LESIÐ

Auglýsingar okkar aðrar eru góðar, því viku-lega gefst yður tækifæri til að kaupa mitt-hvað mjög ódýrt — og um leið að gæða.

Þessa viku bjóðum vér yður tunnuvert land með byggingum 8000 virði, aðeins fáa. Point, fyrir aðeins $1250, og vægir skilmálar.

Skuli Hansson & Co.
56 Tribune Building
Skrifst. Talsími 6428. Heimilis Talsími 2274

Heimskringla.

OG SVO

höfum vér einnig ágætt íbúðarhús á góðum stað hér í bænum, og sem vér getum selt með $100 niðurborgun, og afganginn sam svarar leigu. Enfremur seljum vér lóðir, eldsábyrgð, og útvegum peningalán.
Greinalist hefur eftir þessu—og sem fyrst

Skuli Hansson & Co.
56 Tribune Building

XXII. ÁR. WINNIPEG, MANITOBA, FIMTUDAGINN, 12. MARZ, 1908 Nr. 24

ROYAL CROWN SOAP

Hin alþekta Winnipeg harðvatnssápa

Hún er búin til eftir sérstakri forskrift, með tilliti til harðvatnsins í þessu landi.
Varðveitið umbúðirnar og fáið ýmsar premíur fyrir. Búin til eingöngu hjá —

The Royal Crown LIMITED WINNIPEG

Fregnsafn

Markverðustu viðburðir hvaðanæfa.

Nú er byrjað að nota fyrir járnbrautalestagang neðanjarðar göng þau hin miklu, sem tengja saman New York og New Jersey borgir, og sem liggja undir Hudson ána. Göng þessi hafa kostað ríkin 60 miljónir dollara. Ferðin tók rúmar tíu mínútur alls. Um 800 manns voru á hinni fyrstu lest, þar með flestir miljóna eigendur og aðrir stórhöfðingjar New York borgar. Og svo var þröngt á lestinni, að Vanderbilt, Harriman og aðrir stórauðmenn urðu að standa alla leiðina og halda sér í hvað sem fyrir hendi var meðan lestin skreiðaðist áfram óðfluga undir ánni.

— Eitt Siberiublað getur þess, að norðast í landeign Rússa þar hafi fundist kopar, járn og brennisteinn í jörðu, og að mikið sé þar af þessum efnum. Einnig hafa fundist ölkeldur á þremur stöðum austarlega í Síberíu. Rússnesku blöðin fagna fundum þessum, en kvarta jafnframt undan því, að þjóðin hafi ekki að svo stöddu nein efni á að láta vinna náma þessa, hversu auðugir, sem þeir kynnu að reynast.

— Anarkisti einn í Chicago réðist á lögreglustjórann þar í borginni í síðustu viku heima á heimili hans, og reyndi bæði með skambyssuskotum og hnífstungum, að ráða hann af dögum. Hann skaut uppkominn son lögreglustjórans til bana og særði vinnumann hans. En lögreglustjórinn komst lífs af og skaut Anarkistann til bana. — Síðar var leitað í húsi Anarkistans, og fanst þar mikið af bókmentum félags þess, er hann tilheyrði, en ekkert af því hefir verið endurprentað í blöðunum.

— Síðan 9-stunda vinnulögin fyrir simritara í Bandaríkjunum gengu í gildi, eru járnbrautafélögin sem óðast, að leggja telefónþræði meðfram brautum sínum, svo hægt verði að senda munnlegar skipanir um gang lestanna hvenær sem nauðsyn krefur.

— Herra Lloyd, þingmaður fyrir Missouri, gat þess í Washingtonþinginu þann 4. þ. m., að járnbrautafélög í Bandaríkjunum, þau er flytja póstsendingar fyrir stjórnina, hafi á sl. 27 árum stolið 70 miljónum dollara af fé þjóðarinnar með því að segja þyngd póstflutninganna langt um meiri en rétt hafi verið. Þetta segir þingmaðurinn fullsannað með skýrslum póstmálastjórans. Hann hefir látið rannsaka mál þetta ítarlega, og fengið fullar sannanir fyrir því, að járnbrautafélögin telja á reikningum sínum til stjórnarinnar póstflutninginn langt um þyngri, en vigt stjórnarinnas sýnir hann að hafa verið, og er landið þannig látið borga fyrir flutning, sem allrei hefir verið til.

— Óeirðarhorfur eru nú með Kínverjum og Jöpum. Fyrir nokkrum tíma réðust 4 herskip á japanskt flutningaskip og tóku það fast. — undir því yfirskini, að það hefði verið að flytja vopnaforða inn í lendur Kína. Japar neituðu sökinni og heimta, að Kínar biðji sig fyrirgefningar á tilræðinu, leyei skipið úr haninu og borgi skaðabætur. Japar segjst muni herja á Kína, ef kröfum þessum sé ekki sint tafarlaust.

— Sakamál er höfðað móti manni í Ontario fyrir áað, að þegar hann fór að sækja lækni handa konu sinni í barnsnauð, þá drakk hann sig fullan, gleymdi að vitja læknis, og konan dó af aðhlynningarleysi.

— Þess var getið í Hkr. fyrir nokkrum mánuðum, að Vancouver borg hefði selt nokkuð af skuldabréfum sínum fyrir 85c á dollarinn Einn af embættismönnum borgarinnar keypti þau bréf og seldi þau nokkru síðar fyrir 92 eða 94 cent á dollarinn. Nú hafa í síðustu viku þessi sömu bréf verið seld í Lundúnum fyrir 100 cents á dollarinn. Og sýnir þetta það tvent, fyrst að brezkir auðmenn hafa góða trú á framtíð Vancouver borgar og treystir til bæjarins, að hann muni áu efa borga skuldir sínar á gjalddaga — og eins hitt, og það er meira aríðandi og athugunarvert, að það er hægt að selja skuldabréf stórborga Canada með fullu verði, þar sem einlægur vilji er til þess. Winnipeg borg ætti ekki að standa lakar að vigi með peninga-lántöku heldur en Vancouver, og ætti því að geta fengið gott verð fyrir skuldabréf sín, ef einlægleg. væri að því unnið.

— Fjórtán hundrað og sjötíu skólabörn mistu líf sitt við bruna Lake View skólans í Collingwood, sem er úthverfi Cleveland borgar í Ohio ríki, — að morgni 4. þ.m. Tveir af kennurunum brunnu einnig til ólífis við tilraunir þeirra að bjarga börnunum. Eldurinn byrjaði í kjallaranum, og læsti sig svo fljótt um alt húsið, að börnin, sem uppi á lofti voru, komust ekki undan. Húsið var þriloftað, og reykjarnökkurinn, sem flaug upp stigana, var svo þykkur, að hann kæfði börnin á efri loftunum. Eitthvað milli 12 og tuttugu börn voru voru troðin undir fótum í æðinu, sem kom á allan hópinn, er þau urðu hættunnar vör. — Það er skoðun skólastjórnarinnar, að einhver hafi kveykt í skólanum af ásettu ráði, en vissa er engin um það. Hitt er áreiðanlegt, að aldrei fyr í sögu Bandaríkjanna hafa jafn mörg börn farist í nokkrum skólabruna eins og í þetta sinn.

PURITY FLOUR

AÐ BAKA BEZTA BRAUÐ
er meira en vísindi og meira en list.

En það má gerast fljótlega og áreiðanlega með því að nota

PURITY FLOUR

Það er malað úr bezt völdu Vestur-Canada Hörðu Hveitikorni; er algerlega hreint og svo ilmandi kjarngott.

ALLIR ÍSLENZKIR KAUPMENN SELJA ÞAÐ

WESTERN CANADA FLOUR MILLS CO.,
LIMITED.
WINNIPEG, — CANADA.

Conservativar vinna frægan sigur í New Brunswick.

Nýafstaðanar fylkiskosningar í New Brunswick fylkinu fóru þannig, að Liberal stjórnin, sem þar sat að völdum og hafði 26 fleirtölu á þingi, tapaði völdum. Fjórir af ráðgjöfunum urðu undir, en Conservative flokkurinn vann með svo miklum meiri hluta atkvæða, að þeir hafa nú 19 umfram, er á þing kemur. Að eins örfáir menn af gamla stjórnarflokknum náðu kosningu, og er þetta talinn sá mesti sigur sem nokkur flokkur hefir nokkurntíma unnið þar í fylkinu. Og þykir nú framsýnum mönnum um um alt Canadaveldi, sem þetta sé fyrirboði þess, hvernig næstu ríkiskosningar muni fara, — sem eiga að fara fram í nóv. næstk., að sögn. Flestir Conservativar voru kosnir með svo miklum meiri hluta, að nam 5 til 7 hundruð atkv., og er það ljós vottur þess, hve almenningsáliðið er mótþverrt orðið Liberölum þar.

HEIMASTJÓRNAR FLOKKURINN.

Blaðið Reykjavik, dags. 4. febr. sl., getur þess til leiðbeiningar öllum landsins lýð, að Heimsstjórnarflokkurinn hafi á fáum árum

1. Fútt stjórnina inn í landið,
2. Sett stjórnum ábyrgðarlög.
3. Skapað stjórninni innlendan dómstól.
4. Varið landsbankann.
5. Reist lagaskólann.
6. Lækkað eftirlaun embættismanna.
7. Simbundið héruð landsins og landið við umheiminn.
8. Útvegað leiguliðum forkaupsrétt að ábýlum þeirra.
9. Heimilað almenna sölu á opinberum leigujörðum.
10. Stofnað geðveikrahæli.
11. Reist innlend ábyrgðarfélög.
12. Breytt kirkjulöggjöfinni til stórra bóta.
13. Sett varnir við uppblæstri landsins.
14. Bætt fyrirkomulag fræðslumála.
15. Fengið Dani til væntanlegs við tals um sambandsmálin.
16. Tekið almennan kosningarrétt, almennan ellistyrk og frikirkjumálið á dagsdrá sína.

Það verður ekki annað sagt, en að hér sé allvel að verið, og er flest þetta fengið eins og blaðið tekur fram, fyrir ötuka framgöngu stjórnarinnar, og þrátt fyrir öll mótspyrnu andstæðinga stjórnarinnar. Að vorri hyggju hefði og blaðið mátt bæta þeim lið við upptalninguna, að svo virðist sem ráðgjafinn hafi í kyrþey fengið stjórn Dana til þess að viðurkenna Ísland sem sérstakt ríki, þar sem hann hefir í samningum sínum um gufuskipaferðir, fengið breytt orðunum "milli-landa-ferðir" í "milli-ríkja ferðir". Þetta virðist óneitanlega benda til þess, að breyting þessi sé gerð með ráði og fullu samþykki Danastjórnar, löngu áður en millilanda nefndin tekur til samningsstarfa í Kaupmannahöfn. Sé þetta eins og líkur benda til, þá virðist svo sem pólitiskur aðskilnaður við Dani muni verða auðsóttur, því það er tæpast hugsanlegt, að ráðherrann hafi fengið þessa breytingu á orðum samninganna um skipaferðirnar, nema með fyrirfram ákveðnum skilnaði.

Rödd að heiman.

Það kemur margt upp, þegar hjónin deila. Yfirleitt hafa þær sögur borist frá Íslandi á sl. nokkurum árum, að þar séu nú miklar framfarir og velsæld. Engum blöðum er um það að fletta, að framfarir eru á Íslandi á yfirstandandi tímum, og fara væntanlega vaxandi í framtíðinni. Þjóðin öll er að mentast, og magnast af því að hún er að mentast, en mentunin er undirrót allra þjóðþrifa, eins og hún er undirrót einstaklings velsældar, þegar henni er beitt rétt og þegar hún ekki afvegaleiðir menn og konur, svo að þau fái óbeit á, að inna af hendi almenn verkleg nauðsynjastörf. En einmitt það hefir ofmjög brunnið við þar heima á fyrri árum, og er máske að nokkru leyti svo enn þá. En þrátt fyrir framfarirnar, og velsældina, sem ýmsir telja þar mjög vaxandi, þá virðist svo sem einnig sé þar megn fátækt og margur eigi við kröpp kjör að etja. Þetta kemur berlega fram í grein einni í blaðinu "Lögréttu", dags 15. jan. sl. þar ritar maður einn um þann óhóssið, sem íbúar höfuðstaðarins hafi á síðari árum tekið upp, nfl. þann sið, að hrúga blómkrönsum og skrautkrönsum á kistur og leiði látinna manna og kvenna. Höfundur greinarinnar segir: — "Kistan er oftsvo þakin krönsum, að ekki er hægt að sjá, hvort hún er svört eða bleik. Og ekki nóg með það. Oft er líka borið á stöng eða af einstökum mönnum það, sem ekki rúmast á kistunni sjálfri.". — Þetta þykir höfundi greinarinnar óþarfur og alt of kostbær siður, og það því fremur, sem mest af krönsum þessum er keypt frá útlöndum og sjálfsagt oft keypt af fátæklingum, sem illa hafa ráð á, að leggja í þann kostn að og máske seint eða aldrei borga þessa kransa. Svo heldur greinarhöf. áfram og segir:

"Þegar ég hefi gengið fram hjá líkfylgdinni, mæti ég þremur mönnum. Þeir eru á ferð um bæinn að krefja inn með lögtaki skuldir þær, sem ekki eru fáanlegar öðruvísi. Hvað hitta þessir menn venjulega í þeim húsum? Konu, föla ásýndum, sem ekki hefir neitt af þeim lífsþægindum, sem mönnum eru svo nauðsynleg, ekkert til að leggja í ofninn og litið til að borða, börnin, annaðhvort uppi í rúmi eða einhversstaðar úti í horni, klæðlítil; maðurinn er ekki heima, hann er máske að leita sér atvinnu; kannske hann sé líka að drekkja raunum sínum, sem sumir kalla, hafa keypt fyrir sína síðustu aura á flöskuna. Ég mæti líka þessa daga einni eða fleirum góðhjörtuðum konum, sem leggja það á sig, að biðja um peninga til að bæta úr sárustu neyðinni, sem á sér stað á nokkrum heimilum um jólin, fyrir utan fjölda lista, sem gengið er með, sem allir lýsa sárustu neyð. Þetta er alvarlegt".

Hér er dálítil lýsing á lífi fátæklinganna í höfuðstað Íslands, sem er eins átakanleg, eins og hún mun rétt vera, og víst mun óhætt að ætla, að hún sé þessu lík í fleiri hlutum landsins, þó ekki sé í hámæli haft. Horaðar og mátt-vana eiginkonur, hungruð og klæðlaus börn, kærulausir og drykkfeldir eiginmenn og feður, gersneyddir þeirri sómatilfinningu, er hver heiðarlegur borgari landsins ætti að vera þrunginn af. "Þess vegna er það", segir greinarhöfundurinn, að "nokkrar manneskjur hafa óskað þess á síðustu stundu lífs sins, að sú upphæð, er menn hefðu viljað gefa í kransa á kistu sína, væri brúkuð til að hlúa að eftirlifandi nauðliðandi fólki", þökk sé þeim látnu fyrir vitsmuninn og hollar ráðleggingar gefnar þeim eftirlifandi! Þó þær, eftir því sem höf. segir, hafi ekki getað vakið almenning til umhugsunar um þetta.

Þessi grein er að því leyti fróðleg, að hún sýnir ótvíræðlega, að Ísland er háð sömu lögum og öll önnur lönd, sem bygð eru mönnum verum. Fátæktin fylgist þar einatt í hendur með auðlegðinni, og að eftir því, sem sumir safna meiru af þessa heims gæðum, þess allslausari verða aðrir. En ef til vill er þetta ekki landinu að kenna og vonandi er, að með vaxandi framförum þjóðarinnar og menningu einstaklinga hennar, verði skorður reistar við því, að sú sára neyð, sem greinarhöf. telur nú sverfa að heilum hópi fólks í höfuðborg landsins, nái þar varanlegum tökum. Það er svo fátt fólk í landinu í samanburði við þann fjölda, er hagfræðingar telja, að það geti borið, að þeir sem þar eru nú, ættu að geta haft nægilegt til framræslu sér og sínum, ef ekki er ólag með einhversstaðar. Máske algert vínbann í landinu miði til þess, að fá ráðna bót á þeim brestum, sem nú eru í búðum fátæklinganna.

Brezk lagabót.

Bretastjórn hefir lagt fyrir þingið í Lundúnum frumvarp til breytinga á núgildandi vinsölulögum ríkisins. Stjórnin kannast við, að alt of mikið sé drukkið í landinu, og að þjóðin fyrir-ofnautu vinsins sé óðum að úrættast. Menn séu að verða veikbygðari, líkama minni, fátækari, siðferðisverri, og kvillasamari en fyr á árum. Glæpir fari vaxandi og liknarstofnanir landsins hafi ekki við, að ala önn fyrir þeim sívaxandi fjölda, sem fyrir ofnautn vinsins geri sig að andlegum og líkamlegum ræflum. Vitfirringum sé að fjölga með hverju ári, svo að þjóðinni standi hinn mesti voði af því. En lækningin við öllu þessu sé sú, að takmarka vinnautn þjóðarinnar. Þess vegna fer frumvarpið fram á, að fækka vinsöluhúsum á Englandi um 30 þúsundir frá því, sem verið hefir, og að miða tölu þeirra hér eftir við þéttbýli í hinum ýmsu hlutum landsins. Í borgum og bæjum á að verða vínsöluhús fyrir hverja 750 íbúa, en úti á landsbygðinni eitt fyrir hvert hundrað manna.

Stjórnin gat þess, að 1200 miljónir dollara stærðu í eignum þeirra húsa og áhalda, sem bundin væru við vínsöluna þar í landi, og að tilgangurinn væri, að fækka vínsöluhúsunum um þriðjung til að byrja með.

Tvent vakir aðallega fyrir stjórninni með þessu frumvarpi: Fyrst það, að fækka smámsaman vínsöluhúsunum, þar til tala þeirra væri orðin hæfileg í samanburði við sanna þörf í búanna. Og í öðru lagi, að koma á breytingu með tímanum, að stjórnin sjálf taki að sér alla vínsölu í landinu, og nái þannig því valdi yfir vinnautnarmagni landsins, sem nú er í höndum einstaklinga, sem eingöngu hugsa um, að selja sem mest í því skyni, að hafa sjálfir sem mestan gróða, þó þjóðfélagið sé eyðilagt með því.

Frumvarp þetta kom þingi og þjóð mjög á óvart, og vænta má, að mótspyrna verði mikil veitt því. En hins vegar verður hver hugsandi maður að játa, að það gengur í rétta átt, og að meiri hluti þjóðarinnar ætti að verða því meðmæltur. Þingnefndir þær, sem öðru hvoru um sl. nokkur ár hafa verið að rannsaka orsakir til afturfarar þeirrar, sem auðsæ er orðin með ensku þjóðinni, — hafa allar kent ofnautu vins aðallega um hnignunina. Það eru þar í landi sem næst hundrað þúsund vínsöluhús, stór og smá, — flest smá. Þangað safnast verkalýðurinn á kveldin, konur jafnt sem karlar, og eyða miklu af vinnulaunum sínum. Þetta ástand er orðið svo alvarlegt, að full nauðsyn er til, að stemma því stigu, og þess vegna á stjórnin þökk skilda fyrir frumvarp sitt, sem vér vonum að verði að lögum.

ÍSLENZK myndasýning

70 myndir viðsvegar af Íslandi — þar á meðal myndir af konungskomunni sl. sumar, og 50 myndir af ýmsum merku stöðum og byggingum viðsvegar um heim, sýna þeir Friðrik Sveinsson málari og Á. J. Johnson organisti, á eftirtöldum stöðum og tímum:

West Selkirk, mánud.kv. 16. þ.m.
Gimli, þriðjudagskv. 17. þ.m.
Hnausa, miðvikud.kv. 18. þ.m.
Icelandic River, fimtud.kv. 19.
Árdal, föstudagskv. 20. þ. m.
Markland, laugard.kv. 21. þ. m.
Norðurætj. skólahúsi, mánudagskveldið 23. þ.
Lundar, þriðjud.kv. 24. þ.m.

Á. J. Johnson skýrir íslenzku myndirnar og syngur íslenzka sólósöngva. F. Sveinsson skýrir útlendu myndirnar og sýnir handmáluðar myndir, eftir sjálfan sig, af ýmsum stöðum á Íslandi.

Á eftir myndasýningunni má fólk skemta sér við dans, ef það vill.

Samkomurnar byrja allar kl. 8 síðdegis. — Inngangur kostar 25c fyrir fullorðna, 15c fyrir börn.

Jónas Pálsson
PIANO KENNARI
729 Sherbrooke St. Winnipeg

TAKIÐ EFTIR!

Um leið og ég sendi kaupendum UNGA ÍSLANDS síðustu blöð árgangsins 1907, vil ég biðja þá svo vel gera, að láta mig vita sem fyrst, hvort þeir ætla að halda áfram að kaupa blaðið. Og ég vil biðja alla þá, sem enn hafa ekki sent borgun fyrir árganginn 1908, að gera það sem fyrst. Ég á von á í þessum mánuði byrjun þessa árgangs og fylgibók síðasta árg. blaðsins. Eins vil ég biðja þá, sem óska að fá fyrri árganga blaðsins, að láta mig vita það sem fyrst, svo ég geti skrifað eftir þeim.

Ennfremur vil ég benda á, ef einhver vildi vinna að útbreiðslu blaðsins, sem væri mjög fallega gert, að taka eftir því, sem stendur í desember blaðinu því viðvíkjandi.

Vinsamlegast,
G. Finnbogason.
691 Victor Street.

Fimtudaginn þ. 6. febr. voru settir í embætti í stúkunni Ísland no. 15, I.O.G.T., af umboðsmanni stúkunnar H. Skaftfeld, fyrir yfirstandandi ársfjórðung þessir:

F.Æ.T.—Sigríður Swanson.
Æ.T.—Stefán Kristjánsson.
V.T.—Hlaðgerður Kristjánsson
G.U.T.—Thora Johnson.
R.—Sigurður Skaftfeld.
F.R.—S. B. Brynjólfsson.
Gk.—Magnús Skaftfeld.
D.—Gróa Brynjólfsson.
K.—Valgerður Friðriksson.
V.—Sigtryggur Ágústsson.
Á.D.—Friða Johnson.

Fyrir hönd stúkunnar,
S. Skaftfeld, ritari.

BLUE RIBBON BAKING POWDER

Bregst aldrei

Vegna þess, að það er svo vandlega tilbúið úr hreinustu efnum, að það getur ekki annað en gert sitt verk rétt. Þú þarft ekki að búast við vondum afleiðingum ef þú brúkar **Blue Ribbon.**

25c pundið.

Kvenréttinda málið

Kvennablaðið "Delineator" er byrjað að flytja greinar um kvenréttinda málið eða öllu heldur sögu þess máls frá upptökum og af þeim árangri, sem þegar er fengin í hinum ýmsu löndum heimsins. Það mun hafa verið Victor Hugo, sem spáði því, að tuttugasta öldin yrði kvenfólksins öld, og eftir atvikum að dæma verður ekki annað séð, en að spádómur þessi muni rætast.

Vér lifum á konu-öldinni.

Það eru aðallega tvö heimsmenningar mál, sem konur berjast fyrir: vinbannsmálið og jafnréttindamálið. Þær hafa um langan aldur þráð þá stund, að þær næðu jafnrétti við karlmenn í öllum mannfélagsmálum, og þær hafa haft sterka löngun til þess, að fá bót á löggjöf landanna er útrýmdi áfengi úr þeim, svo að nokk ur trygging fengist fyrir því, að al mennt siðgæði færi við það vaxandi en glæpir minkandi.

Hvorugu þessu hafa þær þó getað komið til leiðar, nema að mjög litlu leyti, á öldinni sem leið. En undirbúningurinn, sem þá var gerður, hefir þó haft þau áhrif, að ekki að eins sterkar líkur heldur nálega alger vissa, er þegar fengin fyrir því, að á yfirstandandi öld muni þær fá áhugamálum sínum framgengt. Sannfæringin fyrir skaðsemi vinnaútnarinnar er búin að festa svo öflugar rætur í meðvitund fjölda manna í öllum löndum heimsins, að litill efi getur leikið á því, að vinbann verði löglei tt um heim allan löngu fyr en öld þessi er útrunnin, og að sú umbót fáist með samvinnu karla og kvenna.

En konurnar finna til þess, að í vinbannsmálinu er þeim sigurinn ekki vís, fyr en þær hafa fengið jafnrétti við karlmenn í atkvæðagreiðslu og kjörgengi, svo að þær fái tekið fullan þátt með þeim í öllum þeim málum, sem snerta þjóðstjórn. Þær heimta jafnan rétt í uppeldis og mentamálum, í sveita og sýslumálum og í fylkja og rikjamálum. Þær eru ekki lengur ásáttar með gamla fyrirkomulagið: að vera húsþrýði og leikfang karlmanna, eða hinsvegar, að vera vinnudýr án kaupréttinda — þurfa að vinna jafninikið og karlar en fá ekki að njóta sömu vinnulauna og þeir. Þær eru hættar að una við þá löggjöf, sem skipar þeim — að því er pólitisk réttindi snertir — á bekk með vitfirringum, ómyndugum einfeldningum, og glæpamönnum, sem vegna lasta sinna hafa sviftir verið rétti til þess, að taka nokkurn þátt í þjóðmálunum. En jafnframt hafa þær fundið til vanmáttar sins til þess að þoka áhugamálum sínum í rétta átt, án þess að hefja öflug samtök og tryggja sér þannig alt það fylgi og styrk, sem fjöldi þeirra gerði þeim mögulegt að beita.

Að þessu hafa þær verið að starfa í nokkur undanfarin ár, og hefir orðið mikið ágengt. Í Bandarikjunum greiða nú konur atkvæði í forsetakosningum í 4 rikjum: Wyoming, Colorado, Utah og Idaho. Í Kansas hafa þær kosningarétt í sveitamálum og í 18 rikjum öðrum kjósa þær menn í skólastjórnir. Lengra eru þær ekki komnar þar syðra. En hér í Canada hafa þær atkvæði í sveitamálum í öllum fylkjum, og þá að sjálf sögðu einnig í skólamálum, — ef þær býrga skatt til opinberra þarfa.

Í öðrum löndum hefir og konum orðið nokkuð ágengt, og sumstaðar hafa þær fengið fult jafnrétti við karlmenn, svo sem á Finnlandi — þar sem 19 konur sitja nú á þingi —. Í Nýja Sjálandi, Ástraliu, Englandi, Skotlandi, Wales og Sviþjóð hafa konur jafnrétti við karlmenn, að undanteknum kjörgengisréttinum til þingsetu. Á Íslandi hafa þær sumstaðar kosningarétt og kjörgengi í sveitamálum.

Konur hafa gert samtök til þess að fá jafnréttisstefnuna viðtekna á Ítaliu, Frakklandi, Þýzkalandi, Hollandi, Austurriki, Rússlandi, Japan, Indlandi og Persiu. Á Englandi hafa ein milión konur bundist föstum samtökum til þess að vinna að jafnréttindamálinu, og líkur eru miklar til þess, að þær fái máli sínu framgengt áður en mörg ár liða. Að vísu er heilmikill hópur karlmanna, sem með engu móti vilja unna konum jafnréttis við sig. Þeir óttast áhrif þeirra, álita að þær muni hreinsa of mjög til á pólitiska starfssviðinu, útbola öllu áfengi úr landi, koma í veg fyrir bitlinga og gera leynisamninga þá, er til persónulegra hagsmuna lúta, algerlega ómögulega. Hinsvegar er hópur gáfaðra og mentaðra manna, sem eru eindregnir kvenréttindamenn, og það er aðallega fyrir örugt fylgi slíkra manna, að konur fá málum sínum framgengt. Konur á Englandi hafa um sl. 50 ár gert litillegar tilraunir til þess að fá jafnréttið viðurkent, en hefir eunþá ekki orðið ágengt af því, að samtök með þeim hafa ekki verið formleg fyr en nú. En það, sem aðallega kom þeim til að hafa nú milión kvenna samtökin var það, að nær 400 þingmenn, sem höfðu lofað þeim að flytja mál þeirra og styrkja það á þingi, sviku þær algerlega. Þetta þoldu konurnar ekki. Þær sannfærðust um, að ef þær hefðu haft kosningarrétt til þings, þá hefðu þingmenn ekki þorað, að bregðast þeim eins illa og raun hefir á orðið. Þess vegna lita þær svo á, að sér og framtíðar hagsmunum sínum sé það sem næst lífsspursmál, að fá algert atkvæða jafnrétti við karlmenn í landsmálum.

Fyrsti herlúður kvenna var blásinn í Manchester borg þann 13. október 1905. Svo stóð á, að kvenréttar málið hafði með lagafrumvarpi komist inn í þingið fyrir tilstilli verkamanna flokksins. En umræðum um það mál var svo hagað í þinginu, að það varð ekki útrætt áður þingi var slitið. Þetta fór konum illa. En mesti fjöldi þeirra vinna á verkstæðum í Manchester borg, og þær urðu fyrstar til að boða til fundar til þess að lýsa óánægju sinni yfir gerðum þingsins. Afleiðingin af því fundahaldi varð sú, að 69 þús. konur bundust félagslegum samtökum til þess að vinna framvegis að kosningu þeirra manna eingöngu, sem þær mættu trúa fyrir málum sínum í þinginu.

Nokkru eftir þetta gerðu 96 þús. vinnukonur á Englandi verkfall og í sambandi við það verkfall varð kvenréttindamálið eitt af aðalágreinings atriðunum. Konurnar héldu því fram, að þær með vinnu sinni borguðu skatta jafnt sem karlar til þess að viðhalda stjórn landsins, að þær jafnt sem karlar yrðu að lúta lögum landsins, án þess þeim væri veittur réttur til þess, að eiga nokkurt atkvæði um löggjöfina eða um kosningu löggjafanna. En lækningin við þessari rangsleitni varði kjörrétturinn. Þær kvörtuðu og um, að þær fengju lægra kaup en karlmenn fyrir sömu vinnu, og sönnuðu það með mörgum dæmum úr ullarverksmiðjum þeim, sem þær ásamt karlmönnum höfðu vinnu á. Þá kom fram Mrs. Packhurst, ekkja eftir lögfræðing, sem lézt þar fyrir nokkrum árum. Hún hélt skörulega ræðu á fundinum mikla og skoraði á konur, að fara að dæmi karlmanna og mynda félagsleg samtök. Hún kvað það skyldu þeirra, að heimta af hverjum einasta manni, er sækti um þingsæti, að hann léti persónulega í ljósi skoðun sína í kvenréttindamálinu, og að þær ynnu af alefli móti hverlum þeim umsækjanda, sem ekki skuldbindi sig til þess, að vinna dyggilega með áhugamáli þeirra utan þings og innan. Þessi ræða Mrs. Packhurst hafði þau áhrif, að ein af áheyrendum hennar, ungfrú Kinney, varð svo snortin af kvenréttinda hugsjóninni, að hún upp frá þeirri stundu gerðist öflugur formgi kvenna, og hefir síðan unnið kvenna mest í þarfir þessa áhugamáls þeirra.

Svo stóð á um kveldið þessa 13. okt. 1905, að Sir Edward Grey átti að flytja ræðu í stærsta samkomusalnum í Manchester, en aðgöngumiðar að þeim sætum kostuðu 20 shillings er innarlega voru, en aftari eða óæðri sætin kostuðu 10 shillings hvert. Á fundi sínum samþyktu konurnar að senda einhverja félagssystir til þess að leggja fyrir Sir Edward Grey spurningu um skoðun hans í kvenréttindamálinu, og ungfrú Annie Kenney var valin til þess starfa Konurnar skutu saman 3 pense hver til þess hún fengi keypt sér 10 shillings sæti á fundinum þetta kveld. Tveir menn lögðu spurningar fyrir Sir Edward Grey meðan hann hélt ræðu sína, og svaraði hann þeim báðum með mestu alúð. En þegar ungfrú Kenney spurði hann, hvort Liberalflokkurinn vildi veita konum atkvæðisrétt, var hún tafarlaust tekin af lögregluþjónum til varðveislu, en var þó leyft að halda sæti sínu. Þegar hún ennfremur spurði hversvegna ræðumaðurinn ekki svaraði spurningu sinni, þá var henni sagt að leggja spurninguna fram skriflega. Þetta gerði hún, en fékk ekkert svar. Stóð hún þá upp á ný til þess að bera fram spurningu sína, en þá var hún tekin og leidd út úr salnum. Önnur kona, sem með henni var, spurði sömu spurningar, og var hún einnig leidd út. En svo hart börðust konur þessar fyrir þeim rétti, að fá að halda sætunum, sem þær höfðu keypt og borgað fyrir, að fötin voru rifin utan af þeim, og voru þær báðar blóðugar í andliti, þegar þeim loks ins varð komið út úr húsinu. Þá héldu þær báðar ræður úti fyrir húsinu til þess að andmæla meðferðinni á sér. Fyrir þetta voru þær hneptar í fangelsi. Ungfrú Kenney fékk 3. daga en vinstúlka hennar 7 daga fangelsi, fyrir að halda fram rétti sínum og heimta sanngjarna breytni af þeim, er fyrir samkomunni réðu. Þessi fangavistardómur hleypti æsingu mikilli í margt manna og kvenna þar í landi, sem hljóp eins og eldur í sinu og gagntók kvenþjóðina, svo að tugir og hundruð þúsunda af þeim gengu tafarlaust í jafnréttisfélagið, og gerðust ákveðnir og öflugir stuðningsmenn þess. Þá var sú stefna fast ákveðin, að ganga hart eftir jafnréttjnu, þó það kostaði fangavist fyrir hverja einustu félagskonu, eða jafnvel dauða. Þessi atburður varð til þess, að gera ungfrú Kenney fræga. Félagssystur hennar gerðu hana að foringja sínum, og samþyktu, að senda hana til London, til þess "að vekja London", og með því að stúlkan hafði aldrei áður ferðast tíu mílur vegar frá ætt sinni stöðvum sínum, en unnið á ullarverkstæði frá barnæsku, og var þess utan svo fátæk, að hún gat ekki borgað far sitt til London, — þá mæltist hún undan að fara ferð þessa. En konur skutu saman þar til fenginn var tveggja punda sjóður ($10.00), og með þá upphæð lagði hún af stað til þess að "vekja London". Það starf rak hún af mesta kappi, þar til lögreglan útvegaði henni fría vist um tíma í Ludgate fangelsinu.

Í febrúar 1906 átti forsætisráðherra Englands, Sir Henry Campbell Bannermann, að flytja ræðu á allsherjarfundi, sem haldinn var í Albert Hall í London. Ungfrú Kenney ritaði honum bréf, og bað hann í ræðu sinni að lýsa skoðun sinni á og áformi í sambandi við kvenréttindamálið. Kvaðst hún vera málsvari þúsunda kvenna, er heimtuðu atkvæðisrétt í öllum opinberum málum. En hann forðaðist að minnast á það mál í ræðu sinni. Að ræðunni lokinni stóð ung frúin upp, og spurði, hvort hann ætlaði að veita konum atkvæðisrétt. Þessu var ekki svarað. Stóð þá upp önnur kona og spurði sömu spurningar. Voru þá báðar konurnar dregnar með valdi út úr húsinu. Tveim kvöldum áður höfðu þær verið dregnar út úr öðrum fundarsal, fyrir að hafa spurt fjármálastjóra Englands að sömu spurningu. Marga vini og vinkonur fundu konur þessar þá í London, og þar var það, að ýmsar æðstu konur landsins gengu í félag þeirra og lögðu fram fé til starfsins. En starfið er aðallega innifalið í því, að mynda nýjar deildir af kvenréttar konum, skipa þeim í fylkingar og láta þær ganga um götur borganna með blaktandi fána með viðeigandi áletrun um kröfur kvenþjóðarinnar, að sækja alla mannfundi og halda hvervetna fram kröfum sínum á svipaðan hátt eins og Sáluhjálparherinn rekur starf sitt hvar sem hann nær fótfestu.

En þrátt fyrir útskúfun af fundum, fangelsisdóma og aðrar ofsóknir, þá hefir Annie Kenney tekist ekki að eins "að vekja London", heldur að vekja alt England og að sannfæra mikinn fjölda fólks um, að kröfur kvenþjóðarinnar séu algerlega réttmætar.

Konurnar hafa fyfgt lið heim að húsi forsætisráðherrans og kraf ist að fá beint svar frá honum upp á spurningar sínar. En hann var lengi tregur til að svara, en þar kom þó að lokum, að hann komst ekki hjá, að veita konunum viðtal, og var hann þá þýður í viðmóti og gaf þeim von um, að þær mundu fá kröfum sínum framgengt, — og höfum vér áður skýrt frá þeim fundi hér í blaðinu í sambandi við þinghúss uppþotið og dómsala óeirðirnar, sem gerðust í fyrra.

Í einu orði má segja, að útlit er hið bezta á Englandi með málsúrslit þessi. Konum er nú orðið allstaðar leyft, að leggja fram spurningar, án þess að verða að sæta fangavistum fyrir það. Og svo fylkja þær nú liði á flesta pólitiska fundi, að þær eru sem næst farar um, að halda sínu, þó í hart sláist, og bera jafnvel stundum sigur úr býtum í þeim viðureignum.

Þorrablóts-ræða

Viðvíkjandi rimnakveðskapnum okkar hérna á þorrablótunum undanförnu, hefir mér fundist eins og að fólk vildi sýna þeim litilsvirðingu sem kveðið hafa, sem sýnist að vera sprottið af því, að fólkið eins og fyrirverði sig fyrir, að hlusta á hafðan yfir þennan skáldskap þjóðar skáldanna, með tilheyrandi bragarháttum. Þetta er máske ekki svo mjög óeðlilegt hér, en það ætti samt ekki að koma fram við þessi tækifæri, því það getur mikið skemt fyrir kvæðamanni með að leysa sitt verk vel af hendi, — úr því að klúbburinn hefir þessa skemtun með öðrum á prógrami sinu, sem auðvitað er gert til að gera sem flestum til geðs, í góða meiningu, eins og nefndarmanna er yon og vísa. Því til mun vera hér fólk ennþá á meðal vor, sem gaman hefir að að heyra kveðið rimnaerindi, enda æðimargir, sem vita, hvaða menn það hafa verið, sem orkt hafa undir rimna kvæðalögum, — að þeir margir hafa verið mikilhæfir menn og fóðurlandsvinir, svo sem Eggert Ólafsson, Jón Espólín, Gísli Konráðsson, með ótal fleirum, sem varla mundi vera trúlegt um, að hermt hefðu það hver eftir öðrum, að kveða undir rimnalagi, ef önnur ekki hefði verið ástæðan. Þeir orktu nefnilega út af sögum forfeðranna eða réttara sagt, sneru sögunum í ljóð, í líkingu við það, er skáldin í fornöld orktu fyrir konunga og snéru æfum þeirra og hreystiverkum í ljóð, til þess, að þau skyldu síður gleymast. En munurinn er í bragarháttum. Og rimnalögin okkar, í það minsta sum af þeim, líkjast mikið sumum af gömlu nóterúðu sálmalögunum í Grallaranum, sem gefinn var út á Hólum í Hjaltadal árið 1779.

Eðlilegt virðist mér það vera, að mörgu af fólki hér þyki gaman að heyra kveðið, þar sem þetta var aðalskemtunin í sveitunum á hinum löngu kvöldvökum í skamm deginu á Íslandi, þar sem litið annað var til skemtunar enn sögulestur og rimnakveðskapur. Og vafalaust munu rímurnar hafa átt sinn þátt í því, að vekja íslenzku þjóðina til meðvitundar um fornan dugnað og frama, úr þeim eymdardauða, sem Ísland var í statt fyrir kúgun, drepsóttir, slys, og óstjórn, fyrir, um og eftir það tímabil, sem rimnakveðskapurinn hóst. Mér fyrir mitt leyti finst mér eflast eins mikið kjarkur við að hafa yfir í huganum gott rinna erindi, eins og þó ég máske hefði yfir einhverja litilfjörlega bæn.

Eggert Ólafsson kveður þannin um kvöldvökuskemtan og kvenþjóðina:

Þegar hjá þeim húmar að
og hjarnar ljós í ranni,
margt þær raula rímu blað,
og reka hrygð frá manni.

Drósir jafnt með dygð og ást,
dýrum hlíða sögum,
að feðra vorra frægðum dást,
er fyrri vöru á dögum.

Má þá snóta marka þel,
máli birt í lausu,
illa líkar eða vel,
eftir hvörja klausu.

Sauma, greiða, karra, kljá,
kappið sagan eykur,
spinna, prjóna, þæfa þá,
það er eins og leikur.

Þessi erindi eru tekin úr kvæðinu "Heimildar-skrá" í Ljóðabók Eggerts Ólafssonar, bls. 171.

N. OTTENSON.

FRÁ BLAINE, WASH.

Herra Sumarliði Kristjánsson, frá Blaine, Wash., kom til Winnipeg á laugardaginn var, til að lita eftir búfondum sínum í Swan River bygð, og hygst hann að dvelja hér í Manitoba næstkomandi sumar, fyrst um sinn, þó kona hans og sonur séu enn eftir á húseign þeirra vestra. Vestur við Kyrrahafið hefir Sumarliði dvalið í sl. 5 ár, og hefir liðið vel. Kvaðst hann hafa grætt þar talsverða þekkingu en minna af peningum. Tala Íslendinga í Blaine og umhverfis bæinn, á 2. til 3 milna svæði, er áætluð að vera 700 eða nær því, og líður þeim eftir vonum vel. Familiuæðurt eru þar undantekningarlaust dugnaðar og strafsmenn, og framtíð allra þeirra, sem hafa náð sér í búlönd, telur hann trygga. Atvinna er þar og hefir í allan vetur verið dauf, en útlit fyrir, að úr því rætist bráðlega.

Félagslíf í bænum Blaine segir hann eins gott og hann hafi þekt meðal Íslendinga nokkurstaðar. — Þar er Forester stúka með nær 60 meðlimum. Í henni eru bæði karlar og konur, alt Íslendingar, og á hún gott fundahús, sem rúmar 500 manns, og í því eru haldnar allar almennar samkomur Íslendinga. Þar eru og 2 kvenfélög, hvort með 30—40 konum. Þau heita "Líkn" og "Framsókn". "Framsókn" hefir það starfssvið, að kenna öllum börnum, sem það vilja þiggja, íslenzku lestur og skrift, og heldur til þess 5 klstunda skóla hvern laugardag. "Líkn" félagið hygst að koma á tilsögn í verklegum fræðum, þótt enn sé ekki byrjað á því. — Þá er "Lestrarfélag" með 300 bókum. Í því eru 50 flölskyldfeður með fólk sitt. Áhrifin og starfsemi þessa félags, er þegar orðin sú, að ýmsir unglingar, sem áður annaðhvort ekki skeyttu um, eða þótti minkun að lestri isl. bóka, eða jafnvel að tala móðurmál sitt, eru nú farnir að temja sér hvorttveggja, þeim sjálfum og öllum Blaine búum til mestu ánægju. — Goodtemplara félags stúka er í myndun og safnaðar myndun er þar að nafninu, — hefir alls 17 familiur af öllum fjöldan um.

Lífskostnaður í Blaine er ódýrari en á öðrum stærri bæjum á ströndinni. Húsaleiga má heita lág, eftir því sem þar er í bæjum. Gott 6-herbergja hús með vatni kostar $10 á mánuði, og einstök herbergi fást þar fyrir $2 á mánuði og jafnvel minna. Eldiviður má heita dýr þar fyrir þá, sem þurfa að kaupa hann, sem næst $7 furuviðar corhið, sagað. Fatnaður á svipuðu verði og eystra. Byggingaefni ódýrara en í Manitoba. Kjöt frá 10—15c pd., smjör 35—40c pd., egg 25—35c tylftin, mjöl $2.50 sekkurinn, molasykur 14 pd. fyrir $1.00, en raspaður sykur 16 pd. fyrir $1.00. Önnur matvæli í svipuðum hlutföllum. Vinnulaun, þegar vinna hætti sl. haust, voru lægst $2.25 á dag, en líkindi til, að þau verði lægri á komandi sumri, — máske undir $2.00 á dag.

Sumarliði segir, að eftir því, sem timar hafi verið að undanförnu, þá séu einhleypir dugnaðar og reglumenn betur settir vestra, en hér eystra. En athugavert telur hann fyrir þá, sem eru fjölskyldumenn og eiga hér landblett, að breyta til. Í Blaine bæ eru 25 feta lóðir frá $50 til $100 en búlönd óræktuð frá $25.00 til $50.00 ekran.

Að endingu bað hann Hkr., að bera öllum Íslendingum í Blaine kæra kveðju sína.

Uppboðs Auglýsing.

Herra Árni Sveinbjörnsson, frá Belcourt, Man., selur við uppboð þann 24. þ.m. 30 til 40 nautgripi og 6 hross og 1 svin. Þar af leiðandi breytir hann Íslandsferðar áætlun sinni, sem getið var um í síðasta blaði, og býst við að fara héðan 31. þ.m., í stað 23., sem áður var ætlað.

Ódýr eldiviður en góður.

Jón Finnbogason, 678 McGee st., hefir 300 Cords af bezta þurru Pine og Tamarac, sem hann selur með allra lægsta verði, sem hægt er að kaupa við fyrir, — eða heldur lægra. Sjáið reynið og sannfærist.

Hefir þú borgað Heimskringlu?

Kjörkaupa-listi

Victor st., 6 herbergjahús $1600
Toronto st., 7 " nýtísku hús með öllum þægindum $500 niðurborgun. 2800
Simcoe st., — 7 herbergi, 2900
Beverley st., 7 herbergja nýtísku hús á 3000
Home st. nálægt Portage, 25 feta lóðir, á $25 fetið

W. P. RODGERS,
608 McIntyre Blk. Fón 6474.
27-5 8

Fræ

VÉR RÆKTUM OG SELJUM FRÆ EÐA SEM SUMIR KALLA ÚTSÆÐI, FYRIR VESTURLANDIÐ.

ORÐTAK VORT ER:— "VESTRÆNT FRÆ FYRIR VESTURLANDIÐ.

ALLIR BEZTU KAUP MENN SELJA ÞAÐ

EF VERZLUNARMÉNN YÐAR HEFIR ÞAÐ EKKI, ÞÁ PANTIÐ FRÆIÐ FRÁ —

A. E. McKENZIE Co.
Limited
BRANDON, MANITOBA
CALGARY, - ALBERTA
Aðal Fræsölumenn Vestur-Canada

J. H. HANSON

AKTÝGJASMIÐUR AÐ GIMLI, MAN.

Býr til aktýgi á hesta uxa og hunda — af beztu og fullkomnustu gerð. Hefir til sölu keiri, busta, kamba, þúða og margt fleira hestum og aktýgjum viðvíkjandi. Einnig selur hann ferðakistur og handtöskur — ýmsar stærðir.

Gerir fljótt og vel við gömul aktýgi. Öll vinna vel af hendi leyst og verðið mjög sanngjarnt. Sölubúð og verkstofa er á 2nd Avenue, Gimli, Man.

Komið við hjá J. H. HANSON, að Gimli, Man.

BROADWAY PARK

Portage la Prairie, Manitoba

Portage la Prairie

Hjartastöð hinna víðfrægustu hveitilanda í Manitoba-fylki

SKÝRSLURNAR UM UPPSKERUMAGN FYLKISINS FÝRIR ÁRIÐ 1907 SANNA ÞAÐ AÐ ENN ERU PORTAGE SLÉTTURNAR LANG-BEZTU HVEITIRÆKTAR LÖNDIN Í VESTUR CANADA

BROADWAY PARK

bezt sett allra landeigna í Portage la Prairie fyrir verksmiðjur og vöruhús. Als engar útjaðra-lóðir. Lóðirnar inni í sjálfum bænum.

Portage la Prairie

Upplýsingar um þessa ágætu framtíðarborg, sem þér ættúð að lesa vel og færa yður í nyt.

Lesið ! - Sannfærist !

Hyggindi

Hyggin járnbrautafélög eru nú sannfærð um verðmæti Portage sléttanna og Portage La Prairie verzlunar. Til skams tíma hafði C. P. R. félagið engan keppinaut þar. Nú eru þar 4 þverlandsbrautir og LÆGSTU FLUTNINGS GJÖLD.

Byggingalóðir seljast fyrir $100 fetið, og landverðið helst stöðugt.

W. W. Heming ætlar að byggja stórt stein íbúðarhús á Tupper stræti.

Landsala var gerð á mörgum strætum, sem sýnir, að þrátt fyrir landlækkun annarsstaðar, á þá fer Portage land stöðugt hækkandi.

25 feta lóð á Tupper stræti var af W. W. Heming keypt fyrir $100 fetið. Hann ætlar að byggja múrsteins marg-íbúðahýsi á henni. Lóðina áttu S. R. Cuthbert, B. A. St. John, og Ed. Burns. Margir héldu þá mjögr hygna, þegar þeir keyptu, en reynslan hefir sýnt það gagnstæða. Salan var gerð af kr. S. J. Newman.

Við þetta tækifæri mæltu fyrir minni verzlunarstéttarinnar A. L. Hamilton og J. H. Metcalfe.

Herra Hamilton vonaði, að árlegar samkomur héldust við. En frumherjarnir liðu bráðum undir lok. Hann lét þá í té eftirfylgjandi lýðskegar upplýsingar :

Fólkstalan eykst

Fólkstalan í bænum hafði aukist á sl. tvemur árum um 400 prosent. Skattskyldar eignir $500,000. Tollheimta $26,000. Pósthús tekjur 5 þús. og umbætur í bænum 600 þúsund dollara.

Portage Sléttur

innibinda 176 þús. ekrur. Þar af voru 150 þús. í ökrum á sl. ári, frá 70 til 75 þús. ekrur undir hveiti, sem með 20 bush. uppskeru gerir 1½ milión bush. Tuttugu og fimm þúsund ekrur undir höfrum, 40 bush. af ekru, gerir 795 þús. bush. Fimmtíu þús. ekrur undir bygg, 30 bush. af ekru, gerir 1½ milión bush. Og með 90c, 30 og 45c verði fyrir hverja tegund, þá gáfu Portage sléttunar af sér $2,295,000.

Broadway Park

er bezta gróðakaup í vestur-Canada, af því að kaupskilmálar eru við allra hæfi.

Veizt þú það ?

Hve margir eru þeir, sem vita um stærð og viðáttu Portage la Prairie bæjar, hinnar fögru sléttuborgar? Hér eru nokkrar upplýsingar til athugunar lesendunum :

Íbúatalan 6,500, og óðfluga vaxandi, jókst um fimtung á árinu sem leið.

100,000 dollars

var sl. ár varið til opinberra umbóta.

Einn aðal járnbrauta miðdepill í Canada. Eini staður í Ameriku, þar sem fjórar þverlandsbrautir renna jafn nálægt.

Portage la Prairie bær er þar settur, sem AÐALBRAUT C. P. R. félagsins og Canadian Northern og Grand Trunk Pacific og Miðlands greinin af Great Northern og Minneapolis og St. Paul — allar þverlandsbrautirnar — mætast og kvislast út. Alls renna 12 járnbrautir um bæinn.

Portage la Prairie

er miðdepill útskipunar og dreifingar fyrir afarviðkent svæði, þar sem eftirspurn eftir öllum varningi eykst daglega.

Portage la Prairie er einn af auðugustu bæjum Norðvesturlandsins.

Portage sléttunar hafa aldrei haft uppskerubrest.

Portage hefir sex löggilta banka.

Portage la Prairie á fagran 32 ekra lystigarð, og lækir af tærn vatni umkringja bæinn, á 3½ mílu svæði, og er þar ágætt róðrarsvæði.

BROADWAY PARK

Hafið þér keypt lóðir í Portage la Prairie? Ef ekki, því ekki? Vér bjóðum yður vilkjör hin mestu. Skrifið oss til og vér skulum senda yður nákvæma uppdrætti og gefa yður allar möguleigar upplýsingar

Instraumur fólks

er að byrja. Vér bjóðum yður hættulaust fjárhyggju tækifæri. — Vér biðjum yður að rannsaka það og bera saman við það, sem þér þekkið annarsstaðar, og fara að dæmi þeirra auðmanna, sem af eigin hyggindum hafa grætt fé á því, að kaupa land í bæjum Vesturlandsins. Portage la Prairie er eina borgin á sínu stærð í Vestur-Canada, þar sem landverð hefir aldrei verið sprengt upp, og nú gefst yður síðasta tækifæri til þess að eignast lóðir, sem áreiðanlega tvöfaldast eða þrefaldast í verði, þegar hreyfing sú, sem nú er að byrja nær fullum krafti.

Stóryrði óþörf

Sjaldgæft fjárhyggju tækifæri er nú boðið í Portage la Prairie. Engin stóryrði eru nauðsynleg til þess að lýsa hagsmunum þeim, fyrir verksmiðjueigendur og fjárhyggjendur, sem því fylgja, að kaupa bæjarlóðir þar einmitt á þessum tíma. Þeir eru svo auðsæir, að jafnvel viðvaningar geta skilið þá.

Hafið þér athugað gróða möguleikana í Portage la Prairie? Ef ekki, — hvers vegna hafið þér ekki gert það?

Upplýsingar

Leyfið mér að gefa yður fullar upplýsingar í þessu máli, — uppdrætti, lýsingar og áætlanir — og hvað annað, sem þér óskið að vita um Portage la Prairie.

Skrifið mér í dag, og þegar þér meðtakið þær upplýsingar, sem þér óskið eftir, þá skal ég með ánægju sæta því, sem dómgreind yðar hvetur yður til að afráða.

LESIÐ HVAÐ EINN AF PRESTUM METHODISTA KYRKJUNNAR SEGIR

Í ræðu, sem hann flutti í Metropolitan kirkjunni í maí árið 1902, sagði séra John McDougall margt, sem sýndi álit hans á framtíðarmöguleikum og auðsuppsprettumagni canadiska Norðvesturlandsins. Í skýrslu um þá ræðu, sem birt var í Montreal Herald, er svo sagt, að presturinn hafi gert áætlanir sínar á athugunum um landfláka, sem er um 1000 fermilur frá landamerkjalínunni að sunnan, Klettafjöllum að vestan og Ontario að austan. Hann gaf það álit, að á þessu svæði væru fleiri ræktanlegar ekrur heldur en á nokku öðru jafnstóru svæði á hnettinum.

Á þessu svæði tók hann til athugunar hundrað milión ekrur — eða einn sjötta hluta, og áætlaði, að þær gæfu minst 15 bush. af ekru að jafnaði.

Næst tók hann til athugunar hvert undraverk það væri, að flytja allar afurðirnar á heimsmarkaðinn. Hann áætlaði 40 vagna lest farandi frá Winnipeg austur um landið. Hver vagn bæri eitt þúsund bush., eða lestin alls 40 þús. bush. Til þess að flytja þessar afurðir mundi þurfa 37,500 40 vagna lestir, eða nokkru meira en 102 lestir á dag alt árið um kring.

Með öðrum orðum : Ein slík lest þyrfti að fara frá Winnipeg á hverjum 15 mínútum, nótt og dag, til þess að geta á 365 dögum ársins flutt út alt kornið af einum sjötta hluta þess mikla landfláka, sem hann talaði um.

Séra McDougall batt ekki áætlun sína við hveiti uppskeruna eingöngu. Hann gerði ráð fyrir, að með tímanum mundi griparækt verða í svo stórum stíl á þessu svæði, að mikið af þeim yrði flutt út úr landinu. Ef einn feitur uxi væri fluttur út af hverjum 40 ekrum á hverju ári, af þessu þúsund fermilna svæði, þá yrðu það 16 miliónir nautgripa á ári. Með 20 gripum í hverjum vagni, þyrftu 40 þúsund 20-vagna lestir, eða dálítið meira en 100 lestir út frá Winnipeg á hverjum ársins degi.

Hann gerði ráð fyrir, að einn feitur sauður og eitt feitt svín af hverjum 10 ekrum yrði flutt út. Það gerði 64 miliónir af hverri teg und.. Með því að troða 200 af þessum skepnum í einn vagn, þyrfti 32 þús. vagnlestir með 20 vögnum hver, þá yrði ein lest að fara frá Winnipeg á hverjum 15 mínútum dag og nótt.

Af þessu getið þér gert yður hugmynd um framtíðarvöxt þessa mikla Vesturlands.

MUNIÐ ÞAÐ

að fögrum skrauttrjám hefir verið plantað beggja vegna á hverju stræti

Á þessum tímum verða landkaupatilboð að vera svo aðgengileg, að hagnaðurinn sé augljós og áreiðanlega viss, til þess að vekja eftirtekt þeirra er vilja verja fé í gróðafyrirtæki

Allar upplýsingar gefur

W. A. Campbell

Telefón 3031 Agent

445 MAIN ST., WINNIPEG

Verðið er $75 til $250 eftir afstöðu í borginni

Þessir prísar geta hækkað án fyrirvara

Skilmálar eru : 10 prósent út í hönd og eftirstöðvarnar borgist með 5 prósent á hverjum mánuði.

Torrens eignarbréf

HEIMSKRINGLA
Published every Thursday by
The Heimskringla News & Publishing Co.
Verð blaðsins í Canada og Bandar $2.00 um árið (fyrir fram borgað).
Sent til Íslands $1.10 (fyrir fram borgað af kaupendum blaðsins hérlendis $1.50.)
B. L. BALDWINSON,
Editor & Manager
Office:
729 Sherbrooke Street, Winnipeg
P. O BOX 116. 'Phone 3512.

Enn um bókasölu

Blaðið "Lögrétta", dags 8. jan. sl. flýtur langa ritgerð um "Íslenzkar bækur vestan hafs", og minnist þar á það, sem Hkr. og Lögb. hafa sagt um það mál.

Eins og væntanlegt mátti hefir blaðið ekki getað orðið algerlega samdóma þeim skoðunum, sem birtar voru í þessu blaði. "Lögr." heldur þvi enþá fastlega fram, að svikseminni vestur-íslenzkra bóksala, — þeirra, er verzla með ísl. bækur — hafi á liðnum árum verið og sé enn þá svo óþolandi, að ekki sé við hana unandi. "Vanskilin frá þeirra hendi og óregla í viðskiftum", segir blaðið, "hafa verið svo hóflaus, að margir bókaútgefendur á Íslandi eru algerlega hættir að senda þeim bækur". En í sambandi við umkvörtun á verði íslenzkra bóka hér vestra, segir "Lögr.", að það sé ekki á valdi bókaútgefenda á Íslandi, að ákveða nett um það með hvaða verði bækur þess séu seldar hér vestra, og getur þess jafnframt til leiðbeiningar, að þeggr vestur-íslenzkir bóksalar fái bók á Íslandi, sem kosti þá þar 1½ kr., en selji hana aftur út hér vestra fyrir 4 kr., þá sé verðhækkunin engum til hagnaðar öðrum en útsölumönnum hér vestra.

Vér efum ekki, að þessi upplýsing sé gefin í góðum tilgangi, og hún er af oss Vestur-Íslendingum þegin í sama anda, en "Lögr." getur ekki þess, sem þó frá sjónarmiði þeirra bóksölumannanna á Íslandi, ætti að vera aðalmergur málsins, að þess gifurlegri, sem framfærslan á verði bókanna er í útsölu hér vestra, þess viðbjóðslegra og óþolanlegra er það einveldi, sem hér hefir alt til þessa dags verið á sölu íslenzkra bóka og að þess minni er hagnaður bóksalafélagsins á Íslandi; sem bækur þess eru hér uppsprengdari í verði, vegna þess, hve miklu minna hlýtur að seljast af þeim undir sliku einokunar fyrirkomulagi, en ella mundi verða. En einokunar fyrirkomulagið játar "Lögrétta" afdráttarlaust með því, að viðurkenna, að peningar hafi verið endursendir hingað vestur, sem sendir voru þangað heim með bóka pöntun. Sú afsökun blaðsins, að þeir, sem peningana sendu heim, hafi mælst til afsláttar á verði bókanna í viðurkenningarskyni fyrir, að borga þær út í hönd, — er að vorri hyggju einkar léttvæg, og í raun réttri ekkert annað en viðurkenning þess, að sá 25 pros. afsláttur, sem hinum sérstöku bók sölum félagsins hér vestra er veitt ur, sé gefinn þeim í verðlaunaskyni fyrir sviksemi þeirra við lánardrotna sína þar heima, og sem blaðið kvartar svo sárt undan, að fyrir löngu sé svo megn, að hún sé óþolandi. "Lögr." hlýtur að kannast við þá viðskiftareglu, sem gildir um allan heim, að í mörgum verzlunargreinum er varan seld ódýrara móti peningum út í hönd, heldur en gegn láni, og til þessa er þeim mun meiri ástæða, sem borgun lánsins er langdregnari og óvissari.

Hinsvegar kemur Hkr. og Lögr. saman um það, að ísl. bókaútgefendur geti engan hagnað haft af einokun á bókamarkaðnum vestan hafs, og að þeim mundi þvert á móti vera hagnaðarvon — betra væri að segja hagnaðarvissa — af því, að samkepni yrði hér á sölunni, og að verð á ísl. bókum yrði lækkað niður, því að þá mætti búast við aukinni sölu. En fullyrða má, að Bóksalafélagið íslenzka litur ekki svona á málið, því að það hefir bundist samningum við fasta útsölumenn sína hér vestra, sem algerlega tryggja það að EINOKUN SKULI VERA á sölu ísl. bóka í Ameriku. Og þar sem Lögrétta játar, eins og hún þegar hefir játað, að ísl. Bóksalafélagið leyfi ekki öllum að njóta sama réttar með afslátt á bókaverðinu, og að það setti að véita þeim nokkurn afslátt, sem bjóða og borga peningu út í hönd fyrir það, sem þeir panta, en að í stað þess sé fjórungs afsláttur veittur þeim, sem ält fá að láni, og sem blaðið segir reynda að svo miklum vanskilum, viðskiftaóreglu og sviksemi, að ekki sé lengur viðunandi, — þá sjáum vér ekki betur, en að ljóslega sé sönnuð sú einokunarkæra, sem Hkr. hefir borið á Bóksalafélagið á Íslandi. Öll starfsemi þess er sýnilega þannig skipuð, að hér vestra SKULI vera einokun, og að frjáls og óhindruð sala á íslenzkum bókum hér SKULI vera ómöguleg.

Lögrétta hefir áður bent á það happaráð við einokunar meinsemd bókasölunnar hér vestra, að einhverjir aðrir en þeir, sem nú halda umboði frá Bóksalafélaginu ættu að sækja um útsölurétt á íslenzkum bókum hér vestra, svo að sam kepni fengist. Vér getum huggað tilla hlutaðeigendur með þeirri áreiðanlegu frétt, að þetta hefir þegar verið gert, en eftir er að vita, hvort félagið sinnir því tilboði nokkru. Um það getur Hkr. væntanlega fært fréttir síðar.

Rétt er það athugað hjá "Lögréttu", að ranglátt sé að atyrða Bóksalafélagið á Íslandi fyrir það, þótt ekki sendi það bækur sínar hingað vestur til útsölu án nægilegrar tryggingar fyrir því, að þær verði borgaðar, og ekki vill Heimskringla vísvitandi gerast sek um það. En á hinn bóginn má enginn lá vestan blöðunum það þau tala hér máli almennings — þótt þau kveði skorinort á um það, sem auðsjáanlega er rangsleitni í starfsaðferð félagsins gagnvart Vestur-Íslendingum.

Vestur-Íslendingar óska að mega njóta hagnaðar og ánægju af lestri íslenzkra bóka, og þeir eru hjartanlega fúsir til þess að borga fyrir þann hagnað og ánægju. En þá langar jafnframt til þess, að geta átt kost á, að fá þær bækur keypt ar með sanngjarnari kjörum, en þeim hafa verið gerð að undanförnu, og heldur en mögulegt er að fá undir núverandi einokunarfargi því, sem Bóksalafélagið setur á bóksölu sína hér.

"Lögrétta" eins og allir aðrir, sem nokkuð hafa hugsað um viðhald íslenzks þjóðernis hér vestra, hlýtur að sjá og viðurkenna, að nálega það eina, sem Ísland getur lagt til viðhalds íslenzkrar tungu hér, er, að gera oss kost á, að fá aðgang að bókmentum þess eftir þörfum vorum. Þess vegna virðist oss það afaráríðandi, að hér sé hér séu jafnan nægar byrgðir af íslenzkum bókum, og þær séu seldar hér svo sanngjörnu verði — miðað við verð þeirra á Íslandi — að ekki sé ástæða til að álíta, að álíta, að Vestur-Íslendingar séu beittir vísvitandi ósanngirni í kaupum þeirra.

Sú viðbára "Lögréttu", að ísl. Bóksalafélagið geti ekki ráðið við útsuluverð bóka sinna hér vestra, er eins grátlega barnaleg eins og hún er ósönn. Bóksalafélagið hefir fult vald yfir verði bóka sinna á Íslandi, og leyfir ekki, að hein bók þess sé þar seld dýrara en það sjálft hefir ákveðið. Alt eins gæti það gert við bækur þess, sem hér eru seldar, og það með fleiru en einu móti, ef það að eins hefði viljann til þess. En þann vilja hefir það aldrei enþá sýnt, og alls enga tilraun gert til þess að hafa nokkur afskifti af því, hvaða okurverð umboðsmenn þess setja á bækurnar. Þeir hafa þar algerlega óbundnar hendur til þess að vinna eins og þeir eru menn til — að okra á viðskiftamönnum sínum vestra, og svikja, segir "Lögr.", lánardrotna sína þar eystra. Vér fáum ekki betur séð, en að vesturíslenzku bóksalarnir ættu að geta sætt sig við, að selja íslenzkar bækur hér með smásöluverði þeirra á Íslandi, að viðbættum flutnings- og ábyrgðarkostnaði. Þeir hefðu þá sinn óbreytta fjórðungshagnað á sölunni eins og Bóksalafélagið ætlar útsölumönnum sínum á Íslandi að hafa. En þetta, að selja bækurnar hér með 100 og 150 prósent álagi og svikja svo lánardrotna sína um borgun á kostverði bókanna, það veitir gróða, sem bæði er ósiðferðislegur og ókristilegur, og sem Bóksalafélagið ætt með öllu að fyrirbyggja. Og það gæti fyrirbygt þetta, ef það að eins hefði lund til þess, og það ætti að sjá sóma sinn í, að gera það sem allra fyrst. En sannleikurinn er, eða virðist óneitanlega vera sá, að Bóksalafélaginu ekki að eins stendur algerlega á sama, hverjum ránskjörum fólk hér er beitt í bókakaupum, heldur betur félagið með opnum augum og undirlögðu ráði, bundið umboðsmenn sína hér vestra þeim samningum, sem algerlega tryggja það, að hin svæsnasta einokun skuli vera hér á sölu bókanna, og að frjáls verzlun þeirra fyrir vestan haf skuli vera algerlega ómöguleg. Það er undan þessari lymskulegu starfsaðferð félagsins, sem Heimskringla, fyrir munn vestur-íslenzkrar alþýðu finn ur sér skylt að kvarta, og mun halda áfram að kvarta þar til full bót er á þessu ráðin.

Vér vonum, að "Lögrétta" taki þessi umnæli vor ekki svo, sem verið sé að atyrða félagið, heldur skoða þau sem ómengaðan hispurslausan sannleika, sem öll þörf er á að sé sagður, og sem verður að endurtakast eins oft og þörf er á, að hann sé sagður, þar til sanngjörn breyting á starfsaðferð félagsins nemur hann úr gildi.

Bóksalafélagið íslenzka er alt eins siðferðislega skyldugt til þess, að tryggja það, að bækur þess séu seldar í Ameriku með sanngjörnu ákvæðisverði, eins og það sér um þetta á Íslandi, og það á alt eins hægt með að gera það hér eins og þar, ef viljinn væri til þess. Vér getum og fullvissað félagið um, að hér vestra er völ á áreiðanlegum mönnum til þess að taka að sér útsölu bóka þess með þessari skuldbindingu, og til að hlýta ákvæðum þeim með sölu bókanna, sem tryggir sölu þeirra með sanngjörnu verði.

Milíón dollara gróði.

Í síðasta blaði gat Hkr. um gróða þann, sem strætisbrauta félagið í þessum bæ hefir fengið af starfsemi sinni á sl. ári. Flestir munu játa, að hann sé mikill, og margir vafalaust álíta hann langt of mikinn í samanburði við stærð og íbúatölu borgarinnar, og í samanburði við ársútgjöld félagsins. Skýrslan, eins og hún er birt í blöðunum þann 21. febr. sl., sýnir, að síðan á nýári árið 1900 fram að sl. nýári hefir hreinn gróði félagsins orðið rúmlega 3 og einn þriðji úr millíón dollara, alt í 5-centa skildingum, og mest úr vösum verkalýðsins hér í bæ. Þessi gróði virðist óneitanlega benda á, að fólki hér í bæ liði all-sæmilega, þegar það á svo stuttu tímabili getur ausið út þessari feikna fjárupphæð, eingöngu til þess, að spara sér daglega eða vikulega að ganga fáein fótmál eftir götum borgarinnar, þegar það hefir erindi í búðir eða aðra staði, sem þó hæglega mætti nálgast fótgangandi á ekki lakari vegum, en hér eru nú orðnir, og með hjálp þeirra 10 eða 12 þúsund reiðhjóla, sem nú eru árlega notuð í bæ þessum.

Vöxtur félagsins er í samræmi við vöxt bæjarins á sl. 8 árum, en með þeim mismun þó, að starfssvið þess og gróði á síðasta ári hefir langt tekið fram öllu því, er áður hefir verið, eins og fylgjandi tafla ljóslega sýnir:

Ár	Tekjur	Útgjöld	Gróði
1900 ...	$280,132	$170,595	$109,535
1901 ...	309,399	173,218	136,181
1902 ...	397,091	210,984	186,107
1903 ...	568,225	278,403	289,822
1904 ...	831,736	627,754	403,982
1905 ...	1,119,768	575,747	544,021
1906 ...	1,416,305	701,963	714,341
1907 ...	1,722,406	775,731	946,675

Eftir þessari töflu er ástæða til að ætla, að á þessu yfirstandandi ári græði félagið yfir milíón dollara á brautum sínum hér í bæ, eða um 4 milíón krónur.

Við athugun þessara talna verður manni það ósjálfrátt, að bera saman áætlun um allar tekjur landssjóðs Íslands á næsta fjárhagstímabili, sem talið er að verði 2,828 þús. kr, eða sem næst 1,400 þús. kr. á ári, — eða sem svarar einum þriðja hluta þeirra inntekta, sem strætisbrauta félagið í Winnipeg rakar saman í 5-centa skildingum af gangi vagna sinna um götur borgarinnar, svo og fyrir ljós, gas og rafafl.

Táflan sýnir, að félagið tekur inn 2 peninga fyrir hvern einn, er það borgar út. Eftir að hafa borgað allan tilkostnað við starf sitt hér, þá hefir það meira eftir í sjóði en nemur öllum útgjöldum. Félagið reiknar, að þessi gróði sé að eins 11½ prósent af innstæðufénu. Það reiknar sem sé innstæðufé sitt 5 milíónir dollara til þess að vextfirnir sýnist sem minstir. En þegar það er að tala máli sinu fyrir þingnefndunum, til þess að komast hjá auka skattálögum, þá ferir það innstæðuverðið niður í eina og hálfa milíón. Skattgreiðsla félagsins á síðasta ári var rúmlega 46 þús. dollars af þessum 5 milíón dollara eignum. Hefði félagið borgað tiltölulegan skatt við það almenna, eða eins og allir aðrir fasteignaeigendur verða að borga, þá hefði skattur þess orðið um eða yfir 200 þús. dollara. En félagið er óskabarn. Það fær undanþágu á sköttum, sem aðrir ekki fá, og ýmiskonar lagaleg hlynnindi, sem öðrum er neitað um, svo sem það, að mega reka starf sitt á sunnudögum. En sleppum þessu. Athugum að eins ársgróðann í samanburði við útgjöldin, og þá sést, að félagið gæti hæglega sett fargjöld sin talsvert lægri en þau eru nú, og þó haft sæmilega vexti af því stofnfé, sem það hefir lagt í fyrirtækið, eins og það líka hefir heimtingu á að fá. Annars virðist nú tími til þess kominn, að Winnipeg borg taki að sér að kaupa og starf ræka allar eignir strætisbrautafélagsins hér í bæ. Þessi milíón dollara gróði, sem nú rennur í vasa félagsins, væri betur kominn í bæjarsjóði, — í sjóði fólksins, sem gerir hann mögulegan. Menn mundu una því miklu betur, að borga nú verandi 5 centa gjald með spörbrautavögnunum, ef þeir vissu, að gróðinn rynni í bæjarsjóð, svo að skattar þeirra lækkuðu í réttum hlutföllum við það. Að öðrum kosti gæti bærinn tekið þá stefnu, að starfræka kerfið með kostverði eða að miða flutningsgjöldin eingöngu við kostnaðinn, og mundi þá sannast, að hægt yrði að fá gjöldin lækkuð um réttan helming, svo fólk fengi 10 farmiða fyrir 25c.

Þetta mál er að minsta kosti þess virði, að það sé athugað. Það liggur auðsjáanlega eitt af tvennu fyrir hendi, annaðhvort að ganga röggsamlega að því, að fá fargjöldin niðursett af félaginu eða hitt, sem bæði er betra og réttara, að bærinn leggi alt kapp á, að eignast kerfið með öllum þess gögnum og gæðum og starfræki það á eigin reikning íbúunum til varanlegra hagsmuna.

Sunnudaga-málið

og lögsóknir þær, sem gerðar hafa verið á hendur hundruðum manna í Winnipeg fyrir brot á sunnudagahelginni undir lögum þeim, sem samþykt voru í Ottawa í fyrra, og sem prentuð voru í síðasta bl., hafa vakið eftirtekt hvervetna í þessu ríki, og flest blöð landsins hafa gert þær að umtalsefni. Alment mælist þetta illa fyrir, og telja blöðin sjálfsagt, að alþýðan risi upp á móti þeim. Lögin þykja óviturleg og ósanngjörn í mesta máta.

Blaðið "Montreal Gazette", sem jafnan er mjög gætið í athugasemdum sínum, fer allþungum orðum um lög þessi og sýnir fram á, hve ósanngjörn þau séu í ýmsum atriðum. Til dæmis bendir blaðið á það, að undir þessum lögum megi járnbrautalestir renna allan sunnudaginn, ef þær renna beint áfram á óslitnum ferðum, en að ekki megi skifta þeim og senda sinn hluta í hverja áttina. Þetta ákvæði segir blaðið ekki verða réttlæt á nokkrum siðferðislegum grundvelli, því að ef að það sé rétt, að lofa lestum að renna eftir vissum brautum, þá ætti sama reglan að gilda með aðrar brautir Lögin leyfa, að búinn sé til Maple sykur og Maple síróp á sunnudögum, en ef hraðritarar blaða reyna að skrifa niður ræður, sem prestar flytja í kirkjum, til þess hægt sé að birta þær í blöðunum, þá sé það fangelsissök. Járnbraðshustofnanir megi vinna allan sunnudaginn, en ef bóndi bjargar heyjum sínum undan rigningu á sunnudegi, þá sé það fangelsissök. Gufulestir á brautum mega ekki flytja fólk til skemtistaða á sunnudögum, en rafmagnsbrautir mega gera það. Með þessu er rafmagninu gert hærra undir höfði en gufunni. Slika rangsleitni segir blaðið vera algerlega óþolandi, og ekki við því að búast, að nokkur maður virði þau svo mikils, að taka þau til greina. Þau varanlegu áhrif, sem svona löggjöf geti haft á þjóðina, sé sú, að fólk fjarlægist kirkjuna og kenningar hennar, af því það sé vitanlegt, að lögin séu til orðin fyrir áhrif prestastéttarinnar á stjórnina í Ottawa.

Blaðið heldur fram þeirri skoðun, að ekki sé hægt að skapa í meðvitund manna virðingu fyrir sunnudagshelginni með þvingunarlöggjöf.

Þetta veit enginn betur en þeir menn, sem kröfugerðina sinna vegna eru neyddir til þess, að vinna 7 daga í viku hverri, og verða því að fara á mis við þá hvíld, sem þeir annars mundu geta notið. Trúrækni fæst ekki gróðursett í huga fólks með löggjöf, heldur er hún afleiðing af meðfæddu hugarfari, og styrkt með siðum þess þjóðfélags, sem hver og einn er umkringdur.

Prælahald í Canada

Blaðið "Winnipeg Free Press", dags. 28. janúar sl., flytur langa grein um kúgun þá og ótta, sem Doukhobors í Canada búi undir af höndum leiðtoga þeirra hér og að þar sem áður hafi ríkt allsnægtir og friður í bygðum þeirra, sé nú komin örbyrgð og allsleysi. Blaðið tekur fram, að mjög sé orðugt, að fá nokkrar fregnir af högum þessa fólks, frá því sjálfu, því að það þori ekki að segja neinar frétt ir af ótta við yfirmenn sina eða leiðtoga. En nýlega hafa ungir menn, sem skilja rússnesku, ferðast um bygðir þessa fólks hér í Vesturlandinu, og komist að ýmsu með því að hlusta á tal þess, sem annars hefði hulið verið umheiminum, því fólkið óttast, að láta nokkuð berast út frá sér í blöðin annað en það, sem leiðtogarnir leyfa því að tala um.

Meðal annars, sem þessir ferðamenn komust að, er það, að ástand þessa fólks er svo aumt og aumkunarvert, að óvíst er, hvort nokkurstaðar í heimi er lakara, að hvergi á bygðu bóli sé nokkur flokkur fólks, sem sé í meiri áþján eða prælbundnari undir yfirráð ein stakra yfirboðara sinna heldur en Doukhobors í Vestur-Canada.

Þetta fólk fær yfirboðurum sínum í hendur allan vinnuarð sinn og búsafurðir, og eru því sjálfir ennatt þurfalingar, hve miklar, sem inntektir þess annars kunna að vera. Doukhobors lifa undir félags búskapar fyrirkomulaginu, undir vissum fyrirliðum, sem heimta alla framleiðslu fólksins og atvinnuarð, sjá um að koma því á markaðinn og leggja svo fóð í félagsbús sjóðinn, eða svo er það látið heita, og hafa þannig öll umráð alls þess fjár og fémætis, sem fólk þetta vinnur fyrir.

Samkvæmt ráðum þessara einvöldu leiðtoga, er búið að selja nálega alla nautgripi fólksins, og leiðtogarnir hafa andvirði þeirra í vörzlum sínum. Í sumum þorpum hafa kýrnar verið seldar, svo að ekki er mögulegt að fá mjólk fyrir ungbörn. Á síðasta hausti skipuðu leiðtogarnir svo fyrir, að allar sauðkindur fólksins skyldu seljast og það varð að gerast. Voru þá 15 þús. sauðkindur seldar, sem kvekarafélag eitt hafði gefið fólki þessu til styrktar, þegar það tók að sér búlönd sin með því augnamiði, að það kæmi á hjá sér öflugri sauðfjárrækt. Og leiðtogarnir tóku skildingana, sem komu inn fyrir það. Saga er sögð af því, að þegar þetta fé var rekið til markaðar, varð ein kindin veik, og var því skilin eftir, þar sem hún uppgafst. En hún komst bráðlega til heilsu aftur, og bauðst þá kaupandi að henni. En fólkið þorði ekki að selja kindina án leyfis yfirboðara sinna. Það ráð var því tekið, að kjósa nefnd manna og senda hana 40 milna langan veg á fund yfirmannsins til þess að spyrja hann, hvort kindin mætti seljast og með hvaða verði.

Á síðasta hausti var og það boð látið útgangi, að alla alifugla þessa fólks skyldi þá tafarlaust selja og var það gert, og fengust frá 10 til 15 cents fyrir hvern, eftir stærð og tegund. Yfirboðararnir tóku peningana.

Fyrir skömmu var fólkinu tilkynt, að það mætti ekki hafa nein vasaúr eða klukkur í eigu sinni, og menn voru gerðir út til þess, að taka úrin frá fólkinu og fá þau í hendur yfirmönnunum. Það er talið, að þeir hafi úr hinum ýmsu þorpum fengið um 6 þús. dollara dollara virði á þennan hátt. Fólkinu var einnig fyrirboðið, að hafa spegla í húsum sínum, og menn voru sendir út til þess, að leita í hverju húsi og taka speglana. Var þetta í Prince Albert nýlendunni. En nokkrar konur gátu þó falið spegla sína, svo leitarmenn fundu þá ekki.

Síðasta skipunin, sem fólk þetta hefir fengið frá kúgurum sínum, er sú, að það megi ekki drekka kaffi eða tevatn, eða búa til og éta pönnukökur eða lummur. En í þess stað má það neyta brauðs, sem búið er til úr hráum kartöflum, lauk, gulrófum og næpum, og 8 öðrum tegundum, þar með talið edik, sem fólkið er skyldað til að hafa í brauðinu. Þetta þykir fólkinu harðir kostir, en verður þó að búa við þá eða sæta reiði harðstjóranna ella.

Þegar sú stefna var tekin, að selja nautgripina, þá var maður sendur til Yorkton til þess að útvega markað fyrir þa, undir því yfirskyni, að kaupa ætti kynbóta gripi í stað þeirra seldu. En eigendur gripanna hafa hvorki fengið kynbótagripina, né andvirði hinna seldu gripa.

Fólkið fær nú mjólk sína á þann hátt, að það verður á hverjum morgni að koma saman á vissum stað með smáilát, og er því þá úthlutaður viss mælir hverri fjölskyldu.

Maður sá, sem höðingjarnir sendu til þess að kaupa kornvöru fyrir fólkið, prédikaði fyrir því um að hafa ekki spegla, og að éta að eins hráa fæðu og neita hvorki tes né kaffis. En þegar hann hafði sjálfur matast með því 3 máltíðir, vildi hann fá eitthvað betra fyrir sjálfan sig. Hann bað þá konu sína um egg, en hún kvað öll sín hæns hafa verið seld. Hann fór þá á Laugan Hotel og keypti sér þar fæði meðan hann var í bænum. — Ekki að eins er fólkinu bannað, að éta ætan mat, heldur er því bannað að vinna ýms þarfleg verk. Til dæmis má geta þess, að þegar þetta fólk kom fyrst til landsins, þá voru konur þess afðar í bróderingu og kniplinga vefnaði og öðr um kvenlegum hannyrðum, en nú er þeim fyrirboðið, að taka á þess konar störfum, af þeirri einföldu ástæðu, að leiðtogarnir nenna ekki að hafa fyrir, að útvega verkefnið og að koma því á markað, þegar

búið er að vinna það. En fólkinu er fyrirboðið, að kaupa sjálit eða selja nokkurn hlut.

Öll uppskeran af löndum fólksins gengur til yfirmannanna. Þeir selja hana, og taka undir sig andvirðið. Hundruð og máske þúsundir karla vinna á járnbrautum, og að öðrum störfum mikinn tíma ársins. Alt kaup sitt fá þeir harðstjórunum í hendur, sem taka við því eins og skyldugjaldi, en gefa enga viðurkenningu fyrir því. Þeir, sem vinna heima fyrir á félagsbúinu, við múrsteinsgerð eða annað þess háttar, fá enga borgun, en verða að gefa skriflega viðurkenningu fyrir hverju, sem þeir fá frá yfirmönnum sínum.

Ástand þeirra Doukhobors, sem komu frá Prince Albert, er aumkunarvert: Fimm hundruð manns búa í tveimur húsum. Svo er að sjá á "Free Press" greininni, að rúmum sé slegið upp í tveimur samhliða liggjandi röðum, með 7 feta breiðum gangi alt í kring í húsinu að innan, frá vegg að rúmgöflum. Hverju rúmi er ætlað fjögur fet, og verður fólkið að komast í rúmin yfir gaflana. Og svo segja þeir, er séð hafa, að hús þessi séu stórum lakari en kofar skógarhöggsmanna eða verkamanna við byggingu járnbrauta. Allir matast við langt borð í miðju hússins.

Nokkuð af Doukhobors þeim, er flutt hafa hingað vestur, hafa ekki gefið sig undir yfirráð hinna völdu foringja, en búið út af fyrir sig á löndum, sem þeir hafa fest sér, og þeim líður að sögn allvel. Þeir hafa sína eigin uppskeru og gripastofn og ráða sjálfir yfir öllu sínu. Nokkrir Doukhobors í Prince Albert nýlendunni yfirgáfu samélags búskapinn þar og fóru að tefla upp á eigin reikning. En þá sendu yfirmenn Yorkton nýlendunnar sendimenn til þess að fá þá til baka í félagsskapinn, og lofuðu þeim öllu fögru. Meðal annars því, að flytja þá í hlýrra loftslag með næsta vori.

Áður voru Doukhobors gestrisið og greiðvikið fólk, en nú er öldin önnur. Enda er nú engion fær um að hjálpa öðrum, því fólkið er ekki sjálfbjarga. Yfirmenn segja því, að félagsbúið sé í skuldum, — sé þrotabú, og að fólkið verði að vinna meira til þess að geta greitt skyldugjöld sín. Meðal annars er fólkinu kend sú hagfræði, að enginn skuli eiga fleiri en eina skyrtu. Þess er getið til, að tilgangur leiðtoganna muni vera sá, að losa áhangendur sína við alt lauslegt, svo að þeir hafi enga óþarfa hluti í eftirdragi, ef ske kynni, að þeir þyrftu að flytja sig til. Og það er talið ekki óeðlilegt, að það sé áform leiðtoganna, að flytja heila hópinn — full sjö þúsund manna — eitthvað suður á bóginn strax og vorar, svo að kuldar ekki kvelji líðið úr fólki þessu, þó það gangi á skyrtunni um vegi landsins. Þegar hópur sá kom til Prince Albert, sem þar tók bólfestu í nýlendunni, þá var strax tekið af þeim alt það smjör, sem þeir höfðu meðferðis. Þeir áttu að éta þurt brauð. Og konunum var bann að að brúka sjöl með kögrum eða kniplinga slæður eða nokkuð þess háttar. Það er mælt, að margir Doukhobors séu að verða blindir, og er hungri því, sem þeir hafa hafa orðið að þola á sl. 2 árum, og það, hve sú fæða, sem þeir hafa haft hefir verið ómeltanleg og óholl, kent um þetta ástand. Svo brotasýki og magaveiki. En allar þessar þjáningar umber það með þolinmæði, og neitar algerlega að hafa nokkra læknishjálp, enda hefir það ekkert til að borga með.

Þetta fólk lætur ekki skrásetja dauðsföll, fæðingar eða hjónabönd, sem gerast hjá því, og gengur þannig beint í bága við lög landsins, — og engar upplýsingar eru fá anlegar hjá því sjálfu um þetta atriði.

Grunur leikur á, að fjölkvæni eigi sér stað meðal fólks þessa, og eins að það hafi komið fyrir, að nokkrum einstaklingum hafi verið styttur aldur með eitri. En sannanagögn um þetta atriði, sem önnur fólki þessu viðkomandi, hafa enn ekki fengist.

Það er og mælt, að leiðtogarnir beiti einveldi sínu margvíslega fólkinu í óhag. Til dæmis er sagt, að alt að þrir fjórðu hlutar þeirra sem hús eiga í þorpunum, hafi verið neyddir til að rífa niður og færa þau langar leiðir frá því er þau stóðu fyrst, án þess nokkur ástæða sé gefin fyrir þessum einkennilegu og harðstjórnarlegu skipunum.

Það er því engin furða, þó blaðið "Winnipeg Free Press", í enda greinar sinnar um þetta fólk, taki þeir oft áður höfðu vitjað og slitfrum, að líknaðarhættir þess og harðstjórn leiðtoganna ætti ekki að vera liðin í Canada.

Eftir dauðann.

Séra J. Patterson-Smyth, einn af merkustu prestum í Canada, hálærður gáfumaður, með B. D. og L. L. D. nafnbætur, flutti nýlega ræðu í St. Georges kirkjunni í Montreal, sem vakið hefir mikla eftirtekt hvervetna í þessu landi, fyrir þann einkennilega skilning, er höfundurinn hefir á kenningum biblíunnar, og fyrir skoðun hans á ástandi manna eftir dauðann.

Fljótlega sagt, heldur séra Smyth fram þeirri skoðun, að engin persóna, sem á liðnum árum hefir dáið [illegible] frá sköpun veraldar fram á þessa dag, hafi dæmd verið af guði, — að enginn maður hafi enn þá komist til himnaríkis né heldur hins bústaðarius. En að allir séu enn þá í millibilsástandi hinumegin grafar, þar á framhaldandi þroskastigi, til undirbúnings undir dóm sinn — á dómsdegi. Hann heldur og því fram, að í öðrum heimi sé lífið svipað mjög því, sem hér er á jörð unni, og að þar muni, eins og hér, vera prédikað fyrir fólkinu, og því gerður kostur á, að iðrast og betrast, sem hér fóru á mis við það og dóu í syndum sínum.

Þessi ræða er sú fyrsta af 4 samstæðum ræðum, sem prestur þessi hefir auglýst, að hann ætli að flytja um annað líf. Þessa fyrstu ræðu nefnir hann "Gospel of Hades". "Gospel" segir hann þýði gleðifregn, og "Hades" segir hann þýði bústaður. Ræðan er því gleðifregn um bústaðinn, eða um það líðlif, sem hann heldur fram, að allir verði að lifa frá þeim tíma, er þeir deyja hér á jörðu til þess tíma, er þeir ganga undir dóm á degi drottins. Sú skoðun, að þeir sem deyja, hverfi þá strax í þá sælu eða vansælu, sem þeim sé fyrirhuguð, en verði svo á dómins degi — þúsundum eða miliónum ára síðar — kallaðir fram til þess að ganga undir dóminn, segir hann að nái engri átt. Enda sé það hvergi kent í ritningunni. — Himnaríki og helvíti sé í biblíunni látið tákna þá staði, sem mannkynið komi í eftir dómsdag, en ekki fyrri. Og með því að enginn viti, hvenær sá dagur upprenni, þá sé alt það tímabil, sem liði milli dánardægurs manna og dómsdags, það undirbúnings tímabil er þeim sé gefinn kostur á að fullkomnast, og búa sig undir dóm drottins á dómsdegi. Jafnvel Kristur sjálfur hafi ekki farið til himnaríkis eftir dauðann, heldur hafi hann eins og allar aðrar mannlegar verur farið til Hades, og þar sé hann starfandi að því, að undirbúa sálirnar undir dómsdag, með því stöðugt að prédika fyrir þeim framliðnu, og þetta telur hann sanna það, að í lífinu eftir dauðann haldi mannkynið öllum sínum sömu eiginleikum, sem það hefir haft hér í heimi

"Í dag skalt þú vera með mér í Paradís", segir presturinn vera sönnun þess, að Kristur hafi vitað hvað við tæki eftir dauðann. En Paradís sé ekki himnaríki, heldur umheimur þess. Enda segir hann, að Gyðingar hafi almennt trúað á lífið eftir dauðann sem biðlíf milli grafarinnar og dómsdags, og að allur kenningakjarni biblíunnar lúti að því:

1. Að til sé biðlíf milli dauða og dómsdags, þar sem hver einstaklingur hafi ljósa og næma sjálfsmeðvitund.
2. Að allir öðlist það líf strax og þeir skilja við þennan heim.
3. Að enginn hafi nokkurntíma farið til himnaríkis.
4. Að enginn hafi nokkurntíma farið til helvítis.
5. Að guð hafi ennþá aldrei dæmt nokkurn mann.
6. Að guð hafi ennþá aldrei útskúfað nokkrum manni, heldur biði allir ennþá í "Hades". Þeir góðu, sem dáið hafi, séu þar með Kristi og séu í sælufullu ástandi, — einatt að læra af honum, og einatt að þroskast til betrunar og fullkomnunar.

Þessi skóli segir hann vera undirbúning undir alla varanlega sælu í himnaríki, þegar þeir framliðnu séu búnir að ná fullkomnun.

Gyðingar skoðuðu himnaríki, sem höll þá, er sjálfur drottinn byggi í — bústað guðs. En Paradís skoðuðu þeir sem lystigarð umhverfis það hús — aldingarð eða "Park". — Presturinn heldur fram þeirri skoðun, að í þessu millibilslífi haldi menn, eins og áður er sagt, öllum hérvistar eiginleikum sínum og muni alt um veru sína á jörðunni. En jafnframt hyggur hann, að framförin þar verði miklu meiri en hér, og að fullkomnunarstigið verði þar því ósegjanlega miklu meira.

Ræða prestsins er öll falleg og hugsjónirnar göfugar. Hann hallast að þeirri skoðun, að allir verði um síðir hólpnir, því að guð vilji ekki dauða syndugs manns. Undirbúnings tímabilið sé til þess ætlað, að gefa gjörvöllu mannkyninu kost á, að búa sig undir þá alfullkomnun, sem geri þá móttækilega fyrir alsælu í bústað drottins.

Pétur Nikulásson og Valgerður Nikulásdóttir, börn Nikulásar Péturssonar, frá Bakka í Hólmi í Skagafirði, eru vinsamlega beðin að gefa Heimskringlu tilkynningu um heimilisfang sitt.

ÉG MEÐGENG að hafa sagt sagt ÓSATT í seinasta blaði, að það væru 16 stykki á prógrami skemtisamkomu SKULDAR á mánudaginn. Þau eru 17 góð og gild. Ég vona, að fá eins mikdan dóm, eins og yður er mögulegt. — Ég skal aldrei gera það aftur.

Fyrir hönd nefndarinnar,

R. Th. Newland.

A. E. McKenzie Co. Ltd.

Lesendur eru beðnir að lesa auglýsingu A. E. McKenzie & Co., Ltd., í Brandon, Man. Það félag er talið að hafa áreiðanlegustu fræategundir til útsæðis sem fáanlegar eru í Vestur-Canada. Lítmynda verðlisti félagsins fyrir árið 1908 sýnir, að í verzlunum þess í Brandon og Calgary, eru allar mögulegar fræategundir, sem bændur þurfa, og meira en það. — Íslenzkir bændur ættu að muna eftir þessu félagi, þegar þeir kaupa fræ eða útsæði. Betra fæst ekki hjá öðrum. Verzlunar orðtak þess er: "Vestren fræ fyrir vesturlands bændur". "Beztu vöru með vægta verði, og hrein viðskifti". — Félag þetta hefir verzlað með allskyns fræ og útsæði í sl. 12 ár, og á því tímabili hefir verzlun þess aukist svo, að það er nú með lang stærstu fræsölu félögum í Canada. Orsökin er, að fræ þess og útsæði hefir reynst betra en hjá öðrum keppinautum, og hefir veitt bændum betri uppskeru á hausti hverju — Á þessu ári er það áríðandi öllum bændum, að þeir fái það útsæði eingöngu, sem er algerlega áreiðanlegt, og það geta menn fengið með því að kaupa frá þeim A. E. McKenzie & Co. Skriflegar pantanir fljótt afgreiddar.

ALDREI SKALTU geyma til morguns sem hægt er að gera í dag. Pantið Heimskringlu í dag.

Gáta.

(Þýdd úr "Parabeln und Rätzhel", eftir Schiller).

Hvað er það, sem hug að fæstir leiða?
Þó hvilir það sem skart á konungsmund.
Það til er búið öragna til að meiða,
og brandi skyldast er á marga lund.

Það blóðgar ei, þó þúsund sárum særi,
og sízt það ræmir, auðgar stöðugt þó;
það allan hefir heim á sínu æri,
og helgar líf vort jöfnuð, gleði og ró.

Það staði og borgir elztu reisa vann,
það ríkin stærstu stofnaði á láði,
það aldrei stríð í heimi hefja náði, —
og heill sé þeim, sem treystir því og ann.

Sigtryggur Ágústsson.

Imperial Theatre Company

OF WINNIPEG, LIMITED

LÖGGILT 2. DES. 1907 UNDIR SAMEIGNAR HLUTAFÉLAGSLÖGUM MANITOBA FYLKIS

Höfuðstóll $100,000 Í 1 þúsund hlutum $100 hver hlutur **Hlutir seldir $25,000**



NÝJA IMPERIAL LEIKHÚSIÐ SEM BYGT VERÐUR HORN. NOTRE DAME OG [illegible]

FYLKIS-STJÓRNENDUR

Thomas B. Campbell, Esq., Eigandi að Mariaggi Hotel, Winnipeg
Leonard T. Bristow, Esq., Byggingameistari í Winnipeg, Man.
John Saul, Esq., Byggingamaður í Winnipeg, Manitoba
William Manahan, Esq., Lögfræðingur í Winnipeg, Man.
Bankarar — The Traders Bank of Canada

Charles W. Sharp, Esq., Forseti Mav-Sharp Byggingafél. í Winnipeg
William J. Gillman, Esq., Leikhúsa Þjónsmaður í New York, N. Y.
John Haffner, Esq., Fasteignasali í Winnipeg, Man.
John Dobson, Esq., Kaupmaður í Winnipeg, Man.
Lögmenn — Bonnar, Hartley & Manahan

Til fjarhyggjumanna:

Af því, hve mikinn gróða þar fá, sem eiga hluti í leikhúsum, þá er sjálfsagt það tækifæri, sem fjárhyggjumenn eiga nú kost á að njóta. Slíka hluti eiga auðmenn vanalega. En nú gefst alþýðu kostur á, að kaupa þá. Imperial Theatre Félagið vill tryggja alþýðunni hlutdeild í hlutum í félaginu og gróðanum af því. Það tryggir fél. betri aðsókn að húsinu, og það eykur gróða hluthafanna. Það er ástæða til að ætla, að hlutakaup í þessu félagi veiti eigendum þann mesta gróða, sem alþýða hefir nokkru sinni átt kost á. Allir leikhúsa eigendur hér hafa á liðnum árum grætt frá 30 þús. til 75 þús. dollars á ári. Vér gerum ráð fyrir, að 65 prósent sætanna verði fylt 240 daga á ári, og vitum þó, að aðsóknin verður miklu meiri, því að vanalega eru leikhúsin hér troðfull daglega. Winnipeg er með beztu leikhúsborgum þessa lands. Vér gerum ráð fyrir 12—15 prósent árlegum gróða af innstæðufénu.

Hlutakaupa skilyrði

10 prócent þegar kaup gerast, 15 prócent við afhending hlutabréfa, 25 prócent 1. Maí 1908, 25 próc. 15. Júlí 1908 og 25 próc. 1. Okt. 1908.

Imperial Theatre Co. Winnipeg.

Hlutabeiðni í Imperial Theatre Co. of W'peg, Ltd.

Ég bið hérmeð um.....hluti hundrað dollars [$100] virði hvern. í höfðstóli "The Imperial Theatre Co. of Winnipeg, Limited," þar af hérmeð borga legir $.....Eftirstöðvar eins og tekið er fram í beiðniform inu. Ég þigg ofantalda hluti eða færri, sem mér kunna að verða úthlutaðir.

Dagsett þennan.....dag.....1908
Full nafn.....Starfsgrein.....
Strætisnúmer.....Borg.....

Peninga ávísanir, P. O. eða Express ávísanir séu borganlegar til "The Imperial Theatre Company of Winnipeg, Limited."

Coupon Form

Ef þér eruð hugfanginn og óskið að tryggja yður arðsamar fjárhyggjur, þá skerið þessa "Coupon" út og sendið hana með pósti til "Imperial Theatre Company" og þá fáið þér sætlunarskrá, — eða þér getið komið á skrifstofuna, Room 32, í Bank of Toronto Byggingunni. Telefón 2501.

Nafn:.....
Borg.....
Strætisnúmer.....

Brandon Stækkar

Bæjarlóðirnar sem ég sel eru 3. mínútna ganga frá C.P.R. vagnstöðinni, 5 mín. ganga frá pósthúsinu og 7 mínútna gangur frá Fyrirmyndar-búi Canada stjórnarinnar. Beztu bygginga lóðir í bænum, — og lang ódýrustu.

$75 til $150
HVER LÓÐ

Þær tvöfaldast í verði á komandi sumri. Fegurstu skraut tré eru á lóðum þessum. Kaupið strax. $10 til $20 niðurborgun; hitt eftir samningum. Finnið eða skrifið:

JOHN WADGE

10 9th Street, Brandon, Man.

eða **K. K. Albert**, 719 William Ave., Winnipeg, Man.
Telefón 6409.

eða **Kr. A. Benediktsson**, 477 Beverley St., W'p'g., Man.

[Eftir "Reykjavík"]

Björnstjerne Björnson

1832 — 8. desember — 1907

Á sunnudaginn er var varð þjóðblaðið "Winnipeg Free Press", dags. 28. janúar sl., flytur langa grein um kúgun þá og ótta, sem Doukhobors í Canada lúi undir af skáldið og þjóðskörungurinn norski 75 ára að aldri, en um líkt leyti voru rétt 50 ár síðan hann tók til ritstarfa. Er ekki nema skylt, að vér Íslendingar minnumst hans að einhverju á þessari tvöfoldu afmælishátíð hans. Flestir þekkjum vér þær sögur hans, er þýddar hafa verið og þýddar sumar snilldarlega á íslenzku, en fæstir, einkum meðal hinna yngri manna, vita annað eða meira um hann en það, að hann telst til höfuðskálda Norðmanna og hefir verið meðal forvígismanna í frelsisbaráttu þeirra alla ævi, og ættum vér þó að vita ofurlítið meira, einkum um skáldið Björnson. Er hér dálítið til uppfyllingar.

Björnstjerne Björnsson var prestssonur og er fæddur í Kvikne prestakalli, úthéraði einu á Dofrafjöllum 8. des. 1832. Lengstan hluta bernsku sinnar ólst hann þó upp í Nes prestakalli í Raumsdalnum, er hann hefir kveðið svo fagurlega um í kvæði sínu með því nafni. Bernsku sinni hefir Björnson lýst í "Blakken". Hann var setður til náms í Molde; en það varð lítið úr skólanámi hans þar, og sá því faðir hans ekki annað ráð væn legra að síðustu, en að senda hann til Kristianiu á hina alkunnu "stúdenta-verksmiðju" Heltbergs þar sem stúdents-nafninu var klínt á hann. Henrik Ibsen, Jónas Lie og Asmund Vinje, alla í senn. Mundi Björnson Heltberg gamla þótt með því, að yrkja eitt af fegurstu kvæðum sínum eftir hann. Þegar Björnson var orðinn stúdent sýndi hann brátt hvað í honum bjó. Varð hann fljótt kunnur meðal stúdenta og jafnvel meðal almennings fyrir kvæði sín, ræður og blaðagreinar. Skáldfrægð sína ávann hann sér þó fyrst, er hann gaf út fyrstu "sveitasögu" sína Sigrúnu á Sunnuhvoli (Synnöve Solbakken, 10. ág. 1875), og svo hverja af annari. Varð hann fyrir það stórfrægur á skömmum tíma um öll Norðurlönd. (Sveitasögur þessar eru nú að koma út hjá Gyldendal í afmælisútgáfu og kosta að eins 3 kr. í bandi). Björnson stýrði nokkra stund norska leikhúsinu í Björgvin, er tónskáldið fræga, Ole Bull, hafði stofnað þar, og tók Ibsen svo við stjórninni af honum. Kvæntist Björnson í Bergen og fór síðan aftur til Kristianiu. Tók hann þá þegar öfluguan þátt í þeim deilumálum, er á dagskrá voru: stjórnmáladeilunni við Sviariki, landstjóramálinu, flaggmálinu o. fl. og þarf naumast að spyrja, hvoru megin Björnson var í þeim málum.

Á 3. ára fór til útlanda dvaldi hana lengst af í Róm og varð fyrir miklum og langvinnum áhrifum, og þegar hann kom heim aftur, veitti stórþingið honum fyrstum manna skáldalaun. Barðist hann síðar drengilega fyrir því, að Ibsen væru einnig veitt skáldalaun, en það varð torsóttara. Starfaði Björnson nú um tíu ára bil ótraudur að skáldskap, blaðamensku og leikhússtjórn og fór þá hverja ferðina af annari til útlanda, en varð í hvert sinn fyrir miklum og vekjandi áhrifum. Fanst honum sem hann væri orðin tunga og málsvari þjóðar sinnar og hélt svörum hennar uppi í hvivetna. Og skifti þá þegar eins og æ síðar að öðru hvoru í tvö horn, að hann var ýmist elskaður eða hataður. Á þeim árunum orkti hann öll hin fegurstu ættjarðarkvæði sín.

Um þær mundir keypti hann og búgarð mikinn, Aulestað, í nánd við fyrsta lýðháskólann í Noregi, í Gausdalen, og fór að búa þar til þess að geta lifað og starfað fyrir bændastéttina. Og hefir hann búið þar ætið síðan. Trú sína á lýðháskólana hafði hann frá stofnanda þeirra í Danmörku, Grundtvig gamla, og hélzt hún nokkra stund.

En um og eftir 1876 tók Björnson sinnaskiftum. Hann hafði framan af ævinni verið maður guðhræddur, en nú varð hann fyrir þeim áhrifum, er bárust með Georg Brandes til Norðurlanda frá Frakklandi og Englandi, að hann hafnaði allri opinberunartrú og trú á yfirnáttúrlega hluti. Þó hélt hann siðferðis hugsjónum sínum ómengudum og jafnvel hreinni en áður, og hefir hann aldrei látið undir höfuð leggjast að berjast fyrir þeim.

Af ritum Björnsons ber fyrst að nefna sveitasögur hans, enda gerðu þær fyrst gárðinn frægan. Draga þær að því leyti dám af fornsögum vorum, að þær eru einkar stuttorðar og gagnorðar, en bjartsýnið í þeim og öll fegurðin er frá Björnson. Í Sigrúnu á Sunnuhvoli, Kátum pilti, Árna og smásögum eins og Arnarhreiðrið, Járnbrautin og Hættuleg bónorðsför sjáum vér þegar aðaleinkenni Björnsons, — bjartsýnið og hásæið. Að vísu lýsir hann einnig því, sem ljótt er og miður fer í þjóðlífinu. Má þar lesa um barnsmíðar og ruddalegan hugs unarhátt, slark og svaðilfarir, en það er alt að baki. Upp af því öllu rísa bjartar og fagrar æskusálir með bros á vörum, von í auga og þrótt til framsóknar, en þó fyrst og fremst hásæjar og ljósbornar ástir. Er eins og vorgróður í öllum þessum sögum Björnsons. Mun því hver kynslóðin fram af annari geta lesið sig unga í ann að sinn í sögum þessum og sótt þangað þor og ljósar vonir. Og í þeim eru á við og dreif mörg hin fegurstu kvæði Björnsons, er skína þar eins og perlur og gimsteinar.

Í söguleikum sínum hvarflar Björnson aftur í tímann til hins stórfenglegasta úr sögum vorum. Milli bardaganna er skáldað upp úr þætti í Sverrissögu; Haltadrápa, Hulda úr Völsungasögu og öðrum sögum, og Sigurður Slembir er mikilfenglegur raunleikur í þrem leikritum frá hinum dimmu tímum eftir lát Sigurðar Jórsalafara. Hann hefir og orkt leikrit um Sigurð Jórsalafara. Í þessu sambandi má einnig nefna sagnakvæði hans Arnljót Gellina og Bergljótu, svo og smákvæði eins og Norður um sjó fer siglingin glæst, o. fl.

Að veruleikanum og samtíð sinni snýst Björnson með skáldsögunni Magnhildi, en frægastar þeirra sagna allra eru einkum tvær: Á guðs vegum, og kemur Björnson þar fram með trúarjátningu frihyggjumanna, "þar sem góðir menn ganga eru guðs vegir" Hin skáldsagan er: Det flager, og ræðir hún um uppeldið eins og það í raun réttri ætti að vera.

Af sjónleikum, er ræða um samtíð vora og áhyggjuefni hennar, eru frægastar: Gjaldþrotið, er ræðir um kaupmannsandann og afleiðingar hans; Glófinn (en Hanske), er ræðir um almenningsálitið og stefnir þeirri kröfu á hendur karlmönnum, að vera jafnskírlífir og þeir ætlist til að konurnar séu; og loks eru leikritin tvö: Um megn (Over Evene). Ræðir hið fyrra um mátt trúarinnar, en hið síðara um baráttuna milli auðvalds og örbirgðar.

Vart hefir Björnson komist eins hátt í leikritaskáldskap sínum og Ibsen og þó mælir sitt með hvorum, svo að ósýnt er hver hefir betur. Ibsen er svartsýnn, óvæginn og kryfur alt til mergjar. Björnson er bjartsýnn, ber önn fyrir vanmættinum og færir alt á betra veg. Ibsen er einbúinn, sem er sjálfum sér nógur og lætur réttvísina hafa sinn gang, en Björnson er lýðhugi, sem vill lýsa og fága, vill að menn lyfti í senn og séu samtaka. Þess vegna var Björnson svo mikfu bétur til þess fallinn, að vera leiðtogi lýðsins. Enda hefir hann verið það um dag ana. Hvað eftir annað hefir hann með mælsku sinni og ritum fengið þjóðina til að rísa um endilangan Noreg, og hvað eftir annað hefir hann einn sins liðs og með orðinu einu saman snúið sigurinn úr höndum mótstöðumanna sinna. Oft hefir hann þó snúist á þjóðmálabrautinni. En það hefir hann gert af sannfæringu.

Stjórnmálamaðurinn Björnson er búinn að vinna sitt, og fer hann fyrir það dóm í sögunni. En skáldajöfurinn Björnstjerne Björnson mun uppi, meðan Norðurlönd eru bygð og Norðmenn syngja þjóðsöng sinn.

Ágúst Bjarnason.

LÍTIL BENDING.

Talsvert hefir verið rætt og ritað um í íslenzkum blöðum hina íslenzku bókaverzlun, og hve seint gangi, að fá bækur sendar hingað vestur, eftir að þær eru komnar út á Íslandi, og líka mikið talað um, hvað bækurnar séu dýrar, sem er ómótmælanlegur sannleiki. En þó er eitt verra, og það er, þegar bækurnar alls ekki fást hér tímunum saman, og það nauðsynlegar bækur, eins og t. d. stafrófskver. Hve lengi mun íslenzkan haldast við hér hjá okkur Vestur-Íslendingum, ef hætt er að kenna börnum að lesa íslenzku fyrir vöntun á stafrófskverum?

Það væri hið mesta þarfaverk, ef einhver mentaður Vestur-Íslendingur tækist á hendur að semja nýtt stafrófskver, og engin hætta ætti að vera með útgáfukostnaðinn. Gott og hentugt stafrófskver mundi mikið seljast, og alt af verður þörfin, svo lengi sem haldið verður áfram af fjöldanum, að kenna börnum sínum að lesa íslenzku. Líka ætti kver það, sem semið væri af Vestur-Íslendingi, að vera betur lagað fyrir börn hér, og þau ættu að skilja það betur, en sumt í hinum íslenzku stafrófskverum. Ég vil biðja þá, sem unna okkar kæra móðurmáli, að íhuga þetta, því að minu áliti er það spor stigið í áttina til þess að örfa fólk, að kenna börnunum að lesa íslenzku, ef ætið væri nóg af hentugum stafrófskverum. S.G.

Dauði Bergþóru.

(Kafli úr Brennuljóðum).

Eftir: *Þorstein M. Borgfjörð.*

Flosi að dyrunum greiðlega gekk
og gerði þá boð eftir Njáli:
"Gakk þú út, bóndi, því ómaklegt er,
að inni þú stiknir á báli".
—"Ég maður er gamall", mælti þá Njáll,
"og móti vill hamingjan stefna;
líkar ei heldur að hlá við skömm,
en litt em ég búinn að lifna".

Hugstórum Flosa í brúnir þá brá,
til Bergþóru máli réð venda:
"Kom þú út, húsfreyja, sízt vil ég sjá
þig saklausa inni hér brenda".
— En Bergþóra mælti: "Þá mær var ég ung
og man, er var heitbundin Njáli.
Nú er ég gömul, en efni mín heit
í ógæfu' og logandi báli.

Ég endurtek heit mín við himinn og guð
— en hver sinna illverka geldur —
og inst inni' í hjarta mér brennur það bál,
sem er bjartara' og heitara' en eldur.
Nú geng ég og legst í mitt glóanda rúm
— ó, guð okkar bæn heyra megi —.
Að litilli stundu léttir upp hám
og ljómar af eilífum degi.

Ég trúi hin eilífa uppsprettulind
annars heims fordi oss pínu.
En nú skal ég bæta fyr sonanna synd
í sjóðandi eldsglóðum þínum".
— Og friður úr augum og ásjónu skein,
er arminn sinn rétti hún Njáli.
Þau gripu í hönd hinum glóhærða svein*)
og gengu svo hljótt inn í bálið.

Íslenzka Bergþóra! enn sjást þín spor,
aldirnar fá þig ei skygða.
Þú fornsögu drotning, þú formóðir vor,
þú fyrirmynd kvenprýði og dygða.
Sagan oss málar þín mikilvæg orð,
mannast þín kynslóðir ungu;
meðan úr hafinu stendur vor storð
og stafur í norrænni tungu.

*) Sveinninn vildi ekki skilja við fóstru og fóstra sinn og brann inni með þeim.

Hundrað ára langlífi

Nýlega hefir Dr. Chalmers, brezkur læðimaður, þýtt og gefið út bók um langlífi eftir rússneskan visindamann, að nafni M. Metchinkoff, og hefir bók þessi náð mikilli útbreiðslu í enskumælandi löndum. Höfundurinn tekur fram í byrjun bókarinnar, að til séu mörg dæmi í dýra og jurtaríkinu, er sanni frámunalegt langlífi. Til segir hann vera nokkur skógartré, er sannað verði að staðið hafi full 5 þúsund ár, og að meðal þeirra sé hið svonefnda "Sequoia gigantea" tré í Californiu. Önnur trjátegund er og til á Cape Verde eyjunum, sem náttúrufræðingar segja fullra 5 þúsund ára gamlar, og sögulegsönnun er fyrir því, að hið mikla "dragon" tré á Canary eyjunum sé nokkurra þúsund ára gamalt.

Í dýraríkinu er hinn svonefndi Gessner pike-fiskur, sem sagt er að hafa verið veiddur árið 1230 og hafa eftir það lifað í 267 ár. Unnig er til skjaldbaka á dýrasafninu í London, sem vissa er fyrir, að orðin er 150 ára gömul. Til eru og sögur af tveimur páfagaukum, sem full vissa er fyrir að urðu, annar 93, en hinn 102 ára gamall. Jafnvel vanalegar gæsir hafa lifað frá 80 til 100 ára, og margir hrafnar og uglur er sannað að hafa orðið yfir 100 ára gamlar.

Í mannlífinu eru og þess mörg dæmi, að fólk hefir lifað 100 ár og þar yfir. En þegar þau skilyrði eru öll tekin til greina, sem skapa aldur mannsins, þá kemst herra Metchinkoff að þeirri niðurstöðu, að orsakir dauðans á mönnum, að frátöknum sjúkdómum og slysum, orsakist af því, að í innyflum þeirra kvikni frumögn ein, er leiði til dauða. Dauðinn segir hann að í raun réttri eigi upptök sín í miklu alvarlegri og djúpsettari orsökum en þeim, sem framkalli þreytu og svefn. Markvert telur hann það, að í ýmsum tilfellum, þar sem hinir stærri hlutar innýflanna eru algerlega teknir úr mönnum í vissum sjúkdóms tilfellum, þá er eins og lífsafl þeirra aukist við það, er þeir ná bata.

Annað eftirtektavert dæmi telur hann það, að ríkir menn lifa að jafnaði skemur en þeir fátæku. Af þessu dregur hann þá ályktun, að sparneytni í mat og drykk miði til langlífis. Og yfirleitt eru þeir, sem lengst lifa, menn og konur, er lifað hafa rólegu, æsingalausu lífi, og viðhaft stranga hófsemi í mat og drykk. En jafnframt játar hann að ýms dæmi megi finna, þar sem auðugir sælkerar hafi náð 100 ára aldri, en fremur telur hann þau undantekningar. Hann nefnir Politiman, herskurðarlæknir, sem lifað hafi frá 1688 til 1824, og sem frá því hann var 25 ára hélt þeim síð, að drekka sig daglega ölvaðan alt til daganna enda. Einnig nefnir hann Gascogne, franskan slátrara, sem lifði 120 ár, og sem alla sína æfi, frá því hann náði fullorðins aldri, drakk sig dauða drukkinn tvisvar á viku að jafnaði. Aðrir hafa neytt kaffis eða tóbaks í óhófi, en samt náð háum aldri. En þetta telur hann stakar undantekningar.

Herra Metchenkoff heldur því fram, að þeir, sem vilji lifa lengi, verði að forðast að neyta kröftugrar fæðu, eða mikillar. Súrmjólk telur hann hollustu fæðu, og hann telur það sannað, að það fólk, sem mest lifi á þessari fæðu, sé hraustast, sterkast og langlífast. Þetta segir hann komi til af því, að frumagnir þær, sem orsaki súrinn í mjólkinni, heyi óþreytandi stríð við þær frumagnir í innýflum fólks, sem annars eru álitnar að vera orsök dauðans. Og þannig sé súrmjólkin ekki fæða eingöngu, heldur einnig verndari heilsu og lífs. Jafnframt óskar hann, að lesendurnir misskilji sig ekki þannig, að hann sé að halda fram jurtafæðu kenningunni sérstaklega, sem leiðandi til langlífis. Þvert á móti er það skoðun visindamanna og lífræðinga, sem mál það hafa athugað, að ósoðið kálmeti, aldini og garðávextir hafa einmitt þau áhrif, einkanlega í borgum, að framkalla þessar frumagnir, sem naga lifið úr mannlegum verum.

Víndrykkja segir hann að áreiðanlega miði til skammlífis, með því að skapa dauða-frumluna og örfa hana til starfs.

En reykingar hyggur hann að engin áhrif hafi á aldur manna og lífsafl, þó hann hinsvegar sé þeirrar skoðunar, að menn reyki almennt meira en þeim sé holt.

Það telur hann og afar nauðsynlegt fyrir heilsu manna og rósama lífsánægju, að þeir forðist áhyggjur og æsingar, því að rólegir geðs-

unnir og bjartsýni leiði til langlífis.

Hóf. heldur því fram, að með því að gæta vel heilsunnar megi fólki takast ekki að eins að ná háum aldri, heldur einnig að tryggja það, að það verði hraust og fjörugt í ellinni, og að menn 60 til 70 ára gamlir geti haldið fullum líkamsþrótti, og að vel megi takast með hyggilegu og heiðarlegu líferni, að ná 100 ára aldrinum almennt.

Til þess að tryggja langlífi sem bezt gefur höfundurinn þessar varúðarregiur, sem ýmsir merkir menn hafa talið óyggjandi til auðnu og gengis:

General Booth (79 ára) segir: Giftu þig. Breyttu svo að þú hafir góða samvizku. Skemtu þér gætilega. Eyddu ekki meiru en þú aflar. Éttu einu sinni á dag og þú kemst af með. Drektu mikið af vatni, og forðastu líkamlegt óhóf.

Sir Theodore Martin (92 ára) segir: Forðastu fánýt viðfangsefni. Kæfðu ógöfugar hvatir. Vertu ósérdrægur.

E. Marston bókaútgefandi (83 ára) segir: Treystu guði. Forðastu fánýtar nýungar. Andaðu að þér hreinu lofti. Forðastu ágirnd og sérdrægni. Gerðu öðrum gott.

Séra Thomas Lord (100 ára) segir: Éttu kjöt tvisvar daglega, með salti til smekkbætis. Haltu geðsmunum þínum rólegum.

Sir Hermann Weber 84 ára segir: Vertu varkár með fæðu þína og gættu vandlega heilsu þinnar.

Frú Kath. Lanner (75 ára) segir: Haltu hugsanaferum þínum starfandi. Dansáðu og lifðu.

Frú Patti (64 ára) segir: Haltu þér stranglega hreinum.

Herra Wynne Westcott (59 ára) segir: Haltu þér við hæglata starfsemi.

Herra Horace Fletcher, amerikanskur visindamaður, segir: — Leyfðu þér ekki að fá matarlyst fyr en þú hefir unnið til hennar, og borðaðu ekki fyr en hún er orðin svo sterk, að vatn rennur í munn þinn.við umhugsunina um einföldustu fæðu, svo sem brauð og smjör, eða brauð einsamalt. Og tygðu svo fæðu þína lengi, þar til hún hefir samlagast munnvökvanum og rennur sjálfkrafa niður í magann.

Í stuttu máli virðast allar varúðarregluranar vera þær, að lifa hófsömu og rólegu, en starfsömu lífi. Að láta huga og hönd jafnan hafa nægan þarflegan og göfugan starfa fyrir framan sig. Að forðast allan óróa skapsmunanna eða ástríðna. Að viðhafa strangt hreinlæti á líkamanum, andrúmsloftinu og fæðunni. Að neyta hollrar fæðu og að neyta hennar sparlega, en forðast vín eða bjórdrykkju, en drekka í þess stað gnægð af köldu hreinu vatni.

MINNI HELGA MAGRA.

Í tilefni af ummælum herra Sigtryggs Ágústssonar í síðasta blaði um þorrablótskvæði M. Markússonar, hafa nokkrir kaupendur blaðsins beðið um, að það sé birt í blaðinu, og gerum vér það með ánægju.

Ættarlandsins iturfriða
endurbjarta morgunstund,
þegar sögu sólin blíða
signdi dali, fjöll og grund,
lífsins óður landnáms tíða
lyfti hjarta, stælti mund.

Bygðu Eyjafjörðinn fríða
feður gæddir hetjumóð,
hirðinn, fold og voga víða
vigði frelsis-sólar glóð,
hetjadísir lands og lýða
lífsins kváðu siguróð.

Helgi magri rikur reisti
rausnarbú á nýri grund,
fylgi goða gildur treysti,
gæddur spakri höfðings lund,
stýrði þjóð með hug og hreysti,
hjör og skjöld sem bar í mund.

Sér þú Krietness sali frána
sögulimni brosa mót,
fjömæringa frelsis-fána,
fagurð hof og þorrablót,
fjallkonunnar bernsku brána,
bjartar vorið, skjöld og spjót?

Heill sé þeim, er fjörðinn fríða
fyrstur nam og ruddi braut,
gilda stofninn greinar prýða
geislarikt við móðurskaut.
Bergmál Íslands æskutíða
ómar gegn um sæld og þraut.

Aldir líða, grænar greinar
gyllir lífsins sunna heit,
rika Guðmund, Glúm og Einar
geymir ennþá Helga-sveit,
göfug fljóð og svinnir sveinar
sinna feðra prýða reit.

"KENNARINN"

Í síðasta blaði Hkr. er G. J. Goodmundsson að setja ofan í við ritstjóra Heimskringlu fyrir ritdóm hans um ljóðmæli M. Markússonar. "Kennarinn" er vondur út af því, að B.L.B. skrifaði alls ekki um þessi ljóðmæli og nefndi þau ekki. Hann finnur Magnúsi það til foráttu, að hann snúi ljóðum séra Matthíasar inn á sinn ljóðaveg, og fer stórum orðum um vanþekkingu B.L.B. í þessu efni.

Þessi G. J. Goodmundsson hefir áður vaðið elg í blöðunum, og hefir Hkr. helzt orðið fyrir því lámi, að hreppa það góðgæti. Alt sem G.J.G. hefir ritað, finst mér vera samanhnoðað hull, þrungið mannlasti og sprettið af auðvirðilegum hvötum.

Hvað því viðvikur, að Markússon taki Matthías Jochumsson sér til fyrirmyndar, þá er langt frá, að það sé ógöfugt í augum skynberandi manna, enda vogar "kennari B.L.B. sér ekki að rökstyðja það með einu orði. Það er oftast getið um það í æfiminningum beztu skálda, að þau hafi tekið ákveðin skáld sér til fyrirmyndar. Jónas Hallgrímsson gerði það og öll skáld gera það sama. En engin von er til, að "kennarinn" viti þetta, en vorkunnarlaust ætti honum að vera að muna, að hann sjálfur tók sér til fyrirmyndar — að sögn — gamlan hagyrðing á Íslandi, þegar hann lézt yrkja inntökuprófsvisuna í Hagyrðingafél. forðum daga. Já, meira að segja, hann tók gamla hagyrðinginn svo nákvæmlega til fyrirmyndar, að hann breytti ekki nema einu orði í visu hans, sem sé "gamla Jóns", breytt í "séra Jóns". Þetta má hver kalla það sem hann vill, en ég get ekki kallað það vægari orðum en að "taka sér til fyrirmyndar".

Það hygg ég og, að ekki myndu Vestur-Íslendingar mikils í missa, þótt blöð vor hættu að birta ómerkustuddar og klaufalegar óþverra greinar um menn og málefni eftir G. J. Goodmundsson og aðra hans líka.

Kaupandi Hkr.

DRENGLYNDI

Á næstliðnu vori var þess af mér getið í Hkr., hve göfugmannlega Selkirk-búar sameinuðu sig að koma okkur upp skýli, og mannvinurinn F. A. Gemmel léði lóð til að byggja á, okkur að kostnaðarlausu um óákveðinn tíma. Þar eð við hjónin erum mjög biluð að heilsu, sérstaklega ég — sárþjáður af hættulegum sjúkdómi síðan í okt. — þá var engin von, að geta keypt lóðina. En þegar kærleiksríkir mannvinir, kunningjar okkar í Argyle nýlendu, vissu, að við bjuggum við svo þröngan kost, að við gætum ekki keypt lóðina, þá gerðust þessir fróðmuðir til framkvæmda: G. Norðmann, Brynjólfur Gunnlaugsson og kona hans Halldóra (systir herra B. Waters þar í bygð) og sonur þeirra Sigvaldi. Þetta fólk safnaði fé í Argyle bygð okkur til styrktar, og sét ég hér nöfn gefendanna og tillög þeirra: Guðm. Norðmann $16, Brynjólfur Gunnlaugsson $10, Sigvaldi Brynjólfsson $10, ungfrú G. Norðmann $2, Jóh. Reykdal $1.50; Kr. Norðman, H. Árnason, G. Ruth, B. Walterson, H. Sigurðsson, M. Nordal, J. J. Breiðdal, C. Benedictson, S. Friðfinnsson, Halldór Magnússon, Steingr. Guðnason, hver $1; — S. Landi, A. Andrésson, hver 75c; — S. Árnason, Mrs. Guðbrandsson Jak. Helgason, Jón Helgason, O. Oliver, H. Josephson, P. Andrésson, C. E. Playfair, A. W. Playfair, J. V. Schultz, J. Jónsson, Sigmar Jónsson, Theodor Jóhansson og Snæbjörn Andrésson, hver 50c; — H. Péturson 30c, og 28 aðrir 25c hver. — Í sambandi við þennan gjafalista frá Argyle, get ég þess, að nábúi minn hér, Jón Sigurðsson gaf okkur $6, og bónd Miles Cochrane léði 7 tonna heyskap gefins og flutti heyið 4 mílur fyrir $1 hvert æki, sem tæplega reiknast hálf bögum. Einnig gaf hr. F. A. Gemmel $4 í lóðarverðinu, þegar lóðin var borguð.

Öllu þessu fólki árnum við allrar velferðar um tíma og eilífð.

Selkirk í febr. 1908.

Mrs. og Mr. Ó. Torfason.

Til Kr. Ásg. Benediktssonar.

Ég get þeim ekki gefið hrós,
er gamla rifa upp dauðra hauga.
Ei er þörf að leiða í ljós
löngu niðurkveðna drauga.

R. J. Davíðsson.

Bréf að Heimskringlu eiga:
Ó. Jónasson.
Jessie C. Danielson.
Kr. Ásg. Benediktsson.
Mrs. Sigurbjörg Pálsson.
Pálmi Einarsson.
Mrs. Margrét Bergthorsson.

Kennara

íslenzkan vantar við Diana S. D. No. 1355 (Manitoba), frá 15. april næstk., eða að minsta kosti frá 1. maí, í 6 eða 7 mánuði. Umsækjendur verða að hafa 3. eða 2. stigs "Professional Teacher's Certificate" og eru beðnir að greina frá æfingu sem kennari, og hvað mikið kaup óskað er eftir.

Antler, Sask., P.O. Box 145.

MAGNUS TAIT,
Sec'y-Treas.

Gott kjöt.

Allir þurfa að borða "gott" kjöt um þennan tíma árs. Og ef þú vilt vera viss um að fá "gott" kjöt þá pantaðu það frá

C. G. JOHNSON
Telefón 2631
Á horninu á Ellice og Langside St

WINNIPEG Business College

FÉKK FYRSTU VERÐLAUN Á SAINT LOUIS SÝNINGUNNI.

Cor. Portage Ave and Fort St.

Kennir Bókhald, Vélritun, Simritun, Býr undir Stjórnbjónustu o. fl. Kveld og dag kensla. Sérstök tilsögn veitt einstaklega. Starfshögunar skrá frí.

Winnipeg Selkirk & Lake W'peg Ry.

LESTAGANGUR:—
Fer frá Selkirk — kl. 7:45 og 11:45 f. h., og 4:15 e. h. Kemur til W'peg — kl. 8:50 f. h. og 12:50 og 5:20 e. h. Fer frá W'peg — kl. 9:15 f. h. og 1:30 og 5:45 e. h. Kemur til Selkirk — kl. 10:20 f. h., 2:35 og 6:50 eftir hádegi.

Vörur teknar með vögnunum aðeins á mánudögum og föstudögum.

Cancer Cure.

R. D. EVANS, sem fann upp hið vísfræga lyf til lækninga

kr bbameinum

óskar að allir sem nú þjást af krabbameinum, skrifi sér. 2 daga notkun meðalsins, læknar útvortis eða innvortis krabbamein. Skrifið strax til R. D Evans, Brandon, Man. 27-8-8

BRANDONS VINSŒLASTA GISTIHUS

EMPIRE HOTEL

E. J. PELTIER, eigandi

Hefir öll nútíðar þægindi.
Reynið þetta gisti-hús.
Á bezta stað í borginni.
Lang-vega telefón 155.
Sample rooms.

725—731 ROSSER AVE.
BRANDON, MAN.
21-5-8

Woodbine Hotel

Stærsta Billiard Hall í Norðvesturlandinu
Tíu Pool-borð.—Alskonar vín og vindlar.
Lennon & Hebb,
Eigendur.

The Dominion Bank

NOTRE DAME Ave. BRANCH Cor. Nena St.

Vér seljum peningaávísanir borganlegar á Íslandi og öðrum lönd.

Allskonar bankastörf af hendi leyst

SPARISJÓDS-DEILDIN

tekur $1.00 innlag og yfir og gefur hæstu gildandi vexti, sem leggjast við innstæðufé á sinnum á ári, 30. júní, 30. sept. 31. desembr og 31. march.

A. S. BARDAL

Selur líkkistur og annast um útfarir. Allur útbúnaður sá bezti. Enfremur selur hann alskonar minnisvarða og legsteina.

121 Nena St. Phone 306

MARKET HOTEL

146 PRINCESS ST. á móti markaðnum
P. O'CONNELL, eigandi, WINNIPEG
Beztu tegundir af vínföngum og vind um, aðhlynning góð húsið endurbætt

Vátryggið

HJÁ

The
Brandon Fire Insurance Co.

ALGERLEGA AREIÐANLEG OG ÁRÓSKAFULL HEIMASTOFNUN

E. S. Miller Limited
Aðal umboðsmenn
PHONE 2083 217 McINTYRE BLK.

E. J. OLIVER—SÉRSTAKUR UMBOÐSMAÐUR, 609 AGNES STREET.

The Hotel Sutherland

Cor. Main og Sutherland Ave.
C. F. BUNNELL, eigandi. Winnipeg.
Kostar $1.00 og $1.50 á dag
TELEPHONE 348
Allir skemti- og 'Business' staðir í bænum nálægir með Strætisvögnum sem hjá dyrunum renna.

Department of Agriculture and Immigration.

MANITOBA

Land möguleikanna fyrir bændur og handverksmenn, verka menn. Auðnuból landleitenda, þar sem kornrækt, griparækt smjör og ostagerð gera menn fljótlega auðuga.

ARID 1906

1. 3,141,537 ekrur gáfu 61,250,413 bushels hveitis. Að jafnaði yfir 19 bushel af ekrunni.
2. Bændur lögðu yfir $1,515,085 í nýjar byggingar í Manitoba.
3. Í Winnipeg-borg var $13,000,000 varið til nýrra bygging.
4. Búnaðarskóli var bygður í Manitoba.
5. Land hækkaði í verði alstaðar í fylkinu. Það er nú frá $6 til $50 hver ekra.
6. Í Manitoba eru 45,000 framfara bændur.
7. Í Manitoba eru enþá 20 millíón ekrur af byggilegu óteknu ábúðarlandi, sem er í vali fyrir innflytjendur.

TIL VÆNTANL. LANDNEMA

komandi til Vestur-landsins: — Þið ættuð að stansa í Winnipeg og fá fullar upplýsingar um heimilisréttarlönd, og einnig um önnur lönd sem til sölu eru hjá fylkisstjórninni, járnbrautafélögum og landfélögum.

R. P. ROBLIN,
Stjórnarformaður og Akuryrkjumála-Ráðgjafi.

Skrifið eftir upplýsingum til

Joseph Burke, 617 MAIN ST., WINNIPEG.
Jas. Hartney, 77 YORK ST., TORONTO.

T. L.

Heitir sá vindill sem allir reykja. "Hversvegna?" af því hann er það bezta sem menn geta reykt. Íslendingar! munið eftir að biðja um T. L.

(UNION MADE)

Western Cigar Factory
Thomas Lee, eigandi Winnipeg

Redwood Lager og Extra Porter

Heitir sá bezti bjór sem búin er til í Canada. Hann er alveg eins óður og hann sýnist. Ef þér viljið fá það sem bezt er og hollast þá er það þessi bjór. Ætti að vera á hvers manns heimili.

EDWARD L. DREWRY Manufacturer & Importer Winnipeg, Canada.

Henni var fullvel ljóst, hvern sigur hún hafði unnið. Lengi eftir að hertoginn var sofnaður, sat hún í búningsherbergi sinu, og rifjaði upp fyrir sér alt er við hafði borið. Þjónustustúlka hennar undraðist yfir því, hve lengi hún sat þarna. Ljósastjakar stóðu á borðinu hjá henni og vörpuðu geislum yfir hina dýru gimsteina hennar.

Hún var farin úr veizlufötunum og þjónustustúlkan hafði farið með þau í burtu. Hún áleit að þau hefðu komið að góðum notum. "Ég fer að halda, að ég sé kæn", hugsaði hún. "Enginn hefði unnið hann eins og ég hefi gert. Ó, hversu ólíkt er líf mitt nú og áður en ég hitti hann. Hversu fagur og yndislegur er hann ekki. Hann er fyrir mig það sem sólin er fyrir blómin. Gæti ég lifað án hans?"

Nei. Hún rifjaði upp hvert einasta orð, sem hann hafði sagt, hvert einasta augnaráð, er hann sendi henni. Engin aðvarandi rödd hvísladi að henni.

Falska kona, fláráði vinur, varaðu þig!! Því laun syndarinnar er dauðinn!

Var það syndsamleg ást, er fylti hjarta hennar, sú ást, er leiddi hana í blindni á barm glötunarinnar? Sú ást, er lét hana gleyma öllum skyldum bæði við guð og menn. Hún spurði sjálfa sig aldrei að því. Hún hugsaði ekkert um, hve ljótt það var, eða hver endirinn yrði. Ef samvizka hennar lét til sín heyra, lét hún það sem vind um eyrun þjóta. "Lífið er stutt", sagði hún, "og maður lifir að eins einu sinni, ég vil því njóta þess eins vel og mér er unt".

Hið sama hafa heiðingjarnir sagt á undan henni, en þeir vissu ekki betur. Þeir, sem kalla sig kristna, hafa einnig talað þannig, en á dauðastundinni hefir samvizkan vaknað hjá þeim, og þá mundu þeir fegnir viljað hafa breytt betur en þeir gerðu.

Klukkan sló 2, en hertogainnan fann ekki til svefns. Loks tók hún eftir, hve hinar tvær stúlkur, er vöktu eftir henni, voru ordnar sifjaðar. Hún sagði, að þær þyrftu ekki að bíða lengur, en sjálf kvaðst hún ekki vilja hátta strax.

Hún sat lengi alein uppi, þangað til svefninn sigraði hana, og eins og í boku sá hún mynd Carens lávarðar. Þá gekk hún til hvílu.

"Ég skal aldrei gleyma veizlu Lady Cianálpin og þeim sigri, sem ég vann þar", — með þessi orð á vörunum, sofnaði hún.

XXXVII. KAPÍTULI.

Hertoginn var mjög gestrisinn maður, og hann vildi, að veizlan sem hann ætlaði að halda í Richmond yrði svo stórkostleg, að hún yrði lengi í minnum höfð. Hann ferðaðist þangað sjálfur og ráðstafaði öllu við gestgjafann, sem átti að standa fyrir því. Hann pantaði allskonar vín og sagði fyrir, hvaða matur skyldi vera hafður.

Fyrst áttu allir gestirnir að koma saman í Ormont höllinni og borða þar, svo átti að riða og aka þaðan til Richmond.

Lady Caren vildi ekki fara. Hún hafði um nokkurn tíma verið mjög fálát og niðurdregin og sonur hennar tók sér það mjög nærri, en vissi ekki hvað valda mundi.

Lady Aðalheiður ætlaði að fara. "Þú hittir gamla vini þar", sagði lávarðurinn við hana. "Lady Kan og Alisa eru boðnar, og einnig kafteinn Randolph, en ég veit ekki, hvort hann fer".

"Ég skil ekkert í því", sagði nú Lady Caren, "á hverju kafteinninn giltir sig ekki. Maður í hans stöðu hefir ekkert leyfi til að vera ógiftur".

Lávarðurinn hló. "Ég held að engin lög séu til, sem geti neytt mann til að gifta sig".

"Skeð gæti, að það væri betur; að svoleiðis lög væru til", sagði móðir hans. "Ungir menn hafa miklu betra af, að festa ráð sitt en vera einhleypir. Ég fæ ekki skilið, hvers vegna hann á ekki Miss Alisu Kan, ég er þó viss um, að henni lýst vel á hann"

"Einmitt það getur verið ástæðan fyrir því, að hann á hana ekki. Karlmennirnir vilja vinna sjálfir, en ekki láta vinna sig. Ef maðurinn giltir sig og vill verða lánsamur, verður hann sjálfur að velja og vinna".

Lávarðurinn sagði þessi orð alveg hugsunarlaust og án þess að meina nokkuð sérstakt, en Lady Aðalheiður varð eldrauð í framan við orð hans.

Það var sú tíð, sem hann hefði látið sér standa á sama um, hvort hann særði hana eða ekki, en sú tíð var liðin, og honum sárnaði við sjálfan sig fyrir að hafa sagt þetta. Hann gekk til hennar og lagði hendur sínar á herðar henni. Hún leit framan í hann.

"Aðalheiður", sagði hann blíðlega, "ef ég einhverntíma segi í hugsunarleysi það sem særir þig, þá minstu þess, sem ég segi nú: Ég meina þau ekki til þín, ég vildi ekki fyrir mokkurn mun hryggja þig".

Hún mintist þeirra tíma, sem hann hugsaði ekkert um, hvort hann gladdi hana eða hryggði. Hún brosti því gladlega framan í hann, og það fór henni svo vel, að lávarðurinn horfði á hana með aðdáun.

Svo datt honum í hug: Hvers vegna átti hún hann á móti vilja hans? Hún, sem var svo sönn, einlæg og göfug. Hún vissi þó vel, að hann ekki

elskaði hana. Hvernig var þessu varið? Hver gat ráðið þessa gátu? Hann þóttist viss um, að hér væri um eitthvert leyndarmál að ræða. Þess betur, sem hann lærði að þekkja konu sína, því meir þótti honum til hennar koma. Hvernig gat staðið á því, að jafn fullkomin kona í öllu, sem Lady Aðalheiður, átti þann mann, sem ekki elskaði hana og sem hafði beðið hann um, að ónýta þann samning, sem hann fyrirleit?

"Ég gæti bezt imyndað mér", hugsaði hann, "að hér lægi leyndarmál undir, og ef svo er, skyldi ég nokkurntíma komast að því?

Dagurinn, sem fara átti til Richmond, var runninn upp. Lady Aðalheiður blakkaði ekki mikið til hans. Að visu þótti henni hertoginn skemtilegur. Hún áleit hann mesta prúðmenni, en henni leiddist hertoginnan. Hún var að visu framúrskarandi falleg, og karlmönnunum leizt prýðilega á hana. Og hún gat ýlygst með í öllu, talað um skáldskap, og næstum hvað léttúðarfult, sem bar á góma, gat hún gefið orð í. En hún gerði sér ekki minsta ómak til að þóknast kvenfólki. Það var ekki innað sjáanlegt en hún hataði sitt eigið kyn, og áliti, að karlmenn væru þar einu mannleskjur, er vert væri að tala við.

Lady Aðalheiður ætlaði til Richmond einungis vegna þess, að hún hafði ásett sér að standa á máli manns sins og allra þeirra freistinga, sem nýnæmæta honum þar. Hún bjó sig mjög vel. Kjóll hennar var allur lagður dýrum og fögrum knýplingum.

Í Ormont höllinni hittu þau furstann af Gadsteen, Lady Kan og Alisu, greifainnuna af Carstares, lávarð og Lady Paragon, kafteinn Randolph og marga fleiri háttstandi menn og konur.

Meðan verið var að borða, komu menn sér saman um, hverjir vildu fara riðandi og hverjir keyrandi

WINNIPEG

Sjónleikurinn "Undir áhrifunum" var leikinn hér í þriðja og síðasta sinn sl. fimtudagskveld Stórlega til minkunar var það Winnipeg Íslendingum, hvað leikurinn var illa sóttur þetta síðasta kveld, og enda öll kveldin, sem hann var leikinn. Vér teljum áreiðanlegt, að leikur þessi sé áhrifameiri og lærdómsríkari, en nokkur önnur samkoma hér, sem um langan tíma hefir verið haldin meðal Íslendinga, að undanteknum góðum samsöngvum, og því er algerlega rangt, bæði gagnvart efni leiksins og leikendunum, sem búnir eru að eyða löngum tíma til æfinga, og peningum til útbúnaðar, að sækja ekki leikinn hetur en gert hefir verið. Það er vissulega ekki hvöt fyrir neinn flokk eða félag, að vanda til samkomu, þegar reynslan sýnir, að beztu samkomurnar eru sist sóttar af öllum samkomum, en þær lélegustu oft bezt. — Þetta vildum vér biðja fólk alvarlega að athuga. Ef það er ekki gert, þá fer svo að síðustu, að Íslendingum hér verður aldrei boðin samkoma, sem er þess virði að vera sótt. Um leikinn eða leikendurna höfum þér engu við að bæta það, sem áður hefir verið sagt í blöðunum. — Að síðustu vildum vér segja þetta: Vér vildum eindregið ráða íslenzkum bygðarlögum hér vestra, sem hafa vinsölu, en velja útrýma henni, að fá afrit af leiknum hjá herra Eggert J. Árnasyni, þýðandanum, og leika hann, því það uggir oss, að leikurinn geti haft mikil áhrif til hins betra.

John Oliver, landi vor í Westbourne, hefir nýlega tekið einkaleyfi í Canada og Bandarikjunum á nýrri uppfynding, sem verkamönnum almennt kemur að góðu haldi. Það er skóhlíf, og ætluð til þess, að hlífa skóm þeirra manna, sem mikið vinna með reku. Hlífin verður sterk, endingargóð og ódýr og svo létt, að maður veit tæpast eða alls ekki af henni á fætinum. Það verður bráðlega byrjað að smíða hlíf þessa, og verða þá sýnishorn af henni auglýst í blöðunum. Hr. Oliver hefir tvær uppfyndingar á prjónunum, sem vænt anlega verða á markaðnum innan skamms.

Hr. Halldór Anderson, frá Hensel, N. D., var hér á ferð í sl. viku til að kvongast unnustu sinni ungfrú Sigurlaugu Nielson hér í bæ. Þau voru gefin saman í hjónaband af séra Jóni Bjarnasyni í dag (12. þ.m.), og héldu eftir það heim í bygð brúðgumans.

Auðunn Jónsson, bóndi frá Árnes, var hér á ferð í sl. viku, að sækja fé fyrir lúterska söfnuðinn þar til kirkjubyggingar. Hann segir góða veðurátt, en hey víða létt og litið um atvinnu og lágt verð á við bænda.

Hr. Joe Polson, agent Dominion stjórnarinnar, er nýlega heimkominn vestan úr Saskatchewanfylki. Hann var að undirbúa útbýtingu á kornútsæði því, sem Dominion stjórnin ætlar að lána bændum þar í vor. Hann lætur vel af líðan fólks, heilsufari og tíð. Þykir menn irjálsir og gestrisnir, og biður Hkr. að bera fólki þar vestra kæra kveðju og beztu þökk.

Síðasta lína lesmáls hefir fallið út á bls. 185 í 36. kapítula í nöðannálssögunni í síðasta blaði. — Línan er svona: "Hve fagurt og rólegt er hér, engin orð geta" —

"Framtiðin" heitir nýtt blað, sem hóf göngu sína í þessum mánuði, og er ætlað til þess, að hlúa að kristindóminum í hjörtum ísl. ungmenna hér vestra. Það er 8 bls. í sama broti og "Breiðablik". Pappir og prentun gott.

Blaðið á að koma út tösvar á mánuði og kosta 75c um árið. Útgáfuncindin er séra N. Stgr. Thorláksson, ritstj., séra Friðrik Hallgrímsson forseti, Jón A. Blöndal féhirðir, Hallgrímur Jónsson skrifari, og Geo. Peterson. — Auk kristindómsmála, sem það ræðir, verða þjóðerni og þjóðrækni stórmál blaðsins, og býst það við að flytja myndir bæði af Íslandi sjálfu og sonum landsins, þeim sem beztir og helztir teljast. Sérstaklega er skorað á íslenzkan æskulýð, og einnig þá, sem æskulýðnum unna og framtíð Íslendinga í þessu landi, að styrkja blaðið eftir megni. — Tvær myndir eru í blaðinu, önnur af Frelsaranum, í báti Simonar Péturs, en hin af heimili Lúters. — Helfingur blaðsins er ávarp ritstjóra til lesendanna, þá "vald fegurðarinnar", "Blöð hjá "Bandalögum" og "Hitt og þetta".

Sagan Lögregluspæjarinn óskast til kaups á skrifstofu Heimskringlu.

Blaðið "Vinland", sem um sl. 6 ára skeið hefir verið gefið út í Minneota, Minn., er hætt að koma út, — fyrst um sinn að minsta kosti. — Það er eftirsjá í því blaði það flutti margar fróðlegar og skemtilegar ritgerðir, og var vinsælt af almenningi og Vestur-Íslendingum til sóma.

Píslarsýning.

Flestir hafa eitthvað heyrt um píslarsýninguna heimsfrægu í OBERAMMERGAN á Þýzkalandi.— Árið 1663 kom landplága ógnarleg yfir þorp þetta. Þegar henni létti af, strengdi bændalýðurinn þar þess heit, að sýna opinberlega á leiksviði píslarsögu frelsarans tíunda hvert ár upp frá því. Heit þetta hefir verið haldið með mestu nákvæmni og samvizkusemi ávalt síðan, og er píslarsýning þessi orðin fyrir löngu heimsfræg. Þúsundum saman streymir fólk til þorps þessa úr öllum löndum hins kristna heims í hvert skifti, sem sýning þessi fer fram.

En til þess að þeim, sem aldrei gefst færi á, að ferðast svo langa leið, gefist kostur á að sjá þessa heilögu sýning og njóta hennar án þess, hafa hreyfimyndir verið teknar af henni svo margar, að væri þær skeyttar saman, er sagt taka myndi yfir tvær milur. Myndir þessar hafa sýndar verið á leikhúsum hér í bænum sunnudag eftir sunnudag í vetur og hefir fjöldi fólks sótt þangað til að sjá þær, og þótt unaðsleg og lærdómsrik skemtan. Nú verða myndir þessar sýndar í Tjaldbúðarkirkju þriðjudaginn 17. þ. m., og er vonandi, að menn noti tækifærið til að sjá þær.

Arðurinn af samkomunni gengur til Tjalbúðarkirkju.

Inngangseyrir 25 cents.

Athugið!

Á eftir fyrstu línunni í greininni um Björnstjerne Björnsson, sem prentuð er á 6. síðu þessa blaðs, hafa 4 línur komist inn, sem ekki eiga þar heima. Gr. á að byrja svona: "Á sunnudaginn er var varð þjóðskáldið og þjóðskörungurinn norski" — osfrv. Þetta eru menn beðnir að athuga, er þeir lesa greinina.

Herra Jón T. Jónsson, frá Árdal, var hér í bænum í síðustu viku. Meðal annara frétta segir hann, að 100 bændur séu nú í "Norður-Stjörnu" félagi þeirra Árdal, Framnes og Geysir búa. Það er rjómabú. Hann vonar, að félagið eigi góða framtíð í vændum. — Í þessari ferð kvongaðist Jónsson ungfrú Oddnýju Sigfúsdóttir, úr Geysir bygð.

Víkingar og I.A.C. keppa Hockey leik í Arena skálanum föstudagskveldið í þessari viku, kl. 8.

Landi vor herra Gunnar Jensen, ráðsmaður fyrir North West Thresher Co. í Regina, var hér á ferð í síðustu viku í erindum fyrir félag sitt. Hann segir Regina bæ vera mjög í vexti og útlit þar hið bezta. En engir Íslendingar hafa þar aðsetur.

Til minnis

Herra John Wadge, frá Brandon, Man., var hér í borg í sl. viku að selja byggingalóðir í Brandon bæ. Hann kom á skrifstofu Hkr, og sýndi þær ýmsar myndir af bænum, til þess hægt væri að átta sig á afstöðu lóða þeirra, sem hann er að selja, gagnvart öðrum hlutum borgarinnar. Lóðirnar eru ágætlega settar og ódýrar. Hann seldi nokkrar þeirra meðan hann dvaldi hér, og fullvissaði kaupendur um að það væri gróðabragð, að festa kaup í lóðum þar áður en sumarið gengi í garð. — Sjá auglýsingar hans hér í blaðinu á næstu tveimur mánuðum. — Maðurinn er áreiðanlegur.

Miðvikudagskveldið 18. þ. mán. verður kept um silfurmedalíu með lestri af nokkrum ungum stúlkum Einnig verður þar skemt með söng og hljóðfaraslætti. Samkoman er stofnuð að tilhlutun st. Heklu. — Aðgangur 15c. Byrjar kl. 8.

Stúkan ÍSLAND hefir ákveðið, að halda Tombólu og skemtisamkomu fimtudaginn 19. marz næstk. Nánar auglýst í næsta blaði.

C. O. F.

Lífsábyrgðar stúkan VÍNLAND heldur mánaðarfund sinn á venjulegum stað fimtudagskveldið þ. 12. þ.m. Félagsmenn ættu að álita skyldu sína, að sækja fundinn.

ÍSLENDINGAR, SVÍAR OG ENGLENDINGAR eru sameinaðir í stóra söngflokkinum á Skuldar skemtisamkomunni á mánudaginn. Enginn getur sér að skaðlausu verið án þess að heyrá það. — Eða þá það, sem hr. Baldwinson ætlar að segja um stúlkurnar. Stúlkurnar, sem eru með mér í nefndinni, segjast ekki geta mikið fyrir þann karlmann, sem situr þá heima og tapar þeim upplýsingum. — Fólk er ámint um að koma í tíma, því prógrammið er langt.

Fyrir hönd nefndarinnar.

R. Th. Rewland.

G. P. Thordarson opnar bakari sitt á Sherbrooke St. gagnvart Heimskringlu, föstudaginn 20. þ. m., 10 dögum síðar en auglýst var áður. — Sjá auglýsingu næst.

Tamarac selst hjá A. S. Bardal fyrir $5.50, — en 2 "Cord" fyrir $10.50.

Leikfélag Good-Templara

Herra ritstjóri!

Eins og getið hefir verið um í yðar heiðraða blaði, mynduðu stúkurnar HEKLA og SKULD leikfélag úr sínum hópi með því augnamiði, að sýna sjónleiki meðal Íslendinga í Winnipeg við og við á komandi tíð. Til að byrja með valdi félagið leikritið

Dóttir Fangans

Það var leikið hér af ísl. stúdentafélaginu fyrir 5 árum síðan og var tekið mæta vel. Blað yðar "Hkr." staðhæfði þá, að sá leikur væri áhrifamestur og bezt leikinn sjónleikur, sem upp til þess tíma hefði verið sýndur meðal Íslendinga í þessum bæ. Félagið valdi þennan leik nú af því að það hafði völ á tveimur af sömu leikendunum, sem þá voru helztu leikendurnir: hr. Kristófer Johnson, sem um þriggja ára bil hefir leikið með hérlendum leikflokkum í Chicago og víðar, og hr. Ólafi Eggertssyni, sem mesta leikþrótt hefir enn sýnt á ísl. leiksviði. Með þessa tvo menn í broddi fylkingar, er óhætt að staðhæfa, að hér verður sýndur sjónleikur, sem leikinn verður af meiri list, en nokkuð það, sem áður hefir farið fram á ísl. leiksviði í Winnipeg. Útbúnaður allur verður hinn vandaðasti á leiktjöldum og öðru, er leiksviðinu viðkemur. Um leikritið sjálfit þarf hér eigi neitt að segja, það er talið eitt tilkomumesta leikrit, sem sýnt hefir verið í þessu landi, og er þýtt af Dr. Sig. Júl. Jóhannessyni. Leikurinn er æfður undir tilsögn hr. Kristófers Johnsons, sem sjálfsagt er fæstur Íslendingur hér til slíkra starfa. Persónur eru sjö í leiknum og hefir verið valið til þeirra með nákvæmni, og eftir æfingum að dæma, munu leysa sín hlutverk ágætlega af hendi. Hr. K. Johnson segir, að hjá Miss Einarsson, sem leikur dóttir fangans (Florence), komi fram leikarahæfileiki, sem sé sjaldgæfur, svo ágætlega sýnist henni ætla að takast.

Dottir Fangans

verður leikin í Goodtemplarahúsinu 23. og 24. þ.m., og verða aðgöngumiðar til sölu um miðja næstu viku ujá hr. Jóh. Sveinssyni, aldinasala, í næstu dyrum við Goodtemplara-húsið á Sargent Ave., en hvergi annarsstaðar, því uppdráttur hefir verið gerður af áhorfendasviðinu og númeruð öll sæti. Pantið aðgöngumiða í tíma. Leikurinn byrjar kl. 8.15 e. h. Hljóðferaleikendaflokkur skemtir milli þátta og ávextir og annað góðgæti borið um til sölu.

Ráðsmaður flokksins.

Skemtisamkoma

undir umsjón G.T. st. SKULD í Goodtemplar-salnum efri, mánudaginn 16. þ.m.

PRÓGRAM.

1.—Ávarp forseta.
2.—Piano Solo: P. Th. Johnson.
3.—Recitation: Miss Minnie Johnson.
4.—Söngfl. (um 70 manns).
5.—Upplestur: Mrs. C. Dalmann.
6.—Sóló: Alex. Johnson.
7.—Ræða (eitthvað um stúlkurnar): B. L. Baldwinson.
8.—Sóló: Mist Lulu Thorlaksson.
9.—Söngflokkurinn.
10.—Recitation: Miss G. Jóhannsson.
11.—Sóló: Miss R. Moore.
12.—Óákveðið: Helgi Sigurðsson.
13.—Söngflokkurinn.
14.—Recitation: Miss Kr. Bergman.
15.—Sash Drill: 6 ungar stúlkur.
16.—Söngflokkurinn.
17.—Grand March og fleira.

Byrjar kl. 7.30. Inngangur að eins 25c, fyrir börn 15c.

HANNESSON & WHITE
LÖGFRÆÐINGAR
Room: 12 Bank of Hamilton
Telefón: 4715

J. G. Snydal, L. D. S.
ÍSL. TANNLÆKNIR
COR. MAIN & BANNATYNE
DUFFIN BLOCK PHONE 5302

Matur er mannsins megin.
Ég sel fæði og húsnæði, "Meal Tickets" og "Furnished Rooms", Öll þægindi eru í húsinu.
SWAIN SWAINSSON,
438 Agnes st.

The Bon Ton
BAKERS & CONFECTIONERS
Cor. Sherbrooke & Sargent Avenue.
Verzlar með allskonar brauð og pæ. ald. ini, vindla og tóbak. Mjólk og rjóma. Lunch Counter. Allskonar Candies. Reykptpur af öllum sortum. Tel. 6298.

FÓLK.
Komið og talið við oss af þér hafið í hyggju að kaupa hús. Vér höfum þau hús sem þér óskið eftir, með allra beztu skil málum. Finnið oss viðvíkjandi peningaláni, eldsábyrgð og fleiru.
TH. ODDSON & CO.
55 ribune Blk.
Telefón 2312.
Eftirmenn Oddson, Hansson and Vopni.

Boyd's Brauð
Þér fáið í vorum ágætu brauðum, þá hreinustu fæðutegund sem hægt er að bera á borð.
Strangasta hreinlæti er beitt í Bakarí voru og við útkeyrslurna. Þessvegna fáið þér brauðin flutt heim eins hreia og ný og verða má. Öllum sinnt fljótt
Boyd's
Bakery Cor Spence & Portage Ave
Phone 1030.

ARNI ANDERSON Íslenzkur lögmaður
Í félagi með
Hudson, Howell, Ormond & Marlatt
Barristers, Solicitors, etc.
Winnipeg, Man.
13-18 Merchants Bank Bldg. Phone 3621, 3622

C. INGALDSON
Gerir við úr, klukkur og alt gullstáss. Úr klukkur hringir og allskonar gullvara til sölu. Alt verk fljótt og vel gert.
147 ISABEL ST.
Fáeinar dyr norður frá William Ave.

The Duff & Flett Co.
PLUMBERS, GAS AND STEAM FITTERS
Alt verk vel vandað, og verðið rétt
773 Portage Ave. og 662 Notre Dame Ave.
Phone 4644 Winnipeg Phone 3815

BILDFELL & PAULSON
Union Bank 5th Floor, No. 520
selja hús og lóðir og annast þar að lútandi störf; útvegar peningalán o. fl.
Tel.: 2685

BONNAR, HARTLEY & MANAHAN
Lögfræðingar og Landskjala Semjarar
Suite 7, Nanton Block, Winnipeg

Hver þvær og hreinsar Fötin ydar?
Hversvegna að fara í Kina-kompurnar þegar þér eigið kost á að fá verkið gert betur, og alt eins ódýrt, í beztu og heilsusamlegustu þvottastofnun, þar sem aðeins hvítt vinnufólk er haft og öll hreinustu efni notuð
Vér óskum viðskifta ydar.
The North-West Laundry Comp'y Ltd.
Hreinsarar og Litarar
COR. MAIN & YORK FÓN 5178

Viðvíkjandi Hafið tal af

Sjúkdómum Sérfræðingum vorum
Royal Optical Co.
327 Portage Ave.
Rétt á móti Eaton's búðinni. Winnipeg.

Lady Aðalheiður ætlaði að keyra í vagni sínum. Alisa Kan spurði, hvort hún mætti vera með henni, og kafteinn Randolph mæltist til hins sama. Hún leit hálf hrædd til manns sins. Hann hafði verið svo góður og nærgætinn við hana, að hún hálfvegis vonaði, að hann mundi keyra með sér. Hún horfði spyrjandi á hann, og hann ætlaði að fara að biðja hana um rúm hauda sér, en þá sneri hertogainnan sér að honum:

"Það er að eins eitt, sem ég vona, að ég hafi ánægju af í dag", sagði hún, "og það er að riða með yður til Kin. Bonnibell mínn er hér og margir fleiri góðir hestar. Ég vona, að þér neitið ekki þessari bón minni".

Hann var gestur hennar og átti því ekki gott með að neita því. Þar að auki þótti honum mjög skemtilegt, að ríða með henni. Hún tók sig svo vel út á hestbaki og var alveg óhrædd. Hann leit á hið alvörugefna andlit konu sinnar og hugsaði sig um.

"Ég þóttist vita", sagði hertogainnan fleðulega, "að þér munduð ekki neita mér, og ég hefi því valið hest handa yður".

Hann hneigði sig til samþykkis. Enginn hafði heyrt þetta. Rétt á eftir var staðið upp frá borðum. Lady Aðalheiður gekk til manns sins.

"Allan", sagði hún blíðlega. Þau nefndu nú á valt hvort annað með nafni. "Allan, viltu keyra með mér?". Hertogainnan heyrði þetta. Hún brosti með sjálfri sér. "Ég varð í þetta sinn á undan þér, mín fagra Lady", hugsaði hún. Lávarðurinn varð í vandræðum við þá konu sinnar.

"Ég var alveg nýbúinn að lofa hertogainnunni, að ríða með henni", sagði hann.

Mörgum konum mundi hafa sárnað, en Lady Aðalheiður lét sem ekkert væri, hún var hans góði eng-

ill, og ef hún átti að geta komið fram ásetning sínum, mátti hún ekki hugsa neitt um sig. Það var ómögulegt að sjá á andliti hennar, hvort henni þótti betur eða ver.

"Ég vona, að þú skemtir þér vel", sagði hún brosandi, "veðrið er svo gott". Rétt í þessu kom kafteinn Randolph til þeirra.

"Ég get varla trúað minni eigin hamingju", sagði hann. "Á ég virkilega að fá að keyra með yður, Lady Aðalheiður?"

Hún hló og játti því.

Það var ekki frítt fyrir að lávarðinum félli illa, þegar hann sá, hve "Beauty" gladdist yfir að fá að vera með Lady Aðalheiði á leiðinni.

"Hérna kemur Bonnibell", sagði hertogainnan "Ó, hvað ég hlakka til. Hertoginn vill heldur keyra en fara riðandi, en ég — já, þér munið víst eftir, hve mikið gaman mér þykir að sitja á hest baki".

"Já, og ég man líka eftir, hve góð reiðkona þér eruð".

"Það er fallega gert af yður, að veita mér þessa ánægju. Þó alt sýnist brosa við mér, þá hefi ég, þegar alt kemur til alls, ekki mikla gleði af lífinu".

Hann var göfuglyndur maður og gladdist af, að geta glatt aðra. Hún gat því ekki valið heppilegri orð.

"Jafn mikið og mér þykir varið í útreiðir, fæ ég þó sjaldan tækifæri til þess. Hertoginn er dálitið servitur, og vill ekki hafa nema einstaka mann með mér í útreiðir, og þér eruð einn af þeim".

"Þá vona ég, að þér snúið yður alt af til mín, þegar þér þurfið á fylgdarmanni að halda, ég skal ávalt vera tilbúinn". Hún þakkaði honum og ásetti sér að nota það.

Hertogainnan sat vel á hestbaki, og hún var nú

í mjög skrautlegum reiðfötum. Allir, sem sáu hana, hlutu að dást að henni.

"Ég er ekkert hrædd, þó við ríðum hart", sagði hún. Við ættum að koma til Kin hálfum tíma á undan hinu fólkinu".

Þau riðu af stað. Það var sem öll náttúran brosti við þeim. Alt í einu staðnæmdist hún. Við þurfum ekki að fara svona hart. Við komum nógu snemma fyrir því. Sjáið þér þetta fallega kastaniutré. Það er í fullum blóma. Aldrei hefi ég séð fallegra tré á æfi minni".

Hún hafði augerlega blindað hann. Hann hafði yfir visu er þau kunnu bæði, um riddara, er dáðist að samferðakonu sinni, og segir, að koss af vörum hennar sé honum meira virði en allur heimurinn.

XXXVIII. KAPÍTULI.

Það hefði verið alveg náttúrlegt, þó Lady Aðalheiður hefði ekki tekið sem bezt á móti manni sínum, þegar hann hitti hana aftur. Hann var mjög ánægður, og það var eins og hann hefði gleymt, að hann hefði breytt á móti vilja hennar. Hertogainnan hló, og gerði að gamni sínu við hann. Aðalheiður hlaut því að finna til afbrýðissemi, en enginn gat séð neina breytingu á henni. Hún gekk brosandi móti manni sínum.

"Ég vona, að þið hafið skemt ykkur vel".

"Já, það var reglulega skemtilegt, en veðrið er líka svo gott".

"Vesalings Lady Aðalheiður. Henni fanst hún vera stungin í hjartað, en hún sagði ekkert, og engin

stuna leið frá brjósti hennar. Hertogainnan hefði viljað geta mikið til, að vita hvernig henni leið, því hún vildi særa hjarta hennar eins og hún gæti, en Lady Aðalheiður lét ekkert á sér sjá.

Hertogainnan gat komið því svo fyrir, að Caren lávarður sat við hlið hennar við borðið, og hún lagði sig í líma til að gera umræðurnar sem skemtilegastar. Kafteinn Randolph sat hjá Lady Aðalheiði.

Hann veitti henni nákvæma athygli. Hann skildi vel hinn skammarlega ásetning hertogainnunnar, og hann dáðist að hinni yfirnáttúrlegu þolinmæði og sjálfsafneitun Lady Aðalheiðar, og því, að hún lét enga afbrýðissemi í ljósi.

"Hve reiðar og önugar myndu ekki sumar konur verða", hugsaði hann með sér. "En hún er svo þolinmóð. Það er engu líkara, en að hún biði eftir tækifæri til að segja einhver hlýleg orð við mann sinn. Ég fæ ekki skilið í, að Caren skuli virða nokkurs þetta daðurskvendi. Lady Aðalheiður er þúsund sinnum meira virði en hún".

Það voru þrir stórir gluggar á salnum. Fyrir utan hvern þeirra lá svalir, sem höfðu útsýni yfir ána og skóginn. Máltíðin var góð og menn skemtu sér vel. Hinni einu manneskju sem var þungt um hjartarætturnar var Lady Aðalheiður. En hún sat brosandi við borðið, og sýndist vera hin glaðasta.

"Það fer að verða heitt hér inni", sagði hertogainnan. Mér finst nokkuð undarleg hugmynd, að ferðast hingað til Richmond til að borða og fara svo heim aftur".

"Áin hér hefir aðdráttarafl", sagði Caren lávarður, "og margur fer skemtiferð að eins til að hanga í tízkunni".

"Við skulum skoða ána. Það sýnist vera svalt og hressandi úti á svölunum. Komið og talið í

LESIÐ

Auglýsingar okkar nákvæmlega, þvi vikulega gefst yður tækifæri til að kaupa eitthvað mjög ódýrt — og verðið að vera á verði.

Þessa viku höfum vér fyrir umræðu land með byggingum á $600 virði, nálægt tveim ekrum, fyrir aðeins $150, og vægir skilmálar.

Skuli Hansson & Co.
56 Tribune Building
Skrifst. Talsími 6426. Heimilis Talsími 2274

Heimskringla.

OG SVO

höfum vér einnig ágætt fjóðarhús á góðum stað hér í bænum, og sem vér getum selt með $100 niðurborgun, og afganginum sem svarar leigu. Enfremur seljum vér lóðir, eldiviðarvið, og útvegum peningalán.

Greinilist betur eftir þessu—og sem fyrst

Skuli Hansson & Co.
56 Tribune Building

XXII. ÁR WINNIPEG, MANITOBA, FIMTUDAGINN, 19 MARZ, 1908 Nr. 25

ROYAL CROWN SOAP

Hin alþekta Winnipeg harðvatnssápa

Hún er búin til eftir sérstakri forskrift, með tilliti til harðvatnsins í þessu landi.
Varðveitið umbúðirnar og fáið ýmsar premíur fyrir.
Búin til eingöngu hjá —

The Royal Crown LIMITED WINNIPEG

Fregnsafn

Markverðustu viðburðir hvaðanæfa.

Gamli John D. Rockefeller var gladdur á laugardaginn var með nálega 4 miljón dollara peninga afhendingu, eða nákvæmlega 4,750,000. Það var þriggja mánaða gróði af eignum hans í Standard Oil félaginu. Alls var þriggja mánaða gróðinn af hlutum félagsins nálega 15 miljónir dollara. Fimmtán menn eiga 90 prósent af öllum hlutum félagsins, og á sl. tíu árum hafa þeir fengið í hreinan ágóða 389 miljónir dollara. En allur gróði félags þessa hefir á sl. 25 árum, eða síðan árið 1882, orðið 900 miljónir dollara.

— John D. Hammond, frá Minneapolis, sem í sl. 5 ár hefir unnið fyrir Guggenheimir félagið í Chicago og hafði 800 þús. dollara árslaun, hefir nýlega beðið um kauphækkun. Hann vill hafa 400 þús. dollara launaviðbót á ári, og að auki meiri fristundir en hann hefir haft, svo honum veitist tími til að sinna eignum sínum, sem eru metnar 20 miljónir dollara.

NÝTT NÝTÍZKU

THE QUEENS

Vinsælasta
og þægilegasta
Gisti-hótel í Winnipeg

Bandarikja-snið
Frí keyrsla.

MONTGOMERY BROS.,
EIGENDUR

BJART MIÐSTÖÐVA

— Átján hundruð bólusjúklingar eru nú sagðir í Minnesota ríki, og tilefni af því hefir Canada stjórn látið setja vörð meðfram landamerkjalínunni. Allir þeir, er norðar yfir lækja, verða að gangga undir læknisrannsókn, svo séð verði, hvort þeir hafi sýkina, og til þess að varna því, að sýkin flytjist inn í Vestur-Canada og breiðist hér út með þeim, sem kunnu að hafa sýkina, en vilja flytja hingað norður. Hve lengi þessi ráðstöfun kann að verða gildi, veit enginn að svo komnu.

— Kona að nafni Gunkle í Utah-ríki varð bráðkvödd í síðustu viku. Læknirinn, sem skoðaði hana, kvað hana hafa marið í sér hjartað með því að reima bolinn sinn of fast að líkamanum.

— Iðjuleysingja frumvarpið kom fram í þingi Breta þann 13. þ. m., og er það sagt að vera sósialistiskaasta lagafrumvarp, er nokkru sinni hefir verið borið fram í því þingi. Aðal tilgangur þess er, að skylda stjórn landsins til þess, að sjá um, að jafnan sé nærg atvinna fyrir alla, sem vilja vinna, með því að stofna verkstæði í öllum iðnaðargreinum, sem borgi Unionverkalaun, og hafi jafnan næga atvinnu handa öllum, sem ekki hafi annarstaðar fasta atvinnu. Talið er víst, að stjórnin muni ekki aðhyllast þetta frumvarp. Hún tekur þá stefnu, að hún hafi ekki vald til að sóa eínum þjóðarinnar í fyrirtæki, sem í stað þess að auka at vinnu í ríkinu mundi í raun réttri minka hana og gera fleiri atvinnuleysingja heldur en nú eru þar í landi, um leið og það afl, sem verkamanna sambandið er búið að fá, mvndi verða að mestu eydilagt.

— Nefndin, sem sett var til að athuga orsakirnar að hruni Quebec brúarinnar, sem olli Canadaríki 5 miljón dollara eignatjóni og varð 70 mönnum að bana, hefir nú lagt skýrslu sína fyrir Ottawa-þingið. Nefndin segir, að verkfræðingar þeir, sem höfðu verkið með höndum, hafi verið óhæfir til þess starfs, — að útreikningarnir hafi verið rangir og allur undirbúningur og áætlanir og smíði ófullkomnara en átt hefði að vera. Þekkingar og kærulevsi tveggja verkfræðinga — P. L. Sziapka og Theodore Cooper — er þó ekki um kent, en sagt að slysið hafi orðið fyrir rangar útreiknings áætlanir þeirra.

— Tilraun var gerð þann 10. þ. m. til að myrða Hákon Noregskónung. Nokkrir verkamenn voru að vinna í garðinum við höll konungs. Alt í einu skutu þeir nokkrum skotum inn um hallargluggana á herbergjum konungs. En konungs fjölskyldan var þá ekki í höllunni og sakaði því ekki. Menninirnir voru teknir fastir.

— Sú fregn kemur frá Valparaiso, Chile, að stjórnarherinn þar hafi yfir nokkrum dögum skotið niður 2½ þúsund verkfallsmenn á götunum í Iquique borg. Um 8 þúsundir manna höfðu skömmu eftir jóla gert verkfall fyrir kaphækkun, og hafa síðan orðið svo að segja daglegar róstur milli verkfallsmanna og stjórnarhersins. Verkfall þetta er hið mesta, sem nookru sinni hefir verið gert í Suður-Ameriku, og þegar menninir lögðu niður starf sitt, hætti allur iðnaður, og öll atvinna varð ómöguleg. Verkfallsmenn hafa um tíma látið all-ófriðlega, þar til herinn fékk skipun um, að halda á reglu iborginni, og reka verkfallsmenn af höndum sér. Varð þá bardagi mikill á götum borgarinnar, og beitti herinn vélabyssum, sem feldu verkfallsmenn eins ört og gras er með ljá slegið. Þetta er sagt að hafa orðið á nýársdag. Eftir nokkurra daga upp hald, — meðan verið var að grafa þá er fullu, fóru menninir aftur að vinna skilmálalaust, en sagt, að námueigendur og aðrir verkveitendur hafi samið um, að hækka launalaunin við marga af verkamönnunum.

— Sprengivél sprakk 12. þ.m. undir brygju þeirri í Barcelona borg á Spáni, sem Alfons konungur átti að stiga af á skip, er hann sigldi þaðan. Bryggjan sprakk í loft upp, en nokkru áður en konungur kom þangað.

— Rússastjórn hefir ákveðið, að náða herforingja Stoessel algerlega, og setja hann frían. Þessi uppgjöf saka er í orði kveðnu á því byggð, að hann sé svo heilsutæpur, að hann þoli ekki fangavist — en alment er viðurkent, að aðalorsökin sé sú sannfæring, að liflátsdómurinn hafi verið ósanngjarn.

— Thomas Anderson, sem verið hafði kaupstjóri Hudsonsflóa félagsins um 41 árs skeið í McKenzie héraðinu í Norðvesturlandinu, hafði hætt starfi fyrir félagið með eftirlaunum, og var á leið til Winnipeg að eyða hér ellidögum sínum í næði; en á leiðinni hingað lézt hann.

— Maður á búnaðarskólanum í Winnipeg framdi sjálfsmorð nýlega. Hann var einn í hópi nokkurra námsmanna þar, sem með valdi tóku einn af félögum sínum og rökuðu af honum yfirskeggið. Fyrir þetta voru þeir seku harðlega ávítaðir, og bannað, að hafa framvegis bústað á skólanum, þótt þeir fengju að njóta þar kensln. En þessi maður, eftir að hafa verið svíftur bústað sínum í skólabyggínguni, fór þar upp á loft og réð sér bana.

— Í sjóhafnarbænum Nilgate á vesturströnd Japans brunnu 1500 hús þann 8. þ.m. Mesti fjöldi fólks misti þar líf sitt. Skaðinn er metinn 2½ miljón dollara.

— Ottawa stjórnin hefir breytt bithaga lögunum þannið, að í staðinn fyrir 5 ára leigumála, sem verið hefir í gildi í Manitoba, Alberta og Saskatchewan, þá verður bithagi á skólalöndum í þessum fylkjum hér eftir leigður að eins til eins árs í einu. En leigan verður sömu og verið hefir, 6c í Manitoba og 4c í hinum fylkjunum á hverja ekru. Óskilsemi leiguliða er kent um breytinguna, og kostnað við innheimting. Héreftir verður leigan árlega að borgast fyrirfram

— Harry Orchard hefir viðurkent, að hafa ráðið fyrrum Governor Steunenberg bana með sprengi kúlu þann 30. des. 1905. Mál þetta er öllum nú svo kunnugt, að ekki þýðir að greina frá því hér. Þeir þrir menn, sem Orchard kvað hafa keypt sig til að vinna verkið, hafa sloppið. Eftir er að vita um dómsúrdrif Orchards.

— Strætisbrauta fél. í Toronto borg borgaði bænum þar $31,143, sem var hluti borgarinnar af tekjum félagsins fyrir sl. febr. mánuð. Toronto borg fær því tíu sinnum meiri inntektir af strætisbrautum sínum, heldur en Winnipeg borg fær af strætisbrautunum hér.

— Sannrótt er, að Leópold konungur hefir samið við Belgiustjórn, að sameina Kongo-héraðið við Belgíu ríki, og afsalar hann sér þar með öllum yfirráðum yfir því héraði. Ennfremur hefir hann gefið Belgíu verðmæta landspildu sem hann átti á Suður-Frakklandi En hann áskilur sér afnot þess lands meðan hann lifir. Belgiustjórn að sínum parti lofar að verja 12 miljónum dollara í Congo héraðinu til nauðsynlegra umbóta þar, og að auki 600 þús. dollara á ári í 15 ár, til þess að byggja og viðhalda sjúkrahúsum þar í landi, Með þessum samningum fer Belgíu allan eignar og stjórnarrétt yfir Congo héraðinu og nýtur inntektanna af því. En landeignirnar í Suðr-Frakkland, sem konungur keypti með því fé, sem hann græddi á Congo héraðinu, vill hann fá að hafa í sinni umsjá með an hann lifir, en Belgía erfir þær að honum látnum.

— Síðan Manúel prins, 1 ára gamall tók konungdóm í Portúgal hefir stjórnin verið að litast um eftir konuefni handa honum, og er sagt, að samningar séu í gerð til þess að koma konungi í hjónaband við dóttur brézkalandskeisara, sem er 16 ára gömul.

— Sú hugmynd er að ryðja sér til rúms, að bezta lækning við hár missi sé að spila á strenghljóðfæri eða pianó. Það er talið að auka hárvöxtinn. En aftur er það mótsetta, ef blásið er á vindhljóðfæri. Að leika á þau hefir þær afleiðingar, að losa hárið. Því er haldið fram, að fiðlin spilarar og pianó spilarar hafi allir mikið hár, en að þeir, sem til langframa blása á vindhljóðfæri, verði snemma skölláttir. Þetta sést bezt á leikhúsum þar er hárið þykkast og mest á fiðlin spilurum, en á hinum, sem blása á hornin, er skallinn ber eða hárið afarþunt. Ástæðan fyrir þessum mismun er ekki algerlega ljós, en það er álitið, að hristingurinn af loftbylgjum þeim, sem verða, þegar blásið er á horn, hafi þau áhrif að þurka upp blóðið úr hársrótunum. Þar sem á hinn bóginn hin mjúka hreyfing, sem kemst á höfuðleðrið við fiðlin spilið verki á það eins og holt hárlyf og auki hárvöxtinn.

— Mr. Thompson, þingmaður fyrir Yukon héraðið, sýndi nýlega í Ottawa hafra, sem ræktaðir höfðu verið í Yukon landinu, og vógu 42 pund hvert bushel.

ÍSLANDS FRÉTTIR.

Sigfús Einarsson tónskáld hefir haldið samsöngva með söngfélögum sínum, bæði í Reykjavík og í Hafnarfirði. Samsöngvarnir hafa verið ákaflega vel sóttir. Mörg ný lög eftir sjálfan hann hafa verið sungin. — Nýr sparisjóður hefir verið stofnaður í Keflavík. Er það talin þörf stofnun, og líkleg til að eflast bráðlega. — Húslóðir í Ísafjarðar kaupstað hafa stigið mikið í verði. Fyrir stuttu hefir hver kralin verið seld þar í húslóðum fyrir 7—8 kr. — Nýr riddari er S. H. Bjarnason konsúll á Ísafirði orðinn, af Vasa orðunni sænsku 1. fl., og Matth. Þórðarson, sá er forstöðumaður á að verða fyrir dönsku fiskiveiðunum við Ísland, dannebrogsm. ("Smástækkar flokkurinn með danska markinu", segir Fjallk.). — Manufjöldi í Vestmannaeyjum var um síðustu áramót 948, hafði auk ist á árinu um 108. Á þrettán síðustu árum hefir fólksfjöldi þar tvöfaldast. — Hr. Páll Bergsson frá Duluth, er að halda fyrirlestra um Ísland og Ameriku. Rvíkurblöð segja, að hann segi kost og löst á báðum löndunum, en hvetji menn alls ekki til vesturferða. — Fólks fjöldi á Akureyri er nú 1800. Það hefir fólki fjölgað um nærfelt 100 sl. ár. — Tveir botnvörpungar enskir rákust á í Garðssjó. Annar sökk eftir fáar mínútur, en hinn bjargaði skipshöfninni. — Fjallk. frá 21. febr. segir veðráttu í vetur hafa verið fádæma milda og blíða. Þá var lifandi grænkál í matjurtagörðum. — Leikfélag Reykjavíkur hefir nú leikið 18 sinnum "Nýársnóttina", alt af fyrir húsfylli. — Páll Einarsson sýslumaður í Gullbringusýslu hefir sektað tvo menn í Keflavík fyrir óleyfilega vínsölu. Búist við, að sá þriðji sæti sömu, forlögum. — Hafnfirðingar hafa ákveðið að auka vatnsverkið í bæ sínum. Kostnaðurinn við það talinn 18,500 kr. Hluthöfum vatnsveitufélagsins var borgað 15 prósent í vexti af hlutafé þeirra sl. ár. Hámark vatnsveituskattsins þar í bæ er 25 kr. fyrir heimili, en lágmark 3 kr. Talið er víst, að bæirnn kaupi vatnsveituna bráðlega. — Smjörbúasamband Suðurlands hefir nýlega haldið aðalfund sinn. Fyrir smjör sitt hefir það fengið á sl. ári 82 aura fyrir pundið að meðaltali. Kostnaður allur þar frá dregínn. — Meistara Eiríki Magnússyni í Cambridge á Englandi hafa borgarar Reykjavíkur sent skrautritað ávarp í tilefni af 75 ára afmæli hans. Þorsteinn skáld Erlingsson orkti til hans fallegt kv. — Danska blaðið "Illustr. Tid." flytur mynd af listaverki Einars Jónssonar, Ingólfi landnámsmanni, og jafnframt grein um hann. — Stýrimannapróf við Boye stýrimannaskóla í Danmörku hefir nýlega tekið Árni Gunnlaugsson, frá Akranesi. — Ekki var farið að kenna lömbum átið á Austfjörðum 12. jan., segir "Austurland". — "Austurland" er svo góðgjarnt, að lofa fólki að sjá framan í íslenzku sambandslaga nefndina. Ekki er annað hægt að segja, en það séu álitlegir menn á að sjá. Þessir eru menninir: H. Hafstein ráðherra, Skúli Thoroddsen ritstjóri á Bessastöðum, Jón Magnússon skrifstofustjóri í isl. ráðaneytinu, Stefán Stefánsson kennari á Möðruvöllum, Lárus H. Bjarnason sýslumaður Snæfellinga, Steingrímur Jónsson sýslumaður Þingeyinga og Jóhannes Jóhannesson sýslumaður Norðmýlinga. Sex skörpustu lögfræðingar landsins, og fjölhæfur mentamaður sá sjöundi. Enginn þessara manna er fíntugur, svo ekki er hætt við, að þeir semji af sér fyrir elliglöp. — Ungmennafélög, sem hafa það efst á sínu sinum, að berjast fyrir frelsi og velferð Íslands, er alt af verið að stofna víðsvegar um land. Þarfur félagsskapur og góður. — Vínsölu var hætt á Eskifirði um nýárið, svo nú er ekkert áfengi selt með leyfi alla leið frá Reykjavík suður um land og norður á Akureyri. — Ritstj. "Þjóðviljans", í fjarveru Skúla Thoroddsens, er ráðinn Bjarni Jónsson, cand. mag., frá Vogi. — Maður hrapaði til bana í Mjóafirði eystra. Hann hét Halldór Eiríksson frá Dölum. — Verzlunarhús brann á Hjalteyri í Eyjafirði, eign þeirra bræðra Guðjóns og Hallgríms Hallgrímssona, frá Syðri Reistará. Hús og vörur var trygt fyrir 11 þús. kr.

FRÉTTABRÉF.

CYPRESS BYGÐ

Héðan úr bygð er fátt markvert að frétta. Tíðarfarið hefir verið hér hið ákjósanlegasta í allan vetur, oft blíðviðri og næstum snjólaust. Muna elztu menn ekki eftir eins góðum vetri. Verzlun og viðskiftalíf alt fremur dauft. Vonandi að það lagist þegar kemur fram á vorið.

Giftingar: Hér á vestrænum slóðum hefir það þótt hin mesta nýlunda á umliðnum árum hafi einhverjar tvær persónur gengið í heilagt hjónaband, svo ótíðar hafa giftingar verið hér í liðinni tíð. Þótti mönnum til stórvandræða horfa, en nú hefir mikið rætt úr þeim vandræðum, því á þessu hausti og vetri hefir verið hér regluleg giftingaöld, fjör hefir færst í ástalíf unga fólksins, fjöldinn allur hefir orðið snortinn af töfrasprota ástagyðjunnar og varð ið út í straumiinn og yfir um og inn í land alsælunnar, þá jarðnesku paradís, er þeir einig geta sagt frá, sem hafa sjálfir heyrt það og séð. Giftingu þessara 2 persóna, sem hér fer á eftir, hefir ekki áður verið getið um í blöðunum. — Þann 20. jan. sl. gaf séra Fr. Hallgrímsson saman í hjónaband, að heimili sínu í Argyle, þau Mr. C. A. Oleson og Miss Sigríði Einarsson, frá Glenboro P.O., Að aflokinni athöfninni keyrðu ungu hjónin norður í Cypress bygð þar sem að brúðguminn átti heima. Var þar tilbúin veizla, og um 80 boðsgestir, flest aldrað fólk Skemtu menn sér eftir fögnum við samræður, söng, spil og dans alla nóttina fram á morgun. Virtust allir glaðir í hug, er menn fóru heim um morguninn. Nokkrum dögum seinna buðu ungu hjónin öllu ungu kunningjafólki sínu frá Glenboro og úr Cypress bygðinni á danssamkomu í félagshúsi Íslendinga í Cypress. Skemti fólk sér þar hið bezta við söng, dans og hljóðfæraslátt alla nóttina. Kl. 12 var framreiddur matur, kaffi, súkkulaði og allskonar kryddbrauð var rikmannlega veitt, svo allir urðu mettir. Virtust allir vera hinir ánæðustu og árnuðu ungu hjónunum allrar gleði og blessunar og tímanlegrar farsældar. Margir ljómandi fallegar og verðmiklar gjafir voru þeim afhentar í hvorutveggja skiftið, sem þar ljósan vott um vinsældir þeirra og hinn hlýja hug, er allir bera til þeirra. — Eftir þetta alt saman, settust þau um kyrt, og tóku að stunda búsýslu á heimili brúðgumans. Fylgja þeim heillaóskir allra, bæði nær og fjær

Dauðsfall: Þann 8. febr. sl. andaðist að Skálholt P.O. öldungurinn Sigurður Ásmundsson, um 80 ára gamall, úr elliaskeika. Sigurður hertinn var feddur og uppalinn á Kattarstöðum í Núpasveit í N.-Þingeyjarsýslu á Íslandi. Og þar bjó hann allan sinn búskap, og þar lifði hann allan sinn aldur á Íslandi, nema síðasta árið, sem hann var heima. Til Ameriku fluttist hann sumarið 1903 (ásamt 2 sonum sínum, Kristjám við Manitobavatn og Ásmundi í Glenboro) og settist þá að hjá dóttur sinni Guðnýu, konu B. Jósephssonar í Skálholt, og þar dvaldi hann til dauðadags. Sigurður sál. var hraustleika maður, annáladur fyrir kjark og þreklyndi, og allra manna heilsubeztur á sinni tíð á Íslandi. Hann var þýður og vingjarnlegur í umgengni sinni við menn, og hvers manns hugljúfi. Sigurður sál. var eingiftur, búinn að vera ekkjumaður í fjölda mörg ár. Jarðarförin fór fram frá heimili B. Jósephessonar þann 13. s.m., í grafreit bygðarmanna, að viðstöddu mörgu fólki.

Svo ætla ég ekki að skrifa meir að þessu sinni, en seinna hefi ég hugsað mér, að senda Hkr. fréttabréf. Ætla ég þá að lýsa félagslífi manna hér, landskostum og hag fólks yfirleitt m. fl. Svo þakka ég Hkr. fyrir margt gott og gagnlegt, sem hún hefir flutt í liðinni tíð, og óska henni góðs gengis á þessu ári og í framtíðinni.

"BARDI".

Til Jakobs Johnston

(á afmæli hans 9. marz 1908).

Rennir röðull á austur
Rósgyltum morgunbjarma.
Gyllir mörk, grund og dali
Goðborinn árdagsfari.
Liknsamur lífi hlúir
Ljósanna dýrstur jöfur,
Guðsnáð og góðan daginn
Góðkunnum dreng nú býður.

Útsævis eyjadrotning
Eldroðið höfuð beygir.
Minnist af móðurþeli
Magar á vesturláði.
Hafði hann áður ahð
Ungan í Húnaþingi.
Örlög hann námu utan,
Ítran frá móðurbrjóstum.

Vill hún að vættir allar,
Vestra jafnt sem austra,
Efli heill öllgum syni
Afmælis hans á degi.
Tugi hann fjóra telur,
Tveimur þó betur vetur.
Framla í stöðu stjórnar
Stendur hann Leifs á merski.

Ætt er Jakobs frá jöfrum
Og jörlum Noregslanda.
Jökulnær jörmunfögur
Jafnan svo kyn hans telur.
Ætt- gengu fyrrum feður
Fræknir að Alþingi.
Lögveldis lagaspeki
Lýsir frá sagnalindum

Egils þrýfst ættstofn hraustur
Enn þá í Vesturheimi,
Stýrir þar fögrum fárum,
Flýr aldreigi víkingu,
Þótt gnauði gjálp of súðir
Og grenji benjahriðar.
Vals er á velli rauðum
Víkingsblóð enn í æðum.

Blómstrum prýddar æ brautir
Beinar mæringur gangi.
Eykonu aldrei gleymir
Erlendis þótt hann dvelji.
Vinfastur varr í orðum,
Veit fjöld í Íslandssögum.
Sífelt í sögnum mætur,
Sannnefndur gæðadrengur.

— K. Ásg. Benediktsson.

Gamlir Te Drekkendur Meta

þeir hafa reynt ýmsar tegundir sem miklar kröfur gera, en fundið að engin tegund er eins sterk, keimgóð og holl sem Blue Ribbon.

HEIMSKRINGLA
Published every Thursday by
The Heimskringla News & Publishing Co.

Verð blaðsins í Canada og Bandar $2.00 um árið (fyrir fram borgað).
Sent til Íslands $2.10 (fyrir fram borgað af kaupendum blaðsins hér $1.50.)

B. L. BALDWINSON,
Editor & Manager

Office:
729 Sherbrooke Street, Winnipeg
P. O BOX 116. 'Phone 3512.

Liberals verða að láta undan.

Það þykir tíðindum sæta, vegna þess, hve sjaldan slíkt kemur fyrir, að ein fundarseta í Ottawa-þinginu varaði nýlega 57 kl.stundir. Svo stóð á, að andstæðingar í þinginu kröfðust þess, að kaðgöar yrðu fram ýmsar skýrslur og tilboð um timburtöku leyfi og fleira þess háttar. Stjórnin hafði neitað að leggja fram tilboð þessi, og ýmsar aðrar skýrslur og skjöl, er andstæðingar álitu sig varða, en sem ýmist alls ekki voru lagðar fram, eða þá fátnar liggja undir áliti og skoðun þingmanna svo stutta stund, að þeir höfðu þess ekki full not. Um það mál hefir verið mikið rætt á þessu þingi, og hr. Blair hefir gengið svo langt, að segja, að minni hlutinn hafi als engan rétt í þinginu annan en þann, sem meiri hlutinn vilji góðfúslega veita honum. Hr. Foster og fleiri fyrir hönd Conservativa, héldu fram því, að minni hlutinn hefði viss ákveðin réttindi, sem meiri hlutinn gæti ekki með neinni sanngirni neitað honum um, — og eitt af því, sem minni hlutinn hefði fullan rétt til að heimta, væru tilboð þau um sölu eða leigu opinberra þjóðeigna, svo sem viðar, á timburlöndum rikisins, og yfir höfuð hefði minni hlutinn heimtingu á, að skoða öll skjöl, er láta að stjórnar athöfnum, — að minni hluta þingmenn væru alt eins lögformlega kosnir eins og þingm. meiri hlutans, hefðu málfrelsi í þinginu hið sama og sama rétt utan þings og innan, sem meiri hluta menn hefðu. Að þó að stjórnin væri vergi og ráðsmaður ríkseignanna, þá væri minni hlutinn yfirskoðari reikninganna og allrar ráðsmensku stjórnarinnar. Og að minni hlutinn hefði sömu skyldu að gegna gagnvart alþýðu manna í því, að standa henni reikningsskap af sinni yfirskoðun, eins og stjórnin hefði, að standa reikningsskap af ráðsmensku sinni. — Um þetta mál gat flokkunum ekki komið saman. Þeir "frjálslyndu" héldu því fram, að þeir hefðu einveldi, ekki að eins yfir ráðsmensku ríkiseignanna, heldur einnig öllum skýrslum er að því lytu. En þessi stefna virtist andstæðingunum svo rangsleitin, að þeir ásettu sér að láta til skarar skriða um þetta mál. Af því leiddi þessi langi fundur, sem að framan er getið um, og sem stóð yfir nær 5 dægur samfleytt.

Rétt að þessum fundi afstöðnum, fóru kosningar fram í New Brunswick, sem sópuðu Liberölum úr völdum, og settu inn Conservativa með feikna stórum meiri hluta. En þetta hvorttveggja, fundurinn langi og kosninga vinningur Conservativa í New Brunswick, hefir haft þær heillariku afleiðingar, að Liberalar hafa sannferst um, að svo lengi sé lán, sem kið er, og eru nú orðnir hinir auðsveipustu í þinginu og á nefndarfundum. Nú eru þeir farnir að leggja fram öll skjöl, sem andstæðingar krefjast að sjá, og hr. Pugsley kvað allan undangenginn ágreining um skjölin hafa verið mis skilning einan.

Með þessu er það þá viðurkent, að allar stjórnarskýrslur, reikningar og önnur skjöl, séu opinber eigu, og að minni hluti þingmanna eigi jafnan aðgang að þeim eins og meiri hlutinn. Enda hefir það ekki fyr komið fyrir í sögu Canada, að nokkur stjórn hafi neitað andstæðingum á þingi um aðgang að opinberum skýrslum.

Annars hefir öll aðferð stjórnarinnar í Ottawa á síðustu árum verið þann veg, að þjóðin mun nú alment ákveðin í því, að leysa hana frá starfi við næstu ríkiskosningar.

Prógram "stóra" söngflokksins 1908.

Vafalaust er það kunnugt flestum Íslendingum hér vestra, að stofnaður var hér fyrir 2 árum söngflokkur, sem samanstendur af söngfólki úr flestum íslenzkum og lúterskum söfnuðum hér vestra. Samsöngva hefir þessi flokkur haldið tvisvar í sambandi við kirkjuþing. Alment hefir söngflokkur þessi verið kallaður "stóri" söngflokkurinn, því höfðatalan í honum hefir verið mikil, en meðlimafjöldi er líka það helzta, sem þessi flokkur hefir sér til ágætis fram yfir aðra isl. söngflokka, sem hafa haldið hér samsöngva. Þó skal ekki gleymt að geta þess, að í þessi tvö skifti, sem hann hefir haldið samsöngva, hefir eingöngu verið sungið á íslenzku. Að eins þurfti síðasthliðið sumar að biðja fyrir enska konginum á ensku. — Einungis fyrir það, að sá boðskapur hefir borist út, að þessi söngflokkur væri myndaður á ÞJÓÐERNISLEGUM grundvelli, þ. e. væri stofnaður til að viðhalda hér sem bezt ÍSLENZKRI sönglist og að hann hefir að mestu leyti haldið sér á þeim grundvelli til þessa, — hefir hann náð talsverðri hylli meðal Íslendinga hér, en ekki fyrir það, að hann leysi hlutverk sitt betur af hendi en aðrir flokkar, — síður en svo. Það er vitanlegt, öllum, sem nokkurt skyn bera á sönglist, að "stóri" söngflokkurinn stendur ekki íslenzku söngflokkunum hér snúning, þegar til listar kemur, og slikt er eðlilegt, þegar ástæðurnar eru athugaðar. Söngflokkarnir hér samanstanda að mestu leyti af fólki, sem hefir sönghæfileika, og æfir söng undir stjórn söngfræðinga tvisvar í hverri viku ársins, — stundum oftar. Ég býst við, að einhverjir komi og segi: "Þetta fólk syngur í "stóra" söngflokknum". Já, ég veit það vel og viðurkenni, að það er aðalfólkið í "stóra" flokknum. En það getur ekki notið sin eins vel í honum og í sinum eigin flokk vegna þess, að mikill meiri hluti af því fólki, sem því er skipað að syngja með, gerir ekkert annað en skemma sönginn. Þessir gagnoliku flokkar, sem sérfræðir eru sinn undir hverjum söngstjóra, eru svo samæðir tvisvar eða þrisvar sinnum. Það er látið gott heita, og tafarlaust farið upp á söngpallinn til að syngja fyrir fólkið. Söngstjórar hér samæfa alt fólkið, sem á að syngja, mánuð eftir mánuð, áður en samsöngur er haldinn, og mundu þeir ekki geta það, ef þeir álitu þess ekki þörf.

Af þessu er skiljanlegt, að "stóri" söngflokkurinn hefir fengið marga áheyrendur í þau tvö skifti sem hann hefir sungið, vegna þess, að fólk hefir staðið í þeirri meiningu, að hann væri stofnaður til að viðhalda og efla íslenzkan söng hér vestra, og sú viðleitni eitt út af fyrir sig, var svo mikils virði, ef á henni hefði verið áframhald, að flokkurinn sjálfur, stofnendur hans og stjórnendur hefðu átt skilið, að söngsamkomurnar væri vel sóttar — þrátt fyrir ýmsa galla á söngnum. En því er ekki lengur að heilsa.

Af tilviljun sá ég hjá kunningja minum "prógram" þessa söngflokks fyrir næsta sumar (1908), og til fróðleiks fyrir lesendur mina ætla ég að fletta því við blað fyrir blað, og sýna fyrst og fremst, hvað mikill þjóðernisblær er yfir því, og einnig hvað mikil dómgreind hefir verið viðhöfð við valið á lögunum.

Eins og öllum er kunnugt eru það einungis Íslendingar, sem ætlast er til að taki þátt í söngnum, en þó stendur eftirfylgjandi með stóru feitu letri á fyrstu siðunni: "THE ICELANDIC SINGER'S ASSOCIATION ALBUM for 1908'. Rev. H. B. Thorgrimsen pres., Akra, N. D., Rev. Fr. Hallgrimson, sec., Baldur, Man., Elis Thorwaldson, Treas., Mountain, N. D. The Italic letters in the text, stand for the Icelandic letters, which could not be provided by the printer". — Svona dæmalaust þjóðernislega litur fyrsta siðan út. — Þá kemur innihaldið. Fyrsta lagið er þó á íslenzku og heitir "Hvöt". Þó lagið sé fremur tilkomulitið, þá væri þó sök sér, ef ekkert lagið við íslenzku textana væri lakara. Þar næst koma tvö sálmalög, sem sungin eru oft á hverju ári í hverri einustu lúterskri kirkju, "Heyr inin hljóð" og "Vertu hjá mér, halla tekur degi". Langversta raddsetningin af þeim þremur, sem til eru á síðasta laginu, er hér tekin.

Þessu næst á að sýna, hvað Íslendingar sjálfir séu miklir meistarar í sönglistinni, og er komið með lag eftir Sigfús Einarsson, sem nefnist "Haust", undanteknigarlaust langhtiljörlegasta lagið sem S.E. hefir samið. Þar næst kemur íslenzkt þjóðlag, "Svialin og hrafninn", þar er texti og tónar hvort öðru meiri vitleysa. — Tíminn, sem fer í það, að syngja hvert um sig af þessum fjórum síð asttöldu lögum, er álika langur og þegar kría sest á stein, því þau eru frá 9—20 taktar. — Sama er auðvitað að segja um alla isl. söngvana í þessu prógrammi, því lengsta lagið er að eins 22 taktar, og að syngja það tekur jafnlangan tíma og maður telur fljótt upp til 88. Næst kemur lag með sænskum texta, "Sof i ró". Þá lag með enskum texta. Þar næst lag með norskum texta, og þessu næst lengsta isl. lagið, "Heyrið morgunsöng á sænum". Á eftir því er "Pilgrim Chorus" á ensku, og að síðustu stutt lag með isl. texta, "Kveldljóð".

Þá er nú upptalið, það sem prógram þetta hefir inni að halda. En heyrst hefir, að sem viðbót við þetta ætti enn þá einu sinni að tyggja upp "Ó, guð vors lands" og "Lofgjörðina" eftir Sigf. Einarsson.

Af lagavalinu í þetta prógram sést ljóslega þetta:

1. Að algerlega er gengið út frá því markmiði, að þessir samsöngvar séu byggðir á þjóðernislegum grundvelli, því nú á að syngja á FJÓRUM tungumálum, og í "prógramminu" hefir íslenzkan að eins 8 takta í meiri hluta við hin tungumálin. Með sömu stefnu má gott heita, ef íslenzkan hefði 1 til 2 lög eftir 2 ár hér frá.

2. Að valið á lögunum, sem íslenzku textarnir eru undir, er einstaklega barnalegt, og ber vott um annaðhvort af tvennu — mjög litla dómgreind, eða algert þekkingarleysi á íslenzkum söngbókum. Má t.d. nefna, að velja jafn auðvirðileg lög og "Haust" og íslenzka þjóðlagið. Og likt er að segja um sálmalögin. Því ekki að velja almennilegt þjóðlag eins og t. d. "Bi, bi og blaka", "Ólafur reið með björgum fram", eða "Bára blá"? Og því ekki að velja fremur sálmalög, sem ekki eru alment sungin, eins og til dæmis "Hátið öllum hærri stund er sú", "Guð hæst í hæð", nýja lagið við "Sjá nú er runninn nýársdagur", og fleiri, sem telja mætti? Um lögin við útlendu textana, vil ég ekkert segja, þau ættu alls ekki að eiga heima í þessu "prógrammi", svo lengi, að þarf að syngja þau með sænskum, norskum og enskum textum.

3. Í þessu "prógrammi" er alveg gengið fram hjá íslenzkum tón skáldum, að heita má. Niu takta lagið hans S.E. er það eina, sem þar sést eftir Íslendinga. Ætli það eigi að sýna, hvað Íslendingar eru komnir langt í tónlistinni? Vesturíslenzku tónskáldin eru ekki nefnd, Gunnsteinn Eyjólfsson og Jón Friðfinnsson, sem báðir starfa í sönfnuðum kirkjufélagsins, og báðir hafa samið miklu fallegri og tilkomumeiri lög, en nokkurt lagið er, af þeim, sem íslenzku ljóðin eru undir í "prógramminu". Má til nefna "Sumarnótt á heiði" eftir G.E., og "Við aldahvarf" eftir J.F., o. fl.

Sigfúsi Einarssyni er sýndur sá heiður, að velja lélegasta lagið, sem hann hefir samið, og japla á "Lofgjörðinni" eitt árið enn, rétt eins og sá maður hefði ekkert samið nema þessi tvö lög. Hefði það ekki borið yott um dáliti meiri smekkvísi og dómgreind, og um leið verið sanngjarnara og réttara gagnvart Sigfúsi, sem ungu, efnilegu tónskáldi, að velja heldur hér óþekt ágætislög eftir hann, t. d. "Ó, fögur er vor fósturjörð", "Gröfin", "Kveldljóð", o.fl. o.fl.

Sveinbirni Sveinbjörnssyni er sýndur alveg sami heiður og S.E. Ár eftir ár er þvælt lagið "Ó, guð vors lands", rétt eins og hann hafði ekkert annað samið en það eina lag. Sveinbjörnsson á þó tvö lög önnur, sem hann hefir samið við íslenzk ljóð, sem bera öll hin sömu snildareinkenni og "Ó, guð vors lands", með öðrum orðum, eru alveg eins falleg og tilkommmikil, "Lýsti sól" og "Töframynd í Atlantsál".

Að vísu eru þessi lög, sem ég hefi bent á eftir S. E. og S. S., raddsett fyrir "Karlakór", að því síðasta undanskildu, en ég er sann ferður um, að Gunnsteinn Eyjólfsson, Jón Friðfinnsson eða Jónas Pálsson hefðu ekki talið eftir sér, að raddsetja þau fyrir blandaðan kór, til að hjálpa áfram íslenzku sönglistinni.

Í sambandi við lög S. Sveinbjörussons, má geta þess, að hann hefir samið fegursta sólóljóð, sem til er við íslenzkan texta, ljóð kvæði eftir Steingr. Thorsteinssonar "Hvar eru fuglar þeir á sumri sungu?", og er það prentað í "Laufblöðum", sönghefti, sem Mrs. Lára Bjarnason gaf út 1900. Ég hefi einu sinni sjálfur sungið þetta lag hér vestra, annars man ég ekki eftir, að hafa heyrt þess getið hér. Það sýnist svo, sem Íslendingar hér, einkum þó yngri kynslóðin, láti sér annara um, að syngja sólós enska ástarsöngva — innantómt ástaval — en isl. sólósöngva. En einmitt þennan hugsunarhátt hefðu stjórnendur 'stóra' söngflokksins átt að berja á, í stað þess, að taka sömu stefnu.

Við Íslendingar eigum ung, efnileg tónskáld, fleiri en þau, sem hér hefir verið getið, og sem talsvert liggur eftir í þessari grein, og í alt og alt eigum við til svo tugum skiftir og jafnvel hundruðum af fallegum lögum við okkar föðru íslenzku ljóð, svo enga nauðsyn bar til þess fyrir þann eða þá, sem völdu lögin fyrir "stóra" flokkinn, að látið syngja á sænsku, norsku og ensku.

Ég hefi tekið til máls um þetta af því, að hér er um þjóðarósóma og þjóðarlitilsvirðing að ræða, eins og ég hefi sýnt hér að framan. Hér er að gæjast upp á "selhaus", sem við verðum að greiða ósvikið högg með "saltaranum", svo hann aldrei framar verði svo upplitsdjarfur, að hann þori að láta sjá á eyru sér að eilifu. Ég hefi haldið því fram, og held því fram enn, að íslenzk sönglist væri eitt sterkasta afliið til að viðhalda hér vestra tungu okkar og þjóðerni, og hvert íslenzkt söngflag, sem setur sér eingöngu þá stefnu, að auka hér íslenzka sönglist, eigi skilið velvild af öllum góðum Íslendingum. En ég heiti á alla Íslendinga, að styrkja ekki að neinu leyti það flag, eða þau flög, sem sýna með starfi sinu, að þau vilji troða íslenzkt mál og íslenzka tonlist undir fótunum, en þykjast þó standa á þjóðlegum grundvelli. Það er bein skylda allra, að eyðileggja allar stefnur, sem sigla undir fölsku flaggi, hverju nafni, sem þær nefnast. Gjöldum þeim unsvifalaust "rauðan belg fyrir gráan".

Á. J. JOHNSON.

Enn um Þorrablót.

Það hefir talsvert mikið verið ritað og rætt um nýlega afstaðið þorrablót Helga magra, sem og önnur undanfarin, og er það mjög eðlilegt, þar sem slik árleg hátiðahöld viðkoma öllu íslenzku fólki hér, og á að vera til þess, að hjálpa til að viðhalda íslenzku þjóðerni hér vestan hafs, vekja og glæða hlýjar og góðar endurminningar um ýmsa lifnaðarháttu forfeðra okkar á ættjörðinni, og leiða uppvaxandi kynslóðina i ánda til baka til forfeðra sinna á gamla landinu, — sýna henni sem glöggasta mynd af samkvæmislífi þeirra og ýmsum lifnaðarháttum.

Það hefir óneitanlega mjög mikið verið gert til þess, að þetta gæti náð tilgangi sinum, en einkum hefir það þó verið maturinn, sem þar hefir setið í öndvegi, og er það nú máske ekki útásetningarvert, því "matur er mannsins megin". Það hefir oft verið að því fundið, hvað maturinn hafi verið óíslenzkur, og ekki eins góður og vera ætti. En bæði var það að nú hafði verið lofað bót og betrun með matinn, enda engin ástæða eða sanngirni, að kvarta þar um, því framreiðslan var að minu áliti mjög myndarleg, og eins íslenzk og væntа mátti. Og hefðu þeir, er áttu að sjá um, að skemta fólkinu, gert sinn hlut eins vel, mundi bæði ég og margir fleiri hafa farið ennþá ánægðari af "rallinu".

Auðvitað dettur mér ekki í hug, að halda því fram, að ræðurnar, sem fluttar voru, hafi ekki verið (sumar að minsta kosti uppbyggilegar, og þrungnar af andagift og mælsku, en daufar voru þær á bragðið sumar, og kom það ef til vill mest til af því, að þær voru lítt krydddaðar. En gamanyrðin, sem Mr. W. H. Paulson flutti, voru ágæt, enda mátti glögt sjá og heyra, að þá var fólkinu vel skemt.

Ræður, sem fluttar eru til þess að skemta fólki, þurfa að vera ætlu að vera fjörugar um leið og þær eru fræðandi. Og ekki þykir mér viðeigandi á slikum samkomum, þar sem friður og eining ættu að sitja i hásæti, og staðurinn griðastaður. Og naumast má það sæmilegt kallast, af manni sem séra Jóni Bjarnasyni. Eða hélt hann máske, að fólkið væri ekki skyn á, hvaða Heimskringlu hann væri að tala um i sambandi við Snorra Sturluson?

Svo er annað, sem ég álit mjög áðþótavant við þessar þorrablóts-samkomur. Það er hvad óhæfilega lítil ræk er lögð við íslenzka tvisönginn. Ég álit það ætti mjög vel við, og jafnvel sjálfsagt, að tvisöngur væri sungin þar, af allri þeirri snild, sem unt væri, og mundi það þykja góð skemtun, og gera blessaðan matinn enn íslenzkari á bragðið. Ég er líka sannfærður um, að hægt væri að fá menn, sem mundu leysa það vel af hendi, svo unun væri á að hlustar. Og ég þykist þess viss, að íslenzku skáldin okkar mundu þess fús, að yrkja undir fallegum tvisöngslögum, sem hægt væri að syngja af meiri list, en átti sér stað á siðasta blóti. Og eitthvað þarf, Helgi magri að bjóða nýtt fyrir næsta þorrablót, ef hann á að fá marga gesti, og ekkert getur hann boðið betra en GLIMJANDI ÍSLENZKAN TVÍSÖNG.

J. K. J.

Norður-Canada

Blaðið "Edmonton Bulletin" dags. 24. febr. sl., flytur svohljóðandi grein um Norður-Canada, er Hkr. hefir verið beðin að taka upp og hér fylgir:

Það er skoðun margra, að sá hluti Canada, sem liggur norðan Saskatchewan árinnar og vestan Hudsons flóans sé óbrúklegur til akuryrkju, og að verðgildi landshluta þessa felist aðallega í timbrinu, sem á honum vaxi, og í málmum, sem þar kunni að vera fólgnir, og í dýrum þeim, sem þar hafast við, og veita þjóðinni gróðu þá, sem reynst hefir á liðnum árum einkar verðmæt til vetrarfatnaðar.

Landflæki þessi er ennþá að mestu óbunnur öðrum en þeim æfintýra mönnum og málmleitendum sem þangað leggjaleiðir sinar árlega í von um uppgrip arðs af dýrum og málmfundum, og öðrum framsýnum mönnum sem í anda sjá þann tíma óðum nálgast, að sá mikli innstraumur fólks úr öllum löndum, sem hingað flytur nú árlega, verði um síðir að leita þangað til aðseturs, þegar alt annað land í Canada er upptekið. Það er á meðvitund þessara manna, að ekki liði mörg ár, þar til landflæki þessi verði keppimark komandi innflytjenda, og að með tímanum verði blómleg bygð með verzlun og iðnaði og alls konar framleiðslu frá ótæmandi auðsuppsprettum, sem náttúran feli í sér í skauti Norður-Quebec fylkis, Keewatin og Ungava héraðanna, og í McKenzie, Peace River og Yukon heruðunum.

Bygðir Canada eins og Bandarikjanna hafa farst að austan og járnbrauta um landið þvert og jafnan orðið samfara lagningum endilangt. Í Canada má svo heita að bygðin sé mest öll syðst i rikinu, en norðurhlutinn allur sem næst óbygður, og mikill hluti hans ennþá ókannaður og ómældur. En eftir því, sem járnbrautakerfin breiða út greinar sínar norður á bóginn, svo fylgist manna bygðin með þeim og nýjar auðsuppsprettur koma árlega i ljós, og iðnaður og verzlunarfjör þrengir sér þar inn, sem áður var eyðirnörk og engin bygð önnur, en villidýra og hraustra rauðskinna, sem haldist hafa þar við frá ómunatíð. Herra R. E. Young, einn af landkönnurum ríkisstjórnarinnar, benti á það í skýrslu sinni árið 1906, að innan skams tíma yrði alt land upptekið í hinum útmældu heruðum Vestur-Canada, og að þá yrði innstraumur fólksins sölilega að beinast i áttina til hins óbygða hluta ríkisins. Eðli mannsins er jafnan, að sækja þar á, sem minst er mótstaðan, og bygðirnar færast þangað, sem mest er landrýmið.

Herra Young gerði uppdrátt af landinu og samdi itarlegar upplýsingar um náttúrlegu auðlegð og framtiðar möguleika landsins. Og Senatið setti nefnd til þess, að athuga eðli þessa landflæki norðan Saskatchewan árinnar og austan Klettafjalla, en vestan Hudsons flóans. Þessi nefnd hóf starf sitt í febr. 1907, og endaði það 30. marz sl. Nefnd þessi safnaði öllum fáanlegum áreiðanlegum upplýsingum, og eru margar þeirra mikilsverðar og áður ókunnar öllum almenningi. Þessar upplýsingar hafa verið prentaðar í bókarformi og eiga að sendast ókeypis frá innanrikisdeildinni i Ottawa hverjum sem þess óskar.

Landflæki sá, sem hér ræðir um, er afarstór. Í Alberta og Saskatchewan fylkjum, norðan Saskatchewan árinnar, er 250 þús. fermilur, — Ungava héraðið hefir 354,965 þús. fermilur, — Keewatin hefir 470,416 fermilur, — og McKenzie 562,782 fermilur, eða alls 1,637,559 fermilur ummáls. En það er talsvert stærra svæði en öll fylkin, sem eru mynduð og að mestu bygð i þessu riki. Allur þessi mikli flæki er nefndur McKenzie dalur mikla. Fengnar upplýsingar sýna, að þetta mikla land flæmi er dýrmætara miklu, en alment hefir verið álitið, og að þar getur hæglega framfleytt akarmikl um mannfjölda. Það er vitanlegt, að mannlegar verur búa á öllu þessu svæði, hér og hvar, og hvað mest norðast i landinu, og sýnir það meðal annars að landið veitir þau gæði, er til lifsnauðsynja teljast. Og þessi gæði mætti margfalda með búnaðarháttum og verklegri þekkingu hvitra manna. Eitt vitni her það, að landið sé víða frjósamt akuryrkjuland. Í Peace River héraðinu segir hann svo mikið af byggilegu akuryrkjulandi en ennþá órækt uðu, eins og nú sé upptekið og bygt i Alberta, Saskatchewan og Manitoba fylkjum öllum samanlögðum. Breden, þingmaður i Alberta sem býr norður hjá Lesser Slave Lake, segir, að i McKenzie héraðinu og norður Alberta, sé fyllilega 100 miliónir ekra af ágætu áburðarlandi. Mörg önnur áreiðnleg vitni, sem á sl. 9 árum hafa ferðast fram og aftur um þenna mikla landflæki, segja, að alt landið, frá suðurenda Lesser Slave Lake til Swan hæðanna svo nefndu, sé hið mndælasta akurlendi, sumstaðar þakið stórskóga beltum, en á milli geasivaxið sléttlendi. Þar vex svo mikið gras og gott, að betra fæst ekki i fjöllunum að vestan austur að Place Point, 700 til 800 milur vegar, og 75 milur út frá henni á báða vegu, — vera fult eins gott og nokkurt land i Saskatchewan-fylki. Mikið af þessu landflæmi er hrein grasslétta, sérstaklega á norðurhlið árinnar, hitt er þakið brúsk-viði og léttum skógi. Á hinni svo nefndu "stóru sléttu" kvaðst herra Braden hafa ræktað hafra og garðávexti i sl. 6 ár. Nautgripi hafði hann haft þar i sl. 5 ár, og innistaða þeirra á gjöfi hefði verið 6 vikur á vetri að jafnaði. Alt landið er vel fallið til griparæktar, og fóðurtegundir allstaðar nægilegar. Ágæt kornuppskera hefir árlega fengist hjá Lesser Slave Lake. Herra F. S. Lawrence sýndi þingnefndinni sýnishorn af No. 1 hveiti, sem hann ræktaði i Peace River héraðinu árið 1906. Það var tekið úr kornbúri Hudsons flóa félagsins hjá Vermillion, sem þá hafði 22 þús. bush. Því var sáð frá linu Lagoda hveiti en hefir svo harðnað og batnað við ræktun þar vestra, að það ber nú eins gott hveiti og nokkursstaðar viðri veröldu, sumstaðar 6—7 feta hátt, og allstaðar umhverfis vatnið er hið bezta og frjósamasta akuryrkjuland. Þetta háa gras, sem hér var nefnt, vex á hálendi og gefur 4 tons af hverri ekru. Margir menn, sem um hérað þetta hafa farið, segja, að það sé bezta landspilda, sem þeir hafi séð i Canada.

Suður af Lesser Slave Lake er landið alt öldumyndað sléttlendi með litlum skógarbeltum hér og þar og milli vatnsins og Smoky ár er landið skóglaust, en meðfram ánni vex stór skógur, þar er og land einkar vel fallið til akuryrkju beggja megin árinnar og langt út frá henni. Herra Breden, sem mikið hefir ferðast um land þetta, segir landið meðfram Peace ánni, frá langt af tegund þeirri, sem þar var sáð upphaflega, og er nú orðið eins hart og Red Fife hveiti. — Hann tók fram, að þó landið, væri nefnt Peace River dalur, þá væri það i raun réttri breið háslétta, 300 milna breið og 700 til 800 milna löng. Sléttan væri um þúsund fet yfir árbotninn. Frá þessari sléttu liggur vegur, milu langur, frá sjálfum árbökkunum niður að

Íslenzki Goodtemplarafélagsskapurinn í Winnipeg.

Ávalt þegar hreyfing til einhvers félagsskapar eða fyrirtækis myndast hjá hvaða þjóð sem/er, ætti það að vera fyrsta og helzta spurningin, sem þeir, er fyrir því gangast, legðu fyrir sjálfa sig: Að hvaða gagni, í andlegu og efnislegu tilliti, getur þessi félagsskapur orðið meðbræðrum vorum, og hvernig þurfum vér að honum að vinna, svo hann geti náð þeim tilætlaða og eftirþráða tilgangi?

Eins og vér allir vitum, þá er annar fjölmennasti félagsskapurinn hér í þessum bæ, íslenzki Goodtemplaraskapurinn, sem skiftist aðallega í þrjár deildir (stúkur), sem allar til samans telja frá 7—8 hundruð meðlima, fyrir utan barnastúku, sem nýlega var stofnuð, og mér ekki kunnugt um, hve fjölmenn er.

Á það, sem sérstaklega vakti fyrir mér, er ég tók pennan í hönd til að rita fáeinar línur um félagsskap þennan, var það, að athuga með nokkrum orðum ástand og starfsaðferð hans, eins og það hvorttveggja er nú þann dag í dag. Eins og þegar hefir verið bent á, er hann orðinn svo fjölmennur, að fylsta ástæða er til þess, að hann ætti heilmikið til sín taka í því máli, sem aðallega er grundvallarmarkmið hans, nfl. útrýming áfengra drykkja úr landinu.

Það er ætið sjálfsagt, að þegar menn byrja á einhverjum umbótum, að þá litist menn fyrst um í kring um sig í sínu eigin sveitar eða bæjarfélagi, og hyggi að hvort nokkuð sé þar, sem þeim sérstaklega beri að rannsaka og láta til sín taka um.

Þar sem flestum mun vera það ljóst, að hér í þessum bæ eru þrjú eða fjögur ölgerðarhús (Breweries), og að minsta kosti sum af þeim hafa nú þegar svo árum skift úr gert sig sek í óleyfilegri vínsölu, þannig, að þau þar á staðnum selja áfenga drykki í lokuðum flöskum, hverjum sem þess óskar, eins og á hóteli, sem hefir löggilt vínsöluleyfi.

Hvað gera bindindisfélögin íslenzku hér í bæ, til að stemma stigu fyrir þessu?

Mér vitanlega ekki nokkurn skap aðan hlut.

Á meðan síðasta fylkisþing stóð yfir, þá var því send bænarskrá og undir hana fengnar undirskriftir, sem flestra atkvæðisbærra manna í þess efnis, að hóteleigendur ekki hefðu leyfi til að selja neina áfenga drykki eftir kl. 6 eftir hád., ásamt ýmsum fleiri ákvörðunum viðvíkjandi vínsölunni.

Nú halda menn sjálfsagt, eins og eðlilegt er, að bindindisfélögin hér hafi tekið sig fram um þetta, en því er alls ekki svo varið.

Bænarskrá þessi var rituð og send til almennings til undirskrifta af ensku prestunum hér í bæ, og áttu Goodtemplarar þar ekki hinn minsta þátt í, því það er ekki ann að hægt að sjá, en þeir vilji ekki svo mikið sem leggja tvo fingur í kross vínsölubannsmálinu til stuðnings eða framgangs.

Nú verður mönnum náttúrlega fyrir að spyrja, hvort sé þá aðalmarkmið þessa félagsskapar.

Eg er nú þegar búinn að standa rúmlega ár í félagsskap þessum, og það, sem mér hefir virzt að mest áherzlan vera lögð á, er það, að ná sem flestum meðlimum, ekkert verið að nugsa um það, hvernig þessir meðlimir séu, heldur að eins það, að fá sem hæsta höfðatölu. Þannig var það, minsta kosti í stúkunni "Skuld" á meðan ég tilheyrði henni. En hverjum þeim félagsskap, sem einungis hugsar um hækkandi höfðatölu, en hættir að láta sig nokkru skifta aðalstarf sitt og markmið, ekki sízt þegar því er þannig varið, að það á að vera til eflingar siðmenningar og andlegra og efnislegra framkæmi fólksins yfir höfuð, þá verður hækkandi höfðatala þess félagsskapar honum til stækkandi vanvirðu í augum allra skynberandi og hugsandi manna, og þetta álít ég að sé aðalorsökin til þess megna ýmisgusts, sem ýmsir hafa út í frá á félagsskap þessum.

Einnig er ástæða til að ímynda sér, að félagsskapur sá, sem þarf að hafa fundi með sér þrisvar á hverri viku, hafi eitthvað mikið og markvert að gera, en af því ég nú þegar hefi fulla ársreynslu fyrir mér í því, hvernig fundir þessir vanalega eru, þá skal ég leyfa mér að fara um þá fáeinum orðum. Það er þá fyrst að segja, að þeir eru hér um bil undantekningarlaust, að eins skemtisamkomur, þar sem ekkert alvarlegt orð eða hugsun má koma í ljós, því þá ler vanalega að koma úlfúðar og leiðindasvipur á yngra fólkið — og af því er flest — og fer þá jafnvel að týgja sig til brottferðar. Það, sem það helzt vildi gera, er að hlægja, flissa og kjá hvert framan í annað og láta allskonar fíflalátum, en aldrei að tala orð af viti, eða sýna alvöru í nokkrum hlut eða fyrir nokkru málefni, og hér í liggur aðallega innihaldsleysi og þýðingarleysi þessara funda, frá mínu sjónarmiði.

Eitt af allra verstu meinum þessa félagsskapar virðist mér vera það, hvernig allir leiðandi mentamenn þessa bæjar, hér um bil undantekningarlaust, sneiða hjá honum og vilja ekki leggja honum nokkurt lið, því þar af, að mínum dómi, kemur andleysið, alvöruleysið og þessi heimskulega og flysjungslega framkoma fólksins á fundunum, að þar eru engir mentaðir og hugsandi menn, sem leiðbeini fólkinu og komi sniðlegu og skipulegu formi á fundahöld þessi. Þeir fáu menn, sem tilheyra að nafninu til félagsskap þessum, sækja sjaldan og aldrei fundi, því þeir kenna sig sjálfsagt ekki menn til að brjóta á bak aftur skrílsháttinn og heimskuna, sem nú í svo stórum mæli skipa öndvegið í félagsskap þessum. Eg hefi heyrt ýmsa málsmetandi menn, sem stað ið hafa í félagsskap þessum, segja, að þeir hefðu aldrei getað varið tímanum jafnilla eins og að sitja hállan þriðja klukkutíma á fundum þessum, og fyrir það hefðu þeir við félagsskapinn skilið, að þeim hefði fundist fólkið hegða sér svo heimskulega.

Ef að þessi félagsskapur hér í bæ á að ná tilgangi sínum og verða það siðmenningarafl, sem hann getur verið, þá verður hann að taka gagngerðum breytingum frá því, sem hann er nú, því hver sá félagsskapur og hver sá maður, sem ekkert æðra markmið hefir en það, að sjúga út úr lífinu þær lægstu og auðvirðilegustu nautnir, sem það hefir fram að bjóða, verður aldrei sjálfum sér eða öðrum að liði, heldur þvert á móti, til andlegs og líkamlegs niðurdreps.

Hver ráð myndu nú vera til þess, að laga þetta eitthvað? Það er alt af nauðsynlegt, að sjá meinsemdirnar og komast fyrir upptök þeirra, til þess að auðið sé, að fá lækning á þeim, en undir þessum kringumstæðum er það nú þrautin þyngri, en þó vil ég ekki láta þess ófreistað, að reyna að benda á eitthvað, sem félagsskap þessum mætti að liði verða, og er það þá það fyrsta, sem mér kemur til hugar, að félagsmenn fari að starfi með meiri áhuga og alvöru fyrir aðalmálefni sínu, bindindis málefninu, og fái í lið með sér sem flesta af leiðandi mönnum meðal Íslendinga hér í Winnipeg, svo sem prest ana, lögmennina, ritstjóra beggja vikubláðanna, ásamt öðrum leiðandi leikmönnum. Því eins og ég benti á hér að framan, þá er það eitt af hinum allra verstu meinum í félagsskap þessum, að hann vant ar alla forustu og leiðsögn sér betri manna. Síðan verða menn, að snúa þannig við blaðinu, að láta skemtanirnar vera sem aukatriði, en ekki eins og hingað til hefir átt sér stað, að hafi það komið fyrir, að eitthvert alvarlegt mál hafi þurft að takast til meðferðar, þá hefir það orðið að sitja á hakanum, að ónytsamar og ónauðsynlegar skemtanir hafa orðið að sitja í fyrirrúmi. En til þess að það geti breytzt verður hugsunarháttur fólksins að breytast, og það er aðalatriðið.

Enginn skilji orð mín svo, að ég sé að halda því fram, að engar skemtanir séu um hönd hafðar, þær eru nauðsynlegar í hverjum félagsskap, en að eins verður þess að gæta, að þær ekki gangi fram úr hófi.

Enn er það eitt, sem getur verið gott og uppbyggilegt, að kynna sér reglur og starfsami annara samskonar félaga, ekki einungis hér í bæ, heldur og jafnvel erlendis. Vera sér úti um skýrslur um það, hvar bindindisstarfsemin er lengst á veg komin, jafnframt skýrslur um það, hve miklu fé sé árlega eytt fyrir áfenga drykki meðal hinna ýmsu þjóða heimsins. Þegar þannig er farið að starfa, þá er líka innþyrðis í félagsskapnum, sannur áhugi vaknaður fyrir því, hvað honum samkvæmt grundvallarstefnu sinni, einkum og og sérstaklega beri að gera, og þá munu fljótlega sjást blessunarríkar afleiðingar þannig lagaðrar starfsemi. Til þess, að hugsanlegt sé, að koma á algerðu vínsölubanni og hindra tilbúning áfengra drykkja í hvaða landi sem er, þá er nauðsynlegt fyrir hvern þann félagsskap, sem að því vinnur, að leitast við eftir því sem honum vex fiskur um hrygg, að hafa áhrif á stjórn landsins og löggjafarvald, því algert vínsölubann fæst aldrei nema með aðstoð stjórnar og löggjafarvalds. Það er því eitt af því, sem bindindisfélögin sérstaklega ættu að hafa hugfast, að koma fulltrúa úr sínum flokki inn á þing, svo fljótt sem auðið er, og reyna að láta þeim fara fjölgandi eftir því sem ástæður leyfa. Öll önnur starfsemi í bindindisáttina, en þessi, er í raun og veru að eins kák, því skýrslur úr ýmsum bæjum og frá ýmsum stöðum sýna það, að þar sem bindindisfélagsskapur er orðinn talsvert fjölmenn ur og vel á veg kominn, þá eru fjárupphæðir þær, sem varið er til áfengiskaupa, alveg eins háar eins og þá, er enginn bindindisfélagsskapur var þar til.

Að endingu skal ég taka þá fram, að það gæti verið heppilegt aðferð, að birta í opinberum blöðum gerðir bindindisfélaganna yfir hvern ársfjórðung, og leggja þá minni áherzlu á meðlimafjölda, heldur en á það, hvað félagsskapurinn hefir gert og afrekað fyrir sitt eigið málefni, því verkin sýna merkin, en höfðatalan ekki.

Sigtryggur Ágústsson.

Fréttabréf.

QUILL PLAIN,
6. marz 1908.

Heiðraði ritstj. — Viltu gera svo vel, að ljá þessum fáu línum rúm í blaðinu. Ekki býst ég samt við, að þær verði við hæfi lesenda blaðsins, eða ekki að minsta kosti höfundar greinarinnar "Bersögli". En ég skrifa línur þessar mest til þess, að fólk viti, að ég er ekki höfundur greinarinnar "Frá Foam Lake", sem sumir héldu að ég væri. Sem betur fór vissu þeir brátt hið sanna, því höf. áminstrar greinar var of berorður um sum atriðin til að leynast fyrir fólkinu lengi. Og mér finst sú grein varpa meiri skugga á höfundinn, heldur en blaðið, sem fiutti hana. Til hvers er mál- og prentfrelsi, ef að þetta góðuga söguskáld hefði hvergi fengið prentað sína skáldlegu hugmynd? Ekki ætla ég að segja margt um skáldskapinn, að eins benda á eitt atriði, sem þar var ekki rétt, að ég held, — það, sem sé, að "Gísli Bildfell hafi keypt þreskivél með 22 hesta gufu afli", sem hefir víst átt að vera 24 hesta gufuafl. Eins finst mér leiðinlegt, að hann skyldi ekki minnast á skrifara og féhirðir fyrir þetta vegabóta hérað, úr því hann telur upp alla "Councilors". Mr. John Janusson hefir þá stöðu.

Við, sem tökum póst að Quill Plain, erum örfáir. Er þetta pósthús á milli stórvatnanna Foam og Fishing Lake, svo við teljumst með Foam Lake bygðinni að austan. Héðan er fátt að frétta, sem stórtíðindum sætir Heilsufar fólks er í bezta lagi. Fénaðarhöld mjög góð, og veturinn afbragðsgóður fram í miðjan febr., þá brá til snjókomu með vægu frosti samt. Heyskapur varð fremur góð ur, þó vætusamt væri. Attu menn því töluverð hey, og varð sumum það dálítil peningaleg hjálp, því um eða fyrir jólin settist að úthald G.T. félagsins hér við Fishing Lake með 300 mjúla og 50 hesta, og keyptu þeir 305 tons af heyi á 6 og 4 dollara, einnig hafra á 25c bush. Þessar fóðurtegundir urðu meiri til en þeir þurftu, svo salan hætti algerlega um nýár. Nú eru þeir farnir að kaupa hafra á 28c bushelið.

Tveir landar hafa fiskað í vatninu Fishing Lake og einn Svíi, en afli hefir verið mjög lítill.

Safnaðarlíf vaknar með vorinu, því nú kvað vera ráðinn prestur fyrir sölnuðina, sem hér erú mynd aðir. Séra Einar hefir messað við og við, og finst mér leitt, að hann varð ekki þjónandi prestur hér, með því líka, að hann er búsettur í bygðinni. Framfarir eru ekki stórstigar að öðru en því, að í orði er að byggja stórt bygðar Hall, enda er varla að búast við miklu, því alt af þarf peninga til stórframkvæmda.

Stóra verzlunarbúð eru tveir landar byrjaðir að byggja í Foam Lake bæ, J. Vium og O. Pétursson, þeir eru einir af okkar beztu mönnum, og vonum vér því einlega góðs af þeim.

Til bæjarins er nú járnbraut komin, fyrir dugnað vissra manna í þessari bygð hefi ég heyrt, eða það sýndi sagan í Hkr. no. 19. Það sýndist nú vera hart af þeim, að drífa auminga C.P.R. félagið um hávetur út í snjóinn og raddinn til að leggja bönd og stál. En samt er nú þetta voðaverk búið, þó það hafi gengið ofurhægt stundum, því oft hefir þá vantað þur viðarbönd og stundum stál. Og nú syngjum við allir Hósíanna. En svo er annar 4 eða 5 ára gamall "dompur", sem sama félag á, grasi gróinn og fornfálegur, og stefnir að stórbænum Prince Albert. Engum hefir dottið í hug, að biðja stórfélag það um viðgerð á honum. Og þó er talið alveg víst í 4 eða 5 sinn núna í vor, að félagið muni fara að stumra yfir honum. Ef þetta reynist satt að vera, mun ég eftir að alt er komið á fljúgandi ferð, ferja Mr. Whyte út í Eyland í berjamó alveg frítt, fyrir dugnaðinn. Við fátækari bændurnir höfum því láni að fagna, að efnaðri bændurnir eru okkur mjög hjálplegir. Þessir fáu bændur, sem voru hér áður en innflutningur varð almennur, eru orðnir vel af fyrir dugnað, hagsýni og sparnað. En þeir vita ekkert, hvað það er, að hafa lítil efni, eða þá í öðru lagi, að þeir hafa mannkærleika í fullum mæli, sem ég held að sé öllu heldur, því þeir gera mikið gott bæði í gestrisnu og gjöfum til allra og ekki sist þurfamannsins. Ég óska, að þeirra hagur megi standa ætið sem bezt.

Velmegun þessa pláss hygg ég sé svo bezt borgið, að við höfum frítt gras fyrir skepnurnar, því áreiðanlegt er það, að hér er bezt hvort með öðru, gripir og hveiti. Við munum fyrirbyggja hjarðlóg í það ítrasta, þó þeim kunni að falla þau vel vestur í bygðinni, þar er langt frá því, að fjöldinn hér vilji hafa þau. Flestir hafa dálítið af gangandi fé, og hefir það reynst þeim drjúgasti arðurinn þetta umliðna ár, og svo getur það orðið óttar.

Enda ég svo þessar línur og bið vini mína að hafa mig afsakaðan af þeirri tilgátu, að ég hafi skrifað áminsta Foam Lake grein. Því þó ég hefði gengið á háskóla í 5 ár og á Svartaskóla í 10 ár, hefði ég aldrei látið mér detta í hug, að leysa það listaverk af hendi.

K. Ólafsson.

KONAN (eftir að hafa verið að heiman um tíma): "Fanst þér bóndanum mínum leiðast nokkuð eftir mér á meðan ég var í burtu?

VINNUKONAN: "Já, frú mín góð, ég tók ekki eftir því fyrri en í dag, að hann sýndist vera óþreyjufullur".

Pétur Nikulásson og Valgerður Nikulásdóttir, börn Nikulásar Péturssonar, frá Bakka í Hólmi í Skagafirði, eru vinsamlega beðin að gefa Heimskringlu tilkynningu um heimilisfang sitt.

Unga stúlkan telur mínútúrnar, þangað til elskhugi hennar kemur, en piparmeyjan telur árin síðan hann fór fra henni.

Fræ

VER ERUM STÆRSTU FRÆ-SALAR Í VESTUR CANADA. SÉRHVER HYGGINN VERZLUNARMAÐUR HEFI McKENZIE'S FRÆ BIÐJIÐ UM ÞAÐ. ÞIGGIÐ EKKERT ANNAÐ EF KAUPM YÐAR HEFIR ÞAÐ EKKI ÞÁ PANTIÐ ÞAÐ FRÁ OSS. VÉR GEFUM ÚT ENSKAN VERÐLISTA MEÐ MYNDUM — "CATALOG."

A. E. McKENZIE Co.
Limited
BRANDON, MANITOBA
CALGARY, - ALBERTA
Adal Fræsolumenn Vestur-Canada

Hefir þú borgað Heimskringlu?

Kjörkaupa-listi

Victor st., 6 herbergja hús $1600
Toronto st., 7 " nýtísku hús með öllum þægindm $500 niðurborgun. 2800
Simcoe st., — 7 herbergi, 2900
Beverley st., 7 herbergja nýtísku hús á 3000
Home st. nálægt Portage, 25 feta lóðir, á $25 fetið

W. P. RODGERS,
608 McIntyre Blk. Fón 6474.
27-5 8

Hinir áreiðanlegustu — og þar með hinir vinsælustu — verzlunarmenn auglýsa í Heimskringlu.

Ódýr eldiviður en góður

Jón Finnbogason, 678 McGee st., hefir 300 Cords af bezta þurru Pine og Tamarac, sem hann selur með allra lægsta verði, sem hægt er að kaupa við fyrir, — eða heldur lægra. Sjáið reynið og sannfærist.

bundnu máli og yrkið til mín, Caren lávarður".

Margt af kvenfólkinu stóð upp, en enginn fylgdi hertogainnunni. Allir vissu, að hún vildi ekki láta ónáða sig, þegar hún tók sig út úr á annað borð.

Lady Aðalheiður hafði heyrt á tal hennar við mann sinn, og sömul iðis kafteinn Randolph.

"Má ég yrkja til yðar, Lady Aðalheiður? spurði hann.

"Ónei, þakka yður, ég læt mér nægja óbundið", sagði hún.

"Alisa, viljið þér koma með mér, golan frá ánni er svo svalandi".

Hún vildi hafa Alisu með sér, svo hún og kafteinn Randolph væru saman útí á svölunum. Hún vissi, að það var Alisu hin mesta gleði, að geta verið hjá honum.

Hún talaði við Alisu þannig, að hæfileikar hennar komu sem bezt í ljós, svo kafteininn sæi, hve sannan gimstein hann fengi, þar sem hún var. Lady Aðalheiður þóttist viss um að Alisu leizt vel á hann.

Hún reyndi af fremsta megni, að gera aðra hamingjusama, á meðan allur hennar hugur og hjarta dvaldi á þeim svölunum, sem enginn sýndist þora að fara á.

Hertoginn var að ræða um stjórnmál við nokkra gestum sínum. Hann hélt að kona sin myndi skemta hinum gestunum, en hann hafði ekki hugmynd um, á hvaða hátt hún gerði það.

Hún hafði dregið fortjaldið, sem skildi svalirnar frá salnum, niður. Það var næstum nidamyrkur. Golan færði með sér blómangan og einstaka fugl heyrðist syngja. Hún sat og sneri sér að ánni, brosið var horfið af andliti hennar og þunglyndisblær kominn í staðinn. Hún var óneitanlega fögur, er hún sat þar í kveldkyrðinni. Alt var svo rólegt, að Caren lávarður sýndist ekki vilja rjúfa þögnina.

"Ég get ímyndað mér", sagði hún loks, "að ef við hefðum gifst, þá hefði meiri partur af lífi okkar liðið í þögulli hamingju. Þegar ég er ein hjá yður, finst mér ég falla í algleyming. Ég skil ekkert í, af hverju það kemur".

"Mér finst það sama", sagði hann.

"Ég ímynda mér helzt, að það stafi af því, að við dáustum að því sama, og við skiljum hvort annað svo vel, að við þurfum ekki að brúka nein orð".

"Það er vel trúlegt", sagði hann.

"Ég er því tilfinninganæmari, sem ég læt þær sjaldnar koma í ljós".

"Ég ímynda mér, að flestir haldi tilfinningum sínum leyndum", sagði hann.

"Þeir eiga bezt, sem engar tilfinningar hafa, rólegt, kaldlyndt fólk, sem hvorki þekkir til fullkominnar sælu, né til hinnar djúpu örvæntingar".

"Er það alvara yðar, Nita, að álíta þær manneskjur hamingjusamastar?"

"Já, áreiðanlega. Hvað gera ástríðurnar annað gott, en setja hrukkur á enni okkar, reka roskna á flótta og setja grá hár í höfuðið löngu fyr en ellin kemur til sögunnar? Nei! þér megið reiða yður á það, að allar geðshræringar eru mjög skaðlegar".

Ninore D. Enelos, sem varnaðarræg fyrir fegurð sína, hélt henni til dauðans. Haldið þér að hún hafi nokkurn tíma grátið af sorg, eða hennar svikinu vonir hafi blegið eins og margur gera? Nei, sá sem vill halda fegurð sinni, verður að varast alt því um líkt".

"Þér eruð undarlegur lærimeistari, Nita. Hugsið þér til að ganga í gegn um lífið, án gleði og án mótgangs?"

Hún stundi þungan. "Ég mun aldrei njóta neinnar ánægju, og ég hefi liðið verstu kvalir".

Hún færði sig nær honum, og talaði í hálfum

hljóðum við hann. Hún horfði til himins, talaði um stjörnurnar. Hún horfði út á ána, og talaði um það sem hún nefndi hinn fagra söng hennar. Hún talaði um alt, sem hún vissi að mundi hrifa hann, þangað til henni tókst að töfra hann, svo að hann gleymdi öllu nema nærveru hennar.

Hún tók strax eftir þvi. Hún sá leiftri bregða fyrir í augum hans, og hún brosti sigrihrósandi.

"Nú hefi ég hann á valdi mínu", hugsaði hún. En í sama bili var tjaldið dregið til hliðar og Lady Aðalheiður stóð hvítklædd fyrir framan þau. Hin hreina, rólega framkoma hennar, var blessun fyrir lávarðinn. Töfrarnir, sem hann var í, hurfu burtu og urðu að engu, er hann sá konu sína.

Hann stóð upp. "Komdu og littu á ána. Aðalheiður", sagði hann. Hún laut yfir grindaverkið og horfði á strauminn. Svo sagði hún: "Áin er mjög falleg. En, Allan, það er víst orðið mjög framorðið. Mér sýnist líka hertogainnan vera þreytt".

"Nei, það er nógur tíma eftir ennþá, sagði hertogainnan. "Það bezta við þessar Richmond ferðir er, hvað þær enda seint".

En lávarðurinn hafði tekið hönd konu sinnar, og sagðist vilja fara að halda heim. Aftur hafði hertogainnan tapað.

Ó, hvað hún hataði hina góðlyndu, fögru Aðalheiði! Því verður ekki með orðum lýst. Hún brosti framan í hana, en þó hefði hún helzt viljað kremja hana í sundur. Hún skildi vel, að hún ætlaði sér að gæta manns sins fyrir henni.

"Það verður þlóðugt stríð á milli okkar", sagði hún við sjálfa sig, "en að lokum sigra ég. Útlitið er mikið betra á mína hlið". En rétt á eftir, þegar hún heyrði, að lávarðurinn ætlaði að keyra heim með konu sinni, var hún ekki eins viss um sigur sinn eins og hún hafði verið áður.

XXXIX. KAPÍTULI.

Sæmkvæmistíðin í London hafði verið mjög svo skemtileg þetta ár, en nú var hún nærri á enda. Oftar en einu sinni hafði hertoginn af Ormont talað um að flytja í burtu, en þá hafði kona hans alt af sagt: "Við skulum vera dálítið lengur, hér er svo skemtilegt og svo margir vinir okkar hjá okkur".

Hún gat ekki hugsað til þeirrar stundar, er hún yrði að sjá af Caren lávarði. Það var orðið að vana fyrir þeim, að sjást á hverjum degi.

Hún sagði satt, er hún kvaðst hafa svæft hann. Hún kunni til fulnustu þá list, að fjötra það sem hún vildi. Jafnungur og óreyndur, sem lávarðurinn var, gat ekki hættulegra kvendi orðið á vegi hans. Hún notaði öll tækifæri, og hafði ávalt net sitt úti. Hún bar undir hann hvað lítið sem var Hún lét sem hún áliti hann sem eldri bróðir sinn, sem hún bæri hina mestu virðingu fyrir, en hún vaktaði einnig hverja hans hreyfingu og hvert hans orð, og svo blakkaði hún yfir, hve vel henni tókst að snara hann.

"Einhvern dag mun hann vakna og finna, að eng inn fugl í búri er meiri fangi en hann" hugsaði hún.

Hún kom því ávalt svo kænlega fyrir, að engan grunaði neitt. Fólk áleit þau bara góða kunningja, og hefði einhver álitið, að meira byggi undir, hefði hann mátt hlægja að sjálfum sér. En Lady Aðalheiður og kafteinn Randolph sáu vel, hvernig í öllu lá. Hún gat ekki kastað ryki í augu þeirra.

"Það var orðið að vana, að Caren lávarður fylgdi hertogainnunni ávalt, þegar hún reið út, og

Kennara

íslenzkan vantar við Diana S. D. No. 1355 (Manitoba), frá 15. april næstk., eða að minsta kosti frá 1. maí, í 6 eða 7 mánuði. Umsækjendur verða að hafa 3. eða 2. stigs "Professional Teacher's Certificate" og eru beðnir að greina frá æfingu sem kennari, og hvað mikið kaup óskað er eftir.

Antler, Sask., P.O. Box 145.

MAGNUS TAIT,
Sec'y-Treas.

Gott kjöt.

Allir þurfa að borða "gott" kjöt um þennan tíma árs. Og ef þú vilt vera viss um að fá "gott" kjöt þá pantaðu það frá

C. G. JOHNSON
Telefón 2631
Á horninu á Ellice og Langside St

WINNIPEG Business College

FÉKK FYRSTU VERÐLAUN Á SAINT LOUIS SÝNINGUNNI.

Cor. Portage Ave and Fort St.

Kennir Bókhald, Vélritun, Símritun, Byr undir Stjórnbjónustu o. fl. Kvöld og dag kensla. Sérstök tilsögn veitt einstaklega. Starfshögunar-skrá frí.

Winnipeg Selkirk & Lake W'peg Ry.

LESTAGANGUR:—

Fer frá Selkirk — kl. 7:45 og 11:45 f. h., og 4:15 e. h. Kemur til W'peg — kl. 8:50 f. h. og 12:50 og 5:20 e. h. Fer frá W'peg — kl. 9:15 f. h. og 1:20 og 5:45 e. h. Kemur til Selkirk — kl. 10:20 f. h., 2:35 og 6:50 eftir hádegi.

Vörur teknar með vögnunum aðeins á mánudögum og föstudögum.

Cancer Cure.

R. D. EVANS, sem fann upp hið viðfræga lyf til lækninga

krabbameinum

óskar að allir sem nú þjást af krabbameinum, skrifi sér. 2. daga notkun meðalsins, læknar útvortis eða innvortis krabbamein. Skrifið strax til R. D Evans, Brandon, Man. 27-3-8

BRANDONS VINSŒLASTA GISTIHUS

EMPIRE HOTEL

E. J. PELTIER, eigandi

Hefir öll nútíðar þægindi. Reynið þetta gisti-hús. Á bezta stað í borginni. Lang-vega telefón 1.55. Sample rooms.

725—731 ROSSER AVE.
BRANDON, MAN.
21-5-8

Woodbine Hotel

Stærsta Billiard Hall í Norðvesturlandinu Tíu Pool-borð.—Alskonar vín og vindlar.

Lennon & Hebb,
Eigendur.

Svar.

Í 23. tbl. Hkr. sé ég, að einhver mér alls óþektur náungi — Sigtryggur Ágústsson að nafni, — hefir sett sig í dómarasætið og felt allharðan dóm yfir kvæði mitt er sungið var á hinni síðustu þorrablóts samkomu Helga magra félagsins hér í bænum. Jafnvel þótt grein hans sé tæpast svaraverð, sökum þess, að dómsástæður hans eru mestmegnis ónerkar hártoganir og útúrsnúningar,— og sem ég veit, að öllum skynbærum mönnum hlýtur að verða ljóst er hana lesa, — get ég ekki algerlega leitt hjá mér, að svara fáeinum orðum.

Hann byrjar á því, að telja mig ekkert skáld og tæpast hagyrðing. Slíkt læt ég mér nú liggja í léttu rúmi, því "það verður ætíð hver að koma til dyranna sem hann er klæddur". Ég hefi aldrei gengið á skóla eða verið til menta settur, og hefi því ekki búist við, að ljóð mín mundu þykja bera á sér neinn sérstakan listablæ, allra síst í augum hinna spreuglærðu stórspekinga, í hverra flokki greinarhöfundurinn mun vilja láta telja sig. Ég hefi sjálfur aldrei talist vera stórskáld eða hrokast upp af kveðskap mínum; alþýða hefir tekið honum vel, og það er mér fyrir mestu. Þesta umræddu kvæði gerði ég fyrir bón kunningja minna, um tiltekið efni, undir tilteknu lagi; þeim líkaði það vel og létu ánægju sína í ljósi við mig yfir því; og get ég þó ekki — með allri virðingu fyrir hinum heiðraða dómara — annað en álitið dómgreind þeirra engu siðri en hans og suma þeirra langt um fremri.

Þá koma hártoganirnar: Hann segir: "Báran á sæ breytist ekkert, hún er alt af sömu og jöfn og rís alt af á ný, í henni er alt af hið sama efni og hún er alt af framknúð af sama afli". Menn mættu halda, að maður þessi hefði aldrei séð "báru á sæ", en slíkt getur þó vart átt sér stað því hann mun hafa komið hingað til lands austan um Atlantshaf, og líklega farið sjóleiðina, heldur en svo hátt upp í loftið, að hann hafi ekki getað eygt sjónn, enda þótt hann kunni að vera hafleygur. Ég hefi marga báruna litið um dagana, en enga séð, sem ekki hefir tekið, sífeldum breytingum, ýmist fallið eða risið og breyzt alla vega að útliti, og vita þó allir, að hún breytir ekki eðlum. Getur nokkur sá sagt, er séð hefir sjólnn blælýgnan og slettan, og einnig í hinum mestu hamförum upp æstan af stormi, að hann hafi enga breyting tekið? Og vita þó allir, að frumefni hans eru ætíð hin sömu. Þannig mætti nefna ótal margt fleira, sem breytist allavhega að útliti, þó í því sé ávalt hið sama efni.

Þá kemur næst sem hann finnur mér til foráttu, að ég nefni þór alþýðugoð. En ég held fast við þá staðhæfing, að allir Ása guðirnir æðstu hafi verið alþýðugoð, þar sem Ása dýrkun átti sér stað, því alþýðan tilbað þá alla og trúði á þá, og ekki hvað sist á þór, enda voru honum helguð fleiri hof en nokkrum hinna Ásanna, bæði á Íslandi og víðar á Norðurlöndum, meðan Ásatrú var í heiðri höfð, sem varði um langan aldur. Og á hann hétu jafnt konur sem karlar, ríkir og snauðir. Eitt er meðal annars, sem má marka af hvað hann var alþýðu kær, að við ekkert goðanna voru tengd jafnmörg nöfn, karla og kvenna, eins og við þórs nafnið, bæði að fornu og nýju. Þetta hélt ég hver heilvita Íslendingur ætti að vita. Til frekari sönnunar þessu atriði skal ég tilfæra þær setningar úr ritgerð háskólakennara Dr. A. Olrik, sem mér barst í hendur nú samstundis þær hljóða þannig:

"Þór er verndargoð gegn tröllskap, sjúkdómum og allskonar hættum, að nokkru leyti líka akuryrkjugoð". Og ennfremur:

"Þór hefir fengið mjög skýra mynd, ekki að eins sem hinn þrúðgi Ás í trúsögnunum með gleðibragðinu, heldur og þýðing hans fyrir trúarlífið. Hann var verndargoð gegn öllu illu. Í trúsögnunum er hann sá, sem eyðir tröllum og jötnum, og í trúarlífinu heita menn á hann gegn sótt og hungri, og með hamarsmerki hans vígja menn sig frá vöggu til grafar, og setja það svo á sjálfa gröfina til vernar grafarhelginni. Hann verndar og þinghelgina, og þegar vikuskiftingin komst á, varð þórsdagurinn hinn almenni þingdagur. Hér við bætist, að hann, frá því að vera þrumuguð, er orðinn veðurguð, og að á hann er heitið til afls, svo hann verður líka herguð og garpa, sem hafa mætur á kröftum í köglum. Yfir öllu hans athæfi er ennfremur kátínu og lagsmenskubragur. Hann er öflugur og hjálpsamur vinur og verndari mannkynsins".

Þetta held ég nægi til að sýna, að fleiri en ég hafi þá skoðun, að Þór hafi verið tignaður og tilbeðinn af alþýðu manna á Norðurlöndum og víðar, í heiðni.

Þá kemur trúarvandlætarinn fram á sjónarsviðið og bregður mér um "goðgá", sem hann þykist byggja á því, að ég undanskilji ekki guð almáttugan, þar sem ég segi, að guðirnir verði gamlir og geti, sem mennirnir, orðið fyrir áhrifum ellinnar. Satt að segja kom mér ekki til hugar, að nokkur maður væri svo einfaldur, að hann misskildi orð mín þessi, enda þekti ég ekki greinarhöfundinn þá, og verð ég því að biðja velvirðingar á því, að ég lét enga skýring fylgja. Ég hefi aldrei heyrt þann almáttuga guð, sem vér trúum að til sé og stjórni alheiminum, talinn meðal hinna mörgu goða eða guða, sem menn af ýmsum þjóðum, á ýmsum tímum, hafa tignað og tilbeðið um lengri eða skemri tímabil, og sem bæði að fornu og nýju eru ýmist kölluð goðin eða guðirnir í fleirtölu. Ég hefi ætíð álitið þann eilífa sanna guð ekkert eiga skylt við þá guði, enda aldrei heyrt það nafn nefnt í fleirtölu. En líklega álítur greinarsmiðurinn það miður vísindalega rétt.

Ég ætla svo ekki að fjölyrða um þetta meir. Ég vona, að ég hafi með línum þessum leitt rök að því, hvor réttast hefir fyrir sér í þessum áminstu atriðum. Að endingu læt ég greinarsmiðinn vita, að þó aldrei nema hann kunni að byrja á nýrri áreitni við mig, býst ég ekki við, að svara honum framar. Ég álít að þetta frumhlaup hans sé mér sprottið af framhleypni og fávizku, en öðrum verri hvötum, og get því vorkent honum.

S. J. Jóhannesson.

Úr bréfi frá Alberta nýlendu, 2. marz 1908: "Fróttir skrifa ég engar í blaðið. Tíðarfar hefir verið líkara vorveðráttu en vetrar nú um undanfarinn tíma, ber ángur og hörsl með vagna, og sem sagt eiginlega ekkert leiði með vagn eða sleða, — og er ekki alt fengið með veðursældinni. Útigangs peningur er akspikaður, enda óóðurtegundir í lágu verði, $4—5 markaðsverð á hey tonninu. Sláturgripir seljast fyrir 3¼c pundið (lifandi vigt), og svín 4c. Meiri framleiðsla auðsjáanleg en eftirspurn. Engir nafnkendir dánir nýlega, — fólk flest við vanalega heilsu. Ég sendi þér fáar línur um norðurland Canada, ef þér þættu þær þess virði, að prenta eitthvað úr þeim (áður prentað í "Edmonton Bulletin"). Ég man sem í draumi sumt er þú sagðir í Heimskringlu um Edmonton og norðurlandið, er þú varst innflytjenda agent fyrir 14—16 árum síðan. Þá auðvitað sintu því engir landar, og líklega ekki frekar nú. Með þökk fyrir hið liðna, í von um þol og þrótt á hinu ókomna".

SPURNING. — Eru ekki allir búendur í löggiltu skólahéraði í Manitoba skyldir að gjalda "Special School rate", ef nauðsyn krefur? — Hver er núverandi mentamálaráðgjafi í Manitoba?

Svar: 1) Allir þeir, sem eru á skattskrá skólahéraðsins, eru skyldir að greiða "Special Rate", ef nauðsyn krefur.

2) Hon. R.G. Coldwell.

Ritstj.

C. O. F.
Court Garry No. 2

Stúkan Court Garry No. 2, Canadian Order of Foresters, heldur fundi sína í Unity Hall, horni Lombard og Main st., 2. og 4. hvern föstudag í mánuði hverjum.

Allir meðlimir eru ámintir um, að sækja þar fundi.

W. H. OZARD, REC.-SEC.
Free Press Office.

The Dominion Bank

NOTRE DAME Ave. BRANCH Cor. Nena St.

Vér seljum peningaávísanir borganlegar á Íslandi og öðrum lönd.

Alskonar bankastörf af hendi leyst

SPARISJÓDS-DEILDIN

tekur $1.00 innlag og yfir og gefur hæstu gildandi vexti, sem leggjast við innstæðufé 4 sinnum á ári, 30. júní, 30. sept. 31. desembr og 31. march.

A. S. BARDAL.

Selur líkkistur og annast um útfarir. Allur útbúnaður sá bezti. Enfremur selur hann al skonar minnisvarða og legsteina.

121 Nena St. Phone 306

MARKET HOTEL

146 PRINCESS ST. á móti markaðnum

P. O'CONNELL, eigandi, WINNIPEG

Bezta tegundir af vínföngum og vindlum, aðhlynning góð húsið endurbætt

Vátryggið

HJÁ

The Brandon Fire Insurance Co.

ALGERLEGA ÁREIÐANLEG OG ÁGÆTAFULL HEIMASTOFNUN

E. S. Miller Limited
Aðal umboðsmenn
PHONE 2083 217 McINTYRE BLK

E. J OLIVER—SÉRSTAKUR UMBOÐSMAÐUR, 609 AGNES STREET.

The Hotel Sutherland

Cor. Main og Sutherland Ave.

C. F. BUNNELL, eigandi. Winnipeg.

Kostar $1.00 og $1.50 á dag

TELEPHONE 348

Allir skemti- og 'Business' staðir í bænum nálægir með Strætisvögnum sem hjá dyrunum renna.

Department of Agriculture and Immigration.

MANITOBA

Land möguleikanna fyrir bændur og handverksmenn, verka menn. Auðnuból landleitenda, þar sem kornrækt, griparækt smjör og ostagerð gera menn fljótlega auðuga.

ÁRIÐ 1906

1. 3,141,537 ekrur gáfu 61,250,413 bushels hveitis. Að jafnaði yfir 19 bushel af ekrunni.
2. Bændur lögðu yfir $1,515,085 í nýjar byggingar í Manitoba.
3. Í Winnipeg-borg var $13,000,000 varið til nýrra bygging.
4. Búnaðarskóli var bygður í Manitoba.
5. Land hækkaði í verði alstaðar í fylkinu. Það er nú frá $6 til $50 hver ekra.
6. Í Manitoba eru 45,000 framfara bændur.
7. Í Manitoba eru enþá 20 millíón ekrur af byggilegu óteknu ábúðarlandi, sem er í vali fyrir innflytjendur.

TIL VÆNTANL. LANDNEMA

komandi til Vestur-landsins: — Þið ættuð að stansa í Winnipeg og fá fullar upplýsingar um heimilisréttarlönd, og einnig um önnur lönd sem til sölu eru hjá fylkisstjórninni, járnbrautafélögum og landfélögum.

R. P. ROBLIN,
Stjórnarformaður og Akuryrkjumála-Ráðgjafi.

Skrifið eftir upplýsingum til

Joseph Burke. 617 MAIN ST., WINNIPEG.
Jas. Hartney 77 YORK ST., TORONTO.

T. L.

Heitir sá vindill sem allir reykja. "Hvers vegna?", af því hann er það besta sem menn geta reykt. Íslendingar! munið eftir að biðja um T. L.

(UNION MADE)

Western Cigar Factory
Thomas Lee, eigandi Winnipeg

Redwood Lager og Extra Porter

Heitir sá bezti bjór sem búin er til í Canada. Hann er alveg eins góður og hann sýnist. Ef þér viljið fá það sem bezt er og hollast þá er það þessi bjór. Ætti að vera á hvers manns heimili.

EDWARD L. DREWRY Manufacturer & Importer Winnipeg, Canada.

hann heimsótti hana á hverjum degi til að vita nær hún óskaði samfylgdar hans.

Hertogann grunaði ekkert. Honum hefði eins vel getað dottið í hug, að lávarður Caren stæli silfurmunum hans, eins og hann léki ástaræfintýri við konu hans. Hann hafði of göfugan hugsunarhátt til að geta látið sér detta slíkt í hug.

Ef hertogainnan var í leikhúsinu, var það ekki nema náttúrlegt, að kunningi hennar kæmi til hennar og talaði við hana.

Ef maður gutir sin og hefir augun opin fyrir öllum freistingum, sem fyrir kunna að koma, þá er alt gott. En gleymi hann þessu, og láti svæfa árvekni og skynsemi sína, er vegurinn fyrir óvininn opinn.

Hertogainnan hugsaði með sér: "Þegar ég hefi náð honum á mitt vald, þá veit ég hvað ég skal gera: Ég hefi auð og völd, en hvað stoðar mig það? Heimurinn beygir sig fyrir mér, menn liggja fyrir fótum mér, en hjarta mitt er dautt og kalt. Ég vil lifa og elska, og sjá að hverju mér verður það".

Hún reyndi að koma sér inn undir við Lady Caren, móður lávarðarins. Henni þótti ekki ráðlegt, að hafa hana á móti sér: Hvenær, sem hún hitti Lady Aðalheiði, talaði hún við hana, en með hverjum degi óx hatur hennar til hennar. Hún sá, eins og allir aðrir, að lávarðurinn var orðinn sem annar maður við konu sína. Hann var nú ætíð hlýlegur við hana, ráðfærði sig í öllu með henni, og spurði hana oft, hvort hún óskaði ekki einhvers, sem hann gæti veitt henni.

Lady Aðalheiður var mjög vinsæl. Fólki þótti miklu meira til hennar koma en hertogainnunnar, sem var mjög drambsöm, og engu líkara en hún fyrirliti sitt eigið kyn. Sérstaklega dáðist hertoginn að Aðalheiði, og talaði oft um hana, og kona hans

samþykti það með honum. Hún var of kæn til að láta sér um munn fara, að henni geðjuðist ekki að Lady Aðalheiði. Hún talaði alt af um Aðalheiði, sem fallega og yndislega konu. "Hún er róleg og falleg", sagði hún, "en alls ekki fjörug, og samt er hún skemtileg". Kafteinn Randolph heyrði einu sinni til og spurði hertogainnuna, hverja meiningu hún legði í orðið fjör.

Hertogainnan leit brosandi til hans. "Menn leggja nú margvíslega meiningu í það orð, en meining mín er, að geta skemt fullu húsi af gestum", og hún hló góðlátlega.

"Ég hefi aldrei heyrt konu tala af jafnmikilli fyndni og þekkingu sem Lady Aðalheiði", sagði kafteinn Randolph, "og ég þekki enga konu betri hæfileikum búna og jafnviðeldna í framkomu sinni, sem hana".

"Þér takið svari vina yðar, kafteinn Randolph. Þér yrðuð víst mjög ánægður, ef ég segði Lady Aðalheiði fullkomna í alla staði, og ég vil gera það yðar vegna".

"Nei, ekki mín vegna, heldur vegna réttlætisins og sannleikans", sagði hann. Hertogainnan reiddist ekki, en upp frá þessari stundu varaðist hún, að tala um Lady Aðalheiði, þegar kafteinninn heyrði til.

Loks var hertoginn orðinn sárleiður af að vera í London, og kona hans sá, að hún varð að láta undan honum.

"Mér geðjast ekki að lífinu í London", sagði hann. "Við verðum náttúrlega vegna stöðu okkar að dvelja þar vissan tíma, en ég uni mér miklu betur í sveitaloftinu".

Hertogainnunni fanst nú reyndar það vera sama. En þá varð hún að hafa þann með sér, sem henni þótti meira til koma en manns sins. Alt í einu

datt henni ráð í hug. Hertoganum geðjaðist svo vel að Carens hjónunum, því þá ekki að fara með þeim til Brookland?"

Sama dag kom Caren lávarður að finna hana. Hertoginn var ekki heima, en kona hans var inni í herbergi sínu. Honum var vísað þangað inn. Hún þóttist vita, að hann myndi koma og hafði búið sig undir, að taka á móti honum.

Rauðleitum ljósbjarma sló yfir herbergið. Hvít blóm stóðu hér og hvar og tóku sig út sem stjörnur. Sjálf var hún í hvítum kjól, bryddum með rauðum böndum og með blóm í hárinu. Hún hallaði sér upp í hægindastól og hafði rauðan flauelskodda undir höfðinu. Hún hreyfði sig ekki, er lávarðurinn gekk inn, en brosti glaðlega framan í hann.

"Mér þykir vænt um, að þér komuð. Fundið þér á yður, að mér leiddist, fyrst þér heimsóttuð mig?"

"Ég hélt, að þér vilduð ef til vill riða eitthvað út. Veðrið er svo gott í dag".

Hún stundi þungan. "Nei, ég verð nú að sjá á bak hinni mestu ánægju lífs míns".

"Hvers vegna?"

"Ég hefi sagt yður, að hertoginn er svo sérsinna, að hann vill ekki lofa mér að riða út með mínum nema yður, og nú liður óðum að þeim tíma, sem við verðum að skilja".

"Við förum ekki strax í burtu úr London", sagði hann.

"En við förum", sagði hún. "Hertoginn vill með engu móti dvelja hér lengur, og ég verð að gera eins og hann óskar. Ó, hvað ég mun sakna samveru okkar!"

Lávarðurinn leit út, eins og hann hefði orðið fyr-

ir vonbrigðum. "Ég hafði ekki hugmynd um, að þið æruð svona fljótt. Við munum sakna ykkar mjög. Hvenær farið þið?"

"Hertoginn ræður því. Við getum ekki farið til heimilis hans, því það er verið að breyta höllinni og á meðan get ég ekki lagt á mig að vera þar, ímynda mér því, að hann fari til búgarðs sins uppi í landi. Það verður sem fangelsi fyrir mig, en náttúrlega verð ég að fara að vilja hans".

Honum fanst hún vera svo góð og auðsveipin. Hann sá tár læðast niður kinnar hennar.

"Ég vildi, að ég gæti eitthvað hjálpað yður, Nita, mér tekur svo sárt, að sjá yður svona hrygga"

"Ég kvarta ekki. Hvernig líka gæti ég það? Ég hefi alt til alls".

Aftur kom honum í hug, hve þolinmóð hún var.

"Get ég nokkuð hjálpað yður, Nita?" spurði hann.

Hún leit brosandi framan í hann. "Munduð þér reiðast, ef ég segði yður, hvað mér dettur í hug?"

"Reiðast? Nei. Hvernig get ég það?

"Mig langar svo mikið til að sjá Brookland, mig langar svo til að dvelja þar nokkrar vikur. Mig hefi alt af langað svo til að koma þangað. Þar gætum við riðið út og skemt okkur vel".

Lávarðurinn stóð upp og roðnaði út undir eyru.

"En myndi hertoginn vilja þiggja heimboð að Brookland?"

"Ef þér bjóðið honum, skal ég sjá um, að hann þiggi það".

Þegar Caren var farinn, sagði hún brosandi við sjálfa sig: "Kæanska, fastur ásetningur og góð heilbrigð skynsemi, getur miklu til leiðar komið".

ámi, hjá hinni svo nefndu Peace River Crossing. Lengra norður eru árbakkarnir talsvert lægri, og norður við Fort Vermillion eru þeir ekki meiru en 100 til 150 feta hár. Meðfram bökkum árinnar er landið svo gott, að annað finst ekki betra nokkurstaðar. Sjöunda hvert ár eða þar um bil flæðir yfir landið meðfram ánni. Þar sem landið er ræktað, gefur það vænlega uppskeru. Enginn má þó ætla að alt þetta flæmi sé ein óbrotin og óaðfinnanleg grasléttu. Víða eru fen og flóar, allstórir ummáls. En langmestur hluti þess er byggjanlegur og ræktanlegur. Hr. Lawrence sagði nefndinni, að hann hefði búið þar nyrðra um 20 ára skeið, og á þeim tíma hefði aldrei orðið uppskerubrestur kornteguna, og að stundum hefði hveitiuppskera sín orðið svo mikil, sem 66 bushel af ekru að jafnaði, án nokkurs áburaar eða annara hjálparmeðala.

Öllum vitnum bar saman um, að gnægð bezta timburs væri fáanlegt viðsvegar í Peace River hér aðinu og umhverfis það. Víðast er timbrið mest og stærst meðfram ám og vötnum og helzt Spruce og Poplar. Hin siðarnefnda tegund finst þar svo stórvaxin, að trén eru alt að 4 fet að þvermál. Góð hrjómold er sögð fáanleg norður hjá Fort Simpson og enda lengra norður. Eitt vitni kvaðst þann 15. júli 1906 hafa séð hveiti á stengum hjá Fort Providence, 550 milur norður frá Edmonton, einnig kartöflur, baunir og lauk og ýmsa aðra garðávexti. Strawberries voru þar einnig og þrifust vel, svo og ýmsar aðrar berjategundir. Hveiti var sáð þar 20. maí, og það var langt til fullsprottið um miðjan júli. Tuttugu kl.stunda sólskin daglega og sterkari hiti en menn eiga að venjatt í Austur-Canada. Hjá Fort Good Hope, á 67. mælistigi nb., nær þúsund mílur norður frá Edmonton óx laukur, káhöfuð og aðrir garðávextir, en þar norður af er svo grunt niður á frost í jörðu, að garðávextir þrifast illa eða alls ekki. Nyrðst í landfláka þessum hinum mikja er meiri hluti landsins timburflóar, þar sem mosinn er þriggja feta djúpur, og víða yfirflotinn vatni, en ýmsar ágætar viðartegundir vaxa í þeim, og verður því land það einhverntíma mikils virði.

Nefndin fékk og sönnun fyrir því að þar sem timbtið er tekið úr flóum þessum, svo að sólin nái að skína á landið, þar þornar mosinn og landið alt þornar af því, að vatnið gufar uppj Verður þá þetta bezta akuryrkjuland og gefur ríkulegan ávöxt. Þetta er sannað af katólskum kristniboðum, sem þar nyrðra hafa haft trúboð um mörg ár og rutt skóg af stórri landspildu, sem áður var öll vatni þakin, en nú er þar fegursta akurlendi. Þessir menn hafa ræktað hveiti á þessum sama bletti, sem hlaut verðlaun á hundrað ára afmælissýningu Bandaríkjanna, sem haldin var fyrir nokkrum árum. Eitt vitnið kvaðst hvergi hafa séð eins fögur poplar tré og þau, sem vaxa í Peace River héraðinu, enda eru þau eins og Spruce viðurinn einkar hagfeld til trjákvoðu gerðar. Hjá Fort Stanley, á bökkum Churchhill árinnar, eru landgæði svo mikil og loftslag svo gott, að bæði korn og garðávextir sprettu þar vel. Þrir fjórðu hlutar alls þessa lands er hentugt til akuryrkju. Það svæði alt er talið 250 fermílur. Snjófall þar nyrðra á vetrum er ekki mikið, eða litlu meira en í Prince Albert, Sask. Frost koma í september. Kartöflum er sáð 20. maí. Sumartíðin er þar sömu og í Prince Albere.

Vitni sönnuðu einnig, að olinámar eru þar nyrðra meðfram Athabasca ánni, einnig auðugir saltnámar og gasbrunnar miklir eru hjá Pelican fossum í Athabasca ánni. Einn þessara brunna hefir brunnið í sl. 11 eða 12 ár, og er talinn stærsti gasbrunnur í heimi. Og víðar í héraðinu er jarðgas og er það notað ti ljósa þar nyðra. Í sambandi við þetta er þess getið, að Canada sé auðugra að náttúrum en alment er ætlað. — Klondyke héraðið hefir leitt úr skauti sínu 118 milión dollara virði af gulli, og Le Roy og aðrir námar í Rossland héraðinu í British Columbia hafa gefið 37 milión dollara virði af gulli, silfri og kopar. Kolanámarnir í Fernie í British Columbia eru svo auðugir, að jarðfræðingar telja þar nægar byrgðir um næstu sex þúsundir ár og lengra þurfum vér, sem nú lifum, ekki að líta með áhyggjum fram í tímann. Cobalt héraðið hefir stærsta silfurnáma í heimi. Allir þessir námar hafa fundist á sl. 20 árum, og þó má svo heita, að enn þá sé land þetta nálega ókannað, að því er snertir málm auðlegð þess.

Margt fleira er í "Bulletin" ritgerðinni, sem er afarlöng, — tekur yfir meira en heila síðu blaðsins. En það sem hér er tekið, er aðalefni hennar, og vonum vér að lesendunum þyki það allfróðlegt.

Listasmiður.

Síðastliðið sumar bygði Jóhannes bóndi Einarsson í Lögbergsnýlendunni, íveruhús. Yfirsmiðir að því voru S. Jóel og Ch. Hillman, sem búa í Winnipeg. Þeir byrðu og annað íbúðarhús fyrir Jóhannes bónda Thorláksson í Þingvallanýlendunni. Steinkjallari er undir húsi Jóh. Einarss., stærð 28x28 fet. Húsið er tvílyft og hefir þakherbergi. Í því eru 12 herbergi alls. Það er úr timbri inn an og utan, og að öllu hið vandaðasta að efni og smíði. Járnkerald er í kjallaranum, sem tekur 40 tunnur, og rennur alt regnvatn af þakinu ofan í það. Dæla er úr eldhúsinu ofan í það. Þetta hús er vandaðasta húsið þar í nýlendunni. Mun hafa kostað $3,000 án lóðar.

Hús Jóh. Thorlákssonar er 16x24 fet að stærð og tvílyft, með 6 herbergjum. Það er bygt á steingrunni, og þiljaður kjallari undir því á parti. Efni alt vandað, og smíði hið bezta.

Húsbyggingum þessum luku þeir fáagar um miðjan sept. sl. ár, og höfðu heimleiðis.

Skömmu eftir heimkomu, tók Ch. Hillman að sér að fullgera skrauthýsi á Fawcett Avenue hér í borginni. Smiðir þeir, sem unnið höfðu við það og eftirlitsmaður gáfustupp, þegar að "Veranda"-smiðinni kom. Húsið átti að vera og varð hið vandaðasta skrauthýsi í Winnipeg, sérstaklega að inn an smíði. Það er 26x36 fet að stærð og 2½ lyfting á hæð. Vandaður steinkjallari er undir því öllu Húsið er nokkurs konar krossbygging. Þegar smiðirnir áttu að smíða "Verandann", sem bæði er á suður og vesturhlið hússins, gáfust þeir algerlega upp. Þá tók Ch. Hillman að sér að lýsa þetta vandaverk af hendi, og hafði yfirsmiði og umsjón á öllu smíði í húsinu. Hann byrjaði á "Verandanum", sem er einn sá allra vandaðasti, sem sést á skrauthýsum í þessari borg. Súlur þær, sem undir honum standa, er sívalar með st ttum og krögum og bogar á milli þeirra neðan undir upsum. Upp á honum á suðurhlið hússins, sem er framhliðin, eru svalir, og dyr inn á annað loft.

Þótt ensku smiðirnir gæfust upp við "Veranda" smíðina, þá er hún þó ekki jafnmikið vandaverk, sem smíðin innan í húsinu. Alt tréverk á því innan, svo sem: gluggalistar, dyrabúningar, aursillur, sillur, súlur, stigastöplar og rimlaverk er úr smíðskorinni eik, þeirri tegund, sem bezt fæst í þessu landi. Tvennar rennihurðir eru í húsinu, tveir stigar, og speglar í öllum hurðum fyrir klæðaskápum. Verkið á framstiganum kostaði $120, en alls kostar hann $350, og er annað mesta listaverk í hússmíðinni. Súlurnar undspænis honum eru settar saman úr hundrað stykkjum hver þeirra, og er listasmiði hið mesta á þeim. Stór spegill í fagurri umgerð er á milli þeirra. Neðri og efri stiga stólparnir eru settir saman úr 65 stykkjum hver þeirra Stiga þennan, sem ber langt af öllum í Winnipeg bæ, smíðaði Ch. Hillman aleinn. Byggingameisturum og smiðum þykir hann sérstakt listasmiði, sem enginn hér muni eftir leika að svo komnu. Aftari stiginn af einnig mæta vel gerður, og betur en heimtað var.

Annað snildarverkið í húsinu er skápur í veggnum milli borðsals og eldhúss. Bakið í honum er speglar, sést alt postulín og skrautvara á hillum milli spegilglersins og glerhurðanna, sem fyrir skápnum eru. Á skáp þessum er listaverk hið mesta. Í sama vegg er renniglugg, sem borðáhöld og réttir eru réttir um inn í borðsalinn. Framan við borðsalinn er setustofa, og eru þar rennihurðir milli. Sillur eru þar á miðjum veggjum alt í kring fyrir postulín og aðra skrautgripi. Millum setustofu og framstofu eru aðrar renni hurðir, sem leika á hjólum eftir vild. Í þeirri stofu er arinn eða hlóðir, og umgerðin í kring úr glæruðum mársteini. Upp yfir arnmum er stór stundaklukka í fagurri eikar umgerð. Klukkan sjálf kostaði $150. Klæðaskápar eru í svefnherbergjum og speglar í hverri hurð.

Þetta listasmíði, sem landinn Ch. Hillman hefir leyst af hendi, er talið af hérlendum mönnum að taka öllu smíði fram í bessari borg. Smiðurinn hefir vakið mikla eftirtekt á sér og fengið lof og hrós hérlendra manna. Sjálfum sér hefir hann unnið frægð og listamanns nafn og Íslendingum heiður og sóma. Líklega hefir enginn Íslendingur leyst af hendi annað eins snildarverk, sem þetta, er hér um ræðir. Fámenna íslenzka þjóðin á ekki marga, sem vekja eftirtekt á meðal hérlendra manna

Er því sjálfsagt, að minnast þeirra fáu, sem það gera. Ég hefi skoðað þetta sjálfur, og veit um hvað ég er að tala. Verkið sýnir ágæta þekkingu á smíðum, bezta smekk og listagi.

Skrauthýsi þetta mun kosta um $20,000

Herra Hillman er sonur Hjálmars Hjálmarssonar, sem bjó í Kothrauni í Helgafellssveit í Snæfellsnessýslu á Íslandi. Hillman er alinn upp ajá Halldóri bónda Halldórssyni á Hraunhálsi í sömu sveit og sýslu. Hann hefir dvalið í Vesturheimi síðan 1883. Hann stundaði strax trésmíði vestra, sem hann var byrjaður að læra hjá fóstra sínum. Hann hefir stundað þá iðn nær að segja samfleytt í 25 ár, og er nú viðurkendur listkengasti smiður í Winnipeg.

Skrifað á Hlaupársdag 1908.

K. Ásg. Benediktsson.

Fríkirkja.

Úr því að minst er á kirkjumálin á annað borð þykir ekki hlýða, að ganga þegjandi fram hjá því atriði málsins, sem mest um varðar, frikirkjuhreyfingunni. Og með því að álit kirkjumálanefndarinnar er í fárra manna höndum, en "Rvík" mjög fylgjandi frikirkju, þá fer hér á eftir orðrétt álit minni hluta nefndarinnar (L.H.B.).

ÁLIT MINNI HLUTANS.

Með 2. lið umboðsskrárinnar (þingsályktunar tillögunnar) var kirkjumálanefndinni fengið það verkefni, að ihuga og koma fram með ákveðnar tillögur um:

"Hvort eða að hve miklu leyti það verði að álitast nauðsynlegt, að kirkja og rikisfélag sé eftirleiðis sameinað, eins og til þessa hefir verið".

Þessi liður, sem eftir eðli sínu hefði átt að vera 1. liður þingsályktunar tillögunnar, og var upphaf og undirstaða allra rannsókna um hina 3 liði tillögunnar, var að eins ræddur litilsháttar í byrjun nefndarfundanna 1904. Umræðunum lauk með tillögu, sem borin var upp á sama fundi og hún var samþykt á og hljóðaði á þessa leið:

"Nefndin álitur það ekki ráðlegt, að slita sambandi milli ríkis og kirkju, en telur það heppilegast, að kirkjumálunum sé skipað undir vernd og eftirlit ríkisvaldsins".

Fyrri liður tillögunnar var samþyktur með 4 atkv. gegn 1 (atkv. Lárusar H. Bjarnasonar) og seinni liðurinn með 4 atkv.

Einn af meiri hluta mönnunum (Kristján yfirdómari Jónsson) gekk úr nefndinni vorið 1905 og maður sá, er skipaður var í hans stað (Guðjón alþingismaður Guðlaugsson) hefir ekki tekið þátt í störfum nefndarinnar. Þeir hafa því hvorugur lagt til þessa máls umræm það, sem kom fram af hendi hins fyrnefnda við umræðurn ar og atkvæðagreiðsluna um liðinn. En hins vegar hafa hinir 3 nefndarmennirnir gert grein fyrir skoðun sinni. Og með því að minni hlutinn hefir ekki sannkærst af rökseindaleiðslu meiri hlutans, fylgja hér nokkrar athugasemdir, færri og veigaminni en skyldi, með fram vegna svo sem einkis tíma.

Þing og stjórn spyr, hvort og að hve miklu leyti það verði að álitast "nauðsynlegt" að kirkja og ríkisfélag sé sameinað eins og hingað til.

Meiri hluti nefndarinnar svarar spurningunni ekki beint; segir ekki að sameiningin sé nauðsynleg, segir að eins, að það sé "ekki ráðlegt", að slita sambandi milli ríkis og kirkju. Eftir orðalagi þessu að dæma, er því ekki hægt að segja, að meiri hlutinn sé beinlinis móti aðskilnaði kirkju og landsstjórnar, enda er erfitt, að færa fram rök á móti slíkri sundurgreiningu, sé a ð e i n s litið á EÐLI málsins.

Og e ð l i hvers máls á að ráða m e ð f e r ð þess. Lagaumbúnaðurinn á að vera eins og fatið. Það verður að smíða fatið eftir líkamanum, sem á að bera það. Eins verður að laga lögin eftir vexti þess máls, sem í hlut á.

Og hvert er eðli t r ú a r i n n a r?

Trúin er tilfinning, tilfinning á borð við gleði og sorg, viðkvæm eins og þær. Hún er í mesta máta persónulegt mál og þarfnast því um fram alt frelsis.

Þess vegna er trúarbragðafrelsi einn af almáttarviðunum í lífi hvers einstaklings og hverrar þjóðar, enda nú lögbelgið í hverju stjórnfrjálsu landi, hjá oss í 46. og 47. gr. stjórnarskrárinnar.

En í orðinu trúarbragðafrelsi felst ekki að eins frelsi til að hafa innra með sjálfum sér þá trú, sem manni gezt bezt að, heldur líka frelsi til þess að dýrka guð sinn á þann hátt, sem bezt á við trúarsannfæring manna.

Þenna rétt á hver maður og hvert trúarfélag sem er, engiinn öðrum fremur, og enginn öðrum siður, allir og hver í sinu lagi viðanlegu innan vébanda hinna borgaralegu laga.

Hvert trúarfélag á heimtingu á, að fá að hafa f r i ð til að dýrka guð sinn innan þessara takmarka á þann hátt, sem því sýnist. Meira á ekkert trúarfélag í raunini heimtingu á. Og landsstjórnin á enga kröfu á hendur neinu trúarfélagi umfram kröfu um h l ý ð n i gegn lögum sínum.

Svona ætti trúarmálum allstaðar að vera skipað. Eðli þeirra heimtar það. Og sagan sýnir, að það væri þ e i m s j á l f u m h o l l a s t.

Það hefir aldrei verið eins bjart yfir trúarlífi manna eins og á meðan trúin hafði ekkert annað vopn að vega með en persónulega sannfæringu. Og það hefir aldrei verið eins dökt yfir því eða lífi manna yfir höfuð, eins og þegar trúin hefir veifað sleggju laganna.

Og að sama brunni ber sé málið skoðað frá sjónarmiði hinna trúardauðu eða trúarlausu, séu yfir höfuð trúarlausir menn til meðal fullorðinna manna. Þeir eiga heimtingu á, að þurfa ekki að eins ekki að taka þátt í trúarathöfnum þeirra, heldur eiga þeir og heimtingu á, að þurfa ekki að l e g g j a n e i t t f r a m til viðhalds trúarlífi því, sem þeir leggja litla eða enga áherzlu á.

Svona ætti trúarmálum vorum að vera skipað. En það vantar nokkuð á, að löggjöf vor hafi farið þessa leið. Og enn meira mun vanta á, að almenningur hafi gert sér ljósa grein fyrir rökréttum afleiðingum af eðli málsins.

Löggjöfin hefir hjá oss, sem víðast hvar annarsstaðar veitt fjölmennasta og elzta trúarfélaginu, þjóðkirkjunni, forréttindi umfram önnur trúarfélög. Það er gert í 45. gr. stjórnarskrárinnar. Þar er landsstjórninni (löggjafarvaldi og umboðsstjórn) boðið að styðja þjóðkirkjuna og verndá. Og það er sízt að undra, þegar litið er til hinna sögulegu atvika, sérstaklega þess, að hér á landi var þá ekki annað trúarfélag til.

En þessi stuðningur og vernd ketur að nokkru leyti niður á mönnum, sem ekki unna þjóðkirkjunni. Eftir lögum 19. febr. 1886 um utanþjóðkirkjumenn og lögum nr. 6, frá 4. marz 1904, eru menn neyðilega því að eins lausir við gjöld til þjóðkirkjunnar, að þeir séu í einhverju kirkjufélagi, er hafi prest með kgl. staðfestingu, en það mun að eins vera minni hlutinn af andstæðingum þjóðkirkjunnar, sem svo er ástatt fyrir.

Og á hinn bóginn hlýtur það að vera mörgum þjóðkirkjumönnum, og þá sérstaklega góðum prestum, alt annað en gleðiefni, að þurfa bæði að hafa viljaþausa menn í eftirdragi og taka við fé af mönnum, sem þeir vita að láta það úti af nauðung og með eftirtölum.

Þessa agnúa losnðust báðir partar, þjóðkirkjumenn og þjóðkirkjuandstæðingar, við, ef kirkjustjórn og landsstjórn væri skilin að og öll trúarmál lögð á vald frjáls félagsskapar. Og það mun sannast, að hinir trúuðu menn mundu ábatast enn meir á skilnaðinum.

Nú er deyfð í trúarmálum líklega með mesta móti í landinu. Synodus aðhelst sáralitið og hérðasnefndir og sóknarnefndir eru svo áhugalitlar, að lögboðnum fundum verður oft og einatt ekki komið á.

Þessi deyfð verður, eins og minni hlutinn reynir að sýna fram á í álíti sínu um 1. lið umboðsskrárinnar, væntanlega ekki læknuð með kirkjuþingi meiri hlutans. Það yrði hvorki heilt né hálft og kæmi að líkindum auk þess, þegar í upphafi göngu sinnar, á stað meiri eða minni ágreiningi milli landsstjórnar og kirkjustjórnar.

Hér þarf annað og meira. Það þarf fullan skilnað, fult frelsi. Það þarf frikirkju eða fullkomlega frjálsan félagsskap um öll trúarmál.

Það, sem þjóðkirkjumenn bera í vænginn móti frikirkjunni, er einkum tvent.

Þeir segja, að þá væri allar dyr opnaðar fyrir óútreiknanlegum trúarofsa, og að fólksfæð og strjálbygð hljóti, svo langt sem fram í tímann verði séð, að verða óyfirstiganlegur þrándur í götu frikirkjunnar.

Hvað fyrra atriðið snertir, þá þarf ekki að leita lengra en til Danmerkur til að ganga úr skugga um, að þjóðkirkja og trúarofsi geta prýðisvel orðið samferða. Og enn meiri líkur eru til þess, að trúarofgar mundu dafna vel, væri þjóðkirkjunni með lögum fenginn sjálfstæður málsvari. Það er ómögulegt, að girða fyrir trúarofsa með lögbundnu skipulagi trúarfélaga. Það eru miklu meiri líkur til, að löghelgaður ójöfnuður milli trúarfélaga vekji kala og öfundssýki hjá þeim, hverju til annars, en til hins, að fullkomið frelsi geri það. Lögbundinn jöfnuður er þvert á móti áreiðanlegasta meðalið til að sporna við öllum ofgum.

Það er því miklu líklegra, að lakari jarðvegur mundi verða fyrir trúarofsa og aðrar öfgar í frikirkju en í þjóðkirkjunni.

Og risi hann þar upp, mundi hann falla þar miklu fyr. Hann mundi þar hjaðna fyrir eðlilegu aðfurslagi allra öfga. Frikirkjan ætti engan stiflugarð fyrir hinni eðlilegu rás. En í þjóðkirkjunni mundi ofsinn verða miklu torsóttari. Þar hefði hann fyrir framan sig löggarð valdstjórnarinnar.

Og að því, er hina staðlegu hætti snertir, þá eru þeir að visu nokkrir, en þó engan veginn ókleifir, enda ekki fremur til fyrirstöðu frjálsum félagsskap um trúarmál, en um önnur almenn málefni. Vér höfum um langan tíma haft kaupfélög, vér höfum eignast rjómabú og auk þess bólar á mörgum öðrum félagsskap. Þessum félagsskap hafa staðlegir erfiðleikar ekki hnekt að mun, og mundu þá væntanlega ekki heldur gjörhnekkja frjálsum félagsskap um trúarmál, enda minka þeir erfiðleikar ár frá ári eftir því sem vegum og öðrum sambandstækjum fjölgar.

Það verður þannig ekki séð, að nokkur "nauðsyn" sé á framhaldsambúð milli landsstjórnar og kirkju, heldur virðist þvert á móti vera komin tími til, að slita henni sem fyrst eða að minsta kosti búa sig undir það.

Minni hlutinn kemur þó ekki fram með neitt frumvarp til laga um það efni. Málið er litt undirbúið enn. Og það mundi fremur spilla en bæta fyrir framgangi þess, ef bornar væru fram ákveðnar tillögur um það, að svo vöxnu máli. Fytst verður í hverju máli, að koma sér niður á aðaldráttunum. Annars á málið á hættu, að lenda í meiri eða minni glundroða. Og aðaldráttarnir í augum minni hlutans eru þessir:

Fullkominn aðskilnaður milli landsstjórnar og þjóðkirkju.

Fullkomið jafnræði milli allra trúarfélaga að öðru leyti en því, að verði stofnuð almenn frikirkja í landinu á evangelisk-lúterskum grundvelli, væri sanngjarnt, að frikirkjan fengi andvirði þeirra fasteigna, er henni hingað til hafa verið eignaðar, sem veganesti.

Ofanprentuð grein er tekin úr blaðinu "Reykjavík". Hún er alt Lárusar H. Bjarnasonar, sem aleinn myndaði minni hluta nefndar þeirrar, sem alþingi skipaði fyrir tveimur árum til þess að athuga kirkjumál Íslands. Ritstj.

Kafteins vísur.

Goosolin mér greinir frá,
Gögnum sagna meður:
Týrar bauga traustir þá
Töldu þorrávéður.

Skrúfan lósnar skipi af,
Skötnum geig nam valda,
Reykjalin sér rendi á kaf
Í ránardjúpið kalda.

Hóf upp báknið harðlengur,
Helzt var naumur tími. —
Lét á öxul liðgengur,
Líkast Skallagrími.

Atvik vekja eftirtekt
Oft af betra tagi,
Þykir Enskum þrekmannlegt
Þetta í meira lagi.

ATHS. — Goosolin er formaður hjá C. P. R. félaginu, og var viðstaddur þá vélasmiðurinn var að gera við skrúfuna, og misti hana af ásum ofan í vatnið. Hann fór með annan mann að kafa eftir henni, og gátu þeir ei hafið hana upp, og voru orðnir þjakaðir og kalsa. Kafteinn Reykjalin skipaði þeim þá upp úr vatninu, kafaði sjálfur eftir skrúfunni, og kom upp með hana og setti á öxulinn. — Goosolin segir mér, að hann hafi verið að eins 7 min. að þessu, en hinir hafi verið búnir að reyna við skrúfuna yfir hálfan klukkutíma. Hann kvaðst hafa verið yfir 20 stig þann dag.

Ég hefi heyrt sagt, að þessi Reykjalin sé sam maðurinn, sem "Austri" mun hafa getið um hér um árið, sem tók póstinn af 7 mönnum á Hjálmarsdalsheiði, og kom honum yfir heiðina á 15 klukkutímum. Færðin á heiðinni var víða í treyjuföl á skiðum. Heiðin er gengin í góðu æri á 2 til 3 klukkutímum. Reykjalin fékk ofan í vök í á, í blindbyl, þegar hann átti eftir tíu mínútna göngu að póstafgreiðslustaðnum. Honum varð það til lífs, að stafur hans fékk þvert yfir vökina, og dró hann sig upp úr henni á stafnum og náði bænum. Hinir mennirnir snéru aftur austur af heiðinni, ofað bæjum þeim, sem þeir lögðu af stað frá.

K. Ásg. Benediktsson.

Broadway Park

Lesendyr eru beðnir að athuga blaðsiðu auglýsingu hr. W. A. Cambells um Broadway Park í Portage la Prairie, sem stóð í seinasta blaði. Allir Íslendingar þekkja þann bæ, sem er tveggja stunda ferð frá Winnipeg með vagnlest. Það er fagur bær í frjósamasta héraði, sem enn er þekt á meginlandi Ameríku. Þaðan hefir um margra ára tíma komið árlega meira hveiti og af betri tegund en af nokkru öðru jafnstóru svæði í þessu landi. Á Portage sléttunum eru bændur svo auðugir, og þar sem svo er ástatt, er jafnan trygg framtið næstu kauptúna.

Portage la Prairie bær hefir tekið miklum framförum á liðnum árum, þar til nú, að hann er orðinn ein næsta járbrautarstöð í Vestur-Canada, og verzlun bæjarins er mikil og óðfluga vaxandi. Þó að fólkstalan þar hafi fjórfaldast á sl. 2 árum, þá er svo talið, að framförin þar sé að eins í byrjun, og að hiðnesta fjör verði þar í verzlan og iðnaði og landsölu á nokkrum næstu árum. Þau 4 járnbrautalög, sem öll hafa þar verkstæði, veita mörgum mönnum atvinnu, að það getur ekki hjá þvi farið, að Portage la Prairie bv sæakki að stórum mun í nálægri framtíð. Land er þar fagurt meðfram ánni og útsýnið skemtilegt. Bsoadway Park lóðir þar, sem hr. W. A. Campbell hefir á boðstólum ættu því að seljast vel og verða gott gróðakaup. Þar ættu að gærkka mikið í verði strax og Grand Trunk Pacific brautin er tekin til starfa þar. Skattar á bænum eru ekki háir, og flest nútíðarþægindi eru þar fáanleg. — Þeir fáu Íslendingar, sem þar hafa dvalið, una vel hag sínum, og hefir farnast vel. Þeir, sem hyggja á landkaup í gróðaskyni, ættu að finna herra Campbell, að 445 Main St., og fá hjá honum fullar upplýsingar um Broadway Park lóðirnar, áður en þeir festa fé sitt annarsstaðar.

Portage la Prairie

er miðdepill útskipunar og dreifingar fyrir afarviðlent svæði, þar sem eftirspurn eftir öllum varningi eykst daglega.

Portage la Prairie er einn af auðugustu bæjum Norðvesturlandsins.

Portage sléttunar hafa aldrei haft uppskerubrest.

Portage hefir sex löggilta banka.

Portage la Prairie á fagran 32 ekra lystigarð, og lækir af tærn vatni umkringja bæinn, á 3½ mílu svæði, og er þar ágætt róðrarsvæði.

Broadway Park

er bezta gróðakaup í vestur-Canada, af því að kaupskilmálar eru við allra hæfi.

WINNIPEG

Að kvöldi þess 11. þ.m. höfðu íslj. pólitísku klúbbarnir kappspil sín á sín. Conservativar buðu Liberals heim, og spiluðu 36 menn úr hverjum klúbb (alls 72 menn), og voru spilaborðin 18. Conservativar höfðu 100 vinninga, en Liberals 88. Við borð 18 unnu Conservativar 9 vinninga, en Liberals engan. Við eitt borðið unnu Liberals 10 vinninga, en Conservativar 1 vinning. — Kappspilin fóru vel fram og kvrlátlega, þó sótt væri eins hart fram á báðar hliðar og hægt var. Veitingar voru kaffi, brauð og vindlar. — Klúbbarnir hafa spilað 3 kappspil í vetur. Conservativar hafa unnið 2, en Liberalar 1. Það eina mannitafl, sem klúbbarnir hafa teflt, unnu Liberalar, svo jöfnuður má heita með þeim.

Hr. J. K. Jónasson frá Dog Creek, sem um tíma hefir dvalið hér í borginni meðan sonur hans 10 ára gamall gekk undir uppskurð hér, fór með son sinn heimleiðis í gærdag. Herra Jónasson biður Heimskringlu að færa Íslendingum í Winnipeg kæra kveðju sína með þakkleti fyrir alúðlegt viðmót og góða skemtun meðan hann dvaldi hér. Sérstaklega þakkar hann Dr. Brandson, sem hafði son hans í umsjá sinni og gerði holdskurðinn á honum, mjög innilega fyrir hans hepru framkomu og þær góðu afleiðingar, sem urðu af starfi hans, þar sem hann sjálfur flutti drenginn heim að aðsetursstað föðursins svo vel á batavegi, að óhætt má fullyrða, að hann verði alheill innan skams.

Doktor Sig. Júl. Jóhannesson og kona hans komu til bæjarins síðgegn á leið um síðustu helgi til þess, að vera við greftrun móðir Mrs. Jóhannesson, sem varð jarðsungin á mánudaginn var. Dr. Jóhannesson fer suður aftur í þessari viku.

Blaðið "Minneota Mascot", dags. 6. þ.m., segir, að herra G. A. Dalmann, hafi þegið stöðu hjá P. M. Berg, þar í bænum. Herra Dalmann höfðu borist utvinnu tilboð úr ýmsum áttum, bæði sem farandsali fyrir auðug fraumleiðslufélög og sem ráðsmaður fyrir verzlunir, en hann hafnaði þeim öllum af ýmsum ástæðum. En Heimastjörna þáði hann af því að hann hefir hjálpað til að nýrnda bæ þann, og vaxið upp með honum, og þar er heimili hans og ástvinir. Blaðið getur þess, að Minneota búum muni þykja vænt um þessa ákvörðun herra Dalmanns og virða við hann hollustu þá, sem hann sýni sínu borgaralega félagi þar.

Þann 18. nóv. sl. andaðist á heimili sínu í Argyle bygð merkisbóndinn Jóhann Jónsson, 64. ára gamall. Hann var fæddur 6. sept. 1843 á Finnsstöðum í Köldukinn í Þingeyjarsýslu. Þaðan flutti hann til Eyjafjarðarsýslu og ólst upp, þar til hann flutti til Ameríku fyrir nær 30 árum. Jóhann sál. dvaldi um stund í Nýja Íslandi og síðar um nokkurra ára tíl í Winnipeg borg, þar til hann flutti á heimilisréttar land sitt í Argyle bygð fyrir 23 árum. Jóhann sálugi var vitsmunamaður mikill og dugnaðar og fyrirhyggjumaður hinn mesti. Hann lætur eftir sig ekkju og 6 börn.

Herra Kristján Pálsson, þeðan úr bæ, lagði af stað vestur að Kyrrahafi sl. fimtudag, og ætlar að dvelja fyrst um sinn í bænum Victoria. Maðurinn er sagður vel vinnandi og hinn einlegasti að öllu leyti, og á því eflaust góða framtíð fyrir höndum vestur við hafið.

Herra Björn Magnússon og kona hans, fyrrum í Keewatin, Ont., en sem um árstíma hafa búið vestur við Kyrrahaf, komu alflutt hingað austur þann 11. þ.m. Þau hjón kváðust ekki hafa kunnað vel við sig vestra, og Björn ekki séð eins góðar framtíðarhorfur þar eins og hér eystra, vegna atvinnu deyfðar. Talsvert kváðst hann hafa farðast þar um vestrurströndina, bæði á Vancouver eyju og fjöllum. En hvergi leist honum vel á land þar nema á parti meðfram Fraser ánni. En land þar var alt upptekið og mjög dýrt. Annars fóru þau hjón vel út eftir vesturferð sína, og var Björn spilafélaus. — Fegurstu staðurinn, sem hann kom í, var Spokane borg, sem nú er orðinn á stærð við Winnipeg og vel bygður og skrautlegur. En þar var atvinnuleysi bið mesta, eins og annarsstaðar, og því engin líkur að setjast þar að. Þau hjón "bíða til Keewatin um síðustu helgi, og hafa í byggju, að gera þar framtíðarheimili sinn.

"Víkingar" og "I.A.C." Hockey leikir háðu aftrenna mikla í Arena skautaskálanum á föstudagskveldið var, til þess að keppa um eignarrétt á Hanson silfurbikarnum. "Víkingar" unnu.

Capt. Kristian Poulson brá sér um síðustu helgi vestur á Kyrrahafsströnd, til þess að litast þar um. Hans er von aftur innan fárra vikna.

Herra S. W. Wilson hefir sent til Heimskringlu vottorð sitt, dags. 6. þ.m., viðvíkjandi afstöðu sinni gagnvart Ísland hótel á Gimli. Í því kvðst hann hafa umráð yfir vínsölunni, og hönni eingöngu, samkvæmt fyrirskipun hr. Baldwins Andersons, eigandans. — Sú staðhæfing, setu gerð hefir verið, að herra Baldwin Anderson hafi mist yfirráð yfir Ísland hótel, segir hr. Wilson vera algerlega tilhæfulausa. Ekkert slikt hafi að hans vitund komið fyrir.— Vottorð þetta sannar því það, að hr. Anderson er ennþá eigandi og aðalráðsmaður hússins, en hefir veitt hr. Wilson alla umsjón yfir vínsölunni í húsinu.

Í kvæðinu "Gáta" í síðasta bl. Hkr. hefir fyrri partur síðasta erindis misprentast þannig: "Það staði og borgir elztu reisa vann, Það rikin stærstu stofnaði á láði" — Hér átti síðari línan að vera á undan hinni og biðjast lesendur athugunar á því.

Til minnis

Næsti fundur Menningarfélagsins verður haldinn í Únitara kirkjunni næsta þriðjudagskveld kl. 8 e.m., þann 24. þ.m. Þá flytur Mr. Jóhannes Sigurðsson frá Gimli erindi um ferð sína til Íslands síðasthliðið sumar, og ályktanir um það, sem hann heyrði og sá þar. Allir velkomnir kostnaðarlaust. — Áríðanlegt, að Mr. Sigurðsson komur nú.

Lesendur eru beðnir að athuga auglýsingu Leikfélags Goodtemplara um "Dóttir Fangans", sem leikin verður í Goodtemplara salnum mánudags og þriðjudagskveldin 23. og 24. þ.m. Svo mikið hefir verið um þenna leik ritað, að ekki þykir ástæða til að fjölyrða um hann, en svo mikið má hér segja, að leikskemtun sú er svo góð, að salurinn ætti að verða þéttskipaður áhorfendum.

Munið eftir að koma á Tombólu og skemtun, sem stúkan Ísland heldur í kvöld (fimtudag, 19. þessa mánaðar) í fundarsal Únitara, horni Sherbrooke og Sargent ave. Þar verður bæði gagnlegt og skemtilegt að vera. — Eftir að tombólu munir hafa verið afhentir, sem margir eru nytsamlegir, byrjar fólkið að skemta sér með því, að fá sér fjörugar hreyfingar, sem hagað verður eftir hljóðfallum indæla tóna, og allir, sem vilja, geta tekið þátt í. Samkoman byrjar kl. 8, og einn tombóludráttur fylgir hverjum aðgöngumiða. Nefndin.

Leikurinn

Dóttir Fangans

verður leikinn á Gimli fimtudagdaginn 26. og föstudaginn 27. þ.m. — Frekar auglýst á pósthúsum og í verzlunarbúðum um alt Nýja Ísland.

J. G. Snydal, tannlæknir, verður í Glenboro þann 19., 20. og 21., og á Baldur þann 23., 24. og 25. þ.m. — Þetta eru Argyle búar beðnir að athuga.

Vill Miss Valgerður E. Vigfússon, til heimilis að Clandeboy, gera svo vel, að senda mér undirritaðri sína réttu utanáskrift.

Guðný M. Friðrikson,
Box 64. Hallson, N. Dak.

Í tilefni af grein þeirri, er birtist í síðasta blaði Heimskringlu viðvíkjandi leiknum "Undir Áhrifunum", læt ég fólk vita, að afskriftir af þýðing minni á þeim leik eru EKKI fáanlegar.

E. J. Árnason.

Gott tækifæri!

Aldina, tóbaks og gosdrykkja verzlun á góðum stað er til sölu. Hvergi í Winnipeg betri framtíðarstaður fyrir Íslending, en einmitt þar með svoleiðis verzlun.

Byggingarlóðir í vesturhluta bæjarins myndi verða tæknar, sem niðurborgun, ef óskað væri.

Skilmálar aðgengilegir.

Semjið við
J. SVEINSSON,
637 Sargent Ave.

Sjálfur meðeiu mælskusamkepni st. HEKLU, sem auglýst er í bl. þessu að fari fram miðvikudagskveldið í þessari viku (18. þ.m.), verður svo góð skemtun, að önnur fæst engin betri það kveld. Stúkan Hekla vonar og biður að fólk fjölmenni þangað. Goodtemplara salurinn ætti að verða þéttskipaður fólki.

Safnaðarfundur verður haldinn í Tjaldbúðarkirkju í kveld fimtudag (19. þ.m.). Fulltrúarnir óska, að sem flestir safnaðarlimir mæti.

Leikfélag Goodtemplara
leikur

DÓTTIR FANGANS

Mánudagskv. 23 marz
Þriðjudagskv. 24. marz

Good Templars Hall

Aðgöngumiðar til sölu í búð JÓHANNESAR SVEINSSONAR á Sargent Ave., Telefón 6920, og kosta 50c, 35c og 25 cents, eftir gæðum sætanna, sem eru númeruð, og seld samkvæmt uppdrætti af áhorfendasviðinu, sem er til sýnis.

Hljóðfæraleikendaflokkur skemtir milli þátta.

Leikurinn byrjar á slaginu kl. 8 og 15 mínútur eftir hádegi.

Aldini og annað góðgæti borið um til sölu milli þátta.

Hvað sé ég hér?

Til þess að komast hjá að neita fleirum, en ég er búin, um að gefa mig við hjúkrunarstörfum, ket ég fólk hér með vita, að sökum heilsuleysis og ýmsra heimiliskringumstæða, get ég ekki fyrst um sinn unnið að því verki.

Aftur gef ég kvenfólkinu hér með til kynna, að eins fljótt og þær þurfa að láta punta upp vorhatta, skulu þær koma til mín. — Hvergi skulu þær fá betra eða eins gott verk fyrir LITLA peninga. Ég hreinsa gamalt flauel og silki, geri gamlar fjaðrir hrokknar og brevti gömlum vir-hattformum eftir vild. Í einu orði sagt: Geri GAMLA hatta NÝJA.

INGIBJÖRG GOODMAN
702 Simcoe St.

Nýja Bakaríið

á 732 Sherbrokke St., verður opnað á laugardaginn kemur. Hver kona eða maður (húsmóðir eða húsfaðir) er hér með beðnun að heimsækja búð vora þann dag, og um leið skoða hið nýja bakarí vort, en þann dag verður EKKERT SELT, en þar á móti verður afhent tíu centa virði af einhverju, sem bakað verður þann dag GEFINS. — Á mánudaginn þann 23. þ.m. verður búðin opin fyrir "Business".

Íslendingar, munið þetta!

C. P. THORDARSON.

Frá Nýja Íslandi.

Eftir því, sem blaðinu Winnipeg Telegram er skrifað frá Gimli á mánudaginn var, vildi það sorglega slys til þar, að viðarhfaði hrundi ofan á Einar Einarsson, og meiddist hann svo mjög, að hann dó litlu síðar. Einar sál lætur eftir sig ekkju og 5 börn.

Í sama bréfi stendur, að Mrs. Katrín Jónsson hafi meitt sig á sleðaferð frá Ísafold til Icelandic River. Hundarnir, sem fyrir sleðanum voru, urðu óviðráðanlegir og þutu áfram unz sleðinn snaraðist um og konan lenti á tréstofni og handleggsbrotnaði.

Eyjólfur Eyjólfsson, Geysir P. O., einn af elztu landnámsmönnum í Nýja Íslandi, segir blaðið að sé látinn.

Tamarac selst hjá A. S. Bardal fyrir $5.50, — en 2 "Cord" fyrir $10.50.

Jónas Pálsson
PIANO KENNARI
729 Sherbrooke St. Winnipeg.

Brandon Stækkar

Gleymið ekki að lóðir þær sem ég býð yður að kaupa í Brandon bæ, eru sem næst í miðjum bænum, og ágætlega settar,—aðeins 3. mínútna ganga frá C.P.R. vagnstöðinni, 5 mín. ganga frá pósthúsinu og 7 mínútna gangur frá Fyrirmyndar-búi Canada stjórnarinnar. Beztu bygginga lóðir í bænum, — og lang ódýrustu.

Hvergi í Manitoba eru jafnvel settar lóðir eins ódýrar. Þær kosta $75.00 til $150.00 hver lóð, — eftir afstöðu. Það mun mega fullyrða að þær tvöfaldast í verði á komandi sumri. Engin græðir fé, sem engu þorir að verja. En þessar lóðir eru áreiðanlegur gróðavegur þeim er kaupa. Engin þarf að óttast lóðakaup í bænum Brandon, sem nú er annar stærsti bær í Manitoba, og vex með ári hverju í áttina til Fyrirmyndar-bús Canadastjórnar. Og þar á leiðinni eru lóðir þessar.

Fegurstu skraut tré eru á lóðum þessum. $10 til $20 niðurborgun; hitt eftir samningum.

Finnið eða skrifið einhverra þessara manna :—

JOHN WADGE
10 Ninth Street, -- Brandon, Man.

eða Kr. A. Benediktsson, 477 Beverley St., W'p'g., Man.
eða K. K. Albert, 719 William Ave., Winnipeg, Telefón 6409.

SILVER MEDAL
Mælskusamkepni

undir umsjón stúkunnar HEKLU verður haldinn í Good Templars Hall miðvikudagskveldið 18. marz.

PROGRAM.

Piano Solo—Miss S. Vopni.
CONTESTANT No. 1.
Vocal Solo—Miss O. Goodman.
CONTESTANT No. 2.
Piano Solo—F. Friðfinnsson.
CONTESTANT No. 3.
Vocal Duet—Lyndhurst & Laxdal.
CONTESTANT No. 4.
Piano Solo—P. Johnson.
CONTESTANT No. 5.
Violin Solo—Mr. Holt.
CONTESTANT No. 6.
Instrumental Music—Holt & Sylvester.
CONTESTANT No. 7.
"God Save The King".

Aðgangur 15c. Byrjar kl. 8.

HANNESSON & WHITE
LÖGFRÆÐINGAR
Room: 12 Bank of Hamilton
Telefón: 4715

J. G. Snydal, L. D. S.
ÍSL. TANNLÆKNIR
COR. MAIN & BANNATYNE
DUFFIN BLOCK PHONE 5802

Matur er mannsins megin.

Ég sel fæði og húsnæði, "Meal Tickets" og "Furnished Rooms", Öll þægindi eru í húsinu.

SWAIN SWAINSSON,
438 Agnes st.

The Bon Ton
BAKERS & CONFECTIONERS
Cor. Sherbrooke & Sargent Avenue.
Verzlar með allskonar brauð og pæ, aldini, vindla og tóbak. Mjólk og rjóma. Lunch Counter. Allskonar Candies. Reykpípur af öllum sortum. Tel. 6298.

HEIMSKRINGLU og TVÆR skemtilegar sögur fá nýir kaupendur fyrir að eins $2.00.

FÓLK.
Komið og talið við oss ef þér hafið í byggju að kaupa hús. Vér höfum þau hús sem þér óskið eftir, með allra beztu skil málum. Finnið oss viðvíkjandi peningaláni, eldsábyrgð og fleiru.
TH. ODDSON & CO.
55 Tribune Blk.
Telefón 2312.
Eftirmenn Oddson, Hansson and Vopni.

BONNAR, HARTLEY & MANAHAN
Lögfræðingar og Landskjala Semjarar
Suite 7, Nanton Block, Winnipeg

Hver þvær og hreinsar Fötin ydar?
Hvers vegna að fara í Kínu-kompurnar þegar þér eigið kost á að fá verkið gert betur, og alt eins ódýrt, í beztu og heilsusamlegustu þvottastofnun, þar sem aðeins vel vinnufólk er haft og öll hreinustu efni notuð. Vér óskum viðskifta ydar.
The North-West Laundry Comp'y Ltd.
Hreinsarar og Litarar
COR. MAIN & YORK FON 5178

Boyd's Brauð
Þér fáið í vorum ágætu brauð um, þá hreinustu fæðutegund sem hægt er að bea á borð.
Strangasta hreinlæti er beitt í Bakarí vöru og við útkeyrsluna. Þessvegna fáið þér brauð in flutt heim eins hrein og ný og verða má. Öllum sinnt fljótt
Boyd's
Bakery Cor Spence & Portage Ave
Phone 1030.

ARNI ANDERSON Íslenzkur lögmaðr
Í félagi með
Hudson, Howell, Ormond & Marlatt
Barristers, Solicitors, etc.
Winnipeg, Man.
13-18 Merchants Bank Bldg. Phone 3021, 3022

C. INGALDSON
Gerir við úr, klukkur og alt gullstáss. Úr klukkur hringir og allskonar gullvara til sölu. Alt verk fljótt og vel gert.
147 ISABEL ST.
Fáeinar dyr norður frá William Ave.

The Duff & Flett Co.
PLUMBERS, GAS AND STEAM FITTERS
Alt verk vel vandað, og verðið rétt
773 Portage Ave. og 662 Notre Dame Ave.
Phone 4644 Winnipeg Phone 3815

BILDFELL & PAULSON
Union Bank 5th Floor, No. 520
selja hús og lóðir og annast þar að lútandi störf; útvegar peningalán o. fl.
Tal.: 2685

Viðvíkjandi Hafið tal af

Sjúkdómum Sérfræðingum vorum
Royal Optical Co.
327 Portage Ave.
Rétt á móti Eaton's búðinni. Winnipeg.

LESIÐ

Auglýsingar okkar nákvæmlega, því vikulega gefst yður tækifæri til að kaupa eittkvað mjög ódýrt — og um leið að eræka.

Þessa viku bjóðum vér yður umgyrt land með byggingum $800 virði, sáðlegt fyrir aðeins $1350, og vægir skilmálar.

Skuli Hansson & Co.
56 Tribune Building
Skrifst. Telefón 6476. Heimilis Telefón 2274

Heimskringla.

OG SVO

höfum vér einnig ágætt íbúðarhús á góðum stað hér í bænum, og sem vér getum selt með $100 niðurborgun, og afganginn sem svarar leigu. Eldivinur seljum vér íbúðabygð, ódýrabygð, og útvegum peningalán. Grenslist betur eftir þessu—og sem fyrst

Skuli Hansson & Co.
56 Tribune Building

XXII. ÁR WINNIPEG, MANITOBA, FIMTUDAGINN, 26 MARZ, 1908 Nr. 26

ROYAL CROWN SOAP

Hin alþekta Winnipeg harðvatnssápa

Hún er búin til eftir sérstakri forskrift, með tilliti til harðvatnsins í þessu landi.
Varðveitið umbúðirnar og fáið ýmsar premíur fyrir. Búin til eingöngu hjá —

The Royal Crown LIMITED WINNIPEG

Fregnsafn

Markverðustu viðburðir hvaðanæfa.

Dr. James Russell hefir ritað grein í British Medical Journal um stúlku eina, 21 ára gamla, sem kom á Birmingham spitalann til þess að fá þar lækningu við sveingöngum. Dr. Russell var þá aðstoðarlæknir við þá stofnun. — Stúlka þessi var kennari á ritvélar og stundaði jafnframt söngfræðisnám. En hún hafði það eðli, að ganga um í svefnij Meðan hún var á spitalanum, voru nákvæmar gætur hafðar á henni, og segir læknirinn hana iðulega hafa farið úr rúmi sínu eftir þriggja til fjögra klstunda svefn, og niður í stofuna, þar sem píanó var. Lék hún þá langan tíma á það, og stundum einnig á fiólin. Ef strengir slitnuðu á því, þá setti hún nýja strengi á það, og strengdi þá nákvæmlega. Stundum hekladi hún, eða vann að öðrum hannyrðum, en alt af var hún í fasta svefni. Alt var þetta gert í myrkrinu, en það markverðasta við konu þessa var það, að hún las í bókum og skrifaði bréf í svefninum og í niða myrkri í stofunni. Hvenær sem svo vildi til, að nokkra ljósglætu lagði gegn um gluggann inn í herbergið, þá flúði hún birtuna, og fór út í dimmasta hornið og las þar eða skrifaði. Eitt af bréfum þessum var ritað til söngkennara hennar, og var nokkurs konar fyrirlestur um Sonata "form", og var það að dómi kennarans að öllu leyti fullkomið. Annað bréf ritaði hún á þýzku. — Að öllu þessu unnu, fór hún aftur í rúmið, og svaf áfram. Í vöku vissi hún ekkert um, hvað hún hafði gert á nóttunni, og mundi alls ekkert eftir neinu, sem skeð hafði frá því kveldið áður. Enga ástæðu gátu læknarnir fundið fyrir því, að hún gæti lesið og skrifað í myrkrinu. Hún er nú komin af spitalanum, og hefir fengið nokkra bót á svefngöngu veikisíka sinum, en þó kem ur það stundum fyrir enþá, að hún gengur í svefni.

— Brezka þingið hefir neitað að samþykkja iðjuleysingja atvinnufrumvarpið, sem getið var um í síðasta blaði Hkr., og sem fór fram á, að stjórnin tæki að sér, að sjá öllum iðjuleysingjum fyrir nægri atvinnu á öllum ársins tímum. Fleirtala atkvæða móti þessu "vinnuréttinda" frumvarpi var 149, og greiddu 32 fylgjendur stjórnarinnar atkvæði móti henni í máli þessu.

— Stjórnarskifti eru orðin í Noregi, og Gunnar Knudsen tekinn þar við formensku. Hann er frjálslyndur og talinn mikilhæfur maður. Margir ágætismenn eru með honum í ráðaneytinu.

— Mælt er, að vínsölumenn í Austur-Canada, og þeir, sem búa til flöskur, glös og "billiard" kúlur, og annað það, er að hótelstarfsemi lýtur, hafi lagt saman í 50 milión dollara sjóð, til þess að stemma stigu fyrir bindindishreyfingunni, sem nú er orðin allsterk í landi hér. Verksmiðjueigenda félagið hefir verið beðið um, að taka saman höndum við vínsalafélagið móti bindindismönnum, en því kvað hafa verið neitað.

— Fimtán þúsundir manna í Kanton borg, Kina, hafa sent nefnd á fund stjórnarinnar til þess að mótmæla sætt þeirri, sem nýléga var gerð við Japan út af lögtaki japanska herskipsins þar. — Nefndinni er skipað að tilkynna stjórninni, að uppreist verði gerð móti henni, ef hún framvegis láti undan Japan í nokkrum ádeilumálum milli þjóðanna.

— Fregnritarar þýzkra blaða, þeir er rita þingfréttir, hafa gert verkfall. Þeim vildi það til, að hlægja að einum þingmanni, en sá nefndi þá í heiðarskyni "svínslega spjátrunga". Af þessu reiddust þeir svo, að þeir neituðu að rita þingfréttir og heimtuðu að þingmaðurinn bæði sig fyrirgefningar. En því var neitað, og varð því dómsmál úr þessu.

— Tíu þúsundir karla og kvenna héldu nýléga fund mikinn í Lundúnum til þess að heimta borgaraleg réttindi fyrir konur. Sætin voru öll seld og fengu konur þar drjúgan skilding í sjóð sinn. En forseta sætið var látið vera autt, af því Mrs. Parkhurst, sem er leiðtkgi kvenfrelsiskvenna, sat þá ásamt mörgum öðrum félagssystrum sínum í fangelsi. En á meðan þessi mikli fundur stóð yfir, kom Mrs. Packhurst inn í salinn. Kvað sér hafa verið veitt fararleyfi úr fangelsinu einum degi fyr en ætlað var. Hún sagði, að mörgum öðrum konum hefði og verið slept úr fangelsinu, án þess nokkrar ástæður hefðu verið geinar fyrir því Yfir 100 konur mættu á þessum fundi, sem allar höfðu orðið að þola fangavist fyrir framkomu þeirra í kvenfrelsismálinu. Allar konurnar mæltu harðlega á móti Liberal stjórninni fyrir afstöðu hennar gagnvart kvenfrelsismálinu. Fundurinn endaði með því, að þær, sem viðstaddir voru, skutu saman 33 þús. dollurum til þess að hjálpa áfram kvenfrelsis barátt unni þar í landi.

— Dr. Thompson, þingmaður fyrir Yukon kjördæmið, gat þess í ræðu sinni í Ottawa þinginu þann 19. þ.m., að þó að hann hefði verið kosinn sem óháður þingmaður, þá yrði hann hér eftir eindreginn fylgjandi Conservative flokksins. Hann væri nú búinn að heyra svo mikið um misgerðir stjórnarinnar og varnarleysi hennar gegn ákærum andstæðinganna, að hann hlyti að vera á móti henni.

— Kinverji að nafni Wing Hop í San Francisco hefir framleitt lyktarlausa lauktegund. Hann hefir um margra ára tíma verið að reyna þetta, og loks tekist það. Ýmsir, sem notað hafa lauk þennan, segja hann að öllu öðru leyti vera eins og hvern annan lauk.

— Snjóflóð í Svissfjöllum ruddi gistihúsi af grunni sínum, og bar það langar leiðir og gróf djúpt undir snjóskriðunni. Tólf manns voru í húsinu, er það fór í kaf, en aðrir sem í því voru, en forðuðu sér áður, komust lífs af en limlestust. Skriðan fóll og fyrir og fylti opið á járnbrautargöngum þeim, er tengja saman Bern og Simplon bæi. Mörg önnur hús þar í grend, þar á meðal lögregfustöðin, sópuðust af grunni sínum og skemdust mikið.

— Hjón nokkur á Hollandi hafa tekið að sér að fara fótgangandi kringum hnöttinn á 6 árum. Skilmálarnir voru, að þau syldu leggja upp í ferð þessa algerlega peningalaus, en borga þó fyrir sig, hvar sem þau færu. Þetta á að gerast með því móti, að þau selji myndir af sér þar sem þau ferðast um. Takist þeim að uppfylla samninginn, fá þau 40 þúsund dollara peningagjöf, þegar þau koma aftur á staðinn, sem þau hefja göngu sína frá. Hjónin lögðu upp frá Amsterdam, og höfðu ferðast yfir Holland, Belgíu og Frakkland og komist til Rómaborgar á Ítaliu, þegar síðast fréttist.

— Mabee, dómari í yfirdóminum í Ontario, hefir verið skipaður forseti járnbrautarnefndarinnar í Canada í stað Killams dómara, sem hélt þeirri stöðu áður en hann andaðist fyrir fáum vikum.

— Tíu ára gamall drengur í Montreal var rétt aðsegja búinn að hengja sig á sunnudaginn var. Hann hafði séð fengingarleik sýnd an á leikhúsi, og hugði að reyna þetta heima hjá sér. En það mistókst svo fyrir honum, að hann hefði dáið, ef foreldrar hans hefðu ekki bjargað honum í tíma.

— Stjórn Japana hefir boðið Bandarikjastjórn, að senda Bandarikjaflotann til Japan og hefir það heimboð verið þegið. Bandarikjaflotinn á að ferðast kringum allan hnöttinn, og hefir þegar þegið heimboð ýmsra þjóða. Með þessu móti gefst heiminum færi á, að sjá, hve máttugir Bandamenn éru á sjónum, ef til ófriðar kæmi.

— Félag eitt í Minneapolis hefir nýlega samið um, að selja eldspýtna verkstæði einu þar syðra eina billión fet af timbri til eldspýtnagerðar. Er það talin stærst sala, sem nokkru sinni hefir gerð verið í þeirri verzlunargrein í landi þessu. Félagið á að afhenda 40 miliónir feta af timbri árlega um næstu 25 ár. Verðsins er ekki getið.

— Auðmaður einn í Vancouver hefir verið dæmdur í 6 mánaða fangelsi fyrir að leigja vændiskonum hús sín.. Maður þessi á 100 þús. dollara virði af húseignum þar í bænum. Hann rak heiðarlegt fólk úr húsum sínum til þess að geta leigt þau til stúlknanna fyrir þrefalda leigu við það sem áður var. Hann sagði stúlkunum, að öllu væri óhætt, því hann væri búinn að fá samþykki bæjarstjórans og yfirmanns lögreglunnar til þess að leigja húsin þannig. En svo fór samt, að hann var dæmdur eins og fyr segir. Þegar honum var skipað að vinna, neitaði hann að gera það, en þá var hann settur í dimman klefa upp á vatn og brauð, og þar var hann þegar síðast fréttist.

— Auðmaður einn í Skotlandi andaðist nýlega og ánafnaði 300 þús. dollara af eignum sínum til styrktar þurfandi bóslurum og ekkjum, sem hefðu lifað siðsömu lífi. En ættingjar mannsins mótmæltu þessari erfðaskrá af þeirri ástæðu, að enginnmælikvarði væri til fyrir því, hverjir hefðu lifað siðferðisbeztu líferni. Dómarinn var á sama máli og ónýtti erfðaskrána. Málinu var vísað til æðra dóms og fyrri dómurinn ónýttur og erfðaskráin tekin gild. Var þá málinu vísað fyrir lávarðadóminn, sem samþykti úrskurð síðara dómstóls um gildi erfðaskrárinnar.

— Capt. Kutz, einn af herforingjum Bandarikjanna, segir áætlað hafi verið um 3 miljónir cubic yards af jarðlagi við Panama skurðinn á 24 dögum í febr. sl. Vinnan þar gangi ákjósanlega vel, og að full ástæða sé til að ætla, að skurðurinn verði fullger árið 1915. Hann mælir með því, að stjórnin taki að sér alla vinsölu þar á staðnum, sem nú sé í höndum Kinverja, er selji svikna vöru fyrir afarverð.

— Gamli John D. Rockefeller sagði nýlega fregnrita einum, að hann hefði aldrei á æfi sinni bragðað áfengi, og að hann teldi vinbann og bindindi það bezta fyrir hverja þjóð.

— Uppreistarhugur er í miklum fjöldi fólks í Barcelona á Spáni og Anarkistar þar hafa ákveðið, að stytta konungi sínum stundir, hve nær sem færi gefist. En konungur fór samt þangað þann 9. þ.m. til að sýna sig og ræða við fólkið þar og undirbúa til mikilla umbóta, sem á að gera í borginni. — Hann vonar, að ferð sín hafi góð áhrif, er fólkið sér, að hann er hvergi hræddur. Stjórnin reynd að letja hann frá ferðinni, en hann var ósveigjanlegur, og kvaðst heill mundi heim aftur koma.

— Fjármálastjóri Fielding flutti fjármálaræðu sína í Ottawa þinginu þann 17. þ.m. Meðal annars gat hann þess, að þjóðskuldin hefði lækkad um 3 miliónir dollara á sl. 9 mánuðum. En jafnframt sýndu tölur hans það, að þessu fjárhagsári, sem endar 31. þ.m., bjóst hann við, að þjóðskuldin myndi aukast um 12 miliónir dollara. Hann kvað ríkistekjurnar á þessu fjárhagsári verða 96½ miliónir dollara, en á næsta ári áætlaði hann þær ekki yfir 90 miliónir, máske minna. Útgjaldaáætlanir fyrir komandi fjárhagsár, gerði hann 118 miliónir dollara, og gat þess jafnframt, að þjóðskuldin hlyti stórum að aukast á hverju ári hér eftir. G. T. P. brautin hafir fram að þessum tíma kostað rikið 26 miliónir, og 30 miliónir dollara eiga að leggjast til hennar á komandi ári af rikisfé. Við hrun Quebec brúarinnar tapar rikið 5½ milión dollara. Peningalán hefir stjórnin tekið á sl. 8 mánuðum í London og Paris svo nemur 31 milión dollara. Samt hélt herra Fielding því fram, að í raunini hefði stjórnin 16½ milión dollara tekjuafgang á þessu fjárhagsári. En á næsta ári myndi verða 30 milión dollara tekjuhalli. Tekjur stjórnarinnar á síðasta ári, af verndartollum, kvað hann hafa orðið 40 miliónir dollara — tvisvar sinnum hærri upphæð en Conservativar tóku á sinum stjórnarárum. Allar inntektir stjórnarinnar á fjárhagsárinu hefðu orðið $2,193.97 meiri en öll útgjöldin. — Áætlun Laurier stjórnarinnar um G.T.P. járnbrautina bæri með sér, að hún myndi kosta Canadariki að eins 13 miliónir dollara, — en það sagði hr. Fielding berum orðum að væri að eins draumur.

— Forsætis ráðherra Breta Sir Campbell Bannermann, hefir um undanfarnar vikur legið fyrir dauðans dyrum. Lækna eru í óvissu um, hvort hann muni ná lífi. — Hjartveiki er meinsemd hans.

— Mentamáladeild Ontario fylkis hefir áætlað eina milión dollara til mentamála þar í fylkinu á komandi ári.

— Prinsinn af Wales ætlar að koma snöggva ferð til Quebec á komandi sumri. Washington stjórn in hefir boðið honum að koma til Bandarikjanna, en talið óvíst, að hann geti þegið það boð.

Stutt prédikun.

Hafnfirðingur einn, sem ferðaðist til Reykjavíkur, getur þess í "Fjallkonunni", að hann hafi verið við messu í dómkirkjunni í R.-vík. Hann segir að ræðá prestsins hafi staðið yfir í að eins TÍU MÍNÚTUR. — Eftir því að dæma virðist svo sem guðfræðisheilabúið hjá þeim heima sé heldur farið að tæmast. Og þó sýndist þjóðfulltrúunum það vera snjallræði, að setja þennan andlega aumingja — og auðvitað marga fleiri — á föst laun af landsins fé.

Fyr má nú rota en dauðrota!

Hvað líður Reiðhjólinu þínu?

Er ekki komin tími til að skifta því fyrir nýtt hjól? Ef svo, þá kaupið yður

BRANTFORD

hjól. Þau eru að öllu leyti tilbúin í Canada. En ekki sett saman úr pörtum sem búnir eru til í Bandaríkjunum. Viðgerðir á þessum hjólum fást ævinlega í Winnipeg tafarlaust. Skoðið 1908 Brantford Reiðhjólin!

CANADA CYCLE & MOTOR COMPANY, LIMITED, WINNIPEG

HEIÐURSSAMSÆTI

mikið héldu landar vorir hér í bæ hinn 15. febrúar, að heimili Gísla E. Bjarnasonar. Voru þar samankomnir nær 60 vinir og ættmenn hans, og höfðu þar allir ágæta skemtan á meðan á samkomunni stóð. Var samsætið haldið í heiðurs og virðingarskyni við herra Bjarnason, sem er einn af þeim elztu íslenzku frumbyggjum hér, og alþektur heiðurs og sóma öldungur. Sá, sem réð fyrir og stjórn aði samsæti þessu, var Bárður gamli frá Búrfelli, og fylgdi honum þar í með ráði og dáð allir mest leiðandi menn og konur í vorum íslenzka þjóðflokki hér. Fór samkoman vel fram, segja allir, þar var sungið af hinum frægustu söngmönnum, leikið á hljóðæri og margar ræður haldnar, flestar stuttar, en allar vel gagnorðar og tilhlýðandi athöfninni. En kvenfólkið stóð fyrir kaffiveitingum, með allskonar gómsætum kryddkökum og fleiru. Og síðast en ekki sist, viljum vér geta þess, að landar skeinktu herra Bjarnasyni að skilnaði, og í algerðu heiðurs og virðingarskyni fyrir trúa og dygga sambúð og innilega hluttekningu í öllum vorum þjóðar og einstaklingamálum vor á meðal á samverutímanum, — eitt ljómandi fallegt og að því skapi vandað vasasigurverk í gull umgerð, er "Spanish Fork Press" segir að muni hafa kostað $35, en eg gæti bezt trúað, að það hefði verið nær sanni að segja $50. Svo sýnist það vandað og vel út búið að öllu leyti. Stóð samsæti þetta yfir lengst fram á nótt, og kvöddu svo allir heiðursgestinn með allskonar lukkuóskum, og héldu síðan heim glaðir og ánægðir, eftir að herra Gísli hafði flutt þeim þakkarávarp með nokkrúm velvöldum orðum.

Að endingu vil eg geta þess, þeim til frekari upplýsinga, sem lesa þetta, að herra G. E. Bjarnason er fæddur á Íslandi fyrir nalægt 60 árum, á bæ þeim, er heitir Hrifunes, í Skaptártungum. Er hann sonur Einars hreppstjóra Bjarnasonar, sem þar bjó lengi, og Guðrúnar Jónsdóttur frá Bakka í Austur-Landeyjum. Fluttist til Ameriku (Utah) árið 1875, og hefir búið hér síðan fyrirmyndarlegu búi. Hann á fjögur börn, tvær stúlkur og tvo drengi, sem öll eru hin mannvænlegustu, nú fullorðin, gift, og búa flest þeirra hér í bænum.

Gísli var á fóðurlandi voru, álitin í fremstu röð ungra manna. En nú er hann í freinstu röð aldraðra manna, enda átti hann til þeirra að telja, því foreldrar hans voru hins mestu heiðurshjón. Hann naut á yngri árum sínum talsverðrar skólamentunar, en varð að hætta við lærdóm sökum heilsubrests. Samt ber hann enn menjar þess, er hann nam í æsku, og mun bera til æfiloka, "því smekkurinn sá, sem keinst í ker, keiminn lengi eftir ber", og sannast það fyllilega á Gísla. Hann er hinn gláðværasti og skemtilegasti maður, bæði í viðræðum og til heimsóknar, og bina gömlu og góðu, alþektu íslenzku gestrisni hefir hann í fullum mæli. Góðgerðasamur er hann og góður, — sérstaklega við fátæka, og þá, er eitthvað eiga bágt að einhverju leyti, og eru þeir hreint ekki fáir, sem í einhverju tilliti hafa notið mannúðar hans, fausnar og höðingsskapar. Er hann því að öllu og af öllum virtur og velmetinn, að verðleikum.

Jæja, ritstjóri góður, hér endar nú þessi saga, og vil eg biðja þig, að stinga henni einhversstaðar í "Kringluna", — svona við hentugleika.

Spanish Fork, Utah, á Katrínar messu hinni síðari 1908.

E. H. JOHNSON.

Dánarfregn.

MARKERVILLE,
15. marz 1908.

Aðfaranótt 13. þ.m. dó að heimili sínu bóndinn Jón Jónsson Strönd, 60 ára gamall. Dauðameinið var heilabólga og hjartveiki. Hann var einn af eldri og merkari bændum þessarar bygðar, var maður vel gefinn, í betra lagi greindur, þjóðhagasmiður, og alt, sem hann lagði á gerva hönd, bar órækan vott um verkhaga hönd, hugvit og smekkvísi. Hann var atgervis og þrekmaður, og vann að lífsstarfi sínu með dug og áð, meðan dagur vamst til. Jón sál. var mikilmenni, sem ekki lét bugast, þótt straumurinn væri stundum nokkuð erfiður. Hann hafði mist konu sína fyrir nokkrum árum, en á lifandi sex mannvænleg og fullorðin börn. — Efláust verður Jóns sál. minst nákvæmar í blöðunum, af þeim, sem eru kunnugri og mér færari.

J.JH.

Jónas Pálsson
PIANO KENNARI
729 Sherbrooke St. Winnipeg.

Gott tækifæri!

Aldina, tóbaks og gosdrykkja verzlun á góðum stað er til sölu. Hvergi í Winnipeg betri framtíðarstaður fyrir Íslending, en einmitt þar með svoleiðis verzlun.

Byggingarlóðir í vesturhluta bæjarins myndi verða teknar, sem niðurborgun, ef óskað væri.

Skilmálar aðgengilegir.

Semjið við
J. SVEINSSON,
637 Sargent Ave.

Kennara

vantar fyrir Árnes South skóla, No. 1054. Kenslutíminn þarf að byrja 1. maí næstk. og standa yfir í 6 mánuði. Tilboðum verður veitt móttaka af undirskriftuðum til 15. april, og þurfa umsækjendur að tiltaka mentastig og reynslu sem kennari, ásamt kaupi því sem óskað er eftir.

Nes P.O., 16. marz 1908.
Ísleifur Helgason,
Nes P.O., Manitoba.

Nýja Bakaríið.

Hér með tilkynnist heiðruðum Íslendingum, að eg hefi nú í minni nýju búð, að 732 Sherbrooke St., allar tegundir af finu sætabrauði, brjóstsykri og "confect" sætindum og aldinum. Alt nýtt og ferskt.

Nú getur og fólkið fengið hjá mér ágætar kringlur og tvibökur.

Þeir, sem ekki geta komið að kaupa vörurnar, geri svo vel að sendá pantanir með telefón 8322.

G. P. Thordarson.

PURITY FLOUR

AÐ BAKA BEZTA BRAUÐ
er meira en vísindi og meira en list.

En það má gerast fljótlega og áreiðanlega með því að nota

PURITY FLOUR

Það er malað úr bezt völdu Vestur-Canada Hörðu Hveitikorni; er algerlega hreint og svo ilmandi kjarngott.

ALLIR ÍSLENZKIR KAUPMENN SELJA ÞAÐ

WESTERN CANADA FLOUR MILLS CO.,
LIMITED.
WINNIPEG, —— CANADA.

HEIMSKRINGLA
Published every Thursday by
The Heimskringla News & Publishing Co.

Verð blaðsins í Canada og Bandar $2.00 um árið (fyrir fram borgað).
Sent til Íslands $2.00 (fyrir fram borgað af kaupendum blaðsins hérlendis $1.50)

B. L. BALDWINSON,
Editor & Manager

Office:
729 Sherbrooke Street, Winnipeg
P. O. BOX 116. 'Phone 3512.

Bókasölu-málið

Það hafði kvisast hér um bæ, eftir að bókasölugreinin í Heimskringlu dags. 12. þ.m. kom fyrir almenningssjónir, að hún hefði olláð ógleði nokkurri í Tjaldbúðum okurverzlunar elskendanna hér í bænum. Þetta var alla staði eðlilegt og fyrirsjáanlegt. Það er jafnan svo, þegar alþýðumálgögn taka sér fyrir hendur, að róta við því, sem aflaga fer í þjóðfélaginu, að þá verða ekki allir á eitt sáttir, hvorki um málstaðinn sjálfan, né heldur aðferðina, sem beitt er til þess, að hrinda í rétt horf því, sem aflaga hefir farið. Enda væru blöðin þá algerlega þýðingarlaus, ef þau aldrei létu sig skifta um mannfélagsmálin fyrr en þau hefðu fulla vissu fyrir því, að afskifti þeirra væru við allra hæfi, — ef nokkuð slíkt væri mögulegt. Og hvað Heimskringlu sérstaklega snertir, þá er henni alt annað betur gefið en það, að láta sig það að nokkru varða, hvort skoðanir hennar hljóta lof eða last. Hún hefir bygt tilverurétt sinn á því einu, að segja fólkinu það eitt, sem hún hefir réttast talið í hverju máli, og reyndin af þeirri stefnu hefir orðið sú, að Vestur-Íslendingar eru fyrir löngu farnir að taka markvert tillit til þeirra skoðana, sem blaðið flytur.

Hvað sérstaklega snertir bóksölumálið, þá hefir Heimskringla flutt að eins tvær greinar um það. Hina fyrri í tilefni af ritgerð um það mál, sem birtist í Reykjavíkurblaðinu "Lögrettu" á sl. vetri, og sem vestur-íslenzku blöðin voru beðin að taka upp til þess Vestur-Íslendingar fengju að vita, hvernig því máli horfði við frá sjónarmiði Bóksalafélagsins þar heima. Í rauninni var greinin ekkert annað en opinber umkvörtun undan og auglýsing um óhöflega sviksemi bóksalanna hér. Heimskringla tók að því sinni málstað þeirra, eða einkum H. S. Bardals, og gaf ástæður fyrir því. Þessar ástæður hefir nú "Lögrétta" tekið gildar að eins að nokkru leyti, en heldur áfram umkvörtun sinni fyrir hönd Bóksalafélagsins, og færir fram sömu sviksemis ákærurnar á hendur bóksölum þess hér vestra.

Síðari grein Heimskringlu var rituð í tilefni af áminstri "Lögr." grein. Í henni heldur Heimskringla því fram, að óreglan í viðskiftum sé aðallega að kenna sjálfu Bóksalafélaginu, sem með opnum augum og af ásettu ráði hafi stuðlað hér svæsnustu einokun á bókum sínum, og við þá staðhæfingu heldur Heimskringla sér, þar til viðunanleg breyting kemst á bókasöluna hér.

Ýmsir hafa vottað Heimskringlu þökk fyrir báðar þessar greinar, og sérstaklega þá síðari. Þeir hafa sagt hana orð í tíma talað, og algerlega þarfa og nauðsynlega. En nú hefir herra H. S. Bardal hafist handa og ritað varnargrein fyrir sína og félagsins hönd. Grein sú er lipurlega og hógværlega rituð, og flytur ýmsar fróðlegar og sumar sannar upplýsingar um bóksölu yfirleitt.

En einhvern veginn hefir það atvikast svo, að í ritgerð hans er að mestu leyti forðast, að snerta nokkuð við því aðalatriði, sem alt umræðuefnið snýst um, sem sé: einokuninni og af henni leiðandi því okurverði, sem hér hefir verið á íslenzkum bókum alt til þessa dags. Það er stefna íslenzka Bóksalafélagsins, gagnvart Vestur-Íslendingum, sem undan er kvartað, og sem verður að breytast til batnaðar. Satt að segja er það ofvaxið skilningi Heimskringlu, hvernig herra Bardal hefir getað lét sig tal að hlynna að þeirri einókun, þar sem það er á allra vitund, að hann er fylgjandi frjálsverzlunarstefnunni, þegar um aðrar vörutegundir er að ræða.

Vér vildum mega benda lesendum vorum á, að öll málalengingin í grein herra Bardals um útgáfu og söluverð enskra bóka og starfsaðferð bókaútgefenda á Englandi og í Austur-Canada, er algerlega óviðkomandi þessu máli ísl. Bóksalafélagsins. Eins er sú staðhæfing hans ekki á rökum bygð, að nú sé verið að gera tilraun til þess, að kveikja óánægju hjá viðskiftavinum hans, því sú óánægja kviknaði fyrir mörgum árum, bæði austan hafs og vestan, þó ekki hafi hún verið gerð að opinberu blaðamáli fyr en í vetur, og fyrir tilmæli blaðsins "Lögréttu", og að öllum líkindum að undirlagi íslenzka Bóksalafélagsins. Óánægjan að vestan er tilorðin fyrir það okurverð, sem verið hefir á íslenzkum bókum hér, og sem knúð hefir ýmsa Vestur-Íslendinga til þess að senda eftir íslenzkum bókum ýmist til Kaupmannahafnar eða til Íslands. Óánægjan að austan hefir verið megn þar um margra ára tíma, vegna vanskila vestan bóksalanna, og þetta hefir haft þær afleiðingar, að umboðsmennirnir hafa ekki getað fengið ýmsar bækur sendar hingað vestur svo árum skiltir, af því reynslan var búin að kenna bókaútgefendunum það, að þeir hefðu enga vissu og litla von um, að fá þær nokkurntíma borgaðar. Af þessu hefir leitt það, að fólk, sem aumars hefði verið viljugt til að borga slíkar bækur með vestur-íslenzka okurverðinu, hefir ekki átt kost á, að fá þær hér.

Sú staðhæfing herra Bardals, að verð íslenzkra bóka hér sé miðað við 3 til 13 centa álag umfram smásöluverð þeirra á Íslandi, er að því leyti fróðleg, að hún játar alt að 50 prósent álag umfram þann 25 prósent afslátt, sem hann er látinn njóta frá almenna söluverðinu þar. Sú bók, sem seld er 1 krónu á Íslandi, er seld umboðsmanni þess hér fyrir 75 aura, eða 20c. Sé svo álagið hér 13c, þá er bókin hér í 33 centa verði, og er þá framfærslan 65 prósbet. Frá því ber þó að draga flutnings og ábyrgðarkostnað, sem hann er lítilræði eitt, þegar mikið er flutt í einu. En að þeim kostnaði frádregnum, þá er samt framfærslan á slíkri bók fyllilega tvöfld frá því sem hún er á Íslandi.

Upptalning herra Bardals á þeim bókum, sem gefnar eru út á Íslandi af öðrum en Bóksalafélaginu og sem hann sýnir verðið á hér heima, er í töfluformi á þessa leið:

	Söluverð á Íslandi	Söluverð til Umboðsmanna	Söluverð í Ameríku	Gróði í Króna-tali	Gróði Per Cent
	Kr.	Kr.	$	Kr.	
Páll Ólafsson, Ljóðmæli I.	3.00	2.25	1.00		66.
Páll Ólafsson, Ljóðmæli II.	2.75	2.06	1.00		74
St. G. Stephansson, Ljóðmæli	1.00	0.75	0.50		1 50
Kr. Stefánsson, Ljóðmæli	1.50	1.13	0.60		93
Aldamótaóður	0.25	0.19	0.15		2 00

Þessi bókalisti herra Bardals sýnir þegar hann er athugaður, að meðalgróðinn af sölu þeirra er 116 prósent.

En svo er hér annar bókalisti, gripinn af handahófi, að mestu Bóksalafélags bækur, sem sýnir nákvæmlega sömu gróðahlutföll, eftir söluverði bókanna hér vestra og miðað við það verð, sem þær kosta umboðsmanninn, þegar þær eru komnar til Bretlands:

	Söluverð á Íslandi	Söluverð til Umboðsmanna	Söluverð í Ameríku	Gróði í Króna-tali	Gróði Per Cent
	Kr.	Kr.	$	Kr.	
Quo Vadis, í bandi	5.00	3.75	2.00	5	97⅓
G. Thomsen, Ljóðmæli	5.00	4.00	1.60	1.92	48
B. Þorsteinsson, 22 Sönglög	1.00	0.75	0.40	0.73	97⅓
Brúðkaupslagið	0.60	0.42	0.25	0.50	1 19
Björn og Guðrún	0.50	0.35	0.20	0.39	1 11½
Fornaldarsögur Norðurlanda	14.00	10.50	5.00	8.00	70
Íslenzkt þjóðerni	2.00	1.50	1.25	3.12	2 08
Flateyjarbók	14.00	12.00	8.00	17.60	1 46
Egils saga Skallagrímssonar	1.25	0.94	0.50	0.91	96
Gullöld Íslendinga	3.50	2.63	1.75	3.84	1 46
Nítjánda öldin	2.00	1.50	1.50	4.05	2 70
Orðabók G. Zoega	5.00	3.75	1.75	3.72	99

Meðalgróði hér á þessum bókum er 115 prósent.

Þannig lítur nú þetta mál út á pappírnum. Lesendurnir geta hér greifað á hverri tölu sannkvæmt sagt stu verði beggja megin hafsins, svo að um ekkert er að villast, og ekkert rúm er fyrir efasemdir. Og vér teljum áreiðanlega víst, að þær prósentur, sem umfram eru 100 á útsölugróðanum vestanhafs, meira en nægi til að borga flutning bókanna hingað vestur og ábyrgð á þeim. Það er því áreiðanlegur sannleikur, að sölugóðinn hér er full 100 prósent að jafnaði, eða 4 sinnum hærri en á Íslandi, og vér fáum ekki séð, að neitt annað orð en okur lýsi réttilega þeirri verzlun.

Það er yfir þessu, sem Heimskringla fyrir hönd Vestur-Íslendinga hefir kvartað. Vér vitum það nú, að sú umkvörtun hefir verið tékin til greina á Íslandi, og að þær bætur fást, sem blaðið fer fram á, að gerðar verði. Vestur-Íslendingar mega því þakka Hkr. þá réttarbót frá hendi bóksalafélagsins á Íslandi, sem vér vonum að geta auglýst um sumarmálin. Samkepni í sölu íslenzkra bóka vestanhafs verður á þessu herrans ári sumargjöf Heimskringlu til Vestur-Íslendinga.

Nytsemi vísindanna fyrir þroska trúarlífsins.

Fyrirlestur haldinn á málfundi í Kristiansand 1905.

Eftir HANNA ISAACHSEN.

(Tekið úr "Eimreiðinni").

Fyrir nokkru síðan var lögð fyrir tólf framúrskarandi menn Norðurálfunnar spurningin: "Hvaða bók hefir haft gagngerðust áhrif á líf yðar?" Sex af þessum tólf voru guðfræðingar. Niðurstaðan svöruðu: "Uppruni tegundanna" (Origin of species) eftir Darwin.

Það er og ætlun mín, að óhagganlegt sé að fullyrða, að engin bók 19. aldarinnar hafi fest dýpri rætur í andlegu lífi Norðurálfunnar en þessi bók.

Valdið, sem hún hefir náð yfir hugum manna, má þakka kenningu þessa hugvitssama snillings um "náttúruvalið". Prófessor Romanes segir, að ættum vér að meta nytsemi hverrar frumhugsunar eftir því, hve mjög hún breytir hugsunarhættinum, þá sé frumhugsun þessi — náttúruvalið — tvímælalaust hin áhrifamesta hugsjón, er nokkru sinni hafi fæðst í mannssálunni.

Ekki verður því heldur neitað, að áhrif kenningar þessarar á trúarlífið hafi verið hin gagngerðustu. Neita má því ekki, að rótað hefir hún til í kristilegri kirkju. Því með fræðikenningunni um nátt úruvalið er ósjálfrátt frumtak sett í stað hins skapandi guðs, — að vísu ekki hvað lífið sjálft snertir, því kenning Darwins gerir ráð fyrir lífinu sem gefnu — heldur að eins að því, er snertir hinar sérstöku tegundir.

Ekki er það nema sjálfsagt, að þetta hlytí að breyta afstöðu vísindanna til trúarbragðanna. Ógrandi hafa vísindin með þessu hróp-að til trúarbragðanna: "Hvar er nú guð þinn?" Vísindamenn sögðu fyrir dauða kristinnar trúar, með því jafngóð kenning, er stæði á vísindalegum grundvelli, hefði steypt henni — eða þá að ágizkunarkenningin: guð mun falla af sjálfu sér með verkun sömu orsaka, sem höfðu sett hana á laggirnar.

Þetta er þó ekkert nýtt fyrir kristindóminn. — Mótstöðu menn hans hafa svo oft spáð honum falli. Engin ástæða fyrir oss, að kippa oss upp við það. En það sem oss má furða á, er kviðbogi kristinna manna fyrir framtíð kristindómsins. Og ekki sízt kirkjunnar sjálfrar. Á hverju einu sigur í heimi vísindanna hefir kirkjan alla kirkjusöguna í gegn litið tortrýnis augum og skoðað hann háskalegan fyrir trúna. Þannig hefir kirkjan sjálf, með efasemdum um lífsmagn trúar sinnar, unnið að því, að afflytja sitt mál í augum vantrúarinnar.

Eitt sinn þótti mönnum trúarbrögðunum háski búinn af því, að trúa á tilveru andhætinga. Háski var að trúa því, að jörðin gengi kringum sólina. Já, það var ekki lítill háski fyrir trúna, að efast um, að til væru galdranornir og fjölkyngismenn. Við brosum nú að þess kyns barnaskap. En andinn lifir æ hinn sami hjá kristnum mönnum og kristilegri kirkju, meðan hún reynir að binda hendur á vísindalegri rannsókn, hverrar tegundar sem er, og ætlar henni að ná fyrirfram fast ákveðnu takmarki. Það er andi vantraustsins, vantraust á kristindóminum, vantrausts á guði sjálfum, sem viðbúið væri að steyptist niður af himnum, væru menirnir óbundnir í rannsóknum sínum um hans handaverk.

Slíkt vantraust verðskuldar sannarlega ekki kenning HANS — hans, sem lét krossfesta sig vor vegna.

Eftirtektaverð eru ummæli eins Comtistanna á Englandi (F. Harrison (1889) um árangur nefkvæðra árása á kristindóminn. Hann hyggur, að þá er til alls komi, hafi ágóðinn af öllum nefkvæðum árásum á fagnaðarerindið sennilegast verið sá, að trúfélagið hafi náð fastari siðferðislegum tökum á kristindóminum.

Óefað felst djúpur sannleiki í dómi þessum. Trúarbrögð og vísindi hafa í vissum skilningi sama markmið — að komast að sannleikanum. En kirkjan (öll kirkjufélög) hefir skilið svo afstöðu sína til sannleikans, að hún sé óbrigðleg. Kirkjan sagði: "Vér vitum". — Vísindin sögðu: "Vér leitum". Fyrir því urðu framfarirnar vísindanna megin. En kirkjan stóð í stað, — eða varð afturhaldssöm, — nema þá er vísindin þRÖNGVUÐU henni til að stiga feti framar, þröngvuðu henni til nýrrar viðurkenningar í trú og siðgæðum.

Auðveitað er það KENNING KRISTS, sem á þennan hátt þarf að hrinda áfram. Það er skilningur kirkjunnar eða kristninnar bæði á því trúfræðislega og siðferðislega í kenningu hans, sem nær meiri og meiri þroska og fullkomnun í hvert sinn, sem "árás" vísindanna — árangur vísindanna er þá "árásin" — bregður nýju og bjartari ljósi yfir kristindóminn, þá ryður hann sér brautir gegnum líf og breytni manna.

Á þennan hátt nær kristindómurinn sannari tökum á mannlífinu einmitt með þeim árásum, sem hann verður fyrir.

Vera má, að einmitt þetta sé sterkasta sönnunin fyrir guðdómleguan sannleik kenningar Krists. Því meir, sem oss fer fram í því, að þekkja niðurskipun og lögmál náttúrunnar og lífsins (í líffræðislegri merkingu), því ljósar skynjum vér, að á þeim hvíla boðorð Krists, — að þau eru oss gefin samkvæmt þekkingu á mannlegri náttúru, í ljósi skyni, að hún fái náð fullum þroska og sinni fullkomnustu mynd. Vér sjáum, að boð Krists eru ekki "yfir mátt", heldur takmark framþróunarinnar fyrir mennina.

Frá fyrstu tímum hefir kirkjan ætlað, að hún gæti komist af án þessarar þekkingar á reglufestu og lögum náttúrunnar og lífsins. Meira að segja var þess háttar þekking í þokkabót hannsungin. En mannkynssagan hefir leitt í ljós, að á þessari þekkingu er hin mesta þörf, ekki sízt fyrir trúarlegan og siðgæðislegan þroska mannanna. Vera má, að ekki hafi þessi þörf vakað fyrir hverjum einum vísindamanni. En hvað sem því líður, hefir þó verk vísindanna að öllu samanlögðu, farið um guðs vegi — í guðs erindagerðum.

Staðhæfingar mínar í þessu efni væru litilsvirði, gæti ég ekki sannað þær með sögulegum rökum. Að færa sannanir fyrir þessu er því tilgangur þessa fyrirlesturs.

Vel veit ég, að það er alltitt manna á milli að ætla, að kristnir menn á fyrri tímum hafi verið allmikið fremri mönnum vorrar aldar í trú og siðgæðum. Bágt á ég þó með að ætla, að þessi skilningur sé nærri nokkru lagi; því ég hygg, að saga mannkynsins mótmæli því hátt og heilagt.

Andinn, sem opinberar sig í lífi og kenningu Jesú Krists, er sannleikans og kærleikans andi: "Guð er andi, og þeir, sem hann tilbiðja, eiga að tilbiðja hann í anda og sannleika". "Þér munuð þekkja sannleikann, og sannleikurinn mun gera yður frjálsa". Fjandmann sinn einkennir Jesús sem anda lýgninnar, og kallar hann "föður lýgninnar og lygara frá upphafi". Undirstaðan, sem hann leggur að tilbeiðslu guðs, og þess, að vér könnumst við oss, sem guðs frjálsu börn, er hjartalag fult sannsögli og einlægni. Kenning sína tekur hann saman í eitt í þessum boðorðum: "Elska skaltu drottinn af öllu hjarta og öllu þínu hugskoti, og náunga þinn sem sjálfan þig".

Ef vér nú leggjum þessa frumdrætti kristindómsins sem mælikvarða á játendur hans á hinum ýmsu tímabilum andlegrar menningar og þroskasögu Norðurálfuþjóðanna, þá komum vér augastað á, hvert starf vísindanna hefir verið í þessa áttina, og hvað hin frjálslyndari framþróun, er af því leiðir hefir áunnið í þjónustu kristindómsins.

Fyrstu aldirnar tvær standa kristnir menn einir sér með dýrðarljóma yfir höfði sér. Staða og lífskjör þeirra voru og sérstakleg, og geta eigi endurtekist. Ekkert er hér til samanburðar. Fyrst frá þeim tíma, er kristindómurinn hefir náð öndvegisstöðu og komist til valda, getum vér séð, hvernig hann verður framkvæmanlegur í lífi játenda sinna. En það er fyrst frá miðri 4. öld og eftir það. Frá þeim tíma fær kirkjan meiri og meiri völd. Hún gerist nú einvaldur ráðsmaður trúarinnar. Skulum vér nú fyrst sjá, hvað SANNLEIKSANDANUM leið á þeim tíma — hvernig persónuleg sannsögli og sannleiksást hafðist við á miðöldunum.

(Meira).



Myndin sýnir hús hr. John Wadge á "The Park" landinu í Brandon. Sumir kaupendur eru að byggja og aðrir byggja hús þar í sumar. Lóðirnar seljast stöðugt; aðallega til útlendinga í Brandon. Vaxandi eftirspurn sannar bezt gæði þeirra, sem eru 2 'blocks' norður af C.P.R. vagn stöðinni og 5 mín. ganga frá verzlunar-miðdepli bæjarins. Skrifið eftir upplýsingum. Kaupið lóðirnar strax,—þær hækka í verði nú í sumar.

John Wadge,
10 Ninth Street, -- Brandon, Man.

eða Kr. A. Benediktsson, 477 Beverley St., Wpg., Man. | eða K. K. Albert, 719 William Ave., Winnipeg, Telefón 6409.

Fyrirspurn.

SPURNING. — Hvers vegna fá kaupendur "Hugans" ekki að sjá eitt einasta eintak af honum? — Bæði ég og fleiri í þessari bygð, hafa sent pantanir og peninga til þessa G. J. Sverensons, sem hefir verið að auglýsa sig í Heimskringlu að hafa hann til sölu, en nú eftir 3 til 4 mánuði er okkur farin að þykja biðin heldur löng.— M. Ingimarson, Tantallon, Sask.

SVAR. — Það er fleiri en Tan-Tantallon búar, sem pantað hafa og borgað fyrirfram fyrir "Hugann", og þeir peningar með pöntununum voru sendir til Íslands strax og þeir bárust hr. Sverensen. En blaðið hefir ekki komið. Áminningarbréf hafa verið send heim til að flýta fyrir sendingu blaðsins vestur, en fram að þessum tíma hefir enginn árangur sést af því. Ritstj.

Hefir þú borgað Heimskringlu?

Kennara

íslenzkan vantar við Diana S. D. No. 1355 (Manitoba), frá 15. april næstk., eða að minsta kosti frá 1. maí, í 6 eða 7 mánuði. Umsækjendur verða að hafa 3. eða 2. stigs "Professional Teacher's Certificate" og eru beðnir að greina frá æfingu sem kennari, og hvað mikið kaup óskað er eftir.

Antler, Sask., P.O. Box 145.

MAGNUS TAIT,
Sec'y-Treas.

Gott kjöt.

Allir þurfa að borða "gott" kjöt um þennan tíma árs. Og ef þú vilt vera viss um að fá "gott" kjöt þá pantaðu það frá

C. G. JOHNSON
Telefón 7631
Á horninu á Ellice og Langside St

WINNIPEG Business College

FÉKK FYRSTU VERÐLAUN Á SAINT LOUIS SÝNINGUNNI.

Cor. Portage Ave and Fort St.

Kennir Bókhald Vélritun, Simritun. Byr undir Stjórnbjónustu o. fl. Kvöld og dag kensla. Sérstök tilsögn veitt einstaklega. Starfshögunar skrá frí.

Winnipeg Selkirk & Lake W'peg Ry.

LESTAGANGUR:—

Fer frá Selkirk — kl. 7:45 og 11:45 f. h., og 4:15 e. h. Kemur til W'peg — kl. 8:50 f. h. og 12:50 og 5:20 e. h. Fer frá W'peg — kl. 9:15 f. h. og 1:30 og 5:45 e. h. Kemur til Selkirk — kl. 10:20 f. h., 2:35 og 6:50 eftir hádegi.

Vögur teknar með vögnunum aðeins á mánudögum og föstudögum.

Cancer Cure.

R. D. EVANS, sem fann upp hið viðfræga lyf til lækninga

krabbameinum

óskar að allir sem nú þjást af krabbameinum, skrifi sér. 2. daga notkun meðalsins, læknar útvortis eða innvortis krabbamein. Skrifið strax til R. D Evans, Brandon, Man. 27-8-8

BRANDONS VINSŒLASTA GISTIHUS

EMPIRE HOTEL

E. J. PELTIER, eigandi

Hefir öll nútíðar þægindi. Reynið þetta gisti hús. Á bezta stað í borginni. Lang-vega telefón 155. Sample rooms.

725—731 ROSSER AVE.
BRANDON, MAN.
27-5-8

Woodbine Hotel

Stærsta Billiard Hall í Norðvesturlandinu
Fitu Pool-borð.—Alskonar vín og vindlar.
Lennon & Hebb.
Eigendur.

Vatnsleiðsla Lundúnaborgar

Eins og kunnugt er, er vatnsleiðsla um flestar stórborgir gerð þannig, að vatninu er safnað í afarmiklar þar til gerðar þrór eða skálar, sem grafnar eru niður í jörðina og stein eða steinlímslagðar að innan, svo að botn og veggir eru sléttir sem spegilgler. Þrór þessar eru gerðar í hæðir eða þar þar sem landið er svo mikið hærra en hæstu hús borganna, að vatnið úr þeim, sem leitt er í járnpípum um borgirnar, geti af eigin þunga þrengt sér upp á efsta loft hæstu húsa. Með þessu móti er það tryggt að vatn sé nægilegt í húsum fólks yfir tveggja til þriggja sólarhringa bil þó pumpurnar, sem pumpa vatnið í þrórnar, stansi um tíma til viðgerðar eða hreinsunar. Eftir því, sem borgirnar stækka, eftir því þarf að stækka þessar vatnsgeymsluþrór, eða fjölga þeim, því einatt er það lífsspursmál, að tryggja nægilegar vatnsbyrgðir, og svo varanlegar, að þær bregðist ekki.

Nú liggur það starf fyrir borgarráði Lundúnaborgar, að láta byggja eina slíka vatnsþró fyrir þá miklu borg, og það hefir ákveðið, að láta byggja hana þessi geymsluþró á að verða sett um 10 mílur vegar suðaustur frá borginni. Á svæðinu á að byggja 50 hálsveggi yfir svonefndan Enborne dal. Eftir honum rennur grein úr Kennet ánni. Þessi stíflu-veggur á að hafa þau áhrif, að safna þar í dalnum 15 þús. miljóna galóna af vatni, og myndar það vatnsmagn stöðuvatn, sem er 9½ fermílur ummáls, eða 50 mílur vegar umhverfis vatnið, og er það 12 klstunda ganga fyrir þolinn göngumann. Þessi mikla vatnsþró á að verða fullgerð og í starfandi ástandi árið 1941. Þá er áætlað, að í Lundúnaborg verði 9½ miljón íbúar. Og að þessi þró nægi til að veita þeim alt það nevzluvatn, sem þeir þurfi að nota. En forstöðunefnd þessa fyrirtækis hefir hugsað lengra fram í tímann og falið verkfræðingi sínum, að gera áætlanir um væntanlegan fólksfjölda í borginni og vatnsþörf hennar árið 1961. Þá er talið, að í Lundúnum verði 15½ miljónir íbúa, og tilgangur nefndarinnar er að haga svo byggingu þessa mikla vatnsgeymslusvæðis, að hægt sé, að stækka það svo, að það mæti þörfum borgarinnar á síðasttöldu ári.

Til þess að mæta vaxandi vatnsþörf, er ákveðið, að hækka veggina smámsaman, þar til þeir verði hundrað feta háir, og þá haldi þróin 55 miljónum gallóna. Til þess að fylla skál þessa og halda henni jafnan fullri, verður að veita í hana vatninu, ekki eingöngu úr Enborne ánni, heldur einnig úr Thames ánni og öðrum vatnsföllum. Áætlaður kostnaður við þetta stórvirki er: fyrstu 15 miljónir galóna $350 fyrir hverja milión gallóna. En við aukning skálarinnar og vatnsmegnsins, er hún þá geymir, færist tilkostnaðurinn niður, svo að hann að síðustu, þegar verkið er fullkomið með hinu meira vatnsmegni, sem það á að halda, nemur $150 á hv. milión gallóna. Verður þá vatnsleiðslan búin að kosta í beinum útgjöldum um 10 miljón dollara, og verður það þá langmesta vatnsból í heimi, og flestum mönnum að notum.

Bullið í K. A. Benediktssyni.

Herra ritstjóri!

Þegar ég hafði lesið fimbulfambið, smjaðrið og heimskuna, sem K.Á.B. spúði úr sér í síðustu Hkr., varð mér satt að segja hálf bumbult, og svo hefir fleirum orðið. Mér kom því til hugar, herra ritstjóri, að biðja þig að gefa mér orðið í fáar mínútur, svg ég mái að ávarpa Kristján frænda.

Á fyrstu síðu í nefndri Hkr. yrkir K.Á.B. lofsöng um Jakob Johnston, sem þó vanalega kallar sig "Bob Johnston(!!!), en heitir að réttu lagi Jakob Jóhannsson. — Kvæði þetta er ómaðhvort óþarfa háð um veslings "Bob", eða upplogið smjaður, alveg dæmalaust. Því allir þeir, sem þekkja Jakob vita, að hann hefir verið heilsulaus maður alla sína æfi, og ber það ekki með sér, að vera "frá jöfrum" kominn. Því síður er hann fær í "Víking", þar sem "grandi gjalp of súðir". Þessi lofsöngur Kristjáns er því höfundinum til skammar og hefði aldrei átt að prentast.

Nú flettir maður blaði í áðurnefndri Hkr. og er þar löng grein "Stjána" með fyrirsögninni: "Listasmiður". Grein þessi er svo öfgafull og vitlaus, að undrum sætir, að maður sem kallaður er rithöfundur og skáld, eins og Kristján Ásgeir, skuli láta annað eins sjást eftir sig.

Kr. segir t.d., að húsið, sem hann talar um, hafi kostað 20,000 dollara. En það hefir ekki kostað undir neinum kringumstæðum meira en 6—7000 dollara.

"Þegar kom að því, að smíða "veranda", þá gáfust upp hinir ensku smiðir", segir mesitari Ásgeir. "og þá tók Chas. Hillman að sér, að leysa þetta vandaverk af hendi og hafði yfirsmiði og umsjón á öllu smíði í húsinu". Hvað hafði Mr. Hillman "yfir" mörgum að sjá? Og hvað voru þeir margir þessir smiðir, sem "gáfust upp"? Var ekki Mr. Willkey, sem húsið lét byggja, að bauka með bróður sinn mállausan og heyrnarlausan og einn og stundum tvo handlangara við þetta "skrauthýsi" í alt sumar sem leið og fram á haust? Jú, vissulega. Þar voru því engir smiðir til að "gefast upp", af þeirri góðu ástæðu, að þeir voru þar engir fyr en Hjálmar Hjálmarsson, sem K.Á.B. kallar Chas. Hillman, kom þar að. Sömuleiðis hafði herra Hjálmarsson engum að stjórna nema sjálfum sér og mállausa drengnum eftir að hann (Hjálmar) byrjaði.

"Húsið átti að vera og varð hið vandaðasta skrauthýsi í Winnipeg", segir Kristján frændi. Þetta er viðlíka satt, eins og ef einhver sagði, að K.Á.B. væri það bezta og mesta ljóðskáld, sem Ísland hefir nokkurntíma átt.

Kristján getur þess, að súlur þær, sem standi undir "Veranda" séu "sívalar með stéttum og krögum". Slíkt er magnað! Er það þó ekki? Já, og "steinkjallari undir öllu húsinu". Slíkt er Aaladins undur! — "Gluggalistar, dyrabúmmgur, aursillur o. s. frv., er úr smiðskorinni eik". Já, úr eik! Þess eru engin dæmi, og er fyrirboði stórtíðinda! En hvað er það, sem herran kallar "aursillur" í húsi þessu?

Meðal þeirra undra, sem Kristján sá í húsi þessu eru "reamhurðir" og "renniglugg"!! Slíkt og því líkt eru reglulegr Fróðár undur!

Til þess að gera lýsinguna á framstiganum betri á bragðið, hefði Kr. átt að bæta þessu við: Til þess að gera stiga þennan hinn mikla þann glæsilegasta í heimi, sendi hinn voldugi Hillman menn út um heim allann til að draga að sér hina kostulegustu gimsteina ásamt silfri og gulli, perlum og dýrindis skeljum, rostungstönnum og filabeinum. Sengimenn þessir fóru alla vegu. Sumir riðu gandreiðar í lofti, aðrir höfðu fyrir fararskjóta hunda eða ketti. En sumum sendimönnum sínum breytti hinn mikli töframaður sá bezti. Enfremur sendi hann alskonar minnisvarða og legsteina.

121 Nena St. Phone 806

A. S. BARDAL

Selur líkkistur og annast um útfarir. Allur útbúnaður sá bezti. Enfremur selur hann alskonar minnisvarða og legsteina.

MARKET HOTEL

146 PRINCESS ST. á móti markaðnum
P. O'CONNELL, eigandi, WINNIPEG
Beztu tegundir af vínföngum og vind um, aðhlynning góð húsið endurbætt

The Dominion Bank

NOTRE DAME Ave. BRANCH Cor. Nena St.

Vér seljum peningaávísanir borganlegar á Íslandi og öðrum lönd.

Allskonar bankastörf af hendi leyst

SPARISJÓDS-DEILDIN

tekur $1.00 innlag og yfir og gefur hæstu gildandi vexti, sem leggjast við innstæðufé 4 sinnum á ári, 30. júní, 30. sept. 31. desembr og 31. march.

Vátryggið

HJÁ

The **Brandon Fire Insurance Co.**

ÁLGERLEGA ÁREIÐANLEG OG FROSKAFULL HEIMASTOFNUN

E. S. Miller Limited
Aðal umboðsmeðl
PHONE 2083 217 McINTYRE BLK.

E. J. OLIVER—SÉRSTAKUR UMBOÐSMAÐUR, 609 AGNES STREET.

The Hotel Sutherland

Cor. Main og Sutherland Ave.
C. F. BUNNELL, eigandi. Winnipeg
Kostar $1.00 og $1.50 á dag
TELEPHONE 748
Allir skemti- og 'Business' staðir í bænum nálægir með Strætisvögnum sem hjá dyrunum reina.

Department of Agriculture and Immigration.

MANITOBA

Land möguleikanna fyrir bændur og handverksmenn, verka menn. Auðnuból landleitenda, þar sem kornrækt, griparækt smjör og ostagerð gera menn fljótlega auðuga.

ARID 1906

1. 3,141,537 ekrur gáfu 61,250,413 bushels hveitis. Að jafnaði yfir 19 bushel af ekrunni.
2. Bændur lögðu yfir $1,515,085 í nýjar byggingar í Manitoba.
3. Í Winnipeg-borg var $13,000,000 varið til nýrra bygging.
4. Búnaðarskóli var bygður í Manitoba.
5. Land hækkaði í verði alstaðar í fylkinu. Það er nú frá $6 til $50 hver ekra.
6. Í Manitoba eru 45,000 framfara bændur.
7. Í Manitoba eru enþá 20 millfón ekrur af byggilegu óteknu óbúðarlandi, sem er í vali fyrir innflytjendur.

TIL VÆNTANL. LANDNEMA

komandi til Vestur-landsins: — Þið ættuð að stansa í Winnipeg og fá fullar upplýsingar um heimilisréttarlönd, og einnig um önnur lönd sem til sölu eru hjá fylkisstjórninni, járnbrautafélögum og landfélögum.

R. P. ROBLIN.
Stjórnarformaður og Akuryrkjumála Ráðgjafi.

Skrifið eftir upplýsingum til

Joseph Burke, 617 MAIN ST., WINNIPEG. Jas Hartney 77 YORK ST., TORONTO.

T. L.

Heitir sá vindill sem allir reykja. "Hvers vegna?" af því hann er það besta sem menn geta reykt. Íslendingar! munið eftir að biðja um T. L.

(UNION MADE)

Western Cigar Factory
Thomas Lee, eigandi Winnipeg

Redwood Lager og Extra Porter

Heitir sá bezti bjór sem búin er til í Canada. Hann er ljúfur eins öðr ur og hann sýnist. Ef þér viljið fá það sem bezt er og hollast þá er það þessi bjór. Ætti að vera á hvers manns heimili.

EDWARD L. DREWRY Manufacturer & Importer Winnipeg, Canada.

Ódýr eldivður en góður

Jón Finnbogason, 678 McGee st., hefir 300 Cords af bezta þurru Pine og Tamarac, sem hann selur með allra lægsta verði, sem hægt er að kaupa við fyrir, — eða heldur lægra. Sjáið reynið og sannfærist.

XI. KAPÍTULI.

"Ég veit varla, hvernig ég á að svara þessu", sagði hertogiun nokkrum dögum seinna við konu sína. Hún var ein í herbergi sínu, og hann kom inn til hennar með opið bréf í hendinni. Hún leit gladlega framan í hann.

"Hvað er það?"

"Lestu það, góða mín", sagði hann. "Caren lávarður býður okkur að koma með sér til ættaróðals síns Brookland. Ég veit varla, hverju svara skal".

"Til Brookland!" sagði hún alveg forviða. "Ég sé ekki, að við getum farið þangað".

Svo las hún bréfið og lagði það svo frá sér aftur. Hún lést vera í vandræðum með, hvað gera skyldi.

"Þú vilt helzt fara norður í land og ég vil það gjarnan líka".

"Caren lávarði þykir fjarska mikið til þín koma, en þú ert víst nú búin að afráða, hvert þú ferð".

Hún lét, sem sér stæði alveg á sama um þetta, og engum gat komið til hugar það, sem hún hafði á bak við eyrað. Hún vissi, að bezt yrði sér ágengt, að láta sem hún færi í öllu að vilja manns sins. Hún kom samt með nokkrar mótbárur, fullviss um, að maður hennar myndi eyða þeim.

"Að vísu var ég búinn að fullráða við mig, hvar við yrðum í sumar, en Carens fólkið eru þar skemtilegustu manneskjur, sem ég þekki", sagði hertoginn.

"Já, það er skemtilegt fólk. Mér hefir þótt svo fjarskalega skemtilegt, að ríða út með lávarðinum", sagði hún. "Samt hugsa ég, að Caren lávarður hugsi mest um sjálfan sig með þessu heimboði. Það er ekki meira en vika síðan hann sagði mér, hve mikið hann hefði lært af þér, og honum þykir svo mikið varið í, að tala við þig um stjórnmál".

"Sagði hann það?" spurði hertoginn heimilifandi. "Það bezta, sem maður getur gert með þá reynslu og þekkingu, sem maður fær í lífinu, er að kenna hana öðrum og láta þá haka gott af henni, eða hvað finst þér?"

"Vissulega hefir þú rétt fyrir þér. Er gæti bezt imyndað mér, að Caren lávarður ætla sér að verða kærisveinn þinn".

"Já, hvað segirðu um þetta, Nita? Á ég að þiggja heimboðið eða ekki? Þætti þér skemtilegt, að dvelja nokkrar vikur á Brookland?"

"Mér, já. Mér þykir Lady Caren skemtileg, og mér þykir gaman að ríða út með lávarðinum. En annars ræður þú því alveg".

Hún vissi, að hún hafði unnið spilið, og væri því réttast, að hún þættist vera auðsveip. Hertoginn þakkaði henni meðhandabandi.

"Nei", sagði hann, "þú ert drotning hjarta mins og á heimili minu. Óskir þinar eru mér lög".

Úrslitin urðu þau, að hertoginn þáði heimboðið, og tjáð þakkir fyrir.

Nú fyrst fór Caren lávarður að hugsa um, hvað móðir hans og kona mundu segja um þetta heimboð. Lady Caren hafði lofað, að fara með þeim til Brooklands. Nú, henni þætti víst ekki margt að því, að fá gesti, og Aðalheiði ekki heldur. Þó hafði hann tekið eftir, að í seinni tíð hafði engin sýnileg vinátta verið á milli þeirra. Hann áleit bezt, að vera ekki í neinni óvissu lengur, og gekk því inn til þeirra með bréf hertogans í hendinni.

"Ég hefi góð tíðindi að færa ykkur", sagði hann. En það var ekki fritt fyrir, að rödd hans skálfi. Lady Aðalheiður leit upp frá teikningu sinni, og móðir hans lagði frá sér pennann.

"Góð tíðindi", endurtók hún. "Hvað er það, Allan?"

"Hertoginn og hertogainnan af Ormond hafa lofað að heimsækja okkur á Brookland. Hér er bréf hertogans, þú getur lesið það, mamma.

Lady Caren las bréfið og sýndist mjög ánægð yfir því.

"Mér þykir vænt um það, Allan", sagði hún. "Hertoginn er maður, sem vert er að vera í vináttu við, göfugt prúðmenni. Það var rétt af þér að bjóða þeim heim. Hertogainnan er mjög falleg, og með aldrinum verður hún skynsamari en hún er nú".

Lávarðurinn hló. Honum fanst sem létt væri af sér þungri byrði. "Heldur þú, að hún sé ekki nógu skynsöm nú?" sagði hann.

"Maður getur auðvitað ekki dæmt hana eftir sama mælikvarða og enskar konur", sagði hún, "en að mínu áliti er hún of glysgjörn".

Lady Aðalheiður var ekkert farin að segja um þetta. Lávarðurinn var aldrei vel ánægður, fyr en hún hafði samþykt það sem hann gerði. Hann gekk til hennar, horfði nokkra stund á teikningu hennar. "En hvað þú teiknar vel, Aðalheiður", sagði hann, "þú ert að náttúrufari mjög listgefin".

"Ég held það sé fremur þolinmæði minni að þakka en hæfileikum", svaraði hún.

"Ég vona", sagði hann hálf vandræðalega, "að það sé þér ekki á móti skapi, að fá gesti á Brookland í eina eða tvær vikur".

Hún vissi varla, hverju svara skyldi. Átti hún skýrt og skorinort að segja honum, að hún vissi meira en hann hélt, eða átti hún að halda fast við

ásetning sinn og vera þolinmóð til hins síðasta? Hvað átti hún að gera? Þó hún setti sig upp á móti þessu, gat ekkert gott af því leitt. Heimboðið varð ekki tekið aftur. Hún leit alvarlega framan í mann sinn:

"Ég er alt af ánægð, þegar ég veit, að þú ert ánægður. En í þessu efni höfum við gagnstæðar skoðanir. Hertogainnan af Ormond er ein af þeim konum, sem mér geðjast ekki vel að, og hreint út sagt, þá kæri ég mig ekkert um vináttu hennar, en ég vil gera alt, sem ég get, vinum þínum til geðs, Allan, og það ættir þú að vita".

"Ég veit", sagði hann fljótlega, "að allir góðir eiginleikar eiga heima hjá þér. Ég býst við, að þú viljir ekki segja mér, hvað þér þykir að hertogainnunni? Kvenfólk er svo undarlegt í skoðunum sínum. En eitt vil ég segja þér, að það er langt síðan ég fann, að þú, Aðalheiður ert sú fullkomnasta og bezta kona, sem ég hefi nokkurntíma þekt".

Lady Caren heyrði þetta, og henni þótti svo vænt um það, að hún stóð upp og lagði hendur um háls syni sínum og kysti hann.

Seinna um daginn gekk Lady Aðalheiður inn í bókaherbergi manns sins. Hann var að skrifa bréf en lagði pennann strax frá sér, er hann sá hana koma inn, og snéri sér brosandi að henni. Hversu ólíkt var ekki viðmót hans frá því nokkrum mánuðum áður!

"Máttu vera að tala við mig í fimm mínútur?"

"Já, þó það væri í fimm ár". Hann stóð upp, og bauð henni sæti. Hann tók eftir, að hún var náföl og skjálfandi.

"Er nokkuð að, Aðalheiður?", spurði hann fljótlega.

"Nei, en mér finst vera kominn tími til, að tala

FASTEIGN TIL SÖLU.

Verð: $1100.00. $100 00 niðurborgun og $10 00 mánaðarlega. Eignin er nú leigð fyrir $10 um mánuðinn.

Aðeins 6 prócent renta á því sem eftir stendur óborgað.

Gott tækifæri fyrir mann með litla fjölskyldu, því afborgunin er alveg sama og húsaleiga. — Fasteign þessi er á Toronto St., nálægt Sargent Ave., og kostar að eins $1100.00. Stærð lóðarinnar er 25x100 fet. Stærð hússins (Shanty) er 22x24 fet, með "cold water plumbing" í. — Þér, sem vildu sinna þessu, snúi sér sem fyrst til S. A. JOHNSON, 687 Sherbrooke st., eftir kl. 7 að kveldi.

Fræ

VÉR ERUM STÆRSTU FRÆ-SALAR Í VESTUR-CANADA. SÉRHVER HYGGINN VERZLUNARMAÐUR HEFI McKENZIE'S FRÆ. BIÐJIÐ UM það. ÞIGGIÐ EKKERT ANNAÐ EF KAUPM YÐAR HEFIR það EKKI Þá PANTIÐ það FRÁ OSS. VÉR GEFUM ÚT ENSKAN VERÐLISTA MEÐ MYND UM — "CATALOG."

A. E. McKENZIE Co. Limited
BRANDON, MANITOBA
CALGARY, - ALBERTA

Adal Fræsölumenn Vestur-Canada

Kjörkaupa-listi

Victor st., 6 herbergjahús	$1600
Toronto st., 7 " nýtísku hús með öllum þægindm $500 niðurborgun	2800
Simcoe st., — 7 herbergi,	2900
Beverley st., 7 herbergja nýtísku hús á	3000
Home st. nálægt Portage, 25 feta lóðir, á $25 fetið	

W. P. RODGERS,
608 McIntyre Blk. Fón 6474.
27-5 8

WINNIPEG

Guðm. Guðmundsson og Páll S. Dalmann bændur, frá Pine Valley, komu til bæjarins í sl. viku í dómsmálaerindum. Svo stóð á, að nábúi þeirra hafði fyrir 2 árum höfðað skaðabótamál móti þeim og heimtaði 4 þús. dollara. En landarnir kváðust ekki skulda, og hefir málið verið fyrir rétti síðan, en ekki fallið dómur í því fyr en á fimtudaginn var. En svo fór mál það, að landarnir voru frikendir og þeim dæmdur allur málskostnaður. Þeir héldu heimleiðis sigri hrósandi um síðustu helgi.

Hr. Pétur Árnason, sem í sl. 2 mánuði hefir verið að lærðast um á Kyrrahafsströndinni með herra Hannesi Lindal, kom heim aftur í sl. viku. Þeir félagar fóru suður til Portland, og þaðan norður um bygðir Íslendinga í Seattle, Ballard, Bellingham, Blaine, Vancouver og Victoria. Pétur lætur það ólit í ljós, að Íslendingum á Strönd inni líði engu betur en fólki hér eystra yfirleitt, og kveðst engum ráða til vesturferðar. Annars kvaðst hann almennt hafa mætt alúðleg um viðtökum, og þakkar hann fólki þar fyrir gestrisni og góða skemtun.

Herra Tryggvi Ólafsson, sem um sl. ár hefir búið í Blaine, Wash., kom til bæjarins í sl. viku. Vel lætur hann af landi og tiðarfari vestra, en óvíst þó — kringumstæða vegna — að hann flytji vestur aftur. Annars er kona hans og börn þar vestra enþá.

Þess var getið hér í blaðinu fyrir nokkru, að á sl. sumri hefði verið Íslendingur á verkamanna þingi hér í bænum frá Victoria, B. C., og að hann hefði verið sá eini Íslendingur, sem þá mætti á því þingi. En þessi síðari liður var settur í blaðið af vangá, því að á því sama þingi mætti fyrir hönd Lathers Union í Winnipeg annar Íslendingur, Júlíus M. Peterson, forseti þeirrar verkamannafélagsdeildar og fulltrúi í Trades and Labor Council og í Builders' Trades Union. Maður þessi er sonur herra Magnúsar Einarssonar á Point Douglas hér í bænum.

Herra Pétur Pálsson, bóndi að Skálholt P.O., Man., var hér í bæ í sl. viku, til þess að vera viðstaddur giftingu Petrínar dóttir hans. Brúðguminn er herra Lawrence O'Arnold, bóndi þar í bygð. Hann hélt heimleiðis aftur með hinum ungu hjónum, sem gefin voru saman af séra Jóni Bjarnasyni á föstudaginn var.

Herra Lárus Guðmundsson, frá Duluth, flytur fyrirlestur sinn "Úr Suðrinu" á þessum stöðum:

Wild Oak Hall, mánud. 30. marz
Marshland Hall, þriðjud. 31. s.m.
Glenboro, mánud. 6. april.
Brú, þriðjud. 7. april.
Baldur, miðvikud. 8. april.

Allir heræfingaskólar hér í borginni, sem nú munu vera orðnir 8, hafa í vetur verið að leika Hockey og keppa um silfurbikar, sem auðmaður hér í borginni hafði gefið. Á skólanum í vesturbænum eru fáeinir íslenzkir drengir (eða af íslenzkum foreldrum), og voru tveir af þeim valdir til að halda uppi heiðri skólans ásamt 5 öðrum. — Piltar þessir voru þeir Jóhann Victor Austmann og Karl sonur Sigurðar Erlendssonar. — Á föstudagskveldið í síðustu viku var háð hin síðasta hríð, og unnu Íslendingar og þeirra félagar. — Bikar þessi er sagður að hafi kostað 65 dali, og er því mesta gersemi. Drengirnir eiga bikar þennan fyrir eitt ár, en fyrir lítstið, ef þeir vinna hann þrisvar í röðu.

Dóttir Fangans.

var leikin í Goodtemplara húsinu á mánudaginn var. Aðsóknin var sæmileg, en hefði átt að vera miklu betri, því að leikurinn er ágætur, — miklu betri en vér höfðum gert oss hugmynd um, og verð skuldar því, að húsið sé þétt skipað áhorfendum, þegar hann er leik inn.

Það tvent mátti að finna, að finna, að helzt til langt var milli þátta, en þeir eru 4 í leiknum, — og að B. Hallson, í gerfi Mattías Lee, talaði of lágt til þess að vel væri heyranlegt um alt húsið. — Annars intu allir leikendur störf sín prýðilega af hendi. Ólafur Eggertsson lék fangann og tókst það eins vel og væri hann gamall glæpaseggur. Ungfrú Einarsson lék dóttur hans og tókst það vel. Jón Sveinbjörnsson tekur sig vel út, sem undirhyggju bragðarefur. — Þessar 3 persónur koma einna mest við leikinn. — Hinir aðrir gera verk sitt óaðfinnanlega yfirleitt.

Efni leiksins er alvarlegt, og að miklu leyti sorglegt, en leikurinn endar vel. — Íslendingum er óhætt að sækja leik þennan. Þeir fá ekki betri skemtun annarstaðar fyrir jafnlítla borgun.

Íslenzka stúdentafélagið hélt ársfund sinn síðastliðinn laugardag. Fór þar fram kosning embættismanna fyrir næsta ár, þessir hlutu kosningu: Heiðursforseti séra Jón Bjarnason (endurk. í einu hljóði), forseti Jóh. P. Pálsson, varaforseti Miss S. Halldórsson, annar varaforseti Miss E. Miðdal, skrifari B. Jónsson, féhirðir Jón Stefánsson.

Þá skilaði fráfarandi forseti af sér störfum sínum. Mintist hann lítillega á starf félagsins á sl. vetri. Við marga óröðugleika hefir félagið átt að stríða, og gengið erfiðlega að yfirstiga þá. Stærsta áhugamál félagsins, að hjálpa fátækum nemendum, hefir orðið að sitja mjög tilfinnanlega á hakanum sökum fjárskorts. Þó byrjar það vongott á nýju ári, það veit að með styrk vina sinna má það á komandi árum vinna æ betur og betur að áhugamálum sínum, því, að halda íslenzku námsfólki saman og styrkja það menningarlega og fjárhagslega.

Stúkan Hekla heldur TOMBÓLU ásamt öðrum skemtunum á Sumardaginn fyrsta (23. april). Þetta ættu allir að hafa hugfast.

Blaðið "Seattle Times" auglýsir, að í janúar sl. hafi dáið í Ketchikan, Alaska, Íslendingur að nafni Micah Northman, og hafi eftirskilið nokkrar eignir. Skyldmenni hans eru beðin að gefa sig fram við F. M. Loomis í Ketchikan, Alaska, sem hefir umráð yfir dánarbúinu.

Óskandi væri, að Íslendingar þar vestra vildu lofa blöðunum ísl. að vita um hið rétta nafn og ætterni þessa látna Íslendings, og aðrar þær upplýsingar, er þeir geta í té látið. Annars er hætt við, að erfingjarnir tapi eignunum, því að af þessu skripanafni munu fæstir kannast við manninn.

Svo er nú farið að vora hér í bænum, að mesti fjöldi manna var settur til að vinna á götum bæjarins á laugardaginn var, við að höggva klakann úr rennunum, svo vatnið nái að renna úr þeim niður í skurðina jafnótt og snjór þiðnar.

Gimli bær var löggiltur sem sérstakt sveitarfélag þann 6. þ.m. Í löggildingarbeiðni skránni eru tald ir 700 íbúar þar í bænum. Útnefning til bæjarráðs fer fram 31. þ.m. og kosning þann 7. april næstk. Í bæjarráðinu eiga að sitja bæjarstjóri og 4 meðráðamenn.

Roblin stjórnin hefir samið svo um við ýmsa banka hér í borginni; að þeir láni sveitafélögum fylkisins nægilegar peninga upphæðir til þess að kaupa fyrir útsæði handa þeim bændum innan sinna takmarka, sem ekki hafa nægilegt útsæði til næsta vors og ekki efni á, að kaupa það. Að eins 5 sveitir hafa gefið sig fram til lántöku fram að þessum tíma.

FUNDUR.

Stúdentafélagið heldur síðasta fund sinn á vetrinum í samkomusal sínum undir Fyrstu lút kirkju, næstkomandi laugardag. Fundurinn byrjar stundvíslega kl. 8 að kveldi. Nýja stjórnarnefndin stýrir fundinum, og leyfir sér að bjóða íslenzkum nemendum í bænum, þó þeir ekki tilheyri félaginu. Finnig væri æskilegt, að meðlir kæmu allir. Þeim gefst gott tækifæri til að kveðjast áður en þeir skilja undir sumarið. Forseti hefir margt fróðlegt að segja um starfsemi félagsins á næsta ári. Veitingar verða þar og skemtanir.

Frá Blaine er ritað dags. 7. þ. m.: "Hér eru tímar ákaflega daufir, atvinna lítil sem engin, menn ganga í tuga þúsundatali atvinnulausir og allslausir viðsvegar um Ströndina. Af þessu getur þú lengið ofurlítla hugmynd um, hve mikil muni vera hin almenna vellíðan, sem sumir hafa verið að ríta um hédan. Enda hygg ég, að þeir sem mest hafa ritað um vellíðan, hafi ekki skoðað í bækur matsalanna og forðabúr verkafólks yfir höfuð. Og það versta er, að það er lítið útlit fyrir, að út þessu rakni í bráð. — Síðastliðið sumar var hér framúrskarandi góð atvinna, og gott kaup borgað, en svo datt úr því botninn alt í einu í haust. — Veðráttan hefir verið sú indælasta í vetur, eins og um sumar væri, og hefði atvinna verið næg, mundi verið hafa almenn vellíðan".

Herra G. E. Jochumsson kom um síðustu helgi vestan úr Skálholt bygð. Hann skrapp þangað með þeim herrum Hjálmari Árnasyni og Júlíusi Olson, er hingað komu á þorrablótið. Jochumson og Árnason höfðu ekki sést í sl. 14 ár, síðan þeir voru samtímis að læra beykisiðn í Noregi og stunduðu hana síðar saman í Hrisey árið 1882, hjá Niels Hauge í Haugesundi um 1½ árs tíma. Þá skildu þeir og hafa síðan ekki fundist þangað til nú. Árnason hefir búið í Skálholtsbygð í 14 ár, og á nú góða bújörð við Assiniboine ána, tólf milur norðan við Glenboro bæ og er hún metin 2 þúsund dollara. Þar er hið fegursta útsýni. Lausafé hans er um 1100 dollara virði, alt skuldlaust. — Herra J. Olson hefir Section af landi, og er einn stærsti bóndi þar og mesti dugnaðarmaður. Í bygð þeirri eru alls 15 búendur íslenzkir. Heilsufar gott. Hey nægileg, og velliðan almenn. Bændur þar búast við, að byrja að sá lönd sín um næstu mánaðamót.

Hr. Bergur Jónsson, sem um sl. 4 mánuði hefir dvalið í Pine Valley bygð, fór í þessari viku vestur til Baldur og verður þar framvegis. Hann segir nóga vinnu eystra, bæði fyrir Grand Trunk Pacific félagið og við viðarvinnu.

Tamarac selst hjá A. S. Bardal fyrir $5.50, — en 2 "Cord" fyrir $10.50.

HANNESSON & WHITE
LÖGFRÆÐINGAR
Room: 12 Bank of Hamilton
Telefón: 4715

J. G. Snydal, L. D. S.
ÍSL. TANNLÆKNIR
COR. MAIN & BANNATYNE
DUFFIN BLOCK PHONE 5302

Matur er mannsins megin.

Ég sel fæði og húsnæði, "Meal Tickets" og "Furnished Rooms", Öll þægindi eru í húsinu.
SWAIN SWAINSSON,
438 Agnes st.

The Bon Ton
BAKERS & CONFECTIONERS
Cor. Sherbrooke & Sargent Avenue.
Verzlar með allskonar brauð og pæ, aldini, vindla og tóbak. Mjólk og rjóma. Lunch Counter. Allskonar 'Candies.' Reykptpur af öllum sortum. Tel. 6298.

HEIMSKRINGLU og TVÆR skemtilegar sögur fá nýir kaupendur fyrir að eins $2.00.

FÓLK.
Komið og talið við oss ef þér þatið í hyggju að kaupa hús. Vér höfum þau hús sem þér óskið eftir. meðallra beztu skil málum. Finnið oss viðvíkjandi peningaláni, eldsábyrgð og fleiru.
TH. ODDSON & CO.
55 Tribune Blk.
Telefón 2312.
Eftirmenn Oddson, Hansson and Vopni.

Boyd's Brauð
Hreinlætis- og heilbrygðisreglum þeim, sem fylgt er við tilbúning Boyd's brauða, er alstaðar viðurkent að vera óaðfinnanlegar. Nýtízku ofnar gera Boyd's brauð þau beztu hér í bæ. Fónið eða náið í keyrslumenn vora.
Boyd's
Bakery Cor Spence & Portage Ave
Phone 1030.

ARNI ANDERSON Íslenzkur lögmaður
Í félagi með
Hudson, Howell, Ormond & Marlatt
Barristers, Solicitors, etc.
Winnipeg, Man.
13-18 Merchants Bank Bldg. Phone 3621, 3622

C. INGALDSON
fleiri við úr, klukkur og alt gullstáss. Úr klukkur hringir og allskonar gullvara til sölu. Alt verk ljótt og vel gert.
147 ISABEL ST.
Fáeinar dyr norður frá William Ave.

The Duff & Flett Co.
PLUMBERS, GAS AND STEAM FITTERS
Alt verk vel vandað, og verðið rétt
773 Portage Ave. og 862 Notre Dame Ave.
Phone 4644 Winnipeg Phone 3815

BILDFELL & PAULSON
Union Bank 5th Floor, No. 520
selja hús og lóðir og annast þar að lútandi störf; útvegar peningalán o. fl.
Tel.: 2685

BONNAR, HARTLEY & MANAHAN
Lögfræðingar og Landskjala Semjarar
Suite 7, Nanton Block, Winnipeg

Hver þvær og Hreinsar Fötin ydar?
Hversvegna að fara í Kina-kompurnar þegar þér eigið kost á að fá verkið gert betur, og alt eins ódýrt, í bezta og heilsusamlegustu þvottastofunn, þar sem aðeins hvítt vinnufólk er haft og öll hreinustu efni notuð. Vér óskum viðskifta ydar.
The North-West Laundry Comp'y Ltd.
Hreinsarar og Litarar
COR. MAIN & YORK FÓN 5178

Viðvíkjandi Hafið tal af

Sjúkdómum Sérfræðingum vorum
Royal Optical Co.
327 Portage Ave.
Rétt á móti Eaton's búðinni.
Winnipeg.
12-9 8

um nokkuð við þig, þó ég taki nærri mér, að verða að tala um það".

Hann horfði óróleg á hana. "Það er bezt illu aflokið, Aðalheiður. Byrjaðu strax"

"Þú manst vist ekki eftir brúðkaupsdegi okkar?" Hann hneigði sig, og lanst ekkert þurfa að tala um það nú.

"Við komum okkur saman um þá", hélt hún áfram, "að búa saman nokkurn tíma, og skilja svo, af þeirri ástæðu, að okkur sendi ekki".

"Já, ég man það", sagði hann.

Einu sinni áður hefi ég spurt þig að, hvort ég ætti ekki að fara, og þú svaraðir því neitandi. Nú vil ég spyrja þig um það aftur. Samkvæmistíðin er nú liðin, þú ferð nú aftur til Brookland, og verður þar umkringdur af vinum þínum. Er því ekki komin sá tími, sem ég get farið frá þér?"

Í öllum hamingjubænum, nei", sagði hann. "Hvaða ástæðu höfum við til að skilja, Aðalheiður? Hvað gæti ég fundið að þér? Þú ert blíð sem engill og tiguleg sem drotning. Þú ert elskuð af öllum, sem þekkja þig, og allir dáðst að þér. Fólk myndi bara hlægja að mér, og ekki trúa því, ef ég sagði, að okkur gæti ekki komið saman".

Þrátt fyrir geðshræringu sína, gat hún ekki varist brosi.

"Svo þú hélst, að okkur mynd ekki geta samið?" sagði hún blíðlega.

"Ég vissi ekki þá, hver þú ert í raun og veru".

"Mundu eftir því, að örlög mín og líf mitt er algerlega í þínum höndum. Ef þú vilt að ég fari, — svo fer ég. Ef þú vilt að ég verði, — þá verð ég. En, Allan, vertu samgjarn við mig í einu".

Hún var svo elskuleg í auðmýkt sinni, að hann hefði ekki getað neitað henni um nokkurn hlut.

"Sýndu mér nú réttlæti", sagði hún. "Komdu

mér ekki til að þykja svo vænt um Brookland, að ég geti aldrei farið þaðan".

Blóðið hljóp fram í kinnar honum og hjarta hans sló hratt. Í fyrsta skifti á æfi sinni langaði hann innilega til að taka hana í faðm sér og kyssa hið fagra andlit hennar.

En þá kom aftur gamli efinn, veldugri og sterkari en nokkru sinni fyr. Hann greip um hendi hennar.

"Aðalheiður!" hrópaði hann. "Gerðu þæn mína: Segðu mér hvers vegna þú áttir mig".

Hún leit sorglega framan á hann.

"Ég vildi óska, að ég gæti sagt þér það, en ég get það ekki. Þú verður að hugsa um það, hvað sem þú vilt"

"Þú mátt þá heldur ekki láta þér detta í hug, að yfirgefa Brookland"

"Ekki fyr en þú segir mér að fara. Í sama vetfangi var hún komin út úr herberginu.

XIII. KAPÍTULI.

Um þessar mundir fékk Lady Caren bréf frá Clavering hershöfðingja. Sagði hann, að ófyrirsjáðar orsakir hefðu hindrað sig frá að koma á þeim tíma, sem hann hafði ákveðið. En nú kvaðst hann mundi heimsækja þau í júlímánuði. Lady Caren varð ávalt hálf óróleg, er hún fékk bréf frá honum. Hún sagði syni sínum frá, að hann hefði skrifað sér og hvenær hann byggist við að koma.

Sonur hennar hló. "Brookland er enginn smákofi", sagði hann, "en við verðum samt að láta

byggja við húsið, ef gestir okkar fjölga. Kafteinn Randolph kemur og margir fleiri, en velkomnastur af öllum skal verða hinn góði gamli hershöfðingi".

Lady Caren var samt mjög óróleg, og sonur hennar tók vel eftir því, og féll það mjög illa.

"Mig langar til, að hershöfðingjanum litist sem bezt á sig hér".

Lávarðurinn hló aftur. "Þú mátt vera viss um að honum mun litast á sig hér, mamma".

"Allan", sagði hún, "þú mátt ekki hlægja að því sem ég segi: Lofaðu mér því, að vera nú reglulega góður við Aðalheiði á meðan hershöfðinginn dvelur hér".

"Er ég ekki alt af vingjarnlegur við hana?" spurði hann óþolinmóðlega.

"Jú, á vissan hátt", mælti hún sorgbitin, "en sérhver, er lifað hefir í hamingjusömu hjónabandi, hlýtur að sjá, að sambandið á milli ykkar er fremur sem bróður og systur en þeirra, sem elskast, og ég er hrædd um, að hershöfðinginn sjái fljótt, hvernig því er varið".

Lávarðurinn leit alvarlega til móður sinnar.

"Setjum svo, að hann gerði það. Hvað svo? Ekki óttast ég hann".

"Móðir hans nálölnaði og stundi þungan. Sonur hennar horfði forviða á hana.

"Er nokkuð leyndardómsfult við þennan góða, gamla hershöfðingja, mamma? Það er engu líkara, en að þú sért hrædd við hann".

"Nei," mælti hún með breyttri rödd, "en mér er ant um, að hann fái hina beztu hugmynd um okkur, og ég vil, að hann sé fullviss um, að Aðalheiður sé hamingjusöm".

"Ég geri það, sem ég get", sagði hann dauflega. "Ég ólst svo upp, að ég vissi ekki annað, en að ég væri eini erfingi föður mins, en svo kom þessi hræði-

legur, óréttláta erfðaskrá, og ég varð að ganga að eiga þá stúlku, sem ég ekki elskaði, þó hún sé bæði góð og fögur. Ég hefi gert mitt bezta, mamma, og ég get ekki gert meira".

"Gerðu það, sem ég bið þig um, Allan".

"Ég er enginn hræsnari, mamma, ég get ekki hræsnað að eins til að þóknast öðrum. Ég ber hina dýpstu virðingu fyrir Lady Aðalheiði, og sé og kann að meta hina miklu mannkosti hennar, og ég sé um, að allir sým henni tilhlýðilega virðingu".

"En, elsku Allan, gltur þú ekki gert eins og ég bið þig? Ég óska svo hjartanlega eftir, að þú elskir hana, eins og hverjum eiginmanni ber að gera"

"Menn geta fremur ráðið yfir vind og sjó, en hjartastrengjum sinum", sagði hann sorgbitinn. En í huga hans flaug sú hugsun: Var hann ekki farinn að elska hina fögru, blíðlyndu konu, sem að eins að nafni til var kona hans. Hjarta hans sló ávalt hratt, er hann hugsaði til hennar.

Hann kysti móðir sína blíðlega, sem kom þó ekki oft að.

"Vertu ekki neitt kvíðandi, mamma, ég geri það sem ég get. Ég skal alt af muna eftir því, sem þú hefir beðið mig um, og þegar hershöfðinginn skilur við okkur, skal hann standa í þeirri meiningu, að við séum hamingjusömustu manneskjur undir sólunni".

Lady Caren varð að láta sér nægja þetta loforð. Og nú var farið í óða önn að flytja til Brokkland.

Lady Aðalheiður kveið ekki fyrir framtíðinni til neinna muna. Hún hafði sagt manni sínum mein ingu sína afdráttarlaust, og fengið fullnægjandi svar. Hún þóttist viss um, að ef maður hennar hefði boðið hertogainnunni til Brookland, með þeirri hugsun frá beggja hálfu, að þau gætu fengið tækifæri til að

$960.00

Kaupir ¼ Section af ræktuðu landi nálægt Winnipeg, með byggingum og fleiru. Og í góðu landnámi. Lönd umhverfis þetta, eru nú seld fyrir $30 til $35 hver ekra. Missið ekki af þessu tækifæri, — hreyfið hvíldur við og finnið eða skrifið oss undireins í dag.

Skuli Hansson & Co.
56 Tribune Building
Skrifst. Telefón 6626. Heimilis Telefón 2274

Heimskringla.

$960.00

Kaupir ¼ Section af ræktuðu land með tilheyrandi byggingum. Landið er á góðum stað og ekki langt frá Winnipeg. Bálönd á þessu svæði eru seld fyrir $30 til $35 ekran. Missið ekki af þessu tækifæri, — hreyfið við se n fyrst. Það er betra að vera fyrstur en SÍÐASTUR.

Skuli Hansson & Co.
56 Tribune Building

XXII. ÁR — WINNIPEG, MANITOBA, FIMTUDAGINN, 2 APRÍL, 1908 — Nr. 27

ROYAL CROWN SOAP

Hin alþekta Winnipeg harðvatnssápa

Hún er búin til eftir sérstakri forskrift, með tilliti til harðvatnsins í þessu landi.
Varðveitið umbúðirnar og fáið ýmsar premíur fyrir. Búin til eingöngu hjá —

The Royal Crown
LIMITED
WINNIPEG

Fregnsafn

Markverðustu viðburðir hvaðanæfa.

SIGUR RICHTERS. — Undirbúnings kosningarnar í St. Paul eru nýafstaðnar, og eftir fregnum í blaðinu "St. Paul Pioneer Press" dags 18. marz sl., höfðu flestir þeir menn mikla yfirburði, sem Richter og félagar hans studdu að málum. Svo er að sjá á blaðinu, að baráttan hafi verið afar hörð, en svo lauk, að borgarstjóraefni Republíkana, herra Joseph McKibben, sem Richter-félagið studdi náði kosninaga yfirburðum, og einnig flestir þeir af bæjarfulltrúaefnum, sem Richter-félagið studdi að málum. Blaðið segir, að þeir, sem náð hafi kosningu, hafi játað, að þeir ættu í flestum tilfellum sigur sinn Richter-félaginu að þakka, en félagið vann algerlega endurgjaldslaust fyrir alla umsækjendur sina.

— Nýlega er látinn hertoginn af Devonshire hertogadæminu á Englandi, einn af mikilhæfustu og réttsýnustu stjórnmálamönnum í Evrópu. 74 ára gamall. Hjartveikt varð banamein hans. Hann neitaði tvisvar forsætis ráðherra stöðunni á Englandi, kvaðst geta gert landi sínu meira gagn, sem óbreytt'ur liðsmaður, enda var ráða hans og álits ætíð leitað, þegar um eitt hvert mikilsvert mál var að ræða i stjórnarsögu Englands á siðasta mannsaldri.

— Galiciumaður nokkur fanst nýlega örendur i snjóskafli nokkrar milur frá Teulon bæ. Hafði hann sagt eftir manni, sem skotið hafði Moose-dýr á friðunartima. Fyrir þetta réðist sá seki á hann á afviknum stað og barði hann til bana, braut sundur á honum andlitið og úr honum tennurnar, braut 4 rif i annari siðunni og meiddi hann að öðru leyti, svo að hann gekk af honum dauðum. — morðinginn, sem einnig er Galiciumaður, hefir játað sök sina og biður nú dóms.

— Hæstiréttur Bandarikjanna hefir dæmt ógild lög þau, sem Minnesota þingið samþykti um far og flutningsgjöld þar i rikinu. Í ráði er að rikisstjóri Johnson, sem nú þegar hefir ákveðið og auglýst, að hann ætli að sækja um forsetakosninguna við næstu forsetakosningu i Bandarikjunum, — muni kalla saman aukaþing, til að ræða dómsákvæði þetta, og endursamþykkja lögin, sem nú hafa ónýtt verið, með þeim breytingum, sem þinginu kann að koma saman um að séu nauðsynlegar, til þess að þau komi ekki i bága við stjórnarskrá rikisins.

— E. H. Rochette, i Paris á Frakklandi, hefir nýlega verið kærður um 12 milión dollara þjófn að. Maður þessi var um eitt skeið þjónn á greiðasöluhúsi, þá bláfátækur og vann fyrir lágu kaupi. En þá dó frændi hans og eftirlét honum eitt þúsund dollara. Með þessa skildinga fór hann út i heiminn til að tefla upp á eigin spýtur. Hann setti á stofn ofurlitinn banka, og kyntist þá öllum bankastörfum og komst i kynni við efnamenn. Næst tók hann að sér að myndi ýms félög, og 5 árum siðar náði hann saman nærgum höfuðstól til þess að byrja nýjabanka. Þessi stofnun varð svo fræg, að hún varð þekt um alt Frakkland. Innan tveggja ára eftir að hann hafði byrjað banka þennan hinn mikla, hafði hann i þjónustu sinni 4 hundruð skrifstofuþjóna i Paris, og að auki hafði hann 67 útibú um alt Frakkland. Nú létu allir til þessa manns, sem hins mesta fjárhyggju spekings, og nafn hans varð á hvers manns vörum. Hann myndaði nú hvert gróðafélagið á fætur öðru og verzl aði með kol, kopar, silfur og gullnámur i Suður-Ameriku, og einnig með lönd og járnbrautir. Annan banka setti hann á stofn, er hafði 300 skrifstofuþjóna. Hann átti og stjórnaði tveimur blöðum, sem héldu nafni hans á lofti og legruðu fyrirtæki hans. En alt i einu var hann handtekinn og kærður um allskonar svikserni og fjárdrátt, og margir bankastjórar og leiðandi menn landsins eru bendlaðir við kærumál þessi. Mesti fjöldi af viðskiftavinum Rochettes eru verkamenn og konur, sem illa þola að tapa aleigu sinni. Honum er kent um, að hafa flekað út af viðskiftamönnum sinum 12 miliónir dollara. En stjórnendur yfir bönkum hans segja, að hann hafi nægar eignir til að mæta öllum skuldum, og að sérhver muni bráðlega fá sitt að fullu.

— Canadian Northern félagið ætlar að selja lóðir i 30 nýjum bæjarstæðum á þessu komandi sumri. Nú er félagið búið að járnlegja braut sina til Hudsons flóans svo langt norður, að eftir eru að eins 285 milur til Fort Churchhill.

— Innflutningur manna til Canada, einkanlega frá Bandarikjunum, fer stöðugt vaxandi. Tala þeirra, sem flutt hafa hingað á 11 mánuðum, fram að 1. marz er 246,999 manns, en á sama timabili i fyrra var talan 194,082 manns. Hefir því fjölguð um nálega 53 þúsundir á siðasta ári yfir árið næst á undan. Útlit er fyrir, að þessu haldi áfram alt þetta ár.

— Hindúar þeir, sem verið hafa i fastheldu i Vancouver samkvæmt skipun Ottawa stjórnarinnar, og með þeim tilgangi, að senda þá heim aftur, þangað sem þeir komu frá, hafa verið látnir lausir. Clement dómari, sem mál þeirra var lagt fyrir, kvaðst lesa landslögin svo, að stjórnin hefði ekki haft rétt til þess, að skipa fyrir um, að halda þeim föstum, eða leggja nokkur höft á útflutning þessara brezku þegna. Hverjum Hindúa var álagt, að borga 5 dollara fyrir fæði sitt meðan þeir voru i haldi, og nú segjast þeir muni höfða mál móti rikisstjórninni og krefjast skaðabóta fyrir ólöglega meðferð á sér.

Síðasti fundur

Íslenzka Conservative Klúbbsins á þessum vetri verður haldinn á mánudagskveldið kemur, þann 6. april, á venjulegum stað og tima. Þar verða haldnar stuttar ræður, og svo spila þeir sem vilja sér til gamans. Á þessum fundi verður og útbýtt fallegum verðlaunum til þeirra, sem fremstir standa i "Pedro"-spilinu og skáktaflinu eftir veturinn. Nefndin vonar, að félagsmenn geri sér far um, að fjölmenna á þennan fund.

— Sú frétt kemur frá Boston, að landi vor Vilhjálmur Stefánsson hafi fyrirhugað ishafsför i röðrarbát, nú á þessu sumri, og að hann leggi upp i þá ferð frá Winnipeg. Svo er sagt, að ferðin verði kostuð af félagi einu þar i borg. og að tilgangur hennar sé, að kynnast siðum og þjóðháttum Eskimóa. Það er gert ráð fyrir, að félagið sendi einn náttúrufræðing með Vilhjálmi i för þessa.

— Ottawa stjórnin hefir skipað svo fyrir, að hér eftir verði allir innflytjendur, er koma til Canada, að koma beint frá ættlandi sinu hingað.

— Svo er að sjá, að ráðstafanir Frakkastjórnar viðvikjandi ellistyrk ætli að mæta slmennum vinsældum þar i landi. Þingið samþykti ellistyrkslög árið 1906, en efri deildin neitaði þeim staðfestingar. Nú hefir neðri deildin loks tekið andmæli efri deildarinnar til greina, og komið samkomulagi á meðal beggja þingdeildanna. Aðalkjarni laganna er, að verkamenn skuli leggja til 2 prósent af launum sinum i ellistyrkssjóðinn og vinnuveitendur jafna upphæð um 30 ára timabil. Með þessu móti er ætlast til, að sjóður fáist myndaður, sem þar eftir veiti hverjum verkamanni yfir 60 ára aldur $72 ellistyrk á ári. En fari svo, að sjóðurinn reynist ekki nægilega mikill til að þola þau útgjöld, sem af honum verður krafist, þá skal rikissjóðurinn leggja til það, sem á vantar, alt að 20 miliónum dollara á ári. Lög þessi skulu ná gildi á þessu ári, og skulu þá strax allir þeir verkamenn yfir 60 ára aldur, sem unnið hafa 30 ára tima, eiga tilkall til $72 árlegra eftirlauna eða ellistyrks. Það er ætlað að þessi lög baki þjóðinni alls 68 milión dollara útlát á ári, þegar allir eru komnir á eftirlaunalistann.

— Hatur Kinverja til Japana kom nýlega i ljós á fundi i Hong Kong, þar sem yfir 50 þús. manns voru saman komnir til að andmæla gerðum Kinastjórnar i skips þrætumálinu við Japana. Margir menn héldu þar öflugar æsingaræður móti Japan. Siðan gekk fram 12 ára gamall drengur, sem talaði með svo eldlegu fjöri, að allir undruðust. Hann skoraði á Kinverja, að nota engar þær vörur, sem framleiddar væru af Japönum. Svo hafði þessi ræða mikil áhrif, að ýmsir grétu undir henni, og þeir, sem voru i fötum tilbúnum i Japan, rifu þau samstundis af sér og brendu þau á báli miklu, sem til þess var kveikt eftir fundarlok.

— Gömul hjón að nafni Morrison urðu fyrir því slysi um siðustu helgi, að hestur, sem þau voru að keyra með yfir brú hjá Westbourne, fældist og fór út af brúnni með vagninn og hjónin i honum. Fallið var 12 fet niður á ís. Konan meiddist svo mjög, að hún dó skömmu eftir, og maðurinn er sagður hættulega særður.

— Níu ára gamall skóladrengur i Ontario, sem fyrir nokkrum dögum var haldið inni á sveitaskólahúsi því, er hann gekk á, fram und ir kveld, og þá leyft að fara heim, löngu eftir að öll hin börnin voru farin, lenti á heimleiðinni i klóm á stórum timburúlfi, sem er hann upp til agna. Þetta varð hjóst dagsinn eftir, þegar drengsins var leitað, og þá fundust ekki aðrar leyfar en tveir fingur, og eitthvað af fötum hans. Ekki hefir enn frétt hvort mál verður höfðað móti kennaranum, en mikið hljóta hann að hafa á samvizkuni, af því, að láta svo ungan pilt vera einan i myrkri i úlfabæli þessu.

— Nýlega voru flutt til Bandarikjanna frá Lundúnum 2 mihón punda af niðursoðnu kjöti, sem áður höfðu verið flutt þaðan til Englands. Orsökin er, að kjötþurð varð um tíma i Bandarikjunum af því að bændur héldu gripum sinum i von um verðhækkun þeirra með vorinu.

— Fréttir frá Ottawa segja það alveg víst, að tveir ráðgjafar Laurier stjórnarinnar verði að víkja úr ráðaneytinu i tilefni af hneyxlum þeim, sem komið hafa upp i rannsókn "Civil Service" nefndarinnar. Þessir ráðgjafar eru þeir Brodeur og Sir F. Borden.

— Nýtt sumar hótel á að byggja á Winnipeg Beach á komandi sumri, og byrjað á því verki um þessi mánaðamót. Húsið á að verða sem næst fullgert 1. júni. Það á að verða þrilyft, 130 feta langt og nær 70 fet á breidd, og eiga 65 svefnherbergi að verða i því auk allra annara nauðsynlegra herbergja.

— Nú er C.P.R. félagið búið að járnleggja braut sina vestur til Leslie bæjar i Saskatchewan fylki. Brautinni verður haldið áfram og hún fullgerð til Saskatoon eins fljótt og hægt er að vinna verkið.

— Anarkisti einn i New York kastaði skrengikúlu að hópi lögreglubjóna. Kúlan sprakk fyr en til var ætlast, tók handleggjinn af Anarkistanum og drap kunningja hans, sem hjá honum stóð, sérði einnig nokkra lögreglumenn og aðra vegfarendur. Glæpamaðurinn sagðist hafa unnið illverk þetta i hefndarskyni fyrir að fá ekki að tala á fundi, sem hann hafði boðað til.

— Eldur kom upp i kolanáma i Wyoming á sunnudaginn var, og varð 79 mönnum að bana. Eldurinn kviknaði milu vegar undir yfirborði jarðar.

— Dagsljóss lagafrumvarpið i þinginu i Lundúnum komst gegn um aðra umræðu og var vísað til nefndar til yfirlita. Frumvarp þetta fer fram á, að allar klukkur á Englandi séu færðar fram um 80 minútur yfir sumarmánuðina, til þess að veita vinnulýðnum 210 klukkustunda dagsljós til að vinna við fram yfir það, sem áður hefir verið. Sá, sem færi á fætur kl. 9 eftir nýjatimatalinu, hann færi i raun réttri á fætur kl. lítið eftir hálf-átta að morgninum. Með þessu móti lengist dagsbirtu dagurinn talsvert, en rökkrið skellur fyr á á kveldin. Í raun réttri er frumvarpið gert til þess, að kenna fólki að fara timanlega á fætur og að nota dagsljósið til vinnu sinnar, en hætta fyr á kveldin.

— Siðari fregnir af jarðskjálftunum, sem urðu i Mexicó riki fyrir fáum dögum, sýna, að tvær borgir og 3 þorp hafa eyðilagst og nær þúsund manna látið þar lifið, en margt fólk flýði til fjalla. Í höfuðborg landsins hafa 2 þúsund hús skemst til muna, en ýmsir bæir i suðurhluta Mexicó ríkis hafa eyðilagst og fólk látist i stórhópum. Fréttir enn þá svo óljósar, að ekki verður ákveðið með vissu, hve mikið liftjón og eigna tafi orðið. En það er víst, að 5 bæir eru algerlega eyðilagðir, og að minsta kosti eitt þúsund manna látið þar lifið.

— Sjúklingur einn á spitala á Frakklandi stakk hjúkrunarkonu sina með rýting i hjartastað, svo hún beið samstundis bana af. Hann kvaðst ekkert hafa á hennu fundið annað en það, að hún var katólsk, en þá kirkju kvaðst hann hata svo mjög, að hann hefði ekki getað stilt sig um, að drepa konuna.

— Nýlega fanst einbúi einn i koía sinum i Algoma héraðinu i Ontario örendur. Þeir, sem fundu hann, segja hann muni hafa dáið 3 mánuðum áður en hann fanst. Hann hafði búið þar leyðimörkinni um mörg ár, en aldrei leyft nokkrum að koma nálægt hreysi sinu. Það var alment álitið, að hann væri strokufangi, er dyljast vildi fyrir heiminum. Í koía hans fanst byssa hans hlaðin og rýtingur, en fémæti ekkert. Að eins einu sinni hafði hann komið til mannabygða i sl. mörg ár.

— Þess var getið i Lundúnaþingi á fimtudaginn var, að 170 þús. eintök af brezkum timaritum og blöðum væru send til Canada, en það væri tveimur þriðju hlutum fleira en nokkru sinni áður, og væri að þakka breytingum þeim, sem Canada stjórn hefði gert á póstlögunum, með því að nækka póstgjaldið á timaritum frá Bandarikjunum umfram það sem gildir frá Englandi.

— Tveir franskir menn sigldu nýlega 2½ milur i mótor flugvél, yfir Parisarborg. Það er i fyrsta skifti, að slik vél hefir borið 2 menn og farið svo langan veg. Nú segja Frakkar, að loftsiglingagátan sé ráðin, og er miklu lofi hlaðið á hr. Forman, þann er bjó til vélina og sigldi i henni, og félaga hans.

NÝTT — NÝTÍZKU

THE QUEENS

Vinsælasta
og þægilegasta
Gisti-hótel i Winnipeg

Bandaríkja-snið
Frí keyrsla.

MONTGOMERY BROS.,
EIGENDUR

BJART — MIÐSTÖÐVA

Hvað líður Reiðhjólinu þínu?

Er ekki komin tími til að skifta því fyrir nýtt hjól? Ef svo, þá kaupið yður

BRANTFORD

hjól. Þau eru að öllu leyti tilbúin í Canada. En ekki sett saman úr pörtum sem búnir eru til í Bandaríkjunum. Viðgerðir á þessum hjólum fást ævinlega í Winnipeg tafarlaust. Skoðið 1908 Brantford Reiðhjólin!

CANADA CYCLE & MOTOR COMPANY, LIMITED, WINNIPEG

Þorsteinn Magnússon,

Á HÚSAFELLI.

(Dáinn árið 1906).

Þú fæddist ei á frelsistíð,
né félagsskapar öld,
því dáðahvöt hjá daufum lýð
var döfin enn og köld.
Ef nokkur einn af öðrum bar,
i eðlis-hyggju móð,
það innilalið i því var,
að eiga i kistu sjóð.

Hve erfitt fyrir ung-græðing,
er ei að safna þrótt,
þar eyðimörk er alt um kring
og yfir þoku-nótt.
Í brunahrauni bygðum fjær,
þó bjarkir rótum ná,
en oftast strjálar eru þær,
og ei sin notið já.

Að halda fast við fornsiðinn,
hver faðir kendi mög,
en frjálsan huga fjötrað þinn
ei fengu vánans lög.
Á framsókn andans festir trú,
— því fridóms eðli barst, —
og hverja nýta nýung þú
að nema, fljótur varst.

Að enginn maður — meint var þá —
af mentun gæti nærst.
En sigg i lófa' og sviti' á brá
var sæmdarmerki stærst.
Þeim háttum varst að hlíta þú,
er heimtu tíðar boð,
svo reistir traust á bjargi bú,
sem bóndi' og félags stoð.

Þin lífs var ekki lukkan blind,
til liðs þér hafði rétt,
þá fremstu kvenna fyrirmynd,
sem finst i bændastétt.
Hún fylgdi þér með ást og önd.
Hún öll þin studdi ráð,
og var þin önnur hægri hönd
i hverri rausn og dáð.

Þeim haminjan æ hliðstæð er,
sem hefir fest við trygð,
þér bújörð gaf, sem góðfræg er,
i glæstri fjalla bygð.
Og þú fórst vel með góðan grip,
alt gagn lézt henni veitt.
Hún mhsti' ei neitt af sinum svip
þó siðum væri breytt.

Þitt óðal sýnir öllum vel,
hvað iðin mund er hög,
að blómreit gerir beran mel
og blásin moldar flög,
að engi — und hjöllum — rotna rót,
og rósaföllin grá,
það vitnar öll þin búnaðsbót
þeim blómsturvöllum á.

Oft til þin margur maður gekk,
sem miður forsjáll var,
er ráðlegging og fjárhjálp fékk,
sem frá þér heim svo bar.
Í sveitamálum mest og bezt
þin mátti spakleg dáð.
Með hægð og viljafestu flest
þin framgang höfðu ráð.

Og öllum hús þitt opið stóð,
því enginn framhjá gekk.
Hver gestur, sem að garði tróð,
þar greiða beztan fékk:
Hann hrakti, klæðin þur og þykk,
hinn þreytti, hvíld og ró,
hinn þyrsti, sætan svaladrykk,
hinn svangi, næring — fró.

Þó hafi manndóms hjartað þitt
nú hætt, og slái' ei meir,
og höndin endað hlutverk sitt,
þin helg ei minning deyr
á meðan hrísla i hrauni grær
og hrynur áin köld,
og fellið kyssir blíður blær
um broshýrt sumarkvöld.

Thor. Bjarnarson.

Hefir þú borgað Heimskringlu?

Gott tækifæri!

Aldina, tóbaks og gosdrykkja verzlun á góðum stað er til sölu. Hvergi i Winnipeg betri framtíðarstaður fyrir Íslending, en einmitt þar með svoleiðis verzlun.

Byggingarlóðir i vesturhluta bæjarins myndi verða teknar, sem niðurborgun, ef óskað væri.

Skilmálar aðgengilegir.

Semjið við
J. SVEINSSON,
637 Sargent Ave.

Nýja Bakaríið.

Hér með tilkynnist heiðruðum Íslendingum, að ég hefi nú i minni nýju búð, að 732 Sherbrooke St., allar tegundir af finu sætabrauði, brjóstsykri og "confect" sætindum og aldinum. Alt nýtt og ferskt.

Nú getur og fólkið fengið hjá mér ágætar kringlur og tvíbökur.

Þeir, sem ekki geta komið að kaupa vörurnar, geri svo vel að senda pantanir með telefón 8322.

G. P. Thordarson.

HEIMSKRINGLA
Published every Thursday by
The Heimskringla News & Publishing Co.

Verð blaðsins í Canada og Bandar $2.00 um árið (fyrir fram borgað).
Sent til Íslands $2.10 (fyrir fram borgað af kaupendum blaðsins hér $1.50.)

B. L. BALDWINSON,
Editor & Manager

Office:
729 Sherbrooke Street, Winnipeg
P. O. BOX 116. 'Phone 3512.

Kjörskrár-lög Lauriers

Það hefir verið á vitund alþýðu manna í Canada í sl. 2 ár, að Laurier stjórnin er orðin völt í sessi. Margt það hefir orðið uppvíst um hana síðan hún kom til valda, sem ekki er við alþýðu hæfi, og sem ráðvönd stjórn hefði ekki látið koma fyrir. Á þessi atriði hefir áður verið minst hér í blaðinu, svo að lesendunum eru þau að meira eða minna leyti kunn orðin. Þau hafa verið rædd í Ottawa þinginu ár eftir ár, og afleiðingin hefir orðið sú, að ráðgjafi eftir ráðgjafa hefir orðið að hverfa frá embætti sínu, og inýir menn að takast í þeirra stað. En þau mannaskifti hafa ekki að neinu leyti bætt stjórnarfarið. Á hverju þingi koma upp ný hneyxli, og alt af verður þjóðin óánægðari með ástandið. En einatt vinnur stjórnin hverja kosninguna á fætur annari, svo að fleirtala hennar í þinginu er nú sem næst eins mikil og hún var, er flokkurinn komst til valda árið 1896. Sigurinn við síðustu ríkiskosningar bygðist aðallega á Grand Trunk Pacific járnbrautarmálinu. En við þessar í hönd farandi kosningar vissi stjórnin, að eitthvað yrði til bragðs að taka, ef þvel ætti að fara í næstu ríkiskosningum. Hún hefir því nú tekið það ráð, að eiga ekki kosningarnar undir atkvæðaskrám þeirra fylkja, er hún hyggur sér andvígust. Þess vegna hefir hún nú fyrir Ottawa þinginu lagafrumvarp til kjörskrár breytinga. Samkvæmt því er tilgangurinn, að fara ekki eftir kjörlistunum í Manitoba eða British Columbia, og í þeim héruðum í Quebec og Ontario, sem ekki hafa sveitarstjórn.

Það þarf ekki skarpa sjón til að sjá ástæðurnar fyrir þessari breytingu á kosninga lögunum. Stjórnin er sýnilega ekki örugg um útkomuna, ef kjósendur eru látnir að öllu sjálfráðir. Þess vegna gripur hún nú það örþrifaráð, sem aldrei fyrr hefir beitt verið í þessu riki, að hafa tvennskonar aðferð við samningu kjörskránna: Aðra fyrir Manitoba og British Columbia og hina fyrir hin önnur fylki ríkisins. Áður hafa ein lög verið látin duga fyrir alt ríkið, eins og líka er rétt og sjálfsagt, því að allir fullveðja þegnar ríkisins eiga að hafa sama rétt til atkvæðis, og eiga að lúta sömu lögum.

Dominion stjórnin lét samþykkja fyrir nokkrum árum, að allar ríkiskosningar skyldu fara fram á kjörlistum hinna ýmsu fylkja, og mæltist það ákvæði almennt vel fyrir, með því að vissa var þá fengin fyrir, að kjörskrárnar yrðu í lagi. Einkanlega var þetta svo hér í Manitoba, þar sem tilbúningur þeirra og endurskoðun er algerlega í höndum dómaranna. Enda er það viðurkent um alt Canada, að hvergi í ríkinu séu betri kjörskrár, en einmitt í þessu fylki. Það er því í mesta máta undarlegt, að Dominion stjórnin skuli ekki geta gert sig ánægða með kjörlistana í Manitoba, en skuli fremur kjósa, að hafa þá gerða af æstum flokksfylgjendum sínum og án endurskoðunar.

Eftirfylgjandi ákvæði í lögum þessum eru athugaverð:

Í Saskatchewan og Alberta og Yukon héraðinu má setja kjörstjóra og kjörskrifara, sem hvorki hafa heimili né atkvæði í kjördæminu.

Kjörskrár í Manitoba og British Columbia fylkjum skulu gerðar af þar til settum mönnum af Dominion stjórninni, en ekki af dómurum eins og nú er.

Kjörstjóra er og leyfilegt að merkja kjörseðla og með því móti er honum gert mögulegt, að vita, hvernig hver kjósandi greiðir atkvæði. Af þessu ákvæði er það auðsætt, að tilgangur stjórnarinnar sá, að búa svo um hnútana, að hún geti vitað eftir kosninguna, hvort hún hefir hlotið þau atkvæði sem hún hefir talið sér trygð á undan kjördegi.

Margt annað er í lögum þessum, sem er næsta iskyggilegt, og í heild sinni virðast þau gerð eingöngu til þess, að stjórnarflokkurinn fái algerlega ráðið úrslitum í þeim hlutum landsins, sem hún óttast mest.

Mælt er að andstæðingar á þinginu muni mæla harðlega á móti því, að frumvarp þetta verði að lögum, því að í rauninni væri jafn réttlátt, að hafa sérstök tolllög fyrir Manitoba og British Columbia, eins og að hafa sérstök kosningalög fyrir þau iylki.

Þjóðar þjónustan.

Nefnd sú, sem Laurier stjórnin setti fyrir nokkrum tíma síðan til þess að athuga þjóðar-þjónustuna (Civil Service) og gera umbætur á henni, þ.e. leggja fram tillögur til umbóta, hefir lokið starfi sínu, og lagt skýrslu sína fyrir þingið. Er þar farið allhörðum orðum um ýmsa óreglu og eyðslusemi, er eigi sér þar stað. Um hermáladeildina er sagt, að eyðslusemin þar hafi aukist um 3 miliónir dollara á manna en 5 árum, og að yfirmenn í hernum hafi fjölgað svo, að tala þeirra sé nú 220, sem nægi 100 þús. hermönnum, og að auk þess sem þessir menn fái hærri laun, en þjóna ar annara stjórnardeilda, þá hafi þeir einnig eftirlaun, ekki að eins fyrir sig sjálfa, heldur einnig fyrir konur sínar og börn. Fastaherinn segir nefndin að séu að eins 3 þús. manna, og að einn af hverjum 3 mönnum hafi strokið úr þjónustunni. Að eimungis 40 þús. af einni miljón manna í Canada á aldrinum frá 20 til 40 ára gefi sig fram til árlegra heræfinga, og að efasamt sé, hvort ekki sé afturför í sveitadeildunum frá því sem var fyrir nokkrum árum.

Opinberra verka deildin segir nefndin að hafi látið gera mörg verk fyrir tilhlutun pólitiskra stuðningsmanna og sveitafélaga, án þess verkfræðingar stjórnarinnar hafi nokkuð vitað um það, eða verið kvaddir til, að gefa álit sitt um nauðsyn þeirra.

Í sjó og fiskimála deildinni segir nefndin sé hin mognasta óregla og eyðslusemi. Þar sé engin sjáanleg ur vottur um neina stjórnsemi, eða skynsamlega stefnu, nema ef vera skyldi það, að eyða eins miklu af fé þjóðarinnar, eins og mögulegt sé. Áhugi fyrir sparsemi eða stjórnsamlegri starfsaðferð, segir nefndin að ekki sé sjáanleg. En hinsvegar sé aðalreglan, að þjónar deildarinnar vinni starf sitt með hangandi hendi, og án tillits til þess, að nokkur nauðsyn sé þar á umbótum.

Þeir í stjórnarþjónustunni, sem tilheyri deildinni sem nefnd er "Outside Service", það er, að segja þeir, sem ekki hafa lögskipaða lífstíðar atvinnu þar, — segir nefndin—að séu gegnsýrðir af flokks fylgi.

Alt þetta nefndarálit lýsir því, að stór þörf sé á umbótum í Ottawa, ef vel á að vera stjórnað og viðunanlega. Nefndin segir, að utan Ottawa borgar séu embættaveitingar bygðar á flokksfylgi, án tillits til þess, hvort þeir sem embættin fái séu hæfir að standa í þeim eða ekki. Nefndin fer hörðum orðum um það ranglæti, að kaupa þær vörur, sem stjórnin þarf, eingöngu af flokksfylgjendum og leggur til, að 3 manna nefnd sé sett til þess að standa fyrir öllum nauðsynjakaupum, og skuli hún bera ábyrgð á, að þau kaup séu gerð samkvæmt hreinferðugum og almennum viðskiftareglum.

Nefndin finnur og að slæmu bókhaldi í deildum stjórnarinnar, en segir það hafi verið talsvert bætt nú nýlega, en sú umbót hafi kostað aðarmikla fjárupphæð, enda hafi öll eyðslusemi farið vaxandi á síðari árum.

Nefndin leggur til, að alt sem keypt er, sé keypt samkvæmt auglýstum tilboðum.

Yfirleitt fer nefndarálitið fram á, að allar þær breytingar séu gerðar á starfsaðferð stjórnarinnar, sem herra R. L. Borden, leiðtogi Conservativa, hefir margsinnis farið fram á í þinginu.

Ranghermi í "Ísafold".

"Ísafold" í Rvík hefir í 3 blöðum flutt grein, sem nefnd er "Á ferð og flugi", um Vestur-Canada, eftir einhvern "S.S.", er ritar frá Calgary, Alta. Í enda greinarinnar getur höf. þess, að ritsmíð sin muni ekki ná samþykki vestur-ísl. blaðanna, og hefir hann þar getið rétt til, að því er Heimskringla snertir, því margt er það í grein hans, sem ekki nálgast sannleika, þó þar sé einnig ýmislegt, sem rétt er frá skýrt. En það mun vera fleiri en Heimskringla, sem ekki geta samsint eftirfarandi kafla sem er hinn síðasti í ritgerð þessari:

"Í útnorður af Lake-Foam vatni er stórt svæði, sem Íslendingar hafa bygt fyrir 3—5 árum. Flest af þessu fólki fluttist búferlum frá Bandaríkjunum þangað norður, til að ná sér í heimilisréttarland, kaupu flestir bláfátækir, eftir um og yfir 20 ára dvöl í því sæluunar landi (Bandaríkjunum). Menn þessir höfðu fyrir mörgum árum tekið sér þar land, en voru margir ekki því vaxnir, að velja sér það land, sem gæti orðið þeim til frambúðar; en fyrir þá fljótferni og þekkingarskort reyndust lönd þeirra með öllu ónýt. Þegar þeir sáu þar enga framfaravon lengur, yfirgáfu þeir lönd sín, án þess að geta selt þau eða leigt, og fluttust norður til Canada. Nú hafa þeir tekið sér lönd þarna sem fyrsegir; en því miður virðist þetta að vera frá einni plágu til annarar, því sandur og möl gægist hér allstaðar upp úr jarðveginum, en þess konar jarðvegur hefir ávalt reynst klegur fyrir hveitrækt; en hveitiræktin er það, sem bændur keppa mest eftir í þessu landi. Margir af þessum mönnum búa þar alveg einsetulífi í hreysum sínum, og má því nærri geta, hvað æfi þeirra muni vera skemtileg. En þess konar búskapur er svo undur-algengur í Canada, að mönnum finst hann ekki nema sjálfsagður.

"Meiri hluti þessara manna hefir fluzt börn og unglingar frá Íslandi með foreldrum sínum; en ekki er þeim kunnugra móðurmál sitt en það, að þeir vita ekki hvað margir stafir eru í íslenzku stafrófi, því síður hvað þeir heita. Til marks um það, hversu sumt af fólki þessu er fráhverft öllu, sem íslenzkt er, eru t.d. nokkur heimili, þar sem ekki er til nokkur íslenzk bók, og ekkert íslenzkt blað keypt. Sumstaðar sá ég þar þó Lögberg eða Heimskringlu, en hvergi bæði blöðin á sama heimili".

Vér teljum alveg áreiðanlegt, að Bandaríkjamenn, sem flutt hafa til Foam Lake nýlendunnar, muni ekki kannast við, að hafa flutt þaðan að sunnan vegna þess, að lönd þeirra hafi reynst með öllu ónýt". — Vér höfum það fyrir satt, að slík lönd séu ekki til í bygðum Íslendinga syðra, og vér höfum það einnig fyrir satt, að til séu þeir menn í Foam Lake nýlenduuni, sem seldu lönd sín syðra fyrir 4 þúsund dollara, eða jafngildi 15 þús. kr., 160 ekrur með umbótum og byggingum. En það mun vera óvanalegt, að menn borgi þær upphæðir fyrir ónýt lönd. Og það hyggjum vér sanni nær, að ekki einn einasti af Sunnanmönnum hafi þaðan flutt af þeirri ástæðu, að lönd þeirra þar hafi "reynst með öllu ónýt". En heldur aðallega vegna þess: 1) að þeir áttu kost á, að selja lönd sín þar með góðu verði, og 2) að margir þeirra áttu uppkomna syni, sem ekki áttu kost á, að ná sér í ókeypis ábýlisjarðir syðra, en gátu fengið þær við Foam Lake og þar umhverfis. Það var því búhnykkur fyrir stórar fjölskyldur, að selja löndin syðra og nota andvirði þeirra til að setja sig niður og búa um sig í landrýminu fyrir norðan.

Ýmislegt annað er athugavert í greinum þessum, sem engin þörf er þó að eltast við, en þetta atriði er svo algerlega ranghverft hjá höfundinum, að það væri rangt, að láta því ómótmælt.

Skerja járnbrautin

Svo mun á íslenzku mega telja járnbraut þá, sem verið er að bygga yfir hin svo nefndu Florida sker yfir til Key West, syðst í Bandaríkjunum, og sem nú er svo langt til fullgerð, að vissa er fengin fyrir, að hún verði fær til fólks og vöruflutninga innan skams tíma, og tengist þá við eyna Cuba með járnbrauta sambandi við Bandaríkin. Key West er úthafseyja í sundinu milli Cuba og Florida skagans, eða suðurendans á honum, og eru 30 mílur vegar á milli þessara staða.

Suðvestur af Florida skagatánni liggur eyja eða skerjaklasi langt út í hafið. Yzt eyja þessara er sú, sem bærinn Key West stendur á, og hafa íbúar þessa bæjar litlar samgöngur við umheiminn. Enda er eyjan svo langt úti í sundinu, að hún er miklu nær Cuba, heldur en Florida skaganum. Eyja eða skerja klasi þessi liggur í hálfhring suðvestur í sundið, og eru sundin milli þeirra margar mílur á breidd

Fyrir tíu árum var bærinn Tampa, sem er 250 mílur vegar upp í Mexico flóanum, næsti hafn- og verzlunarstaður í Norður Ameríku, sem Key West búar gátu sótt til. En síðan hefir breyting mikil orðið á afstöðu þeirra gagnvart umheiminum, eins og síðar mun sýnt verða í grein þessari.

Svo er mál vaxið, að maður einn að nafni Henry M. Flagler, hefir látið bygga mörg gistihús og vetrarskemtistaði suður með ströndum Florida skagans, og til þess að gera væntanlegum gestum sínum staði þessa sem aðgengilegasta, lét hann bygga, á eigin kostnað, járnbraut milli þeirra. Staðirnir eru um 30 talsins, og er langur vegur milli allra þeirra. Þegar karl var búinn að bygga eins langt suður skagann eins og þurlendi þar leyfði, hugkvæmdist honum, að takast mætti að koma upp einum slikum stað í Key West. En til þess að nokkur von væri, að það gæti borgað sig, varð að bygga járnbraut þangað. En þetta var hægar sagt en gert. Engum manni hafði áður til hugar komið, að slikt mannvirki væri mögulegt. En Flagler var vellauðugur milióna eigandi og kominn á gamalsaldur, og ásetti hann sér, að koma þessu í framkvæmd, ef mannvit og peningar gætu orkað því. Þessi járnbraut átti að ná 130 mílur út í Atlantshaf og tengja saman eyjarnar, sem lágu þangað út, með svo miklu millibili, að sundin milli þeirra voru sumstaðar 13 milna breið úti í hafinu. En á landi syðst, eða á sjálfri skagatánni, varð að leggja járnbrautina gegnum 30 milna langan veg þakinn vatni. Það eru fen og foræði, svo ill yfirferðar, að ekki hefir þótt mönnum fært þar yfir. Gamli Flagler hefir um langan tíma haft þá sannfæringu, að eyjan Cuba mundi einhverntíma verða auðugt framfaraland. Hann hafði varið þar miklu af eignum sínum, og hann ásetti sér, að flýta fyrir þeim framförum með því, að tengja eyjuna við meginlandið með járnbraut, með því að ferja fólks og flutningslestar frá Key West til Cuba. En trúna á framtíð þessarar eyju, fékk hann af viðkynningu við Sir Van Horne, sem fyrrum stjórnaði C. P. brautinni í Canada. Hann frétti, að Van Horne hefði bygt 5 þúsund mílur af járnbrautum gegn um eyðimerkur og yfir fjöll og firnindi með fimm þúsund verkamönnum, og hann var sannfærður um, að þessi sami maður mundi geta unnið svipuð þrekvirki á Cuba eyju. Hann hafði sannar sögur af því, að járnbrautarlestar með 29 hlöðnum flutningsvögnum ern ferjaðar á stórvötnunum yfir 112 mílna langan vatnsveg, og hann sá ekki betur, en að eins mætti gera milli Key West og Cuba, hvenær sem braut yrði bygð til Key West.

Gamli Flagler sá braut þessa í anda verða þjóð sinni til hins mesta gagns og sóma. Meðal annars mundi hún stytta ferðatímann fyrir fólk og farangur frá New Ykrk til Cuba um 48 klstundir. Hún byði greiðastan veg milli Bandaríkjanna og Panamaskurðarins, og mundi greiða mjög fyrir verzlunarviðskiftum við Suður-Ameriku. Og síðast en ekki sist mundi hún verða Bandaríkjunum að hinu mesta liði við herflutning, hvenær sem þess kynni að verða þörf. Og á öllum tímum byði hún fljótasta póstflutninga frá Bandaríkjunum suður í heim. Alt þetta festi svo djúpar rætur í huga hins gamla manns, að hann ásetti sér, að verja 15 miliónum dollara til þess, að fá brautina bygða til Key West, og svo þaðan ferjur til Cuba. Hann hafði áður eytt 50 miliónum dollara til bygginga skemtistaða meðfram Floridaskaganum að austanverðu, alla leið frá Jacksonville suður til Miami, og til að tengja þessa staði saman með járnbraut. Nú átti hann eftir, að fullgera verkið með því, að halda áfram suður til Mexico flóans.

Þegar bygging brautarinnar til Key West var byrjuð fyrir 3 árum, þá leit svo út, sem alt væri því til fyrirstöðu, að gamli Flagler fengi lifað svo lengi, að hann sæi þessa braut fullgerða. Hann er þegar orðinn 78 ára, og það varð þess vegna að vera kapphlaup milli lifsmöguleika hans og dugnaðar þeirra, sem að brautinni unnu, ef hann ætti að lifa til að sjá hinn eftirþráða árangur af starfi sínu. Þess vegna hefir verkinu verið hraðað svo mjög, að það sem annars vanalega hefði tekið 5 ár til að vinna, hefir verið gert á 3 árum.

En þessi kappvinna hefir haft ýmsa voðalega örðugleika í för með sér, og liftjón. Brautin hefir orðið að leggjast á vegastæði gert úr grjóti og steinlími, lögðu í hafinu, og svo langt út, að fólk í vagninum hefir hvergi sóð til lands frá gluggum þeirra. Þessi vegastæði urðu að vera svo traust lega bygð, að stórsjóar Atlantshaftins gætu engin áhrif haft á þau. Og tæki þau, sem unnið var með, urðu að sjálfsögðu að vera á floti, því land var þar ekkert til að styðjast við. Þúsindir manna, sem að þessu hafa unnið, hafa orðið að búa í skipum. Alt, sem að verkinu hefir litið, hefir orðið að gerast af skipum. Nú er þó verki þessu svo langt komið, að 110 mílur eru þegar bygðar suður frá Miami, og eru þá eftir að eins 47 mílur til Key West, og á þessum spotta er verkið langt komið á fjórum fimtu hlutum. Í vetur eiga gufuskip að fara frá núverandi endastöð brautarinnar í Knight Key til Havana, 122 mílna veg, og er þá leiðin frá New York til Cuba stytt um 2 sólarhringa, eða sem næst eins mikið eins og síðar verður. Þegar lestirnar verða ferjaðar frá Key West til Cuba, 90 mílna veg.

Öll sagan um byggingu þessarar brautar er líkust sögum í þúsund og einni nótt.

Aðalumsjónarmaður þessa stórfelda mannvirkis er Joseph R. Parrott. Hann er 40 ára gamall, þrekinn vexti, og aflraunamaður með háskólamentun, og lögfræðingur hefir hann verið yfir 20 ár í Florida. Hann hefir áður verið riðinn við járnbrautastörf, en í sl. 20 ár hefir hann unnið fyrir gamla Flagler og verið aðalráðandi hjá honum. Hann hafði öll yfirráð yfir hótelum og skemtistöðum hins gamla manns, og stóð fyrir byggingu á járnbrautum hans. Þess vegna var hann og sjálfkjörinn til að standa fyrir byggingu Key West brautarinnar, og hafa alla ábyrgð á, að það fyrirtæki heppnaðist. Hann hefir haft 14 þúsund manns í vinnu í einu í Florida, og verk þau, sem hann hefir staðið fyrir, hafa kostað um 40 miliónir dollara.

Þegar ákvæðið hafði verið, að gera tilraun til að mæla út brautarstæðið suður á skagatána, um 80 mílur vegar eftir að alt þurlendi hvarf, — þá voru mælingamenn sendir, og þeir unnu að því verki svo mánuðum skifti, og er svo sagt, að þeir hafi orðið að þola svo illa aðbúð, meðan á mælingum stóð, að hvergi í heimi hafi jafnilla farið um landkönnunarmenn, nema í Mið-Afriku. Einn flokkur mælingarmanna týndist algerlega um tíma, og það varð að gera út leiðangur til að finna þá og bjarga þeim. Sá flokkur var að fram kominn af hungri, þegar leitarmenn fundu hann. En mælingin var gerð til Cape Sable, en landið var talið ófært yfirferðar til þess að leggja þar járnbraut. Mælingin varð að gerast frá bátum, og menn viltust oft og týndust milli skerjanna þar úti, og fundust ekki svo dögum skifti. — Það var að síðustu ákveðið, að notast mætti við eins mörg af skerjum þessum, eða eyjum eins og hægt væri, og að byggja vegstæðið milli þeirra og yfir þau, og að síðustu voru 41 eyjur eða sker valin til þess, að byggja brautina á. En bilin milli skerja þessara eru svo löng, að það varð að byggja turna á þeim til þess, að hægt væri að sjá til næstu skerja, sem brautin átti að leggjast yfir, svo hægt yrði að nota mælingarverkfærin. Þegar búið var að mæla brautarstæðið, þá varð að útvega verkfræðing, sem takast vildi á hendur, að standa fyrir brautarlagningunni. Alt var komið undir því, hverjum verkfræði hæfileikum hann væri gæddur.

Maður er nefndur Meredith, hann er frægur verkfræðingur og var um þessar mundir að bygga 3½ milión dollara brýggju fyrir Mexicó stjórnina. Hann er litill maður vexti og horaður og grannur, móraður af sólbruna, miðaldra, og fátaladur mjög og einræningslegur. Hann hafði staðið fyrir ýmsum stórmannvirkjum víða um heim og jafnan verið heppinn í störfum sínum. Herra Parrott kaus þennan mann, og bað hann, er hann hefði lokið bryggjusmíði sinu í Tampico, að finna sig að máli. Þegar hann var spurður, hve fljótt hann gæti byrjað á byggingu járnbrautarinnar, svaraði hann: "Ég get byrjað á því strax í dag, en mér þætti þó betra, að mega verja fáeinum dögum til þess að ferðast til Kansas og sjá konu mína og börn og taka saman eitthvað af dóti mínu, því ég verð nokkur ár að þessu verki". Þetta leyfi var auðfengið. Þegar Meredith hafði skilið við heimili sitt, let hann það vera sitt fyrsta verk, að líta yfir mælingarnar, sem gerðar höfðu verið fyrir brautarstæðinu. Margt kom þá fyrir, sem hann varð að athuga. Meðal annars varð hann að reikna út, með svo ákveðinni vissu, að enginn efi gæti á leikið, hve traust vegarstæðið yrði að vera, svo að það þyldi fellibylji þá og hafrót, er búast mætti við, að það yrði fyrir; og til þess varð hann jafnframt, að kynna sér allar skýrslur um fellibylji, sem þar höfðu orðið, síðan nokkrar skýrslur voru gerðar um þá og afl þeirra þar syðra. Þegar hann hafði ákveðið, að hann gæti bygt brautarstæði, sem þyldi hugsanleg áföll af völdum vinda og sjávar, þá tók hann til að gera áætlanir um byggingu vegarstæðisins. Áætlanir þessar bar hann undir beztu mannvirkjafræðinga landsins, sem allir töldu þær óaðfinnanlega fullkomnar. Því næst tók hann að byggja braut sína, og byrjaði með því, að grafa yfir 30 mílna langa skipaskurð. Hann lét grafa 2 djúpar gryfjur með ákveðnu millibili, og í hvorri þeirra lét hann bygga skip. Með áhöldum á skipum þessum lét hann svo moka upp jörðunni og henda yfir á milli þeirra, svo að garður myndaðist, og með þessum hætti grófu skipin sig áfram gegn um flæðilandið, og mynduðu um leið hrygg þann, sem brautin átti að leggjast á. Þannig voru fyrstu 17 mílurnar gerðar. En stundum urðu klettar fyrir skipunum, svo að þau gátu ekki grafið sig áfram, og þá varð að bygga flóðlokur, svo aðskipin gætu flotið yfir klettana.

Meðan á öllu þessu stóð, var Meredith að safna að sér mönnum og byggingaefni, til þess að halda áfram brautinni milli skerjanna. Svo var verk það umfangsmikið, að um eitt skeið hafði hann í þjónustu sinni sérhvert amerikanskt flutningsskip, sem gekk um Atlantshaf, og varð þess utan að panta skip frá Þýzkalandi og kaupa þar steinlím og annað efni til brautarinnar. Brotasteinn sá, sem pantaður var til vegarstæðisins, fylti 18 gufuskip. Annar skipafloti bar þangað suður 200 þús. tons af kolum, og þrátt fyrir skipaflotann hafði nóg að starfa að flytja þangað stál, timbur og annað byggingaefni. Það varð að útbúa aðsetursstaði fyrir 5 þúsundir verkamanna á hundrað milna löngu svæði með fram skerjunum, og að sjá um flutning á öllu byggingaefni, matvælum og öðrum nauðsynjum til þeirra þar á grynningunum.

Á þessum tíma var næg atvinna allstaðar í landinu fyrir alla hæfa verkamenn. Það var því afar örðugt, að fá góða verkamenn til þess að taka að sér að starfa við þessa brautarbyggingu, sem gerast átti út úr öllum mannheimi. Þar var líka svo mikið mýbit, að hvítum mönnum var ekki við vært. Þangað fengust því eingöngu þeir menn, sem hvergi gátu fengið annarstaðar vinnu, og þessa menn varð að flytja þangað suður frá ýmsum stórborgum í Norður-Bandaríkjunum. Svertingjar voru ekki fáanlegir, og lögin bönnuðu aðflutning svertingja frá Nassen og Jamaica og Spánverja frá Cuba og Spáni. Það varð því að reiða sig eingöngu, eins og að framan er sagt, á þá letingja, flækingja og skæpingja, sem fundust í stórborgum Bandaríkjanna, og sem ýmist vildu ekki vinna fyrir neinum laun-

Kennara

íslenzkan vantar við Diana S. D. No. 1355 (Manitoba), frá 15. apríl næstk., eða að minsta kosti frá 1. maí, í 6 eða 7 mánuði. Umsækjendur verða að hafa 3. eða 2. stigs "Professional Teacher's Certificate" og eru beðnir að greina frá æfingu sem kennari, og hvað mikið kaup óskað er eftir.

Antler, Sask., P.O. Box 145.

MAGNUS TAIT,
Sec'y-Treas.

Gott kjöt.

Allir þurfa að borða "gott" kjöt um þennan tíma árs. Og ef þú vilt vera viss um að fá "gott" kjöt þá pantaðu það frá

C. G. JOHNSON

Telefo 2621
Á horninu á Ellice og Langside St

WINNIPEG Business College

FÉKK FYRSTU VERÐLAUN Á SAINT LOUIS SÝNINGUNNI.

Cor. Portage Ave. and Fort St.

Kennir Bókhald Vélritun, Símritun, Býr undir Stjórnarþjónustu o. fl. Kveld og dag kensla. Sérstök tilsögn veitt einstaklega. Starfshögunar skrá frí.

Winnipeg Selkirk & Lake W'peg Ry.

LESTAGANGUR:—

Far frá Selkirk — kl. 7:45 og 11:45 f. h., og 4:15 e. h. Kemur til W'peg — kl. 8:50 f. h. og 12:30 og 5:20 e. h. Far frá W'peg — kl. 9:15 f. h. og 1:30 og 5:45 e. h. Kemur til Selkirk — kl. 10:20 f. h., 2:35 og 6:50 eftir hádegi.

Vörur teknar með vögnunum aðeins á mánudögum og föstudögum.

Cancer Cure.

R. D. EVANS, sem fann upp hið víðfræga lyf til lækninga

krabbameinum

óskar að allir sem nú þjást af krabbameinum, skrifi sér. 2. daga notkun meðalsins, læknar útvortis eða innvortis krabbamein. Skrifið strax til R. D Evans, Brandon, Man. 274-8

BRANDONS VINSÆLASTA GISTIHUS

EMPIRE HOTEL

E. J. PELTIER, eigandi

Hefir öll nútíðar þægindi. Reynið þetta gisti-hús. Á bezta stað í borginni. Lang-vega telefón 135. Sample rooms.

725—731 ROSSER AVE
BRANDON, MAN.

Woodbine Hotel

Stærsta Billiard Hall í Norðvesturlandinu
Tíu Pool-borð.—Alskonar vín og vindlar.
Lennon & Hebb,
Eigendur.

Endursvar.

Ég sé það, að Sigurði Jóhannssyni hefir orðið hálf ónotalegt út af athugunum mínum um síðasta þorrablótskvæði hans, sem þó í öllum meginatriðum munu ekki vera fjarri því rétta. Hann skálmar því fram á ritvöllinn í 25. tbl. Hkr. þ.á., og lætur í fyrstu allmikillega, en þó verða höggin flest raunar vindhögg, og er því líkast, sem hann öðru hvoru fái einhver ónota innankröst. Hann leggur því annaðslagið af sér vopnin, og að því er virðist, sezt niður í öngum sínum, yfir öxlum og klórar sér í höfðinu yfir vandræðum sínum, sakir þess, að ég skuli ekki telja sig skáld, og jafnframt yfir því, hve litlar og fáar varnir hann hafi fyrir sig að bera gegn þeim áburði. Hann byrjar síðan á þessari gömlu jórturtuggu flestra hagyrðinga og leirbullara — þó ég ekki sé að telja hann leirbullara — að hann hafi aldrei á skóla gengið, eða verið til mesta settur. En ég skal nú þegar, því það er fyllilega tími til þess kominn, sýna honum fram á einkisvirði og gagnsleysi þessarar viðbáru. Þegar einhver hefir framleitt eitthvert verk, sem tilheyrir eða á að tilheyra einhverri grein listarinnar, hvort sem það er í málverkum, skáldskap eða öðrum greinum, þá verður verkið sjálft að hafa í sér fólgið það, sem gefur því listfræðislegt og fagurfræðislegt gildi, og höfundur þess á þá fyrst með réttu hið dýrlega nafn: listamaður. — Með öðrum orðum: þegar Sigurður Jóhannesson semur eitt kvæði, sem að formi, framsetningu og hugsana dýpt hefir skáldlegt gildi, þá er hann líka orðinn skáld. Alveg eins og Jónas Hallgrímsson fyrir "Gunnarshólma" einan, eða Ibsen fyrir "Þorgjir í Vik", hefðu verið viðurkend skáld, þó þeir aldrei hefðu orkt annað en þau kvæði

Það er auðséð, að Sigurði þykir vænt um og er mjög upp með sér yfir dómi kunningja sinna um kvæðið, og álítur það því hafið upp yfir gagnrýni mín og annara, en ég álít, og svo munu fleiri gera, það ósköp veika og óviðeigandi varnaraðferð. En hvað verður maður ekki að gera þegar út í ógöngur er komið? Einfeldnislegt er það og barnalegt, að taka sem vörn fyrir sig í opinberu blaði, lauslegt privat álit kunningja sinna. En tvisvar verður gamall maður barn. Út úr þessum ummælum Sigurðar má lesa það, að hann þykist vera Nestor vesturíslenzkra skálda, ekki einungis að aldurshæð, heldur og að djúpsæi og skáldlegu listfengi, samtvinnað andlegri vigfimi. Mentun og skólaganga gera engan mann að skáldi, en hitt er satt, að það hvorttveggja glæðir og vikkar út skáldgáfuna hjá hverjum þeim, sem hún er meðlædd. Þó eru það nokkrir meðal vorrar eigin þjóðar, sem hafa hafið sig upp í röð landsins beztu skálda, en engrar mentunar eða skólagöngu notið. Hvaða mentun fékk Bólu-Hjálmar eða Sigurður Breiðfjörð, og hversu afarmikill er ekki munurinn á því, hve hægra er að ná í sjálfsmentun og upplýsingu á þessum tímum hér í landi, eða var á þeirra tíð heima á Íslandi? Ennfremur mætti minna á skozka skáldið, Robert Burns, sem er talinn eitt það bezta ljóðskáld, sem nokkru sinni hefir uppi verið. Hvernig lagað uppeldi og hvaða mentun hlaut hann? — Þetta er sagt, í lýstalagi til að sýna fram á það, að einn maður getur verið skáld, þó hann sé algerlega ómentaður, og framleitt listaverk, sem hafa varandi gildi, — og í öðru lagi til að sanna það, að verkið sjálft verður að hafa það til sins ágætis, að það geti heitið listaverk, og er höfundurinn sjálfur algerlega óþýðingarfullur fyrir því gagnvart lögmáli listarinnar. Lístina vegna listarinnar sjálfrar. Þar af leiðandi hefir hann enga afsökun, þó hann skorti hæfileika og kunnáttu, þegar hann framleiðir verk, sem að litlu eða engu leyti fullnægir skilyrðum listarinnar, og allra sízt situr það á honum, að stökkva upp með fúkyrði, þó honum se hóglátlega á það bent, að hann ekki nema heldur í smáum mæli hafi þá hæfileika á valdi sínu, og ástæður þær að engu gerðar, sem hann ber fyrir sig í því efni.

Nú fer aftur að lifna yfir þeim aldraða, hann ris því upp með end urnýjuðu hugrekki og hefur aðra atlögunа, og lætur nú skaunt á milli stórra höggva verða, og þykist nú í hendi sér hafa algerðan sigur.

Ég skal undireins fúslega viðurkenna það, að kvæðishöfundurinn hefir að því leyti rétt fyrir sér, hvað óbreytanleglеika sævarbárunnar viðvíkur, að hún tekur myndbreytingum hið ytra fyrir auga mannsins, en eins og ég tók fram og andstæðingur minn viðurkennir satt að vera, þá er efni hennar alt af hið sama, og hún alt af framknúð af sama afli, en þar sem hún er fljótandi efni, en þó áþreyfanlegur "líkami", svo ég viðhafi það orð, sem hafi er eða notað í fræðigreinum þeim, sem viðkoma þessu atriði, stærðfræði og eðlisfræði, — þá er óbreytanleglеiki hennar svo langt um yfirgnæfandi breytilegleikann, að hann er næstum hverfandi, þar sem breytilegleikinn er að eins fólginn í lítilfjörlegri myndbreytingu á yfirborðinu, og bæði mun Sigurður Jóhannesson og aðrir, eiga erfitt með að sanna það, að tvær bárur eða fleiri geti ekki orðið til, sem útvortis hafi sömu mynd og lögun því þó það hafi farið fram hjá athygli hans, þegar hann starði á sjóinn, þá er það engin fullnægjandi sönnun að heldur.

Þá byrjar hann enn eina atlöguna, en sakir leikslokanna í undanfarandi vopnaviðskiftum okkar, þá sér hann sér ekki annað fært, en að fá annan til að heyja bardagann í sinn stað. Hann arkar því fram á vigvöllinn með berserk einn mikinn, sem hann kallar dr. Olrik, gráan fyrir járnum og bláan sem Hel, og sendir hann á móti mér, en sjálfur er hann að ramba fram og aftur um völlinn, strjúkandi skeggið ósköp ánægjulega og muldrandi fyrir munni sér um leið: "Já, nú skal djöfsi liggja lágt". Leikslokin milli mín og berserksins verða þau, að hann særir mig nokkrum sárum, en þó engum hættulegum, því ég slæ af mér högg hans með sverði frá dr. Guðbrandi Vigfússyni í Safni til sögu Íslands, og hervæðist hertygjum frá dr. Finni Jónssyni og fleirum, sem ég leitaði upp í tímaritum íslenzkum og útlendum. Yfir áverkanum, sem berserkurinn veitir mér verður Sigurður svo innilega glaður, að hann staulast upp að honum og rekur að honum þann rembingskoss, að undirtekur í allri borginni, og skaut við það allmörgum skelk í bringu. "Aldrei fæ ég", segir hann við berserkinn, "fullþakkað þér og launað sem vert er, að þú hefir svo lamáð fjör og krafta jötuns þessa, að ég í næstu atlögu vona með mínu eigin fullting, að geta ráðið niðurlögum hans". Síðan dregur Sigurður upp úr pússi sínum drykkjarhorn eitt gulli búið og forkunnar fagurlega gert, og skenkir berserknum með þessum ummælum: "Nú er ég svo gamall, sem á grönum má sjá, en horn þetta hefi ég átt síðan í æsku, og marga dýra veig af því drukkið, og er það mínu dýrmætasti gripur og mér allra kærastur, og á ég þó marga góða, og hafða ég því fyrir löngu heitið, að það aldrei skyldi úr eigu mér ganga, en nú er svo komið, að þú ert minn stærsti og mesti velgerðamaður, svo ég hlýt að gefa þér þann dýrmætasta og mér kærastan grip, sem ég hefi í fórum mínum". "Víst er gripur þessi gersemi svo mikil", segir Olrik, að enga hefi ég fegri séð, og skal ég hana eiga til minja um samfundi okkar, og skal hún seinast eigna minna úr eigu mér ganga, þrátt fyrir það, að ég ekki get not að hana tilhins sama og þú, sem sé, að bergja af henni hið freyðandi öl, að minsta kosti ekki svo á beri, því ég er Goodtemplari". Sigurði hnykti dálítið við þetta, en lét þó ekki á sér finna, og kvöddust þeir með kærleikum miklum, og hétu hvor öðrum æfilangri trygð og vináttu.

Þá gerir nú Sigurður að mér seinustu atlöguna, og hygst að hafa ráð mitt algerlega í hendi sér, þar sem ég er bæði sár og vígmóður eftir viðureign mína við berserkinn. Hann byrjar þá á því, að tala um þann herfilega misskilning, að sjá það ekki, að hann ekki er að tala um guð almáttugan, þó hann engan guð undanskilji og segir blátt áfram, að bæði guðir og menn verði gamlir og hnigi loksins að velli fyrir ellinni, og éins og hann réttilega undantekur engan mann, er ekki verði að hlíta því hlutskifti, þá undantekur hann heldur ekki, þegar hann er að tala um guðina, þann guð, sem nú er af flestum dýrkaður, — svo að þessi vörn hans verður völlur einar og útúrsnúningar, en alls engin rökfærsla. Og er það strax auðséð, að nú er berserkurinn Olrik við hann skilinn, svo hann verður að tefla upp á eigin býti, hvað vörn snertir í þessu efni. Það eru sumir, sem heimta það eins og nokkurskonar sjálfsskyldu, að hugsanvillur þeirra séu leiðréttar af lesaranum, án þess með einu orði, að láta í ljós um þær við aðra. Sigurður þessi virðist vera einn af þeim.

Ég hefi í framanrituðum línum verið svo vægur við mann þennan, sem mér frekast var unt, þrátt fyrir það, þó hann strax í upphafi greinar sinnar byrjaði á því, að nefna nafn mitt með lítilsvirðingu, ei ekki jafnvel meira, og haldi því áfram í gegn um alla greinina, og síðast í niðurlagi hennar bregði mér um ýmsa miður góða eiginleglеika. En hvað sem nú öllu þessu liður, þá ber ég nokkurskonar spartverska virðingu fyrir þessum gráskeggjaða öldung, sem um svo langan tíma hefir verið að fláðra upp um Músuna, og reyna að koma sér í mjúkinn hjá henni, en sem aldrei hefir annað öðlast af nægtaborði hennar, en eitthvað af lakasta tíaginu, þá getur maður heldur ekki annað en borið meðlíðun með honum.

Sigtryggur Ágústsson.

The Dominion Bank

NOTRE DAME Ave. BRANCH Cor. Nena St.

Vér seljum peningaávísanir borganlegar á Íslandi og öðrum lönd.

Allskonar bankastörf af hendi leyst

SPARISJÓDS-DEILDIN

tekur $1.00 innlag og yfir og gefur hæstu gildandi vexti, sem leggjast við innstæðufé 4 sinnum á ári, 30. júní, 30. sept. 31. desembr og 31. march.

A. S. BARDAL

Selur líkkistur og annast um útfarir. Allur útbúnaður sá bezti. Enfremur selur hann al skonar minnisvarða og legstæina.

121 Nena St. Phone 306

Vátryggið

HJÁ

The Brandon Fire Insurance Co.

ALGERLEGA ÁREIÐANLEG OG ÞROSKAFULL HEIMASTOFNUN

E. S. Willer Limited

Mál umboðsmenn

PHONE 2083 217 McINTYRE BLK.

E J OLIVER—SÉRSTAKUR UMBOÐSMAÐUR, 609 AGNES STREET.

Það borgar sig
að auglýsa
í Heimskringlu

Department of Agriculture and Immigration.

MANITOBA

Land möguleikanna fyrir bændur og handverksmenn, verka menn. Auðnuból landleitenda, þar sem kornrækt, griparækt smjör og ostagerð gera menn fljótlega auðuga.

ARID 1906

1. 3,141,537 ekrur gáfu 61,250,413 bushels hveitis. Að jafnaði yfir 19 bushel af ekrunni.
2. Bændur lögðu yfir $1,515,085 í nýjar byggingar í Manitoba.
3. Í Winnipeg-borg var $13,000,000 varið til nýrra bygging.
4. Búnaðarskóli var bygður í Manitoba.
5. Land hækkaði í verði alstaðar í fylkinu. Það er nú frá $6 til $50 hver ekra.
6. Í Manitoba eru 45,000 framfara bændur.
7. Í Manitoba eru enþá 20 millíón ekrur af byggilegu óteknu óbúðarlandi, sem er í vali fyrir innflytjendur.

TIL VÆNTANL. LANDNEMA

komandi til Vestur-landsins: — Þið ættuð að stansa í Winnipeg og fá fullar upplýsingar um heimilisréttarlönd, og einnig um önnur lönd sem til sölu eru hjá fylkisstjórninni, járnbrautafélögum og landfélögum.

R. P. ROBLIN.
Stjórnarformaður og Akuryrkjumála Ráðgjafi.

Skrifið eftir upplýsingum til

Joseph Burke, 617 MAIN ST., WINNIPEG. Jas Hartrey 77 YORK ST., TORONTO.

T.L.

Heitir sá vindill sem allir reykja. "Hversvegna?", af því hann er það besta sem menn geta reykt. Íslendingar! munið eftir að biðja um T. L.

(UNION MADE)

Western Cigar Factory
Thomas Lee, eigandi Winnipeg

Redwood Lager og Extra Porter

Heitir sá bezti bjór sem búin er til í Canada. Hann er alveg eins góður og hann sýnist. Ef þér viljið fá það sem bezt er og hollast þá er það þessi bjór. Ætti að vera á hvers manns heimili.

EDWARD L. DREWRY Manufacturer & Importer Winnipeg, Canada.

"Ég játa það hreinskilnislega", sagði hann, "að ef þetta hefði ekki skeð, áliti ég konu mína þá beztu konu í öllum heiminum".

En hann gat ekki rekið þessa hugsun úr huga sér. Ef hún hefði ekki átt hann móti vilja hans, myndi hann hafa elskað hana heitt og innilega. Ef hann að eins hefði skilið hana í þessu atriði. Ef hann hefði getað fundið einhverja ástæðu fyrir því! En hvernig sem hann braut heilann um það, gat hann enga fundið. Hún hafði átt hann, hvort sem hann vildi eða ekki. Það hlaut því að vera auðæfi hans, er hún sóttist eftir. Það var ekki hægt, að leggja það öðruvísi út. Hann óskaði heitt og innilega eitir, að hún hefði í þessu efni breytt öðruvísi en hún gerði. Honum var ómögulegt að segja um, hvort hann elskaði hana eða ekki, því endurminningin um, að hún hafði neytt hann til að eiga sig, varpaði ávalt skugga á hina mörgu kosti hennar. — —

Hertogainnan elskaði hann heitar en nokkurn annan mann. Það var auðséð á allri framkomu hennar gagnvart honum. — Aftur á móti gat hann lagt hönd sína á hjartað og svarið, að hann var saklaus af, að bera nokkra óleyfilega ást til hennar. Það kom að vísu fyrir, að hún töfraði hann, og kom hon um til að dáðst að sér, en hann bar enga óleyfilega ást til hennar, sem hún til hans.

En hann kendi í brjósti um hana, því hann sá, að hún gat aldrei orðið ánægð við hlið hins göfuga prúðmennis, sem hafði deilt með henni hertogakórónu sinni. Hún var of ung og glysgjörn til að geta verið eftirlát og blíð við hinn aldraða mann sinn. En um leið og hann vorkendi henni, reis upp í hjarta hans efi, sem hann gat ekki gert sér fulla grein fyrir.

Honum kom í hug eitt kveld ekki alls fyrir löngu. Allir gestirnir tóku þátt í alvarlegu samtali. Kafteinn Randolph hafði sagt, að sér findist lífið of stutt í flutfalli við, hve mikið af meðlæti og mótlæti fylgdi því. Lady Caren stundi þungan og sagðist álíta, að lífið hefði í för með sér meira af sorg en gleði. Þá hafði hertogainnan gripið fram í, og sagt með sínu vanalega drambi: "Lífið er ekki til annars en að gleðja. Þeir, sem sakna gleðinnar, eru að eins þeir, sem ekki hafa snarræði eða hugrekki til að ná henni".

Hann hugsaði nú til konu sinnar, er með sinni blíðu röddu hafði svarað: "Lífið er skóli, sem býr okkur undir annað líf. Við getum gert það bjart og dimt eftir hvers eigin geðþótta, en samt sem áður er það undirbúningsskóli, sem býr okkur undir annað og betra líf.

Hertogainnan hafði hlegið, en kafteinn Randolph sagði: "Þér hafið rétt, Lady Aðalheiður. Það væri betur, að við öll liktumst yður".

Sjálfur hafði hann dáðst að henni, og fundið, að sál hennar lifði í þeim heimi, sem hertogainnan þekti ekki einusinni til.

Það var svo langt frá, að hann væri rólegur eða ánægður. Hann hafði mjög næma sómatilfinningu. Hann fann vel, að aldrei myndi Lady Aðalheiður hegða sér gagnvart nokkrum manni, eins og hertogainnan hegðaði sér gagnvart sjálfum honum. — Hann vissi vel, að allir dáðust að konu hans. Kafteinn Randolph leyndi því alls ekki, að hann áleit hana þá fullkomnustu og göfugustu konu, sem hann nokkurntíma hafði þekt. Þó var hann fullviss um, að kona hans hafði hvorki með orðum eða tilliti gefið honum nokkra ástæðu til þess.

Annað eins traust og fíltrú hefir mikið að segja. Sæll er sá maður, sem getur borið slíkt traust til konu sinnar, og sú kona, sem ávinnur sér það. — Hann hefði ekki getað borið annað eins traust til hertogainnunnar. Hann hafði grun um, að ef hún væri konan hans, þá myndi honum ekki líka vel, að hún hegðaði sér við annan mann, eins og hún hegðaði sér við hann.

Lávarðurinn sat þarna langa stund. En hann var engu nær, né hafði hann leyst fram úr hinum mörgu efasemdum sínum, þegar hann stóð upp. —

Það er mjög leiðinlegt að skrifa um konu, sem syndgar af ásettu ráði, að hún heldur frelsi sínu og virðingu í hendi sér og leggur það á metaskálar á móti ást og sérlyndi sínu. Það er leiðinlegt, að verða að lesa og trúa slíku. — Ef einhver er afvegaleiddur eða hrasar, getur maður ímyndað sér, að hans sé freistað um mæn. — En um Júanítu, hertogainnuna af Ormont, getur enginn hugsað það. Hennar var ekki freistað af neinu, nema hinni óleyfilegu, ástríðufullu ást sjálfrar hennar.

Það er óskemtilegt, að þurfa að skrifa um afbrot annara. Englarnir geta grátið yfir því. Ég, sem skrifa þessa sönnu frásögu, — ég vil ekki hugsa, að hún hafi til fulls þekt synd sína, né séð fyrir afleiðingar hennar. En eitt er víst, — hún vissi vel, að hvaða takmarki hún stefndi.

"Eiga konur, sem hafa skilið við mann sinn og gifst aftur, nokkurntíma afturkvæmt í góðan félagsskap?" spurði hertogainnan einusinni Lady Caren.

"Það er mikið undir því komið, af hvaða ástæðu konan hefir skilið við mann sinn, og svo hverjum hún hefir gifst aftur".

"Guð gæti mín frá, að dæma náunga minn óvægilega", bætti Lady Caren við, "en hreint út sagt, vildi ég ekki vera í kunningsskap við þær konur".

"Já, en skilnaðir eru mjög algengir. Hvað munduð þér gera, Lady Caren, ef t. d. sonur yðar ætti konu, sem hefði skilið við mann sinn?"

"Sonur minn myndi aldrei gera sig sekan í því,

og ef hann gerði það, myndi ég, þrátt fyrir það hve mér þykir vænt um hann, aldrei líta hann framar.

XLIII. KAPÍTULI.

Eitt fagurt sumarkveld á Brooklands, er Lady Caren óvanalega döpur og áhyggjufull. Um morguninn hafði hún fengið bréf frá Clavering hershöfðingja, þar sem hann segir henni, að hann sé á leið til Brooklands, og muni að öllu forfallalausu koma um kveldið. Hún hafði strax flýtt sér með það til Lady Aðalheiðar.

"Ó, Lída", sagði hún, "mér finst sem eitthvað ólán muni henda mig, ég er alveg eyðilögð af ótta og hræðslu".

Lady Aðalheiður lagði hendur sínar um háls henni. "Já, það sýnist hart", sagði hún, "að öll þessi byrði skyldi falla á þig".

"Þú hefirhalt þinn hluta af henni, Aðalheiður", sagði Lady Caren. Og nú grét hún svo sárt, að það var sem ómögulegt væri að bæta úr sorg hennar.

"Ég þekki hershöfðingjann svo vel, Lída. Hann er heiðursmaður í alla staði, og hann dæmir alt eftir strangasta mælikvarða. Þessi heimsókn hans hefir óhamingju í för með sér, það er ég viss um".

"Nei, þú ert alt of kviðafull. Hvers vegna ertu hrædd um, að nokkur óhamingja hendi þig?"

"Hershöfðinginn mun tala við Allan, og þá leiðist hvert orðið af öðru. Alt af hefi ég kviðið fyrir, ef þeir hittust. Ó, Lída, spár mínar hafa rætt".

"En þú getur komið í veg fyrir, að hann segi

Sigtryggur Ágústsson,

með mynd.

Ég þarf ekki að segja eins og S. J. Jóhannesson í síðustu Heimskringlu, að "einhver óþektur náungi, Sigtryggur Ágústsson að nafni", hafi farið að skrifa um G. T. félagsskapinn í Winnipeg, því ég hefi haft þann heiður, að þekkja manninn sl. 2 ár eða lengur.

Og þó það ekki snerti málefnið, sem fyrir liggur, BEINLÍNIS, þá skal ég leyfa mér að taka fram, Sigurði og öðrum, sem ekki þekkja "Prófessor Tryggva" — því svo er hann vanalega nefndur af kunningjum sínum — til fróðleiks, að þó ykkur t.d. kunni að detta í hug, ef þið sæuð hann úti við, að hann væri að kasta tölu á stjörnurnar, þá er hann alls ekki að reyna að telja þær. Hann veit vel, að hann mundi aldrei koma því í verk. Þetta eru bara meinlaus sérkenni Tryggva. Og þó það verði að slaka til fyrir honum, ef þið mætið honum á götu, svo hann ekki fari í gegn um ykkur, — þá ætlar hann sér ekkert ilt með því. Þetta verða að eins að skoðast meinlaus TRYGGVA SÉRKENNI.

Á eitt verð ég enn að benda, af því að á því ber mest í sambandi við áminsta grein, og það er: — að þó að hann staðhæfi, eftir að þið farið nú aðkynnast honum, að svart sé hvitt og hvitt sé svart, eins og honum er svo hætt við, og það seinast svo átakanlega í þessari grein um G.T. félögin, þá held ég, að þið ættuð ekki að fara að halda því fram strax t. d., að hann ætti ekki að ganga laus, o.s. frv. Því Tryggvi er meinlaus eins og lamb og bezta skinn, að ég held það stendur að eins eitthvað illa í bæliö hans nú sem stendur, og ég kem að því seinna í greininni. — Þetta eru að eins TRYGGVA SÉRKENNI, sem hann hefir verri endann af sjálfur.

Ég álít nauðsynlegt, að gefa þessa stuttu lýsingu á Tryggva, bæði til þess, að hjálpa fólki til að kynnast honum, og að skilja hann rétt, og aftur til þess, að mönnum verði skiljanlegt, hvers vegna ég ekki taki harðara á honum, en ég ætla að gera, fyrir allar missagnirnar í grein hans, úr því ég svara honum á annað borð.

Nú komum við að aðalatriðinu, n.fl. áminstri grein hans í Hkr. 19. marz sl. Þar segir hann meðal annars, að islenzkir G.T. séu frá 7—8 hundruð. Þetta virðist nú að vera ósköp meinlaus frásaga, en hún kemur dálitlu upp um hann — svona barasta óvart. Nefnilega þessu, að hann, sem vill láta fólkið trúa því, að hann sé svo dæmalaust vel heima í öllum framkvæmdum og starfsrekstri stúknanna, — hann veit ekki meira um meðlimatölu þeirra en það, að hann heldur, að þeir séu einhverstaðar frá 7—8 hundruð, og þó er meðlimatalan auglýst í blöðunum 1 sinnum á ári. Og þarf því ekki G.T. til að vita um það nákvæmlega. — Þetta eina atriði er í raun og veru nógu sterk sönnun þeim, sem ekki eru í G.T. stúkunum og lesa grein hans, að eitthvað fleira muni geta verið ónákvæmt og mis hermt í frásögn hans.

Næst koma aðfinslurnar; ég ætla að afgreiða þær eins og hann raðar þeim. Hann segir, að hér séu 3—4 ölgerðarhús, er öll geri sig sek í óleyfilegri vínsölu. Þar kemur önnur nákvæmnin. Hann veit ekkert hvort þau eru 3 eða 4 eða máske 10, en hann veit upp á sinar tíu fingur, að þau geri sig öll sek í óleyfilegri vínsölu,— hvort þau eru til eða ekki. Ég ætla ekki að fjölyrða meir um þetta atriði. Alit nóg að benda á, að þarna koma helzt of ljóslega fram (sjálfs hans vegna) TRYGGVA SÉRKENNIN.

Hann segir, að stúkurnar hafi ekki gert neitt til að hefta þessa óleyfilegu sölu. Nei, það man vera satt, þó skritið sé, þar sem hann segir það. Stúkurnar hlaupa ekki svoleiðis á hundavaði, að fara að kæra þá, sem ekki er hægtað sanna sök á, — því þau ölgerðarhús, er selja hér í smásölu, hafa leyfi til þess.

Þetta atriði hjá honum væri nú gott og blessað, ef hann meinti að vera á móti leyniknæpum, en því er ekki þannig varið. Hann mun hér aðallega eiga við ölgerðarhúsið á Furby st. Þar er hann góðkunnugur, og getur honum því ekki alt í einu verið orðið illa við þann stað, ems lengi og þar er búinn til bjór, og síst mundi kunningjum hans þar hafa dottið í hug, að hann, Sigtryggur Ágústsson, færi að gela þeim olnbogaskot, í annari eins ÁSTASÆLU eins og hann lifði þar með þeim í fyrra sumar, eftir því, sem hann sagði sjálfur. Þetta get ég sannað, hvenær sem vill.

Næst átelur hann G. Templara fyrir, að hafa ekki gert neitt til að fá nöfn undir bænarskrána í vetur um að hótelum bæjarins yrði framvegis lokað kl. 6 e.m. Í staðinn fyrir, að gera ekki neitt, eins og hann segir, þá fóru að minsta kosti 6 G. Templarar úr Heklu og Skuld með nefuda bænarskrá um vesturhluta bæjarins, og sama gerðu ensku og svensku stúkurnar í öðrum hlutum bæjarins, og lengu þeir fjölda mörg nöfn þeirra, sem á kjörskrá eru. Annara nöfn var ekki gagn að að fá á þann lista. En svo langt náði ekki þekking Tryggva. Hann virðist halda, að það geri ekkert til, hver skrifi undir skjal, eins lengi og það gerir einhver. Eftir þeirri hugsunarræði væri þá t.d. alveg sama, hvort Hon. R. P. Roblin skrifaði undir segjum stjórnartalskipun viðkomandi þessu fylki, já, eða þá t.d. Hon. Sigtryggur Ágústsson. Þarna koma TRYGGVA SÉRKENNIN fram með býsna sterkum dráttum.

Næst finnur hann að því, að "aðaláherzlan sé lögð á, að fá sem flesta meðlimi, en ekkert sé hugsað um, hvernig þessir meðlimir séu". Og sakar hann stúkuna Skuld einkum um þetta. Þarna segir hann aftur satt, þó undarlegt sé (en honum verður það nú heldur ekki á oftar í greininni). En það vill nú svo til, að með þessu hleður hann sérstöku hóli á stúkuna Skuld, en það hefir hann þó tæplega ætlað að gera, með því að segja, að hún gangi sérstaklega vel fram í því, að fá nýja meðlimi. Þess meira, sem ein stúka gerir að því, þess dyggilegar vinnur hún samkvæmt grundvallaratriði G.T. reglunnar: að gera alla að G. Templurum, eða fá alla, konur og karla, til að vinna móti tilbúningi og sölu alls áfengis. Þess fleiri, sem eru G. Templarar, þess viðtækari verða áhrifin út á við, og þegar við höfum fengið meiri hluta alþýðu með okkur, þá er "björninn unninn", þá þurfum við ekki að knékrjúpa fyrir löggjöfum eða stjórn (með alla sína BETRI menn í taglinu, sem Tryggvi kallar). Þá verða stjórnendurnir nauðugir viljugir, að komu til okkar — fólksins, og gera það, sem við viljum vera láta. Að þetta verði áður langt liður, og að stefna G. T. sé rétt, er alveg vafalaust. Vanti Tryggva o.fl. sannanir, þá segi ég: Litið í kringum ykkur og gáið að, hvað er að gerast í umheiminum. Og það, meðal annars, að kvenþjóðin stendur með okkur og vinnur með okkur í þessu máli, — það er sterk sönnun fyrir réttmæti G. Templar stefnunnar. Kvenþjóðin fær áður langt um líður kjörgengi og kosningarrétt. Hinkraðu við þangað til, Tryggvi, og sjáðu þá hvernig fer. Bentu mér ennfremur á óðran félagsskap, sem kvenfólk ekki styður. Fyrir þetta, að gera menn og konur bindindissinnuð ertu að reyna að lítilsvirða st. Skuld og G.T. í heild sinni. Skammastu þín nú ekki? En þetta er ekki það eina, sem þú þarft að blygðast þín fyrir sem G. Templar, — ég kem að því seinna.

Þú segir ennfremur, að skynsamir og hugsandi menn hafi "mestan ýmigust á þessum félagsskap". — Ég segi að eins: Nafngreindu einhverja af þessum mönnum, eða vert minni maður ella.

Næst segir þú, að engin alvarleg hugsun megi koma í ljós á fundum okkar, því þá komi úlfúðar og leiðindasvipur á fólkið. — Meiri fjarstæðu er ekki hægt að koma með, og það veiztu. Í stað þess er æfinlega þeirri reglu fylgt, hjá okkur, að afgreiða öll þau mál er liggja fyrir hverjum fundi. Skemtanir verða því algérlega að mæta afgangi. En auðvitað höfum við prógram, ef tíminn leyfir, og skömmunnst okkar ekki fyrir. Við álitum meinlausar skemtanir eins nauðsynlegar hverjum manni og konu eins og hreint andrúmsloft eða fæðuna, sem við neytum. Og satt að segja, minnist ég ekki að hafa séð "úlfúðarlegt" andlit með "leiðindasvip" á Templara fundum síðan "Prófessor Tryggvi" hætti að koma á Skuldar fundi.

Þá líður honum óttalega illa yfir því, að "einkum yngra fólkið í stúkunum HLÆJI HVERT FRAM AN Í ANNAÐ". Já, það er nú svo. En hræddur er ég um, Trygvi minn, að þér gangi illa, að fá þeim vana breytt. Hann er orðinn nokkuð gamall, og þó einlægt jafnnýr, og ég fyrir mitt leyti kann vel við hann. Og ef um breytingu væri að ræða, þá get ég ekki séð að hægt væri að breyta til nema á tvo vegu: nfl., að brosa hver AFTAN Í ANNAN, eða að SNÚA SÉR UNDAN til að brosa.

Náttúrlega er Tryggva velkomið, að nota aðra hvora aðferðina eða báðar, en hræddur er ég um, að fáir verði til að stæla hann.

Ein stærsta ákæra hans er sú, að engir menta eða leiðandi menn séu í þessum félagsskap. Það er vel á minst. Við skulum sjá, hvern ig hann kemst út af því. Það eru 4 islenzkir prestar starfandi í Winnipeg. Einn þeirra er æðsti maður (Stórtemplar) reglunnar í þessu fylki, og 2 hinir eru meðlimir íslenzku stúknanna hér í bænum. Að eins einn er ekki Templar, en þó mjög hlyntur reglunni. Þrir íslenzkir lögfræðingar eiga hér aðsetur. Einn þeirra er strangur G. Templar, og að minsta kosti annar hinna bragðar ekki vín. Þá eigum við mentamenn eins og Dr. Sig Júl. Jóhannesson, hr. Þorberg Þorvaldsson, stúdentana: Jóhann Bjarnason, Guðmund Arnason, Sigurjón Johnson og ótal fleiri mentamenn. Meðal kvenþjóðarinnar eru meðlimir okkar hámentaðar konur, eins og ungfrúrnar Ingiríður Johnson, Emilía Anderson, María Anderson, ennfremur margar námsmeyjar á skólum þessa bæjar, o.s.frv. Þá höfum við ótal leiðandi menn, svo sem Skapta B. Brynjólfsson, Árna Eggertsson, Ólaf Thorgeirsson og fleiri. Þessi upptalning ætti að duga til að sýna "sannsögli" Tryggva.

Ennfremur segir hann, að "aldrei sé talað orð af viti á fundum" okkar. Það mun eiga aðskiljast svo, að í stúkunum séu eingöngu vitfirringar. Sanngjarnlega talað og bróðurlega — finst ykkur það ekki? Þessa VIDURKENNINGU gefur hann ekki einasta öllum G. Templurum, þar á meðal ofantöldum konum og mönnum, heldur einnig meiri hluti allra þeirra, er standa í hinum ýmsu íslenzku félögum þessa bæjar, svo sem kirkju félögum, Bandalagsfélaginu, Menningarfélaginu, Stúdentafélaginu og kvenfélögum og pólitiskum félögum o.s.frv., — því það er alt satna fólkið. Hér er engin undantekning, og ekki einu sinni sjálfur "Prófessor Trygvi". Hann dregur sig því þegjandi í dálkinn með vitfirringunum. Hver veit nema hann finni nú til þess, eftir alt saman, hver hann er.

Næst slær hann um sig, og segist hafa talað við marga málsmetandi menn, sem segist ekki hafa getað varið tímanum ver, en með því að vera G. Templarar, og hafi þeir því kvatt þann félagsskap. — Svona staðhæfing, Tryggvi minn, er að eins þér einum til vansæmdar, nema þú auglýsir nöfn þessara manna og sýnir heimild fyrir þeirri auglýsingu.

Ég veit, að ég hefði getað farið miklu styttri leið til að gera að engu allar þínar missagnir um G. Templara, — með því að segja fólkinu frá, hvað það eiginlega er, sem kom þér til að rótast svona um. En til þess verð ég að draga upp mynd, er sýnir "Prófessor Tryggva" sem G. Templar. Ef þér þykir myndin miður falleg, þá máttu sjálfum þór um kenna, því efnið hefir þú lagt til sjálfur.

Það er þá til að byrja með, að Tryggvi biður um upptöku í stúkuna Island. Honum er veitt það. Hann stendur þar við um stund, en endalokin verða, að þeir þreytast á Tryggva, og láta hann fara. Nú líður og bíður, unz hann sækir um upptöku í stúkuna Skuld. Það er einnig veitt (ja, von er hann segi, að stúkurnar séu ekki vandar að virðingu sinni með meðlimi stundum). Það ber fyrst ekki neitt á neinu, en brátt fer það að kvisast, að Tryggvi sé þorstlátur maður, og ekki virðist hann hafa neina trú á vatni sem þorstadrykk. Það er reynt með öllu móti að leiða honum villu hans vegar fyrir sjónir, en ekkert dugar. Það skal hér tekið fram, að maðurinn er samt ekki drykkjumaður, eins og það er vanalega skilið. Hann er ef til vill einmitt verri fyrir það. Hann drekkur, eins og hann sjálfur kemst að orði: "Svona bara þegar honum sýnist", án tillits til þess, hvort hann sé G. Templar eða ekki, og sýnir það dá vel einlægni hans og verðmæti sem bindindismanns.

Seinast gekk hann svo langt í ósvífninni, að hann fór að segja okkur frá, hvað mörg glös af bjór hann hefa drukkið tiltekinn dag á góðgerðaheimilinu á Furby st., er ég áður hefi minst á. Einnig dáðist hann að því, hvað hann væri ódýr þar, bjórinn. Nú höíðum við vitni við hendina og kærðum hann strax. Maðurinn reyndist sannur að sök, var samt boðin endurgeisn — en honum sýndist ekki að taka því, og var honum þá vikið úr reglunni.

Þetta er nú aðalástæðan til þess að hann reit Heimskringlu greinina. Honum er gramt í geði til st. Skuld fyrir að vera að rekast í þessum smámunum. En auðvitað er breitt yfir þennan tilgang í grein hans, sem við er að búast, — í stað þess kemur hann fram, sem strangur vandlætari, og getu því ókunnugir haldið, að hann væri eiginlega eini maðurinn, sem reglan hefði að styðja sig við hér í Winnipeg.

Að endingu ætla ég að taka upp nokkrar orðréttar setningar úr grein hans. Þær eru svona:

"Sá maður, sem ekkert æðra markmið hefir en það, að sjúga úr lífinu þær lélegustu og auðvirðilegustu nautnir, sem það hefir að bjóða, verður aldrei sjálfum sér eða öðrum að hði, heldur þvert á móti til andlegs og líkamlegs niðurdreps".

Finst þér nú ekki, Tryggvi minn, þegar þú rennir hugarnum yfir dvöl þína þarna á Furby st. og víðar, síðan þú varst G.Templar, og ef þú svo einnig hugsar um framkomu þína í grein þinni, — finst þér þá ekki, að þú getir fallist á það með mér, að setningarnar hér að ofan, sem þú hefir sjálfur sett saman, væru einna bezt viðeigandi og heima hjá sér í þínum eigin brjóstvasa?

Þinn einlægur.

R. TH. NEWLAND.

Winnipeg, 22. marz 1908.

Skrifið yður fyrir Heimskringlu, svo að þér getið ætíð fylgst med málum Íslendinga hér og heima.

Heimskringla þarf að fá 300 nýja kaupendur á þessu ári. Hún óskar þessvegna að allir góðir menn og konur vildu gerast kaupendur þess sem allra fyrst. Nýjir kaupendur sem borga fyrirfram, fá 2 sögur gefins, og 5 sögur úr að velja. Hvað sýnist yður? Hkr. þakkar kaupendum sínum innilega fyrir liðin viðskifti, og vonar að geta þóknast þeim í framtíðinni eins og á liðinni tíð — og betur.

HOTEL SUTHERLAND
Corner Main and Sutherland Ave.

Gisting kostar $1.00 og $1.50 á dag. Ég tók við stjórn þess húss 1. Jan. '08, og virðingarfylst óska viðskifta Islendinga nær og fjær Komið, Sjáið og Reynið.

C. F. Bunnell,
eigandi. Telefón 348

$1.50 Á DAG
Bestu $1.50 gistihús í Winnipeg

BRUNSWICK HOTEL
Horni Main St. og Rupert Ave.

Besta borðhald; Hrein og Björt Herbergi; Vinsamlegir Þjónar og Bestu Vindlar. Ókeypis Vagnmeitir Ól um Teinleiðum. Reynið oss þegar þú ert á ferð

Strathcona Hotel

Horni Main og Rupert Str. Nýbygt og ágætt gistihús; Gest um veitt öll þægindi með sanngjarnasta verði. Frí keyrsla til og frá öllum járnbr. stöðvum. Beztu vín og vindlar; og herbergi og máltíðar ágætar.

McLaren Brothers
EIGENDUR

Hotel Pacific

219 Market Street Winnipeg | H M Hicks Eigandi Manitoba

Telephone 1338

Ný endurbætt og Nýtízku hús fyrir alla staði. Viðskifta yðar óskast virðingarfylst.

$1.25 a Dag

C. O. F.
Court Garry No. 2

Stúkan Court Garry No. 2, Canadian Order of Foresters, heldur fundi sína í Unity Hall, horni Lombard og Main st., 2. og 4. hvern föstudag í mánuði hverjum.

Allir meðlimir eru ámintir um, að sækja þar fundi.

W. H. OZARD, REC.-SEC.
Free Press Office.

sjást og dvelja saman, — þá stæði honum á sama, þó hann sæi henni á bak.

Hún gat samt ekki ráðið annað af orðum hans en að hann væri alveg saklaus. Hún gladdist af að heyra, hve mjög honum var á móti skapi að hún yfirgæfi hann og hvað hann óskaði innilega eftir, að hún dveldi með honum á Brookland.

Hún leit til himins.

"Með tímanum mun hann elska mig", hugsaði hún með sér. "Það hefði getað orðið létt fyrir mig að vinna ást hans, en nú verður það næsta erfitt. Bara hún taki hann ekki frá mér!" Hún kveið miklu meira fyrir, að sigra hina fögru töfrandi hertogainnu en mann sinn.

"Ef þau hefðu ekki hizts aftur, hversu væri þá ekki alt öðruvísi en það er nú. En einkunnarorð mitt skal vera: GUÐ OG RÉTTURINN MINN".

Svo var það eitt fagurt kveld í júlímánuði, að hertoginn af Ormont kom til Brooklands með konu sína og þjónustufólk. Alt stóð í fullum blóma. Hin stóru, fögru tré voru þakin grænu laufskrúði. Í greinunum sungu fuglar þúsundum saman. Gosbrunnarnir glóðu í sólskininu. Blómin stóðu útsprungin í blómgörðunum.

Sólin var að síga, til viðar, en varpaði geislum sínum á hallargluggana, svo þeir voru tilsýndar sem eldlitir. Hertoginn gat ekki orða bundist, er þau keyrðu inn um garðshliðið.

"Það er eitthvað hátignarlegt við Brooklands", sagði hann. "Það hrífur mann meira að koma hingað en til búgarðs okkar".

Hertogainnan tók ekkert eftir því, sem hann sagði. Hin dökku, tindrand augu hennar dvöldu hugsandi á hinum stórvöxnu trjám og gráu múrveggjum.

"Alt þetta væri sú mitt, ef þessi skammarlega

erfðaskrá hefði ekki komið til sögunnar", hugsaði hún, "og mér hefði þótt þúsund sinnum betra, að vera ráðandi hér en vera hertogainna af Ormont".

Carens fólkið var komið til Brokklands fyrir nokkrum dögum. Margir gestir voru komnir þangað og alt var tilbúið til að taka á móti hertogahjónunum.

Hertogainnan veitti öllu nákvæma eftirtekt, og hún varð frá sér numin af undrun og aðdáun yfir öllu því skrauti og ríkidæmi, er var á búgarði Carens lávarðar.

"Að hugsa sér, ef þetta hefði verið heimili mitt, og mér skyldi hafa þótt vænna um það, en hið leiðinlega hefðarbýli, með öllu þess gamaldags skrauti".

Það var haldin veizla í tilefni af komu hertogans. Hertoganum þótti hún svo skemtileg, að hann hlakkaði til veru sinnar á Brooklands. Eftir máltíð, fóru þau að spila tvímenningsspil hertoginn og Lady Caren. Hertogainnan snéri sér að lávarðinum:

"Ég dáist mjög að bústað yðar", mælti hún. "Alt er hér svo fallegt. Mig langar til, að þér sýnið mér uppágaldsstaði yðar, því þeir hljóta að vera til".

"Með mestu ánægju", sagði hann, og snéri sér til konu sinnar. "Aðalheiður, viltu ekki koma líka út í garðinn?"

Hún leit brosandi framan í hann. Augnaráð hennar lýsti bæði fullkýmnasta trausti og ást.

"Nei, ég vil ekki koma út strax. Sýndu hertogainnunni uppáhaldsstaði þína. Ég fer ekki út fyr en í kveld".

Lávarðinum hitnaði um hjartaræturnar, er hann fann traust hennar. En hertogainnunni sárnaði það svo, að hún hefði legin viljað drepa hana.

Þau gengu svo út, og lávarðurinn sýndi honni

trélundinn, sem fyr var getið um. Hún varð "frá sér numin.

"Ég get ekki ímyndaó mér, að fegurri staður sé til á öllu Englandi".

Á meðan þau sátu þar og nutu hins hressandi lofts, þá var það ekki hertogainnan, sem lávarðurinn var að hugsa um, heldur um konu sína, sem á brúðkaupsdegi þeirra hafði staðið hér biðjandi fyrir framan hann.

XLII. KAPÍTULI.

Caren lávarðu sat einn í trjálundinum. Ljósin, sem lýstu út um loftsgluggana, bentu á, að fólkið ætlaði að fara að taka á sig náðir. Hann hafði boðið gestum sínum góða nótt, en sjálfur gat hann með engu móti sofnað.

"Ég ætla að ganga út í garðinn og reykja mér vindil", hafði hann sagt við þjóninn. "Láttu dyrnar vinstra megin standa opnar.

Honum fanst hann ætla að kafna inni í húsinu. Hann mátti því til, að anda að sér hreinu lofti. Í lundinum var niðamyrkur, og það var einmitt það, sem hann óskaði eftir. Tunglsljós lagði um inngangínn, en eftir því sem innar dró, þess myrkara varð, unz maður var staddur í kolniðamyrkri. Hann þreifaði fyrir sér, þangað tíl hann fann sæti hjá hvítu líkneski, og þar settist hann. Undarleg hugsun hafði flogið í huga hans, sem hann varla vildi trúa, og hér í kyrð næturinnar, spurði hann sjálfan sig að þessari spurningu:

"Er ég orðinn ástfanginn í minni eigin konu?"

Í fyrstunni hafði hann kastað þessari hugsun frá sér, sem einhverju ómögulegu. Hann, sem hafði hatið því, — að fyrirlíta hana, af því hún átti hann

móti vilja hans. Hún hafði skilið hann frá Nitu, sem hann elskaði svo heitt, og hún kastaði ósjálfrátt skugga á minningu föður hans, sem honum hafði þótt svo vænt um. Gat það verið, að hann elskaði hana? En ef það var ekki, hvernig stóð þá á þessari unaðsríku tilfinningu, er verndi hjarta hans? Hvers vegna var hún alt af í huga hans? Hvers vegna var hið fagra andlit hennar ávalt fyrir augum hans? Honum fanst rödd hennar ávalt hljóma í eyrum sér. Hvers vegna tók hann eftir sérhverri hreyfingu hennar, hlustaði eftir hverju orði af vörum hennar? Hvers vegna vildi hann ekki fyrir nokkurn mun valda henni hrygðar? Fyrir nokkurum mánuðum síðan ákeit hann þó, að sú kona sem neyddi mann til að eiga sig, ætti skilið sorg og mótlæti.

Aftur og aftur spurði hann sjálfan sig: "Er það mögulegt, að ég elski hana?"

Svo fór hann að hugsa um, hve ólíkar þær væru, hertogainnan og konan hans.

Lady Aðalheiður: Saklaus, blíð, róleg og viðfeldin í allri framkomu sinni, með hin djúpu, fögru augu og alvörugefnu varir. Hvítklædd, með snjóhvíta sál, kvenleg, og elskuð og virt af öllum, sem þektu hana.

Hertogainnan af Ormont aftur á móti: Óvanalega falleg, með svört, eldfjörug augu, lítinn fallegan munn. Drambsöm og tignarleg. Hættuleg sem töfradísir fornaldarinnar. Kona, sem gat komið hverju mannshjarta til að slá tíðara, en sem færði hann ekki einu einasta feti nær himninum. Hún var að öllu leyti heimsleg.

Hann hugsaði langa stund um þessar tvær. Allar hinar göfugu og sönnu tilfinningar hans hneigðust að þeirri fyrtöldu.— En hún hafði átt hann á móti vilja hans.

um, eða engin vildi hafa í þjónustu sinni. Og margir þessara ræka neituðu að vinna fyrir flutningsgjaldi þeirra þangað suður eftir að búið var að borga það fyrir þá. Fargjaldið var $12. Á þriggja ára tímabilinu, sem búið er að vinna að braut þessari, hafa 20 þús. manna verið fluttar þangað suður til vinnu, en þó hafa aldrei fleiri en 4 þús. verið þar vinnandi í einu.

Það, sem sérstaklega gerði vinnuna þar óþolandi, var, að auk þess sem mýbitið var litt þolandi, og lífið á þessum útkjalka afar einmanalegt, þá hafði verið sett þar strangt vínbann, svo að verkamenn gátu ekki fengið í staupinu, hvað sem í boði var, og engin vínsala var nær en í Key West eða Miami, og þangað komst enginn maður fótgangandi. En til þess að bæta úr þessari löngun verkamanna — að geta eytt vinnulaunum sínum í vín — urðu nokkrir framtaksamir náungar til þess, að stofna nokkurs konar vínsöluflota þessar smáskútur læddust um með al skerjanna til þess að reka þar löglausa vínsölu. En verkstjórarnir herjuðu á þann flota með riffilskotum og sprengiefnum, svo að lítið varð um vínverzlun þar.

Einn af örðugleikum þeim, sem reyndist mjög þreytandi, var að koma góðu skipulagi á verkasamtökin þar syðra. Það var ekki fyr búið að koma öllum vinnumannadeildunum í gott horf, heldur en hvirfilbylur æddi yfir skerin í okt. 1906, sem ekki að eins reyndi til þrautar á styrkleika vegarstæðisins, heldur einnig gerði mikinn usla í hópi verkamanna. Vegstæðið reyndist svo traustlega bygt að litlar skemdir urðu á því, en bústaðir sumra mannanna fuku, og 130 manna létu lífið í þessum æðibyl. Bústaðir mannanna voru flatbotnaðir bátar, eða prammar, og ofan á þá var bygt tvílyft skýli. Þessi fljótandi hús voru dregin af gufubátum áfram milli skerjanna, eftir því, sem verkinu miðaði áfram. Einn af þessum bústöðum slitnaði upp í veðrinu mikla, og brotnaði á klettarifi, sem vindurinn rak það á. Þeir, sem höfðu flúið niður í prammana undan veðrinu, létu allir líf sitt, en þeir, sem fóru upp á loftin í skýlinu, fleygðust á land með því, þegar það lauk upp á rifið, og héldu þannig lífið 87 menn náðust síðar lifandi af þeim, sem hafði skolað á land, og allir þeirra hrestust svo, að þeir gátu haldið áfram vinnu nokkuru síðar. Veður þetta var óskaplegt. Sjóarnir gengu yfir skipin, og alt lék á reiðiskjálfi og var sem í hers höndum. Þeir, sem lifs komust af úr sjónum, höfðu með hinum mesta hetjudug haldið sér í alt það lauslegt, sem þeir náðu til og gat fleytt þeim. Bátar unnu alla nóttina að björgun, og náðu þannig yfir 40 manns úr sjónum, og heyrðu til annara, sem hrópuðu um hjálp, en fundust ekki í náttmyrkrinu og létu lífið í sjónum. Eitt skip, sem var á ferð, náði nær 50 mönnum og flutti þá til Key West. Annað skip náð 26 mönnum og flutti þá til Savannah — og á hverjum degi svo vikum skiftu eftir óveður þetta, komu fréttir af björgun manna, er fluttir höfðu verið til ýmsra staða, svo sem Mobile, Galveston, New York, London, Liverpool og jafnvel til Buenos Ayres, eftir því, sem leið þeirra skipa lá, sem þeim höfðu bjargað. En af tveimur húsbátum, sem fuku í þessu ofsaveðri með 49 mönnum, fórust allir nema einn. Hann hélt sér á floti í 2 daga á tveimur plönkum. Margir aðrir bátar fórust þá voðanótt og menn þeir, sem á þeim voru.

Að þessum voðaatburði afstöðnum, var tafarlaust að því gengið, að koma skipulagi á vinnukrafta félagsins. Nýir húsbátar voru bygðir og tjöld reist, hvar sem grunnlóð var að fá á vegstæðinu og nærliggjandi skerjum. Koral rif eru víða milli skerjanna, og voru rif þessi sprengd sundur og notuð í vegstæðið. Í sundunum milli skerjanna þar sem dýpst var, var bygg ing vegstæðisins örðugust viðfangs, en tókst þó að mynda vegstæðið, með því að sökkva muldu grjóti þar til nægileg undirstaða var fengin. Í sumum sundunum var brautin gerð á líkan hátt og þegar járnbrautir eru lagðar yfir dalverpi eða gil. Grindaverkum úr trè og stáli var slegið upp og staurar reknir niður, og alt fest og bundið með stálböndum, og fylt utan og innan með muldu grjóti og þéttað með steinlími. — Yfir eitt sund tveggja milna breitt — kostaði brautarstæðið 1½ miljón dollara. Það er dýrasti spottinn, sem enn hefir bygður verið af braut þessari, og svo er sagt, að ekki sé nú eftir að brúa nema eitt sund, sem jafnist við það síðasttalda. Það er á milli núverandi brautarenda í Bahia Honda til Knights Key. Sundið er 7 milna breitt, en um dýpi vatns þar ekki getið. Segja verkfræðingar, að þetta sé viðfangsversti hluti brautarinnar. Enda finst þeim, sem þangað hafa komið og ekki bera skyn á slík mannvirki, næsta ótrúlegt, að nokkur mannskraftur fái orkað því, að brúa yfir slíkt sund, svo öfluglega sem þarf, til þess að fólksflutningslestir geti viðstöðulaust eftir þeim gengið. En að undanteknu þessu breiða sundi, þá er brautin þegar lögð yfir 13 milna langan sjóveg og 19 milna langan flóaveg, þar sem hvergi er þurt land til 98 festa fót á. Og þotta hvorutveggja er á 92. milna löngum spotta, sem þegar er teinlagður. Það er braut bygð á klettum og steinlimsgrunni, og er í raun réttri einn samsteyptur grjótveggur.

Stjórnin í Washington varð eitt sinn hrædd um, að þessi veggur mundi hafa þau áhrif, að breyta hafstraumunum í Florida firðinum og tilkynti því félaginu, að þeir sem fyrir verkinu stæðu yrðu að sjá um að göt væru á veggnum hingað og þangað, svo að sjór gæti auðveldlega gengið í gegnum. Það var gert. Veggurinn var því bygður á líkan hátt og brúin yfir ána Thames í Lundúnum, er margir Íslendingar hafa séð og einnig séð mynd af. Þó að vatnið væri víðast svo grunt, að mögulegt væri að mynda brautarstæðið á þann hátt, sem sagt hefir verið, þá voru einmitt þessar grynningar valdandi miklum örðugleikum með alla aðflutninga. Flatbotnaðir gufubátar, sem knúðir voru áfram með skuthjóli, gátu hvergi komist nærri sumum þeim stöðum, sem vörur urðu að skiljast eftir á, og áttu því bygðjungamenn við hina mestu örðugleika að stríða, að koma öllum nauðsynjum að sér.

Eftir því, sem sumar dregur — lengra frá landi og nær Key West — eftir því verða skerin lægri, á sumum stöðum svo lág, að sjór gengur yfir þau og ekkert stendur upp úr sjónum nema sjávarþangið, sem á þeim vex, og vegstæði varð að eins bygt með því móti, að moka upp frá báðum hliðum úr sjávarbotninum, og kasta því þanvað, sem vegstæðið átti að gerast. Til þess að lá þetta framkvæmt, varð herra Meredith að finna upp og láta smíða feiknamikla og rammgerða mokstrarvél. Vél þessa lét hann ganga fyrir gasólín afli. Sex slíkar vélar voru tilbúnar og settar í flatbáta, þar sem nægilegt vatn var til þess að þeir gætu flotið. Þetta gekk alt að óskum meðan dýpi var nægilegt fyrir þær að vinna í, en þegar þær komu að skerjunum, var hjólum bleypt undir þær, og þær dregnar yfir skerin.

Meðal skerja þessara fundu bygg ingamenn mannflokk einn fitinn, er þeir nefna "Conch", og er svo talið, að flokkur sá eigi ætt að rekja til íbúanna á Bahamæ eyjunum. Fólki þessu var ekkert vel við byggingamenn, töldu þá óboðna gesti í heimkynnum sínum og litu undrandi augum á starf þeirra alt. Meðal fólks þessa fundust felustaðir þeir, sem áður voru notaðir í þágu uppreistarmanna þeirra, sem fyr á tímum háðu styrjaldir á eyjunni Cuba. Þarna í skerjunum höfðu þeir falið miklar byrgðir af vopnum. Þangað sendu svo uppreistarmenn skútur sínar, til þess að sækja vopnin, sem þangað höfðu flutt verið og þar falin, og á þessum stöðum höfðu sjóræningjar skilt með sér í bróðerni fengsinum, þegar svo bar undir, sem oft kom fyrir, að skip strönduðu þar á rifunum inn á milli skerjanna. Eftir því, sem byggingarmenn þokuðust nær Key West, eft ir því óx fjör og líf í Key West bænum. Bæjarbúar tóku til að róta öllu um. Þeir fóru að breikka strætin og gera þau beinni. Svo var brautarvegstæðið bygt þvert yfir eyjuna, og bæjarlóðir hækkuðu í verði svo undrum sætti.

Þegar herra Parrott sagði Flagler gamla, að svo væri aðgrunt við Key West, að ekki væri hafnstaður við endastöð brautarinnar, þá skipaði karl honum, að búa til land svo langt út sem þyrfti til að ná sæmilegri höfn, og byggja braut ina þangað. Til þess að koma þessu í framkvæmd, varð að fylla upp svæði í sjónum, sem var 200 ekrur að flatarmáli, og efnið til þess að fylla upp þetta svæði, varð að mokast upp úr sjávarbotninum fyrir framan svæðið. Grjótveggur var hlaðinn umhverfis það svæði, sem upp átti að fylla, og er nú veggur sá fullger og nálega hundrað ekrur lands uppfyltar, og hefir þetta mjög breyte til bóta öllu útliti Key West bæjar.

Stjórnin í Washington hafði einatt vakandi auga á byggingarmönnum og starfsemi þeirra, og svo er að sjá, sem henni hafi ekki algerlega litist á framtiðar afleiðingarnar af þessu brautarbraski, því hún lét tilkynna byggingarmönnum, að svo gæti farið, að hún þyrfti einhverntíma að láta eru torpedóbátastöð við eitthvert af skerjum þeim, er brautin rennur hjá, og mundi þá þurfa leir til uppfyllingar. Herra Parrott skrifaði stjórninni strax um hæl og kvaðst við því búinn, að fylla upp aftur dældir þær, sem hann hefði gert í sjávarbotninn, ef stjórnin þyrfti þess, og var svo útrætt um það mál.

Hafnstaður sá, sem á þennan hátt er gerður í Key West, er þannig, að auk þess, sem skip geta fermt sig þar og affermt, þá verður þar sérstakur lendingarstaður fyrir lestaferjur þær, sem eiga að ferja fólks og flutnings járnbrautarlestarnar yfir 90 milna sundið milli Key West og Havana á eyjunni Cuba. Því verður svo hagað, að ferjur þær verða útbúnar með járnbrautarsporum á dekkinu. Járnbrautarlestarnar renna fram á ferjuna í Key West af bryggjunni þar, og verða svo ferjaðar sem leið liggur út á eyna. Með þessum hætti verður járnbrautarleiðin óslitin frá öllum stöðum Bandarikjanna til Cuba. Og það má svo heita, að brúað sé yfir hundrað milna langan veg af Atlantshafi, svo að farþegjar geta frá sætum sínum í lestinni talað við kunningja sína, sem um Cubasundið ferðast á gufuskipum. Og ef tími leyfði, gætu þeir á handfæri dregið laglegan fisk úr sjónum inn um vagngluggann til að gefa vinum sínum, er þeir kæmust áleiðis til áfangastaðar sins.

Annars er mannvirki þetta hið mikla eitt af þeim allra mestu, er unnin hafa verið í heiminum, og sæl má sú þjóð kallast, sem á þann borgara, er af eigin einum gerir svo miklar búbætur í rikinu.

NOKKUR ORÐ UM FISKISÖLU.

Eftir ósk nokkurra manna, vil ég fara nokkrum orðum um fiskisölu, láta í ljós álit mitt, og um leið skýra frá ýmsu, sem óbótavant er, eftir því, sem mér kom það fyrir sjónir í fiskisöluferð þeirri, er ég fór suður til Bandaríkjanna.

Það er enginn efi á því, að víða suðurfrá er ágætis markaður fyrir allar tegundir af fiski úr vötnunum hér í Manitoba, sé réttilega farið með hann. Einnig gefur það að skilja, að enginn kærir sig um, að kaupa vondan eður skemdan fisk, eins og því ver og miður hefir átt sér stað á markaðnum síðastliðinn vetur. Fiskverð var ákaflega hátt nú fyrir 1 mánuði síðan suðurfrá, í samanburði við hvað hann er keyptur hér af auðklöguunum. Hvítfiskur var seldur hjá smásölunum fyrir 13 cent pd. og jafnvel meira, og "pickurinn" alt að 7 cent pd. Þetta er mikið vert hjá því, sem við eigum hér að venjast, og efast sumir kannske um, að svo mikill munur geti átt sér stað. Margir munu spyrja: hvernig stendur á því, að þessi verðmunur er svona mikill? Auðklögin kaupa af flestum fiskimönnum fiskinn, að undanteknum einstöku manni, og þau setja verðið á hann, og enginn getur keypt hann nema fyrir þeirra milligöngu. Þau lána öllum útgerð og ábyrgjast kaup manna þeirra, gegn því, að fá allan fisk, sem veiddur er af þeim, og á því græða þau. En þeir einstakir menn, sem hafa selt fisk fyrir eigin reikning, hefðu líka getað fengið gott verð fyrir hann, ef þeir hefðu kynt sér meðferðina á honum til markaðarins, og meðhöndlað hann eins og fiskifélögin gera.

Það, sem sérstaklega vakir fyrir mér með línum þessum, er að skýra frá, hvernig landar minir mundu geta komið því svo fyrir, að þeir fengu hærra verð fyrir fisk sinn, en þeir hafa fengið að undanförnu. Eftir minu sjónarmiði mundi því markmiði bezt verða náð á þann hátt, sem nú skal greina:

1. Að um leið og fiskurinn er tekinn úr netinu á veturna, sé hann slægður, síðan latinn frjósa, og þá er hann er orðinn frosam látinn undir eins í boxin og fluttur til járnbrautarstöðvanna hið fyrsta, að tök eru á því.
2. Áður en fiskurinn er látinn á járnbrautarvagninn, sé hvert box slegið upp, og fiskurinn tekinn upp úr því. Því eigi er sjaldgæft, að á vetrardögum komi meiri og minni snjór í boxin, og þarf þá að verka snjóinn vel af fiskinum og úr boxinu.
3. Að engan fisk ber að senda suður óðruvísi en í frystivagni, þar eð búast má við heitari tíð fyrir sunnan en hér er vanalega.
4. Að allur fiskur sé sendur í boxum, sem séu ekki undir 100 pund hvert, en hvorki laus né í pokum.
8. Að gengið sé vel frá boxunum hvað neglingunni viðvíkur.
6. Að hvert box sé nákvæmlega merkt með hvaða tegund fiskjar og pundatölu, n e t t o.

Þessar framanskrifuðu reglur ber nákvæmlega að aðgæta. Ef fiskur allur er slægður, þá gengur hann betur út í markaðinum, og hægt að fá hærra verð fyrir hann. Eins er um það, að fiskurinn er útgengilegri, sé hann hreinn (snjókaus), því snjórinn bætir hann ekki sé hann í honum. Það sýndi sig í vetur, að fiskur, sem sendur var í box-lörum, og snjór var á milli, seldist mjög illa og skemdist; svo ekki fékst það verð fyrir hann, sem ella mátti. Það er áríðandi, að fiskurinn í hverju boxi vigti 100 pd., því tollurinn yfir linuna er þá ekki nema 25c af 100 pd., en ef það er ekki nema 99 pd., þá er tollurinn $1.00 á 100 pd.

Ég álít góðan stað að selja fisk í St. Paul og Minneapolis. Var þar töluverð eftirspurn eftir fiski, þá ég vissi síðast til, því í þeim bæjum lifa katólskir, sem eftir trú þeirra mega ekki neyta kjöts um föstuna.

J. S. Thorarensen.

I.

SMÁKVÆÐI,

eftir Heine.

Á Salamönku víðum völlum
vorblær andar hreinn og þíður;
aftan dags með ungmey hýrri
eg þar gengi sumar blíðu.

Og um meyjar mittið granna
minum hefi eg armi vafið;
hjartaslög minn fingur finnur,
þá fær sig brjóstið göfgu hafið.

Dular blandið harma hviskur
heyrist mér um skóginn kliði;
sorgardrauma óljós ómur
eins og í þessum lækjarniði.

Hér mér óljóst hugboð segir,
hjartkær mey við skilja eigum,
á Salamönku víðum völlum
við ei framar ganga megum.

II.

Óhreyfðar ótal stjörnur
úr uppheimssölum gá,
og horfast alt af í augu
með ástar-sárri þrá.

Og einu þær mæla móti,
mjög sem að fagurt er,
af mállærðum mönnum engi
þar minsta skyn á ber.

Ég að einś einn það lærði,
það aldrei úr hug mér fer,
því ásýnd þín, Emma kæra,
var orðafræðin mér.

Sigtryggur Ágústsson.

GÁLAUSLEGA GENGIÐ.

Eftir Elisabet Browning.

Þú tróðst á hjarta, mín fríða frú,
fullur er heimur af slíkum köllum.
Yndisleg stúlka eins og þú
æfir þann leik með köflum.

Þú steigst án þess að hyggja
(enginn láir það snót).
Því skyldi hjarta liggja
fyrir fallegrar meyjar fót?

Það var ei steinn, sem gat marið,
né þorn, sem sting gat veitt.
Kærðu þig ekki parið, —
bara hjarta, sem unni þér heitt.

Samt máske seinna' á degi,
er situr við spegilinn þinn,
og sérðu rósirnar eigi,
sem brostu þér fyrri á kinn,

og finnur þá látt af sveinum
með fagurgala og hól, —
manstu þá máske eftir einum,
sem myndi nú veita skjól?

Þá segir þú: Alt um seinan
(með sorgstunum brjósti frá).
Hefði ég nú hjartað eina,
sem hirðulaust tróð ég á.

(Lauslega þýtt af Hreggviði).

Markerville, 23. marz 1908.

Herra B. L. Baldwinson, W'pegj

Heiðraði herra! Í Hkr. af 12. þ.m. er spurt eftir Pétri Nikulássyni Péturssonar, frá Bakka í Hólmi í Skagafjarðarsýslu, og ég álít, að það sé sami Pétur, sem fluttist frá Íslandi til Ameriku árið 1887, þá tveggja ára að aldri, með móður sinni Rannveigu Sigfúsdóttur, og er núverandi heimili hans Markerville, Alberta. — Valgerður Nikulásdóttir hefi ég aldrei heyrt að væri til, en systir átti Nikulás, sem Valgerður nefndist.

Með virðingu,

Rannveig Sigfúsdóttir.

ATHS. — Valgerður Nikulásdóttir er ekkja eftir Árna Árnason frá Bakka í Hólmi, og er núverandi ártun hennar Brown P.O., Man. Rítstj.

Malvin S. Jónsson

Eins og áður hefir verið frá skýrt í Heimskringlu, andaðist hér í Selkirk þ. 16. febr. þ.á., að heimili foreldra sinna, Sigurbjörns Jóns sonar og Kristínu S. Jónssonar, þeirra elskaða dóttir Malvin, 18 ára gömul.

Fjöldi fólks var viðstaddur jarðarförina, sem fór fram 18. s.m. Séra R. M. Dickey, prestur presbyterian kirkjunnar hér í bæ, gengdi prestsverkum. Að heimili hinnar látnu flutti hann húskveðju. Einnig mælti herra M. Thordarson, sem er einn af nágrönnum foreldranna, nokkur hjartnæm, huggandi orð, eftir ósk þeirra og systkina hinnar látnu.

Malvin sáluga var fædd 17. nóv. 1889, að Hnausum í Nýja Íslandi. Þaðan fluttist hún með foreldrum sínum og eftirlifandi systkinum hingað til Selkirk, og var jafnan

MALVIN S. JÓNSSON

til heimilis hjá foreldrunum til dánardægurs. Hún var einkleg stúlka til sálar og líkama, miklum hæfileikum og góðum gáfum gædd. Hennar óslökkvandi mentaþrá, hjartnæmu tilfinningar og lotning, sem hún hafði ávalt í huga sínum fyrir guði og almætti hans, báru skýran vott um hennar góðu hugsanir og göfugu sál. Hún var yfirlætiskaus í framgöngu og alúðleg í umgengni við alla, sem hún kyntist, og vildi hefði getað veitt þeim, sem bágt áttu, sem mestan styrk og beztan.

Foreldrar hennar og systkini eru því sorgmædd og sárt slegin með fráfalli hennar á unga aldri, og sem engin bót fæst á í þessu lífi, önnur en huggunin, sem felst í því, að vita hana hafa fengið hvíld frá þjáningunum, sem hún varð að líða í sjúkdómsstríði sínu, og vissunni um samfundi hinumegin grafar, þar sem ekki er til framar skilnaður og sorg.

Blessuð veri minning hennar!

Selkirk, Man., í marz 1908.

Vinir hinnar látnu

Í sambandi við ofanritaða æfiminningu, þökkum við foreldrar og systkini hinnar látnu öllum, sem á einn eða annan veg aðstoðuðu hana og okkur meðan veikindin stóðu yfir. Sömuleiðis öllum þeim, sem sýndu okkur hluttekningu við jarðarförina, og biðjum guð að endurgjalda þeim veglyndi þeirra, þegar þeim mest á liggur.

Með vinsemd og virðingu.

Foreldrar og systkini hinnar látnu.

LEIÐRÉTTING.

Herra ritstjóri Hkr.

Kæri herra! Í grein minni í síðustu Hkr. hafa að ég hygg misprentast tvö orð, og fácin fallið úr; og ætla ég því, að biðja þig að gera svo vel og setja þessar leiðréttingar í blaðið:

Þar sem ég tilfæri orð Kr.Á. á að vera: "þar sem gnaðar gjálp", en ekki "grandi gjálp".

"Nú flettir maður blaði í áðurnefndri Hkr. og er þar löng grein eftir "Stjána"." Orðið "eftir" hefir fallið úr.

Síðar í greninni á að standa svona: Og sjá! þeir, sem verið höfðu fuglar, urðu menn, og þeir, sem verið höfðu fiðrildi, urðu líka menn. Og hönd listamannsins tók til starfs.

Svona hygg ég að það sé í handritinu; þó skal ég ekki fullyrða það, því ég tók enga afskrift. gerði að eins eitt upptkast, sem ég sendi Hkr. En ég man glögt, að svona hafði ég hugsað það.

Þinn einlægur,

S. J. Austmann.

Fréttabréf.

HNAUSA, MAN.,

6. marz 1908.

Í janúar og febrúar hafa verið jafnmikil blíðviðri, að sinu leyti, og illviðri og hörkur voru í þeim síðastliðinn vetur, enda hefir þessi vetur — það sem af er — verið einn hinn bezti, er menn hér muna. Á nokkrum stöðum hér eru nautgripir enn í skógunum, og hafa ekki orðið handsamaðir. Þeir eru orðnir svo villtir, að haft hefir verið við orð, að skjóta þá niður, ef komist yrði í færi við þá.

Vegna blíðviðranna segja fiskimenn, að fiskur hafi hagað svo göngu sinni, að ekki hafi orðið eins aflasælt í Winnipegvatni í vetur og vant hefir verið. En aðrir kenna um fiskifæð, segja fiskifélögin í þann veginn vera að eyðileggja fiskinn í vatninu, og nun mikið hæft í því. Fiskimenn eru nú allir komnir heim úr vetrarveiðistöðum sínum.

Heilsufar gott að öðru leyti en því, að kvefveiki (Influenza?) hefir stungið sér niður á stöku stað, en engum nafnkendum orðið að bana, svo ég viti.

Samkomur, sem ganga undir nafninu "Skemti samkomur" eru nú að byrja. Prógramme er vanalega langt og lítilsvirði, og enda hér um bil undantekningarlaust á fótamentunar sýningu, eða með öðrum orðum á "dans".

Vínbanns aukalög er sveitarráðið í Bifröst að setja af stokkunum og verða þau lögð undir atkvæði gjaldenda sveitarinnar innan skamms. O.G.A.

125 Dollara

De Laval rjómaskilvinda til sölu fyrir $45.00. Þessi skilvinda er sama sem alveg ný og í ágætu standi. Skrifið mér eða finnið mig að máli.

Magnús Pétursson,

535 Agnes Street, Winnipeg.

Jónas Pálsson

PIANO KENNARI

729 Sherbrooke St. Winnipeg.

Tamarac selst hjá A. S. Bardal fyrir $5.50, — en 2 "Cord" fyrir $10.50.

Kennara

vantar fyrir Árnes South skóla, No. 1054. Kensluttíminn þarf að byrja 1. maí næstk. og standa yfir í 6 mánuði. Tilboðum verður veitt móttaka af undirskrifuðum til 15. apríl, og þurfa umsækjendur að tiltaka mentastig og reynslu sem kennari, ásamt kaupi því sem óskað er eftir.

Nes P.O., 16. marz 1908.

Ísleifur Helgason,
Nes P.O., Manitoba.

Ódýr eldiviður en góður

Jón Finnbogason, 678 McGee st., hefir 300 Cords af bezta þurru Pine og Tamarac, sem hann selur með allra lægsta verði, sem hægt er að kaupa við fyrir, — eða heldur lægra. Sjáið reynið og sannfærist.

Jimmy's HOTEL

Sem er rètt á bak við Póst-húsið, — og þar sem alt er af beztu tegund. Íslendingar ættu að reyna þetta gistihús.

James Thorpe,
eigandi.
Fyrverandi eigandi Jimmy's Restaurant á Portage Ave.

MARKET HOTEL

146 PRINCESS ST. á móti markaðnum

P. O'CONNELL, eigandi, WINNIPEG

Beztu tegundir af vínföngum og vindl um, aðhlynning góð húsi end bætt

Hvað er hér.

Aldrei skaltu geyma

Til morguns

það, sem hægt er að gera í dag. Þessvegna segjum vér: Skrifaðu ÞIG fyrir Heimskringlu Í DAG. En ef þú geymir það til morguns, þá getur skeð að það verði ALDREI gert. Hver sá, eða sú, sem klippir úr blaðinu þessa auglýsingu og sendir hana til Heimskr. ásamt með $2.00 fær hana í 15 mánuði,—og 1 góða sögu líka. Þessi kjörkaup gilda aðeins einn mánuð,—til 30. aprfl.

HEIMSKRINGLA
P. O. Box 116, -- Winnipeg

DR. A. EKERN
Sérfræðingur í Augna-, Nef-, Eyrna- og Holdssjúkdómum.
Grand Forks, N. Dak.

FASTEIGN TIL SÖLU.

Verð: $1100.00. $100 00 niðurborgun og $10 00 mánaðarlega. Eignin er nú leigð fyrir $10 um mánuðinn.

Aðeins 6 prócent renta á því sem eftir stendur óborgað.

Gott tækifæri fyrir mann með lítla fjölskyldu, því afborgunin er alveg sama og húsaleiga. — Fasteign þessi er á Toronto St., nálægt Sargent Ave., og kostar að eins $1100.00. Stærð lóðarinnar er 25x100 fet. Stærð hússins (Shanty) er 22x24 fet, með "cold water plumbing" í. — Þeir, sem vildu sinna þessu, snúi sér sem fyrst til S. A. JOHNSON, 687 Sherbrooke st., eftir kl. 7 að kveldi.

Fræ

VÉR RÆKTUM OG SELJUM FRÆ EÐA SEM SUMIR KALLA ÚTSÆÐI, FYRIR VESTURLANDIÐ.

ORÐTAK VORT ER:— "VESTRÆNT FRÆ FYRIR VESTURLANDIÐ."

ALLIR BEZTU KAUP MENN SELJA ÞAÐ, EF VERZLUNARMAÐUR ÝÐAR HEFIR ÞAÐ EKKI, ÞÁ PANTIÐ FRÆIÐ FRÁ —

A. E. McKENZIE Co.
Limited
BRANDON, MANITOBA
CALGARY, - ALBERTA

Aðal Fræsölumenn Vestur-Canada

Kjörkaupa-listi

Victor st., 6 herbergjahús $1600
Toronto st., 7 " nýtízku hús með öllum þægindm $500 niðurborgun. 2800
Simcoe st., — 7 herbergi, 2900
Beverley st., 7 herbergja nýtízku hús á 3000
Home st. nálægt Portage, 25 feta lóðir, á $25 fetið

W. P. RODGERS,
608 McIntyre Blk. Fón 6474.

WINNIPEG

Mál það, sem Rússakeisari lét höfða móti einum rússneskum strokumanni hér í borginni, sem kærður var um, að hafa farið með stóra fjárupphæð, sem rússneska þjóðin átti, hefir endað svo, að keisarinn hefir tapað málinu að svo komnu og borgar kostnað af því fram að þessum tíma. Upphæðin, sem um er barist, er 166 þús. dollarar. Svo er að sjá á fróttum í blöðunum af dómsákvæðinu, að keisarinn geti enn haldið málinu áfram, og er því óvíst, hvernig því kann að lykta.

Mrs. Solveig Pálmason kom hingað til bæjarins 23. sl. mánaðar til lækninga við augnveiki. Hún sótti á fund Dr. Goods, og telur hann hafa sýnt sér alúð og samvizkusemi. Hún kvaðst hafa von um, að hakla þeirri sjón, sem hún nú hefir, og að fá bót á þjáningum þeim, sem hún hefir haft í augunum. Mrs. Pálmason fór heimleiðis aftur á mánudaginn var

Úr bréfi frá Lundar, dags. 27. marz sl. "Góðir gestir voru hér á ferð í síðustu viku, þeir Friðrik Sveinsson og Á. J. Johnson. Betri skemtun, en þeir höfðu að bjóða, er ekki hægt að fá. Þeir sýndu nálega 170 myndir, og hundrað af þeim frá Íslandi. Báðir útskýrðu myndirnar prýðisvel. Svo spilti ekki skemtuninni hinn ágæti söngur herra Á. J. Johnson og handmáluðu myndirnar eftir Sveinsson. Þeirra samkomur eru áreiðanlega þær beztu, sem nokkurntíma hafa verið haldar hér. Hafi þeir kæra þökk fyrir komuna!

Bæjarfulltrúi Árni Eggertsson hefir af bæjarstjórninni verið kosinn til þess með öðrum, að fara til Ottawa til þess að fá styrk hjá Laurier stjórninni til þess að byggja brú yfir Rauðá undan Lombard stræti, svo fólk geti komist viðstöðulaust milli Winnipeg og St. Boniface.

Herra Guðmundur Þorsteinsson, sem um sl. 18 ár hefir búið í grend við Belmont, Man., hefir nýlega selt bújörð sína og önnur lönd, alls 640 ekrur, og bú sitt alt og flutt hingað til bæjarins með konu sína. Þau hjón ætla til Íslands í maí næstkomandi. Tvær ferðir eru frá Leith til Íslands í maí næstk., sú fyrri þann 4., en hin þann 23. Enn er óvíst, með hvorri ferðinni þau hjónin fara, það verður nokkuð komið undir því, hvort þau fá samferðafólk, en þessa verður nánar getið síðar.

Silfurmedaliuna fyrir kapplestur, sem stúkan Hekla hélt nýlega, hlaut Miss Rannveig Swanson, málara. Hún var yngst af þeim 8 stúlkum, sem keptu um medaliuna, og heiðurinn er því ekki lítill.

Herra Sigurður Bárðarson, frá Blaine, Wash., sem verið hefir hér í bænum mánaðartíma, fór vestur aftur í gærdag, og með honum um tíu manns, þessir: Jörundur Eyford, frá Siglunes P.O., með konu og barn, Halldór Gíslason, frá Brandon, Jón Jónsson og tvær konur með börn héðan úr borginni

Til Íslands fóru héðan í gærdag 12 manns: Árni Sveinbjörnsson, frá Belcourt P.O., Þorsteinn Guðmundsson, héðan úr bæ, Mrs. Thompson, frá Keewatin, og Sigurður Sölvason, frá Westbourne, með konu og 7 börn. Hann ætlar að setjast að í Reykjavík og stundá aktýgjasmíði. En hinir búast við, að hverfa vestur aftur í sumar.

Séra Bjarni Þórarinsson kom til bæjarins á laugardaginn var, með konu sína og yngstu dóttir. Þau hjónin héldu heimleiðis aftur í fyrra dag. Meðan séra Bjarni dvaldi hér í bænum, skýrði hann 2 börn hjá herra Hreiðari Skaftfeld og konu hans, að 666 Maryland st. Séra Bjarni lét vel af liðan sinni og bygðarbúa að Wild Oak og Marshland.

Frá Minnetonas er ritað 26. marz sl.: "Þess var nýlega getið í Heimskringlu, að það hefði brunnið hér í bænum, og það var rétt. Það brann hótelið og 2 "Pool Rooms", ein matsölubúð og ein járnvörubúð, og góð bygging önnur, sem ekkert var í. Þess utan brann sveitarráðhúsið og hesthús. Ekkert mun vera of í lagt með ágizkan um tapið. Lítlu sem engu varð bjargað, því eldurinn kom upp kl. 2 um nóttina, og urðu menn því seinni til bjargar. Ekkert er enníþá farið að byggja upp aftur, enda hefir gengið illa að ná eldsábyrgðar fénu".

Liberalar í Winnipeg hafa heðið herra Sifton, núverandi þingmann fyrir Brandon kjördæmið, að sækja um ríkisþingsæti fyrir Winnipeg borg við næstu ríkiskosningar, — kveða honum sigur vísan, ef hann sæki hér. Hr. Sifton lofaði, að taka þetta til ihugunar.

Rausnarlegt heimboð.

Síðastliðið föstudagskveld bauð kvenfélag Tjaldbúðar safnaðar presti og fulltrúum safnaðarins ásamt konum þeirra, ennfremur sunnudagaskóla kennurum og söng flokk safnaðarins, með fleirum, — til kveldverðar í hús Mr. og Mrs. L. Jörundssonar. Alls mun þar hafa verið samankomið 50 manns, fyrir utan heimilisfólk. Veitingar voru hinar beztu, og alt fór mjög reglulega og ánægjulega fram, enda er hús Mr. Jörundssónar bæði sérlega rúmgott og þægilegt. Menn skemtu sér við stuttar ræður og söng fram til kl. 2 að morgni. Að því búnu fóru allir heim glaðir og ánægðir og þakklátir kvenfélags konunum fyrir góða skemtun og höfðinglegar veitingar. M. M.

Herra Ólafur E. Eggertsson, frá Mortlach, Sask., sem hér hefir dvalið í bænum í vetur, fór þangað í gærdag á heimilisréttarland sitt og dvelur á því í sumar.

Maður einn dó nýlega eftir að hafa drukkið 3 glös af áfengi á Wolseley hótelinu. Mál það lætur fylkisstjórnin rannsaka tafarlaust.

J. G. Snydal, tannlæknir, biður þess getið, að hann verði í Gimli bæ á föstudag og laugardag, 10. og 11. þ.m. Þeir, sem þurfa tannlækninga við, eru ámintir um, að finna hann þar.

Herra R. L. Richardson, ritstj. blaðsins "Winnipeg Tribune", hefir verið útnefndur til að sækja um ríkisþingsæti við næstu Dominion kosningar fyrir hönd bænda í Estevan héraðinu í Saskatchewan, og er þar nefnt Assiniboia kjördæmi.

Stjórnarformaður Hon. R. P. Roblin, sem verið hefir að ferðast um Bandarikin síðan síð. fylkisþingi var slitið, kom til baka til bæjarins á sunnudaginn var.

Þann 25. f.m. var haldið samkvæmi fyrir Sigurð Sölvason og konu hans Guðrúnu Pétursdóttur, að heimili herra Þiðriks Eyvindssonar, Westbourne P.O., Man. Voru þar mættir um 50 manns, margir norðan úr Big Point bygð, sem þektu þau hjón að gestrisni og góðum leiðbeiningum, þegar menn komu til kaupstaðar. Ræður voru þar haldnar og hjónunum afhentir rúmir $40.00, "í nesti til næsta bæjar". Hér fylgja tvö kvæði, er þeim hjónum voru flutt í samsæti þessu:

Vel sé bændum og búaliði
bróðurhendi er rétta' að oss,
og að því styðja að okkar biði
ein sallaus gleði, bezta hnoss,
vorn með að sækja vinafund
velkomin sé oss þessi stund.

Vinafundur er vermireitur
vorblómin til að geta' af sér,
vinaskilnaður hjarta heitur
hvergi lakari ávöxt ber, —
að aundanteknu, lýtalaust,
liturinn bendi meira' á haust.

Safnaðir hér nú saman erum
með sifja liði að kveðja þig.
Myrkir því ekki í máli verum,
meini það, segi það hver um sig:
Auðnist þér gæfa, yndi, von
elskaði og virti Sölvason.

Vikna hjörtun þá vinir kveðjast,
von og kviði þar bezt á,
ef að samfundum oftar gleðjist
eða þá framar meir ei sjá.
Trú vor staðhæfir, von er vís,
að við munum sjást í Paradís.

Fýsir þig heim til fornra stöðva,
föðurlandinu þjónkun tjá;
stælt hefir Vinland sterka vöðva,
stórmikils af þér vænta má,
ef þitt kann meta þroskafræ
þjóð vor handan við Atlantssæ.

Ber kveðju fornu mey og móðir,
merkis fæðingar lesið, rún.
Seg henni ljóst, sem lög til stóðu,
lúka þér arf, er skuldar hún,
og metta þig af eigin auð,
aldrei þér gefa stein fyrir brauð.

Haf þökk fyr' vinahótin góðu
í hvivetna sýndir Íslands nið,
ávalt dyr þinar opnar stóðu,
ef nokkur þurfti liðs þins við,
endurgjalds þó ei ættir von
vor eðallyndi Sölvason.

Í hinsta sinn af huga klökkum
þér heillaóskir færum nú,
enda þótt til þess ekki hlökkum,
autt verður sæti' er fyltir þú.
"Eh hvar sem þin leiðin liggja kann"
leiði þig guð og haminjan!!

Þú dvaldir hér hjá oss um daga og ár
og dagana styttir oss alla,
þér leiddist að sjá okkur liðandi tár
til lengdar um vangana falla.

Og oróið þitt hnitna, það hlátur oss fékk,
vér hlógum eins dátt og vér kunnum,
og hlýlega spaugið til hjarta oss gekk,
við hlógum með gjörvöllum munnum.

Að eiga að missa þig, vildasti vin,
það veldur oss leiðindum sárum,
en þetta er nú lífssagan þessi og hin,
að þeytast á tímanna bárum.

Sértu nú bezt kvaddur, Sigurður minn,
með signaðan hópinn þinn allan.
og taktu þér Brama-Lífs Elixír inn,
er Ísafold rekur upp skallann.



Myndin sýnir hús hr. John Wadge á "The Park" landinu í Brandon. Sumir kaupendur eru að byggja og aðrir byggja hús þar í sumar. Lóðirnar seljast stöðugt; aðallega til útlendinga í Brandon. Vaxandi eftirspurn sannar bezt gæði þeirra, sem eru 2 'blocks' norður af C.P.R. vagn stöðinni og 5 mín. ganga frá verzlunar-miðdepli bæjarins. Skrifið eftir upplýsingum. Kaupið lóðirnar strax,—þær hækka í verði nú í sumar.

John Wadge,

10 Ninth Street, -- Brandon, Man.

eða Kr. A. Benediktsson, 477 Beverley St, W'p'g., Man.

eða K. K. Albert, 719 William Ave., Winnipeg, Telefón 6409.

ARNI ANDERSON Íslenzkur lögmaður
Í félagi með
Hudson, Howell, Ormond & Marlatt
Barristers, Solicitors, etc.
Winnipeg, Man.
13-18 Merchants Bank Bldg. Phone 3621, 3622

HANNESSON & WHITE
LÖGFRÆÐINGAR
Room: 12 Bank of Hamilton
Telefón: 4715

J. G. Snydal, L. D. S.
ÍSL. TANNLÆKNIR
cor. MAIN & BANNATYNE
DUFFIN BLOCK PHONE 5302

The Bon Ton
BAKERS & CONFECTIONERS
Cor. Sherbrooke & Sargent Avenue.
Verzlar með allskonar brauð og pæ, aldini, vindla og tóbak. Mjólk og rjóma. Lunch Counter. Allskonar Candies. Reykpípur af öllum sortum. Tel. 6298.

Boyd's Brauð
Hreinlætis- og heilbrygðisreglum þeim, sem fylgt er við tilbúning Boyd's brauða, er alstaðar viðurkent að vera óaðfinnanlegar. Nýtízku ofnar gera Boyd's brauð þau beztu hér í bæ. Fónið eða náið í keyrslumenn vora.
Boyd's
Bakery Cor Spence & Portage Ave
Phone 1030.

C. INGALDSON
Gerir við úr, klukkur og alt gullstáss. Úr klukkur hringir og allskonar gullvara til sölu. Alt verk fljótt og vel gert.
147 ISABEL ST.
Fáeinar dyr norður frá William Ave.

HEIMSKRINGLU og TVÆR skemtilegar sögur fá nýir kaupendur fyrir að eins $2.00.

FÓLK.
Komið og talið við oss ef þér hafið í byggju að kaupa hús. Vér höfum þau hús sem þér óskið eftir, með allra beztu skil málum. Finnið oss viðvíkjandi peningaláni, eldsábyrgð og fleiru.
TH. ODDSON & CO.
55 Tribune Blk.
Telefón 2312.
Eftirmenn Oddson, Hansson and Vopni.

Matur er mannsins megin.
Ég sel fæði og húsnæði, "Meal Tickets" og "Furnished Rooms". Öll þægindi eru í húsinu.
SWAIN SWAINSSON,
438 Agnes st.

The Duff & Flett Co.
PLUMBERS, GAS AND STEAM FITTERS
Alt verk vel vandað, og verðið rétt
773 Portage Ave. og 662 Notre Dame Ave.
Phone 4644 Winnipeg Phone 3815

BILDFELL & PAULSON
Union Bank 5th Floor, No. 520
selja hús og lóðir og annast þar að lútandi störf; útvegar peningalán o. fl.
Tel.: 2685

BONNAR, HARTLEY & MANAHAN
Lögfræðingar og Landskjala Semjarar
Suite 7, Nanton Block, Winnipeg

Hver Þvær og Hreinsar Fötin ydar?
Hvorsvegna að fara í Kína-kompurnar þegar þér eigið kost á að fá verkið gert betur, og alt eins ódýrt, í bezta og heilsusamlegustu þvottastofnun, þar sem aðeins hvítt vinnufólk er haft og öll hreinustu efni notuð
Vér óskum viðskifta ydar.
The North-West Laundry Comp'y Ltd.
Hreinsarar og Litarar
COR. MAIN & YORK FÓN 5178

G. M. Bjarnason
Málar, leggur pappír og gerir "Kalsomining. Oskar við skifta Islendinga.
672 AGNES ST. TELEFÓN 6954

Viðvíkjandi Hafið tal af

Sjúkdómum Sérfræðingum vorum
Royal Optical Co.
327 Portage Ave.
Rétt á móti Eaton's búðinni. Winnipeg.
12-9-8

$960.00

Kaupir ¼ Section af rektaðu landi nálægt Winnipeg, með byggingum og ávöxtum. Og í góðu landbúnaðarhverfi. Lönd umhverfis þetta, eru nú seld fyrir $30 til $35 hver ekra. Missið ekki af þessu tækifæri, — bregðið beldur við og finnið oss eða skrifið oss undireins í dag.

Skúli Hansson & Co.
56 Tribune Building
Skrifst. Telefón 6456. Heimilis Telefón 2274

Heimskringla.

$960.00

Kaupir ¼ Section af rektaðu landi með tilheyrandi byggingum. Landið er á ágætum stað og ekki langt frá Winnipeg. Búlönd á þessu svæði eru seld fyrir $30 til $35 ekran. Missið ekki af þessu tækifæri, — bregðið við sem fyrst. Það er betra að vera fyrstur en SÍÐASTUR.

Skuli Hansson & Co.
56 Tribune Building

XXII. ÁR. WINNIPEG, MANITOBA, FIMTUDAGINN, 9 APRÍL, 1908 Nr. 28

Wall Plaster

Brúkið ævinlega Veggglfm það, sem svo vel er tilbúið af

The Manitoba Gypsum Co.
LIMITED

Biðjið timbur eða járnvöru sala yðar um:—

"EMPIRE" Wood Fiber Plaster
"EMPIRE" Cement Wall Plaster
"GOLD DUST" FINISH
"GILT EDGE" Plaster Paris
"EMPIRE" FINISH
"EVER READY" Plaster
"EMPIRE" Asbestos Hard Wall Plaster.

Sérfræðingur vor sýnir yður hvernig n o t a skal hinar ýmsu tegundir.

SKRIFSTOFUR OG MILLUR
Winnipeg -- Man.

Fregnsafn

Markverðustu viðburðir hvaðanæfa.

Galicíu drengur einn var étinn upp af 3 úlfum, 18 milur norður af Canora, nálægt Fulton mylluni. Drengurinn var að leika sér nálægt heimili sínu, þegar úlfarnir réðust á hann. Hljóð drengsins heyrðust langar leiðir, en hjálp barst honum of seint.

— Fimm milna löng járnbrautagöng gegnum Ricken fjöllin á Svisslandi, eru nú fullgerð. Verk þetta hefir staðið yfir um 4 ára skeið.

— Maður einn í Estevan hélt um skráar handlangið á landstofudyrunum þar í bæ í fulla 17 kl.tíma, til þess að verða fyrstur að morgni til að rita sig fyrir heimilisréttarlandi, sem hópur manna ætlaði sér að ná í. Hann var á landstofunni daginn áður ásamt fjölda annara manna til þess að spyrja um land þetta, og fór út síðast allra. Þegar land-agentinn lokaði dyrunum kl. 5 um kvöldið, og fór heim til sín. Þá tók maður þessi í lásinn og hélt þar dauðahaldi allt kvöldið og alla nóttina, og fram til kl. 10 daginn eftir, að dyrnar voru opnaðar. Varð hann þá fyrstur allra keppmanna inn í stofuna og fékk landið, og þótti stjórnarþjónunum hann vel hafa til þess unnið eftir 17 kl.tíma bið við dyrnar.

— Stjórnin í Alberta fylki hefir keypt allar telefón eignir Bell félagsins þar í fylkinu fyrir 675,050 dollara. Mælt er, að stjórnin í Saskatchewan muni einnig bráðlega kaupa eignir þess félags þar í fylkinu.

— Blaðið Winnipeg Telegram, dags. 1. apríl, flytur langa ritgerð um manntjón það, sem orðið hafi við byggingu Grand Trunk Pacific brautarinnar í Kenora héraðinu. Er þar staðhæft, að á sl. 12 mánuðum hafi 50 menn dáið voveiflega á hundrað milna svæði austur og vestur frá Kenora bæ. Nöfn manna eru tilærð og dánardægur þeirra. Flestir eða allir hafa látist af sprengingum. Þrjú af þessum nöfnum virðast vera íslenzk:

1. Gunder Johnson, látinn 26. janúar sl.
2. T. Magnússon, látinn 5. maí 1907.
3. John Hermanson, látinn 17. marz sl.

Að vísu er ekki algerlega víst, að þetta séu Íslendingar, en líkara er það íslenzkum en nokkrum öðrum nöfnum.

Blaðið segir, að þeir, sem þannig látist, séu umsvifalaust dysjaðir á hentugum stað, og tiltekur hæð eina þar sem 30 menn séu dysjaðir. Þeir, sem meiðast ekki meira en svo, að þeim sé talin lífsvon, eru fluttir á spítala, þar sem því verður við komið.

— Battersea sveitin á Englandi er gjaldþrota, skuldar nú 29 þús. pund sterling, og ekkert til að borga með. Sveit þessari er stjórnað eftir Sósialista fyrirkomulagi. Sveitarstjórnin hefir játað sér ómögulegt að mæta skuldunum, og biður borgarstjórnina í Lundúnum að ganga í ábyrgð fyrir sveitina að því er framtíðarskuldir snertir. John Burns er þingmaður fyrir það kjördæmi, sem sveit þessi er í.

— Nýlega hefir Dr. Morrison, fregnriti blaðsins "London Times" ritað grein um uppgjöf Rússaherstöðvanna á Port Arthur, og afhendingu hans til Japana. Grein þessi er rituð í tilefni af liðlátsdómi þeim, sem feldur hefir verið yfir herforingja Stoessel fyrir uppgjöf staðarins og ónýta vörn hans, og er í raun réttri vörn fyrir Rússastj. og röttlæting á liðlátsdóminum. Doktorinn segir stjórnina hafa verið til þess neydda, að láta rannsaka málið nákvæmlega, og að höfða mál móti herforingjanum. Í ritgerð þessari segir hann, að Rússar hafi barist af mikilli hreysti móti Jöpum þar til í nóv. 1904. En þá hafi alt í einu orðið umskifti. Japar á hinn bóginn eyddu þúsundum mannslífa til þess að ná "203 metra hæð". Þegar hún var fengin, settu þeir upp á hana hinar öflugustu fallbyssur, sem enn þekkjast, og létu svo skotin ganga þaðan út á höfnina og inn í sjálft vígið. Þann 18. des. tóku Japar Keekwan vígið mikla, og þar fell maður sá, sem verið hafði lífið og sálin í vörn Rússa. Nú virtust Japar hafa alt í hendi sinni, því þeim veittist létt að skjóta inn í sjálfan Port Arthur bæ og eyðileggja þar margan þarfan varnarvegg. En samt var setuliðið bardagafært þar til 7. janúar 1905, að Stoessel gafst upp og seldi vígið á vald óvina sinna. Læknirinn segir, að í allri hernaðarsögu mannkynsins hafi óþarkari uppgjöf aldrei verið gerð en í þetta skifti. Þar tóku Japar herfangi 25 þús. hraustra hermanna, 528 öflugar fallbyssur í starfandi ástandi, 36,598 ágæta riffla og yfir 5 milliónir hringferðir af riffilkúlum (hringferð er svo margar kúlur, sem hver hermaður getur raðað þétt í mittisbelti sitt), og 200 þús. hringferðir af fallbyssukúlum, 7 þús. tons af hveitimjöli, 58 þús. pund af niðursoðnu kjöti, 33 þús. pund af sykri og mesta ógrynni af ýmsum öðrum verðmætum matvælum. Í víginu voru 15,307 veikir og særðir hermenn. En að þeim frátöldum segir læknirinn enga ástæðu hafa verið til þess að gefast upp eins og gert hafi verið, þar sem nóg var af öllu.

— Dr. Clark, umsjónarmaður vitfirringaspítalans í Toronto, segir, að af 368 sjúklingum, sem á síðasta ári hafi komið á spítalann, hafi 136 verið fæddir utanlands, og að flestir þeirra hafi nýlega fluzt inn í Canada. Flestir þeirra voru svo fluttir heim aftur til þess lands, sem þeir komu frá, en 40 þeirra eru samt á spítalanum og verða þar æfilangt. Læknirinn álítur, að hver þessara sjúklinga muni kosta fylkið 6 þús. dollara. Síðan á síðasta nýári hafa 30 vitfirringar verið sendir úr landi.

— Lækola námamenn í Bandaríkjunum, 250 þús. að tölu, hafa gert verkfall. Þeir biðja um kaphækkun og vona að fá kröfum sínum bráðlega framgengt.

— Það varð nýlega opinbert í Vancouver, að Geo. T. Kane í Kalso bæ hafði fyrir nokkrum árum látið mæla út bæjarstæði í norður British Columbia og látið "registera" það undir nafninu "Prince Rupert". Hann hefir nú tilkynt Grand Trunk Pacific félaginu, að annaðhvort verði það að brgyta nafni á bæjarstæði sínu eða að borga sér riflega upphæð til þess að fá að halda nafninu, þar eð hann hafi orðið fyrstur til að "registera" það nafn á bæjarstæði sínu, sem er við mynnið á Skeena ánni, og er mælt, að Grand Trunk brautin komi til að liggja þar um.

— Vinsöluleyfi í Havelock bæ í Ontario hafa verið færð upp í $750 um árið. Hótelmenn hafa því sett upp vörur sínar að sama skapi og selja nú hvert bjór og vínglas á 15c, sem áður kostaði 10c og sumstaðar að eins 5 cent glasið.

— Tvö brezk herskip rákust nýlega á við Englands strendur. Það mínna sökk og með því 36 menn, en 22 varð bjargað.

— Anna Gould, sem fyrir nokkrum árum giftist Count Boni, en varð að skilja við hann eftir að hann hafði eytt miklu af, eignum hennar, og vegna þess líka, að honum tókst ekki að fá konu sína viðurkenda sem jafnoka þeirra, er teljast finasta fólkið. Nú hefir þessi kona ákveðið að giftast aftur. Sá heitir Prince Sagan og hefir það sér til ágætis, að hann er búinn að eyða öllum eignum sínum, og skuldar 6 miliónir dollara, sem hann getur ekki borgað nema hann nái í þær 8 miliónir dollara, sem Anna Gould á enn óeyddar í vörzlum bróður síns. Hann og aðrir frændur konunnar eru mjög á móti þessum ráðahag. En hún hefir hótað, að sækja arf sinn að lögum, sé hann ekki seldur sér í hendur með góðu. Og manninum segist hún giftast hvað sem tautí.

— Gufuskip, sem á að verða einn fimti úr míli á lengd á að byggja fyrir White Star línuna. Nýjustu og stærstu gufuskip, sem nú sigla um Atlantshaf eru eign Cunard línunnar. Stærst þeirra er 700 feta langt með 68 þús. hestaflsvélum. White Star línan hefir því séð sitt óvænna í samkepninni, nema hún léti til sín taka svo um munaði. Hún hefir því samið um, að láta byggja fyrir sig mann og vöruflutningaskip, sem á að verða eitt þúsund feta langt, eða 210 fet um lengra en "Lusitania" og breiðara og dýpra og allmeira að sama skapi.*

— Hreyfimyndir eru nú sýndar víða í Ameríku af stórhýsum þeim hinum mestu, sem smíðuð eru í Ameríku. Þessu er þannig fyrirkomið, að þegar byrjað er á húsasmíðinni, þá er myndavélin sett í stellingar á einhverjum hent ugum stað, og látin standa þar. Síðan eru daglega teknar myndir, eða oft á dag, eftir því, sem verkinu miðar áfram, og þetta er látið ganga mánuð eftir mánuð þar til húsið er fullgert. Með þessu móti er hægt með myndum, að sýna á tíu minútum svo að segja öll hand tök við byggingu húsa, sem verið hafa árlangt eða meira í smíðum.

— Í Perth Amboy, N. J., létust nýlega: Guðbrandur Björgólfson, úr Landeyjum í Rangárvallasýslu á Íslandi (hann var um 50 ára að aldri og hafði verið í Ameríku um 20 ár), og Þórey, kona Auðunns Hieronýmussonar, um fertugt. Og hafði hún verið hér í landi um 20 ár. Hún var ættuð úr Leirunni í Gullbringusýslu.

— Sir Wilfrid Laurier gat þess í Ottawa þinginu þann 30. marz, að tilboð hefði komið til stjórnarinnar um að byggja járnbraut til Hudsons flóans, og að landstyrkveiting sú, sem þingið samþykti fyrir nokkrum árum að veitast skyldi því félagi, sem bygði braut þangað, væri enn þá í gildi. Ekki var þess getið, hvert þessi braut ætti að leggjast frá Saskatchewan, Manitoba eða Ontario fylki norður þangað

— Frézt hefir, að félag sé myndað til þess að byggja braut milli Chicago og Winnipeg, með 150 miljón dollara höfuðstól. Braut þessi á að nefnast "Great American Railway".

Nytsemi vísindanna fyrir þroska trúarlífsins.

Fyrirlestur haldinn á málfundi í Kristiansand 1905.

Eftir HANNA ISAACHSEN.

(Tekið úr "Eimreiðinni").

(Framhald frá nr. 26)

Trúfræðislega atriðið í trúarbrögðunum nær yfirleitt öndvegissessi á litt þroskuðum tímum. Það sannaðist á kristindóminum á þessum tímum. Kirkjan ól brátt flókinn vef af trúarsetningum, sem hún lagði upp úr hinni óbrotnu uppistöðu fagnaðarboðskapsins. Meðal þeirra var ein, sem með ógnunarvaldi sínu leiddi til hinna ægilegustu afleiðinga. Það var kenningin um, að frelsi væri að eins að fá í skauti kirkjunnar (extra ecclesiam nulla salus). Afleiðingin af þessari kenningu var ekki að eins sú, að kirkjan ein tók sér vald til að úrskurða, hvað sannleikur væri og ekki sannleikur, og þræl bætt með því alla frjálsa vísindalega rannsókn og allan frjálsan andlegan þroska, heldur varð afleiðingin, þá er til alls kom, sú, að með því fullu stytturnar undan allri persónulegri sannleiksást og öll virðing fyrir kærleika til sannleikans.

Til að komast í skilning um, hvernig þetta: "að frelsi væri að eins að fá í skauti kirkjunnar", gat haft svo víðtækar afleiðingar, megum vér eigi að eins taka til greina hið jarðneska vald kirkjunnar og mátt hennar til að kúga menn til að taka við frelsi. Vér verðum einnig að hugsa oss sem í fjarsýn allar helvítis-hugmyndir miðaldanna.

Kenningin um helvíti og kvalirnar þar magnaðist óðum, og varð svo yfirtaks voðaleg, að svo mátti kalla, að alt andlegt líf Norðurálfunnar legi öldum saman agndofa undir fargi hennar. Djúphyggnir þýzkur guðfræðingur komst að þeirri niðurstöðu eftir nákvæma rannsókn, að samtala allra dísildölla væri 2,665,866,746-664(!). Skrá var og samin (árið 1569) yfir nöfn 72 djöflahöfðingja, með nákvæmri lýsingu á öllu fyrirkomulagi í helvíti. Vér hlæjum nú að þessu. Þó er það ekki lengra síðan en í fyrra (1904), að bók kom út á þýzkalandi um sama efni. Er vér nú gerum oss grein fyrir, hve hugfangnir menn hafa hlotið að verða af helvítisfræðunum, til þess, að menn skyldu skrifa þetta og trúa því, þá er auðsætt, að helvíti varð sinu áhrifasterkara ráð til að hræða menn inn í kirkjuna og inn undir andafarg hennar, en himininn varð til að hæna menn að sér.

Er menn voru vissir um, að sá, sem í einu eða öðru, hversu óverulegt sem það var, hafði aðra trú en kirkjan kendi, hefði ekkert undanfæri að lenda í klónum á þessum aragrúa vondra og máttugra anda, og yrðu í helvíti að þola kvalir, sem eigi að eins tóku langt fram öllum jarðneskum kvöl um, en auk þess vöruðu án aflátsins um alla eilífð, þá skilst mönnum það, að það varð að skoðast kærleiksverk, að neyta allra hugsanlegra bragða til þess, að kúga menn til að aðhyllast það, sem eitt gat bjargað þeim: trú kirkjunnar.

Þetta leiddi til þess, sem er versti skammarblettur inn í sögu kristilegrar kirkju — til trúarofsóknanna. Eftir öðru spurði ekki kirkjan við upptöku og burtrekstur úr félagi sinu, en trú og skoðunum. — Fyrir illverk hafði hún fyrirgefning í stórum mæli. En af því má þá líka ráða, hvernig fara hlaut persónulegu sannsögli ásamt kærleika og virðingu fyrir sannleiksandanum, er skyldi vera undirstaða fyrir tilbeiðslu mannanna, og gera þá andlega frjálsa. Þar sem nú hinum hræðilegustu óguunum um kvalir í helvítis eldi eftir dauðann var ósleitilega beitt, og til áréttingar og til þess, að sjón yrði sögu ríkari, að hinar þrælslegustu pyndingar voru viðhafðar í lifanda lífi (og ástvinirnir sluppu sennilega ekki betur), þá má nærri geta, að SANNLEIKSURINN í trúarjátning alls þorrans hafi ekki verið á marga fiska. Ekkert líklegra, en að þeir kysu heldur, að afneita samvizku sinni og skynsemi, er þau hófu sín mótmæli. Eða þeir hafi leitast við að kæfa sannleiksfýsnina jafnskjótt og hún tók að óspekjast. Vera má, að kirkjan hafi ekki að því skapi knúð fram hræsnina, sem hún getur samlega drap sannleikshugtakanna og sannleiksástina hjá öllum þorra manna, með því hún óbeinlínis gerði alla persónulega viðleitni til að leita sannleikans SYNDSAMLEGA(!).

En hér var þó ekki staðar numið. Það var blátt áfram ágætt að viðhafa hin svonefndu "meinlausu svik", til að vinna sálir fyrir kirkjuna — fyrir Krist! Menn bjuggu til spádóma og kraftaverk. Heilagir dómar fundust og þeir látnir gera kraftaverk. Hinn andstyggilegasti rógburður var borinn út um þá, er kirkjunni sýndu mótþróa. Orsakir, sem réttlættu þess háttar lygi, telja griskir kirkjuleður sjálfsvörn, miskunsemi, kapp semi í þarfir guðs ríkis og því líkt. Hægðarleikur varð þá að finna lygnni gilda afsökun. Vitaskuld kvað Ágústín áfellisdóm upp yfir öllu þess kyns atferli. Þó ór það meir og meir í vöxt. Og í Jesúreglunnar "frjálsa" samhæfi við sannleikann hefir stefna þessi náð fullum þroska. Tæpast eru þáð öfgar, að ætla með einum nýtízku rithöfundi, að þessi meðferð á sannleikanum "hafi viðgengist þangað til sjálf tilfinningin fyrir sannleika og sannleiksást sýndist þorrin úr hugum manna".

Með því nú valdsmenn kirkjunnar lögðu dóm á, hverju trúa skyldi um hina náttúrlegu heilinsskipun, var loku fyrir það skotið, að hinn leitandi, sannleikselskandi vísindalegi andi gæti hreyft sig frjálslega, og andæft þessum lygi innar anda, sem kipti undirstöðunni undan öllum kristindómi.

Svona varð að fara sannleiksandanum, þá er öll vísindaleg rannsókn og frjáls andleg framþróun var bæld niður.

"Þú átt að elska drottinn guð þinn af öllu hjarta þínu". Það var það fyrsta boðorð Jesú. Hvernig lifðu menn eftir þessu boðorði alla þá tíð, sem gæzlumenn trúarinnar héldu mentuðum mönnum allrar Norðurálfunnar hneptum undir skelfistjórn bálsins og pyndingánna? Ég vil reyna að lýsa guði miðaldanna, eins og allur þorri hlaut að hafa hugsað sér hann. Mun það þá koma í ljós, að þær tilfinningar, sem hann vakti, líktust meir vitstola hræðslu en kærleika.

Það er einkennilegt, hjá litt þroskuðum þjóðum, að aðaleinkenni guðdómsins er reiði, ekki kærleikur. Það er alla jafna hið hræðilega, það sem raskar venjulegri skipun náttúrunnar, sem vekur hjá þeim tilfinningu um nærveru og almætti guðs. Miðaldamennirnir heyrðu rödd guðs sérstaklega í jarðskjálftunum og hernaðinum, hungursneyð og drepsóttum. Miðaldamennirnir heyrðu ekki — eins og spámaður Gyðinganna — rödd guðs í fræðum vindblæ. Auk þess allar þessar skelfingar skoðaðar sem refsidómar, er gengu jafnt yfir seka sem saklausa, og án þess menn vissu, hvernig á þeim stæði. Þjakaðri samvizku fanst því eðliseinkunn guðs fremur gjörræði en réttlæti.

Þegar vér svo bak við þennan gjörræðis-guð sjáum hið eldgjósandi helvíti miðaldanna opnast, þar sem vellandi brennisteins straumur elur bálin, þar sem hæðniskröll djöflanna taka undir við örvæntingarkvein fordæmdra, kunngerandi, að engin sviun, engin hvíld, engin von sé hugsanleg um eilífð eilifðanna, — þegar vér minnumst þess, að á þennan stað og til þessara kvala sendi guð mið aldanna ekki glæpamennina, sem þrátt fyrir djöfullegt athæfi sitt ekki höfðu sært réttlætistilfinningu þeirra tíma — fyrir öll slík illverk gátu kaupt keypt syndaaflausnarbréf hjá kirkjunni, eða þeir gerðust sporhundar fyrir kirkjuna á villitrúarmenn, til að komast í mjúkinn hjá henni —, heldur allan þann aragrúa, sem ekki lifði innan frelsandi vébanda kirkjunnar rómversku: þá er þetta með öðrum orðum, að þessi guð hafði eigi að eins skapað aragrúa til þess að kveljast í helviti, með því hann aldrei hafði gefið þem kost á frelsinu, heldur steypti hann oft beztu og veglyndustu og ósérplægnustu mönnum þar niður, ef trúarskoðunum þeirra mismunaði smávægilega við kenningu kirkjunnar, t. d. að borða kjöt á föstudögum — enda þótt afhverfið væri sannleikur, deginum ljósari. Og — svo vér nefnum það, sem viðbjóðslegast var — þessi staður var ætlaður unghörnum, sem ekki höfðu hlotið skírn, já, jafnvel ófæddum börnum, sem dóu í móðurlífi. "Ég efa alls ekki, að til séu börn, sem ekki eru fingurhæð á lengd, er brölta um á gólfinu í helvíti", segir gamall guðfræðingur.

Miðalda-guðinn er þó eigi að eins látinn dæma fjölda þeirra er hann hefir skapað, til eilífra kvala. Hann löðaði líka að auka

Framhald á 5. bls.



Skammastu þín ekki

fyrir gamla reiðhjólið yðar? Því ekki að fá yður nýtt og ágætt hjól eins og BRANTFORD eða BLUE FLYER? Þau hafa "Cushion Frame," "Coaster Brake", "Hygienic" handföng, og allar nýjustu umbætur sem beztu hjól hafa. Þau hjól eru ódýrust sem endast og reynast bezt.

CANADA CYCLE & MOTOR COMPANY, LIMITED, WINNIPEG

PURITY FLOUR

AÐ BAKA BEZTA BRAUÐ
er meira en vísindi og meira en list.

En það má gerast fljótlega og áreiðanlega með því að nota

PURITY FLOUR

Það er malað úr bezt völdu Vestur-Canada Hörðu Hveitikorni; er algerlega hreint og svo ilmandi kjarngott.

ALLIR ÍSLENZKIR KAUPMENN SELJA ÞAÐ

WESTERN CANADA FLOUR MILLS CO.,
LIMITED.
WINNIPEG, —— CANADA.

Nýja Bakaríið.

Ég gef nú þeim, sem sækja vilja brauð til mín, 23 fyrir $1.00. Ég hefi nokkrar tunnur af hagldabrauði No. 2, sem ég sel fyrir 6 cents pd. á meðan það endist. — En svo hefi ég nú hagldir og tvíbökur, sém ég get ábyrgst að vera það bezta, sem nokkurstaðar er búið til. Kringlur 10c, tvíbökur 15c pundið.

G. P. Thordarson.
732 Sherbrooke St Telefón 8922

HEIMSKRINGLA
Published every Thursday by
The Heimskringla News & Publishing Co.

Verð blaðsins í Canada og Bandar $2.00 um árið (fyrir fram borgað).
Sent til Íslands $2.00 (fyrir fram borgað af kaupendum blaðsins hérlendis $1.50.)

B. L. BALDWINSON,
Editor & Manager

Office:
729 Sherbrooke Street, Winnipeg
P.O BOX 116. 'Phone 3512.

Bókasölu-okrið.

Herra A. S. Bardal, EINKA-umboðsmaður í Vesturheimi fyrir Íslenzka bóksalafélagið, hefir í síðasta Lögbergi látið til sín heyra um bókasölu-einokunarstarf sitt fyrir hönd Bóksalafélagsins. Þessi grein hans er bein játning þess, sem Heimskringla hefir áður haldið fram, að það sé hann sjálfur, sem EINN ræður útsöluverði í Vesturheimi á bókum félagsins. Um það þarf enginn lengur að efast, — allir vita það nú.

Það skal þá fyrst tekið fram, til upplýsingar öllum almenningi, að Bóksalafélagið íslenzka á allar þær bækur, sem það sendir umboðsmönnum sínum til útsölu. Umboðsmennirnir kaupa ekkert af þeim bókum, heldur eru þeir þjónar eða starfsmenn félagsins, og verða að selja bækurnar — á Íslandi með því verði, sem Bóksalafélagið sjálft setur á þær, og ekki einum eyri meira. Hver meðlimur Bóksalafélagsins hefir prentaðan lista yfir bækur þær, sem hann hefir gefið út eða hefir til sölu. Á hverjum slíkum lista er skýru letri prentað útsöluverð bókanna á Íslandi, og á summur listunum einnig verð þeirra til umboðsmanna, svo að um ekkert er að villast. En aðalregla félagsins er að veita umboðsmönnum sínum fyrir sölustarf þeirra einn fjórða, og í sumum tilfellum einn þriðja hluta af auglýstu útsöluverði bókanna, eins og það er sýnt á listum þeirra. Þessi þóknun umboðsmanna eru laun þeirra fyrir ómök þeirra við geymslu og útsölu bókanna, og fyrir burðargjald það, sem þeir verða að borga fyrir flutning bókanna til sín. En hvað sem það burðargjald er og hve mikil ómök, sem þeir kunna að hafa við útsölu bókanna, þá mega þeir aldrei selja nokkra bók einum eyri meira, en Bóksalafélagið auglýsir sjálft og ákveður. Með þessu móti tryggir félagið það, að alþýða á Íslandi skuli eiga kost á, að fá bækur þess keyptar með sanngjörnum kjörum.

En þessu er ekki þannig varið með bókasöluna vestan hafs. Bóksalafélagið hefir alt aðra verzlunaraðferð við oss Vestmenn, heldur en við heima þjóðina. Þar tryggir félagið viðskiftavinum sínum sanngjörn viðskiti, en hér lætur það haga sölunni þannig, að Vestur-Íslendingar geti orðið flegnir og rúðir á hinn samvizkulausasta hátt, með því að gera þá undantekningu á sínum EINA umboðsmanni vestan hafs að hann EINN skuli hafa alla útsölu allra bóka þess, og að hann einn skuli ráða útsöluverðinu á þeim hér. Þetta er hin svæsnasta einokun, sem hugsanleg er, og Heimskringla heldur því skýlaust fram, að hún sé gerð með undirlögðu ráði Bóksalafélagsins og umboðsmannsins vestra. Að vísu væri ranglátt, að saka félagið um þetta, ef það seldi bækurnar til umboðsmannsins, því að þá kæmi því ekkert við um það, hvaða ránsverð hann setti á þær. En þar sem það sjálft á bækurnar og lætur selja þær í sínu umboði, þá eigum vér Vestur-Íslendingar fulla sök á því fyrir verzlunar rangsleitni þess gagnvart oss. En eins og getið var um í síðustu grein vorri, þá verður þetta ástand lagfært innan lítils tíma, með því að einokunin verður afléttt núna um saumarmálin.

Herra Bárdal kvartar yfir því, að ritstjóri Heimskringlu hafi rangfært verð á þremur bókum, sem taldar voru í Heimskringlu listanum, og vonar að vér leiðréttum það. Enginn hlutur getur verið oss kærari, en að leiðrétta þau rangherni, sem hr. Bárdal getur um. Það var af vangá, að það verð var í Heimskringlu listanum sett á bækurnar sem þær kosta í kápu, og þar sem hr. Bárdal getur þess, að hann selji þær í bandi eingöngu, þá tökum vér þá umsögn hans gilda, og biðjum lesendur velvirðingar á yfirsjón vorri, og lofum jafnframt, að reyna að láta þetta ekki koma fyrir aftur. Það var engan veginn tilgangur vor, að rangfæra á nokkurn hátt afstöðu hr. Bárdals í þessu bókasölu máli, heldur þvert á móti höfum vér fylstu löngun til þess, að sýna honum alla sanngirni í umræðunum, og jafnvel að vægja til við hann með því, að sýna framfærslu bókanna heldur minni en mátt hefði gera, ef algerlega nákvæmlega hefði verið reiknað. En svo er að sjá á síðustu ritgerð hans, að hann hafi ekki skoðað tilgang vorn á þennan veg, og hefir hann þó vafalaust hlotið að vita, að Heimskringla var að reyna að hlífa honum svo sem hægt var undir kringumstæðunum.

Vér auglýsum því nú á ný lista yfir 20 bækur Bóksalafélagsins, sem hr. Bárdal auglýsir á bókalista sinum, og sem vér hyggjum að hann, samkvæmt eigin játningu ráði verðinu á:

Nafn Bókanna	Söluverð á Íslandi	Söluverð til Umboðsmanna	Söluverð í Ameríku	Gróði í krónutali	Gróði í Per Cent.
	Kr.	Kr.	$	Kr.	pr.ct.
Quo Vadis í bandi	5.00	3.75	2.00	3.65	97⅓
P. Þorsteinsson: 20 sönglög	1.00	0.75	0.40	0.73	97⅓
Brúðkaupslagið	0.60	0.42	0.25	0.50	119
Björn og Guðrún	0.50	0.35	0.20	0.39	111⅓
Íslenzkt Þjóðerni	3.00	2.25	1.25	2.37	105⅓
Gullöld Íslendinga	5.00	3.75	1.75	2.82	751/5
Nítjánda Oldin	3.00	2.25	1.50	3.30	146⅓
Njála	1.75	1.32	0.70	1.28	99
Grettissaga	1.40	1.05	0.60	1.17	110⅓
Íslendingabók og Landnáma	0.85	0.64	0.35	1.66	103
Kjalnesinga saga	0.30	0.22	0.15	0.33	150
Barðar saga Snæfelsáss	0.30	0.22	0.15	0.33	150
Bandamanna saga	0.30	0.22	0.15	0.33	150
Þorskfirðinga saga	0.30	0.22	0.15	0.33	150
Flóamanna saga	0.35	0.27	0.15	0.28	104
Fóstbræðra saga	0.60	0.45	0.25	0.47	104
Vígastyrs og Heiðarvíga saga	0.50	0.38	0.25	0.54	142
Þjóðvinafél. Almanakið	0.50	0.38	0.25	0.54	142
Arni, eftir Björnson	1.25	0.94	0.50	0.91	95
Strykið, (Páll Jónsson)	0.10	0.7½	0.10	0.30	400

Jafnaðar framfærsla 132½ prósent

Þessi bókalisti sýnir framfærslu alla leið frá 75 til 400 prósent og vel það, en meðal-framfærslan telst oss að verði 132½ prósent. Af þessu er það augljóst, að ekki var of mikið gert úr framfærslunni í fyrri Heimskringlu listanum, og að vel hefði þar mátt sýna hærri gróða bóksalans, ef ástæða hefði þótt til þess.

Annars varð grein sú og verðlistinn til þess, að vekja athygli ýmsra manna á bókasölumálinu, eins og eftirfylgjandi bréfkafli, dagsettur 28. marz, frá Pandaríkjamanni einum sýnir:

"Ég var að lesa um bókasöluna íslenzku í Heimskringlu í kvöld, eða öllu heldur um ránsverð það á íslenzkum bókum í Vesturheimi, sem hingað til hefir átt sér stað. Þarfara máleni en bókaverzlunin vestanhafs, hefir sjaldan verið rætt eða ritað um meðal Vestur-Íslendinga. Og víst er um það, að óánægjan og kvartanirnar heima á Íslandi yfir bókasöluaðferð bóksalans hér, eru allar á rökum bygðar, og þess vegna eðlilegt og sjálfsagt, að blöðin hérna tæki mál þetta til íhugunar og leiddu fólki fyrir sjónir, hversu það hefir verið gabbað og rænt á bókamarkaðinum íslenzka í Winnipeg. Heimskringla á því þakkir skilið fyrir að hafa fyrst allra íslenzkra blaða vakið máls á þessum ósóma. — Skýrslan yfir bókaverðið bæði heima og hér í landi, sem prentuð er í síðasta blaði Heimskringlu, sýnir ljósast, hversu máli þessu víkur við, og hve mikil þörf er hér á bráðri bót. Hún tekur af öll tvímæli í þessu efni, og vonandi verður þess ekki langt að bíða, að vestur-íslenzki bókamarkaðurinn verði kominn úr höndum þeirra manna, er að undanförnu hafa rakað saman fé á bókasölunni íslenzku í Vesturheimi, og í hendur sanngjarnari og betri manna".

Bréf þetta er sýnishorn af áliti mikils fjölda fólks í þessu máli, og það álit veikist tæpast við yfirvegun þess bókalista, sem birtur er nú hér með. Vér vonum, að hann sé réttur, og prósent upp-færslan rétt reiknuð. Verðið hér og heima er tekið eftir því, sem bókalistarnir sýna, og eftir því, sem vér vitum að bækurnar hafa verið seldar hér vestra.

Um Flateyjarbók er óþarft að rita. Verðið var þar rétt tilfært í Heimskringlu listanum eins og það stendur á bls. 17 í bókalista félags þess, sem þá bók gefur út., og vér göngum að því sem sjálfsögðu, að hr. Bárdal þurfi ekki að borga meira fyrir þær en verðlistinn sýnir, og aðrir hér vestra hafa keypt þær fyrir frá félaginu.

Ýmislegt annað er í grein herra Bardals, sem vér nennum ekki að eltast við að svo komnu, en tilgangurinn er þó sá, að láta hann ekki hafa síðasta orðið í þessu máli.

Samtal um búskap.

II.

Ketill: Hver er beztur jarðvegur?

Atli: Sá er beztur, er mestu vatni getur í sér haldið. En mjog er nauðsynlegt, að vatni sé veitt í burtu af þeim blettum, er það dregst saman á og pollar myndast. Vér verðum að reyna að búa svo um, að sem minst renni í burtu af akrinum, að sem mest af því sökkvi niður og geymist þar til frjófgunar gróandanum. Rannsóknir hafa sýnt, að það þurfa 300—400 tons af vatni til að framleiða kornuppskeru á hverri ekru, og mestur hluti þess vatns kemur að neðan úr grunnmoldinni, gufar upp um hinar smágerfu loftholur moldarinnar. Sendin mold er ætíð gisin, og getur því eigi geymt í sér nægilegt vatn til frambúðar. Á einum búnaðarskóla var rannsókn gerð með teningsfetsöskju fullri af mold. Sú tilraun sýndi, að eitt pund af vatni sparaðist á 4 dögum með því að hafa blátopp moldarinnar alt af vel lausan, þ. e. a. s., að smábræra alt af moldartoppinn. Kostir lausrar toppmoldar til varnar ofórrar útgufunar og geymslu vatns í jarðveginum til jurtagróðurs, var fyrir mörgum árum leitt í ljós af Prót. Levi Stockbridge í Mass., sem er einn af frumherjum búfræðinnar hér í landi, og síðan á dögum hans hefir það alt af náð meira og meira gildi, að nauðsynlegt sé, að halda moldartoppunum lausum til varnar og geymslu moldarvatnsins. Enda þótt að sandmoldin haldi ekki í sér eins miklu af vatni, sem leir og limmoldin, þá hefir hún samt þann kost, að jurtunum gengur hægar, að ná til sín vatninu úr henni. Leir og limmoldin er þéttari og heldur í sér meira vatni, en sökum þéttleika hennar, getur svo farið, að plöntur visni, þótt gnægð sé af vatni niðri, en það er fyrir þá sök, að toppmoldin harðnar og verður skelmynduð. Því er mjög áríðandi, að moldartoppunum sé alt af haldið sem lausustum, svo loftpípur moldarinnar byrgist ekki og sólarljósið og hitinn geti óhindrað unnið í sameiningu við vatnssaggann að neðan. Af þessu getur þú séð, að það er ekki einungis til að yfirstiga vöxt illgresis, að vér rótum moldinni á milli plantanna, heldur einnig til þess, að sólarhiti og vatn geti óhindrað unnið saman að þróun þeirra planta, sem vér viljum að vaxi. Einn af kostum mykjubreiðslu er það, að vatnsforði akursins geymist betur en ella. En hvað mykjubreiðslu snertir, er ætíð best að brúka breiðsluvélar. Þær gera meiri og betri vinnu, en maður getur gert með "fork" í hendi.

Ketill: Hefir þú meira að segja mér um þessa grunnplæginga, sem þú mintist á áðan?

Atli: Grunnplæging eða botnplæging ("Subsoil plowing") er plæging, sem gerð er undir vanalegri plæginga, er gerð til þess að auka áhrif lofts og hita, hiðar í moldina til þess að losa um vatnið, sem í moldinni geymist, vetta því örara upp til rótanna. Ennfremur til þess, að moldin geti gleypt í sig meira af vatni, aukið vatnsforða sinn. Sú plæging er ei þannig, að leirmoldinni sé kastað á toppinn, leirinn er að eins ýfður, brotinn, losaður. Plógar, sem hér á landi eru brúkaðir til grunnplægingar, hafa enga veltifjöl. Sá partur plógsins, sem moldina losar, er stálmilta meitilmynduð. Vanalega er sú plæging gerð þannig, að grunnplógurinn er látinn ganga í topp-plógs fari, og sá plógur látinn ganga 6—20 þl. fyrir neðan plógfar. Allir, sem reynt hafa þá plægingu, hæla henni mjög, sérstaklega þar, sem hörð leirmold er undir akri. En of fáir bændur sinna því, að prófa áhrif og afleiðingar þeirrar plægingar. Sumir álíta, að sé moldin losuð svo djúpt niður, að uppgufun verði svo ör, að til háska leiði. En formælendur segja, að frjófþrótt moldar sé betur borgið, því dýpra sem hún er losuð, og það sé örugguast vörn móti of hraðri uppgufun. Það liggur í hlutarins eðli, að akur, sem er plægður 11 þl. djúpt, mun geta geymt í sér meira vatn, en sá akur, sem ei er plægður nema 5 þl. djúpt.

Ketill: Hvenær er best að gera þessa plægingu, að hausti eða vori?

Atli: Það er á haustin, sem þessi grunnplæging er gerð. Sem áður er sagt, lætur maður grunnplóginn ganga á eftir í far hins algenga plógs; sá plógur að eins brýtur og losar grunnmoldina. án þess, að kasta henni upp á yfirborðið. Grunnplæging gerir akurinn auðugri og frjósamari. — Grunnplæging hefir lengi verið tíðkuð á Bretlandi hinu mikla hjá bændum, og henni er að mestu leyti þökkuð hin ríkulega uppskera ýmsra korntegunda, rófna og heys, sem það land er viðfrægt fyrir. Og beztu búfræðingar þessa lands, hvetja bændur til að gera meiri og fleiri tilraunir í þá átt en enn hefir verið gert. Frjómagn jarðarinnar getum vér séð t.d. af afurða vexti þeim, er Englendingurinn Sir Arthur Cotton framleiddi úr skáluti hennar. Með að opna moldina með grunnplægingu og skurðagreftri að leiða vatnið um moldina, svo það yrði allstaðar að notum en hvergi að ógagni, hefir honum auðnast að framleiða á hverri ekru 100—140 bush. af hveiti, jarðepli 32—35 ton á ekru, af heyi 4½ ton (þurr). Svo aðrar afurðir í samræmi við þetta.

Ég las hér um daginn í blaðinu "Indiana Farmer" þessu máli viðvikjandi. Þar segir svo: "Vismúli grænna planta sýnir vöntun vökva — sé gnægð af vatni í jarðveginum, og því vatni greiddur vegur upp, er enginn háski búinn fyrir vöxt og viðgang plantanna, þótt aldrei rigni frá því fræ fer í jörðu og þar til það er uppskorið. — með grunnri plægingu. Án GRUNNPLÆGINGAR fara plöntur að visna eftir 2—3 vikur, ef ekki rignir, en með góðri plægingu og 2 ft. djúpri grunnplægingu mundi moldin drekka í sig alt regnvatn, er fellur, og lytja það langt niður, hvar það geymist, og yrði svo aftur, þegar þörf kreiði, dregið í smáskömtum til yfirborðsins gegn um loftpípur moldarinnar, jurtunum til frjófgunar".

Sé þetta svo, sem engin ástæða er til að efa, lívilikan arð mundi ekki að eins ein hæfilega djúp grúnnplæging samfara góðri toppplægingu, færa bændum. Áhrif vatnssaggans í moldinni eru tvenn — fyrst: að vökva ræturnar er framleiða plöntuna og ávöxtinn,— annað: til sundurliðunar plöntuefnum jarðar og lofts. Vatnið sundurleysir plöntufóðrið, án sund urkeysingar vatnsins getur engin planta þróast. Vatnið er þar af leiðandi frummagn frampróunar og þroskakraftur. Svo lengi, sem vér ekki lærum rétta hagnýting, stendur landbúnaður vor á völtum fótum. Það sannast hér sem oftar gamli málsháttturinn: "Hjálpaðu þér sjálfur, þá mun guð hjálpa þér." Í vatninu er kraftur guðs oss heimill til nota og farsældar, atorkumanninum, dugnaðarmanninum, snillingnum til blessunar, en letingjanum til falls og bölvunar.

Prófessor Bonut, við Colorado búnaðarskólann, gerði tilraunir með hveiti, sem hér segir: Fyrst plantaði hann á eina ekru 7½ pd. af úrvals hveiti (hand-tíndu) í raðir með 18 þl. millibili, en uppskar og þreskti þar af 67 bush. Á annan blett, sem var ¼ úr ekru, plantaði hann 2 pd. af úrvals hveiti, en uppskar og þreskti 18 bush., eða sama sem 72 bush af ekru. Á þriðja blettinum, sem var 76 ferhyrningsfet, plantaði hann 76. úrvals hveitikornum, er vógu 45 grains; uppskeran þar af varð 10½ pd., eða sama sem hartnær 100 bush. af ekrunni.

Hve mikinn frjókraft úr moldu ýmsar algengar afurðir taka, getur þú séð á þessu, er ég nú mun segja þér, og skyldu búþegnar allir þess vel gæta:

Hveiti, 30 bu. á ekru, tekur frjókraft úr jörðu: 45 pd. nitrogen, 28 pd. potash, 23 pd. phosphoric acid.

Maís, 50 bush. á ekru, tekur 48 pd. nitrogen, 11½ pd. potash, 17.7 phosphoric acid. — Þessi frjóefni eru eftir markaðsverði $10.50 virði.

Jarðepli, 175 bush. á ekru, eyða 38.7 pd. nitrogen, 20.96 pd. potash, 16.80 phosphoric acid.

Baunir, 25 bush. á ekru, eyða 61.2 pd. nitrogen, 19.6 potash, 17.8 phosphoric acid.

Smári (Clover) 1 ton: 42 pd. nitrogen, 40 potash, 12 phosphoric acid.

Hafrar, 30 bush.: 17.50 pd. nitrogen, 5.25 potash, 6 phosphoric acid.

Epli, 20.000 pd. af ekru, taka 12 pd. nitrogen, 16 pd. potash og 6 pd. phosphoric acid.

Hér af sjáum við, að sé alt af tekinn frjókraftur úr jarðunni, hlýtur hann með tímanum að þverra, nema því að eins, að vér bætum jafnharðan upp í skarðið, og gerum vér ei það, fer svo um síðir, að náttúran verður ei þess megnug að uppfylla þarfir vorar.

ORRI.

Prestsvígsla mín.

Í "Sameiningunni" er þess nýlega getið, að prestsvígsla mín frá Canada hafi eigi fengið viðurkenningu í löndum Danakonungs. Ég vil skýra mál þetta með örfáum orðum, svo enginn misskilningur geti átt sér stað í því efni meðal Vestur-Íslendinga.

Síðastliðið haust talaði ég við biskup Sjálands, Skat Rördam, um prestvígslu mína. Hann réð mér til, að sækja um það til konungs, að prestvígsla mín frá Canada yrði viðurkend í löndum Dana konungs. Ég fylgdi því ráði, enda lá málið beint við: Prestvígslur frá Íslandi og Danmörku hafa verið teknar gildar í Canada, svo það virtist vera samgjarnt, að lútersk-ar prestvígslur frá Canada yrðu viðurkendar í Íslandi og Danmörku. Þetta var mál milli tveggja ríkja. Ég sótti um það, að prestvígsla mín, sem í alla staði er löggild og viðurkend í löndum Bretakonungs, yrði einnig viðurkend í löndum Danakonungs. Svarið, sem ég fékk frá stjórnarráði Íslands, er á þessa leið:

"Þegnleg umsókn yðar um viðurkenning á prestvígslu þeirri, er þér hafið hlotið í Winnipeg 9. febr. 1900, er yður hér með endursend, með því, að hún hefir eigi orðið tekin til greina þegar af þeirri ástæðu, að farið er fram á, að prestvígsla þessi sé viðurkend í Danmörku. Jafnframt skal þess getið, að slíkri beiðni um viðurkenning á prestvígslu framkvæmdri í Ameríku hefir verið synjað af stjórnarráðinu, sbr. stj. tíð. 1883, B. bls. 137, en þetta getur þó eigi verið því til fyrirstöðu, að þér sækið um prestsembætti hér á landi, því að færi svo að þér hlytuð kosningu einhvers safnaðar hér, er stjórnarráðinu eigi kunnugt neitt það, er geti verið því til fyrirstöðu, að þér hljótið prestsvígslu hér á landi af nýju. Þetta er yður til vitundar gefið yður til leiðbeiningar".

Þetta svar stjórnarráðsins skýrir sig sjálft, svo við það er engu að bæta.

Höfn, 18. marz 1908.

Hafsteinn Pjetursson.

Brostni hringurinn.

EFTIR
JOSEPH v. EICHENDORFF

Ég mylla hljóðið heyrði
í hljóðum dalsins rann,
þar hún mér hverfa náði,
sem heitast fyrr égann.

Hún gaf mér hönd og hjarta
og hring einn fagran með. —
þá trygðaböndin brustu
hann brestu líka réð.

Ég fram og aftur flækist
við finna strengja spil.
Og hvar að húsum ber mig
ég harmaljóð mátt þyl.

Þar grimmleg vopnin gjalla
ég geng í blóðugt stríð,
og oft verð úti liggja
við eld um næturtíð.

Þá mylla hljóðið heyri' eg,
það hnekkir viljans þrótt. —
En ef ég út af dæi,
mér yrði loksins rótt.

Sigtryggur Ágústsson

FRÉTTABRÉF.

FOAM LAKE,

Marz 27. 1908.

Engin stórtíðindi héðan að frétta. Alt rólegt hér í bygð nema tíðin, sem hefir verið háll ill þennan mánuð. Marz byrjaði með pólitisku snjóði, þannig, að hann lofaði öllu fögru með heiðríku og hita fyrstu dagana, en þegar hann var alveg kominn að völdum, gaf hann ekki baun fyrir velþóknun mannanna. Hann hefir verið æði kaldur með köflum og snjókoma töluverð. Fönnin yfirleitt djúp og jafndrifin. Auðvitað hafa komið skínandi góðir dagar með köflum, enda er í vændum, að apríl sæki um stöðuna í marz stað nú innan fárra daga.

Heilsufar dálítið kvilla samt, en skæðar sóttir engar. Bókmentalegar aðsóknir olla engu ónæði hér í bygð. Menn koma ekki hingað úr öðrum heimsálfum né ríkjum til þess að halda yfir okkur fyrirlestra um það, sem gaman er og þarft að vita, eins og ykkur þarna í höfuðstað Manitoba og ýmsum nýlendum austur þar. — Skyldi það vera af því, að þessum piltum skiljist á því, sem héðan er skrifað, að við séum svo mentasljófir, að það væri að kasta gulli fyrir grísi, að leggja sömu rækt við okkur sem aðra? Eða ætli það sé af því, að þá gruni, að við hér séum vandari að slíkum vörum og fróðari en þið, í hinum stöðunum? — Það sýnist náttúrlegri tilgátan! J.E.

Hvað er hér.

Aldrei skaltu geyma

Til morguns

það, sem hægt er að gera í dag. Þessvegna segjum vér: Skrifaðu ÞIG fyrir Heimskringlu í DAG. En ef þú geymir það til morguns, þá getur skeð að það verði ALDREI gert. Hver sá, eða sú, sem klippir úr blaðinu þessa auglýsingu og sendir hana til Heimskr. ásamt með $2.00 fær hana í 15 mánuði,— og 1 góða sögu líka. Þessi kjörkaup gilda aðeins einn mánuð,— til 30. aprí.

HEIMSKRINGLA
P. O. Box 116, - - Winnipeg

Strathcona Hotel

Horni Main og Rupert Str. Nýbygt og ágætt gistihús; Gest um veitt af þægindi með sanngjarnasta verði. Frí keyrsla til og frá öllum járnbr. stöðvum. Beztu vín og vindlar; og herbergi og máltíðar ágætar.

McLaren Brothers
EIGENDUR

Hotel Pacific

219 Market Street Winnipeg — H. M. Hicks Eigandi — Manitoba

Telephone 1338

Nýendurbætt og Nýtízku hús fyrir alla staði. Viðskiftavinum óskast virðingarfylst.

$1.25 a Dag

HOTEL SUTHERLAND
Corner Main and Sutherland Ave.

Gisting kostar $1.00 og $1.50 á dag. Ég tók við stjórn þess húss 1. Jan. '08, og virðingarfylst óska viðskifta Íslendinga nær og fjær. Komið, Sjáið og Reynið.

C. F. Bunnell,
eigandi. Telefón 348

$1.50 Á DAG
Bezta $1.50 gistihús í Winnipeg

BRUNSWICK HOTEL
Horni Main St. og Rupert Ave.

Bezta borðhald; Hrein og Björt Herbergi; Fínustu Drykkir og Bestu Vindlar. Okeypis Vagn mætir Öllum Trainlestum. Reynið oss þegar þú ert á ferð.

MARKET HOTEL
146 PRINCESS ST. á móti markaðnum
P. O'CONNELL, eigandi, WINNIPEG
Beztu tegundir af vínföngum og vindlum, aðhlynning góð, húsið endurbætt

"Ólöf í Ási"

Fæst hefir til betra mála, sögn sjálfrar hennar, Guðm. Friðjónsson.

Saga þessi er prentuð í Rvík 1907. Hún er 164 bls. í 8 bl. broti. Prentun og pappír sæmilegt, kápa óveruleg. Verð 60c hér vestra.

Heimskringla gat um sögu þessa sem fengi harða dóma í sumum blöðum á Íslandi. Margir hafa heyrt ýmislegt eftir Guðmund á Sandi, og hýsti að sjá "Ólöfu" hans, sem hann nam í letur færa. Ég var einn á meðal þeirra forvitnu. Já, loks kom "Ólöf í Ási". Ég greip hana fegins mundum og las til enda. Ef titill bókarinnar hefði verið: "Bókin upp í rúminu", þá hefðu menn komist að efni og tilgangi þessarar bókar. Sálarljós hennar og sansadísir fæðast, þroskast, njóta og aflifast uppi í rúminu hjá þeim hjónaleysunum Guðmundi og "Ólöfu". Ef maður fer að tala um þessa bók, þá veit hann varla, hvar á að byrja og enda.. Sumt innihald hennar er svo ógeðslegt, að ekki er hægt að tala um það eða hafa það eftir, nema að mannskemma sjálfan sig. Sumt líka er dágott, t. d.: haustlýsingin á bls. 37. En það er líka eitt af því fáa góða. Bókin er stór minkun höfundi og svívirðing fyrir þjóðina, sem er sakborin þar um skör fram.

Um frágang bókarinnar þarf ei hart dæma, svo sem mál og prentverk. Þó höf. kalli "Ólöfu í Ási", en betra sé Á eða AD ÁSI, og stöku orð í skökkum föllum, þá má það síðara stafa frá prentvillum. Aftur á móti er setningaskipun sumstaðar óviðkunnanleg og óíslenzk. Stílsmáti sérvizku kryddur og fordildar kendur nær í mesta máta.

Í formálanum stendur: — "að ég þarf að taka mig saman og herða mig upp". Að taka sjálfan sig saman og herða sig upp, er ekkert nákvæt því að vera íslenzka og á málið nóg ömur orð þar að dreifa. Hver, sem les bls. 20, mun tæplega minnast þess, að vitskert fólk tali eins og þar er gert, auk heldur þá fólk með heilbrigðu viti. En höfundurinn heldur auðsælega, að hann sé að fara með sögufræði og skáldskap, blandað læknisfræði m.fl., og ætla ég ekki að hafa slíkt eftir. Á blaðsíðu 32 stendur: "Hugsanirnar streymdu í hug mér og flugu á víð og dreif, leiðslu blandnar og hálfduldar í móðublámann, sem leggur upp af vötnum lífsins". — Á bls. 36 stendur: "Ég hafði ekki — því var nú betur — slept við hann sæmd minni. En ég hafði þó helgað honum í huga mér laugaland tilfinninga minna og vermireit vonanna".. — Á sömu síðu: "Ég var svo júin á kvöldin, að ég datt í dúnalogn".— Ég hefi aldrei heyrt kvenfólk taka þannig til orða, en um storm og óveður er þetta alltítt orðtak. — Á bls. 39 lýsir Ólöf kærasta sinum, og segir meðal annars: — "Hvorki var hann málsnjall né söngvinn". Þetta er nokkuð strembið, og fáir mundu svo að orði komast, nema hjónaleysin Ólöf og Guðmundur. — Á bls. 42: "Ég álít betra að slitna af vinnu, en að brenna af ryði. Ykkur ungu stúlkunum hættir við að ryðbrenna, — ef þið eruð sjálfráðar". Bls. 47: "Börnin gráta með augunum aðallega. En ég græt með öllum líffærum minum, eða réttara sagt: gráturinn kom úr undirdjúpi sálar minnar, og ég varð öll undirlögð af honum". — Bls. 47: "Mér hefir maður sagt einu sinni". Þessi setning er á náturlótunum. — Bls. 52: "Nánustu frændur geta ekki sofið sig saman. Þeir geta að eins brent sig sundur". — Næstu bls.: "Allskonar óvissa var mér runnin í bein". — Bls. 54: "Þær voru þá sem næst dofnar og þoka yfir vötnum lífs míns". — Bls. 62: "Enginn himinn yfir höfðinu, ekkert helvíti undir fótunum, — ekki svo mikið um dýrðir, að það verði til, íbúðin að eins örlítil köld og fúl harðlæst gildra". — Bls. 63: "Þá kýs hún styrkinn og stoðina, brjósthlífina og bakhjarlið". — "Hjarl" í þessu sambandi er rangt það er jarðarheiti, og kemur að eins einu sinni eða tvisvar fyrir í Eddu. Menn segja, að þessi og hinn eigi bakjarl — hjálparvon — þar sem vinir eða vandamenn standa. Jarlar, sem konungar gáfu tign og völd, voru bakjarlar konunga sinna. Þeir voru þeim herskyldir og liðbundnir, þá konungar þurftu við. Jörð eða land getur ei fylgt eða veitt hjálp liðsþurfa. Að vísu hefir B. Jónsson þetta orð í orðabók sinni, og þó hann hafi skyn á máli og riti það lipurt, þá geigar ör hans þar.

Þetta er nægilegt sýnishorn af setningasmíði höf. og vammalátum. Það er minst af þessu dóti talið hér. Svo má heita, að hilli undir stóra herskara af farandliði þessu á hverri blaðsíðu. Það er skapraun að sjá þessar rennivofur, sem ótvíræðilega sýna skort á siðferðislegum frágangi og hugsjón

Efni sögunnar er: Foreldrar "Ólafar" voru bóndahjón. Föðurmóðir "Ólafar" tekur hana til fóstuns strax við fæðinguna. Tengdamóðir og tengdadóttir kemur illa saman, og lýkur svo þeirra viðskiftum, að móðir "Ólafar Arnadóttir" illyrðist þar til tengdamóður sina, og hún biður bana af. "Ólöf" syrgir ömmu sína, en hálf fyrirlítur föður og móðurj Hann er drykkjumaður og fyrlulífsmaður, konan svo ferleg í geðsmunum, að fólk leiðir til bana.

Þegar "Ólöf" er á 16. ári, er kennari tekinn á bæinn. "Ólöf" fer ást á honum þegar, og veit þó að hann er drykkfeldur og hafði farið upp á milli hjóna. Móðir hennar sendi hana til bróður sins, langt í burtu til að stíja þeim sundur. Hún átti von á bréfi frá honum, en hann sveik hana.

Þegar hún hafði dvalið hjá frænda sínum um stund, vildi ungur maður þar í sveitinni gifttast henni. Frændi hennar var þess hvetjandi, en hún læst hafa viðbjóð á þessum Sveini. Þá og síðar segir frændi hennar, að hún skuli ráða, segist ekki gifta hana nauðuga. Þau eru alt í einu trúlofuð. Þá fer hún að "gráta með öllum líffærunum". Giftingad. morguninn gengur frændi hennar á hana, ef það sé móti vilja heunar að eiga Svein. Þá veit hún ekki annað betra, en halda áfram. Sveinn er henni góður. Hún lýsir hugsun og eðli sínu, þegar hún háttar í brúðarsængina, sjá bls. 68, og er ólíkt nokkurrar konu tali, þó hálfrugluð væri talin. Hún lýsir meðgöngutíma sinum á þá leið, að lesarinn fær megnasta hrylling í sig að lesa það bull. Sveinn fer að verða henni fjarlægari, drekka og halda við eina vinnukonuna. Um það síðara þótti "Ólöfu" vænt, og hafði þá vinnukonu í afhaldi.

Eitt sinn kemur þar kalinn unglingsmaður og legst þar. "Ólöf" verður ástfangin af honum. Hún fer um hánætur úr hjónasænginni, eftir endllangri baðstofunni, og í rúm til þessa þórballa. Sveinn var stundum ekki heima, eða svo dauðadrukkinn, að hún þorði að fara í rúm til elskhuga sins. Hún vildi skilja við Svein og giftast hönum, og fara til Ameríku. Hann vildi það ekki. Giftist annari þegar hann hafði flúið "Ólöfu" vestur um haf eftir all-langa sambúð deyr Sveinn, en "Ólöf" lifir enn, og læeur að sögn Guðmund Friðjónsson á Sandi semja þjóð sinni þá sögu, sem fjallar að eins um lauslæti, frámhjátektir og drykkluskap. Aðallega er sagan að sýna, að öll hjón á Íslandi hafi fraanhjá og alt ógift fólk lifi ólifnaðarlifi. Hvilik þó sögukona!

Hver tilgangur Guðm. Friðjónssonar er, að eyða tíma í annan eins samsetning og flest í þessari bók er, er ei auðvelt að réttdæma. Var tilgangurinn, að auðga íslenzkar bókmentir? Tæplega getur það verið, því í formálanum er það tekið fram, að þessi saga muni ekki hafa bókmentalegt gildi, og mun það sannsjörn tilgáta. — Eða er tilgangurinn að sverta þjóð sína, og breiða út óorð um hana hjá erlendu fólki, sem les íslenzku? Eða sparka enn þá einu sinni í íslenzkt kvenfólk? Þó Droplaug búi nú ekki á Arneiðarstöðum, og synir hennar séu liðnir, þá er þó til á meðal íslenzkra kvenna mörg Droplaug, og Helgi og Grímur líka, sem ekki þola móðurnið, ef oft skal endurtekið. Þorgrímur Tordýfill virðist vera afturgenginn á Sandi.

G. F. er naumast svo skyni skroppinn alt í einu, að hann glépist af karlægum konum, og eyði tíma í, að setja saman ellióra þeirra. Hans græna "vandlætinga" blæja er sumum gagnsæ. G. F. væri meiri drengur, ef hann bæði þjóð sína blátt áfram fyrirgefningar á þessu ólifnaðarverki sínu — sögunni —. Honum finst máske að hann sé ekki metinn, sem verðugt sé. Má það og gjarnan satt vera. En forðast skyldi hann óhappavopn til hefnda, ef heill vill standa. Ákvæðavopn hafa stundum orðið þeim að bana, er sjálfir báru.

Ég skrifa ekki þessa grein til að fæla menn frá að kaupa og lesa "Ólöfu í Ási", en fáum mun til bóta eða gleði verða sá lestur. Ég skrifa hana af því, að íslenzku þjóðinni er misboðið með þessari bók, og það herfilega. Eftirkomandi kynslóðir mega sjá, að það hafa ekki allir tekið með þögn og auðmýkt, þegar ráðist er á heiður heillar þjóðar, og það ekki af stórmensku hvötum. Og ennfremur af því, að blöðin hér vestra hafa þagað um hana, nema "Breiðablik", sem auðvitað vænir við henni, en vilja ekki vera vinur, sem til vamms segir, þó þau þykist vera það, þegar íslenzkt kvenfólk er barið ólifnaðarbrigslum. Það eru ei allir skaplausir fyrir ósönnum sakargiftum á mæður, konur og dætur. Enda þekkist það ekki með al annara siðaðra þjóða, að prestar og rithöfundar vinni að siðfágun þjóðar sinnar með brigslum og vændiskvenna sögum. Hendi þair fyrsta steininum, sem saklausir eru, sagði siðameistarinn frá Nazaret forðum daga. Er hann þá orðinn lítill hjá meistaranum á Sandi?

W'peg, 24. marz 1908.

K. Ásg. Benediktsson.

FÁEIN ORÐ
til S. J. Austmanns

Herra ritstjóri Hkr., viljið þér gera svo vel, að ljá eftirfylgjandi línum rúm í yðar heiðraða blaði.

Í Heimskringlu 26. marz birtist greinarstúfur með fyrirsögninni "Bullið —", eftir herra S. J. Austmann. En af því, að síðari hluti greinarinnar fjallar um verðmæti húss þess, sem ég að mörgu leyti var við riðinn, þá finn ég mig knúðan til að gefa fáeinar upplýsingar þar að lútandi, því ég álít, að hr. Austmann hafi ekki verið þeim hlutum vel kunnugur, sem hann var að staðhæfa í grein sinni — það er slæmt, þegar menn skunda út á ritvöllinn, án þess að hafa þau sannanagögn, sem við þurfa, þegar á að skýra rétt mál.

Mér er óhætt að fullyrða, að S. J. Austmann hefir aldrei séð hús þetta innan síðan það var fullgert og því síður leitað upplýsinga hjá mönnum þeim, sem höfðu veg og vanda af húsinu og vissu alveg hvernig sakir stóðu.

Sannast að segla finst mér greinarstúfur þessi vera sýrður af öfundssýki og lastyrðum til K. Á. Benediktssonar, og sannast þar íslenzki málsháttur inn, "að frændur eru frændum verstir".

Hr. S. J. Austmann segir, "að húsið hafi ekki undir nokkurum kringumstæðum kostað meira en 6—7000 dollara". En þó var 5000 dollara peningalán tekið á þessa eign, og hefði óefað fengist mikið meira lán, ef það hefði ekki verið eins slæmt árferði og nú er, því allir vita, að lánfélög hafa ekki lánað í vetur nema að svo mjög litlu leyti af virðingarverði. Af þessu geta menn séð, hvaða virðing er á nefndri eign eftir lántökunni að dæma.

Ég er reiðubúinn að sanna, að lántaka þessi sé rétt.

Ennfremur segir S.J.A., að "Mr. Willkey hafi verið að bauka við hús þetta í alt sumar með bróður sinum mál og heyrnarlausum", og er það óefað talað í óvirðingarskyni við hlutaðeigendur. En ég get fullvissað S.J.A. um það, að það tekur góða persónu með öll skilningarvitin í góðu lagi, að jafnast við hinn siðarnefnda mann.

Ég veit heldur ekki til þess, að Mr. Willkey hafi nokkurn tíma snert á sög né hamri í þeim tilgangi að vinna að smíðavinnu, því smiður er hann ekki. En þó að herra Willkey þurfi ekki að hafa ofan af fyrir sér sem verkamaður, þá hefir hann gott vit á smíðum, því hann er mjög góður maður og drengur hinn bezti í alla staði.

Í þriðja lagi segir S.J.A., að "engir smiðir hafi þar verið áður en ég kom nema þeir bræður og 2 handlangarar". Það er ein fjarstaðan til. Þar voru tveir smiðir áður en ég tók til starfa. Annar þeirra fór daginn áður en ég kom, en hinn sama morguninn sem ég byrjaði að vinna. — Þetta sýnir, hvað S.J.A. veit mikið um það sem hann er að skrifa um.

Það er að eins eitt atriði, sem S.J.A. virðist fara rétt með, nfl., að ýmsum starfsbræðrum minum hafi orðið þumbult, þegar þeir lásu greinina, sem hann S.J.A. skrifar um. Ég hefi orðið var við slík dæmi sjálfur, þó þau séu ekki mörg. En þess ber að gæta, að þeir hinir sömu hafa ekkert haft að starfa nú upp í hálft annað ár, nema hlaupavinnu við hitt og þannað, sem að höndum hefir borið.

Ég hefi það fyrir satt, að einn slíkur starfsbróðir minu hafi í sumar sem leið tekið "akkord" á að leggja gólf í eitt af stórhýsum borgarinnar, en hafi orðið frá að hverfa vegna kunnáttuleysis. En sem betur fór hafi sá hinn sami komið sér að hjá stjórninni við einhver stjórnarstörf. En hvaða stjórnardeild hann tilheyrir, veit ég ekki.

Aftur eru aðrir, sem hafa leitað en ekki fundið, og eru þar af leiðandi fokvondir bæði við guð og menn.

Ég ætla svo ekki að eyða fleiri orðum um þetta mál að svo komnu.

C. H. HILLMAN.

BRANDONS VINSŒLASTA GISTIHUS

EMPIRE HOTEL

E. J. PELTIER, eigandi

Hefir öll nútíðar þægindi. Reynið þetta gisti-hús. Á bezta stað í borginni. Lang-vega telefón 135. Sample rooms.

725—731 ROSSER AVE.
BRANDON, MAN.
21-3-8

Jimmy's HOTEL

Sem er rètt á bak við Póthúsið, — og þar sem alt er af beztu tegund. Íslendingar ættu að reyna þetta gistihús.

James Thorpe,
eigandi.
Fyrverandi eigandi Jimmy's Restaurant á Portage Ave.

Woodbine Hotel
Stærsta Billiard Hall í Norðvesturlandinu
Tíu Pool-borð.—Alskonar vín og vindlar.
Lennon & Hebb,
Eigendur.

Hefir þú borgað Heimskringlu?

nokkuð það, sem hafi illar afleiðingar í för með sér", sagði Lady Aðalheiður.

"Ég get ekki séð, hvernig ég get það", sagði Lady Caren.

"Vertu hjá þeim, hvenær sem þú getur því við komið, og segðu hershöfðingjanum, að Allan vilji sem minst um þetta mál tala".

"Já, ég get reynt það, en hershöfðinginn er svo skaptur og greindur maður, að það verður ekki svo auðvelt, að fara í kring um hann. Hugboð mitt er þó, elsku Aðalheiður min, að leyndarmál það, er þú hér svo vel hjálpað mér til að leyna, muni áður e langt líður opinberast".

"Nú setjum svo, að Allan komist að því? Hvað svo? Nú gerir það ekkert til".

Lady Caren fölnaði upp. "Aðalheiður min, það mundi kæpa mig. Eftir það gæti ég ekki tíðar litið framan í Allan. Það má ekki komast upp! Veiztu hver voru hin síðustu orð mannsins míns við mig?"

"Nei", sagði Aðalheiður, um leið og hún virti tengdamóður sína fyrir sér með hluttekningu.

"Rétt áður en hann skildi við, sagði hann við mig með veikri breyttri röddu: 'Elsku konan min, iver mér það við alt sem heilagt er, að geyma vel leyndarmál mitt!' — og ég sór. 'Ég get ekki hvílt rólegur í gröf minni, ef Allan fær að vita það', sagði hann. 'Hann skal ekki komast að því', sagði ég grátandi. En svo hefir hann víst fengið óráð, því hann sagði, að ef svo skyldi fara, að það yrði uppvíst, annaðhvort fyrir tilviljun eða svik, þá ætti ég að láta setja járngrindur yfir gröf hans, svo hann kæmist ekki upp úr henni, því hann gæti ekki hvílt í friði, ef Allan fengi að vita það. 'Guð hjálpi minni sorgmæddu sál', sagði hann svo. 'Sver það aftur, að það skuli aldrei komast upp'. — Ég sór. Hann notaði þig ekki á nein, né loforð frá

þinni hálfu, en ég varð að lofa honum, að biðja þig að uppfylla ósk hans. Þú vissir, að ég gerði það. En á næturnar hræðist ég svo síðustu orð hans, og einu sinni dreymdi mig svo ljótan draum".

Aðalheiður lá á hnjánum við hlið tengdamóður og fóstru sinnar, og reyndi að hugga hana.

"Ég vil segja þér draum minn", sagði Lady Caren, "þá getur þú betur skilið, hvers vegna ég er svona hrædd".

"Mig dreymdi, að leyndarmálið var orðið uppvíst. Ekki vissi ég samt á hvaða hátt. Fólk talaði í hálfum hljóðum sín á milli um afbrot hins framliðna manns. Mér fanst — ó, Lída! — einasta hugsunin um það gera mig ruglaða. Mér fanst ég ganga um húsið, og hvar sem ég gekk, sá ég alt af manninn minn í líkklæðunum standa hjá mér og segja: "Ég sagði þér þetta, að ég gæti úr þessu ekki fundið frið. Sjáðu mig, hér er ég'. — Eftir þennan draum var ég hrædd bæði dag og nótt".

"En kæra Lady Caren, þetta er að eins draumur. Enginn hefir liðið meira út af þessu leiðinlega leyndarmáli en ég. Aftur og aftur hefir það verið komið fram á varir mínar, að segja frá því, til að hefna mín. En þó ég hafi liðið jafnmikið til þess að halda því leyndu, þá get ég ekki séð, að það leiði svona mikið ilt af, þó það kæmist upp".

"Ég hefi oft hugsað um, hversu ranglátt það er, að öllbyrðin skyldi falla á okkur. — Konur er víst skapaðar til að liða".

"Ég hefi meiri von en þú, Lady Caren. Ef Allan hefði nokkra hugmynd um þetta, mundi hann veita orðum hershöfðingjans nána eftirtekt, en fyrst hann grunar ekkert, þá hugsar hann ekkert út í, þó honum finnist hershöfðinginn tala nokkuð undarlega. Þú veist, að ég er enginn bjáni, og við skulum vel ráða við hinn góða gamla hershöfðingja".

Lady Caren kysti hana. "Ég held, Aðalheiður, að þú sért sú bezta kona í heiminum. Hversu margar myndu ekki hafa kvartað yfir því, sem þú verður að þola, — daglega talað um þann órétt, sem þær yrðu fyrir. Ég get aldrei að fullu endurgoldið þér".

Lávarðurinn kom nú inn. Honum þótti næsta undarlegt, að móðir hans, sem jafnaðist á við hina tignustu furstainnu, skyldi kviða fyrir, þó gamall kunningi hennar heimsækti hana.

Lady Caren sagði, að ástæðan fyrir geðshræringu sinni væri sú, að þetta hefði komið svo flatt upp á hana. "Ég hélt ekki ég mundi sjá hershöfðingjann nokkru sinni framar", sagði hún.

"Ég er fullviss um það, mamma," sagði lávarðurinn hlæjandi, "að þú vildir miklu heldur ekki sjá hann".

Hún svaraði engu, en reyndi að láta, sem sér stæði alveg á sama.

Hún situr alein í gestasalnum. Miðdegisverðinum hefir verið frestað um einn klukkutíma, svo hershöfðinginn gæti borðað með. Kvenfólkið er í herbergjum sínum, karlmennirnir í reykinga herberginu. Hún vill vera ein, þegar hún heilsar hershöfðingjanum. Lady Aðalheiður bauð henni að vera hjá henni en hún afþakkaði það. Það voru margar ástæður fyrir því, að hún vildi hitta hann ein og tala við hann.

Hver, sem hefði virt hana fyrir sér, þar sem hún sat, hefði séð, að meira en lítið þrengdi að henni. Hún gætti sín eftir því sem hún gat, þegar hún var með öðrum. En þegar hún var ein, hugsaði hún ekki um annað en sorg sína.

Djúpar hrukkur myndast á enni hennar. — Hún stynur og þrýstir höndunum að brjósti sér. Hvað eftir annað gengur hún að glugganum, og horfir út.

— "Æ, alt hefði farið vel, hefði hann ekki komið, en guð einn veit, hver nú verður endirinn."

Nú heyrir hún vagnskrölt og blóðið hleypur fram í kinnar hennar. — Hann er kominn. — Hún fær megnan hjartslátt, en er hún heyrir fótatak, reynir hún til að brosa.

Þjónninn kemur inn og segir: "Clavering hershöfðingji er kominn".

Dyrnar opnuðust og inn gengur laglegur, roskinn maður. Hann var hvítur fyrir hærum, en hermannlegur í allri framgöngu. Á brjóstinu bar hann heiðursmerki, er fór honum vel. Hann var friður sýnum, en alvörugefinn mjög. Hann hneigði sig djúpt, er hann sá Lady Caren, og sýndist verða hrærður mjög.

"Velkominn til Brooklands, herra hershöfðingi", sagði hún, og tók í hönd hans.

"Ég þarf ekki að spyrja, hvernig yður líður, Lady Caren. Þér hafið ekkert breyzt öll þessi ár".

"Bjuggust þér við, að sjá mig umbreytta?" sagði hún.

"Ójá. Það eru liðin svo mörg ár s'ðan ég kom hingað, og þessu tímabili er ég orðinn hvítur fyrir hærum. — Það var æði leiðinleg koma mín síðast".

"Hún verður þeim mun skemtilegri nú, vona ég".

"Já, þó ég sakni mjög hins kæra, gamla vinar míns. Hann er farinn þangað, sem við förum að lokum. — En mikið þótti mér vænt um, er ég heyrði um giftinguna".

"Já, ég man eftir, að ég skrifaði yður um það", sagði Lady Caren fljótlega. Ég bað yður —" lengra komst hún ekki, því nú kom lávarður Caren inn til að heilsa hinum gamla hershöfðingja og bjóða hann velkominn.

Kennara

vantar fyrir Árnes South skóla, No. 1054. Kensluttíminn þarf að byrja 1. maí næstk. og standa yfir í 6 mánuði. Tilboðum verður veitt móttaka af undirskrifuðum til 15. april, og þurfa umsækjendur að tiltaka mentastig og reynslu sem kenbari, ásamt kaupi því sem óskað er eftir.

Nes P.O., 16. marz 1908.

Ísleifur Helgason,
Nes P.O., Manitoba.

Kennara

íslenzkan vantar við Diana S. D. No. 1355 (Manitoba), frá 15. april næstk., eða að minsta kosti frá 1. maí, í 6 eða 7 mánuði. Umsækjendur verða að hafa 3. eða 2. stigs "Professional Teacher's Certificate" og eru beðnir að greina frá æfingu sem kennari, og hvað mikið kaup óskað er eftir.

Antler, Sask., P.O. Box 145.

MAGNUS TAIT,
Sec'y-Treas.

Gott kjöt.

Allir þurfa að borða "gott" kjöt um þennan tíma árs. Og ef þú vilt vera viss um að fá "gott" kjöt þá pantaðu það frá

C. G. JOHNSON
Telefon 2631
Á horninu á Ellice og Langside St

WINNIPEG Business College

FÉKK FYRSTU VERÐLAUN Á SAINT LOUIS SÝNINGUNNI.

Cor. Portage Ave and Fort St.

Kennir Bókhald, Vélritun, Simritun, Býr undir Stjórnbjónustu o. fl. Kveld og dag kensla. Sérstök tilsögn veitt einstaklega. Starfshögunar skrá frí.

Winnipeg Selkirk & Lake W'peg Ry.

LESTAGANGUR:—

Fer frá Selkirk — kl. 7:45 og 11:45 f. h., og 4:15 e. h. Kemur til W'peg — kl. 8:50 f. h. og 12:50 og 5:20 e. h. Fer frá W'peg — kl. 9:15 f. h. og 1:30 og 5:45 e. h. Kemur til Selkirk — kl. 10:20 f. h., 2:35 og 6:50 eftir hádegi.

Vörur teknar með vögnunum aðeins á mánudögum og föstudögum.

Cancer Cure.

R. D. EVANS, sem fann upp hið viðfræga lyf til lækninga

krabbameinum

óskar að allir sem nú þjást af krabbameinum, skrifi sér. 2. daga notkun meðalsins, lækna ar útvortis eða innvortis krabbamein. Skrifið strax til R. D Evans, Brandon, Man. 27-8-8

A. S. BARDAL

Selur líkkistur og annast um útfarir. Allur útbúnaður sá bezti. Enfremur selur hann alskonar minnisvarða og legsteina.

121 Nena St. Phone 306

Sleggjudomur.

Í síðasta blaði Lögbergs hefir ritstjóranum þóknast, að láta í ljósi vanþóknun sína yfir því, hve fólk hafi hegðað sér illa (hlegið svo mikið) á sjónleiknum "Dóttir langans". Af því ég var sama kvöldið í leikhúsinu og Lögbergs ritstjórinn, þá get ég ekki orða bundist, að svara þessari ósanngjörnu ásökun hans með nokkrum orðum. Ég gat ekki annað séð, en fólk hegðaði sér í alla staði vel, og hægðarleikur var að hafa full not af leiknum þess vegna. En það þarf stillingu til, ef maður má ekki tala við sessunaut sinn, eða brosa á milli þátta, sérstaklega þegar meira en 30 minútur liða á milli, og þó ritstjórinn sé ef til vill ekki ótímabær eða glaumgefinn maður, ætti hann ekki að finna að sliku eða svara fólki um skilningsleysi.

Sátt að segja hélt ég að einurð væri nokkuð, er ritstjóra Lögb. væri veitt af skornum skamti, og honum væri tamara, að lofa en lasta. — Nú, batnandi er manni bezt að lifa. En ég vildi mega gefa honum það ráð að skilnaði, að láta vandlætingar sínar hafa við ofurlítið meiri rök að styðjast í næsta skifti, er hann finnur köllun hjá sér að finna að við fólk.

W'peg, 30. marz 1908.

Einn af áhorfendunum.

Yfirlýsing.

Við undirskriðaðir höfum komið okkur saman um, að láta allar opinberar blaðadeilur okkar á milli um Goodtemplara félagsskapinn í Winnipeg, falla niður, því við álítum þær alls ekki á neinn hátt geti orðið honum til uppbyggingar, heldur þvert á móti, sem þó ætti að vera markmið okkar sem bindindismanna. Einnig skal það tekið fram, að við höfum alls enga tilhneigingingu til að skemta fólki með persónulegum árásum hvor á annan. En samt sem áður viðurkennum við þó, hvor í sinu lagi, að hafa gengið full-langt sumstaðar.

T. d. viðurkenni ég, R. Th. Newland, að alt það, sem persónulegt er í grein minni til Sigtryggs Ágústssonar, var alls ekki meint til að niðra honum á nokkurn hátt, heldur til styrktar málstað þeim, sem ég var að verja. Einnig viðurkenni ég, að sérkenni þau, er ég tileinka Sigtryggi Ágústssyni, eigi að litlu eða engu leyti við hann. Einnig geng ég inn á, að sum atriði í ritgerð hans um Goodtemplara félagsskapinn í Winnipeg, séu ekki langt frá því rétta, en hefðu átt að hafa verið sögð með mildari orðum og alls ekki opinberlega að svo stöddu.

En jafnframt viðurkenni ég, Sigtryggur Ágústsson, ef til vill að hafa gengið full langt í ritgerð minni um ofanneíndan félagsskap, í sumum atriðum, einkum að því leyti, að ég hefði getað farið um það vægari orðum.

Með yfirlýsingu þessari látum við almenning hér með vita, að öllum deilum um þetta okkar á milli er hér með lokið.

Winnipeg, 3. april 1908.

R. Th. Newland,
Sigtryggur Ágústsson.

Ekki mín eigin!

Af því það hefir blátt áfram verið borið upp á mig, að ég væri höfundur greinarinnar "Bersögli", í 22. nr. Hkr., með "Karl" að undirskrift, þá leyfi ég mér hér með að lýsa yfir því, að ég á ekkert í þurri grein, né nokkurri annari blaðagrein á liðnum né yfirstandandi tíma, sem nafn mitt eða upphafsstafir ekki fylgja skýru letri. Ég hefi aldrei skrifað nema það, sem ég hefi þorað að láta alla vita um höfund að, hvort sem ég hefi búist við, að það væri við allra skap eða eigi. Ég gef það vel eftir, að það sé "praktiskara", að hafa eitthvert uppnefni í höfundarstað, því þá er hægt að þræta fyrir lafiernið, ef einhver, sem maður væri hræddur við eða þyrfti að þiggja eitthvað að, findi sig móðgaðan. En næsta smásálarlegt er það og óhreint. Það er leiðinlegt, og meira en það, þegar skynsamir menn eins og "Karl" virðist vera, hafa eigi kjurk til að setja nafn sitt undir grein aðra eins og þessa, sem yfirleitt er fremur liðlega rituð. Þó eru þannig löguð nöfn fyrirgefanlegri heldur en skripanöfnin, sem ýmsir Íslendingar mynda út úr skírnarnöfnum sínum eða annara, eins og t. a. m. "maðurinn með skrifstofuna í skónum" (eins og hann er stundum kallaður í Winnipeg), sem var að sneypa mig um daginn undir nafninu herra Goodmundsson, o.fl. þess konar góðfylgi. Ég vildi ÓSKA, að "Karl"-tetrið léti oftar til sín heyra með fullu nafni viðsettu, því hann mun vita, hvað hann syngur, en ég VONA að HERRA GOODMUNDSSON láti sem mest af handritunum geymast í skónum meðan rúm leyfir, það verður honum og skónum fyrir bezta, og engum öðrum skaði.

JÓN EINARSSON.

Kveðja.

Hér með bið ég Heimskringlu, að gera svo vel að skila kveðju minni til herra Músarindils — sem sumir kalla prófessór í skopi — og segja honum þar með, að ég sé honum þakklátur fyrir hið síðasta ritsmíði hans, er hann lét á þrekk útganga í þessu blaði, því það sýnir svo ljóslega, hvað með honum býr, og hve mikið listaskáld hann er. En að svara dellu hans dettur mér ekki í hug, ég álít það langt fyrir neðan mig. Ég hefi ætlð halt mesta viðbjóð á músarindlum og þess konar kvikindum, og skal því lofa þessum að æla og gera öll sín stykki í næði, án þess að skifta mér frekar af því.

S. J. Jóhannesson.

Fatnaður með umlíðun.

Kæru vinir! Hafið þér nokkurntíma gengið um verzlunarhluta þessarar borgar, og horft á hina fögru fatnaði í búðargluggunum? Og hefir yður þá ekki langað til, að klæðast eins og vinir yðar og nágrannar, sem hafa meira peningaleg efni en þér, en eru þó engu efnaðri? Og þó hafið þér að eins helfing eða fjórðung þess verðs, sem einn af þessum fötnuðum kostar, eða treyjum, eða hvað svo sem vera vill. Þér farið heim með innilega hjartans löngun til þess, að eignast það, sem þér hafið séð.

Nú, kæru vinir, það er hér félag, sem heitir EMPIRE CREDIT COMPANY, í herbergi 13 í Traders' Bank, og sem ætlð er reiðubúið, að hjálpa ykkur út úr vandræðunum, — ef þér eruð skilvísir. Hver kona eða karlmaður, sem óskar að fá það sem bezt er, geta ödlast það með því að velja úr þeim fatnaði, sem þetta félag hefir á boðstólum, hvort heldur tilbúið eða gert eftir máli. Þér borgið litið eitt út í hönd, og takið vörurnar og farið ánægðir heim með þær, og þér getið sent félaginu viku eða mánaðar afborganir eftir því, sem um hefir verið samið. Og þér vitið ekki fyr en þér hafið borgað fötin að fullu, og hafið haft öll not af þeim meðan þér voruð að borga þau. Munið það einnig, að þér borgið engu meira en, eða eins mikið, eins og ef þér hefðuð borgað þau út í peningum.

Þér ættuð að koma við í herbergjum félagsins og skoða þess ágætu fatnaði og nýjasta New York snið.

Gypsum Plaster

Bæklingur með myndum, er sýnir hvernig nota megi GYPSUM PLASTERS, hefir nýlega verið prentaður til þess að uppfylla kröfur þeirra mörgu fyrirspurna, sem bárust um það efni til Manitoba Gypsum félagsins, Ltd., hinna góðkunnu framleiðenda hinna viðfrægu "Hard Wall Plasters".

Bæklingur þessi er vel saminn og er þrunginn af óyggjandi sönnunum um yfirburði Gypsum Plasters yfir allar aðrar vegglims tegundir. Þar er sýnt, að vegglim þetta hefir verið notað í svo marg ar opinberar byggingar og privat hús, að furðu gegnir, hve margir byggendur, sem annars verja talsverðu fé til að skreyta hús sín að utan, skuli veita innandyra skreytingu eins litið athygli og þeir alment gera. Vér eigum við þá, sem ennþá halda trygð við gamla kalk-vegglimið. Þetta getur verið fyrirgefanlegt, þar sem ekki er unt að fá GYPSUM vegglimið. En í Canada, þar sem gnægð er af hinum finustu Gypsum námum í heimi, og þar sem framleiðsla Hard Wall Plasters hefir verið fullkomnuð, þá bendir notkun annara vegglims tegunda á, að jafnvel í voru fremfaralandi séu ennþá til menn, sem ekki fylgjast með framsóknaranda nútímans.

Kjörkaupa-listi

Victor st., 6 herbergjahús	$1500
Toronto st., 7 " nýtísku hús með öllum þægindum $500 niðurbergun.	2800
Simcoe st., — 7 herbergi,	2900
Beverley st., 7 herbergja nýtísku hús á	3000
Home st. nálægt Portage. 25 feta lóðir, á $25 fetið	

W. P. RODGERS,
608 McIntyre Blk. Fón 6474.
27-5-8

Tamarac selst hjá A. S. Bardal fyrir $5.50, — en 2 "Cord" fyrir $10.50.

125 Dollara

De Laval rjómaskilvinda til sölu fyrir $45.00. Þessi skilvinda er samu sem alveg nýr og í ágætu standi. Skrifið mér eða finnið mig að máli.

Magnús Pétursson,
535 Agnes Street, Winnipeg.

The Dominion Bank

NOTRE DAME Ave. BRANCH Cor. Nena St.

Vér seljum peningaávísanir hvergi nærri á Íslandi og öðrum löndum.

Allskonar bankastörf af hendi leyst

SPARISJÓDS-DEILDIN

tekur $1.00 innlag og yfir og gefur hæstu gildandi vexti, sem leggjast við innstæðufé 4 sinnum á ári, 30. júní, 30. sept. 31. desembr. og 31. marzb.

Vátryggið

HJÁ

The Brandon Fire Insurance Co.

ALGERLEGA ÁREIÐANLEG OG ÞRÓSKAFULL HEIMASTOFNUN

E. S. Willer Limited
Aðal umboðsmenn
PHONE 2083 217 McINTYRE BLK

E J OLIVER—SÉRSTAKUR UM ROSSMAÐUR, 609 AGNES STREET

Það borgar sig
að auglýsa
í Heimskringlu

Department of Agriculture and Immigration.

MANITOBA

Land möguleikanna fyrir bændur og handverksmenn, verkamenn. Auðnuból landleitenda, þar sem kornrækt, griparækt smjör og ostagerð gera menn fljótlega auðuga.

ARID 1906

1. 3,141,537 ekrur gáfu 61,250,413 bushels hveitis. Að jafnaði yfir 19 bushel af ekrunni.
2. Bændur lögðu yfir $1,515,085 í nýjar byggingar í Manitoba.
3. Í Winnipeg-borg var $13,000,000 varið til nýrra bygging.
4. Búnaðarskóli var bygður í Manitoba.
5. Land hækkaði í verði alstaðar í fylkinu. Það er nú frá $6 til $50 hver ekra.
6. Í Manitoba eru 45,000 framfara bændur.
7. Í Manitoba eru enþá 20 milljón ekrur af byggilegu óteknu Aðúðarlandi, sem er í vali fyrir innflytjendur.

TIL VÆNTANL. LANDNEMA

komandi til Vestur-landsins: — Þið ættuð að stansa í Winnipeg og fá fullar upplýsingar um heimilisréttarlönd, og einnig um önnur lönd sem til sölu eru hjá fylkisstjórninni, járnbrautafélögum og landfélögum.

R. P. ROBLIN.
Stjórnarformaður og Akuryrkjumála Ráðgjafi.

Skrifið eftir upplýsingum til

Joseph Burke
617 MAIN St., WINNIPEG.

Jas Hartrey
77 YORK ST., TORONTO.

T.L.

Heitir sá vindill sem allir reykja. "Hvers vegna?", af því hann er það besta sem menn geta reykt. Íslendingar! munið eftir að biðja um T. L.

(UNION MADE)

Western Cigar Factory
Thomas Lee, eigandi Winnipeg

Redwood Lager og Extra Porter

Heitir sá bezti bjór sem búin er til í Canada. Hann er alveg eins góður og hann sýnist. Ef þér viljið fá það sem bezt er og hollast þá er það þessi bjór. Ætti að vera á hvers manns heimili.

EDWARD L. DREWRY Manufacturer & Importer Winnipeg, Canada.

XLIV. KAPÍTULI.

"Og þetta er", sagði hershöfðinginn með sýnilegri ánægju — "þetta er Aðalheiður litla, sem ég man svo vel eftir. Nú orðin Lady Aðalheiður, og fyrirtaks fögur. Hver skyldi hafa haldið, að hin litla, feimna telpa skyldi verða svona falleg? Kyssið nú gamlan vin, Lady Aðalheiður".

Hún roðnaði og hann kysti hana innilega.

"Ég hefi aldrei gifst", sagði hann, "og á engar dætur til að gleðja mig í ellinni, en hefði ég átt þær myndi ég hafa óskað, að þær væri líkar yður, Aðalheiður. En horfið nú í augu mér og segið mér, hvort þér eruð hamingjusamar".

Lady Caren leit hálfkviðin til hennar og Aðalheiður tók eftir því.

"Hamingjusöm? Þessi spurning á tæpast við, eftir það, sem þér hafið sagt um útlit mitt, ég þarf því varla að svara henni. Hamingjusöm? Náttúrlega er ég það",

"Guði sé lof", sagði hershöfðinginn. "Ég veit ekki, hversvegna ég hefi nokkurntíma efast um það. En ég hefi hugsað mikið um yður. Kringumstæðurnar voru svo fáheyrðar. En vinur minn hefir gætt skyldu sinnar gagnvart yður, — og ég þykist sjá, að öllu hefir verið haldið leyndu".

Lengra komst hann ekki, því Lady Caren varð mjög óróleg, og sagði nú, að á slaginu kl. 8 ætti að borða.

Nú tók hershöfðinginn eftir nokkrum konum, er stóðu í garðinum fyrirutan gluggann.

"Þér hafið marga gesti hér?" sagði hann og sneri

sér að Lady Aðalheiði. "Hver er þessi fallega kona, sem er að tala við manninn yðar? Hún hefir svört augu og munnurinn er rauður sem rós".

Þrátt fyrir hið mikla vald, er Lady Aðalheiður ávalt hafði yfir tilfinningum sínum, gat hún ekki gert að því, að hún roðnaði. Hún reyndi að tala rólega, en henni tókst það ekki. Hann tók eftir því, þó hann ekki gæti gert sér grein fyrir, af hverju það stafaði.

"Það er hertogainnan af Ormont", sagði Lady Aðalheiður. "Maður hennar er hér líka".

"Ég man eftir honum", sagði hershöfðinginn. Er þessi unga, fagra kona, konan hans?? Því eru samneinaðir maí og desember? Og þó kemur það oft fyrir. Hún takar alvarlega við Caren. Þau eru vist gamalkunnug. Og eruð þér ekkert aðhrýðissamar?"

Aftur roðnaði Lady Aðalheiður. Hún hló. En skeð gat, að hinn gamli, greindi hershöfðingi skildi að það var uppgerðarhlátur.

"Nei, ekki það allra minsta", sagði hún svo. En nú greip Lady Caren fram í, og rétt á eftir fór hershöfðinginn til herbergja sinna. Lady Caren horfði á Lady Aðalheiði mjög óttalgin.

"Kæra Aðalheiður, hvað eigum við að taka til bragðs?".

"Við skulum vera rólegar, og gæta vel að okkar. Ég álít, að tveir kvenmenn geti vel ráðið við þó svo væri, að tuttugu karlmenn væru á móti þeim".

"En, kæra Lída, þetta ef einmitt það, sem hertogainnan segir".

"Þess vegna skulum við álíta, að hún stundum að minsta kosti geti talað skynsamlega. Reyndu að veru róleg. Mér finst að alt muni fara vel".

Nú var farið að borða, og allir vissu því eftirtekt, hve mikla virðingu hershöfðinginn veitti Lady

Aðalheiði. Það var engu líkara, en hann áliti, að hún ein ætti hér alt og réði öllu. Alt, sem hann talaði um, bar hann undir hana. Enginn varð eins forviða á þessu éins og hertogainnan. Samt þótti henni vænt um komu hershöfðingjans.

"Þér fáið nu meiri tíma til að sinna gestum yðar", sagði hún í ásakandi rómi við Caren lávarð.

"Þessa ávítan á ég ekki skilið", sagði hann.

"En þér hafið ekkert skift yður af mér núna í tvo daga", sagði hún hálf hlæjandi, "og ég vona, að hinn góði, gamli hershöfðingi sæki sig eftir Lady Aðalheiði".

"Lady Aðalheiður er ekkert daðurkvendi", sagði lávarðurinn lyrirlitlega.

"Þökk fyrir hólið. Þér litið á mig alveg eins og yður finnist ég vera það".

"Þér eruð ordnar æði ímyndunarveikar, mín kæra hertogainna".

"Þér eruð farinn að rifast við mig, lávarður", sagði hún.

Hann brosti að uppgerðarhræðslu hennar. Og nú tók hann eftir því, að hershöfðinginn var að tala við hann, en hann hafði enga hugmynd um, hvað hann var að segja.

"Unga fólkið getur alt af skemt sér", sagði hershöfðinginn. — Hann var búinn að borða og sat nú í gestasalnum. — "Nei, þakk yður fyrir. Lady Aðalheiður, ég vil ekki ganga út núna. Ég hefði gjarnan viljað það, því kveldin eru mínar beztu stundir, en ellin og kveldin eiga ekki saman. Ég vil heldur tefla skák við Lady Caren, ef hún vill gera svo vel".

Lady Caren vildi það fúslega. Alt var betra en hershöfðinginn væri einn með lávarðinum. Hershöfðinginn leit hlæjandi á Lady Aðalheiði. "Ég sé", sagði hann, "að þér svipist um eftir manni yðar. Það hefir að eins verið fyrir kurteisis sakir, að

þér buðuð mér að koma út með yður, en sannleikurinn er sá, að þér viljið víst alt af vera ein með manni yðar, þegar þér getið því viðkomið. Fallegu augun yðar eru sannsöglari en varirnar, góða mín".

Lady Aðalheiður roðnaði og gekk út. Lávarðurinn fór á eftir henni. Þau gengu þegjandi þangað til þau komu að rósagarðinum. Þá sneri hún sér að honum með glaðlegu brosi.

"Allan, þetta er hræðilegt. Hvað eigum vð að gera, ef hann stendur alt af í þeirri trú, að við elskum hvort annað. Ég veit líkast ekki, hverng við eigum að haga okkur".

Henni fanst þetta svo hlæjilegt, að hún hló hjartanlega að þessu. Hann gat ekki annað en hlegið með henni, og tók um leið um hönd hennar og kysti hana.

"Það undarlegasta af því öllu er", sagði hann, og roði flaug yfir hið fagra, karlmannlega andlit hans, — "að ég held, að hann hafi ekki svo mikið rangt fyrir sér".

Hún vissi, hvað mundi fylgja eftir. En nú kom hertogainnan í hendingskasti til þeirra. Hún hafði heyrt hlátur, og þekt að hann kom frá Lady Aðalheiði, svo hún varð að kasta skugga á gleði hennar, ef unt væri. Hún kom til þeirra og lést vera alveg forviða.

"Lady Aðalheiður", hrópaði hún, "mér fanst ég heyra heilan kór af silfurskærum röddum. "Aldrei hefði ég getað trúað því, að þér gætuð hlegið".

"Ég hefði heldur átt að gráta en hlægja. Nei, Allan, ég hefi nóg annað til að gráta yfir. En hvorki þú, Allan, eða ég ættum að hlægja að þessu smáræði oftar".

"Þér eigið svo mörg leyndarmál", sagði hertogainnan. En Lady Aðalheiður gaf því engan gaum. Hin sæla meðvitund um það, að hún hafði talað vi

Nytsemi vísindanna fyrir þroska trúarlífsins.

Framhald frá 1. bls.

sælu hinna fáu, sem hólpnir urðu, með því, að loka þeim að vera sjónarvottar að kvölum hinna fordæmdu frá pardisarsælunni. Kirkjufeðirinn Tertúllían, sem þó var guðhræddur og manneðlegur maður, lýsir þessari gleði út í æsar. Skyldi það vera tálsigi fyrir réttrúaða menn, svo þeir því fremur höfnuðu sjónleikum höfðingjanna. "Hve undra mikilfengleg verður ekki þessi sjón!" segir hann, "hve hissa verð ég ekki? Ég fæ ekki varist, að veltast um af hlátri: Hve mun ég ekki klappa lof í lófa! Hvilik sigursjón, að sjá svo marga nafnfræga konunga, sem ætlað er, að séu á himnum, stynja ásamt Júppiter, guði þeirra í yztu myrkrum helvítis". Þá er kirkjufeðirinn hefir haldið þannig áfram stundarkorn, segir hann: "Jafnvel í trúnni geta réttrúaðir notið þeirrar gleðisjónar, því ímyndunarafl þeirra getur gert bana nálega".

Nærri má geta, að fyrst annar eins maður og Tertúllían gat skrifað þannig, þá muni trúvillingadómari nokkur hafa þózt hafa heimild til að kalla guð "fyrsta trúvillingadómarann". En skiljanlegt verður það þá líka, að þrá miðaldanna eftir linkind, er athvarf væri í þessum skelfingum, bjó sér til nýjan guðdóm, Maríu mey, er meðmælandi mættu treysta og elska í stað guðs. Því kærleika án þrældómsótta, er fylla má hug og hjarta, gátu miðaldamennirnir aldrei látið guð sinn blása mönnum í brjóst. Og þó var þetta Krists fyrsta og stóra boð. En hitt er þessu líkt: "Þú átt að elska náunga þinn sem sjálfan þig".

Það sem heiðingjunum þótti mestri furðu gegna var það, hve kristnir menn elskuðu hver annan. "Sjá, hversu þeir elskast", sögðu þeir. En þetta stóð ekki lengur en til 4. aldarinnar. Þá sögðu heiðnir menn: "Ekkert villidýr er æðisgengnari en kristnir menn með mismunandi trúarskoðunum".

Frá þeim tíma (frá 4. öld e.Kr.) er sú kenning varð ríkjandi í kirkjunni, að frelsi væri hvergi að finna nema í skauti hennar, gætu menn ætlað, að fyrsta boðorðið hefði hljóðað: "Þú átt að hata óvin þinn". Og óvinir voru allir, jafnvel hinir nákomnustu, sem ekki trúðu því nákvæmlega, sem kirkjan kendi, og eigi voru henni sammála. Svo fullkomlega umhverfði trúarofsinn kærleiksboðorðinu. Og nú hófust hinar grimmu ofsóknir.

Á fyrstu öldunum var það almennt áltið svo — og Tertúllían leggur mikla áherzlu á það — að hvernig sem á standi megi kristinn maður alls ekki vega mann, hvorki með því, að vera orsök í dauðahegningu hans, eða gerast dómari hans, ganga í herþjónustu eða vera böðull. En er kristindómurinn komst til valda í heiminum, fengu leikmenn ekki gætt þessarar reglu. En klerkur varð að sæta hegningu kirkjunnar, ef hann um leið og hann dró glæpamann fyrir dóm, sótti ekki um, að hinum seka yrði ekki hegnt á lífi eða limum. Áheyrilegt er þetta. En eftir því, sem umburðarleysið magnaðist, og blóðugar ofsóknir hófust, varð þessi ákvörðun ekki annað en viðbjóðsleg hræsni. Innócentius VIII. gerði alla borgaralega embættismenn ræka úr kirkjufélaginu, sem ekki höfðu illræg dómum trúvillurannsóknarinnar innan 6 daga, enda þótt ummæli þessar væru enn viðhafðar.

Það var þó fyrst á 13. öld, að kúgunarreglur kirkjunnar náðu fullum þroska og hinar miklu ofsóknir brutust út. Ný tímamót hófjast um þessar mundir í framþróun katólsku kirkjunnar. Afturhaldssteinan heldur nú fyrir alvöru innreið sína í kristnina.

Ég skal aftur taka það fram, að tilgangur minn er að eins að sýna, hve hörmulega kirkjunni tókst að skilja og tileinka sér kenningar Krists og að lifa samkvæmt boðum hans, meðan öll frjáls rannsókn og frjáls notkun skynseminnar og mannvitsins var bönnuð. Hinsvegar veit ég vel, að sé einhliða á þetta litið, fær maður ranga hugmynd um áhrif kirkjunnar á menningarþroskann. Vil ég láta þess getið, að þrátt fyrir hinar stóru og miklu syndir sínar hafði katólska kirkjan stórvægileg mentandi áhrif á 12 fyrstu aldirnar. Hún safnaði hinum ósamkynja siðlausu þjóðflokkum í eitt trúfélag með hálestu markmiði, kendi þeim að kannast við vald, sem voldugra er en hervald og hnefaréttur. Hún dró úr og afnumdi að lokum þrælahaldið, og tók að sér þá, sem ójöfnuði sættu í mannfélaginu. Hún kendi þeim friðsamleg störf og margt annað í menningaráttina.

Sem fyr er sagt, hafði kirkjan kúgunarkerfi sitt frá byrjun 13. aldar. Innócentius VIII. setti rann sóknardóminn á laggirnar árið 1208. Og 1209 hófst niðurbrytjun Albigensanna. 1215 lagði 4. Lateransýnódan fyrir alla valdsmenn, að "ef þeir vildu teljast réttrúaðir, skyldu þeir opinberlega sverja, að þeir vildu vinna að því af öllum mætti, að útrýma úr löndum sínum öllum, er kirkjan hefði brennimerkt sem villutrúarmenn.

Hið sterkasta ímyndunarafl vorra tíma getur varla gert sér grein fyrir hinu iskalda og grimmúðlega tilfinningarleysi fyrir þjáningum annara, sem smátt og smátt óx fram úr þessu ofsóknarofstæki og setti sig í þann þess, sem kærleikanum til bræðranna var ætlaður.

Það var ekki þessi æðislega grimd, sem samfara er hernaðarlífinu. Það var blátt áfram þrælmenska, gagnhugsuð grimd, framin með köldu blóði og fyrirskipuð af JARLI KRISTS hér á jörðunni. Og þótti hún góðra gjalda verð. Þriggja ára syndhausn var þeim heitin, sem án þess að vera rannsóknardómari hjálpaði til að draga villutrúarmenn fyrir dómstólinn. Alt var þetta samfeld afneitun kærleiksboðorðsins.

Andstygð ofsóknanna þekkja menn svo vel og þeirra gersamlega andstæði við boð Krists, er svo deginum ljósara, að hér þarf engrar frekari útlistunar við. Að eins vil ég tilfæra tvent frá seinni tíð ofsóknanna. Og má af því marka, á hve ógurlegu hátt stig alþýðuþrá náði frá því, sem Kristur hafði boðið.

Nærri þykir lata, að á ríkisstjórnarárum Karls V. hafi 50,000 manna verið slátrað á Niðurlöndunum (Grótius segir 100,000) og á dögum Filips II. að minsta kosti 25,000. Ekkert það ódæma afskræmi var til, að kirkjunni ofbyði. 16. febr. 1568 dæmdi rannsóknarrétturinn ALLA ÍBÚA NÍÐURLANDANNA TIL DAUÐA FYRIR VILLUTRÚ. Að eins fáir nafngreindir menn voru undanskildir. Filip II. staðfestir dóminn 10 dögum seinna, og bauð að framkvæma hann. "Þrjár miliónir manna, karlar, konur og börn, dæmt á höggstokkinn í 3 línum", bætir Motley við.

Þetta þarf engrar skýringar við. Að drepa menn var orðið að guðs dýrkun.

Ofsóknunum var ekki lokið, þó menn hyrfu frá katólskunni. Enska stjórnin hélt áfram ofsóknum, einkum á Skotlandi, með fádæma grimd. Allir voru ofsóttir sem ekki aðhyltust biskupakirkjuna, eða þá trúarjátning, sem var drotnandi í landinu. Ofstækishugsjónin hvarf þó með kenningum mótmælenda, og ofsóknunum linti smátt og smátt. En seiglíur var hann þessi ofsóknarandi. Í frásögur er það fært, að 6 hefðarkonur hefðu verið gerðar útlægar úr Svíþjóð um 1850, af því þær höfðu tekið katólska trú.

Auk ofsóknanna var trúarbragða-ófriðurinn bein afleiðing af trúarkröfum höfðingjanna. Saga hans og sú ægilega grimd, er honum var samfara, er svo alkunn, að ekki þarf nema að eins að minnast hans.

Auk þessarar algerðu afneitunar kærleiksboðsins, verð ég að minnast hjátrúarinnar, af því það leikna vald, sem hún hafði yfir að ráða, stafaði af því, að engin vísindaleg rannsókn komst þar að, og leiddi því til óskaplegrar grimdar og miskunnarlauss rangleitis, sem saurgaði sannleiksástina og bróðurkærleikann. Það er galdratrúin.

Í meir en 1500 ár var það óraskanleg trú manna, að það væri ótvíræðilega kent í biblíunni, að hægt væri að tryggja sér aðstoð djöfulsins til að fremja yfirnáttúrleg verk — að þeir, sem það gerðu, væru guðs óvinir, og synsamlegt væri að sýna þeim nokkura miskunn. Kirkjan kærði þá ólánsmenn, sem grunsemd fell á — helzt gamlar kerlingar — með öllum sínum myndugleik. Hörðustu hegningardómar voru lögákveðnir. Skarpskygnir og glöggskygnir dómendur rannsökuðu vitnisburðina með fylstu sannfæringu. Ekki nægði dauðahegning — oftast að brennast á báli —, henni fylgdi að bálkestinum pyndingar, háð og hatur og fyrirlitning. Samkend með svo miklum guðsóvinum var stórsynd.

Þessi hjátrú var sú uppspretta er tilfinningarlaus grimd, ástríðuofsi vonzka, hatur og hefndarþorsti streymdi frá. Ekki þurfti annað en kæra mann fyrir fjölkynngi.

Fá dæmi, nægja til að sanna, hve hátt forheðingin og ruddaskapurinn gat komist.

Í einum bæ á Þýzkalandi er sagt að 7,000 menn hafi verið brenndir. Biskupinn í Bamberg lét brenna 600, og í Toulouse, þar sem rannsóknarrétturinn átti heima, voru 400 menn líflátnir í einu.

Og þetta var mesta skemtun lýrir fólkið! Þessu hélt áfram þangað til vísindin gátu eytt hjátrúnni. En líseig var hún líka. Síðasta aftaka, sem dæmd var fyrir galdur, var á Svisslandi árið 1782. Og galdralög voru síðast úr lögum numin á Írlandi árið 1821.

Að þessi feiknamikla og viðtæka hjátrú, og það miskunnarleysi og tilfinningarleysi, er henni var samfara, átti rót sína að rekja til fáfræði um skipulag og krafta náttúrunnar, og ekki að eins hinalegs skilningsleysis alþýðunnar, fáum vér séð af því, að meðal hinna fóstu og miskunnarlausu talsmanna hjátrúarinnar voru nokkrir hinir mest framúrskarandi vitsmunamenn mannkynssögunnar. — Annar eins maður og Lúter var þó ekki lengra kominn en það, að hann eigi að eins trúði að til væri fjölkyngi og galdranornir, heldur vildi hann brenna þær allar. Og hann, mikli barnavinurinn, réði til að barni væri drekt til að losa heimili þess við návist djöfulsins, því barnið væri getið af djöflinum. Erasmus heldur uppi hlífisskildi fyrir hjátrúnni og Bódin, sem af samtíð sinni var talinn "ce premier homme de la France (fyrsti maður á Frakklandi), sá er Hallam segir um, að að eins tveir menn hafi verið hans jafnokar (að gáfum) Aristóteles og Machiavelli. Þessi maður getur ekki fundið nægilega sterk orð til að áfella mótmælenda læknir einn, Wier að nafni, fyrir það, að hann samdi ritgerð um "djöflagapsýnina", af því hann var sannfærður um, að margir þessara ólánsmanna væru vitstola, og vildi draga úr hinum skelfilegu þjáningum þeirra. Bódin segir, að læknir þessi "hafi gengið á hólm við guð". Hann hefði gert tilraun til að frelsa þá, sem heilög ritning og kirkjan hefði brennimerkt, sem verstu glæpamenn. Hann hefði jafnvel verið svo ósvífinn, að opinbera töfraformúlana. Hver mætti nú án hrylling hugsa tif framtíðar kristindómsins eftir svo skelfilegar auglýsingar! Niðurstaðan, sem Bódin kemst að, er einkennileg í mannúðarsögunni: "Það eina, sem menn geta gert, er að hefja á ný ofsóknirnar með enn meira krafti". — Og auðvitað fyrst og fremst að hafa hendur í hári þessa góða Wiers.

Með Bódin getur maður furðað sig á því, að kristindómurinn hafi lifað af — ekki árás Wiers, heldur þann hjátrúarinnar og hjartalæysis anda, sem lýsir sér í ritum Bódins og margra fleiri, og játaður var í allri samtíðinni.

Alt þetta hefir þó kristindómurina lifað af. Enn hreinni og æðri hefir hann komið í ljós, eftir því sein framfór í vísindum hefir losað mennina við ofstækisfullar trúarsetningar, sem þeir hafa útbúið, og rutt veginn að hreinni og eðlilegri skilningi og tileinkun sannleiks og kærleikandans, er Jesús einkennir sem sinn anda.

Yfirleitt getum vér álykta svo, að óbundið frelsi til að rannsaka alt á himni og jörðu, andann og náttúruna, í stuttu máli alt, sem yfirleitt getur vakið spurnsmál í sálu manns, hljóti að skapa sannleiksþrá og ryðja veginn fyrir anda umburðarlyndisins og um leið anda kærleikans.

Skilyrðið fyrir hverjum rannsóknarárangri er SVIKALAUS TRÚMENSKA VIÐ SANNLEIKANN, trúmenska, sem ekki hræðist innri baráttu, né baráttu við valdhafana út á við. Trúmenska við sannleikann í kærleika verður að standa sem heilög yfirskrift yfir rannsóknarverkinu.

Og einmitt af því, að sannleikans er LEITAD, kemur af sjálfu sér umburðarlyndið við aðra LEITENDUR sannleikans, allstaðar þar, sem svarið verður ekki gefið með sannfærandi krafti.

Frá kristilegu sjónarmiði er lögmál náttúrunnar og lífsins fyrirskipað af guði. Lögmál guðs í náttúrunni og lífinu getur ekki verið andstætt boðum hans í trúarbrögðunum. Fyrir því hlýtur, EINMITT FRÁ KRISTILEGU SJÓNARMIÐI, öll áreiðanleg vísindaleg rannsókn þessara laga — auðvitað ekki allar fræðikenningar og ágizkunarkenningar — að stuðla að því, að skýra boð guðs í trúarbrögðunum, og gera oss létt að lifa eftir þeim.

Er vér nú leggjum hin sömu frumatriði kristindómsins, sannleiksástina og kærleikann til guðs og manna, sem mælikvarða á kristnina eftir árangri rannsóknarfrelsisins, munum vér sjá, að þar álykt anir, er vér fyrirfram gerum oss um hið stóra og góða mikilvægi hinna frjálsu vísinda í trúarsteinunni, staðfesta sig.

Vér munum sjá, að kraftur sann leiksandans fer stöðugt vaxandi fyrir því, að persónulegur réttur mannsins, já skyldan til að losna við efann fyrir dómstóli samvizkunnar, fyrir guðs augliti jafnan fær viðurkenningu og staðfestingu allstaðar út um löndin, eftir því sem tímar líða fram. Trúarfrelsi, játningafrelsi, málfrelsi og prentfrelsi fer ávalt vaxandi.

Hugmyndirnar um guð verða stöðugt háleitari og hreinni, því betur sem hinum skelfilega sorta vantrúarinnar bregður af hinu andlega lofti, svo kærleiki barnanna nær að koma í stað þrældómsótta og hryllingar.

Bæði fer mannkærleiki og miskunnsemi vaxandi í styrkleik til framkvæmda og sjóndeildarhringurinn stækkar, svo hann nær ekki að eins til þeirra, sem sömu skoðunar eru, heldur og smátt og smátt til allra hinna bannfærðu og kvöldu, sem búið var að kasta í helvíti.

Ég vil nú leitast við, að sýna í stuttu máli aðalganginn í því, hvernig þetta hafi orðið:

Hin fyrstu áhrif vaxandi frjálsrar hugsunar og uppreist hennar gegn þeim sannleika, sem valdboðarnir höfðu ákveðið, er að þakka siðbótinni.

Siðbótin er hin sterka andlega byltíng, er ryður sér braut á 12. öld eftir Krists burð.

Tólfta öldin er ný tímamót í andlegu lífi Norðurálfunnar. Þá gengu tveir endurlífnunarstraumar yfir Vesturlönd. Kvikmáði annar við það, að menn tóku að iðka nám latneskra gullaldar-rithöfunda. Náði það þó mestum þroska og útbreiðslu, er menn lærðu gríska tungu og kyntust heimspeki Platós af flóttamönnum undan Tyrkjum árið 1453. Annar mikill menningarstraumur kom frá skólum Máranna á Spáni í Sevilla og Cordóva, er ruddist yfir kristin löndu Norðurálfunnar. Afleiðingar þessara ólíku áhrifa var veikur efunarandi um sannindi þau, er klerkar og kirkja höfðu haldið að mönnum. Einkum lenti hann í sennu við hina voðalegu auðtrygni á alls konar fjölkyngi og kraftaverk. Samtímis þessu reis upp veik hugðarhvöt til algerðrar veraldlegrar vísindaiðkunar, er dró hugann frá guðfræðinni, sem alt hafði gleypt í sig. Af þessu leiddi það, að nú fer fyrst að votta fyrir því, að hatur og fyrirlitning fyrir mönnum annarar trúar tekur að hverfa. Þrátt fyrir það, að kirkjan hafði ofsótt villutrúarmenn með báli og brandi, skaut villutrúnni þó upp víðsvegar með meiri og meiri krafti. Abelard gerðist talsmaður óhlutdrægni í hugsunarhætti. Auðvitað varð hann fyrir áfellisdómi. En áhrifin af ritverkum hans urðu ekki niðurbæld. Og sama árið, sem Abelard dó, fæddist Averroes í Cordóva. Og um næstu aldir sáust merki þessa máriska anda í bókmentum kristninnar.

Öll þessi áhrif á andlega lífið samantekin höfðu það í för með sér, að efasýkin um gömul trúarsannindi kirkjunnar magnaðist. — En samfara hverjum efa, hverri rannsókn, reis kirkjan upp með sínar dauðasyndir. Brennur rannsóknarréttarins fengu ekki aftrað þessu. Sálarástandið var kvalafult. Hinn hreinlyndi maður átti valið milli efa og örvæntingar. Og má af því skilja, að frumhugsun siðbótarinnar — réttur hinna einstöku til að svara guði og samvizku sinni — hlaut að færa sálunum óumræðilega blessunarríkan frelsiskraft. Fyrir því hlaut það skýjarof, sem í fyrstu sýndist að eins gagnrof hjá einstöku mikilmennum, siðbótamönnunum, að kveikja þann eld, sem það gerði, svo öll siðment Norðurálfa stóð í ljósum loga.

Hefði ekki hinn andlegi jarðvegur verið ruddur á þann hátt, sem hér hefir verið drepið á, með þessari rannsakandi og leitandi andlegu hreyfingu, hefði verk Lúters og Kalvíns verið niðurbælt með sömu voldugu hendi sem Albigensanna og annara.

Frumhugtak sjálfrar siðbótarinnar var svo stórvægilegt og olli ofmiklum byltingum í hinum andlega heimi til þess, að það yrði skilið og tíminn gæti fylgst með í því, og það ekki einu sinni sjálfir siðbótamennirnir. Brátt kröfðust siðbótamenn, hver um sig, að hafa sinn skilning, og í ýmsum löndum var þeim sið haldið, að láta veraldlegt vald hegna villutrúarmönnum. Já, um tíma leit ekki út fyrir annað, en að ofsóknirnar færu fram með sömu grimd og áður. En hugtakið hafði þó latnað kúgunarandann, og samvizkufrelsið og andafrelsið varð sigursæla. SANNLEIKS ANDINN KOMST Í HÁSÆTIÐ. Og með því var grundvöllurinn lagður að æðri og göfugri framþróun í trúar, siðgæða og menningar áttina.

Áhrif siðbótarinnar komu einnig í ljós utan þeirra landa, er hún komst á í. Menn fóru sjálfir að hugsa, og losa sig undan katólsku kirkjunni, svo að haftið á samvizku og andafrelsi losnar og sann leiksandinn fær að ráða. Þessi andlega hreyfing ryður sér til rúms í löndunum, og nær sér niðri í löggjöf þjóðanna.

Einhver undarlegur bleyðiskapur og tímavilla finst mér það vera að kalla ókristna menn "frihyggjumenn".

Ég skal nú fyrst leitast við að benda á, hvernig vísindaleg rannsókn með fullu hugsunarfrelsi, sem smátt og smátt vex fram af anda og samvizkufrelsinu, hefir hjálpað kristninni til að skilja viðtæki boðorðs Jesú um mannkærleikann til náungans, og til þess að lifa betur samkvæmt því.

Það gat ekki hjá því farið, að sigur siðbótarinnar hefði kröftug áhrif á mentunarstefnuna. Það leið heldur ekki á löngu, áður vísindalegt viðfangsefni kæmi í ljós, er að viðtæki og tegund var fullkomlega nýstárlegt í mannkynssögunni. Árangurinn kemur smámsaman í ljós með því, að lög og kraftar náttúrunnar finnast, sem að vísu ollir skelfingar og mótmæla, en brátt umskapar bæði hugsunarháttinn, og lífnaðarháttinn í Norðurálfunni. Áhrifin sjást á því, að trúfræðisandinn rénar, ásamt trúarofstæki og ofsóknum, sem voru hans fylgifiskar, — og því, að þverskallast við boði Jesú: "Dæmið ekki". Og með þessum anda eru þá úr sögunni tvær stærstu glæpir kristninnar: trúarbragða-styrjaldir og trúarofsókn ir. Eftir árið 1648 er trúarbragðastyrjöld óhugsanleg. Eftir barattu Voltaires fyrir umburðarlyndinu eru opinberar blóðugar trúarofsóknir óhugsanlegar.

Eftir því, sem þekking á lögum og öflum náttúrunnar fer í vöxt, hverfur meir og meir trúin á, að hið yfirnáttúrlega breyti rás viðburðanna, og þá um leið óttinn fyrir djöflinum og verkfærum hans — galdra og töframönnum.

Ekki þarf að eyða orðum að því að sanna, þvílík framfór var í því í áttina til bróðurkærleikans, að galdramálin hurfu úr sögunni með sínum svívirðingum.

Hlægileg má oss finnast öll þessi mótspyrna eldri tíma gegn vísindalegum uppgötvunum, t. d., að jörðin gandi kring um sólina. Og ekkert vit finst oss í, hvað trúræknir menn eru hræddir við þær. Á hinn bógnn gera menn sér í hugarlund, að seinni alda vísindi séu á alt annan, og enn skaðlegri hátt, fjandsamleg kristindómnum. Fyrir því vil ég gera mér far um að komast að hinu sanna í þessu efni.

Eftir því, sem ég kemst næst, þarf að fara til 17. aldarinnar til að finna þessa hættulegri stefnu fyrir kristindómnum. Á þeim tímum var það, að óhlutdrægur, sterkur og sigursæll rannsóknarandi ruddi sér braut, einkum á Englandi. Hann skapaði "ákefðarríkan kærleika til sannleikans, sem ýtti á stað fullkominni umbyltingu í öllum fræðigreinum. Frá þeim áhrifum hefir hin mikla gagnrýna hreyfing upptök sín, sem hefir endurfætt alla sögu, öll vísindi og alla guðfræði ... ... og breytt viðtæki og einkennum samhygðar vorrar". (W.E.H. Lecky).

(MEIRA).

DOBSON and JACKSON

Byggingamenn

Sýnið oss uppdrætti yðar og áætlanir og fáið verðáætlanir vorar.

370 Colony Street
Winnipeg

Jónas Pálsson
PIANO KENNARI
729 Sherbrooke St. Winnipeg.

The Duff & Flett Co.
PLUMBERS, GAS AND STEAM FITTERS
Alt verk vel vandað, og verðið rétt
773 Portage Ave. og 662 Notre Dame Ave.
Phone 4644 Winnipeg Phone 3815

Giftingaleyfisbrjef
selur Kr. Ásg. Benediktsson,
477 Beverley St. Winnipeg.

SPONNÝTT HÓTEL
ALGERLEGA NÝTÍZKU
Hotel Majestic
John McDonald,
eigandi.
James St. West, Rétt vestan við Main St.
Winnipeg Telefón 4979
$1.50 á dag og þar yfir
Bandaríkja-snið
Alt sem hér er um hönd haft er af beztu tegund. Reynið oss.

ATLAS LUMBER CO.
Backoo, North Dakota

Hvergi er betra að kaupa bygginga efni, en hjá okkur. Því vér höfum stórt upplag á reiðum höndum af öllum þeim vörum. Okkur er sérlega annt um að ná sem mestu af viðskiftum ÍSLENDINGA, svo að þegar þér (Ísl.) þurfið að byggja eitlhvað, þá óskum vér eftir að fá tækifæri til að selja yður EFNIÐ. Vér reynum til að gera sem bezt við alla, — hvort sem reikningurinn er lítill eða stór.

April 30—8 S. GUDMUNDSON, ráðsmaður.

UMLÍÐUN MEÐ BORGUN.
Allskonar Fatnadur

Menn og Konur! Því skyldud þér ekki klæðast vel, þegar þér getið keypt fínustu föt, hvort heldur eftir máli eða með verksmiðju-gerð, — með vægum viku eða mánaðar afborgunum.

Allir vorir klæða dúkar eru af fínustu tegund, og fötin með nýjasta New York sniði. Vér höfum kvenfatnaði, skyrtur og treyjur. Einnig karlm. fatnaði, treyjur og buxur, með vægum afborgunarskilmálum. Vér seljum ódýrar en aðrir gera fyrir peninga. Karla fatnaðir frá $9.00 og yfir. Kvenmanna fatnaðir og treyjur frá $12.00. og þar yfir.

Komið! skoðið vörurnar og sannfærist!!

EMPIRE CREDIT CO'Y
Sal 13 í Traders Bankanum, — 433 MAIN STREET
2-8-8

WINNIPEG

Íslenzki Conservative Klúbburinn hélt sinn síðasta fund á vetrinum á mánudagskveldið var, í samkomusal Únitara. Fundurinn var vel sóttur og hinn skemtilegasti. Ræður héldu þeir Sigfús Anderson, forseti klúbbsins, B. L. Baldwinson og Paul Reykdal, frá Oak Point. J. B. Skaptason útbýtti verðlaunum fyrir "Pedro" spila menskuna og talaði við það tækifæri um, hve mikla skemtun klúbburinn hefði veitt sér og öllum mæðinum á þessum vetri. Verðlaunin hlutu C. Johnson 1., Vésteinn Benson 2 og Þorsteinn Goodman 3. Eftir að aðalfundarstörfinu var lokið, skemtu menn sér við tafl og spil til miðnættis.

Herra Friðrik Swanson, málari, er nýkominn úr ferð um Nýja Ísland, þar sem hann sýndi íslenzkar og aðrar myndir á 6 stöðum. Aðsókn að þessum samkomum var góð, og svo líkaði fólki sýning þessi vel, að margir kváðu það vera hina ánægjulegustu samkomu, sem þeir hefðu sótt þar í nýlendunni. Herra Swanson seldi og tvær af sínum ágætu olíumyndum í þessari ferð, og fékk pantanir fyrir fleirum. — Þeir félagar Swanson og Johnson sýna þessar myndir í neðri Goodtemplara salnum næsta mánudagskveld (13. þ. m.) kl. 8. Þar ætti að verða húsfyllir áhorfenda.

J. G. Snydal, tannlæknir, verður í Selkirk bæ miðvikudag og fimtudag í næstu viku, 15. og 16. þ.m. Þeir, sem þurfa tannlækninga við, finni hann þar.

Herra Stefán Magnússon prentnar, sem kom hingað frá Kaupmannahöfn í fyrra, fer héðan alfarinn til Íslands í þessum mánuði og býst við að setjast að í Reykjavík og stunda þar handiðn sína fyrst um sinn.

Herra Björn Halldórsson, sem um undanfarinn tíma hefir dvalið í Norður Dakota, kom til bæjarins um síðustu helgi, og verður hér um tíma, en fer svo suður aftur.

Herra Friðrik Svarfdal, sem um mörg ár hefir búið hér í bænum, flytur í dag með fjölskyldu sína á heimilisréttarland sitt að Sleipnir P.O., Sask.

Sérstaklega gott prógram hjá G.T. stúkunni Skuld í kveld (miðvikudag).

Blaðið "Free Press" hér í borginni hefir eins og kunnugt er flutt vikulega fréttir frá Íslandi, frá því í haust og fram að marzbyrjun. Þá hættu fréttirnar að koma, og lítur út fyrir, að Björn Pálsson, sá er fréttir þessar skrifaði, hafi þá gefist upp við það prekvirki. — Nú hefir A. J. Johnson tekið að sér, að sjá um, að Íslandsfréttirnar haldi áfram að koma í "Free Press", og vonum vér, að á því verði betra framhald en svo, að fréttirnar verði látnar hætta eftir fáa mánuði. Slíkt er ekki vanvirðulaust fyrir íslenzka þjóðflokkinn hér í borginni.

Lúðraflokkurinn íslenzki, sem stofnaður var í haust hér í borginni, hefir nýlega yfirlitið starf sitt og ástand, og kom þá í ljós, að flokkurinn hefir keypt hljóðfæri fyrir nærri 600 dollara, og er búinn að borga þá upphæð. Meðlimir eru 28. Stjórnin var endurkosin: A. J. Johnson forseti, P. S. Pálsson gjaldkeri, B. Björnsson skrifari, H. Methúsalemsson umsjónarmaður hljóðfæra og annara eigna félagsins. Kennari er S. K. Hall. Starf sitt ætlar félagið að byrja snemma sumars. Nafn þess verður framvegis "West Winnipeg Band".

Leikfélagið HARPA ætlar að leika "East Lynn" í síðustu viku þessa mánaðar. Leikur þessi er bráinn til úr sögu, og hefir oft verið leikinn hér og þykir ágætur. — Nánara leiknum viðvíkjandi verður auglýst síðar.

Næsti fundur Menningarfélagsins verður haldinn í Únitara kirkjunni næsta þriðjudagskveld, þ. 14. þ.m. kl. 8. — Þar flytur Kristján Stefánsson erindi um efni, er hann hefir ekki látið uppskátt. Allir velkomnir þeim að kostnaðarlausu.

Herra James Goodman, frá Holland, var hér á ferð um síðustu helgi. Hann fór heimleiðis aftur í fyrradag.

Dr. Móritz Halldórsson, frá Park River, var hér á ferð í bænum í fyrri viku. Hann hyggur á Íslandsferð í maí næstk., að finna móður sína og aðra ættingja á ættjörðinni.

MYNDA SÝNING

Yfir 100 Íslandsmyndir og 70 aðrar myndir af merkum stöðum viðsvegar um heim, sýna þeir Fr. Svensson og A. J. Johnson í neðri Goodtemplarasalnum

næsta mánudagskveld

(13. þ. m.). Byrjar kl. 8. Inngangur 25c fyrir fullorðna, 15c fyrir börn.

KOMID OG SJÁID SÍÐUSTU MYNDASÝNINGUNA Á ÞESSVETRI!

Herra Sveinn Brynjólfsson, sem verið hafir með fjölskyldu sína í Vancouver í vetur, kom þaðan með hana að vestan um síðustu helgi, og ætlar að búa hér í sumar. Hann varðist allra fregna að vestan annara en þeirra, að mikið sé nú um byggingavinnu í Vancouver, og atvinnuhorfur þar á komandi sumri séu góðar.

"Markland Brass Band" ætlar að halda skemtisamkomu þann 14. þ.m. á Markland Hall. Gott prógram og dans. Byrjar kl. 8 e. m. Inngangur kostar 25 cents fyrir fullorðna, börn (frá 8 til 15 ára) 10 cents. — Lúðraflokkur þessi óskar að bygðarbúar fjölmenni sem mest á þessa samkomu, — hún verður öllum til uppbyggingar og ánægju.

Miss Kristveig M. Jónsson, að Hnausa P.O., Man., óskar að fá að láni eða keypta söguna 'Pólskt blóð'. Hver sá, er söguna kann að eiga og vildi verða við ósk Miss Jónsson, geri svo vel, að tilkynna henni það.

C. N. járnbrautarfél. hefir nýlega borgað bænum 35 þús. dollara áfallinna skatta. En bærinn biður um 15 þús. í viðbót og fer það að líkindum bráðlega.

Aðfaranótt 1. april og framanaf deginum var hér kafaldsbylur með hörku frosti, en stytti upp fyrir hádegi, og linaði frostið síðdegis.

Svo er tæringarsýki sögð mögn í mjólkurkúm í Winnipeg og grendinni, að 8 af hverjum 9 kúm, sem slátrað hefir verið, hafa verið sýktar. Mælt er, að bæjarstjórnin hafi í hyggju, að láta rannsaka allar kýr, sem mjólkursalar þeir eiga er selja mjólk hér í borginni.

Yfirmenn Great Northern járnbrautarfélagsins láta þess getið, að ekki muni verða mikið gert að byggingu járnbrautarstöðva félagsins hér í borginni á þessu ári, og alls óvíst, hvenær félagið tekur til starfa hér. Fjárskorti félagsins er kent um þetta.

Pólendingur nokkur var í síðustu viku tekinn fastur fyrir að hafa á sér marga $100 seðla, sem hann var að reyna að víxla fyrir vörur keyptar í búðum hér. Í fyrstu kvaðst hann hafa fengið seðlana fyrir vinnu sína, en síðar komst upp, að hann hafði komist yfir þá á annan hátt.

ÍSLANDS FRÉTTIR.

Í Reykjavík hafa margar ungar stúlkur stofnað félag með sér, sem heitir "Ungmennafélagið Iðunn". Það ætlar sér að starfa í sömu átt og "Ungmennafélag Reykjavíkur", sem stofnað var í fyrra vetur "til að vinna fyrir Ísland. — Glimur sýndi félagið "Ármann" um miðjan marz í Reykjavík. Glímdu þar 36 manns, þar af 12 unglingar. Þótti ágæt skemtun. — Um Skaitafellssýslu sækja lögfræðingarnir Bjarni Jónsson, settur sýslumaður á Seyðisfirði, Halldór Júlíusson frá Klörhbrum, bæjarfógeta fulltrúi í Reykjavík, Karl Einarsson og Sigurður Eggerz, aðstoðarmenn í stjórnarráðinu. — Íslenzkt smjör hefir verið selt nýlega fyrir 1 kr. 10 au. pd., að frádregnum kostnaði í Leith á Skotlandi. — Húsbruni varð á Seyðisfirði. Þar brann íbúðarhús N. Nielsens kaupmanns, með öllum innanstokks munum. Vátrygt fyrir 4,500 kr. — Bátur fórst á Miðnesi með 8 mönnum. Veður var hvast á suðaustan. — Afli ágætur við Faxaflóa, en gæftir ekki góðar. Ein fiskiskúta, sem inn kom, hafði fiskað mjög vel. — Leiðsögumaður á "Fálkanum", danska varðskipinu, er nú Þorsteinn J. Sveinsson, skipstjóri, í stað Matth. Þórðarsonar, sem leigt hefir sig til danska fiskiveiðafélags ins. — Guðjón Sigurðsson, úrsmiður í Reykjavík, hefir gefið 200 kr. til utanfarar íslenzku glímumannanna til Lundúna, og Þórhalli Bjarnason prentari á Akureyri 100 kr. Mundarlega gert. — Bergers gufuskipafélagið í Höfn byrjar í maímánuði Íslandsferðir með fjórum skipum. — Tveir vélabátar frá Vestmannaeyjum slitnuðu aftan úr botnvörpungum, er voru að flytja þá til lands í ofviðri, og týndust, hafa sokkið. Bátarnir voru mannlausir, því skipshafnirnar voru um borð í botnvörpungunum. Skaðinn er metinn 12,000 kr. Bátarnir voru að nokkru vátrygðir. — Bókarinn við Landsbankann Ó. F. Davíðsson, hefir sagt af sér þeim starfa og ætlar að verða verzlunarstjóri á Ísafirði. — Einnig hefir Pétur Pétursson, bæjargjaldkeri Rvíkur (faðir dr. H. Péturssonar) sagt af sér því starfi. Hann er farinn að eldast og heilsa hans að bila. — Berklaveikishælið á að reisa á Vífilsstöðum, elsta bæ í Garðahreppi. — Í Vestmannaeyjum byrjaði vetrarvertíðin þannig, að mótorbátarnir fiskuðu á dag, í einum róðri (framan af vertíð er að eins einróið, en þegar birta fer nóttina er 2 og 3 róið á hverjum sólarhring) frá 8 til 12 hundruð á skip, mestpart af þorski. Á hverjum mótorbát eru 4 til 5 manns, og báturinn sjálfur fær helming af öllum afla, sem á skip kemur. Hefir því hver maður fengið í hlut sinn frá 90 til 120 fiska, og sá afli mundi vera frá 40 til 60 króna virði að frádregnum kostnaði. — Dálagleg verkalaun fyrir daguna þá!

Eyjólfur Einarsson

Eyjólfur Einarsson var fæddur að Krossi í Mjóafirði 3. sept. 1843. Ólst upp hjá foreldrum sínum í fátækt og var þeirra stoð. Hann var í vinnumensku nokkur ár, tók svo jörð til leigu, Skóga í Mjóafirði, til þess að sjá fyrir heilsulausri móðir og systkinum sínum.

Sumarið 1881 giftist hann Þóronnu Sigríði Björnsdóttir, og bjuggu þau saman í þrjú ár á Íslandi, og fluttu svo árið 1884 til Ameríku, og settust að í Nýja Íslandi. Eftir eins árs dvöl í Fljótsbygð hinni neðri, náinn þau land að Eyjólfsstöðum í Geysir bygð, og njó Eyjólfur heitinn þar til dauðadags.

Þau eignuðust 10 börn. Af þeim lifa 5: Björn, Sveinbjörg, Sveinn, Ingibjörg (Mrs. Furney), Halldóra, Guðlaug, Sigurður, Valgerður Pállaug.

Eyjólfur sál. dó 8. marz 1908, eftir þriggja daga legu í lungnabólgu.

Jarðarför hans fór fram frá heimili hans laugardaginn 21. marz, og var þar fjöldi fólks samankominn, enda báru vist allir hlýjan hug til hans, sem þektu hann.

Eyjólfur heitinn var einn af þessum einlægleg góðu mönnum, sem er svo mikil unun að hitta á lífsleiðinni. Þeir, sem voru honum samtíða, segjast aldrei hafa þekt betri mann í sambúð en hann. Hann kærði sneinma að vera lítilátur og lipur í allri umgengni, og sinu hreina hjartalagi hélt hann óspiltu til dauðadags. Eljumaður var hann hinn mesti og kom upp stórum hóp af börnum með sóma. Í viðskiptalífinu var hann frábærlega vandaður, við vini sína hreinskilinn og tryggur, og heimili sínu hin sannasta stoð. R. M.

Hangikjöt

Ef yður vantar gott hangikjöt til páskanna, þá munið eftir, að panta það hjá Eggertson & Hinrickson.

Eins og kunnugt er reynist sú vörutegund betri, ef hún kemur frá þeim, en frá nokkrum öðrum í borginni.

Gleymið ekki, að fá yður gott hangikjöt fyrir páskana, — og fá það hjá oss.

Eggertson & Hinrickson
Cor. Victor og Wellington St.
Telefón: 3827.

DR. A. EKERN
Sérfræðingur í Augna-, Nef-, Eyrna- og Holdssjúkdómum.
Grand Forks, N. Dak.

Matur er mannsins megin.

Ég sel fæði og húsnæði, "Meal Tickets", og "Furnished Rooms". Öll þægindi eru í húsinu.
SWAIN SWAINSSON,
438 Agnes st.

"The Park," Brandon, 30 MARCH 1908

¶ Þann 1. Apríl verður verðið á öllum óseldum lóðum í "The Park", landeigninni hækkað um 15 prócent. Það er þegar byrjað að byggja; 1 tvílyft hús 5 herbergja hús verður fullgert 15. Apríl, og ýmsir Brandon búar sem keypt hafa síðan 1 Janúar, þegar salan byrjaði, ætla að byggja í vor og í sumar. Þeir sem þekkja eignirnar, hafa keypt frá tíu um til sex lóðir hver.

1. **Munið,** að þetta er land sem verið er að byggja á, og það eykur verð þess. Margir Ruthenians í Brandon, sem ekki gáta keypt fyrr en þeir fá vinnu í Apríl, eru að bíða eftir að geta borgað fyrstu afborgunina í lóðum hér. Mörg hús verða bygð á þessu og næsta ári, þessvegna er áreiðanlegt að landið hækkar í verði.

2. **Munið,** einnig, að þessar lóðir hafa aldrei fyrr verið til sölu. Þær voru heimilis landeign mín í sl. 2 ár. Margir Ruthenians í Brandon hafa viljað eignast lóðir í "PARKINU", en gátu ekki fengið þær.

Tilboð til þeirra sem búa utan Brandon.
Gildir til 15. apríl, 1908.

Ég skal selja með lægra verði en ég gerði fyrir 1. Apríl, öllum þeim, sem klippa úr bl. þessa auglýsingu, og senda mér hana strax. Þetta boð gildir til 15. Apríl. Ef þér getið ekki sent augl., þá tiltakið dagsetning blaðsins sem þér lásuð hana í. BIÐIÐ EKKI. Þeir sem fyrst skrifa fá bezta úrval. Segið öllum vinum yðar frá þessu ágæta tilboði.

3. **Munið,** að lóðir sem þér kaupið með lægra verðinu, hækka 15 prócent í verði í Apríl; og þegar bygt verður hækka þær meira. Lóðir $75.00 til $120.00 hver lóð til 15. april, 1908. Eftir 15. Apríl, frá $100.00 til $175.00 hver lóð.

Skrifið í fyrsta bréfi hvað margar lóðir þér viljið fá; hvað mikið þér getið borgað niður og hvað langan borgunartíma þér viljið fá.

Ef þér sendið niðurborgun í fyrsta bréfi sem þér skrifið mér, þá velur Mr. Ferley, og ég sjálfur, lóðir fyrir yður tafarlaust. Ég útfylli öll lagasskjöl fyrir yður ókeypis. "Torrens Title."

Utanbæjar fólki sendi ég 2 kaupsamninga skjöl, svo að þeir geti undirritað annað og sent, og haldið afskrift sjálfir.

(¶ Ég hefi bygginga lóðir í Suður- og Vesturhluta Brandon bæjar fyrir $150.00 til $200.00 hver lóð.)

JOHN WADGE, 10 NINTH STREET BRANDON, - MAN.

Boyd's Brauð

Hreinlætis- og heilbrygðisreglum þeim, sem fylgt er við tilbúning Boyd's brauða, er alstaðar viðurkent að vera óaðfinnanlegar. Nýtízku ofnar gera Boyd's brauð þau beztu hér í bæ. Fónið eða náið í keyrslumenn vora.

Boyd's

Bakery Cor. Spence & Portage Ave
Phone 1030.

HANNESSON & WHITE
LÖGFRÆDINGAR
Room: 12 Bank of Hamilton
Telefón: 4715

J. G. Snydal, L. D. S.
ÍSL. TANNLÆKNIR
COR. MAIN & BANNATYNE
DUFFIN BLOCK PHONE 5302

G. M. Bjarnason
Málar, leggur pappír og gerir "Kalsomining. Oskar við skifta Islendinga.
672 AGNES ST. TELEFÓN 6954

ARNI ANDERSON Íslenzkur lögmaður
Í félagi með
Hudson, Howell, Ormond & Marlatt
Barristers, Solicitors, etc.
Winnipeg, Man.
13-18 Merchants Bank Bldg. Phone 3621, 3622

C. INGALDSON
Gerir við úr, klukkur og alt gullstáss. Úr klukkur hringir og allskonar gullvara til sölu. Alt verk fljótt og vel gert.
147 ISABEL ST.
Fáeinar dyr norður frá William Ave.

FÓLK.
Komið og talið við oss ef þér hafið í hyggju að kaupa hús. Vér höfum þau hús sem þér óskið eftir, með allra beztu skil málum. Finnið oss viðvíkjandi peningaláni, eldsábyrgð og fleiru.
TH. ODDSON & CO.
56 Tribune Blk.
Telefón 2312.
Eftirmenn Oddson, Hansson and Vopni.

BILDFELL & PAULSON
Union Bank 5th Floor, No. 520
selja hús og lóðir og annast þar að lútandi störf; útvegar peningalán o. fl.
Tel.: 2685

BONNAR, HARTLEY & MANAHAN
Lögfræðingar og Landskjala Semjarar
Suite 7, Nanton Block, Winnipeg

Hver þvær og Hreinsar Fötin ydar?
Hvervegna að fara í Kína-kompurnar þegar þér eigið kost á að fá verkið gert heim, og alt eins ódýrt, í bezta og heilnæmasta þvottastofnun, þar sem aðeins hvítt vinnufólk er haft og öll hreinustu efni notuð. Vér óskum viðskifta ydar.
The North-West Laundry Comp'y Ltd.
Hreinsarar og Litarar
COR. MAIN & YORK FÓN 5178

Viðvíkjandi Hafið tal af

Sjúkdómum Sérfræðingum vorum
Royal Optical Co.
327 Portage Ave.
Rétt á móti Eaton's búðinni. Winnipeg.
12-9-8

HEIMSKRINGLU og TVÆR skemtilegar sögur fá nýir kaupendur fyrir að eins $2.00.

SELT er landið, sem vér auglýstum hér í síðasta bl., og hrepti sá vel, er keypti. En hér er annað land á boðstólum, — 160 ekrur, skamt frá bænum, 40 e. brotnar, fyrirtaksgóðar byggingar í bezta standi. Verð að eins $1500. Niðurborgun $500. Afgangur á 5 ára fresti. Sleppið ekki af þESSU.

Skuli Hansson & Co.
Skrifs. Telefón 6626. Heimilis Telefón 2274

Heimskringla.

SELT er landið, sem vér auglýstum hér í síðasta bl., og hrepti sá vel, er keypti. En hér er annað land á boðstólum, — 160 ekrur, skamt frá bænum, 40 e. brotnar, fyrirtaksgóðar byggingar í bezta standi. Verð að eins $1500. Niðurborgun $500. Afgangur á 5 ára fresti. Sleppið ekki af þESSU.

Skuli Hansson & Co.
56 Tribune Building

XXII. ÁR. WINNIPEG, MANITOBA, FIMTUDAGINN, 16 APRÍL, 1908 Nr. 29

Wall Plaster

Brúkið ævinlega Veggjím það, sem svo vel er tilbúið af

The Manitoba Gypsum Co.
LIMITED

Biðjið timbur eða járnvöru sala yðar um:—

"EMPIRE" Wood Fiber Plaster
"EMPIRE" Cement Wall Plaster
"GOLD DUST" FINISH
"GILT EDGE" Plaster Paris
"EMPIRE" FINISH
"EVER READY" Plaster
"EMPIRE" Asbestos Hard Wall Plaster.

Sérfræðingur vor sýnir yður hvernig nota skal hinar ýmsu tegundir.

SKRIFSTOFUR OG MILLUR
Winnipeg -- Man.

Fregnsafn

Markverðustu viðburðir hvaðanæfa.

— Mannflutningafélag í Japan hefir tekið að sér að flytja mörg þúsund Japana til Perú og Brazilíu í Suður-Ameríku, svo þeir þurfi ekki að vekja óvinsældir með flutningi til Canada eða Bandaríkjanna. Þúsund Japanar eru þegar á leið til Brasilíu, 500 til Perú og 3,000 til Chili.

— Bandaríkjablöðum kemur sam an um, að næstu forsetaefnin þar muni verða þeir Bryan og Taft, um aðra sé ekki að ræða, er nokkuð alment fylgi fengju hjá þjóðinni. Þeir Hughes og Johnson hafa þegar auglýst, að þeir sæki ekki um embættið.

— Prússar hafa tekið 162 milión dollara lán. Innlendir auðmenn hafa lánað fé og lofað að lána nðrar 50 miliónir, ef þörf gerist. Fregnin getur ekki um, hvað stjórnin ætli að gera með fé, en trúlegt er, að mest af því sé ætlað til hernaðarþarfa.

— Rússneskur herforingi að nafni Tchemerzine, hefir uppgötvað málm sem nota má til að búa til úr brynjur eða hernaðarverjur, sem byssu eða riffilkúlur hafa engin áhrif á. Brynjur þessar eru oinar úr finum vir gerðum úr þessum nýja málmblendings. Brynjan er í tvemur pörtum, brjóst og bakhlíf og er brúkuð milli fata. Hún er einn 25 partur úr millimetri á þykt og vegur 5 pd. Hún hefir verið reynd og gefist vel. — Talsvert af brynjum þessum var sent til Rússahersins í Manchuria, en þær komu of seint þangað til að verða að notum. Nú eru þær alment notaðar af lögregluliði Rússa og þykja mesta gersemi.

— Stjórnin í Roumaniu hefir skipað svo fyrir, að hver einasti Gyðingur þar í landi skuli tafarlaust gerður landrækur. Um 10 þúsundir Gyðinga hafa dvalið þar í landi mann fram af manni um margar kynslóðir. Engin ástæða er gefin fyrir þessu tiltæki, netna alment þjóðhatur á Gyðingum.

— Fyrir nokkrum dögum síðan yfirgáfu 32 japanskir hermenn í Tokio herdeild sína, af því þeim kall ekki við yfirmann sinn. Rannsókn var hafin í máli þeirra, og sannaðist þá, að umkvartanir manmanna voru á rökum bygðar.

— Herforingi einn á Englandi hefir nýlega ritað grein um nýja, öfluga fallbyssu, sem hann segir Breta hafa í fórum sinum, og sem með rafmagnsstraumi geti sent kúlu sinar frá London til Parisar, svo að Bretar þurfi ekki að heiman til að leggja höfuðborg Frakka í rústir. Ferð kúlunnar segir hann að sé 30 þús. fet á sekúndu. Hver kúla er 2 þús. punda þung. W. S. Simpson, skozkur maður, hefir tilbúið byssu þessa, og segist hæglega geta sent með henni nokkur þúsund kúlur á dag yfir til Frakklands.

— Sir Cambell Bannermann, sem verið hefir hætturlega veikur um langan tíma og er það enn, hefir sagt af sér forsætis ráðherra stöðunni. Herbert M. Asquith hefir verið kjörinn í hans stað og er nú stjórnarformaður Englands. Hann hefir að undanförnu verið fjármálaráðgjafi ríkisins.

— Þrir menn hafa nýlega látist í Swan Lake héraðinu í Manitoba af því að drekka zitrónu-safa. Og segja læknar enga aðra dauðaorsök geta fundið. Magar hinna látnu hafa verið sendir til Winnipeg til rannsóknar.

— Æðsti dómstóll Canada veldis hefir úrskurðað, að stjórnendur bankastofnana hér í landi séu persónulega ábyrgðarfullir fyrir skaða þeim, sem bankarnir kunni að líða fyrir vanskil viðskiftamanna sinna. Úrskurður þessi er bygður á máli, sem höfðað var móti stjórnendum Yarmouth bankans í Nova Scotia, fyrir það að bankinn tapaði nær hálfri milión dollara, er hann hafði lánað skógerðarmanni einum þar í bænum, sem varð gjaldþrota, en eignir hans námu ekki nema 10 þús. dollars, en hann skuldaði bankanum 496 þúsundir. Stjórnendur bankans hafa verið dæmdir til þess að borga hluthöfunum mismuninn. Trúlegt er, að stjórnendur annara banka, sem nýlega hafa orðið fyrir tjóni af líkum ástæðum, verði látnir sæta ábyrgð samkvæmt þessum úrskurði.

— Eldur kom upp í útjaðri Boston borgar á sunnudaginn var, og með því að vindhæð var mikil (frá 45 til 60 mílur á kl.stund), þá læsti eldurinn sig brátt í mörg hús í svo nefndum Chelsea bæ, og gereyddi meiri hluta verzlunarpartsins. Skaðinn er metinn minst 5 miliónir dollara.

— Mikil óánægja ríkir meðal Calgary búa út af því, að Meþódista prestur þar í bænum gaf nýlega í hjónaband stóran svertingja og kornunga en nautheimska hvita stúlku. Þykir band það ekki vænlegt til kynbóta.

— Bandaríkjastjórnin beið nýlega ósigur fyrir Emmu Goldman, leiðtoga Anarkista í Bandaríkjunum. Hún hafði verið á fyrirlestraferð hér í bænum, en á suðurleið aftur, var henni varnað að flytja inn í Bandaríkin. Tollþjónar stjórnarinnar kváðust hafa skipun Washington stjórnarinnar til þess að varna henni landgöngu í Bandaríkin. En hún var við öllu búin. Við rannsókn, sem haldin var í Emerson, sannaði hún, að faðir hennar var Bandaríkjaþegn, og það dugði Henni var leyft að halda áfram.

— Kona ein í Los Angeles, Cal., hefir sofið í meira en 2 mánuði samfleytt læknar hafa reynt alt sem þeir geta, að vekja konuna, en þeim hefir ennþá ekki tekist það og hafa litla von um að hún vakni framar. Fyrir kemur að kona þessi sefur svo laust, að hún virðist vita, hvað fer fram í kringum hana, og hreyfing augnalokanna virðist benda á, að hún sé þá að gera tilraun til að vakna.

— Konur á þingi Finna hafa þeg ar gefið þess vott, að þær séu færar um, að taka þátt í þjóðmálum. Þær hafa strax á þessu fyrsta þingi lagt nokkur lagafrumvörp fyrir þingið, sem öll benda í rétta átt. Eitt slíkra frumvarpa fer fram á, að konum sé veitt fullkomin réttindi í öllum greinum móts við karlmenn. Annað heimtar 17 ára giftingaraldur kvenna. Þriðja fer fram á, að þær hafi rétt til þess að taka embætti í þjónustu stjórnarinnar. Fjórða fjallar um mentamál. Fimta fjallar um munaðarleysingja hæli. Sjötta og sjönda heimtar framlenging járnbrauta í vissum héruðum landsins. Alt starf þeirra í þinginu bendir á, að þær séu jafnokar karla í meðferð stjórnmálanna. Í ræðum sínum berjast þær fyrir útbreiðslu kvenréttindamálsins, og svo er að sjá, að áhrifin af þessu komi fram í vaxandi áhuga kvenna í öðrum löndum til að fá jafnrétti við karla. — Í Ástraliu nota konur atkvæðisrétt sinn fult svo vel sem karlmenn. Af 212,872 konum, sem þar hafa atkvæðisrétt, var hann notaður af 175,046, þar sem að eins 221,611 karlar greiddu atkv. af 263,579, sem á lista voru. — Í Þýzkalandi hafa og konur nýlega fengið lagarétt til þess að mega sækja opinberar pólitiskar samkomur. Áður fyrri máttu þær það ekki.

— Þann 10. þ. m. voru leyfar Emanuel Swedenborgs fluttar úr grafhvelfingunni í svensku kirkjunni í Prince Square í Lundúnum á Englandi yfir til Svíaríkis, svo að þar megi framvegis hvílast heima á föðurlandi hans. Er þetta gert samkvæmt beiðni Svíastjórnar. Swedenborg var fæddur 1688. Faðir hans var prófessor í guðfræði. Swedenborg var og hámentaður maður, og varð sérstaklega frægur fyrir ýms rit, er hann samdi síðari hluta æfi sinnar.

— Gamli Carnegie hefir á ný gefið 5 miliónir dollara í viðbót við þær 10 miliónir, sem hann gaf í apr.l árið 1905, til þess að mynda sjóð til styrktar gömlum háskólakennurum. Og John Rockefeller hefir gefið aðrar 5 miliónir til að styrkja bibliufélag Bandaríkjanna.

— Á þessu herrans ári ætla Bandaríkin að verja rúmlega 100 miliónum dollara til þess að byggja herskip. Bretar verja 40 miliónum, Frakkar 18½, Þjóðverjar 30½, Japar 18 og Rússar 15 miliónum dollara. Ársútgjöldin í þessum ríkjum verða þannig yfir 220 miliónir dollara til herskipasmíða eingöngu.

— Mælt er, að Liberal flokkurinn — síðan foringjaskiftin urðu — hafi ákveðið, að breyta algerlega um stefnu og að draga til baka tafarlaust bæði mentamála frumvarpið og ellistyrks frumvarpið. Nöfn þeirra, sem eru í nýja ráðaneytinu, hafa verið auglýst. Hin nýja stjórn lætur þess getið, að hún ætli að leggja alla áherzlu á, viðhald frjálsrar verzlunar þar í landi, og undir því fyrirkomulagi getur ellistyrks frumvarpið ekki komið til greina að svo stöddu, sökum ónógra inntekta.

— Umræður í Washington þinginu á laugardaginn sýndu, að þeir menn eru til, sem enníþá telja ófrið milli Japana og Bandamanna óumflýjanlegan. Hobson, þingmaður frá Alabama, hélt fastlega fram þessari skoðun, og heimtaði því, að Bandaríkin legðu fram meira fé til herskipasmíða, heldur en áætlað er. Annars taldi hann víst, að Japar mundu verða yfirsterkari á Kyrrahafinu. Þingmenn frá Ohio og North Carolina ríkjunum andmæltu þessari skoðun og sögðu það vera stefnu Bandaríkjanna, að vinna að friði meðal þjóðanna.

— Innflytjendur til Canada koma um þessar mundir frá Evrópu í þúsundatali á hverri viku. Á mánudaginn var komu 2½ þús til Montreal, sem allir ætla til Vestur-Canada. Áætlað er, að innflutningur til Canada verði á þessu ári meiri en nokkru sinni áður.

— Þeir herrar Dobson og Jackson, byggingamenn í Winnipeg, hafa tekið að sér að leiða gas um Medecine Hat bæ. Gasið er þar í jörðu, og kostar framleiðsla þess þar, sem næst alls ekkert. Það er skoðun herra Dobsons, að þar verði mestur framleiðslubær í Vestur-Canada fyrir það, hve afl og eldsneyti er þar ódýrt.

— Veizla mikil var Gen. Booth haldin í London á Englandi á 79. afmælisdegi hans þann 10. þ. m. Booth var við góða heilsu. Hann hafði unnið allan daginn, en var þó svo hress, að hann hélt 1½ kl.stundar ræðu. Gerði hann þar yfirlit yfir æfistarf sitt. Hann sagði, að búið væri að ákveða, hver eftirmaður hans skyldi vera. Annars kvaðst hann ætla sér að lifa eins lengi eins og sér væri mögulegt, og væri því ekki þörf á, að geta eftirmanns sins að svo stöddu.

— Nitján Doukhobors í Port Arthur tóku sig til hér um daginn og gengu alls naktir um götur bæjarins. Þeir voru teknir og varpað í fangelsi. Nú ganga þeir daglega naktir í fangelsisgarðinum og nærast að eins á aldinum og hnetum. Ýmsir aðrir Doukhobors þar í bænum hafa reynt að ganga naktir um göturnar. En þeir eru jafnharðan teknir af lögreglunni.

ÍSLANDS FRÉTTIR.

Fyrirlestur um rússneska skáldið mikla og jafnaðarmannnn fiélt Jón Jónsson, sagnfræðingur, 25. febr. í Reykjavík. Fyrirlesturinn þótti mjög góður og verður bráðlega prentaður. —— Félag eitt í Reykjavík hefir keypt nýtt botnvörpuskip, sem heitir "Íslendingur". Kaupverðið var 75 þús. kr. Þetta er fimti íslenzki botnvörpungurinn. Botnvörpungarnir hafa fiskað mjög vel síðan á nýári. —— Af sambandslaga nefndinni hefir það frézt síðast, að Danir telja, að Ísland skuldi sér 5 miljónir og 300 þús. kr. Skuldin hafi verið að safnast síðan árið 1700, eða í 207 Vitanlega er þetta ósköp eyslu frá upphafi, en hvernig íslenzku nefndarmennirnir taka þessari kröfu, er ekki frétt enníþá. —— Tuttugu og eins árs gömul stúlka, að nafni María Jóhannsdóttir, ættuð frá Viðidalsá í Steingrímsfirði, hefir lesið upp í Reykjavík kafla úr skáldsögu eftir sjálfa sig, sem hún nefnir "Systurnar í Grænadal". Af sögunni er mjög vel látið af þeim, sem á hlýddu. —— Talað er mikið um, að seðlar Íslandsbanka hafi verið falsaðir, og kvað allmikið af þeim seðlum vera á gangi í Khöfn. Ef þetta er virkilegleiki, þá eru fullar líkur til, að seðlarnir hafi verið falsaðir í Khöfn, en ekki á Íslandi. —— Fröken Hólmfríður Gísladóttir hefir tekið að sér að reka Hússtjórnarskólann í Reykjavík fyrir eigin reikning. —— Nýlega druknaði vestur á Breiðafirði Kristján bóndi Snæbjörnsson í Haga á Barðaströnd, á heimleið úr Flatey. Hann var sonur Snæbjarnar hreppstjóra í Hergilsey. Öðrum skipverjum varð bjargað. —— Botnvörpunurinn enski "Gaul" sem sökti öðrum enskum félaga sínum fyrir skömmu, hefir nú nýlega strandað undir Hvaleyrarhöfða. Fyrir honum er ekki ein báran stök. —— Borgarstjóra embættið í Reykjavík er nú auglýst. Því fylgja 4,500 kr. laun og 1500 kr. í skrifstofukostnað. Reykjavíkur blöð þegja yfir því, hverjir sæki um þetta embætti, en heyrst hefir, að það væru þeir Kr. Ó. Þorgrímsson kaupmaður í Rvík, Knútur Júlíusson, mannvirkjafræðingur, Páll Einarsson sýslumaður í Hafnarfirði og Jón Laxdal verzlunarstjóri á Ísafirði. En sjálfsagt verða þeir miklu fleiri áður lýkur. —— Farið er að tala um það í Íslands blöðum, að konur fái að greiða atkvæði um aðflutningsbannsmálið á komandi hausti, þó eigi hafi þær þá kosningarrétt til alþingis. —— Ungfrú Laufey Vilhjálmsdóttir frá Rauðará, kenslukona við barnaskólann í Reykjavík, hefir komið á sparimerkja sölu við skólann. Á einu ári hafa skólabörnin lagt inn í Landsbankann, sem nemur 1130 krónum í tveggja aura frímerkjum (Góður vegur til að venja börn á sparsemi. —— Lausn frá embætti hefir séra Janus Jónsson í Holti í Önundarfirði fengið. —— Dáinn er Jón Ólafsson í Haukadal í Dýrafirði. —— "Ben Hur", sömu söguna sem "Sameiningin" er að flytja, er Guðmundur Gamalíelsson að gefa út í Reykjavík. —— 14. mars er skrifað frá Bessastöðum: "Tíðin hefir verið afbragðsgóð síðustu daga, landnyrðingsgola með litlu frosti". —— Vatnsveita á að koma í Reykjavík í sumar. Kostnaður áætlaður 420 þús. kr. Vatnið tekið úr svoneíndum "Gvendarbrunnum". Vatnsskattur áætlaður 3 kr. 50 au. af hverjum 1000 kr. af virðingarverði húsa um árið. —— Kappglímur háðu tveir Norðlendingar og tveir Sunnlendingar í Reykjavík. Sunnlendingarnir unnu. —— Íslandsbanki hefir ákveðið að auka hlutafé sitt upp í 5 miljónir kr. —— Gullið úr borunarholunum í Vatns mýrinni við Reykjavík hefir nýlega verið rannsakað suður í Berlín á þýzkalandi af Dr. Gruner, þýzkum málmfræðingi og efnafræðingi, og Guðm. Hliðdal íslenzka rafmagnsfræðingnum. Gullið reynd ist að vera, í þessu sýnishorni, þrisvar sinnum eins mikið og er í Afríku námunum, sem álitnir eru þó að borgi sig vel. —— Leikhús Reykjavíkur ætlar að fara að leika "Þjóðníðingarnir" eftir H. Ibsen. —— Sjónleikar, samsöngvar og fyrirlestrar eru sagðir á hverju kveldi í Reykjavík í vetur um langan tíma, stundum tvent sama kveldið.

NÝTT NÝTÍZKU

THE QUEENS

Vinsælasta og þægilegasta Gisti-hótel í Winnipeg

Bandaríkja-snið
Frí keyrsla.

MONTGOMERY BROS.,
EIGENDUR

BJART MIÐSTÖÐVA

Cleveland, Perfect, Massey, Rambler, BRANTFORD, IMPERIAL.

Betri hjól en þessi, eru ekki til. Þau eru gerð í Canadizku verkstæði fyrir Canada fólk, af Canadizkum verkmönnum. Vér höfum allla parta fyrir hjól þesssi, hvenær sem þau bila. Þetta er athugunarvert þegar þér ætlir að kaupa reiðhjól. Ef engin í bygð yðar starfar fyrir oss, þá skrifið oss eftir verðlista.

CANADA CYCLE & MOTOR COMPANY, LIMITED, WINNIPEG

Smákvæði.

Eftir Heine.

I.

Á hljómi hreimþýðra strengja,
hjartkæra, svif ég þig með
til grænkandi Ganges engja, —
þar gullfagran stað hef ég séð.

Þar bíða' okkar rauðblómgir
garðar,
sem blikandi máninn skin.
Hin laufskreyttu lótus blóm
varðar
hún litla systir þín.

Þar fjólurnar faðmast og skoða
þá fegurstu stjörnu' er þær sjá.
Og hvort öðru blíðlega boða
blómin, sín æfintýr smá.

Þar hoppar og hlustar svo nærri
in byggna skógargeit,
en mið ber af fljótinu fjærri,
sem fellur um alblómgan reit.

Þar skulum við skjótt setjast
niður,
er skýli' okkur pálmeikin bjó,
því unun, ást og friður
oss veita mun draumþýða ró.

II.

Líkt og hindin hljóp hún frá mér,
hoppar liðugt klett af klett.
Fyrir stormsins byrstu byljum
blaktir hárið langt og þétt.

Fram á sjávarhömrum háum
henni með svo fund, ég vel.
Mín við kærleiks-hótin hlýju
hennar klöknar sinnisþel.

Þar á bergi himinháu
helgri sátum við író.

Djúpt hið neðra dimmblátt hafið,
dýrleg sól í unnir fló.

Djúpt hið neðra dimmblátt hafið,
Dagnær frið í unnir seig.
Báran hver með yndis-unun
eftir hina reis og hneig.

Grát ei meyja, mærust sunna
milt og lagurt aftur skin.
Hún í mínar hjartans unnir
hneig, í öllum ljóma sín.

III.

Hið svása sumar dvelur
og sól á vöngum þín;
í hjarta þér hörkuvetur
þar hvergi geisli skín,

En það ætti að breytast,
elskaða vina mín,
svo vetur á vöngum dvelji,
en vorið í hjarta þín.

Sigtryggur Ágústsson

Hamingjuósk

til íslenzkra kvenna í Reykjavík í tilefni af réttarbót þeirri, er Reykvíkingar veittu þeim sl. haust, og sigursæld þeirra við síðustu bæjarstjórnarkosningar.

Í nafni hins Fyrsta íslenzka kvenfélags í Ameríku, og allra samræmanréttindavina, samfögnum vér yður af heilum hug, og óskum yður til hamingju með fengið frelsi og unninn sigur við síðustu kosningar.

Vér erum sannfærðar um, að heiðri íslenzkra kvenna er vel borgið í höndum fulltrúa yðar, og að þeim muni auðnast að sannfæra íslenzku þjóðina um, að þér hafið ekki einusinni átt skilið þær réttarbætur, er þér hafið þegar öðlast, og hafið þegar farið svo vel með, heldur beri yður og öllum íslenzkum konum jafnrétti við karlmenn í öllum greinum.

Megi það sem first verða eign allra íslenzkra kvenna, íslenzku þjóðinni til heilla og blessunar.

Þá mun FJALLKONAN gráta gleðitárum og blessa börnin sín, er synir hennar hafa goldið systrum sinum að fullu móðurarfinn.

Með systurlegri velvild til yðar.

Fyrir hönd hins fyrsta íslenzka kvenfrelsis kvenfélags í Ameríku.

M. J. Benediktsson
Kr. A. Kristjánsson
H. Björnsson.

Nýja Bakaríið.

BOLLURNAR
með krossinum

fást hjá mér bezta og ódýrastar á fimtudagskvöld og föstudaginn. Reynið eitt dúsin. Þær verða góðar. Að eins 15c dúsinið. Tvö dúsin 25c.

G. P. Thordarson.
732 Sherbrooke St. Telefón 8322

HEIMSKRINGLA
Published every Thursday by
The Heimskringla News & Publishing Co.

Verð blaðsins í Canada og Bandar. $2.00 um árið (fyrir fram borgað).
Sent til Íslands $2.10 (fyrir fram borgað af kaupendum blaðsins hérlendis $1.50.)

B. L. BALDWINSON,
Editor & Manager

Office:
729 Sherbrooke Street, Winnipeg
P.O BOX 116. 'Phone 3512.

Lesið bréfið.

KETCHIKAN, ALASKA,
4. apríl 1908.

Kæri ritstj. B. L. Baldwinson!

Ég las í þínu heiðraða blaði, dags 26. fyrra mánaðar, að þú óskaðir eftir línum frá okkur hér úti, sem gæfu einhverjar upplýsingar um Micah Northman, sem dó hér í bænum þann 9. janúar sl.

Síðan hefi ég gert það ítrasta, sem mér hefir verið mögulegt, til að komast eftir því rétta nafni þess látna, en það hefir reynst ómögulegt, því hann gekk jafnan undir og skrifaði sig þessu nafni, að því er séð verður af skjölum þeim, er hann lét eftir sig. En að því hefi ég komist, að hann var fæddur á Akranesi á Suður Íslandi árið 1859. Svo hefir hann fluzt hingað út á ungdómsárum sínum, því hann gekk í landher Bandaríkjanna fyrst þegar hann var 19 ára, og þá skrifaði hann sig sem bókbindara að iðn. Svo gekk hann aftur síðar í herinn og útvegi allan sinn tíma í honum í bæði skiptin.

Hér úti í Ketchikan hefir hann verið um 5 eða 6 ára bil, og hefir stunda fiskiveiðar að mestu leyti. Hann sagðist eiga skyldmenni í Ballard, Wash., og einnig í Rvík á Íslandi.

Þessar upplýsingar fékk ég hjá herra F. M. Loomis, sem er yfirmaður sjúkrahússins hér, og sem stundaði hinn látna meðan hann var þar.

Mér þykir mjög leitt, að geta ekki gefið greinilegri upplýsingar um þennan látna Íslending, og er það vegna þess, að hann vildi aldrei kannast við það, við okkur bræður, að hann væri Íslendingur, svo við héldum hann væri annaðhvort svenskur eða norskur. En á banadægri hans, sagði hann herra Loomis, að hann væri Íslendingur, og bað, að við værum sóttir, svo hann gæti talað við okkur bræður. En það var of seint. Hann var látinn þegar ég kom á spitalann.

Þess er óskandi, að svona tilfelli komi ekki oftar fyrir, að landar vorir leyni nöfnum sínum og þjóðerni alt til síðustu stundar. Það getur engum gert gott en getur bakað eftirlifandi erfingjum ýms óþægindi og fjártjón, þegar svo stendur á að sá látni skilur eftir fastar eða aðrar eignir.

Vinsamlegast,
C. J. Clemenson.

ATHS. — Herra Clemenson á þökk skylda fyrir bréf þetta. Á því geta erfingjar og skyldmenni þessa látna Micah Northmans, er bóa í Ballard, Wash., og í Reykjavík, rakið feril hans frá vöggunni til grafarinnar, ef þeir hafa vilja til þess. Það ætti að vera mögulegt af kirkjubókum þeirrar sóknar, sem hann var fæddur í, og af útflutningsskýrslum í Reykjavík, að fara nærri um hið réttá nafn þessa manns. Svo eru og eflaust einhverjir þeir meðal landa vorra hér vestra, er einhver kynni hafa af honum halt eða fólki hans. Og þar sem það er af þessu bréfi víst, að hinn látni hefir gengið í Bandaríkja herinn árið 1878, þá hefir hann að líkindum fluzt vestur yfir hafið á fyrstu útflutningsárunum, eða um eða fyrir þjóðhátíðarárið. Það hvílir siðferðisleg og erfðatökuleg skylda á skyldmennunum í Ballard og Reykjavík, að reyna að komast eftir því rétta í þessu máli. Ritstj.

Bæjarstjórnin.

Það var nokkuð erjusamt á bæjarráðsfundum í febrúar mánuði. Ashdown vildi engar umbætur og barðist á móti öllum umbótum og lántökum. Samt varð það úr, að Sanford Evans, yfirbæjarráðsmaður, og öldurmaður Reilly fóru austur til Montreal fyrir hönd bæjarins, til að útvega honum peningalán. Samdist þá svo með þeim og bankastjórunum yfir Montreal bankanum, að hann lofaði, að lána bænum 2 miljónir dollara þá þegar, svo bærinn gæti borgað áfallnar skuldir. Vextirnir eru 5½ prósent, og tryggingin eru skattar bæjarins næsta ár. Ennfremur tók sami maður að sér að selja skulda bréf fyrir bæinn á peningamarkaðinum í Lundúnum á Englandi, alt að 5 miljónum, og taka þar fyrir sanngjörn umboðslaun. Bæjarráðið hefir samþykt þessa peningaútvegun með sárlitlum breytingum.

Um þessar mundir voru nokkurar róstur á bæjarráðsfundum. — Ashdown og Árni Eggertsson leiddu þá saman hesta sína af kappi miklu, og beið Ashdown ósigur í hvevetna. Blaðið "Free Press", sem allir þekkja, að stjórnlausu flokksfylgi, demdi á prent hverri skammagreininni á fætur annari um Á. Eggertsson, en lofs- og hylminga blæjum utan um Ashdown. En alt kom fyrir það sama. Á. Eggertsson átti að hafa náð í óleyfi og óþökk opinberum skjölum úr skrifstofu bæjarstj., og hafa prentað sumt af þeim, og gefið efni þeirra út í blaðagreinum í "Telegram", og var heldur enn ekki mikið upp í "Free Press", hvað það þýddi fyrir hann. En svo sefaðist þessi ójöfnuður nokkuð. Á bæjarráðsfundi bar Á. E. upp þrjár uppástungur, sem Ashdown mælti á móti harðlega. En Á. Eggertsson vann allar uppástungurnar með atkvæðamun. Sá Ashdown, að bæjarráðið fylgdi Eggertsson framar en sér. Á. Eggertsson þráðtaladi til Choates Bros. peningahússins í Lundúnum, og spurði það, hvort ósatt væri, að Ashdown hefði getað fengið peningalán frá því í fyrra, þegar hann var á Englandi í peningaútvegun fyrir bæinn. Hann hafði neitað því fram í Á. E. á bæjarráðsfundi, að hann hefði getað fengið peningalánið. Á. Eggertsson las simskeytið frá félaginu upp á fundi. Svarið gerði Ashdown að missagnamanni. Eftir þessar útreiðir brá hann sér burtu úr borginni, og suður um ríki, er samt kominn heim aftur. En síðan hefir hann verið viðráðanlegur, enda veit hann, að hann hefir ekki fylgi á móti meiri hluta bæjarráðsins, sem Á. E. er leiðtogi fyrir. Hefir Á. Eggertsson mest fylgi bæjarmanna af öllum öldurmönnunum, og það að verðungu. Hann fór austur til Ottawa um þessi mánaðamót, að heimta af stjórninni þar, að hún leggi fram fé til brúargerðar yfir Rauðána undan Lombard St. hér í bæ. Sýnir það hvaða traust hann hefir hjá bæjarráðinu.

Bærinn ætlar að gera töluverðar umbætur á þessu sumri, og er vonandi, að bærinn geri betur við verkamenn enn í fyrra. Að minsta kosti má fullyrða, að bærinn getur selt skuldabréf á þessu ári, að svo miklu leyti sem hann þarí til nauðsynja fyrirtækja, því nú situr ekki Ashdown við stýrið, að selja skuldabréf bæjarins. Má því búast við, að bærinn fari ekki afturábak, sem síðasta ár.

Allur fjöldinn af borgarbúum vill fá aflstöðina sem allra fyrst, enda er lífsspursmál fyrir bæinn. En svo mikið ólag er Ashdown búinn að koma á það nauðsynjamál, að óvíst er, hvenær hægt verður að byrja á verkinu.

Síðan bankastjórinn í Montreal bankanum tók að sér að sjá um peningaútvegun bæjarins, hefir strax aukist eftirspurn eftir landspildum kring um hann. Um þessi mánaðamót keypti verksmiðjufélag sunnan úr Bandaríkjum nokkrar ekrur af landi í St. Boniface og borgaði $10,000 fyrir þær, og bendir það á, að land stigi nú þegar í verði í kring um Winnipeg.

K. Ásg. Benediktsson.

Smá pistlar

ÚR FYRIRLESTRAR FERÐ LÁR. USAR GUÐMUNDSSONAR.

ARGYLE-BYGDIN. — UM þá bygð má segja, að hún er gömul og gróin og fullþroska. Og er ekkert ofsagt um þá gömlu og góðu íslenzku landnema, sem þar reistu sér bygð og bú, að þeir eru fyrirmynd og prýði fyrir vorn vestræna þjóðflokk. Þar eru fjöldamargir af gömlu bændunum, sem ég brúka ekki það orð yfir að segja stóreinaðir, þeir eru stórríkir og eiga mörg lönd hver þeirra, upp í 8 til 10, reisuleg hús og hlöður, sem eru fleiri þúsund dollara virði, og öll verkfæri og alla hluti utan húss og innan, sem góðum bónda og ríkisheimili hæfir, og er nauðsynlegt að eiga.

Þar í bygð er friður og eining milli manna og stjórn góð, enda margir vel hygnir og gætnir menn, og hafa sívakandi auga á því, sem framfer í stjórnmálum þessa lands — það varð ég hvervetna var við.

Ég dvaldi stuttan tíma í þessari fögru bygð, og fór fljótt yfir. Hr. Árni Sveinsson kom til Glenboro sama daginn, sem ég kom þangað, og eftir að ég hafði flutt fyrirlesturinn, tók hann mig heim til sín. Daginn eftir fór hann með mig að Brú, og eftir að ég hafði flutt fyrirlesturinn þar, þáðum við heimboð hjá herra Bj. Walter, sem á stóreignir og fagurt heimili þar skamt frá. Hann er einn af hinum elztu frumherjum bygðarinnar, prýði sinnar stóttar og mesti sómamaður, og er nú að hugsa um, að setjast í helgan stein að afloknu góðu dagsverki, og lifa író og næði hjá einkadóttur sinni Valgerði (Mrs. L. Hallgrímsson), sem er nýgift, og búa þau hjón í Winnipeg. Svo tók Árni mig heim til sín aftur og næsta dag til hr. Markúsar Jónssonar á Baldur. — Þannig var ég hjá Árna minum Sveinssyni tvær nætur í góðu yfirlæti og hann var í þrjá daga að ferðast með mig um bygðina. Hr. Sveinsson er stórríkur maður, og efaust einhver mikilhæfasti maður, sem hægt er að benda á í röð bænda. Hann er listamaður á hvað sem er, forsjáll og hygginn mæta vel. Það mun verða löng leit úr því, að finna heimili að öllu jafn-fullkomið, sem hjá Árna. Hann hefir 8 lönd til ábúðar og afnota, byggingar allar í fyrirmyndarstíl og stórbú. En það hefir hann fram yfir flesta bændur, að hann hefir smiðju og trésmíðaverkstæði svo fullkomið á allan hátt, að slíkt getur ekki verið betra hjá þeim mönnum, sem reka þá iðn. Árni á 10 börn á lífi, mannvænleg og vel gefin. Þar af eru tvær dætur giftar. Hin eru flest heima. Jón, elzti sonur Árna, er sami listasmiður á hvað sem er, eins og faðir hans, og kærður vélastjóri

Argylebygð er yfir höfuð mjög fögur, og ótæmandi auðlegð, sem þar hefir legið í löndum, sem dugn, aður og atorka manna hefir uppgrafið. Sem litið dæmi skal ég geta þess, að Markús Jónsson, er þar hefir búið að eins í tíu ár og flutti þangað frá Winnipeg, hefir nú tvö lönd ræktuð undir hveiti og öðrum korntegundum, og þriðja landið fyrir eldivið og kvikfjárrækt Hann hefir ágætar byggingar, bæði íveruhús og önnur hús fyrir geymslu og lifandi pening, 6 vinnu hross, um 20 nautgripi, 30 fjár, fugla af ýmsum sortum, sem skiftir að ég held hundruðum, nokkur svin, jarðyrkjuverkfæri öll, vagna, kerrur og sleða, og hvað eina sem með þarf. Þessi maður fór auðvitað með ofurlitil efni á stað til að byrja með, en hann sagði mér, að eitt vorið hefði hann orðið að taka til láns 900 dollara, en næsta haust hefði hann með uppskerunni borgað alla þá skuld, og allan annan kostnað, og nú væri langt síðan hann hefði skuldað nokkrum manni neitt, og sá maður er þann ig gerður, að hann langar ekki til að sýnast annað en hann er. En hann elskar löndin sín og heimilið, og sagði við mig: 'Héðan ætla ég hvorki að fara lifandi eða dauður, ég ætla að girða hér af grafreit fyrir mig og mína". Hann er líka maður, sem finnur, hvers virði landið og löndin eru, og þakkar guði og náttúrunni framleiðsluna og auðlegðina. "Hvað heldur þú að ég borgi í skatt", sagði hann við mig. "Svo sem 40 til 50 dollara", sagði ég. "Nei, ég borga 75 dollara". "Það er ædimikið", varð mér að orði". "Onei, það er að eins ofurlitill partur af því, sem blessuð löndin mín gefa af sér. Ég sé ekkert eftir því", sagði Markús.

Einnig kom ég til Friðbjörns Friðrikssonar. Þar eru góð efni og ljómandi fagurt heimili, gestrisni og góðvild, eins og fylgir öllum þeim bræðrum.

Ég heimsótti einnig Guðmund Símonarson, bróður Dr. Valtýs. Hjá þeim hjónum er hið mesta myndarheimili, og höfðum við þar sérlega góðar viðtökur og alúðlegan greiða og skemtun.

Að eins varð ég var við eina skuggahlið á framtíð þessarar fögru bygðar, sem Íslendingar hafa með sæmd og prýði gert að unaðsdal í sinu landnámi. En skýið, sem er að dragast upp á fagra vona og framtíðar himininn hjá þeim er þannig, að nú fást varla þessir efnilegu synir og dætur landnámsmannanna til að setjast á löndin, og halda þannig íslenzkri bygð áfram. Löndin og heimilin eru farin og á leiðinni að smáhverfa úr sögu Íslendinga, og þannig líklega fer að lokum, ef unga kynslóðin ekki fæst til að taka við þar, sem hinir enda. Þetta heyrði ég þá gömlu og merku búendur þar kvarta um og kvíða fyrir. Ég kveð svo Argyle bygð með óskum alls góðs, og kærri þökk fyrir velvild og greiða.

Óvæ ð í herbúðum Góðtemplara.

Þeir eru farnir að vakna Goodtemplararnir, eftir blöðunum að dæmi. Mætti um það segja, að vel væri að sjá þá eins knáa að starfi bindindismála. En því ver, ber þar lítið á þeim. Ekki svo að skilja, að þeir ekki starfi, því þeir gera ýmislegt. Halda marga fundi, samkomur og þing, hlynna að bágstöddum og byggja hallir.

En hvað græðir bindindismálið við alt þeirra umstang? Um það verður aðalspursmálið. Og svarið gægist ávart út úr deilum þessara tveggja bræðra, sem nýlega hafa spreitt sig á ritvellinum. Annar finnur að við bræður sína, þykir þeir láta kjánalega á fundum og standa lágt siðferðislega, vinna slælega að bindindismálum, etc. En hinn ber á móti þessu og hefir sér til varnar, að þessi br. sé "prófessor". Hefir prófessorsnafnbótina fyrir brigsl, eins og S.B. forðum á séra Friðrik, og þaðekki að ástæðulausu. Segir að hann drekki á laun upp á Furby st. og lýsir honum hálflúalega. Tekur svo alt aftur í næsta blaði, og staðfestir með hinum áburðinn á góðtemplara. Svona blasir þessi kómedía við eins og stendur. Er þetta stórt gremjuefni fyrir sanna bindindisvini, sem hafa fulla ástæðu til að efa, að hægt sé að telja góðtemplara með bindindismönnum. Svo hefir þriðji maður skrifað nýlega óg vakið athygli á aðgerðaleysi og doða stórstúkunnar. Er þetta alt til samans vottur þess, að bindindisáhugi einstöku góðtemplara sé að vaxa út fyrir stúkurnar. Mun það og vera að verða almenn skoðun hugsandi manna að góðtemplarar yfirleitt séu mjög linur og lélegur bindindisher. Og það er frá minu sjónarmiði vafalaust þarft verk, að koma á fót einhverri endurbót meðal þeirra sjálfra. Nú hefi ég frétt, að kosnir hafi verið sex menn að hálfu stúknanna íslenzku til að svara þessum Sigtryggi, þar eð óhæfa þykir að liggja undir skömmum hans. En jafnframt hefir frétzt, að það hafi mætt mótspyrnu í stúkunum og þótt skömm koma niður maklega. Er þetta alt vottur um óeiningaranda í herbúðum góðtemplara.

Utanfélagsmenn vakta þetta mál með athygli, og hafa gaman af að sjá, hvernig þessum skripaleik lýkur.

Ég fyrir mitt leyti óska og vona, að bindindismálið græði á þessari rumskun.

Bindindisvinur.

Kveðja til Mrs. S. Sölvasoar:

Ó, stundin er komin, við kveðjum þig öll
með kærleikans heitustu vonum.
Þú hverfur oss heim, þar sem feðranna fjöll
þér fagna, með dætrum og sonum.
Vor hugur þér fylgir um hafrastarhvel,
og helg sé þín minning. Og far þú nú vel!

Mrs. J. S. Crawford,
Westbourne, Man.

Jónas Pálsson
PIANO KENNARI
729 Sherbrooke St. Winnipeg

Yfirlýsing og áskorun.

Með því að "Canada Suffrage Association" hefir góðfúslega boðið Íslenzka kvenfrelsis kvenfélaginu í Ameríku upptöku í félag sitt,

Og með því, að með slíkri sameining gerist það meðlimur í Allsherjar kvenfrelsis félaginu ("The International Womans Suffrage Alliance),

Og með því að slíkri sameining fylgir bókmentaleg ákunnindi og margfaldaðir vinnukraftar, —

Auglýsist hér með, að Hið fyrsta íslenzka kvenfrelsis kvenfélag í Ameríku, hefir ákveðið, að sæta tilboði þessu, og tilheyrir því nefndu félagi framvegis, og vinnur í umboði þess og með tilstyrk þess.

Ennfremur:

Að með því að "C. S. A." hefir sýnt félagi voru þann sóma, að bjóða því að senda íslenzkan fulltrúa, einn af sex, er það hefir rétt til að senda — undir sínum merkjum — á næsta allsherjarþing kvenna, sem haldið verður í Amsterdam í júní næstk.

Og með því, að vér álítum, að slíkt yrði Íslendingum til ómetanlegs gagns og sóma, höfum vér ákveðið að gera alt, sem í voru valdi stendur, til að sæta þessu boði.

En, fyrir þá sök, að félag vort er ungt og fátækt, SKORUM VÉR HÉR MÉÐ Á ALLA KVENFRELSISVINI, að hjálpa oss til þess, með samskotum, er sendist til Lögbergs eða Heimskringlu, sem gefa viðurkenningu fyrir peningunum á venjulegan hátt.

Ennfremur skal þess hér með getið, að fulltrúi til fararinnar verður ekki kosinn fyrir fyrsta sunnudag í maí næstk., og að allir, sem eru félagar í félagi þessu nú, eða gerast félagar þess innan ofannefnds sunnudags, hafa jafnt tækifæri til að ná fulltrúa kosningu til þessarar farar.

Að síðustu skal þess getið, að fáist ekki nóg fé til fararinnar, — eða enginn til að fara í þetta sinn, — verður fé það, sem inn kann að hafa komið, — mikið eða lítið, — lagt á banka og geymt, þar til vér höfum næst tækifæri til að senda fulltrúa, — annaðhvort á þjóðþing kvenna í Canada, eða allsherjarþing kvenna.

Í nafni félagsins.

M. J. BENEDICTSSON, forseti.
H. BJÖRNSSON, varaforseti.
G. PÉTURSSON, gjaldkeri.
H. KRISTJÁNSSON,

Nytsemi vísindanna fyrir þroska trúarlífsins.

Fyrirlestur haldinn á málfundi í Kristian-sand 1905.

Eftir HANNA ISAACHSEN.

(Tekið úr "Eimreiðinni").

(Niðurlag frá nr. 28)

Frá enskum djúphyggjumönnum hafði Voltaire og lærisveinar hans frumhugtök þau, sem kollvörpuðu hinni blóðugu harðstjórn katólsku kirkjunnar á Frakklandi, og ruddi braut anda umburðarlyndisins. Ensku djúphyggjumennirnir höfðu stórfengleg áhrif á frakknesku spekingana yfirleitt, og af þessum áhrifum sprátt frakkneska stjórnarbyltingin. Menn hafa sagt, að þar sem stjórnarbyltingin á Englandi hafi falið í sér frelsi Englands, hafi stjórnarbyltingin á Frakklandi falið í sér frelsi heimsins. Þrátt fyrir alla árás frakkneskra spekinga 18. aldarinnar á kristindóminn, verður þó ekki af þeim skafið, að þeir voru hinir fyrstu, er kröfðust jafnréttis fyrir alla menn, einnig í hinu borgaralega og stjórnfræðislega lífi. Þeir létu sér ekki lynda, að gölga bróðurhugsunina, sem fagra fræðikenning, og með glamuryrðum frá prédikunarstólnum, er engu að síður mætti trooða undir fótum, þá er á skyldi herða, eða létu sér nægja framkvæmd hennar í öðru lífi. Með jafnaðarkröfu þessari er grundvöllurinn lagður að alþjóðlegu frelsi, sem 19. öldin hefir svo mjög borið fyrir brjósti, og smám saman valdið gersamlegri breytingu á skilningi Norðurálfunnar á bróðurhugsun kristindómsins. Alt til þessa tíma lá nærri, að bróðurhugmyndin væri bygð á miskunnseminni. Frá þessum tíma fær hún fastari stöðvar, sem réttlætiskrafa.

Hið siðferðislega viðtæki á breytingunni, sem þannig varð á skilningi bróðernisins, verður ómetanlegt. Það hefir leitt til viðtækari og viðtækari starfsemi til að útbreiða upplýsing og fróðleik lengra og lengra inn í þegnfélagslífið, ekki að eins hið trúfræðiskega heldur og hið borgaralega. Því má þakka, að lögin nú jafnt til allra manna, að réttindi borga og sveita og jafnvel landstjórna hafa aukist meir og meir, að þeir menn, sem oft var farið með fremur sem dýr en menn, náðu manngildinni, lærðu að bera virðingu fyrir sjálfum sér, og gafst kostur á, að afla sér æðri hugsjóna; að ábyrgðar tilfinning Norðurálfunnar hafði vaknað gagnvart þeim mannfélagsflokkum, sem lægstir standa, og hefir knúð þjóðirnar til að afnema þrældóminn smátt og smátt í öllum nýlendum Norðurálfunnar og í Vesturheimi.

Þessi umbreyting á skilningi bræðraþelsins hefir ennfremur vakið eldlegan áhuga manna á hjálpfýsi. Á vorum dögum ganga menn með mikilli ósérplægni í baráttu fyrir ánauðuga menn og réttlausa bæði innanlands og utan, sem að miklu leyti jafnast á við sjálfsfórn pislarvottanna fyrir trú sina. Á Rússlandi endurtekur sig að vissu leyti framfór Norðurálfunnar samandregin í eitt. Þar sjáum vér það bezt. Hvað það eina orð Siberia rúmar af hugprýði og ósérplægni til að afstýra kúgun og rangsleitni — það veit enginn nema guð einn.

Hjá hinum kúguðu mannflokkum hefir það vakið til lífs þrá til að hefja manngildið, sómatilfinninguna og virðinguna fyrir sjálfum sér, sem ekki má án vera, til þess mennirnir nái æðri ákvörðun.

Vel veit ég, að hreyfingu þessari er sanfara mikil vonzka og hatur; en það er þó sannleikur, sem ekki verður út skafinn, að hreyfingin stefnir að hinu æðsta og dýrðlegasta jarðneska markmiði, að efla bræðraþelið manna á milli.

Það er oss kristum mönnum að kenna, að þessi ánauðar-lausnar hreyfing oft er rekin af ókristnum mönnum.

Hefðu kristnu kirkjufélögin tekist á hendur starf þetta, í stað þess að þrátta um trúarjátningar, já, í stað þess á sinum tíma að risa andstæð móti lausninni og jafnréttinum, mundu þau hafa haldið uppi heiðri kristindómsins. En nú hafa þau svikist um þetta ætlunarverk sitt. En þroskakraftur kristindómsins varð ekki stöðvaður. Bróðurhugsunin hlaut að ná sér niðri á annan hátt, þangað til kristnir menn vöknuðu til skilnings á skammsýni sinni, og könnuðust við skyldu sína.

Á 18. öld gerði Adam Smith þjóðmegunarfræðina að sannarlegri vísindagrein. Eftir hans daga tók hún miklum framförum í hönd um framúrskarandi manna, sem ósjaldan voru ekki-kristnir menn, eða þá ákveðnir guðleysingjar. Afleiðingin af því varð, að úr kristinni átt lenti á sjálfa vísindagreinina nokkuð af óvild þeirri, sem frihyggjumennirnir vöktu.

Ég skal með öllu láta ósagt, að hve miklu leyti óvild þessi var verðskulduð í einstöku greinum. Tilgangur minn með því, að gera þjóðmegunarfræðina að umtalsefni, er að eins sá, að benda á þann gróða, sem kristindómurinn hefir náð í af tilraunum hennar til þess að komast í skilning um nátt úrulög þjóðfélagsins.

Hin óvísindalega þjóðmegunarfræði fyrir tíma gekk út frá því, að allur auður væri GULL, og sú setning varð aðalatriðið í verzlunarlöggjöfinni. Það leiddi til þess, að búskapshagsmunir tveggja þjóða komu gersamlega í bága hvorir við aðra, þannig að auður og velfarnan hvers lands var komið undir ólarnan og tortíming hins, með því, að á þann hátt hátt urðu færri til að skifta auð heimsins milli sín. ("Auðsætt að ekkert land græðir, nema annað tortímis", hyggur Voltaire). Lífsskilyrði hverrar þjóðar var, að sölsa undir sig sem unt var, af góðmálmunum, og að milli sem fæstra væri að skifta. Milli þjóðanna var því sífelt ólgandi öfundsýki og metnaður, og hið minsta tilefni gat kveikt í öllu saman og valdið ófriði. Móti þessari viðloðandi ófriðarkveikju, sem gullsóttin orsakaði, var þjóðmegunarfræðin bezta vörnin, ólx fram af áhrifum fræðikenningarinnar um "sjálfshagsmunina", eins og henni þó var misbeitt og hún misskilin. Því þessi vísindagrein kendi, að hver þjóð hefði beinlinis hag af vel gengni þeirra þjóða, er hún ætti viðskifti við, og ennfremur að hún hefði mestan hagnaðinn af, að standa í sambandi við sem flestar þjóðir.

Ekki þarf að gera grein fyrir, hve vel þetta hafi stutt og eflt friðarhugsun þá, er Kristur hafði leitt inn í framþróunina, og um leið aukið samkeppnina.

Eftir því, sem þjóðmegunarfræðinni fer fram sem vísindagrein, stuðlar hún meir og meir að því, að útrýma leifum þeirrar trúar, að

Framh. á 5. bls.

Strathcona Hotel

Horni Main og Rupert Str. Nýbygt og ágætt gistihús; Gest um veitt öll þægindi með sanngjarnasta verði. Frí keyrsla til og frá öllum járnbr. stöðvum. Beztu vín og vindlar; og herbergi og máltíðar ágætar.

McLaren Brothers
EIGENDUR

Hotel Pacific

219 Market Street | H. M. Hicks Eigandi
Winnipeg - - - Manitoba
Telephone 1338

Ný-endurbætt og Ný-tízku hús falla staði. Viðskifta yðar óskast virðingarfylst.

$1.25 a Dag

HOTEL SUTHERLAND
Corner Main and Sutherland Ave.

Gisting kostar $1.00 og $1.50 á dag. Ég tók við stjórn þess húss 1. Jan. '08, og virðingarfylst óska viðskifta Íslendinga nær og fjær Komið, Sjáið og Reynið.

C. F. Bunnell,
eigandi. Telefón 348

$1.50 Á DAG
Besta $1.50 gistihús í Winnipeg

BRUNSWICK HOTEL
Horni Main St. og Rupert Ave.

Besta borðhald; Hrein og Björt Herbergi; Fínustu Drykkir og Bestu Vindlar. Ókeypis Vagn mætir Öllum Trainlestum. Reynið oss þegar þú ert á ferð.

MARKET HOTEL
146 PRINCESS ST. á móti markaðnum
P. O'CONNELL, eigandi, WINNIPEG
Beztu tegundir af vínföngum og vindum, aðhlynning góð, húsið endurbætt

SNJÓLFUR JÓHANNSSON [AUSTMANN].

Í 26. tbl. Hkr. þ.á. er S. J. Austmann að rógbera og illmæla mig, fyrir grein og kvæði þá nýbirt í blaðinu. Það hefir verið venja mín, að skattyrðast ekki við götulýð né fauta. Og ætla ég aðallega að fylgja þeirri reglu enn þá. En af því þeir herrar C. H. Hillman og J. Johnston eru vanvirtir í þessari grein, þá er ég knúinn til að segja fáein orð:

Ég vissi það ekki fyr enn nú, að eigandi húss þess, sem er í þessu sambandi, hafði ekki lítist þann veg á S. J. Austmann, að hann vildi hafa hann við húsasmíðið. En svo stekkur S. J. Austmann upp að okkur þessum þremur með grimd og illum látum. Hvað viðvíkur hússverðinu, get ég sannað hvenær sem er, að S. J. Austmann veit ekkert um verðið, og hefir ekkert vit á því. Að það sé listasmíði á húsinu, dettur engum smið í hug að neita, sem ekki er kvalinn af hinum illa anda öfundsýkinnar. Ég stend við, að ég veit ekki um nokkurn íslenzkan smið hér, sem smíðað hefir eins vandað hús og þetta fyrri enn C. H. Hillman. Ekki svo að skilja, að þeir séu máske ekki til, sem gætu það, ef þeir hefðu tækifæri á svo fínu verki og völdu efni. Það vill svo vel til, að húsið sýnir sig sjálft, og stendur óhaggað fyrir mannlasti og fautaskömmum S. J. Austmanns.

Það er um J. Johnstons nafn að segja, að það er alt eins eðlilegt og líklega löglegra en þetta Austmanns nafn, sem Snjólfur Jóhannsson er að flangsast með meðal Íslendinga, en á meðal hérlends fólks "Eastman". — Þar sem talað er um kynstofn Egils gamla í kvæðinu til J. Johnstons, og ég hefi orðið v í k i n g u, þá getur það orð átt við alla Vestmenn. Þó ber J. Johnston sérstaklega með réttu það nafn, að hafa verið í víkingu. Hann var hermaður í uppreistinni í Norðvesturlandinu (1885), og reyndist vel. Þó hann hafi beðið heilsutjón af hermannavosbúð og hörðum aðbúnaði, þá telur enginn drenglyndur maður það honum til lýta. Báðir þessir menn, Hillman og Johnston, eru prýðisvel kyntir menn og hefir aldrei verið getið að misjöfnu.

Þetta sýnir, af hvaða hvötum og í hvaða tilgangi S. J. Austmann flanar út úr sér skömmum, sem að eins eru honum til ævarandi ósóma, og sýnir að eins hugsanir hans á lágu stigi. Hann er sá maður, sem ekki getur sagt satt eða vill ekki í þessu efni. Enda eru til eftir hann nokkurar greinar af sama tagi og þessi ámátasta grein. Sýna þær ljóslega hans innri mann; mentun og skriffinsku, og heyrist mér flesta vænna við greinum þess skapilla manns.

K. Ásg. Benediktsson.

Hinir áreiðanlegustu — og þar með hinir vinsælustu — verzlunarmenn auglýsa í Heimskringlu.

Við komandi kynslóð

[Gamankvæði.]

Við litið barn, sem ljóðin skilur ei,
mig langar til að kveða ögn í næði,
en sérhvern bið ég pilt og prúða mey
að passa að þau skilji þetta kvæði.

Þú litla barn, sem lifið brosir við,
þú leggur bráðum út á þrönga veginn,
þar skyldur lífsins skorða' á aðra hlið,
en skilnings-trén með eplin hinu megin.

Hf skilnings-trjánum skeytir nokkuð þá,
á skyldunum og þeirra masi leiður,
er voðahætta vegi þínum á —
hann verður þá svo hræðilega breiður!

Þú unga barn, sem ungri heilsar öld
og æðri menning kannske með þér flytur,
þú sérð oss öll, er sitjum nú við völd,
en sérð ei hvað við erum reynd og vitur!

Þú veizt ei neitt um okkar andans þrek,
né alla okkar stóru, mörgu kosti.
Við sóttum fram unz þraut úr vegi vék
og viður okkur heilladagur brosti. —

En fyrir það við gefum ekki grand,
þó gleymum máske okkar réttu s t ö f u m,
og þó við eigum einhversstaðar land,
sem æ t t j ö r ð kallast langt í norður höfum!

Við elskum frelsi, hötum hnúta bands,
sem hnekkir þér og allri velferð þinni.
við dönsum eftir listum þessa lands,
er landar okkar heima "frjósa inni"!

Þú litli sveinn munt læra þetta fljótt, —
ei lærir þó af okkar ferða - d r a s l i,
að ljómi dagsins myndist mest af nótt
og mannsins gleði þróist helzt í b a s l i.

Er máttu læra mun þér einnig kent
það mál, sem öll við reynum hér að nýta,
sem var með enskri heflað hagleiksment
unz h r e i n t það varð og snoturt á að líta!

En gæfan æ þig leiði, litla barn,
og lífsins gæði aldrei nein þig bresti.
En verðir þú á viðhald-þjóðar gjarn,
þú vanda-gripur reynist okkur mesti!

O. T. JÓNSSON.

Egill Skallagrímsson

Karlinn með kolsvartar brýr,
kappinn, er sjaldan var hýr,
skáldið, sem orti sinn óð
ört er í hættunum stóð,
sitja í öndvegi ætti hjá þjóð.

Egill, er utanlands fór,
öllum fanst hamingju-stór.
Eirík hans lofuðu ljóð,
lofðungi þótti þau góð;
heiðrar þau núna hin norðlæga þjóð.

Utanlands frama hann fann,
föðurlands snéri í rann,
þegar í nóg hafði náð,
norðurlægt elskaði láð,
einlægt það hafði um æfina þráð.

Ágæta íslenzka slóð!
Egils þins verndaðu ljóð,
minning hans göfuga geym,
gleyma þó kappanum þeim
arflarnir vilji í vestrænum heim.

O. T. JÓNSSON.

Veginn og léttvægur fundinn

Fyrir skömmu hafði "Ísafold" með höndum greinar frá einhverjum Íslendingi í Canada, sem segist vera á ferð og flugi. Vissra orsaka vegna get ég ekki sem stendur tekið þær allar til yfirvegunar, læt mér því nægja að benda á tvent, sem augljóslega sýnir mann inn.

Af ásettu ráði svíkur hann út úr einsetumánni tuttugu og fimm milna keyrslu og næturgreiða, — með því yfirskyni, að hann ætli að gerast verkamaður hans, "af því það stóð einmitt svo á, að hann þurfti að komast þetta".

Þessi sami maður með harmagrát sinn yfir, hvernig íslenzkan sé komin í Foam Lake bygð, er þó ekki nógu sannur Íslendingur til að segja satt frá um heiti ættlands síns. Ótrúlegt er, að hann hafi inndrukkið þann lygu og táldrægnisanda með móðurmjólkinni.

Eru menn, sem svona er farið, því vaxnir, að skrifa um hagi og háttu fólks í öðrum heimsálfum, svo nokkuð verði á því grætt? Um það dæmi réttsýnir menn.

Staddur í Reykjavík 6. marz '08.
Hjörtur Bergsteinsson.

Einar Guðmundsson,

(F. 17. júlí 1834, d. 15. okt. 1907).

Ævi löng er liðin,
Læknuð sár og þraut.
Fann loks kyrð og friðinn
Foldar mjúkt við skaut.
Misjafnt lífs var leiði,
Lánið gæfa og hrós.
Þó bentu hátt í heiði
Heilbrigð gáfna ljós.

Brautir voru ei beinar,
Brosin stundum smá, —
En ætið vildi Einar
Orð og hjúkrun ljá
Þeim, sem að bölið beygði
Með bágindanna vött.
Eins langt og auguð eygði
Hann átti hjarta gott.

Í Eyjafirði friðum
Hann fæddur og alinn var,
Hóls- und -fjalla hliðum
Hita dagsins bar.
Til Vínlands sigldi vestur
Með vonir bjartar hann,
Að Gimli kom, sem gestur,
og geymda reynslu fann.

Efstu aldursdögum
Eyddi í Winnipeg.
Í söngvum, ljóðum, sögum
þar sjón er ýnisleg.
Köld og döpur kjörin —
Kostalíf og dans. —
Sigur- hans sést -förin
Hjá sjótum þessa lands.

Landsmenn sína leiddi,
Ljúfur og gætinn var,
Oft hann kvíða eyddi, —
Ægishjálm þar bar.
Að sumri vildi vetur
Og vori gera hann.
Það fundu fáir betur,
Hvað friður sigra kann.

Í sólarálfur svifinn
Svölum heims úr glaum.
Hann finnur ljósið — hrifinn,
Fjærri tímans straum.
Meðan sömd er saga
Og sungið íslenzkt mál,
Björt í ljósi braga
Blikar Einars sál.

K. Ásg. Benediktsson.

DOBSON and JACKSON
Byggingamenn

Sýnið oss uppdrætti yðar og áætlanir og fáið verðáætlanir vorar.

370 Colony Street
Winnipeg

Hefir þú borgað Heimskringlu?

Woodbine Hotel
Stærsta Billiard Hall í Norðvesturlandinu
Tíu Pool-borð.—Alskonar vín og vindlar.
Lennon & Hebb,
Eigendur.

SPÓNNÝTT HÓTEL
ALGERLEGA NÝTÍZKU
Hotel Majestic

John McDonald,
eigandi.
James St. West, Rétt vestan við Main St.
Winnipeg Telefón 4979

$1.50 á dag og þar yfir
Bandaríkja-snið

Alt sem hér er um hönd haft er af beztu tegund. Reynið oss.

BRANDONS VINSŒLASTA GISTIHUS
EMPIRE HOTEL
E. J. PELTIER, eigandi

Hefir öll nútíðar þægindi.
Reynið þetta gisti-hús.
Á bezta stað í borginni.
Lang-vega telefón 188.
Sample rooms.

725—731 Rosser Ave.
BRANDON, MAN.
21-5-8

Jimmy's HOTEL

Sem er rètt á bak við Pósthúsið, — og þar sem alt er af beztu tegund. Íslendingar ættu að reyna þetta gistihús.

James Thorpe,
eigandi.
Fyrverandi eigandi Jimmy's Restaurant á Portage Ave.

mann sinn og hann kyst á hendi hennar og sagt það, sem hann sagði, — alt þetta gladdi hana ósegjanlega mikið.

Hertogainnan var alt kveldið mjög ergileg yfir því, að hún gat með engu móti kastað skugga yfir gleði Aðalheiðar. Hershöfðinginn, sem nú sá, hve glöð Aðalheiður var, sagði aftur og aftur við sjálfan sig: "Hún er ánægð. Guði sé lof!"

Lady Caren sýndist nú alt ætla að enda vel.

XLV. KAPÍTULI.

"Ég vildi heldur vera Lady Caren á Brooklands, en hertogainnan af Ormont", sagði Nita við sjálfa sig. Hvað er það, sem við eigum uppi landinu? Gamalt höfðingjasetur við sjávarströndina, þar sem skrækjandi máfar er eina skemtunin. Að fara þangað, er sama sem að fara í útlegð. Nei, það er alt annað, að eiga Brooklands og sérstakt hús í London, — engan gamlan eiginmann, sem lætur mig yfirgefa dansleiki um miðja nótt, af því hann er þá orðinn þreyttur. Ég hefi að vísu eins mikið af peningum eins og ég vil, en það er eins og þung byrði hvíli á herðum mér sökum þess, hve maður minn er orðinn gamall. Hann hefir enga skemtun af því, sem mér þykir gaman að".

"Ef ég væri Lady Caren, skyldi ég vera ánægð, en því er nú ver og miður, að svo er ekki, þá mætti ég ávalt vera við hlið þess manns, sem ég elska, og ráða öllu hér á Brooklands".

"Biðji hann mig um það, mun ég svara: já".

Nú brosti hún.

"Næsta spursmál er, hvort hann biður mig um það, en ég vona að svo verði. Ég veit nú hér um bil, hvernig sambúðinni milli hans og konu hans er varið. Hann elskar hana ekki, og þeirra á milli hefir aldrei verið um neina ást að ræða. Hann var neyddur til að eiga hana, vegna erfðaskrárinnar. Nú getur hann haldið eignum sínum, þó hann skilji við hana. Komi hann til mín og segist vera þreyttur af að lifa ánægjulausu lífi án ástar, — og biðji mig að verða hans, — vil ég svara: já. Svo verða þá tveir hjónaskilnaðir og eitt hamingjusamlegt hjónaband. Eftir nokkra mánuði gleymist þetta, og við lifum ánægjulegu og glöðu lífi".

Henni kom ekki til hugar, að hugsa það minsta um, hvort áform hennar væru rétt eða ekki. Um virðingu og sóma sinn hirti hún ekkert, — að eins um að svala ástríðum sínum og lifa glöðu lífi. Hún hugsaði ekkert um, að hún ætlaði að drýgja stórsynd, eða um hve ólæknandi sári hún myndi særa mörg saklaus hjörtu. Hún setti sér það að eins fyrir mark og mið, að vinna hann, sem hún elskaði svo heitt. Hún brosti, er hún hugsaði til þeirrar sorgar, er hún ylli Lady Caren móður Allans.

"Látum hana einhvern góðan veðurdag hitta mig sem eiginkonu Allans, og hún skal fljótt mega hætta við stórræðiskenningar sínar".

Þá gladdist hún, er hún hugsaði til, hvílíka smán og sorg hún leiddi yfir Lady Aðalheiði.

"Hann elskar hana ekki", sagði hún og brosti illgirnislega, "það hefi ég fulla vissu fyrir. En ég er viss um, að hún elskar hann. Já, ég mun hefna mín vel".

Það er ómögulegt, að hylja aðrar eins syndir og þessar með neinni afsökunarblæju. Þessi synd var hugsuð af ásettu ráði, hún átti rót sína að rekja frá köldu, spiltu hjarta, sem ekki hafði minsta snefil

af siðgæði til að bera, en sem lét stjórnast eingöngu af girndum sínum.

Hertogainnan gekk til og frá um rósagarðinn á meðan hún var að hugsa um alt þetta. Það var sem ólmvatn streymdi út um hvern saum á kjól hennar.

Alt í einu hrökk hún við. Hún heyrði innilegan hlátur, og sér til mikillar undrunar, sá hún lávarðinn standa hjá konu sinni og tala við hana. Bæði hlógu. Hún varð svo hrygg og reið yfir sjón þessari, að því verður ekki með orðum lýst. Það leit ekki út fyrir, að það yrði svo auðvelt, að fá komið skilnaði af stað hér. Heldur var ekki alveg víst, að ástin væri að eins á aðra hliðina. Hún lét sér samt í engu bregða, talaði við þau nokkur orð og gekk svo í burtu.

Lávarðurinn horfði undrandi á eftir henni, þar sem hún gekk ein eftir garðinum, var hún líkust manni, sem er yfirbugaður af sorg. En svo kom einhver og fór að tala við hann, svo hann gleymdi henni um stundarsakir.

Kveldið var mjög blítt og fagurt. Hægur vindur lék um blóð trjánna, fuglarnir voru hættir að syngja, og öll náttúran sýndist ætlaði að fara að hvíla sig.

Lávarðurinn mundi ekkert eftir hertogainnunni, fyr en einhver gestanna spurði eftir henni, því hún var ávalt lifið og sálin í hópnum, þegar gleði og gaman var á ferðum.

Hann mundi nú eftir, hve skyndilega hún hafði gengið frá honum, og hve hrygg hún sýndist vera. Hann fór strax að gæta að henni, fyrst í rósagarðinn, svo hjá gosbrunnunum, en hún fanst þar hvergi. Lengst inni í skóginum heyrði hann einn næturgala syngja.

"Hún er víst þarna", hugsaði hann, "og hlustar

á næturgala sönginn". Hann kallaði hátt 'Nita', en enginn ansaði.

Það var orðið skuggsýnt, ekki samt mjög dimt.

"Ég skil ekki, að hún hafi farið inn í skóginn, hún kemst þá aldrei ein til baka úr því farið er dimma".

"Nita", kallaði hann aftur, — en það var það sama.

Nú mundi hann eftir uppáhaldsstað sínum, trjálundinum. "Það getur þó varla verið, að hún sé þar?" hugsaði hann, en samt gekk hann þangað.

Sólin náði aldrei að skína inn í þennan lund og allajafna var þar skuggsýnt. Kyrðin inni í honum og blómilmurinn að utan var mjög aðlaðandi fyrir sérhvern mann.

Þegar lávarðurinn stóð við inngangin, heyrðist honum hann heyra grát.

"Nita!" kallaði hann, — en ekkert svar. Þó var hann viss um, að einhver var hjá uppáhaldssæti hans, hjá efsta hvíta líkneskinu. Hann gekk þangað, en nú heyrðist ekki lengur nokkur ekki. Samt var hann viss um, að hún var þar. Hann fann það á sér, að hún var nálægt honum, og nú sá hann skina í hinn rauða skrautlega kjól hennar.

"Nita", sagði hann lágt.

Hún ansaði ekki, en hann sá að hún lá þar með höfuðið við fætur líkneskisins. Hann gekk til hennar.

"Nita, er það mögulegt, að þetta séuð þér? Hvers vegna eruð þér hérna ein og grátandi? Hvað hefir komið fyrir yður?"

Hann tók hendurnar frá andliti hennar, og sá að hún var náföl og fljótandi í tárum.

"Ef þér viljið gera mér greiða, Allan, þá lofið mér að vera einni hér. Mér líður svo illa, að ég veit ekkert hvað ég segi".

Kjörkaupa-listi

Victor st., 6 herbergja hús $1600
Toronto st., 7 " nýtísku hús með öllum þægindum $500 niðurborgun. 2800
Simcoe st., — 7 herbergi, 2900
Beverley st., 7 herbergja nýtísku hús á 3000
Home st. nálægt Portage, 25 feta lóðir, á $825 fetið

W. P. RODGERS,
608 McIntyre Blk. Fón 6474.
23-3-8

The Duff & Flett Co.
PLUMBERS, GAS AND STEAM FITTERS
Alt verk vel vandað, og verðið rétt
773 Portage Ave. og 662 Notre Dame Ave.
Phone 4644 Winnipeg Phone 2815

Giftingaleyfisbrjef
selur Kr. Ásg. Benediktsson,
477 Beverley St. - Winnipeg.

Gott kjöt.

Allir þurfa að borða "gott" kjöt um þennan tíma árs. Og ef þú vilt vera viss um að fá "gott" kjöt þá pantaðu það frá

C. G. JOHNSON
Telefón 2631
Á horninu á Ellice og Langside St

WINNIPEG Business College
FÉKK FYRSTU VERÐLAUN Á SAINT LOUIS SÝNINGUNNI.
Cor. Portage Ave and Fort St.
Kennir Bókhald, Vélritun, Simritun, Býr undir Stjórnarþjónustu o. fl. Kveld og dag kensla. Sérstök tilsögn veitt einstaklega. Starfshögunar-skrá frí.

Winnipeg Selkirk & Lake W'peg Ry.
LESTAGANGUR:—
Fer frá Selkirk — kl. 7:45 og 11:45 f. h., og 4:15 e. h. Kemur til W'peg — kl. 8:50 f. h. og 12:50 og 5:20 e. h. Fer frá W'peg — kl. 9:15 f. h. og 1:30 og 5:45 e. h. Kemur til Selkirk - kl. 10:20 f. h., 2:35 og 6:50 eftir hádegi.
Vörur teknar með vögnunum aðeins á mánudögum og föstudögum.

Cancer Cure.
R. D. EVANS, sem fann upp hið viðfræga lyf til lækninga
krabbameinum
óskar að allir sem nú þjást af krabbameinum, skrifi sér. 2. daga notkun meðalsins, læknar útvortis eða innvortis krabbamein. Skrifið strax til R. D Evans, Brandon, Man. 27-8-8

A. S. BARDAL
Selur líkkistur og annast um útfarir. Allur útbúnaður sá bezti. Enfremur selur hann alskonar minnisvarða og legsteina.
121 Nena St. Phone 306

Frá Thistle, Utah.

Herra ritstjóri!

Í Heimskringlu af 26. marz 1908 eru tvær greinir, sem ég kæmi með sérstaklegri eftirtekt, og hvora í sambandi við aðra, — nefnilega: "Heiðursgamsæti, eftir hr. E. H. Johnson í Spanish Fork, Utah, og "Bullið í K. Á. Benediktssyni", eftir herra S. J. Austmann í Winnipeg. Orsökin til þess, að ég hefi tekið nefndar greinar í sambandi er, að mestur hluti þess mikla skjalls, sem hr. E. H. Johnson setur í grein sinni um herra Gísla Einarsson frá Hrífunesi í Skaptártungum — sem ætti að vera Hrísnes í Skapártungu — er álíka óviðeigandi eins og lofkvæði K. Á. B. um Jakob Jóhannsson (Bob Johnston). Og er því sanngjarnt að segja um grein herra E. H. J. eins og herra Austmann segir um kvæðið, að það væri til skammar og hefði aldrei átt að prentast.

Ég óska að vekja athygli lesenda Heimkringlu á, að það hafa nokkrum sinnum birst í því blaði greinir frá Spanish Fork, Utah, hvar í ritarinn hefir nefnt sig og félaga sína "Við merkismennirnir" Hverjir þessir eru, stendur ekki á miklu. En undir núverandi kringumstæðum verð ég að geta þess, að hr. E. H. Johnson er aðal leiðtoginn í þessum fyrirmannahóp, og hefir hann góðsamlega boðið mér, og það oftar en einu sinni, að ef ég vildi undirgangast, að rita ekki um neitt máleini, nema sem hann legði fyrir mig, og láta sig allajafna yfirvega alt sem ég skrifaði til að láta prenta, — þá skyldi hann gera mig að merkismanni. Og þó ég hafi ekki haft vit á, að þiggja þetta góða tilboð, þá samt kann ég honum kærar þakkir fyrir velvilja sinn mér til handa Að hann var í einlægni, veit ég á því, að þegar ég vildi ekki þiggja þetta höfðings tilboð, þá varð hann styggur, og ráðlagði mér að umgangast þá, sem ég væri líkari en sér, og ég er einbeittur í, að fylgja þeim ráðum. Svo þar af leiðandi ber ég ekki gæfu til, að tilheyra þessum merkismannaflokk, sem hefir skrifað næstum alt, sem prentað hefir verið frá Spanish Fork, og Utah yfirhöfuð, í blöðunum, sem hingað til hefir ekki verið annað, en annaðhvort óskapahól um merkismennina sjálfa, eða þá skammir og svívirðingar um aðra. En alt í einingu óáreiðanlegt, og hefði helzt ekki átt að prentast.

Mönnum, sem eru líkir að skynsemi, sem Ralph Waldo Emerson, Lord Beaconsfield, Victor Hugo, kemur öllum saman um, að of mikið hrós sé í raun réttri meira til minkunar en of mikið last. Og að meira illverk sé varla unt að gera hrokafullum einfeldning, en að hæla honum of mikið. En af því mér er ekkert fjærra skapi, en svo mikið sem að ympra á nokkurru, sem gæti komið í bága við sjálfstældu merkismennina í Spanish Fork, þá dettur mér hreint ekki í hug, að jafna mönnum eins og Emerson við þá, því líklega enginn þeirra víti einngang hverrar þjóðar hann var. En hvort sem ekki, þá veit ég, að þeir hafa aldrei heyrt getið um Prof. Max Muller. Því eins og lesendur Hkr. máske rámar í, að í greininni um "Eddurnar og Eddulærdómana", þá varð mér á, að ég tilfærði málfræðilega grein eftir hann, og hefi ég síðan oft fengið frá þeim merkismönnunum skammar og smáarbréf í hverjum mánuði, og stundum oftar, hvar í þeir hafa gert mikið gys að mér vegna heimskunnar, sem er í greininni. En hvort þeir hafa tekið mig fyrir Max Muller, eða Max Muller fyrir mig, læt ég mig litlu varða.

Það er ein svo afkáralog villa í grein herra E.H.Johnsonar um hr. Gísla Einarsson frá Hrísnesi, að ég neyðist til að benda á hana. Og það er þetta: Hann segir — "Hann naut á yngri árum sinum talsverðgar skólamentunar, en varð að hættá við lærdóm sökum heilsubrests". Þegar ég fór frá Íslandi, þá var varla nokkur manneskja komin til vits og ára í Vestur-Skaptafells- Rangárvalla-, Vestmannaeyja og enda fleiri sýslum, sem ekki vissi, að sá eini heilsubrestur, sem stóð í vegi fyrir mentunar áframhaldi Gísla, var, að hann hafði ekki gáfur til að mentast. Og get ég þess að eins sökum þess, að það er ómögulegt, að færa honum það til lasts. En sögu hr. E.H. er að eins til aðhláturs.

John Thorgeirsson,
Thistle, Utah.

Fyrirmyndin.

Hann er fæddur heima á gamla Fróni. Snemma bar á því, að hann vildi safna saman, og áður en hann fluttist hingað vestur (tvítugur) kölluðu sveitungar hans hann nurlara. Hann svaraði þeim þessu: "Vestanhafs skal ég þó nurla betur, ef bæði líf og heilsa endist, — og seinast verð ég kallaður 'hinn ríki'." — Þeir sögðu aftur: "Í Ameríku aumingi þú verður, o. s. frv."

Í þessu landi starfaði hann alt sem fyrir kom, hafnaði engu boði — nei. Og fyrir það, eftir nokkur ár, með þolinmæði og sömu hugsun\aftrandi því, að láta nokkurn ginna sig með loforðum fögrum, er hann nú kallaður "hinn ríki".

Ég man hverju hann svaraði mér, þegar ég kallaði hann "spámann": "Vakandi í æskunni ríkti óflug, einlæg og ógleymanleg þrá, eða löngun hjá mér til að verða sjálfbjarga. Enda er æskan oss öllum gefin til að starfa og hugsa um sína eigin velferð í framtíðinni — nefnilega ellinni. Enda er ég einn af þeim fáu samt, sem þykist hafa gert það, mér sjálfum til ánægju nú".

Þessi orð hans þóttu mér og þykja hágöfug, heilbrigð skynsemi birtist öllum viðvikjandi lífinu í þessum hans örfáu orðum, þurfa að eins eftirtekt góða og hugsun, þá bera þau árangur góðan, ann ars ekki.

Í stjötíu ár er maðurinn búinn að lifa. Samt er heilsan allgóð, ánægjan mikil, og hann giftist ei fyrr en hár hans og skegg var búið að skifta um lit, fékk samt unga stúlku, lundgóða, mentaða og friða. Og ánægð hefir hún verið alt að þessu í hjónabandinu, enda er maður hennar í hegðun, framkomu og orðum sönn fyrirmynd. Þau hafa eitt fósturbarn munaðarlaust, nú orðið góð hjálp. Og betur, að víða væru til aðrir eins staðir fyrir munaðarlausa, eins og hús þeirra hjóna. Þar drotnar líka friður og blessun.

Bæði hjónin eru mínir vinir og verða til dauðans.

A. St. Johnson.

Herra S. J. Johannesson.

Þú gamli maður!

Ég hefi ætið setið hjá öllum rit og blaðadeilum, og þess konar þrasi, oftast álitið það bull eitt og barnaskap. En þegar ég las kveðjuna frá þér til Sigtryggs Ágústssonar, í Heimskringlu 9. apríl 1908, varð ég svo hissa, að ég gat ekki orða bundist. Vesalings karlinn, þú verður svo úfinn og illur út af því, að Sigtryggur vildi ekki kalla þig stórskáld, að þú rikur upp með svívirðingarorðum og uppnefnum í opinberu blaði, og sannar þar með svo áþreifanlega þennan gamla málshátt: "Sannleikanum verður hver sárreiðastur", — að það er mikið spursmál, hvort nokkurntíma hefir stærra flón látið til sín heyra.

Ef þú, S. J. Jóhannesson, hefðir verið maður vxtur, þó ekki hefði verið nema í meðallagi, þá mundir þú ekki hafa svarað Sigtrygg einu orði, heldur látið grein hans sem vind um eyrun þjóta. Það virðist M. Markússon hafa gert, og verð ég að álíta, að hann standi þér mikið framar fyrir bragðið. Ég fæ ekki séð, hvernig þú ferð að afsaka — ekki einu sinni við sjálfan þig — orðin, sem þú hefir um Sigtrygg. Þau eru svo óhrein og ofsafull, að vel mætti ætla þau komin frá manni, sem ekki hefði hugmynd um velsæmi, í orðakasti að minsta kosti.

Sjálfs þín vegna vona ég, að þú gáir betur að sóma þínum, þegar þú heilsar eða kveður einhvern næst, hvort sem hann er vinur þinn eða óvinur.

Að síðustu skal þess getið, að þetta er ekki neitt svar fyrir Sigtrygg, heldur blátt áfram aðvörun til þín, gamli öldungur, sem kominn ert svo langt fram á lífsleiðina, að þú ættir að kunna að haga tungu þinni öðruvísi en þessi kveðja þín ber með sér.

Manni sárnar, þegar roskinn og skikkanlegur meðlimur kirkjunnar verður svona óskaplega r e i ð u r.

Með kærri vinsemd,

Jóhannes Magnússon.

Hvað er hér.

Aldrei skaltu geyma

Til morguns

það sem hægt er að gera í dag. Þessvegna segjum vér: Skrifaðu ÞIG fyrir Heimskringlu í DAG. En ef þú geymir það til morguns, þá g e t u r skeð að það v e r ð i ALDREI gert. Hver sá, eða sú, sem klippir úr blaðinu þessa auglýsingu og s e n d i r h a n a til Heimskr. ásamt með $2.00 fær hana í **15** mánuði,— og 1 góða sögu líka. Þessi kjörkaup gilda aðeins einn mánuð,— til 30. aprfl.

HEIMSKRINGLA
P.O. Box 116, - - Winnipeg

Tamarac selst hjá A. S. Bardal fyrir $5.50, — en 2 "Cord" fyrir $10.50.

125 Dollara

De Laval rjómaskilvinda til sölu fyrir $45.00. Þessi skilvinda er sama sem alveg ný og í ágætu standi. Skrifið mér eða finnið mig að máli.

Magnús Pétursson,
535 Agnes Street, Winnipeg.

The Dominion Bank
NOTRE DAME Ave. BRANCH Cor. Nena St.
Vér seljum peningaávísanir borganlegar á Íslandi og öðrum lönd.
Allskonar bankastörf af hendi leyst
SPARISJÓDS-DEILDIN
teknir $1.00 innlag og yfir og gefir hæztu gildandi vexti, sem leggjast við innstæðufé á sinnum á ári, 30. júní, 30. sept. 31. desembr og 31. marcb.

Til fullkomnustu tryggingar
Vátryggið fasteignir yðar hjá The
St. Paul Fire & Marine Ins. Co.
Eignir félags, eru yfir 2 milljón dollars. Skaðabætur borgaðar af San Francisco eldinum fl. mill.
SKULI HANSSON & CO., 55 Tribune Blkg. Phone 6478, eru sérstakir umboðsmenn.
E. S. Miller Limited
Aðal umboðsmenn
PHONE 2083 219 McINTYRE BLK.

Það borgar sig
að auglýsa
í Heimskringlu

Department of Agriculture and Immigration.

MANITOBA

Land möguleikanna fyrir bændur og handverksmenn, verka menn. Auðnuból landleitenda, þar sem kornrækt, griparækt smjör og ostagerð gera menn fljótlega auðuga.

ARID 1906

1. 3,141,537 ekrur gáfu 61,250,413 bushels hveitis. Að jafnaði yfir 19 bushel af ekrunni.
2. Bændur lögðu yfir $1,515,085 í nýjar byggingar í Manitoba.
3. Í Winnipeg-borg var $13,000,000 varið til nýrra bygging.
4. Búnaðarskóli var bygður í Manitoba.
5. Land hækkaði í verði alstaðar í fylkinu. Það er nú frá $6 til $50 hver ekra.
6. Í Manitoba eru 45,000 framfara bændur.
7. Í Manitoba eru enþá 20 millíón ekrur af byggilegu óteknu ábúðarlandi, sem er í vali fyrir innflytjendur.

TIL VÆNTANL. LANDNEMA

komandi til Vestur-landsins: — Þið ættuð að stansa í Winnipeg og fá fullar upplýsingar um heimilisréttarlönd, og einnig um önnur lönd sem til sölu eru hjá fylkisstjórninni, járnbrautafélögum og landfélögum.

R. P. ROBLIN,
Stjórnarformaður og Akuryrkjumála Ráðgjafi.
Skrifið eftir upplýsingum til
Joseph Burke, 617 MAIN ST., WINNIPEG. Jas Hartney 77 YORK ST., TORONTO.

T. L.
Heitir sá vindill sem allir reykja. "Hvaðsvegna?", af því hann er það besta sem menn geta reykt. Íslendingar! munið eftir að biðja um T. L.
(UNION MADE)
Western Cigar Factory
Thomas Lee, eigandi Winnipeg

Redwood Lager og Extra Porter
Styrkið taugarnar með því að drekka eitt staup af öðrum hvorum þessum ágæta heimilis bjór, á undan hverri máltíð. — Reynið !!
EDWARD L. DREWRY Manufacturer & Importer Winnipeg, Canada.

Það vill verða erfitt fyrir karlmann, að ganga í burtu frá fallegri konu fljótandi í tárum, sérstaklega þegar hún biður hann um það. Lávarðurinn fór heldur ekki í burtu, en tók um báðar hendur hennar.

"Nita, þér verðið að segja mér, hvað þetta á að þýða. Ég saina yðar og hefi mikið leitað að yður. Hvernig stendur á því, að ég finn yður hér í þessu ástandi? Segið mér það og berið traust til mín".

Hún leit framan í hann, og tárinn runnu ótt og titt niður kinnar hennar.

"Það er bezt, að spyrja mig einskis, Allan", sagði hún. "Mér — mér datt ekki í hug, að þér munduð finna mig hér. En ég varð að gráta út sorg mína í einverunni og kyrðinni".

"Hvað er það, sem amar að yður, Nita? Segið mér það".

Hún reyndi til að losa hendur sínar og hún stundi þungan.

"Spyrjið mig ekki. Ef ég nokkurntíma segði yður það, gæti það haft slæmar afleiðingar í för með sér. Látið mig vera eina, — það er það bezta".

A

En hann tók því fastara utan um hendur hennar.

"Ég verð að vita það, — þér megið til að segja mér það".

XLVI. KAPÍTULI.

Aldrei gleymdi hann hinu föla, fagra andliti hennar, er nú sneri sér að honum. — Hún hvíldi lengi á hann, —

"Þér spyrjið mig, hvers vegna ég sé svona hrygg og grátin", sagði hún svo. "Það er af því, að ég

er ekki eins og þér, — ég get ekki gleymt. Í guðs nafni vildi ég óska að ég gæti það, en mér er það ómögulegt."

Hann vissi ekki, hverju svara skyldi.

"Ég hefði getað orðið hamingjusöm, hefði ég aldrei hitt yður", hélt hún áfram, — en nei, þess vil ég þó ekki óska. Það er betra, að hafa elskað og tapað, en aldrei hafa elskað. Allan, ég hélt ég væri sterkari en ég er, — ég hélt eins og svo margir aðrir, að ég gæti líkað, ef ég að eins hefði nógan auð,— en ég get það ekki, — get það ekki, — guð hjálpi mér! Hjarta mitt hrópar eftir meiru, — ó, ég get ekki lifað án ástar".

"En, Nita", sagði hann, "þér eigið góðan og blíðan eiginmann".

"Já, en ég elska hann ekki. Líf mitt er ekki annað en löng raunakeðja, því ég elska hann ekki. Ó, guð hjálpi mér!"

Hann leit raunalega á hana, hann sá, hvað henni bjó í brjósti.

"Ég hugsaði", sagði hún, "daginn, sem þér komuð að kveðja mig, — þá hélt ég að ég gæti gleymt yður. En, Allan, ég hefi haldið mig sterkari en ég er".

"Kæra Nita", sagði hann, "ekki get ég ímyndað mér, að viljakraftur yðar svíkji yður".

"Hann hefir þegar gert það!" hrópaði hún ákaft. "Ó, Allan, Allan, ég vildi að ég hefði þann dag, í staðinn fyrir að vera stolt og köld við yður, tekið um háls yðar og beðið yður, að hugsa ekkert um arf yðar, en ganga að eiga mig. Munduð þér hafa gert það?"

"Já, ég held ég hefði gert það", mælti hann alvarlega".

K

"Ó, vei mér! Nú er það of seint. Ó, Allan, mín byrði er svo þung, að ég get ekki risið undir

henni! Lofaðu mér að gráta út sorg mína!' Ég elska bústað yðar meira en nokkurn annan blett á jörðunni. Mér þykir orðið svo vænt um hann, að ég get ekki hugsað til að fara héðan. Þegar ég fer, verð ég eins og Eva, þegar hún var rekin úr Paradís. Ég vil heldur deyja og fá að hvíla í þeirri mold, sem tilheyrir yður, en líka nokkurstaðar annarstaðar".

"En, Nita —"

Hann ætlaði að leiða henni fyrir sjónir, hve heimskulegt tal hennar væri, en hún lét hann ekki komast að.

"Takið ekki fram í fyrir mér! Lofið mér að útausa mínu hrygga hjarta fyrir yður, Allan, — þó þér reiðist mér, sýnið mér samt þá sanngirni. Get ég að þessu gert? Reynduð þér ekki alt sem þér gátuð í fyrri daga til að fá mig til að elska yður?"

"Ef ég hefi gert yður rangt til, Nita, þá þykir mér það fjarska leiðinlegt".

"Ég ásaka yður ekki, Allan. En endurminning þeirra daga ætti að gera yður mildan í dómum yðar gagnvart mér".

"Ég er það, og mér hefir ekki dottið í hug, að vera ómildur í dómum mínum. Ég gæti það heldur ekki, Nita, þó ég feginn vildi"

"Ég hata alla meðaunkvun", sagði hún. "En það kemur stundum fyrir, að ég er víti mínu fjær af sorg. Ég vissi ekki hvað ást var, fyr en ég kynn yður, Allan. Þér getið tæpast ímyndað yður, hve heitt ég elskaði yður. Er það nokkuð ljótt, þó ég segi yður, að ég hélt að þér einhvern daginn mynduð biðja mig að verða konuna yðar? En það var bara draumur, — heimskulegur draumur. En þegar ég vaknaði af honum, var ástand mitt hræðilegt. Getið þér ásakað mig fyrir það?"

"Nei", sagði hann í hálfum hljóðum, "ég ásaka yður ekki, Nita. Guð hjálpi okkur báðum!"

"Ég hugsaði", sagði hún ennfremur, "að við gætum verið vinir, þegar við hittustum aftur, en ég sé, að það er ómögulegt. Ég hefi liðið mikið undir þessu baki. Ég var svo blind og vitlaus, að ímynda mér, að ég ætti mestan rétt á yður, — og í raun og veru er það svo, — af því þér elskuðuð mig fyrst, og nú er hart fyrir mig að verða að horfa á, að allur sá áhugi og umönnun, sem þér fyr meir sýnduð mér, skuli nú vera sýnt annari konu, þó hún aldrei nema hafi rétt til þess".

"Vesalings Nita!" sagði hann og tók blíðlega um hönd hennar. Þér hafið liðið alt þetta, án þess ég hefði minstu hugmynd um það".

"Ég hefi haldið hugsunum mínum leyndum þangað til nú, og ég ætlaði mér ekki að láta þær í ljós, ef þér hefðuð ekki fundið mig hér. Mig langaði ekkert til að segja yður það, en svo er líklegast bezt, að þér vitið það. Menn eiga ekkert með, að reyna að vinna ást konunnar, til þess á eftir að kasta henni frá sér sem visnu blómi".

"Nita, þetta er ekki rétt. Í það minsta hefi ég aldrei gert það".

"Þér gerðuð hér um bil það sama. Það er jafngott, þó þér fáið að vita, að ég aldrei get gleymt eins og þér getið. Guð miskuni mér! Engin er ólánssamari en ég, og ánægjusamasta stundin í lífi mínu verður, þegar ég segi skilið við þennan heim".

"Þér þurfið ekkert að tala um þetta, Nita. Ég hefi ávalt virt ást konunnar, — aldrei hefi ég gert gis að henni, og aldrei hefi ég viljað dæma hana ranglega".

"Það getur vel verið, ég er svo leið í skapi núna, aðég veit varla hvað ég segi. Ó, Allan, hversu skemtilegt er ekki að lifa fyrir þær konur, sem eru

Nytsemi vísindanna fyrir þroska trúarlífsins. — [Frh frá 2. bls.]

það væri hagsmunaleg og þjóðfélagsleg þörf, að hafa ánauðugan og þrælbundinn flokk manna í þjóðfélaginu, er hafa þyrfti sem fótaskinn í annara þarfir. Þess kyns trú, og þess kyns þrældómur hefir haldist við lýði í mótsögn við kristindóminn, einmitt af því, að hann hefir aldrei tileinkað sér bróðurhugsunina sem réttlætiskröfu. Mót leifum þessa heiðindóms er verkamannahreyfingin enn að berjast.

Enn á öndverðri 19. öld var sú trúarsetning drotnandi í hagfræðinni, að verzlun og iðnaður gæti ekki þrifist á annan veg, en að halda vinnulýðnum svo lágum, sem unt væri. Nú er það talin staðreynd, að sú vinna, sem borguð er hæstu verði, borgi sig bezt. Prófessor Marshall talar um þessa staðreynd þannig, "að hún sé voðarríkari fyrir mannkynið, en hvað annað, er vér nú þekkjum". Má það og auðsætt vera, hve lýstandi verkanir þessi skilningur má hafa á lífskjör og þróunarkjör mannlífsins.

Og þjóðmegunarfræðin kannast við, að það sé hin skaðvænlegasta eyðslusemi meðal þjóðanna, að líða, "að menn, snillingar að vitsmunum, sliti sér út í lágri stöðu, af því þeir séu af lágu bergi brotnir. Engin breyting mundi stuðla svo mjög að ljótum vexti í þjóðmegun, sem endurbætur á skólum vorum" (prófessor Marshall).

Á hinn bóginn er þetta stórskref áfram til að kannast fyllilega við hina kristilegu bróðurhugsun. Og þetta stórstig hafa vísindin stigið. Á meðan trúvillan — með öðrum orðum: meðan hugvitsfrelsið — var stærst allra glæpa, og kirkjan tók upp þykkjuna og hafði dómsvaldið, var hegningin í orðsins fylstu merkingu djöfullег. Sem eitt dæmi má telja það, að það var talin velgerð við trúvillumenn að steikja þá við hægan eld, svo þeir hefðu nægan tíma til að aftur kalla. En ef þeir gerðu það, voru launin afilangt varðhald (tilskipun Friðriks II. 1224). Þeim viðbjóðslega skilningi var blátt áfram haldið fram af katólskum klerkum, að trúvillumaður væri svo mikill glæpamaður, að HANN HEFÐI ENGAN SIÐFERÐISLEGAN RÉTT. Ekki var að búast við meiri mannúð hjá veraldlegu valdi. Allar miðaldirnar út drotnaði þannig skrælingja-grimd í meðferð á glæpamönnum og alt til loka 18. aldar, þá er nokkuð fór að breytast til batnaðar.

Andstyggilegasti skrælingjaháttur inn var pyndingarnar. Ekki þarf annað en nefna þær. Hryllingar þeirra kannast allir við. Að því ég fræst veit, var England eina landið, sem aldrei lögleiddi pyndingar. Þó var þeim oftsinnis beitt þar, einkum í kirkjumálum.

Sláandi sönnun þess, hve afarlangt kirkjan og kristindómurinn átti í land til þess að skilja Krist, getum vér séð á þeim guðníðingsið, að í fangaklefanum stóð hinn krossfesti Kristur við píslarferið. Frá katólsku kirkjunni var því ekki að vænta eftir baráttu gegn pyndingum eða hinum skrælingslegu hegningarlögum. Ekki varð heldur búist við því, að mótmælenda kirkjurnar legðu út í þann bardaga. Þvert á móti. Siðbótamennirnir sjálfir voru logandi hræddir við galdranorulr og töframenn, og ofsóknum laust því upp gegn stórveldum þessum. Að Kalvin lét brenna Servetus á báli, og það samþykki, er þetta niðingsverk fékk hjá Melankton og öðrum — hvernig John Knox og margir með honum réttlættu það, sýnir ljóslega, að framför í mannúð og umburðarlyndi varð að koma annarstaðar að. Það varð að koma frá mönnum, sem ekki voru hræbundnir í hugsun sinni, samvizku og hugarþeli, hvorki af hinni drotnandi trú né hjátrúnni.

Einn hinna fyrstu, er barðist gegn pyndingunum, var hinn frakkneski efunarmaður Montaigue, og sakir baráttu Montesquieu og eink um Voltaires og frakknesku stjórnarbyltingarmannanna var það, að þeim var útrýmt á Frakklandi. Ítalskur maður, Beccaria, mikill dáandi Rosseaus, sandi ritling um "glæpi og hegningar", sem kom af stað mikilli hreyfingu um alla Norðurálfuna, og leiddi það smátt og smátt til afnáms pyndinganna. Í Danmörku tókst Strúensee, að fá þær numdar úr lögum. En eftir fall hans voru þær aftur lögleiddar. Þó ótrúlegt sé, voru þær þar fyrst úr lögum numdar fyrir fult og alt árið 1837.

Beccaria barðist ekki að eins fyrir afnámi pyndinganna. Hann leitaðist og við, að fá hegningarlögin yfirleitt gerð mannúðlegri. Sérstaklega er hann frægur orðinn fyrir baráttu sína gegn dauðahegningu. Þessi viðleitni til að draga úr hegningunni, vakti menn til eftirtektar á ástandinu í fangelsunum. Hér var það hinn enski trúhvarfs prestur Howard og kvekarakonan Elisabet Fry, sem með óþrotlegri starfsemi kengu bætt kjör fanganna, að kalla má í allri Norðurálfunni.

Árangurinn af hinum brautsigu og öflugu nýrri rannsóknum á lögum náttúrunnar og lífsins hefir smámsaman varpað nýju ljósi yfir hin feiknamiklu áhrif, sem alt umhverfið, lífskjörin, þegnfélagsstaðan o. fl. hefir á manninn. Ennfremur hafa þær skilgreint áhrif líkamans á þroska sálarlífsins, dregið fram í birtuna mikilsvirði ættgengninar, og vanheilsu-einkenni sálarlífsins o.s.frv. Alt þetta stuðl ar smátt og smátt að því, að við fáum aðra skoðun á "sekt" og hinum seka manni. Það sem menn fyr meir töldu sjálfsagt að væri illverk, það þykir nú eins vel ástæða til að ætla, að stafi af sjúku ástandi sálarlífsins, eða af ættgengu eðlisfari mannsins, eða af siðspillandi lífskjörum og heimilishættum. Þá er svo á stendur, sýna menn linkind í stað sakfellingar, og viðhafa tilraunir til að frelsa og betra, í stað hegningar eða samhliða hegningunni. Nú játa menn, að brennimark hegningarinnar sé siðspillandi. Í stað þess, sem áður, að láta eitthvað ægilegt, "öðrum lyndislíkum til skelfingar, og viðvörunar", eða sem í endurgjaldsskyni, koma í stað glæpsins, er það nú meir og meir takmark föggjafarinnar á aðra hliðina, að reyna að siðbæta þegnfélagsástandið, sem leiðir beint til glæpsins eða freistar til hans, og hinsvegar með ýmsum hætti, að hafa áhrif á viðreisn hins fallna, svo að hann gefist ætt ingjum og þjóðfélaginu sem betri maður.

Af þessum nýju áhrifum vísindanna á löggjöf vora (Norðmanna) vil ég nefna hegningardóma með skildögum, lausn úr fangelsi til reynslu og lögráðalögin, sem neyða bæði til að frelsa börn frá vondum áhrifum siðspiltra foreldra, og láta föstur koma í staðinn fyrir hegningu á barns- og æskualdrinum, sem og að forðast, að brennimerkja börn með lægjandi og siðspillandi hegningu. Það er viðurkenning þess, að HIÐ GÓÐA sé sterkara vald en HIÐ VONDA, sterkara en hegning, háð og fyrirlitning, sem er andinn í dómsköpum og löggjöf vorrar aldar. Takið eftir mismunínum á skilningi Kalvins, er hann sagði: "Það er betra, að mörgum saklausum verði hegnt, en að einu sekur sleppi við hegningu", — og á lagabót vorri, sem segir: "Hver einn efi skal verða sakborningi í vil", og af 10 atkvæðum dómenda þarf fleiri en 6 til að dæma mann sekan.

En þeir menn, sem barist hafa fyrir, að þessi mannúð — mér leggur við að segja þessi uppeldisfræði í meðferð glæpamanna — bæri sigurinn úr býtum, hafa svo oft orðið fyrir hrakyrðum af íhalds- og réttrúnaðar stefnunni, hafa verið titlaðir vinir glæpamanna ásamt fleiri nafnbótum! Menn hafa gleymt því, að það var stofnandi kristindómsins, sem varð fyrstur að þola brigsl fyrir þess kyns vináttubrögð og var nefndur vinur tollheimtumanna og hersyndara. Endurgjalds lögmálsgyðinga: "Hver, sem úthellir manns blóði, hans blóði skal af mönnum úthelt verða", skoðaði þessa stofnu sem þann grundvöll, er kristnir menn ættu að byggja á.

Umburðarlyndis og frelsisandanum er það að þakka, að alt, sem nefnist góðgerðasemi og miskunnarverk, — sem viðurkent hefir verið að væri sérskylda kristinna manna — hefir náð sér niðri eftir skilningi Jesú, sem það verk, er öllum beri jafnt að sýna án undanfarandi réttarprófs um, hvort um Gyðing eða Samverja, trúarjátning eða ekki trúarjátning væri að ræða.

"Þú átt að elska drottinn guð þinn". Það er Krists fyrsta og stóra boðorð. Tilraun vil ég gera til að sanna, hvern stuðning hinar frjálsu sannleikselskandi rannsóknir hafa veitt, til að hreinsa og hefja guðshugmyndina, og með því gert mönnunum auðið, að læra að elska guð, í stað þess að þræla í hræðslunni og óttanum fyrir honum.

Viðurkenningin um, að náttúran sé niðurskipuð eftir ákveðnum lögum, sem tók að ryðja sér til rúms með stjörnuuppgötvunum á 16. og 17. öldinni, kemst einlægt lengra og lengra, unz hún með tvennur vísindagreinum vorra tíma, jarðfræðinni og líffræðinni, nær til sjálfs lífsins. Nú vitum vér, að frá því fyrst að lífs varð vart á hnetti vorum, alt og til þess, að það hafði náð sínum æðsta þroska með manninum, þá er líf þetta háð ákveðnum lögum. Já, nú erum vér farnir að skilja, að sjálft mannkynslífið, gegnum mannkynssögunna, er háð lögum — þróunarlögunum.

Hin fyrsta náttúrlega afleiðing þessa lagagildis hefir verið sú, að guð hefir losnað við gömlu gerræðisfrægðina, að skelfa fólk, og komst í samband við hið reglubundna og skaplega skipulag heimsins. Heimur, sem stjórnað er í smáatriðum eftir fast niðurskipuðum lögum, opinberar margfalt háleitari speki, umhyggju og almætti, en sá heimur gat gert, þar sem guð stöðugt var að sjá sinar eigin ráðstafanir að engu hafðar, og fyrir því þurfti á hverri stundu á yfirnáttúrlegum kraftaverkum að halda, til þess, að alt færi ekki aflaga og mönnunum yrði í skefjum haldið. Guðshugmyndin missir við lagagildi einkenni hegningarinnar, hins harðdræga og skugga lega endurgjalds, það einkenni, sem allir hinir gerræðisþrungnu og skelfilegu hegningardómar höfðu eignað honum. Og ennfremur — þá speki, sem hefir niðurskipað öllum þessum lögum, getur mannleg hugsun ekki framar sameinað við kotmannlegar ástríður, t. d. hatur hefndargirni og grimmúðlega gleði af þjáningum hans sköpuðu skepna Nú er ekki framar hægt, að saurga guðshugmyndina með því, að eigna henni mannlega vonzku í stórkostlegum mæli (sbr. "Fyrsti trúvilludómarinn").

Enda þótt lagagildið væri viðurkent í hinni líflausu sköpun, urðu menn þó jafn skelkaðir við kenningu Darwins sem Kópernikusar. Framþróunarkenninguna í heild sinni skoða vist margir enn óvinveitta kristindóminum. En að svo miklu leyti, sem ég fæ séð, kemur þetta til af því, að menn hafa hausavixl á árangri náttúrurannsóknanna og ágizkunum og fræðikenningum. — persónulegum trúarskilningi þeim, sem margir framþróunar kennendur hafa sjálfir mynðað sér.

Þetta er þó ólögleg aðferð við vísindin. Vísindin geta ekki haft ábyrgð á fræðikenningum eða trúarskoðunum iðkenda þeirra. Ef vér að eins höldum oss við þann árangur, sem smátt og smátt vinst og áreiðanlega hlýtur viðurkenningu, munum vér brátt sjá, að ætlunarverk hans er að veita sönnuðunum sannari og dýpri tök á kristindóminum, með því vísindin varpa nýju og skærara og dýpra ljósi yfir kenningar Krists.

Hin fyrsta áþreifanlega verkun, sem framþróunarkenningin hefir haft á alt andlegt líf Norðurálfunnar er, að hún hefir vakið til lífs trúna á framför og framkvæmt hana verklega.

Framþróunarkenningin er kenningin um stöðuga framför frá hinu lægra til hins hærra, frá hinu ófullkomna til hins fullkomnara og fullkomnara. Hið miður góða getur ekki þrifist gagnvart hinu betra Hið lakasta, þróttminsta, verður fyr eða síðar að rýma sæti fyrir hinu betra og þróttmeira. En þessi staðreynd er ákaflega víðtæk í siðferðislegu tilliti. Alt í einu er loku fyrir skotið, að hið lélega geti til lengdar staðið hinu betra á sporði því meira viðfangs og námsefni, sem mennirnir og mannlífið verður, því betur kemur það í ljós, að laklegt og gott í slíku sambandi kemur ekki síður til greina í hinum siðferðislega heim en í náttúrulífinu. Það er með öðrum orðum, að hið vonda fær ekki til lengdar staðið hinu góða á sporði, því síður sigrað það. Við ljós vísindanna sést það þá, að hið góða sigrar að lokum, og að þessi lokasigur hvílir eigi að eins á stjórnarbyltingu — hefði ég nærri sagt — drottins vors, heldur á allri heimskipun guðs. Öll skoðun vor á sögu mannkynsins og framtíð verður fyrir gagngerðri breytingu af áhrifum þekkingarinnar á FRAMÞRÓUNINNI SEM NÁTTÚRULÖGMÁLI. Áður var framtíðin í augum kristninnar, sem hræðilegt skrímsli, sem magnaðist meir og meir og varð verra og verra viðureignar. Hins góða, hins eftirsóknarverða — þess var alla jafna að leita í fortíðinnij "Skelfilegir tímar eru það, sem vér lifum á!" — "og hvernig ætli þetta fari?" Þetta gekk mann frá manni — Og það er enn viðkvæði margra kristinna manna. Menn urðu að líta aftur fyrir sig, til að finna almætti guðs, góða tíma og góða menn.

Í heimsþróuninni er falið göfugra traust til valds hins góða. Og því er það djúp kristileg hugsun hjá Herbert Spencer, að lyndiseinkunn mannsins muni taka slíkum framförum af áhrifum framþróunarinnar — útvalningarlögmálinn —, að hugsanlegt sé, að almenn framlagsfýsi komist svo langt, að hún líkist hjálpfýsi foreldra við börn sín.

Og við sama transtið til sigurs hins góða verðum vér varir í þjóðmegunarfræðinni, sem aftur hefir gengið í skóla hjá líffræðinni. — "Þannig mun baráttan fyrir tilverunni, þá er til lengdar lætur, gera þá menn lífseigasta, sem fúsastir eru til að fórnfæra sjálfum sér fyrir meðbræður sína" (prófessor Marshall). Þetta er viðurkenning og undirskrift vísindanna undir orð Jesú: "Hver sem vill vera mestur meðal yðar, verður að vera þjónn allra".

Á meðan vöxtur hins vonda er aðalatriðið í framtíðarhugleiðingum kristinna manna, á meðan getur sá áburður á kristindóminn, að hann leiði til eigingirni, sé fremur til að leitast við að frelsa sjálfan sig, hæglega komið mönnum svo fyrir sjónir, ,að hann sé alls ekki tilhæfulaus. Þegar nú vísindin hafa sýnt oss, að sigur hins góða sé skildagabundinn heimsreglunni, er fyrir oss kristna menn nýju ljósi varpað yfir líf Krists og verk hans. Líf Krists og verk verður kraftur, sem settur er inn í alla framþróun lífsins. Fyrir því verður gildi þessa verks hans ekki innan svo þröngra vébanda, að það nái að eins til trúarlífsins, eða snerti AD EINS kristna með trúarjátning, heldur opinberar það sig í allri komandi framþróun lífsins, og leiðir hana áfram sem útvalningurinnar kraftur.

Ekki þarf orðum að því að eyða að með þessari viðsýnu örugg vissu um ómótstæðilegan mátt framáranna, sem heimsreglu, hlýtur að fylgja alt annað þrek og kraftur í baráttunni fyrir hinu góða og gegn hinu vonda, en orðið gat í þessari baráttu, meðan menn ráðþrota trúðu, að ékkert á jörðunni nema dómsdagur einn gæti leitt í ljós sigur hins góða.

Með því að vísindin hafa uppgötvað, að framþróunin væri náttúrulögmál og sannað með líffræðinni, að alt lífið yfirleitt er háð ákveðnum lögum, er grundvelli siðfræði vorrar lýst svo upp, að hún skoðast ekki lengur sem sérstök boðorð, sem þeir einir hlýddu sem trúðu því, að guð hefði boðið oss það, heldur sem náttúrulögmál — guðs lögmál til fullkomaunar vorrar. Meðan boðorðin stóðu sem á stangli, litu þau út sem gerræðisboð, sem köstuðu skugga á guð sjálfan. Fyrir því var það, að mönnum gat komið til hugar, að BÆTA VIÐ boðorðin, og það ekki minna en því, að það væri synd, miklu stærri en synd á móti 6. boðorðinu, að éta kjöt á föstudögum.1).

Ekki var það heldur neinn ógerningur, að lata sér koma til hugar, að hlíðra sér hjá boðorðunum með hártogunarskýringum á tilgangi boðorðabrotanna. 2)

Slíkt kemst ekki að gagnvart lögum um framþróun mannkynsins og framför. Þar búa menn sér ekki til náttúrulögmál, og ekki sitja menn heldur á svikráðum við það. Og ekki er það síður tiltækilegt, að ætla guði þær skipanir, sem siðferðislegri meðvitund vorri hryllir við. "Sakargiftir" kristinna manna á fyrri tímum gegn guði fyrir fyrirskipanir hans um morð og morðbrennur, og að stráðrepa niður varnarlaust fólk o. s. frv., eru nú skoðaðir sem viðbjóðslegt guðlast af hinni mentuðu kynslóð vorra daga.

Dagfátt mundi mér verða, að uppgötvun náttúruvísindanna hefir veitt baráttunni fyrir framförum mannanna í hinu góða öflugan stuðning. Ég vil að eins benda á, hve umbætur á öllu eru ríkar í hugum manna, eigi að eins umbætur á lífskjörum manna, heldur þannig lagaðar umbætur, að menn irnir sjálfir og mannkynið taki framförum. "Þjóðkvnja framför (Racepfogress) er takmarkið, sem stendur á bak við eigi einungis alt trúboðsverk, heldur og bak við baráttu líffræðinga, þegnfélagsfræðinga, lækna og lögfræðinga og margra annarra fyrir framþróuninni. Og það er hátt markmið. Hæsta markið, sem mennirnir hafa nokkurn tíma sett sér.

Auðsætt er, hve hugmyndir vorar um guð hljóta að vaxa og hækka á þessari þekkingu á eilífum mætti hins góða, sem náttúrulögmáli í heimsskipun hans. Og jafn auðvelt er að skilja, hve þetta ljós vísindanna greiðir fyrir því trausti og þeim kærleika til guðs, sem Kristur hefir kallað "hið fyrsta stóra boðorð".

Ég hefi nú reynt, að sýna í stórum dráttum, hvernig verk vísindanna, þrátt fyrir alt, hefir farið eftir guðs vegum, og með því greitt fyrir trúarlegri framþróun.

Auk þessara beinu áhrifa vísindalegrar þekkingar, er fjöldi óbeinna áhrifa. Vil ég þar til nefna, — ef til vill hin mestu þeirra — hn bættu samgöngufæri, fyrst og fremst hin eiginlegu, og með hjálp þeirra öll hin andlegu, sem á þann hátt, er hugsanlegur var fyrir öld síðan, bendir til þess, að verða muni "ein hjörð og einn hirðir" —

---

1) Árið 1539 brendu yfirvöldin í Angers þá, sem borðuðu kjöt á föstudögum, en hengdu þá, sem iðruðust þess að hafa borðað það.

2) Allir hinir svo nefndu "meinlausu prettir" styðjast eigi síður en kenning Kristmunkanna - við "tilgangin".

Minni Goodtemplar Reglunnar 1908.

(Flutt á samkomu Goodtemplara að Brú P.O. 26. Marz.

Þú dýra hjálp, sem drotnar víða
drótt íslenzkri hjá,
lifðu meðan ljósið bjarta
lýsa öllu má.
Þú reglan sjálf átt lofið líka,
lofið þúsundfalt,
þú gerir hrund og guma sæla,
ef gistu þig ávalt.

Þú lýðsins bezta leiðarstjarna
lengi verður vist,
steinan rétta, starfið mikla,
stofn af smáum kvist.
gjafir þínar gista víða,
guð veit það er satt.
Minning geyma munu þína
margir geð með glatt.

Að fyrirmyndin fái sigur,
fjöldans er í grun,
og völd Bakkusar verði brotin,
víst það sannast mun.
Samvinna, en sundrung ekki
situr að völdum, þá
munkar sorgin, magnast gleðin
mengi öllu hjá.

Þú ert ung hjá okkar þjóðflokk,
ert samt fjölmenn vel,
þú leiðbeinir þeim villta af vegi,
ef vill þín koma til.
Þú reglan Goodtempkara góða
göfugt stundar starf,
þú framsókn viljans, vegleg regla,
vmnur það sem þarf.

A. St. Johnson.

Hangikjöt

Ef yður vantar gott hangikjöt til páskanna, þá munið eftir, að panta það hjá Eggertson & Hinrickson.

Eins og kunnugt er reynist sú vörutegund betri, ef hún kemur frá þeim, en frá nokkrum öðrum í borginni.

Gleymið ekki, að fá yður gott hangikjöt fyrir páskana, — og fá það hjá oss.

Eggertson & Hinrickson

Cor. Victor og Wellington St.
Telefón: 3827.

DR. A. EKERN
Sérfræðingur í Augna-, Nef-, Eyrna- og Holdssjúkdómum.
Grand Forks, N. Dak.

Matur er mannsins megin.

Ég sel fæði og húsnæði, "Meal Tickets" og "Furnished Rooms", Öll þægindi eru í húsinu.
SWAIN SWAINSSON,
438 Agnes st.

ATLAS LUMBER CO.

Backoo, North Dakota

Hvergi er betra að kaupa bygginga efni, en hjá okkur, því vér höfum stórt upplag á reiðum höndum af öllum þeim vörum. Okkur er sérlega ánnt um að ná sem mestu af viðskiftum ÍSLENDINGA, svo að þegar þér (Ísl.) þurfið að byggja eitthvað, þá óskum vér eftir að fá tækifæri til að selja yður EFNIÐ. Vér reynum til að gera sem bezt við alla, — hvort sem reikningurinn er lítill eða stór.

April 30—8 **S. GUDMUNDSON,** ráðsmaður.

UMLÍÐUN MEÐ BORGUN.

Allskonar Fatnadur

Menn og Konur! Því skylduð þér ekki klæðast vel, þegar þér getið keypt fínustu föt, hvort heldur eftir máli eða með verksmiðju-gerð, — með vægum viku eða mánaðar afborgunum.

Allir vorir klæða dúkar eru af fínustu tegund og fötin með nýjasta New York sniði. Vér höfum kvenfatnaði, skyrtur og treyjur. Einnig karlm. fatnaði, treyjur og buxur, með vægum afborgunarskilmálum. Vér seljum ódýrar en aðrir gera fyrir peninga. Karla fatnaðir frá $9.00 og yfir. Kvenmanna fatnaðir og treyjur frá $12.00. og þar yfir.

Komið! skoðið vörurnar og sannfærist !!

EMPIRE CREDIT CO'Y

Sal 3 í Traders Bankanum, — 433 MAIN STREET

288

Til minnis.

Menn greinir á um það, hvað ég hafi meint í yfirlýsingu okkar S. Ágústssonar í síðustu Heimskringlu, er ég segi: "að sum atriði í ritgerð hans séu ekki langt frá því rétta".

Ég skal fúslega skýra það, svo um það þurfi engum að ekast fram vegis. Það er þetta: Ég er honum, og hverjum öðrum, sem segir það, samþykkur í því, að áhugleysið er alt of mikið hjá fjölda fólks innan vébanda G. T. reglunnar, fyrir svo góðu málefni.

Allt annað, er ég áður hefi mótmælt í grein hans, stendur óhaggað. Þar hefi ég engu úr að draga.

R. Th. Newland.

Til sölu

með hálfvirði, 2 nýjar skreðara saumavélar, í herbergi 408 McGreevy Block. 258½ Portage Ave. Einhver Ísl ætti að nota þetta sjaldgæfa tækifæri.

WINNIPEG

Það sorglega slys varð hér í bæ þann 8. þ.m., að landi vor Albert Jónsson, sem um mörg undanfarin ár hefir unnið við vatnslesðslustöð þessa bæjar, kafnaði ásamt öðrum hérlendum manni í brunni No. 4. Þetta vildi til að morgninum, þegar engir aðrir voru þar viðstaddir, svo að enginn veit með vissu, hvernig slysið vildi til, en ætlað er, að hérlendi maðurinn hafi farið fyrst niður í brunninn, og að gas þar hafi kæft hann, og hafi þá landi vor Albert ætlað að bjarga samverkamanni sínum, en ekki gætt þess, að rannsaka fyrst, hvort gas væri niðri í brunninum áður en hann fór niður í hann. — Albert sálugi var atorkumaður mikill og vinsæll af þeim, sem kyntust honum. Hann eftirlætur ekkju og nokkur börn, og myndarlega húseign og drjúga lífsábyrgð. — Bæjarstjórnin tók að sér, að standa fyrir útför þessara manna og kosta hana að öllu leyti.

Jarðarför hans fór fram frá heimili hans hér í bæ, og voru þar viðstaddir tveir prestar, sem héldu sína ræðuna hvor, séra Jón Bjarnason og séra Bjarni Thorarinsson, frá Wild Oak. Fylgdi honum fjöldi manns til grafar, og var jarðarförin öll hin veglegasta.

Ekkjan Ástrós Jónsdóttir þakkar, af hrærðu hjarta, öllum þeim hinum mörgu, sem studdu að því, að gera útför sins sárt saknaða elskhuga virðulegu, bæði með nærveru sinni og blómum á kistu hans.

Nýafstaðnar kosningar á Gimli fóru þannig gagnsóknarlaust: — Jóh. Sigurðsson bæjarstjóri, og öldurmenn: Árni Þórðarson, Ketill Valgarðsson, Gísli Magnússon og Benedikt Frímannsson. Fyrsti fundur á Gimli var haldinn 8. þ. m. (Þessar fréttir eru eftir herra Baldwin Anderson).

B. B. Olson hefir sagt af sér lögregludómara embættinu, og er sætið autt nú sem stendur.

Dominion stjórnin er að lána hveiti til Galicíumanna og þjóðverja kringum Gimli, og eiga þeir að borga stjórninni þetta hveiti eftir næstu sambandskosningar. Lánshveiti þetta er 3—4 "carlots". Stjórnin hefir ekki keypt hveiti þetta hjá kaupmönnunum á Gimli, heldur hjá öðrum, sem hún metur meira.

Menn, sem unnið hafa við sögunarmyllur í norður Nýja Íslandi, hafa verið að koma inn að Gimli undanfarna daga, og stundum 100 næturgestir verið þar á hótelunum

---

Herra Jón Ólafsson, fyrrum ritstjóri, hefir sent Heimskringlu sýnishorn af orðabók þeirri, sem hann er byrjaður að semja, hinni íslenzk-íslenzku. Í sýnishorni þessu er titilblaðið og blaðsiður 7, 8 og 9. Á titilblaðinu stendur: "Orðabók íslenzkrar tungu að fornu og nýju, í tveim bindum, eftir Jón Ólafsson". Þau fornyrði, sem ekki finnast í nútíðarmáli, eru merkt með krossi, en nýyrði, sem ekki eru í formmálinu, eru merkt með stjörnu og orð, sem hvorugt þessara merkja fylgir, eru þau, sem bæði finnast í fornu og nýju máli. Blaðsiður 7, 8 og 9 sýna orðin frá "abbendi" til "ábyrgð". Skýringar orðanna virðast vera itarlegar sem bezt sést á því, að sem næst hálf bls. er tekin upp til að útskýra orðið "ábyrgð", og sem næst sama rúm er tekið upp til þess að skýra orðið "ábúð". Orðin í sýnishorni þessu eru sett með svörtu fátu letri, en skýringarnar með vanalegu lesmáleletri. Pappir er finn og frágangur allur hinn vandaðasta.

Meðal nýyrða er orðið "áburðarmenska", kv., starfi e., atvinna áburðarmanns, eða manns sem hafður er fyrir áburðardýr. Annað nýyrði er orðið "ábyggilegur", l., öruggur, áreiðanlegur.

Svo er að sjá á sýnishorni þessu að bókin muni verða all umfangsmikil þegar hún er fullgerð, en vitaskuld verður ekki til fullnustu um hana dæmt af sýnishorni þessu

---

Bæjarstjórnin hefir látið taka 2 þús. galon könnur af niðursoðnum eplum, sem kaupmaður einn hér í bæ hafði fengið til útsölu. Eplin talin svo skemd, að þau séu ekki mannafæða.

St. Boniface spítalinn hefir skaðast á starfi sínu á síðasta ári um 14 þús. dollara. Stofnun þessi skuldar nú alls 270 þús. dollara. Útgjöld öll á síðasta ári voru sem næst 100 þús. dollars. Spítali þessi er einn sá bezti í Manitoba fylki. 4836 sjúklingar vitjuðu spítalans á síðasta ári.

Bæjarstjórnin byrjar 1. maí nk. að selja reiðhjólaplötur fyrir árið 1908. Maður verður og settur til að reyna að hafa upp á stolnum og týndum reiðhjólum, og vinnur hann að því sambandi við lögreglulið borgarinnar.

Jón Jónsson frá Sleðbrjót, sem um undanfarin nokkur ár hefir búið að Oak Point P.O., biður þess getið, að hann sé nú fluttur norðar með Manitobavatni, og að núverandi áritun hans sé Siglunes P. O., Man. Lesendur eru beðnir að minnast þessa.

Úr bréfi frá Rabbit Point, dags. 7. apríl 1908: "Héðan er fátt að frétta. Fundur er boðaður í þessari viku á Franklin skóla, til þess að ræða um að koma á sveitarstjórn. Upptök þessa máls eru í Grunnavatnsnýlendu. Helgi Pálsson gekst fyrir því manna bezt. Stærk mótspyrna móti því, að sveitarstjórn verði sett, er bæði meðal Íslendinga og enskumælandi manna, svo óvíst er nema málið falli. En vonandi að það risi aftur upp, og að þeir, sem fyrir því berjast, trúi á enska málsháttinn: 'Reyndu aftur'."

Dr. Sig. Júl. Jóhannesson, frá Chicago, kom til bæjarins á föstudaginn var, og fór á mánudaginn var vestur í Saskatchewan fylki, að litast um í bygðum Íslendinga þar vestra.

Til Íslands fara í næsta mánuði: Hallur Ólafsson, frá Narrows P. O., Man., með konu, fósturdóttir og son; Miss Valgerður Erlendsson, frá Narrows, ungfrú Marja Johnson, frá Winnipeg, Guðm. Þorsteinsson, með konu sína, frá Belmont, og Þórður Halldórsson frá Westbourne. Sömuleiðis fara nokkurir héðan úr bænum. Flest þetta fólk fer alfarið, nema Mrs. Erlendsson, sem fer í kynnisför til foreldra sinna.

Únítarar halda samkomu mánudaginn 27. þ.m., sem á að verða sérstaklega vönduð.

Myndir frá Íslandi og aðrar myndir sýndu þeir Fr. Swanson og A. J. Johnson í Goodtemplarasalnum á mánudagskveldið í þessari viku, — yfir 200 myndir alls. Myndirnar voru vel skýrðar og sýndar í skæru ljósi og þótti áhorfendum þær hin bezta skemtun. En aðsókn var langt um minni en átt hefði að vera. Þeir félagar búast við að sýna myndir þessar í Pembina á sumardaginn fyrsta þann 23. þ.m.

Herra Jónas Hall, frá Edinburg, N. Dak., kom til bæjarins á þriðjudag í sl. viku, í kynnisför til sonar sins, herra S. K. Hall. Hann fór suður aftur í fyrradag.

Séra Kristinn Ólafsson gaf saman í hjónaband, að Gardar, N.D., þann 5. þ.m., þau herra Hannes Walters, son þingmanns Joseph Walters, og ungfrú Elínu Magnússon, dóttir Magnúsar Magnússonar bónda í Gardar bygð. Ungu hjónin komu hingað til bæjarins þann 6. þ.m., og héldu síðan vestur til Argyle nýlendu. Þau fóru suður aftur á mánudaginn var.

Herra Lárus Guðmundsson, sem um undanfarnar nokkrar vikur hefir verið að ferðast um, bygðir Íslendinga í fyrirlestra erindum, hélt heimleiðis aftur til Duluth í gærdag.

Sterkur sumarhiti var hér í borginni á mánudaginn var, og er gras nú byrjað að grænka í görðum borgarbúa.

Leikurinn "East Lynn" verður leikinn í Goodtemplara húsinu mánudag og þriðjudag, 4. og 5. maí. Herra Kristopher Johnson æfir undir þennan leik. — Nánari auglýsing síðar.

Athygli lesendanna er beint að auglýsingu þeirra Clemens, Árnason & Palmason, mætsalanna miklu á Sargent Ave. Þeir selja með lægra en innkaupsverði alla þessa viku. Fólk ætti að nota tækifærið, til að fá eitthvað fyrir ekkert hjá þeim félögum.

Kvenfélagið "GLEYM MÉR EI" heldur danssamkomu í Fort Rouge Hotel á Sumardaginn fyrsta, þ. 23. þ.m. Inngangseyrir er 25c, en veitingar frían. Ágóðanum verður varið til liknarstarfa. Félagið vonar, að Íslendingar styrki þessa samkomu með því að kaupa aðgöngumiða á hana. m

---

Blaðið "Winnipeg Telegram" getur þess að taka talþráða hér í bænum sé óðum að fjölga. Sé nú full 9,500 í stað 8,900 í sept. sl., og 72 þorp og bæir í fylkinu séu nú í langlínu sambandi. Sagt er að Gimli bær komi í talþráða sambandið á komandi sumri.

Gleymið ekki

að sumarið er í nánd. Þegar það gengur í garð, eiga allir að gleðjast og skemta sér af fremsta megni. Á SUMARDAGINN FYRSTA (23. þ.m.) ætlar stúkan HEKLA að gæða fólki á

TOMBOLU

og ýmsum FLEIRI SKEMTUNUM í G. T. húsinu, kl. 8 að kveldinu. Þar verða margir drættir margra dollara virði.

Inngangur með einum drætti kostar einungis 25c fyrir fullorðna, 15c fyrir börn. Drátturin borgar "sentin" fullkomlega, svo í raun og veru má segja að

INNGANGUR KOSTAR EKKI NEITT

Það eru vildarkjör, sem ykkur býðst ekki daglega.

Þetta ættuð þið að muna.

"The Park," Brandon, 30. MARCH 1908

¶ Þann 1. Apríl verður verðið á öllum óseldum lóðum í "The Park" landeigninni hækkað um 15 prócent. Það er þegar byrjað að byggja; 1 tvíloftað 5 herbergja hús verður fullgert 15. Apríl, og ýmsir Brandon-búar sem keypt hafa síðan 1. Janúa, þegar salan byrjaði, ætla að byggja nú í vor og í sumar. Þeir sem þekkja eignirnar, hafa keypt frá tjórum til sex lóðir hver.

1. Munið, að þetta er land sem verið er að byggja á, og það eykur verð þess. Margir Ruthenians í Brandon, sem ekki geta keypt fyrr en þeir fá vinnu í April, eru að bíða eftir að geta borgað fyrstu afborgunina í lóðum hér. Mörg hús verða bygð á þessu og næsta ári. Þessvegna er áreiðanlegt að landið hækkar í verði.

2. Munið, einnig, að þessar lóðir hafa aldrei fyrr verið til sölu. Þær voru heimilis landeign mín í sl. 2 ár. Margir Ruthenians í Brandon hafa viljað eignast lóðir í "PARKINU", en gátu ekki fengið þær.

Tilboð til þeirra sem búa utan Brandon.

Gildir til 15. apríl, 1908.

Ég skal selja með lægra verði en ég gerði fyrir 1. Apríl, öllum þeim, sem klippa úr bl. þessa auglýsingu, og senda mér hana strax. Þetta boð gildir til 15. Apríl. Ef þér getið ekki sent augl., þá tiltakið dagsetning blaðsins sem þér lásuð hana í. BIÐIÐ EKKI. Þeir sem fyrst skrifa fá bezta úrval. Segið öllum vinum yðar frá þessu ágæta tilboði.

3. Munið, að lóðir sem þér kaupið með lægra verðinu, hækka 15 prócent í verði í Apríl; og þegar bygt verður hækka þær meira. Lóðir $75.00 til $120.00 hver lóð til 15. apríl, 1908. Eftir 15. Apríl, frá $100.00 til $175.00 hver lóð.

Skrifið í fyrsta bréfi hvað margar lóðir þér viljið fá: hvað mikið þér getið borgað niður og hvað langan borgunartíma þér viljið fá.

Ef þér sendið niðurborgun í fyrsta bréfi sem þér skrifið mér, þá velur Mr. Ferley, og ég sjálfur, lóðir fyrir yður tafarlaust. Ég útfylli öll lagasskjöl fyrir yður ókeypis. **"Torrens Title."**

Utanbæjar fólki sendi ég 2 kaupsamninga skjöl, svo að þeir geti undirritað annað og sent, og haldið afskrift sjálfir.

(¶ Ég hefi bygginga lóðir í Suður- og Vesturhluta Brandon bæjar. fyrir $150.00 til $200.00 hver lóð.)

JOHN WADGE, 10 NINTH STREET BRANDON, - MAN.

EGG OG SŒTABRAUD

fyrir Páskana

Ekkert sem er verulega ábatasamt, kemur oft fyrir nú á dögum, en hér er eitt tækifæri, sem þú mátt ekki missa. **CLEMENS, ARNASON & PALMASON** selja fyrir neðan vanalegt innkaupsverð eftirfylgjandi vörutegundir 15, 16. og 18. þessa mánaðar. — Þeir óska að sem allra flestir geti notað tækifærið.

ÝMISLEGT

Egg, 2 tylftir fyrir	0.35
Plómur, áður 15c kannan, nú 3 könnur fyrir	0.25
Bezta Jam, vanal. 25c, nú	0.20
Bezta grænt kaffi, 10 pd. fyrir	1.00
Apricots, vanal. 25c, nú	0.20
Rauður Laxx, 2 könnur fyrir	0.25
Japönsk Hrísgrjón, 4 pd.	0.25
Jelly duft, 4 pakkar	0.25

Kjörkaup

Miðvikudaginn, Fimtudaginn og Laugardaginn (15., 16. og 18) í þessari viku

SÆTABRAUÐ

Society Te, vanal. 20c, nú	0.10
Mjólkur Hunang, áður 20c, nú	0.10
Arlington Biscuits 20c, nú	0.10
Rúsinu Kökur, áður 15c, nú	0.10
Vin Biscuit, áður 15c, nú	0.10
Mary Ann Biscuits, 15c, nú	0.10
Assorted Jumbles, áðr 15c, nú	0.10
Lock Soda Biscuits, vanal. 25c, nú fyrir	0.20

SÁPA

Royal Crown Sápa, 6 stykki á	20c
Þvottaduft, 3 pd. á	20c
" 1 pd. á	8c
1 pd. Ammonia-duft	8c

Clemens, Arnason & Palmason

S.E Cor. Sargent & Victor Tel. 5343

Við sendum ekki egg ef ekkert annað er keypt. Munið! Að síðar fæst ekki sætabrauð með hér settu verði.

Komid í tima!!

Boyd's Brauð

Brauð vor eru gerð í hreinu og heilnæmu bakarí, útbúnu með öllum nýjustu vèla umbótum til hnoðunar og meðferðar brauðanna. Strangasta nákvæmni er gætt á öllum stig um frá mjöltunnudni að matborðinu yðar.

Boyd's

Bakery Cor. Spence & Portage Ave Phone 1080.

HANNESSON & WHITE

LÖGFRÆÐINGAR

Room: 12 Bank of Hamilton Telefón: 4715

J. G. Snydal, L. D. S.

ÍSL. TANNLÆKNIR

COR. MAIN & BANNATYNE

DUFFIN BLOCK PHONE 5302

G. M. Bjarnason

Málar, leggur pappír og gerir "Kalsomining. Oskar við skifta Islendinga.

672 AGNES ST. TELEFÓN 6954

HEIMSKRINGLU og TVÆR skemtilegar sögur fá nýir kaupendur fyrir að eins $2.00.

ARNI ANDERSON Íslenzkur lögmaður

Í félagi með Hudson, Howell, Ormond & Marlatt Barristers, Solicitors, etc. Winnipeg, Man.

13-18 Merchants Bank Bldg. Phone 3621, 3622

C. INGALDSON

Gerir við úr, klukkur og alt gullstáss. Úr klukkur hringir og allskonar gull vara til sölu. Alt verk fljótt og vel gert.

147 ISABEL ST.

Fáeinar dyr norður frá William Ave.

FÓLK.

Komið og talið við oss ef þér hafið í hyggju að kaupa hús. Vér höfum þau hús sem þér óskið eftir, með allra beztu skilmálum. Finnið oss viðvíkjandi peningaláni, eldsábyrgð og fleiru.

TH. ODDSON & CO.

55 Tribune Blk. Telefón, 2312.

Eftirmenn Oddson, Hansson and Vopni.

BILDFELL & PAULSON

Union Bank 5th Floor, No. 520

selja hús og lóðir og annast þar að lútandi störf; útvegar peningalán o. fl.

Tel.: 2685

BONNAR, HARTLEY & MANAHAN

Lögfræðingar og Landskjala Semjarar

Suite 7, Nanton Block, Winnipeg

Hver þvær og Hreinsar Fötin ydar?

Hvervegna að fara í Kína-kompurnar þegar þér eigið kost á að fá verkið gert betur, og alt eins ódýrt, í bestu og heilnæmustu þvottastofnun, þar sem aðeins hvítt vinnufólk er haft og öll hreinustu efni notuð. Vér óskum viðskifta yðar.

The North-West Laundry Comp'y Ltd.

Hreinsarar og Litarar

COR. MAIN & YORK FÓN 8178

Viðvíkjandi Hafið tal af

Sjúkdómum Sérfræðingum vorum

Royal Optical Co.

327 Portage Ave.

Rétt á móti Eaton's búðinni. Winnipeg.

12-9-8

SELT er landið, sem vér auglýstum hér í síðasta bl., og hrepti sá vel, er keypti. En hér er annað land á boðstólum, — 160 ekrur, skamt frá bænum, 40 e. brotnar, fyrirtaksgóðar byggingar í bezta standi. Verð að eins $1500. Niðurborgun $500. Afgangur á 5 ára fresti. Sleppið ekki af þESSU.

Skuli Hansson & Co.
Skrifst. Telefón 6476. Heimilis Telefón 2274

Heimskringla.

SELT er landið, sem vér auglýstum hér í síðasta bl., og hrepti sá vel, er keypti. En hér er annað land á boðstólum, — 160 ekrur, skamt frá bænum, 40 e. brotnar, fyrirtaksgóðar byggingar í bezta standi. Verð að eins $1500. Niðurborgun $500. Afgangur á 5 ára fresti. Sleppið ekki af þESSU.

Skuli Hansson & Co.
56 Tribune Building

XXII. ÁR. WINNIPEG, MANITOBA, FIMTUDAGINN, 23 APRÍL, 1908 Nr. 30

Wall Plaster

Brúkið ævinlega Vegglím það, sem svo vel er tilbúið af

The Manitoba Gypsum Co.
LIMITED

Biðjið timbur eða járnvöru sala yðar um:—

"EMPIRE" Wood Fiber Plaster
"EMPIRE" Cement Wall Plaster
"GOLD DUST" FINISH
"GILT EDGE" Plaster Paris
"EMPIRE" FINISH
"EVER READY" Plaster
"EMPIRE" Asbestos Hard Wall Plaster.

Sérfræðingur vor sýnir yður hvernig n o t a skal hinar ýmsu tegundir.

SKRIFSTOFUR OG MILLUR
Winnipeg -- Man.

Fregnsafn

Markverðustu viðburðir hvaðanæfa.

Vábrestur í kolanámu í Canmore, Alberta, þann 15. þ.m., varð 3 mönnum að bana. Eldurinn var ekki slöktur, þegar síðast fréttist.

— Jarðskjálftar urðu í Utah á sunnudaginn var um 200 mílur suður frá Salt Lake City. Margir flýðu hús sín, en um eignatjón er ekki getið.

— Sakamál hefir verið höfðað í Medecine Hat í Alberta móti 7 mönnum, sem neindir eru "Dreamers". Þeir eru kærðir um samsæri til að ráða nágranna sína af dögum. "Dreymendur" þessir eru kærðir fyrir, að hafa brent hús eins nágranna sins, en sá komst úr eldinum með alt sitt fólk nakið, því ekki var tími til að ná fötum þess eða nokkru öðru úr húsinu. Þessir þokkapiltar rituðu nágrönnum sínum bréf á biblíumáli, og hótuðu að eyðileggja þá, — sögðu það vera að boði drottins. Bréf þessi hafa verið lögð fram í réttinum. Ennþá er óvíst, hvort sök verður sönnuð á hendur "Dreymendum.

PURITY FLOUR

AÐ BAKA BEZTA BRAUÐ er meira en vísindi og meira en list.

En það má gerast fljótlega og áreiðanlega með því að nota

PURITY FLOUR

Það er malað úr bezt völdu Vestur-Canada Hörðu Hveitikorni; er algerlega hreint og svo ilmandi kjarngott.

ALLIR ÍSLENZKIR KAUPMENN SELJA ÞAÐ

WESTERN CANADA FLOUR MILLS CO.,
LIMITED.
WINNIPEG, —— CANADA.

— Próf. Lexer hefir á læknafundi í Berlín á Þýzkalandi skýrt frá markverðri lækningu, sem hann gerði á kriplingi einum nú fyrir skömmu. Maðurinn var kryptur í knéliið, svo hann varð að ganga við hækjur. En svo stóð á, að maður slasaðist, svo af honum varð að taka fótinn um mitt læri. Lexer læknir sagist hafa notað heilbrigða knéliðinn af manninum, sem slasaðist, og sett hann á kriplinginn, og hafi þetta tekist svo vel, að eftir nokkurn tíma var kriplingurinn svo vel græddur, að hann gat gengið hækjulaust.

— Fylkisstjóri einn á Póllandi, sem mætt hafði nefnd frá stúdentafélaginu, var af einum nefndarmanninum skotinn til bana á þeim fundi. Þrem skotum var hleypt á fylkisstjórann, og andaðist hann bráðlega af þeim. Morðinginn lét taka sig mótspyrnulaust, og kvaðst hafa unnið verk þetta í þarfir alþýðunnar.

— Séra A. E. Waffle í Woodstock, Ont., sagði af sér prestsskap eftir morgunprédikun á sunnudaginn var. Það hafði verið fundið að því við prestinn, að meðlimatala safnaðarins yxi ekki nógu ört. Þetta þoldi prestur ekki, og sagði því af sér fyrirvaralaust. Kvaðst hafa unnið af beztu krötum um 3. ára tíma fyrir söfnuðinn. En hér eftir ætlaði hann aldrei framar að standa í vegi fyrir framförum hans.

— Merkur fundur hefir nýlega verið gerður í Ariege héraðinu á Frakklandi. Þar hefir fundist hellir einn mikill, og í honum máladar myndir af mönnum og dýrum. Myndir þessar eru taldar að vera mörg þúsund ára gamlar, og myndirnar af mönnunum bera þess vott, að þær séu af mönnum, sem uppi voru áður en sögur fara af. Myndir af hestum eru sagðar vel gerðar, og má af því marka, að mannamyndirnar muni einnig vera rétt líking af mönnum þeim, sem þær eru af. Fundur þessi þykir afar merkilegur.

— Eldur í Victoria, B.C., þ. 15. þ.m. gerði 85 þús. dollara eignatjón.

— Vatnavöxtur í Hankikang ánni í Kína, aðfaranótt 7. þ.m., varð 2 þús. mönnum að bana og gereyddi og sökti 700 bátum og smáskipum.

— Ginklofi varð 18 ára gömlum pilti í Ontario að bana þann 13. þ.m. Hann hafði flækt lödd sín í vagnhjóli, og af meiðsli, sem orsakaðist af því fékk hann ginklofann.

— Selveiðaskipið "Grand Lake" í Nýfundnalandi sökk til botns fyrir fáum dögum. Hafði rekist á ísjaka. Skipshöfnin bjargaðist í bátu en skipið með 130 þús. dollara virði af selskinnum fórst. Mest af þessu var vátrygt. Mörg önnur selveiðaskip rákust á ís og skemdust, en náðu þó höfnum, sum með illan leik.

— Stjórnmálamenn Bandaríkja og Bretlands hafa komið sér saman um, að þvinga Belgíustjórn til þess að gera fullar réttarbætur á stjórnarfarinu í Afríku eftir 1. júní ef þá verður ekki búið að því. — Belgíustjórn hefir fengið aðvörun um þetta fyrir nokkru.

— Sléttueldur í Sargent County í North Dakota þann 16. þ.m., er ætlað að orðið hafi 7 manns að bana. Bóndi einn að nafni Orian hafði hús sitt í vegi eldsins, en í stað þess að kveikja strax annan eld og fylgjast svo með konu sinni og börn í far hans, og komast þannig undan eldinum, er á sótti, — þá tók hann það óhapparáð, að setja konuna og börnin 5 upp í vagn og keyra með þau undan eldinum. Fjölskylda þessi er enn ekki komin fram, og það er álitið að þau hafi öll farist í eldinum, sem æddi með ofsahraða yfir hundrað mílna svæði, og brendi alt sem fyrir varð, — skóga og fjölda af útihúsum bænda. Flestir bændur gátu bjargað íveruhúsunum. Hundruð hrossa og nautgripa fórust. Upptök eldsins ókunn.

— "The National Life Assurance Company" hefir samið um að taka að sér lífsábyrgðir allra þeirra í þessu fylki, sem héldu ábyrgðum í gamla útdauða Mutual Reserve Fund lífsábyrgðarfélaginu. Mælt er, að samningarnir séu þannig, að öllum, sem áður héldu ábyrgðum í Mutual félaginu sé boðið að halda áfram í National Life félaginu, ef þeir vilja, — eð um það, hver breyting verður á iðgjaldaborgun, hefir enn ekki verið auglýst.

— Bæjarstjórnin í Ottawa hefir ákveðið, að frá 1. janúar næstk. verði allir ríkisráðsgjafarnir, sem þar dvelja og aðrir stjórnarþjónar að borga inntektaskatt í bæjarsjóð. Með þessu móti vonar bæjarstjórnin, að fá 25 þús. dollara í bæjarsjóð umfram það, sem áður hefir verið.

— Áttatíu og níu ára gamall maður í Hull, Ontario, er nýlega orðinn erfingi að 2 miliónum dollara peningaeign í Californiu ríkissjóðnum, eftir látinn frænda sinn. En nú er þessi maður auðvitað orðinn of gamall til þess að geta notið fjárins sér til nokkurs gagns eða skemtunar.

— Voðamikið snjóflóð varð í Albert skarði í Klettafjöllunum í sl. viku. Fjörutíu japanskir verkamenn, sem unnu fyrir C. P. R. félagið, sváfu í vögnum sínum þegar flóðið skall á þá, og fórust þeir allir.

— Frá Bismark, Norður Dakota, kemur sú fregn, að ríkisritari Alfred Blaisdell hafi í embættisnafni Norður Dakota ríkis gefið út stefnu á sjálfan sig, sem einn af eigendum í "Standard" olíu félaginu, til þess að svara til þess, hvers vegna starfsleyfi félagsins skuli ekki verða af því tekið fyrir ólöglega verzlunar aðferði Félaginu er gefinn frestur til að svara til 1. júní næstkomandi.

— Skriðufall mikið varð í Campbell gill í Alberta í síðustu viku. Við það kom í ljós kolalag 14 feta breitt, sem áður var huliið. Þykir fundur þessi hinn bezti með því að kolin eru góð, og útlit alt bendir til, að þar sé mikill kolanám. Ráðstafanir eru þegar gerðar til að vinna náma þessa, sem að öllum líkindum gera eigendur þeirra auðuga.

— Bandaríkjastjórnin hefir von um, að Princinn af Wales muni koma til Bandaríkjanna í sumar Washington búar eru þegar teknir til að búa sig undir, að veita honum samilega móttöku.

— Indiánarnir í Pine Forest héraðinu hafa nýlega selt Canadastjórn timbur það alt, sem er á löndum þeirra, og er sagt það sé milión dollara virði. Sumar fjölskyldur Indiána þessara fá alt að 20 þús. dollara fyrir timburlönd sín, og allar verða fjölskyldurnar efnaðar, þegar búið er að borga þeim timburverðið. Skógurinn á löndum þeirra er sagður einn hinn dýrmætasti, sem til er í Ontario fylki.

— Tveir menn hafa nýlega fundið mikið gull í Nolan lækinum í Alaska. Þeir hafa þegar þvegið þar úr sandinum 30 þús. dollara virði af gulli. Mælt er, að nú sé og fundið jafnmikið gull í Wiseman lækinum, og eru menn þegar farnir að flytja þangað í stórhópum. Vonað er, að aðrir lækir þar í grend reynist eins gullauðugir.

— C. P. R. gufuskipið "Mount Temple", sem strandaði 2. des. sl., við mynnið á Lohave ánni, náðist á flot aftur þann 15. þ.m., og gat komist með eigin gufuafli til næstu hafnar. Félagið, sem tók að sér að koma skipinu á flot, hefir haft 80 menn í vinnu við það starf um 4 mánaða tíma. Kostnaður við þetta varð um 30 þús. dollara, en hreinn gróði félagsins fyrir þetta starf varð 150 þús. dollara. Skipið var metið á 400 þús. dollara, og samningar við hjálparfélagið voru þeir, að það skyldi fá helming af verði skipsins, ef það kæmist á flot.

— Nautgripa flutningaskip varð nýlega óslingafært í Mexicó flóanum. Gufuvélin bilaði, og nokkrir af skipshöfninni lögðu frá skipinu í smábát, 255 mílna langan veg, til Vera Cruz bæjar, og komust þangað eftir nokkurra daga ferð. Skip var þegar sent af stað, til þess að leita að gripaskipinu, og bjarga mönnum og gripum af því.

— Elzta blað í heimi er Pekin Gazette. Það var fyrst gefið út árið 911, og síðan 1351 hefir það komið út vikulega, en nú er í ráði að það hætti útkomu vegna fjárskorts eftir 1000 ára aldur.

— Innflutningur manna frá Bandaríkjunum er með mesta móti og nú talið áreiðanlegt, að fyll 70 þúsund manna muni flytja þaðan hingað á þessu ári.

— Svertingi að nafni Williams andaðist á fátækrahæli í Grand Forks, N. Dak., þann 19. þ.m., 127 ára gamall. Hann hafði verið sjón dapur síðustu árin, en hélt óskertu minni fram í andlátið.

— Þýzkir fornmenjafræðingar hafa nýlega komist að raun um, að þrefaldar viggirðingar voru utan Babylon borg, og er ætlað, að girðingar þessar hafi reistar verið til varnar borginni áður en Sennekrib konungur yfirvann borgina árið 689 fyrir Krists burð. Leitarmenn þessir hafa og fundið svo-nefndan Suðurkastala og í honum margar merkar fornmenjar úr bústað konungs þeirra daga. Veggirnir umhverys borgina eru svo miklum skiftir á lengd. Insti veggurinn er 23 feta þykkur, 40 fetum utar var annar veggur 25 feta þykkur, og utan þessara tveggja veggja var sá þriðji 11 feta þykkur. Allir veggirnir voru ramlega gerðir úr múrgrjóti.

— Deacin stjórnin í Ástraliu hefir beðið ósigur við nýafstaðnar kosningar. Líklegt samt að hann sitji kyrr, þar til tolllögin hafa samþykt verið af þinginu.

— Blöðin á landamærum Austurríkis, Sviss og Þýzkalands flytja um þessar mundir öflugar ritgerðir um glæp þann, sem í sl. hundrað ár hefir viðgengist í bænum Frederickshofen. Þar hefir verið haldinn barnasölu markaður árlega, — einhvern dag í marzmánuði, og þangað flutt frá 300 til 400 barna á aldrinum frá 11 til 14 ára, þessi börn eru af foreldrum og aðstandendum þeirra leigð til bænda hvaðanæfa um 7 mánaða tímabil, frá 1. apríl til 1. nóvember, fyrir afarlágt kaupgjald, sem foreldrarnir fá um leið og þau selja börnin. Ekkert tillit er tekið til þess, hvort börnunum er þetta geðfelt eða ekki, né heldur, hvers konar menn húsbændur þeirra eru, eða hvernig farið verði með þau í vistunum. Það er fyrir löngu fengin reynsla fyrir því, að mjög illa er farið með vesalings börnin, og það svo, að sum þeirra eru gerð algerlega heilsulaus, sum jafnvel að kriplingum fyrir illa meðferð. En kaupið fyrir 7 mánaða tímabilið er frá $12.50 til $20, eftir úthlti og aldri barnanna, og samningarnir ákveða, að þau skuli gera alla vinnu, sem fyrir komi á löndum húsbænda þeirra. Stúlkur jafnt og piltar eru seld í vistir. — Blöðin halda því fram, að þessi þrælasala ætti með öllu að leggjast niður tafarlaust, og vera bönnuð með lögum.

— Herforingi einn í Toronto, er fyrir nokkrum tíma síðan strauk þaðan með geymslufé, sem honum hafði verið trúað fyrir, náðist nýlega yfir á eyjunni Cuba. Leynilögregluþjónar höfðu elt hann til New Orleans og þaðan til Buenos Ayres og Caracas og síðast til Cuba. Hann verður fluttur þaðan heim til Toronto og mál hans rannsakað þar.

— Svo er að sjá á fréttum frá London, að ekki sé þar þurð á peningum. Í fyrra var auglýst eftir tilboðum um smáján, og þá buðust tuttugu sinnum meiri peningar en beðið var um. Nú nýlega var auglýst eftir 12½ milión dollara láni, og því var svarað með 500 milión dollara framboði. Þetta sýnir, að nógir peningar eru fáanlegir, þegar áreiðanleg trygging er í boði.

— Æðsti dómstóll í Tennesseeríki hefir ákveðið, að Standard olíu félagið megi ekki reka verzlun þar í ríkinu. Þessi dómur er byggður á ólöglegum verzlunarbrögðum félagsins í liðinni tíð. Félagið hefir skotið áfrýjun sinni gegn dómi þessum til æðsta dómstóls Bandaríkjanna.

— Anna Gould hefir nýlega leigt bústað sinn í útjaðri Parísarborgar, um 6 mánaða tíma fyrir 20 þús. dollara. — Há leiga.

— Fyrir skömmu var löggilt hér í fylkinu námafélag, og eru flestir stjórnendur og núverandi hluthafar þess í Selkirk bæ. Félagið er löggilt fyrir 5 miliónir dollara höfuðstóli, og er tilgangurinn að leita að og grafa upp málma meðfram Winnipeg vatni. Félagið heitir Great Northern Gold Mines, Limited. Líklega verða aðal skrifstofur þess í Selkirk bæ.

— Verigin, foringi Doukhobors, hefir fest kaup í nær 3 þús. ekrum af aldinaræktar löndum í British Columbia, meðfram Columbia ánni nálægt bænum Robson. Tilgangurinn er að flytja stóran hóp af Doukhobors á land þetta og setja þá niður við aldinarækt.

— Járnbrautafélögin C. P. R. og og C. N. R. hafa tilkynt verkamönnum sínum, þeim er vinna á vagna verksmiðjum þeirra, að núverandi vinnusamningar verði uppbafnir 1. maí næstk. C. P. R. félagið kveðst gera þetta til þess að losast við yfirráð verkamannasambandsins, sem eins og nú sé fyrirbyggi það, að aðrir en meðlimir þess geti unnið á verkstæðum félagsins, og sem einnig hafi það í för með sér, að þeir menn, sem síst séu hæfir til vinnu, verði að fá jafnhátt kaup og þeir, sem hæfastir eru. Félagið kveðst enga samninga gera við þessa menn sina, sem ekki leyfi því að fá hæfustu verkamenn, sem völ sé á, hvort sem þeir tilheyri "Union" eða ekki. Verkamenn, sem hlut eiga að máli, hafa þegar myndað sérstakt félag, og hyggja á verkfall, ef ekki gengur saman.

— Þingið í Danmörku samþykti þann 14. þ.m., að allir skattgreiðendur, jafnt konur sem karlar, sem eru yfir 25 ára aldur, og allar giftar konur, ef bændur þeirra eru skattgreiðendur, skuli hafa atkvæðisrétt í öllum sveitakosningum.

— Bandaríkja flotinn kom til Santiago, Cal., þann 14. þ.m., og fékk þar hina virðulegustu móttöku. Um 20 þús. manna, frá öðrum bæjum og viðsvegar að úr ríkinu, voru þar til staðar til að taka þátt í fagnaðinum.

— Brezkir aðalsmenn hafa á fundi í Lundúnum ákveðið að mynda einnar miliónar dollara sjóð, er gefa skuli Canada ríki til þess að kaupa Abraham-sléttuna sögufrægu í Quebec borg, til að gera úr henni þjóðlegan lystigarð.

— Járnsteypumenn í Brantford, Ont., gerðu nýlega verkfall og aðrir menn voru fengnir til þess að vinna í þeirra stað. Síðan hafa verið daglegir bardagar með verkafélagsmönnum og utanfélagsmönnum, og hafa margir af beggja flokkum hlotið svo mikil meiðsli, að þeir hafa orðið að flytjast á sjúkrahús. Málsóknir eru nú tíðar mót mönnum beggja flokka.

ÍSLANDS FRÉTTIR.

Falsaðir Íslandsbankaseðlar eru í umferð í Kaupmannahöfn. —— Þilskipið "Alaska" sleit upp í stórhriðar ofveðri í marz byrjun, og rak á land í Skjaldarvik. Skaðinn metinn nær 3 þús. kr. —— Frétzt hefir, að næsti Skírnir eigi að flytja frumsamda sögu eftir Einar Hjörleifsson. —— Hrognkelsaveiði var byrjuð á Eyjafirði snemma í marz sl.. Tíðarfar hið bezta þá um hrið, en aflaleysi á Eyjafirði á sl. vetri. —— Sláturshús hefir kaupfélag Skagfirðinga ákveðið að byggja á komandi sumri, 80 feta langt, 30 feta breitt, og kosti 6 þús. kr. Veggir og gólf úr steinsteypu. Í því á að vera hægt að slátra 5 til 6 hundruð fjár á dag og koma kjötinu í salt. En gert er ráð fyrir að slátra megi 1200 fjár á sólarhring, hvenær sem millilanda skip fáist með kælirúmum, svo senda megi kjötið ósaltað á útlenda markaði. —— Fríkirkjuhreyfing er sögð allsterk í Skagafirði, og er mælt, að þegar sé þar myndaður fríkirklusöfnuður, en prestur hans ennþá ekki ákveðinn. —— Rannsókn hefir verið gerð í Berlín á Þýzkalandi á sýnishorni málmblendings úr mýrinni við Reykjavík. Kom þá í ljós, að í því var þrisvar sinnum meira gull, en í Afríku námunum, eða 45 grömm í tonni. —— Viðskiftavelta ísfélagsins í Reykjavík á sl. ári varð 37 þús. kr. Félagsmenn fengu 12 prósent vexti af hlutafé sínu. —— Bl. "Lögrétta" segir "Huginn" hættan að koma út og hafi ritstjóri hans, Bjarni frá Vogi, farið til útlanda. —— Nýtt sýningarhús fyrir hreyfimyndir á að byggja í Rvík, og er sagt, að Einar Gunnarsson, ritstjóri "Unga Íslands", sé að undirbúa það og eigi að stjórna þar sýningum. —— Tekjur Íslands fyrir árið 1906 voru $1,355,500 kr. og útgjöld 1,379 þús. kr., eða nálega 24 þús. kr. meiri en tekjurnar. Umfram tekjuáætlun varð lausafjárskattur 11 þús. kr., útflutningsgjald 56 þús., áfengistollur 58 þús., kaffi og sykur tollur nær 77 þús. og tóbakstollur rúm 10 þús. kr. hærri en áætlað var. Tekjur af póstferðum rúml. 48 þús. og sektarfé fyrir ólöglegar fiskiveiðar nær 11 þús., og viðlagasjóðstekjur nær 14 þús. hærri en gert var ráð fyrir. En útgjöldin urðu ufram áætlun: Fyrir vegabætur 30 þús., fyrir verkleg fyrirtæki 34 þús., og fyrir ritsímakostnað 28 þús. kr. umfram tekjuáætlun. Reikningar fyrir tekjur og útgjöld ársins 1907 ennþá óprentaðir.

VORIÐ ER KOMIÐ.

Hvað með gamla hjólið yðar? Því hafið þér hjól sem sífelt þarf viðgerðar og eykur yður óþægindi og kostnað, svo mikinn að hann fer hátt uppí verð á ágætu nýju hjóli.

CLEVELAND · BRANTFORD MASSEY
RAMBLER PERFECT IMPERIAL

Stykki í öll þessi hjól fást hvenær sem er í Winnipeg.

CANADA CYCLE & MOTOR COMPANY, LIMITED, WINNIPEG

Nýja Bakaríið.

Ég gef nú þeim, sem sækja vilja brauð til mín, 23 fyrir $1.00. Svo hefi ég nú hagldir og tvíbökur, sem ég get ábyrgst að vera það bezta, sem ónokkurstaðar er búið til. Kringlur 10c, tvíbökur 15c pundið.

G. P. Thordarson.
732 Sherbrooke St. Telefón 8322

HEIMSKRINGLA
Published every Thursday by
The Heimskringla News & Publishing Co.

Verð blaðsins í Canada og Bandaríkjunum er $2.00 um árið (fyrir fram borgað).
Sent til Íslands $2.10 (fyrir fram borgað af kaupendum blaðsins borgi $1.50.)

B. L. BALDWINSON,
Editor & Manager

Office:
729 Sherbrooke Street, Winnipeg
P.O BOX 116. 'Phone 3512.

Meira um Bóka-okrið.

Ekki hefir umboðsmaður Bóksalafélagsins íslenzka gert margar athugasemdir við lista þann yfir íslenzkar bækur og prósent gróða af þeim, sem birtur var í Heimskringlu, tbl. 28. Í þeim lista er þó ein villa, sem hann hefir fundið og mælist til leiðréttingar á. Sú leiðrétting er hér með fúslega í té látin. Bókin, sem hann talar um, að gróðinn sé ranglega tilfærður af, er í listanum tilfærð þannig: — "Söluverð á Íslandi 85 aurar. Söluverð til herra umboðsmannsins 65 aurar. Útsöluverð í Ameríku 35c, eða jafngildi 1 kr. 37 au. — Gróðinn er því að eins 73 au., en ekki 1 kr. 66 au., eins og rangtlega stóð í listanum. Prósent gróðinn af þessari bók, er og rangtlega tilfærður í listanum. Þar er hann talinn 103 prósent, en á að réttu lagi að vera 114 prósent, sem gerir jafnaðar framfærslu bókanna ekki 132½ prósent, eins og talið var, heldur 133 og einn sjöunda. Þetta eru lesendur virðingarfýlst beðnir að athuga, og að virða á betra veg, að vér töldum prósent gróða herra Bárdals nokkuru minni en hann í raun réttri er. Enda er það í fullu samræmi við það, sem vér áður sögðum, að Heimskringla hefði enga löngun til þess, að segja framfærslu hans meiri en hún í raun réttri væri, — því að ekkert er unnið við að rangfæra það að nokkru leyti. — Ekki heldur tókum vér með í listann ýmsar bækur, sem hægt hefði verið að tilfæra, svo sem bókina "Milióna mærin", sem gert hefði prósent framfærslu hans nokkru hærri, en ennþá hefir talin verið, og var það gert af einskærri hlífð við manninn, og til þess að sýna honum fylstu sanngirni í viðræðunum.

Með þessum athugasemdum teljum vér, að sýnt sé, að ákærur Heimskringlu um okurverð á íslenzkum bókum vestanhafs, hafi verið og séu á fylstu sannleiksrökum bygðar, — þar sem vér höfum þegar sýnt fram á, að framfærslan hér er — á sumum bókum meira en 5 sinnum hærri, heldur en Bóksalafélagið leyfir að hún sé á Íslandi, þar sem engum umboðsmanni er leyft, að setja meira en 25 prósent umfram söluverð til til þeirra. En sama félag leyfir umboðsmanni sínum hér, að setja meira en 133 prósent á þær.

Athugasnir herra Bárdals um það, að ritstjóri Heimskringlu sé að vinna í þágu sérstaks manns, en ekki Íslendinga í heild sinni, liggja oss mjög í léttu rúmi. Satt að segja er Heimskringlu og ritstjóra hennar gersamlega sama í hvers höndum bókasalan er, blaðið óskar að eins að hér sé samkepni í bókasölunni, þannig, að hún sé í höndum fleiri en eins manns, með því að þá má telja áreiðanlegt, að verð bókanna lækki að mun og verði þannig Vestur-Íslendingum í heild sinni til hagsmuna. Þetta er og álit ýmsra manna, og þar með eins mentaðasta Íslendings vestan úr landi, sem síðan síðari bókalistinn var birtur í Heimskringlu hefir ritað oss bréf með svofeldum orðum:

"Það er almenn skoðun manna í þessu bygðarlagi, að þú eigir þökk skylda fyrir ritgerðir þínar um bókamálið, og ég óska, að þú haldir áfram að rita um það þar til viðunanleg breyting fæst, því bóksölu-okrið, sem við búum hér undir, það er hreinasta rangsleitni og hneyxli gagnvart bændum og búalýð hér vestra. Hafðu góða þökk fyrir það, sem komið er. Heimskringla græðir marga vini fyrir hluttöku sína í þessu máli".

Annað bréf, dags. 15. þ.m., hljóð ar svo: —

"Ég hefi lesið með athygli það sem þú og herra Bardal hafið skrifað um verð á íslenzkum bókum, og ég er þér þakklátur fyrir þá hreyfingu, og vona, að Bóksalafélagið og Bardal verði að hætta við okurverzlun þá á íslenzkum bókum, sem að undanförnu hefir átt sér stað. Því ef samkepni hefst, eins og mér nú skilst að muni verða bráðum, þá hlýtur okrið að hverfa. Og skyldi sanngjarnari bóksala komast á, og nokkur umboðsmaður yrði hér í bygð, þá skyldi ég gera það sem ég gæti, til þess að hlynna að þeirri bókaverzlun.

"Ég fékk margar bækur áður frá .... bóksala í Reykjavík, en svo myndaðist Bóksalafélagið, og þar á eftir fylgdi hin hóflausa framfærsla á bókunum hér, og þá neitaði Bóksalafélagið, að senda mér bækur, þó ég sendi peninga með pöntun, og þá var mér vísað til bóksalans hér vestra. Þess vegna er ég mjög fús til þess að greiða götu hvers þess manns, sem reynir að brjóta á bak aftur okurverzlun þá, er verið hefir á íslenzkum bókum í liðinni tíð.

"Já, aftur, kæra þökk fyrir vakning þessa máls, og ég vona, að framkvæmdin verði svoleiðis, að Vestur-Íslendingar ættu að vera þér og Heimskringlu þakklátir í komandi tíð".

Þessar fáu línur sýna, hvernig á mál þetta er litið af almenningi, eða eins og bréfritarinn kemst að orði, "af bændum og búalýð" í bygðum Íslendinga. Fólk vort hefir lengi stunið undir einokunarfargi íslenzkrar bókasölu hér vestanhafs. En nú getur Heimskringla fært almenningi hér vestra þá gleðifregn, að Bóksalafélagið í Reykjavík hefir á aðalfundi í febrúar sl. sett annan bóksala hér vestra, og þar með er afnumin einokunarstefnan, er að þessum tíma hefir þrengt jafnt að jálfu Bóksalafélaginu og Vestur-Íslendingum — með því á eina hlið að rjúfa borgunar samninga við félagið og beita það "óþolandi sviksemi", — eins og "Lögrétta" kemst að orði, — og hins vegar að kreysta út úr Vestur-Íslendingum hinn síðasta mögulega pening fyrir þær bækur, sem fólk hér er neytt til að kaupa með FIMM-falt uppsprengdum ágóða.

Sú afsökun herra Bardals, að ekki sé mögulegt að selja íslenzkar bækur hér með minni ágóða en hann setur á þær, er þannig vaxin, að óþarft er að ræða hana hér. Reynslan í því efni kemur í ljós, þegar hinn nýi bóksali félagsins er tekinn hér til starfa og heiðarleg samkepni kemur á bókasöluna. Ef verð bókanna lækkar ekkert, þá hefir herra Bardal rétt fyrir sér. En lækki bækurnar að mun í verði — þá er það sönnun fyrir því, að maðurinn hefir sagt ósatt.

Að þessum tíma hefir Heimskringla haldið sér fast við þá hlið þessa bókasölumáls, sem snýr að Bóksalafélaginu sérstaklega, og lagt aðaláherzluna á rangsleitni þess gagnvart Vestur-Íslendingum. En til eru aðrar hliðar á málinu, sem takandi eru til athugunar, og er sú ein þeirra, að Vestur-Íslendingar eiga engan kost á því, svo árum skiftir, að fá ýmsar bækur, sem þeim eru annars nauðsynlegar, svo sem stafrófskverin, ensk-íslenzku og íslenzk-ensku orðabókina, sem talsverð eftirspurn er eftir, og fleiri bækur, þar með ýmsar þeirra, sem nýlega hafa verið gefnar út á Íslandi. Ástæðan fyrir þessu er sú, að útgefendur þessara bóka þora ekki að eiga það á hættu, að senda þær vestur hingað til sölu, af ótta fyrir því, að þeir fái ekki borgun fyrir þær. Blaðið "Lögrétta" er búið að úthrópa óskilsemi vestur-íslenzku bóksalanna svo mjög út um alt land, að bókaútgefendur eru farnir að forðast þá eins og þeir mundu forðast snákahreiður. Vestur-ísl. alþýða verður þess vegna að líða fyrir óorð það, sem vestan bóksalarnir hafa fengið á sig fyrir óskilsemi þeirra.

Það er kunnugra en frá þurfi að segja, að sumir meðlimir bóksalafélagsins eru algerlega hættir að senda bækur sínar hingað vestur, af því þeir hafa ekki fengið þeim fullnægjandi borgun fyrir það, sem þeir höfðu áður sent hingað til sölu.

Það er og vitanlegt, að Bóksalafélagið hefir um mörg undanfarin ár verið svo sár-óánægt við bóksalana hér vestra, að það hefir gert ítrekaðar tilraunir til þess, að fá trúverðuga menn til þess að taka bóksöluna að sér. En svo virðist, sem samningar um þetta hafi ekki tekist fyr en í vetur, að fyrir alvöru var farið að hreyfa við málinu í blöðunum beggja megin hafsins.

Annað eða meira virðist ekki þörf að taka fram að svo stöddu. Heimskringla hefir þegar sýnt, að framfærslan hér á íslenzkum bókum, er alla leið frá 100 til 400 prósent, eða frá 4 til 8 sinnum hærri, en hún má vera á Íslandi, og að meðal-framfærslan á þeim bókum, sem taldar hafa verið, er rúmlega 133 prósent. Og ennþá getur Heimskringla tilfært bækur, sem svo er mikill gróði á, að jafnaðar-prósent framfærslan verður ennþá meiri, en sú, sem enn hefir verið talin.

Heimskringla hefir því sannað þetta tvent:

1. Að hér vestra hefir verið hin svæsnasta einokun á bókasölunni, og að verðið á íslenzkum bókum hefir þar af leiðandi verið rándýrt.

Síðar, ef þörf gerist, verður Heimskringla við því búin, að leiða rök að því og sanna:

1. Að sú bót, sem hér eftir kann að fást á bóksöluna hér vestanhafs, verður ekki núverandi umboðsmanni félagsins að þakka, því að hann hefir enga tilraun gert til þess að fá ráðna bót á því.
2. Að sú óeinkægni er alls ófyrirgefanleg, sem leyfir einum manni, sem annars þykist vera hlyntur frjálsverzlunar steinn yfirleitt, að lána sig til privatsamtaka við útlent félag, til þess að koma á og viðhalda hér svæsnustu einokun á þeirri einu vörutegund, sem miðað getur til þess að viðhalda íslenzkri tungu í Ameríku, og
3. Að sú óþolandi óskilvísi í borgun þeirra bóka, sem Bóksalafélagið og blöðin íslenzku kvarta um, hljóti að vera eðlileg og óhjákvæmileg afleiðing af þeirri tíundar-kenningu, sem hvetur fólk til að leggja mikinn hlut þess fjár til kirkjunnar, sem það hefir undir höndum, án tillits til þess, hvort féð er eign þess eða ekki, og án tillits til þess, hvort það borgi viðskiftavinum sínum það sem það skuldar þeim, eða ekki. En þessi kenning er jafnt sú lang svívirðilegasta og langskaðlegasta, sem enn hefir verið flutt inn í þjóðlíf Vestur-Íslendinga.

Að síðustu skal það játað, að ritstjóri Heimskringlu er bóksölumálinu ekki eins kunnur og æskilegt væri. En hann veit nóg til þess, að geta sannfært Vestur-Íslendinga um það, að þess lengur, sem umboðsmaður Bóksalafélagsins heldur áfram að ræða mál þetta, þess verri og óverjanlegri verður málstaður hans.

Hinir áreiðanlegustu — og þar með hinir vinsælustu — verzlunarmenn auglýsa í Heimskringlu.

Bok ritstjóri

Það sem sérstaklega vekur athygli, er mismunurinn á Edward W. Bok, sem ritstjóra "Ladies' Home Journal", og sama manns eins og hann kemur fram í hversdags umgengni við umheiminn. Fáir menn hafa orðið fyrir meira umtali, fengið fleiri hnútuköst, verið hæddir meira og lítilsvirtir af andstæðingum þeirra en herra Bok. Tugir þúsunda af smágreinum í nálega jafnmörgum blöðum og tímaritum hafa minst á mann þennan. Stundum eru sýndar skrípamyndir af honum og stundum kýmnimyndir. Ýmist er hann þá að elda mat eða að sauma kvenfatnaði, stundum að búa til kvenhatta eða að þvo og klæða smábörn, og margt annað þessu líkt. Þessar greinar lýsa honum sem veiklulegum væskli, sérlega stúlkulegum hvar sem á hann er litið, og tilgerðarlegum og hugsunarlítlum montara. Þannig er hann uppmáláður sem ritstjóri þess útbreiddasta kvenblaðs, sem til er í heimi, og sem talið er að vera lesið af 7 miliónum kvenna í Ameríku og víðar.

En skoðun sú, sem lesendur fá á manni þessum við lestur slíkra greina, sem að framan eru taldar, hverfur eins og fis fyrir vindi, þegar menn kynnast manninum sjálfum, eins og hann er í raun og veru.

Að vexti er hann hár og grannur, fljótur í öllum hreyfingum, en karlmannlegur og kraftalegur fram í fingurgóma. Hann er grannleitur í andliti og svipurinn eins og líkamsvöxturinn, ber þess vott, að andlegt atgerfi hans yfirgnæfir langsamlega matarlyst hans. Allur lýsir maðurinn því, að hann er hneigður til afrauna og úti líkams æfinga, engu síður en til þókmentalegra starfa.

Herra Bok er 44 ára gamall og litur þó unglegar út, þrátt fyrir nokkur silfurlituð hár á höfði hans fyrir ofan og á bak við eyrun. Allur andlitssvipurinn bendir á mikla stefnufestu og viljakraft. Nefið er stórt og vel lagað og bendir til þess, að maðurinn sé fær um, að ryðja sér braut gegn um örðugleika lífsins. Varirnar eru þunnar, en vel lagaðar, hakan þykk, en ekki svo stór að til lýta sé.Ennið er hátt og breitt og bungar út yfir hreinleg og skörp augu. Allur er svipurinn góðlegur og yfirlætislaus, og vekur hjá manni traust og virðingu fyrir manninum.

Kona hans er hæglátleg, en fram koma hennar bendir á sjálfstraust og mikla hæfileika í ágætu jafnvægi. Hr. Bok starfar í fullu samræmi við þá kenningu sína, að hver maður eigi að stunda köllun sína af alvöru og með einlægni, og án eigingirni eða sjálfsþótta. Það er sjaldan, að þeir menn séu ánægjulegir í daglegri umgengni, sem miklir eru alvörumenn, og enn sjaldnar eru skemtilegir félagar miklir alvörumenn. En herra Bok er hvorttveggja í sameiningu.

"Ég er ekki Bandarikjamaður", mælti hann, þegar hann fór að tala um sjálfan sig, "ég var fæddur í Niðurlöndum. Faðir minn var auðmaður í föðurlandi mínu, en misti allar eigur sínar og flutti þá með fjölskyldu sína til Ameríku. En örðugleikarnir, sem faðir minn varð við að stríða til þess að koma sér fyrir hér í landi, reyndust honum ofjarl, og hann lét líf sitt í því stríði, og skildi eftir ekkju sína og mig og bróður minn. Ég var þá 6 ára gamall. Við bjuggum í þrilyftu leiguhúsi í borginni Brooklyn. Faðir minn var harður við okkur bræðurna. Hann setti okkur á alþýðuskóla strax og við komum til landsins, en þá kunnum við ekki svo mikið, sem eitt orð í ensku máli. Þetta fanst okkur strangleiki mikill, en ég segi nú, að faðir okkar breytti hyggilega.

Fyrstu peningana, sem ég vann fyrir hér í landi, fékk ég fyrir að selja þeim farþegjum drykkjarvatn, sem ferðuðust með hestavögnum til Coney eyjar, fyrir 1 cent glasið. Ég tók eftir því, að skift var daglega um hesta á vissum stað, skamt frá heimili okkar, og þá hlupu menn oft langar leiðir til að fá sér að drekka, einkanlega þegar veður var mjög heitt. Mér datt í hug, að ég gæti sparað þeim hlaupin, og um leið grætt fáeina skildinga með því að bera vatnið þangað sem þeir áðu. Ég fylti því fötu með köldu drykkjarvatni og seldi það.

"Þegar nágranna drengirnir sáu, hvað ég gerði, fóru þeir að gera það sama, og þá kyntist ég fyrst atvinnu samkepnis-spursmálinu. Og varð ég því að finna upp nýtt ráð til að græða, og nú keypti ég sykur og sítrónur og seldi það, sem ég nefndi lemonade fyrir 2c glasið. Þetta var mín fyrsta lexía í því grundvallaratriði, sem leiðir til sigurs. En það er, að starfa að því almenna á óalmennan hátt.

Næst tók ég að mér að þvo gluggu á bakarii í nágrenninu, og fyrir það fékk ég 50c á viku, og eftir nokkurn tíma fékk ég vinnu fyrir innan söluborðið í bakarii þessu eftir skólatíma fyrir dollars laun um vikuna. Faðir okkar skildi okkur eftir fátæk, þegar hann andaðist. Móðir mín, sem var vön við allsnægtir í heimalandi okkar og hafði þar vinnufólk, varð nú að annast sjálf um öll sínhúsverk, og við bræðurnir reyndum að hjálpa henni. Á hverjum degi, þegar við komum heim af skólanum, hjálpuðum við henni alt sem við gátum. Við þvoðum gólfin og stigann og alt húsið á hverjum þremur vikum. Ég þvoði diskana fyrir hana og lærði að matreiða, og losaði hana þannig við eins mikið af störfum í húsinu eins og ég gat. Á þennan hátt lærði ég það, sem ég aldrei síðan hefi gleymt, að þekkja hin margvíslegu og örðugu hversdagsstörf húsfreyjunnar. Karl menn fara út og hafa samneyti við aðra menn, og keppa hverjir við aðra, og breytileiki starfs þeirra heldur þeim þreytulausum, en konurnar verða dag eftir dag, ár eftir ár, að strita hvíldarlaust við hin sömu störf, að sauma, bæta, þvo, elda, sópa o. fl. Þessi þekking, er ég fékk í húsi móður minnar, gerði mér skiljanlegar að nokkru leyti þarfir amerikanskra kvenna á heimilum þeirra. Þess vegna brosi ég stundum, þegar konur skrifa mér og spyrja, hvað ég eiginlega viti um æfi og örðugleika og eftirlanganir og þarfir fátæklinga, — ég, sem fæddur hafi verið og uppalinn við alsnægtir. En þessar vesalings konur gruna ekki, að ég hafi reynt allá þá örbyrgð og örðugleika, sem hinir fátækustu fátæklingar verða að berjast við. Ég hefi reynslu fyrir því, hvað það er, að lifa á því nær engu, að læðast út úr húsinu að kveldlagi til þess að tína upp nokkur smásprek á auðum húslóðum og bakstrætum, af því við höfðum ekki 4 cents til að kaupa uppkveikjuefni, — og að tína upp kolamola og hrista þá úr öskuhaugum nágrannanna, þar til blóðið rann úr gólnum mínum. Ég þekki hvað það er, að fara á fætur fyrir dögun til að kveikja eldinn, og að óttast að verða á vegi matsalans, af því ekki voru peningar fyrirliggjandi til að borga honum skuld hans, — og að forðast að mæta fólki, af því fötin mín voru svo stagbætt. Alt þetta þekki ég af eigin reynslu. Ég veit vel, hvað það er, að vera fátækur, hefi haft margra ára reynslu af því. En þá skoðun verð ég að láta í ljósi, að fátæktin sé hverjum manni sú mesta blessun, og svo reyndist hún mér. Það er ekkert betra uppörfunarmeðal til, til þess að vinna sig áfram og upp á við í heiminum. Um þessar mundir fékk ég löngun til, að safna eiginhandarnöfnum merkra manna og nú á ég annað stærsta safn, sem til er í landinu. Ég las á hverju kveldi um merka menn, svo ritaði ég þeim bréf, ekki beinlínis til þess að fá nöfnin þeirra, þau eru lítilsvirði, heldur til að ná í sérkennileika hvers manns fyrir sig. Til dæmis ritaði ég General Grant og bað hann að segja mér nákvæmlega blett þann, sem General Lee hafði gengið á hendur honum, og lagt niður vopn sín. Hann svaraði með 4. blaðsíðu bréfi. Þannig fékk ég fjölda bréfa frá merkum mönnum, með því fyrst að kynnast æfisögu og starfi þeirra, og svo að spyrja þá um þau atriði, sem ég þóttist viss um, að þeir teldu merkustu viðburði í lífi sínu. — Úr skóla fór ég 13 ára gamall, og var ég þá kominn upp í málfræðisdeildina. Eftir það fór ég aldrei á skóla, en hefi unnið kappsamlega frá þeim tíma til þessa dags.

Ég byrjaði að vinna, sem skrifstofuþjónn hjá Western Union Telegraph félaginu. Clarence Gray, einn af vinum föður mína, sagði við mig: "Ef þú lærir hraðritun, þá muntu sanna, að þú kemst betur áfram, að hverju sem þú vinnur". Og tók ég mig því strax til og lærði hraðritun á kveldskóla, og eftir fáar vikur, var ég orðinn svo æfður, að ég gat ritað niður það sem talað var. En á daginn vann ég á skrifstofunni eða hljóp sendiferðir, tók eftirrit af bréfum og annað það sem fyrir kom, og sem alt er verðmæt reynsla hverjum manni, hversu hátt sem hann kemst í lífinu, af því með því lærir hann að þekkja möguleika hvorrar lífsstöðu. Hann hefir sjálfur gengið í gegn um það alt.

Meðan ég vann á telegraf skrifstofunni og gekk á skóla á kveldin, kom mér til hugar, að hægt væri, að stækka dagskrá leikhúsa og að græða á því. Þá voru allar slíkar leikhúsa auglýsingar að eins lítill miði prentaður öðru megin. Frederick Colver, nú aðstoðarmaður við Success Magazine, og bróðir minn, gengu í félag með mér til þess að koma þessu í verk. Við sömdum við 4 leikhús um, að stækka dagskrá þeirra upp í 4 bls. og að fylla þær með auglýsingar. Við græddum vikulega allvel á þessu. Að hafa uppgötvað nútíðar leikhússkrá, er frægð, sem hver maður hefir ástæðu til að vera hreykinn af. Um leið og við unnum þetta verk, stofnuðum við Brooklyn Magazine og prentuðum ræður DeWitt Talmage og Henry Ward Beachers, svo að í mánaðarriti þessu prentuðum við 8 ræður auk annars lesmáls. Ég fékk ýmsa mest leiðandi menn til að rita í tímarit okkar kauplaust. Ég var í sömuði séra Beachers og hann hjálpaði mér alt sem hann gat. Við héldum blaðinu úti um tveggja ára tíma og seldum það svo með hagnaði.

Ég var nú orðinn 17 ára gamall og vinur minn, Clarence Gray, spurði mig, hvað ég hugsaði mér að taka fyrir, þar sem ég nú væri búinn að læra hraðritun. Ég sagðist vilja vinna að einhverju, sem gæfi mér kost á, að kynnast bókum. Hann útvegaði mér þá hraðritara stöðu hjá bókaútgefanda Henry molt, og var ég árlangt hjá honum. Þá var mér boðið að verða hraðritari fyrir Scribners Magazine, og eftir 4 ára starf þar, var ég settur til að rita auglýsingar. Það verk átti vel við mig, og jafnvel núna, vil ég heldur rita auglýsingu en ritstjórnargrein. Í 7 ár var ég hjá Scribners, og á þeim árum myndaði ég og bróðir minn Bok útgáfufélagið. Til þess að byggja upp félag þetta, tók ég það ráð, sem ég hefi síðan séð eftir: Ég fékk 40 konur til þess að rita sitt bréfið hverja í blaðið, og fékk þannig bréf frá flestum merkustu konum þeirra daga, og vikulega fékk ég bréf frá New York fregnrita, sem ég nefndi "Bok", og ég seldi ritstjórum annara blaða rétt til að nota þessi bréf, sem voru 3 dálkar á viku. Þeir lögðu til aðra 3 dálka um kvenleg málefni, og þannig var stofnuð kvensíðan í amerikanskri blaðamensku. Ég hefi aldrei verið ánægður með þessa blaðsíðu, en hún hjálpaði mér þó mikið í framtíðarstarfi mínu. Það, sem ég ritaði um mál kvenna í Bok tímaritið, gerði ég yfir nafni bróður míns, svo að ég kæmist ekki í ónáð hjá Scribner félaginu, húsbændum mínum. En herra Cyrus Curtis, útgefandi Ladies Home Journal, las blað okkar og komst að því, hver ritaði þar um kvenmálin. Curtis fann mig að máli og bauð mér stöðu við blað sitt, og það þáði ég. Síðan eru liðin 18 ár. Vinir mínir lóttu mig þessarar farar, til Philadelphia, þar sem tímaritið var gefið út, og sögðu, að ég yrði þar að engu. En ég vissi, að það sem býr í manni, fær framrás, hvar sem hann er, hvort heldur í Philadelphia eða annarstaðar.

Margir hafa hrósað mér fyrir útbreiðslu Ladies Home Journal, og satt að segja hefi ég unnið talsvert að því, en aðgætandi er, að herra Curtis var búinn að koma blaðinu á nokkurn veginn fastan fót, þegar ég tók að starfa við það. Það hafði þá 450 þús. kaupendur, og það var mátt ætlunarverk, að auka við þá kaupendatölu. Það hefi ég reynt að gera. Það er sagt, að hver góður kvenrithöfundur riti greinar sínar með hugann stöðugt á einhverjum vissum karlmanni sem hún víti að lesi það sem hún skrifar. Eins er fyrir mér, ég hefi í sl. 15 ár ritað tímarit mitt með eina konu stöðugt í huganum, sem ég ætlaðist til að lesi blaðið. Ég hefi aldrei mætt henni eða talað við hana. En einu eða tveimur árum eftir að ég varð ritstjóri, ferðaðist ég með herra Curtis um mikinn hluta af Bandarikjunum, til þess að kynna mér hugsunarhátt þlóðarinnar og þarfir hennar. Í smábæ einum sá ég konu, sem mér virtist að bústingi og framgangsmáta algerð fyrirmynd amerikanskra kvendygða. Ég sá hana í kirkju og á skemtisamkomum með bónda sínum og börnum þeirra. Ég gekk fram hjá heimili hennar, og það var umkringt sama heimilislega smekk og siðprýðisblæ, eins og ég hafði tekið eftir hjá konunni. "Þessi kona", sagði ég við sjálfan mig, "skal vera mér í huga við ritstjórn mína á tímaritinu". Ég komst að því, að hún var ekki kaupandi tímaritsins. En 2 árum síðar sá ég nafn hennar á kaupendalistanum, og nokkrum árum síðar skrifaði hún mér, að sér félli blaðið vel í geð. Hún fær aldrei að vita, hve mikla ánægju bréf hennar jók mér, en ég svaraði henni með örfáum orðum og þakkaði henni velþóknunar vottorðið. Fyrir 4 árum stansaði ég í bæ þeim, sem kona þessi býr í, að eins til að sjá hana, og gekk fram hjá húsi henn-

Strathcona Hotel

Horni Main og Rupert Str. Nýbygt og ágætt gistihús; Gest um veitt öll þægindi með sanngjarnasta verði. Frí keyrsla til og frá öllum járnbr. stöðvum. Beztu vín og vindlar; og herbergi og máltíðar ágætar.

McLaren Brothers
EIGENDUR

Hotel Pacific

219 Market Street | H. M. Hicks Eigandi
Winnipeg — Manitoba

Telephone 1338

Ný-endurbætt og Ný-tízku hús í alla staði. Viðskifta yðar óskast virðingarfylst.

$1.25 a Dag

HOTEL SUTHERLAND
Corner Main and Sutherland Ave.

Gisting kostar $1.00 og $1.50 á dag. Ég tók við stjórn þess húss 1. Jan. '08, og virðingarfylst óska viðskifta Islendinga nær og fjær Komið, Sjáið og Reynið.

C. F. Bunnell,
eigandi. Telefón 348

$1.50 Á DAG
Bezta $1.50 gistihús í Winnipeg

BRUNSWICK HOTEL
Horni Main St. og Rupert Ave.

Besta borðhald; Hrein og Björt Herbergi; Finustu Drykkir og Bestu Vindlar. Ókeypis Vagn mætir Öllum Traintestum. Reynið oss þegar þú ert á ferð.

MARKET HOTEL
146 PRINCESS ST. á móti markaðnum
P. O'CONNELL, eigandi, WINNIPEG
Beztu tegundir af vínföngum og vindum, aðhlynning góð, húsið endurbætt

Dauðadáið.

SAGA FRÁ FINNLANDI.

Eftir

L. von Rehren.

Laos Kapiaisen var dáinn. — Að eins eitt ár hafði hann verið giftur hinni fríðu dóttur gestgjafahúss haldarans í Lauritsola. — Hann hafði ætíð verið blóðríkur, þessi góði Laos, og þegar hann eitt kvöld hafði drukkið heldur mikið — hann hélt svo fyrirtaksmikið upp á hið sterka svenska púns — fékk hann slag, og með því var það búið. Það var mjög svo sorgleg saga.

Allur Lauritsola bær syrgði nú kjör Kapiaisens, því hann hafði verið enn af þeim ríkustu um þær slóðir. Innbúarnir fóru á kreik til að hugga hina ungu ekkju.

Hann var borinn inn í bezta herbergið. Línlak var breitt yfir hann, og ljós brann við hvora hlið á líkinu. Eign eftir annan kom, og lyfti upp línlakinu og leit á Laos og sagði: "Ógn hefir hann breyzt!", eða "Ó, hvað hann er höfðinglegur, alveg eins og meðan hann lifði!" — rétt eftir því, sem hverjum datt í hug í hug í það og það sinn. En síðan gengu þeir inn og tóku í hendina á hinni syrgjandi ungu konu. Og svo fóru menn inn í eitt herbergið enn, þar sem þeir drukku púns og átu smurt brauð með allra mestu ánægju.

Síðan fór hver sinn veg. En fjórar persónur urðu eftir til að hugga ekkjuna og vaka yfir líkinu, og voru þær þessar: Móðir hinnar ungu ekkju, Anni Ditkalatchi og Asto Smutavi, tveir beztu vinir hins dána, og svo Oge Ilander. Hann hafði nú máske aldrei verið vinur hins látna, því hann hafði einusinni beðið Ollu, og aldrei getað fyrirgefið Laos það, að hann skyldi eignast hana. En nú var Laos dáinn, og það var því fallegt af Oge Ilander, að hann skyldi nú ekki bera hatur til þess dána.

Þannig sátu þau öll saman fimm möðurlút og þegjandi: Ekkjan, móðir hennar, hinir tveir vinir hins látna og Oge Ilander.

Að síðustu stóð Anni upp, gekk að borðinu, drakk glas af hinu svenska púnsi, og sagði í hrygðarróm: "Við erum nú að vísu öllsömun hrygg, og sorg býr í brjóstum vorum, en samt þurfum við ekki að gleyma vorum líkamlegu nauðþurftum. Ertu nokkuð á móti því, Olla?"

Olla var ekki á móti því, og hinir aðrir, sem voru að syrgja, kærðu sig nú einnig að borðinu. Þar var svenskt púns, hangið svínakjöt og brauðmolar. Og allir borðuðu og drukku og grétu líka. Að síðustu hætti bæði gráturinn og átið, en það drakk bara.

Sorgin fór smámsaman að hverfa úr málróm og af ásjónum þeirra, en ánægjan kom í staðinn. Asto Smutavi tók að segja frá, þegar hann og Laos höfðu unnið saman, á eitthvern hinum finska smágufubát, sem ganga eftir Nevafljóti. Og hann sagði margar sögur frá hinum rússneska höfuðstað, St. Pétursborg. Í fyrstu talaði hann hljóðlega, og sagði að eins alvarlegar sögur. En svo fór hann að segja smá-skrítlu sögur, svo að allir hlógu. Það var nú orðin sannarlega glöð líkvakt.

Tíminn leið. Klukkan var orðin tvö, en það var alt af bjart. "Hin hvíta nótt" lá yfir Lauritsola, Finnlands bjarta nótt, á hverri að morgun og kveldroðinn kyssa hvor annan. Það var orðið hljótt í herberginu. Allir sváfu með höfuðin niður á borðinu, nema Olla og Oge, þau sátu ennþá vakandi. Við og við sendu þau hvort öðru einkennilegt augnatillit. Og Olla hugsaði um, að henni hefði nú æfinlega litist fremur vel á Oge, og hefði hann bara verið ríkari..... Hún blés mæðulega.

"Komdu, Olla", hvíslaði Oge. "Við skulum láta þessi hérna sofa í næði, en ganga niður að sjónum". Hann tók í höndina á Ollu, og þau fóru bæði út úr herberginu en hinir héldu áfram að sofa.

Gegnum gluggann glitraði morgunroðinn inn í herbergið, þar sem hinn dáði lá. Einhver hafði gleymt, að breiða aftur línlakið ofan á andlitið á honum, svo að hin upprennandi morgunsól skein beint á hið dauða andlit.

Lítil fluga sveimaði og suðaði í kring um hann. Fyrst settist hún á ennið á honum, en fanst það ekki vel gott að hafast þar við, spásseraði því ofan eftir andlitinu, og ofan á nefbroddinn á honum, og að síðustu inn í aðra nasaholuna.

Það er nú ekkert þægilegt, þegar fluga borar sér inn í nösina á einhverjum, og það mun Laos einnig hafa fundist, því alt í einu fór hann að hnerra — einusinni — tvisvar sinnum, mjög sterklega, svo opnaði hann augun og reis upp. — Í fyrstu leit hann býsna heimskulega út. Það er nú heldur ekkert undarlegt, þó manni finnist hann nokkuð undarlega á sig komin, þegar maður ris upp frá dauð um. En að síðustu rifjaðist alt upp fyrir Laos. — Hugsa sér, hversu glöð konan hans mundi verða, þegar hún sæi, að hann væri ennþá lifandi.

Í herberginu við hliðina sváfu gestirnir ennþá, og afgangurinn af púnsinu, svínslærinu o. s. frv. var á borðinu, sem endurminningarteikn hinnar glöðu og hugsunarsömu líkvaktar. Laos Kapiaisen var glorhungraður, en þó vildi hann fyrst finna konuna sína, og fór þess vegna út. Dagur var rétt að renna, þunn þokuslæða lá yfir sjónum, og hanarnir göluðu.

Niður við sjóinn sá Laos sólina lýsa upp hvítan höfuðbúnað. Laos þekti þennan höfuðbúnað mjög vel, — hann hafði einu sinni gefið Ollu hann. Nú sat hún víst þarna niður við sjóinn, að gráta yfir dauða hans. Og Laos sló um sig línlakinu, og það leit út eins og hann drægi slóða á eftir sér, og hann stikaði mikinn niður að sjónum.

Þar sat Olla, og við hliðina á henni Oge Ilander. En hvað var þetta? Alt í einu þaut hendin á Laos niður á milli andlitanna á þeim, sem voru mjög nálægt hvort öðru, og small hendin á honum heldur óþyrmilega á vanga Oges. Olla og Oge horfðu felmtsfull á Laos, án þess að gefa nokkurt hljóð af sér, og hlupu svo sem fætur toguðu hvort sinn vég.

Laos horfði reiðulega á eftir Oge, með krepta hnefana, og tautaði fyrir munni sér: "Þú kemur aldrei framar inn fyrir mínar dyr!"

Svo hristi hann höfuðið og gekk hryggur heim í herbergið, þar sem líkvaktin hélt sig. Þar sátu þau öll enn sofandi. Flugurnar voru að eins vaknaðar, og suðuðu og flögruðu alt í kring, og meðan hinar góðu manneskjur, er áttu að vaka yfir líkinu, héldu áfram að hrjóta hver í kapp við aðra, settist Laos, hjúpaður hinu hvíta línlaki, mitt á meðal þeirra, og borðaði með beztu lyst svínslæri, egg og brauð, og drakk með því púnsið.

(J. P. Ísdal þýddi).

DOBSON and JACKSON

Byggingamenn

Sýnið oss uppdrætti yðar og áætlanir og fáið verðáætlanir vorar.

370 Colony Street
Winnipeg

Hefir þú borgað Heimskringlu?

Woodbine Hotel
Stærsta Billiard Hall í Norðvesturlandinu
Tíu Pool-borð.—Alskonar vín og vindlar.
Lennon & Hebb,
Eigendur.

SPONNÝTT HÓTEL
ALGERLEGA NÝTÍZKU

Hotel Majestic

John McDonald,
eigandi.
James St. West, Rétt vestan við Main St.
Winnipeg — Telefón 4979

$1.50 á dag og þar yfir
Bandaríkja-snið

Alt sem hér er um hönd haft er af beztu tegund. Reynið oss.

BRANDONS VINSŒLASTA GISTIHUS

EMPIRE HOTEL

E. J. PELTIER, eigandi

Hefir öll nútíðar þægindi.
Reynið þetta gisti-hús.
Á bezta stað í borginni.
Lang-vega telefón 135.
Sample rooms

725—731 ROSSER AVE
BRANDON, MAN.
21-5-8

Jimmy's HOTEL

Sem er rètt á bak við Pósthúsið, — og þar sem alt er af beztu tegund. Íslendingar ættu að reyna þetta gistihús.

James Thorpe,
eigandi.
Fyrverandi eigandi Jimmy's Restaurant á Portage Ave.

✝

Guðrún Grímsdóttir,

háöldruð ekkja og þrotin að heilsu, andaðist að heimili sínu hjá Grími syni sínum, hinn 21. febr. síðastl., í Gardar bygð, N. Dak., Hún var velgreind dugnaðar og ráðdeildarkona í bezta lagi. Fædd í Siðumúla í Mýrasýslu og ólst upp hjá foreldrum sínum og flutti með þeim að Grímsst. í Reykholts dal. Foreldrar hennar voru Grímur Steinólfsson, bóndi á Svíra og Klett, Jónssonar á Hvanneyri, og kona Grims Guðrún Þórðardóttir, prests að Lundi í Borgarfjarðarsýslu Jónssonar, að Möðruvöllum í Kjós og Flekkudal, Jónssonar, prests að Einholti í Hornafirði. Áttu þau hjón alls 15 börn, og komust 11 af þeim til fullorðins ára, og var elzt þeirra Magnús prestur Grímsson á Mosfelli, dáinn 1869. Öll þau stystkin vel greind og mannvænleg.

Guðrún sál. giftist frá foreldrum sínum um tvítugsaldur yngismanni Þórði Árnasyni á Bjarnarstöðum í Hvítársíðu, velgáfuðum þjóðhagasmið. Byrjuðu þau þar búskap með næg efni, og fluttu þaðan að Stað við Hrútafjörð og svo þaðan að Dalgeirstöðum í Miðfirði. En til Ameríku fluttu þau 1873, og lentu þá í Milwaukee. Misti hún þar mann sinn eftir mánaðar veru, — þoldi ekki vinnuna og loftslagið, var bilaður fyrir brjósti. Þá um haustið flutti hún með börn sín út í norska bygð, 80 milur út á land, og var þar til 1877. Þá flutti hún til Shewano, íslenzka nýlendu í Wisconsin, og svo 1880 til Gardar í N. Dakota, hvar hún tók land ásamt Grími syni sínum, og hafa þau búið þar síðan. Fyrst við lítil efni, en þó lengst af við allgóð efni. Var hún nú fyrir nokkrum árum hætt við búskap, en hann giftur og búnaðist ágætlega. Kona hans er Ingibjörg Snæbjörnsdóttir.

Börn hennar eru þessi, sem uppkomust öll hér í Ameríku:

1. Grímur, velmegandi bóndi hér í Gardar bygð (áður nefndur).
2. Þórður læknir, ritstjóri "Vinlands", í Minneota, Minn., hálærður gáfumaður.
3. Hjörtur, rafmagnsfræðingur (einn hinn mesti í Ameríku), í Chicago, stóreigna og rafmagns verkstjóri þar. Giftur íslenzkri konu.
4. Árni, bóndi í California, giftur.
5. Guðrún, ógift, og var hjá móður sinni.
6. Ingibjörg, ekkja í Gardar bygð.

Öll mannvænleg og vel gefin.

Gerðu svo vel, "Þjóðólfur" minn, að birta þessa andlátsfregn.

Vinur.

Ættlandið.

Mitt ættland er lítið og langt út í sjá.
Ég litið það aldrei hef sjálfur,
en þegar að heyri ég fréttir því frá,
mér finst sem ég búi þar h á l f u r.

Ég heyri þar fossanna háveru ljóð,
úr hliðunum sé yfir dali. —
Mér finst þá ég byggi á feðranna slóð
til forna og væri þar smali.

Og þetta er eitthvað, sem ekki ég skil
og er bara' að líkindum draumur;
en ættlandsins gamla ég vitja þó vil,
ef verður ei tími minn naumur.

Þó smámsaman týnum við tölunni hér,
sem teljum oss íslenzka vera,
ef höldum við fast því sem íslenzkast er
má eitthvað til frægðar sér gera.

Ef tölum við ensku á útlendri slóð,
en yrkjum þó hringhentar bögur
og geymum í anda vor íslenzku ljóð
og ágætu fortíðar sögur, —

Ef landinu fjarlæga, forfeðra slóð
við fást munum ei til að gleyma,
mun rjúminn af vestrænni víkingaþjóð
ei verða að smérinu h e i m a ?

O. T. JÓNSSON.

elskaðar. Hví skyldi nokkur eiga að lifa og deyja, án þess að þekkja þá sælu",

"Þér hafið þekt þá sælu, Nita", sagði hann mjög hryggur, af því hann sá, hve illa lá á henni. — "Þér vitið hvað það er, því — ég elskaði yður".

"Gerðuð þér það?" spurði hún og leit innilega í augu hans.

"Elskuðuð þér mig þá, Allan?"

Hann beygði sig niður að henni. "Já, það gerði ég, Nita. En ég áleit það skyldu mina, að uppfylla óskir og vilja föður mins".

"Skyldu!" sagði hún og stundi við. "Hversu mörg hjörtu mega ekki líða fyrir þetta eina orð? Allan, elskuðuð þér mig? Segið það aftur, — ég er svo hamingjusöm. Segið það aftur, og ég vil geyma endurminninguna um það til dauðans.

Hann leit framan í hið fagra, sorgbitna andlit hennar, og sá að augun stóðu full af tárum.

"Ég segi það aftur, Nita. Ég elskaði yður heitt, og aldrei hefði ég slept af yður vegna annars en þess, sem ég áleit skyldu mina".

"Þakk, þessi orð hafa veitt mér meiri ánægju, en ég gat nokkurntíma búist við að fá. Þér hafið elskað mig Allan! Eruð þér nú alveg búinn að gleyma mér?"

Hún horfði í augu hans, varir hennar voru rétt við hans, og hún leit út eins og barn, sem biður um kærleika.

Það var því bæði göfugt og mannlegt af honum, að hann lét á móti freistingunni að kyssa hana.

Nú leggið þér hættulega spurningu fyrir mig", sagði hann, "— en, nei, Nita, ég hefi ekki gleymt yður, ég ber mikla virðingu fyrir yður, og vil vera vinur yðar. En ég veit vel, að þér eruð annars manns Frú, og það göfugs manns. Aldrei gleymi

ég því djúpi, sem nú er staðfest á milli okkar, og sem er breiðara en sjálfur dauðinn.

Hún hrökk saman. "Það er rétt, sem þér segið, en yður stendur þó ekki alveg á sama um mig, Allan. Að eins ofurlítið verðið þér að skifta yður af mér".

"Já", mælti hann fljótlega. "Þér hafið rétt til mín, Nita, og skuluð hafa hann á meðan ég lifi. Þér hafið liðið mín vegna, og ég vil eftir því sem ég get, bæta fyrir það".

Það brá fyrir nokkurs konar glampa í augum hennar.

"Og þér gefið mér það ekkert að sök, þó ég hafi sagt yður þetta alt saman, Allan. Þér ætlið ekki að fyrirlíta mig þess vegna?"

"Nei", sagði hann dauflega, "alls ekki, Nita".

"Ég er nú miklu ánægðari, úr því þér vitið þetta, að ég get ekki gleymt yður og að ég — æ, ég má til að segja það — elska yður ennþá". —

Hann laut niður, en sagði ekkert orð. Hún brosti sigri hrósandi. — Hann hafði hlustað á hana, án þess að atyrða hana. Nú taldi hún sér vissan sigur.

"Nú verðið þér að fara", sagði hún. "Ó, Allan, mér þykir leiðinlegt, að þér funduð mig hér. Þér megið ekki láta samtal okkar hafa nein áhrif á yður. Ætlið þér að láta það hafa áhrif?"

"Nei, ég skal ekki gera það".

En þetta var það óheppilegasta loforð, sem hann gat gefið, því eftir þessa játningu hennar átti hann að segja henni, að nú yrði kunningsskapur þeirra að vera úti og þau mættu ekki sjást framar. Þetta hefði hann átt að segja, og hún hafði búist við, að hann mundi segja þetta. Þess vegna áleit hún sigur sinn hálf unninn, þegar hann ávítaði hana ekkert fyrir ákafa og frekju hennar.

"Ég get ekki skilið yður eftir hér, Nita", sagði hann. "Það er líka komin nótt". En hún bandaði honum frá sér.

"Ég vil ekki, að neinn sjái okkur saman nú, ég fer ein til herbergja minna, og vil ekkert tala meira í þetta sinn".

Hann margbað hana að koma með sér, en það var ekki að nefna.

Hann vissi ekki, hve lengi hún dvaldi þar, en hún lét engan sjá sig alt það kveld.

XLVII. KAPÍTULI.

Næsta morgun lá grá þokumóða yfir öllu héraðinu, sem merki þess, að dagurinn yrði mjög heitur.

Lávarðurinn var á gangi í ávaxtagarði sínum. Hershöfðinginn gekk til hans.

"Þér eigið góðan ávaxtagarð hér", sagði hann. "Það má hver hrósa sem vill ávöxtunum á Ítalíu, en ég, sem hefi þó ferðast um hálfan hnöttinn, fullyrði, að hvergi finnast eins góðir ávextir og hér á gamla Englandi".

"Ég er alveg á sama máli og þér", sagði lávarðurinn. "Hvergi hefi ég séð fallegri ávexti, en þá, sem vaxa hér. Þeir eru frábærlega góðir".

Hershöfðinginn hallaði sér upp að hvítu grindverki og sagði: "Nei. Allan, yður hefði víst ekki fallið vel, að missa af Brooklands?"

"Nei, það hefði mér ekki gert. Mér þykir mjög vænt um það, og ekkert heimili hefi ég séð eins fallegt og Brooklands.

"Þetta er vel mælt", sagði hershöfðinginn. "All-

ir eiga að elska heimili sitt. Ég var svo hræddur um, að þér kynnuð að yfirgefa það, og varð því glaður, er ég heyrði um brúðkaupið".

Lávarðurinn leit á hann forviða. Hvað kom brúðkaup hans við eignarrétti hans á Brooklands?

"Ég hefi oft hugsað um yður", sagði hershöfðinginn ennfremur, "og meðan ég vissi ekki í hvaða horf málið var komið, var ég mjög kv'ðandi yðar vegna".

"Þér höfðuð þó enga orsök til þess", sagði lávarðurinn.

"Það er sérlega göfugmannlegt af yður að tala svona. Flestir ungir menn hefðu tekið sér það mjög nærri. Það sýnir skynsemi og þolgæði, að taka því eins og þér gerðuð".

Lávarðurinn hélt, að hershöfðinginn meinti erfðaskrá föður sins.

"Ef ég á að segja sannleikann, herra hershöfðingi, þá var ég mjög ergilegur yfir því fyrst í stað. Mér fanst það vera mjög óréttlegt, en það dugar ekki, að ergja sig yfir því, sem verður að vera".

"Nei, rétt er það. En leyfið mér að spyrja yður að einni spurningu. Ég játa, að ég hefi engan rétt til þess, alls engan, en ég var góður vinur föður yðar, og hefi einlagan áhuga fyrir öllu, sem yður viðvíkur. Segið mér, vildi nú Aðalheiður af fúsum vilja giftast yður?"

"Af fúsum vilja?" hrópaði lávarðurinn. "Já, ég held það. Það megið þér vera vissir um".

"Og enginn hefir lagt að henni í því efni?"

Lávarðurinn, sem mundi vel eftir, hvernig alt hafði gengið til, gat ekki stilt sig um að brosa.

"Já, ég get fullvissað yður um það, ég held að giftíng okkar hafi í alla staði verið að vilja hennar".

"Og þér fullvissið mig um það?" sagði hers-

Kjörkaupa-listi

Victor st., 6 herbergjahús $1600
Toronto st., 7 " nýtísku hús með öllum þægindm $500 niðurbergun. 2800
Simcoe st., — 7 herbergi. 2900
Beverley st., 7 herbergja nýtísku hús á 3000
Home st. nálægt Portage, 25 feta lóðir, á $25 fetið

W. P. RODGERS,
608 McIntyre Blk. Fón 6474.
27-5-8

The Duff & Flett Co.
PLUMBERS, GAS AND STEAM FITTERS
Alt verk vel vandað, og verðið rétt
773 Portage Ave. og 662 Notre Dame Ave.
Phone 4644 Winnipeg Phone 3815

Giftingaleyfisbrjef
selur Kr. Ásg. Benediktsson,
477 Beverley St. Winnipeg.

Öllum viðskiftavinum
vorum fjær og nær, óskum vér í einu hljóði
Gleðilegs sumars
C. G. JOHNSON
Telefón 2631
Á horninu á Ellice og Langside St

WINNIPEG Business College
FÉKK FYRSTU VERÐLAUN Á SAINT LOUIS SÝNINGUNNI.
Cor. Portage Ave and Fort St.
Kennir Bókhald, Vélritun, Símritun. Býr undir Stjórnbjónustu o. fl. Kveld og dag kensla. Sérstök tilsögn veitt einstaklega. Starfshögunar skrá frí.

DR. A. EKERN
Sérfræðingur í Augna-, Nef-, Eyrna- og Holdssjúkdómum.
Grand Forks, N. Dak.

Sendið Heimskringlu til vina yðar á Íslandi

Cancer Cure.
R. D. EVANS, sem fann upp hið víðfræga lyf til lækninga
krabbameinum
óskar að allir sem nú þjást af krabbameinum, skrifi sér. 2. daga notkun meðalsins, læknar útvortis eða innvortis krabbamein. Skrifið strax til R. D Evans, Brandon, Man. 37-8-8

A. S. BARDAL
Selur líkkistur og annast um útfarir. Allur útbúnaður sá bezti. Enfremur selur hann alskonar minnisvarða og legsteina.
121 Nena St. Phone 306

Opið bréf til Mr. C. H. Hillman

Kæri herra!! Ég sé það á bréfi þínu í Hkr. 9. þ.m., að þú hefir reiðst mér fyrir, að láta ekki óáreitt ofllof það, sem K. Á. Benediktsson ritaði um þig í Hkr. 19. f.m. Þú byrjar grein þína með því, að telja "það slæmt, þegar menn skunda út á ritvöllinn, án þess að hafa sannanagögn til að skýra rétt mál". Ég var ekki að skýra rétt mál. Ef málið er rétt framsett, þarf það aldrei skýringa við. En þegar eitthvert mál er rangt eða ranglega framsett, þarf það skýringar við. Og það var einmitt það, sem ég gerði í grein minni, og "sannanagögn" hafði ég óbilandi, og get sannað alt sem ég sagði í grein minni, að undanteknum tveimur atriðum.

Ég sagði nefnilega í grein minni, að þú værir "prýðisgóður smiður". Þetta var oftalað, og ég hefði ekki átt að viðhafa slík orð. Hitt atriðið er þar sem ég get þess til, að þér muni ekki hafa verið nein þægð í öllu því hóli, sem K. Á. B. ber á þig. Þar fór ég algerlega villur vegar, því það má lesa það á milli línanna í grein þinni, að þú hefir fengið hr. Kr. Á. Benediktsson til að skrifa um þig áður áminst hól, sem standa átti eins og auglýsing þér til lofs og dýrðar og atvinnu þinni til arðs og blessunar.

Jæja, Hjálmar minn! — Nei, fyrirgefðu, Mr. C. H. Hillman, ætlaði ég að segja. — Það er nú ósköp fátt í grein þinni, sem er svara vert, en þó ætla ég að virða þig viðtals, og með örfáum orðum hrekja alt, sem þú segir.

Þú segist vera "knúður" til að gefa "upplýsingar", af því ég í "síðari hluta" gr. minnar tali um "verðmæti hússins", sem þú hafir að "mörgu leyti verið viðriðinn!" Já, "að mörgu leyti" — hem, hem! En að ég hafi í "síðari hluta" greinar minnar minst á "verðmæti" hússins, eða með öðrum orðum sagt, að það væri 6—7,000 dollara virði, kemur mér á óvart. Þekkirðu ekki haus frá hala?

Þér finst, að gr. mín sé "sýrð" "ófundsýki og lastyrðum" til Kr. Á. Benediktssonar. Hvar eru "lastyrðin" í gr. minni? Og af hverju á ég að öfunda K.Á.B.? Er ekki K.Á.B. bláfátækur maður, algerlega á rangri hillu í lífinu?

Svo berðu mér það á brýn, að það sannist á mér málsháttarinn "að frændur séu frændum verstir". Það þarf nú ekkert nema meðalflón til að láta út úr sér svona staðhæfingar. Og ég segi þér það alveg satt, að það þætti engum vænna en mér, ef K.Á.B. liði betur en honum gerir, því blóðið rennur til skyldunnar hjá mér.

Næsta rothöggið er það hjá þér, að þú segir, að þér "sé óhætt að fullyrða", að ég hafi ekki "séð húsið innan eftir að það var fullgert", og ekki fengið upplýsingar hjá "mönnum þeim, sem höfðu veg og vanda af húsinu". Ójú, Mr. C. H. Hillman! Ég gerði hvorutveggja áður en ég skrifaði grein mína.

Og skal ég nú segja þér, hvernig ég fór að því, það er hvort sem er ekkert launungarmál.

Á föstudaginn eftir að gr. herra K.Á.B. með lofinu um þig kom út, fórum við Sigfús Joel suður á Fawcett ave., til að renna augum vorum á hið undraverða töfrasmíði 20. aldarinnar! Þó sátt að segja hvorugur okkar byggist við, að sjá nokkuð nýstárlegt. En þegar að húsinu kom, var það lokað. Ég fór þá yfir götuna að húsi því, er herra Willkey bjó í, og hringdi bjöllunni og kom kona til dyra. Ég spurði eftir húsráðanda, en hún kvað hann ekki heima, en gat þess, að hún væri húsmóðirin, þ. e. frú Willkey, og spurði, ef hún gæti gert nokkuð fyrir mig. Já, heldur hélt ég það. Ég sagðist vera landeigna brakún (Broker), en sá, sem biði mín hinumegin við götuna væri nýgiftur auðmaður, sem væri í þann veginn að byrja búskap, og vildi kaupa nýtt og gott hús í þessum parti bæjarins, til eftirlætis sinni ungu og elskulegu frú, sem bæri af Evu dætrum eins og gull af öðrum málmi og sól af öðrum himintunglum. Og spurði ég svo, hvort þetta nýja hús rétt á móti væri ekki til sölu, og kvað hún já við, og léði mér lykilinn með fúsu geði. Ég stakk svo lyklinum í skrána og sneri, og húsið opnaðist rétt eins og önnur hús, og við gengum inn.

Hið fyrsta okkar var að yfirvega "hundrað" stykkja súlurnar, og gátum ekki séð þar neitt, sem við ekki höfðum séð áður, og "65" stykkja "stólparnir" eru ekki betur smíðaðir en þúsundir af samskyns stólpum. En njóta skaltu sannmælis: Stiginn er velsmíðaður, og það bezta í húsinu. Margt annað hefði mátt betur fara.

Eftir að við höfðum skoðað stigann í krók og kring, fórum við til setustofu og þar sáum við "hlóðirnar"! með gleruðum múrsteini. Já, hagur er Hjálmar, sagði ég við félaga minn, að smíða þetta "mantel". En þá kom rödd úr 150 dollara klukkunni, sem stóð yfir arninum, og röddin sagði á ensku: "Bought down town", þ. e. "Keypt niður í bæ". Nú var mér öllum lokið. Það gekk alveg fram af mér. Já, hagur er Hjálmar, að smíða klukku, sem talar, varð mér enn að orði. En áður en Sigfús gæti svarað mér, kom aftur rödd úr klukkunni, sem var dimm og draugaleg, og sagði það sama og áður: "Bought down town, bought down town".

Eftir að við höfðum orðið varir þessara dularfullu fyrirbrigða, fórum við upp á loft og síðan um alt húsið, og gátum ekki séð neitt, sem væri þess vert, að lokið væri á það sérstöku lofsorði.

Þessu næst ferð þú að rengja virðingu mína á húsinu. Þér ferst það heldur ekki klaufalega!

Alt, sem þú virðist vita viðkomandi þessu húsi — sem þú þó eftir þinni eigin frásögn hefir verið að "mörgu leyti viðriðinn" — er það, að 5,000 dollara lán fékst á húsið.

Til þess að sýna þér og öðrum, að virðing mín á húsinu var ekki gerð út í blánn, set ég hér sundurliðaðan reikning á þessa leið:

Húsið án lóðar	$6,500.00
Lóð, 35 fet, á $50 fetið	1,750.00
Sölulaun til "agents"	287.50
Samtals	$8,537.50
Verð á húsi er nú ...	$10,500.00
	8,537.50
Hreinn gróði	$ 1,962.50

Finst þér nú, minn kæri, að ég hafi verið mjög illa upplýstur, þegar ég "varkaði útá ritvöllinn", eins og þú kemst að orði?

Ég veit meira að segja, hvað mikið er borgað í eigninni fyrir utan lánið, og get gefið þér allar þær upplýsingar, sem þú eða einhver annar óskar að fá viðvíkjandi "skrauthýsinu" á Fawcett avenue.

Þú segir meðal annars, að það sé fjarstæða af mér að segja, að það hafi engir smiðir verið við húsið áður en þú komst þar, og segir svo þínu máli til sönnunar, að einn hafi farið burtu degi áður en þú komst, en hinn sama morguninn sem þú komst þar.

Þetta einmitt sannar sögu mína, að það voru þar tveir handlangarar, sem ekki gátu smíðað "veranda", því hefðu þeir verið smiðir hefði ekki þurft að fá þig, því "verandi" þessi er eins óbrotinn og hugsast getur, og þar af leiðandi auðvelt að smíða hann.

Síðast í grein þinni segir þú, að þeir menn, sem bumbult hafi orðið við að lesa hólið um þig, séu menn, sem ekki hafi haft "í hálft annað ár nema hlaupavinnu við hitt og þetta, sem að höndum hefir borið".

Þetta eru helber ósannindi. Allir þeir, sem ég hefi við talað, eru íslenzkir smiðir, og hafa unnið eins marga daga nú í síðastliðið hálft annað ár eins og þú, Mr. Hillman, og það við sitt handverk og ekkert annað, og kaup hafa fáir þeirra haft minna en þú.

Þú segist "hafa fyrir satt, að einn af starfsbræðrum þínum hafi í sumar sem leið tekið "akkord" að leggja gólf í eitt stórhýsi borgarinnar, en hafi orðið frá að hverfa vegna kunnáttuleysis".

Þessu trúir nú samt enginn. Og sannleikurinn er, að maður sá, sem þú ert að sletta til, mun vera J. G., sem tók contrakt á, að leggja gólf í "Blökk" á Princess St., og hætti við, af því hann sá, að hann gat ekki borgað þeim, sem hjá honum unnu, fullkomið kaup. En kunnáttuleysi var þar ekki um að kenna.

En svo segir þú, að hann hafi "komið sér að hjá stjórnunni", en við hvaða störf hann er, veizt þú ekki. "Ekki er nú vakurt, þó riðið sé".

Svo klikkir þú út með þessu: "Aftur eru aðrir, sem hafa leitað en ekki fundið og eru svo fokvondir við guð og menn". Ef þú ert með þessu að gefa mér sneiðir — sem beinast liggur við — fer þú villur vegar, því ég hefi aldrei á æfi minni reynt að komast að hjá stjórninni, og er ekki "fokvondur" hvorki við guð eða menn.

Nú er ég búinn að hrekja fyrir þér alt í grein þinni, svo þar er ekki heil brú eftir. Ertu nú ánægðari en áður en þú "skundaðir" út á ritvöllinn?

Ég óska þér svo gleðilegs sumars og betri endalyktar með næsta hól, er þú lætur um þig rita.

Ég er þinn einl. vinur

. S. J. Austmann.

Winnipeg, 13. apríl 1908.

Tamarac selst hjá A. S. Bardal fyrir $5.50, — en 2 "Cord" fyrir $10.50.

125 Dollara
De Laval rjómaskilvinda til sölu fyrir $45.00. Þessi skilvinda er sama sem alveg ný og í ágætu standi. Skrifið mér eða finnið mig að máli.
Magnús Pétursson,
535 Agnes Street, Winnipeg.

The Dominion Bank
NOTRE DAME Ave. BRANCH Cor. Nena St.
Vér seljum peningaávisanir borganlegar á Íslandi og öðrum lönd.
Allskonar bankastörf af hendi leyst
SPARISJÓDS-DEILDIN
tekur $1.00 innlag og yfir og gefur hæstu gildandi vexti, sem leggjast við innstæðufé 4 sinnum á ári, 30. júní, 30. sept. 31. desembr og 31. march.

Til fullkomnustu tryggingar Vátryggið fasteignir yðar hjá The
St. Paul Fire & Marine Ins. Co.
Eignir félags eru yfir 5 millión dollars. Skaðabætur borgaðar af San Francisco eldinum 1906, mill. SKULI HANNSON & CO., 55 Tribune Bl'g., Phone 6456, eru sérstakir umboðsmenn.
E. S. Miller Limited
Aðal umboðsmenn
PHONE 2083 219 McINTYRE BLK

Það borgar sig
að auglýsa
í Heimskringlu

Department of Agriculture and Immigration.
MANITOBA
Land möguleikanna fyrir bændur og handverksmenn, verka menn. Auðnuból landleitenda, þar sem kornrækt, griparækt smjör og ostagerð gera menn fljótlega auðuga.

ARID 1906
1. 3,141,537 ekrur gáfu 61,250,413 bushels hveitis. Að jafnaði yfir 19 bushel af ekrunni.
2. Bændur lögðu yfir $1,515,085 í nýjar byggingar í Manitoba.
3. Í Winnipeg-borg var $13,000,000 varið til nýrra bygging.
4. Búnaðarskóli var bygður í Manitoba.
5. Land hækkaði í verði ástaðar í fylkinu. Það er nú frá $6 til $50 hver ekra.
6. Í Manitoba eru 45,000 framfara bændur.
7. Í Manitoba eru enþá 20 millíón ekrur af byggilegu óteknu áðurlandi, sem er í vali fyrir innflytjendur.

TIL VÆNTANL. LANDNEMA
komandi til Vestur-landsins: — Þið ættuð að stansa í Winnipeg og fá fullar upplýsingar um heimilisréttarlönd, og einnig um önnur lönd sem til sölu eru hjá fylkisstjórninni, járnbrautafélögum og landfélögum.

R. P. ROBLIN,
Stjórnarformaður og Akuryrkjumála Ráðgjafi,
Skrifið eftir upplýsingum til
Joseph Burke, 617 MAIN ST., WINNIPEG. Jas. Hartney, 77 YORK ST., TORONTO.

T. L.
Heitir sá vindill sem allir reykja. "Hvers vegna?". af því hann er það besta sem menn geta reykt. Íslendingar! munið eftir að biðja um T. L.
(UNION MADE)
Western Cigar Factory
Thomas Lee, eigandi Winnipeg

Redwood Lager og Extra Porter
Styrkið taugarnar með því að drekka eitt staup af öðrum hvorum þessum ágæta heimilis bjór, á undan hverri máltíð. — Reynið !!
EDWARD L. DREWRY Manufacturer & Importer Winnipeg, Canada.

höfðinginn, og leit rannsakandi augum framan í lávarðinn.

"Já, það geri ég", sagði hann undrandi. Hvers vegna haldið þér, að Aðalheiði hafi verið þröngvað til að giftast?"

"Ég hélt", sagði hershöfðinginn, að hún hefði ekki viljað valda yður vonbrigðum, og þess vegna hefði hún samþykt ráðahaginn".

"Ég get fullvissað yður um, að svo var ekki", sagði Caren.

"Þess betra", sagði hershöfðinginn. "Mér þykir vænt um að heyra það. Þér skiljið það, að þó mér sé ant um yður, er mér þó enn annara um Aðalheiði".

Lávarðurinn hneigði sig, án þess að skilja, hvað hann meinti. En nú kom Lady Caren til þeirra. Hún var óróleg, en það var sem henni létti, þegar hún sá, að sonur hennar var alveg rólegur.

"Hershöfðingi", sagði hún, "þér hafið ekki haldið loforð yðar. Það var áttalað á milli okkar, að við gengjum þennan morgun til plantnanna, þér, Aðalheiður og ég".

"Ég hefi ekki gleymt loforði mínu, en ég tók það svo, að þið hefðuð ekki tíma til þess fyr en eftir hádegið".

Lady Caren sýndist verða í vandræðum.

"Ég hafði gleymt því", sagði hún svo. "Allan leiddu mig, mér þykir svo hressandi, að ganga hér litla stund. Hvað hafið þið verið að gera?"

"Við höfum verið að skoða ávextina", sagði hershöfðinginn og hneigði sig kurteislega.

"Og talað um stjórnmál —?"

Sonur hennar hló hátt. "Nei, mamma, stjórnmál og ávextir eiga ekki vel saman".

"Ég var að segja Caren lávarði, hve gláður ég varð, þegar ég heyrði um brúðkaup hans", sagði hershöfðinginn rólega.

Lady Caren varð náföl. Hún næstum skalf. Sonur hennar tók eftir því.

— "Um giftingu hans?" sagði hún seint, "og þér glöddust yfir henni. Það gerðum við öll líka".

"Ég get ekki annað sagt", sagði hershöfðinginn, "en að Caren lávarður sé mjög hamingjusamur maður. Hann á eina hina elskulegustu og fegurstu konu á öllu Englandi. Ef ég væri ungur, og hún ógift, skyldi ég hafa reynt að ná ástum hennar. Hún er tíu sinnum meira virði en þessi hertogainna, sem þér eruð alt af að tala við Caren.

Allan hló svo hjartanlega að þessu, að hershöfðinginn gat ekki annað en brosað með honum. En Lady Caren reyndi að breyta sem fyrst umtalsefninu. Hún gat fengið hershöfðingjann til að tala um herferðir sínar, og svo áleit hún öllu óhætt. En lávarðurinn undraðist stórlega yfir tali hershöfðingjans, og allri framkomu móður sinnar.

"Ég skil hreint ekkert í þessu", sagði hann hundrað sinnum við sjálfan sig um daginn. "Hér er um eitthvert leyndarmál að ræða, — og úr því enginn sýnist hafa tiltrú til mín í því eini, þá verð ég komast eftir því sjálfur".

Daginn eftir sætti hann lagi, að vera einn saman hjá hershöfðingjanum, og fór svo að tala við hann. Hann ætlaði að koma giftingu sinni í tal, en þá kom móðir hans og eyddi því. Og þannig kom margoft fyrir. Hann fór því að gruna, að móðir sin gerði þetta af ásettu ráði, og einn dag sagði hann við hana:

"Mamma, veiztu hvað ég er oft að hugsa um?".

"Nei, þess get ég ekki getið".

"Mér finst að þú sért hrædd við, að láta mig vera einan með hershöfðingjanum".

Hún brosti vandræðalega. "Hvers konar vitleysa er þetta, Allan? Hví skyldi ég hræðast það? Hann sem er gamall vinur föður þíns"

"Það sýnist vera heimskulegt, að halda það, en þó stend ég í þeirri meiningu. Yfirleitt skil ég ekki helminginn af því, sem hershöfðinginn segir. Hann talar alt af eins og Aðalheiður hafi verið sem fórnarlamb, eða eitthvað því likt, — ég get ekki skilið það".

"Þetta er að eins ímyndun þín, Allan."

"Það væri gott, ef svo væri. En stundum finst mér, sem hér sé um eitthvert leyndarmál að ræða, en svo get ég samt ekki skilið, hvað það gæti verið".

Lávarðurinn gekk nú í burtu. En móðir hans sló höndum saman af angist.

"Það kemst upp! Það verður ómögulegt að leyna því. Guð gefi mér styrk til að bera það!"

Lady Aðalheiður kom inn og fann tengdamóðir sína fljótandi í tárum.

"Aðalheiður", sagði veslings konan, "hve lengi stendur þetta yfir? Sjáðu, hve hendur mínar titra. — Reyndu að komast eftir, hvenær hershöfðinginn fer. — Ó, Lída, Lída, kraftar mínir þverra óðum, því ég finn á mér, að leyndarmálið kemst upp!"

XLVIII. KAPÍTULI.

Júanita hertogainnan af Ormont notaði öll leyfileg og óleyfileg meðul, til að ná ástum annars manns, þrátt fyrir það, að hún sjálf átti göfugan og heiðarlegan mann. Henni kom ekki til hugar, að kalla það synd, því samvizka hennar var fyrir löngu sofnuð. Henni fanst sem hið djöfullega ráðabrugg sitt vera líkt nokkurs konar æfintýri, en það átti svo vel við hina suðrænu náttúru hennar. Hún hugsaði um þetta nótt og dag.

Einhvern morgun stóð hún á svölunum fyrir utan húsið, hjá tveimur fögrum og stórum blómum. Hún var mjög kvíðandi fyrir því, að hertoginn myndi nú fara, áður en hún næði takmarki sínu — því, að ræna lávarðinum frá Lady Aðalheiði. Meðan hún var að hugsa um þetta, fann hún að hönd var lögð á öxl hennar.

"Það er fallegt hér á Brookland", sagði hertoginn, því þetta var hann, — "okkur liður vel hér, Carens er gestrisið fólk, en mér finst nú kominn tími til að halda heimleiðis.

Hún var alt of kæn til að setja sig beint á móti vilja hans. Hún brosti og leit framan í hann.

"Þú skalt alveg ráða því, Gervase. Mér þykir vænt um, að þú hefir skemt þér vel hér. Þú þarft ekkert annað, ef ákveða, hvenær þú vilt fara, — ég skal þá vera tilbúin".

"Mér þykir Clavering hershöfðingi svo skemtilegur", sagði hertoginn, "að ég hefði mikla ánægju af því, að bjóða honum að dvelja hjá okkur í nokkrar vikur, ef þér væri það sama".

"Ég hefi ekkert á móti því. Þú veizt, Gervase, að ég vil gera alt, sem ég get, til að uppfylla óskir þínar".

"Þú er alt af svo góð", sagði hertoginn og kysti á hönd hennar. Alt í einu leit hún brosandi til hans:

"Gervase!" Það er nokkuð hér, sem ég vildi fara með með mér heim til Skotlands".

"Hvað er það, Nita? Ef hægt er að kaupa það skal það verða gert".

og sá dóttur hennar, en ekki sína sjálfa. Ég kunni ekki við, að fara heim til hennar til að tala við hana, því ég hélt henni mundi máske falla það illa.

Eftir nokkrar frekari samræður, sagði herra Bok: "Ég er kvongaður dóttir vinar mín, herra Curtis. Við höfum verið 11 ár í hjónabandi og eigum 2 drengi".

Í þessum línum hér að fratnan er æfisaga þess manns, sem nú útjórnar því blaði, sem keypt er á meira en 3 miljónum heimila, og sem þess vegna prédikar fyrir þeim stærsta sófnuði, sem til er í Banda ríkjunum. Áhrif þau, sem hann hefir á þjóðlíf Amerikumanna, eru meiri en svo, að þau verði metin.

Um stefnu sína í blaðamenskunni, fórust honum orð þannig:

"Á bak við hverja sigursögu liggur önnur saga um barátt við óróðugleika og sjálfsafneitun".

Þessi maður hefir unnið síðan hann var 13 ára, og hann vinnur enþá, og hann hefir ánægju af erviðinu, og í því felst leyndardómur þess, hve mikið honum hefir orðið ágengt. Orðtak hans er, að vinna með áhuga, og vinnuarðurinn kemur að sjálfsögðu. Hann fer lítið út um borgina, og tekur engan þátt í borgarlífsgleðinni. "Við erum sveitafólk og kunnum bezt við sólskinið og hreina landloftið", segir hann við vini sína, og þó hann hafi ánægju af að horfa á góða sjónleiki, þá fer hann samt sjaldan á leikhúsin, af því hann þolir svo illa loftleysið, sem þar er inni, hvar þúsundir manna eru samankomnar. Herra Bok fer ekki oft í veizlur eða heimboð í borginni. Hann kveðst hvorki hafa tíma eða löngun til þess. Skoðun hans er, að enginn maður geti unn ið mikið og þarflegt verk, sem verji miklu af tíma sínum við glaum og veizluhöld, og ástvini sína og bækurnar segir hann vera sér miklu kærari heldur en veizluhöld og leikhús, og þessh. skemtanir, sem mestmegnis sé tímaeyðsla og hafi þreytu og höfuðverk í för með sér.

Þegar herra Bok var spurður að því, hvernig menn ættu að haga sér til þess að verða sigursælir í baráttu lífsins, svaraði hann því, að hver, sem ekki hefði frumlegar skoðanir, gæti aldrei orðið leiðtogi manna, og af því að svo fáir af fjöldanum hefðu frumlegar skoðanir, þá vildi hann ráðleggja mönnum, að vinna að algengum störfum á óalgengan hátt. Hann kvað sér vera sama, hvaða heiðarlegan atvinnuveg synir sínir kysu að leggja fyrir sig. Ef þeir að eins vildu hafa það hugfast, að verða sem fullkomnastir í því, sem þeir tækju fyrir, svo að þeir hefðu það stöðugt í huga, að gera verk sitt betur en nokkrir aðrir hefðu gert það á undan þeim.

Um ritstjórn á tímariti sínu kvaðst hann geta sagt, að síðan hann hefði tekið við þeim starfa, hefði hann fastlega fylgt fram þeirri stefnu, að láta lesendur og kaupendur þess vera ritstjórana. Hann sagðist biðja fólkið, að segja sér til, þegar það álíti hann gerði rétt, og eins þegar það álíti hann gerði það sem miður færi. Hann kvaðst jafnan hafa reynt til þess, að eyða þeirri gömlu skoðun, að ritstjóri blaðs væri vitsmuna eða þekkingarlega hafinn yfir alþýðu manna og hefði því sérstakan rétt til þess, að vera einvaldur dómari í þeim sökum. Hann sagðist fá þúsundir slíkra tilsagnarbréfa, svo að hann gæti stundum ekki gert annað svo vikum skifti, en að loka sig inni einhversstaðar, til þess í einrúmi að geta lesið bréfin, — "og þau segja mér, hver steina blaðsins skuli vera", bætti hann við.

Blaðið hefir yfir 30 ritstjóra, sem hver um sig hefir ánægju af starfi sínu. Undir slíkum kringumstæðum getur blaðið ekki farið út af réttri leið. En aðalstefnu blaðsins segir hann bygða á þeirri sannfæringu sinni, að konur hafi 4 áhugamál: Börnin þeirra, heimilj þeirra, borðhald þeirra og fatnað þeirra.

Síðast í viðræðu sinni setti hann fram þá skoðun, sem kom eins og reiðarslag á tilheyrendur hans, og hann bar hana fram með þeim ákafa, sem lýsti því, að honum var full alvara: "Leyfið mér að segja í eitt skifti fyrir öll, að ég skil ekki eðli kvenna. Enginn karlmaður skilur það, eða getur skilið það. Sá maður, sem gerir kröfu til að skilja það, er heimskingi. Sú gáfa er ekki veitt karlmönnum að skilja konur, frekar en konum er gefið að skilja karlmenn. Kynin verða jafnan hvort öðru ráðgáta. Það er svo fyrirhugað".

Svar frá ísl. Goodtemplurum í W'peg.

Í Heimskringlu 19. marz sl. ritar herra Sigtryggur Ágústsson grein um íslenzka Goodtemplarafélagsskapinn hér í bæ, en þar eð oss finst hún ekki samngjörn í ýmsum atriðum, þá ætlum vér að taka hana stuttlega til íhugunar.

Greinin segir, að félagsskapur vor sé orðinn svo fjölmennur, að hann ætti að láta "heilmikið til sín taka" í ýmsum málum, svo sem "útrýming áfengra drykkja úr landinu", og að "stemma stigu" fyrir óleyfilegri áfengissölu, "í lokuðum flöskum", sem höfð sé um hönd í hinum ýmsu ölgerðarhúsum hér í bæ, og hún ráðleggur oss, að senda fulltrúa úr vorum flokki á löggjafarþing.

Í fljótu bragði mætti svo virðast, að 7—8 hundruð manns gætu látið "heilmikið til sín taka" í stórmálum landsins. En þegar betur er aðgætt, og það athugað, að öll áhrif í bæjar- og landsmálum byggjast á atkvæðamagni, þá kemur það í ljós, að þessara 7—8 hundraða gætir fremur lítið. Tökum Winnipeg bæ til samanburðar: Í honum eru á annað hundrað þúsundir íbúa. Setjum nú svo, að í honum séu að eins eitt hundrað þúsundir. Nú reiknast svo til, að hérum bil einn fimti sé atkvæðisbærir menn. Þá ættu að vera tuttugu þúsundir atkvæðisbærra manna í bænum. Nú er mikill meiri hluti þessara 7—8 hundruð Goodtemplara konur og unglingar fyrir innan lögaldur, líka fjöldi fullorðinna karlmanna, sem eru nýkomnir hingað til lands, sem engan atkvæðisrétt eiga, svo það mun fullmikið í lagt, að í félagsskap vorum séu 150 atkvæðisbærir menn, eða 1½ íslenzkt Goodtemplara atkvæði á móti hverjum 200 atkvæðum í bænum. Þegar þetta er athugað, þá finst oss krafa greinarinnar til vor, um það, að vér ættum að láta "heilmikið" til vor taka, svo sem í því, að útrýma áfengum drykkjum burt úr landinu, og senda fulltrúa úr vorum flokki á löggjafarþing, sé naum ast samngjörn og á tæpum rökum bygð.

Um áfengissöluna á ölgerðarhúsum bæjarins, með þeim atvikum, sem greinin skýrir frá, vita fáir Goodtemplara, en það sýnist ekki óviðeigandi, að þeir, sem hafa verið sjónarvottar að slíkri sölu, hefðust handa og kærðu, ef salan er óleyfileg, en eftir upplýsingu, sem vér höfum fengið frá lögfræðingi, þá er þessi áminsta sala algerlega lögum samkvæm, svo ekki heldur þar er greinin sanngjörn.

Næst erum vér ákærðir fyrir það, að vér höfum ekki tekið oss fram um samning og útbýtingu á bænarskrá þeirri, er send var fylkisþinginu sl. vetur, sem fór fram á, að drykkjustofum skyldi lokað kl. 6 e. h., með fleiru. Í stuttu máli er það að skilja á greininni, að vér höfum ekki gert neitt Goodtemplaramálinu til hagnaðar eða eflingar, að vér höfum ekki gert "svo mikið, sem leggja tvo fingur í kross vínsölubannsmálinu til stuðnings eða framgangs".

Það er satt, að vér vorum ekki frumkvöðlar að samningi eða útgáfu bænarskrárinnar, en samt gerðum vér talsvert meira en að "leggja tvo fingur í kross" henni viðvíkjandi. Fjölda mörg eintök af henni voru send til ritara stórstúku vorrar (Mrs. Guðrúnar Búason), en hún sendi þau aftur til ýmsra manna í reglu vorri, sem svo báru þau á milli manna til undirskrifta, og þeim varð svo mikið ágengt, að blaðið "Free Press" fann ástæðu til, — þegar það sagði frá bænarskránni, — að geta þess, að hún hefði verið "largely signed" af Íslendingum í Vesturbænum. Vér staðhæfum ekki, að engir aðrir en Goodtemplarar hafi safnað undirskriftum á meðal Íslendinga, en ÞEIR gerðu langmest að því, svo ekki heldur í þessu atriði er algerð sanngirni viðhöfð.

Þá finnur greinin að því, að "mest áherzla" sé "lögð á, að ná sem flestum meðlimum, ekkert verið að hugsa um, hvernig þeir meðlimir séu", og það valdi félagsskapnum "stækkandi vanvirðu í augum allra skynberandi og hugsandi manna", og þetta "sé aðal orsökin til þess megna ýmigusts, sem ýmsir hafi á félagsskap þessum".

Satt er það, að mikil áherzla er lögð á það, að ná sem flestum meðlimum, fyrir ástæður, sem nú skal greina: Fyrst þá, að lögmál lífsins krefst þess, að hver sá félagsskapur, sem vill lifa, hlýtur að leggja alvarlega áherzlu á það, að halda áfram að vaxa, annars veslast hann upp og deyr. — Annað, þar sem útgjöld eru, þar er nauðsynlegt, að fá sem flesta til að bera byrðarnar. — Í þriðja lagi, er það eitt aðal markmið og skylda reglu vorrar, að leitast við að reisa þá á fætur, sem fallnir eru, og þess vegna eigum vér þess ekki kost, að vera mjög vandlátir að meðlimum. Það er engin sparifatavinna, sem reglu vorri er ætlað að leysa af hendi, og ekki ætlað þakklátur starfi, að taka drykkjumannninn úr rennusteininum, og leitast við, að gera úr honum nýtan mann fyrir þjóðfélagið. Í mörgum tilfellum höfum vér ekki haft annað fyrir viðleitni vora en erfiði og skapraun. Samt VERÐUM vér að halda viðleitninni áfram.

Oss liggur við að efast um skynsemi og réttsýni þeirra manna, sem reikna oss það til vanvirðu, að vér reynum að liðsinna þeim, sem helzt þurfa hjálpar við, enda hyggjum vér, að ýmigustur sá, sem ýmsir hafa á reglu vorri, sé af alt öðrum rótum runninn.

Til skamms tíma var það álitin virðuleg nautn, að drekka vín, og virðulegt ástand, að vera drukkinn; jafnvel ekki laust við, að eins konar frægðarljómi fylgdi hvorutveggja. Nú er þetta orðið alt á annan veg. Þeir, sem drekka, reyna að hylja það sem mest, og þeir, sem verða drukknir, draga sig í hlé, svo þeir verði ekki á almannafæri. Menn geta nú ekki lengur tekið staup af áfengi, án þess að bæði aðrir, og jafnvel sjálfir þeir, finni til þess, að þeir, með því, hafi lækkað manngildi sitt.

Þeir menn, sem enn drekka, hvort sem það er mikið eða lítið, vita hverjum það er að kenna, að þeir fá ekki að njóta gleði þeirrar, sem nautnin veitir, þegar þeim finst þeir færastir í flestan sjó, og lífið blasa hlæhjandi við þeim. Þá verða þeir að einangra sig, annars gestur skeð, að einhver bindindsmaður náhgist þá, og láti í ljósi meðaumkvun sína, og bjóði þeim hjálparhönd.

Drykkjuskapnum er þannig hrundið ofurlítið út af alfaravegi, og ÝMIGUSTUR sá, sem drykkjumennirnir hafa á bindindishreyfingunni, er því náskyldur tilfinningu afbrotamannsins gagnvart lögreglunni.

Ennfremur segir greinin, að fundir vorir séu "skemtisamkomur, þar sem ekkert alvarlegt orð eða hugsun má koma í ljós", að fólkið vilji helzt "hlægja, flyssa og kjá hvert framan í annað, og láta alls konar fíflalátum, en aldrei tala orð af viti, eða sýna alvöru í nokkrum hlut, eða fyrir nokkru málefni".

Það skal fúslega játað, að fundum vorum er í ýmsu ábótavant. Stundum vegna þess, að fundarstjórar hafa ekki eins góða hæfileika eða kunnáttu til að stjórna sem æskilegt væri, svo að mál geta gengið seint og nokkuð óskipulega. Líka getur komið fyrir, að stöku menn lendi í hita, við umræður mála. Ennig kemur það fyrir, að fólk hvíslast á, í sætum sínum, svo áheyrn er ekki eins góð og hún ætti að vera. En þessir gallar, einn eða allir, eiga sér stað á öllum mannfundum 1), hjá öllum þjóðum. Þessara galla gætir minna hjá oss, en víða annarstaðar, sem kemur af því, að vér höfum reglubundna starfsskrá til þess að fara eftir.

Um heimskulega framkomu skal það sagt, að fólk kemur fram á fundum ósköp svipað því, sem það gerir annarstaðar. Þeir, sem koma skynsamlega fram í heimahúsum, eða á strætum úti, gera það alveg eins á fundum vorum, og þeir, sem eru heimskir annarstaðar, halda áfram að vera heimskir á fundum. Þeir, sem hegða sér vel utan funda, gera það alveg eins á fundum. En ef einhverjir eru, sem hegða sér illa utan funda, þá VERÐA þeir að hegða sér vel innan þeirra, því þar eru þeir ávalt undir strangri stjórn. Fólk hefir ekki hamaskifti við að fara á fundi. Það verður hvorki að englum eða árum við að ganga inn í fundarsalinn.

Hvort staðhæfingin um það, að ekkert alvarlegt orð megi koma í þjós á fundum, sé á rökum bygð, ætlum vér að reyna að skýra. Öllum fundum er stjórnað eftir ákveðinni starfskrá, og er hún bygð á almennum þingsköpum. Þar er meðal annars inntaka nýrra meðlima, sem er mjög alvarleg athöfn. Þegar öllum störfum, tilheyrandi hlutaðeigandi stúku, er lokið, sem eru meðal annars: fjármál, tilkynningar, neindarálit o. s. frv. — öll alvarleg mál —, þá eru tekin til umræðu atriði, sem heyra til velferðar reglunnar í hfild sinni, og fer það misjafnlega úr hendi, eftir því hverjir á halda. Þegar þessu öllu er lokið, þá fyrst byrja skemtanir. Þær samanstanda af: Söng, upplestri kvæða og sagna, eftir fræga höfunda vorrar þjóðar og annara, skrítlur, sem oft hafa í sér fólgna djúpa lífsspeki, frumsamin kvæði og sögur, einnig ræður, sem alt miðar til að skemta og fræða, en misjafnt að gæðum, sem eðlilegt er.

Greinin segir, að orsökin til þess, að næstum allir "leiðandi mentamenn þessa bæjar" sneiði sig hjá félagsskapnum, sé sú, að þeir treysti sér ekki til "að brjóta á bak aftur skrílsháttinn og heimskuna", og af því þeir vilji ekki leggja lið, stafi "þessu heimskulega og flysjungslega framkoma fólksins", að ýmsir "málsmetandi menn", sem í félagsskapnum hafa staðið, segjast aldrei hafa varið tíma sínum jafn illa og með því, að sitja á fundum vorum, og að þeir hafi slitið sig frá honum vegna þess, að fólkið hegðaði sér svo heimskulega.

Það er skaði vor en ekki skuld, að "leiðandi mentamenn" vorir hér í bæ hafa sneitt sig hjá oss, en ekki getum vér trúað því, að orsökin sé sú, sem greinin segir. Það væri mjög kynlegt, ef þessir leiðandi menn treystust ekki til að vera leiðtogar vorir í þeim málum, þar, sem vér vildum gjarnan þiggja leiðsögn þeirra, en þrengdu sér inn á þetta sama fólk, sem leiðtogar í öðrum málum.

Oss liggur við að efast um, að þeir "málsmetandi menn", sem í félagsskap vorum hafa staðið, en hafa nú skilið við hann, séu með heilbrigðu viti, EF rétt er eftir þeim haft.

Enginn skynsamur maður — sem ekki er drykkjumaður — gengur í félagsskap vorn vegna þess, að hann hafi von um persónulega hagsmuni, heldur vegna þess, að hann sér, að hér er nauðsynjaverk, sem þarf að vinna, og hann tekst á hendur, að gera það lítið, sem hann getur, til þess að koma því áleiðis, án þess að hafa nokkra von um endurgjald, annað en þá góðu meðvitund, að hafa reynt að láta gott af sér leiða. Ef vér mætt um vera svo djarfir, að láta skoðun vora í ljós, hvers vegna svo margir svo nefndir "leiðandi" og "málsmetandi" menn þjóðar vorrar hér standa utan við félagsskap vorn, og láta hann ýmist afskiftalausan, eða leggja honum ónot til, þá myndum vér helzt geta þess til, að þeim þyki hann hvorki "FÍNN" né arðvænlegur.

Vér ætlum nú í fám orðum að minnast á það, sem vér höfum gert sem félagsheild. Vér höfum — þrátt fyrir afskiftaleysi vorra leiðandi manna — bygt upp félagsskap, sem telur á milli 7 og 8 hundruð manns. Vér höfum afmáð allan þann dýrðarljóma, sem yfir áfengi og nautn þess hvíldi. Vér höfum myndað allmargar Goodtemplarastúkur meðal Íslendinga í Manitoba og Norðvesturlandinu. Vér höfum ýmist með siðferðislegum áhrifum eða lækningum bjargað eigi allfáum drykkjumönnum úr því hryggilegasta ástandi, og gert þá nytsama í mannfélaginu, og gert tilraunir við marga fleiri. Vér höfum alið upp, og erum að ala upp, innan vébanda vorra, fjölda marga unga menn, sem eru, og vér vonum að haldi áfram að vera einlægir bindindismenn. Vér höfum, með því að reyna að gera fundi vora skemtilega, haldið ungum mönnum frá "poolrooms", drykkjukrám og öðrum óþrifa og hættu stöðum. Vér höfum nýlega myndað barnastúku, sem telur nálegt 120 meðlimi, sem hafa gengið undir hátíðleg og alvarleg heit, sem eru: að neyta hvorki víns né tóbaks, að spila ekki fjárhættuspil og hafa ekki ljótt orðbragð. Þessi börn koma saman einu sinni í hverri viku, og njóta tilsagnar skynsamra, háttprúðra og hpurra kvenna, sem allar hafa nægum störfum að sinna heima hjá sér. Þetta gera þær endurgjaldslaust, að eins til þess, að vinna málefninu gagn. Vér höfum sérstaka fjársöfnun með höndum til hjálpar sjúkum og þurfandi meðlimum, sem margir hafa þegar notið góðs af. Og vér höfum bygt hús, sem kostaði nálægt 19,000 dollara, og höfum nú þegar borgað af þeirri upphæð 11,000 dollara.

Vér hefðum sjálfsagt átt að gera mikið meira, en vér biðjum góða menn og konur, að hafa það fluglast, að það lítla, sem vér höfum gert, og höfum reynt að gera, höfum vér gert af góðum hug.

Greinin segir svo: "Ef að þessi félagsskapur hér í bæ á að ná tilgangi sínum og verða það siðmenningarafl, sem hann getur verið, þá verður hann að taka gagngerðum breytingum frá því, sem hann er nú. Því hver sá félagsskap ur og hver sá maður, sem ekkert æðra markmið hefir en það, að sjúga út úr lífinu þær lægstu og auðvirðilegustu nautnir, sem það hefir fram að bjóða, verður aldrei sjálfum sér eða öðrum að liði, heldur þvert á móti til andlegs og líkamlegs niðurdreps".

Þetta er lakasti kaflinn í greininni, og það var að eins vegna hans, að vér gátum ekki leitt hjá oss að svara. Vér hefðum getað leitt hjá oss ádeilur hennar fyrir ódugnað, þekkingarskort, áhugaleysi, stefnuleysi og heimsku, en hún hefði átt að hlífa oss við því, að gefa í skyn, að vér hefðum glæpsamlegt framferði á fundum vorum. Fólk út í frá mun, eins og vér, spyrja, hverjar þær geti verið þessar "lægstu og auðvirðilegustu nautnir", sem vér Goodtemplarar höfum gengið í félagsskap með að sjúga út úr lífinu. Það er lítilmannlegt, að þola ekki smáaðfinningar, jafnvel þó að þær væru óþarfar og ranglátar, en hér er gerð árás á æru og mannorð milli 7 og 8 hundruð manna og kvenna, sem öll eru gerð jafn sek (samanber: ekkert æðra markmið o. s. frv.

Vér getum ímyndað oss, að af sumum mönnum verði vitnisburður vor, sem undir þetta skrifum, eigi tekinn gildur, af þeim ástæðum, að vér erum í félagsskapnum, og þess vegna beri oss nauðsyn til að bjarga voru eigin mannorði, en samt viljum vér lýsa yfir því, með allri þeirri alvöru, sem vér eigum til, að ENGINN FÉLAGSSKAPUR Á MEÐAL ÍSLENDINGA Í ÞESSU LANDI ER HEIÐARLEGRI OG HREINNI EN VOR, eins og hann kemur fram á fundum. Vitanlega tökum vér ekki ábyrgð á hegðun einstaklinga utan funda, því það getur enginn félagsskapur gert. Vér vonum og óskum, að þeir hegði sér allir vel, en vér ábyrgjumst það, að ef einhverjir þeirra hegða sér illa, þá gera þeir það ekki AF ÞVÍ, að þeir eru Goodtemplarar, heldur ÞRÁTT FYRIR ÞAÐ að þeir eru Goodtemplarar, því með því brjóta þeir ákveði reglu vorrar.

Til stuðnings vitnisburði vorum, ætlum vér að bera fram þegjandi votta, því að þeir eru jafnan sannorðastir. Í reglu vorri er fjöldi giftra kvenna, sem eiga sonu og dætur. Margar af þessum konum sækja stöðugt fundi, jafnvel þótt þær hafi nóg að starfa á heimilum sínum. Þessar konur leiða börn sín inn í félagsskap vorn; þau eldri með fullorðna fólkinu, en þau yngri inn í barnastúkuna, sem svo jafnóðum og þau komast á hærra aldursskeið, ganga í lið með eldra fólkinu. Það, að mæður láta börn sín, — sonu og dætur, — ganga í reglu vora, sem þær þekkja eins vel og sín eigin heimili, skoðum vér sem næga og óhrekjandi sönnun fyrir siðferðislegu hreinlæti félagsskaparins. Eða hafið þér, lesari góður, þekt margar íslenzkar mæður, sem hafa bakað sér afarmikla fyrirhöfn og talsverð fjárútlát til þess, að leiða börn sín inn í þann félagsskap, "sem ekkert æðra markmið hefir en það, að sjúga út úr lífinu þær lægstu og auðvirðilegustu nautnir, sem það hefir fram að bjóða".

Vér undrumst það ekki, þótt fjárupphæðir þær, sem varið er til áfengiskaupa í "ýmsum bæjum og stöðum, þar sem bindindis félagsskapurinn er orðinn talsvert fjölmennur og vel á veg kominn" hafi ekki farið minkandi, því fólkinu fjölgar fljótar hlutfallslega í þessu nýja landi, heldur en meðlimum bindindisfélaganna.

Vér höfum af ásettu ráði forðast, að nefna höfund áminstrar greinar utan einu sinni — í byrjun —. Vér játum, að það hefir kostað oss talsverða sjálfsafneitun, að halda greinju vorri í skefjum, og forðast öll kaldyrði. Vér höfum fundið ábyrgðina gagnvart þeim 7 til 8 hundruð manna og kvenna, — í hverra umboði vér ritum —, hvíla þungt á oss, og síðast en ekki sízt finnum vér til þess, að málefni félagsskapar vors eru of göfug til þess, að vera dregin niður í forað persónulegra illyrða.

Í umboði íslenzku goodtemplarareglunnar í Winnipeg,

Fyrir hönd stúkunnar Ísland nr. 15:
Skapti B. Brynjólfsson,
Hjálmar Gíslason.

Fyrir hönd stúkunnar Hekla nr. 33:
Björn E. Björnson,
Bjarni Magnússon.

Fyrir hönd stúkunnar Skuld nr. 34:
Gunnlaugur Jóhannsson,
Sveinn Sveinson.

Winnipeg, 18. aprtl 1908.

1) Vér undanskiljum hér guðsþjónustugerðir.

"Sækjast sér um líkir".

Þegar ég las hirtingar ræðuna, sem haldinn er yfir mér af Jóhannesi Magnússyni, — sem nú virðist orðinn leppur í skó Sigtryggs Ágústssonar, — datt mér í hug orðskviðurinn forni: "Sækjast sér um líkir, saman niðingar skríða". En svo er til annað gamalt spakmæli, sem þannig hljóðar: "Svo skal leiðan forsmá, að anza honum engu", — og því ætla ég að fylgja í þetta sinn.

S. J. Jóhannesson.

ATHS. — Hér með er umræðunni um mál þetta lokið í Heimskringlu. Ritstj.

Til Hkr, sunnan úr heimi.

Þú kemur hér á hverjum laugardegi
kært með málið fagra, góðum borna,
stóru blöðin víkja úr þínum vegi,
þó vart sárt stærri en "Oddur" var til forna
í skessuríðmi — er skráð var um í stefi —,
hún skýrð' 'ann "Titt með toppi fyrir nefi".

Þeir kalla þig telpu, sem kunnir ei að stafa,
þú kær ert samt, með brek í höfði ungu.
Því enginn þarf að vera' í minsta vafa,
að vor er röddin, stíll og mál á tungu,
þó margur sé á ritvellinum valtur. —
Hví varna' að ganga þeim, sem að er haltur?

Einn af þeim hölta.

UMLÍÐUN MEÐ BORGUN.

Allskonar Fatnadur

Menn og Konur! Því skýlduð þér ekki klæðast vel, þegar þér getið keypt fínustu föt, hvort heldur eftir máli eða með verksmiðju-gerð,— með vægum viku eða mánaðar afborgunum.

Allir vorir klæða dúkar eru af fínustu tegund, og fötin með nýjasta New York sniði. Vér höfum kvenfatnaði, skyrtur og treyjur. Einnig karlm. fatnaði, treyjur og buxur, með vægum afborgunarskilmálum. Vér seljum ódýrar en aðrir gera fyrir peninga. Karla fatnaðir frá $9.00 og yfir. Kvenmanna fatnaðir og treyjur frá $12.00. og þar yfir.

Komið! skoðið vörurnar og sannfærist !!

EMPIRE CREDIT CO'Y

Sal 13 í Traders Bankanum, — 433 MAIN STREET

WINNIPEG

Leikurinn "East Lynn" verður leikinn í Goodtemplara húsinu mánudag og þriðjudag, 4. og 5. maí. Herra Kristopher Johnson æfir undir þennan leik. — Nánari auglýsing síðar.

Skaðabótamál það, sem Mrs. Jóhanna Clemenson höfðaði móti C. P. R. félaginu, út af dauða Björns sál. Clemensonar, eiginmanns hennar, sem fóll út af járnbrautarbrúnni, sem liggur yfir Main street hér í borginni, þann 27. nóvember 1906, — hefir lyktað svo, að sættir komust á með því að félagið borgaði henni $1800.00 í peningum. Félagið borgaði og þann kostnað, sem hún hafði orðið fyrir við málshöfðunina.

Heimskringla hefir verið beðin að gefa upplýsingar um, hvernig á því standi, að blöðin Heimir og Baldur séu ekki hér á bókasafni Winnipeg borgar. Þessu getur Heimskringla ekki svarað, en ræður spyrjanda til þess að finna forstöðumann bókasafnsins persónulega, og leita upplýsinga hjá honum þessu viðvíkjandi.

Á öðrum stað í þessu blaði auglýsa Únitarar óvanalega vandaða skemtisamkomu, sem haldast á NÆSTA MÁNUDAGSKV. Skemtanir verða þar óvanalega miklar, og svo kaffi-veitingar á eftir. Lesið auglýsinguna.

Herra Tryggvi Bjering og Mrs. Jóhanna Ólafsson komu vestan frá Blaine, Wash., þann 21. þ.m., alkomin, eftir árs dvöl þar vestra. Bjerring segir atvinnudeyfð þar á sl. vetri, en sögunarmyllur voru farnar að byrja og margir því farnir að vinna áður en hann lagði af stað austur. Great Northern félagið er og að byggja nýjar vagnstöðvar í Blaine, og bætir það atvinnu og hjálpar til að hækka landverð þar í bænum og grendinni. Í orði er að rafmagnssporbraut verði lögð milli Blaine og Bellingham innan skams tíma, en óvíst, hvort á því verður byrjað í sumar.

Nýlega lézt á Íslandi Júlíus Jörgenson í Reykjavík. Hann hafði um mörg ár unnið á Hotel Ísland hjá Halberg gestgjafa. Júlíus sál. var atgerfismaður á bezta skeiði, og vár að honum mikill mannskaði.

Mrs. Sigríður L. Peterson, frá Glenboro, kom til bæjarins ásamt dóttur sinni sl. viku. Þær mæðgur fóru heim aftur á mánudaginn var. Mrs. Peterson segir Glenboro bæ vera í framfór.

Herra Þorsteinn Sigurðsson, frá Gimli, brá sér vestur að Kyrrahafi á mánudaginn var. Hann ætlar að litast um þar vestra, og flytur máske skyldfólk sitt vestur, ef honum líst vel á sig þar.

Næsti fundur Menningarfélagsins verður haldinn næsta þriðjudagskveld kl. 8, þann 28. þ.m., í kirkju Únitara. Þá flytur séra Jóhann P. Sólmundsson erindi. Efni: "Eitt er nauðsynlegt". Öllum vinsamlega boðið að sækja fundinn, þeim að kostnaðarlausu.

Prófessor Rasmus Anderson, frá Madison, Wis., var hér á ferð í þessari viku snöggva ferð. Hann brá sér til Brandon í gærdag, en verður hér næsta laugardag áleiðis heim aftur. Próf. Anderson er orðinn grár fyrir hærum, en þó unglegur og svo fjörugur sem unglingur. Hann var sendiherra Banda ríkjanna til Danmerkur fyrir nokkurum árum og er nú ritstjóri vikublaðsins "Amerika", sem gefið er út í Madison, Wis. Próf. Anderson hefir ekki áður komið til Winnipeg, en kvaðst hafa mikla ánægju af að vera hér og sjá bæinn. Á skrifstofu Heimskringlu las hann íslenzku eins og móðurmál sitt og hafði yfir nokkur íslenzk ljóð, sem hann kunni.

I. O. F.

Sérstaklega áríðandi, að meðlimir stúkunnar ÍSAFOLD, I.O.F., sæki fund í kveld, Sumardagsinn fyrsta, 23. apríl.

Fundarboð.

Íslendingadags nefndin 1907 er hér með beðin að mæta á fundi, sem haldinn verður á skrifstofu Lögbergs næsta föstudagskveld þ. 24. þ.m. Byrjar kl. 8.

Sveinn Palmason,
p.t. forseti nefndarinnar.

Börnin eða vorið.

Eftir *Lárus Guðmundsson.*

Hvað ætti að segja um blessuð börnin? þau eru þó þess virði, að þeirra væri getið. Hvað væri lífið án þeirra? Ekkert annað en bláköld alvara dauðans. Það væri haustkveld mannlífsins. Í mörgum tilfellum friðsælt og skemtilegt, eins og vor náttúrlegu haustkveld, sem við öll þekkjum. En öll haustkveld benda á dauða og kulda og komandi vetur, sem alt er nú gott og blessað á tilhögun guðs og náttúrunnar stjórn, eins lengi og vér eigum vissuna fyrir því, að fá blessað vorið og sumarið á eftir vetrinum. — En væru börnin ekki, þá væri engin von á vori eða sumri fyrir líf og viðhald þjóðanna., Það væri haustkveld eða vonlausar veturnætur mannlífsins. Það væri tómleiki og hálfrökkur í sálarlífi vors ætikvelds, eftir alt stríðið og stritið, eiginlega alt unnið fyrir gýg. Engin ánægjufull og yndisleg meðvitund ætti lifandi rætur í brjósti voru, og enginn vermandi eldur elskunnar væri þar falinn, til þess að kveikja ljós, sem lýsti í gegn um gröf og dauða.

Næstum undantekningarlaust yrkja öll vor skáld um vorið, — þetta blessaða vor, sem öllu gefur nýtt líf og fjör. Það mætti með fullum sanni segja, að vorið er einn óslitinn himnlifandi hljómur og gleði alls sem lifir og hrærist, og allrar hátignarfullu náttúrunnar. Hvað eru svo blessuð börnin? Ekkert annað en vorið. Vor mannlífsins. Fagrasti vorgróðurinn, sem til er í heiminum, fullur af fjöri, yndisleik og æskufegurð. Hvað kemur til þess, að skáldin taka lækinn og lóuna, lambið og folaldið, fram yfir börnin, þegar þau yrkja um vorið? Það er mér ráðgáta. — Ég held, að aðalorsökin til þess sé sú, að alt til þessa dags hefir maðurinn viljað draga heiðurinn af konunni. Eða, sem með vægustu orðum mætti segja, ekki getað með nokkru lifandi móti felt sig við, að gefa konunni og móðurinni þann gófuga þátt, sem hún á í uppeldi barnanna, því þarna er hún eini og sanni garðyrkjumaðurinn. — Drottinn hefir hlotið að segja við konuna í upphafi: Þér einni fel ég alla umsjón á þessum blómum. Ég skal gefa þér endalausa þolinmæði og umburðarlyndi, til þess að þú getir annast blómin okkar, og láttu þau verða sem þroskamest og fegurst. Og fyrir erfiðið og umönnunina, skal ég gefa þér takmarkalausa elsku til þeirra, og gleði í gegn um mótlætið og ljós í gegn um dimmuna. — Hvað eru svo blessuð börnin annað en vorgróður?

Þau eru blómin í aldingarði vorrar tilveru, full af lífsgleði og ánægju og fegurð, svo að ekkert annað getur við það jafnast í tilveru vorgróðursins. — Hver einasti lítill barnaskóli er blómreitur, plantaður fyrir trúarleg vísindi og festu fyrir lífsþroskun. Og hver einasta kona og móðir hefir mesta vandann og mestu fyrirhöfnina, því hún verður að sjá um líf plöntunnar á meðan hún er yngst og veikust, og ber alla ábyrgð á því, að litla blómið verði fært og gróðursett í sól og hlýju á hagkvæmum og heillavænlegum stað, fyrir þroskun fullorðins áranna.

Blessun og lukka fylgi vorgróðri vors vestur-íslenzka þjóðlífs. Blessun og heiður fylgi konunni og móðurinni út yfir gröf og dauða, fyrir hennar hálíta og elskuverða starf í vingarði vorgróðursins.

Að eins eitt, minir kæru vinir og mikilsvirti þjóðflokkur: Látið enga mannlífsplöntu fara hugsunarlaust út í veður og vind. Gróðursetjið hana — allar yðar plöntur — á hagkvæmum og heillavænlegum stað, eftir því sem samvizka yðar og þekking bezt vísar yður til. Þá eru miklu meiri líkur til, að alt hafi góðan enda og fái fullan þroska, svo hretviðri og stormar lífsins geri minna tjón, — og gleði vorsins geti viðhaldist og lifað í sálu mannanna alt til dagsins enda.

Bréf að Heimskringlu eiga:
Loftur Gudmundsson (frá Isl.).
Ó. Jónasson (frá Isl.).
Mrs. M. Vigfússon.
Mrs. Margrét Bergþórsson (frá Íslandi).
Mrs. Guðbjörg Jónasson.
Mrs. Jessie C. Danielson.
Guðbjörg Kristjánsson.
Sölvi Sölvason (Síðasta bréfið er frá móðir hans Höllu Guðmundsdóttir að Bildudal, Barðastrandarsýslu).
Eigendur eru beðnir að vitja bréfa þessara hið allra bráðasta.

TAKIÐ EFTIR

Ég verð að minna menn á, að greiða sem allra fyrst ógoldin loforð til Heilsuhælisins á Íslandi. — Eins og sjálfsagt mörgum er kunnugt nú þegar, þá er búið að ákveða staðinn, og búist við, að byggingin verði reist mjög fljótt. Þarafleiðandi vildi ég senda samskotin héðan í kringum 1. júní. — Það er ennþá útistandandi á annað hundrað hér í bænum, sem ég vona, að menn borgi sem allra fyrst.

Winnipeg, 20. apríl 1908.
Aðalsteinn Kristjánsson.
496 Victor St.

Tableaux

Samkoma

Ræður, Söngur, Tableaux og

veitingar.

Mánudagskveldið þ. **27.** þ.m. heldur Únitara söfnuðurinn samkomu, sem mjög verður vandað til. Þar verður ýmislegt nýtt, er ekki hefir áður verið sýnt á samkomum hér, meðal annars T-A-B-L-E-A-U-X eða "Sýningar á leiksviði. Þar verður kvæðið "ÓLAFUR OG ÁLFAMÆR" leikið í ÁTTA TABLEAUX, og hafa sérstök tjöld verið fengin fyrir það, og meðan er kvæðið sungið bak við tjöldin. Dísirnar þrjár TRÚ, VON og ÁST, úr Aldamótaleik séra Matth. Jochumssonar, verða einnig sýndar í Tableaux og kórarnir sömuleiðis sungnir meðan á því stendur.

En þetta er PRÓGRAMID alt:
1. Ávarp forseta.
2. Söngur: Söngfl. kirkjunnar.
3. Ræða: Rögnv. Péturssson, efni: "Að verða gamall".
4. Upplestur: E. J. Arnason.
5. Duet: Gísli Johnson og A. J. Johnson.
6. Ræða: Stefán Thorson.
7. Upplestur: Kristján Stefánsson.
8. Söngur: Söngfl. kirkjunnar.
9. Ræða: S. B. Brynjólfsson,—efni: "Ættjarðarást".
10. Tableaux: "Vertu hjá mér, því kvölda tekur" (tvær stúlkur og barn) 1 & 2.
11. Tableaux: "ÓLAFUR OG ÁLFAMÆR", 1—8 (sjö leikendur).
12. Tableaux: "Kveldklukkan" (Angelus), tveir leikendur.
13. Tableaux: "Dísirnar", úr Aldamótaleik séra Matth. Jochumssonar, 1—4 (þrir leikend.).
14. KAFFI VEITINGAR.

Samkoman byrjar kl. 8 e.h.
Inngangur 25 cents.
Safnaðarnefndin.

"The Park," Brandon, 30. MARCH 1908

¶ Þann 1. Apríl verður verðið á öllum óseldum lóðum í "The Park" landeigninni hækkað um 15 prócent. Það er þegar byrjað að byggja; 1 tvílofuð 5 herbergja hús verður fullgert 15. Apríl, og ýmsir Brandon-búar sem keypt hafa síðan 1 Janúa., þegar salan byrjaði, ætla að byggja nú í vor og í sumar. Þeir sem þekkja eignirnar, hafa keypt frá tjórum til sex lóðir hver.

1. Munið, að þetta er land sem verið er að byggja á, og það eykur verð þess. Margir Ruthenians í Brandon, sem ekki geta keypt fyrr en þeir fá vinnu í April, eru að bíða eftir að geta borgað fyrstu afborgunina í lóðum hér. Mörg hús verða bygð á þessu og næsta ári, þessvegna er áreiðanlegt að landið hækkar í verði.

2. Munið, einnig, að þessar lóðir hafa aldrei fyrr verið til sölu. Þær voru heimilis landeign mín í sl. 2 ár. Margir Ruthenians í Brandon hafa viljað eignast lóðir í "PARKINU", en gátu ekki fengið þær.

3. Munið, að lóðir sem þér kaupið með lægra verðinu, hækka 15 prócent í verði í April; og þegar bygt verður hækka þær meira. Lóðir $75.00 til $120.00 hver lóð til 15. april, 1908. Eftir 15. April, frá $100.00 til $175.00 hver lóð.

Skrifið í fyrsta bréfi hvað margar lóðir þér viljið fá; hvað mikið þér getið borgað niður og hvað langan borgunartíma þér viljið fá.

Ef þér sendið niðurborgun í fyrsta bréfi sem þér skrifið mér, þá velur Mr. Ferley, og ég sjálfur, lóðir fyrir yður tafarlaust. Ég útfylli öll lagasskjöl fyrir yður ókeypis. **"Torrens Title."**

Utanbæjar fólki sendi ég 2 kaupsamninga skjöl, svo að þeir geti undirritað annað og sent, og haldið afskrift sjálfir.

(¶ Ég hefi bygginga lóðir í Suður- og Vesturhluta Brandon.bæjar, fyrir $150.00 til $200.00 hver lóð.)

John Wadge,

10 Ninth Street, -- Brandon, Man.

eða **Kr. A. Benediktsson,** 477 Beverley St., W'p'g., Man.

eða **K. K. Albert,** 719 William Ave., Winnipeg, Telefón 6409.

Boyd's Brauð

Sérhvert brauð létt og lystugt. Algerlega hreint og holt. Þau eru freistandi fæðutegund. Vagnar vorir skila þeim heim í hús kaup. daglega, hvar sem þeir búa í borginni.
Pantið með talþræði 1030, og reynið brauðin.

Boyd's
Bakery Cor Spence & Portage Ave
Phone 1030.

Jónas Pálsson
PIANO KENNARI
729 Sherbrooke St. Winnipeg.

G. M. Bjarnason
Málar, leggur pappír og gerir "Kalsomining. Óskar við skifta Íslendinga.
672 AGNES ST. TELEFÓN 6954

ARNI ANDERSON
Íslenzkur lögmaður
Í félagi með
Hudson, Howell, Ormond & Marlatt
Barristers, Solicitors, etc.
Winnipeg, Man.
13-18 Merchants Bank Bldg. Phone 3621, 3622

C. INGALDSON
Gerir við úr, klukkur og alt gullstáss. Úr klukkur hringir og allskonar gullvara til sölu. Alt verk fljótt og vel gert.
147 ISABEL ST.
Fáeinar dyr norður frá William Ave.

J. G. Snydal, L. D. S.
ÍSL. TANNLÆKNIR
COR. MAIN & BANNATYNE
DUFFIN BLOCK PHONE 5302

HANNESSON & WHITE
LÖGFRÆÐINGAR
Room: 12 Bank of Hamilton
Telefón: 4715

BILDFELL & PAULSON
Union Bank 5th Floor, No. **520**
selja hús og lóðir og annast þar að lútandi störf; útvegar peningalán o. fl.
Tel.: 2685

BONNAR, HARTLEY & MANAHAN
Lögfræðingar og Landskjala Semjarar
Suite 7, Nanton Block, Winnipeg

Gleymið ekki

að sumarið er í nánd. Þegar það gengur í garð, eiga allir að gleðjast og skemta sér af fremsta megni. Á SUMARDAGINN FYRSTA (23. þ.m.) ætlar stúkan HEKLA að gæða fólki á

TOMBOLU

og ýmsum FLEIRI SKEMTUNUM í G. T. húsinu, kl. 8 að kveldinu. Þar verða margir drættir margra dollara virði.

Inngangur með einum drætti kostar einungis 25c fyrir fullorðna, 15c fyrir börn. Drátturin borgar "sentin" fullkomlega, svo í raun og veru má segja að

INNGANGUR KOSTAR EKKI NEITT

Það eru vildarkjör, sem ykkur býðst ekki daglega.
Þetta ættuð þið að muna.

FÓLK.
Komið og talið við oss ef þér hafið í hyggju að kaupa hús. Vér höfum þau hús sem þér óskið eftir, með allra beztu skil málum. Finnið oss viðvíkjandi peningaláni, eldsábyrgð og fleiru.
TH. ODDSON & CO.
56 Tribune Blk.
Telefón. 2312.
Eftirmenn Oddson, Hansson and Vopni.

Hver Þvær og Hreinsar Fötin ydar?

Hvernsvegna að fara í Kína-kompurnar þegar þér eigið kost á að fá verkið gert betur, og alt eins ódýrt, í beztu og heilsusamlegustu þvottastofnun, þar sem aðeins hvítt vinnufólk er haft og öll hreinustu efni notuð. Vér óskum viðskifta ydar.

The North-West Laundry Comp'y Ltd.
Hreinsarar og Litarar
COR. MAIN & YORK FÓN 5178

Matur er mannsins megin.

Ég sel fæði og húsnæði, "Meal Tickets" og "Furnished Rooms", Öll þægindi eru í húsinu.
SWAIN SWAINSSON,
438 Agnes st.

HEIMSKRINGLU og TVÆR skemtilegar sögur fá nýir kaupendur fyrir að eins **$2.00.**

ATLAS LUMBER CO.
Backoo, North Dakota

Hvergi er betra að kaupa bygginga efni, en hjá okkur, því vér höfum stórt upplag á reiðum höndum af öllum þeim vörum. Okkur er sérlega annt um að ná sem mestu af viðskiftum ÍSLENDINGA, svo að þegar þér (Ísl.) þurfið að byggja eitlhvað, þá óskum vér eftir að fá tækifæri til að selja yður EFNIÐ. Vér reynum til að gera sem bezt við alla,—hvort sem reikningurinn er lítill eða stór.

April 30—8 **S. GUDMUNDSON,** ráðsmaður.

Viðvíkjandi Hafið tal af Royal Optical Co.

Sjúkdómum Sérfræðingum vorum

Rétt á móti Eaton's búðinni. **327 Portage Ave.** Winnipeg. 12-9-8

LESIÐ NÚ!

Vér bjóðum um mánaðartíma hin bestu ekrukaup, sem nokkurntíma hafa boðin verið. Landið er á Main St., norðan bæjarins, liggur að C.P.R. og rafmagnsbrautunum. Selt í spildum eftir óskum kaupendanna, eitt ekra eða meira. Verð frá $200 ekran og yfir, með aðgengilegum skilmálum.

[Framhald hinumegin við Hkr. nafnið]

Heimskringla.

Kjörkaup

þessi eru þau mestu, er nokkru sinni hafa verið boðin, og af því að ekrufjöldinn er takmarkaður, þá ættuð þér að kaupa strax. — Landið er hentugt til garðræktar, grípa eða fuglaræktar.

Skúli Hansson & Co.
Skrifst. Telefón 6476. Heimilis Telefón 2274

XXII. ÁR. WINNIPEG, MANITOBA, FIMTUDAGINN, 30. APRÍL, 1908 Nr. 31

Wall Plaster

Brúkið ævinlega Vegglím það, sem svo vel er tilbúið af

The Manitoba Gypsum Co.
LIMITED

Biðjið timbur eða járnvöru sala yðar um:—

"EMPIRE" Wood Fiber Plaster
"EMPIRE" Cement Wall Plaster
"GOLD DUST" FINISH
"GILT EDGE" Plaster Paris
"EMPIRE" FINISH
"EVER READY" Plaster
"EMPIRE" Asbestos Hard Wall Plaster.

Sérfræðingur vor sýnir yður hvernig nota skal hinar ýmsu tegundir.

SKRIFSTOFUR OG MILLUR
Winnipeg -- Man.

Fregnsafn

Markverðustu viðburðir hvaðanæfa.

— Bretakonungur og drotning hans komu til Kaupmannahafnar þann 21. þ.m., og var tekið móti þeim með mikilli viðhöfn. Þau ætla síðar til Noregs og Svíaríkis.

— Nýlátinn er í Montreal Sir Alfred Caron, sem um mörg ár var ráðgjafi í ríkisráðaneyti Canada. Hann var fæddur í Quebec fylki árið 1843. Faðir hans var dómari og síðar fylkisstjóri í því fylki. Ungi Caron mentaðist á háskólum þess fylkis, og tók lögfræðisprót árið 1865. Til þings var hann kosinn árið 1873 og sat þar til árið 1901. Hermálaráðgjafi í McDonald stjórninni varð hann þegar hann var 37 ára gamall, og síðar póstmálastjóri. Alls var hann 27 ár á þingi, þar af 16 ár ráðgjafi. Hann var einn af mikilhæfustu mönnum, sem átt hafa við stjórnmál í Canada.

— Tveir fellibyljir úr austurátt áttum æddu yfir hluta af Louisiana, Mississippi og Alabama ríkjum þann 24. þ.m., og gerðu feikna mikið tjón. Er sagt að 130 manns hafi látið þar líf sitt, og 320 meiðst. Þar að auki hefir frézt um dauða margra í ýmsum útkjálka héruðum þessara ríkja og í Texas létu 18 manns lífið og 36 særðust. Mörg í veruhús, kirkjur og aðrar byggingar féllu, því býljirnir hreinsópuðu þau svæði, er þeir æddu yfir. Wyngate bærinn í Mississippi var algerlega feldur til grunna, og létu margir þar lífið. Bærinn Winchester í sama ríki var og algerlega eyðilagður, hvert einasta hús þar fell í rústir. Bæjirnir Batterville og Prunes voru og eyðilagðir í síðari bænum létu 20 manns lífið og á annað hundrað særðust. Í einni sveit féllu 20 bændabýli og að eins 2 stóðu óhögguð. Að eins 2 menn létu þar lífið, en 60 særðust. Mikill skaði varð í Franklintown, og Amite bær, sem er allstór, var illa leikinn. Þar fell hver einasta kirkja í bænum og 50 önnur hús, og 10 manns létu lífið en 50 særðust. Eignatjón er voðamikið í þessum ríkjum.

— Lundúnabúar telja, að 50 miljón dollara virði af vörum sé eyðilagt þar í borginni á ári hv. af rottum. Blaðstjóri nokkur, sem látið hefir gera nákvæmar eftirgrenslanir um þetta efni, segir, að rotturnar geri miklu meiri skaða á ári hverju, — alt frá 60 til 70 miljón dollara virði, og að grjót og járn sé það eina, sem óhult er þar í borginni fyrir vörgum þessum. Mest ber á rottunum við hafnstaðina í hinum miklu vöruhúsum. Nú hefir félag verið myndað til þess að eyðileggja þessa pest. Félagið hefir fundið upp aðferð til að eitra kartöflur, sem egna á fyrir rotturnar, og vonar, að geta eytt þeim að mestu innan 6 mánaða. Í einum stað í borginni eru 27 vöruhús, sem hvert tekur yfir ekru svæði, og er talið, að 2 þúsund rottur hafist við undir hverju húsgólfi, og að þær eyðileggi þar mörg þúsund dollara virði á mánuði.

— Járnbrautarslys í Melbourne, Ástraliu þann 21. þ.m. varð 40 manns að bana, og 60 aðrir farþegjar særðust hættulega.

— Stórglæpir, svo sem rán, innbrotsþjófnaður og illmannlegar árásir á saklaust fólk, hafa verið svo tíðir í Wales á Englandi á sl. vetri, að fram úr öllu hófi hefir keyrt. Þess vegna hafa brezkir dómarar tekið það ráð, sem þeir annars örsjaldan gripa til, að dæma glæpaseggina til hýðingar með hnútasvipum ásamt fangelsisvist. Allir glæpamenn óttast svipuna meira en langa fangavist, og svo hefir þessi stefna dómaranna haft heillarik áhrif, að nú hefir algerlega tekið fyrir glæpi í Wales.

— Landnámsfélag í British Columbia hefir nýlega keypt 345 ekrur af landi hjá bænum Nelson þar í fylkinu, og flutt á það 25 þýzkar fjölskyldur, sem eiga að rækta vinþrúgur á landinu. Þetta er að eins upphaf á nýrri atvinnugrein þar í fylkinu, sem félag þetta hugs ar sér að koma á fót og láta reka með kappi er fram líða stundir. Formaður þessa fyrirtækis hefir víða ferðast og aflað sér þekkingar á vinþrúgnarækt, og segir British Columbiu ákjósanlegan stað til að framleiða þá tegund.

— Stórhríðar bylur æddi yfir England á Sumardaginn fyrsta, sá versti, sem þar hefir komið í manna minnum. Snjór varð nokkurra þumlunga djúpur yfir alt land og aldinatré og vínakrar skemdust mikið. Samgöngur teptust víða og hættu algerlega á sumum stöðum. Í austurhluta landsins varð snjófallið sumstaðar frá 9—13 þumlungar. Fréttin segir, að Lundúnaborg hafi eftir bylinn litið út eins og bæir á austurströnd Ameriku geri um jólaleytið í hörkuvetrum.

— Málið í Medicine Hat, Alta., móti hinum svonefndu "Dreymendum", sem getið var um í síðasta blaði, er að verða afar merkilegt, með því að vitnaleiðslan hefir leitt í ljós það, að "Dreymenda" félagið hefir reglulega fundi, þar sem rætt er um drauma meðlimanna og þýðingu þeirra. Fleiri en einn Dreymenda hafa þegar borið vitni í máli þessu og sannað, að stefna Dreymendanna er í raun réttri eng in önnur, en sú, að drepa þá, sem ekki aðhyllast trúarskoðanir meðlima félagsins, og að brenna hús og aðrar eignir hinna vantrúuðu. Það er eitt af trúaratriðunum, að meðlimum félagsins beri skylda til að láta drauma sína rætast, og að ef ákveðinn félagsmaður einhverra orsaka vegna getur ekki komið þeim í framkvæmd, þá verður einhver annar af meðlimum félagsins að gera það. Það hefir og komið í ljós við vitnaleiðsluna, að þessa Dreymendur dreymir sjaldan eða aldrei um annað en það, að drepa og brenna, og á fundum sínum ræða þeir svo um, hvernig þessu verði komið í framkvæmd. Til d. hafði einn þeirra dreymt, að hann fengi skipun um, að brenna baptista og lút. kirkjur þar í nágrenninu, og annan dreymdi, að hann fengi skipun um, að læðast að kveldlagi að húsi bróður sins og skjóta hann gegn um gluggann. — Bréf voru lögð fram í réttinum frá foringja þessa flokks, sem nefnir sig GUD flokksins, en félagsmirnir nefnast guðs synir og dætur. Í bréfum þessum skipar guð Jacob svo fyrir, að guðs synir og dætur skuli hafa samtök til þess að drepa sem flesta villutrúarmenn, en það eru allir, sem ekki eru í félagi Dreymendanna. Félagsmönnum var boðið að vopnast, og skyldi hver hafa skambyssu. Það varð og opinbert, að á fundunum var ákveðið, að eiðstafur fyrir réttri væri ekki bindandi fyrir Dreymendurna, af því að setudómarinn, lögfræðingar og réttarþjónar væru allir djöfulsins börn, sem rétt og sjálfsagt væri að ráða af dögum. Það mun vera tilgangur lögreglunnar þar vestra, að hafa strangar gætur á þessu þokkafélagi í framtíðinni.

— Íbúarnir í Illinois ríkinu fengu það í sumargjöf, að 1500 vínsöluhúsum var lokað upp þar í ríkinu. Hálf þriðja miljón manna verða því hér eftir í "þurrabúð".

— Látinn er á Rússlandi Linevitch herforingi, sá er bezt barðist við Japana. Hann dó úr lungnabólgu.

— Fyrrum forseti Bandaríkjanna Grover Cleveland er sjúkur mjög af magaveiki, og óttast vinir hans að ekki sé bata von.

— John T. Strong, frá Jonesboro, Tenn., sem álitinn var að hafa dáið fyrir 5 árum síðan, kom nýlega heim til sín, þangað, sem hann áður hvarf frá, og fann þá konu sína gifta öðrum manni, og hafði hún átt með honum 2 börn. Strong jafnaði sakir með því, að leggja í vald konunnar með hverjum manninum hún vildi heldur búa. Hún kaus fyrri manninn, og varð hinn síðari að sækja um skilnað á löglegan hátt, og biðja um oný ting hjónabands sins.

— E. Elmore í Los Angeles kastaði nýlega 43 daga samfleytt, og var svo hraustur síðasta daginn, að hann gekk með kunningja sinum upp á Wilson fjall og heim aftur. Hann léttist um 38 pund á tímabilinu.

— Ástraliu stjórnin er að undirbúa ellistyrks lög, sem eiga að ganga í gildi 1. júlí næstkomandi. Ætlað er, að þá fái hvert gamalmenni $2.50 á viku. Enn þá er laga frumvarp þetta ekki komið fyrir þingið, svo ekki er hægt að birta útdrátt úr því, en svo er að sjá, sem ellistyrkssjóðurinn eigi á þarti að hafst upp með innflutningstollum, og er áætlað, að ekki muni veita af 10 miljónum dollara á ári til þessa fyrirtækis.

— Tveir læknar hafa verið handteknir í Victoria, B. C., kærðir um að hafa gert ólöglega lækningu á 16 ára gamalli stúlku.

— Látinn er á Englandi Sir Henry Campbell-Bannerman, sem nýlega sagði af sér forsætisráðherrastöðu ríkisins. Hann lá lengi veikur. Sir Bannerman var fæddur árið 1836. Hann útskrifaðist af Cambridge háskólanum. Hann var fyrst kosinn á þing árið 1868 og sat þar jafnan síðan til dauðadags fyrir sama kjördæmi. Hann hafði á hendi ýmsar ábyrgðarstöður í stjórn Englands, þar til árið 1905 að hann varð forsætis ráðherra.

— Stjórnarnefnd Selkirk spítalans hefir kosið fyrir heiðursforseta þá: bæjarstjórann á Gimli og sveitarstjórana í St. Clemens og Bifröst sveitum. Aðalforseti nefndarinnar er Capt. Wm. Robinson.

— Maður dó nýlega í Hempstead, L. I., sem álitinn var að vera efnaður. En að honum látnum fundust ekki fjár þær, sem menn héldu hann mundi hafa átt. Þeir, sem höfðu umsjón dánarbúsins, réðu það af, að rífa niður hreysi það, sem hann hafði búið í. Þetta var gert, og þegar búið var að hálfrifa húsið, fundu verkamenn 2 poka í veggjunum. Í öðrum þeirra voru 5 þúsund dollarar í gulli, en í hinum 6 þúsund dollarar í bankaávísunum. Á öðrum stað milli veggja fundust bankainneggs bækur, sem þoka peningaeign dánarbússins upp í 25 þúsund dollara.

— Fyrsti skaðabótadómur undir vinnulögunum, sem New York þingið samþykti árið 1906, var feldur þann 16. þ.m. Verkamaður einn hafði slasast svo við vinnu sina, að hann misti annan fótinn. Hann stefndi vinnuveitanda sínum og kvað slysið hafa orsakast af vangá hans. Dómarinn dæmdi honum 25 þús. dollara skaðabætur. — Þetta er yfirréttardómur, og félagið ætlar að sögn að borga krónuna.

— Hjónaskilnaðar frumvarp er fyrir brezka þinginu, sem ætlað er að veita þeim persónum rétt til skilnaðar, þar sem annað hjónanna er dæmt í 5 ára fangelsi eða verður vitstola og er sett á vitfirringastofnun, eða sem hafa búið sitt í hvoru lagi um 5 ára tíma.

— New York borg er talin að hafa stærsta og fegursta lystigarða, sem til eru í heimi. Alls eru 113 slíkir garðar í borginni. Landið undir garða þessa hefir kostað borgina 66½ miljón dollara, en með umbótum, sem nú eru komnar, eru þeir virtir 1200 miljónir dollara. Þetta undramikla fé hefir verið lagt í lystigarða þessa ekki eingöngu til að þóknast sjálfum borgarbúum, heldur miklu fremur miklu fremur sem aðdráttarafl fyrir gesti og aðkomendur þá, sem koma til borgarinnar, og sem nú teljast 4 miljónir manna árlega.

— Valdemar Paulsen hélt nýlega fyrirlestur fyrir vísindafélaginu í Lundúnum, og lýsti þar nákvæmlega, hvernig hann færi að því, að láta sönglag berast með virlausum skeytum 200 mílur vegar, og láta menn tala saman og heyra hver til annars yfir 170 milna lang an veg með loftskeytum.

— Um 774 blaðstjórar í Bandaríkjunum hafa beðið Roosevelt forseta um, að afnema innflutningstoll af pappír og trjákvoðu til pappírsgerðar, í von um, að verð á pappír í Bandaríkjunum lækki við það. En stjórnin heldur því fram, að tollurinn sé svo lítill, að alls ekkert geti munað á pappírsverðinu, þó hann verði tekin af, og að eina afleiðingin yrði sú, að hér eftir yrði pappír fyrir Bandaríkjablöðin gerður að mestu leyti í Canada. Það liggja nú í pappírseignum í Bandaríkjunum 275 miljónir dollara, sem að miklu leyti yrðu arðlausar, ef tollur væri tekinn af pappírnum. Tollur á trjákvoðu til Bandaríkjanna er talinn $1.66 á hvert ton, og það er svo lítið, að það getur ekki gert mikinn ef nokkurn mun á pappírsverði.

— Járnbrautarslys í Mexico á laugardaginn var varð 26 mönnað liftjóni og 15 manns særðust. Tvær mannflutningalestir rákust á og var mildi, að fleiri meiddust ekki, því margt fólk var á báðum lestunum.

— Sléttueldur í Tramping Lake héraðinu í Saskatchewan á föstudaginn var varð hjónum og tveimur börnum þeirra að bana. En elzta barnið, 18 vetra stúlka, komst undan eftir að fótin voru brunnin utan af líkama hennar, meðan hún var að reyna að bjarga 2 yngri systkinum sínum.

— Nýafstaðnar kosningar í Manchester á Englandi byrja illa fyrir Asquit og Liberal stjórnina þar. Winston Churchbill, einn af nýju ráðgjöfunum, tapaði kosningu þar þann 25. þ.m. Alt bendir til þess, að núverandi stjórn muni skammlíf verða og að Conservativar og Unionistar vinni næstu kosningar. Bretar virðast nú að lokum sannfærðir um, að frjálsverzlunarstefna landsins miði ekki til framfara eða þjóðþrifa, og að iðnaður og verzlun sé þar í afturför vegna hennar. Má því búast við, að tollverndunarstefnan verði ríkjandi þar í landi innan skams tíma.

NÝTT NÝTÍZKU

THE QUEENS

Vinsælasta og þægilegasta Gisti-hótel í Winnipeg

Bandaríkja-snið
Frí keyrsla.

MONTGOMERY BROS.,
EIGENDUR

BJART MIÐSTÖÐVA

Borgaðu fyrir reiðhjólið þitt með strætisvagna tickets

Reiknaðu þetta dæmi. — Það er 5 centa mál, en 5 cents eru peningar:

Reiðhjólin borga sig í sparnaði á strætisvagna peningum alt frá 33 til 100 prósent á ári. Það er komið undir, hve mörg 'Tickets' eru keypt. Ef 50c virði af þeim er brúkað vikulega, þá verða það $14 yfir 7 mánaða sumartímann, en brúkir þú dollarsvirði á viku, tvöfaldast upphæðin. En $14 borga frá ⅓ til ½ af hjólverðinu, eftir dýrleika þess. En dollar á viku borgar fyrir hjólið algerlega. — Það er því rétt áætlun, að hjólið borgi frá þriðjungi til fulls verð þess á einu sumri, sem annars mundi eytt í strætisvagna "Tickets". — Leggjum svo saman það sem hjólið sparar við það, sem það veitir, sem er fljóta og handhæga ferð og holla hreyfingu.

Vér tilbúum heimsins beztu hjól, og erum þeir einu, sem búa til "Cushion" hjólgrindur. — Þér verðið að reyna hvorttveggja til að geta metið gæðin.

CANADA CYCLE & MOTOR COMPANY, LIMITED, WINNIPEG

East Lynn

verður leikið í Goodtemplara húsinu mánudags- og þriðjudagskveldin 4. og 5. maí; til arðs fyrir Piano sjóð Hörpu, I. O. G. T.

PERSÓNUR Í LEIKNUM:—

Herra Francis Levison	Richard Hare
Archibald Carlyle, lögmaður	Frú Isabel
Mount Severn, lávarður	Mad. Vine
Elsta ráð Hare	Barbara Hare
Dill, þjónn	Miss Carlyle
Lögregluþjónn	Joyce, þjónustu stúlka
William, litill drengur	Wilson, þjónustu stúlka

Efnisyfirlit:

LEIKURINN fer fram í East Lynn, óðalseign Severn lávarðar, Mr. Carlyle kaupir jöiðina, giftist Isabel einkadóttir lávarðarins, sem nú er dáinn. Cornelia Carlyle, hrissingsleg meykerling, gjörir Isabel lífið mjög leitt með ráðríki sinni og frekju. Barbara Hare—dóttir dómara þar í nágrenninu — hefir lengi verið ástfangin í Carlyle en hefir dulið ást sína. Bróðir hennar, Richard, er sakaður um morð, og fer huldu höfði til að varast lögregluna. — Hann kemur á laun og finnur Barböru systur sína og fyrir hennar milligöngu fær peningalán hjá Carlyle. — Francis Levison—samvizkulaus níðingur—kemur með lævísi þeirri flugu inn hjá Frú Isabel, að maður hennar sé henni ótrúr, — og því til sönnunar, fylgir hann henni þangað sem Barbara og Carlyle eru á eintali. — Hamslaus af afbrýðissemi strýkur hún með Levison. — Hann yfirgefur hana og barn þeirra. — Sú fregn berst út að hún sé dáin—en hún kemur aftur til East Lynn undir öðru nafni, dularklædd sem kenslukona; er ráðin á heimili herra Carlyle. Elsta barn þeirra, Carlyle og hennar, William, er heilsulaus og deyr í faðmi hennar. — Litlu síðar deyr hún sjálf á heimili Carlyle og Barböru, sem nú er orðin konan hans.

INNGANGUR 25 og 35c.

Byrjar á slaginu kl. 8 síðd Uppdrættir af sætum og inngöngumiðar til sölu hjá P. S. ANDERSON, aldinasala á Sargent Ave. Munið eftir að koma nógu snemma.

Íslendingadagurinn 1908.

HÉR MEÐ eru allir Íslendingar í þessari borg, kvenfólk jafnt sem karlmenn, (hér hafa þær óskert réttindi) boðaðir til að mæta á fundi, sem haldinn verður í Goodtemplarasalnum NEÐRI, Mánudagskveldið 11. Maí n. k., til að ræða um íslendingadagshald í sumar; kjósa nýja nefnd mfl.

Reikningar dagsins frá síðastl. sumri verða lagðir fram á fundinum, til athugunar og samþyktar. Fundurinn byrjar kl. 8 síðdegis, og fólk ætti að muna efir að sækja hann vel.

Í umboði Íslendingadagsnefndarinnar 1907,

A. J. JOHNSON,
pt. skrifari.

Winnipeg, 29. apríl 1908

HEIMSKRINGLA
Published every Thursday by
The Heimskringla News & Publishing Co.

Verð blaðsins í Canada og Bandar $2.00 um árið (fyrir fram borgað).
Sent til Islands $2.00 (fyrir fram borgað af kaupendum blaðsins hér $1.50)

B. L. BALDWINSON,
Editor & Manager

Office:
729 Sherbrooke Street, Winnipeg
P.O BOX 116. 'Phone 3512.

Nafna-breytingar

Heimskringla hefir áður nokkrum sinnum rætt um ósið þann, sem ýmsir — ekki allir ómentaðir — Vestur-Íslendingar hafa tamið sér á liðnum árum, þann sem sé, að breyta nöfnum sínum svo, að þau í sumum tilfellum eru næsta ólík þeirra réttu og upprunalegu nöfnum. Heimskringla hefir bent á þann skaða, sem af þessum nafnbreytingum geti leitt fyrir eftirlifandi erfingja og vandamenn. Hvort greinar þessar hafa vakið nokkra eftirtekt landa vorra, svo að þær hafi borið nokkurn ávöxt, látum vér ósagt. En vér höfum litið svo á, að málið sé þess vert, að það sé tekið til greina.

Það, sem sérstaklega hvetur oss til þess, að endurnýja umræður um þetta mál, er það sorgartilfelli, sem nýlega hefir komið fyrir í Vestur Alaska, þar sem einn Íslendingur hefir nýlega látist undir kringumstæðum, sem á ný vekja umhugsun um nafnbreytinga málið meðal vor.

Eins og getið hefir verið um í þessu blaði, þá dó þar maður, er nefndist Micah Northman. Hann hafði dvalið þar um nokkur ár og umgengist Íslendinga, sem þar voru. En forðast hafði hann jafnan, að láta þess getið, að hann væri Íslendingur, kvaðst vera svenskur. En á dauðastundinni lét hann þess getið við umsjónarmann sjúkrahússins þar, að hann væri fæddur á Íslandi, og gerði þá jafnframt boð eftir Íslendingum, sem þar bjuggu á staðnum, með þeim sýnilega tilgangi, að segja þeim nafn sitt og ætterni og máske að ráðstafa að einhverju leyti eignum þeim, er hann eftirskildi. En þá var um seinan, því maðurinn var látinn, þegar Íslendingarnir komu á spítalann.

Hvað var það, sem kom manni þessum til að hylja nafn sitt og þjóðerni, þar til á dauðastundinni? Hann hafði verið hér í landi frá því hann var barn að aldri, og að því er vér bezt vitum, jafnan gengið undir gerfinafni því, sem að framan er sagt. Og hvers vegna fyrirvarð hann sig svo mjög fyrir hið rétta nafn sitt, þjóð og ætt-land, að hann duldi það alla æfi sína öllum umheimi? Enginn veit það nema hann einn, enda hefir það lítla þýðingu fyrir úrslit máls, ins. Hitt er það, sem Heimskringla ennþá einusinni vill alvarlega vekja umhugsun fólks vors á, að það er í fylsta máta vanhugsað, að breyta nöfnum sínum eins og svo margir gera. Það getur engum verið til góðs né þægðar og ber vott um litilmensku, sem ekki ætti að eiga sér stað. Það göfgar hvorki né eykur manngildi nokkurs manns, að afneita sínu rétta nafni og þjóðerni. Ágæti einstaklingsins og fullkomnun er ekki undir því komið, hvað hann heitir eða hvaðan hann er kominn, heldur undir því, hvað hann er og hverjum fullkomnunarþroska hann getur náð. Mikilhæfustu menn geta komið frá minstu og fámennustu þjóðum, og mestu litilmenni geta talist til stórra þjóða. Það er því engin ástæða til, að afneita sínu þjóðerni, þótt þjóðin sé fámenn eða fátæk. Miklu fremur mundi hvert andlegt mikilmenni telja sér sæmd í því, að vera kominn af smáþjóð, þar eð hann væri sér þess meðvitandi, að geta verið eða orðið sómi sinnar litlu þjóðar, og með því aukið álit hennar út á við meðal stórþjóðanna. En það, að afneita nafni sínu er sama sem að afneita ætt sinni öllri og skyldmennum. Það þarf sterkar taugar fyrir mann eða konu að afneita móður sinni, hvað sem um öunur skyldmenni má segja.

Það mun óhætt að segja, að þessi látni landi vor sé ekki sá eini Íslendingur, sem þannig er ástatt fyrir. En hvort sem þeir eru margir eða fáir, þá ætti þetta ekki að eiga sér stað. Fólk vort ætti að athuga, að íslenzku nöfnin eru engu óframbærilegri heldur en eiginnöfn annara þjóðar manna, og þess vegna er engin ástæða til þess, að kasta þeim fyrir þá sök. En þó er sú ástæða fyrir mörgum lágtsigldum landa vorum, að þeir breyta nöfnum sínum af einskærri þægð við hérlent fólk, sem illa gengur að bera rétt fram nokkurt útlent orð, hvort sem það eru mannanöfn eða öunur orð. En þetta er litilmensku vottur, sem fólk vort ætti að leggja niður. Og það er sannast sagt, að mikilhæfustu Íslendingarnir í þessu landi hafa haldið nöfnum sínum óbreyttum, án nokkurs tillits til þess, hvort hérlent fólk geti borið þau rétt fram eða ekki, og það ber ekki á því, að þeir menn séu að neinu leyti lítilsvirtir fyrir rækt þeirra við nöfn sín og þjóðerni. Þetta út af fyrir sig ætti að vera almenningi fólks vors nægileg hvöt til þess, að halda nöfnum sínum óbreyttum. Landar vorir hér megin hafsins eru í mörgum tilfellum orðnir svo efnaðir, að það væri mikið tjón réttum erfingjum þeirra, að verða að tapa öllum erfðahlutum sínum vegna ómöguleikans að sanna skyldleika sinn við þá látnu, eða vegna tilkostnaðar að sanna hann, svo hann yrði lagalega metinn gildur. En einmitt þetta hlýtur að verða óhjákvæmileg afleiðing af nafnabreytinga farganinu, og það getur orðið afarörðugt og kostnaðarsamt fyrir erfingjana að sanna erfðarétt sinn til eignanna, sem sumir þessir umskirðu landar láta eftir sig. Svona er það með Alaska Íslendinginn, sem hvað hafa látið eftir sig talsverðar eignir, að það hlýtur að verða örðugt fyrir erfingja hans að sanna rétt sinn til eignanna. Í fyrsta lagi verða þeir að sanna, að þessi maður hafi alla æfi sina gengið undir fölsku nafni, og þeir verða að sanna, hvað hans rétta nafn hafi verið. Takist þeim þetta, þá geta þeir sannað rétt sinn til eignanna. Að vísu eru eignir manns þess, er hér um ræðir, ekki taldar mjög miklar. En maðurinn hafði meðal annars unnið að námagrefti og hefir máske átt námalóðir. Það gat hæglega verið, að þessi maður hefði eftirskilið námaeignir, sem væru milión dollara virði. Og það sama er að segja um landa vora, sem líkt getur staðið á fyrir. En allar þessar eignir eru eða geta verið algerlega tapaðar, vegna ómögulegleikans að sanna hið rétta nafn, ætterni og þjóðerni hinna látnu. Á þennan hátt getur þjóð vor tapað stór-auðæfum, er stundir líða, ef þessuni alls ófyrirgefanlegu nafnbreytingum er haldið áfram.

Þess vegna itrekar Heimskringla ennþá einu sinni það, sem hún oftsinnis hefir beðið landa vora að gera, það sem sé, að virða svo mikils hin íslenzku nöfn sín, að halda þeim óbreyttum hér vestra. Það verður áreiðanlegur hagur þjóðflokki vorum, og enginn ósómi þeim, sem nöfnin bera.

Kötturinn úr sekknum.

Majór Hodgins er verkfræðingur og vann fyrir Laurier stjórnina í sambandi við byggingu Grand Trunk Pacific brautarinnar í Ontario fylki. Faðir majórsins er dómari og báðir eru feðgarnir strangir Líberalar í pólitik. Majór Hodgins var yfirverkfræðingur á vissum hluta Grand Trunk Pacific brautarinnar, og hafði aðsetur í Kenora í Ontario. Hann virðist hafa verið þjóðhollur maður og samvizkusamur í starfi sínu, og þess vegna var honum vikið úr þjónustu stjórnarinnar.

Majór Hodgins hafði greint á við nokkra af þeim, er "akkord" höfðu tekið að byggja hluta af brautinni, um gæði efnisins, sem lagt var til byggingar brautarinnar. Þeir, sem stóðu fyrir brautarlagningunni, kvörtuðu við járnbrautarnefndina undan afskiptum majórsins, og hafði það þær afleiðingar, að honum var skipað að fara austur í Quebec fylki og athuga þar flokkgreiningu ("Classification") efnis þess, sem til brautarinnar væri látið ganga í því fylki, og þar sem engar umkvartanir kæmu fram frá nokkrum manni. Majórnum var gefið til kynna, að eftir að hann hefði kynt sér flokkgreiningu efnisins þar eystra, þá gæti hann viðhalt samskonar flokkgreiningu á þeim hluta brautarinnar, sem hann átti að sjá um í Ontario fylki. Hann gerði ferðina austur samkvæmt boði nefndarinnar og kynti sér rækilega starfsaðferð alla þar.

Þess skal hér getið, að majórinn kærði verkfræði sína á Kingston skólanum í Ontario, og útskrifaðist af honum. Eftir það vann hann að byggingu Canadian Pacific járnbrautarinnar gegn um Rogers' Pass, einn örðugasta og vandasamasta spotta af allri þeirri miklu braut. Síðan vann hann að járnbrautastörfum í Mexico, og eftir það stóð hann fyrir járnbrautabyggingu í Suður Afriku eftir að Búa stríðinu var lokið.

Alt þetta bendir til þess, að maðurinn sé ekki einasta hæfur verkfræðingur með mikla reynslulega þekkingu, heldur einnig, að honum sé kunnugt um flokkgreiningu og gæði þess efnis, sem notað er í járnbrauta byggingu hér og annarsstaðar. Honum kom það því ókunnuglega fyrir, að vera sendur til Quebec fylkis til þess að læra þar flokkgreining byggingaefna af mönnum, sem ekki hafa náð þeim lærdómi og ekki fengið þá reynslulegu þekkingu, sem hann sjálfur hafði til að bera. Það var því ekki væntanlegt, að hann gæti lært mikið á ferð sinni austur, en þó fræddist hann mikið í þessari ferð. Hann varð þess brátt var, að ferðin þangað austur hafði í raun réttri verið ætluð honum til þess að læra þar sviksemi, sem akkorðs mennirnir ekki gátu haft í frammi án vitundar verkfræðinganna, sem uppdrættina gera og ákveða um efnisgæði og kostnað þess. En einmitt þetta var í verkahring majórsins á þeim hluta brautarinnar, sem hann hafði umsjón yfir. Hann fékk óyggjandi sannanir fyrir því, að þetta var í raun og veru tilgangurinn. Hann skýrði járnbrautarnefndinni frá þessu og færði gild rök fyrir áthugunum sínum. Hann sagði þeim ennfremur, að svo lengi, sem hann hefði yfirumsjón á nokkrum hluta brautarinnar, skyldi þar aldrei verða samskyns flokkgreining efnis, sem tíðkuð væri í Quebec fylki. Og hann sagði nefndarmönnum, að sviksemin væri svo mögnuð þar eystra, að það mundi valda stórhneyxli, ef hún kæmist upp, og að hann þess vegna neitaði að eiga nokkurn þátt í slíku athæfi. Fyrir þessa þrjósku var hann tafarlaust rekinn frá starfi.

Enn þá eru ekki nákvæmar upplýsingar fyrir hendi, er sýni hvernig svikseminni er háttað í hinum einstöku atriðum. En talið er víst að hún sé innifalin í því, að byggingamenn fái borgað fyrir:

1. Betra efni en þeir leggja til.
2. Efni, sem þeir alls ekki leggja til, og
3. Vinnu, sem ekki er unnin.

Majór Hodgins heldur því fram, að eitt af félögum þeim, sem vinnur að byggingu brautarinnar, hafi grætt hátt á milión dollara á breytingum, sem gerðar voru á vinnuáætlunum þeim, sem voru í gildi, þegar það tók vinnu "akkord". Við breytingu á þessum áætlunum varð verk félagsins milión dollara kostnaðarmuna fyrir það, heldur en ráðgert var í upphafi. En séð var um, að lækka hverja borgun til félagsins frá fyrstu áætlunum.

Gallinn á majór Hodgins er sá, að hann er enginn pólitikus, heldur að eins mannvirkjafræðingur, sem leggur alla stund á, að reka starf sitt með alúð og samvizkusemi. Þess vegna neitaði hann að láta nafns sins getið í sambandi við þjóðeignaránið, og þess vegna var hann líka rekinn úr þjónustunni.

Næst verður hann líklega rekinn úr Líberal flokknum fyrir frómlyndi sitt og einlægni og samvizkusemi.

En þjóðin má vænta þess, að heyra meira um þetta mál áður en þingi er slitið í Ottawa.

ÚR SUÐRINU.

Fyrirlestur eftir
Lárus Guðmundsson.

MEÐ JÁRNBRAUTINNI.

Það ber tvent til þess, að ég ker að reyna að rita nokkrar línur um för mína og veru í Mississippifylkinu. Og á sama stendur, hvort það er kallað í fyrirlesturs formi eða sögukorn, eða hvað annað. Aðallega er tilgangur minn þessi: Fyrst hefi ég lofað hálft í hvoru vini mínum, herra B. L. Baldwinson, ritstjóra Heimskringlu, og sumum fleiri merkum mönnum, að gefa frásögn og lýsing af högum og háttsemi lands og þjóðar þar syðra. Og í öðru lagi er það, að flestum af oss Íslendingum er að miklu leyti orðið kunnugt um norður og vesturpart þessa stóra og volduga meginlands, Ameríku, þar sem Íslendingar hafa tekið sér bólfestu eða dvalið að nokkrum mun. En þarna suður undir Mexicó flóa, eða sem kalla má suður á enda Bandarikjanna — því að eins Florida skaginn skagar þar suður af — höfum vér Íslendingar mjög óljósa, eða jafnvel enga rétta hugmynd um, eða þekking á því, hvernig þar til hagar. Ég er eini Íslendingurinn, sem þangað hefi flutt til dvalar litinn tíma. Og verð að öllum likindum sá fyrsti og sá síðasti af vorum þjóðflokki, sem þar reynir að setjast að, að undanteknum Guðmundi syni mínum, er þar er giftur (þarlendri konu) og búsettur, og hefir dvalið nokkur ár, og þar af leiðandi vanur orðinn áhrifum lofts og lífnaðarháttum suðurrikja þjóða. En því miður er ég ekki fær um, svo vel sé, eða sem ég vildi bezt frá segja, að gefa þar nógu glögga og áreiðanlega lýsingu yfir. Til þess var ég of skamman tíma, og hafði ekkert tækifæri til að ferðast nægilega yfir til að geta fræðst á þann hátt Ég dvaldi þar að eins í 3½ mánuð, og hefi sem sagt ekkert fyrir eigin reynslu að segja af hitanum, sem svo mikið er af látið og marg ir óttast. Ég flutti þangað um miðjan september síðastliðið ár, og fór þaðan aftur alfarinn 3. jan. 1908.

En áður en ég fer að segja frá siðum, venjum, háttum og landslagi, og fleiru þar syðra, ætla ég að taka yður, vinir minir, með mér aðra leiðina á járnbrautinni, til þess að gefa yður efurlitla hugmynd um vegalengdina og legu Suðurrikjanna á þeirri leið, og þá tek ég ferðina að sunnan, því sönnu braut fór ég báðar leiðir, og þar af leiðandi sönnu viðburðir á báðum leiðum suður og norður.

Eins og líklega flestum er kunnugt, þá liggur Mississippi fylkið fast suður að Mexico flóa (— og mig minnir, að um það bil með flóanum að norðan, sé það sem norðlægari hitabeltis línan er dregin í landafræðinni, og þá tilheyri öll, eða því sem næst, Suðurriki Bandarikjanna temprada beltinu, að undanteknu nokkru af Florida-skaganum, og vitanlega gamla Mexico skagar langt suður að vestan —), já, það er að segja, að suðausturhornið af því (Miss.) nær rétt að flóanum, en Louisiana-fylkið liggur með því að vestan, og í bug fyrir nokkuð af suðurendanum fast við flóann. Fylkið er langt frá norðri til suðurs talið, en ekki breitt frá austri til vesturs, yfir höfuð reyki stórt. Og með vesturhliðinni, þegar Louisiana-fylkið endar, kemur Arkansas fylkið og nær í bug og lengra norður, á móts við Tennessee fylkið. Að norðan liggur Alabama fylkið jafnhliða Mississippi, alla leið suður að flóa, og í suður eða suðaustur af því fylki liggur Florida skaginn, eða Florida fylkið, sem Atlantshafið liggur austan við, en Mexico flóinn að vestan. Við norðurenda Alabama liggur Tennessee og þar norðast við Kentucky, og liggja bæði fylkin jafnhliða hvort við annað, og eru mjó frá norðri til suðurs, en stærð þeirra mest frá austri til vesturs. En að norðan nær Illinois fylkið, sem er ákaflega stórt, suður undir Kentucky. En að vestanverðu, á móts við Kentucky og suðurenda Illinois, liggur Missouri fylkið. Og eins og ég tók fram áður, þá er tilgangur minn sá með þessari upptalning fylkjanna, að sýna, hvar leið mín lá yfir. Þannig er því háttað, að þegar maður tekur að sunnan Ohio og Mobile járnbrautina, þá liggur hún alla leið norður, svo að segja á línu eða takmörkum Mississippi og Alabama, og einnig að mestu leyti á takmörkum Tennessee og Kentucky að austan, en Arkansas og Missouri að vestan. Þessi fylki, sem ég hefi nefnt, að undanteknu Illinois, eru gömul, þrælahaldsfylki, og vitanlega mörg fleiri þar suður frá, í austur og vestur frá þeirri línu, sem ég hefi dregið hér.

Já, ekki veit ég hvað segja skal. Ég held máske, að sum af Suðurrikjunum, og þar á meðal Mississippi, væru langt um betur komin, að alt stæði í gamla horfinu, og þar væri ekkert þrælafrelsi til á pappírnum, — ég meina, ytra borð ið, þá hliðina, sem snýr að heimsmenningunni, og skráð er á með ákaflega stóru letri: Frelsi og jafnrétti hvítra og svartra manna. En ég ætla mér, að minnast á svertingjamálið síðar, og því halda mér nokkuð lengur við brautina.

Það, sem mér nú sárnaði allra mest á ferðalaginu var það, að ég gat engin kynni haft af Tennessee eða Kentucky fylkjum, því báðar leiðir, suður og norður, fór ég þar yfir að nætur lagi, og því alt útsýni lokað, viðtafir engar. Og báðar leiðir tók ég "Fast Train" frá og til St. Louis, þessa fljúgandi hjóladreka, sem flytja póst, bréf og blöð og hvað annað, sem fljótt á að komast, og ekki stansa nema á stöku stöðum, og þá að eins fáar mínútur. Það má heita, að Mobile og Ohio brautin liggi þráðbeint, krókalaust, frá norðri til suðurs, og með þessari hröðu lest er það rúmlega sólarhrings ferð frá Mobile í Alabama og til St. Louis í Missouri fylki.

Mobile er stór verzlunarbær syðst í Alabama fylkinu og stendur við fjörð, sem skerst inn úr Mexico flóanum, og alla jafna er fult af skipum þar, sem sækja til hafnar, flytja inn vörur og taka út aftur bómull og fleira. Og þar er kappsamlega veitt og selt whiskey og bjór, því nú er hver síðastur fyrir þeim með söluna, og þykir þeim súrt í brotið, sem von er, því margur dalurinn velturþangað inn frá Mississippi, sem hefir vinbann alt yfir, — en þó hefir víst aldrei verið drukkið þar meira, en síðan það komst á.

Og nú verð ég að hlaupa með yður alla leið upp til St. Louis borgar í Missouri fylki, sem er höfuðborg þess. Þar er rekinn ædimikill verksmiðju iðnaður og mörg og stór mannvirki að sjá. Þar er nafntoguð brú úr stáli yfir Mississippi fljótið, sem bæði járnbrautalestir og strætisvagnar ganga eftir og er fljótið þar orðið afar breitt, margfalt við það, sem þekkist upp í Minnesota t. d. En niður í Louisiana ríki, þar sem fljótið rennur um áður en það fellur í flóann, og það jafnvel upp í Arkansas, þá er það orðið næstum tvær mílur á breidd. Og þar ganga járnbrautalestir yfir á trjáflekum, sem taka þær við aðra hliðina og skila þeim með heilu og höldnu á sporið hinumegin. Járnbrautarstöðin í St. Louis borg er kölluð ein sú allra fullkomnasta, sem hægt er að benda á í heimi. Og fyrir mína dauðans litlu þekkingu, samþykki ég það glaður. Fyrst er það, að 30 járnbrautaspor liggja þar samhliða inn í hvelfingunni, vitanlega einungis fyrir fólkslestir. Fyrir þeim standa afarháar járngrindur og læst hlið eða hurðir fyrir hverju spori með tölu númerinu yfir. Og eftir drynjandi hljóð úr kallaranum, sem syngur það meira en mælir fram, hvað og hvert næsta lest nú fari og hvaða númer eigi að taka (t. d. tók ég suður nr. 19, en norður nr. 28), þá verða allir vondir og góðir að ganga í gegn um þessi hlið eða þetta hlið og sina þar sin farbréf. Þess utan eru þar á hverjum stað menn til að leiðbeina veg faranda, svo engin villa geti átt sér stað, — og allir góðir og hæverskir menn. En húsið sjálft eða réttara sagt þessi afarfagra og stórfengilega bygging, er að öllum þægindum og útbúnaði svo vel og haganlega fyrirkomið, að þar stendur líklega engin járnbrautastöð í heimi framar, og óvíst, að nokkursstaðar sé enn sem komið er jafningi hennar. Það er í einu orði sagt, að í þessari stöð er heill bær eða borg, sem getur látið hverjum manni í té allar þarfir og þaudsynjar, sem ferðamaðurinn þarfnast, með eins góðu og sanngjörnu verði og hægt er að fá annarsstaðar úti á torginu, eða á greiðasölu húsum. Þar er strangt hreinlæti og reglusemi á öllu, en alt til reiðu sem þörf krefur og fjármagn og eftirlanganir heimta. Til dæmis, fyrir þá menn, sem fátækari eru, eða sparir á peningum og flytja með sér matarbita, þá er stór salur bygður fyrir þá, með fallegum, kringlóttum borðum, er 4 til 6 geta setið við og matast. Og þar með einni hlið salsins eru þrjár konur, sem selja kaffi og ýmsar tegundir af brauði og annað góðgæti. Reglulega gott kaffi, með rjóma í og sykri fyrir 5 cent bollann, og alt annað verð þar eftir. Ég skal segja yður, að þær blessaðar stúlkur máttu vinna hart, og hafa ekki lagst ólúnar til hvílu. Þessa afarstóra járnbrautarstöð, er að því, er mér virðist miðpunktur járnbrauta. Þarna ganga fólkslestir frá í allar áttir. Borgin stendur á takmörkum Norður og Suðurrikja, og nálægt miðpunkti lands til austurs og vesturs. Rétt á líku stigi og ég hefi ímyndað mér allatíð að Winnipeg borg yrði fyrir norðurpart Canada. Ég get bezt líkt þeim afarfjölda fólks, sem þarna er saman kominn í byggingunni, við fjárrétt á Íslandi. Biðstöðin er sem miðbik réttarinnar, "Almenningurinn", sem kallað var, fult af fé, og mjög trúlegt, að þar mætti í báðum tilfellum segja: "mósjafn er sauður í mörgu fé". Þessi 30 járnbrautarspor með vögnunum á, eru dilkarnir, sem sauðirnir eru dregnir að. Jæja, ef yður líkar það betur, vísað að, og embættismennirnir við hliðin skoða markið á hverjum sauð, svo ekki sé dregið í vitlausan dilk. En sá er eini munurinn á réttum þessum, að í St. Louis tæmist "Almenningurinn" aldrei, þar eru ávalt hvíldarlausir straumar tveir, annar inn í réttina og annar út úr henni. En eins og við munum á Íslandi, þá stóðu vorar skemtilegu fjárréttir yfir að eins hálfan dag eða lítið meir. St. Louis borg er talin 30 mílur á annan veg, en 25 á hinn, eða 750 ferhyrningsmílur alt borgarstæðið. Það má nærri geta, að frá svona borg í fjarlægu ríki er margt að segja, ef ferðamaðurinn hefði tíma tækifæri og vitsmuni til að geta hagnýtt sér og gengið í gegn um öll þau andleg og verkleg stórvirki sem þar mætti finna. En að koma þar að eins í svip, með veika og þreytta fjölskyldu sína, konu og börn, og þá eðlilega reyna að veita henni alla þá hjálp og þægindi, sem auðið er, þá verður ekki langur tími afgangs til fróðleiks og skemtana, þó viðstaðan sé að eins fáar klstundir, og þarna endaði Mobile og Ohio brautin.

(Framhald)

Fagrar hugsanir um ljótar hugsanir.

Sá maður, sem tálcinkar grimmustu glæpi,
þeim guði, sem þykist hann treysta,
með "andlyfi" fólskunnar fúslega dræpi,
— ef fengi, hvern kærleikans neista

Sem betur fer, — mankind svo fjandlega fengin,
er fágæt, þó heimur sé ríkur,
því fá'r veit ég kristinn, og ókristinn enginn
er óburður myrkranna slíkur.

Ef uppi hjá "Kristum" á ódáins landi
það illyrmi gistangu fengi,
þó himininn misti, — hver ærlegur andi
þá óðar úr vistinni gengi.

Þorskabítur.

Kjörkaupa-listi

Victor st., 6 herbergjahús $1600
Toronto st., 7 " nýtísku hús meðöllum þægindm $500 niðurbergun. 2800
Simcoe st., — 7 herbergi, 2900
Beverley st., 7 herbergja nýtísku hús á 3000
Home st. nálægt Portage, 25 feta lóðir, á $25 fetið

W. P. RODGERS,
608 McIntyre Blk. Fón 6474.
27-5-8

The Duff & Flett Co.
PLUMBERS, GAS AND STEAM FITTERS
Alt verk vel vandað, og verðið rétt
773 Portage Ave. og 662 Notre Dame Ave.
Phone 4644 Winnipeg Phone 3815

Giftingaleyfisbrjef
selur Kr. Ásg. Benediktsson,
477 Beverley St. Winnipeg.

Öllum viðskiftavinum
vorum fjær og nær, óskum vér í einu hljóði
Gleðilegs sumars
C. G. JOHNSON
Telefón 2631
Á horninu á Ellice og Langside St

WINNIPEG Business College
FÉKK FYRSTU VERÐLAUN Á SAINT LOUIS SÝNINGUNNI.
Cor. Portage Ave and Fort St.
Kennir Bókhald, Vélritun, Simritun, Býr undir Stjórnbjónustu o. fl. Kveld og dag kensla. Sérstök tilsögn veitt einstaklega. Starfshögunar-skrá frí.

DR. A. EKERN
Sérfræðingur í Augna-, Nef-, Eyrna- og Holdssjúkdómum.
Grand Forks, N. Dak.

Sendið Heimskringlu til vina yðar á Íslandi.

Cancer Cure.
R. D. EVANS, sem fann upp hið víðfræga lyf til lækninga
krabbameinum
óskar að allir sem nú þjást af krabbameinum, skrifi sér. 2. daga notkun meðalsins, læknar útvortis eða innvortis krabbamein. Skrifið strax til R. D. Evans, Brandon, Man. 27-3-8

A. S. BARDAL
Selur líkkistur og annast um útfarir. Allur útbúnaður sá bezti. Enfremur selur hann allskonar minnisvarða og legsteina.
121 Nena St. Phone 306

AÐVÖRUN

til landans sem er nýkomin til Winnipeg —

Ef gæturðu ei hóls með að ganga oní bæ
og gjálifis hlaupa' út í sollinn,
þá fellurðu á endanum flatur sem hræ,
í forsmánar hyldýpis pollinn.

Því REAL ESTATE maðurinn rýir þig strax,
en ráðvendnin hleypur í felur,
með alls konar prettvísi leitar hann lags,
og ljúgandi kaupir og selur.

En hann tekur löngum með hógværð til máls
og hagnaði af sérhverju lofar,
en fyr en að leiðin er löbbuð til hálfs,
er lýgin hans turnunum ofar.

Og hvort sem hann leiðir þig út eða inn,
mun ógæfan marka þér sporin,
og ef að þú færð honum fjársjóðinn þann,
er feitin að hundstungu borin.

Því lögin í Canada geka 'onum grið,
þó gripi hann ófrómur dalinn, —
og það virðist orðið að algengum sið
— og ágætis mannkostur talinn.

Já, aumt er að horfa á þá iðandi kös,
sem eigrar um strætin í hrönnum,
því hvar sem við förum er allstaðar ös
af allskonar landráða mönnum.

Þeir snuðrandi ráfa eins og refir í mó,
með ránshug á meðan þeir hjara,
og reyna svo alt af að krækja í þá kló,
sem krókótt um vegina fara.

En fyrst að þeir ryðja þann farveg til auðs,
er fjöldanum auðráðin gáta:
þeir duga ekki að afla sins daglega brauðs
með drengskap á ærlegan máta.

Því letin og sællífið sækir þá heim
og svallþrunginn stórborgar-klíður,
og staflausir veltast í straumiinum þeim,
er steypist til lastanna niður.

Og ekki er að sjá, að þeir iðrist þess baun,
þó ýmsir á svikunum kenni.
En ilt er, ef fátækir rata í þá raun,
að reyna þau fjárglæfra menni.

Ef óhapp þeim kemur á fallandi fót,
svo feigðarmörk vofa yfir kinnum,
er samvizkan vís til að mæla sér mót
við mannhrökin einstöku sinnum.

Og skyldu þeir níðingar hreikja sér hátt,
ef horfa þá aftur um bakið
og sjá þá sinn náunga liggja þar lágt
og landsfólkið hungrað og nakið?

Menn vita það ekki, hvort gatan er greið,
sem gengin er handan við sæinn.
En hvað mun að eilífu lýsa þeim leið,
sem lævísir entu hér daginn?

Við þektum svo margan, sem magnþrota lá
við maurana fyrr en hann varði,
og iðrandi tárvotum augunum þá
í eilíðar náttmyrkrið starði.

En ef að þú kemur hér fleygur og frjáls
úr fjallendi norðan úr höfum,
þá láttu ekki svikarann hengja á þinn háls
neinn hlekkinn úr þjóðlífsins klöfum.

H. MAGNÚSSON.

ÁLIT ROOSEVELTS Á ANARKISTUM.

Í ávarpi því, sem Bandarikjaforsetinn sendi nýlega til þingsins um Anarkista, farast honum meðal annars þannig orð:

"Ég hefi þá skoðun, að forsetinn hafi vald til þess, að banna póstmálastjóranum, að láta nota deild sína sem sambandsfæri til þess að fremja glæpi. Það er að segja: að banna póstflutning á hverju því, sem hvetur til morðs, brennu eða föðurlandssvika, og ég ætla mér að vinna samkvæmt þessari sannfæringu minni.

"Það er og óefað, að þingið ætti að athuga þetta mál og lögleiða frekari skorður í þessu tilliti.

"Öll önnur þjóðmál verða hverfandi í samanburði við nauðsynina á því, að hindra útbreiðslu Anarkista og kenninga þeirra hér í landi. Anarkistar eru óvinir mannfélagsins, og stefna þeirra og hugsjónir eru glæpþrungnari en nokkur önnur. Engum innflytjenda er leyfð landganga á strendur vorar, ef hann er Anarkisti, og engu blaði prentuðu hér eða annarstaðar ætti að leyfast útbreiðsla í þessu landi, ef það flytur Anarkista kenningar"

†

Ásta þórunn Jónasdóttir, Skagfjörð.

andaðist að heimili sínu, Swan River, Manitoba, 1. marz 1908, 76 ára og tveggja mánaða gömul, frá Stóragerði í Hörgárdal í Eyjafjarðarsýslu. Hún kom hingað til lands árið 1876. Hún var velþenkjandi, umhyggjusöm og ástrík móðir og kona; sí spaugsöm og ræðin við hvern sem var. Hún var allra mesta fjörmanneskja, og þótt hún findi krafta sina þverra, þá var sálarfjörið óþrjótandi, og með frásafli hennar er mikið skarð höggvið í vorn fámenna vinahóp. En minning hennar lifir samt í brjóstum allra þeirra, er hana þektu. E. J. B.

Lögberg ervinsamlega beðið, að birta þessa fregn.

Hvað er hér.
Aldrei skaltu geyma
Til morguns
það sem hægt er að gera í dag. Þessvegna segjum vér: Skrifaðu ÞÍG fyrir Heimskringlu í DAG. En ef þú geymir það til morguns, þá getur skeð að það verði ALDREI gert. Hver sá, eða sú, sem klippir úr blaðinu þessa auglýsingu og sendir hana til Heimskr. ásamt með $2.00 fær hana í 15 mánuði,— og 1 góða sögu líka. Þessi kjörkaup gilda aðeins einn mánuð,— til 30. aprí1.
HEIMSKRINGLA
P. O. Box 116, - - Winnipeg

Tamarac selst hjá A. S. Bardal fyrir $5.50, — en 2 "Cord" fyrir $10.50.

125 Dollara
De Laval rjómaskilvinda til sölu fyrir $45.00. Þessi skilvinda er sama sem alveg ný og í ágætu standi. Skrifið mér eða finnið mig að máli.
Magnús Pétursson,
535 Agnes Street, Winnipeg.

The Dominion Bank
NOTRE DAME Ave. BRANCH Cor. Nena St.
Vér seljum peningaávísanir borganlegar á Íslandi og öðrum lönd.
Allskonar bankastörf af hendi leyst
SPARISJÓDS-DEILDIN
tekur $1.00 innlag og yfir og gefur hæztu gildandi vexti, sem leggjast við inneðafið á sinnum á ári, 30. júní, 30. sept. 31. desembr og 31. march.

Til fullkomnustu tryggingar Vátryggið fasteignir yðar hjá The
St. Paul Fire & Marine Ins. Co.
Eignir félags, eru yfir 5 milljón dollars. Skaðabætur borgaðar af San Francisco eldinum 1½ mill.
SKULI HANSSON & CO., 52 Tribune Bldg., Phone 6456, eru sérstakir umboðsmenn.

E. S. Miller Limited
Aðal umboðsmenn
PHONE 2083 219 McINTYRE BLK.

Það borgar sig
að auglýsa
í Heimskringlu

Department of Agriculture and Immigration.
MANITOBA
Land möguleikanna fyrir bændur og handverksmenn, verka menn. Auðnuból landleitenda, þar sem kornrækt, griparækt smjör og ostagerð gera menn fljótlega auðuga.

ARID 1906

1. 3,141,537 ekrur gáfu 61,250,413 bushels hveitis. Að jafnaði yfir 19 bushel af ekrunni.
2. Bændur lögðu yfir $1,515,085 í nýjar byggingar í Manitoba.
3. Í Winnipeg-borg var $13,000,000 varið til nýrra bygging.
4. Búnaðarskóli var bygður í Manitoba.
5. Land hækkaði í verði alstaðar í fylkinu. Það er nú frá $6 til $50 hver ekra.
6. Í Manitoba eru 45,000 framfara bændur.
7. Í Manitoba eru enþá 20 milljón ekrur af byggilegu óteknu óbúðarlandi, sem er í vali fyrir innflytjendur.

TIL VÆNTANL. LANDNEMA
komandi til Vestur-landsins: — Þið ættuð að stansa í Winnipeg og fá fullar upplýsingar um heimilisréttarlönd, og einnig um önnur lönd sem til sölu eru hjá fylkisstjórninni, járnbrautafélögum og landfélögum.

R. P. ROBLIN,
Stjórnarformaður og Akuryrkjumála-Ráðgjafi.
Skrifið eftir upplýsingum til
Joseph Burke. 617 MAIN ST., WINNIPEG. **Jas. Hartney** 77 YORK ST., TORONTO.

T. L.
Heitir sá vindill sem allir reykja. "Hversvegna?", af því hann er það besta sem menn geta reykt. Íslendingar! munið eftir að biðja um **T. L.**
(UNION MADE)
Western Cigar Factory
Thomas Lee, eigandi Winnnipeg

Redwood Lager og Extra Porter
Styrkið taugarnar með því að drekka eitt staup af öðrum hvorum þessum ágæta heimilis bjór, á undan hverri máltíð. — Reynið !!
EDWARD L. DREWRY Manufacturer & Importer Winnipeg, Canada.

"Það hefir náttúrlega ekkert að þýða", sagði hún. "Laufin falla af trjánum, og fegurð þeirra verður að engu, rósirnar visna. Hver grætur, þó að stormarnir feyki burtu blöðum þeirra? Er það ekki sama og vinna hjarta konunnar, kasta því svo burtu og eyðileggja það? Það hefir ekki meiri þýðingu en visnað blóm."

Hann varð mjög alvarlegur.

"Þetta eru hræðileg orð, Nita".

"Eru þau það? Ég sagði yður, að ef þér vilduð að eins heyra smjaður og blíðuyrði, þá skylduð þér fara til Lady Aðalheiðar".

Hann laut rólega niður að henni. "Þér eruð alls ekki réttlát, Nita, ég á þessi orð alls ekki skilið"

Hún snéri sér undan og varir hennar skulfu lítið eitt. Svo leit hún aftur framan í hann.

"Fyrirgefið mér, Allan, ég er í svo vondu skapi núna. Ég fór hingað til þess að vera ein, mér fanst sem ég hefði raun af gleði og hljóðlæraslætti. Því komuð þér til mín? Því voruð þér ekki kyrrir hjá hinum, sem syngja og hlægja eins og lífið hafi enga sorg í för með sér? Nú er ég búin að ergja yður, en samt meinti ég ekkert ilt með þessu".

"Segið mér, hversvegna þér eruð alt af svona óánægðar, Nita, þér sem sýnist alt ætl að vera svo glaðar og skemtilegar. Ég þykist vita, að það sé næsta alvarlegt, sem gengur að yður".

Hún leit dreymandi augum á blómin fyrir utan gluggann.

"Ég hefi talað við hertogann um að fara héðan og til heimilis okkar á Skotlandi", sagði hún lágt, "og ég hefi hugsað um og séð, hvernig líf mitt verður þar".

"Og hverju líkist það?"

"Spyrjið mig ekki um það. Ég hélt að ég væri sterk, Allan, en ég er það ekki. Ég hélt að ég væri

stolt, en alt stolt er dautt og horfið úr hjarta mínu Ég óska dauðans, — en, æ, — ég get ekki sagt hvers vegna".

"Þér verðið að gera það, ég vil fá að vita það".

Hún var náföl; augu hennar leiftruðu, þegar hún leit framan í hann.

"Það er af því, að ég get ekki lifað án yðar, — ég get það ekki — og —"

"Allan", sagði blíð og mild rödd á bak við þau, "Clavering hershöfðingja langar að spila vist á móti þér".

Hann gat ekki vel áttað sig á, hvort það gladdi eða hryggði hann, að samtalið tók svo fljótan enda. Eitrið, sem hann drakk úr orðum hertogainnunnar, var svo töfrandi. Það dillaði hégómadýrð hans, að heyra, að þessi kona, sem allar karlmenn dáðust að, skyldi elska hann. Þó fann hann, að það var rangt af honum, að hlusta á hana. Honum létti því, er kona hans kom, og með hinni blíðu rödd sinni leykti töfrunum út í veður og vind.

Að eins eitt augnablik var hann í efa um, hvað gera skyldi. Hertogainnan var alveg mállaus af undrun og reiði. Hann horfði frá einni til annarar.

"Ætlarðu að koma?" sagði Lady Aðalheiður blíðlega. "Hershöfðinginn er ekki ungur lengur, og það er ekki svo hægt að skemta honum, en honum þykir mjög gaman að spila vist. Það er ein af hinum fáu skemtunum hans".

"Caren lávarður er að tala við mig um nokkuð, sem ég vil ekki fresta", sagði nú hertogainnan mjög drembilega.

Lady Aðalheiður leit brosandi til hennar. "Um það getið þið talað hvenær sem er, hertogainna! En vinur okkar er gamall, og hefir stóran rétt til þess, að við skemtum honum sem bezt".

Nú sló hún á réttan streng. Lávarðurinn stóð strax upp, og hneigði sig djúpt fyrir hertogainnunni.

"Ég skal með mestu ánægju tala við yður, hvenær sem þér viljið, en nú verður Lady Aðalheiður að koma minn stað".

Hann gekk til hershöfðingjans og fór að spila við hann vist.

Hertogainnan sagði ekkert einasta orð. HHún lét sem hún sæi ekki Lady Aðalheiði, þó hún sæti við hlið hennar.

Lady Aðalheiður rauf svo þögnina með því að spyrja hana, hvort henni væri batnaður höfuðverkurinn.

"Mér hefir aldrei verið neitt ilt", sagði hertogainnan, "meira að segja, ég hefi skemt mér vel. Það er ef til vill ókurteis spurning, sem mig langar til að spyrja yður að, Lady Aðalheiður, en mig langar til að vita, hvers vegna þér hafið alt af vakandi auga á manni yðar".

Lady Aðalheiður leit rólega framan í hana. "Nú skil ég ekki, hvað þér eigið við, hertogainna".

"Nú, ekki það, þá hafið þér ekki mikla skynsemi til að bera. Það yrðu vist ekki margir, sem tækju þessum njósnum eins rólega og Caren lávarður".

"Ég skil ekkert af þessu", sagði Aðalheiður rólega. "Clavering hershöfðingi óskaði eftir að spila vist á móti Allan, og bara lét hann vita það".

"Þér getið verið nógu slungnar, Lady Aðalheiður, en tíminn mun leiða margt í ljós, sem nú er hulið. En nú vil ég bjóða yður góða nótt, því ég er þreytt og sifjuð. Og svo gekk hertogainnan burtu.

L. KAPÍTULI.

Hálfum tíma seinna gekk hertogainnan fram og aftur um gólfið í hinu skrautlega herbergi sínu. Hún líktist fremur norn en fallegri konu. Hún réði sér ekki fyrir hæfi.

"Þetta er alveg óþolandi", sagði hún. "Mér riður á, að koma áformum mínum fram. Hvernig þorir þessi kona, að reyna að koma í veg fyrir þau? Hún skal líða fyrir það. Fyrir þann sigur, sem hún vann í kveld, skal hún úthella blóðugum tárum. Hún elskar hann, — það er ég viss um. En ég skal taka hann frá henni. Ég hafði rétt unnið sigur, þegar hún kom í spilið, en hún skal líða eins miklar kvalir fyrir það, eins og ég nú verð að líða".

Hún hugsaði sér að biða svo sem einn eða tvo daga. Svo ætlaði hún að hefna sín. Þó að þær hefðu lengi stritt hvor á móti annari, þá höfðu þær þó alt af verið kurteisar hvor við aðra. Hún hló ógeðslega.

"Hann átti hana af því honum var þröngvað til þess, en hann elskar hana ekki. Næst þegar ég tala við hana, skal ég segja henni þetta. Mig hefði hann elskað".

Því lengur, sem leið á tímann, þess harðari varð barátían milli þessara tveggja kvenna. Lady Aðalheiður vakti og bað. Hún var mjög kvíðandi fyrir því, að manni hennar yrði rænt frá henni, og að afleiðingin af því yrði æfinleg eyðilegging fyrir hann. Annað slagið vonaði hún þó, að hans innri og betri maður myndi sigrast á þeirri freistingu, sem lögð var fyrir hann.

Strathcona Hotel

Horni Main og Rupert Str. Nýbygt og ágætt gistihús; Gest um veitt öll þægindi með sanngjarnasta verði. Frí keyrsla til og frá öllum járnbr. stöðvum. Beztu vín og vindlar; og herbergi og máltíðar ágætar.

McLaren Brothers
EIGENDUR

Hotel Pacific

219 Market Street Winnipeg | H M Hicks Eigandi Manitoba

Telephone 1338

Ný-endurbætt og Ný-tízku hús falla staði. Viðskifta yðar óskast virðingarfylst.

$1.25 a Dag

HOTEL SUTHERLAND
Corner Main and Sutherland Ave.

Gisting kostar $1.00 og $1.50 á dag. Ég tók við stjórn þess húss 1. Jan. '08, og virðingarfylst óska viðskifta Islendinga nær og fjær Komið, Sjáið og Reynið.

C. F. Bunnell,
eigandi. Telefón 348

$1.50 Á DAG
Besta $1.50 gistihús í Winnipeg

BRUNSWICK HOTEL
Horni Main St. og Rupert Ave.

Besta borðhald; Hrein og Björt Herbergi; Finustu Drykkir og Bestu Vindlar. Ókeypis Vagn mætir Öllum Traintestum. Reynið oss þegar þú ert á ferð.

MARKET HOTEL
146 PRINCESS ST. Á móti markaðnum
P. O'CONNELL, eigandi, WINNIPEG
Beztu tegundir af vínföngum og vindum, aðhlynning góð húsið endurbætt

Ógleði séra Jóhanns.

Séra Jóhann P. Sólmundssyni hefir orðið í meira lagi óglatt af ummælum mínum um Nýja Ísland í "Huginn". Ummælin eru þó ekki svo sterkt eða stórorð, að líkindi væru til, að SANNGJÖRNUM mönnum gæti orðið flökult af þeim. Þau eru þessi: "Þó þessi nýlenda (Nýja Ísland) sé, eitt af öllum nýlendum í þessu landi, þá er hún einna síst af þeim". Ég segi að til þessa séu ýmsar ástæður, og sú ein, að Nýja Ísland sé meira afskekt en aðrar íslenzkar nýlendur.

Þegar ég skrifaði þetta, þá hafði ég sérstaklega í huga FRAMFARIR Í VERKLEGUM EFNUM, því ég var að lýsa þeim í eldri bygðum Íslendinga, einkum í Norður-Dakota. Það mun verða mjög erfitt verk fyrir séra Jóhann, að sanna það, að Nýja Ísland, sem HEILD, sé ekki á eftir eldri nýlendunum íslenzku í þessu landi (N. Dakota, Minnesota, Argyle o. fl.) í þessum efnum. Því þó Nýja Ísland eigi til dugnaðarmenn — því dettur mér ekki í hug að neita — þá eru þeir of fáir, og áreiðanlega færri en í áðurgreindum nýlendum. Verkin sýna merkin. Mér finst, að á séra Jóhanni sannist íslenzki málsháttur inn "að sannleikanum verði hver sárreiðastur", því þó hann skrifi hálfan annan dálk um það, að "fréttasmölun 'Hugins' héðan að vestan sé langt frá því að vera óaðfinnanleg", og "hann finni tilefni til að kveinka sér undan" áðurgreindum ummælum, þá reynir hann ekki með einu orði að SANNA neitt af þessu. Alt hans skrif gengur út á það, að sýna það og sanna, að Nýja Ísland sé eins vel sett að "landfræðislegri afstöðu" og "gæðum jarðvegsins", eins og aðrar íslenzkar nýlendur. Ef þetta er svo, en framfarir SAMT minni en annarstaðar, þá er öll þessi upplýsing séra Jóhanns vopn á móti hans eigin málstað.

Ummæli hans um það, að framangreind orð mín séu "óhróður" um Ný-Íslendinga, læt ég eins og vind um eyrun þjóta, í það minsta þangað til tilraun verður gerð til að sanna að svo sé. Sama er að segja um það, að ég muni mega teljast "næst næsti sessunautur hjá Conservativ stjórninni í þessu fylki". Ég veit ekki til, að hafa í orði eða verki, sýnt að ég væri henni sérstaklega hlyntur, og ég tel mjög vandséð, að ég yrði fyrri til að þiggja að sitja við kjötkatla hennar, en séra Jóhann, ef okkur stæði það báðum til boða.

Ég skal að síðustu taka það þad fram, að ég hefði látið þetta spark séra J. P. S. í mig afskiftalaust, eins og ég hefi áður gert — og eins og allir, sem hann hefir reynt til að egna upp á móti sér hafa álitið sjálfsagt að gera — ef hér væri ekki verið að reyna að gera mig að ósannindamanni mót betri vitund.

Séra J. P. S. hefði haft gott af því, áður en hann hljóp út á ritvöllinn í þetta sinn, að íhuga þetta spakmæli: "Maður lítu þér nær, það liggur í götunni steinn".

A. J. JOHNSON.

Aðflutningsbann áfengis.

Eftirfarandi grein, sem stóð í Lögréttu 1. þ.m., er hér birt til þess að sýna röksemdir þær, sem menn á Íslandi byggja skoðanir sínar á í aðflutningsbannsmálinu, sem þar á að leggjast undir atkvæði þjóðarinnar í sept. mánuði næstkomandi:

Í 12. tölubl. Þjóðólfs hefir L.P. ritað alllanga grein móti aðflutningsbanni áfengis. Færir hann tvær ástæður fyrir máli sínu: 1. Að það sé að sýna þjóðinni mestu lítilsvirðingu", "gera Íslendinga að Molbúum í augum allra mentaþjóða heimsins", "svifta marga menn mannréttindum með lagavaldi", "svifta landið og þjóðina sínum frjálsa rétti" o.s.frv., og

2. Að "landsþjóðurinn megi ekki missa áfengistollinn".

Þetta eru án efa hinar helztu ástæður, er áfengisvinir hafa fram að færa gegn aðflutningsbanni, og er því rétt, að fara nokkrum orðum um þær.

I.

Það ætur út fyrir, að L.P. hafi gleymt því, eða víti það ekki, að það hefir engum komið til hugar, að þröngva aðflutningsbanni áfengis upp á íslenzku þjóðina nauðuga. Alþingi hefir þvert á móti samþykt, að hafa betri undirbúning undir ákvörðun þessa máls, heldur en höfð hefir verið við nokkurt annað mál í landi voru, að stjórnarskránni einni undanskilinni — leita sem sé atkvæða allra alþingiskjósenda 10. sept. 1908 um það, hvort þeir vilji aðflutningsbann áfengis eða ekki. Greiði nú meiri hluti kjósenda atkvæði á móti aðflutningsbanninu, þá dettur vafalaust engum í hug, að leiða það í lög. En láti aftur á móti mikill meiri hluti kjósenda þá ósk í ljósi við atkvæðagreiðsluna, að þeir vilji, að sett verði aðflutningsbannslög — væri það þá að sýna þjóðinni "mestuu lítilsvirðingu" o.s.frv., að leiða aðflutningsbann í lög? Væri það að lítilsvirða þjóðina, að fara eftir óskum hennar? Væri það að "svifta þjóðina sínum frjálsa rétti" að gera einmitt það, sem hún bæði um að gera?

Ég fyrir mitt leyti man ekki eftir, að ég hafi nokkru sinni séð eða heyrt öllu meiri fjarstæðu en þetta.

En ef til vill hefir L.P. ætlað að segja, að ef aðfl.bannslög yrðu sett samkvæmt óskum stórs meiri hluta þjóðarinnar, þá væri minni hlutanum, þeim, sem ekki greiddu atkvæði með því (t.a.m. þessum "sárfáu drykkjuræflum", sem hann er að tala um) sýnd hin "mesta lítilsvirðing", þeir væru "gerðir að Molbúum í augum allra mentaþjóða heimsins", þeir væru sviftir "mannréttindum með lagavaldi" og "sínum frjálsa rétti". Hafi þetta verið hugsun hans, þá er þó snefill af viti í þeirri hugsun í fljótu bragði skoðað. En náttúrlega ekki nema snefill.

Fyrst ber nú þess að gæta, að þingfrelsi og þjóðfrelsi er bygt á því, að meiri hluti kjósenda fái að ráða, en ekki minni hlutinn. Á því er þjóðfélagsskipun vor nú bygð, og varla getur það vakað fyrir L.P., að hann óski eftir því, að vér gerðum þá breytingu, að minni hlutinn verði látinn ráða lögum og lofum í landi voru.

En kvartanir um kúgun mætti eins heimfæra upp á öll lög og allar ráðstafanir, sem alþjóðarvaldið gerir, til að aftra einhverju, sem að þess áliti er ilt og skaðlegt, eða stafar hætta af eða tjón, því að jafnan eru einhverjir til, sem vilja ekki slíkar ákvarðanir, finst þær svifta sig "mannréttindum" og "frelsi". Einum finst það "ófrelsi", að mega ekki ríða hart um götur Reykjavíkur. Öðrum finst það "ófrelsi", að mega ekki skjóta rjúpur í júlímánuði. Þriðja finst það skortur á "mannréttindum", að mega ekki selja allskonar vörur, án þess að þurfa áður að kaupa borgarabréf. Fjórða finst það skortur á mannréttindum, að geta ekki fengið keypt ópium eða morfín fyrir sína eigin peninga, þegar hann sjálfan lystir að fá sér það o.s.frv.

En slíkt stafar af misskilningi á mannréttindum og frelsi.

Það hefir enginn öðlast þau mannréttindi, að hafa frelsi til að gera alt það, sem honum dettur í hug að gera, eða langar til að gera.

Það er til nokkuð, sem er meira virði og réttþærra heldur en löngun og villi nokkurra einstaklinga — enda þótt þeir séu ekki "sárfáir drykkjuræflar" — og það er almenningsheillin.

Vér köllum það frjálst þjóðfélag sem hefir rétt til að setja sjálfu sér lög um það, hvað skuli gera og hvað skuli ekki gera, til að vernda sem bezt heill sína, ella sem mest hag sinn. Og þjóðfélagið þarf oft og margvíslega, að beita þessu valdi sínu sakir fáfræði þorgaranna, eigingirni þeirra, kæruleysis, löngunar að þjóna fýsnum sínum og girndum o.s.frv. — af því að reynslan sýnir, að "menninrnir eru ekki eins góðir og þeir ættu að vera, — eins og Balle biskup segir í gamla kverinu okkar.

Að aðflutningsbannslög mundu gera Íslendinga að Molbúum í augum allra mentaþjóða heimsins" eins og L.P. fullyrðir, er beint öfugmæli. Allar mentaþjóðir heimsins mundu dást að oss fyrir það, og jafnvel öfunda oss af því, að hafa getað komið þeim á. Að vísu hefir Finnland nýlega samþykt slík lög hjá sér, og að minsta kosti 7 af Bandaríkjum Norður-Ameríku (Alabama, Delaware, Illinois, Kentucky, Maine, Mississippi og Ohio) hafa fengið samskonar lög, en allur fjöldi ríkja heimsins á vafalaust langt í land með slík lög. Og það stafar ekki af því, að alþjóð sé það ekki kunnugt orðið, hversu skaðlegar og voðalegar afleiðingar áfengisnautnarinnar eru, ekki að eins fyrir þann, sem neytir þess að nokkrum mun, heldur fyrir familiu hans, börn og barnabörn í marga liði oft og einatt — heldur stafar það af því, að svo margar miliónir króna hafa festar verið í brensluhúsum, brugghúsum, áfengissöluhúsum (Hótellum) með tilheyrandi áhöldum öllum, vingörðum o.s.frv., sem geta eigendunum hundruð milióna króna í arð árlega, en alt mundi verða einskisvirði eða lítilsvirði, ef áfengisnautnin hætti, — þess vegna þora ekki ríkin að ráðast í slík stórmál, er baka mundi mörgum miliónum manna eignatap og tekjumissi og ótölulegum grúa manna atvinnumissi.

Mundi ekki gamla Gladstone hafa langað til, að útrýma áfenginu úr brzka ríkinu, hann sem sagði, að áfengið væri "valdandi að meiru böli í heiminum, heldur en öll stríð og allar drepsóttir til samans"? Mörg fleiri ummæli vitrustu og merkustu manna þjóðanna mætti tilfæra, ef rúm leyfði, til þess að sýna það, að mönnum er orðið ljóst áfengisbölið og nauðsynin, sem á því er, að draga úr því og reisa skorður við því, og á margskonar hátt að búa sig undir það, að geta losað þjóðirnar alveg undan því.

En engin þjóð stendur í þessum efnum eins vel að vígi eins og vér Íslendingar. Hér eru engin ölgerðarhús, engin brensluhús, engar vinverksmiðjur, engir vínakrar, engar skrautlegar hallir reistar til dýrkunar áfengisguðnum sérstaklega, og engir, sem atvinnu hafa einungis af áfengiskaupum og áfengisnautn.

Þar sem vér þannig stöndum allra þjóða bezt að vígi, munum vér, og það með réttu, baka oss argasta ámæli allra góðra og viturra manna, gera oss sjálfa að "Molbúum í augum allra mentaþjóða heimsins", ef vér hleypum lengur þessum útlenda þjóðfjanda inn í land vort; ef vér látum hann halda áfram að koma og steypa yfir oss og börn vor ófriði og illindum, slysum og stórtjóni, háska og hörmungum, eymd og örbirgð, sjúkdómum og dauða. Því að:

"Þess hera menn sár um æfilöng ár,
sem að eins var stundar hlátur;
því brosa menn fram á bráðfleygri stund,
sem burt þvær ei ára grátur".

(Meira.

KJÖT.

"Ef það kemur frá Johnson, þá er það gott"

C. G. JOHNSON, Kjötsali,
Langside og Ellice Fón 2631

DOBSON and JACKSON

Byggingamenn

Sýnið oss uppdrætti yðar og áætlanir og fáið verðáætlanir vorar.

370 Colony Street
Winnipeg

Hefir þú borgað Heimskringlu?

Woodbine Hotel
Stærsta Billiard Hall í Norðvesturlandinu
Tíu Pool-borð.—Álskonar vín og vindlar
Lennon & Hebb,
Eigendur.

SPONNÝTT HÓTEL
ALGERLEGA NÝTÍZKU

Hotel Majestic

John McDonald,
eigandi.
James St. West, Rétt vestan við Main
Winnipeg Telefón 49..

$1.50 á dag og þar yfir
Bandaríkja-snið

Alt sem hér er um hönd haft af beztu tegund. Reynið o

BRANDONS VINSÆLASTA GISTIHUS

EMPIRE HOTEL

E. J. PELTIER, eigandi

Hefir öll nútíðar þægindi.
Reynið þetta gisti-hús.
Á bezta stað í borginni.
Lang-vega telefón 155.
Sample rooms

725—731 ROSSER AVE.
BRANDON, MAN.
21-5-8

Jimmy's HOTEL

Sem er rétt á bak við Pósthúsið, — og þar sem alt er beztu tegund. Íslendingar ættu að reyna þetta gistihús

James Thorpe,
eigandi.
Fyrverandi eigandi Jimmy's Restaurant á Portage Ave.

"Það er ekki hægt að kaupa það fyrir peninga, en það eykur mér nýtt líf".

"Hvað er það, Nita?"

Hún hóf upp höndurnar, og sagði hrifin, að því er sýndist: "Hið hreina, hressandi loft! Ó, hvað mér þykir mikið til þess koma. Gervase, þegar ég kom hingað, var ég þreytt og ekki nærri því heilbrigð. En horfðu á mig nú. Mér finst ég vera eins og önnur manneskja. Mér finst ég vera sterkari, og ég er svo glöð og ánægð hér. Ég vildi, að við gætum flutt þetta loft með okkur. Á Skotlandi er svo kalt. Ó, mér finst sem hrollur fari um mig, þegar ég hugsa þangað".

"Hertoginn brosti að ákafa hennar. "Það er ekki svo gott, að ráða bót á því", sagði hann. "En hjartkæra Nita, úr því þér liður svona vel, skulum við dvelja hér enn þá í tíu daga".

Annaðhvort fékk hún ofurlítið samvizkubit eða hjarta hennar hrærðist af góðsemi hans. Hún laut niður og tók um hendur hans.

"En hvað þú ert góður við mig", sagði hún rólega.

Góður við þig, Nita! Elska konan mín, þú ættir að vita, að ég vildi láta lífið fyrir þig! Það ert þú, sem ert góð. Því þú gafst mér ást þína, fegurð og ósku. Alt þetta gafstu mér".

Það var leiðinlegt, að þurfa að svikja hann, hann var svo blíður og eftirlátur, og alveg grunlaus. Hann bar fullkomið traust til hennar. — Það gat vel verið, að henni hafi komið til hugar eitthvað álíkt þessu, því hún var vingjarnlegri við hann en vandi hennar var til. Þau gengu svo inn, og strax voru hinar betri tilfinningar hennar úr hjarta hennar. Hún gladdist að eins yfir því, að fá enn þá tíu daga til að koma áformum sínum fram. Þegar þau gengu gegnum gestasalinn, sá hún Aðalheiði sitja

þar og vera að lesa í bók. Hún brosti með sjálfri sér, þegar hún hugsaði til þess, að ekki yrði langt að biða, að Lady Aðalheiður yrði þarna ekki lengur. Hún fann ekki til neinnar meðaumkvunar með henni, og þó hafði Lady Aðalheiður aldrei gert henni annað en gott. Hertogainnan hugsaði ekki um annað en það, að hún elskaði Caren lávarð, og vildi lifa við hlið hans lífið á enda.

Tíu dagar! Það var ekki langur tími. Hún varð að byrja strax. Hún vildi ekki yfirgefa Brooklands án hans.

Við máltíðir var hún vanalega mjög skrautlega búin, en þennan dag var hún í svörtum kjól algerlega skrautlausum. Flestu kvenfólki mundi ekki hafa þótt smekklegt, að vera þannig búið, en henni fór þó þessi búningur vel. Hún var mjög sorgbitin að sjá, og talaði fátt á meðan á máltíðinni stóð.

Lávarður Caren horfði alveg forviða á hana. Hann ásetti sér, að fá tækifæri þegar búið væri að borða, til að tala við hana og vita hvað að henni gengi. Einhverju sinni, er hann vék nokkrum orðum að henni, leit hún framan í hann, og honum sýndist tár glitra í augum hennar. Hann varð órólegur hennar vegna.

Það gat ekki verið af því, að hún byggist við að fara þaðan, því hertoginn hafði sagt honum um morgunnn, að hann gjarnan vildi dvelja þar lengur. Og ekki hefir hann orðið reiður við hana, því hann elskar hana ofmikið til þess.

"Vesalings Nita", hugsaði hann, "hvað ætli að gangi að henni?"

Hann var góðhjartaður og göfuglyndur maður. Hann sárkendi í brjósti um hana, sem ekki hugsaði um annað en að eyðileggja sjálfa sig og hann.

XLIX. KAPÍTULI.

Lady Aðalheiður reyndi til að fá hertogainnuna til að taka þátt í samtalinu, eftir að búið var að borða, og eins að spila og syngja, en alt varð árangurslaust.

"Ég er eitthvað svo ergileg og í svo vondu skapi í kveld", sagði hún, "ég man ekki til, að hafa nokkurntíma verið í jafn vondu skapi. Mér leiðist alt, svo hefi ég líka höfuðverk og vil því helzt vera ein. Ég ætla að lita í bók og reyna að komast í betra skap".

Hún var brosandi. Lady Aðalheiður skildi, að hún vildi vera alein, en hún sá líka, að hertogainnan laug öllu hinu upp.

"Hún vill reyna, að ná tali af Allan, þess vegna vill hún vera ein", hugsaði Aðalheiður með sér. Henni fanst hjarta sitt brenna af afbrýðissemi. Síðan Allan hafði breyzt í viðmóti sínu gagnvart henni, var hún farin æ meira og meira að finna til afbrýði. Það jók mjög á byrði hennar, og enginn veit, hve slæmur og þungbær sjúkdómur afbrýðin er, nema sá, sem líður af henni sjálfur.

Þegar Allan hafði verið hlýlegur og blíður við hana, fór hana að dreyma um hamingju og sælu, en svo á milli leið hún meira en nokkru sinni áður af afbrýðissemi.

Hún bar það alt samt með stökustu þolinmæði. Hún hugsaði alt af til þess, sem hún hafði sett sér sem mark og mið, að frelsa mann sinn frá glötun og eyðileggingu.

Hjarta hennar brann og varir hennar skulfu, hún sá mann sinn ganga til hertogainnunnar.

"Nita", sagði lávarðurinn, "hvað gengur að y ur í kveld? Búningur yðar og öll framkoma, b vott um það, að yður þykir eitthvað að."

"Já, ég vildi, að ég gæti verið öðruvísi".

"Hvað gengur þá að yður?"

"Ekkert. Ég er að eins í vondu skapi. Já svo vondu skapi, að ég næstum get drepið sjá mig. Þér þurfið ekkert að hlægja að þessu, Car Það er alveg satt, að ég vildi að ég væri dauð".

"En, Nita —".

"Skiftið yður ekkert af því", greip hún fram "Þér ætlið víst að halda langa áminningarræðu mér um dygð og skyldu, — ég þekki það. En er bezt fyrir yður, að tala ekkert við mig, ég það upp aftur, að ég vildi að ég væri dauð".

"Því óskið þér þess, svo ung og svo fögur?"

"Líf mitt er fult af sorgum og þjáningum fult af eymd og örvænting. Því skyldi þá ekki v bezt að deyja?"

Hann sárkendi í brjósti um hana. Hún va og rík og falleg, en þó svo framúrskarandi ó söm.

"Þér þurfið ekki að lita illilega til mín, C Lady Aðalheiður er þarna. Ef yður langar mjög eftir hlýleika og góðum vilja, þá farið til he ar, hún hefir ávalt nóg af þess konar".

Lávarðurinn hló að þessum djörfu ókurteisu o um hennar.

"Þér eruð ekki eins reiðar og þér látist ve Nita, það er ég viss um, og hvað mig snertir, lang mig ekkert til að tala við aðra en yður".

Augu hennar stóðu full af tárum, og hún va fögur í sorg sinni, að hann gat ekki annað en sig nær henni.

Heimsbókmentir

Eftir
GEORG BRANDES.

Orðið "heimsbókmentir" er kom ið frá Goethe. Hann notaði það í fyrsta skifti árið 1827, sem fyrirsögn yfir háðkvæðinu "Wie David königlich zur Harfe sung", þar sem því er haldið fram, að skáldskapur allra þjóða renni saman í einn allsherjar alheimssamsöng, og sem endar með þeirri ósk, að allir þjóð flokkar, sem lifi og hrærist undir sama himni, geri sér gott af hver annars gáfum. Í "Kunst und Alterthum" notaði hann aftur, árið eftir, orðið í kaflanum "Ferneres über Weltliteratur". Franska tímaritið Globe gaf það svar í ritgerð einni upp á þetta orð Goethe's, að þar sem jafn sterkar hreyfingar væru vaknaðar hjá þjóðunum til þess að komast í nánara og innilegra samband hvorar við aðra eins og á þeim tímum, væri hægt að vonast eftir því, að heimsbókmentir gætu komist á. Globe minti á, að látnesk tunga fyr á tímum hefði á það bent, en þó með þeirri undantekningu, að á þessu máli hefðu vitsmunir og þekkingarþroski þjóðanna að eins getað sameinað sig, en alls ekki tilfinningalíf þeirra eða skáldlegt hugsjónalíf. En nú á tímum hefðu ferðalögin milli landanna, aukin málfræðisleg þekking ásamt blaða og tímarita bókmentunum, skapað miklu nánara samband milli þjóðanna, heldur en hefði átt sér stað fyrr á tímum.

Goethe gerði við þetta ýmsar athugasemdir. Hann viðurkendi, að það sem felli í smekk fjöldans, gæti náð takmarkalausri útbreiðslu, en það, sem hefði meira gildi, og alvarlegri og dýpri þýðingu, næði ekki fram að ganga. En hann hélt því fram, að í heimsbókmentum mundu þeir, sem "helguðu líf sitt því háa og göfuga, og sem í æðri skilningi framleiddu mikið, fljótar kynnast og komast í náið samband hvorir við aðra". Hann lauk máli sínu með því, að benda á nytsemi, ekki einungis blaðanna, sem á þeim tímum voru mjög fá, heldur og einnig á tímarit þau, er gagnrýnisstörf hefðu með höndum, og taka ýmislegt upp hvort eftir öðrum, sem greiddu fyrir andlegum samgöngum milli þjóðanna.

Þá ég, án þess að taka tillit til hins mikla frumhöfundar þessa orðs, spyr sjálfan mig: Hvað eru heimsbókmentir? — þá virðist mér að fyrst og fremst hljóti maður að skoða verk náttúrufræðislegra upp götvara og uppfinnenda sem heims bókmentir. Það sem menn eins og Pasteur, Darwin, Bunsen eða Helmholtz hafa ritað, eru vafalaust heimsbókmentir, vegna þess, að það er beint ætlað mannkyninu og auðgar það að nytsemd og þekkingu. Sumar ferðasögur, svo sem eins og Nansens og Stanleys, tilheyra og vafalaust heimsbókmentum.

Jafnvel ritverk hinna stærstu sagnaritara, virðast mér ekki á þennan hátt, að tilheyra heimsbókmentunum, því þau eru öll meira einstæð, og hafa á sér það snið og þau einkenni, sem sérkennilegust eru fyrir þjóðina og landið, sem þær tilheyra. Önnur eins ágætisverk eins og Oliver Cromwell, eftir Carlyle, eða saga Frakklands, eftir Michelet, og Saga Rómverja, eftir Mommsen, geta naumast, þrátt fyrir andríki og lærdóm höfundanna, skoðast sem heimsbókmentir. Og að sjálfsögðu hafa þau ekki í sér fólgið alt það, sem um þau efni mætti segja, enda þótt að þau séu algerlega fullkomin sem listaverk. Þetta fyrirbyggir auðvitað ekki, að öndvegisþjóðum Norðurálfunnar og Ameríku, séu ekki verk þessi að meira eða minna leyti kunn, annaðhvort í þýðingum, eða þá á frummálunum. En þegar talað er um heimsbókmentir, þá er vanalega átt við fagurfræðis bókmentirnar sérstaklega.

Yfir bókmentum fyrri tíma hefir tíminn þegar felt sinn dóm. Fáeinir höfundar af mörgum þúsundum, fáein verk af hundruðum þúsunda tilheyra nú heimsbókmentunum. Nöfn slíkra manna og ritverka eru á hvers manns tungu. Divina Commedia tilheyrir ekki Ítalíu einni, eða Don Quijote Spáni einum, heldur öllum heiminum. Samhliða heimsfrægu ritverkunum má einnig telja ritverk, sem alt af eru öðru hvoru lesin og í heiðri höfð í þeim löndum, sem þau urðu til, þó þau ekki séu þekt annarstaðar. Shakespeare tilheyrir heimsbókmentunum, en hinn mikli samtíðamaður hans og fyrirrennari, Marlowe, tilheyrir að eins ensku bókmentunum. Þannig er Klopstock að eins þýzkur, Coleridge að eins enskur, Slowacki að eins pólskur. Fyrir umheiminn eru þeir alls ekki til.

Samt sem áður er ákaflega mikill munur á fortíðinni og nútíðinni, að því leyti, hve útlend tungumál eru numin af fleirum og betur numin, og einnig á hinum teiknamiklu framförum í samgöngum og hinum stórkostlega vexti og útbreiðslu dagblaðanna. Alt þetta hefir flutt þjóðirnar miklu nær hvor annari, en nokkru sinni átti sér stað áður. Einnig er miklu meira að því gert, að þýða úr einu máli á annað en áður.

En þrátt fyrir það, hve þýðingar starfsemin hefir aukizt, þá er afstaða höfundanna, að því leyti að vinna sér heimsfrægð, eða jafnvel tilhlýðilega viðurkenningu, mjög óhagstæð, og fer alt eftir því, hvaða þjóð og landi þeir tilheyra. Bezt er afstaða franskra höfunda í því efni, enda þótt að áreiðanlegt sé, að frönsk tunga, hvað útbreiðslu snertir, skipi að eins fimta sætið í röðinni. Því þegar einhver rithöfundur hefir verið viðurkendur á Frakklandi, þá er hann um leið þektur um allan heim. Annað sæti skipa þýzkir og enskir höfundar, þó að þeir, er þeir hafa haminguna með sér, geti átt víst að verða ákaflega viðlesnir. Það eru að eins rithöfundar þessara þriggja þjóða, sem á frummálunum geta gert sér von um, að verða lesnir af hinum mentaða hluta allra þjóða.

Ítalskir og spænskir rithöfundar eru langt um ver settir í þessu tilliti. Samt eru þeir utan heimkynna sinna alt af lesnir af nokkrum hluta fólks. Hér um bil sömu afstöðu hafa belgiskir höfundar og þeir af svissneskum höfundum, sem á frönsku rita. Því þó t. d. Cherbuliez, Rod, og Maeterlinck séu af Frökkum viðurkendir jafnokar þeirra þeirra beztu höfunda, þá eru það að eins undantekningar. Rússneskir höfundar eru að vísu ekki lesnir á frummálinu utan Rússlands, en milióna fjöldi þeirrar þjóðar, bætir þeim það að nokkru leyti upp.

Þeir rithöfundar þar á móti, sem skrifa á finsku, ungversku, sænsku, dönsku, íslenzku, hollenzku, grísku o. s. frv., eru, þegar um heimsfrægðina er að keppa, í mjög svo óhagkvæmri afstöðu. Í þeim kappleik verður þeirra eigið mál þeim að mótvopni, og það eitt er hér um bil nóg til að hindra það, að þeir geti heimsfrægir orðið.

Að enginn geti á öðru máli en sínu eigin, skrifað neitt það, sem verulegt listfræðislegt gildi hefir, kemur víst öllum saman um. En þýðingarnar, munu menn segja. Ég viðurkenni það, að ég get aldrei skoðað þær annað en nokkurskonar neyðarúrræði, sem menn verða til að gripa, af því ekki er neitt annað skárra til að dreifa. Þær eyðileggja alt listfengi í máli og framsetningu höfundarins, sem þó einmitt er það, sem gefur honum mest gildi, og því stærri, sem hann er í þessum greinum, því tilfinnanlegra er tjón það, sem hann á þennan hátt líður.

Af þessu leiðir, að þeir ágallar, sem þýðingarnar óhjákvæmilega hafa í för með sér, að höfundur í sjöttu röð, hvað hæfileika snertir, sem skrifar á útbreiddu máli, ég meina á einhverju af málum stórþjóðanna, verður á mjög auðveldan hátt mikln þektari en höfundur í annari röð, sem skrifar á því máli, sem talað er að eins af fáum miliónum manna. Þeir, sem þekkja bókmentir hæði stórþjóðanna og smáþjóðanna, munu fúslega kannast við þetta, þó fjölmargir meðal stórþjóðanna ekki leggi trúnað á það.

Inn á það ganga menn þó oftast að erfitt sé að þýða lýrisk kvæði, og að þau oftast hljóti að missa mikið við þýðinguna. Vanalegast þegar tilraun er gerð til þannig lagaðs flutnings af einu máli yfir í annað, en frá því horfið aftur, mun orsökin oftast nær vera sú, að menn sjá, að það nær að engu leyti tilgangi sínum eða borgar sig. Þýðverjinn sér það ósköp vel, að þeir sem að eins þekkja kvæði Goethes af þýðingum, ýmist í óbundnu máli eða þvinguðum og stirðbusalegum þýðingum á erlendu máli, eiga ómögulegt með, að hafa þeirra hálf not eða meta þau það hálfa við það, sem þau eiga skilið. Franskur maður getur hreint ekki hugsað sér vers eftir Victor Hugo eða Leconte de Lísle á frumandi máli. Eftir vanalegum skilningi, þá er ekki álitið, að ritverk í óbundnu máli tapi sér mikið í þýðingum. En það er algerlega órétt. Tapið er og verður æfinlega mikið, þó ekki sé það eins tilfinnanlegt eins og í kvæðunum. Orðvalið, hljómlegurðin, setningaskipunin, og yfir höfuð alt það, sem sérkennilegast er fyrir höfundinn í formi og framsetningu, hverfur algerlega, þýðingar eru einu sinni ekki svo mikið sem eftirlíkingar.

Jafnvel hver, sá maður, sem héldi því fram, að þýðingar væri hægt að leysa svo af hendi, að þær væru listaverk, og á þann hátt að skipa þýðaranum á bekk með listamönnum, mun þó ekki undir neinum kringumstæðum neita því, að rithöfundar hinna ýmsu þjóða standi mjög misjafnt að vigi með tilliti til þess, að geta orðið heimsfrægir. Þrátt fyrir það, að skáld eins og Ibsen ritar á máli, sem mjög litla útbreiðslu hefir, og að alt fyrir það eru langt um minni höfundar en hann, þektir um allan heim.

En er þessi heimsfrægð nú á tím um óskeikull mælikvarði? Þýðir hún það, að ritsnillingurinn og verk hans muni ávalt tilheyra heimsbókmentunum? Til þess að trúa því, verður maður sannarlega að hafa mjög bjarta lífsskoðun. Heimsfrægðin virðist mér að vera skemur og mjög ónákvæmur mælikvarði á verðleika höfundarins.

Það skal þá fyrst tekið fram, að það eru til menn, er ávinna sér heimsfrægð, án þess að fara mikið yfir meðallag, hvað hæfileika snertir. Þegar þeir standa á sama menningarstigi og þjóðin, sem þar tilheyra, og mentunarþroski þeirra samsvarar þroskastigi hennar, þá er það mjög auðvelt fyrir þá, að verða alþektir. Georges t.d. Ohnet er lesinn allstaðar. Til þess að vekja á sér almenna athygli, þarf ekki einn höfundur beint fram að vera lélegur, ekki beinlínis að styðja ríkjandi hleypidóma. Hann getur óbeinlínis verið kraftlaus og litilfjörlegur sem rithöfundur, þó hann á ruddalegan og grunnhyggnislegan hátt ráðist á hina andlausu og bragðlausu hálfmentun; hamist t. d. á hleypidómum í stjórnmálum, kirkjumálum og háttum og aðferli heldra fólksins, og yfir höfuð á öllu því, sem kallað er hið vanaþundna hræsnis yfirskyn. Menn hafa einnig séð höfunda, sem engan listfræðislegan þroska hafa til að bera, og sem algerlega eru gersneiddir allri fegurðar tilfinningu, níða niður með klúrum og rostafullum yfirlætisbelgingi, stærstu skáld, listamenn og hugsunarskörunga aldarinnar, og halda því fram, að þeir væru istöðulausir og jafnvel geggjaðir. Þannig löguð aðferð á í flestum löndum ósköp vel við múginn. Þess háttar samsteypukerfi mun lánast síðan í heimsbókmentirnar.

Þvert á móti er það ekki svo sjaldgæft, að það virðist svo sem hending ein hafi ráðið því, að þessi eða hinn rithöfundurinn dó ópektur, já, og langan tíma þar á eftir er flestum ópektur. Aftur á móti er ofur auðvelt, að sjá ástæðuna fyrir því, að höfundur, sem stóð langt um lægra, gat náð því að verða heimsfrægur; þá er auðsæð, að ástæðan stóð ekki í neinu sambandi við listgáfuna.

Alt frá því á miðöldum og fram á vora daga, hefir að eins einn danskur rithöfundur, H. C. Andersen, orðið heimsfrægur. Holberg, hinn mikli kennari þjóðar sinnar, er naumast að nafni til þektur annarstaðar en á Norðurlöndum. Öehlenshlæger er að eins þektur á þýzkalandi, og er ekki í miklum metum. Ekki þekkir einn einasti maður í Norðurálfunni Christian Winther, Johan Ludvig Heiberg, Poul Möller, eða yfir höfuð að tala neinn af þeim rithöfundafjölda, sem að hæfileikum til voru fyllilega jafnokar Andersens og meira en það. Það er þá að eins Andersen, sem þó ekki er hægt að telja með vorum stærstu rithöfundum, sem fyrir æfintýri sín tilheyrir heimsbókmentunum.

Þrátt fyrir það, að Sören Kirkegaard er hinn helzti trúarbragðahugsunarskörungur á Norðurlöndum, heyrir hann þó ekki til heimsbókmentunum. Það væri þó ekki óliklegt, að allir forvigismenn kristindómsins í Norðurálfunni hefðu sett sig inn í verk hans og brotið þau til mergjar, eins og t. verk Pascals fyrir tveimur öldum síðan. En málið, sem hann ritaði á, hefir útilokað hann frá því.

Að vísu er það áreiðanlegt, að það ágætasta nær allstaðar að lokum viðurkenningu, og nú á tímum þarf ekki til þess eins langan tíma sem til forna. En því má ekki gleyma, að mikill meiri hluti fólksins hvar sem er, er sljóskygn, fáfróður og dómgreindarsnauður. Það bezta og ágætasta í bókmentunum er múgnum óaðgengilegt; það fínasta í þeim skilur hann ekki. Hann hleypur eftir hrópum og hávaða á torgum og gatnamótum. Hinn sjálfbyrgingsfulli spjátrungur hlýðir lögmáli tízkunnar og tilbiður hepnina. Að einhver á sínum tíma hefir þóknast múgnum, er því ekki fullnægjandi til þess, að um aldur og æfi sé hægt að telja hann til heimsbókmentanna.

Nú sem stendur virðist ekki neinn glæsiljómi hvíla yfir bókmentum Norðurálfunnar. Hinir beztu af yngri rithöfundunum fylla ekki upp skarð þeirra, sem til moldar eru gengnir. Kipling ekki á Englandi og d'Annunzio ekki á Ítalíu. En þeir eru að líkindum frægari en fyrirrennarar þeirra nokkurntíma voru í lifandi lifi.

Nú á vorum tímum hefir einn atburður komið fyrir, sem ekki þektist áður, þar sem ekki var nokkur mögulegleiki til þess fyrir skáld og rithöfunda að verða heimsfrægir og lesnir allstaðar. Þeir eru farnir að skrifa fyrir óákveðinn og ótakmarkaðan fjölda fólks, og framleiðsla þeirra liður mikið við það. Emile Zola er eitt dæmið. Hinn mikla sögubálk, Roagon-Marquart fjölskyldan, skrifaði hann fyrir Frakkland. Þess vegna er frágangurinn á honum að öllu leyti, og einkum að því er mállegri fegurð viðvikur, hinn vandaðasti. Þríleikinn, Lourdes-Rome-Paris, skrifaði hann þar á móti, þá hann stóð á hæsta tindi heimsfrægðarinnar, fyrir allan heiminn, og í því verki er hann að mörgu leyti óhlutkendari og langt um óvandvirkari, hvað málið snertir, en áður. Þetta verk hefir hann skrifað eins og Sarah Bernhardt leikur, þá hún kemur fram í Perú eða Chicago. Hver sá, sem ætlar að hafa djúp og sterk áhrif, verður að hafa fyrir augum sitt eigið umhverfi. Hann verður að starfa þar sem hann er borinn og barnfæddur. Hann verður að skrifa fyrir sína eigin þjóð, því hennar þroskastig þekkir hann. Á þann hátt, ef hann hefir mikla hæfileika, kemur hann smátt og smátt til að skrifa fyrir allan heiminn. Það, sem því upphaflega er skrifað fyrir alt mannkynið, tapar hæði að kjarna og krafti, eftir því, sem það á að vera öllum auðskildara. Það hefir ekki lengur blómangan jarðvegarins. Sá, sem beinlínis setur sér það mark og mið, að skrifa fyrir Evrópu og Ameríku, honum verður hætt við því, að þóknast erlendum listasmekk, sem þó stæði neðar heldur en hans eigin þjóðar. Fiknin eftir heimsfrægð og heimsbókmentum, hefir hæltu í för með sér.

Þegar Goethe myndaði orðið heimsbókmentir, var forsmenta ástin og heimsborgaraandinn ofarlega í hugum þjóðanna. Á síðustu áratugum 19. aldarinnar, hefir þetta orðið að rýma úr sæti fyrir vaxandi þjóðarmetnaði. Nú á tímum eru bókmentirnar alt af að verða meira og meira þjóðlegar. Ég á þar á móti alls ekkert við það, aðþjóðernisandinn og heimsborgaraandinn útiloki hvorn annan. Heimsbókmentir framtíðarinnar munu verða því áhrifameiri, því sterkari þjóðernisleg sérkenni, sem koma fram í þeim; og því sundurleitari og ósamkynja verða þær, þegar þeim er ætlað að verða öllum auðskildar og aðgengilegar sem listaverk. Það, sem beint og blátt áfram er skrifað með því augnamiði, að verða heimseign, getur naumlega orðið listaverk.

Þýtt hefir

Sigtryggur Ágústson.

Um sólarhitann.

Kæri ritstjóri!

Það er fyrir fimtán eða sextán árum síðan, að ég kosmst að þeirri niðurstöðu, að hitinn kæmi ekki rakleiðis frá sólunni, og þar af leiðandi var það með talsverðri eftirtekt, að ég las álit dr. Andrew J. Parks í Chicago um upprúna hitans, sem hann segir að komi til af ljósvaka (Ether), að þar sem ljósvakinn verður of mikill, þá myndist hiti, að hitinn sé að eins þyngdarlaus ljósvaki. Af því ég er sannfærður um, að hitinn komi ekki rakleiðis frá sólinni, þá dettur mér ekki í hug að rengja það, sem dr. Park segir, þótt ég hafi alt aðra skoðun á orsökinni að hitanum. Min skoðun er, að þegar rafmagnsafl sólarinnar sameinast gufuhvolfi jarðarinnar — ("when the electrical power of the sun strikes the earth's atmosphere") — þá verður frumagna umbrot, sem mynda hitann. Ef hitinn kæmi rakleiðis frá sólunni til jarðarinnar, þá hlyti aðaldjúp geimsins að vera eins heitt eins og er um miðdegi í heiðskíru veðri undir miðjarðarlínunni, og ef svo væri, þá væri ekki mikið kaldara á nóttunni en á daginn, og þar af leiðandi mjög litill mismunur sumars og veturs, að því er hita og kulda snerti. Líka væri ekki kaldara í heiðríkju en en í þykkviðri, hvorki dag né nótt um vetrartímann. Og að minsta kosti væri eins heitt uppi á fjallatoppum eins og í dölum niðri, en það vitum við að ekki er. Líka væri þá eins heitt sólskinið norður á Íslandi, og það um hávetur, eins og það er undir miðjarðarlínunni, en þeir, sem hafa verið á báðum stöðunum, vita að það er ekki svo.

Það, sem fyrst veikti skoðun mina viðvíkjandi hinni vanalegu kenningu um hitann, var, að ég tók eftir því, og það löngu áður en ég fór af Íslandi, að hvar sem frosið hafði þunn ísbella ofan á snjó, að þegar þiðnaði á vorin, að þá þiðnaði oft talsvert undir hellunni, og það stundum hreint niður að jörð, en hellan var kyrr. Og seinna fann ég út, að það var oft meiri hiti í sólargeislanum inni, þar sem sólin skein í gegnum gler, en var úti, og ekki einungis það, heldur var glerið stundum næst utn iskalt þar sem sólin skein í gegnum það, þó það væri talsverður hiti í sólargeislanum inni. Alt þetta sýnir, að hitinn myndast á þeim og þeim stað, sem hann er, en kemur ekki rakleiðis frá sólinni, eins og hingað til hefir verið álitið. Mikið líkleg, að aðaldjúp geimsins sé kaldara en nokkursstaðar eða nokkurntíma er á jörðunni. Ekki heldur er það ósennilegt, að ljósið myndist á nokkuð líkan hátt, og að það sé niðamyrkur á milli sólarinnar og jarðarinnar.

Ég hefi þá skoðun, að orsökin fyrir því, að hitinn í sólargeislanum minkar eftir því, sem dregur frá miðjarðarlínunni, sé, að rafurafliið myndi frekust frumagna umbrot þar sem það nær og sameinast gufuhvolfinu hornrétt, en því meira, sem það kemur á ská, og því lengra, sem það fer í gegn um gufuhvolfið, veikist áhrifaaflið ("weakens its effects").

Þetta atriði er talsvert umhugsunarvert. Líka er óeðað að það verður talsvert ritað um það af mentunargjörnu fólki. Efunaraldan er minkandi, en uppgötvunarþráin er að vaxa, og þar af leiðandi, að í staðinn fyrir, að fordæma nýjar tilgátur, eins og titt hefir verið, þá er nú að tíðkast að rannsaka þær, sem er óbrigðult einkenni mentunar eflingar. Skynsamt og námfúst fólk, eins og Sókrates, er aldrei ánægt með þá þekkingu sem það hefir, rétt eins og ágjarnt fólk er aldrei ánægt með auðlegð sína. Sérvitrir heimskingjar hafa gert meira ilt en nokkrir aðrir.

John Thorgeirsson.

Thistle, Utah, 20. apríl 1908.

Fólginn fjársjóður fundinn

— Fjársjóður mikill hefir fundist við sjó fram hjá bænum Paradelha á Spáni, og þykir víst hann hafi þar falinn verið af sjóræningjum á löngu liðnum dögum. Stórflóð hafa þvegið burtu hluta af bæ þessum, svo að íbúarnir hafa orðið að færa nokkur hús af grunnlóðum sínum, svo þau færu ekki í sjóinn. Eitt af þessum stórflóðum braut upp landstykki í bæ arlóðinni á fimtudaginn þann 9. þ. m. Kom þá í ljós, að fjársjóður hafði endur fyrir löngu verið falinn þar í jörðu, og undruðust fiskimenn þeir, er fyrstir fundu hann, hve mikil auðæfi þar höfðu fólgin verið. Þar voru gull og silfurpeningar, gimsteinar og dýrmætir skrautgripir, borðbúnaður og og margt fleira þess háttar, gull medalíur og hringir. Margir skraut gripirnir voru settir dýrum gimsteinum. Þar voru einnig gullkrossar, gimsteinum settir, og aðrir gripir, sem auðsjáanlega höfðu tilheyrt einhverri kirkju. Bæjarbúar flýttu sér allir til að ná í eitthvað af auðæfunum. Þeir notuðu spaða og önnur verkfæri, og hafa síðan grafið sundur bæjarlóðina í von um frekari fundi. Sumir hafa náð í talsvert. Einn maður hefir náð í 900 dollara virði í gömlum gullpeningum. Allir karlmenn í bænum hafa lagt niður öll önnur störf, og gefa sig nú eingöngu við að grafa, og enginn fiskimaður hefir farið á sjó síðan fundur sá hinn fyrsti varð heyrum kunnur. Fréttin getur ekki um, hve mikils virði alt það hafi verið, sem fundist hefir af þessum hulda fjársjóð.

Spurningar og Svör.

SPURNING. — A. hefir tekið heimilisréttarland, þar sem allaravegur lá yfir og liggur, en næsta verstæði er ófært. A. girðir yfir veginn með gaddavir. Hefir hann fullan rétt til þess? Ef ekki, hver er lagaleg afleiðing? — Sleipnir, Sask., 23. apríl. Fáfróður.

SVAR. — Oss virðist það ljóst, að A. hafi fullan rétt yfir landi því, sem hann hefir tekið heimilisrétt á, og þar með fylgir að sjálfsögðu girðingaréttuinn. Hann ber enga ábyrgð á því, þótt næsta vegstæði sé ófært, og hann er ekki skyldugur til þess, að hafa neitt tillit til hagsmuna almennings eða að halda landi sínu ógirtu að eins til þess, að þóknast umrenningum. Sé það hinsvegar sannað, að ekki sé mögulegt, að gera hið mælda vegstæði fært yfirferðar, þá væri reynandi, að skrifa til Attorney General í Regina, og leita úrskurðar hans um það, hvort ekki megi þvinga A. til að selja vegstæði af landi sinu til almennra þarfa.

Ritstj.

ATLAS LUMBER CO.
Backoo, North Dakota

Hvergi er betra að kaupa bygginga efni, en hjá okkur, því vér höfum stórt upplag á reiðum höndum af öllum þeim vörum. Okkur er sérlega annt um að ná sem mestu af viðskiftum ÍSLENDINGA, svo að þegar þér (Ísl.) þurfið að byggja eitthvað, þá óskum vér eftir að fá tækifæri til að selja yður EFNID. Vér reynum til að gera sem bezt við alla, — hvort sem reikningurinn er lítill eða stór.

April 30—8 S. GUDMUNDSON, ráðsmaður.

UMLÍÐUN MEÐ BORGUN.

Allskonar Fatnadur

Menn og Konur! Því skyldið þér ekki klæðast vel, þegar þér getið keypt fínustu föt, hvort heldur eftir máli eða með verksmiðju-gerð, — með vægum viku eða mánaðar afborgunum.

Allir vorir klæða dúkar eru af fínustu tegund, og fötin með nýjasta New York sniði. Vér höfum kvenfatnaði, skyrtur og treyjur. Einnig karlm. fatnaði, treyjur og buxur, með vægum afborgunarskilmálum. Vér seljum ódýrar en aðrir gera fyrir peninga. Karla fatnaðir frá $9.00 og yfir. Kvenmanna fatnaðir og treyjur frá $12.00. og þar yfir.

Komið! skoðið vörurnar og sannfærist !!

EMPIRE CREDIT CO'Y
Sal 13 í Traders Bankanum, — 433 MAIN STREET
2-8-8

WINNIPEG

Herra S. J. Hallgrímsson, frá Gardar, N. Dak., kom til bæjarins í síðustu viku, með konu sína til holdsskurðar við sjúkdómi, sem hún hefir haft svo árum skiftir, og er þetta í fjórða sinni, sem hún þolir holdsskurð.

Nú er hún hér á Almenna spitalanum undir umsjón Dr. Brandsonar, sem þegar hefir gert holdskurð, og líður konunni eftir öllum vonum, en búist við að hún verði hér mánaðartíma að minstu kosti.

Fréttir að sunnan segir hann þar helztar, að nú sé víst orðið, að járnbraut verði lögð á þessu sumri eftir bygð Íslendinga frá Edinburg gegn um Gardar og Mountain þorp, og norðvestur í cement náman nálægt McLean pósthúsi. Samningar eru þegar gerðir um þetta og á vegstæðið að vera fullgert undir járnlagningu fyrir 15. ágúst næstkomandi. — Margir Íslendingar eiga hluti í brautarfélaginu, og eru þessir í stjórnarnefnd: Magnús lögmaður Brynjólfsson, Elís kaupmaður Thorvaldsson og Sigurjón Sigfússon, bóndi að Mountain, og Sigurgeir Sigurðsson, County Commissioner, og Jón Jónsson, þingmaður, að Gardar P.O.

Aprílheftið af tímaritinu "Office Appliances" flytur eftirtektaverða grein um útbreiðslu ritvéla sinna á Íslandi. Remington ritvéla félagið auglýsir í riti þessu, að það hafi sett á stofn ritvéla sölustofu í Reykjavík. Greinin sýnir, að félag þetta hefir yfir 460 ritvéla sölustofur í ýmsum löndum út um allan heim. En að þessum tíma hafði það ekki lagt Ísland undir sig. En nú hefir það umboðsmann í Reykjavík, og segir sölu hafa orðið þar talsverða.

Sama greinin getur um, að það sé engin nýlunda, að Íslendingar kaupi ritvélar, enda hafi félagið nú alla íslenzka stafi í ritvélum sínum. Sérstaklega kveðst það hafa selt vélar til landa vorra í Bandaríkjunum og canadiska Norðvesturlandinu. Greinin endar með því að segja, að þó að Ísland sé lítið land og fólk þar fremur fátækt, þá verðskuldi það meiri athygli verksmiðjueigenda, heldur en því hafi að þessum tíma verið veitt, enda sé þjóðin prýðisvel viti borin og fróð, þó hún sé afskekt frá umheiminum.

Landi vor Vilhjálmur Stefánsson var hér í bænum um síðustu helgi, ásamt félaga sínum Capt. Anderson. Þeir eru á leið norður að ísbafi, í vísindalegum erindum. Vilhjálmur fer í mannfræðis erindum, en Anderson til þess að athuga fuglalíf þar nyrðra. Ferðin er kostuð að mestu af vísindafélagi einu í Bandaríkjunum, og að einhverjum parti af Canadastjórn. Mun þetta vera í fyrsta skilti, er hún hefir lagt fram fé til að styrkja rannsóknir tilraunir amerikanskra vísindamanna. Þeir félagar héldu héðan á þriðjudaginn var.

J. G. Snydal, tannlæknir, verður í Glenboro á fimtudaginn 30. þ. m. og föstu og laugardaga þ. 1. og 2. maí. Og á Baldur mánu-, þriðju- og miðvikudaga, 4., 5. og 6. maí. — Tannsjúklingar, takið eftir þessu!

Rætt er um, að koma upp sjúkrahúsi í Norður Winnipeg. Þykir borgin nú vera orðin of viðáttumikil og mannmörg til þess að komast af með sjúkrahús þau, sem nú eru hér.

Í næsta blaði birtist auglýsing frá "The Wisconsin Rubber Co.", sem Íslandsvinurinn Prof. Rasmus B. Anderson er formaður fyrir. — Íslendingum verður boðið, að eignast hluti í þessu félagi. — Prof. Anderson var hér á ferð fyrir fáum dögum, og hefir selt um 1800 hluti hér og í Brandon bæ. — Lesendur eru beðnir, að athuga þessa auglýsingu, þegar hún kemur.

Svar frá Sigtr. Ágússyni til þeirra "sex" kemur í næsta blaði.

Nýja Bakaríið.

Ég gef nú þeim, sem sækja vilja brauð til mín, 23 fyrir $1.00. Svo hefi ég nú hagldir og tvíbökur, sem ég get ábyrgst að vera það bezta, sem nokkurstaðar er búið til. Kringlur 10c, tvíbökur 15c pundið.

G. P. Thordarson.
732 Sherbrooke St. Telefón 8922

Lítt riðuing fell í Manitoba á föstudag og laugardag í síðustu viku, en snérist upp í snjófall aðfaranótt sunnudagsins, svo að alhvítt var á sunnudagsmorgun. Svo fell nokkur snjór síðari hluta sunnudagsins og á mánudaginn var þykt loft og úrkomulegt, og kuldi nokkur.

Herra Óli Bjerring hefir nýlega flutt fjölskyldu sína norður undir Narrows P.O., Man., þar sem hann bygst að búa framvegis. Sjálfur ætlar hann að vinna hér í bænum í sumar.

Auglýst er í "Free Press", dags. 25. þ.m. eftir Jóni Rommer Einarssyni, ungum manni, sem hvarf úr bænum fyrir 4 árum og ekki hefir spurst til síðan.

Herra Stefán Sveinsson, fóðursali, brá sér í síðustu viku með konu sinni vestur í Argyle nýlendu í kynnisför til ættingja og vina þar. Þau komu heim aftur laust fyrir síðustu helgi.

Í ráði er, að asfalt-leggja Main Street frá C. P. R. undirgöngunum suður að Graham Ave., og einnig Higgins Street, í sumar. Áætlaður kostnaður við hvorttveggja þetta er 200 þús. dollara. Óvíst ennþá, hve snemma verður byrjað á verkinu.

Dr. Charles A. Eaton, prestur við Euclid baptista kirkjuna í Cleveland, Ohio, var hér á ferð í síðustu viku. Gamli John D. Rockefeller er einn af safnaðarlimum í þeirri kirkju, og lætur Dr. Eaton mikið af gjafmildi hans til safnaðarins. Annars eru allir safnaðarlimir örlátir á fé sitt og draga sig ekki í hlé. Inntektir safnaðar þessa voru 40 þús. dollarar á síðasta ári, og nægði fé það til allra útgjalda safnaðarins, og til þess ennfremur, að fæða eftir þörfum 5 þús. skólabörn og klæða hundruð af fátækum fjölskyldum.

Í ráði er, að vatnsskattur bæjar búa verði lækkaður á komandi ári. Inntektir bæjarins fyrir vatn hafa á síðasta fjárhagsári verið meira en 375 þús. dollara, þar af hreinn gróði yfir 37 þús. dollara.

Nýlátinn er hér í borginni Dr. England, einn af beztu uppskurðarlæknum borgarinnar, eftir 2 kl.stunda sjúkdóm. Hann veiktist snögglega um miðnætti, en dó kl. 2 að morgni þess 25. þ.m.

Það er engin nauðsyn, að mæla með leiknum EAST LYNN, sem verður leikinn í Goodtemplarahúsinu næsta mánudags og þriðjudags kveld. Meiri partur af fullorðnu fólki þekkir söguna, sem þýdd hefir verið á ýms Norðurlanda tungumál. Leikurinn hefir oft verið leikinn hér á leikhúsunum, og jafnan fengist húsfyllir af áhorfendum. — Þetta er í fyrsta sinn, sem hann sést í íslenzkri þýðingu, og landar ættu að nota tækifærið og sækja vel leikinn. — Lesið auglýsinguna á öðrum stað í blaðinu.

Lesendur eru beðnir að lesa auglýsingu Skúla Hanssonar beggja megin við nafn þessa blaðs. Þar eru óheyrð kjörkaup boðin.

GLEYM MÉR EI félagið hélt Concert í Fort Rouge Hotel á Sumardaginn fyrsta, að kveldi. Svo var aðsóknin mikil, að húsrúmið, sem þó er allmikið, leyfði ekki, að allir kæmust inn, sem þar vildu vera. Eftir að prógrammið var leitt til lykta, var dansað af unga fólkinu til kl. 3 að morgni næsta dags. — Kvenfélagið biður blað, vort, að flytja Íslendingum innilegt þakklæti fyrir hluttöku þeirra í þessari samkomu, sem haldin var í þarfir nauðstaddra, sem félagið hefir tekið að sér að hjálpa.

Galicíumaður einn hér í bænum var um síðustu viku hneptur í fangelsi fyrir að kyssa eiginkonu sína. Svo er að sjá, að hún hafi ekki kært sig um kossalætin og algerlega neitað að kyssa bónda sinn, sem þá tók það ráð, að binda kerlinguna við staur, svo hún gæti ekki hreyft sig meðan hann var að svala kossaþortta sínum. Fyrir þetta tiltæki seldi hún hann í hendur lögreglunnar.

Fylkisstjórnin hefir sett mann hér í bænum til að líta eftir hagsmunum þeirra, sem nota fylkistalþræðina, og til að sinna umkvörtunum þeirra, og leiðrétta það, sem aflaga kann að fara. Slíkur embættismaður hefir gefist vel í öðrum stóeborgum.

Tableaux samkoma Únitara á mánudagskveldið var, var vel sótt — hvert sæti í salnum var skipað og áhorfendurnir fundu til þess, að þeir hefðu fengið virði peninga sinna, er þeir fóru heimleiðis nær miðnætti.

ÍSLANDS FRÉTTIR.

Þann 24. marz sl. skall á ofsarok af útsuðri á Suðurlandi, höfðu mörg skip róið þann morgun úr Garði, en náðu ekki lendingu fyrir ofveðrinu. Botnvörpungar og þilskip björguðu nokkrum skipshöfnum á sjó úti, en tveir bátar náðu lendingu í Hafnarfirði, ein í Hraunum og ein í Skildinganesi, eftir 10 kl.stunda hrakning. Eitt þilskip "Kjartan" strandaði hjá Hvalnesi Skipstjóra skolaði út og drukknaði hann, hét sá Jón Jónsson, mágur þorsteins kaupmanns Þorsteinsson ar í Bakkabúð. Hinir 18 skipverjar björguðust. En skipið brotnaði. Vár eign Brydes verzlunar. — Hallgr. biskup Sveinsson sigldi til útlanda sér til heilsubótar þ. 25. marz með frú sinni. — Elding drap 3 hesta, er inni stóðu í Einholti á Mýrum þann 5. marz, tveir aðrir hestar í sama húsi biluðust. — Lárus H. Sveinbjörnsson fyrrum háyfirdómari hefir fengið lausn frá embatti. Í hans sæti er kominn Kristján Jónsson. En Jón Jensson settur 1. meðdómari og Eggert Briem 2. meðdómari. — Verzlunarblað á að fara að gefa út í R.-vík af þeim G. H. Ólafsson og Ól. Ólafsson verzlunarmönnum.

Byrjaður aftur!

Hérmeð tilkynnist Íslendingum, að ég hefi keypt eldiviðarbyrgðir herra A. S. Bardals og er nú nýbyrjaður eldiviðar og kolasölu og "Express" flutningskeyrslu.

Ég vænti þess, að þeir, sem um síðastliðin mörg ár hafa skift við okkur Olson bræður, og aðrir Íslendingar hér í bæ, sýni mér þá velvild, að láta mig njóta viðskifta sinna. Heimilisfang mitt er: 620 Maryland Street.

Sigtr. F. Olafsson

HÁTÍÐ Norðmanna.

Norðmenn hér í borginni halda hátíðlegan þjóðminningardag sinn 17. maí með meiri viðhöfn í þetta sinn en á nokkru undangengnu ári. Aðalræða dagsins verður haldin af hinum velþekta ræðu og söngmanni séra Hans B. Thorgrimsen, frá Norður Dakota. Frú Theodora Salicath-Grieveson, hin viðfræga söngkona, hefir boðið þjónustu sína. Hátíðin verður haldin í íslenzka Goodtemplara húsinu, horni McGee St. og Sargent Ave., mánudaginn þann 18. maí (af því þann 17. ber upp á sunnudag).

PROGRAM.

1. Kórinn syngur.
2. Ræða forsetans.
3. Hljóðfærasláttur: Thorvilsons Quartet.
4. Aðal-hátíðarræðan: Séra H. B. Thorgrimsen.
5. "Ja, vi elsker": Kórinn og fólkið.
6. Fánaganga og söngur barnanna
7. Sopranó Solo: Frú Salicath-Grieveson.
8. Piano Solo: Scherzo, Sinding, Miss Frida Simonson.
9. Bass Solo: Séra Hans B. B. Thorgrimsen.
10. Leikur: "Meinhöve".
11. Fiólin Solo: Miss Olga Simonson.
12. Tableau: "Paa Sæteren".
13. Kórinn syngur.

VEITINGAR ÓKEYPIS

NÝMÆLI.

Byggingafræðingur í New York, Charles Lamb, hefir uppgötvað nýja aðferð til þess að koma í veg fyrir, að svo háar byggingar verði reistar þar í borginni, að þær kasti skugga á göturnar, svo að á þeim sé hálfmyrkur um hábjartan daginn eins og nú er í neðri hluta borgarinnar. Í þeim hlutanum eru mörg stræti, sem hafa óslitnar raðir af háum húsum, sannarlegum loftköstulum, og í hverju slíku húsi búa þúsundir manna.

Herra Lamb heldur því fram, að ef allir íbúar þessara miklu húsa færu í einum hóp út á strætin, þá gætu þeir ekki rúmast þar. Þess vegna stangur hann upp á, að húsin verði framvegis þannig löguð, að þegar komið er upp 8 lofta hæð, þá sé gerður stall á húsunum svo breiður, að nægja megi fyrir stræti, þannig að þakið á 9. lofti húsanna sé efra strætið. Frá því má svo byggja upp aðrar 8 tasiur, og þá annað stræti, og svo koll af kolli eftir þörfum. Búðir séu á hverri þeirri tasiu, sem strætin liggja meðfram. Þverstræti má og hafa hvert upp af öðru, hvar sem vera vill. Undir þessu fyrirkomulagi verður þess breiðara milli húsanna beggja megin stræta þessara, sem ofar dregur. Við þetta fyrirkomulag verður og mikið bjartara á strætunum, heldur en þegar húsin eru bygð beint upp, alt að 20 loftum. Búðir gætu verið meðfram efri strætum, eins og þeim, sem á jörðu eru, svo að fólk á efstu loftum húsa þessara þyrfti ekki svo mánuðum eða árum skifti, að koma niður á jörðina. Loftið er og talið þeim mun hreinna og hollara, sem ofar dregur.

"The Park," Brandon, 30. MARCH 1908

¶ Þann 1. Apríl verður verðið á öllum óseldum lóðum í "The Park" landeigninni hækkað um 15 prócent. Það er þegar byrjað að byggja; 1 tvíloftað 5 herbergja hús verður fullgert 15. Apríl, og ýmsir Brandon-búar sem keypt hafa síðan 1. Janúar, þegar salan byrjaði, ætla að byggja nú í vor og í sumar. Þeir sem þekkja eignirnar, hafa keypt frá fjórum til sex lóðir hver.

1. **Munið,** að þetta er land sem verið er að byggja á, og það eykur verð þess. Margir Ruthenians í Brandon, sem ekki gæta keypt fyrr en þeir fá vinnu í Apríl, eru að bíða eftir að geta borgað fyrstu afborgunina í lóðum hér. Mörg hús verða bygð á þessu og næsta ári. Þessvegna er áreiðanlégt að landið hækkar í verði.

2. **Munið,** einnig, að þessar lóðir hafa aldrei fyrr verið til sölu. Þær voru heimilis landeign mín í sl. 2 ár. Margir Ruthenians í Brandon hafa viljað eignast lóðir í "PARKINU", en gátu ekki fengið þær.

3. **Munið,** að lóðir sem þér kaupið með lægra verðinu, hækka 15 prócent í verði í Apríl; og þegar bygt verður hækka þær meira. Lóðir $75.00 til $120.00 hver lóð til 15. apríl, 1908. Eftir 15. Apríl, frá $100.00 til $175.00 hver lóð.

Skrifið í fyrsta bréfi hvað margar lóðir þér viljið fá; hvað mikið þér getið borgað niður og hvað langan borgunartíma þér viljið fá.

Ef þér sendið niðurborgun í fyrsta bréfi sem þér skrifið mér, þá velur Mr. Ferley, og ég sjálfur, lóðir fyrir yður tafarlaust. Ég útfylli öll lagasskjöl fyrir yður ókeypis. **"Torrens Title."**

Utanbæjar fólki sendi ég 2 kaupsamninga skjöl, svo að þeir geti undirritað annað og sent, og haldið afskrift sjálfir.

(¶ Ég hefi bygginga lóðir í Suður- og Vesturhluta Brandon.bæjar. fyrir $150.00 til $200.00 hver lóð.)

John Wadge,

10 Ninth Street, -- Brandon, Man.

eða **Kr. A. Benediktsson,** 477 Beverley St., W'p'g., Man.

eða **K. K. Albert,** 719 William Ave., Winnipeg, Telefón 6409.

Boyd's Brauð

Sérhvert brauð létt og lystugt. Algerlega hreint og holt. Þau eru freistandi fæðutegund. Vagnar vorir skila þeim heim í hús kaup. daglega, hvar sem þeir búa í borginni.

Pantið með talþræði 1030, og reynið brauðin.

Boyd's

Bakery Cor. Spence & Portage Ave. Phone 1030.

Matur er mannsins megin.

Ég sel fæði og húsnæði, "Meal Tickets" og "Furnished Rooms", Öll þægindi eru í húsinu.

SWAIN SWAINSSON, 438 Agnes st.

C. O. F.
Court Garry No. 2

Stúkan Court Garry No. 2, Canadian Order of Foresters, heldur fundi sína í Unity Hall, horni Lombard og Main st., 2. og 4. hvern föstudag í mánuði hverjum.

Allir meðlimir eru ámintir um, að sækja þar fundi.

W. H. OZARD. REC.-SEC. Free Press Office.

Jónas Pálsson
PIANO KENNARI
729 Sherbrooke St. Winnipeg.

G. M. Bjarnason
Málar, leggur pappír og gerir "Kalsomining. Óskar við skifta Íslendinga.
672 AGNES ST. TELEFÓN 6954

ARNI ANDERSON
Íslenzkur lögmaður
Í félagi með
Hudson, Howell, Ormond & Marlatt
Barristers, Solicitors, etc.
Winnipeg, Man.
13-18 Merchants Bank Bldg. Phone 3621, 3622

C. INGALDSON
Gerir við úr, klukkur og alt gullstáss. Úr klukkur hringir og allskonar gullvara til sölu. Alt verk fljótt og vel gert.
147 ISABEL ST.
Fáeinar dyr norður frá William Ave.

FÓLK.
Komið og talið við oss ef þér hafið í hyggju að kaupa hús. Vér höfum þau hús sem þér óskið eftir, með allra beztu skil málum. Finnið oss viðvíkjandi peningaláni, eldsábyrgð og fleiru.
TH. ODDSON & CO.
55 Tribune Blk.
Telefón 2312.
Eftirmenn Oddson, Hansson and Vopni.

J. G. Snydal, L. D. S.
ÍSL. TANNLÆKNIR
COR. MAIN & BANNATYNE
DUFFIN BLOCK PHONE 5302

HANNESSON & WHITE
LÖGFRÆÐINGAR
Room: 12 Bank of Hamilton
Telefón: 4715

BILDFELL & PAULSON
Union Bank 5th Floor, No. 520
selja hús og lóðir og annast þar að lútandi störf; útvegar peningalán o. fl.
Tel.: 2685

BONNAR, HARTLEY & MANAHAN
Lögfræðingar og Landskjala Semjarar
Suite 7, Nanton Block, Winnipeg

Hver þvær og Hreinsar Fötin ydar?

Hvorsvegna að fara í Kína-kompurnar þegar þér eigið kost á að fá verkið gert betur, og alt eins ódýrt, í beztu og heilsusamlegustu þvottastofnun, þar sem aðeins hvítt vinnufólk er haft og öll hreinustu efni notuð. Vér óskum viðskifta ydar.

The North-West Laundry Comp'y Ltd.
Hreinsarar og Litarar
COR. MAIN & YORK FÓN 5178

Viðvíkjandi Hafið tal af Royal Optical Co.

Sjúkdómum Sérfræðingum vorum

Rétt á móti Eaton's búðinni.

327 Portage Ave. Winnipeg.
1293

LESIÐ NÚ!

Vér bjóðum um mánaðartíma hin beztu ekrukaup, sem nokkurntíma hafa boðin verið. Landið er á Main St., norðan bæjarins, liggur að C.P.R. og rakrnagnsbrautunum. Selt í spildum eftir óskum kaupendanna, ein ekra eða meira. Verð frá $200 ekran og yfir, með aðgengilegum skilmálum.

[Framhald hinumegin við Hkr nafnið]

Heimskringla.

Kjörkaup

þessi eru þau mestu, er vér sinni hafa verið boðin, og af því að ekrufjöldinn er takmarkaður, þá ættuð þér að kaupa strax. — Landið er hentugt til garðræktar, gripa eða fuglaræktar.

Skúli Hansson & Co.

Skrifst. Telefón 6478. Heimilis Telefón 2274

XXII. ÁR. WINNIPEG, MANITOBA, FIMTUDAGINN, 7. MAÍ, 1908 Nr. 32

Fregnsafn

Markverðustu viðburðir hvaðanæfa.

Flóð af vexti í Hancow ánni í Kína hafa orðið 3 þúsund manns að bana og gert afarmikið eignatjón.

— Tvö þúsund uppreistarmenn í Armenín hafa rænt og brent 36 þorp þar í landi og drepið yfir 2 þúsund af varnarlausu fólki.

— Baðmullarfélagið í Montreal hefir tilkynt verkafólki sínu, að laun þessi verði færð niður um 10 prósent þann 1. þ.m. Önnur félög í Austurfylkjunum hafa tekið líka stefnu, og er það vottur þess, að minna sé nú um atvinnu í ríki þessu, en á liðnum árum í tiltölu við vaxandi íbúatölu þess.

— Eitt af stóru ábyrgðarfélögunum í Bandaríkjunum bauð nýlega Gray, dómara í Delaware ríkinu 200 þúsund dollara árslaun, ef hann vildi gerast formaður félagsins. Hann neitaði boðinu, og kvað það skoðun sína, að enginn Bandaríkjaþegn ætti að hafa hærri árslaun en forseti Bandaríkjanna.

— Stjórnin í Ontario hefir lækkað tölu hótela og vínsölubúða í Toronto borg, svo að þau eru nú færri, en þau hafa nokkru sinni verið á sl. 50 árum. Rossin House — eitt bezta hótel bæjarins — fékk þriggja mánaða tíma til að losast við verzlun sína.

— Þegar Roosevelt forseti frétti um tjón það, er orðið hafði af völdum fellibylja þeirra, er getið var um í síðasta blaði, sinaði hann ríkisstjóra Noel hluttekningu sína, og bauð að leggja fram alla þá hjálp, sem í sínu valdi stæði til liknar þeim sem orðið hefðu fyrir eignatjóni og líkamlegum meiðslum í ríkjunum Alabama, Missouri, Louisiana og Georgia. Ríkisstjórinn kvað bráðasta nauðsyn á meðulum og hjúkrunarkonum. — Síðar, á sunnudaginn 26. apríl, gerðu fellibyljir stórtjón í Suður Mississippi, og einnig Alabama. Svo er sagt, að nú sé vist orðið, að meira en 1700 manns hafi ýmist týnt lífi eða meiðst í þessum voða fellibyljum, og þó ófrétt enþá frá mörgum stöðum, fyrir þá sök að byljirnir eyðilögðu alla tal og ritsíma þar sem þeir æddu yfir, svo að fregnir berast seint milli staða. Byljir þessir eru taldir þeir verstu, sem komið hafa í Bandaríkjunum síðan árið 1892. Eignatjónið er margra miljón dollara virði, og 8 þús. manns eru sagðir heimilislausir og allslausir, 2500 hús eru eyðilögð — 1200 manns eru særðir og 500 hafa dáið, — alt af völdum hvirfilvindu þessara. Skaðinn varð í 46 þorpum og bæjum alls. Samskot verða vafalaust gerð til að hjálpa þessu nauðstadda fólki eins fljótt og auðið verður.

— Aarsen bar í Svíaríki fer vel með íbúa sína. Þar eru engir fasteigna eða aðrir skattar, og strætisbrauta keyrsla og talþræðir er hvorttveggja ókeypis. Svo er að sjá, sem bærinn eigi landspildu allmikla, sem notuð er til trjáplöntunar, og að af þeirri trjáplöntun eða sölu trjánna, sem gróðursett eru og svo seld til inntekta fyrir bæinn, hefst svo mikið fé inn, að nægir til allra bæjarþarfa, og eru því bæjarbúar algerlega skattfríir.

— Gamli Leo Tolstoy var nýlega 80 ára gamall. Þegar vinir hans færðu honum lukkuóskir, og árnuðu honum langra lífdaga, — mælti hann: "Ég er orðinn saddur lífdaganna, og veit með vissu, að ég dey með ánægju. Alt jarðneskt líf er draumur að eins, um annað æðra og sannara líf, og það líf aftur draumur um enn annað æðra líf, — og þannig gengur það koll af kolli, þar til að lokum, að vér komumst inn í hið síðasta líf, guðslífið. Dauði hinna ungu er sem vöknun áður en fullur svefn er kominn. Dauði þeirra gömlu, sem vöknun eftir fullan svefn, og sjálfsmorð er sem draumórar, sem hverfa úr huguin manna, ef þeir að eins vilja muna það, að þetta líf er svefn og ekkert annað".

— Amerikanskt flutningaskip rakst í blindhríðarbyl við Englands strendur þann 26. apríl á brezkt herskip og sökti því. Þar létust 25 enskir hermenn. Nokkrir komust lífs af til lands, og öðrum, sem særðust varð bjargað.

— Forsætis ráðherra Price í Suður-Ástralíu hefir nýlega flutt ræðu á Englandi. Í henni sagði hann Bretum, að þeir mættu búast við, að verða innan fárra ára að hafa skipverjum á vígvellinum, því þeir mættu ekki vænta þess, að halda lýðlendum sínum öllum eingöngu með því, að láta fána sinn blakta á stöngum. Það virðist vera orðin bjargföst trú manna um heim allan, að stríð sé óumflýjanlegt milli Kinverja og Evrópuþjóða innan fárra ára.

— Nýlega hafa tveir Norðmenn klifrað upp á eitt af Alpafjöllum, sem nefnt er Kabru-fjall. Þeir komust upp 29 þús. fet yfir sjávarmál, og er það talsvert hærra, en nokkrir fjallgöngumenn hafa áður komist.

— Herstjóri Breta á Írlandi hefir bannað öllum mönnum undir sínni stjórn að reykja cigarettur. Segir hann að þær eyði heilsu og krýftum manna og geri þá þollausa og skammlífa.

— Jarðhrun mikið varð við þorp eitt í Quebec fylki seinast í apríl. Fólk var í fasta svefni, er skriðan hljóp fram á þorpið, og gróf 7 hús algerlega, og létu þar allir íbúar þeirra líf sitt, alls 34 manns. Þorp þetta stóð í fjallshlíð, og vatnsagi losaði svo um jarðlagið, að skriðan varð afar stórkostleg. En þorpið var mjög strjálbygt og þessvegna urðu ekki fleiri hús fyrir skriðunni. Fréttin segir, að með vissu verði ekki sagt, hve margt manna hafi farist fyr en búið er að grafa húsin upp úr skriðunni, en heimilisfastir menn í þeim voru 34, sem víst er um, að allir hafa farist. Einstöku meðlimir af sumum fjölskyldunum komust undan.

— Á orði er, að Laurier stjórnin ætli að fara að ráðum Conservativa, að gera alla stjórnarþjónustu (Civil Service) óháða pólitiskum áhrifum. Undir núverandi stjórn er þjónustan komin í svo mikla niðurlægingu, að stjórnin sér sér ekki annað fært en að gera þær umbætur, sem andstæðingar hennar í þinginu hafa farið fram á á yfirstandandi og undanförnum þingum.

— Söðlasmiður á Spáni, að nafni Raouf, vinnur daglega að handverki sínu í borg einni þar og er þó orðinn 133 ára gamall. Faðir hans varð 142 ára gamall, og þessi sonur hans vonar að lifa til þess sama aldurs.

— Eitt af herskipum Japana sökk nýlega á höfninni í Makan og mistu þar 200 manna lífið, en 150 varð bjargað. Vél sprakk í skipinu rétt þegar það var að kasta akkerum þar á höfninni, með þeim afleiðingum, sem áðurnefnt er sagt.

— Gullbyrgðir heimsins eru á yfirstandandi tímum taldar að vera 6 þúsund miljónir dollara. En öll heimsframleiðsla þess frá því sögur fara af hefir verið nær 12 þúsund miljónir dollara. Af þeirri upphæð hafa hin ýmsu lönd framleitt eins og hér segir:

Bandaríkin	3,040	miljónir
Ástralía	2,720	"
Rússland	1,500	"
Columbia	950	"
Afríka	950	"
Brazilía	800	"
Mexico	350	"
Canada	260	"
Bolivia	220	"
Peru	130	"
Indland	130	"
Önnur lönd	250	"
Fornaldar framleiðsla	100	"

Af þessu er auðsætt, að helfingur framleiðslunnar er annaðhvort týndur eða falinn, eða hefir verið notaður til skrautgripa smíða. Árleg gullframleiðsla þessara tíma er talin 400 miljónir dollara. Af því eru peningar slegnir úr tveimur þriðju hlutum. Hitt er notað til skrautgripa.

— Allur helfingur af íbúum Emerson bæjar eru úti með byssur í leit eftir nokkrum grunsömum náungum, sem þangað komu nýlega til bæjarins, og álitið var að væru þeir sömu, er nýlega sprengdu upp peningaskáp í banka einum í bænum Stephen í Mánnesota og tóku þar 8 þúsund dollara. Þrír þessara manna náðust á bóndabýli skamt frá Emerson, og á einum þeirra fundust $60 í gulli og nokkrar dynamit stengur. Náungum þessum var varpað í fangelsi og nú verið að leita að hinum. Talið víst, að þetta séu þeir, sem rændu Stephen bankann.

— Fyrsta hátt stórhýsi (300 feta hátt), er verið að byggja í Liverpool á Englandi. Fyr hefir bæjarstjórnin ekki viljað leyfa byggingu slíkra húsa þar.

— Danir hafa myndað félag til þess, að kaupa hesta á Íslandi, og selja þá til bænda í Danmörku fyrir léttings keyrsluhesta. Um 400 hestar höfðu verið keyptir í fyrra og sala þeirra í Danmörku gaðst svo vel, að félagið ætlar að sögn að kaupa 2 þúsund hesta á þessu sumri til útflutnings frá Íslandi. Mikil eftirsókn er eftir íslenzkum hestum í Danmörku, og verð á þeim þar svo hátt, að félagið telur verzlunina borga sig vel. Það hefir fengið sérstakt hraðskreytt gufuskip til þessara flutningsferða, og kveðst flytja hrossin frá Íslandi til Kaupmannahafnar á 5 sólarhringum.

— Hermáladeild Breta hefir látið smíða nýtt skip til þess að flytja Prinsinn af Wales til Quebec í sumar. Skipið er svo langt til fullgert, að það hefir verið sett á flot og vélar þess reyndar. Það skreið 28 sjómílur á klukkustund, og þótti það góður hraði með nýjum vélum.

— Ontario fylki er að taka 4 miljón dollara skyndilán, 2 miljónir er þegar fengnar um 6 mánaða tíma með 3 prósent árlegum vöxtum. Englandsbanki geldur þá vexti, og við það var vaxtaupphæðin miðuð.

ÍSLANDS FRÉTTIR.

Þrír botnvörpungar voru nýlega teknir fyrir ólöglegar fiskiveiðar við strendur Íslands, og hver sektaður 1200 kr. Skipin voru frá Englandi, Frakklandi og Þýzkalandi. Veiðarfæri og afli gert upptækt. — — Eyðavatn segir Bergur Helgason, skólastjóri á Eyðum, að megi þurka upp að svo miklum mun, að 3 til 4 hundruð dagsláttur slægjuland græðist, er gefi árlega 1500 hesta af hey. —— Iðnaðarmanna klag nýstofnað á Seyðisfirði, undir forustu Hermanns Þorsteinssonar, bæjarfulltrúa. Um 30 eru í félaginu, sem þegar er byrjað að undirbúa undir iðnaðarsýningu, sem haldast skuli á komandi sumri. —— Davíð Scheving Thorsteinsson, læknir á Ísafirði, hefir stofnað félagsdeild Heilsuhælisins, með 350 félagsmönnum, er greiða nær 450 félags tillög. Auk þess hefir Karl Olgeirsson, verzlunarstjóri, gefið 100 kr. til Heilsuhælisins, og kvenfélagið "Ósk" gaf 267 kr. —— Í fiskiróðrum drukknuðu 4 menn á Loftsstöðum eystra þann 2. apríl, í brimlendingu. Aðrir af skipshöfninni björguðust. —— Botnvörpungur íslenzkur aflaði nýlega á fáum dögum við Vestmannaeyjar 30 þús. fiskjar, og annar botnvörpungur, einnig íslenzkur, tróðfermdi sig neðan þilja á sömu fiskistöðinni, á 4 til 5 dögum. —— Rosatíðin á Suðurlandi hefir valdið margháttuðu manntjóni á bátum Sunnanlands. Átta menn drukknuðu af báti á Stokkseyrarsundi í brimróðri þar, allir um tvítugsaldur og dugandi menn. —— Vélabátur fórst frá Vestmannaeyjum þann 1. apríl. Öll skipshöfnin, 6 manns, fórst, og báturinn hvarf með öllu, og hefir ekkert til hans spurst. Formaður var Árni Ingimundarson. —— Tveir menn drukn uðu af báti undan Látlasandi á Hvalfjarðarströnd, hvolfdi undir þeim. Mennirnir komust á kjöl, en varð ekki bjargað úr landi. Þeir voru báðir úr Reykjavík. Annar þeirra var Jón Jónsson, uppeldissonur Sigfúsar Eymundssonar.

TEMPSÁ

Við slakar festar fljóts í ruggum
sér fleyin vagga í hverjum bás
og hjólgnoð sólnar sunds á uggum —
en súðir hvísla að vatnsins skuggum.

Einn gufubarki hvæsir hás
og hróðarysju á rökkrið andar;
í flóðsins djúpu, dimmu rás
sér dýfir bringa og snýr til strandar.

Af nótt er hálfur vængur vafinn
um vesturloftsins þokuhlið,
þar dagstund húms við hurðir tafinn
sér hallar göngumóð á stafinn —
og stendur eina andrá við.

— Í óskuglóðum bálið hnigur.
Svo óskar kvöldið öllu frið
og yfir skuggans þröskuld stígur.

Í mjúkum hrukkum móðufeldsins
nú mótast svipir skimu og eims.
Þeir bregða lit í bjarma eldsins,
við brú og stétt, frá ljósum kvelds ins,
sem eins og raðir englasveims
í öldumyrkrið höggva sverði;
en falinir andar undirheims
með ólug ljósvopn standa á verði.

Um Tempsarstað hjá tötramúgi
nú tekur nóttin dagsins arf.
Þar kolablakkur byltist grúi,
og borgin andar þungum súgi
um allar gættir. Útí er starf,
en yzt í hverfum þys og nöldur
þar brautaþrumur bruna á hvarf,
sem brotni í fjarlægð langar öldur.

Öll náttúran er vafin viðjum;
hún vinnur fyrir lífsins hirð
með smurða limi að ótal iðjum
með augu blind í námu og smiðjum.

Í vélar eins er eldsál byrgð.
Þær anda, hrærast, skifta um efni,
og járnbrjóst stynja í jarðar kyrð
sem jötnar hrjóti og rumski í sveini.

Hér er sem steinatungur tali
um trú þess sterka á kraftsins rétt,
um týndar grafir, gleymda vali
sem gyltu Englands veldissali —
en áþján, grimu frelsis flett,
á fræðarvarða og merki stari
og lúti á hverri stöpulstétt
að styttukuldans harða svari. —

Og alt er sveipað sigurrósum —
þá sveiga bundu kúguð lönd.
Í bleikum, strjálum strætaljósum
rís steinlikið frá Nílarósum
með voðasvip við vatnsins rönd.
Sem varnaðsteikn frá dauðu riki
þar lyftir fingri heljarhönd
til hinna, úr miljónanna dýki. —

Hér mókar einn í myrkraskóti
hjá marinaranum — húsvilt barn,
í draums síana dýrðarsloti.
Þeim drengjum skipast her og floti.
Til útburðanna um armóðs hjarn
sem eiga að verja staði og lýði
er leitað djúpt í skugga og skarn
að skjaldsveinum í friði og stríði.

— Tvö hjú á grjótsins hörðu stóllum
sig hnipra í glampa auðs og prjáls
En vagn ber að á hljóðum hjólum
með hefðarskraut á spöng og ólum.

Sem örskot birtist hvítur háls
og herðalín við ökukarminn
og þýður ómur manamáls
og mitti lagt í karlmanns arminn.

Hér berst og iðar heimsins hjarta,
hér hrærist dælan gulls og blóðs,
er inst við rætur ormar narta;
en æðin slær við bakkann svarta
svo hljótt með lífstraum ljóra og flóðs,
þar Fara'ós skuggi er sem bendi
um reikningsskap hins ríka sjóðs
til reningjans — með kross í hendi

Hve djúpt sökk Gozens dýrð í eyði;
þess drottinn varð að hlýðnum þjón
og veiklað fálm þess voldug reiði.
Hér varðinn stendur af þess leiði.
En kvnjadisin, kona og ljón,
með krepta hramma og léttar brúnir
með hópnum blinir blindri sjón
í bautasteinsins helgirúnir.

— — Í fljótsins nið er hölgi af harmi
sem hver þess dropi væri tár.
Sem andvarp stigi af borgarbarmi
frá bleikri sjón á tærðum armi
svo liðar blærinn sorgarsár
í svarta, þögla næturhafið,
þar gerfi dags um daprar brár
í djúpið er til morguns grafið.

Einar Benediktsson.

Erfingja vantar

Micah Northman, Íslendingur, andaðist 8. janúar 1908, og eftirskildi nokkrar eignir. Skyldmenni hans eða vinir eru beðnir að rita F. M. LOOMIS, skiftaráðanda, Ketchikan, Alaska.

Cleveland Rambler **Massey Imperial** **Brantford Perfect**

Þegar þér kaupið reiðhjól, þá sjáið um, að fá eitt af þeim ofantöldu. Engin betri eru búin til, og aðgerðir mjög auðvelt að fá í Winnipeg. Vér höfum alt af sömu hjólategundir — þær sem hér eru nefndar — og gérðar eru í verksmiðjum vorum. — Spyrjið hjólsalann í bæ yðar, og ef vér höfum ekki umboðsmann, þá skrifið oss eftir verðlista.

CANADA CYCLE & MOTOR COMPANY, LIMITED, WINNIPEG

Hvað guðfræðingurinn segir.

Blaðið Ísafold ræðir um síðasta hefti af tímaritinu Skírnir, og meðal annars um grein í því eftir Harald Níelsson, cand. theol., er hann nefnir "Prédikarinn og bölsýni hans". — Af því að mörgum hér vestra er sjálfsagt forvitni á að vita, hvað þessi guðfræðingur, — sem talinn er að vera einna kærðastur allra íslenzkra guðfræðinga, sem nú eru uppi, — segir um þetta mál, þá tilkerum vér hér orð blaðsins og orð höfundarins, sem auðkend eru með tilvitnunarmerkjum.

Blaðið segir: Prédikarinn er eitt þeirra rita Gamla testamentisins, sem einna mest er í varið. En fult af andstæðum mótsögnum. Höf. færir til þess mýmargar sannanir, að óhugsandi sé, að ritið sé samið af einum manni; um í það hafi ýmsu verið bætt síðar, til að varpa réttttrúnaðarblæju yfir bölsýni höfundarins. Af því stafi andstæðurnar. Og á þeirri skoðun eru allir merkustu biblíufræðingar nú á dögum, að misminandi trúarskoðunum sé haldið fram í ritum biblíunnar. Og hið sama gerir Haraldur Níelsson, "Gamla skoðunin", segir hann, "sú, að ritningin sé ein heild spjaldanna á milli, óskeikult "GUÐS ORÐ" — hún styðst við vanþekkinguna eina og forna trú á þetta ritsafn. — En vér eigum EKKI að trúa á bibliuna. Vér eigum að trúa á guð og treysta honum. En ritninguna eigum vér að rannsaka og þekkja."

Ánægjulegt er, segir blaðið, til þess að vita, að einn helzti guðfræðingur landsins skuli vera svona FRJÁLSLYNDUR maður, maður sem heldur því fram, að þekkingin gangi ekki aðrar brautir en þær, sem rannsóknarfrelsið ryður henni.

Hvernig skyldi réttttrúnaðarprestunum vestur-íslenzku lítast á blikuna?

PURITY FLOUR

AÐ BAKA BEZTA BRAUÐ

er meira en vísindi og meira en list.

En það má gerast fljótlega og áreiðanlega með því að nota

PURITY FLOUR

Það er malað úr bezt völdu Vestur-Canada Hörðu Hveitikorni; er algerlega hreint og svo ilmandi kjarngott.

ALLIR ÍSLENZKIR KAUPMENN SELJA ÞAÐ

WESTERN CANADA FLOUR MILLS CO.,
LIMITED.
WINNIPEG, —— CANADA.

Íslendingadagurinn 1908.

HÉR MEÐ eru allir Íslendingar í þessari borg, kvenfólk jafnt sem karlmenn, (hér hafa þær óskert réttindi) boðaðir til að mæta á fundi, sem haldinn verður í Goodtemplarasalnum NEÐRI, Mánudagskveldið 11. Maí n. k., til að ræða um íslendingadagshald í sumar; kjósa nýja nefnd mfl.

Reikningar dagsins frá síðastl. sumri verða lagðir fram á fundinum, til athugunar og samþyktar. Fundurinn byrjar kl. 8 síðdegis, og fólk ætti að muna efir að sækja hann vel.

Í umboði Íslendingadagsnefndarinnar 1907,

A. J. JOHNSON,
pt. skrifari.

Wpg, 29. april 1908.

HEIMSKRINGLA
Published every Thursday by
The Heimskringla News & Publishing Co.

Verð blaðsins í Canada og Bandar $2.00 um árið (fyrir fram borgað).
Sent til Íslands $2.10 (fyrir fram borgað af kaupendum blaðsins hér $1.50.)

B. L. BALDWINSON,
Editor & Manager

Office:
729 Sherbrooke Street, Winnipeg
P.O. BOX 116. 'Phone 3512.

Landsölu gróði

Blaðið "Mail and Empire" getur þess þann 25. apríl, að upp hafi komist í Ottawa um stóran fjárgróða, sem nokkrir menn hafi fengið með því, að kaupa lönd, sem þeir vissu að Laurier stjórnin ætlaði að kaupa, og selja þau svo til stjórnarinnar með meira en tvöföldu verði.

Einn þessara manna heitir Henry Kern, hóteleigandi í bænum Moose Jaw í Saskatchewan. Hann hafði lag á að komast að því, að kaupa hjá bænum 5 Sectionar-fjórðunga af landi, undir flutningsstöðvar sínar þar, og fékk að vita með áreiðanlegri vissu, hvaða fjórðunga stjórnin ætlaði að kaupa. Hann lét því hendur standa fram úr ermum, og festi kaup í þessu landi. Fyrir 2 fjórðungana borgaði hann 40 búsund dollara, og fyrir hina 3 fjórðungana 59 þúsund og 200 dollara, eða alls fyrir alla 5 fjórðungana $99,200.00. En ekki var hann fyr búinn að tryggja sér land þetta heldur en hann samdi við Laurier stjórnina um, að selja henni landið fyrir $222,000.00 — TVÖ HUNDRUÐ TUTTUGU OG TVÖ ÞÚSUND DOLLARA —. Á þessu græddi hann því nálega 123 þúsund dollara, en ríkið var látið tapa þeirri upphæð.

Samskyns landverzlun gerði Laurier stjórnin í Moncton, N. B. Hún þurfti að fá þar landspildu undir byggingar fyrir Intercolonial járnbrautina. Herra Lodge komst að þessu í tíma til að geta smeygt sér inn á milli stjórnarinnar og þeirra, sem landið áttu. Hann fletti sér til eigendanna og samdi um, að kaupa landið fyrir 5 þús. og 75 dollara, en seldi það svo strax aftur til stjórnarinnar fyrir $13,880 — ÞRETTÁN ÞÚSUND ÁTTA HUNDRUÐ OG ÁTTATÍU DOLLARA. Lodge græddi þar rífléga fúlgu, en ríkissjóðurinn varð að líða tilsvarandi tap.

Enn annað landkaup var gert í Halifax. Þar þurfti stjórnin að kaupa landblett undir hringhús fyrir braut sína. Herra B. F. Pearson í Halifax komst að því, að þarna var gróðavon. Hann keypti því fyrir $18,588 land það, sem hann hafði fengið vissu fyrir, að stjórnin ætlaði að kaupa, og seldi henni það fyrir $45,400.00 — FJÖRUTÍU OG FIMM ÞÚSUND OG FJÖGUR HUNDRUÐ DOLLARA. — Á þessu græddi hann $26,812, en ríkissjóðurinn tapaði þeirri fjárupphæð.

Á þessum 3 landkaupum var því ríkissjóðurinn látinn TAPA $197,417.00, eða nálega TVÖ HUNDRUÐ ÞÚSUND DOLLARA.

Herra Lodge í Moncton hefir gert fleiri landkaup, sem hann hefir grætt vel á, með því að verzla við stjórnina. En þessi 3 dæmi, sem hér hafa nefnd verið, sýna, að sú gætni er ekki viðhöfð á ríkissjóðsfé, sem vera ætti. Því eins vel hefði stjórnin mátt spara þessa 200 þúsund dollara, sem stungið hefir verið í vasa þessara 3 manna, ef ráðgjafar þeir, sem hlut eiga að máli, hefðu látið sér nægilega ant um, að vernda hagsmuni ríkisins eins og embættisskylda þeirra heimtar að þeir hefðu gert.

Í raun réttri benda þessi dæmi á tvöfalt brot á embættisskyldu ráðgjafanna. Í fyrsta lagi í því, að láta berast út til flokksvina eða annara borgara nokkuð um þær áætlanir, er frjókraftur innar óskemdur, og hita-vatnsins má ekki stiga yfir 135 st.° F. og eigi falla niður fyrir 130 stig. Þurfi maður að hreinsa útsæði svo mörgum bush. skifti, hefir maður tvö vatnsilát á eldi, í öðru þeirra hefir maður hitann 110—130 st., en í hinu 132½ stig, sem fyrr segir. Svo tekur maður fræið í einhverju hripiláti, svo sem strigapoka og dýfir niður í volga vatnið, til að ryðja kuldanum úr fræinu, og síðan setur maður það niður í brunavatnið. Að hafa þannig tvö vatnsilátin, gengur manni hægara að halda réttum hita í aðalilátinu. Til þess að vera viss um, að hvert korn blotni sem bezt, lýstir maður sekknum með fræinu í alt af við og við upp úr vatninu, er orsakar hreyfingu, sem gerir vatninu auðveldara, að smjúga á milli kornanna. Þess verður vel að gæta, að hitinn stigi ekki yfir 135 stig og falli ekki niður fyrir 130 st. Þessa er mjög auðvelt að gæta, hafi maður góðan hitamælir og heitt og kalt vatn við hendina til þess að auka eða minka hitann eftir þörfum. Rúmmál sekksins eða ílátsins, sem maður hefir fræið í, má ekki vera meira en sem svarar einum sjötta af rúmmáli vatnsilátsins. Þess verður einnig að gæta, að sekkurinn sé ekki alveg fullur, svo hreyfing sé sem friust á fræinu.

Ketill: Hversu er hey hér til kosta? Er það eins kjarngott eins og íslenzkt hey, og er heyfall hér mikið og gott?

Atli: Gras er hér ei svo kjarngott sem á Íslandi. Óræktað hey hér kemst ekki í neinn samjöfnuð við gott úthey á Íslandi, og bezta hey ið hér, sem er smárinn, kemst ei í námunda að kostum við hina ilmandi kraftgóðu íslenzku töðu. En hvað seinni spurningunni þinni viðvikur, get ég sagt, að grasfall er hér mikið. Gras er hér djótvaxið og þar af leiðandi grofgert. Landbúnaðar skýrslur hér sýna arlegt verð heyaflans um og yfir $1,000,000,000; en um 300 milión dollara meira virði en hver önnur einstök grein landsafurða. Náttúran hefir skreytt jörðina með svo fjölbreytilegu grasskrúði, að það fullnægir til hlítar þörfum grasbitsins. Vísindaleg rannsókn sýnir, að fóður gripa þurfi að samaastanda af einum sjötta vöðva og holdgjafa efni, en fimm sjöttu fitu og hitaefnis. Fyrir þá sök, að gripirnir þurfa margbreytilegt fóður sér til viðhalds, er vilti haginn betri en sá tamdi. Sá vilti hefir fjölgresið, sem skepnur þarfnast, sá tamdi oftast að eins eina grastegund, þegar bezt lætur 6. En í villta haganum finnum við frá 30—50 mismunandi plöntutegundir.

Ketill: Þið hafið í mörg horn að líta bændurnir.

Atli: Já, landbúskapurinn er umsvifamikill og viðtækur, og nú, af fræðimönnum, metin sú viðtækasta allra vísindagreina. Allir sannir stjórnmálamenn og fræðimenn, láta sér ant um vöxt og viðgang bændastéttarinnar. Þeir sjá og viðurkenna, að því meiri andlegum þroska, sem bændastéttin nær, því betur er velsæld og öllum þrifum þjóðarinnar borgið. Enginn bóndi skyldi nokkru sinni láta slíka litilmensku í ljósi, að hann blygðist sín fyrir stöðu sína, því bændastéttin er móðir allra annara stétta. En það er líka skylda bóndans, að vera sómi sinn ar stéttar en ei aukvisi. Mikilmennin bera ætíð merki starfseminnar á höndum og höfði. Þau merki eru svo glögg, að engum villist á þeim og ómennis letingja merkjunum. — "Fram, fram, bændur og búalið!"

ÚR SUÐRINU.

Fyrirlestur eftir
Lárus Guðmundsson.

[Framh. frá síðasta blaði].

Frá St. Louis tók ég Chicago og Alton brautina til Chicago, og tók sú ferð norður 7—8 kl.tíma. Það er, að kalla má, eingöngu farið yfir Illinois fylkið, sem er afarstórt, fagurt og frjósamt. Alt, sem augað eygir, rennslétt, og hver einasti blettur yrktur og undirlagður af mannshöndinni, jörð hvervetna að sjá dökk og frjó í ökrum, enda er Illinois ríkið talið langt á undan öllum pörtum þessa mikla meginlands að framleiða mais. Hvervetna reisuleg hús og fögur bændabýli að sjá á allri þessari leið, svo að ég hefi aldrei séð jafn óslitið og jafnt á komið fyr á ferðum mínum, enda hlýtur það fylki að vera afar auðugt, með sinni óskaplegu risaborg Chicago. Í því fylki er ekki hægt að fá ekru lægra en 200 dollara. Í Chicago stóð ég við í 4 kl.tíma, frá kl. 6 til 10 um kvekið, að lagt var af stað til Duluth. Ég ætla ekki að þreyta neinn á því, bð fara að lýsa, eða róttara sagt, reyna að lýsa þessu borgartröllí. Ég hefði þurft mánuð, og meir, til að smíða stiga, sem náð hefði upp undir nefið á þessari tröllkonu heimsins, til þess að tök hefðu orðið á því fyrir mig að sjá andlitsfegurðina, sem sjálfsagt er stórfengileg og svipmikil. Það er ekki skáldleg og því siður líklega hyggileg hugmynd. En mér fanst þessi borg og borgarbragur allur með sínum ógurlega æðisgangi koma mér fyrir sjónir líkt og ég í ungdæmi mínu hugsaði mér tröllskessu. Að þarna væri komin ógurleg tröllskessa, á grjóthörðum stakki ofan á með læri, öskuvond og bálreið út af prettum manna, vonbrigðum og fjármissir. Leindi sig svo alla utan með öskri og óhljóðum, braki og brestum í stakkinum. Og bráðókunnugan ferðamann hlýti að taka það töluverðan tíma, að geta áttað sig á því rétta, hvort þessi voðalega veraldarinnar skessa væri nú eiginlega með fullu viti, eða þá hringlandi vitlaus.

Ég hafi nokkuð víða farið og séð stóra bæi og borgir. En í samanburði við Chicago er alt smáræði. Bæði sunnan og norðan linunnar eru allir bæir og borgir kyrlát og friðsæl bændabýli, sem gömul sómahjón búa á og hafa lengi setið, fram í heiðadrögum eða afdölum Íslands, og friðurinn og kyrðin þar í samanburði við umferðina og óhemjuganginn í Chicago, er heiðrik sumarnótt hjá Steingrími: "Stilt með ströndum öllum, stafar vog og sund", o.s.frv. Mér þótti gaman, að vera það sárlitið fróðari, að hafa komið til þessarar heimsfrægu stórborgar, sem er orðin þriðja eða fjórða í röðinni að ofan. En ég varð líka feginn, að komast þaðan sem fyrst í burt. Ekkert var þar í þeim stóru og fögru járnbrautarstöðum, sem gat þolað samanburð við St. Louis, og allur beini, sem ég keypti þar fyrir fólk mitt, meira en helmingi dýrari en þar. — En mjög mikið sárnaði mér það, að geta ekki fundið Dr. Sig. Júl. Jóhannesson og herra Arnór Árnason, sem þar eru, og gerði ég þó margar tilraunir til að reyna að finna nöfn þeirra og heimilisfang á nafnaskrá borgarinnar. Ég fékk í lið með mér lögreglupjóna, sem stóðu þar á næsta götuhorni, sem voru að reyna að aftra því, að einn ræki sig á annars horn, — en hamingjan góð, það var alt annað en létt ur leikur. Við fórum inn á nokkrar lyfjabúðir, en alt varð árangurslaust. Nöfn þessara gömlu vina minna hafa líklega verið skrásett í öðrum deildum borgarinnar. — Það var hálfgerð kuldanepja þetta kveld í Chicago. Og þessir góðu lögreglupjónar tóku það ekkert illa upp fyrir mér, þó ég byði þeim dropa til að velgja á þeim brjóstið, og svo skildum við í mesta bróðerni.

Ég kved svo Chicago með öllum hennar afskaplega auð og skrauti, og afskaplegu fátækt og nekt. Og mjög líklegt er það, að fáum eða engum sé til hlýtar kunnur sá afskaplegi mismunur, sem þar á sér stað á kjörum mannanna. Þarna er ekki drottinn einn að skamta og útbýta, sá hlutur er áreiðanlega viss. Þar hafa mennirnir hönd í bagga með.

Ég fer nú fljótt yfir sögu úr þessu. Ég fór kl. 10, sem áður er sagt, af stað með St. Paul, Chicago og Omaha brautinni. Nóttin var dimm sem fyrri og ekkert bar markvert við á þeirri leið. Fyrsta snjóföl, sem ég sá á vetrinum, var þegar ég var kominn langt norður í Wisconsin ríkið. Og það var því líkast, sem við sæjum þar gamlan kunningja, og litla Dóra min hropar upp: "Nei, bara sjáðu, pabbi, blessaðan snjóinn, og þarna er hann, og nú á ég enga skauta, þegar ég kem til Duluth".

Klukkan 12 á hádegi stigum við á gömlu stöðvarnar í Duluth, eftir meir en tveggja sólarhringaferð með járnbraut, og var ágætlega tekið af mági mínum og vinum, sem mættu mér þegar lestin kom. Þá var líka þörf á hvíld og hressingu, því fátt er meira lýjandi, en ferðast sólarhringum saman á járnbraut, — eða svo finst mér.

Ég er nú búinn að gefá yður hugmynd um allan þennan óraveg, suður. Og þá er næst að lýsa högum og háttum þar syðra eins vítt yfir og eins rétt og mér er hægt.

LANDSLAG OG BÚSKAPUR.

Þegar suður kom til Mississippi, var endastöðin lítill bær þar, er Buckatunna nefnist. Þaðan eru 3 mílur til Chicora og keypti ég keyrslu þar á milli, og dvaldi ég aðallega allan tímann í þessum siðartalda bæ. Þessir bæir eru báðir í suðurparti ríkisins, eða um 60 mílur norður frá Mexico flóanum. Landslag er þar alt yfir mjög sendið og eintómar mishæðir, — ekki nema á stöku stað, sem finnast verulega stórir sléttublettir. Hæðirnar eru víða háar og land allvíða sundurskorið með lækjum og sýkjum og ám. Einnig má þar alt yfir finna uppsprettur vatns, og er vatnið hvervetna fremur gott og hreint, og sama er að segja um alt vatn þar, hvort heldur er í brunnum, uppsprettum, ám eða lækjum, að það er allstaðar mjúkt, líkt því, sem vér höfum á Íslandi, og jafngott til þvotta og neyslu. Ekki "harðvatn" eins og vér höfum vanist hér nyrðra. Einungis er sá galli eða breyting hér á, að allstaðar er vatn hálfvolgt. Og gerir engan minsta mun, hvort vatnið er tekið úr 30 feta djúpum lokuðum brunni eða á yfirborði jarðar, og öldungis sama er með það vetur og sumar. Land er þarna alt yfir skógi vaxið. En þar sem þessar hæðir eða öldur eru ræktaðar og skógur allur afgöggin, þvæst jörðin út, og verður að 4—5 árum liðnum hvítur ægisandur. Auðvitað helst frjómagn jarðarinnar lengt um lengur við í laut um og sléttum. Samt hefi ég fulla ástæðu til að halda, að jörð sé þar endingarverri en annarstaðar, tökum þess, hvað hún er sendin, nema því að eins, að hún væri árlega bætt með áburði. Samt mun ótrúlega mikið hjálpa þar öllu jurtalífi hiti og regn, sem hvort tveggja er í stórum stíl.

Þannig mun að miklu leyti lands lagi háttað í öllum suðurparti og miðbiki ríkisins, en norðurpartur inn er sléttari og jarðvegur "rikur", enda eru þar sumstaðar stórir bómullar kongar, sem eiga þar lönd og aðsetur. Þarna um pláss er sem sagt skógur mikill og fjölmargar tegundir af honum. En aðallega og mestmegnis er það 'Jellow Pine', svellharður viður raudleitur, ekki óáþekkur Tamrac eða íslenzkum rekaviði. Hvort það er tegund af fjallafuru eða hvað annað, veit ég ekki. En ég veit það, að ekki er hægt að vinna þann við til smíða nema með verkfærum af beztu gerð. Þessi tré eru mjög fögur, oftast þráðbein og há sem skipsmöstur, með fagurgræn lauf allan árshringinn. Eftir þessum trjám er aðallega sótt af viðarsölufélögum, og á allan hátt, með heimskulegri græðgi, er kepst við að eyðileggja þau og uppræta. Þessi tré hafa líka annað til sins ágætis en fegurð og nytsemi til bygginga. Þau eru afarfeit af terpentínu, og fyrir þá skuld óhemju ósköp verið af þeim upprætt og eyðilagt. Þannig er því háttað, að sennj part vetrar (í marzmánuði), er sagaður og höggvinn stallur inn í tréð — vaglskorið — hérumbil 4 fet frá rót, og eldur kveiktur til að verma tréð. Þá rennur þessi fita eða óhreinsaða terpentína úr trénu niður í ilát, sem er á stallinum og þannig fylla bændagarmarnir sin mæliker, og fyr en eitt tré er úttæmt, er áður byrjað á öðru, og þannig koll af kolli. Ég sá mikið af þessum blóðsugu vegsummerkjum, því fyrir fáum árum síðan gevsaði þar suðurfrá ákaflegt sterkviðri heila nótt. Þá gátu ekki þessi veiku og særðu en himinháu og fögru tré staðið á móti eða þolað afl og þunga þessa voða storms, og hrundu því niður unnvörpum, og eru þar alt yfir heilir flákar og lönd, sem ekki eru færkæ yfirferðar fyrir þessum dauða val af fegurstu og sterkustu hetjum jarðarinnar. Og orsökin er: smámunaleg sultargræðgi heimskra manna. Og þarna má valurinn liggja, þessi dauðabreiða í faðmlögum hvað um annað, þar til alt verður að lokum uppétið af ormum og fúa.

Íslendingum er láð, að hafa eyðilagt aumingja smáa kjarrskóginn sinn, og þjóðin þar heima finnur sárt til þess og vill nú fegin bæta úr því með ræktun og friðun, og á allan hátt bæta fyrir sínar fyrri yfirsjónir. Enn hér í álfu sýnist ekkert vera hugsað um, þó engum viður verði til í landinu að hálfri öld liðinni, hvorki til húsagerðar, eða eldsneytis. Mér sárnaði að sjá þessi vegsummerki þar syðra. En hvað er um að ræða: frelsið, frelsið, manninum leyfist alt: Að fara með gáfur guðs og náttúrunnar eftir eigin vild. Allstaðar innanum þennan niðurliggjandi og eftirlifandi skóg var kafgras. Því þótt jörðin sé hvervetna sendin, þá fellur svo mikið lauf niður árlega, að slikt meir enn bætti upp það sem úr rann og eyddist. Vér hér norður frá, sem erum vanir skógum, höfum enga hugmynd um það óskapa gróðrarmagn og laufskrúð, sem þar getur hangið á einu tré. Það er þykkur flekkur þegar það fellur niður. Og jafnvel þó lítið væri þar um stórar sléttur að ræða, þá mátti víða fá þar hey, og vinna með vélum, ef til hefðu verið, og hugsun og landsvenja ekki brotið í bága við.

(Framh.),

SAMTAL UM BÚSKAP

Eftir ORRA

III.

Ketill: En hvernig farið þið bændur að því, að viðhalda frjósemi jarðarinnar?

Atli: Með frjóbætir keyptum, eða heimagerðri mykju. Búnaðarskólar og tilraunastöðvar hafa komist að þeirri niðurstöðu, að sáu á hverju ári breidd 4 tonn af mykju á hverja ekru, þá bæti það að fullu, með tilhjálp loftsins, það, sem afurðirnar taki úr moldinni af "potash" og "nitrogen". En það ema, er til þurðar gengi, þrátt fyrir mykjubreiðsluna, sé "phosphoric acid", er allajafna smáeyðist, þar til menn verða til fulls varir við missirinn, sem nú sjást glögg merki til í öllum áttum, í norðri, suðri, austri og vestri. Þegar svo er komið, verðum við að fylla það skarð upp aftur, annaðhvort með því, að hvíla landið, brúka það ekki, eða þá með til þess gerðum efnum, svo sem brendum beinum, "phosphoric guano", uppleystum steintegundum og ýmsum öðrum efnum. Ef við kaupum þessi efni, þurfum við að borga fyrir þau frá $15—$20 fyrir hvert tonn. Ef við svona við og við blöndum þessum efnum saman við mykjuna, þá er spilið unnið, frjókraftinum að fullu viðhaldið.

Ketill: En hvað þarf mikið af brendum beinum eða öðrum þess háttar efnum á hverja ekru?

Atli: 200—250 pund á hverjum 7 ára fresti.

Ketill: En hvernig fara bændur að því, að hafa svo mikið af mykju, að þeir geti breitt 4 hlöss á hverja ekru? Ber landið slikan gripafjölda, er til þess mun þurfa?

Atli: Búskapur bænda er hér alment ekki svo enn, en með timanum mun það verða svo, því náttúran þröngvar þeim til þess, að að öðrum kosti hættir hún að fæða börnin, og þá kennir "Neyðin naktri konu að spinna og lötum manni að vinna". Enginn efi er á því, að landið er svo frjósamt, að gripafjölda geti borið nægan til að viðhalda frjóseminni, en þá verða bændur að minka útflutning kornvöru sinnar, og nota hana til gripafóðurs heima fyrir, sem ætið og allstaðar reynist afkarabezt. Bændur ættu að hafa allar tegundir kvikfénaðar: svín, naut og sauðfé.

Ketill: Gróa jarðepli hér vel?

Atli: Til svars þar um ætla ég að segja þér sögu af einum bónda í Ohio ríkinu, er Terry hét. Fyrir 30 árum keypti hann sér bújörð, sem var 50 ekrur að stærð, og sem álitin var ófrjó sökum óræktar og vanhirðu. Vanaleg jarðeplauppskera bænda þar í kring var frá 50 til 75 bush. af ekrunni. En Terry uppskar af sínu óræktarlandi, er álitið var að vera, frá 200—300 bush. að meðaltali. Nú fóru bændur að verða forvitnir að fá að vita, með hvaða kynjakrafti að þessi Terry fengi slika uppskeru, er aldrei hafði áður um heyrst þar um slóðir. Terry var uppalin í bæ, og hugðu menn hann því litt hæfan til akuryrkju. (Það er kvilli, er þjáir mannkynið, að hver stétt um sig álítur enga aðra stétt sér jafnoka). Vanalegur peninga afrakstur hans af hverri ekru var frá $100—$150 fyrir jarðepla uppskeruna, og með því endurbætti hann svo landið til hveitiyrkingar, að það munaði frá 8 til 50 bush. á hverri ekru. Aðferð Terrys við yrkinguna er þessi: Að bera vel á, plægja eins snemma á vorin eins og veður leyfir, og planta þegar frost er úr jörðu. Milli raða hefir hann frá 3—3½ fet báða vegu, og plantar svo, að tvö augu séu á fræi í hverri holu. Þegar hann plantar í þéttar raðir, þá hefir hann 3½ fet á milli raða, en fræ með einu auga á 18 þuml. millibili. Sé akurinn mjög rikur, þá hefir hann 32 þuml. á milli raða, og fræ með einu auga á 13 þuml. millibili. Á akrinum er öll umönnun hans mjög nákvæm, sérstaklega að halda honum hreinum frá illgresi og ormum. Terry gerði ekkert kraftaverk, hann að eins kynti sér lög og eðli náttúrunnar. Hann gerði það, sem aðrir geta gert undir sömu kringumstæðum. Árið 1889 hét amerikanska búnaðarfélagið verðlaunum fyrir hæstu jarðepla uppskeru af ekru. Verðlaunin hlaut herra C. B. Coy, á Presque eyjunni í ríkinu Maine. Hann uppskar 738 — sjö hundruð þrjátíu og átta — bush. af einni ekru lands. Yrkingar aðferðin var þannig: 1100 pund af Stockbridge jarðepla áburði var sett í botninn á jarðepla raða-ræsunum, og vel blandað saman við moldina áður en að fræið var lagt niður. Og síðan, 12 júní, var 900 pd. bætt við meðfram röðum áður fyrsta mold eða grashreinsun byrjaði. Á milli raða voru 2 fet og 9 þuml., en milli fræa í röðum voru 12 þuml., ofan á fræi voru 2—3 þuml. Að eins var það brúkað af fræi, er hafði grænar og sterkar spirur, þá er plantað var. Fræið var tekið úr kjallaranum sex vikum fyrir sáningu, og breitt til þerris í saggalausu en heitu herbergi í húsinu. Akurinn var plægður í ágústmánuði árí áður, svo aftur krossplægður um vorið og herfaður vel. Tegund sú, sem brúkuð var til fræs var "Dakota Red".

Á Indiana búnaðartilraunastöðinni var rannsókn gerð í þá átt, að komast að réttri niðurstöðu um það, hvort arðsamara væri, að planta niðurskornum eða heilum jarðeplum. Fræið var nákvæmlega valið af sömu stærð með jöfn um holufjölda, og brytjað svo, að á hverju fræi var frá einu auga til sex, og raðirnar svo númeraðar samkvæmt frjófholu fjölda: Röð Nr. 1 hafði eina holu á fræi, og svo áfram, en í röð 7 voru óskorin fræ (eplin heil). Þegar búið var að planta, var sett tveggja þumlunga þykt lag af rotinni fjósmykju ofan á hverja röð, og moldinni svo haldið vel hreinni og lausri alt sumarið, — en uppskerumagnið varð þannig:

Nr. 1 (eitt auga) 132 bushel af ekru.
Nr. 2, 235 bush. af ekru.
Nr. 3, 320 bush. af ekru.
Nr. 4, 336 bush. af ekru.
Nr. 5, 425 bush. af ekru.
Nr. 6, 440 bush. af ekru.
Nr. 7 (heil), 498 bush. af ekru.

En þeir sögðu, að oft reyndist eins arðsamt, að planta eins auga fræi, sem óskornu, því þótt minna yrði afraksturinn, þá væri oft svo mikill munur á því, hve meira miklu eyddist til útsæðis af óskornu.

Ketill: Ég hefi heyrt menn vera að tala um einhverja sýki í hveiti, sem þeir nefna "smut". Þekkir þú hana?

Atli: "Smut" er virkilegur kvilli á ýmsum korntegundum, svo sem hveiti, byggi og höfrum, og gerir bændum stórskaða á ári hverju. "Smut" er svepptegund er vex á plöntunni. Eftir búnaðarskýrslum Bandaríkjanna er árlegur skaði á höfrum af völdum "smut" $100,000,000, þrisvar sinnum það á hveiti, og svo í líkingu þar við á byggi. En nú vill svo vel til, að búið er að finna mótverkandi meðal þeirrar sýki. Illyktandi "smut" er vágestur bænda og myllumanna, því auk þess, að það eyðileggur oft frá 40 til 60 prósent af hveitiuppskerunni gerir það hitt, sem eftir verður, óhæfilegt til markaðs eða útsæðis. "Smut" er hreinsað úr byggi með því, að láta það vera í köldu vatni í 4 klukkutíma, og svo í heitu vatni í 5 mínútur, en gæta verður þess, að vatnið sé ei heitara en 126—128 stig F. — Þessi sýki gripur fræið, þá er frjókraftur inn sprengir það. — Dánskur maður að nafni J. L. Jensen fann fyrstur manna þá aðferð, að drepa þessa "smut" sýki með heitu vatni — þannig, að hafa fræið í fáar minútur niður í sjóðandi vatni, en gæta verður þess, að það sé ei svo lengi niðri í vatninu, að frjókraftur inn skemmist eða eyðileggist. Fyrir hveiti og hafra verður vatns hitinn að vera 132½ st. F. Sé fræið ekki haft niðri í meir en 15 minútur, er frjókraftur inn óskemdur, og hita-vatnsins má ekki stiga yfir 135 st.° F. og eigi falla niður fyrir 130 stig. Þurfi maður að hreinsa útsæði svo mörgum bush. skifti, hefir maður tvö vatnsilát á eldi, í öðru þeirra hefir maður hitann 110—130 st., en í hinu 132½ stig, sem fyrr segir. Svo tekur maður fræið í einhverju hripiláti, svo sem strigapoka og dýfir niður í volga vatnið, til að ryðja kuldanum úr fræinu, og síðan setur maður það niður í brunavatnið. Að hafa þannig tvö vatnsilátin, gengur manni hægara að halda réttum hita í aðalilátinu. Til þess að vera viss um, að hvert korn blotni sem bezt, lýstir maður sekknum með fræinu í alt af við og við upp úr vatninu, er orsakar hreyfingu, sem gerir vatninu auðveldara, að smjúga á milli kornanna. Þess verður vel að gæta, að hitinn stigi ekki yfir 135 stig og falli ekki niður fyrir 130 st. Þessa er mjög auðvelt að gæta, hafi maður góðan hitamælir og heitt og kalt vatn við hendina til þess að auka eða minka hitann eftir þörfum. Rúmmál sekksins eða ílátsins, sem maður hefir fræið í, má ekki vera meira en sem svarar einum sjötta af rúmmáli vatnsilátsins. Þess verður einnig að gæta, að sekkurinn sé ekki alveg fullur, svo hreyfing sé sem friust á fræinu.

Ketill: Hversu er hey hér til kosta? Er það eins kjarngott eins og íslenzkt hey, og er heyfall hér mikið og gott?

Atli: Gras er hér ei svo kjarngott sem á Íslandi. Óræktað hey hér kemst ekki í neinn samjöfnuð við gott úthey á Íslandi, og bezta hey ið hér, sem er smárinn, kemst ei í námunda að kostum við hina ilmandi kraftgóðu íslenzku töðu. En hvað seinni spurningunni þinni viðvikur, get ég sagt, að grasfall er hér mikið. Gras er hér djótvaxið og þar af leiðandi grofgert. Landbúnaðar skýrslur hér sýna arlegt verð heyaflans um og yfir $1,000,000,000; en um 300 milión dollara meira virði en hver önnur einstök grein landsafurða. Náttúran hefir skreytt jörðina með svo fjölbreytilegu grasskrúði, að það fullnægir til hlítar þörfum grasbitsins. Vísindaleg rannsókn sýnir, að fóður gripa þurfi að samaastanda af einum sjötta vöðva og holdgjafa efni, en fimm sjöttu fitu og hitaefnis. Fyrir þá sök, að gripirnir þurfa margbreytilegt fóður sér til viðhalds, er vilti haginn betri en sá tamdi. Sá vilti hefir fjölgresið, sem skepnur þarfnast, sá tamdi oftast að eins eina grastegund, þegar bezt lætur 6. En í villta haganum finnum við frá 30—50 mismunandi plöntutegundir.

Ketill: Þið hafið í mörg horn að líta bændurnir.

Atli: Já, landbúskapurinn er umsvifamikill og viðtækur, og nú, af fræðimönnum, metin sú viðtækasta allra vísindagreina. Allir sannir stjórnmálamenn og fræðimenn, láta sér ant um vöxt og viðgang bændastéttarinnar. Þeir sjá og viðurkenna, að því meiri andlegum þroska, sem bændastéttin nær, því betur er velsæld og öllum þrifum þjóðarinnar borgið. Enginn bóndi skyldi nokkru sinni láta slíka litilmensku í ljósi, að hann blygðist sín fyrir stöðu sína, því bændastéttin er móðir allra annara stétta. En það er líka skylda bóndans, að vera sómi sinn ar stéttar en ei aukvisi. Mikilmennin bera ætið merki starfseminnar á höndum og höfði. Þau merki eru svo glögg, að engum villist á þeim og ómennis letingja merkjunum. — "Fram, fram, bændur og búalið!"

Strathcona Hotel

Horni Main og Rupert Str. Nýbygt og ágætt gistihús; Gest um veitt öll þægindi með sanngjarnasta verði. Frí keyrsla til og frá öllum járnbr. stöðvum. Beztu vín og vindlar; og herbergi og máltíðar ágætar.

McLaren Brothers
EIGENDUR

Hotel Pacific

219 Market Street, Winnipeg — H. M. Hicks, Eigandi, Manitoba

Telephone 1358

Ný-endurbætt og Ný-tízku hús í allri staði. Viðskifta yðar óskast virðingarfylst.

$1.25 a Dag

HOTEL SUTHERLAND
Corner Main and Sutherland Ave.

Gisting kostar $1.00 og $1.50 á dag. Ég tók við stjórn þess húss 1. Jan. '08, og virðingarfylst óska viðskifta Íslendinga nær og fjær Komið, Sjáið og Reynið.

C. F. Bunnell,
eigandi. Telefón 348

$1.50 Á DAG
Bezta $1.50 gistihús í Winnipeg

BRUNSWICK HOTEL
Horni Main St. og Rupert Ave.

Bezta borðhald; Hrein og Björt Herbergi; Fínustu Drykkir og Bestu Vindlar. Ókeypis Vagn mætir Öllum Trainlestum. Reynið oss þegar þú ert á ferð.

MARKET HOTEL
146 PRINCESS ST. á móti markaðnum
P. O'CONNELL, eigandi, WINNIPEG
Beztu tegundir af vínföngum og vindlum, aðhlynning góð húsið endurbætt

Til málsvara G. T.-reglunnar íslenzku í Winnipeg.

Sex eru þeir ritsnillingarnir, sem G. T. félagsskapurinn íslenzki hér í bæ útvaldi til þess að andmæla grein þeirri, sem ég ritaði fyrir nokkru síðan um félagsskap þennan, eftir að þeir höfðu setið á ráðstefnum um það þrisvar í viku, svo vikum skifti, til þess að ráðgast um það, á hvern hátt heppilegast væri að gera það, og hverjir skyldu hljóta þá æru og vegsemd, að verða álitnir til þess lærastir.

Þessir musterisriddarar koma því sexmenmandi á Pegasusi ritsnildarinnar og mælskunnar fram á ritvöllinn í 30. tbl. Hkr. þ.á. og hasla mér völl. Það er svo sem engin hætta á því, að menn ekki rámi í það, hve glæsilegt og tigulegt föruneyti það hefir verið, þar sem það samanstóð af nafntoguðum mælskumönnum, skáldum, rithöfundum og uppgjafa þingmönnum eins voldugasta lýðveldis heimsins. Og sannast að segja hefði það verið ámælislaust fyrir mig, eins og látið var í ljós við mig af nokkrum meiri háttar borgurum þessa bæjar, þó ég bæri skarðan hlut í viðskiftum þessum, þar sem við þvílíkt ofurefli væri að etja, því kvis var fyrir nokkru á það komið, að þessa aðferð ætti að hafa, því hún myndi öruggust og heppilegust til þess algerlega að brjóta mig á bak aftur.

Aðalkostur greinar þessarar, og jafnvel hennar eini verulegi kostur, hefði verið sá, að hún er laus við persónulegar aðdróttanir og árásir, hefði það ekki gægst fram í niðurlagi hennar, að það væri alls ekki gert af neinni dygð eða lífandi og sannri velsæmis tilfinningu, heldur til þess að sitja á strák sínum, og þannig að reyna að gylla sig upp í almenningsálitinu, en, eins og þar stendur, ganga með eitrið í hjartanu en hræsnina á vörunum. Og má sjá það, hve mikið af því tagi hefir innifyrir verið hjá þeim, þar sem það brýzt út einmitt á því augnablikinu, þá er mest á því reið, að það væri innbyrgt og öllum huljið.

Það á vist að vera gert í lítilsvirðingarskyni við mig, að sexmenningarnir segjast af ásettu ráði hafa forðast að nefna nafn mitt nema að eins einu sinni. Þeir segjast því alt af vera að tala við greinina, og segja að greinin segi þetta og þetta. Reyndar heldur nú einn mesti rithöfundur heimsins því fram, að maðurinn og verk hans séu eitt og hið sama. Hann segir, að það sé ekki frekar möguleiki til að aðskilja manninn og verk hans, heldur en sólina frá geislum hennar eða stjörnuna frá ljóma hennar. En það hefir nú sjálfsagt ekki mikið gildi á móti djúpsæi og speki þeirra sexmenningana.

Dálítið er það skringilegt, að sjá menn vera að tala við dauðan greinarstúf eins og lifandi persónu, sem vald hafi til að velja og hafna og taka þannig til orða, að hún hefði átt að gera þetta og þetta. T. d. að segja: "Við þessu hefði greinin átt að hlífa oss", ásamt ýmsum fleiri svipuðum meinlokum sem úir og grúir af í grein þeirra. Því þá ekki eins vel að segja: Þessu hefðir þú átt að hlífa oss við, grein min góð!."

Það var annars yfirsjón mikil af G. T. félagsskapnum, sem á jafnmikla og athugula gáfu og andans menn á að skipa, að þeir ekki skyldu kjósa 7. spekinginn — því ekki er þar hörgullinn á þeim — til að svara þessum greinarstúf mínum, svo að þeir hefðu verið jafnmargir hinum 7 mestu spekingum Grikkja forðum, ef ske kynni, að þetta hið mikla ritverk þeirra, sem nú liggur hér frammi fyrir mér til yfirvegunar, vanti svo sem einn sjöunda til að standa ritverkum þeirra á sporði, þá þarf enginn um það að efast, að verk þessara 7 nútíðarspekinga mundu ekki hafa skarað langt fram úr verkum hinna 7 fyrirrennara þeirra.

Á því bólar nokkuð snemma hjá þeim sexmenningum, að þeir afbaka ýmislegt í grein minni, svo í það verði lagður annar skilningur, en annars yrði gert, ef það ekki væri slitið úr sambandi, og orðalagi talsvert breytt.

Ég viðurkenni það undireins, að ölgerðarhús þau hér í bæ, sem áfengi selja í lokuðum flöskum, hafa leyfi til þess, og að mér yfirsást um það atriði. En ég leitaði um það upplýsinga hjá einum að leiðandi mönnum vorum, og skýrði hann mér svo frá, að hann hér um bil mætti fullyrða það, að ekkert þannig lagað leyfi ætti sér stað. En að bregða mér um ósanngirni fyrir þetta, finst mér alls ekki sanngjarnt eða viðeigandi. Og engin afsökun er það fyrir G. T. félagsskapinn, hvað áhugaleysi hans fyrir bindindismálefninu viðkemur, heldur einmitt það gagnstæða.

En viðbára sú, að vínsala þessi sem framfer alveg undir handarjaðrinum á Goodtemplurum, sé löglegíð og þar af leiðandi sé ekki hugsanlegt eða mögulegt, að gera neitt til að hindra hana, hún er svo sárgrætilega aumingjaleg og næstum hlæileg, að það sætir hinni mestu furðu, að sex menn, útvaldir úr nærfelt 8 hundruð manns, eftir langan tíma og mikið stímabrak, skuli ekki kynoka sér við, að bera fyrir sig jafn kleg rök — ef rök skyldi kalla — opinberlega frammi fyrir almenningi. Hvað skyldi það annars vera, sem ísl. Goodtemplurum hér í bæ ekki þætti ósanngjarnt að mælzt væri til af þeim, að þeir reyndu að gera fyrir sitt aðalmálefni, vínsölubannsmálið, þegar þeir kalla það ósanngjarnt, að bindindisfélagsskapur, sem telur hær 8 hundruð manns og búinn er að vera við lýði milli 20 og 30 ár, ætti að reyna til, af itrasta megni, að koma í veg fyrir, að leyfi fyrir þannig lagaðri vínsölu, rétt við nefið á þeim, ekki yrði endurnýjað ár frá ári?

Sá, sem þetta ritar, vakti einu sinni athygli á þessu á einum af fundum G.templara fyrir nokkru síðan, en fékk það svar frá helzta manni stúkunnar — eða svo mun hann vilja láta kalla sig — og sem Goodtemplarar telja einn af aðaláondvegisholdum sínum, að ef salan væri óleyfileg, þá væri fyrir ræðumann, að kæra það sem lagabrot, en ef hún ekki væri það, þá hélt hann að Goodtemplarar gætu lítið við því gert eða látið sig það skifta. Hvílík viðkeitni! Hvílík ur áhugi fyrir málefni, sem menn þykjast elska eins og lífið í brjóstinu á sér!.

Síðan ef einhver félagsmaður gerist svo djarfur, opinberlega að hreyfa við jafn rotnu ástandi eins og þetta dæmi ber ljósastan vott um, eftir að bæði hann og aðrir oft og margsinnis hafa um það talað á stúkufundum, og skrifað um það í stúkublöðin, í báðum þeim stúkunum, sem halda blöðum úti, en algerlega árangurslaust, því alt þess háttar hefir af félagsmönnum verið alt af hunsað þegjandi fram af sér, og alt setið við sama keip eftir sem áður, þá er sá maður talinn "hálandi og úferjandi öllum bjargráðum", og skammirnar ekki látnar af honum ganga af félagssystkinum hans, bæði í bundnu og ó bundnu máli, innan og utan funda. Síðan, öllu þessu til frekari áréttingar, er gripið til þeirra örþrifráða, að útvelja heilt kúgildi af færustu mönnum, sem eiga til að vera í 8 hundruð manns, til þess að reyna að berja í brestina og kaffæra sannleikann í þessu máli, svo að hann helzt aldrei að eilífu reki framar upp höfuðið.

Eitt atriði er það sérstaklega í grein minni, sem þeir sexmenningarnir rangherma að nokkru leyti, þar sem þeir segja, að ég ráðleggi félagsskapnum, að senda fulltrúa á þing. Þessu er þannig víkið við, að í það er hægt að leggja nokkuð annan skilning, heldur en þau orð, sem ég um það hafði í grein minni benda til, og vil ég því til skýringar, og til að koma í veg fyrir þann misskilning, leyfa mér að tilfæra þau hér:

"Til þess að hugsanlegt sé, að koma á algerðu vínsölubanni og hindra tilbúning áfengra drykkja í hvaða landi sem er, þá er nauðsynlegt fyrir hvern þann félagsskap, sem að því vinnur, að leitast við, eftir því sem honum vex fiskur um hrygg, að hafa áhrif á stjórn landsins og löggjafarvald, því algert vínsölubann næst aldrei nema með aðstoð stjórnar og löggjafarvalds. Það er því eitt af því, sem bindindisfélögin ættu að hafa hugfast, að koma fulltrúa úr sínum flokki inn á þing svo fljótt sem auðið er, og reyna að láta þeim fara fjölgandi eftir því sem ástæður leyfa".

Þessi ummæli gefa í skyn talsvert annan skilning í þessu atriði, heldur en svarið frá þeim sexmenningunum bendir á, og ætlast augsýnilega til að í þau verði lagður. Því eins og orð þau, sem ég tilkæri hér úr grein minni bera með sér, þá ætlast ég ekki til þess, að í einni snarsvipan sé að því hrapað, að félagsskapurinn sendi fulltrúa á þing, heldur eftir því, sem honum vex fiskur um hrygg, að hann leitist við, að hafa áhrif á stjórn og löggjafarvald landsins, því að eins á þann eina hátt og engan annan, sé það framkvæmanlegt, að fyrirbyggja influtning, sölu, neyzlu og tilbúning áfengra drykkja. En grein þeirra sexmenningana hermir þessi orð min þannig, að gefa í skyn, að ég sé það flón, að ætlast til þess, að þetta sé gert undir eins, án nokkurs undirbúnings eða umhugsunar. Þetta gera þeir auðvitað til þess ögn að reyna að laga fyrir sjálfum sér, ef hægt væri, og er þeim það raunar ekki láandi, eins og ástendur nú fyrir þeim.

Ennfremur eru þeir að reyna að klóra yfir annað hraparlegt dæmi upp á áhugaleysið, nefnilega um bænarskrá þá, sem send var fylkisþinginu, sem fór fram á vínsölutakmörkun hótelanna hér í bæ. Auðvitað var það alt of mikið, að G.T. félagsskapurinn íslenzki hér í bæ gæti verið frumhöfundur þeirrar hugmyndar eða frumkvöðull þess, að koma henni í framkvæmd. Eftir framkvæmdum hans í samskonar málum að undanförnu var það óðs manns æði, að búast við slíku. En það er mikið bil þar á milli, eða gera sama og ekki neitt. Því þegar bænarskrá þessi kom inn á fundi stúknanna Heklu og Skuldar, þá var henni alls enginn gaumur gefinn, heldur algerlega gengið þegjandi fram hjá henni, eins og það væri atriði, sem ekki snerti Goodtemplara sérlega mikið, eða stæði í neinu sambandi við starf þeirra. Hvað sem útbýtingu af eintökum af bænarskránni til Mrs. G. Búason viðvíkur, þá sýndi Goodtemplara félagsskapurinn enn sem fyrri hið heflegasta áhugaleysi fyrir jafn þýðingarmiklu máli, þar sem hann enga ákvörðun tók um það, hvernig að því skyldi vinna, til þess á sem beztan og hagkvæmastan hátt, að greiða fyrir framgangi þess, heldur, að því er virtist, gekk fram hjá því með þegjandi lítilsvirðingu. Þó aldrei hefði annað verið, þá hefði það þó lítið laglegar út, að sjá það svart á hvítu í gerðabókum stúknanna, að einhver ákvörðun hefði verið um það gerð, að greiða fyrir framgangi annars eins máls. Það, að 5 eða 6 bindindismenn tóku það upp hjá sjálfum sér, að safna undirskriftum undir bænarskrá þessa, sýnir ljóslega, hve forviða þeir vóru yfir því, hvernig Goodtemplara félagsskapurinn, sem félagsheild, tók máli þessu.

Því neita hvorki ég né aðrir, að ekki séu til einstöku menn í félagsskapnum, sem hafi dálitinn neista af áhuga fyrir aðalstarfi hans og markmiði.

Víst er um það, að hefðu ekki allar íslenzku kirkjurnar hér í bæ ötullega að því unnið, að safna undirskriftum undir bænarskrá þessa, ásamt öðrum, sem ekki voru bindindismenn, þá hefði ekki orðið mikið um þær. Og ekki getur mig rekið minni til þess, að Free Press færust neitt líkt því orð, að hún hefði verið "largely signed" fyrir framgöngu íslenzkra Goodtemplara í vesturbænum. — Þetta eru því ekki miklar missagnir hjá þeim sexmenningunum. Þeir hafa að ems þannig hausavíxl á þessum hlutum, að staðhæfa það, að Goodtemplarar hafi gert langmest fyrir þetta mál, en gerðu þar á móti langminst fyrir það. Þetta verður nú líklega ekki upp á goodtempláriska vísu kölluð ósannsögli, en syndlítið væri kannske að nefna það goodtemplariska ónákvæmni.

Þá kemur annað ranghermi, eða öllu heldur útúrsnúningur, hjá þeim sexmenningunum, þar sem þeir segja, að ég finni að því, að mest áherzla sé á það lögð, að ná sem flestum meðlimum. En það er algerlega tilhæfulaust, að ég hafi nokkurntíma sérstaklega að því fundið, eða álasað félagsskapnum fyrir það, en hitt sagði ég og ég sný ekki aftur með það, að þar sem félagsskapur þessi er orðinn jafn fjölmennur og hann er, og jafn gamall eins og þegar hefir verið tekið fram, en gerði samt

(*Framhald á 4. bls.*)

DOBSON and JACKSON

Byggingamenn

Sýnið oss uppdrætti yðar og áætlanir og fáið verðáætlanir vorar.

370 Colony Street
Winnipeg

Hefir þú borgað Heimskringlu?

Woodbine Hotel
Stærsta Billiard Hall í Norðvesturlandinu
Tíu Pool-borð.—Alskonar vín og vindlar.
Lennon & Hebb,
Eigendur.

SPÓNNÝTT HÓTEL
ALGERLEGA NÝTÍZKU

Hotel Majestic

John McDonald,
eigandi.
James St. West, lítt vestan við Main St.
Winnipeg Telefón 4979

$1.50 á dag og þar yfir
Bandaríkja-snið

Alt sem hér er um hönd haft er af beztu tegund. Reynið oss.

BRANDONS VINSŒLASTA GISTIHUS

EMPIRE HOTEL

E. J. PELTIER, eigandi

Hefir öll nútíðar þægindi.
Reynið þetta gisti-hús.
Á bezta stað í borginni.
Lang-vega telefón 155.
Sample rooms

725—731 Rosser Ave.
BRANDON, MAN.
21-5-8

Jimmy's HOTEL

Sem er rétt á bak við Póthúsið, — og þar sem alt er af beztu tegund. Íslendingar ættu að reyna þetta gistihús.

James Thorpe,
eigandi,
Fyrverandi eigandi Jimmy's Restaurant á Portage Ave.

Hún bað guð heitt og hjartanlega fyrir honum, og fyrir sjálfri sér. Hún elskaði hann þúsund sinnum heitara en sitt eigið líf. En hún hafði ekki annað en ást sína og bænir til að skilja hann frá þeirri hættu, sem hann var staddur í.

Hertogainnan hafði leitast við að fá tækifæri til að ná tali af honum, en nú voru þrir dagar liðnir af þessum tíu, og enn hafði henni ekki tekist að ná tali af honum. Henni lá við örvinglan. Það voru nýkomnir nýir gestir til Brooklands, og lávarðurinn hafði engan tíma til neins stefnumóts, en það var það sem hún þráði svo mjög. Hún gat talað við hann svo aðrir heyrðu og sungið fyrir hann, en hún gat aldrei verið ein með honum. Hann sýndi henni alla tilhlýðilega kurteisi, en varð að öðru leyti að sinna gestum sínum.

Lady Aðalheiði leið mjög illa. Hertogainnan var að vísu ekki mjög ókurteis við hana, en hvenær sem hún sá sér það fært, særði hún eftir því sem henni var unt tilfinningar Aðalheiðar. Lady Aðalheiður bar það með þolinmæði, en henni fell það mjög illa. Hún var miklu fölari en hún átti að sér. Nú brosti hún aldrei, og augun litu daufleg út. Hún gerði alt sem hún gat til að halda sér uppréttri í þessari voða baráttu, en hún varð samt æ magrari og magrari, og smáhrukkur komu hver eftir aðra á enni hennar og kringum munnvikin.

Lady Caren tók eftir því og fell það mjög illa. Lávarður Caren tók ekkert eftir því, en Clavering hershöfðingi sá það samt.

Einu sinni kom hann óvörum að Aðalheiði í bókaherbergi. Allir gestirnir höfðu ekið burtu, og hún hélt, að hershöfðinginn hefði farið líka. Þennan sama morgun höfðu kraftar hennar svikið hana. Hún fann, að hún gat ekki látið sem ekkert gengi að sér. Hún varð að fá tíma til að gráta út sorg sína

í einrúmi. Hertogainnan hafði haldið orð sín, og fengið hana til að liða. Við morgunverðarborðið hafði hún setið nálægt Aðalheiði, og var að segja sessunaut sínum sögur um þau hjónabönd, sem hefðu orðið til vegna samninga erfðaskrár eða vegna peninga, og svo lagði hún út af því. Hvert orð var Aðalheiði ætlað að heyra, enda gerði hún það, og hvert orð var sem hnífstunga í hennar göfuga hjarta og dreif blóðið fram í kinnar hennar. En hún reyndi að láta sem hún heyrði það ekki. Hún talaði við og við til hertogainnunnar, bauð henni hitt og annað sem var á borðinu, en alt var móttekið með kulda. Hertogainnan sá, að orð sín höfðu áhrif á Aðalheiði, og eftir því, sem hún fölnaði meir, því sárbeittari varð hún í orðum sínum. En svo gat Aðalheiður ekki til lengdar þolað þetta. Hún stóð rólega upp og gekk út úr salnum.

Hertogainnan talaði um að ríða eitthvað út með lávarðinum. Á þann hátt áleit hún, að hún fengi það bezta tækifæri til að tala við hann. En kafteinn Randolph, sem sá hvernig öllu leið, beið þangað til allir höfðu komið sér saman um, hvað skyldi verða saman. Þá kvaðst hann heldur vilja fara riðandi en keyrandi. Aðalheiður blessaði hann í hjarta sínu fyrir það, en hertogainnan hataði hann. Nú þurfti hún ekki að búast við, að ná tali af lávarðinum þann daginn, og svo voru þá einir sex dagar eftir.

Aðalheiður kvaðst ekki hafa tíma til að fara. Hún fann, að henni veitti ekki af, að hvíla sig litinn tíma. Hún hélt, að allir gestirnir hefðu farið, og gekk því inn í bókaherbergið, og gaf þar tilfinningum sínum lausan taum.

Af í einu fór hún að hugsa um, að hún hefði ekki breytt hyggilega. Hún skildi til fulls ráðbrugg

hertogainnunnar, og sá, að hún ætlaði að koma ásetningi sínum fram á næstu sex dögum.

"Ég verð að vera þolinmóð", hugsaði hún með sér, "að eins sex daga, svo er alt gott. Ég verð að gera alt, sem ég get til þess að frelsa hann, og ég verð að hafa vakandi auga með þeim án þess að sýna nokkra ókurteisi. Guð gefi mér styrk, því ég hefi samarlega við mikið að stríða!"

Hún sá nú eftir, að hafa staðið upp frá borðinu. "Ég hefði átt að gæta min betur, og keyra svo út með þeim. En hún særði mig svo hræðilega".

Þegar hún hugsaði til hinna hörðu og beitru orða setti að henni ákafan grát. Hún byrgði andlitið í höndum sér, og grét, eins og hertogainnan hafði spáð, blóðugum tárum. Þá var það, að dyrnar opnuðust og Clavering hershöfðingi gekk inn. Hún leit forviða upp, og hann sá, að hún hafði grátið.

"Ég hélt, að þér hefðuð farið með hinu fólkinu, hershöfðingi", stamaði hún út úr sér. En hann gekk til hennar mjög alvörugefinn.

"Svo þér hélduð það, og þess vegna urðuð þér heima. Mér þykir vænt um, að það hittist svo á, að ég skyldi einnig verða heima, Aðalheiður. Ég álít mig sem bezta vin yðar og talsjónarmann. Og þó þér álítið það ókurteisi af mér, þá vil ég þó fá að vita, hvers vegna þér eruð að gráta. Ég vil ekki heyra neinar afsakanir né undanbrögð, heldur hreinan sannleikann. Ef þér ekki segið mér það, þá skal ég sjálfur komast að því".

Hann settist við hlið hennar. Hún sá, að honum var full alvara með, að komast eftir, hvað að henni gengi, og hún vissi ekki, hverju svara skyldi.

V. KAPÍTULI.

"Mig langar ekkert til, að blanda mér inn í málefni á milli hjóna, Aðalheiður. Mér finst, að þau eigi að hafa sín eigin málefni út af fyrir sig, og engir aðrir eigi að skifta sér af því. En þér verðið að hugsa út í, hve nákomið band er á milli okkar, og að ég þess vegna hefi rétt til að skifta mér af yður. Þegar faðir yðar lá banaleguna, bað hann mig fyrir yður, og ég lofaði honum því, að ég skyldi ávalt reynast yður sem faðir. Það hefi ég gert eftir því sem ég gat. Þó ég væri í annari heimsálfu, misti ég aldrei sjónar á yður, ég hélt ávalt nákvæmum spurnum fyrir yður. Ekki eitt einasta augnablik hefi ég gleymt yður. Í bardögum, sem ég hefi verið í, á hinum löngu og erfiðu vökunóttum, hvar sem ég hefi verið, hefir hið fagra elskulega barn, sem faðir þess trúði mér fyrir, verið í huga mér".

Hún laut niður og kysti innilega hönd hans.

"Þér hafið verið mér mjög góður", sagði hún með tárvot augu, "og ekki er ég vanþakklát".

"Okkar á milli er um ekkert þakklæti að ræða. Ég á ekki konu og ekkert barn, þér eruð það eina, sem ég á og mér er ant um í heiminum. Hér er því um að ræða traust og tiltrú, en ekki þakklæti. Aðalheiður, þér verðið að bera traust til min. Þér megið til að segja mér, hvers vegna þér eruð hér einar og grátandi, svo óhamingjusamar. Þér verðið að segja mér, hvaða skuggi hvílir yfir þessu heimili".

Hún leit óttaslegin framan í hann. "Hvaða

Kjörkaupa-listi

Victor st., 6 herbergjahús $1600
Toronto st., 7 " nýtísku hús með öllum þægindm 2800
$500 niðurborgun.
Simcoe st., — 7 herbergi, 2900
Beverley st., 7 herbergja nýtísku hús á 3000
Home st. nálægt Portage, 25 feta lóðir, á $25 fetið

W. P. RODGERS,
608 McIntyre Blk. Fón 6474.
27-5-8

The Duff & Flett Co.
PLUMBERS, GAS AND STEAM FITTERS
Alt verk vel vandað, og verðið rétt
773 Portage Ave. og 662 Notre Dame Ave.
Phone 4644 Winnipeg Phone 2815

Giftingaleyfisbrjef
selur Kr. Ásg. Benediktsson,
477 Beverley St. Winnipeg.

Hvað er svo Gott
sem nýtt, ferskt kjöt? Hvað er betra að borða en gott kjöt? Og hvar fæst það betur útilátið en einmitt hjá oss. Telefónið oss eina pöntun og reynið

C. G. JOHNSON,
KJÖTSALI
Horni Ellice og Langside. Tel.: 2631.

WINNIPEG Business College
FÉKK FYRSTU VERÐLAUN Á SAINT LOUIS SÝNINGUNNI.
Cor. Portage Ave and Fort St.
Kennir Bókhald, Vélritun, Símritun. Býr undir Stjórnbjónustu o. fl. Kveld og dag kensla. Sérstök tilsögn veitt einstaklega. Starfshögunar-skrá frí.

DR. A. EKERN
Sérfræðingur í Augna-, Nef-, Eyrna- og Holdssjúkdómum.
Grand Forks, N. Dak.

Sendið Heimskringlu til vina yðar á Íslandi.

Cancer Cure.
R. D. EVANS, sem fann upp hið víðfræga lyf til lækninga
krabbameinum
óskar að allir sem nú þjást af krabbameinum, skrifi sér. 2. daga notkun meðalsins, læknar útvortis eða innvortis krabbamein. Skrifið strax til R. D. Evans, Brandon, Man. 27-8-8

A. S. BARDAL
Selur líkkistur og annast um útfarir. Allur útbúnaður sá bezti. Enfremur selur hann alskonar minnisvarða og legsteina.
121 Nena St. Phone 306

TIL MÁLSVARA G. T. REGLUNNAR ÍSL. Í W'PEG

Framh. frá 3. bls.

sem áður lítið eða ekkert til framgangs og eflingar aðal grundvallar málefni sinu, bindindis málefninu, þá væri hækkandi höfðatala honum til stækkandi vanvirðu, því það liggur í augum uppi, að þá er félagsskapurinn hættur að stefna að sinu aðal markmiði, og getur því naumlega lengur heitið bindindisfélagsskapur, nema með því, að sigla undir fölsku flaggi, eða sem svikin verzlunarvara, sem ber á sér gylt og glæsilegt vörumerki.

Nú er það öllum ljóst, að G. T. félagsskapurinn hefir sáralitið að því gert, að stemma stigu fyrir vínsölu og víntilbúningi hér í bæ, og er vínsalan á ölgerðarhúsinu á Furby st. þess beztur og óræka stur vottur. Þar sem öll starfsemi bindindis félagsskáparins er út á við inn á meðal fólksins, þá er því alls ekkert ókunnugt um aðgerðir hans og starfsrekstur. Nú þar sem menn sjá það, að hann næstum forðast að gera nokkuð til að koma í veg fyrir þetta, en það lítið, sem gert er til takmörkunar áfengistilbúningi og áfengissölu, er gert af alt öðrum en G. T. félagsskapnum, þá fá menn næstum obeit á honum og vilja helzt hvorki heyra hann né sjá, og hafa þeir talsvert fyrir sér í því efni.

Ef þar á móti, að Góðtemplarar færu af alúð og áhuga að starfa að málefninu sjálfu, og menn færu að verða varir við sannarlegan áhuga hjá þeim og smátt og smátt að sjá árangur af honum í verkinu, þá spái ég því, þó ekki sé ég mikill spámaður, að ekki þyrfti lengur að elta einn og einn mann og næstum því, að falla á kné fyrir honum og tilbiðja hann að koma inn í félagsskapinn, eins og nú verður alt af að gera. Satt að segja er fyrir löngu fengin næg reynsla fyrir því, að slíkt er mjög seinunnið verk, og sú aðferð algerlega ófullnægjandi til að skapa félagsskapnum virðingu og álit almennings yfir höfuð. Því þegar sannur og lifandi áhugi er vaknaður innbyrðis í Reglunni, þá munu fljótlega greinileg vegsummerki þess sjást í verkinu, og félagsskapurinn þarf þá ekki að bera neinn kviðboga fyrir framtíð sinni þar á eftir. Fólkið streymir þá inn í hann innvörpum.

Auðséð er það, að þeir sexmenningarnir vilja tileinka sér þann heiður, hversu fyrirlitning á drykkjuskap nú á síðari tímum hefir aukizt, en um það munu verða deildar skoðanir, hvort þeim beri hann eingöngu. Ég fyrir mitt leyti álít, að með vaxandi siðgæðistilfinningu og menningarþroska þjóðanna, þá hefi fyrirlitning á ofnautn áfengis komist inn í meðvitund manna og glæðst þar og þróast, og það sé þess vegna, að hverjum þeim manni, sem óspilta velsæmistilfinningu ber í brjósti, að honum þyki minkun að því, að láta sjá sig svo ölvaðan á almannafæri, að hann ekki sé sjállær og ábyrgðarfullur fyrir athöfnum sinum og orðum, hvað velsæmi og heiðarlega hegðun snertir. Auðvitað getur bindindis hreyfingin átt dálitinn þátt í þessu, en þess held ég gæti lítið fyrir hinum áhrifunum.

Þau ummæli sexmenninganna, "að menn geti þá ekki lengur tekið staup af áfengi, án þess að læði aðrir, og jafnvel sjálfir þeir, fihni til þess, "að þeir með því hafi lækkað manngildi sitt", álít ég að séu svo öfgafull og ósaungjörn, að það sé í hæzta máta óréttlátt, að láta þau standa ómótmælt, því þau eru fyrst og fremst tilraun til þess, að slá skugga á og rýra manngildi fjölda heiðarlegustu og nýtustu borgara mannfélagsins, og í öðru lagi svo ofstækisfull öfgakenning, að enginn maður með heilbrigðri skynsemi og þolanlegri dómgreind mun geta fallizt á hana.

Frá sjónarmiði siðferðis og fullkomnunar þroska mannkynsins og hvers einstaklings, sem þeim beri að keppa að sem æðsta fullkomnunar takmarki, þá er kenning þessi algerlega ramskökk, því í því liggur aðallega siðferðis styrkleiki og þroski mannsins, að hann geti í sem stærstum og fylstum mæli notið gæða lífsins eins langt eins og rýmsta og frjálsasta siðferðislögmál leyfir honum. Þá fyrst er það, að hann undir þannig löguðu fyrirkomulagi, hefir fult svigrúm til að þroska og glæða hæfilegleika sína og beita þeim til blessunar fyrir land sitt og þjóð. Ég skal þessu máli til stuðnings og skýringar, tilfæra nokkur orð úr ritgerð eftir Christopher Bruun, ihaldsprest norskan, sem gefur út kirkjulegt tímarit, sem álitið er eitt af ihaldssamari kirkjuritum Norðmanna, og lofa fólki að sjá það, hvernig hann litur á það, að menn taki sér glas af öli eða einhverri vintegund:

"Gleði vínsins er gleði andagiftarinnar, og ég get vel hætt við, gleði skáldskaparins. Hún er sú hreinasta gleði, sem nokkur líkamlegur hlutur getur veitt oss. Þess vegna talar heilög ritning um vínviðinn, sem konung jurtaríkisins, meistaraverk drottins, þá beztu jurtalegu gjöf, sem hann veitti mönnunum. Og ég efast ekki um, að þar sem Jesús metur vínið svo mikils, þá er það af því, að það er sá jurtagróði, sem eflir andagiftina og er frömuður andans í þessum hluta ríkis föður hans.

"Og þetta kemst alls ekki í bága við það, að vín og áfengir drykkir séu hin mikla uppsprettulind eymdar og spillingar. Þvert á móti. Þessu er ætíð þannig varið. Gamall latneskur málháttur minnir oss á, að hið versta kemur af misbrúkun hins bezta. Og ástin, sem er hið ágætasta vín lífsins, hún sýnir oss jafnvel ennþá viðbjóðslegri vanbrúkun.

"Ef vér skyldum nema vín og áfenga drykki burt úr mannlífinu, þá þurkum vér með því upp eina af hinum miklu uppsprettulindum mannlegrar andagiftar, mannlegs skáldskapar og mannlegrar lífsgleði.

"Alt líferni Jesú hér á jörðu, sýnir oss og sannar, að hófsemin er æfinlega æðri en bindindið.

"Hófsemin er ekki einungis æðri dygð en bindindið, hún lýsir meiru hugarþreki, hún er æðra siðferðisstig. Hún gerir meira en láta vínið efla andagift, skáldgáfu og lífsgleði. Hún er einnig sá vissasti vegur til að afstýra ofdrykkjunni.

"Raunar mun hún ekki geta sýnt þann glæsilega augnabliks árbata, sem bindindis stritið getur sumstaðar sýnt. En verkanir hennar munu verða affarasælli og langvinnari.

"En á meðan hin siðferðislega gremja bindindismanna hatnast — ekki á móti því, að verða drukkinn, heldur á móti því, að drekka eitt staup eða glas af öli — á meðan mun ekki verða miklu árorkað í bindindisáttina. Það getur aldrei orðið minkunn, að drekka eitt staup, getur ekki orðið og á ekki að verða".

Þannig litur nú einn af helztu kennimönnum á Norðurlöndum á þetta mál, og sem um leið er einn af helztu menningar frömuðum þjóðar sinnar. Hann hefir ýmislegt ágætt skrifað um þjóðlega mentun, sem hann vill að byggist á trú og góðu siðferði. Sjálfur hefir hann komið á fót lýðskóla á búgarði sínum til fræðslu og menningar alþýðufólki.

Ég get ekki annað enn sem komið er, en álitið skoðun þessa manns á þessu atriði miklu heilbrigðari og skynsamlegri, heldur en ofstækisöfgar þeirra sexmenninganna, sem koma fram í orðum þeim, sem ég tilfærði hér að ofan eftir þeim. Og sannast að segja, gegnir það hinni mestu furðu, að þeir allir til samans skyldu vera svo andlega starblindir, að láta jafn vanhugsuð orð frá sér fara, þar sem þeir að minsta kosti sumir af þeim eru menn þolanlega viti bornir.

Svana lagaðar öfgar og ofstækiskenningar, ásamt ýmsu fleiru af því tagi, er eitt af mörgu, sem spilt hefir fyrir vexti og viðgangi félagsskaparins, og stórkostlega rýrt álit almennings á honum. Það er ekki til neins fyrir þá, að vera að böglast við að mótmæla því, það gerir að eins ilt verra.

(Niðurl.).

Sigtryggur Agústsson

Matur er mannsins megin.

Ég sel fæði og húsnæði, "Meal Tickets" og "Furnished Rooms", Öll þægindi eru í húsinu.

SWAIN SWAINSSON,
438 Agnes st.

The Dominion Bank
NOTRE DAME Ave. BRANCH Cor. Nena St.
Vér seljum peningaávisanir borganlegar á Íslandi og öðrum lönd.
Allskonar bankastörf af hendi leyst
SPARISJÓDS-DEILDIN
tekur $1.00 innlag og yfir og gefur hæztu gildandi vexti, sem leggjast við innstæðufé 4 sinnum á ári, 30. júní, 30. sept. 31. desembr og 31. march.

Til fullkomnustu tryggingar Vátryggið fasteignir yðar hjá The
St. Paul Fire & Marine Ins. Co.
Eignir félags, eru yfir 5 millióir dollars. Skaðabætur borgaðar af San Francisco eldinum 1906, mill. SKULI HANSSON & CO., 25 Tribune Bldg., Phone 6475, eru sérstakir umboðsmenn.
E. S. Miller Limited
Aðal umboðsmenn
PHONE 2083 219 McINTYRE BLK

HEIMSKRINGLU og TVÆR skemtilegar sögur fá nýir kaupendur fyrir að eins **$2.00**.

Department of Agriculture and Immigration.

MANITOBA

Þetta fylki hefir 41,169,089 ekrur lands, 6,019,200 ekrur eru vötn, sem veita landinu raka til akuryrkjuþarfa. Þess vegna höfum vér jafnan nægan raka til uppskeru tryggingar.

Ennþá eru 25 miliónir ekrur óteknar, sem fá má með heimilisrétti eða kaupum.

Íbúatala árið 1901 var 255,211, nú er hún orðin 400,000 manns, hefir nálega tvöfaldast á 7 árum.

Íbúatala Winnipeg borgar árið 1901 var 42,240, en nú um 115 þúsundir, hefir meir en tvöfaldast á 7 árum.

Flutningstæki eru nú sem næst fullkomin, 3516 mílur járnbrauta eru í fylkinu, sem allar liggja út frá Winnipeg. Þrjár þverlandsbrauta lestir fara daglega frá Winnipeg, og innan fárra mánaða verða þær 5 talsins, þegar Grand Trunk Pacific og Canadian Northern bætast við.

Framför fylkisins er sjáanleg hvar sem litið er. Þér ættuð að taka þar bólfestu. Ekkert annað land getur sýnt sama vöxt á sama tímabili.

TIL FERDAMANNA:

Farið ekki framhjá Winnipeg, án þess að grenslast um stjórnar og járnbrautarlönd til sölu, og útvega yður fullkomnar upplýsingar um heimilisréttarlönd og íjárgróða möguleika.

R. P. ROBLIN.
Stjórnarformaður og Akuryrkjumála Ráðgjafi.
Skrifið eftir upplýsingum til
Joseph Burke, 617 MAIN ST., WINNIPEG.
Jas. Hartney, 77 YORK ST., TORONTO.

Skrifið yður fyrir Heims-

Heimskringla þarf að fá 300 nýja kaupendur á þessu ári. Hún óskar þessvegna að allir góðir menn og konur vildu gerast kaupendur þess sem allra fyrst. Nýjir kaupendur sem borga fyrirfram, fá 2 sögur gefins, og 5 sögur úr að velja. Hvað sýnist yður? Hkr. þakkar kaupendum sínum innilega fyrir liðin viðskifti, og vonar að geta þóknast þeim í framtíðinni eins og á liðinni tíð — og betur.

kringlu, svo að þér getið ætíð fylgst með málum Íslendinga hér og heima.

T. L.
Heitir sá vindill sem allir reykja. "Hvers vegna?" af því hann er það besta sem menn geta reykt. Íslendingar! munið eftir að biðja um **T. L.**
(UNION MADE)
Western Cigar Factory
Thomas Lee, eigandi Winnipeg

Redwood Lager og Extra Porter

Styrkið taugarnar með því að drekka eitt staup af öðrum hvorum þessum ágæta heimilis bjór, á undan hverri máltíð. — Reynið !!

EDWARD L. DREWRY Manufacturer & Importer Winnipeg, Canada.

skuggi", tók hún upp eftir honum. "Hvað meinið þér?"

"Ég meina, að það hvílir yfir Brooklands dimmur skuggi. Það getur vel verið, að þér getið hulið hann fyrir annara augum, en þér getið ekki hulið hann fyrir mér. Haldið þér, að ég sé blindur. Æ, barn! Ég er orðinn of gamall og hefi séð svo margt í heiminum til þess að vita ekki, hvernig hamingjusöm heimili eiga að vera. Ég sé vel, hvernig yðar heimili er. Þér sitjið hér alein og grátandi. — Þó ég sé gamall og grár, þá veit ég, að þegar kona grætur á maður hennar að vera til staðar, til þess að þurka í burtu tárin. Þegar konan á við eitthvað að stríða, á hann að hugga hana og hughreysta. Hvað er varið í hjónabandið, ef hjörtun eru ekki sameinuð í trú og ást. En hvernig á ég að geta imyndað mér, að það eigi sér stað hér, fyrst ég finn yður hér grátandi, á meðan maðurinn yðar skemtir sér við hlið annarar konu?"

"Hann veit ekkert um þetta", sagði Aðalheiður. "Hann hefir ekki hugmynd um, að ég var að gráta".

"Það er einmitt það", sagði hershöfðinginn fljótlega. "Þér segið mér áhyggjur yðar, ég sé sorg yðar, en eiginmaður yðar veit ekkert um það. Er það rétt, Aðalheiður? Mundi það vera svo, ef hjónaband ykkar væri eins og það ætti að vera?

Hún vissi ekki hverju svara skyldi.

Hershöfðinginn var mjög reiður á svip. "Ef ég vissi, að Caren hefði átt yður vegna eigna yðar, skyldi ég aldrei fyrirgefa honum það".

"Hann gerði það ekki", mælti hún afgerandi. "Þér megið trúa mér, þegar ég segi yður, að hann hugsaði ekki um neina peninga".

"Þér voruð þó það sem heimurinn kallar gott gjaforð", sagði hershöfðinginn.

Hún eldroðnaði, og hann leit beint í augu hennar.

"Hugsaði hann ekkert um það? Viðurkendi hann aldrei, að þér væruð ríkar?"

"Ég hefi aldrei heyrt hann nefna það, og ég ímynda mér, að hann hafi aldrei hugsað neitt um það".

"Því hefir annars verið haldið vel leyndu, Aðalheiður, — ég hefi aldrei heyrt neinn tala um þetta".

"Það var alveg óþarfi, að tala nokkuð um það, — öll leyndarmál eru bezt geymd innan ættarinnar".

Hún greip um hönd hans og leit biðjandi framan í hann: "Hershöfðingi, lofið mér einu. Við höfum haldið sögu ættarinnar leyndri, aldrei talað neitt um hana. Lofið mér því, að gera það sama: aldrei nefna þetta við nokkuru mann".

"Ég skal gjarnan lofa því, ef þér segið mér ástæðuna fyrir, hversvegna þér viljið halda því leyndu".

"Lávarður Caren vildi aldrei láta tala um það, og Lady Caren fellur mjög illa að heyra það nefnt".

"En maðurinn yðar?" spurði hershöfðinginn hvatlega.

"Ég vil ekki, að það sé nefnt á nafn við hann. Þér getið skilið, að fáar konur myndu vilja tala um það".

"Ég skil vel, hve göfuglyndar þér eruð, og ég vil láta að vilja yðar. Engum manni fellur vel, að standa í skuld við konu sína. Þér megið reiða yður á, að ég skal ekki særa sómatilfinningu hans".

"Ég er yður þakklátari fyrir þetta en alt annað, sem þér hafið fyrir mig gert, hershöfðingi".

"Þér skuluð þó ekki láta yður detta í hug, að öll þessi sniðugu undanbrögð hafi komið mér til að gleyma því, sem ég vil fá að vita. Takið nú eftir; — Ég finn yður fljótandi í tárum, þér munduð ekki

gráta, ef þér hefðuð enga sorg að bera. Þér segið, að maður yðar viti ekkert um þetta, en ég segi, að hann ætti að vita um það. Og ef það er eitthvað, sem þér getið ekki sagt honum, þá segið mér það".

"Það væri ekki réttlátt", sagði hún, "það sem ég ekki get sagt honum, ætti ég ekki að segja yður".

"Þér neitið þó ekki að svara spurningu, sem bezti vinur yðar spyr yður að: Elskið þér manninn yðar?"

Aldrei gleymdi hann augnaráði hennar, þegar hún leit í augu hans, og greip um leið um hendur hans.

"Elska ég mína eigin sál — elska ég líf mitt? Ég elska hann svo heitt, að ég vildi láta lífið með glöðu geði til þess honum gæti liðið vel".

"Nú hafið þér sagt mér sannleikann, en segið mér nú: Elskar Allan lávarður yður?"

Varir hennar skullu. Hún fölnaði og roðnaði á víxl. Hún stóðst ekki augnaráð hans, en varð að líta til jarðar. Hún hefði viljað gefa mikið til, að geta sagt, að hann elskaði sig, en það gat hún ekki. Henni datt í hug myndin, sem hún hafði fundið, af henni, sem hann hafði elskað, og tapað 14. júní. Nei, hún þorði ekki að segja, að hann elskaði hana. Hún reyndi að brosa og sagði svo:

"Nú spyrjið þér um leyndarmál Allans, en ef þér viljið fá þetta að vita, verðið þér að spyrja hann sjálfan að því".

"Ég hefi fengið fullnægjandi svar, — ég sé nú, hvernig í öllu liggur. Þér elskið mann yðar, en hann elskar yður ekki".

"Þetta er ekki allskostar rétt", mælti hún fljótlega. En hann tók fram í fyrir henni.

"Ég skil þetta alt saman, Aðalheiður mín. Guð hjálpi yður. Guð hjálpi hverri konu, sem ekki á ást manns sins. Ég kenni í brjósti um yður, og skal ekki fyrst það hryggir yður, tala oftar um, að mað-

ur yðar hafi átt yður peninganna vegna. Ég skil það, það er það sem Frakkar kalla "hagnaðar hjónaband".

"Hann er mjög vingjarnlegur og góður við mig", sagði hún.

"Ég skil það, barn. Segið ekki eitt orð meira. Þér hafið úlla orsök til að gráta. Hver er þessi dökkhærða kona, sem hann er alt af með?"

"Þér meinið víst hertogainnuna af Ormont?"

"Hver var hún, hefði ég átt að segja. Þekti maðurinn yðar hana áður en hann giftist?"

"Já", sagði hún, en hún tók mjög nærri sér að segja það.

"Ég skil. Segið mér nú, Aðalheiður, því ég var bezti vinur föður yðar og er einlægur vinur yðar: — Þykir honum ennþá vænt um hana. Ég meina ekkert ilt með þessu, en eru þessi tár henni að kenna?"

Spurningin kom henni svo á óvart, að það liðu nokkrar minútur fyr en hún vissi, hverju svara skyldi. Svo lagði hún hönd sína á handlegg hans.

"Bezti vinur minn", sagði hún, "far ekki svo hörðum, að þér hafið ranga hugmynd um mann minn. Ég hefi yfir engu að kvarta honum viðvíkjandi. Hann er bæði göfugur og góður maður. Ég elska hann, og ég get ekki hugsað til, að þér hugsið nokkuð ilt um hann. Hann er góður við mig; og þó hann ekki elski mig nú, mun honum með tímanum lærast það, og þá elskar hann mig miklu heitara en ég hann. Lofið mér að ráða, og reynið ekki til, að breyta hér. Sérhvert ónotayrði í hans garð, sker mig í hjartað".

Hún laut niður og kysti hið gamla alvörugefna andlit hans. Hershöfðinginn hafði alt af verið svo góður við hana.

"Gerið nú bæn mína", sagði hún. "Við viljum



Próf. R. B. Anderson, Madison, Wis., U.S.A.

Stort Groda=fyrirtæki

RUBBER RŒKTUN er arðsömust allra ATVINNUVEGA

Sérhver sá, sem getur sparað við sig $2.50 á mánuði, eða meira, getur geypt sameiginlega hluti í vorum 4. þúsund ekru "Togleðurs"-ökrum í bezta hluta Mexico ríkis.

$350.00 borganlegir á 3 árum, með framlenging ef nauðsyn krefur, ættu að færa yður 100 prócent ágóða árlega á meðan þér lifið.

Vér greiðum nú 10 prócent, og árið 1910 vonum vér að geta greitt 25 eða 30 prócent, árið 1911 60 prócent og árið 1912 100 prócent.

Vér erum nú að starfa að þessum feikna-arðsama atvinnuvegi í stórum stíl og höfum yfir 2 millión "Rubber"-Tré vaxandi á akri vorum, sem öll verða "Rubber"-berandi á sínum tíma. Hver hlutur táknar jafngildi einnar ekru lands. Vér getum sannað áreiðanlega og án nokkurra efasemdamöguleika, að tilboð vort er einlægt, áreiðanlegt og arðvænlegt.

¶ Forseti félags vors er kunnur öllum Íslendingum. ¶ Hann er Prófessor Rasmus B. Anderson, sem studdi að flutning Ísl. til þessa lands og byggingu þeirra á strönd Winnipeg-vatns. ¶ Séra Jón Bjarnason, prestur í F. lút. kirkju á Nena St., bjó hjá Próf. Anderson fyrir mörgum árum. ¶ Próf. Anderson var um fjögra ára tíma sendiherra Bandaríkjanna til Danmerkur. ¶ Ritið oss í dag eftir upplýsingum og skulum vér veita yður þær út í æsar, um tilgang vorn og starf. ¶ Bæklinga sendum vér yður ókeypis og allar óskir yðar þessu viðvíkjandi verða tafarlaust uppfyltar. Skrifið strax

J. A. KENT, umboðsmaður

The Wisconsin Rubber Co.

426 & 427 Union Bank Building

Telephone 6930 WINNIPEG, MAN.

A. J. JOHNSON, umboðsmaður meðal Íslendinga, Box 116, Winnipeg

"Margt er skrítið í Harmoníum".

Skoplegt er það, þegar Sigfús minn B. Benediktsson fer hvað eftir annað að gerast vandlætari fyrir agg og þrætur og ósæmilegan ritháttt í vorri íslenzku blaðamensku hér vestra, — sem þó allir vita, að er þektur að því, að vera það fáránlegasta og lúaleglegasta skammahylki, sem rúm hefir getað "s n u ð a ð" út í vorum íslenzku blöðum. Því hefi bæði ég og aðrir orðið að kenna á. Og okkar virðulega Lögberg hefir hvorki fengið velgju eða brjóstsviða af að hampa stássinu á hverri blaðsíðunni eftir aðra, og jafnvel þó það fyrirmyndarblað í frjálslyndi (! ! !) hafi sýnt mér meiri ósanngirni en að líkindum nokkrum öðrum kaupendum sínum, nefnilega þá, að taka aldrei af mér neina vörn fyrir skammir, sem það hefir um mig flutt, þá samt hefir mér aldrei til hugar komið, að spilla fyrir útbreiðslu blaðsins, eða á neinn hátt reyna að koma því inn í meðvitund alþýðu, að menn gerðu rangt í því, að kaupa blaðið. Blöðin hafa, bæði Hkr. og Lögb. svo sterkar hliðar og trúa og góða stuðningsmenn og kaupendur, að slíkt er ekkert nema bjánaskapur og óheilla æsingar, að benda mönnum á, að hætta við kaup á þeim. — Þetta er S.B.B. nógu hygginn til að sjá, eins og líka það, að þrátt fyrir smágalla, sem kunna að finnast á vorri vestur-íslenzku blaðamensku, þá eru bæði þessi blöð orðin vinsæl, og svo nytsöm fyrir almenning hér, að vér getum ekki án þeirra verið.

Það er hatrið til ritstj. Hkr., sem gerir alla greinina svarta hja Sigfúsi mínum, og þá fer nú að falla í verði vandlætingasemi haus í mínum augum, eins og líka það, að Lögberg sé að nokkru hótinu betra og vandara að því, að flytja fagurt og velsæmandi mál um sína meðbræður, þar sem það tekur hvern óhroða, sem það nær í, um Heimskringlu ritstjórann.

En þar sem Sigfús tekur málstað S. J. Jóhannessonar í Lögbergi 23. apríl, er ég honum mjög þakklátur fyrir. Mér líkaði afarilla árás J. Magnússonar á þann gamla sæmdarmann, og ég hefi áður sagt um skáldskap hans, að þrátt fyrir það, þó hann gerist nú gamlaður og hafi meir tamið sér að vera ljós og auðskilinn, en að glíma við ofurefli djúpra hugmynda og orðarembing, þá samt haldi hann sæmd sinni til grafarinnar, sem alíslenzkt skáld vorrar landnámstíðar.

Hefði nú Sigfús minn tekið málstað þessa góðkunna manns, sem svo fjölda mörgum af löndum er einkar vel til, en látið að öllu liggja kyrt óvildina til Heimskringlu og ritstjóra hennar, þá hefði bæði mér og fleirum þótt vænt um, og jafnvel farið að firnast yfir margar smásyndir og skammahauga, sem hann hefir mokað saman í Lögbergi.

Nei, því er ver, hefndin verður að fylgja, og ógæfan eltir hjá S. B. B.

Lárus Guðmundsson.

Opið bréf til K. Á. Benediktssonar.

Herra K. Á. Benediktsson.

Það hefir dregist fyrir mér, að þakka þér fyrir tilskrifið í Hkr. af 16. apríl sl., og hefði máske verið réttast að virða þig ekki viðtals. En af því fólk, sem ekki þekkir okkur — þig og mig — mætti halda, að ef ég tæki þegjandi við hrópi þínu, mundi málstaður minn ekki vera sem beztur.

Ég ætla því að leyfa mér, að gera nokkrar athugasemdir við grein þína, og sjá, hvernig leikar fara með okkur og það veit hamingjan, að þú skalt aldrei bera hærri hlut í okkar viðskiftum.

Þú byrjar grein þína með því, að geta þess, að þú sért ekki vanur að "skattyrðast við götulýð og fanta".

Hér er ekki nema tvennt að dreifa: Annaðhvort fer þú hér með vísvitandi ósannindi, eða þú leggur aðra meiningu í orðið "götulýður", en vanalega er gert. Ég hefi ætíð vítað þetta orð viðhaft um slæpinga, sem flækjast um götur og gatnamót og stinga höfðunum inn í hvern þann kima, sem von er um, að geta fengið í sópa af einhverju tagi, sem slökt geti hinn voðalega þorsta, er kvelur suma vesalinga.

En ekkert af þessu geri ég. Ég neyti míns brauðs í sveita míns andlitis og vinn hart fyrir mér og mínum, og læt aldrei nokkra stund ónotaða, sem veitt geti mér og mínum brauð. Og neyti ekki nokkurs áfengis, stíg ekki fæti inn fyrir hótel dyr. Þetta veiztu, að er satt, og allir þeir, sem þekkja mig, vita að þetta er satt.

En heldur þú nú, að þú gætir með góðri samvizku sagt þetta um sjálfan þig?

"Ég vissi það ekki fyr en nú, að eiganda húss þess, sem er í þessu sambandi, hafði ekki litist þann veg á Austmann, að hann vildi hafa hann við hússmíðið", segir þú.

Hvað hafa þessar dylgjur og lýgi að þýða?

Willkey, sem réði menn við oft áminst hús, hefir aldrei á æfi sinni séð mig eða ég hann, svo ég til viti. En hefði átt að ráða smiði við hús þetta eftir útliti, og bera mig saman við t.d. C. H. Hillman hefði ég ekki þurft að kvíða úrslitum. Því það vita allir, sem okkur hafa séð, að ég ber langt af honum bæði að ásýndum og vasleik. Það hefir enginn maður fyrr en þú látið sér það um munn fara, að ég þyrfti að skammast mín fyrir líkams atgerfi mitt. Og annað eins heilir skeð og það, að þú fengir að iðrast þess.

Þú segist geta sannað, að ég "hafi ekki vit á, að virða húsið, og viti ekkert um verð á því". — Hvað þýðir fyrir þig, að láta út úr þér svona bull? Þó þú farir að læra á morgun og yrðir að læra til æfiloka og yrðir allra manna elztur, kæmist þú aldrei með tærnar þar sem ég hefi hælana í slíkum efnum, og gerði ég grein fyrir því í opnu bréfi til C. H. Hillman ekki fyrir löngu síðan. Ég segi þar, að húsið sé $10,500 með lóð, sölulaunum og ágóða, og get sannað það hvenær sem er. Eignin er til söln og engum vandi að komast eftir öllu, sem maður þarf að fá að vita máli því viðvíkjandi.

Þú brixlar mér um það, að ég kalli mig "Eastman" hjá hérlendu fólki. Þetta er eins og alt annað hjá þér, uppspuni. Ég skrila mig og nefni allstaðar Austmann, og börn mín hafa aldrei gengið undir öðru nafni á skólum þessa lands. En ef það skyldi ekki vera "löglegt", þá eru nokkur nöfn í heiminum ólögnæt, því menn hafa verið að taka sér ættarnöfn í öllum heimsins löndum síðan á tölftu öld.

En heyrðu mig, Kristján. Kannast þú nokkuð við mann, sem fyrir nokkrum árum síðan hét Kristján Ásgeir-Anderson, og var í meira lagi þorstlátur?

Þú segir, að Jakob Johnson hafi verið hermaður í uppreistinni í Norðvesturlandinu 1885 og reynst vel".

Nei, nei, því var nú ver og miður, Jakob reyndist ekki vel, Jakob bauð sig fram eins og ég og margir fleiri Íslendingar. Jakob Johnton var nógu hugaður að berjast, en hann brast heilsuna. Hann fór héðan með gufulest til Calgary og þaðan á fæti til Edmonton. Veiktist þar og kom aldrei nálægt bardögunum.

Ef það er að reynast vel, að verða veikur áður en á hólmínn er gengið, skal ég fúslega játa, að ég skil ekki íslenzku.

Ég segi þetta ekki til að "vanvirða herra J. Johnson, heldur verð ég nauðugur að nota naln hans til að sýna almenningi hve ólíkur persóna þú ert og í alla staði óáreiðanlegur. — Þetta eru þau vægustu orð, sem ég á til í eigu minni, þegar tala verður um mann eins og þig.

Jakob hefir aldrei stigið á það strá, sem mér mætti miður líka — svo ég til viti — og bið ég hann því að virða á betra veg fyrir mér, að ég hefi þurft að nota naln hans eins oft og ég hefi gert.

Þú segir, að orðið "víking" "geti átt við alla vestmenn með réttu". Ef þú getur komið með eitt einasta dæmi, sem sannað geti, að þú getir með réttu borið nafnið "Víkingur", eða þú hafir í "víking" verið, skal ég geta þér 5 dollara.

Þú segir, að flesta muni "væma við greinum mínum". Óneí, ekki svo mikið. En það er langt síðan farið var að kvarta um "slúðrið" í þér. Eða manstu ekki eftir ljóðabréfinu, sem herra Ó. T. Jónsson kvað til þín Hkr. 7. febr. 1907, og hefir þú þó aldrei slúðrað jafnmikið og síðan. Ljóðabréfið byrjar svona:

"Söguljóð, er söngstu þjóð,
sýnist fróðum sladur; —
þú við óð ei hefir hljóð,
hættu, góði maður!"

Hinn merki fræðimaður, herra John Thorgeirsson, í Thistle, Utah skrifar í Hkr. 16. apríl sl. Herra Thorgeirsson ofbýður gjamm þitt, og fleirum og fleirum. Já, það eru hundruð, jafnvel þúsundir af Íslendingum, sem eru fyrir löngu orðnir þreyttir og veikir ("sick and tired") að lesa "sladrið" eftir þig.

Hvor okkar sýni "hugsanir á lægra stigi" bið ég lesendur Hkr. að dæma um, því "oft má á máli þekkja manninn hver helzt hann er".

Þú endar grein þína með því, að bregða mér um, að ég sé "skapillur"! Já, ég get orðið skapillur, ef mér er á móti gert, og það svo, að þú skjálfir á beinunum, og þú hefir skolfið og skalt skjálfa, ef þú ekki hefir þig hægan. Ég læt engan þorparalýð troða á hálsi mér, svo lengi sem ég dreg andann

Winnipeg, 3. maí 1908.

S. J. AUSTMANN.

Ef þér
viljið styrkja þarflegt
íslenzkt fyrirtæki, þá kaupið og
borgið Heimskringlu

WINNIPEG

Þann 29. f. m. lézt að heimili foreldra sinna, Mr. og Mrs. Thorsteinn Pétursson, á Nena st. hér í bæ, Málfríður Sigríður Pétursson, nálega 15 ára gömul, eftir stutta sjúkdómslegu í heilatangabólgu, sérlega efnileg og velgefin stúlka. Hún var hið elzta af núlifandi börnum þeirra hjóna. Elzta son sinn mistu þau fyrir tæpu ári síðan. — Jarðarför Málfríðar sálugu fór fram frá heimili foreldranna á föstudaginn var.

Mrs. Guðný Johnson, frá Mimer P.O., Sask., sem verið hefir hér í bænum í sl. 4 mánuði til lækninga við ólali, er hún varð fyrir á heimili sínu í nóvember sl., — fór heimleiðis aftur á fimtudaginn var, svo komin til heilsu, að hún er líkleg til að geta að mestu stundað bú sitt þar vestra. Mrs. Johnson hefir verið undir umsjón Dr. Brandsonar síðan hún kom til bæjarins, sem stundað hefir hana af alúð og útvegað henni ókeypis hjúkrunarkonu, og þess utan gefið henni aðstoð sína alla ókeypis. — Mrs. Johnson biður Heimskringlu, að flytja Dr. Brandson sitt innilegasta þakklæti fyrir þessa miklu velgerð hans, og einnig þeim öðrum hér í bænum og utanbæjar, er vikið hafa henni góðu með peningagjöfum og á annan hátt, síðan hún varð hjálparþurfi.

Jónas Pálsson, musik kennari, hélt Recital með nemendum sínum í Selkirk bæ að kveldi 29. f. m. Aðsókn var svo mikil, að húsið var troðfult og áunnu nemendur sér almennt lof fyrir framkomu þeirra á samkomunni.

Herra Jóhann Jóhannsson, trésmiður, að 605 Maryland st. hér í bænum, lagði af stað á miðvikudagskveldið var alfarinn með fjölskyldu sína vestur að Kyrrahafi. Hann bjóst við að setjast fyrst um sinn að í North Vancouver, British Columbia.

Kaupendur Heimskringlu í Upham, N. D., og Seattle, Wash., athugi, að blaðið er nú sent í pökkum á þessi pósthús, án þess að umbúðir sóu um hvert blað. Þetta var nauðsynlegt að gera, og vonar útgáfunefndin, að það baki kaupendunum ekki nein sérstök óþægindi.

Íslenzkir Goodtemplarar fara hina árlegu skemtiferð sína til Gimli mánudaginn 6. júlí næstk.— Nákvæmar auglýst síðar.

Lesendur er hér með ámintir um að lesa greinar þær "Samtal um búskap", sem eru að birtast í Heimskringlu. Sú þriðja í röðinni af þessum greinum birtist í þessu blaði. Tvær eru áður komnar og aðrar fylgja framvegis. — það er athugunarleysi eða kæruleysi bæða að kenna, ef þeir hafa ekki mikinn hagnað af lestri þessara greina, sem bæði eru vel ritaðar, og flytja áreiðanlegar og mikilvægar upplýsingar um landbúnaðinn og hvernig megi hafa mestan hag af honum. "Orri" ætti að skoðast góður gestur og nú vinsældum á hverju íslenzku bóndabýli.—

Mrs. Vilborg Melsted, frá Hallson, N. D., kom til bæjarins á mánudaginn var í kynnisför til vina sinna hér. Hún dvelur her mánaðartíma, og heldur til hjá Miss Valgerði Finney, að 652 Toronto Street.

Mrs. Helga Jónsdóttir, móðir Miss Valgerðar Finney, kom heim aftur hingað eftir 6 mánaða kynnisför hjá dóttur sinni, Mrs. Peterson, að Otto P.O., — í sl. viku. Hún gekk undir uppskurð í fyrradag við augnasjúkdómi, og tókst það vel.

Lávarðarnir Strathcona og Mount Stephen hafa nýlega sent 1 þúsund dollara gjöf hvor til Almenna spítalans hér í bænum.

Nýja Bakaríið.

Ég gef nú þeim, sem sækja vilja brauð til mín, 23 fyrir $1.00. Svo hefi ég nú hagldir og tvíbökur, sem ég get ábyrgst að vera það bezta, sem nokkurstaðar er búið til. Kringlur 10c, tvíbökur 15c pundið.

G. P. Thordarson.
782 Sherbrooke St. Telefón 8322

Sjónleikurinn EAST LYNN var leikinn í Goodtemplarahúsinu á mánudags og þriðjudagskveldið í þessari viku. Aðsóknin á mánudagskveldið var sæmileg, mun hafa verið um 300 manns. "East Lynn" er sorgarleikur, og að efni til þannig lagaður, að það getur verið álitamál, hvort leikurinn sé nægilega gófgandi til þess, að sérstök stund sé lögð á, að leika hann fyrir almenníngi. Vér fáum ekki séð, að í leikunum sé annað efni — svo orð sé á gerandi — en það, að kona ein, af afbrýðissemi og skorti á góðri dómgreind, yfirgefur heiðarlegan eiginmann sinn. Þetta má teljast fyrirgefanlegt, ef ekki fyldi annað verra: En þessi sama kona þekur saman við illræmdan ópokka, strýkur frá manni og börnum til þess að njóta ástar ópokkans. Iðrun fylgir yfirsjón þessari og endirinn verð ur sá, að hún verður að horfa upp á andlát eins barnsins sins, með fyrri manninum, — reyndar var hún aldrei gift þeim síðari, þótt þau eignuðust erfingja. Og að síðustu devr hún sjálf. Aðal þungamiðja leiksins er heimskuleg fljótfærni og lauslæti einnar konu, með fylgjandi iðrun og dauða. Leikurinn sýnir yfirgnæfandi hina dökku og sorglegu hlið mannlífsins.

Undirbúningur og æfingar hafa sýnilega verið ónógar. Leikendur lóku miðlungi vel, sumir lakar en aðrir betur. Langmest kvað að leikaraþrótt ungfrú Jódísar Sigurðsson, í gerfi Corneliu Carlyle. Frú Isabel lék lætur í enda leiks, ins en í hinum fyrri hlyta hans. Henni lætur sorgarrullan stórum betur en unggæðings og æskufjörs látalæti. Það kvað ekkert að neinum leikanda í öllum fyrri hluta leiksins, en þeir sóttu sig betur í hinum síðari. Þó var hvergi svo leikið, að snortið gæti neinn áhorfanda og yfirleitt mun áhorfendum hafa þótt miður leikið, en æskilegt hefði verið.

Með betri æfingum og nákvæmum útreikningi allra hreyfinga á leiksviðinu, má mikið bæta sýninguna, þó efnið vitanlega verði hið sama.

Stúkan ÍSLAND No. 15, I.O. G.T. hefir ákveðið að hafa opinn fund þann 14. þ.m., til skemtunar og fróðleiks. þar verða fluttar ræður um bindindismálefni. Einnig verður hinn stóri söngflokkur Goodtemplara þar. Nánar auglýst í næsta blaði.

Fyrsta fylkingarganga Sósialista, með tauðan fána í broddi fylkingar, fór fram hér í bænum þann 1. þ.m. Flestir þeirra voru útlendingar, og var fylkingin allmannmörg. Á fána þeirra var letrað: "Vér æskjum atvinnu". Fylkingin hegðaði sér stillilega og ræður voru haldnar í norðurbænum og síðan gengið að borgarráðhúsinu. Lögreglan hafði eftirlit nokkurt með fylkingu þessari. Aðaltilgangur göngunnar mun hafa verið sá, að sýna Winnipeg búum, hve allmikil Sósialista hreyfingin er orðin hér. Þetta er í fyrsta skifti, sem Sósialistar hafa sýnt sig hér sem heild, en vænta má þess, að þeir láti sín frekar getið síðar.

Þann 1. þ.m. andaðist hér í bænum Inspector Munroe, einn af helztu og elztu lögregluþjónum þessa bæjar. Hann var drengur góður og hvervetna vel látinn.

Jarðarför Inspector Monroe fór fram á sunnudaginn var, og var einhver sú mikilfenglegasta, sem sést hefir hér í borg í 20 ár, síðan Hon. John Norquay lézt. Líkfylgdin, í vögnum og gangandi, var yfir tvær mílur á lengd. Sorgarskeyti yfir fráfalli hins látna voru sinuð frá öllum lögreglustöðvum í Canada og mörgum í Bandaríkjunum.

Athygli er hér með vakið á auglýsingu um Tombólu er kvenfélag Únitarasafnaðarins ætlar að hafa næsta miðvikudagskveld, þ. 13. þ. m. Drættir verða þar góðir. Inngangur með einum drætti að eins 25 cents, og ókeypis kaffi í kaupbætir.

Paul Magnússon, kaupmaður í Selkirk, kom snöggva ferð til bæjarins um síðustu helgi.

Herra Hjörtur Borgsteeinsson, er á sl. hausti fór til Íslands í innflutningaerindum í umboði Canada stjórnar, kom aftur til Winnipeg á sunnudagskveldið var, og með honum 7 eða 8 manns, þar af einn maður, sem áður hefir dvalið hér vestra.

Lífsábyrgðarfélagið VÍNLAND hefir ákveðið, að hafa sérstakar skemtanir á næsta fundi, er haldinn verður fimtudaginn 14. maí. Einnig verða þar veitingar ókeypis. — Æskilegt væri, að allir meðlimir sæktu fundinn.

Tombolu

heldur kvenfélag Únitarasafnaðarins næsta miðvikudagskveld, 13. þ.m. Margir mjög eigulegir munir eru á þessari Tombólu. Leikir og aðrar skemtanir á eftir.

Inngangur og einn dráttur að eins 25 cents.

Ókeypis kaffi verður hverjum veitt, sem hafa vill.

Kaffi ókeypis

Meðal þeirra, sem héðan fóru til Íslands í gærdag, var herra Þórður Halldórsson, frá Westbourne. Hann kom hingað fyrir 9 árum, mjög heilsubilaður, hefir unnið fyrir litlu kaupi, 10 dollars á mánuði þegar bezt hefir gengið, og mörg handtök tekið hjá sínum nákomnum án borgunar. Hann fer nú heim með fjárafla, sem mörgum mundi þykja vænlegur, þótt hærra kaup hefði fengið hér vestra. Þórður er nú orðinn 64 ára gamall. Hann er frá Bræðratungu í Biskupstungum. — Herra Þiðrik Eyvindsson, frá Westbourne, flutti Þórð inn hingað.

Næsti fundur Menningarfélagsins verður haldinn í Únitara kirkjunni næsta þriðjudagskveld kl. 8, þann 12. þ.m. Þá flytur Thorbergur Thorvaldson erindi um breytiþróun Darwins. Erindið verður útskýrt með uppdráttum frá háskólanum, sem Mr. Thorvaldsson er kennari við.

Líklega verða nýir embættismenn kosnir á þeim fundi.

Allir velkomnir ókeypis.

Eldur í Weldon Block á Portage Ave. gerði talsvert tjón þann 1. þ.m. Margir, sem þar bjuggu, mistu mestan hluta eigna sinna.

Föstudaginn 1. maí sl. voru settir í embætti fyrir komandi ársfjórðung í stúkunni Heklu þessir:

F.Æ.T.—Björn E. Björnsson.
Æ.T.—Nanna Benson.
V.T.—Guðbjörg Sigurðsson.
Kap.—Agnes Jónsdóttir.
F.R.—B.M.Long (endurk.).
Gjaldk.—Bjarni Magnússon.
R.— Ólafur Bjarnason.
D.—Aðalbjörg E. Björnsson.
V.—Björn Lindal
A.R.—Svéinb. Gíslason.
A.D.—Rósa Nordal.
U.V.—Lawrence Thomson.

Meðlimatala stúkunnar 30. apríl 1908 var 378.

HÚSPLÁSS fyrir litla fjölskyldu óskast til leigu, helzt í vesturbænum, frá 1. júní. Lysthafendur geta fengið nánari upplýsingar á skrifstofu Hkr.

Hjálp óskast!

Kjósendur Winnipeg borgar eru beðnir að greiða atkvæði Í DAG, fimtudag 7. maí, með því, að bæjarstjórnin megi verja 90 þús. dollars til þess að byggja brú yfir Rauðá, í stað gömlu Louise brúarinnar, til þess að gera stöðuga og óhindraða umferð fólks yfir Rauðá mögulega.

Bæjarstjórnin finnur til þess, að Louise brúin, sem bygð var árið 1880, fyrir 27 árum, þegar íbúatalan var að eins 15 þúsundir, sé nú orðin alls ónóg til þess að fullnægja vaxandi umferð yfir brúnæ; þar sem íbúatalan er nú orðin meira en 100 þús. umfram það, sem þá var. Winnipeg borg hefir kert takmörk sín út fyrir Rauðá, svo að nú eru 1040 ekrur borgarinnar austan Rauðár, og þar dvelja 6 þúsund bæjarbúa. Umferð fólks á 20 til 40 milna svæði austan Rauðár, leggur leið sína inn í borg þessa, og allir verða að nota brúna, sem er að eins 16½ fet á breidd, sama og vanalegt bakstræti. Þessi gamla brú er því orðin alls ónóg, og algerlega nauðsynlegt, að endurbyggja hana, svo að hún fullnægi umferðarþörfum allra þeirra, sem yfir brúna eiga leið, og svo að strætisbrautavagnarnir geti runnið eftir henni, og þannig flutt borgarbúa viðstöðulaust fram og til baka. Bæjarstjórnin er að verja 70.000 dollara til þess að gera við Higgins ave., og það stræti liggur að brúarspordinum, og þar verða strætisvagnarnir að stansa, og fólkið að ganga yfir brúna eins og hún er nú. Það er ætlað, að 1000 vagnar og 4.000 manna ferðist yfir brúna daglega. Hver maður verður að ganga fjórðungs milu veg vegna þess, að bæinn þolir ekki þyngd strætisvagnanna, þegar þeir eru hlaðnir fólki.

Verksmiðjur eru óðum að risa upp austan árinnar, og þar verður mannmargt með tímanum. Ný, breið og öflug brú yfir Rauðá þar sem Louise brúin er nú, er algerlega nauðsynleg, og þess vegna ættu Winnipegbúar að greiða atkvæði sín með þessari fjárveitingu sem fram fer í dag 7. þ.m.

Skrásetning í Gimli kjördæmi

Blaðið Manitoba Gazette, dags. 25. apríl sl., auglýsir að endurskoðun kjörskránna í Gimli kjördæmi fari fram á 20 stöðum dagana frá 18. maí til 15. júní, að þeim dögum báðum meðtöldum, svo sem hér segir:

Mánudaginn 18. maí, í búð hr. Rogers, að Fisher River.

Fimtudaginn 21. maí, í húsi Bjarna Stefánssonar í Mikley í Winnipeg vatni.

Laugardaginn 23. maí, í Bændafélagshúsinu við Íslendingafljót.

Þriðjudaginn 26. maí, í húsi S. G. Nordals á Sect. 23, 22, 3 aust.

Fimtudaginn 28. maí, í húsi John Johnson, yngra, Framnes.

Laugardaginn 30. maí, í húsi Alberts Jónssonar á Sect. 16, 21, 4 austur.

Mánudaginn 1. júní, í Baldur Hall, Gimli.

Miðvikudaginn 3. júní, að Innwood á Sect. 28, 18, 4 austur.

Fimtudaginn 4. júní, í húsi Alberts Þiðrikssonar að Husawick.

Laugardaginn 6. júní, að Pleasant Home pósthúsi.

Þetta er fyrir þann hluta kjördæmisins, sem liggur austan fyrsta hádegisbaugs. Skrásetjari þar verður Jón Sigvaldason, frá Icelandic River.

Í vesturhluta kjördæmisins fer skrásetningin fram á þeim stöðum og dögum, sem hér segir:

Mánudaginn 18. maí, í húsi Gests Sigurðssonar á Sect. 22, 19, 2 vestur.

Þriðjudaginn 19. maí, í húsi Pétars Bjarnasonar á Sect. 2, 20, 3, vestur,

Miðvikudaginn 20. maí, að Lundar Hall.

Fimtudaginn 21. maí, í húsi James Topping á Sect. 20, 20, 6 vestur.

Föstudaginn 22. maí, í húsi Thomas Forgner á Sect. 2, 22, 6 vestur.

Þriðjudaginn 26. maí, í húsi William Pottinger á Sect. 10, 23, 8 vestur.

Fimtudaginn 28. maí, í húsi Paul Kérnested á Sect. 12, 24, 10 vestur.

Mánudaginn 1. júní, í búð Hudsons Bay félagsins að Fairford.

Miðvikudaginn 3. júní, á skrifstofu Gypsum myllunnar, að Gypsumville.

Mánudaginn 8. júní, að Seamo Hall.

Paul Reykdal á Oak Point skrásetur í vesturhluta kjördæmisins.

Aðal endurskoðun ("Court of Revision") kjörskránna fer fram að Gimli þann 16. júní næstk., fyrir þá, er búa austan hádegisbaugs. Og að Lundar Hall, Lundar, þann 23. júní, fyrir þá, er búa vestan hádegisbaugs.

Það er vonað, að nú hafi settir verið svo margir skrásetningastaðir, og þeir svo haganlega settir, að hver einasti borgari, sem rétt hefir til atkvæðagreiðslu í Gimli kjördæminu eigi nú kost á, að komast með léttu móti á skrásetningarstaðina, og það er vonað að hver einasti atkvæðisbær maður, sem ekki er á kjörskrá, láti ekki undan liða, að koma nafni sínu á hana, svo að hann geti notið atkvæðisréttar síns við komandi kosningar. Þeir, sem nú eru á kjörskránum, þurfa ekki að koma á skrásetningasstaðina, en hinir allir, sem ættu að hafa nöfn sín þar, en eru þar ekki ennþá, ættu að sjá um, að nöfu þeirra séu skrásett. Skrásetningarstaðirnir eru svo þétt settir um kjördæmið, að enginn þarf að skoða það frágangssök vegalengdarinnar vegna; að taka sér tíma til þess, að tryggja sér þau borgaralegu réttindi, sem skrásetningin veitir þeim.

Byrjaður aftur!

Hérmeð tilkynnist Íslendingum, að ég hefi keypt eldiviðarbyrgðir herra A. S. Bardals og er nú nýbyrjaður eldiviðar og kolasölu og "Express" flutningskeyrslu.

Ég vænti þess, að þeir, sem um síðastliðin mörg ár hafa skift við okkur Olson bræður, og aðrir Íslendingar hér í bæ, sýni mér þá velvild, að láta mig njóta viðskifta sinna. Heimilisfang mitt er: 620 Maryland Street.

Sigtr. F. Olafsson

Boyd's Brauð.

Sérhvert brauð létt og lystugt. Algerlega hreint og holt. Þau eru freistandi fæðutegund. Vagnar vorir skila þeim heim í hús kaup. daglega, hvar sem þeir búa í borginni.

Pantið með talþræði 1030, og reynið brauðin.

Boyd's

Bakery Cor Spence & Portage Ave
Phone 1030.

HÁTÍÐ Norðmanna.

Norðmenn hér í borginni halda hátíðlegan þjóðminningardag sinn 17. maí með meiri viðhöfn í þetta sinn en á nokkru undangengnu ári. Aðalræða dagsins verður haldin af hinum velþekta ræðu og söngmanni séra Hans B. Thorgrimsen, frá Norður Dakota. Frú Theodora Salicath-Grieveson, hin viðfræga söngkona, hefir boðið þjónustu sína. Hátíðin verður haldin í íslenzka Goodtemplara húsinu, horni McGee St. og Sargent Ave., mánudaginn þann 18. maí (af því þann 17. ber upp á sunnudag).

PROGRAM.

1. Kórinn syngur.
2. Ræða forsetans.
3. Hljóðfærasláttur: Thorvilsons Quartet.
4. Aðal-hátíðarræðan: Séra H. B. Thorgrimsen.
5. "Ja, vi elsker": Kórinn og fólkið.
6. Fúnaganga og söngur barnanna
1. Soprano Solo: Fru Salicath-Grieveson.
8. Piano Solo: Scherzo, Sinding, Miss Frida Simonson.
9. Bass Solo: Séra Hans B. B. Thorgrimsen.
10. Leikur: "Meinhöve".
11. Fiólin Solo: Miss Olga Simonson.
12. Tableau: "Paa Sæteren".
13. Kórinn syngur.

VEITINGAR ÓKEYPIS

Jónas Pálsson
PIANO KENNARI
729 Sherbrooke St. Winnipeg.

G. M. Bjarnason
Málar, leggur pappír og gerir "Kalsomining. Óskar við skifta Íslendinga.
672 AGNES ST. TELEFÓN 6954

ARNI ANDERSON Íslenzkur lögmaður
í félagi með
Hudson, Howell, Ormond & Marlatt
Barristers, Solicitors, etc.
Winnipeg, Man.
13-18 Merchants Bank Bldg. Phone 3621, 3622

C. INGALDSON
Gerir við úr, klukkur og alt gullstáss. Úr klukkur hringir og allskonar gullvara til sölu. Alt verk fljótt og vel gert.
147 ISABEL ST.
Fáeinar dyr norður frá William Ave.

J. G. Snydal, L. D. S.
ÍSL. TANNLÆKNIR
COR. MAIN & BANNATYNE
DUFFIN BLOCK PHONE 5302

HANNESSON & WHITE
LÖGFRÆÐINGAR
Room: 12 Bank of Hamilton
Telefón: 4715

BILDFELL & PAULSON
Union Bank 5th Floor, No. 520
selja hús og lóðir og annast þar að lútandi störf; útvegar peningalán o. fl.
Tel.: 2685

BONNAR, HARTLEY & MANAHAN
Lögfræðingar og Landskjala Semjarar
Suite 7, Nanton Block, Winnipeg

Hver þvær og Hreinsar Fötin ydar?

Hversvegna að fara í Kína-kompurnar þegar þér eigið kost á að fá verkið gert betur, og alt eins ódýrt, í beztu og heilsusamlegustu þvottastofnun, þar sem aðeins hvítt vinnufólk er haft og öll hreinustu efni notuð. Vér óskum viðskifta ydar.

The North-West Laundry Comp'y Ltd.
Hreinsarar og Litarar
COR. MAIN & YORK FÓN 5178

UMLÍÐUN MEÐ BORGUN.

Allskonar Fatnadur

Menn og Konur! Því skylduð þér ekki klæðast vel, þegar þér getið keypt fínustu föt, hvort heldur eftir máli eða með verksmiðju-gerð,— með vægum viku eða mánaðar afborgunum.

Allir vorir klæða dúkar eru af fínustu tegund, og fötin með nýjasta New York sniði. Vér höfum kvenfatnaði, skyrtur og treyjur. Einnig karlm. fatnaði, treyjur og buxur, með vægum afborgunarskilmálum. Vér seljum ódýrar en aðrir gera fyrir peninga. Karla fatnaðir frá $9.00 og yfir. Kvenmanna fatnaðir og treyjur frá $12.00. og þar yfir.

Komið! skoðið vörurnar og sannfærist !!

EMPIRE CREDIT CO'Y
Sal 13 í Traders Bankanum, — 433 MAIN STREET
2-8-8

Viðvíkjandi Hafið tal af

Sjúkdómum Sérfræðingum vorum

Royal Optical Co.
327 Portage Ave.
Rétt á móti Eaton's búðinni. Winnipeg.
12-9-8

LESIÐ NÚ!

Vér bjóðum um mánaðartíma hin bestu ekrukaup, sem nokkurutíma hafa boðin verið. Landið er á Main St., norðan bæjarins, liggur að C.P.R. og rafmagnsbrautunum. Selt í spildum eftir óskum kaupendanna, ein ekra eða meira. Verð frá $200 ekran og yfir, með aðgengilegum skilmálum.

[Frambald heimsókn við Hkr. nafnið]

Heimskringla.

Kjörkaup

Þessi eru þau mestu, er nokkru sinni hafa verið boðin, og af því að ekrufjöldinn er takmarkaður, þá ættuð þér að kaupa strax. — Landið er hentugt til garðræktar, gripa eða fuglaræktar.

Skúli Hansson & Co.

Skrifst. Telefón 6476. Heimilis Telefón 2274

XXII. ÁR. WINNIPEG, MANITOBA, FIMTUDAGINN, 14. MAÍ, 1908 NR. 33

Fregnsafn

Markverðustu viðburðir hvaðanæfa.

Verkamanna óeirðir hafa orðið á Englandi í síðari tíð. Skipgerðarmenn vildu lækka verkalaun manna sinna, en þeir neituðu að þiggja lækkunina. Um 70 þúsundir manna, sem starfa við skipasmíðsmiðjur, eiga hér blut að máli. Sex þúsundir manna í Clyde skipakvíunum lögðu niður vinnu 2. þ.m., og 15 þúsundir manna hafa orðið að hætta í enskum skipakvíum. Skipagerðarmenn hóta að segja upp atvinnu þeim 70 þús. manna, sem nú starfa að skipagerð á ýmsum stöðum þar í landi. Hve lengi atvinnuleysi þetta mundi standa yfir, vita menn ekki.

— Hneyxli mikið varð í Vatíkaninu í Róm á páskadagsmorguninn síðasta, þegar prof. Feilbogen, Gyðingur einn frá Austurríki, var til altaris hjá páfanum, og skyrpti oflátunni út úr munni sér eftir að páfinn hafði blessað hana og stungið henni upp í professorinn. Svo þótti hneyxli þetta óþolandi, að lögreglan í Austurríki gerði fyrirspurn til páfans um það, hvort hann óskaði, að maðurinn væri kærður fyrir litilsvirðingu þá, er hann hafði sýnt hinum helga dóm. En páfinn svaraði, að hann vildi ekki að mál væri höfðað, heldur að atvik þetta gleymdist sem fyrst.

— Seytján ára gamall piltur, er farið hafði úr löðurhúsum á Englandi, þegar hann var tíu ára að aldri og þá flutt til Canada, kom aftur heim til Englands í sl. viku, og lann föður sinn, sem ekki þekkti hann á piltinum, en leyfði honum þó að gista í húsi sínum yfir nóttina. En næsta dag skyldi hann færa föðurnum rök að skyldleika þeirra, — Pilturinn gaðaðist næsta dag, en ákveðin líkamsmerki sýndu, að hann hafði ættlærst sig rétt. N

— Tuttugu manns létu lífið í eldsbruna, sem varð í gistihúsi einu í Fort Wayne, Ind., 3. þ.m.

— Hjúkrunarkona ein í Toronto lofaðist nýlega milióna eiganda frá Philadelphia. Giftung þeirra er auglýst að fari fram 3. júní næstk. Stallsystrum hennar þykir þetta hinn vænsti fengur.

— Yfirvöldin í Calcutta hafa nýlega fundið í vinnustofu einni fjölmargar sprengikúlur af nýjustu gerð. Lögreglan fann og margar bækur, er kendu hvernig kúlur þessar mætti búa til, ásamt öðrum Anarkista bókmentum og landráða bæklingum. Lögreglan hefir uppgötvað, að félag mikið hefir myndast meðal inbyggenda þar, og að nægilegt peningamagn er á valdi félagsins til þess að hefja og halda við uppreist móti brezku stjórninni þar í landi. Yfir 30 manns hafa verið handteknir, og hefir þetta mjög æst alþýðu manna þar í landi, sem eindregin er með sjálfstjórn, og vitanlega ætur sér ant um, að losast undan yfirráðum Breta, með hverjum meðulum sem það er gert.

— Winston Churchhill, einn af stjórnarráðgjöfunum á Englandi, sem nýlega beið ósigur í kosningum í Birmingham kjördæminu, — bauðst samstundis sæti fyrir Dundee kjördæmið. Hann er nú að ferðast þar um og halda ræður og gerist margt sögulegt á fundum hans. Kvenfrelsiskonur elta hann á hvern fund, og þegar hann stendur upp til að tala, þá taka þær að hringja bjöllum, sem þær bera með sér, svo að ekki er hægt að heyra til hans. Enn hefir lögreglan ekki skorist í leik þennan, og þykir því mörgum hin mesta skemtun, að sækja fundi þessa.

— Tveir piltar hafa nýlega játað, að þeir hafi kastað sprengikúlum að dómara einum í Bengal á Indlandi, með þeim tilgangi, að kötta af honum þjáningum þessa lífs. Ástæða piltanna fyrir þessu tiltæki var sú, að hegna dómaranum fyrir það, að hann hafði dæmt þá til hýðingar fyrir glæpi. Piltar þessir voru innlendir námsmennj

— Laurier stjórnin hefir látið þess getið í Ottawa þinginu, að hún ætli bráðlega að leggja fyrir þingið frumvarp til laga um stækk un Manitobafylkis. Væntanlega verður hægt að skýra nákvæmar frá þessu í næsta blaði.

— Tekju afgangur Breta stjórnar fyrir síðasta fjárhagsár varð yfir 100 miliónir dollara, eða nálega 24 miliónir pund Sterling. Og þjóðskuldin lækkaði á árinu um 90 miliónir dollara. Og í mjög nánagri framtíð, sagði fjármálaráðgjafinn, að þjóðskuldin yrði lækkuð um 75 miliónir dollara.

— Járnsteypufélagið mikla í Sault Ste. Marie í Ontario hefir kæft elda sína og lokað verkstæðunum um óákveðinn tíma og 1500 tapa atvinnu við það. Félagið kveðst vona, að geta tekið til starfa aftur í kring um 1. júlí nk.

— Sósialistar hafa unnið nýjan sigur í Paris á Frakklandi, með því að koma konu einni þar í bæjarstjórnina. Í ráði er, að konu þessari verði ekki leyft að taka sæti í ráðinu, en hún hótar að leggja málið fyrir dómstólana, ef hún verði þeitt nokkurri rangsleitni.

— Nýlega kom það fyrir í Baptista kirkju einni á Rússlandi, að bardagi varð svo mikill, að tvær konur voru liflátnar og 5 karlmenn lágu eftir særðir á gólfinu. Baptistar höfðu boðið fulltrúum rússnesku þjóðkirkjunnar á trúarsamtalsfund í kirkju sinni. Fulltrúar þjóðkirkjunnar tóku boðinu og fjölmentu á fund Baptista, en höfðu allir vopnast á laun. Þegar á fundinn var komið, og Baptistar tóku að skýra trúaratriði sin, réðust hinir rétttrúuðu þjóðkirkjumenn á þá með vopnum sínum, — með þeim afleiðingum, sem að framan er getið. Baptistar voru ekki vopnaðir, og áttu sér einskis ills von. Þeim varð því fátt til varnar móti "barnatrúar" höfuðprestunum.

— Skip eitt frá Bandaríkjunum, á leið frá Ástraliu til Crofton, B. C., sem verið hefir á hafinu 3½ mánuð fram yfir áætlaðan tíma, og allir héldu að hefði farist með því að fundist höfðu reknir hlutir úr skipinu, hefir að lokum náð lendingu í British Columbiu.

— Tveir bræður útskrifuðust nýlega úr lagadeild McGill háskólans með bezta vitnisburði. Þeir tóku tvenn hæstu verðlaun, sem sá skóli veitir fyrir laganám. Annar þessara bræðra er gersamlega blindur, og hann hlaut hæstu verðlaunin. Sá sem nú tók hæstu verðlaun, meiddist á öðru auga fyrir 9 árum, svo að það varð óumflýjlegt, að taka það úr honum, en af vangá læknisins, tók hann heilbrigða augað, svo að maðurinn varð alblindur. En samt hélt hann áfram að læra lögin, með því að bróðir hans hefir jafnan sið an hjálpað honum við námið, og með þeim afleiðingum, að báðir bræðurnir útskrifuðust með hæsta vitnisburði.

— Wright bræðurnir í North Carolina, þeir Orville og Wilbur, hafa nú svo fullkomnað loftsiglingartæki sin, að þeir segjast hafa fullkomlega ráðið fram úr loftsiglingagátunni. Þeir sigldu nýlega í loftbát, sem þeir hafa gert, langt út á haf, og þó olsa veður væri, stýrðu þeir farinu hvert sem þeir óskuðu, og sneru svo heim aftur eftir að vera fullkomlega sannfærðir um, að þeir gætu farið í fari þessu yfir Atlantshafið. Frakkar hafa þegar boðið bræðrunum 250 þúsund dollara fyrir skip þetta. En þeim er illa við, að selja öðru riki farið fyr en Bandarikjastjórn hefir neitað að kaupa.

— Harry Orchard, sá er nýlega var dæmdur til lífláts fyrir Stuenenberg morðið í Idaho fyrir 2 árum, hefir verið náðaður um nokkurar vikur. Hann átti að úttaka hegningu sina þann 7. þ.m., en var gefinn frestur þar til 2. júlí næstk. Orchard hefir beðið um líflát, því hann segist ekki geta þolað þá fyr irlitningu, sem aðrir fangar í fangelsinu sýni sér í daglegri umgengni Hann segir að þeir hafi tekið sig saman um, að neita algerlega að tala við sig eða hafa nokkur mök við sig, og það sé verra en dauði að þola slikt til lengdar. Hann hefir lagt stranga skipun fyrir lögmenn þá, er vörðu mál hans, að gera enga tilraun til að forða sér við líflátsdómi.

— Í samkvæmi verzlunarmanna í London á Englandi var í ræðum manna þann 6. þ. m. miklu hóli hlaðið á Canada fyrir það, hve litið hér varð um gjaldþrot eða almenna peningaþurð á síðasta ári, þegar flest heimsins lönd fóllu í greipar verzlunar og iðnaðardeyfðar. Forseti samkomunnar gat þess, að á sl. 14 mánuðum hefðu brezkir auðmenn sent yfir 100 miliónir dollara til Canada með sérlega aðgengilegum skilmálum fyrir lantakendur.

— Tvö sykurgerðarhús, þau stærstu í heimi, hafa nýlega orðið gjaldþrota, Charitoneka og Cherkassky félögin í Odessa. Hafa bæði orðið að hætta starfi. Hið fyrnefnda skuldaði 16½ milión dollara og hið síðara nær 4 miliónir dollara. Um eignamagn þeirra er ekki getið.

— Winston Churchill hefir unnið kosninguna í Dundee kjördæminu með á 3 þúsund atkvæðum umfram, en það er 2 þúsundum færra en fyrirrennari hans fékk í síðustu almennum kosningum, og þykir illur fyrirboði fyrir Asquith stjórnina, þegar hún gengur næst til kosninga.

— Nýafstaðar borgar kosningar í Halifax voru með liflegasta móti og sóttar af miklu kappi, á pólitiskum grundvelli. Tveir af ráðgjöfum Lauriers voru þar að hjálpa flokksbræðrum sínum, en samt unnu Conservativar með feikna stórum meiri hluta. Þykir nú fullséð, að verða muni mikil breyting þar í fylkinu við næstu almennar rikiskosningar.

— Skarpar umræður eru nú um það í Ottawa þinginu, að einn af stjórnarþjónunum, sem hefir 3 þús. dollara árslaun, hefir á sl. 6 mánuðum fengið $4,320 dollara í fæðispeninga auk launanna.

— Mannflutningaskipi hvolfdi nýlega í Mississippi ánni, 6 milur frá mynninu á St. Francis ánni, og fóru 75 manns þar í vatnið, en gufuskip, sem þar var á ferð, bjargaði öllum, nema 12 mönnum. Þeir, sem drukknuðu, voru allir meðlimir í leikfélagi, sem var á ferð í leik-erindum sínum.

— Mælt er, að óvináttan milli Japana og Kínverja fari daglega vaxandi. Kínverjar neita algerlega að hafa nokkur viðskifti við Japana, og þjóðin í Kína neitar yfirleitt, að kaupa eyrisvirði af vörum frá Japan. Japanar á hinn bóg inn hóta að loka öllum höfnum í Manchuria, og á þann hátt að eyðileggja járnbraut þá, sem Kínverjar hyggja að leggja um þá hérað. Mælt er, að Bandaríkin muni láta til sín taka, ef Japanar loka höfnunum.

— Stjórnin í Saskatchewan hefir auglýst, að hún ætli sér að láta fylkið eiga og starfrækja allar langvega linur innan takmarka fylkisins, en borgir og bær skuli eiga og starfrækja kerfin innan sinna takmarka, og sveitarfélögin fái rétt til þess að kaupa eða byggja kerfi innan takmarka sinna Sömuleiðis gætu félög einnig fengið rétt til að byggja og starfrækja kerfi í sveitum úti. Stjórnin kveðst að öðru leyti ætla að taka lán til 40 ára til þess að byggja talþráða kerfi um alt fylkið, er bera skyldi 4 prósent vöxtu. — Öll stefna Saskatchewan stjórnarinnar í þessu máli er algerlega sniðin eftir talþráða stefnu Roblin stjórnarinnar.

Fréttabréf.

GLENBORO, MAN.

1. maí 1908.

Það er enda, að það er fátt merkilegt, sem hér ber til tiðinda, sem í frásögur sé færandi, meðal Íslendinga hér í Cypress sveitinni, enda er það sjaldgæft, að maður sjái línu í íslenzku blöðunum í Winnipeg héðan. Ég drap á það í stuttu fréttabréfi, sem ég sendi Hkr. fyrir skömmu síðan, að ég ætlaði að senda blaðinu fréttabréf seinna og lýsa þessu bygðarlagi, félagsskap manna hér o.s.frv.

Ætla ég nú að efna þetta loforð.

Tíðarfar: Vil ég fyrst með fáum orðum minnast á tíðarfarið, því á því hvernig tíðin er, grundvallast að miklu leyti hagur fólksins. Árið sem leið, mátti heita ágætisár hér um slóðir, þegar öllu er á botninn hvolft. Sumarið var að vísu þurt og sprettu því ekki nema í meðallagi, en nýting á öllu hin bezta, og korntegundir allar af beztu tegund. Hausttíðin var indæl, stöðugir þurkar, stillur og bjartviðri. Verð á öllum afurðum var í bezta lagi. Þannig fór hveiti í $1.05 bush. hér í Glenboro í haust, bygg í 57 cents, og aðrar korntegundir að sama skapi. — Síðasti vetur var framúrskarandi mildur og góður, snjókaust að mestu leyti og óvanalegar stillur. Vortíðin hefir verið góð. Hveitisáning byrjaði laust fyrir miðjan apríl, og er nú að mestu lokið viðast. Þessa síðustu daga hefir nægilegt regn fallið og snjóaði einnig töluvert þ. 26. og 27., svo að útlitið er nú hið bezta, jörðin er í frægasta ásigkomulagi, og allir lita með bjartsýni og beztu vonum til framtíðarinnar.

Hólabygðin: Íslenzka bygðin í Cypress sveitinni, hún svokallaða "Hólabygð", er i hólunum og Assiniboia ár dalnum, norðaustur frá Glenboro, frá 5 til 15 milur vegar. Í bygðinni eru alls um 15 bændur íslenzkir, og er óhætt að fullyrða, að þeim öllum liður vel. Og þó sumir séu fátækir, þá eru margir í góðum kringumstæðum efnalega þó engir séu ríkir. Landskostir eru hér mjög margbreytilegir: um miðbik bygðarinnar er landið mjög sendið og illa fallið til jarðræktar, í þeim jarðvegi þrífast allar korntegundir illa, nema rúgur. Þrifst hann vel í sendinni jörð, og hafa bygðarmenn töluvert ræktað af honum í seinni tíð. Um sandhóla þessa er strjálingur af skógi, mest "spruce" og "poplar". Um þetta svæði er ágætur bithagi á sumrum fyrir hesta, naut og sauði. Í Assiniboia ár dalnum er jarðvegurinn feitur og frjósamur og frægasta hveitiland. Hefir þar víða verið þéttvaxinn skógur og eru menn nú óðast að brjóta það land upp í akra. Í suðurhluta bygðarinnar er gott hveitiræktarland og jarðrækt þar mikið stunduð.

Atvinnuvegir Íslendinga hér eru því akuryrkja og kvikfjárrækt, og talsvert stundað skógarhögg á vetrum af mörgum ma fl.

Yfirleitt unir fólk vel hag sínum, og lítill eða enginn burtfararhugur í neinum.

Félagsskapur: Eins og gefur að skilja, getur félagsskapur ekki verið í stórum stil í jafn fámennri bygð, sem líka er mjög strjál. Snemma á timum á landnámstíð bygðarinnar, er menn fóru fyrst að hugsa um félagsskap, var stofn aður lúterskur söfnuður, en lauslur varð hann ekki, lognaðist u. af áður en langir timar liðu. Upp af rústum safnaðarins reis annað félag, sem nefndist "menningarfélag". Miðaði sá félagsskapur í frjálslyndisáttina, en aðgerðalítill var hann á meðan hann lifði, og áður mörg ár liðu, leið hann undir lok. Tveimur eða þremur árum áð ur en Menningarfélagið hætti að vera til, var Lestrarfélag stofnað hér í bygðinni af 6 mönnum, mikið fyrir dugnað og framkvæmdir Magnúsar Jónssonar, sem nú er í Blaine, Wash. Hann var forseti fé lagsins fyrstu árin. Hann var sérlega frjálslyndur maður og upplifgandi í öllum félagsskap, lipur og ljómandi skýr og góður ræðumaður, einkegur sannleiksleitandi og mentavinur. Það var hinn mesti skaði fyrir félagsskap okkar, er hann flutti burt. Þegar Menningarfélagið hvarf, gengu allir meðlimir þess inn í Lestrarfélagið, og hefir því ávalt síðan vaxið fiskur um hrygg og hagur þess blómg ast, svo nú hefir það alla bygðarmenn innan vébanda sinna, þó félagsskapur þessi sé smávaxinn og hafi ekki afkastað miklu, hefir hann samt haldið fólkinu vakandi, glætt og treyst bræðra og systrabandið milli fólks í bygðinni, um leið og það hefir elft bóklega þekkingu meðal meðlima sinna og innrætt fólkinu meiri virðingu fyrir íslenzkri tungu og bókmentum. Eignir félagsins eru: Samkomuhús bygt úr bjálkum með timburþaki, yfir 200 bindi af góðum íslenzkum bókum, auk þess, sem það á álitlega peninga upphæð í sjóði m.fl. hefir stöðugt verið hald in ein samkoma á ári til arðs fyrir félagið og stundum tvær á seinni árum. Peninga hefir félagið gefið í líknarsjóði, smáupphæðir, nokkrum sinnum.

Dauðsfall: Á föstudaginn langa þóknaðist vísdómsfullri forsjónni, að burtkalla frá sínum ástvinum til æðri og fullkomnari bústaða konuna Guðbjörgu Johnson, konu hr. G. S. Johnson, bónda að Skálholt P.O., eftir langa og kvalafulla legu í tæringu. Hún var tæplega þriátug, er hún lézt, fædd 7. nóv. 1878. Guðbjörg sál. var dóttir Magnúsar Jónssonar (sem áður var nefndur) og Margrétar Grimsdóttir konu hans, frá Fjalli í Skagafjarðarsýslu á Íslandi. Hún fluttist vestur um haf með foreldrum sínum árið 1887. Settust þau fyrst að í Nýja Íslandi, en 4 árum seinna fluttust þau hér vestur og námu þá land í Cypress sveitinni, við Assiniboia ána 12 milur norðaustur frá Glenboro, og bjuggu þar rausnarbúi þar til þau fluttust vestur á Kyrrahafsströnd um vorið 1902. Guðbjörg sál. giftist eftirlifandi manni sínum í júní árið 1900, og höfðu þau því líkað saman í ástriku hjónabandi í tæp átta ár. Þau eignuðust 3 stúlku, mátu þau elztu stúlkuna, þegar hún var tæpra tveggja ára, en hinar yngri lifa, og eru nú sviptar umhyggju ástríkrar móður. Guðbjörg sál. var góð kona, elskuð og virt af öllum, sem höfðu kynni af henni. Hún var stilt og hjartahrein og vel greind, sem hún átti kyn til; hennar er því sárt saknað af öllum vinum og vandamönnum. Hún var jarðsungin á páskadaginn, og flutti herra Pétur Pálsson húskveðju, en Rev. Knox Clark talaði við gröfina, og jós hina látnu moldu. Fjölda margir vinir og kunningjar fylgdu henni til grafar frá heimilinu. (Norðurland er vinsamlega beðið, að birta þessa dánarfregn).

Vel ég svo slá botninn í þetta bréf og biðja menn að fyrirgefa, hvað ég varð langorður. Óska ég svo lesendum Hkr. og öllum Íslendingum yfir höfuð gleðilegs sumars og farsælar framtíðar.

"Bardi".

NÝTT NÝTÍZKU

THE QUEENS

Vinsælasta og þægilegasta Gisti-hótel í Winnipeg

Bandaríkja-snið
Frí keyrsla.

MONTGOMERY BROS.,
EIGENDUR

BJART MIÐSTÖÐVA

Arðsamt Gróðafyrirtæki.

Vísindamenn segja, að reiðhjól endurgjaldi bezt afl það, sem varið er til að knýja þau áfram.

Það borgar sig að nota Reiðhjól.

Vegna þess:
Það er tímasparnaður.
Það sparar strætisvagna gjald.
Er jafnan til reiðu til afnota.
Kemur yður fljótast þangað, sem þér ætlið að fara.

Þessi eru beztu hjól, sem til eru:

Cleveland Massey Brantford
Silver Ribbon Perfect

með fjaðrasætum og öllum nútíma þægindum, Sills handföng-in þægilegu, C. C. Morrow Coaster Brake.
Ábyrgð fylgir hverju hjóli.

CANADA CYCLE & MOTOR COMPANY, LIMITED, WINNIPEG
Heimsins beztu hjólasmiðir
147 PRINCESS ST. - - - - WINNIPEG, MAN.

Til Vestur-Íslendinga.

Búnaðarfélag Íslands vantar 20 manns (karlmenn og kvenfólk), hraust og velvinnandi fólk, héðan að vestan. Félagið hefir á boðstólum vinnu um langan tíma, vel borgaða.

Það fólk, sem valdi sinna þessu, tilkynni undirrituðum það sem ALLRA fyrst, sem veitir allar upplýsingar og gefur meðmæli til búnaðarfélagsins.

Skrifið, eða hafið tal af mér þessu viðvíkjandi.

A. J. Johnson,
P. O. Box 116

Winnipeg, 12. maí 1908

HEIMSKRINGLA
Published every Thursday by
The Heimskringla News & Publishing Co.

Verð blaðsins í Canada og Bandar. $2.00 um árið (fyrir fram borgað).
Sent til Íslands $2.10 (fyrir fram borgað af kaupendum blaðsins hérlendis $1.50.)

B. L. BALDWINSON,
Editor & Manager

Office:
729 Sherbrooke Street, Winnipeg
P.O. BOX 116. 'Phone 3512.

Íslenzkar bækur.

Eftirtaldar bækur hafa Heimskringlu verið sendar til umgetningar:

1) "Lesbók handa börnum og unglingum", gefin út að tilhlutun landsstjórnarinnar, á kostnað Unga Íslands, 1907, og samin af Guðmundi Finnbogasyni, Jóhannesi Sigfússyni og Þórhalli Bjarnasyni. Bók þessi er í stóru 8-bl. brot, 160 bls. að stærð, prentuð með skiru, stóru letri á góðan pappír, og í vönduðu, sterku bd. Kostar á Íslandi eina krónu.

Bókin flytur ýmsar smásögur og æfintýri, vísur og kvæði, og er svo til hagað, að unglingarnir þreytast ekki á, að lesa hina ýmsu kafla, sem bæði eru í flestum tilfellum fremur stuttir, og um leið ætlaðir til að skemta unglingunum.

Semjendurnir taka það fram í stuttum formála framan við bókina, að bókin sé samin til þess að bæta úr þeim skorti á hæfilegri lesbók fyrir börn og unglinga, er lengi hafi staðið íslenzku kenslunni í skólum og heimahúsum fyrir þrifum, og að þessi bók sé hið fyrsta af þremur tíu arka bindum, sem eigi að gefa út að tilhlutun landsstjórnarinnar.

Að bók þessi sé að öllum innra frágangi svo vönduð og vel við hæfi nemenda, sem bezt má vænta, má marka af því, að hún er samin af vel þektum og viðurkendum mentamönnum, og að tilhlutun landsstjórnarinnar. Semjendur taka það fram, að þeir hafi lesið alt það í nýrri bókmentum Íslands, er þeir hafa gert sér von um, að nota mætti til bókarinnar og svo valið úr því það, sem þeir töldu tiltækilegast, eða það, sem þeir töldu börnunum mundi ljúft að lesa, og sem ritað var á góðu íslenzku máli og vel lagað til lestraræfinga, og að efnið snerti sem víðast þann heim, er börnin lifa og hrærast í. Í síðari bindum bókar þessarar segjast semjendurnir ætla að hafa fleiri fræðandi greinar heldur en séu í þessu 1. bindi.

Það má óhætt fullyrða, að bók þessi verði bráðlega til sölu á bókamarkaðinum hér vestra, og þarf ekki að efa, að hér verði mikil sala fyrir hana.

2). "Eska Mozarts", eftir Fr. Hoffmann. Þýtt hefir Theodór Árnason. Bók þessi er einnig gefin út á kostnað Unga Íslands, og er í stóru 8-bl. broti, 80 bls. að stærð, í skrautkápu, en letur og pappír sama og í Lesbókinni. — Kostar eina krónu á Íslandi.

Þetta er nákvæmlega og skemtilega skrifuð saga um æsku heimsins mesta tónfræðings, frá því hann fæddist og þar til hann um fermingaraldur fékk inntöku í tónfræði vísindafélagið mikla á Ítaliu, sem þá var talið merkasta tónfræðifélag í heimi, og engir aðrir en afbrigða listamenn fengu þar inngöngu. Félag þetta lagði fyrir unga Mozart þá þyngstu prófþraut, sem þá var þekt, og veitti honum 3 kl.stundir til að leysa hana í einrúmi, en hann gerði það á hálfri kl.stund, og hafði enginn tónfræðingur í heimi áður sýnt svo mikið listfengi. Við próf þetta hlaut hann þá fullkomnustu og viðfrægustu viðurkenningu, sem nokkur maður hefir hlotið. Og lengra nær ekki saga þessi.

Bók þessi ætti að seljast vel hér vestra.

3). "Barnabók Unga Íslands". Bæklingur þessi hefir 24 raddsett lög við kvæði ýmsra merkra íslenzkra skálda, og að auki tvo raddsetta hringleika. Bókin er í smáu broti, 32 blaðsiður, í kápu. Flest eru ljóðin fögur ættjarðarkvæði eftir þessi skáld: Bjarna Thorarensen, Jón Thoroddsen, Steingr. Thorsteinsson, Jónas Hallgrímsson Grím Thomsen, Þorstein Erlingsson, Jón Ólafsson, Hannes Hafstein, Kristján Jónsson og Einar Benediktsson. Matthías er ekki þar á blaði. Lögin eru sett fyrir 2 raddir af Sigfúsi Einarssyni söngfræðingi, og eru þau, sem alkunn eru á Íslandi, við ljóðin, sem þau eru sett við, þau eru aðallega ætluð börnum til lærdóms, en hafa jafnt gildi fyrir þá, sem fullorðnir eru.

Bókin er enguleg og ætti að seljast vel hér vestra.

4). "Misvindi". Þýðingar eftir Bjarna Jónsson frá Vogi. Átján ljóða og vísna þýðingar eru í bæklingi þessum, sem er 40 bls. að stærð. Ljóðin eru öll þýzk, norsk og sænsk. Miðlungsljóð um ýms efni, en sem hrifið hafa þýðandann og hvatt hann til að nema þeim á íslenzku.

Bæklingur þessi nær að vorri hyggju ekki annari útbreiðslu en þeirri, að komast í eigu bókavina til geymslu á sölnum þeirra.

Heimskringla kann útgefendunum beztu þökk fyrir sendingu allra þessara bóka.

George H. Bradbury

Blaðið Free Press, dags. 7. þ.m., flytur hlýlega grein um herra Geo. H. Bradbury, Conservative umsækjanda um þingsæti fyrir Selkirk kjördæmið í Ottawa þinginu, ásamt með mynd af honum.

Blaðið segir, að herra Bradbury sé fæddur í Hamilton, Ont., árið 1859, og að hann hafi fengið mentun sína í Ottawa borg. Hann flutti vestur til Winnipeg árið 1881, og ári síðar varð hann félagi þeirra Walkley & Burrows, timbur sala, sem þá höfðu myllu að Ft. Alexander. Árið 1883 gerðist hann félagi í North West Lumber Co., sem hafði aðal skrifstofur í Winnipeg. Það félag keypti eignir Walkley, Burrows & Bradbury, og þá varð herra Bradbury aðal ráðsmaður þessa nýja félags, og aðalstjórnandi þess. Ári síðar seldi herra Bradbury sinn hluta í þessu félagi til félaga sinna.

Hann hefir ætíð mælt fastlega fram með byggingu Huðdsonsflóa brautarinnar, og að sú braut ætti að vera undir stjórn óháðrar nefndar. Hann hefir látið sér ant um framgang þessa fyrirtækis, og árið 1893 ritaði hann fróðlega grein í "Canadian Magazine", og önnur blöð tóku grein þá upp. Sú grein sýndi fram á, hve nauðsynleg sú braut væri fyrir útflutning allra afurða úr Canadiska norðvesturlandinu.

Herra Bradbury hefir og jafnan síðan árið 1893 beitt áhrifum sínum til þess, að fá Canadastjórn til þess að verinda hagsmuni hinna hvitu innbyggenda, er búa meðfram ströndum Winnipeg vatns, með því að vernda hvitfiskveiði í því þeim til afnota. Hann hefir og jafnan andmælt þeirri stefnu, að leigja fiskiveiðar í nokkru vatni til einstaklinga eða félaga. Hann hefir haldið fram því, að fiskiveiðin ætti að vera opinber eign, og haldið sem mest til hagsmuna fyrir þá, sem búa meðfram vötnunum. Hr. Bradbury lét sér á fyrri árum mjög ant um, að bættir væru vatnavegir hér vestra fyrir skipagöngur, sérstaklega á Winnipegvatni. Hann kveður það framkvæd sinni að þakka, að stjórnin bygði bryggju að Hnausum og vita við mynnið á Rauðá. Hann fékk einnig mælingar gerðar fyrir bryggjusmíði á Gimli.

Árið 1906 hjálpaði hann til að mynda Manitoba Pressed Brick Company, með aðalvélar í bænum Beausejour hér í fylkinu. Hann var ráðsmaður þessa félags, og einn af stjórnendum þess. Árið 1907 myndaði hann annað Brickfélag, í Victoria borg, B.C., og seldi það svo strax og það var komið í starfandi ástand.

Herra Bradbury er Conservative í pólitik, og hefir jafnan verið það. Hann var útnefndur sem þingmannsefni fyrir Lisgar kjördæmi, en sökum óreglu við útnefninguna, varð hann ekki umsækjandi í það skifti. En í október sl. var hann kosinn í einu hljóði á flokksþingi í Selkirk, til þess að sækja um þingmensku fyrir Selkirk kjördæmið fyrir hönd Conservative flokksins við næstu ríkiskosningar.

Hið framansaga er nokkurnveginn nákvæmur útdráttur úr greininni í Free Press, og verður ekki annað séð, en að hún beri með sér hlýleika til herra Bradbury. Má vera, að blaðið hafi grun um, að hann verði næsti þingmaður fyrir Selkirk kjördæmið í stað Jacksons sem nú skipar það sæti.

ÚR SUÐRINU.

Fyrirlestur eftir
Lárus Guðmundsson.

[Framh. frá síðasta blaði].

Þá er að snúa sér að búskapnum. Ég tók sérstaklega eftir honum, því löngun mín og ákvörðun með þessa suðurför var sérstaklega sú, að ná mér þar í landblett og geta svo eytt og unað ellidögunum og æfikveldinu í friðsælliró og næði í þessum sólríka aldingarði Suðurríkjanna. Því fór ég strax út á landsbygðina til að sjá mig um, og klókesta blett, ef hægt væri. Og mér til mestu undrunar, þá er þar nóg land og nógir blettir fyrir hundruð og þúsundir af mönnum, sem vildu setja sig þar niður og lifa af landbúnaði og jarðrækt. — Ég var meira en viku í þessari landskoðun. Bæði má auðveldlega ná í heimilisréttarlönd, og kaupa upp heila flæka fyrir 3 til 5 dollara ekruna. Og bændur bæði fundu mig að máli og gerðu mér boð, að þeir vildu selja mér lönd og bú með húsum og áhöldum fyrir 3 til 6 hundruð dollara og þar í kring. Ég gat t.d. fengið "homestead" á 40 ekrum rótt við þjóðveg og 7 milur frá markaði, og sá blettur, velsetinn þar og ræktaður, ætti að geta framfleytt smárri fjölskyldu. En vandræðin voru nú þessi: Ég var búinn að eyða öllum mínum litlu efnum, nema búshlutum og þess konar, og reiddi mig upp á velliðan bænda þar með að gefa mér vinnu og á annan hátt stuðning til byrjunar. En, drottinn minn góður! Slíkan eymdarbúskap hefi ég aldrei séð á æfi minni fyrri, svo jafn yfir, og alt yfir þar í kring og hvervetna sem ég hafði spurn af. Norðanmenn, sem hafa marga þraut, grimm frost og óbliðu náttúrunnar yfir að stiga og við að búa, geta varla trúað slíku Ég veit ekki, hvernig ég ætti eiginlega að lýsa því búskaparástandi og tilhögun, til að gefa yður rétta hugmynd um það. En sjálfsagt er fyrsta atriðið, sem öllu ræður, þetta: Fólk þar yfirleitt virðist vera ánægðara á allan hátt með kjör sín, en mögulegt er annarsstaðar að finna á hnettinum. Já, himinlifandi ánægt, og ber enga áhyggju fyrir morgundeginum, eða gerir neinar frekari kröfur til lífsins. Þeir þurfa aldrei að safna þar í kornhlöður, frekar en fuglarnir, alla tíð er eitthvað af "Sweet Potatoes" og kálmeti í garðholunni, því næstum allan árshringinn má sá og uppskera.

Sem sýnishorn af búskapar framkvæmdunum má geta þess, að mér er næst að haldá, að hvar sem farið væri um allan suðaustur hluta Mississippi ríkisins, þá gæti maður hvergi fundið eða séð tvo hesta ganga fyrir plóg. Margir eiga uxapar, sumir einn múlasna og þá sumir einn eða tvo horaða smáhesta, og er mikið ferðast þar ríðandi á ösnum og þessum smáhestum. Og mér virtist bæði hugsunarháttarinn, verkfærin og vinnulagið alt í nánu samræmi, að vera heila öld á eftir tímanum. Engan bónda fann ég, sem átti meira en eina kú mjólkandi, og af því sú aðferð hefir aldrei kend verið á búnaðarskólum norðurl., hvernig þar er mjólkað, þá tel ég nauðsynlegt, að skýra yður frá þeirri aðferð. Kálfurinn er allatið hafður heima í girðingunni kringum húsið sem er brent og sviðið og gleðhardur sandur. Ögn er honum gefið af matarleyfum og rusli úr húsinu, ef það þá ekki gleymist. En gras fær hann aldrei að smakka, þangað til kusa kemur og honum er hleypt úr þrísundinni. Svo kemur kýrin heim einu sinni eða tvisvar á dag — stundum annanhvern dag. Og þá rambar húsfreyja af stað með ögn af fóðurbætir í dalli og "lard" fötu í hinni hendinni, svo hleypir hún kúnni inn til kálfsins og lætur hann vandlega toga og slapa um alla spenana. — Þetta losar mjólkina, segja þeir. Svo tekur konan róðurinn, og þá er kusi hafður í haldi á meðan. En bráðum verður of þungt og örðugt fyrir konuna að vinna þessa þraut og þá er kusa hleypt að aftur, og þannig skiftast þau einlægt á, kálfurinn og húsmóðirin, að mjólka kúna, þar til verkinu er lokið, og húsfreyja hefir í aðra hönd 1—2 pt., eða sem svarar kaffibolla, og þá ekki fritt um, að skeia úr kálfinum sé þar samanvið, sem nærri má geta. Flestir hafa fugla og fáein svín, en alt gengur umhirðingarlaust, og það ljótasta, sem mér þótti og ótrúlegasta, var það, að allar þessar vesalings skepnur voru horaðar og hörmulegar útlits. Hús eða skýli engin til hjá flestum. Að eins sumstaðar uppihangandi pök, likt og norðanbændur hafa yfir jarðyrkju verkum sínum. Hirðingin er öll í ninum mesta hugsunarleysis ölestri, vægast sagt, því jafnvel stundum er þessum fáu aumingja skepnum haldið inni í girðingum heil og hálf dægrin. Það steingleymir þeim. Hjá að eins einum bónda sá ég sem svaraði einu tonni af heyi. En full nauðsyn og fratnyfir það, væri hverjum bónda að eiga hey fyrir mjólkurkýr og vinnudýr, ef vel ætti að fara, því úr því nóvember mánuður kemur, geta komið harðar frostnætur, svo alt ser hvitt og margfalt af hélu. Og svo hinn sprettinn hellirigning, sem flýtur yfir alt, og þannig getur öðru hvoru viðrað í 4 mánuði, eða fram undir marz.

Og á sama stigi og griparæktin og skepnuhirðingin er, er jarðræktin. Alt er í dauðans basli og óveruskap. Landið er sem sagt næst því að vera óyrkt altsaman. Það eru ein, tvær og upptil 8 eða máske 10 ekrur, sem ég vissi mest af yrktum löndum hjá bændum þar um slóðir. Norður og vesturparturinn hefi ég heyrt að væri betri, og liklega langt um meiri auðlegð og framför. Og aðallega er það bómullarræktin, sem mest er stundað og unnið að, en víða sést í sömu ekruna sáð maís og bómull sitt í hvorri röð. Jörðina verður að undirbúa fyrir bómull, öldungis á sama hátt, sem fyrir hveiti og annan kornmat, nfl.: plægja, herfa og sá árlega. Að eins standur bómullin langtum gisnara í röðum en korntegundir. Hún þarf langan tíma og hita mikinn til að þroskast og springa út, því eru Suðurríkin bezt fyrir hana löguð. Það er sáð til hennar snemma í marz, og uppskorið seint í september og október. Það koma upp mjóir stönglar, sem svo aðrir vaxa út úr (getur orðið 4—5 fet á hæð), og verður líkast við að jafna, sem gisið hrislim. Á endum stönglanna myndast pungar, sem springa út, og þar hangir bómullin út úr, likt og velvaxin fifa, og eru margir pungar eða skúfar á sömu hrislunni. Og þegar bómullár akurinn er útsprunginn, þá litur hann út tilsýndar sem fiusund á Íslandi, sem vér munum mörg eftir. Og á hverju þessu litla bómullarhnoði er "bar", eins og á fifu, þema langtum stærra, gulbleikt að lit. Þetta bar er ákaflega mikilsvirði, því bæði er það eina útsæðið til næsta árs, og svo allur afgangur, sem mikill er, eitthvert bezta gripafóður sem fæst, bæði nýðurmalað og ómalað. Vanalega segja menn, að baggi fáist af ekrunni, — það er, samanþjappaður í járngjörðum baggi af hreinsaðri bómull, sem gengið hefir í gegnum þresking og þar til gerð maskínuverkfæri, og er þá orðin vara, sem seld er bómullar verksmiðjum til dúka eða klæðagerðar. — Þessi baggi (Bale) vigtar vanalega frá 500—550 pund, og verð um og yfir 50 dollara. Þannig kem ég þá með $50 af ekrunni, og talið er að útsæðið, "barið", borgi þreskinguna. En auðvitað er annar kostnaður mikill, t.d. eitt cent á pundið á akrinum, ef 'contract' er tekin, fyrir að tína hana og láta í sekki. Samt sem áður hljóta að vera miklir peningar í bómullarrækt þar syðra.

Einnig er þar ágætasta pláss í heimi fyrir sætar kartöflur ("Sw. Potatoes"), sem er ágætis fæða og mjög saðsöm, — of sterk fyrir óvana. Einnig sprettur þar sykurreir, melónur perur og margt fl.

Og eitt enn, ég er viss um, að það mætti fá tvær uppskerur af öllum vorum norðurríkja garðmat — neinilega, sá seint í febrúar og uppskera í nóvember. Miðsumarið of heitt.

[Framhald].

Skrásetning í Gimli kjördæmi

Blaðið Manitoba Gazette, dags. 25. april sl., auglýsir að endurskoðun kjörskránna í Gimli kjördæmi fari fram á 20 stöðum dagana frá 18. maí til 15. júní, að þeim dögum báðum meðtöldum, svo sem hér segir:

Mánudaginn 18. maí, í búð hr. Rogers, að Fisher River.

Fimtudaginn 21. maí, í húsi Bjarna Stefánssonar í Mikley í Winnipeg vatni.

Laugardaginn 23. maí, í Bændafélagshúsinu við Íslendingafljót.

Þriðjudaginn 26. maí, í húsi S. G. Nordals á Sect. 23, 22, 3 aust.

Fimtudaginn 28. maí, í húsi John Johnson, yngra, Framnes.

Laugardaginn 30. maí, í húsi Alberts Jónssonar á Sect. 16, 21, 4 austur.

Mánudaginn 1. júní, í Baldur Hall, Gimli.

Miðvikudaginn 3. júní, að Innwood, Sect. 2, 18, 1 vestur.

Fimtudaginn 4. júní, í húsi Alberts Þórðarsonar að Husawick.

Laugardaginn 6. júní, að Pleasant Home pósthúsi.

Þetta er fyrir þann hluta kjördæmisins, sem liggur austan fyrsta hádegisbaugs. Skrásetjari þar verður Jón Sigvaldason, frá Icelandic River.

Í vesturhluta kjördæmisins fer skrásetningin fram á þem stöðum og dögum, sem hér segir:

Mánudaginn 18. maí, í húsi Gests Sigurðssonar á Sect. 22, 19, 2 vestur.

Þriðjudaginn 19. maí, í húsi Péturs Bjarnasonar á Sect. 2, 20, 3, vestur.

Miðvikudaginn 20. maí, að Lundar Hall.

Fimtudaginn 21. maí, í húsi James Topping á Sect. 20, 20, 6 vestur.

Föstudaginn 22. maí, í húsi Thomas Forgner á Sect. 2, 22, 6 vestur.

Þriðjudaginn 26. maí, í húsi William Pottinger á Sect. 10, 23, 8 vestur.

Fimtudaginn 28. maí, í húsi Paul Kérnested á Sect. 12, 24, 10 vestur.

Mánudaginn 1. júní, í búð Hudsons Bay félagsins að Fairford.

Miðvikudaginn 3. júní, á skrifstofu Gypsum myllunnar, að Gypsumville.

Mánudaginn 8. júní, að Seamo Hall.

Paul Reykdal á Oak Point skrásetur í vesturhluta kjördæmisins.

Aðal endurskoðun ("Court of Revision") kjörskránna fer fram að Gimli þann 16. júní næstk., fyrir þá, er búa austan hádegisbaugs. Og að Lundar Hall, Lundar, þann 23. júní, fyrir þá, er búa vestan hádegisbaugs.

Það er vonað, að nú hafi settir verið svo margir skrásetningastaðir, og þeir svo haganlega settir, að hver einasti borgari, sem rétt hefir til atkvæðagreiðslu í Gimli kjördæminu eigi nú kost á, að komast með léttu móti á skrásetningarstaðina, og þar er vonað að hver einasti atkvæðisbær maður, sem ekki er á kjörskrá, láti ekki undan liða, að koma nafni sínu á hana, svo að hann geti notið atkvæðisréttar sins við komandi kosningar. Þeir, sem nú eru á kjörskránum, þurfa ekki að koma á skrásetningasstaðina, en hinir allir, sem ættu að hafa nöfn sín þar, en eru þar ekki ennþá, ættu að sjá um, að nöfn þeirra séu skrásett. Skrásetningarstaðirnir eru svo þétt settir um kjördæmið, að enginn þarf að skoða það frágangssök vegalengdarinnar vegna, að taka sér tíma til þess, að tryggja sér þau borgaralegu réttindi, sem skrásetningin veitir þeim.

— Hópur pólitiskra fanga í varð haldi í Alexzndrowsk á Rússlandi gerði áhlaup á gæslumann sinn í sl. viku, í því skyni, að losast úr fangelsinu. Þrir voru skotnir til bana og nokkrir særðust, en 10 menn komust undan og höfðu ekki fundist, er síðast frettist. Leiðtoginn var maður, sem árið 1906 drap einn af fylkisstjórum Rússastjórnar. Hann var að úttaka 11 ára fangavist fyrir glæp sinn. — Hann náðist og var á ný varpað í fangelsi.

Til málsvara G. T.-reglunnar íslenzku í Winnipeg.

(Framh. frá síð. bl.).

Fremur verður samanburður þeirra sexmenninganna skoplegur, þegar þeir fara að bera saman íslenzka Goodtemplara hér í bæ við aðra íbúa Winnipegbæjar. Þeim reiknast svo til, að ísl. Goodtemplarar séu að eins ¼ prósent af atkvæðisbærum mönnum, og sé því ekki hægt að búast við, að þeir geti mikið, þegar til kosninga kemur. Nú skulum vér athuga þetta lítið eitt, og sjá þá, hvernig útkoman á því verður.

Setjum nú svo, að sú áætlun þeirra um það, að 20 þúsundir atkvæðisbærra manna séu í bænum, sé rétt, þá verða 5 þúsund atkvæðisbærir menn í hverju kjördæmi. Nú eru næstum allir Íslendingar búsettir í einu kjördæminu. Setjum ennfremur svo, að 10 þúsund Íslendingar, sem nú eru búsettir hér í bænum, þá eru samkvæmt áætlun þeirra sexmenninganna, 2 þúsund af þeim atkvæðisbærir menn, en þá eru þeir 40 prósent af öllu atkvæðamagni kjördæmisins.

Nú eru ísl. G.T. 12½ prósent af öllum íslenzkum atkvæðum, eða 3.33 prósent af öllu atkvæðamagni kjördæmisins, samkvæmt áætlun þeirra sexmenninganna. Þessum út reikningi þeirra virðist því skeika talsvert mikið, þar sem þeir segja, að atkvæði ísl. G.T. hér í bæ séu að eins 150. Nú munu vera fáein íslenzk atkvæði í Suður-Winnipeg kjördæminu, og er ég því fús til, að slá af þessu broti, svo það verði 3 prósent í Vestur-Winnipeg kjördæminu, þar sem flestir og næstum allir Íslendingar eru búsettir.

Þegar ég minnist á það, að ísl. G.T. ættu að reyna og yrðu nauðsynlega að reyna það, að hafa áhrif á löggjafarvaldið og landsstjórnana, sjálfstæðismálinu til eflingar og framgangs, þá er eins og þeim falli allur ketill í eld, og þeir kvarta yfir því, að það sé ósanngjörn krafa. En því er þessi ráðlegging mín, sem þeir kalla kröfu, ósanngjörn? Ég viðurkenni það alls ekki, að hún sé ósanngjörn, en hitt skal ég kannast við, að það er ótímabær ráðlegging til að leggja fram fyrir menn, sem jafnlitið hugsa og starfa fyrir sitt aðalmálefni eins og íslenzkir Goodtemplarar hér í bæ.

Enda þótt að ísl. Goodtemplarar ekki gætu, vildu eða nentu, að leggja það á sig, sem til þess útheimtist, að koma fulltrúa úr sínum flokki í þær opinberar stöður í þjóðfélaginu, þar sem hann gæti beitt sér fyrir og unnið að málefnum þeirra, þá gætu þeir þó gert ýmislegt annað, sem málefni þeirra gæti orðið að mjög miklu liði, og skal ég leyfa mér að benda hér á eina aðferð, sem ég ekki get séð, að væri ófrámkvæmanleg fyrir þá.

Því dettur víst ekki nokkrum manni í hug að neita, að bindindismálefnið sé mannréttinda-mál. Að bölvun sú, sem ofdrykkjan hefir í för með sér, nái ekki til fólks í öllum stéttum mannfélagsins á hvaða aldri sem það er, frá barninu í vöggunni til gamalmennisins á grafarbarminum.

Ef að nú þessi staðhæfing mín er sönn og rétt, sem er mín einlæg og hjartanleg sannfæring, og sem ég geng að sem sjálfsögðu, að allir bindindismenn munu vera mér samdóma um, — mundi þá þing og löggjafarvald leyfa sér, að beita alt þetta fólk því gerræði, að skella skollleyrum við bænarskrá, sem frá því kæmi undirskriftuð af mestum hluta þess, bæði mönnum og konum, um vínsölutakmörkun, t.d. hér í Winnipeg?

Það vita allir, að hér í Winnipeg er alls konar bindindis félagsskapur, Goodteinplarastúkur, enskar, sænskar, norskar og ef ekki af fleiri þjóðflokkum. Einnig eru hér hér ýms bindindisfélög, svo sem Royal Templars, Young Men's Christian Association, Young Womenís Christian Temperance Union Prohibition League, Dominion Alliance og mörg fleiri, sem ég ekki man nöfn á.

Ef að nú Goodtemplara félagsskapurinn íslenzki hefði á síðastliðnu hausti gengist fyrir því, að allar bindindisfélags deildir hér í bæ, hverju nafni sem þær nefnast og hverra þjóðar sem þær væru, gengu í bandalag með það, að koma á innflutnings og vinsölubanni hér í Manitobafylki, og byrjað á því, að semja bænarskrá þess efnis, að ekkert vínsöluhús í bænum hefði leyfi til, að selja nokkra tegund áfengra drykkja eftir kl. 6 e.h., því fram á meira hefði að líkindum ekki verið hyggilegt að fara í einu. Það er alveg áreiðanlegt, að enginn bindindis félagsskapur hefði skorast undan því, að ganga í þannig lagað samband. Það hefði auðvitað kostað dálitinn tíma og fyrirhöfn, að koma þannig löguðum samtökum á, en ekki get ég séð, að það hefði ekki verið vel framkvæmanlegt. Síðan hefði þessi bandalags félagsskapur, þegar hann var myndaður og kominn í fastar skorður, umsvifalaust átt að byrja á því, að semja bænarskrá til fylkisþingsins, þar sem skýrt og skorinort væri sýnt fram á það með ljósum rökum, að bindindismálið væri eftir grundvallareðli sínu og stefnu, mannréttindamál, sem það með engu móti gæti virt að vettugi. Þegar að málið var komið á þennan rekspöl, þá var að fara að vinna að því, að safna almennum undirskriftum jafnt karla og kvenna, undir bænarskrá þessa, og aldurstakmarkið eftir því, sem mönnum kæmi saman um, annaðhvort frá 18 eða 21 árs. Ég veit það, að þúsundir og tugir þúsunda af fólki, sem engum þeim bindindis félagsskap tilheyra, sem ég hefi nafngreint hér að ofan,

(Framh. á 5. bls.)

Strathcona Hotel

Horni Main og Rupert Str. Nýbygt og ágætt gistihús; Gest um veitt öll þægindi með sanngjarnasta verði. Frí keyrsla til og frá öllum járnbr. stöðvum. Beztu vín og vindlar; og herbergi og máltíðar ágætar.

McLaren Brothers
EIGENDUR

Hotel Pacific

219 Market Street Winnipeg | H. M. Hicks Eigandi Manitoba

Telephone 7335

Ný-endurbætt og Ný-tízku hús í alla staði. Viðskifta yðar óskast virðingarfylst.

$1.25 a Dag.

HOTEL SUTHERLAND
Corner Main and Sutherland Ave.

Gisting kostar $1.00 og $1.50 á dag. Ég tók við stjórn þess húss 1. Jan. '08, og virðingarfylst óska viðskifta Íslendinga nær og fjær Komið, Sjáið og Reynið.

C. F. Bunnell,
eigandi. Telefón 348

$1.50 Á DAG
Besta $1.50 gistihús í Winnipeg

BRUNSWICK HOTEL
Horni Main St. og Rupert Ave.

Besta borðhald; Hrein og Björt Herbergi; Finustu Drykkir og Bestu Vindlar. Ókeypis Vagn mætir Öllum Trainlestum. Reynið oss þegar þú ert á ferð.

MARKET HOTEL
146 PRINCESS ST. á móti markaðnum
P. O'CONNELL, eigandi, WINNIPEG
Beztu tegundir af vínföngum og vindum, aðhlynning góð húsið endurbætt

Smá pistlar

ÚR FYRIRLESTRAR FERÐ LÁRUSAR GUÐMUNDSSONAR.

II.

WILD OAK og MARSHLAND.

Þessar bygðir eru ungar í landnámssögu Íslendinga, og þegar ég tala um þessa bygð sem heild, þá list mér ljómandi vel á hana, og betur en allar aðrar í Manitoba, sem ég hefi séð, að undantekinni Argyle. Bændur eru þar á miklum framfaravegi, og sumir á þeirri leið, að verða ríkir menn. Þar virtist mér ánægja, fjör og áhugi æskumannsins ríkja, í þeirra búskap og framkvæmdum. Ég sá það glögt, þegar þangað kom, hve afskaplega mikill munur er á því fysir landnemann, að byrja búskap þar sem land er hreint og slétt, og hægt að geta rent plógnum úr einu horninu í annað á stórum stykkjum af löndunum, eða þá að byrja á því fyrst, að beita allri sinni orku og langbrögð um við risaskóg og ótugtar smákjarr. Ég er orðinn sannfærður um það í gegnum ferðir mínar um íslenzkar bygðir hér, bæði fyrr og nú, að það verður alt annar svipur á öllu, bæði mönnum og búskap, í þeim plássum, sem auðunnan eru með plógnum, en hinum sem hafa myrkviðinn eða mýrarfiar og "brösin". Og jafnvel þó margir séu við góð efni, og hafi nú — eftir 20 til 30 ára strit og stríð — allgóð heimili, af griparækt á þessum síðartöldu skóglöndum og kjarr-bygðum, þá vantar sæld og fjör í sinni, og líðan þeirra manna, og yfir höfuð í allan búskapinn og framkvæmdina. Strax þegar bónd-inn á stórt stykki af landi sínu — eða löndum — undir kornyrkju, þá fær hann peninga handa á milli, og með peningunum eru allir vegir opnir, og vonin og áhuginn sívakandi hjá þeim mönnum, sem akrana eiga. Ég held það sé eins eðlilegt og nokkur hlutur getur verið, að fátækir menn, sem hafa engum kröftum á að skipa öðrum en sínum eigin líkama og heilsu, og hafa tekið sér bólfestu í þessum örðugu jarðræktar plássum, að þeir verði þunglyndir, hægfara og fjörlítlir, eftir allan hitann og svitann, sem þeir fá enga umbun fyrir, fyrr en að löngu liðnum tíma, þeir verða alíslenzkir, forsjálir, nægjusamir bændur og hátt öll umbrot og áhættur, vegna þess, að alt er svo örðugt og langt að bíða eftir uppskerunni af verkum þeirra. En áreiðanlega eru samt góð skóglönd mikils virði og ágæt til kornræktar víðast hvar.

Ég bið forláts á þessum útúrdúr.

Þá er aftur til máls að taka, að í Westbourne, þar sem ég fór af járnbrautarlestinni, hitti ég bónda úr Marshland bygðinni, Pál Árnason að nafni. Hann flutti mig um 6 mílur vegar upp til Þiðriks Eyvindssonar. Þar skildu vegir okkar, því ég varð að komast til Wild Oak og flytja þar fyrirlestur um kveldið. Báðir þessir bændur, sem ég nefndi, eru úr Árnessýslu á Íslandi. Mér dettur nú í hug löngu liðin tíð, þegar ég réri suður á Vatnsleysuströnd, fullur af fjöri og gjálífi æskunnar. Þá man ég þá tíð, að fáir menn voru þyngri og þéttari fyrir en Austanmennirnir, ef á þá var leitað, og enga menn verra að reikna út fyrir fyrsta viðmót og framkomu. Mér hefir æfinlega dottið í hug síðan, þegar ég mæti Austanmanni, þessi orð H. Péturssonar: "Þú veist ei hvern þú hittir þar, heldur en þessir Gyðingar". Og þetta sama fanst mér eiga bókstaflega heima hjá Páli, þessum mínum fyrsta góða samferðamanni. Það stóð svo í höfðinu á mér, að þessi ráðvendnislegi maður, stúltur eins og ljós, hlyti að eiga við erfiði og örðugleika að búa, hvað einhaginn snerti. En til þess nú að sýna, hver reynd varð á getu minni, þá set ég hér nokkuð af samræðu okkar:

"Þetta er mjög fallegt hestapar og mátulega þungt á braut fyrir léttivagn, eða átt þú það, Páll minn", sagði ég.

"Já, þetta eru góðir hestar fyrir slátt og rakstur, en ég á önnur tvö pör miklu þyngri, sem ég "brýt" með og vinn á ökrum", sagði hann.

"Áttu svo fleiri hross?" sagði ég.

"Ónei, ekki tamið", sagði hann.

"Þið eigið líklega nokkuð mikið hér af nautgripum sumir", varð mér að orði.

"Já, þeir eiga hér mikið af gripum sumir, og ég er nýbúinn — eða við — að kaupa kymbóta naut frá Portage la Prairie fyrir 125 dollara, því mér líkar langt um betur, að geta átt gripina fallega, úr því maður er að basla við það á annað borð", svaraði Páll.

"Nei, getur þetta borgað sig fyr ir þig, lagsmaður? Heldur þú, að bændur borgi þér fyrir eða brúki svona dýrt naut?" sagði ég.

"Nú, jæja, ég á nú 30 kýr sjállur til að halda undir það, svona til að byrja með, og svo kann eitt hvað að bætast við", sagði hann.

"Áttu ekki sauðfé líka?"

"Ójú, ég á nokkuð margar kindur og við eigum flestir eitthvað af svínum og fuglum. Það er svo hentugt fyrir sumartímann, að geta slátrað þessu smáa, en nautgripina seljum vér bændur hér, í hópatali mest", sagði Páll minn.

Hjá Þiðriki bónda, sem ég mintist á áður, dvaldi ég góða stund. Hann er prýðisvel efnum búinn, og áreiðanlega á þeirri leið, að verða stórbóndi. Hann sýndi mér hveiti, hafra og bygg, sem hann átti frá fyrra ári. Og ég held, að hann hafi átt undir 100 nautgripi þar úti á ýmsum aldri, fyrir utan kýr og kálfa sem inni stóðu. Hann sagði mér, að heyskapur og heygæði væru mikil í þessari bygð. Einnig, að allar korntegundir þrifust mæta vel, og enginn skaði hefði enn orðið af frostum eða neinu öðru fyrir uppskeru hveitis. Þessi mér alþeg ókendi rausnarmaður, tók út úr hesthúsi tvo eldfjöruga gæðinga, og sagði tveimur fulltíða sonum sínum, að flytja mig upp á Wild Oak Hall, og fórum við þær 18 mílyr í einum spretti. Ég hefi fáa menn hitt, mér alveg ókenda, jafn drengilega í viðmóti og greiða, sem þennan mann. —

Þar var þá kominn herra Halldór Daníelsson, fyrrum alþingismaður, frá Fróðastöðum í Borgarfirði, fróðleiksmaður, stálminnugur og siræðinn, og þurftum við margt að spjalla. Hann stýrði samkomunni og hafði alt undirbúið og mætti mér sem góður bróðir og gamall vinur.

Á Marshland hall flutti ég fyrirlesturinn kveldið eftir. Þar mætti ég þá í fyrsta skifti skáldinu J. M. Bjarnasyni. Þann ágætismann ætla ég að minnast á síðar.

Á báðum þessum stöðum var furðanlega vel sótt, þar sem bæði var mjög kalt veður, og sveitin er fremur strjálbygð. Það leyndi sér ekki, að fólki líður þar fremur vel og að menn eru á góðum framfaravegi, glaðir í viðmóti, fullir af fjöri og framsóknarþrá. Þeir báðu mig sumir að koma heim til sín, en tímans vegna var það ómögulegt. Að eins gisti ég síðustu nóttina þar úti hjá herra Jóni Austmann. Hans kona er Þóra Þorvarðardóttir frá Kalastöðum við Hvalfjörð. Þessi ágætishjón hafa rausnarbú og allsnægtir og gótt íbúðarhús. Síðan flutti hann mig 16 mílur til Wsetbourne daginn eftir, og tók ég þá járnbrautina aftur til Winnipeg.

Ég er sannfærður um góða framtíð þessara bygða, og ég skil glaður í anda við alla menn og konur þar. Hvervetna var mér sýnd hin mesta góðvild og gestrisni og höfðingsskapur, sem ég þakka kærlega og óska svo öllum góðs gengis.

Áskorun

frá Winnipeg General Hospital til íbúa Winnipeg borgar, um peningahjálp til viðhalds stofnuninni.

Líknarstarf Almenna spítalans hér í borginni hefir við vaxandi íbúatölu og aukinn innflutning aukist svo mjög á síðustu árum, að þar sem samlögð dagshjúkrun sjúklinga í ókeypis deildinni var árið 1903 24 þús. dagar, þá var það á síðasta ári (1907) komið upp í 54 þús. daga, — að eins fyrir bæjarsjúklingana. Viðhalds kostnaður hefir aukist að sama skapi, og er nú orðinn meiri en stofnunin fær staðist, þar til nú að spítalann skuldar 28 þús. dollara eingöngu fyrir viðhaldskostnað.

Daglegur kostnaður fyrir hvern sjúkling sýnir, að enginn stór spitali í þessu landi hefir sparsamlegri stjórn en Winnipeg spítalinn, og við njðurkærslu kostnaðarins hlyti notagildi sjúkrahússins að minka.

Starfssvið sjúkrahússins getur ekki minkað. Þeir sjúku og særðu í borg vorri verða að eiga aðgang að hjúkrun þar, og þetta verður bezt gert með því, að gera stofnuninni mögulegt, að eignast öll nýjustu og gagnlegustu tæki til sjúkdóms kækninga.

Borgin veitir árlega 40 þús. dollara til viðhalds spítalanum, og þó það sé stór upphæð, þá nægir hún að eins til þriggja mánaða viðhalds árlega. Stjórnarnefnd spítalans skorar því hér með á íbúa Winnipeg borgar, að styrkja nú spítalann, svo að hægt sé sem fyrst, að losa hann úr áhvílandi skuldum. Nefndin lítur svo á, að þetta sé heiðursspursmál borgarinnar.

Góðgirni sú, sem borgarbúar, og sérstaklega konur, hafa sýnt spítalanum, er algerlega nauðsynleg til viðhalds þeirri stofnun, og velunnarar þess álíta, að án þessa velvilja mundi Winnipeg spítalinn almenni bráðlega verða fátæk, ófullnægjandi og dýr stofnun.

Borgarnefnd, undir forustu A. L. Johnson og A. L. Crossen skrifara, hefir verið mynduð til þess að hafa saman fé til arðs fyrir spítalann. Nefndarmenn munu gera tilraun til þess, að heimsækja alla bæjarbúa, og vonar að sér verði vel tekið. Gefið það sem þér getið, og setjið yður að gefa spítalanum einhverja vissa upphæð á árij

Auk almennu gjafanna, sem vonað er að hafist saman, verður tillaga lögð fram fyrir verkamenn í verksmiðjum, búðum og á skrifstofum um, að þeir leggi til spítalans á árinu 1908 eins dags kaup hvers manns. Fyrir hverja $100, sem þannig gefast, mega gefendur tilnefna einn lífstíðar meðlim í spítala stjórnina. Spítalinn getur ekki kengið ofmarga lífstíðar stjórnendur, sem hver um sig verða beðnir að heimsækja spítalann ákveðnar vikur úr árinu, og verða þannig verkfæri til þess, að koma spítalanum í nánara samband við bæjarbúa. Með þessu fyrirkomulagi gefa þeir, sem lægst kaup fá, eins mikið og hinir, sem betur eru launaðir.

Vér eigum enga miliónneigandi mannvini í Winnipeg til þess að létta af oss byrði þessa starfs. En nokkur þúsund borgarbúa, ef hver lætur sér ant um spítalann, geta ekki að eins veitt honum nægar inntektir, heldur einnig það, sem peningar megna ekki að kaupa. — Sérhvert sjúkrahús er kalt og dapurt heimkynni án góðvilja borgaranna, og það er engin ástæða fyrir því, að Winnipeg spítalinn geti ekki orðið auðugasta stofnun í þessu tilliti.

Samkvæmt löggildingar ákvæðum sjúkrahússins, á hver sá, sem gefur $10 á ári sömu hlutdeild og hefir sömu áhrif á stofnunina og hinn, sem gefur $10,000. Það er þess vegna í raun réttri borgara sjúkrahús, átt og stjórnað af bæjarbúum, til hagsmuna fyrir hina nauðliðandi.

GEORGE F. GALT,
heiðurs ritari og féh.

Frá Blaine, Wash.

23. april 1908.

Mrs. M. J. Benedictsson.

Kæra vinkona! Mér hefir verið falið á hendur af kvenfélaginu "Framsókn", að senda "Hinu fyrsta ísl. kvenfrelsis kvenfélagi Winnipeg" tíu dollara gjöf, frá kvenfélaginu "Framsókn", samkvæmt áskorun frá kvenfrelsis félaginu í síðustu blöðum Heimskringlu og Lögbergs. Og ennfremur óskar kvennfélagið "Framsókn" hinu nýja kvenfrelsisfélagi af alhuga til hamingju og að því megi auðnast að ná hinu göfuga takmarki, sem það hefir sett sér. Sem vott um virðingu og velvilja sinn fyrir kvenfrelsismálinu sendir kvenfélagið "Framsókn" þessa litlu gjöf, og biður "Hið fyrsta íslenzka kvenfrelsis kvenfélag í Winnipeg", að taka viljann fyrir verkið.

Fyrir hönd kvenfélagsins 'Framsókn', Blaine, Wash.

Anna K. Magnússon.

ATHS. — "Hið fyrsta íslenzka kvenfrelsis kvenfélag í Winnipeg" biður Heimskringlu að flytja kvenfélaginu "Framsókn" innilegt þakklæti sitt fyrir gjöfina, og óskar því allrar blessunar á ókomnum tímum.

DOBSON and JACKSON
Byggingamenn

Sýnið oss uppdrætti yðar og áætlanir og fáið verðáætlanir vorar.

370 Colony Street
Winnipeg

Woodbine Hotel
Stærsta Billiard Hall í Norðvesturlandinu
Tíu Pool-borð.—Alskonar vín og vindlar.
Lennon & Hobb,
Eigendur.

SPÓNNÝTT HÓTEL
ALGERLEGA NÝTÍZKU
Hotel Majestic

John McDonald,
eigandi.
James St. West, Rétt vestan við Main St. Winnipeg Telefón 4979

$1.50 á dag og þar yfir
Bandaríkja-snið

Alt sem hér er um hönd haft er af beztu tegund. Reynið oss.

BRANDONS VINSŒLASTA GISTIHUS
EMPIRE HOTEL
E. J. PELTIER, eigandi

Hefir öll nútíðar þægindi.
Reynið þetta gisti-hús.
Á bezta stað í borginni.
Lang-vega telefón 185.
Sample rooms

723—731 ROSSER AVE.
BRANDON, MAN.
21-5-8

Jimmy's HOTEL

Sem er rètt á bak við Pósthúsið, — og þar sem alt er af beztu tegund. Íslendingar ættu að reyna þetta gistihús.

James Thorpe,
eigandi.
Fyrverandi eigandi Jimmy's Restaurant á Portage Ave.

hvort öðru vel. Trúið mér, það bezta, sem þér getið gert, er að lofa öllu hér að hafa sinn vana framgang. Guð sér um, að alt gangi vel".

"Ég skal aldrei hryggja yður, aldrei framar tala um þetta, fyrst yður fellur það illa. En ég skal komast fyrir þetta leiðindamál, Aðalheiður. Við gæta fólkið lesum betur í hjörtu þess yngra, en þið hugsið, og ég sé vel hjartasorg yðar".

Í því hún gekk út úr herberginu, brosti hún til hans ánnilega hrærð yfir velvilja og umhyggju hans henni til handa. En hann endurtók með sjálfum sér — "Ég skal komast fyrir þetta leyndarmál. Ég skal komast að, hvort hún grætur vegna þessarar fögru hertogainnu, og ég skal finna út, hvers vegna lávarðurinn átti hana, fyrst hann elskaði hana ekki".

LI. KAPÍTULI.

Aðalheiður beið nú komu manns síns og gesta sinna. Hún var mæta vel búin, og engan vott þess, að hún hefði grátið, var hægt að sjá á andliti hennar. Henni leið miklu betur eftir samtal sitt við hershöðingjann. Það hafði styrkt hana enn betur í að reyna af öllum mætti að frelsa mann sinn frá hinni voðalegu synd, sem hann var freistaður til að drýgja.

Sex daga ennþá fulla af ótta og hrygð. Sex daga, sem hún varð að vaka yfir hverri hreyfingu manns síns og þessarar fögru, vondu konu. Að vísu bar hún fullkomið traust til hans, en hann hafði þó einu sinni elskað þessa konu. Hún var frábærlega fögur, og hún gerði alt sem hún gat til þess að lokka hann í snöruna.

Margar konur myndu í sporum Aðalheiðar hafa brúkað brögð á móti brögðum, og ólikindalæti. En það var laust við, að hún gerði það. Hún bað til guðs um að halda hendi sinni yfir manni sínum, — kenna honum að elska sig, af því hún var konan hans og elskaði hann svo heitt. Hún hugsaði sér, að breyta eins skynsamlega eins og hún gæti, og vera þolinmóð. — Sex dagar! Æ, hvað þeir yrðu langir og leiðinlegir fyrir hana! Hún varð að gæta manns sins frá morgni til kvelds, án þess þó að hann eða aðrir veittu því eftirtekt.

Lady Aðalheiður hugsaði um þetta fram og aftur, þangað til henni fanst alt dansa fyrir augum sér. Hún gekk nú að glugganum og horfði lengi á blómin úti fyrir. Einn rósaleggur bar þar af öðrum. Hún hafði fengið hann að gjöf frá Lady Die. Sex rósir voru útsprungnar, og sex dagar voru það, er gera mundu út um framtíð hennar. Hún ásetti sér, að taka eina rós á hverjum degi, og bera hana inn í herbergi sín. Hvernig mundi henni líða, þegar þær væru allar tíndar af leggnum?. Hún mundi þá vera annaðhvort án hamingjusamasta eða óryæntingarfylsta kona undir sólunni.

Hún skeit nú eina rós af, og bar hana inn í herbergi sitt og lét hana þar í vatn. Svo fór hún niður aftur til að bíða komu gestanna. Nú heyrði hún vagnskrölt, og sú fyrsta, sem hún kom auga á, var hertogainnan. Hefði hún séð, að hún var með glöðu bragði, hefði hún óttast, að maður hennar væri í hættu staddur. En það var öðru nær. Hertogainnan var auðsjáanlega í vondu skapi og leit þreytulega út. Lávarðurinn var aftur á móti glaður og rólegur. Aðalheiði létti við, að virða þau fyrir sér. Hún gekk til hertogainnunnar, því hún

ætlaði sér, að hafa öllu fremur gætur á henni heldur en manni sínum. Enginn gat heldur tekið til þess, þó hún gæfi sig mest að henni, sem hinum göfugasta af gestum sínum.

Hún spurði hertogainnuna um, hvernig ferðin hefði gengið, en hertogainnan svaraði henni kuldalega.

"Þér eruð víst þreyttar", sagði Lady Aðalheiður, "það hefir líka verið svo heitt í dag".

"Ég hefi ekki fundið það, ég hefi nóga krafta til þess að vera úti í sólskini, án þess að þreytast".

"Þá eruð þér öfundsverðar, því það er góð eign að eiga góða krafta", sagði Lady Aðalheiður.

"Sumt er þó eigulegra", sagði hertogainnan háðslega. En Aðalheiður lét sem hún heyrði það ekki, en var jafn vingjarnleg og áður.

"Þykir yður skemtilegt, að koma á hestbak? Viljið þér það heldur en keyra?"

"Já, ef ég hefi skemtilegan fylgdarmann. Tíminn og hjónabandið breytir mönnum. Áður fyr álest ég Caren lávarð þann skemtilegasta meðreiðarmann, sem hægt var að kjósa sér".

"Er hann það ekki ennþá?"

"Stundum. Ég held annars, að sveitalífið hafi alt annað en góð áhrif á fólk, annaðhvort stendur maður við í stað, eða fer aftur á bak. Það gerir mikið til, hvort maður hefir skemtilegan samferðamann eða ekki. En mér finst svo langt frá, að Caren lávarður sé það nú".

"Leiðist yður hann þá? Mér fellur illa, að geta ekki verið á sömu skoðun og þér, ég hefi þá skoðun, að fáir séu eins skemtilegir og hann".

"Mér finst alt leiðinlegt", sagði hertogainnan hrokalega. "En ég er bæði forviða og glöð yfir, að yður skuli þykja lávarðurinn skemtilegur fylgdarmaður".

Af þessu samtali áleit Aðalheiður, að maður hennar hefði ekki veitt hertogainnunni mikið athygli á leiðinni.

LII. KAPÍTULI.

Næsta dag hélt Aðalheiður hinu sama vakandi auga með manni sínum. Hún sá, að hertogainnan hafði nú fastlega ásett sér-að-ná tali af honum, en hún gerði alt, sem hún gat, til þess að koma í veg fyrir það. Hún leitaði ekki hjálpar hjá kafteinn Randolph, því hún vildi ekki, að nokkur blettur félli á mann sinn. En hún vissi, að hvenær, sem hún bæði hann að hjálpa sér, myndi hann af fúsum vilja gera það.

Henni sárleiddist. En enginn veitti því neina eftirtekt. Hún hélt, að kafteinn Randolph vissi eins mikið í þessu eins og hertogainnan sjálf, en hann gat ekkert gert, en tók nákvæmlega eftir öllu, sem fram fór, reiðubúinn til að hjálpa Lady Aðalheiði, ef hún þyrfti með. Nú var hún búin að slíta upp aðra rós til, og sú fyrsta var orðin visnuð.

"Bara að þær væru allar visnaðar og Allan frelsaður. Hvað ég skyldi vera guði þakklát fyrir það!" hugsaði Aðalheiður.

Nú voru fimm dagar eftir. Hún hugsaði um, hvernig eyða skyldi þessum degi án allrar hættu. Hún vissi, að lávarðurinn gerði alt sem hann gat, til að skemta Clavering hershöðingja. Hún talaði því um það við Capt. Randolph, að nokkrir af karlmönnunum skyldu aka þann dag til St. Bedar klaustursins. En þangað var alllangt að keyra fyrir

Kjörkaupa-listi

Victor st., 6 herbergja hús $1600
Toronto st., 7 " nýtíska hús meðöllum þægindm $500 niðurborgun. 2800
Simcoe st., — 7 herbergi, 2900
Beverley st., 7 herbergja nýtíska hús á 3000
Home st. nálægt Portage, 25 feta lóðir, á $25 fetið

W. P. RODGERS,
608 McIntyre Blk. Fón 6474.
27-5 8

The Duff & Flett Co.
PLUMBERS, GAS AND STEAM FITTERS
Alt verk vel vandað, og verðið rétt
773 Portage Ave. og 662 Notre Dame Ave.
Phone 4644 Winnipeg Phone 3815

Giftingaleyfisbrjef
selur Kr. Ásg. Benediktsson,
477 Beverley St. Winnipeg.

Ýmsar ástæður

eru fyrir því að vér höfum eins gott kjöt og nok kur annar kjötsali í bænum Reynið hvort ekki er

C. G. JOHNSON
Telefón 2631
Á horninu á Ellice og Langside St

WINNIPEG Business College
FÉKK FYRSTU VERÐLAUN Á SAINT LOUIS SÝNINGUNNI.
Cor. Portage Ave and Fort St.
Kennir Bókhald, Vélritun, Símritun, Býr undir Stjórnarþjónustu o. fl. Kveld og dag kensla. Sérstök tilsögn veitt einstaklega. Starfshögunar-skrá frí.

DR. A. EKERN
Sérfræðingur í Augna-, Nef-, Eyrna- og Holdssjúkdómum.
Grand Forks, N. Dak.

Sendið Heimskringlu til vina yðar á Íslandi

Cancer Cure.
R. D. EVANS, sem fann upp hið viðfræga lyf til lækninga
krabbameinum
óskar að allir sem nú þjást af krabbameinum, skrifi sér. 2. daga notkun meðalsins, læknar útvortis eða innvortis krabbamein. Skrifið strax til R. D Evans, Brandon, Man. 27-8 8

A. S. BARDAL
Selur líkkistur og annast um útfarir. Allur útbúnaður sá bezti. Enfremur selur hann alskonar minnisvarða og legsteina.
121 Nena St. Phone 306

Ísland og Ameríka

nefnist fyrirlestur, sem nýlega er kominn hingað vestur, eftir herra Pál Bergsson frá Duluth, fluttur í Reykjavík 5. febr. sl. Í fyrirlestri þessum ber höfundurinn saman Ísland og Ameríku, og svarar ýmsum spurningum viðvíkjandi Vestur-Íslendingum, sem hann segir að hafi verið fyrir sig lagðar eftir að hann kom til Íslands, og eru þessar helztar:

Hvernig er veðuráttan? Hvernig líður Íslendingum vestan hafs? Hvort er betra að búa í Ameríku eða á Íslandi? Hafa Íslendingar nokkuð grætt á því, að flytja vestur, í fjárhagslegum eða andlegum efnum? Hvernig er trúarlífið vestra? Hvernig er siðferði karla og kvenna vestra? Mundu Vestur-Íslendingar vilja flytja heim aftur?

Þessum spurningum öllum svarar höfundurinn að mínu áliti mjög sanngjarnlega. Að öllu samanlögðu álítur hann, að Vestur-Íslendingar hafi grætt langmest á breyttum hugsunarhætti, — "þar hafa þeir tekið stórum framförum", segir hann. "Þeir skoða sig ekki lengur guðsvolaða auðmingja, sem þurfi að bera hattinn í hendinni, ef þeir mæti prestinum, hvað þá sýslumanninum. Nei, þeir skoða þá báða jafningja sína og sig jafningja þeirra. Þeir álíta þá menn eins og sjálfa sig, en ekki neina hálfguði, virðingarverða og heiðvirða, ef þeir standa vel í stöðu sinni, en jafna götustráknum, ef þeir vanrækja skyldu sína".

Eftir að höfundurinn hefir svarað öllum spurningunum, segir hann álit sitt það á þessa leið:

"Ég álít, að Ísland hafi fullkomlega eins mikla kosti að bjóða og Ameríka, eins og NÚ til hagar, og að það ennþá hafi svo mikið falið í skauti sínu, að það sé enn meira framtíðarland enn hún. Að samt sem áður hafi Íslendingar, sem vestur fluttu á fyrri árum, grætt við skiftin, en nú sé sú gróðavon á sandi byggð fyrir þeim, sem hugsa til Amerikuferðar. Að Íslendingar vestra hafi fengið sjálfstæðari og þrekmeiri hugsunarhátt, og að Ísland á endanum fái bætta þá voða blóðtöku, er vesturferðinar haka veitt því, með því, að hér eftir fari við og við ýmsir að flytja heim að vestan, er einhverju góðu frækorni geta sáð á gamla landinu".

Fyrirlesturinn er 21 bls. í stóru 8-bl. broti, og kostar hér 15 cents. Hann fæst keyptur hjá hr. Serensen bóksala.

Á. J. JOHNSON.

Hinir áreiðanlegustu — og þar með hinir vinsælustu — verzlunarmenn auglýsa í Heimskringlu.

Hafnardeild Bókmentafélagsins.

Laugardaginn 11. apríl var haldinn aðalfundur í Hafnardeild hins íslenzka Bókmentafélags. Tuttugu og fjórir félagsmenn voru á fundi.

Forseti lagði fram endurskoðaðan reikning deildarinnar. Samkvæmt honum höfðu tekjur hennar á umliðna árinu verið 5850 kr. 60 a., en útgjöld 5135 kr. 31 a. Í sjóði var við árslok 23519 kr. 86 a. Reikningurinn var samþyktur í einu hljóði.

Forseti skýrði þá frá starfsemi félagsins á umliðna árinu. Reykjavíkurdeildin hafði gefið út: Skírn, 81 árg.; Íslenzkt fornbréfasafn, VII. bd. 4. h. og VIII. bd. 2. h., og Sýslumannaæfir III. bd. 3 h. — Hafnardeildin hafði gefið út: Willard Fiske eftir B. Th. Melsted (Alþýðurit Bókmentafélagsins, 2. bók); síðara heftið af Bygging og líf plantna eftir Helga Jónsson; Íslendingasögu B. Th. Melsteds, II. bd. 2. h.; Lýsing Íslands eftir Þorv. Thoroddsen, I. bd. 1. h., og Safn til sögu Íslands, IV. bd. 1. h. — Í ár mundi Hafnardeildin gefa út: Lýsing Íslands eftir Þorv. Thoroddsen, I.bd. 2. h.; Íslendingasögu B. Th. Melsteds, II. bd. 3. h.; Safn til sögu Íslands, IV.bd. 2. h., og Sögu Jóns Ólafssonar Indiafara 1. h.

Þá fór fram stjórnarkosning og hlutu þessir kosningu: Forseti, prof. Þorv. Thoroddsen; féhirðir, Gísli læknir Brynjólfsson; skrifari, Sigfús Blöndal undirbókavörður við konunglega bókasafnið, og bókavörður, Pétur Bogason stud. med.; allir endurkosnir. Í varastjórn voru endurkosnir: Varaforseti, B. Th. Melsted mag. art.; varaféhirðir, Þ. Tulinius stórkaupmaður; varaskrifari, Stefán Stefánsson cand. jur.; varabókavörður var kosinn stud. mag. Jónas Einarsson. — Endurskoðunarmenn voru endurkosnir þeir cand. mag. Þorkell Þorkelsson og læknir Sigurður Jónsson.

Forseti mintist látinna félaga: Guðna Guðmundssonar læknis, Jóns Magnússonar kaupmanns og Dr. Solone Ambrosoli's. Létu félagsmenn hluttekningu sína í ljósi með því að standa upp.

Heiðursfélagi var kjörinn í einu hljóði prófessor við háskólann í Lundúnum W. P. Ker.

Fjórutíu reglulegir félagar voru teknir inn.

Utan dagskrár vakti exam. juris Gísli Sveinsson máls á heimflutningsmálinu, og urðu um það altmiklar umræður. Að þeim loknum var fundi slitið.

EYJÓLFUR EINARSSON

Látinn 8. marz, 1908.

Sorgarskýið svéif oss fljótt að augum,
þér sviptur var burtu, elsku vinur kær.
Dánarbeð þinn döprum tárum laugum,
en drottins boði engin raskað fær
Hrygð og neyð þótt hafinn sértu yfir,
í himnadýrð af allri mæðu frí,
þin blessuð minning mætust hjá oss lifir
á meðan heimi þreyja hljótum í.
Þú varst mér alt í dimmum jarðardölum,
en dauðinn breytti þerri gleðistund.
Ég veit þinn andi lifir ljóss í sölum,
þó líkaminn hér vætan festi blund.
Þig harma ég sárt, mitt hjarta þungan stynur,
í himnaguði athvarf samt ég finn.
Ég ber þér kveðju, bliði hjartans vinur,
frá börnum okkar nú í hinsta sinn.

Þú stóðst sem hetja og striddir karlmannlega
og stóran sigur hlaust að lokum því.
Þín lundin blíða létti þungan trega
og lipurð sýndir blíðu og stríðu í.
Hér í heimi hrygðar djúpu sárin
hjartað þekur, engri svölun næ, —
í eilíft bros þá öll mín snúast tárin,
elsku vinur, nær þig líta fæ.

Þökk fyrir alt, sem þú hér unnið hefir,
þökk fyrir liðna samverunnar tíð.
Þökk fyrir alt, sem þú hér liðið hefir,
þökk fyrir gæði í sorgum, mæðu og stríð.
Bylgjur ólga um brjóst mitt gleðisnauða,
brennheit tár af hvörmum falla títt.
En fyrir handan höfin, gröf og dauða,
á himnum, vinur, oss þú fagnar blítt.

Undir nafni ekkjunnar,
Margrét J. Guðmundsson

Þó að trú og von á verði vaki bæði dag og nótt,
dauðinn köldu sveiflar sverði, sínu lýkur starfi rótt, —
flytur fram á frelsis braut frjálsa sál í drottins skaut.

Tíminn æðir áfram hraður,
alt er hverfult heims á grund.
Hér er góður, gætinn maður
gengínn sætt í hinsta blund,
heimilið er hollum svíft
húsföður með geðið trygt.

Fátæktin þó fjötra reyrði
framtaks merki hafði hann reist,
æfistarfið alt með heiðri
er nú trútt af hendi leyst.
Uppskerunnar eftir raun
eilíf þiggur sigurlaun.

Drottinn styrk þú þá er stríða
skilnaðar á beiskri stund,
vonarljósið blikar blíða,
boðar vina endurfund,
þar sem elskan eilíf grær
eymd og glysi heimsins fjær.

Hvíl þú mæti merkismaður
mjúku foldarskauti í, —
fagnar andi frjáls og glaður
fögrum dýrðar bústað í.
Fyrir alt þér færum hljótt
hjartans þakkir, góða nótt!!

Mrs. T. Vigfússon.

— Barún einn á Þýzkalandi, 34 ára gamall, kvongaðist 26 ára gamalli gáfu og mentakonu í nóv. sl., en svo hefir þeim komið illa saman, þrátt fyrir nóg auðæfi, að konan skaut mann sinn til bana í sl. viku og snéri svo vopninu á sjálfa sig. Henni tókst þó ekki að skjóta sig til bana. Hún gefur enga ástæðu fyrir þessu tiltæki sínu.

Matur er mannsins megin.

Ég sel fæði og húsnæði, "Meal Tickets" og "Furnished Rooms", Öll þægindi eru í húsinu.

SWAIN SWAINSSON,
438 Agnes st.

The Dominion Bank
NOTRE DAME Ave. BRANCH Cor. Nena St.
Vér seljum peningaávísanir borganlegar á Íslandi og öðrum löndum.
Allskonar bankastörf af hendi leyst
SPARISJÓÐS-DEILDIN
tekur $1.00 innlag og yfir og gefur hæstu gildandi vexti, sem leggjast við innstæðufé á sinnum á ári, 30. júní, 30. sept. 31. desembr og 31. march.

Til fullkomnustu tryggingar Vátryggið fasteignir yðar hjá The
St. Paul Fire & Marine Ins. Co.
Eignir félags. eru yfir 3 milljón dollars. Skaðabætur borgaðar af San Francisco eldinum 1½ mill.
SKULI HANSSON & CO., 35 Tribune Bldg., Phone 6478, eru sérstakir umboðsmenn.
E. S. Miller Limited
Aðal umboðsmenn
PHONE 2083 219 McINTYRE BLK.

HEIMSKRINGLU og TVÆR skemtilegar sögur fá nýir kaupendur fyrir að eins $2.00.

Department of Agriculture and Immigration.

MANITOBA

Þetta fylki hefir 41,169,089 ekrur lands, 6,019,200 ekrur eru vötn, sem veita landinu raka til akuryrkjuþarfa. Þess vegna höfum vér jafnan nægan raka til uppskeru tryggingar.

Ennþá eru 25 miljónir ekrur óteknar, sem fá má með heimilisréttí eða kaupum.

Íbúatala árið 1901 var 255,211, nú er hún orðin 400,000 manns, hefir nálega tvöfaldast á 7 árum.

Íbúatala Winnipeg borgar árið 1901 var 42,240, en nú um 115 þúsundir, hefir meir en tvöfaldast á 7 árum.

Flutningstæki eru nú sem næst fullkomin, 3516 mílur járnbrauta eru í fylkinu, sem allar liggja út frá Winnipeg. Þrjár þverlandsbrauta lestir fara daglega frá Winnipeg, og innan fárra mánaða verða þær 5 talsins, þegar Grand Trunk Pacific og Canadian Northern bætast við.

Framför fylkisins er sjáanleg hvar sem litið er. Þér ættuð að taka þar bólfestu. Ekkert annað land getur sýnt sama vöxt á sama tímabili.

TIL FERDAMANNA:

Farið ekki framhjá Winnipeg, án þess að grenslast um stjórnar og járnbrautarlönd til sölu, og útvega yður fullkomnar upplýsingar um heimilisréttarlönd og fjárgróða möguleika.

R. P. ROBLIN,
Stjórnarformaður og Akuryrkjumála Ráðgjafi.
Skrifið eftir upplýsingum til
Joseph Burke, 178 LOGAN AVE., WINNIPEG.
Jas. Hartney 77 YORK ST., TORONTO.

T. L.
Heitir sá vindill sem allir reykje. "Hversvegna?", af því hann er það besta sem menn geta reykt. Íslendingar! munið eftir að biðja um **T. L.**
(UNION MADE)
Western Cigar Factory
Thomas Lee, eigandi Winnnipeg

Redwood Lager og Extra Porter
Styrkið taugarnar með því að drekka eitt staup af öðrum hvorum þessum ágæta heimilis bjór, á undan hverri máltíð. — Reynið !!
EDWARD L. DREWRY Manufacturer & Importer Winnipeg, Canada.

kvenfólkið. Hún áleit mann sinn úr hættu þennan dag, ef þessu yrði framgengt.

Kafteinninn skildi stsax, hvers vegna Lady Aðalheiður talaði um þetta, og tók því vel. Og áður en búið var að borða morgunverðinn, hafði hann sagt hershöfðingjanum frá þessu klaustri, og fullvissað hann um, að honum mundi þykja gaman að ferðast þangað.

Hershöfðinginn tók vel í það, og sagði, að sig langaði mig til að sjá þennan stað.

Kafteinninn fór þá strax til lávarðarins og sagði honum, að hershöfðingjann langaði mjög til að keyra til St. Bedar klaustursins. Lávarðurinn varð glaður við, að geta skemt honum á þennan hátt.

Þegar hertogainnan heyrði talað um þetta ferðalag, vildi hún strax fara með, en Lady Aðalheiður svaraði: "Við vildum allar mega fara með karlmönnunum, en veguinn er of langur fyrir kvenfólk. Ef þér endilega viljið sjá klaustrið, þá verðum við að hvíla okkur allan seinni partinn í Caterham, sem er næsta þorp við klaustrið."

Hertoginn kom nú og blandaði sér strax inn í samtalið. Honum var ávalt mjög ant um heilsu konu sinnar. "Þetta verður ekki í seinasta sinni, sem við dveljum á Brooklands, Nita".

Og hann bætti við: "Við skulum vona, að næst þegar við komum hér, að við höfum ástæður til að sjá St. Bedar. Þú átt langa og erfiða ferð fyrir höndum og verður að vera óþreytt undir hana".

Hún svaraði einhverju brosandi, en í hjarta sínu hataði hún Lady Aðalheiði og mann sinn fyrir þessi orð.

"Hefir allur heimurinn svarið sig á móti mér?" hugsaði hún. "Ég skal sjá hann og tala við hann, þó allir reyni að hindra það. Og hvað ferð minni til Skotlands viðvíkur, þá þarf ég ekki mikið að búa

mig undir hana. Minn kæri hertogi, ef þú nokkurntíma ferð þangað, þá verður þú að fara án mín".

Hún varð næstum frávita af reiði og harmi, er hún sá karlmennina fara af stað. Lávarðurinn gekk til hennar að kveðja hana, og hún brosti hið blíðasta framan í hann. Honum sýndist hann sjá tár í augum hennar.

"Góða ferð", sagði hún. "Ég vona, að þið skemtið ykkur vel. Ó, Allan, tíminn hefir vængi. Bráðum kemur sá dagur, er ég sé yður ekki lengur. Það er ekki að undra, þó ég telji hvern daginn, sem liður".

Hann leit hikandi framan í hana. "Hefði ég vitað, að yður þótti verra að ég færi, skyldi ég hafa orðið eftir heima. Það er hægt að ráða bót á því enn, þeir geta farið án mín".

Hún vissi, að það mundi vekja of mikla eftirtekt.

"Nei", sagði hún blíðlega, "ég vil ekki koma í veg fyrir, að þér getið skemt yður. Ég óska af heilum hug, að þér séuð ánægðir, en þér mægið til að tala við mig í kveld. Þér hafið varla talað orð við mig síðan gestum bættist við".

"Ég skal flýta mér heim", sagði hann.

Lady Aðalheiður gekk framhjá í þessu og heyrði hvað hann sagði. Hún hafði nú ekkert að óttast þennan dag, en það kom ekki að miklum notum, ef hertogainnan fengi um kveldið tækifæri til að tala við lávarðinn. Það þurfti ekki annað, en að líta á hertogainnuna, þegar karlmennirnir voru farnir, til þess að sjá, í hve vondu skapi hún var, og að stormur var í nánd.

Lady Aðalheiður settist hjá stórum glugga, og fór að sauma fallegan útsaum. Hertogainnan gekk til hennar. "En hvað þér eruð ofundsverðar, að geta skemt yður við annað eins verk og þetta", sagði hún.

"Þetta er mjög skemtileg vinna", sagði Lady Aðalheiður rólega.

"Ég get öfundað þessar ensku konur af hve hægt þær eiga með að skemta sér. Við spænsku konurnar þurfum meira til þess, að við skemtum okkur vel".

"Ánægja og nægjusemi eru fagrar dygðir, hvort heldur þær eru hjá enskum eða spænskum konum", sagði Lady Aðalheiður. "Því hamingjusamari, sem manneskjan er, þess hægra er fyrir hana að skemta sér. Þetta er nú mín skoðun".

Hertogainnan brosti háðslega.

"Eftir því má ég þá vona, að ég geti einhverntíma glaðst af fallegri blúndu, eins og þér getið. Nú sem stendur þarf ég nokkuð meira til að geta glaðst og verið ánægð".

Lady Aðalheiður gætti sín vel, að reiðast ekki. Hún tók háði og dónaskap hertogainnunnar með mestu þolinmæði. Þær litu hvorar á aðra. Þær vissu svo vel, að næstu dagar mundu gera út um framtíð þeirra, — önnur hvor mundi ganga af hólminum sigri hrósandi, en það var spursmálið, hvor þeirra það mundi verða.

Þó töluðu þær saman eins og ekkert væri.

"Hvað segið þér um, að við getum gátur í kveld, eða eigum við að hugsa fyrir dansi?" sagði Lady Aðalheiður.

"Ég vil hvorugt, hreint út sagt. Engin kveldskemtun er leiðinlegri en sú, sem er hugsuð fyrirfram".

"Þó finst mér, að öll kveldin hér hafi verið fremur skemtileg".

"Mér þykir mest skemtun í, að vera frjáls. Ef ég héldi, að fólk stæði í þeirri meiningu, að ég ætlaði að dansa í kveld, vildi ég alls ekki dansa. Eigi

maður að skemta sér vel hér úti á landinu, þá verður maður að vera fullkomlega frjáls".

"Ég er alveg á yðar máli, enda ræður sérhver því sjálfur, hvort hann tekur þátt í skemtuninni eða ekki".

"Ég get ekki hugsað mér betri skemtun, en það, að ganga að kvöldinu til og frá um blómgarðana. Ég hefi hvergi séð eins fögur blóm og hér".

"Því trúi ég vel", hugsaði Lady Aðalheiður með sér, "en þér skuluð ekki ganga þar ein með manni mínum, ef ég má ráða".

Hertogainnan vissi, að ef dansað yrði um kveldið þá fengi hún ekkert tækifæri til að tala við lávarðinn. Hún næstum skalf af heipt, er hún hugsaði til, hve fljótt tíminn leið. Þegar þessi dagur var liðinn voru einir fjórir eftir! Svo varð hún gagntekin af hræðslu. Ef hún hefði nú tekið feil, — ef lávarðurinn kærði sig ekkert um hana, sem hún hafði þó alt af vonað! Ef hann hefði viljað tala við hana, gat hann oft fundið tækifæri til þess. Ef hann vildi biðja hana, að yfirgefa alt hans vegna, þá var hún margoft búin að gefa í skyn, að óhætt væri að nefna það. Hræðsla og ótti hertóku nú hjarta hennar. Hafði hún rangt fyrir sér? Og ef svo var, hvernig gat hún þá lifað öllu lengur?"

"Ég vildi heldur drepa mig, en að fara frá Brooklands eins og ég kom þangað", sagði hún við sjálfa sig.

Hún hvorki skammaðist sín fyrir eða hræddist áform sín. Hún var bæði blind og dauð fyrir röddu samvizkunnar. Af ásettu ráði gekk hún í móti eyðileggingu sinni og æfilangri skömm.

VISSASTI GRÓDAVEGUR

Stjornendur:

JOHN ERZINGER, forseti.
JOHN HAFFNER, varaforseti.
H. W. GERHARDT, fjárhirðir.
HUGH A. McKINNON, ritari.
Hon. HUGH JOHN MACDONALD lögmaður.
A. S. LOCK, Winnipeg.
G. W. TOWEL, Winnipeg.
R. LILLY, Dauphin.
S. CODE, Dauphin.

Mótaka félagsins við Lac Du Bonnet vatn gefur 5 miliónir tons af bezta pressuðum eldsneytisnaðs til nota í heimahúsum eða verksmiðjum, og 15 milur af skurðum hafa verið grafnir til framræzlu, sem gerir mótökuna auðvelda. — Mórinn verður til sölu 1. júlí nk. C. P. R. félagið hefir lagt braut að mótökulandinu til flutningshægðar. Sýnishorn af mónum eru í 325 Union Bank byggingunni hér í bænum. Kaupið 100 hluti í Inter-West Peat Fuel Co., og þér munuð sanna, að það færig yður góðan gróða. Mór er ætið 100 centa virði á doll. Eftirspurn er ótakmörkuð. Svörðurinn er að mestu ofanjarðar, og hægt að reikna út magn hans og verðgildi. Hver hluthafi getur gert það sjálfur. Mótökukostnaðinn er einnig auðvelt að reikna út. Tveggja ára reynsla þessa félags hefir sannað gróðamöguleika þessa fyrirtækis, og að mórinn er jafngildi kola til hitunar, og framleiðsla hans kostar svo lítið, að hlutir í félaginu færa stórfeldan gróða í aðra hönd. En almenningur fer ódýrara eldsneyti, hreinna og heilnæmara en kol. — Hvert fetlag í ekru af mómýri félagsins gefur 300 tons af mó, 6 feta þykt lag í ekru gefur 1800 tons, eða 1,152,000 á hverja fermilu; 500 fermilur eru í Manitoba af mótökulandi, sem gerir 600 miljónir tonna. Í Vesturfylkjunum eru 25 þúsund fermilur eða 30 biliónir tonna af mó. Auðæfi landsins eru oss gagnslaus, nema vér leggjum fram krafta vora til þess að færa oss þau í nyt. Gætið þess, að vér eigum einkaleyfi á þeirri einu móþéttunarvél, sem til er í Canada og Bandaríkjunum, og að félag vort heldur þannig lyklinum, að þessari dýrmætu fjárhyezlu. Vér þurfum ekki að óttast kolanámamanna verkföll eða eldsneytisskort, meðan vér höfum umráð yfir þessari mótöku auðlegð. Ef kol þrjóta fyrir einhverja ástæðu, þá er Inter-West Peat Fuel félagið svo sett, að það framleiðir jafngildi þeirra með langtum minna verði, en kol kosta, og mórinn er hreinlegri og drýgri, þar eð engin aska eða gjall kemur úr honum.

Engin Tálsnara -- Skynsamlegt og áreiðanlegt viðskifta-tilboð að framleiða ódýrt Eldsneyti sem húsráðendur þarfnast.

Ótakmörkuð Eftirspurn **Ótakmarkað tilboð**

Inter-West Peat Fuel Co.

WINNIPEG, MANITOBA

Höfuðstóll $250.000 00 — 25,000 hlutir $10.00 virði hver — Uppborgaðir og álögufríir

Yfirlitsmaður náma segir:

Í verzlunar og vatnsflutninga skýrslu sinni fyrir árið 1904—5: Canada hefir leitað út á við eftir kolum svo nemur $20,878,387. Til þess að lækka þessa útgjaldagrein, ættum vér að nota vor eigin mótökulönd í Ontario og Quebec. Við aukinn iðnað og hækkandi kolaverð í Evrópu á sl. 10 árum, hafa stjórnir Hollands, þýzkalands og Sviarikis og Rússlanns sett upp fyrirmyndar mótökustofnanir á ríkiskostnað, undir stjórn æðra sérfræðinga, sem eiga að rannsaka nýjustu mótökutæki og birta um það skýrslur opinberlega. Þess utan hefir stjórnin í Svíþjóð varið miklu fé til þess að styrkja mótökulanda eigendur, til þess að stofnsetja mótökutæki á löndum sínum. Þekking og reynsla þessara þjóða stendur oss opin, og af henni eigum vér kost á að nota beztu aðferðir, sem eru þektar til þess að gera mórinn að handhægri verzlunarvöru. Í Canada hafa tilraunir verið gerar í þessa átt, og það er gleðiefni, að reynslan hefir sýnt, að vér getum framleitt þéttaðan mó með $3.50 gróða á tonni. — Þessa iðngrein mætti mikið auka hér með hæfilegum stjórnarstyrk, eða þóknun fyrir hvert ton sem framleitt er. Með þessu móti væri sköpuð ný iðngrein í landi, aukin atvinna og dreifing peninga meðal landsbúa og Canada gert að nokkuru leyti óháð erkendu eldsneyti.

Félag vort er að láta byggja mógerðarstofnun, 40x60 fet, úr efni, sem ekki getur brunnið. Hún verður starfandi í júlí næstkomandi, og verður betri, en sú sem brann. Vér eigum einkaleyfið, sem veitir oss yfirráð yfir þessum iðnaði í Bandaríkjunum og Canada, og getum krafist þóknunar af inntektum allra félaga í landinu, sem vér höfum í hyggju að mynda. — Vér höfum lönd, sem gefa af sér 5 miliónir tons af þéttuðum mó, og sem gerir Winnipeg bæ óháðan öllu erkendu eldsneyti. Gróðinn er mikill, tegundin góð og söluverð lágt.

Hugh A. McKinnon

Secretary

325 Union Bank Building,

MAIN STREET WINNIPEG, MAN.

Hagnaður af hluteign í stofnfélaginu.

Allir hluthafar í Inter-West Peat Fuel félaginu taka þátt í gróðanum af stofnun annara félaga. þau verða að borga félagi voru 25 cent af hverju tonni mósins, fyrir að fá að nota einkaleyfis vélar vorar. Tíu slík félög með 100 tonna þéttun á dag gefa oss: $25.00 á dag frá hverju félagi eða $75,000.00 á ári frá öllum tíu félögunum. Það er hægt að stofna 100 félög á 5 ára tíma. — Félagið selur takmarkaðan hlutafjölda á $5.00 hlut hvern. Það veitir oss næg efni til þess að fullgera stofnun vora.

Hlutir	Verðgildi.	Söluverð.	Niðurborg.	1 mán.	2 mán.	3 mán.	4 mán.
10	$ 100	$ 50	$ 10	$ 10	$ 10	$ 10	$ 10
20	200	100	20	20	20	20	20
40	400	200	40	40	40	40	40
60	600	300	60	60	60	60	60
80	800	400	80	80	80	80	80
100	$1,000	500	100	100	100	100	100

Hluta kaups ástæður.

Það er gróðavegur, hvort sem margir eða fáir hlutir eru keyptir, af því að:

1. Mórinn er jafnan í fullu verði, sérstaklega í Manitoba, þar sem eldsneyti er í háu verði.
2. Það er auðvel, að ákveða nákvæmlega mómagnið á landinu og verðgildi þess.
3. Það er hægt að reikna nákvæmlega út framleiðslu tilkostnaðinn.
4. Stofnendur félagsins hafa varið miklum tíma og einum til þess að rannsaka nákvæmlega starfskostnað og inntekta vonir.
5. Eina ástæðan til þess, að alþýðu manna er gefinn kostur á að kaupa starfsfjárhluti með $5.00 verði, er sú, að stofnuniu brann á sl. hausti. Ef það tap og töf hefði ekki komið fyrir, þá hefðu borgarbúar nú brent mó í húsum sínum, og gróði þeirra hefði legið í fjárhyrzlu félagsins.

Hlutakaup í Inter-West Peat Fuel félaginu er trygt, óhult og áreiðanlegt gróðabragð.

Vér biðjum almenning að athuga þetta nákvæmlega, ekki að eins árlegan stórgróða, sem hlutirnir áreiðanlega færa eigendum sínum, heldur einnig með því að rannsaka mómagnið í landinu og kynna sér þannig inntekta möguleika félagsins.

Hlutabeiðnir sendist til INTER-WEST PEAT FUEL CO., 323 Union Bank Building, Main Street, Winnipeg. Salan byrjar mánudaginn 11. maí kl. 10. Pantanir munnlegar eða skriflegar eða með hraðskeyti tafarlaust bókaðar.

Mór er reykjar og sót laus,

brennur upp til agna, nálega engin aska. Mór er álitinn betri en kol allstaðar þar, sem hann hefir verið notaður í þéttunar ástandinu. Ontario stjórnin viðurkennir, að móþéttun sé þjóðlegt þarfafyrirtæki, þar sem ekki sén til kol. — Félagið ætlar að mynda aukamótökufélög um alt Canada.

TIL MÁLSVARA G. T. REGLUNNAR ÍSL. Í WPEG

Framh. frá 2. bls.

hefðu fúslega og af glöðu geði ritað nöfn sín undir slíka bænarskrá, og eins veit ég það, að ekkert löggjafarþing nokkurar siðaðrar þjóðar hefði leyft sér það gerræði, að taka ekki til greina þannig yfirlýstan og ákveðinn vilja mikils meiri hluta fólksins. Hefðu bindindisfélögin þannig á sl. hausti sameinað krafta sína til að vinna að þessu máli, fram þar til fylkisþingið var sett, þá er það trúa mín, að enginn dropi áfengis væri seldur hér í Winnipeg nú, eða að minsta kosti að vínsölumenn hefðu orðið að hætta að geinum fyrirvara, eftir ákveðinn tíma. Ef að íslenzkir bindindismenn hefðu orðið frumkvöðlar og frumherjar sliks fyrirtækis, þá hefði það verið þeim og Íslendingum yfir höfuð til svo mikils heiðurs, að aldrei hefði verið of mikið úr honum gert eða honum ofhátt á loft haldið.

Auðvitað er hægt að gera þetta næsta ár, og ekki einungis hægt, heldur alveg sjálfsagt að gera það. Einnig er það vonandi, að íslenzkir bindindismenn kunni þá svo sóma sinn, að gera einhverja tilraun í þessa átt, úr því opinberlega er búið að ýta við þeim og benda þeim á það.

Það er að byrja sem næst sér, berna í bænum, og síðan að færa út kviarnar, auka starfsvið sitt, eftir því sem ástæður leyfa.

Um fundahöldin sjálf hjá Goodtemplurunum, er alls ekki rétt eða nákvæm lýsing, að þeim sé að eins í "ýmsu ábótavant". Það er miklu meira en það. Að bera það fyrir sig, að fundarstjóra skorti stundum hæfileika og kunnáttu til að stjórna þeim, er heldur ekki beinlínis rétt, því að þeir geta alls ekki við það ráðið, hve færir sem þeir væru, að koma í veg fyrir vansæmi það, sem iðulega er farið að hafa þar um hönd. Það er meira en það, að menn hvislist á, að mál gangi seint og óskipulega og menn komist í hita við umræður. Við það, að menn hitni fyrir máli sínu, er alls ekki neitt að athuga, og getur jafnvel haft mikið gott í för með sér, ef sá, sem mál er að verja eða sækja, getur haft nægilegt taumhald eða stjórn á sjálfum sér.

Ég vildi feginn geta komist hjá því, að tala um framkomu fólks á fundunum. En úr því verið er að gera tilraun til, að hrekja þau atriði í grein minni, þá sé ég mér ekki annað fært en drepa lítið eitt á hana hér, en yil jafnframt gefa þann fyrirvara, að ég geri það eins vægilega og mér er unt, því ég hefi alls enga löngun til að misþyrma heiðri félagsskaparins, heldur þvert á móti. En þegar verið er að myndast við það, að seyna að gera mig að ósannindamanni í því atriði, þá er ég í raun og veru neyddur til að fara um hana nokkrum orðum.

Ummæli mín um skrílsháttinn, sem ég sagði, að ætti sér oft stað á fundum, og sem mikið veður hefir verið gert út af, standa enn sem komið er óhrakin, því andstæðingar mínir fara alt í kring um það atriði, eins og þeir séu hálfsmeykir við, að hreyfa beinlínis við því, og er auðséð, að þeir ætlast til, að almenningur taki það sem góða og gilda vöru, hve slælega þar er gengið til varnar málstað sínum, en þó að þinu leytinu verið að berjast við það, að aísaka téða framkomu með ýmsu, sem ekkert kemur þessu atriði málsins sérstaklega við, en á svo að heita, að það hrekji þann áburð á félagsskapinn algerlega.

Þegar leiðandi menn og konur í einum félagsskap hvað eftir annað gera sig sek í því, að hlaupa í persónuleg brígslyrði út af ýmislegu, sem fyrir kemur, og það oft og tíðum smámunum, þá er það hreint og beint óþolandi og óliðandi, og má ekki og á ekki að láta það viðgangast umtölulaust.

Mun það ekki ganga skrílshætti næst, að hegða sér þannig á fundi stúku sinnar, að æða óskrandi fram gólfið, með fingurna í eyrunum, og hrópa í sífellu til mikils hluta stúkubræðra sinna: "Ég heyri ekki! Ég heyri ekki! Farið þið allir til h.....", að eins vegna vegna litilfjörlegs skoðanamunar? Að vera að hnoða saman leirburðarkviðlingum um stúkubræður sína, og kalla þá þar ýmsum skammarnöfnum, og hafa það á skemtiskrá (prógrami) "fyrir fólkið", og það að taka því með glymjandi lólaklappi og húrraópum? Að líða mönnum að halda dúndrandi skammaræður um einstaka menn, gefa þeim ýmiskonar titla, svo sem "flækinga", "úrþvætti", "asna", og margskonar þessháttar titlatog? Að setja sam an öþverra kveðlinga og brúka ó hræsisleg og lubbaleg uppnefni um menn og málefni, sem alls ekkert koma félagsskapnum við, en nægja þó til þess, að setja á hann þann skammarblett, sem seint eða aldrei verður af honum þveginn? Að nokkur manneskja skuli láta sér það um munn fara, að hún hafi verið borin þjófsorði út af nokkrum dölum, sem tveimur stúkunum voru sameiginlega gefnir í sameiginlegur þarfir? Alt þetta hefir borizt út af fundunum til eyrna almennings, og fyllilega átt sinn þátt í því, að hnekkja áliti almennings á félagsskapnum, og er það alls ekki neitt að undra.

Ég skal algerlega leggja það undir dóm almennings, og gef honum sjálfdæmi í því máli, hvort það hafi verið of sterklega eða ranglega að orði komist, að kalla framkomu þessa, sem ég nú hefi sýnt, skrílsháttt. Ég fyrir mitt leyti segi það, að ég ekki þekki nokkurt orð í íslenzku máli, sem á betur við hana, eða táknar réttar hugsunarhátt þann, sem liggur til grundvallar fyrir slíku framferði. Getur vel verið, að aðrir víti um eða þekki eitthvert vægara eða heppilegra orð.

Ég hefi af ásettu ráði forðast alt persónulegt í þessu atriði málsins, og mun gera það í lengstu lög. Og sannast að segja, — svo ég viðhafi alla þá hreinskilni, sem ég á til — þá hefi ég aldrei stungið niður penna með meiri nauðung og tregðu, en til þess, að skýra þetta atriði, en eins og afstöðu minni er varið gagnvart mönnum þeim, sem ég á í höggi við, þá fanst mér það óumflýjanlegt fyrir mig.

Ég vonast eftir, að ég aldrei þurfi að tilgreina nema þá menn, sem við þetta voru riðnir, að eins þeirra vegna sjálfra og félagsskaparins. En auðvitað er það, að ef á mig verður skorað af hans hálfu — þá get ég ekki komist hjá að gera það. Að ég geti staðið við og sannað alt, sem ég hefi sagt í þessu aatriði málsins, er ég alls ekkert smeykur við, því ég hefi verið sjónar og heyrnarvottur að því öllu saman, nema að eins einu atriðinu, og ekkert af því ofhermt, heldur þvert á móti, — mörgu slept og mikið úr þeim öllum dregið.

Um það, hve áfengisnautn Goodtemplara sjálfra er að ágerast, er sannarlega efni í dálítla sérstaka ritgerð, og vel getur það verið, að ég síðar meir minnist nánar á það. Ég hefi, síðan mál þetta kom til umræðu, verið mér talsvert úti um upplýsingar í því efni, bæði með því iðulega að koma á vínsöluhús bæjarins, og á ýmsan annan hátt, og hefi ekki getað rekið sjálfan mig úr vitni um það, sem ýmsir höfðu sagt mér í því efni, en þó aldrei trúað því í raun og veru, að slíkt ætti sér stað í jafn stórum mæli og ég hefi sjálfur orðið áskynja.

Ég er næstum því sannfærður um það, að ekki sé ofmikið í lagt að segja, að 50 til 75 af hundraði hverju af karlmönnum þeim, sem í félagsskapnum eru, neyti áfengis meira og minna. Nú þar sem flestir þessara manna eru alls engir drykkjumenn, og að því er virðist og menn frekast vita til, hafa litla eða enga löngun til áfengisnautnar, þá hlýtur að vakna hjá manni sú spurning: Hvers vegna gera þeir þá þetta? En úr þeirri spurnngu er hreint ekki svo auðvelt að leysa. Ég skal ekkert um það fullyrða, en engar líkur eru samt sterkari en þær, að menn þessir með þannig löguðu framferði, séu að sýna fólki það, að þeir gersamlega séu búnir að glata allri virðingu fyrir félagsskap þessum, sínum eigin félagsskap. Síðan, þegar það kemur fyrir, að þeir eru kærðir, þá gera þeir vanalega eitt af þessu þrennu: 1) Neita sönnunargildi kærunnar og láta heldur stryka sig út af með limalistanum. 2) Taka hina svonefndu, "endurreisn", sýnilega eins og ekkert hefði í skorizt, og án hins minsta kinnroða. 3) Gefa kærunni engan gaum, og segja sér standi alveg á sama, hvort hann hangi í félagsskapnum eða ekki.

Um efa þann, sem þeir sexmenningarnir á það draga, að rétt sé hermt frá því, að málsmetandi menn hér í bæ hafi haft þau ummæli, að ekki hefði þeir getað varið tímanum ver, en með því, að sitja á fundum Goodtemplara, læt ég mér nægja, að svo komnu, að skýrskota til ummæla eins þeirra, sem hann viðhafði á einum fundi Goodtemplara næstl. vetur, þar sem hann sagði afdráttarlaust, að hann hefði allavega getað varið tímanum betur, en með því, að sitja á fundum þeirra. Nú er það öllum í augum uppi, að þegar menn verja tíma sínum þannig, að þeir hefðu getað varið honum alla vega betur, með því að nota hann til hvers annars, sem vera vildi, þá þýðir það ekki annað en það, að þá eru menn að verja tíma sínum eins illa og mögulegt er.

Annar leiðandi maður sagði einnig á opinberum útbreiðslufundi, sem ein stúkan hélt, að hann einu sinni hélói gengið inn í ísl. Goodtemplara stúku, og að eins verið á einum fundi hennar, og svo ekki komið þangað oftar. Því sér hefði virzt fólkið hegða sér svo heimskulega. Ef sexmenningunum þykja þetta ekki nógu sterk sönnunargögn og æskja eftir fleirum, þá er ég, hvenær sem þeir óska þess, reiðubúinn að verða við þeirri ósk þeirra.

Um það, hvort menn þessir séu með heilbrigðu viti, ætla ég ekki að fara að deila við þá, en álit flestra mun það vera, að þeir ekki í því tilliti, standi neinum þeirra sexmenninganna á baki.

Þá eru þeir að fárast yfir, alvöru leysi því, sem ég mintist á, að komi fram hjá mönnum á fundunum, og leitast þeir við, að hrekja það með því, að segja að öllum fundum sé stjórnað eftir ákveðinni starfsskrá, og svo þegar henni sé lokið, þá fari fram skemtanir, svo sem söngur, kvæða og sögu-upplestur eftir fræga höfunda, íslenzka og erlenda, o.s.frv. Að það einstöku sinnum komi fyrir, að með eitthvað nýtilegt sé farið á fundunum, neita ég ekki, en frekar er það sjaldgæft, því reynslan hefir svo ótrauðlega sýnt það og sannað, að slíkir hlutir eru öllum meginþorra fólksins alls ekki kærkomnir. Að hinu leytinu, vísa ég til þess, sem ég drap á hér að framan, að færi fram bæði á starfsskrá og skemtiskrá fundanna.

Ég skal tilfæra að eins eitt dæmi af mörgum, sakir þess, að rúmið leyfir ekki meira, til að sýna það, hve fólki er í sárri nöp við það alt, sem einhverjar kenningar hefir í sér fólgnar, og þar af leiðandi krefur einhverrar umhugsunar og athygli áheyrendanna, að einu sinni las einn af meðlimum félagsskaparins upp smásögu eina ágæta, eitir eitt af sníldarskáldum Norðmanna, Alex. L. Kielland, en fólkið vertti því þannig lagaða athygli, að það á meðan alt af var að hlæja, flyssa og masa saman, og hafði svo mikinn hávaða, að uppkesarinn varð að hætta, áður en hann hafði lokið við söguna. Þegar fólkið var spurt, hvers vegna það ekki veitti betri athygli því, sem um hönd væri haft, þá sagði það bara blátt áfram, að það að eins vildi hafa eitthvað, sem hægt væri að hlæja að, því það þyrfti ekki á neinni lífsspeki eða lærdómum að halda, af slíku tagi fengi það nóg í kirkjunum tvisvar á hverjum sunnudegi. Á fundi þessa færi það að eins til að skemta sér og hafa "góðan tíma", svo ég viðhafi þess eigin orð.

Ég hefi að mestu leyti hér að framan svarað þeim lið í grein þeirra sexmenninganna, þar sem þeir eru að skýra frá því, hvað félagsskapur þeirra hafi gert sem félagsheild, og skal enginn efi á það dregínn, að sumt er þar rétt hermt. Eitt meðal annars, seifi þeir vilja láta tileinka sér, er það, að þeir hafi "afmáð alían þann dýrðarljóma, sem yfir áfengi og nautn þess hvilda". Þessu hefi ég mótmælt hér að framan, og læt það nægja að svo stöddu, að minsta kosti. Að þeir með siðferðislegum áhrifum hafi bjargað eigi allfáum drykkjumönnum úr því hryggilegasta ástandi, get ég naumast orðið þeim samdóma um, því fyrir þá viðkynningu, sem ég hefi af félasskapnum, þá hefi ég ekki orðið þess var, að hann hafi kryddað störf sín með miklum siðgæðis eða siðbetrandi áhrifum eða eftirdæmi, — heldur öllu frekar það gagnstæða. En að kosta lækningar drykkjumanna með fjárframlögum og fyrir þær tilraunir, sem til þess hafa verið gerðar, þó ekki hafi þær allar tekizt, á félagsskapurinn bæði lof og þakkir skilið. Einnig er það góður og fallegur siður, að liðsinna sjúkum og fátækum Reglubræðrum sínum með fjárstyrk og á annan hátt, því það er gert eins mikið og fjármagn og ástæður frekast leyfa.

(Niðurl. næst).

Sigtryggur Agústsson

WINNIPEG

Íslendingadagurinn.

Almennur fundur var haldinn í Goodtemplara húsinu 11. þ.m. til þess að kjósa hýja nefnd til að standa fyrir Íslendingadeginum í sumar. Þessir voru kosnir:

B. L. Baldwinson, 62 atkv.
A. J. Johnson, 49 atkv.
Þórður Johnson, 49 atkv.
Teitur Thomas, 42 atkv.
Thomas Gillis, 41 atkv.
Sigfús Anderson, 37 atkv.
Jakob Johnston, 32 atkv.
Víctor Anderson, 31 atkv.
Páll S. Pálsson, 31 atkv.

Fundinn sótti um 100 manns.

Nefndarmenn eru hér með beðnir að athuga, að fyrsti fundur nefndarinnar verður haldinn á skrifstofu Heimskringlu næsta mánudagskveld 18. þ.m., Allir beðnir að mæta.

Herra G. W. Simmons, frá Brú P.O., Man., var hér á ferð í þessari viku. Hann hélt heimleiðis aftur í dag.

Þeir herrar Thorbergur Fjeldsted, frá Mikley, Stefán Sigurðsson og Bjarni Matteinsson, frá Hnausum, voru hér í bænum í þessari viku, í þeim erindum að fá framlengingu á Gimli brautinni norður að Íslendingafljóti á þessu sumri. — Einnig var hér um sama leyti herra Sveinn Thorvaldsson, frá Íslendingafljóti.

Magnús Björnsson, frá Baldur, Man., kom til bæjarins í sl. viku að leita sér læknis ráðleggingar við máttleysis sjúkdómi, sem þjáð hefir hann um nokkurn undanfarinn tíma. Hann fór heimleiðis aftur á laugardaginn var. Hann sagði nýlátna ekkjuna Kristínu Dalmann, úr innvortis sjúkdómi. Kighósti hefir stungið sér niður hér og hvar í Argyle bygð á þessu vori, en hefir ekki lagst þungt á börnin. — Hveitisáning er um það leyti að vera lokið þar í nýlendunni, en flestir eiga eftir að sá höfrum og byggi.

Atkvæðagreiðslan hér í bænum á fimtudaginn var, fór svo, að aukalögin um fjárveitingu til skólabyggingar voru samþykt, en fjárveitingalögin til Louise brúarinnar og bókhlöðunnar fellu.

Sveinn Björnsson, bóndi frá Marshland, kom til bæjarins snögga ferð í sl. viku. Hann segir engar markverðar fréttir úr bygð sinni. Heilsufar gott og skepnuhöld góð, en gripir í lágu verði, eða helzt óseljanlegir. Engin eftirspurn eftir þeim.

Tvöfaldan sporveg ætlar strætisbrautafélagið að leggja vestur Notre Dame ave. á þessu sumri, — vestur frá Nena stræti. Verður þá sporvegur þess tvöfaldur eftir endilöngu Notre Dame ave, alt vestur svo langt sem lagt verður, og einnig tvöfalt spor eftir endilöngum Nena og Sherbrooke stræt um, með bugðum frá þeim báðum austur Notre Dame ave. Er því brautakerfi þetta umfangsmeira a hornunum, þar sem stræti þessi mætast, en á nokkru öðru strætishorni í þessari borg.

Heilmikið mál er gert úr því í blöðum þessa bæjar, að 10 ára gamall drengur á skóla einum hér í bæ var barinn til óbóta þann 8. þ. m. af einum kennaranna, meðan annar kennari hélt honum. Pilturinn var barinn með ól, svo að mark var á, líkama hans eftir hvert högg. Athæfi þetta var klagað fyrir skólaráðinu og margir foreldrar tóku börn sín algerlega af skóla þessum, og svo er mælt, að sakamál verði höfðað móti kennurunum fyrir meiðsli á piltinum. Skólaráðið, eftir að hafa leitað sér upplýsinga um málið, segir piltinn hafa verkð óþægan bæði

Nýja Bakaríið.

Ég gef nú þeim, sem sækja vilja brauð til mín, 23 fyrir $1.00. Svo hefi ég nú hagldir og tvíbökur, sem ég get ábyrgst að vera það bezta, sem nokkurstaðar er búið til. Kringlur 10c, tvíbökur 15c pundið.

G. P. Thordarson.
732 Sherbrooke St Telefón 8322

við kennarana og heima hjá sér, og að móðir hans hafi komið á skólann til þess að biðja um, að honum væri gerð þar ráðning, svo hann lærði að hlýða, og hafi sjálf beðið á skólanum meðan kennararnir tveir niddust á barninu. — Hins vegar er mælt, að skólaráðið hafi farið góðum orðum um, að láta annað eins ekki koma fyrir oftar.

Herra Hjörtur Lárusson, söngfræðingur í Minneapolis, var hér í bæ í sl. viku með Minneapolis Symphonu Orchestra, sem hér spilaði á Walker leikhúsinu allan fyrri hluta þessarar viku. Hornleikenda flokkur þessi er talinn með þeim allra beztu í Bandarikjunum, og í hann fá ekki inntöku aðrir en allra færustu spilarar. Hjörtur leit vel út og var hinn kátasti. Manninum líður sjáanlega vel. Hann heimsótti marga kunningja sína meðan hann dvaldi hér í borginni.

Herra Jóhann Thorsteinsson í Tantallon, Sask., hefir sent Hkr. $1.00 til styrktar Fyrsta íslenzka kvenfrelsis kvenfélaginu í Winnipeg, svo það fái sent fulltrúa á allsherjarþing kvenna, sem haldast á í Amsterdam í sumar.

Herra Arnór Árnason í Chicago lagði upp þaðan með konu sína og dóttir þeirra hjóna í Íslandsferð þann 7. þ.m. Þau hjón búast við, að svo geti farið, að þau komi vestur aftur í haust, þó það sé engan veginn víst. Þau hjón biðja Heimskringlu að bera kveðju sína og beztu heillaóskir til allra kunningja þeirra vestan hafs.

Gyðingar í Winnipeg hafa haft samtök til að skjóta saman 3 þús. dollara og gefa Almenna spítalanum hér. Á fundi, sem þeir héldu í þessu skyni, gáfu sumir $100 hver, og alls komu inn í samskotum á þessum eina fundi $600. Tutt ugu manna nefnd var sett til þess að safna meðal allra Gyðinga hér í bæ, þar til að $3,000 væru fengin. — Hvað mundu Íslendingar vilja gera fyrir þessa stofnun?

Blaðið Manitoba Gazette auglýsir, að uppboð verði haldið á City Hall hér í borg þann 29. júní næstk. á fasteignum innan bæjar, ógoldnum sköttum. Lísti þessara eigna er langur, svo að úr mikla er að velja, ef til uppboðs kemur. En eigendur eignanna eiga kost á. að innleysa þær með því að borga skattana fyrir ákveðinn dag, þann 29. júní næstk.

Vér viljum benda lesendum blaðsins á fyrirlestur séra Hans Thorgrimsens, sem auglýstur er á öðrum stað í þessu blaði. Hann mun reynast gott 25c virði, og Bandalagið vonar, að öll sæti verði skipuð.

Dr. H. R. Ross er kominn til baka til Wynyard, Sask., til þess að halda þar áfram lækningastarfi sinu.

Út úr andlátsfregn Guðríðar Grímsdóttir, sem nýlega stóð í Hkr., hefir fallið fæðingartalið. — Þar átti að standa: "Fædd að Síðumúla í Mýrasýslu 17. mai 1827". — Lesendur eru beðnir að athuga þetta.

Tólf ritstjórar.

Eins og íslenzkum Goodtemplurum hér í bæ er kunnugt, hefir st. SKULD haft rítað stúkublað um langa tíð. Á síðastliðnum ársfjórðung hafði 6 manna nefnd blaðið með höndum, og gafst vel, en nú hefir sú breyting orðið á, að þennan ársfjórðung, sem er að byrja, hafa 12 menn blaðið, sitt fundarkveldið hver.

Þessir eru mennirnir og mánaðardagarnir aftan við nöfnin:

A. J. Johnson, 13. maí.
Gunnl. Jóhannsson, 20. maí.
C. B. Júlíus, 27. ma.
R. Th. Newland, 3. júní.
Guðjón Johnson, 10. júní.
Guðjón Hjaltalín, 17. júní.
Ólafur S. Thorgeirsson, 24. júní.
Halldór S. Bárdal, 1. júli.
Carólína Dalmann, 8. júli.
Heiðr Johnson, 15. júli.
Guðm. Bjarnason, 22. júli.
Gunnl. Johnson, 29. júli.

Boðið er öllu fólki, innan félags og utan, að skrifa í blaðið, og snúa sér með það til hvers af ritstjórunum sem það vill. Undir öllum greinum verður að vera rétt nafn höfundarins. Sá ritstjóri, sem greinir eru sendar til, ræður hvort hann vill veita þeim upptöku, og er slikt að sjálfsögðu eftir efni. — Fólk er hér með hvatt til að ræða áhugamál sitt, — bindindismálið í þessu blaði. A.J.J.

Hörmulegt slys.

Það slys varð hér í borginni í fyrrakveld þann 12. þ.m., að tveir Íslendingar sköðuðust svo, að annar beið bráðan bana, en hinn meiddist mjög mikið. Þeir Gísli Jónsson, að 547 Simcoe St., og Kristinn Guðmundsson, að 769 Simcoe St., voru á heimleið að alloknu dagsverki, en á Logan Ave., rótt vestan við Knox stræti, þar sem C. P. R. járnbrautin liggur yfir Logan Ave., — urðu menninrnir fyrir einni af lestum félagsins, og með þeim afleiðingum, að Gísli missti líf sitt, en Kristinn meiddist svo, að óvíst er, hver afleiðing af því verður.

Þeir unnu á húðahúsi A. Carruthers & Co.

Staðurinn þar sem slysið vildi til, er talinn hættulegur. Þúsundir verkamanna fara þar um daglega, og oft hefir þar legið við slysum, þótt engin hafi orðið þar fyr en nú.

Rannsókn í máli þessu fór fram í gærkveldi og voru þeir S. B. Brynjólfsson og B. L. Baldwinson í líkskoðunarnefndinni.

Tombolu

heldur kvenfélag Únitarasafnaðarins

í kveld

Miðvikudaginn 13. þ. m. — Margir eigulegir munir verða á þessari Tombolu.

Inngangur og einn drátt-ur að eins 25 cents.

Kaffi ókeypis

Verkamanna sambandið hér í borginni hefir farið þess á leit við strætisbrauta félagið, að það taki rauðu farseðlana (sem það selur 8 fyrir 25c), og sem aðallega eru gildandi á ákveðnum tímum kveld og morgna, einnig gilda um miðjan daginn milli kl. 12 og 1. þessu hefir félagið algerlega neitað.

Því attiði var af vangá slept úr auglýsingu Wisconsin Rubber félagsins í síðasta blaði, að 640 Rubber trjám sé plantað á hverja ekru af löndum félagsins í Mexico. En það atriði hefir svo mikla þýðingu fyrir framtíðar hagsæld félagsins, að vér finnum oss skylt, að leiða athygli lesendanna að því — Annars gefur A. J. Johnson, hinn íslenzki umboðsmaður félagsins, nánari upplýsingar um félag þetta og hlutakaup í því.

Bækur til sölu.

Eftirfylgjandi bækur, sem hafa verið gefnar út á kostnað "Unga Íslands", fást hjá G. FINNBOGASYNI, 691 Victor St., Winnipeg:

Misvindi, kvæði eftir B. Jónsson frá Vogi	$0.20
Fáninn, fyrirlestrar o.fl.	0.05
Gigjan, kvæði eftir Guðm. Guðmundsson	0.40
Altarisgangan, saga	0.10
Orgelið, saga	0.10
Sögur eftir Runeberg	0.20
Tvistirnið, kvæði	0.40
Rósnagægir, æfintýri	0.15
Æska Mozarts, saga	0.40
Sumargjöf, I. og II. ár, hv.	0.25
Lesbók handa börnum og unglingum, í bandi	0.80
Sögur eftir Conan Doyle:	
Silfuröxin	0.10
Hættulegur leikur	0.10
Konan	0.10
Haldið	0.10
Rottan	0.10
Griski túlkurinn	0.10
Bleika andlitið	0.10
Týnda brúðurin	0.10
Týndi brúðguminn	0.10
Mislita bandið	0.10
Úr lífi morðingjans	0.10
Ferstrendi kistillinn	0.10
Rauðhausafélagið	0.10
Maðurinn með skarðið í vörinni	0.10
Þumalfingur verkfræðingsins	0.10
Unga Ísland, innbundið, I. II. árg.	1.25
Barnabók Unga Ísl., III. ár.	0.30
Bréfspjöld með fánamynd	0.05
Bréfspjöld með myndum af listaveroum Einars Jónssonar myndhöggvara	0.05
Myndir af 9 beztu skáldum Íslands	0.10

Nýtt stórhýsi í vændum.

Í ráði er, að byggja íbúðarhýsi (Apartment Block) stórt og skrautlegt á suðvesturhorni Carlton og Qu'Appelle. Það á að vera 120 fet á lengd og 100 fet á breidd, 5-lyft, með lyftivél til allra lofta, og útbúið öllum nýtízku þægindum. Til þess að koma því upp eða fá fé til þess, hafa þeir Mr. Brynjólfsson & Co. og Alsip & Co. stofnað hlutafélag með 200 þúsund dollara höfuðstól, deildum í 100 dollara hluti. Rúmur helmingur hlutabréfa er þegar seldur.

Félagið hefði varla getað fengið betri stað, en það hefir fengið undir íbúðarhýsið, eða hentugri. Hann er við Central Park og ekki nema fárra minútna gang frá viðskiftaæðum bæjarins, Main Street og Portage Avenue. Eftir staðnum að dæma og reynslu þeirri, sem fengin er fyrir ágóða af íbúðarhýsum hér í bæ, má búast við, að fyrirtækí þetta borgi sig einkar vel, enda er ágóði áætlaður 20 prósent af framlögðu fé, og Mr. Brynjólfsson, sem vér höfum átt tal við, býst við, að ágóðinn muni reynast jafnvel meiri.

Góðar fréttir.

Mógerðarfélagið í Manitoba, "The Inter-West Peat Fuel Co." byrjar aftur starfsemi sína.

Mógerðarstofnun sú, sem sl. haust brann við Lac du Bonnet, á að byggjast upp aftur, og er þegar tekið til þess starfa, og vonar félagið að verða tilbúið að selja mó í pressuðum flögum, ekki síðar en 1. júli næstk. Félagið var nýlega tekið til starfa á sl. hausti, og hafði fullgert 5 járnbrautarvagnhlöss af þéttuðum mó, þegar verkstæðið brann. En eldurinn eyðilagði bæði byggingarnar og mómn. Það er búist við, að verkstæðið endurbygt muni kosta 25 þúsund dollara, og er vonað, að þá verði hægt að framleiða 100 tons af pressuðum mó á sólarhring, að vetrarlaginu, en á sumrum 25 tons daglega. Verkstæðið er 60 feta langt, 40 feta breitt og mópressuvélin hefir 40 tonna þunga á hvern ferþumlung. Mórinn er grafinn þar upp úr mýri og svo þurkaður við sterkan hita. Eftir það er hann settur í vélina, sem skilar honum aftur í ferhyrningum 3½ þumlung á hvern veg. Mórinn þannig tilreiddur er jafn þéttur og beztu "Anthracite" kol og framleiðir sterkan hita, þegar honum er brent. — Ýms efni pressast úr mónum, þegar hann er þéttaður í vélinni, sem ekki verða notuð á þessu verkstæði, þó alt slikt sé notað á Þýzkalandi: til kaðla, pappirs og tágaþeppa gerðar. — Félag þetta hefir 2½ þús. ekrur af mótökulandi 2 mílur suðaustur af Lac du Bonnet vagnstöðinni og 1½ mílu frá Winnipeg ánni. Það er talið, að í Manitoba séu 500 fermílur af mótökulandi, er gefa mundu af sér 600 miliónir tonna af þéttuðu mó eldsneyti. Þetta félag á þá einu móþéttingar stofnun, sem til er í Vestur-Canada, og Winnipeg strætisbrauta félagið hefir þegar lagt spor sín þangað út. Vagnar þess ganga samt enn þá fyrir gufuafli, en rafafl á að nota eins fljótt og því verður við komið.

HJÓN EINHLEYP, eða með fá börn geta fengið vist úti á landi. Upplýsingar fást hjá Mrs. Sæunni Anderson að Fort Rouge Hotel.

Fyrirlestur

verður fluttur af séra Hans Thorgrimsen í Tjaldbúðinni þriðjudaginn þann 19. þ. m., undir umsjón Bandalagsins. Aðgöngumiðar 25c fyrir fullorðna, 15c fyrir unglinga innan 12 ára. Byrjar kl. 8 e.h.

Efni fyrirlestursins er: "Fegurð íslenzkrar tungu og íslenzkra bókmenta.

Til St. G. Stephanssonar.

Þú hlýtur, vinur, virðing missa,
ef viltu áfella konurnar,
öfundsjúkur, hræddur, hissa,
við hlið hans Sanda Guðmundar.

R. J. Daviðsson

Erfingja vantar

Micah Northman, Íslendingur, andaðist 8. janúar 1908, og eftirskildi nokkrar eignir. Skyldmenni hans eða vinir eru beðnir að rita F. M. LOOMIS, skiftaráðanda, Ketchikan, Alaska.

Boyd's Brauð

Eitt brauð segir yður hvers vegna svo mikið af brauðum vorum er notað á heimilum Winnipeg-búa. Nýtísku vélar, haldið í heilsusamlegu ástandi og lærðasta brauðgerð, framleiðir fullkomnust brauð. Vér skiljum þarfir fólksins og fullnægjum þeim daglega.

Boyd's

Bakery Cor. Spence & Portage Ave
Phone 1030.

HÁTÍÐ Norðmanna.

Norðmenn hér í borginni halda hátíðlegan þjóðminningardag sinn 17. mai með meiri viðhöfn í þetta sinn en á nokkru undangengnu ári. Aðalræða dagsins verður haldin af hinum velþekta ræðu og söngmanni séra Hans B. Thorgrimsen, frá Norður Dakota. Frú Theodora Salicath-Grieveson, hin viðfræga söngkona, hefir boðið þjónustu sína. Hátíðin verður haldin í íslenzka Goodtemplara húsinu, horni McGee St. og Sargent Ave., mánudaginn þann 18. mai (af því þann 17. ber upp á sunnudag).

PROGRAM.

1. Kórinn syngur.
2. Ræða forsetans.
3. Hljóðfærasláttur: Thorvilsons Quartet.
4. Aðal-hátíðarræðan: Séra H. B. Thorgrimsen.
5. "Ja, vi elsker": Kórinn og fólkið.
6. Fánaganga og söngur barnanna
1. Soprano Solo: Fru Salicath-Grieveson.
8. Piano Solo: Scherzo, Sinding, Miss Frida Simonson.
9. Bass Solo: Séra Hans B. B. Thorgrimsen.
10. Leikur: "Meinhöve".
11. Fiólin Solo: Miss Olga Simonson.
12. Tableau: "Paa Sæteren".
13. Kórinn syngur.

VEITINGAR ÓKEYPIS

Jónas Pálsson
PIANO KENNARI
729 Sherbrooke St. Winnipeg.

G. M. Bjarnason
Málar, leggur pappír og gerir "Kalsomining. Óskar við skifta Íslendinga.
672 AGNES ST. TELEFÓN 6954

ARNI ANDERSON Íslenzkur lögmaðr
~~ Í félagi með ~~
Hudson, Howell, Ormond & Marlatt
Barristers, Solicitors, etc,
Winnipeg, Man.
13-18 Merchants Bank Bldg. Phone 3621, 3622

C. INGALDSON
Gerir við úr, klukkur og alt gullstáss. Úr klukkur hringir og alskonar gullvara til sölu. Alt verk fljótt og vel gert.
147 ISABEL ST
Fáeinar dyr norður frá William Ave.

J. G. Snydal, L. D. S.
ÍSL. TANNLÆKNIR
COR. MAIN & BANNATYNE
DUFFIN BLOCK PHONE 5302

HANNESSON & WHITE
LÖGFRÆÐINGAR
Room: 12 Bank of Hamilton
Telefón: 4715

BILDFELL & PAULSON
Union Bank 5th Floor, No. 520
selja hús og lóðir og annast þar að lútandi störf; útvegar peningalán o. fl.
Tel.: 2685

BONNAR, HARTLEY & MANAHAN
Lögfræðingar og Landskjala Semjarar
Suite 7, Nanton Block, Winnipeg

Hver þvær og Hreinsar Fötin ydar?
Hversvegna að fara í Kína-kompurnar þegar þér eigið kost á að fá verkið gert betur, og alt eins ódýrt, í bæztu og heilsusamlegustu þvottastofnun, þar sem aðeins hvítt vinnufólk er haft og öll hreinustu efni notuð Vér óskum viðskifta ydar.
The North-West Laundry Comp'y Ltd.
Hreinsarar og Litarar
COR. MAIN & YORK FÓN 5178

UMLÍÐUN MEÐ BORGUN.
Allskonar Fatnadur
Menn og Konur! Því skyldið þér ekki klæðast vel, þegar þér getið keypt fínustu föt, hvort heldur eftir máli eða með verksmiðju-gerð,— með vægum viku eða mánaðar afborgunum.
Allir vorir klæða dúkar eru af fínustu tegund, og fötin með nýjasta New York sniði. Vér höfum kvenfatnaði, skyrtur og treyjur. Einnig karlm. fatnaði, treyjur og buxur, með vægum afborgunarskilmálum. Vér seljum ódýrar en aðrir gera fyrir peninga. Karla fatnaðir frá $9.00 og yfir. Kvenmanna fatnaðir og treyjur frá $12.00. og þar yfir.
Komið! skoðið vörurnar og sannfærist !!
EMPIRE CREDIT CO'Y
Sal 13 í Traders Bankanum, — 433 MAIN STREET
2-8-8

Viðvíkjandi Hafið tal af

Sjúkdómum Sérfræðingum vorum
Royal Optical Co.
327 Portage Ave.
Rétt á móti Eaton's búðinni. Winnipeg.
12-9-8

LESIÐ NÚ

Vér bjóðum um mánaðartíma hin beztu ekrukaup, sem nokkurntíma hafa boðin verið. Landið er á Main St., norðan bæjarins, liggur að C.P.R. og ráðagnsbrautunum. Selt í spildum eftir óskum kaupendanna, ein ekra eða meira. Verð frá $200 ekran og yfir, með aðgengilegum skilmálum.

[Framhald blaðsins við Hkr. safnið]

Heimskringla.

Kjörkaup

þessi eru þau mestu, er nokkru sinni hafa verið boðin, og af því að ekrufjöldinn er takmarkaður, þá ættuð þér að kaupa strax. — Landið er hentugt til garðræktar, gripa eða fuglaræktar.

Skuli Hansson & Co.

Skrifst. Talsíma 6476. Heimilis Talsíma 2274

XXII. ÁR. WINNIPEG, MANITOBA, FIMTUDAGINN, 21. MAÍ, 1908 NR. 34

Nýjustu Fréttir

Úr hverju horni í hinni vinsælu verzlunar búð þeirra félaga—

Clemens, Árnason og Pálmason

verða um lengri tíma auglýstar á þessum stað. Heiðruðu húsfrúr! — Hafið augun á þessu horni framvegis.

Hið fyrirhugaða stórhýsi Sv. Brynjólfssonar og þeirra félaga.



Blaðið flytur hér mynd af byggingu þeirri, sem þeir Sveinn Brynjólfsson, Alsp og félagar ætla að reisa á 160 hins fyrnefnda við Central Park. Byggingin verður hin ásjálegasta, eins og myndin sýnir, og stór prýði fyrir Parkið eins og það verður fyrir hana. Þó er það ekki mest um vert, heldur hitt, að hún verður fortakslaust sú langvandaðasta, sem enn þá hefir verið bygð í þessum bæ sinnar tegundar. Aðalkosturinn við hana er, að hún á að vera eldtrygg, að svo miklu leyti sem hægt er. Það er ómetanlegt, að vita sig óhultan í slíkum húsum, þar sem að eins þunnur veggur skilur granna, þótt einhver kunni að vera óvarkár með eld, enda ætti í raun og veru ekki að vera leyfilegt, að byggja slík íbúðarhýsi óðruvísi.

Þó lega lóðarinnar í bænum og við Parkið hljóti að verða mikið aðdráttarafl fyrir byggingunna, þá er ekkert sparað til að auka á það. Þannig á lyftivél að vera í byggingunni og stór lystisalur á þakinu, til að njóta sem bezt útsýnis yfir Parkið og bæinn. Sá salur á að vera til sameiginlegra afnota öllum leigjendum byggingarinnar.

"WATERLOO"

Dominion Bicycle Championship fór fram í ofannefndum bæ 1. Júli sl. Þar unnu hjól vor allar kappreiðar. Fred. R. McCarthy, á "Cushion Frame Roadster", var fjótastur í 1. mílu og ½ mílu kappreiðinni.

Blue Flyer hjólin unnu allar hinar kappreiðarnar. Svo voru hjól vor langt á undan að engin önnur hjól komust nálægt þeim "Blue Flyers" og "Cushion Frame". Vér smíðum þessi hjól :- Massey, Silver Ribbon, Cleveland, Perfect, Brantford, Rambler, Imperial og Blue Flyer, og ábyrgjumst hvert einasta hjól.

CANADA CYCLE & MOTOR COMPANY, LIMITED, WINNIPEG

Heimsins beztu hjólasmiðir

147 PRINCESS ST. - - - - - WINNIPEG, MAN.

Fregnsafn

Markverðustu viðburðir hvaðanæfa.

Kolatekja Bandarikjanna var á árinu 1907 470 miliónir tonna. Af þeirri upphæð lét Pennsylvaníaríkið í té 233 miliónir tonna, en hitt frá þessum ríkjum: Illinois 48½, West Virginia 48, Ohio 31½, Alabama 14, Indiana 11½, Colorado 10½ og Kentucky 10½ miliónir tonna. Í ýmsum öðrum ríkjum er og talsverð kolatekja, en tiltölulega lítil í samanburði við það, sem er í þessum framantöldu ríkjum.

— Edward Hanlan, sem um langan aldur var talinn aflmesti ræðari heimsins, og sem andaðist nýlega í Toronto borg, sagði við kunningja sinn skömmu fyrir andlát sitt: "Það er óbíðanleg sannfæring mín, að menn fái notið allra krafta sinna eingöngu með því, að afneita algerlega allri nautn vintegunda. Þetta hefi ég gert að fastri reglu og reynt, að það er áreiðanlegt. Það er einnig sannfæring mín, að tóbaksnautn sé hverjum manni skaðleg, og að enginn fái notið fullra krafta eða heilsu, sem neytir víns eða tóbaks". — Hanlan sál. hélt hótel í Toronto um margra ára tíma, og neytti hæði víns og tóbaks síðustu ár æfi sinnar, svo hann vissi um hvað hann var að tala.

— Auglýst er í brezkum blöðum, að stórhýsi það, sem notast á fyrir "Olympic" leikina í Lundúnum, eigi að hafa sæti fyrir 150 þúsundir manna. — Íslenzka þjóðin öll, væri hún þar komin, hefði nægilegt seturúm öðru megin í þessum kofa.

— Verkfall vöruhandlangara á skipabryggjunni í Owen Sound, Ont., hefir staðið yfir nokkra daga. Flutninga félögunum hefir orðið lítið úr verki vegna mannaskorts. Vegna þessa var sent til Toronto eftir 75 vinnumönnum og 25 lögregluþjónum. Þeir komu til Owen Sound þann 11. þ.m. með C. P. R. járnbrautinni. Verkfallsmenn mættu þeim á vagnstöðvunum og gryttu þá. Samtímis réðist annar hópur á skip, sem lágu þar við bryggjurnar og gryttu verkamenn og yfirmenn þeirra. Nokkrir menn voru skotnir og margir særðust af grjótkastinu. Herlið var sent þangað og við það sefuðust rósturnar, og að lokum varð sáttum komið á, svo að vinna gengur þar nú friðsamlega. Samskot voru gerð í bænum til þess að fæða verkamenn, sem voru allslausir.

— Stjórn Breta hefir lagt ellistyrkslaga frumvarp fyrir þingið, og áætlar ellistyrkinn á þessa leið: Einhleypt fólk yfir 70 ára aldur á að fá $1.25 á viku og hjón $1.80 á viku. En enginn sem hefir meiri tekjur en $2.50 á viku, fær neinn ellistyrk, og vitfirringar, glæpamenn og þurfalingar fá heldur engan ellistyrk. Samt er talið, að hálf milión manna muni eiga lagalegt tilkall til styrksins, og þess vegna hefir stjórnin sett 30 miliónir dollara upphæð í útgjalda áætlun sína fyrir fjárhagsárið frá næstá nýári. Þetta er ætlað sem tilraun til þess að komast að, hvernig þjóðin muni taka þessu nýmæli, og hver áhrif það hefir á iðnað og fjárhag landsins. En svo virðist þessi styrkur lítilfjörlegur, að hann muni teljast litlu betri en enginn, og getur engan veginn orðið þeim fullnægjandi, sem ekki hafa aðra inntektagrein til stuðnings.

— Ríkisþingið í New York ríki hefir nýlega samþykt lög, er skipa leikhúss eigendum að fá leyfi hjá slökkviliðsdeild borgarinnar áður en þeir mega sýna hreyfimyndir í leikhúsum sínum. Með þessu hefir þingið játað, að slökkviliðsstjórar séu hæfustu menn til að dæma um það, hvert leikhúsin séu óhultir skemtistaðir. Hreyfimynda sýningar eru haldnar í flestum leikhúsum í bæjum Bandarikjanna og í mörgum þeirra 2—5 sinnum á dag. Þingið hefir því talið algerlega óumflýjanlegt, að öll hús, sem sýna slíkar myndir, skuli vera svo útbúin, að áhorfendur séu óhultir meðan þeir eru í þeim.

— Í Middletown, N. Y., er svertingi einn að nafni J. N. Vann, sem nú er orðinn 101 ára gamall. Hann hefir um sína daga eignast 14 eiginkonur og mist þær allar. Síðasta kona hans dó 19. des. sl. Hann kvæðst bráðlega ætla sér að giftast 15. konunni. Allar konur hans hafa verið hvítar. Gamli Vann hefir eignast mörg börn, en mist þau öll.

— Plumbers verkfallið í Toronto, sem nú hefir staðið yfir um 12 mánaða tíma og kostað 75 þúsund dollara auk vinnutaps meðlimanna, er endað. Plumbers fá 37½ cent um tímann fyrir eitt ár, og 40 cent um tímann næsta ár. Verkfallsmenn fengu 37½ cents um tímann, þegar þeir gerðu verkfallið 15. mai í fyrra, og heimtuðu þá 7½c launahækkun, en fengu ekki. Sjö hundruð manna voru í félaginu og flestir þeirra hafa síðan verið vinnulausir.

— Blaðið London Times hefir verið dæmt til að greiða John Murray $37,500 skaðabætur fyrir meiðyrði. Murray ritaði æfisögu Victoriu drotningar sál. og seldi bókina fyrir $15 hvert eintak. En þegar bókin var komin á markaðinn, þá airtist bréf í blaðinu yfir nafninu "Artifex". Bréfritarinn segir þar, að bókin sé rándýr og að Murray hafi notað nafn Victoriu sál. og stöðu hennar og æfistarf til þess að auðga sjálfan sig. — Þetta áleit Murray meiðandi og fór í mál með þeim afleiðingum, sem að framan eru taldar.

— Kvenfrelsiskonur á Englandi urðu fyrir óréttí á fundi einum í Cardiff borg. Fjölmenni mikið hafði safnast saman á fundinn, — mestmegnis konur. En jafnskjótt og ræður skyldu byrja, var bjöllum hringt, blásið í pipur og blöðrur, barið í tinpönnur og trumbur, og svo mikill hávaði gerður, að ekki heyrðist eitt einasta orð til ræðumanns. Síðast voru fánar kvenna og bæklingar, sem átti að úthýta á fundinum alt tætt í agnir og húsgögn og gluggar brotnir. Kvenfrelsiskonunum var sagt, að þetta væri hefnd fyrir bjölluhringingar þeirra á pólitiskum fundum í Dundee kjördæminu og annarstaðar í landinu, og að ef þær legðu ekki ósið þann niður framvegis, þá yrði séð um, að þær hefðu engan frið til fundahalda kvenfrelsismálinu til stuðnings. — Á strætum úti fyrir húsinu urðu róstur svo miklar, að lögreglan varð að skerast í leikinn, en svo lauk, að hún varð að forða sjálfri sér úr höndum múgsins, sem virtist einbeittur í, að fara sínu fram, hvað sem hver segði.

— Montaque A. A. Smith, í Forest bæ í Ontario, bankastjóri og Liberal þingmannsefni við næstu ríkiskosningar, skaut sig til bana í fyrri viku og eftirskildi bréf, þar sem hann tjáði bróður sínum, að hann væri orðinn þreyttur á lífinu.

— Tilraun var nýlega gerð til þess, að hindra innflutning nokkurra útlendinga frá Bandarikjunum, sem lentu í Port Arthur í Ontario. Undir nýju innflutningslögunum verða innflytjendur að hafa 25 dollara minst hver, og koma beint frá fæðingarlandi sínu. Borgarstjórinn og innflytjenda umboðsmaður Dominion stjórnarinnar rannsökuðu ástæður nýkomenda, sem hvorki höfðu komið beint úr föðurlandi sínu né höfðu skildingaráð þau, sem lögin heimtuðu. Borgarstjórinn fór heim í þeirri trú og fullvissu, að mennirnir yrðu sendir til baka til Bandarikjanna, en nokkrum tíma síðar leyfði innflutninga umboðsmaðurinn þeim að halda áfram ferðinni inn í Vestur-Canada, og kvaðst að því, að þeir hefðu bæði farbréf til ákveðinna áfangastaða og peninga. Sögu þessari vill borgarstjórinn ekki trúa, og hefir lagt málið fyrir innanríkisdeildina í Ottawa.

— Í Gimli bæ, Man., hafa grafnir verið nokkrir brunnar nýlega og ágætt vatn fengist á 100 feta dýpi. Herra J. G. Christie, hóteleigandi, hefir látið grafa einn þessara brunna, til þess að byrgja gistihús sitt með góðu neyzluvatni. Nýja framkvæmdarsama bæjarstjórnin á Gimli er að láta gera nýjar götur á bæjarstæðinu, leggja gangstíga og gera aðrar nauðsynlegar umbætur. Sveitarstjórnin í Gimlisveit hefir ráðið hérlendan læknir til aðseturs í sveitinni. Sveitin á að borga honum þúsund dollara á ári í uppbót við það, sem hann innvinnur sér frá sjúklingunum. Frézt hefir og, að læknirinn eigi að fá 50c á hverja mílu, sem hann ferðast í "professional" erindum innan sveitarinnar.

— Ódýrt brennivín eru Minnesota menn farnir að búa til úr mó. Mikil mótök eru víða þar í ríkinu, sem að þessum tíma hafa ekki verið notuð. En nú hafa efnafræðingar fundið ódýra aðferð til þess að framleiða úr mónum 'Sulphate of Ammonia" og spiritus. Framleiðslu kostnaður áfengisins er sagður að vera ódýr, eða svo sem svarar $1.00 á hvert gallon. Mótaks eigendur þar í ríkinu hyggja gott til fengs, þegar brenni víns berserkir eru teknir til að sjóða móinn.

— Nýtt meðal við krabbameinum hefir verið uppgötvað. Séra John Ross í Glasgow á Skotlandi hefir fundið það og ferðast til London til þess að fá það viðurkent. Annar prestur, sem býr í Edinburg á Skotlandi og er tengdabróðir séra John Ross, er önnum kafinn á heimili sínu að lækna með þessu nýja meðali, ekki eingöngu krabbameins sjúklinga heldur einnig ýmsa aðra sjúklinga. Um eða yfir 80 sjúklingar sóttu til hans í marzmánuði. Meðal þetta er tekið inn, og prestarnir leyfa engum að skoða það. Sjúklingarnir verða að gleypa það, að prestunum ásjáandi. Margir þeir, sem búnir voru að vera undir læknishendi í langan tíma og taldir voru ólæknandi, hafa ritað prestum þessum þakkarbréf fyrir lífgjöf og góða heilsu. Mörg af bréfum þessum sýndu þeir blaðamönnum, sem heimsóttu þá hvorn á sínu heimili, og sögðu þeim jafnframt, að lækningarnar væru algerlega ókeypis, og að þegar meðalið væri búið að ná almennri og opinberri viðurkenningu, sem óbrigðult læknislyf við krabbameinum og öðrum sjúkdómum, þá yrði almenningi gert kunnugt, hvers konar meðal þetta væri og hvernig það er tilbúið. — Svo virðist meðal þetta vera óbrigðult, að það hefir fengið fulla viðurkenningu ýmsra merkra vísindamanna. Meðal þeirra má telja Sir Hector Cameron, prófessor í lyfjafræði við Glasgow háskólann, sem sagt hefir opinberlega, að þetta meðal sé það eina sem hann þekki, er veiti varanlega lækningu við krabbameinsemdum. Canadiska nefndin, sem sett hefir verið til að athuga beztu læknislyf við þessari meinsemd, hefir gefið þessu nýja meðali meðmæli sín. Þetta hefir hvatt séra Ross til að gera sér ferð til London til þess þar að fá fulla viðurkenningu fyrir uppfundningu sinni.

— Gull er nýfundið hjá bænum Vermillion í Alberta. Menn voru að grafa þar brunn og fundu þrjá köggla í jörðunni, er þeir grófu upp. Við rannsókn reyndust köggiar þessir gull, og voru þeir 4 dollara virði allir. Tafarlaust voru þar mældar út 16 námalóðir, og er nú verið að grafa þar í ákafa. Eðlir málmleitunarmenn telja líklegt, að námagröftur þessi muni borga sig vel.

— Félag hefir myndast á Englandi til þess að gafa út blað, er ekkert tillit taki til prentfrelsislaganna. Eins og nú standa sakir á Englandi, þá eru meiðyrðalögin svo ströng, að menn verða að rita mjög gætilega til að forðast sektir. Blaðið "London Times" var nýlega dæmt í 36 þús. dollara sekt fyrir að birta nitgerð eftir mann einn um frægan bókaútgef. Það var þessi sektardómur, sem orsakaði hreyfingu þá, sem lyktað hefir með myndun þessa félags og stofnun nýja blaðsins. Það á að tala skorinort og finna að því, sem aflaga þykir fara, hver sem í hlut á, hvort heldur eru konungar eða önnur stórmenni, dómarar eða her foringjar, — allir eiga að fá tiltal, hvenær sem þurfa þykir. Til þess að komast hjá hirtingarvendi brezkra laga fyrir þetta tiltæki, er svo til ætlað, að blaðið verði prentað í Belgíu og sent þaðan með pósti til áskrifenda á Englandi. En ef svo fer, að póststjórn in brezka neitar því um flutning með pósti, þá á það að sendast í lokuðum umslögum til viðtakenda, og hvert bréf að "registerast", ef þörf krefur".

— Það þykir sögulegt við kornmarkaðinn í Chicago, að nokkrir náungar, sem komist höfðu að því að Armour gripafélagið skorti korn, keyptu upp alt, sem fáanlegt var áður en Armour komst að, hvað um var að vera. En með því, að hann varð að kaupa miklar byrgðir af vöru þessari, neyddu þessir félagar hann til að borga sér um milión dollara meira fyrir kornið heldur en þeir gáfu fyrir það.

— Verkfall það, sem um tíma hefir staðið yfir hjá strætisbrautamönnum í Cleveland, Ohio, hefir leitt af sér óspektir miklar og eignatjón, manndráp og meiðsli. Síðast á mánudagskvöldið var voru 4 strætisbrautavagnar eyðilagðir með sprengingu þar á strætunum, 3 þeirra með dynamit-kúlum, og margt manna sem í þeim var meiddist til óbóta.

— Glerhús er farið að byggja í bænum Beeckhurst, L. í., og hafa gefist svo vel, að nú er verið að undirbúa byggingu íbúðarhúsa fyrir fjölskyldur úr sama efni. Það er sagt að vera svo traust, að ekkert geti eyðilagt hús, sem úr því eru gerð. Mörg tví og þrílyft hús hafa gerð verið úr þessu efni í bænum Des Moines í Indianaríkinu — Gangtraðir úr gleri hafa þegar fyrir nokkrum árum verið lagðar í Lyons borg á Frakklandi, og þykja þar góðir gripir, ósleip, hreinleg og heilsusamleg. Vatnspipur úr gleri eru einnig gerðar á Þýzkalandi, og þykja hinar endingarbeztu og hreinlegustu. Telegraf stólpar úr gleri eru og tilbúnir, þannig, að stáfvírum er ofið saman og þeir hafðir í glersteypunni. Slíkir stólpar þola öll veðrabrigði og endast betur en allir aðrir stólpar. Þeir eru búnir til í bænum Grossalmerode á Þýzkalandi. Kvenkjólar hafa og gerðir verið, og kjóladúkar, úr þessu glerefni. Áferðin er lík og á silki, og litirnir geta verið eftir hvers eins smekk. Dúkarnir eru mjúkir og teygjanlegir, og svo endingargóðir að þeir mega heita óslítandi.

PURITY FLOUR

AÐ BAKA BEZTA BRAUÐ

er meira en vísindi og meira en list.

En það má gerast fljótlega og áreiðanlega með því að nota

PURITY FLOUR

Það er malað úr bezt völdu Vestur-Canada Hörðu Hveitikorni; er algerlega hreint og svo ilmandi kjarngott.

ALLIR ÍSLENZKIR KAUPMENN SELJA ÞAÐ

WESTERN CANADA FLOUR MILLS CO.,
LIMITED

WINNIPEG. —— CANADA.

HEIMSKRINGLA
Published every Thursday by
The Heimskringla News & Publishing Co.

Verð blaðsins í Canada og Bandar. $2.00 um árið (fyrir fram borgað). Sent til Íslands $2.40 (fyrir fram borgað af kaupendum blaðsins hér $1.50.)

B. L. BALDWINSON,
Editor & Manager

Office:
729 Sherbrooke Street, Winnipeg
P.O. BOX 116. 'Phone 3512.

Íslenzkir námsmenn

Nýafstaðin vorpróf á Manitoba háskólanum hafa á ný sýnt, að íslenzkir námsmenn eru nú sem fyrri lærir um, að halda hlut sínum óskertum í náms samkeppni við hérlenda menn, — og meira en það Enda viðurkenna ensku blöðin, dags. 15. þ.m., það fullkomlega, að þeir hafi skarað fram úr.

Þeir, sem á þessu ári hlutu verðlaun við prófin, voru:

1. Friða S. Harold, silfur medalíu fyrir nýrri tungumála nám. Hún útskrifaðist og af háskólanum með góðum vitnisburði.
2. Skúli Johnson, $60.00 peningaverðlaun fyrir nám í ensku, heimspeki, latínu og sögu.
3. Joseph Th. Thorson, $60.00 peninga verðlaun fyrir nám í sömu námsgreinum. — Þessir tveir piltar áttu og hæstu verðl. fyrir ensku, grísku og frönsku nám. Þeir voru langt á undan öllum sambekkjingum sínum í skólunum, og hlutu hæztu verðlaun, sem skólinn gat veitt þeim.
4. Walter Lindal, $60.00 peningaverðlaun fyrir nám í latínu og tölvísi, og átti sömu verðlaun fyrir þýzku og sögu.
5. Salome Halldórsson, $40.00 penina verðlaun fyrir þýzkunám og sæmdar viðurkenningu fyrir íslenzku-nám.
6. Baldur Olson, $20.00 peningaverðlaun fyrir íslenzku-nám.
7. Baldur Johnson, $20.00 peninga verðlun fyrir íslenzkunám.

Af 13 íslenzkum nemendum á háskólanum hafa 7 hlotið peningaverðlaun og verðlauna pening.

Fyrsta árs prófi skólans luku: Jóhann G. Jóhannsson með 1B einkunn, Baldur Johnson með 2. einkunn og Walter Lindal með 1A einkunn. — Af 67 nemendum, sem gengu upp úr fyrsta bekk, fékk að eins einn nemandi hæztu eða 1A einkunn. Hann var Íslendingur: Walter Lindal. Átta nemendur hlutu 1B einkunn, og var einn þeirra Íslendingur: Jóhann G. Jóhannsson, Baldur Johnson hlaut 2. einkunn.

Annars bekkjar prófi luku 65 nemendur, þar af 5 Íslendingar. Að eins tveir hlutu 1A einkunn, — þeir Íslendingarnir Skúli Johnson og Joseph Th. Thorson. Fjórir nemendur í þessum bekk hlutu 1B einkunn, og var einn þeirra Íslendingur: Salome Hallsdórsson. Thorsteina Sigríður Jackson og Baldur Olson hlutu bæði 2. einkunn.

Haraldur Sigmar útskrifaðist úr háskólanum með 2. einkunn.

Upp úr þriðja bekk fóru John Christopherson með 2. einkunn og Mary Kelly með 2. einkunn.

Upp úr öðrum bekk gekk Stefán Blarnason með 2. einkunn.

Þegar þess er nú gætt, að meir en helfingur allra Íslendinga, sem á þessu vori gengu upp úr bekkjum sínum, hlutu verðlaun, þá verður ekki annað sagt, en að vel sé að verið. Enda minnast hérlendu blöðin sérstaklega á Íslendinga í sambandi við þessi próf, og nafngreina sérstaklega þó skólapiltana Skúla Johnson frá Wesley College og Joseph Th. Thorson frá Manitoba College, sem hvor um sig náðu í öll þau sæmdarverðlaun úr sínum bekkjum, sem skólarnir gátu veitt þeim.

Á læknaskólanum færðust 4 Íslendingar upp úr bekkjum sínum: Magnús Hjaltason og J. Pálsson úr þriðja bekk, Jón Stefánsson úr öðrum bekk og Stefán Stefánsson úr fyrsta bekk, allir með 2. einkunn.

Þess skal getið, að einkunnir eru merktar á þessa leið: "1A" þýðir meira en 87 prósent, "1B" meira en 67, "2" meira en 50 og "3" meira en 34 prósent. — Þeir, sem fá minna en 34 prósent, stand ast ekki próf.

Til þess, að gefa lesendunum nákvæmara yfirlit yfir námshæfileika samanburð Íslendinga við allra annara þjóða nemendur, sem á fylkis háskólana ganga, — skal þess getið, að 233 nemendur færðust upp við prófin, en verðlaunatalan alls, sem háskólinn veitti, var 60, að meðtöldum sæmdarviðurkenningum ('Honorable Mention'). Af þessum 60 verðlaunum og sæmdarviðurkenningum hlutu landar vorir 16, eða jafngildi 27 prósent, þó þeir væru að eins 5½ prósent af nemendafjöldanum. Eða með öðrum orðum, þeir fengu rúmlega 6 sinnum fleiri verðlaun að tiltölu við fjölda sinn, heldur en hinir aðrir nemendur skólans.

Jafnvel hefir enginn útlendur þjóðflokkur áður gert á háskólann þessa fylkis.

Hækkun ábyrgðargjalda í Forestersfélaginu

Það er gamall málsháttur, að nýjir siðir koma með nýjum herrum, og svo er það í "Independent Order of Foresters" félaginu, að síðan stofnandi og formaður þessa félags, Dr. Oronhyatheka, andaðist á síðasta ári og í hans stað kom herra Elliott G. Stevenson, sem nú skipar Supreme Chief Ranger embætti í þessu félagi, — þá hefir sú breyting orðið á stefnu félagsins, að iðgjöldin eiga að hækka að mun á öllum gömlum meðlimum. Hinn nýi Chief Ranger hefir sjáanlega alt aðra skoðun á ástandi og framtíðarhorfum þessa félags, heldur en gamli læknirinn hafði. Það bar fljótlega á því eftir að þessi nýi herra tók við völdunum, að hann ætlaði sér að gera breytingu á starfsaðferð félagsins, og trúlegt mjög, að skoðanamunur hafi verið orðinn all ákveðinn á síðari árum, og mun Dr. Oronhyatheka hafa átt fult í fangi með að halda félaginu í því horfi, sem hann svo snildarlega hélt því á meðan hann lifði. Það var hans óbifanleg sannfæring, að félagið stæði vel með þeim iðgjalda upphæðum, sem það setti, og hann sýndi, að hann bygði stefnu sína á heilbrigðri skoðun, enda tókst honum, að safna sem næst 12 miliónum dollara í félagssjóðinn áður en hann dó. En þegar hann yfirgaf þennan heim, þá fékk hann ekki lengur ráðið við stefnu félagsins. En herra Stevenson, sem nú hefir stjórn þess á sínu valdi, heldur því fram, að sjóður félagsins, sem nú er orðinn vel á þrettándu milión dollara, sé alt of lítill og af þeirri ástæðu sé nauðsynlegt, að hækka iðgjöldin á öllum eldri meðlimum félagsins, um 200 þúsund manna.

Um þetta atriði var lauslega getið í Heimskringlu fyrir nokkrum vikum, en ekki nákvæmlega getið um, hvernig breytingunni yrði hagað. En nú hefir herra Stevenson opinberað breytingu þá, sem hann hefir ákveðið að láta gera, og skýrt hana all nákvæmlega. Hann sagði í Harmony Hall í Toronto borg þann 7. þ.m., að hinir eldri meðlimir félagsins borguðu alt of lág iðgjöld, og að þess vegna væri nauðsynlegt, að hækka gjaldakröfurnar á þeim. Hann kvað þessa félagsmenn eiga þrjá kosti fyrir höndum: Fyrst — þeir mættu borga í einni upphæð fyrir öll þau ár, sem þeir hafa verið í félaginu mismun þann, sem verið hefir á iðgjaldakröfum þeim, sem gerðar voru, þegar þeir gengu í félagið, og því, sem þeir hafa orðið að borga, sem gengið hafa í það undir hærri iðgjalda borgunum á síðari árum, að viðlögðum 4 prósent vöxtum fyrir alt tímabilið, og svo halda áfram að vera í félaginu með því að borga framvegis hærri iðgjalda kröfurnar.

Annað — það má semja við þá, að þeir borgi framvegis sérstaklega há iðgjöld, svo að hækkun þeirra samsvari því, sem þeir hafa borgað of lítið að undanförnu, og að þeir á þann hátt haldi áfram að vera í félaginu.

Þriðja — þeir mega kjósa um, að láta lækka lífsábyrgðar upphæð sína niður í það, sem samsvarar iðgjalda borgunum þeim, sem þeir hafa gert á liðnum árum, og haldi svo áfram að vera í félaginu með hina lækkuðu ábyrgðarupphæð, og sömu iðgjalda borgun, sem þeir hafa gert að undanförnu.

Herra Stevenson sýndi, að til þess að jafna sakirnar við hina eldri félagslimi, eins og hann telur nóttlátt að gera, þá verði sá maður, sem gengið hefir í félagið 20 ára gamall og hefir staðið 10 ár í því með eitt þúsund dollara lífsábyrgð, að borga nú $26.43 uppbót. Hafi hann verið 15 ár í félaginu, þá verði hann að borga $44 og 12 cents. Og hafi hann verið 20 ár í því, þá er skuld hans reiknuð $65.40. En sá, sem gekk í félagið 40 ára gamall, hann borgar eftir 10 ára veru í því $117.56, eftir 15 ára veru $196.07, og eftir 20 ára veru $291.59, — umfram þau iðgjöld öll, sem hann hefir borgað á þessu 10, 15 eða 20 ára tímabili.

Ef meðlimirnir kjósa þann kost, að láta lækka ábyrgðar upphæðir sínar og halda áfram að borga gömlu iðgjöldin, þá yrði $1000 ábyrgðin lækkuð niður í $775 á 20 ára manninum og $632 á 30 ára manninum og $535 á 40 ára manninum.

Herra Stevenson hélt því fastlega fram, að iðgjalda kröfur félagsins fyrir árið 1899 hefðu verið alt of lágar, og að mismunurinn á borgunum þeirra meðlima eða hinna, sem hefðu gengið í félagið eftir það ár, yrði að verða jafnaður með því annaðhvort að hækka gjöldin eða að lækka ábyrgðirnar svo mikið, að lágu gjöldin, sem borguð hafa verið, jafngildi því, er þeir með hærri iðgjalda borgun hefðu orðið að borga fyrir lækkaða lífsábyrgðar upphæð. Máli sínu til styrktar gat herra Stevenson þess, að Royal Arcanum og Workman félögin hefðu bæði orðið að beita þessari aðferð til þess að tryggja framtíð sína.

Ekki getur fréttin um, hvenær breyting þessi eigi að ganga í gildi. En væntanlega verður þess ekki langt að bíða, að hverjum sérstökum meðlim félagsins verði tilkynt um breytinguna um leið og þessi aukaborgunar krafa verður gerð á hann.

Það þarf tæplega að taka það fram, að þeir 200 þúsund menn, sem líða við þessa breytingu, finni til þess, að þeir séu beittir rangsleitni í stórum stíl, og að engin vissa sé fyrir því, að ástæður þær, sem herra Stevenson færir fram fyrir iðgjalda hækkununum séu á sönnum rökum bygðar, — þar sem það er á allra vitund, að sjálfur stofnandi félagsins og formaður þess á meðan hann lifði, taldi það algerlega áreiðanlegt, að iðgjalda borganirnar væru nógu háar, og neitaði jafnan að hækka þær á gömlu meðlimunum. Hann sýndi og fram á í ræðum sínum, að hækkunin var þarflaus, og í framburði fyrir þingnefnd þeirri, sem sett var til að rannsaka það mál á síðasta ríkisþingi, og með því að benda á, hve sjóður félagsins færi árlega hækkandi. Það var meira að segja á orði hér vestra fyrir nokkrum árum, að iðgjöldin mundu verða lækkuð á félagslimum, þegar sjóðurinn væri orðinn viðunanlega hár. En nú kemur sú kenning fram hjá forstjóra félagsins, að brýna nauðsyn beri til að hækka iðgjöld á félagslimum. — þrátt fyrir sívaxandi sjóð félagsins. Og hækkunin, sem fram á er farið, er svo gífurlega há, að undrum sætir, að stjórnendur Forester félagsins skuli leyfa sér að fara fram á hana í þeim stíl, sem nú er gert, undir nauðsynjar yfirskini.

Segjum að 200 þúsund meðlimir á öllum aldri, sem verið hafa í félaginu alla leið frá 10 til 20 ár, borgi skuldakröfu félagsins, og samkvæmt auglýstum útreikningi formannsins, — þá mundi hver maður að meðaltali verða að borga í sjóðinn sem næst $125 til þess að halda ábyrgð sinni þar óskertri, og þess utan að halda áfram að borga hækkandi iðgjöld framvegis, og án nokkurar tryggingar fyrir því, að ekki verði fram vegis, einhvern góðan veðurdag, ennþá meira hækkað á meðlimum félagsins. Ef nú 200 þúsund menn verða að borga $125.00 hver í sjóðinn til þess að geta haldið áfram að halda ábyrgðum sínum þar óskertum, þá bætir eða eykur það sjóðinn um 25 miliónir dollara í einni sviphending. Fyr má nú rota en dauðrota! Ef á hinn bóginn menn kjósa að láta lækka ábyrgðir sínar, þá kemur það algerlega í sama stað niður, með því að félagið lóttir þá á sér ábyrgðum, sem svara þeirri upphæð, sem iðgjalda krafan yrði borgun á.

Félag þetta hefir nú verið starfandi um 35 ára tíma, og á öllu þessu tímabili hefir það ekki safnað fyrir nema rúmlega 12 miliónum dollara. En nú hugsa þessir nýju stjórnendur, að auðga sjóðinn í einni sviphendingu þrefalt meira en hinir gömlu stjórnendur höfðu getað á 35 árum. Vissulega er þetta framfaraöld. En valalaust verða þeir margir, gömlu mennirnir, sem gengið hafa í félagið á fyrri árum og staðið skilvíslega í því fram á þennan dag, sem nú verða að sjá á bak alls þess, sem þeir á 35 ára tímabilinu hafa lagt til félagsins, af því að með vaxandi aldri og þverrandi starfskröftum að þeir geta ekki mætt þessari nýju kröfu, og ganga svo algerlega úr félagsskapnum, finnandi það í hjörtum sínum, að þeir hafa verið táldregnir í öll þessi ár.

Aðferðin, sem notuð er í þessum bræðrafélögum, er eins og ef maður keypti fasteign með ákveðnu verði, og með þeim samningum að borga verð hennar í ákveðnum borgunum á ákveðnu ára tímabili, — en svo þegar langt er komið með afborganirnar, þá segir seljandi, að nú sé hann búinn að komast að því, að söluverðið hafi verið alt of lágt og að eignin kosti nú miklu meira, og að þá viðbót verði kaupandi að borga. Slík viðskiftaregla er ekki liðin hér í landi og ekki lögum samkvæm í nefnni annari verzlunargrein en lífsábyrgðasölu bræðrafélaganna, — ef hún er það þar. Í rauninni er aðferð þessi ekkert annað en tál og prettir, sem vér efum ekki að margt gamalmenni í Independent Order of Foresters félaginu lái að kenna á við þessa hækkun.

Winnipeg Íslendingar! — Gleymið ekki að koma nöfnum yðar á kjörskrá í næstu viku. Sjá auglýsingu um skrásetningu á 5. bls.

ÍSLAND FRJÁLST SAMBANDSLAND.

SÚ FREGN BARST MEÐ HRAÐSKEYTI VESTUR UM HAF, OG VAR PRENTUÐ HÉR Í ENSKU BLÖÐUNUM Á LAUGARDAGINN VAR, AÐ SVO HAFI SAMIST UM Í DANMÖRKU, AÐ ÍSLAND SKULI FRAMVEGIS VERA FRJÁLST SAMBANDSLAND MEÐ DANMÖRKU — ÞANNIG, AÐ HVOR ÞJÓÐIN SKULI VERA HJINNI ALGERLEGA ÓHÁÐ, —EN BÁÐAR SKULU LÚTA SAMEIGINLEGUM KONUNGI.

Nákvæmari upplýsingar um þetta mál fást væntanlega innan fárra daga.

Er þessi tilgáta rétt?

Mrs. Guðrún Goodman, að Kristnes P.O., Sask., hefir ritað Heimskringlu í sambandi við grein ar þær, sem staðið hafa í blaðinu um lát manns þess, sem nýlega andaðist í Ketchikan í Alaska undir nafninu Micah Northman, og sem á dánardægri sínu játaði, að hann væri Íslendingur.

Mrs. Goodman hyggur sig vita, hver maður þessi er, eins og meðfylgjandi bréf hennar sýnir:

"Ritstjóri Hkr. — Ég las nýlega í blaði yðar um lát manns vestur í Alaska, sem nefndist Micah Northman, og kvað sig áður en hann andaðist vera Íslending, og ættaðan af Akranesi á suður Íslandi. Mér dettur í hug, að ske kunni, að ég geti gefið þær upplýsingar í máli þessu er verða megi að einhverju leyti ættmennum þessa manns til leiðbeiningar.

Ég hygg, að þessi látni Íslendingur hafi heitið Sigmundur Sigurðarson og verið sonur Sigurðar Simonarsonar, sem nú er búsettur í Reykjavik, og alment nefndur Sigurður kafteinn. Systir Sigmundar sál. er þá Sigríður Sigurðardóttir, nú gift Sigurði Mýrdal yngra, að Point Roberts eða Ballard í Wash., U.S.A.

Sigmundur hvarf frá Innahólmi á Akranesi fyrir mörgum árum, þá unglingur innan tvítugsaldurs, og víssi enginn hvað af honum varð. Sumir gátu þess til, að hann hefði komist um borð í útlent fiskiskip, og hefir það að líkindum verið rétt tilgáta.

Enginn vissi neitt um orsök til þessa tiltækis piltsins, sem var hjá skikkanlegu og vönduðu fólki í alla staði.

Ef þessar fáu línur gætu orðið ættingjum þessa manns til góðs, þætti mér vel fara.

Vinsamlegast,

Mrs. Guðrún Goodman,
Kristnes P.O., Sask.

8. maí 1908".

Mrs. Goodman á þökk skilda fyr ir þetta bréf. Hún hefir með því lagt upp í hendur ættingjanna lykilinn, að ráðgátunni, sem þeir verða að leysa úr. Vér fáum ekki betur séð, en að atriðin í bréfi hennar komi vel heim við það litla, sem sá látni sagði um sjálfan sig. Það eitt skortir á, að hún hefir ekki getið um ártalið, þegar Sigmundur hvarf að heiman. En því ber saman um ættingjana, er hann látni kvaðst eiga í Ballard og í Reykjavík, og er um leið vottur þess, að hann hefir haft vakandi auga á skyldmennum sínum beggja megin Atlantshafsins, þó hann forðaðist að láta þau vita nokkuð um sig.

Með þeim upplýsingum, er kona þessi hefir nú gefið, og með því, sem einhverjir aðrir Vestur-Íslendingar kunna að geta upplýst um mann þennan, ætti ættingjunum að veitast létt, að hafa samtök til þess, að sanna ætterni piltsins, og að fá þeim eignum, sem hann hefir eftir sig látið, komið í hendur föður hans, sem nú er orðinn háaldraður og þurfandi þess styrks er eignir sonarins kynnu að geta veitt honum.

Með samanburði á lýsingu piltsins, er hann hvarf frá Íslandi, og þeirri, er af honum hefir tekin verið, er hann gekk í Bandaríkja herinn í fyrra og síðara skiftið, og í Ketchikan, þar sem hann andaðist, ætti að mega ganga algerlega úr skugga um, hvort hér er að ræða um einn og sama mann. En vitanlega er það all umfangsmikið verk og taísamt vegna fjarlægðarinnar. Samt er fólki því, sem hér virðist eiga hlut að máli, ekki ofætlun, að eka það erindi til endilegra úrslita.

Heimskringla hefir gert sína skyldu, meira getur hún tæpast lagt til málsins.

ÍSLANDS FRÉTTIR.

Leikfélag Reykjavíkur hefir leikið hið fræga leikrit "Þjóðfjandann" (En Folkefjende). Sagt er, að leikurinn hafi verið sæmilega kátinn. — Reykholts prestakall hefir kosið sér fyrir prest séra Einar Pálsson í Gaulverjabæ. — Desjamýrar prestakall hefir hafnað þeim eina umsækjanda, sem sótti um það, Sigurði Guðmundssyni, aðstoðarpresti í Ólafsvík. — Bæjarbruni varð á Viðvöllum í Skagafirði. Þar brann allur bærinn nema baðstofa. Kviknað hafði í frá eldavél. Skaðinn mjög mikill. — Þorsteinn Þorsteinssson, cand. polit., bróðir Hannesar ritstjóra Þjóðólfs, ætlar í sumar að gefa út kensluþók í "Esperanto", alheimsmálinu nýja. Búast má við, að margir Íslendingar leggi stund á, að læra þetta mál. — Fimm þús und krónur græddi landið í peningum á landsimanum árið 1907. Þetta sýna skýrslur frá landsimastjóranum. Má það gott heita, því óbeini gróðinn er auðvitað miklu meiri. — Myndir af sambandslága neindarmönnunum íslenzku, eru nú komnar út á póstspjöldum. Ráðherrann í miðju, en stjórnarmenn til hægri hliðar, and stæðingar til vinstri. — Sláturshús á að reisa í Borgarnesi. Það verður útibú frá sláturshúsi R.-víkur. — Björn dbr. Bjarnason í Grafarholti hefir stofnað félag meðal Mýramanna til að reisa það og á það að vera 52 ál. langt og 28 álnir á breidd. — Vexti af peningum hafa bankarnir íslenzku lækkað ofan í 6½ prósent. — Íslendingar fá ekki að taka þátt í Olympisku leikunum í London, — óðruvísi en í sambandi við Dani. Er búist við, að neitað verði allri hluttöku í þeim. — Þorskanet hafa ekki verið lögð í sjó á Eyrarbakka eða Þorlákshöfn í manna minnum fyr en nú í apríl. Byrjunin var mjög góð, því 100 fiskar veiddust á dag í hvert net, en á önnur veiðarfæri afladist sama og ekkert. Búast má við, að þessi veiðiaðferð eigi framtíð fyrir höndum austanfjalls nú þegar ísinn er brotinn. — Botnvörpungarnir íslenzku hafa aflað hver öðrum betur í vetur, enda er sú útgerð að vaxa. Félag í Önundarfirði hefir nýlega keypt einn. Það er sjöunda íslenzka botnvörpuskipið. Fiskiskipin hafa og aflað vel. — Kapp glíma var háð í Reykjavik 1. apr. Var glímt um silfurskjöld þann, er félagið "Ármann" hefir látið búa til handa bezta glímumanni í R.-vík. Skjöldinn vann Hallgr. Benediktsson. Hann glímdi 11 glímur, en fóll aldrei. Alls glímdu 12 menn. Glíman fór mjög vel fram og var svo vel sótt, að margt fólk varð frá að hverfa. — Búnaðarfélag er stofnað í Garðinum. Fyrir því gekst séra Kristinn Danielsson á Útskálum. Það ætlar að ráða til sín plægingamenn með tilheyrandi verkfærum, einnig senda ungan mann til Reykjavíkur til að læra á gróðrarstöðinni að kynna sér ýmsar ræktunar aðferðir. — Raflýsa á bráðlega Ísafjörð og Patreksfjörð, og vatnsveita Patreksfjörð um leið. Vatnsafl á að nota til þessa. — H. Ellefsen, hvalveiðamaður, hefir boðið ókeypis flutning á öllum við frá Noregi til Berklaveikis hælisins. Áður hefir hann gefið 1000 kr. til þeirrar stofnunar. — "Hólar", strandferðabáturinn sunnanlands, hefir strandað á Hornafirði. Haldið að skipið sé óskemt og það náist út aftur. — Félag er stofnað á Ísafirði til að reisa standmynd af Jóni Sigurðssyni forseta á aldarafmæli hans 17. júní 1911. — Veðurhefir verið gott undanfarandi, en þó aldrei eins á þessu vori og í dag, það er eins og á miðju sumri, segir Lögrétta frá 11. apríl. — Ræða Einars þveræings, er hann flutti á alþingi 1023 gegn erlenda valdinu, er nýútkomin á póstspjöldum. Hún átti þátt í því, að bjarga frelsi landsins um nálega hálfa þriðju öld.

Stökur.

Erfiljóð eru ei til neins,
því ei þeir dauðu kunna að heyra
bókmentunum mjög til meins,
mörg þó láti vel í eyra.

Á veg minn engri er varpað rós,
né veikri hlynt að sálu minni.
Ei er gagn þótt einhver hrós
um mig dauða saman tvinni.

R. J. Davíðsson.

Strathcona Hotel

Horni Main og Rupert Str. Nýbygt og ágætt gistihús; Gest um veitt öll þægind með sanngjarnasta verði. Frí keyrsla til og frá öllum járnbr. stöðvum. Beztu vín og vindlar; og herbergi og máltíðar ágætar.

McLaren Brothers
EIGENDUR

Hotel Pacific

219 Market Street | H M Hicks Eigandi
Winnipeg - - - Manitoba

Telephone 1338

Nýendurbætt og Nýtízku hús í alla staði. Viðskifta yðar óskast virðingarfylst.

$1.25 a Dag

HOTEL SUTHERLAND
Corner Main and Sutherland Ave.

Gisting kostar $1.00 og $1.50 á dag. Ég tók við stjórn þess húss 1. Jan. '08, og virðingarfylst óska viðskifta Íslendinga nær og fjær Komið, Sjáið og Reynið.

C. F. Bunnell,
eigandi. Telefón 348

$1.50 Á DAG
Bezta $1.50 gistihús í Winnipeg

BRUNSWICK HOTEL
Horni Main St. og Rupert Ave.

Besta beðhald; Hrein og Björt Herbergi; Fínustu Drykkir og Bestu Vindlar. Ókeypis Vagn mætir Öllum Trainlestum. Reynið oss þegar þú ert á ferð.

MARKET HOTEL
146 PRINCESS ST. á móti markaðnum
P. O'CONNELL, eigandi. WINNIPEG
Beztu tegundir af vínföngum og vindum, aðhlynning góð húsið endurbætt

Fyrirmyndir.

Engin hlutur er manninum jafn nauðsynlegur eins og góð fyrirmynd, hvaða hillu mannfélagsins sem hann svo kann að tilheyra.

Allar þjóðir heimsins eiga fleiri og færri fyrirmyndir, sumar góðar, sumar gagnstæðar, og fer göfgi og framför hverrar þjóðar eftir því, hvernig þær fyrirmyndir eru notaðar.

Ekkert stærra lán getur oss hlotnast en það, að foreldrar vorir séu oss sönn og góð fyrirmynd í öllum greinum, og sönn fyrirmynd í því, að velja oss góðar fyrirmyndir og sjá oss fyrir góðum fyrirmyndum heima og annarstaðar, og sjá um að kennarinn vor sé sönn fyrirmynd og presturinn þá ekki síður, og kenna oss að velja góðar fyrirmyndir meðal leiksystkina vorra, og þegar við þroskumst, munum vér sjálfir velja oss góðar fyrirmyndir.

Hvað svo helzt sem vér gerum, hvort heldur vér ritum eða ræðum, eða hvað sem vér vinnum, þá leysum vér það af hendi eftir því, hve heppilega vér höfum valið fyrirmyndina.

Ef allir ritstjórar og blaðamenn einhverrar þjóðar væru samvaldir í, að velja sér fagrar og göfugar fyrirmyndir, þá væri þjóð þeirri vel borgið. Og, af þeir, sem skrifa ritdóma, hugsuðu fyrirmyndina tvisvar áður en þeir skrifa, þá yrðu færri sárum særðir, er seint og illa gróa, heldur en nú er. Og þegar við dæmum hvorir um aðra, hvort heldur er á prenti eða munnlega heima fyrir eða annarstaðar, þá ættum við að hugsa okkur fyrirmyndina þrisvar áður en við tölum einu sinni. Þá yrði samhugi vor meiri og allur félagsskapur betri, sem er hið fyrsta skilyrði til allra stórræða.

Aldrei finst mér við jafn óvandlátir að fyrirmyndunum eins og þegar við ritum og ræðum hvorir um aðra persónulega, og aldrei finst mér við hafa jafn algerlega gleymt því, sem við ættum helzt að muna, sem er persónulegur heiður vor sjálfra, foreldra og systkina, konu og barna og allra ættingja og vina. Því sannarlega, hvenær sem við veljum slæma fyrirmynd, þá stofnum við í háska ekki einungis heiðri sjálfra okkar, heldur og allra skyldmenna og vina.

Dálítið sýnishorn af því, hvernig við hugsum og ritum og ræðum hvorir um annars málefni og hvorir um aðra, getum við séð í blöðunum.

Okkur er svo gjarnt til, þegar við viljum andæfa einhverju máleini, að taka málflytjandann fram af skaptinu, en sinna lítið um, að andmæla máleininu sjálfu með prúðmannlegri rökfærslu. Í þessu þurfum við nauðsynlega að taka okkur fram, og kóta okkur góðra fyrirmynda. Og vil ég leyfa mer að benda á eina, sem ég álít mjög góða. Það er grein í Hkr. 23. apr. sl., og heitir: "Svar frá íslenzkum Goodtemplurum í Winnipeg". Þar er verið að svara þungum sakaráburði, en þó er greinin svo ópersónuleg og prúðmannlega rituð, yfirlætislaus, en þrungin sannanagögnum, að það má hetta snild og sönn fyrirmynd. Enda þótt maður geti sagt, að hinn gamli Adam sjáist í enda greinarinnar, þar sem sagt er: "Vér játum, að það hafi kostað oss talsverða sjálfsafneitun, að halda gremju vorri í skefjum, og forðast öll kaldyrði". En hinn gamli Adam, sem ég skil að sé maðurinn í ótaunda ástandinu, er þar í svo traustum fjötrum, að hann fær ekkert aðhafst. — Þar sem sagt er: "Vér höfum fundið ábyrgðina gagnvart þeim 7—8 hundruð manna og kvenna, í hverra umboði vér ritum, hvíla þungt á oss, og síðast en ekki síst, finnum vér til þess, að máleini félagsskapar vors eru of göfug til þess, að vera dregin niður í forað persónulegra illyrða". Einmitt það slær nokkurskonar sigurljóma yfir greinina, en rýrir ekki gildi hennar, eins lengi eins og vér vitum, að vér erum ekki alfullkomnir.

Hversu langt værum við ekki komnir í sannri siðmenningu, ef vér hefðum æfinlega haft svipað fyrir augum, eins og höfundar hinnar umgetnu greinar? Og hversu mikils meira virði væru ekki blöðin okkar, ef við æfinlega tækjum hinn gamla Adam, þegar hann gerir kröfu til okkar um málfrelsi; og settum hann í slíka fjötra, sem þessir svaramenn Goodtemplara gerðu? Og þess vil ég óska, að íslenzka þjóðin hafi valið sér jafn heppilega svaramenn í Millilandanefndina, svo að þeir að loknu starfi geti tekið undir í svipuðum tón: Við játum, að það hafi kostað okkur talsverða sjálfsafneitun, að hafna konungshylli og flokksfylgi voru. En vér fundum ábyrgðina gagnvart þjóð okkar, hvíla þungt á okkur, og síðast en ekki síst fundum við til þess, að máleini þjóðar okkar, frelsi, heill og heiður eru of göfug til þess, að vera dregin niður í forað hégómaskapar og partasku.

Laxdal P.O., 27. apríl '08.
John S. Laxdal.

ADSENT.

Manna naumur aldur er,
Æfi straumar líða.
Sem að draumur sýnist mér
svika glaumur tíða.

Aldir líða áfram títt,
ár, missiri, dagar:
alt hvað færir eitthvað nýtt,
eins og bezt til hagar.

Framþróunin flytur oss
fullsældar að miði.
Algjörleikinn er það hnoss
æðsta' er heitir friði —Þ.

TILKYNNING.

Ég undirritaður tilkynni hér með, að ég borga engar skuldir, sem konan mín kann að gera.

Þann 12. maí 1908.
ÁRNI EGILSSON,
Otto P.O., Man.

Til málsvara G. T.-reglunnar íslenzku í Winnipeg.

(Niðurl.).

Að þeim hafi hepnast að halda mönnum frá drykkjukrám og hinum svonefndu "poolrooms", sem þeir kalla, er ekki hægt að segja með neinum sanni, því það er kunnara en frá þurfi að segja, að hinir mestu Íjárglæfraspilsmenn ('Gamblers') meðal Íslendinga hér í bæ, eiga einmitt heima í þeim félagsskap, og virðist stúkan Skuld sérstaklega hafa tekið ástfóstri við slíka menn, og hafið þá til hæztu metorða og mannvirðinga.

Sú staðhæfing, að félagsskapurinn sjálfur hafi þegar borgað 11 þúsund dali af 19 þúsundum, sem hús þeirra kostaði, er að mér finst dálítið varhugaverð, því að minni hyggju hafa félagsmenn sjálfir minst af þeirri upphæð borgað, en það skal játað, að sérstaka elju og dugnað hafa þeir í því sýnt, að láta aðra borga hana fyrir sig, nefnil. með almennum samskotum, bæði meðal Íslendinga, innlendra manna og annara þjóðflokka. Og talsverðu umtali hefir það valdið meðal fólks, með hve mikilli frekju sú fjársöfnun hefir verið sótt, af hálfu þeirra manna, sem fyrir henni gengust. Það er því tvent að athuga við þessa staðhæfingu. Í fyrsta lagi það, að félagsmenn hafi borgað þessa upphæð eingöngu, og í öðru lagi, vanþakklæti það, sem hún ber svo skýran vott um, gagnvart þeim, sem svo örlátlega og góðfúslega styrktu fyrirtæki þetta, með jafn ríflegum fjárframlögum eins og þeir gerðu. Þetta misherni og van þakklæti er því ámælisverðara, af því það er til þess notað, að fóðra og fegra ýmislegt það af verra tagi inu, sem framler í félagsskap þessum. Ósannsögli undir yfirskini sannleikans verður aldrei afsakað og örugg afsökun fyrir áhugaleysi og stefnuleysi neins félagsskapar.

Ég ekast raunar ekki um það, að það sem gert hefir verið af félagsskap þessum, hafi verið gert af góðum hug, en þó það sé mikils um vert, þá er það samt ekki einhlítt. Það sem mestu varðar, er það, að unnið sé í rétta átt að grundvallar markmiði hvaða félagsskapar sem er. En hvað þessum félagsskap viðvíkur, þá hefir það að mjög litlu leyti verið gert, eða þá að mestu mistekizt. Þetta er aðalþungamiðjan í því, sem ég hefi um félagsskap þennan skrifað, og ef til vill mun um hann skrifa.

Það viðurkenna þeir með mér sextmenningarnir, að skaði sé það fyrir félagsskapinn, hve flestir leiðandi menn bæjarins sneiði sig hjá honum, en ekki vilja þeir kannast við það, að honum sé hin minsta sök á því gefandi. Enda þótt að alt fyrirkomulag og starfsaðferð félagsskaparins sé þannig háttað, að öllum hugsandi og mentuðum mönnum ót við að fara inn í hann, þá að hinu leytinu, þar sem tilgangur hans og markmið er gott, þá þekki ég samt engan félagsskap, sem þeir ættu brýnna erindi inn í en hann, því ekki dettur mér í hug, að halda því fram, þó ástand félagsskaparins sé eins rotið og bágborið eins og það er, að mentaðir og hugsandi menn með góðum hæfileikum sem leiðtogar, gætu þó ekki komið miklu góðu til leiðar, og skapað hjá fólkinu þá virðingu, sem því ber að hafa fyrir sjálfu sér og máleininu, og koma því í skilning um það, hvað þurfi að gera og eigi að gera.

Einkum og sérstaklega eru það þó prestarnir íslenzku hér í bæ, sem eftir grundvallar markmiði félagsskaparins, sem stofnunar, sem á að því að vinna, að efla og auka siðgæði og siðmenningu, sem alls ekki ættu að leyfa sér, að standa hjá aðgerðalausir. Því verk efni þeirra og félagsskaparins er svo nátengt og samtvinnuð hvort öðru, að þeir engan veginn með rólegri og góðri samvizku geta látið sér það í léttu rúmi liggja, hvernig um það mál fer og hverning að því er unnið. Það er alveg þýðingarlaus viðbára fyrir þá, að segja þeir hafi hvorki tíma né tækifæri til að rétta félagsskap þessum hjálparhönd. Ef þeir skorast undan því, þá eru þeir hvorki að gera meira né minna, en beinlínis að neita að gera sitt eigið skylduverk.

Þar sem nú prestarnir eru þeir af leiðandi mentamönnum, sem allra næst standa alþýðunni og starf þeirra að mestu leyti fyrir hana og innan hennar vébanda, því hún er fjölmennasti flokkurinn í stéttastiga þjóðfélagsins, þá er það einkum þeirra, að leiðbeina henni og veita henni aðstoð sína, einkum í þeim málefnum, sem í eðli sínu eru jafn náskyld ætlunarverki þeirra eins og bindindismálið.

Það er gagnslítið, að þeir staulist í kirkju sína tvisvar á hverjum sunnudegi og stumri þar út úr sér einhverju ræðuskvaldri, sem er eins langt fyrir utan daglega hlíð, störf þau og hugsanir, sem því er samfara, eins og austrið er frá vestrinu, og sem að litlu eða engu leyti geta samþýðst hugsanalífi, hegðun og lífnaðarháttum þess.

Ég er algerlega samþykkur því, sem Mr. W. T. Stead sagði um prestana, í fyrirlestri, sem hann nýlega hélt á ferðalagi sínu um Bandaríkin, að hann gæfi "damn" fyrir þá, ef þeir ekki gerðu neitt.

Prestar þurfa meira að gera en halda ræður, jafnvel þó þær væru bæði kröftugar og hrífandi, og heimta inn peninga fyrir sig og kirkju sína o.s.frv. Þeir þurfa að hugsa um það, að vera sannir menn í mannfélaginu og beita kröftum sínum, hæfileikum og áhrifum í samræmi við það.

Þá er að minnast á þann kaflann, sem þeir sextmenningarnir segja, að lakastur sé í grein minni. Ég er að sumu leyti búinn að svara ummælum þeirra um þetta atriði hér að framan, þá ég mintist á skrílsháttinn, sem ætti sér stað á fundunum, sem er nokkurnveginn nægileg sönnun fyrir því, hve hreinir og flekklausir þeir eru.

Sú kenning, að hegðun og atferli meðlima félagsskaparins, utan funda hans, sé honum óviðkomandi, virðist annars nokkuð viðsjárverð, af mönnum, sem eru málsvarar félagsskapar, sem einvörðungu vill láta kalla sig og álíta stofnun, sem sé meginstólpi undir siðmenningu og siðgæði alls mannkynsins, og sé einn helzti frömuður andlegra og efnislegra framfara þess. Þessi kenning er það, sem gengur eins og rauður

Hinir áreiðanlegustu — og þar með hinir vinsælustu — verzlunarmenn auglýsa í Heimskringlu.

DOBSON and JACKSON

Byggingamenn

Sýnið oss uppdrætti yðar og áætlanir og fáið verðáætlanir vorar.

370 Colony Street
Winnipeg

Woodbine Hotel
Stærsta Billiard Hall í Norðvesturlandinu
Tíu Pool-borð.—Alskonar vín og vindlar.
Lennon & Hebb,
Eigendur.

SPÓNNÝTT HÓTEL
ALGERLEGA NÝTÍZKU

Hotel Majestic

John McDonald,
eigandi.
James St. West, Rétt vestan við Main St.
Winnipeg Telefón 4979

$1.50 á dag og þar yfir
Bandaríkja-snið

Alt sem hér er um hönd haft er af beztu tegund. Reynið oss.

BRANDONS VINSŒLASTA GISTIHUS

EMPIRE HOTEL

E. J. PELTIER, eigandi

Hefir öll nútíðar þægindi.
Reynið þetta gisti-hús.
Á bezta stað í borginni.
Lang-vega telefón 135.
Sample rooms

725—731 ROSSER AVE.
BRANDON, MAN.
21-5-8

Jimmy's HOTEL

Sem er rétt á bak við Pósthúsið, — og þar sem alt er af beztu tegund. Íslendingar ættu að reyna þetta gistihús.

James Thorpe,
eigandi.
Fyrverandi eigandi Jimmy's Restaurant á Portage Ave.

LIII. KAPÍTULI.

Það var búið að borða. Menn höfðu yfir borðum talað um ferðina til St. Bedar. Kafteinn Randolph og lávarðurinn höfðu sagt frá öllu, er fyrir þá bar á leiðinni, og lávarðurinn lýst eins vel og hann gat öllu, er þeir höfðu skoðað.

Hershöfðinginn hafði mjög mikla skemtun af ferðinni. Hann unni mjög fornu sögum, og St. Bedar klaustur var frægt fyrir, hve lengi það stóð uppi fyrir ofsóknum óvinanna, og mennirnir, sem vörðu hlíðin og múrana, gáfust ekki upp, þótt þeir stæðu augliti til auglitis við dauðann. Samtalið hafði verið fjörugt og skemtilegt, en hertogainnan tók engan þátt í því. Hún bjóst við, að um kveldið myndi eitthvað sögulegt koma fyrir, og hún bjó sig undir stríð.

Lady Aðalheiður var með fegursta móti, og mjög skrautlega klædd. Hún var samt hálfkvíðandi, og úr hinum fögru, bláu augum hennar skein angurblíða.

Hertogainnan hafði klætt sig í alt það skart, er hún gat utan á sig látið, en eins og áður er sagt, sagði hún ekki eitt einasta orð.

Þegar búið var að borða, gengu konurnar yfir í annað herbergi og tóku tal með sér. Hertogainnan tók engan þátt í samtalinu. Hún gekk órólega fram og aftur um herbergið. Hún leit við og við í bók, en fleygði henni svo frá sér aftur. Stundum leit hún á fallegar myndir, sem voru þar. Hún tók blóm, en reif þau jafnharðan í sundur, og hún var í svo mikilli geðshræringu, að hún tæpast vissi, hvað

hún gerði. En svo kom henni til hugar, að hinu kvenfólkinu myndi þykja undarlegt framferði hennar, svo hún settist niður og reyndi að sýnast rólegri, en hún gætti nákvæmlega að, hvenær karlmennirnir kæmu út úr borðsalnum.

Það voru samt fleiri en hún sem gættu að því. Lady Aðalheiður sá, hve óróleg hún var, og var búin að hugsa sér, hvað gera skyldi. Loksins opnuðust dyrnar, og karlmennarnir komu inn. Lady Aðalheiður fölnaði, og skuggi sveif yfir andlit hennar. Hertogainnan roðnaði og brosti ánægjulega. Caren lávarður leit í kring um sig. Hann mundi eftir, að hertogainnan hafði verið svo niðurdregin um morginn. Hann gekk til hennar, hún dró brosandi kjól sinn að sér, svo hann gæti sest hjá henni.

Nú var sú stund upprunnin, sem hún svo lengi hafði óskað eftir. Hann sat við hlið hennar og horfði hlýlega til hennar, reiðubúinn til að tala eða hlusta eftir því, sem hún segði. Hvað átti hún nú að segja? Hún var í vandræðum með, hvernig hún ætti að byrja. Hún gat ekki í annara viðurvist gripið hönd hans og sagt honum hve heitt hún elskaði hann. Hún gat enga bendingu gefið honum um óskir sínar og ástriður. Hún gat ekki sagt honum þarna hón glæpafullu áform sín, — að hún vildi draga á tálar göfugan og góðan eiginmann. Hún gat ekki útausið fyrir honum hinu elskufulla hjarta sínu. Hún gat að eins talað um vanaleg málefni, — en með nógu mikilli ilsku og kænsku má gera hið einfaldasta tal hættulegt.

"Mér þykir mjög vænt um, að þér hafið skemt yður vel í dag", sagði hún, "skemtilegir dagar koma svo sjaldan fyrir".

"Já, ég skemti mér mjög vel. En ég held, að fullkomna ánægju finni maður aldrei, eins og þér

komist að orði. Fullkomna hamingju álít ég vera skugga, sem menn sækjast eftir, en aldrei geta náð".

"Mér þykir leiðinlegt, að yður skuli finnast svo"

Hann roðnaði. "Ég tala ekki beinlínis um sjálfan mig, heldur um fólk yfirleitt, — ég er eins hamingjusamur og flestir aðrir".

Hún stundi við. Brjóst hennar gekk upp og niður, og augu hennar urðu blíð og viðkvæmnisleg.

"Þér ættuð skilið, að vera miklu ánægðari en þér eruð", sagði hún.

"Hvers vegna?" spurði hann hlæjandi.

"Þér spyrjið mig hvers vegna, Allan. Af því þér eruð betri maður en — menn vanalega eru, — af því þér eruð göfugri, tryggari og prúðari en aðrir. — Það er nóg af karlmönnum til í heiminum, en enginn er líkur yður. — Af því ég hugsa svo mikið um yður, Allan, og mig langar svo mikið til að sjá yður ánægðan, — ánægðari en alla aðra menn í heiminum. Ég vildi, að ég gæti útvegað yður hamingju, — til þess að geta það, vildi ég líða hinar verstu kvalir".

Það var freistandi, að hlusta á þvílík orð frá vörum jafn fallegrar konu. En Caren lávarður var mjög ærukær maður. Hún áleit, að nú væri hún búin að gefa honum gott tækifæri, ef hann vildi eitthvað segja við hana. En hann leit að eins sorglega til hennar, og sagði:

"Þér eruð of góðar við mig, Nita, og berið of mikla umhyggju fyrir mér".

Hún beit sig í vörina af vonzku, og henni var ómögulegt að leyna því. En því erfiðara, sem það reyndist að vinna hann, því ákafara langaði hana til þess. Ef hann hefði verið ákafari í að vinna hana, hefði hún að líkindum ekki verið svona áleitin. En þessi rólega, hlutdrægnislausa vinátta ergði hana hana mjög, og nú við hlið hans sór hún í hjarta

sínu, annaðhvort að vinna hann eða deyja að öðrum kosti.

"Að kæra sig um nokkuð, er einstök heimska", mælti hún. "Sá er bezt farinn, sem að eins hugsar um sjálfan sig".

Á meðan hún mælti þessi orð, varð honum litið til konu sinnar. Hið fagra andlit hennar lýsti sakleysi og trausti, ást og blíðu, og í hjarta sínu fann hann til, hve fölsk orð hertogainnunnar voru.

"Nú get ég ekki verið á sama máli og þér", sagði hann. "Þeir, sem lifa einmana alt sitt líf, líka einskisverðu, gleðisnauðu lífi. Þeir, sem breiða blessun, ást og hamingju og frið yfir sitt og annara líf, — þeir eru sælir".

Hún varð hrygg við þessi orð.

"Ég meinti þetta heldur ekki, Allan. Ég er svo óánægð og óguðsöm, að ég veit tæpast, hvað ég segi".

Nú varð stutt þögn.

"Ég vildi óska, að þér gætuð verið ánægðari, Nita", sagði hann.

"Ég hefi aldrei beðið um nema eina gjöf", sagði hún grænjulega, "en mér var neitað um hana. Aldrei óska ég eftir nema þessari einu gjöf, en hana fæ ég ekki".

"Hvað var það, Nita?"

"Ást yðar", mælti hún stuttlega, og snéri sér frá honum um leið.

Hann sat nokkra stund steinþegjandi og sárkendi í brjósti um hana, en samt var hann alveg forviða á, að hún skyldi tala svona. Hann bar hana í huga sínum saman við konu sína, og hann fann vel, hve miklu kvenlegri hin síðarnefnda var.

Alt í einu stóð hertogainnan upp. Það var sem orðin vildu brjótast út af vörum hennar. Hún mátti til að segja það, sem henni lá svo þungt á

Kjörkaupa-listi

Victor st., 6 herbergjahús $1600
Toronto st., 7 " nýtísku hús með öllum þægindm 2800
$500 niðurbergun.
Simcoe st., — 7 herbergi, 2900
Beverley st., 7 herbergja nýtísku hús á 3000
Home st. nálægt Portage, 25 feta lóðir, á $25 fetið

W. P. RODGERS,
608 McIntyre Blk. Fón 6474.
27-5-8

The Duff & Flett Co.
PLUMBERS, GAS AND STEAM FITTERS
Alt verk vel vandað, og verðið rétt
773 Portage Ave. og 662 Notre Dame Ave.
Phone 4644 Winnipeg Phone 3815

Giftingaleyfisbrjef
selur Kr. Ásg. Benediktsson,
477 Beverley St. Winnipeg.

Ýmsar ástæður

eru fyrir því að vér höfum eins gott kjöt og nok kur annar kjötsali í bænum Reynið hvort ekki er

C. G. JOHNSON
Telefón 2631
Á horninu á Ellice og Langside St

WINNIPEG Business College
FÉKK FYRSTU VERÐLAUN Á SAINT LOUIS SÝNINGUNNI.
Cor. Portage Ave and Fort St.
Kennir Bókhald, Vélritun, Símritun. Býr undir Stjórnarþjónustu o. fl. Kvöld og dag kensla. Sérstök tilsögn veitt einstaklega. Starfshögunar-skrá frí.

DR. A. EKERN
Sérfræðingur í Augna-, Nef-, Eyrna- og Holdssjúkdómum.
Grand Forks, N. Dak.

Sendið Heimskringlu til vina yðar á Íslandi.

Cancer Cure.
R. D. EVANS, sem fann upp hið viðfræga lyf til lækninga
krabbameinum
óskar að allir sem nú þjást af krabbameinum, skrifi sér. 2. daga notkun meðalsins, læknar útvortis eða innvortis krabbamein. Skrifið strax til R. D Evans, Brandon, Man. 27-8-8

A. S. BARDAL
Selur líkkistur og annast um útfarir. Allur útbúnaður sá bezti. Enfremur selur hann alskonar minnisvarða og legsteina.
121 Nena St. Phone 306

þráður gegn um mest allá greinina.

Það eru naumast líkur til þess, að hægt verði að koma almenningi til að fallast á svona lagaðar kenningar nú á tímum. Það á ekki að vera hægt að krefjast þess af félagsskap, sem er þess eðlis, sem ég hefi sýnt fram á, að meðlimir hans séu á neinn hátt ábyrgðarfullir fyrir háttalagi sinu og hegðun til orða og verka, nema að eins þá stundina, sem þeir sitja á fundum hans. Ef að nú þessi miklu og góðu áhrif til siðgæðis og menningar, sem félagsskapurinn á að hafa, en sem þó að meðlimir hans á engan hátt eru siðferðislega skyldir til að bera vitni um, þegar út til almennings kemur þá veit ég ekki, hvaða þýðingu slíkur félagsskapur getur haft. Þegar komið er út fyrir húsdyr hans, þá eru félagsmenn lausir allra mála; þeir mega þá lifa og láta alveg eins og þeim sýnist, án þess að þeir séu á nokkurn hátt háðir nokkrum skilyrðum eða ákvæðum frá hans hálfu. Enda virðist svo, sem þeim hafi fyllilega verið gefið þetta í skyn á fundunum, eftir framkomu þeirra margra að dæma stundum utan þeirra.

Annað mál er það, að ég hafi með orðunum: "að sjúgi þær lægstu og auðvirðilegustu nautnir út úr lífinu, sem það hefir fram að bjóða", gengið of langt, ef að félagsskapurinn og málsvarar hans vilja endilega láta það heita svo, að ég beinlinis með þeim orðum eigi við Goodtemplara félagsskapinn. En ég held því fram, að orð þessi megi öllu heldur álítast sem viðvörunar orð til hans, heldur en sem áburður eða aðdróttun til hans að hann geri sig sekan í slíku framferði. En þá kemur til greina, hverjar "þær lægstu og auðvirðilegustu nautnir, sem lífið hefir fram að bjóða", séu. Setjum ennfremur svo, að ég hefði með þessum orðum átt við það, að ósiðsemi milli karla og kvenna ætti sér stað innan funda félagsskaparins, þá væri heiður og mannorð félagsmanna alveg óskaddað af þeim áburði, því hann væri svo heimskulegur og hlægilegur, að enginn mundi annað við hann gera en hlægja að honum og ekki álíta þann mann með öllum mjalla, sem slengdi fram þannig löguðum staðhæfingum. Því inni í fundarsal, þar sem oft og tíðum er samankomið hátt á annað hundrað til tvö hundruð manns, þá væri ósiðsemis athafnir þar milli pilts og stúlku algerl. ómögulegar, eins og öllum gefur að skilja, hve mikla löngun, sem einhverjir kynnu til þess að hafa. Reyndar lítur það svo út, sem félagsmenn viti sig að einhverju leyti seka í þessu efni, þar sem þeir undir eins skilja þessi orð mín á þennan veg, og að þeir með því geta almenningi átyllu til að ímynda sér, að málsháttur inn forni, "sök bítur sekan", megi að einhverju leyti heimlærast til þeirra í því efni.

Ég ætla mér ekki að fara að þrátta um það, við þá sæmenningana, hverjar séu þær "lægstu og auðvirðilegustu nautnir lífsins" því um það geta orðið mjög svo skiftar skoðanir og það mál svo yfirgripsmikið, að hér er alls ekkert rúm til að ræða það, svo að ur verði nokkru nær. En eitt er það samt í þessu sambandi, sem ég vildi fara fáum orðum um. Það eru knattleikir ('Pool playing') og sæpingsskapur Goodtemplara á knattleikahúsunum ('Poolrooms'). Það er öllum kunnugt, að Goodtemplarar og auðvitað margir fleiri, eyða þar, ekki einungis öllum frítíma sínum, heldur sæpast þar dag eftir dag tímunum saman, þegar allir sjá og vita, að þeir hefðu getað notað tíma sinn á annan hátt og á betri og heiðarlegri stöðum. Samt hafa þeir hangið þar og sóað hverju centi, sem þeir hafa eignast, og það gengið svo langt um marga Goodtemplara, sem ég þekki, að þeir hafa þar af leiðandi orðið að draga fram lífið á einn þann óheiðarlegasta hátt sem hægt er. Einnig munu þess dæmi, að Goodtemplarar, sem eru fjölskyldumenn hafa sæpst þar tímunum saman, en fjölskylda þeirra liðið talsvert sakir bjargarskorts og klæðleysis. Það er alls ekkert út á það setjandi, þó menn að afloknu dagsverki skjótist inn á hús þessi og spili þar einn eða tvo leiki; það getur jafnvel haft góð og upplífgandi áhrif á mann. En þegar það er orðið að svo sterkum og rótgrónum vana, að menn ekki geta annarstaðar verið en á húsum þessum allan þann tíma, sem þau eru opin, þá er þessi vani orðinn sá löstur, sem drotnar svo yfir manninum, að hann ekki lengur getur hertið að eiga sjálfan sig. Allur viljakraftur hans og siðgæðismeðvitund eru þá orðin svo lömuð og nautnasjúk, að hann ekki lengur hefir neitt siðferðislegt þrek til að standa á móti ástríðum þeim, sem þetta hefir í för með sér. Það er heldur ekkert ofhermi að segja, að knattleika stofurnar séu nokkurs konar anddyri að vínsöluhúsunum, sem menn svo, margir hverjir, þar á eftir geri að afþreyingar og skemtana heimkynni sínu, og svo jafnvel kiðizt þar á eftir inn á önnur enn þá andstyggilegri óþverra heimkynni. Til þessa munu, því miður, eigi svo allhá dæmi hér í bæ. Það er ekki til neins, að vera að reyna að breiða lengur yfir það, því það er opinbert leyndarmál, sem margir vita. Heldur ætti hver sá félagsskapur, sem hefir það grundvallarmarkmið, að styðja siðgæði og siðmenningu, að beita áhrifum sínum og kröftum til að stemma stigu fyrir öllu þessu.

Hér í vesturbænum er eitt alíslenzkt knattleikahús, örskamt frá fundahúsi Goodtemplara, og virðist mikill hluti þeirra, einkum yngri manna, hafa þar bækistöðu sína öllum þeim stundum, sem þeir geta, og sóa þar út peningum sínum og tíma á þann hátt, sem ég hér að framan hefi lýst. Eigendi og forstöðumaður húss þessa er einnig Goodtemplar.

Sorglegur vottur er það um stefnuleysi, skort á velsæmistilfinningu, hringlandaskap og hugsunarleysi yngri kynslóðarinnar af Íslendingum hér í bæ, að oft og tíðum, einkum á kveldin, verður ekki þverfótað fyrir mönnum þessum á gangstéttinni frammi fyrir húsi þessu, og ber það ekki ósjaldan við, að þeir kasta þá fúnsum kesknisorðum að mönnum, sem fram hjá ganga. Eftir því hefi ég tekið, að íslenzkir Goodtemplarar eru þar í talsvert miklum meiri hluta.

Herbert Spencer, heimspekingurinn frægi, sem margir Íslendingar munu kannast við að nafni, þó færi en skyldu hafi lesið verk hans, kom eitt sinn inn á eitt af húsum þessum, og sá þar pilt, sem sýndi þá framúrskarandi kunn áttu í spili þessu, að hann um stund horfði undrandi á hann, en sagði síðan, að hæfileg kunnátta í þessari grein væri alls ekkert athugaverð, en svona frábær kunnátta í henni, bæri sannarlega vott um burtsóaða ævi.

Að félagsskapur, sem hefir jafngóðan tilgang eins og Goodtemplara fél.skapurinn raunar hefir, skuli ekki geta haft sterkari og dýpri áhrif á meðlimi sína, heldur en framanritað dæmi sýna, er mjög svo hörmulegt, og skal ég kannast við það, að af félagsskaparins hálfu, þá er þar við ramman reip að draga, að geta breytt og lagað hirðsunarháttt fólksins í þessu efni. En þó vik ég ekki frá þeirri skoðun minni, að talsvert mætti í þessu efni gera til umbóta, en til þess verður félagsskapurinn, eins og ég áður hefi bent á, að breytast frá því sem hann nú er.

Ég ætla nú ekki að svo komnu, að útskýra frekar við hvað ég nefi átt, þá er ég viðhafði orðin, "að sjúga þær lægstu og auðvirðilegustu nautnir" o.s.frv., því ég kynoka mér við, að draga fleiri og gleggri dæmi fram í dagsljósið úr starfslífi félagsskaparins og félagsmanna hans sumra hverra, innan og utan funda, en ef mál þetta verður frekar rætt, og á þann hátt að ég finni mig knúðan til þess, þá skal ekki standa á góðum og gildum sönnunargögnum í því máli.

Sigtryggur Ágústsson.

F. Deluca
Verzlar með matvöru, aldini, suð-kökur, allskonar sætindi, mjólk og rjóma, sömul. tóbak og vindla. Óskar viðskifta Íslend. Heitt kaffi eða te á öllum tímum. Fón 7756
Tvær búðir:
587 Notre Dame og 714 Maryland St.

The Dominion Bank
NOTRE DAME Ave. BRANCH Cor. Nena St.
Vér seljum peningaávísanir borgaðlegar á Íslandi og öðrum lönd.
Allskonar bankastörf af hendi leyst
SPARISJÓDS-DEILDIN
tekur $1.00 innlag og fyr og gefur hæstu gildandi vexti, sem leggjast við innstæðufé 4 sinnum á ári, 30. júní, 30. sept. 31. desembr og 31. march.

Til fullkomnustu tryggingar Vátryggið fasteignir yðar hjá The
St. Paul Fire & Marine Ins. Co.
Eignir félags eru yfir 5 milljón dollars. Skaðabætur borgaðar af San Francisco eldinum 1906 mill. SKULI HANNESSON & CO., 55 Tribune Bldg., Phone 6476, eru sérstakir umboðsmenn.

E. S. Miller Limited
Aðal umboðsmenn
PHONE 2083 219 McINTYRE BLK.

HEIMSKRINGLU og TVÆR skemtilegar sögur fá nýir kaupendur fyrir aðeins **$2.00**.

Department of Agriculture and Immigration.

MANITOBA

Þetta fylki hefir 41,169,089 ekrur lands, 6,019,200 ekrur eru vötn, sem veita landinu raka til akuryrkjuþarfa. Þess vegna höfum vér jafnan nægan raka til uppskeru tryggingar.

Ennþá eru 25 miljónir ekrur óteknar, sem fá má með heimilisréttí eða kaupum.

Íbúatala árið 1901 var 255,211, nú er hún orðin 400,000 manns, hefir nálega tvöfaldast á 7 árum.

Íbúatala Winnipeg borgar árið 1901 var 42,240, en nú um 115 þúsundir, hefir meir en tvöfaldast á 7 árum.

Flutningstæki eru nú sem næst fullkomin, 3516 mílur járnbrauta eru í fylkinu, sem allar liggja út frá Winnipeg. Þrjár þverlandsbrauta lestir fara daglega frá Winnipeg, og innan fárra mánaða verða þær 5 talsins, þegar Grand Trunk Pacific og Canadian Northern bætast við.

Framför fylkisins er sjáanleg hvar sem litið er. Þér ættuð að taka þar bólfestu. Ekkert annað land getur sýnt sama vöxt á sama tímabili.

TIL FERDAMANNA:

Farið ekki framhjá Winnipeg, án þess að grenslast um stjórnar og járnbrautarlönd til sölu, og útvega yður fullkomnar upplýsingar um heimilisréttarlönd og fjárgróða möguleika.

R. P. ROBLIN,
Stjórnarformaður og Akuryrkjumála Ráðgjafi.
Skrifið eftir upplýsingum til
Joseph Burke. 178 LOGAN AVE., WINNIPEG.
Jas. Hartney 77 YORK ST., TORONTO.

T. L.
Heitir sá vindill sem allir reykja. "Hversvegna?". af því hann er það besta sem menn geta reykt. Íslendingar! munið eftir að biðja um **T. L.**
(UNION MADE)
Western Cigar Factory
Thomas Lee, eigandi Winnipeg

Ef þér viljið styrkja þarflegt íslenzkt fyrirtæki, þá kaupið og borgið Heimskringlu

Redwood Lager og Extra Porter
Styrkið taugarnar með því að drekka eitt staup af öðrum hvorum þessum ágætu heimilis bjór, á undan hverri máltíð. — Reynið !!
EDWARD L. DREWRY Manufacturer & Importer Winnipeg, Canada.

hjarta, eða deyja að öðrum kosti. Henni fanst hún verða að segja honum, hve heitt hún elskaði hann, hve óbærilegt lífið væri henni, og að hún vildi yfirgefa alt sitt til þess að geta notið hans.

Hún var náföl og skalf af geðshræringu. Hún kvaðst meira en unt er að lýsa.

"Það er svo heitt hér. Mig langar út til blómanna. Viljið þér koma með mér, Allan?"

Út meðal blómanna! Hún þóttist vita, að hann myndi ekki geta neitað því. Hans innri og betri maður setti sig upp á móti því, en hvernig átti hann að neita henni um þessa litlu bón?

Honum fanst, sem frelsandi engill koma til sín, er Lady Aðalheiður alt í einu stóð hjá þeim og sagði: "Hertogainnan talaði um í morgun, að hana langaði til að skoða blómin í kveld. "Allan, mig langar svo til, að sýna henni blómin mín".

Hann játti því strax. "Það er það bezta, sem við getum gert", sagði hann, "kveldið er svo fagurt og það er svo skemtilegt, að sjá gosbrunnana þeyta vatninu í loft upp í kveldkyrðinni".

En hertogainnan sagði reigingslega: "Mér þykir aldrei gaman að neinu innan um heilan hóp af fólki".

Lady Aðalheiður hló góðlátlega. Caren lávarður og ég, myndum engan hóp, og ég skal ekki biðja fleiri að fylgjast með. Ef yður þykir gaman að blómum, er ég viss um, að yður muni þykja fallegar franskar rósir, sem ég á. Þær eru ljómandi fallegar".

Hertogainnan þorði ekki að hegða sér dónalega í nærveru lávarðarins. En ef hatur gæti drepið, þá hefði Lady Aðalheiður dáið á sömu stundu. Hún var föl og titraði af reiði, en það var ekki hægt fyrir hana, að gera annað en samþykkja þetta.

Hún gekk út með þeim, og þegar mesta reiðin

hafði runnið af henni, talaði hún við þau. En alt tal hennar bar vott um hæðni og kulda. Caren lávarður skildi það ekki, og fanst það skemtilegt. En Lady Aðalheiður óskaði í hjarta sínu, að kveldið væri liðið. Hertogainnan leit hirðuleysislega á blómin, hún dáðist ekkert að þeim eða þótti neitt til þeirra koma. Þegar þau höfðu verið úti hér um bil hálfan klukkutíma, sagði hún, að blómin væru alt öðru visi, en hún hefði búist við, og fór svo til henbergja sinna. Hún hataði nú Lady Aðalheiði meira en nokkru sinni áður, og ásetti sér á ný, að vinna þann mann, sem hún elskaði, hvað svo sem það myndi kosta.

LIV. KAPÍTULI.

Þrjár rósir hafði Lady Aðalheiður slitið upp og sett í vatn. Sú fyrsta var visnuð, önnur byrjuð að föna, en sú þriðja stóð í blóma.

Að eins þrjá daga, — og svo var vonandi, að hið föla, þreytulega andlit Aðalheiðar, myndi fá sinn fagra roða aftur. Að eins þrir dagar! Þá yrði allur kvíði og öll sorg horfin. Hún herti sig upp. Hún hugsaði með sjálfri sér, að hræðsla sín væri óþörf, og ekki nærri eins mikil hætta á ferðum eins og hún væri að gera sér í hugarlund.

"Ég elska hann svo heitt", sagði hún við sjálfa sig, "að ég tel hvert augnaráð, sem hann geiur henni og hvert orð, sem hann talar við hana. En það getur skeð, að ég hafi rangt fyrir mér, og að mér með guðs hjálp takist enn þá að vinna hann".

Henni varð gengið inn í búnings herbergi her-

togainnunnar, og henni létti ósegjanlega mikið, er hún sá ferðakistuna standa þar tilbúna fyrir ferðina. Hertogainnan hafði hlegið að þeim og sagt við sjálfa sig, að það mætti gjarnan fylla þær fyrir sér, en aldrei skyldi hún nota þær framar.

Aðalheiður sá, að hertogainnan sótti miklu meira eftir Allan, en hann eftir henni. Hún las í hjarta hertogainnunnar, og skildi til fulls öll áform hennar. Hún sá, að maður hennar var algerlega óvitandi um þetta alt saman. Væri Caren lávarður látinn einráður, mundi hann aldrei gera sig sekan í neinu svo óheiðarlegu, hvað svo mikið, sem hann liði við það. En þegar frábærlega fögur, kæn og ilskufull kona freistaði hans, eftir því sem hún gat, kona, sem hann hafði fyrir ekki löngu síðan elskað, — þá var ómögulegt að segja um, hver endirinn yrði.

Hún var ekki viss um, hvort Allan var reiður við hana eða ekki fyrir framkomu hennar kveldið áður. Hún hafði að vísu ekki komið öðruvísi fram, en gestrisinni húsmóður bar, en hún vissi ekki, hvort hann hafði skilið hina réttu orsök til breytni hennar.

Hann hafði verið mjög þegjandalegur eftir að hertogainnan yfirgaf þau. Hann sökti sér algerlega niður í hugsanir sínar, og oftar en einu sinni varð hún vör við, að hann horfði á hana, eins og hann vildi reyna að geta sér til um hugsanir hennar.

Skyldi hann reiðast henni og tapa þolinmæði sinni, áður en hún hefði lokið ætlunarverki sínu? Mundi hann segja henni, að hún mætti ekki ergja her togainnuna með nærveru sinni, sem henni augsýnilega væri á móti skapi? Ef hann gerði það, þá var alt tapað, því hún þorði ekki að óhlýðnast honum. Þá var öll viðleitni hennar til að frelsa hann

til einskis. Augu hennar fyltust tárum við þessa hugsun.

"Guð hjálpi mér, því ég á svo erfitt", sagði hún.

Hún reyndi að taka öllu með ró, gekk svo út og reif upp fjórðu rósina, og setti hana hjá hinum, sem fyrir voru.

Þó hertogainnan hefði ekki ráðið sér fyrir reiði kveldið áður, var hún búin að jafna sig næsta dag við morgunverðinn. Hún var viðgjarnleg við Lady Aðalheiði, þótt hún sæi, að í henni hafði hún fundið mótstuðumann, er jafnaðist á við hana sjálfa. Henni fanst samt hún geta verið hlýleg og vingjarnleg við hana, því þetta kveld ætlaði hún sér að spila út sínu síðasta háspili, — og vinna. Og ef það hepnaðist henni, vissi hún að hún mundi leiða sorg og smán yfir höfuð Lady Aðalheiðar, — en það var það, sem hún óskaði svo heitt eftir að geta gert.

Á meðan á máltíðinni stóð, stakk einhver gestanna upp á því, að gestirnir skyldu skemta sér við að skoða gróðrarstiurnar, og allir féllust á það.

"Yður mun þykja gaman að því", sagði kafteinn Randolph við Lady Aðalheiði, "jafnmikið gaman og þér hafið af blómum. Ég trúi varla, að þér hafið séð öll hin fögru blóm, sem finnast þar".

Lady Aðalheiður leit framan í kafteininn og brosti svo raunalega, að hið harðasta hjarta hefði hlotið að kenna í brjósti um hana.

Hvernig gat hún haft ánægju af nokkrum hlut, þegar hún varð alt af að vera á verði, sem henni fell svo frámunalega illa? Skyldi hún nokkurntíma hafa ánægju af nokkru? Ætli hún yrði nokkru sinni hamingjusöm? Myndi hún nokkurntíma losna við sorgir og áhyggjur, og mega baða sig í sólskini og gleði eins og aðrir gerðu?

Kafteinn Randolph stundi þungan. "Ef hún hefði verið konan mín, skyldi ég hafa gert hana á-

SKÁLDIÐ

J. Magnús Bjarnason.

Í vorum vestræna þjóðflokki hér eigum vér margan nýtan dreng, sem betur fer. Allir hafa orðið að stríða við fátækt og allskyns á flestan hátt í gegnum þá hörðu baráttu, að geta orðið sér og þjóð sinni nýtir menn. Mentaþrá og manndómsmöguleikar hafa vaknað og knúð menn áfram. Allar raunir, öll þreyta og varátta hafa horfið fyrir þeirri sælu von, að verða sjálfum sér og þjóðflokki sínum til sæmdar og gagns. Þessi dæmi eru fjöldamörg til meðal vor, sérstaklega frá elztu og örðugustu tímum vorum í öllu þessari.

Ungu mennirnir — mállausu og allslausu — sem komu hingað fyrir 30 árum síðan, og eru nú orðnir sómi þjóðar sinnar, — þeir bæði eru, og ættu að vera, fyrirmynd ungu mannanna, sem nú alast hér upp í þjóðflokki vorum. Þeim ungu ætti ekki að þykja skömm að því, að vera afkomendur þeirra, eða telja þá sína nánustu vini og frændur. Þeir ættu að skoða þá, sem sannar hetjur, af góðum og göfugum þjóðflokki komnar, og hafa hugfasta baráttuna, sem þeir höfðu við að stríða, til þess að geta komið sér áfram.

Því er það alveg ófyrirgefanlegt af æskumönnum vorum nú, ef þeir leggjast í rænuleysi og sláþingjaskap. Því þrátt fyrir það, þó efnaskortur sé sumstaðar til fyrirstöðu, þá er margfalt hægra nú á allan hátt fyrir unga Íslendinginn, sem hér fæðist og uppelst, að koma sér áfram til manndóms og menningar, heldur en var fyrir allslausu frumbyggjarana.

Skáldið J. Magnús Bjarnason er áreiðanlega einn af vorum gömlu allskyningjum, sem nú er orðinn sér og þjóð vorri til mesta sóma og uppbyggingar. Persónuleg kynni hafði ég engin af þeim manni fyr en í þessari minni fyrirlestrarferð. Ég var hjá honum rúmlega dag um kyrt og tvær nætur. Viðmót alt og greiði yndislega bróðurlegt. Enda veit ég að hver maður hefir mjög gott af, að kynnast þeim manni. Hann er vandaður dánumaður, vill ekki vamm sitt vita, og vill að allir séu góðir og heiðarlegir menn. Hann er maður afbragðsvel mentaður, þó það sé mest sjálfsmentun, og hefir kent mörgu ungmenni undir æðri skóla, — latínu og þýzku og aðrar fræðigreinir. Ekkert liggur þyngra og alvarlegra á hjarta hans, en velferð ungdómsins. Enda hefir hann verið barnakennari — og er enn — undir 20 ár, og viðurkendur einn sá allra bezti, sem hægt er að fá.

"Mig langar til að gera góða menn og konur úr börnunum, sem ég hefi hönd yfir, og ég held það sé kennaranum að kenna, sem hefir börnin undir sinni hendi og umsjón í 7—8 vetur, ef óknytta ólán hendir þau, þegar þau eru orðin sjálf sér ráðandi. Ég gleymi aldrei þeirri ábyrgð, sem mér finst hvíla á mér gagnvart börnunum, sem mér er trúað fyrir að beina á réttar brautir í gegn um lífið. Og börnin elska mig og vitanlega taka alt fyrir heilagan sannleika, sem ég segi þeim, og þess vegna verður ábyrgðin svo þung, og vilji minn svo sterkur til að leysa starf mitt af hendi eins vel og mér er mögulegt. Ég þoli líka hvað sem sagt væri um ritverk mín og skáldskap, því ég veit það eins vel og nokkur annar, að þar kunna að vera margir gallar á. En væri borið last á mig fyrir barnakenslúna — það þyldi ég ekki, því guð veit, að það verk vinn ég af samvizkusemi".

Þannig mælti J. M. Bjarnason við mig.

Eins og öllum hér er kunnugt, þá varð J.M.B. mjög veikur — líklega fyrir ofmikla andlega áreynslu — og var um tvö ár suður í Dakota undir læknis umsjón, Dr. M. Halldórssonar, þar náði hann miklum bata og er nú furðanlega góður orðinn til heilsu. — Tvö snildarverk hefir Dr. Halldórsson unnið þjóð sinni hér, sem gerði hann frægan, þó ekkert hefði verið annað: Að reisa upp frá dauða vora mestu rithöfunda og ágætismenn, þar sem eru séra Jón Bjarnason og skáldið J. M. B. — Enda þykir Magnúsi vænt um Dr. Halldórsson, og ber honum hið bezta orð.

Nú líður J. M. B. eftir ástæðum fremur vel. Hann kom með stóra skuld að baki eftir sin veikinda ár. Af henni hefir hann þegar borgað helming, og keypt þarna á Marshland 20 ekrur og bygt laglegt hús, á góða húsmuni og yfir höfuð laglegt og viðkunnanlegt heimili. — Ég hygg og ég óska, að þessi staður verði hans framtíðar heimili, því hann hefir þar almenningshylli. Hann hefir þar mikil áhrif, og vill hvervetna láta gott af sér leiða. Og áltur á hina hliðina þykir öllum þar vænt um hann og meta mannkosti hans og hæfileika, og eru, og hafa verið, með sóma og prýði boðnir og búnir til þess, að hjálpa honum og greiða hans veg.

Mér er hin mesta ánægja, að geta sagt frá þessu, því ég er einn af þeim mönnum, sem óska af heilum hug, að slíkum gæðamanni, sem J. M. B. er, gæti alla tíð liðið vel, og notið sinna hæfilegleika þjóð vorri til gagns og uppbyggingar, og ég er þakklátur öllum, sem kunna að meta ágætismennina, meta málminn sem hreinn er, fram yfir blendinginn og sorann.

Lárus Guðmundsson.

ÚR SUÐRINU.

Fyrirlestur eftir

Lárus Guðmundsson.

[Framh. frá síðasta blaði].

Hvernig stendur á því, að enginn á þar meira en til næsta máls? Þannig munu margis eðlilega spyrja. En ég get ekki svarað því, og mér er það að mörgu leyti óskiljanlegt. Svarið verður sama og áður: fólkið er svo hjartanlega ánægt með kjör sín, að það gerir engar frekari kröfur til lífsins, og elskar hægðina fram yfir alt. — Verzlunarmaður í Chicora sagði mér, að bændur þar hengsluðust við að vinna 3 mánuði af árinu, en gerðu ekki handarvik hina 9 mánuðina. — Þetta er nú samt á hans ábyrgð, en ekki minni ábyrgð. — Ég held, að framkvæmd og drift í búnaði hafi að stórum mun lamast þegar þrælsböndin voru leyst þar syðra. Og það á eim mjög langt í land, að geta náð sér aftur. Lönd lögðust í eyði eftir stríðið, og mörgu var spilt meðan á því stóð, eins og gefur að skilja, þau vegsummerki sjást þar alt yfir. En í meðvitund hvíta manna þar lifir sá sami andi, sem áður var, að einungis svarti maðurinn og konan eigi að þræla og vinna alt, og vera undirgefin þeim hvítu. Þeir eru skoðaðir þar enn, öldungis á sama stigi og múlasninn eða uxaparið. Og í efnalegu tilliti eru þar æði víða landspartar og héruð, sem eru í sárum og eymd eftir þrælastríðið, þó langt sé umliðið, eða full 40 ár.

Eins og fólk er þar hjartanlega ánægt að öllu leyti — nema þrælafrelsinu unir það aldrei — eins er það hvervetna framúrskarandi alúðlegt og kurteist í viðmóti við hvíta menn. Það sýnist vilja alt fyrir mann gera, og auðsýna velvild í öllu. Og þannig mættu mér allir úti á landsbygðinni. En þegar ég sagðist vera efnalaus og þurfa hjálp og liðsinni þeirra til að setja mig niður, og fá matarforða til að lifa á yfir veturinn, og að ég aftur á móti væri smiður og á margan hátt þénugur að laglæra og vinna fyrir þá ýmislegt, — þá kom vandræðasvipur á andlitið á þessum góðu og alúðlegu mönnu. Þeir gátu það ekki — þeir höfðu ekkert að missa. Og ég er nærri viss um, að sumir af þeim að minsta kosti, urðu öldungis hissa á þessari kátlegu fyrirhyggju minni. En undir svona lög, uðum kringumstæðum var mér ómögulegt að svo stöddu að setja mig niður á meðal þeirra. En að ekki sé lífvænlegt fyrir mann með norðlenzkri ráðdeild og dugnaði að búa þar, því dettur mér ekki í hug að halda fram. En sá maður þyrfti að vera algerlega sjálfstæður, með góð eini, sem setti sig þar niður meðal þeirra.

Og svo er þá bezt, að vér borðum með þeim miðdagsverð áður en við skillum við blessaða bændurna, því ekki stendur á góðgerðunum, og þeim kann að mislíka, ef boðnu er hafnað. Gesturinn er æfinlega settur í göfugasta sætið við borðið, og nú hvílir sú skylda á honum, að lesa borðbænina. þar er ekkert undanfæri. En á hvaða máta hún er flutt, gerir minna til. Diskar eru grunnir en frekar stórir, sem betur fer, því nú er öllu rutt í gestinn í einu: "Sweet Potatoes", "Greens" — grænsvart kál, ákaflega vont, á bragðið, en uppáhaldréttur mikill — steiktur svínaketshuppur ("Bacon"), grjónagrautur, þykkur eins og kökudeig, og er yfir hann helt svínafeiti. Þessu verður gesturinn að hnoða öllu á diskinn sinn, og hella yfir drjúgum skamti af sirópi, sem þeir búa til úr sykurreyr. Síðan er honum rétt stórt fat með heitu maísbrauði, sem húsbóndinn hefir brotið niður í stykki Mér datt í hug: "Hann braut brauðið", — það hefir líklega verið maísbrauð. — Svo geta þeir vinir mínir fengið eins mikið af bleksterku kaffi eins og þeim þóknast, því kaffi er ódýrt þar syðra, og líka mikið drukkið. Smjör er yður ekki boðið. En sirópið megið þér borða miskunarlaust. Og fyrst vér erum mettir, þá er bezt að koma út á veggsvalirnar. Öll hús eru þannig bygð, að 8—10 feta breiðir pallar eru meðfram báðum hliðum hússins, og er kallað "Gallery". Vanalega gangur í gegnum mitt húsið, stundum 8—10 feta breiður, og þá brúkaður fyrir borðsal á sumrum, en sé það ekki, eru hurðir látnar standast á. Við gafla hússins eru reykháfar bygðir að utan, sem eru afar breiðir að neðan, og mynda eldstæði niður við gólfið inni í húsinu (Fireplace) þar er kynt og hitað húsið á vetrum. Gluggar eru sumstaðar engir, að eins hleraar. Vanalegast eru hússin einlyft, gólf einfalt, en veggir tvöfaldir, — innri og ytri klæðning. "Plastering" sá ég hvergi suður frá. Já, við skulum ganga út á svalirnar, og annaðhvort setjast þar niður, eða kippa með okkur koddasnepli, og leggja okkur þar flata niður eftir máltíðina. Og til þess að fylla nú fíagsskapinn, þá kemur húsfreyja og sest í ruggustól, og krakkarnir allir þar í kring. Síðan er komið með nokkrar stangir af sykurreyr, og kassagarm til að fleyja hýðinu og tuggunum í, og við þetta er setið: að tyggja reyrinn, þar til einhver fær það innfall, að sitthvað þurfi, að gera eða sé ógert. En oft sofna menn líka út frá þessari sælu.

ANÐLEG MENNING

Menningarstig fólks þar í andlegum efnum, ætti ég að dæma vægt. En óhætt mun vera að halda því fram, að fólk standi þar yfirleitt langtum lægra, en gerist hér nyrðra, þegar allur fjöldinn er tekinn, og allir skólar og kensla ófullkomnari. Yfir höfuð var alt andlegt líf þar afar dauft. Skemtanir helst að koma saman í hús til að hlusta á talvél Edisons, — alt kveldið, sama upp aftur og aftur. Sönglist er enga um að ræða aðra en þá, að sperrast við, að hafa sem hæst. Lítið um ræðuhöld og þess háttar. Dálitið dansað af unga fólkinu, en ekkert yfir hóf fram. Engin félagsskapar samtök varð ég var við nema hornleikaraflokk, sem Guðmundur sonur minn stýrir. Ekkert verkamannafélag eða "Union" til þar. — Fólk er þar gamalt í sjöum og að sumu leyti sérvituri og fylgir fast gömlum venjum. Til dæmis er eitt Ef manneskja deyr, ung eða gömul, þá safnast heill skari af fólki þang að saman, og morrar allar nætur yfir líkinu, þangað til jarðsett er. Aldrei er gert handarvik á sunnu, dögum, og á ytra borðinu mikill guðræknisblær á fólki. Og hræddur er ég um, að þeim falli ekki vel mikil bibliu kritik, og sá prédikari sem væri nógu strangur og gamall í hettunni, mundi gera þar miklu meiri lukku en þessir ungri, sumir hverjir.

Yfir alt Mississippi riki er vinbann. — En staldrið nú ögn við, vinir mínir, ég þarf að minnast á jólin. Í Chicora munu vera um eitt þúsund verkfærir menn, og til þeirra var flutt 500 — segi og skrifa fimm hundruð — galónur af whiskey, fyrir utan ótalda bjórkúta. Þetta er áreiðanlega satt. Og alt kom þetta frá Mobili í Alabama. Og óhætt er að fullyrða að aldrei liði þar nokkurt laugardagskveld svo yfir, að ekki sé sopið meira eða minna af bjór og whiskey. — Já, svo komu blessuð jólin, og ballið byrjaði á aðfangadagsmorgun, og stóð í 6 daga samfleytt og hvíldarlaust, öllum myllum og verkstæðum lokað, og heyrðist ekki einn blástur þaðan, yfir þeim hvíldi kyrð grafarinnar. En skotum og flugeldum rigndi stanslaust nótt og dag frá innbúum þessarar litlu Betlehem, sem voru að gleðja sig yfir komu barnsins og Bakkusar. Ég hefi aldrei séð meira og líkara ganga á hér í Norðurríkjunum um 4. júli, — betra ekkert vinbann sé, en að svona til hagi. — En svo var byrjað að vinna, og enginn minntist á nýársdag, eða merking hans að nokkru. — Meiri partur af konum, sérstaklega gömlum rausnar og heiðurskonum, tyggja þar skozkt Snuff. Þessum eldsterka tóbakssalla hnoða þær alt í kring um tanngarðinn í neðri skoltinum, og bullar þá stundum út úr blessuðum munnvikjunum. En það gerir ekkert til, — þetta er gamall og heiðvirður þjóðarvani. Eins og það, að hver einasta karlmannsmynd, frá drengtappanum 8—10 vetra og upp í gráhærða karla, reykja cigarettur. En engan þarlendan karlmann sá ég tyggja Snuff. Það var einungis í verkahring kvennanna. Svo er vaninn rótgróinn, að engann föður eða móður vissi ég finna að eða banna börnum tóbaksbrúkun.

Meiri partur af innlendu fólki þar er grannleitt og mókleitt að útliti og ásýnd, en háralitur ler jöfnum höndum hvitleitur og svartur. — En því má ég aldrei gleyma, að fólkið er framúrskarandi alúðlegt og kurteist í öllu viðmóti. Og nú hefi ég eingöngu átt við hvíta þjóðflokkinn.

FRÉTTABRÉF.

Úr bréfi frá Steinback, man., 13. april 1908: "Fáar eru fréttir héðan. Þessi síðastliðni vetur hefir verið sá bezti í manna minnum, hér um bil snjólaust fram að febr. en þá skifti um, og snjóaði þá alt af öðru hvoru til loka marzmánar, og var hér norðanbylur 1. apr. Eftir það breyttist tíðin til batnaðar, svo nú er allur snjór horfinn — Mennonítar, þrátt fyrir trúarlegt siðgæði þeirra, voru farnir að tala ljótt um tíðarfarið í marzmánuði. — Talsverður innflutningur manna er í þessa bygð, bæði af Pólverjum og Galicíumönnum og ýmsum öðrum mönnum. Svert þessi er því, orðin regluleg ruslakista á yfirstandandi tíma.

"Ekki get ég stilt mig um, að andmæla harðlega því, sem Guðm. Friðjónsson hefir ritað um slenzk kvenfólk. Allir menn, sem íslenzkar mæður eiga, víta, að hann talar hin ósvífnustu ósannindi, og er slík árás á íslenzkar konur gersam lega ófyrirgefanleg.

"En svo ég hlaupi úr einu í annað, vil ég geta þess, að þjóðverjar í þessari bygð hafa miklar mætur á íslenzkum bókmentum, og vilja kynnast íslenzkum bókum, helzt sögum. En það finna þeir helzt að þeim, að þær flytji ekki myndir af mönnum og viðburðum á þeim tíma, sem þær eru ritaðar á. Þeir segja, að lesendurnir fái miklu skýrari hugmyndir um eini sagnanna og viðburðina, ef myndir væru hér og hvar í þeim bókum. Menn hér hafa þá skoðun, að þegar myndir eru í sögunum, þá séu þær miklu læsilegri og þeim verði betur trúað en ella. — Vinsamlegast, Magnús Johnson".

Opinber yfirlýsing

Við undirritaðir gerum hér með kunnugt, öllum, sem það getur áhrært að einhverju leyti, en sérstaklega lesendum Hkr., að þá vorum við, ásamt konum okkar, sem tókum þátt í og héldum herra Gísla E. Bjarnasyni "heiðurssamsæti" hinn 15. febrúar sl. Og að við gerðum það í heiðurs og velvildarskyni við herra Bjarnason, sem að voru áliti er, og hefir allajafna reynst oss að vera, mesti heiðurs og sómamaður. Frásögn herra E. H. Johnsonar um samkvæmi þetta er ekkert hrós eða ofloí, heldur skýr og alveg látlaus frásögn um samkvæmi þetta og herra Bjarnason sjálfan persónulega.

Við látum svo þetta duga, sem svar upp á grein sem birtist í Hkr. 16. f. m., með fyrirsögn: "Frá Thistle, Utah". En um tilgang velsæmismennisins með þennan samsetning, eftirlátum við lesendum Heimskringlu að lesa á milli línanna í ofannefndri grein.

Spanish Fork, Utah, 1. Ma' 1908

W. Jones Bowen, Mrs. Dena Bowen, Helga Jones, Bárður á Búrfelli, G. Böðvarson, Mrs. G. Böðvarson, Siggi Johnson, Kelly Jameson, Halldór Johnson, Mrs. Árni A. Johnson, Sverrir Johnson, Guðrún S. Johnson, Markús Johnson, Bjarni J. Johnson, John Hreinson, Einar Anderson, Bóas Anderson, Jr., Geo. B. Anderson, B. B. Sveinson, Gísli Gíslason, Mundi Gíslason, Ísleikur Ólafsson, Mrs. E. H. Johnson, Mrs. M. Johnson, Mrs. B. J. Johnson, Mrs. Nena Anderson, Mrs. S. B. Sveinson, Mrs. Gísli Gíslason, Oli H. Olson, Magnús Gíslason, Mrs. Magnús Gíslason, Mrs. Sina Gíslason, Mrs. Ísleik Ólafsson, Erick Hanson, Ed. C. Christianson.

Ritstjóri Heimskringlu! Gerið svo vel og birtið þetta í blaði yðar við tækifæri.

Íslendingar í Spanish Fork, Utah.

— Standard oliufélags málið standur nú yfir í Chicago. Félagið vill komast hjá að borga 29 milíón dollara sektina, sem Landis dómari lagði á það. Búist er við, að mál þetta vari 3 til 4 daga fyrir réttinum.

SKRÁSETNING KJÓSENDA Í WINNIPEG WEST

KJORDÆMINU.

Opinber tilkynning er hér með gefin, að samkv. ákvæðum skrásetningar og endurskoðunar kjörlista laganna í þessu fylki, hefir verið ákveðið, að gera upp og end urbæta kjörskrármarar fyrir WEST WINNIPEG kjördæmið. Dagar þeir og klukkustundir, sem skrásetning kjósendanna skal fara fram samkvæmt beiðni þeirra, skulu vera þriðjudagur, miðvikudagur og fimtudagur, 26., 27. og 28. maí 1908, frá kl. 9 fyrir hádegi til klj 12 á hádegi, og frá kl. 2 til kl. 6 og frá 7.30 til kl. 10 eftir hád.

Stærðir og takmörk hinna ýmsu skrásetningardeilda og staðir þeir, sem skrásetningin fer fram í hinum ýmsu deildum, og nafn þess manns, sem skipaður hefir verið til þess, að veita beiðni um skrásetningu á nöfnum kjósendanna viðtöku, er svo sem hér segir:

Skrásetningardeild No. 1 innibindur það svæði, sem takmarkast að norðan af Ellice Avene, að vestan af Landside Street, að sunnan af Portage Avenue og að austan af Balmoral Street. Skrásetjari er K. G. Bumpas, að 382 Young Street.

Skrásetningardeild No. 2 innibindur það svæði, sem takmarkast að norðan af Sargent Avenue, að vestan af Langside Street, að sunnan af Ellice Avenue og að austan af Balmoral Street. Skrásetjari er A. Patterson, 463 Spence Street.

Skrásetningardeild No. 3 innibindur það svæði, sem takmarkast að norðan af Notre Dame Avenue, að vestan af Langside Street, að sunnan af Sargent Avenue og að austan af Balmoral Street. Skrásetjari er H. Foster, að 591 Young Street.

Skrásetningardeild No. 4 innibindur það svæði, sem takmarkast að norðan af William Avenue, að vestan af Nena Street, að sunnan af Notre Dame Avenue og að austan af Isabel Street. Skrásetjari er J. A. Scanlon, að 118 Lydia Street.

Skrásetningardeild No. 5 innibindur það svæði, sem takmarkast að norðan af Alexander Ave., að vestan af Nena Street, að sunnan af William Avenue og að austan af Isabel Street. Skrásetjari er J. S. McCutcheon, á suðvesturhorni Kate Street og Elgin Avenue.

Skrásetningardeild No. 6 innibindur það svæði, sem takmarkast að norðan af aðal C.P.R járnbrautarsporinu, að vestan af Nena Street, að sunnan af Alexander Avenue og að austan af Isabel og Park Streets. Skrásetjari er G. M. Holmes, að 567 Logan Avenue.

Skrásetningardeild No. 7 innibindur það svæði, sem takmarkast að norðan af Ellice Avenue, að vestan af Maryland Street, að sunnan af Portage Avenue og að austan af Langside Street. Skrásetjari er A. Taít, að 562 Ellice Avenue.

Skrásetningardeild No. 8 innibindur það svæði, sem takmarkast að norðan af Sargent Avenue, að vestan af Maryland Street, að sunnan af Ellice Avenue og að austan af Langside Street. Skrásetjari er J. Olson, að 582 Sargent Avenue.

Skrásetningardeild No. 9 innibindur það svæði, sem takmarkast að norðan af Notre Dame Avenue, að vestan af Maryland Street, að sunnan af Sargent Avenue og að austan af Langside Street. Skrásetjari er Phillip Wright, að 662 Notre Dame Ave.

Skrásetningardeild No. 10 innibindur það svæði, sem takmarkast að norðan af William Avenue, að vestan af McPhillip Street, að sunnan af Notre Dame Avenue og að austan af Nena Street. Skrásetjari er J. Anderson, 787 Notre Dame Avenue.

Skrásetningardeild No. 11 innibindur það svæði, sem takmarkast að norðan af Alexander Ave., að vestan af Tecumseh Street, að sunnan af William Avenue og að austan af Nena Street. Skrásetjari er W. T. Doggitt, að 713 Pacific Avenue.

Skrásetningardeild No. 12 innibindur það svæði, sem takmarkast að norðan af aðal C.P.R. járnbrautarsporinu, að vestan af Tecumseh Street, að sunnan af Alexander Avenue og' að austan af Nena Street. Skrásetjari er R. Stone, að 749 Logan Avenue.

Skrásetningardeild No. 13 innibindur það svæði, sem takmarkast að norðan af Ellice Avenue, að vestan af Toronto Street, að sunnan af Portage Avenue og að austan af Maryland Street. Skrásetjari er W. Benson, að 694 Ellice Avenue.

Skrásetningardeild No. 14 innibindur það svæði, sem takmarkast að norðan af Sargent Avenue, að vestan af Toronto Street, að sunnan af Ellice Avenue og að austan af Maryland Street. Skrásetjari er T. W. Wright, að 542 Maryland Street.

Skrásetningardeild No. 15 innibindur það svæði, sem takmarkast að norðan af Notre Dame Avenue, að vestan af Toronto Street, að sunnan af Sargent Ave, og að austan af Maryland Street. Skrásetjari er J. Jones, að 659 Toronto Street.

Skrásetningardeild No. 16 innibindur það svæði, sem takmarkast að norðan af aðal C. P. R. járnbrautarsporinu, að vestan af McPhillips Street, að sunnan af William Avenue og að austan af Tecumseh Street. Skrásetjari er: R. P. Skelly, • að 257 Dorothy Street.

Skrásetningardeild No. 17 innibindur það svæði, sem takmarkast að norðan af Ellice Avenue, að vestan af Burnell Street, að sunnan af Portage Avenue og að austan af Toronto Street. Skrásetjari er W. Comba, að 356 Simcoe Street.

Skrásetningardeild No. 18 innibindur það svæði, sem takmarkast að norðan af Sargent Avenue, að vestan af Burnell Street, að sunnan af Ellice Avenue, að austan af Toronto Street. Skrásetjari er K. A. Benedictson, að 479 Simcoe Street.

Skrásetningardeild No. 19 innibindur það svæði, sem takmarkast að norðan af Wellington Ave., að vestan af Burnell Street, að sunnan af Sargent Avenue og að austan af Toronto Street. Skrásetjari er C. Hillman, að 604 Beverly Street.

Skrásetningardeild No. 20 innibindur það svæði, sem takmarkast að norðan af Notre Dame Avenue, að vestan af Burnell Street, að sunnan af Wellington Avenue og að austan af Toronto Street. Skrásetjari er H. B. Skaptason, að 744 Beverly Street.

Skrásetningardeild No. 21 innibindur það svæði, sem takmarkast að norðan með framlenging Sargent Avenue og beinni línu vestur að takmörkum borgarinnar, að vestan með vestur takmörkum borgarinnar, að sunnan með Portage Avenue og að austan með Burnell Street. Skrásetjari er W. S. Thorn, að 640 Lipton Street.

Skrásetningardeild No. 22 innibindur það svæði, sem takmarkast að norðan af William og Notre Dame Avenues, að vestan af vestur takmörkum borgarinnar, að sunnan af framlenging Sargent Avenue og beinni línu vestur af vestur takmörkum borgarinnar, og að austan af Burnell og McPhillips Streets. Skrásetjari er: R. S. Gordon, að 1158 Garfield Street.

Skrásetningardeild No. 23 innibindur það svæði, sem takmarkast að norðan af aðal járnbrautarspori C. P. R. flagsins, að vestan af vestur takmörkum borgarinnar, að sunnan af William Ave. og að austan af McPhillip Street. Skrásetjari er S. Sparks, 1505 Ross Avenue.

Hinir ýmsu skrásetjarar verða til staðar hver á þeim stað og í þeirri deild, sem honum hefir verið úthlutuð, til þess þar að veita viðtöku andmælum, sem gerð kunna að verða gegn nöfnum kjósenda, sem skrásettir hafa verið, — á föstudaginn 29. maí 1908 milli kl. 9 fyrir hádegi og 12 á hádegi, og 2 til 6 eftir hádegi.

Endurskoðunar rétturinn — COURT OF REVISION — verður haldinn á laugardaginn 13. jún 1908, í kjallaranum undir íslenzku kirkjunni á horninu á Sargent Avenue og Sherbrooke Street milli kl. 10 fyrir hádegi og kl. 6 eftir hádegi, með uppihaldi um hádegið.

Dagsett á skrifstofu fylkisritarans þann 11. dag maí mánaðar ár 1908.

G. R. Coldwell,

Fylkisritari.

WINNIPEG

Íslenzkir kjósendur eru áminntir um, að gefa sig fram til skrásetningar í þeirra sérstöku deildum hér í borginni, sem auglýst er í þessu blaði að fram eigi að fara í næstu viku, á þriðjudag, miðvikudag og fimtudag, 26., 27. og 28. þ.m.

Í Winnipeg og Brandon bæjum verða þeir ALLIR að gefa sig fram til skrásetningar, sem vilja eiga atkvæðisrétt sinn óskertan. Gömlu listarnir verða með öllu ónýttir og algerlega nýjir listar gerðir upp í þessum nefndu borgum.

Heimskringla vonar, að hver einasti atkvæðisbær Íslendingur hér í borg láti skrásetja nafn sitt á þessa nýju lista. — Auglýsingastjórnarinnar í þessu blaði sýnir takmörk hinna ýmsu skrásetningardeilda og staðina, þar sem skrásetningin fer fram.

Í líkskoðunarnefnd þeirri, sem rannsakaði orsakir til dauða Gísla sál. Jónssonar, sem getið var um í síðasta blaði, voru þeir herrar Stefán Sveinsson og Jón Ólafsson, fóðursalar, auk þeirra Íslendinga, er þá voru taldir. — Nefndarmönnum kom saman um, að engum væri sérstaklega að kenna um slys þetta. En ráðlagði hinsvegar, að spor yrði þegar tekið til þess, að tryggja umferð almennings eftir götum borgarinnar, þar sem járnbrautir renna yfir, svo að annað eins slys og þetta þurfi ekki framvegis að koma fyrir hér í borginni. Væntanlega verður sú tillaga nefndarinnar tekin til greina, þannig, að bæjarstjórnen heimti það af járnbrautafélögunum, að þau hafi gæzlumann á öllum strætum þar sem spor þeirra liggja yfir, til þess að verndá borgarbúa frá bráðum bana af völdum lestagangs.

Valdimar Melsted, frá Gardar, N. Dakota, sem á þessu vori útskrifast frá Grand Forks háskólanum, kom til bæjarins í sl. viku, eftir nokkurra daga ferðalag um Dauphin héraðið í Manitoba í erindum fyrir félag eitt í Grand Forks, sem starfar að því, að mynda félög til þess að skapa nýjar iðngreinar, þar sem útlit er gróðavænlegt. Herra Melsted fann og rannsakaði cement náma í Riding og Duck fjöllum, á stóru svæði fyrir vestan Dauphin. Á svæði þessu fann hann óþrjótandi gnægð af frægasta cements efni, sem hann telur að taki langt fram cement-efni því, sem er norðvestur af Mountain bæ í Norður Dakota. Framleiðslan segir hann hljóti að verða nokkuð dýr, vegna þess verðs, sem sé á kolum, en þau eru aðal útgjaldaliðurinn í framleiðslu kostnaðinum. Svo leizt honum vel á náma þessa, sem engum voru áður kunnir, að hann telur tilbúning cements þar mjög áðitlegt og arðvænlegt gróðafyrirtæki, bæði vegna þess, hve dýrt það cement er, sem flutt er að austan hingað vestur, og einnig vegna þess, að það er varanlegra byggingaefni en timbur, og verður ódýrara með tímanum. Herra Melsted telur eng ann efa á, að cement-efni það, er hann fann, sé í alla staði jafn gott og bezta "Portland Cement", sem hingað flyzt að austan. Hann hafði með sér sýnishorn, sem hann ætlar að skoða nákvæmlega á skóla sínum strax að afloknum prófum, sem þar eiga að fara fram timanlega í næsta mánuði. Reynist sýnishorn þessi eins góð og herra Melsted hyggur þau að vera, þá verður félag tafarlaust myndað til að vinna námana.

Í dánarfregn frá Swan River í No. 31 Hkr. stóð nafnið "Ásta Þórunn", en átti að vera ÁSTA ÞÓRA JÓNASDÓTTIR Skagfjörð. — Þetta eru lesendur beðnir að athuga.

Herra Jóhann Bjarnason, guðfræðisnemandi, kom frá Chicago í sl. viku að afloknu náminu. Hann fór til Nýja Íslands til þess að stunda þar starf sitt í sumar. Vigslu tekur hann væntanlega í sumar.

Herra B. B. Halldórsson, hóteleigandi í Cypress River, var hér bænum í sl. viku. Hann sagði hveiti þar vestra nú komið upp 6 til 8 þumlunga, og útlit hið bezta. m

Dr. Sig. Júl. Jóhannesson hefir flutt alfarinn frá Chicago og sett sig niður í bænum Leslie í Saskatchewan fylkinu. Dr. Jóhannesson tók próf þar vestra, og gekk það vel. Væntanlega á hann þar góða framtíð fyrir höndum.

Næsti og síðasti fundur Menningarfélagsins á þessu vori verður haldinn í Únitara kirkjunni næsta þriðjudagskveld, þann 26. þ.m. kl. 8. Þá flytur Gísli Johnson erindi, efni óákveðið. Líka verða kosnir embættismenn fyrir næsta kjörtímabil. Allir velkomnir kostnaðarlaust.

Herra Júlíus Sólmundsson, frá Gimli, kom til bæjarins á fimtudaginn var úr skoðunarferð um bygðir Íslendinga í Saskatchewan fylki. Hann ferðaðist þar meðal bænda og baslara um tveggja vikna tíma, og skoðaði einnig landið suður og vestur af nýlendunni, alla leið til Touch Wood hæða. Svo segir Júlíus, að bygð Íslendinga frá Fishing og Foam vötnum að norðaustan og suðvestur að Quill vatni sé hið fegursta land, er hann hafi litið, og að hann skoði framtíðarhorfur Íslendinga þar betri en nokkurstaðar annarstaðar í Canada. Hr. Sólmundsson festi sér land þar vestra og er staðráðinn í að flytja þangað vestur við fyrstu hentugleika. Búskapur bænda er þar í bezta lagi, þegar tilht er tekið til aldurs bygðarinnar. Bændur vinna þar með atorku og hyggjindum og eiga vafalaust góða framtíð í vændum. Hann kvað sér hvervetna hafa verið vel tekið og bað Heimskringlu, að færa bygðarbúum beztu þakkir fyrir alúðlegar viðtökur.

Með Júlíusi var í ferð þessari herra Gísli Benediktsson, frá Gimli. Hann festi sér einnig land þar vestra, og er að öllu leyti Júlíusi samdóma um bygðina.

Herra John Hallson, trésmiður hér í bæ, fór um síðustu helgi alfluttur vestur í Leslie bæ í Saskatchewan fylki, og hygst hann að reka þar timburverzlun.

Þann 16. þ. m. gaf séra Friðrik J. Bergmann saman í hjónaband þau herra Guðmund Árnason, matsala í félagi þeirra Clemens, Árnason & Pálmason, og ungfrú Lauru Guðrúnu Polson. Hjónavígslan fór fram snemma morguns og að henni lokinni héldu hin ungu hjón með járnbraut austur um fylki. Þau búast við að verða komin heim aftur og veita kunningjum sínum móttöku að heimili sínu 562 Sherbrooke St. þann 1. júní næstkomandi.

Árni Thorarinsson, frá East Selkirk, var hér á ferð í sl. viku. — Kvað engar fréttir markverðar úr sínu heimkynni. Sex nautgripum tapaði hann í Rauðá, er ís leysti af henni seint í sl. mánuði, taldi hann það $200 tap.

Herra Jón Runólfsson, frá Minneota, Minn., kom til bæjarins um síðustu helgi og hyggur að dvelja hér vestra í sumar. Hann segir útlit hið bezta syðra og akrar allir grænir þar.

Séra Hans Thorgrimsen, frá Akra, N.D., var hér í bænum í þessari viku. Hann var aðal ræðu- og söngmaður á þjóðhátíð Norðmanna, sem haldin var hér þann 18. þ.m. Hann hélt fyrirlestur kveldið eftir í Tjaldbúðarkirkju um fegurð íslenzkrar tungu og bókmenta. Hann hélt heimleiðis aftur í gærdag.

Bæjarstjórnin telur 118 þúsund íbúa í Winnipeg á yfirstandandi tíma. Skattgildar eignir hafa og vaxið talsvert á sl. ári, eru nú orðnar yfir 100 miliónir dollara. Skattálögur á þessu ári er búist við að verði líkar því, sem var í fyrra, eða máske heldur lægri.

Ungra Kristilegra Kvenna Félagið hér í borginni hefir í ráði, að byggja stórhýsi mikið á eigin reikning, er kosti minst 75 þúsund dollara. Þær hafa safnað fe til fyrirtækis þessa meðal borgarbúa, og orðið svo vel ágengt, að þegar eru fengnar um eða yfir 60 þúsundir. Eaton félagið gaf 5 þús. dollara, Ashdown borgarstjóri $1,500, og nokkrir gáfu þúsund dollara hver, og ýmsir fleiri smærri upphæðir, alt niður í 5 dollara.

"CONFIRMATION". — Ár 1908, dag 10. maimánaðar voru neðanskráð 11 ungmenni "confirmeruð" í hinni ev. lútersku kirkju "Concordia" safnaðar, Churchbridge, Sask., af prestinum séra Oddi V. Gíslasyni (nöfn í stafrófsröð):

Árni J. E. Johnson.
Gísli P. Norman.
Oddgeir B. Johnson.
Vigfús O. V. Melsted.
Vilmundur S. Loptson.
Elín A. B. Thorleifson.
Helga E. Bjarnason.
Herdís S. Loptson.
Sigríður J. Markuson.
Sigríður M. P. Norman.
Steinun V. Vigfússon.

ANDLÁTSFREGN. — Þann 9. apríl 1908 andaðist að heimili sínu Churchbridge, Sask., Guðni Johnson, og var jarðsunginn frá safnaðar kirkju sinni "Concordia" þ. 12. s.m., að aflokinni embættisgerð, af prestinum séra Oddi V. Gíslasyni.

Mrs. Halldóra Olson, í Duluth, Minn., hefir sent til Heimskringlu $10.00 peningagjöf, sem ganga á til þess, að senda málsvara fyrir Fyrsta Íslenzka Kvenfrelsis Kvenfélagið í Ameriku á fundinn í Amsterdam þann 15. júní næstk.

Þann 6. þ. m. setti kr. A. J. Johnson, umboðsmaður st. Skuld, I.O.G.T., eftirfylgjandi meðlimi í embætti:

F.Æ.T.—R. Th. Newland.
Æ.T.—Swain Swainson.
V.T.—Kristjana Thorarinson.
R.—Carólína Dalman.
A.R.—Ingib. Austdal.
F.R.—Gunnl. Jóhannsson.
Gk.—Jónas Bergmann.
Kap.—Mrs. Gróa Brynjólfsson.
D.—Ingibjörg Anderson.
A.D.—Helga Nielson.
V.—Ragnar Johnson.
U.V.—Víglundur Davíðsson.

Fundir stúkunnar eru á miðvikudagskveld í hverri viku í efri sal Goodtemplara hússins. Allir meðlimir beðnir að sækja vel fundi og koma í tíma. Fundir byrja kl.8

Á fundi stúkunnar Ísland, O.R. G.T., sem haldinn var þann 7. þ. m., setti umboðsmaður H. Skaftfeld eftirfylgjandi embættismenn í embætti fyrir næstkomandi ársfjórðung:

F.Æ.T.—Stefán Kristjánsson.
Æ.T.—Jón Ólafsson.
V.T.—Mrs. G. Brynjólfsson.
F.R.—Gunnar Goodman.
G.—Magnús Skaftfeld.
R.—Guðmundur Johnson.
A.R.—S. B. Brynjólfsson.
K.—Valgerður Friðriksson.
D.—Kristin Henry.
A.D.—Guðný Stefánsdóttir.
V.—F. Thorkelsson.

Þingboð.

Hér með tilkynnist hluta eigendum, að FJÓRÐA ÞING HINS ÚNÍTARISKA KIRKJUFÉLAGS ÍSLENDINGA Í VESTURHEIMI verður sett í íslenzku Únitara kirkjunni í Winnipeg — FÖSTUDAGINN ÞANN TÓLFTA (12.) JÚNÍ NÆSTKOMANDI, kl. 2 eftir hádegi.

Í umboði stjórnarnefndarinnar.

S. B. BRYNJÓLFSSON,
Varaforseti.

Séra Oddur V. Gislason frá Icelandic River, Man., dvelur nú um tíma, eins og áður, í Winnipeg að 710 Ross Avenue. Séra Oddur er canadiskur borgari og á ekki heima í Bandaríkjunum. Séra Oddur vinnur að prestsstörfum, á sínum stöðvum, vissa tíma, og svo hvar sem helzt hann er staddur, og leiðbeinir sjúkum, er ráða hans leita. — Séra Oddur skrifar þetta til leiðbeingar þeim, sem er svo annt um hann.

Þann 18. mai 1908.

Oddur V. Gislason, prestur.
710 Ross Ave., Winnipeg.

MUNIÐ EFTIR MÚNNUNUM Á YKKUR! — J. G. Snædal, tannlæknir verður á Baldur dagana 26., 27., 28. og 29. þ. m., alls 4 daga, og í Glenboro dagana 30. þ. m. og 1. og 2. júní næstk.

Friðþjófs Lögin

Öll Raddsett

Þau eru nýkomin hingað vestur og nú til sölu hjá N. OTTENSON, River Park. KOSTA 50 CENT.

Ö l lögin úr Friðþjófs sögu eru í þessari bók. Nótur og lesmál er skírt og frágangur allur hinn vandaðasti. Bókin kostar 1 kr. 50 aura í Stokkhólmi í Svíaríki, og má því heita að hún sé afar ódýr, þegar tillit er tekið til flutnings kostnaðar hingað vestur. Það má óhætt ful yrða, að hún sé lang ódýrasta íslenzk bók sem enn hefir verið seld vestan hafs. Aðeins fá eintök eru til sölu nú sem stendur, og ættu þeir sem bókina vilja eignast, að panta hana STRAX !!

GÓÐ VINNUKONA, sem kann öll vanaleg húsverk, getur fengið góða vist í fjölskylduhúsi hér í bæ. Kaup áreiðanlega borgað. — Hkr. vísar á staðinn.

UPPBOÐ
að Otto P.O.

UPPBOÐ

verður haldið hjá Runólfi Péturssyni, að Otto P.O., þann 28. mai þessa árs, á eftirfylgjandi munum og gripum:

Frá 20 til 30 nautgripir og allir innan húss munir, einnig skilvinda, vagn og sleði með fleiru.

Uppboðið byrjar kl. 1 eftir hádegi. Söluskilmálar verða birtir á uppboðinu.

R. PÉTURSSON.

Áskorun

frá Winnipeg General Hospital til íbúa Winnipeg borgar, um peningahjálp til viðhalds stofnuninni.

Líknarstarf Almenna spítalans hér í borginni hefir við vaxandi íbúatölu og aukinn innflutning aukist svo mjög á síðustu árum, að þar sem samlögð dagsh júkrun sjúklinga í ókeypis deildinni var árið 1993 24 þús. dagar, þá var það á síðasta ári (1907) komið upp í 54 þús. daga, — að eins fyrir bæjarsjúklingana. Viðhalds kostnaður hefir aukist að sama skapi, og er nú orðinn meiri en stofnunin fer staðist, þar til nú að spítalann skuldar 28 þús. dollara eingöngu fyrir viðhaldskostnað.

Daglegur kostnaður fyrir hvern sjúkling sýnir, að enginn stór spítali í þessu landi hefir sparsamlegri stjórn en Winnipeg spítalinn, og við niðurfærslu kostnaðarins hlyti notagildi sjúkrahússins að minka.

Starfssvið sjúkrahússins getur ekki minkað. Þeir sjúku og særðu í borg vorri verða að eiga aðgang að hjúkrun þar, og þetta verður bezt gert með því, að gera stofnuninni mögulegt, að eignast öll nýjustu og gagnlegustu tæki til sjúkdóms lækninga.

Borgin veitir árlega 40 þús. dollara til viðhalds spítalanum, og þó það sé stór upphæð, þá nægir hún að eins til þriggja mánaða viðhalds árlega. Stjórnarnefnd spítalans skorar því hér með á íbúa Winnipeg borgar, að styrkja nú spítalann, svo að hægt sé sem fyrst, að losa hann úr áhvílandi skuldum. Nefndin lítur svo á, að þetta sé heiðursspursmál borgarinnar.

Góðgirni sú, sem borgarbúar, og sérstaklega konur, hafa sýnt spítalanum, er algerlega nauðsynleg til viðhalds þeirri stofnun, og velunnarar þess álíta, að án þessa velvilja mundi Winnipeg spítalinn almenni bráðlega verða fátæk, ófullnægjandi og dýr stofnun.

Borgaranefnd, undir forustu A. L. Johnson og A. L. Crossen skrifara, hefir verið mynduð til þess að hafa saman fé til arðs fyrir spítalann. Nefndarmenn munu gera tilraun til þess, að heimsækja alla bæjarbúa, og vonar, að sér verði vel tekið. Gefið það sem þér getið, og setjið yður að gefa spítalanum einhverja vissa upphæð á árij

Auk almennu gjafanna, sem vonað er að hafist saman, verður tillaga lögð fram fyrir verkamenn í verksmiðjum, búðum og á skrifstofum um, að þeir leggi til spítalans á árinu 1908 eins dags kaup hvers manns. Fyrir hverja $100, sem þannig gefast, mega gefendur tilnefna einn lífstíðar meðlim í spítala stjórnina. Spítalinn getur ekki fengið ofmarga lífstíðar stjórnendur, sem hver um sig verða beðnir að heimsækja spítalann ákveðnar vikur úr árinu, og verða þannig verkfæri til þess, að koma spítalanum í nánara samband við bæjarbúa. Með þessu fyrirkomulagi gefa þeir, sem lægst kaup fá, eins mikið og hinir, sem betur eru launaðir.

Vér eigum enga miliióneigandi mannvini í Winnipeg til þess að létta af oss byrði þessa starfs. En nokkur þúsund borgarbúa, ef hver lætur sér ant um spítalann, geta ekki að eins veitt honum nægar inntektir, heldur einnig það, sem peningar megna ekki að kaupa. — Sérhvert sjúkrahús er kalt og dapurt heimkynni án góðvilja borgaranna, og það er engin ástæða fyrir því, að Winnipeg spitalinn gefi ekki orðið auðugasta stofnun í þessu tilliti.

Samkvæmt löggildingar ákvæðum sjúkrahússins, á hver sá, sem gefur $10 á ári sömu hlutdeild og hefir sömu áhrif á stofnunina og hinn, sem gefur $10,000. Það er þess vegna í raun réttri borgara sjúkrahús, átt og stjórnað af bæjarbúum, til hagsmuna fyrir hina nauðlíðandi.

GEORGE F. GALT,
heiðurs ritari og féh.

Íslenzkur Kjötsali

Hvergi fæst betra né ódýrara KJÖT en hjá honum,—og þú munt sannfærast um að svo er, ef þú aðeins kaupir af honum í eitt sinn. Allar tegundir. Óskar að Isl. heimsækji sig

CHRISTIAN OLESON,
666 Notre Dame Ave. Telefón 6906

Erfingja vantar

Micah Northman, Íslendingur, andaðist 8. janúar 1908, og eftirskildi nokkrar eignir. Skyldmenni hans eða vinir eru beðnir að rita F. M. LOOMIS, skiftaráðanda, Ketchikan, Alaska.

Boyd's Brauð

Brauð vor eru gerð í hreinnæmu Bakarfi, sem útbúið er með nýjustu hnoðunar- og meðhöndlunar-vélum Brauðgerðum er veitt hin nákvæmasta athygli, alt frá mjölt. og þar til það er borið á borð. Keyrð heim á hvert heimili.

Boyd's

Bakery Cor Spence & Portage Ave
Phone 1030.

Jónas Pálsson
PIANO KENNARI
729 Sherbrooke St. Winnipeg.

G. M. Bjarnason
Málar, leggur papptr og gerir "Kalsomining. Óskar við skifta Íslendinga.
672 AGNES ST. TELEFÓN 6954

ARNI ANDERSON Íslenzkur lögmaður
Í félagi með
Hudson, Howell, Ormond & Marlatt
Barristers, Solicitors, etc.
Winnipeg, Man.
13-15 Merchants Bank Bldg. Phone 3621, 3622

C. INGALDSON
Gerir við úr, klukkur og alt gullstáss. Úr klukkur hringir og allskonar gullvara til sölu. Alt verk ábyrgt og vel gert.
147 ISABEL ST
Fáeinar dyr norður frá William Ave.

J. G. Snydal, L. D. S.
ÍSL. TANNLÆKNIR
COR. MAIN & BANNATYNE
DUFFIN BLOCK PHONE 5802

HANNESSON & WHITE
LÖGFRÆÐINGAR
Room: 12 Bank of Hamilton
Telefón: 4715

BILDFELL & PAULSON
Union Bank 5th Floor, No. 520
selja hús og lóðir og annast þar að lútandi störf; útvegar peningalán o. fl.
Tel.: 2685

BONNAR, HARTLEY & MANAHAN
Lögfræðingar og Landskjala Semjarar
Suite 7, Nanton Block, Winnipeg

Hver Þvær og Hreinsar Fötin ydar?

Hversvegna að fara í Kína-kompurnar þegar þér eigið kost á að fá verkið gert betur, og alt eins ódýrt, í beztu og heilsusamlegustu þvottastofnun, þar sem aðeins hvítt vinnufólk er haft og öll hreinustu efni notuð Vér óskum viðskifta ydar.

The North-West Laundry Comp'y Ltd.
Hreinsarar og Litarar
COR. MAIN & YORK FÓN 5178

UMLÍÐUN MEÐ BORGUN.

Allskonar Fatnadur

Menn og Konur! Þyí skyldið þér ekki klæðast vel, þegar þér getið keypt fínustu föt, hvort heldur eftir máli eða með verksmiðju-gerð,—með vægum viku eða mánaðar afborgunum.

Allir vorir klæða dúkar eru af fínustu tegund, og fötin með nýjasta New York sniði. Vér höfum kvenfatnaði, skyrtur og treyjur. Einnig karlm. fatnaði, treyjur og buxur, með vægum afborgunarskilmálum. Vér seljum ódýrar en aðrir gera fyrir peninga. Karla fatnaðir frá $9.00 og yfir. Kvenmanna fatnaðir og treyjur frá $12.00. og þar yfir.

Komið! skoðið vörurnar og sannfærist !!

EMPIRE CREDIT CO'Y
Sal 13 í Traders Bankanum, — 433 MAIN STREET
2-8-8

Viðvíkjandi Hafið tal af

Sjúkdómum Sérfræðingum vorum

Royal Optical Co.
Rétt á móti Eaton's búðinni.
327 Portage Ave.
Winnipeg.
12-8-8

Hlaupa drengir fást á svipstundu ef kallað er á
Phone 4862
WESTERN MESSENGER SERVICE,
336½ Smith St. - Winnipeg
Virðingarfylst ósta Viðskifta ydar.
Auglýsinga-Skiltum Dreyft og Fest Upp.
A. J. Huckell, ráðsmaður.

LESIÐ NÚ!

Vér bjóðum um mánaðartíma hin bestu ekrukaup, sem nokkurntíma hafa boðin verið. Landið er á Main St., norðan bæjarins, liggur að C.P.R. og rafmagnsbrautunum. Selt í spildum eftir óskum kaupendanna, ein ekra eða meira. Verð frá $200 ekran og yfir, með aðgengilegum skilmálum.

[Framhald hinumegin við Hkr nafnið]

Heimskringla.

Kjörkaup

þessi eru þau mestu, er nokkru sinni hafa verið boðin, og af því að ekrufjöldinn er takmarkaður, þá ættuð þér að kaupa strax. — Landið er hentugt til garðræktar, gripa eða fuglaræktar.

Skuli Hansson & Co.

Skrifst. Telefón 6478. Heimilis Telefón 2274

XXII. ÁR. WINNIPEG, MANITOBA, FIMTUDAGINN, 28. MAÍ, 1908 NR. 35

MATAR KJÖRKAUP

Sem allra flestar íslenzkar konur ættu að koma við í búð þeirra Clemens.Arnason og Pálnason, það sem eftir er af þessari viku og á mánudaginn í næstu viku, — til þess að ná í eftirfylgjandi kjörkaup, sem er aðeins lítið sýnishorn:—

Ef þér getið ekki komið, — telefónið 5343

1 pakka Royal Crown Sápu	0 20
3 pd pakki " Þvottaduft	0 20
2 pd kanna af beztu Plums	0.10
" " " " Strawberries	0 20
1 gall. " Maple Sírópi.....	0 95
á " " " "	0 50
3 pakkar af "Zest"	0.25
[Sápa matartegund og "Force"]	
1 pd pakki af Rúsínum, áður 15c. nú fyrir.....	0 10
2 pd af beztu þurr Rúsínum	0 25
2 pd af þurkuðum Perum	0 25
Þurkaðar Apricots, pd-ið á	0.20
Nokkrar tegundir af Sætabrauði, punðið aðeins.....	0.10

Clemens, Arnason & Palmason

The Cash Grocery House,

Cor. Sargent & Victor. Fón 5343.

Fregnsafn

Markverðustu viðburðir hvaðanæfa.

Dómstólarnir í Austur Canada eru farnir að taka bart á glæpum frömdum þar eystra. Maður einn í Hamilton, Ont., var nýlega dæmdur í 7 ára fangavist og að úttaka 30 knútasvipuhögg, fyrir að slá konu í andlitið og hrifsa af henni peningabuddu, er hún hélt á. Maður þessi hefir tvisvar áður verið í fangelsi fyrir sams konar glæpi, 5 ár í hvort skiftið. — Annar maður var í Toronto borg dæmdur til lífstíðar fangavistar fyrir að ræna konu þar í borginni með ofbeldi. Hann hafði áður verið dæmdur í tólf ára fangavist, en var slept um síðustu jól gegn loforði um góða hegðun í framtíðinni. Hann gleymdi loforðinu.

— H. C. Frick kolafélagið í Pittsburg í Pennsylvania, sem er ein grein af Bandaríkja stálfélaginu mikla, hefir samið nýja reglugerð sem allir verkamenn þess verða að lúta. Meðal annars er nokkur nautn áfengis harðlega bönnuð, hvort heldur er í vinnutímum eða utan þeirra. Brot móti þessu banni þýðir burrekstur úr þjónustu félagsins.

— Eldur í verksmiðjunni miklu í Sault Ste. Marie í Ontario, þann 15. þ. m. gerði 300,000 eignatjón og tveir menn brunnu til bana.

— Dómsmálastjóri Aylesworth hafir lagt fyrir þingið í Ottawa frumvarp til laga um takmörkun á tóbaksnautn ungmenna. Tilgangur þessara laga er, að banna öllum unglingum undir 16 ára aldri, að neyta tóbaks í nokkurri mynd, og er það gert að lagabroti, að gefa unglingum vindlinga eða vindlinga pappír, hvort sem það á að vera fyrir þeirra eigin not eða ann ara. Hegning gegn broti á lögum þessum, er ákveðin þannig: Fyrir fyrsta brot ofanigjöf, fyrir annað brot dollars sekt og fyrir þriðja brot minst $4.00. Löggæzlumenn mega taka tóbak af hverjum unglingi. Mr. Aylesworth gat þess, að engin slík lög væru til í Canada, nema í Manitoba og Quebec fylkjunum, en af því þau væru mjög mismunandi í ýmsum greinum, þá væri nauðsynlegt að búa til lög, sem giltu fyrir heila ríkið.

— Þinghús á að byggja í Regina í Ottawa, og er áætlaður kostnað ur við það 1½ milión dollara.

— Blað nokkurt í Montreal, dagsett 19. þ. m., segir, að Thomas A. Edison ætli að vera í Portage la Prairie í Manitoba innan fárra daga. Vatn er mjög leirkent þar í bænum og C. N. R. félagið er að láta setja þar upp nýjan vélaútbúnað, sem Edison hefir fundið upp, til þess að hreinsa leirinn úr vatninu, og ætlar hann sjálfur að hafa umsjón með uppsetning vélanna þar í bænum.

— Mál er nýlega útkljáð í "Chancery-réttinum", og dómur fenginn fyrir því, að hjónaskilnaðir, sem gerðir eru í Bandaríkjunum, séu ógildir í Canada og á Bretlandi. Dómur þessi var uppkveðinn í Lundúnum. Með dómi þessum hefir Richard Stirling í British Columbia tapað hálfri milión dollara. Móðir hans var gift skozkum manni að nafni Smith, og flutti með honum til Canada. Nokkru síðar fékk hann skilnað frá konu sinni í Fargo, N. Dak. Síðan giftist móðir hans manni að nafni Stirling suður í San Francisco, og þeirra son er þessi Richard. Hann hefði erft eignir Smiths, fyrri manns móður sinnar, ef dóminum hefði ekki talið hann óskilgetinn, af því að síðari gifting móðurinnar væri ólögmæt.

— Montreal blað nokkurt, dags. 15. þ. m., flytur þá fregn frá Winnipeg, að á skömmum tíma hafi 12 þúsund dollara verið stolið úr Winnipeg pósthúsinu í ýmsum upphæðum, og að til þessa hafi ekki verið mögulegt að finna þjófinn.

— Verkfallið, sem um tíma hefir staðið yfir í baðmullar verkstæðunum í Montreal, er enn þá ekki leitt til lykta. Þrjú þúsund verkamenn eru í verkfallinu. Þeir héldu fund með sér þann 18. þ.m. og ræddu mál sín og framtíð baðmullar iðnaðarins í Canada. Á þessum fundi kusu þeir nefnd manna til þess að fara til Ottawa og heimta af Laurier stjórninni, að hún bindi tafarlaust enda á verkfallið með því að hækka svo verndartollinn á öllum baðmullarvarningi, sem fluttur er inn til Canada frá Bandaríkjunum og öðrum löndum, að verksmiðjueigendur hér í landi geti mætt samkepni umheimsins í þessari iðngrein og á sama tíma borgað verkamönnum sínum viðunanleg verkalaun. Nefndinni var falið á hendur að tilkynna stjórninni, að ef hún vanrækti, að sinna þessum kröfum, þá mundu baðmullar vinnendur í Canada eindregið snúast á móti henni við næstu almennar ríkiskosningar. Af þessu er það auðséð, að það eru ekki verksmiðjueigendurnir eingöngu, heldur einnig vinnulýður landsins, sem óskar eftir og heimtar hækkun verndartolla í Canada.

— Lögregluliðið í bænum St. Catherine í Ontario ætti að ganga í Goodtemplara félagið. Fimm lögregluþjónar hafa verið reknir frá starfinu þar í bænum á sl. fáum vikum fyrir drykkjuskap. Hinn síðasti þessara pilta var fundinn liggjandi á stræti þar í bænum a sunnudagsmorguninn var. Hann gat ekki staðið hjálparlaust.

— Krapahríð var í Regina, Sask. þann 21. þ. m.. Og 4 þumlunga snjór fell í Milestone og þar í grend sama daginn. Sá bær er einnig í Saskatchewan fylkinu.

— Skógareldur í Suður Dakota, hinni svonefndu "Lone Pine Forest Reserve", hafa að lokum verið slöktir, eftir að tíu þúsund ekrur á tuttugu ferhyrningsmilum af skóglandi voru eyðilagar.

— Nýafstaðnar ríkiskosningar í Japan hafa gengið núverandi landstjórn í vil. Aðalágreiningsefnið milli flokkanna voru hermálin. Skattar hafa hvilt þungt á alþýðu manna þar í landi, síðan byrjað var fyrir alvöru að auka herútbúnað til ríkisins, og herkostnaðurinn allur hefir lamað verksmiðjueigendur og fjármálastofnanir landsins. En svo fór þó, að stjórnin, sem fast hélt fram nauðsyninni á því, að efla herútbúnað þjóðarinnar sem mest má verða, án tillits til þess, hve mjög það íþyngi landsbúum með sköttum til lúkningar vöxtum og afborgun af sívaxandi þjóðskuld, — vann með miklum meirihluta atkvæða.

— Nýlega hefir Rússastjórn látið hengja 22 menn, sem fyrir skömmu tóku þátt í spellvirkjum á eignum auðmanna í Ekaterinoslav héraðinu. Það var sannað fyrir réttinum, að þessir 22 menn voru meðlimir í félagi, sem sérstaklega hafði stofnað verið til þess að flæma alla stórlandeigendur af eignum þeirra, og úr landi algerlega, ef þess væri kostur.

— Fimm strætisvagnar voru sprengdir í loft upp með dynamiti þann 22. þ. m. í Cleveland, Ohio, og enn einn vagn var sprengdur í loft upp á sama hátt á öðrum stað í borginni sama daginn. Tíu manns meiddust hættulega, og er tveimur þeirra ekki hugað líf. Yfirvöldin virðast vera ráðalaus með þetta ástand.

— Einn af járnbrautarstöðva agentum C. N. R. félagsins í Antikoka, Ont., að nafni Forrester, eftir að hafa yfirgefið stöðu sína 15. þ. m. og yfirgefið vagnstöðvarnar, kom til baka snemma næsta morgun og sagði umsjónarmanninum, að hann vildi hafa 600 dollara, er væru þar í peningaskápnum. Hann hafði tvær hlaðnar skambyssur og neyddi yfirmanninn til þess að fá sér peningana og til þess að koma sér af stað með þá. Hann var ófundinn er síðast fréttist.

— Elding sló barn til bana í Windsor, Ont., þann 17. þ.m.

— Járnbrautarslys mikið varð í Belgíu þann 21. þ.m. Tvær mannflutningalestir rákust á, og létu 75 manns þar lífið, en 100 særðust, margir mjög hættulega. Lestirnar runnu með 60 milna hraða á kl.stund, þegar þær rákust á.

— Fkrsætisráðherra Asquith á Englandi hefir látið þess getið, að stjórn sín muni veita konum rýmra pólitískt frelsi, en þær hafi að undanförnu haft þar í landi. Að vísu kveðst hann ekki vera per sónulega sannfærður um nauðsyn þessa, en lét þó svo sem hann vildi stuðla til þess, að réttarbót þessi fengi framgang.

— Strætisvagnar rákust á í Philadelphia borg á sunnudaginn var. Tveir karlmeðn og tvær konur dóu samstundis og 40 manns meiddist. Tveimur af þeim ekki ætlað líf.

— Forseti Frakklands kom til Englands á mánudaginn var í þeim auglýsta tilgangi, að koma á sýningu mikla, sem þar er haldin um þessar mundir. En margir ætla, að tilgangurinn sé í rauninni aðallega sá, að semja um bandalag við Bretland. Enda er mikill viðbúnaður á Bretlandi, að sýna þjóðhöfðingja þessum allan sóma. Fimmtíu herskip voru send til móts við hann og skyldu þau fylgja honum að lendingu á Englandi. Fínasta hótelið í St.James Palace hefir verið fengið honum til umráða meðan hann dvelur á Englandi. Og við veizlu þá hina miklu, sem á að halda honum í Buckingham, höll Edwards konungs, á að nota gullborðbúnaðinn, sem þó örsjaldan er notaður nú á dögum. — Aðrar veizlur á að halda forsetanum meðan hann dvelur á Englandi og alt bendir til þess, að meira se haft við hann en flesta aðrá þjóðhöfðingja, sem til Englands hafa komið í langa tíð.

— Bandaríkja flotinn kom til Seattle borgar á sunnudaginn var, og var tekið þar með mikilli viðhöfn. Íbúar borgarinnar teljast 250 þúsundir, en mesti fjöldi manna hafði komið þangað frá Montana, Idaho, Oregon og öðrum ríkjum, svo að ætlað er, að hálf millión manna hafi horft á innsiglingu flotans þangað, inn eftir Puget Sound. Borgarbúar sendu gufuskip út sundið til að mæta flotanum, og á því skipi var móttökunefndin. Skipið fylgdi flotanum inn á höfnina. Aðmiráli flotans var flutt fagnaðar ávarp og afhentur lykill mikill gerður úr Alaska-gulli. Var lykill sá að hliðum borgarinnar, og skyldi aðmírállinn eiga hann í minningu um komu sína þangað. Með þessum hætti var honum veittur það sem hér er nefnt "freedom of the city". Síðar voru mikil veizluhöld og hvers kyns fagnaðar um hönd haft.

— "Morrell", loftsiglinga skipið mikla, sem var hið mesta í heimi, var sett í loft upp á sunnudaginn var. Sextán menn voru um borð í skipi þessu, og alt gekk vel, þar til það var komið 300 fet frá jörðu, þá bilaði það og fell til jarðar. Mennirnir meiddust allir, beinbrotnuðu og kostuðust innan, en öllum er þeim hugað líf, nema einum, sem talinn er of mjög meiddur til þess honum geti batnað. Tíu þúsundir manna horfðu á þetta voðalega slys.

— Kona ein í Ontario, sem skilið hafði við mann sinn að borði og sæng og fengið hann dæmdan til að greiða sér vikulegan lífeyri, hefir nú farið þess á leit við dómstólana, að mega selja lasteignir hans í Toronto borg, af því hann hafi ekki staðið í skilum með lífeyrisborgunina. Dómarinn frestaði að útkljá málið, þar til konan hefði fært fullnægjandi rök fyrir kröfu sinni.

"WATERLOO"

Dominion Bicycle Championship fór fram í ofannefndum bæ 1. Júlí sl. Þar unnu hjól vor allar kappreiðar. Fred. R. McCarthy, á "Cushion Frame Roadster", var fjótastur í 1. mflu og ½ mflu kappreiðinni.

Blue Flyer hjólin unnu allar hinar kappreiðarnar. Svo voru hjól vor langt á undan að engin önnur hjól komust nálægt þeim "Blue Flyers" og "Cushion Frame". Vér smíðum þessi hjól :- Massey, Silver Ribbon, Cleveland, Perfect, Brantford, Rambler, Imperial og Blue Flyer, og ábyrgjumst hvert einasta hjól.

CANADA CYCLE & MOTOR COMPANY, LIMITED, WINNIPEG

Heimsins beztu hjólasmiðir

147 PRINCESS ST. - - - - WINNIPEG, MAN.

— Baðmullar vinnendur í Austur-Canada, sem fyrir nokkru gerðu verkfall, af því vinnulaun þeirra voru lækkuð, hafa margir tekið til starfa á ný, og talið víst, að innan lítils tíma muni þeir allir ganga að kostum vinnuveitenda og taka til starfa. Hockelaga verkstæðin hjá Montreal vinna nú nótt og dag. Þar starfa 1200 menn. Í Magog bæ hafa og verkstæðin aftur tekið til starfa, með 600 mönnum. Annars vinna þar vanalega um 2000 menn og drengir.

ÍSLANDS FRÉTTIR.

Árni Jóhannsson byskupsskrifari hefir ritað grein með áfengisbanni á Íslandi. Goodtemplarar hafa fengið hann til að sérprenta hana, og kaupa þeir 2 þúsund eintök til útbýtingar. Má af því marka, að greinin muni vera gagnorð og full af röksemdum, er mæla með banni gegn flutningi alls konar áfengis til Íslands. —— Hlöður fuku á 2 stöðum í fárviðrum 24. marz, önnur á Fjósum í Mýrdal, ný hlaða allstór, hin á Ölfljótsvatni í Grafningi. Hún lenti á timburhúsi og braut það til muna, og sömuleiðis á baðstofunni, sem skemdist nokkuð. —— Fiskiskipið Kjartan, sem nýlega strandaði við vesturströnd Íslands, var 7. apríl selt við uppboð fyrir 250 kr. Fiskinn, sem í því var, keyptu bændur í nágrenninu. —— Tveir lögregluþjónar eru nýlega teknir til starfa í Reykjavík. Þeir heita báðir Jón og eru taldir hraustir menn og áræðnir. —— Pétur Jónsson, blikksmiður í Reykjavík, andaðist aðfaranótt þ. 25. apríl. —— Blaðið Norðurland kvartar um, að ómögulegt sé, að fá peninga til þess að koma upp viðunanlegu og algerlega nauðsynlegu barnaskólahúsi á Akureyri. Segir blaðið bankana og aðrar peningaláns stofnanir algerlega lokaðar fyrir þessari lántöku. —— Friðbjörn Steinsson, dbr. og bóksali á Akureyri, varð sjötugur 5. marz. Flaggað var á hverri stöng í bænum þann dag, en fjöldi bæjarbúa heimsótti hinn aldraða og mikilsmetna borgara, til þess að færa honum hamingjuóskir sínar. Auk þess barst honum fjöldi heillaóska símskeyta. —— Svifferju á Blöndu vilja Húnvetningar koma sér upp um mótin á Blöndudal og Langadal. Mæltist sýslufundur þeirra til þess við landsstjórnina, að hún láti skoða svifferjustæði á þessum stað. —— Húnvetningar láta sér ant um kvennaskólann á Blönduós. Á síðasta sýslufundi þeirra veittu þeir skólanum 600 kr. styrk þetta ár, Bæði sýslufélögin ætla að leggja fé til skólans eftir réttri tiltölu og ákveða þau til skiftis, hve hár þessi styrkur eigi að vera. —— Af 332 sveitaheimilum í Akureyrar læknisháraði komu mislingarnir í haust og vetur á 118 heimili. —— Aðfaranótt mánudagsins 13. ap. brann allur bærinn á Viðivöllum í Blönduhlíð í Skagafjarðarsýslu, — nema baðstofan og tvær skemmur er stóðu úti á hlaðinu. Haldið er, að kviknað hafi í frá neistum úr röri frá eldavélinni. Fólkið komst naðulega út, sumt að eins á nærklæðum. Mestur hafði eldurinn ver ið um kl. 6 á mánudagsmorguninn Innanstokksmunir höfðu verið miklir og góðir og hefir því Sigurður bóndi beðið mikið tjón, því alt var óvátrygt, bærinn tekinn úr ábyrgð fyrir skömmu. Enníremur er talið, að þar hafi brunnið töluvert af peningum, er Gísli bróðir Sigurðar hafi átt. —— Fjárskaðar urðu nokkrir hér nærlendis í stórhríðinni 20. marz. Veður var gott að morgni, og höfðu víst flestir látið fé sitt út, en hríðin skall snögglega á. Á Veturliðastöðum í Fnjóskadal misti ekkjan þar 30 fjár í hríð þessari, og mundi mörgum hafa þótt tilfinnanlegt í þó minna hefði verið.

NÝTT NÝTÍZKU

THE QUEENS

Vinsælasta og þægilegasta Gisti-hótel í Winnipeg

Bandaríkja-snið
Frí keyrsla.

MONTGOMERY BROS.,
EIGENDUR

BJART MIÐSTÖÐVA

Enginn getur greitt atkvædi

í Winnipeg borg, nema hann láti skrásetja sig nú. Skrásetning fer fram á þriðjudaginn, miðvikudaginn og fimtudaginn í þessari viku. Skrásetningarstaðir og takmörk hinna ýmsu kjördeilda i Winnipeg West birt á 4. bls. Skrásetningarstaðir opnir frá kl 9 f. h. til kl. 12 og frá kl. 2—6 og 7 30—10 e. h.

Wall Plaster

Brúkið ævinlega Vegglím það, sem svo vel er tilbúið af

The Manitoba Gypsum Co., Ltd.

Biðjið timbur- eða járnvörusala yðar um:-

"Empire" Wood Fiber Plaster
"Empire" Cement Wall Plaster.
"Gold Dust" Finish. "Gilt Edge" Plaster Paris. "Empire" Finish. "Ever Ready" Plaster. "Empire" Asbestos Hard Wall Plaster.

SKRIFSTOFUR OG MILLUR Í

Winnipeg, - Man.

Sérfræðingur vor sýnir yður hvernig þér eigið að nota hin ýmsu mismunandi efni vor.

HEIMSKRINGLA
Published every Thursday by
The Heimskringla News & Publishing Co.

Verð blaðsins í Canada og Bandar. $2.00 um árið (fyrir fram borgað).
Sent til Íslands $2.16 (fyrir fram borgað af kaupendum blaðsins hér $1.50.)

B. L. BALDWINSON,
Editor & Manager

Office:
729 Sherbrooke Street, Winnipeg
P.O. BOX 116. 'Phone 3512.

Vottorða verzlun

Lögberg dags. 14. þ.m. flytur langt erindi um kosningasvík Conservativa í Norður-Winnipeg um síðustu fylkiskosningar, segir þá hafa brúkað bæði peninga og brennivín, — annars hefði sigur þeirra verið alls ómögulegur. Blaðið styður þessa staðhæfing með því, að vitna í vottorð nokkur, sem maður að nafni Rudneski hafði útvegað hjá 8 mönnum, sem báru það, að öl hefði verið um hönd haft í herbúðum Conservativa í Norður-Winnipeg um kosningaleytið.

Fimm af þessum vottorðum voru lesin upp í Ottawa þinginu fyrir nokkrum dögum, svo sem til að sýna óhreinleika Conservativa, og var því tekið með miklum fögn uði af stjórnarsinnum þar. En sú gleði varð ærið skammvinn, því einn af Conservative þingmönnunum lýsti því yfir, að "Organizer" Liberala flokksins hér í fylkinu og sem er einn af núverandi fylkisþingmönnum, hefði keypt vottorðin af þessum Rudneski og borgað þau með ávísun á banka sinn. Mynd var tekin af ávísun þessari og prentuð hér í Winnipeg Telegram. Hún sýnir, að herra Walton borgaði Rudneski $25.00 fyrir þessi 8 vottorð, og er þess getið til, að þingmaðurinn hafi sent Rudneski út til að útvega (kaupa) þessi vottorð. En Rudneski var náðaður. Hann vann fyrir Liberal flokkinn að því, að útvega vottorðin, fór svo með borgunar ávísanina til Conservativa og lofaði þeim að hafa hana til þess, að taka mynd af henni, svo að þeir skyldu hafa sannanir fyrir því, að hann hefði verið keyptur til þess, að vinna þetta verk. Svo labbaði hann aftur yfir til Liberala og sagði þeim ýmsar aðrar sögur. — Síðan flutti hann úr bænum. Enginn veit hvert.

Þeir sem Rudneski ber sakir á, segja þær séu með öllu tilhæfulausar, og hafa viljað ná í manninn til þess að höfða sakamál a hendur honum, en hann er hvergi að finna.

En svo mikið er víst, að síðan upp komst um mann þennan hver hann er og hvernig hann er innrættur, þá hefir ekkert orð verið um þetta rætt í blöðunum, hvorki hér vestra né austra, þó Lögberg sé að reyna að gera veður út af því. Það vita nú allir, að vottorðin voru keypt af Liberölum, og engar líkur til, að þau séu sönn, enda hefir enginn þeirra reynt að sanna það. Þvert á móti hefir hr. Walton játað, að hann hafi gefið ávísunina, sem myndin var tekin af, til mannsins, en segir það hafi verið borgun fyrir tímatöf, sem vinnumaður sinn hafi orðið fyrir við vottorða starfið.

Þeir, sem vottorðin eiga að hafa undirskrifað, hafa ekki látið til sín heyra, og hvorugur flokkurinn virðist gera neina tilraun til að hafa frekari fregnir af þeim. Það hefði þó verið æskilegt, að Liberalar hefðu getað náð þeim náungum, sem sagt er að hafi gefið vottorðin. En engin tilraun hefi enn verið gerð til þessa, og það er mjög vafasamt, hvort nokkur þeirra er í raun og veru til.

Annars hefir þetta vottorðabrask hvorki gert Liberölum gagn eða sóma, heldur þvert á móti þrykt þeim enn þá lægra — ef það væri mögulegt — í almenningsálitinu, fyrir það, að hafa lagt lag sitt við strokinn stórglæpamann.

Landar þessa Rudneski, sem búsettir eru hér í borginni, bera honum hinn versta vitnisburð bæði úr föðurlandi sínu og síðan hann kom hingað.

Það er því lítill sómi fyrir Lögberg, að flagga með hann í fullri stöng úti á almannafæri. Rudneski hefir hvort sem er afneitað sínum herra og svikið þann, sem hafði keypt hann til að safna lognum vottorðum, — á sama hátt og Laurier stjórnin hefir svikið það traust, sem þjóðin hefir í gáleysi sínu og fávizku borið til hennar.

Það sannast á Rudneski og Liberölum gamli málsháttur inn: "Fé er fóstra líkt".

Vígbúnaður Kína.

Frakkneskur maður, sem nýlega hefir ferðast um Kínaveldi til þess að athuga hermál þar, hefir ritað langa grein um athuganir sínar. Og er aðalefni hennar það, að gefa Evrópumönnum til kynna, að ekki sé óhugsanlegt, að innan 10 ára verði Kínverjar búnir að koma bardaga skipulagi á her manna, sem geti orðið 40 miliónir að tölu á ófriðartímum. Hann telur engan efa á, að þá hafi Kínverjar langstærsta þjóðher, sem til verði í heiminum, í minsta lagi 6 miliónir manna fastaher, sem kalla megi saman á örstuttum tíma og setja undir vopn. Hann heldur og því fram, að þeir hermenn verði eins vel æfðir og eins hugdjarfir og þeir, sem beztir eru meðal Evrópuþjóða. Kínverjar hafa nú þegar gert allar ráðstafanir til þess að hafa 6 miliónir af fastaher innan fárra ára, og með nokkuru meira fjárframlagi segjast þeir geta aukið tölu hans upp í 40 miliónir.

Greinar höfundurinn telur víst, að Kínverjar hugsi Evrópu þjóðunum þegjandi þörfina, rétt eins fljótt og þeir sjái sér það fært, og hann kveður það fast í huga sínum, að þeir muni mynda eins stóran og öflugan her eins og þeir sjái sér fært, án þess að ráðgast nokk uð um það við Evrópuþjóðirnar.

Hinn svonefndi nýji Kínaher var myndaður árið 1889, þegar hersforingi Ma skipaði svo fyrir, að kínverskir hermenn skyldu leggja niður að flytja með sér rauðar regnhlífar á stríðsvöllinn, eins og þeir höfðu gert fram að þeim tíma. Ma herforingi var lista hermaður, og laginn á, að halda saman her manna, og hermenn þeir, sem undir hans stjórn æfðust, voru viðurkendir þeir beztu á öllum Austurlöndum. Þeir voru útbúnir með beztu skotvopnum, stórum og smáum, og voru hugdjarfir í bezta lagi, og þeir reyndust sem næst jafnsnjallir hinum beztu Norðurlanda hermönnum.

Það var árið 1900, að Kínastjórn sannfærðist um, að gamla herstjórnar fyrirkomulagið væri ekki lengur notandi, og að nauðsyn væri að breyta til samkvæmt stefnu Ma herforingja. Sir Robert Hart, brezkur hermálamaður, hafði ráðið Kínastjórn til að mynda 4 herdeildir, og að auka þær að tölu og byrgja þær að vopnum smátt og smátt á 10 ára tímabili. En hermálanefnd Kínverja þáði ekki þessa ráðleggingu, og tók þá strax til að koma á miklu mikilfenglegra fyrirkomulagi, sem fólst í því, að mynda 20 stór herdeildir. Hver deild átti að fela í sér deildir fótgönguliðs, eina deild riddaraliðs og eina deild stór skotaliðs og eina deild mannvirkjafræðinga, og að síðustu eina deild flutningsmanna. Þá var og sú stefna tekin, að skylda menn til herþjónustu um 9 ára tíma, og þar næst til 7 ára sem varamenn, með eins mánaðar heræfingum á ári hverju. Þá var og myndaður hernaðarskóli, er skyldi framleiða 4 þúsundir herforingja á fyrsta 3. ára tímabilinu, og svo þar eftir 1500 foringja á ári. Þá var og ákveðið, að byrja skyldi þetta fyrirkomulag með hálfri milión hermanna. Æðstu valdsmönnum í hinum ýmsu héruðum ríkisins var skipað að leggja næga skatta á þjóðina, hver í sínu umdæmi, til þess að viðhalda þessum herdeildum. En engin fastákveðin upphæð var tilnefnd, og það var ákveðið, að fastákveðnir skattar skyldu ekki verða lögleiddir fyr en landið hefði 800 þús. manna fastaher og 4 miliónir manna á lausum kyli.

Nú hafa Kínverjar 420 þúsundir fasta-hermenn, alla vel æfða og útbúna með nýjustu vopnum. Hóp þessum er skift í 15 deildir, undir vel hæfum foringjum. Það er búið algerlega að leggja niður regnhlífarnar rauðu og fánana með hótunum til óvinanna. Í þess stað eru komnir Mauser riflar með nægum skotfærum, sem hermönnum er kent að nota vel í hernaði.

Kínverjar hafa og uppgötvað að búa til nýjan marghleypu riffil, sem þeir álíta betri en nokkra aðra byssutegund sem nú er gerð og notuð í Evrópu, og er það hið eina skotvopn í heimi, sem enginn þekkir lásinn á, nema Kínverjar sjálfir. Sex verkstæði hafa verið sett upp til þess að smíða riffla þessa. Þar er unnið dag og nótt, og er svo sagt, að þau geri 3 þús. riffla að jafnaði á viku.

Hermönnum í Kínaveldi er borgað mjög reglulega, og föt þeirra eru sniðin eftir Evrópu lagi. Allir hermennirnir eru valdir fyrir vaxtar og hraustleika sakir, enda eru sjúkdómar nálega óþektir í hernum á friðartímum. Hermenn Kínverja eru sparneytnir og geta hald ið fullum starfskröftum á svipaðri fæðu og engu meiri en Japar.

Stórskotalið þeirra hefir nýjustu og beztu Krúpp fallbyssur, sem nú eru gerðar. Sjö þúsundir nemenda eru nú á almenna heræfinga skólanum, og 900 piltar á æðri herforingjaskóla, eða öllu heldur á fjórum. Og nú er verið að byggja öflugan heræfingaskóla í Pekin.

Greinarhöfundurinn getur til, að ein miljón manna fastaher og 7 miliónir lausaher-manna muni kosta þjóðina ekki meira en 5 cents á ári á hvert mannsbarn í Kínaveldi, og þó að þjóðin sé fátæk, þá hefir hún svo miklar mætur á hernum, að hún sér ekki eftir útgjöldunum við hann.

Í þessu liggur hins svo nefnda "GULA HÆTTA", sem Evrópu þjóðirnar eru svo óttaslegnar við, og sem þær innan fárra ára fá máske að kenna á.

Nú er öldin önnur.

Að sjálfsögðu muna flestir hinna eldri Vestur-Íslendinga eftir áástandinu á Íslandi kringum 1880. Það var síður en glæsilegt, því verður ekki neitað. Þá voru harðindaár mikil, og þjóðin var ekki þá búin að brjóta á bak aftur óhagsýnis og fyrirhyggjuleysis fjötrana, sem hún hefir verið reyrð með um margar aldir. Alt sat í gamla horfinu, og af því leiddi það, að hvenær sem árferði harðnaði, var alt komið á heljarrímina.

Þá urðu menn að knýja fiskibáta sína alla áfram af handafli einu og margur mun hafa fengið handleggi þreytta og skeinur í lóla við það verk. Þilskipafloti var ekki til.

Landbúnaðurinn var mjög skamt kominn áleiðis. Jarðyrkjuáhöld og heyskaparvélar voru hvergi til. Mjólkur- og rjómabú engin til. Slátturhús engin til.

Verksmiðjur engar til í neinni mynd. Nálega ekkert til af vegum eða brúm yfir hin miklu vatnsföll landsins.

Yfir það heila tekið, framsóknarandi var naumast til hjá þjóðinni á þeim árum. Hún átti örfáa menn þá, sem þekkingu höfðu til að geta leiðbeint henni í einu eða öðru, sem stefndi í framfaraáttina, eða voru þess megnugir, að færa í hana nýtt líf og nýja krafta.

Afleiðingin af þessu er alkunn. Sú, að stórir hópar af fólki, oft og tíðum sjálfsagt hraustasta og duglegasta fólkið, einkum af Norður- og Austurlandi, fók að flytja í burtu af landinu og leita gæfunnar hér í Ameriku. Að vísu voru vesturflutningar byrjaðir áður, en einna mestir munu þeir hafa verið um og eftir 1880.

Síðan ég man eftir mér, hefi ég verið mjög á móti vesturflutningum, en samt sem áður dettur mér ekki í hug annað en játa það, að Vestur-Íslendingar margir hafa stórmikið grætt við flutninginn, einkum þó þeir, sem komu hingað fyrir löngum tíma.

Flestir, ef ekki undantekningarlaust allir af okkar eldri mönnum hér í landi, eru búnir að vera hér svo skiftir áratugum, og reyndir og greindir Íslendingar segja, að tækifærin til að komast í efni séu miklu minni nú en áður fyr, þegar Íslendingar komu hér fyrst.

Reynslan sannar þetta líka.

Það mun verða létt verk, að halda tölu yfir það fólk, sem á síðari árum hefir komið frá Íslandi, sem hefir komist nokkuð betur áfram, eða liðið botur hér en þó það hefði verið kyrt á Íslandi. Sagan er því rétt sögð þannig: Fólk, sem flutti vestur á fyrri árum hefir í flestum tilfellum stórgrætt við flutninginn, en það sem flutt hefir á síðari árum, ekki nema í einstökum tilfellum. Vestflutningar eru líka óðum að hverfa, en í þeirra stað að heljast austurflutningar, og sem betur fer, eru þeir þegar byrjaðir að mun.

Í fyrra sumar mun eins margt fólk hafa flutt heim og kom hingað, og það sem liðið er af þessu ári, er miklu fleira farið austur um haf, en komið hefir vestur, eða jafnvel líkindi eru til að komi, þrátt fyrir agent höðan að vestan, og loga "gylta" stjórnarbæklinga sem sendir hafa verið heim.

En hvað veldur þessari breytingu?

Það, að nú er öldin önnur á Íslandi, en hún var fyrir 27 árum,—ekki að eins í þeim skilningi, að 20 öldin sé byrjuð, heldur einnig og öllu fremur í þeim skilningi, að nýtt líf og fjör og framtakssemi hefir gagntekið þjóðina á þessum 27 árum.

Nú eru menn víðast hvar hættir að lemja "barningánn" frá morgni til kvelds, þegar þeir sækja gull í kistuna við strendur landsins. Þeir láta vélarnar hafa fyrir því.

Fyrir að eins þremur árum síðan var ég sjómaður í einu erfiðasta skipsrúminu á Vestmannaeyjum á opnum róðrarbát. Þá var enginn vélabátur þar til. Við félagar áttum oft þreytta handleggi eftir að hafa verið á 18 til 20 kl.-tíma á sjó, oftast við allþungan róður. Nú er þetta svo breytt, að þar voru sl. vetur 40 motorvélar bátar við fiskiveiðar og að eins 2 róðrarbátar. Maður þar skrifar mér um miðjan apríl, og þá voru bátarnir búnir að fiska frá vertíðarbyrjun í febrúar frá 8000 til 15,000 á skip, og mest alt af afarvænum þorski. Sá afli mun vera frá 5—10 þús. kr. virði, að minsta kosti, og hann er í langflestum tilfellum eign að eins 5—6 manna, sem eru sjálfir á bátunum. Síðan þetta bréf er skrifað, hefir fiskast þar ákaflega mikið. Eitt íslenzka blaðið, sem nýkomið er, segir, að aldrei í manna minnum hafi verið jafnmikið fiskiri í Vestmannaeyjum og um páskana.

Þetta er mikil breyting frá því, sem áður var, þegar frá 16—24 manns, og jafnvel þar yfir, urðu að róa á sama bátnum til þess að komast nokkuð áfram, og gátu samt ekki komist nema á næstu fiskimið.

Þó ég hafi sérstaklega nefnt þessar hraðstígu framfarir á Vestmannaeyjum, þá er síður en svo, að þær séu eina fiskiverið þar sem mótorbátar eru hafðir til fiskiveiða.

Nú orðið eru þeir hafðir nær eingöngu til fiskiveiða hringinn í kring um alt land, þar sem fiskiveiðar eru stundaðar á opnum bátum. Og alt af er verið að keppa að því, að hafa þessa báta, sem stærsta og fullkomnasta. Flestir nú orðið með hálfdekki o. s. frv.

Þá eru ekki síður framfarir í stórskipaútgerðinni. Botnvörpungarnir fjölga óðum, og er þá vissulega stefnt í rétta átt. Þeir eru nú orðið 7, og 6 af þeim eru eign að eins Reykvíkinga. Fiskiri þeirra hefir verið regluleg uppgrip í vetur, hafa oft fylt sig ofan þilja og neðan á 4—5 dögum.

Mikinn heiður og þakklæti eiga þeir menn skilið, sem fyrstir réðust í þá útgerð, því hún er framtíðar útgerð Íslendinga ekki síður en annara þjóða. Þegar Englendingar geta grætt ógrynni fjár á því, að sækja fisk upp undir Ísland, og verða þó að fara til Englands í hvert sinn sem þeir hlaða skip sín, þá ættu Íslendingar ekki síður að geta það, sem geta skotist af fiskimiðunum til lands og affermt skip sín þar, og farið svo strax að sækja meira. Reynslan, sem þegar er fengin fyrir botnvörpuútgerðinni íslenzku, er líka búin að sanna þetta.

Mjög sennilegt er, að þessi skip skifti tugum eftir 2—3 ár hér frá.

Þá er einnig mikil breyting orðin á landbúnaði, frá því, sem áður var. Bændur eru nú almennt farnir að brúka jarðyrkjuáhöld til þess slétta heyskaparlönd sín, og viða er farið að brúka sláttuvélar, sem hafa reynst mjög vel, eftir vottorði, sem ég hefi séð um það frá mikilsmetnum og velþektum bændum. Einn bóndinn sagði, að með sinni vél, hefði hann getað slegið 80 hesta á dag.

Þá hafa einstakir menn og félög gert mikið að því, að verja lönd sín fyrir ágangi búfjár með girðingum. Alt stefnir það í heillavænlega framfaraátt.

Samgöngur eru orðnar sæmilega góðar bæði á sjó og landi. Mörg gufuskipafélög láta skip sín þjóta kring um landið sumar og vetur. Vegir eru víða orðnir mjög góðir, og brýr komnar á flestöll stærstu vatnsföll landsins. Faðir minn, sem býr austur í Rangárvallasýslu skrifar mér í vetur, og segist nú í sl. 2 ár ekki hafa laget reiðing á hest til neinna flutninga, nema til að flytja hey af engjum. Alt annað hafi hann flutt að sér á flutningsvagni, eftir þjóðvegum og sýsluvegum.

Þetta er ekki neitt einsdæmi.

Mótorvagn til vöruflutninga er kominn á eina flutninga brautina í Eyjafirði, og hefir reynst vel, og von er bráðum á öðrum á Fagradalsbrautina í Fljótsdalshéraði.

Smjörgerðarhús eru komin víðsvegar um landið, og bændur fá nú fyrir smjör sitt svo skiftir hundruðum þúsunda króna, og fá nú mikla eftirspurn eftir smjöri.

Áður var smjör ekki þekt sem verzlunarvara.

Slátrunarhús eru þegar orðin 5, og 3—4 á að byggja í sumar. Eitt þeirra slátraði í fyrra haust 27 þúsund fjár. Slátrunarhúsin eru einn nauðsynlegasti hlekkurinn í keðju landbúnaðarins.

Kaupgjald fólks hefir margfaldast á síðari árum, og nálega öll vinna er nú borguð með peningum, og það sem mest er í varið, er það, að bæði karl og kona, sem VILL vinna, getur fengið vinnu fyrir fæði og kaupi ALLAN ársins hring. Vinnutími er takmarkaður, og hver keppist við annan, að gera sem bezt við fólk sitt.

Bændur eru mjög vaknaðir til umhugsunar um kynbætur kvikfjár, og keppa eftir að hafa fénaðarhús sem allra bezt, svo að fénaðurinn sé sem bezt útlítandi og geti gefið sem beztan arð.

Verksmiðjur eru komnar af ýmsu tagi, svo sem klæðaverksmiðjur, trésmíða verksmiðjur, skipasmíða verksmiðja niðursuðu verksmiðja, og þá má ekki gleyma verksmiðjunni, sem hefir eftir hamri Þórs "Mjölnir", og sem mylur milli jaxla sinna í smámola stórgrýtið úr holtinu fyrir ofan Reykjavík, í steinhús, steinkjallara, steingangstéttir og fleira og fleira, fyrir Reykjavíkurbúa.

Mér hefir aldrei þótt gaman að vera áhorfandi að verkum, þar sem ekkert er viðhafst nema ládæma grimd og miskunarleysi. En ánægja hefir mér verið að sjá, hvernig "Mjölnir" gleypir grimdarlega og miskunarlaust stórgrýtið og mylur það í smáagnir.

Yfir það heila tekið ER "lif í landi" á Íslandi á þessum tímum. Framfarir þar eru hraðskreyðari, en við getum gert okkur í hugarlund, sem búum hér í fjarlægðinni.

Og þær eru engu síður í andlegum efnum en veraldlegum.

Og það er gleðiefni hið mesta, því eftir því, sem þjóðin þroskast betur að skynsamlegu vali, eftir því fleygir henni betur og hraðar áfram á framfarabrautinni.

Ísland var á landnámstíð þakið skógi frá fjöru til fjalls. En forfeður okkar eyðilögðu skóginn. Þess hefir það grimmilega goldið. Nú hefir þjóðin vaknað til umhugsunar um, að "klæða landið", — klæða það aftur með skógi, og á því er þegar byrjað.

Jónas Hallgrímsson, "listaskáldið góða", kvað fyrir mörgum áratugum:

"Fagur er dalur og fyllist skógi
og frjálsir menn þegar aldir
renna".

Að starfa að því, að koma þessari hugsjón skáldsins í framkvæmd er fegursta og göfugasta hlutverk, sem nokkur Íslendingur getur unnið.

A. J. JOHNSON.

ÚR SUÐRINU.

Fyrirlestur eftir

Lárus Guðmundsson.

[Framh. frá síðasta blaði].

SVERTINGJA-HATRIÐ.

Sérhver norðanmaður, sem kemur suður í gömlu ríkin, hlýtur að taka starx eftir og reka augun í svertingjahatrið, sem er alveg hóflaust. Þeir eru skoðaðir algerlega sérskilinn partur þjóðarinnar, — fyrirlitlegur og svívirðilegur fráskilinn hluti þjóðarinnar. Og hvitum manni þar þykir ekki meira fyrir, að skjóta svertingja, ef orðinu hallar, en að skjóta hund. Auðvitað held ég ekki með þeirra fyrra ástandi, þegar festar voru á þá kýrklukkur og höft lögð á frelsur þeirra, og á margan hátt kvalir þar sem miskunarlausir eigendur áttu hlut að máli. En að vissu leyti veit ég ekki, hvort hagur þeirra að frelsi og jafnréttí standi nokkuð betur en þá, — að sumu leyti jafnvel ver. Það eru til þar syðra mörg dæmi enn, sem sýna, að í íjölda mörgum tilfellum undu þrælar vel hag sínum áður, voru skoðaðir sem góðir og trúverðugir þjónar, og nákomnir hvitu fjölskyldunni. Og margir af gömlu þrælunum, sem enn lifa, eru með fastri trygð og vinfengi til dauðans við börn og afkomendur sinna gömlu húsbænda, og flestir þeirra betur mannaðir, og líka þeir einu af svertingjaflokknum þar, sem hvitir menn geta unnað jafnréttis. Þar sést aldrei hvitur maður og svartur í sama vagni, hvorki járnbrautar eða keyrsluvagni, — ekki einu sinni á vegi saman, nema með löngu millibili. Og ekki vinnur hviti maðurinn með svertingjum, nema hann sé yfir þá settur. Hús þeirra verða að standa í öðrum pörtum bæja og borga, fráskilin, kirkja fráskilin, skólar og allur þeirra menningar möguleiki frá-inn.

Mér leist mjög illa á þetta svertinglahatur þar syðra. Og það er ekkert nema mentunar og menningarleysi þeirra að þakka, eða kenna, að ekki fer þar alt í bál og brand og blóðuga syrjöld innbyrðis milli hvítra og svartra manna. Þeir þekkja engan félagsskap eða samheldni. Og þeir eiga engan mann eða fyrirliða, sem hæfur væri að leiða saman krafta þeirra og markmið. Þeir eru enn þann dag í dag þrælar hvita mannsins að öllu öðru en rétt á pappírnum.

Ekki gat ég orðið var við þar í Chickra, að hvítir menn hefðu nein mök við svartar konur, sem líka er næsta ótrúlegt eftir hatrinu að dæma. En merkilegt er það, að í þessu svartahafi, þar sem áreiðanlega voru meir en tveir þriðju partar svertingjar, að ómögulegt var að finna hreinan negra. Þeir voru gulmórauðir, og næstum hvítir sumir. Sú blöndun er áreiðanlega frá þrælahaldstímanum mest. Og það var held ég, skaði fyrir þjóðfélagið, að sú blöndun hélt ekki áfram, því ég sá það, og komst að áreiðanlegri vissu um það, að eftir því, sem negrinn var meira blandaður og hvítari, þá var hann betri og snjallari maður, og líka langtum nær því, að vera vel liðinn meðal hvíta flokksins.

Ég þykist vita, að sú spurning vaki í huga yðar allra, sem hafið hlustað á orð mín um svertingjahatrið í Suðurríkjunum, — eitthvað á þessa leið eða likt þessu: Hvernig getur þessu annars verið háttað? Er svarti mannflokkurinn yfir höfuð nokkuð verri, að mannspörtum sem kallað er? Eða munu þeir standa vitund lægra að sálarlífi og tilfinningu í andlegum efnum en hviti flokkurinn? Eða mundu þeir svörtu menn ekki vera hæfir til frá náttúrunnar hendi, að vekja mætti upp í sálarlífi þeirra þá fullkomnun, að þeir séu eða gætu orðið jafnfærir þeim hvítu til að geta stjórnað sjálfum sér, — til að geta stjórnað heiminum? Eða með öðrum orðum, fylt þau sæti, sem hvítir menn skipa, og látið heiminn sífeldlega viðhaldast og vaxa að manndáð og menning á andlegan og verklegan hátt, — sem er markmiðið. Og ósanngirni er að neita sliku. Enda þótt margir séu misbrestir á, og mönnum verði svo undurmargt áfátt í því, sem bezt mætti fara og fullkomnast væri. Því menn eru þó aldrei nema menn, ófullkomnir menn. En samt má ekki neita því, að framför og sífeld viðleitni til sælu og fullkomnunar er markmið þjóðanna. Er þá svarti þjóðflokkurinn jafnfær þeim hvíta, til að skipa sér undir merkin, og geta staðið hlið við hlið hýsta mannsins og haldið öllu í horfinu og smáþokast nær og nær sigri og takmarki sælu og fullkomnunar í andlegum og verklegum efnum?

Vinir mínir, ég segi nei. Ég veit, að það er stór vandi, að svara þessu svo afar þýðingarmikla spursmáli. Og eftir réttu svari þyrfti að graða inn í instu fylgsni og hjartarætur svarta flokksins. Og annað, að vér norðanmenn, sem þekkjum svo sáralítið þann flokk, nema stöku kynblendinga meðal vor, sem enga vissa ákvörðun er hægt að draga af og dæma eftir fyrir stóran þjóðarpart, — erum svo viðkvæmir og tökum svo ósegjanlega hart á öllu sem ekki er kallað jafnrétti, að slíkt getur verið háskalegt fyrir mig, sem er smámenni, að segja, að svarti flokkurinn eigi afarlangt í land til þess að vera fær um, að stjórna sjálfum sér og heimsmál-

Strathcona Hotel

Horni Main og Rupert Str. Nýbygt og ágætt gistihús; Gest um veitt öll þægindi með sanngjarnasta verði. Frí keyrsla til og frá öllum járnbr. stöðvum. Beztu vín og vindlar; og herbergi og máltíðar ágætar.

McLaren Brothers
EIGENDUR

Hotel Pacific

219 Market Street, Winnipeg — H. M. Hicks, Eigandi, Manitoba

Telephone 1338

Ný-endurbætt og Ný-tízku hús í alla staði. Viðskifta yðar óskast virðingarfylst.

$1.25 a Dag

HOTEL SUTHERLAND
Corner Main and Sutherland Ave.

Gisting kostar $1.00 og $1.50 á dag. Ég tók við stjórn þess húss 1. Jan. '08, og virðingarfylst óska viðskifta Islendinga nær og fjær Komið, Sjáið og Reynið.

C. F. Bunnell,
eigandi. Telefón 348

$1.50 Á DAG
Besta $1.50 gistihús í Winnipeg

BRUNSWICK HOTEL
Horni Main St. og Rupert Ave.

Besta borðhald; Hrein og Björt Herbergi; Finustu Drykkir og Bestu Vindlar. Ókeypis Vagn mætir Öllum Trainlestum. Reynið oss þegar þú ert á ferð.

MARKET HOTEL
146 PRINCESS ST. á móti markaðnum
P. O'CONNELL, eigandi, WINNIPEG
Beztu tegundir af vínföngum og vindlum, aðhlynning góð húsið endurbætt

Smá pistlar

ÚR FYRIRLESTRAR FERÐ LÁRUSAR GUÐMUNDSSONAR.

III.

Mig langaði til þess, og hafði ætlað mér að rita fáeinar línur um ferð mína til Grunnavatns nýlendunnar, en ég er jafn ófróður um þá bygð eftir sem áður, því ég var veikur dagana, sem ég dvaldi þar, fór ekkert yfir meðal fólks og fann eða kyntist fáum.

Þessar bygðir þar vestur frá eru orðnar æði gamlar, líklega um 20 ára og þar í kring. Margir eru þar til sem eru vel efnum búnir, en óskaplegum erfiðleikum hefir það verið bundið, að komast þar í góð ar efnalegar kringumstæður.

Um landslag þori ég ekki að dæma. Það má vel vera, að þar séu fagrir og góðir blettir til ábúðar, þegar jörð er gróin og rigni ingasumur ekki færa alt í kaf, en samt, fyrir það sem ég sá og gat ímyndað mér, þá leizt mér mjög leiðinlega á landið. Þar er engin verulegur skógur til nokkurs gagns en fult af hrísásum og sund á milli, sem í rigningum eru öll á floti, og vegir ófærir. Líklega mætti þar samt víða hafa dálitla kornrækt, því öllum ber saman um, að um leið og löndin eru plægð og yrkt, þá þorni þau.

Aðallega og eingöngu er það gróparækt, sem þar er stunduð og lifað á. Hún er góð og ómissandi með öðru góðu, en hún er ákaflega þreytandi og arðlítil ein út af fyrir sig, til að fullnægja þörfum og framleiða velsæld fyrir stór heimili og mannmarga fjölskyldu, nema því að eins að það sé þá í afar stórum stíl. En þeir bændur verða tiltölulega fáir á móti fjöldanum, sem eiga nautgripi svo hundruðum skiftir, — þó þeir séu þar til, eins og t.d. Jón og Skúli Sigfússynir, og máske fl. Þar væri ágætt að hafa sauðfé, en úlfurinn er sú landplága, að bændum er ómögulegt að geta átt það, og sama má segja um bygðir Nýja Íslands, hvað það snertir.

Mér finst það bráðnauðsynlegt og óumflýjanlegt fyrir bændur þar vesturfrá, að reyna kornræktina. Að minsta kosti þurfa flestir eða allir hafra og bygg, og fyrir þá vöru borgar margur bóndi þar nú stóran part af gróða búsins, fyrir utan þann tíma og erfiðismuni, er í það ganga, að draga það að sér frá 12—20 mílur vegar og máske meir. Það er á fleiri vegi, sem bændur þar þurfa að breyta til og taka sér meira fram, en hingað til hefir átt sér stað. Þeir eru ekki lengur og mega ekki undir neinum kringumstæðum vera lengur börn eða frumbýlingar sinna bygða, því þeir eru orðnir gamlir bændur, og margir þolanlega efnum búnir. Og þeir eru engu síður skynsamir menn og mikilhæfir, en hvar annarstaðar, sem Íslendingar hafa myndað bygðir og bú. Þeir þurfa að koma á hjá sér fastri og skipulegri sveita- og héraða stjórn, — hreppa pólitík, smámunalegur stundarhagnaður og óverukrit, verður að víkja fyrir öllu, sem eykur manndóm og virðingu og færir heill og farsæld yfir bygðirnar. Þeir mega ekki taka það illa upp fyrir mönnum, sem vilja heiður og sóma þjóðar sinnar í öllu, þó þeim falli það illa og skoði það tjón og vanvirðu, að vita gamla og mannmarga bygð af Íslendingum vera í jafn vesælu stjórnleysis ástandi, sem hálfviltir Indiánar eða kynblendingar.

Í þessari bygð hitti ég nokkra af góðum og gömlum kunningjum mínum. Fyrst kom ég til herra Halldórs Halldórssonar á Lundar, frá Hnífsdal við Ísafjörð. Hann er búinn að vera þar síðan hann kom að heiman árið 1887 eða alls 20 ár. Hann er vel efnum búinn, og hefir mjög rausnarlegt bú og heimili, enda mesti atorkumaður, og konan engu síður. En átakanleg var baráttan og baslið framan af tímanum fyrir þeim, sem öðrum þar úti. Og það stóðu tárin í augunum á þessari konuhetju, þegar hún var að segja mér frá fátæktinni og eymdinni í kring um hana fyrstu árin.

"Mig langaði til að liðsinna og gera gott af mér", sagði hún, "en einin voru engin". Og ein sagan, sem hún sagði mér, hljóðar svona.

"Ég var ein heima að basla eitt hvað við kýr mínar í fjósinu. Þá kom drengur hlaupandi til mín úr næsta húsi og réttir mér ofurlitinn fjalarstúf, og á hann var skrifað: "Komdu fljótt!" Ég hleyp, sem ég mest má, og þegar þangað kemur, þá var konan þar að ala barn, alein heima með ungum börnum eins og ég. Þetta gekk nú alt saman vel. En þegar ég ætlaði að fara að hlynna að konunni á eftir, þá var engin matbjörg til í húsinu, nema dropinn úr kúnum. Ég fer svo heim, og geri helmingaskifti á milli okkar á hveitisögn, sem ég átti, og var að reyna að hagtæra þessu með mjólkurdropanum fyrir aumingjann. Svona voru þá ástæðurnar í þá daga", sagði hún.

Þetta er vitanlega ekkert agenta skrum, en það er sannur þáttur úr landnámssögu vorri, og hann er engum til vansæmis. Því er sigurinn mikill fyrir mörgum af vorum fyrstu landnemum, að stríð og erfiðleikar voru miklir.

Hjá þessum góðu Halldórsonshjónum var ég í tvo daga, svo kvalinn af gigt, að ég gat varla hrært mig. Þar var ég í foreldra höndum.

Líka gisti ég í tvær nætur hjá jafnaldra mínum og vini, Pétri Péturssyni, frá Langárfossi í Álptaneshreppi. Þar var hann á Íslandi stórbóndi með beztu ástæður á allan hátt, á eignarjörð sinni. Hann er sikátur og ræðinn, eins og fyrri, engin óánægja eða eftirsjá eða yol yfir neinu, og honum finst sér líði vel. En heldur hefði ég viljað víta hann kyrran á Fossi. Hann hefir tvö lönd til ábúðar og á mikið af nautgripum, sem er aðal stofninn til að framfleyta tíu manns í heimili. Pósthús hans heitir að Otto.

Fleiri kunningja mína hitti ég þar, og óska ég öllum góðs, með kæru þakklæti fyrir greiða og gott viðmót.

TIL ÞORSKABÍTS.

Frá Tjörnæsing.

Mengi fróðu máls af slóð
máttu bjóða stöku,
stefja óðinn sterk með hljóð,
styttu þjóðum vöku.

Þegar vorið ekru í
algræn færir klæði,
set þig niður, syngdu því
sumarfugla kvæði.

þRÁ.

Ég þrái gnótt af þreki mega
hljóta
og þrek að standast bitran mótgang kífs,
ég þrái sannra sælustunda njóta
og svalar geta forðast bárur kífs,
á vængjum andans svása sólargeima
svífa um, með bragardís við hlið,
af hennar vörum heyra ljóðin streyma,
svo hug töfra, veita ró og frið.

Ég þrái vin, sem vert er mér að treysta,
og vill mig styðja lífs á þyrnibraut.
Ég þrái hlýjan, helgan ástarneista
frá hreinni, göfgri sál, að lina þraut.
En hart þótt sé einn vinalaus að verjast
mót vélabröðgum þessa heims og táls,
heldur kýs ég böl við slíkt að berjast,
en bindast viðjum falsvina um háls.

Ég þrái ljós af andans insta grunni,
svo ei ég glepjast kunni á villubraut.
Ég þrái veig af vizku tærum brunni,
og vonarsól mér ljair geislaskraut,
svo myrkrið hverfi úr mínu hjartans djúpi,
sem mína rósemd hefir tælt af leið;
og sveipist aftur sönnum gleðihjúpi,
í sæludraumi líði æfiskeið.

Ég þrái að komast áfram hærra, hærra,
og hulda kanna leið á sigurs tind.
Ég þrái fylling minna vona mærra,
af menta- bergja tærri -svalalind.
frá hörpustrengjum hjartans láta gjalla
háleit gleðiljóð með skærum hreim,
er sára láta sorg úr minni falla,
en svífa önd um nýjan undraheim.

Jóhannes H. Húnfjörð

DÁNARFREGN.

Þann 12. þessa mánaðar andaðist að heimili dóttur sinnar og tengdasonar Mr. og Mrs. Jón Straumfjörð, hjá Otto P.O., Man., húsfreyja ÞURÍÐUR HELGADÓTTIR, eftir langvarandi veikindi og þjáningar. Sjúkdómur sá, er leiddi hana til bana, byrjaði nokkru fyrir jól í vetur sem leið, og er fram á kom í vetur, var hún ferð að heiman til dóttur sinnar, til þess að geta betur notið læknis aðstoðar og hjúkrunar herra Jóhanns Straumfjörðs, er þar býr allnærri. —

Þuríður sál. var fædd á Veggjum í Staðholtstungum í Mýrasýslu þann 12. okt. 1847. Foreldrar hennar voru þau Ingiríður Hannesdóttir, er enn er á lífi, ættuð af Akranesi, og bjó Helgi Sæmundsson, er síðast bjó á Ferjubakka. Í Staðholtstungum ólst Þuríður sál. upp, og 28 ára gömul giftist hún eftirlifandi manni sínum Jóni Bjarnasyni. Þau hlón bjuggu alla sína búskapartíð á Íslandi í Borgarhreppi í Mýrasýslu, síðast í Beigalda, og þaðan fluttu þau til Ameríku 1888.

Eftir að hingað kom, fluttust þau til Nýja Íslands og settust að í Mákley (á Víðimýri) og bjuggu þar unz að þau fluttust vestur í Grunnavatnsbygð vorið 1903.

Eina systir á Þuríður sál. á lífi, Helgu Helgadóttir, er býr suður í Dakota nýlendu.

Þeim hjónum varð 5 barna auðið, er öll fæddust á Íslandi. Eru nú 3 þeirra dáin en 2 á lífi: Ingiríður, kona Jóns Straumfjörðs, og Bjarni, ókvæntur. Dreng mistu þau ársgamlan, og tvær dætur sínar mjög gervilegar, er báðar dóu úr tæringu fyrir skömmum tíma síðan. Sú fyrri, Arnfríður, kona Stefáns Anderson, dó 6. des. 1905, en hin, er var ógift, Sesselja, andaðist 30. ágúst síðastliðið sumar. Báðar dóu þær heima og hafði móðir þeirra stundað þær báðar, og að líkindum heldur veikt heilsu sína þar með, bæði með vökum og áreynslu. Yfir sjúkdómslegu hennar stundaði hana dóttir hennar, er hún var hjá, og Ástríður Straumfjörð, með stakri nákvæmni og alúð, einnig herra Jóhann Straumfjörð hómöpathi, sem alt gerði, er í hans valdi stóð, til að lina þrautir hennar, og gera henni bærilegri síðustu stund æfinnar.

Þuríður sál. var jarðsungin laugardaginn 16. maí, af séra Rögnv. Péturssyni. Húskveðjan fór fram í húsi Jóhanns Straumfjörðs, en líkræðan var flutt úti við gröfina. Flestir vinir og nágrannar úr bygð inni voru þar viðstaddir, enda var veður hið bezta.

Fram til þess síðasta var Þuríður sál. glaðlynd og rólynd, þolinmóð í allri lífsbaráttunni og hóglát og þýð í dauða. Börnum sínum bezta móðir og vinur vina. Hún var góð kona. Framan af æfi átti hún við þröng kjör að búa og lagði mikið á sig. Ráðdeildarsöm og hugul, svo hún var fremur veitandi en þurfandi.

Fósturbarn eitt hafa þau hjón alið upp og reynst því sem foreldri.

Jóhanni Straumfjörð og dóttur hans, fyrir alla þá alúð og hjálp, er þau veittu henni yfir banalegunna, ásamt öllum þeim, er eitthvað styrktu hana síðustu stundirnar, votta skyldmennin sitt hjart ans þakklæti.

Blessuð sé minning hennar og gröf, og friður með vinum og vandamönnum. P.

Hinir áreiðanlegustu — og þar með hinir vinsælustu — verzlunarmenn auglýsa í Heimskringlu.

The Criterion Hotel
McDermott Ave.

Nýtt, vandað gistihús með ágæt herbergi, vönduðustu drykkjir og finustu vindlar.

Vinsælt meðal Íslendinga. Er beint á móti Tribune byggingunni á McDermott Avenue.

MORICE NOKES
EIGANDI

Woodbine Hotel
Stærsta Billiard Hall í Norðvesturlandinu
Tíu Pool-borð.—Alskonar vín og vindlar.
Lennon & Hebb,
Eigendur.

SPÓNNÝTT HÓTEL
ALGERLEGA NÝTÍZKU

Hotel Majestic

John McDonald,
eigandi.
James St. West, Rétt vestan við Main St.
Winnipeg Telefón 4979

$1.50 á dag og þar yfir
Bandaríkja-snið

Alt sem hér er um hönd haft er af beztu tegund. Reynið oss.

BRANDONS VINSŒLASTA GISTIHUS

EMPIRE HOTEL

E. J. PELTIER, eigandi

Hefir öll nútíðar þægindi.
Reynið þetta gisti-hús.
Á bezta stað í borginni.
Lang-vega telefón 188.
Sample rooms

725—731 ROSSER AVE.
BRANDON, MAN.
21-5-8

Jimmy's HOTEL

Sem er rètt á bak við Pósthúsið, — og þar sem alt er af beztu tegund. Íslendingar ættu að reyna þetta gistihús.

James Thorpe,
eigandi.
Fyrverandi eigandi Jimmy's Restaurant á Portage Ave.

nægða og hamingjusama. Caren er bæði blindur og vitlaus".

Lady Aðalheiður hafði óskað eftir, að hann byði Alisu Kan fylgd sína, og Alisa roðnaði af gleði, þegar hann bauð henni það. Kaftaininum leizt æ betur og betur á hana, því Lady Aðalheiður hafði opnað augu hans fyrir mannkostum hennar. Það hefði getað farið tvo, ef Aðalheiður — jafnmikla vanrækslu og maður hennar sýndi henni — hefði ekki verið eins saklaus og góð eins og hún var, — þá hefði getað farið svo, að vinkengi þeirra yrði honum til mikillar sorgar. En hann áleit hana fremur engil en konu. Hann bar lotningu fyrir henni, eins og einhverri æðri veru, og tálbað hana. Hann átti ekkert það leyndarmál til í eigu sinni, sem hann trúði henni ekki fyrir.

Hann sá, að hún elskaði mann sinn af öllu hjarta, og hann hefði glaður gefið líf sitt til, að hún næði ást hans, sem hana langaði svo eftir. Hann sæði aldrei með einu einasta orði tilfinningar hennar, og hún hafði ávalt mikil og góð áhrif á hann, því hann fór í öllu að vilja hennar. Hún hafði talað um Alisu við hann, og hrósað henni meira nú, en nokkru sinni áður. Honum hafði ávalt lítist vel á hana, og þegar Aðalheiður stýlkti hann í því efni, þá fór hann að hugsa um að biðja Alisu að verða konu sína, þegar tími væri kominn til þess.

Hún varð svo glöð, þegar hann sagði henni, að í návist hennar yrðu blómin miklu fegri í augum sínum. Lady Aðalheiður sá gleðina skína úr augum Alisu. Hún skildi, hvað það hafði að þýða og hún laut niður og kysti hana.

Vesalings Aðalheiður! Sjálf var hún svo óhamingjusöm og gat ekki gert sér miklar-né glæsilegar vonir um hamingjusama framtíð, en hún gladdist af að sjá aðra hamingjusama, og reyndi á allan hátt að stuðla að gleði og hamingju þeirra.

Nú gengu menn út að gróðrarstýjunni. Hertoginn leiddi konu sína. Hann var ekki nærri vel heilbrigður í seinni tíð, hann hafði sofið illa um nóttina og leit ekki hraustlega út.

"Leiddu mig, Nita", sagði hann. "Mér líður ekki nærri vel í dag".

Hún varð að gera það. Hann var maðurinn hennar og hertogi, svo hún gat ekki neitað honum. Hann studdist við handlegg hennar, en hún, sem var svo stolt af kröftum s'num, varð mjög óþolinmóð yfir að þurfa að styðja hann. Á meðan þau gengu meðal blómanna og stönsuðu við og við til að skoða þau, hugsaði hún með sér: "Á ég að eyða æfi minni þannig? Er ég eiginkona, eða að eins hjúkrunarkona hans? Maður getur keypt hertogakórónuna of dýru verði".

Það var sem hertoginn læsi hugsanir hennar. "Þreyti ég þig, Nita?" sagði hann.

"Já, mjög mikið", svaraði hún.

"Þá bið ég þig fyrirgefningar. Ég hefði átt að hugsa um það fyr. En ekkert er mér kærara í heiminum, en að styðja mig við þig, elskaða Nita mín".

Hún brosti kuldalega. "Handleggur minn er því miður ekki af járni ger", sagði hún.

Hertoginn tók sér mjög nærri svar hennar.

"Ég vona, að þú fyrirgefir hugsunarleysi mitt. Aldrei skal ég gleyma því framar".

Hann reiddist mjög hinu kuldalega svari hennar. Hann hafði gefið henni stórjafir, sem sæmdu hverjum konungi sem var, og hann hafði elskað hana heitt og innilega, og áðan, í fyrsta sinni, hafði hann beðið hana um litinn greiða. Kuldi hennar skar hann í hjartað.

"Á ég að kalla á Divon?" spurði hún.

"Nei, ég þakka. Það var fremur af ánægjunni af, að vera með þér og tala við þig, að ég bað þig um að leiða mig, heldur en ég þyrfti nokkurs stuðnings með".

Hún ansaði ekki. Hann horfði á hið stolta, kuldalega andlit hennar, sem aldrei hafði brosað hlýlega til hans, og hann stundi þungan. Í þessu gekk Lady Aðalheiður fram hjá þeim. Hún hafði ekki fylgst með hinu fólkinu, heldur verið að segja fyrir inni í húsinu. Hún tók strax eftir, hve þreytulegur hertoginn var. Hertogainnan helt áfram leiðar sinnar, og var nú nærri horfin úr augsýn.

Lady Aðalheiður gekk til hertogans og sagði vingjarnlega: "Þér eruð mjög þreytulegur að sjá. Eruð þér ekki vel friskur? Viljið þér ekki, að ég leiði yður?"

Aldrei gleymdi hún augnaráði hans, er hann leit í augu hennar.

"Þér eruð bæði góð og elskuleg kona, Lady Aðalheiður. Segið mér nú: Getur nokkur manneskja lifað of lengi?"

"Lifað of lengi?" endurtók hún. "Ég get ekki skilið, hvað þér meinið með þessu, herra hertogi".

"Þegar kraftarnir þverra, augun verða döpur og hárið grátnar, er þá ekki tími kominn til að deyja?"

"Nei. Ekkert er fegurra eða virðingarverðara, en gamall maður, sem ber hærurnar með sæmd".

"Það geta verið undantekningar. Mér finst — æ, — guð hjálpi mér, hugsunin um það er bitur, — mér finst stundum, að dauði minn vera í nánd".

"Kona hans hefir hrygt hann", hugsaði Lady Aðalheiður með sér. Hún sárkendi í brjósti um þennan gamla mann, sem nú fyrst sá, að kona hans elskaði hann ekki, og að hann aldrei mundi geta

unnið ást hennar. Lady Aðalheiður reyndi alt sem hún gat til að uppörfa hann.

"Þetta er að eins ímyndun yðar. Þér eruð ekki nærri heilbrigður í dag, og lasleiki hefir ávalt þunglyndi í för með sér".

Hann leit aftur til hennar. "Lady Aðalheiður", sagði hann alt í einu, "þér eruð hreinskilin kona. Segið mér nú, hvernig mynduð þér umgangast mann yðar, ef hann væri orðinn gamall?"

Hún roðnaði. Guð einn víssi, hvort hann yrði hjá henni, þegar hann væri orðinn gamall maður, því hann var að eins að nafninu maður hennar. En hún svaraði samt alveg hreinskilnislega:

"Ég myndi elska hann þúsund sinnum meira, væri það mögulegt, en ég geri nú. Hún hreinasta og sannasta ást í heiminum finst mér vera á milli manns og konu, sem hafa liðið súrt og sætt hvort með öðru".

"Ég trúi yður", sagði hertoginn. "En nú ætla ég að ganga til herbergja minna. Ilmur blómanna er of sterkur fyrir mig".

Þegar hann snéri heimleiðis, sá Lady Aðalheiður tár blika í augum hans.

LV. KAPÍTULI.

Hertogainnan hélt áfram leiðar sinnar, án þess, að hugsa hið minsta um sorg þá, er orð hennar ollu manni hennar, sem hafði alt af verið blíður og eftirlátur við hana.

"Það er eins gott, að hann viti strax að ég vil hvorki vera sem þjónn hans eða hjúkrunarkona",

Kjörkaupa-listi

Victor st., 6 herbergjahús $1600
Toronto st., 7 " nýtísku hús með öllum þægindm $500 niðurborgun. 2800
Simcoe st., — 7 herbergi, 2900
Beverley st., 7 herbergja nýtísku hús á 3000
Home st. nálægt Portage, 25 feta lóðir, á $25 fetið

W. P. RODGERS,
608 McIntyre Blk. Fón 6474.
27-5 8

The Duff & Flett Co.
PLUMBERS, GAS AND STEAM FITTERS
Alt verk vel vandað, og verðið rétt
773 Portage Ave. og 662 Notre Dame Ave.
Phone 4644 Winnipeg Phone 3815

Giftingaleyfisbrjef
selur Kr. Ásg. Benediktsson,
477 Beverley St. Winnipeg.

Ýmsar ástæður

eru fyrir því að vér höfum eins gott kjöt og nokkur annar kjötsali í bænum Reynið hvort ekki er

C. G. JOHNSON
Telefón 2631
Á horninu á Ellice og Langside St

WINNIPEG Business College
FÉKK FYRSTU VERÐLAUN Á SAINT LOUIS SÝNINGUNNI.
Cor. Portage Ave and Fort St.
Kennir Bókhald, Vélritun, Símritun, Byr undir Stjórnbjónustu o. fl. Kveld og dag kensla. Sérstök tilsögn veitt einstaklega. Starfshögunar-skrá frí.

DR. A. EKERN
Sérfræðingur í Augna-, Nef-, Eyrna- og Holdssjúkdómum.
Grand Forks, N. Dak.

Sendið Heimskringlu til vina yðar á Íslandi.

Cancer Cure.
R. D. EVANS, sem fann upp hið viðfræga lyf til lækninga
krabbameinum
óskar að allir sem nú þjást af krabbameinum, skrifi sér. 2. daga notkun meðalsins, læknar útvortis eða innvortis krabbamein. Skrifið strax til R. D. Evans, Brandon, Man. 27-8-8

A. S. BARDAL
Selur líkkistur og annast um útfarir. Allur útbúnaður sá bezti. Enfremur selur hann alskonar minnisvarða og legsteina.
121 Nena St. Phone 306

Skrásetning fer fram í þessari viku dagana 26., 27. og 28. þ. m.

Eftirfylgjandi eru skrásetningarstaðir í WINNIPEG

WEST. — Allir, sem vilja nota kosningarrétt sinn, verða að láta skrásetja nöfn sín.

Skrásetningardeild No. 1 innibindur það svæði, sem takmarkast að norðan af Ellice Avene, að vestan af Landside Street, að sunnan af Portage Avenue og að austan af Balmoral Street. Skrásetjari er K. G. Bumpas, að 382 Young Street.

Skrásetningardeild No. 2 innibindur það svæði, sem takmarkast að norðan af Sargent Avenue, að vestan af Langside Street, að sunnan af Ellice Avenue og að austan af Balmoral Street. Skrásetjari er A. Patterson, 463 Spence Street.

Skrásetningardeild No. 3 innibindur það svæði, sem takmarkast að norðan af Notre Dame Avenue, að vestan af Langside Street, að sunnan af Sargent Avenue og að austan af Balmoral Street. Skrásetjari er H. Foster, að 591 Young Street.

Skrásetningardeild No. 4 innibindur það svæði, sem takmarkast að norðan af William Avenue, að vestan af Nena Street, að sunnan af Notre Dame Avenue og að austan af Isabel Street. Skrásetjari er J. A. Scanlon, að 118 Lydia Street.

Skrásetningardeild No. 5 innibindur það svæði, sem takmarkast að norðan af Alexander Ave., að vestan af Nena Street, að sunnan af William Avenue og að austan af Isabel Street. Skrásetjari er J. S. McCutcheon, á suðvesturhorni Kate Street og Elgin Avenue.

Skrásetningardeild No. 6 innibindur það svæði, sem takmarkast að norðan af aðal C.P.R járnbrautarsporinu, að vestan af Nena Street, að sunnan af Alexander Avenue og að austan af Isabel og Park Streets. Skrásetjari er G. M. Holmes, að 567 Logan Avenue.

Skrásetningardeild No. 7 innibindur það svæði, sem takmarkast að norðan af Ellice Avenue, að vestan af Maryland Street, að sunnan af Portage Avenue og að austan af Langside Street. Skrásetjari er A. Tait, að 562 Ellice Avenue.

Skrásetningardeild No. 8 innibindur það svæði, sem takmarkast að norðan af Sargent Avenue, að vestan af Maryland Street, að sunnan af Ellice Avenue og að austan af Langside Street. Skrásetjari er J. Olson, að 582 Sargent Avenue.

Skrásetningardeild No. 9 innibindur það svæði, sem takmarkast að norðan af Notre Dame Avenue, að vestan af Maryland Street, að sunnan af Sargent Avenue og að austan af Langside Street. Skrásetjari er Phillip Wright, að 662 Notre Dame Ave.

Skrásetningardeild No. 10 innibindur það svæði, sem takmarkast að norðan af William Avenue, að vestan af McPhillip Street, að sunnan af Notre Dame Avenue og að austan af Nena Street. Skrásetjari er J. Anderson, 787 Notre Dame Avenue.

Skrásetningardeild No. 11 innibindur það svæði, sem takmarkast að norðan af Alexander Ave., að vestan af Tecumseh Street, að sunnan af William Avenue og að austan af Nena Street. Skrásetjari er W. T. Doggitt, að 713 Pacific Avenue.

Skrásetningardeild No. 12 innibindur það svæði, sem takmarkast að norðan af aðal C.P.R. járnbrautarsporinu, að vestan af Tecumseh Street, að sunnan af Alexander Avenue og að austan af Nena Street. Skrásetjari er R. Stone, að 749 Logan Avenue.

Skrásetningardeild No. 13 innibindur það svæði, sem takmarkast að norðan af Ellice Avenue, að vestan af Toronto Street, að sunnan af Portage Avenue og að austan af Maryland Street. Skrásetjari er W. Benson, að 694 Ellice Avenue.

Skrásetningardeild No. 14 innibindur það svæði, sem takmarkast að norðan af Sargent Avenue, að vestan af Toronto Street, að sunnan af Ellice Avenue og að austan af Maryland Street. Skrásetjari er T. W. Wright, að 542 Maryland Street.

Skrásetningardeild No. 15 innibindur það svæði, sem takmarkast að norðan af Notre Dame Avenue, að vestan af Toronto Street, að sunnan af Sargent Ave. og að austan af Maryland Street. Skrásetjari er J. Jones, að 659 Toronto Street.

Skrásetningardeild No. 16 innibindur það svæði, sem takmarkast að norðan af aðal C. P. R. járnbrautarsporinu, að vestan af McPhillips Street, að sunnan af William Avenue og að austan af Tecumseh Street. Skrásetjari er: R. P. Skelly, að 257 Dorothy Street.

Skrásetningardeild No. 17 innibindur það svæði, sem takmarkast að norðan af Ellice Avenue, að vestan af Burnell Street, að sunnan af Portage Avenue og að austan af Toronto Street. Skrásetjari er W. Comba, að 356 Simcoe Street.

Skrásetningardeild No. 18 innibindur það svæði, sem takmarkast að norðan af Sargent Avenue, að vestan af Burnell Street, að sunnan af Ellice Avenue, að austan af Toronto Street. Skrásetjari er K. A. Benedictson, að 479 Simcoe Street.

Skrásetningardeild No. 19 innibindur það svæði, sem takmarkast að norðan af Wellington Ave., að vestan af Burnell Street, að sunnan af Sargent Avenue og að austan af Toronto Street. Skrásetjari er C. Hillman, að 604 Beverly Street.

Skrásetningardeild No. 20 innibindur það svæði, sem takmarkast að norðan af Notre Dame Avenue, að vestan af Burnell Street, að sunnan af Wellington Avenue og að austan af Toronto Street. Skrásetjari er H. B. Skaptason, að 744 Beverly Street.

Skrásetningardeild No. 21 innibindur það svæði, sem takmarkast að norðan með framlenging Sargent Avenue og beinni línu vestur að takmörkum borgarinnar, að vestan með vestur takmörkum borgarinnar, að sunnan með Portage Avenue og að austan með Burnell Street. Skrásetjari er W. S. Thorn, að 640 Lipton Street.

Skrásetningardeild No. 22 innibindur það svæði, sem takmarkast að norðan af William og Notre Dame Avenues, að vestan af vestur takmörkum borgarinnar, að sunnan af framlenging Sargent Avenue og beinni línu vestur að vestur takmörkum borgarinnar, og að austan af Burnell og McPhillips Streets. Skrásetjari er: R. S. Gordon, að 1158 Garfield Street.

Skrásetningardeild No. 23 innibindur það svæði, sem takmarkast að norðan af aðal járnbrautarspori C. P. R. félagsins, að vestan af vestur takmörkum borgarinnar, að sunnan af William Ave. og að austan af McPhillip Street. Skrásetjari er S. Sparks, 1505 Ross Avenue.

Hinir ýmsu skrásetjarar verða til staðar hver á þeim stað og í þeirri deild, sem honum hefir verið úthlutuð, til þess þar að veita viðtöku andmælum, sem gerð kunna að verða gegn nöfnum kjósenda, sem skrásettir hafa verið, — á föstudaginn 29. maí 1908 milli kl. 9 fyrir hádegi og 12 á hádegi, og 2 til 6 eftir hádegi.

Endurskoðunar rétturinn — COURT OF REVISION — verður haldinn á laugardaginn 13. jún 1908, í kjallaranum undir íslenzku kirkjunni á horninu á Sargent Avenue og Sherbrooke Street milli kl. 10 fyrir hádegi og kl. 6 eftir hádegi, með uppihaldi um hádegið.

Skrásetningin fer fram þessa daga:

Þriðjudag
Miðvikudag
Fimtudag

26., 27. og 28. maí 1908, frá kl. 9 fyrir hádegi til klj 12 á hádegi, og frá kl. 2 til kl. 6 og frá 7.30 til kl. 10 eftir hád.

Allir, sem vilja greiða atkvæði við næstu kosningar, verða að láta skrásetja nöfn sín nú, — annars geta þeir e k k i greitt atkvæði, því gömlu kjörskrárnar í Winnipeg og Brandon bæjum eru ekki lengur í gildi.

F. Deluca
Verzlar með matvöru, aldini, sætabökur, alskonar sætindi, mjólk og rjóma, sönnul. tóbak og vindla. Óskar viðskifta Íslend. Heitt kaffi eða te á öllum tímum. Fón 7756
Tvær búðir:
587 Notre Dame og 714 Maryland St.

The Dominion Bank
NOTRE DAME Ave. BRANCH Cor. Nena St.
Vér seljum peningaávísanir borganlegar á Íslandi og öðrum lönd.
Allskonar bankastörf af hendi leyst
SPARISJÓDS-DEILDIN
tekur $1.00 innlag og yfir og gefur hæstu gildandi vexti, sem leggjast við innstæðufé 4 sinnum á ári, 30. júní, 30. sept. 31. desembr og 31. march.

Til fullkomnustu tryggingar
Vátryggið fasteignir yðar hjá The
St. Paul Fire & Marine Ins. Co.
Eignir félags. eru yfir 5 millión dollars. Skaðabætur borgaðar af San Francisco eldinum 1906 mill. SKULI HANSSON & CO., 55 Tribune Bldg., Phone 6476, eru sérstakir umboðsmenn.
E. S. Miller Limited
Aðal umboðsmenn
PHONE 2083 219 McINTYRE BLK.

HEIMSKRINGLU og TVÆR skemtilegar sögur fá nýir kaupendur fyrir að eins $2.00.

Department of Agriculture and Immigration.
MANITOBA

Þetta fylki hefir 41,169,089 ekrur lands, 6,019,200 ekrur eru vötn, sem veita landinu raka til akuryrkjuþarfa. Þess vegna höfum vér jafnan nægan raka til uppskeru tryggingar.

Ennþá eru 25 miliónir ekrur óteknar, sem fá má með heimilisrétti eða kaupum.

Íbúatala árið 1901 var 255,211, nú er hún orðin 400,000 manns, hefir nálega tvöfaldast á 7 árum.

Íbúatala Winnipeg borgar árið 1901 var 42,240, en nú um 115 þúsundir, hefir meir en tvöfaldast á 7 árum.

Flutningstæki eru nú sem næst fullkomin, 3516 mílur járnbrauta eru í fylkinu, sem allar liggja út frá Winnipeg. Þrjár þverlandsbrauta lestir fara daglega frá Winnipeg, og innan fárra mánaða verða þær 5 talsins, þegar Grand Trunk Pacific og Canadian Northern bætast við.

Framför fylkisins er sjáanleg hvar sem litið er. Þér ættuð að taka þar bólfestu. Ekkert annað land getur sýnt sama vöxt á sama tímabili.

TIL FERÐAMANNA:

Farið ekki framhjá Winnipeg, án þess að grenslast um stjórnar og járnbrautarlönd til sölu, og útvega yður fullkomnar upplýsingar um heimilisréttarlönd og fjárgróða möguleika.

R. P. ROBLIN,
Stjórnarformaður og Akuryrkjumála Ráðgjafi.
Skrifið eftir upplýsingum til
Joseph Burke, 178 LOGAN AVE., WINNIPEG.
Jas Hartney, 77 YORK ST., TORONTO.

T. L.
Heitir sá vindill sem allir reykja. "Hversvegna?" af því hann er það besta sem menn geta reykt. Íslendingar! munið eftir að biðja um T. L.
(UNION MADE)
Western Cigar Factory
Thomas Lee, eigandi Winnipeg

Redwood Lager og Extra Porter
Styrkið taugarnar með því að drekka eitt staup af öðrum hvorum þessum ágæta heimilis bjór, á undan hverri máltíð. — Reynið !!
EDWARD L. DREWRY Manufacturer & Importer Winnipeg, Canada.

sagði hún þóttalega við sjálfa sig. Það væri líka dæmalaust skemtileg staða, eða hitt þó heldur!"

Hún hætti svo bráðlega að hugsa um þetta, því hún heyrði mannamál í hinum enda gróðrarstýjunnar, svo hún gekk þangað. Gestirnir sátu þar í hnapp hjá fallegum gosbrunni, sem þeytti vatninu yfir hinar grænu laufplöntur. Sæti voru þar til og frá og hvít líkneski á milli þeirra.

Það gladnaði yfir hertogainnunni, þegar hún heyrði hlátur. "Ég kemni í brjósti um hverja þá konu, sem ver æfi sinni til að hugsa um veikan eiginmann", tautaði hún. Hún hristi höfuðið reigingslega. Caren lávarður stóð hjá Alisu Kan, og var að sýna henni mjög fallegt blóm, sem stóð þar í fullu skrauti. Það voru til tvær tegundir af því, önnur hvít, en hin rauð.

"Hvort þykir yður fallegra, það hvíta eða það rauða?" sagði lávarðurinn.

"Ég verð að virða þau vel fyrir mér áður en ég svara", sagði hún. Hertogainnan heyrði samtalið, og gekk nú til þeirra.

"Svar upp á slíka spurningu sýnir lyndiseinkunn þess, sem svarar", sagði hertogainnan. "Hvernig er hægt að líkja saman hvítu og rauðu?"

"Hví skyldi ekki mega líkja því saman?" sagði kafteinn Randolph. "Og með hverju sýnir það lyndiseinkunn mannsins?"

"Ljótlíjörleg, einföld og heimsk persóna mundi kjósa það hvíta. En gef mér hið rauða blóm, fult af ljósi, fjöri, lif og fegurð", sagði hertogainnan.

"En um leið tælandi, glæsilegt og frekjulegt, og sem allra augu stara á", sagði kafteinninn.

"Það getur vel verið, en augun fá þá líka nokkuð, sem vert er að horfa á. Finst yður ekki það sama og mér Caren lávarður?", sagði hún.

"Ég hefi aldrei hugsað um þetta", sagði hann.

"En þarna kemur kona, sem mér er óhætt að segja, að hefir fullkomið vit á því".

Hertogainnan varð mjög ergileg, er hún sá, að lávarðurinn meinti Lady Aðalheiði, sem gekk í hægð um sínum til þeirra.

"Þér komið alveg mátulega til að leysa úr vandasamri spurningu, Lady Aðalheiður", sagði kafteinn Randolph. "Hvor þessara ítölsku plantna þykir yður fallegri?"

"Sú hvíta", svaraði hún á augabragði. En hertogainnan brosti illgirnislega.

"Hvers vegna? Segið okkur hvers vegna", sagði kafteinn Randolph.

"Ég veit ekki, hvort ég get svo nákvæmlega útskýrt ástæður mínar fyrir því", sagði hún brosandi. "Mér finst hið hvíta blóm vera sýnishorn af sakleysi englanna, en um leið hátignarlegt, vinalegt og blítt, — fagurt sem tunglið og snjórinn. Hið rauða er stórfengilegt, — hræðilegt, og eldslogum líkt".

Caren lávarður virti konu sína fyrir sér með sýnilegri aðdáun.

"Þú hefir rétt fyrir þér, Lady Aðalheiður", sagði hann, "ég er alveg á sömu skoðun og þú".

"En þá", sagði kafteinninn hlæjandi, — "þá eruð þér eftir meiningu hertogainnunnar einskisverður, heimskur og einfaldur".

"Ég verð að haka það", sagði hann.

Lady Aðalheiður skildi ekki, hvað hann meinti með þessu. Hún gat heldur ekki hugsað um annað en hertogann. Hún snéri sér að hertogainnunni, sem handlék hlýlega hin rauðu blóm, og sagði:

"Hertoginn er víst lasinn. Hann gekk til herbergja sinna".

"Já, hann kvartaði um þreytu".

"Ég ætla nú að vera góðmildur", sagði Caren lávarður, "og lofa kvenfólkinu, sem sérstakri náð,

að taka knippi af blómum þessum og bera þau í kveld".

Kafteinn Randolph flýtti sér að ná blómi handa Alísu.

"Ég vil velja mátt sjálf", sagði hertogainnan. Hún tók svo eitt handa sér, en sleit svo minna blóm upp og rétti Caren lávarði. Í sama vetfangi rétti Lady Aðalheiður honum hvítan rósakvist.

"Berið þetta blóm í kveld", sagði hertogainnan, "og kjósið svo aldrei framar hvítt í staðinn fyrir rautt".

"Ég ætlaði einmitt að biðja um það sama", sagði Lady Aðalheiður brosandi.

Caren lávarður hneigði sig. Hann sýndist vera í vandræðum með, hvað gera skyldi. Svo tók hann kvistinn með rauðu blómunum.

"Ég verð að bæta fyrir ókurteisi mína, hertogainna. Ég skal með mestu ánægju bera blóm yðar".

"Lady Aðalheiður", sagði nú kafteinn Randolph, "ég vildi alt til vinna, til að mega bera hinn hvíta rósakvist yðar".

En hún lét hann ekki lausan og sagði brosandi: "Nei, kafteinn Randolph, það sem ég hefi boðið manni mínum, gef ég ekki neinum öðrum".

Hún lét sem sér stæði alveg á sama, þó hann hefði tekið kvist hertogainnunnar, en afþakkað hennar eigin. Hún talaði við þau jafn glaðlega og áður og svo, þegar hún sá, að Lady Kan stóð ein sér, gekk hún til hennar. Caren lávarður horfði á eftir henni, þegar hún gekk burtu.

"Það getur vel verið, að það eigi ekki vel við", sagði hann, "að maður hrósi sinni eigin konu, en aldrei á æfi minni hefi ég þekt nokkra manneskju með eins blítt og rólegt lundarlag eins og Lady Aðalheiði".

Hann talaði svo hlýtt og alvarlega, að kafteinninn leit undrandi á hann.

"Hún ætti að kallast "Lady Seneca", (það þýðir: "hin blíða"), hélt hann áfram. "Ég hygg, að það sé ómögulegt, að láta hina blíðu lund hennar tapa jafnvægi sínu".

"Það eru þó vissir hlutir til, sem mundu fljótt láta hana missa rósemi sína", sagði kafteinninn.

"Hvað er það?" spurði lávarðurinn.

"Það er óréttur í hvaða mynd sem er. Ég álít, að hin hræðilegasta reiði af allri réttlátri reiði, sé, er elskandi, elskuleg og blíð kona finnur í hjarta sínu, þegar hún sér þann órétt, sem henni er ger".

"Við skulum vona, að Lady Aðalheiður þurfi aldrei að vita hvað það er", sagði lávarðurinn rólega. En hertogainnan sneri sér undan og brosti háðslega.

LVI. KAPÍTULI.

Hertogainnan af Ormont hafði nú fastlega ásett sér, að vera ekki í þessari óvissu lengur. Hún ætlaði þetta sama kveld, að ná tali af Caren lávarði, hvað sem það kostaði. Hún var búin að hugsa sér, hvað hún skyldi segja honum, því hún vissi vel, hvar hann var veikastur fyrir. Hún vissi, að hann var bæði göfugur og hugrakkur. Sömuleiðis vissi hún, að hann mat mjög mikils sæmd sína og gott mannorð. En hann var veikur fyrir, þegar til meðaumkvunar með öðrum kom til sögunnar, og hún vonaði, að hans meðfædda tilhneiging til að elska, mynda hjálpa sér í áformum sínum. Hún lærði

unum jafnhliða þeim hvíta. Eða þeir gæti átt jafnan aðgang og fullan rétt við hvíta menn. Samt segi ég nei, og held því fram, að svo sé. Að jafnvel þó vér látum svarta þjóðflokkinn ná allri mentun og menning, sem hann væri hæfur að geta tekið á móti, og setjum hann svo sérskilinn á lönd eða landsparta, þar sem heimsmenning öll gæti jafnt til þeirra náð, þá samt yrðu þeir langt á eftir-hinum hvítu. Hver er ástæðan? Ég veit þér brosið að mér, ef ég segi að ástæðan sé sú, að svörtu mennirnir hafi einhvernveginn glatast, eða orðið útundan hjá guði og náttúrunni, og þessvegna séu þeir lítið meir en hálfskapaðir enn sem komið er. En ég legg enga áherzlu á litinn. En þeir þurfa að lagast og fegrast til þess að geta orðið gott og hæfilegt verkfæri og bústaður fyrir æðri partinn, sálina, andann, sem öllu stjórnar. — Ég halla mér eindregið, að skoðun vísindamanna, sem hafa sýnt og sannað, að stjórn drottins og lögmál náttúrunnar er afarlengi að ná fullkomnunar takmarkinu, í því stóra — engu síður en vér litlu börnin, sem kölluð eru menn, erum að smápota oss áfram til fullkomnunar í því smáa. Og þó brosað verði aftur að mér, þá er það samt sannleikur, að stórgallar eru á fyrstu myndum og smíði náttúrunnar, öldungsis eins og hjá hugmynda afli uppfundningamannsins, að fyrsta gerðin er oft mjög ófullkomin. En tími, þekking, hlutföll og kröfur halda áfram að fullkomna.

Þannig er með svertingjann. — Líkami hans er að vísu vel og sterklega gerður, en höfuð hans er langt frá því, að geta geymt djúpa vitsmuni, staðfasta þrá til æðra stigs og þolgóða stjórnvizku. Höfuð þeirra er nógu stórt, ekki vantar það, og framúrkarandi sterkbygt. Þó barið sé þéttingshögg með hamri á haus þeirra þá sakar slíkt ekki hót, frekar en barið væri á gamlan uxa eða útselshaus. Alt er grimmilega sterkt. Hauskúpan löng aftur, ennið hrukkótt, kjálkar og tanna umgerð öll afar rambyggileg, eins og á rándýri. Augun sí-kvik og flótta leg og benda ekki á neitt ákveðið. Yfir höfuð, er óblandaður negrahaus, afar ljótur, og eins alt andlitsfall. Hann getur ekki verið hæfur bústaður fyrir fagra sál, háfleygar skoðanir, djúpa vizku og mannelskufullar tilfinningar.

Því segi ég, svertingjarnir eru ekki nema hálf-skapaðir ennþá. Þeir eru nokkurs konar hrikasmíði náttúrunnar, eins og t.d. fyrsti gufuvagninn var, sem smiðaður var til að draga eimlestina. En árin og aldirnar eiga enn eftir, að fegra alt og laga eftir kröfum lífs og siðfágunarþroska þjóðanna. Svertingjarnir eru enn meira börn skógarins og hálfviltrar náttúru, en að þeir séu börn heimsmenningarinnar. Þeir þyrftu helzt í fæstu hundrað ár, að þrí og fjórblandast við blóð hvítra manna, til þess að ná andlegum þroska, svo að þeir verði hæfir til að standa þeim jafnfætis í framsóknar baráttunni, til fullkomnunar marksins sem að er kept.

Þetta er skoðun mín, þegar ég tek til yfirlits allan flokkinn, en undantekningar geta átt sér stað. Nefnilega, að til séu menn og konur í honum, sem þoli samanburð við hvíta menn. En þar fyrir, þó mitt álit sé þannig, þá er ég eindregið á móti svertingjahatrinu. Það lagar þá aldrei. Og það verður aldrei nema efni í blóðuga styrjöld innbyrðis milli hvítra og svartra. Ef þeim svörtu gæti vaxið svo fiskur um hrygg í andlegu sjálfstæði og þroska, að þeir sæu sér fært að brjóta niður yfirlitningarmúrinn, sem hvíti maðurinn í Suðurríkjunum hefir bygt milli sín og svarta mannsins.

(Niðurl.).

Agrip af sögu

Kvenréttinda-hreyfingarinnar

Eftir
BRÍET BJARNHÉÐINSDÓTTIR.
(Skírnir).

Kvenréttinda hreyfingin er skilgetið barn stjórnarbyltingarinnar á Frakklandi um 1790, og eðlilegt áframhald af jafnaðar og mannréttinda kenningum 18. aldarinnar. Frönsk kona, Olympe de Gauge, svaraði mannréttinda yfirlýsingu þjóðfundarins franska með því, að heimta sömu réttindi til handa konum, og hafði fjöldi franskra kvenna skrifað undir skjalið. En stjórnarbyltingar mennirnir á Frakklandi gátu ekki skilið, að almenn mannréttindi ættu að ná til kvennanna. Svo að þessi hreyfing kafnaði þegar í fæðingunni.

Um sömu mundir var kona sokkur á Englandi, Mary Wallstonecraft, sem var hrifin af þessum sömu hugsjónum. 1787 ritaði hún bók "um uppeldi dætra vorra", 1790 aðra um mannréttindi, og 1793 ritaði hún "um kvenréttindi", og vakti sú bók mikla eftirtekt.

Í Ameríku var góður jarðvegur fyrir slíkar kenningar. Það gat naumast farið hjá því, að sjálfstæðis yfirlýsing Bandaríkjanna hefði áhrif á konurnar, og að frels isstríð þjóðanna vekti hjá þeim óskir um sömu réttindi þeim til handa eins og hinni helft þjóðarinnar. En þó er það ekki fyr en eftir 1830, þegar byrjað var að rita og ræða um frelsi þræla og bindindismálin, sem þær fara fyrir alvöru að bera sín réttindi saman við réttindi karlmannanna, og taka að sér málstað þrælanna, sem sameiginlegan fyrir þær að mörgu leyti.

Í 16 ár börðust allar merkustu konur Bandaríkjanna fyrir frelsi þræla, bindindismálinu og öðrum þjóðmálum, við hlið karlmannanna. Má þar fyrst nefna Harriet Beecher Stowe, höf. að hinni frægu skáldsögu: "Kofi Tómasar frænda"; sýndi það rit betur en nokkurt annað meðferðina á þrælunum. Systurnar Sarah og Angelina Grimke voru orðlagðar fyrir ritsnild og mælsku. Enn má geta þeirra Lucretiu Mott, einhverrar hinnar merkustu konu þeirra tíma, Lucy Stone og Elizabeth Cady Stanton, sem stofnaði fyrsta kjörréttindafélag kvenna, í Seneca Falls 1848, og var aðal forgöngukona kvenréttinda baráttunnar í Ameríku um 50 ár, ásamt Susan B. Anthony, sem var samverkakona hennar og tók við forustunni af henni, þegar hún dó.

Eftir að þrælarnir höfðu fengið frelsi og farið var að berjast fyrir því, að þeir fengju sömu pólitisku réttindi og hvítir menn, þá gerðu konurnar sér von um, að þeim yrði gert jafnhátt undir höfði. En þrátt fyrir það, að þær höfðu barist fyrir þessum réttindum handa hvorum tveggja, þá var þeim boðið frá, þá sáu þær, að þær máttu ekki gefa sig við flokksmálum meðan þær sjálfar höfðu ekki stjórnmálaleg réttindi. Þeim yrði jafnan ýtt burtu og liðveizla þeirra einskis metin, þegar menn þyrftu ekki lengur á henni að halda; þær yrðu sjálfar að taka sín eigin mál á dagskrá, og fylgja þeim einum flokkum að málum, sem gæfu þeim beztu tryggingu fyrir áreiðanlegri hjálp og samvinnu, þar til þær hefðu náð pólitísku jafnrétti. Þetta hefir síðan verið meginregla flestra kvenréttindafélaga heimsins. Hún er bygð á þeirri dýrkeyptu reynslu, að enginn er annars bróðir í leik, og að réttlausir menn (og konur) verða að gera sér alt að góðu, sem valdhöfunum þóknast að bjóða.

Þótt amerískar konur fengju ekki pólitisk réttindi 1866, þá hefir þó barátta þeirra borið mikinn ávöxt, bæði fyrir þær sjálfar og allar konur hins mentaða heims. Hún hefir kent konum, að hvaða takmarki þeim beri að keppa, og sýnt þeim aðferðina; reynslan og eftirdæmið hefir styrkt þær í baráttunni.

Smámsaman fengu þær ýms rétt indi. 1848 fengu giftar konur í New York full umráð yfir vinnulaunum sínum og lausafé. 1856 öðluðust giftar konur í Massachusetts hin sömu réttindi. Sumstaðar í vesturfylkjunum fengu konur líka kosningarrétt í ýmsum málum, að meira eða minna leyti, um leið og fylkin bygðust eða voru tekin inn í sambandsríkið. Ýms lagaleg og borgaraleg réttindi höfðu konur þar, bæði giftar og ógiftar, og atvinnufrelsi meira en annarsstaðar í Bandaríkjunum. Giftum konum voru trygð yfirráð yfir börnum sínum jafnt föðurnum, ef um skilnað var að ræða, og þeim var með lögum trygður réttur til skilnaðar við þá menn, sem vegna óreglu eða illmensku misþyrmdu þeim eða börnunum osfrv.

Eftir allmikla mótspyrnu tókst konum að ná aðgöngu að háskólunum, og tók Elizabeth Blackwell fyrst kvenna próf í læknisfræði við háskólann í Geneva 1849.

Loks fengu konur full stjórnarfarsleg réttindi í Wyoming 1869, og voru þau lög endurnýjuð 1890, þegar fylkið var gert að sambandsríki.

1893 fengu konur í Colorado pólitiskan kosningarrétt og kjörgengi, 1895 í Utah og 1896 í Idaho.

Í þessum ríkjum fengu þær og brátt aðgang að sömu embættum og atvinnugreinum sem karlmenn. Yfir höfuð má segja, að barátta kvenna í Ameríku fyrir réttindum sínum hafi vakið þær alment til meðvitundar um manngildi sitt, og áunnið þeim virðingu manna.

Canada. Auðvitað hafa konur í Canada orðið fyrir áhrifum frá systrum sínum í Bandaríkjunum. En hvorki hafa þær barist jafnötullega fyrir réttindum sínum né þurft jafnmikið fyrir að hafa. Þær hafa svo að segja tekið sinn hlut í ýmsum greinum á þurru landi. En kosningarrétt hafa þær enn þá ekki fullan að neinu leyti. Í sveita- og safnaðarmálum eru það að eins ógiftar, sjálfstæðar konur og ekkjur, sem hafa atkvæðisrétt, og í skólastjórn konur þeirra manna, sem gjalda skatt og eiga börn í skóla. En mjög erfitt er að neyta þessara laga vegna þess, að nöfn þessara kvenna standa ekki á skattskránum.

Veturinn 1905 samþykti borgarstjórinn og bæjarstjórnin í Toronto, sem er miðdepill allrar mentunar í Canada, þá ákvörðun, að breyta kosningarréttarlögunum þannig, að allar giftar konur fengju kosningarrétt og kjörgengi sveitarstjórnar- og safnaðarmálum.

Kvenréttindafélögin völdu sendinefnd til að flytja málið fyrir forsætisráðherranum. Meðal þeirra voru ýmsir af helztu mönnum Toronto: borgmeistarinn, forstöðumaður háskólans og umsjónarmaður alþýðuskólanna. Ráðherrann tók málinu vel í fyrstu, en kvaðst þó ekki geta veitt konum meiri réttindi, en þær hefðu. Það væri "æðra vald", sem hefði afskamtað þeim stöðu þeirra, og af því yrðu ráðin ekki tekin.

Um sömu mundir tók stúlka nokkur embættispróf í lögum við háskólann með ágætiseinkunn. En þegar hún vildi fá að flytja mál fyrir yfirréttinum, var henni neitað um það, því að einungis "persónur" hefðu leyfi til þess, en konur væru ekki "persónur" eftir lögunum, heldur karlmenn einir.

Lítlu síðar var kona ein tekin föst og sett í gæzluvarðhald. Daginn eftir, þegar hún var kölluð fyr ir lögreglustjórann, hafði hún það til varnar sakleysi sínu, að hún væri kona en engin "persóna"; lögin nærðu ekki til sín. Dómarinn spurði, hvort nokkur hefði ráðlagt henni að segja þetta. "Nei, en ég les blöðin", svaraði hún. Hún var sýknuð, en lagastafnum breytt í "konur og persónur", og þar með fékk stúlka sú, er lögfræðisprófið hafði, að flytja mál fyrir yfirréttinum.

Ástralía. Hún hefir gengið á undan hinum álfunum í því efni, að veita konum fullkomið jafnrétti við karlmenn. Það lítur svo út, sem enskumælandi þjóðirnar kunni betur að meta konur sínar í mörgum greinum en aðrar þjóðir.

Nýja Sjáland, Suður Ástralía og Vestur Ástralía urðu fyrst til að veita konum pólitísk réttindi. Á Nýja Sjálandi hlutu þær þau réttindi 1893, í Suður Ástraliu 1895 og í Vestur Ástraliu 1900. Hin fylkin fetuðu síðan í fótspor þeirra —: Nýja Suður Wales 1902, Tasmania 1903 og Victoria 1905. Aður höfðu konur þar gefið sig mjög lítið að stjórnmálum. En réttindin hafa orðið bezti kennari þeirra. Nú þjóta kvenfélögin hvervetna upp og hafa það að markmiði, að fræða kvenþjóðina um skyldur sínar og réttindi, og fá hana til að nota sér þau. Fjöldinn allur af lögum hafa verið samþykt síðan, er konur hafa átt mestan þátt í að gefin voru, og enn hafa þær þó ekki setið á þingum. Helztu laganýmælin eru þessi:

Lögtrygð vernd giftra kvenna gagnvart eiginmönnum, sem misþyrma konum sínum og börnum, sömuleiðis gegn þeim eiginmönnum, sem reynast þeim ótrúir eða yfirgefa þær, eða hætta að sja þeim og heimilinu fyrir framfærslu. Enn má nefna umbót á lögum gegn ofdrykkju, fjárhættuspilum o.fl., löghelgun á ættleiðslu barna við hjónaband foreldranna, lög um 52 stunda vinnutíma á viku, í mesta lagi, fyrir börn yngri en 16 ára, um endurbætur á meðferð vanræktra barna, lög um bann gegn reykingum unglinga, umbætur á vinnutaxta verkamanna, umbætur á lögum um eignarrétt giftra kvenna, lög þess efnis, að konur geti fengið umsjónarstörf við stofnanir ríkisins með sömu launum og karlmenn, að eftirlitsaldur barna sé farður úr 14 árum upp í 17 ár, að börn séu undir umsjón alþýðuskólanna í frítímunum, borði þar miðdegisverð og leiki sér, að lokað sé veitingahúsum á sunnudögum, og loks lög um bann gegn því, að gefa börnum áfengi, osfrv.

Auk þessa hafa þær fengið ýmsum lögum framgengt til að bæta hagi sína, t.d. um kosningarrétt og kjörgengi í sveita- og safnaðarmálum. Þær hafa rétt til að vera borgarstjórar og bæjarfulltrúar, sömuleiðis sáttanefndarmenn, til að sitja í skólanefndum ofl. Öll mannúðar og siðgæðismál hafa átt talsmenn þar sem þær voru. Öllu, sem lýtur að uppeldi og mentamálum barna og alþýðu, hafa þær veitt fylgi sitt, og komið fram fjölmörgum umbótum í þá stefnu. Þær hafa rutt sér braut að embættum og atvinnugreinum til jafns við karlmenn, með sömu launum, og fá þær þann orðstír af karmönnunum, að þær bæti félagslífið, og hafi þjóðfélagið að öllu unnið við, að þær taki þátt í landsmálum og landssjórn, því þær séu vandari að heiðarleik þingmannanna; við það hafi þingið stórum batnað. Þær sýni alvarlegri áhuga á öllum almennum vel ferðarmálum, og heimti meiri heiðarleik af embættismönnum, en karlmennirnir hafi gert áður. Yfir höfuð hafi réttindin þroskað þær og gert þær lærari til að standa vel í hvaða stöðu sem er.

England. Þar hafa konur lengi haft kosningarrétt og kjörgengi í sveita- og safnaðarmálum. Einkum hafa stóreignakonur lengi átt þeim réttindum að fagna. En ekki hafa konur notað sér kjörgengið fyr en nú á síðustu árum lítið eitt. Nú sem stendur eru einar tvær konur í borgarstjórn Lundúna.

Á Englandi hafa konur að vísu jafnrétti við karlmenn í ýmsum greinum. En hvarvetna reka þar sig á takmörkin. Þær mega t.d. læra við háskólana og taka embættispróf þaðan. En þótt þær taki próf með beztu einkunn, þá hafa átt mestan þátt í að gefin voru, og enn hafa þær þó ekki setið á þingum. Helztu laganýmælin eru þessi:

Lögtrygð vernd giftra kvenna gagnvart eiginmönnum, sem misþyrma konum sínum og börnum, sömuleiðis gegn þeim eiginmönnum, sem reynast þeim ótrúir eða yfirgefa þær, eða hætta að sja þeim og heimilinu fyrir framfærslu. Enn má nefna umbót á lögum gegn ofdrykkju, fjárhættuspilum o.fl., löghelgun á ættleiðslu barna við hjónaband foreldranna, lög um 52 stunda vinnutíma á viku, í mesta lagi, fyrir börn yngri en 16 ára, um endurbætur á meðferð vanræktra barna, lög um bann gegn reykingum unglinga, umbætur á vinnutaxta verkamanna, umbætur á lögum um eignarrétt giftra kvenna, lög þess efnis, að konur geti fengið umsjónarstörf við stofnanir ríkisins með sömu launum og karlmenn, að eftirlitsaldur barna sé farður úr 14 árum upp í 17 ár, að börn séu undir umsjón alþýðuskólanna í frítímunum, borði þar miðdegisverð og leiki sér, að lokað sé veitingahúsum á sunnudögum, og loks lög um bann gegn því, að gefa börnum áfengi, osfrv.

Auk þessa hafa þær fengið ýmsum lögum framgengt til að bæta hagi sína, t.d. um kosningarrétt og kjörgengi í sveita- og safnaðarmálum. Þær hafa rétt til að vera borgarstjórar og bæjarfulltrúar, sömuleiðis sáttanefndarmenn, til að sitja í skólanefndum ofl. Öll mannúðar og siðgæðismál hafa átt talsmenn þar sem þær voru. Öllu, sem lýtur að uppeldi og mentamálum barna og alþýðu, hafa þær veitt fylgi sitt, og komið fram fjölmörgum umbótum í þá stefnu. Þær hafa rutt sér braut að embættum og atvinnugreinum til jafns við karlmenn, með sömu launum, og fá þær þann orðstír af karmönnunum, að þær bæti félagslífið, og hafi þjóðfélagið að öllu unnið við, að þær taki þátt í landsmálum og landssjórn, því þær séu vandari að heiðarleik þingmannanna; við það hafi þingið stórum batnað. Þær sýni alvarlegri áhuga á öllum almennum vel ferðarmálum, og heimti meiri heiðarleik af embættismönnum, en karlmennirnir hafi gert áður. Yfir höfuð hafi réttindin þroskað þær og gert þær lærari til að standa vel í hvaða stöðu sem er.



Mynd þessi sýnir part af landeign og byggingum INTER-WEST PEAT FUEL COMPANY við Lac du Bonnet, Manitoba, sem Íslendingum var með auglýsingu þessu í blaði nýlega boðið að gerast hluthafar í.

jarðargróður hér framan af vorinu, meðan ísinn liggur á vatninu, en þegar hann er horfinn, byrja rigningarnar. Það er eins og skýin þori ekki að fella tárin sín ofan á þennan bláhvíta feld.

Veturinn 1906—7 lá vatnið undir ís í 206 daga, þegar talið er frá því víkur byrja að frjósa á hausti og þar til alleyst er á vori. Síðastliðinn vetur hefir ísinn dvalið hjá okkur í 187 daga.

Heilsufar manna er gott, en lítil sem engin atvinna.

Finnbogi Hjálmarsson.

Áskorun

frá Winnipeg General Hospital til íbúa Winnipeg borgar, um peningahjálp til viðhalds stofnuninni.

Líknarstarf Almenna spítalans hér í borginni hefir við vaxandi íbúatölu og aukinn innflutning aukist svo mjög á síðustu árum, að þar sem samlögð dagshjúkrun sjúklinga í ókeypis deildinni var árið 1903 24 þús. dagar, þá var það á síðasta ári (1907) komið upp í 54 þús. daga, — að eins fyrir bæjarsjúklingana. Viðhalds kostnaður hefir aukist að sama skapi, og er nú orðinn meiri en stofnunin fær staðist, þar til nú að spítalann skuldar 28 þús. dollara eingöngu fyrir viðhaldskostnað.

Daglegur kostnaður fyrir hvern sjúkling sýnir, að enginn stór spitali í þessu landi hefir sparsamlegri stjórn en Winnipeg spitalinn, og við niðurfærslu kostnaðarins hlyti notagildi sjúkrahússins að minka.

Starfsvið sjúkrahússins getur ekki minkað. Þeir sjúku og særðu í borg vorri verða að eiga aðgang að hjúkrun þar, og þetta verður bezt gert með því, að gera stofnuninni mögulegt, að eignast öll nýjustu og gagnlegustu tæki til sjúkdóms lækninga.

Borgin veitir árlega 40 þús. dollara til viðhalds spítalanum, og þó það sé stór upphæð, þá nægir hún að eins til þriggja mánaða viðhalds árlega. Stjórnarnefnd spítalans skorar því hér með á íbúa Winnipeg borgar, að styrkja nú spitalann, svo að hægt sé sem fyrst, að losa hann úr áhvílandi skuldum. Nefndin litur svo á, að þetta sé heiðursspursmál borgarinnar.

Góðgirni sú, sem borgarbúar, og sérstaklega konur, hafa sýnt spitalanum, er algerlega nauðsynleg til viðhalds þeirri stofnun, og velunnarar þess álíta, að án þessa velvilja mundi Winnipeg spitalinn almenni bráðlega verða fátæk, ófullnægjandi og dýr stofnun.

Borgarnefnd, undir forustu A. L. Johnson og A. L. Crossen skrifara, hefir verið mynduð til þess að hafa saman fé til arðs fyrir spitalann. Nefndarmenn munu gera tilraun til þess, að heimsækja alla bæjarbúa, og vonar að sér verði vel tekið. Gefið það sem þér getið, og setjið yður að gefa spitalanum einhverja vissa upphæð á árij

Auk almennu gjafanna, sem vonað er að hafist saman, verður tillaga lögð fram fyrir verkamenn í verksmiðjum, búðum og á skrifstofum um, að þeir leggi til spitalans á árinu 1908 eins dags kaup hvers manns. Fyrir hverja $100, sem þannig gefast, mega gefendur tilnefna einn lífstíðar meðlim í spitala stjórnina. Spitalinn getur ekki fengið ofmarga lífstíðar stjórnendur, sem hver um sig verða beðnir að heimsækja spitalann ákveðnar vikur úr árinu, og verða þannig verkfæri til þess, að koma spitalanum í nánara samband við bæjarbúa. Með þessu fyrirkomulagi gefa þeir, sem lægst kaup fá, eins mikið og hinir, sem betur eru launaðir.

Vér eigum enga miljóneigandi mannvini í Winnipeg til þess að létta af oss byrði þessa starfs. En nokkur þúsund borgarbúa, ef hver lætur sér ant um spitalann, geta ekki að eins veitt honum nægar inntektir, heldur einnig það, sem peningar megna ekki að kaupa. — Sérhvert sjúkrahús er kalt og dapurt heimkynni án góðvilja borgaranna, og það er engin ástæða fyrir því, að Winnipeg spitalinn geti ekki orðið auðugasta stofnun í þessu tilliti.

Samkvæmt löggildingar ákvæðum sjúkrahússins, á hver sá, sem gefur $10 á ári sömu hlutdeild og hefir sömu áhrif á stofnunina og hinn, sem gefur $10,000. Það er þess vegna í raun réttri borgara sjúkrahús, átt og stjórnað af bæjarbúum, til hagsmuna fyrir hina nauðlíðandi.

GEORGE F. GALT,
heiðurs ritari og féh.

FRÉTTABRÉF.

WINNIPEGOSIS, MAN.
18. maí 1908.

Endafallinn, feld með brunnann
fram af stalli hniginn er
Norðri karl og yfirunninn, —
upp á pallinn Suðri fer.

Boð frá Sól hann birtir löndum,
býður öllu góðan dag.
Sest á stól og styður höndum
sterk á fjöll og kveður brag.

Alt hið daufa og auma kysti,
andar þétt á svellin blá,
býður laufi lífna á kvisti,
hlju að spretta velli á.

Kuldinn var svo mikill eftir páskana, að við vorum orðnir hræddir um, að vorið ætlaði að verða kalt eins og í fyrra. Hræðslan á svo undra hægt með að ná hryggspennu á hugum manna, þegar þeir sjá fram á skort á einhverju. Til dæmis voru margir heylausir og aðrir komnir að þrot um, en nautgripir allvíða fremur magrir, því heyafli síðastliðið sumar var hér um pláss með rýrasta móti, og verkun slæm, sökum hinnar bágu veðuráttu og sífeldu rigninga. Menn voru að reyta þetta hlass eða svo alt fram í frost og snjóa. En nú er þetta alt breytt til batnaðar. Suðri kom með vorið í fanginu fyrir eitt hvað tveimur vikum, og grasið þýtur nú upp óðfluga. Ísinn er nú horfinn af inn-vatninu, en óefað mun íshroði enn á norðurpartinum. Undra seint þroskast allur

WINNIPEG

Íslendingadagsnefndin hélt fyrsta fund sinn á skrifstofu Heimskringlu á mánudagskveldið þ. 18. m. Nefndarmenn skiftu með sér störfum þannig:

Í Garðanefnd eru: Sigfús Anderson, A. J. Johnson, Th. Johnson, Páll S. Pálsson og Th. Thomas.

Í "Sports"-nefnd eru: Páll S. Pálsson, Victor Anderson, Jacob Johnston, Tom Gillis, Sigfús Anderson og Th. Johnson.

Í Prógramsnefnd eru: B. L. Baldwinson, A. J. Johnson, Jacob Johnston og Sigfús Anderson.

Samþykt var, að ráða íslenzka hornleikenda flokkinn, 25 manns, til þess að spila al-íslenzk lög á hátíðinni, allan daginn frá því hún byrjar að morgninum þar til síðast að kveldi að dansinn byrjar.

Ráðstafanir voru einnig gerðar viðvíkjandi útvegun ræðumanna og kvæða á hátíðinni.

Herra Páli S. Pálssyni var falið að útvega auglýsingar á prógram dagsins, sem ætlað er að verði í nokkuð stærra broti en í fyrra, og að hafa því starfi lokið fyrir 1. júlí, ef mögulegt er. Nefndin biður Íslendinga, að taka erindum hans vel, svo að ekki þurfi að ganga út til þess að biðja um verðlaunagjafir. Þjóðflokkur vor í þessu landi er orðinn svo fjölmennur, að vér eigum að geta einir staðið straum af kostnaðinum við þjóðhátíðarhaldið. En það verður að eins með því móti, að íslenzkir "business" menn sýni deginum þa velvild, að auglýsa á prógrami hans eins og þeir hafa gert á síðastliðnum tveimur árum.

Séra H. B. Thorgrimsen, frá Akra, N. D., flutti hér fyrirlestur um "Fegurð íslenzkrar tungu" í Tjaldbúðarkirkjunni fyrra þriðjudagskveld. Höfundurinn var sýnilega mjög hrifinn af fegurð og þýðleik íslenzkunnar, og áleit hana vera fegursta mál, sem til væri. Aðrar þjóðir, sem þektu hana, öfunduðu okkur Íslendinga af þessum gimsteini, sem við hefðum tekið í arf eftir forfeður okkar. Höfundurinn áleit, að sá Íslendingur, sem glataði móðurmáli sínu, eða skammaðist sín fyrir það, gæti ekki talist maður með mönnum og ætti það heldur ekki skilið. Hann eggjaði áheyrendur sína "lögeggjan", að leggja rækt við íslenzka málið, og kasta því ALDREI fyrir borð, fyrir annað tungumál. — Vér vildum óska, að þetta kæmi fram á söngsamkomu höfundarins, sem á að halda hér, sumar, ekki síður en annarsstaðar. — Fyrirlesturinn var í heild sinni mjög góð og þarfleg hugvekja og vel og skipulega fluttur. En fólksfæðin á þessari samkomu benti til þess, að langt of fáir vildu hlusta á erindi um þetta málefni.

Mrs. Guðrún Búason lagði af stað héðan úr bænum á sunnudagskveldið var, sem erindreki Goodtemplar reglunnar á alþjóða þing hennar, sem haldast á í Washington, D.C. Hún bjóst við að hafa viðdvöl í Niagara Falls, Toronto, Montreal, Boston og Washington. St. Paul og Minneapolis, og koma heim aftur fyrir lok júnimánaðar.

Stefán Breiðfjörð, kaupmaður að Gardar N. Dak., hefir keypt lóð í hinu nýja bæjarstæði þar og ætlar að flytja verzlunarbúð sína þangað og reka þar verzlun framvegis. Hann hefir að undanförnu hafst búð sína um fjórðung milu vegar frá hinu nýútmælda bæjarstæði. Herra Breiðfjörð er fjárhirðir Foresters félagsins þar syðra og er þar velmetinn borgari.

Svo má heita, að uppihaldslaus rigning hafi verið hér í fylkinu síðastliðna 6 sólarhringa, vegur því víða blautir og haglendi undir vatni. Ekki er ætlað, að þetta hoekki að neinu uppskerunni væntanlegu.

Nýtt skólahérað hefir verið myndað á parti úr suðvesturhluta Gimli sveitar, og á parti úr landi utan sveitarinnar. Það inniheldur Sect. 23, 24, 25, 28, 35 og og 36 í Tp. 19, R. 1 West, Sect. 19, 20, 29, 30, 31, 32 í Tp. 19, R. 1 East, Sect. 5, 6, 7, 8 og 18 í Tp. 20, R. 1 East og Sect. 1, 2, 3, 10, 11 og 12 í Tp. 20, R. 1 West. — Skólahérað þetta heitir: "Bender skólahérað No. 1449".

Fregn frá Ottawa segir Peter Lyall & Co. hafi undirritað samning um, að byggja vagnstöðina miklu hér í bænum fyrir 886 þús. dollara. Þrir menn eru í þessu félagi, og tveir þeirra búa hér í bænum. Þeir neita því, að sú upphæð, sem hér er tilnefnd, sé rétt, en vilja þó ekki gera uppskátt hver mismunurinn sé, en ætla má, að upphæðin sé talsvert hærri en fregnin segir.

Teitur Helgason, í Tantallion, Sask., hefir sent Heimskringlu $3.25 til kvenfrelsis kvenfélagsins í Winnipeg. Samskotin eru frá: Mrs. Anna Johnson $1.00, Mrs. Ásgrímsson $1.00, Mrs. F. G. Johnson 50c, Miss S. Bartels 25c og Teitur Helgason 50c.

Meðlimir Canadian Order of Foresters stúkunnar VÍNLAND eru hér með ámintir um, að sækja skrúðgönguna til Baptista kirkjunnar á sunnudaginn kemur, samkvæmt auglýsingu ritara Vinlands stúkunnar á öðrum staðum í þessu blaði.

Stolin reiðhjól eru smámsaman að finnast hér í bænum. Hjól, sem stolið var fyrir þremur árum, fanst í sl. viku. Annað hjól fanst um sama leyti. Sá, sem hafði það, var Galiciumaður. Hann kvað sínu hjóli hafa verið stolið, og hefði því orðið að fá annað í staðinn. Þess vegna hefði hann tekið fyrsta hjól, sem hann náði í.

Björn Árnason, frá Framnes P. O., kom til bæjarins um síðustu helgi í atvinnuleit. Hann segir liðan bænda þar nyrðra góða yfirleitt. Flestir höfðu næg hey, þótt víða væru þau létt til fóðurs, og yfirleitt gengu gripir vel undan vetrinum. Járnbrautarstæði C. P. R. félagsins hefir verið höggvið upp cína milu fyrir norðan Íslendingafljót, en um starfsemi félagsins þar á þessu sumri væri bygðarbúum ekki kunnugt.

Úr bréfi úr Gardarbygð, dagsett 20. maí 1908: "Héðan úr þessari bygð er alt fréttalaust, að undanskildri járnbrautinni. Það er verið að byggja hana í krafti. Bæjarstæðið er útmælt hér á Gardar og bæjarlóðir eru dagloga keyptar. Banki á að byggjast hér í haust, og er það meira en margir hér bjuggust við. Eftir því sem nú horfir við, ætti Gardar bráðlega að verða talsvert stórt þorp".

Þann 20. þ. m. gaf séra Fr. J. Bergmann saman í hjónaband þau herra Peter Anderson, húsasmið, og ungfrú Vilborgu Jónsdóttir, bæði til heimilis hér í bænum. Að afstaðinni hjónavígslunni, sem fór fram í Tjaldbúðarkirkju að viðstöddu miklu fjölmenni, héldu ungu hjónin af stað með járnbrautarlest suður til St. Paul og Minneapolis og annara staða í Bandaríkjunum. Þau eru væntanleg hingað til bæjarins í lok þessa mánaðar. — Við þetta tækifæri flutti herra Magnús Markússon hinum ungu hjónum eftirfylgjandi kvæði:

Á blíðu vori blómin gróa fögur,
þar blöðin nærir dögg og sólarglóð,
þá brosir heiður himinn, fold og lögur,
og hörpustrengir óma þúsund ljóð.
En alt er þetta eins og hverfull draumur,
sem endar þegar næða hretin köld,
því líf á jörð er stríður tímans straumur,
sem stefnir fram á þögult æfikvöld.

En það sem grær og gildi stöðugt hefur
við geislaskin og mannlífshretin köld,
er blóm, sem eilíf ástin hjörtum gefur,
sem aldrei þekti dauðans bitra kvöld.
Já, það sé ykkar eign um lífsins daga,
sem eiða vinnið þessa helgu stund,
þá verður fögur samverunnar saga
er sigurminning krýnir hinsta blund.

Að velja braut, sem gjöldin sönnu gefur,
er gróðinn mesti, æðsta lífsins skraut,
því hver sem traust og trú og kærleik hefur
í tímans stríði sigrar hverja þraut.
Þú sveinn og mey fríð sól og von í hjarta,
er saman bindið vilja, ráð og hag,
á ykkar leiðum ljómi ástin bjarta
um langan, heiðan, sögufrægan dag.

HLJÓMLEIKAR.

Hvað þýðir það orð?

ÞAÐ AÐ ÍSLENZKI LÚÐRAFLOKKURINN, (West Winnipeg Band), leikur í FYRSTA sinn mjög mismunandi tóna, á nær 30 samstilt, frábrugðin hljóðfæri, í Goodtemplarahúsinu, þriðjudagskveldið 9. JÚNÍ næstk. kl. 8. síðdegis.

Alsherjar DANS verður háður á eftir.

Inngangur kostar 35c. Gætið nánar að augl. í næsta blaði.

Mrs. Guðrún Búason símritar Heimskringlu frá Schreiber, Ont., dags. 26. þ.m., að gufuvélin "Express" og vöruflutningsvagnar í lest þeirri, sem hún var í, hafi laskast, en engir af farþegjunum hafi týnt lífi, og að sér liði vel. — Oss skilst, að þetta hafi orðið á þriðjudagsmorguninn var, og hefir Mrs. Búason áltið rétt, að senda þetta skeyti, svo að hennar mörgu vinir hér yrðu ekki hræddir um hana, þó þeir frétti í hérlendum blöðum, að járnbrautarslys hafi hent vagnlest þá, sem hún var með.

Þann 9. jan. sl. voru gefin saman í hjónaband af séra Rögnv. Péturssyni Jón Sigurðsson Borgfjörð og Árnína Þorbjörg Anderson, til heimilis við Árnes í Nýja Íslandi, — og 2. apríl sl. Guðjón Kristjánsson og Ina Marteinsson, að heimili foreldra brúðarinnar hér í bænum, — og þann 11. maí Stefán Árnason og Þuríður Goodmanson, að heimili Mr. og Mrs. S. B. Brynjólfssonar hér í bænum.

Kvenfélag Tjaldbúðar safnaðar ætlar að halda BAZAR í fundarsal kirkjunnar þann 2. og 3. júní næstk. Þar verða og seldar veitingar: Kaffi og ísrjómi. Kvenfélagið vonar, að Íslendingar sæki vel þessa Bazar sölu. Hlutir eru vandaðir og ódýrir.

Óvanalega fjölbreyttur skemtifundur hjá Goodtemplara stúkunni Skuld á miðvikudagskveldið 1 þessari viku. Alt bindindisfólk er velkomið.

Þingboð.

Hér með tilkynnist hlutaðeigendum, að FJÓRÐA ÞING HINS ÚNÍTARISKA KIRKJUFÉLAGS ÍSLENDINGA Í VESTURHEIMI verður sett í íslenzku Únítara kirkjunni í Winnipeg — FÖSTUDAGINN ÞANN TÓLFTA (12.) JÚNÍ NÆSTKOMANDI, kl. 2 eftir hádegi.

Í umboði stjórnarnefndarinnar.

S. B. BRYNJÓLFSSON,
Varaforseti.

C.O.F.
SKRÚÐGANGA
næsta sunnudag.

Meðlimir Canadian Order of Foresters halda skrúðgöngu til Fyrstu Baptista kirkjunnar á horninu á Notre Dame og Gertie stræti

Sunnudaginn 31. mai

Allir meðlimir stúkunnar VÍNLAND mæta stundvíst kl. 2 e. h. á horninu á Lombard og Main st. Skrautblómum verður þar útbýtt meðal meðlima stúkunnar.

MAGNÚS JOHNSON,
Secretary.

Stefán Guttormsson,
Mælingamaður,
663 AGNES STREET. WINNIPEG.

Íslenzkur **Kjötsali**
Hvergi fæst betra né ódýrara KJÖT en hjá honum,—og þú munt sannfærast um að svo er, ef þú aðeins kaupir af honum í eitt sinn. Allar tegundir. Óskar að Isl. heimsækji sig
CHRISTIAN OLESON,
666 Notre Dame Ave. Telefón 6906

Opinn fundur.

Barnastúkan ÆSKAN heldur opinn fund í neðri sal Goodtamplara á mánudagskveldið kl. 8 þann 1. júní næstk. Þar verða ýmsar skemtanir um hönd hafðar, svo sem ræður, söngur og fleira, mest af börnunum sjálfum. Óskað að sem flestir komi. Inn- og útgangur kostnaðarlaus.

I. O. F.

Meðlimir stúkunnar ÍSAFOLD, Nr. 1048, I.O.F., eru beðnir að fjölmenna á fund í kveld, — fimtudag 28. mai. — Glymjandi musik og fleira á prógrami.

Flateyjarbók

(3. bindi) í ágætu bandi er til sölu hjá N. OTTENSON, River Park. Verð: $8.00, en 50c að auk ef send er út úr bænum.

Fundarboð.

Hér með tilkynnist hlutaðeigendum, að Hagyrðingafélags fundur verður haldinn að heimili Björns Péturssonar, að 706 Simcoe St., sunnudaginn 31. mai, kl. 2 e. hád. Áríðandi málefni liggur til umræðu. Allir hagyrðingar beðnir að sækja fund þennan.

G. J. Goodmundsson.

FRÉTTIR.

— Stjórnin á Nýfundnalandi hefir sett í fjárlögin $20,000 dollara útgjöld til að reisa fyrirmyndarbú þar á eynni. Þingið hefir samþykt þann útgjaldalið.

— Innflutninga umboðsmenn Canada stjórnar í Montreal segja innflutning fólks til Canada á yfirstandandi ári miklu minni en á sama tíma í fyrra, og telja víst, að munurinn sé alt að 40 þúsund manns, eða sem næst 8 þúsund á mánuði að meðaltali.

— Kvenfrelsiskonur á Englandi hafa látið all ófriðlega síðan forsætisráðherrann þar ljet í ljósi skoðun sína á jafnrétti þeirra í pólitískum málum. Þykir konum hanna illa að sér í kvenmálunum. Tuttugu af konum þessum gerðu því herra Asquith heimsókn á skrifstofu hans í stjórnarráðhúsinu og lögðu fyrir hann skrifleg kröfu um, að gera opinberar ákveðnar skoðanir og fyrirætlanir stjórnarinnar viðvíkjandi kvenfrelsismálinu. Þær kváðust óánægðar með yfirlýsingu hans í þinginu um mál þeirra. Svo létu konur þessar ófriðlega, að 6 þeirra voru teknar fastar og varpað í fangelsi. Meðal þeirra var ungfrú Maloney, sú sem ekti Winston Churchhill í Dundee-kjördæminu, og hringdi bjöllum á fundum hans, svo hann fékk þar engu orði upp komið, og sem endaði með því, að hann tapaði kosningu þar. Herra Asquith lét konurnar vita, að hann gæti að svo stöddu engu svarað áskorun þeirra — og þá urðu þær svo æstar, að lögreglan varð að skerast í leikinn — Þær voru fyrst beðnar með góðu að hafa sig burtu úr ráðhúsinu, þar sem erindi þeirra væri lokið, en þær létu ekki huggast, og létu svo ófriðloga, að þær voru að lokum handteknar.

Til Sigtryggs Ágústssonar.

Sjálfsálitsins "yndis-unun"
ört þó hossi þér,
flestra lista fyrirmunun
föðurleyfð þín er.

Lesandi Hkr.

DOBSON and JACKSON
Byggingamenn
Sýnið oss uppdrætti yðar og áætlanir og fáið verðáætlanir vorar.
370 Colony Street
Winnipeg

Hlaupa-drengir fást á svipstundu ef kallað er á
Phone 4862
WESTERN MESSENGER SERVICE,
336½ Smith St. - Winnipeg
Virðingarfylst óska Viðskifta yðar.
Auglýsinga-Skiltum Dreyft og Fest Upp.
A. J. Huckell, ráðsmaður.

Boyd's Brauð
Brauð vor eru gerð í heilnæmu Bakarí, sem útbúið er með nýjustu hnoðunar- og meðhöndlunar-vélum. Brauðgerðum er veitt hin nákvæmasta athygli, alt frá mjölt. og þar til það er borið á borð. Keyrð heim á hvert heimili.
Boyd's
Bakery Cor Spence & Portage Ave
Phone 1030.

MIDLAND HOTEL
255 Market St. Phone 3491
Nýtt hús, nýr húsbúnaður
Fullar byrgðir af allskonar vönduðustu drykkjum og vindlum í hressingar stofunni. Gisting einn dollar á dag og þar yfir.
W. G. GOULD :: FRED. D. PETERS, Eigendur
WINNIPEG ::: ::: CANADA

Jónas Pálsson
PIANO KENNARI
729 Sherbrooke St. Winnipeg.

G. M. Bjarnason
Málar, leggur pappír og gerir "Kalsomining. Óskar við skifta Islendinga.
672 AGNES ST. TELEFÓN 6954

ARNI ANDERSON Íslenzkur lögmaður
Í félagi með
Hudson, Howell, Ormond & Marlatt
Barristers, Solicitors, etc.
Winnipeg, Man.
13-18 Merchants Bank Bldg. Phone 3621, 3622

C. INGALDSON
Gerir við úr, klukkur og alt gullstáss. Úr klukkur hringir og allskonar gullvara til sölu. Alt verk fljótt og vel gert.
147 ISABEL ST.
Fáeinar dyr norður frá William Ave.

J. G. Snydal, L. D. S.
ÍSL. TANNLÆKNIR
COR. MAIN & BANNATYNE
DUFFIN BLOCK PHONE 5302

HANNESSON & WHITE
LÖGFRÆÐINGAR
Room: 12 Bank of Hamilton
Telefón: 4715

BILDFELL & PAULSON
Union Bank 5th Floor, No. 520
selja hús og lóðir og annast þar að lútandi störf; útvegar peningalán o. fl.
Tel.: 2685

BONNAR, HARTLEY & MANAHAN
Lögfræðingar og Landskjala Semjarar
Suite 7, Nanton Block, Winnipeg

Hver þvær og Hreinsar Fötin ydar?
Hversvegna að fara í Kína-kompurnar þegar þér eigið kost á að fá verkið gert betur, og alt eins ódýrt, í beztu og heilsusamlegustu þvottastofunn, þar sem aðeins hvítt vinnufólk er haft og öll hreinustu efni notuð
Vér óskum viðskifta ydar.
The North-West Laundry Comp'y Ltd.
Hreinsarar og Litarar
COR. MAIN & YORK FÓN 5178

UMLÍÐUN MEÐ BORGUN.
Allskonar Fatnadur

Menn og Konur! Því skyldið þér ekki klæðast vel, þegar þér getið keypt fínustu föt, hvort heldur eftir máli eða með verksmiðju-gerð,—með vægum viku eða mánaðar afborgunum.
Allir vorir klæða dúkar eru af fínustu tegund, og fötin með nýjasta New York sniði. Vér höfum kvenfatnaði, skyrtur og treyjur. Einnig karlm. fatnaði, treyjur og buxur, með vægum afborgunarskilmálum. Vér seljum ódýrar en aðrir gera fyrir peninga. Karla fatnaðir frá $9.00 og yfir. Kvenmanna fatnaðir og treyjur frá $12.00. og þar yfir.
Komið! skoðið vörurnar og sannfærist !!
EMPIRE CREDIT CO'Y
Sal 13 í Traders Bankanum, — 433 MAIN STREET
2-8-8

Viðvíkjandi Hafið tal af

Sjúkdómum Sérfræðingum vorum
Royal Optical Co.
327 Portage Ave.
Rétt á móti Eaton's búðinni. Winnipeg.
12-9-8

LESIÐ NÚ!

Vér bjóðum um mánaðartíma hin beztu ekrukaup, sem nokkurntíma hafa boðin verið. Landið er á Main St., norðan bæjarins, liggur að C.P.R. og rafmagnsbrautunum. Selt í spildum eftir óskum kaupendanna, ein ekra eða meira. Verð frá $200 ekran og yfir, með aðgengilegum skilmálum.

[Framhald hinumegin við Hkr. nafnið]

Heimskringla.

Kjörkaup

þessi eru þau mestu, er nokkru sinni hafa verið boðin, og af því að ekrufjöldinn er takmarkaður, þá ættuð þér að kaupa strax. — Landið er hentugt til garðræktar, gripa eða fuglaræktar.

Skuli Hansson & Co.

Skrifst. Telefón 6478. Heimilis Telefón 2274

XXII. ÁR. WINNIPEG, MANITOBA, FIMTUDAGINN, 4. JÚNÍ, 1908 NR. 36

OG MEIRI KJÖRKAUP

Sem allra flestar íslenzkar konur ættu að koma við í búð þeirra Clemens, Arnason og Pálnason, það sem eftir er af þessari viku og á mánudaginn í næstu viku, — til þess að ná í eftirfylgjandi kjörkaup, sem er aðeins lítið sýnishorn: —

Ef þér getið ekki komið, — telefónið 5343.

Notið yður þessi kjörkaup:

Ferskt "Dairy" Smjör, pundið á	0.25
" "Creamery" " "	0.30
7 pund af Rhubarb á	0.25
Góður Salt-Fiskur, pundið á	0.08
3 pd. kanna af Pork & Beans	0.10
Besta Jam, vanal. 25c, nú niðursett í	0.20
3 staup full með Jelly á	0.25
Pine Apples, vanal. 20c, nú á	0.15
Liptons 'Pickles' vanav. 20c, nú á	0.15
12 stykki 'Castile' Sápu á	0.25

Clemens, Arnason & Palmason

The Cash Grocery House,

Cor. Sargent & Victor. Fón 5343.

Fregnsafn

Markverðustu viðburðir hvaðanæfa.

Þjóðverjar og Frakkar hafa komist að samningum viðvíkjandi Morokko. Frakkar hafa lofað, að kalla heim herdeild sínar þaðan úr landi, strax og þeir séu búnir að bæla niður uppreistina þar og koma á fullkomnum og tryggum friði.

— Sextíu og fjórir innflytjendur frá Galiciu, sem nýlega lentu í Quebec voru sendir til baka, af því þeir höfðu ekki peninga þá með sér, er lögin fyrirskipa. Hver maður þarf að hafa að minsta kosti $25, ef hann vill fá landgöngu.

— Maður frá Ungverjalandi, sem fyrir 8 árum hafði stolið peningum austur í Ontario, náðist í sl. viku í smáþorpi einu meðfram C. N. R. brautinni þar í fylkinu, og var hann strax kærður um glæpinn. — Er þetta talinn vottur þess, að lögregluliðið þar eystra sé minnisgott og skyldurækið. — Maðurinn mæðgekk.

— Tilraun var nýlega gerð til þess að fá Harry Thaw leystan úr vitfirringa spítalanum í Poughkeepsie, en dómarinn kvað sjálfsagt, að halda honum á stofnun þessari, þar eð hann væri valalaust vitskertur, og því hættulegt, að láta hann ganga lausan. Síðan hafa lögmenn hans farið þess á leit, að hann sé fluttur á annan spítala. En ekkert er enn þá afráðið um það.

— Voðaslys varð í grend við Port Arthur um miðnætti á fimtudaginn var. Það var uppstigningardagur, og þá stóð vatnið í svo nefndri Straumá þar eystra svo hátt, að það orsakaði bæði mann- og eignatjón. Flóðlokur voru í á þessari, og þaðan fær Port Arthur neyzluvatn sitt. En einn af flóðgörðum árinnar hafði sprungið af óvanalega miklum vatnsþunga, sem á hann lagðist eftir langvarandi rigningar. Þegar garðurinn sprakk, æddi vatnið áfram með ofsa miklum hraða og gerði stórskemdir á löngu svæði beggja megin árinnar. Meðal annars sópaði vatnið burtu hálfrar brú, sem það lá yfir. Af þessu ormilu löngu járnbrautarspori og sakaðist, að ein af flutningslestum C.P.R. félagsins, rann út í ána, og týndu þar fimm menn lífi. — Það er talið, að Port Arthur bær og C. P. R. félagið bíði samsiginlega hálfrar milión dollara eignatjón við þetta slys.

— Frétt frá Seattle segir, að embættismenn Bandarikja stjórnarinnar hafi komist að því, að yfir helmingur allra Indiána í Alaska hafi brjósttæringu og þjáist einnig af ýmsum öðrum sjúkdómum. — Þetta sýna skýrslur Capt. Paul Chumans, hjálparlæknis í Bandarikja hernum, sem gert hefir ítarlega rannsókn í þessu efni í bygðum Indiána í Alaska. Hann hefir verið rúmt ár þar vestra, og segir einu hjálpina, sem mögulegt sé að veita þessu fólki, vera þá, að senda heilan hóp af læknum norður í Alaska til þess að kenna Indiánum almennar heilbrigðisreglur og hreinlæti.

— John P. Holland, sá sem uppgötvaði neðansjávar bátinn nafnkunna, hefir nú um tíma verið að vinna að því, að uppgötva loftfar, sem hann vonar að verði það hraðskreyðasta í heimi. Hann segis búast við, að hafa skip þetta fullgert innan 5 ára, og verði það svo fullkomið, að hann geti farið á því frá Ameriku til Englands á 36 kl. stundum. Hann kveðst vera þess viss, að hann geti látið skip þetta fara hundrað milur á kl.stund. — Holland hefir þegar smíðað 6 loftför og segir 3 þeirra hafa reynst vel. Hann kveðst vona, að hann lifi til þess tíma, að hann sjái menn og varning ferðast í loftinu, og að gufuskip verði skoðuð, sem arðlausir forngripir.

— Fregn frá Parísarborg segir að prinsessa ein í Austurriki hafi strokið með manni til að giftast honum. Þegar uppvíst varð um strok hennar úr heimahúsum, var sendiherrum allra stórveldanna skipað að láta lögregluna í hinum ýmsu löndum hafa gát á ferðum prinsessunnar, og ef mögulegt væri — koma í veg fyrir, að hún fengi giftingar athöfnina framkvæmda. Víst er talið, að hún hafi komist til Lundúnaborgar með unnustanum og hyljist þar, og þá að sjálfsögðu komist í hjónabandið fyr en nokkurn varir.

— Þýzkt félag hefir fundið upp aðferð til þess að heilsa innbrotsþjófum, þegar þeir fara á óleyfilegan hátt í peningaskápa. Svo er umbúið, að eitruðu gasi er hleypt í peningaskápana á kveldin, og það kæfir þjófana samstundis, ef þeir komast í skápana á nokkurn annan hátt, en með hinum vanalega skáplás. Enn þá hefir þó ekki tekist, að fá verzlunarmenn til að reyna þetta gas.

— Fyrra mánudag varð hitinn í Chicago 86 stig í skugga. Er það talinn mestur hiti þann tíma árs, sem menn hafa sögur af í þeirri borg á síðasta mannsaldri.

— Fyrra sunnudag brann til ösku í Chicago borg 2 milión fet af timbri og 150 þúsund tómar tunnur. Skaðinn er metinn á 150 þúsund dollara. Um 20 þúsund manna horfðu á þetta stóra bál.

Louis Frechette, eitt af beztu skáldum Canada, andaðist í Montreal á sunnudagskveldið var, 70 ára gamall.

— Svenska blaðið Hemlandet skýrir frá því, að fregnin um, að Friðþjófur Nansen muni verða tengdasonur Edwards Bretakonungs, sé talin trúanleg um allan Noreg, því þegar konungur var gestur í Noregi hafi Nansen heimsótt hirð hans daglega, og eins hafi konungur og föruneyti hans heimsótt Nansen í sumarbústað hans þar. Nansen, sem varð ekkjumaður sl. ár, er 47 ára gamall, en Victoria dóttir Edwards konungs er 39 ára gömul.

— Nýlega er fundin arfleiðsluskrá Benjamins sál. Hadley, sem andaðist fyrir nokkru, og talinn er að hafa átt hálfa milión dollara í ýmsum eignum. Hann tilnefnir Roosevelt forseta tíu þúsund dollara af eignunum. Hadley þessi var stakur sparsemdarmaður, hafði aldrei farið með járnbraut á æfi sinni, og aldrei komið á leikhús né til kirkju síðan hann varð fullorðinn.

— Svo mikil flóð hafa orðið sökum langvinnra rigninga í Texas, að 5 þúsundir manna hafa orðið að yfirgefa heimili sín, og eru nú húsviltir. Sjö manns hafa druknað af flóðum í Tennessee ánni. Járnbrautaferðir hættar á stóru svæði. Margar þúsundir af kvikfénaði hafa drepist í flóðunum. Eignatjónið er voðalega mikið.

— Nýlega fanst á bóndabýli í Iowa haugur mikill, og tóku menn að grafa í hann. Fanst þar þá beinagrind af manni, sem á sinni tíð hefir verið fullra 3 álna hár, og hjá honum lá exi úr hertum kopar, hárbeitt, ásamt mörgum gömlum morðtólum, sem Indiánar hafa notað fyr á tímum, en sem mönnum hefir áður ekki verið kunnugt um, að væru til hér í landi.

— Nýútkomnar hjúskapar skýrslur Breta sýna, að ekki er alsæla fengin með hjónabandinu. Árið 1906 urðu 2879 hjónaskilnaðir á Englandi. Þar af 362 þar sem hjónin áttu ekkert barn, 247 þar sem þau áttu eitt barn, og svo þaðan af færri eftir því sem hjónin áttu fleiri börn. Yfirleitt benda skýrslurnar til þess, að skilnaðir séu tíð astir hjá efnaða fólkinu. En þeir fátæku og þeir sem hafa stærstar fjölskyldur, búa lengst saman. Þannig urðu á einu ári að eins 21 hjónaskilnaðir þar sem hjónin áttu 6 börn eða fleiri.

— Nýlega réðust 3 Ítalir á tvo bankaþjóna, sem báru 43 þúsund dollara eftir götum New York borgar. Þeir voru barðir svo illa, að báðir liðu í ómegin. En þegar hér var komið sögunni, kom að ung ítölsk vinnustúlka, og réðist á formann ræningjanna. Afleiðingin var, að hann var tekinn fastur, og féð náðist og var afhent bankanum.

— Nýlega er útkljáð stórfelt skaðabótamál á Englandi. Það stóð yfir í 33 daga og kostaði alls $350 þúsund. Níu lögfræðingar unnu að máli þessu. Þrir þeirra tóku í laun 5 þúsund dollara á dag, og 500 dollara að auki. Hinir voru ódýrari. Reikningur þeirra var alla leið frá $3,000 niður í $750 á dag, og aukagjöld frá $50 til $350 á dag.

— Skipagöngur byrja eftir ám og vötnum í Yukon héraðinu í dag (4.þ.m.). Póstsendingar ganga því nú viðstöðulaust þangað vestur.

Síðasta framkoma í Winnipeg

Sumir hornleikenda flokkar eru vinsælir í héraði, aðrir hafa alþjóða álit. En KILTIES eru ekki að eins viðfrægir í sínu eigin landi, heldur um heim allan. Þeir hafa haft 4 þúsund hljómleikasamkomur í Bandarikjunum, Englandi, Írlandi, Skotlandi, Wales og Mexicó, og allstaðar mætt beztu viðtökum, og allstaðar verið beðnir að koma aftur. Þeir halda heiðurssæti meðal hornleikenda flokka. Allir spilararnir eru frægir í sinni list, og svo samtaka, sem að eins löng samvinna getur gert þá.

Ferðalög þeirra eru vanalega 11 mánuðir af ári hverju, tólfta mánuðinn hvílast þeir heima í Bellville Canada. Þeir hafa rétt byrjað 15. ferð sína, og spila nú betur, en nokkru sinni fyr. Með þeim er 16 manna söngflokkur, Amerískur sverðdansari og spilarar á belg og horn-pípur, og herra Fraser koma fram á hverri samkomu.

Þessir frægu skemtendur fara þann 19. júlí frá Vancouver í 4. ára ferð um Austurlönd. Þeir verða með "Pure Food Exhibition" í Audítorium skálanum hér í bænum frá 8. til 20. þ.m., — næstu 2 vikur. — Íbúar Winnipeg bæjar og nærlendis ættu að sjá og heyra þennan heimsfræga flokk.

Brantford Perfect | Massey Imperial | Cleveland Rambler

Engin þörf, að keyra með lúinn hest til bæjar, þegar drengurinn mundi með ánægju fara það á hjóli.

Gætið að tímatapi og hestaniðslu við það, að útvega ekki piltum eða stúlkum reiðhjól — það, sem væri yður erfiði, er þeim bara skemtun.

Spyrjið börnin, hvað þau vildu heldur en reiðhjól. Það veitir þeim meiri ánægju og yður hagsmuna, en flest annað, er þér kaupið.

CANADA CYCLE & MOTOR COMPANY, LIMITED, WINNIPEG

Heimsins beztu hjólasmiðir

147 PRINCESS ST. - - - - WINNIPEG, MAN.

ÍSLANDS FRÉTTIR.

Frú Torfhildur Hólm hefir nú unnið að ritstörfum í 25 ár. Þess mintust margar konur í Reykjavík með því að halda frú Holm virðulegt samsæti á Hótel Reykjavík á sumardaginn fyrsta. Við það tækifæri var henni afhent vandað gullúr með áletran eftir Árna Gíslason, í viðurkenningarskyni fyrir skáldverk hennar og önnur bókmentastörf. — Íslenzkir glímumenn að norðan hafa farið til Reykjavíkur til samæfinga með sunnanmönnum þeim, er sendast eiga á Olympisku leikina í Lundúnum í júlí næstk. Íslenzk blöð segja, að forstöðumenn þessara leikja hafi ekkert á móti hluttöku Íslendinga í hverjum þeim kappleikjum, er þeir sjái sér fært að reyna sig í við aðrar þjóðir. Íslands stjórn veitir 2 þúsund krónur til fararinnar, og iðnaðarmanna félagið í Reykjavík gefur 500 kr. Þess utan gefa ýmsir einstaklingar minsmunandi upphæðir, svo að öll von er til, að nægilegt fé hafist saman til þess að kosta ferð Íslendinganna til Lundúna og dvöl þeirra þar. — Jón ritstjóri Ólafsson hefir verið sektaður 50 kr. (sekt og málskostnað) fyrir meiðyrði gegn Valdimar Ottensen. — Þann 12. apríl komu til Reykjavíkur Sigurður Sölvason með konu og 7 börn beint frá Ameriku. Hann ætlar að stunda söðlasmíði í Reykjavík. Ennfremur komu að vestan Þorsteinn Guðmundsson, frú Thompson og Árni Sveinbjörnsson. (Sá síðasttaldi kemur hingað vestur aftur í sumar). — Ísafold, dags. 6. maí, segir norðan bálviðri 4—5 daga samfleytt, frostlitið þó. — Skaptafellssýsla veitt settum sýslumanni cand. jur. Sigurði P. Eggerz. — Klæðaverksmiðjan Iðunn er nú endurreist og tekin til starfa, traustari miklu og fullkomnari en hún var fyrir brunann. — Heiðursgjöf hafa enskir útgerðarmenn sæmt Ditlev Thomsen konsúl í Reykjavík fyrir hjálp hans við enska skip brotsmenn, þar á meðal skipbrotsmanna skýlið á Skeiðarársandi. Heiðursgjöfin er silfurskrín skrautlegt og fagurt. Þetta var honum afhent ásamt skrautrituðu þakkarávarpi í veizlu, er honum var haldin í Hull á Englandi á Skírdag. Var veizla sú fjölmenn og viðhafnarmikil. — Ísafold flytur all-langa grein um tekjuafgang af landsímanum á síðasta ári. Þykir blaðinu að vísu tekjuafgangurinn vera all-vænlegur — nær 5 þúsund kr. — en kvartar jafnframt undan því, að hann hafi að mestu komið úr vösum sjálfra Íslendinga, og auki því útgjaldabyrði þeirra, mjög oft að þarflítlu, ef ekki alveg þarflausu. (Ritstjóri Ísafoldar fór utan fyrir nokkrum árum til lækninga. Þessi grein hans um landsímatekjur síðasta árs, ber þess vott, að hann sé orðinn í meira lagi lasinn á ný. Það þarf sjáanlega að senda manninn utan í annað sinn, ef ekki er rúm á Kleppi). — Sigurður Jósúa, frá Ameriku, hefir fundið kol við Búðardal. Sex feta þykt lag af kolum fann hann undir surtarbrandslagi á tveim stöðum við Hreðavatn. Það er í Nýpurlandi, skamt frá Búðardal, og er land það eign Njáls bónda, er þar býr. Bæði voru kolalög þessi skamt frá sjó, annað þeirra niður í fjöru. Ekki er um frétt, hvort kol þessi séu góð til eldsneytis, en svo er sagt, að Sigurði lítist vel á þau, og þar sem hann hefir talsverða þekkingu á kolum, þá má ætla, að fundur hans sé mikils virði. — Þann 24. marz sást eldur í hásuðri frá Mýri í Bárðardal. Varð svo bjart í svefnhúsum, að fólk fór á fætur til að forvitnast um þetta þann 30. sama mánaðar sást reykjarmökkur í hásuðri frá Skútustöðum. — Ingvar Hjartarson, frá Bakka í Vatnsdal, drekti sér 2. maí, og Benedikt Benediktsson, í Vestur-Aragerði í Flóa hengdi sig. — Bæjarstjóri í Reykjavík er kosinn til 6 ára Páll Einarsson, sýslumaður, með 10 atkv. gegu 3, er gagnsækjandi hans Kn. Zimsen verkfræðingur hlaut. — Hinn nýi gufubátur "Ingólfur", sem ætlaður er til stranferða um Faxaflóa, er kominn til Íslands eftir 8 daga ferð frá Noregi. Honum stýrir Sigurjón Pétur Jónsson, ættaður af Eyrarbakka. Báturinn er 70 smálestir og tekur 60 farþegja á öðru en 40 í fyrsta farrými. Hann fer 9 mílur á kl.stund og kostaði 66 þúsund kr. — Í Vestmannaeyjum helzt sami landburður af fiski, þegar á sjó gefur, en salt og kol hafa þrotið á eyjunni. Vinnulaun eru geysihá, til dæmis sextugum karli ófærum að róa goldnar 170 kr. í kaup báðar vertíðirnar, auk fæðis, húsnæðis og þjónustu. — Tvær franskar fiskiskútur bar upp á sker við Mýrar í norðanstormi og hríðarbyl þann 5. maí. Skipshafnir björguðust báðar, önnur í norskt veiðiskip, en hin upp á Akranes, eftir 10 kl.stunda barning þangað, menn þá orðnir mjög þjakaðir. — Þilskipaafli sunnanlands var ágætur á vetrarvertíðinni mest 30 og minst 8 þúsund á skip. Meðal aflinn mun hafa verið um 20 þús. fiskjar á skip.

PURITY FLOUR

AÐ BAKA BEZTA BRAUÐ

er meira en vísindi og meira en list.

En það má gerast fljótlega og áreiðanlega með því að nota

PURITY FLOUR

Það er malað úr bezt völdu Vestur-Canada Hörðu Hveitikorni; er algerlega hreint og svo ilmandi kjarngott.

ALLIR ÍSLENZKIR KAUPMENN SELJA ÞAÐ

WESTERN CANADA FLOUR MILLS CO., LIMITED.

WINNIPEG, — CANADA.

Wall Plaster

Með því að venja sig á að brúka **"Empire"** tegundir af Hardwall og Wood Fibre Plaster er maður hár viss að fá beztu afleiðingar.

Vér búum til:

"Empire" Wood Fibre Plaster
"Empire" Cement Wall "
"Empire" Finish "
"Gold Dust" Finish "
"Gilt Edge" Plaster of Paris
og allar Gypsum vöruuteg-undir. —

Eigum vér að senda yður bækling vorn?

MANITOBA GYPSUM CO. LTD

SKRIFSTOFUR OG MILLUR I

Winnipeg, - Man.

HEIMSKRINGLA
Published every Thursday by
The Heimskringla News & Publishing Co.

Verð blaðsins í Canada og Bandar $2.00 um árið (fyrir fram borgað), Sent til Íslands $2.10 (fyrir fram borgað af kaupendum blaðsins hér $1.50.)

B. L. BALDWINSON,
Editor & Manager

Office:
729 Sherbrooke Street, Winnipeg
P. O. BOX 116. 'Phone 3512.

Um barsmíð á börnum.

Ein öldruð kona hefir ritað Heimskringlu á þessa leið:

"Engar hefi ég fréttir að segja. Ég vest aldrei neitt, nema það, er ég les í blöðunum, þegar ég sé þau. Nú í síðustu Heimskringlu las ég svo hræðilega frétt, að slikt er líklega dæmalaust, nefnilega barsmíði skólakennara á tíu ára gömlum dreng, og það að beiðni móðurinnar. Slikt er dæmalaust. En svo verður nú ekkert gert úr þessu. Drengurinn fer heim til móðurinnar aftur og kennararnir halda stöðu sinni. En skólanefndin lætur athæfi þetta hlutlaust, að öðru en því, að hafa góð orð um, að það skuli ekki koma fyrir aftur. Svo lognast alt út af, og blöðin hætta að ræða um það, og foreldrar láta börn sín ganga aftur til sömu kennaranna.

"Drengurinn fellur réttlaus, engir halda uppi svörum fyrir hann. Móðirin hefir ótakmarkað vald yfir barninu sínu, sem guð gaf henni til uppeldis og aga og umsjónar. Því það efa ég ekki, að hún sjálf hafi verið búin að berja alla góða eiginleikana úr barninu, og drengurinn þess vegna orðinn svo óþægur, sem frá er sagt, og móðirin þá orðin svo stjórnlaus af grimdarhelst til barnsins síns, að hún hefir valið sér þessi tvö kennara fúlmenni, til þess að svala heipt sinni á barninu, sem hefir verið orðið hálf-tryllt af hennar völdum. Og sjálfsagt heldur barsmíðinu áfram, þangað til hún er algerlega búin að drepa alla hæfileika sonar síns til sálar og líkama, og hann orðinn að stefnulausum og ósjálfstæðum ræfli, eða ennþá verra.

"Hvað á að gera við slikt athæfi? Á aldrei að taka í taumana á þeim þrælmennum, sem svona fara með þá, sem eru minni máttar? Ættu ekki bæjarstjórnir og fylkjastjórnir, að taka hér í taumana með lagalegum ákvæðum, hinda enda á þetta athæfi, sem svo oft er farið að koma fyrir. Eða á það að viðgangast um óákveðinn og ótakmarkaðan tíma, að drepa niður blóma þjóðanna, svo þær verði að sömu aumingjum og þessir ólánssömu einstaklingar verða undir þessari grimdarfullu aðferð, er þeir verða að líða bótalaust? Og þó ætlast foreldranir til þess, að njóta elsku og virðingar barnanna, og undrast, ef út af því ber.

Ég fe ekki betur séð, en að allar ólar ættu að aftakast með lögum og alt barsmíði á unglingum að skoðast sem glæpur og hegnast harðlega. Öll blöð landsins hafa skyldu til að andmæla barsmíðinu, og jafnframt ætti að finna einhver ráð til þess, að hindra misþyrmíng saklausra barna. Meðal annars mætti gera þetta með því, að mynda barna verndunarfélög víðsvegar um landið, sem flýja mætti til, þegar nauðsyn bæri til".

Heimskringla er konu þessari hjartanlega samdóma um það, að nauðsyn beri til þess, að finna einhver ráð til þess, að vernda börn frá misþyrming á skólum landsins. En enn þá hafa stjórnir landanna ekki séð sér fært, að hafa afskifti af aga barnanna í heimahúsum. Til eru þó barnaverndunarfélög í sumum Evrópulöndum, sem lita eftir þessu, þar sem þau hafa fengið tilkynningu um, að þess sé þörf, og sama mundi og að líkindum vera hægt að gera hér í landi, en jafnframt yrði sú gæzla ónákvæm og gæti tæpast náð tilgangi sínum. Í þessu riki eru til dýraverndunarfélög, sem taka að sér, að koma hefndum fram á hendur þeim, sem misþyrma hundum og hestum eða öðrum dýrum. En að þessum tíma hefir mannúðin og líknarstarfsemi slíkra félaga ekki náð til barna, nema í sérstökum tilfellum, og þá að eins eftir að skaðinn var skeður. Eina trygging fyrir sæmilegu uppeldi og meðferð barna, liggur í auknu manndómseðli og minkandi dýrseðli foreldra þeirra. En sú kynbót er seinlengin. Hinsvegar mætti að líkindum fá ákveðin lagaákvæði gerð gegn því, að misþyrming foreldra á börnum þeirra væri látin óhegnd. En þau mál hafa að undanförnu reynst svo örðug viðfangs, af því að eignarréttur foreldranna á, og umsjárréttur þeirra yfir eigin börnum sínum, hefir náð svo mikilli festu í meðvitund manna, að stjórnirnar hafa ekki treyst sér, að ganga í berhögg við þann rétt, eins og þó væri nauðsynlegt, ef nokkur trygging ætti að fást fyrir umbótunum. En hvað skólunum viðkemur, þá ætti að mega koma því til leiðar, að misþyrminar barna ætti sér þar ekki stað. Gerast verður það þó ekki eingöngu með blaðagreinum, heldur einnig með fjölmennum sendinefndum, hverri eftir aðra, á fund þeirra, sem hafa á hendi umsjón skólanna. Því það er þá fyrst þegar almenningsvilji inn er orðinn svo öflugur í einhverju einu máli, að hann sé farinn að láta til sín taka, að vonandi er, að löggjöfin táki hann til greina.

Hálf-íslenzkur leikur

á Walker Theatre.

Alla næstu viku, þ.e. 8. til 13. þ.m., verður söguleikurinn "The Bondman" (maður í panti), eftir Hall Caine, leikinn, er höf. hefir sjálfur búið til úr samnefndri sögu sinni. Sagan gripur yfir 30 ára tímabil, eða meir, og fer fram á Íslandi (aðal-lega á Þingvöllum, í Reykjavík, í Krýsuvíkur-námunum og — norður í Grímsey) og á bernskustöðo Halls sjálfs — á eynni Mön.

Hvað mikið eða lítið af leikritinu fer fram á Íslandi, er ekki hægt að segja nú, því það hefir ekki sést í Winnipeg fyrri, en í sögunni er engin þurð á sterkum dráttum og efni í mjög tilkomumiklar "senur".

Þessi leikur var fyrst sýndur í Drury Lane Theatre í London 26. sept. 1906, og hefir þótt mikið kveða að ætíð síðan. — Leiktjöld öll, sem hér verða notuð, eru nákvæm eftirmynd af þeim í Drury Lane, og að útbúnaður sá sé mikill má ráða af því, að Wm. A. Brady, leikstjórinn, varð að borga Bandar'kjastjórn $25,000, sem tryggingu fyrir, að hann færi með allan þann útbúnað til Englands aftur, en seldi hann ekki þar.

Af því ég man ekki eftir, að "Hkr." hafi nokkurntíma lízt þessari sögu, með öllum hennar lokleysum, rangfærslu á tímatali m. m. o. fl., og af því skeð getur, að einhver lesandi blaðsins vilji nú sjá þennan leik, en hafi ekki áður lesið söguna, þá læt ég hér fylgja stutt yfirlit yfir alla söguna, í því skyni, að menn geti þá ögn áttað sig á "persónunum", eins og þær birtast á leiksviðinu.

Sögunni sjálfa ætla ég ekki að dæma — það á ekki við undir kringumstæðunum — heldur gang hennar óbreyttan og aðal "persónur", til stuðnings ókunnum áhorfanda.

Sagan hefst í lok 18. aldarinnar, og er Jörundur Hundadagakonungur ein af hetjum sögunnar, en undireins aðal-skálkurinn. Jörundur er landshöfðingi á Íslandi, þegar sagan byrjar, og á uppkomna dóttir, sem Rakel heitir og sem Jörundur vill gifta Íslands ráðgjafanum, dönskum greifa aldurhnígnum. — Greifinn var staddur á Íslandi, er alþing skyldi setja á þingvelli, og þangað lokkaði Jörundur hann, og á leiðinni þangað frá Reykjavík festi hann honum meyna. Á fjórða degi alþingis fóru fram glímur miklar, skyldi sá, er fræknastur var glímumaður á Íslandi, fá að verðlaunum silfurbelti, og skyldi Rakel af henda sigurvegaranum það. Hét sá Patriksen, frá Vestmannaeyjum, er alla felldi, og er allir voru af hólmi gengnir, gekk hann upp að sæti landshöfðingja og hans föruneytis til að fá beltið. Að því lengnu gekk hann inn í mannþröngina og tók til að traktera keppinauta sína. Drakk hann þá fast, og baust til að fella hvern er til kæmi. Kom hann þá þar að, er ungur maður stórvaxinn sat með hönd undir kinn. Honum leizt vænlega, að reyna við risa þann og réðist á hann, en gat ekki þokað honum. Var þá gert gabb að honum og honum gefið í skyn, að hann væri ekki réttur eigandi beltisins. Reiddist hann því og kvað hvern mega eiga, sem mætti fella sig. Stökk hinn ljóshærði ungi maður þá á fætur og bjóst til glímu, þó allir sæju, að hægri handleggur hans var brotinn milli úniliðs og olnboga. Fóru svo leikar, að Patriksen fell, þótt hann ætti við einhentan mann. Rakel hafði til þessa verið óglöð, en nú bráði af henni, og er faðir hennar neitaði, að taka beltið frá Patreksen tók hún men af hálsi sér og festa um hinn brotna handlegg upp undir öxlinni. Spurði hún hann að heiti, en hann kvaðst Stefán heita og kallaður Orri, sjómaður frá Stapanum. Í þessu kom Patriksen þar að og æði súr á svipinn, kastaði beltinu fyrir fætur Orra, og kvað hans eign vera. Morguninn eftir fanst Patriksen dnaður. Orri var grunaður, en engar sannanir fengust, og fell það mál niður.

Afleiðingin af fundi þeirra Rakelar og Orra var sú, að þau giftust á laun um haustið, og byrjuðu búskap í lélegum kofa niður við fjöru í Reykjavík, því Jörundur gamli viðurkendi hana ekki lengur dóttur sína, en launaði prestinum, er gaf þau saman með því, að senda hann fram til Grímseyjar. Rakel komst innan skams að því, en ekki fyr en ofseint, hvaða maður Orri var. Hann var stór og fílsterkur, friður sýnum, en seinlátur, nenti ekkert að vinna og var alt af ölvaður, því fyrir glímuna varð hann náðnaður, og skorti aldrei drykkjubræður, sem voru til með að borga fyrir hann. Rakel grátbændi hann að flytja vestur að Stapanum, svo að hún í niðurlægingu sinni þyrfti aldrei framar að sjá Reykjavík og það fólk sem hún þekti, það vildi hann ekki gera, en lét í ljósi, að hún ætti að finna Jörund gamla, því hann væri ríkur og mundi fyrirgefa dóttur sinni. Hún svaraði því, að fyr skyldi hún falla hungurmorða. Eftir nokkurn tíma sendi Orri eftir móður sinni, kvenfóli miklu á Stapanum. Áður en hún kom til sögunnar, var æfi Rakelar ill, en óþolandi frá komu hennar. Í annað skifti bað Rakel mann sinn að fara burt, eitthvað út í heiminn, en honum þóttu allir vegir ófærir nema þeir, er leiddu að knæpunum. Með köflum skamm aðist hann sín að vísu, og einusinni barmaði hann sér yfir því, að eiga ekki bát. Hún spurði, hvað bátur kostaði, og sagði hann 60 kr. Gyðingur einn var þá í Rvík að kaupa kvenhár, og í angist sinni fór Rakel til hans og bauð honum sína ljósu lokka, sem hún fyrrum stærði sig svo mikið af. Hann bauð 50 kr., en hún gat þokað boðinu upp í 60, og — svo hvarf hún hárlaus heim í kofa sinn með peningana og fékk honum Orri lá heima í rúmi, er hún kom brosandi, þó augu hennar væru grátbólgin. Nokkru eftir miðnætti nóttina eftir, skreiddist hann heim dauðadrukkinn og átti þá ekki einn eyrir eftir, en enginn var fenginn báturinn. Rakel grét, en í stað þess að ávíta son sinn, tók kerlingin málstað hans og jós skömmum yfir Rakeli. Af því leiddi nokkura orðasennu, í fyrsta og síðasta skiftið að því er Rakel snerti, og lyktaði með því, að Orri sló konu sína kinnhest.

"Svo þú slær m i g", sagði þá Rakel og stóð sem þrumulostin. "Hefir þú þá gleymt fráfalli Patriksens?"

Orðin voru ekki stór, en þau voru þung. Hann greip húfuna og flúði út í myrkrið, og upp frá þeirri stundu sá Rakel hann aldrei aftur.

Þetta alt hafði þau áhrif, að þessa sömu nótt lagðist hún á sæng. Hún þjáðist mjög, og var ekki ætlað líf, en eftir sólarhrings þjáningar ól hún sveinbarn. Eiginmaður hennar var farinn, en tengdamóðir hennar var eftir og lét illyrði og bölbænir rigna yfir Rakeli, þar sem hún lá nær dauða en lifi í rúminu, og þremur dögum seinna neyddi hún hana til að fara úr kofanum. Vildi Rakel þá það til lífs, að biskupinn frétti um ástæður hennar, og kom henni til hjálpar með því að útvega henni annan húshjall í fjörunni, en fjær bænum. Þangað var hún farið, og þar ól hún upp son sinn, sem hún lét skíra J a s o n, en gaf honum ekkert föðurnafn, bara Jason. Varð hann snemma mikill fyrir sér og risi að afli og vexti, með mikið rautt hár og því kallaður Jason Rauði. Menntun fékk hann að því leyti, að móðir hans kendi honum móðurmál sitt, ensku, því hún var Velsk í móðurættina, en íslenzku lærði hann í sollinum, þegar hann var 19 ára, lézt móðir hans, en sagði honum á dauðastundinni alla sína hörmungasögu, og það með, að faðir hans mundi búsettur á eylunni Mön, í sundinu milli Englands og Íslands. Fékk sú saga svo á hann, því hann var stórlyndur og ákaflyndur og unni móður sinni heitt, að yfir líki hennar vann hann þess eið, að hann skyldi drepa föður sinn, eða ef hann findi hann aldrei, þá hinn annan son hans og hálfbróður sinn.

Samdægurs og Rakel var jörðuð í fátækrareitnum í kirkjugarðinum, réðist Jason á skip ferðbúið til Írlands, með þeim skilmálum, að hann mætti koma við á eyjunni Mön.

Þá víkur sögunni til Stefáns Orra. Hann strauk af skipi upp á eyjuna Mön, settist þar að og þar gíftist hann, þó hann ætti konu á Íslandi. Fékk hann þar vændiskonu, er öllum stundum lá augafull á knæpunum, öllum hvimleið, en honum sjálfum verst. Hann fékk nú að reyna öll þau harmkvæli, er hann hafði fyrrum bruggað Rakel, og varð til þess, að ofurlitlar mannlegar tilfinningar vöknuðu hjá honum. Með þessari konu eignaðist hann son og skírði Mikael og fékk síðar það viðurnefni, er fylgdi honum sem ættarJafn æfina út. Hann var ljóshærður og fékk af því nafnið Sunlocks (Glólokkur). Fyrstu 4 árin átti hann illa æfi, en þá fell móðir hans fyrir morðhnífi bróður Patriksens frá Vestmannaeyjum, þess er týndi lífi á Þingvelli.

Governörinn á mön hét Adam Fairbrother, réttvís maður og hinn eðallyndasti. Þangað fór Orri með son sinn, er hann var móðurlaus orðinn og tók Adam hann til upplósturs. Adam átti 6 sonu uppkomna og eina dóttur, er Greeba hét, jafnaldra Sunlocks. Þau léku sér saman og fengu ást hvort á öðru. Það sá Adam og fagnaði yfir því, því Sunlocks var elskuverður unglingur og unni fósturföður sínum öllum mönnum meir, en syn ir Adams allir óþokkasælir og föður sínum erfiðir. Að fengnu þessu heimili fyrir Sunlocks, hvarf Orri eyjunni, og gerði ekkert vart við sig fyr en eftir 15 ár. Þá kom hann aftur, til að senda Sunlocks til Reykjavíkur, í þeim tilgangi, sagði hann Adam, að hann fengi nauðsynlega íslenzka mentun. Það var harmabrauð fyrir Adam, þetta, en réttsýni hans mátti meir en hugsunin um eigin hag og ánægju. Í kofanum, sem fyrrum var heimili Orra á eyjunni, komu þeir feðgar saman tveir einir, og þar sagði Orri alla æfisögu sína og fórst það svo drengilega, að hann dró ekkert undan. Þar frétti Sunlocks, að þegar hann var 4 ára tók faðir hans hann með sér út á sjó, í því skyni að sökkva honum í dýpið, heldur en hann lærði lífnaðarháttu móðurinnar. En þegar til kom, hafði hann ekki kjark til þess, og þá, er hann kom heim aftur, var hirtingarvöndur hans stirður nár á kofagólfinu. Erindi Sunlocks til Íslands var því aðallega Rakelar og líkna henni, og væri hún dáin, þá barns hennar, ef lifandi. Sunlocks loðaði að fara, og þar eð honum var ekkert að vanbúnaði, fór hann með írskri skútu fimm dögum síðar, eftir að hafa trúlofast Greebu leynilega. Það var myrkur, þegar írska skútan létti akkerum og fylgdi faðir hans honum fram. Lét svo berast á bár unum um stund úti á víkinni og horfði eftir hinu burtfarandi skipi. Er það var að hverfa út í myrkrið, kom annað skip að. Orra kom í hug, að það kæmi frá Íslandi hlaðið allskonar verðmiklum varningi. Hvisloði þá ágirndin að honum, að enginn hlutur væri hægri en hleypa því í strand, taka svo af því vörur í náttmyrkrinu og selja smýglum, er lágu skamt á burtu. Hann gerði tilrauninna og hún tókst. En ekki hafði hann fyrri gert það, en hann iðraðist þess. Gerði hann þá öfluga tilraun með hrópum og köllum, að rétta leið skipsins, en það var ofseint. Það var komið í röst, og hún bar það upp á sker. Jafnframt skipinu hljóp líka bátur Orra í strand. Skipverjar allir komust af, en ekki voru þeir á land kommir fyrr en heyrðist hróp um hjálp utan af skerjunum. Enginn vildi verða til að synda út fyrr en ungur maður og mikill á velli, einn af skipbrotsmönnum, varð til þess fyrir bænastað Greebu. Hann lagði til sunds og bjargaði Orra. Þetta reið Orra að fullu. Áður en dagur rann var hann liðið lík. Lúgjafi hans var Jason sonur hans, þangað komínn í þeim tilgangi að vinna honum bana. Hann, ásamt Greebu, sat hjá Orra þangað til hann dó. Á síðustu augnablikum Orra, komst svo Jason að því, að þessi maður var faðir hans, og að bróðir hans hét Sunlocks og var kominn til Reykjavíkur. Þannig voru vopnin dregin úr höndum Jasons að því er föðurinn snerti.

(Niðurl. næst).

E. Jóh.

MILLILANDANEFNDAR-ÁLITIÐ

Blaðið Ísafold, dags. 13. maí flytur samþykt millilandanefndarinnar í sjálfstjórnarmáli Íslands á þessa leið:

1. Ísland sé fullveðja ríki með sérstöku ríkisráði og innanlandsfána, en telji Danakonung einnig Íslands konung.
2. Hvort landið, Ísland og Danmörk, skulu hafa sérstakan fæðingarrétt og landhelgisrétt.
3. Íslendingar launa konungi í tiltölu réttri við fólksfjölda þeirra, miðaðan við íbúa-tölu Danaveldis.
4. Danir borgi Íslandi 1½ milíón króna, og séu þá full reikningsskil gerð milli landanna.
5. Sameiginleg mál beggja landanna eru talin upp, og öll uppsegjanleg, nema konungur, hervarnir og utanríkismál.
6. Samningurinn gildir um 25 ára tímabil.

Þetta samþykt með öllum atkvæðum Dana og Íslendinga, nema Skúla Thoroddsen, sem greiddi atkvæði á móti.

Því var og lýst yfir af hálfu Dana, að ef Íslendingar kjósi heldur algerðan aðskilnað, en ganga að þessum samningsatriðum, þá muni Danir ekki beita ofbeldi við þá, heldur veita þeim friðsamlegan aðskiln að strax. En ef þeir kjósa sambandið samkvæmt ofanskráðum atriðum, þá séu hervarnar og utanríkismál bundin við konung — annars neita Danir honum, samkvæmt grundvallarlögum sínum, um að vera konungur Íslands.

Utanríkismála atriðið er sýnilega það, sem flokkarnir skiftast um á Íslandi við næstu kosningar, sem þar fara fram þann 20. september næstkomandi.

ÓDRENGILEGT

er margt af því, sem Skuldungar fremja. Það hefir borist svo ljóst mér til eyrna, að ég er ekki lengur í neinum efa um það. Það virðast vera önnur grundvallaratriði þeirrar stúku eða inntöku manna í hana, en að berjast við Bakkus og sigra hann, — svo sem eins og það, að sýna meðlimum sínum óviðjafnanlegan órétt, að lítilsvirða konur stúkunnar, bæði á fundum og utan funda, og gera helztu og beztu meðlimum þeirra alt hugsanlegt til skammar, sem þeir geta orkað.

Ég ætla að draga hér fram nokk ur af þeim allra stærstu brotlegu afglöpum Skuldunga, af þeirri ástæðu, að þeir neyða mig til þess, á þann hátt, sem nú skal greina:

Ég sendi skriflega úrsögn til stúkunnar þ. 6. þ.m., en 12 dögum síðar kom þáverandi aðstoðarritari til mín, og sagðist hafa leynt bréfinu, svo hann er fyrir það stór brotlegur og ætti að vera rekinn úr stúkunni, því að svona löguð háttsemi spillir meira fyrir stúkunni, heldur en 25 drekkandi meðlimir hennar gætu gert með drykkjuskap sínum.

Þann 27. þ.m. sendi ég á ný annað bréf til stúkunnar, af því ég hélt hún vildi lagfæra þetta á fundi frekar en utan fundar. En það vildi nú ekki svo vel til, heldur þvert ofan í löglega aðferð, tekur Æðstitemplar það bréf í sinn vasa, en les það ekki upp, nema setningu úr því, en getur ekki um, að það sé meira því meðfylgjandi. Svo mér er með þessu gert ómögulegt, að koma fram úrsögn eða öðrum skírteinum, sem verða að sendast skriflega, svo ég neyðist til þess að birta það hér. — Ekki hefi ég orðið var við svona óþokkabrögð hjá Heklu eða Íslandi, sem Skuld er alt af að níða niður.

Ég set hér bréfið, sem Æðstitemplar leyndi á síðasta fundi stúkunnar þann 27. þ.m.:

"TIL STÚKUNNAR SKULD.

Hér með gefst til vitundar, að ég sendi úrsögn til stúkunnar þ. 6. þ.m., en 12 dögum síðar kom einn af leiðandi mönnum st. til mín, og viðurkendi, að hafa leynt bréfinu, en ekki látið lesa það upp. Þar eð þetta er ólöglegt og skaðlegt fyrir stúkuna, þá vil ég vara stúkuna við því, að láta þetta koma fyrir oftar. Ég skora því á Æðstatemplar, að láta stryka nafn mitt út af nafnaskránni í kveld, til þess að fría st. við frekari ordsendingar. Þess skal getið, að margir og réttlátir menn og konur eru í stúkunni Skuld, en það er eins og hinir ráði vanalegast meiru, og þess vegna er margt þar öðru vísi en það ætti að vera"

Winnipeg, 29. maí 1908.

Björn Thorvardsson.

Winnipeg Syningin

11. til 17. júlí 1908

Flokkur fullorðinna uxa á Winnipeg sýningunni 1907.

ÓVIÐJAFNANLEG GRIPA OG HVEITI SÝNING

Stórfenglegasta veðreiðaskrá, sem verið hefir í Vestur-Canada.

INNES HEIMSFRÆGI HLJÓMLEIKA-FLOKKUR

frá Chicago og 91. Hálendinga Band

Mikil hornleikenda samkepni. Öllum hermi boðin þátttaka.

SÉRSTAKLEGA FAGRAR SÝNINGAR fyrir framan "Grand Stand".

Stórfengileg Heræfinga Sýning

FÖGUR FLUGELDA SÝNING.

FYRSTA LANDBÚNAÐAR-VÉLA MÓTOR SAMKEPNI Í AMERÍKU.

A. W. BELL, ráðsmaður. A. K. ANDREWS, forseti.

Hlaupa-drengir fást á svipstundu ef kallað er á

Phone 4862

WESTERN MESSENGER SERVICE,

336½ Smith St. - Winnipeg

Virðingarfylst óska Viðskifta yðar.

Auglýsinga-Skiltum Dreyft og Fest Upp.

A. J. Huckell, ráðsmaður.

JOHN DUFF

PLUMBER, GAS AND STEAM FITTER

Alt verk vel vandað, og verðið rétt

662 Notre Dame Ave. Winnipeg — Phone 3815

Giftingaleyfisbrjef

selur Kr. Ásg. Benediktsson,

477 Beverley St. Winnipeg.

KJÖT.

"Ef það kemur frá Johnson, þá er það gott"

C. G. JOHNSON, Kjötsali,

Langside og Ellice Fón 2631

WINNIPEG Business College

FÉKK FYRSTU VERÐLAUN Á SAINT LOUIS SÝNINGUNNI.

Cor. Portage Ave and Fort St.

Kennir Bókhald, Vélritun, Símritun, Býr undir Stjórnþjónustu o. fl. Kveld og dag kensla. Sérstök tilsögn veitt einstaklega. Starfshögunar-skrá frí.

DR. A. EKERN

Sérfræðingur í Augna-, Nef-, Eyrna- og Holdssjúkdómum.

Grand Forks, N. Dak.

Sendið Heimskringlu til vina yðar á Íslandi.

Cancer Cure.

R. D. EVANS, sem fann upp hið viðfræga lyf til lækninga

krabbameinum

óskar að allir sem nú þjást af krabbameinum, skrifi sér. 2. daga notkun meðalsins, læknar útvortis eða innvortis krabbamein. Skrifið strax til R. D. Evans, Brandon, Man. 27-8-8

A. S. BARDAL

Selur líkkistur og annast um útfarir. Allur útbúnaður sá bezti. Enfremur selur hann allskonar minnisvarða og legsteina.

121 Nena St. Phone 306

HJÓNIN.

Leikrit í tveimur þáttum.
Höf. A. St. Johnson.

FYRSTI ÞÁTTUR.

Bóndinn: Alt mitt bæði í löndum og lausum aurum er horfið, tvístrað sundur í allar áttir líkt og foysknum blöðum fyrir stormvindi. Þó er sambúð okkar hjónanna að eins fá ár. Og enginn veit, hvað ég varð að leggja hart á mig eða þola, meðan ég var að ná saman peningum fyrir lóndin, og margt fleira, sem ég átti skuldlaust áður en ég gekk í þetta bannsetta hjónaband, sem deyddi mig lifandi. Betri orð get ég ekki viðhaft viðvíkjandi þessu óláni, er mig hefir eyðilagt ..... "Ólán mitt er ótakmarkað" o.s.frv., segir vestur-íslenzka skáldið okkar o-þekta. Sama get ég nú orðið sagt. Og foreldrum minum má ég kenna um þetta mótlæti. Ég var þeim oft hlýðinn. Glögga drauma dreymdi mig um hjónaband, alla á verri veg, eftir því sem ég réði þá sjállur, á meðan ég var í tilhugalífinu. Já, þeirri sælu. Og betur ég hefði verið alla mína æfi í því, en ekki giíst, þá væri ég sæll. Ráðning draumanna, eins og ég réði þá, er nú komið fram. Allir dreymdir til viðvörunar mér. Samt til einskis fyrir mig. .... Af lífina er ég þreyttur og breyttur. Saint mér til gleði og ánægju vakna hjá mér einstöku sannum endurminningar frá æsku minni, því æska min var eins og vermandi vormorgun, þegar loftið var heiðríkt, blærinn andaði hlýjan og brennandi sólargeisiarnir stráðu yfir okkar ástkæra eyland í norðurhöfum, óútmálanlegri fegurð, sem hreif þá huga minn. Og minir vinir voru þá og verða fuglarnir, ýmist svífandi í loftinu bláa eða syngjandi út um slétturnar grænu, leitandi eftir fæðu út um hagann hánda sér og ungum sínum, syndandi útí á speglitærum ám og vötnum ..... Líka sólgyltum, blátærum, leikandi, lyftandi lagaröldum, hvílandi í hreiðrum sínum hlýja og bjarta sumardaga, á meðan ungarnir voru að fæðast í eggjunum. Fiðrildin, litskreyttu, léttu, baðandi út sínum smáu vængjum, til að forðast hættur og leita sér eftir fæðu, stundum sitjandi og suðandi í kveldkyrðinni, í logninu og forsælunni, á angandi blómum og blöðum, til og frá út um engið algræna, — saklaus eins og vindblærinn, vinur minn. Fossarnir, lækirnir, árnar, alt leikandi og skyrkjandi og reynandi kapphlaup hvert í sínu lagi, úr austri, vestri, suðri og norðri, yfir flatlendi jafnt sem gjótur og gjár, alla leið til sjávarins fram. Vindurinn alfrjálsi, áframþjótandi yfir hauðrið algræna, skreytt með blómtegundum fjölmörgum og fallegum, svo langt, sem augað mannsins eygði kyssandi líka og leikandi í liminu fagurskreyttu. ... . Jörðin, fegurðarinnar bústaður sannkallaður, og hjálpin dýrmætasta fyrir menn og dýr, meðan guð ríkir og ræður alt yfir ... ... Í sólfögru sveitinni minni lifði ég minar, og mun lifa, sælustu æfistundir ..... Lukka min var þá mikil og ánægjan líka, og þá lagaði ég ljóð, sem enginn hefir heyrt. .... En sem nú er hjálpin góða og bezta í minu þunga og óbærilega böli. ..... Í æskunni bjó ég til kvæðabálk, sem ég nefndi "Eskuóður", og er hann svona:

1. Í einverunni úti sit ég
unaðsdrukkinn, kveld og morgna,
áfram knýr mig óðargyðjan
óðfluga, hreina, himinborna.

2. Sunnan við bæ minn í svoltlum skóg,
ég sólnaði, vaknaði, hló.
Angandi ilmur og óðáins her
ánægju vakti hjá mér.

3. Undir þrihyrning all-lengi
undi ég hlýja morgunstund,
heilnæmur, alfrjáls, blíður blær
um blómskreytta læddist foldargrund.

Ég teigaði að mér angandi ilm,
óðáins-her sveif vítt í kring,
og ég varð heilaður, hugglaður, sæll,
hvíldarstund þessa und þrihyrning.

Ég fann nýjan styrk í fótum og mund,
ég fann í huga ei nokkurt böl,
ég keið með fuglunum fleygu, létt
yfir flatlendi jafnt sem harðgrýtismöl.

Bóndinn hneigir sig og fer burtu.

(Tjaldið fellur).

ANNAR ÞÁTTUR.

Konan: Leiðindin elta mig nú orðið eins og lambið móður sína. Og betur, að ég hefði fengið að deyja fyrir innan tvítugt heldur en að álpast inn í þetta hjónaband, með þessum manni, sem nú er orðinn kaldur sem jökullinn, og kæringarlaus fyrir allri sómatilfinningu. Eru þessi orð of sögð? — Hugsi um stund — Nei. Ég sjálf hefði átt að vera ljót og lánsöm, heldur en fríð og ólánsöm. .... Ég hefi þó breytt vel við manninn minn, þó hann aldrei hafi viljað meðganga það, heldur hitt, að ég hafi verið á heimilinu óvættur leiður, eyðslusöm framúrskarandi — og til einskis nýt, heldur "niðurdreps". Þessi orð hans eru til mín verri en harðir kinnhestar. Hallgerður mundi bónda sinum á síðustu stundu refsinguna í stofunni eða skálanum heima. Og ef man orð bónda míns til dauðans. Skáldið segir til prestkonuhnar, ógleymanlegu og þýðingarmiklu orðin: "Sem kulnaður gýgur eru þú". Þessa hendingu tilfæri ég um sjálfa mig, og er þá ekki ofsagt. Nei, ég er meira en breytt. Ég er gerspilt manneskja orðin, samt fri við glæpi. .... Skáldið segir: "Vesalings bráðkvöddu vonirnar mínar", ég tek undir það með hon um og syng það sama, því vónir minar eru myrtar, flestar af manninum minum vonda, sem þó var góður og elskulegur einu sinni bæði við mig og aðra. Ó, betur að hann hefði aldrei breyzt, þá væri ég lánsöm enn þann dag í dag. Hvað breytingu hans hefir valdið, veit ég líklegast aldrei. Ég þykist sjaint ekki vera orsök í henni, þó hann kenni mér um það, en ég verð að þola slíkt eins og svo margt annað, sem geymist með mér og deyr með mér líka. Ég á engan góðan eða trúan vin síðan maðurinn minn varð óvinur minn, því ég giftist móti vilja minna nánustu ættingja, sem sneru að mér bakinu strax eftir giftinguna, og sögðust aldrei fyrirgefa mér það "gönuskeið". Í gegnum þokumyrkur hugsana minna lít ég í anda einstöku sinnum fögin augnablik í senn, mér til huggunar um stundarsakir, allar ánægjustundirnar, sem mættu mér, í heimahúsum foreldra minna. Enda var ég eftirlæti og ánægja þeirra meðan þau lifðu bæði. .... Og hugljúfi allra, sem kyntust mér í bernskunni minni, það var ég. Þó alt sé nú horfið í gleymskuna leiðu hjá minum leiksystrum og bræðrum. Breytingu margvíslegri má kenna um það, engu öðru ....., Frjálsræði mikið hafði ég í hjónabandinu, og marga glaða stund líka, ... eftir mér gat ég látið alt sem ég vildi og hvenær sem ég vildi, t. d. ferðast, haft heimboð fjölmörg og fullkomin, gefið fátækum stundum, keypt alt, sem mig langaði til, haft alla tíð nóg af öllu, og klætt mig heldur vel, líka haft rólega daga og áhyggjulausa. Það er sannleikur. ....., Nú er æfin önnur, og tvennar verða mannsæfirnar, ef maður tórir lengi. Ég baðaði í rósum einu sinni, en er nú fallin niður í sorpið oflangt. Það böl fékst með hjónabandinu, og er afleiðing hjónabandsins.

Bóndinn (kemur inn): Ertu hér. ógæfusama eiginkona, sem glatað hefir okkar yndi og ánægju, líklegast þann tíma, sem eftir er af okkar boggja lífdögum? Biðjum guð heitt og innilega, að fyrirgefa okkur báðum sameiginlega alt, sem veldur kala og hefir valdið í okkar sambúð, og hér er hönd mín, gef mér þína á móti, — kona. Ef þú gerir það, þá verðum við bæði sæl, annars ekki. Verum ærleg bæði og sönn fyrirmynd. &... ..... Gleymum kulda þeim, sem vekur hefnd og heiptarhug, og hefir illar afleiðingar. Líkstu Bergþóru hinni miklu, sem brann inni með sínum ástríka eiginmanni, spekingnum. Þó gerðist þess engin þörf. Eins skaltu hér eftir ganga með mér í gegnum eld erfiðleikans og fátæktarinnar, fyrst auðurinn er horfinn úr okkar mundum. .... Við getum orðið miklu ríkari aftur af veraldlegum auð og andlegum líka — ef samvinnan og samtök ríkja jöfn hjá okkur. ... . Ég biðst þér, mín ástkæra eiginkona, að dvelja hjá mér, lengi, lengi, og bið þig að yfirgefa mig ekki, — min sorg yrði þá of mikil. Ég hefi fyrir löngu fyrirgefið þér. Þú ert mér kær, — eins og barninu jól.

Konan (leggur hendur sínar um háls manns sins): Minn heittelskandi og hjartkæri eiginmaður, — þakkir fyrir orðin þín öll, þau hin velvöldu, ærlegar skoðanir og heilbrigðar. Líka sanna fyrirmynd, er vakir hjá þér, og sem er miklu meira virði, heldur en auðlegðin þín nokkurntíma var, til mín. — (Þögn). — Nú í fyrsta sinni síðan ég giftist, finn ég það mikið vel, að auðurinn er ómissandi með fleiru í hjónabandinu. Líka á heimilinu hjónadjöfull, þegar hnuum er gifst, en ekki eigandanum.

Bóndinn: Ekki var von að vel færi, mín elskaða eiginkona.

(Hjónin haldast í hendur og fara. (Tjaldið fellur).

Það borgar sig að auglýsa í Heimskringlu

F. Deluca

Verslar með matvöru, aldini, suð-kökur, allskonar sætindi, mjólk og rjóma, sódaol. tóbak og vindla. Óskar viðskifta Íslend. Heitt kaffi eða te á öllum tímum. Fón 7756

Tvær búðir:
587 Notre Dame og 714 Maryland St.

The Dominion Bank

NOTRE DAME Ave. BRANCH Cor. Nena St.

Vér seljum peningaávisanir borganlegar á Íslandi og öðrum lönd.

Allskonar bankastörf af hendi leyst

SPARISJÓDS-DEILDIN

tekur $1.00 innlag og yfir og gefur hæstu gildandi vexti, sem leggjast við innstæðufé 4 sinnum á ári, 30. júní, 30. sept, 31. desembr og 31. march.

Til fullkomnustu tryggingar Vátryggið fasteignir yðar hjá The

St. Paul Fire & Marine Ins. Co.

Eignir félags. eru yfir 5 milljón dollars. Skaðabætur borgaðar af San Francisco eldinum 1½ mill. SKULI HANSSON & CO., 55 Tribune Bldg., Phone 6476, eru sérstakir umboðsmenn.

E. S. Miller Limited

Aðal umboðsmenn

PHONE 2083 219 McINTYRE BLK.

HEIMSKRINGLU og TVÆR skemtilegar sögur fá nýir kaupendur fyrir að eins **$2.00**.

Department of Agriculture and Immigration.

MANITOBA

Þetta fylki hefir 41,169,089 ekrur lands, 6,019,200 ekrur eru vötn, sem vesta landinu raka til akuryrkjuþarfa. Þess vegna höfum vér jafnan nægan raka til uppskeru tryggingar.

Enníþá eru 25 miliónir ekrur óteknar, sem fá má með heimilisrétti eða kaupum.

Íbúatala árið 1901 var 255,211, nú er hún orðin 400,000 manns, hefir nálega tvöfaldast á 7 árum.

Íbúatala Winnipeg borgar árið 1901 var 42,240, en nú um 115 þúsundir, hefir meir en tvöfaldast á 7 árum.

Flutningstæki eru nú sem næst fullkomin, 3516 mílur járnbrauta eru í fylkinu, sem allar liggja út frá Winnipeg. Þrjár þverlandsbrauta lestir fara daglega frá Winnipeg, og innan fárra mánaða verða þær 5 talsins, þegar Grand Trunk Pacific og Canadian Northern bætast við.

Framför fylkisins er sjáanleg hvar sem litið er. Þér ættuð að taka þar bólfestu. Ekkert annað land getur sýnt sama vöxt á sama tímabili.

TIL FERDAMANNA:

Farið ekki framhjá Winnipeg, án þess að grenslast um stjórnar og járnbrautarlönd til sölu, og útvega yður fullkomnar upplýsingar um heimilisréttarlönd og fjárgróða möguleika.

R. P. ROBLIN,

Stjórnarformaður og Akuryrkjumála Ráðgjafi.

Skrifið eftir upplýsingum til

Joseph Burke, 178 LOGAN AVE., WINNIPEG. — Jas. Hartney, 77 YORK ST., TORONTO.

T.L.

Heitir sá vindill sem allir reykja. "Hversvegna?", af því hann er það besta sem menn geta reykt. Íslendingar! munið eftir að biðja um T. L.

(UNION MADE)

Western Cigar Factory

Thomas Lee, eigandi Winnnipeg

Redwood Lager og Extra Porter

Styrkið taugarnar með því að drekka eitt staup af öðrum hvorum þessum ágæta heimilis bjór, á undan hverri máltíð. — Reynið !!

EDWARD L. DREWRY Manufacturer & Importer Winnipeg, Canada.

"Og er það vegna þess, sem kom fyrir í morgun? Ó, Gervase, mér fellur það svo illa!"

"Þú hefir ekki enn þá svarað spurningu minni", sagði hann.

Hún stóð upp brosandi. "Ég vil ekki svara henni. Ég hefi ekkert um það að segja. Hvers vegna skyldi ég hafa gifst þér, ef ég ekki elskaði þig? Þú yrðir of upp með þér, ef ég segði þér öll min leyndarmál".

Hún reyndi eins og hún gat, að komast hjá að svara, því hún gat ekki sagt honum sannleikann. En henni datt í hug, að segja honum þá örgustu lýgi, með að segja honum að hún elskaði hann. Hún reyndi að eyða samtalinu með því að hlægja, en henni tókst það ekki í þetta sinni.

"Komdu hingað, Nita", sagði hertoginn.

Hún gekk til hans, og hann tók um hönd hennar. "Krjúptu hérna við hliðina á mér", sagði hann svo alvarlega, að hún þorði ekki annað en að hlýða, og kraup niður þar sem hann henti henni.

"Svaraðu mér nú, eiginkona min, og mundu eftir að þú talar í viðurvist guðs: Elskar þú mig, eða elskar þú mig ekki?"

Hún varð föl eins og nár og hræðslu brá fyrir í augum hennar. Hún hafði aldrei borið jafnmikla virðingu fyrir manni sinum og einmitt nú. Henni fanst hann göfugri og tignarlegri en nokkur annar maður, sem hún hafði séð. Hún gat ekki annað en borið virðingu fyrir honum.

"Svaraðu mér!" mælti hann í skipandi róm.

Og hún — sem þetta sama kveld ætlaði sér að hlaupa burtu frá honum með öðrum manni, — hún leit nú framan í hann og sagði:

"Ég elska þig, Gervase, og þú ert of harður við mig".

"Ég bið fyrirgefningar, ef svo er, Nita! Þú hal-

ir nú svarað spurningu minni. Ég er ánægður og við þurfum nú ekki að tala meira saman að sinni".

LVII. KAPÍTULI.

"Ég skal ekki lengi búa við þetta", sagði hertogainnan við sjálfa sig litlu síðar. Hún stóð við skrautlegt borð og hélt á gimsteina hálsbandi í hendinni. "Ég get ekki þolað það. Það er nógu leiðinlegt, þegar ungur og fallegur eiginmaður er afbrýðissamur, en þegar hann er nú gamall í viðbót —"

"Að þröngva mér til að falla á kné, og segja, að ég tali í návist guðs! Hver ætli hann haldi að ég sé? Væri ég ekki búin að ásetja mér, að yfirgefa hann, skyldi ég gera það nú. Elska hann! — Eru karlmenn blindir? Mér þætti gaman að vita, fyrir hvað ég ætti að elska hann. Ég elska Allan Caren, og svo framarlega sem ég má ráða, skal hann elska mig líka. Hertoginn skal vita það, að ég læt ekki fara svona með mig oftar".

Augu hennar keiftruðu og úr andliti hennar skein hæðni og reiði.

"Að spyrja mig um, hvort ég hafi gifst honum af ást, eða vegna auðæfa hans! Hann hefði átt að geta sagt sér það sjálfur. En nú skal öllu þessu vera lokið, og ég vil ekki lengur vera undir hann gefinn".

Hann hafði skipað henni, og hún orðið að hlýða. Í nálægð hans hafði hún fundið til sektar sinnar, en nú var hún gröm við sjálfa sig fyrir það, að hinn gamli eiginmaður hennar, hvers ást hún hefði fyrirlitið, skyldi hafa svo mikið vald yfir henni. Hin

göfuga og hreina sál hans hafði haft áhrif á hina vesælu og blindu sál hennar. Þetta fann hún og hataði hann enn þá meira fyrir það.

Nú strax í dag ætlaði hún að brjóta af sér bönd in. Hún þóttist viss um, að Caren lávarður gæti ekki staðið á móti vilja hennar. Ekkert gat verið til fyrirstöðu, því hún þóttist einnig vita að honum stæði alveg á sama um konu sína. E

"Ef hann elskaði hana, gæti ég enga von gert mér um hann. En sem betur fer, gerir hann það ekki, og mun aldrei gera það. Mig skal hann elska bráðum".

Þjónustustúlkan gat varla gert henni neitt til hæfis, að því er snerti búning hennar. Hún tók fram hvern kjólinn á fætur öðrum, og gimsteinaskrínin, — en hertogainnunni líkaði ekkert. Alt einu spurði hún: "Á ég nokkurn kjól í rauðum og hvítum lit?"

rauðan flauelis kjól, og ég get sett á hann hvítt silki

Stúlkan hugsaði sig um: "Þér eigið einn rós- og hvíta kniplinga".

"Gerðu það eins fljótt og mögulegt er".

Það tók ekki langan tíma, að laga kjólinn, og hertogainnan var mjög skrautleg, þegar hún var komin í hann. Hið mikla svarta hár og hin dökku augu hennar, tóku sig svo vel út við hinn fagurrauða lit. Hún hafði gimsteina í hárinu, gimsteina festi með rúbín kross um hálsinn, og armbönd bæði úr demöntum og rúbinum. Hún brosti, þegar hún leit í speglinn.

"Er ég of skrautleg?" spurði hún stúlkuna hálf kvíðandi.

"Ekkert er of skrautlegt fyrir yður", var hið sanngjarna svar.

Hún líktist mest skrautlegu málverki, þegar hún gekk inn í gestaherbergið. Ljósin féllu á gimsteina

hennar og vörpuðu geislum um hana alla. Flestir gestirnir voru þar fyrir. Hún settist niður og kaiteinn Randolph var sá fyrsti, sem ávarpaði hana. Hann brosti, er hann sá hvíta og rauða litinn.

"Þér hafið þá tekið hvíta litinn í sátt aftur", sagði hann.

"Já, í virðingarskyni við Lady Aðalheiði".

"Hún metur það vist", sagði hann háðslega.

Nú kom Caren lávarður til að hrósa henni fyrir búning hennar. Hann þóttist vita, að eitthvað byggi undir, er hún bjó sig svona.

Hertoginn kom ekki til miðdegisverðar, og þegar menn spurðu konu hans, hvernig honum liði, svaraði hún mjög kurteislega, og lét mikla umhyggju fyrir honum í ljósi.

Nú var farið að borða. Enginn, sem sá hana jafnglaða, fagra og skrautlega, hefði getað ímyndað sér, að hún hefði ásett sér að drýgja hræðilega synd. Hún var samt búin að hugsa sér, hvernig hún skyldi koma ár sinni fyrir borð. Lady Aðalheiður hafði gleymt að svara bréfi, og þegar kvenþjónninn fór inn í salinn, gekk hún að skrifborði sínu til þess að svara bréfinu.

Hún tók í hönd sér fallegan penna, sem Lady Caren hafði gefið henni, og skrifaði bréfið. En áðara en hún var búin að því, kom hertogainnan til hennar.

"Viljið þér leyfa mér að skrifa fáein orð með pennanum yðar, Lady Aðalheiður? Hann er svo fallegur, að mig sárlangar til að reyna hann".

Um leið og hún sagði þetta, brosti hún kýmnislega. Aðalheiður skildi ekki, hvað það átti að þýða.

"Þetta er víst gjöf frá einhverjum, er mikið þykir til listfengis yðar koma. Hefir Caren lávarður gefið yður hann?"

"Nei, tengdamóðir mín gaf mér hann."

Hinir áreiðanlegustu — og þar með hinir vinsælustu — verzlunarmenn auglýsa í Heimskringlu.

The Criterion Hotel
McDermott Ave.

Nýtt, vandað gistihús með ágæt herbergi, vönduðustu drykkjir og fínustu vindlar.

Vinsælt meðal Íslendinga. Er beint á móti Tribune byggingunni á McDermott Avenue.

MORICE NOKES
EIGANDI

Woodbine Hotel
Stærsta Billiard Hall í Norðvesturlandinu
Fín Pool-borð.—Alskonar vín og vindlar.
Lennon & Hebb,
Eigendur.

SPÓNNÝTT HÓTEL
ALGERLEGA NÝTÍZKU
Hotel Majestic
John McDonald,
eigandi.
James St. West. Rétt vestan við Main St.
Winnipeg Telefón 4979

$1.50 á dag og þar yfir
Bandaríkja-snið

Alt sem hér er um hönd haft er af beztu tegund. Reynið oss.

MIDLAND HOTEL
255 Market St. Phone 3491

Nýtt hús, nýr húsbúnaður
Fullar byrgðir af allskonar vönduðustu drykkjum og vindlum í hressingar stofunni. Gisting einn dollar á dag og þar yfir.

W. G. GOULD :: FRED. D. PETERS,
Eigendur
WINNIPEG ::: ::: CANADA

Jimmy's HOTEL
Sem er rétt á bak við Póthúsið, — og þar sem alt er af beztu tegund. Íslendingar ættu að reyna þetta gistihús.
James Thorpe,
eigandi.
Fyrverandi eigandi Jimmy's Restaurant á Portage Ave.

ÚR SUÐRINU.

Fyrirlestur eftir
Lárus Guðmundsson.

(Niðurlag).

CHICORA.

Þegar ég, eins og áður er ávikið, gat ekki séð mér fært, að setjast að á landi þar syðra, þá fór ég inn til Chicora, sem er að mestu leyti myllu-bær, nefnilega, Robinson Land and Lumber Co. á allan þennan bæ, tvær ákaflega stórar sögunarmyllur og tilheyrandi verkstæði, sem þeim fylgja. Einnig öll íveruhús og alla verzlun, — og alla menn, svarta og hvíta, með húð og hári. — Það er að segja, á borði, þó ekki sé kallað í orði. — Sjálfur situr auðkýlingurinn mestan tímann í prakt og vellystingum í Wall st. í New York, — er að eins einn eða tvo mánuði þar syðra á sumrum, og heldur þá til í afarstórum kastala sem hann á þar, er hefir um 80 herbergi. En að eins fylgir karlinum einn gamall negri. Og þarna eru þessir tveir karlauskar, annar hvítur og hinn svartur, að snúast hvor um annan í þessu völundarhúsi. En þess á milli er það autt.

Í Chicora er unnið 11 kl. tíma á dag, frá 6 að morgni til 6 að kveldi. Kaupgjald er á ýmsu stigi, frá einum dollar og upp, flest algeng verk $1.25—$1.40. Ég fór inn með trésmiðum, sem allir voru hv'tir, nær tuttugu að tölu. Þar höfðu tveir elztu og beztu smiðirnir að eins $2 á dag, og ég þar næstur með $1.65, allir hinir $1.40 til $1.50 eða minna. Allir voru þessir smiðir mjög alúðlegir og góðir drengir. En mér leiddist, hvað voðalega þeir svikust um, og ég bað um húsaðgerðir, sem oft og mikið þurfti að bæta, og það fékk ég. Og var algerlega minn eigin herra upp frá því, og vel liðinn af fólkinu sem bjó í húsunum, og fékk langt um meiri viðgerð í gegn um mig, en aðra, sem sendir voru áður. Einnig var ég vel liðinn af yfirmanninum, sem var allra geðugasti maður, og hefði gefið mér meira kaup síðar. En tvent bar til þess, að ég gat ekki ilengst þar, syðra: Fyrst, alla tíð dauðans veikindi á fámiliu minni, og annað, verzlunin óþolandi og óhentug í alla staði. En máske mestu réð, að þegar ég misti elsku litla drenginn minn, þá varð ég úrvinda og eyðilagður þar að vera lengur. Og álit mitt er það, að mesta hættuspil sé þangað að flytja heilsunnar vegna fyrir alla norðanmenn og Norðurlandabúa. Það er sérstaklega loftslagið, sem hrífur hvern, sem þangað kemur, og beitir áhrifum þegar í stað. Og allir sögðu mér það sama, að það tæki menn frá 8 til 18 mánuði, að venjast þar áhrifum lofts og tíðarfars, og að margir mættu þaðan hverfa, sem aldrei hefðu þar heilsu. Sérstaklega liggur þar í lofti mjög þrár og leiður kvilli, sem þeir nefna "Coldfever". Hann tekur menn með óstjórnlegum skjálfta, og svo brennandi hita á eftir. Næsta dag er sjúklingurinn slappur, en að öðru leyti nokkuð hress. En svo kemur hið sama næsta dag um sama mund, og þannig getur haldið áfram vikum og mánuðum saman. Suma tekur þessi sjúkdómur annanhvorn dag, aðra sjöunda hvern dag, og aftur suma að eins á þriggja vikna fresti. Gulusýkin er ekkert hættuleg þar í kring, sem ég var, eða annarstaðar þar sem hálent er. Þarna er ákaflega óstöðugt tíðarfar og loft mjög saggasamt, sem sýndi bezt þegar frostnætur komu, að þá varð alt margfalt af hélu og mjallhvítt. Og stór nauðsyn er á því, að hita hús upp og þurka kveld og morgna starx og haustar. Ég sá þar 8. nóvember háls þumlungs þykkan ís á vatnsbala við húsið, eftir nóttina, en sterkur hiti varð þá um daginn. Merkilegt er það, að vér Norðanmenn, sem þangað komum, þolum engan kulda, fórum strax að hríðskjálfa, en hitann segja þeir að vér þolum langt um betur. Það er á svo margan hátt gagnólíkt því, sem vér höfum vanist: Fæðubreyting, háttsemi, loftslag og fleira, sem gerir það að verkum, að Suðurríkin verða aldrei innflytjendapláss Norðanmanna. — Það mátti heita, að í Chicora og þar í kring væri einlægt sífeld vesæld og krankleiki. En aldrei varð ég veikur, jafnvel betri til heilsu en hér norðurfrá. Mjög trúlegt er það, að þar sem þessi mikli Pine-skógur er, að þar sé heilsusamlegt loft fyrir brjóstveika, enda engu hættara, að þeir, sem veikbygðir eru, veikist þar, en hinir, sem hraustir eru og heilsugóðir. Og svo átti ég svo annríkt, að ég hafði engan tíma til að missa, og komst aldrei til að verða veikur. — Mér þykir einna líkast, að geta ekki verið þar nógu lengi til að sjá og finna, hvað sumarhitinn gerði, því að vissu leyti er ég æfintýramaður, og hefi gaman af, að ganga í gegn um alla þrautina, ef ég er byrjaður á henni.

Já, þrautina. Ég held ég megi kalla það þraut. Samt veit ég ofur vel, að flestir eða allir af löndum vorum, sem hingað fluttu fyrir þriðjungi aldar síðan, eða þar í kring, áttu við svo margar þrautir að stríða, að smámunir í baráttunni verða ekki ægilegir í augum þeirra. — Samt vil ég ekki óska neinum erfiðari kringumstæðum, en ég átti þar við að búa mest allan tímann þar syðra, þegar konan og eldri dóttir mín lágu báðar fárveikar, og ég varð að annast veikt ungt barn á næturna en vinna við smíðar á daginn. Þá fyrst, eða í gegnum þann leik, fer maður að skilja í örsökunum, sem liggja til þess, að sorgarmörkin og þrautadrættirnir er stimplað og grafið inn í svo mörg, alt of mörg yndisleg andlit kvenna vorra, mæðranna, sem eiga til þá elsku, sem er sterkari en dauðinn, sem verða að vaka og vinna, oft og einatt, nætur og daga, fyrir ást og umönnun barna sinna. Þegar engill dauðans þrengir sér inn og stendur með miskunarlausu kuldabrosi við aðra hlið rúmsins, þar sem elskulegu börnin liggja fárveik og máttvana, í baráttunni milli lífs og dauða, og móðirin má aldrei og þorir aldrei að leggja augun aftur eða sleppa líknárhendinni af ástarblóminu, svo óboðni gesturinn, þessi miskunarlausi dauði, fái ekki tækifæri til þess að slíta úr henni hjartað, — til að hrifsa frá henni það, sem henni er kærara en hennar eigið líf. Ekki veit ég hvaða stríð er meira eða erfiði þyngra en þetta, sem í flestum tilfellum er stríð konunnar og móðurinnar, en ekki mannsins eða föðursins. Og það er ofur eðlilegt, þó mörk sjáist eftir þann sorgarleik, þann blóðuga bardaga. — En eru þá sorga og þrautamörkin, sem stimpluð eru á andlit konunnar, og sem hún hefir fengið í stríði lífsins, virt eins mikið og örið, sem hermaðurinn ber eftir sverð eða byssukúluna, sem veitti áverkann í bardaganum, er hann af emtómri hlýðni varð að standa í? Nei, langt er frá því. Það kennir ekki fyrr en kemur að hjartanu. Það er þá fyrst, þegar vér verðum sjálfir neyddir til að gegna eða leysa af hendi starf konunnar, að vér viðurkennum þennan jarðneska engil, sem drottinn almáttugur hefir gefið oss til að friða og líkna með blíðu og ástr,ki, jafnvel í sjálfum dauðanum.

Aldrei hefir nokkur karlmaður gengið í gegn um meiri eldraun en sú móðir, sem verður nætur og daga að vaka yfir og líkna veikum börnum sínum, og svo eftir alt það erfiði þrýsta ástarkossinum brennandi á varir þeirra deyjandi í örmum sínum.

Ekkert verk er háleitara til í heimi þessum en starf þeirra mæðra, sem vaka ávalt yfir velferð barna sinna, — vaka yfir velferð heimilisins. Og ef ég hefði hér nægan tíma til að færa mín rök þar til, þá skyldi ég óhræddur segja: Þar — konunar — skapa mennina, skapa þjóðirnar. — Ég þurfti að eins að vera fáar vikur af æfinni hvorttveggja í senn, bæði faðir og móðir. Og hjartans litli drengurinn minn, sem ég unni svo heitt, dó í faðmi mínum. En sá tími varð nógu langur til að sýna mér þá yfirburði á allan hátt, sem konan hefir fram yfir manninn til að gegn köllun ástar og þolgæðis.

Má vera, að ég sé vesalmenni og aðrir geti gert betur. En samt vil ég biðja alla menn, að varast það að lítilsvirða konuna og verkahring hennar. Hún á skilið heiður og virðingu, engu síður en maðurinn. Hún á hámtingu á því, að kröfum hennar sé veitt athygli. Hún á alla góða og skynsama menn skuldbundna til að veita þeirra jafnrétti fylgi. Því þó ekki væri litið á neitt annað en það eina, að hver einasti góður og skynsamur maður hefir átt góða og elskuverða móðir, sem var viljug að leggja í sölurnar fyrir litla drenginn sinn, — þá væri það næg ástæða. En ástæðurnar eru margar fleiri.

Heiminum hefir hingað til verið stjórnað með kaldri karlmannslund og hárbeittu sverði og byssustingjum. — Það mætti líka þessum tíma, sem af er sögunni, við þá stund eða öllu heldur augnablik af eilíðarbrautinni, sem hulið er þokuslæðu, svo varla sér til sólar, og kuldanepjan gagntekur mann allan, eins og haustkveldin urðu mér í Mississippi. En þegar sá tími kemur — og hann á að koma sem fyrst — að konur setjist í stjórnina jöfnum höndum við karlmenn, þá ris sól á himninum og brennir burt þokuslæðuna, og lýsir upp margan þann stað í mannfélaginu, sem aldrei hefir bartu séð. Þá fara geislar ástar, og viðkvæmnis og róttlætis, að verka meira og ná lengra út, en rétt innan vébanda búrs og eldhúss, eða að eins heimilisins hjá konunni.

Konan er eins nauðsynleg til að til að fylla stjórnarflokkinn í alræðismálum þjóðanna, eins og hún er nauðsynleg til að fylla söngflokkinn í þeirri fögru list. Karlmenn geta sungið mjög vel, en fegurðin er ekki á fullkomnu stigi, fyr en að konurnar koma þar inn með. Mannkærleiki, mannréttindi, eru ekki á fullkomnu stigi fyr en konan er að öllu gerð jöfn við manninn.

Slúðurberinn.

Hleypur slúðurs hálan stig
hunds á vaði tæpu.
Hróðug baðar heimskan sig
hans í þvaðurs ræpu.

Heiðursrán er hvert hans orð —
hæpu fáni borinn, —
hvar, sem tánum steig á storð,
standa smánar sporin. H.

Til [Leirulækjar] Fúsa

Svei því! — Ekki' er svara-verður
Sigfús minn.
Hann er svo dauðans illa gerður
—aumingjinn!

Lárus Guðmundsson.

C. O. F.
Court Garry No. 2

Stúkan Court Garry No. 2, Canadian Order of Foresters, heldur fundi sína í Unity Hall, horni Lombard og Main st., 2. og 4. hvern föstudag í mánuði hverjum.

Allir meðlimir eru ámintir um, að sækja þar fundi.

W. H. OZARD, REC.-SEC.
Free Press Office.

Ef þér viljið styrkja þarflegt íslenzkt fyrirtæki, þá kaupið og borgið Heimskringlu

Strathcona Hotel
Horni Main og Rupert Str. Nýbygt og ágætt gistihús; Gest um veitt öll þægindi með sanngjarnasta verði. Frí keyrsla til og frá öllum járnbr. stöðvum. Beztu vín og vindlar; og herbergi og máltíðar ágætar.
McLaren Brothers
EIGENDUR

Hotel Pacific
219 Market Street Winnipeg — H. M. Hie Eigan Manitob
Telephone 1333
Ný-endurbætt og Ný-tízku hús í alla staði. Viðskifta yðar óskast virðingarfylst.
$1.25 a Dag

HOTEL SUTHERLAND
Corner Main and Sutherland Ave.
Gisting kostar $1.00 og $1.50 á dag. Ég tók við stjórn þess húss 1. Jan. '08, og virðingarfylst óska viðskifta Islendinga nær og fjær Komið, Sjáið og Reynið.
C. F. Bunnell,
eigandi. Telefón 348

$1.50 Á DAG
0 gistihús í Winnipeg
BRUNSWICK HOTEL
Horni Main St. og Rupert Ave.
Besta borð-ald; Hrein og Björt Herbergi; Fínustu Drykkir og Bestu Vindlar. Ókeypis Vagn mætir Öllum Trainlestum. Reynið oss þegar þú ert á ferð.

MARKET HOTEL
146 PRINCESS ST. á móti markaðnum
P. O'CONNELL, eigandi, WINNIPEG
Beztu tegundir af vínföngum og vindl um, aðhlynning góð, húsið endurbætt

næstum utan að, það sem hún ætlaði sér að segja, og hún þóttist nú viss með að vinna.

Lady Aðalheiður var heppin, að vita ekki fyrirfram, hvað mundi bera við þetta kveld.

Þegar búið var að borða hádegismatinn, hugsaði hertogainnan með sér, að best væri fyrir sig, að sýna manni sínum dálítla eftirlátssemi. Hann var töluvert friskari en um morguninn, en treysti sér samt ekki til að yfirgefa herbergi sitt. Hún settist þar hjá honum. Hún sá samt ekkert eftir því, hve köld hún hafði verið við hann um morguninn. Nei, langt frá. En hún áleit best, að láta sem sér væri umhugað um hann, sem hún ætlaði nú að draga svo skammarlega á tálar. Hún tók því fram bækur og las hátt fyrir hann. Og allir gestirnir töluðu um það sín á milli, hve góð og eftirlát hún væri manni sínum.

Hún fann það fljótt, að nú hafði hún gengið of langt með kulda sinn og dramb. Hertoginn var mjög stoltur og tilfinninganæmur maður, og hann gat ekki gleymt því, að sú kona, sem hann hafði hafið til auðs og metorða skyldi sýna honum kulda og fyrirlitningu. Hann hafði gefið henni eins og áður er sagt, hinar dýrmætustu gjafir, og hann hafði verið bæði stoltur og glaður yfir hve mikla eftirtekt hún vakti fyrir fegurð sína, en í gleði sinni hafði hann gleymt, að hann var helmingi eldri en hún. Hann stóð í þeirri trú, að hún elskaði hann. Þess vegna kom það yfir hann sem reiðarslag þennan sama morgun, þegar hann alt í einu fann út, að hún elskaði hann ekki. Hann var nú í engum efa um það, og aldrei hefði hún getað bætt fyrir þann kulda, er hún hafði sýnt honum, þó hún hefði verið öll af vilja gerð. Engin kona, sem elskaði mann sinn, hefði hegðað sér gagnvart honum eins og hún hafði gert. Hann hafði lesið úr augnaráði hennar megnan

viðbjóð og fyrirlitningu, þegar hún hafði litið til hans. Honum kom nú einnig til hugar, hvernig hún ávalt hafði viljað hliðra sér hjá ástaratlotum hans. Fyr hafði hann áltið þetta staða af feimni, og honum hafði þótt enn meira til hennar koma fyrir það, en nú sá hann, að það hafði eingöngu verið af því, að henni geðjaðist ekki að honum. Þrátt fyrir það, að hann elskaði hana innilega, var hann samt of skyn samur til þess, að hún gæti vilt honum sjónir. Enginn gat narrað hann nema einu sinni. Hann leit nú í huga sér yfir samvertíma þeirra, og hann mundi eftir svo fjölda mörgum atburðum, sem sýndu að hún ekki elskaði hann.

"Hún hefir gíðst mér vegna eigna minna og metorða", sagði hann við sjálfan sig, og stundi þungan. "Hvað ég gat verið blindur og heimskur, að halda að hún elskaði mig!"

Þegar hún svo kom inn til hans í þeirri trú, að hún gæti gert alt gott aftur með því að vera vingjarnleg við hann, fékk hún kuldalega móttöku, og það var í fyrsta skifti, sem hann bauð hana ekki velkomna. Hún gekk að hægindastólnum, sem hann sat í, og lagði hendi sína á handlegg hans.

"Þú lítur nú betur út en í morgun, Gervase. Ég skal lesa hátt fyrir þig, ef þú vilt".

"Já, ég er betri", svaraði hann kuldalega. "Divon hefir verið hjá mér í allan morgun, og hann sér um, að ég hafi alt sem ég þarf með".

Áður hafði hann orðið frá sér numan af gleði, ef hún hefði sýnt honum svona mikla umhyggjusemi. Hann hefði kyst innilega hina litlu hvítu hönd hennar og ausið yfir hana þakklæti og lofi fyrir umönnun hennar, — en nú gat hann ekki gleymt, hvernig hún hafði breytt við hann um morguninn.

"Ég ler að öfunda Divon", sagði hún með blíðu brosi, ef þú hrósar honum svona mikið".

Hertogainnan gat verið mjög aðlaðandi, þegar hún vildi það við hafa. Það lá einnig í eðli hennar, að vilja vinna ást og aðdáun allra, sem í kring um hana voru. Hún gat ekki að því gert. Hún var nú búin að ósetja sér, að svíkja mann sinn. Öll von um áð áform hennar hepnuðust, var bygð á vansæmd hans. Til þess að ná takmarki sínu, varð hún að eyðileggja líf hans og hamingju. Samt sem áður, þegar hann leit svo kuldalega til hennar, langaði hana til að vinna aftur bros hans, og hún gerði sig eins blíða við hann eins og hún gat. Lyndiseinkunnir hennar voru svo frábrugðnar annara. Hún gat með köldu blóði áformað, að hlaupa burtu frá honum, leiða skömm og svívirðingu yfir hann og húsið Ormont, sem aldrei fyr hafði nokkur blettur fallið á. Þó hún ætlaði sér þetta, gat hún gert sig blíða og ástúðlega við hann.

Hún laut niður að honum. "Gervase", sagði hún blíðlega, "var ég vond við þig í morgun?"

"Ég læt aldrei geðshræringar bera mig ofurliða", sagði hann. "Það eru að eins litilljörlegar og ómerkilegar persónur, sem gera það".

"Ég er hrædd um," sagði hún, "að ég hafi hegðað mér illa gagnvart þér, og ég sé svo fjarskalega mikið eftir því. Ég ætti að skammast mín fyrir að játa það, en ég var í svo vondu skapi, það kom nokk ið fyrir, sem mér fell svo illa".

"Það verða allir fyrir meira og minna mótlæti í heiminum. Ég get ekki séð, að nokkur þurfi að brúka ókurteisi og kulda, hver við annan fyrir það".

Hann langaði til að mega trúa henni og það brá fyrir meðaumkvun í augum hans, þegar hann leit til hennar, en hann var of reyndur og skynsamur til að láta blekkjast í annað sinn. Þann viðbjóð, sem hann hafði lesið úr augnaráði hennar og hvernig hana hrylti við, þegar hann snerti hana, — þetta hvort-

tveggja hafði grafið sig svo djúpt í hjarta hans, að það varð aldrei máð burtu.

"Var ég vond við þig?" sagði hún aftur mjög blíðlega. "Æ, Gervase, ég meinti ekkert ilt með því. Við skulum jafna þetta aftur. Þú veizt, að ég er enginn engill. Lofaðu mér nú að lesa fyrir þig. Hvað viltu að ég lesi?"

"Hvað sem þú vilt", sagði hann þreytulega. En hún lét sem ekkert væri, og dró fótskemil að stól hans, settist þar og fór að lesa. Hertogann tók ekkert eftir því, sem hún las. Hann var alt af að hugsa um það, sem við hafði borið um morguninn. Alt í einu leit hún upp.

"Ertu á sama máli, Gervase?" spurði hún.

"Ég tók ekkert eftir því, Nita", sagði hann.

"Mér datt það í hug. Þú lætur mig lesa fyrir þig, en tekur svo ekkert eftir því. En ég ætla samt að halda áfram".

Svo byrjaði hún aftur. Henni fanst hún fremur geta lesið en talað.

Nú liðu nokkrar mínútur. Svo sagði hertoginn um leið og hann lagði hönd sína á höfuð henni:

"Nita", sagði hann, "ég óska eftir, að þú svarir spurningu minni".

"Ég skal svara eins mörgum og þú vilt", sagði hún brosandi.

"Seg mér þá hreinskilnislega", sagði hann: — "Hvort giftist þú mér af því að þú elskaðir mig eða til þess að ná í auðæfi mín?"

"Ég þarf ekki að svara þessari spurningu. Hún er óttaleg. Þú hefir heldur enga ástæðu til að efast um ást mína".

Henni kom til hugar, hvort hann vissi nokkuð um sig og Caren lávarð.

"Jú, ég hefi ástæðu til þess", sagði hertoginn, "og það er alvarlegt máleini Nita".

ELM PARK LOT

FEGURSTI blettur í Winnipeg hefir verið mældur útí bygging-arlóðir og er nú boðinn almenningi til kaups. Allir þekkja ELM PARK með þess stóru, fögru trjám og óviðjafnanlegu náttúrufegurð. Það hefir verið ánægjulegasti skemtistaður borgarbúa. Hugsið yður, hvað ánægjulegur bústaður þetta verður fyrir þig og þína.

Aðeins 200 ELM PARK LÓÐIR

Elm Park Lot

$15 TIL $30

Hvert Framfet

Sumar lóðirnar eru nær 300 feta langar.

ElmPark

LÓÐIR fyrir fegurstu heimili.

Elm Park LOT eru áreiðanlegt gróðafyrtæki



NÚ er alþýðu boðnar í fyrsta sinn byggingalóðir í Elm Park. Hver lóð í þess um fagra stað er fjórðungur ekru að stærð, þakin fegurstu Elm trjám. Ákjósanlegasti heimilis staður. Hreint loft og góð róðrar-skemtun á ánni rétt hjá heimili yðar. Ætíð fráskilið öllu bæjarskvaldri og frá háfaða, ryki og reyk járnbrauta go verksmiðja o. fl. Þessi landeign er ódýrust og ákjósanlegust árbakka byggingalóðir sem Winnipeg- og Vestur-Canada-búar hafa nokkru sinni átt völ á að eignast. Sumar lóðirnar eru nær 300 feta langar upp frá ánni. Sanngjarnar bygginga takmarkanir.

VERÐ: **$15 til $30** hvert framfet

SKILMÁLAR: **1|4** af verðinu út í hönd, eftirstöðvar á 1, 2 og 3 árum

Komið og sjáið uppdrætti á skrifstofu vorri eða hjá umboðsmanni vorum suður í Parkinu.

Aðeins 200 ELM PARK LÓÐIR

ELM PARK LOT

Einn Fjordapart Ut i Hond.

Eftirstöðvar borgist á 1, 2 og 3 árum.

Engar lóðir betur settar fyr ir bæjarbúa. Kaupið yður lóð sem fyrst.

Elm Park LOT þokast fljótt úr þessu verði

The Standard Land Co.
Phone 3226 Winnipeg 222 Portage Ave.

The Imperial Land Co.
Phone 5331 Winnipeg 317 Portage Ave.

Winnipeg Fréttir

Skrásetning Winnipeg borgar er lokið, Alls voru skrásettir 22 þúsund og 584 manns. Og þó munu nokkrir ekki hafa komist á kjörskrá fyrir eigin kæruleysi, sem þar hefðu átt að vera.

A. F. Banfield, húsgagnasalinn mikli á Main St. hér í borginni, lézt að heimili sínu að morgni þ. 29. maí. Hann hafði verið heilsutæpur um nokkurra ára tíma, en var ekki álitinn hættulega veikur fyr en fyrir nokkrum mánuðum að hann varð algerlega að yfirgefa verzlun sína, og hefir landi vor S. W. Melsted veitt henni alla forstöðu síðan. Banfield sál. kom frá Quebec fylki til Manitoba fyrir 26 árum síðan, og hefir dvalið her allan þann tíma. Hann var nær 60 ára gamall, þrigiftur, og lifir síðasta kona hans hér.

Mælt er, að 7,300,000 dollara virði af skuldabréfum Winnipegborgar, borganlegum á 32. ára tímabili, hafi nýlega verið seld á Englandi fyrir sem næst 94 cent af dollarnum.

Frá Íslandi kom á laugardaginn var Gunnlaugur Tryggvi Jónsson, frá Akureyri, verzlunarþjónn á tvítugs aldri. Hann hygst að dvelja hér vestra um hríð. Engar markverðar fréttir sagði hann af ættlandinu.

Páll Jóhannsson, frá Glenboro, lézt á almenna spítalanum hér í bæ þann 30. maí, úr tæringarsjúkdómi, sem hann hafði þjáðst af í nokkra undanfarna mánuði. Hann var fluttur hingað á spítalann þ. 25. maí, þá svo langt leiddur, að honum var ekki bata von. Páll sálugi var 27 ára gamall og eftirskilur ekkju og ársgamlan son.

Líkið var flutt til Glenboro á Mánudaginn 1. Júní og greftrað þar sama dag.

Frá Vancouver kom á laugardaginn var ungfrú Guðný Gilles, dóttir Erlendar Gíslasonar, sem bjó lengi hér í bænum, — í kynnisför til ættingja sinna hér.

Fjölmenn nefnd manna fór á fund fylkisstjórnariunar í síðustu viku, til þess að ræða um varnir gegn því, að hér í borg verði seld mjólk úr tæringarveikum kúm. Mr. Roblin kvað það mál að mestu heyra undir Ottawa stjórnina, sem hefði sérstaka embættismenn til þess að líta eftir þessu, og sér vitanlega gengdu þeir mönn skyldu sinni rækilega.

Sú prentvilla varð í Íslendingadagsfréttum í síðasta blaði, að "Th. Thomas" væri í garðnefndinni. Það átti að vera Teitur Thomas. Lesendur athugið þetta.

Herra Stefán O. Eiríksson, frá Dog Lake, var hér á ferð um síðustu helgi með syni sína tvo og bróðurson. Hann sagði bleytur miklar þar nyrðra, svo að til vandræða horfi með heyskap, ef ekki lækkar vatn til muna frá því sem nú er.

Til Íslands fóru héðan í sl. viku þeir Pétur Jónsson, frá Stóruborg í Húnavatnssýslu, er verið hefir hér í bænum, og Jón Jóhannesson, frá Gardar, N.D. Pétur hefir verið hér vestra um nokkurra ára bil, og farnast vel. Báðir þessir menn hyggja á hingað komu aftur í haust. Þeir fara gegnum Bandaríkin, og taka skip í Boston.

Herra Halldór Halldórsson, frá Hjarðardal í Önundarfirði á Íslandi, kom nýlega til Winnipeg, áleiðis í kring um hnöttinn. Hann hefir dvalið í Nýja Sjálandi í sl. tíu ár, og er nú í skemti og fróðleiksferð um Ameriku og Evrópu, og hugsar sér að fara til Íslands, og þaðan heimleiðis aftur til Nýja Sjálands. Herra Halldórsson hefir stundað gullsmíði þar eystra og farnast ágætlega. Hann lætur vel af landinu þar, loftslaginu, atvinnuvegunum, stjórn og þjóð.

Stewart Mulvey, stofnandi Orange manna félagsins í Vestur-Canada, andaðist að heimili sínu í Vancouver borg þann 26. f.m. Mulvey sál. hafði dvalið nær heilan mannsaldur í Winnipeg borg og gengt hér ýmsum þýðingarmiklum störfum. Hann var um eitt skeið þingmaður hér í fylkinu, og í sl. mörg ár gengdi hann ritarastörfum fyrir umsjónarnefnd alþýðuskólanna hér í bænum. Sökum heilsubrests varð hann að segja því strafi af sér fyrir einu ári síðan og flutti þá til Vancouver og dvaldi þar síðan. Lík hans var flutt hingað til bæjarins til greftrunar. Hann varð rúmlega sextugur að aldri.

Á föstudaginn var létti af votviðra kafla þeim, er staðið hafði yfir 8 undangengna daga, og hefir síðan verið þurviðri og hitar.

Þeir herrar J. G. Christie og Baldwin Anderson hafa báðir fengið vínsöluleyfi fyrir hótel sín á Gimli. Engin mótmæli komu fram gegn heiðni þeirra. Nafninu á hótel "Ísland" hefir verið breytt og nefnist nú "Gimli Hotel".

Ef það yrðu ekki kölluð landráð, þá vildi Heimskringla mega geta þess, að svo litur út, sem alt of lítið sé um atvinnu hér í fylkinu á yfirstandandi tíma. Yfir 100 nýkomnir Galicíumenn eru og hafa um nokkurn undanfarinn tíma verið hér í bænum, án þess að geta fengið nokkra atvinnu. Þeir hafa bókstaflega talað liðið hungur, að undanteknu því, að þeim hefir af líknarfélagi einu í bænum verið gefin ein máltíð á dag í sl. 7 eða 10 daga. Flestir þessara manna voru bændur í föðurlandi sínu, en seldu lönd sín þar til þess að geta komist hingað vestur. Margir af mönnum þessum kveðast fúsir til að vinna hjá bændum sem matvinnungar til að byrja með.

Lesendur Heimskringlu í Norður-Dakota eru beðnir að lesa auglýsingar um afsláttarsölu Schweitzer Bros. í Cavalier, N. D., sem varir til 3. júlí næstkomandi. Auglýsing þeirra verður í þessu blaði allan júní. Gætið Heimskringlu, þegar þér komið í búðina.

Lesendupum er bent á, að lesa auglýsinguna um "Second Hand" búðina að 555 Sargent Ave. Þar er góður fatnaður með lágu verði.

Miss Elizabet Guðjónsson fór á mánudagskveldið var vestur á Kyrrahafsströnd. Óvíst hvort hún sezt þar að eða kemur aftur von bráðar.

Í giftinga skýrslu frá séra Rögnvaldi Péturssyni í síðasta blaði er einn brúðguminn nefndur "Jón Sigurðsson Borgfjörð", en átti að vera Jón Sæmundsson Borgfjörð. Þetta eru lesendur beðnir að athuga og hlutaðeigandi prestur og hjón að afsaka.

Tveir menn voru nýlega teknir og dregnir fyrir dóm hér í bænum fyrir peningasvik. Þeir höfðu komið frá Bandaríkjunum með peninga sláttu vél. En sá var annmarki á henni, að hún gat ekki framleitt falspenninga, nema með því, að í hana væri troðið góðum og gildum peningum. Þessi náungar höfðu samið við mann hér í bænum, að borga honum sextíu prósent af öllum falspeningunum, sem hann gæti komið út meðal almennings. En til þess að geta byrjað þetta arðvænlega fyrirtæki, varð hann að troða $3,200 af sínum eigin skildingum í vélina. Þetta gekk alt vel. En rétt þegar verzlunin stóð sem hæst, kom lögreglan og náði piltum þessum. Komst það þá upp, að maður sá, er þeir höfðu samið við um sölu skildinganna, var í raun réttri að vinna í þjónustu lögreglunnar hér með þeim ásetningi, að festa sök á piltum þessum.

SKÍRNIR, 1. hefti, 82. ár, 1908, er nýkominn hingað vestur. Ritstjóri er Einar Hjörleifsson. Efni ritsins er: "Á vegamótum", stutt skáldsaga eftir ritstjórann, — "Móðurmálið", ræða haldin á stúdentafélags fundi 21. des. sl. af G. Björnssyni, — "Sjálfstæðisbaráttu Noregs árið 1905", samið af O. P. Monrad, — "Prédikarinn", löng ritgerð eftir Harald Nielsson, til að sýna, að bækur bibliunnar hafi ekki getað verið ritaðar af þeim mönnum, sem þær eru eignaðar, — "Upptök mannkynsins", niðurlag, eftir Helga Pétursson. — Allar eru ritgerðir þessar mjög skemtilegar og flestar hinar fróðlegustu. En ekki verður með sanni sagt, að ritgerðir þeirra Haraldar Nielssonar og Dr. Helga Péturssonar efli trú íslenzkrar alþýðu á kenningum heilagrar ritningar. — Alt hjá þeim höfundum virðist lúta að því, að koma vitinu fyrir fólkið.

Mánudaginn 15. þ.m. hefir fulltrúanefnd Goodtemplara stúkunnanna Heklu og Skuldar ákveðið að hafa skemtisamkomu (Concert) í Goodtemplars Hall. Íslenzki hornleikenda flokkurinn — "West Winnipeg Band" — skemtir á samkomunni og ungu piltarnir þreyta íslenzkar glímur. Skemtiskráin verður auglýst nákvæmlega í næstu viku í báðum íslenzku blöðunum. — Lesið hana nákvæmlega.

GOTT ORGEL fæst keypt fyrir minna en hálfvirði. A. J. Johnson, 689 Alverstone st., vísar á.

Herra Sveinbjörn Gíslason, að 462 Victor St., ætlar að láta grafa og hlaða nokkra húskjallara. Hann óskar eftir tilboðum í það verk. — Íslendingum er boðið að gera tilboð í það verk það allra fyrsta.

GOTT HÚSPLÁSS, mjög ódýrt, geta hjón einhleyp, eða með eitt barn, — eða einhleypt fólk, — fengið með því að snúa sér til A. J. Johnson's, 689 Alverstone st.

Alþýðlegir Hljómleikar.

(Popular Concert)

ÍSL. LÚÐRAFLOKKSINS
("West Winnipeg Band")

í Goodtemplarahúsinu þriðjud.kv.

9. Juni, 1908

S. K. Hall, leiðari. Efldir með aðstoð Mrs. S. K. Hall, Soprano Soloista, og Mr. Th. Johnsons, Violinista,

Programme:

1. March, "Garlands" L. Raymond.
2. March, "Old Black Joe". — A. Hayes.
3. Bobelink
   Mrs. S. K. Hall.
4. Won't you come to my house. — Redfield.
5. Waltz No. 6. — L. Raymond.
6. Violin Solo
   Th. Johnson.
7. Loreli. ... . F. Silcher
8. Tárið .... R. Bay
9. Hergöguljóð ... A. Methsessel
10. Piano Duet
    S.K.Hall og F.J.Friðfinnsson.
11. Overture, Elsmore. ... McCash
12. Soprano Solo, Selected
    Mrs. S. K. Hall.
13. Selections from Maritana ... Wallace.
14. Violin Solo
    Th. Johnson.
15. Góða nótt .... Shuster
16. Eldgamla Ísafold.

DANS Á EFTIR

Byrjar kl. 8 síðd. Inngangur 35c.

Bækur til sölu.

hjá N. OTTENSON, River Park:

Flateyjarbók (í 3 bindum), í vönduðu bandi	$8.00 (50c)
Saga Þiðriks konungs af Bern, í bandi	$2.25 (20c)
Sönglögin úr Friðþjófi	0.50 (5c)

Tölurnar í sviga fyrir aftan meina póstgjald fyrir þær bækur, er þurfa að sendast út úr bænum.

Veitid þessu eftirtekt:

Fram til 3. Júlí n. k. seljum vér með 25 prócent afslætti allar tegundir af Skó taui, ásamt með drengja og karlmanna fatnaði.

Schweitzer BROS
CAVALIER, N. DAK.

— Mikill fjöldi manna hefir samið og undirritað umkvörtunarskjal yfir því, að Edward konungur skuli hafa sótt fund Rússakeisara. Í skjali þessu, sem sent hefir verið beint til utanríkisráðgjafa Breta, og undirritað er af yfir 57 þingmönnum, er Rússakeisari kallaður með berum orðum morðingi. Blöð verkamanna á Englandi fara mjög hörðum orðum um þessa ferð Edwards, og skora á þjóðina, að hefjast handa á þann hátt, að stjóra landsins láti ekki slíkt hneyxli koma fyrir framvegis. Þau segja, að þau geti vel rétt rússnesku þjóðinni bróðurhönd sína, en keisaranum ekki annað en fyrirlitningar hráka. Þau segja, að Edward konungur hafi verið gætinn að und anförnu, en nú hafi það brjálæði gripið hann þeim greipum þjóðlegr ar vanvirðu, sem ekki megi líðast af þjóðinni mótmælalaust.

Safnaðarfundur

verður haldinn á eftir messu í Únitarakirkjunni á sunnudaginn kemur. Alt safnaðarfólk beðið að sækja fundinn.

J. B. SKAPTASON,
forseti.

50 Procent Afsláttur.

50 prócent afsláttur verður gefin á öllum skrautgerðum sumar Kvenkjóladúkum frá þesssum tíma og þar til 3. Júlí n. k. — Vér höfum mikið úrval af þessum vörum.

Schweitzer Brothers
CAVALIER, N. DAK.

Bækur til sölu

Eftirfylgjandi bækur, sem hafa verið gefnar út á kostnað "Unga Íslands", fást hjá G. FINNBOGASYNI, 691 Victor St., Winnipeg:

Misvindi, kvæði eftir B. Jónsson frá Vogi	$0.20
Fáninn, fyrirlestrar o.fl. ...	0.05
Gigjan, kvæði eftir Guðm. Guðmundsson	0.40
Altarisgangan, saga	0.10
Orgelið, saga	0.10
Sögur eftir Runeberg	0.20
Tvistirnið, kvæði	0.40
Rófnagægir, æfintýri	0.15
Æska Mozarts, saga	0.40
Sumargjöf, I. og II. ár, hv.	0.25
Lesbók handa börnum og unglingum, í bandi ...	0.80
Sögur eftir Conan Doyle:	
Silfuröxin	0.10
Hættulegur leikur	0.10
Konan	0.10
Haldið	0.10
Griski túlkurinn	0.10
Týnda brúðurin	0.10
Mislita bandið	0.10
Úr lífi morðingjans	0.10
Ferstrendi kistillinn	0.10
Rauðhausafélagið	0.10
Þumalfingur verkfræðingsins	0.10
Barnabók Unga Ísl., III.ár.	0.30
Bréfspjöld með fánamynd	0.05
Myndir af 9 beztu skáldum Íslands	0.10

Stórfeldasti viðburður í sögu Winnipeg — Missið ekki af því!

"PURE FOOD" OG MATSALA SÝNINGIN

í Auditorium 8. til 20. júní 1908.

36 mikilfenglegar sýningardeildir, ríkulega skreyttar og upplýstar af 1500 rafljósum.

Tegarður með lifandi pálmatrjám og vaxandi blómum, og verulegum "Singalese" útbúnaði.

Sveitabúð, stýrt af Y. W. C. A. konum í Winnipeg.

Hundruð af sýnishornum gefin aðkomendum.

Hinn viðfrægi "Kilties" hornleikendaflokkur með 40 spilurum, 10 dönsurum, 20 söngvurum, og tveimur risavöxnum trumbusláttar mönnum.

AÐGANGUR AÐ ÖLLU AÐ EINS 25 CENTS

The Dominion SECOND HAND STORE

Ágætur brúkaður fatnaður og húsmunir, Ísl. töluð.

555 Sargent Ave. Winnipeg

Þingboð.

Hér með tilkynnist hlutaðeigendum, að FJÓRÐA ÞING HINS ÚNITARISKA KIRKJUFÉLAGS ÍSLENDINGA Í VESTURHEIMI verður sett í íslenzku Únitara kirkjunni í Winnipeg — FÖSTUDAGINN ÞANN TÓLFTA (12.) JÚNÍ NÆSTKOMANDI, kl. 2 eftir hádegi.

Í umboði stjórnarnefndarinnar.

S. B. BRYNJÓLFSSON,
Varaforseti.

Stefán Guttormsson,
Mælingamaður
663 AGNES STREET. WINNIPEG.

Íslenzkur Kjötsali
Hvergi fæst betra né ódýrara KJÖT en hjá honum,—og þá munt sannfærast um að svo er, ef þú aðeins kaupir af honum í eitt sinn. Allar tegundir. Óskar að Isl. heimsækji sig
CHRISTIAN OLESON,
666 Notre Dame Ave. Telefón 6906

DOBSON and JACKSON
Byggingamenn
Sýnið oss uppdrætti yðar og áætlanir og fáið verðáætlanir vorar.
370 Colony Street
Winnipeg

Boyd's Brauð
Brauð vor eru gerð í heilnæmu Bakarí, sem útbúið er með nýjustu hnoðunar- og meðhöndlunar-vélum. Brauðgerðum er veitt hin nákvæmasta athygli, alt frá mjölt. og þar til það er borið á borð. Keyrð heim á hvert heimili.
Boyd's
Bakery Cor. Spence & Portage Ave
Phone 1030.

Jónas Pálsson
PIANO KENNARI
729 Sherbrooke St. Winnipeg.

G. M. Bjarnason
Málar, leggur pappír og gerir "Kalsomining. Óskar við skifta Íslendinga.
672 AGNES ST. TELEFÓN 6954

ARNI ANDERSON Íslenzkur lögmaður
Í félagi með
Hudson, Howell, Ormond & Marlatt
Barristers, Solicitors, etc.
Winnipeg, Man.
13-18 Merchants Bank Bldg. Phone 3621, 3622

C. INGALDSON
Gerir við úr, klukkur og alt gullstáss. Úr klukkur hringir og allskonar gullvara til sölu. Alt verk fljótt og vel gert.
147 ISABEL ST.
Fáeinar dyr norður frá William Ave.

J. G. Snydal, L. D. S.
ÍSL. TANNLÆKNIR
COR. MAIN & BANNATYNE
DUFFIN BLOCK PHONE 5302

HANNESSON & WHITE
LÖGFRÆÐINGAR
Room: 12 Bank of Hamilton
Telefón: 4715

BILDFELL & PAULSON
Union Bank 5th Floor, No. 520
selja hús og lóðir og annast þar að lútandi störf; útvegar peningalán o. fl.
Tel.: 2685

BONNAR, HARTLEY & MANAHAN
Lögfræðingar og Landskjala Semjarar
Suite 7, Nanton Block, Winnipeg

Hver þvær og Hreinsar Fötin ydar?
Hversvegna að fara í Kína-kompurnar þegar þér eigið kost á að fá verkið gert betur, og alt eins ódýr, í beztu og heilsusamlegustu þvottastöðum, þar sem aðeins hvítt vinnufólk er hafið og öll hreinustu efni notuð. Vér óskum viðskifta yðar.
The North-West Laundry Comp'y Ltd.
Hreinsarar og Litarar
COR. MAIN & YORK FÓN 5178

UMLÍÐUN MEÐ BORGUN.
Allskonar Fatnadur

Menn og Konur! Því skyldið þér ekki klæðast vel, þegar þér getið keypt fínustu föt, hvort heldur eftir máli eða með verksmiðju-gerð,— með vægum viku eða mánaðar afborgunum.

Allir vorir klæða dúkar eru af fínustu tegund, og fötin með nýjasta New York sniði. Vér höfum kvenfatnaði, skyrtur og treyjur. Einnig karlm. fatnaði, treyjur og buxur, með vægum afborgunarskilmálum. Vér seljum óklýrar en aðrir gera fyrir peninga. Karla fatnaðir frá $9.00 og yfir. Kvenmanna fatnaðir og treyjur frá $12.00. og þar yfir.

Komið! skoðið vörurnar og sannfærist !!

EMPIRE CREDIT CO'Y
Sal 13 í Traders Bankanum, — 433 MAIN STREET

Viðvíkjandi Hafið tal af

Sjúkdómum Sérfræðingum vorum
Royal Optical Co.
327 Portage Ave.
Rétt á móti Eaton's búðinni. Winnipeg.

LESIÐ NÚ!

Vér bjóðum um mánaðartíma hin bestu ekrukaup, sem nokkurntíma hafa boðin verið. Landið er á Main St., norðan bæjarins, liggur að C.P.R. og rahnagnsbrautunum. Selt í spildum eftir óskum kaupendanna, ein ekra eða meira. Verð frá $200 ekran og yfir, með aðgengilegum skilmálum.

[Framhald hinumegin við Hkr. nafnið]

Heimskringla.

Kjörkaup

þessi eru þau mestu, er nokkru sinni hafa verið boðin, og af því að ekrufjöldinn er takmarkaður, þá ættuð þér að kaupa strax. — Landið er hentugt til garðræktar, gripa eða fuglaræktar.

Skuli Hansson & Co.

Skrifst. Telefón 8478. Heimilis Telefón 2274

XXII. ÁR. WINNIPEG, MANITOBA, FIMTUDAGINN, 11. JÚNÍ, 1908 NR. 37

HÚSMÆÐUR!

Sendið okkur $2.50 í peningum og vér skulum senda yður eftirfylgjandi "orðu". Með því sparið þér 50c. Þau komu sér altaf vel, — og ekki sízt nú þegar hart er í ári. Þér eigið þau sjálfar, þér hafið innunnið þau með því að vera hyggnar húsmæður.

8 pd. malaður sykur	50
7 " mola sykur	50
4½ pd. gr. kaffi	50
4 pund hrísgrjónum	25
1 pakki af sápu.....	25
1 pd. góðu borðsmjöri	25
4 pakkar Jelly dufti	25
1 kn. Baking Powder	25
1 kassi Sodas	25
Samtals	$3.00

Þessi afsláttur gildir dagana 10., 11., 12. og 13. þ. m.

Nokkrar vörutegundir með óvanalega lágu verði, eru auglýstar aðeins í glugganum hjá oss. Þér ættuð að sjá þær.

Clemens, Arnason & Palmason

The Cash Grocery House,

Cor. Sargent & Victor. Talsími 5343

Fregnsafn

Markverðustu viðburðir hvaðanæfa.

Franskur maður í Pilot Mound varð nýlega brjálaður og skaut sig í síðuna, greip síðan svefju mikla og skar burtu hluta af tunguni. Hann var fluttur á spítala og er hættulega veikur, svo að tvi sýnt er um líf hans.

— Nýlega viltist maður í skógunum í Algoma héraðinu í Vestur-Ontario, og hafðist þar við í 16 daga, þar til hann að lokum fann mannabygðir. Það vildi honum til lífs, að hann hafði með sér veiðarfæri og gat því veitt sér til matar, en svo var hann orðinn skólaus eftir tíu daga göngu í skóginum, að hann varð að rifa buxurnar sinar í sundur til þess að vefja þeim um fæturnar, svo hann gæti gengið.

— Læknir einn á Finnlandi hefir gert þá uppgötvun, að þar sem mestur sé áhuginn fyrir jafnrétti kvenna við karla, þar beri mest á vaxandi vitfirringu meðþjóðinni. Hann heldur því fram, að þar sem kvenfrelsishreyfingin sé sterkust, þar hafi konur mesta óbeit á hjúskaparlífi og heimilisstörfum, og tekur til dæmis Vurmes sveitina, þar sem fólkinu hefir fjölgað úr 11,888 til 12,137 árið 1906. Þar fjölgaði vitfirringum úr 29 upp í 67 á sama tímabili. — Bretar nota þessa skýrslu óspart til þess að sýna þjóðsinni, hver ógnarhætta vofi yfir heiminum, ef konum sé leyft jafnrétti við karlmenn. Þeim telst svo til, að um það leyti, sem allar konur séu búnar að fá jafnrétti sitt viðurkent, þá muni allir verða orðnir vitlausir.

— Óþokkastryk var það, sem tyrkneskur maður framdi nýlega í Parísarborg. Hann var fátækur námsmaður og hafði komið til kunningja sins þar, sem tók hann í hús sitt og ól hann þar og fór með hann sem bróður sinn. En þá greip manninn það brjálæði, að hann drap systur húsbónda sins og son hennar. Hann meðgekk glæpinn, en færði fram þá afsökun, að hann hefði verið undir dáleiðslu áhrifum læknis þar í borginni, sem oft hefði dáleitt sig.

— Kona ein í Ontario, sem ekki gat komið sér saman við bónda sinn, stefndi honum fyrir lífsuppeldi eftir að hafa skilið við hann að borði og sæng. Konan var fátæk og hafði engan lögmann. Dómarinn byrjaði málið með því, að skylda bóndann til þess að skaffa konu sinni lögmann, svo að hún gæti sótt málið á móti honum. Bóndinn varð að borga $65 fyrirfram til lögmannsins, samkvæmt ákvæði dómarans.

— Látinn er á Englandi Sir Redvers Buller, einn af herforingjum Breta í Búastríðinu. Hæfilegleika maður mikill. Hann varð 70 ára.

— Nýlega voru dæmdir til dauða á Rússlandi, 11 karlmenn og 3 konur, sem gert höfðu sig seka í, að ráðast á póstvagna á Solkolójárnbrautinni, sprengja þá upp með dynamit, drepa tvo rússneska hermenn og særa tíu menn aðra, ræna öllum peningum, sem voru í vögnunum, og afhenda þá til fyrirliða uppreistarflokksins á Rússlandi.

— Þessa árs hveiti, sem orðið er tveggja feta hátt, er á sýningu í bænum McLeod, Alberta. Það var tekið af 35 ekru búgarði, 8 mílur norður frá bænum. Svipuð sýnishorn hafa verið tekin af löndum nokkrar mílur austur frá bænum, og er sagt, að hveiti þetta verði slegið í júlí, ef ekki komi óhöpp fyrir.

— Vinnuleysingjar í Lundúnum hafa haft stórfundi til þess að andmæla innflutnings takmörkun í lögum Canada. Nokkrir menn, sem verkamannaklögin höfðu sent til Canada, höfðu verðið sendir til baka, ekki taldir hæfir borgarar. Út af þessu spratt sú óánægja, er leiddi til fundarhaldanna. Samþykt var, að leggja mál þetta fyrir brezku stjórnina og biðja hana, að beita áhrifum sínum til þess að fá þær breytingar gerðar á innflutningalögum Canada, sem fundirnir óskuðu eftir. Það var tekið fram, að félag það, sem stendur fyrir útflutningunum, hefir á þessu ári sent út 130 menn í stað 3 þúsund manna á sama tímabili í fyrra.

— W. H. Bradenburg í Minneapolis hefir höfðað mál þar í ríkinu gegn Stewart & Mathew félaginu hér í Winnipeg og vill fá $150 þús. borgun fyrir sölu á löndum í Saskatchewan fylkinu. Minneapolis félagið átti að fá $1.50 fyrir hverja ekru, er það seldi. En Winnipeg félagið þrjóskaðist við að borga.

— Manitoba stjórnin hefir ákveðið, að verja hálfri milión dollara á þessu ári til talþráða hér í fylkinu til þess að leggja langvega línur, fullgera stöðvar sínar hér í fylkinu, og annað, sem lýtur að því, að fullkomna fylkiskerfið, svo sem tími og efni leyfa.

— Lögreglan í Lisbon í Portugal náði nýlega ungum manni, sem tilheyrði félagi Anarkista þar í landi, og meðgekk hann að vera einn af nefnd þeirri, sem félagið hefði falið það vandaverk, að drepa Alfonso Spánarkonung og drotningu hans á brúðkaups og afmælisdegi þeirra það átti að gerast með sprengikúlum.

Kosningaúrslit.

Almennar kosningar fóru fram í Ontario og Quebec fylkjum á mánudaginn var, og lyktuðu svo að Conservative stjórnin í Ontario vann með langt um meiri hluta á þingi, en hún hafði á síðasta kjörtímabili, — græddi 17 sæti við þessar kosningar. Stjórnin hefir nú 87 flokksmenn á þingi, Liberalar að eins 18 og 1 óháður. Fleirtala stjórnarinnar því nú 68 til 70 manns. Áður hafði hún að eins 42 atkvæði umfram í þingi.

Blaðið Free Press segir að Conservativar hafi "sópað" Ontariofylki, og að menn þeirra hafi hervetna haft mikla yfirburði.

Í Toronto borg voru allir 8 þingmennirnir Conservative kosnir með svo miklum meiri hluta atkvæða að nam alla leið frá hálfu þriðja til hálfs fimta þusund fleirtölu.

Í Quebec fylki vann Liberalstjórnin, sem um mörg ár hefir set ið þar að völdum, en með miklu minni mismun en áður var. Áður hafði hún 64 umfram í þinginu, en nú að eins 39.

Alls hefir Conservative flokkurinn í þessum tveimur fylkjum grætt við þessar kosningar um 28 þingmenn samtals.

— Kona ein í Toronto hefir höfðað mál móti föður sínum til þess að fá hann dæmdan til að greiða sér $8,912.25, fyrir það að hafa stundað konu hans — móður sína — í ellefu ára sjúkdómslegu hennar, og fyrir meðul, sem dóttirin kveðst hafa orðið að borga. Dóttirin er gift og faðir hennar hefir gert tilkall til þess, að eiga húsið, sem hún og bóndi hennar búa í. — Málið er nú fyrir rétti.

— Hinn nú sögufrægi Capt. Dreyfus, núverandi hermálastjóri hins franska lýðveldis, var tvisvar skot inn í handlegginn þar sem hann var á stræti úti með forseta lýðveldisins við þjóðlega hátíðarathöfn. Sá, er glæp þennan framdi, var strax tekinn. Dreyfus er talinn vel læknandi, en ofstækishatrið gegn honum er sagt að aukast með degi hverjum.

— Svo er ákveðið, að Gústaf Svíakonungur eigi á ferð sinni í Kaupmannahöfn, að leggja hornsteininn undir svensku kirkjuna, sem á að byggja þar í borginni.

— Í Spokane, Wash., á að halda sýningu á garðávöxtum, og hefir stjórn nefndrar sýningar ákveðið þúsund dollara verðlaun þeim, sem getur sýnt stærsta og bezta eplið í veröldinni. Sýningin á að haldast í desembermánuði næstk.

— Ekkjan J. L. É. Janecke í Baltimore er óþolinmóð í ekkjustandinu. Hún misti mann sinn á miðvikudaginn og átti að jarða hann á föstudaginn. En á fimtudag tók ekkjan út gáfningaleyfisbréf til þess að eiga sjötugan karl að nafni G. F. Peters, og byrjaði sama dag að undirbúa veizluna. Nokkrir vinir manns hennar komu til hennar og spurðu hana að, hvort hún vildi ekki bíða eina viku og sýndu henni fram á fljótfærni hennar í þessu. Henni var um og ó, en samt gátu þeir talað svo um fyrir henni, að hún beið. Hún hefir giist 4 sinnum áður og er þetta 1 5. sinni, sem hún sest á brúðarbekkinn. Janecke sál. hafði verið í herliðinu þýzka gegn Dönum árið 1864, Austurríki 1866 og Frakklandi 1870. Fyrir herkænsku sina hafði hann fengið 5 verðlaun.

— Palo Nikolaus, sem var handtekinn fyrir 2 vikum síðan í borginni Bari á Italiu, hefir játað sig vera Anarkista, sem hafi verið til þess kjörinn að drepa háttmetinn konunglegan embættismann, sem von sé á með þýzkalandskeisara á ferð hans til Korfu. En menn eru hræddir um, að keisarinn hafi átt að verða fyrir atlögu morðingjans en ekki embættismaðurinn.

— Konungshjónin í Svíþjóð eru um þessar mundir í kynnisför á Þýzkalandi, og voru í heimboði hjá þýzkalandskeisara, þar sem bæði konungur og keisari létu í ljósi, að þeir vonuðust eftir, að vináttu milli ríkjanna mætti haldast framvegis eins og átt hefir sér stað að undanförnu.

— Morð var nýlega framið í Methódista kirkju í Oakfield, Wis., er Mrs. Elizier H. Orvis var skotin til bana, þegar hún var að fara inn í kirkjuna til þess að heilsa prestinum. Sá, sem það gerði, heitir Grant Poole. Ástæðan fyrir þessu tiltæki sínu sagði hann að væri sú, að hann hefði ekki fengið að eiga dóttur hennar, og að sér hefði verið synjað um, að koma í hús hennar til þess að ná tali af stúlkunni, sem hann var ástfangin í.

— Þungyrtar ræður hafa á nýorðið á þingi Breta út af væntanlegum fundi þeirra Edwards konungs og Rússakeisara. Þegar stjórnin hafði þingið að samþykkja fjárveitingu til þeirrar ferðar, kom sú breytingar tillaga fram, að konungi yrðu ekki veitt nema 100 pd. sterling til fararinnar, en það var sama sem að gera enga veitingu. Verkamanna og Nationalista flokkarnir slógu sér saman í þessu efni, kváðust ekki hafa á móti, að konungi væri, leyft, að heimsækja frændur sína og skyldmenni, en þá óhæfu, að hann færi á fund Rússakeisara, töldu þeir óþolandi. En stjórnin kvaðst bera fulla ábyrgð á, að hafa kvatt konung til fararinnar, af því að reynsla væri fengin fyrir því, að allar utanríkisferðir hans hefðu hagsmunalega þýðingu fyrir brezka veldið.

— Kosninga foringjar Bryans segja, að hann hafi nú vísa 609 málsvara, sem áreiðanlegt sé, að greiði atkvæði með útnefningu hans. En alls þurfa 672 málsvarar að fylgja honum.

— Frá Nýfundnalandi kemur sú fregn, að Dr. Wilfred Grenfell, sem um nokkurn tíma hefir unnið að lækninga og líknarstörfum meðal íbúa á Labrador strönd, hafi nýlega komist í lífsháska á þann hátt, að margir hungraðir hundar réðust á hann og ætluðu að gera sér máltíð af honum. En læknirinum var illa við að verða að hunda fæðu, og varð því með knif í hendi að há uppihaldslausan bardaga við þá í 40 kl.stundir. Læknirinn var að ferðast milli bygða í lækninga erindum, og varð þess vis á leiðinni, að hann var á ísfleka, er laus var orðinn við land. Svo er að sjá, sem hundar hans hafi einnig skynjað, hvað um var að vera, og orðið svo óðir, að þeir réðust á húsbónda sinn, með þeim afleiðingum, sem að framan er sagt. Kuldinn var tíu gráður fyrir neðan zero. Læknirnum varð að síðustu bjargað úr landi, þá að fram komnum.

— Sú fregn berst frá Ottawa, að Canadian Northern járnbrautarfélagið, sem verið hefir að byggja braut áleiðis til Hudsons flóans, eigi að fullgera það verk, og að ríkisstjórnin ætli að veita félaginu ákveðinn styrk með því að ábyrgjast skuldabréf þess fyrir 488 milur, sem enn er eftir að byggja til Fort Churchhill, og að gefa félaginu þess utan riflegan peningastyrk. Fyrir þetta fær stjórnin umráð yfir far- og flutningsgjöldum, og rétt til þess, að veita öllum járnbrautarfélögum, sem henni þóknast, umferðarleyfi yfir brautina. Með þessu verður greiður aðgangur veittur að 100 milión ekrum lands, sem nú eru óbygðar.

— Spánv. ætla að byggja nýjan herskipafleta, vitund skárri en þann, sem Bandaríkamenn léku sér að og gleyptu svo fyrir nokkrum árum. Stjórnin hefir sett 36 miliónir dollara í fjárlög sín, til þess að smíða skipin. Enn er óvíst hvort skipin verða gerð á Spáni, á Þýzkalandi eða á Englandi.

Betur satt væri

Frumvarp til laga um stækkun Manitoba verður þessa viku lagt fyrir Ottawa þingið. Hugmyndin er, að framlengja fylkið norður með því, að færa austurtakmörk þess norður að Churchhill ánni, og svo eftir þeirri á alt til hafs. Verður þá fylkið sem næst þrisvar sinnum stærra en það nú er.

Brantford Perfect | Massey Imperial | Cleveland Rambler

Engin þörf, að keyra með lúinn hest til bæjar, þegar drengurinn mundi með ánægju fara það á hjóli.

Gætið að tímatapi og hestaniðslu við það, að útvega ekki piltum eða stúlkum reiðhjól — það, sem væri yður erfiði, er þeim bara skemtun.

Spyrjið börnin, hvað þau vildu heldur en reiðhjól. Það veitir þeim meiri ánægju og yður hagsmuna, en flest annað, er þér kaupið.

CANADA CYCLE & MOTOR COMPANY, LIMITED, WINNIPEG

Heimsins beztu hjólasmiðir

147 PRINCESS ST. - - - - WINNIPEG, MAN.

— Katólskir menn í Minneapolis eru að byggja dómkirkju á Hennepin Avenue, sem á að kosta 750 þúsund dollara.

— Allan Line skipið "Carthaginian", sem kom til Halifax á föstudaginn var, hafði meðferðis tvo franska sjómenn, sem það hafði fundið í smábát úti á reginhafi og nær dauða en lífi af hungri, þorsta og þreytu. Þeir höfðu á einhvern hátt orðið viðskila við skip sitt, og voru búnir að hafast við í litla bátnum allslausir í 5½ sólarhring, þegar skipið fann þá. Mennirnir voru báðir meðvitundarlausir og handleggir og fætur sárir og bólgnir af kulda og vosbúð.

— Svíar hafa sett í fjárlög sín 12 þúsund króna styrkveitingu til tveggja manna, til þess þeir fai rekið sildveiðar við strendur Íslands á þessu sumri.

— Skotar hafa lagt heimastjórnar frumvarp fyrir þing Breta. Þeir krefjast þess, að Skotar hafi sérstakt þjóðþing, og hafi einir umráð allra sinna sérstöku landsmála. Mótspyrna varð allmikil í þinginu gegn þessu, en þó var samþykt með 257 atkv. móti 102, að láta frumvarpið ganga til annarar umræðu.

— Hamlin þingmaður frá Missouri hefir uppgötvað nýja aðferð til þess að koma kjósendum sínum í skilning um þá fjárupphæð, sem þing Bandaríkjanna hefir að þessu sinni samþykt til útgjalda. Í staðinn fyrir, að nefna það í dollurum, telur hann það í tonnatali, eins og alment er gert um grjót, sand og kol og aðra þunga vöru. Hann kvaðst hafa fengið þá upplýsingu í fjármáladeildinni, að 13 tuttugu dollara gullpeningar væru tæpt 1 pund að þyngd, og að ton af gulli væri 540 þúsund dollara virði. — Samkvæmt þessu kvað hann þau þúsund miliióna útgjöld, sem þingið hefði samþykt, vera 1851 ton á þyngd, af gullpeningum. Honum taldist svo til, að væri gulli þessu hlaðið í vagna til flutnings, þannig, að eitt tonn væri í hverjum vagni, og vagnarnir svo settir í röð með 22 feta millibili, þá yrði lestin 7½ milur á lengd. Með öðrum orðum, að það væri nægilegur þungi á 92½ algenga járnbrautaflutningsvagna, sem hver bæri 20 tonna þunga gulls. Eða ef það væri flutt af mönnum, og hver bæri 150 pund á bakinu, þá þyrfti 24,063 menn til að bera þá fjárupphæð, sem þing Bandaríkjanna hefði samþykt til útgjalda á þessu fjárhagsári.

— Þúsundir manna umverfis Lissbon þola hungursneyð um þetta leyti. Sagt, að margir hafi orðið að þola hungur svo dögum skifti, hafa ekki haft annað en "olives" að borða.

ÍSLANDS FRÉTTIR.

Gufuskipið Hólar losnaði úr Hornafjarðarós; og er nú komið til Eskifjarðar óskemt. — Fiskiafli hefir verið með bezta móti sunnanlands á vetrarvertíðinni, hæst 3 þúsund á skip. Einn vélabátur í Vestmannaeyjum hefir fengið 24 þúsund, flestir aðrir frá 12 til 20 þúsund. — Guðjón Guðmundsson búfræðingur, ráðanautur hjá Búnaðarfélagi Íslands, varð bráðkvaddur 13. maí, 36 ára gamall. Hann var vel að sér í búnaðarmálum, áhugamaður mikill, skynsamur vel og ötull og einbeittur um alt er hann lét sig skifta, og er mikill mannskaði að frá falli hans. — Gufubáturinn Reykjavikin sökk í sl. mánuði nálægt Skógarnesi í Hnappadalssýslu. Báturinn átti að fara milli hafna á Breiðafirði og Faxaflóa í sumar og var byrjaður á þeim ferðum. Margt farþegja var með honum, er hann sökk, en allir björguðust ásamt skipshöfn, en mikið týndist af farangri manna. — Davíð Östlund fór 7. maí frá Íslandi, sem fulltrúi stórstúku Íslands til alheimsstúkuþings Goodtemplara, sem haldið er í Washington í Bandaríkjunum frá 3. til 10. þ.m. Hans er von til Reykjavíkur aftur 24. þ.m. — Heimastjórnarflokkurinn hefir á fundi, sem haldinn var í Reykjavík þann 18. maí sl., samþykt að vera ánægður með ákvæði millilandanefndarinnar. En landvarnarflokkurinn hefir sömuleiðis haldið fund sem lýsir óánægju yfir aðgerðum nefndarinnar. Á vesturlandi er og megn óánægja yfir störfum nefndarinnar. Austri telur sig með Skúla Thoroddsen, og á mótmæla fundur að haldast á austurlandi innan skams. Ísafold og Þjóðólfur hafa bæði lýst óánægju sinni yfir úrslitum nefndarstarfsins.

NÝTT NÝTÍZKU

THE QUEENS

Vinsælasta og þægilegasta Gisti-hótel í Winnipeg

Bandaríkja-snið
Frí keyrsla.

MONTGOMERY BROS.,
EIGENDUR

BJART MIÐSTÖÐVA

Wall Plaster

Með því að venja sig á að brúka **"Empire"** tegundir af Hardwall og Wood Fibre Plaster er maður hár viss að fá beztu afleiðingar.

Vér búum til:

"Empire" Wood Fibre Plaster
"Empire" Cement Wall "
"Empire" Finish "
"Gold Dust" Finish "
"Gilt Edge" Plaster of Paris
og allar Gypsum vörutegundir. —

Eigum vér að senda yður bækling vorn?

MANITOBA GYPSUM CO. LTD
SKRIFSTOFUR OG MILLUR Í
Winnipeg, - Man.

HEIMSKRINGLA
Published every Thursday by
The Heimskringla News & Publishing Co.

Verð blaðsins í Canada og Bandar. $2.00 um árið (fyrir fram borgað). Sent til Íslands $2.00 (fyrir fram borgað af kaupendum blaðsins hérlendis $1.50.)

B. L. BALDWINSON,
Editor & Manager

Office:
729 Sherbrooke Street, Winnipeg
P.O.BOX 116. 'Phone 3312.

Sambandsmálið

Fimtudaginn þann 14. maí var frumvarp meiri hluta millilandanefndarinnar símritað á íslenzku til blaðamannafélagsins, og er það prentað í Ingólfi, sem út kom sunnudaginn þann 17. maí, og er á þessa leið:

"Uppkast að lögum um ríkréttarsamband Danmerkur og Íslands.

1. Ísland er frjálst og sjálfstætt land, er eigi verður af hendi látið. Það er í sambandi við Danmörku um einn og sama konung og þau mál, er báðir aðilar hafa orðið ásáttir um, að telja sameiginleg í lögum þessum. Danmörk og Ísland eru því í ríkjasambandi, er nefnist Veldi Danakonungs. Í heiti konungs komi eftir orðið Danmerkur: og Íslands.

2. Skipun sú, er gildir í Danmörku um ríkiserfðir, rétt konungs til að hafa stjórn á hendi í öðrum löndum, trúarbrögð konungs, myndugleika hans og um ríkisstjórn, er konungur er ófullveðja, sjúkur eða fjarstaddur, svo og um það, er konungdómurinn er laus og enginn ríkisarfi til, skal einnig gilda að því er til Íslands kemur.

3. Þessi eru sameiginleg mál Danmerkur og Íslands:

a. Konungsmatg, borðfé ættmanna konungs og önnur gjöld til konungsættarinnar.

b. Utanríkismálefni; enginn þjóðasamningur, er snertir Ísland sérstaklega, skal þó gilda fyrir Ísland, nema rétt stjórnarvöld íslenzk samþykki.

c. Hervarnir á sjó og landi ásamt gunnfána, sbr. þó 57. gr. stjórnarskr. 5. jan. 1874.

d. Gæzla fiskiveiðaréttar þegnanna að óskertum rétti Íslands til að auka eftirlit með fiskiveiðum við Ísland eftir samkomulagi við Danmörk.

e. Fæðingarréttur. Löggjafarvald hvors lands um sig getur þó veitt fæðingarrétt með lögum, og nær hann þá til beggja landa.

f. Peningaslátta.

g. Hæstiréttur. Þegar gerð verður breyting á dómskipun landsins, getur löggjafarvald Íslands þó sett á stofn innanlands æðsta dómstól í íslenzkum málum. Meðan sú breyting eigi er gerð, skal þess gætt, er sæti losnar í hæstarétti, að skipaður sé þar maður, er hafi sérþekking á íslenzkri löggjöf og kunnugur sé íslenzkum högum.

h. Kaupfáninn út á við.

4. Öðrum málefnum, sem taka bæði til Danmerkur og Íslands, svo sem póstsambandið og ritsímabandið milli landanna, ráða dönsk og íslenzk stjórnarvöld í sameiningu. Sé um löggjafarmál að ræða, þá gera löggjafarvald beggja landa út um málið.

5. Danir og Íslendingar á Íslandi og Íslendingar og Danir í Danmörku njóta fulls jafnréttis, þó skulu forréttindi íslenzkra námsmanna til hlunninda við Kaupmannahafnar háskóla óbreytt. Svo skulu og heimilisfastir Íslendingar á Íslandi her eftir sem hingað til vera undanþegnir herþjónustu á sjó og landi. Um fiskiveiðar í landhelgi við (strendur) Danmerkur og Íslands skulu Danir og Íslendingar jafn réttháir meðan 4. atriði 3. greinar er í gildi

6. Þangað til öðruvísi verður ákveðið með lögum, er ríkisþing og alþingi setja og konungur staðfestir, fara dönsk stjórnarvöld einnig fyrir hönd Íslands með mál þau, sem eru sameiginleg samkvæmt 3. gr., að öðru leyti ræður hvort landið að fullu öllum sínum málum.

7. Meðan Ísland tekur engan þátt í meðferð hinna sameiginlegu mála, tekur það heldur ekki þátt í kostnaði við þau. Þó leggur Ísland fé á konungsborð og til borðfjár konungsættmenna hlutfallslega eftir tekjum Danmerkur og Íslands. Framlög þessi, skulu ákveðin fyrirfram um tíu ár í senn með konungs úrskurði, er forsætisráðherra Dana og ráðherra Íslands undirskrifi. Ríkissjóður Danmerkur greiðir landssjóði Íslands eitt skifti fyrir öll 1 milj. 500,000 kr., og eru þá jafnframt öll skuldaskifti, sem verið hafa að undanförnu milli Danmerkur og Íslands, fullkomlega á enda kljáð.

8. Nú ris ágreiningur um það, hvort málefni séu sameiginleg eða eigi, og skulu þá stjórnir beggja landanna reyna að jafna það með sér. Takist það eigi, skal leggja málið í gerð til fullnaðar úrslita. Gerðardóminn skipa fjórir menn, er konungur kveður til, tvo eftir tillögu ríkisþingsins (sinn úr hvorri deild) og tvo eftir tillögu alþingis. Gerðarmennirnir velja sjálfir oddamann. Verði gerðarmenn ekki á eitt sáttir um kosningu oddamannsins, er dómsforseti hæstaréttar sjálfkjörinn oddamaður.

9. Ríkisþing og alþingi getur hvort um sig krafist endurskoðunar á lögum þessum þegar liðin eru 25 ár frá því lögin gengu í gildi. Leiði endurskoðunin ekki til nýs sáttmála innan þriggja ára frá því, er endurskoðunar var krafist, má heimta endurskoðun af nýju á sama hátt og áður að fimm árum liðnum frá því nefndur þriggja ára frestur er á enda. Nú tekst ekki að koma á samkomulagi meðal löggjafarvalda beggja landa innan tveggja ara frá því endurskoðunar var krafist í annað sinn, ákveður konungur þá með tveggja ára fyrirvara, eftir tillögu um það frá ríkisþingi eða alþingi, að sambandinu um sameiginleg mál, þau er ræðir um í stafl. d. e. f. og h. í 3. gr., skuli vera slitið að nokkru eða öllu leyti.

Í ritstjórnargrein um frumvarp þetta, segir Ingólfur meðal annars, að undirtektir þjóðarinnar séu allar einum rómi þær, að ekki se neitt viðlit, að sætta sig við það, að landsmenn segi allir einum rómi, að þetta frumvarp millilandanefndarinnar sé með öllu óhafandi, og að ef Danir séu ráðnir í, að unna ekki Íslandi annars jafnréttis við sig, en þess sem frumvarpið býður, þá sé hreint og algerður skilnaður við Danmörku einu úrræðin fyrir Íslendinga nú, svo framarlega, sem þeir ætli sér að eiga sjálfir landið og að ráða atvinnu sinni og þjóðarhögum, nokkurnveginn eftir þörf þeirra og nauðsyn, en ekki eftir vilja og hagsmunum Dana.

Þetta segir blaðið alla hafa séð þegar í fyrstu, af því innlimunarákvæði frumvarpsins sé svo aðdáanlega bert, að þar sé ekki tuska á til að skýla neinu, og tjóðurbandið við Danmörku svo vafalaust, að hver maður í landinu geti séð það og þreifað á því.

Fyrstir allra á Íslandi, að kveða niður frumvarp þetta var Þjóðmálafélagið á Seyðisfirði, sem hiklaust kvað upp þann úrskurð, að það væri "BEIN ÁRÁS GEGN FRELSIS BARÁTTU ÞJÓÐARINNAR. KONUNGS SAMBAND EITT ÓFÁANLEGT, SKILNAÐUR ÞVÍ SJÁLFSAGÐUR". Landvarnarfélagið í Reykjavík kveður upp einróma sama dóminn. Enginn er í vafa um, hvað nú er fyrir höndum. Nefndar frumvarpið talið gersamlegt rothögg á sjálfstjórnarvonir landsmanna. Þar væri um það að tefla, að allra dómi, að selja af hendi þau landsréttindi, sem sjálft frumvarpið byggir á og Danir hafi viðurkent, að Íslendingar eigi enn óskert eftir gamla sáttmála. "Og verðum við nú þeim mun vesælli, en allir okkar feður, að Danir fái það nú hjá oss viljugum, sem þeir urðu að kúga með byssum og hermönnum út úr þeim feðrum okkar, sem varnarlausastir voru og bágstaddastir á verstu hörmungaröldunum" segir Ingólfur

Stórgallana á frumvarpinu telur blaðið þessa:

1. Íslendingar innlimaðir óuppsegjanlega dönsku valdi í utanríkismálum og hermálum.

2. Dönum á Íslandi heimilt jafnrétti við Íslendinga, óuppsegjanlega, og öllum þegnum hins danska ríkis heimilaður fiskiveiðaréttur í landhelgi Íslands um 30 til 40 ára bil.

3. "Dannebrog" jafnlengi löglegt verzlunarflagg út á við.

4. Háyfirdómari hæstaréttar Danmerkur gerður oddamaður, ef ágreiningur ris milli alþingis og ríkisþings.

Það þykir og blaðinu athugavert:

að Íslendingar greiða hlutfallslega konungi og konungsætt, og

að Danir eru losaðir við útgjöld til 'slenzku skrifstofunnar.

Við athugun þessa frumvarps, kemur Heimskringlu málið svo fyr ir sjónir, að ýmislegt sé þar at hugavert fleira en það, sem Ingólfur hefir tilfært.

Í fyrstu grein frumvarpsins er það tekið fram, að Ísland sé frjálst og sjálfstætt land, er eigi verði af hendi látið. Vér fáum ekki séð, í hverju frelsi og sjálfstæði landsins er fólgið, stjórnarfarslega, ef það er á valdi nokkurar erlendrar þjóðar að ákveða nokkuð um það með lögum, hvort það verður eða verður ekki af hendi látið. Og af hvers hendi ætti það að látast, nema sjálfra Íslendinga, ef landið er frjálst og sjálfstætt? — Þetta ákvæði bendir ótvíræðlega til þess, að Danir telji sig hafa algerðan eignarrétt yfir Íslandi, — annars gætu þeir ekki með þessu frumvarpi leyft sér að ákveða nokkuð um það, hvað um landið skal verða í framtíðinni. Og meðan Danir gera slíkt eignar og umráða tilkall með tillíti til Íslands, fáum vér ekki séð, að það geti heitið frjálst og sjálfstætt land.

Þriðja greinin staðfestir og þetta band, þar sem hervarnir og utanríkismál eru sameiginleg, að Íslandi nauðugu.

Fimti liður sömu greinar kveður á um sameiginlegan fæðingar og "Naturalization" rétt fyrir bæði löndin, og lengra verður ekki komist í ófrelsi og ósjálfstæði landsins. Oss skilst svo, sem Danir gætu undir þessum lið gert tyrkneska menn að íslenzkum borgurum, hvenær sem þeim virðist ástæða til þess, að Íslendingum alveg fornspurðum.

"Kaupfáninn út á við" rýir Ísland öllum þjóðréttindum gagnvart umheiminum.

Fjórða grein svíkur og Íslendinga öllum ráðum í póst- og ritsíma málunum, ef ágreiningur verður. Því þar er svo umbúið í frumvarpinu, að Danir skuli jafnan hafa fleirtölu manna í öllum þeim gerðardómum, sem settir kunna að verða til þess að leggja fullnaðarúrskurð á slík ágreiningsmál milli Dana og Íslendinga.

Svo ramlega er nú um hnútana búið, að Íslendingar eiga ekki að hafa vald til þess, að hafa neitt eftirlit með gæzlu á fiskiveiðaréttí þegnanna, nema eftir samkomulagi við Danmörku. Ef þetta er samkvæmt þeim rétti, sem frjáls og sjálfstæð þjóð ætti að mega teinka sér, þá er skilningur Vestur-Íslendinga á frelsi og sjálfstæði nokkur annar en virðist að hafa vakað fyrir þeim nefndarmönnum, er undirrituðu frumvarps uppkastið.

Yfirleitt virðist oss við fljóta íhugun frumvarpsins allur kjarni þess lúta að því, að fyrirbyggja frelsi og sjálfstæði Íslands framvegis.

Heimskringla fullyrðir, að Vestur-Íslendingar fylgi einróma Skúla Thoroddsen í þessu máli, og að eina steinan, sem þjóðin geti tekið eins og nú horfir við sé hreinn og beinn undandráttarlaus og alger aðskilnaður við Danaveldi.

Smá pistlar

ÚR FYRIRLESTRAR FERÐ LÁRUSAR GUÐMUNDSSONAR.

IV.

NÝJA ÍSLAND. — Um bygðir þar hefi ég áður skrifað fyrir tveimur árum síðan, og eftir því, sem ég komst næst og leit eftir, þá hefir sáralítil nýbreytni átt sér þar stað síðan, nema sú, að járnbrautin er nú löngu fullger að Gimli, og sýnist hafa nóg að flytja, og vera bygðinni til hagnaðar og uppörvunar. Annað stóratriði og fremur óviðfeldin nýlunda er það, að helmingur, eða allur syðri hluti Nýja Íslands er genginn úr greipum Íslendinga, að kalla má. Galiciu karlarnir og kerlingarnar hafa stungið öllu undir skinnúlpurnar sínar. Þeim þykir þetta hálf leiðinlegt gömlu frumbyggjunum, og ég svo sem lái þeim það ekki. En ungu mennirnir kæra sig kollótta, þeim er sama í hverri Keflavíkinni að rólið er, ef jafnvel fiskast í báðum, og hlutinn er hægt að draga út í góðum og gildum dollurum, og mega svo vera frjáls og frí sem fugl á kvisti grænum meðan sjóðurinn endist. Ekki er þessu nú samt þannig varið, að Gallarnir hafi gleypt Íslendinga með húð og hári og allar eignir þeirra þar neðra. Nei, langt frá því. Misnunandi eru sögurnar um upphaf þessa stóra máls. En eftir því, sem ég hefi komist næst, og sannast mun vera, þá reis málið af þrætu milli flokkanna. Og þannig var því háttað, að Gallarnir héldu því fram, að loðnan ætti að snúa inn á skinnúlpunum, en landinn sagði, að hún ætti að snúa út. Svo var þráttað um þetta fram og aftur, og leitað upp lýsinga og úrskurðar allra vitrustu manna, sem nokkurn tíma hefðu séð eða íklæðst skinnbjálfa. En sitt sagði hver, og Sigtryggur stóð alveg ráðalaus, og þótti nú mörgum súrt í broti, að Baldwin var úr sögunni, og því óláanlegur úrskurður hans. En við svo búið mátti ekki sitja aðgerðalaust. Svo var það ráð tekið, að flokkarnir útvöldu sína vitrustu menn, til þess að flytja málið undir úrskurð Manitoba stjórnarinnar, og þar við átti að sitja. En þar eru nú engir þorskar, er úrskurða ástæðulaust í vandamálum. Því treystu líka málsaðilar. Og nú eftir að þeir stóru herrar höfðu íklæðst sínum þingmannamussum og sett hárkollur á sína vitru skalla, þá spyrja þeir Gallana, hverjar ástæður þeir færi fyrir því, að hárin eigi að snúa inn á skinnúlpunni. En þeir sögðu, að menn væru langt um sleipari og rennilegri við skógarhögg og alla jarðyrkju, ef loðnan snéri inn. En eins og þeir háttvirtu herrar vissu, þá væri kuldinn mikill og þeir nauðbeygðir að brúka úlpur sínar við vinnuna, og seint mundi Gimli hérað verða að algrænum kornökrum, ef aldrei væri gert þar handtak allan þennan langa vetur, sem hér ætti sér stað. — "Svo þið eruð þá jarðyrkjumenn, Gallarnir?" sagði innflutningaráðgjafinn. — "Já", sögðu Gallarnir, "og kerlingarnar okkar líka, og við erum skógarhöggsmenn miklir og eiguin fjór- og fimmfalda eldiviðarhlaða meðfram allri Gimli brautinni, og hún hefir ekki undan að flytja fyrir okkur". — "All right", sagði ráðgjafinn og kinkaði ánægjulega sínum vitra kolli. — Síðan snéru ráðherrarnir sér að landanum, sem kosinn var framsögumaður, og sögðu: "Hvaða ástæður færið þer, háttvirtu gömlu bændur, fyrir því, að hárin eigi að snúa út á skinnúlpunum?" — "Til þess eru þær ástæður, herrar mínir, að fyrst og fremst er það móðins og flestir meiri háttar menn halda þeim vana, og annað er það, að vér þekkjum enga lifandi skepnu, sem guð hefir skapað, sem hárin snúa inná nema Galiciu bjálfana. Þar af drögum vér þá ályktun, að hárin eða loðnan standi meir og betur á móti frosti og vindi, ef hárin snúa út. Og vér, sem verðum að standa mikinn part af þessum grimmu Manitoba vetrum úti á vatni við fiskiveiðar, erum nauðbeygðir til að verja oss kali og skemdum, og það köllum vér, allrar virðingarfylst rétthverfuna, þeg ar hárin snúa út, og því höfum vér rétthverfu málsins okkar megin, en Gallarnir ranghverfuna". — "Þið eruð þá fiskimenn, háttvirtu Íslendingar", sagði ráðgjafinn. — "Já, sögðu landarnir allir í einu hljóði. — "Það er nú gott með öðru góðu", sagði ráðgjafinn, en ekki kinkaði hann sínum vitra kolli, bara snéri sér mjög stílt og gætilega til hinna ráðgjafanna og sagði: "Hvað sýnist yður, herrar mínir, að hægt sé að úrskurða í þessu stóra vandamáli?" — Nú varð löng, afskaplega löng og þreytandi þögn. Ráðgjafarnir voru rétt komnir að því að springa af hugsana umbrotum í þeirra vitru kollum, og svitinn kom út á hinum höfðinglegu ennum þeirra, augun tindruðu eldsnör, og varirnar klemdust saman. Enginn vildi verða fyrstur til máls. — Það var hetjan, sannkallaða hetjan og mikilmennið mesta, sem Manitoba á nú, stjórnarformaðurinn sjálfur, er rauf þessa dauðaþögn, sem var nærri búin að gera út af við alla, sem viðstaddir voru, og segir á þessa leið: "Mikilsvirtu sendinefndir og háttvirtu starfsbræður, sú er skylda vor og köllun á meðan vér höfum þann heiður að stjórna og starfa að velferð Manitoba fylkis og hagsmunum allrar alþýðu, að líta á hvert mál frá sanngjarnri hlið. Nú er það tilgangur vor, og miklu þar til kostað, að fá þetta fagra fylki uppbygt af nýtum drengjum og duglegum mönnum, sem hafa orku og áhuga á því, að grafa þau hin miklu auðæfi upp, sem falin liggja í þeim frjófa jarðvegi, sem hér er. Því eru það nýtustu mennirnir fyr ir oss, sem að jarðyrkjunni vinna, og nýtastir bæði sjálfum sér og þjóðfélagsheildinni allri. Og þar sem nú Gallarnir hafa bæði sýnt það, og sannað, að þeir eru jarðyrkjumenn, þá úrskurða ég þeim málið og mestan heiðurinn, og set þá sem fyrirmynd og leiðtoga þeirra, sem styttra eru á leið komnir í ræktun landanna þar í krang, — því hver heilvita maður getur séð, að slíkt gerir engan mun, hvort hárin snúa út eða inn á skinnúlpum þeirra. Úrskurðurinn byggist eingöngu á dugnaði þeirra". — Allir ráðgjafarnir sögðu amen. (Meira).

Það þrífst ekki sem mér list ekki.

Þegar ég sá Sigtrygg Ágústsson fyrst, þá var ég hissa, að íslenzka þjóðin skyldi eiga svo ljótan mann í eigu sinni, og nú þegar maður hefir lesið ritgerðir hans í Heimskringlu, að meðtaldri þessari 275 þumlunga löngu ritgerð hans um íslenzku Goodtemplara stúkurnar í Winnipeg, þá sjá allir hvernig innri maður hans lítur út, og dettur mér þá í hug, að lengi getur vont versnað.

Þessari næstum endalausu árás hans á íslenzku Goodtemplara stúkurnar, er í rauninni ekki vert að svara, af því hún er ekkert nema heimdangrautur, soðinn af ó menni og með illgirni kynt undir. Hann er reiður, aumingja maðurinn, af því að hafa verið rekinn hér úr tveimur stúkum, eftir fárra mánaða dvöl í báðum, og er það einsdæmi, að stúkurnar hafi orðið að breyta þannig við nokkurn með lim á jafnstuttum tíma.

Það blandast því engum hugur um það, hvað maðurinn hefir meint með þessari dellu sinni í Heimskringlu um íslenzku Goodtemplara stúkurnar, — ekkert nema hefnd, og af því hann hefir treyst sannleikanum illa, þá hefir hann verið óspar á ósannindum alt í gegn um greinina. Ég skal til dæmis lara fáeinum orðum um eitt ósanninda atriðið í greininni hans, af því það kemur mér persónulega dálítið við.

Það er viðvíkjandi samskotunum til Goodtemplarahússins. Sigtryggur Ágústsson segir, að minni hlutasamskotanna hafi komið frá meðlimunum, og að stúkurnar hafi sýnt vanþakklæti til gefendanna. Hvorutveggja þetta eru vísvitandi ósannindi, sögð af eintómum strákakap.

Fyrir tveimur árum, þegar stúkurnar afréðu að láta byrja á Good templarahúsinu, þá voru þær svo félitlar, að þær sáu vel að þær gátu ekki komið verkinu áfram með þeim peningum, sem þær höfðu. Það var því samþykt í stúkunum, að leita almennra samskota, og til þess kosin nefnd manna, að hafa þann starfa á hendi. Ég lenti í nefndinni frá stúk unni Heklu, og af því ég var kosinn skrifari og féhirðir samskotanna, þá varð það líka mitt verk, að gefa skýrslur til stúkunnar, og þegar ég hefi gert það, þá hefi ég lesið upp öll nöfn gefendanna og upphæðir, og síðan tilfært hvað mikið félagar hafa gefið og hvað mikið utan stúku fólk, og nú standa listarnir þannig, að af öllu því, sem safnað hefir verið í stúkunni Heklu, þá er sjöundi hver dollar frá utan stúku fólki. (Ekkert nálægt Sigtryggs sögn).

Sama er um hitt atriðið, — vanþakklætið. Ég hefi verið heyrnarvottur að því á fundum stúknanna, að gefendunum hefir verið einlæglega þakkað fyrir þá miklu hjálp, sem þeir hafa veitt Goodtemplurum til þess að koma upp þessu veglega húsi. Stúkurnar hefðu ekki getað þakkað það betur en þær hafa gert, nema þá að þakka fyrir gjafirnar í blöðunum. Enda hefir verið talað um, að gera það, þegar samskotanefndin skilar af sér til fulls og alls, sem er búist við að verði næsta haust.

Svona er öll þessi áminsta grein Sigtryggs Ágústssonar, ein óslitin ósanninda-della, og því rúmi sannarlega illa varið í blaði, sem tekið er upp með öðrum eins þvættingi, ekki sízt þegar það eru margir dálkar í mörgum blöðum.

Meira ætla ég ekki að skrifa um þetta að sinni. Ég hefi nú bent lesendum blaðsins á ástæðuna fyrir því, að S.Á. skrifaði þessa árás á stúkurnar, og eins líka hvað óvandur hann hefir verið að vopnum.

B. M. LONG

Á Giftingardegi

Charles B. Sampley og Láru V. Grímson.

7. JÚNÍ, 1908.

Ó, hve inndælt er líf
um sumar með söngfuglahljóm
og sólskin og litfögur blóm,
og alt, sem er inndælast til,
Í lífsins ljósvakans dans
hvert lifandi frækorn þer krans,
og heildin er hljómþrungið spil,
Ó, hve inndælt það líf.

Ó, hve inndælt er líf,
í júní, á jarðlífsins braut,
þegar jurtirnar klæðast í skraut,
og sólin í suðrinu skín.
Og rúm fyllist raddfögrum klið,
og rós segir fiðilinn við:
já æfilangt ást mín er þín,
Ó, þá er inndælt hans líf!

Ó, hve inndælt er líf,
þegar ástvinir eiga sér fund
í ilmríkum, blómskrýddum lund,
með sumar í hjarta og sál.
Eins og aflið í árstraumsins foss,
er elskenda töfrandi koss,
þetta eldheita æskulífsbál!
Ó, hve inndælt það líf!

Ó, hve inndælt er líf,
þegar öll verða ámæli rengd
og ástin er sannleiknum tengd,
og samvizkan segir þau eitt,
— Að elskast er alvöruspil,
og ekkert í veröld er til,
sem getur þeim guðslögum
breytt.
Ó, hve inndælt það líf!

Ó, hve inndælt er líf,
ykkar útsjón og anda í dag,
þá ómar brúðsöngvalag
og við altarið vinnið þið eið
af ást, sem er ódauðleg þrá, LLL
er opinbert segið þið: Já, —
að fylgjast á framtíðarleið,
Ó, hve inndælt það líf!

Ó, hve inndælt er líf,
að hlusta á hljóðfærasöng,
þegar haustnóttin kemur svo löng,
af fögnuð' þín sál verður full,
— sem purpura plantan á grein, —
þú veizt perlan er íslenzk
— og hreim
og ást hennar æðri en gull.
Ó, hve inndælt það líf!

Ó, hve inndælt er líf,
við sumarsins sólbliða skaut,
oss sýnist alt logandi skraut,
ef hjartað á hámeskan frið
Ó, brúðhjón, kyndið kærleiksins bál!
Með kvæðinu segi ég: Skál
ykkar nöfnum í niunda lið!
Ó, hve inndælt það líf!

Ó, hve inndælt er líf,
líf þú CHARLES og LÁRA í frið,
að lofsverðum hjónabands síð,
og haldið þann heilaga eið.
í hug þínum hún verði rós!
Í hjarta' hennar þú verðir ljós!
Fylgi guð ykkur farsældarleið,
að eilífu, alt ykkar líf!

Þ.K.K.

— Nýlega hefir lögreglan í París fundið þjófaskóla í Toulouse borg, sem að öllu leyti er útbúinn eftir nýmóðins tízku og beztu vinnutækjum. Ungur húsgagnasmiður, 22 ára gamall, veitir skólanum forstöðu. Skólahúsið var áður not að til guðsþjónustugerða, en síðan breytt í skóla þennan. Í honum eru ýmsar deildir: Vasaþjófadeild, búðarþjófadeild, innbrotsþjófadeild, ránsdeild, deild sem kennir að sprengja upp peningaskápa o. fl. Öll handtök voru sýnd og nýjustu verkfæri, sem þessari "profession" tilheyra. Hver deild var undir umsjón sérstaks "prófessors" sem sjálfur hafði útskrifast af skóla þessum. Á skólanum voru svínishorn af allskonar peningaskápum og vegghólfum með öflugustu skrám, sem tilbúnar eru, og nemendunum var kent, að opna hverja skrá með lítilli fyrirhöfn og á stuttum tíma. Nemendur urðu daglega að hafa verklegar æfingar úti í borginni og flytja þýfið á skólann, til að sýna framför sína. En þeir, sem voru í ráns og innbrotsdeildunum, gerðu allar sínar æfingar á nóttunni undir æðum leiðtogum, sem skólinn lagði til. Þeir áttu að byrja á, að brjótast inn í og stela úr familiuhúsum, og þegar nægileg æfing var fengin í því, voru skrifstofur, járnbrautaskrifstofur og bankar teknir fyrir. Þessi skólasveit hafði slegið ótta yfir Toulouse borgar búa í langan undanfarinn tíma, þar til lögreglan uppgötvaði skóla þennan og tilgang hans.

Strathcona Hotel

Horni Main og Rupert Str. Nýbygt og ágætt gistihús; Gest um veitt öll þægindi með sanngjarnasta verði. Frí keyrsla til og frá öllum járnbr. stöðvum. Beztu vín og vindlar; og herbergi og máltíðar ágætar.

McLaren Brothers
EIGENDUR

Hotel Pacific

219 Market Street | H. M. Hicks Eigandi
Winnipeg - - - Manitoba
Telephone 1338

Nýendurbætt og Nýtízku hús fallaðsti. Viðskifta yðar óskast virðingarfylst.

$1.25 a Dag

HOTEL SUTHERLAND
Corner Main and Sutherland Ave.

Gisting kostar $1.00 og $1.50 á dag. Ég tók við stjórn þess húss 1. Jan. '08, og virðingarfylst óska viðskifta Islendinga nær og fjær Komið, Sjáið og Reynið.

C. F. Bunnell,
eigandi. Telefón 348

$1.50 Á DAG
Besta $1.50 gistihús í Winnipeg

BRUNSWICK HOTEL
Horni Main St. og Rupert Ave.

Besta borðhald; Hrein og Björt Herbergi; Finustu Drykkir og Bestu Vindlar. Ókeypis Vagn mætir Öllum Trainlestum. Reynið oss þegar þú ert á ferð.

MARKET HOTEL
146 PRINCESS ST. á móti markaðnum
P. O'CONNELL, eigandi, WINNIPEG
Beztu tegundir af vínföngum og vindl um, aðhlynning góð, húsið endurbætt

Agrip af sögu
Kvenréttindahreyfingarinnar

Eftir
BRÍET BJARNHÉDINSDÓTTIR.
(Skírnir).

(Framh. frá nr. 35).

Ekki hafa brezkar konur stjórnarfarsleg réttindi, þótt nokkrum sinnum hafi frumvörp um það efni verið flutt í neðri málstofu þingsins. Í fyrsta sinni flutti John Stuart Mill frumvarp um jafnrétti karla og kvenna og almennan pólitiskan kosningarrétt bæði til handa körlum og konum. Það var 1866. Margsinnis hefir þetta mál síðan verið borið þar upp, en jafnan felt. Flestir hafa heyrt getið um aðfarir ýmsra kvenfrelsiskvenna á síðustu tveimur árum á Englandi, í því skyni, að koma málum sínum fram. En fæstum er það ljóst, hví þær voru neyddar til þess. Frumvörp voru borin upp á þinginu um þetta mál, en hreptu engan byr. Sendinefndir voru gerðar út á fund ráðaneytisforsetans; þær fengu ekki áheyrn. Alt var gert til að gera konur hlægilegar og málstað þeirra. Þá var það, að þær tóku til sinna ráða. Þær mótmæltu aðförum þingsins og neituðu að gjalda skatta, úr því þær hefðu engin atkvæði um, hvernig þeir væru lagðir á. Þær voru settar í fangelsi. Þegar þær sluppu út þaðan, héldu þær mótmælafund í sjálfu anddyri neðri málstofunnar. Þær voru teknar af lögreglunni, settar í járn og farið með þær í fangelsunum eins og glæpamenn. En nú fóru að berast illar sögur af meðferð þeirra. Það þoldi ekki hin frjálslynda brezka þjóð. Nú fengu þær og málstaður þeirra hvarvetna örugga talsmenn og áhangendur; viðsvegar þutu upp ný félög. Fundir voru haldnir 1—2 á viku, bæði úti og inni. Gjafir streymdu inn í samband kjörréttar-landfélagsins. Æðri og lægri konur fylgjast nú að málum. 1900 lýstu 350 af þingmönnum neðri málstofunnar og 5 af stjórnarfulltrúunum yfir því, að þeir væru meðmæltir kjörrétti kvenna, og tóku hann upp á stefnuskrá sína. 28 félög karla og kvenna með 840,000 félögum lýstu því opinberlega yfir, að þau væru þessum málum fylgjandi og áskorun var send til þingsins, með undirskriftum 257,000 kvenna, um pólitiskan kjörrétt til handa konum. Sjálfur ráðaneytisforsetinn tekur nú þessum málum vel, svo alt virðist benda til, að sá tími sé í nánd, að enskar konur fái full stjórnarfarsleg réttindi.

Mön. Þar hafa konur lengst haft ýms réttindi og verið mikils metnar. Árið 1880 fengu allar húseigandi konur pólitiskan kosningarrétt. Og 1892 fengu allar konur, sem gjalda skatt, sömu réttindi.

Ítalía, sem um langan aldur var vagga allrar menningar heimsins og hefir enn þá að geyma þau auðæfi listanna, sem allar þjóðir dást að, veitti líka dætrum sínum snemma á öldum mjög mikil stjórnarfarsleg og borgaraleg réttindi. Margar konur þeirra tíma urðu frægar fyrir lærdóm og vísindi. Það lítur þó út fyrir, að ítalskar konur hafi um hríð mist þessi réttindi. Á 12. og 13. öld hafa þær þó enn aðgang að háskólum. En 1377 gaf háskólastjórnin í Bologna út yfirlýsingu um bann gegn því, að konur fengju þar inntöku, "af því að djöfullinn hefði tælt konuna til syndar, og konan væri þannig upphaf alls ills í heiminum".

Nú er aftur risin mjög mikil kvenréttindahreyfing á Ítaliu. Í Róm eru allir flokkar henni meðmæltir. — Þegar ítölsk kona giftist, missir hún allan erfðarétt, en þó getur hún fengið hann aftur, ef hún verður ekkja. Giftist ítölsk kona útlendingi, missir hún þjóðernisrétt sinn, og hins vegar öðlast útlend kona, sem giftist ítölskum manni, ítalskan þjóðernisrétt. Konan er skyld að fylgja manni sínum hvert á land og jafnvel í hverja heimsálfu sem hann vill.

Árið 1888 fengu ítalskar konur með lögum rétt til að sitja í fátækrastjórnum og í verzlunarráðinu. Þær máttu hafa sérstakar undirskriftstofur, en hærra gátu þær ekki komist. Konur eru þag kennarar bæði við alþýðuskóla og æðri skóla og prófessorar við háskólana. Nú er verið almennt að hækka laun kvenna við alþýðuskólana. Sömuleiðis eru konur við verzlanir, spítala osfrv.

Árið 1904 sendi kennararáðið í Róm áskorun um pólitiskan kosningarrétt kvenna til þingsins; það samþykti þingsályktun í málinu, er var því mjög hlíðholl. — Kvenréttindafélög rísa þar upp í öllum helztu borgum, og allir Suður-Ítalir sýnast að vera málinu hlynt ir. Jafnvel klerkaflokkurinn hefir tjáð sig því meðmæltan. Ýmsir prófessorar skýra lögin þannig, að ítalskar konur hafi enn þá full pólitísk réttindi. Margir þingmanna ljá því og fylgi sitt. Á Norður Ítaliu er kvenréttindamálið flokksmál, og fylgja því jafnaðarmenn og aðrir framfaramenn á þingi.

Austurríki. Þar halda konur því fram, að þær krefjist einungis þess réttar, sem þær hafi verið sviftar. Fyrir nokkrum áratugum voru það lög, að allar konur, sem voru jarðeigandi eða verzlunar umboðsmenn hefðu pólitiskan kosningarrétt. Þessum rétti voru þær sviftar með lögum 1905, er veittu karlmönnum almennan kosningarrétt. Þessi lög banna útlendingum, námamönnum og konum allan pólitiskan félagsskap og fundahöld. Þetta hefir vakið mikla óánægju og "agitation" fyrir réttindum kvenna. Konur hafa tekið höndum saman við jafnaðarmenn og fluttu þeir á síðasta þingi frumvarp um almennan kosningarrétt handa öllum körlum og konum, 21 árs og þar yfir, með þeirri varatillögu, að allir, jafnt karlar sem konur, er væru 30 ára og hefðu dvalið 3 ár í ríkinu fengju almennan kosningarrétt.

Ungverjaland. Þar eru kvenréttindafélög óðum að komast á fót. Árið 1903 var flutt í þinginu frumvarp um almennan kosningarrétt. Konur gerðu samtök við frjálslyndari flokkinn, og frumvarpið átti að gilda bæði fyrir konur og karla. Alt var gert til að tryggja sér almenningsálitið og fylgi blaðanna. En smámsaman dofnaði áhugi karlmannanna á, að halda málinu til streitu, og að lokum strykuðu þeir konurnar út úr frumvarpinu, þegar þær höfðu unnið með alt sem unnið varð karlmönnunum til gagns að því sinni. Við þetta hefir áhugi kvenna aukist, og þær hafa gert alt sem í þeirra valdi stóð til að vekja almennan áhuga á þessu máli, með fyrirlestrum, fundahöldum flugritum, blaðagreinum osfrv.

Holland. Hollenzkar konur höfðu kosningarrétt í öllum sveita og safnaðarmálum fram að 1887, er þau réttindi voru afnumin. Nú hafa þær aðgang að skólum eins og karlmenn og ýmsum neindum, en engan kosningarrétt. Kvenréttindafélög eru að myndast þar, fyrir forgöngu dr. Alettu Jakobs, en fremur lítið hafa þau aðhafst enn. Þó hefir sendinefnd þeirra fengið áheyrn hjá drotningu Wilhelminu og hún heitið konum sinni aðstoð. Þeim til styrktar ætlar Allsherjarkjörréttarfélagið að halda næsta stórfund sinn í Amsterdam í júní 1908, og vænta menn góðs árangurs af því hollenzkum konum til handa.

Þýzkaland. Þar eru réttindi kvenna á mjög mismunandi stigi. Í sumum ríkjunum, t. d. Prússlandi, mega konur ekki einu sinni stofna félög né halda fundi um opinber mál. Kvenréttindi og kosningarrétt má ekki nefna á nafn. Í Bæheimi hafa konur haft kosningarrétt og kjörgengi í safnaðar- og sveitamálum síðan 1364, með umboðsmönnum. Það er að segja, þær hafa orðið að gefa karlmanni umboð til að kjósa fyrir sig. Einungis í Prag var þessum lögum breytt 1858, þannig, að ákvæðið var einskorðað við "karlkyns borgara". Í sumum þýzku ríkjunum hafa konur rétt til að kjósa sjálfar. Kosningalögin í Bæheimi frá 1861, veita öllum kjósendum bæði kosningarrétt og kjörgengi í sveitamálum. Í Prag urðu þá allar skattskyldar konur kosningabærar og kjörgengar. Þessi réttindi hafa þó til skamms tíma verið lítið notuð. En nú eru öflug kosningarréttarfélög að rísa upp til að vekja áhuga og útbreiða þekkingu á þessu máli. Aðalfélagið heldur til í Hamborg og reynir þaðan að hafa áhrif á prússneskar konur, og almenningsálitið þar. Stórmerk kona, dr. jur. Anita Augsburg, er forstöðukona kosningarréttar landsfélags þýzkra kvenna; hefir hún skorað á öll kvenfélög ríkisins, að taka höndum saman og stofna kvenréttindafélög í hverri borg, halda hvervetna opinbera fundi, og yfir höfuð láta einskis óreistað til að hafa áhrif á almenningsálitið, blöðin, löggjafarvaldið og — konurnar sjálfar, til þess að búa í haginn fyrir góð og greið úrslit á baráttunni fyrir stjórnarfarslegum réttindum kvenna.

Sviss. Þar eru líka félög komin á fót til þess að vinna að kosningarréttarmálum kvenna. Þau hafa nú byrjað á, að vinna menn til að setja kosningarrétt kvenna í sveitamálum, kirkju- og skólamálum á stefnuskrá sína. Síðan þau tóku til starfa, hefir áhugi aukist á kvenfrelsismálum og félagar bætast við daglega. Margir karlmenn taka þátt í þessum félagsskap.

Frakkland. Það var ekki fyr en í sumar sem leið, að franskar konur sáu lítils háttar árangur af baráttu sinni fyrir kvenréttindunum. Síðan 1890 hafa þær við og við komið frumvarpi um eignarrétt og frjáls umráð kvenna yfir vinnulaunum og atvinnu sinni inn á þingið, en það jafnóðum verið felt eða svæft. Loks tókst að fá það samþykt í öldungadeildinni 13. júní síðastliðinn. Daginn eftir gengu fjölda margar konur í skrúðgöngu til hallar forsetans, og þaðan til þinghússins til að tala fyrir pólitiskum kosningarrétti kvenna. Forsetinn var ekki við, en Jaures talaði við þær í hans stað, og hét að hrinda málum þeirra áleiðis. Sömuleiðis tóku þingmenn þeim vel. Þær luku erindi sínu í friði og spekt, enginn hreyfði hönd né fót til að reka þær á dyr, eins og Englendingar gerðu við sínar konur.

Rússland. Hver getur minst Rússlands og pólitiska ástandsins þar, án þess að honum hitni um hjartaræturnar? Ég hefi fyrir mer skýrslu kvenna frá stórfundinum í Kaupmannahöfn 1906, um hvern þátt rússneskar konur tóku í baráttu þings og þjóðar fyrir frelsi sínu árið 1905, og hvernig þeim málum öllum var traðkað. Sú skýrsla er því miður lengri en svo, að hún verði hér rakin að fullu. Helztu atriði hennar eru þessi:

Rússneskar konur hafa árum saman átt við sömu kjör að búa og karlmenn: þær hafa verið jafn réttháar (eða réttara sagt, jafn réttlausar) og þeir. Þessi jafna afstaða hefir gert þær að stallsystrum þeirra. Fjöldi kvenna hefir lagt lán, eignir og líf í sölurnar í baráttunni fyrir velferð þjóðarinnar. Konur hafa staðið þar við hlið manna sinna, og því var það eðlilegt, að nú, þá er kvenfrelsishreyfingin hefir náð til þeirra, og þær hafa stofnað fyrsta kvenréttindafélag sitt í Moskva (í maí 1905), "Rússneska sambandið til verndunar kvenréttindum", — að þá yrði fyrsta spurningin þessi: Eigum við að fást við málefni kvenna eingöngu, eða eigum við jafnframt að berjast fyrir réttindum þjóðarinnar í heild sinni? Hið síðarnefnda var samþykt með miklum meiri hluta. Fyrsta grein félagslaganna tekur skýrt fram þennan tvöfalda tilgang félagsins.

(Niðurl. næst).

Skrifið yður fyrir Heimskringlu, svo að þér getið ætíð fylgst med málum Íslendinga hér og heima.

Hinir áreiðanlegustu — og þar með hinir vinsælustu — verzlunarmenn auglýsa í Heimskringlu.

The Criterion Hotel
McDermott Ave.

Nýtt, vandað gistihús með ágæt herbergi, vönduðustu drykkjir og finustu vindlar.

Vinsælt meðal Íslendinga. Er beint á móti Tribune byggingunni á McDermott Avenue.

MORICE NOKES
EIGANDI

Woodbine Hotel
Stærsta Billiard Hall í Norðvestulandinu
Tíu Pool-borð.—Alskonar vín og vindlar.
Lennon & Hebb,
Eigendur.

SPÓNNÝTT HÓTEL
ALGERLEGA NÝTÍZKU
Hotel Majestic

John McDonald,
eigandi.
James St. West, Rétt vestan við Main St.
Winnipeg Telefón 4979

$1.50 á dag og þar yfir
Bandaríkja-snið

Alt sem hér er um hönd haft er af beztu tegund. Reynið oss.

MIDLAND HOTEL
255 Market St. Phone 3491

Nýtt hús, nýr húsbúnaður Fullar byrgðir af allskonar vönduðustu drykkjum og vindlum í hressingar stofunni. Gisting einn dollar á dag og þar yfir.

W. G. GOULD :: FRED. D. PETERS,
Eigendur
WINNIPEG ::: ::: CANADA

Jimmy's HOTEL

Sem er rétt á bak við Póthúsið, — og þar sem alt er af beztu tegund. Íslendingar ætta að reyna þetta gistihús.

James Thorpe,
eigandi.
Fyrverandi eigandi Jimmy's Restaurant á Portage Ave.

"Þessi penni væri ekki vel fallinn til að skrifa með honum undir dauðadóm, eða finst yður það?" spurði hertogainnan um leið og hún tók utan um pennann.

"Því dettur yður þetta í hug?"

"Ég veit ekki. Það getur skeð, að ég skrifi einhverntíma undir eitthvað þess konar".

"Ég vona ekki. Mig hryllir við öllu þess konar jafnvel þó í spaugi sé".

Hertogainnan hló hátt. Hún ætlaði sér að skrifa Caren lávarði nokkrar línur, og biðja hann að tiltaka, hvenær hún gæti hitt hann enan. Henni fanst það reglulega smellið, að skrifa bréfið með penna konu hans.

"Það er það sama, sem kveða upp dauðadóm yfir henni", hugsaði hún brosandi með sjálfri sér. "Ef mér hepnast áform mín, þá er það það eina, sem hún getur gert, að hugga hertogann".

"Þér eruð í undarlegu skapi núna hertogainna", sagði Lady Aðalheiður um leið og hun stóð upp frá borðinu, til þess að hin gæti sest þar.

Hertogainnan settist niður og skrifaði í flýti nokkrar línur. Svo braut hún bréfið saman, en bað hvorki um umslag eða skrifaði neitt utan á það.

Lady Aðalheiði datt nú alt í einu í hug, að einhver innan húss ætti að fá bréfið. Gat vel verið, að það væri maðurinn hennar, sem var ætlað það. Einasta hugsunin um það, kom hjarta hennar til að slá hratt.

"Ég ætla að fara að senda bréfin mín í póstinn. Viljið þér ekki senda yðar um leið?" sagði Aðalheiður.

"Nei", mælti hertogainnan seinlega, "ég ætla að geyma það til morguns.

Nú þóttist Aðalheiður viss um, að hafa getið rétt til, og einnig að lávarðurinn ætti að fá bréfið.

Henni fanst hún vera stungin í hjartað, og afbrýðissemin kvaldi hana voðalega. Hún varð gagntekin af sorg, því hann var þó maðurinn hennar, sem hún elskaði svo heitt. Hversa hræðilegt var það ekki, að þessi fagra kona hafði skrifað til hans, og fól nu bréfið í hinni hvítu, demanta skreyttu hendi sinni? Og hún gat ekki með nokkru móti hindrað, að hann fengi það. Hún gat ekkert gert, því hann elskaði hana ekki. Hvað skyldi innihald bréfsins vera? Lady Aðalheiður var bæði skynsöm og gat oft rétt til hlutanna.

Hún hefir skrifað honum og beðið hann að tala við sig í einrúmi", hugsaði hún, og hún gat rétt til. Blóðið hjóp fram í kinnar hennar, og hjarta hennar ætlaði að springa af harmi. Það var fyrir sig, þó hann nú ekki elskaði hana, en það var hræðilegt, að láta draga hann frá sér á þennan hátt.

"Það eina, sem mér er hægt að gera", hugsaði hún með sér, "er að láta hana ekki fá tækifæri, til að afhenda honum bréfið. Annað get ég ekki gert".

"E, henni var svo þungt um hjartaræturnar. Hún elskaði hann svo heitt. Því vildi hin fagra, vonda og annars manns kona taka hann frá henni?"

"Ef hún hefði látið hann í friði, þá hefði hann lært að elska mig". — Hún ásetti sér fastlega, að láta hana ekkert tækifæri fá, til þess að koma bréfinu til hans. Hún ætlaði sér að vera við hlið hennar alt kvelddð, og næði hún í bréfið, ætlaði hún að eyðileggja það. Maður hennar skyldi aldrei fá það.

LVIII. KAPÍTULI.

Því ertu svona alvörugefin, Aðalheiður?" spurði Caren lávarður um leið og hann settist við hlið konu sinnar. "Ég held ég hafi aldrei séð þig eins áhyggjufulla og í kveld".

Hún reyndi að brosa, og hann sá, hve erfitt hún átti með það.

Hershöfðinginn ber mjög mikla umhyggju fyrir þér. Hann hefir spurt mig svo rækilega um, hvers vegna þú sért ekki eins glöð og vanalega, og hann horfir á mig alveg eins og hann halda, að það sé mér að kenna".

Hann bjóst við, að hún mundi hlægja að þessu, en hún roðnaði við og leit rólega framan í hann.

"Ég vona þó, að hann hafi ekki verið reiður", hann gat ekki annað en hlegið.

sagði hún alveg blátt áfram, en svo alvarlega, að

"Ekkert skil ég í því, Aðalheiður, að það er eins og þið móðir mín séuð hræddar við hershöfðingjann".

Hann tók eftir hræðslunni, sem brá fyrir í andliti hennar, þó hún reyndi að hylja það.

"Hver segir það?" spurði hún. "Ég fyrir mitt leyti er ekkert hrædd við hann".

"Getur þú horft beint í augu mér og sagt, að hershöfðinginn sé engin orsök í, hve alvarleg þú ert?" sagði lávarðurinn.

"Já, það get ég með góðri samvizku", sagði hún, og úr augum hennar skein hreinskilni og sannleikur.

"Ég trúi þér", sagði hann. "Hefir þú nokkru sinni á æfi þanni talað ósatt orð, Aðalheiður"

"Nei, en ég hefi ekki breytt rétt", sagði hún fljótlega.

Hann sá, að hún iðraðist eftir að hafa sagt þetta.

"Því trúi ég varla", sagði hann. "Þú ert bæði hreinskilin og góð. Hvernig hefðir þú átt að breyta ranglega?"

Málfærslur hans var alt öðruvísi en vant var, — hálf biðjandi — hálf skipandi. Henni lét hann svo vel í eyrum, en kom henni þó í vandræði.

"Ég hefi gefið fólki ástæðu til að trúa því um mig, sem ekki er satt. Allan, nú talaði ég meira en ég vildi sagt hafa. Þú mátt ekki spyrja mig neins fleira, því þá veit ég ekki, hverju svara skal. Þú verður að hlífa mér við því.

"Ég vil gera eins og þú vilt", sagði hann. En hann skildi ekkert í tali hennar. Hvenær hafði hún gefið ástæðu til, að henni væri gert rangt til? Var það í sambandi við giftingu þeirra? Hann langaði mjög til, að fá svar upp á þessa spurningu, en þó vildi hann ekki spyrja hana þess, er hann sá, hve henni féll það illa.

Nú kom hertogainnan, öll angandi í ilmvatni, og sagði: "Þér eruð alt af svo góð, Lady Aðalheiður, að maður er alt af óhræddur að biðja yður bónar".

"Ég geri það, ef ég get".

"Ég þóttist vita. Syngið nú fyrir okkur. Lady Kan segir, að hún hafi ekki eins gaman af neinum söng ems og yðar. Viljið þér gera þetta fyrir okkur?"

Hún vill setjast hjá manni mínum og fá honum bréfið, hugsaði Aðalheiður með sér, en það skal henni ekki takast.

Hún neitaði að syngja, og hertogainnan sá, að ekkert þýddi að leggja meira að henni. Lávarðurinn leit forvitna á hana. Það var svo nýtt fyrir henni, að neita því, sem gat glatt aðra.

Hlaupa-drengir fást á svipstundu ef kallað er á

Phone
4862

WESTERN MESSENGER SERVICE,
336½ Smith St. - Winnipeg
Verðingarfylst öska Vélskifta yðar.
Auglýsinga-Skiltum
Dreyft og Fest Upp.
A. J. Huckell, ráðsmaður.

JOHN DUFF
PLUMBER, GAS AND STEAM FITTER
Alt verk vel vandað, og verðið rétt
662 Notre Dame Ave. Winnipeg Phone 3815

KJÖT.
"Ef það kemur frá Johnson, þá er það gott"
C. G. JOHNSON, Kjötsali,
Langside og Ellice Fón 2631

Giftingaleyfisbrjef
selur Kr. Ásg. Benediktsson,
477 Beverley St. Winnipeg.

WINNIPEG Business College
FÉKK FYRSTU VERÐLAUN Á SAINT LOUIS SÝNINGUNNI.
Cor. Portage Ave and Fort St.
Kennir Bókhald, Vélritun, Símritun, Býr undir Stjórnbjónustu o. fl. Kveld og dag kensla. Sérstök tilsögn veitt einstaklega. Starfshögunar-skrá frí.

DR. A. EKERN
Sérfræðingur í Augna-, Nef-, Eyrna- og Holdssjúkdómum.
Grand Forks, N. Dak.

Sendið Heimskringlu til vina yðar á Íslandi.

Cancer Cure.
R. D. EVANS, sem fann upp hið víðfræga lyf til lækninga
krabbameinum
óskar að allir sem nú þjást af krabbameinum, skrifi sér. 2. daga notkun meðalsins, læknar útvortis eða innvortis krabbamein. Skrifið strax til R. D. Evans, Brandon, Man. 7-8-8

A. S. BARDAL
Selur líkkistur og annast um útfarir. Allur útbúnaður sá bezti. Enfremur selur hann alskonar minnisvarða og legsteina.
121 Nena St. Phone 306

Bóas Arnbjörnson

Hinn 28. marz sl. lézt á einu sjúkrahúsinu í Salt Lake City bóndinn Bóas Arnbjörnsson, til heimilis hér í Spanish Fork. Fór hann á sjúkrahús þetta 10 dögum áður en hann lézt, til þess að leita sér lækninga við einhverskonar innvortis meinsemd, sem hann hafði fundið til meira og minna nokkra undanfarna mánuði. En þegar her var komið sögunni, snerist veikin upp í skæða lungnabólgu, sem leiddi hann til bana eftir 10 daga dvöl á sjúkrahúsinu.

Bóas sál. var fæddur á Íslandi 7. ágúst 1857, og því tæpra 51 ára að aldri þegar hann dó. Hann var sonur Arnbjarnar bónda Sigmunds sonar og Guðnýjar Erlendsdóttur, hjóna á þorvaldsstöðum í Breiðdal í Suðurmúlasýslu, og þar var



BÓAS ARNBJÖRNSON.

hann fæddur. En uppalinn og fóstr aður hjá Guðmundi gullsmið Sigmundssyni, föðurbróðir sínum, bónda í Geitadal í sömu sveit, og þar dvaldi hann fram yfir fermingaraldur. Eftir það fór hann að Borg í sömu sveit, og dvaldi þar um nokkur ár hjá öðrum frænda sínum, Jóni Guðmundssyni að nafni. Árið 1883, í júlí mánuði, fluttist Bóas til Ameriku og settist fyrst að í Pembina, N. Dak. Þaðan flutti hann til Helena, Montana, og síðast til Spanish Fork, Utah, og hefir búið þar ávalt síðan.

Um haustið 1885 gekk hann að eiga ungfrú Bjarnlaugu Eyjólfsdóttir, Guðmundssonar, frá Eyjabakka í Hvamshreppi í Húnavatns sýslu, og eignuðust þau hjón 7 börn, og eru nú 6 af þeim á lífi, fjórar stúlkur og tveir piltar. Hið elzta 21 árs en það yngsta 10 ára.

Við frákall Bóasar, á bezta aldri, beið vor fámenni íslenzki þjóðflokkur tjón mikið, því hann var einn í tölu vorra "merkustu manna", dugandis maður til allrar vinnu og smiður allgóður, fremur vel greindur, og vel að sér í bóklegum fræðum. Búhöldur í góðu meðallagi, og bezti húsfaðir. Er hans því sárt saknað, ekki einasta af ekkju hans og börnum, — heldur öllum, er af honum höfðu viðkynningu, bæði nær og fjær.

Bóas sál. var meðlimur í bræðrafélaginu "Knights of the Maccabees of the World", og hafði þar lífsábyrgð upp á $1,000. Stóð félag þetta fyrir útför hans, og sá um hana að öllu leyti, og fór hún fram frá heimili hins látna og lútersku kirkjunni, í viðurvist mesta fjölmennis þ. 30. f.m. Héldu tveir prestar ræður yfir moldum hans í kirkjunni, en þrir af félögum hans töluðu við gröfina.

Lífsábyrgðina, $1,000, borgaði umboðsmaður félagsins ekkjunni að fullu þann 20. þ.m.

Sp. Fork, Utah, 25. apr. '08.

E. H. Johnson.

Spurningar og Svör.

Ritstj. Hkr. Gerið svo vel, að svara eftirfylgjandi spurningum í blaði yðar:

1. Getur sá maður verið póstafgreiðslumaður, sem hefir komið eignum sínum undir nafn konu sinnar, til þess að friðjast við að borga áfallnar skuldir, sem honum bar að borga?

2. Getur sá maður verið póstafgreiðslumaður, sem að einhverju leyti hefir ærukrenkjandi mannorð?

3. Hefir nokkur póstafgreiðslumaður heimild til þess, að afsegja að gefa kvitteringu, þegar hann registrerar bréf, nema með því móti, að hann fái að vita frá hverjum bréfið er? Fáfróður.

Svar: Vér hyggjum, að öllum þssum spurningum beri að svara játandi. Póstafgreiðslu maðurinn getur haft gefið póstmáladeildinni tryggingu fyrir embættisfærslu sinni, þó hann sé persónulega eignalaus maður, og póstmáladeildina varðar ekkert um það, af hverjum ástæðum hann er eignalaus. — Póstafgreiðslumaður getur haft eða hafa haft blekt mannorð, en samt fullnægt embætti sínu sem póstafgreiðslumaður óáðfinnanlega. — Póstafgreiðslumaður hefir fylstu embættisskyldu til að vita, frá hverjum þau bréf eru, sem hann "registerar", og að neita að kvittera fyrir þau, ef upplýsing um sendanda bréfsins er ekki veitt honum. Hann verður að bóka svarið um það, í hvers nafni bréfið er sent. Slík upplýsing ætti að vera hverjum sendanda útlátalaus og póstafgreiðslumaðurinn á alla heimtingu á henni.

Ritstj.

1. Hvernig eru uppþurkunarlög Manitoba fylkis?

2. Geta partar af einu sveitarfélagi gengið undir þau?

3. Hvað þurfa menn að borga mikið á ári, og hve mörg ár hækkar skatturinn á löndunum við að fá þau þurkuð upp?

4. Hve langan tíma tekur að þurka löndin? Fáfróður.

Svar: Stjórnarráð fylkisins hefir vald til þess, að mynda framræsluhéruð hvar og hvenær sem það er álitið nauðsynlegt og til almennra hagsbóta. Áður en nokkurt slíkt hérað er myndað, skal stjórnin láta hæfan landmælingaverkfræðing mæla lönd þau, sem ætlast er til, að myndi héraðið, með þeim ásetningi, að komast að kvæmlega eftir, hvað verkið muni kosta, og hvort sá kostnaður samsvari þeim umbótum, sem við það fáist. Verkfræðingur sá, sem löndin mælir, skal leggja fyrir ráðgjafa opinberra verka skýrslu yfir það, hver lönd skuli tekin inn í héraðið, hve mikil hagsbót hverju sliku sérstöku landi verði að verkinu, og hver upphæð skuli reiknast hverju sérstöku landi til skuldar, og hve mikið skuli árlega leggjast á hvert land, og til hve margra ára þar til borgað er að fullu fyrir verkið.

Að fenginni skýrslu verkfræðingsins, skal opinberra verka ráðgjafinn láta gera nákvæma uppdrætti yfir og áætlanir um kostnað við framræslu héraðsins. Þetta skal hann leggja fyrir alt stjórnarráðið sem svo ákvarðar, hvort halda skuli áfram að vinna verkið. Eftir að ákveðið hefir verið að gera framræsluna, er það auglýst, og þar auglýst, hver lönd verði innan héraðsins, og hve mikla fjárupphæð þurfi að leggja á hvert land á ári og til hve margra ára. Ef íbúar innan þessa héraðs hafa ekki á móti því, að verkið sé unnið, þá er haldið áfram með fyrirtækið. En ef eigendur helfings allra þeirra landa innan þessa ákveðna héraðs hafa á móti því, að haldið sé áfram að vinna verkið, þá fellur málið þar með.

Þetta er aðal kjarni laganna.

Borgunar tímabilið getur verið 15 eða 20 eða 25 ár, eftir því sem um semur, því að í myndun slíkra héraða fer stjórnin sem næst eftir ánægjustum vilja þeirra manna, sem hlut eiga að máli, og sem verða að borga í árlegum sköttum það sem verkið kostar. Ekki heldur er stjórnin vön, að mynda slík héruð fyrri en hún hefir fengið formlega tilkynningu íbúanna um, að það sé vilji þeirra, að fá lönd sín ræst fram.

Af þessu er það auðráðið, að hluti af einni löggiltri sveit getur verið innan framræsluhéraðs, þó annar partur sömu sveitar sé það ekki. Upphæðin, sem á hvert land legst og árlegir skattar, eru komnir undir því, hve mikið verkið kostar. Þessir árlegu framræsluskattar geta verið frá 10c til 1 dollar á ekru eftir ástæðum. Upphæðin er ótakmörkuð að öðru leyti en því, að stjórnin leyfir ekki myndun slíkra héraða, nema hún sé sannfærð um, að umbót sú, er á löndunum verður, meira en svari tilkostnaðinum við að þurka þau.

Ritstj.

50 Prócent Afsláttur.
50 prócent afsláttur verður gefin á öllum skrautgerðum sumar Kvenkjóladúkum frá þesssum tíma og þar til 3. Júlí n. k. — Vér höfum mikið úrval af þessum vörum.
Schweitzer Brothers
CAVALIER, N. DAK.

F. Deluca
Verslar með matvöru, aldini, smá-kökur, alskonar sætindi, mjólk og rjóma, sælgæti, tóbak og vindla. Óskar eftir skifta Íslend. Heitt kaffi eða te á öllum tímum. Fón 7756
Tvær búðir:
687 Notre Dame og 714 Maryland St.

The Dominion Bank
NOTRE DAME Ave. BRANCH Cor. Nena St.
Vér seljum peningaávísanir borganlegar á Íslandi og öðrum lönd.
Allskonar bankastörf af hendi leyst
SPARISJÓDS-DEILDIN.
tekur $1.00 innlag og yfir og gefur hæstu gildandi vexti, sem leggjast við innstæðufé 4 sinnum á ári, 30. júní, 30. sept. 31. desembr og 31. march.

Til fullkomnustu tryggingar Vátryggið fasteignir yðar hjá The
St. Paul Fire & Marine Ins. Co.
Eignir félags, eru yfir 5 milljón dollars, Skaðabætur borgaðar af San Francisco eldinum 1½ mill. SKULI HANSSON & CO., 35 Tribune Bldg., Phone 6476, eru sérstakir umboðsmenn.
E. S. Miller Limited
Aðal umboðsmenn
PHONE 2088 219 McINTYRE BLK.

HEIMSKRINGLU og TVÆR skemtilegar sögur fá nýir kaupendur fyrir að eins $2.00.

Department of Agriculture and Immigration.
MANITOBA
Þetta fylki hefir 41,169,089 ekrur lands, 6,019,200 ekrur eru vötn, sem veita landinu raka til akuryrkjuþarfa. Þess vegna höfum vér jafnan nægan raka til uppskeru tryggingar.
Ennþá eru 25 miliónir ekrur óteknar, sem fá má með heimilisrétti eða kaupum.
Íbúatala árið 1901 var 255,211, nú er hún orðin 400,000 manns, hefir nálega tvöfaldast á 7 árum.
Íbúatala Winnipeg borgar árið 1901 var 42,240, en nú um 115 þúsundir, hefir meir en tvöfaldast á 7 árum.
Flutningstæki eru nú sem næst fullkomin, 3516 mílur járnbrauta eru í fylkinu, sem allar liggja út frá Winnipeg. Þrjár þverlandsbrauta lestir fara daglega frá Winnipeg, og innan fárra mánaða verða þær 5 talsins, þegar Grand Trunk Pacific og Canadian Northern bætást við.
Framför fylkisins er sjáanleg hvar sem litið er. Þér ættuð að taka þar bólfestu. Ekkert annað land getur sýnt sama vöxt á sama tímabili.
TIL FERDAMANNA:
Farið ekki framhjá Winnipeg, án þess að grenslast um stjórnar og járnbrautarlönd til sölu, og útvega yður fullkomnar upplýsingar um heimilisréttarlönd og fjárgróða möguleika.
R. P. ROBLIN,
Stjórnarformaður og Akuryrkjumála-Ráðgjafi.
Skrifið eftir upplýsingum til
Joseph Burke, 178 LOGAN AVE., WINNIPEG.
Jas. Hartney, 77 YORK ST., TORONTO.

T. L.
Heitir sá vindill sem allir reykja. "Hvers vegna?" af því hann er það besta sem menn geta reykt. Íslendingar! munið eftir að biðja um T. L.
(UNION MADE)
Western Cigar Factory
Thomas Lee, eigandi Winnipeg

Redwood Lager og Extra Porter
Styrkið taugarnar með því að drekka eitt staup af öðrum hvorum þessum ágæta heimilis bjór, á undan hverri máltíð. — Reynið !!
EDWARD L. DREWRY Manufacturer & Importer Winnipeg, Canada.

"Syngdu, kæra Aðalheiður, ef þú ert ekki of þreytt", sagði lávarðurinn.

"Mér þykir leiðinlegt, að neita þér, Allan, en mér er ómögulegt að syngja í kveld".

Honum sýndist glitra tár í augum hennar, og málrómur hennar lýsti hrygð. Hana langaði svo til að snúa sér að honum og segja: "Allan, elskaðu mig. Þú ert maðurinn minn. Láttu hana ekki komast upp á milli okkar, — ekki taka þig frá mér. Vertu góður við mig, vertu mér trúr, því ég elska þig svo heitt!" Orðin brunnu á vörum hennar. Það var svo sárt, að geta ekki sagt það við hann. Aðrar konur gátu talað við menn sína um sorgir sínar. Hún gat það ekki. Hún varð að þegja og reyna að brosa, þótt hjarta hennar væri nær við að bresta Hún varð að bera alt þetta ein.

Hertogainnan gaf sig ekki fyrir þetta, heldur sneri sér nú að lávarðinum:

"Þér verðið ekki jafn harðbrjósta komið og syngið með mér".

"Hver gæti neitað þessari bón?" sagði hann og stóð brosandi upp og gekk á eftir henni að hljóðfærinu.

"Ég skal finna nóturnar", sagði Lady Aðalheiður, og gekk til þeirra. Allan tímann meðan þau sungu, stóð hún á milli þeirra.

"Hún skal ekki geta fengið honum bréfið í kveld" hugsaði hún. En henni léll samt mjög illa, að verða að gæta hennar svona nákvæmlega.

Einu sinni enn þá frelsaði hún mann sinn frá freistingunni. Bréfið var enn þá í höndum hertogainnunnar. Hún sneri sér nú að lávarðinum, hrósaði honum fyrir söng hans og sagði síðan:

"Viljið þér tefla skák við mig, Caren, ég á hjá yður síðan síðast?"

"Já, með ánægju".

Nú vissi Aðalheiður ekki, hvað gera skyldi. Hún ásetti sér samt, að gefast ekki upp fyr en í fulla hnefana.

"Ef þér haldið að hertoganum leiðist", sagði hún við hertogainnuna, "þá skal ég gjarnan koma í yðar stað".

En hertogainnan hló háan hæðnishlátur. "Nei, þökk fyrir, Lady Aðalheiður. Maðurinn minn hefir blöð sín og saknar mín ekkert".

Caren lávarður skildi ekkert, hvað þeir áttu við. Því var hertogainnan eins og sigri hrósandi, en kona hans svo niðurbeygð og hrygg? Hann skildi ekkert í því.

Nú tapaði Lady Aðalheiður allri von. Hún hafði gert alt sem hún gat. Þó hún neytti allrar skynsemi sinnar, þolinmæði og góðvilja, þá gat hún ekki hjálpað. Hún gat ekki gert uppistand í hinum skrautlega gestasal. Hún gat ekki sagt við mann sinn: "Spilaðu ekki við hana. Hún vill fá þér bréf, sem hún hefir skrifað til þín".

Hertogainnan hefði strax neitað því, og maður hennar hefði ekki að eins reiðst henni, heldur álitið hana áfbrýðissama og illa uppalda.

Hún gat ekki sagt við hertogainnuna: "Þér haldið á bréfi í hendi yðar sem þér ætlið svo að afhenda manni mínum, strax og þér fáið tækifæri til þess. En ég vil standa við hlið yðar, svo þér getið ekki fengið honum það, og með því komið honum til að drýgja stórsynd".

Í sámkvæmislífinu verður stranglega að fara eftir siðareglunum, þótt að hjörtun bresti við það.

Nú var öll árvekni og þolinmæði hennar til einkis. Hún sá þau ganga yfir salinn, þangað sem spilaborðið stóð.

Hún settist niður í algerðri örvæntingu. Hún

gat ekki haft augun af þeim, og eftir lítinn tíma, sá hún hertogainnuna leggja bréfið í hönd lávarðarins.

Henni fanst alt hringsnúast fyrir augum sér, en hún náði sér brátt aftur og stundi þungan. Svo gekk hún að glugganum og horfði út. Hin hræðilega óhamingja, sem hún svo lengi hafði kviðið fyrir, var nú fallin yfir hana.

LIX. KAPÍTULI.

Loksins var kveldið á enda. Lady Aðalheiður vissi tæpast, hvernig það hafði liðið. Hún næstum hræddist sjálfa sig. Hún fann því betur, hve heitt hún elskaði mann sinn, sem ástríðan og óttinn að missa hann kvaldi hana meira.

Hún hafði ekki haft augun af þeim alt kveldið, og henni veittist sú ánægja, að sjá, að það var langt frá, að hann líti gaðlega út. Þvert á móti, hún las út úr andliti hans óánægju og undrun.

Hertogainnan talaði mjög alvarlega við hann. Stundum lék bros um andlit hennar, en svo varð hún aftur alvarleg.

Lady Aðalheiður vissi varla sitt rjúkandi ráð. Stundum ásetti hún sér, að ganga til þeirra, taka um hönd manns sins og segja: "Kom með mér, Allan, hún vill draga þig niður í skömm og svívirðingu". En svo sá hún, að hún gat ekki gert það.

"Ég held að ég missi vitið, ef ég sit hér öllu lengur", sagði hún við sjálfa sig.

Svo stóð hún upp og reyndi að hressa sig upp eftir því sem hún gat. Hún skemti gestum sínum.

Öllum virtist hún vera ánægð, en henni sjálfri fanst hún vera eins og í draumi.

Það var að eins einn, sem skildi hana, og það var kafteinn Randolph. Hann þurfti að eins að horfa á hana til að sjá, hvernig henni leið, miklu betur en þó hún hefði sagt honum það, og — ástæðuna fyrir því. Hann ásetti sér, hvað sem það kostaði, að slita samtali lávarðarins og hertogainnunnar, því hann gat ekki séð Lady Aðalheiði svona hrygga til lengdar, þó hún reyndi að hylja það fyrir gestum sínum. Hann gekk sem ekkert væri yfir salinn, þangað sem þau sátu lávarðurinn og hertogainnan, og spurði þau, hvernig spilið gengi, og gerði þannig enda á samtali þeirra. Lady Aðalheiður blessaði hann í hjarta sínu fyrir það, en hertogainnan leit til hans hatursfullu augnaráði.

Það leit helzt út fyrir, að Caren lávarði stæði alveg á sama, þó hann kæmi. Og kafteinninn lét sem hann tæki ekki eftir augnaráði hertogainnunnar. Hann vissi, að hann gerði vel í, að slita samtali þeirra. Þegar taflið var á enda, bað hann hertogainnuna um, að mega tefla við hana, en hún neitaði því mjög dreml´ega. Þá bauðst hann til að sýna þeim spilagaldra, sem hann væri nýbúinn að læra. Lávarðurinn kvað sig langa til að sjá þá, svo hertogainnan varð að gera sig ánægða með, þó hann sýndi þá, en hún sat þegjandi allan tímann og lét enga ánægju í ljósi. Rétt strax kom svo Lady Kan til þeirra, svo nú var úti með alt samtal milli hertogainnúnnar og lávarðarins. Hún huggaði sig samt við það, að það gerði ekkert til. Henni væri sigurinn vís. Lávarðurinn myndi ekki neita því, sem hún hafði beðið hann um í bréfinu.

Loksins stóð hún upp og gekk í burtu. Hún kvaðst þurfa að vita, hvernig manni sínum liði. Hún bauð Caren góða nótt með handabandi, og sagði

Hálf-íslenzkur leikur

á Walker Theatre.

(Niðurlag.)

Jason flengdist á Mön og bjó hjá þeim bræðrum Greebu. Adam og kona hans voru skilin og var sú sökin, að hann tók Sunlocks til uppástaðar. Hann bjó með Greebu í Governörshúsinu, en konu sinni hafði hann gefið óðul sín, og ljo hún þar með sonum sínum. Karl var stórgjöfull en fátækur. Nokkru seinna komst hann í ónáð við auðmann á Skotlandi, er keypt hafði ógoldna kirkjuskatta og leiddi af því, að honum var vikið úr embætti. Þegar upp voru gerðir reikningar kom í ljós, að karl átti ekki í afgangi nema fáein pund sterling. Hvarf hann þá heim á óðul sín hin fornu í þeirri von, að kona sín væri búin að gleyma miskliðinni. En hún rak hann á dyr með hrakyrðum, og lögðu synir hans orð í belg. Hélt hann burt þaðan ellibeginn og allslaus og Greeba með honum enn, því hún neitaði að verða eftir, þó hún ætti kost á því. Jason var fyrir löngu ástfangin í Greebu, og vildi nú gjarnan hjálpa. Adam gerði hann að trúnaðarmanni í nauðum sínum. Hann kvaðst ætla til Íslands til Sunlocks, og þyrfti að stelast burt svo Greeba vissi ekki af, en bað Jason að fara með hana daginn eftir heim til bræðra hennar. Svo fór karl, en Jason sagði Greebu söguna um morguninn eftir. Móðir Greebu dó sama sumarið, og skiftu þá bræðurnir eignunum milli sín, en létu Greebu ekkert hafa. Hún var hjá þeim, er hlotnaðist heimajörðin og átti illa daga, svo illa, að hún loks lét tilleiðast, að veita Jason von um jáyrði upp á hans margendurteknu bæn. Þó var ekki svo að skilja, að hún hefði lofast honum, því hjarta hennar var geymt hjá Sunlocks, en sem aldrei hafði skrifað henni annað en blátt áfram fréttir af sjálfum sér, og það sjaldan. En daginn eftir að Jason fékk það, sem honum virtist von, færði hann henni bréf mikið frá Reykjavík. Bréfið var frá Sunlocks, eftir 4 ára dvöl á Íslandi. Hann var þá orðinn forseti hins annars íslenzka lýðveldis, og nú bað hann Greebu að koma til sín, án allrar minstu tafar. Hún var í vanda. Skyldan og ástin börðust um forgangsrétt, og ástin mátti betur. Hún hræddist ákaflyndi og ofsa Jasons, en er til kom, var hann auðmjúkur eins og lamb. Hún kvaddi hann með tárum og kysti hann, móti vilja hans, í fyrsta og síðasta skiftið. Hún fór til Íslands, en hann varð eftir, og frá þeirri stundu dauður heiminum, sem nýtur meðborgari.

Hefndarhugurinn vaknaði hjá Jason aftur. Greeba fór burt að þeim bræðrum óafvitandi, en gleymdi bréfinu. Þeir bræður fundu það og sýndu Jason. Þá lifnaði haturs ekturinn. Tafarlaust tók hann sér far til Reykjavíkur og þótti þar undraverður gestur, því löngu áður héldu allir hann dauðann, enda legsteinn með nafni hans á kominn í kirkjugarðinn. Lík hafði fundist rekið í Engey, er allir sögðu vera lík Jasons.

Nú var að finna forsetann, sem Jason þekti ekki, þó hann sæi. Dag eftir dag kom hann þar að, er forsetans var von, en alt af ofseint. Sunlocks var kominn og farinn. Á tilsettum degi fór fram brúðkaup Sunlocks og Greebu. Var þá ætlun Jasons, að vega bróður sinn fyrir altarinu, en er inn kom í dómkirkjuna, störðu í augu honum 10 laga boðorð Mósesar, prentuð á altaristöfluna. Festi hann augun á þessum orðum "þú skalt ekki mann vega", og gat ekki slitið þau þaðan. Hann þoldi ekki mátið. Hann flúði út. Hann beið úti fyrir dyrunum og ætlaði að vega að honum, er hann kæmi út, en um leið og brúðhjónin komu í dyrnar, féll hann niður meðvitundarlaus. Ekki varð af hefndum í það skiftið. Tvo daga lá hann í óráði, en á þriðja degi komst hann á fætur, þó veikur væri. Veizlan stóð enn yfir og þangað fór Jason og tókst um síðir að finna Greebu einsamla. Hún varð hrædd. Hann heimtaði Sunlocks. Hún sagði hann væri kominn burt að leita föður sins, sem varð skipbrota á Austfjörðum. Hann ætlaði þá út og í því kom henni í hug, hvað erindið væri. Hún hljóp í dyrnar og varði honum útgöngu, nema hann fóttræði sig. Hún bað hann að hætta við yfirtæki sitt, en það kvaðst hann ómögulegt. Þá hrópaði hún um hjálp, og Jason var handtekinn, kærður fyrir að hóta forsetanum líflátí. Á stjórnarárum sínum hafði Jörundur gert Krisuvíkur námana að starfsviði sakamanna, og varð sá endir á, að Jason var dæmdur til 6 mánaða þrælkunar í brennisteinsnámunum. Sunlocks kom heim í þessu úr leit sinni eftir Adam, leit sem ekki varð til neins vegna óveðra, er hindruðu siglingar norður með landi. Ætlaði hann þegar næsta dag að leggja af stað aftur og fara landveg. En er heim kom mættu honum þar hinir 6 bræður Greebu. Þegar þeir vissu, að hann var forseti, vildu þeir gjarnan sættast við systur sína, því forseti lýðveldis hefir æfinlega ráð á loðnu beini til að kroppa, og hví skyldu þá ekki mágar hans ná í eitt eða tvö slík? Þeir veðsettu eignir sínar, þangað til þeir fengu upp réttan hluta hennar af arfinum, um 600 pund. Einn þeirra var kjörinn til fararinnar með peningana, en enginn trúði öðrum fyrir þeim, og í launi bjuggu allir 6 sig til Íslands ferðar, til þess að passa hvor annan. Komst það upp ásamt fleiru, er þeir allar hittust á þiljum skipsins. Greeba tók þeim þurlega, tók peningana, bauð þeim borgun fyrir ferðina, en er þeir neituðu, rak hún þá á dyr og bannaði þeim að koma fyrir sín augu framar, ekki vegna misgerða við sig, heldur við föður þeirra. Þeir hugðu nú að hefna, ekki síður en Jason, og er Sunlocks kom heim, fóru þeir á fund hans og sögðu honum margt annað en satt var um þau Jason og Greebu. Og Sunlocks gekk í gildruna. Hann trúði, og það styrkti hann í þeirri trú, að þegar hann kveldinu áður hafði ritað undir lausnarskrá Jasons, því það var hans fyrsta verk er heim kom, hafði Greeba grátbeðið hann, að láta þann mann ekki lausann. Af því réði hann, að heldur en mega ekki njóta hans, vildi hún halda honum fangnum, þar sem hún sæi hann aldrei, því sér hefði hún gifst að eins vegna stöðunnar. Til enn frekari sönnunar, hafði hann í höndum frá bræðrum hennar byrjun á bréfi frá Greebu til Jasons, þegar hún var að kveðja hann, bréfi, sem hún aldrei ritaði til fulls og sendi þess vegna aldrei. Á augnablikinu umhverfðist Sunlocks svo, að hann vildi hvorki heyra Greebu né sjá. Ekki nóg með það. Hann kallaði saman alþingi samdægurs og því var slitið. Það kom saman að kveldi dags, og án þess að gefa nokkrar verulegar útskýringar, sagði hann af sér forseta embættinu. Undir þinghúsinu var kjallari mikill og inn í hann hafði verið ekið fjölda mesta af ámum utan af skipi á höfninni, og gengu þeir bræður Greebu knálegast fram í því. Þegar sem hæst stóðu ræður í þingsalnum út af þessari kynlegu stefnubreyting Sunlocks, ruddust alvopnaðir danskir hermenn upp úr kjallaranum, tóku Sunlocks fastan, luktu öllum dyrum og sögðu alla viðstadda vera fanga hans hátignar, konungs Dana. Var þar kominn Jörundur hundadagakonungur, og tók þannig fyrir kverkarnar á hinu endurreysta lýðveldi. Var nú alment álitið, að Sunlocks hefði þannig svikið landið í hendur Dana, og snérust nú þeir á móti honum, er áður unnu honum mest.

Fáum dögum síðar var Sunlocks kominn í Krisuvíkur námana, til æfilangrar setu. Hittist svo á, er hann kom þar, að hann mætti Adam, er þá kom að austan, og þektust þeir, en gátu ekkert talað saman, því verðirnir ráku lest hinna nýju þræla. Settist þá Adam að og tjaldaði. Seint um kveldið var komið að tjalddyrum hans og beðið um skýli næturlangt fyrir ókunna konu. Var þar Greeba komin, og varð þar í senn bæði fagnaðar og sorgarfundur. Hún sagði honum alla söguna. Hann hélt áfram til Reykjavíkur í þeirri von, að útvega Sunlocks lausn, en Greeba fékk vinnu sem þjónustukona á sjúkrahúsi. Var hún þar til þess henni fæddist sveinbarn, en var þá rekin burt með hrakyrðum og smán. Á því tímabili öllu hafði hún aldrei séð Sunlocks.

Við stjórnarbyltinguna voru allir fangar hins fallna lýðveldis látnir lausir, nema Jason. Hann varð eftir í ógáti, og engin leiðréttingar von, því nú voru allir fangaverðir danskir. Í þessum stað sá hann Sunlocks í fyrsta skiti, en vissi ekki hver hann var, en strax fékk hann ósjálfráða ást á honum og auðsýndi það í öllu, hve sárt hann tók til hans. Fyrir sérstaka óhlýðni við reglurnar voru þeir að lyktum dæmdir til að vera samlokur, þ. e. á. s., þeir voru fjötraðir saman með járnhlekkjum á höndum og fótum og skyldu vinna þannig. Var það hin hræðilegasta hegning, en fyrir þá var það að vissu leyti fagnaðar boðskapur. Einu sinni voru þeir sendir til að opna nýja brennisteinsæð, uppi í fjallshliðinni. Er þeir höfðu grafið um stund, spýttist inn brennisteinsleðja og leir og sló Sunlocks blindan, en alt vall og sauð undir fótum þeirra. Jason hafði neitað að snerta þetta verk, nema hann mætti fyrst skilja Sunlocks við sig, en það fékst ekki. Þegar þannig var komið, ærðist Jason, sleit af sér hlekkina eins og fiðurverk, tók Sunlocks í fang sér meðvitundarlausan, og hljóp þeljandi í áttina til varðanna, er urðu svo hræddir, að þeir sleptu byssunum og flýðu.

Jason bar Sunlocks og stefndi burt frá námunum, eitthvað burt. Gekk hann þannig og bar þessa byrði hvildarlaust og næringarlaust í 36 klukkustundir. Þá kom hann á þingvöll og þar sat þá alþingi og þar lagði hann niður sinn fárveika blinda bróður. Hann vissi ekki enn þá, hver blindi maðurinn var, en hann frétti það þegar Greeba ruddist gegn um mannþröngina og kastaði sér grátandi ofan á Sunlocks, þar sem hann lá meðvitundarlaus á vellinum. Þessi maður, sem hann hafði lið drengilegt lið frá því fyrst þeir kyntust, sem hann unni eins og bróður og sem hann hafði sveitat blóði til að bjarga úr djöflahöndum, þessi maður var þá Sunlocks, hálfbróðirinn, sem hafði rænt hann föður, rænt hann móður, rænt hann brúðurinni, og sem hann hafði svarið að deyða. Veslings Jason fékk þarna að heyja dauðlegt stríð við sjálfan sig. Ást og hatur börðust í brjósti hans, og — ástin mátti betur, bróðurástin í hreinni, skýlausri mynd. Jason var dæmdur sýkn saka og maður frjáls, en Sunlocks var fluttur fangi til Reykjavíkur. Hann var landráðamaður, og þó allir á þingi vildu gefa honum lausn og lrelsi, einkum af því maðurinn var fárveikur og að virt ist nær dauða en lifi, fékk Hundadagakongurinn því ráðið, að fangelsið beið hans.

Skömmu síðar var Sunlocks fluttur norður í Grímsey, vegna þess, hve vinsæll hann var á Suðurlandi, en Jörundur sjálfur óvinsæll. Hann þorði ekki að hafa hann syðra. Enginn á eynni hafði tök á, að taka á móti slíkum gesti og geyma mánuðum, ef til vill árum saman. Að lokum var honum komið fyrir hjá prestinum, séra Sigfúsi gamla, er fyrrum var gerður útlagi af meginlandi Íslands fyrir að gefa þau Orra og Rakeli í hjónaband. Prestur var konulaus, en hafði um dagana spanderað allri sinni ást upp á flöskuna, eða það sem í henni var. Hann var þess vegna ráðalaus, vegna kvenmannsleysis, en þá vildi svo vel til að fátæk ekkja með ungt barn kom til eyjarinnar frá Húsavík og var í atvinnuleit. Prestur réði hana þegar fyrir vinnukonu. Þessi ekkja var Greeba með son sinn ársgamlan, litla Mikael Sunlocks. Hún var staðráðin í, að líða súrt eins og sætt með manni sínum og með því sanna, ef sá tími kæmi nokkurntíma að hún gæti opinberað sig, að hún hefði ekki gifst honum vegna stöðunnar. Tvö ár liðu, svo að ekkert bar til tíðinda, en þá var litli Sunlocks orðinn nærri 3 ára, og fór þess vegna um öll bæjarhúsin. Kyntist hann þá hinum blinda manni, og urðu þeir mestu mátar, og varð Sunlocks hissa á því, að hann talaði ensku ekki síður en íslenzkuna. En meira frétti hann ekki; litli maðurinn vissi, að hann hét Mikael, en svo ekki heldur meira. Um þetta leyti datt Greebu í hug, að hún hafði heyrt getið um lyfsala á Húsavík, er oft hafði læknað blindu, er stafaði af slysum við brennisteinsnámana í Þingeyjarsýslu. Tafarlaust lét hún senda eftir honum að skoða blindan mann í Grímsey, en boðin komu til hans, að hann áleit, frá Adam Fairbrother í Lundúnum. Á meðan á þessu stóð réði Greeba það af samtali prests og Sunlocks, að hann var kominn nokkuð nærri því, að fá ást á ekkjunni, — á henni sjálfri og orðinn mildari í dómi um konu, sem hann ekki nefndi. Svo kom lyfsalinn og skoðaði augu Sunlocks. Greeba var fengin til að halda á kertinu, því dimt var í herberginu. Frá því á þingvelli, þegar hann var meðvitundarlaus, hafði Greeba aldrei komið svona nærri manni sínum, enda titraði hún af geðshræringu svo mjög, að hún gat naumast haldið ljósinu. Úrskurður lyfsalans var, að ekkert væri sjáanlegt því til fyrirstöðu, að hann fengi sjónina aftur. Var það fagnaðarefni fyrir alla, og drógu þeir ekki dulur á það Sunlocks eða prestur, en Greeba, sem þó fagnaði innilegar en þeir, hún sagði ekkert fyr en hún var komin í herbergi sitt og var einsömul hjá sym sínum. Þar mátti hún opna hjarta sitt og svala sér með gleðitárum.

Á þessu tímabili hafði Sunlocks oftar en einu sinni ritað Adam og sérstaklega spurt eftir Greebu og Jason, sem hann frétti hver var, á meðan hann var í fangelsi í Reykjavík. Adam hafði líka skrifað Sunlocks oftar en einu sinni, en ekkert bréf kom til skila. Jörundur karlinn sá um það.

Fáum dögum eftir, að lyfsalinn gladdi alla á prestssetrinu með von um augnalækning Sunlocks, komu þau boð frá Jörundi, að sterkur lás skyldi settur á herbergisdyr Sunlocks. Áður var þang að komið danskt herskip, er lá úti á víkinni, og skyldi fangavörðurinn gefa því teikn úr landi á ákveðnum tímum dags og nætur, að fanginn væri vis. Það vissu allir á eyjunni, hvað þetta alt þýddi. Sunlocks var dauðasekur. Mátti nú búast við skipuninni að skjóta hann á hverri stundu, undirbúningslaust.

Lausnin var nærri.

Einu sinni heyrði Greeba ókunnan mann tala við litla Mikael frammi í bæjardyrum. Hún þekti málróminn og varð hverft við. Jason rauði var kominn. Henni lá við falli, er hún sá hann, en hann hljóp til hennar og hvísladi að henni, að hafa ekki hátt, en bað hana um viðtal í leyni. Hún veitti það, og sagði hann henni þá, að hann væri kominn til að leysa bróður sinn úr fangelsi, að það yrði gert nóttina næstu á eftir og að hún yrði þá að vera al-tilbúin með litla Mikael. Niður í fjörunni biði þeirra Shetlenzk snekkja, er færi með þá burt.

Af því Jason gaf Greebu ekki í skyn, hvað lausnin ætti að kosta, veittist honum létt að vinna hana yfir á sitt mál. Þá var séra Sigfús eftir. Jason sagði honum, að kona Sunlocks væri við andlátið í Húsavík, og væri látlaust að biðja Sunlocks um fyrirgefning. Væri því mannúðarverk, að loka henni að heyra þá fyrirgefning frá hans eigin vörum, áður en hún gæfi upp andann. Hann kvaðst vera hér kominn til að leggja fram sinn skerf í þessu máli, með því, að sitja í fangelsinu í stað bróður sins, á meðan hann brigði sér til Húsavíkur.

"Vitið þér, hvað þér segið, maður?" spurði prestur.

"Vel veit ég það, — kom hingað til að segja það".

"En vitið þér, að hermennirnir koma þegar minst varir til að taka bróður yðar af lífi?"

"Veit ég það! Þekkja þeir hann að sjón?"

"Það gera þeir ekki, svo ég viti", svaraði prestur.

"Ja, hver er þá yðar hætta?" spurði Jason.

Séra Sigfús sagðist hafa verið að hugsa um hann (Jason) en ekki um sig. Þó varð sá endirinn, að prestur gekk að mannakaupunum, og að auki leyfði hann Jason að fara einsömlum inn í fanga-klefann.

Þegar þangað kom, sagði Jason Sunlocks alt aðra sögu en þá, er hann hafði sagt presti. Nú var það Adam gamli, sem ekki gat dáið, nema hann einu sinni enn fengi að sjá Mikael Sunlocks. Það var hér, að Jason fékk öflugasta mótspyrnu, þegar Sunlocks frétti, að fararleyfið fékkst ekki nema með því, að Jason væri pantur. Þó fór svo um síðir, að Jason hafði sitt fram.

Fyrripart nætur var tunglsljós, en tveimur stundum fyrir dagrenningu gekk tunglið undir. Stundin var komin. Jason leiddi Sunlocks til dyra og sagði honum, að þó hann hefði fulla sjón, þá sæi hann ekki faðmlengd frá sér. "En hérna", sagði hann, "er kona, sem vísar þér veg", og lagði hönd hans í hönd Greebu".

"Ratar hún veginn?" spurði Sunlocks.

"Já, hún sér veginn framundan fyrir ykkur bæði, og hvað sem eftir fer, máttu ekki sleppa hendi hennar. Sleptu henni aldrei aftur!"

Sunlocks kysti bróður sinn og gekk út í myrkrið með brjóstið fult af söknuði og sorg. Það var logn, og beið Jason úti til þess hann heyrði óskýrt áraglam. Þá vissi hann að sigurinn var unninn.

Adam gamli gerði alt sem hann mátti til að fá Sunlock lausan. Hann þreytti við Jörund, hann reyndi við Danastjórn, og að síðustu við stjórnina á Englandi, af því Sunlocks var brezkur þegn. En alt kom til einkis. Að síðustu fór hann til Nelsons gamla, sem þá var búinn að höndla allan sjóflota Dana, og spurði, hvort hann einnig hefði herskipið frá Grímsey. Nelson hafði það ekki, en sendi þegar skip eftir því og með því fór Adam. Þetta vissi Jason og átti von á því á hverju augnabliki er hann kom til Grímseyjar, og því var um að gera, að koma þeim Sunlocks og Greebu þangað áður en það réðist á herskipið danska.

Sjálfur fór hann norður með tveimur dönskum mönnum, sem fluttu skipun um, að taka Sunlocks af lífi tafarlaust. Voru þeir á herskipinu danska, er Jason fór að bjarga bróður sínum. Rétt á eftir þeim fór Jörundur sjálfur til að afturkalla þessa skipun sína. Varð hræddur, er hann frétti um herskip Breta.

Daginn eftir að Sunlocks losnaði var séra Sigfúsi boðið að fraleiða fangann til aftöku um sólarupprás næsta morgun.

Séra Sigfús var frá sér numinn, en Jason rólegur. Ógæfunornir höfðu elt hann alla æfi, en nú loksins hafði hann von um að sigra.

Það var heiðríkt veður, er sól rann úr ægi. Gekk þá prestur fram á völlinn og Jason með honum. Hermennirnir snöruðu byssunum í sigti og hleyptu af. Jason fell örendur. Þannig heindi hann sin. Hann elti bróður sinn til Manar, til að ráða hann af dögum. Hann elti hann frá Mön til Íslands í sama tilgangi, og þetta varð efdirinn. Hann keypti honum lausn með lífi sínu. Betur getur enginn.

Í sömu andránni reið af fallbyssuskot, svo að tók undir í allri eynni. Brezkur bryndreki kom í ljós, og njósnarskip Hundadagakongsins gafst upp án tilraunar að verjast.

Í þessu kom líka Jörundur sjálfur í land, en hann kom ofseint Fyrir fótum sér sá hann — ekki óvin sinn, er hann hafði elt með stjórnlausu hatri, heldur dóttursson sinn, sem aldrei hafði gert honum mein.

Lítlu síðar kom Adam gamli í land til að fregna um Jason. Hann dvaldi ekki lengi, er hann sá, hvernig komið var, en hvarf aftur til skipsins sorgfullur og þó undireins svo glaður, og sigldi af stað til Manar með aðstandendur börn sín og ástvini, sameinaða aftur til að skilja ekki framar.

E. Jóh.

Bækur til sölu.

hjá N. OTTENSON, River Park:

Flateyjarbók (í 3 bindum), í vonduðu bandi $8.00 (50c)

Saga Þiðriks konungs af Bern, í bandi $2.25 (20c)

Sönglögin úr Friðþjófi 0.50 (5c)

Tölurnar í svíga fyrir aftan meina póstgjald fyrir þær bækur, er þurfa að sendast út úr bænum.

GIFTING.

Sunnudaginn þann 7. júní kl. 9 árdegis voru gefin saman í hjónaband í Bellingham, Wash., af séra J.M.Wilson í Presbyteriana kirkjunni þar í bænum, — þau hr. Charles B. Sampley og ungfrú Lára V. Grimsson. Sama dag lögðu ungu hjónin af stað í skemti ferð til Vancouver, Victoria og víðar um ströndina. Þau gerðu ráð fyrir, að verða komin heim aftur til Bellingham 1. júlí, þar sem heimili þeirra verður framvegis.

Herra C. B. Sampley er ungur og efnilegur Amerikani, og lögfræðingur að nafnbót. Hann útskrifaðist frá lagadeild við háskóla í Valparaiso, Ind., árið 1906. En er ættaður frá Bethany, Ill., í Bandarikjunum.

Ungfrú L. V. Grímsson, sem nú er orðin Mrs. C. B. Sampley, er alíslenzk að ætt. Hún var álitin af öllum, sem hana sáu og þektu, ein sú fallegasta og myndarlegasta stúlka íslenzk, sem þeir höfðu séð hér fyrir vestan Atlantshaf (og samsinni ég því hjartanlega, og hefi ég þó marga fallega séð!).

Foreldrar hennar eru þau herra Lárus K. Grímsson og Þorbjörg kona hans, og búa þau í Bellingham. Þau fluttu hingað fyrir 6 árum, frá Pembina, N.D.

Miss Grímsson var þegar á unga aldri mjög hneigð fyrir hljóðkæraslátt og söng, og hefir með tilstyrk foreldra sinna lært að spila bæði á pianó og fiðlín, og hefir nú í sl. 2 ár veitt nokkrum ungmennum þar í nágrenninu tilsögn bæði á pianó og fiðlín. Hún hefir einnig spilað á samkomum fyrir ýms félög í bænum og tilheyrt aðal-Orchestra bæjarins í sl. 2 ár.

Heimili foreldra hennar er sannarlega íslenzkt að gestrisni og alúðlegheitum, og ekki stóð á henni, að leggja sinn skerf til að skemta gestunum með söng og hljóðkæraslætti. Enda á hún marga vina og kunningja hér á Ströndinni og víðar, og munu margir lengi minnast þeirra gleðistunda, sem þeim voru veittar ókeypis á heimili foreldra hennar, með hennar aðstoð og prúðmannlegu framkomu.

Við hjónin, ásamt hinum mörgu kunningjum hinna ungu hjóna, óskum þeim til gleði og hamingju í framtíðinni.

Vancouver, B.C., 8. júní 1908.

Þ. K. Kristjánsson.

Winnipeg Syningin

11. til 17. júlí 1908

Flokkur fullorðinna uxa á Winnipeg sýningunni 1907.

ÓVIÐJAFNANLEG GRIPA OG HVEITI SÝNING

Stórfenglegasta veðreiðaskrá, sem verið hefir í Vestur-Canada.

INNES HEIMSFRÆGI HLJÓMLEIKA-FLOKKUR

frá Chicago og 91. Háleodinga Band

Mikil hornleikenda samkepni. Öllum hemi boðin þátttaka.

SÉRSTAKLEGA FAGRAR SÝNINGAR fyrir framan "Grand Stand",

Stórfengileg Heræfinga Sýning

FÖGUR FLUGELDA SÝNING,

FYRSTA LANDBÚNAÐAR-VÉLA MÓTOR SAMKEPNI Í AMERÍKU.

A. W. BELL, ráðsmaður. A. K. ANDREWS, forseti.

Winnipeg Fréttir

Nýlega hanst maður í Assiniboine ánni, við River Park. Hann hafði horfið héðan úr bænum fyrir nokkuru, og gátu menn ekki vitað, hvað af honum hafði orðið, fyr en nú, að hann rak upp úr ánni. — Annar maður hengdi sig hér í sl. viku, og þriðji skar sig á háls meðan unnusta hans beið með boðsgestunum eftir að hann kæmi til að kvongast sér. Þegar fólkinu var farið að leiðast fjarvera hins væntanlega brúðguma, var farið að leita hans, og þá komst sjálfsmorðið upp. Í bréfi, sem hann eftirskildi, kvaðst hann hafa tekið til þessa úrræðis af þeirri sannfæringu sinni, að unnusta sín væri alt of góð handa sér.

Fólk er beðið að muna, að öllum, hverra skoðana sem þeir eru, er velkomið að vera viðstaddir við setning Únitara kirkjuþingsins á föstudaginn kemur (12. þ.m.) kl. 2 eftir hád. í Únitarakirkjunni. — Ennig er öllum boðið, að hlusta á fyrirlestra þá, sem fluttir verða á föstudags og laugardagskveldin, — sem auglýstir eru í þingboðsauglýsingu Únitara á öðrum stað í þessu blaði, — og taka þátt í umræðum þeim, sem á eftir kunna að fara fram.

Á sunnudagskveldið kl. 8 heldur Únitarasöfnuðurinn gestum þingsins samsæti. Er til þess mælst, að sem flestir safnaðarmenn verði þar viðstaddir, því að sjálfsögðu er þeim öllum boðið.

Herra Þorst. þ. Þorsteinsson skáld kom til bæjarins í sl. viku, frá Vancouver, þar sem hann hefir dvalið síðan í fyrra sumar. Hann lét allvel af tíðinni vestra og atvinnu, nú síðan vorið byrjaði. En félagslíf með Íslendingum þótti honum helzt til lítið, og vart gat hann felt sig við æfikjörin þar vestra, — kom því til baka hingað

Eldur kom upp í sláturs og niðursuðuhúsi þeirra Gordon, Ironsides & Fares á Logan Ave., á fimtudaginn var, og gerði um 25 þúsund dollara eignatjón. Eldurinn átti upptök sín í kælingarklefanum. Full ábyrgð var á húsi og eignum, svo að tap félagsins verður ekki stórvægilegt. Húsið verður bygt upp að nýju tafarlaust.

Jón Einarsson, bóndi í Foam Lake bygð, kom til bæjarins í sl. viku, og dvelur hér nokkra daga. Hann segir útlit gott þar vestra. Þurviðri hefir þar verið í vor, svo að bændur óska eftir regnskúr. Lönd eru óðum að hækka þar í verði og eftirspurn eftir þeim mikil. En heimilisréttarlönd öll upptekin innan íslenzku bygðarinnar.

Í síðasta Lögbergi er þess getið, að N. Ottenson, umsjónarmaður í River Park, hafi fundið lík það, er fanst í skóginum um ¼ mílu frá River Park. Þetta er ranghermt. Það var Mr. Ingólfur Jónsson, einn af mönnum þeim, er vinna fyrir Mr. Ottenson, er líkið fann fyrst. Mr. Ottenson hefir enga gripi til umsjónar í garðinum, en töluvert af viltum dýrum, og í tilefni af því, að eitt af þeim slapp út, svo að hann ásamt með þremur af mönnum þeim, er fyrir hann vinna í dýragarðinum, var að leita að því, — fanst þetta lík, sem annars máske að hefði dregist, þar eð það lá í þéttum skógi fjarri öllum húsum og umferð manna.

Eldur í sláturs og kjötniðursuðu húsi þeirra J. Y. Griffin & Co. hér í bænum, á sunnudaginn var, gerði 75 þús. dollara eignatap

Svar frá herra Sveini Sveinssyni til herra Björns Thorvardsonar kemur í næsta blaði, — gat ekki komið nú vegna rúmleysis.

Íslendingadagurinn.

TILBOÐUM um prentun á 2500 prógrams og 2500 aðgöngumiðum fyrir Íslendingadaginn 1908, verður veitt móttaka af undirrituðum skrifara nefndarinnar, fyrir 29. júní. Prógrams blaðsíðan verður 8½x5 þuml að stærð Pappír og frágangur sami og á síðasta ári; kápan litprentuð.

Tilboð sendist í lokuðum umslögum, sem verða opnuð á nefndarfundi þann 29. þ.m.

P. S. PÁLSSON, ritari,
535 Agnes St.

Winnipeg, 8. júní 1908.

Íslendingadagurinn

verður haldinn hátíðlegur í River Park þann 3. ágúst næstk. (7. er á sunnudag). Nefndin lætur sér ant um, að vanda sem mest til dagsins, bæði hvað snertir ræður og kvæði. Sömuleiðis verður reynt eftir föngum, að hafa sem mest og fjölbreytilegast "Sports", svo að sem allra flestir geti tekið þátt í íþróttunum. Má meðal annars þar til nefna: Kapphlaup stutt og löng, sund, glímur, aflraun á hæðli, hjólreiðar, alls konar stökk o. fl.

Nefndin hefir einnig samþykt, að hafa knattleik (Base Ball), og eru þeir, sem taka vilja þátt í því, vinsamlega beðnir, að senda umsókn til skrifara nefndarinnar P. S. Pálssonar, 535 Agnes St., fyrir 1. júlí næstk.

Góð verðlaun verða gefin sigurvinnurunum.

Það má óhætt fullyrða, að núverandi Íslendingadags nefnd lætur ekkert ógert til þess, að vanda sem bezt til þjóðhátíðarhaldsins hér í Winnipeg þann 3. ágúst nk., og að gera skemtiskrá dagsins enn þá fjölskrúðugri en á undanförnum árum. Hafir ræðumenn verða fengnir til þess að fræða áheyrendur, og kvæðin, sem öll verða ort sérstaklega fyrir þetta hátíðahald, verða íguldi þeirra, sem áður hafa bezt verið kveðin fyrir þjóðhátíðar samkomur vorar.

Íþróttamennirnir íslenzku veita þessu hátíðahaldi meiri áhuga, en nokkru sinni fyr, og leggja alt kapp á, að gera þann hluta skemti skrárinnar fjörmeiri og fullkomnari og ánægjulegri en á nokkru undangengnu ári. Til dæmis má nefna, að 3 knattleika félög hafa þegar tekið að æfa íþrótt sína, og ætla að keppa um sigurlaun á hátíðinni. Þessi félög eru öll hér í bænum. En utanbæjar félögum er einnig boðið að keppa hér, og vonar nefndin, að einhver slík félög gefi sig fram til þátttöku. Sund og glímur eru og íslenzkir menn nu sem óðast að æfa, með þeim ásetningi, að sýna íþróttir sínar á Íslendingadeginum í River Park í ár. Hjólreiðarmenn eru fyrir löngu teknir að æfa sig, og há- og langstökk menn sömuleiðis.

Unga fólkið hefir fastlega ásett sér, að koma svo fram á þessari hátíð, að það geti orðið þjóð vorri til varanlegs sóma, og öllum gestum dagsins til ánægju.

Verðlaun þau, sem nefndin veitir í ár, verða eins góð og efni dagsins og inntekta vonir frekast geta gert þau.

Prógrammið verður auglýst eins fljótt og hægt er.

The Dominion SECOND HAND STORE

Ágætur brúkaður fatnaður og húsmunir. Ísl. töluð.

555 Sargent Ave. Winnipeg

Dakota Íslendingar!

Friðrik Sveinsson og A. J. Johnson, frá Winnipeg, sýna yfir

hundrað skuggamyndir frá Íslandi

og fjölda af myndum víðsvegar um heim, á eftirtöldum stöðum og dögum:

Gardar, föstud. 19. júní.
Mountain, Laugard. 20. júní.
Hallson, mánud. 22. júní. m
Akra, þriðjud. 23. júní.
Pembina, miðvikud. 24. júní.

Byrjar á öllum stöðunum kl. 8 síðdegis.

Málaðar myndir af Íslandi

verða einnig sýndar.

Myndasýning þessi hlaut almannalof sl. vetur.

Fólki er guðvelkomið, að hreyfa sí sér blóðið með dansi, þegar sýningunni er lokið.

Inngangur kostar 25c.

"Moonlight Excursion"

Kvennfélagið "Gleym mér ei" heldur MOONLIGHT EXCURSION á gufubátnum Alexandra frá Lombard street FÖSTUDAGINN

19. þ.m. kl. 8.

Band Music og Dans verður á bátnum. Aðgangur kostar 25c. — Kvennfélagið óskar, [illegible] Íslendingar sæki vel þessa skemtun.

ÞINGBOÐ.

Hér með tilkynnist hlutaðeigendum, að FJÓRÐA ÞING HINS ÚNÍTARISKA KIRKJUFÉLAGS ÍSLENDINGA Í VESTURHEIMI verður sett í íslenzku Únitara kirkjunni í Winnipeg FÖSTUDAGINN þann

12. Júní, kl. 2. e. hád.

Í sambandi við ofangreint þing verða fluttir þessir

FYRIRLESTRAR:

FÖSTUDAGSKVELDIÐ 12. júní kl. 8 — "Conformity": Séra Rögnv. Pétursson.

LAUGARDAGSKVELDIÐ 13. júní kl. 8 — "Pragmatism": Guðm. Árnason, B.D.

Allir velkomnir. Umræður á eftir og öllum leyfilegt að taka til máls.

SUNNUDAGINN 14. júní kl. 2 e. h. — Guðsþjónustugerð: Ræðuna flytur hr. Albert Kristjánsson, guðfræðisnemandi, frá Meadville.

Í umboði stjórnarnefndarinnar.

S. B. BRYNJÓLFSSON,
Varaforseti.

Þann 30. apríl sl. gaf séra Robert C. Johnston í Winnipeg saman í hjónaband þau herra Murdock Smith og ungfrú Margrétu Helgason, bæði til heimilis í West Selkirk. Að aflokinni vígslunni héldu brúðhjónin í leiðangur vestur til Edmonton í Alberta og annara staða í Vestur-Canada. — Þau hjón eru nýlega komin heim aftur og hafa tekið sér framtíðarheimili í Selkirk bæ.

Lesendur eru beðnir að sækja vel Concert Goodtemplara í húsi þeirra á mánudagskveldið kemur. Stúkurnar Hekla og Skuld hafa lagt saman að vanda til prógrammsins, eins og sjá má á auglýsingu í þessu blaði. — Kostar lítið að sjá og heyra.

Borgarstjóri Ashdown hefir í blöðum bæjarins auglýst aðvörun til foreldra, að halda börnum sínum af strætunum, svo að þau verði ekki undir vögnum og hestum.

Á mánudagsmorguninn þ. 8. þ. m. komu þeir Guðm. Árnason, Albert B. Kristjánsson og Sigurjón Jónsson, guðfræðisnemendur, að austan frá Meadville prestaskólanum í Pennsylvania.

Þeir tveir síðarnefndu hafa nú hálfnað námsskeið sitt við þann skóla, en hr. Guðm. Árnason útskrifaðist þaðan þann 4. sl. Allir gera þeir ráð fyrir, að starfa að únitarískum kirkjumálum á þessu sumri.

Það er eitthvað, sem allar konur varðar, í auglýsingu þeirra CLEMENS, ÁRNASON og PÁLMASON á 1. bls.

Þessir eiga bréf að Hkr.:
M. Bergthorson.
Guðbjörg Jónasson.
Sveinbjörg Sigurðsson.
Sölvi Sölvason.
Jessie C. Davidson.
Kr. Bardarson.
Jón Sæmundsson.
Vigdis Magnússon.

Eigendur vitji bréfa þessara tafarlaust.

GOTT HÚSPLÁSS, mjög ódýrt, geta hjón einhleyp, eða með eitt barn, — eða einhleypt fólk, — fengið með því að snúa sér til A. J. Johnson's, 689 Alverstone st.

CONCERT

undir umsjón fulltrúanefnda stúknanna Heklu og Skuldar verður haldinn í Goodtemplara húsinu mánudagskveldið 15. júní næstk.

PROGRAMME.

1. Ávarp forseta.
2. Piano Duet—Misses Thomas og Thorlaksson.
3. West Winnipeg Band.
4. Duet—Pálsson og Johnson.
5. West Winnipeg Band.
6. Íslenzkar glímur—Nokkrir ungir piltar.
7. Piano Duet—Misses Thomas og Thorlaksson.
8. Ræða—Guðm. Árnason.
9. West Winnipeg Band.
10. Duet—D. Jónasson og Miss Oliver.
11. West Winnipeg Band.

Byrjar kl. 8 síðdegis. Aðgangur 35c fyrir fullorðna, en 25c fyrir börn innan 12 ára.

Gleymið ekki deginum:

15. JUNI næstk.

Söngsamkomur

hins íslenzka söngfélags verða haldnar í Fyrstu lútersku kirkju í Winnipeg 25. og 26. júní þ.á., kl. 8½ s'ðdegis.

ÆFING VERÐUR KL. 10 ÁRDEGIS þ. 25. Í KIRKJUNNI.

Nauðsynlegt er, að alt söngfólk sé þar kl. 10.

SÖNGFÉLAGSÞING VERÐUR KL. 10 ÁRDEGIS þ. 26.

Hver flokkur verður þá að hafa til tvo erindsreka.

Á söngskránni eru 12 kórsöngvar — tvisöngvar "Frithjof og Björn", og úr "Gluntarne" eftir Wennerberg, einnig úr sköpunarverki Haydens. — Mrs. Hall syngur. Miss L. Thorlaksson leikur á piano, sömuleiðis Miss G. Arason frá Mountain, N. Dak. Dr. Schanche, ágætur tenor, syngur solo. Mr. Dalman leikur á cello. Þeir dr. Schanche og séra H. B. Thorgrimsen syngja tvisöngvana "Frithjof og Björn" og "Gluntarne", og Mrs. Hall og séra Hans tvisönginn úr sköpunarsögunni. — Mr. Jónas Pálsson spilar piano solo og Steingr. Hall orgel solo.

Inngangur 50 cent.

Nákvæmari söngskrá verður birt síðar.

Til söngfólksins.

Verið á staðnum kl. 10 árdegis þann 25. til þess að æfa.

Hafið til — hver flokkur fyrir sig — tvo erindsreka á þingið kl. 10 árd. þann 26.

Söfnuðirnir í Winnipeg — Fyrsti lúterski og Tjaldbúð — ætla góðfúslega að sjá öllu söngfólki fyrir heimili á meðan á sönghátíðinni stendur.

Þegar farið er að heiman, er nauðsynlegt að fá hjá "depot-agent" kvittunarseðil, til þess að fá afslátt heim aftur. Slikan seðil þarf að fá í hvert skifti, ef þarf að kaupa farseðil oftar en einu sinni á leiðinni.

LEIÐRÉTTING.

Í bréfi því eftir herra Björn Thorvardsson, sem birt var í síðasta blaði, hafa orðið þessar villur, sem ritstjóra blaðsins er einum um að kenna:

1. "inntöku manna í hana", — átti að vera "einstöku manna í þeirra stúku".
2. "konur stúkunnar", — átti að vera "systur stúkurnar".
3. "allra stærstu —", átti að vera "allra smæstu brotlegu afglöpum stúkunnar".
4. "nema setningu", — átti að vera "nema eina smásetningu"
5. "margar og réttlátar —" átti að vera "margir heiðarlegir og réttlátir menn og konur".

Þetta eru lesendur beðnir að athuga og lesa í málið.

Í tilefni af áminstri grein herra Björns Thorvardssonar hefir fjármálaritari Skuldar, hr. Gunnlaugur Jóhannsson, beðið oss að geta þess, að úrsagnarbréfin, sem félaginu voru send af B.Th. voru harla þýðingarlítil, af þeirri ástæðu, að hann stóð í skuld við stúkuna frá 1. mai og yfirsást að senda ársfjórðungsgjald sitt með úrsögninni.

GOTT ORGEL fæst keypt fyrir minna en hálfvirði. A. J. Johnson, 689 Alverstone st., vísar á.

Sýningin.

Winnipeg sýningin, sem haldin verður frá 11. til 17. júli næstk., verður sú bezta, sem haldin hefir verið. Þátttökubeiðnir, sem þegar hafa borist nefndinni, benda á, að hið auglýsta prógram sé við hæfi alþýðu, og að sýningin muni hepnast vel.

Akuryrkjuvéla mótor samkepnin, sú fyrsta, sem nokkru sinni hefir haldin verið í þessu landi, verður hin þýðingarmesta fyrir alla bænda stéttina í Vestur-Canada.

Mótorvélar frá Canada, Bandaríkjunum og Evrópu hefja kappraun í góðri frjómold í sýningargarðinum, og veitir þannig bændum tækifæri til að dæma um framför þessarar aðferðar í jarðrækt, og undir kringumstæðum, sem gefur von um, að algerlega breyti landbúnaðar aðferðinni á sléttlendinu.

Gripasýningin verður fjölbreyttari en nokkru sinni fyr. Verðlaunalistanum hefir verið breytt svo, að verðlaun hafa verið hækkuð í ýmsum tilfellum, samkvæmt tilgangi sýningarinnar að hlynna að gripa- og jarðrækt í Vestur Canada. — Verðmætar medalíur og önnur verðlaun í öllum gripadeildum, svo sem Clydesdales, Percherons, Shorthorns o. fl., hjálpa til að gera þessa þá beztu bændasýningu.

Kappreiðaskráin er betri en á nokkru undangengnu ári í Vestur-Canada. Meiri áherzla hefir verið lögð á hana og meiri peningum varið til hennar, en áður, svo að hún getí orðið gestunum sem ánægjulegust.

Þeim til ánægju, sem elska musik, sérstaklega hornleika hljóma, verður höfð sú stórfeldasta 'Band' samkepni, sem verið hefir í Canadaveldi. Þátttakan verður frá hornleikendaflokkum úr öllum hlutum landsins.

Heimsfrægi Innes hornleikendaflokkurinn frá Chicago, sem er einn með frægustu hljóðkeraflokkum í heimi, spilar á sýningunni alla vikuna.

Ásamt þessum fræga flokki verður þar einnig "91. Highlanders Band" og "Iowa State Band", — tveir mestu spilaflokkar í þessari álfu.

Með þessari miklu flokka samkepni, hinu undraverða "Tattoo" og "Umsátur Saragossa" og meðfylgjandi flugeldum, — þá verður Winnipeg sýningin 11. til 17. júli sú fullkomnasta og eftirsóknarverðasta, sem haldin hefir verið í Vestur-Canada.

Antonio De Landro
SKÓSMIÐUR
Horni Maryland og Wellington st.
(á bakvið 714, aldinabúðina)

ATHUGIÐ

Fram til 3. Júlí n. k. seljum vér með 25 prócent afslætti allar tegundir af Skó taui, ásamt með drengja og karlmanna fatnaði.

Schweitzer BROS
CAVALIER, N. DAK.

DOBSON and JACKSON
Byggingamenn

Sýnið oss uppdrætti yðar og áætlanir og fáið verðáætlanir vorar.

370 Colony Street
Winnipeg

Jónas Pálsson
PIANO KENNARI
729 Sherbrooke St. Winnipeg.

G. M. Bjarnason
Málar, leggur pappfr og gerir "Kalsomining. Óskar viðskifta Islendinga.
672 AGNES ST. TELEFÓN 6954

ARNI ANDERSON Íslenzkur lögmaður
Í félagi með
Hudson, Howell, Ormond & Marlatt
Barristers, Solicitors, etc.
Winnipeg, Man.
13-18 Merchants Bank Bldg. Phone 3621, 3622

C. INGALDSON
Gerir við úr, klukkur og alt gullstáss. Úr klukkur hringir og allskonar gullvara til sölu. Alt verk fljótt og vel gert.
147 ISABEL ST.
Fáeinar dyr norður frá William Ave.

J. G. Snydal, L. D. S.
ÍSL. TANNLÆKNIR
COR. MAIN & BANNATYNE
DUFFIN BLOCK PHONE 5302

HANNESSON & WHITE
LÖGFRÆÐINGAR
Room: 12 Bank of Hamilton
Telefón: 4715

BILDFELL & PAULSON
Union Bank 5th Floor, No. 520
selja hús og lóðir og annast þar að lútandi störf; útvegar peningalán o. fl.
Tel.: 2685

BONNAR, HARTLEY & MANAHAN
Lögfræðingar og Landskjala Semjarar
Suite 7, Nanton Block, Winnipeg

Hver þvær og Hreinsar Fötin ydar?

Hversvegna að fara í Kína-kompurnar þegar þér eigið kost á að fá verkið gert betur, og alt eins ódýrt, í bezta og heilsusamlegustu þvottastofnun, þar sem aðeins hvíti vinnufólk er haft og öll hreinustu efni notuð
Vér óskum viðskifta ydar.

The North-West Laundry Comp'y Ltd.
Hreinsarar og Litarar
COR. MAIN & YORK FÓN 5178

Boyd's Brauð

Brauð er kjarni lífsins; þess vegna er árríðandi að það brauð sem þér neytið, sé ómengað, vel gert og rètt bakað. Brauðin sem vér bökum eru úr bezta hveiti, vel hnoðuð og bökuð ágætlega, Reynið að panta það með Talsíma 1030.

Boyd's

Bakery Cor. Spence & Portage Ave
Phone 1030.

Stefán Guttormsson,
Mælingamaður
663 AGNES STREET. WINNIPEG.
20-3-8

Íslenzkur Kjötsali
Hvergi fæst betra né ódýrara KJÖT en hjá honum,—og þú munt sannfærast um að svo er, ef þú aðeins kaupir af honum í eitt sinn. Allar tegundir. Óskar að Íslendingar heimsækji sig
CHRISTIAN OLESON,
666 Notre Dame Ave. Telefón 6906

Viðvíkjandi Hafið tal af

Sjúkdómum Sérfræðingum vorum

Royal Optical Co.
327 Portage Ave.
Rétt á móti Eaton's búðinni. Winnipeg.
12-9-8

LESIÐ NÚ!

Vér bjóðum um mánaðartíma hin bestu ekrukaup, sem nokkurntíma hafa boðin verið. Landið er á Main St., norðan bæjarins, liggur að C.P.R. og rafmagnsbrautunum. Selt í spildum eftir óskum kaupendanna, ein ekra eða meira. Verð frá $200 ekran og yfir, með aðgengilegum skilmálum.

[Framhald hinumegin við Hkr. nafnið]

Heimskringla.

Kjörkaup

þessi eru þau mestu, er nokkru sinni hafa verið boðin, og af því að ekrufjöldinn er takmarkaður, þá ættuð þér að kaupa strax. — Landið er hentugt til garðræktar, grípa eða fuglaræktar.

Skúli Hansson & Co.
Skrifst. Talsími 6476. Heimilis Talsími 2274

XXII. ÁR. WINNIPEG, MANITÓBA, FIMTUDAGINN, 18 JÚNÍ, 1908 NR. 38

HÚSMÆÐUR!

VERZLID VID
CLEMENS, ARNASON & PALMASON.

Clemens, Arnason & Palmason
The Cash Grocery House,
Cor. Sargent & Victor. Talsími 5343

Fregnsafn.

Markverðustu viðburðir hvaðanæfa.

— Japanar hafa slátrað 375 hermönnum á Coreu á sl. fáum dögum í smáhardögum víðsvegar um landið.

— Commissioner King hefir lokið starfi sínu í sambandi við uppþot það og óspektir, sem urðu í Vancouver í fyrra. Rannsóknir hans lykta með því, að skaðabætur þær, sem Canadaríki verður að borga til Kínverja í Vancouver fyrir skemdir, sem gerðar voru á húsum og eignum þeirra verða sem næst 50 þúsund dollarar. Hr. King tekur það og fram, að viðkynni þau, er hann hafi haft af Kínverjum í sambandi við þetta mál hafi aukið álit sitt á þeim, bæði að því, er snerti starfsaðferð þeirra og heimilislíf þar í borginni.

— Skattskyldar eignir í Edmonton borg eru á þessu ári taldar 22 milión dollara virði, eða sem næst eins og þær voru í fyrra. Fasteignavirðing að sögn heldur lækkað í sumum hlutum borgarinnar, en hækkað á öðrum stöðum.

— Sprenging varð í verksmiðju í Vinarborg nýlega og týndu 17 manns þar lífi og 16 stórmeiddust. Tíu af þeim særðu er ekki hugað líf.

— Meðal annara mála, sem rædd voru í Ottawa þinginu nýlega, var umkvörtun frá herra Monk, foringja Conservative flokksins í Quebec fylki um, að 8 þúsund dollara virði af whiskey hefði verið flutt inn í Quebec fylki nú rétt fyrir fylkiskosningarnar, frá Bandaríkjunum, án þess nokkur tollur hefði verið borgaður af því, og að vini þessu hefði verið útbýtt meðal kjósendanna í Beauce og Megantic kjördæmunum. Áfengis innflutningur þessi sagði hann að hefði verið bókaður í tollhúsinu í Thetford Mines undir nafni F. X. Labrance, en enginn tollur borgaður af því, og útbýting þess gerð algerlega á móti vilja herra Labrance. Fielding ráðgjafi neitaði ekki þessari ákæru. Hann virtist vera málinu kunnugur, en hann kvað sig furða á því, að herra Monk hefði fengið nokkra vitneskju um þetta, og skoraði á hann að tilgreina sögumann sinn. Monk kvaðst skyldi segja honum nafnið einslega, og við það hættu umræður. En þetta litla atriði nægir til þess að sýna, hvernig Liberal stjórnin fer að menta kjósendur fylkisins og afla fylgis þeirra. Eftir er að vita, hvert rikissjóðurinn verður látinn taga tollinum fyrir kosningabrennivín Liberala eða ekki.

— Allsherjar konservative fundur verður haldinn í Halifax þann 23. þ.m. Þar talar herra R. L. Borden sjálfur og 4 fylkjastjórnaformenn: McBride frá British Columbia, Roblin frá Manitoba, Whitney frá Ontario og Hazen frá Nova Scotia. — Samkynja fundir verða haldnir í St. John í New Brunswick, og einhverssstaðar í Ontario og Quebec fylkjum. — Svo er til ætlast, að allir þeir ræðumenn, sem nefndir hafa verið, tali á öllum þessum fundum.

— Einu nýju herskipi var nýlega hleypt af stokkunum í Camden, N. J. Það er með öflugustu herskipum, sem til eru, og kostaði Bandaríkin rúmlega hálfa fjórðu milión dollara. Annað líkt skip var einnig fullgert fyrir Bandarikjastjórn fyrir nokkrum mánuðum.

— Nýju gullnámarnir í Injenikahéraðinu í Norður British Columbia eru taldir all-vænlegir. Maður að nafni Anderson frá Vancouver fékk þar nýlega $2 úr 3 pönnum, úr mold eða leir, sem tekinn var 2 fet undir yfirborði jarðar. Annars sagði Anderson gulltekjuna mjög misjafna og yanalega 7 til 8 cents í pönnu. Hann taldi og nokkra örðugleika á, að ná málminum. Landið þar er flatt og blautt, og ár og lækir sem næst straumlausir. Þegar komið er 4 fet niður, þá fyllast holurnar vatni, svo menn verða að hætta við gröftinn. Anderson segir nauðsynlegt að vinna náma þessa með nútíðar vélaútbúnaði, en til þess þyrfti meiri auð en algengir námamenn hafa ráð á.

— Maður nokkur í Ontario, 54 ára gamall, kvongaðist nýlega ungri prestsdóttur þar í fylkinu. Hann var yfirumsjónarmaður alþýðuskólanna í Brockville bæ, og var í mestu metum. En svo kom það upp, þegar hann fór með þessari ungu konu sinni að heimsækja foreldra hennar, að hann var tekinn fastur, og meðgekk þá að eiga konu á lifi í Toronto og 9 börn með henni. Tvo af þeim eru gift.

— Spánverjar hafa gert samning við franskt félag um að byggja 24 loftskeytastöðvar. Fimtán þeirra eiga að vera á strönd um Spánar, 7 á Canary eyjunum og 2 á Baleraic eyjunum. Síðar á að fjölga slíkum stöðvum. Samningurinn tekur fram, að stöðvar þessar verði að vera nægilega aflmiklar til þess að halda uppi öruggu sambandi milli Spánar og eyjanna.

— Aðal málgagn Rússastjórnar í Pétursborg segir Rússastjórn hafa neitað bandalagi við Breta, með því að slíkt bandalag sé andstætt vilja stórveldanna í Evrópu.

— Einhver ónefndur maður í New York hefir sent tíu þúsund dollara í sjóð þann, sem verið er að mynda, til þess að gera skemtistað úr gamla hervellinum í Quebec. Með sigri sínum í þeim bardaga, náðu Bretar Canada undan Frökkum, sem áður réðu hér ríki.

Mál það, sem um nokkra undangengna mánuði hefir staðið yfir fyrir dómstólum Winnipeg borgar milli Plumbers Union og verkveitenda félags meðlimanna, hefir verið dæmt verkveitendum í vil. Þann ig, að Plumbers Union er dæmd til að borga verkveitendum 4 þúsund dollara, og bann lagt fyrir, að Plumbers Union framvegis aftri mönnum, sem vilja vinna, frá að gera það. Dómarinn tók fram, að skaðabæturnar væru ákveðnar fyrir það, að verkamenn hefðu hindrað þá menn frá að vinna fyrir verkveitendur, sem annars hefðu viljað halda vinnunni áfram, og fyrir það, að hvetja þá, sem voru að vinna, til að leggja niður verk sitt. Félaginu var og bannað, að hafa menn úti til þess að njósna kring um verkstæði og heimili verkveitenda, eða að haka nokkur áskiðti af þeim eða mönnum, er þangað kynnu að leggja leiðir sínar.

— Dr. Andrew McPhail, prófessor á McGill háskólanum í Montreal, sagði nýlega á fundi miklum í New York, að Canada væri dýrasta landið undir sólunni að búa í, með því að lífskostnaður hér hefði hækkað um 67 prósent á nokkrum síðastliðnum árum.

— Fellibylur addi yfir hluta af sunnanverðu Nebraska og Kansas norðanvert á föstudaginn í sl. viku, og gerði meira tjón og á stærra svæði, en nokkur annar slík ur bylur, sem þar hefir komið um margra ára tíma. Margir tugir manna meiddust og yfir 40 létu lífið. Eignatjón varð mikið í hðum rikjum, meira þó í Kansas.

— Auðmannafélag í New York hefir gert bænum Kenora í Ontario tilboð um að byggja þar í bænum feikna mikið trjákvoðu og pappírsgerðar verkstæði, er kosti alls 3 milliónir dollara, ef bænum vilji gefa félaginu undanþágu frá skattgreiðslu um 10 ára tímabil, og ekki skatta félagið fyrir hærri upphæð en 3 þús. dollars á ári um næstu 15 ár. Félag þetta kveðst ætla að kaupa lönd og vatnsaflsréttindi Keewatin Power félagsins. Vinna á að byrja í október nk. og eu milión dollara að leggjast í fyrirtækið á fyrsta ári. Félagið ætlar, að þegar verkstæði þess sé komið í vinnandi ástand, muni það hafa 750 til 900 æfða verkamenn í þjónustu sinni, og þess utan 3 til 4 hundruð algenga verkamenn. Þessa alla við verkstæðin. Þar að auki hyggur félagið að hafa 3 til 4 þúsund manna í skógarvinnu. Svo að alls mundi það hafa milli 4 og 5 þúsund manna í atvinnu árið um kring. Bæjarstjórnin hefir tekið mál þetta til meðferðar, og ætlar að leita atkvæða íbúanna um, hvort sinna skuli tilboðinu.

— Í sl. apríl komu 29,758 innflytjendur til Canada. Það er þriðjungi færra en í sama mánuði í fyrra, þá komu rúmlega 44 þúsundir manna til landsins.

— Mál er höfðað móti einum skólanefndarmanni nálægt Winnipeg Beach, til þess að hafa hann út úr skólanefndinni, af því hann lesi ekki enska tungu. Lögin ákveða, að þeir sem eigi sæti í skólanefnd, verði að geta lesið. En lögin taka ekki fram, hvaða mál þeir menn verði að geta lesið. Nú verða dómstólarnir beðnir að skera úr því, hvort ekki sé nauðsynlegt, að þeir menn kunni að lesa ensku, sem sitji í skólanefnd um hér í fylkinu.

— Þýzkir ölbruggarar, sem mist hafa mikið af hinni fyrri verzlun sinni sökum eflingar vinbannshreyfingarinnar þar í landi, hafa tekið upp það nýmæli, að safna skýrslum yfir glæpi framda af Goodtemplurum, og auglýsa þær um alt land. Því er haldið fram, að glæpir þeirra, sem ekki neyta víns, séu eins miklir og hinna, sem neytá þess. Ölbruggarar hafa þegar fundið 2 glæpi, sem framdir hafa verið af bindindismönnum.

— Gamli Rockefeller hefir á ný gefið hálfa milión dollara til hins svo nefnda "Rockefeller Institute" í New York City. Áður hafði hann gefið 4 milíónir til sömu stofnunar.

Matthías Thordarson

Herra Matthías Thordarson í Selkirk hefir af Canadastjórn verið skipaður "Examiner of Masters and Mates". Starf hans undir skipun þessari er, að taka undir próf í sjómannafræði alla þá, sem gefa sig fram og ætla sér að hafa á hendi stjórn skipa á fótnum í Canadaríki. Embætti þetta er ekki hállaunað, en það er að því leyti veglegt, að engir menn eru skipaðir í það aðrir, en þeir, sem stjórnin hefir fulla tryggingu fyrir að hafi fullkomna sérþekkingu í sjómannafræði.

MATTHÍAS THORDARSON.

Matthías Thordarson er fæddur Arnarfirði á Íslandi árið 1854. Foreldrar hans voru þau Þórður Markússon og kona hans Guðbjörg Guðmundsdóttir, er bjuggu í Austmannsdal, en afi hans var séra Markús Þórðarson, prestur að Álptamýri í Arnarfirði.

Matthías ólst upp hjá foreldrum sínum til 18 ára aldurs, að hann fór utan. Hann langaði til að sjá heiminn, fanst útsýnið svo þröngt í Arnarfirði og ekki þau skilyrði fyrir hendi, sem honum fundust vera nauðsynleg til þess að auðga anda sinn og uppfylla mentalöngun sína. Hann réðist því í siglingar um nokkurra ára bil, ýmist á dönskum eða þýzkum skipum, og lagði leiðir sínar um öll heimsins höf og til allra landa. Til dæmis má geta þess, að á þeim ferðum sigldi hann 14 sinnum yfir Miðjarðarlínuna, var því ýmist í kulda-, tempruðu- eða hitabeltunum, og reyndu þær ferðir fyllilega á þrek hans og heilsu, en veittu honum jafnframt ýmsan fróðleik um lönd og þjóðir, sem þeir einir geta öðlast, sem á líkan hátt læra í skóla reynslunnar.

Í Danmörku gekk hann á sjómannaskóla og lauk þar fyrsta prófi árið 1877. Eftir það stundaði hann nám við hinn æðri sjómanna skóla, og útskrifaðist þaðan, sem fullnema í vélafræði, sjórétti og verzlunar vísindum, landafræði, veðurfræði og í dönsku tungumáli árið 1878. Og tveim árum síðar lauk hann enn prófi í æðri deild sjómannaskólans, og útskrifaðist þaðan með bezta vitnisburði árið 1881. Hann fékk bezta vitnisburð í öllum sínum prófum, og mun ohætt að fullyrða, að enginn Íslendingur hafi lengra komist í þeirri grein en hann. Eftir þetta stýrði hann skipi frá Danmörku til Íslands árið 1881. Fór síðan til Færeyja og færði skip þaðan árin 1882 og 1883. Eftir það fór hann til Íslands og hélt þá tvo vetur sjómannaskóla á Ísafirði. Það var hin fyrsta formlega sjómannakenslu á Íslandi.

Árið 1887 flutti Matthías til Ameríku og settist að í Selkirk bæ, og hefir dvalið þar síðan.

Matthías er maður prýðisvel gáfaður, þaullesinn og fróður í bezta lagi. Hann hefir á síðari árum aðallega stundað trésmíði þar í bænum. En þessa nýju stöðu sína hefir hann hlotið að verðleikum, og þó hún færi honum ekki rifleg árslaun, þá er hún vottur þess, að landsstjórnin hefir metið og viðurkent þekkingu hans og hæfileika umáram þá mörgu hérlenda siglingafræðinga, sem hún vafalaust hefir átt kost á að skipa í stöðu þessa, ef prófskýrteini þeirra hefðu að nokkru getað jafnast við vottorð þau, sem Matthías hefir frá námsárum sínum.

Heimskringla óskar herra Matthíasi Thordarsyni innilega til lukku í þessu hýja embætti hans.

Brantford Perfect | Massey Imperial | Cleveland Rambler



Engin þörf, að keyra með lúinn hest til bæjar, þegar drengurinn mundi með ánægju fara það á hjóli.

Gætið að timatapi og hestaniðslu við það, að útvega ekki piltum eða stúlkum reiðhjól — það, sem væri yður erfiði, er þeim bara skemtun.

Spyrjið börnin, hvað þau vildu heldur en reiðhjól. Það veitir þeim meiri ánægju og yður hagsmuna, en flest annað, er þér kaupið.

CANADA CYCLE & MOTOR COMPANY, LIMITED, WINNIPEG
Heimsins beztu hjólasmiðir
147 PRINCESS ST. - - - - WINNIPEG, MAN.

— Snjór fell í norðurhluta New Brunswick fylkis fyrstu dagana af júní. Þá var og kuldinn um frostmark.

— Fregn frá Ástralíu segir, að útgjöld stjórnarinnar til ellistyrks þeirra, sem verið hafa 20 ár þar í landi og náð hafa 65 ára aldri, sé 9 milliónir dollara á ári.

— Stjórnendur Jefferson bankans í New York hafa gefið stúlku þeirri $500, sem fyrir nokkrum dögum hindraði 4 ræningja frá, að ræna bankann 20 þús. dollara.

— Ítalskur maður að nafni Felice Nazzaro knúði nýlega sjálfhreyfivagn yfir kappskeið eitt í Brooklands bæ á Englandi með hraða, sem jafngildir 120 milum á kl.stund. Vegalengdin, sem hann fór, var 2½ mila. Þetta er talin hraðasta ferð, sem nokkru sinni hefir farin verið í slíkum vagni.

— Hattgerðarhús eitt í Wisconsin ríki gerði nýlega hatt eftir máli fyrir bónda einn þar í ríkinu. Höfuð bóndans mældist 27½ þml. í kring, og hatturinn var 8¾ að stærð, en það er tveimur stærðum meira en nokkur annar hattur, sem gerður hefir verið, eða sem það vissi til, að nokkursstaðar hefði gerður verið.

— Þrettán ára gömuls stúlka í New York lék nýlega þá list, að ræna 9 konur á einni klukkustund. Hún komst í peningatöskur þeirra, sem þær héldu á, og náði alls 15 hundruð dollurum og tveimur gimsteinahringum. Að lokum varð hún uppvís og var varpað í fangelsi.

— Ungar, hraustar og friðar ar konur í Parísarborg hafa uppgötvað nýjan atvinnuveg. Þær sitja á skrifstofum lækna og lesa tímarit og tala við gestina, sem hafa komið að leita sér læknishjálpar. Þær eru þægilegar í viðmóti og skrafhreifnar. Þær segjast hafa liðið ósegjanlegar kvalir svo árum skifti, og lýsa sjúkdómi sínum nákvæmlega. Þær hafa ýurist halt gigt, magasjúkdóma, andarteppu, botnlangabólgu eða eitthvað annað, sem þeim kemur til hugar að lýsa. Þær kveðast hafa reynt marga lækna og kostað miklu fé til þess, að fá bót meina sinna, en alt hafi verið árangurslaust, þar til þær hafi leitað þessa læknis, og hann hafi gert þær albata á 3 vikum. Í dag segjast þær hafa komið þangað bara til þess að þakka læknínum fyrir lífgjöf sína. Það megi ekki minna vera, en að þær lofi fólki að vita, hve ágætur læknir hann sé. Fréttin segir, að þær fái $5.00 á dag fyrir þetta starf sitt og telja læknarnir þeim peningum vel varið, því að þessar kraftaverkasögur kvenna auka mjög aðsókn að þeim.

— Nýlega kom eldur upp í kirkju einni á Þýzkalandi meðan 1800 manns voru þar saman komin, mest konur og börn. En með lagi gátu prestarnir og hjálparmenn þeirra komið fólkinu út úr húsinu í góðri reglu, áður en þakið fell inn. Síðar komst upp, að einhverjir höfðu komið olíu upp á þakið, og kveikt svo í henni meðan fólkið var í kirkjunni. Grunur liggur á flokki manna, sem álitið er, að hafi brent aðrá kirkju í sl. aprílmánuði.

ATHUGIÐ

Fram til 3. Júlí n. k. seljum vér með 25 prócent afslætti allar tegundir af Skó taui, ásamt með drengja og karlmanna fatnaði.

Schweitzer BROS
CAVALIER, N. DAK.

PURITY FLOUR

AÐ BAKA BEZTA BRAUÐ
er meira en vísindi og meira en list.

En það má gerast fljótlega og áreiðanlega með því að nota

PURITY FLOUR

Það er malað úr bezt völdu Vestur-Canada Hörðu Hveitikorni; er algerlega hreint og svo ilmandi kjarngott.

ALLIR ÍSLENZKIR KAUPMENN SELJA ÞAÐ

WESTERN CANADA FLOUR MILLS CO.,
LIMITED.
WINNIPEG, —— CANADA.

Wall Plaster

Með því að venja sig á að brúka "**Empire**" tegundir af Hardwall og Wood Fibre Plaster er maður hár viss að fá beztu afleiðingar.

Vér búum til:

"Empire" Wood Fibre Plaster
"Empire" Cement Wall "
"Empire" Finish "
"Gold Dust" Finish "
"Gilt Edge" Plaster of Paris
og allar Gypsum vörutegundir. —

Eiqum vér að senda yður bækling vorn?

MANITOBA GYPSUM CO. LTD
SKRIFSTOFUR OG MILLUR Í
Winnipeg, - Man.

HEIMSKRINGLA
Published every Thursday by
The Heimskringla News & Publishing Co.

Verð blaðsins í Canada og Bandaríkjunum $1.00 um árið (fyrir fram borgað). Sent til Íslands $1.10 (fyrir fram borgað af kaupendum blaðsins hérlendis $1.00.)

B. L. BALDWINSON,
Editor & Manager

Office:
729 Sherbrooke Street, Winnipeg
P.O. BOX 116. 'Phone 3512.

PÓLITÍSK VEÐRABRIGÐI

Það er gamall málsháttur, að tímarnir breytast og mennirnir með". Um sannleiksgildi þessa málsháttar hafa nýafstaðnar fylkiskosningar í Ontario og Quebec fylkjum fyllilega sannfært Canadabúa yfirleitt. Það eru tiltölulega fá ár liðin síðan ekki að eins ríkisstjórn og þing var í höndum Liberal flokksins, heldur líka hvert einasta fylki í Canada. Manitoba varð fyrst fylkjanna til þess, að brjótast undan merkjum Liberala og kjósa sér Conservative þing og stjórn árið 1899. Þar næst varð British Columbia, sem nú um nokkur ár hefir hafst og hefir enn þá Conservative þing og stjórn. Síðar varð Ontario fylkið, langstærsta, mannflesta og áhrifamesta fylkið í Canada, til þess að kasta af sér Liberal okinu og velja sér Conservative þing og stjórn. Og nú síðast fyrir fáum vikum fór New Brunswick að dæmi nefndra fylkja og kollvarpaði Liberal stjórninni, sem þar hafði lengi haft tögl og hagldir, svo gersamlega, að Conservativar eru þar nú í yfirgnæfandi meiri hluta á þingi.

Alt þetta bendir óneitanlega á það, að Canada búar séu að taka allmiklum og ákveðnum pólitisku skoðanabreytingum, og það sýndu nýafstaðnar kosningar í Ontario og Quebec. Í Ontario eru 106 fylkiskjördæmi. Af þeim fengu Conservativar 88, Liberal flokkurinn að eins 17 og verkamannaflokkurinn einn. Conservativar hafa því 70 atkv. umfram í þinginu, en það er hærri tala en nokkuru sinni fyr í sögu fylkisins. Conservativu þingmennirnir höfðu um 60 þús. atk. umfram í öllu fylkinu en Liberalar að eins 4 þús. atkv. Í þinginu hafði stjórnin 42 umfram fyrir kosningarnar, en nú hefir hún 70 umfram. Hefir því afl hennar aukist svo mjög, að ljóslega er sýnt, að fylkisbúar eru nálega einhuga um alt fylkið, og að þeim fjölgar óðum, sem aðhyllast stefnu Conservativa og fráhverfast stefnu Liberala.

Þess skal getið, að flestir enskumælandi ráðgjafar og þingmenn ríkisþingsins unnu alt sem þeir gátu með Liberölum, en alt kom fyrir ekki. Ánægja Ontario búa með núverandi stjórn sína þar og sívaxandi óánægja með starfsemi og háttalag Laurier stjórnarinnar var það, sem að þessu sinni sérstaklega hvatti fylkisbúa til að sýna Canada hverju megin þeir ætli að skipa sér við næstu ríkiskosningar.

Það þykir markvert, að í flestum eða öllum kjördæmunum þar sem Ottawa ráðgjafarnir unnu mest með Liberölum, þar voru Conservativar kosnir með miklum meiri hluta atkvæða.

Toronto borg sendir 8 þingmenn til fylkisþingsins. Þar voru kosnir allir 8 Conservativar og með svo miklum atkvæðamun, að það tek, ur af öll tvímæli um fylgi þeirra. Fleirtala þeirra var: 3317 — 3405827 — 533 — 3670 — 2928 — 4343 — 1911, — fleirtala alls 22,869.

Hinsvegar var fleirtala sumra þeirra Liberala, er náðu kosninu í fylkinu, ákaflega smávaxin, svo sem: 75 — 80 — 15 — 16 — 25 — 32 — 47 — 63, og svo þar yfir. Sá, sem fékk langmesta fleirtölu, náði 1100.

Blaðið Globe, aðalmálgagn Liberal flokksins í Ontario, segir flokkinn svo gott sem dauðan, og að það þurfi að endurreisa hann að nýju, — til þess muni þurfa mörg ár, en alt megi takast með þolinmæði og kappsamlegum áhuga.

Um Quebec fylki er það að segja, að þar hefir verið Liberal stjórn um mörg ár. Við næstsíðustu kosningar var Conservative-flokkurinn svo að segja enginn til þar í fylkinu, og þá voru yfir 30 Liberalar kosnir gagnsóknarlaust. af því Conservativar treystust ekki að sækja í neinum af þeim kjördæmum. Í því fylki eru alls 74 þingsæti, og þá höfðu Liberalar 65 þingsæti, en Conservativar að eins 9. En nú hefir sú breyting orðið á þessu, að Liberalar hafa náð 50 þingsætum, en andstæðingar þeirra 22, — flest Conservativar. Fleirtala stjórnarinnar því færst talsvert niður, og hefði þó orðið enn þá minni, ef nokkur, ef kosningarnar þar hefðu ekki farið fram á sama degi og í Ontario. Stjórnin í Quebec vissi, að hún var að tapa fylgi kjósendanna, og óttaðist að hún mundi verða feld, ef hún gripi ekki það tækifæri, sem henni gafst, að rjúfa þingið strax og hún vissi, að búið var að fastsetja kosningadag í Ontario, og setja kosningardag hjá sér á sama tíma og þar.

Það eru miklar líkur til, að Quebec stjórninni hefði verið steypt úr völdum, ef kosningar hefðu verið þar eftir að frétt hefði verið um úrslitin í Ontario.

Enn þá er ókosið í 2 kjördæmum þar í fylkinu. Það eru 2 viðáttumikil útkjálkahéruð, sem lít er að komast um á öllum tímum árs.

En það, sem markverðast var við þessar kosningar, var það, að móti sjálfum stjórnarformanninum sótti maður að nafni Bourassa, ungur gáfumaður, ákafur og vel máli farinn. Þessi maður er vinsæll af alþýðu, og svo er að sjá, að sjálfur stjórnarformaðurinn hafi ekki vænst sigurs móti honum. Hann sótti því í tveimur kjördæmum í senn, og það vildi honum til lukku, að hann náði kosningu í öðru þeirra, því hann tapaði fyrir Bourassa í austurhluta Montreal borgar í hinu svonefnda St. James kjördæmi. Þetta var versta höggið, sem Liberalflokkurinn fékk í Quebec fylki, því það sýndi ljóslega, að stjórnarformaðurinn hafði tapað tiltrú kjósenda sinna, og það er öllum stjórnum veikleika vottur. Þetta vissi líka Quebec stjórnin, og þess vegna valdi hún kosningardaginn þann sama og í Ontario, í þeirri fullu vissu, að hún við það hefði meiri hagsmuni atkvæðalega, en annars var útlit fyrir og hún átti skilið.

Hver áhrif þessar kosningar kunna að hafa á næstu ríkiskosningar, verður ekki sagt með neinni vissu. En alment er álitið, að treysta megi því, að Ontario fylki sendi fleiri Conservativa þingmenn til Ottawa, heldur en Quebec getur sent Liberal þingmenn. Enda full vissa fyrir því, að Quebec fylki sendir ekki eins marga Liberala næst eins og að undanförnu.

Að vísu halda blöðin Globe og Free Press því fram, að "töfraafl" það, sem enn fylgi nafni Lauriers, muni nægja til þess að gefa stjórninni fleirtölu þingmanna úr Quebec fylki, og er það mjög sennileg tilgáta. En þessi blöð draga enga dulu á það, að þeim lizt illa á útlitið í Ontario, og að ekki sé þaðan neins að vænta til styrktar Laurier. Milli linanna má alstaðar lesa, að Liberal blöðin óttast afl það, sem Ontario, New Brunswick Manitoba og British Columbia geta beitt við næstu kosningar.

Þau sjá letrið á veggnum.

George H. Bradbury.

Þess hefir áður verið getið í Heimskringlu, að herra GEO. H. BRADBURY sækí um næstu ríkiskosningar um þingsæti í Ottawa fyrir Selkirk kjördæmið hér í fylkinu, á móti herra Jackson, sem nu situr í ríkisþingi fyrir það kjördæmi.

Gimli fylkiskjördæmið er hluti af Selkirk ríkiskjördæminu, og þar sem mikill fjöldi Íslendinga er í Gimli kjördæminu, og að undir áhrifum þeirra er að nokkru leyti komið, hver þessara tveggja manna verður kosinn, Bradbury eða Jackson, — þá er viðeigandi, að kjósendum sé bent á, að athuga afstöðu þeirra beggja gagnvart kjördæminu, og það, hvorn heppilegra muni að kjósa, sem málsvara kjördæmisins fyrir komandi kjörtímabil.



GEORGE H. BRADBURY.

Herra Jackson hefir verið málsvari þessa kjördæmis um nokkur undanfarin ár, og þó vér efum ekki, að hann hafi unnið því alt það gagn, sem áhugi hans fyrir velferð kjósenda sinna og hæfileikar hafa frekast getað orkað, þá verður því tæpast neitað, að ávexturnir af því starfi eru svo litlir, að þeir hafa á engu undangengnu kjörtímabili verið minni eða jafnlitlir, á síðastliðnum 15 árum. Það hefði þó sýnilega átt að vera létt verk fyrir herra Jackson, að koma einhverju verulegu til leiðar á þessu kjörtímabili, þar sem hann hefir verið stjórn þeirri fylgjandi, sem nú situr að völdum í Ottawa, og sem vænta má, að hefði tekið tillögur hans til greina hefði hann lagt fram krafta sína til þess, að verða kjördæminu að nokkru verulegu liði. Svo útlið virðist liggja eftir hr. Jackson síðan hann var kosinn þingmaður fyrir Selkirk kjördæmið, að vart hefði það getað verið minna þótt hann hefði verið þar í andstæðinga flokki, og oss er kunnugt um, að margir framsóknarvinir hans í því kjördæmi eru sár-óánægðir með aðgerðaleysi hans þar eystra.

Nú eru almennar ríkiskosningar í nánd, og herra Jackson sækir á ný um sama sæti. Væntanlega gerir hann þá grein fyrir ráðsmensku sinni, og það er fyrirfram sjáanlegt, að sú skilagrein getur með engu móti orðið kjósendunum neitt ánægjuefni, heldur þvert á móti orðið til þess, að hann hljóti að tapa tiltrú þeirra algerlega, sem framtíðar þingmaður fyrir Selkirk kjördæmið.

George H. Bradbury

sækir um þingmensku móti Jackson. Bradbury er maður svo vel þektur hér í Vestur-Canada og sérstaklega í Selkirk kjördæminu öllu, að vér sjáum þess ekki þörf, að lýsa honum eða hæfileikum hans nákvæmlega. Hann er maður gæddur góðum hæfileikum, og mun án efa gera góðan þingmann, ef hann nær kosningu, sem ekki virðist neinn vafi á í þetta skifti.

Blaðið Tribune, dags. 9. þ.m., segir það nú alment játað, að Bradbury verði næsti þingmaður fyrir Selkirk kjördæmið, og að svo miklu leyti, sem Heimskringlu hafa borist fréttir um það mál viðsvegar að úr öllum hlutum kjördæmisins, þá virðist enginn vafi leika á því, að hugur kjósendanna hneigist mjög að honum, eftir því meira, sem óánægjan eykst af aðgerðaleysi núverandi þingmanns kjördæmisins.

Sérstaklega hefir herra Bradbury jafnan látið sér ant um hag íbúanna við Winnipeg vatn, og mörg eru árin síðan hann tók að tala máli þeirra við Ottawastjórnirnar hverja fram af annari. Hann er þar eystra í miklum metum, og orð hans mega sín mikils. Skyldmenni á hann þar mörg og víni, og eru nokkrir þeirra í auðmanna tölu, og það má svo heita, að hann hafi þar heimili jöfnum höndum og hér vestra.

Herra Bradbury hefir um nokkurn undanfarinn tíma verið að ferðast meðal kjósenda í Selkirk kjördæminu, og lætur hann það bezta yfir viðtökunum hvervetna, og telur sér sigurinn algerlega vissan við kosningarnar, hvenær sem þær skella á.

Hvað þann hluta kjördæmisins snertir, sem Íslendingar búa í, og þá sérstaklega íbúa Nýja Íslands, þá hefir herra Bradbury jafnan sýnt góðan vilja og viðleitni til þess, að bæta hag þeirra. Hann telur það starfsemi sinni að þakka að Hnausabryggjan var fyrst bygð og einnig það, að viti var bygður við mynnið á Rauðá, að mælingar voru gerðar fyrir Gimli bryggjunni, og fjárveiting gerð fyrir bryggjusmíðinu.

Undirbúnings mælingar í Winnipeg vatni voru gerðar að tilmælum herra Bradbury. Alt þetta voru þær fyrstu verulegu umbætur, sem gerðar voru á Winnipeg vatni eða við strendur þess, og að þessum umbótum hefir herra Bradbury unnið uppi haldslítið, alt frá því hann fór að hafa aðsetur hér vestra og kynnast högum Ný-Íslendinga og ástandinu yfirleitt. En auk þess hefir hann jafnan unnið að því, að fá þær umbætur gerðar á fiskiveiða löguðum, að því er þau snerta veiði í Winnipeg og Manitoba vötnum, sem veittu íbúunum meðfram þeim mest hlynnindi og mesta hagsmuni. Allan sinn aldur hér í Vestur-Canada hefir herra Bradbury sýnt einlægan vilja til þess, að fá þær umbætur gerðar af Ottawa stjórninni, sem jöfnum höndum gætu gert íbúunum hagræði og landinu í heild sinni framför.

Maðurinn er alþýðuvinur. Það er algerlega óhætt að fullyrða, að herra Bradbury, sem ennþá hefir aldrei átt sæti í nokkru þingi, hefir með áhrifum sínum komið miklu meiri framförum til leiðar hér vestra, heldur en andstæðingur hans hefir gert, þótt hann hafi haft þingsæti og öll sýnileg tækifæri til þess, að láta mikið gott af sér leiða, ef viljinn og áhuginn hefði verið tækifærinu samfara.

Engum þarf því að blandast hugur um það, af hverjum þessara tveggja manna er meira að vænta í framtíðinni, því vissulega hefði herra Bradbury komið enn þá meiru til leiðar fyrir Vesturlandið, ef hann hefði átt sæti í ríkisþinginu.

Nú biður hann kjósendurna, að minnast þess, sem hann þegar hefir gert, og að sýna sér þá tiltrú, sem hann réttilega álítur sig verðskulda, með því að greiða sér atkvæði nú við næstu almennar kosningar til ríkisþingsins, svo honum gefist fult tækifæri, sem kosnum málsvara þeirra í Ottawa, til þess að vinna að áhugamálum þeirra og að koma á þeim umbótum, er hann telur æskilegar og nauðsynlegar.

Ný-Íslendingar hafa þekt herra Bradbury um mörg undangengin ár og hafa haft þeim mun meira álit á honum, sem þeir hafa þekt hann lengur.

Fyrir 14 árum síðan, þegar Ný-Íslandsbúum var áhugamál að fá bryggjur bygðar við strendur nýlendunnar, og þegar hr. Bradbury átti heima í Ottawa, þá sýndi sveitarstjórn Nýja Íslands hverja tiltrú hún bar til hans með því, að senda bænarskrá sína til Ottawa stjórnarinnar beint til herra Bradbury, og biðja hann að leggja hana fram fyrir stjórnina og fylgja henni þar fram. Í gerðabókum sveitarstjórnarinnar er á blaðsíðum 189 og 190, dags. 16 apríl 1894, svolátandi ályktun nr. 46:

"Be it therefore resolved, that a copy of the petition (re wharfs) to the Dominion Government af Canada above referred to, be submitted to G. H. Bradbury Esq. of Ottawa with the wish and request of this council that he will kindly do his best to draw the attention of the Government to this our all important matter, and urge upon the Government to take immediate action thereon.

"Be it further resolved, that this Council acknowledge with gratification and much satisfaction the unexpected changes in the fisheries regulations effected by Mr. G. H. Bradbury, and which will be a great boon to our people in the settlement and the advantages afforded thereby will be remembered with kind regards".

Á íslenzku er ályktunin á þessa leið:

Það er hér með ályktað, að eftirrit af bænarskránni (um bryggjur) til Canada stjórnar, og sem áður er umgetið, sé send til G. H. Bradbury í Ottawa með þeirri ósk og beiðni frá þessu sveitarráði, að hann vilji góðfúslega gera það sem í hans valdi stendur, til þess, að beina athygli stjórnarinnar að þessu voru allsvarðandi áhugamáli, og að knýja á stjórnina að sinna þessu máli tafarlaust.

"Sé það ennfremur ályktað, að þetta sveitarráð viðurkenni með þakklæti og mikilli ánægju þær óvæntu breytingar, sem gerðar hafa verið á fiskiveiða reglugerðinni fyrir tilverknað herra G. H. Bradbury og sem reynast munu fólki voru hér í sveitunum til mikilla hagsmuna, og hlynnindin, sem það þannig verður aðnjótandi, verða með hlýjum hug höfð í minni".

Herra Bradbury vonar, að Ný-Íslendingar sýni sér við næstu kosningar þann hlýhuga vott, í minningu um þetta starf hans og önnur, sem leitt hafa til hagsbóta fyrir nýlendubúa, að greiða sér atkvæði við næstu ríkiskosningar. Hann er sannfærður um, að hann fái þá svo miklu áorkað fyrir kjósendur sína, þegar hann á sæti í þinginu, að hann veti sýnt þeim, að hann verðskuldi fyllilega þá tiltrú, sem þeir þannig veiti honum.

Kjósið Bradbury.

SAMTAL UM BÚSKAP

Eftir ORRA

IV.

Ketill: Yrkir þú maískorn á landi þínu? Ef svo, hvernig þrífst það, og hver er bezt aðferð við yrkingu þess?

Atli: Maískorn hefi ég haft til yrkingar nú í mörg ár. Mais er upprunninn frá Indiánum. Þeir kendu hvítum mönnum að nota það sér til viðurværis, og hefir sú aðferð jarðar fullkomnast, aukist og útbreiðst með vaxandi mentun og menning, þar til nú, að það er orðin ein af aðalkorntegundum heimsmarkaðarins. Mais er suðlæg eða miðjarðar jurt, en með þrautsegju iðnnnar hefir mönnum tekist, að venja plöntuna við svo mis munandi loftslag, að hún er nú farin að teygja tær inn í veldi Canada manna, og líkur eru til, að eigi muni langir tímar líða, að mais blómstri eins norðarlega og hafrar þrífast. Svo má að orði kveða, að tegundir mais séu ótölulegur grúi, mismunandi að útlíti og kostum. Einn lofar þessa tegund og annar hina. En sú tegund, er vér köllum "Flint" er þrautseigust allra mais tegunda. Hún þolir heitt og kalt loftslag betur en nokkur önnur tegund þeirrar plöntu, er hörðust en smávöxnust.

Þú spurðir mig að, hvernig mais þrífist, þar sem það er orðið vel landvant, gefur það af sér frá 30 til 80 bush. af ekru hverri. Almenn aðferð við yrking mais er sú, að plægja akurinn að vori til (sumir álíta haustplægingu eins góða eða betri). Undirbúningur akursins til sáningar er sá sami, sem fyrir aðrar korntegundir. Sáningin er ýmist gerð með handplant ara eða hesta. Með handplantara getur röskur maður plantað 5 ekrur á dag, en með tveggja hesta plantara 15 ekrur. Vanalega er mais krossplantað, með 3½ fet millibili hvern veg, en í holu hverri tvö til fjögur korn. Sáðtími er, þegar næturfrostum linnir. Einnig er því oft plantað í þéttar raðir, 3½ fet milli raða, en í röð frá 3—12 þuml. En sá er hængur á þeirri aðferð, að þá getur maður ekki unnið akurinn eftir plöntun nema annan veginn. Þegar maður er búinn að planta, er það hið fyrsta vik, að hefja akurinn strax á eftir. Svo lætur maður líða 3 til 5 daga, og herfar svo aftur upp á nýtt. Það er háskalaust, en stórhagur að hefja maísakur þar til plönturnar eru orðnar 2 þuml. hár, eftir það verður maður að nota maísplóginn til að vinna akurinn með, halda honum hreinum frá illgresi. Hve oft um gróðrartímann að plægja þurfi á akrinum, er ekki hægt að gefa neina fasta reglu fyrir. Sumir segja, að þrisvar sé nóg. En grasafræðingurinn segir, að því oftar, sem rótað sé við moldartoppunum, því vissari sé vöxtur plöntunnar. Sé veðurlag um gróðrartímann saggasamt eða blautt, er mjög áríðandi að ýfa moldina á akrinum sem oftast, til að hleypa sólarhitanum inn að rót um plantnanna. Sé þar á móti þurt og heitt veður, varnar kalda moldin, sem plógurinn kastar a yfirborðið, ofhita á plönturnar.

Áhöld til mais yrkingar höfum vér nú orðið mjög hentug. Þar er fyrst að telja sáningarvélina, er tveir hestar ganga fyrir, og sem sáir tveimur röðum í senn. Hún er svo útbúin, að hún vinnur eftir óskum manns, þ.e.s., að með henni getur maður hvort er vill krossplantað eða þéttplantað í raðir. Svo er plógurinn, sem oftast er með 4 oddmynduðum rekublöðum (stundum fleiri), gengur á tveimur hjólum og er útbúinn með sæti. Mais sjálfbindara og þreskivél höfum vér einnig. — En nú í seinni tíð eru ýmsir bændur farnir að girða inn mais akra sína á haustin þegar þeir eru orðnir þroskaðir, og sleppa svo í þá þeim af gripum sínum, er þeir ætla til markaðar í hvert sinn. Þeir segja, að sú aðferð sé arðmest undir núverandi kringumstæðum, þar eð vinnulaun séu nú komin í þann algleyming, að óarðvænlegt sé að kaupa mannsaflið lengur.

Í blöðum er maísakur fegurstur akra á að líta.

Ketill: Þrífast baunir hér vel?

Atli: Baunir þrífast hér ágætavel, svo að í hagstæðri tíð getur maður fengið þrjár uppskerur á sama sumri. Baunum má sá eins snemma að vorinu til eins og höfrum. Vanalega er þeim sáð með sömu sáningarvél, sem maður sáir með öðrum smáum korntegundum s.s. hveiti o.þ.l.. Tilraunastöðvar hafa reynt að sá þeim með fljótvöxnum höfrum og hepnast vel. Með því móti að hafa þær með höfrunum, verður uppskera þeirra auðveldari en ella. Baunir eru mjög góð verzlunarvara, og er markaðsverð þeirra vanalega $2. Auk þess eru þær hin bezta fóðurtegund handa gripum vorum. Sá er einnig kostur þeirra, að þær eru jurta beztar til að sá þeim í svina haga, sökum hins fljótgerða gróðrarmagns þeirra. Með því að brúka þær sem gras handa svínum til fóðurs, getur maður haldið þeim grænan haga fram á haust. En til þess verður maður að skifta haganum með þvergirðingum í tvö eða fleiri hólf, svo að eitt hólf sé til í blóma, þegar annað er þrotið. Með því móti getur maður sparað sér ótrúlega mikið af öðru fóðri handa svínum. Þegar maður sáir baunum með höfrum, ætlar maður tvö bushel af baunum móti einu af höfrum.

Ketill: Hvenær byrja heyannir ykkar og hvaða heytegund reynist ykkur bezt?

Atli: Heyanna tími vor er júlí og ágúst. En af öllum grastegundum er hið vilta gras bezt, það gerir ljöbreytni þess, samsafn hinna margbreytilegu jurtategunda. En svo ræður það miklu um gæði heys, hvernig engjahirðingu þess er háttað. Vel hirt hey, slegið á réttum tíma, hvorki illa þurkað eða ofþurkað, heldur að mestu gæðum sínum óskertum. En aftur á móti illa með farið, hrakið hey, er litlu betra fóður en hálmur. Hinn rétti tími eða hið rétta ásigkomulag grassins til að slá það, er þegar brúnrauðum lit er farið að slá á það. Eru þá flestar tegundir þess í blóma, að eins þær allra fljótvöxnustu búnar að kasta fræi. Smári t.d. skyldi ætíð sleginn þegar lífill hans stendur í fullum blóma. Því standi hann lengur, harðnar leggurinn og verður viðarkendur, sætan missist og limtegundin. Það er svo með allar grastegundir, að betra er að slá þær á undan fullum vexti, en eftir. Hey er hér sömu lögum háð sem á Íslandi. Liggi það órakað lengi á engi, þá skemmist það. Sólin brennir í burtu olíu-kvoðuna, er utan á það sest við sláttinn. Sú kvoða er aðalvörn móti eyðileggingu graseðlisins. Því fljótar, sem vér náum heyinu saman, því betra. Tilraunastöðvar hafa komist að þeirri niðurstöðu, að affarasælt sé að salta hey í stakk eða hlöðu, saltið drepi pöddur og yrm linga í heyinu, heyið haldi lit sínum betur, ef saltað sé, og að heyið verði hollara fóður. Vel hirt hey, hreint neyzluvatn, nákvæmni með smáatvikin, er viss vörn bóndans gegn sjúkdóms eyðileggingu á kvikfé hans. Súrheys hlöður eru hér nú orðið mjög tíðkaðar og virðast að ná meiri og fastari fótfestu með hverju ári sem líður. Í þær er heyið látið að eins grasþurt, — sem vér Íslendingar segjum, — en algengast eru þær notaðar fyrir maísnjóla-hey, rúg, smára, sírópsreyr, kál og rófur. Í súrheys hlöðum ("Silos") geymist fóðrið í sínu eðlilega gras ásigkomulagi, og er þess vegna lístugra og kraftbetra en þurt fóður. Uppgötvunar maður súrheys hirðingar var franskur maður að nafni Ágúst Goffart. Af einni ekru er alment álitið, að fáist 20 tons af heyi (mais-heyi). Sé það slegið grænt og sett í súrhlöðu, mundi það endast einni kú í 1000 daga.

(Niðurl. á 5. bls.)

Sumtal um búskap. — Frá 2. bls.

eða 3 kúm í eitt ár. Af súrheyi er kúnni ætlað 40 pund á dag. Þar af getum við séð, að súrhey, mun verða ómetanlegur hagur fyrir bændur.

Prófessor Clinton D. Smith við búnaðarskólann í Michigan segir:

"Maísinn er konungur plantnanna. Sú planta gefur bóndanum meira fóðurmagn en nokkur önnur grastegund. Því ætti bóndinn að gera sér hana sem arðmesta, með sem minstum tilkostnaði, og auðveldasti vegurinn til þess eru súrheyshlöðurnar. Fyrir kostum þeirra er nú fengin full reynsla, og að þær eru arðvænlegar einkum og helst fyrir mjólkurkýr, og til þess að fita uxa og aðra sláturgripi. Vanaleg bygging súrheyshlöðu er þannig: Hringbygð, grjótgrunnur undir, gólf cementað, stoðir 2x4, að innan klædd með tvöföldum ½-þumlunga borðum, með tjörupappir á milli. Tjörupappir og borðhliðar, er saman snúa, skuli tjargast úr gastjöru og gasoline, einnig skal pappirinn tjargast úr sama eini. En innhliðin skal ótjörguð. Þess verður vel að gæta, að klæðningarnar skari, svo rifur standist ekki á. Fyrir utanklæðningu eru notuð algeng suðbyrðings borð ("drop siding"). Einar dyr niður við grunn, dyratré úr 4x6 bjálkum. Upp við topp er vindauga, sem heyið er látið inn um. Þess verður einnig vel að gæta, að hver umferð borða bindi aðra, — þannig, að aldrei komi í senn saman fleiri en tveir borðsendar. Smá loftholur verða að vera á ytri eða yzta byrðing, til þess að draga í burtu gasloft, er safnast gæti á milli byrðinganna. Öll byggingin verður að vera vandlega, trúlega og traustlega bygð, svo engin hætta sé búin að hún rifni undan þunga þrýstingnum".

Ef maður ætlar að súrsa mais, þá slær maður ekki akurinn fyrr en axið er fullmyndað og korn farið að gljá í axi. Margir álíta það svo erfitt og viðurhluta mikið, að fylla þessar hlöður og magna það svo í augum sér, að þeir áræða aldrei að reyna slíka byggingu eða reisa af grunni. En slíkt er að eins röng imyndun. Undir flestum kring umstæðum, getur hver bóndi gert þá vinnu með sínu eigin liði hafi hann heysaxara og lyftistiga til að flytja heyið frá saxaranum og í vindaugað, og hafi þær vélar drifnar af hestakrafti, mun vinnan ganga svo fljótt, sem þörf krefur. Það hefir mörgum bónda orðið að fótakefli, að hann hefir keypt margfalt dýrari sýrheys hlöðu áhöld, en þörf krafði. Einnig að margir hafa bygt þær stærri og kostnaðarmeiri en þeir þurftu a að halda.'

Ketill: Mundu ekki þessar hlöður vera hentugar á Íslandi?

Atli: Jú, mjög svo nauðsynlegar, og það er vonandi, að Íslendingar taki upp þá aðferð við hirðingu heyja, áður langir tímar líða, því þar sem óþurkar eru svo tíðir, mundi sú hirðingar aðferð bjarga margri skepnunni frá hugursdauða. Íslendingar gætu hirt marg an haggann grasþurran á þeim tíma, sem þeir eyða til þess að b r e i ð a, s æ t a, b r e i ð a til þarris. Það er merkilegt, að þessir háveru búfræðingar þeirra skuli ekki vera búnir að kenna þjóðinni þessa aðferð, því langt er síðan að Norðmenn byrjuðu að nota hana, og gefst þeim hún vel, sem öllum öðrum.

Blöðin fylgjast með.

Stjórnar barátta Íslendinga fer ekki fram hjá Bandarikja blöðunum. Flest hafa þau eins og blöðin í Canada minst á samnings tilraunir þær, sem um þessar mundir er verið að ræða í millilandanefndinni í Kaupmannahöfn.

Blaðið St. Paul Dispatch, dags. 22. maí sl., flytur svolátandi ritstjórnargrein um málið:

"Sérhver þjóð, sem hefir framfaramiklar hjálendur, ætti að athuga það, sem nú er að fara fram á Íslandi. Því að Ísland, með hyggilegum og frjálsum samningi við Danmörku, er nú búið að öðlast sem næst full þjóðréttindi. Ísland gekk undir Danmörku árið 1814, þótt Norvegur hefði frændsemis og afstöðu vegna meiri rétt til bandalags við það. En aðskilnaðurinn við Noreg og fjarlægðin frá Danmörku, hefir vafalaust átt þátt í því, að skapa í Íslendingum öfluga sjálfstæðisþrá. Eftir 60 ár frá þeim tíma, eða árið 1874, hepnaðist Íslendingum að fá stjórnarskrá, sem gerði þá eins óháða Danmörku eins og Noregur var Sviariki árið 1814. Aftur vann Ísland annan sigur árið 1903, með því, að fá þá innlendan ráðherra, sem væri heimilisfastur í landinu og kjörinn af landsmönnum sjálfum, í stað þess, að hver önnur hjálenda í heimi verður að sætta sig við, að þiggja þá landsstjóra, sem aðalríkið úthlutar þeim. Þetta styrkti og þjóðernislega meðvitund landsbúa, með því að ráðherrann hefir ekkert neitunarvald, þó hann hafi vald til þess, að hafa eftirlit með lagasmíði þingsins. Og nú árið 1908 eru Íslendingar orðnir sjálfstjórnandi þjóð, fóstbræður Danmerkur undir sameiginlegum konungi, með sameiginleg landvarnar og utanríkismál, og undir sameiginlegum ríkisfána.

"Þetta er lítið keisaradæmi, en það er þjóðingarmikið fyrir hjákendur annara ríkja og mikill sigur er það fyrir hina litlu þjóð. Og betri hefði aðskilnaður Svía og Norðmanna orðið, hefði hann verið á þennan veg, hversu vel sem sá aðskilnaður kann að reynast í framkvæmdinni. Og slíkur aðskilnaður liggur fyrir Bretlandi og lýðlendum þess. Það má svo heita, að Canada sé í þessu ástandi á yfirstandandi tíma, þar sem landstjórinn þar, léti sér ekki til hugar koma, að breyta á neinn annan hátt en sem ráðgjafi Breta í Canada. Hann mundi ekki beita neitunarvaldi gegn nokkru lagafrumvarpi, sem þing Canada samþykti, eða á nokkurn annan hátt beita konunglegu valdi sínu gegn Ottawa stjórninni.

Ástralía hefir sem næst ótakmarkað stjórnfrelsi. Suður Afrika er að vakna til meðvitundar um þjóðernislegan rétt sinn og hefir ödlast, sérstaklega fyrir áhrif Winston Churchill meðan hann var utanríkisráðgjafi, mjög svo rýmkað stjórnfrelsi. Nú er Indland í stjórnfrelsislegum umbrotum, sem með tímanum hlýtur að leiða það inn á brautir sjálfstjórnandi lýðlenda í ríkjasambandinu. Sama liggur fyrir frönsku lýðlendunum í Norður Afríku, og jafnvel Bandaríkin játa, að Filips eyjar verði með tímanum sjálfstæð ríkisheild. Ef þessum lýðlendum nú að eins tækist, að vinna sig upp til sjálfstæðis á jafn stuttum tíma og jafn friðsamlega eins og Íslandi hefir tekist að gera það!

Samband það, sem í framtíðinni bindur Ísland við Danmörku, er eins og það, sem samanbindur tvö sérskilin ríki. En Íslendingar láta Dani annast um sambandið við umheiminn fyrst um sinn, þeir ætla sér fyrst og fremst, að annast öll sín eigin sérmál, og þegar stjórn þeirra er komin á fastan fót, þá er eðlilegt og líklegt, að þeir einnig taki að sér umönnun utanríkismálanna. Enda verða þjóðirnar þá að líkindum búnar að opna augun fyrir því, að umönnun þeirra er ekki eins vandasamt starf, eins og mönnum nú á dögum er talin trú um, að þau séu. Canada hefir reynslu fyrir því, að sjálfstjórnandi nýlenda verður að hafa fult atkvæði um það, hvernig utanríkismálum hennar er hagað. En að mestu leyti munu flestar lýðlendur skirrast við, að taka að sér alla umönnun utanríkismálanna, þegar þær eiga sjálfar einnig að taka að sér útgjöldin og ábyrgðina, sem því er samfara. —

Stjórnarfarslegt samband við annan ríkishluta er spor í áttina til fullkomins stjórnfrelsis. Hinar hygnu lýðlendur, Canada og Ísland, eru að sýna umheiminum, á hvern hátt hægt sé að framkvæma þetta".

St. Paul Pioneer Press, dags. 21. maí, flytur svolátandi ritstjórnargrein:

..."Ísland, sem bráðlega á að verða sjálfstjórnandi þjóð í sambandsveldinu danska, hefir gefið eftirtektavert eftirdæmi, og sýnt, hver áhrif loftslag og viðbúnaður hefir á mannkynið. Ísland, sem er kalt og ófrjósamt eyland í norðurhluta Atlantshafsins, hefir um þúsund ára tímabil verið útjaðar heimsmenningarinnar, og á meiri ar á braut framfaranna að fullhluta af því tímabili hefir það verið í broddi mannkynsfylkingarinnkomnu sjálfstjórnar takmarki. Ísland var sá gríðastaður, sem hinir harðsnúnu en undirokuðu Norðmenn flýðu til fyrir öldum síðan. Þess ófrjóu strendur buðu lífsuppeldi eingöngu þeim, sem gæddir voru atorku, dugnaði og fyrirhyggju og gátu tekið lífsuppeldi sitt úr sjónum, eða á landkögri því, sem liggur milli sjávarins og hinna snæþöktu jökla. Barátta fyrir tilverunni og nauðsyn á allri sparneytni, framleiddi þjóðar einkenni í Íslendingum, sem alt mann kyn gæti með hagnaði tekið sér til eftirbreytni.

"Íslendingar mynduðu lýðveldi fyrir nálega þúsund árum. Þeir samþyktu stjórnarskrá og þeim var stjórnað af kosnum málsvörum, þegar mestur hluti heimsins var undirokaður af herdeildum harðstjórannna. Þeir höfðu kviðdóma í sakamálum nálega 300 árum áður en Englar fengu þegnfrelsi sitt viðurkent. Þeir tóku kristna trú fyrir nærfelt 900 árum, og löngu áður en forfeður ílestra Evrópu þjóða höfðu hætt við sína heiðnu guði. Með kristnitökunni tóku þeir að æfa ritlistina, og framleiddu undra ljósskrúðugar bókmentir í Eddum og sögum. Þeir létu sér ant um einstaklingsfrelsi og þjóðfrelsi. Lög þeirra um borgaralegar skyldur og réttindi, um fátækramál og önnur þjóðleg stjórnmál voru öldum framar en samtíð þeirra, og þann dag í dag hefir heiminum ekki tekist að fá neina endurbót á sumum þeirra. Þessi litla þjóð átti þátt í stríðum, sem gleyptu Norðmenn og Íslendingar urðu því undirlægjur Norðmanna og síðar Dana, eftir 300 ára þjóðfrelsi. En aldrei glataði þjóðin þeim eiginleikum, sem gerðu forfeðrum Íslendinga mögulegt, að mynda lýðveldi á þessari hrjóstrugu eyju. Og á öllum þeim öldum, sem Íslendingar hafa barist þar fyrir tilveru sinni, mistu þeir þó aldrei móðinn.

Danir hafa veitt Íslendingum sjálfstjórn og nú eru samningar í þann veginn að vera fullgerðir um, að Ísland skuli verða algerlega sjálfstætt ríki í sambandsveldi Danmerkur og Íslands. Bæði löndin eiga að hafa sameiginlegan konung og sameiginlegu utanríkisráðherra.

"Þannig verður Ísland í annað sinn sjálfstætt ríki, svo að frelsisfræ það, sem sáð var á lýðveldistímabili þess og síðar á 700 ára tímabili megi bera ávöxt. Þeir, sem bygðu þetta norðlæga land, hafa orðið að heyja uppihaldslausa baráttu við náttúruna fyrir öllu því, sem þeir hafa getað hrifsað úr skauti hennar. Lífsbaráttan hefir orðið þeim hið mesta alvörumál. Ef á hinn bóginn, að þessi eyja hefði verið einn af heimsins ljúfustu aldingörðum, þar sem alls nægtir hefðu borist að hverjum, sem rétti út hönd sína eftir þeim, — þá hefðu landsbúar að líkindum tapað þeim lyndiseinkunnum, sem í gegn um aldaraðirnar hafa gert fólk þetta það sem það nú er. Þá hefði ekkert fyrri tíma lýðveldi verið þar til, og þá væri Ísland í dag að líkindum hjálenda einhverrar þjóðar í Evrópu".

Þessar greinar eins og margar aðrar í hérlendum blöðum um hið sama efni, sýna glögt, að íbúar þessa lands fylgjast með athygli og ánægju með í málum Íslendinga, að því er snertir sjálfstjórnar baráttu þeirra, og það veldur Ameríku og enskumælandi mönnum yfirleitt hinnar mestu gleði að vita, að Íslandi verður ágengt í þessari baráttu. Ameríkumenn kunna öllum þjóðum betur að meta þjóðlegt sjálfsforræði. Þeir hafa sjálfir gengið í gegn um sama hreinsunareldinn, þó nokkuð á annan hátt en Íslendingar, og þeir báru fullan sigur úr býtum, og af sætleik þess sigurs hafa þeir neytt um meir en aldar skeið. — Þess vegna er það eðlilegt, að þeir allra þjóða mest samfagni hverju því spori, sem Íslendingar fá stigið til stjórnarfarslegs sjálfstæðis. Vér teljum mjög tvísýnt, að Vestur-Íslendingar sjálfir láti sér nokkuru annara um hagi Íslands í þessu efni, heldur en helftin af hinum mentaðri hluta enskumælandi manna í þessari álfu.

SVAR
til Björns Thorvarðssonar.

"Use no hurtful deceit,
think innocently and justly;
and if you speak, speak accordingly."

Benjamin Franklin.

Í síðustu Heimskringlu, 4. þ.m., flytur þú lesendum blaðsins álit þitt á stefnu og starfsemi stúkunnar Skuldar No. 34 af A.R.G.T.

Við skulum athuga umsagnir þínar, ákærur og umkvartanir í bróðerni.

Fyrsta umsögn þín hljóðar þannig: "Ódrengilegt er margt af því, sem Skuldungar fremja". Röklæðska þin er þannig: "það hefir borizt svo ljóst mér til eyrna, að ég er ekki lengur í neinum efa um það". Þetta er veik röksemdafærsla, og naumast frambærileg í opinberu blaði. Að minu áliti hefðu óhrekjandi tilvitnanir átt að fylgja, sem ekki væri hægt að vefengja með rökum.

Önnur umsögn þín hljóðar þannig: "Það virðast vera önnur grundvallaratriði þeirra stúku eða inntöku manna í hana, en að berjast við Bakkus og sigra hann".

Ég hygg að öllum Goodtemplurum sé það fyllilega ljóst, að grundvallaratriði allra Goodtemplara stúkna, undantekningarlaust, séu hin sömu — að útrýma Bakkusi. Þú virðist ekki gæta þess, að með þessari aðdróttun, til stúkunnar, ert þú sjálfur að brjóta stórkostlega, ekki að eins eitt af þýðingarmestu atriðum, sem Goodtemplarareglan bannar (að ófrægja félagsbræður sina og systur), heldur einnig alment siðgæðislögmál.

Ég get ekki fundið neina frambærilega afsökun fyrir þig, gagnvart kændum greinar þinnar, aðra en þá, að þú hafir ritað grein þina með æstum geðsmunum, og hefir auðsjáanlega ekki halt vald yfir hugsun og framsetning. Þetta er eins ljóst eins og dagurinn er bjartur. Ég skal benda þér á eitt dæmi því til sönnunar.

Þú skýrir frá því í grein þinni, að þú hafir sent skriflega úrsögn til stúkunnar 6. maí, og 12 dögum síðar hafi þáverandi aðstoðarritari komið til þín og sagst hafa leynt bréfinu (í bréfinu, sem þú sendir stúkunni 27. maí, stendur orðið stolið í staðinn fyrir leynt), og nafn mannsins tilgreint. Taktu nú vel eftir. 12 dögum síðar en 6. maí, hlýtur að vera 18. maí. Hver var þá aðstoðarritari stúkunnar? Það var og er enn Miss Ingibj. Austdal, en ekki sá, sem þú tilnefndir í úrsagnarbréfi þinu 27. maí. Lesendum Heimskringlu ætti að vera þetta ljóst, hver var þáverandi aðstoðarritari, því að Hkr. flutti skýrslu um það í maimánuði, hverjir voru settir í embætti í stúkunni Skuld, fyrir yfirstandandi ársfjórðung. Af þessu leiðir eðlilega sá misskilningur, að Miss Ingibj. Austdal hafi leynt eða stolið hinu fyrra úrsagnarbréfi þinu til stúkunnar, ds. 6. maí. Þessi missögn stafar auðsjáanlega af því, að þú hefir eigi haft fullkomið vald yfir hugsun og orðfæri, og ég kenni það óeðlilega æstum geðsmunum.

Með þessari ógætni þinni hefir þú, að því er virðist, (þótt óafvitandi sé,) sýnt einni af félagssystrum þinum, það sem kalla mætti óviðjafnanlegan órétt og litilsvirðingu í opinberu blaði. Ég efast eigi um, að margir munu líta svo á, að þú sért vísvitandi að gera tilraun til þess, að ófrægja og litilsvirða þina eigin stúku með grein þinni, í hefndarskyni fyrir ein hverja smávægilega, persónulega miskliið við vissa einstaklinga. En ég lít eigi svo á, heldur hygg ég að tilfinningar þínar hafi leitt hugsun þina og dómgreind í gönur. Væri nú ekki gott fyrir okkur, þegar svona stendur á, og okkur er orðið það ljóst, að við höfum rasað um ráð fram, að spyrja sjálfa okkur: Hvi sá ég flísina í auga bróður míns, en gætti eigi bjálkans í mínu eigin auga?

Ákærur. Þú ákærir stúkuna um það, að hún sýni meðlimum sinum óviðjafnanlega órétt og litilsvirði konur stúkunnar, bæði á fundum og utan funda, og geri helztu og beztu meðlimum alt hugsanlegt til skammar, sem þeir geta orkað.

Þessar ákærur reynir þú ekki að rökstyðja. En hyggur þú nú ekki, að þú sért að gera einhverjum rangt með þessu? Átt þú ráð á þyngri ásökunum á hendur bræðrum þínum og systrum? Heldur þú nú ekki, að þig skorti viðunandi varnir, ef stúkan vildi í réttlætisdóm við þig ganga. Ég skal fúslega kannast við það, að ég treysti mér ekki til, að standa þá í þínum sporum. Hið eina hugsanlega úrræði, sem mér gæti komið til hugar að reyna, væri það, að BIÐJA UM, AÐ MEGA STRIKA YFIR STÓRU ORÐIN. Ég finn hvorki ástæða né þörf á því, að bera fram neinar varnir fyrir svona löguðum ákærum, á meðan þær eru órökstuddar að öllu leyti.

Umkvartanir. Þú finnur þig neyddan til að draga fram í dagljósið nokkur af þeim allra stærstu brotlegu atglöpum Skuldunga. Þú kemur þar fyrst að vanskilum úrsagnarbréfs þins frá 6. maí. Hvað vanskilum þessa bréfs viðvikur, þá hygg ég að hlutaðeigandi finni sér skylt að skýra. Þú gengur þar feti framar en góðu bófi gegnir, og dæmir aðstoðarritara, sem ekkert veit um þetta bréf, stórbrotlegan og rækan úr reglunni, áður en þú hefir heyrt nokkra vörn frá haus hendi. Enn fremur setur þú upp likingardæmi, og reiknast svo til, að hann spilli "meira fyrir stúkunni en 25 drekkandi meðlimir gætu gert með drykkjuskap sinum". Ég ætla ekki að þrátta við þig um þennan úrskurð, en kannast hreinskilnislega við það, að ég skil ekki þennan samanburð.

Þá kemur önnur umkvörtun, — um hegðun mina, sem mér skilst að þú kallir óþokkabragð. Þetta óþokkabragð var fólgið í því, að ég las eigi upphátt fyrir stúkufundi, þann kafla úr bréfi þinu, sem mér fanst beinlinis vera ærumeiðandi ummæli um einn af allra mikilhæfustu meðlimum stúkunnar, alveg órökstudd. Ég leit svo á, og lít svo á enn, að með því hafi ég verið að verja þitt eigið veisæmi öllu fremur en hans. Þér er það vel kunnugt, að Goodtemplurum er skylt að koma í veg fyrir það, að félagsbræðrum og systrum sé óréttur ger.

Vitanlega var mér það ljóst af bréfi þinu, að þú áleizt, að þér hefði verið gert stórkostlega rangt með því, að leggja eigi fram úrsagnarbréf þitt 6. maí. Ég skall taka það fram hér til skýringar, að úrsögnin var óformleg, fyrir þá sök, að ársfjórðungsgjald þitt (35 cents) var fallið í gjalddaga, en fylgdi ekki með úrsögninni. En samkvæmt lögum reglunnar getur enginn sagt sig úr stúku, nema hann sé skuldlaus við stúkuna. Þetta heldir þú átt að vita.

Hvoru megin liggja þá stærstu atglöpin? Eigum við nú ekki að reyna að finna úrlausn gátunnar í kyrrþey og bróðerni og strika síðan yfir stóru orðin?

Þú gefur í skyn, ef ég skil rétt, að ég hafi stolið úrsagnarbréfi þinu, sem þú sendir á stúkufund 27. f.m., þar sem þú segir: "heldur þvert ofan í löglega aðferð tekur Æðstitemplar það bréf í vasa sinn, en les það ekki upp, neina setningu úr því, en getur ekki um, að það sé meira því meðfylgjandi".

Hafir þú ekki vitað betur en þetta, þá var þér það vorkunnarlaust, þar sem þú hafðir njósnara á fundinum, og ég sagði þér það sjálfur, þegar ég kom til þín fram í biðstofuna (eftir tilmælum þinum), að ég hefði lesið upp úrsögn þina, en eigi séð ástæðu til þess að lesa meira af því, að svo stöddu.

Þú varst því engan veginn neydd ur til að flýja til blaðanna til þess að komast úr stúkunni, enda eigi á þeirra valdi, að hjálpa þér að neinu leyti að því takmarki.

Satt er það, að ég stakk bréfinu i vasa mínn um leið og ég gekk fram til þín, en ég athenti það stúkuritara, eftir að ég kom inn fundarsalinn aftur, og þar hefir bréf ið verið geymt síðan. Ég hann enga löngun hjá mér til þess að eignast það.

Ranghermt er það, að ég hafi eigi getið þess, að bréfið hefði meira innihald en úrsögnina. Ég tók það fram, að þar væri fleira, en sem ég sæi eigi ástæðu til að lesa að svo stöddu.

Ef meðferð min á þessu bréfi er eitt af allra stærstu atglöpum, sem framin hafa verið í stúkunni Skuld, þá er ég hjartanlega ánægður með, að bera þá syndabyrði á mínum herðum, þótt allur heimurinn horfi á mig og dæmi um þetta óþokkabragð.

Ef þú hefðir orðið við tilmælum mínum og talað við mig heima hjá mér um það, sem þér iá þyngst á hjarta í sambandi við þetta mál, þá hefðir þú, að líkindum, losazt við að verða að óviðfeldnu almennu umtalsefni.

Þú hefir enn þá tækifæri til að koma á Skuldarfund og tala þar máli þinu, ef þér finst enn að rétti þínum sé hallað.

Með bróðurhug.

Swain Swainson.

Ég undirritaður bið hér með Stonewall, St. Laurent og Winnipeg búa, að styrkja mig til þess að koma upp spítala á eyjunni mínni við Shoal Lake vatn. Það er mjög hentugur staður fyrir sjúkrahæli. Með vinsemd,

Guðmundur Pétursson.

Anna Hannesdóttir Lindal.

Hinn 31. maí sl. þóknaðist alvísum drotni að burtkalla mina heittelskuðu og sárt þráðu eiginkonu Önnu Hannesdóttur. Banamein hennar var: Östjórnlegir krampar, sem fóru í gegn um hana alla, og að síðustu mun æð hafa sprung ið í höfðinu og jafnvel í bakfinu líka. Öll læknishjálp varð því ofsein, því hin framliðna var liðinn nár eftir tvær kl.stundir frá því að kramparnir hrifu hana.

Konan mín sál. var fædd 27. september 1857, að Skarðshömrum í Borgarfjarðarsýslu. Foreldrar hennar voru Hannes Þorvarðarson og Hólmfríður Jónsdóttir. Með foreldrum sinum fluttist hin framliðna 20 ára gömul til Húnavatnssýslu, þar sem þau bjuggu til dauðadags. Síðast á Haukagili í Vatnsdal og næst áður að Forsæludal í sömu sveit.

Foreldra heimili hinnar framliðnu var af öllum, sem til þektu, álitið í fremstu röð að öllu, sem laut að góðum heimilisreglum og fögrum siðum. Enda vöndust börn þeirra þegar í æsku við ráðvant líferni og guðrækilegt siðferði. Af systkinum hennar, sem munu alls hafa fæðst 12, eru enn 4 á lífi, 2 systur og 2 bræður. Þrjú af þeim eru á Íslandi, en eitt, Hrs. Guðrún Haraldsdóttir, er í Winnipeg.

Helztu æfiatriði hinnar framliðnu eru þessi: Hún ólst upp með foreldrum sínum og systkinum þangað til hún giftist undirrituðum 14. október 1882. Í hjónabandinu fékk hin framliðna tækifæri til að sanna þann áreiðanlega sannleika, að móðurástin er óeæmandi, ó þreytandi, þolinmóð og umburðarlynd, sem getur þolað alt. Hún eignaðist 12 börn í hjónabandinu, og drottinn veitti henni þá náð, að hún þurfti aldrei á lífsleiðinni að reyna þann kross, að fylgja börnum sínum til grafar, eða að vökva hanabeð þeirra með brennheitum saknaðartárum. — En svo hafði hún á hina hliðina oft við tilfinnanlegan hjarskort að stríða, erfiði og armæðu, sem eru hin vanalegu kjör fátækra mæðra. En hennar óþreytandi móðurkærleiki og umhyggjusemi gat þolað alt, liðið alt. Líkaminn þreyttist og taugarnar voru lamaðar, en hugurinn var alt af hinn sami, stvakandi umhyggja fyrir börnunum.

Hún sagði oft við mig: "Ef það væri ekki fyrir börnin min, gæti ég ekki þolað þetta líf".

En, svo þegar tímar liðu áfram, fann hin framliðna, að hún átti vini, sem vildu létta undir byrðina með henni, og hún fann æ betur og glöggar, að hún á umliðnu erfiðisstundunum, þegar henni fanst, að hin erfiðu lífskjör ætla að yfirbuga sig, hafði ekki unnið til ónýtis. Hún sá sýnilegan vott þess, að hún var að uppskera ávexti af erfiði sinu.

Sælir eru hreinhjartaðir, því þeis munu guð sjá. Þessi orð Jesú Krists, sem standa í hinni fögru fjallræðu hans, má heimfæra til hinnar framliðnu.

Minjar frá uppeldisárunum runnu eins og rauður þráður í gegn um alt hennar erfiða og mæðufulla lífsstarf.

Hún hafði ætíð hugfast, að innræta börnum sínum góða siði og vandað líferni, sömuleðis næma tilfinningu fyrir allri ráðvendni í mannfélaginu, og hreina trú á skapara voru og drottin. Hún hafði staðfasta trú á því, að hreinleiki í hjartanu væri hverjum manni til farsældar.

Mér er óhætt að fullyrða, að allir, sem kyntust henni nokkuð að mun, báru óblandaða velvild til hennar. Þeir fundu þar ætíð hreint hjarta og fölskvalausa vináttu, enda sýndu nábúar vorir það með nærveru sinni í síðasta sinni.

Blessuð sé minning hinnar framliðnu, sem vann sitt dagsverk í tímanum með eins mikilli alúð og samvizkusemi eins og fáng voru til.

En hér ég stend, og bið nú eftir boði,
að burt mig kalli raustin náðarrík.
Og dauðinn ekki lengur verður voði,
né vitneskjan að eftir skilji' ég lík;
því yfir haf er hugurinn og hjarta,
að hitta vin, sem leystur er af þraut,
þars von um sælli byggja sali bjarta, —
því burt er máð það stygði á lífsins braut.

Jakob H. Lindal.

Winnipeg Fréttir

Sigurður Sölvason, frá Westbourne, sem fyrir fáum mánuðum lagði af stað til Íslands með fjölskyldu sína, hefir ritað Heimskringlu frá Reykjavík, dags. 16. maí sl., og beðið hana, að flytja kunningjum sínum vestan hafs kveðju guðs og sína. Þau hjón komu til Reykjavíkur að morgni þess 23. apríl, og var þar vel fagnað. Sigurði líst vel á sig í höfuðborginni. Hann var byrjaður á aktýgjasmíði, þegar hann ritaði bréfið, og útlit var þá fyrir, að ekki mundi skorta sölu fyrir öll þau aktýgi, sem hann gæti smíðað. Annars engar markverðar fréttir í bréfinu.

Íslenzki horuleikenda flokkurinn "West Winnipeg Band" hélt sína fyrstu opinberu samkomu í Goodtemplar Hall þriðjudaginn 9. þ. m. Flokkurinn spilaði mörg lög, og virtist áheyrendunum að geðjast vel að því. Eitt skifti var flokkurinn klappaður upp og varð að spila það lag aftur. Það var almennur dómur áheyrenda að flokkurinn spilaði vel, þegar tillit er til þess tekið, að það eru að eins fáir mánuðir síðan flokkurinn var myndaður. Annars heldur hann nú uppi stöðugum æfingum og gefur von um, að veita góða skemtun á Íslendingadeginum í River Park þ. 3. ágúst. næstk. — Á þessari samkomu spilaði Th. Johnson 2 lög á fiolin, og var það hin bezta skemtun. Svo söng og Mrs. S. K. Hall 2 sólós, og varð að endurtaka þær báðar. Síðara lagið söng hún svo vel, að óvíst er, að hún hafi nokkuru sinni áður betur sungið á æfi sinni. Það er hreinasta unun, að hlusta á söng þeirrar konu, og líklega ekki ofsagt, þó sagt sé, að hún sé langsamlega bezta söngkona í þessum bæ.

Blaðið Minneota Mascot, dags 5. þ.m., flytur mynd af þeim 10 nemendum á háskólanum þar, sem útskrifast hafa þaðan á þessu vori. Af þessum tíu eru 7 Íslendingar, 6 stúlkur og 1 piltur. Virðist þetta benda á, að landar vorir þar syðra sæki mentastofnanir ríkisins meira en að sínum hluta, hlutfallslega við fólksfjölda.

Mrs. Guðrún Búason hefir á Alheimsþingi Goodtemplara í Washington verið kosinn Varatemplar veraldarstúkunnar. Sagt er og, að Thomas Honeyman, frá Íslandi, hafi verið kosinn í ritarastöðunna, og má vera, að þar se nafnafæl, og eigi að vera David Östlund, því hann er frá Íslandi og á þessu þingi.

Herra A. R. Johnson, frá Minneota, Minn., kom til Winnipeg fyrra þriðjudag, til að sitja á kirkjuþingi Lútherana fyrir St. Páls söfnuð í Minneota. Með honum var kosinn G. B. Björnsson, rítstjóri Minneota Mascot. Frá Lincoln County söfnuði voru kosnir: Carl Olson og P. V. Peterson. Frá Vesturheims söfnuði: H. J. Nicholson. Frá Marshall söfnuði: M. E. Anderson. Herra Johnson segir miklar rigningar hafa verið þar syðra í vor, en að öðru leyti hafi tíð verið ágæt og mikill vöxtur er á korntegundum á ökrum bænda.

Úr bréfi frá Bertdale, Sask., 2. júní þ.á.: "Nú er sáning yfir og hefir gengið ágætlega. Aldrei komið skúr úr lofti síðan í apríl, að snjóinn gerði, sem tafði fyrir sáningu í 2 vikur. Nú í dag er ákof hitarigning, svo alt er í góðu lagi hvað útlit snertir, í þessari bygð. Og mætti það betra verða en næstliðið ár. Að vísu var spretta á öllu fyrirtaksgóð, en það var haustfrostið, sem skemdi, og svo getur nú auðvitað orðið enn, þó nú sé sáning 3 til 4 vikum fyrri en í fyrra vor".

Bæjarstjórnin á Gimli óskar þess getið, að von sé um, að C.P.R. félagið selji í sumar árstíðar farseðla milli Winnipeg og Gimli með tilsvarandi afslætti við það, sem á sér stað milli Winnipeg og Winnipeg Beach. Vanalega kostar farseðillinn milli Winnipeg og Winnipeg Beach $1.50, en séu 10 farseðlar keyptir í einu, fást þeir fyrir $7.50. C.P.R. félagið hefir lofað herra Jóhannesi Sigurðssyni, bæjarstjóra Gimli manna, að selja árstíðar seðla til Gimli með tilsvarandi niðursettu verði, miðað við vegalengd, ef 10 farseðlar séu keyptir í einu. Herra Sigurðsson óskar því, að allir þeir, sem vilja hafa sumarsetu á Gimli, geri sér aðvart hið fyrsta, svo hann geti samið um afslátt á farseðlum þeirra samkvæmt því, sem hér hefir verið sagt.

Asphalt lagningin á Main St. allvel á veg komin. Sú umbót verður full míla á lengd, frá York Ave. að sunnan norður að C.P.R. vagnstöðvunum. Verkið er ætlað að kosti þæinn 126 þúsund dollara og á að verða lokið um miðjan júlí næstk.

Fjórða kirkjuþing Únitara var sett í Únitara kirkjunni hér í bænum á föstudaginn var af forseta þess S. B. Brynjólfsson. Á þinginu voru mættir 3 prestar, séra Rögnvaldur Pétursson, séra Jóhann P. Sólmundsson og séra Guðmundur Árnason. Einnig tveir guðfræðisnemendur, Albert Kristjánsson og Sigurjón Jónsson.

Auk þessara voru mættir fulltrúar úr ýmsum söfnuðum, svo sem hér segir:

Frá Gimli söfnuði—Jóhannes Sigurðsson, Júlíus Sólmundsson, Stefán Eldjárnsson og Einar Jónsson. — Ennfremur voru viðstaddir þaðan: B. B. Olson, Mrs. J. G. Christie, Miss Jónasson og Jóhannes Ólafsson. — Þessum var veitt málfrelsi.

Frá Breiðuvíkursöfnuði—Jón B. Snæfeld.

Frá Árnessöfnuði—Þorv. Þorvaldsson og Jón Melsted. Ennfremur viðstaddur þaðan Sigurður Pétursson.

Frá Geysirsöfnuði—Bjarni Jóhannsson.

Frá Mary Hill söfnuði—Páll Reykdal. Jón Sigurðsson og Guðmundur Guðmundsson voru einnig kosnir, en mættu ekki á þessu þingi.

Frá Shoal Lake söfnuði—Pétur Bjarnason og Einar Johnson.

Frá Winnipeg söfnuði—J. B. Skaptason, Gísli Jónsson, Á. J. Johnson, Eggert Árnason, Miss Kristjánsson, Miss Elin Hall, Miss Gertie Byron, Hannes Péturssou og Hallur Magnússon.

Mættir voru og: Magnús lögmaður Brynjólfsson, frá Cavalier, N. D., og Jóhann Þorsteinsson, frá Mary Hill, Man.

Alls voru mættir um og yfir 50 erindsrekar á þessu þingi.

Í næsta blaði verður væntanlega birtur útdráttur úr gerðum þingsins.

Herra Guðbert Jochumsson fór á laugardaginn var austur til Kenora, Ont., til að vinna þar við hveitimyllu þá, sem brann í febrúar sl.

Séra Bjarni Þórarinsson hefir á þessu vori fremt eftirtöld börn:

a) Á Wild Oak

Þorsteinn Sigurður Jacobson,
Karl Victor Sveinsson,
Þórarinn B. Þórarinsson.

b) Á Marshland

Bjarni Alvin Jónsson Skanderbeg,
Guðný Ásmundardóttir Thorsteinsson.
Camilla Kristín Ólafsdóttir Johnson.

Börnum var raðað eftir hlutkesti.

Herra Friðrik Guðmundsson, frá Foam Lake bygð í Saskatchewan, var hér í bænum í síðustu viku. Hann lét hið bezta af framtíðarhorfum þar vestra. Menn vænta góðrar uppskeru í haust.

Síðastliðna viku var veður hér í kaldara lagi, svo að víða varð að halda uppi eldi í eldstæðum til að hita upp hús manna.

"CONFIRMATION"

Ár 1908, á Hvítasunnudag þ. 7. júní, voru neðanskráð ungmenni "confirmeruð" af undirskrifuðum presti, að Addingham P.O., Manitoba:

Mr. Guðbrandur Bergmann Sigurðsson og
Miss Elizabeth H. Bjarnason.
710 Ross Ave., W'peg.

Oddur V. Gíslason,
prestur.

Laugardaginn þ. 13. þ. m. lézt að heimili sínu hér í bæ Mrs. Stefanía Ingibjörg Vopni, eiginkona herra Ólafs J. Vopni, eins af fulltrúum Tjaldbúðar safnaðar. Mrs. Vopni hafði um nokkuru undanfarinn tíma þjáðst af innvortis meinsemd, en ekki var hún rúmföst nema síðustu 7 vikur æfi sinnar. Hún varð 52. ára gömul og eftirskilur eiginmann sinn og átta börn á lífi. Hún var jarðsungin á þriðjudaginn var af séra Fr. J. Bergman, að viðstöddu miklu fjölmenni. — Mrs. Vopni var fyrirmyndar og hæfileika kona og naut almennra vinsælda allra er henni kyntust.

GIMLI.

TIL SÖLU. — Tvær lóðir, nr. 11 og 46, Range 4, á Gimli.
Snúið yður til 48 Kate St.,
Alveg skuldlaus. Winnipeg, Man.

Undirbúnings-prófin.

Vorprófin við undirbúningsdeild fylkis háskólans eru nýafstaðin, og skýrsla um þau komin út í ensku blöðunum. Eftir því, sem ráðið verður af nöfnunum, þá eru það 24 íslenzk ungmenni, sem hafa skampast gegn um prófin. Þessi eru nöfn nemenda með þeim einkunnum sem þeir náðu í sviguni aftan við nöfnin:

Upp úr 1. bekk gengu —

Jón Árnason (1B).
K. J. Austman (2).
Paul Bardal (2).
Sigurður Bardal (2).
Ragnar Bergman (3).
Sveinn E. Björnsson (2).
Sigrún Helgason (3).
Laurenz A. Jóhannsson (2).
Helga Jóhannsson (1B).
Magnús Kelly (3).
M. Kristjánsson (2).
Thora Ólafsson (3).
Sigfús Sigfússon (2).
G. O. Thorsteinsson (2).

Upp úr 2. bekk gengu —

Magnea Bergman (2).
Sigga Brandson (1B).
Mundi Goodmanson (3).
Ólavia J. Jónasson (2).
Ethel L. Middal (1B).
Gordon A. Paulson (2).
Margrét Paulson (2).
Anna M. Thorlakson (2).
Octavius Thorlakson (3).

Af þessum 23 nemendum taka 8 nemendur nám í íslenzku, og í þeim lærdómi hafa allir nema einn fengið fyrsta vitnisburð, en þann vitnisburð hefir enginn íslenzkur nemandi fengið í nokkurri annari námsgrein við þessi próf, og það er jafnvel ástæða til að ætla, að íslenzkan hafi hjálpað 3 af þessum 8 nemendum til þess að standast prófið.

Annars er oss sagt, að prófin hafi verið gerð langt um örðugri viðfangs en á nokkru undanförnu ári, og þess vegna sé meðal vitnisburður nemendanna ekki hærri en hér greinir.

Söngsamkomur

hins íslenzka söngfélags verða haldnar í Fyrstu lútersku kirkju í Winnipeg 25. og 26. júní þ.á., kl. 8½ síðdegis.

ÆFING VERÐUR KL. 10 ÁRDEGIS þ. 25. Í KIRKJUNNI.

Nauðsynlegt er, að alt söngfólk sé þar kl. 10.

SÖNGFÉLAGSÞING VERÐUR KL. 10 ÁRDEGIS þ. 26.

Hver flokkur verður þá að hafa til tvo erindsreka.

Á söngskránni eru 12 kórsöngvar — tvísöngvar "Frithjof og Björn", og úr "Gluntarne" eftir Wennerberg, einnig úr sköpunarverki Haydens. — Mrs. Hall syngur. Miss L. Thorlaksson leikur á piano, sömuleiðis Miss G. Arason frá Mountain, N. Dak. Dr. Schanche, ágætur tenor, syngur solo. Mr. Dalman leikur á cello. Þeir dr. Schanche og, séra H. B. Thorgrimsen syngja tvísöngvana "Frithjof og Björn" og "Gluntarne", og Mrs. Hall og séra Hans tvísönginn úr sköpunarsögunni. — Mr. Jónas Pálsson spilar piano solo og Steingr. Hall orgel solo.

Inngangur 50 cent.

Nákvæmari söngskrá verður birt síðar.

Til söngfólksins.

Verið á staðnum kl. 10 árdegis þann 25. til þess að æfa.

Hafið til — hver flokkur fyrir sig — tvo erindsreka á þingið kl. 10 árd. þann 26.

Söfnuðirnir í Winnipeg — Fyrsti lúterski og Tjaldbúð — ætla góðfúslega að sjá öllu söngfólki fyrir heimili á meðan á sönghátíðinni stendur.

Þegar farið er að heiman, er nauðsynlegt að fá hjá "depot-agent" kvittunarseðil, til þess að fá afslátt heim aftur. Slíkan seðil þarf að fá í hvert skifti, ef þarf að kaupa farseðil oftar en einu sinni á leiðinni.

George G. LENNOX

Selur í heildsölu SKÓ, STÍGVÉL og YFIRSKÓ

159 Portage Ave. East, Winnipeg.

Winnipeg Syningin

11. til 17. júlí 1908

Flokkur fullorðinna uxa á Winnipeg sýningunni 1907.

ÓVIÐJAFNANLEG GRIPA OG HVEITI SÝNING

Stórfenglegasta veðreiðaskrá, sem verið hefir í Vestur-Canada.

INNES HEIMSFRÆGI HLJÓMLEIKA-FLOKKUR
frá Chicago og 91. Hálendinga Band

Mikil hornleikenda samkepni. Öllum henni boðin þátttaka.

SÉRSTAKLEGA FAGRAR SÝNINGAR
fyrir framan "Grand Stand".

Stórfengileg Heræfinga Sýning

FÖGUR FLUGELDA SÝNING.

FYRSTA LANDBÚNAÐAR-VÉLA MÓTOR SÁMKEPNI Í AMERÍKU.

A. W. BELL, ráðsmaður. A. K. ANDREWS, forseti.

Athugið þetta!

Ég undirskrifuð tilkynni hérmeð, að ég tek að mér að sauma kvenfatnað og karlmannafatnað (Dress making and Tailoring). Einnig geri ég við gamlan fatnað, og endursnið og breyti kvenfatnaði eftir óskum.

Alt verk er vandað og ódýrt og fljótt afgreitt.

Vigdís Waage,
631 Victor St., Winnipeg.

Fjeldeventyret

Sjónleikur í 2 þáttum, eftir Bjerregaard verður leikinn af THE NORWEGIAN DRAMATIC ASSOCIATION þann 23. júní

Þriðjudagskveld í næstu viku, í
GOODTEMPLAR'S HALL
(Horni Sargent og McGee)
DANS Á EFTIR.

The Dominion SECOND HAND STORE

Ágætur brúkaður fatnaður og húsmunir. Íslenzk töluð.
555 Sargent Ave. Winnipeg

Komið í matinn!

18 pd. raspaður sykur	$1.00
27 pd. hrísgrjón	1.00
10½ pd. kaffi, bezta tegund	1.00
7 pd. sagógrjón	0.25
5 pd. kanna White Star Baking Powder	0.70
3 pd. kanna White Star Baking Powder	0.45
1 pd. kanna White Star Baking Powder	0.18
Bezta kaffibrauð, pdj	0.10
Bezta te í pökkum, pundið	0.50

Alt í búðinni að heita má með mjög niðursettu verði.

J. JOSELEVICH,
195 ELLEN AVE., COR. ROSS

50 Prócent Afsláttur.

50 prócent afsláttur verður gefin á öllum skrautgerðum sumar Kvenkjóladúkum frá þesssum tíma og þar til 3. Júlí n. k. — Vér höfum mikið úrval af þessum vörum.

Schweitzer Brothers
CAVALIER, N. DAK.

DOBSON and JACKSON

Byggingamenn

Sýnið oss uppdrætti yðar og áætlanir og fáið verðáætlanir vorar.

370 Colony Street
Winnipeg

Antonio De Landro
SKÓSMIÐUR
Horni Maryland og Wellington st.
(á bakvið 714, aldinabúðina)
Verk alt vandað og ódýrt.

G. M. Bjarnason
Málar, leggur pappír og gerir "Kalsomining. Óskar við skifta Íslendinga.
672 AGNES ST. TELEFÓN 6954

ARNI ANDERSON íslenzkur lögmaður
Í félagi með
Hudson, Howell, Ormond & Marlatt
Barristers, Solicitors, etc.
Winnipeg, Man.
13-18 Merchants Bank Bldg. Phone 3621, 3622

C. INGALDSON
Gerir við úr, klukkur og alt gullstáss. Úr klukkur hringir og allskonar gullvara til sölu. Alt verk fljótt og vel gert.
147 ISABEL ST.
Fáeinar dyr norður frá William Ave.

J. G. Snydal, L. D. S.
ÍSL. TANNLÆKNIR
COR. MAIN & BANNATYNE
DUFFIN BLOCK PHONE 5302

HANNESSON & WHITE
LÖGFRÆÐINGAR
Room: 12 Bank of Hamilton
Telefón: 4715

BILDFELL & PAULSON
Union Bank 5th Floor, No. 520
selja hús og lóðir og annast þar að lútandi störf; útvegar peningalán o. fl.
Tel.: 2685

BONNAR, HARTLEY & MANAHAN
Lögfræðingar og Landskjala Semjarar
Suite 7, Nanton Block, Winnipeg

Hver þvær og Hreinsar Fötin ydar?

Hvernsvegna að fara í Kína-kompurnar þegar þér eigið kost á að fá verkið gert betur, og alt eins ódýrt, í bestu og heilsusamlegustu þvottastofnun, þar sem aðeins hvítt vinnufólk er haft og öll hreinustu efni notuð. Vér óskum viðskifta ydar.

The North-West Laundry Comp'y Ltd.
Hreinsarar og Litarar
COR. MAIN & YORK FÓN 5178

Boyd's Brauð

Gott brauð er lífsviðhald. Menn geta lifað á einsömlu brauði ef það er gott. Brauð vor eru ætíð góð; gerð af bezta og hreinasta hveiti. Það er gert í vélum frá því hveitið fer úr sekknum þar til það kemur úr ofnum vorum.

Boyd's

Bakery Cor. Spence & Portage Ave
Phone 1030.

Stefán Guttormsson,
Mælingamaður
663 AGNES STREET. WINNIPEG.
29-5-8

Íslenzkur Kjötsali

Hvergi fæst betra né ódýrara KJÖT en hjá honum,—og þú munt sannfærast um að svo er, ef þú aðeins kaupir af honum í eitt sinn. Allar tegundir. Óskar að Isl. heimsækji sig

CHRISTIAN OLESON,
666 Notre Dame Ave. Telefón 6906

Viðvíkjandi Hafið tal af Royal Optical Co.

Sjúkdómum Sérfræðingum vorum

327 Portage Ave.
Winnipeg.
Rétt á móti Eaton's búðinni.
12-4-4

LESIÐ NÚ!

Vér bjóðum um mánaðartíma hin beztu ekrukaup, sem nokkurntíma hafa boðin verið. Landið er á Main St., norðan bæjarins, liggur að C.P.R. og rafmagnsbrautunum. Selt í spildum eftir óskum kaupendanna, ein ekra eða meira. Verð frá $200 ekran og yfir, með aðgengilegum skilmálum.

[Framhald hlaðnæsin við Hkr. nafnið]

Heimskringla.

Kjörkaup

þessi eru þau mestu, er nokkru sinni hafa verið boðin, og af því að ekrufjöldinn er takmarkaður, þá ættuð þér að kaupa strax. — Landið er heutugt til garðræktar, gripa eða fuglaræktar.

Skuli Hansson & Co.

Skrifst. Talsími 6476. Heimilis Talsími 2276.

XXII. ÁR. WINNIPEG, MANITOBA, FIMTUDAGINN, 25 JÚNÍ, 1908 NR. 39

Til minnis.

Framvegis seljum vér hið alkunna Smá Brauð, sem bakað er í Bakaríi hr. G. P. Thordarsonar.

Sömuleiðis höfum vér ágætan Harðfisk, pundið aðeins	20c
Gott borðsmjör, pundið á	20c
Sætabrauð, 3 pd. á	25c
4 pk. Jelly Powder	25c
2 pd. könnur af Plums, 3 könnur fyrir	25c
2 pd. knr. Strawberrie's 2 könnur fyrir	35c
2 pd. knr. Peas, 2 fyrir	10c
5 pakkar af Toilet Paper	25c
Jelly í glösum, 3 fyrir	25c
Jam " " vanaverð 25c niðursett í	20c

Og margt fleira sem of langt yrði hér upp að telja. Komið því í búð vora, og sjáið fyrir yður sjálf. Munið eftir að fá yður Harðfisk, — 20c pundið.

Clemens, Arnason & Palmason

The Cash Grocery House,

Cor. Sargent & Victor. Talsími 5343

Fregnsafn.

Markverðustu viðburðir hvaðanæfa.

Canadian Northern járnbrautarfélagið hefir verið dæmt í rétti í St. Paul, Minn., til þess að greiða 15 þúsund dollara skaðabætur til manns nokkurs, sem varð undir einni af lestum félagsins hér í bæ fyrir nokkrum tíma og misti við það báða fæturna fyrir ofan ökla. Slysið var álitið félaginu að kenna að öllu leyti.

— Mannætusaga er sögð í frétt frá Montreal, dags. 15. þ.m. Svo stóð á, að í september sl. komu 2 menn frá Paris á Frakklandi í veiðitúr til Canada. Þeir lentu í Quebec, og fengu sér þar fylgdarmann, og lögðu þeir svo leið sina langt norður í óbygðir, norður fyrir Lake St. John. Í janúar sl. lagði hópur manna upp frá Pointe Blueon þar í fylkinu til þess að veiða dýr norður í óbygðum. Þeir komu að þar sem verið hafði staður þriggja manna, og fundu þar ýmsa hluti, sem merktir voru með nöfnum þeirra manna, sem farið höfðu frá Quebec í september en ekki komið aftur. Leit var gerð eftir mönnum þessum, en þeir fundust ekki. Bréf fæst frá einum þeirra, þar sem hann kvartar um hungur, og biður finnanda bréfsins, að koma fljótt með björg. Nokkru síðar, eða 2. apríl síðastl. fundu menn McKenzie Trading félagsins annan verustað þessara frakknesku manna. Þar voru byssur og skotfæri, og annað dót, sem bar þess vott, að þeir hefðu snöggleg yfirgefið verustað sinn. Svo leið tíminn þar til 9. maí, að menn þessa sama verzlunarfélags fundu nálægt St. John vatni leyfar af Indiána. Hann hafði verið líkaður sundur, og hluti af honum étinn. Innyflin voru vafin innan í fötin hans, og ræmur, sem skornar höfðu verið af holdinu, vantaði, — hafa án efa verið notaðar til átu. Þetta var tilkynt Quebec stjórninni, sem strax sendi tvo menn til að leita að þeim tveimur mönnum, sem menn hugðu að enn þá væru lifandi. Leitarmenn fundu annan þeirra, sem einnig bar þess merki, að vera hálfétinn. Við þetta lét stjórnin hætta leitinni. Það er talið áreiðanlega víst, að sá, er síðast lifði þessara þriggja félaga, sé dauður úr hungri.

— Stjórnin á Indlandi hefir samþykt tvo lagafrumvörp til þess að bæla niður uppreistarandann þar móti yfirráðum Breta. Annað frumvarpið leggur þunga hegningu á þá, sem að einhverju leyti eru riðnir við sprengingar. Hitt banar útkomu blaða, sem flytja ársandi ritgerðir móti stjórninni.

— Tuttugu konur í Chatham bæ í Ontario hafa fengið tilsvaniagu um það frá Ottawa, að þær hafi brotið tollög ríkisins með því að fá vörur frá Detroit í Bandaríkjunum, sem þær hafi ekki borgað toll af. Þeim er gerður kostur á, að jafna sakirnar prívatlega við stjórnina með því að borga fullan toll af öllu, sem þær hafa fengið sent sunnar úr Bandaríkjunum, — eða að sæta málsókn að öðrum kosti.

— Vasaþjófar náðu $10,000 frá manni einum á járnbrautarstöðvunum í St. Paul, Minn., þann 14. þ.m. Mest var upphæð sú í skulda- og hlutabréfum. Enn þá hafa þjófarnir ekki fundist, en lögreglan hefir góða von um, að festa klær í þeim áður langt um líður.

— Alberta menn eru að biðja fylkisstjórnina þar, að loka öllum vínsöluhúsum kl. 7 að kveldi dags, alla virka daga vikunnar, og að halda þeim algerlega lokuðum á sunnudögum. Það er sögð almenn trú þar í fylkinu, að innan 5 ára verði alls engin vínsala í Albertafylki. Jafnvel hótel eigendur eru farnir að játa þetta, og að búa sig undir breytingu þá, sem þeir sjá að er í vændum.

— Stærsta turnklukka í heimi er sagt að sé í turninum á Colgate & Co. sápugerðar verkstæðinu í Jersey City í New York riki, og var hún gerð af Thomason félaginu í Connecticut í Bandaríkjunum. Til þessarar klukku sjá hundruð þúsunda manna langar leiðir, og eftir henni geta New York búar sett úrin sín, því hún er áreiðanleg og vönduð að öllu leyti. Þyngd þessa mikla sigurverks er 12 þúsund pund, en visirarnir eru færðir með 2 þús. punda þunga. Minútu visirinn er 20 feta langur og vigtar yfir 600 pund. Oddurinn á honum ferist 23 þuml. á hverri minútu, eða yfir hálfa milu á dag. Skífan er 38 fet að þvermáli og tekur yfir 1134 ferhyrningsfet. Næst stærsta klukka er í Philadelpia. Skífa hennar þekur 490 fet. Hin þriðja stærsta klukka hefir skífu, sem þekur 394 fet. Hún er í turninum á Westminster kirkjunni í Lundúnum, og er 21½ fet að þvermáli. New Jersey City klukkan er lýst með rafljósum á nóttum, og er hin mesta borgarprýði.

— Þjóðverjar hafa fastsett sér, að gera herskipahöfn við Austursjóinn. Hún á að vera í Apenrader firðinum hjá bænum Apenrade, sem hefir tæpar 7 þúsundir íbúa. Til þess að gera þennan hafnarstað, sem á að kosta hundruð miljóna dollara, verður að gera víðstóran skipaskurð, sem þegar er til, en þarf injög að stækka og umbæta. Kostnaðurinn við þá umbót eingöngu er áætlaður 50 miljónir dollara.

— Á næsta vori verður byrjað að byggja í New York borg það mesta íbúða stórhýsi, sem enn hefir verið bygt í nokkru landi. Fram hlið hússins á að vera 216 fet á Convent Avenue og 585 fet á St. Nicolas stræti. Húsið á að kosta 1½ miljón dollara, og á að hafa nægilegar íbúðir fyrir 420 meðalstórar fjölskyldur. Átta lyftivélar eiga að vera í húsi þessu, svo að íbúarnir þurfi ekki að þreyta sig á, að ganga upp og ofan stigana. Nýtt og áður með öllu óreynt lag á að vera á húsi þessu, þannig, að á öllum loftum skuli vera nægilegt dagsljós í hverju herbergi.

— Tuttugu menn frusu í hel í frosthríðar stórbyl í Austur-Afriku þann 5. marz sl. Svo stóð á, að landkönnunarmenn, sem sendir höfðu verið af Adolph Friedrick, hertoga Mecklinburg hertogadæmisins á Þýzkalandi, til þess að skoða land, sem liggur í norðvestasta horninu af Austur-Afriku, sem liggur undir Þjóðverja, — voru að kanna landið í svo nefndu Brauce skarði í lágum fjallaklasa, og höfðu lent í ófærum flóum, þar sem umferð var afar örðug og seinleg. Jarðfræðingar, sem voru í ferð þessari, hafa í bréfi til ættingja sinna lýst byl þessum, sem aldrei hefði neinn slíkur sést þar í landi. Um 30 til 40 menn voru í hópnum, þegar óveðrið skall á, og allir nema foringinn urðu svo óttaslegnir, að þeir köstuðu af sér byrðum sinum niður í flóann, og fengust ekki til, að hreyfast úr sporum. Foringinn bentí þeim á skógarrunna í nokkurri fjarlægð, og sagði þeim, að ef þeir kæmust að runnanum, gætu þeir kveikt sér eld og haldið sér hlýjum. En allar fortölur komu fyrir ekki, — mennirnir stóðu kyrrir. Lagði hann þá af stað til skógarins, og nokkrir menn með honum. Þeir komust bangað, kveiktu þar elda og bjuggu um sig. Síðan fóru þeir til baka, og báru og drógu nokkra af félögum sínum úr flóanum til eldsins. Var þá veður hið versta og kuldinn kominn að frostmarki. Þar héldust þeir við alla nóttina. Morguninn eftir var stytt upp og hlýtt veður komið. Fóru þeir þá að vitja um þá félaga sina, sem eftir höfðu orðið í flóanum kveldið áður. Tuttugu þeirra voru frosnir í hel, en 2 eða 3 voru með lífsmarki, og þeim varð bjargað, svo að þeir voru á góðum batavegi, þegar fregn þessi barst til Þýzkalands.

— Þann 16. þ.m. var nýtt loftfar, smíðað af C. O. Jones, sent á fyrstu ferð sina frá Bath, N. Y. Þrir menn voru í þessu nýja loftfari, sem er 90 fetu langt og 21 feta breitt, með 40 hesta-afls vél. Eftir 50 mílna loftflug í stinningsvindi, kom það til jarðar og hafði reynst hið traustasta.

— Fregnir frá Coreu segja, að uppreist sé gerð þar á ýmsum stöðum gegn ágangi Japana þar í landi. Sagt er, að Japanar hafi herdeildir á ýmsum stöðum til að bæla niður uppreistaranda landsmanna og að þeir beiti þar mikilli harðneskju. Í einum stað er sagt, að þeir hafi fundið einn af foringjum uppreistarmanna ásamt 16 af mönnum hans í húsi, og hafi þeir lagt eld í húsið og brent það til ösku með öllum mönnunum, er inni voru.

— Jarðsprungu mikla gerði nýlega í fjallshlíð einni í Kína. Jarðfallið varð nokkrar milur á lengd og gleypti upp heilt þorp, sem í voru fjölskyldur svo hundruðum skifti, sem allar létu lífið.

— Tólf ára gamall piltur í Ontario réðist með exi á foreldra sina, af því þau báðu hann, að gera verk við húsið, sem hann vildi ekki gera. Hann var handtekinn og varpað í fangelsi.

— Dynamit sprakk í kletti einum nálægt Kenora, Ont., þann 12. þ.m. og varð 9 mönnum að bana.

— Herforingi á Frakklandi, að nafni Ullmo, hefir orðið uppvis að föðurlandssvikum, í því, að selja leyndarmál hermáladeildarinnar útlendu riki. Hann var dæmdur í fangelsi.

Forsetaefni Republicana

Á flokksþingi Repúblíkana, sem staðið hefir yfir í Chicago, var WILLIAM HOWARD TAFT, frá Ohio, þann 18. þ.m. kjörinn til að sækja um forseta embættið í Bandaríkjunum, undir merkjum þess flokks. Við fyrstu atkvæðagreiðslu fékk hann 702 atkvæði af 978. Því næst var tillaga samþykt þess efnis, að hann væri einróma valinn af þinginu.

William H. Taft er fæddur í borg inni Cincinnati, í ríkinu Ohio, þann 15. september 1857. Faðir hans var dómari í Cincinnati og gegndi auk þess ýmsum ábyrgðarmiklum störfum, í og fyrir stjórn Bandaríkjanna. Um móðir hans er það sagt, að hún væri lærðóms og mentakona mikil.

Það er sagt um Mr. Taft, að það standi að því leyti öðruvísi á fyrir honum, en fjölda annara forsetaefna Bandaríkjanna, að hann hafi aldrei þekt fátækt, hafi aldrei í bjálkakofa búið, ekki heldur sé hann, eða hafi ættmenn hans á undan honum, verið stórauðugir.

Mr. Taft byrjaði skólanám sitt í borginni Cincinnati, og endaði það með því, að útskrifast frá Yale háskólanum árið 1878. Eftir það las hann lög í Cincinnati. Ekki er hann sagður að hafa verið skarpur námsmaður, en atorku hafði hann næga. Hann hefir gegnt mörgum opinberum störfum, en þjóðkunnur varð hann ekki fyr en hann var skipaður sem æðsti stjórnandi Filips eyjanna árið 1900. Þeim stjórnaði hann um 4 ár. Þá bauð Roosevelt forseti honum sæti í stjórn sinni, sem hermála ráðgjafa, og hefir hann skipað þá stöðu síðan.

Mr. Taft er mikill maður á velli — 6 fet og 2 þumlungar á hæð, en vigtar 300 pund. Er hann því að öllum líkindum efnismestur allra þeirra manna, sem sótt hafa um forsetastöðuna í Bandaríkjunum. Hann er einnig sagður andlegt stórmenni, og ræður það að líkindum, því aldrei hafa Bandaríkin átt úr jafnmörgum ágætismönnum að velja, sem einmitt nú.

Þegar Mr. Taft var landsstjóri á Filips eyjunum, lá hann þunga legu — því loftslag þar er vestrænum þjóðum óheilnæmt —. Eftir að hann var orðinn friskur, sendi hann svolátandi sæþráðar skeyti til þáverandi hermála ráðgjafa Bandaríkjanna, Elihu Root: "Líður vel, reið 18 milur á hordeildar múlasna í dag". Mr. Root svaraði aftur: "Gleðst af því þér liður vel. Hvernig líður múlasnanum?" Annars hafa Bandaríkjamenn gaman af, að spaugast að Mr. Taft fyrir stærð hans.

Fyrir skömmu síðan gerðu sum blöð í Bandaríkjunum það að umtalsefni, hverrar trúar Mr. Taft væri. Sum þeirra sögðu hann vera katólskan. Eitt þeirra áleit, að gátan yrði fyrst ráðin með því, að spyrja Mr. Taft sjálfan um það og var svo gert. Hann var greiður í svörum og kvaðst vera Únitari.

Á þessu sama þingi var til varaforseta útnefndur James S. Sherman, neðri deildar þingmaður til Congressins, frá Utica, New York.

— Heilmikið uppþot hefir orðið út af því í Ottawa þinginu, að Laurier stjórnin hefir keypt 500 þús. dollara virði af þokulúðrum, sem kostuðu framleiðendurna $600 hver lúður, en stjórnin borgaði $4,600 fyrir hvern lúður. Aðaleigandi félagsins skýrði þingnefndinni frá þessu, og játaði, að gróði félagsins væri 4 þús. dollara á hverjum lúðri, — að gróði félagsins væri um 150 prósent af innstæðufénu, og inntektir þessa eina félaga sem var að bera vitni, kvað hann að vera um $50,000 á ári. Hinsvegar sýndu bækur félagsins, að þetta vitni hafði á sl. nokkrum mánuðum, frá 3. okt. sl., dregið í sinn hlut úr félagssjóði sem næst 50 þús. dollara á mánuði. Hann játaði, að það væri ágætur gróðavegur, að selja Laurier þokulúðra, — með 4 þús. dollara gróða á hverjum lúðri.

— Auðmanna félag í Bandaríkjunum hefir keypt 189 þús. ekrur af timburlöndum í Kootenay héraðinu í British Columbia, fyrir 750 þús. dollara. Það er áætlað, að 8 biljónir feta af góðu timbri séu á landi þessu.

— Gamli James J. Hill segir útlitið í Bandaríkjunum vera það, að uppskera þessa árs verði í sæmilegu meðallagi, en að korntegundir verði í háu verði, svo að bændur fái góðan arð af vöru sinni.

— 15 þús. konur, þar á meðal margar hinna lærðustu og bezt metnu kvenna á Englandi, háðu göngu um öll aðalstræti Lundúnaborgar þann 17. júní sl., og hélda síðan fundi, fyrst í Hyde Park og síðar um kveldið í Albert Hall. Í þessari göngu tóku þátt sendikonur frá Austurríki, Ástraliu, Canada, Frakklandi, Rússlandi, Suður Afríku og Bandaríkjunum. Konur þessar heimtuðu jafnrétti við karlmenn tafarlaust í öllum þjóðmálum. Á fundinum í Hyde Park réðist hópur af dónum á forustukonurnar meðan þær voru að tala, og lenti þar í talsverðum ryskingum. En lögreglan lagði hendur á óeirðarseggina og leiddi þá í burtu. Áhlaup reyndu og konur að gera á heimili stjórnarformannsins, en lögreglan skarst þar einnig í leikinn, og leyfði engum að nálgast húsið.

— Ottawa stjórnin ætlar að setja mann til þess að yfirskoða bækur allra banka í Canada, svó að trygging sé fengin fyrir því, að skýrslur þeirra um hag sinn séu áreiðanlegar. Bankahrun þau, sem orðið hafa hér í landi á þessu ári, eru þannig vaxin, að þau hefðu ekki komið fyrir, ef strangt eftirlit frá hendi stjórnarinnar hefði att sér stað. Og embættið er stofnað til þess að koma í veg fyrir slík bankahrun, sem nú þaka orðið, vegna kæruleysis stjórnendanna, og sem bakað hafa stórtjón miklum fjölda fátækra verka og iðnaðarmanna.

— Voðalegt þrumuveður æddi yfir Minnesota riki á laugardaginn var og gerði 1½ mil. doll. eignatjón á ökrum bænda. Eldingu sló niður í mörg bændabýli, og einn bóndi misti lif sitt af eldingu. Mesti fjöldi gripa fórst og í þessu voðaveðri. Haglhríðin var voðaleg og gerði feikna tjón í þessum héruðum (Counties): Yellow Medicine, Lyon, Redwood, Brown, Wascada, Steel, Faribault og Freeborn, og nokkrum fleiri héruðum. Á fáum mínútum eyðilagði þetta veður öll skrauttré, sem urðu á leið þess, feykti þökum af húsum, braut glugga og reif niður telegraf og telefón stólpa og gerði aðrar skemdir.

ÍSLANDS FRÉTTIR.

Ný skáldsaga er nú í prentun eftir Guðmund Magnússon. Hún heitir "Heiðarbýlið" og er framhald af skáldsögunni "Halla", er út kom fyrir tæpum 3 árum. — Íslenzk blöð segja, að Skúli Thoroddsen ætli ekki að verða meðnefndarmönnum sínum samferða frá Kaupmannahöfn til Íslands, heldur ætli með öðru skipi en þeir og komi til Íslands 7 dögum á undan þeim. — Með grænlenzku skipi, sem nýlega kom til Reykjavíkur á leið til Danmerkur voru 2 piltar, sem ætla að læra læknisfræði í Danmörku, og 2 stúlkur, sem ætla að læra yfirsetufræði. — — Frá Ísafirði er skrifað 9. maí: "Í síðustu viku hefir hér verið einhver mesti afli, sem ég man til að hafa heyrt talað um. Einn vélarbátur í Bolungarvík fékk á 26 kl.stundum 150 kr. í hlut. Þrir bátar frá Ásgeirssons verzlun fengu á einum degi 40,000 pd. af fiski til samans. Margir bátar urðu að seila og sumir gátu ekki dregið allar lóðir sínar. Í dag og í gær minni afli vegna [illegible]ku, en samt eitt 2—4000 pd. Hér [illegible] mikill fagnaður, þegar fregnmiði kom með Varanger um samkomulagið í millilandanefndinni. En nú ætlar Bjarni frá Vogi að halda hér fyrirlestur um það mál í kveld". — Blaðið Lögrétta, dags. 14. maí, flytur lofkvæði um Friðrik 8. (eftir Jón Ólafsson ritstjóra) og varnargreiu eftir sama höfund fyrir ríkjasambands samningum þeim, sem meiri hluti millilandanefndarinnar kom sér saman um. — Enskt blað, Daily Telegraf, frá 8. þ.m., segir frá því, að kveldið áður hafi félagið "Viking Club" í Lundúnum haldið samsöng í Steinway Hall, og hafi mikið af söngskránni verið norrænir söngvar. Það nefnir lög eftir E. Grieg og Svb. Sveinbjörnsson. Samsöngurinn hófst með laginu "Ísland" (þ. e. "Ó, fögur er vor fósturjörð") eftir Svb. Sveinbjörnsson, og stýrði hann sjálfur söngnum. Annað lag eftir hann, við enskt kvæði, "Grön vikingsins", nefnir blaðið einnig, að sungið hafi verið, og lætur vel af báðum. En mikilvægan þátt í söngskránni telur það lög Sveinbjarnar við kvæðaflokkinn til Friðriks konungs 8., og var hann sunginn í enskri þýðingu. Blaðið hrósar bæði lögunum og söngnum. Sveinbjörnsson lék sjálfur á hljóðfæri undir.



Þegar hrossin eru öll vinnandi á landi þinu og þú þarft í skyndi að fá eitthvað úr bænum, HVAÐ ER ÞÁ TIL RÁÐA? Væri þá ekki betra að hafa reiðhjól, svo að eitthvert barnanna gæti skroppið eftir hlutunum? Reiðhjól mundi ekki að eins vesta ánægju, heldur mundi það fljótlega borga fyrir sig með hestasparnaði. Skrifið eftir upplýsingum.

CANADA CYCLE & MOTOR COMPANY, LIMITED, WINNIPEG

Heimsins beztu hjólasmiðir

147 PRINCESS ST. - - - - WINNIPEG, MAN.

NÝTT NÝTÍZKU

THE QUEENS

Vinsælasta og þægilegasta Gisti-hótel í Winnipeg

Bandaríkja-snið Frí keyrsla.

MONTGOMERY BROS.,

EIGENDUR

BJART MIÐSTÖÐVA

Wall Plaster

Með því að venja sig á að brúka **"Empire"** tegundir af Hardwall og Wood Fibre Plaster er maður hár viss að fá beztu afleiðingar.

Vér búum til:

"Empire" Wood Fibre Plaster
"Empire" Cement Wall "
"Empire" Finish "
"Gold Dust" Finish "
"Gilt Edge" Plaster of Paris
og allar Gypsum vöruuteg-undir. —

Eiqum vér að senda yður bækling vorn?

MANITOBA GYPSUM CO. LTD

SKRIFSTOFUR OG MILLUR Í

Winnipeg, - Man.

HEIMSKRINGLA
Published every Thursday by
The Heimskringla News & Publishing Co.

Verð blaðsins í Canada og Bandar $2.00 um árið (fyrir fram borgað).
Sent til Islands $2.40 (fyrir fram borgað af kaupendum blaðsins hér $1.50.)

B. L. BALDWINSON,
Editor & Manager

Office:
729 Sherbrooke Street, Winnipeg
P.O. BOX 116. 'Phone 3512.

Foresters málið.

Tiltölulega smáar eru þær fréttir, sem enn hafa borist út til almennings af gerðum þeirra þinga, sem nýlega hafa haldin verið til þess að ræða um þá ákvörðun stjórnenda "Independent Order of Foresters", að slengja í einu vetfangi þeirri byrði á eldtu meðlimi félagsins, að borga tafarlaust upphót í félagssjóðinn er nemi FIMTÍU MILJÓNUM DOLLARA.

Án þess að tilgreina hér upphæð þeirra iðgjalda borgana, sem hver meðlimur félagsins hefir árlega orðið að borga í félagssjóðinn, skal þess þó getið, að þau hafa reynst nægileg til þess, ekki að eins að borga allar dánarkröfur látinna meðlima, heldur og líka til þess, að safna sjóði til þess að tryggja komandi dánarkröfur, og sem nú er í skýrslum félagsins sýndur að nema um eða yfir 12 miljónum dollara.

Þess hefir um nokkur undanfarin ár verið látið getið, að þegar sjóðurinn væri orðinn svo mikill, miðað við meðlimatölu félagsins, að hann hefði 25 dollara fyrir hverju meðlim, þá mundi félagsstjórnin sjá sér fært, að lækka iðgjaldakröfurnar að nokkrum mun. Þetta var öllum meðlimum félagsins, jafnt þeim yngri sem þeim eldri, hið mesta gleðiefni, og þeir huggaðu sig almennt við þá von, að þess gæti ekki orðið langt að bíða, að þessi lækkun kæmist í framkvæmd, þar sem sjóður félagsins hefir farið óðfluga vaxandi á ári hverju. Og þeim mun meira, sem félagið hefir eldst og meðlimir þess hafa fjölgað, þar til nú, að sjóðurinn er orðinn svo mikill, að hann nemur nær $40 á hvern meðlim félagsins.

Það kom því eins og reiðarslag á meðlimi félagsins, þegar formaður þess nú fræddi tilheyrendur sína á því, á aðaríjölmennum fundi á stærsta fundarsal Toronto borgar, fyrir fáum mánuðum, að hann hefði komist að þeirri niðurstöðu, eftir nákvæma yfirvegun, að í stað þess, að lækka árleg iðgjöld meðlima félagsins niður úr því, sem þau hafa verið á liðnum árum, þá bæri fulla nauðsyn til, að hækka þau að miklum mun. Félagsmenn hefðu safnað í sjóð 12 miljónum á sl. 34 árum, síðan félagið myndaðist, — en nú væri hann búinn að reikna út, að það væri 50 miljónum dollara minna, en átt hefði að vera. Þessar 50 miljónir yrðu að hafast saman í sjóðinn, og sér hefði talist svo til, að þessi útgjöld ættu algerlega og eingöngu að leggjast á þá menn, sem lengst hefðu staðið í félaginu, mest hefðu borgað í sjóð þess á umliðnum árum og bezt hefðu unnið að viðhaldi þess og vexti. Tala þessara eldri meðlima væri um eða yfir 200 þús. manns. Þeir hefðu aldrei borgað nógu mikið til félagsins, og það hefði stjórnarnefndin vitað í sl. 10 ár, þó hún hefði komið sér saman um það þá, að leyna þessum sannleika. En nú yrði ekki lengur hjá því komist, að segja ástandið eins og það væri í raun og veru, og að opinbera það fyrir hinum gömlu meðlimum félagsins, að und an þeirra blóðugu neglum yrðu að koma þessar 50 miljónir dollara, sem félagsstjórinn heimtaði, að hætt yrði tafarlaust við sjóðinn. Jafnframt lét hann þess getið, að þessu takmarki mætti ná með þvennu móti, og með því Heimskringla hefir áður skýrt frá þeim öllum, virðist ekki nauðsynlegt, að endurtaka það hér í þessari grein.

Það þarf ekki að taka það fram, að mönnum þótti þessi opinberun félagsstjórans eins kynleg eins og hún kom öllum á óvænt, og félagsmenn um þvert og endilangt ríkið létu hina mögnustu óánægju í ljós út af þessari óvæntu og að þeim virtist afar rangsleitnu ákvörðun félagsstjórans.

Menn spurðu sjálfa sig og hver annan að því, hvers vegna stjórnin hefði táldregið þá á öllum liðnum árum, með því að telja þeim trú um, að iðgjaldakröfurnar væru nægilega háar, og að þeir borguðu nægilega upphæð í félagssjóðinn til þess, að halda lífsábyrgðum sínum í gildi, og með því tryggja fulla borgun þeirra dánarkrafa, sem gerðar yrðu á félagið, — ef hún hefði einatt vitað, að þeir væru að borga langt um minna, en nauðsynlegt væri til þess að halda ábyrgðum þeirra í gildi? Og hvers vegna var ekki iðgjaldaborgun þeirra færð upp úr því, sem áður hafði verið, þegar félagið hækkaði iðgjaldakröfur á nýjum meðlimum fyrir 10 árum? Ástæðan, sem félagsstjórnin þá gaf fyrir því, að láta gömlu meðlimina sitja við sömu skilmála, sem verið höfðu, þegar þeir gengu í félagið, var í fyrsta lagi sú, að þeir voru teknir inn í félagið með því skilyrði, að borga þessi ákveðnu iðgjöld, og ekki meira. Þeim var sagt áreiðanlega, að þau væru nógu há til þess að tryggja þeim þær útborganir úr félagssjóði til erfingja þeirra að þeim látnum, sem þá var umsamið, og að það væri siðferðislega rétt af félaginu, að standa við þann samning, sem gerður hafði verið við gömlu meðlimina. Í öðru lagi af því, að þeir hefðu þegar með borgunum sínum myndað svo mikinn sjóð, að hann með vöxtum og áframhaldandi iðgjalda borgunum þeirra samkvæmt samningi nægði til þess, að mæta öllum dánarkröfum gömlu meðlimanna, jafnótt og þær mundu falla í gjalddaga. Og í þriðja lagi af því, að sanngjarnt væri, að taka tillit til þess, að þeir höfðu myndað félagið og haldið því við, sem vinnandi og sjálfstæðri stofnun, sem nýir meðlimir ættu nú kost á að hagnýta sér með betri kjörum, en þeir gátu fengið í öðrum ábyrgðarfélögum.

Hins vegar var sýnt fram á það, að þó dánarkröfu byrðin á félaginu hefði verið létt á fyrstu árum þess, meðan landið var strjálbygt og menn eðlilega hraustari og lang lífari þá, heldur en væntanlegt mætti að síðar yrði, þegar landið fyltist af fólki og sjúkdómar og slys færu að sama skapi fjölgandi, þá væri nauðsynlegt, að hækka iðgjöldin á nýjum meðlimum, því að það væri þegar komið að þeim tíma, að vænta mætti fleiri dauðsfalla árlega í tiltölu við meðlimafjölda, heldur en verið hefðu.

Alt þetta voru góðar og sanngjarnar ástæður, og engum datt í hug, að hafa á móti þeim. Þær báru með sér sitt eigið sannleiksgildi. En ef alt þetta var satt fyrir tíu árum, og fæstir eða engir munu efa, að svo sé, hvers vegna er það þá ekki eins satt í dag? Eða hver hefir sú breyting orðið á, á sl. 10 ára tímabili, sem hafi svo gersamlega breytt öllum atvikum, að nú sé það alt ósatt, sem áður var talinn gildur sannleiki af þeim, sem bezt þektu hag Forester félagsins og alist höfðu upp með því frá fyrstu byrjun þess?

Þessi nýja uppgötvun félagsstjórans gaf þegar í stað er hann opinberaði hana illan grun um einlægni hans í þessu máli, og óánægjan varð svo megn, að þing var fyrir nokkrum vikum haldið hér vestur í fylkinu til þess að ræða um mál þetta og reyna að komast að einhverri niðurstöðu um, hvað heppilegt yrði að gera framvegis. Stjórnarnefndin í Toronto sendi umboðsmann á það þing. Hann fegraði, eins og við var að búast, svo sem hann mest mátti aðgerðir stjórnendanna, en hliðraði sér að hinu leytinu við því, að veita fundarmönnum nokkrar verulegar upplýsingar, sem réttlætt gætu stefnu þá, sem tekin hafði verið eystra, — að slengja allri byrðinni upp á eldtu meðlimna. Á þessum fundi voru menn kjörnir til þess, að fara til Toronto og ræða þar við stjórnendurna, og það sama mun gert hafa verið í öðrum héruðum.

Þessir menn eru nú í Toronto. En árangurinn af starfi þeirra er enn þá ekki sjáanlegur. Að vísu hefir 20 manna nefnd haft til meðferðar iðgjalda hækkunar tillögurnar, en sú nefnd hefir mælt á móti henni í öllum atriðum eins og hún kom frá stjórnendum félagsins. En virðist helzt hallast að þeirri stefnu, að gamlir meðlimir séu látnir borga framvegis sömu iðgjalda upphæð eins og nýir meðlimir, þeir, sem gengið hafa í félagið á sl. 10 árum undir hækkuðu iðgjalda kröfunum, og miðað við aldur þeirra þegar þeir gengu í félagið. Sú stefna virðist í engu ósanngjörn, og flestir af meðlimum félagsins mundu sætta sig við hana, — þó hún hins vegar sé beint siðferðislegt brot á samningum þeim, er gerðir voru, þegar gömlu mennirnir gengu í félagið.

En gallinn er, að í Foresters félaginu geta menn ekki frekar en í nokkrum öðrum bræðrafélögum, fengið bindandi samning um ákveðna og óraskanlega iðgjaldaborgun, eins og fæst í hinum lögformlegu lífsábyrgðarfélögum. Og afleiðingin er sú, að einatt má búast við, að þeir falli úr sögunni og að þá lendi á félagssjóðnum að borga dánarkröfur þeirra, ef ekki sé með einhverjum ráðum mögulegt, að svæla þá út úr félaginu áður en dauða þeirra ber að höndum, — og að í þessu skyni sé sú stefna tekin, að gera á þá svo háar og ósvífnar borgunarkröfur, að þeir neyðist til að yfirgefa félagið, og á þann hátt frii sjóðinn við væntanlegum dánarkröfum frá erfingjum þeirra. En líklega væri þessi hugsun ekki allskostar rétt, þó svona gæti það orðið í fraukvæmdinni, ef ekki er hyggilega ráðið fram úr þessu máli af mönnum þeim, sem nú hafa það með höndum til úrlausnar í Toronto borg.

Sönghátíð.

Sönghátíð sú, sem haldin verður í Fyrstu lútersku kirkjunni fimtudags og föstudagskveldin í þessari viku, gefur von um, að verða svo fullkomin, að þar ætti að verða húsfyllir áheyrenda bæði kveldin. Söngsamkoma sú, sem hinir sameiginlegu sönfnuðir lúterska kirkjufélagsins héldu í fyrra í Grace kirkjunni hér í borginni, undir stjórn séra Hans B. Thorgrimsens, fór svo vel fram og reyndist áheyrendunum svo unaðsrik skemtun, að óhætt mun að fullyrða, að allir, sem hana sóttu, voru vel ánægðir með hana, undir kringumstæðunum. Það var í fyrsta skifti, sem slík söngskemtun hefir verið höfð meðal fólks vors hér, þar sem kirkjusöngs flokkar hinna ýmsu safnaða lúterska kirkjufélagsins komu saman hér í bænum til þess að sameina krafta sína á þeirri sönghátíð.

Það tvent, sem þá var helzt fundið að, að undirbúnings æfingarnar hefðu ekki verið nægilegar til þess að veita flokkum þessum djörfung til þess að koma fram opinberlega í áheyrn allra þeirra íslenzkra og hérlendra manna, sem kynnu að koma til að hlusta á þá. Flokkarnir höfðu aldrei fyr komið saman á sameiginlegar æfingar, og undirbúningstími þeirra hér var svo naumur, að þeir höfðu að eins tvær eða þrjár æfingar aður en söngsamkoman var haldin í kirkjunni. En svo tókst þó skemtunin vel, að hérlend blöð lóku mesta lofsorði á hana.

Nú hafa flokkarnir síðan æft sig, með því stöðuga augnamiði, að koma saman hér á ný á þessu vori, og sú samkoma á að fara fram í lútersku kirkjunni í þessari viku, eins og að framan er sagt.

Það annað, sem einstöku menn fundu að söngnum í fyrra, var það að öll lögin, sem sungin voru, voru ekki íslenzk. Oss er sagt, að nokkur bót hafi verið ráðin á þessu og að áheyrendurnir megi treysta því, að íslenzkur þjóðernisblær sé á söngskránni. Það er og fullyrt, að nú séu hinir ýmsu söngflokkar svo miklu æfðari og hefur undir undir búnir í ár, en þeir voru í fyrra, að söngurinn verði miklu fullkomnari, en þá átta sér stað. Og þess vegna gefur nú þessi söngsamkoma von um, að verða talsvert fullkomnari en í fyrra.

Margir Íslendingar í þessum sameinuðu söngflokkum, karlar og konur, eru gæddir ágætum söng hæfileikum, og þar sem flokkarnir leggja svo mikið á sig, að koma hingað til Winnipeg, sunnan frá Bandaríkjum og frá öðrum utanbæjar sönfnuðum, til þess að æfa hér saman list sína og skemta oss Winnipeg búum, — þá virðist ekki ósanngjarnt, að þeim sé veitt sú viðurkenning, að söngsamkomur þeirra séu vel sóttar þau 2 kveld, sem þeir skemta hér. Löndum vorum býðst ekki önnur betri skemtun á neinum tíma ársins.

Kirkjuþing Únítara.

Eins og vér gátum um í síðasta blaði, var hið fjórða kirkjuþing íslenzkra Únítara sett í Únitarakirkjunni hér í bænum föstudaginn 12. júní sl.

Skapti B. Brynjólfsson, varaforseti kirkjufélagsins, setti þingið og gaf skýrslu um straf félagsins á þeim þremur árum, sem liðin eru síðan síðasta þing var haldið á Gimli. Hann mintist á, að únítariski félagsskapurinn hefði á þessum þremur árum grætt allmikið, bæði beinlínis og óbeinlínis. Únítariskir sönfnuðir og félög hefðu verið mynd uð, og auk þess hefði hugur fólks sýnilega hneigst meir og meir í frjálslynda átt. Ennfremur mintist hann á hina frjálslegu kirkjulegu hreyfingu á Íslandi, sem stöðugt færi vaxandi fíjá bezt mentuðu og mikilhæfustu mönnum íslenzku þjóðarinnar.

Á fyrsta þingfundi voru skipaðar nefndir í sunnudagaskólamál, útbreiðslumál og útgáfumál.

Sunnudagaskólanefndin lagði það til, að sem allra fyrst væri samin bók, er hafa mætti sem kensluþók í trúar og siðfræðis atriðum Únítara. Ennfremur lagði hún til, að kensla í íslenzku og íslenzkum bókmentum, færi fram í sambandi við kirkjulegu hreyfinguna, þar sem hægt væri að koma því við. Þetta nefndarálit var samþykt.

Útbreiðslumálanefndin lagði áherzlu á það, að sem allra flest únítarisk félög og sönfnuðir stofnuðu Menningarfélög í líkingu við það, sem starfað hefir í Winnipeg á sl. tveimur vetrum, og haldið hefir hálfsmánaðarlega fróðlega fyrirlestra, um ýms málefni, og frjálsar umræður á eftir. Tillaga þessi var samþykt í einu hljóði.

Eftir tillögum útgáfumálanefndarinnar var samþykt, að gefa út við fyrsta tækifæri bækur, er nota mætti við uppfræðslu unglinga m. fl. (samanber tillögu sunnudagaskólanefndarinnar). Þingið gerði ráðstöfun til að hafa upp peninga til að kosta útgáfu á bókum þessum.

Kosin var 6 manna nefnd til að safna frumsömdum og þýddum sálmum í sálmabók, er kirkjufélagið ætlar að gefa út bráðlega. Í þá nefnd voru kosnir:

Jóhannes Sigurðsson,
Á. J. Johnson,
Albert E. Kristjánsson,
Rögnvaldur Pétursson,
J. P. Sólmundsson,
Gísli Jónsson.

Milliþinganefnd var sett til að íhuga breytingar á grundvallarlögum félagsins.

Í stjórnarnefnd félagsins voru þessir kosnir:

Forseti: S. B. Brynjólfsson,
Varaforseti: J. B. Skaptason.
Skrifari: Th. Thorvaldsson,
Varaskrifari: Gísli Jónsson.
Útbreiðslustjóri: Pétur Bjarnason.
Féhirðir: H. Pétursson.
Meðráðendur: E. S. Jónasson, Paul Reykdal og Fr. Swanson.

Í útbreiðslunefnd ásamt útbreiðslustjóra voru kosnir: Jóhannes Sigurðsson og Eggert Árnason.

Ákveðið var að haía næsta kirkjuþing í júní 1909 í Álftavatnsbygð, samkvæmt boði frá Mary Hill sönfnuði.

Föstudagskveldið 12. júní flutti séra Rögnv. Pétursson fyrirlestur um "Conformity" og á laugardagskveldið hr. Guðmundur Árnason annan um "Pragmatism". — Frjálsar umræður voru á eftir báðum fyrirlestrunum.

Á sunnudagskveldið þann 14. þ. m. prédikaði herra Albert E. Kristjánsson, og talaði um trúfrelsi, lagði út af orðum Lúters, "Hér stend ég, guð hjálpi mér, ég get ekki annað".

Á eftir messunni var trúmálafundur haldinn um hver ætti að vera afstaða Únitara gagnvart nýjum hreyfingum í íslenzku lútersku kirkjunni".

Séra J. P. Sólmundsson innleiddi umræðurnar. Allmiklar umræður voru um þetta mál. Flestir yildu taka þeim vel, álitu þær spor í rétta átt. En nokkrir voru þeir, sem fundu það að, að ekki væri sem hreinast gengið að verki hjá sumum formælendum nýju hreyfingarinnar.

Á sunnudagskveldið þ. 14. bélt Winnipeg sönfnuður kirkjuþingsgestum og öðru boðnu fólki samsæti er stóð fram á nótt. Skemtu menn sér þar við ræður, söng og veitingar.

Goodtemplara þingið.

Mrs. Guðrún Búason, erindreki fyrir Goodtemplara í Manitoba á alheimsstúku þing Goodtemplara, sem haldið var í Washington, D. C., í Bandaríkjunum, frá 2. til 9. þ.m., kom heim aftur til Winnipeg þ. 19. þ.m., eftir, tæpra 4 vikna burtuveru, frá 24. maí sl.

Á þingi þessu hinu mikla voru ells 124 erindrekar, frá öllum löndum hins mentaða heims. Þar voru einnig hátt á annað hundrað gamlir erindrekar og gestir, sem komið höfðu frá flestum löndum heimsins af áhuga fyrir bindindismálefninu, og til þess að sækja þing þetta til að heyra og sjá það sem fram færi þar.

Eftir að þingið hafði verið sett í hinu mikla samkomuhúsi, sem er eign "Knights of Phytias" félagsins, var öllum erindrekum alheimsstúkunnar haldin veglegt veizla, að kveldi 2. júní, og stóðu fyrir henni borgarar Washington borgar. Þar voru erindrekunum flutt 4 fagnaðarávörp: 1) frá Prestafélaginu í District of Columbia, 2) frá hinu kristilega bindindisfélagi kvenna, 3) frá Senati Bandaríkjanna og 4) frá Washington ríki, og var það flutt af sjálfum ríkisstjóranum. — Var það erindrekum öllum hin mesta ánægja, að fá svo hlýjar viðtökur úr öllum áttum, að undanskildum ölbruggara og vínsölufélögunum, sem alls engin áskiti höfðu af þessu þingi eða erindrekum þeim, sem á því mættu.

Næsta dag voru allir erindrekar teknir í skemtiferð upp til Mount Vernon, til þess, að skoða þar bústað Washingtons, frelsishetjunnar miklu og fyrsta forseta Bandaríkjanna. Þar gat að líta alt með sömu vegsummerkjum og þegar þau hjón kvöddu þenna heim, laglegt timburhús með mjóum og þröngum stigum og dimmum herbergjum, einkanlega svefnherbergjum. Húsgögn öll í því ástandi, er þau voru, er þau voru notuð þar í húsinu, gamlir, þunglamalegir járnpottar á hlóðum, stólar með nútíðarsniði, bókasafn gott í bókhlöðu hússins, sem bar þess vott, að Washington hefir verið bóka- og lærdómsmaður. Píanó var þar einnig og lá harpa ofan á því. Washington spilaði á hörpuna, en kona hans á píanóið. Keyrsluvagn þeirra hjóna var þar í gripahúsi úr múrsteini, sem var bygt 1733. Vagninn var tvihjólaður, hár og þunglamalegur. Grafhvelfingin, sem þau hjón hvíla í, er rétt hjá húsinu, en lokuð, svo engir geta farið þar inn. Skógartrén í landeign þessari eru hin fegurstu. Þar má sjá tré frá öllum löndum heimsins, sem þjóðhöfðingjar hafa sent þangað að gjöf, og eru þau merkt, svo að sjá má, hvaðan þau eru og hver gefandinn var.

Þann 8. júní hélt allur þingheimur til "Hvíta hússins", og þar mætti sjálfur forsetinn erindrekunum og gestum öllum, 300 talsins, og heilsaði hverjum þeirra með handabandi, og var hann hinn þýðasti í öllu viðmóti. Kvað hann sér mikla ánægju, að mæta svo góðum gestum, og óskaði þeim til blessunar í bindindis starfsemi þeirra. Lét hann síðan sýna öllum hópnum um alla höllina og umhverfis hana. Eftir það var allur hópurinn settur í sjálfhreyfivagna og keyrður um alla borgina og umhverfis hana, og sýndir allir merkustu staðir. Um kveldið var svo hópurinn tekinn á skemtiskipi niður Potomac ána til Fort Washington, um 20 mílur.

Svo segir Mrs. Búason, að Washington borg sé yndislega fögur, og að ekkert sé þar til sparað, að gera hana sem prýðilegasta að öllu leytí. Hreinleg er hún svo sem mest má verða, og engin smáhýsi eru þar sjáanleg. Alt eru stórar byggingar og prýðis fallegar.

Milli þess, sem erindrekarnir skemtu sér samkvæmt skemtiskránni, sem ákvörðuð hafði verið af borgarbúum áður en þingið var sett, — voru daglega haldnir starfsfundir. Að síðustu voru 7 embættismenn kosnir til 3 ára og voru 2 þeirra frá Ameriku, Senator Cotrell í Washington og Mrs. Guðrún Búason, sem var kosin varatemplar alheimsstúkunnar, og mun hún vera fyrsti Íslendingur, sem þann heiður hefir hlotið, að eiga sæti í því stjórnarráði.

Fimm ræður varð hún að halda á þinginu, og ávann sér með þeim það álit, sem embættiskosning hennar ber vitni um.

Með því, að kosning embættismanna í stjórn alheimsstúkunnar er til 3. ára, þá á Mrs. Búason fyrir höndum, að ferðast eina eða tvær ferðir til Evrópu áður en embættistímabil hennar rennur út, því að stjórnarnefndin kemur saman árlega, sitt árið í hverju landi.

Stjórn Þýzkalands hefir boðið veraldarstúkunni, að halda næsta þing sitt í Hamburg, og það boð hefir verið þegið. Á því þingi, sem þar verður haldið, eiga þeir embættismenn að skila af sér, sem nú voru kosnir, og verða sumir þeirra þá máske endurkosnir.

Á heimleið frá Washington dvaldi Mrs. Búason einn dag í Chicago. Hún ætlaði að dvelja þar lengur, en átti ekki kost á að fá gistingu á góðu hóteli lengur, því öll herbergi höfðu fyrirfram verið loíuð erindrekum á flokksþing Repúblíkana, sem þá átti að haldast þar í borginni.

Í St. Paul dvaldi hún nokkurn tíma hjá herra Chr. Richter og konu hans, sem mættu henni á vagnstöðvunum þar. Mjög vel lætur hún af verunni hjá þeim hjónum, sem ekkert létu ógert til þess að gera dvöl hennar þar í borg, sem allra ánægjulegasta.

FRÉTTABRÉF.

MINNEOTA, MINN.

Verðleika viðurkenningu fyrir framúrskarandi snilli í byggingafræði hefir Íslendingurinn S. Walter Jónason (Sigurgeir Valdimar Loftssson Jónassonar) hlotið. Verðleika minjagripur sá, er hann var sæmdur með, er Frimúrara úrkeðju-nisti, af gulli gert, sett með sex demants steinum. (S. W. J. er Frímúrari). Bygging sú, er hann hlaut þessa fregð fyrir, er 45 þús. dollara þinghús í bænum Woonsocket, S. D., sem formaður, verk stjóri, þeirrar byggingar var hann frá því grunnur var lagður til hins síðasta handtaks. Gefendur minjagripsins eru Woonsocket búar, ásamt stjórnarráði Sanborn (Co.) héraðs. — Herra S. W. J. er með afburðum listfengur byggingamaður, þó ei noma að eins 29 ára gamall aldri. Loftur faðir hans var úr Eyjafirði, en móðir hans er Aðalbjörg Jóakimsdóttir, úr Laxárdal í Þingeyjarsýslu.

Í vor útskrifuðust af lýðháskóla Minneota bæjar 7 íslenzkir unglingar: Victor og Elfíra börn Jósefs Jósefssonar úr Vopnafirði og Helgu Jónsdóttur, úr Papey, — Þórunn, Jónsdóttir Strand, frá Bakka á Norðurströnd, og margrétar Guðmundsdóttur Eyjólfssonar, — Jónína Pétursdóttir Jökul og Sigurveigar Jónsdóttur, frá Hróaldsstöðum í Vopnafirði, — Halldóra V. Askdal, hún er dóttir K. S. Askdals, Sigurbjarnarsonar, Kristjánssonar, Guðmundssonar og Júditar skálds frá Ljósavatni í Þingeyjarsýslu, en móðir hennar er Salvör Nielsdóttir, úr Leirvogstungu í Mosfellssveit (Halldóra hlaut hæsta mark skólans nú í ár) — Hólmfríður Sturlaugsdóttir, Guðbrandssonar ríka úr Rauðseyjum(?) og Áslaugar Guðmundsdóttur, — Ólöf Einarsdóttir Ólafssonar og Ingibjargar Pétursdóttur úr Vopnafirði.

Tíðarfar hefir verið fremur kalt síðan um miðjan maí, og votviðrasamt, svo skemdir hafa orðið á ökrum af völdum vatns. Nú sem stendur er norðanátt í lofti.

S. M. S. Askdal.

Skýið.

Svarta ský, þú skyggir á
skrautið hér og tignarmerkin.
Viltu ei loka sól að sjá
sona þinna kærleiksverkin?

Ský, á þinni skörpu brún
skuggadrættir mynda letur,
en að þýða þessa rún,
það menn seinna læra betur.

Dapurt er þitt dularmál,
dimma ský, ég finn þú grætur,
eins og hryggðar biturt bál
brenni þínar hjartarætur.

S. S. ÍSFELD

Hinir áreiðanlegustu — og þar með hinir vinsælustu — verzlunarmenn auglýsa í Heimskringlu.

—The—
Criterion Hotel
McDermott Ave.

Nýtt, vandað gistihús með ágæt herbergi, vönduðustu drykkjir og fínustu vindlar.

Vinsælt meðal Íslendinga. Er beint á móti Tribune byggingunni á McDermott Avenue.

MORICE NOKES
EIGANDI

Woodbine Hotel
Stærsta Billiard Hall í Norðvestarlandinu
7ta Pool-borð.—Alskonar vín og vindlar.
Lennon & Hebb,
Eigendur.

SPONNÝTT HÓTEL
ALGERLEGA NÝTÍZKU
Hotel Majestic
John McDonald,
eigandi.
James St. West, Rétt vestan við Main St.
Winnipeg Telefón 4979
$1.50 á dag og þar yfir
Bandaríkja-snið
Alt sem hér er um hönd haft er af beztu tegund. Reynið oss.

MIDLAND HOTEL
255 Market St. Phone 3491
Nýtt hús, nýr húsbúnaður
Fullar byrgðir af allskonar vönduðustu drykkjum og vindlum í hressingar stofunni. Gisting einn dollar á dag og þar yfir.
W. G. GOULD :: FRED. D. PETERS,
Eigendur
WINNIPEG ::: ::: CANADA

Jimmy's
HOTEL
Rétt á bak við Pósthúsið
Íslendingar ættu að reyna þetta gistihús. Í hressingarstofunni er sá eini íslenzki vínveitingamaður í Winnipeg.
James Thorpe,
eigandi
Fyrrum eigandi Jimmy's Restaurant

Agrip af sögu

Kvenréttindahreyfingarinnar

Eftir
BRÍET BJARNHÉÐINSDÓTTUR.
(Skírnir).

(Niðurl frá nr. 37).

Konurnar tóku saman við frjálslyndu flokkana; þær stofnuðu öflugan félagsskap og héldu sameiginlegan aðalfund. Nú þegar dúman var sett á fót og byrjast átti fyrir almennum kosningarrétti, þá var tækifærið, til að koma pólitískum kosningarrétti kvenna að. Þær komust í samband við beztu og áhrifamestu þingmennina. Bæði demókratiski flokkurinn og frjálslyndi flokkurinn tóku kosningarrétt kvenna upp í kosningarlaga frumvörp sín. En nú þurfti að endurskoða lögin um réttindi (eða réttleysi) kvenna, bera þau saman við ákvæði laganna um aðra borgara þjóðarinnar og semja á þeim grundvelli nýtt lagafrumvarp Til þess þurfti margra mánaða vinnu, og hér var að eins um fáar vikur að ræða. Þá fengu konur skipaða lögfræðislega nefnd, sem vann að þessu máli nótt og dag. Á meðan borðust þær fyrir málinu í ræðum og ritum, með fundahöldum og fyrirlestrum hvervetna um land. Alþýðan, svo algerlega ómentuð sem hún er, fylgdi þeim að málum. Bændakonurnar gátu ekki skilið, hvers vegna ekki ætti að bæta kjör nema annars helmings þjóðarinnar. Og bændurnir sögðust vilja fá sömu réttindi handa konum sínum sem sjálfum sér. Þær mundu verða nýtar og öflugar hersveitir í baráttunni gegn styrjöldum og ofdrykkju, þessum tveimur verstu óvinum mannkynsins. Fjöldi bænarskrána um jafnrétti karla og kvenna, frá ómentuðum bændakonum, streymdu inn til dúmunnar. Sumar voru skrifaðar af börnum þeirra, af því þær sjálfar voru ekki skrifandi. Loks er lagaendurskoðunarnefndin hafði starfað kappsamlega í 6 vikur og hálfa, var verkinu lokið, og konur afhentu dúmunni öll skjöl og skilríki málsins þ. 21. júlí 1905. Daginn eftir var dúman rofin.

Þá 14 mánuði, sem "Rússneska kvennasambandið" starfaði að þessum málum, eyddi það 30,000 krónum eingöngu í þeirra þágu. Það varð auðvitað að hætta um sinn. En félagsskapurinn hélt áfram og hefir nú yfir 20,000 meðlimi. Félagsdeildirnar eru á annað hundrað. Síðastliðin missiri hafa þessi mál aftur verið tekin upp. En svo var dúman rofin í annað sinn, eins og menn vita. En — einhvern tíma birtir líka af degi yfir Rússlandi!!

Finnland. Þar eru bjartari tímar bæði fyrir konum og körlum. Eins og menn vita, fengu finskar konur alment pólitísk réttindi 29. maí 1906, þ.e. hver fullveðja kona með óskertu mannorði sem sjálfbjarga er og greiðir 70 aura í skatt. 1863 fengu þær atkvæðisrétt í sveita-, sókna- og skólamálum utan hæja, og 1872 í borgunum. Við kosningarnar í vetur 15.—16. marz voru 19 konur kosnar á þing. Mjög vel er látið af frammistöðu þeirra. Stéttarbræður þeirra, hinir þingmennirnir, kjósa þær í alls konar nefndir, jafnvel stundum fyrir kormenn, og hafa leiðbeint þeim með ráðum og dáð í öllu, sem þær hafa þurft með. Auðvitað fylgjast þær að málum með þeim pólitísku flokkum, er þær tilheyra. Þó skrítið sé hafa finskar konur ekki enn þá kjörgengi í sveita og sáknaðarmálum.

Svíþjóð. Þar er ef til vill unnið af meira kappi fyrir kosningarrétti kvenna en annarsstaðar á Norðurlöndum. Frumvörp um það mál hafa verið borin upp í ríkisdeginum 1884, 1899, 1902, 1904, 1905 og 1906. Kosningarréttarlögin eru um 110, og öll í sambandi hvert við annað. Þau gengust fyrir undirskriftum kvenna undir áskorun til þingsins 1906 um pólitiskan kosningarrétt kvenna, og rituðu 242,000 konur nöfn sín undir áskorunina. Málið féll þó í efri deild þingsins. Konungur hefir tjáð sig málinu hlyntan, en ráðleggur kvenfólkinu að "bíða" með þolinmæði.

Í Svíþjóð hafa konur ágæta skóla, og er þeim heimilt, að ganga á háskólana og taka embættisþróf þaðan. Margar konur eru þar doktorar bæði í lögum, málfræði og læknisfræði. Ekki eru samskólar þar almennir; þó eru þeir að komast á fót. Ýms mikilsverð embætti hafa konur þar á hendi. — Erfðarétt til jafns við karlmenn fengu þær löngu á undan konum annarsstaðar á Norðurlöndum. Kosningarrétt í sveita- og sáknaðarmálum hafa þær haft síðan um 1866, að nokkru leyti, og nú hafa hann allar sjálfstæðar konur, giftar og ógiftar, á sama hátt og karlmenn. Konur veita þar forstöðu ýmsum æðri skólum, svo er t.d. um "Wallinska Institutet" í Stokkhólmi. Það er latínuskóli, er útskrifar kvenstúdenta. Þær standa og fyrir ýmsum atvinnugreinum, og berjast fyrir því, að konur séu gerðar að umsjónarmönnum í stórum verksmiðjum, þar sem konur og börn vinna, og sömuleiðis í skólum og kvenfangelsum.

Norvegur. Eins og menn vita, fengu konur í Norvegi stjórnarfarsleg réttindi 12. jún síðastl. jafnframt kosningarrétti í sveita- og safnaðarmálum, allar sjálfstæðar konur, giftar og ógiftar, sem greiða skatt (eða menn þeirra), af 300 krónum til sveita og 400 í bæjum. Norskar konur hafa og fjölmörg önnur borgaraleg réttindi. Þær geta gengið á sömu skóla og karlmenn, tekið sömu embættisþróf og komist að sömu embættum. Þær mega flytja mál, sitja í dómum o.s.frv. Margir kvenlæknar eru í Norvegi og þykja gefast vel. Árið 1902, þegar norskar konur fengu kosningarrétt og kjörgengi í sveitarstjórnarmálum tóku 48,402 konur þátt í kosningunum. 98 konur voru kosnar í bæjarstjórnir og sveitarstjórnir og 160 konur hlutu kosningu sem aðstoðar- eða varafulltrúar. Alment var áhuginn meiri í borgum en í sveitum. Sumstaðar í borgum kusu 90 prósent konur.

Þegar Norðmenn 1905 gengu til atkvæða um alt land um að slita sambandinu við Svíþjóð, þá vildu konur líka fá að sýna vilja sinn, þótt ekki væru þær kosningabærar í þessu máli. Kjörréttarfélagið gekst þá fyrir atkvæðagreiðslu kvenna. Á einum 14 dögum voru alls konur greidd 300,000 atkvæði með þessu máli, og var stjórninni afhent atkvæðagreiðslan af stjórn "Kjörréttar landsfélags kvenna".

Danmörk. Þar hafa konur enn þá hvorki kosningarrétt né kjörgengi í sveitamálum eða safnaðarmálum, né heldur pólitisk réttindi. Þær hafa og eigi aðgang að neinum opinberum embættum ríkisins, þótt þær megi taka embættisþróf frá háskólanum, án þess að njóta þess námsstyrk, er stúdentar fá, t.d. Garðstyrks. Þó hafa konur fengið aðgang að ýmsum störfum, einkum á skrifstofum og með sömu launum og karlmenn. Þar til má helzt telja: Í stjórnardeildunum, lögfræðisstjórnardeildinni, og kirkju- og kenslumáladeildinni, eru nokkrar konur skrifarar. Launin eru jöfn fyrir karla og konur, byrjunarlaun 1000—1800 kr. (Hæstu laun aðstoðarmannanna í stjórnardeildunum eru 1900 kr.). Við ríkisskjalasafnið eru líka konur, er genga sömu störfum og njóta sömu launa og eftirlaupa sem karlar. Hæst laun eru 2400 kr. Konur geta ekki orðið yfirskjalaverðir. Ein kona er skipuð af landbúnaðarráðaneytinu sem gjaldkeri við skógræktunarembættið á Fjóni.

Í Kaupmannahöfn gegna 114 konur störfum í þjónustu bæjarstjórnarinnar með 800—2400 króna launum. Þar af hafa 43 fasta stöðu Engin þeirra hefir þurft að segja af sér vegna giftingar. Til þessara embætta útheimtist ekkert sérstakt nám. Eftirlaun eru jöfn fyrir karla og konur.

Danskar konur hafa á tveimur síðustu árum breytt félögum sínum þannig, að þær hafa myndað pólitísk kjörréttindafélög og reyna á sama hátt og konur annarsstaðar að vekja þekkingu og áhuga á því máli. Enn sem komið er, fara þær ekki fram á meira en almennan kosningarrétt og kjörgengi í öllum sveitastjórnar og safnaðarmálum o.þ.h., bæði fyrir giftar konur og ógiftar. Auk þess leitast þær við, að auka jafnrétti kvenna bæði lagalega og borgaralega, og hafa komið ýmsum frumvörpum þess efnis inn á þingið. Vonandi líður ekki á löngu, áður þær fá kosningarrétt og kjörgengi í sveita málum.

Ísland. Hér má fara fljótt yfir sögu, því hún er flestum kunn. Íslenzkar konur hafa haft kosningarrétt síðan 1881 í sveita- og safnaðarmálum, og sömuleiðis kjörgengi síðan 1902, en þó að eins ó giftar konur og ekkjur, sem gjalda frá 4—8 kr. í útsvar, eftir því hvar það er á landinu. Rétt til skólanáms hafa þær bæði í lærða skólanum og gagnfræðaskólunum. — Sömuleiðis mega þær hlýða á fyrirlestra við læknaskólann og taka embættisþróf þaðan, en engin embætti fá þær að því loknu. Einnig mega þær hlýða á fyrirlestra við prestaskólann að nokkru leyti, og taka þróf í sumum námsgreinum.

Af opinberum störfum, sem bæði karlar og konur gætu gengt, eru það kennarastörfin ein, við barnaskóla og kvennaskóla, sem þær hafa á hendi. Launin eru fyrir stundakenslu hin sömu og þau, er karlmenn fá, nema við kvennaskólann í Reykjavík, þar hafa konur haft eina 35 aura fyrir verklega tímakenslu, en fyrir bóklega kenslu, sem karlmenn hafa mestmegnis haft á hendi, eru borgaðir 50 aurar. Fastir kennarar eru konur hvergi nema við kvennaskólana og eru launin við þá hér um bil 200—600 kr. Hæst laun hefir forstöðukona Reykjavíkur kvennaskóla: 600 kr. og húsnæði.

Þá er að telja hjúkrunarkonustöðuna við Laugarnesspítala með 800 kr. launum og húsnæði, hita, ljósi og fæði, en undirhjúkrunarkonurnar hafa 250 kr., auk húsnæðis, fæðis osfrv. Engin þessara kvenna hefir eftirlaunarétt, hvorki kenslukonur né hjúkrunarkonur.

Lítið hefir borið á íslenzkum konum í stjórnmálum, og mjög misjafnlega hafa þær neytt þeirra réttinda, sem þær hafa. Þó er áhugi á kvenréttindamálunum að fara í vöxt. Árið 1895, þegar áskorunin um kosningarrétt kvenna var send út um land til undirskrifta, þá urðu þær í alt ekki full 2500. En nú í vetur og vor urðu undirskriftir undir þessar sömu áskoranir um tólf þúsund. Ef telja má, að íslenzkar konur séu um 40,000 og þar af helmingur yfir 16 ára, þá er þessi tala mjög há. Annars má telja víst, að íslenzkar konur fái stjórnarfarsleg réttindi á næstu árum, með því öll þjóðin sýnist að vera orðin því fylgjandi.

BARÁTTUADFERD KVENNA.

Áhuga kvenna á, að berjast fyrir réttindum sínum og hinar miklu breytingar til batnaðar, er hvervetna hafa orðið í hugsunarhætti þjóðanna í þessu efni á síðustu árum, má telja bein áhrif af baráttu ameriskra kvenna fyrir þessu máli. Árið 1902 boðaði Susan B. Anthony til allsherjar kvenfundar í Washington um þetta mál, og skoraði á öll ríki í Norðurálfunni, Ástraliu og Ameríku að taka þátt í honum. Sex lönd sendu fulltrúa. Þá var stofnað allsherjar sambandsfélag af kjörréttarfélögum þessara landa, með það markmið fyrir augum, að vinna eingöngu að því, að útvega konum fult stjórnarfarslegt jafnrétti við karlmenn, sem fyrsta skilyrði og grund völl undir öllum borgaralegum og lagalegum réttindum þeirra. Sambandsþing skyldi halda annað hvert ár, og átti það helzt að hald ast þar, sem mest þörf var í hvert sinn á, að vekja áhuga kvenna. Hvert landsfélag átti að starfa ein göngu að þessu máli. Síðan hafa konur hvervetna sömu aðferðina, að ferðast um, halda fyrirlestra um þessi mál, og að því búnu að fá viðstaddar konur til að ganga í félagsdeildir, sem sameinast allar í einu landsfélagi. Auk þess hefir verið barist örugglega fyrir mál inu í hverju landi, bæði í ræðum og ritum, með fundarhöldum og fortölum. Á sambandsþingunum hefir hvert sambandsland gefið skýrslur um ástandið og störfin þar. Á þann hátt hefir hvert félag lært af öðru. Á síðasta stórþinginu, var komið á fót blaði fyrir allsherjarfélagið, er gefur út mánaðarlegar skýrslur um framfarir og horfur þessa máls í hverju landi. Nú eru hin félögin að taka það eftir. Bæði amerísku og ensku og dönsku kjörréttarfélögin hafa komið á stofn sérstökum blöðum fyrir sig. Mikil áherzla er lögð á, að fá dagblöðin í lið með sér.

Strathcona Hotel
Horni Main og Rupert Str. Nýbygt og ágætt gistihús; Gest um veitt öll þægindi með sanngjarnasta verði. Frí keyrsla til og frá öllum járnbr. stöðvum. Beztu vín og vindlar; og herbergi og máltíðar ágætar.
McLaren Brothers
EIGENDUR

Hotel Pacific
219 Market Street Winnipeg — H.M.Hicks Eigandi — Manitoba
Telephone 1338
Ný-endurbætt og Ný-tízku hús í alla staði. Viðskifta yðar óskast virðingarfylst.
$1.25 a Dag

HOTEL SUTHERLAND
Corner Main and Sutherland Ave.
Gisting kostar $1.00 og $1.50 á dag. Ég tók við stjórn þess húss 1. Jan. '08, og virðingarfylst óska viðskifta Islendinga nær og fjær Komið, Sjáið og Reynið.
C. F. Bunnell,
eigandi. Telefón 348

$1.50 Á DAG
Bezta $1.50 gistihús í Winnipeg
BRUNSWICK HOTEL
Horni Main St. og Rupert Ave.
Besta borðhald; Hrein og Björt Herbergi; Finustu Drykkir og Bestu Vindlar. Ókeypis Vagn mætir Öllum Trainlestum. Reynið oss þegar þú ert á ferð.

MARKET HOTEL
146 PRINCESS ST. á móti markaðnum
P. O'CONNELL, eigandi, WINNIPEG
Beztu tegundir af vínföngum og vindl am, aðhlynning góð, húsið endurbætt

um leið mjög rólega: "Þér verðið mér trúr, Allan, þér neitið mér ekki".

Eitt augnablik var hann í efa, hvernig svara skyldi. En svo sagði hann: "Já, ég skal koma, Nita".

"Að einni klukkustund hér frá", sagði hún, og hann hneigði sig til samþykkis.

Lady Aðalheiður mundi lengi eftir því, hve sigrihrósandi hertogainnan var, þegar hún kom til hennar þetta kveld, til þess að bjóða henni góða nótt. Andlit hennar var eitt stórt bros, og það var eins og hún sagði: "Ég hefi unnið hann. Nú tilheyrir hann mér". Öll framkoma hennar var drembileg og ókurteis, en Lady Aðalheiður lét sem hún sæi það ekki.

"Ég hefi skemt mér sérlega vel í kveld", sagði hertogainnan. "En mér sýnist sem þér vera svo þreytulegar og fölar, Lady Aðalheiður".

Lady Aðalheiður roðnaði við þessi orð. "Það er víst ekki annað en ímyndun yðar, hertogainna. Mér líður vel, og ég hefi enga ástæðu til að vera í slæmu skapi".

"Já, þó hefi ég það ekki. Ég hefi í alt kveld verið hjá hinum skemtilega manni yðar. Góða nótt, Lady Aðalheiður".

Þegar hertogainnan var farin út, eftir að hafa storkað Aðalheiði eins mikið og hún þorði, litaðist Aðalheiður um. Lávarðurinn og kafteinn Randolph sátu enn við spilaborðið. Lady Caren var gengin til herbergja sinna, og Lady Kan var að fara. Lady Aðalheiður hugsaði að eins um það, hvað bréf hertogainnunnar hefði haft inn að halda, og hvers vegna hertogainnan hefði verið svo óvanalega ánægð.

Gestirnir fóru nú hver á fætur öðrum út úr herberginu. Caren lávarður gekk með heshöfðingjanum inn í reykingasalinn. Kafteinn Randolph beið eftir,

að geta boðið Lady Aðalheiði góða nótt, en er hann sá, í hve djúpum þönkum hún var, gerði hann það bezta, sem hann gat gert: Hann fór án þess að ávarpa hana.

Hún vissi ekki, hvað hún skyldi nú gera. Bréfið og öll framkoma hertogainnunnar vitnaði um hættu. Henni fanst hún ekki geta farið til herbergja sinna. Hún gat ekki verið ein með sorgir sínar. Henni fanst hún mega til, hvað svo sem það kostaði, að vita um það, sem fram skyldi fara um nóttina. Hún var alein í hinum stóra sal. Þjónninn kom nú til að slökkva ljósin, en í því sá hún hvítan bréfmiða liggja á gólfinu við spilaborðið. Hún gekk þangað og tók miðann upp. Hún sá strax, að það var bréfið frá hertogainnunni, og lávarðurinn hafði rifið það eftir endilöngu.

Hún hélt nú í hendi sér lyklinum að óvissu sinni.

Flestar konur mundu fljótt hafa lesið það, án þess að hugsa um, hvort það væri rétt eða ekki. — Lady Aðalheiður gerði það samt ekki. Hún var föl og hjarta hennar sló hratt, en án þess að lesa bréfið, fór hún með það til herbergis sins. Hún lagði báða partana á borðið og leit á þá. Átti hún að lesa bréfið? Var það heiðarlegt, að lesa bréf fjandmanns síns? Lady Aðalheiður var mjög vönd að virðingu sinni, og hana hrylti við öllu, sem hún áleit óheiðarlegt.

En var þetta óheiðarlegt? Hún hafði sett sér það fyrir mark og mið, að frelsa manninn sinn úr þeirri snöru, sem lögð var fyrir hann. Hún hafði offrað öllu lífi sínu, öllum kröftum sínum, von og þolinmæði fyrir hann. Hún hafði troðið sínar eigin tilfinningar undir fótum sér og að eins hugsað um hann. Það gat því ekki verið óheiðarlegt. Hún

ásetti sér að lesa það, — að eins til að hjálpa honum með því. Henni fanst, að einhver æðri forsjón taka í taumana og hjálpa sér með þessu. Hún hafði ekkert vitað, hvað hún skyldi gera, en nú hafði hún fengið óvænta hjálp, sem henni var svo afar nauðsynleg.

"Tálgangurinn verður að réttlæta meðulin", sagði hún. "Ég ætla að lesa bréfið vegna mannsins mins".

"Hún lagði það aftur saman og las:

"Ég verð að sjá yður, Allan. Tíminn líður óðum, ég má því til að sjá yður. Ég hefi beðið lengi eftir tækifæri til þess, en aldrei getað fengið það. Það, sem ég ætla að segja, má til að segjast. Allan, vegna ástar þeirrar, sem þér einu sinni báruð til mín, verðið þér að tala við mig. Ég ætla að verða í uppáhaldsstað yðar — trjálundinum — í kveld. Í staðinn fyrir, að fara til herbergja minna, fer ég þangað, og þér verðið að koma til mín, er þér losnið við gesti yðar. Ef þér ekki gerið þetta, skuluð þér iðrast þess alt til yðar dauðastundar".

Það stóð ekkert nafn neðanundir, en hún vissi, að það var frá hertogainnunni. Hún þekti líka rithönd hennar. Þetta var þá efni bréfsins.

Þegar hertogainnan fékk ekkert tækifæri til að ná tali af Caren lávarði, þá skrifaði hún honum og mælti sér mót við hann. Það gat vel verið, að þau væru nú að tala saman.

Aðalheiður grét ekki. Sorg hennar var þyngri en svo, að hún gæti grátið. Það var meira en afbrýðissemi, er kvaldi hana. Það var það, að ást hennar var einkis metin.

"Ég verð að frelsa hann! Það er hún, sem

dregur hann til sín, en hann ekki hana. Ó, guð minn, hjálpaðu mér!"

Hún fleygði yfir sig svörtu sjali og gekk út úr herberginu. Hún vissi ekkert um, hvort lávarðurinn hafði neitað eða ekki, en hún vildi fara varlega, til þess að reita hann ekki til reiði. Í húsinu var alt hljótt, í einum ganginum mætti hún ráðsmanninum og spurði hann, hvort búið væri að slökkva öll ljósin. "Nei, ekki öll ennþá, lady mín", sagði hann.

Svo spurði hún hálfhikandi, hvar lávarðurinn væri.

"Lávarðurinn bað mig að loka ekki, hann ætlaði að ganga út í ganginn og reykja sér vindil".

Nú vissi hún, að hann hafði gert eins og hertogainnan bað hann um. Þau hlytu nú að vera saman.

Hún gekk aftur til herbergja sinna. Hún sendi þjónustustúlku sína í burtu, tók sjálf af sér alla skrautgripi sína og huldi sig næstum í hinu svarta kniplingasjali, svo hún sæist síður. Að því búnu gekk hún eftir mjúkum járntröppum út í garðinn.

LX. KAPÍTULI.

Það var glaða tunglsljós úti. Fuglarnir voru hættir að syngja og vindurinn lék um lauf trjánna. Blómin, vökvuð af næturdögginni, beygðust til jarðar líkt og þau væru að sofna.

Lady Aðalheiður var að náttúrufari hugrökk, en þegar hún gekk í gegn um garðinn, þar sem allstaðar ríkti dauðaþögn, að undanteknum vatnsniðnum í gosbrunnunum, — var sem geigur færi um hana. Hún leit til himins, hún þurfti bæði á hjálp og friði

Hlaupa-drengir fást á svipstundu ef kallað er á

Phone 4862

WESTERN MESSENGER SERVICE,

224 Notre Dame - Winnipeg

Virðingarfylst óska Viðskifta yðar.

Auglýsinga-Skiltum Dreytt og Fest Upp.

A. J. Huckell, ráðsmaður.

JOHN DUFF

PLUMBER, GAS AND STEAM FITTER

Alt verk vel vandað, og verðið rétt

662 Notre Dame Ave. Phone 3815

Winnipeg

KJÖT.

"Ef það kemur frá Johnson, þá er það gott"

C. G. JOHNSON, Kjötsali,

Langside og Ellice Fón 2631

Giftingaleyfisbrjef

selur Kr. Ásg. Benediktsson,

477 Beverley St. Winnipeg.

WINNIPEG Business College

FÉKK FYRSTU VERÐLAUN Á SAINT LOUIS SÝNINGUNNI.

Cor. Portage Ave and Fort St.

Kennir Bókhald, Vélritun, Símritun, Byr undir Stjórnþjónustu o. fl. Kveld og dag kensla. Sérstök tilsögn veitt einstaklega. Starfshögunar-skrá frí.

DR. A. EKERN

Sérfræðingur í Augna-, Nef-, Eyrna- og Holdssjúkdómum.

Grand Forks, N. Dak.

Sendið Heimskringlu til vina yðar á Íslandi.

Cancer Cure.

R. D. EVANS, sem fann upp hið víðfræga lyf til lækninga

krabbameinum

óskar að allir sem nú þjást af krabbameinum, skrifi sér. 2. daga notkun meðalsins, læknar útvortis eða innvortis krabbamein. Skrifið strax til R. D. Evans, Brandon, Man. 27-8-8

A. S. BARDAL

Selur líkkistur og annast um útfarir. Allur útbúnaður sá bezti. Enfremur selur hann alskonar minnisvarða og legsteina.

121 Nena St. Phone 306

(Niðurlag frá 3. bls.).

Meginreglan er þessi: Hlutleysi í flokksmálum, meðan engin réttindi eru fengin. Þeim einum flokkum skal lið veita við kosningar, sem tryggja konum fylgi sitt aftur á móti. Þetta hefir borið góðan ávöxt. Á 4 síðustu árum er ástand ið og horfurnar algerlega breytt. Áhugi kvenna hefir aukist svo mjög, að þær spara víða hvorki tíma, fyrirhöfn né fé til að ná takmarki sínu. Stórir sjóðir eru stofnaðir til að standast kostnaðinn, og gefa auðugar konur og tíginbornar stórfé til þeirra. Almenningsálitið breytist, stjórnmálamennirnir eru farnir að líta til kvennanna, sem góðra samverkamanna, blöðin eru að verða málinu fylgjandi, sigurinn er í nánd.

ATHS. — Ágrip þetta er því miður alt of stutt til að gefa lesendunum hugmynd um hina stórstígu byltingu, sem kölluð er kven réttindahreyfingin, og með réttu er álitin vera einhver ákafasta hreyfing þessara tíma. En mér er því miður áskilið svo takmarkað rúm, að ég verð að fara fljótar yfir sögu þessa máls, en æskilegt hefði verið. Og sökum þess, hve hraðfara framsóknin í málum þess um er, eru ýmsar breytingar á orðnar síðan í haust að grein þessi var rituð, sem ekki er hér getið.

Gleymst hefir að geta þess, þar sem talað er um Ísland, að íslenzkar konur hafa komist að atvinnu bæði við ritsíma- og talsímastöðvarnar — með talsvert lægri launum en karlmenn.

Höf.

Aths. — Almennur kosningaréttur kvenna hefir verið í lög leiddur í bæjarstjórnarmálum í Reykjavík, eins og skýrt hefir verið frá hér í blaðinu síðan þessi ritgerð var samin. A.J.J.

Eitt óþokkabragðið enn.

Í blaðinu Heimskringla 11. þ.m. lætur Gunnlaugur Jóhannsson þess getið, að úrsögn mín til stúkunnar hafi verið harla þýðingarlítil, af þeirri ástæðu, að ég hafi verið í skuld við stúkuna frá 1. maí til þess 6., en yfirsést að senda ársfjórðungsgjaldið. Þetta, eru svo mikil ósannindi, sem komið geta út úr einum óheiðarlegum manni. Ég sendi gjaldið jafnhliða úrsögninni, og átti það að borgast, þegar bréfið væri lesið upp. En það var aldrei lesið upp, af þeirri ástæðu, að hann, Mr. G. Jóhannsson, tók bréfið og eyðilagði það af ásettu ráði, en lét það ekki koma fyrir fundinn. Þetta eru ekki hans, Mr. G. Jóhannssonar fyrstu brotlegu aðglöp innan vébanda stúkunnar, og verða því miður ekki þau síðustu, svo stúkan líður þar af leiðandi bæði skömm og skaða fyrir hans orð og gerðir.

Þess skal getið, að ég fékk nafn mitt tekið út af nafnaskrá stúkunnar á fundi hennar 10. júní, og vona, að það verði ekki oftar skráð hjá jafn vondri félagsdeild og stúkan Skuld er.

W'peg, 12. júní '08.

Björn Thorvardson.

Til Fjallkonunnar.

(Samanber dönsku nefndar tillögurna 15. maí þ.á.).

I.

Landið mitt með lagarétti,
leystu þig úr dönskum fjötrum.
Þó það kosti kaun á bletti, —
kastaðu af þér fanga-tötrum!!

Mundu, að dáinn merkisberi *)
móðir sinnar hrakför gréti. —
Grugg er oft í gyltu keri,
— gættu þín við svikaneti!!

Fáguðu mál þitt fögrum línum,
frelsisandi lögum ráði.
Láttu ei ganga úr greipum þínum
gullkornin, sem Jónas sáði.

*) Jón Sigurðsson forseti.

II.

Fyltu ei brjóst þitt fölskum vonum
frá þeim, sem þér vilja grand.
Brjóstu um í álögonum
unz þú verður sjálfstætt land!!

Verndaðu þínar þjóðlífs-rætur,
þar til stofninn ávöxt ber.
Treystu á sanna sonu og dætur,
sem til dauðans unna þér!!

Láttu' ei úr þér lífið hræða, —
legðu eið við sona blóð.
Láttu engan að þér hæða,
unz þú verður heimsfræg þjóð!!

Þ. K. Kristjánsson.

Áskorun

frá Winnipeg General Hospital til íbúa Winnipeg borgar, um peningahjálp til viðhalds stofnuninni.

Líknarstarf Almenna spítalans hér í borginni hefir við vaxandi íbúatölu og aukinn innflutning aukist svo mjög á síðustu árum, að þar sem samlögð dagshjúkrun sjúklinga í ókeypis deildinni var árið 1903 24 þús. dagar, þá var það á síðasta ári (1907) komið upp í 54 þús. daga, — að eins fyrir bæjarsjúklingana. Viðhalds kostnaður hefir aukist að sama skapi, og er nú orðinn meiri en stofnunin fer staðist, þar til nú að spítalann skuldar 28 þús. dollara eingöngu fyrir viðhaldskostnað.

Daglegur kostnaður fyrir hvern sjúkling sýnir, að enginn stór spítali í þessu landi hefir sparsamlegri stjórn en Winnipeg spítalinn, og við niðurkerslu kostnaðarins hlyti notagildi sjúkrahússins að minka.

Starfssvið sjúkrahússins getur ekki minkað. Þeir sjúku og særðu í borg vorri verða að eiga aðgang að hjúkrun þar, og þetta verður bezt gert með því, að gera stofnuninni mögulegt, að eignast öll nýjustu og gagnlegustu tæki til sjúkdóms lækninga.

Borgin veitir árlega 40 þús. dollara til viðhalds spítalanum, og þó það sé stór upphæð, þá nægir hún að eins til þriggja mánaða viðhalds árlega. Stjórnarnefnd spítalans skorar því hér með á íbúa Winnipeg borgar, að styrkja nú spítalann, svo að hægt sé sem fyrst, að losa hann úr áhvílandi skuldum. Nefndin lítur svo á, að þetta sé heiðursspursmál borgarinnar.

Góðgirni sú, sem borgarbúar, og sérstaklega konur, hafa sýnt spítalanum, er algerlega nauðsynleg til viðhalds þeirri stofnun, og velunnarar þess álíta, að án þessa velvilja mundi Winnipeg spítalinn almenni bráðlega verða fátæk, ófullnægjandi og dýr stofnun.

Borgaranefnd, undir forustu A. L. Johnson og A. L. Crossen skrifara, hefir verið mynduð til þess að hafa saman fé til arðs fyrir spítalann. Nefndarmenn munu gera tilraun til þess, að heimsækja alla bæjarbúa, og vonar að sér verði vel tekið. Gefið það sem þér getið, og setjið yður að gefa spítalanum einhverja vissa upphæð á árij

Auk almennu gjafanna, sem vonað er að hafist saman, verður tillaga lögð fram fyrir verkamenn í verksmiðjum, búðum og á skrifstofum um, að þeir leggi til spítalans á árinu 1908 eins dags kaup hvers manns. Fyrir hverja $100, sem þannig gefast, mega gefendur tilnefna einn lífstíðar meðlim í spítala stjórnina. Spítalinn getur ekki fengið ofmarga lífstíðar stjórnendur, sem hver um sig verða beðnir að heimsækja spítalann ákveðnar vikur úr árinu, og verða þannig verkfæri til þess, að koma spítalanum í nánara samband við bæjarbúa. Með þessu fyrirkomulagi gefa þeir, sem lægst kaup fá, eins mikið og hinir, sem betur eru launaðir.

Vér eigum enga miljóneigandi mannvini í Winnipeg til þess að létta af oss byrði þessa starfs. En nokkur þúsund borgarbúa, ef hver lætur sér ant um spítalann, geta ekki að eins veitt honum nægar inntektir, heldur einnig það, sem peningar megna ekki að kaupa. — Sérhvert sjúkrahús er kalt og dapurt heimkynni án góðvilja borgaranna, og það er engin ástæða fyrir því, að Winnipeg spítalinn geti ekki orðið auðugasta stofnun í þessu tilliti.

Samkvæmt löggildingar ákvæðum sjúkrahússins, á hver sá, sem gefur $10 á ári sömu hlutdeild og hefir sömu áhrif á stofnunina og hinn, sem gefur $10,000. Það er þess vegna í raun réttri borgara sjúkrahús, átt og stjórnað af bæjarbúum, til hagsmuna fyrir hina nauðlíðandi.

GEORGE F. GALT,
heiðurs ritari og fé.

F. Deluca

Verzlar með matvöru, aldini, sætabökur, allskonar sætindi, mjólk og rjóma, sömul. tóbak og vindla. Óskar viðskifta Íslend. Góðt kaffi eða te á öllum tímum. Fón 7736

Tvær búðir:
587 Notre Dame og 714 Maryland St.

The Dominion Bank

NOTRE DAME Ave. BRANCH Cor. Nena St.

Vér seljum peningaávísanir borganlegar á Íslandi og öðrum löndum.

Allskonar bankastörf af hendi leyst

SPARISJÓDS-DEILDIN

tekur $1.00 innlag og yfir og gefur hæztu gildandi vexti, sem leggjast við innstæðufé 4 sinnum á ári, 30. júní, 30. sept. 31. desembr og 31. march.

Til fullkomnustu tryggingar Vátryggið fasteignir yðar hjá The

St. Paul Fire & Marine Ins. Co.

Eignir félags, eru yfir 5 miljón dollars. Skaðabætur borgaðar af San Francisco eldinum 1¼ mill. SKULI HANSSON & CO., 55 Tribune Bldg., Phone 6476, eru sérstakir umboðsmenn.

E. S. Miller Limited

Aðal umboðsmenn

PHONE 2088 219 McINTYRE BLK.

HEIMSKRINGLU og TVÆR skemtilegar sögur fá nýir kaupendur fyrir að eins **$2.00.**

Department of Agriculture and Immigration.

MANITOBA

Þetta fylki hefir 41,169,089 ekrur lands, 6,019,200 ekrur eru vötn, sem veita landinu raka til akuryrkjuþarfa. Þess vegna höfum vér jafnan nægan raka til uppskeru tryggingar.

Ennþá eru 25 miljónir ekrur óteknar, sem fá má með heimilisréttti eða kaupum.

Íbúatala árið 1901 var 255,211, nú er hún orðin 400,000 manns, hefir nálega tvöfaldast á 7 árum.

Íbúatala Winnipeg borgar árið 1901 var 42,240, en nú um 115 þúsundir, hefir meir en tvöfaldast á 7 árum.

Flutningstæki eru nú sem næst fullkomin, 3516 mílur járnbrauta eru í fylkinu, sem allar liggja út frá Winnipeg. Þrjár þverlandsbrauta lestir fara daglega frá Winnipeg, og innan fárra mánaða verða þær 5 talsins, þegar Grand Trunk Pacific og Canadian Northern bætast við.

Framför fylkisins er sjáanleg hvar sem litið er. Þér ættuð að taka þar bólfestu. Ekkert annað land getur sýnt sama vöxt á sama tímabili.

TIL FERDAMANNA:

Farið ekki framhjá Winnipeg, án þess að grenslast um stjórnar og járnbrautarlönd til sölu, og útvega yður fullkomnar upplýsingar um heimilisréttarlönd og fjárgróða möguleika.

R. P. ROBLIN,
Stjórnarformaður og Akuryrkjumála-Ráðgjafi.

Skrifið eftir upplýsingum til

Joseph Burke. 178 LOGAN AVE., WINNIPEG.
Jas. Hartney 77 YORK ST., TORONTO.

T. L.

Heitir sá vindill sem allir reykja. "Hversvegna?". af því hann er það bezta sem menn geta reykt. Íslendingar! munið eftir að biðja um **T. L.**

(UNION MADE)

Western Cigar Factory
Thomas Lee, eigandi Winnipeg

Bækur til sölu.

hjá N. OTTENSON, River Park:

Flateyjarbók (í 3 bindum), í vönduðu bandi $8.00 (50c)
Saga Þiðriks konungs af Bern, í bandi $2.25 (20c)
Sönglögin úr Friðþjófi 0.50 (5c)

Tölurnar í svíga fyrir aftan merkja póstgjald fyrir þær bækur, er þurfa að sendast út úr bænum.

Redwood Lager og Extra Porter

Styrkið taugarnar með því að drekka eitt staup af öðrum hvorum þessum ágæta heimilis bjór, á undan hverri máltíð. — Reynið !!

EDWARD L. DREWRY Manufacturer & Importer Winnipeg, Canada.

Það borgar sig að auglýsa í Heimskringlu

að halda, og hugði að finna það hvorttveggja þar. Ekkert mannamál heyrðist, og hún vissi ekki um, hvort þau voru búin að hittast eða ekki. Óviðráðanleg hræðsla greip hana. Hvað mundi ske á þessari nótt. Skyldi hún missa mann sinn, sem hún elskaði svo heitt, og skyldi hann leiðast útí skömm, óhamingju og smán? Eða myndi guð taka í taumana og hjálpa henni. Myndi maður hennar halda þann eið, er hann sór henni við altarið? Eða mundi hann yfirgefa alt vegna þessarar fögru konu, sem elskaði hann svo brennandi heitt?

Með bænarandvarp á vörum sér, gekk hún inn í trjálundinn. Hún kom ekki of seint. Hún heyrði að kona grét beisklega, og karlmaður reyndi að hugga hana. Það lá nærri, að hún hnigi niður. Það var hertogainnan, sem grét, og maðurinn hennar, sem var að reyna að hugga hana. Lady Adalheiður hugsaði nú ekkert um, hvort það var rétt eða rangt af henni að vera þarna.

"Guð hjálpi mér til að frelsa hann", sagði hún við sjálfa sig. Hún gekk hljóðlega yfir í hinn enda lundarins, þar sem þau voru, og studdist við marmarstyttu af Herkúles, er stóð þar með handlegginn á loftí reiðubúinn til að slá. Hún reyndi að tala til þeirra, en orðin dóu á vörum hennar, og hún kom engu hljóði upp. Hún settast við fætur líkneskisins, til þess að detta ekki, og beið þar í því hryggilegasta ástandi, sem hugsast getur.

Það sem hún sá við tunglskinsglætuna, er lagði inn í lundinn, mundi hafa sære hvert einasta elskandi hjarta.

Maðurinn hennar sat á stól skamt frá, með andlitið byrgt í annari hönd sér. Hertogainnan lá við fætur hans, og hafði gripið hina hendi lávarðarins og hélt henni fastri. Hár hennar og klæðnaður var í óreiðu, gimsteinar hennar glóðu í tunglsljósinu, þar

sem hún lá við fætur hans var hún nógu fögur til að freista hins skynsamasta manns.

"Þér segið mér að standa upp, sagði hún með hinni silfurskæru rödd sinn. "Þér segið, að engin kona eigi að krjúpa, en ég skal krjúpa fyrir yður, því ég bið yður — ó, þér verðið að hlýða á mig, elskan mín —".

"Nita", sagði hann rólega og alvarlega, "þér hryggið mig með þessu. Standið upp og liggið ekki svona lengur".

"Þér verðið að hlýða á mig", sagði hún. Hún vætti hendur hans í tárum sínum og kysti þær í ákafa. "Þér skuluð hlusta á mig. Dag eftir dag, stund eftir stund hefi ég beðið eftir þessu tækifæri, til þess að geta sagt yður um sorg þá, sem eyðir lífi mínu, og útausið ást minni fyrir yður. Og nú, þegar augnablikið er komið, á ég þá að þegja? Snýr þyrstur hjörtur sér frá vatnslindinni? Æ, elskan mín, — elskan mín!"

"Þetta er heimska, Nita".

"Svo týð ég hana velkomna. Velkominn dauði, — alt er betra en það líf, sem ég lifi, bundin manni, sem mér leiðist. Mig hefir alt af langað eftir, að ná tali af yður. Langar eftir einhverntíma að mega kalla yður herra minn, — ég vil svo gjarnan vera þræll yðar. — Þér talið við mig um líf, — æ, elskan mín, — ég veit að eins hvað líf er, þegar ég er með yður —".

"Nita", sagði lávarðurinn mjög alvarlega, gleymið þér alveg, að þér eruð annars manns kona?"

"Ég vildi að ég gæti gleymt því", stundi hún upp. "Ó, Allan, hvað þér eruð harður við mig? Hugsið út í, hver fyrst vann hjarta mitt".

Hann svaraði ekki, en stundi þungan.

"Hver vann fyrst hjarta mitt? Það voruð þér, Allan. Þér komuð mér til að elska yður heitar, en

nokkur maður nokkru sinni hefir verið elskaður. Sérhvert orð, er þér sögðuð, var í eyrum mínum sem fegursti hljóðkeraslátur. Í hvert skiptí, sem ég leit yður, varð ég ánægð. Ég get hlegið, þegar enska fólkið talar um ást, — ég vildi óska, að þér bæruð spænskt hjarta í brjósti litla stund, svo þér finduð hvað það er. Þér kenduð mér að elska yður. Þér gerðuð jörðina fegurri en hamininn í augum mínum. Þér gerðuð líf mitt að fögrum, ljósum draumi. Þér tókuð hjarta mitt frá mér. Hvaða bönd eru meira bindandi en þetta

"Ég meinti ekkert ilt með því, Nita".

"Það getur vel verið. En það segi ég yður, Allan, að engin kona hefir meiri rétt til yðar en ég. Ég er fullviss um, að annara kröfur til yðar, hverjar svo sem þær eru, eru einkisverðar hjá mínum kröfum. Þér tilheyrið mér að öllu leyti, vegna ástar þeirrar, sem þér báruð til mín, og þeirrar, sem þér tókuð frá mér. Þér getið aldrei tilheyrt neinni annari konu á þessari jörð".

Lávarðurinn stundi þungan. Svo sagði hann: "Þetta tilheyrir liðna tímanum, Nita. Nútiðin á önnur bönd".

Hún hló skerandi hæðnishlátur. "Þetta er réttlæti karlmannanna!" æpti hún. Þér komið til mín í æsku minni. Þér vinnið hjarta mitt, — ást mína. Í nálægð yðar sýnist mér alt bjart og fagurt, en nú — nú finst mér alt einkisvirði, nema það sem yður heyrir til. Hvaða band er sterkara? Hvaða réttur er heilagri en þetta? Og svo —"

Hún þagnaði. Henni fanst eins og hún væri að kafna.

"Svo eftir að hafa unnið ást mína", hélt hún áfram, "já alt líf mitt. Svo komið þér til mín og talið um önnur bönd. Hvaða kröfur eru réttmætari en mínar. Og ég — ég — ég krefst yðar, Allan,

fyrsta, einasta og seinasta ástin mín, af því — þér elskuðuð mig fyrst".

Hann lagði hönd sína á höfuð hennar, eins og til að sefa geðshræringu hennar.

"Nita", sagði hann blíðlega, "ef þér hefðuð sagt mér alt þetta, er ég heimsótti yður fyrir brúðkaup mitt, hefði ég heldur viljað missa óðal ættar minnar en baka yður þessa sorg".

"Hvernig átti ég að segja yður það? Þér hefðuð átt að segja yður það sjálfum. Haldið þér, að menn geti leikið með hjarta konunnar, til þess svo að kasta því frá sér aftur? Hvernig átti ég að segja yður það, fyrst þér sáuð það ekki? Ég gat ekki beðið yður um, að sleppa öllu mín vegna."

"Ég vildi ekki gera yður óhamingjusama", sagði hann blíðlega.

Og nú hrópaði hún: "Ef þér væruð hamingjusamur, Allan, reyndi ég að sætta mig við eymd mína. Ég myndi reyna að bera hana. Og ég skyldi fara langt í burtu, fela mig einhversstaðar, þar sem enginn findi mig. Já, ég vildi gefa lífið til að vita yður hamingjusamann. En ég er ekki blind, Allan, konan yðar —"

Nú tók lávarðurinn fyrir munn hennar. "Þegið þér, Nita!: Ekki eitt einasta orð um hana hér".

"Þér eruð ekki vitund ánægðari en ég, Allan. Á það alt af að vera svo? Við lifum að eins einu sinni. Eigum við hvorugt að njóta lífsins? Þér eruð giftur, — nú, ég skal ekki nefna hana — þér eruð ekki ánægður, og þér vilduð vera frjáls. — Ég er svo ógæfusöm, að því er ekki vert að lýsa, og ég óska líka að vera frjáls. — Allan! Við getum bæði orðið frjáls!"

Hún færði sig nær honum, og tár hennar hrundu niður á hendur hans.

Samningurinn.

Þá er búið, litla landið mitt,
að leggja um aldur hölt á frelsið þitt,
og konungsvaldi lúta eno þú átt
og aldrei meir um frelsið hugsa mátt.

Og nú má útlent auðs og okurvald
á öll þín gæði leggja taumlaust hald,
og börn þín eiga að þræla undir þjóð,
sem þeim varð hvorki happasæl né góð.

En þetta er að eins alheims stjórnarskrá,
sem öllum kemur stærri þjóðum frá:
Að kúga alt, sem minni máttinu ber
og muna eftir, hvað það göfugt er.

Við munum Pólland, munum Búastríð,
við munum Írlands þungu rauna tíð,
við sjáum enn þá kirkju- og klerkavald
á kröfur andans leggja þrældómshald.

En sárast er, að sona þinna val,
þeir setja nöfn sín undir þetta skjal.
Og það er eitt, sem hryggir huga minn,
því hreina orsök hvergi til þess finn.

Það gleður mig, að eftir var þó einn,
því enn varð Skúli krókalaus og beinn.
Hann Íslands frelsi metti öllu mest,
og mun því æ í þrautum reynast best.

Og skylt er þér að skilja Íslands þjóð —
í Skúla æðum rennur norrænt blóð,
sem þolir ekkert útlent okurvald
og ekki styður lögráns þrælahald

Þar foringja þú fékst á næsta stríð,
og frelsis enn þér getur runnið tíð.
Þú verður að eins eitt að muna skýrt,
hvað aðrar þjóðir keyptu frelsið dýrt.

Sigurður Jóhannsson.

Nokkrar stuðlaðar stutthendingar, — tileinkaðar Tjörnesing.

Las ég feimin lofs í greinum
ljóðhvöt þína.
Vel sé þeim, sem vill hjá einum
viljann brýna.

Ljóð, sem valda vorsins dýrð,
er vandi' að gera.
Hún er aldrei eins vel skýrð
og ætti' að vera.

Að eins lýsa litnum, mér
finst léttur forði.
Kjarninn vísdóms aldrei er
á yfirborði.

Jafnvel minsta jurtablóm,
sem jörðin elur,
lífsins insta leyndardóm
und litnum felur.

Til að boða', og sjá það sanna,
sízt má gleyma,
alla að skoða orsakanna
undirheima.

Lástarinnar eitt er mið,
— með æfing sinni, —
sjálft að finna samræmið
í sundrunginni.

Etja töflum, — ef er gáð
frá insta grunni —
gagnstæð öfl hvert öðru háð,
í alverunni.

Þeir, sem vilja um völd þá kveða
á vorsins dögum,
þurfa' að skilja' í efnis- eða
eðlislögum.

Bók ef aldin þulur þyldi
þætti skrítið,
innihaldið ef ei skildi
ofurlítið.

Litla fremur list ég ber
að lýsa megi,
öllu, sem til sýnis er
á sumardegi.

Lýsa eika ljúfum krans
með laufum grænum,
sem að leika sveifludans
í sumarblænum.

Draga' upp hæðir, dal' og völl
og daggar úða,
sem þau klæðir klökkur öll
í kristalls skrúða.

Birta svana blíðu kvak
og blóma lestur.
hugar þan og tungu tak
mig til þess brestur.

Önd með sjónar eðli skörpu
— en engar grunnar —
nýjum tónum nær á hörpu
náttúrunnar.

Rómum vallu-rómi má
ei raddir blanda.
Til að stilla strengi þá
þarf stóran anda.

Lægst frá grunni lyftist þráblið
löngun munar,
náttúrunnar árs á hátíð
ummyndunar:

Að þroskast fari í þjóðvits högum
þekking snauða
allsherjar á leynilögum
lífs og dauða.

Þorskabítur.

Smá pistlar

ÚR FYRIRLESTRAR FERÐ LÁRUSAR GUÐMUNDSSONAR.

V.

"Betri er hálfur skaði en allur". Það er ákaflega leiðinlegt, að hugsa til þess, að helmingur af Nýja Íslandi hefir horfið undan yfirráðum gömlu íslenzku frumbyggjanna. Það er í mínum augum og á minni tilfinningu sem fyrirboði þess, hve fljótt vér hverfum hér sem dropi í sjóinn. Fyrirboði þess, hve íslenzkt þjóðerni stendur her veikum fótum, í hringiðu þessa stóra þjóðarstraums. Að hver og einn leggi krafta sína og manndóm fram til þess að halda sínum hlut, og vernda sinnar þjóðar sóma og þjóðernisréttindi, læt ég að öllu ódæmt. "En því eru vitin að varast þau".

Það er tvent, sem gleður mig — fyrst það, að Gimli bær hefir fengið sín fullu sérskilin réttindi og er alíslenzkur, og miklu meiri líkur til, að hann haldi heiðri og nafni Íslendinga töluverðan tíma uppi, sérstaklega vegna skilríðgarinnar, eða yfirráðanna, sem hurfu undir atkvæðakraft Galicíumanna. Og það er langt frá því, að ég samsinni það með ritstjóra Baldurs, að Nýja Ísland sé "dautt og grafið", á meðan Gimli bær stendur og getur dregið íslenzka flaggið fast upp að enska þjóðarfánanum.

Og annað er það, að allur norðurparturinn, Bíröst, er í traustum höndum Íslendinga, enn sem komið er, og allar líkur til þess að verði um langan tíma. Þar eru í öllum bygðum fjölda margir framtakssamir menn, á góðri leið með jarðyrkju og vel efnum búnir. Og þetta steypubað, sem kom yfir syðri partinn af nýlendunni, hefir örfað blóðrásina í íslenzku hetjunum. Þeir hafa vaknað við 'vondan draum" af hugsunarleysis mókinu um framtíð sína, og þeir halda nú hálfu fastara en áður á sínum hlut, og láta nú ekki hér eftir draga hálfan þumlung úr forníslenzku járngreipunum.

Það er ekki einasta, að það sé betri hálfur skaði en allur, hvað snertir þann stóra part, sem eftir stendur með sín fullu yfirráð og óskertan frumbyggjaheiður, og alls ekki vonlaust, að öllu megi kippa í gott lag aftur, — heldur skoða ég þetta að vissu leyti happ og bezta meðal til að framkalla nýtt lífir, nýja hugsun og áhuga, og alt sem eftir stendur verður varðveitt hér eftir með vakandi augum.

Gimli bær getur verið hjartað úr öllu íslenzku landnámi hér vestanhafs, sem geymir frægð og heiður vorrar smáu þjóðar. Og Bíröst getur verið og ætti að verða langfagrasti og minnisstæðasti blettur af öllum vorum íslenzku nýlendum, sem héldi lengst uppi tungu vorri og þjóðarást og heiðri — þetta er álit mitt og fullkomin sannfæring.

Því segi ég aftur, að það er barnalegt kveini og fásinnuvol, að segja, að Nýja Ísland sé "dautt og grafið". — En auðvitað mega menn þá ekki sofna. Þeir verða að vaka yfir sinni eigin velferð og hagsmunum, því úlfar eru margir til í landi þessu, jafn gráðugir og þeir, sem drepa saklausu lömbin fyrir blessuðum bændunum í Nýja Íslandi og víðar.

Ég var að því leyti óheppinn nú, þegar ég ferðaðist um Nýja Ísland, að tíðarfarið var það versta, sem kom á síðastliðnum vetri. Brautir illfærar fyrir snjó og kuldi og snjóbyljir öðru hvoru. Annars hefði ég að öllum líkindum séð fleira af fólki þar. Samt hitti ég þar og kynntist ofurlítið mörgum nýtum manni og góðum dreng. Ég held, að það sé áreiðanlegur sannleiki, eins og ég hefi áður fyr minst á, að þar í þeim bygðum sé hulinn fjársjóður af afbragðvel hygnum mönnum og prýðisvel að sér. Og þeir ungu menníarnir, afkomendur þeirra, mega alvarlega gæta að sér, að verða ekki eftirbátar feðra sinna. Ég hafði þá ánægju, að kynnast ofurlítið herra Gunnsteini Eyjólfssyni, sem er skáld og söngfræðingur, og gisti ég hjá honum eina nótt. Hann er efalaust einn af vorum mikilhæfustu mönnum, og hefir enn ekki fengið þá viðurkenningu, sem hann á skilið, fyrir sína miklu og góðu hæfileika. Má vera, að orsökin til þess sé að nokkru leyti sú, að maðurinn er frekar dulur í fyrsta áliti, og alveg yfirlætislaus. Ég mundi lýsa þeim manni þannig: Engum er unt að geta vitað, hve afarmikið býr í þeim manni, sem sér hann í svip, eða kannað til botns hygni hans og fróðleik. Ég er viss um, að sá maður er vinfastur og vina vandur, tryggur sem tröll og óbifanlegur þar sem hann tekur því. Hreinskilinn maður og ráðhollur, sem vigtar og metur orðin áður en hann sleppir þeim út úr sér, og hatar alla óþarfa mælgi. Samt er maðurinn sár mein-hæðinn, eins og skáldsögur hans bera með sér. En það napra háð hefir ætið átt að miða til þess, að opna augun á almenningi fyrir því, sem rangt og aflaga hefir farið, og fyrir það á hann þökk og heiður skilið. En líklega eru nú vor á meðal fáir af vorum mikilhæfustu mönnum meir misskildir. Háðið er sumum raunt á bragðið, en ég held það sé samt ef til vill heilsusamlegasta meðalið. Fáir eða engir hafa gleggra auga fyrir öllu, sem fram fer her hjá oss, og hann vill í öllu heiður og framför sins þjóðflokks. En hann hefir þau lyndiseinkenni Benedikts sál. Gröndals, að hann er ekki góður kennari. Hann heldur að öllum sé hægt að læra alt á augabragði, eins og sjálfum þeim var og er báðum. Gunnsteinn er mikilmenni, og eftir því sem maður kynnist honum lengur og betur, eftir því þykir manni vænna um hann.

Gaman hefi ég haft af orðum, sem einn ágætur maður í Nýja Íslandi sagði við mig í vetur: "Það er reyndar von, þó báglega hafi gengið og endað fyrir oss hér í Nýja Íslandi. Plágurnar eru fjórar, sem yfir oss hafa dunið, og drepið og lamað krafta vora og framtíð. Ég held mér sé óhætt að halda því fram, að hér í Nýja Íslandi hafi sest að upphaflega eins hraustir og framgjarnir menn eins og nokkursstaðar annarsstaðar á meðal vor. En plágurnar eru þessar: Fyrsta veturinn kom bjúgurinn í menn, og gerði margan veikan og hræddan. En það voru nú smámunir hjá öðru verra. Svo næsta vetur kemur bólan, sem bæði var voðaleg og ógleymanleg, og kipti fjölda mörgum burt af oss og eftirskildi sorg og hörmungar. Samt yfirstigum vér allar þrautir og raunir og erfiðleika, sem þessi plága leiddi yfir oss. Og næst komu svo flóðin miklu, sem öllu ætluðu að drekkja, og menn og skepnur urðu að flýja heimili og hús. En aftur lét drottinn birtu skina yfir landið og inn í hugskot vor.— Og ég segi þér alveg satt, að ég hefi aldrei séð menn vinna betur og með meiri áhuga, en eftir alt þetta, sem þá var yfir oss gengið. Menn voru ákveðnir í því, að hamast í skógunum og mynda sér fögur og gagnleg framtíðarheimili. En drottinn minn góður! Svo kom stóra plágan, þessi voðaleg fjórða plága, — þegar séra Jón Bjarnason kom hingað ofan eftir og hloypti öllu í bál og brand, og alt varð hringlandi vitlaust á milli prestanna, hans og séra Páls sál Thorlákssonar. Þeim ósköpum, sem þá gengu á, er ómögulegt að lýsa í fáum orðum. En ég get sagt þér það, að sundurlyndið og hatrið og æðisgangurinn komst inn á hvert einasta heimili í gersamlega allri nýlendunni. Og það var ekki einasta, að þessi voðaplága þrengdi sér inn á milli og græfi burt öll samvinnu og tengslabönd, sem bundu saman gamla vini og nábúa, heldur varð þetta til sárustu óánægju á heimilunum sjálfum, svo maður og kona voru ekki framar orðin eitt, — þau voru hvort á móti öðru. Og svo endaði alt með skelfingu, þeirri hörmulegu skelfingu, sem algerlega eyðilagði Nýja Ísland. Séra Páll flúði burt, og meiri partur af búendum með honum suður til Dakota. Í sumum bygðum voru ekki eftir fleiri en 4 og 5 búendur. — Þetta er "stóra plágan, sem gerði út af við Nýja Ísland, og alt annað var smáræði hjá, og af þessu seyðinu höfum vér orðið að súpa alt fram á þenn an dag. Menn urðu stórlamaðir og áhugalítir. Alt andlegt fjör og sjálfstæði fékk svo stóran hnekkir, að slíkt var óþætanlegt. Og þetta gat drotnunargirni og ofurlítill og einskisverður meiningamunur í trúmálunum gert að verkum. Þetta er ekki tekið með í reikninginn, þegar yfir oss eru látnir dynja sleggjudómar um ónytjungsskap og afturför".

Þannig mælti einn merkasti bóndi Nýja Íslands, og stórvitur maður. Og mér hefir oft dottið í hug síðan, að ef þetta er ekki efni í skáldsögu, þá veit ég ekki, hvar gott efni er til. Og ef vel væri með það farið, þá mundi slík bók komast inn á hvert einasta isl. heimili. Það væri efni fyrir skáld eins og Gunnstein.

Ég óska svo Nýja Íslandi allra gæða, og ég þakka þar öllum, skyldum og vandalausum, rausn og greiða við mig.

Banfield's Dánarbús SALA

$200,000 AF HUSBUNADI selst með framúrskarandi afsláttar verði. Hundruð húsráðenda græða á þessari sölu. Allir, sem vita ookkud um Banfield's búðina, vita að þar eru mestar og nýjastar vörubyrgðir sem til eru í Vestur-Canada. Umsjónarmenn dánarbúsins verða að selja þær allar innan viss tímabils, fyrir peninga. Þessvegna eru allar vörurnar settar niður í óheyrilega lágt verð. Hver hlutur er merktur svo lágu verði, að þeir seljist tafarlaust.

Gjafverð á Gólfteppum og Mottum.

BEZTU SKOZKIR AXMINSTER FERHYRNINGAR, í einni heild, og í rauðum, grænum og bláum litum. Alveg ný munstur:

9x10½ fet að stærð, niðursett verð **$28.00**
9x12 fet að stærð, niðursett verð **$32.00**

Munið, að þetta eru hin ekta skozku Axminster gólfteppi.

ENSKAR AXMINSTER MOTTUR, stærð 30x36 þuml., fögur munstur og í öllum litum. Óslítanlegar. Sérstaklega niðursett verð **$2.25**

DYRAMOTTUR MEÐ HÁLFVIRÐI.—Allar vorar Dyra- og Arin-Mottur verða að seljast með hálfvirði—$1.00 fyrir 50c, $2.00 fyrir $1.00, o.s.frv.

FÍN ENSK TAPESTRY TEPPI, í rauðum, bláum, grænum og gráum litum. Vanaverð 85 og 90 cents, nú fyrir **40c**

BEZTU ENSK BRUSSELS TEPPI, í flestum litum. Vanav. $1.25 og $1.35, nú fyrir **65c**

CROSSLEY'S ENSK FLAUELS TEPPI, í öllum litum, með viðeigandi kögrum. Niðursett .. **95c**

TEMPLETON'S SKOZK AXMINSTER TEPPI, í óendanlega mörgum litum og munstrum. Þessi teppi eru orðlögð fyrir góða endingu. Sérstaklega niðursett ..... **$1.05, $1.20** og **$1.40**

Eikar Skrifpúlt fyrir $6.25.

EIKAR SKRIFPÚLT í enskri gerð, með hillum og skúffum og skrifborði og nokkrum skjalageymsluhólfum, og fyrir pappir og umslög. Viðeigandi í setu-, svefn eða lestrarstofu. Sérstaklega niðursett **$6.25**

Tága Ruggustólar

í öllum gerðum og með nýjasta lagi. Umgerðirnar úr völdum harðvið. Með No. 1 tága vefnaði. Fagurlega fágaðir. Sérstaklega niðursett verð:

$2.50 $2.75 $3.00
$5.00 og $8.00

Í Hengidúka Deildinni

eru óvanaleg kjörkaup, svo sem Madras Muslins, í nýjustu gerð og með ýmsum munstrum. — Vanalega $1.50 yd., nú 85c, og 80c og 90c yd fyrir 50c. — Einnig mikið af eftirstöðva lengjum frá 50c til $1.00 virði fyrir 25c að eins. — Mikið upplag af Chintz, viðeigandi í svefnherbergi: Vanalega $1.00, niðursett í 50c — vanalega 75c og 80c, niðursett í 40c — Vanalega 55c og 65c, niðursett í 30c.

492 Main St. Phone 3661, 3662 & 3663 Cor. Young & Notre Dame. Phone 824

Áskorun

frá Winnipeg General Hospital til íbúa Winnipeg borgar, um peningahjálp til viðhalds stofnuninni.

Líknarstarf Almenna spitalans hér í borginni hefir við vaxandi íbúatölu og aukinn innflutning aukist svo mjög á síðustu árum, að þar sem samlögð dagshjúkrun sjúklinga í ókeypis deildinni var árið 1903 24 þús. dagar, þá var það á síðasta ári (1907) komið upp í 54 þús. daga, — að eins fyrir bæjarsjúklingana. Viðhalds kostnaður hefir aukist að sama skapi, og er nú orðinn meiri en stofnunin fer staðist, þar til nú að spítalann skuldar 28 þús. dollara eingöngu fyrir viðhaldskostnað.

Daglegur kostnaður fyrir hvern sjúkling sýnir, að enginn stór spitali í þessu landi hefir sparsamlegri stjórn en Winnipeg spitalinn, og við niðurkærslu kostnaðarins hlyti notagildi sjúkrahússins að minka.

Starfssvið sjúkrahússins getur ekki minkað. Þeir sjúku og særðu í borg vorri verða að eiga aðgang að hjúkrun þar, og þetta verður bezt gert með því, að gera stofnuninni mögulegt, að eignast öll nýjustu og gagnlegustu tæki til sjúkdóms lækninga.

Borgin veitir árlega 40 þús. dollara til viðhalds spitalanum, og þó það sé stór upphæð, þá nægir hún að eins til þriggja mánaða viðhalds árlega. Stjórnarnefnd spitalans skorar því hér með á íbúa Winnipeg borgar, að styrkja nú spitalann, svo að hægt sé sem fyrst, að losa hann úr áhvílandi skuldum. Nefndin lítur svo á, að þetta sé heiðursspursmál borgarinnar.

Góðgirni sú, sem borgarbúar, og sérstaklega konur, hafa sýnt spitalanum, er algerlega nauðsynleg til viðhalds þeirri stofnun, og velunnarar þess álíta, að án þessa velvilja mundi Winnipeg spitalinn almenni bráðlega verða fátæk, ófullnægjandi og dýr stofnun.

Borgarafnefnd, undir forustu A. L. Johnson og A. L. Crossen skrifara, hefir verið mynduð til þess að hafa saman fé til arðs fyrir spitalann. Nefndarmenn munu gera tilraun til þess, að heimsækja alla bæjarbúa, og vonar að sér verði vel tekið. Gefið það sem þér getið, og setjið yður að gefa spitalanum einhverja vissa upphæð á árij

Auk almennu gjafanna, sem vonað er að hafist saman, verður tillaga lögð fram fyrir verkamenn í verksmiðjum, búðum og á skrifstofum um, að þeir leggi til spitalans á árinu 1908 eins dags kaup hvers manns. Fyrir hverja $100, sem þannig gefast, mega gefendur tilnefna einn lífstíðar meðlim í spitala stjórnina. Spitalinn getur ekki fengið ofmarga lífstíðar stjórnendur, sem hver um sig verða beðnir að heimsækja spitalann ákveðnar vikur úr árinu, og verða þannig verkfæri til þess, að koma spitalanum í nánara samband við bæjarbúa. Með þessu fyrirkomulagi gefa þeir, sem lægst kaup fá, eins mikið og hinir, sem betur eru launaðir.

Vér eigum enga miljóneigandi mannvini í Winnipeg til þess að létta af oss byrði þessa starfs. En nokkur þúsund borgarbúa, ef hver hætur sér aut um spitalann, geta ekki að eins veitt honum mægar inntektir, heldur einnig það, sem peningar megna ekki að kaupa. — Sérhvert sjúkrahús er kalt og dapurt heimkynni án góðvilja borgaranna, og það er engin ástæða fyrir því, að Winnipeg spitalinn geti ekki orðið auðugasta stofnun í þessu tilliti.

Samkvæmt löggildingar ákvæðum sjúkrahússins, á hver sá, sem gefur $10 á ári sömu hlutdeild og hefir sömu áhrif á stofnunina og hinn, sem gefur $10,000. Það er þess vegna í raun réttri borgara sjúkrahús, átt og stjórnað af bæjarbúum, til hagsmuna fyrir hina nauðlíðandi.

GEORGE F. GALT,
heiðurs ritari og fjh.

Til A. ST. JOHNSON.

Leikrit þín með ljóðin smá,
kirfilburðar á þingi,
eins og hrafn þau eru að sjá
uppi á þríhyrningi.

Ágúst Einarsson.

Winnipeg Fréttir

Stöðugar rigningar hafa verið hér í grend síðan Hkr. kom út síðast, þó var rigningin störfeldust á laugardagskveldið var, þá var þrumuveður mikið. Eitt aus skemdist þá hér í bænum, en að öðru leyti er ekki getið um, að tjón hafi orðið.

Independent Order of Foresters hafa hækkað ábyrgðaakröfur á öllum meðlimum sínum frá þessum tíma, alt frá 40 til 100 prósent. Þeir, sem hér eftir ganga í félagið, borga þannig: 20 ára gamlir 57c cts. á mán. fyrir $1000, í stað 62c áður, — 30 ára gamlir borga $1.32 í stað 72c áður, — 40 ára gamlir menn borga $2.15, í stað 90c áður — þegar menn eru orðnir 54. ára, er mánaðargjaldið $4.31, í stað $3.00 áður. — Eftir fregninni að dæma, sem er nokkuð óljós, nær þessi hækkun ekki til manna, sem þegar eru gengnir í félagið.

Ungt bjarndýr gekk inn í St. Marys kirkjuna í Winnipeg á sunnudaginn var meðan stóð á messugerð. Safnaðarlimum var fremur illa við þennan gest, sem þeir gátu um síðir komið út úr kirkjunni. Hann hafði sloppið úr búri sínu hjá konu einni þar í grendinni, og það stóð heima, að hún kom til að sækja hann, þegar verið var að bisa við að koma honum út úr kirkjudyrunum.

Herra Munshaw hér í bænum hefir boðið að gefa byggingarlóð undir hið fyrirhugaða hæli fyrir tæringarveika, sem byggja á hér í fylkinu. Hann segir, að landið sé nálægt Winnipeg Beach og sé 10 þúsund dollara virði. Enn er óvíst, hvort þetta boð verður þegið eða ekki.

Blaðið Free Press, dags. 22. þ. þ.m. segir, að Pétur Snorrason hafi druknað af vöruflutningsbát þeirra Sigurðssons, Thorvaldsons & Co. að Gimli á sunnudagsmorguninn var. Veður hafði verið ilt aðfaranótt sunnudagsins, svo að skipshöfnin átti fult í fangi með, að verja bátinn. En eftir að veðrinu slotaði, lögðust skipsmenn til hvílu, en Pétur átti að vaka. Er því talið víst, að hann hafi dottið útbyrðis á meðan hinir sváfu.

Kvennélagið GLEYM MÉR EI biður að geta þess, að kveldskemtiferðinni á gufubátnum "Alexandra", sem átti að verða síðasta föstudagskveld, var frestað vegna þess, hve veðrið leit illa út. Er áformað að haka hana næsta föstudagskveld og eru sömu aðgöngumiðar gildir þá. Það vonar að fá gott veður og að landar komi þá margir og skemti sér vel.

Herra Þorlákur Jónsson, frá Ísafirði, sá er kom austan um haf fyrir hálfum mánuði síðan, lagði af stað austur til Íslands aftur, eftir að hafa staðið hér við að eins í 5 daga. Hann kvaðst álíta þeim peningum, sem hann hefði allögu, betur varið í fargjald til baka, en að éta þá út á matsöluhúsum hér.

Vér viljum benda löndum vorum í Winnipeg og Selkirk til auglýsingar Goodtemplara, stúknanna í þessu blaði um skemtiferð þeirra til Gimli. Þeir, sem eiga ráð á einum degi til skemtana á þessu sumri, ættu þó sannarlega að verða með í skemtiferð bindindismanna.

Grein sú í síðasta blaði, sem nefndist "Blöðin fylgjast með", var þýdd úr Bandarikjablöðum, sem komu út strax eftir að fyrsta simskeytið birtist af millilandanefndar frumvarpinu. En eins og kunnugt er nú, var það skeyti fölsk gylling á því frumvarpi. Vér látum þessa getið, vegna þess, að Bandarikjablöð mundu ekki, eftir að hafa athugað frumvarpið eins og það er, telja Ísland óháð ríki. Síður en svo.

Útbreiðslufundur

verður haldinn í Goodtemplara húsinu fimtudagskveldið 2. júli. — Þar verður ræða flutt af kapelán hástúkunnar, séra Mikkelham, frá Skotlandi. Fleiri ræður verða og fluttar, og auk þeirra verður söngur og hljóðfæraslátur til skemtunar. Takið eftir auglýsingu í næsta blaði.

I. O. F.

Stúkan ÍSAFOLD, I.O.F., heldur sinn venjulega mánaðarfund í Goodtemplarasalnum nefnd í kveld (fimtudag 25. þ.m.). Félagsmenn beðnir að fjölmenna.

Frá Minneota komu til lúterska kirkjuþingsins þessir fulltrúar: — F. M. Anderson, frá Marshall söfnuði. V. Anderson, frá Minneota-söfnuði. Carl Olson, frá Lincoln son, frá Lincoln County söfnuði County söfnuði. — Þeir Pétur V. Pétursson, frá Lincoln County söfnuði, og ritstjóri G. B. Björnsson, frá Minneota, gátu ekki komið á þingið. — Kirkjuþingsmennirnir segja góðar fréttir úr bygðum sínum, að undanteknu því, að tíðin hefir verið nokkuð votviðrasöm um undanfarinn tíma.

'Úr heimahögum'

Langar þig til, að eiga mynd af blettinum, sem þú ólst upp á á gamla Fróni. Sé svo, þá farðu til Friðriks Sveinssonar, málara. — Hann stækkar myndir og málar litmyndir af hvaða stað, sem óskað er eftir. — Finnið hann eða skrifið honum að 618 Agnes St.

Sanngjarnt verð.

Herra Haraldur Davíðsson, frá Glenboro, Man., kvongaðist þ. 8. m. ungfrú Jónínu S. Johnson. Hjónavígslan, sem gerð var af sr. Friðrik Hallgrímssyni, presti Argylemanna, fór fram að heimili herra Guðmundar Simonarsonar, að Brú P.O., þar sem brúðguminn hefir unnið um nokkur sl. ár. — Ungu hjónin komu hingað í kynnisför til föður brúðgumans, herra Davíðs Jónassonar, og annara vina hér í bæ. Þau halda vestur aftur í þessari viku.

Innbrotsþjófnaður var gerður í skósmiða verkstæði á Isabel st. aðfaranótt síðasta laugardags. — Herra Guðjón Hjaltalín, sem rekur þar atvinnu, kveðst hafa tapað nokkru af skóviðgerðareini og skótaui, sem hann hafði í viðgerð. Annars er tapið ekki stórvægilegt.

Þau Mr. og Mrs. B. Gilfis, að Beach Ave., Elmwood, urðu þann 15. þ.m. fyrir þeirri sorg, að missa ellefu mánaða gamlan son, af nafni Júlíus Rees, úr heilabólgu. Hann var hið efnilegasta barn og var veikur tveggja vikna tíma. Hann var jarðsunginn af séra Jóni Bjarnasyni þann 17. þ.m.

Blaðið Bellingham Herald, dags. 9. þ.m., skýrir frá sorglegu tilfelli, sem kom fyrir Íslending þar í bæ, að nafni T. A. Simonson, 28 ára gamlan. Hann hafði komið þangað í bæinn fyrir einu ári og unnið stöðugt, og safnað kaupi sínu í því skyni, að byrja búskap, þegar hann kvongaðist unnustu sinni. Hún hafði einnig unnið og sparað kaup sitt. Þeim hafði komið saman um, að ganga í hjónaband á þessu vori, og brúðkaupsdagurinn var settur. En þegar brúðguminn kom ekki til vígslunnar á ákveðnum tíma, voru sendir menn til að komast eftir hvað hefði tafið hann. Kom þá í ljós, að hann þann dag hafði verið sleginn af máttleysissýki (Paralysis), sem dró allan mátt úr öllum niðurhluta líkamans. Öllu því fé, er hann og unnusta hans og systir hennar höfðu safnað, var varið til lækninga manninum, og þegar fé var þrotið, var hann settur á spítala á kostnað þess opinbera. Læknar segja, að hann geti ekki lifað nema litinn tíma, þar eð sýkin sé ólæknandi. En öllum, sem hér eiga hlut að máli, ber blaðið söguna vel.

Það er eitthvað, sem allar konur varðar, í auglýsingu þeirra CLEMENS, ÁRNASON og PÁLMASON á 1. bls.

LEIÐRÉTTING.

Þessar villur urðu í kvæði herra Jóh. H. Húnfjörð, í nr. 35 þessa blaðs:

Í fyrstu vísu, annari línu, er: "þrek að standast bitran mótgang lífs", á að vera: þol að standast, o.s.frv.

Í síðustu línu sömu vísu er: "svo hugtöfra veita ró og frið", en á að vera: svo hugannu töfra, o.s.frv.

Í þriðju vísu er: "Ég þrái veig af vizku tærum brunni, svo vonar sól mér ljáir geislaskraut", en á að vera: svo vonar sól mér ljái, o.s.frv.

Þetta eru lesendur beðnir að athuga.

FLJÓT-TEKINN GRÓÐI.

Nokkur tími er nú liðinn síðan að ég ráðstafaði 125 dollurum þannig, að þessir peningar hafa síðan gefið af sér 1000 prósent arlega vexti. — Það er betra en gullnámi.

Ég var ekki vondur maður að upplagi, ekki heldur það sem kallað er spiltur, en ég var svo oft í félagsskap með mínum góðu vinum og flöskunni, að ég var orðinn þræll áfengisins.

Svo tók ég alt í einu aðra stefnu, eg borgaði 125 dollara til North Dakota Liquor Institute í Grand Forks, N. D., og var 28 daga undir læknishendi á þessari stofnun, með þeim afleiðingum, að ég er nú fullkomlega læknaður og laus við þann löst, sem var nærri búinn að eyðileggja mig.

Þetta er það bezta gróðabragð, sem ég hefi gert á æfi minni.

N. O. P.

The Dominion SECOND HAND STORE

Ágætur brúkaður fatnaður og húsmunir. Ísl. töluð.

555 Sargent Ave. Winnipeg

George G. LENNOX

Selur í heildsölu SKÓ, STÍGVÉL og YFIRSKÓ

159 Portage Ave. East, Winnipeg.

ATHUGIÐ

Fram til 3. Júlí n. k. seljum vér með 25 prócent afslætti allar tegundir af Skó taui, ásamt með drengja og karlmanna fatnaði.

Schweitzer BROS

CAVALIER, N. DAK.

Winnipeg Syningin

11. til 17. júlí 1908

Flokkur fullorðinna uxa á Winnipeg sýningunni 1907.

ÓVIÐJAFNANLEG GRIPA OG HVEITI SÝNING

Stórfenglegasta veðreiðaskrá, sem verið hefir í Vestur-Canada.

INNES HEIMSFRÆGI HLJÓMLEIKA-FLOKKUR frá Chicago og 91. Hálendinga Band

Mikil hornleikenda samkepni. Öllum heimi boðin þátttaka.

SÉRSTAKLEGA FAGRAR SÝNINGAR fyrir framan "Grand Stand".

Stórfengileg Heræfinga Sýning

FÖGUR FLUGELDA SÝNING.

FYRSTA LANDBÚNAÐAR-VÉLA MÓTOR SAMKEPNI Í AMERÍKU.

A. W. BELL, ráðsmaður. A. K. ANDREWS, forseti.

Söngsamkomur

hins íslenzka söngfélags verða haldnar í Fyrstu lútersku kirkju í Winnipeg 25. og 26. júní þ.á., kl. 8½ síðdegis.

ÆFING VERÐUR KL. 10 ÁRDEGIS þ. 25. Í KIRKJUNNI.

Nauðsynlegt er, að alt söngfólk sé þar kl. 10.

SÖNGFÉLAGSÞING VERÐUR KL. 10 ÁRDEGIS þ. 26.

Hver flokkur verður þá að hafa til tvo erindsreka.

Á söngskránni eru 12 kórsöngvar — tvísöngvar "Frithjof og Björn", og úr "Gluntarne" efter Wennerberg, einnig úr sköpunarverki Haydens. — Mrs. Hall syngur. Miss L. Thorlaksson leikur á piano, sömuleiðis Miss G. Arason frá Mountain, N. Dak. Dr. Schanche, ágætur tenor, syngur solo. Mr. Dalman leikur á cello. Þeir dr. Schanche og séra H. B. Thorgrimsen syngja tvísöngvana "Frithjof og Björn" og "Gluntarne", og Mrs. Hall og séra Hans tvísönginn úr sköpunarsögunni. — Mr. Jónas Pálsson spilar piano solo og Steingr. Hall orgel solo.

Inngangur 50 cent.

Nákvæmari söngskrá verður birt síðar.

Til söngfólksins.

Verið á staðnum kl. 10 árdegis þann 25. til þess að æfa.

Hafið til — hver flokkur fyrir sig — tvo erindsreka á þingið kl. 10 árd. þann 26.

Söfnuðirnir í Winnipeg — Fyrsti lúterski og Tjaldbúð — ætla góðfúslega að sjá öllu söngfólki fyrir heimili á meðan á sönghátíðinni stendur.

Þegar farið er að heiman, er nauðsynlegt að fá hjá "depot-agent" kvittunarseðil, til þess að fá afslátt heim aftur. Slíkan seðil þarf að fá í hvert skifti, ef þarf að kaupa farseðil oftar en einu sinni á leiðinni.

J. G. Snydal, tannlæknir verður á Baldur frá 26. til 30. þ. m., og að Glenboro 1. til 3. Júlí. Tannsjúklingar taki eptir þessu.

50 Prócent Afsláttur.

50 prócent afsláttur verður gefin á öllum skrautgerðum sumar Kvenkjóladúkum frá þesssum tíma og þar til 3. Júlí n. k. — Vér höfum mikið úrval af þessum vörum.

Schweitzer Brothers

CAVALIER, N. DAK.

GIMLI.

TIL SÖLU. — Tvær lóðir, nr. 11 og 46, Range 4, á Gimli. Snúið yður til 48 Kate St., Alveg skuldlaus. Winnipeg, Man.

TIL GIMLI

HIN 4ða árlega skemtiferð Íslenzkra Good Templara í Winnipeg, verður farin til **Gimli** mánudaginn **6. Júli**. Farseðill fyrir báðar leiðir, sérstök ferða einkenni og aðgangur að öllum skemtunum kostar aðeins **$1.35** fyrir fullorðna og **75c** fyrir unglinga innan 12 ára.

Prógram dagsins byrjar í listigarði bæjarins kl. 11 árdegis. 3 ræður verða fluttar og 3 kvæði, [öll frumort,] og svo Music,—af beztu tegund. Hinn al-íslenzki hljóðfæraleikenda flokkur, "The West Winnipeg Band", skemtir fólkinu öðru hvoru allan daginn.

Til DAGVERÐAR gengur fólkið kl. 1, og kl. 2 byrjar langt og vandað

Prógram af "Sports"

Til þessarar skemtiferðar verður alt vandað svo sem bezt má verða; ekkert tilsparað að dagurinn geti orðið almenningi til hinnar mestu gleði. Eimreiðin fer frá C. P. R. stöðinni kl. 8:15 að morgni en frá Gimli kl. 8:30 að kveldinu.

Viltu ekki verða með?

Antonio De Landro

SKÓSMIÐUR

Horni Maryland og Wellington st., (á bakvið 714, aldinabúðina) Verk alt vandað og ódýrt.

G. M. Bjarnason

Málar, leggur pappír og gerir "Kalsomining. Óskar við skifta Íslendinga.

672 AGNES ST. TELEFÓN 6954

ARNI ANDERSON Íslenzkur lögmaður

Í félagi með Hudson, Howell, Ormond & Máriatt Barristers, Solicitors, etc. Winnipeg, Man.

13-18 Merchants Bank Bldg. Phone 3621, 3622

C. INGALDSON

Gerir við úr, klukkur og alt gullstáss. Úr klukkur hringir og allskonar gullvara til sölu. Alt verk fljótt og vel gert.

147 ISABEL ST.

Fáeinar dyr norður frá William Ave.

J. G. Snydal, L. D. S.

ÍSL. TANNLÆKNIR

COR. MAIN & BANNATYNE

DUFFIN BLOCK PHONE 5302

HANNESSON & WHITE

LÖGFRÆÐINGAR

Room: 12 Bank of Hamilton

Telefón: 4715

BILDFELL & PAULSON

Union Bank 5th Floor, No. 520

selja hús og lóðir og annast þar að lútandi störf; útvegar peningalán o. fl.

Tel.: 2685

BONNAR, HARTLEY & MANAHAN

Lögfræðingar og Landskjala Semjarar

Suite 7, Nanton Block, Winnipeg

Hver Þvær og Hreinsar Fötin ydar?

Hversvegna að fara í Kína-kompurnar þegar þér eigið kost á að fá verkið gert betur, og alt eins ódýrt, í beztu og heilsusamlegustu þvottastofnun, þar sem aðeins hvítt vinnufólk er haft og öll hreinustu efni notuð

Vér óskum viðskifta ydar.

The North-West Laundry Comp'y Ltd.

Hreinsarar og Litarar

COR. MAIN & YORK FÓN 5178

Boyd's Brauð

Gott brauð er lífsviðhald. Menn geta lifað á einsömlu brauði ef það er gott. Brauð vor eru ætíð góð; gerð af bezta og hreinasta hveiti. Það er gert í vélum frá því hveitið fer úr sekknum þar til það kemur úr ofnum vorum.

Boyd's

Bakery Cor. Spence & Portage Ave Phone 1030.

Stefán Guttormsson,

Mælingamaður

663 AGNES STREET. WINNIPEG.

Íslenzkur Kjötsali

Hvergi fæst betra né ódýrara KJÖT en hjá honum,—og þá munt sannfærast um að svo er, ef þú aðeins kaupir af honum í eitt sinn. Allar tegundir. Óskar að ísl. heimsækji sig

CHRISTIAN OLESON,

666 Notre Dame Ave. Telefón 6906

DOBSON and JACKSON

Byggingamenn

Sýnið oss uppdrætti ydar og áætlanir og fáið verðáætlanir vorar.

370 Colony Street

Winnipeg

Viðvíkjandi Hafið tal af

Sjúkdómum Sérfræðingum vorum

Royal Optical Co.

Rétt á móti Eaton's búðinni.

327 Portage Ave. Winnipeg.

LESIÐ NÚ!

Vér bjóðum um mánaðartíma hin bestu ekrukaup, sem nokkurtíma hafa boðin verið. Landið er á Main St., norðan bæjarins, liggur að C.P.R. og rafmagnsbrautunum. Selt í spildum eftir óskum kaupendanna, ein ekra eða meira. Verð frá $200 ekran og yfir, með aðgengilegum skilmálum.

(Framhald kinnmæla við Hkr. safnið)

Heimskringla.

Kjörkaup

þessi eru þau mestu, er nokkru sinni hafa verið boðin, og af því að ekrufjöldinn er takmarkaður, þá ættuð þér að kaupa strax. — Landið er beztugt til garðræktar, gripa eða fuglaræktar.

Skuli Hansson & Co.

Skrifst. Talsíma 6476. Heimilis Talsíma 2716

XXII. ÁR. WINNIPEG, MANITOBA, MIÐVIKUDAGINN, 1. JÚLÍ, 1908 NR. 40

Til minnis.

Framvegis seljum vér hið alkunna Smá Brauð, sem bakað er í Bakaríi hr. G. P. Thordarsonar.

Sömuleiðis höfum vér ágætan Harðfisk, pundið eins 20c

Gott borðsmjör, pundið á	20c
Sætabrauð, 3 pd. á	25c
4 pk. Jelly Powder	25c
2 pd. könnur af Plums, 3 könnur fyrir	25c
2 pd. knr. Strawberrie's 2 könnur fyrir	35c
5 pakkar af Toilet Paper	25c
Jelly í glösum, 3 fyrir	25c
Jam " " vanaverð 25c niðursett í	20c

Og margt fleira sem of langt yrði hér upp að telja. Komið því í búð vora, og sjáið fyrir yður sjálf. Munið eftir að fá yður Harðfisk, — 20c pundið.

Clemens, Arnason & Palmason

The Cash Grocery House,

Cor. Sargent & Victor. Talsími 5343

Fregnsafn.

Markverðustu viðburðir hvaðanæfa.

Pappírsgerðarfélög í Bandaríkjunum hafa nýlega verið sektuð um þúsund dollara hvert fyrir óleyfileg samtök til að halda uppi hátt verði á vörum sínum. Félögin játuðu sekt sína, og öll ætla að inna af hendi sektarfjárhæð umtalslaust. Það sannaðist, að þessi félög höfðu minkað framleiðslu pappírs um 60 þús. tons á ári, við það sem var áður en þau gerðu samtökin, og að verðið var á sama tímabili sett upp um $16 hvert ton. Gróðinn varð yfir hálfaðra miljón dollara á ári eftir að samtökin komust á, umfram það, sem verið hafði áður.

— Svertingja hatrið í Texas hefir á ný orðið 11 manna að bana. Svertingja hatrið í öllum austurhluta Texas ríkis, er sagt að vera óvanalega mikið. Á laugardaginu var fellu tveir hvítir menn fyrir áhlaupi svertingja. Tafarlaust var gengið til hefnda og 9 svertingjar drepnir. Rikisherinn hefir verið kvaddur til að skakka leikinn.

PURITY FLOUR

AÐ BAKA BEZTA BRAUÐ

er meira en vísindi og meira en list.

En það má gerast fljótlega og áreiðanlega með því að nota

PURITY FLOUR

Það er malað úr bezt völdu Vestur-Canada Hörðu Hveitikorni; er algerlega hreint og svo ilmandi kjarngott.

ALLIR ÍSLENZKIR KAUPMENN SELJA ÞAÐ

WESTERN CANADA FLOUR MILLS CO., LIMITED.

WINNIPEG, —— CANADA.

— Bærinn Three Rivers í Quebec fylki brann að mestu leyti til ösku þann 22. þ.m. Skaðinn metinn 1½ miljón dollars. Hundrað hús, þar með pósthúsið, telegrafstöðin og talsímastöðin brunnu. Einnig allir bankar, allar lyfjabúðir, helztu matsöluhús og verzlunarhúðir, og öll beztu gistihúsin. — Þúsund manna eru húsviltir.

— Mentamálastjóri Rússlands hefir vísað öllum þeim konum frá háskólum landsins, sem að þessum tíma hafa stundað nám við þá. Háskólarnir eru 9 talsins og mikill fjöldi kvenna hefir að undanförnu sótt mentun sína á þá. En ráðgjafinn lítur svo á, að kvenfrelsishreyfingin sé orðin æðið sterk þar í landi, og að þess meiri lærdómslega þekkingu, sem konur fái, þess hættara sé við að þær komi málum sínum fram. En það telur hann eina blessun fyrir landið, að konur fái mikla mentun.

— Filipseyja þingið hefir með ályktun samþykt, með 57 atkvæðum gegn 15, að eyjarbúar segi tafarlaust skilið við Bandarikin og gerist óháð lýðveldi.

— Ottawa þinginu verður að sögn slitið 18. þ. m.

— Ákveðið er, að gufuskipið "City of Grand Forks" flytji vörur frá Grand Forks til Winnipeg eftir Rauðá í næsta mánuði. Er þetta í fyrsta skiptí í 20 eða 25 ár, að vörur hafa verið fluttar með gufuskipi milli þessara staða.

— Spænskt gufuskip sökk nýlega í sjó með 85 manns, en 65 björguðust. Skipið var gamalt og brotnaði strax, þegar það rakst á klett nálægt Muros. Margt fiskiskipa var á þessum tíma þar í grend, en svo var þoka dimm, að ekki varð fleirum bjargað en þeim 65, sem að framan er getið.

— Fjórir ungir háskólanemendur í Geneva rúðust nýlega með hnífum á kennara sinn á götu úti, og gengu af honum dauðum. Enga ástæðu gáfu þeir fyrir þessu óáðanverki.

— Maður einn í Milan borg fór nýlega í loftfari undan vindi 26 milur vegar á 5 mínútum. Þetta mun vera hraðasta ferð, sem enn hefir verið farin í loftfari eða á nokkurn annan hátt.

— Fyrir 2 árum ritaði stúlka ein í Toronto nafn sitt og áritun og setti í litið gler og kastaði því út í Ontario vatn. Fyrir fáum vikum fanst glasið í maga fisks, sem veiddur var í vatninu, og var hann sendur stúlkunni, sem nenni réttmerkt eign.

— Tveir bræður, bankaeigendur í Munich og taldir miljónerar, frömdu báðir sjálfsmorð fyrir fáum dögum, af því þeir voru komnir í fjárþröng, skulduðu hálfa miljón dollara, sem þeir gátu ekki borgað í svipinn.

— Nýlega lézt í Brigdeport, N. Y., Mrs. Mary Dean, 105 ára gömul. Hún hafði reykt tóbak mestan hluta æfi sinnar.

— Tíu menn veiktust af sólstungu og 7 manns létu lífið af sömu orsök í Chicago borg þann 21. júní sl. Þá varð mestur hiti 88 stig, en vindhraði 42 milur á kl.stund.

— Nýlega er látin í Ontario kona ein 104 ára gömul. Hún var af írskum ættum, en hafði alið mestan aldur sinn í Canada.

— Vilhjálmur þýzkalandskeisari hefir nýlega látið þess getið, að innan skams tíma muni verða lagður ríkisskattur á ógiftu menn. Hann telur ríkissjóðinn þurfa þessara inntekta.

— Kona ein í Montreal á klukku, sem búin er að ganga í samfleytt 272 ár og gengur enn, og gengur rétt. Á skífunni er með skýru letri nafn smiðsins: "John Lippe, maker, London 1636". Í sjálfu gangverkinu eða ofan við það eru 16 silfurbjöllur, sem hringja út þjóðsöngslag Breta á hverri kl.stund.

— Franskur verkfræðingur hefir fundið upp og smíðað byssu, sem getur skotið 1200 kúlum á mínútunni, án þess að púður eða nokkurt annað eldfimt efni sé notað. Að eins fjaðra úthúnaður í sjálfum byssulásnum flytur kúlurnar.

FUNDARBOÐ.

Það er öllum Vestur-Íslendingum orðið kunnugt, að mjög þýðingarmikil tímamót í stjórnmálum, eru í nánd á okkar kæru ættjörð, Íslandi. Vér álítum þessi tímamót svo mikilveg, að enginn góður Íslendingur geti látið þau afskiftalaus.

Að voru áliti á að tefla um það stóra atriði, hvort Ísland eigi að verða áframhaldandi eign Íslendinga, eða hvort það eigi að vera á eignarhaldi, og undir yfirráðum Dana. Um þessi atriði á íslenzka þjóðin að velja, við almennar kosningar 10. september næskomandi.

Hvað **eigum** við Vestur-Íslendingar að leggja til þessara mála? Hvað **viljum** við leggja til þeirra? Og hvað **getum** við lagt til þeirra.

Til að svara þessum spurningum, bjóðum vér öllum Íslendingum í þessum bæ, að mæta á ALSHERJAR FUNDI í Goodtemplarahúsinu íslenzka, sem haldinn verður þriðju dagskveldið **7.** JÚLÍ næstk., klukkan 8.

Winnipeg, 1. Júlí, 1908.

B L. Baldwinson	*F. J. Bergmann*	*H S Bardal*
S B Brynjólfsson	*Stefán Björnsson*	*Jón Bjarnason*
A. J. Johnson	*Lárus Sigurjónsson*	*Thos H. Johnson*
S Simonson	*Baldur Sveinsson*	*John J Vopni*
Gunnl. Johannsson	*Ó. S. Thorgeirsson*	*Th. Oddson*
A. P. Jóhannsson	*Friðrik Sveinsson*	*J. J. Bildfell*
Þorst. Þorsteinsson	*Stephan Thorson*	*B. J. Brandson*
Ó Stephensen	*W. H. Paulson*	*J A. Blöndal*
Jónas Pálsson	*Árni Eggertsson*	*Ó Björnson*
G. Goodman	*R Th. Newland*	*N. Ottenson.*

— Rússneskur maður hefir nýlega komið til Canada með nýjan mótorbát, sem hann hefir smíðað, og kveðst ætla að fara í honum fram af Niagara fossi. Hann segist hafa reynt bát þennan, svo að hann viti með vissu, að hann geti hvorki brotnað eða sokkið í hvaða straumkasti sem er. Báturinn er 12 feta langur, 3 feta breiður og ristir minna en einn þumlung.

— Dómari í Paris á Frakklandi var nýlega sviptur embætti um 3 ára tíma fyrir að lofa manni eitum að ganga frjálsum meðan hann var undir ákæru fyrir svikseni, og gefa honum með því tækifæri að strjúka undan lagarefsingu.

— Verkamaður einn á C.N.R. verkstæðunum í Edmonton, Sask., keypti fyrir nokkrum árum 5 hluti í Union olíu félaginu, fyrir 20 cts. hvern hlut. Hann fréttti nýlega, að hlutir þessir væru nú $224 virði hver, og að eign hans félaginu, sem hann upprunalega borgaði $10 fyrir, væri nú orðin 12 þús. dollara virði. Maðurinn er nú kominn af stað til California til þess að koma hlutum sínum í peninga.

— Það er áætlað, að 30 miljónir manna sæki Frakka-Breta sýninguna, sem nú stendur yfir í Lundúnaborg. Daglega eru þar 400 þúsund gestir, og svo er þröngt á öllum gistihúsum, að hundruðum manna og kvenna er daglega vísað frá gistingu. En þó hefir gisting eða fæði ekki stigið upp svo beinu nemi við þessa sýningu, og hafa Bandaríkjagestir mikið orð á því, að Bretar eigi þökk skylda fyrir samgirni í þessu tilliti.

— Bóndi einn í Ontario dó nýlega af því, að hann stakk sig í fingurinn á illgresis broddi, sem óx í garði hans.

— Biskupa og presta félagið á Englandi hefir setið í sl. daga á kirkjuþingi í St. Pauls kirkjunni í Lundúnum. Við guðsþjónustu þá sem haldin var, þegar þinginu var slitið, lagði einn af biskupunum fram á altari kirkjunnar peningagjöf, sem nam meira en hálfri annari miljón dollara, sem þingmenn, biskupar og klerkar höfðu skotið saman handa sóknuðinum í þakklætisskyni fyrir kirkjuláníð til þing funda halda. Blöðin, sem um þetta hafa getið, luku lofsorði á hve gjöfin var myndarleg.

— Það vildi til í St. Peters kirkjunni í Rómaborg, meðan erkibiskupinn var að messa þann 24. júní, að sprenging varð í tundurvél, sem einhver hafði kaumað inn í kirkjuna. Margt manna þar særðist af þessu, og svo varð æðið í fólkinu mikið, að fjöldi af konum og börnum tróðst undir. Ekki varð uppvíst, hver valdur var að þessu slysi, en grunur liggur á, að það hafi verið tilraun til að myrða kardínála einn, sem var í kirkjunni, en slapp ómeiddur.

— Í bönkum á Englandi liggja 500 miljónir dollara, sem enginn eigandi finst að, og enginn gerir kröfu til. Nú hefir einn þingmaður lagt fyrir þingið frumvarp til laga sem skyldar bankana til að afhenda ríkissjóðnum alt slikt fé eftir að það hefir legið hjá þeim ákveðið tímabil, án þess nokkur eigandi gefi sig fram eða geri kröfu til þess. Enn þá er óvíst, hvað þingið gerir við frumvarp þetta.

— Járnbrautarslys varð nálægt Nottingham í Ontario á sunnudagskveldið var. Þar fór ein af lestum C.P.R. félagsins út af sporinu, og 6 vagnar ultu niður 20 feta háa brekku. Um 200 manns voru í lestinni og voru flestir eða allir á fasta svefni, þegar slysið vildi til (kl. 11.30). Um eða yfir 40 manns meiddust þar með 2 konur frá Parrysound, Ont., svo hættulega, að þeim er ekki ætlað líf. Eitt barn, 6 vikna gamalt, hentist út úr rúmi sínu og týndist í uppþotinu, sem varð á fólkinu, en 20 mínútum síðar fanst það ómeitt.

— Fellibylur á laugardagskveldið var eyddi Clinton bæ í Minnesota. Yfir 30 íbúðarhús féllu til grunna, 7 manns létu lífið og 25 meiddust, og eru 5 af þeim taldir ólæknandi. Yfir hundrað manns eru húsvíltir eftir storminn. Alls eyðilagði þessi bylur alt sem fyrir varð á spildu, sem er 6 mílna löng og ½ míla á breidd, — húsum, fénaði öllum og jarðrækt.

Grover Cleveland.

Gróver Cleveland, fyrrum forseti Bandaríkjanna, andaðist að Princeton, N.J., að morgni þess 24. júní sl., 71 ára gamall. Banamein hans var krabbi í maganum.

Grover Cleveland, sem var 22 forseti Bandaríkjanna, og sá eini forseti úr flokki Demókrata, sem komist hefir til valda síðan á tímum þrælastríðsins, — var fæddur í New Jersey ríkinu árið 1837. Hann var af enskum ættum í föðurætt og var faðir hans prestur í presbyteriana kirkjunni. Móðir Clevelands var af írskum ættum.

Þegar Cleveland var 4 ára gamall, fluttu foreldrar hans til Fayetteville, nálægt Syracuse í New York riki, og þar ólst pilturinn upp og fékk skólamentun, og varð var búðarsveinn þar í bygðinni. Þá fluttu foreldrar hans til Clinton, og fékk pilturinn þar aukin tækifæri til að mentast. Þegar hann var 17 ára gamall, varð hann aðstoðarkennari við blindrastofnun í New York borg, en eldri bróðir hans var þá aðalkennari við þessa stofnun.

Árið 1860 flutti Cleveland frá New York með þeim tilgangi, að útvega sér sjálfstæðan atvinnuveg í vesturlandinu. Hann staðnæmdist um stund í Buffalo borg, og gerðist þar hjálparmaður frænda sins við útgáfu bókar nokkurar, sem hann hafði þá með höndum. Síðar fékk hann skrifarastöðu hjá lögfræðingafélagi þar í bænum, og var þá kaup hans 4 dollarar um viku. Hann útskrifaðist úr lögfræðisskóla borgarinnar eftir nokkurn tíma, og hélt svo áfram um 3 ára tíma að vinna fyrir sama félagið með þúsund dollara árslaunum. Þessa peninga notaði hann til að styrkja móður sína, sem þá var ordin ekkja og sem andaðist árið 1882.

Cleveland var kosinn District Attorney fyrir Erie County árið 1863, og hélt þeirri stöðu um 3. ára tíma. Um þann tíma stóð þrælastríðið yfir. Tveir bræður hans voru í hernum. Sjálfur gat hann ekki komist í herinn, af því hann varð að vinna fyrir móður sinni. En hann fékk mann í sinu stað til þess að ganga í herinn, og svo var hann þá fátækur, að hann gat ekki borgað þeim manni umsamið kaup fyr en löngu eftir að stríðið var til lykta leitt.

Árið 1865, þegar hann var 28 ára gamall, sótti hann á ný um héraðslögmanns stöðuna, en náði ekki kosningu. Gekk hann þá í lögfræðingafélagið Isaac V. Vanderpool, og 1869 varð hann félagi í Lanning, Cleveland og Folsom lögfræðingafélaginu. Árið 1870 var hann kosinn Sheriff fyrir Erie Co., og hélt hann þeirri stöðu um 3. ára tíma. Myndaði hann þá annað lögmannafélag og gerðist stjórnandi þess. Um þessar mundir fór álit á honum mjög vaxandi, og var hann árið 1881 kosinn borgarstjóri í Buffalo. Í þeirri stöðu notaði hann óspart náttúrarvald sitt, hvenær sem honum þótti borgarstjórnin fara óhyggilega að ráði sínu, eða verja fé borgarinnar gálauslega. Umbótastefna hans í þessu tilliti leiddi til þess, að hann var á næsta ári kosinn ríkisstjóri í New York riki með nær 200 þús. atkvæðum umfram gagnsækjanda sinn, sem var dómari og fjármálaráðherra í stjórn Bandaríkjanna.

Í þessu nýja embætti gerðist Cleveland vinsæll mjög af allri alþýðu, svo að hann var árið 1884 útnefndur af Demókrata flokknum, sem forsetaefni Bandaríkjanna. En sjálfur var hann mótfallinn þeirri útnefningu. Kvaðst engan veginn viss um sigur, þar eð Demókratar hefðu ekki um fjórðungs aldar skeið getað komið nokkrum sinna manna í það sæti. Þess utan taldi hann stöðu þeirri fylgja svo mikla ábyrgð, að hann kvaðst efast um hæfileika sína til að skipa forseta embættið, eins vel og hann áleit það ætti að skipast. En vinir hans lögðu því fastar að honum, og svo kom um síðir, að hann lét tilleiðast að vera í kjöri, og eftir það lagði hann sig allan fram til að ná kosningu. Andstæðingur hans var hinn mikli stjórnmálamaður James G. Blaine. En við kosningarnar vann Cleveland með hálfri miljón atkv. umfram.

Nú var hann orðinn forseti Bandaríkjanna. Góðæri var í ríkjunum á stjórnarárum hans. Á því tímabili gengu í ríkjasambandið 4 riki: Washington, Montana, S Dakota og N. Dakota, áður höfðu þessi riki að eins "territorial" réttindi.

Cleveland neytti neikvæðisréttar sins í forseta embættinu umfram það, sem aðrir forsetar höfðu gert. En stjórnsamur þótti hann og sanngjarn í stjórnar athöfnum sínum. En í nóvember 1888 tapaði hann endurkosningu fyrir Benjamin Harrison, forsetaefni Repúblikana. Fall Clevelands þá var aðallega því að kenna, að hann vildi lækka innflutnings eða verndartolla ríkjanna, og með því fyrirbyggja, að of mikið fjármagn safnaðist í fjárhirzluna. En Bandaríkja menn hafa jafnan verið straugir tollverndunarmenn, og gátu því ekki aðhylst stefnu Clevelands í þessu efni.

Næstu 4 ár eftir að Cleveland yfirgaf forsetastöðuna, starfaði hann sem lögmaður í New York riki. En árið 1892 sótti hann á ný um forseta embættið, og náði þá kosningu. Varð hann nú forseti Bandaríkjanna í annað sinn, og hélt þá fram sömu stefnu, sem hann áður fylgdi. En það leiddi til þess, að Demókratar í þinginu, sem þá voru í fleirtölu, snerust móti forsetanum í fjármálastefnu hans, og tapaði hann þá svo fylgi, um land alt, að hann fell fyrir McKinley árið 1896. Eftir það flutti hann til Princeton og dvaldi þar jafnan síðan til dauðadags.

Um það ber helztu stjórnmálamönnum Bandaríkjanna saman, að Cleveland hafi verið í bezta lagi mikilhæfur maður, hreinhjartaður og hreinskiptinn og stefnufastur. Skilningur hans á opinberum málum var ljós og ákveðinn, og svo var hann framsýnn, að stjórnmálamenn beggja flokka móttu það mjög mikils og leituðu ráða hans í mörgum vandamálum þjóðarinnar. Síðan hann andaðist hafa allir helztu menn þjóðarinnar lokið samróma lofsorði á æfiferil hans allan og starf hans í þágu þjóðarinnar.



Þegar hrossin eru öll vinnandi á landi þínu og þú þarft í skyndi að fá eitthvað úr bænum, HVAÐ ER ÞÁ TIL RÁÐA? Væri þá ekki betra að hafa reiðhjól, svo að eitthvert barnanna gæti skroppið eftir hlutunum? Reiðhjól mundi ekki að eins verta ánægju, heldur mundi það fljótlega borga fyrir sig með hestasparnaði. Skrifið eftir upplýsingum.

CANADA CYCLE & MOTOR COMPANY, LIMITED, WINNIPEG

Heimsins beztu hjólasmiðir

147 PRINCESS ST. - - - - - WINNIPEG, MAN.

Wall Plaster

Með því að venja sig á að brúka **"Empire"** tegundir af Hardwall og Wood Fibre Plaster er maður hár viss að fá beztu afleiðingar.

Vér búum til:

"Empire" Wood Fibre Plaster
"Empire" Cement Wall "
"Empire" Finish "
"Gold Dust" Finish "
"Gilt Edge" Plaster of Paris
og allar Gypsum vöruuteg undir. —

Eiqum vér að senda yður bækling vorn?

MANITOBA GYPSUM CO. LTD

SKRIFSTOFUR OG MILLUR I

Winnipeg, - Man.

HEIMSKRINGLA
Published every Thursday by
The Heimskringla News & Publishing Co.

Verð blaðsins í Canada og Bandar. $2.00 um árið (fyrir fram borgað). Sent til Íslands $2.50 (fyrir fram borgað af kaupendum blaðsins hérlendis $1.50.)

B. L. BALDWINSON,
Editor & Manager

Office:
729 Sherbrooke Street, Winnipeg
P.O. BOX 116. 'Phone 3512.

Sjálfstjórnarmál Íslendinga.

MOTTÓ:—

Vér ástum norna garpa
Í Íslands Langaskörð;
ÞEIR vildu fjötrum varpa,
ÞEIR veittu aledkn snarpa,
ÞEIR unnu ættarjörð.

En NÚ er öldin önnur
Og annað sóknarlið,
Þeir RÁNSHÖND rétta skjöldinn
Þeir REFSKÁK tefla um völdin
Og leggja LAND sitt við.

Þessi erindi eru tekin úr einu kvæðinu, sem orkt var á 100 ára minningarhátíð Jónasar Hallgrímssonar sl. haust. Um leið og ég las þetta kvæði yfir, lærði ég þessi 2 erindi, — lærði þau áður en ég vissi af, og þó hafast mér þá helzt til djarft til orða tekið í síðara erindinu. En það lagðist fargþungt á meðvitund mína, að svo væri ekki í raun og veru, enda er það nú á daginn komið. Það sýnir millilandanefndar frumvarpið, sem allir Íslendingarnir skrifuðu undir nema frelsishetjan Skúli Thoroddsen. Og það sýnir ekki hvað síst kappið, sem stjórnarflokkurinn á Íslandi — meiri hluti hans — leggur á það, að þetta herfilega innlimunarfrumvarp verði viðtekið og samþykt af Íslenzku þjóðinni. Eins og nú standa sakir, eru þessi erindi nákvæm og sönn lýsing á frelsisköppunum, sem mest og bezt börðust fyrir sjálfstæði Íslendinga á síðastl. öld. Jóni Sigurðssyni og hans félögum — fyrra erindið —, og — síðara erindið — lýsing á ætterli stjórnarflokksins á Íslandi, eins og það hefir verið nú á síðustu tímum.

Fyrst eftir að þetta nefndarfrumvarp var birt, leit svo út, sem stjórnarblöðunum ísl. væmdi við því, og sama var að segja um nánustu fylgifiska þeirra. Hvorttveggja þögðu, en það gerðu engin önnur íslenzk blöð. Stjórnarblöðin Lögrétta og Reykjavík hættu að fylgjast með öðrum íslenzkum blöðum hingað vestur, og fjöldamargir Vestur-Íslendingar voru farnir að óska þess, að þau væru dauð um aldur og æfi, — eða í það minsta þeirra fyrri pólitiska stefna. Því miður gat þessi ósk ekki ræzt, og því síður sú, að þessi blöð tæku í þann streng, sem hverjum einasta Íslending bar að gera, sem íslenzkt, en ekki danskt, blóð rennur í æðum, sem sé þann, að hafna þessu frumvarpi einróma. Nei, það var ekki því að fagna, að þeir væri allir í raun og veru Íslendingar, sem Íslendinga nefna sig og íslenzkt nafn bera. Það er stærsta og tilfinnanlegasta óhamingja íslenzku þjóðarinnar. Ekki liðu langir tímar þangað til Lögrétta rak upp eyrun, með stjórnareyrna-markinu og brennimarki Jóns Ólafssonar, og því svo grólgerðu, að undrun sætir — vísvitandi ósannindum*) í óbundnu máli, en höflausum skriðdýrshætti og konungssmjaðri í bundnu máli.

Reykjavík er ekki farin að láta sjá sig enn hér vestra, síðan frv. var birt, en heyrst hefir, að stjórnarstimpillinn sé á henni alveg óhaggaður. Það er óneitanlega mikið hryggðarefni, að þessu skuli vera þannig varið, að í byrjun 20 aldarinnar skuli Gissur Þorvaldsson birtast afturgenginn í hugsunarhætti og starfi þeirra manna, sem þjóðin hefir sett í trúnaðarstöður sínar, — að finnast skuli menn, sem íslenzkt hjarta slær í, sem skrifa undirþað og leggja kapp á, að fá samþykt, að íslenzka þjóðin um aldur og æfi afsali sér til Dana öllum rétti til að ráða konung, ef konungsættin, sem nú er, deyr út, ásamt utanríkismálum og hermálum. Beinni innlimunarákvæði en þessi er naumast hægt að finna. Og þetta samþyktu allir nefndarmennirnir ísl. nema Skúli Thoroddsen.

*) Vísvitandi ósannindi eru það hjá J.Ó. með fleiru, að sameiginlegu málin öll séu uppsegjanleg. — Það er skýrt tekið fram í 9. grein frumvarpsins, að svo er ekki.

Hér er bersýnilega verið að rétta danskri ránshönd skjöldinn í þremur mjög mikilvægum málum, — og það um aldur og æfi.

Og þetta atferli, þetta gæmalaust "hún merkniið" sexmenninganna hefir stjórnarflokkurinn ísl. tekið að sér að verja, og "heitið því fylgi sínu". Með öðrum orðum, hann hefir heitið að berjast um völdin, og "lagt land sitt við".

Ég sé, að Skúli Thoroddsen hefir komið með þá breytingartillögu í nefndinni, að öllu sambandi mætti slíta eftir ákveðinn tíma nema konungssambandinu. En sú tillaga var kæfð með öllum atkvæðum gegn hans einu. Ennfremur kom hann með þá breytingar tillögu, að í stað orðanna í frv. "Ísland er frjálst og sjálfstætt land, sem eigi verður af hendi látið", — hér kemur bersýnilega í ljós sá skilningur Dana, ótvíræður, að þeir eiga Ísland, því enginn gotur tekið þannig til orða, nema um eign sína, — komi: "Ísland er frjálst og fullveðja ríki". Þessi tillaga var einnig felð með öllum atkvæðum, nema sjálfs hans.

Skúli kom einnig með þær tillögur: að hernaðarmannvirki mætti ekki gera á Íslandi nema það væri leyft af íslenzkum stjórnarvöldum, — að leita skyldi sem fyrst alþjóðaviðurkenningar á friðtrygging hafs íslenzka ríkis, — að orðin í frv. um "kaupfána út á við" (sem frv. ætlast til að verði danski fáninn) falli burt, með öðrum orðum, að íslenzka ríkið sé frjálst að því, að hafa sitt eigið ríkisflagg, — og að oddamaður í gerðardómum milli ríkjanna verði æðsti dómari á Íslandi eða dómsforseti hæstaréttar, eftir hlutkesti milli þeirra.

En það fór eins um þessar tillögur sem allar aðrar, sem hann gerði: Íslenzku nefndarmennirnir allir sex, hvað þá Danir, greiddu atkvæði móti þeim.

Svona dæmalaust hátt hélda þessir sex sjálfstæðismerki íslenzku þjóðarinnar uppi!

Atkvæðagreiðslan móti þessum tillögum Skúla, bendir ljóslega til þess, að hvorki Danir eða þessir 6 Íslendingar ætlast til, að Ísland verði nokkurntíma frjálst, sjálfstætt ríki. Því það er víst ómögulegt, að finna þess dæmi, að til sé undir sólunni sjálfstætt, frjálst ríki, sem lögbundið er yfirráðum annars ríkis um aldur og æfi, um konungsskipun, utanríkismál og her, sem ekki má hafa sitt eigið flagg — og sem lúta verður úrskurði annars ríkis, hverju ig sem hann er, í öllum þeim málum, sem ágreiningur verður um. Hvorttveggja þetta síðarnefnda um fullan hálfan fjórða áratug.

Ef að samþykt væri á þjóðfundi þrjú fyrstu ákvæðin, þá er með því samþykt; að Íslendingar og allir niðjar þeirra um ókomnar aldir, skuli vera um aldur og æfi bundnir á danskan klafa. Er þannig löguð samþykt ekki óumræðilega viðurhlutamikil, gagnvart eftirkomandi kynslóðum? Allir hljóta að svara því játandi. Nú er það vitanlegt, að með mentun og menningu vex sú hugsun hjá hverri einustu þjóð, að ráða öllum sínum málum sjálf, vera frjáls að öllum sínum gerðum, innávið og útávið, vera frjáls að því, að mega fela mönnum, sem hún treystir, til að fara með sín mikilvægustu mál, innan lands og utan, — að eins um tíma, meðan þeir geta áunnið sér traust hennar. Með mentuninni nær lýðveldishugmyndin sér æ betur og betur niðri. Það er sönn mentun og menning, sem hefur hana á hæðsta hún, en brýtur niður jafnframt einveldi og þrælalýðtra. En lýðveldishugsjónin, sem vitanlega er sú eina rétta stjórnarfarslega hugsjón, getur því að eins orðið framkvæmd, að ekki sé búið að leggja löglega á þau þrælabönd, sem ekki verða slitin. Ef Íslendingar ætluðu sér að slita öllu sambandi eftir að hafa samþykt þetta, þá væri fylsta ástæð fyrir Dani, að kúga þá til hlýðni með hervaldi, því þá væri Íslendingar að rjúfa löglegan samning.

En óuppsegjanlegu málin eru ekki eini annmarkinn á þessu frumvarpi, þó þau séu sá stærsti. Það er óneitanlega all óskyggilegt, að veita Dönum í 37 ár jafnrétti á Íslandi og við strendur þess, á við Íslendinga, þegar fundnir eru málmar og kol í jörðu, — auk gullkistunnar, sem er við strendur þess.

Danir eru andug þjóð, og fólksfjölgun hjá þeim mikil, en heima fyrir hafa þeir ekki nema lítinn landskika, að eins 700 fermílur danskar, og hann er mjög þéttbygður. Er nú nokkuð líklegra, en þeir flytji inn til Íslands í stórhópum í þessi 37 ár, sem þeir hafa þar fullan rétt, og að eftir þau ár verði íslenzk þjóðerni orðið svo lamað af dönskum áhrifum, að því sé hætta búin, eða jafnvel dauði?

Eitt er víst, og það er, að Danir halda ekki svona fast í Ísland af neinu öðru en því, að þeir ætla sér að hagnýta auðsuppspretturnar þess til lands og sjávar. Og eftir því, sem þeir komast eftir að þær séu meiri og fleiri, eftir því heldur ránshönd þeirra fastar. Undir eins og Jón Jakobsson vísaði þeim á íslenzk fiskimið og bauð þá velkomna á þau, í þingmannaforinu fraegu fyrir 2 árum, þá sendu þeir fiskiveiðaflota til að veiða við Ísland. Og nú eftir tæp 2 ár, er kirið að kveða svo mikið að þessari dönsku útgerð, að ríkissjóðurDana hefir veitt henni stóra fjárupphæð. Mun ekki fara svo með fleira? Vissulega. Danir hafa nægan fólksknaft, nóga peninga og vafalaust nógan vilja til að leggja Ísland undir sig á næstu 37 árum. Og er þessi langi þrjátíu og sjö ára uppsagnarfrestur á þessum sameiginlegu málum ekki beinlínis gerður í þessu augnamiði, svo alveg sé áreiðanlegt, að Ísland geti aldrei gengið úr greipum Dana, hvað þetta snertir? Víst er um það, að nefndin feldi einróma þá tillögu Skúla, að hafa uppsagnarfrestinn styttri, 20 ár. Var það ekki nógu langur tími til að framkvæma það sem á að framkvæma?

Það er ekki að því að spyrja, að það er alt á sömu bókina lærr hjá Dönum og þessum dönsku Íslendingum.

Nýkomin Ísafold skýrir frá samtali sínu við tvo af nefndarmönnunum, og einnig frá umræðum á almennum fundi — um þetta alræmda frumvarp. Bæði í samtalinu og á fundinum reyndu nefndarmenn að verja frumvarpið, — en sú vörn. Hún er öll þann veg, að hún sýnir, hvað mennirnir og frv. hefir vondan málstað, — hvað alt er á sandi bygt. Þeir nota tvent jöfnum höndum í þessari vörn, — fara visvitandi með ósatt mál, og segja sitt í hverju orðinu.

Hér er lítið sýnishorn. Þess er áður getið, að ætlast er til í frv. (2. gr.), að Íslendingar afsali sér öllum rétti í hendur Dönum til að ráða konungi, ef konungdómurinn losnar. Ísafold spyr, hvort þetta sé ekki athugavert. Þeir segja nei, "það séu smámunir, og að þessu atriði megi breyta, þegar endurskoðunarfresturinn sé liðinn" nfl. eftir 37 ár, og þó er þessi gr. frumvarpsins einmitt óuppsegjanleg. Þegar þeir eru spurðir, hvort þeim þyki ekki ábyrgðarhluti að samþykkja, að sum málin séu óuppsegjanleg um aldur og æfi, þá er þeirra svar þetta: "Í raun og veru kemur aldrei til þess". Við getum sagt, þegar endurskoðunarfresturinn er liðinn: Nú viljum við ekki hafa þessi mál lengur sameiginleg, og ef Danir láta ekki undan, þá slítum við konungssambandinu. — Hér ætlast þeir til, að Íslendingar rjúfi samning eftir 37 ár, sem nú er löglega ákveðinn að skuli vera órjúfanlegur. Þeir ætla börnum sínum þann heiðarlega starfa, að verða samningsrofar á þeim sáttmála, sem þeir sjálfir hafa samþykt að skuli vera gildandi um aldur og æfi. Dáfalleg hugsjón!

Í fyrstu segja þeir við spurninguni, að "í raun og veru komi aldrei til þess", að nokkur af sameiginlegu málunum séu óuppsegjanleg, en síðar segjast þeir ekki hafa vikið "út af stefnu þingvallalaundarins, nema að eins í einu atriði: Óuppsegjanlegu málunum séu óuppsegjanleg". Svona er öll þeirra vörn og röksemdafærsla, — ósannindi, blekking og tvísögn. Á almenna fundinum berja þeir það blákalt fram, að Ísland sé "fullveðja ríki", og færa þó enga sönnun fyrir því, aðra en þá, sem hver heilvita maður sér að er mesta fjarstæða: að frumvarpið sýni það. Frv. fordæst að nefna Ísland ríki, og Danir mega ekki sjá það nafn á prenti, en þó þykjast þeir vilja viðurkenna hugtakið, sem í þessu orði felst.

Ísafold hefir greinilega sýnt, hverju Danir ráða einir eftir frv., að því er snertir Ísland, en það er: utanríkismál, hervarnir, gunnfáni, kaupfáni, landhelgisgæsla, þegnréttur, peningaslátta, fiskiveiðaréttur Dana við strendur Íslands, skuldgreiðsla við Ísland, og úrskurðum öllum um ágreining, sem kann að rísa út af því, hvort mál eru sameiginleg eða ekki. Við þetta má bæta einveldi Dana til að ráða konung. Eftir að hafa athugað þetta, hver getur þá sagt, að Ísland sé fullveðja ríki? — Enginn, sem lætur sér ant um að segja sannleikann.

En aðferðin, sem á að brúka til að fá íslenzku þjóðina til að samþykkja þetta frumvarp, er þetta: Telja henni trú um, að landið sé sjálfstætt ríki, telja henni trú um, að öllu megi breyta síðar meir, þó vitanlegt sé, að það sé ómögulegt. Með öðrum orðum: þyrla upp eins miklu af ósönnum gyliingum og hægt er. Það er eina hugsanlega aðferðin til að fá hana til að ganga í gildruna.

Ég er sannfærður um, eftir að hafa talað um mál þetta við fjölda manna hér, að ef sá hluti íslenzku þjóðarinnar, sem er hér fyrir vestan Atlantshaf, gæti látið sér liggja svo hátt róm, að heimaþjóðin heyrði, þá mundi hann einum rómi hrópa:

Í nafni alls þess, sem gott er, háleitt og heilagt, samþykkið ALDREI þetta frumvarp. Rödd réttlætisins, kærleikans og sannleikans hrópar til ykkar þessi þýðingarmiklu orð: Þið eruð að afsala ykkur og niðjum ykkar afskaplega miklum réttindum og mikilvægum, sem aldrei verða aftur heimt. Þið eruð að neyra ykkur dönskum hlekkjum um aldur og æfi. Stigið það ógæfuspor aldrei að eilífu!

Hrindið þeim mönnum strax úr trúnaðarstöðum ykkar, sem legra og gylla það ósanna mál, að frumvarp þetta sé hættulaust og leggja kapp á, að fá ykkur til að samþykkja það, — en fylkið ykkur í kring um frelsishetjuna Skúla Thoroddsen, sem nú, þegar mest á reyndi, reyndist ykkar "sverð og skjöldur", — og þá menn, sem af einlægni meina það, að Ísland skuli vera að eins fyrir Íslendinga.

Gerið þetta vegna ættjarðar okkar, sem hlýtur að beinum feðra okkar um hálfa eða eftu öld. Gerið það vegna íslenzku þjóðarinnar og niðja hennar um ókomnar aldir. Gerið það vegna alls þess, sem gott er og göfugt. Greypið óafmáanlega í huga ykkar norræna málsháttinn "sjálfr leið þik sjálfan", þá mun gæfa og hamingja verða leiðarstjarna íslenzku þjóðarinnar.

Þann dag, sem þið fellið þetta sambandslaga frumvarp, og þann dag, sem þið segið með öllu skilið við Dani, — þann dag skulu sungnir gleðisöngvar í Vesturlöndum, því

"Vér hertum þann níðing, sem hæðir þín tár
og hendur á móður vill binda
og áneuð vér hötum, því andinn er frjáls,
hvort orðum hann verst eða sverðunum stáls".

Á. J. JOHNSON.

Fregnbréf um kirkjuþingið lúterska.

Selkirk, 21. júní 1908....

ÞINGFÖRIN OG VEÐRID.

Föstudags morguninn sl. vatt ég mér framan á, dró á mig baðmullarsokkana, nasbitna og hælalausa, og fleygði mér í fötin á snatri. Það var að jöfnu báðu rismálum og dagmálum, og ég varð að flýta mér, vildi ég ekki missa af ralmagnsreiðinni ofan til Selkirk á kirkjuþing. Stundarkorni síðar stikladi ég á gljáleðurskóm og vetrarfrakka, með tösku í hönd og fróttasnataspjald í fórum mínum forugar götur Westends, þar til ég náði í Arlington-reiðina, og með henni suður á Portage. Loft var dimt og drungalegt og gekk á með þéttingssnörpum súldruskúrum, en við austurátt meðfram sjóndeildarhring tók örmjóan glotta undir sortanum, sem virtist spá betri tíð, og þó óráðið. Á leiðinni norður var ég að hugsa um, að tilhlýðilegt veður gæfi nú drottinn þingi sínu. Því mjög líkt mætti nú vera umhorfs í hugum kirkjufulltrúanna og veðrið var, að dæma eftir guðfræðismoldviðrinu í blöðum þeirra undanfarið og kvittum þeim og lausasögum, er flogið höfðu fyrir síðustu dagana um að til stæði gagngerð breyting á félagshögunum. Sjálfsagt hlaut þar þá líka, að hanga niður þokuþemba og ömurlegur óvissu drungi um hvað upp skyldi taka. Því sumar sögurnar sögðu ekkert minna standa til, en bannlýsa ætti séra Friðrik Bergmann, eða þá að öðrum kosti reyra fyrir mataræðir hans og láta hann svo eiga sig; en aðrar sögðu, að séra Jóni ætti að velta af stóli. Öllum bar þeim samt saman um það, að eitthvað sögulegt mundi gerast á kirkjuþinginu, og fyrir þá sök var ég nú farinn á hnotskóg í þessu þokkalega veðri eða hitt þó heldur, til að forvitnast um, hvað til tíðinda mundi gerast.

Eftir að ég var komann inn í ralmagnsreiðina til Selkirk, fyltist hún óðum af kirkjuþingsfulltrúum. Reiðin brunaði af stað á tiltekum tíma, og bar ekkert til tíðinda á leiðinni.

VIÐTAKAN Í KIRKJUNNI. — GUÐSÞJÓNUSTA. SKRIPTIR.

Jafnskjótt og til Selkirk var komið, spunnu fulltrúarnir sig í halarófu til þingstaðarins, ísl. kirkjunnar. En mér hugkvæmdist það snjallræði, sjálfsagt af því vel lá á mér, að reyna að gera mig svo gagndrepa að innan, að enginn dropi gæti gengið í mig af óveðrinu að utan, og tók ég því einsamall stjórann á gildaskála Merchants hótelsins. Þaðan rambaði ég svo til kirkjunnar, og var þar þá verið að enda við, að ráðstafa fulltrúum á vistir. Enginn maður leit við mér þar, og var ég hröðugur af með sjálfum mér, því þar á markaði ég, að ég væri enn sjálfbjarga og fær um að sjá fyrir bát mínum. Að afliðandi dagmálum sófnuðust menn aftur í kirkju. Þá var séra Jón Bjarnason þar, sviphreinn og alúðlegur eins og húsfaðir, sem tekur við börnum sínum á kynni. Var það unun að sjá. Þar var séra Friðrik Bergmann, snarlegur í bragði og léttur í spori svo sem hefir þeim mannl, sem er í sannleiksleit. Þar var kominn séra Björn Jónsson, höfðinglegur maður og mikilúðlegur, og veit enginn, hverju yfir býr. Þar voru þeir séra Friðrik Hallgrímsson, séra Steingrímur Thorlaksson og séra Hans Thorgrímsen, og munu þá taldir hinir stærri postularnir; hirði ég ekki að þylja fl. þá er sól var gengin einn sjöttung suðuráttar, en átti fimm sjöttunga ógengna, var hringt til guðsþjónustu. Séra Thorgrímsen prédikaði hneig ræða hans að nauðsyn þess, að forðast stefnuleysi og halda sér að náðarboðskapnum. Prédikun hans var flutt af miklum skörungskap og trúaráhuga, en fór öll á tjá og tundur af tvísögnum. Þá gengu prestar og fulltrúar, og ef til vill aðrir fleiri til skriptaa, gerðu þeir þrjár umferðir við gráturnar og nokkuð betur. Séra Jón Bjarnason forseti úthlutaði líkam, en séra Steingrímur bar mönnum blóð í þremur fyrstu umferðunum. Séra Thorgrímsen útdeildi hvorttveggja þeim er seinast komu. Svo var gengið á vistir til snæðings.

ÞING SETT. SÉRA JÓN BJARNASON ÞOKAR ÚR SÆTI. VAFASAUÐUR KOSINN FORSETI: SÉRA BJÖRN B. JÓNSSON.

Hálfri stundu eftir miðdegi var kirkjuþingið sett af forseta séra Jóni Bjarnasyni. Þá voru kjörbréf rannsökuð og samþykt og lokið ýmsum minni háttar málum frá fyrra þingi, einnig kosin nefnd til að raða málum á dagskrá, þó slík nefnd virðist fremur eiga að koma á eftir kosning embættismanna þingsins, heldur en á undan. Þeir séra Björn B. Jónsson og Friðjón Friðriksson voru kosnir í þá nefnd. Síðan lýsti forseti yfir, að fyrir lægi kosning forseta. Séra Thorgrímsen stóð upp og nefndi séra Jón Bjarnason í kjörið. Við það skaut upp úr sæti manni háum, gerfilegum, raudbirknum á brún og brá, Lopti Jörundssyni, að mér var síðar sagt, og nefndi hann séra Björn í kjör. Við þá nefnu, fór eins og reið úr augum forseta fram, og sá ógerla, hvort Loptur heyktist í set niður af ljóstri ráðar eða af sjálfsdáðum. Þó held ég hann hafi sjálfur sezt.

Ímefna séra Björns kom forseta sjálfum sýnilega mjög á óvart, og var steinhljóð stundarkorn í salnum. Á þingheimi sjálfum var raunar ekki að sjá, sem nokkuð sérlegt væri um að vera. Þó sátu stökumenn með áhyggju og undrasvip, eins og opnast hefði kirkjugólfið við fætur þeim. Loks tók forseti til máls og lýsti því yfir með nokkrum þjósti, að hann ætladi ekki að vera í kjöri. Þá bað séra Björn sér hljóðs og bað hann vera í kjöri. Kvaðst raunar vera þeirrar skoðunar, að bezt væru mannaskiftí í embætta kirkjufélagsins, forseta-embættið sem önnur, og ekkert þeirra ætti að vera skipað sama manni einlægt eða til lífstíðar, En þótt sú væri skoðun hans, vildi hann að þingið væri undanþegið þeirri reglu um séra Jón. Hans forsjá ætti þingið að hlíta meðan kostur væri, og ekki leti hann sitt nafn verða riðið við það, að koma honum frá. Því næst talaði séra Thorgrímsen af hugmóð miklum um vandræðatíð, vargakjapta og gínands úlfa og sitthvað fleira sauðkristilegt talaði hann, og hét á séra Jón, að leggja ekki sverðið niður. Fleiri töluðu og heitt í þá átt, að séra Jón ætti ekki að gangu úr kjöri. Við umræður þessar gekkst forsæta hugur. Hann tók til máls, og drap nokkuð svo á dreif yfirlýsing sinni að vera ekki í kjöri. Kvaðst ekki vilja vera neitt félagsgersemi eða skrautbóla á félaginu; viki ekki frá sinni stefnu. Það þyrftu menn að vita. Hann og hún myndu fylgjast saman, meðan lif entist. Menn ættu um að velja: að hafa hvorttveggja eða hvorugt. Annars væri sér greiði að losast, metorð girntist hann ekki, og skyldi vinna saman við félagsmenn eftir fremsta megni og með ljúfu geði, hvernig sem þetta mál færi. Er nú ekki af öðrum að segja, en Elís Thorvaldson. Það er maður á bezta skeiði, vel að sér um alla hluti og ágætlega talaður. Hann stóð upp. Hann drap fyrst á heit Roosevelts forseta, er hann hét því, að vera ekki í forseta kjöri hið þriðja sinn, og drengskap þann, er hann hafði sýnt, að standa við heit sitt, þá er sinnar hans og vinir freistuðu hans til að rjúfa það. Þá fór hann hinum sæmilegustu orðum um séra Jón og starfsemi hans fyrir félagið, og kom í þann stað niður, að samboðnast væri henni allri saman, að séra Jón ferli nú að dæmi hins bezta og tignasta manns í Bandarikjunum og stæði við neitun sína að vera í kjöri, og hét hann á þingmenn að hætta öllu kalsi við hann um hið gagnstæðu, því bæði vissi hann og þeir allir saman, að það væri ekki til neins, séra Jóni yrði ekki hnikað frá orðum sínum fremur en forseta Roosevelt. Það var ágætlega snjalt erindi og hið bezta flutt. Setti það eins og innsiglið undir forsætisafsal forseta, enda hvikaði hann ekki framar. Hann lýsti því þegar afdráttarlaust yfir, að hann yrði ekki í kjöri, og gaf varaforseta séra Steingrimi Thorlakssyni bendingu, að taka við fundarstjórn og gekk sjálfur á gólfi niður. Á gólfi tók hann aftur til máls og nefndi séra Kristinn Ólafsson í forsetakjörið. Hann sagði, að hann vissi að hann (séra Kristinn) væri einlægur við stefnu sína (séra Jóns), og hann vissi, að hann mætti treysta honum, og bað hann alla þá, sem myndu hafa greitt sér atkvæði, að kjósa séra Kristinn. Nú greindi menn á, hvort tveir væru í kjöri eður þrir. Sumir héldu séra Jón enn í kjöri, en aðrir vefengdu, og þeíðu þeir það með sér um hríð, unz borin var upp tillaga að taka úrgöngu séra Jóns gilda. Var hún samþykt í einu hljóði. Síðan fór kosning fram um þá séra Björn og séra Kristinn, og hlaut séra Björn kosningu með 29 atkvæðum. Séra Kristinn hlaut 16. Birtist þá, að séra Jón hafði þann upptekið, sem flestum var skapfeldast, og eins hitt, að séra Birni hafði ekki orðið að neinum vansa vafi sá, sem séra Jón dró óbeinlínis að honum um það, að hann væri af öðru sauðahúsi en sjálfur hann.

HUGLEIÐINGAR UM TÍÐINDIN —STEINNINN Í KAABA. — MÓSES OG HID FYRIRHEITNA LAND. — DAFNANDI KRISTINDÓMUR. — FYRIRBURÐUR.

Hér höfðu mikil tíðindi orðið, ein hin markverðustu, sem orðið hafa með Íslendingum um langan tíma. Ég hafði orðið heyrnar og sjónarvottur að því, hversu hinn merki leiðarsteinn, sem staðið hefir í Kaaba lúterska kristindómsins hér í landi um 23 ára skeið, var hafinn af stalli og nýr settur í staðinn. En hvert var það afl, sem hóf hann af stalli? Óánægja vitaskuld, en það er neikvæð skýring. Í umræðunum vék enginn að eðli orsakar. Séra Jón hefir unnið með hinni mestu elju að því, að vekja og glæða kristilegan áhuga með löndum sínum hér í landi hart nær heilan aldarfjórðung samfleyttan og reynt að draga þá saman til félagsskapar og samvinnu, til styrktar kristilegri lífsskoðun. Feiknamikið hefir honum orðið ágengt fyrir brennandi áhuga og einbeittan vilja. En framsókn hans hefir orðið með tímanum einhliða og einsýn, svo sem oft vill verða um slíka menn. Honum hefir verið ofgjarnt til að kefja og uppræta sérskoðanir, hversu óverulegar sem verið hafa, hann hefir ekki þolað eðlismætt frelsi innan lúterskunnar íslenzku. Það er hans yfirsjón. Íslendingar eru umburðarlyndir að þjóðernisfari, — saga þeirra fyr og síðar vitnar það, — og óágengir. Þessar lyndseinkunnir hlutu að ná framrás með tímanum. Yfirsjónir eiga sér eftirköst. Moses eða Mose, sem nú er farið að tíðka að nefna

Strathcona Hotel

Horni Main og Rupert Str. Nýbygt og ágætt gistihús; Gest um veitt öll þægindi með sanngjarnasta verði. Frí keyrsla til og frá öllum járnbr. stöðvum. Beztu vín og vindlar; og herbergi og máltíðar ágætar.

McLaren Brothers
EIGENDUR

Hotel Pacific

219 Market Street | H. M. Hicks Eigandi
Winnipeg --- Manitoba

Telephone 1338

Ný-endurbætt og Nýtízku hús í alla staði. Viðskifta yðar óskast virðingarfylst.

$1.25 a Dag

HOTEL SUTHERLAND
Corner Main and Sutherland Ave.

Gisting kostar $1.00 og $1.50 á dag. Ég tók við stjórn þess húss 1. Jan. '08, og virðingarfylst óska viðskifta Islendinga nær og fjær Komið, Sjáið og Reynið.

C. F. Bunnell,
eigandi. Telefón 348

$1.50 Á DAG
Besta $1.50 gistihús í Winnipeg

BRUNSWICK HOTEL
Horni Main St. og Rupert Ave.

Besta borðhald; Hrein og Björt Herbergi; Finustu Drykkir og Bestu Vindlar. Ókeypis Vagn mætir Öllum Traintestum. Reynið oss þegar þú ert á ferð

MARKET HOTEL
146 PRINCESS ST. á móti markaðnum
P. O'CONNELL, eigandi, WINNIPEG
Beztu tegundir af vínföngum og vindum, aðhlynning góð húsið endurbætt

Loftskeyta undur

Nýlega stóð grein í "St. Louis Dispatch", ein undrasaga um loftskeytasendingar. Svo stóð á, að prólessor D. C. Elliot, kennari við Richmond háskólann, hefir loftskeytavél, sem hann notaði við kenslu í skólanum, en geymdi hana þess á milli í kjallaranum undir íbúðarhúsi sínu. Kjallarinn er bygð úr úr grjóti, eins og algengt er undir góðum húsum. En þann 24. maí heyrði prólessor Elliot hávaða í vél sinni í kjallaranum. Hann sá strax hvað um var að vera og þótti það merkilegt. Kallaði hann þá til sín einn loftskeytasendil, og tók hann með sér niður í kjallaranu. Fundu þeir þá, að loftskeytasendingar voru stöðugt að berast í vélina frá loftskeytastöðvunum í San Cruz, California, og Oklahoma City í Oklahoma ríkinu. Hann svaraði fyrirspurnum sem bárust frá þessum stöðvum og sagði þeim jafnframt, að Richmond stöðin, sem þeir væru að tala við, væri ekki í turni eða á háum stengum, heldur geymd niður í kjallara í íbúðarhúsi sínu, að engir þræðir lægju að vélinni og að vélin væri af sér tilbúin í heima húsum.

Sé þessi saga blaðsins áreiðanlega sönn, og ekki virðist nein ástæða til að efa sögusögn prólessor Elliotts, þá er þar með sýnt, að engin takmörkun er á starfsmögulekum loftskeyta tækjanna. Og þessi tilviljunar uppgötvun hefir sýnt, að þess getur tæpast orðið langt að bíða, að slíkar vélar geti verið í hverju húsi í stað talþráðatækja þeirra, sem nú eru. Að eins er eftir að komast að, á hvern hátt slík skeyti verði send í ákveðna átt, þannig, að sendandi geti rætt við viðtakenda beint, og án þess að aðrir geti hlerað á viðræðurnar.

Í sambandi við þetta er þess vert, að uppgötvunarmenn séu nú sem óðast að vinna að því, að finna upp aðferð til þess, að geta séð hluti í hundruð mílna fjarlægð, jafnvel þótt fjöll séu á milli, og það er sannkæring þeirra, að þetta geti komist í framkvæmd með tilhjálp svipaðra véla og nú eru notaðar til loftskeyta sendinga.

NOKKUR ORÐ TIL

Swain Swainson.

Ritgerð hans í Hkr. 18. þ.m. virðist fara nokkuð langt frá sann leikanum, en komast í nánd þess gagnstæða. Mest veðrast hann út af prentvillum, sem urðu hjá Hkr. í grein minni, en sem eru nú flestar leiðréttar og útkomnar í Hkr., og það viku áður en grein hans birtist, svo hann hafði tíma, en ekki vilja, til að svara minu eigin handriti, að mestu leyti.

Mr. S. Swainson segir að fyrsta umsögn mín sé órökstudd. Hann er víst sá eini, sem ekki hefir séð eða skilið röksemdafærslu mína, sem byrjar á annari umsögn, sem hann svo kallar. Það er að mínu álíti skilningslitið höfuð, sem ekki skilur jafnglögga rökfærslu, sem eru meðfylgjandi hverju orði í grein minni.

Önnur umsögn, sem hann svo kallar, hljóðar svona, eftir mínu handriti: "Það virðast vera önnorð til stúkunnar meir, eins og ég gaf í skyn í bréfinu, og sagði S.S. ur grundvallaratriði þeirrar stúku, eða sérstakra manna innan þeirrar stúku, en að berjast við Bakkus og sigra hann, svo sem eins og það, að sýna meðlimum sínum óviðjafnanlegan órétt, að litilsvirða systur-stúkurnar bæði á fundum og utan funda, og gera helztu og beztu meðlimum þeirra alt hugsanlegt til skammar, sem þeir geta orkað".

Þetta er satt. Fyrst þegar ég kom í stúkuna Skuld, og var búinn að sitja þar tvo fundi, fann ég að það var ekki alt sem bróðurlegast þar innbyrðis. Sumir fóru svo reiðir út af fundi, af óréttí þeim, sem þeim fanst að þeim vera gerður, að ég hélt að þeir hinir sömu mundu ekki koma aftur þar á fund. Á þann hátt hefir Skuld mist marga og góða meðlimi áður, og verða því miður ekki þeir síðustu, eftir því sem líkur benda mér til.

Ég vildi spyrja S. Swanson, hvort hann myndi ekki eftir peningamálinu, sem reis út af 25 dollara gjöfinni í fyrra í Skuld, og þeim langvarandi skömmum og til svörum, sem því fylgdu, sem voru oft svo ljót, að ég vil ekki birta þau hér að sinni til. En ekki heti ég heyrt ljótari ummæli, en ég heyrði eftir einum af mikilhæfustu meðlimum Skuldar, sem S. Swainson svo kallar. Þau voru birt á Goodtemplarafundi, og voru um eina af mikilhæfustu meðlimum stúkunnar Heklu.

Efi að þannig löguð ummæli eru ekki gerð til þess, að litilsvirða meðbræður sína og reyna að gera þeim skömm til, en sem lenda þó á sjálfum málshafa. Og ef að svo leiðis svör um meðbræður sína eins og þau voru birt eru ekki stórkostlegt brot á þýðingarmestu atriðum Goodtemplara reglunnar, ásamt öðrum fleiri, sem þessir mikilhæfustu meðbræður Swainsons framsetja, þá eru ummæli mín til Skuldar eða hennar sérstöku brotlegu bræðra ekki stór sök gagnvart reglunni eða lögum hennar, þar sem ég hefi ekki framborið nema það sem satt er. Ég hefi ekkert þar af að taka, en miklu við að bæta, ef þessir Skuldungar óska enn eftir meiru.

Að ég hafi ritað grein mína með æstum skapsmunum, eins og Mr. Swainson brigslar mér um, er tilgáta, sem ég ket mér í léttu rúmi liggja. Þau eru ei verri en brigslyrðin til hans frá Skuld, sem hann þykist hafa tekið með spekt og rósemi. Það hafa þó sannarlega verið brotleg afglöp, sem Skuldungar hafa beitt við hann. Til d., að standa með krepta hnefana frammi fyrir honum og brigsla honum um, að hann væri að reyna að kippa fótunum undan stúkunni Skuld, — nefnilega að eyðileggja hana. EN SÁ BRÓÐUR KÆRLEIKUR! — Þetta hefir Swainson sagt mér sjálfur, svo ég býst við að það sé satt, ÞÖTT HANN KUNNI AÐ SKRÖKVA.

Hvað bréf mitt til stúkunnar snertir, þá viðurkennir S.S., að hafa stungið því í sinn vasa, en ekki lesið það upp, nema litinn kafla úr því, eins og ég hefi áður sagt, að hann neitaði mér um, að lesa það allt upp, þegar ég talaði við hann í biðstofunni. Hefði hann ekki sýnt mér þann órétt ofan á það, sem Gunnlaugur var búinn að gera, þá hefði ég ekki sagt eitt það líka sjálfum, að það væri það eina, sem ég óskaði eftir, svo allar deilur gætu fallið niður. En hvað lengi hann hafði bréfið, gerir engan mun, fyrst hann neitaði að lesa það. Hann hefir máske ekki hafa það nema vikutíma.

"Efi meðferð mín á þessu bréfi er eitt af allra stærstu afglöpunum", segir S.S., — en vitandi þó, að það var í mínu handriti "allra smærstu". Það er vonandi, að hann átti sig á því nú.

S.S. segir, að hefði ég orðið við tilmælum sínum, að koma heim til sín, þá hefði ég losast við, að verða að óviðfeldnu, almennu umtalsefni. Ég vildi spyrja S.S. að, hvernig lagað þetta óviðfeldna umtalsefni væri. Þarna ófrægir hann íjölda fólks og hefir það fyrir rangri sök, — því almennt meinar allir. Eins og skynsamt og heiðarlegt fólk geri mann, sem það ekki þekkir að neinu leyti og hefir enga sök á móti, að óviðfeldnu umtalsefni! Þetta er grennjnfall árás af S.S. Það gera það ekki aðrir en S.S. og fylgifiskar hans.

Að úrsögu mín til stúkunnar hafi ekki verið formleg, af því að árgjjórðungsgjaldið var fallið í gjalddaga, er bara hugsunarvilla hjá S.S. Úrsögnin gat verið formleg fyrir það. Gjaldið sendi ég á fundina 6. og 13. mai, eins og ég hefi áður sagt.

En hvað Miss Austdal snertir, þá er það leiðinlegt, að S.S. skuli vera að reyna að litilsvirða hana, með því, að setja hana í samband við afglöp Mr. Jóhannssonar, vitandi það fyrirfram, að hún átti ekki að neinu leyti þátt í þessum klaufastrikum, og vitandi það, að í minu handriti stóð nafnið G. Jóhannsson, en ekki aðstoðarritari. Það hafði breyzt hjá Hkr. Svo Miss Austdal er ekki af mér sett í samband við þetta mál að neinu leyti.

Björn Thorvardsson.

†

Anna Hannesdóttir Líndal

Vor æfiskið fær enda að grafar-kynni, —
vér ætíð skyldum hafa það í minni,
og iðgjöld fylgja öllum verkum vorum,
það verða' oss hvöt að fjölga heiðursporum.

Svo dauðinn hitti engan óviðbúinn,
það öllu framar styður barnatrúin,
sem hræðist aldrei hirting foreldranna,
ef hvika ei af vegi hins góða og sanna.

Ef sjúkdómsfár þig sækir heim og dauði,
þú safnar aftur heilsu og lífsins auði,
því að þér hlúir höndin ástarríka,
sem hjálpa bæði vill og getur líka.

Sú trú er ljós, sem lífsins dimmu eyðir,
í ljósi því oss drottinn faðminn breiðir
og bendir oss á blómgun alls að nýju,
sem boðar annað líf í skjóli hlýju.

Og hann er sæll, sem lifir í því ljósi,
sem langt er ofar öllu manna hrósi,
og dygð og skylda haldast þar í hendur,
á hála lífsins ísnum fast hann stendur.

Sú leiðarstjarna lýsti á hennar vegi,
sem látin byggir gröf á þessum degi, —
því stóð hún fast í striði lífs og þrautum,
svo sterk í veikleik, föst á réttum brautum.

Með sóma vann hún verk sín allan daginn,
hún vissi og skildi sinn og mannsins haginn,
og heimilið var hollur friðarreitur,
því hjartað verndi kærleikseldur heitur.

Því fræi sáði 'hún sinna í barna hjörtu,
er sést og verða mun að ljósi björtu,
sem lýsir þeim og varnar öllum voða
og verður annars lífi að morgunroða.

Nú fær hún laun, sem trúir þjónar taka,
er tekin við er sælli lífsins vaka.
Vér stöndum eftir, hinum sorgarhljóðir,
en hratt þó eftir fótum sömu slóðir.

Þinn eiginmaður er til dauðans hryggur,
á anda hans svo blýþung sorgin liggur,
og börnin kveina, baðast harmatárum.
Er bót og lækning til við slíkum sárum?

Jú, von og trú þar velta oft heljarbjörgum
og veita styrk og svölun þreyttum mörgum.
Sér andinn lyftir upp í sigurhæðir,
þar æðra lífið dauðann af sér fæðir.

Og sjá, hann lítur sælli þig en áður
og saman tvinnast lúinn, slakur þráður.
Og vonblíð, hugljúf himinglæði streymir
til hjartans, sem um meiri kærleik dreymir.

Einn af vinum hinnar látnu.

Hinir áreiðanlegustu — og þar með hinir vinsælustu — verzlunarmenn auglýsa í Heimskringlu.

—The— Criterion Hotel
McDermott Ave.

Nýtt, vandað gistihús með ágæt herbergi, vönduðustu drykkjir og finustu vindlar.

Vinsælt meðal Íslendinga. Er beint á móti Tribune byggingunni á McDermott Avenue.

MORICE NOKES
EIGANDI

Woodbine Hotel
Stærsta Billiard Hall í Northvesturlandinu
Tíu Pool-borð.—Alskonar vín og vindlar.
Lennon & Hebb,
Eigendur.

SPONNÝTT HÓTEL
ALGERLEGA NÝTÍZKU
Hotel Majestic

John McDonald,
eigandi.
James St. West, Rétt vestan við Main St.
Winnipeg Telefón 4979

$1.50 á dag og þar yfir
Bandaríkja-snið

Alt sem hér er um hönd haft er af beztu tegund. Reynið oss.

MIDLAND HOTEL
255 Market St. Phone 3491

Nýtt hús, nýr húsbúnaður Fullar byrgðir af allskonar vönduðustu drykkjum og vindlum í hressingarstofunni. Gisting einn dollar á dag og þar yfir.

W. G. GOULD :: FRED. D. PETERS,
Eigendur
WINNIPEG ::: ::: CANADA

Jimmy's HOTEL
Rétt á bak við Pósthúsið

Íslendingar ættu að reyna þetta gistihús. Í hressingarstofunni er sá eini íslenzki vínveitingamaður í Winnipeg.

James Thorpe,
eigandi
Fyrrum eigandi Jimmy's Restaurant

"Sem kristinn maður skal ég yður alls ekki Nita", hrópaði hann.

"Okkur báðum leiðast þau bönd, sem binda okkur, — því þá ekki að rifa þau í sundur? Lögin munu hjálpa okkur. Aðrir hafa gert það sama á undan okkur, og munu gera á eftir okkur. Þau bönd, sem binda okkur, eru ekki annað en þungir hlekkir. Því þá ekki að brjóta þá af sér, Allan? — Því ekki?"

LXI. KAPÍTULI.

Hún var tælandi fögur, þar sem hún lá fyrir fótum hans. Hún horfði í augu hans, og hið mikla, svarta hár hennar fóll yfir hné hans. Það þurfti í sannleika skyldurækinn og sterkan mann til þess að standast tálsnörur hennar.

"Við gerum ekkert ljótt eða óvanalegt", sagði hún. Við gerum einungis okkur sjálf hamingjusöm. Þessi bönd eru voðaþung byrði. Ó, Allan, segið mér þó eina ástæðu fyrir því, að við getum ekki gert það, — ekki rifið þau í sundur".

Hann vissi ekki, hverju svara skyldi. Ástand hans var hræðilegt. Svitinn draup af enni hans og hjarta hans skalf. Hún var svo fögur, blíð og yndisleg!

"Guð hjálpi mér, því ég veit ekki, hvað gera skal", hugsaði hann.

"Þér voruð mjög hamingjusamir meðan þér elskuðuð mig", mælti hún ennfremur. "Þér yrðuð aftur jafnglaðir og ánægðir og þér voruð þá. Því ekki að slíta þessi andstyggilegu bönd, Allan, því ekki? Segið mér þó eina ástæðu fyrir því".

Köld, hvít hönd var nú lögð á hönd hennar, og þau sáu alt í einu fólt, yndislegt andlit fyrir framan sig. Blíð og viðkvæm rödd, full af meðaumkvun og hrygð sagði: "Leyfið mér, að svara fyrir manninn minn. Ég vil segja yður eina ástæðu af svo fjölda mörgum fyrir því, að þau bönd, sem þér viljið slíta, eru sterkari en dauðinn, og eru undir öllum kringumstæðum órjúfandi í þessu lífi".

Þau hrukku bæði við, er þau heyrðu rödd þess, er talaði. Lávarðinum hanst, sem engili hefði komið sér til hjálpar. Hertogainnan var mállaus af greinju og hartni.

Það var fögur en voðaleg mynd, er tunglið hefði getað sýnt inni í lundinum. Lávarðurinn lá aftur á bak í stól, óánægður og órólegur. Hin fagra hertogainna lá á jörðunni við fætur hans, í skrautklæðum sínum. En yfir þeim stóð Lady Aðalheiður, rólegi en náföl. Hún hugsaði nú ekkert um harm sinn, en að eins um að hjálpa manni sínum í hans bátrustu neyð.

"Ég skal segja yður", sagði hún blíðlega, "þá stærstu og þýðingarmestu ástæðu fyrir því, að maðurinn minn má ekki upplevsa þau bönd, er tengja okkur saman, þó hann ekki elski mig, eins og þér segið. Það er vegna þess, að guð, skapari og frelsari okkar, hefir sagt, að þau skuli vera heilög til dauðans".

Málrómur hennar hljómaði skært, augu hennar leiftruðu af eldmóði hjartans.

"Menn geta samið lög og reynt að sneiða hjá heilagleik hjónabandsins, en fyrir hinum allsvaldanda drotni gildir það minna en ekkert. Þessi kærleiksnauði heimur, með öllum freistingum og vonzku sinni, liður bráðlega undir lok, og menninrnir verða dæmdir eftir verkum sínum, — hvernig þeir hafa haldið eið sinn. Þess vegna segi ég: Ef eiginmaður minn svíkur eiða sína við mig, þó hann ekki elski mig, þá hittir reiði guðs hans og sál hans tortímist".

Lávarðurinn horfði með hinni mestu aðdáun á konu sína. En höfuð hertogainnunnar beygðist æ meira og meira niður við hvert orð Aðalheiðar.

"Þetta er stærsta ástæðan", hélt Lady Aðalheiður áfram. "Önnur er sú, að þér, hertogainna af Ormont — synduga kona, falska eiginkona, ótryggi vinur, — þér getið ekki, þó ekki sé nema vegna mannorðs yðar, yfirgefið mann yðar, sem hefir ausið yfir yður hinum dýrmætustu gjöfum. Þér getið ekki svivirt hinar grátu hærur hans. Þér megið ekki eyðileggja hjarta hans, er ber fult traust til yðar og alt af hefir verið yður trúr".

Ekkert svar, ekkert einasta hljóð kom af vörum þeim, er áður höfðu talað brennandi ástarorð.

"Hvað hefi ég gert yður?" spurði Lady Aðalheiður rólega, en sárhrygg. "Hvað hefi ég gert yður, að þér skuluð á allar lundir reyna að draga manninn minn burtu frá mér? Hann er það eina, sem mér er nokkurs virði í heiminum, og hann hefði ef til vill kert að elska mig, hefðuð þér ekki komið. Þér standið á milli okkar. Fegurð yðar hefir eyðilagt þá von, sem ég hafði um að vinna hann. Þér hafið hætt mig og hlegið að mér. Þér hafið sært hjarta mitt með háðglósum yðar, af því þér sáuð, að ég elskaði manninn minn, en hann ekki mig. Því mátti ég ekki elska hann? Hann er þó maðurinn minn. Það, sem hefði átt að vekja í brjósti yðar meðaumkvun með mér, hefir þvert á móti gert yður hatursfulla og hefnigarna".

"Hann elskaði mig fyrst", sagði nú hertogainnan. "Hann elskaði mig fyrst og því tilheyrir hann mér".

"Nei, það er einungis röng ímyndun yðar. Þau

eru ekki guðs lög. Maðurinn er skyldur til að elska og virða þá konu, sem hann gerir að eiginkonu sinni. Gleymið þér því, að einasta blessun guðs helgar hjónabandið? Hvað er ástin annað en ástriða? Þér getið ekki neitað þvílíkum lögum. Ég get ekki neitað því, að maðurinn minn hafi elskað yður fyrir löngu síðan, og þó mér sé ekki kunnugt um það atriði í æfiferli hans, er ég þó viss um, að hann hefir ávalt haldið virðingu sinni óskertri. Þér verðið að muna eftir, að viðburðarnir hafa skilið ykkur að. Guð gaf mér hann. Hann hefir svarið að elska mig, að vera mér trúr til dauðans. Þér eigið einnig góðan og göfugan eiginmann, sem ber fullkomið traust til yðar. Þér hafið líka í auðsnafni lofað honum ást og trúmensku, og þér þorið ekki, að flekka sál yðar með því, að svikja og táldraga hann".

Ekkert svar. En hertogainnan stóð upp, sneri sér dreimbilega að lávarðinum og mælti:

"Þetta kalla ég hræsni! Þér getið hlýtt á það, Caren lávarður, ef yður langar til, ég kæri mig ekkert um, að heyra meira. Konan yðar hefði getað orðið bezti prestur. Hún talar vel, en hræsnistal og heimskupvaður hefi ég ávalt fyrirlátið".

Hún ætlaði á ganga burtu, en Lady Aðalheiður greip um handlegg hennar.

"Biðið að eins eitt augnablik, hertogainna. Leyfið mér að tala við yður, eins og systir talar við systir, kona við konu. Lofið mér að biðja yður í guðsnafni, að ihuga hina hræðilegu synd, sem þér viljið fremja. Æ, bara þér sæuð, hve voðalegur óréttur það er, þegar þér reynið að gera mann minn ótrúan mér. Ef þér sæuð það, þá munduð þér falla á kné og biðja guð um náð og fyrirgefningu. Ég vil gleyma öllu því, er þér hafið gert á móti mér, og alt af hugsa hlýlega til yðar, ef þér hættið við þessi áform yðar og bætið manni yðar upp alla

Hlaupa-drengir fást á svipstundu ef kallað er á

Phone
4862
WESTERN MESSENGER SERVICE,
224 Notre Dame - Winnipeg
Virðingarfylst óska Viðskifta yðar.
Auglýsinga-Skiltum Dreyft og Fest Upp.
A. J. Huckell, ráðsmaður.

JOHN DUFF
PLUMBER, GAS AND STEAM FITTER
Alt verk vel vandað, og verðið rétt
662 Notre Dame Ave. Winnipeg — Phone 3815

KJÖT.
"Ef það kemur frá Johnson, þá er það gott"
C. G. JOHNSON, Kjötsali,
Langside og Ellice Fón 2631

Giftingaleyfisbrjef
selur Kr. Ásg. Benediktsson,
477 Beverley St. Winnipeg.

WINNIPEG Business College
FÉKK FYRSTU VERÐLAUN Á SAINT LOUIS SÝNINGUNNI.
Cor. Portage Ave and Fort St.
Kennir Bókhald, Vélritun, Símritun, Býr undir Stjórnbjónustu o. fl. Kveld og dag kensla. Sérstök tilsögn veitt einstaklega. Starfshögunar-skrá frí.

DR. A. EKERN
Sérfræðingur í Augna-, Nef-, Eyrna- og Holdssjúkdómum.
Grand Forks, N. Dak.

Sendið Heimskringlu til vina yðar á Íslandi.

Cancer Cure.
R. D. EVANS, sem fann upp hið víðfræga lyf til lækninga
krabbameinum
óskar að allir sem nú þjást af krabbameinum, skrifi sér. 2. daga notkun meðalsins, læknar útvortis eða innvortis krabbamein. Skrifið strax til R. D Evans, Brandon, Man. 27-8-8

A. S. BARDAL
Selur líkkistur og annast um útfarir. Allur útbúnaður sá bezti. Enfremur selur hann alskonar minnisvarða og legsteina.
121 Nena St. Phone 306

Álit bónda á Vínbannsmálinu.

Einn af vinum Heimskringlu við Kyrrahafið hafir beðið hana að flytja meðfylgjandi grein, er bóndi einn þar vestra ritaði nýlega um vínbannsmálið í blaðinu Bellingham Herald:

"Þegar ég átti síðast leið um Bellingham bæ, varð mér litið á flannastórar auglýsingar í helztu stöðum bæjarins, þar sem sérstaklega var beinst að bændum og verkamönnum og þeir beðnir, að leggja samgjarnan úrskurð í vínbannsmálinu. Því var haldið fram, að viss ofstækisflokkur vildi láta kjósendurna fremja hrópleg ranglæti gegn þessum stéttum báðum. Ég er bóndi og vinur verkamannaflokksins, og þess vegna las eg þessar auglýsingar með miklu athygli. Þær héldu því fram, að ef hinni vaxandi vínbannsöldu væri ekki veittur afturkippur, þá væri með því markaður bænda fyrir kornafurðir þeirra stórlega lamaður, þeim sjálfum í óhag, og það yrði einnig verkalýð landsins til mikils tjóns. Því var haldið fram, að sú upphæð, sem stjórnirnar nú fá fyrir vínsölúleyfi, yrði, ef vínbannið kæmist á, að leggjast á gjaldþegnana í auknum sköttum, og að þeir skattar legðust tiltölulega þyngst á bændaflokkinn, og þannig hækkuðu útgjaldabyrði þeirra á sama tíma sem inntektirnar minkuðu. Ég þóttist sjá, að ef þessi spá næði að rætast, þá yrði það oss bændum hinn mesti hnekkir, og ég ásetti mér, að gefa máli þessu öllu nákvæma yfirvegun. Mér var það ljóst, að sú hreyfing, sem hefði eins voðalegar afleiðingar fyrir stórfeldustu atvinnugrein landsins, eins og auglýsingarnar sýndu fram á að verða mundi, ef vínbann yrði lögleitt, þá væri nauðsynlegt, að fara varlega með það mál.

Ónnur auglýsingin hélt því fram, að vín og ölgerðarhúsin keyptu árlega af bændum 110½ milión dollara virði af kornvöru þeirra. Er þetta stór upphæð og þess verð, að hún sé tekin til greina. Þegar ég kom heim til mín, fór ég að gera samanburð á þessu og upphæð allrar bændaframleiðslu á árinu 1906, sem var alls 6794 milión dollara virði. Þetta sýndi, að vín- og ölfanga atvinnuvegur landsins notar að eins 1½ prósent af allri framleiðslunni. Þessi samanburður gaf málinu alt annað útlit í mínum augum. Ég fór að athuga, hvort vér bændur mundum finna nokkuð til þess, þó vínfanga atvinnuvegurinn væri gerður landrækur, og ég komst að þeirri sannfæringu, að vér mundum ekki finna áhrif þess í sölu eða verði á búframleiðslu vorri, og að þess vegna gæti engin eftirsjá verið í því, þótt vínbann yrði lögleitt.

Hve mikið er það, sem vínverzlun landsins tekur árlega frá þjóðinni? Sú upphæð er misjafnlega áætluð að vera 1400 til 2200 miliónir dollara. En meðaltal þessara upphæða eða 1800 miliónir dollara er máske nær sanni. Og af þessari miklu upphæð má gera ráð fyrir, að bændaflokkurinn leggi til fjórða hluta eða 450 miliónir, og þá stendur málið þannig: Bændurnir borga ölfanga atvinnuveginum 450 miliónir dollara, en fá aftur frá honum 210 miliónir dollara fyrir vörur sínar. Þetta virðist mér ekki líta út, sem arðvænleg verzlun. Svo er að gæta að því, hvað það er, sem bóndinn fær fyrir þá peninga, sem hann leggur í vínverzlunar atvinnuveginn. Er það nokkuð, sem eykur efni hans, eða sem eykur þrótt hans og velliðan fjölskyldunnar? Gerir það hann að betri borgara, betri eiginmanni eða föður? Vér vitum allir, hvert svar liggur við þessum spurningum, og í því felst réttlæting þeirrar ákæru, að vínverzlunin sé hið argasta böl heimsins. Hún geldur ekki jafngildi þess fjár, sem til hennar gengur.

Gerum ráð fyrir, að algert vínbann kæmist á í öllum Bandaríkjunum. Hverjar yrðu væntanlegar afleiðingar af því. Ég skal enga til raun gera til að svara þeirri spurningu út í æsar. En það eitt er víst, að bóndinn tapaði markaði fyrir 210 milión dollara virði af landsafurðum sínum. En á hinn bóginn yrði þeim 1800 miliónum, sem þjóðin ver nú til vínfangakaupa, varið í aðrar atvinnugreinir. Hve mikið af þessari upphæð kynni að verða varið til að bæta kjör bændaflokksins, er örðugt að gera sér grein fyrir. En hver getur borið á móti því, að einmitt hér í Bellingham séu margar fjölskyldur sem daglega gjalda vínsöluhúsununum skatt, sem betur væri varið til að borga fyrir mjöl, kjöt, kálmeti, aldini, fatnað, skótau og annað því líkt, sem þessar sönu fjölskyldur þarfnast og gætu gert sér góð not af, umfram það, sem þær verja til þessara nauðsynja undir núverandi ásigkomulagi. Alt það fé, sem varið er til þessara vörukaupa, er bændum til hagnaðar, og verkamönnum einnig, af því að mjölmatur, kjöt, fatnaður og því um líkt verður alt að vinnast á ýmsan hátt, áður en það er orðin markaðsvara. Með auknum kaupum þessara ýmsu tegunda, væri því hinum ýmsu atvinnuvegum hjálpað, og þetta hefði að mun örkandi og eflandi áhrif á búskapar atvinnuveginn. Því ekki að eins í Washington ríkinu, heldur og í öllum öðrum ríkjum, og sérstaklega í borgum þeirra og bæjum, eru margar fjölskyldur, sem vegna vínsöluhúsanna líða skort á flestum daglegum nauðsynjum.

Gerum því ráðstafanir til þess, að íbúar landsins fái notað vinnuarð sinn til lífsnauðsynjakaupa, og þá verður þess ekki langt að bíða, að velsæld og ánægja brosi við þjóðinni, og að bænda, og vinnulýður landsins búi við ljúfari kjör en nú gerist.

En hver áhrif hefir þetta á skattbyrðina? Vínsalar borga stóra upphæð í ríkissjóð. Það fé hjálpar til að borga hluta af útgjöldum ríkisins. Þeir greiða og nokkuð í sjóði hinna ýmsu ríkja og sveitarfélaga. Það hefir verið reiknað, að þessir skattar vínsalanna nemi á ári hverju nær 130 miliónum dollara. Og vínsalarnir halda fram því, að skattbyrði þjóðarinnar sé létt af henni svo sem svarar þessari upphæð. Með öðrum orðum: að vér getum haldið þessari upphæð í vösum vorum, sem að öðrum kosti yrði að borgast til skatt greiðslu. Þá stendur málið þannig: Þjóðin borgar vínsölunum 1800 miliónir dollara á ári, og fær aftur frá þeim 130 miliónir dollara í sköttum. Ef vér lítum svo á, að þeir peningar, sem vínsalar greiða, sé skattgreiðsla, þá kostar innheimta þeirra 1300 prósent. Það er að segja, vér borgum 1300 dollara til þess að fá einn dollar. — Þetta kemur mér svo fyrir sjónir, að innheimtukostnaðurinn sé nokk uð hár, og ég sannfærist á því, að vínverzlunin sé alt of kostbær skatttekju meðal. Svo er það og athugunarvert, hvort vínsölu atvinnuvegurinn orsakar ekki allmikið af skattgreiðslu landsbúa.

Skattafé er meðal annars brúkað til þess, að byggja fangahús og viðhalda þeim, einnig vitfirringahæli og fátækrahæli og til lögreglustarfa. Og leggur ekki vínnautnin sinn fulla skerf til nauðsynarinnar á öllum þessum stofnunum og viðhaldi þeirra? Það er alment viðurkent, að 87 prósent allra glæpa orsakist beinlínis og óbeinlínis af vínverzlun landsins, og að 50 prósent allra vitfirringa sé runnið af sömu rótum, og 90 prósent allra fátæklinga geta rakið eymdaspor sín frá vínsölukránum. Um alt þetta fólk verður þjóðin að annast, og mér kemur til hugar að spyrja, hvort vínsalarnir borgi sinn hluta af því fé, sem til þessara þarfa er nauðsynlegt? Ég hygg þeir geri það ekki, af því, að þá yrði þeirra hluti $227 af hverjum $300, sem til þessa þarf. Við hendina hefi ég þó ekki skýrslur er með tölum sanni þetta atriði.

Eftir því, sem ég hugsa meira um þetta mál, eftir því sannfærist ég betur á því, að ég, sem bóndi, ekki að eins get komist af án vínverzlunar atvinnuvegsins, heldur mundi mér vegna betur og græðast fljótar fé, ef vínverzlun öll væri gerð algerlega landræk, eða það sem betra væri, væri algerlega afmáð af jörðunni. Og satt að segja, þegar ég geri mér það ljóst, hve miklir peningar ganga til vínsalanna, og hve margt manna eyðileggur manndóm sinn, líf og heilsu með víndrykkju, þá undrar mig hve lengi ameríkanskir vitsmunir og menning hafa liðið þessa plágu í landi sínu. Mig undrar þá ekki, að vínsalan hefir verið gerð útlæg úr svo mörgum stöðum, sem raun hefir á orðið á síðari árum, — heldur miklu fremur á því, að henni skuli leyft að þróast nokkursstaðar á hnettinum, — og því, að nú skuli nokkursstaðar finnast maður, sem hefir dyrfsku til þess, að biðja oss að hjálpa til þess, að viðhalda þessari landplágu.

Þegar ég lít yfir þær þúsundir og tugi þúsunda manna, sem sýnt er, að árlega gereyði heilsu sinni, heiðri og lífi og steypi ættingjum sínum í vansæld fyrir ofnautn vínsins, — þá kemst ég að þeirri einu mögulegu sannfæringu, að vínverzlun Bandaríkjanna veiti ekki jafngildi þess, sem þjóðin borgar fyrir hana.

Þessir eiga bréf að Hkr.:

M. Bergthorson.
Guðbjörg Jónasson.
Sölvi Sölvason.
Jessie C. Davídson.
Jón Sæmundsson.

Eigendur vitji bréfa þessara tafarlaust.

F. Deluca
Verzlar með matvöru, aldini, sætakökur, allskonar sætindi, mjólk og rjóma, sígarettóbak og vindla. Óskar viðskifta Íslend. Heitt kaffi eða te á öllum tímum. Fón 7756
Tvær búðir:
587 Notre Dame og 714 Maryland St.

The Dominion Bank
NOTRE DAME Ave. BRANCH Cor. Nena St.
Vér seljum peningaávísanir borganlegar á Íslandi og öðrum lönd.
Allskonar bankastörf af hendi leyst
SPARISJÓDS-DEILDIN
tekur $1.00 innlag og yfir og gefur hæstu gildandi vexti, sem leggjast við innstæðufé 4 sinnum á ári, 30. júní, 30. sept. 31. desembr og 31. march.

Til fullkomnustu tryggingar Vátryggið fasteignir yðar hjá The
St. Paul Fire & Marine Ins. Co.
Eignir félags eru yfir 5 milliónir dollars. Skaðabætur borgaðar af San Francisco eldinum 1½ mill.
SKÚLI HANSSON & CO., 55 Tribune Bldg., Phone 6476, eru sérstakir umboðsmenn.
E. S. Miller Limited
Aðal umboðsmenn
PHONE 2083 219 McINTYRE BLK.

HEIMSKRINGLU og TVÆR skemtilegar sögur fá nýir kaupendur fyrir að eins $2.00.

Department of Agriculture and Immigration.
MANITOBA
Þetta fylki hefir 41,169,089 ekrur lands, 6,019,200 ekrur eru vötn, sem veita landinu raka til akuryrkjuþarfa. Þess vegna höfum vér jafnan nægan raka til uppskeru tryggingar.
Ennþá eru 25 miliónir ekrur óteknar, sem fá má með heimilisrétti eða kaupum.
Íbúatala árið 1901 var 253,211, nú er hún orðin 400,000 manns, hefir nálega tvöfaldast á 7 árum.
Íbúatala Winnipeg borgar árið 1901 var 42,240, en nú um 115 þúsundir, hefir meir en tvöfaldast á 7 árum.
Flutningstæki eru nú sem næst fullkomin, 3516 mílur járnbrauta eru í fylkinu, sem allar liggja út frá Winnipeg. Þrjár þverlandsbrautir lestir fara daglega frá Winnipeg, og innan fárra mánaða verða þær 5 talsins, þegar Grand Trunk Pacific og Canadian Northern bætast við.
Framför fylkisins er sjáanleg hvar sem litið er. Þér ættuð að taka þar bólfestu. Ekkert annað land getur sýnt sama vöxt á sama tímabili.
TIL FERÐAMANNA:
Farið ekki framhjá Winnipeg, án þess að grennslast um stjórnar og járnbrautarlönd til sölu, og útvega yður fullkomnar upplýsingar um heimilisréttarlönd og fjárgróða möguleika.
R. P. ROBLIN,
Stjórnarformaður og Akuryrkjumála Ráðgjafi.
Skrifið eftir upplýsingum til
Joseph Burke, 178 LOGAN AVE., WINNIPEG. — Jas. Hartney, 77 YORK ST., TORONTO.

T. L.
Heitir sá vindill sem allir reykja. "Hversvegna?", af því hann er það besta sem menn geta reykt. Íslendingar! munið eftir að biðja um T. L.
(UNION MADE)
Western Cigar Factory
Thomas Lee, eigandi Winnipeg

Redwood Lager og Extra Porter
Styrkið taugarnar með því að drekka eitt staup af öðrum hvorum þessum ágæta heimilis bjór, á undan hverri máltíð. — Reynið !!
EDWARD L. DREWRY Manufacturer & Importer Winnipeg, Canada.

þá eymd, sem þér annars munduð leiða yfir hann í guðsnafni og vegna sjálfrar yðar, lofið mér þessu!"

"Nei, mér kemur ekki til hugar, að lofa því", sagði hertogainnan, og hrinti henni frá sér. "Þér eruð í meira lagi ofstækisfullar, Lady Aðalheiður. Maður yðar hefir og minni skynsemi til að bera, en ég hélt, ef hann fer eftir þessu heimskuþvaðri. Þér skuluð tala um æru og sæmd! Þegar þér hafið lagt niður, að standa á hleri og njósna um mann yðar, — þangað til erum við skildar að skiftum. Þér talið um lög við mig, en ég get sagt yður, að ég hefi mín eigin lög, og ætla mér að hafa meðan ég lifi".

"Það var guð, sem sendi mig hingað," sagði Lady Aðalheiður rólega, "til að hjálpa manninum mínum á freistingarinnar tíma. Líka til að opna augu yðar á ellefta stundu fyrir í sannleika kvenleg um tilfinningum, — helgi hjónabandsins og fleiri dygðum, sem við ættum að kappkosta að ná fullkomnun í".

"Ég hefi alt af fyrirlitið hræsni", sagði hertogainnan, "nú hata ég hana enn þá meira hér eftir. — Caren lávarður, ég óska yður til hamingju með þessa konu, sem heldur njósnum um yður, eftir yður, stendur á hleri, og þvaðrar svo um sæmd og æru. Guð varðveiti mig frá annari eins æru!

Hún sneri sér við og hló háan hæðnishlátur um leið og hún gekk í burtu.

LXII. KAPÍTULI.

Caren lávarður reis nú á fætur. Honum fanst líkara sem hann dreymdi en hann vekti. Hann sá

konu sína liggja á hnjánum skamt frá sér, með andlitið byrgt í höndum sér. Honum fanst, sem sæi hann engil fyrir framan sig. Honum fanst, sem væri hann óverðugur að snerta við henni, — henni, sem hafði svo hreina, saklausa sál, og sem var gædd jafnmiklum skilningi og vísdómi. Hvað var fallegt andlit í samanburði við vitsmuni hennar, og þó voru orð hennar kölluð hræsni. Hann roðnaði af gremju, þegar hann hugsaði til þess. Það var hvorki svik né hræsni í orðum hennar. Hann hafði aldrei á æfi sinni heyrt jafnfögur og vísdómsfull orð, og hann var fullviss um, að þau voru sannleikur.

Hann stóð kyr og þagði. Það var sem fyrirvirði hann sig að yrða á hana. Þó hafði hann ekki sett þetta stefnumót. Hann gekk til hennar og tók hendur hennar hægt frá andliti hennar. Hann varð alveg forviða, að sjá þá hryggð og meðaumkvun, sem skein úr augum hennar. Það var sem væri þar engill guðs að gráta vonzku og syndir mannanna. Það var sem hefði hún séð gegnum skýin, hvernig illska mannanna hryggir hjarta guðs.

"Aðalheiður", sagði hann blíðlega, "hvernig á ég að afsaka mig?"

Hún stundi þungan. "Þú þarft ekki að afsaka þig fyrir mér, Allan. Ég hefi lengi þekt ásetning hertogainnunnar, og vitað, að hún ætlaði að ræna þér frá mér".

"Og ég segi, í guðsnafni, að ég hafði ekki minstu hugmynd um það!"

"Ég trúi þér, Allan. Ég þóttist líka viss um það. Ég þori vel að segja þér, að ég hefi vakað yfir þér, gætt að hverri hreyfingu þinni. Ekki sem njósnari, eins og hún sagði, heldur vegna þess, að ég vildi vera viðstödd, þegar mest lægi á, — standa þá við hlið þér og hjálpa þér. Ertu reiður við mig fyrir það? Látum það vera, að þú ekki elskir mig, en

ég elska þig, Allan, og ég gat ekki vitað, að hún tæki þig frá mér, án þess að reyna að koma í veg fyrir það".

"Ég skil ekki, að hún hefði fengið mig til þess", mælti hann auðmjúkur.

"Ég veit ekki. Hún er falleg, og þú hefir elskað hana. Ég get vel sett mig í þín spor. Þú hefir heldur enga ást í hjarta þínu, er geti verndað þig".

"Það er ég nú ekki viss um", sagði hann, en hún virtist ekkert taka eftir því.

"Ég sá hertogainnuna skrifa bréfið til þín, og ég þóttist vita innihald þess. Mér datt ekkert óheiðarlegt í hug, Allan. Ekki að njósna, heldur að eina að frelsa þig frá skömm og svívirðingu. Ég get svarið þér, Allan, að það er satt, sem ég segi".

"Mér þykir vænt um, að þú komst", sagði lávarðurinn. "Mér þykir meira varið í gott mannorð, en nokkuð annað, og aldrei hefir mér komið til hugar að rjúfa hjónabandseiða mína. Samt kannast ég við, að ég er að eins dauðlegur, brotlegur maður, og ég þakka þér fyrir, að þú hjálpaðir mér út úr því, sem annars hefði getað orðið freistandi fyrir mig.

"Þú álítur mig þá ekki sem njósnara, Allan".

Hann tók um hönd hennar og kysti hana. Hún hrökk við og blóðið þaut fram í kinnar hennar.

"Aðalheiður", mælti hann, "ég virði þig meira en nokkra aðra konu. Móðir mín er góð kona, en ekki datt mér í hug, að til væri jafn göfuglynd og sönn kona og þú ert. Það getur ekki sært þig, þó ég segi þér, að þegar ég gekk að eiga þig, var ég blindur fyrir öllum þínum miklu mannkostum, — en nú verð ég að kannast við þá. Ég virði þig, og er stoltur af að segja, að þú hefir sigrað tilfinningarleysi mitt, og tekið frá mér það, sem ég ætlaði aldrei að gefa þér".

Á meðan hún stóð í stríðinu á móti keppinaut

sínum, sýndi hún hugrekki og kjark. En nú, er hann í fyrsta skifti hvísladi unnilegum orðum að henni og þrýsti hönd hennar að vörum sér, hörfaði hún undan eins og feimin ung stúlka.

"Mér þykir vænt um, að heyra þetta", sagði hún strax. "Já, ég er mjög þakklát fyrir það. Ég vonast ekki eftir meiri hamingju í þessu lífi".

"Aðalheiður", mælti lávarðurinn, "segðu það aftur, sem þú sagðir áðan. Elskar þú mig?"

Hún gleymdi feimni sinni og öllu nema því, að hún elskaði hann.

"Já", sagði hún, "ég elska þig, Allan. Hví skyldi ég ekki kannast við það? Ég elska þig af öllu mínu hjarta og hefi alt af gert það".

Hann lagði handleggnn utan um hana. Hún titraði, og sælufull meðvitund, er hún þá ekki gat gert sér fulla grein fyrir, gagntók hjarta hennar.

"Aðalheiður", mælti hann, "þú hefir unnið sigur. Loaðu mér að segja þér þetta, ég met sæmd mína mikils, og aldrei hefði ég fallið í þer tálsnörur, sem þú hyggur að ég hafi verið nær fallinn í. Ég vil nu ekki segja meira um það. Ég var þá ungur og legurð hennar töfraði mig, — en eitt er víst: ég elska hana ekki nú."

Hún tók báðum höndum um handlegg hans, eins og hún vildi halda fast í hann.

"Ég kannast við það, að nokkurn tíma eftir giftingu mína, var ég svo heimskur, að geyma minningu hennar í huga mínum. Ég átti mynd af henni, sem ég hafði skrifað á: "Elskuð, en töpuð 14. júní". Nú þegar ég lít yfir þetta, álít ég það eitthvert það vitlausasta, sem ég á æfi minni hefi gert. Svo þegar ég kærði að þekkja þig, og skildi til fulls mannkosti þína, þá smámsaman hvarf mynd hennar úr huga mér, en þín tók sér bústað í hjarta mínu. Ég get svarið þér þetta. Ég sá, að hún var einskis-

mannina, aðallega ekki að hiða Íslendingafélagsins í kjöt fyrirbeitna land. Séra Jón bar ekki gæfu til að veita kirkjufélaginu íslenzka forstöðu til hins væntanlega lagaðarárs, 25 ára afmæli þess. Blöðlund félagsins var þrotin. Það var nauðsynlegt, en sú verður oft saga afburðamanna. Hvers hinn dáfundi (evolutional) kristindómur má vænta sér af forsetaskiltunum, er þó til gótu. Hinn nýi forseti tjáði sig í ávarpi sínu til þingmanna síðar um kveldið sömu stefnu og hinn gamli forseti og vísaði þar um til ritgerða sinna. Er það og óyggjandi. En þar fyrir má vel vera, að hann beri olnbogann minna út undan sér í eðlismætar sérsteinur og sérskoðanir innan félagsins, en séra Jón. Og hafi það ekki verið tóm hugmóðsorð, sem gamli forsetinn mælti á gólfi niðri, er hann nefndi sr. Kristinn í kjör, — og það er ekki líklegt — þá er sennilegt, að það sé kollgátan. Rættist sú spá, mundi það gleðja landa vora heima á Fróni, sem dáfnandi kristindómi fylgja eða frjálslyndum, sem þar er kallað, og lesendur þessa blaðs, sem gera öllum lífsskoðunum jafnhatt undir höðði og sínum vígnum og engan vilja minkaðan fyrir þar sakir.

Það var hér um bil jafnsnemma, að forsetakosningu lauk og tók að róa til í lofti og gerði þurviðri og gluggaþykkt er það nándi hér fyrir þá, sem af slikum hlutum handa mið. Þeim mun þykja það fyrirburður eð til vill, fyrirburður þess, að "nýja kristnin" í fél. fái að njóta sólskins undir stjórn hins nýja forseta, að einhverju leyti.

VARAFORSETA KOSNING. — FYRIRLESTUR SR. FJELDSTEDS. — SKÆÐADRÍFA ÚR WINNIPEG. — FJÓSALYKT OG FÚLEGGJAKLAK. — ÁLEIKUR.

Séra Björn B. Jónsson tók ekki við fundarstjórn á þeim fundi, sem hann var kosinn, heldur lét hann varaforsetann stýrá fundi þeim til loka. Ér ekkert greinandi af honum, nema varforsetakosning Séra Kristinn Ólafsson varð þar aðtur undir, og var séra Steingrímur Thorláksson endurkosinn.

Föstudagskveldið ávarpaði forseti þingmenn, svo sem að framan er getið, og síðan hélt séra Fjeldsted fyrirlestur um hina hærri bíblíu kritik. Hann er ekki mitt meðfæri, fyrirlestur sá. Ég gat ekki sagt nema það, að hann gekk ekki í mig, hvort sem nú um var að k ana fáfræði minni eða hinu, að hinn ungi fyrirlesari væri ekki einúnu svo handgengínn, að hann gæti gert það við alþýðu hæfi.

Daginn eftir um hádegisbilið rði þykka drífu í Selkirk af höðfjum frá Winnipeg. Þar voru eir Th. Johnson lögmaður með sinni, Sigurður Jóhannesson, káld hvað sem hver segir, G. Thomas og "undertaker" A. S. Bardal, sem ekki átti illa við. Menn stungu saman nefjum um, hvað höðfingjar þessir væru komnir til að vita um, hvað um verð að vera og forvitnast um, hvort meira mundi hrynja af félagsbyggingunni. Í þeim hóp var enn fregnriti Lögbergs, og blakkaði görnin í mér heldur en ekki af að sjá nann þar kominn "postfestum", og fá ekki svo mikið sem reykinn af réttinum. Ritstjóri Lögbergs hefir sýnilega ekki haft neitt veður af, að þingið mundi verða tiðindavænlegt, og er nannar ekki að furða, því fjósarækt og fúleggjaklak byggir þeinaminu út. Ég gerði óðara 3 kunningja mina af gildaskálanum til fregnrítarans, einn í hvert sinn, til að ljúga hann fullan, svo hann kynni ekkert með sannindum segja frá tiðindunum. — Þykir ljótt, lesara góðum? Þa, enginn er annars bróðir í leik, og svo gerir þetta ekki svo mikið til. Fáir lesa blaðið og þeim bregður ekki við fóðrið, þeir eru vanir því og eirir þeim varla annað en missagnir, misherm, misskilningar og misþýðingar af gömlum vana.

(Framhald).

HÖSKULFUR.

FRÉTTABRÉF.

MARKERVILLE, ALTA.
19. júní 1908.

(Frá fréttaritara Hkr.).

Næstliðinn vetur var oss Alb. búum einn hinn bezti og hallkvæmasti, sem komið hefir síðan Íslendingar hófu landnám í Alberta. — Vorið var fyrst um sinn dálitið óstillt og stormasamt, en öndverðlega í maí breyttí til hagstæðrar tíðar, svo alt greri snemma. Sáningu var hér lokið fyrir miðjan maí, og um sl. mánaðamót voru akrar farnir að gróa í betra lagi. Sýnir það, að korn það, sem stj. lóði bændum til útsáðs, hafi ekki verið tekið af handahófi. Þess þarf líka við, að notin yrðu happadrjúg, því margur bóndi hefir við það lent í skuld, en sú er bót í máli, að beri út af leið, þá verða menn að stjórnin fari vægilega að skuldheimtunni.

Það, sem af er þessum mánuði, hefir verið votviðrasamt. Einkum keyrði fram úr hófi sl. viku. Þann 10. gerði hér afarmikinn haglstorm á nokkuð stóru svæði, sem stórskemdi allan jarðargróður, því upp úr því gerði hellirigningu nærfelt í þrjú dægur, sem orsakaði stórflóð, og auknar skemdir á lágum ökrum, sem víða eru nú undir vatni. Ár og öll vatnsföll hafa aldrei staðið hærra en nú í 20 ár, að eins einu sinni áður. Fjöldi af góðum brúm á ýmsum stöðum eru ónýttar, og brýr á stórám eru í hættu, ef rigningum heldur áfram.

Skepnuhöld hjá Íslendingum í þessari bygð voru í góðu lagi eftir næstliðinn vetur, enda höfðu flestir nóg fóður fram í vorgróður. Margir bændur hér eru farnir að rakta gras til fóðurs, því heyafli af viltu grasi fer óðum minkandi, svo komi grasbrestur, verður sá heyfengur ónógur, auk þess, sem hann er kostnaðarsamur.

Heilsufar fólks hefir verið mjög misjafnt hér um pláss síðastliðinn vetur og það sem af er þessu vori. La Grippe hefir verið á mörgum heimilum og lagt ýmsa í rúmið. Samt engir dáið af þeirri veiki það sem tilspurst hefir.

Þann 11. þ.m. gaf séra Pétur Hjálmsson í hjónaband þau: verzlunarmann G. E. Johnson, á Markerville, og yngismey Margrétu Ingibjörgu Jósefsdóttur. Þessum ungu hjónum óskum vér hamingju og heilla í framtíðinni. — Á eftir vígslunni var samsæti mikið á Fensala Hall, að tilhlutun foreldra brúðarinnar.

Um miðjan þennan mánuð fór séra Pétur Hjálmsson austur, til að sitja á kirkjuþinginu.

JOHN DUFF
PLUMBER, GAS AND STEAM FITTER
Alt verk vel vandað, og verðið rétt
662 Notre Dame Ave. Phone 3815
Winnipeg

Strathcona Hotel
Horni Main og Rupert Str. Nýbygt og ágætt gistihús; Gest um veitt öll þægindi með sanngjarnasta verði. Frí keyrsla til og frá öllum járnbr. stöðvum. Beztu vín og vindlar; og herbergi og máltíðar ágætar.
McLaren Brothers
EIGENDUR

Hotel Pacific
219 Market Street Winnipeg | H. M. Hicks Eigandi Manitoba
Telephone 1338
Nýendurbætt og Nýtízku hús f alla staði. Viðskifta yðar óskast virðingarfylst.
$1.25 a Dag

$1.50 Á DAG
Besta $1.50 gistihús í Winnipeg
BRUNSWICK HOTEL
Horni Main St. og Rupert Ave.
Besta borðhald; Hvein og Björt Herbergi; Fínustu Drykkir og Bestu Vindlar. Okeypis Vagnmatur Öllum Trainlestum. Reynið oss þegar þú ert á ferð.

Hinir áreiðanlegustu — og þar með hinir vinsælustu — verzlunarmenn auglýsa í Heimskringlu.

—The— Criterion Hotel
McDermott Ave.
Nýtt, vandað gistihús með ágæt herbergi, vönduðustu drykkjir og fínustu vindlar.
Vinsælt meðal Íslendinga. Er beint á móti Tribune bygginguni á McDermott Avenue.
MORICE NOKES
EIGANDI

Woodbine Hotel
Stærsta Billiard Hall í Norðvesturlandinu Tíu Pool-borð.—Alskonar vín og vindlar.
Lennon & Hebb,
Eigendur.

SPÓNNÝTT HÓTEL
ALGERLEGA NÝTÍZKU
Hotel Majestic
John McDonald,
eigandi.
James St. West, Rétt vestan við Main St.
Winnipeg Telefón 4979
$1.50 á dag og þar yfir
Bandaríkja-snið
Alt sem hér er um hönd haft er af beztu tegund. Reynið oss.

MIDLAND HOTEL
255 Market St. Phone 3491
Nýtt hús, nýr húsbúnaður Fullar byrgðir af allskonar vönduðustu drykkjum og vindlum í hressingarstofunni. Gisting einn dollar á dag og þar yfir.
W. G. GOULD :: FRED. D. PETERS, Eigendur
WINNIPEG ::: ::: CANADA

Jimmy's HOTEL
Rétt á bak við Pósthúsið
Íslendingar ættu að reyna þetta gistihús. Í hressingarstofunni er sá eini íslenzki vínveitingamaður í Winnipeg.
James Thorpe,
eigandi
Fyrrum eigandi Jimmy's Restaurant

The Dominion SECOND HAND STORE
Ágætur brúkaður fatnaður og húsmunir. Ísl. töluð.
555 Sargent Ave. Winnipeg

Íslenzkur Kjötsali
Hvergi fæst betra né ódýrara KJÖT en hjá honum,—og þú munt sannfærast um að svo er, ef þú aðeins kaupir af honum 1 eitt sinn. Allar tegundir. Óskar að Isl. heimsækji sig
CHRISTIAN OLESON,
666 Notre Dame Ave. Telefón 6906

MARKET HOTEL
146 PRINCESS ST. á móti markaðnum
P. O'CONNELL, eigandi, WINNIPEG
Beztu tegundir af vínföngum og vindum, aðhlynning góð húsið endurbætt

KJÖT.
"Ef það kemur frá Johnson, þá er það gott"
C. G. JOHNSON, Kjötsali,
Langside og Ellice Fón 2681

Giftingaleyfisbrjef
selur Kr. Ásg. Benediktsson,
477 Beverley St. Winnipeg.

WINNIPEG Business College
FÉKK FYRSTU VERÐLAUN Á SAINT LOUIS SÝNINGUNNI.
Cor. Portage Ave and Fort St.
Kennir Bókhald, Vélritun, Símritun, Byr undir Stjórnarþjónustu o. fl. Kveld og dag kensla. Sérstök tilsögn veitt einstaklega. Starfshögunar-skrá frí.

DR. A. EKERN
Sérfræðingur í Augna-, Nef-, Eyrna- og Holdssjúkdómum.
Grand Forks, N. Dak.

The Dominion Bank
NOTRE DAME Ave. BRANCH Cor. Nena St.
Vér seljum peningaávísanir borganiegar á Íslandi og öðrum lönd,
Allskonar bankastörf af hendi leyst
SPARISJÓDS-DEILDIN
tekur $1.00 innlag og yfir og gefur hæztu gildandi vexti, sem leggjast við innstæðufé á sinnum á árl, 30. júní, 30. sept. 31. desembr og 31. march.

A. S. BARDAL
Selur líkkistur og annast um útfarir. Allur útbúnaður sá bezti. Enfremur selur hann alskonar minnisvarða og legsteina.
121 Nena St. Phone 306

F. Deluca
Verslar með matvöru, aldini, sætabökur, allskonar sætindi, mjólk og rjóma, sæmul. tóbak og vindla. Óskar viðskifta Íslend. Heitt kaffi eða te á öllum tímum. Fón 7756
Tvær búðir:
587 Notre Dame og 714 Maryland St.

Sendið Heimskringlu til vina yðar á Íslandi.

Hlaupa-drengir fást á svipstundu ef kallað er á
Phone 4862
WESTERN MESSENGER SERVICE,
224 Notre Dame - Winnipeg
Virðingarfylst óska Viðskifta yðar,
Auglýsinga-Skiltum Dreyft og Fest Upp.
A. J. Huckell, ráðsmaður.

Cancer Cure.
R. D. EVANS, sem fann upp hið viðfræga lyf til lækninga krabbameinum óskar að allir sem nú þjást af krabbameinum, skrifi sér. 2. daga notkun meðalsins, læknar útvortis eða innvortis krabbamein. Skrifið strax til R. D. Evans, Brandon, Man. 27-8-8

Til fullkomnustu tryggingar Vátryggið fasteignir yðar hjá The
St. Paul Fire & Marine Ins. Co.
Eignir félags. eru yfir 5 millión dollars. Skaðabætur borgaðar af San Francisco eldinum 14 mill. SKULI HANSSON & CO., 55 Tribune Bldg., Phone 6476, eru sérstakir umboðsmenn.
E. S. Miller Limited
Aðal umboðsmenn
PHONE 2083 219 McINTYRE BLK.

T. L.
Heitir sá vindill sem allir reykja. "Hversvegna?", af því hann er það besta sem menn geta reykt. Íslendingar! munið eftir að biðja um T. L.
(UNION MADE)
Western Cigar Factory
Thomas Lee, eigandi Winnipeg

Redwood Lager OG Extra Porter
Styrkið taugarnar með því að drekka eitt staup af öðrum hvorum þessum ágæta heimilis bjór, á undan hverri máltíð. — Reynið !!
EDWARD L. DREWRY Manufacturer & Importer Winnipeg, Canada.

virði í samanburði við þig. Það er satt, að ég hefi kent í brjósti um hana, því ég sá, að hún var ekki á mægð. Ég hefi vorkent henni, en ég elska hana ekki, Aðalheiður, eins og þú vist heldur þó, og mun aldrei elska hana. Tökrarnir brustu fyrir löngu síðan, og koma aldrei aftur".

"En hún elskar þig, Allan".

"Ég veit það ekki. Það er ómögulegt, að kera fram afsökun fyrir hana. Sú ást, er leiðir til vansæmdar, er einskisvirði. Aðalheiður, rektu á flótta úr hjarta þínu allan ótta, alla afbrýðissemi, því ég ála þig öllum konum fremri".

Nú varð þögn. Frá hjarta hennar steig innileg þakklætisbæn til guðs. Svo sagði hávarðurinn og var hrærður mjög.

"Þú ert meiri mannkostum gædd, en ég nokkurn sinni þorði að gera mér von um. Þú ert hreinskilin, góðlynd og trú. — Nei, min veiku orð megna ekki að lýsa þér til fulls. Sál mín beygir sig í lotningu fyrir þér. — Aðalheiður, ástkæra konan mín — ég elska þig!"

Loksins. — Djúpt andvarp leið frá brjósti hennar.

"Ég elska þig", endurtók hann. "En fyr en ég nýt þeirrar sælu, er ást mín vestir mér, verðum við að skilja til fulls hvort annað. Enginn skuggi má standa á milli okkar".

Hún leit óttaslegin framan í hann.

Það er einn hlutur, sem ég vil fá að vita: Þú segir, að þú elskir mig, og hafir alt af gert það. Nú þekki ég þig svo vel, að ég veit, að þú hefir ekki átt mig af því þú elskaðir mig, úr því mér var það þvert um geð".

Hún fölnaði og hendur hennar skulfu í höndum hans.

"Ég þekki þig nú, og ég veit að þú mundir hafa lagt ást þína, já, alt í sölurnar til þess að ég gæti

orðið hamingjusamur. Mundir þú ekki hafa gert það?"

"Jú", mælti hún lágt.

"Ráddu nú þessa gátu fyrir mig. Losaðu mig við þennan efa, og Aðalheiður, ég skal tilbiðja þig meira, en nokkur kona hefir nokkru sinni áður verið tilbeðin. Ég skal gera þig hamingjusama, elska þig svo lengi sem lifið endist. Þetta er eini skugginn, sem standur á milli okkar. Þú ert of góð til þess, að hafa átt mig móti vilja minum, að eins af ást til min. Þú hefir haft einhverja aðra ástæðu til þess. Segðu mér hvers vegna það var, — svo skal ég elska þig af öllu minu hjarta".

Hann tók hana í faðm sér og þrýsti henni fast upp að hjarta sér. Hann laut niður að henni og kysti hana, en hann undraðist, hve varir hennar voru kaldar.

"Segðu mér alt, elskan min, — segðu mér alt".

Hún þagði. Hann hélt að hin óvænta ástarjátning hans hefði komið flatt upp á hana, og hún væri ekki búin að ná sér aftur. Hann lagði höfuð hennar að brjósti sér.

"Segðu mér alt, ástkæra Aðalheiður min, láttu ekkert leyndarmál standa á milli okkar. Þetta er það einasta, sem ég er í efa um. Losaðu mig við þennan efa. Loðaðu sólargeislum kærleikans þó að lokum að skina inn í sálu mina".

"Allan", hvísladi hún, "getur þú ekki borið traust til min?"

"Jú, ég ber fult traust til þín. Hvernig gæti ég annað? En ég vil ekki að nein launung ríkji á milli okkar. Ég er viss um, að þú vilt segja mér það, en ég skal vera þolinmóður, elskan min, — þú þarft ekki að flýta þér".

Hann klappaði á hið gullna hár hennar, sem lá við brjóst hans. Hann kysti á enni og varir hennar.

"Ég hefi lengi elskað þig, Aðalheiður. Og ég veit tæpast, hvenær ég byrjaði að elska þig. En í hvert sinn, er mig langaði til að taka þig í faðm mér, reis þessi efi upp í hjarta minu: Hvaða ástæðu gat þessi yndislega, blíða kona haft til að eiga mig móti vilja minum? Nú þakka ég guði fyrir, að þú gerðir það. Líf mitt liggur nú opið fyrir mér, fult af sól skini og sælu. En þetta verð ég að fá að vita, Aðalheiður, og þú verður að segja mér það".

LXIII. KAPÍTULI.

Það varð löng þögn. Hann skildi ekkert í, af hverju það kom, því honum kom ekki til hugar, að hún vildi ekki segja honum það, sem hann bað hana um. Hann hélt bara, að hún væri feimin og óttaslegin, og hann reyndi að tala kjark í hana.

"Oftar en hundrað sinnum", sagði hann, "hefir mig langað til að taka þig í faðm mér og segja þér, hve heitt ég elskaði þig. En þá reis ávalt þessi svarti skuggi upp á milli okkar. En nú, er þú hefir unnið sigur á tálfinningarleysi minu og breytt því í hreina, heita ást, nú þegar ég gef þér hjarta mitt, — þá getur þú ekki neitað mér um bæn mina".

Hún reyndi sem bezt hún gat, að herða sig upp, og lagði svo hönd sina á herðar hans.

"Kæri Allan, treystu mér, og láttu þennan svarta skugga á milli okkar hverfa að eilifu".

Hann hafði ekki hugmynd um, hve alvarlega hún meinti þetta, eða hve miklar kvalir hún leið. Andardráttur hennar var órólegur og svitinn draup af enni hennar.

"Nei," sagði hann eftir nokkra umhugsun. "Það er ómögulegt, að slá stryki yfir það, þó ég vildi nú loka að gleyma því, þá gæti ég ekki ent það loforð. Þú sérð það sjálf, elsku Aðalheiður min, að þess betur, sem ég þekki þig, því meira hugsa ég um það, hvers vegna þú breyttir þannig í jafn þýðingarmiklu atriði Lífs þíns. Skilur þú ekki þetta, ástkæra Aðalheiður min?"

"Jú", mælti hún blíðlega, "ég skil það vel".

"Ég hefi alt af álitið", mælti hann enfremur, "að maður og kona, sem vigð hafa verið saman, ættu að bera fult traust hvort til annars, segja hvort öðru öll sín leyndarmál og ráðfæra sig hvort við annað. Ég vil segja þér alla atburði lífs míns, hvort sem þeir eru heimskuleg eða ekki. En í staðinn verður þú að reka burtu þennan skugga, er skilur okkur að. Og ég er viss um, að þú vilt gera það".

"Allan", mælti hún blíðlega, "setjum svo, að ég búi yfir leyndarmáli, sem snertir þig, og að ég hafi enga heimild til að opinbera það. Hvað þá —?"

"Hvað svo?" sagði hann. "Ég vil leggja mig í lima, til að ávinna mér tiltrú þina, og mér skyldi með tímanum takast það".

Varir hennar skulfu, en hún reyndi samt til að halda áfram:

"Hugsaðu þér, Allan, að ég kannaðist við, að hér væri um leyndarmál að ræða, en ég bæði þig um, að hlífa mér við að segja þér frá því, af því ég hefði loðað, að opinbera það aldrei? Hvað svo—?"

"Ég get ekki trúað því", mælti hann. Það leyndarmál, sem er orsök í því, að þú áttir mig á móti vilja minum, snertir mig eins vel og þig, býst ég við. Ég vil reyna ást þina með þessu, Aðalheiður. Ég bið þig um, að segja mér þetta, og í staðinn loka ég þér að elska þig svo lengi sem ég lifi,

Winnipeg Fréttir

ÍSLENDINGAR ALLIR, karlar og konur, eru hér með ámintir um, að fjölmenna á fund þann í G. T. salnum efri, sem haldinn verður næsta þriðjudagskveld þann 7. þ. m. til að ræða um hluttöku Vestur-Íslendinga í, fresisháttu Íslands, — sjá auglýsingu á fyrstu síðu þessa blaðs.

Hér er um svo mikilvægt mál að ræða og eindreginn áhuga Vestur-Íslendinga á því, að fundurinn ætti að verða fjölsóttur.

Lesendur eru mintir á, að lesa "professional" auglýsingu Dr. G. J. Gíslasons í Grand Forks, N. D., sem verður áframhaldandi í þessu blaði. Þar er um ungan, vel lærðan íslenzkan augna og eyrnalækni að ræða, sem hefir lengið sérþekkingarlega æfingu á beztu augna-, eyrna-, nef- og kverkalækningastofnunum í Evrópu.

Þeir, sem fjarlægðar vegna geta ekki fundið Dr. Gíslason, geta skrifað honum á íslenzku.

Mikill fjöldi gesta hefir verið hér í bæ sl. viku. Meðal annara höfum vér orðið varir við: H. B. Johnson, Sigurbjörn Björnsson og Matthias Björnsson, frá Svold, N. Dak., — G. Gunnarsson, frá Pembina, — Sig. Sigurðsson, Jón Jónsson og E. H. Bergmann, frá Gardar, — S. Sigurðsson, frá Grafton, — Hermann Bjarnason, frá Milton, Kr. Gíslason og Sigtr. Goodman, frá Dongola.

Nýlega lézt í Selkirk bæ Ólafur Torfason, háaldraður og heilsusjúkur. Hafði dvalið þar um margra ára tíma.

Mrs. Ingibjörg Goodman, hjúkrunarkona, fékk ámælisgjöf þann 24. þ.m. Einhver hafði laumað í hús hennar fögrum gullhring settum steinum, og meðfylgjandi bréfi: "Dálítil viðurkenningar og vinagjöf til Mrs. I. G. fyrir þá ljúfmannlegu velsömdu ritgerð, er birtist fyrir nokkru í blaðinu Hkr. með fyrirsögninni: 'Hver eru gullin okkar?'. Haltu áfram að rita, þú skýrir hugsanir þínar með svo þýðum og hugnæmum orðum, en þó með fullri alvöru, og það hlýtur að vera öllum kært að lesa ritverk þín".

Mrs. Goodman hefir enga hugmynd um, hverjir gefendur þessir eru, en þakkar fyrir gjöfina og jafnframt þann hlýhug, sem ofanneint bréf ber vott um, og sem hún segist engan veginn verðskulda.

Vér leyfum oss enn á ný, að benda Winnipeg Íslendingum á auglýsingu Goodtemplara stúkanna, því vart mun nokkurn tíma hafa verið vandað til skemtiferðar af hálfu Íslendinga eins og nú: Gott prógram, margs konar "sports", t.d. Fótboltaleikir, kappsund, kapphlaup o. fl. o. fl.— Ennfremur er það í fyrsta sinni, að Íslendingar fara skemtiferð sína með al-íslenzkan hornleikenda flokk í fararbroddi.

Við náðurröðun efnisins í síðustu Hkr. hafa tvær línur í grein herra Björns Thorvarðssonar verið teknar út úr réttu samhengi og settar — fyrri línan neðst á 1. dálk greinarinnar og hin efst á annan dálk. Línurnar eru svo: ,"orð til stúkunar meir, eins og ég gal í skyn í bréfinu, og sagði S.S.". Þessar 2 línur áttu að koma á eftir síðustu línu annars dálks greinarinnar. — Þetta eru lesendur góðfúslega beðnir að leiðrétta og lesa í málið.

Óvanalega miklir hitar voru hér í fylkinu allan síðari hluta síðustu viku, mær 100 stig í skugga. Uppskéru útlit er sagt hið bezta í öllum pörtum fylkisins.

Herra Sigurjón Ólafsson, frá Glenelle, Man., var hér á ferð í sl. viku. Hann lét vel af tíðarfari vestra þar og uppskeruhorfum.

SPURNING. — Mega póstafgreiðslumenn lesa bréfspjöld, er send eru í póstinum? Fáfr.

SVAR. — Ekki verður á því haft, þó póstafgreiðslumaður lesi bréfspjöld, sem opin liggja fyrir allra sjónum, því ekki er ætlast til að neitt það sé ritað á opin spjöld, sem allir megi ekki lesa. Annars er það ókurteisi af póststjórum, að lesa innihald þeirra póstspjalda, sem koma á pósthús þeirra.

Ritstj.

SPURNING. — Hr. ritstj. Gerið svo vel að svara eftirfylgjandi spurningum:

1) Getur ekki maður, sem á land, ræst það fram innan landamerkja, þó vatnið að sumu leyti renni á land nágranna, þegar hann hefir neitað að vera í félagsskap með framræsluna?

2) Ég á land, sem liggur undir árensli af vatni frá öðrum stöðum. Má ég ekki grafa skurð gegn um landið eða eftir því, til þess að vatnið renni viðstöðulaust gegnum landið, en flæði ekki yfir engjarnar og geri mér stórskaða?

SVAR. — 1) Nei, það er jafnt móti lögum, réttlæti og sanngirni. Og sá, sem veitir vatni yfir á land nágranna sins, má búast við, að verða að greiða honum skaðabætur, ef nágranninn leitar réttar sins.

2) Spurning þessi er svo ógreinileg, að tæplega er mögulegt, að svara henni ákveðið, þar sem hvorki er sagt, hvaðan eða af hvers völdum vatnið rennur á landið, né hvert það fari, ef því verður veitt af landinu. Annars hyggjum vér, að við þessari spurningu liggi sama svar og þeirri að framan.

Ritstj.

Í tuttugu mílna kapphlaupi því, sem háð var hér á laugardaginn var fyrir verðlaunum, sem blaðið Telegram lagði til, tóku 14 menn þátt. Einn þeirra var Íslendingur, Guðjón Hallson, hér í bæ. Hann vann að handverki sínu fram að hádegi á laugardaginn og var alls óundirbúinn slíkt kapphlaup, en samt kom hann inn sá 5. í röðinni og er það talið vel gert af óvönum unglingi í samkepni við æfða hlaupamenn hvaðanæfa. Hallson var sem næst ólúinn, er hann hafði lokið hlaupinu, en óstyrkur hafði komið í öklaðið á öðrum fæti hans — að öðrum kosti hefði hann að líkindum verið með þeim allra fyrstu.

Útbreiðslufundur

verður haldinn í Goodtemplarahúsinu fimtudagskveldið í þessari viku (2. júlí). Þar talar Rev. M. Bruce Meikleham, frá Glasgow á Skotlandi, fyrverandi kapelán hástúkunnar. Rev. Meikleham er ágætur ræðumaður og áhugamikill bindindismaður. Allir bindindisvinir ættu að heyra hann. Einnig verða ræður fluttar á íslenzku af alþektum mælskumönnum, og úrvals söngfólk syngur til skemtunar. Kostar ekkert. Fjölmennið.

Dr. G. J. Gislason,
Physician and Surgeon
Weltington Blk, - Grand Forks, N.Dak
Sjerstakt athygli veitt AUGNA, EYRNA, KVERKA og NEF SJÚKDÓMUM.

Winnipeg Syningin

11. til 17. júlí 1908



Flokkur fullorðinna una á Winnipeg sýningunni 1907.

ÓVIÐJAFNANLEG GRIPA OG HVEITI SÝNING

Stórfenglegasta veðreiðaskrá, sem verið hefir í Vestur-Canada.

INNES HEIMSFRÆGI HLJÓMLEIKA-FLOKKUR
frá Chicago og 91. Hálendinga Band

Mikil hornleikenda samkepni. Öllum hemi boðin þátttaka.

SÉRSTAKLEGA FAGRAR SÝNINGAR
fyrir framan "Grand Stand".

Stórfengileg Heræfinga Sýning

FÖGUR FLUGELDA SÝNING.

FYRSTA LANDBÚNAÐAR-VÉLA MÓTOR SAMKEPNI Í AMERÍKU.

A. W. BELL, ráðsmaður. A. A. ANDREWS, forseti.

Antonio De Landro
SKÓSMIÐUR, Á horni Maryland og Wellington
[bak við Aldinaland.] Verk vandað og verð rétt.

G. M. Bjarnason
Málar, leggur pappír og gerir "Kalsomining. Óskar við skifta Íslendinga.
672 AGNES ST. TELEFÓN 6954

ARNI ANDERSON Íslenzkur lögmaður
Í félagi með
Hudson, Howell, Ormond & Mariatt
Barristers, Solicitors, etc.
Winnipeg, Man.
13-18 Merchants Bank Bldg. Phone 3621, 3622

C. INGALDSON
Gerir við úr, klukkur og alt gullstáss. Úr klukkur hringir og allskonar gullvara til sölu. Alt verk fljótt og vel gert.
147 ISABEL ST.
Fæðnar dyr norður frá William Ave.

J. G. Snydal, L. D. S.
ÍSL. TANNLÆKNIR
COR. MAIN & BANNATYNE
DUFFIN BLOCK PHONE 5302

HANNESSON & WHITE
LÖGFRÆÐINGAR
Room: 12 Bank of Hamilton
Telefón: 4715

BILDFELL & PAULSON
Union Bank 5th Floor, No. 520
selja hús og lóðir og annast þar að lútandi störf; útvegar peningalán o. fl.
Tel.: 2685

BONNAR, HARTLEY & MANAHAN
Lögfræðingar og Landskjala Semjarar
Suite 7, Nanton Block, Winnipeg

Hver Þvær og Hreinsar Fötin ydar?

Hversvegna að fara í Kína-kompurnar þegar þér eigið kost á að fá verkið gert betur, og alt eins ódýrt, í beztu og heilsusamlegustu þvottastofnun, þar sem aðeins hvítt vinnufólk er haft og öll hreinustu efni notuð. Vér óskum viðskifta ydar.

The North-West Laundry Comp'y Ltd.
Hreinsarar og Litarar
COR. MAIN & YORK FÓN 5178

TIL GIMLI

HIN 4ða árlega skemtiferð Íslenzkra Good Templara í Winnipeg, verður farin til **Gimli** mánudaginn **6. Júlí**. Farseðill fyrir báðar leiðir, sérstök ferða einkenni og aðgangur að öllum skemtunum kostar aðeins **$1.35** fyrir fullorðna og **75c** fyrir unglinga innan 12 ára.

Prógram dagsins byrjar í listigarði bæjarins kl. 11 árdegis. 3 ræður verða fluttar og 3 kvæði, [öll frumort,] og svo Music,—af beztu tegund. Hinn al-íslenzki hljóðfæraleikenda flokkur, "The West Winnipeg Band", skemtir fólkinu öðru hvoru allan daginn.

Til DAGVERÐAR gengur fólkið kl. 1, og kl. 2 byrjar langt og vandað

Prógram af "Sports"

Til þessarar skemtiferðar verður alt vandað svo sem bezt má verða; ekkert tilsparað að dagurinn geti orðið almenningi til hinnar mestu gleði. Eimreiðin fer frá C. P. R. stöðinni kl. 8:15 að morgni en frá Gimli kl. 8:30 að kvéldinu.

Viltu ekki verða með?

Boyd's Brauð
Betri en nokkru sinni fyrr. Bakarar vorir eru einatt að reyna að gera betri brauð. Vér höfum nýjustu og beztu rafafls hnoðunarvélar, og enginn mannleg hendi snertir á hveitinu frá því það er látið úr pokanum og þar til það kemur úr ofnunum.
Boyd's
Bakery Cor. Spence & Portage Ave
Phone 1030.

George G. LENNOX
Selur í heildsölu SKÓ, STÍGVÉL og YFIRSKÓ
150 Portage Ave. East, Winnipeg.

Stefán Guttormsson,
Mælingamaður
663 AGNES STREET. WINNIPEG.
20-5-8

Viðvíkjandi Hafið tal af Royal Optical Co.

Sjúkdómum Sérfræðingum vorum
327 Portage Ave.
Rétt á móti Eaton's búðinni. Winnipeg.
12-9-4

Segðu mér alt, og nýtt líf rennur upp fyrir okkur. Við skulum ferðast til útlanda í nokkra mánuði, — látum það verða brúðkaupsferðina okkar. Framtíðin skal bæta þér upp liðna tímann. Ó, losaðu mig við þennan efa, Aðalheiður, og ég skal gera alt, sem mér er unt til að gera þig hamingjusama!"

"Elskarðu mig ekki án þess?" hrópaði hún. "Ég hefi elskað þig svo heitt og verið þér trú. Leyndarmálið veitir þér enga ánægju, og ég hefi svarið, að segja aldrei frá því".

Hann slepti henni úr faðmi sér og svipur hans varð harðlegur mjög.

"Neitarðu að segja mér það?"

"Ég má til", mælti hún grátandi.

"Þá skaltu ekki reiða þig á mig, Aðalheiður. Ég hefi boðið þér ást mína í staðinn fyrir leyndarmál þitt, en þú vilt ekki skifta".

"Ég get það ekki!" hrópaði hún í örvæntingu. — "Ég get það ekki! Ó, guð, hjálpaðu mér!"

"Þú imyndar þér, að ég sætti mig við það, að þú berir annað eins leyndarmál og þetta í hjarta þínu, án þess ég fái að þekkja nokkuð til þess. Nei, ég get ekki sætt mig við það, Aðalheiður. Ég þekki vel krafta og einnig veikleika mína, og ég veit, að ég gæti ekki þolað það. Nú, en þetta getur ekki verið meitt stórvægilegt. Það er ómögulegt annað, en þú segir mér það".

Hún stundi svo þungan, að hann gat ekki annað en kent í brjósti um hana.

"Ég get ekki hugsað til, að líka hinu sama líf framvegis, sem ég hefi lifað hingað til", mælti hann ákaft, — "líka aðskild hvort frá öðru, gleðisnauðu lífi! Mér hefir um langan tíma fundist það óþolandi. Ó, Aðalheiður, taktu ekki þennan ljósgeisla frá mér, þegar ég er svo lengi búinn að vera í myrkrinu!."

Hún stóð föl og hrygg fyrir framan hann. Það, sem hún svo lengi hafði þráð, var nú fengið. Maður hennar stóð nú hjá henni og bað um hjarta hennar. Hann hafði kyst hana, hvíslað að henni ástarorðum, lofað henni ást og umhyggju sinni. Hún hafði þó aldrei þorað að vonast eftir því. Og nú, — nú varð hún að neita öllu þessu! Aldrei gat hún gengið inn á skilmála þá, er hann setti. — Síðar meir, þegar hún hugsaði til þessarar stundar, fanst henni sem hún hefði þá liðið meira en dauðans kvalir.

"Það er nú orðið framorðið, Aðalheiður", sagði lávarðurinn blíðlega. "Þú hefir sýnt mér þolinmæði og ég vil borga þér í sömu mynt. Ég kæri mig ekkert um svar núna. En ef þú ekki uppfyllir bæn mína, er ég viss um, að eitthvað þið rikir á milli okkar, sem ekki er hægt að fjarlægja, og við verðum þá að líka sama lífi áfram, sem við höfum lifað, — eymdarfullu lífi, aðskilin hvort frá öðru. En ég vil gefa þér umhugsunartíma, og að nokkrum dögum liðnum segir þú mér, hvað þú ætlar að gera. Komdu nú, það er orðið áliðið, og þú ert vist þreytt".

Hann kysti hana innilega, og hún þrýsti sér fast upp að honum.

"Það er hart", sagði hún, "ég þoli það ekki, — það er ól hræðilegt".

"Mundu eftir, elskulega Aðalheiður mín, að eitt einasta orð af vörum þínum, hvenær sem er, ryður á burtu því, sem stendur á milli okkar".

Hún tók um hönd hans og kysti hana ákafa, og vætti hana með tárum sínum. Hún sagði eitthvað í hálfum hljóðum, sem hann skildi ekki. Og svo gengu þau hægt heim á leið. Þegar þau komu inn í ganginn, sá hann hve föl og veikluleg hún var.

"Þú ert þreytt, Aðalheiður, Hvar er þjónustustúlkan þín? Það verður að hjálpa þér. Þú lítur helzt út fyrir að vera veik".

Hún leit raunalega framan í hann, en ásetningur hans stóð fastur. Hann ætlaði sér ekki að láta undan.

Lady Aðalheiður gekk þunglamalega og seint til herbergis sins. Þjónustustúlka hennar gekk á eftir henni með styrkjandi dropa, sem lávarðurinn bjó út handa henni. Aðalheiður lét svo stúlkuna fara í burtu og gaf svo sorg sinni lausan taum. Hún kraup niður og grét nú sárara en nokkru sinni áður.

"Ég þoli það ekki!" hrópaði hún. "Það er svo hart að bera, — of hræðilegt! Ég hefi ekkert brotið. Hví á ég að líða svona óbærilega fyrir annara syndir?"

Hún grét þangað til að hún var uppgefin.

"Nú er alt búið. Það getur verið, að það hafi verið rangt af mér, að elska hann svona heitt, og langa svona ósegjanlega mikið eftir ást hans. Nú á ég hjarta hans, en hvað stoðar það? Ég get aldrei sagt honum það, sem hann vill fá að vita. Ég verð að halda eið minn, þó það kosti mig sjálft lífið. En mér þykir svo vænt um, að hann hefir kyst mig og haldið mér í faðmi sér. Það er í fyrsta og verður í síðasta sinn. Guð hjálpi mér og sendi mér styrk til að taka því, sem að höndum ber!."

LXIV. KAPÍTULI.

Lady Aðalheiður var orðin magnþrota af gráti. Hún hafði barist svo vel og lengi, en svo er hún að lokum gerði sér von um sigur, þá urðu vonir hennar að engu.

"Hvílir þá einhver bölvun yfir mér?" hugsaði hún, "fyrst ég verð að líða svona mikið? Þegar einnig koma í ljós, hve mikið ég hefi liðið fyrir annalt kemur í ljós fyrir hástóli Guðs æðsta, mun það ara syndir".

Hún hátaði og lagðist út af. Hún sofnaði ekki en féll í nokkurskonar þreytudvala. Það var engu líkara, en að hún væri liðið lík.

Alt í einu hrökk hún upp við afskapleg hljóð, — svo voðaleg, að henni fanst blóðið stansa í æðum sér og hjartað hætta að slá. Hún gat ekki gert sér fulla grein fyrir, hvort það voru mensk hljóð eða ekki. Svo varð stutt þögn, og svo heyrðust aftur hræðileg vein, enn þá hærri en í fyrra skiftið.

Lady Aðalheiður hljóp til herbergisdyranna frá sér numin af hræðslu. Hún heyrði hratt fótatak í ganginum, og við og við heyrðust þessi hræðilegu hljóð. Nú sá hún þjónustustúlkuna hlaupa eftir ganginum.

"Hvað er að?" kallaði hún til hennar.

"Ég veit það ekki, Lady mín. En það hefir eitthvað komið fyrir í herbergi hertogaínnunnar".

Án þess að spyrja að fleiru, flýtti Aðalheiður sér þangað. Við dyrnar stóðu margir þjónar, sem horfðu í ráðaleysi hver á annan. Enginn þorði að fara inn.

Hvað gengur á?" spurði Lady Aðalheiður.

"Við vitum það ekki. Við getum ekki komist inn."

Aðalheiður tók í lásinn, en dyrnar voru aflæstar. Aftur heyrðist þetta voðalega vein út úr herberginu.

"Hvar er Caren lávarður?" spurði hún. En í sama bili kom hann og Clavering hershöfðingi með honum.

"Hvað gengur á?" spurði lávarðurinn.

LESIÐ NÚ!

Vér höfum um mánaðartíma hin bestu ekrukaup, sem nokkurntíma hafa boðin verið. Landið er á Main St., norðan bæjarins, liggur að C.P.R. og rafmagnsbrautinnm. Selt í spildum eftir óskum kaupendanna, ein ekra eða meira. Verð frá $200 ekran og yfir, með aðgengilegum skilmálum.

(Framhald hinumegin við Hkr. nafnið)

Heimskringla.

Kjörkaup

þessi eru þau mestu, er nokkru sinni hafa verið boðin, og af því að ekrufjöldinn er takmarkaður, þá ættuð þér að kaupa strax. — Landið er hentugt til garðræktar, gripa eða fuglaræktar.

Skuli Hansson & Co.

Skrifst. Talsími 6476. Heimilis Talsími 2274

XXII. ÁR. WINNIPEG, MANITOBA, MIÐVIKUDAGINN, 9 JÚLÍ, 1908 NR. 41

Meiri Kjorkaup

— Í búð þeirra —

Clemens, Arnason & Palmason.

Ísafoldar kaffibætir, 2 st.	25c.
Lemons, dúsínið á	20c.
1 pund af Te á	25c.
1 kanna af Pine Apple á	17c.
Grænt kaffi 10 pd. á	$1.00
Maple Syrup, ½gallon á	50c.
" " 1 "	95c.

Fáið yður "Picnic" körfur. Vér höfum þær á 15c., 25c., og 35c. körfuna Einnig "Picnic" diska aðeins 10c. dúsínið.

Góð skósverta aðeins	5c.
12 stykki af handsápu á	25c.

Clemens, Arnason & Palmason

The Cash Grocery House,

Cor. Sargent & Victor. Talsími 5343

Fregnsafn.

Markverðustu viðburðir hvaðanæfa.

Count Zeppelin á þýzkalandi hefir nýlega skarað svo langt fram úr öllum öðrum mönnum í loftsiglingum, að hann hefir með því algerlega sannað möguleikana á því, að flytja megi bæði fólk og farangur í loftförum langar leiðir og á undra stuttum tíma. Þann 1. þ.m. lagði hann í loft upp frá Friðrikshöfn á Þýzkalandi með 14 öðrum mönnum í sinu nýja loftfari. Hann var í lofti í samfleyttar 12 klukkustundir, og fór á því tímabili yfir mestan norðurhluta Svissalands, og tafði stundarkorn yfir ýmsum borgum þar. Meðal hraði á fari hans var 34 mílur á klukkustund. Skip hans lét óaðfinnanlega vel að stjórn, enda var lygnt um daginn.

— Kvenfélag hefir verið myndað á Englandi til þess að vinna á móti kvenréttindahreyfingunni, er þar hefir á sl. nokkrum mánuðum náð miklli festu. Forustu konur þessa félags eru þær; Greifaynna Tweeddale, Countess Jersey, frú Neville og frú Humphrey Ward. Þessar konur kveðast vissar um, að hafa 10 þúsund félagskonur í félaginu í lok þessa mánaðar. Og starfi þeirra verður að setja á fót skrifstofur í London með formlegu kosnum einbættismönnum til að stjórna henni, gefa út ritlinga, hafa skrúðgöngur um götur allra borga og bæja í landinu og halda fundi. Nokkrir háttstandandi menn svo sem lávarðarnir Rothschild og Heresford vinna með konum þessum. Kvenfrelsis konur fagna þessari félagsmyndun og telja hana muni verða til styrktar kvenfrelsis hreyfingunni innan lítils tíma, af því að ástæður nýja félagsins muni reynast kútvægar þegar á hólminn sé komið.

— Vábrestur í kolanáma á Rússlandi varð þann 1. þ.m. 100 manns að bana.

— Sex menn dóu af hita í New York borg 2. þ.m. Þá var hitinn 80 stig í skugga.

— Tólf eða 15 manns, sem nýlega höfðu komið til Canada, hafa verið sendir aftur til Evrópu. Einn þessara náunga hafði verið 25 ár í fangelsi í föðurlandi sínu og þolað auk þess 97 vandarhögg fyrir glæpi. Aðrir í þessum hóp voru vitskertir, og eitthvað var það að öllum þeirra, sem gerði þá óhæfa til að taka sér bólfestu hér.

— Mrs. Alice Beardmore í Grand Forks höfðaði mál móti 2 mönnum þar í borginni fyrir ósæmilega ásókn á sig. Hún keigði sér kerru þar í bænum, en keyrslumaður réð ist á hana og reif fót hennar, og marði hana á handleggjunum í svíðingunum. Fyrir þetta var hann dæmdur í 3 ára fangelsi. Eigandi kerrunnar var og dæmdur í 2 þús. dollara skaðabótasekt til konu þessarar fyrir framferði vinnumanns hans.

— Mælt er, að fundist hafi nýtt gimsteinatekju svæði í landeigu þjóðverja í suðvestur Afríku, og sé stærð þess nálega 10 fermilur. Sagt er að svæði þetta sé mjög auðugt, og að margir gimsteinar hafi þegar fundist þar. Svæðið er í Luderitz firði, og er þar gott afstöðu til námagraftar.

— Nýlega er látin í Parísarborg á Frakklandi ekkjufrú Provigny, auðug mjög og einræn, 70 ára að aldri. Þegar hún var 20 ára gömul, giftist hún Provigny, en hann varð bráðkvaddur á brúðkaupsdegi þeirra hjóna. Við þetta sorglega tilfelli leið yfir brúðurina. Og þegar hún raknaði við, var hún sem öll önnur manneskja. Hún lét tafarlaust loka húsinu og setja hlera fyrir alla glugga. Hún gerði þá skilmála við vinnufólk sitt, að það taladi aldrei orð við sig þaðan í frá, lóti sig ekki sjá nein blóð eða bækur og lóti aldrei nokkurn lifandi mann koma fyrir sin augu. Þannig hefir hún búið í húsi þessu frá giftingardegi sínum alt til dauðadags, og á öllu þessu hálfrar aldar tímabili hefir hún aldrei séð blað eða bók eða nokkra aðra manneskju en vinnufólk sitt, sem vann í húsi hennar þegar þetta kom fyrir. Hún var náttúrlega í brúðarskarti sínu, þegar bóndi hennar andaðist. Hét hún því þá, að mæta honum í himnaríki sem brúðir hans. Síðan hefir hún þafnan borið samkynja föt þeim, sem hún var í á brúðkaupsdegi sínum, hvítan kjól, og aldrei í annað komið um dagana. Hún vissi ekki um nettt af því, sem við hefir borið í heiminum síðan hún varð ekkja, því hún hafði síðan ekki séð dagsins ljós. Áður en hún dó gerði hún erfðaskrá sína og gaf allar eigur sínar til styrktar gamalmennum yfir 60 ára. Það voru 2 miljónir dollara. En hús sitt gaf hún sem hæli fyrir þá, er þess kynnu að þurfa, og sem bæru góðan orðstýr.

— Hárrotunarsýki hefir komið upp á börnum í beztu skólum Berlinarborgar á Þýzkalandi í sl. mánuði, og hefir kvilli þessi útbreiðst svo, að hundruð af börnum hafa orðið skölfótt á fáum dögum. Svipuð sýki kom fyrir nokktu upp á Frakklandi, en læknar þar gátu útrýmt henni á stuttum tíma. Áður hefir sýki þessi ekki gert vart við sig á Þýzkalandi. Læknar þar hafa einangrað börn þau, sem sýkina hafa fengið, og sama verður gert við öll börn, strax og fyrstu einkenni sýkinnar gera vart við sig í þeim.

— Vísindamenn á Svisslandi hafa nýlega mælt alla skriðjökla þar í landi og komist að þeirri niðurstöðu, að þeir hafi allir lækkað að miklum mun á sl. 8 árum, eða síðan árið 1900. En lækkun sú er mismunandi, alt frá 26 til 604 fet eftir afstöðu í landinu.

— Norðmaður einn að nafni Capt. Brude hefir fundið upp og látið smíða hafskip með nýju lagi. Hann sigldi nýlega á því til Englands. Skip þétta eða bátur er svipað eggi í laginu, og getur hvorki sokkið né brotnað, og ekki heldar brunnið. Það getur gengið jafnt í kafi sem ofan sjávar, og er algerlega stýrt að innan. Capt. Brude kveðst hafa gert skip þetta svo úr garði að það þoli alla sjóa og að þess verra sem veðrið sé, þess ánægjulegra sé lífið í bát sínum, svo að öllu sé óhætt, hvort heldur farþegjum eða farangri. — Frá London kveðst hann halda á skipi sínu til Ástralíu, þaðan til Amsterdam, Hague og Parísar, og á öllum þessum stöðum kveðst hann ætla að legga skip sitt undir álit sérfræðinga í skipagerðarlistinni. Hann kveðst og hafa myndað félag í Bergen, sem smíði skip með þessari nýju gerð, og á hvaða stærð, sem hver óski eftir. Hann telur víst, að hér sé að ræða um framtíðar skipalag allra þjóða.

— Það er talið áreiðanlegt, að Governor Johnson í Minnesota gefi ekki kost á sér til forseta útnefningar fyrir Demókrata flokkinn, og að herra Bryan verði kjörinn forsetaefni flokksins í einu hl.

— Eldur í Waubashena í Ontario þ. 3. þ.m. brendi 7 milión fet af sögudu timbri, nokkur þúsund járnbrautabönd, 14 járnbrautarvagna og mikla sögunarmyllu. Er eignatjónið metið 250 þús. dollara.

— Það kom fyrir á þinginu í Portugal 2. þ.m., sem fáa grunaði og vakið hefir mesta athygli um land alt: Dr. Jose Maria De Alpoim, formaður framkaraflokksins, sem sæti á í þinginu, hafði verið kærður af meðþingmönnum sínum um að hafa verið í vitorði með þeim sem drápu Carlos konung og son hans á sl. vetri. Doktorinn varð svo æstur af þessum ákærum að hann réð sér ekki, og rakti þar umsvifalaust sögu morðmálsins. Hann fullyrtsa þingið um, að dráp konunglegu fjölskyldunnar hefði verið rætt á sameiginlegum fundi framkara og frjálslyndu flokkanna, að viðstöddum nokkrum Anarkistum, nokkrum dögum áður en konungurinn og prinsinn voru myrtir. Á fundinum var talað um, að drepa alla konungs fjölskylduna, nema móðir konungsins. En Anarkistar réðu frá því, og töldu nóg að gert í einu, ef konungurinn og stjórnarformaður Franco væru ráðnir af dögum, og það varð að úrslitum. Samkvæmt þessari ályktun þeirra frjálslyndu voru þeir Silva Buissa og Alfredo Costa ráðnir til þess að drepa konunginn og Franco stjórnarformann. Hinum fyrneínda var borgað $20 þús. dollara fyrir konungslífið og hinum síðara 10 þús. dollara til að ráða Franco af dögum, eða þeir máttu skifta með sér verki og verðlaunum eftir því sem þeim kæmi saman um. Ráðstalanir voru og gerðar til þess, að koma morðingjunum undan strax og þeir höfðu lokið þessu þokkastarfi sínu. Læknirinn gaf og þær upplýsingar, að ástæðan fyrir því, að fleiri höfðu skotið á konunginn heldur en þessir tveir útvöldu hefði verið sú, að vinir þeirra höfðu orðið of æstir og ekki getað setið á sér, þegar hinir voru tekuir til starfa, og að vegna þessara aukaskota hefði prinsinn fallið, sem þó var ekki ætlaður dauði, í staðinn fyrir Franco stjórnarformann. Saga þessi hefir vakið hina mestu eftirtekt, og er alment trúað, með því að Dr. Jose fullvissaði þingið um, að sagan væri sönn og sjálfur er hann leiðtogi eins af flokkum þeim, sem hér áttu hlut að máli.

— Innflutningar til Canada í maí voru 23,583 manns, en í sama mánuði í fyrra 45,677 manns. Alls komu hingað á fyrstu 5 mánuðum þessa árs 85,482, en á sama tímabili í fyrra 131,776.

Fjölmennur Fundur.

Afar fjölmennur fundur var haldinn í Goodtemplara húsinu hér í Winnipeg á þriðjudagskveldið var til að ræða um sambandslaga frumvarpið íslenzka. Viðstaddir voru sendimenn frá Gimlisveit, Selkirk, Clandeboye og frá Álptavatnsnýlendu, til þess að taka þátt í fundarstörfum og lýsa einróma skoðun manna í sínum bygðarlögum með kröfum Skúla Thoroddsens og móti frumvarpinu eins og það nú er. — Bréf hafði og borist frá N. Dakota, er lýsti sömu skoðun og bauð fram þá hjálp, er nauðsynleg kynni að virðast til þess að fá kröfum Skúla framgengt.

Eftir langar umræður var kosin 11 manna nefnd, til þess að semja tillögu um afstöðu Vestur-Íslendinga í frelsisbaráttu Íslands, og skyldi sú tillaga lögð fram á fundi, til samþyktar, sem væntanlega verður bráðlega haldinn um þetta mál.

Þessir voru kosnir í nefndina:

Séra Jón Bjarnason
" Fr. J. Bergmann
B. L. Baldwinson
S. B. Brynjólfsson
Stephan Thorson
A. J. Johnson
Jón J. Bildfell
W. H. Paulson
Lárus Sigurjónsson
Jóhannes Sigurðsson
Séra J.P.Sólmundsson
Stefán Björnsson.

Fundarboð.

Menn þeir, sem á fundinum stóra í Goodtemplarahúsinu á þriðjudagskveldið var voru kosnir til að yfirvega og leggja fram tillögur um afstöðu Vestur-Íslendinga gagnv. sambandslaganefndar frumvarpinu íslenzka, — eru beðnir að mæta á skrifstofu Lögbergs á föstudagskveldið í þessari viku, þann 11. þ.m. kl. 8.

— Brezkir kjötsölumenn hafa skorað á stjórn sína, að setja nefnd til að komast eftir, hversvegna kjöt sé í svo háu verði á Englandi, að það er sem næst orðið ókaupandi, og til að ákveða um starfs aðferð amerikanska kjöt-einokunar félagsins. Ennfremur hafa kjötsalarnir heimtað, að allar lagatálmanir fyrir innflutningi canadiskra nautgripa til Englands séu tafarlaust afnumdar.

— Þann 3. þ.m. var maður að nafni Daniels handtekinn í Indian Head, Sask., fyrir hestaþjófnað. Lögreglan þar hefir grunað mann þennan um lengri tíma, en gat ekki fest sök á honum fyr en nú. En það þurfti marga menn til að handtaka hann, því hann var vel vopnaður og skaut alt hvað af tók, og ekki náðist hann fyr en hann hafði verið skotinn í brjóstið og fótinn og gerður óvígur.

— Í Servíu voru nýlega 36 fangar dæmdir til dauða fyrir landráð við Montenegro. Nokkrir aðrir, sem með þeim brugguðu samsæríð hafa verið dæmdir í langar fangavistir. Mælt er, að prins Georg, sonur Servíu konungs, hafi verið í vitorði með þokkapiltum þessum. En honum er slept óhengdum undir því yfirskini, að hann hafi á þeim tíma þjáðst af brjálsemi.

— Nýlega hafa 20 morðvargar, þeir sem skipa dauðadóms nefndina í hinu svonefnda Mafía félag verið handteknir í Rómaborg. — Þessi dómnefnd hafði fengið illan grun á einum félagsmanni, að hann væri ótryggur og alt of lausmáll á layndarmál félagsins. Var þá haldinn fundur til að ræða mál hans, og stóð yfir í 3 daga. Að lokum var hann dæmdur til dauða og hlutkesti varpað um, hver dómi þeim skyldi fullnægja. Kom þá upp hlutur 17 vetra gamals pilts. En dómnefndin treysti illa hugrekki hans til að vinna verkið, og setti því þrjá aðra til að aðstoða hann. Skyldu þeir vera nálægir, er hann fremdi verkið, og hlaupa undir bagga, ef illa tækist til. En pilturinn, sem búinn var út með rýting, leysti verk sitt vel af hendi. En eftir 2 daga fékk hann svo mikið samvizkubit, að hann gaf sig á vald lögreglunnar og sagði til félaga sinna, sem allir voru handteknir.

— Equitable lífsábyrgðarfélagið er að láta gera uppdrætti af stórhýsi miklu, sem það hefir áformað að byggja í New York borg. Það á að vera 62 þæsiur á hæð og verður það langhæsta hús, sem enn hefir bygt verið í nokkru landi Hæðin á að vera 909 fet. Ofan á húsinu á að vera 50 feta há flaggstöng. Hús þetta á að kosta rúmlega 10 miliónir dollara.

— Spánarkonungur hefir eignast annan son. Hann var skírður um sl. mánaðamót 11 nöfnum, en verður alment nefndur "Jim".

— Prófessor Lippman, sá er fann upp aðferðina fyrir fáum árum til að taka litmyndir af fólki, hefir ennþá gert nýja uppfundningu, sem felst í því, að hægt er að taka myndir af hverju sem er, án þess að hafa myndatökuvél. En sá er galli á þessari nýju aðferð Lippmanns, að ekki er hægt að taka þessar myndir á pappir eða prent eftir þeim.

— Á sl. ári slátruðu Parísarbúar 50 þúsund hestum til átu. Það er komið í móð þar að éta hrossakjöt og eftirspurn eftir því fer árlega vaxandi. Fólk telur það sælgætisrétt.

— Kosningarlaga frumvarp Laurier stjórnarinnar hefir loks komist gegn um þingið og með þeim breytingum, sem Conservativar heimtuðu og hafa barist fyrir í sl. 3 mánuði. Kjörlistarnir í Manitoba, eins og þeir eru hér gerðir, verða lagðir til grundvallar fyrir Dominion kosningarnar. Að eins verður County Court dómurunum falið að raða niður nöfnum á þeim eftir því sem þörf gerist sam kvæmt takmörkum ríkiskjördæmanna. En hvorki verður nokkru nafni bætt við né tekið burt af þeim listum, sem fylkið hefir látið búa til. Conservativar hafa því unnið fullan sigur í þessu máli og Laurier stjórnin orðið að fara í því algerlega að þeirra vilja, enda höfðu þeir þar réttan málstað.

— Flotaforingi Thomas, sá sem var stjórnandi Bandaríkjaflotans er nú er á leið kringum hnöttinn og sem nú liggur á San Francisco-höfn, varð bráðkvaddur á skipi sínu þ. 3. þ.m., nálega 62. ára að aldri. Hann hafði unnið í flota Bandamanna frá því hann var 15 ára gamall.

— Í ráði er, að Canada stjórn lögleiði ópium bann í þessu ríki. Rannsókn hennar á upphotinu, sem varð í Vancouver í sept. sl. hefir leitt í ljós, að meira en lítið er brúkað af ópium í Canada. Í skaðabótakröfu þeirri, sem gerð var á hendur ríkisstjórninni fyrir skemdir og verzlunartjón voru kröfur frá tveimur verzlunarfélögum þar í borginni, er námu $300 hvor. Við rannsóknina kom það í ljós, að bæði þessi félög ráku ópium verzlun, annað félagið hafði rekið þessa verzlun í 21 ár, en hitt í 10 ár, og nú bað hvort þeirra um $800 skaðabætur fyrir 6 daga sölutjón á þessari vöru meðan stöð á óeirðunum þar í borginni. Gróði þessara félaga á ópium sölunni árið sem leið var 15 þúsund dollara fyrir annað, en 20 þúsund fyrir hitt félagið, að frádregnum kostnaði, vinnulaunum, húsaleigu o.s.frv., og verzlunarleyfi til Vancouver borgar, sem nemur 500 dollurum. Bæði félögin játuðu, að þau seldu vöru þessa til hvítra manna og kvenna engu síður en til Kínverja. Annað félagið hafði 10, en hitt 19 manns í þjónustu sinni, og má af því marka, hve umfangsmikil verzlun þessi er orðin þar vestra. Það sannaðist við rannsóknina að ópium er notað yfir alt Canada ríki, og að auk verksmiðjanna í Vancover, sem framleiða þessa vörutegund, þá eru 3 slíkar verksmiðjur í Victoria og í Westminster. Alls er talið, að þessi verkstæði framleiði 650 þús. dollara virði á ári.

— G. A. Benton, dómari í Rochester, N.Y., gaf 24. júní sl. út bann á Independent Order of Foresters félagið gegn því, að það hækkaði iðgjaldakröfur sínar á meðlimi félagsins í því ríki, þar til búið er að útkljá mál það, sem Henry J. Simmelink hefir höfðað móti Foresters félaginu. Það getur því ekki hækkað þar gjöldin fyr en málið hefir verið dæmt í rétti.

NÝTT NÝTÍZKU

THE QUEENS

Vinsælasta og þægilegasta Gisti-hótel í Winnipeg

Bandaríkja-snið
Frí keyrsla.

MONTGOMERY BROS.,
EIGENDUR

BJART MIÐSTÖÐVA

Skemtun fyrir börnin.

Hún fæst með reiðhjólagjöf. Það léttir og flýtir fyrir ferðalögum til bæjar, á pósthúsið, í búðina eða eftir stykki í bindaran, eða til hvers annars er þörf gerist, og sem annars yrði að fara á hesti. Hugsið um þetta og kaupið beztu reiðhjól sem til eru: —

CLEVELAND RAMBLER — BRANTFORD PERFECT — MASSEY IMPERIAL

Skrifið eftir upplýsingum.

CANADA CYCLE & MOTOR COMPANY, LIMITED, WINNIPEG

Heimsins beztu hjólasmiðir

147 PRINCESS ST. - - - - WINNIPEG, MAN.

Wall Plaster

Með því að venja sig á að brúka **"Empire"** tegundir af Hardwall og Wood Fibre Plaster er maður hár viss að fá beztu afleiðingar.

Vér búum til:

"Empire" Wood Fibre Plaster
"Empire" Cement Wall "
"Empire" Finish "
"Gold Dust" Finish "
"Gilt Edge" Plaster of Paris
og allar Gypsum vörutegundir. —

Eiqum vér að senda yður bækling vorn?

MANITOBA GYPSUM CO. LTD
STEINPÍPUR OG MILLUR Í
Winnipeg, - Man.

HEIMSKRINGLA
Published every Thursday by
The Heimskringla News & Publishing Co.

Verð blaðsins í Canada og Bandar. $2.00 um árið (fyrir fram borgað).
Sent til Íslands $2.50 (fyrir fram borgað af kaupendum blaðsins hér $2.00.)

B. L. BALDWINSON,
Editor & Manager

Office:
729 Sherbrooke Street, Winnipeg
P. O. BOX 116. 'Phone 3512.

Loforða-efndir Liberal flokksins

Það er svo að sjá á Lögbergi, að ekki muni verða langt til næstu ríkiskosninga. Hvert tölublað þess er nú farið að bera þess óræk vott, að einlæg viðleitni verður til þess höfð, að fræða landslýðinn um ágæti "frjálslynda" flokksins svonefnda, stefnu hans og starfsemi. En jafnframt er þess látið getið, hve "afturhaldsblöðin" rangfæri stefnu Laurier stjórnarinnar og ágæti hennar.

Það skal strax tekið fram, að það er bæði réttlátt verk og nauðsynlegt, að upplýsa alþýðu manna um stefnur hinna ráðandi flokka í landinu, ekki aðeins "frjálslynda" flokksins, heldur einnig Conservative flokksins, og jafnframt um það, hvernig flokkarnir, er þeir sitja við völdin, framfylgja stefnu sinni, — þeirri, sem þeir voru kosnir til að koma í framkvæmd.

Og svo vér tökum það, sem næst oss liggur, skulum vér athuga stefnuskrá núverandi ríkisstjórnar: Hverju "frjálslyndi" flokkurinn lofaði, þegar hann var að hylla kjósendurna til þess, að fá sér stjórnarvöldin í hendur, og hvernig hann hefir efnt þau loforð, síðan hann komst að völdum í Ottawa.

Það sem hann lofaði framar öllu öðru, var að afnema verndartolla þá á innfluttum vörum í ríkið, sem hann taldi vera algert rán á sínum þjóðarinnar. Þá voru tekjur Canada af innflutningstollum, er Conservative stjórninni var hrundið árið 1896 $19,833,279, en af innlandstollum $7,926,066, eða alls af tollum $27,759,285. En á þessu herrans ári, undir Liberal stjórninni, sem ætlaði að létta tollbyrðinni af ríkinu, hafa tekjur af verndartollum orðið $57,332,646 og af innlandstollum $15,690,400, eða alls af tollum $73,023,046.

Kjósendur sjá því, að Liberal-flokkurinn hefir efnt það loforð sitt, að afléttа rántollunum, sem hann neindi svo, með því að hækka þá upp úr 27 miljónum í 73 miljónir dollars á ári, — eða með öðrum orðum, sem allra næst þrefaldaði þá. Alþýða manna í Canada er fyrir löngu orðin sannfærð um, að "frjálslyndi" flokkurinn hefir svikið tolllækkunar loforð sitt rans greinilega og hvert annað loforð í stefnuskrá sinni. — Um þetta gleymdi Lögberg að upplýsa í ritgerð sinni til þeirra nýkomenda, sem enn þá eru ókunnir hérlendum landsmálum, sem það birti þann 18. júní sl.

Til frekari skýringar þessu tolllækkunar loforði hinna "frjálslyndu", skal það tekið fram, að tollheimta þeirra úr vösum ríkisbúa, er nú sem allra næst ein miljón dollara á viku, meiri en hún var undir Conservative stjórninni, og að alls hafa þeir kreist út úr þjóðinni á þeim tæpu 12 árum, sem þeir hafa verið við völdin, rúmlega 228 miljónum dollara meira en Conservativar gerðu á næstu 12 árum á undan.

Ef að það er nú satt, sem Lögberg og aðrir íslenzkir leiðtogar Liberal flokksins hafa jafnan haldið fram, að verndartollar væru lagðir á eingöngu til að auðga auðmenn ríkisins og til þess að gera verksmiðjueigendur að miljónerum, — hvernig getur þá blaðið í einlægni haldið því fram nú, að grundvallarstefna flokksins sé að berjast fyrir réttindum alþýðunnar, en ekki fyrir réttindum neinnar sérstakrar stéttar eða auðfélaga. Eða er það frá sjónarmiði Lögbergs og "frjálslynda" flokksins að berjast fyrir réttindum alþýðunnar, að gera á hana vikulegar tollborgunarkröfur, sem hver nemi nær heilli miljón meira, en lagt var á af Conservative stjórninni, og sem þá var talinn ránstollur af Lögbergi og flokksbræðrum þess? Alt þetta þarf Lögberg að skýra fyrir fólkinu langt um betur en gert er í áminstri grein, enda er þar algerlega sneitt hjá öllum tölum eða landshagsskýrslum, en í þess stað lamið fram ákveðnum staðhæfingum, sem sýnilega hafa þótt eitt markmið, að fegra stefnu flokksins í hugum þeirra, sem enn þá eru svo ókunnugir hér í landi, að þeir fá ekki notið dómgreindar sinnar af nokkurri ábyggilegri reynslu á fortíðar starfsemi flokksins.

En máske verður því svarað, að fólkinu hafi svo mjög fjölgað hér í Canada á sl. 12 árum, að tollbyrðin sé í raun réttri minni nú á hvern mann eða fjölskyldu í ríkinu, þrátt fyrir hækkandi tekjuupphæð, heldur en hún var á tíunum Conservativa. Þess vegna skal það hér tekið fram, að árið 1896 voru í Canada 998,882 fjölskyldur. Tollbyrðin þá á hverja fjölskyldu var $27,68 á ári. En árið 1908 eru taldar 1,250,000 fjölskyldur. Tollbyrði á hverja fjölskyldu því nú $58.88, eða meira en tvöföld við það, sem áður var. Hefir hækkað á sl. 12 árum um $31.20 á hverja fjölskyldu.

Tollbyrðin í Canada árið 1896 undir Conservative stjórn, var á hvern mann $3.94, en á þessu herrans ári, undir Liberal stjórn, er hún $9.20, — hefir sem næst þrefaldast eins og áður er sýnt. Þessar tölur sýna ljóslega, að Laurier-stjórnin hefir ekki látið sér detta í hug, að lækka tollbyrði á íbúum landsins, heldur þvert á móti að hækka hana svo mjög, að hún hefir aldrei fyr í sögu landsins verið jafnmikil, sem hún er nú.

Þannig hefir hún þá efnt verndartolla loforðið — með svikum.

Annað atriði í grundvallarstefnu "frjálslynda" flokksins, samkvæmt loforði Sir Lauriers sjálfs árið 1906, var að lækka árleg útgjöld ríkisins frá því, sem þau voru þá, um 3 til 4 miljónir dollara. Hver leiðtogi flokksins fram af öðrum gerði sömu loforðin, að lækka árleg útgjöld ríkisins. Þeir sögðu, að það væri hneyxlanleg eyðslusemi, að ekki stærra ríki en Canada eða fólksfleira, skyldi eyða árlega 38 eða 40 miljónum dollara, og þeir lofuðu á hverjum ræðupalli, ef þeim yrði trúað fyrir völdunum, að lækka útgjöldin um að minsta kosti 3 miljónir dollara árlega.

Hvernig hefir nú Laurier stjórnin efnt það loforð?

Árið 1896 voru ríkisútgjöldin alls $41,702,000. En í stað þess að lækka þau hefir Laurier stjórnin aukið þau á hverju einasta ári síðan hún tók við völdum, þar til nú að þau eru á þessu ári 110½ miljón dollara. Ríkisútgjöldin hafa eins og tollbyrðin nokkru minna en þrefaldast, en miklu meira en tvöfaldast á sl. 12 árum, þar til nú, að árleg útgjöld stjórnarinnar eru orðin $88.40 á hverja fjölskyldu í landinu.

Á þeim 12 árum, sem Laurier hefir haft völdin í Ottawa, hefir hann lækkað útgjöld ríkisins á þann hátt, að hækka þau um 232 miljónir dollara, umfram það, sem Conservativar gerðu á jöfnu tímabili. Og á næsta fjárhagsári eru ríkisútgjöldin áætluð [illegible] miljónir dollara, eða meira en þrisvar sinnum hærri, en þegar Conservativar höfðu stjórn í Ottawa.

Laurier stjórnin hefir því efnt útgjalda lækkunar loforðið á sama hátt og hún efndi toll-lækkunar loforðið, — með svikum.

Eitt af grundvallar atriðum Liberal flokksins var að loka að þoka þjóðskuldinni drjúgum niður, og þar með lækka vaxtabyrði þá, sem á þjóðinni hvíldi. Þegar Conservativar fóru frá völdum, þá var þjóðskuldin (30. júní 1896) $258,497,432, en 30. júní 1906 var hún $267,042,977, — hafði hækkað um meira en 8½ miljón dollara á 10 ára tímabili undir Laurier-stjórninni. Og 31. marz sl. var þjóðskuldin orðin yfir 275½ miljón dollara. Hefir því hækkað undir Liberal stjórninni um rúmlega 17 miljónir, þrátt fyrir það, að Laurier stjórnin hefir heimt í tollum á þessu sama tímabili rúmlega 228 miljónir dollara meira en Conservativar gerðu á jöfnu tímabili.

Þjóðskuldar lækkunin hefir því farið hjá Laurier stjórninni eins og toll og útgjalda lækkunar loforðin. Hún hefir efnt það með — svikum.

Hvað framtíðin kann að leia í skauti sinu fyrir íbúa þessa ríkis, undir ráðsmensku Laurier stjórnarinnar, vest enginn með vissu. En minna má Lögberg á skoðun herra Fieldings, fjármála ráðgjafa Lauriers, á því máli. Hann gat þess í fjármálaræðu sinni á þessu yfirstandandi þingi, að útgjöldin á því fjárhagsári, sem byrjaði 1. apríl sl., mundu verða 124 miljónir dollara, en að tekjur ríkisins mundu á sama tímabili ekki verða meiri en 90 miljónir dollara. Eða með öðrum orðum, að næsta fjárhagsárs útgjöld yrðu 34 miljónum dollara hærri en tekjurnar. En það er sama sem að segja, að þjóðskuldin vaxi um þessa upphæð og að hún verði við lok þessa yfirstandandi fjárhagsárs orðin á þriðja hundrað miljónir dollara.

Eitt af grundvallar atriðum "frjálslynda" flokksins var það að aftaka alla aukaþóknun (Bounties) til verksmiðju eigenda fyrir framleiðslu varnings. Þeir sögðu slíkar þóknunargjafir vera beint rán á ríkisfé, gert eingöngu til að aukða verksmiðju eigendur og gera úr þeim miljónera. En samt hefir Laurier stjórnin á sl. ellefu árum greitt úr ríkissjóði á þennan hátt rúmar 11 miljónir dollara.

Það loforð Laurier stjórnarinnar sem hún gaf kjósendunum, að aftaka alla "bounty"-borgun til verksmiðju eigenda, hefir því verið efnt alt eins og hin önnur loforð flokksins, með — svikum.

(Framhald).

Fregnbréf um kirkjuþingið lúterska.

(Framhald).

SKÓLAMÁLIÐ OG RAUÐÁR-SIGLINGIN.

Það er ekki áform mitt, að lepja upp hvert mál þingsins eftir dagskrá þess og segja frá öllu, jafnt því, sem enga varðar, sem hinu, er markvert er. Slíkt væri hið mesta miskunarleysi við lesendur. Það kemur líka alt saman út í sveinþorninu okkar, ef að vanda lætur.

Markverðasta málið á þinginu var skólamálið, og var nefndarálit lagt fram í því á laugardag, annan dag þingsins. Nefndin hafði klofnað. Öll var hún þó sammála um, að ráða frá skólabyggingu að svo stöddu, leggja til að kenslu við Gustave Adolph College yrði hætt, sakir aðsóknarleysis, og halda áfram kenslu við Wesley College og ráða séra Friðrik Bergmann til hennar næsta ár. En sakir óánægju við séra Friðrik, vildi meiri hlutinn að skólanefndinni væri falið, að ráða svo kennara í hans stað, áður næsta kirkjuþing yrði haldið. Minni hlutinn þóttist ekki geta samþykst þessu, hann vildi nema staðar við það, að séra Friðrik yrði ráðinn til næsta árs, og þar með væri búið. Þingið ályktaði, að taka nefndarálitið til umræðu þriðja dag viku næstan eftir.

Drottins daginn hélt séra Friðrik Hallgrímsson fyrirlestur sinn um guðsmanninn Jesú Krist.

Klerkur kvaðst hafa íhugað þetta efni allmikið, og skýrði frá þeirri niðurstöðu, sem hann hefði sjálfur komist að. Var það stórum uppbyggilegra á að hlýða, en hraflið móti hærri kritikinni löstudagskveldið. Hann sýndi fram á, að lausnarinn hefði verið bæði sannur maður og guð í senn, og færði til sönnunar marga staði úr helgum skriftum. Sameining manndómsins og guðdómsins kvað hann leyndardóm, er enginn gæti ráðið, og kristnir gæti eðlilega gert sér misjafnar skoðanir um. Skoðanamunur um það skifti litlu, aðalatriðið væri að trúa á guðmanninn Jesú Krist. Hann hugði, að frelsaranum hefði smásaman orðið æ ljósara og ljósara samband sitt við guð, með vaxandi þroska og aldrinum. Einkunnir guðs, svo sem algæzkan, hefði legið í manneðli hans og leitt hann, en aftur hefði annara minna gætt, eða alls ekki, svo sem alvizku og almáttis og allstaðar nálægð. Slíkar eiukunnir hefði honum verið léðar við sérstök tækifæri til að vinna verk sinnar köllunar, og þá orðið honum sem manni meðvitandi.

Þá ber að geta risnu þeirrar, sem Selkirk söfnuður sýndi þinginu. Hann bauð því á skemtisigingu á Rauðá, og skyldi hefja stundarkorni eftir miðmunda mánudaginn. Boðið var borið upp fyrir þinginu, áður en séra Friðrik byrjaði fyrirlestur sinn, og þá tekið eftir tillögu séra Fr. Bergmanns. Séra Jón Bjarnason dró þó nokkurn efa á, að annir þingsins leyfðu því að þiggja boðið.

Lítlu fyrir nón á mánudaginn sveif eimsnekkjan Mikado við hljómleikablástur gerðan af mikilli list fram á ána með kirkjuþingsfulltrúana innanborða og skuldalið þeirra, og fólk það annað, sem ráðist hafði til fararinnar. Var einkum svipfritt og glæsilegt að sjá til háþulja, því þar höfðu konur skipazt saman í þéttan skara á þilfari með borðum fram var og óslitin fylking, mest af körlum. Þegar kom ofan eftir ánni, hljóðnaði blásturinn til að leyfa mönnum að sinna fegurð náttúrunnar, sem fyrir augun bar; en öðru hvoru var hljómleikur blásinn úr því. Menn fóru að bera sig að stíga dans á þilfarinu, þó svipið væri ekki sérlega riflegt, stundum var henzt á aldinum og hvað eina sér til gamans gert, er glöðu geði hugkvæmist. Svaðrykkir voru á boðstólum óþrotlegir, og þess óspart neytt. Ég hafði látið ritblýið mitt eftir heima og blöðin, því ég hélt, að mér mundi óhætt að slá slöku við eins og sjálfu þinginu Sumir þingmenn voru að kíma að því, að þeir vanræktu skyldu sína. Því var mér eins og rekið utan undir, þegar ég heyrði séra Steingrím Thorlaksson tilkynna af háþalli, að maður bæði sér hljóðs, sá er fyrir 50 árum hefði farið á eimskipi ofan eftir Rauðá. Saknaði ég þá slíkra þinga minna og svo síðar. Maðurinn var Chr. Johnson frá Baldur. Hann kvaðst trúa því, að hann hefði fyrir hálfri öld farið ofan ána á eimskipi, fyrst séra Steingrímur sagði það, því hann lýgi aldrei. Hitt mundi þó sannara, að hann hefði verið einn af þeim fimm Íslendingum, sem fyrstir fóru á báti ofan ána frá Selkirk og sá eini þeirra, sem hér væri staddur (vel rómað). Þá hefði Íslendingar í Selkirk verið fátækir, nálega allslausir, og haldið Indiána ríkisbubba hjá þeim. Ef Íslendingar hefðu ekki haft meiri framtakssemi í sér en Indiánar, þá hefði ekki vel farið, en reyndin væri önnur. Þeir hefðu kunnað að taka til höndunum, og þeir hefðu brauðfætt Manitoba fylki. Og ekki þar með búið. Heldur hefðu þeir hjálpað upp á granna sína fyrir sunnan merkin (háðrómað af hálfu Bandamanna) þegar þeim hafði legið á (háðrómar og þus). En hann vildi líka segja það, að þeir grannar væru fúsir að hjálpa þeim (vel rómað af Bandamönnum) hvenær sem þeim lagi á (vel rómað). Margt fleira mælti hann snjalt og gamansamt, sem ekki verður á lofti haldið fyrir ritblýs og blaðaleysi.

Þótti mönnum hið mesta gaman að erindi hans og eins að einorgara skipsins, sem var óspart notaður til að hvekkja hann og fipa. Tíminn leyfði ekki að farið væri alla leið ofan í ósa, og var snúið við, þegar djarfa tók fyrir vatnínu. Á leiðinni til baka þakkaði séra Friðrik Hallgrímsson fyrir skemtiförina, og forseti og fólkið alt húrraði svo fyrir konungi Íslands og Bandarikjunum, og loks var kominn slíkur húrra-gáll í fólkið, að þegar skip skreið í lægi, var húrrað fyrir öllu, sem í hug kom, þar á meðal skipi og skipstjóra.

FYRIRLESTUR SÉRA JÓNS BJARNASONAR. — SAUÐAÞJÓFUR. — MÖRÐUR. — VÍGAHRAPPUR. — MEIRA LJÓS. — FORSETI: MEIRA LJÓS.

Um kvöldið hóf séra Jón Bjarnason trúmála umræðurnar með fyrirlestri sínum um gildi trúarjátningar. Hann var samin af vanalegri snild og þar eftir fluttur, en hvassorður var hann í meira lagi í garð andstæðinga hans. Hann sagði, að trúarjátningin mætti kalla hermerki og herhvöt kirkjunnar, mark hennar, sem helgaði henni þá, sem hennar væru. Sögurök færði hann að því, að kristilegur áhugi og fjör væri samfara því, að hafa í heiðri trúarjátningunna, og dvínaði hvorttveggja með öðru. Sú stefna væri nú uppi víða um heim, að gera lítið úr trúarjátningum og eyða þeim og þar með kirkjunni. Þá, sem aðhyltust slíka stefnu, líkti hann við sauðaþjófa, sem afmarka fé manna, við Efialtes, ættjarðar svikarann, við Mörð Valgarðsson og Vígahrapp, og bað menn að varast að láta þá koma fram óáðum þeirra. Finnig vék hann að því, að ekki vari vert að saka neinn fyrir það, þó hann breytti trú sinni eða skoðun, en þeir, sem gerðu það, ættu þá að ganga úr þeim félagsskap, sem þeir hefðu áður verið í, annað væri ódrengskapur. Að lokum lýsti hann eðlisfari vantrúarstefnunnar, og þótti svipa helzt til "Chimera", þ.e. ófreskju, sem er ljón að framan, í miðju geit og dreki að aftan.

Þegar séra Jón hafði lokið erindi sínu, gerði steinhljóð tímakorn, nema forseti ámálgaði tvivegis, að orðið væri falt. Loks stóð upp séra Friðrik Bergmann, og talaði tölu aðdáanlega röklega. Bað sér hljóðs, því hitt mundi vera virt sér til ragmensku. En hann væri engin geit, stæði óhræddur við sínar kenningar. Um fyrirlesturinn hefði hann raunar það eitt að segja, að hann væri honum samdóma. Það hefði glatt sig, að heyra ræðumanninn kannast við það í fyrri hluta máls sins, að undirstaða trúarjátningarinna væri Jesús Kristur. Um það væri hann honum sammála. Þeir, sem á þeirri undirstöðu bygðu, þyrftu ekki að taka hinn þunga áfellisdóm fyrirlestursins til sín, en hinum, er henni neituðu, væri hann maklegur. Ekki hélt hann að það væri vel til fundið, að kalla trúarjátningu hermerki eða þesháttar. Hann hefði aðra skoðun á trúarjátningu. Það þýddi ekkert, að vera að taka um trúarjátningar hinna fyrstu alda í kristni framan fyrir þessu þingi. Því það þektu þær ekki, gæti heldur ekki skilið þær, þó íslenzkaðar væru. Þess væri heldur engin von. Þær voru runnar upp af aldarhætti gagnólíkum þessari öld, sem vér lifum á, og færðar í hjúp þess aldaraldar, yrðu því ekki rótt skildar af öðrum en þeim, sem þektu hvorttveggja til hlítar. Sin skoðun á trúarjátningum væri sú, að þó væri dýrmæt gjöf gefin oss eins og friðarboðskapurinn sjálfur, en þó annars eðlis en hann, þær væri aflur frá fyrri tímum, er vitnuðu um kristilegan þroska þeirra tíða og skilning, hversu mikið sannleiksljós þeim hefði skinið. Hitt hélt hann frálestt, að þær voru gerðar til að byrgja fyrir ljós sannleikans, því færi fjarri. Sá, sem arf tæki, t. d. óðal sitt í erfð, reyndi að gera það verðmætara en áður, prýða það og auka eftir megni, ef nokkur maður væri í honum, og eins um trúarjátninguna; vér ættum að keppast við, að auka ljósi við það ljós, sem þegar fælist í henni. Sitthvað væri hrörleget í trúarjátningunni, og það gæti ekki samþýðst kristilegum þroska þessa tíma, t.d. niðurlörin til helvítis. Með það ætti að fara eins og óðalsarfi færi að sjálfsögðu með húsarefla óðalsins, láta þar koma annað gólfugra og sannleikanum samkvæmara í staðinn. Ef nokkurt vit ætti að vera í þessu trúarjátningartali, yrðu menn að hafa það hugfast, að það, að halda sig við trúarjátning sina væri sama sem að halda sér við Krist og að halda sér við Krist væri sama og halda sina trúarjátningu. Menn ættu ekki að kasta þungum steini á neinn þann, sem héldi sér við Krist, þó greindi á við hann, eða ætla að hann færi í gönur. Fyrir einum vekti þetta atriði kristindómsins, fyrir hinum hitt, og enginn gæti annað kent en það, sem hann skildi og findi til og enginn nokkurntíma bundist öðru.

(Framhald á bls. 5).

Ort "Heima"

I.

FRÚARTITLAR.

Lengi varir loðsungs dáð,
landsins börn sem elur,
forsjón hans og föður náð
frúartítla selur.

Kuflungar við konungs torg
kaupa þá að vonum,
hér í landsins höfuðborg
handa sínum konum.

Sannlega máttu sögufrón
af sonum þínum raupa, —
það eru engin þjóðarflón,
sem þessa titla kaupa!

S. S. ÍSFELD

II.

Á FERÐ Á JÖKULDAL
fyrir 35 árum.

Útsýnið hækkar, ég flýti nú för,
fallega Blakkur minn rennur á skeiði,
leikur um vanga og lifgar mitt fjör
loftblærinn svalandi vestan af heiði
Hér er sem tágnin við háfjalla skör
hætjusvip fornan um Jökuldal breiða.

Beljandi Jökulsá brýtur sér göng,
bygðina klýfur og hraðfara rennur,
freyðir í djúpinu straumiðan ströng,
standbergið skafa þær nagandi tennur.
Freysgoðadalinn hún fyllir með söng,
fornaldar minning á klöppunum brennur.

Þröngbýlið raskar ei sveitunga sátt,
sitja hér bændur að vaxandi auði,
trúa þeir mest á sinn tröllaukna mátt,
tryggðyndan drengskap og fallega sauði.
Þeim getur skilist, að þrekið sé smátt
þeirra, sem lifa á kaupstaðarbrauði.

Víljir þú fræðast hvert feðranna lund
finnist hjá bændum í lágreistum sölum,
helzt skaltu leita þars halur og sprund
heimili völdu sér lengst inn í dölum.
Sé hún þar ekki, hinn síðasta bland
sefur hún dáin á likkistufjölum.

Arfinn þinn verndaðu, íslenzka þjóð,
ættgöfgið forna og þokastu hvergi,
sýndu að konungum sæmi þitt blóð,
sett út við norðurhafs straumþrungið ergi.
Stríðið þig herði og styrki þinn móð,
stattu sem kastali reistur á bergi.

S. S. ÍSFELD

sannur maður og guð í senn, og færði til sönnunar marga staði úr helgum skriftum. Sameining manndómsins og guðdómsins kvað hann leyndardóm, er enginn gæti ráðið, og kristnir gæti eðlilega gert sér misjafnar skoðanir um. Skoðanamunur um það skifti litlu, aðalatriðið væri að trúa á guðmanninn Jesú Krist. Hann hugði, að frelsaranum hefði smásaman orðið æ ljósara og ljósara samband sitt við guð, með vaxandi þroska og aldrinum. Einkunnir guðs, svo sem algæzkan, hefði legið í manneðli hans og leitt hann, en aftur hefði annara minna gætt, eða alls ekki, svo sem alvizku og almáttis og allstaðar nálægð. Slíkar einkunnir hefði honum verið léðar við sérstök tækifæri til að vinna verk sinnar köllunar, og þá orðið honum sem manni meðvitandi.

Hlaupa-drengir fást á svipstundu ef kallað er á

Phone 4862

WESTERN MESSENGER SERVICE,

224 Notre Dame - Winnipeg

Virðingarfylst óska Viðskifta yðar.

Auglýsinga-Skiltum Dreift og Fest Upp.

A. J. Huckell, ráðsmaður.

JOHN DUFF

PLUMBER, GAS AND STEAM FITTER

Alt verk vel vandað, og verðið rétt

662 Notre Dame Ave. Phone 3815

Winnipeg

Strathcona Hotel

Horni Main og Rupert Str. Nýbygt og ágætt gistihús; Gest um veitt öll þægindi með sanngjarnasta verði. Frí keyrsla til og frá öllum járnbr. stöðvum. Beztu vín og vindlar; og herbergi og máltíðar ágætar.

McLaren Brothers

EIGENDUR

Hotel Pacific

219 Market Street, Winnipeg — H. M. Hicks, Eigandi, Manitoba

Telephone 1338

Ný-endurbætt og Ný-tízku hús í alla staði. Viðskifta yðar óskast virðingarfylst.

$1.25 a Dag



$1.50 Á DAG

Bezta $1.50 gistihús í Winnipeg

BRUNSWICK HOTEL

Horni Main St. og Rupert Ave.

Besta borðhald; Hrein og Björt Herbergi; Fínustu Drykkir og Bestu Vindlar. Ókeypis Vagn mætir Öllum Traintestum. Reynið oss þegar þú ert á ferð.

Er allsherjar friður mögulegur? Og hvaðan er hans helzt að vænta?

Herra ritstjóri!

Það sýnist vera, að athygli fólks á veraldar friðar- og sáttasamninga málefninu sé að aukast. En er það margt af okkur, ættingjum Gauta og Norðmanna, sem höfum íhugað, að forfeður vorir og formæður auðsjáanlega hafa verið friðsamt fólk og í mörgu tilliti háttsiðað, áður en Rómverjar komu til Norðurlanda? Öðinn er sagður að hafa verið hvetjandi til iðnaðar og framfara, sem nafnið líka auðsjáanlega felur í sér. Iðan er hið sama. Þá er Freyr og Freyja, bæði þau nöin sýnast að benda að jarðyrkju. Og meira að segja Þór, með allar sínar þrumur og eldingar og hamarinn Mjölni, er tíðast nefndur til varnar, en mjög sjaldan, ef nokkurn tíma til ásóknar. Hann lagði ekki til þeirra, sem ekkert lögðu til hans eða hans fólks. Hans staða var ekki að eyðileggja, heldur að verneda og aðstoða. Það, að einhverjir mundu í ódauðlegleikum starfa að, að eyðileggja hver annan dag eftir dag, um óendanlegar aldir, hefir að líkindum verið búið til eftir að heiðnin, eða þó fremur Ásatrúin, tapaði áliti sínu. Ég hefi þá skoðun, að það sé ýmislegt fleira nú í Eddunum, sem átti ekki heima í Ásatrúnni, heldur hafi verið bætt inn í seinna, rétt til þess að litilsvirða þá trú. En þrátt fyrir það, þá er auðséð, að Ásatrúarmenn hafa verið friðsemdar og atorku og iðjumenn. Þeir hafa verið Arianar. Akuryrkja hefir verið þeirra aðal atvinnuvegur. Dýraveiðar voru mestmegnis að eins til skemtunar, en ekki sem atvinna. En fiskiveiðar sýnast að hafa verið til lífsframdráttar. 37. og 38. erindið í Völuspá sýna, að morð og blóðsúthellingar voru í mesta fordæmingar álíti. Þar lesum við:

Sal sá hún standa,
Sólu fjarri,
Nástrondu á,
Norður horfa dyr.
Féllu eiturdropar
In um ljóra.
Sá er undinn salur
Orma hryggjum.

Þar sá hún vaða
Þunga strauma,
Menn meinsvara,
Og morðvarga.

Og þann annars glepur,
Eyra rúnu.
Þar saug niðhöggur
Nái framliðna,
sleit vargur vera.

Þetta sýnir berlega, hvað voru álitnir að vera þeir verstu glæpir, nefnilega þrir: falskur eiður, morð og hjónabanda afbrot. Það er synd á móti guði, synd á móti þjóðinni, og synd á móti náunga sínum, sem í stuttu máli meinar að eins eina synd, nefnilega svíkræði, og er auðsjáanlega sönnun fyrir því, að Ásatrúarmenn voru friðsamt fólk. Að lýðstjórn, sjálfsforræði, sérstaklingsins jafnréttindi og réttvísi var þeirra aðalaugnamið, sést bezt á því, að hvar sem þeir hafa náð yfirráðum, hafa afleiðingarnar orðið stjórnarskrár þingveldi, en einokun hefir aldrei þrifist, sem í sambandi með ýmsu fleiru, bæði trúar og siðferðislegu, hefir komið mér á þá skoðun, að hinir upprunalegu þjóðverjar (Teutons) og skildar þjóðir og kynkvíslir í Norður-Evrópu, hafi verið þær níu og hálf Ísraels kynkvíslir, sem samkvæmt Esdra, seinast þeg ar hrettist til þeirra, voru á ferð í norðurátt, í norð-austur af Miðjarðarhafinu, eða þar í grend. Og eitt, sem er þessu mikið til styrktar er, að Snorri Sturluson segir, að þær þjóðir hafi komið frá Asíu. Þjóðverjar, þegar þeir á fyrri öldum og það fyrir Krists daga, slógust upp á Rómverja, þá var það til varúðar og verndar, en ekki yfirgangs vegna.

Og ef saga Evrópu er grandvarlega yfirveguð og skoðuð frá hlutdrægnislausu sjónarmiði, þá verður mjög eftasamt, hvort sú mentun og þjóðsiðir og siðferði, sem Rómverjar fluttu til Norðurlanda, hafi í raun réttri verið að öllu samanlögðu til betrunar. Eitt er víst, og það er, að stjórn Rómverja jók grimdaræði, ranglæti, dáðleysi og heimsku. Og er mannleiðska kristninnar í Noregi ágætt sýnishorn af þessu. Dr. Marteinn Lúter lagði sterkan grundvöll fyrir endurstofnun hins þjóðverska skapferlisþroska og lyndiseinkunna En hið eiginlega þjóðverska umburðarlyndi hefir þó naumast náð sér enn á meðal hinna þjóðversku kynflokka (The Teutonic Races). Og það sem hinn velþekti enski ríthöfundur Samuel Laing segir, þessu viðvíkjandi, styður þessa skoðun, nefnilega, að "Alt, sem menn vonast eftir af góðri stjórn og framtíðarbetrun. bæði í sinu líkamlega og siðferðislega ástandi, — alt það, sem síðað fólk nýtur ánægju af á þessari siðfræðislegu og trúarbragðalegu og stjórnfræðislegu frelsistíð, — hin brezka stjórnarskrá, fulltrúaþings stjórn, kviðdómar, uggleysi eignanna, frjálsræði í hugsun, einstaklingsfrelsi, áhrif þau, sem almenningsálitið hefir á stjórnarfarið, siðbótin, prentfrelsi og framþróunar aldarandi nútíðarinnar, — alt það sem er eða hefir á seinni öldum verið til bóta fyrir manninn, sem meðlim mannfélagsins, hvort heldur í Evrópu eða Ameríku, má rekja til þess neista, sem þessir heiðnu norðmenn eftirskildu logandi á ströndum vorum". — þar af leiðandi getur það varla álitist rangsleitni, þó álitið sé, að ef menn óska að koma á allsherjarfriði, þá er mikið tryggara og sannsýnilegra, að fara til Íslands heldur en til Rómaborgar, til þess að leita þekkingar á, hvernig að lá megi þessu mikilvæga áformi framgengt. Þegar við íhugum þetta, þá ættum við að samþykkja með Thomas Carlyle og Max Muller, að enginn geti vitað, hve mikið tap það hefði verið til mannkynsins yfir höfuð, ef Ísland hefði ekki sprungið af eldsumbrotum upp úr sjónum, fundist þegar það fanst og bygst af Norðmönnum.

Eitt af þeim mikilsumvarðandi málefnum, sem bæði er hugsað um, talað um og ritað um, er alls herjar friður. En hvernig því verði komið á, það er það sem íbúar heimsins þurfa að læra. Það er áreiðanlegt, að til að fá því framgengt, þá þarf fólk að æfa sig í velvilja og sannsýni. Jósef Smith, spámaður Mormónanna, var vanur að segja, að hver sem óskar að fara þangað sem guð er og njóta návista hans, verður að læra að haga sér eins og guð. Hann sagði að réttlát og heilnæm lög, fullkomið sjálfsforræði og þekking á hvað er réttlátt, væri það eina óyggjandi sáluhjálpar meðal, sem til væri. Og svo sýnist mér með allsherjar friðarmálefnið. Svo lengi sem fólk æfir hroka, sérplægni og þess konar, getur aldrei orðið friður og óhultleiki. Fólk verður að æfast í sönnum velvilja hver til annars, og til þess að fá því fraungengt, verður fólk að æfa sig í góðvild, velvilja og réttsýni. Foreldrarnir verða að læra, hvernig þau eigi að kenna börnunum hlýðni, án þess að hræða þau til þess. Fólk verður frá barndómi að venjast að gera rétt af því það er rétt, og að bera umönnun fyrir velmegun annara. En hvernig er það mögulegt fyrir utan þegnlægsku eða jafnræði, sem meinar fullkomna sameign á öllum hlutum, eða þó heldur þjóðeign? Ég meina ekki með því, að letingjan skuli hafa allsnægtir, án þess að vinna fyrir því, heldur það að frá barndómi — þ. e. þegar fólk er nógu gamalt til að vinna — þá verði sérhver settur til að gera það, sem hann er bezt hæfur til og hefir helzt löngun til að gera, og æfist í því frá barndómi. Og ef því er framfylgt, þá er ekki stór hætta fyrir leti og iðjuleysi, því leti og ómenska er nokkurs konar vanheilsa.

Eins og ég sagði til að byrja með, þá er það fyrsta til að fá frið og rósemi, að semja lög, sem eru svo réttlát, að orðið getur, lög sem auðsjáanlega krefjast hlutdrægnislauss réttlætis, nefnilega, að í öllum athöfnum manna á milli, hvort heldur sem einstaklinga eða félags sambands, að gullna reglan "það sem þér viljið að aðrir geri yður, það skuluð þér og þeim gera". Friður, eining og velvilji verður að byrja á heimilunum, svo í nágrenninu, og svo smátt og smátt að útbreiðast eftir því sem ástæður leyfa.

Í sambandi við þetta er nauðsynlegt að börnum sé þegar í æsku kent að virðurkenna, að heila mannkynið sé af einum ættstofni, og þar af leiðandi að virða sérhvern sem ættingja og að vilja öllum vel, og að hafa hag annara jafn hugfastan sem sinn eigin. Í staðinn fyrir að kenna þeim eins og nú er tíðast gert, að virða að eins sinn eigin ágóða, en láta sér ill-líðan annara sig engu varða. Þau aðal gagnstríðandi öfl og kenningar í heiminum eru bæði einstaklinga og mannfélaga sjálfsábyrgð, sjálfsforræði og þekking á aðra hliðina, en einveldi og vanþekking á hina, og því verða börn strax á unga aldri að læra að þekkja mismun góðs og ills í sínum fylsta eiginleglekika. Að bera virðingu fyrir bæði sínum eigin og annara réttindum. Læra að skilja, að góðir eiginleglekikar eru sá bezti erfðaskattur, sem nokkur getur látið eftir sig, eða tekið í arf. Og þar eð í sannleika mannorðið stendur í líku sambandi við eiginleglekikana, sem búðin gerir við holdið, þá ættu allir að vera á það vandir, að láta sér ant um að afla sér óaðfinnanlegs mannorðs. Sem verður alt auðveldara, þegar fólk fer að alast upp í þeirri þekkingu, að hver og einn sé fá öllu leyti ábyrgðarfullur fyrir sjálfum sér, og að það sé ekki þörf á nema hæfilegum og hyggilega útvöldum leiðtoga, og uppfræðing. Því þeir verða til þá og þeirra mun allajafna þurfa með, meira og minna.

Margir munu álíta, að allsherjar friður geti aldrei komist á, en Íslendingar ættu að minsta kosti ekki að hafa þá skoðun. Vér vitum, að þó Ísland væri bygt af djörfustu og forræðisfylstu hermönnum, ekki að eins Norðmönnum, heldur einnig skozkum og írsk um Kelts, þá voru um það leyti þegar við flest af okkur fórum til Íslandi, nálægt þrjú hundruð ár síðan morð hafði verið framið þar og sýnir það, að það er til þeirra goðisku siðferðis eiginleglekika, en ekki til þeirra rónversku, sem alls herjar friður og réttlæti er eltirvæntanlegt.

Jafnrétti karla og kvenna er atriði án hvers allsherjar friður er ómögulegur. Kvenþjóðin skyldi ekki einungis njóta allra réttinda til jafns við karlmenn, sem borgari og meðlimur mannfélagsins, heldur skyldi venjast á, að taka jafngildan og óhlutdrægan þátt í öllum umvarðandi málefnum heimsins, svo vel sem í mentunarlegum, skynsemislegum og verklegum athöfnum lífsins. Enginn mótþrói skyldi eiga sér stað milli karla og kvenna. Vandamál og erfiðleikar lífsins eru þau sömu fyrir báðum. Og þau skyldu allajafna vera samtaka. Bæði hafa jafnan áhuga á og eru jafnt hluthafandi í velliðun heimilislífsins og mannfélagsins yfir höfuð, og er mikið auðveldara að koma á almennri velmegun, ef heila mannfélagið, án nokkurs kynferðis tillits, er samtaka. Og frá hvaða hefir sjónarmiði sem er, þá er það hæst nauðsynlegt, að karlar og konur dvelji saman í friði og einingu, sem er alveg óhugsandi nema á sönnum jafnréttis grundvelli.

Thistle, Utah.

John Thorgeirsson.

ÞAKKARÁVARP.

Hér með vil ég af hrærðu hjarta þakka öllum þeim, er ýmist með peningagjöfum, kærleiksríkri umönnun eða hvorutveggja, hjálpuðu mér á meðan maðurinn minn sálugi, Páll Jóhannsson, lá banaleguna, og eins eftir að hann dó.

Skulu þar fyrst nefnd Mrs. Anna Arason og börn hennar, og svo "The Argyle Brass Band" — sem Páll sál. tilheyrði — er stofnaði til samkomu til arðs fyrir mig. Einnig þakka ég Glenboro Íslendingum, sérstaklega herra Jóni Ólafssyni og konu hans, fyrir alla þá hjálp og velvild, er þeir auðsýndu mér, bæði til orða og verka.

Þess vildi ég óska, að ekkert af þessu fólki ætti nokkurntíma eins bágt og ég átti þann tíma, og bið ég guð að varðveita það frá því og öllu illu.

Glenboro, 23. júní 1908.

Jónína Jóhannsson.

HEIMSKRINGLU og TVÆR skemtilegar sögur fá nýir kaupendur fyrir að eins $2.00.

Hinir áreiðanlegustu — og þar með hinir vinsælustu — verzlunarmenn auglýsa í Heimskringlu.

—The— Criterion Hotel

McDermott Ave.

Nýtt, vandað gistihús með ágæt herbergi, vönduðustu drykkjir og fínustu vindlar.

Vinsælt meðal Íslendinga. Er beint á móti Tribune byggingunni á McDermott Avenue.

MORICE NOKES

EIGANDI

Woodbine Hotel

Stærsta Billiard Hall í Norðvestarlandinu
Tíu Pool-borð.—Alskonar vín og vindlar.

Lennon & Hebb,

Eigendur.

SPÓNNÝTT HÓTEL

ALGERLEGA NÝTÍZKU

Hotel Majestic

John McDonald,

eigandi.

James St. West, Rétt vestan við Main St.
Winnipeg — Telefón 4979

$1.50 á dag og þar yfir

Bandaríkja-snið

Alt sem hér er um hönd haft er af beztu tegund. Reynið oss.

MIDLAND HOTEL

255 Market St. Phone 3491

Nýtt hús, nýr húsbúnaður
Fullar byrgðir af allskonar vönduðustu drykkjum og vindlum í hressingarstofunni. Gisting einn dollar á dag og þar yfir.

W. G. GOULD :: FRED. D. PETERS,

Eigendur

WINNIPEG ::: ::: CANADA

Jimmy's HOTEL

Rétt á bak við Pósthúsið

Íslendingar ættu að reyna þetta gistihús. Í hressingarstofunni er sá eini íslenzki vínveitingamaður í Winnipeg.

James Thorpe,

eigandi

Fyrrum eigandi Jimmy's Restaurant

"Við vitum það ekki", sagði kona hans, "við getum ekki komist inn."

"Farið þið frá", sagði lávarðurinn við þjónana. "Hershöfðingi, við skulum ganga inn tveir saman. Aðalheiður, ég er hræddur um, að hér sé ekki heppilegur staður fyrir þig".

Lávarðurinn gekk á hurðina unz hún gaf eftir og opnaðist. Það logaði á náttlampa í herberginu, er var mjög ríkulega skreytt. Alt var í óreglu, gimsteinar og fót lágu hvað innan um annað. Við rúmið stóð hertogainnan. Hún var í sama búningi og um kveldið. Andlit hennar var óskugrátt af hræðslu og það var sem augu hennar ætluðu út úr höfðinu. Hún tók ekkert eftir, að komið var inn í herbergið, og enn einu sinni rak hún upp þetta voðalega org, sem smaug í gegn um merg og bein. Lávarðurinn gekk til hennar og lagði hönd sína á herðar henni. Hún sneri sér að honum og benti á rúmið.

"Látið á!" æpti hún. "Sjáið dóm minn! Sjáið hve refsingin hefir hitt mig!"

Lávarðurinn leit til rúmsins og sá, að þar lá hertoginn af Ormont d a u ð u r.

"Sjáið", mælti hún aftur, "þetta er refsingin, — dómur minn!"

Lávarðurinn tók á brjósti hins dauða manns.

"Hann er dáinn", mælti hann, "og það er nokkuð síðan hann dó".

"Hefi ég drepið hann?" spurði hún frávita af hræðslu.

"Nei, þér hafið ekki drepið hann. Því dettur yður það í hug?" sagði Lady Aðalheiður.

Þær höfðu verið svarnir óvinir fyrir að eins fáum stundum síðan, — hatað hvor aðra. En nú var það gleymt. Lady Aðalheiður lagði handleggnum utan um hertogainnuna og lagði höfuð hennar að brjósti sér. Hún kysti hinar köldu, fölu varir, sem

svo oft höfðu farið hæðnis og fyrirlitningarorðum um hana. Hún klappaði henni eins og hún væri litið barn.

"Þetta hefir verið voðasjón fyrir yður. Það er ekki að furða, þó þér séuð hræddar", sagði hún.

Hún reyndi að hugga hana, og henni tókst að sefa hina ofsalegu hræðslu hertogainnunnar. Nú sneri Caren lávarður sér að henni.

"Nita", sagði hann, "treystið þér yður til að segja frá því, sem við hefir borið?"

"Ég veit ekki. Ég kom hingað inn fyrir þremur stundum síðan, og þá talaði maðurinn minn við mig, og spurði hvar ég hefði verið, en ég svaraði honum nokkuð afundin. Ég var ekkert syfjuð og tók því bók og fór að lesa í henni. Við töluðum ekki meira saman. En rétt á eftir heyrði ég þungar stunur. — Ég skiltá mér ekkert af því, en hélt áfram að lesa hérum bil í 3 klukkutíma. Þá fanst mér alt í einu eins konar hræðsla gagntaka mig. Ég heyrði ekkert hljóð, enga mánstu hreyfingu. Ó, það var svo hræðilegt, — svo óttalegt. Svo gekk ég að rúminu, augu hans stóðu opin og sýndust að ásaka mig. Það er dómur minn, — já, dómur minn!"

Hún rak upp hátt hljóð, reif sig úr fangi Aðalheiðar og fleygði sér á gólfið.

Sorgin hefir hálftrufla 'ana", sagði hershöfðinginn. "Hvernig ætta dauði manns hennar að vera hegning á hana? Þér getið ekkert hjálpað hertogainum framar, Caren lávarður. Það bezta, sem þér getið gert, er að senda eftir lækn".

Lady Caren hafði vaknað við hávaðann og gauraganginn og kom nú inn.

"Er það mögulegt, að hertoginn sé dáinn?" spurði hún. En í því sá hún hertogainnuna og þurfti ekki annað svar upp á spurningu sína.

"Hversu hræðilegt er ekki þetta!" sagði hún.

Hertoginn hefir dáið í sama herbergi og kona hans sat í, án þess hún hefði minstu hugmynd um það. Úr hverju dó hann?"

"Það hlýtur að hafa gengið að honum hjartasjúkdómur", sagði kalteinn Randolph. Þó leit ekki út fyrir, að hann gengi með hann".

Það leið ekki á löngu þar til læknar komu. Þeir gátu náttúrlega ekkert gert, sögðu bara að hertoginn hefði dáið fyrir tveimur tímum síðan, að öllum líkindum þegar konan heyrði stunur hans.

Einn læknanna horfði vandlega á andlit hins framliðna. "Hann hefir ekki liðið miklar líkamlegar kvalir", sagði hann, "en þó er ég viss um, að síðustu stundir hans hafa verið mjög kvalafullar. Andlit dáins manns er vanalega blitt og rólegt, en hjarta þessa manns hefir liðið mjög, þar til dauðinn gerði enda á lífi hans".

Læknarnir snéru sér nú að hertogainnunni, en gátu ekkert hjálpað henni. Hún var vitá sínu fjær af hræðslu og samvizkubiti, en við því gefast svo lá meðul.

En undarlegast af öllu var, að nú þrýsti hún sér fast upp að Lady Aðalheiði. "Verið hjá mér", æpti hún. "Sleppið ekki hönd minni. Þér eruð svo góðar, — verið hjá mér og verndið mig fyrir reiði guðs!"

Alla nóttina sat Lady Aðalheiður hjá henni og reyndi að hugga hana, en árangurslaust. Hin ógæfusama kona, sem hafði setið þegjandi og í illu skapi meðan maður hennar var að deyja, gat hvorki fundið huggun, hvíld né frið.

LXV. KAPÍTULI.

Lát hertogans fréttist nú um alt. Hann hafði verið hátt settur í mannfélaginu og einnig mjög vinsæll maður. Hertogainnunni leið mjög illa og engin fékk aðgang að herbergi hennar, nema þjónustustúlka hennar og Lady Aðalheiður.

Lady Aðalheiður reyndi með öllu móti að hugg-

Veikindi hennar stöfuðu mest af hræðslu og ótta. hreysta hana, en það kom fyrir ekki. Fyrir hugskotssjónum hennar sveif alt af þessi sjón, er hún kom að rúminu og sá, að hann var dáinn.

"Getur ekki skeð", sagði hún aftur og aftur, "að ef ég hefði komið til hans, þegar ég heyrði andvörp hans, að ég hefði þá getað frelsað líf hans?"

Dag og nótt vakti þessi spurning fyrir henni: Hvað var það, sem dró hann til dauða?

Margir læknar komu að skoða líkið, og eftir langt samtal sín á milli kváðust þeir ekki geta gefið aðra orsök fyrir dauða hans en að guð hefði tekið hann til sín.

neinum hjartasjúkdómi, — svo þeim var ómögulegt,

Hann hafði ekki tekið inn eitur og leið ekki af að gefa öðruvísi úrskurð. En alt sitt líf kvaldist hertogainnan af þeirri hugsun, að hún myndi hafa getað frelsað líf hans, ef hún hefði komið til hans, þegar hún heyrði hann stynja. Hún vissi, hve innilega hann elskaði hana, hve alt hans líf tilheyrði henni, og svo — er hann sá, að hún ekki elskaði hann — þá brast hjarta hans.

Aldrei gat hún gleymt augnaráði hans, þegar hún laug því, að hún elskaði hann, — hvílík örvænt-

Ýmsar ástæður

eru fyrir því að vér höfum eins gott kjöt og nok kur annar kjötsali í bænum Reynið hvort ekki er

C. G. JOHNSON
Telefón 2631
Á horninu á Ellice og Langside St

Giftingaleyfisbrjef
selur Kr. Ásg. Benediktsson,
477 Beverley St. Winnipeg.

WINNIPEG Business College
FÉKK FYRSTU VERÐLAUN Á SAINT LOUIS SÝNINGUNNI.
Cor. Portage Ave and Fort St.
Kennir Bókhald, Vélritun, Simritun, Býr undir Stjórnþjónustu o. fl. Kveld og dag kensla. Sérstök tilsögn veitt einstaklega. Starfshögunar-skrá frí.

DR. A. EKERN
Sérfræðingur í Augna-, Nef-, Eyrna- og Holdssjúkdómum.
Grand Forks, N. Dak.

Cancer Cure.
R. D. EVANS, sem fann upp hið víðfræga lyf til lækninga
krabbameinum
óskar að allir sem nú þjást af krabbameinum, skrifi sér. 2. daga notkun meðalsins, læknar útvortis eða innvortis krabbamein. Skrifið strax til R. D. Evans, Brandon, Man. 27-8-8

Skrifið yður fyrir Heimskringlu, svoað þér getið ætíð fylgst med málum Íslendinga hér og heima.

Heimskringla þarf að fá 300 nýja kaupendur á þessu ári Hún óskar þessvegna að allir góðir menn og konur vildu gerast kaupendur þess sem allra fyrst. Nýjir kaupendur sem borga fyrirfram, fá 2 sögur gefins, og 5 sögur úr að velja. Hvað sýnist yður? Hkr. þakkar kaupendum sínum innilega fyrir liðin viðskifti, og vonar að geta þóknast þeim í framtíðinni eins og á liðinni tíð — og betur.

Til skemtunar og fróðleiks fyrir fólkið.

Látill útdráttur úr
"SMÁSÖGUR UM YKKUR"
Endurbætt til skilningsauka fyrir ókunnuga.
Eftir
"merkismannin" E. H. JOHNSON.

"Ég óska að vekja athygli lesenda Hkr. á, að það hafa nokkrum sinnum birst í því blaði greinar frá Spanish Fork, Utah, hvar í ritarinu hefir nefnt sig og félaga sína 'Við merkismennirnir'. Hverjir þessir eru, stendur ekki á miklu —" úr því mín er þar ekki getið að neinu. "En undir núverandi kringumstæðum", nefnilega ölundsýkinnar, sem alveg ætlar að sálga mér, "verð ég að geta þess, að herra E. H. Johnson er aðalleiðtoginn í þessum fyrirmannahóp. Hefir hann góðsamlega boðið mér, og það oftar en einu sinni, að ef ég vildi undirgangast, að rita ekki um neitt málefni, nema sem hann legði fyrir mig, og láta sig allajafna yfirvega alt, sem ég skrifaði til að láta prenta, — þá skyldi hann gera mig að merkismanni", — rétt eins og ég væri eitthvert veraldar úrkast, eða uppskafningur, sem enginn þekti hér í Utah, fremur en Max Muller, — já, þvílik bíræfni! — "En þegar ég ekki vildi þiggja þetta höfðingstilboð, varð hann styggur og ráðlagði mér, að umgangast þá, sem ég væri líkari en sér, og er ég einbeittur í, að fylgja þeim ráðum". Þar af leiðandi er það, að ég húki þar sem ég er nú, í 'hólunum fyrir ofan Foss', og ég hefi ásett mér, fyrir góðar og gildar ástæður, að sneiða mig hjá að tilheyra nokkrum "merkismanna" flokki, hvort sem þeir skríka mikið eða alls ekki neitt í blöðin. Eða hvort sem það er "hól og grobb um merkismenn" eða "skammir og svívirðingar" um landeyður og dóna, það læt ég mig engu skifta, — úr því það er ekki um mig, eða mín snildar og hreystiverk!

En mér er samt svoleiðis varið, að ég líð afarilla, að lesa hrós um nokkra menn nema lítillega, ef það væri bara um sjálfan mig. Það líð ég einna best, og sleiki vanalega út um þegar það er gert. Sem dæmi upp á, að ég er nú að "segja ykkur sannleikann", vil ég geta þess, að þegar hr. E. H. Johnson reit einu sinni hrósgrein um mig í blað, — sem er í það eina og einasta sinni, sem hann hefir nokkuð um mig ritað, — þá leið ég það svo undurvel — af því ég vissi líka, að ég verðskuldaði hrósið með öllum guðs rétti, — að ég, okkar á milli sagt, skeinkti Einari mínum tvo dollara fyrir vikið. Ekki vantar höfðingsskapinn hjá mér, þegar ég vil það við haka. Herra Einar hafði samt — auðvitað til málamynda — eitthvað á móti að taka við téðum skeink, en það var nú samt árangurslaust, ég tróð því í vasa hans, hvað sem hann sagði, og þetta gerði ég af því ég vissi þá, eins vel og ég veit það ekki núna, að Einar er merkismaður. Kitgerð hans um mig var margra dollara virði til mín, og í alla staði verð þess að prentast, og það helzt á fleiru en einu tungumáli, — samanber minn eigin vitnisburð í Hkr. XVII., 19. febrúar 1903. En það, að ég hafði ekki skeinkinn ögn riflegri, kom af getuleysi í svipinn, en hreint ekki af húskaskap eða vanþakklæti.

En hvað hólinu um þennan náttúrlega viðvíkur, þá verð ég að segja það "eins og það er", að ég hefði líðið það góðum tveimur dollurum betur, að það hefði verið "skammir og svívirðingar". Því það finst mér, að hæði hann og aðrir, sem skyggja á mig, verðskuldi með öllum rétti. En það hefir herra E. H. Johnson náttúrlega ekki treyst sér til að geta. Hann er nú svo vitur, þó hann viti ekkert um mína Sócrates, Muller og Emmerson, að hann leggur ekki út á þess leiðis ólgusjó. Hann þekkir Gísla, "það er áreiðanlegt", og hann veit, að Gísli er bæði sterkur og glámur, og sumir segja, til í flest, ef því er að skipta. Það er og ekki óhugsandi, að herra Einar hafi heyrt eitthvað um fornar hólmgöngur þessa mikla kappa! En, þó að þær væru sjaldnast við blámenn og berserki, þá voru þær við þau hraustmenni, sem ekki eru Einars meðkeri, — svo mikið er mér óhætt að segja, án þess það verði kallað raup af mér eða hrós um Gísla. Skeð getur líka, að Einar hafi heyrt eitthvað um hólmgönga sem Gísli þessi háði eitt sinn við sérlega nafnfrægan prófessor, sem lyktaði þannig, að velæruverðugur herra Gísli losaði eitthvað um buxnastreng prófessorsins og klappaði eða strauk honum þar sem hann áleit, að náðugum herra prófessornum kæmi bezt í þann svipinn. En fyrir hvaða orsök, að þetta skeði, eða hvað "premiu" að herra Gísli hlaut fyrir þetta hreystiverk, liður betri helmingur mannkynsins mér ekki að segja frá, og því segi ég ekki þessa sögu lengri. En þanna geta menn séð, hvað herra Einari hefir gengið til, að skrifa óverðskuldað hrós um mannskrattann, — og það, piltar góðir, alveg án vilja míns og vitundar, að ég ekk, nefni gullkúlið úr falska gullinu, sem hann narraði fólk til að skeinkja honum, og fleira. Það var hugleysið, gamla og alþekta, sem finst æfinlega í svo ríkum mæli hjá sérvitrum heimskingjum.

Framhald af þessu mikla og markverða ritverki, sem hér að framan er nefnt, og kvað vera, að "áreiðanlegra manna sögusögn", 50,000 orð á lengdina, — um þyngd og breidd vitum vér ekki, — verður máske síðar birt í Hkr., ef einhverjir kynnu að óska þess.

Spanish Fork, 5. júní '08.

För til Jan Mayen.

Af Seyðisfirði er skrifað:

— — — Í ráði er, að fara skeinti för héðan til eyðieyjarinnar Jan Mayen um sólstöðurnar í vor. Þessi eyja er nábúi vor í ishafinu, um dagleið fyrir norðan Langanes, sem kunnugt er. Ýmsum hefir leikið forvitni á að vita, hvernig umhorfs er á þessari eyju, sem að sögn er mjög merkileg. Þess vegna hefir Þorsteinn Jónsson kaupmaður útvegað gufuskip handa þeim, er ráð hafa til að leggja í förina.

Jan Mayen er ekki nema örfáar fermílur að stærð, en þó er þar gamalt eldfjall, sem er rúml. 1000 fetum hærra en Öræfajökull. Segja útlendir ferðamenn, að það sé það stórkostlegasta fjall, sem þeir hafi séð. Á eynni er dýralíf mikið, mesti grúi af sjófuglum, refum og selum. Einnig er það haft eftir manni, sem bjargaðist af Friðþjófi, sem fórst við Langanes, að þar hafi verið um borð moskusuxi frá Jan Mayen. Færeyskur skipstjóri sagist einnig hafa séð í dalverpi þar uppi á landi, hreindýr. Virðist það nokkuð ótrúlegt, þótt ógerla viti menn um dýralíf þar.

En svo mikið er víst, að gott er til veiða á þessari ey. Rekaviður er þar í hrönnum, nægur til að reisa heilar hallir, ef einhverjum þætti fýsilegt, að nema þar land. Ætlast er til, að það verði helzt einungis Íslendingar, er taka þátt í förinni, — ekki færri en 20. Verður fargjald þá 100 krónur á mann. Þetta lítur út eins og landkönnunarferðir gömlu Íslendinga. Máske það sé slægur í, að kasta eign sinni á eyna!! (Ingólfur 10. maí).

Fréttir.

— Vesalings Sylvia Edwards er vandræðagripur. Hún er vestur á Kyrrahafsströnd. Hún var fyrir fáum dögum sektuð í Victoria fyrir flæking. Við yfirheyrsluna hélt hún því fram, að hún væri fædd í Bandaríkjunum, og samkvæmt því var hún tafarlaust send með fyrstu gufuskipsferð til Seattle. En þegar þar kom, sagði hún yfirvöldunum, að hún hefði fæðst í Winnipeg. Henni var því bönnuð landganga í Bandaríkjunum, og samkvæmt því banni, getur hún hvergi stigið á land í Norður-Ameríku, og heldur því til á bátnum, ferðast með honum fram og til baka, enginn veit hve lengi.

— Saga er sögð af 18 ára gömlum pilti í New York, sem varð undir járnbrautarlest fyrir nokkrum árum og misti þá báða fæturna og annan handlegginn og eitt hvað af fingrunum á þeirri hendinni, sem hann hafði eftir. En í síðustu viku varð piltur þessi til að bjarga tveimur 12 ára gömlum piltum frá drukknun. Þeir höfðu verið í smábát úti á 10 feta djúpu vatni, þegar hvolfdi undir þeim. Pilturinn sá þetta og henti sér tafarlaust í vatnið og bjargaði báðum drengjunum til lands.

— Prestur einn í Chatham bæ í New Brunswick kvartaði um það í ræðu sinni fyrra sunnudag, að andmæli sin gegn vínverzlun landsins hefðu verið skoðuð sem móðgun af vissum hluta safnaðarins. Þess vegna sagðist hann ekki vilja starfa fyrir söfnuðinn lengur, og samstundis sté hann niður af stólnum, tók hatt sinn og gekk út úr kitkjunni. Söfnuðurinn sat eftir sem þrumulostinn, því að nokkuð stór hópur málsmetandi manna og kvenna fór út með prestinum. Enginn hafði búist við því, að presturinn hefði svo mikið "bein í nefinu", að leggja niður stöðuna við söfnuðinn sökum sannæringar sinnar. Nú verður söfnuðurinn að útvega sér annan prest.

F. Deluca
Verslar með matvöru, aldini, smá-kökur, allskonar sætindi, mjólk og rjóma, sælgæti, tóbak og vindla. Óskar viðskifta Íslend. Heitt kaffi ýba te á öllum tímum. Fón 7756
Tvær búðir:
587 Notre Dame og 714 Maryland St.

The Dominion Bank
NOTRE DAME Ave. BRANCH Cor. Nena St.
Vér seljum peningaávísanir borganlegar á Íslandi og öðrum lönd.
Allskonar bankastörf af hendi leyst
SPARISJÓDS-DEILDIN
tekur $1.00 inlag og yfir og gefur hæsta gildandi vexti, sem leggjast við instæðufé 4 sinnum á ári, 30. júní, 30. sept. 31. desembr og 31. march.

Sendið Heimskringlu til vina yðar á Íslandi.

Til fullkomustu tryggingar
Vátryggið fasteignir yðar hjá The
St. Paul Fire & Marine Ins. Co.
Eignir félags, eru yfir 3 milljón dollars. Skaðabætur borgaðar af San Francisco eldinum 1½ mill.
SKULI HANNSSON & CO., 55 Tribune Bldg., Phone 6476, eru sérstakir umboðsmenn.
E. S. Miller Limited
Aðal umboðsmenn
PHONE 2083 219 McINTYRE BLK.

T.L.
Heitir sá vindill sem allir reykja, "Hversvegna?", af því hann er það besta sem menn geta reykt. Íslendingar! munið eftir að biðja um T. L.
(UNION MADE)
Western Cigar Factory
Thomas Lee, eigandi Winnipeg

Redwood Lager og Extra Porter
Styrkið taugarnar með því að drekka eitt staup af öðrum hvorum þessum ágæta heimilis bjór, á undan hverri máltíð. — Reynið !!
EDWARD L. DREWRY Manufacturer & Importer Winnipeg, Canada.

Department of Agriculture and Immigration.
MANITOBA
Þetta fylki hefir 41,169,089 ekrur lands, 6,019,200 ekrur eru vötn, sem veita landinu raka til akuryrkjuþarfa. Þess vegna höfum vér jafnan nægan raka til uppskeru tryggingar.
Ennþá eru 25 miljónir ekrur óteknar, sem fá má með heimilisrétti eða kaupum.
Íbúatala árið 1901 var 255,211, nú er hún orðin 400,000 manns, hefir nálega tvöfaldast á 7 árum.
Íbúatala Winnipeg borgar árið 1901 var 42,240, en nú um 115 þúsundir, hefir meir en tvöfaldast á 7 árum.
Flutningstæki eru nú sem næst fullkomin, 3516 mílur járnbrauta eru í fylkinu, sem allar liggja út frá Winnipeg. Þrjár þverlandsbrauta lestir fara daglega frá Winnipeg, og innan fárra mánaða verða þær 5 talsins, þegar Grand Trunk Pacific og Canadian Northern bætast við.
Framför fylkisins er sjáanleg hvar sem litið er. Þér ættuð að taka þar bólfestu. Ekkert annað land getur sýnt sama vöxt á sama tímabili.
TIL FERDAMANNA:
Farið ekki framhjá Winnipeg, án þess að grenslast um stjórnar og járnbrautarlönd til sölu, og útvega yður fullkomnar upplýsingar um heimilisréttarlönd og fjárgróða möguleika.
R. P. ROBLIN,
Stjórnarformaður og Akuryrkjumála-Ráðgjafi.
Skrifið eftir upplýsingum til
Joseph Burke. 178 LOGAN AVE., WINNIPEG.
Jas. Hartney 77 YORK ST., TORONTO.

ing og sorg skein ekki úr augum hans. Hún gat heldur ekki gleymt, hve ónærgætin hún var við hann nóttina, sem hann dó. Þegar hún kom inn í herbergið, hafði hann risið upp í rúminu og spurt hana hvar hún hefði verið.

"Ég sé ekki, að ég þurfi að standa reikningsskap af hverju augnabliki lífs míns", hafði hún sagt.

"Ég er ekki vel heilbrigður", sagði hann, "og þá finst manni tíminn lengi að líða".

Hún hafði ekki svarað þessu neinu, en tekið bók í hönd og látist fara að lesa í henni, en var þó alt af að brjóta heilann um, hvernig hún gæti bezt hefnt sín á Lady Aðalheiði. Hún vissi ekki, hvað tímanum leið, svo beyrði hún langa, þunga stunu, en sneri sér ekki við til, að vita, hvort maður hennar þyrfti nokkurs með. Hún sat enn langa stund, þangað til hún fann til einhverrar óhægðar, og til að friða rósemi sína, neindi hún nafn manns sins.

"Gervase!" Ekkert svar. Hún hélt hann sváfi, og hélt áfram að hugsa. Hún ætlaði sér að yfirgefa hertogann, vinna Caren lávarð, hve erfitt sem það yrði, en sérstaklega ætlaði hún að heina sín á Lady Aðalheiði.

Svo kom aftur þtssi undarlega órósemi yfir hana. Hún gekk að rúminu og sá strax að hann var dáinn. Voðaleg hræðsla gagntók hana. Á meðan hún var að hugsa um að yfirgefa hann, leiða yfir hann sorg og smán, barðist hann við dauðann. Henni fanst sem dauði hans væri sér refsing fyrir synd sína, af reiði guðs, sem hún svo oft hafði hæðst að, hefði fallið yfir sig. Ó, hvað hún tók út, þegar hún stóð við lík manns sins, — því verður ekki með orðum lýst! Hún fann, að ásökun samvizkunnar mundi fylgja sér til dauðans.

Einhvern dag sagði hún við Lady Aðalheiði: "Illgirni og hugleysi fylgist ævinlega að. Ég held,

að ég hafi verið víti mínu fjær. Þegar ég hugsa til hins síðasta tímabils lífs míns, fyrirverð ég mig fyrir bæði sjálfri mér og öðrum".

Hin sterka, syndsamlega ást, er ríkt hafði í hjarta hennar, var alt í einu horfin. Þegar hún leit mann sinn liðinn hina voðalegu nótt, sloknaði ástin út og kom aldrei aftur.

Þegar maður hennar var dáinn, saknaði hún hans Hún saknaði umhyggju og ástar hans. Hann hafði ávalt gætað sér til vilja hennar og uppfylt hverja ósk hennar. Nú fann hún það fyrst, en nú var það of seint. En hún játaði það, að aldrei mundi nokkur maður elska sig eins heitt og hann hafði gert eða bera jafnmikla umhyggju fyrir sér.

Þegar búið var að ganga frá líkinu, kom erfingi hertogans, til þess að sýna honum hin síðustu virðingarmerki. Með mikilli viðhöfn var líkið flutt til hins gamla höfðingjasetturs á Skotlandi, þar sem allir forfeður hertogans hvíldu, og jarðsett þar. Margir stórhöfðingjar voru staddir við jarðarfarinna, og svo var erfðaskráin lesin upp.

Hann hafði ánafnað ekkju sinni mikkar árlegar tekjur og skrautlegt hús í Adleton í Kent. En hvers virði var það fyrir hana, sem var orðin vön við að ausa peningum út á báðar hliðar. Hún, sem hafði ráðið yfir hálfu greifadæmi, mörgum fögrum búgörðum á Skotlandi og skrautlegri höll í London.

Ættar gimsteinarnir, vagnarnir með hertoga kórónunni, þjónustufólkið, — alt gekk úr eigu hennar hennar til hins nýja hertoga.

Hún treysti sér ekki til að yfirgefa Brooklands, þegar likfylgdin fór þaðan. Lady Aðalheiður vildi heldur ekki, að hún færi meðan hún var svona veik. Hún yfirgaf ekki einu sinni herbergi sitt og enginn fékk að koma til hennar, nema Lady Aðalheiður.

Lady Caren og lávarðurinn vildu koma og sjá hana, en hún vildi ekki veita þeim móttöku.

"Þegar ég treysti mér til að fara, fer ég til Adleton og verð þar, — loka mig út úr heiminum".

Og hún lét ekki lenda við orðin tóm. Sama morguninn, sem hún fór, lét lávarðurinn spyrja hana, hvort hann fengi að kveðja hana, en hún neitaði því.

"Það getur skeð, að ég nái mér með tímanum", sagði hún við Lady Aðalheiði. "Ef ég losna við þessa hræðslu og taugar mínar styrkjast, þá skal ég aftur umgangast fólk, en þangað til vil ég ekki sjá neinn, sem þekkir mig".

Lady Aðalheiður reyndi á allar lundir til að tala kjark í hana, en ekkert fékk hana til að breyta áformi sínu.

"Ég vil ekki fullyrða, að ég sé betri en ég var", sagði hún. "Ég held ég sé að eðlisfari ekki góð manneskja. Í þeim viðburðum, sem hér hafa skeð, sé ég hegningu fyrir syndir mínar. Ég er ekki góð kona, og ég sé ekkert eftir hertoganum. Ég elskaði hann ekki, en hann hefði átt skilið, að eiga betri konu en mig. Ég er viss um, að ég get aldrei nokkurntíma gleymt því, sem nú hefir komið fyrir mig. Taugar mínar eru allar í ólagi, og það er furða, að hár mitt skuli ekki vera orðið hvitt".

Hún fór frá Brooklands, án þess að kveðja nokkurn mann. Þegar hún ætlaði að fara að stíga upp í vagninn, urðu tilfinningar hennar henni yfirsterkari. Hún lagði hendur um háls Aðalheiði og grét sáran.

"Ég hatað yður og reyndi alt, sem ég gat, til að tæla mann yðar frá yður, en þér hafið safnað glóðum elds yfir höfuð mér og verið mér góðar í raunum minum. Ég þakka yður fyrir það".

Þannig skildu þessar konur, sem höfðu verið svo bitrir óvinir. Lady Aðalheiður gleymdi og fyrirgaf

hinni ógæfusömu konu allan þann órétt, er hún hafði gert henni. Hún hjálpaði henni og hughreysti hana þangað til vagninn fór af stað.

LXVI. HAPÍTULI.

Eftir þennan sorglega atburð, fóru sumir gestanna í burtu frá Brooklands. Lady Kan og Alisa urðu eftir, sömuleiðis kafteinn Randolph. Reyndi hann eftir því sem hann gat, að skemta lávarðinum, sem tók sér alt þetta mjög nærri. Hershöfðingjinn tók sér einnig mjög nærri dauða hertogans. Öllum á Brooklands fanst meira og minna, sem einhver óhamingja hefði fallið yfir þá.

Enginn fann þó meir til þess, en Caren lávarður. Kveldið, sem hertogainnan fékk honum bréfið, hafði hann strax fengið sterka óbeit á þessu stefnumóti. Það var áreiðanlegt, þó hann vildi varla kannast við það, að með hverjum degi óx ást hans til konu hans. Mótsetningin á milli æfintýraríkrar hertogainnunnar og hins hreina, gólga hugsunarháttar konu hans, gerði æ meiri og meiri áhrif á hann. Honum var mjög á móti skapi, að mæta hertogainnunni einhversstaðar einslega, en hún hafði þrábeðið hann svo, að hann að lokum lofaði að koma.

"Þetta skal verða í síðasta sinni", sagði hann við sjálfan sig aftur og aftur. "Ég ætla að segja henni það í eitt skifti fyrir öll, að þetta getur ekki gengið svona".

Hann var mjög óánægður með sjálfan sig yfir að hafa lofað henni að hitta hana, en ákvað samt, að segja henni hreinskilnislega meiningu sína.

FRÁ KIRKJUÞINGINU

(Framhald frá bls. 2).

Nú tóku þeir prestarnir að deila á séra Friðrik, einn á fætur öðrum; var það góð skemtun. Kunnugir bótast best, kom mér sífelt í hug, að heyra til þeirra. Það var auðheyrt, að þeir höfðu oftsinnis áður tekið saman. Umræðurnar héldust innan ummerkja þeirra, sem greind eru í ræðu málsliðanda, og er ekki þörf að rekja þær frarlega. Þeir prestarnir brugðu séra Friðrik um skoðanaskifti, trúarjátningunni líktu þeir við samvinnu máldaga, við stefnuskrá stjórnmálaflokka o.s.frv. Væri samvinná ekki af hendi leyst, eins og játað var í upphafi, ætti sá, sem breytti til að sjálfsögðu að ganga úr. Hvergi viðgengist það, að flokksmanni væri leyft að vefengja og rifa niður stefnuskrá sins eigin flokks, gæti hann ekki þýðst hana, þá væri það hreinlegast af honum, að ganga úr flokki, og eins væri það um kirkjuna eða kirkjufélagsskap.

Séra Friðrik lét þá ekki eiga hjá sér. Hann hugði engan játa meiru en kenna eftir sinu viti, skilning og tilfinningu. Enginn tími gæti bundið ókomna tíð, engin guðfræði og enginn prestur komið fram með trúarjátning, sem hefði gildi um aldur og æfi. Trúarjátning ætti ekki að vera svipa til að keyra mann frá ljósinu. Stefnuskra stjórnmálaflokka væri iðulegum breytingum undirorpin, á þetta 3 til 7 ára timabili, og þá mætti fara nærri um það, að trúarjátning gengi úr sér um margra alda skeið. Úr lútersku kirkjunni ætti hann ekki að ganga, og gæti það ekki, hann gæti ekki afneitað henni fremur en henni móður sinni.

Forseti var eini presturinn, sem lagði séra Friðrik liðsyrði í umræðunum. Hann kvað að vísu rétt að kalla trúarjátningar hermerki o.s.frv., en öllu helzt vildi hann líkja þeim við varnarmúr. Sagðist hyggja, að drottinn hefði hagað því svo til, að sannleikur hefði borið sigur úr býtum í því þunga hugarstriði og hörmungum er dunið hefðu yfir kirkjuna á þeim tíma er trúarjátningarnar eru frá, og hann geymt í þeim. Þær væru arfur frá þeim tímum, og að sjálfsögðu mætti auka þar við.

Að loknum umræðum þótti sem dáðmandi kristindómur hefði ekki tapað á þeim hjá áheyröndum, þótt átt hefði sér formælendur kærri. Mörgum virtist vera flögurt af munnsöðnuðinum í fyrirlestri séra Jóns, og nokkrir voru hugsjúkir um ungu prestana, að þeir mundu ekki reynast jafnspakir leið togar og námsmenn.

(Framhald).

HÖSKULFUR.

ÚR BRÉFI.

Hallson, N.D., 6. júli 1908.

Nú um undanfarinn tíma hefir tíðarfar hér verið fremur óhagstætt. Vorið var kalt og votviðrasamt, en þó eru uppskeruhorfur víðast hvar ellgóðar.

Við byggingu járnbrautarinnar, sem á að leggja gegn um vesturhluta íslenzku bygðarinnar, skamt fyrir austan Pembina fjöllin, er nú unnið af töluverðu kappi. Búist er við, að braut þessi verði fullgerð snemma í haust, og er líklegt að hún auki mörgum bændum talsverð þægindi.

Þjóðhátíðardagur Bandamanna 4. júli var haldinn hátíðlegur hér í bæ. Skemtun var góð og munu flestir hafa farið heim vel ánægðir.

Einn af aðal forstöðumönnum þessa hátíðahalds var herra Benedikt Pétursson, verzlunarstjóri og póstafgreiðslumaður, og leysti hann það starf mjög vel af hendi, þrátt fyrir ýmsa erfiðleika, sem því voru samfara.

Útnefninga kosningar eru nýlega um garð gengnar, og voru þær sóttar af kappi miklu, sérstaklega af þeim, sem vildu ná sæti í efri málstofunni í Washington þinginu. Einna kappsömust var orustan á milli framfara (Progressives) og afturhaldshluta (Stalwarts) Republikana flokksins. Leiðtogi hinna fyrnefndu T. F. Marshall bar sigur úr býtum. Samkvæmt skýrslum, sem komu út í blaðinu "Evening Times" í Grand Forks, dags. 29. júni, fékk Marshall 18,392 atkv. yfir alt ríkið, en Hansbrough 13,508. Af 4 umsækjendum fékk hinn siðarnefndi að eins 75 atkv. fleiri en Little, sem var lægstur. Jafnvel í Pembina County, þar sem þeir klikukongar McKenzie og sératakleg Jud Lamoure hafa lengst ráðið lögum og lofum, fékk Marshall flest atkvæði. Þetta ber þess ljósan vott, að kjósendur í þessu County eru að hrjótast undan völdum slíkra pólitiskra vélráða (Machine) manna, sem McKenzie og Lamoure, og svo smámenna þeirra, sem reka erindi þeirra úti í landsbygðunum.

Nákvæmar skýrslur um íslenzku atkvæðin höfum vér ekki handhægar nú sem stendur. En líklegt þykir oss hér í bygð, að landar vorir hafi átt góðan þátt í úrslitunum. Vonandi er, að íslendingar haldi orstýr þeim framvegis, sem þeir hafa áunnið sér fyrir að vera sjálfstæðir og óleiðitamir í opinberum málum, því það ber vott um sjálfstæða ígrundun og þroskaðan skilning á þjóðmálunum, er hverjum fullveðja borgara ber að hafa.

Mrs. Sigrun S. Nordal

Fyrir tilmæli margra vina og vandamanna, sem og af eigin löngun minni, bið ég hér með heiðraða blað yðar að flytja meðfylgjandi mynd af Sigrúnu sál. Nordal til ættingja hennar allra og sérstaklega til foreldranna. Hún var okkur öllum svo kær, að við geymum minningu hennar til síðustu stundar.

Sigrún S. Nordal.

Sigrún sál. var fædd að Eyvindarstöðum í Kelduhverfi í Þingeyjarsýslu á Íslandi 28. nóv. 1878. Foreldrar hennar eru þau hjón Sigmundur Gunnarsson, Gíslasonar, og Jónína G. Jónsdóttir. Sigrún ólst upp með foreldrum sínum og fluttist með þeim til Seyðisfjarðar, þá á 3. ári, og settust þau fyrst að í húsi foreldra minna, Guttorms Jónssonar og konu hans Kristínar Lilju Gunnarsdóttur, Gíslasonar.

Árið 1892 fluttu þau frá Seyðisfirði til Ameriku og settust að í Nýja Íslandi, á Grund í Geysirbygð. Hinn 30. marz 1899 giftist hún Jóni Sigurðssyni Nordal, og settust þau hjón að hjá foreldrum hans í Geysir bygð.

Síðustu mánuði æfi sinnar var hún að Grund, og fékk þar að deyja í faðmi sinna elskuðu foreldra, sem hún hafði þráð.

Hæfileikum hennar hefir séra Runólfur Marteinsson lýst í Hkr. dags. 9. jan. sl., og hefi ég þar engu við að bæta. Sigrún sál. var sannkölluð prýði mannfélagsins, og hverjum því hugljúfari er hann þekti hana betur.

Blessuð sé hennar minning.

Margrét Guttormsdóttir.

Á maí morgun.

Röðull kær, úr rekkju þinni
ristu strax af lodda nætur,
græðis undan gráum voðum
gaman er að koma á fætur.

Sjáðu bara, hvernig hauður
hárið greiðir vors í blænum,
býr sig eins og bezt það getur,
blómum prýtt í skrúða grænum.

Hvenær var þér boðið betra
blessuð sól um æfi langa,
en að gefa geislum þínum
góðan dag á rósar vanga?

S. S. ÍSFELD

— Franskur læknir Dr. Delamarre hefir uppgötvað ráð til að eyða húsflugum. Það er blanda af einum tíunda "Formol" og níu tíundu hlutum af vatni. Hann segist hafa reynt þessa blöndu á þeim sjúkrahústæn, sem hann hafi haft umráð yfir á sl. 10 árum, og aldrei mislukkast. Með þessu kveðst hann hafa eytt 4 þús. flugum á dag í einu herbergi. Bezt segir hann að sé að skáta um eða endurnýja blönduna á hverjum sólarhring. Blandan er ódýr og þess verð, að hún sé reynd, þar sem flugur eru miklar.

DONNA KLARA.

Eftir HEINE.

Reikar ein í aldingarði
aftan fagran Donna Klara;
hiðra og bumbu blástrar gjalla
beint frá kátum hallarskara.

"Vart mér skemtun veitir dansinn,
vart mér þóknast fagurgalinn
ungra kappa, er mér líkja
ársól við, sem gyllir dalinn.

"Ekkert mér nú unun veitir
eftir það í mánans skini
ljúft um nótt mig lokka náðu
ljóðsöngvar frá kærstum vini.

"Hár og grannur, hugarrakkur,
hvíldu' á mér hans augun blá;
af sankti Georg sjálfum bar hann
að svip og gólgi tignarháu".

Þannig hljótt hún hugsa náði,
hneigði augum gljúpum niður;
en er lítur upp þá sér hún
ungan mann á hlið sér viður.

Svo þau hæði saman leiðast,
sætt um ást og trúnað ræða;
vestanblærinn blómin kysti,
blæjum draums nam rósir klæða.

Draumblæ svipuð blómin ungu
brosa líkt og ástin þýða. —
"Segð mér, ástmey, fljótt því færíst
fagur roði um vanga bliða?"

"Bit af flugum þungt mig þjáir,
þær eru mínir fendur skæðir,
sem arn-nefjaður okur-Júði,
er um borgarstrætin þræðir".

"Ei um Júða, og ei um flugur
ættir þú hið minsta að hirða:
af möndlutrjánum fögrum falla
fjölmörg blóm, sem áttu' að virða".

"Blómin sýnast sölnuð vera,
segð mér að eins, meyjan kæra:
mun þitt hjartað minna vegna
munar-heitust ástin bæra?"

"Því mátt trúa þig ég elska,
þar um hann sem vitni' ég kalla
Júðar sem á krossi kvöldu
og kvalir leið fyrir veröld alla".

"Um hann og Júða hirð þú eigi", —
hjalar kæppinn ástmey viður.
"Sjáðu liljur ljósi sveiptar
langt í fjarlægð drjúpa niður!"

"Hvítar liljur ljósi sveiptar
líta vilja stjörnu bjarta. —
En munu þínir ástaræðar
inst frá tryggu og gólgu hjarta?"

"Mér í brjósti býr ei falsið,
bærist hjartað slögum finum;
blakkra Serkja, bleikra Júða
blóð ei finst í æðum minum".

"Donna Klara, kæra meyja!
kær þig eium Serki' og Júða".—
Með sér unga mensól leiddi' hann
í myrtuslundinn blómsturprúða.

Haglega þar huga meyjar
hann í ástarræðing veiddi;
brennheit armlög, ótal kossar
inst í björtun fögnuð leiddi.

Blíðast sungu brúðarljóðið
blíðar raddir næturgala,
líkt sem kyndla leiki' að dansi
ljósormar um foldu svala.

Hljóðnar um í helgum lundi,
hægt þó kliði' í gullnu bari,
eins og minstu blessuð blómin
blæinn að sér draga fari.

Elskhugans í örmum hlýjum
upp nú vaknar Donna Klara,
þegar hallar hávær glaumur
henni' um eyru náði kara.

"Fyrr þú, vinur, við mig skilur
verður þú mér frá að greina
nafni þin og ættum öllum,
alt af sem mig gerðir leyna".

Meður brosi munarhlýju
minnist kappinn ástmey viður;
enni munn og mundir kyssir,
mælir því næst sem hún biður:

"Donna Klara, kæra meyja!
kenna skaltu mig hin friða,
minn er faðir hann mest hálærði
meistarinn Ísrael, frægur víða".

Sigtryggur Ágústsson

3 kennara vantar

við Gimli skóla, frá 1. september næstk. til 1. júli 1909. Einn með 1. stigs Professional Certificate og hina með 2. og 3. stigs.

Umsækjendur tilgreini kaup og reynslu sem kennarar.

Tilboðum veitt móttaka af undirskriftuðum til 5. ágúst næstk.

Gimli, Man.

B. B. OLSON,
Sec'y-Treas.

(23-7)

Hægra er að brjóta en byggja.

"Fyrir andlega þörf stórrar sálar" hefir herra Gísli Jónsson prentari í Winnipeg ritað langt mál í síðasta blaði af Heimir, IV. ár, 12. blað. Og í tilefni af sumu, sem oss hér vestra sérstaklega viðkemur, þá ræðst ég í að rita fáar línur.

Ég ætla ekki að fara neitt út í Hallfreðarsögu eða samanburð á lyndiseinkennum Hallfreðar og íslenzku þjóðarinnar, eða að reyna að taka málstað Ólafs konungs Tryggvasonar. Mér hefir verið illa við þann mann frá því fyrsta, að ég las sögu hans, eins og mér er við þá heilögu konunga bíbliunnar Davið og Salómon. Allir þessir miklu konungar eru ataðir blóði miskunnarkaussar heiftrækni og óstjórnlegrar drotnunargirni og valdafýknar, og guðræknisblæjan, sem yfir þá hefir sáldlega verið sveipuð, hefir í minum augum verið götóttari og fyrirlitlegri, en nokkur önnur svikagylling, sem ég hefi gefið nákvæmar gætur.

Það eru blaðamál vor hér vestra sem ég hefi í huga þegar ég segi: Hægra er að brjóta en byggja. Efalaust er það nytsemi og mikilsvert fyrir vorar andlegu framfarir, að sanngjarnlega og vel sé um þetta mál ritað og rætt. Að bæði sé hlutdrægnislaust bent á gallana á vorri ritstjórn og blaðamensku, og einnig bent á, eða látið fylgja með, hvernig eigi að bæta og laga það sem miður fer, og hvaða nauð synjamál þjóð eru, sem framhjá er gengið og ekki nái þar inn að ganga. En mér finst sama hjá þessum heiðraða höfundi, sem hjá öðrum, er á þetta mál hafa minst, að hægra sé að brjóta en byggja.

Nú skulum við gæta að, hvað þessi heiðraði höfundur G. J. segir:

"Nálega hver maður, er penna getur valdið, ýmist yrkir eða ritar um öll mögulegu og ómögulegu viðindi og óvisindi milli himins og jarðar, í jörðu og á, og það sem í himninum býr. En mest er þó þjarkið og þrástaglið um það, er engan varðar eða fáa að eins, og engum getur orðið að liði. Blóðin sjálf lita stundum út eins og sorpkyrnur þær, er á bakgerðum standa, og hafðar eru til að safna í úrgangi þeim, sem engum getur lengur að liði orðið, en öllum stafar mein af. Það er alls ekkert launmæli, að fjöldi fólks er stórónægt með blöðin í núverandi mynd".

Síðar segir hann, í tilefni af því, hvort hugsanlegt sé, að bót verði ráðin á þessum andlegu óþrifum:

"Ég fyrir mitt leyti ætlast ekki til þess af þeim eins og þau eru nú — á meðan þau eru ýmist andlega hölt eða handarvana, sum litblind, önnur einsýn, sum eins og snigillinn með augun framan á löngum trjónum, svo þeir geti gætt í kringum sig áður en þeir voga sér út úr skehnni".

Öll þessi orð og aðfinslur hjá höf undinum kalla ég niðurbrot og ger samlega eyðileggingu, sem meinar það, að langt um betra væri, að ekkert blað væri gefið út hér hjá oss, heldur enn að eiga þessa andlegu þest sífelt vofandi yfir höfði sér, þennan andlega svartadauða, sem er orðið ólæknandi drep fyrir vora þjóðarmenning, og til stórskammar í augum allra skynberandi og heiðarlegra manna. Þetta er réttra meninga í lýsingu höf undarins.

Og ef nú þessi hr. G.J. prentari er svo merkur maður og heiðvirður, að almenningur taki nokkurt mark á orðum hans, þá er mér ómögulegt að geta séð, hvernig ritstjórar og blaðaútgefendur hér á meðal vor geta leitt þetta hjá sér. Mér kemur ekki til hugar að efa það, að höf. sé fullmerkur til þess að orð hans séu svaraverð, og dreg ég það mest af því trausti, sem ég ber til séra Rögnv. Péturssonar, ritstjóra Heims, að hann, jafn ágætur maður að vitsmunum og viðsýni, hefði ekki leyft þessari grein að koma út í blaði sínu með jafn voðalega ádeilu, ef höfundurinn hefði ekki verið merkur maður.

Hvað er svo bvýt upp hjá höfundinum fyrir brunann og eyðileggínguna? Þetta:

"Vér eigum heimtingu á, að mál efni mannfélagsins sén rædd í blöðunum" (dáltið viðtækt að tarna hjá höf.), — "að dálitall greinarmunur sé gerður á þeim allra vitlausustu og á menningarmálum þjóðarinnar". (Þarna finst mér liggja í orðunum, að ritstjórinn ætti að láta dóm fylgja hverri grein, eða geta þeim viss stig eða einkunnir), — "að slengja ekki sam an mönnum og málefnum, og láta ekki góð mál gjalda framsögu manna sinna" (oft koma ráð úr refsbelg), — "og að blöðin varðveiti tungu vora (málið) og að þau beim þugsun almenninga til menningar og hugsunarelsis, eða ki marti í hælana, eða fari eftir krókóttri sporslóð almenningsálitsins".

Ég er nú ekki svo vitur, að skilja skáldskapinn í síðustu setningunni. En líklega er eitthvað mikið í það varið, þar sem það stendur í trúfræðislegu tímariti!

Þarna höfum við hér um bil alla lexíuna frá höf. viðkomandi blöðunum, og virðist mér hans mál mjög óákveðið og í fyllsta mæli ósanngjarnt, einnig líka ósamkvæmni og bull, — þar sem hann finnur þörf á meira hugsanafelsi, en lætur þó hvern einasta 'pennadólg' skrifa um alla skapaða hluti í jörðu og á, og það sem á himnum býr, bæði vit og vitleysu. Engin undantekning er hjá honum gerð — alt er sama forsmánin. Þarna er ósanngirni á háu stigi, sem ómögulegt er að mæla bót.

Ég hefi enga löngun eða tíma til að fara út í blaðaþras við höfund þessa sleggjudóms, og ætla mér það ekki. Líka stendur mörgum það nær en mér. En honum til heiðurs og þökkunar, — því heiður er það fyrir hann, að þessu bulli er ansað, — ætla ég í fám orðum að segja, hvaða skylda ég imynda mér að hvíli á blöðum vorum, eða hvernig ég óskaði að þau væru úr garði gerð.

Það er þá fyrst, að ég dreg langt stryk á milli fréttablaða vorra — vikublaðanna — og mánaðar eða tímaritanna. Ég geri helmingi hærri kröfur fyrir fróðleik og bókmentalegt gildi tímaritanna, en viku eða dagblaðanna, — ég meira að segja get ekki þolað íj. bull í vorum smáu tímaritum, og það er öllum vorkunnarlaust, sem hafa þau á hendi, að gera þau þannig úr garði, að menn fái úr þeim nytsaman fróðleik. Því enda þótt, — það sem nú ekki er, — að höfuð ritstjóra þeirra væri innantómt, þá er samt heimurinn fullur af fróðleik og ótal gimsteinum, til að safna í þessi smáu rit, sem væru þess virði að geymast í gyltu sniði á bókahyllum vorum. Og annað, sem ég líka heimta af þeim, að þau gleymi aldrei sinni meginreglu og ákvörðun, að alt sem í þeim stendur sé í andlegum skyldleik og sambandi við stefnu þeirra. Með öðrum orðum, að ritstjórinn riti og velji það, sem þar á heima. T. d. í Heimir: Ritgerðin "Vitnisburðurinn um Krist", hún á þar heima, og er ljómandi vel rituð grein, svo ég get lesið hana upp aftur og aftur. Og þannig eru margar greinar í Heimir. En ritgerð herra Gísla prentara á þar ekkert heimili, hún er þar aðskotadýr og óþokka gemlingur, sem spillir friði á heimilinu.

Eins er með sum þessi kvæði sem verið er að fylla tímaritin með, að þau eiga þar ekki heima, og taka of mikið rúm upp frá nytsömum fróðleik. Það mun vera hættulaust að segja, að allur þorri alþýðu kaupir tímaritin sér til andlegrar uppbyggingar, en viku og dagblöðin fyrir léttari fróðleik og skemtun. Tímaritin eru geymd og bundin, og þeim er ráðað til uppáhaldsbókum vorum, en vikublöðunum er hent eftir lesturinn. Þarna er stór munur. Og í minum augum er munurinn svo mikill, að ég get fyrirgefið marga smágalla á vikublaði, en engan á vorum smáu tímaritum. Enda enginn vandi fyrir í meðallagi greindan mann og smekkmann, að láta þessar fáu blaðsíður vera fullar af staðgóðum fróðleik, með mánaðar fyrirvara.

Að tímarit vor hafi uppfyllt skyldu sina, ætla ég ekkert um að dæma nú. En það er álit mitt, að þeim sé meira ábótavant en vikublöðunum okkar. En stór ósanngirni er að segja, að ekkert sé nýtilegt í þeim eða bókmentum vorum til gagns og sæmdar.

Vikublöðin hafa aðallega á hendi eða til meðferðar: Almennar fréttir um víða veröld, geta um allar uppgötvanir og nýjar framfarir í andlegum og verklegum efnum. Standa opin fyrir öllu því, sem við ber í vorum íslenzku bygðum og hústöðum, bæði hvað við kemur húskapar framkvæmdum og mentunarlegri framför. Þau geta um dauðsföll, slysfarir og hvað annað. Færa oss alt það merkasta sem viðber á ættjörð vorri Íslandi. Svara þrætu og vakaspurningum, ef til þeirra er leitað. Hafa góða, leiðbeinandi kafla fyrir búskap og hæmilishagsæld. Gefa mönnum og málefnum hrós og góðan orðstýr, sem eiga það með réttu skilið, og yfir höfuð ljá öllu fögru og gagnlegu fylgi sitt. Líka kveða niður alt, sem er einskisvirði, og ganga blíðarlaust á milli bols og höfuðs á öllu, sem er fánýtt og andlega rotið og stendur þjóð vorri og almenningsheill fyrir þrifum bæði andlega og efnalega. Og margt mætti segja fleira, sem við kemur viku og daglöðum, því sannleikurinn er, að það er ómögulegt að marka þeim neinn víssan verkahring, frekar en hugsandi manussál, eða viðburðum sem lífinu fylgja. Og þarna kemur þessi stóri missmunur, sem er á því, að stjórna segjum kirkju eða kvenréttindablöðum, eða öllum þeim ritum, sem hafa einskorðað málefni, að þar er hringurinn minni og takmarkaðan skýr.

Og því held ég því fram, að það sé langt um meiri vandi og þurfi helmingi fjölhæfari mann, betur mentaðan, með kjark og staðfestu, til að stýra viku eða dagblöðum, en mánaðarritum. En engan staða getur verið til í mannfélaginu skemtilegri og þarflegri en að vera ritstjóri, og geta gegnt þeirri köllun vel. Þar er maðurinn andlega frjáls og þar geta áhrif stórrar sálar verkað heimsendanna málli og náð langt fram í aldir. En líklega í engri stöðu meiri vandi að vera húsbóndi á sínu heimili en í ritstjóra stólnum, — og allra helzt meðal Vestur-Íslendinga. Þar þykist hver góður fyrir sinn hatt, og vanþökk og illkvittni hefir verið hingað til mestu launin, sem þeirra ferustu og mestu menn hafa borið úr býtum.

Vill nú herra Gísli prentari neita því, að vor íslenzku vikublöð hér hafi ekki fylgt og reyni að fylgja flestu af því, sem ég hefi talið upp? Nei, hann má til að svara því játandi. Og ef maður tekur til samanburðar innlend blöð, norsk, svensk og ensk, þá verða vor blöð vansæmishitil. Og jafnvel hjá vorum hærðu og æfðu mönnum á ættjörðinni gömlu er ekki allur rithátturr fagur, og nóg þjark og þræt, og hver upp á móti öðrum.

Höf. segir: "Þjarkið og þrástaglið er sem engan varðar neitt um". Þessu man ég ekki eftir nú í nálægri tíð. En ég man eftir löngu deilunni um Goodtemplara málin, sem ég kalla bæði almenningsmál og velferðarmál, og ég er fastlega með því, að þeim félagsskap verði þessi harða deila til mikils góðs. Það er margur farinn að dofna í sókninni, þegar undir 20 ár er komið, og farnir að verða kærulitlir um hagsæld og velferð sinna áhugamála. — Þannig má finna dæmin í stjórnmálum vorum hér æði víða. — Því álít ég, að Sigtr. Ágústsson hafi gert gott verk, að koma ruggi á þá, sem farnir voru að dotta. Hvað sem hvötum eða tildrögum líður. Og víða var sú langa ritgerð vel skrifuð og óhluttdrægt, og á Hkr. þökk skilið fyrir frjálslyndið að flytja hana.

Að ekki megi finna galla á blaðamensku vorri, hefi ég ekki á móti. En með viti og sannsýni ætti maður að dæma hvert mál. Þá eru meiri líkur til, að eftir því verði tekið, og úr göllunum bætt, ef kostur er á og þörf eru til.

Lárus Guðmundsson.

Þakkarávarp

Hér með finn ég mér bæði ljúft og skylt, að votta öllum mitt innilegasta hjartans þakklæti, sem á einn eða annan hátt aðstoðuðu mig og veittu hjálp og liðsinni í dauðastriði mannsins míns sáluga, Bóasar Arnbjörnssonar, og heiðruðu útför hans með nærveru sinni, sem lézt eins og nú er þegar kunnugt þann 28. marz sl. á sjúkrahúsi einu hér í Salt Lake City, Utah. En sérstaklega vil ég tilnefna hinn göfuga heiðursmann herra Einar H. Johnson, og votta honum minar alúðarfylstu og innilegustu þakkir fyrir hans óþreytandi hjálp og aðstoð við mig og mína við téð tækifæri. Nefndur herra E. H. Johnson, aðalumboðsmaður bræðrafélagsins "Knight of the Maccabees of the World", fór með mér til Salt Lake City á járnbrautinni, sem er nær 60 mílur beint í norður héðan, og aðstoðaði mig þar eins og bezti faðir, með sinum alþekta dugnaði, lipurð og mannkærleika. Var þannig orsök til, að vesta mér þá huggun mitt í sorginni, að fá að vera hjá manninum minum við andlát hans. Þar sá hann að öllu leyti um líkið og flutti bæði það og mig hingað heim til Spanish Fork. Og hann gaf ei upp þar til að grafrunin var afstaðin. Og síðast í umboði félagsins borgaði hann mér að fullu lífsábyrgðar skýrteini mannsins míns sál. í félaginu No. 3686, $1000. — Fyrir þetta alt, og margt fleira, sem er óupptalið, viðvíkjandi téðu sorgartilfelli, er ég framannefndum ágætismanni af hjarta þakklát.

Sp. Fork, Utah, 18. júni '08.

Bjarnlaug Eyjólfsdóttir.

Kennara vantar

til Laufás skóla No. 1211, frá 15. september, 3 mánuði. Tilboð, sem tiltaki mentastig og æfingu ásamt kaupi er óskað er eftir, sendast til undirritaðs fyrir 25. ágúst.

BJARNI JÓHANNSSON,
Geysir, Man.

(30-7)

Winnipeg Fréttir

Stjórnarráð Winnipeg borgar hef ur lokið við að semja áætlun yfir tekjur og útgjöld Winnipeg borgar á yfirstandandi fjárhagsári. Alls eru útgjöldin áætluð rúmlega 2 miljónir dollara, og tekjurnar nokk uru hetur. Hér teljast nú yfir 116 miljón dollaru virði af skattskyldum eignum, og skattbyrðin er bundin við 15 Mills eða 1½c í fasteignasköttum, að ótöldum aukasköttum, sem eru langt um meiri en aðal fasteignaskatturinn.

Björn Walterson brá sér á fimtudaginn var vestur í Quill Lake bygð í Saskatchewan fylki. Áform hans er, að kynna sér hag og framtíðarhorfur landa vorra þar, og um leið að heimsakja nokkrar fjölskyldur, sem hann fyrr nokkrum árum hjálpaði til að ná landfestu þar vestra, og sem áður voru á vegum hans og Josephs Walters bróður hans, vestur í Argyle bygð. Joseph hjálpaði fjölskyldum þessum að komast af Íslandi, þegar hann fyrir nokkrum árum fór þangað í kynnisför til ættingja og vina.

Þann 5. þ.m. lézt á St. Boniface spítalanum Kempton McKim, einn af beztu leiðtogum verkamanna í þessum bæ. Hann var formaður prentarafélagsins hér tvo kjörtímabil, meðan baráttan um 8 klstunda vinnudag stóð sem hæst, og stýrði þeirri baráttu með lipurð og framsýni. Síðasta ár hafðist hann undan kosningu sem formaður félagsins, en var þá kosinn féhirðir og gengdi þeim starfa þangað til í vor, að hann sagði af sér. Hann var um tíma einnig formaður verkamanna sambandsins hér. McKim hafði verið hér í bænum að eins 4 ár, og ber það vott um hina miklu leiðtoga hæfileika hans að hann á svo stuttum tíma var settur í þær ábyrgðarmestu stöður sem samverkamenn hans og verkamenn yfir höfuð hölðu að bjóða. Hann var einnig mjög vel látinn maður. Um þingmensku sótti hann fyrir Vestur Winnipeg í síðustu fylkiskosningum, en náði ekki kosningu, þó hann fengi fleiri atkvæði en við mátti búast. Hann varð að eins 36 ára gamall.

Þann 1. þ. m. gaf séra Fr. J. Bergmann í hjónaband þau herra Frank Wesley Dawson, frá Toronto, og ungfrú Aðalbjörgu Strang dóttur Mr. og Mrs. Jóh. Strang hér í bænum, og fyrrum í Argyle bygð. Herra Dawson er sérlega myndarlegur maður, af góðum ættum, og vinur á einni af skrifstofum C.P.R. félagsins. Heimili þessara ungu hjóna verður að 224 Good St., hér í bænum. — Heimskringla óskar þeim allra framtíðarheilla.

Capt. Sigtr. Jónasson fór á sunnudaginn var austur til Ottawa til þess að hylla Laurier-stjórnina til þess að loía tillagi — núna fyrir kosningarnar — til framlengingar á járnbrautinni frá Gimli bæ norður að Íslendingafljóti. Dominion stjórnin hefir þrásaldlega verið beðin um tillag til þessa verks í sl. nokkur ár, en að þessum tíma hefir hún ekki verið fáanleg til að loía neinu. Nú er orðin megn óánægja meðal fólks þar neðra út af þessu, og hota vinir flokksins að greiða atkvæði móti honum við næstu kosningar, nema loforð um styrkveitingu sé gefið strax. Capteininn á að sækja það loforð.

Til Íslands, fóru á miðvikudaginn í þessari viku þær ungfrúrnar Margrét Skúlason, Jakobína Sigtryggsson (Sigurðssonar frá Husavík) og Sigríður Nikulásdóttir Johnson, bróðurdóttir séra Jóns Bjarnasonar. Enníremur Jón Jónsson með konu og barn. — Stephan Stephensen, sonur Jónasar Stephensens og konu hans frá Seyðisfirði, ætlaði að kvongast í gærmorgun og verða í Íslandsferð þessari með konu sína, en hann varð bráðkvaddur heima í föðurhúsum þann 7. þ.m., meðan verið var að undirbúa á vagnstöðinni undir ferð hans austur.

Um eða yfir 300 Goodtemplarar íslenzkir fóru þ. 6. þ.m. skemtiferð til Gimli. Veður var hið æskilegasta og skemtanir góðar þar neðra. Segja þeir Gimli bæ hafa verið hreinlegan og að öllu prýðilega útlitandi.

Skúli Johnson, frá Bertdale, Sask., var hér á ferð um síðustu helgi, í kynnisför til ættingja sinna í Shoal Lake nýlendu og til að vera hér á sýningunni. Hann lét vel af útliti vestra.

Joseph Austmann varð fyrir þvi slysi þ 6. þ.m., að skot úr smábyssu lenti í öklalið á öðrum fæti hans. Hann var við skotæfingar nálægt Selkirk bæ, og náðist kúlan ekki úr fæti hans þar neðra. Var hann því fluttur hingað og kúlunnar leitað með X-geisla. — Væntanlega verður pilturinn gongu fær innan skams tíma.

Jón Jónsson, 770 Simcoe St., skerpir sagir fyrir karla, gerir við katla og önnur ílát fyrir konur, og ýmislegt fleira.

Heimskringla hefir verið spurð, hvort leyfilegt sé að taka upp við á stjórnarlandi til að byggja af honum skólahús. Svarið er, að til þessa verður að fá leyfi hjá Crown Timber Agent rikisstjórnarinnar. En það leyfi fæst ókeypis. Tilgreina verður í beiðninni á hvaða landi viðurinn skuli takast og hve stórt húsið eigi að vera og hve mikinn við þurfi til þess. Ef beiðni er send til Crown Timber Agent, Winnipeg, þá sér hann um, að leyfið sé veitt. Ritstj.

Þorgrímur Péturssón, sem um sl. 4 mánuði hefir dvalið í Nýja Íslandi, var hér á ferð í byrjun þ. m. áleiðis til Morden, Man., þar sem hann hefir vissa sumarvinnu. Hann segir bleytur miklar þar nyrðra og atvinnu deyfð.

Ringling Bros. Circus sýndi hér 2 daga í síðustu viku. Um 20 þús. manns sóttu þá sýningu hvoru dagínn. Áætlað er, að stjórnendur þessarar sýningar hafi tekið 25 þúsund dollara með sér frá bæjarbúum fyrir tveggja daga skemtun.

Stefán Eigilsson, frá Árdal í Nýja Íslandi, kom hér við á heimleið úr ferð sinni vestur í Saskatchewan. Honum leizt mjög vel á lönd þar og keypti af C.P.R. felaginu hálfa Section af landi eina ml. frá Leslie, fyrir $12 ekruna. Heimilisréttarlönd kvað hann ekki vera fáanleg þar nálægt. Útlit með uppskeru sagði hann fremur gott þar vestra.

Þorlákur Björnsson og sonur hans og Helgi Þorlákssón með Birni syni sínum (öll frá Hensel, N. Dak.) komu til bæjarins um síðustu helgi í kynnisför til ættingja og vina hér og í Selkirk.

Jón Gilles, pianósali, lagði í gærdag leið sína vestur til Banff í Klettafjöllunum til þess að vera þar í brennisteinsböðunum um 3 vikna sima sér til heilsubótar. Þaðan hygst hann að fara vestur yfir fjöllin og litast um í bygðum Íslendinga á Kyrrahafsströndinni. Hingað býst hann við að koma aftur fyrir lok ágústmánaðar.

Látinn er í California í Bandarikjunum Valdimar Davið Valdimarsson, úr tæringu. Hann fór héðan frá Winnipeg vestur til British Columbia fyrir tveimur árum og kvongaðist þar í ágústmánuði í fyrra sumar.

Conservative Club
Fundur á Gimli á laugardaginn kemur

THE CONSERVATIVE CLUB, Gimli, heldur fund að Lakeview Hotel þann 11. þ.m., kl. 2 e. hád. Óskað er, að allir meðlimir klúbbsins sæki fundinn, og einnig sem allra flestir Conservativar, þótt þeir séu ekki í félaginu.

p.t. Winnipeg, 7. júli 1908.
G. P. MAGNÚSSON.

"CONFIRMATION".

Ár. 1908, þann 28. júní, "confirmeraði" séra Oddur V. Gíslason neðanskráð 10 ungmenni, í hinni evangelisku lútersku kirkju Brandon sáinaðar, við morgunguðsþjónustu, og neyttu þau öll, ásamt bræðrum og systrum í drotni, kvöldmáltíðar sakramentis við kveldþjónustuna:

Mr. Guðmundur J. Sigurðsson, Hjörtur Olson, Jóhann V. Anderson, Jón J. Sigurðsson, Kristján Olson, Stefán E. C. Gunnlaugsson og Ingimundur Sigurðsson.

Miss Guðjóna G. Goodman, María A. Árnason og Maria Anderson.

Sama dag gefin í hjónaband: Mr. Albert Edward J. Lewis (enskur) og Miss Olifia Th. Sigurðsson (isl.).

Sama dag voru skírð 4 börn.

p.t. Brandon, 29. júni 1908.
Oddur V. Gíslason.
710 Ross Ave., Winnipeg.

Richard Johannson

andaðist að heimili sínu eina mílu frá bænum Minneota, Minn, sunnudaginn þann 5. júlimánaðar, af innvortis sjúkdómi. Hann hafði um mörg ár þjáðst af innvortis meinsemdum, sem nú leiddu hann til hins síðasta andvökulausa svefns.

Richard sálugi var verulega góður maður. Hann mátti ekkert autnt sjá, og var ef til vill að heimsins dómi örari á sínu litla fé en kringumstæðurnar leyfðu.

Hann var ætíð glaður í bragði, og eins og varpaði sólarbjarma kring um sig, jafnvel þó hann þjáðist sjáliur. Hann þekti ekki vil eða vol, en hann þekti það góða í allri tilverunni, því maðurinn var vel skynsamur, hafði góða náttúrugreind, en vantaði, eins og svo marga af okkar gömlu Íslendingum vantar, þann blæ, sem sómmentun veitir eða umgengni við mentaða menn.

Hann kvaðst ekki framtíðinni, því vonin varp angurbliðum bjarma yfir hið ófarna.

Hans verður án efa nánar getið af hans mörgu vinum og vandamönnum.

Sofðu vært, vinur, — við komum á eftir.

G. A. DALMANN.
Minneota, Minn., 5. júlí 1908.

Fundarboð.

Bændafélagsfundur verður haldur haldinn í skólahúsi Geysir bygð ar laugardaginn þann 11. júli nk., 1 e.h. — Munið eftir að fjölmenna á fundinn, því þeir, sem ekki koma, missa við það meira en þeir geta gert sér grein fyrir. Svo leiðis er það nú lagað.

G. V. EINARSON,
Sec'y-Treas.

Sjónin.

Meira en þúsund ár eru liðin frá fæðingu hinnar íslenzku þjóðar, og nálega þúsund ár síðan Íslendingurinn Bjarni Herjúlfsson fann Ameriku (árið 986). Hverjum leiðina framförum hefir ekki mannkynið tekið á þessu tímabili?

Þessar hugsanir vöknuðu hjá oss er vér tókum oss penna í hönd til þess að leiða athygli lesenda vorra að "The Royal Optical Company" í Winnipeg. Því þegar vér lítum yfir gjörvalt svið vísindanna, þá finnum vér enga grein þeirra, sem tekið hefir hraðskreiðari framfaraspor eða veitt heillavænlegri þekkingu heldur en

SJÓNAUKA VÍSINDIN.

En það er að eins á nokkrum síðustu árum, að vér höfum getað gert slíka staðhæfingu.

Í þá tíð, sem óskufallið mikla varð á Íslandi árið 1875 og útflutningarnir frá Íslandi tóku að streyma til Vesturheims, og 200 eða 300 Íslendingar tóku sér bólfestu í Rauðárdalnum, þá var þekking lítil á þeim sjúkdómum, sem orsaka sjóndepru, og þó enn minni á lækningu þeirra.

En nú á dögum geta augnalækningar ekki að eins bætt sjóndeprunna á undursamlegan hátt með viðeigandi gleraugum, heldur einnig algerlega læknað þá sjúkdóma, sem alt að síðustu árum engum datt í hug að setja í samband við augnveiki. Nú eru slíkir sjúkdómar sem taugaveiklun, höfuðverkur, tannpína, doðasýki og ýmsir aðrir kvillar læknaðir á þennan hátt.

Allrar varúðar skyldi þó gætt í vali augnalækna, því eingöngu ninum lærðustu sérfræðingum sem hafa nýjustu og fullkomnustu augnalækninga áhöld, er treystandi til að veita varanlegan bata.

Með þetta fyrir augum ráðum vér þeim, sem kunna að hafa augnasjúkdóma, að finna herra W. R. Fowler, ráðsmann hjá THE ROYAL OPTICAL COMPANY, 327 Portage Ave., beint á móti Eatons búðinni. Hann hefir áunnið sér góðan orðstýr í Vestur Canada á sl. 4 eða 5 árum. Og enn er sú ástæða, sem takandi er til greina, að ein af rannsóknar aðferðum herra Fowlers er hið svonefnda Retinoscopic eða skuggaskoðun, sem talin er sú áreiðanlegasta, sem augnfræðingar eun þekkja, og kemur í veg fyrir, að þörf sé að spyrja sjúklinginn nokk urra spurninga, og þetta er sérlega þægilegt, þegar um þá er að ræða, sem

GETA EKKI TALAÐ ENSKU.

Því einu má hér við bæta, að enginn þarf að forðast að brúka gleraugu útlitsins vegna. Nútíðargleraugu, eins og þau eru hjá THE ROYAL OPTICAL COMPANY, eru skrautgripir af beztu gerð, þau skemma aldrei en bæta oft útlit þeirra, er nota þau.

Winnipeg Syningin

11. til 17. júlí 1908

Flokkur fullorðinna uxa á Winnipeg sýningunni 1907.

ÓVIÐJAFNANLEG GRIPA OG HVEITI SÝNING

Stórfenglegasta veðreiðaskrá, sem verið hefir í Vestur-Canada.

INNES HEIMSFRÆGI HLJÓMLEIKA-FLOKKUR
frá Chicago og 91. Hálendinga Band

Mikil hornleikenda samkepni. Öllum heimi boðin þátttaka.

SÉRSTAKLEGA FAGRAR SÝNINGAR
fyrir framan "Grand Stand".

Stórfengileg Heræfinga Sýning

FÖGUR FLUGELDA SÝNING.

FYRSTA LANDBÚNAÐAR-VÉLA MÓTOR SAMKEPNI Í AMERÍKU.

A. W. BELL, ráðsmaður. A. A. ANDREWS, forseti.

LEIÐRÉTTING.

Mig langar til að biðja þig, ritstjóri góður, að leiðrétta það sem stóð í blaði þínu nýlega, "að ég hafi verið kosinn sem fulltrúi Geysi safnaðar á Únítara kirkjuþingið í Winnipeg síðast". Ég veit ekki til, að enn sem komið er sé neinn Únítara söfnuður í Geysir bygð, og ég var á þinginu sem einstaklingur, eins og fleiri úr öðrum plássum, en var þó veitt þingréttindi.

Geysir, Man., 27. júní '08.
B. Jóhannsson.

Aukafundur

VERÐUR HALDINN AF
St. Ísafold
I. O. F.
Í GOODTEMPLARA HÚSINU, MÁNUDAGSKVELDIÐ Þ.
13. þ.m., kl. 8

Það er hérmeð skorað á alla félagsmenn að koma á þennan fund; það er bezt fyrir þá sjálfa.

Það hefir margt verið sagt um Foresters félagið nú í seinni tíð, og væri gott að allir félagsmenn kæmu á þennan fund til að kynna sér málavöxtu.

Á fundinum mæta margir helztu menn reglunnar, og gefa allar nauðsynlegustu upplýsingar. — Komið allir.

J. W. Magnusson,
Ritari

A. S. BARDAL
Selur líkkistur og annast um útfarir. Allur útbúnaður sá bezti. Enfremur selur hann alskonar minnisvarða og legsteina.
121 Nena St. Phone 306

The Dominion
SECOND HAND STORE
Ágætur brúkaður fatnaður og húsmunir. Ísl. töluð.
555 Sargent Ave. Winnipeg

MARKET HOTEL
146 PRINCESS ST. á móti markaðnum
P. O'CONNELL, eigandi, WINNIPEG
Beztu tegundir af vínföngum og vindum, aðhlynning góð húsið endurbætt

X X
Rakarabúð.
EF þér þarfnist hárskurðar eða raksturs, þá munið eftir hinni nýju RAKARASTOFU ÞÓRARINS JÓNSSONAR
641 Sargent Ave.
Winnipeg.
X X

C. O. F.
Court Garry No. 2
Stúkan Court Garry No. 2, Canadian Order of Foresters, heldur fundi sína í Unity Hall, horni Lombard og Main st., 2. og 4. hvern fóstudag í mánuði hverjum.
Allir meðlimir eru ámintir um, að sækja þar fundi.
W. H. OZARD, REC.-SEC.
Free Press Office.

George G. LENNOX
Selur í heildsölu SKÓ, STÍGVÉL og YFIRSKÓ
150 Portage Ave. East, Winnipeg.

Boyd's Brauð
Betri en nokkru sinni fyrr. Bakarar vorir eru einatt að reyna að gera betri brauð. Vér höfum nýjustu og beztu rafafls hnoðunarvélar, og enginn mannleg hendi snertir á hveit inu frá því það er látið úr pokanum og þar til það kemur úr ofnunum.
Boyd's
Bakery Cor. Spence & Portage Ave
Phone 1030.

Stefán Guttormsson,
Mælingamaður
663 AGNES STREET. WINNIPEG.
3948

Dr. G. J. Gislason,
Physician and Surgeon
Wellington Blk, - Grand Forks, N. Dak
Sérstakt athygli veitt AUGNA, EYRNA, KVERKA og NEF SJÚKDÓMUM.

Antonio De Landro
SKÓSMIÐUR, á horni Maryland og Wellington [bak við Aldinabúð.] Verk vandað og verð rétt.

G. M. Bjarnason
Málar, leggur pappír og gerir "Kalsomining. Óskar við skifta Íslendinga.
672 AGNES ST. TELEFÓN 6954

ARNI ANDERSON Íslenzkur lögmaður
Í félagi með
Hudson, Howell, Ormond & Marlatt
Barristers, Solicitors, etc.
Winnipeg, Man.
13-18 Merchants Bank Bldg. Phone 3621, 3622

Íslenzkur Kjötsali
Hvergi fæst betra né ódýrara KJÖT en hjá honum,—og þú munt sannfærast um að svo er, ef þú aðeins kaupir af honum 1 eitt sinn. Allar tegundir. Óskar að Isl. heimsækji sig
CHRISTIAN OLESON,
666 Notre Dame Ave. Telefón 6906

J. G. Snydal, L. D. S.
ÍSL. TANNLÆKNIR
Cor. Main & Bannatyne
DUFFIN BLOCK PHONE 5302

HANNESSON & WHITE
LÖGFRÆÐINGAR
Room: 12 Bank of Hamilton
Telefón: 4715

BILDFELL & PAULSON
Union Bank 5th Floor, No. 520
selja hús og lóðir og annast þar að lútandi störf; útvegar peningalán o. fl.
Tel.: 2685

BONNAR, HARTLEY & MANAHAN
Lögfræðingar og Landskjala Semjarar
Suite 7, Nanton Block, Winnipeg

Hver Þvær og Hreinsar Fötin ydar?
Hversvegna að fara í Kína-kompurnar þegar þér eigið kost á að fá verkið gert betur, og alt eins ódýrt, í beztu og heilsusamlegustu þvottastofunn, þar sem aðeins hvítt vinnufólk er haft og öll hreinustu efni notuð
Vér óskum viðskifta ydar.
The North-West Laundry Comp'y Ltd.
Hreinsarar og Litarar
COR. MAIN & YORK FÓN 5178

Royal Optical Co.
327 Portage Ave. Winnipeg. RÉTT Á MÓTI EATON'S BÚÐINNI.
Beztu Augnfræðingar
Öll nýjustu og bezt reynd verkfæri notuð. Höfuðverkur sem stafar frá augunum, áreiðanlega lækinaður. Sanngjarn kostnaður.
AUGU SKODUD KOSTNADARLAUST.

LESIÐ NÚ!

Vér bjóðum um mánaðartíma hin beztu ekrukaup, sem nokkurtíma hafa boðin verið. Landið er á Main St., norðan bæjarins, liggur að C.P.R. og ráðnagusbrautunum. Selt í spildum eftir óskum kaupendanna, ein ekra eða meira. Verð frá $200 ekran og yfir, með aðgengilegum skilmálum.

[Framhald hinumegin við Hkr nafnið]

Heimskringla.

Kjörkaup

þessi eru þau mestu, er nokkru sinni hafa verið boðin, og af því að ekrufjöldinn er takmarkaður, þá ættuð þér að kaupa strax. — Landið er hentugt til garðræktar, gripa eða fuglaræktar.

Skuli Hansson & Co.

Skrifst. Talsími 6476. Heimilis Talsími 2214

XXII. ÁR. WINNIPEG, MANITOBA, MIÐVIKUDAGINN, 16 JÚLÍ, 1908 NR. 42

Og Enn Meiri

Kjorkaup

— Í búð þeirra —

Clemens, Arnason & Palmason.

Ísafoldar kaffibætir, 2 st.	25c.
Bezti harðfiskur frá Noregi, pundið á	25c
1 pund af Te á	25c.
1 kanna af Pine Apple á	17c.
5 pakkar af Jelly Powder	25c
Maple Syrup, ½gallon á	50c.
" " 1 "	95c.

Fáið yður "Picnic" körfur. Vér höfum þær á 15c., 25c., og 35c. körfuna Einnig "Picnic" diska aðeins 10c. dúsínið.

Góð skósverta aðeins 5c.

12 stykki af handsápu á 25c.

Clemens, Arnason & Palmason

The Cash Grocery House,

Cor. Sargent & Victor. Talsími 5343

Fregnsafn.

Markverðustu viðburðir hvaðanæfa.

William Jennings Bryan var að kveldi 9. þ. m. útnefndur í þriðja sinn sem umsækjandi um forsetaembætti Bandaríkjanna af hálfu Demókrata flokksins.

Daginn eftir kjörl þingið gagnsóknarlaust John W. Kern til að sækja um varaforseta embættið. Herra Kern er fæddur í Indiana-ríkinu þann 20. des. 1849 og mentaður þar. Árið 1869 tók hann próf í lögum og hefir síðan stundað þá atvinnu. Hann hefir haft á hendi ýmsar ábyrgðarstöður í ríki sínu, og tvisvar hefir hann sótt um ríkisstjóra stöðuna í Indiana en tapað í báðri skiptin. Hann hefir verið fylgjandi Demókrataflokknum frá barnæsku og unnið dyggilega í þarfir hans. Hann er talinn í fremstu röð manna í ríki sínu, en lítið er hann þektur utan ríkisins, og er ekki talinn líklegur til styrkaukningar Bryan, að öðru leyti en því, að hann geti dregið til hans atkvæði úr sínu eigin ríki. Þeir Bryan og Kern hafa verið vinir miklir um langan tíma, og það var að Bryans ráði, að Kern var kjörinn til að sækja um varaforsetastöðuna við næstu kosningar.

Í sambandi við þessa útnefningu viljum vér benda lesendum á grein um Bryan á öðrum stað í þessu blaði.

— Járnbrautarslys á C.P.R. brautinni hjá Medicine Hat varð að morgni 9. þ.m., og létu þar 7 menn lífið, en 2 særðust hættulega

— Ottawa stjórnin hefir lagt 10 miljón dollara aukafjárlög fyrir þingið, þann 9. þ.m. Meðal annars er þar 4½ þúsund dollara fjárveiting til þess að verja vatnságangi á bakkann í Gimli bæjarstæðinu, sunnan við bryggjuna.

— John Henniker Heaton, sá er fyrstur manna barðist fyrir og kom á tveggja centa póstgjaldi á bréfum um alt brezka ríkið og til Bandaríkjanna, hefir í ræðu í Lundúnum þann 5. þ.m. lýst yfir því, að innan skamms tíma mundi þjóðirnar geta sent hraðskeyti um lönd og höf fyrir 2 cents hv. orð.

— John Bunyan í Galt, Ontario hefir verið dæmdur í 14 ára fangelsi fyrir svo ómannúðlega meðferð á hestum tveimur, að þeir biðu bana af meiðslum.

— Steypiskúr ("Cloudburst) aðarmikinn gerði í Nebraska-ríki í fyrsta sinni í sögu landsins á mánudaginn var, og orsakaði svo mikil flóð, að 19 manns drukn uðu í Lincoln héraði einu saman, en þúsund manns varð bjargað í bátum. Eignatjón varð yfir miljón dollara. Lincoln bær fór að mestu í kaf, og járnbrautir og strætabrautir urðu að hætta öllu starfi.

— Gjaldþegnar í Kenora bæ í Ontario hafa með atkvæðagreiðslu þann 6. þ.m. samþykt með 510 atkvæðum gegn 2, að veita félagi því hinu mikla, sem getið var um hér í blaðinu fyrir nokkru, að ætlaði að byggja þar stórfelda iðnaðarstofnun og gefa 4—5 þúsund manna stöðuga atvinnu, undanþágu frá skattgreiðslu af eignum þess í bænum um mörg komandi ár.

— Ekki virðist Laurier stjórnin vilja standa við það loforð, að stækka takmörk Manitoba fylkis með lögum á þessu þingi, heldur hefir Sir Laurier nú lofað, að bera fram þá tillögu, að þingið veiti samþykki sitt til þess, að stækka megi fylkið — ekkert sagt um, hvenær það skuli gerast — þannig, að það nái jafnlangt norður eins og Saskatchewan og Alberta og síðan að norðan austur að Hudsons flóa, spölkorn norðan við Fort Churchill, og svo suður með flóanum um 400 mílna leið, eða 80 mílur suðaustur fyrir mynnið á Severu ánni, og þaðan beina leið að norðaustur horni fylkisins eins og það er nú. — Fari svo, að slík breyting á fylkistakmörkunum verði nokkurntíma gerð, þá fær fylkið 400 mílur af strönd Hudsons flóans og svo mikla landsviðbót, að það verður sem næst jafnt að stærð við hvort hinna vestari fylkja. Viðvíkjandi auknu fjártillagi til fylkisins, þá er svo fyrir mælt, að það skuli metast eftir samkomulagi við Manitoba. Það er og ákveðið, að færa út takmörk Ontario og Quebec fylkjanna að James flóa og Hudsons flóa.

— Það er fært í frásögur, að þegar nafn Bryans var nefnt á flokksþingi Demókrata í Denver þann 7. þ.m., þá hafi allur þingheimur æpt og hrópað uppihaldslaust í 90 mínútur. Ætlaði að láta það verða 100 mínútur, en vindurinn gekk of fljótt úr þingmönnunum.

— Fylkis

HEIMSKRINGLA
Published every Thursday by
The Heimskringla News & Publishing Co.

Verð blaðsins í Canada og Bandaríkjunum $2.00 um árið (fyrir fram borgað), sent til Íslands $2.16 (fyrir fram borgað af kaupendum blaðsins hér $1.50.)

B. L. BALDWINSON,
Editor & Manager

Office:
729 Sherbrooke Street, Winnipeg
P. O. BOX 116. 'Phone 3512.

Loforða-efndir Liberal flokksins

(Framhald).

Lögberg segir það vera grundvallarstefnu "frjálslynda" flokksins, að berjast fyrir réttindum borgara stéttarinnar og gegn einræði fárra manna. Þetta er fögur stefna, það er áreiðanlegt. Euda er hún á fána allra pólitiskra flokka í landi þessu, og þess vegna engin sérstök "frjálslynda" flokksins".

En er henni fylgt? Hefir Laurier stjórnin haldið þeirri stefnu síðan hún kom til valda? Er það ekki áreiðanlegt, að þessum lið í stefnuskránni hafi verið stungið undir stól?

Undir þennan lið mun mega heimfæra ráðsmensku stjórnarinnar á hinum opinberu eignum ríkisins, svo sem þjóðlöndum, námum, skóglöndum, fiskiveiðavötnum og ýmsu fleiru, að ógleymdu fénu í sjálfri ríkisfjárhirzlunni. Ef hægt er að sýna, að Laurier stjórnin hafi gætt þessara eigna til hagsmuna fyrir alþýðuna, þá er engin ástæða til að sakfella hana þeirra vegna. En verði það hins vegar sýnt, að hún hafi, að því er bezt verður séð, neytt allra krafta til þess að sóa þessum eignum öllum, og koma þeim í eign og undir yfirráð fárra manna, þá hefir hún svikið þennan fagra lið í stefnuskrá sinni, og er áðellisverð fyrir það. Þetta er því eitt af þeim atriðum, sem kjósendum ber að athuga með gaumgæfni. Og skal þá fyrst athuguð meðferð hennar á þeim hluta þjóðeignanna, sem felst í opinberum landeignum.

Eitt af atriðunum í stefnuskrá Liberala, eins og hún var útbúin árið 1893, er á þessa leið: "Sölut opinberra landa í ríkinu skulu gerast eingöngu til ábúenda, en ekki til spekúlanta".

Þetta er beint og ákveðið loforð flokksins til landsmanna, og þessu fagra loforði var alment vel fagnað, og átti vafalaust mikinn þátt í því, að koma Laurier stjórninni til valda. Það var á allra vitund, að canadisku ríkislöndin eru auðug í mesta máta. Þau fela í sér hundruð milióna ekra af ágætasta akuryrkjulandi, einnig mikla gnægð af bithagalöndum, einnig auðug námalönd og skógarlönd, sem eru stórmikils virði til fram búðar þeim mikla fjölda manna, sem sífeldlega eru að flytja inn í ríkið, til að ná sér hér heimilisfestu. Framtíðar velgengni landsins er meðal annars komin undir því, að nýbyggjarnir eigi kost á með léttu móti, að fá sér skóg til húsaviðar, girðinga og eldsneytis. Og með því, að stjórnin er ekki eigandi heldur ráðsmaður eða vergi þessara eigna, þá er það bein skylda hennar, að varðveita þessar eignir fyrir ásælni einstakra manna, og til frambúðar nagsmuna fyrir þá, sem byggja og rækta þetta mikla land, og afkomendur þeirra.

En Heimskringla heldur því fram, að Laurier stjórnin hafi ekki gætt skyldu sinnar í þessu efni, og að hún hafi selt margra milión dollara virði af þessum landeignum til einstakra manna fyrir gjafverð, og á þann hátt rænt ríkið um feikna mikið fé á þeim 12 árum, sem hún hefir haft völdin í Ottawa.

Til dæmis má nefna nokkur atriði:

Það var um síðustu aldamót, sem innflutningur manna til Canada tók fyrir alvöru að eflast. Þá steig og land talsvert í verði og kaupendur sóttu eftir því. Er 1 maí 1902 seldi Laurier stjórnin 250 þúsund ekrur af frægasta akuryrkjulandi til félags eins undir forustu A. J. Adamsons, ríkisþingmanns fyrir Humboldt kjördæmið, fyrir $1.00 hverja ekru, og skyldu þau borganleg að hálfu í "Scrip", sem þá voru virði frá 25 til 50c hvert dollarsvirði, en afganginn skyldi borga á 5 ára fresti. Félagið mátti velja lönd þessi úr 750 ekra svæði. Félagið áttu að setja búendur á 12 sections fjórðunga í hverju Township, sem það keypti. Herra Turiff gaf félagi þessu eignarbréf fyrir 150 þús. ekrum landsins, án þess að það uppfylti þá skilmála, sem því höfðu verið settir. En félagið seldi innan 12 mánaða lönd þessi fyrir frá 6 til 12 dollara ekruna, svo að jafnaðarverð var eitthvað yfir $8.00 hver ekra. Reikningur félagsins stóð þá þannig: Kaupverð $250,000, en söluverð 2 miliónir dollara. Gróði félagsins 1¾ miliónir dollara (sbr. þingtíð. 1906, bls. 890—1078).

Þannig hefir Laurier stjórnin farið með úrvals akuryrkjulönd ríkisins, — selt þau fyrir gjafverð til spekúlanta, og leyft þeim að græða miliónir dollara á þeim mönnum, sem síðar hafa keypt þau til ábúðar.

Svipuð er sagan um bithaga leyfin.

Þegar Conservativar héldu völdum, þá var siður að leigja bithaga á stjórnarlöndum fyrir 2 cent hverja ekru á ári, en leigumálinn var uppsegjanlegur með tveggja ára fyrirvara, og leigendur fengu ekki keypt neinn hluta af þeim löndum, sem þeir höfðu leigt. En þessu breyttu Liberalar þannig, að þeir leigðu lönd þessi til 21 ára, og með þeim hlynnindum, að leigendur gætu fengið keypt einn tíunda hluta í hinu leigða landi fyrir $1.00 hverja ekru, og að þann tíunda hluta mætti velja úr öllu leigða landinu. Ein slík spilda — 41,288 ekrur — var leigð til A. F. Mackie, sonar þingmannsins fyrir Pembroke, þann 1. ágúst 1902.

Árið 1905 fengu þessir bithagaspildur með ofangreindum skilyrðum:

Brown, Bedingfield & Co. 55,747 ekrur.
Geo. Lane 42,777 ekrur.
C. E. Hall 60,000 ekrur.
Glengarry Ranch Co. 13,794 ekrur.
Jas. D. McGregor 47,615 ekrur.
A. Hitchcock 48,867 ekrur.
Dunkan Cameron 1,280 ekrur.

Árið 1906:

H. P. Brown 60,381 ekrur.

Þannig festi Laurier stjórnin yfir 370,000 ekrur, eða 580 fermílur af ríkislöndum í eign og undir yfirráð fárra "einræðis" manna.

Þegar þessir menn voru búnir að ná haldi á þessum svæðum, þá hætti stjórnin að leigja meira til þess, að samkeppnin yrði ekki of mikil, meðan þessir náungar voru að græða á löndum sínum.

Þeir McGregor og Hitchcock til samans náðu 96½ þús. ekrum til 21 ára. Þeir keyptu samkvæmt samningum einn tíunda hluta af þessu eða 9,452 ekrur fyrir jafnmarga dollara, og seldu það svo tafarlaust fyrir $113,424 til annara. Gróði þeirra var $103,972. — Síðan seldu þeir 21 ára leigurétt sinn á þeim 9 tíundu hlutum, sem þeir gátu ekki fengið keypta, og græddu á því $230,000, eða rúmlega það. Þessir tveir náungar voru nú orðnir ríkir á landsins kostnað. En þeir voru samt ekki allskostar ánægðir. Þeir vildu ná í meira land og meiri landsölugróða. Ungur maður óþektur, að nafni Robins, bað stjórnina í umboði félags þess, sem hann starfaði fyrir, um bithaga leyfi á 380,573 ekrum á $1.00 ekruna, og með 5 ára afborgunarfresti. Skyldu borganir byrja árið 1910, og engir vextir borgast fyr en frá þeim tíma, er fyrsta borgun væri gerð. Þessi maður, sem öllum var óþektur, fékk tafarlaust þetta landflæmi með eins dollars ekru verðinu. Þegar þetta mál var rannsakað af þingnefnd í Ottawa, þá komst það upp, að McGregor og Hitchcock voru félagið, sem Robins vann fyrir, og að þeir áttu 99 hundraðustu hluti í félaginu, en Robins eða einhver annar náungi, einn hundraðasta.

Alls höfðu þá þessir tveir náungar fengið hjá Laurier stjórninni 477,235 ekrur af þjóðarlöndum og borgað stjórninni fyrir þau $11,372, en seldu þau svo aftur fyrir $829,424. Græddu þeir þannig á þessu þjóðjarðaráni $818,052.

Þess skal hér getið, að McGregor var um eitt skeið hesthúshaldari í Brandon í Manitoba og vann vel í kosningunum fyrir herra Sifton. En hann var bara góður fylgismaður stjórnarinnar og hafði unnið fyrir hana að kosningum. Alt þetta sést í þingtíðindunum 1907 (á bls. 2491—2726).

Eitt dæmi enn og það markverðasta af öllum var landsalan til hins óþekta H. P. Brown í Montana í Bandaríkjunum. Þann 27. apríl 1902 barst stjórninni beiðni um bithagaleyfi á 60 þúsund ekrum, undirrituð af H. P. Brown í Montana. Undir því nafni stóð "per J.D.M.". Þessi beiðni kom á skrifstofur stjórnarinnar næsta dag eftir að hún var dagsett í Montana, og vakti það strax nokkurt athygli. En það einkennilega við mál þetta er það, að þann 23. marz — mánuði áður en beiðnin var rituð — hafði stjórnarráðið samþykt þennan leigumála, og samkvæmt því var herra Brown ritað bréf og hann beðinn að borga $640.00 í leigu fyrir 6 mánaða tíma. En Brown svaraði engu. Svo var honum skrifað smásaman um tveggja ára tíma, og hann krafinn um leiguna, en ekkert svar kom, og enginn vissi hvar hann var, eða hvort hann væri nokkur til, — og enginn veit það enn þá, því maður sá hefir aldrei komið fram. En 17. júlí 1905 kom bréf frá herra A. J. Adamson, þingmanni fyrir Humboldt, sem áður er getið, þar sem hann getur þess, að herra Brown hafi afsalað til "Galway Horse and Cattle Company" leigurétti sínum á þessum 60,000 ekrum. Með þessu bréfi sendi herra Adamson afsalsbréfið og 6 mánaða leigu. Við rannsókn þessa máls í þinginu kom það upp, að Brown — sem enginn veit hver er — hafði aldrei fengið leigubréfið fyrir landi þessu, og að félagið, sem hann seldi leigurétt sinn til, var ekki til sem löggilt félag fyr en löngu síðar. Stjórnin var látin tapa hálfu þriðja þúsundi dollara í leigu af þessu landi. En Adamson seldi leyfið skömmu eftir að hann fékk það fyrir $20,000 (sjá þingtíðindin bls. 3467 og 3543).

Með slíkum brögðum hefir stjórninni tekist að ræna ríkissjóðinn um feikna fjárupphæðir og að koma þjóðlöndum í eigu vina sinna. Ef Lögberg kallar þetta að "berjast fyrir réttindum borgara stéttarinnar og gegn einræði fárra manna", þá leggur það aðra þýðingu í "réttindi borgara stéttarinnar", heldur en alþýða manna í þessu ríki hefir gert eða gerir.

(Framhald).

Fregnbréf um kirkjuþingið lúterska.

(Niðurlag.)

SKÓLAMÁLS UMRÆÐUR. — FYRRI FUNDURINN. — ÓÁNÆGJAN VIÐ SÉRA F. J. BERGMANN.

Ný andlit frá Winnipeg þriðjud. morgninn boðuðu, að skólamáls umræður færu í hönd. Meðal þeirra blikaði O. Thorgeirsson, sjálfsagt til að vita, hvernig séra F. B. reiddi af. Forseti gat þess, að minnihluta tillagan kæmi fyrst til umræðu, sem sé tillagan, að ráða séra Friðrik Bergmann til íslenzku kenslu við Wesley College, svo sem verið hefir, hengja þar í enga drösu.

Umræðurnar hófust nokkuð svo óvenjulega með því, að séra Friðrik Hallgrímsson tók fyrstur til máls. Menn gætu ekki áttað sig á óánægjunni, sem drepið væri á í nefndarálitinu, við séra Friðrik Bergmann, sagði hann. Því engir sérstök atriði væru tilnefnd. Helt því bezt til fallið, að fyrst talaði framsögumaður og segði frum sakir þær, er nefndin ætti við, og þá séra Friðrik, til að bera fram varnir sínar, og því næst þingmenn þeir er vildu, þá er þeir hefðu heyrst málstað hvorratveggja.

Framsögumaður (Dr. Brandson) sagði nefndarálit sturtort, og sér væri ætlað að skýra nánar frá ástæðum. Um Wesley College sagði hann það, að ísl. kenslan hefði reynst mætavel frá þjóðernislegu sjónarmiði, hefði laðað fleiri Íslendinga til náms, en ella mundu. En frá öndverðu hefði mönnum verið lítið gefið um kenslu við skóla ólúterskan, og ekki hefði það skipast í betra horf við það, að kennarinn, sem ætlað hefði verið að vega upp á móti þessu, hefði brugðist fyrri skoðunum sínum og fylgdi stefnu andstæðri kirkjufélaginu. Væri hann ráðinn til kenslunnar eftirleiðis, væri ekki hægt að líta á það annan veg, en að félaginu geðjaðist að stefnu hans, en það væri frákeitt. Lét sér á óvart koma, að menn könnuðust ekki við óánægjuna. Nefndarmenn væru sinn úr hverri áttinni, og vissu til hennar, og eins væri hún orðuð í skýrslu fjársöfnunarmanns (þæ. forseta B. B. J.). Þá drap hann á forsetaskiftin, og fullega væri gert af séra Fr. B., ef hann segði sig frá kenslunni.

Séra Friðrik Bergmann bað sakarefnin við sig tilgreind, og settist svo niður. Þá stóð hann upp í annað sinn og sagðist verða að álíta, að sakarefnin við sig væru ekki önnur, en framsögumaður hefði drepið á, þ.e.a.s., gamla óánægjan við Wesley College og skoðanir sínar. Óánægjan við Wesley College kæmi sér ekki við, ekki þyrfti að orðlengja um það. Nú, skoðanir sínar ætlaði hann ekki að verja, enda ekki hægt, er ekkert sératriði væri nefnt. Þær yrðu að mæla fram með sér sjálfar. Kæmu annars tungumálakenslu harla lítið við; gæti hann verið prestur í kirkjufélaginu, ætti hann að geta verið íslenzku kennari hjá því. Óliku saman jafnað, séra Jóni og sér. Séra Jóni enginn vansi að vikja úr forsetasessi, en hér væri teflt um embættisheiður sinn og mannorð, og gæti hann ekki sagt af sér að svo búnu, og gerði það ekki.

Nú tóku menn til að ræða um stefnumun séra Friðriks Bergmanns og félagsins og leita eftir óánægjunni við hann. Spreytingur var mikill í ungu prestunum við hærri kritikina, hve ókristileg hún væri. Að óánægju væri helzt að finna í 1. lúterska söfnuðinum í Winnipeg, gaf séra Kristinn tilefni til að fara mörgum og fögrum orðum um séra Friðrik Bergmann og frammistöðu hans í kirkjufélaginu fyrrum, og sagði ágreining við hann nú ekki sprottinn af óvild til hans, heldur af verulegri stefnubreytingu hjá honum.

Fleiri létu og séra Friðrik njóta sannmælis um það, að félagið ætta honum margt gott upp að inna. Mest rögg allra var í ræðu séra Péturs Hjálmssonar. Hann skar ekkert utan af því, að skoðanir séra Friðriks Bergmanns stæðu víðum rótum innan félagsins. Vildi að séra F.B. væri enginn miski gerður. Hann væri ekki sammála séra F.B. og honum væri hann ósár, en félagið bæri hann á brjóstinu, og væri séra F.B. að nokkru minkaður, kynni það að verða til þess, að félagið sundr aðist. Tjaldbúðar söfnuður klyfist frá, og ekki þar með búið, bæði suður í Ríkjum og út um sveitir, mundu söfnuðir þá greinast sundur og alt félagið detta í mola.

Forseti talaði, og sagði, að ekki væri hægt að neita því, að óánægja væri um fyrirkomulag það, sem nú væri á kenslunni, hefði sjálfur orðið þess var á ferðum sínum. Hvort óánægja sú væri réttmæt, væri annað mál, og gerði lítið til. Í skólamálum venjulega ekki gerður rekstur um það, heldur að lagfæra, svo hún hyrfi. Hefði verið kenslu þessari við ólúterskan skóla andstæður frá öndverðu, og nú enn verr við hana, síðan hann hefði fengið fulla ástæðu til að halda, að hærri kritikin réði lögum og lofum þar. Skaut því til íhugunar þingsins, hvort ekki mundi bezt fallið að slíta sambandi við skólann.

SÍÐARI FUNDURINN. — FÍFLI SKAL Á FORAÐ ETJA. — VITNISBURÐUR UM WESLEY COLLEGE.

Eftir miðmunda snarust umræður mest að Wesley College sjálfu og afstöðu þess við hærri kritikina. Eg kom þar inn í þingsalinn, er séra Friðrik Hallgrímsson gerði grein á hærri kritikinni, að hún væri neikvæð, sú, sem kennaðist að eins yfir, að Kristur væri guðsson í sama skilningi og vér erum það allir, og jákvæð, sú, sem játaði fyllilega guðdóm Krists. Rangt væri, að nefna hina jákvæðu stefnu ókristna eða ókristilega. Hann vissi ekki, hvor kritikin rikti á Wesley College, en væri það hin neikvæða, þótti honum engin tiltök að halda áfram kenslu við skólann. Skaut því til prestanna ungu og prestlinga, ef þeir gætu leiðbeint þinginu um það.

Séra Fjeldsted líkti hærri kritik inni við hafið, það væri sumstaðar grunt og sumstaðar djúpt, og eins væri kritikin, og ekki gott að segja, við hvað hún léti lenda. Wesley College vildi hann ekki kalla beint vantrúarskóla, en erindi hans fór þó alt í þá átt, að vekja ýmigust á honum. S. Guttormsson vitnaði þar og á móti skólanum af eigin raun. Hafði verið sýnt framan í hærri kritikina, þó ekki af séra F. B., en átt hjá sér heimshyggindi nóg, sem betur fór, til þess að láta ekki bera á því þá í svipinn, hvernig honum gæfist að, en raun var það mikil, sem nærri má geta, að sitja á sér.

Séra Friðriki þótti það undur mikið, að þessir menn skyldu orðnir svo smeikir við skólann. Slíkur ótti hefði ekki verið með þeim, þegar þeir hefðu fyrir skemstu farið af honum. Bar kennurum öllum hinn bezta vitnisburð, að þeir væru kristnir menn eins og bezt má verða, og öll hardýðgi og ofstæki við annarlegar skoðanir þeim fjarkæg.

E. Thorvaldsson reifði umræður; kvað engar sakir framkomnar gegn séra F.B., svo fjarri því, að meira hefði verið gert að lofa hann en hitt, og lagði til, að málinu væri vísað til nefndarinnar aftur. Sumir vildu nýja nefnd, en tillaga Thorvaldssonar var samþykt, og lauk því fundinum með því, að óánægjunni við séra Friðrik Bergmann var vísað aftur ofan í nefndina.

MÁLALOKIN. — AFNÁM KENSLUNNAR.— SMÆLKI.

Á kvöldfundi lagði nefndin fram álit sitt, eða réttara að segja, tillögur sínar. Því engar ástæður voru þar í tíndar. Hún lagði til, að séra Friðrik Bergmann yrði ráðinn til kenslunnar fyrir næsta ár, og síðan skyldi hætta við kensluna með öllu. Voru tillögur hennar greiðlega samþyktar, sjálfsagt samkvæmt samkomulagi utanþings, og nefndin látin skeppa við, að gefa nokkrar ástæður fyrir þeim. Með það fór ég af þinginu.

Eftirtekt var því veitt, að séra Friðrik Bergmann var eini presturinn, sem aldrei var beðinn að segja fram bæn á þinginu. Kraftur hænarinnar þótti sumum auðráðinn af því að flest gekk eins og séra Friðrik vildi.

Á þinginu kyntist ég dálítið fregnritara Lögbergs; reyndist hann skemtinn í viðræðum, viðfeldinn og lærður mjög. Hann sagði mér, að hann hefði verið á Harvard háskóla. Mér var sagt, að hann væri hafður til að búa utan um blaðið o.s.frv, og þá skelti ég upp: ha, ha, ha. Valið er það, að kunna ekki að nota það, sem ber upp á reka þess.

STUTT HUGVEKJA UM ÞINGIÐ. — ÞYKKJAN VÍÐTÆK OG ÞUNG. — WESLEY COLLEGE. — ÞJÓÐLEGUR FÉLAGSSKAPUR.

Menn hafa lengi vitað það, að nokkur sundurþykkja ætti sér stað innan kirkjufélagsins um boðan kristindómsins, hvort kenninguna ætti að flytja í þeirri mynd, er seinni aldir hafa gefið henni, eða dubba ætti hana upp í gerfi aðgengilegra fyrir vora daga. Sundurþykkja þessi kom greinilega í ljós á kirkjuþinginu í fyrra, þó menn skildu þá vandræðalaust. En engan hefir víst grunað, að hún væri jafn víðtæk og mögnuð og síðasta þing gaf raun um. Það hefir verið mál manna, að séra Friðrik, sem er talsmaður hinnar síðarnefndu stefnu, hefði lítið fylgi innan félagsins, — félagið væri alt á einu bandi með íhaldsstefnunni. En það er öðru nær. Selk. kirkjuþingið hefir sýnt það. Íhaldsstefnan kvað hafa haft töluverðan viðbúnað fyrir þingið, þó lítið bæri á, meðal annars boðið að leggja fram þingfararkaup fátækum söfnuðum, ef sendu fulltrúa fylgjandi henni. Eg hleraði þetta niður í Selkirk, og sel það ekki dýrara en ég keypti. En samt sem áður virðist þingið nokkurnveginn jafnskilt milli beggja stefnanna, eftir úrslitum máls að dæma.

Það er vel farið, að framfarastefnan hefir fengið svo góðan viðgang, að minni hyggju, ekki fyrir það, að hún sé betúr kristin en hin, — þær eru báðar sama tóbakið í því efni, — heldur fyrir það, að hún fer sömu stefnu og móðurkirkjan heima á Fróni, og er því líklegri til að halda við tengslunum við ættjörðina heldur en hin. Hverjum félagsskap, sem það gerir, hljóta allir Íslendingar að árna góðs, hvort sem þeir sam sinna aðalmarkmiði hans eða ekki. Kirkjufélagið hefir bæði beinlínis og óbeinlínis stutt að viðhaldi þjóðernisáns og fyrir það líka hlotið þökk og velvild margra manna, sem annars hefðu látið sér fátt um það. En upp á síðkastið hefir íhaldsstefnan látið á sér heyra, að bezt mundi að slíta böndin við ættjörðina. Það hefir margan hneixlað, og ekki óliklegt, að stefna séra Friðriks hafi gengist mjög við af því óvíta hjali. Vér höfum ekkert að gera með félagsskap, sem ekki vill vera þjóðlegur. Vilji kirkjufélagið það ekki, þá er ekki teljandi að því, þó færi það í smá mola.

Það leyndi sér ekki á þinginu, að það er komin full alvara í flokkaskiftingunn innan félags. Það er auðráðið af því, að þingið skyldi hafa brjóst í sér til að reka séra Jón Bjarnason úr forsæti, kominn svo að segja rétt að júbilárinu. Og þá ekki síður akefðin í andstæðingum séra Friðriks, að láta hann verða fyrir einhverju skakkafalli. Hann rak að visu undan, en skellinn hlaut Wesley College, sá skóli, sem fengið hefir því framgengt með mikilli fyrirhöfn, að íslenzkri tungu er gert jafnhátt undir höfði og aðaltungumálunum, og Íslendingar eiga gott eitt upp að inna. Svo fer helzt til oft, þegar ástriður og ofurkapp bera vít og stillingu ofurliða. Þingið er ámælisvert fyrir ályktan sína um skólann; það hefir með henni svikið þjóðernisfánann, sem það hefir borið svo hátt, að þarflausu, því fyrir þinginu lágu engar gildar sönnur um, að lærisveinar tæki skaða á trú sinni á skólanum, en reynslan sannar einmitt hið gagnstæða, en á hinn bóginn viðurkent, að kenslan væri mikilsvirði til viðhalds íslenzku þjóðerni. Ennfremur var ályktan óþörf, því vel mátti biða með hana til næsta þings. Eg þykist þess og fullviss, að menn sem skjótt missmiði á þessu, og vænt anlega færir næsta kirkjuþing það í lag. Geri það það ekki, þá væri sjálfsagt tími til komann fyrir Íslendinga til að ganga í félagsskap þeimt til þess, að vernda og viðhalda íslenzkt þjóðerni. Slíkur félagsskapur mundi reynast allharður keppinautur kristilegu stefnunum báðum.

Þó þykkjan væri þung milli flokka, og merkjanleg á gerðum þingsins, þá má hafa það ágætum, hversu menn gættu grandvarlega alls velsæmis í umræðum, og hversu hvorir létu leiðtoga hins flokksins njóta sannmælis um afburði hans og afrek.

VIÐBÆTIR.

Séra Jón Bjarnason lýsti því yfir við tímarita umræðurnar, að hann hefði ekki vitað, að séra Björn hefði verið í forseta kjöri, þá er hann nefndi séra Kristinn í kjörið, og eins að hann hefði aldrei sagt, að hann treysti ekki nema einum presti til að vera forseti. Hann sagði, eins og ég hefi skrifað Hkr., að hann vissi, að séra Kristinn mætti hann treysta. Hitt er mæira, að hann hafi ekki vitað, að séra Björn væri í kjöri. En svo er það. Þau eru ekki merkilegri vitin, sem drottinn hefir gefið okkur en það, að þóknist einhverjum að segja okkur, að hann hafi ekki séð það, sem var beint fyrir sjónum hans, ekki fundið það, sem hann tók á, ekki kent þess, sem hann kyngdi, — þá er ekki fortakandi, að hann segi það satt. Sérstaklega reynast vitin oftlega harla óáreiðanleg, þegar slys, óvænt tíðindi, snögg geðshræring ber að höndum, þá er oft, að það fer hjá þeim, sem geríst, og stundum jafnvel slæðist þá fyrir þau eitthvað, sem átti sér engan stað. Sjálfsagt ber oss því að trúa séra Jóni um það, að hann hafi ekki vitað, að séra Björn væri í forseta kjöri, en ég hygg, að þar af sjáist, að ekki er gert of mikið úr því, að honum hafi sýnilega óvart komið inefna séra B. B. Jónssonar í kjör.

HÖSKÚLFUR.

Hlaupa-drengir fást á svipstundu ef kallað er á

Phone 4862

WESTERN MESSENGER SERVICE,

224 Notre Dame - Winnipeg

Verðingarfylst óska Viðskifta yðar.

Auglýsinga-Skiltum Dreyft og Post Upp.

A. J. Huckell, ráðsmaður.

JOHN DUFF

PLUMBER, GAS AND STEAM FITTER

Alt verk vel vandað, og verðið rétt

662 Notre Dame Ave. Phone 3815

Winnipeg

Strathcona Hotel

Horni Main og Rupert Str. Nýbygt og ágætt gistihús; Gest um veitt öll þægindi með sanngjarnasta verði. Frí keyrsla til og frá öllum járnbr. stöðvum. Beztu vín og vindlar; og herbergi og máltíðar ágætar.

McLaren Brothers

EIGENDUR

Hotel Pacific

219 Market Street | H. M. Hicks Eigandi

Winnipeg - - - Manitoba

Telephone 1338

Ný-endurbætt og Ný-tízku hús í alla staði. Viðskifta yðar óskast virðingarfylst.

$1.25 a Dag

$1.50 Á DAG

Bezta $1.50 gistihús í Winnipeg

BRUNSWICK HOTEL

Horni Main St. og Rupert Ave.

Besta borðhald; Hrein og Björt Herbergi; Fínustu Drykkir og Bestu Vindlar. Ókeypis Vagn mætir Öllum Traintestum. Reynið oss þegar þú ert á ferð.

FERHENDUR.

(Eftir að hafa lesið Kirkjuþingsfréttir).

Heilög sálna hirðingin
hjörð um vilta tala.
Fjandi er meinleg fátæktin, —
fáum engan smala.

Kreddu bundin kristin mál
koma munu þaðan.
Hér ég held að sérhver sál
syrgi lítið skaðann.

Alt að tala undir rós
oft á nærri táli.
Það vill heldur lítið ljós
leggja af Friðriks máli.

Frið mun veita framtiðin, —
frið er blessuð Ströndin.
Biðið fyrst með boðskapinn, —
bætið heimalöndin.

Sigurður Jóhannsson.

Fréttabréf.

NOME, ALASKA
16. júní 1908.

Heiðraða Heimskringla!!

Það er nú komið á annað ár síð an að ég sendi þér fáorða fréttagrein, og er því síst úr vegi að senda þér fáar línur af sömu tegund nú, vitandi, að þú tekur váljann fyrir verkið, og með því gefur lesendum þínum dálítla hugmynd um líf og starfsemi þessa hluta veraldarinnar, í þeim beztu búningi sem þú átt kost á.

Vorið 1907 kom með vanalegum náttúru viðburðum, þeim sem snjór og ís urðu að víkja fyrir, vorsólin sendi sæluríkar vonir og nýtt líf í allar áttir tal allra og alls. Sumarið var hagstætt yfirleitt að tíðarfari til, en haustveðráttu byrjaði snemma, byrjaði með kuldum með október byrjun, sem héldust úrtakalitið. Að öðru leyti góð veðrátta, því ekki gat heitið að snjór sæist, fyr en með byrjun desember. Úr því var óstöðug tíð, þar til fram um miðjan marz, að hún fór að jafna sig. En engin veruleg vorblýindi hafa enn gert vart við sig. Um miðjan maí voru helzt dálítil náttúru hlýindi fyrir nokkra daga. Þann 6. þ.m. (júní) snjóaði og að morgni þess 7. var hvitt fram að sjó. Yfirleitt var veturinn þó góður, frostavægur og snjóléttur. Ísinn losnaði frá landi 20. maí, en er þó enn á þvælingi talsvert mikill.

Heilsufar hefir verið fremur slæmt í vetur, ýmiskonar smákvillar, heilmargir botnlanga sjúkdómar og aðrar uppskurða meinsemdir. Nokkrar smáslysa tilviljanir af námavöldum, og fáein slys stærri með þremur til fjórum líflátum. Æði mörg brjálsemis tilfelli. Nokkuð margir dáið og þrir orðið úti, einn af þeim griskur kaupmaður, sem ásamt bróður sínum átti kolanáma um 38 mílur héðan, og höfðu menn þar í vinnu. Hann ætlaði þangað til að hafa eftirlit með verkinu í fáa daga, og með honum var annar griskur maður. Það skall á þá vonskuveður, og þrjár vikur liðu, svo það heyrðist ekkert frá þeim, en þá var farið að grenslast eftir þeim, og fundust þeir báðir frosnir til dauðs, annar við hundasleðann, sem þeir höfðu, og hundarnir þar líka og höfðu étið stóran hluta af líkinu. En kaupmaðurinn var um tíuer milur lengra burtu, og því óskaddaður af hundum þeirra félaga.

Nome bær er talinn að hafa haft í vetur um þrjú þúsund íbúa, með fáa þurfalinga, og félagslíf og skemtanir í betra lagi. Einn skóli er þar með tvö hundruð nemendur á mismunandi aldursskeiði og mismunandi námsstigi, frá A, B, C. upp í háskóla mentun. Kristin trú er prédikuð af fjórum mismunandi kirkjudeildum, og þrem að auki, sem eftir aðsókn að dæma, eru bara náðið. Þá eru og tvö dagblöð gefin út og fjögur vikublöð.

Á vetrum berst okkur póstur venjulega eftir að hann hefir byrjað komu sína, sem er vanalega seint í desember, en svo er það ekki nema fyrstu tegundar póstur, og hrafl af annari sort, svo sem blöðum, sem berast með miklum vanskilum.

Sumar og vetur elja menn hér og erfiða, og þó að á fjöldanum sjáist ekki mikil framför efnalega, þá er þó í fæstum tilfellum leti eða ómensku um að kenna. Það hefir mikið verið aðhafst og tilkostað hér síðastliðinn vetur í því augnamiði, að finna nýja gullnáma, en fáir hafa fundist, og engir, sem geta kallast verulega "ríkir". Framtiðin hefir því að voninni til verið lömuð hjá æði mörgum, ef dæma má eftir þeim fjölda húsa, sem í vor hafa verið og eru auglýst til sölu. Á hinn bóginn sýnast auðkýlög og efnamenn vara óróg á centrunum. Þau ráðast í eitt og annað, sem bendir á framsýni um endurgjaldsvonir í fjarlægri framtíð, og er það án efa svo. Það er og nýskeð, að nokkuð til muna hafi verið sint "Quarts" (gullgrjóti) námavinnu, og er það, sem þegar hefir verið að því gert, mjög álitlegt. Það er og langt frá, að þessi svokallaða "Placer" námavinna sé á förum. Það, sem þegar hefir fundist, er nokkurra ára álitlegur forði, og svo öll sú víðátta, sem enn er ósnert og ókönnuð, en sem tíminn einn og erfiði getur leitt í ljós.

Það er og mikið af námum, sem hafa lítið verðmæti ("low grade") en sem auðmenn og auðkýlög geta með stórum ágóða lagt út í að vinna með véla útbúnaði. Sá vinnu sparnaður, sem því er samfara, sést ef til vill hvergi betur en í náma vinnu. — Gull afurðir vetrarins eru áætlaðar með langmesta móti. Gullhreinsun (Sluicing) hefir nú staðið yfir síðan um og fyrir miðjan maí, og er þó ekki nándarnærri kláruð enn.

"Uncle Sam" hefir byrjað á tveimur eigin húsa undirstöðum. Annað er dómarahús (Court House), en hitt er stöð fyrir þráðlaus skeyti (Wireless Station). Dómhúsið, sem notað hefir verið í nærfelt átta ár, er nú álitið of litið og lélegt til þess konar afnota lengur, enn í þess stað hefir verið farið fram á, að fá það fyrir bæjarráðhús (City Hall), og hefir ríkisstjórinn (The Governor of Alaska) lofað sínu liðsinni, að vera milligmaður fyrir bæinn við 'Uncle Sam'.

Fyrsta skip (Corwin) kom 3. þ. m., en í gær þann 15. kom Victoría og Olympia, og tvö önnur sjást nú. Þessi tvö hafa legið föst í ísnum um vikutíma og mættu æði mikilli hættu, en kláruðu sig þó með litlum skemdum.

Af okkur löndunum er það að segja, að við erum "fáir og smáir". Öllum líður okkur þó bærilega. Við erum að freista gæfunnar af og til, og svo að vinna á milli hjá öðrum. Næstliðið haust réðist ég og Ed. F. Edwards í að kaupa gufuvél með tilheyrandi útbúnaði, og fórum að þiða og grafa fyrir gulli, fyrst í náma sem ég átti, og svo fórum við í félag með svonskum og tókum náma á leigu. Á báðum stöðunum varð leitun erfið og árangurslaus, ekkert gull fanst, og við hættum eftir að hafa sett mikinn part vetrar í það, sem kallað er "Speculation".

Krist Goodmanson, í félagi með landa Krist Thorlakssyni (sem ver ið hefir hér í þrjú ár, en við ei um vitað fyrr enn í haust) voru meiri part vetrar með útbúnaði að grafa og leita gulls, án þess að finna nokkuð. Ásgeir Finnbogason vann um fjóra mánuði fyrir kaupi, og svo í vor um mánaðartíma, en varð að hætta af lasleika í baki.

John S. Bergmann fór fyrir nokkru síðan til Kougarok, um 100 milur héðan. Hann ætlar að vinna þar í náma, sem hann hefir tekið á leigu.

Frá Hallgrími Ólafssyni hefi ég ekkert frétt síðan síðastl. haust, hann heldur til í sama stað.

Krist Goodmanson vann sem verkstjóri síðastliðið sumar við námavinnu, og vinnur við sama og fyrir þann sama þetta sumar.

Ég verð í félagi með þýzkum manni í sumar við námastarf í Salomon héraði. Við vorum þar síðastliðið sumar, höfum þar náma á leigu.

Ásgeir Finnbogason hefir, í félagi með þremur öðrum, tekið á leigu náma hér í Nome héraði, og vinnur þar í sumar.

Krist Thorlaksson og Ed. F. Edwards hafa enn ekki ráðið við sig, hvað þeir ætla að hafast að yfir sumarmánuðina. Sá síðarnefndi er og hefir verið að vinna fimm til sex síðastliðnar vikur.

Mér er sagt, að hér sé landi, bróðir Chr. Richters í St. Paul, en ég hefi ekki séð hann til þess að þekkja hann, og veit því ekkert hvað hann starfar.

Með þökk fyrir það umliðna og beztu óskum um framtíð þína og Heimskringlu.

S. F. BJÖRNSSON.

"HVÖT"

Ástkæra, langþjáða íslenzka þjóð,
Atlants þar fyrir handan sæinn,
með leyfi að senda þér línu eða ljóð,
ég lýfti þá hatt: Góðan daginn!

Austan um haf kom mér atkvæða frétt,
er ákallar vitið og þorið:
Að lagt sé til bardaga Bakkusi gegn, —
eitt blessunar langstærsta sporið.

Ó, hjarta mitt slær nú svo heitt,
það ég finn,
fyr' heill þinni velferð og sóma,
æðstan því tel ég það ávinning minn,
ef einhverjum losnaði' úr dróma.

Ég kveð ykkur að þessu, konur og menn,
ég kveð ykkur, piltar og stúlkur;
velferðin barna' ykkar, sóminn í senn
og samvizkan, guðs-rödd, minn túlkur.

Fylkið þér liði og fylgist að nú,
fram langt í tímana sjáið!
Ef til vill verður þá orustan sú
hin arðmesta sem að þér háið.

Sigur er auðlenginn. Sýnist mér rétt?
Sækið um heiðurinn þjóða.
Herfangið verðmikið, vopnin svo létt,
en valda þó eilífum gróða.

Ó, sýndu nú, þjóð mín, að sérmálum þín
sé þínum borgið í höndum,
framar en þar, sem að fávizkan gin,
í frekustu villunnar löndum.

Ei fótur þér skriðni eða steyti við stein',
af steinunni 'fram' má ei víkja.
Helzt er það vörn fyrir hættuleg mein,
að heilbrigð stjórn nái að ríkja.

Hámark þér settu og hæfðu svo rétt,
helzt í þeim stórvægu málum, —
þvoðu nú hreint af þér Bakkusarblett,
banvæn er hálfvelgjan sálum.

Líttu! það vært sefur vöggunni í,
velferðar greiddu því sporum.
Týnirðu stríkinu, tærirðu því tímans og andlega horinn.

Sýndu nú engin svik eða prett
í sjálfrar þín trúskapar málum!
Hagnýttu vitlega heilagan rétt,
því hinsvegar stendurðu' á nálum.

Sintu' ei um Molbúa sjóndeildarhring,
eða svívirtan áfengis tollinn.
Auðvirtu, jarðsettu þess konar þing,
í þjónustu með þeim er skollinn.

Víst tel ég heimurinn heimti sinn rétt,
helzt eftir atkvæða þingin,
og annaðhvort einkennið ætli þér sett:
"aðdáun" — "fyrirlitningin".

Kom nokkur til þín svo knýjandi skál!
Mig kynjar ei, þó ykkur hátni!!
Ég afhendi þér þetta allsherjar mál
og almættið tek fyrir vitni.

ÓLAFUR ÓLAFSSON,
frá Vatnsenda.

Addingham P.O., Man., 1. júlí '08.

— Nefnd hefir verið sett á Frakklandi til að ákveða um það, hvort heppilegt muni vera að taka upp í löggjöf landsins líflátsdóma fyrir morðglæpi, og hefir nefnd sú lokið starfi sínu, og ráðlagt með 6 atkv. gegn 2, að lögleiða á ný líflátsdóma. Ástæðan er sú, að morðglæpum hafi svo mjög fjölgað í rík inu síðan slíkir dómar voru þar úr lögum numdir, að þeir eru nú orðnir daglegir viðburðir.

Hinir áreiðanlegustu — og þar með hinir vinsælustu — verzlunarmenn auglýsa í Heimskringlu.

—The— Criterion Hotel

McDermott Ave.

Nýtt, vandað gistihús með ágæt herbergi, vönduðustu drykkjir og fínustu vindlar.

Vinsælt meðal Íslendinga. Er beint á móti Tribune byggingunni á McDermott Avenue.

MORICE NOKES

EIGANDI

Woodbine Hotel

Stærsta Billiard Hall í Norðvesturlandinu
Ttu Pool-borð.—Alskonar vín og vindlar.

Lennon & Hebb,
Eigendur.

SPÓNNÝTT HÓTEL
ALGERLEGA NÝTÍZKU

Hotel Majestic

John McDonald,
eigandi.

James St. West, Rétt vestan við Main St.
Winnipeg Telefón 4979

$1.50 á dag og þar yfir
Bandaríkja-snið

Alt sem hér er um hönd haft er af beztu tegund. Reynið oss.

MIDLAND HOTEL

255 Market St, Phone 3491

Nýtt hús, nýr húsbúnaður Fullar byrgðir af allskonar vönduðustu drykkjum og vindlum í hressingar stofunni. Gisting einn dollar á dag og þar yfir.

W. G. GOULD :: FRED. D. PETERS,
Eigendur
WINNIPEG ::: ::: CANADA

Jimmy's HOTEL

Rétt á bak við Pósthúsið

Íslendingar ættu að reyna þetta gistihús. Í hressingarstofunni er sá eini íslenzki vínveitingamaður í Winnipeg.

James Thorpe,
eigandi
Fyrrum eigandi Jimmy's Restaurant

En ásetningur hans varð að engu. Hann hafði ekki búist við tárum hennar, ekki búist við hinni miklu sorg og örvænting hennar. Hún vitnaði til réttlætis hans og meðaumkvunar. Hún hafði ruglað svo sansa hans, að hann vissi varla sitt rjúkandi ráð, og aldrei hafði hann þakkað guði eins innilega fyrir nokkurn hlut, eins og það, er kona hans kom og hjálpaði honum. Aldrei hafði hann dáðst eins að henni, eins og þá, er hann heyrði hana tala. Hann skildi þá til fulls hina hreinu og göfugu sál hennar, og hann hugsaði þá með sér, að aldrei yrði hann rólegur fyr en hann hefði unnið ást hennar, — fyr en hann hefði bætt allan þann kulda, er hann fyr meir sýndi henni. Látið hana gleyma öllum þeim bitru orðum, sem hann hafði sagt við hana. Hann fann, að ást hennar myndi varpa gleði og ánægju yfir líf hans. Að hann gat ekki öðlast meira sælu í lífinu en þá, að lifa með henni í ást og einlægni.

Hann þekti svo vel hið blíða lundarlag hennar, að hann þóttist vita, að hún mundi fúslega fyrirgefa sér. Hann var í engum eða um, að uppfrá þeirri stundu yrðu þau bæði glöð og hamingjusöm.

En það var samt ennþá eitt, sem skildi þau að, ekkert nýtt, heldur gamla, leiðinlega spursmálið: Hversvegna átta hún hann á móti vilja hans? Hann fann nú, að þessi spurning heimtaði alvarlegt svar, því hann þóttist fullviss um, að hún hefði alvarlega og gilda ástæðu fyrir því.

Hann varð að komast eftir þessu. Það var ekki að eins af tómri forvitni, og sárlangaði hann þó að fá vitneskju í þessu atriði, heldur fann hann til þess, að á meðan hann þekti ekkert inn í þetta leyndarmál, myndi ekkert innilegt samband tengjast á milli þeirra. Nú datt honum í hug, að þetta myndi að eins vera leyndarmál konu hans, en móðir hans og

hershöfðinginn myndu ekkert vita um það, eins og hann hafði haldið í fyrstu. En hvað gat það verið?

Honum kom ekki til hugar, að efast um, að hún myndi segja honum það, hvenær sem hann spyrði hana um það. Hann hafði gefið henni umhugsunartíma, og hann beið þolinmóður eftir svari hennar. Hann bæði undraðist og dáðist að, hversu konu hans hafði farist vel við hertogainnuna, og samtímis óx ást hans til hennar, og hann langaði til þess, að alt yrði sem fyrst klappað og klárt á milli þeirra.

"Hún er miklu fremur engill en kona", sagði hann einn morgun við sjálfan sig. "Mér finst ég alls ekki vera henni samboðinn. Aldrei hefði hún breytt eins og ég gerði. Hún er miklu betri en ég er".

Hann lét það biða, að nefna þetta við hana, þangað til hertogainnan var farin þaðan, en hann veitti konu sinni nákvæma eftirtekt, og hann gat ekki skilið í þeirri sorg, sem sýndist að hvíla yfir henni. Hún var bæði orðin föl og mögur, öll framkoma hennar bar vott um þreytu og sorg. Hún var næstum magnlaus eftir alla þá barátu, sem hún hafði átt í. Hann skildi ekkert í þessu. Hann hafði vonað, að nú, þegar hún vissi að hann elskaði hana, myndi hún verða glöð og ánægð, en honum fanst hún aldrei hafa verið eins þreytt og áhyggjufull eins og nú.

Hann tók einnig eftir því, að hún forðaðist hann. Oftar en einu sinni hafði hann ætlað að ná tali af henni, en hún hafði þá alt af barið einhverju við. Í fyrstunni hafði hann brosað og haldið það staða af fæmni, en svo sá hann að hún hafði þjáðst af meguri sorg.

Nú var meira en vika síðan hertogainnan fór þaðan, og einu sinni seinni part dags, er Caren lá-

varður gekk í hægðum sínum skamt frá Brooklands, sá hann konu sína ganga inn í skóginn.

Nú gat hann talað við hana. Nú gat hún ekki sagt, að Lady Caren biði eftir sér, eða hún væri búin að loía Alisu að ganga með henni. Hann hugsaði sér, að láta þetta tækifæri ekki ónotað og gekk hægt á eftir henni. Hún sat á mosavöxnum stein við læk, er rann þar.

"Mann fagri, hræddi fugl, nú skaltu ekki fljúga frá mér", hugsaði hann. Hann kom hægt við handlegg hennar og nefndi nafn hennar.

"Aðalheiður, elskan mín, loksins hefi ég náð þér, — nú skaltu ekki sleppa frá mér".

Hann hafði hugsað, að hún mundi roðna og lita brosandi framan í sig, en það brást. Hann varð næstum hræddur, því þegar hún sá hann, varð hún náföl af hræðslu, og rak upp lágt hljóð.

"Ég vona, að ég hafi ekki gert þér bilt við, Aðalheiður?" sagði hann blíðlega.

"Nei, — það er að segja, ekki mikið", svaraði hún.

"Það litur út fyrir, að þér þyki ekki vænt um að sjá mig", sagði hann bæði forviða og gramur yfir því, hvernig hún tók á móti honum.

Hún svaraði engu og hann kendi í brjósti um hana, er hann sá, hversu hún skalf. Hann settist við hlið hennar og lagði handlegginn utan um hana.

"Aðalheiður, elsku konan mín. Ég er kominn hingað til að fá svar. Ég kem til að bjóða þér alla þá ást og umhyggjusemi, er maður getur boðið konu sinni, en í staðinn vil ég fá að vita leyndarmál þitt. Þú neitar mér ekki um það. Ég gaf þér umhugsunartíma, og þú hlýtur að vera búin að hugsa þig um. Þú ert of góð kona til að vilja halda nokkru leyndu fyrir mér".

Hún leit til hennins, eins og hún bæði um hjálp

þaðan. Hún þrýsti höndunum að brjósti sér og leit því næst djarflega framan í hann.

"Allan, þú mátt halda um mig hvað sem þú vilt, hegna mér eins og þú vilt, — ég get ekki borið hönd fyrir höfuð mér. Ég get ekki opinberað leyndarmál mitt, jafnvel þó að hegningin fyrir það yrði dauðinn eða skilnaður við þig".

Hann stóð upprétttur fyrir framan hana. "Er þetta meining þín Aðalheiður? Neitarðu að segja mér leyndarmálið?"

"Já, það geri ég og verð að gera það, þó ég gæti frelsað lífið með því. Ég get ekki gengið á bak orða minna".

LXVII. KAPÍTULI.

Caren lávarður var álveg forviða. Það var ekki að eins það, að hann fékk ekki svalað forvitni sinni, heldur sá hann, að hér var um mikilsvarðandi leyndarmál að ræða, sem hann mátti ekki fá að vita um. Hvað gat það verið úr því konan hans, sem elskaði hann svo innilega, vildi heldur skilja við hann, en segja honum það. Það gat ekki verið neitt viðvíkjandi honum. Líf hans var eins og opin bók, sem allir gátu lesið. Það hlaut því að vera eitthvað henni sjálfri viðvíkjandi, eitthvað er snerti foreldra eða feðingu hennar.

Nú fór hann alt í einu að hugsa um, hve lítið hann vissi um ætt hennar. Hann hafði þegar hann var drengur, heyrt að hún væri dóttir einhvers bezta vinar föður hans, og hann hafði trúað því, og svo ekkert meira um það hugsað. Þessi vinur föður hans hafði dáið utanlands og á banasænginni beðið

Ýmsar ástæður

eru fyrir því að vér höfum eins gott kjöt og nok kur annar kjötsali í bænum. Reynið hvort ekki er

C. G. JOHNSON
Telefón 2631
Á horninu á Ellice og Langside St

Giftingaleyfisbrjef
selur Kr. Ásg. Benediktsson,
477 Beverley St. Winnipeg.

WINNIPEG Business College
FÉKK FYRSTU VERÐLAUN Á SAINT LOUIS SÝNINGUNNI.
Cor. Portage Ave and Fort St.
Kennir Bókhald, Véritun, Simritun, Býr undir Stjórnbjónustu o. fl. Kveld og dag kensla. Sérstök tilsögn veitt einstaklega. Starfshögunar-skrá frí.

DR. A. EKERN
Sérfræðingur í Augna-, Nef-, Eyrna- og Holdssjúkdómum.
Grand Forks, N. Dak.

Cancer Cure.
R. D. EVANS, sem fann upp hið víðfræga lyf til lækninga
krabbameinum
óskar að allir sem nú þjást af krabbameinum, skrifi sér. 2. daga notkun meðalsins, læknar útvortis eða innvortis krabbamein. Skrifið strax til R. D. Evans, Brandon, Man. 21-8-8

Skrifið yður fyrir Heims-

Heimskringla þarf að fá 300 nýja kaupendur á þessu ári Hún óskar þessvegna að allir góðir menn og konur vildu gerast kaupendur þess sem allra fyrst. Nýjir kaupendur sem borga fyrirfram, fá 2 sögur gefins, og 5 sögur úr að velja. Hvað sýnist yður? Hkr. þakkar kaupendum sínum innilega fyrir liðin viðskifti, og vonar að geta þóknast þeim í framtíðinni eins og á liðinni tíð — og betur.

kringlu, svo að þér getið ætíð fylgst með málum Íslendinga hér og heima.

Fréttabréf.

VANCOUVER, B. C.
6. júlí 1908.

Herra ritstjóri!

Þetta bréf getur sannarlega byrjað eins og hvert annað bréf, sem fólk skrifar, til ættingja, vina og kunningja, með því að segja: "Fátt hefi ég í fréttum að segja". Það er líka töluverð ástæða til þess, að héðan séu litlar fréttir að segja, ef maður bindur sig eingöngu við þennan litla hóp af löndum, sem hér er samankominn í þessari fjölmennu borg, og sem eru tvístraðir um hana eins og víltir sauðir um viðáttumikil örræfi. Þeir hafa engan félagsskap af nokkru tagi, og eftir því sem ég kemst næst, þá kæra þeir sig ekkert um hann, einkum þeir, sem búnir eru að vera hér nokkuð lengi. Það mun því ekki dragast margra mannsaldra, að sá hópur, sem hér er, ef hann staðnæmist til fulls hér, hverfi, hverfi í þjóðarsamsteypu-grautinn og hafið, og skilji engin merki eftir sig, sem Íslendingar, og er slíkt þó bæði leiðinlegt og ómyndarlegt. En svo getur nú, og það vil ég heldur vona, þetta lagast, ef einhver framtaksamur og sannur Íslendingur kæmi og staðnæmdist hér. Að svo gefnum ástæðum, er því lifið meðal landa hér mjög svo viðburðasnautt. En að svo miklu leyti, sem ég veit, eru þeir flestir við bærilega líðan að heilsunni til. En um afkomu þeirra efnalega, mun vera fremur misjafnt að segja. Þó skal það játað, að ég hefi ekki gert mér far um, að grenslast nákvæmlega eftir því, því ég býst ekki við, að ég mundi fá stjórnarstyrk til að búa til hagfræðisskýrslu um það.

Fyrir nokkuð meira en mánuði síðan var herra Sigurður Jóhannsson, sem hingað kom frá Keewatin, Ont., sl. vor, á ferð með einum rafmagns sporvagni hér í bænum, en þegar hann fór út úr honum, misti hann sig, og er honum ekki enn batnað, en er samt á töluvert góðum batavegi.

Samkvæmislíf á sér naumast stað hér hjá löndum. Þó höfðu þeir dágóða skemtisamkomu um nýjársleytið í vetur sem leið, og sá ég að yðar heiðraða blaði var stuttlega skýrt frá því.

Fyrsta þessa mánaðar kom nokkur hluti þeirra saman undir beru lofti, úta í guðsgrænni náttúrunni, í plássi blasandi við opnu hafi, til þess að hrista af sér saggagufuna úr húsunum og rykið af fötunum, sem þyrlast á mann í ríkum mæli á götunum í Vancouver. Þar höfðu þeir tækifæri til þess, að soga að sér heilnæmu lofti og hressa upp líkama og sál. Jæja —

"Guð láti þeim gott af verða,
göfugu sprundi og hal,
alla þeirra andans kvilla
af þeim hrekja skal".

Atvinnuvegir landa hér eru ei mjög margbreyttir, meiri hlutinn af þeim eru handverksmenn, svo sem trésmiðir, skósmiðir og rakari er hér einn. Skósmiðirnir eru þeir Benedikt Kristjánsson og Bjarni Lyngholt. Benedikt hefir skósölubúð í sambandi við verkstæðið, og er verzlunin orðin svo mikil, að það má heita, að hann sé hættur að sitja á skósmíðastólnum. Bjarni Lyngholt er nýbyrjaður að halda sína eigin vinnustofu, og er vonandi, að honum gangi vel, því hann er vel settur í bænum. Báðir eru menn þessir hinir liprustu og drengir góðir.

Tveir íslenzkir tinsmiðir eru hér, þeir hr. Erlendur Gíslason, bróðir Jóns Gíslasonar hljóðfæru agents í Winnipeg, og hr. Jóhann S. Jóhannsson. En hvorugur þeirra hefir sína eigin vinnustofu.

En það er af trésmiðunum að segja, að þeir eru allir upp á náð annara komnir, ef þeir eiga að hafa nokkuð að gera. Enda vill það taka sig misjafnt út fyrir sumum af þeim, að þeir hafi atvinnu, að minsta kosti þetta sumar. Það virtist ekki bera svo mikið á því í fyrra sumar eins og nú, að smiðir væru atvinnulausir, og þó er auðsjáanlega bygt miklu meira af íbúðarhúsum. Annars er tíminn hér að mörgu leiti slæmur þetta sumar, peningaleysi frámuna legt, og atvinna ekki nándar nærri nóg handa öllum, sem þurfa hennar. Tíðarfarið heldur ekki eins æskilegt eins og það er venjulegast. Rigningar og vindakalsi ennað veifið, en nokkuð sterkir hitar hinn dintinn. Yfirleitt má segja, að tíðin sé umhleypingasöm þetta sumar, sem af er.

Blaine-búar, Washington, höfðu, sem kunnugt er, þjóðminningardag 2. ágúst 1907, og mæltist það vel fyrir af öllum. En nú gátu þeir ekki komið sér saman um, að halda því áfram. Ó, sú sterka þjóðar og þjóðernisást!!

Af skólamentun hér á Kyrrahafsströndinni get ég ekki skrifað fréttir, því ég hefi ekki leitað mér nákvæmra upplýsinga um það, og útir því sem ég kemst næst, held ég að fræðidísin sé hér fremur lítið starfandi á meðal landa. Þó ætla ég að geta um eitt atriði, vegna þess að það kemur að nokkru leyti þessum bæ við.

Fimtudaginn 18. júní sl. útskrifuðust af St. Luke's Training School fyrir Nurses í Bellingham fimm hjúkrunarkonur, og var ein af þeim íslenzk, Miss Sara Westman, og fékk hún þann bezta vitnisburð, sem þar er gefinn í öllum námsgreinunum nema einni. Var hún því útskrifuð með bezta vitnisburði eða 96. Hún er dóttir hr. Guðbrandar Sigurðssonar Westman og Sigríðar Westman (fædd Kjartansdóttir). Móðir hennar heldur nætur gistinghús hér í bezta götu bæjarins. Miss Westman er mjög myndarleg og væn stúlka, og orðin vel lærð í því, sem hún ætlar að gera að lífsstarfi sínu. Veit ég því, að allir hennar ættingjar, vinir og kunningjar óska henni af hjarta til lukku og blessunar á lífsleiðinni, — já, að guð blessi alt hennar starf í framtíðinni í þarfir sjúklinga og þeirra, sem þágt eiga.

Að svo mæltu bið ég lesendur Heimskringlu velvirðingar á öllu þessu masi, og sendi þeim kveðju guðs og mína, — eins og konungur Danmerkur vill hafa heimild til að senda Íslendingum um allar ókomnar aldir.

J. P. Ísdal.

3 kennara vantar

við Gimli skóla, frá 1. september næstk. til 1. júlí 1909. Einn með 1. stigs Professional Certificate og hina með 2. og 3. stigs.

Umsækjendur tilgreini kaup og reynslu sem kennarar.

Tilboðum vestt móttaka af undirskrifuðum til 5. ágúst næstk.

Gimli, Man.

B. B. OLSON,
23-7) Sec'y-Treas.

Til Íslands.

Ég sendi þér ástarorð, eyjan mín góð,
ég elska þig þrátt fyrir alt.
Í æðum mér rennur þitt ómengað blóð, —
unz í dauðanum verður það kalt.

Þótt þú sért lítil og langt út í sjó,
þér lánaðist mannvænleg börn.
Í öndverðu krækti í þig kúgunarkló, —
þér kom ekki neinstaðar vörn.

Þú ert ekki voldug, þig vantar enn mund,
enn veik ert, móðir mín kær.
Þú berst enn á hnjánum með blæðandi und. —
Hvar er bróðir að standa þér nær?

Væri ég orðin að vermandi sól,
ég vermdi þá blómin þín öll,
og á milli skúra ég skini á þinn hól
og skrúðklæddi hlíðar og fjöll.

R. J. DAVÍÐSSON.

Ég vil ei hverfa heim til hárra halla,
þar heyrast glymja ótal raddir táls,
þar menn og konur bíða blóts við stalla,
þar böðlar vefja hlekki um þræla háls.
Þar saman blandast harmakvein og hlátrar,
hatursorð og tryllings ástamál,
þar enginn þekkir illgresi frá rósum, —
því allstaðar er fult af villiljósum.

R. J. DAVÍÐSSON.

F. Deluca

Verslar með matvöru, aldini, sæt-kökur, allskonar sætindi, mjólk og rjóma, sömul. tóbak og vindla. Óskar viðskifta Íslend. Heitt kaffi eða te á öllum tímum. Fón 7736
Tvær búðir:
587 Notre Dame og 714 Maryland St.

The Dominion Bank

NOTRE DAME Ave. BRANCH Cor. Nena St.

Vér seljum peningaávísanir borganlegar á Íslandi og öðrum lönd.
Allskonar bankastörf af hendi leyst

SPARISJÓDS-DEILDIN
tekur $1.00 innlag og yfir og gefur hæstu gildandi vexti, sem leggjast við innstæðufé 4 sinnum á ári, 30. júní, 30. sept. 31. desembr og 31. march.

Sendið Heimskringlu til vina yðar á Íslandi

Til fullkomnustu tryggingar Vátryggið fasteignir yðar hjá The
St. Paul Fire & Marine Ins. Co.
Eignir félags. eru yfir 5 milljón dollars. Skaðabætur borgaðar af San Francisco eldinum 1¼ mill. SKULI HANSSON & CO., 55 Tribune Bldg., Phone 6456, eru sérstakir umboðsmenn.

E. S. Miller Limited
Aðal umboðsmenn
PHONE 2083 219 McINTYRE BLK.

T. L.

Heitir sá vindill sem allir reykja. "Hversvegna?", af því hann er það besta sem menn geta reykt. Íslendingar! munið eftir að biðja um T. L.
(UNION MADE)
Western Cigar Factory
Thomas Lee, eigandi Winnipeg

Redwood Lager og Extra Porter

Styrkið taugarnar með því að drekka eitt staup af öðrum hvorum þessum ágæta heimilis bjór, á undan hverri máltíð. — Reynið !!

EDWARD L. DREWRY Manufacturer & Importer Winnipeg, Canada.

Department of Agriculture and Immigration.

MANITOBA

Þetta fylki hefir 41,169,089 ekrur lands, 6,019,200 ekrur eru vötn, sem veita landinu raka til akuryrkjuþarfa. Þess vegna höfum vér jafnan nægan raka til uppskeru tryggingar.

Ennþá eru 25 miliónir ekrur óteknar, sem fá má með heimilisréttti eða kaupum.

Íbúatala árið 1901 var 255,211, nú er hún orðin 400,000 manns, hefir nálega tvöfaldast á 7 árum.

Íbúatala Winnipeg borgar árið 1901 var 42,240, en nú um 115 þúsundir, hefir meir en tvöfaldast á 7 árum.

Flutningstæki eru nú sem næst fullkomin, 3516 mílur járnbrauta eru í fylkinu, sem allar liggja út frá Winnipeg. Þrjár þverlandsbrauta lestir fara daglega frá Winnipeg, og innan fárra mánaða verða þær 5 talsins, þegar Grand Trunk Pacific og Canadian Northern bætast við.

Framför fylkisins er sjáanleg hvar sem litið er. Þér ættuð að taka þar bólfestu. Ekkert annað land getur sýnt sama vöxt á sama tímabili.

TIL FERDAMANNA:

Farið ekki framhjá Winnipeg, án þess að grenslast um stjórnar og járnbrautarlönd til sölu, og útvega yður fullkomnar upplýsingar um heimilisréttarlönd og fjárgróða möguleika.

R. P. ROBLIN,
Stjórnarformaður og Akuryrkjumála Ráðgjafi.
Skrifið eftir upplýsingum til
Joseph Burke, 178 LOGAN AVE., WINNIPEG.
Jas Hartney, 77 YORK ST., TORONTO.

Caren lávarð fyrir dóttur sína. Líka hafði hann heyrt talað um, að hún ætti töluverðar eignir, er faðir hans hafði einnig umsjón yfir. Nú, þegar fór að hugsa um það, mundi hann eftir, að hann hafði aldrei heyrt neitt talað um þennan Carlton, föður Aðalheiðar. Hver var hann? Var hann í hernum? Hvernig höfðu þeir kynst, Carlton og faðar hans? Demont lávarður hafði þó næstum aldrei farið burtu frá Brooklands, sem honum þótti svo vænt um. Caren lávarður furðaði sig á, að hann hafði aldrei hugsað um þetta fyr.

Hann var í stökustu vandræðum. Setjum svo, að einhver annmarki væri nú á fæðingu konu hans? Átti hann að elska hana minna fyrir það? Nei, hann vissi að hún elskaði hann, og í henni hafði hann fundið alla þá kósti sameinaða, sem konuna prýða. Aldrei á æfi sinni hafði hann hitt fyrir nokkura konu, sem jafnaðist við hana. Hún var búin að hertaka hjarta hans. Honum stóð á sama um fæðingu hennar, en því fyr, sem hann komst að hinu sanna í þessu máli, því betra var það. Því fyr, sem hann gat tekið hana í faðm sér og sagt: "Elskan mín, ég veit alt, og ég elska þig engu minna fyrir það", — þess betra fyrir þau bæði.

Hann langaði svo mjög eftir nærveru hennar. Hún hafði með blíðu, auðmýkt og þolinmæði borið alla þá niðurlægingu og mótlætu, sem hún hafði orðið að þola. Hann hafði ekki haft minstu hugmynd um, hve heitt hann elskaði hana, fyr en atburðurinn í lundúnum opnaði augu hans. Þá fyrst skildi hann þær tilfinningar, er hann bar til hennar, og fann að þessi fagra, yndislega stúlka, sem að eins að nafni til var konan hans, sem hafði búið undir hans þaki í niðurlægingu og einskis ráðandi, — hún hafði unnið þá dýpstu og heitustu ást, er hann átti til í hjarta sínu.

Veggurinn á milli þeirra varð að brjótast niður. Honum fanst ómögulegt, að lifa lengur því lífi, sem þau höfðu lifað undir sama þaki, en þó algerlega aðskilin. Hann varð að vinna hana. Hann gat ekki lifað lengur án ástar hennar.

Meðan hann var að hugsa um þetta, gekk hann aftur á bak og áfram á gangstéttinni fyrir framan húsið. Móðir hans sá hann út um glugga og gekk til hans.

"Því ertu svona hugsandi, Allan?

"Mamma", sagði hann. "Í allan morgun hefi ég verið að hugsa um, hverjir foreldrar Aðalheiðar hafi verið. Hver voru þau? Því hafa þau aldrei verið nefnd á nafn?"

Lady Caren hrökk við, eins og höggormur hefði bitið hana. Hún varð náföl, og lávarðurinn hlaut að taka eftir því, en hann var of mikið prúðmenni til að látast taka eftir því og sneri sér því við, svo hún stæði í þeirri trú, að hann hefði ekki séð það.

"Hverjir voru foreldrar hennar?" sagði Lady Caren dræmt. "Móðir hennar var þýzk, eftir því sem ég hefi komist næst um".

"Það hefir verið fallega kona, ef Aðalheiður líkist henni", sagði lávarðurinn, og lézt vera rólegur. "En ég hefi ekki hugsað svo mikið um móðir hennar, heldur hver faðir hennar hafi verið. Var hann í hernum? Var hann frægur maður? Ég hafi aldrei heyrt hann nefndan á nafn, — já, meira að segja, ég man ekki til, að nokkur hér hafi talað um hann".

"Ég held, að hann hafi verið ógæfusamur, faðir þinn talaði varla aldrei um hann".

"Hvernig annars stóð á því, að faðir minn þekti hann, — faðir minn, sem sjaldan ferðaðist frá Brooklands, en Mr. Carlton lifði alt af í útlöndum?

"Ég veit ekki um það, kæri Allan. Mér er ómögulegt að segja þér það".

"Clavering hershöfðingi veit það víst alt saman, ég ætla að spyrja hann".

Hún greip um handlegg hans, og hélt honum föstum. "Gerðu það ekki, Allan. Í guðsnafni, gerðu það ekki, Allan! Það drepur mig!

"Hvað gengur að þér, mamma? Hvað getur það gert þér til, þó ég vilji þekkja ætt konu minnar?"

"Þú hræðir mig svo, að ég veit ekkert, hvað ég segi", sagði hún.

"Ég skil ekkert í, af hverju þessi hræðsla getur staðið, mamma. Er það ekki náttúrlegt, að ég vilji fræðast um ætt konu minnar?"

"Jú, það er alveg náttúrlegt. En, Allan — góði drengurinn minn — spurðu ekki hershöfðingjann um það, — það yrði að eins til að hryggja mig og hann. Gerðu það fyrir mig, Allan, að spyrja hann ekki neitt um þetta.

"Ég vil gera alt annað en þetta fyrir þig, mamma. Mér finst sem hér sé um eitthvert leyndarmál að ræða, sem er með öllu móti haldið leyndu fyrir mér. En nú hefi ég fastlega ásett mér að komast eftir, hvað það er".

Hún ætlaði að gripa frammí fyrir honum, en hann hélt áfram: "Mig furðar mest á því, að ég skuli ekki hafa hugsað neitt um þetta fyr, en mér hefir ekki einu sinni komið það til hugar".

"Ó, Allan — Allan!" hrópaði hún angistarfull. Talaðu ekki svona! Ef þetta er að eins ímyndun þín, þá skeyttu því ekki. Hvaða leyndarmál ætti það líka að vera?"

"Já, ég fæ ekki skilið það", sagði hann hreinskilnislega, "en ég —" Hann endaði ekki setninguna, því rétt í þessu kom þjónn með einhver skilaboð til lávarðarins, svo hann varð að yfirgefa móður sína.

Lady Caren varð ein eftir, algerlega örvingluð. Hún stóð kyr og þegjandi í nokkrar minútur. Svo hóf hún upp hendur sínar og sagði:

"Fyr skal himinninn falla yfir mig, — fyr skal jörðin opnast fyrir fótum mér og gleypa mig, en ég segi honum afbrot föður hans!"

Hún gekk nú inn til að finna Lady Aðalheiði og leita huggunar hjá henni. Hún hitti hana í hennar eigin herbergjum, en hún var fölur og augun voru þrútin af gráti.

"Aðalheiður", sagði Lady Caren. "Það hangir sverð yfir höfði mér, og það mun falla niður og taka af mér lífið. Allan uppástendur, að hér sé um eitthvert leyndarmál að ræða, og hann hefir ásett sér að komast fyrir um, hvað það er.

"Já, ég hefi nú um tíma verið hrædd um það. Ég sé ekki, að það sé hægt að gera við því"

"Barn!" hrópaði tengdamóðir hennar. Því talarðu svona hræðuleysislega um þetta! Það verður minn bani, ef það kemst upp".

"Hvernig get ég afstýrt því? Hefi ég ekki lagt alt í sölurnar? Gæti ég komið í veg fyrir það með því að láta líf mitt, skyldi ég gera það".

"Ég trúi þér", sagði Lady Caren innilega hrærð af eðallyndi tengdadóttur sinnar.

"Gæti ég afstýrt því með því að yfirgefa alt og fara í burtu samstundis, skyldi ég gera það. En hvorug okkar getur neitt gert úr því sem komið er. Ef hershöfðinginn hefði ekki komið, hefði alt farið vel, og við getað varðveitt leyndarmál okkar alla okkar æfi".

Lady Caren varð nú rólegri. "Ég vildi óska, að hann hefði ekki komið", sagði hún. "Mér datt það strax í hug, þegar ég heyrði, að hann ætlaði að koma hingað, að ekkert gott myndi af því leiða.

Bryan,

forsetaefni Demókrata.

Truth crushed to earth shall rise again. — William Cullen Bryant

Enn eiga mannréttindin sigri að hrósa, — annar stór stjórnmálaflokkur Bandaríkjanna hefir kosið sem merkisbera sinn ágætismannin W. J. BRYAN.

Fjögur ár eru liðin síðan Alton B. Parker var tilnefndur af Demókrata flokknum til að sækja um forseta embættið í Bandaríkjunum, í stað Bryans, sem sjálfsagðastur var til þess. Ókostur Bryans var fjandskapur sá, sem hann hafði aflað sér hjá auðvaldinu, en Parker var ekki þeim ókosti búinn. Þó fóru svo leikar, að Parker fékk miklu færri atkvæði en Bryan hafði fengið fjórum árum áður. En við því mátti búast, Parker, sem fulltrúi auðvaldsins, gat ekki haft eindregið fylgi Demókrata, sem eins og nafn flokksins bendir á, eiga kyn að rekja til lýðveldislegra hugsjóna, og þótt hvarflað hefði frá þeim um hríð, var á ný farinn að hallast að þeim. Bryan er aðal leiðtoginn í þeirri afturhvarfs hreyfingu.

En hvað gilda hugsjónir hjá stjórnmálamönnunum yfirleitt? — þeir meta þær ekki mikils. Þeir heimta völd, — skilyrðalaust hvað þjóðina snertir, hugsjónalaust, — einungis til að seðja valdafýkn sína.

Fulltrúi var Bryan kosinn í Congress Bandaríkjanna árið 1890 fyrir ríkið Illinois, — þar sem hann er fæddur. Var hann þá þrítugur að aldri.

Fékk hann brátt orð á sig fyrir mælsku, og viðurkenningu hæfileika sinna með því að vera settur í fjárhagsnefnd þingsins.

Pólitík hafa margir fyrir lifibrauð, og þegar þeir komast í opinberu stöðurnar, þá reyra þeir að sér böndin, svo að þeir megi sem lengst sitja við völdin. Aðferðirnar, sem þá eru notaðar, eru vanalega síðum spéllandi fyrir þá sjálfa og þjóðina. Flokksfélagsskapurinn er fyrir þeim átrúnaðargoð, en málefnin, sem flokkurinn hefði með ferðis, er að eins agn eða beita fyrir gæsirnar og fiskana — alþýðuna — sem halda þeim í embættunum. Þeir, sem ekki líta þannig á það, eru álitnir óhæfir í praktiskri pólitík.

Í þessum skilningi er Bryan álitinn "ópraktiskur".

Málið, sem var ofarlega á dagskrá um það leyti, sem Bryan var þingmaður, var peningamál, silfurmálið, sem Bryan er oft kendur við.

Silfur hafði verið haft til peningasláttu jafnt og gull í meir en heila öld, þegar sú breyting var gerð, árið 1873, að hætt var peningaslætti úr silfri. Var það gert að undirlagi auðkýfinga, sem gullnáma og gull áttu, til þess að afurð þeirra yrði dýr. Breyting þessi var gerð á leynilegan, svikasamlegan, sumir segja á glæpsamlegan hátt. En þar sem gull, sem peninga málmur, gerði alla aðra hluti, sem með því eru keyptir og borgaðir, ódýra að sama skapi, þá var bændum og verkamönnum með þessu gerðar bínar verstu búsájar. Einkum voru það nýlendubúar í Vesturríkjunum, sem illa undu yfirgangi þessum og mótmæltu honum. Flestir höfðu þeir veðsett lönd sín, eins og nýlendumönnum er gjarnt, en um leið og gullið hækkaði í verði, stigu líka veðbréfin á löndunum þeirra upp í verði, og að sama skapi stigu afurðirnar af löndum þeirra niður í verði. Bágindin, sem stöfuðu af þessu, voru svo mikil, að til vandræða horfði. Orsökin var á hvers manns vörum: "það var 'glæpurinn frá '73'," hrópuðu menn, og er þart að neita, að hann átti stóran þátt í þeim, þó ýmislegt annað mætti telja til. Nýr stjórnmálaflokkur var myndaður, sem nefndist "Peoples Party. Ox honum svo fljótt fiskur um hrygg, að hann ruddi eldri flokkunum úr völdum í fleiru en einu ríki. Inn í gömlu flokkana — bæði hinn Demókratiska og hinn Repúblikanska — var silfurmálið þá líka komið. Það fór að verða lífsskilyrði fyrir þá.

Repúblikanar munu traðir til að gangast við því nú, en þó er það satt, að fyrir eina tíð voru líkurnar eins miklar til þess — htu út fyrir að vera, að minsta kosti — að repúblikanski flokkurinn yrði merkisberi silfursins, því flestir forystumenn hans voru þá eins miklir frísilfursmenn eins og forystumenn Demókrata. En þeir snéru flestir við blaðinu "praktiska" mennirnir í Repúblíka flokkinum, þegar Demókratar settu silfrið á sína dagskrá.

Nú segja menn, að silfurmálið sé ekki framar á dagskrá, því það hafi verið kveðið niður við kosningu McKinleys árið 1896. En það er ekki hárrétt. Silfurmálið er á dagskrá enn, ekki eitt fyrir sig, heldur eitt af fjölda fleiri mála eins vöxnum, sem eins og hlekkir í fjötrum mynda einokunardróma þann, sem þjóðin er bundin í.

Bryan hafði fluzt búferlum til Nebraska ríkisins árið 1888, og sett sig þar niður sem málafærslumaður í bænum Lincoln. Sex árum síðar gerðist hann ritstjóri við blaðið "Omaha World Herald". Hann var þjóðmálamaður í hinum rétta þjóðlega skilningi. Hann gekst fyrir velferðarmálum þjóðarinnar. Hann ritaði um þau í blað sitt, og hann ferðaðist um landið til að útskýra þau. Verzlunarfrelsi og silfurslátta voru aðalmálin. Menn sögðu, að hann væri Populisti, en þó að hið sama hefði mátt segja um háttstandandi Repúblikana og Demókrata í Vesturríkjunum um þær mundir, þar sem þeir höluðust að ýmsum mál um Populista, — þá var það ekki fremur satt um hann en þá. En Bryan hræddist ekki háð eða uppnefni. Hann var ungur, vinsæll og málsnjall, og aflaði sér því brátt góðs orðstýrs í Nebraska. Var hann því sjálfkjörinn sendimaður frá Nebraska til allsherjarþings Demókrata í Chicago árið 1896. Var hann þar einnig staddur af hálfu blaðsins "Omaha World Herald".

Demókrata þingið í Chicago árið 1896 er nú orðið frægt fyrir það einkanlega, að það setti frí silfur á dagskrá sína, og steig með því stórt spor til að draga sig og alla þjóðina úr dróma auðvaldsins. Og maðurinn, sem meira var að þakka það spor en nokkrum öðrum, var enginn annar en William Jennings Bryan.

Veðrið var heitt þá daga, og hafði Bryan starfað án afláts í herbergi því, sem fréttaritarum var ætlað.

Í tjaldinu mikla, sem þingið var í, hafði hver ræðuskörungurinn á fætur öðrum reynt af ítrasta megni, að hefja fram kosti uppáhaldsmanns sins ríkis, sem hæfastan til þess, að verða merkisberi flokksins í hinum nærverandi kosningabardaga. En ekkert gekk. Eng inn virtist vera ákjósanlegri en annar. Bland frá Kansas, ágætur maður, stóð framarlega, en var þó tortrygður af Austurríkja mönnum. Lítill flokkur frá Nebraska hafði sést með nafnið W. J. Bryan á stöng sinni, nafn, sem fáir könnuðust við.

Nú gekk maður úr þeim hóp. Hann var karlmannlegur í vexti, ungur og ósprottin grön. Maður þessi stefndi að ræðupalli og hóf mál sitt. Röddin var ekki hvell og ekki heldur djúp, en hljómaði svo glögt, að vel mátti heyra hvert einasta orð ræðumannsins í þessari risavöxnu tjald búð. Menn fóru að hlusta. Setningar heyrðust greinilega, — þessar setningar, sem voru í allra huga, en enginn kunni rétt að segja: "Þeir hafa neglt mennina á gullkross og sett á þá silfurkórónu". "Þeir skulu ekki krossfesta mannkynið á gullkrossi, ekki skulu þeir heldur setja á það silfurkórónu". — Ekki þurfti meir. Þetta ema var allra mál. Menn fóru að klappa saman höndum. En það var ekki nóg, þeir stóðu og veifuðu flöggum, höttum, klútum yfirhöfnum. Þeir hrópuðu af öllum mætti, þangað til bergmáladi í byggingunni umhverfis og hinni stóru borg. Maðurinn, sem leitað var að, var fundinn. William Jennings Bryan var tilnefndur forsetaefni Demókrata.

Kosninga bardaginn, sem á eftir fór, er nú orðinn alkunnur, og sama er að segja um úrslitin, en bardaginn og úrslitin voru hvort í sínu lagi fagnaðarefni fyrir Bryan, þó ekki næði hann aðal takmarkinu. Það var fagnaðarefni, af því, að nú var annar stór þjóðmálaflokkur Bandaríkjanna búinn að segja forréttindum og auðvaldi stríð á hendur.

Varla verður skrið menningarinnar á vorum tímum betur séð, en á breytingunni í Bandaríkjunum árin 1896—1900. Það voru styrjaldarár, sem á stuttum tíma höfðu nálega hrifið þjóðina algerlega út af braut lýðveldisins. Auðvaldið, sem áður var búið að ná undir sig landinu heima fyrir, fór nú að renna augum yfir önnur löND. Eins og endranær var það mannúðar málefni, sem gaf þeim tilefnið. Eyjan Kúba var í hershöndum, undirokuð og þjáð af stjórn Spánverja. "Hví skyldum við ekki skakka leikinn", sögðu mennirnir í Bandaríkjunum, "og ná eyjunum undir okkur?" bættu auðvaldsmennirnir við. Stjórnin í Bandaríkjunum gekk inn á mál beggja og sagði Spánverjum stríð á hendur, hertók Kúba og Porto Riko og kúguði undir sig Filipseyjar, sem ekki vantaði mikið á, að hefðu rekið Spánverja af höndum sér. Þessari aðferð stjórnarinnar mótmæltu allir, sem mannúð höfðu og þekkingu á málunum. W. J. Bryan var einn af þeim. Hann hafði snemma eftir að stríðið við Spánverja byrjaði, safnað sjálfur liði til styrktar Bandaríkja hernum. Hann hafði hvatt til þess, að um frið yrði samið, enda þótt friðarskilyrðin væru ekki hin beztu. En þegar farið var að berjast móti lýðveldisflokknum á Filipseyjum, þá gat hann ekki samþykt gerðir stjórnarinnar. Það voru landráð við lýðveldis hugsjónina.

Þess vegna snerist kosningu bardaginn árið 1900 um það, hvort Bandaríkin ættu að fylgja hinni nýju stefnu McKinley stjórnarinnar og gerast keisaraveldi, eða að halda áfram að vera það, sem þau áður voru, lýðveldi, sem gengur á undan öðrum þjóðum með góðu eftirdæmi, en kúgar þær ekki til hlýðni.

En rætur auðvaldsins voru orðnar djúpar í landi lýðveldisins. Enda voru engin meðul látin ónotuð, til þess að vinna kosningabardaga þennan, og mun honum lengi viðbrugðið, sem einum hinum mest siðspillandi, sem háður hefir verið í Bandaríkjunum. — Féllu atkvæði þannig, að McKinley fékk eina milión og nálega 400 þúsund atkvæði, en Bryan 648 þúsund.

Síðan eru liðin 8 ár. Fyrir 4 árum sótti Parker móti Roosevelt, og voru þeir báðir á bandi auðvaldsmanna, þó að Roosevelt væri þeim nærstaddari bæði sem flokksmaður og auðmaður. En Parker sannaði óhæfileik Demókrataflokksins fyrir auðvaldið og sjálfs sins fyrir lýðveldið.

Þess vegna er það Bryan, sem nú er aftur orðinn merkisberi Demókrata.

Bryan hefir sjálfur aflað sér stöðu sinnar í flokknum og hjá þjóðinni, með mannkostum og hæfileikum sínum. Hann er útnefndur, ekki af því, að hann hafi sókst eftir stöðunni, heldur af því, að flokkurinn og þjóðin heimtar að hann taki þetta starf að sér. Enginn getur með sanni sagt, að hann sé á bandi nokkurrar stéttar, ekki einu sinni, að hann sé háð ur nokkurri kreddu, nema ef mann réttindin geta nefnst því nafni. Kostir hans eru í einu orði: — hreinskilni, ráðvendni og einlæg löngun til þess að vinna að málefná réttlætisins í minni hátt stöðu, sem flokksbræður hans hafa nu i þriðja sinni ráðið þjóðinni til að veita honum.

P. M. Clemens.

Strandið.

Hann bátinn lét bruna um sveinn,
og bylgjurnar risti með knör,
að velja sér veðrið og daginn
hann var ekki' í ákveðna för.

Menn sáu þann sérkenda galla,
þó sögðu það ei nema leynt:
hann vildi til hliðar ei halla,
en halda við stefnuna beint.

Í stormi og stórsjóafangi
hann stóð eins og klettur á gnoð,
ei blöskraði blásturinn strangi,
er byljirnir steyptust í voð.

Því víkingur var hann að kyni,
en virti þó drengskapinn mest;
hann dæmdi þá dáðleysissyni,
sem dingla hér aftan í lest.

Hann hafði svo hugdjarfur verið,
um hættur ei dreymdi né strand,
unz seinast hann sigldi á skerið
og sogaðist hrakinn á land.

Nú hnipinn á hillingar tíða
hann horfir frá ströndinni einn,
en þankana duldu að þýða
og þögnina — getur ei heinn.

Á boðleið er borin sú kæra:
að bjarga ekki skipinu strax.
En of seint er list þá að læra
í liksöngum komandi dags.

S. S. ÍSFELD

BANFIELD'S DÁNARBÚS SALA

Sérstakur afsláttur fyrir Sýningargesti.

$200,000 virði af húsgögnum með hálfvirði.

KJÖRKAUP Í HÚSGAGNA-DEILDINNI.

Mahogany Skraut Kommóður, með löngum skúffum og sporöskjumynduðum speglum. Sérstaklega niðursett verð. $40.00

Mahogany Kommóður, önnur tegund, með stór um og litlum skúffum og skrautspeglum. Sérstaklega niðursettar í $50.40

Eikar "Sideboards" ýmiskonar, með skúffum fyrir allskonar borðbúnað og skrautspegla. Niðursett frá ..... $10.50 til $28.80

Heilt sett af finustu eikarstólum. Niðursett í $20.90

Parar Eikarborð með skúffum og rendum fótum, sérlega vandað. Niðursett í að eins $1.56

Eldhús og borðstofustólar með niðursettu verði, frá ..... 45c til 63c

Ruggustólar, frá ..... 85c til $2.20

Í GÓLFTEPPA-DEILDINNI MÁ FÁ MARGT MEÐ LÁGU VERÐI.

Beztu Axminster Teppi, yard $1.30
Beztu Brussels Teppi, yard $0.85
Beztu Tapestry Teppi, yard $0.40
Olíu-gólfdúkar, niðursettir yd. frá 45c til 75c

GLUGGATJÖLD MEÐ GJAFVERÐI.

Allskonar tegundir af hinum finustu og beztu "Lace" Gluggatjöldum, með frá 40 til 60 prósent afslætti. Það eru óvanaleg kjörkaup.

492 Main St. Phones 3661. 3662 og 3663. **Cor. Young St. & Notre Dame Ave.** Phone 824

Vorið austanhafs.

Mig langar að víkja mér afsíðis einn
og anda að mér hressandi blænum,
og úti við skógana er himinn hreinn,
en hér er svo dimt inni í bænum.
Og þar vil ég njóta þín nýkomna vor,
með nýgræðings lífið og blómin.
Þá fuglarnir kvakandi kyssa þín spor
ég kem til að gleðjast við óminn.

En þeir kunna fáir að syngja hér sætt, —
þeir sungu mér gladari heima,
þar lóurnar gátu ekki lúðst eða hætt,
og ljúft er þá minningu að geyma.
Þá draumsjónir æskunnar andi minn sér
með alt, sem er kærast að muna.
Og því verð ég gestur hjá gleðinni hér,
þó gott sé við skógana að una.

Svo hugurinn slítur öll bindandi bönd,
sem bundu hann við skuggana og snjóinn,
en svífur með vorinu létt yfir lönd,
svo langt út í tíðrandi bláinn.
Og þangað, sem hillir við hafsbrún í land
með hafjökla skinandi bungum,
og þangað, sem hafaldan suðar við sand,
og svanirnir skemtu mér ungum.

Því nú fer að lýsa eftir langnættið þar
og lengjast um fótmál hver dagur,
og þegar hann sér það í sólskini af mar,
er svipurinn töfrandi fagur.
Já, útsýnið frikkar um borgir og bæ
og byggir á norðurheims löndum,
og nú fi tur vorblíðan sunnan um sæ
með sólbros að íslenzkum ströndum.

Ég veit, að þeir fagna henni frændurnir þar,
sem fjötraðir biðu svo lengi.
Því harðsnúinn bóndanum veturinn var
og vindbarða stráinu á engi.
En nú skrýðist liljan í ljósbláan kjól
og lindin af bergstalli drýpur,
því náttúran hýrnar með hækkandi sól
og himins að altari krýpur.

En þegar að hliðin úr læðingi er leyst
og laufin á viðirnum gróa, —
ó, þá hefir útlitið allstaðar breyzt
um annes og grundir og móa.
Og dýrðlegum ljóma yfir dalina skær,
með draumhýrum, kaðandi myndum,
og alt, sem að lifsandann lifgandi fær,
er lífnað frá strönd upp að tindum.

Og gott á þá, Ísland, hver mögur og mær,
sem mega við brjóstin þín vaka,
og finna hve hraustlega hjarta þitt slær,
þá hörpuna fossbúar taka.
Og sérhver með heilbrigða hugsun og þor
mun heiðra þig hvar sem hann stæði,
á meðan að fjörgjafinn færir þér vor
og fuglarnir syngja þér kvæði.

H. MAGNÚSSON.

Vökunótt.

Það er komin niðdimm, niðdimm nótt,
á náttúruna er fallinn höfgi þungur, —
ég heyri andvörp, alt er ekki hljótt,
því eru í mannlífssvellin djúpar sprungur,
þar sem oft við festum vora fætur, —
fækka við það okkar hvildarnætur.

Mig sækir ekki svefn, ég hlýt að vaka,
ég sveima hljótt í náttmyrkrinu ein,
Ég heyri brim við blauta sanda skvaka,
þar báran kyssir harðan, kaldan stein,
og ægir raukar liksöng yfir látnum
og lævis aldan ruggar tómum bátnum.

Þennan stað ég get ei yfirgefið,
þótt gangi hrollur gegnum hverja taug.
Ég hnýpinn stari svart niður í sefið,
þar sorgum mínum reyni að verpa haug.
Hér sofna ég vil við sævar þunga óma, —
sorgar, ástar, liksöngs blandna hljóma.

R. J. DAVÍÐSSON.

Íslenzkur Eskimói.

Blaðið "Seattle Sunday Times", dags. 5. þ. m., flytur grein um landa vorn Vilhjálm Stefánsson, og setjum vér hér dálítinn útdrátt úr henni:

"Vilhjálmur Stefánsson, ungur fræðimaður í heimsskauta lífnaðarháttum, fer bráðlega aðra ferð til að rannsaka lífnaðarháttu Eskimóa í heimsskautalöndum, og býst við að verða 2 ár að heiman í minsta lagi. Hann flytur ekkert með sér nema byssu og fisknet, og engin föt önnur en þau, sem hann stendur uppi í, og alls ekki annað, nema hraustan líkama og létta lund, og ekki hefir hann meðferðis meiri peninga en svo, að honum nægi, þar til hann kemst út úr mannabygðum. Þannig útbúinn hefir hann í hyggju að ferðast 1850 mílur gegn um óbygðir og ísalög, meðfram stórelfum þeim, sem renna norður í íshafið. Þegar hann kemst að sjávarströndinni, þá heldur hann áfram eftir henni á hundasleða á ísnum, þar til hann kemst til manna-bygða í Coronation firðinum.

Herra Stefánsson ætlar að hafa vetursetu hjá fólki, sem aldrei hefir séð hvítan mann, og sem heimurinn hefir engar sögur haft af. Hann ætlar að lifa eins og það fólk lifir, vinna sömu vinnu og það, veiða sér til matar eins og það veiðir, og veiða dýr og gera sér föt úr skinnunum eins og það gerir. Verði veturinn harður, eins og oft vill til þar nyrðra, þá ætlar hann að svelta með ibúunum þar, og frjósa með þeim, ef hann sér ekki ráð til þess að komast þaðan til bygða hvítra manna.

Vilhjálmur er fæddur, uppalinn og mentaður í Ameriku, þó útlit hans og nafn bendi ekki til þess. Hann er stór og bjartleitur og vel búinn ungur maður, og skina Íslendinga eða Norðmanna ætternis-einkennin gegn um Harvard mentunar framkomu hans. Hann segist vera 28 ára gamall, en litur unglegar út. Hann er veðurtekinn og hraustlegur, og að öllu líkur forfeðrum sínum, sem voru Íslendingar. Hann talar máli Eskimóa eins og innfæddur. Enda er sama tungumál talað meðal þeirra allra alt frá austurströnd Íslands til vesturstrandar Síberíu, og svo langt norður, sem mannabygðir ná. Herra Stefánsson ferðast því eins og maður meðal sins eigin fólks.

Greinin í Seattle Sunday Times er all-löng, en efnið í síðari hluta hennar um ferðalagið meðal Eskimóa hefir áður verið birt í þessu blaði. En það sem hér er tekið, er til að sýna bókmentalega þekkingu þess, sem greinina ritar, þar sem hann beldur því fram, að alt séu Eskimóar, sem búa á svæðinu frá austurströnd Íslands vestur á vesturströnd Síberíu, og svo langt norður, sem mannabygðir finnast.

Annars er lýsing Vilhjálms á Eskimóum góð. Hann segir þá vera meðalmenn að stærð, eða svipaðir eins og Bretar yfirleitt, þeir séu líkamlega hraustir og sérlega vel víti bornir. Húsin þeirra, þó þau séu gerð úr snjó, segir hann vera þægileg, svo að mönnum geti liðið eins vel í þeim eins og í skrauthýsum stórborganna í Ameriku. Olíu hafa þeir til eldsneytis, svo að húsin geta verið hlý. En stundum getur komið fyrir eldsneytis skortur, og þá frýs fólkið til óbóta og stundum í hel.

Winnipeg Fréttir

Frá Íslandi komu á miðvikudaginn í sl. viku (8. þ.m.) Mrs. Þórunn Jónasson, kona Bjarna Jónassonar, að Hallson P.O., N. Dak., og Sigurlaug dóttir þeirra hjóna, rúmlega tvítug að aldri og mentuð á Grand Forks háskólanum. Þær mæðgur fóru til Íslands í fyrra sumar, í kynnisför til ættingja og vina þar heima, og létu þær hið bezta yfir ferðinni. Á heimleið hinguð fóru þær til Noregs og dvöldu þar í mánaðartíma hjá systur Mrs. Jónassonar, sem þar býr. Mægðurnar hafa verið rétt árlangt í þessari skemtiferð. Þær héldu rakleiðis suður eftir að eins næturdvöl hér í bænum.

Unitara söfnuðurinn biður þess getið, að hann hafi veitingar í tjaldi sínu í sýningargarðinum á sama stað og í fyrra. Söfnuðurinn hefir haft mikinn viðbúnað til þess að geta fullnægt þörfum allra gesta, sem í tjald hans kunna að leita, og vonar að íslenzkir sýningargestir komi þar við, þegar þeir þarfnast máltíða og annara hressinga. Söfnuðurinn hefir nægan mannafla við tjald sitt til þess að sinna tafarlaust þörfum gestanna, og máltíðir og aðrar hressingar verða ígildi þess, sem bezt fæst annarstaðar í garðinum.

Mesti fjöldi sýningargesta hefir komið til borgarinnar úr flestum bygðum Íslendinga hér nærlendis. Sýningin í ár verður að ýmsu leyti betri en á umliðnum árum. Margar nýungar, sem ekki hafa áður sést þar, verða þar í ár, og alt bendir til þess, að þessi sýning verði fjölsóttari en á nokkru undangengnu ári.

Það er álit ráðsmanna járnbrautarfélaganna hér, og annara, sem ferðast hafa um Vestur Canada á þessu sumri, að flytja verði 25 þúsundir kaupamanna til þess að hjálpa við uppskeruna í haust. Árið 1906 voru 23 þús. manna aðfengnir til uppskeruvinnu. En nú er sögð þörf á talsvert fleiri mönnum.

Þann 10. sl. voru gefin saman í hjónaband hér í bænum af séra Rögnv. Péturssyni herra Þorsteinn Jóhannsson og ungfrú Elín Johnson, bæði frá Mary Hill, Man.

Lesendur geri svo vel og veiti at hygli fundarboði á fremstu síðu blaðsins, og fjölmenni í Goodtemplara húsið á mánudagskveldið kemur, 20. þ.m. Íslenzk pólitík verður rædd. Aðgangur frí.

Þann 10. þ.m. lézt á Almenna spítalanum hér Guðrún Magnúsdóttir, hjúkrunarkona, alment nefnd "Nurse Magnússon". Hún hafði um langan tíma þjáðst af krabbameinsemd og hafði legið með miklum þjáningum á spítalanum í sl. 4 mánuði eða lengur. Hún var jarðsungin af séra Jóni Bjarna syni á mánudaginn var.

Guðmundur Hávarðsson, frá Saglunes P.O., Man., kom til bæjarins á föstudaginn var með 16 ára son sinn, Jón Edward, til uppskurðar á spítalanum hér. Drengurinn hafði slasast svo illa í sögunarmyllu þar nyrðra, að það varð nauðsynlegt, að taka fót inn af fyrir ofan hnéð. Piltinum heilsast vel, og Dr. Brandson, sem gerði skurðinn, gefur von um, að hann muni verða ferðafær snemma í næsta mánuði.

Þórður Jónsson, frá Minitonas, var hér á ferð á sýninguna. Hann hefir verið sl. 25 ár í Minitonas bæ og lætur vel af verunni þar.

Látin er hér í bæ að heimili Jóhanns sonar sins Þorgeirssonar, ekkjan Sigríður Ólafsdóttir Þorgeirsson, móðir Ólafs S. Thorgeirssonar prentara og þeirra systkina. Hún var 69 ára gömul og hafði verið mörg ár hér í landi.

Lesendur eru beðnir að athuga auglýsingu Þórarins Jónssonar rakara í þessu blaði. Hann hefir sett upp nýja hárskurðar og rakarabúð að 641 Sargent Ave. Þórarinn er útlærður rakari og hárskurðarmaður, og Heimskringla mælir með því, að Íslendingar sýni honum þá sanngirni, að láta hann njóta viðskifta sinna í svo stórum mæli, að hann finni til þess, bæði að Íslendingar vilji unna löndum sínum viðskifta og það borgar sig að auglýsa í þessu blaði.

Frá Norður Dakota er Heimskringlu ritað, að John Óakland í Nakoma, N. Dak., þurfi menn til vinnu við heyskap og uppskeruvinnu. Kaup er sagt að vera frá $1.75 til $3.00, og alt fritt.

Vantar.

Allir Íslendingar, sem hafa áhuga fyrir málefnum Sósialista, eru beðnir að mæta á JubileeHall, horni King og Alexander Sts., á sunnudaginn kemur 19. júlí kl. 3 e. h. til samtaka.

W. H. STEBBINS,
Sec'y-Manager Prov. Executive,
Suite 1 Orris Block, cor. Pacific and Nena.

Hitar miklir hafa verið hér síðan síðasta blað Heimskringlu kom út. Sumu daga alt að 100 stig í skugga.

Þess var getið í síðasta blaði, að Joseph Austmann hefði orðið fyrir kúluskoti í annan fótinn. — Fregnin var rétt að öðru en því, að pilturinn heitir Jóhann, sonur S. J. Austmanns hér í bænum. Jóhann þessi hefir gengið á heræfingaskóla hér í bænum nú í 3 undanfarna vetur og hefir í vopnaburði skarað fram úr öllum, sem þar hafa komið. Á mánudaginn 6. þm. fóru piltar skólans til Lower Fort Garry, og ætluðu sér að liggja þar við tjöld í vikutíma, og keppa um verðlaun þau, sem gefin eru á ári hverju um það leyti, sem skólanum er sagt upp. Silfurbikar voru hæstu verðlaun og hafði Jóhann ætlað sér að ná honum, og var slikt talið víst af kenn aranum, því pilturinn hafði aldrei lagt sig jafn fram með æfingar eins og á þessu vori. En þetta fór á annan veg. Þá er þeir höfðu slegið tjöldum, fór Jóhann og annar piltur með honum að skoða sig um, og er þeir höfðu gengið spölkorn, vissi Jóhann sér einskis háttar von fyrri en hann var skotinn í fótinn um öxlalið, af þeim, sem með honum var. Hann var svo fluttur til Selkirk, og þar á spítalanum var reynt að ná kúlunni, en það tókst ekki. Var hann þá fluttur á Almenna spítalann hér í bænum og X-geisla beitt við að sjá, hvar kúlan væri, og mynd tekin af fætinum með kúlunni í, og þar situr kúlan enn. Læknar sögðu, að ilt væri að ná henni, en töldu víst, að ekki mundi saka, ef hún væri látin vera kyrr. — Jóhann er nú á góðum batavegi, en misti alt tækifæri að fá að reyna sig.

Íslendingadagurinn

Í næsta blaði verður auglýst Íslendingadags prógramið og verðlaunalistinn.

Nefndin hefir starfað með alúð að því, að gera þessa þjóðhátíð eins fullkomna og ánægjulega eins og frekast eru föng til, og nefndin vonar, að Íslendingar verði samtaka í því, að fjölmenna á hátíðina. Það er gott til afspurnar á Íslandi, að sýnt sé, að vér munum eftir ættjörðinni, sérstaklega á þessum tímamótum hennar, með því að fjölmenna á þá einu hátíð Vestur-Íslendinga, sem eingöngu er helguð minningu Íslands og íslenzku þjóðarinnar. Þess vegna telur nefndin áríðandi, að landar vorir taki sig einhuga saman um það, að sækja hátíðina, — karlar, konur og börn, — allir, sem mögulega eiga kost á, að gera það, svo hún verði sem fullkomnust, viðburðaríkust og þýðingarmest.

Skemtanir verða eins góðar og á nokkru undangengnu ári, og verðlaunin að sama skapi. Vorir ungu íþróttamenn eru farnir að taka meiri þátt í þessu hátíðahaldi, en þeir gerðu á fyrri árum, og er það góðs viti og allrar virðingarvert. Enda hafa þeir haft meiri undirbúning fyrir skemtanirnar í River Park mánudaginn 3. ágúst, en á nokkru umliðnu ári.

Hlaupin, stökkin, hjólreiðarnar og glímurnar, sundið og knattleikarnir, 3 eða 4, sem ætlað er að fari þar fram, — alt ber vott um viðbúnað íþróttamannanna íslenzku.

En svo vonar nefndin, að kvenfólkið láti ekki sitt eftir liggja að prýða hátíðahaldið.

Barnasýning verður höfð og 5 eða 6 verðlaun veitt fyrir börn innan 12 mánaða.

Dansverðlaun verða og veitt. Það er fyrir ógiftar konur aðallega, þó giftar konur hafi og fullan rétt til að keppa um þau jafnt þeim ógiftu.

Nefndin hefir og samþykt, að enskir karlmenn giftir íslenzkum konum og enskar konur giftar íslenzkir karlmönnum, og börn slíkra hjóna, skuli hafa sama rétt til hluttöku í öllu því, sem fram fer á hátíðinni, eins og væru þeir Íslendingar.

Lesendur eru beðnir að taka eftir prógramminu í næsta viku, og allir Íslendingar erá beðnir að hjálpa til þess, að aðrir verði þar ennig.

River Park er fegursti og fullkomnasti skemtistaðurinn, sem til er í Winnipeg borg. Landar vorir skemtu sér þar vel í fyrra og síðan hefir hann verið bættur að mun, svo að nefndin er þess fullviss, að fólk skemtir sér þar eins vel 3. ágúst næstkomandi. Umsjónarmenn garðsins munu og gera gestum dagsins komuna þang að eins ánægjulega og frekast er unt.

Í næsta blaði verður getið um bíkar þann hinn mikla, er þeir herrar Clemens, Árnason & Palmason hafa gefið Íslendingadeginum til ævarandi eignar. Lesið um það í næsta blaði.

Söngfræðiprófin.

Lofsverða frammistöðu hafa söngfræðinemendur Jónasar Pálssonar gert við nýafstaðin söngfræðipróf við Toronto háskólann (University).

Af 37 nemendum í Winnipeg, sem staðist hafa prófin, eru 13, sem lært hafa hjá herra Pálsson.

Í fyrri hluta söngfræði (Theory) prófsins hlaut Miss Sigrún M. Baldwinson ágætis einkunn, og er hún sú eina, sem við þessi próf hlaut þá einkunn í þeirri fræðigrein. — Dável einkunnina hlaut Miss S. S. Johnson og Stefán G. Sölvason, og Vel einkunn Miss F. Finnson.

Í piano-spili (fyrsta árs próf) hlaut St. G. Sölvason, Miss Ruth Kirkpatrick, Miss S. S. Johnson, Miss S. Vopni, Miss H. Finnson og Miss L. Oddson, — ágætlega. Miss G. Montgomery dável, og Miss R. Hunt vel.

Í piano-spili (annars árs próf) hlutu þær Miss Laura Halldórsson og Miss H. N. Eínarsson ágætis einkunn, og Miss Finnson vel.

Í piano-spili (þriðja árs próf, — fullnaðarpróf) hlaut Miss Johanna Olson ágætlega, og Miss Sigrún M. Baldwinson dável (2nd Class Honors).

Af þessu má sjá, að allir þessir nemendur hafa leyst af hendi prófin með mjög loflegum vitnisburði, og er það í mesta máta ánægjulegt fyrir herra Pálsson, og það hlýtur að auka honum álits, að verðleikum, sem kennara hér, bæði meðal Íslendinga og innlendra.

Ein stúlka íslenzk, sem ekki er lærisveinn J.P. hefir tekið fullnaðarpróf við þessi próf, Miss C. Thomas, dóttir hr. G. Thomas, gullsmiðs.

Á. J. Johnson.

X X

Rakarabúð.

EF þér þarfnist hárskurðar eða raksturs, þá munið eftir hinni nýju RAKARASTOFU ÞÓRARINS JÓNSSONAR

641 Sargent Ave.
Winnipeg.

X X

A. S. BARDAL

Selur líkkistur og annast um útfarir. Allur útbúnaður sá bezti. Enfremur selur hann alskonar minnisvarða og legsteina.

121 Nena St. Phone 306

— Nýlega hefir Mrs. Campbell í Detroit, Mich., fundið dóttur sína, eftir 14 ára leit eftir henni. Þegar Mrs. Campbell varð ekkja með 2 ungar dætur á höndum sér, gat hún ekki unnið fyrir þeim, og kom þeim því á barnaheimili. Tveim ár um síðar giftist hún á ný, og vildi þá fá börn sín aftur heim til sín. En þá var búið að gefa börnin burtu til uppeldis og stofnunin neitaði eins og vant er, að segja, hvar þau væru niður komin. Síðan hefir konan látið leita þeirra, með þeim árangri, að önnur dóttirin er fundin og býr með bónda sínum í Roulean, Sask. En hin er ófundin enn þá.

W·J·Simpson
CHINA AND GLASS
262 PORTAGE AVE, WINNIPEG.

SKRAUTBÚIN "DINNER SETS"

Í vörubyrgðum vorum eru smásetti úr Enskri postulíni, alhvítu með giltum röndum, á $7 50 og þar yfir, upp að hinu viðfræga Foley, og Royal Crown Derby á $300.00 og á öllu verði þar á milli. Flestar vörur vorar eru merktar á þann hátt, að þér getið keypt eitt stykki eða heilt sett, rétt eftir þörfum yðar.

Veljið úr Enskum, Frönskum Limoges, Þýzkum eða Austurríkis vörum: —

Enskt Postulín með giltum Smára laufum. bezta teg., Dinner eða Te Setti, 97 stykki $6.00

Enskt gilt Postulín grænn og gullskreytt, sérl. vandað efni, Dinner eða Te Setti, 97 stykki $11.60

GLITRANDI KRISTALS GLER

Það er hægur vandi að sannfæra fólk um yfirburði þessa varnings umfram aðra kaupmenn. Hvert stykki valið fyrir tegurð þess. Sum á mjög lágu verði, frá $1.50 og svo á öllu verði upp í $50.00 að velja úr. Veljið úr þessu:—

Olive Diskar	$1.50	Olíu glös	$1.50	Sykur og Rjóma setti á	$4.50
Vínflöskur	$2.00	Lágir Jelly diskar	$4.00	Vatnskönnur	$7.50
Bon Bon körfur	$1.75	Skeiða bakkar	$2.75	"Celery Tray's"	$4.50
Blómstur krúsir	$3.00	Drykkjarglös frá $1 50 upp í $18.00 tylftin		Sætinda diskar	$3.75
Bérja skálar	$4.00			Og margir aðrir skrautgripir.	

HÚS OG ELDHÚS-GÖGN

Vér höfum mesta úrval af húss og eldhússgögnum, svo sem "Ironstone" Postulín, "Brown Rockingham" vöru, Brúsar, Skálar, Bakkar, þvottasetts, Borð Glertau, Ódýrt borð Postulín, Tekönnur og margt fl. Einnig Borðhnífa og Borðhvíslar, Silfurskeiðar, Lampa, — og alt sem gert er úr Postulíni og notað er við húshald.

Postulíns-Vörur.

ENSK "ENAMELLED" DINNER SETS, blá og gull-lituð, fagurlega tilbúin Dinner og Te Setts, 100 stykki $15.00

AUSTURRÍKIS POSTULÍN, með gullröndum, gegnsætt, með blómskrauti og gul-rauðum rósum, 100 stykki $20.00

FRANSKT LIMOGES POSTULÍN, fegursta gerð, með hinu yndislegasta blómknappa skrauti, 100 stykki $28.00

ALÍSKONAR LEIRTAU, miklar byrgðir, — í smásölu eða í "Settum". Ágætt úrval, og á öllu verði upp að $300.00

Boyd's Brauð

Kaupið, reynið og étið Boyd's Brauð. Það er tilbúið úr beztu efnum, með nýmóðins vélum og á hreinlegasta hátt. Engin mannshönd snertir við því frá því hveitið fer úr seknum, þar til brauðið kemur úr ofninum í stórum, léttum og góðum brauðum.

Boyd's

Bakery Cor. Spence & Portage Ave
Phone 1030.

J. G. Snydal, L. D. S.
ÍSL. TANNLÆKNIR
COR. MAIN & BANNATYNE
DUFFIN BLOCK PHONE 5302

G. M. Bjarnason
Málar, leggur pappír og gerir "Kalsomining. Óskar við skifta Íslendinga.
672 AGNES ST. TELEFÓN 6954

HANNESSON & WHITE
LÖGFRÆÐINGAR
Room: 12 Bank of Hamilton
Telefón: 4715

Antonio De Landro
SKÓSMIÐUR, á horni Maryland og Wellington [bak við Aldinabúð.] Verk vandað og verð rétt.

BILDFELL & PAULSON
Union Bank 5th Floor, No. 520
selja hús og lóðir og annast þar að lútandi störf; ávaxtar peningalán o. fl.
Tel.: 2685

ARNI ANDERSON Íslenzkur lögmaður
Í félagi með
Hudson, Howell, Ormond & Marlatt
Barristers, Solicitors, etc.
Winnipeg, Man.
13-18 Merchants Bank Bldg. Phone 3621, 3622

BONNAR, HARTLEY & MANAHAN
Lögfræðingar og Landskjala Semjarar
Suite 7, Nanton Block, Winnipeg

Stefán Guttormsson,
Mælingamaður
663 AGNES STREET. WINNIPEG.
20-8-8

Íslenzkur Kjötsali
Hvergi fæst betra né ódýrara KJÖT en hjá honum,—og þú munt sannfærast um að svo er, ef þú aðeins kaupir af honum í eitt sinn. Allar tegundir. Óskar að Isl. heimsækji sig
CHRISTIAN OLESON,
666 Notre Dame Ave. Telefón 6906

Dr. G. J. Gislason,
Physician and Surgeon
Wellington Blk, - Grand Forks, N.Dak
Sjerstakt athygli veitt AUGNA, EYRNA, KVERKA og NEF SJÚKDÓMUM.

George G. LENNOX
Selur í heildsölu SKÓ, STÍGVÉL og YFIRSKÓ
150 Portage Ave. East, Winnipeg.

Hver Þvær og Hreinsar Fötin ydar?
Hvorsvegna að fara í Kína-kompurnar þegar þér eigið kost á að fá verkið gert betur, og alt eins ódýrt. Í beztu og heilsusamlegustu þvottastofnun, þar sem aðeins hvítt vinnufólk er haft og öll hreinustu efni notuð
Vér óskum viðskifta yðar
The North-West Laundry Comp'y Ltd.
Hreinsarar og Litarar
COR. MAIN & YORK FÓN 5178

The Dominion SECOND HAND STORE
Ágætur brúkaður fatnaður og húsmunir. Ísl. tölud.
555 Sargent Ave. Winnipeg

MARKET HOTEL
146 PRINCESS ST. á móti markaðnum
P. O'CONNELL, eigandi, WINNIPEG
Beztu tegundir af vínföngum og vindum, aðhlynning góð, húsið endurbætt

Kennara vantar
til Laufás skóla No. 1211, frá 15. september, 3 mánuði. Tilboð, sem tiltaki mentastig og æfingu ásamt kaupi er óskað er eftir, sendist til undirritaðs fyrir 25. ágúst.
BJARNI JÓHANNSSON,
30-7). Geysir, Man.

Royal Optical Co.
327 Portage Ave. Winnipeg. RÉTT Á MÓTI EATON'S BÚÐINNI.
Beztu Augnfræðingar
1298
Öll nýjustu og bezt reynd verkfæri notuð. Höfuðverkur sem stafar frá augunum, áreiðanlega læknaður. Sanngjarn kostnaður.
AUGU SKODUD KOSTNADARLAUST.

LESIÐ NÚ!

hin bestu ekrukaup, sem nokkurntíma hafa boðin verið. Landið er á Main St., norðan bæjarins, liggur að C.P.R. og rafmagnsbrautunum. Selt í spildum eftir óskum kaupendanna, ein ekra eða meira. Verð frá $200 ekran og yfir, með aðgengilegum skilmálum.

[Framhald hinumegin við Hkr. nafnið]

Heimskringla.

Kjörkaup

þessi eru þau mestu, er nokkru sinni hafa verið boðin, og af því að ekrufjöldinn er takmarkaður, þá ættuð þér að kaupa strax. → Landið er hentugt til garðræktar, gripa eða fuglaræktar.

Skúli Hansson & Co.

Skrifst. Talefón 6476. Heimilis Talefón 2734

XXII. ÁR. WINNIPEG, MANITOBA, FIMTUDAGINN, 23 JÚLÍ, 1908 NR. 43

Clemens, Arnason & Palmason.

Allskonar matvörusalar.

Clemens, Arnason & Palmason

The Cash Grocery House,

Cor. Sargent & Victor. Talsími 5343

Fregnsafn.

Markverðustu viðburðir hvaðanæfa.

Frances Como í Ontario andaðist 12. þ.m. af hixta. Hann fékk snöggleg hixtakviðu og án allra sýnilegra orsaka, og hvernig sem reynt var að stöðva hixtann, þá varð hann æ svæsnari og svæsnari, þar til maðurinn andaðist.

— Póstmáladeild New York ríkis hefir við orð, að flytja póstsendingar um ríkið í loftskipum, telur þá flutninga fljóta og ódýra. Segir, að hægt sé að lenda loftförum hvar sem vera vill úti á lands bygðinni, þar sem ekkert þurfi að hnitmiða lendingarstaðinn við lítinn, vissan blett. En í borgum sé ekki hægt að nota þau flutninga tæki enn sem komið er.

— Veðmál eru tíð á Englandi um þessar mundir um komandi forseta kosningar í Bandaríkjunum. Þau standa svo: 8½ móti 1, að Bryan nái ekki kosningu. — Lloyds ábyrgðarfélagið mikla gefur út skýrteini bygt á þessum veðmála grundvelli.

NÝTT NÝTÍZKU

THE QUEENS

Vinsælasta og þægilegasta Gisti-hótel í Winnipeg

Bandaríkja-snið
Frí keyrsla.

MONTGOMERY BROS.,
EIGENDUR

BJART MIÐSTÖÐVA

Sjálfstæðisbarátta Íslands.

Til að ræða það mál, og koma fram með tillögur Winnipeg Íslendinga gagnvart því, hafa verið haldnir hér 2 afarfjölmennir fundir. Fjölmennið á þessum fundum báðum, sem meira var en nokkur dæmi eru til, sýnir ljóst áhuga Winnipeg Íslendinga fyrir þessu mikilvæga og þýðingarmikla máli á ættjörð vorri.

Hér á eftir er útdráttur úr fundargerð og tillögur síðari fundarins:

Mánudagskveldið 20. júlí var haldinn allsherjar fundur í Goodtemplarahúsinu, eftir fundarboði frá nefnd þeirri, sem kosin var á fundinum 7. þ. m., til að koma fram með tillögur um afstöðu Vestur-Íslendinga gagnvart sjálfstæðisbaráttu Íslands. Fundarstjóri var kosinn ritstjóri B. L. Baldwinson, og fundarskrifari Á. J. Johnson. Fundargerningur frá síðasta fundi var lesinn upp og samþyktur.

Þá kom séra Jón Bjarnason með svohljóðandi tillögu frá nefndinni:

"Það, sem um þessar mundir er að gerast í stjórnmálabaráttu þjóðar vorrar hinumegin við hafið, hefir valdið því, að vér höfum safnast saman á frjálsan fund í Winnipeg 20. júlí 1908 til þess að bera oss saman um þau mál, og höfum þar komist að svolátandi niðurstöðu: Vér finnum til þess, að nú eru mikilvæg og háalvarleg tímamót í sögu ættlands vors, Íslands, og óskum þess af hjarta, að þjóð vorri auðnist, að ráða svo fram úr vandamálum þeim, sem nú liggja fyrir henni, að henni mætti verða til sem mestrar blessunar um alla ókomna tíð.

Vér treystum því, að þeir Íslendingar, sem nú ráða helzt fyrir stjórnmálum þar, vilji landi og lýð alt hið bezta; en hins vegar lýsum vér yfir þeirri sannfæring vorri, að samningstillögur millilandanefndarinnar sé óaðgengileglegar, og að þeim eigi þjóðin því að HAFNA. ÍSLAND Á RÉTT Á ÞVÍ, AÐ RÁÐA ALGERLEGA ÖLLUM SÍNUM MÁLUM, OG ÞESS Á FYRIR LANDSINS HÖND AÐ VERA KRAFIST, AÐ ÞAÐ SÉ AÐ FULLU OG ÖLLU LEYST ÚR STJÓRNARSAMBANDI VIÐ DANMÖRK OG HINN DANSKA KONUNG.

Vér þráum á undan öllu öðru, að Ísland verði sjálfsætt lýðveldi, og vér berum það traust til hinnar kæru þjóðar vorrar þar heima, að hún reynist því vaxin, að stjórna sjálfri sér á þann hátt".

Séra Jón talaði fyrir tillögunni. Sagði hana SKYNSAMLEGA, hún stæði fyrir utan alla flokka á Íslandi, en væri álit Vestur-Íslendinga á sjálfstæðismálinu.

Séra Fr. J. Bergmann studdi tillöguna með ræðu. Benti hann á, að Íslendingar ættu nú að stíga sporið til fulls, HÁLFAR kröfur ættu ekki að leiga sér stað, heldur HEILAR í þessu máli.

Umræður urðu dálítlar. Að þeim loknum var tillagan borin undir atkvæði og samþykt með öllum atkvæðum gegn þremur (3).

Sigfús B. Benedictsson bar fram svolátandi tillögu, studda af Sigurði Vilhjálmssyni: "Vér Vestur-Íslendingar sendum yður árnaðarósk vora í tilefni af sjálfstæðis viðurkenningu þeirri, er þér hafið öðlast í samningstilraunum yðar við Dani". Tillaga þessi var feld með öllum atkvæðum gegn 1 (stuðningsmanns).

Skapti B. Brynjólfsson bar þá fram þá tillögu nefndarinnar, að sent væri til Blaðamannafélagsins í Reykjavík svohljóðandi símskeyti frá fundinum:

"Íslendingar á allsherjar fundi í Winnipeg 20. júlí 1908 vilja að Ísland verði fullveðja, sjálfstætt ríki, segi sig úr sambandi við Dani og gerist lýðveldi".

W. H. Paulson studdi tillöguna. Eftir litlar umræður var tillagan samþykt í einu hljóði.

Séra J. P. Bólmundsson bar að síðustu fram þá tillögu nefndarinnar, að "fundurinn hvetji Íslendinga víðsvegar í Ameriku til að láta í ljós álit sitt á þessu máli". J. J. Bildfell studdi tillöguna. Tillagan var samþykt í einu hljóði.

Eftir það sagði fundarstjóri fundi slitið, með því að fleiri mál eða tillögur lágu ekki fyrir.

Á. J. Johnson, ritari.
B. L. Baldwinson, forseti.

Þess skal getið, í sambandi við fundahöld þessi, að Heimskringlu hafa borist bréf úr ýmsum áttum, bæði frá Norður Dakota og frá Washington ríki vestur við haf, og sömuleiðis frá Íslendingum í British Columbia, sem öll láta í ljós löngun Íslendinga í þessum bygðarlögum til þess að vinna í þessu máli á sama grundvelli og Winnipeg Íslendingar komi sér saman um að gera. Heimskringla telur því vel við eigandi, að Íslendingar víðsvegar í bygðum sínum haldi fundi til að ræða og taka ályktanir um þetta mál, og að senda þær ályktanir tafarlaust til Blaðamannafélagsins á Íslandi, svo að heimaþjóðin eigi kost á, að kynnast skoðunum og vilja Vestur-Íslendinga yfirleitt í þessu máli.

Með þessu er það ekki tilgangur Winnipeg Íslendinga, að einskorða landa sína í öðrum bygðarlögum við það, að gera samskonar ályktanir og hér hafa gerðar verið, þó vér þykjumst þess fullvissir, að þær muni í flestum bygðum eða öllum ganga í líka átt, — heldur er það vilji vor, að þeir láti berast til Íslands eins fljótt og kostur er á álit sitt og vilja um það, hverja steinu íslenzka þjóðin eigi að taka í stjórnfrelsisbaráttu landsins.

Nýlega fanst í auðu úthýsi í Halifax borg sjómaður nokkur, er ekki hafði neytt matar í 34 sólarhringa, og var svo að fram komin, er hann fanst, að hann gat ekki hreyft legg né lið, og var því fluttur á sjúkrahús. Hann hvarf frá heimili sínu þann 29. maí sl., hafði verið atvinnulaus og hafði ekki peninga til að borga fæði sitt, en var of stórlyndur til að biðja að gefa sér. Tók því það fyrir, að setjast að í þessu úthýsi og bíða hungursdauða. Hann fanst þarna af stakri tilviljun. Maðurinn er 48 ára gamall og var 250 pund á þyngd áður en hann tók þetta til bragðs.

— Stálgerðar félög stórþjóðanna, 3 rússnesk, 4 þýzk, svo og félög í Belgiu og Bandaríkjunum, að meðtöldu Carnegie stálfélaginu mikla, hafa myndað eina allsherjar samsteypu, í þeim tilgangi að keppa á móti brezkum stálgerðariðnaði. Þetta samsteypu félag hefir sett umboðsmenn víðsvegar á Englandi, Skotlandi og Wales til þess að vinna fyrir þetta samsteypu félag.

— Nýlega andaðist á Spáni auðugur landeignamaður. Í því héraði, sem hann bjó, er það almenn trú, að þeir sem ríkir eru, gangi aftur, og til þess að koma í veg fyrir það, lét ekkjan senda eftir seiðkonu nokkurri, til þess að koma hinum látna bónda sínum svo fyrir, að hann angraði ekki ekkjuna í framtíðinni. Seiðkonan gekk að líkinu og skar á hásinarnar á fótum þess, svo því yrði óhægra um ganginn. Lögreglan komst að þessu og kærði konuna, en dómarinn sýknaði hana. Málinu var skotið til æðra dóms, og var þá konan dæmd í þriggja daga varðhald.

— Stjórn Frakklands er í vandræðum með landráðamanninn Ullmo, sem nýlega var dæmdur fyrir að hafa selt leyniskjöl hermáladeildarinnar til útlendra manna. Varðhald Dreyfus á Djöflaey, er kostaði stjórnina 16 þús. dollara á ári, þótti kostnaðarsamt, og vill hún geta komist hjá að verja svo miklu fé til viðhalds þessum Ullmo. Sé hann sendur á Duclostangann hjá Toulon, þá kostar vera hans þar 10 þús. dollara árlega. En stjórninni þykir það líka of dýrt. Hún er því sem stendur í vandræðum með manninn, og getur ekki að svo stöddu fullnægt útlegðardómi hans.

— Bandaríkja auðmenn hafa myndað félag með 40 milión dollara höfuðstól til þess að kaupa ráðandi hlutdeild í strætisbrautafélögum, aflleiðslustöðvunum og öðrum slíkum varanlegum atvinnuvegum í Canada. Áform félagsins er, að verja hálfu höfuðstólsfénu í Montreal og hinum helminginum í öðrum borgum ríkisins.

— San Francisco er í uppgangi. Þar hafa á sl. 2 árum verið reistar stórbyggingar fyrir 100 miliónir dollara, eða alls 15,080 hús fyrir $102.186.517, samkvæmt byggingaleyfis skýrlunum. En þessar byggingar hafa kostað miklu meira.

— Herra William Whyte, varaforseti C. P. R. félagsins, sem verið hefir á ferð um Vestur-Canada, segir það álit sitt, að Vestur-Canada muni á þessu hausti færa heimsmarkaðnum 125 miliónir bus. af hveiti. Sömuleiðis segir herra W. B. Lanigan, annar háttstandandi einbættismaður same félags, að regnskúrin í síðustu viku hafi verið 15 milión dollara virði, af því að hún tryggði 5 bush. betri uppskeru af hverri hveiti ekru, en annars hefði orðið. — Það, sem slíkir menn segja um þessa bluti, er jafnan takandi til greina. Þeir eru þektir að því, að fara árlega mjög nærri um uppskerumagn landsins.

— Ný lækning við vitskerðing er fundin á vitfirringastofnun einni í Essex County á Englandi. Þar er samankominn hópur af hálfvitum. Umsjónarmanni stofnunarinnar hugkvæmdist, að kenna þessum piltum að spila á hljóðfæri. Hann myndaði því lúðraflokk og æfði piltana og kendi þeim að spila. En þetta hafði þau áhrif, að þeir urðu vitrari með degi hverjum. Sumir hafa algerlega lækknast, og aðrir eru á góðum batavegi, og allir þeir, sem í lúðraflokknum eru, eða hafa verið, bera langt af hinum að vitsmunum, og sú framför er eingöngu að þakka musiknámunu.

— Maður fanst nýlega einn á bát í miðju Atlantshafi. Hann hafði af einhverri vangá orðið viðskila við skip sitt í smábát með öðrum manni. Vin var í bátnum, og samferðamaður hans drakk það, varð svo óður og hvolfdi bátnum. Hann druknaði, en þessi komst á kjöl, og var þar þegar hann fanst.

— Nýlega hafa Bretar smíðað "Torpedo" bát, sem er hraðskreið astur allra skipa í heimi, fer 38 mílur á klukkustund, og getur farið talsvert hraðara, ef þörf gerist. Skipi þessu var hleypt af stokkunum fyrir nokkrum dögum.

— Olympisku leikarnir fara fram á Englandi um þessar mundir. Leikksvæðið er afarstórt og umhverfis það rúmast 70 þúsundir manna. En svo eru sætin dýr, að miklu færri sækja leiki þessa, en annars mundi hafa orðið, og svo er sagt, að forstöðufélagið tapi daglega hundruðum punda, af því svo fáir sækja leikina. Úti sætin kosta $1.20, þakin sæti $1.80, $2.50 og $3.00, — fyrri part úr degi að eins. Vilji áhorfendur vera þar allan daginn, verða þeir að bæta við framantalið verð 50 prósent. Verða þá $3.00 sætin $4.50 á dag, og almenningur þar í landi þolir illa, að borga svo hátt verð fyrir þau. Þess utan hefir verið ákveðið, að tvöfalda verðið á öllum sætum, þegar Marathon kapphlaupin fara fram, því þau vilja allir sjá, þó ekki kæri þeir sig um, að horfa á hina aðra leiki.

— Nýlega dó í New York borg James H. Jayne, sem fyrir mörgum árum yfirgaf konu sína og börn, og hefir síðan ekki látið þau frétta af sér. Maður þessi var nirfill, og bjó í kofa á afviknum stað í yzta útjaðri borgarinnar. Það var alment álitið, að Jayne væri vel efnaður, þó hann hefði lít ið um sig. Nágrannar hans biðu því ekki boðanna, þegar hann var látinn. Þeir rifu niður kofann og fundu þar falið milli veggja 25 þúsund dollara í peningum. Nú hefir bróðir þessa manns frá Nova Scotia gefið sig fram og gert kröfu til arfsins. En trúlegt er, að yfirvöldin sjái til þess, að konan og börnin verði látin njóta réttar sins við útbýtingu þessa fjár.

— Tvær stórauðugar silfuraðar hafa á ný fundist í Cobalt héraðinu. Er önnur þeirra afarlöng, og 14 þumlunga breið að ofan, og silfrið nálega óblandað. Mesti fjöldi manna er nú í málmleit í þessu héraði og vonast menn eftir fleiri fundum.

— Yfir hundrað manna hafa verið handteknir og varpað í fangelsi á Pólland, kærðir um að vera riðnir við samsæri til að ræða Rússakeisara af dögum, og hætt við, að margir fleiri verði handteknir. Fréttin segir, að samsæri þetta nái um alt land og að Rússastjórn hafi sent mörg þús. hermenn til þess að halda Pólland ingum í skefjum.

— Fyrir 18 árum var George Swanson dæmdur í eins árs fangavist fyrir brot gegn eftirlaunalögum Bandaríkjanna. Hann var dæmdur í bænum Columbus, Ohio. Tilraun var gerð til þess að fá hann náðaðan. En svo fór samt, að hann varð að úttaka 12 mánaða hegninguna. En 10. þ. m. barst náðunarskjalið í fangelsið, þar sem Swanson var geymdur. Það var dagsett 3. september 1890 og undirritað af Benjamin Harrison, þáverandi forseta Bandaríkjanna. Bréf þetta barst á pósthúsið í Columbus næsta dag. En einhverssstaðar hefir bréf þetta legið í þessi 18 ár, sem liðin eru síðan það var ritað, og sem orsakaði það, að Swanson varð að þola 12 mánaða fangavist, sem hann hefði losast við, ef bréfið hefði komist tafarlaust áleiðis eins og átt hefði að vera og ráð var fyrir gert.

— Ný Jósúabók er fundin. Dr. Moses Gaster, höfuðprestur portúgiskra og spænskra Gyðinga á Englandi, hefir nýlega fundið, á ferð sinni um Samaría, áður óþekta útgáfu af Jósúabók. Í henni er itarleg frásaga um fall Jerikoborgar. Bókin byrjar með því, að skýra frá því, að Móses hafi dáið 2794 árum eftir sköpun veraldar. Margt annað er í bók þessari — einkar markvert, að sagt er, sem ekki er getið um í hinni alkunnu Jósúabók.

— Góð saga er sögð af Gen. Samuel Veazie, alþektum járnbrautakongi og bankaeiganda. — Einu sinni ferðaðist hann til New York og settist að á gistihúsi. Maðurinn var ekki ríkmannlega klæddur og hafði ekki annað meðferðis, en gamla striga eða teppatösku. Gistihúsþjónninn horfði fast og lengi á gestinn og sagði honum svo, að það væri siður á því gistihúsi, að biðja þá gesti um fyrirfram borgun, sem ekki hefðu annan farangur meðferðis en handtöskur. Gamli járnbrautakongurinn lét sér hvergi bregða, en dró upp úr vasa sínum nýlegan þúsund dollara seðil og fékk þjóninum, og bað hann skifta. Þjónninn tók við seðlinum og aðgætti hann nákvæmlega, og bar hann saman við myndina í bankaskrá sinni. Gekk síðan til gestsins og sagði honum, að þessi banki hefði að eins gefið út 3 slíka seðla. Hann hafði gestinn grunaðan um, að hann væri ekki réttur eigandi seðilsins, og gat hvorki né vildi skiftinum. Gamli maðurinn horfði góðmannlega á þjóninn og játaði, að hann hefði satt að mæla, en sagði honum jafnframt, að ef þessi seðill, sem hann hefði fengið honum, nægði ekki til að borga fyrir gistinguna, þá gæti hann líka fengið hina 2 þúsund dollarana, sem bankinn hefði gefið út, og dró þá jafnharðan upp úr vasa sínum, og rétti þá að þjóninum, sem varð sneyptur mjög við þessa viðureign og rétti gestinum alla þrjá seðlana til baka og vísaði honum umsvifalaust til bezta herbergisins í húsinu, án þess að minnast fram ar á fyrirfram borgun.

Ertu að hugsa um, að kaupa reiðhjól? Ef svo er, þá komstu eftir, hver býr til beztu hjólin. Það eru margar hjólategundir til sölu, en sem ekki hafa nafn verksmiðjunnar á sér. Slík hjól eru ekki ábyggileg, efnið er óvandað og alt smíði, svo að verksmiðjurnar blygðast sín fyrir, að láta vita, hver hafi búið þau til. — Canada Cycle & Motor Company, Ltd., hefir trygt sér álit með eftir töldum hjólum:

CLEVELAND RAMBLER **BRANTFORD PERFECT** **MASSEY IMPERIAL**

Ef þér kaupið eitt af þessum hjólum, þá yðrist þér aldrei eftir því. — Finnið umboðsmenn vora.

CANADA CYCLE & MOTOR COMPANY, LIMITED, WINNIPEG
Heimsins beztu hjólasmiðir
147 PRINCESS ST. - - - - WINNIPEG, MAN.

Wall Plaster

Með því að venja sig á að brúka "**Empire**" tegundir af Hardwall og Wood Fibre Plaster er maður hár viss að fá beztu afleiðingar.

Vér búum til:

"Empire" Wood Fibre Plaster
"Empire" Cement Wall "
"Empire" Finish "
"Gold Dust" Finish "
"Gilt Edge" Plaster of Paris
og allar Gypsum vöruuteg undir. —

Eigum vér að senda yður bækling vorn?

MANITOBA GYPSUM CO. LTD
SKRIFSTOFUR OG MILLUR Í
Winnipeg, - Man.

HEIMSKRINGLA
Published every Thursday by
The Heimskringla News & Publishing Co.

Verð blaðsins í Canada og Bandar $2.00 um árið (fyrir fram borgað).
Sent til Íslands $2.00 (fyrir fram borgað af kaupendum blaðsins hérlendis $1.50.)

B. L. BALDWINSON,
Editor & Manager

Office:
729 Sherbrooke Street, Winnipeg
P.O. BOX 116. 'Phone 8312.

Stækkun Manitobafylkis.

Þess var getið fyrir skömmu hér í blaðinu, að Laurier stjórnin hefði borið fram þingsályktunartillögu um, að Manitoba fylki skuli stækkað einhverntíma í fram tíðinni, þannig, að takmörk þess verði svo sem hér segir: Vesturtakmörk Manitoba skulu vera austurtakmörk Saskatchewan fylkis, norður takmörkin skulu vera sautjánda stig norðurbreiddar, alt austur að Hudsons flóa og nær þá Manitoba fylki jafnlangt norður eins og Saskatchewan og Alberta fylki, — austur takmörkin skulu vera strönd Hudsons flóans, 400 mílur á lengd, alla leið suður að 29. mælistigi. Þaðan skal dregin bein lína suðvestur að norðaustur horni fylkisins eins og það nú er.

Með þessari stækkun er 200 þúsund fermílum af landi bætt við fylkið, og stærð þess öll þar með gerð rúmar 250 þúsund fermílur, eða sem allra næst jafnstórt hvoru binna tveggja vestari fylkja, Alberta og Saskatchewan. Við þessa stækkun fær og Manitoba þá einu tvo hafnarstaði, sem nú eru kunnir vestanvert við Hudsons flóann, sem sé Fort Churchhill og Nelson River, hvorttveggja þessir staðir við mynnin á samnefndum stórfljótum, sem renna út í flóann.

Á fljótu bragði má svo virðast, sem hér sé um mikla búbót að ræða fyrir fylkið. Og víst er um það, að stækkunin er allmikil, ef hún verður gerð eins og ráðgert er. Og það sem best er, að fylkið fær að mínsta kosti tvo ágæta hafnstaði, svo sem að framan er sagt. En hins vegar mun það almennt álit Manitoba búa, að þessi stækkun sé talsvert minni, en fylkið hefði rétt til að vænta, og að aukningunni, eins og hún er fyrirhuguð, fylgi annmarkar, sem eru í mesta máta óskyggilegir og sem hljóta að baka fylkinu ýms óþægindi.

Um þetta mál hefir Hon. R. P. Roblin gert yfirlýsingu, sem birt hefir verið hér í öllum dagblöðunum, og er á þessa leið:

"Ég hefi lesið í blöðunum þingsályktunar tillögu Sir Wilfrids Lauriers um stækkun fylkjanna Manitoba, Ontario og Quebec með ótilgreindum skilyrðum, sem tillagan bendir til.

"Mig ekki að eins undrar á þessari ályktun, heldur einnig eykur hún mér sárra vonbrigða að því er snertir Manitoba fylki. Manitoba hefir krafist stækkunar síðan árið 1875. Réttmæti kröfu vorrar var viðurkent árið 1881, og ríkisþingið lögleiddi þá stækkun fylkisins austur á við, sem veitti oss nægilegt landrými til þess að fullnægja aukinni íbúatölu og iðnaði fylkisins. Ontario fylki skaut málinu til leyndarráðs Breta, og bað þá Ontario um, að vestur takmörk sín yrðu fastákveðin "nú og um alar ókomnar aldir". Þetta var gert, og það eru núverandi takmörk fylkisins. Þetta réttlætir þá staðhæfingu mína, að Ontario hafi engan legalegan rétt til þess, að á vestur takmörk sín færð lengra vestur á við.

"Ég bið einnig Manitoba búa að minnast þess, að Ontario hefir aldrei beðið, hvorki með þingsályktun eða ræðum stjórnmálamanna sinna eða blaðanna, svo mikið sem um eina ekru af landi því, er vér gerum kröfu til, þar til Laurier bauð fylkinu að gera kröfu til þess, og ég hygg að 90 prósent af Ontario búum geti vel unnað oss þessa lands. Ég bið Manitobabúa einnig að minnast þess, að þann 9. marz 1882 samþykti Ontario þingið svohljóðandi tillögu:

"Að stækkun Manitoba "með ríkislögum frá síðasta "þingi, að því er snertir land "það, sem ekki er þrætuefni, "hefir hjartanlegt samþykki "Ontariobúa".

"Landspilda sú, sem vér gerum kröfu til að fá, er ekkert þrætuefni. Ontario hefir aldrei beðið um hana, og þó er Sir Wilfrid, af sýnilegri löngun til að halla réttri Manitoba, viljugur til að troða upp á Ontario því, sem það fylki kærir sig ekkert um og hefir ekki beðið um, og sem tilheyrir Manitoba samkvæmt lögum og rétti, — og ég er viss um, að ef oss verð ur leyft að skjóta málinu til hins Brezka veldis, þá verður oss veitt það, sem vér áður fengum með dómi, en sem Sir Wilfrid ætlar nú að gefa Ontario.

"Ég bið Manitobabúa að minnast þess, að í sambandi við stækkun fylkisins áskilur Ottawastjórnin sér umráðarétt yfir löndum, timbri, námum, fiskiveiðum og öðru verðmæti, sem vera kann í svæði því, sem við er aukið. En hins vegar er Ontario og Quebecfylkjum veittir viðaukar þeirra með öllum gögnum og gæðum til þess að hafa þeirra full yfirráð.

"Nú er réttur tími til þess, að að bera fram mótmæli, ef vér ætlum að verada rétt Manitoba fylkis og koma í veg fyrir, að frá oss verði tekið um allan ókomnn aldur það, sem oss að réttu lagi tilheyrir samkvæmt lögunum frá 1881, og sem samþykt var af Ontario þingi og stjórn ári síðar.

"Alt þetta mál kemur mér svo fyrir sjónir, að Sir Wilfrid sé að leika með Manitoba, eins og hann hefir alt af gert síðan ég kom til valda. Ég segi þess vegna, að ég skal aldrei viðurkenna eða samþykkja rétt Sir Wilfrids til þess að veita Ontario fylki það, sem það með þinglegri yfirlýsingu tjáði sig samþykt að vér fengjum. Þetta er svo alvarlegt mál, að vér megum ekki láta oss liggja það í léttu rúmi, og ég vona, að þingmenn og málsvarar Manitoba gefi ekki sam þykki sitt til þess, að fylkið sé beitt þeim rangindum, sem farið er fram á að gera.

"Látið á stærð fylkjanna. Manitoba fylki er nú 73,732 fermílur, viðbótin er 202,630 fermílur. Ontario hefir nú 260,862 fermílur og á að fá 136,500 mílur í viðbót Quebec hefir nú 351,873 fermílur, og á að fá í viðbót alt Ungava héraðið, að stærð 354,961 fermílur. Eftir þessu nýja áformi verður þá stærð fylkjanna þessi:

Manitoba ...	276,362 fermílur
Ontario ...	397,362 fermílur
Quebec	706,834 fermílur

"Frekari mótmæli þarf ég ekki að bera fram. En halda mun ég áfram, að mæla móti þessari rangsleitni í skiftingu við hvert tækifæri framvegis".

Svona lítur nú herra Roblin á þetta mál. Honum þykir Manitoba fylki vera afskift, það ekki fá nægilega mikla landviðbót, — ekki eins mikla landviðbót austur á við, eins og það hafi rétt til að lögum.

Um skilyrði þau, sem frá ríkisstjórnarinnar hálfu verða eða kunna að verða látin fylgja hinu viðaukna landsvæði við Manitoba, að því er snertir sérstaka skóla fyrir katólska borgara, kveðst herra Roblin ekkert geta sagt að svo stöddu, þar sem ekkert af þeim skilyrðum eru ennþá kunn. En mjög finst honum það rangsleitið, að Manitoba fylki skuli ekki leyft, að ráða yfir auðsuppsprettum þessa viðaukna lands á sama hátt og Ontario og Quebecfylkjum er leyft að ráða yfir þeim.

Það er eitt af þeim loforðum, sem Conservative flokkurinn undir leiðsögu herra Bordens hefir fastlega gefið og þráfaldlega lýst yfir á fundum víðsvegar um Canadaríki, að Manitoba skuli fá full yfirráð sinna eigin auðsuppsprettu á sama hátt og Austurfylkin hafa það nú. Og ekki þarf heldur að efa, að Conservative flokkurinn muni veita fylki þessu alla þá stækkun, sem það krefst, ef hann nær völdum við næstu ríkiskosningar í haust, sem Heimskringla telur alls engan efa á að verði, svo framarlega sem íbúarnir reynast tryggir sínum eigin og fylkisins hagsmunum.

— 7 fangar brutust út úr fangelsi í Toronto í síðustu viku, alt ungir menn, og eru þeir ófundnir ennþá. Alt bendir til þess, að einhverjir aðrir hafi vitað af þessu og að margra daga undirbúning hafi þurft til að losa um skrárnar á klefum fanganna, og síðan til að mölva niður sterkan múrvegg, þar til svo stórt gat var á hann komið, að mennirnir gátu skriðið gegn um það og kastað sér niður 15 fet til jarðar. Fót hafa þeir og orðið að fá að utan, annars hefðu þeir þekst strax og þeir komu út fyrir fangelsið.

Rismál.

Þad brast svo hátt, að heyrðist milli landa —
Og hærra' en bogi Þambarskelfis fyrr við Héðins-ey,
Er sinn inn forna fjötur rauf
Og feikna múrinn sundur klauf,
Þín frændþjóð minnug, svo að norðrið sínum rétti gleymi ei.

Og þjóð mín, dóttir þjóðernis, sem leggur
Sína þroska' og manndóms ljóð og sögur upp að brjósti þér,
Við Noregs frelsisljós og lög,
Við leystrar þjóðar hjartaslög,
Nú sér þú hverju hún fékk orkað, því hún treysti sjálfri sér!

Svo stíg þú fram, ef meira viltu mannast,
Og mola' af borðum drottna þinna lítilsvirðir þú,
Og ef á þinni arin-hlóð
Þú enn þá sér í nokkra glóð
Og kýst að þitt sé það sem áttu: alfrjálst land og óskert bú.

Ei rauðan fána' en friðarmerki berðu
Og fyrir brjósti æru og þinnar sannfæringar mál.
Og svo það sé þér gilt
þá sýn nú hvað þú vilt!
Og guð þíns frelsis, guð ins rétta bendi þinni þjóðlífs sál.

Og mæltu hátt svo hafs um rastir taki,
Og heimur sjái hvað í þínu máli býr og felst.
Hann veit það reyndar nokkuð nú,
En næsta sinn er talar þú
Þá stattu fast, sem fjöllin lands þíns — alfrjáls, konglaus allra helzt!

Kr. Stefánsson.

Íslendingadagurinn

í River Park mánudaginn 3. ágúst næstkomandi verðskuldar að verða fjölsóttur af Íslendingum, ekki að eins þeim, sem í þessum bæ búa, heldur einnig af þeim, sem búa í nálægum héruðum.

Nefndin í ár hefir lagt fram alla krafta sína til þess, að hafa dagskrána svo fullkomna, að hún hefir á engu undangengnu ári verið jafn yfirgripsmikil og í þetta sinn.

Þjóðhátíðarhaldið meðal Íslendinga í þessari borg er að verða fullkomnara og yfirgripsmeira með hverju líðandi ári, og nefndin í ár hefir haft sérstakt tilht til þess við undirbúning þessa hátíðahalds, að einmitt nú eru þau tímamót í sögu íslenzku þjóðarinnar er, sem sérstaklega gerir það æskilegt, að föðurlandsins — Íslands — sé minst á sem veglegastan hátt og af sem allra flestum Íslendingum, sem kost eiga á því

Í hlaupunum taka þátt frægir hlaupamenn, svo sem Guðjón Halldson, sá sem fyrir nokkrum vikum tók þátt í langhlaupi því (20 mílur), sem blaðið Telegram stofnaði til, og sem í sl. viku vann verðlaun í 5 mílna kapphlaupi hér á Winnipeg sýningunni. Það er Íslendingadagurinn, sem kátt hefir fram hlaupa-hæfileika þessa pilts, með því að hann hefir þar fengið þær æfingar, sem veitt hafa honum nægilegt sjálfstraust til að leggja fyrir sig kapphlaup í samkepni við hérlenda kapphlaupamenn.

Þá er og Stefán Bjarnason, sá er fyrstu verðlaun tók í fyrra og er allra Íslendinga fljótastur og úthaldsmestur, sjálfsagður að taka þátt í hlaupunum, ef forföll ekki hanna það.

Það er eitt af framkvæmdum Íslendingadagsins, að gefa efnil. Ísl. kost á að koma fram og reyna íþróttir sínar, og með því stuðlar

Silfurbikarinn, sem þeir Clemens, Árnason & Pálmason gáfu Íslendingadeginum.

að sækja hátíðahaldið og taka þátt í því. Enda bera Íslands minnin, þau tvö, sem nefndinni hafa borist, það ljóslega með sér, að höfundar þeirra hafa haft sérstakt tillit til ástandsins á Íslandi og þess, sem þar er nú að gerast. Vestur-Íslendingum er ekki alveg sama, hver endir á því verður. Það sýna skáldin í kvæðum sínum. Og nefndin vonar og óskar að Íslenzkur almenningur sýni þáð einnig með því, að fjölmenna á hátíðina.

Við athugun dagskráarinnar, sem prentuð er í þessu blaði, geta lesendur séð, hvað fram á að fara og hver verðlaun verða veitt. Við þá athugun vonar nefndin, að fólk sannfærist á þessum atriðum:

1. Dagskráin er vióðtækari og fullkomnari en á nokkru undangengnu ári.
2. Verðlaun til gáfuðra kvenna taka langsamlega fram þeim verðlaunum, sem hafa áður veitt verið á nokkru umliðnu ári.
3. Verðlauna upphæð sú, sem veitt verður fyrir hinar ýmsu íþróttir, verður meiri en á nokkru umliðnu ári.
4. Verðlaun fyrir danslist eru meiri en á nokkru umliðnu ári.
5. Verðlaun fyrir knattleiki eru meiri nú en á nokkru umliðnu ári.
6. Kapphlaupin eru fleiri og verðlaun fyrir þau hærri en á nokk uru umliðnu ári.
7. Ný kappreið — 3 mílna "Bicycle Race" — sem öllum er frjálst að taka þátt í, hefir ekki áður verið höfð á nokkrum undangengnum Íslendingadegi.

Þess vill og nefndin geta, að hin prentaða dagskrá Íslendingadagsdagsins í ár, er sú langstærsta, sem nokkru sinni hefir verið gefin út. Það er bæklingur í stóru broti, um 70 bls. að stærð, og frágangur allur hinn prýðilegasti, með skraut prentaðri kápu í tveimur lituin, — prentaður af Gísla prentara Jónssyni, þeim manni, sem kveður eitt hið fegursta Íslands minni, sem nokkru sinni hefir flutt verið á vestur-íslenzkri þjóðhátíð, og mundi talið vel sæmandi hverju stórskáldi þjóðar vorrar vestan hafs eða austan.

dagurinn til þess, að hvetja þá til framsóknar, hvern í sinni grein. Þetta eru ýmsir landar vorir farnir að viðurkenna nú á síðari árum, og nokkrir þeirra hafa sýnt þess vott, að þeir meta þessa viðleitni Íslendingadags nefndarinnar, með því að hlynna að hátíðahaldinu, bæði með því að auglýsa á prógrammínu og með því sjálfir að sækja hátíðina með skyldulíði sínu. Og ekki einasta eru það Vestur-Íslendingar, sem finna sér skylt að hlynna að deginum, heldur einnig eru Austur-Íslendingar farnir að gera það. Til dæmis höfum vér frétt, að blaðið Unga Ísland hafi sent Íslendingadeginum í Winnipeg vandaðan íslenzkan fána að gjöf, og að fáni sá muni verða komann hingað vestur svo tímanlega, að hann geti orðið notaður á Íslendingadeginum í ár. Fyrir slikt vinarþel blaðsins ber Íslendingum hér vestra að þakka með því, að gerast áskrifendur að því blaði, sem bæði er vandað að öllum frágangi og flytur oft prýðisgóðar myndir, og er sérstaklega ætlað börnum og unglingum til fróðleiks og skemtunar.

Þess ber og að geta með þakklæti, að þeir herrar Clemens, Árnason & Pálmason, matvörusalar hér í borg, hafa í ár gefið Íslendingadeginum til varanlegrar eignar mjög vandaðan og verðmætan silfurbikar, sem skal árlega veitast að verðlaunum þeim, sem vinnur verðlaun í flestum íþróttum á Íslendingadaginn, og skal sá hinn sami halda bikarnum, þar til annar kemur, sem skarar fram úr. Á þennan hátt gengur bikar þessi mann frá manni ár eftir ár, og er jafnan í umsjá þess, sem mest verðlaun hefir hlotið á þjóðhátíðinni. En er þó ávalt varanleg eign dagsins, svo að um bikar þann skal kept á hverri þjóðhátíð. Skal árlega grafið á bikarinn nafn vinnandans og ártal og verður hann þannig þeim mun dýrmætari og sögulegri, sem framliða stundir. Tilgangur gefendanna er sá, að hvetja uppvaxandi Íslendinga til þess, að temja sér íþróttir og æfa þær árlega á Íslendingadaginn hér í borginni. Er þessi tilgangur gefendanna allrar virðingar verður og þakklætis, og

Heimskringla mælist hér með til þess við landa vora, að auka svo viðskipti sín við gefendurna, að þeir finni til þess, að það sé metið, sem þeir hafa svo vel gert til Íslendingadagsins. Þetta er fólki voru útlátalaust, því bæði selja þeir félagar eins góðar vörur og nokkrir aðrir matvörusalar í þessari borg, og eins ódýrt og þeir sem ódýrast selja, — eins og sjá má vikulega á auglýsingu þeirra á fremstu síðu þessa blaðs.

Verðlaun fyrir barnahlaupin verða á þessu ári borguð í peningum eins og í fyrra, og þess utan verður hverju barni gefinn "Candy" poki, þegar þau koma í garðinn.

Tvö íslenzk kvenfélög, I.A.C. félagið úr norðurenda borgarinnar og Viking félagið úr suðurbænum, ætla að leika knattleik ("Base Ball") á Íslendingadaginn í River Park. Þessi kven-knattleikafélög hafa verið við stöðugar æfingar um nokkurn undanfarinn tíma, 9 stúlkur á hvora hlið. — Þetta er algerlega nýstárleg sýning á íslenzku þjóðhátíðinni og verður þess verð, að sjá hana. Íslendingadagsnefndin sér um, að verðlaun verði veitt fyrir stúlkurnar að keppa um.

Það skal að síðustu tekið fram, að hlaupin byrja stundvíst kl. 9 að morgni. Sönnuleiðis fara fram stökk og knattleikir fyrir hádegi, og ræður byrja kl. 1.30 e. hád. — Þetta er nauðsynlegt, til þess að mögulegt sé að framkvæma alt, sem dagskráin tilvísar, áður en nótt skellur á.

Nánar verður auglýst um hátíðahaldið í næsta blaði. Lesið það nákvæmlega.

Vaknaðu!

Danskurinn dæsir og skjmar,
djúpið hvert sé honum vætt;
loksins vill lögtaki festa
landið, sem Snorra gat fætt.

Fjallanna fornhelgu vættir,
frelsinu búið er grand,
vaktið nú víkur og firði,
verjið þar Dönum á land.

Nú er ei veður til værðar, —
vaknaðu Niflunga þjóð!
Fylgdu nú Akkjles unga, —
einn móti nitján hann stóð.

Fyrrum í fornöld þú áttir
frelsið, þá helgustu gjöf.
Viltu nú varnarlaust selja
varðann, á feðranna gröf?

Takir þú svikulum sáttum,
sú verður heimska þín ræmd.
Betra er blóð sitt að láta,
berjast, og falla með sæmd.

En kjósir þú vandræða veginn,
vólæðis stúnur og tár,
svæfi þig sönglausar nætur
og sofðu í þúsund ár.

S. S. ÍSFELD

Algerðan skilnað

EDINBURG, N. DAK.,
21. júli 1908.

B. L. Baldwinson, Winnipe.

Kæri herra: — Þann 17. þ. m. var fundur all-fjölmennur haldinn á Gardar, N. D., af Íslendingum til að ræða um málefni Íslands og afstöðu þeirra við Dani. Eindregið kom þar í ljós, að menn hér álíta uppkastið til samninga frá millilanda nefndinni óhæfilegt fyrir Íslendinga eða Ísland, og æskja þess mjög, að Íslendingar neiti þeim samningi, og þar eð svo illa liti út með, að samningar komist á milli Íslendinga og Dana, sem viðunanlegir séu fyrir Ísland, þá heimti Íslendingar heldur algerðan aðskilnað við Danmörk og gerist fríriki.

Ályktanir þessu samkvæmt voru samþyktar, sem skulu sendast til blaðanna í Reykjavík. Einnig var samtímis sent simskeyti samhljóðandi þeim ályktunum til Blaðamannafélagsins í Reykjavík.

Með vinsemd og virðingu,
Stephen Eyolfson,

Hlaupa-drengir fást á svipstundu ef kallað er á

Phone 4862

WESTERN MESSENGER SERVICE,

224 Notre Dame - Winnipeg

Verðingarfylst óska Viðskifta yðar.

Auglýsinga-Skiltum Dreyft og Fest Upp.

A. J. Huckell, ráðsmaður.

JOHN DUFF

PLUMBER, GAS AND STEAM FITTER

Alt verk vel vandað, og verðið rétt

662 Notre Dame Ave. Phone 3815

Winnipeg

Strathcona Hotel

Horni Main og Rupert Str. Nýbygt og ágætt gistihús; Gest um veitt öll þægindi með sanngjarnasta verði. Frí keyrsla til og frá öllum járnbr. stöðvum. Beztu vín og vindlar; og herbergi og máltíðar ágætar.

McLaren Brothers

EIGENDUR

Hotel Pacific

219 Market Street | *H.M.Hicks Eigandi*
Winnipeg - - - Manitoba

Telephone 1333

Ný-endurbætt og Ný-tízku hús í alla staði. Viðskifta yðar óskast virðingarfylst.

$1.25 a Dag

$1.50 Á DAG

Besta $1.50 gistihús í Winnipeg

BRUNSWICK HOTEL

Horni Main St. og Rupert Ave.

Besta borðhald; Hrein og Björt Herbergi; Fínustu Drykkir og Bestu Vindlar. Ókeypis Vagn matir Öllum Trainlestum. Reynið oss þegar þú ert á ferð.

Þjóðfrelsi.

Það verður samkvæmt skilning mínum að álykta, að hver þjóð samanstandi af þremur konar aðaldeildum eða flokkum. Einn flokkurinn sækir fram, annar heldur aftur, og sá þriðji er á milli hinna þeir geta því nefnst: hægri-, vinstri- og beggjahanda-flokkar. — Ég meina, að eðlishvatirnar standi aðallega á þessum þremur stigbreytingum í lífsbaráttunni. Þessi aðal einkenni verður erfitt að sameina svo vel sé, í einstakri persónu, og án þess, að einstaklingurinn eigi eðlisdeild í öllum, þá skilur hann ekki það mismunandi lögmál, sem hver stjórnast af. Hann verður að skilja sína eigin til að geta skilið aðra og dæmt réttilega. Eigi hann engin eðliseinkenni saman við mig, svo skilur hann mig ekki. En hann getur lært að skilja mig, því að við lærdómsiðkanina lífnar hæfileikinn, þó í dái hafi legið. En í mörgum tilfellum langar hann ekkert til að þvinga sig til að skilja. Sá, sem óvíðtækt skilningssvið hefir, mun oftari þykjast góður fyrir sig, og ekki þurfa að sækja til annara eða læra af öðrum að hugsa, og sérstaklega hefir hann ekki lítillæti til að læra af þeim, sem hann heyrir að engum metorðum og heimsáliti hefir náð, enda þó virtur sé af sínnar stéttar bræðrum. Sá, sem er gjarn til framsóknar, er oft og tíðum í hatri meiru eða minnu af þeim afturhaldssömu, því meiru, sem þá meira mismunar hvorn frá öðrum. Þegar þessir flokkar, sem eðlislíkir eru, sameina sig, þá skilja þeir hver annan, og með þeim er friður og eindrægni. En þegar flokkur er myndaður af tveimur eða þremur flokkum eðlisfarslega ólíkum, þar verður engin samþykt, því sitt sýnist hverjum, og misskilningur á sér stað, þó hver um sig framsetji rétt sína meining. Þetta á sér stað í þjóðfélögunum, og fyrir þá skuld gengur samkomulagið og samvinnan svo illa. Auk þess stendur réttlætis tilfinningin á svo hörmulega misjöfnu stigi, og það varðar mestu, þegar menn fara að meta hina óviðkomandi, eða þá, sem vináttan á einhvern hátt hefir brotnað af. Sá viðsýni og kærleiksríki getur án haturs umborið allar mótgerðir, því hann skilur eðlið svo mismunandi, hjá hverjum fyrir sig, og veit að öðrum er eigið eðli jafnmikill helgidómur og honum er sitt eðli; en það hryggir hann, að þessir menn, sem hann veit að eru fáfróðir og jafnvel á röngum vegi fyrir vanþekkingu, fást ekki til að sjá, hvað betra er hjá öðrum, fyrir ofbirtu þess, er þeir sjálfir hafa, þó það sé fyrir hins augum kolsvart. Svona gengur það. Sá rangláti sér eigi réttlætið, nema í því ranga, sem hann mest samanstendur af, kann ekki að meta réttvísi hafi hann ofurselt sig óréttvísinni, hans leynióll hafa stimplað sínu innsigli yfir réttlætis sjónina, svo hann sér eingöngu sér líkt. Og nokkuð svipað gengur þetta þvert á móti fyrir honum réttvísa, hann sér ekki dimmu ranglætisins fyrir birtu réttvísinnar. Réttvísin er honum auðskilin, hann helgar sig henni í anda, þó hann ekkert svigrúm hafi öðrum að hjálpa, hún er honum alt, og hann sleppir henni ekki úr hjarta sér, þó lífið sé í veði, hann er fús að miðla öðrum í þörf því sama sem hann hefir og fyrirgefa öðrum mótgerðir. En sá, sem óréttvísin blindar, þiggur enga fyrirgefning, því eins og réttvísin er ekki á móti sjálfri sér, svo er ekki heldur óréttvísin og villumyrkriið á móti sjálfu sér, — ef það væri, þá gæti ekki þess ríki staðist.

Þarna af flýtur, að þegar flokkar, félög eða persónur með ólíkum lyndiseinkennum sameina sig, þá er ágreiningur og sundurþykkja vís, nema umburðarlyndi sé á aðra hönd og friðarlöngun að láta af sínu áliti og sætta sig við hins, þó rangt virðist, annars hrapar alt um koll. Hér er þá um tvennskonar sannkæring að ræða (að minsta kosti) og báðir málspartar álíta sína rétta. Hver er þá réttur? Vafalaust sá, sem að réttvísum dómi óviðkomandi virðist fylgja réttvísi sem næst.

Hefði nú sendinefnd Íslands verið sameinuð í anda, og getað skilið á sama veg hvað gera þurfti, þá hefði útkoman orðið alt önnur. En fyrir þá skuld, að nefndin hefir tilheyrt á Íslandi tveim gegnstríðandi flokkum, og þessi nefnd höfuð þeirra flokka, þá fór hér alt eðlilega fram. Valdstjórn getur tekið höndum saman við friðar og réttvísis stjórn. Sú fyrnefnda er bygð upp af fáfræðisvillu myrkri í fyrstu. Það er hennar grundvöllur, dýrseðli, vald og yfirgangur. Hún framleiðir aldrei frið beinlínis, en hún með sínum hörmungum opnar augu manna að sjá sína bölvun, svo þeir skuli fara að líta í kring um sig, og komi auga á blessun réttvísis og friðarstjórnar, ef fáanleg yrði, þannig verður hún óbeinlínis manni til blessunar. Fyrir þrengingar réttvísinnar, lítum við í kringum oss að orsök, þá sjáum við í fyrstu einhverja ófreskju í þokunni, og vitum ekki hvað er, svo smámsaman færum við oss nær og nær, þar til við greinum myndina frá þokunni, þá þegar komnir erum nógu nálægt, sjáum við alt hvors kyns er, að þetta er þá goðið, sem heimurinn hefir tilbeðið frá ómuna tíð, og þrátt fyrir alt vit, aukna mentun og víðdóms blástur tilbiður skrýmslið enn, í stað friðar og réttvísi, í stað Krists. Þessu skrýmsli lúta þjóðirnar, því þær eru því ofurseldar, þær eru að miklum meiri hluta þess eign. Frá réttvísis sjónarmiði skoðað, sést ekki annað en Skúli Thoroddsen einn hafi vitað og skilið til hvers þjóðin kallaði þessa nefnd, því hann einn sýndi drenglyndið, að þiggja engin valds né falsboð, þó sjálfur þjóðhöðinginn skærist úr leik og gerðist "þjóðsvikari". Það er hann, úr því hann skrifaði samþykt sína undir valds og falsgerning. Menn geta ekki annað sagt honum til afsökunar, en að hann hefði átt að vita og skilja betur, en að svíkja vísvitandi sína þjóð, þegar hún trúði honum til að gera sitt bezta, sem hennar höfuð og brjóstmylkingur. En af því hann er hennar brjóstbarn, þá hefir hann ekki haft þær reynslur að viðurkenna sína skuld til hennar, heldur sýnst heppilegra, að lúta hinu danska valdsframbooði og svívirða kvaðir sínnar þjóðar. Þetta er algeng afleiðing, þegar óverðug fúlmenni eru hafin upp og sett í hásæti, að þau skilja ekki sína köllun aðra en lúta þrælslegu valdi. Þau sjá ekki, réttlætissólina, þó hún skíni næstum í hádegisstað. Hefði hann skilið valdráðið og réttargang ofríkis til hlítar, — sem hann þó hefir alla sína æfi verið að stúdera, — þá hefði hann ekki reynt að fara þessa ferð í von um góðan árangur, hann hefði þá glögglega séð, að krafan var óláanleg, án þess að gert yrði þvert á móti stjórnfræðislegu, fastákveðnu valdsins lögmáli og Danastjórnarráð svíkji sína eigin þjóð. En hér var ekki á hans valdi að gera við því, þó ekki fengist það sem um var beðið. En hann hafði fult vald til að halda nafni sínu frá óæskilegri samþykt, sem fullmektugur fyrir þjóð sína, en ekki sig einan eða aðra fáa sér líka. Það er oft betra autt rúm en illa skipað. Íslands þjóðin þyrfti að fara að líta eftir sínum valdráðum, áður en þeit sökkva henni í sömu forina, og möguleikaleysið og aðrar þjóðir hafa orðið fyrir.

Hér er ágætt tækifæri fyrir frjálslynda Vestur-Íslendinga og þjóðar sinnar vini, að segja hennar blóðsugum til syndanna, því þeir eiga óhægra með, að taka fyrir háls og munn Vestur-Íslendinga og sekta þá, eins og þeir hafa gert J.Ólafssyni fyrir að segja satt. Mér dettur ekki í hug, að gera lítið úr því, sem þessir menn hafa frá guði þegið, síður en svo. Ég veit það er mikið. En því meira, sem þeir hafa þegið, þess meiri kröfu vil ég gera til þeirra hafi þeir ekki spilt sínum gáfum með fávíslegri vanbrúkun og afvegaleiðslu frá hinu rétta. Fyrst þjóðin trúir þessum mönnum fyrir sínum réttvísis málefnum, og þeir eru hennar skyldugir þjónar, þá eru þetta drottinssvik að ganga úr varðliði hennar og vinna annari þjóð eiða og hollustu gagnstæða þeim, er skyldan lá til að vinna sinni eigin þjóð, og hún sendi þá til að vinna sér til framtíðar gagns og sóma.

Þegar ein þjóð verður sakir vanmáttar síns yfirunnin af valdráðum óréttvísinnar og svíksemi, þá hefir sá valdsins yfirdrotnunarvani viðgengist, að taka ekkert til lit til vilja hinnar hertekinu þjóðar, hvort frelsi hún lengi, heldur knúið hana áfram með svipu yfirdrotnunarvaldsins í ánauð og ósjálfstæði, á sama máta og einn tukthúslimur, sem nauðugur hefir tekinn verið og bundnar hendur á bak aftur og settur þar inn. Hann er ósjálfbjarga og undir mannkærleik lögregluliðsins, sem valdráðin hafa. Hann krefst réttar síns, en auðvitað hefir svo oft fyrirgert honum og getur því þarna verið kominn sem réttmætur fangi og glæpamaður, en stundum eru þó sakir litlar og óréttmætar, og fyrir þá skuld, að hér er yfirráðandi óréttvís valdsstjórn, þá gætir ekki lögreglan alténd sem skyldi að ástæðum, heldur að virðing og "business"-legu sérdrægu kúgunarvaldi, sem óréttvísin skapað hefir í yfirskyni réttvísis á þessum og hinum tíma, til viðhalds og eignarhalds óréttfenginna fjármuna inn í endaleysu eftirkomandi tíðar. Þegar um réttvísi má ræða, þá falla þessi kúgunar ófrelsishöft af þjóðunum, að þær skuli verða — af valdráðum — látnar ganga kaupum og sölum í ókomnar aldir fram. Þá spyr réttvísis og friðar ins stjórnarvaldið, — sem nú er að fæðast út af kúgunar og óréttlætis valdinu —: Hver á framtiðina? Hver af oss hefir fengið eignarhald á henni? að vér höfum rétt til að selja og kaupa framtiðarinnar eftirkomendur vora og möguleika þeirra og fæðingarrétt, að fá að lifa á jörðunni sem sjálfstæðir mannkyns og þjóða meðlimir í virðing og hlýðni við réttlátt lögmál? Vér eigum sjálfir rétt vorn. Hann er oss óseljanlegur og yðar réttur er oss ókaupanlegur. Ef vér hann kaupum, þá verður hann samt aldrei vor réttmæt eign, hann er oss ránsfé. Ef vér hann seljum, þá seljum vér það, sem vér aldrei getum réttmætlega mist, heldur lántöku sjálfrar vor frá náttúruríkinu og lífsframþróunínni, sem vér tilheyrum, höfum ekkert vald yfir, en getum aldrei án verið, og enginn getur í réttsýni af oss þegið, sem sér annars þörf vera hina sömu og sína. Á þessu sama lögmáli byggjast lausnar og sjálfræðis kröfur Íslendinga frá Danaveldi. Krafan er réttvís í insta eðli, að vera sjálfstæð þjóð, frí frá böðuls hendi og kúgunarvalds yfirgangi annara þjóða, þó þjóðin lítil sé og henni sé um megn að sjá við annara þjóða styrk og yfirgangi. Hún á sinn sama rétt og aðrar, og aðrar sinn þann sama rétt og hún. Öllum ber að segja einum rómi: Vér erum limir á sama líkama, og ég hefi engan rétt til að drotna yfir þér eða þú neinn rétt að drotna yfir mér. Ég get ekki keypt þinn tilverurétt og þú ekki minn, því hann er vort lánsfé um stuttan tíma, hvers einstaklings, og verður að tilheyra hverri einstakri þjóðarheild, og þær þjóðarheildir að vera sem ein familia í einu húsi, er hvert systkini sér sitt gagn í hins gagni, svo friður og eindrægni geti eflst og viðhaldist og réttvísinnar bræðralag lifi og ríki. Þessi réttvísinnar andi er nú á hraðri ferð, að koma yfir þjóðirnar. Hann er framtiðarinnar meginmál, grundvöllur friðar og samræmis. Hann framleiðir frá ósamræminu og yfirganginum, svo þau þjóðamein, sem nú hafa vaxið til fullnustu, fara nú að springa út og eyðast, en réttvísinnar lækn islyf viðlögð græða og ummynda nýjar tilverur, svo bölvun eyðileggingar og fáfræðis snýst í blessun vizkuljóss til fagurrar réttvísis framþróunar, bróðurkærleiks og eindrægnis.

B. G. Backman.

Hinir áreiðanlegustu — og þar með hinir vinsælustu — verzlunarmenn auglýsa í Heimskringlu.

—The— Criterion Hotel

McDermott Ave.

Nýtt, vandað gistihús með ágæt herbergi, vönduðustu drykkjir og fínustu vindlar.

Vinsælt meðal Íslendinga. Er beint á móti Tribune byggingunni á McDermott Avenue.

MORICE NOKES

EIGANDI

Woodbine Hotel

Stærsta Billiard Hall í Norðvesturlandinu Tíu Pool-borð.—Alskonar vín og vindlar.

Lennon & Hebb,

Eigendur.

SPÓNNÝTT HÓTEL

ALGERLEGA NÝTÍZKU

Hotel Majestic

John McDonald,

eigandi.

James St. West, Rétt vestan við Main St.

Winnipeg Telefón 4979

$1.50 á dag og þar yfir

Bandaríkja-snið

Alt sem hér er um hönd haft er af beztu tegund. Reynið oss.

MIDLAND HOTEL

255 Market St. Phone 3491

Nýtt hús, nýr húsbúnaður Fullar byrgðir af allskonar vönduðustu drykkjum og vindlum í hressingar stofunni. Gisting einn dollar á dag og þar yfir.

W. G. GOULD :: FRED. D. PETERS,

Eigendur

WINNIPEG ::: ::: CANADA

Jimmy's HOTEL

Rétt á bak við Pósthúsið

Íslendingar ættu að reyna þetta gistihús. Í hressingarstofunni er sá eini íslenzki vínveitingamaður í Winnipeg.

James Thorpe,

eigandi

Fyrrum eigandi Jimmy's Restaurant

Hvað heldur þú, Aðalheiður, að Allan geri, ef hann fær vitneskju um þetta?"

"Ég get ekki getið neins til um það", svaraði hún, "en ég vona, að hann fái aldrei að vita það".

"Hann yfirgefur okkur. Hann fer í burtu og kemur aldrei aftur. Hann getur ekki borið þvílíka skömm".

"Já, en þetta þarf enginn að vita. Við getum fengið hann til að varðveita leyndarmálið eins og við höfum gert", sagði Lady Aðalheiður.

"Það gerir hann aldrei. Hann er of stoltur til þess, að hann geri það. Hann er eina barnið mitt, — ég sé hann ef til vill aldrei framar".

Það var eins og hún væri búin að missa alla von, alt þrek, og hún grét sáran. Lady Aðalheiður grét með henni, en reyndi þó til að hugga hana. Við skulum ekki hugsa okkur það versta", sagði hún. "Alt getur farið vel".

Í sama bili og hún sagði þetta, komu boð til þeirra frá Clavering gershöfðingja, að hann óskaði eftir, að þær kæmu strax til viðtals við sig í bókaherberginu.

"Hver er hjá hershöfðingjanum?" spurði Lady Aðalheiður.

Svarið var: — "Caren lávarður".

"Nú er stundin komin", sagði Lady Caren með örvæntingar ró. "Sverðið er fallið niður. Aðalheiður, hjálpaðu mér til að taka því, sem að höndum ber".



LXVIII. KAPÍTULI.

Ég vil strax leiða þessi mál til lykta, sagði lávarðurinn við sjálfan sig. Ég get ekki lifað einum degi lengur í þessari óvissu.

Hann fór nú að finna hershöfðingjann, en hann var ekki sem bezt fyrir kallaður. Í stuttu máli sagt, hann var í mjög vondu skapi. Strax eftir morgunverð hafði hann beðið Aðalheiði að ganga út með sér, en hún hafði afsakað sig, og sagt, að hún mætti ekki vera að því. Svo mætti hann henni hálfum tíma síðar úti í garðinum, og þá sá hann greinilega, að hún hafði grátið.

Þess vegna var hann nú í mjög slæmu skapi.

"Hvað hefir hún til að gráta af?" spurði hann sjálfan sig. "Það gengur eitthvað meira en lítið að henni". Hann ásetti sér, að komast eftir, hvað það væri.

Þeir voru því ekki í nærri góðu skapi herrarnir, þegar þeir hittust. Caren lávarður var kvíðinn og órólegur. Þeir hittust í bókaherberginu. Hershöfðinginn var að lesa í blaði, og var mjög grettinn á svipinn.

"Ég var að svipast að yður, hershöfðingi", sagði lávarðurinn.

"Og ég óskaði eftir að sjá yður, Caren lávarður"

"Það var þá heppilegt, að við fundum hvor annan", sagði lávarðurinn.

"Ég mætti konunni yðar rétt áðan og hún var öll grátbólgin. Núna um daginn kom ég hér að henni fljótandi í tárum. Ég vil fá að vita, hvernig

á þessu stendur. Ég veit vel, að stundum hleypur snurða á þráðinn hjóna á milli. Mér þykir vænt um, að ég hefi aldrei átt konu, og mun aldrei eiga neina, því ég veit vel, hversu þær geta verið þreytandi, og það finst naumast sá maður, er beri með þolinmæði alt nöldur konu sinnar. En Aðalheiður er ólík flestum öðrum konum. Hún er svo blíð og þolinmóð. Hvað gengur að henni? Hvers vegna grætur hún svona mikið?"

"Þér ættuð að spyrja hana sjálfa um það, herra minn".

"Að hvaða gagni kæmi það? Ef ég á að segja yður sannleikann, herra minn, — á meðan þessi fina hertogainna var hér, datt mér í hug, að þér væruð hugfanginn af henni, og það væri það, sem hryggði Aðalheiði. Nú veit ég, að þetta var bara röng ímyndan mín. Hún er líka — guði sé lof — farin. En þér skuluð vita það, að það er meira en lítið, sem gangur að Aðalheiði fyrst hún grætur svona mikið".

"Ég er á sama máli, hershöfðingi. Ég er hræddur um, að hér sé ekki alt eins og það ætti að vera, og ég vildi hitta yður til þess að biðja yður að hjálpa mér til að komast eftir því".

Hershöfðinginn lagði blaðið frá sér og horfði á lávarðinn með mestu undrun.

"Þér biðjið mig þess, gamlan piparsvein, sem aldrei á æfi minni hefi umgengist kvenfólk. Samt haldið þér, að ég geti sagt yður, hvað sé áhrínavant á yðar eigin heimili. Hvernig ætti ég að vita um það?"

"Samt stend ég í þeirri meiningu, að þér hafið í hendi yðar lykilinn að leyndarmálinu. Hershöfðingi, segið mér, — ég spyr yður í mestu einlægni að því, — er nokkuð leyndardómsfult við fæðingu konunnar minnar?"

Hershöfðinginn horfði forviða á lávarðinn.

"Nokkuð leyndardómsfult viðvíkjandi Aðalheiði? Nei, alls ekki, nema ef yður finst það kynlegt, undir hvaða kringumstæðum hún kom hingað. Ég hygg, að um þá atburði hafi lítið verið talað".

"Er þá um ekkert leyndarmál að ræða?"

"Ekki svo ég viti til", mælti hershöfðinginn rólega.

Lávarðurinn sat nokkra stund þegjandi, svo mælti hann:

"Mig langar til að vita eitthvað um Mr. Carlton, ef þér vilduð segja mér eitthvað um hann".

"Um hvern?" hrópaði hershöfðinginn.

"Mr. Carlton, föður Aðalheiðar".

"Hvað meinið þér?" spurði hershöfðinginn undrandi.

"Ég meina einungis það, sem ég segi, herra minn. Það er ekki af eintómri forvitni, að ég spyr um þetta. Mig langar til að vita um ætt konu minnar. Hver var faðir hennar?"

Hershöfðinginn stökk úr sæti sínu. Hann var hinn reiðasti, og eldur leiftraði úr augum hans.

"Eruð þér að gera gabb að mér?" æpti hann. Ætlið þér að gabbast að því, að ég er gamall maður, og ímynda yður svo, að æska yðar sé yður næg afsökun?"

"Minn kæri hershöfðingi, því látið þér svona? Haldið þér, að ég sé að henda gaman að yður? Hvers vegna ætti ég að gera það? Ég bað yður að eins um, að svara einfaldri spurningu, en hefði ég vitað, hvernig yður mundi verða við hana, hefði ég ekki spurt hennar".

"Einfaldrar spurningar. Hafið það upp aftur. Svei mér ef þér gerið mig ekki hringlandi vitlausan".

"Ég segi það aftur, — í guðsnafni spyr ég yður að: Hver var Mr. Carlton, faðir Aðalheiðar?"

Hvað er svo Gott

sem nýtt, ferskt kjöt? Hvað er betra að borða en gott kjöt? Og hvar fæst það betur útilátið en einmitt hjá oss. Telefónið oss eina pöntun og reynið

C. G. JOHNSON,
KJÖTSALI
Horni Ellice og Langside. Tel.: 2631.

Giftingaleyfisbrjef
selur Kr. Ásg. Benediktsson,
477 Beverley St. Winnipeg.

WINNIPEG Business College
FÉKK FYRSTU VERÐLAUN Á SAINT LOUIS SÝNINGUNNI.
Cor. Portage Ave and Fort St.
Kennir Bókhald, Vélritun, Símritun, Býr undir Stjórnþjónustu o. fl. Kveld og dag kensla. Sérstök tilsögn veitt einstaklega. Starfshögunar-skrá frí.

Drs. Ekern & Marsden,
Sérfræðisleknar í Eftirfylgjandi greinum: — Augnasjúkdómum, Eyrnasjúkdómum, Nassasjúkdómum og Kverkasjúkdómum. : : :
Í Platky Byggingunni í Bænum
Grand Forks, :: N. Dak.

Cancer Cure.
R. D. EVANS, sem fann upp hið víðfræga lyf til lækninga
krabbameinum
óskar að allir þem nú þjást af krabbameinum, skrifi sér. 2. daga notkun meðalsins; læknar útvortis eða innvortis krabbamein. Skrifið strax til R. D. Evans, Brandon, Man. 27-8-8

Skrifið yður fyrir Heims-

Heimskringla þarf að fá 300 nýja kaupendur á þessu ári Hún óskar þessvegna að allir góðir menn og konur vildu gerast kaupendur þess sem allra fyrst. Nýjir kaupendur sem borga fyrirfram, fá 2 sögur gefins, og 5 sögur úr að velja. Hvað sýnist yður? Hkr. þakkar kaupendum sínum innilega fyrir liðin viðskifti, og vonar að geta þóknast þeim í framtíðinni eins og á liðinni tíð — og betur.

kringlu, svo að þér getið ætíð fylgst med málum Íslendinga hér og heima.

Á nefndarfundi 10. júlí.

Það hlýtur að vera fróðlegt, að sitja á nefndarfundum í Ottawa, og hlusta á útskýringar á allri starfsemi stjórnarinnar og embættismanna hennar. Þar lærist eitthvað nýtt á hverjum degi. Eitt af þessu nýja kom fram í vitnisburði herra McKenzie, aðalverkfræðings yfir Intercolonal járnbrautinni. Sú braut er þjóðeign og hún er starfrækt á landssjóðskostnað. Það hafði verið ákveðið, að gera umbætur á verkstæðum þessarar brautar í Moncton borg, með því að leiða þangað vatnspípur og að gera sjálfstæða vatnsleiðslustofnun fyrir verkstæðin. — Verkfræðingurinn sagði nefndinni, að verkið mundi kosta eina málíón dollara, og þótti sumum nefndarmönnum svo sem sú upphæð mundi vera nægileg til að byggja öll verkstæðin upp að nýju, að meðtöldu vatnsverkinu. En verkfræðingurinn sagði, að það væri að eins fyrir vatnsverkið.

Herra McKenzie gaf og nefndinni þær upplýsingar, að hann hefði gert 100 þúsund dollara munnlegan samning við herra A. Walberg, um að gera part af þessu verki. Verkfræðingurinn hélt því fram, að hann hefði fullan rétt að gera slíka samninga, án þess að ráðgast nokkuð um það við járnbrautadeild stjórnarinnar, og án þess að auglýsa eða leita eftir nokkrum tilboðum í verkið. Þess vegna hefði hann bara sagt herra Walberg að vinna verkið og tiltekið kaup hans, en það átti að vera 15 prósent af öllum verkalaununum. En þau verkalaun voru borguð úr ríkissjóði.

Þegar hér var komið urðu Líberal nefndarmennirnir uppvægir og neituðu að halda rannsókninni áfram eða leyfa öðrum vitnum að koma fram, eða nokkrum fleiri upplýsingum um þetta mál.

Þá var stungið upp á, að rannsókn þessi skyldi hafin undir umsjón dómara, — en við það var ekki komandi. Stjórnarsinnar héldu því fastlega fram, að hér væri ekkert óvanalegt eða grunsamlegt á ferðum, og ekkert, sem kreðjist rannsóknar. Þeir bæru fult traust til stjórnarinnar og embættismanna hennar, og að undir öllum kringumstæðum væri rangt, að hefja nokkra rannsókn í þessu máli, fyr en verkinu væri öllu lokið og hver einasti reikningur í sambandi við það væri útborgaður að fullu. Og við þessa ákvörðun meiri hlutans varð minni hluti nefndarmanna að sætta sig. En því hétu þeir, að sá tími skyldi koma, að mál þetta alt yrði opinberað fyrir gjaldþegnum ríkisins.

Endurminning Islands.

Mér ei getur úr minni liðið
ishafs eyjan okkar forna, —
rósir og þyrna í ríkum mæli
borið hefir hún börnum sínum.

"Man ég þá tíð" á myrkum vetri,
er fullir gluggar af fönn voru,
og ferlegar feigðarrúnir
frost biturt á fold gróf.

Og ógreiður vegur yfirferðar,
nótt var löng í norðangusta.
Oft að kveldi í kólgu og hríð
ferðamenn þreyttir til foldar hnigu

Hvít snjóbreiða undir og yfir
hvílubeð hinst varð hölda þreyttra,
er önd sína fólu á endadægri
alföður æðstum ofar sólu.

En grafskrift kalda Kári þuldi
yfir freðnum ná á foldar baki;
hrímtár feldi á fallna hetju,
þars engir vinir yfir stóðu.

Líður að langdegi, linnir byljum,
sól gyllir brattar brúnir fjalla;
"haföldur lækka" á ljósum vogum,
liggja í ládeyðu litkir bátar.

Á verður breyting: unaðsríkt vor
eftir volegan vetur kemur,
vaknar í suðri vindblær þíður, —
"uppbirta él öll um síðir".

Leysast þá lækir úr löngum
dróma,
buna úr hliðum blátærir.
Öll náttúran endurlifnar, —
blómum ilmríkum brekkur fyllast.

Af fránum fjallhömrum fossar
steypast,
hreimsterkan hljóm að hlustum
bera,
en í rósrunnum daggardropar
á blómum ungum bjartir glitra.

Syngja þá samróma sætar raddir:
Dýrð, dýrð drotni hæða.
Sigur ei sól á sumarnóttu, —
minnir á ódauðleik eilífs vors.

Mrs. J. S. Thorwald

Til Þorsteins Erlíngssonar

Því kveðurðu ei Þorsteinn,
því kyndurðu ei bál,
er kærleik og vonirnar glæðir?
Mér finst sem í læðing að ligga þín
sál, —
þú lítið að nýju oss fræðir.

Anda vorn vantar enn vermandi
ljós,
hann vantar enn styrkjandi næring
þinn sárasti þyrnir, jafnt sætustu
rós,
er sálunum meðal við tæring.

Við óskum að heyra þig hörpuna
slá, —
hún hefir svo töfrandi hljóma.
Vonrósir okkar þú vilt ekki sjá
visna í miðsumars blóma.

R. J. Daviðsson.

HEIMSKRINGLU og TVÆR skemtilegar sögur fá nýir kaupendur fyrir að eins $2.00.

FRÉTTABRÉF.

SPANISH FORK, UTAH,
7. júlí 1908.

Herra ritstjóri!!

Fáeinar línur er ég nú að hugsa um að pára þér í dag, þó lítið sé um fréttirnar, því nú á dögum ger ist ekki mikið til tíðinda. Það liður hér öllu og öllum fremur vel, og inndæl er tíðin, nú sem stendur, og hefir verið síðan votviðrum þeim létti af, sem lengi gengu hér í vor. Nú stendur yfir heyskapartíð, og allir eru í önnum. Útlit með alla uppskeru sýnist vera gott, að minsta kosti líka allir í góðri von með það, að svo muni verða.

Heilsufar er ágætt og mikið lítið um manndauða. Atvinna yfirleitt sæmileg, en verzlun með daufara móti. Sérstaklega er kvartað um, að erfitt sé að fá peningalán, og kenna menn það þessum í hönd farandi kosningum í haust.

Vel segja menn að gangi með stjórnarverk það, sem verið er að vinna hér skamt fyrir ofan bæinn. Þar vinna nú um 500 menn, og hafa heldur gott kaup, frá $2.00 til $3.00 á dag. Það er nú byrjað á byggingu þeirri, sem á að notast til að framleiða rafafli, bæði til að "drifa" vatnsgöngin í gegnum fjallið, 3½ mílu, og eins til að raflýsa götur og hús í bæ vorum, og halda menn að ljós verði komin hér ekki seinna en í október í haust, ef alt gengur eins og nú horfist á, og blakka víst margir til þeirrar stundar, því lengi höfum vér í myrkrinu ráfað.

Fremur raunalegt slys vildi hér til, að kveldi hins 4. fyrra mán., sem hafði þá endalykt, að einn af löndum vorum, Jón Sigmundsson, beið bana af. Það vildi svolaiðis til, að hann og annar landi til, voru á heimleið keyrandi seint um kveldið, báðir nokkuð við öl — Jón þó öllu meira — að hestur sá, sem þeir keyrðu, fældist, og lentu þeir á talþráðastaur, svo kerran brotnaði, en þeir köstuðust báðir út, og kom Jón niður á höfuðið, og meiddist svo mikið, að hann lézt af áverkanum eftir 24 tíma, þann 5. júní. — Jón Sigmundsson var fæddur í október 1856, á bæ, sem Reinir heitir í Vestur-Skaptafellssýslu, og voru foreldrar hans Sigmundur Eyjólfsson og Guðrún Björnsdóttir, hjón á téðum bæ. Hann flutti til Ameriku fyrir 16 eða 17 árum, og hefir búið hér síðan. Hann lætur hér eftir sig ekkju, Guðnýju Guðnadóttir og fjögur börn, að kalla má öll í ómegð. — Jarðarför hans fór fram frá heimili þeirra hjóna og kirkju Presbýtera þann 7. s. m., og fylgdu flestir landar líkinu til grafar, en séra Lee gegndi prestsverkum.

E. H. Johnson.

3 kennara vantar

við Gimli skóla, frá 1. september næstk. til 1. júlí 1909. Einn með 1. stigs Professional Certificate og hina með 2. og 3. stigs.

Umsækjendur tilgreini kaup og reynslu sem kennarar.

Tilboðum veitt móttaka af undirskrifuðum til 5. ágúst næstk.

Gimli, Man.

B. B. OLSON,
23-7) Sec'y-Treas.

F. Deluca
Verzlar með matvöru, aldini, sætabökur, allskonar sætindi, mjólk og rjóma, sælgæti, tóbak og vindla. Óskar viðskifta Íslend. Heitt kaffi eða te á öllum tímum. Fón 7756
Tvær búðir:
587 Notre Dame og 714 Maryland St.

The Dominion Bank
NOTRE DAME Ave. BRANCH Cor. Nena St.
Vér seljum peningaávísanir borganlegar á Íslandi og öðrum lönd.
Allskonar bankastörf af hendi leyst
SPARISJÓDS-DEILDIN
tekur $1.00 innlag og yfir og gefur hæstu gildandi vexti, sem leggjast við innstæðufé á sínum á ári, 30. júní, 30. sept. 31. desembr og 31. march.

Sendið Heimskringlu til vina yðar á Íslandi.

Til fullkomnustu tryggingar
Vátryggið fasteignir yðar hjá The
St. Paul Fire & Marine Ins. Co.
Eignir félags eru yfir 5 millión dollars. Skaðabætur borgaðar af San Francisco eldinum 1½ mill. SKULI HANSSON & CO., 55 Tribune Bldg., Phone 6476, eru sérstakir umboðsmenn.
E. S. Miller Limited
Aðal umboðsmenn
PHONE 2083 219 McINTYRE BLK.

T.L.
Heitir sá vindill sem allir reykja. "Hversvegna?", af því hann er það besta sem menn geta reykt. Íslendingar! munið eftir að biðja um T. L.
(UNION MADE)
Western Cigar Factory
Thomas Lee, eigandi Winnipeg

Redwood Lager og Extra Porter
Styrkið taugarnar með því að drekka eitt staup af öðrum hvorum þessum ágæta heimilis bjór, á undan hverri máltíð. — Reynið !!
EDWARD L. DREWRY Manufacturer & Importer Winnipeg, Canada.

Department of Agriculture and Immigration.
MANITOBA
Þetta fylki hefir 41,169,089 ekrur lands, 6,019,200 ekrur eru vötn, sem veita landinu raka til akuryrkjuþarfa. Þess vegna höfum vér jafnan nægan raka til uppskeru tryggingar.
Ennþá eru 25 miliónir ekrur óteknar, sem fá má með heimilisrétti eða kaupum.
Íbúatala árið 1901 var 255,211, nú er hún orðin 400,000 manns, hefir nálega tvöfaldast á 7 árum.
Íbúatala Winnipeg borgar árið 1901 var 42,240, en nú um 115 þúsundir, hefir meir en tvöfaldast á 7 árum.
Flutningstæki eru nú sem næst fullkomin, 3516 mílur járnbrauta eru í fylkinu, sem allar liggja út frá Winnipeg. Þrjár þverlandsbrauta lestir fara daglega frá Winnipeg, og innan fárra mánaða verða þær 5 talsins, þegar Grand Trunk Pacific og Canadian Northern bætast við.
Framför fylkisins er sjáanleg hvar sem litið er. Þér ættuð að taka þar bólfestu. Ekkert annað land getur sýnt sama vöxt á sama tímabili.
TIL FERDAMANNA:
Farið ekki framhjá Winnipeg, án þess að grenslast um stjórnar og járnbrautarlönd til sölu, og útvega yður fullkomnar upplýsingar um heimilisréttarlönd og fjárgróða möguleika.
R. P. ROBLIN,
Stjórnarformaður og Akuryrkjumála-Ráðgjafi.
Skrifið eftir upplýsingum til
Joseph Burke, 178 LOGAN AVE., WINNIPEG.
Jas. Hartney, 77 YORK ST., TORONTO.

"Þér spyrjið mig um það!" Nú spyr ég yður: Vitið þér ekki, hver faðir Aðalheiðar var?"

"Ég veit það ekki, herra minn".

"Ég — nei — ég get ekki trúað því", stundi hinn gamli hershöfðingi upp. "Þér vitið þá ekki, hver Aðalheiður er?"

"Ég veit, að hún er konan mín, en svo heldur ekki meira".

Hershöfðinginn settist niður. Lávarðurinn varð næstum hræddur yfir útlits hans.

"Ég skal fljótt ná mér aftur", mælti hann, "ég er gamall maður, og þér hafið komið mér í ákafar geðshræringar".

Hann horfði til jarðar og sat svo lengi þegjandi, að lávarðurinn varð nú í raun og veru hræddur.

"Hershöfðingi", sagði hann, "hvað er að? Hvað hefi ég sagt, sem hryggir yður svona?"

"Eftir þetta", sagði hershöfðinginn, — "eftir þetta resði ég mig ekki á nokkurn skapaðan hlut. Ég stóð í þeirri trú, að þér vissuð það alt saman. Ekki hafði ég minstu hugmynd um, að því væri haldið leyndu fyrir yður. Þér spyrjið um, hver var faðir Aðalheiðar. — Hringið, sendið eftir móður yðar, og spyrjið hana þessarar spurningar".

Lávarðurinn gerði það.

"Sendið boð eftir konu yðar líka", sagði hershöfðinginn. "Ég vil nú komast fyrir sannleikann".

Á meðan þeir biðu þarna, töluðu þeir ekkert saman. Lávarðurinn fann, að nú mundi verða leyst úr mikilsvarðandi gátu fyrir hann. En úr svip hershöfðingjans mátti lesa, að hann áleit sig eiga stórmikið vandamál fyrir höndum.

Caren lávarður gleymdi aldrei, þegar loksins dyrnar opnuðust og móðir hans kom inn náföl og skjálfandi. Úr andliti hennar skein bæði hræðsla

og örvænting. Lady Aðalheiður var einnig mjög föl.

Hershöfðinginn stóð upp, þegar þær komu inn. Hann leit út fyrir að vera mjög reiður.

"Lady Caren", mælti hann alvarlega, "ég hefi gert boð eftir yður til að svara einni spurningu. Spyrjið hennar aftur, Caren lávarður, orð fyrir orð, eins og þér spurðuð mig".

"Mér þykir það leiðinlegt, mamma", sagði lávarðurinn alvarlega. "Mér datt ekki í hug, hvaða afleiðingar spurning mín hefði".

"Hafið upp aftur spurningu yðar!" hrópaði hershöfðinginn með þrumandi rödd.

"Ég hefi áður spurt, mamma, og nú spyr ég aftur: Hver var faðir Aðalheiðar?"

Lady Caren rak upp lágt hljóð, féll á kné og huldi andlitið í höndum sér.

"Ég get ekki sagt það!" hvíslaði hún. "Aldrei skal það koma yfir mínar varir!"

"Spyrjið Lady Aðalheiði", — En hún rétti upp hönd sína.

"Nei, ég skal ekki með einu einasta orði bæta á sorg hennar", sagði hún, "ekki þó ég ætti með því að frelsa líf mitt".

"Já, ef enginn annar vill segja yður sannleikann", sagði hershöfðinginn, "þá skal ég segja yður hann, Caren lávarður".

LIX. KAPÍTULI.

Þessi atburður í bókaherberginu fór nú að verða töluvert sögulegur. Hershöfðinginn liktist helzt einhverjum reisiguði, og var ýgldur bæði á brún og brá. Lávarður Caren var órólegur, og tók sér

mjög nærri að sjá alla þá reiði og eymd, er í kring um hann var. Samt hafði hann fastlega ásett sér, að fá að víta þetta, hvað svo sem af því kynni að hljótast.

Lady Caren lá á hnjánum fyrir fótum hans. Hún beygðist æ meira og meira til jarðar við hvert orð, sem hershöfðinginn sagði, þar til andlit hennar var komið alveg niður að gólfi. Hún grét sáran. Lady Aðalheiður lá við hlið hennar og reyndi að hugga hana og lyfta henni upp og styðja hana, en árangurslaust.

"Verið kyr!" hrópaði nú hershöfðinginn með hárri röddu. "Kyr, meðan ég skýri frá svívirðilegu athæfi".

Hann lét sem hann sæi ekki, að Lady Caren leit til hans bænaraugum.

"Þeim stærsta óréttu, sem nokkur maður getur gert öðrum", hélt hann áfram. Þér spyrjið mig, Caren lávarður, hver hafi verið faðir Lady Aðalheiðar. Ég skal segja yður það. Hann var eldri bróðir föður yðar, hinn rétti eigandi Brooklands, og sá rétti Caren lávarður. Aðalheiður, kona yðar, er dóttir hans. Þér skiljið ef til vill ekki, hvernig í þessu liggur. Samt ættuð þér, sonur Desmond Carens, að þekkja sögu ættarinnar".

"Því miður er mér alveg ókunnugt um það", mælti lávarðurinn.

"Já, það lítur út fyrir það. En þér hafið ef til vill heyrt, að faðir yðar áttá einn bróður, sem var eldri en hann, Jasper Caren? Hann gerði sig sekan í stjórnmálum, er hann var á unga aldri, — hvorki meira né minna en landráð. Hann varð gerður landrækur. Þetta skeði á meðan faðir yðar lifði. Allir héldu þó og vonuðu, að honum yrði leyft að koma heim aftur, þegar faðir hans félli frá, og taka við eignum og nafnbótum sínum. En tveimur ár-

um fyrir dauða afa yðar, fréttist til Englands, m áreiðanlegum sannindum, að menn héldu, — að Ja per Caren væri dáinn. Afi yðar dó, án þess að ge nokkra erfðaskrá, og Desmond Caren, faðir yða erfði eftir hann bæði eignir hans og nafnbætur. Han gifti sig og lifði mjög hamingjusömu lífi. Svo fæd ust þér. Hann hélt, sem von var, að þér erfðu alt eftir hann, því hann þóttist viss um dauða bróð ur síns. — En Jasper Caren var ekki dáinn. Hon um leiddist útlegð sín, og lét það svo berast út, að hann væri dáinn. Hann tók upp nafnið Carlton og fór til Indlands. Ég, elta og bezti vinur hans, var þar í herþjónustu. Hann ætlaði sér að leita þar hamingju sinnar og afla sér fjár. — Á Indlandi giftist hann ungri þýzkri stúlku, sem dó rétt eftir fæðingu Aðalheiðar. Ég bað hann oft um, að láta Desmond bróður sinn vita, að hann væri á lífi, en hann eyddi því allajafna.

"Ég get ekki farið heim til Englands aftur", sagði hann. Allir þar halda mig dauðann. Bróðir minn er nú orðinn lávarður, — lofum honum að vera það. Mig langar ekkert til, að ræna hann nafni og eignum sínum. Ég vil afla mér nafns og eigna, án hjálpar frá Englandi".

"Hann hafði frétt, að faðir yðar hafði gift sig, að þér væruð fæddur og væruð einlægur drengur. Hann öfundaði föður yðar alls ekkert, og alt gekk vel, þar til Aðalheiður var 8 ára. Þá tapaði Jasper Caren alt í einu öllum eignum sínum. — Þér skiljið nú, Caren lávarður, hvernig sakirnar stóðu: Lávarðs-nafnið fékk langafi yðar, og það var ávalt arfgengt í karllegg, en svo var ekki með Brookland Þá eign erfði ávalt elzta barn elzta barns. — Jasp Caren tapaði öllum eignum sínum, eins og ég sagð áðan, og nú fór hann að hugsa um, hve ranglátleg hann breytti við hina litlu dóttur sína, Aðalheiði

SAMTAL UM BÚSKAP

Eftir ORRA

V.

Ketill: Svarar það kostnaði og fyrirhöfn að planta og yrkja skóg á bújörðum bænda?

Atli: Til skamms tíma hafa bændur ekki plantað skógi á löndum sínum í hagnaðarskyni eða til verzlunar, en þó að sönnu er virðingarverð hverrar skógi plantaðrar ekru alment talið $1000, sem er bygt á því, að á markaðnum auki skógurinn svo mikið sölugildi bújarðanna. — Eg hygg að það sé virkilega svo, því það, sem fyrst kemur til umtals í kaupum og sölum bújarða er skógurinn. Ef t. d. að maður taki tali bankamenn í smábæjunum og landsölumenn, kemst maður að því, að þeir víta svona hér um bil um stærð, lögun og annað ásigkomulag skógar á hverri bújörð í nágrenninu, sem bendir til þess, að skógurinn er álitinn, að vera mikils virði. Á hinum skóglausu sléttum Ameriku er skógurinn óhjákvæmilegur, sem vörður gegn veðr um og vindi, því þó sólríkt sé sumarið hér að jafnaði og oft heitt og stillur blíðar, komumst vér sléttubúar oft að raun um, að "Loftur" er mislyndur og grimmlyndur, líku og Ægir er blíður og svikull þeim, er hann heimsækja. Hér hjá okkur þurfum við skjólgarð fyrir norðan, sunnan og vestan átt. Þegar vér plöntum kringum heimili vor til skýlis og prýðis, er mikið undir því komið, að vér séum varkárir í vali trjátegundanna, er planta skal. Sem skjóltré er furan allra trjáa bezt. Þar eð norðan og vestan átt eru kaldastar, skyldu skjólgarðar á þer hliðar vera ummálsmestir. Hérna get ég sýnt þér uppdrátt af heimilisstæði, sem gert hefir James Fetherolf, skóga umsjónarmaður Bandaríkjanna.



No. 1 er íveruhúsið. No. 2 fjós og hlaða. No. 3 fjósgarður eða svið, þar sem smá útihúsum er ætlað rúm. No. 4 sáðgarður eða ávaxtatrjáa, sem er að stærð 2¼ ekra, 30 Rods á lengd en 12 Rods á breidd. No. 5 eru hliðarvegir, 1 Rods á breidd. No. 6 eru skógarbelti, 1½ ekra, 8 Rods á breidd. No. 7 er skógarbelti, 9 Rods á breidd. No. 8 er einnig skógarbelti 5 ekrur 40 Rods á lengd en 20 R. á breidd. No. 9 er vindbrotsveggur af pilvið. No. 10 er þjóðvegur. No. 11, þessi auða rönd, er þú sérð á myndinni er sogrönd, gerð fyrir snjó að setjast að í. No. 12 er vegurinn af þjóðveginum til heimilisins. Heimili sett þannig niður er fagurt á að líta og mjög svo haganlegt til afnota, skýlt fyrir öllum köldustu og vindsömustu veðuráttum.

Þegar vér plöntum til skýlis heimilum vorum og til annara heimilisnota, höfum vér sjaldan í huga verðmæti skógar til markaðar. En sé svo, að vér viljum reisa úr moldu markaðs mörk, þá komaýms spurmál upp, er vér verðum nákvæmlega að yfirvega og úr að leysa áður en vér byrjum á þeim starfa. Fásinna væri fyrir oss, að ganga inn á þá leið, án þess að hafa næga þekkingarvissu um: (1) ásigkomulag markaðar, (2) um kostnaðinn og (3) um hverjar tegundir arðmestar eru. Eftir því, sem nú eru horfur mun allur viður halda áfram að stiga í verði, svo sem girðingastólpar og brensluviður. Verðmæti landsins er fyrst að meta, og mjög nauðsynlegt, að þar séu ekki gerð misgrip. Skógur getur máske orðið yrktur á frjósömustu mold til hagnaðar, en ei er nauðsynlegt að velja honum þannig sæti. En þar sem jörð er hrjóstug, harðótt, sendin eða of blaut til akuryrkju, gæti verið arðsamt að yrkja skóg til verzlunar, og þessháttar land skyldi maður taka til þeirra nota. Planti maður til dæmis Willow og Cottonwood með áfskurði annara trjáa, getur maður oft fengið útsæðið fyrir að safna því. Plöntun og þroskahirðing eru að eins smáliðir kostnaðarins.

Ketill: Hvað meinar þú með áfskurði annara trjáa til plöntunar?

Atli: Það er þannig, að öllum linviði, er ekki hefir grunnrót, má planta með því, að skera hin hans í smáknubba, 6—8 þl. langa. Stingi maður þeim knbbum í lausa mold, þá gróa þeir. Þegar maður plantar þannig, lætur maður kubbinn hallast sem svari 40 gr. og snýr toppi mót norðri. Að kubburinn hallist er til þess, að moldin sígi alt af að honum. Stæði hann beinn, mundi moldin hylkjast frá honum, og þar af mundi hann þorna upp og missa frjókraft sinn. Að maður snýr kubbinum mot norðri er vegna þess, að hann er með því varinn of örum þerrikraftr sólarinnar.

Ketill: En hvað kallar þú grunnrót á tré?

Atli: Það kalla ég grunnrót rót þá, er liggur beint niður frá bol trésins. Sú rót segja trjáfræðingar að sé jafnlöng bol trésins upp að lífur. Þess vegna er hyggilegra fyrir byrjandann, að planta þannig, að önnur hver röð sé Cottonwood, en önnur einhver langlíf harðviðartegund. Þannig yrkir eða stofnsetur fyrsta hönd skóg fyrir alda og óborna. Eftir þeirri mælisnúru er hver einstaklingur skyldur að ganga, en fjöldinn vanrækir þá skyldu, að búa vel í haginn fyrir komandi kynslóð. Okkur er svo gjarnt að gleyma því: "Að eitt er, sem aldrei deyr, það er dómur um dauðan hvern". Vér verðum að hafa taumhald á eigingirninni, svo vér skiljum eftir oss hagsælar, notagóðar menjar, — þá munu eftirkomendur vorir minnast vor með þökk og virðingu.

Hvít Willow er að mörgu leyti lík Cottonwood, en þó betra tré. Á lágu landi vex sá viður bezt, á hálendi að eins í runna. Það er harðari viður og endingarbetri, og sem skjólviður gengur hann næst furunni. Á rétt völdu landi getur Cottonwood 20 ára gamall náð 72 feta hæð, en Willow rúmum 50 fetum. Af þannig vöxnum Cottonwood trjám rúmast 560 á ekru, en af Willow 1700. Til verzlunar er svo reiknað, að Cottonwood ekran gefi af sér á ári $10.57, en Willow-ekran $24.01.

Hvít álmur grær víðast hvar og undir flestum kringumstæðum. Er hann einna harðastur allra trjátegunda og langlífastur. Fullvaxinn er hann 4 fet að þvermáli, getur orðið 500 ára gamall, og er sjaldan fullvaxinn fyr en 170 ára. Álmurinn er eitt af fegurstu trjám, beinvaxinn og króna hans fagurlega bogadreginn. Hann fellir fræ snemma sumars. Grænn askur er hraustur og góður viður, en sem skýliviður er hann ei sem beztur. Sem öll hörð tré, sendir hann rót sína beint niður, og er því þolinn, þótt þurt sé í kring um hann.

Boxelder er fremur smávaxið tré og oftast kræklótt. En með því, að planta honum í þéttar raðir, tekst manni að venja hann þolanlega beinann. Hann er sterkur og haldgóður fyrir girðingavið. Hann er litfagurt tré með ljósgrænum blöðum, góður skjólgarðsviður, lifnar á vorin fyrstur allra, en gengur þeim mum fyrr til hvíldar á haustin. Hann er ein af þeim trjátegundum, er til Íslands ættu að flytjast, því það er einn kostur hans, að vorfrost þolir hann flestum betur.

Silfur Maple (mösur). Af því tré eru margar mismunandi tegundir, t. d. Hard Maple, sem síróp er tekið úr. Það er að jafnaði vaxtafagurt tré en fremur óþolið.

Hackberry tré er seinvaxið mjög en viðurinn er ákaflega sterkur og þolinn og er notaður í áhöld, er þolmagn þurfa að hafa. En vegna þess, að erfitt er að safna fræi hans og að hann er seinvaxinn, er hann lítið yrktur.

Bur Oak er talin að vera hið óvandlátasta tré hvað moldarsagga snertir. Hún þræðir sig helzt meðfram klettum og hólakollum. Hún hefir um of verið útilokuð úr skógarrunnum vorum, af þeirri röngu ímyndun, að hún væri seinvaxin. Hún er hörð og langlíf og verðskuldar heiðursæti í bjarkaröðum.

Catalpa er sérstaklega fagurt tré, að jafnaði þráðbein-vaxið, er eitt af hörðustu trjátegundum, mjög sterkt og endingargott í girð ingastólpa, en er seinvaxið tré og þarfnast skýlis fyrir norðanvindum. Á bersvæði hér um slóðir þrífst það vart, því sé það ekki í skjóli, þá frýs það niður til rótar fyrstu ár æfi sinnar.

Black Walnut er eitt af þeim trjátegundum, sem allir ættu að gefa sætu hjá sér í skógi. Það er eitt af yndislegustu trjám, laufflagurt og krónumikið, beinvaxið og þrekvaxið, og svo viðargott, að brúkað er til finustu smíða. Þessi tegund er suðlæg, en getur þo þrifist alt hér norður í Canada. Yrkingar aðferð við hana er, að planta hnetunum á haustin, bezt að grafa þar niður hnetuna, sem tréð á að vaxa. Hnetur hennar eru 1 þuml. á lengd og ¾ á breidd. — Öllum trjáhnetum verður að planta í mold að haustinu til, svo að vetrarfrostið geti linað og leyst í sundur efni og börk hnetanna. Að ætla sér að taka upp og gróðursetja Black Walnut rótarplöntu er óráð. Slikt heppnast sjaldan, því grunnrót þeirrar tegundar er svo þroskamikil, löng og dagur, að sé hún slitin, sem oftast verður, ef plantan er dregin úr moldu, þá deyr plantan, getur varla myndað nýja rót, en bezt er að planta Black Walnut í skjóli við önnur tré.

Hér höfum við 18 tegundir af furuvið. Frá ómunatíð hefir furan verið álitin konungur trjánna, — það var merkilegt, að höfundar Eddu skyldu ei velja furuna fremur en askinn. — Hún er fegurst flestra bjarka, notasæl í skógi, og sem ofniviður afbrugð. En mjög er það misminandi, hvar og hvernig hún þrifst best. Sumar tegundir hennar eru láglendis og aðrar hálendis. Hálendis tegundirnar þrífast bezt í sendinni jörð, til dæmis norska furan, og mundi hún vel valin til að klæða hinar beru fjallahliðir Íslands.

Ketill: Hvernig er jörð bezt búin undir skógrækt?

Atli: Tvær eða þrennar plægingar þurfa að vera gerðar á undan plöntun, svo jarðvegurinn sé orðinn vel rotinn. Plönturnar setur maður niður í beinar raðir, ýmist annan veg eða báða. Á milli raða hefir maður frá 4—8 fet. Í þrjú ár til fjögur þarf maður að veita plöntunum líka umönnun, sem maður veitir maísakri, eða þar til topparnir kara að skyggja á jarðveginn.

Íslendingar hér í landi ættu að reyna að bæta fyrir glapstig feðra sinna á Íslandi, hvað eyðing skóganna snertir, og fyrir vanrækslu sjálfra sin í að hlúa að hinum nöktu brjóstum Fjallkonunnar, og klæða hinar skóglausu sléttur þessa lands, er þeir hafa valið sér og niðjum sínum til búskapar. Þeir verða að gera betur en flestir þeirra hafa enn gert, mega ekki láta sér nægja, að gróðursetja að eins fá tré, stinga síðan hönduin í vasa, vaggandi í kring um þau, sem heimgæsir við forarpoll. Hver bóndi ætti ei að láta sér lynda minni runn en 5 til 10 ekrur, í því ásigkomulagi, að nútíð og framtíð hafi skógarins full not. Þeir verða að láta þess sjást merki, að þeir hafi verið dugandi menn, því amlóðanum eða ættleranum gagnast ekkert ættgöfgi. Því þegar vér erum fallnir verða verk vor metin, og þau segja söguna, hvað vér vorum og hvernig vér vorum.

Þér Íslendingar, stefnið að göfgu hámarki!

Fáheyrðir maurapúkar.

Blaðið London Saturday Journal segir, að sumir maurapúkar hafi svelt sig í hel, þó þeir væru eigendur að afarmiklum fjársjóðum. Grein blaðsins um þetta er að mestu á þessa leið:

Eitt af lögum náttúrunnar er það, að eins og maðurinn sáir svo skal hann uppskera. Þetta gildir um maurapúkana eins og um aðra menn. Þeir byrja vanalega fyrst með því, að neita sér um almenn lífsþægindi og síðar að neita sér um lifsnauðsynjar, þar til þeir að lokum deyja sultardauða.

Eitt slíkt dauðsfall varð fyrir fáum vikum í bænum Hanwell. Þar dó maður, sem eitt sinn var prent ari. En við rannsókn þá, sem hafin var eftir lát hans, kom það í ljós, að hann hafði líkað aðlgerlega óvanalegu lífi. Þegar faðir hans andaðist, tók hann það fyrir, að mæla aldrei orð af munni við nokkurn af nágrönnum sinum, og hann neitaði að sjá eða mæta vinum sínum og kunningjum. En daglega, gekk hann í næsta bakari til þess að fá sér þar brauð, og á því lifði hann eingöngu, ásamt með dálitlu af mjólk, sem daglega var borin til hans. Að síðustu svalt hann til dauða. En í húsi hans fundust bæði gull og silfurpeningar, og á bankanum átti hann yfir 500 pund sterling.

Annar maurapúki er nefndur Daniel Danzer. Hann fékk mikil auðæfi í arf eftir föður sinn látinn. Þar með verðmætt íbúðarhús, er stóð á 80 ekra landeign, sem því fylgdi, þakin fegursta eikarskógi, en aldrei lét hann rækta nokkurn blett og aldrei gera við neitt eða bæta það, sem aflaga fór, þar til um síðir, að húsið varð litt hæft til íbúðar. Girðingarnar fúnuðu og hrundu, gluggarnir brotnuðu, og eigandinn tróð tuskum í götin, og staðurinn, sem áður var sveitarprýði, féll í alls konar órækt, svo að hann varð öllum til ama, er fram hjá fóru. Danzes þessi var svo niskur, að hann tímdi ekki að eyða vatni til að þvo sér úr, og þvoði sér því mjög sjaldan, notaði aldrei sápu eða handklæði, heldur nuddaði af höndum sínum og andlitl með óþrifa tuskum, sem hann tíndi upp á förnum vegi. Fötin, sem hann gekk í, grotnuðu utan af honum, en hann hélt þeim að sér með bandi, sem hann hafði snúið saman úr heyi. Og fótleggi sína huldi hann með því, að vefja um þá strái og heyi. Að síðustu lét hann negla borðfjalir fyrir allar dyr og glugga á húsi sínu, að undanteknum einum glugga á efra lofti. Hann fór út og inn um hann með því að krúka stiga. En í öllum viðskiftum við aðra menn var hann áreiðanlegur og skilvís, og hafði jafnvel þann eiginleika, að meta það, sem vel var til hans gert.

Eitt sinn varð hann veikur. Þá tók nágranna kona hans að sér að stunda hann. Hún mæltist til þess, að hann leyfði að keyptar væru þær nauðsynjar, sem til þess þurftu að bæta honum. En við það var ekki komandi. Engu mátti eyða og ekkert leggja í sölurnar, nema lifið og heilsuna. Hann neitaði jafnvel að nota hálmdýnu til að liggja á, en hélt áfram að liggja á pokahrúgu, sem hann hafði notað fyrir flatsæng um mörg ár, án þess nokkurntíma að hreyfa við hrúgunni til þess að viðra hana eða hreinsa. Koman aumkvaðist yfir þennan vesaling, og gaf honum sæmilegt rúm. Þetta fékk svo mikið á hann að þegar dró að andláti hans, fékk hann konunni erfðaskrá sína, og sagði henni um leið, að hann hefði ánafnað henni allar eigur sínar.

Skömmu eftir dauða hans, þegar farið var að rannsaka dánarbúseignirnar, kom í ljós, að hann hafði falið 30 þúsund pund sterling í sorphaug nálægt húsinu, og í gamalli treyju, sem hékk á nagla í einni jötu í gripahúsi hans, fundust 625 pund sterling. Í gamalli tekönnu í húsinu fundust 170 pund, og í ýmsum herbergjum í ýmsum herbergjum í húsinu voru brotnar leirkrúsir fyltar gullpeningum, sem til samans nam 750 pundum. Og í strompinum hafði hann falið 2500 pund. Alls voru eignir hans í peningum nær 170 þúsund dollarar. En þó tímdi hann ekki að fá sér sæmilegt rúm til að hvílast í banaleguna.

John Elwes var annar maurapúki, en ólíkur hinum fyrnefnda að því leyti, að þó hann tímdi ekki að afla sér neinna lifsþæginda, þá spilaði hann um peninga og tapaði oft stórfé, og lét sér fátt um það finnast. Þessi maður var feddur nurlari. Bróðir hans var ordlagður nirfill, og móðir hans svelti sig til bana, þó hún ætti 600 þúsund dollara virði af eignum. Hún hafði samt gefið syni sínum góða mentun, svo að þegar hann varð fulltíða maður, var hann orðinn vel mentaður og fékk þá í arf eftir móður sína og móðurbróðir 2 miljónir dollara.

Á yngri árum sínum umgekst Elwes auðugri flokkinn á Englandi og tilheyrði ýmsum félagsskap heldri manna. Eitt sinn spilaði hann um peninga við einn af aðalsmönnum landsins í samfleytta 2 sólarhringa, og tapaði stórfé í þeim leik. En alt af passaði hann, að láta sín eigin persónulegu útgjöld vera svo lág, sem frekast var unt. Þegar hann ferðaðist um landið, hélt hann til á fátæklegum heimilum, þar sem alt var sem ódýrast, og gekk þá í fataræflum, sem algengir vinnumenn ekki hefðu viljað nota. Hann hafði ánægju af dýraveiðum, en lét þó þá skemtun ekki kosta sig meira, en hann mátti til að eyða, og aldrei reyndi hann þá að haga ferðum sínum svo, að hann fengi máltíðir sínar fyrir ekkert hjá öðrum.

Þegar ellárin fóru að færast yfir hann, hætti hann öllu ferðalagi, og tók þá fyrir alvöru að spara fé sitt.

Hann átti mörg hús í Lundúnum, og bjó jafnan í hverju þeirra, sem í þann svipinn ekki var leigt. Húsgögn hans voru 2 rúm og 2 stólar. Vinnufólk hans var ein gömul kona, sem matreiddi fyrir hann. Hann andaðist í húsi sonar sins, og með þá umkvörtun á vörunum, að hann hefði týnt peningabuddu sinni með þeim fáu aurum, sem hann ætti í eigu sinni. En að honum látnum reyndist dánarbúið milíón punda virði.

Saga er sögð af Elíszbetu Bolaine í Canterbury. Hún var fríð kona og af göfugum ættum og vel mentuð, en svo mikill nirfill að hún tímdi naumast að lifa. Margir menn báðu hennar og hún trúlofaðist hverjum eftir annan, en sveik þá jafnóðum, þegar hún fékk biðil, sem var dálitið auðugri en sá næsti á undan. Loks rak að því, að hún varð alþekt fyrir þennan veikleika. Menn fóru að forðast hana, og það fór að verða fátt um biðla. Loks stakk einn maður upp á því opinberlega, að þau skilyrði skyldi setja konu þessari, að hún borgaði 2500 pund hverjum þeim, sem hún svíki fram vegis, og að hún skyldi gefa tryggingu fyrir borgun fjárins, ef illa færi. Þá kom til hennar biðill, sem sannaði henni að hann gat matreitt, þvegið föt og gert öll húsverk, og ennfremur, að hann væri ekki matvandari en svo að hann gæti étið mygladar brauðskorpur og úldið kjöt. Þessum manni tók hún og giftist honum. Hún sá, að með honum gat hún búið, án þess að þurfa að halda vinnufólk, því að hann gat gert alt, sem gera þurfti í húsinu. Þau hjón eignuðust gamlan keyrsluvagn, er dreginn var af 2 gömlum hestum. En svo voru þeir illa fóðraðir, að í einni keyrsluferð hjónanna datt annar þeirra niður dauður úr hungri og hor. Gamla konan gerði sér þá hægt um hönd, stó út úr vagninum og seldi samstundis báða hestana, þann dauða og þann lifandi — og vagninn, og gekk svo með bóndanum heim aftur. Í erfðaskrá sinni mælti hún svo fyrir, að útför sín skyldi vera hin viðhafnarmesta og að veglegur og kostbær minnisvarði skyldi látinn á leiði sitt.

En hinn smásálarlegasti og fyrirlitlegasti nirfill, sem sögur fara af, var Thomas Cooke, enskur maður, alþektur um alt Bretaveldi á sinni tíð fyrir dæmalausan nirfilsháttt við sig og aðra.

Þegar hann var drengur, vann hann í verksmiðju, en fékk síðar lágt launaða stöðu í tollheimtudeild stjórnarinnar. Þegar hann kom til Lundúna borgar, átti hann 5 shilling. Það var aleiga hans. Brátt komst hann þar í kynni við ölbruggara nokkuru og samdist vel með þeim. Bruggarinn kendi Cooke alla leyndardóma ölgerðarstarfsins. Þegar bruggarinn dó, fór Cooke til ekkjunnar og bauðst til að halda ölgerðarstarfinu áfram, ef hún vildi giftast sér, og varð það að samningum með þeim. Nú var hann orðinn einaður og þá fyrst fór hann að verða fyrir alvöru ágjarn. Hann rak frá þeim alt vinnufólkið og minkaði öll útgjöld svo sem mest mátti verða, og lagði svo litið til heimilisins, að kona hans veslaðist upp og dó eftir skamma stund. Eftir það reyndi Cooke að ala sjálfan sig, án þess að láta það kosta sig nokkuð. Hann fór að heimsækja nágrannana og aðra borgarbúa og valdi jafnan máltíðatíma, til þess sér skyldi verða boðið að borða. Var það þá siður hans að segja frá því, að hann hefði gert erfðaskrá sína, og lét þess jafnan getið, að hann hefði ekki gleymt þeim, er sér gerðu gott. Hann spurði eftir nöfnum barna velgerðamanna sinna, svo hann gæti minnst þeirra í erfðaskránni. Með þessu gerði hann sér marga að vinum, sem ólu hann vel, því alla munaði í að fá hlutdeild í eignum hans að honum látnum.

Stundum lék hann þá list, að detta í yfirlið við dyr auðmanna, og var hann þá jafnan borinn inn í hús þeirra og þar hlynt að honum eftir megni. Næsta dag gerði hann sér svo ferð í þessi hús til að þakka lifgjöfina, og láta þess getið, að hann mundi síðar ríkulega launa þeim hjálpina. Hann andaðist 86 ára gamall, og þó að hann hefði lítið unnið um dagana, námu eignir hans að honum látnum yfir 175 þúsund pd. sterling.

Þingrof í Saskatchewan.

Saskatchewan fylkið, sem myndað var með fullum fylkisréttindum í fyrra og síðan hefir haldið eina þingsetu, er nú á ný háð almennum þingkosningum. Þingið hefir verið rofið, útnefningar til nýrra kosninga fara fram 7. ágúst og kosningarnar viku síðar. Þrjár vikur eru fylkisbúum þannig veittar frá því þing er rofið, þar til kosningar fara fram. Á því tímabili er ætlast til, að kjósendur átti sig svo á málum fylkisins, að þar geti greitt atkvæði um þau á þann hátt, sem fylkinu verði fyrir beztu í framtíðinni.

Fyrir þingrofinu og nýjum kosningum gefur stjórnin þær ástæður, að kjördæmaskipting fylkisins geri þær nauðsynlegar. Það eru nú 25 kjördæmi í fylkinu. En undir kjördæma breytingunni nýju verða þau 41.

Svo er ákveðið, að þingið komi saman strax á næsta hausti, eða eftir 3—4 mánaða tíma.

— Ottawa þinginu var slitið þann 20. þ. m., eftir nær 8 mánaða setu, — þá lengstu, sem enn fara sögur af hér í Canada.

Alment er álitið, að ríkiskosningar muni fara fram á komandi hausti.

— Stórkostleg flóð hafa nýlega orðið í Lítlu Asiu, sem orðið hafa þúsundum fólks að bana. Mest kvað að flóðum þessum í Tokat héraðinu. Þar drukknuðu yfir tvær þúsundir manna, þar með 300 fangar í einu fangelsi og 500 hermenn. Um orsök flóðanna er ekki getið.

Winnipeg Fréttir

Tveir Íslendingar hafa unnið verðlaun á Winnipeg sýningunni í ár: Ungfrú I. Hinríksson, dóttir Magnúsar Hinrikssonar í Churchbridge, fyrir smjörgerð. Og Mr. Guðjón Hallsson, fyrir 5 mílna kapphlaup. Þau fengu bæði önnur verðlaun.

Af íslenzkum skólabörnum hlaut Leifur Sumarliðason fyrstu verðlaun fyrir skriftborð, er hann hafði smíðað.

Vera má, að aðrir Íslendingar hafi hlotið verðlaun, þó vér vitum ekki af því.

Þann 15. þ. m. gaf séra Jón Bjarnason saman í hjónaband þau herra Gunnlaug Jóhannsson verzlunarþjón og ungfrú Guðrúnu Johnston, bæði til heimilis hér í borg. Hjónavígslan fór fram í hinu nýja húsi brúðgumans, að 800 Victor St. Að aflokinni þeirri athöfn, var vegleg veizla haldin í næsta húsi, hjá herra Ásmundi P. Jóhannssyni, bróður brúðgumans. Veizlu þá sátu nánustu skyldmenna og vinir brúðhjónanna, og segja ensku dagblöðin svo frá, að hún hafi verið með þeim vegleg-ustu, sem tíðkanlegar séu hér í borg. Brúðhjónin er bæði vinsæl mjög, jafnt meðal Íslendinga og hérlends fólks, enda bárust þeim margar fagrar og dýrmætar gjafir við þetta tækifæri. Það má óhætt fullyrða, að þeim fylgi innilegustu lukknóskir allra þeirra, er þau þekkja.

Herra Sigurður Vígfússon flytur fyrirlestur næsta mánudagskveld þann 27. þ. m. kl. 8 í Goodtemplarahúsinu, neðri salnum. Efnið er: "Framþróun, uppruni og örlög mannsins". Aðgangur kostar 25 cents. Þetta ætti að verða fróðlegur og skemtilegur fyrirlestur, og er vonandi, að hann verði vel sóttur.

Séra Jón J. Clemens, frá La Crosse, Wisconsin, er hér í bænum um þessar mundir. Hann prédikar í fyrstu ensku lútersku kirkjunni á horninu á Ellice Ave. og Beverly St. á sunnudagskveldið kemur kl. 7. Íslendingar, sem vildu hlusta á séra Jón Clemens, gerðu vel í að sækja þessa messu. Séra Jón Clemens var fyrir nokkrum árum prestur Argylemanna og var vinsæll mjög þar í sveit.

Þeir tveir menn frá Bandaríkjunum, sem nýlega voru teknir hér í bæ fyrir að bjóða fram falsaða peninga, hafa verið dæmdir í 3. mánaða fangelsi, og þykir ýmsum, sem dómarinn hafi verið alt of vægur við þá náunga.

Aðsókn að sýningunni hér hefir á þessu ári verið feikna mikil, og sýningarmunir yfirleitt í betra lagi. Einn daginn, borgaradaginn, sóttu sýninguna 57 þúsund manns. Margir Íslendingar frá ýmsum bygðum Íslendinga hafa sótt sýninguna í ár, en þó hvergi nálægt því eins margir og á liðnum árum.

W. A. Morden, landsali hér í bæ, hefir verið handtekinn fyrir að berja keyrslumann, sem var að vinna fyrir hann. Keyrslumaðurinn dó skömmu á eftir að þeir áttust við. Ástæðan til þessa var ekki önnur en sú, að keyrslumaðurinn bað um skriflega viðurkenningu þess, að hann hefði unnið fyrir því keyrslukaupi, sem um var samið.

FYRIRLESTUR

um FRAMÞRÓUN, UPPRUNA MANNS OG ÖRLÓG flytur Sigurður Vígfússon að forfallalausu í neðri sal Good Templara mánudaginn 27. þ.m. kl. 8.15 e. h. Inngangur 25c.

FINNIÐ MANNINN.

Hver sá, sem kann að vita um núverandi heimilisfang og áritun Fúsa Olson, er beðinn að senda upplýsingu um það til Heimskringlu.

Fúsi Olson fór frá Winnipeg í október mánuði árið 1902, þá 20 ára gamall. Hann fór til Vancouver, og dvaldi þar um hríð. Síðan fór hann til Gold Bottom, og vann þar hjá námamanni í meira en 2 ár, en sumarið 1906 fór hann lengra norður, áleiðis til Yukon, og bjóst við, að verða þar í 2 ár. Síðan hefir ekki frézt til hans.

Hver, sem kann að vita um mann þenna, er vinsamlega beðinn að tilkynna það Mrs. Elínu Brandsson, 752 Beverly St., Winnipeg, eða til Heimskringlu.

Betra er seint en aldrei

Það er hepni Gimlimanna, að ríkiskosningar eru í nánd. Þær eru væntanlega í október mánuði næstkomandi, eða í nóvember í síðasta lagi. Þess vegna hefir nú herra Jackson, þingmaður fyrir Selkirk kjördæmið, sýnt rögg af sér og fengið sett inn í útgjaldaáætlun stjórnarinnar 4½ þúsund dollara til þess að verja hluta af Gimli bæjarstæðinu fyrir ágangi vatns.

Að vísu telja verkfróðir menn þessa upphæð ekki helfing þess fjár, sem nauðsynlegt er til að gera verk þetta nándar nærri eins varanlegt eins og nauðsynlegt er fyrir framtíð bæjarins. En hins vegar er þó hér stigið fyrsta sporið til þess að sýna Gimli mönnum ofurlitla sanngirni, — svona rétt undir kosningarnar. Hugsanlegt er nú að vísu, að ekki verði byrjað á verki þessu strax í stað, en langt ætti ekki að verða þar til það verður unnið.

Annað atriði í útgjaldalið stjórnarinnar er styrkveiting til C. P. R. félagsins til þess að framlengja Gimli-brautina norður að Íslendingafljóti, 35 mílur vegar. Ný Íslendingar hafa um nokkur undanfarin ár beðið um þessa styrkveitingu. En þó undarlegt megi virðast, þá hefir Laurier stjórnin stöðugt neitað henni, þó hún hafi styrkt allar aðrar brautalagningar, — þar til nú, að fyrir alvöru var farið að búa undir kosningarnar. Og því segjum vér það, að það er stórt happ fyrir Gimlisveitarmenn, að kosningarnar eru í nánd.

Eitthvað þremur sólarhringum áður en þingi var slitið — á laugardaginn var — lagði stjórnin fyrir þingið fjáraukalög til styrktar járnbrautalagningum viðsvegar í ríkinu, frá hafi til hafs, alls 3935 mílur af járnbrautum. Styrkveitingarnar til samans nema rúmum 13 miliónum dollara. Mörgum þingmönnum þótti sem betra hefði verið, að leggja frumvarp þetta fyrir þingið, svo tímanlega, að hægt hefði verið, að athuga dálítið þessa miklu fjárveitingu. En stjórnin þóttist ekki hafa getað annað því, að leggja það fyrir fyr, þótt þingið hafi nú staðið yfir á áttunda mánuð. En þessi viðbót við fjárlög þau, er áður hafa verið samþykt af þinginu, gera útgjöldin á þessu fjárhagsári um 140 miliónir dollara, eða 100 miliónum meira en Conservativar eyddu árlega á sínum tíma, og sem Liberölum þá þótti langt of mikið.

Leiðréttingar

beðist ég á misfellum nokkrum, sem orðið hafa á prentun fregnbréfsins um kirkjuþingið lúterska sakir óljósrar rithandar og skjótlegs prófarkalesturs, sem tíðkast um blaðagreinir.

Það sem heima á Fróni er nefnd "dampflauta" og hér í landi "steam whistle" nefndi ég eimorg, en ekki eimorgara. Hvorttveggja er nýyrði, en mér þykir eimorg fallegra en hitt. Um kristilegt fjör og trúarjátningar áhuga sagði ég að það "dvínaði hvort með öðru", en ekki dvínaði hvorttveggja með öðru. "Post festum" á víst að vera í tveim orðum en ekki einu. Sigurður "post festum" — greinilegá borið fram í tveim orðum — var maður nefndur í minni sveit heima á Fróni, víst af því, að hann kom jafnaðarlega of seint, stundum jafnvel þegar úti var messa, til að syngja fyrir. Hvað það eiginlega þýðir, getur verið vandi að segja. Vel mætti vera, að það þýddi að festum pósti, þ. e.: að lokuðum, afgreiddum pósti, ef það væri ekki allsendis óliklegt, að slíkt orðtak hefði orðið til á Fróni. Því póstur er þar aldrei betur opinn, en einmitt þegar hann er lokaður. Þá stela þeir úr honum peningunum, búðarlokurnar ræna hann vestanblöðunum í umbúðapappir, og þá týnist eða yrzt einhveruveginn upp fullur fimtungur allra Ameríku bréfa. Póstskil eru ljót á Íslandi. Líklegast er orðtakið af útlendum rótum runnið, og þá er engum betur treystandi til að vita uppruna þess og eiginlega merkingu, alt saman út í hörgul, heldur en prest unum ungu. Gaman væri að heyra, hvernig þeim segðist um það ekki síður en vitnisburðinn um Wesley College.

Ég sagði, volað væri að kunna ekki að nýta það, sem á reka ber, en ekki valið. Þó má valið vera, en upphrópun þrefalda eða nífalda þarf á eftir málsgreininni.

HÖSKULFUR.

KIER HARDY VAR EKKI BOÐIÐ.

— Að Bretar séu í mesta lagi síðavandir, er sýnt með umræðum þeim, sem eru að fara fram á þingi Breta í Lundúnum. Svo stendur á, að þegar Edward konungur fór til Rússlands á dögunum, þá urðu harðar umræður um það í þinginu. Skömmu eftir að konungur kom heim úr ferð þeirri til Rússlands, hélt hann heimboð mikið, og kvaddi til þeirrar veizlu meðal annara alla þingmenn, nema 3 eða 4 af þeim, sem allra svæsnustum orðum fóru um ferð hans til Rússlands. Þótti þá mörgum, sem konungur væri að hefna sín á þessum þingmönnum, og var það talið alveg ókonunglegt og ekki laust við hlutdrægni. Nú hefir Kier Hardy, leiðtogi verkamanna, eða öllu heldur Sósialista flokksins enska, lagt fram í þinginu þá spurningu til stjórnarinnar, hvers-vegna sér hafi ekki verið boðið heim til konungs með öðrum þingmönnum, og lætur hann þess um leið getið, að ef svar stjórnarinnar verði sér ekki fullnægjandi, þá ætli hann að segja af sér þingmensku, og sækja svo á ný um kosningu í sínu eigin kjördæmi. Á þetta að verða gert til þess, að stjórnin fái að sjá, hvernig kjósendum geðjist að hinni pólitisku hlutdrægni konungsins og smásálarskap. Þess er og getið, að ef til kosninga komi, þá ætli allur verkamanna og Sósialista flokkurinn að fylkja liði inn í kjördæmi herra Hardys og sýna stjórninni styrkleika sinn. Það er játað af öllum enskum blöðum, að konungur hafi gert rangt í því, að einangra þessa þingmenn frá heimboði sinu. Embættisskylda hans heimtar algerða óhlutdrægni í embættisrekstrinum.

Rakarabúð.

EF þér þarfnist hárskurðar eða rakstur, þá munið eftir hinni nýju RAKARASTOFU ÞÓRARINS JÓNSSONAR

641 Sargent Ave.
Winnipeg.

HANNESSON & WHITE
LÖGFRÆÐINGAR
Room: 12 Bank of Hamilton
Telefón: 4715

BILDFELL & PAULSON
Union Bank 5th Floor, No. 520
selja hús og lóðir og annast þar að lútandi störf; útvegar peningalán o. fl.
Tel.: 2685

A. S. BARDAL
Selur líkkistur og annast um útfarir. Allur útbúnaður sá bezti. Enfremur selur hann alskonar minnisvarða og legsteina.
121 Nena St. Phone 306

The Dominion SECOND HAND STORE
Ágætur brúkaður fatnaður og húsmunir. Ísl. töluð.
555 Sargent Ave. Winnipeg

MARKET HOTEL
146 PRINCESS ST. á móti markaðnum
P. O'CONNELL, eigandi, WINNIPEG
Beztu tegundir af vínföngum og vindum, aðhlynning góð, húsið endurbætt

Stefán Guttormsson,
Mælingamaður
663 AGNES STREET. WINNIPEG.
20-8-8

Boyd's Brauð
Kaupið, reynið og étið Boyd's Brauð. Það er tilbúið úr beztu efnum, með nýmóðins vélum og á hreinlegasta hátt. Engan mannshönd snert ir við því frá því hveitið fer úr seknum, þar til brauðið kemur úr ofninum í stórum, léttum og góðum brauðum.
Boyd's
Bakery Cor. Spence & Portage Ave
Phone 1030.

19. þjóðhátíð Vestur-Íslendinga

Íslendingadagurinn.

1908

Verður haldinn hátíðlegur í RIVER PARK,

Mánudaginn 3. Ágúst n. k.

Byrjar klukkan 9 árdegis.

FORSETI DAGSINS:
Sigfus Anderson.

MINNI ÍSLANDS:
Ræða—Séra Friðrik J. Bergmann,
Kvæði—Gísli Jónsson og Stephan G. Stephanson.

MINNI VESTUR ÍSL:
Ræða—Ungfrú Fríða Harold, B.A.
Kvæði—Guttormur J. Guttormsson.

MINNI CANADA:
Ræða—Séra Friðrik Hallgrímsson,
Kvæði—Magnús Markússon.

MINNI KVENNA:
Kvæði—Dr. Sigurður Júl. Jóhannesson.

Íslenzki Hornleikendaflokkurinn Skemtir allan daginn.

VERÐLAUNA--SKRÁ

I. partur.

KAPPHLAUP.

1. Stúlkur innan 6 ára—40 yds.
   1 verðl. peningar $2.00
   2 " " 1.25
   3 " " 1.00
   4 " " 50
2. Drengir innan 6 ára—40 yds.
   1 verðl. peningar $2.00
   2 " " 1.25
   3 " " 1.00
   4 " " 50
3. Stúlkur 6--9 ára—50 yds.
   1 verðl. peningar $2.00
   2 " " 1.25
   3 " " 1.00
   4 " " 50
4. Drengir 6--9 ára—50 yds.
   1 verðl. peningar $2.00
   2 " " 1.25
   3 " " 1.00
   4 " " 50
5. Stúlkur 9-12 ára—75 yds.
   1 verðl. peningar $2.50
   2 " " 1.75
   3 " " 1.25
   4 " " 75
6. Drengir 9--12 ára—75 yds.
   1 verðl. peningar $2.50
   2 " " 1.75
   3 " " 1 25
   4 " " ..... .75
7. Stúlkur 12--16 ára—100 yds.
   1 verðl. ávísan $4.00
   2 " " 3.00
   5 " " 2.00
   4 " " 1.00
8. Drengir 12-16 ára—100 yds.
   1 verðl. ávísun $4.00
   2 " " 3.00
   3 " " 2.00
   4 " " 1.00
9. Ógiftar Stúlkur—100 yds.
   1 verðl. ávísun $5.00
   2 " " 3.75
   3 " " 2.50
   4 " " 1.50
10. Ógiftir Menn—100 yds.
    1 verðl. ávísun $4.50
    2 " " 3.50
    3 " " 2.50
    4 " " 1.50
11. Giftar Konur — 75 yds.
    2 verðl. 1 CaseCarvers $10.00
    2 " kvenskór $7.00
    3 " klukka 3.75
    4 " ávísann 2.00
12. Giftir Menn—100 yds.
    1 verðl. ávísun $6 80
    2 " " 4.00
    3 " " 3.00
    4 " " 2.00
13. Konur 50 ára og eldri.
    1 verðl. 10 pd. kaffi....$4.50
    2 " ávísun 3.50
    3 " 5 pd. kaffi 2.25
    4 " ávísun 1.50
14. Karlmenn 50 ára og eldri.
    1 verðl. ávísun $4.50
    2 " " 3.50
    3 " " 2.50
    4 " " 1 50
15. ½-mflu kapphlaup.
    1 verðl. ávísun $5.00
    2 verðl. ávísun 3.00
    3 verðl. ávísun 2.00
16. Kapphlaup — 1 mflu.
    Þrenn verðl. verða gefin.
17. Langstökk—hlaupa til.
    1 verðl. ávísun $4.00
    2 " " 3.00
    3 " " 2.00
18. Hástökk—hlaupa til.
    1 verðl. ávísun $4.00
    2 " " 3.00
    3 " " 2.00
19. Stökk—jafnfætis.
    1 verðl. ávísun 4.00
    2 " " 3.00
    3 " " 2.00
20. Hopp-stig-stökk.
    1 verðl. ávísun 4.00
    2 " " 3.00
    3 " " 2.00
21. Kappsund.
    1 verðl. ávísun $5.00
    2 " " 3.00
    3 " " 2.00

HÁLFTÍMA HVÍLD TIL — - BORÐHALDS. —

II. partur.

ÞÁ BYRJA RÆÐUR OG KVÆÐI.

22. Barnasýning—1-12 mánaða.
    1 verðl. ávísun $5.00
    2 " " 4.00
    3 " " 3.00
    4 " " 2.00
    5 " " 1.00
23. Knattleikur.
    Kl. 9 f. hád., kl, 12 á hád. og kl. 3 eftir hádegi.
    1 verðlaun $22.50
    2 verðlaun 13.50
24. Kapphlaup — 3 mflur.
    1 verðl. ávísun $10.00
    2 " " 6.00
    3 " " 4.00
25. Hjólreið — 1 mfla.
    1 verðl. ávísun $8.00
    2 " " 5.00
    3 " " 3.00
26. Hjólreið — 2 mflur.
    1 verðl. "Dunlop Tires"
    2 " Silfermedalía og Vindlakassi.
    3 " Hjólpumpa og Vindlakassi.
27. Hjólreið (handicap) 3 mflur
    1 verðl. ávísun $10.00
    2 " " 6.00
    3 " " 4.00
    4 " " 2.00
28. Íslenzkar Glímur.
    1 verðlaun $10.00
    2 verðlaun 6.00
    3 verðlaun 4.00
29. Aflraun á kaðli.
    Milli giftra og ógiftra manna
    1 verrlaun $14.00
    2 verðlaun 7.00
30. Dans - Waltz fyrir alla.
    1 verðlaun $10.00

Dans - Waltz fyrir Ísl. aðeins.
1 verðl. Kvenhattur $7.00
2 verðl. ávísun..... 5.00
3 verðl. " 4.00
4 verðl. " 3.00

Íslenzkur Kjötsali
Hvergi fæst betra né ódýrara KJÖT en hjá honum,—og þá munt sannfærast um að svo er, ef þú aðeins kaupir af honum 1 sinn. Allar tegundir. Óskar að Isl. heimsækji sig
CHRISTIAN OLESON,
666 Notre Dame Ave. Telefón 6906

J. G. Snydal, L. D. S.
ÍSL. TANNLÆKNIR
COR. MAIN & BANNATYNE
DUFFIN BLOCK PHONE 5302

G. M. Bjarnason
Málar, leggur pappír og gerir "Kalsomining. Óskar við skifta Islendinga.
672 AGNES ST. TELEFÓN 6954

ARNI ANDERSON Íslenzkur lögmaður
~~ Í félagi með ~~
Hudson, Howell, Ormond & Marlatt
Barristers, Solicitors, etc.
Winnipeg, Man.
13-18 Merchants Bank Bldg. Phone 3621, 3622

Kennara vantar
til Laufás skóla No. 1211, frá 15. september, 3 mánuði. Tilboð, setu tiltaki mentastig og æfingu ásamt kaupi er óskað er eftir, sendist til undirritaðs fyrir 25. ágúst.
BJARNI JÓHANNSSON,
30-7). Geysir, Man.

Dr. G. G. Gislason,
Physician and Surgeon
Wellington Blk. - Grand Forks, N.Dak
Sjerstakt athygli veitt AUGNA, EYRNA, KVERKA og NEF SJÚKDÓMUM.

Antonio De Landro
SKÓSMIÐUR, á horni Maryland og Wellington [bak við Aldinabúð.] Verk vandað og verð rétt.

George G. LENNOX
Selur í heildsölu SKÓ, STÍGVÉL og YFIRSKÓ
150 Portage Ave. East, Winnipeg.

BONNAR, HARTLEY & MANAHAN.
Lögfræðingar og Landskjala Semjarar
Suite 7, Nanton Block, Winnipeg

Hver Þvær og Hreinsar Fötin ydar?
Hvorsvegna að fara í Kína-kompurnar þegar þér eigið kost á að fá verkið gert betur, og alt eins ódýrt, í beztu og heilsusamlegustu þvottastofnun, þar sem aðeins hvítt vinnufólk er haft og öll hreinustu efni notuð
Vér óskum viðskifta ydar
The North-West Laundry Comp'y Ltd.
Hreinsarar og Litarar
COR. MAIN & YORK FÓN 5178

Royal Optical Co.
327 Portage Ave. Winnipeg. RÉTT Á MÓTI EATON'S BÚDINNI.
Beztu Augnfræðingar
12-9-8
Öll nýjustu og bezt reynd verkfæri notuð. Höfuðverkur sem stafar frá augunum, áreiðanlega læknaður. Sanngjarn kostnaður.
AUGU SKODUD KOSTNADARLAUST.

LAND

Vér höfum nýlega fengið til sölu yfir 30 Section-fjórðunga, liggjandi að Ogjalandi brautar C. N. R. félagsins. Verðið er frá $7.00 til $12.00 hver ekra. Ekkert af landinu þessum er meir en 5 mílur frá járnbrautinni.

Skuli Hansson & Co.
Skrifst. Talsími 6478. Heimilis Talsími 2274

Heimskringla.

Alt landið

er áhyggst að vera jarðyrkju land af bestu tegund, og fæst keypt með vægum afborgunar skilmálum. (N.B.—Lesið fyrripart þessarar augl. vinstramegin við Hkr. nafn.)

Frekari upplýsingar veita

Skuli Hansson & Co.
56 Tribune Building. Winnipeg.

XXII. ÁR. WINNIPEG, MANITOBA, FIMTUDAGINN, 30 JÚLÍ, 1908 NR. 44

Matvöru-kjörkaup fyrir Íslendingadagsgesti og annað fólk.

2 pd. af Sætabrauði	0.25
Bezta Smjör, pd. á	0,20
12 pund af Kaffi á	1.00
5 pakkar Jelly Powder	0.25
3 glös af Jelly.....	0.25
2½ pd. kanna af Pork og Beans á.....	0.10
Ísafoldar Kaffibætir 2 pakkar á	0.25
3 könnur af Peas á.....	0.25
3 pakkar af "Zest" á	0,25

GLEYMIÐ ekki að koma við hjá oss þessa og komandi viku. Það er svo mörg góð kaup sem hér eru ekki upptalin.

Clemens, Arnason & Palmason
The Cash Grocery House,
Cor. Sargent & Victor. Talsími 5343

Fregnsafn.

Markverðustu viðburðir hvaðanæfa.

Sú fregn barst um heim allan, að yfirréttur Bandaríkjanna hefði þann 21. þ.m. ónýtt 29 miljón dollara sektardóminn, sem Landis dómari í Chicago lagði á Standard Oil félagið fyrir nokkrum mánuðum síðan. Þrir dómarar sátu í þessum dómi, þeir Grosscup, Seaman og Baker. Dómsákvæði þeirra er á þessa leið: "Að aðferð Landis dómara til þess að komast að því, hve mörg lagabrot væru á móti félaginu og dómsúrskurður hans hafi hvorttveggja verið ósanngjarnt, og að hann hefði átt að beita annari aðferð við það mál. Að sektarupphæð sú, sem hann hefir lagt á félagið, hafi verið nægilega mikil til þess að hafa meira en gersópað upp í sektarféð að eins öllum eignum félagsins". — Dómararnir halda því fram, að Standard Oil félagið í Indiana ríkinu hafi verið eina félagið, sem um var að ræða í þessu máli, og að þess vegna hafi sektardómurinn átt að leggjast á það félag eingöngu, en ekki á meðlimi þess. Því að það, að leggja sekt á meðlimi þess væri sama sem að sekta mann fyrir brot, án þess að hafa stefnt honum fyrir rétt fyrir það brot eða veitt honum nokkurt tækifæri til þess að koma vörn fyrir sig. Og þar sem höfuðstöll Indiana félagsins væri ekki nema ein miljón dollara, og þar eð ekkert væri í skýrslum félagsins til þess að sýna, að það ætti meiri eignir en þessari upphæð nemur, þá hefði Landis dómari átt að miða sekt sína við borgunarmöguleika þessa eina félags. Dómur hans er því ónýttur og málið verður að takast fyrir að nýju.

— Undir nýju kjördæmaskiftingunni Saskatchewan fylki ættu Íslendingar í Wadena kjördæmi að geta ráðið úrslitum í öllum kosningum. Meira að segja. Íslendingar ættu sem fyrst að búa sig undir, að koma Íslendingi á fylkisþingið fyrir það kjördæmi. Þeim er enginn hlutur hægari, en að koma þessu í verk, ef þeir að eins vilja það.

— Sjóliðsforingi Rojestvensky, sá er stjórnaði herflota Rússa móti Jöpum, andaðist á Þýzkalandi þann 19. þ.m., afleiðing af sárum þeim, sem hann hafði fengið, er skip hans var tekið. Hann var 60 ára gamall. Fyrir herrétti, sem haldinn var yfir honum eftir stríðið, reyndi hann að skella allri ósigursskuldinni á sig sjálfan, en var samt frikendur.

— Blaðið "Skandinaven", gefið út í Chicago, getur þess 22. þ.m., í nýkomnum fréttum eftir dönskum blöðum, að mótstaða á Íslandi gegn frumvarpi millilandanefndarinnar sé svo mikil, að líkindi séu til þess, að enginn nefndarmannanna eða þeirra fylgjendur komist á þing við næstu kosningar. Dönsk blöð kenna norskum lýðveldismönnum um, að hafa æst Íslendinga upp til þessarar landsamlegu mótspyrnu gegn frv., og eru afarreiðir í þeirra garð.

— Norskir Íslandsvinir skrifa nú hverja ritgerðina á fætur annari um sjálfstæðismál Íslands í blöð sín. Þeir undrast mjög, að nokkur Íslendingur skyldi fást til þess, að skrifa undir aðra eins óhæfu og frumvarp millilanda nefndarinnar sé. Þeirra ósk er, að Ísland komist nú, ekki að eins eins langt og Noregur árið 1905, nefnilega að gera skilnað, heldur það lengra, að það gerist lýðveldi, í stað þess sem Noregur varð konungsríki eins og kunnugt er, en sem Norðmenn hafna nú mjög og að líkindum gera breytingu á áður en langt líður. Íslenzk blöð hafa þýtt og flutt þessar vinsamlegu greinar frændanna norsku.

— Eftirsókn eftir heimilisréttarlöndum í Vestur-Canada er mjög að aukast, — 10,502 heimilisréttarlönd hafa verið tekin á sl. 5 mánuðum, fram að 30 júní. Langflest af þessum löndum hafa verið tekin af Bandaríkjamönnum.

— Forseti Bandaríkjanna hefir strax og hann fréttu um úrslit Standard Oil félags málsins í æðra dómi lagt svo fyrir dómsmálastjóra Bandaríkjanna, að hann hefji á ný mál móti félaginu. Forsetinn heldur því fram, að ekkert efamál sé um sekt félagsins, — hún er játuð af báðum dómstólunum. Hann telur, að réttvísin sé lítin lúta í lægra haldi, ef félaginu sé hlíft við hegningu, sem hver fátæku málsaðili mundi verða að þola. Og hann lætur það boð út ganga í öllum blöðum landsins, að hann ætli að gera alt, sem í hans valdi stendur til þess að koma í veg fyrir, að réttvísin sé fótum troðin í þessu máli. Áhrifin af ónýting sektardómsins hafa þegar orðið þau, að hlutir Standard Oil félagsins hafa stigið svo mikið í verði á síðustu nokkrum dögum, að eignir gamla Rockefellers í félaginu hafa hækkað í verði um 15 miljónir dollara.

— Stjórnin í Japan hefir ákveðið, að byggja ekki að svo stöddu fleiri skip en þeir hafa nú, heldur að auka herútbúnað þeirra skipa, sem þjóðin á nú, svo að afl þeirra í hernaði verði tvöfalt meira en það nú er. Þetta á að gerast með því, að fjölga tölu stórskotabyssanna á þeim.

— Fimtán ára gamall piltur, sem var að synda ¾ úr milu undan landi hjá Tybee Beach í Georgia, þann 22. þ.m., var sleginn af skjaldböku svo hann drukknaði og sökk. Hvorki líkið né skjaldbakan hafa fundist.

— Francis Darwin, sonur Darwins þess, er bezt rökstuddi framþróunarkenninguna, og sem á að verða forseti vísindafélagsins brezka, sem kemur saman í Lundúnum í september næstkomandi,— ætlar að flytja erindi á þeim fundi um skynjan plantna. Hann heldur því fram, að plöntur hafi skynjan og minni engu minna en lægstu dýr. Fyrirlestur hans á að færa rök fyrir þessari kenningu, svo að vísindamenn heimsins geti tekið hana til yfirvegunar.

— Tuttugu þúsundir manna í Bombay á Indlandi, sem gert höfðu verkfall í klæðadúka verksmiðjum þar, háðu bardaga við lögreglu og herlið borgarinnar á föstudaginn var. Bardaginn stóð yfir allan daginn og féllu margir. Verkfallsmenn réðust á hvað sem fyrir var, og gerðu þær skemdir, sem þeir gátu. En herliðið varði borgina svo sem unt var. Einn af ritstjórum borgarinnar, sem tekið hafði málstað verkamanna og gerst foringi þeirra í uppreistinni, var handtekinn og sendur í útlegð til 6 ára.

— Norðmanna félagið í Parísarborg segir norsku þjóðina nú þegar vera orðna svo óánægða með konungsstjórn, að það sé orðið honnar mesta alvörumál, að stofna hjá sér lýðveldi, strax og Hákon konungur fellur frá, og máske fyr. Svo er mælt, að Hákon konungur hafi langið tilkynningu um þetta, og að það hafi verið fært í tal við hann, að gerast fyrsti forseti hins norska lýðveldis, en að úr konungstign verði hann að víkja fyr eða síðar. Í stórþinginu hefir og verið minst á mál þetta óbeinlinis á þann hátt, að tillaga hefir komið fram um það, að eftir að þessi konungur hætti að ríkja, þá eigi þjóðin að stofnsetja hjá sér lýðveldisstjórn.

— Fimm hundruð lögregluþjónar í Boston, Mass., eltu og umkringdu 2 eða 3 illræðismenn, en handsömuðu þá ekki fyr en þeir höfðu orðið 3 mönnum að bana og sært 13 aðra. Síðar náðu lögreglumenn 2 öðrum af félögum náunga þessara, eftir að hafa elt þá í sjálfhreyfivögnum 60 mílna langan veg. Allir voru menn þessir á bezta aldri, lítið yfir tvítugt, og allir vopnaðir með rifflum, skambyssum og stinghnífum og öðrum drápsverkfærum.

— Kona ein á Englandi hefir ritað bók, sem nefnist "Þrjár vikur" Bók þessari hefir verið fremur illa tekið. Nú hefir konan snúið henni upp í leikrit, og leikur hún sjálf aðalpersónuna. Leikurinn hefir verið sýndur í Lundúnum, og svo varð hann þar óvinsæll, er hann var sýndur í fyrsta skifti, að bannað hefir verið að leika hann þar í landi, — ekki af því, að neitt sé ljótt í honum, heldur af því, að hann sé fáfengilegur og þýðingarlaus. Sá, sem í nafni stjórnarinnar hefir bannað leikinn, segir ekkert mentagildi vera í því, að sýna rauðan skrautbúnað leikendanna, og eitt skinn af tigrisdýri. Ensk blöð segja það vera tilgang höfundarins, að sýna leik þennan í Bandaríkjunum, og vona þau, að hann fái þar sömu viðtökur og á Englandi.

— Mál hefir staðið yfir á Englandi út af því, að konu nokkurri, sem nýlega giftist bróður fyrri bónda sins að honum látnum, hefir verið bannað, að vera til altaris í kirkju þeirri, sem hún tilheyrir Dómarinn hefir úrskurðað, að prestur safnaðarins hafi engan rétt til þess, að neita konunni um sakramentið, þótt hún hafi giftst bróður látins bónda sins.

— Mögnuð svínasýki kom nýlega upp hjá bónda einum í Ontario fylki. Embættismenn Dominionstjórnarinnar töldu nauðsynlegt, að drepa svínin, og samkvæmt því voru þau öll skotin, 134 talsins, og síðan ðysjuð djúpt í jörð niður. Samkvæmt lögum á ríkisstjórnin að borga tvo þriðju hluta af verði þeirra. Ekki er getið um, að þessi sýki, sem nefnd er "Hog Cholera", hafi komið upp hjá öðrum bændum þar í fylkinu.

— Þess var getið í blöðum um allan heim í síðustu viku, að sjóliðsforingi Rojestvensky, er var yfirflotaforingi Rússa í stríðinu við Japana hefði látist á Þýzkalandi. En nú hefir frétt þessi verið borin til baka. Honum samnefndur maður hafði látist í borg þeirri, sem sjóliðsforinginn hefst við í á Þýzka landi, og af því stafaði missögnin.

— Til dæmis um það, hve afraunar og íþróttamenn leggi hart að sér til þess að afla skóla sínum landi eða bæ frægðar, er þess getið, að í síðasta kappróðrinum milli Harvard og Yale háskólanna, þá tapaði Yale háskólinn svo illa, að ræðarar hans urðu fullum 3 mínútum á eftir Harvard mönnum að komast ákveðna vegalengd, — þá grét hver einasti af Yale-mönnum. Og svo hart höfðu þeir lagt að sér, að sá er fremstur sat í bátnum, féll í yfirlið, er hann hafði tekið síðasta áratogið á hinu útmælda svæði. Tveir aðrir voru og þá orðnir svo að fram komnir, að þeir gátu ekki hreyft sig, og hinir í bátnum féllu tafarlaust í fasta svefn af þreytu þar sem þeir sátu á þóftunum. En Harvard menn voru líka orðnir svo þreyttir að lokum, að þeir gátu ekki lyft árunum upp úr vatninu. Báðum bátshöfnunum varð að bjarga, þegar þær höfðu lokið róðrinum. Þetta sýnir, hve mjög menn taka nærri sér til þess að vinna í leikjum þeim er þeir taka þátt í.

— Nýlega hefir Þjóðverji einn að nafni Gustave Grzanna uppgötvað aðferð til þess að senda rituð skeyti með talþráðum, og berast þau langar leiðir með þræðinum. Er svo sagt, að maður geti á sama tíma talað og ritað og að þráðurinn flytji rituðu skeytin eins fljótt og áreiðanlega eins og töluð orð, og ritskeytin berast viðtakanda með rithönd þess, er sendir þau. Á sama hátt getur maður sent teikningar og myndir með þræðinum.

— Marathon hlaupin, sem fóru fram á Englandi í sl. viku, sýna, að Ameríkumenn eru fráir á fæti. Robert Kerr, frá Hamilton, Ont., vann 200 metra hlaupin, og J. Hayes, frá Bandaríkjunum, vann langhlaupin 26⅓ mílur, frá Windsor Castle til Stadium í Lundúnum, á 2 kl.stundum 54 mínútum 36 sekúndum. Durando frá Ítalíu, varð að vísu fyrstur, en hann féll tvisvar af mæði um 40 feta veg frá takmarki sínu, og vinir hans studdu hann til að komast á fætur og að ná takmarkinu. Fyrir þetta tapaði hann kapphlaupinu. Hayes, sem var 300 fetum á eftir, komst hjálparlaust leiðar sinnar, og var talinn að hafa unnið. Um áttatíu þúsundir manna voru við endastöðina til að sjá, þegar menairnir entu hlaupin.

— Auðugur bóndi í Delaware ríkinu tók nýlega út giftingaleyfi til þess að kvongast 13 ára gömlu stúlkubarni, en sjálfur var hann sextugur. Skömmu síðar fanst bóndi þessi dauður, hengdur upp í tré, og ýms merki bar líkið um það, að hann hefði verið barinn til bana áður en hann var hengdur upp í tréð. Giftingarleyfið fanst í vasa hans. Enginn veit, hver glæpinn hefir framið, en rannsókn verður höfð í málinu.

— Um þessar mundir eru 315 af herskipum Breta að sýna sig í Norðursjónum, — meðfram, að sagt er, til þess að sýna Þjóðverjum, að þrándur kunni að verða í götu þeirra, ef í ilt sláist með þjóðunum. Herfloti Breta hefir kostað í glærum skildingum hartnær 700 miljónir punda. Hvert nýtt herskip kostar þjóðina yfir 8 miljónir dollara eða 1¾ miljónir pund sterling, þau sem dýrust eru. En þrátt fyrir þennan afarmikla tilkostnað, heldur brezka stjórnin því fram, að efling herflotans og viðhald kosti þjóðina miklu minna heldur en samskyns kostnaður er hjá Jöpum, Þjóðverjum og Bandaríkjamönnum.

— Tuttugu og fimm menn drukn uðu nýlega í járnbrautagöngum á Svisslandi. Þeir voru að grafa þar göng fyrir járnbraut, þegar vatnsuppspretta kom í ljós af neðanjarðar árfarvegi. Svo var vatnsmagnið mikið, að verkamennirnir komust ekki undan.

PURITY FLOUR

AÐ BAKA BEZTA BRAUÐ
er meira en vísindi og meira en list.

En það má gerast fljótlega og áreiðanlega með því að nota

PURITY FLOUR

Það er malað úr bezt völdu Vestur-Canada Hörðu Hveitikorni; er algerlega hreint og svo ilmandi kjarngott.

ALLIR ÍSLENZKIR KAUPMENN SELJA ÞAÐ

WESTERN CANADA FLOUR MILLS CO.,
LIMITED.
WINNIPEG. —— CANADA.

Ertu að hugsa um, að kaupa reiðhjól? Ef svo er, þá komstu eftir, hver býr til beztu hjólin. Það eru margar hjólategundir til sölu, en sem ekki hafa nafn verksmiðjunnar á sér. Slik hjól eru ekki ábyggileg, efnið er óvandað og alt smíði, svo að verksmiðjurnar blygðast sín fyrir, að láta vita, hver hafi búið þau til. — Canada Cycle & Motor Company, Ltd., hefir trygt sér álit með eftir töldum hjólum:

CLEVELAND RAMBLER **BRANTFORD PERFECT** **MASSEY IMPERIAL,**

Ef þér kaupið eitt af þessum hjólum, þá yðrist þér aldrei eftir því. — Finnið umboðsmenn vora.

CANADA CYCLE & MOTOR COMPANY, LIMITED, WINNIPEG
Heimsins beztu hjólasmiðir
147 PRINCESS ST. - - - - WINNIPEG, MAN.

Sorglegt slys.

Mrs. Margrét Johnson, eiginkona herra Halldórs Johnson í Gimli bæ, fór þaðan fyrir mánuði síðan vestur í Quill Lake tygð í Saskatchewan í kynnisför til föður síns, séra Einars Vigfússonar. Mrs. Johnson tók með sér son þeirra hjóna, Edward að nafni, 21 mánaða gamlan. En á mánudaginn þann 20. þ.m. fékk herra Johnson hraðskeyti til Gimli, sem tilkynti honum, að sonur þeirra hjóna hefði snögglega látist þar vestra. Brá hann þá strax við og fór vestur, en kom aftur þaðan hingað til bæjarins á laugardaginn var. Lát Edwards litla hafði orsakast á þann hátt, að hann hafði náð í eldspýtna kassa og nagað brennisteininn af nokkrum spýtum Sýktist hann þá svo mjög, að hann lifði að eins 14 kl.stundir. Dr. Sig. Júl. Jóhannesson var sótt ur, en áhrif eldspýtna eitursins höfðu verkað svo á líffæri barnsins, að hann fékk ekki af gert. — Það má óhætt fullyrða, að hinir mörgu vinir þeirra hjóna samhryggjast þeim innilega í þessu sorgar tilfelli.

ÍSLANDS FRÉTTIR.

Svo er að sjá, sem Dr. Valtý Guðmundsson muni ekki sækja um kosningu á þing Íslands í haust. Honum var svo illa tekið í kjördæmi sínu þar fyrir fáum vikum, er hann kom þangað, að hann fór utan aftur tafarlaust. Kjósendunum þótti sem stefna hans í þjóðfrelsismálinu væri svo á reiki, að ekki væri á hana byggjandi. — Bjarni Jónsson frá Vogi hefir boðið sig fram í Dalsýslu, og talinn viss að ná þar kosningu. Ásgeir Torfason verkfræðingur fékk þar svo illar viðtökur, sem stuðningsmaður frumvarpsins, að hann hætti við framboð sitt. —— Kristján Jónsson háyfirdómari býður sig fram í Borgarfjarðarsýslu, og er talinn viss að verða kosinn. — — Jón Jensson býður sig fram í mýrasýslu, og mælt að Þorsteinn Erlingsson skáld muni sækja þar á móti honum. —— Eftirfylgjandi kvæði hefir Þorsteinn Erlingsson ort við heimkomu Skúla Thoroddsens úr sambandslaganefndar ferðinni:

Þeim svíður við hjartað, sem sæti' átti' í skut
og sjálfur réð stjórninni forðum,
að taka nú gefins við hálfum hlut
og hógværum skapraunarorðum.
Við þökkum þér, Skúli', að þú heldur heim
með hendurnar tómar frá skiftum þeim.

Á höfðingafundum í húsbóndanssal
sést hefðin og framtíðargróðinn:
með börnin sín arflausu skarta þar skal
á skörinni prófentuþjóðin.
Þú vildir ei, Skúli', og við þökkum það,
að þú ættir móður á slíkum stað,
Hjá hverjum, sem Fjallkonan ókúguð á,
í öndvegi krefst hún að vera,
og tryggðapants-handjárn vill hún ekki fá,
en hring, sem hún fagnar að bera.
Hún vill ekki tálvon í tign sína manns
né tína sitt frelsi upp úr vösum hans.

Og fóstran, sem þráir að sjá okkur sæl
á sigurför hlekklausra þjóða:
hún fagnar þér, sonur, sem fórst ekki' á hæl,
í fylgi við málefnið góða.
Já, vel sé þér, Skúli. Við vorum menn.
Nú verður það sýnt, hvað við dugum enn.

Pétur Gauti með stjórninni og Sigurður bóndi Jónsson á Arnarvatni móti henni sækja báðir í Suður-Þingeyjarsýslu. —— Sigurður Hjörleifsson sækir á Akureyri móti Magnúsi Kristjánssyni. Sigurður talinn líklegur að vinna, — þó að annars virðist svo sem sú stefna hafi alment fylgi í Eyjafjarðarsýslu, að ganga að frumvarpinu óbreyttu, eftir því að dæma, hvernig atkvæðagreiðslan hefir fallið á fundum þar.

10. September

Það er blöskrun, hvað óhreina en embættis sníkjumaginn.
setjið þið Gissur í sýruker
á sjálfan kongsbænadaginn.

S. S. ÍSFELD

Wall Plaster

Með því að venja sig á að brúka **"Empire"** tegundir af Hardwall og Wood Fibre Plaster er maður hár viss að fá beztu afleiðingar.

Vér búum til:

"Empire" Wood Fibre Plaster
"Empire" Cement Wall "
"Empire" Finish "
"Gold Dust" Finish "
"Gilt Edge" Plaster of Paris
og allar Gypsum vöruteg undir. —

Eigum vér að senda yður bækling vorn?

MANITOBA GYPSUM CO. LTD
SKRIFSTOFUR OG MILLUR I
Winnipeg, - Man.

HEIMSKRINGLA
Published every Thursday by
The Heimskringla News & Publishing Co.

Verð blaðsins í Canada og Bandar $2.00 um árið (fyrir fram borgað).
Sent til Íslands $1.60 (fyrir fram borgað af kaupendum blaðsins hér $1.50.)

B. L. BALDWINSON,
Editor & Manager

Office:
729 Sherbrooke Street, Winnipeg
P.O. BOX 116. 'Phone 3512.

Loforða-efndir Liberal flokksins

(Framhald).

Á líkan hátt hefir verið farið með skóglöndin í Vestur-Canada, að langmestur hluti þeirra hefir komist í umráð eins einasta manns, herra Theodor A. Burrows, sem er mágur herra Siftons — þess manns, er leiðti honum löndin meðan hann var innanríkisráðgjafi í Ottawa.

Þegar Conservativar voru við völdin, þá voru öll timburleyfi endurskoðanleg árlega, svo að einatt mátti hækka leiguna, og öll leyfi voru uppsegjanleg, hvenær sem löndin yrðu tekin til ábúðar, og nýbyggjarar áttu kost á, að höggva skóg í nágrenni sinu til eigin þarfa. En árið 1904 var þessu breytt, svo að hlynnindin voru tekin frá nýbyggjunum, en leyfin voru endurnýjanleg árlega meðan nokkurt timbur var á lönd unum, sem seljanlegt var. Þessi breyting hafði þær afleiðingar, að leigumálinn var óuppsegjanlegur meðan nokkur skógur var á löndunum. Og síðan árið 1896 hefir Laurier stjórnin veitt viðartökuleyfi á 6,400 fermílum, eða 4,096 þúsund ekrum af skóglöndum í Vestur-Canada, að mestu leyti til "Spekúlanta", og án nokkurrar verulegrar opinberrar samkeppni. — Aðallega hafa þeir orðið fyrir happinu, sem voru vinir stjórnarinnar, þar til nú, að mjög lítið er eftir af slíkum löndum í mannabygðum hér vestra. Helztur þessara hepnismanna er herra Burrows. Hann hefir fengið hvert viðartökuleyfið eftir annað með svo lágu verði, að það er tlátt áfram líkegilegt, væri það ekki glæpsamleg ráðsmenska á þjóðeignunum, eins og allir vita og kannast við, að það er. Alls er þessi maður síðan árið 1898 búinn að fá 18 viðartökuleyfi á alls 478½ fermílum, og alls heldur hann viðartökuleyfum á 549 fermílum, eða 351,360 ekrum. Fyrir þessi leyfi hefir hann borgað að eins nokkur cents fyrir hverja fermílu, — sama og ekkert. En landið er fest fyrir öllum öðrum meðan nokkur spíta vax á því.

Þess utan hefir herra Burrows í félagið við fylkisstjórann í Manitoba, undir nafninu "Imperial Pulp Company", fengið viðartökuleyfi á 268,870 ekrum af skóglöndum á svæðinu frá Winnipegvatni til Klettafjalla. Fyrir þetta borguðu þeir félagar stjórninni 12,500 dollara, en bjóða það til sölu fyrir 1½ milión dollara.

Aðrir happamenn eru þeir A. W. Frazer, fyrverandi forseti Liberal klúbbsins í Ottawa, T. O. Dows senator, A. J. Adamson þingmaður, sem áður er getið, Alexander Smith, fyrrum "Organizer fyrir Liberal flokkinn í Ontario, — og nokkur félög, sem eru í sambandi við þessa menn, en sem ekki hefir enn komist upp, hver eru. Þessi klíka hefir fengið frá stjórninni 1400 fermílur eða 896 þúsund ekrur af völdum timburlöndum í Vestur-Canada — með gjafverði. Engir þessara manna láta gera neitt á þessum viðarlöndum, heldur halda þeim til harstbjóðanda. Það er tvímælalaust, að þessir "Spekúlantar" græða miliónir dollara á löndunum, eða timbrinu af þeim. Innflytjendur verða að eiga það undir þessum náungum, hvort þeir fá nokkra spitu og með hvaða verði.

Ef Lögberg kallar þetta heiðarlega ráðsmensku og til hagsmuna fyrir alþýðuna og gegn hags munum "einræðismanna", — þá hefir það ekki sama skilning á þessu og alþýða manna í Canada.

BLAIRMORE BÆJARSTÆÐIÐ

er eitt af þeim dæmum um ráðsmensku Laurier stjórnarinnar, sem ekki hefir orðið vinsæl við alþýðu manna hér í Vesturlandinu. Ekki vegna þess, að hér sé um svo stórfelda fjárupphæð að ræða, heldur fyrir aðferðina, sem beitt var til þess að koma bæjarstæðinu úr eign þjóðarinnar yfir í eign sérstaks manns, — fyrir að eins $480, en sem nú er metin milli eitt og tvö hundruð þúsund dollara. Þetta gerðist árið 1904. Hann núverandi eigandi er herra Malcolm McKenzie. Hann er góður Liberal og sótti um ríkisþingsæti árið 1904, og varði til þess talsverðu fé, en tapaði þó kosningunni. Það var því skoðað réttlátt, að hlynna eitthvað að þessum náunga, og það var gert með því, að gera hann ríkan á kostnað þjóðarinnar, með því að koma Blairmore bæjarstæðinu í eign hans fyrir minna en 500 dollara.

Tveir menn höfðu gert kröfu til þessa lands. Annar þeirra var ítalskur, en hinn herra Lyons, fyrrum þjónustu C. P. R. félagsins. Það var sannað fyrir dómurum, að italski maðurinn hafði alls enga kröfu til landsins. En samt var því komið svo fyrir, að Italinn hefði selt landið til McKenzie fyrir ofangreint verð, án þess að eiga nokkurt tilkall til landsins, eða hafa nokkurn rétt til að selja það. Tveir dómarar, Wetmore og Burridge, eftir að hafa rækilega rannsakað málið, töldu báðir, að landið væri ríkiseign, og að enginn hefði neitt tilkall til þess nema Canadariki. En herra Sifton, sem þá var innanríkisráðgjafi, tók fram fyrir hendur dómaranna og festi landið í eigu McKenzies.

Um þetta mál urðu langar umræður þinginu, en það var búið að fullgera kaupin, og þau urðu ekki aftur tekin. Canadaríki var látið tapa heilu bæjarstæði, sem nú er metið nær 200 þúsund dollara, — fyrir ekkert, til þess að auðga hr. McKenzie í launaskyni fyrir flokks fylgi hans. Um alt þetta mál má lesa í þingtíðindunum 1907 á bls. 6522—6617.

Finst Lögbergi, að þetta athæfi lýsa því, að stjórnin haldi löndum ríkisins fyrir ábyggendur og til hagsmuna fyrir alþýðuna og gegn hagsmunum "einræðismanna"?

Enginn skyldi ætla, að hér sé alt upptalið í landsölubraski Laurierstjórnarinnar, því að daglega eru nú að koma ný hneyxli í ljós. Og eitt hið síðasta, sem dregið var fram í dagsljósið í þinginu þann 15. þ.m. var landsala, sem gerð var á premur Townships í Algoma héraðinu í Ontario, undir ráðsmensku Indiána deildar stjórnarinnar. Þar voru seldar 29,301 ekrur fyrir $9,017.50 og eignarbréf veitt kaupendunum algerlega skilyrðislaust, að undanteknu kaupverðinu. En kaupendurnir seldu landið strax aftur fyrir $101,830, — græddu þannig rúmlega þúsund prósent á góðsemi stjórnarinnar. Þeir, sem fyrir þessu gróðhappi urðu, voru þeir W. G. Wilson í Brandon og A. E. Phelp, fyrmeir félagar herra Siftons í lögfræðistarfi hans, og Dawson Reeson, einn af áköfustu Liberal flokksmönnum í Brandon borg.

Í sambandi við þessa landsölu var þess getið í þinginu, að beiðnin um þetta land hafi verið dagsett 20. apríl 1900, undirrituð af herra A. H. Gale, samkvæmt ósk herra Siftons sjálfs. Með öðrum orðum, herra Sifton hafði mælst til þess, að herra Gale í umboði kaupendanna skyldi biðja um þetta land, svo að vinir ráðgjafans í Brandon borg gætu fyrirhafnarlaust grætt á þjóðeign Canadaríkis $91,813, sem er mismunurinn á því, sem þeir borguðu fyrir landið og því, sem þeir fengu fyrir það.

Vill nú Lögberg segja, að slík ráðsmensku sé í hag almennings og gegn hagsmunum "einræðismanna"? Eða vilt ekki blaðið og þeir, sem að því standa, að Laurierstjórnin gerir alt, sem í hennar valdi stendur, til þess að rýja ríkið af eignum þess og koma þeim í eign einstakra "einræðismanna", — þeirra, sem veita stjórninni best og öruggast flokksfylgi og jafnan eru boðnir og búnir til að hjálpa henni til að vinna óþokkaverkin gegn hagsmunum þjóðarinnar, og verja svo gerðir hennar og þeirra í ræðu og riti, þegar búið er?

Svo vér nefnum tilfelli, sem kom fyrir hér í Winnipeg, þar sem innflutningastjóranum J. Obed Smith — ásamt A. W. Pritchard — var stefnt fyrir sviksamleg landsölu árið 1906 á 47 þúsund ekrum fyrir $6.50 ekruna. Þeir Smith og Pritchard voru dæmdir til að borga kaupendum landsins $14,601.80 í skaðabætur. Málinu var skotið til æðra dóms, og að því er vér bezt vitum, er það óláraað enþá. En það var sannað fyrir rétti, og af sjálfum dómaranum viðurkent, að salan væri sviksamleg. Smith játaði hreinskilnislega fyrir réttinum, að hann hefði notað privat skýrslur "Homestead Inspectors" til þess, að gera sér og félögum sínum gott af upplýsingunum og til þess að græða fé á þeim, auk þess sem hann fékk $3000 í laun á ári sem innflutningastjóri. Í tvöföldum skilnaði rauf því maður þessi embættiseið sinn. Fyrst með því, að opinbera leyndarmál stjórnarinnar, og í öðru lagi með því, að hafa með höndum aukastörf á eigin reikning. En hvorttveggja þetta er embættismönnum stjórnarinnar bannað, og hvorttveggja þetta sverja þeir, að þeir skuli ekki gera.

Hvernig Smith komst yfir þessar 47 þúsund ekrur, sem hann svo seldi með svikum, er ennþá ekki kunnugt, og ef til vill er það eitt af því marga í stjórnarfarinu, sem ekki verður opinberað fyr en Laurierstjórnin er komin frá völdum.

Hér er fljótt yfir sögu farið, en nóg ætlum vér að sýnt hafi verið til þess að sannfæra flesta rétthugsandi menn um það, að það atriði í stefnuskrá Liberala, sem lýtur að því, að verndа þjóðeignirnar til hagsmuna fyrir almenning og gegn ásælni "einræðismanna" hafi verið eint á sama hátt og hin önnur atriði, sem að framan hafa verið talin í grein þessari, — með svikum.

Íslendingadagurinn

í River Park verður haldinn hátíðlegur á mánudaginn kemur, 3. ágúst næstkomandi, eins og áður hefir verið auglýst.

Íslendingadagsnefndin hefir látið sér sérlega ant um, að undirbúa svo til þessa hátíðahalds, að það ekki einasta mætti verða þjóðflokki vorum til sóma, heldur einnig enþá betra og fullkomnara en hin önnur, sem áður hafa haldin verið hér í borginni.

Nefndin biður Íslendinga að minnast þessara atriða:

1. Prógram dagsins er stórfengilegra en áður hefir verið.
2. Verðlauna upphæð sú, sem veitt verður fyrir hinar ýmsu íþróttir, er talsvert hærri en áður hefir verið.
3. Íþróttir eru margbreyttari nú, en á nokkru umliðnu ári.
4. Tvo knattleika kvenfélög sýna íþrótt sína á Íslendingadeginum, og veitir nefndin þeim verðlaun fyrir þá sýningu, auk verðlauna þeirra, sem tekin eru fram í hinu prentaða prógrami á öðrum stað í þessu blaði.
5. Silfurbikar sá, sem þeir herrar Clemens, Árnason & Pálmason hafa gefið Íslendingadeginum til varanlegrar eignar, verður veittur þeim manni, sem á hátíðinni fær flest verðlaun fyrir þátttöku í íþróttum. Það skilyrði er sett til þess, að örfa unga Íslendinga til þess að temja sér íþróttir meira en enn hefir verið gert.
6. Það er í fyrsta sinni á þjóðhátíð vorri, að háskólalærð íslenzk kona flytur ræðu, — fyrir minni Vestur-Íslendinga. Og nefndin skoðar það siðferðislega skyldu allra íslenzkra kvenna, að fjölmenna á hátíðina til þess að hlusta á þá ræðu.
7. Nefndin óskar, að sem flestir Íslendingar — karlar og konur — fái sig lausa frá vinnu á Íslendingadaginn, svo að þau geti tekið þátt í hátíðahaldinu.
8. Engin íslenzk samkoma meðal Vestur-Íslendinga jafnast á við Íslendingadags hátíðina. Þar eru flestar og fjölbreyttastar skemtanir og inngangsverðið svo lágt, að hvern einstakan munar lítið um það. En nefndina, sem hefir gert ráð fyrir nær þúsund dollara útgjöldum þann dag, til að skemta fólkinu og fræða það, munar talsvert um aðgöngueyri hvers einstaklings.
9. Nefndin biður Íslendinga, að skoða það skyldu sína, að sjá til þess, að fjölmenna svo á hátíðina, að tekjur dagsins nægi til að mæta útgjöldum.
10. Eins og að undanförnu borgar nefndin fargjöld þeirra allra, sem fara með fyrstu vögnum að morgninum út í River Park Strætisvagnar koma upp William Ave. og verða á horninu á Nena og William kl. 8, halda svo suður til Sherbrooke og Notre Dame,, síðan til Sherbrooke og Ellice Ave. og verða þar kl. 8.15, fara svo suður að Portage Ave., niður það st. og suður Main Street. Með þeim vögnum verður íslenzki hornleikenda flokkurinn, sem spilar íslenzk þjóðlög í garðinum af og til allan daginn.
11. Það er áríðandi, að öll börn og þeir, sem ætla sér að taka þátt í leikjum séu komnir út í garðinn svo snemma, að hægt sé að byrja barnahlaupin kl. 9 stundvíst, því svo er dagskráin stórfeld, að enginn tími má missast úr deginum, ef alt á að geta farið vel fram, sem þar er auglýst.
12. Öllum börnum, sem sækja hátíðina, verður gefinn brjóstsykur, og öll fá þau eina reið á hringreiðinni í Parkinu ókeypis.

Dagskrá verður úthýtt við inngang í garðinn. Það er snotur bók yfir 70 blaðsíður að stærð. Og af henni má dæma framför þá, sem þessi hátíð er árlega að ná hér í Winnipeg. Fyrir 6—7 árum var dagskráin prentaða 8 bls., og þótti þá ríkmannlega að verið, að svo mikið var haft við hátíðahaldið, að útbýta slíkri dagskrá prentaðri En nú á síðari árum hefir álit Íslendinga og hátíðahalds þeirra hér aukist svo mjög í hugum hérlendra manna, að þeir eru farnir að sækja um, að fá auglýsingum sínum komið í dagskrána, og þessar auglýsingar nema í ár fullum 40 bls. eða meir. Bókin er menjagripur, og verður geymd í eigu flestra þeirra, sem hana fá. Víða utan af landi hafa nefndinni borist beiðnir um eintak af dagskránni. Það eitt út af fyrir sig er sönnun þess, að fólk vort hér veitir hátíð þessari eftirtekt, og líkindi eru nokkur til þess, að allmargt utansventa fólk sæki hátíð þessa í ár.

Væntanlega flýtja dagblöð þessa bæjar næsta laugardag nokkuð ítarlegt ágrip af því, sem fram á að fara á hátíðinni. Nefndinni er þægð í, að Íslendingar vildu benda hérlenda fólkinu á, að lesa þar greinar. Það gerir þjóðflokki vorum hér gott, að innlendir borgarar veiti því athygli, sem hann er að gera.

HEIMSKRINGLU og TVÆR skemtilegar sögur fá nýir kaupendur fyrir að eins $2.00.

Óheppilega orðað.

Ávarp það frá íbúum Dog Creek og Narrows bygða, sem birt er í þessu blaði og prentað er orðrétt eins og það hefir borist blaðinu, ber vott jafnt um ákafa sem einlægni þeirra, er það hafa samið Hins vegar getur Heimskringla ekki leitt hjá sér að henda á, að á pörtum er ávarp þetta svo gróflyrt, að vér teljum það jafn vansæmandi þeim, er samið hafa, eins og það er gagnslaust málstað þeim, sem semjendur vilja styrkja. Að telja þá menn, sem skipa æðstu og áþyrgðarmestu embætti landsins og þá, sem af einlægni fylgja þeim að málum "RÁDRÍKA HIRDSNÁKA OG SKRÍDDÝR ÞEIRRA", er í slíkum ávörpum til heillar þjóðar allsendis ósæmilegt, og miðar, að vorri hyggju, til þess að æsa tilfinningar kjósendanna frekar en til þess, sem þó er allsvarðandi í málinu, að efla rólsemdalega og rósama yfirvegun þeirra málsatriða, sem fyrir liggja. Sama er að segja um setninguna: "SKRÆFUR, ER LÖGDUST FLATAR Á FÓTSKÖR DANSKRA STÓRBOKKA —", að hún er óhafandi. Í svo mikilvægu máli, sem nú er teflt um milli Dana og Íslendinga, ætlum vér hvorri þjóðinni fyrir sig það hentast, að viðhafa sem sæmilegust orð hvor um aðra. Slíkt getur með engu móti orðið samkomulagi til fyrirstöðu. En öll æsinga og særingaryrði geta orðið það.

Það teljum vér og gersamlega rangt, að úthúða þeim hluta íslenzku nefndarinnar, sem aðhyllast vill sambandið við Dani, og kalla þá illræmda þjóðníðinga, því eftir vorum skilningi eru þeir alt eins miklir hæfileikamenn og þjóðvinir eins og andstæðingar þeirra í þjóðfrelsis baráttu málinu. Munurinn er ekki svo mjög á takmarkinu, sem hver flokkurinn vill ná, heldur á aðferðinni til þess sem fyrst að ná því.

Grein herra Backmanns, er birt var í síðasta blaði, er og á pörtum ógætnari í orðum en vera ætti — en ólíkt þó djúphugsaðri og rökfræðilegri en ávarpið umgetna. — En báðar þessar rítgerðir hafa það jafnt til síns ágætis, að þær bergmála einlægan vilja nálega allra Vestur-Íslendinga í því, að nefndar frumvarpinu sé hafnað, og að íslenzka þjóðin vinni að því með staðfestu, að nálgast sem fyrst aðskilnaðar takmarkið.

Abrahams vellir.

Stórtíðindi eru um þessar mundir að gerast í Quebec. Þar hefir um undanfarna daga verið haldin stórfengileg minningarhátíð, til að minnast þess, að nú eru liðin 300 ár síðan franski herforinginn mikli sté á land í Quebec og lagði fyrsta grundvöll þess, að Quebec borg stendur þar nú. Síðar varði hann staðinn fyrir hönd Frakklands móti brezkum herdeildum og féll þar. Gekk þá landið undir Breta og hefir verið svo síðan.

Orustan var háð á svonefndum Abrahams völlum, í efri hluta þess sem nú er Quebec borg. Vellir þessir eru stórir ummáls og er þar nú almennur skemtistaður Quebec búa. Landið hefir verið í eigu bæjarins, þar til nú, að það hefir verið afhent í eigin Canadaríkis, til mánningar um, að þar var háð sú orusta, er gaf Bretum umráð yfir landinu.

Það er liðinn nokkur tími síðan hugsjón sú vaknaði fyrst, að kaupa Abrahamsvellina af Quebecborg, og gefa þá svo til Canada. Engendingar skutu saman nær hálfri milión dollara í þessu augna miði, og Prinsinn af Wales, krónprins Breta, sem nú kom til Quebec til þess að vera viðstaddur þetta hátíðahald, afhenti borgarstjóranum nær hálfa milión dollara, samskotafé Breta, sem borgun fyrir vellina. Allmiklu fé hefir og verið safnað hér í Canada til undirbúnings hátíðahaldsins. Athöfn sú öll hefir verið næsta stórfengileg og kostnaðarsöm. Þar voru samankomnir erindrekar frá öllum fylkjum í Canada, varaforseti Bandarikjanna, mörg stórmenni frá Bretlandi og fjöldi gesta víðsvegar að.

Eitt af því, sem sýnt var á hátíð þessari, var landing Champlains á skipi sínu umkringdu af mesta fjölda barkarbáta, er skipaðir voru Indiánum. Skipshöfn hans öll og hermenn voru og þar sýndir, í búningum samkynja þeim sem þeir menn voru í, er lentu þar við strendurnar fyrir 300 árum, — eftir því, sem næst verður komist af sögulýsingum um þann atburð. Alt var gert eins náttúrlegt eins og canadisku mannviti var mögulegt, og svo er að heyra á fréttum af því, að það hafi alt tekist mjög vel.

Frakkland sendi eitt af herskipum sínum til þess að taka þátt í þessari minningarhátíð, og sýnir það bezt, hve tryggur er nú vinskapurinn með Bretum og Frökkum. Þetta er því markverðara, sem það er ljóst, að óbeinlínis er hátíð þessi einmitt haldin í minningu þess, að Frakkar biðu ósigur á Abrahams völlunum og urðu að láta Canada af hendi til Breta.

Bandaríkin sendu og eitt herskip til þess að taka þátt í þessu hátíðahaldi.

Í sambandi við hátíðahald þetta hefir Bretastjórn sæmt ýmsa Canadamenn heiðursmerkjum, þar með forsætisráðherra Ontario stjórnar, sem nú nefnist Sir James P. Whitney.

Þökk fyrir Geiteying.

Svífa enn úr suðurátt
Sansaðlysin fögur:
Sigurður Ísfeld drengjum dáðt
Dýrar kveður bögur.

Látprútt mál og laust við
prjál
Lýsir gáfna föngum.
Fjallablóm, og legri sál
Finn ég hér með öngum.

Aldir renna, ár og stund
Ævi slítur þingi, —
Flytur minni frjáls í lund
Frægum Geiteyingi.

Þegar sjálfur fellur frá,
Fjarar talan ára,
Skáld hans leggi leiðið á
Liljur, rós og smára.

K. Ásg. Benediktsson.

Úr bréfi.

Úr bréfi frá Steinbach, dags. 22. júli: "Ég álít viðeigandi, að segja þér álit manna hér á meðal Englendinga og þjóðverja á stjórnarbaráttu Íslands, sem er á þá leið, að Íslendingar ættu að skilja við Danmörku eins fljótt og það er mögulegt. Sá aðskilnaður yrði heiður fyrir Íslendinga um ókomnar aldir, en vanheiður að vanrækja nokkurt tækifæri til þess, að fá þessu framgengt. Um Skúla Thoroddsen segja þeir, að hann sé sjálfkjörinn forseti lýðveldisins, eða konungur, ef þjóðin kysi það heldur. Vel mælist það og fyrir hér, hve eindregið Vestur-Íslendingar fylgja sjálfstæðiskröfum þjóðar sinnar. Meðal annars fórust einum nágranna mínum þannig orð um þetta fyrir skömmu: "Verið þið eins og menn og skiljið við Dani, og þess minni þjóð, sem þið eruð, þess meiri verður frægð yðar". — Hvað mér sjálfum viðkemur, þá er það einleg löngun mín að Ísland verði frjálst. Að losa landið úr sambandsfjötrum Dana, virðist mér líkt og að leysa bróður úr fangelsi. Annars skal það játað, að Vestur-Íslendingar eiga örðugt afstöðu með áhrif á mál þetta, en miklu má þó afkasta, ef margir góðir menn leggjast á eitt. Það er eðlilegt, að ómentaðir menn dragi sig í hlé og óski, að aðrir betur hæfir standi í broddi fylkingar. En engum er samt varnað máls, og ég geri þá uppástungu, að sem flestir Vestur-Íslendingar skrifi hver heim í þá sveit á Íslandi, sem hann er kunnugastur í, og biðji íbúana þar og skori á þá, að fylgja Skúla Thoroddsen eindregið að málum við næstu kosningar þar heima. — Magnús Johnson".

KENNARA

vantar til Big Point skóla No. 962. Kensluttími 10 mánuðir. Byrjar 24 ágúst. Umsækjendur verða að hafa 2. eða 3. stigs kennarapróf, þeir táltæki kaup og um æfingu sem kennari.

Tilboðin sendist til undirritaðs, sem gefur allar upplýsingar.

Wild Oak P.O., 18. júli 1908.
Ingim. Ólafsson,

Kennara vantar

til Laufás skóla No. 1211, frá 15. september, 3 mánuði. Tilboð, sem tiltaki mentastig og æfingu ásamt kaupi er óskað er eftir, sendist til undirritaðs fyrir 25. ágúst.

BJARNI JÓHANNSSON,
30-7) Geysir, Man.

George G. LENNOX

Selur í heildsölu SKÓ, STÍGVÉL og YFIRSKÓ

150 Portage Ave. East, Winnipeg.

MARKET HOTEL

146 PRINCESS ST. á móti markaðnum

P. O'CONNELL, eigandi, WINNIPEG

Bezta tegundir af vínföngum og vindum, aðhlynning góð, húsið endurbætt

JOHN DUFF

PLUMBER, GAS AND STEAM FITTER

Allt verk vel vandað, og verðið rétt

662 Notre Dame Ave. Phone 3615 Winnipeg

Strathcona Hotel

Horni Main og Rupert Str. Nýbygt og ágætt gistihús; Gest um veitt öll þægindi með sanngjarnasta verði. Frí keyrsla til og frá öllum járnbr. stöðvum. Beztu vín og vindlar; og herbergi og máltíðar ágætar.

McLaren Brothers

EIGENDUR

Hotel Pacific

219 Market Street | H.M.Hicks Eigandi

Winnipeg - - - Manitoba

Telephone 1338

Nýr-endurbætt og Nýr-tízku hús í alla staði. Viðskifta yðar óskast virðingarfylst.

$1.25 a Dag



$1.50 Á DAG

Bezta $1.50 gistihús í Winnipeg

BRUNSWICK HOTEL

Horni Main St. og Rupert Ave.

Besta borðhald; Hrein og Björt Herbergi; Finustu Drykkir og Bestu Vindlar. Ókeypis Vagn mætir Öllum Trainlestum. Reynið oss þegar þú ert á ferð.

Ávarp

TIL ÍSLENDINGA HEIMA Á FRÓNI FRÁ ÍBÚUM NARROWS OG SIGLUNESSBYGÐA.

Kæru landar!!

Allir Íslendingar vestan hafs fylgja með sterkum áhuga tíðindum þeim, er nú eru að gerast heima á hinu kæra fósturlandi. Vér hugsum til þess með söknuði margir, að örlögin hafa fært oss fjarri fósturjörð vorri, svo vér get um ekki tekið beinan þátt í stríði því, er nú er háð um það hvort hin íslenzka þjóð sé réttur eigandi landsins sins, og hvort hún hafi rétt til að vera til sem sérstök þjóð, eða hvort hún eigi hér eftir að eins að vera grein af ráðríkri smáþjóð, sem vill hrifsa undir sig eignarrétt á Íslandi til þess að geta notað, sér í hag, auðsuppsprettur þess.

Sigur, eða ósigur, hinnar íslenzku þjóðar er nú undir því komin, hvort þjóðin fylgir þeim, er bezt halda fram rétti hennar við þingkosningar þær, er nú er verið að undirbúa heima á Íslandi, og fram eiga að fara 10. sept. næstk., eða hún lætur tælast af blíðmælum, eða gugnar fyrir hótunum ráðríkra hirðsnáka og skriðdýra þeirra, er þeim fylgja að málum,

Vér undirritaðir íbúar Narrows og Sigluness bygða, sendum bræðr um vorum og systrum heima á Íslandi hlýja kveðju og hugheila ósk um það, að hinn góði málstaður megi sigra, og skorum á alla góða Íslendinga, að fylkja sér nú undir það merki, er hin ógleymanlega frelsishetja vor, Jón Sigurðsson, hóf á loft. Látið nú herópið: "Vér mótmælum allir", bergmála um fjöll og dali Íslands. Skákið úr þingsætum þeim, er þér hafið ráð á, skræfum þeim, er lögðust flatir á fótskör danskra stórbokka í sambandslaga nefndánni, þegar þér trúðuð þeim fyrir yðar helgustu þjóðréttindum, eignarréttinum á landinu yðar, réttinum til að vera frjáls þjóð í frjálsu landi. Kjósið þá eina á þing, er þér vitið með vissu að hafa drengskap til að fella umsvifalaust vélráða frumvarp það, er nefnt er sambandslagafrumvarp. Fylkið yður nú í haldgóða fylking, og látið ei gamla flokkaskifting, eða flokksstöðu, glepja yður sýn. Hér er um einfalt mál að ræða, er engum stjórnvéla skýringum ætti að vera hægt að velja inn í. Spurningin er að eins: Hvort eiga Íslendingar Ísland, og hvort eiga þeir rétt til, að vera frjáls þjóð? Hrópið nú allir einum rómi, kjósendur Íslands: Vér krefjumst þess, að vera viðurkendir sem sjálfstæð þjóð, er eigum sjálfir landið vort, og landhelgina.

Vér Íslendingar, er byggjum þessar bygðir, erum allflestir kynjaðir úr norður og austurhluta Íslands. Vér beinum því sérstaklega máli voru til þeirra, er þann hluta Íslands byggja. Þér hafið jafnan verið talinn framgjarnasti og þrautseigasti hluti þjóðarinnar íslenzku. Látið nú sannast, að svo sé enn. Munið það, Austfirðingar, að forfeður yðar játuðust síðastir undir einveldið. Heill sé yður, að þér hafið nú fyrstir kveðið upp dauðadóminn yfir sambandslagafrumvarpinu! Norðlendingar, munið það, að Einar þveræringur var úr yðar landahlutá. VAR EYFIRÐINGUR. Rennið augunum aftur í tímann, til þjóðfundarins 1851. Þá voru það embættismennirnir yðar, Eggert Briem, Kristján Kristjánsson og séra Halldór Jónsson (sem þó var konungkjörinn þingmaður), sem börðust fyrir frelsi og rétti þjóðarinnar fremstir í fylking foringjans göfuga Jóns Sigurðssonar. Munið þá er Benedikt Kristjánsson, Einar í Nesi og Jón á Gautlöndum, er jafnan stóðu fremstir þegar stríðið var harðast. Látið ekki falla niður það merki, ekki deyja þá hugsjón, er þeir börðust fyrir. Hugsjónina: Alfrjáls þjóð í alfrjálsu landi. Hrindið burt úr öllum þeim trúnaðarstöðum, er þér hafið ráð á, öllum þeim, er safna saur á leiði yðar látnu höfðingja og vilja troða ofan í skarnið merki það er þeir vildu leggja líf og blóð í sölurnar fyrir.

Skúli Thoroddsen ritstjóri hefir nú reist drengilega þetta merki. Heill og heiður fylgi honum og störfum hans! Íslendingar, góðir bræður og systur! Fylkið yður fast undir þetta merki. Látið ekki blekkjast af gyllingum hirðgæðingannna. Gugnið ekki fyrir einkennisbúningum og embættishroka.

"Gætið þér, góðir menn, þess, að geyma mun nafn yðar Saga,
ef þér af alúð og trú
iðjið til farsældar lýð.
En sú hin fánýta fremd,
er þér fáið af titlum og krossum
tíðar það eldsmatur er,
ekkert hjá Sögu fékk rúm".

Skúli Thoroddsen hefir munað og skilið þessi látlausu orð föður sins. Munið þau og skiljið, breytið eftir þeim.

Það stara nú á yður augu allra manna, augu allra þjóða, þeirra er frelsi unna. Látið framkomu yðar verða hinni íslenzku þjóð til sæmdar.

Leggið öruggir út í stríðið. Standið fast í fylking. Hefjið upp herópið: Vér mótmælum allir vélráða frumvarpinu!

"Gæti hver sin, en guð yðar allra!"

Í umboði um 150 manna:
Á mannfundi að Narrows þann 14. júlí 1908.

Sigurgeir Pétursson,
María Jónsdóttir,
Gísli Jónsson,
Ragnheiður Gísladóttir,
Nikulás Snædal,
Páll Kjærnested,
Geirfinnur Sigurgeirsson,

Á mannfundi að Siglunesi þann 18. júlí 1908.

Pétur Jónsson,
Kristján Pétursson,
Jón Jónsson frá Sleðbrjót,
J. Kr. Jónasson,
St. Ó. Eiríksson,
Framar J. Eyfjörð,
Jón Methúsalemsson,
Steffanía Steffánsdóttir,
A. M. Freeman.

Móðurmálið.

(Talað til stúdenta á fundi 21. des. 1907.)

Aldarminning Jónasar Hallgrímssonar hefir vakið margan mann til umhugsunar um íslenzka tungu.

Sveinn lögmaður Sölvason segir svo í formálabum að bók sinni "Tyro juris":

"Þar næst meðkenni eg, að hér finnast ógjarnan gömul gullaldarorð, sem nú eru komen úr Móði, og að eg þarímót hefe stundum hiálpast við þau orð, sem dregenn eður samsett eru af Dönskunni, hvað eg helld eingen spiöll ..... og so sem vor Eine í flestum Greinum dependera af þeim Dönsku; því má þá ecke einnen vort Tungumál vera sömu Forlögum undirorped".

Þessi eymdarorð bárust mönnum til eyrna á ofanverðri átjándu öld.

Þjóðin var dauð úr öllum æðum; hún hafði glatað trúnni á mátt sinn og megin; þá var það talið líklegast til árama, að herma eftir erlendri þjóð, semja sig að hennar siðum, tala hennar tungu.

Slík niðurníðsla móðurmálsins ber órækan vott um þjóðarhnignun, um lítilmensku, heigulskap og vesaldóm.

En erum við þá, sem nú lifum, sýknir saka? Er móðurmálið okkar hafið til fulls upp úr niðurníðslu undanfarinna alda?

Líklega halda flestir að svo sé.

Og það er satt, að ritmálið hefir tekið algerðum stakkaskiptum síðan daga Sveins lögmanns. Það hefir kastað útlenda, danska og latneska hamnum. Það hefir eins og losnað úr álögum, og þá lausn þökkum við ýmsum ágætismönnum, sem voru uppi á öndverðri 19. öld, þeim Sveinbirni Egilssyni, Konráði Gíslasyni, Jónasi Hallgrímssyni o. fl. Íslenzkan hafði til allrar hamingju átt sér öruggt fylgsni undir tungurótum alþýðannar. Þess vegna var henni þá viðhjálpandi. Þessir menn leiddu hana út úr felunum og settu hana í hásæti bókmenntanna. Við unnum Jónasi mest, af því hann hefir manna bezt leitt í ljós, að nútiðarmálið, eins og það lifði og lifir enn á vörum alþýðunnar, er svo fjölskrúðugt, lipurt og hljómfagurt ef rykið er hrist af, að því má með réttu skipa við hlið forntungannar og í flokk merkustu tungumála heimsins.

Jónas Hallgrímsson var upprisa og líf íslenzkrar tungu.

"En hvað er þá orðið okkar starf" síðan hann og félagar hans hnigu til moldar?

"Höfum við gengið til góðs götuna", sem þeir vísuðu oss á?

Höfum við unnið, svo um muni, að viðreisn og þroska móðurmálsins?

Nei. Það er meinið. Við höfum ekkert gert.

Enn er flest lært á danskar bækur í helzta almenna mentaskóla landsins. Enn tala flestir kennarar dönskublending við lærisveina sína. Enn er engin orðabók til yfir núðarmálið í heild sinni, engin orðbeygingafræði, engin orðskipunarfræði, engin orðsköpunarfræði, alls engar nýtar kennslubækur til að kenna móðurmálið. Móðurmálskenslan er þess vegna lítils virði, eða einskis, í flestum menningarskólum landsins. Henni er haldið uppi fyrir síðasakir, rétt til málamyndar, eins og einhverri hálfóþarfri aukagetu.

Það er satt, að málið hefir auðgast undanfarinn mannsaldur, því hafa fæst mörg hý orð, sem lengur er í. En mér hefir þó dengst í það af útlendum orðskriplum. Farið og talið við verzlunarmenn. Þeir hafa dönsk orð í annari hvorri setningu, sem þeim hrýtur af vörum. Sama er að segja um sjómenn og iðnaðarmenn Allir eru þeir dönskukotnir. En verstir eru þó mentamennirnir. Þeir gera sér að visu flestir eitthvert far um, að rita málið stórlýtalaust, en þeir tala það manna verst. Tal þeirra er mest mengað dönskum orðum og setningum.

Uppi í sveitum er enn töluð góð íslenzka. En þar fækkar heldur fólkinu. Því fjölgar í kaupstöðunum. Þeim fækkar óðum, sem tala íslenzku, þeim fjölgar óðum, sem tala dönskublending.

Sveitamenn tala íslenzku, af því að þeir hafa ekki heyrt annað mál, ekki lært annað. En þeir virða flestir málið einskis. Þeim þykir fræmi í því, að kunna fáein erlend orð og hafa þau jafnan á lofti, vita oftast ekki hvað þau merkja, en halda þau hljóti að tákna eitthvað markvert, af því þau eru útlend. Það er t. d. altalað um eitt hérað, að þar séu allir vitmenn kallaðir "idiótar".

Unga fólkið fylkist úr sveitunum hingað í bæinn til vetursetu, piltarnir til að læra tungumál — erlend mál, stúlkurnar til að "ganga á verksteð" eða læra "mat arlagningu". Og alt lærir það að tala dönskublending.

Reykjavík er brugðið um spillingu. Eina spillingin, sem að kveður, það er spilling móðurmálsins. En hana nefnir enginn, og hún berst óðfluga út yfir landið eins og bráðnæm sótt.

Þetta blendingsmál kaupstaðanna stikar skessuskrefum yfir bygð manna. Eftir fáar aldir verður það komið inn í afdali, bygðina á enda, þjóðina á enda. Þá mun hún dauð, þessi fagra tunga feðra vorra, hún, sem er móðir allra norrænna mála og fegurst þeirra allra. Þá munu niðjar okkar tala og rita eitthvert hrognamál, eitthvað á borð við Færeyjamálið.

Því segi ég það:

Íslenzk tunga er á glötunarvegi.

Málið er, að spillast á vörum þjóðarinnar. En ef því heldur áfram, þá hlýtur ritmálið einnig að spillast, er tímar líða, og alt að glatast.

Það er eins og enginn viti af þessum voða, því líkast, sem við séum allir úti á þekju, blindir og heyrnarlausir.

Við höfum oft orð á því, að Íslendingar í Vesturheimi séu að glata móðurmáli sínu. Við gerum gys að þeim, þegar þeir segjast "krossa strituna", en sjálfir "spáserum við á fortóinu". Við sjáum ensku flisarnar vestan hafs, en eygjum ekki dönsku bjálkana heima fyrir.

Nú munu menn vilja skella skuldinni á Dani, kenna þeim um það, að íslenzkan enn í dag "dependerar" af dönskunni.

En það er röng sakargift.

Það er gamall og ljótur saður hér á landi, að kenna sambands-

(Framh. á bls. 4.)

Hinir ágætlegustu — og þar með hinir vinsælustu — verzlunarmenn auglýsa í Heimskringlu.

—The— Criterion Hotel

McDermott Ave.

Nýtt, vandað gistihús með ágæt herbergi, vönduðustu drykkjir og fínustu vindlar.

Vinsælt meðal Íslendinga. Er beint á móti Tribune byggingunni á McDermott Avenue.

MORICE NOKES

EIGANDI

Woodbine Hotel

Stærsta Billiard Hall í Norðvesturlandinu

Tíu Pool-borð.—Alskonar vín og vindlar.

Lennon & Hebb,

Eigendur.

SPÓNNÝTT HÓTEL

ALGERLEGA NÝTÍZKU

Hotel Majestic

John McDonald,

eigandi.

James St. West, Rétt vestan við Main St.

Winnipeg Telefón 4979

$1.50 á dag og þar yfir

Bandaríkja-snið

Alt sem hér er um hönd haft er af beztu tegund. Reynið oss.

MIDLAND HOTEL

255 Market St. Phone 3491

Nýtt hús, nýr húsbúnaður Fullar byrgðir af allskonar vönduðustu drykkjum og vindlum í hressingarstofunni. Gisting einn dollar á dag og þar yfir.

W. G. GOULD :: FRED. D. PETERS,

Eigendur

WINNIPEG ::: ::: CANADA

Jimmy's HOTEL

Rétt á bak við Pósthúsið

Íslendingar ættu að reyna þetta gistihús. Í hressingarstofunni er sá eini íslenzki vínveitingamaður í Winnipeg.

James Thorpe,

eigandi

Fyrrum eigandi Jimmy's Restaurant

Henni talheyrði með réttu herragarðurinn Brooklands. Þó hann fyrir sitt leyti kærði sig ekkert um nafn og eignir, átti hann ekkert með að svifta dóttur sína lögmætum arfi hennar. Svo lagðist hann veikur, og hann bjóst við, að hann mundi deyja. Þá sendi hann boð eftir mér.

"'Ég ligg fyrir dauðanum, hershöfðingi', mælti hann, 'og þá lítur maður öðruvísi á hlutina en áður. Ég hefi ekkert hirt um arf minn, og ég hefi líka gert rétt í því, en við dauða minn erfir Aðalheiður eigur minar. Ég eftirlæt henni ekkert hér, en hún skal erfa Brooklands. Hún er réttmætur eigandi þess. Ég get ekki dáið frá henni sem eignalausri, þegar hún er þó löglegur eigandi að jafnmiklum eignum'.

"'Þér breytið alveg rétt í því', sagði ég.

"'Þegar ég er dáinn', hætti hann við, 'þá farið með hana til Englands, til Desmonds bróður míns, sem, við dauða minn verður í raun og veru Caren lávarður. Segið honum það, sem ég hefi haldið leyndu. Segið honum einnig, að ef ég hefði ekkert barn átt, þá hefði ég aldrei gert tilkall til arfs míns, en ég geti ekki vitað dóttur mína sem fátækan betlara. Segið honum líka, að á meðan hann lifir eigi hann að skoða Brooklands sem sína eign, en þegar hann deyr, þá erfi Aðalheiður en ekki Allan eignina. — Tak þessi skjöl: giftingarvottorð mitt, vottorð um dauða konu minnar og fæðingu Aðalheiðar, og erfðaskrá mína'.

"Hann lagði þau í hönd mér, og ég var hjá honum, þegar hann dó, og svo tók ég Aðalheiði að mér.

Takið nú vel eftir, Caren lávarður. Ég fór með Aðalheiði, hinn rétta erfingja Brooklands, með mér til Englands. — Ég get ekki borið á móti því, að föður yðar fella þetta ekki illa. Hann hafði alt af álitið yður sem erfingja sinn. Honum þótti innilega

vænt um yður og hann var stoltur af yður. Allar hans vonir voru tengdar við yður. Hann hlýddi með þolinmæði á mig, en sagði svo:

"'Þetta er hart, hershöfðingi. Aldrei nokkurntíma hefir nokkur maður staðið þannig að vígi. Þegar ég dey, verður sonur minn að vísu lávarður Caren, en hann eignast ekki Brooklands'.

"Þér verðið að safna peningum handa honum, sagði ég. Leggið vissa upphæð fyrir, hvert ár, þá getur það með tímanum orðið lagleg eign. Það er ósk og vilji bróður yðar, að þér búið á Brookland meðan þér lifið, en Aðalheiður — ekki Allan — tekur við því eftir dauða yðar, sem réttmætur eigandi þess.

"Það hefði verið betra, hefði Jasper sagt mér þetta fyr', sagði hann. 'Þetta verður þungt slag fyrir son minn, og hann er þó svo vel gefinn og fallegur drengur. Hann hefir verið alinn upp sem erfingi Brooklands. Hvernig á ég að geta sagt honum þetta?'

"'Látið börnin alast upp saman', sagði ég. Að öllum líkindum giftast þau svo hvort öðru, og þá kemur það fyrir eitt, hver á Brookland'.

"Þessi orð, sem ég talaði út í bláinn, sýnast þó að hafa fest rætur hjá föður yðar. Þér vitið svo, hvernig hann notaði það.

"Orlof mitt frá herþjónustunni var mjög stutt, og ég varð að fara strax aftur til Indlands. Ég fór og stóð í þeirri trú, að Desmond Caren myndi gera skyldu sína gagnvart Aðalheiði. Hann skrifaði mér við og við. Hann sagði mér alt af, hvernig Aðalheiði liði, hvað hún lærði og um fegurð hennar, og mér — þótti svo vænt um litlu stúlkuna.

"Svo dó hann, og seinna heyrði ég talað um giftingu ykkar. Mér þótti innilega vænt um að heyra það, svo eignin gengi ekki úr ættinni. En ég

var alt af hræddur um, að Aðalheiður hefði á einhvern hátt fórnað sér, — átt yður án þess að hún elskaði yður. Ég gat ekki verið rólegur, fyr en ég hafði með mínum eigin augum séð það.

"Ég kom til að vita, hvort hún væri hamingjusöm. En hvað finn ég? Hún hefir verið rænd arfi sínum. Hún hefir fórnfært sér fyrir Desmond Caren, sem þó allur heimurinn álítur heiðursmann".

"Hættið!" hrópaði Lady Aðalheiður. "Þér dæmið of hart. Desmond lávarður var alt af mjög góður og umhyggjusamur við mig, alveg eins og bezti faðir".

"Hann rændi yður þó því, sem yður bar með réttu", æpti hershöfðinginn.

"Nei", sagði Lady Aðalheiður. "Er ekki Brookland heimili mitt? Ég hefi vitað alt þetta í mörg ár, en ég skyldi heldur hafa dáið, en segja frá því. Hver var ég? Átti ég að taka frá Allan arf hans? Átti ég að leiða yfir hann smán, auðmýkja hann, þegar ég vildi svo gjarnan láta lifið fyrir hann? Sú ánægjusamasta stund, sem ég hefi lifað á æfi minni var, þegar ég fann, að ég gat borið alt þetta fyrir hann".

"Þér eruð of heimskulega viðkvæm kona", sagði hershöfðinginn. "Ég hefi ekki enn þá hitt fyrir þá konu, er hefði fulla hugmynd um, hvað réttlæti er. Hvað hafa tilfinningarnar að gera inneð þá spurningu, sem viðkemur rétti og réttdæmi. Mér þótti undarlegt, þegar ég kom til Englands, að heyra þetta ekki nefnt á nafn. En svo hélt ég, að úr því þið höfðuð giftst, þá hefði það aldrei verið gert opinbert, hvort ykkar átti Brooklands upphaflega. Ekki datt mér í hug, að því væri haldið leyndu fyrir annari aðalpersónunni, er hér átti hlut að máli".

LXX. KAPÍTULI.

Málróminn hershöfðingjans varð æ lægri og lægri, þar til seinast hann endaði í lágri hvísla. Svo varð dálítil hreyfing meðal áheyrenda hans. Caren lávarður hafði hlustað á sögu þessa, eins og hún væri dauðadómur hans. Hið karlmannlega andlit hans var orðið fölt sem nár. Það var eins og margra ára reynsla hefði genguð yfir hann. Það var hálfgerður kvíði í augnaráði hans, þegar hershöfðinginn að síðustu þagnaði. Hann ætlaði að tala, en kom engu orði upp. Hann herti sig samt eins og hann gat, og sagði svo:

"Ég er enginn þjófur, hershöfðingi, og hefi ekkert um alt þetta vitað. Ég er eins og eyðilagður maður. — Ég hélt, að faðir minn hefði verið hinn mesti heiðursmaður, og ég trúði eins statt og stöðugt á hann eins og ég trúi á guð".

Hann var ungur og sterkbygður maður, en á meðan hann sagði þetta, runnu tár niður kinnar hans og varir hans skulfu.

Lady Aðalheiður gekk til hans. Hún lagði handlegginn um háls hans, — fyrsta ástaratlotið, sem hún hafði nokkru sinni sýnt honum.

"Allan, kæri maðurinn minn, taktu þér þetta ekki svona nærri. Ég þekki svo vel, hve göfugur og góður þú ert, og ég vildi heldur hafa farið héðan og aldrei séð þig framar, en að þú fengir að vita þetta, — elskan min. Það stendur alveg á sama, hvort okkar átti Brooklands upprunalega. Nú eigum við bæði þessa eign. Þetta var eini veggurinn, sem var á milli okkar. Nú, þegar þú veizt alt, sendir þú

Hvað er svo Gott

sem nýtt, ferskt kjöt? Hvað er betra að borða en gott kjöt? Og hvar fæst það betur útilátið en einmitt hjá oss. Telefónið oss eina pöntun og reynið

C. G. JOHNSON,
KJÖTSALI
Horni Ellice og Langside. Tel.: 2831.

Giftingaleyfisbrjef
selur Kr. Ásg. Benediktsson,
477 Beverley St. Winnipeg.

WINNIPEG Business College
FÉKK FYRSTU VERÐLAUN Á SAINT LOUIS SÝNINGUNNI.
Cor. Portage Ave and Fort St.
Kennir Bókhald, Vélritun, Símritun, Býr undir Stjórnþjónustu o. fl. Kveld og dag kensla. Sérstök tilsögn veitt einstaklega. Starfshögunar-skrá frí.

Drs. Ekern & Marsden,
Sérfræðislæknar í Eftirfylgjandi greinum: — Augnasjúkdómum, Eyrnasjúkdómum, Nasasjúkdóm um og Kverkasjúkdómum. : : :
Í Plaxky Byggingunni í Bænum
Grand Forks, :: N. Dak.

Cancer Cure.
R. D. EVANS, sem fann upp hið víðfræga lyf til lækninga
krabbameinum
óskar að allir sem nú þjást af krabbameinum, skrifi sér. 2. daga notkun meðalsins, læknar útvortis eða innvortis krabbamein. Skrifið strax til R. D. Evans, Brandon, Man. 27-8-8

Skrifið yður fyrir Heimskringlu, svo að þér getið ætíð fylgst með málum Íslendinga hér og heima.

Heimskringla þarf að fá 300 nýja kaupendur á þessu ári Hún óskar þessvegna að allir góðir menn og konur vildu gerast kaupendur þess sem allra fyrst. Nýjir kaupendur sem borga fyrirfram, fá 2 sögur gefins, og 5 sögur úr að velja. Hvað sýnist yður? Hkr. þakkar kaupendum sínum innilega fyrir liðin viðskifti, og vonar að geta þóknast þeim í framtíðinni eins og á liðinni tíð — og betur.

þjóð okkar um flest okkar sjálfsköpuðu víti.

Spilling móðurmálsins er sjálfskapað víti.

Það er auðvitað, að hver smáþjóð verður að leita sér mentunar í bókmentir hinna stærri þjóða og læra af þeim ýmsa vinnu. Og það er auðsætt, að tungu smáþjóðanna hlýtur jafnan að vera hætta búin af slíkum mökum, ef engrar varúðar er gætt.

Við höfum verið varúðarlausir. Það er meinið.

Við höfum átt mest viðskifti og mentamök við Dani, þess vegna er íslenzkan orðin dönskuskotin. Ef við hefðum í þess stað og jafnlengi átt mök við Þjóðverja eða Englendinga, þá mundum við vafalaust vera orðnir hálfþýzkir í tali eða ensk ir.

Þetta alt bjó mér í hug á aldarafmæli Jónasar Hallgrímssonar. Þess vegna vakti ég máls á því þá í kveldveizlunni, að stúdentafélagið ætti ekki að láta staðar numið við eirlíki Jónasar, það ætti að reisa þessum mesta ritsnilling þjóðarinnar á nútíðarmál lifandi minnisvarða, taka aldarafmæli hans til þess, að vekja nýja, sílifandi, máttuga viðleitni í þá átt, að vernda móðurmálið og auka fegurð þess og orðgnótt í ræðu og riti.

Það var tillaga mín og er enn, að stofnað sé eins konar félag í þessu skyni. Það sé skipað 12 mönnum, eða 18, ef fært þykir. Hugsa ég mér, að stúdentafélagið nefni til fyrstu mennina og nefni þá, sem færa stir eru í móðurmálinu og fúsastir að vinna því gagn. En upp frá því kjósi þessir málvarnarmenn, ef svo má segja, sjálfir í skarðið, þá er einhver deyr félagsmanna.

Við köllum beztu skáldin þjóðskáld. Við getum eins kallað beztu höfundana þjóðhöfunda. Þeir og þeir einir ættu að fá rúm í þessum flokki, sem í það og það sinni eru taldir ritfærastir og bezt að sér í málinu.

Það á að vera sómi, er tímar líða, mikill sómi, að eiga sæti með þessum mönnum. Og allir ungir efnismenn meðal mentamannanna, munu þá gera sér far um, að tala og rita sem bezt — til þess að geta komist í tölu þjóðhöfundanna. Eða: vilja ekki öll skáld verða þjóðskáld?

Hins vegar ber að heimta af þessum mönnum, þessu félagi, hvað sem það yrði nú kallað, að þeir vinni móðurmálinu alt það gagn, sem þeir geta. Þeir eiga sjálfir að semja, eða gangast fyrir því, að samdar séu góðar kenslubækur til að kenna ungum mönnum móðurmálið. Þeir eiga að vinna að því, að útrýma, sem mest má verða, útlendum kenslubókum úr skólunum, en fá í þeirra stað íslenzkar kenslubækur. Þeir eiga að gera sér alt far um, að reka á flótta allan þann urmul af útlendum orðum og setningum, sem nú eru á reiki í daglegu tali — og þeir eiga að ganga berserksgang.

Meðal annara þjóða er enginn talinn með mentuðum mönnum, sem ekki talar móðurmál sitt lýtalaust. Því eiga þessir málvarnarmenn að koma til leiðar, smátt og smátt, að enginn Íslendingur sé heitinn mentaður maður, ef hann talar ekki íslenzku lýtalaust. Í einu orði sagt: þetta félag á að verða máttarstoð íslenzkrar menningar.

Þótt ótrúlegt megi virðast, hefi ég heyrt utan að mér, að ekki muni verða til 12 menn, því síður fleiri, er séu fúsir og færir til slíks starfs.

Ég trúi því ekki.

Ég þekki fullmarga menn, sem óefað eru færir til að hefja þessa veglegu baráttu. Sjálfur ér ég ólær, veit ég vel, og vil spara öðrum þá fyrirhöfn, að segja mér það.

Þó gagnar ekki ærleikurinn, ef viljann vantar.

En haldið þið í alvöru, að engir 12 menn séu til, eða 18, meðal ritfærastu manna þjóðarinnar, er séu fúsir til, að vinna móðurmálinu það gagn, sem tillagan fer fram á — rétt til að byrja verkið.

Ég skil ekki það vantraust.

Mér finst alt benda til þess, að þjóðin sé nú að taka sinnaskiftum, henni sé að eflast trú á mátt sinn og megin. En þeirri trú mun vafalaust fylgja nýr vilji og aukinn áhugi á heill lands og lýðs.

Sannast að segja: það ætti að kenna hverju barni að skynja og skilja, að auðna þjóðarinnar er undir því komin, að hver kynslóð láti sér sem allra annast um þjóðararfinn, svo að hver maður hirði enn meira um arf þjóðarinnar en um eigur sínar, meti meir heill heildarinnar, en hagsmuni sína, enda lif sitt, ef því er að skifta.

En þjóðararfurinn er tvískiftur.

Landið — það er föðurarfur þjóðarinnar. Málið er móðurarfurinn.

Þetta tvent höfum við fengið að erfðum, og við eigum að vernda það og skila því óskertu, helzt fegruðu og bættu í hendur komandi kynslóðar.

Við eigum að yrkja tún og akra, þar sem nú eru móar og mýrar. Við eigum að brúa allar torfærur. Við eigum að klæða hlíðarnar skógi. Og við eigum að standa þverir gegn því, að útlendingar fái eignarráð yfir nokkrum skika. — Þessi ásetningur er nú, sem betur fer, á hvers manns vörum.

En við eigum líka að hafa allan hug á því, að vernda íslenzka tungu, móðurarf þjóðarinnar.

Og þar er hættan miklu meiri. Þó að landið fari í órækt, getur komandi kynslóð ræktað það aftur. Þó að útlendingar klófesti jarðeignir, má kaupa þær aftur. En ef móðurmálið fer í órækt, ef það visnar á vörum þjóðarinnar, þá á það enga viðreisnar von, — lítið til Færeyja og Noregs.

Ég hefi nú lýst tillögu minni. Nú sel ég félaginu málið í hendur. Ég veit, að það er þá í góðum höndum. Hvað sem í móti blæs, er ég þess fulltrúa, að þetta félag muni aldrei gleyma því, að hér er um að ræða merkasta mál þjóðarinnar, hennar móðurmál.

G. BJÖRNSSON.

Stúdentafélagið fól nefnd manna að íhuga þessa tillögu. Eftir ræsilega íhugun og umræður á mörgum fundum, samþyktu stúdentar á fundi þriðjudaginn 10. marz, að fela 6 mönnum að koma á fót sjálfstæðu félagi til verndar móðurmálinu. En þeir sex menn eru enn ókosnir. Stofnuskrá hins nýja félags skyldi vera lík því, sem um hafði verið talað í fyrstu, en félagatala ótakmörkuð, þó svo, að jafnan væru innan félagsins 18 manna flokkur, starfandi manna, og skyldi þeir einir skipa nýjan mann í annaðhvort autt sæti í þeim flokk, en annaðhvort sæti skyldi skipa svo, að aðalfundur félagsins nefndi til 3 menn og tæki starfsflokkurinn einn þeirra. Hér er ekki rúm til að gera nánari grein fyrir þessu félagsáformi.

18. marz 1608. G.B.
(Skýrnir).

DÁNARFREGN.

Þann 29. júní sl. andaðist að heimili sínu í Foam Lake bygð merkisbóndinn GUTTORMUR SIGURÐSSON. Hann var hniginn mjög að aldri og heilsan biluð. Banamein hans var brjóstveiki.

Guttormur heitinn var fæddur þann 24. febrúar 1837, að Geitagerði í Norðurmúlasýslu. Foreldrar hans voru þau Sigurður Pálsson og Þorbjörg Jónsdóttir. Átti hann kyn sitt að telja til margra hinna beztu ætta austanlands.

Árið 1860 þann 7. okt. gekk hann að eiga heitmey sína Ólöfu Sölvadóttir Einarssonar frá Hrappsgerði, og voru þau hjón nær því 48 ár í hjónabandi. Guttormur reisti fyrst bú að Hrappsgerði, og fluttist þaðan eftir nokkur ár að Höfða í Suðurmúlasýslu. Þaðan færði hann bú sitt aftur að Fossvöllum í Jökulsárhlíð, en síðustu 5 árin á Íslandi bjuggu þau hjón á Galtastöðum í Hróarstungum, og fluttu þaðan vestur hingað sumarið 1885.

Settust þau þá að fyrst í ísl. bygðinni í Dakota, og bjuggu tæpar 2 milur austaustur frá Hallson. Árið 1896 fluttist Guttormur aftur með fólk sitt austur til Minnesota ríkis, til hinnar svonefndu Roseau nýlendu, en er Íslendingar tóku sig þaðan upp 1903, fór hann vestur til Saskatchewan til hinnar þá nýmynduðu Foam Lake bygðar, og andaðist þar eins og áður er sagt.

Jarðarför hans fór fram þann 3. þ.m., að viðstöddum fjölda manns og töluðu yfir líkinu séra Einar Vigfússon frá Desjamýri og Dr. Sig. Júl. Jóhannesson. Guttormur var jarðsettur á heimajörð sinni, og hvíldu þar fyrir tveir ættingjar hans.

Í fáum orðum verður Guttormi Sigurðssyni ekki lýst. Hann var alla daga vinsæll maður, fastur í lund, karlmenni og mannskapsmaður, og þó átti hann ekki lund með öllum. Hann var frjáls í skoðunum, djarfur og hreinlyndur, vinur vina og fyrirmenni, mátti þar ætíð mann sjá þar sem hann var. Meðan heilsa hans leyfði, tók hann þátt í bygðamálum, og var þar jafnan hreinn og heill, en fast sótti hann það, sem hugur hans bauð honum og heyktist ekki við, þó einhverjir væri móti.

Dagsverk hans verður ekki talið hér, en skarð er höggvið í landnámsmanna hóp vorn við burtför hans, og það mikið.

Hann eftirlætur 6 börn, 2 dætur, báðar giftar, og býr önnur heima á Íslandi, en hin (Þorbjörg) vestur við haf. Synir hans (4) Hallgrímur, Sigurður, Þórarinn og Jón, búa vestur í Foam Lake.

Hans er sárt saknað af vinum og vandamönnum, því við burtför hans er brottkallaður góður dreng ur og sannur Íslendingur.

Friður guðs sé með minningu hans, ættmennum og gröf!

Vinur frá landnámstíð.

Sendið Heimskringlu til vina yðar á Íslandi.

Til fullkomnustu tryggingar. Vátryggið fasteignir yðar hjá The
St. Paul Fire & Marine Ins. Co.
Eignir félags. eru yfir 5 millión dollars. Skaðabætur borgaðar af San Francisco eldinum 1½ mill. SKULI HANSSON & CO., 35 Tribune Bldg., Phone 6478, eru sérstakir umboðsmenn.
E. S. Miller Limited
Aðal umboðsmenn
PHONE 2088 219 McINTYRE BLK.

T. L.
Heitir sá vindill sem allir reykja. "Hversvegna?", af því hann er það besta sem menn geta reykt. Íslendingar! munið eftir að biðja um T. L.
(UNION MADE)
Western Cigar Factory
Thomas Lee, eigandi Winnipeg

Redwood Lager og Extra Porter
Styrkið taugarnar með því að drekka eitt staup af öðrum hvorum þessum ágæta heimilis bjór, á undan hverri máltíð. — Reynið !!
EDWARD L. DREWRY Manufacturer & Importer Winnipeg, Canada.

Department of Agriculture and Immigration.

MANITOBA

Þetta fylki hefir 41,169,089 ekrur lands, 6,019,209 ekrur eru vötn, sem veita landinu raka til akuryrkjuþarfa. Þess vegna höfum vér jafnan nægan raka til uppskeru tryggingar.

Ennþá eru 25 miljónir ekrur óteknar, sem fá má með heimilisrétti eða kaupum.

Íbúatala árið 1901 var 255,211, nú er hún orðin 400,000 manns, hefir nálega tvöfaldast á 7 árum.

Íbúatala Winnipeg borgar árið 1901 var 42,240, en nú um 115 þúsundir, hefir meir en tvöfaldast á 7 árum.

Flutningstæki eru nú sem næst fullkomin, 3516 mílur járnbrauta eru í fylkinu, sem allar liggja út frá Winnipeg. Þrjár þverlandsbrauta lestir fara daglega frá Winnipeg, og innan fárra mánaða verða þær 5 talsins, þegar Grand Trunk Pacific og Canadian Northern bætast við.

Framför fylkisins er sjáanleg hvar sem litið er. Þér ættuð að taka þar bólfestu. Ekkert annað land getur sýnt sama vöxt á sama tímabili.

TIL FERDAMANNA:

Farið ekki framhjá Winnipeg, án þess að grensl ast um stjórn ar og járnbrautarlönd til sölu, og útvega yður fullkomnar upplýsingar um heimilisréttarlönd og fjárgróða möguleika.

R. P. ROBLIN,
Stjórnarformaður og Akuryrkjumála-Ráðgjafi.
Skrifið eftir upplýsingum til
Joseph Burke, 178 LOGAN AVE., WINNIPEG.
Jas. Hartney, 77 YORK ST., TORONTO.

mig ekki burt frá þér, elskan mín. Nú skulum við bæði verða hamingjusöm".

Caren lávarður sagði ekkert, en virti þegjandi fyrir sér hið undurfagra andlit, er laut að honum.

"Ég get ekki afborið það", stundi hann upp eftir nokkra stund. "Faðir minn rændi þig því, sem þér með réttu bar, og ég hefi tekið við ránsfenu. Ég hefði heldur viljað deyja en vita þetta".

Nú gekk Lady Caren til sonar sins. "Allan, þó allur heimurinn áfelli föður þinn", sagði hún djarflega, "skalt þú ekki með einu einasta orði gera það. Þú verður að minnast þess, að hann framdi afbrot þetta af eintómri umhyggju fyrir þér, og að það styttti lífdaga hans".

"Eins og það nú hefir eyðilagt líf mitt", sagði sonur hennar.

"Hvernig vildi þetta til, Lady Caren?" spurði nú hershöfðinginn.

"Guð varðveiti mig frá, að áfella hann en afsaka mig", svaraði hún, "en ég vissi ekkert um þetta fyr en hann lá banaleguna, þá sagði hann mér það. Ég man eftir því, að þegar hershöfðinginn kom með Aðalheiði til okkar, sagði hann mér, að hún væri dóttir einhvers bezta vinar sins, sem á banasænginni hefði beðið hann fyrir hana. Annað vissi ég ekki, fyr en hann svo lagðist banaleguna, þá var hann næstum frá sér af samvizkubiti. Þó hafði hann í erfðaskrá sinni gengið svo frá, að Aðalheiður biði engan skaða. Hann gerði boð eftir Aðalheiði og mér, og sagði okkur alla söguna, og sárbændi okkur, að segja Allan aldrei frá því.

"Ég gat ekki gert son minn arflausan', sagði hann, er hann bað okkur um fyrirgefningu. Ég beið og beið með, að segja honum þetta, og svo loksins gat ég með engu móti sagt honum það. Ég hélt líka, að alt færi vel, ef hann giftist Aðalheiði'.

Hann tók um hönd mína og leit á mig deyjandi bænaraugum:

"'Lofaðu mér því, kæra konan mín, að segja Allan aldrei frá þessu. Hann þarf ekkert um þetta að vita. — Honum þykir svo vænt um mig, og hann ber svo mikið traust til mín. Ég vil ekki, að hann komist að þessu, — ég er viss um, að ég hvíli ekki rólegur í gröf minni, ef hann kemst að því'. — Hann sagði mér í hve miklu stríði hann hefði átt við sjálfan sig, — ástin til sonar hans annars vegar, hins vegar meðvitundin um, hvað rétt var. En svo hélt hann, að hann hefði komið því vel fyrir. Því, sjáðu Allan, hefðir þú ekki átt Aðalheiði, þá var allur arfurinn hennar. Ó, sonur minn, — sonur minn, talaðu ekki illa um föður þinn, áfeldu hann ekki, því hann syndgaði af eintómri ást til þín!"

Lávarðurinn lyfti móður sinni upp, tók hana í fang sér og sagði: "Kæra móðir mín, hversu þunga byrði hefir þú ekki mátt bera, og þó ertu jafn saklaus af þessu og ég er. Ég fæ ekki séð, að þú þurfir að ásaka þig hið minsta".

"Ég er ekkert að hugsa um sjálfa mig. Allan, — ég er einungis að hugsa um manninn minn sáluga, föður þinn. Ó, hvað ég elskaði hann heitt. Hann var að þessu einu undanskildu, svo hetðarlegur og góður maður! Ég þoli ekki að hugsa um það. — Ég er viss um, að hann drýgði synd þessa af ást til þín. Honum þótti svo mikið til þín koma. Og ef þú vildir tala hlýlega um hann, þá gæti ég betur borið sorg mína".

Allan lávarður átti í miklu stríði við sjálfan sig. Hann hataði alt, sem óheiðarlegt var, og umhugsunin um það, að faðir hans hafði gert sig sekan í þessu var það batrasta, er fyrir hann hafði komið. Hann hafði ávalt verið svo stoltur af föður sínum, — hann hafði elskað og heiðrað minningu hans. Nú gat

hann það ekki lengur. Þó var það, eins og móðir hans sagði, gert hans vegna. Hann leit á hið sorgmædda andlit móður sinnar og sárkendi í brjósti um hana. Svo laut hann niður að henni: "Láttu upp mamma. Ég loka þér, að tala aldrei illa um föður minn. Það er eins og þú segir, hann hefir látið blindast af umhyggju fyrir mér. Ég bæði játa það og trúi því. Ég skal aldrei tala um þetta, og reyna að gleyma því, að eins ef þú vilt verða ánægð aftur og reyna að brosa".

"Þú hefir ávalt verið óvanalega gott barn", sagði vesalings Lady Caren. "Mér hefir ávalt þótt mjög vænt um þig, og ég skal nú reyna að verða ánægð aftur".

"Það var ekki meining mín, að koma neinu illu af stað", sagði nú hershöfðinginn. "Mér fellur alt þetta mjög illa. Samt álít ég rétt, að þér fengið að vita þetta, Allan".

"Ég er yður mjög þakklátur fyrir það", svaraði Allan lávarður stran, "annars hefði ég aldrei fengið að vita, hve góða og göfuglynda konu ég á. En nú skal sannleikurinn verða leiddur í ljós. Ekki einn einasta dag lengur vil ég vera í hinni fölsku stöðu minni. Allir skulu fá að vita, að Aðalheiður var erfingi Brooklands, og hvernig öllu var háttað".

"Nú snéri Lady Caren sér aftur að syni sínum:

"Hvernig getur þú gert það, Allan, án þess að fólk fái að vita um, hvað faðir þinn gerði?"

"Ég veit það ekki, mamma, en þú mátt vera fullviss um, að ég í framtíðinni að eins skal koma fram eins og ég í raun og veru er".

"Ég get ekki séð, að neina nauðsyn beri til, að gera það kunnugt nú", sagði hershöfðinginn. "Því rettlætinu hefir nú verið fullnægt, og Aðalheiður er eigandi Brooklands með fullum rétti. Lady Caren, fylgið ráði mínu. Við skulum bæði fara út og láta

unga fólkið gera út um málefni sín í einrúmi. Komið þér með mér. Ég er hræddur um, að ég sé nokkuð bráðlyndur maður. Það var ekki meining mín eða tilgangur, að hryggja neinn. En sannleikurinn varð að koma í ljós. Hugsið nú ekkert meira um þetta. Aðalheiður bætir úr því öllu saman. Hún er sú bezta og skynsamasta kona, sem finst undir sólunni.

LXXI. KAPÍTULI.

Lady Aðalheiður stóð grafkyr eftir að hershöfðinginn og Lady Caren gengu út úr herberginu. Gat ekki skeð, að hún væri að hugsa um, að hún nýlega hafði sýnt manni sínum þau fyrstu ástaratlot, sem hún nokkru sinni hafði veitt honum, og hún eins og hálf blygðaðist sín fyrir það? Jú, það var einmitt um það. Hún hugsaði nú að eins um það.

"Honum finst líklega ég vera ókvenleg og fráhrindandi", hugsaði hún, "en ég hugsaði að eins um, hvað hugga hann, og fá hann til að gleyma þessu".

Hún stalst til að líta á hann, til að sjá, hvort hann væri reiður við sig. Hún varð að líta til jarðar undan augnaráði hans, því í því fólst meira af auðmýkt og tilbeiðslu, en ást. Hún hafði aldrei séð hann horfa þannig á sig áður. — Hann gekk nú til hennar.

"Aðalheiður", sagði hann, "fyrst og fremst verðið þú nú að segja mér, hvort ég er vakandi eða sofandi".

"Þú ert glaðvakandi, Allan," svaraði hún og brosti feimnislega.

2. Arlega Afslattar Sala

Í Matvöru-deildinni.

Föstudag, 31. Júlí, og Laugardag, 1. Ágúst, seljum við þannig :—

20 pd. Raspaður sykur og 1 kanna Baking Powder 25c, fyrir $1.25
11 pd. bezta grænt kaffi fyrir 1.00
10 stykki Golden West þvottasápa, fyrir ... 0.25
12 stykki Castile Handsápa fyrir ... 0.25
6 pd. Grænsápa, áður 30c nú að eins fyrir ... 0.18
4 pd. beztu Rúsinur, fyrir ... 0.25
Tomatoes, 3 pd. könnur, áður 15c, nú að eins ... 0.11
Blueberries, 2 pd. könnur, áður 15c, nú 3 fyrir ... 0.25
Strawberries, 2 pd. könnur, áður 25c, nú 2 fyrir ... 0.35
Pine Apples (sliced), áður 20c nú 2 fyrir ... 0.25
4 pakkar Stíkelsi, áður 10c hv., nú 4 pakkar fyrir ... 0.25
Síróp, Edwardsburg, 10 pd. könnur, áður 65c, nú ... 0.45
Síróp, Edwardsburg, 20 pd. könnur, áður $1.20, nú ... 0.80
Pickles, Prime Mixed, áður 25c, á meðan endist að eins ... 0.16
French Sardines, áður 15c, nú 3 fyrir ... 0.25
Toilet Paper, allar tegundir, 5 pakkar fyrir ... 0.25
Gólfsópar, áður 25c, nú aðeins 0.15
Fataburstar, áður 15—25c, nú 0.10
"Scrub"-burstar, áður 15—25c, nú hver ... 0.10
Clothes Baskets, áður 65—75c —85 hvert, nú aðeins hv. 0.50

Hardvöru- og Granite-vöru-deildin.

Waldron þvottavélar, álitnar þær beztu, áður $7.50, nú ... 5.75
Þvottavindur, sterkar og vel úr garði gerðar, áðr $3.50, nú 1.95
Þvotta-"Boilers" úr Galvanized Iron, áður $1.25, nú aðeins 0.95
Þvottabretti, vel gerð og varanleg áður seld 25c, nú að eins 0.16

10c aðeins.

Komið og veljið úr Granite-vöru á 10c borðunum. Þar fæst margt nytsamlegt : Könnur, Ausur, Pottar, Vaskaföt o.fl. — alt með einu verði ... 0.10

97 stykkja Dinner Sets, mjög vönduð, vanav. $7.25, nú 4.35

Ferðatöskur.

Vanaverð $9.00, nú fyrir ... $5.25
Vanaverð $6.50, nú fyrir ... $4.75

Ferðakistur.

Trunks, vanal. $6.50, nú fyrir $5.00
Trunks, vanal. $5.75, nú fyrir $4.45
Trunks, vanal. 5.25, nú fyrir $3.75
Trunks, vanal. $2.50, nú fyrir $1.95

HJÁ

THE VOPNI--SIGURDSON LTD.

Tvö ár eru nú liðin frá því verzlan vor byrjaði, og viðskifti vor hafa aukist með hverjum mánuði. — Þökkum við það stefnu vorri frá því fyrsta: að kaupa aðeins beztu vörutegundir en selja þó með lægsta verði, og með þeirri stefnu efst á dagskrá, byrjum vér þRIÐJA ÁRIÐ.

Sýnishorn af því er hin

STÓRKOSTLEGA AFSLÁTTAR-SALA

FÖSTUDAG OG LAUGARDAG Í þessari VIKU, 31. JÚLÍ OG 1. ÁGÚST.

TAKIÐ EFTIR – Að þessi mikla Afsláttar-sala stendur yfir aðeins TVO DAGA. Sendið pantanir yðar tímanlega.

Í Skófatnaðar deildinni.

Kven-Oxford leður skór, mórauðir reimaðir, breiðsólaðir, með 'Military hælum, allar stærðir, vanalegt verð $2.50 og $3.50, nú ... **$1.75**

Kven Blucher Gljáleður Skór með 'Dull Kid' toppum, gerðir á breiðum leistum. Stærðir 2½—7. Vanaverð $3.75 til $4.00 og 4.50, nú ... **$2.85**

Kven Blucher Gljáleður Ökla-Skór reimaðir, 'Goodyear' saumaðir sólar, 'Dull Kid' toppar, Cuban hælar. Vanal. $2.50—$3.25, nú fyrir ... **$2.00**

Karlmanna Hvítir Segldúks Ökla-Skór, reimaðir, lágir og háir, með tálöppum og miðsólum. Nú fyrir ... **$1.75**

Karlmanna Gljáleður Skór úr fola-aldaleðri, reimaðir, með 'Military' hælum og breiðum sólum. Vanaverð $5.00 til $6.00. Nú ... **$3.65**

Karlmanna Mórauðir Box Calf Skór, reimaðir, 'Goodyear' saumaðir sólar, nýmóðins. Virði $5—$6. Nú ... **$3.65**

Karlmanna Finir Kid Skór, gerðir á E.E. leistum, sérlega þægilegir. Vanaverð $2.50 og 3.00. Náðursettir í ... **$1.95**

Drengja Box Calf Skór, Blucher og Bals, stærðir 1 til 5. Vanalega $2.25 og $2.50. Nú ... **$1.75**

50 pör af Stúlkna Rand-Skóm, — mórauðir og svartir, reimaðir,— Vanaverð $1.50 til $2.00. Náðursett í ... **75c.**

75 pör Unglinga Geitaskinns Skór, hæptir og reimaðir háskór, — svartir eða dökkmórauðir. Stærðir 3—7. Söluverð ... **75c.**

Vér höfum kjörkaupaborð, sem sér stakt aðdráttarafl hafa fyrir gætna kaupendur. Þegar vér höfum selt eina skótegund svo, að vér eigum að eins 2—3 pör eftir af henni, þá fara þau á kjörkaupaborðið, hvort sem það eru karlmanna-, kven- eða barnaskór. Á morgun hlöðum vér á kjörkaupaborðin. Þá kostar hvert par þar að eins ... **95c.**

100 pör af Barna Strop Slippers, svartir eða gulir. Stærðir 3—10½. Vanaverð 85c til $1.25. Nú fyrir ... **50c.**

35 pör af kvenna Brunels og Dongola Skóm, lágir, Stærðir 3—7 ... **50c.**

BEZTA SPÆNSK SKÓSVERTA, áður 10c dósin, nú fyrir ... 5c
BLACK BEAUTY SHOE DRESSING, áður flaskan 25c, nú 15c

THE **VOPNI-SIGURDSON** LTD Cor. Ellice & Langside Talsimar: 768 og 2898

Sambandsmálið að fornu og nýju.

Eftir *Halldór Jónsson*,
Hensel, N. Dak.

Það mun tæplega dyljast nokkrum Íslendingi, sem alvarlega hugsar um hag lands síns og þjóðar, að bræður vorir heima á Fróni, eða betri hluti þeirra, heyir sem stendur þýðingarmikla baráttu fyrir framtíðar velferð og frelsi þjóðar vorrar.

Hátt mun, ef til vill, almenningi hér vestra síður kunnugt, hvaða nauðsyn knýr betri hluta þjóðarinnar til þess að krefjast skjótra umbóta á stjórnarfari ættlands vors, — á hvaða réttar grundvelli þessi betri hluti byggir kröfur sínar og hvaða afleiðingar væntanlegar breytingar á stjórnarfari landsins muni hafa í för með sér. En í þeirri von, að þetta skýrist að nokkru, og til þess, að verða við óskum þeirra manna, sem þrá frekari upplýsinga í þessu einkarmikilsvarðandi máli, en lesendum Vesturheims íslenzku blaðanna hefir gefist kostur á til þessa, hygst ég (með leyfi ritstjóra þessa blaðs) að skrifa nokkur orð um íslenzkar stjórnmálahorfur "nú á dögum". Það málefni, sem hefir verið hið þyngsta áhyggjuefni allra þjóðrækinna Íslendinga, um langan tíma.

Ég skal þá í fyrsta lagi benda á hina núverandi réttarstöðu landsins, og í því sambandi minnast á helztu viðburði í stjórnarfarslegri sögu þess, frá því það fyrst komst undir konungsstjórn til þessa dags, svo að mönnum gefist kostur á, að sjá með eigin augum réttarstöðu landsins, sem er grundvöllurinn fyrir sjálfstjórnarkröfum þjóðarinnar.

Svo sem flestum mun kunnugt, játuðust Íslendingar undir yfirráð Noregs konungs árið 1262, eftir margra ára styrjöld, og flokkadráttur hafði næstum því gjöreytt göfugustu og valdamestu ættum landsins og kröftum og þreki þjóðarinnar.

Hinn þáverandi Noregs konungur, Hákon Hákonarson hinn gamli, átti mikinn og ódrengilegan þátt í þessum innanlands óeyndu, og flestum þeim mörgu og argilegu óhappaverkum, sem unnen voru á þessum róstutíma. Enda var það samkvæmt vilja hans og vitund, að göfugustu menn landsins bárust á banaspjótum til þess að svifta þjóðina forustu þeirra og veikja mótstöðuþrek hennar, svo honum veitti hægra að kúga hana til þess, að selja frelsi sitt í harðstjórnar hendur konunganna.

Þó er það engan veginn svo að skilja, að forfeður vorir gengju konungdómnum skilyrðislaust á vald. Þvert á móti var uppgjöf þeirra bundin skýrum, ákveðnum samningi, og í honum áskyldu þeir sér þýðingarmikil landsréttindi, og bundu hollustu sína við konung því skilyrði, að þeir fengju að njóta þeirra réttinda í friði.

Við sáttmálsgerð þessa, er það fyrst til athugunar, að þar var gerður upp samningur milli tveggja fullveðja málsaðila (Íslands og konungs), og var því ekki hægt að breyta honum á löglegan hátt, nema með frjálsu samþykki beggja.

Þessi samningur var grundvallarlög, sem konungur og þegnar skuldbundu sig til að hlíta í öllum atriðum. Í þessum grundvallarlögum eða sáttmála, var konungsvaldinu sett skýr og ákveðin takmörk og skýrt og skorinort ákveðið, að ef konungur nokkurntíma reyndi að yfirstíga þau takmörk, skyldi samningurinn upphafinn, og þjóðin vera laus allra mála við hann.

Jafnframt því, sem ég í fáum orðum minnist á aðaleini þessa samnings, sem síðar var kallaður gamli-sáttmáli, skulum vér athuga, hversu þau konungsorð voru efnd, sem eftir innihaldi hans viðurkendu þjóðernisrétt og að mestu sjálfstjórnarrétt þjóðarinnar. Fyrsta grein sáttmálans er á þessa leið :

"Vér viljum gjalda konungi skatt og þingfararkaup, sem lögbók vottar, og alla þegnskyldu, svo framt sem haldið er við oss það móta var játað skattinum".

Með þessu er vel og skilmerkilega tekið fram, hvaða skatta og skyldur konungur gæti heimtað af þjóðinni, en þó er jafnframt svo tilskilið, að ef hann haldi ekki loforð sín, skuli hún vera undanþegin allri fjárgreiðslu til hans.

Mönnum hefir talist svo til, að löglegar tekjur konungs af landinu hafi verið 22 þúsund krónur, en brátt var krafist meiri fjárframlaga frá Íslendingum. Til dæmis var Álfur úr Króki, hirðmaður Hákonar konungs háleggs, tvisvar sendur út til Íslands til þess að heimta ýmsar skyldur og gjöld af landinu, sem hvergi voru lög fyrir. Landsmenn ráku hann að visu af höndum sér, og lengi fyrst fengu þeir vísað kröfum konungs á bug, og í mörg ár hin fyrstu af konungssstjórnar tímabilinu, héldu þeir því einbeittlega fram, að þeir skyldu ekki önnur fjárframlög hafa en þau, sem ákveðin voru í gamla sáttmála. En eftir því, sem lengur liðu fram á þetta tímabil, þvarr mótstöðuþrek þjóðarinnar, og eftir því gekk konunginum betur, að koma vilja sínum í framkvæmd. Til dæmis treystust landsmenn ekki, að þverneita fjárbeiðslu Margrétar drotningar árið 1392.

Enginn konungur hefir verið jafn djarftækur á fjármuni Íslendinga eins og Kristján III. Danakonungur. Þegar síðabótin var lögleidd, sló hann eign sinni á alla fjármuni katólsku kirkjunnar, en það var mikið fé, því hún hafði lagt mjög stund á, að afla fjár. Hann lét ennfremur dæma sér eignir þeirra manna, sem sekir voru gerðir fyrir mótspyrnu sína við hinn nýja sið. Það var einnig mikið fé, því það voru margir af auðugustu mönnum landsins. Alt sam an var þetta athæfi konungs að visu hin mesta lögleysa, en landsbúa skorti bæði afl og djörfung til þess, að vernda réttindi sín, en bænum þeirra og umkvörtunum var enginn gaumur gefinn.

Önnur grein gamla sáttmálans hljóðar svo :

"Utanstefnur skulum við engar hafa, utan þeir menn, sem dæmdir verða af vorum mönnum, á alþingi, burt af landinu".

Þetta er mjög þýðingarmikið samnings atriði, því nánar athugað inniheldur það skýlausa viðurkenning konungs fyrir því, að dómsvaldið skuli jafnan vera í höndum landsbúa sjálfra.

En skamma stund nutu þeir þessara réttinda, því konungur rauf loforð sín og eða eigi síður í þessum efnum en öðrum. Til dæmis stefndi konungur Jörundi Hólabyskupi utan árið 1264. En einna tíðastar urðu þó þessar utanstefnur um og eftir að síðabótin var lögleidd árið 1541. En örfá dæmi af mörgum nægja sem sönnun á lögbrotum konungs gegn þessu samnings atriði. Árið 1540 boðaði konungur Jón byskup Arason og syni hans á sinn fund, til þess að dæma þá fyrir óhlýðni við konungsboð, er honum varð það ljóst, að þeir voru andvígir hinum nýja sið, og dæmdi þá útlæga úr öllu sínu ríki, þegar þeir reyndust ófúsir til þess, að hlýða utanstefnu hans. Hann lét einnig taka Ögmund byskup Pálsson og flytja utan, og hélt hann sem fanga til dauðadags fyrir engar sakir.

Eftir því, sem konungsvaldið gerðist fastara í sæti, traðkaði það því meir á lögum og réttindum þjóðarinnar, og er stundir liðu fram, var svo að sjá, sem konungur teldi sig hafa óskoruð völd til þess að dæma mál manna, og skipa til um alla hluti eftir engin geðþótta, þrátt fyrir skýlausa mótsögn gömla sáttmálans í þessu efni. Slíkt var að visu hin mesta ósvífni og gerræði, en hvorki hafði þjóðin afl til þess, að reka réttar síns, né málsvaramenn, sem gætu verið hennar merkisberar í frelsisvörn hennar móti konunga kúgun og áþján.

Þriðja grein gamla sáttmálans er um það, að sýslumenn skuli vera íslenzkir að þjóðerni, "af þeim ættum, er að fornu hafa goðorðin uppgefið".

Bráðlega rauf konungur einnig þetta samnings atriði, og skipaði þessi embætti dönskum og norskum mönnum, — mönnunum, sem hvorki skyldu né töluðu tungu þjóðarinnar, mönnum, sem hvorki vildu né gátu skilið tálfinningar hennar né þarfir. En allir tömdu þeir sér sömu störf, þegar út til Íslands var komið, — nefnilega, að efla konungsvaldið og auðga sjálfa sig. Þeir gerðu jafnvel út leiðangra til þess, að reka og stela fjármunum manna. Til dæmis voru tveir hirðstjórar konungs, Smiður Andrésson og Jón Skráveifa, drepnir í slíkri ránsferð árið 1632.

Getur maður annars hugsað sér hörmulegra stjórnarfar en þetta? Embættismenn ríkisins, sem vegna stöðu sinnar voru skyldir að vernda líf og eignir einstaklingsins og gæta þess, að lögum og rétti væri fylgt, fóru á hendur skjólstæðinga sinna með ránum og gripdeildum. Að visu kom það alloft fyrir, að landsmenn risu örðugir gegn yfirgangi konungsmanna, og hefndu sín enda grimmilega á þeim. En mótstaða þeirra var oftast litið meira en stundar reiði, sem eyðist og gleymist eftir að hafa fengið augnabliks framrás. Enda stoðaði það litið, þótt nokkrir danskir embættismenn væru drepnir eða reknir úr landi, því jafnan komu aðrir í staðinn, sem oftast voru hinum fyrri litið betri.

Í fjórðu grein gamla sáttmálans skuldbindur konungur sig til þess, að láta eigi færri en sex kaupskip ganga til landsins á árí, forfallalaust. Eigi voru þessi loforð efnd fremur en önnur, því annálar geta þess, að eitt sumar hafi ekkert skip komið til landsins.

Eigi var það síður lögbrot, þegar Kristján fjórði Danakonungur seldi íbúum nokkurra borga í ríki sínu verzlun landsins á leigu, og hót með því hina illræmdu einokunarverzlun, hina verstu plágu, sem nokkurntíma hefir þjáð vora óhamingjusömu þjóð.

Annars er einokunar verzlunin svo ljóst dæmi upp á yfirgang og ósvífni Dana, að ég get ekki látið hjá líða, að skrifa fárra orða lýsing um hana, — hún ein, þó öllum öðrum sönnunargögnum væri slept, er nægileg til að sýna oss það og sanna, að konungsstjórnin, meðan hún naut fullveldis á Íslandi, var ómannúðleg gjörræðisstjórn, sem hvorki bar virðingu fyrir lögum og rétti þjóðarinnar, né meðaumkvun fyrir neyð hennar og einstæðingsskap.

Einokunar verzlunin byrjaði með því, að Kristján fjórði seldi nokkurum kaupmönnum einkaleyfi til allrar verzlunar við Ísland árið 1662. Nokkru síðar var landinu skift niður í kaupheruð, og íbúum hvers þeirra gert að skyldu, að verzla við þann kaupmann einungis, sem einkaleyfið hafði til allrar verzlunar í hans héraði.

Það má nærri geta, að þessir dönsku kaupmenn, sem þannig voru gerðir einvaldir yfir allri verzlun hver í sínu héraði, hafi ekki gert sér mikið far um, að sýna viðskiftamönnum sínum kurteisi né sanngirni í kaupum og sölum, ekki var að óttast samkepnina.

Það voru að visu settar ýmsar reglur, til þess að fyrirbyggja yfirgang kaupmanna, en oftast veitti þeim létt, að komast hjá að fylgja slíkum tilskipunum, þar sem við fátæka, kjarklausa alþýðu var að eiga, sem hvergi hafði sér skjóls að leita, nema hjá hinum dönsku embættismönnum, sem oftast voru kaupmönnum hliðhollir. Meðal annars áttu kaupmenn ávalt að hafa nóg af óskemdri nauðsynjavöru, en annálar þessa tíma og önnur skilríki sýna oss, að oft var skortur á henni, svo að menn liðu hungur og jafnvel dóu af því. Enda má óhætt telja hina hrylllegu hungursneyð, sem oftar en einu sinni æddi yfir landið á þessu tímabili, eins og óhemjandi, banvænt drepsótt, beinlinis fóstraða í skauti einokunar verzlunarinnar. Oft var matvara svo skemd, að fólk sýktist og dó af því að neyta hennar. Nokkrar auðmjúkar bænarskrár voru sendar til konungs, þess efnis, að hann allra mildilegast líti á neyð þjóðarinnar og létti af henni þessari plágu, en jafnvel neyðaróp hins margþjáða deyjandi lýðs voru smáð og fyrirlitin. Og eina breytingin, sem gerð var á einokunar verzluninni, var sú, að ársleiga fyrir þetta verzlunar einkaleyfi var hækkuð talsvert, en kaupmenn voru jafnframt gerðir skaðlausir með því, að ákvæðisverð á útlendum vörum, sem þeir seldu landsmönnum, var fært upp ekki all litið.

Fimta grein gamla sáttmálans hljóðar svo :

"Konungur skal láta ossná friði og íslenzkum lögum, eftir því sem lögbók vottar og hann hefir boðið í sínum bréfum".

Engin grein gamla sáttmálans er í eðli sínu þýðingarmeiri né nauðsynlegri en þessi, og engin hefir verið jafnoft brotin sem hún.

(Framhald).

Merkileg sönnun fyrir ódauðleik sálarinnar.

Merkur borgari, Mr. L. White, í Boston hefir sent helztu spiritistablöðum í Evrópu, þar á meðal hinu fræga blaði "Light" í Lundúnum, frásögu þá, er hér fylgir :

"Áður en ég tók mér ferð á hendur austur til Englands, sagði mér "máðill" nokkur í Boston, að merkileg sönnunarvisbending (test proof) mundi bíða mín á Englandi. Ég dvaldi 4 mánuði um kyrt á Englandi, og kom víða, einkum í Lundúnum, þar sem tálraunir spiritista fóru fram. En engin sú visbending, sem spáð hafði verið fyrir um, var mér gefin. Síðast dvaldi ég nokkra daga í Liverpool. Þar frétti ég, að maður nokkur, vel "skygn" gerði tilraunir og byði almenningi að sjá og heyra. Hann birti engar sýnir, heldur lýsti þeim verum, er birtust honum, og bar svör í milli þeirra og ýmsra karla og kvenna, sem við voru staddir. Óðara varð miðillinn mín var, og fór að skýra mér frá ýmsum hlutum, sem mér komu við. Stóð það alt vel heima. En svo sagði hann : "Ég á að gefa yður sönnunar-visbendingu, sem yður var lofuð, áður en þér fóruð ferð yðar, visbendingu frá andaheiminum". Síðan gaf hann mér nákvæma lýsingu af móður minni, sem látin er fyrir þremur árum síðan.

Ég skal geta þess, að móðir mín sáluga var spiritísti, og að hún fékk mér lokað umslag, áður en hún dó og bað mig að geyma það og opna aldrei fyr en einhver miðill skoraði á mig að opna bréfið. Nú þegar miðillinn var búinn að lýsa móður minni, bætti hann þessu við : "Frúin móðir yðar segir mér að geta þess, að áður en hún hafi dáið, hafi hún ritað nokkuð á seðil og lokað hann í umslagi. Þér hafið á yður bréfið". Ég játaði því. Þá mælti miðillinn : "Hún biður mér að tilkynna yður þessi orð : "Ég hefi nú eínt heitorð það, sem ég gaf þér áður en ég dó, Louise. Það er satt : ég er lifandi, og hefi eínt loforðið. Móðir þín". Þá spurði miðillinn mig, hvort ég kannaðist við þessi orð frá móður minni. Ég gat hvorki játað því né neitað, því ég hafði ekki opnað bréfið, og beið þess, að miðillinn skoraði á mig að gera það, eins og móðir mín hafði fyrir mig lagt.

Þá sagði miðillinn, að mín andlega vinkona rétti út báðar hendur, og virtist mér það vera visbending um, að ég skyldi opna bréfið. Óðara en ég gerði það, og sá, hvað á seðlinum stóð, varð ég yfirkominn af undrun, því orðin, sem mér voru kunngerð af miðlinum, voru nákvæmlega samhljóða þeim orðum, sem mín ástkæra móðir hafði skrifað á seðilinn.

Fyrir þessa fögru og óygjandi prófsönnun á ég að þakka miðlinum J. B. Jones í Liverpool.

Óðara en ég kem heim, mun ég ekki láta hjáliða, að gera þennan atburð hvervetna heyrin-kunnan; skýrslu þessa sendi ég nú þegar blaðinu "Light".

Ég og Mr. Jones höfum aldrei áður sést." M.J. þýddi.

(Norðurland).

FINNIÐ MANNINN.

Hver sá, sem kann að vita um núverandi heimilisfang og áritun Fúsa Olson, er beðinn að senda upplýsingu um það til Heimskringlu.

Fúsi Olson fór frá Winnipeg í október mánuði árið 1902, þá 20 ára gamall. Hann fór til Vancouver, og dvaldi þar um hríð. Síðan fór hann til Gold Bottom, og vann þar hjá námamanni í meira en 2 ár, en sumarið 1906 fór hann lengra norður, áleiðis til Yukon, og bjóst við að verða þar í 2 ár. Síðan hefir ekki frézt til hans.

Hver, sem kann að vita um mann þennan, er vinsamlega beðinn að tilkynna það Mrs. Elínu Bratildsson, 752 Beverly St., Winnipeg, eða til Heimskringlu.

Winnipeg Fréttir

Þess var getið í síðasta blaði, að "Unga Ísland" í Reykjavík hefði gefið Íslendingadeginum hér í Winnipeg íslenzkan fána. Nú er fáni sá kominn hingað, nýr og fagur, 12 feta langur og 8 feta breiður.

Íslendingadagsnefndin þakkar innilega þessa snotru gjöf, sem mun hafa kostað gefendurna 25 krónur, auk flutningsgjalds hingað vestur. Flagg þetta verður dregið á stöng í River Park á Íslendingadaginn.

Þann 21. þ.m. gaf séra Jón Bjarnason saman í hjónaband þau séra Björn B. Johnson, hinn nýkjörna forseta lúterska kirkjufélagsins íslenzka og ungfrú Ingiríði Johnson hér í bæ. Vígslan fór fram í fyrstu lútersku kirkjunni kl. 7.30 að kveldi. Að henni loknni héldu brúðhjónin vestur til Portage la Prairie. Innilegustu lukkuóskir hinna mörgu vina beggja brúðhjónanna fylgja þeim á ókörnum æfivegi.

Í síðasta blaði var getið um einn íslenzkan pilt, er tekið hefði verðlaun hér á iðnaðarsýningunni, fyrir skrifborð, er hann hefði smíð að. Þá vissum vér ekki af fleirum. En síðan höfum vér fengið vitneskju um, að úr öllum barnaskólum í þessum bæ, voru valdir 8 piltar þeir er bezta smíðs hæfileika höfðu sýnt, og smíðisgripir þeirra sýndir hér á sýningunni. — Af þessum 8 piltum voru 5 Íslendingar, 2 þjóðverjar og 1 canadiskur. Og svo er oss sagt, að minsta kosti 4 af Íslendingunum hafi hlotið verðlaun. Blaðið Free Press nefnir Harald Anderson, Leif Sumarliðason, Björn Brynjólfsson og Einar Brynjólfsson. Blaðið lætur mjög vel af Brynjólfssons piltunum og segir undravert, hve vandað verk þeirra hafi verið. Það var og alment orð á því meðal sýningargesta, að íslenzkir piltar sýndu miklu meiri smíðs hæfileika og vandvirkni, heldur en aðrir piltar, sem ganga hér á skólana.

Jóhann Austmann, sem skotinn var í fótinn fyrir nokkru síðan, liggur enn í sárum á sjúkrahúsi bæjarins. Læknarnir héldu, að ekki mundi saka, að láta kúlunna vera, en sú varð raun á, að sárið greri ekki, og varð að skera eftir kúlunni, sem var inni í miðju beini um öklalið. Haldið er, að pilturinn verði jafngóður, þó er óvíst enn, nema öklaliður verði stirður.

Allmargt af ungbörnum er nú daglega að týnast frá heimilum sínum hér í borg. Foreldrar ættu að hafa alvarlegar gætur á því, að börn þeirra ekki ráfi um stræti borgarinnar í gæsluleysi.

Málfundur mikill var á ný haldinn hér í borginni á mánudagskveldið var, til þess að ræða um frelsisbaráttu Íslands. Þar var samþykt með öllum atkvæðum gegn tveimur að aðhyllast og samþykkja nefndarálit það, sem samþykt var á almenna málfundinum í Good Templara húsinu 20. þ.m.

Robert lávarður, sem um þessar mundir er viðstaddur hátíðahaldið mikla í Quebec, er væntanlegur hingað til Winnipeg þann 10. ágnæstk. Hann er einn af helztu herforingjum Breta, og síðan hann kom vestur um haf, hefir hann fengið tilboð um, að koma í ýmsar borgir hér í landi og þiggja sæmdarviðtökur íbúanna.

Til fróðleiks þeim, er láta sér ant um íþróttir meðal Íslendinga vestan hafs, setjum vér hér nöfn þeirra kvenna, sem á Íslendingadaginn í River Park á mánudaginn kemur, ætla að leika knattleik til þess að keppa um peningaverðlaun. Nöfn kvennanna í "Viking" félaginu eru:

Dísa Einarsson,
Louise Gislason,
Svava Henderson,
Laura Haldorson,
Emily Haldorson,
Minnie Johnson,
Una Vopni,
Ethel Johnson,
Sarah Vopni.

Nöfn kvennanna í "I.A.C." félaginu eru:

Marin Olson (Captain),
Margrét Eggertsson,
Salome Ólafsson,
Laufey Davidson,
Margrét Goodman,
Maria Freeman,
Carolina Thorgeirsson,
Rúna Finnsson,
Kristín Bergman.

Feikna hítar daglega hér í borg síðan Hkr. kom út síðast, — nær 100 stigum í skugga daglega um nónbilið.

Herra Árni Sigurðsson, frá Kristnes P.O., Sask., var hér á sýningunni fyrir nokkrum dögum. Hann sagði góða líðan fólks þar vestra yfirleitt, grasár mikið og frjóa akra. Þar kvað hann samankomna á sveði því, sem Íslendingar byggja frá 7 til 8 hundruð bænda ur, sem komið hafa úr öllum áttum, austan, sunnan, norðan og vestan, og sumir enda beint frá Íslandi, og alls séu þar þrisvar til fjórum sinnum fleiri Íslendingar saman komnir, heldur en í nokkurri annari íslenzkri nýlendu eða bygð vestan hafs. Hann kvaðst hyggja, að Saskatchewan fylkið yrði aðalstöð íslenzks landnáms í Ameriku.

Næsta föstudagskveld verður em bættismanna kosning í st. Heklu.

Þann 14. þ.m. varð Mrs. J. Jóhannsson, Brú P.O., Man., fyrir þeirri sáru sorg, að missa einkabarn þeirra hjóna, Hermann, rúmlega ársgamlan. Banamein hans var tæring, sjúkdómur sá, er dró föður hans til bana fáum vikum áður.

Gleymið ekki að lesa auglýsingu Skúla Hansson & Co. beggja megin við nafnið á þessu blaði. Þar eru góð lönd boðin til sölu fyrir mjög lágt verð.

Lesendur eru mintir á, að lesa kennara auglýsingu frá Big Point skóla hér í blaðinu. Það er um árskenslu að ræð. Skólinn er góður, nemendur góðir og bygðarfólkið alt viðfeldið. Heimskringla mælir fram með því, að einhver hæfur kennari íslenzkur sinni þessu atvinnuboði.

Herra Sigursteinn Oddson kom til bæjarins í síðustu viku, eftir langa dvöl frá heimili sínu að Swan Creek í Álptavatnsbygð. Hann leit að öllu vel út og kvaðst hyggja á að stunda uppskeru og þreskingarvinnu í fylkinu í sumar og haust.

Þrumuveður allmikið kom hér í fylkinu á föstudagskveldið var, 17. þ.m., og varð það tveimur mönnum að bana í Elkhorn og einum í Killarney þorpi. Gripir féllu og í óveðri þessu, en ekki er getið um, að skemdir hafi orðið á ökrum bænda.

Í Heimskringlu dags. 16. þ.m. var þess getið, að Thordur Johnson í Minetonas bæ í Manitoba hafi búið þar um 25 ára tíma. Þetta áttí að vera "tveggja ára tíma". — Lesendur eru beðnir að athuga þetta.

Úr bréfi frá Prince Albert, dags. 21. þ.m.: "Annað slagið eru menn að koma hingað til bæjarins frá nýlendunni hér norður frá. Óvíst er þar enn um gulltekju, en mikið er þar áreiðanlega um kopar og silfur. En þangað er langur vegur og illur héðan — um 250 mílur, en þó eru menn einatt að fara þangað norður.

Það er eitthvað, sem allar konur varðar, í auglýsingu þeirra CLEMENS, ÁRNASON og PÁLMASON á 1. bls.

TANTALLON, SASK.
25. júlí 1908.

Herra ritstj. Hkr.

Á miðvikudagskveldi þann 22. þ.m. héldu Íslendingar í Vatnsdalsbygð íjölmennan fund í félagshúsi sínu.

Fundurinn samþykti í einu hl. aðgerðir og tillögur Winnipegnefndarinnar í sambandi við sjálfstæðisbaráttu Austur Íslendinga. Þer gerið svo vel og ljáið þessu rúm í blaði yðar.

J. H. Anderson.

Friðrik Sveinsson

málar auglýsingaskilti (Signs) af öllum tegundum, leiktjöld og myndir o.s.frv. Áritun 618 Agnes Street.

F. Deluca

Verzlar með matvöru, aldini, smá-kökur, alskonar sætindi, mjólk og rjóma, sönul. tóbak og vindla. Óskar viðskifta Íslend. Heitt kaffi eða te á öllum tímum. Fón 7756

Tvær búðir:
587 Notre Dame og 714 Maryland St.

The Dominion Bank

NOTRE DAME Ave. BRANCH Cor. Nena St.

Vér seljum peningaávísanir borganlegar á Íslandi og öðrum lönd.

Alskonar bankastörf af hendi leyst

SPARISJÓDS-DEILDIN

tekur $1.00 innlag og yfir og gefur hezta gildandi vexti, sem leggjast við innstæðufé á sínum á ári, 30. júní, 30. sept. 31. desembr og 31. march.

Rakarabúð.

EF þér þarfnist hárskurðar eða rakstars, þá munið eftir hinni nýju RAKARASTOFU ÞÓRARINS JÓNSSONAR

641 Sargent Ave.
Winnipeg.

Dr. G. J. Gislason,

Physician and Surgeon
Wellington Blk, - Grand Forks, N.Dak

Sjerstakt athygli veitt AUGNA, EYRNA, KVERKA og NEF SJÚKDÓMUM.

HANNESSON & WHITE

LÖGFRÆDINGAR

Room: 12 Bank of Hamilton
Telefón: 4715

ARNI ANDERSON Íslenzkur lögmaðr

Í félagi með
Hudson, Howell, Ormond & Marlatt
Barristers, Solicitors, etc.
Winnipeg, Man.

13-15 Merchants Bank Bldg. Phone 3621, 3622

BONNAR, HARTLEY & MANAHAN

Lögfræðingar og Landskjala Semjarar

Suite 7, Nanton Block, Winnipeg

G. M. Bjarnason

Málar, leggur pappír og gerir "Kalsomining. Óskar við skifta Íslendinga.

672 AGNES ST. TELEFÓN 6954

Stefán Guttormsson,

Mælingamaður

668 AGNES STREET. WINNIPEG
20-8-8

J. G. Snydal, L. D. S.

ÍSL. TANNLÆKNIR

COR. MAIN & BANNATYNE
DUFFIN BLOCK PHONE 5302

Íslenzkur Kjötsali

Hvergi fæst betra né ódýrara KJÖT en hjá honum,—og þá munt sannfærast um að svo er, ef þú aðeins kaupir af honum 1 sitt sinn. Allar tegundir. Óskar að Isl. heimsækji sig

CHRISTIAN OLESON,
666 Notre Dame Ave. Telefón 6906

Antonio De Landro

SKÓSMIÐUR. á horni Maryland og Wellington (bak við Aldinabúð.) Verk vandað og verð rétt.

The Dominion SECOND HAND STORE

Ágætur brúkaður fatnaður og húsmunir. Ísl. töluð.

555 Sargent Ave. Winnipeg

Middlechurch Ferjan.

— GUFUSKIPIÐ —

Alexandra

fer á hverjum laugardegi eftir hádegi til Middlechurch Ferjunnar. Skipið fer frá Lombard St. kl. 2.30 og kemur við hjá Selkirk Avenue klukkan 2.45.

Te og hressingar fást um borð

Skemtiferð á hverju kveldi

Fer frá Lombard St. kl. 8.10, viðkoma hjá Selkirk Avenue kl. 8 25. Hljóðfæraflokkur spilar á bátnum fyrir dansinn. Fargjald, báðar leiðir aðeins 25c.

Hver Þvær og Hreinsar Fötin ydar?

Hvers vegna að fara í Kína-kompurnar þegar þér eigið kost á að fá verkið gert betur, og alt eins ódýrt, í bestu og heilsusamlegustu þvottastofunni, þar sem aðeins hvítt vinnufólk er haft og öll hreinustu efni notuð

Vér óskum viðskifta yðar

The North-West Laundry Comp'y Ltd.

Hreinsarar og Litarar
COR. MAIN & YORK FÓN 5178

Íslendingadagurinn

19. Þjóðhátíð Vestur-Íslendinga.....

Ódýrasta, og þó bezta, ísl. skemtun á árinu....

Verður haldinn hátíðlegur í

RIVER PARK

Mánudaginn 3. Ágúst n. k.

Byrjar klukkan 9 að morgni.

FORSETI DAGSINS:
Sigfus Anderson.

Íslenzki Hornleikendaflokkurinn skemtir allan daginn.

Prógram.

MINNI VESTUR-ÍSL.:
Ræða—Ungfrú Friða Harold, B.A.
Kvæði—Guttormur J. Guttormsson.

MINNI ÍSLANDS:
Ræða—Séra Friðrik J. Bergmann,
Kvæði—Gísli Jónsson og Stephan G. Stephanson.

MINNI KVENNA:
Kvæði—Dr. Sigurður Júl. Jóhannesson.

MINNI CANADA:
Ræða—Séra Friðrik Hallgrímsson,
Kvæði—Magnús Markússon.

Verðlauna-Skrá

I. partur.

KAPPHLAUP.

1. Stúlkur innan 6 ára—40 yds.
   1 verðl. peningar $2.00
   2 " " 1.25
   3 " " 1.00
   4 " " 50
2. Drengir innan 6 ára—40 yds.
   1 verðl. peningar $2.00
   2 " " 1.25
   3 " " 1.00
   4 " " 50
3. Stúlkur 6--9 ára—50 yds.
   1 verðl. peningar $2.00
   2 " " 1.25
   3 " " 1.00
   4 " " 50
4. Drengir 6--9 ára—50 yds.
   1 verðl. peningar $2.00
   2 " " 1.25
   3 " " 1.00
   4 " " 50
5. Stúlkur 9-12 ára—75 yds.
   1 verðl. peningar $2.50
   2 " " 1.75
   3 " " 1.25
   4 " " 75
6. Drengir 9--12 ára—75 yds.
   1 verðl. peningar $2.50
   2 " " 1.75
   3 " " 1.25
   4 " " ..... .75
7. Stúlkur 12--16 ára—100 yds.
   1 verðl. ávísan $4.00
   2 " " 3.00
   5 " " 2.00
   4 " " 1.00
8. Drengir 12-16 ára—100 yds.
   1 verðl. ávísun $4.00
   2 " " 3.00
   3 " " 2.00
   4 " " 1.00
9. Ógiftar Stúlkur—100 yds.
   1 verðl. ávísun $5.00
   2 " " 3.75
   3 " " 2.50
   4 " " 1.50
10. Ógiftir Menn—100 yds.
   1 verðl. ávísun $4.50
   2 " " 3.50
   3 " " 2.50
   4 " " 1.50
11. Giftar Konur — 75 yds.
   2 verðl. 1 CaseCarvers $10.00
   2 " kvenskór $7.00
   3 " klukka 3.75
   4 " ávísun 2.00
12. Giftir Menn—100 yds.
   1 verðl. ávísun $6 80
   2 " " 4.00
   3 " " 3.00
   4 " " 2 00
13. Konur 50 ára og eldri.
   1 verðl. 10 pd. kaffi....$4.50
   2 " ávísun 3.50
   3 " 5 pd. kaffi 2.25
   4 " ávísun 1.50
14. Karlmenn 50 ára og eldri.
   1 verðl. ávísun $4.50
   2 " " 3.50
   3 " " 2.50
   4 " " 1.50
15. ½-mflu kapphlaup.
   1 verðl. ávísun $5.00
   2 verðl. ávísun 3.00
   3 verðl. ávísun 2.00
16. Kapphlaup — 1 mflu.
   Þrenn verðl. verða gefin.
17. Langstökk—hlaupa til.
   1 verðl. ávísun $4.00
   2 " " 3.00
   3 " " 2.00
18. Hástökk—hlaupa til.
   1 verðl. ávísun $4.00
   2 " " 3.00
   3 " " 2.00
19. Stökk—jafnfætis.
   1 verðl. ávísun 4.00
   2 " " 3.00
   3 " " 2.00
20. Hopp-stig-stökk.
   1 verðl. ávísun 4.00
   2 " " 3.00
   3 " " 2.00
21. Kappsund.
   1 verðl. ávísun $5.00
   2 " " 3.00
   3 " " 2.00

HÁLFTÍMA HVÍLD TIL —- BORÐHALDS. —

II. partur.

ÞÁ BYRJA RÆÐUR OG KVÆÐI.

22. Barnasýning—1-12 mánaða.
   1 verðl. ávísun $5.00
   2 " " 4.00
   3 " " 3.00
   4 " " 2.00
   5 " " 1.00
23. Knattleikur.
   Kl. 9 f. hád., kl, 12 á hád. og kl. 3 eftir hádegi.
   1 verðlaun $22.50
   2 verðlaun 13.50
24. Kapphlaup — 3 mflur.
   1 verðl. ávísun $10.00
   2 " " 6.00
   3 " " 4.00
25. Hjólreið — 1 mfla.
   1 verðl. ávísun $8.00
   2 " " 5.00
   3 " " 3.00
26. Hjólreið — 2 mflur.
   1 verðl. "Dunlop Tires"
   2 " Silfermedalía og Vindlakassi.
   3 " Hjólpumpa og Vindlakassi.
27. Hjólreið (handicap) 3 mflur
   1 verðl. ávísun $10.00
   2 " " 6.00
   3 " " 4.00
   4 " " 2.00
28. Íslenzkar Glímur.
   1 verðlaun $10.00
   2 verðlaun 6.00
   3 verðlaun 4.00
29. Aflraun á kaðli.
   Milli giftra og ógiftra manna
   1 verrlaun $14.00
   2 verðlaun 7.00
30. Dans - Waltz fyrir alla.
   1 verðlaun $10.00

Dans - Waltz fyrir Ísl. aðeins.
   1 verðl. Kvenhattur $7.00
   2 verðl. ávísun..... 5.00
   3 verðl. " 4.00
   4 verðl. " 3.00

Boyd's Brauð

Brauð sem heldur fjölskyld unni við heilsu er það brauð sem engin má án vera. Vor brauð eru það sælgæti sem þér fáið ei án verið, Þér hafið reynt þau. Hægmelt og saðsöm. Keyrð heim á hvert heimili á hverjum degi.

Boyd's

Bakery Cor. Spence & Portage Ave
Phone 1630.

BILDFELL & PAULSON

Union Bank 5th Floor, No. 520

selja hús og lóðir og annast þar að lútandi störf; útvegar peningalán o. fl.

Tel.: 2685

A. S. BARDAL

Selur líkkistur og annast um útfarir. Allur útbúnaður sá besti. Enfremur selur hann aliskonar minnisvarða og legsteina.

121 Nena St. Phone 306

Royal Optical Co.

327 Portage Ave. Winnipeg. RÉTT Á MÓTI EATON'S BÚÐINNI.

Beztu Augnfræðingar

12-9-8

Öll nýjustu og bezt reynd verkfæri notuð. Höfuðverkur sem stafar frá augunum, áreiðanlega læknaður. Sanngjarn kostnaður.

AUGU SKODUD KOSTNADARLAUST.

LAND

Vér höfum nýlega fengið til sölu yfir 30 fastlönd-fjörðunum, liggjandi að Oak-lands-brautinni N. R. fólksins. Verð, 10 er frá $7.00 til $12.50 hver ekra. Ekkert af löndum þessum eru meir en 5 mílur frá járnbrautinni.

Skuli Hansson & Co.
Skrifst. Talsími 6475. Heimilis Talsími 2274

Heimskringla.

Alt landið

er ábyrgst að vera jarðyrkju land af bestu tegund, og fæst keypt með vægum afborgunar skilmálum. (N.B.—Leggið fyrirpart þessarar augl. vinstramegin við Hkr. nafn.)

Frekari upplýsingar veita

Skuli Hansson & Co.
36 Tribune Building. Winnipeg.

XXII. ÁR. WINNIPEG, MANITOBA, FIMTUDAGINN, 6. ÁGÚST, 1908 NR. 45

Clemens, Arnason & Palmason.

Allskonar matvörusalar.

Clemens, Arnason & Palmason
The Cash Grocery House,
Cor. Sargent & Victor. Talsími 5345

Fregnsafn.

Markverðustu viðburðir hvaðanæfa.

Læknir einn í Toronto borg hefir fundið varnarráð við flekkusótt (Scarlet Fever). Það er nýtt bólusetningarefni. Læknar þar í borginni, sem unnsjón hafa með barnaspítalanum þar, hafa um nokkur ár verið að vinna að því, að finna varnarmeðal þetta, og gert itrekaðar tilraunir með ýms efni, og loksins fundið það, sem þeir telja óbrigðult varnarmeðal við sýki þessari.

— Nýlega var handtekinn í San Francisco ungur maður grískur, að nafni John Claudianes, grunaður um, að hafa verið í vitorði með þeim, sem fyrir nokkrum tíma sprengdu upp íbúðarhús James M. Gallagher, fyrrum embættismanns þar í borginni. Nú hefir þessi ungi Grikki gert játningu í viðurvist lögreglustjórans og lögfræðings borgarinnar. Sagan er á þá leið, að hann og bróðir hans, Pétur, hafi verið keyptir af umboðsmanni Abrahams Ruef, fyrverandi lögfræðingi San Francisco borgar, til þess að ráða Gallagher af dögum, fyrir það, að hann var öflugasta vitnið til að sanna sviksemi í embættisrekstri Ruefs, meðan hann var í þjónustu borgarinnar. Í samræmi við þennan drápsamning sagði Claudianes að hann og bróðir hans hefðu sprengt upp hús Gallaghers og nær því drepið 7 manns sem þar voru inni. En á þeirri stundu var Gallagher sjálfur ekki í húsinu og slapp því undan. Hann var að láta byggja nokkur hús í útjaðri borgarinnar. Þeir bræður settu dynamit undir húsin og biðu svo, þar til Gallagher kæmi til að borga mönnunum, sem þar voru að vinna. Þeim bræðrum tókst að sprengja upp þessi nýju hús og eyðileggja þau gersamlega, en ekki náðist Gallagher í þetta skifti. — Umboðsmaður sá, sem Ruef hafði fengið til að fá þá bræður til að vinna þetta þokkaverk, heitir Felix Pauduveris. Claudianes staðhæfir, að Ruef hafi lagt svo fyrir, að 5 menn skyldu drepnir. En einhverra óhappa vegna, var alt það ónnið, þegar Claudianes var tekinn fastur. Nú eru lögregluþjónar meðfram allri Kyrrahafsströndinni, að leita að þeim Felix Pauduveris og Pétri Claudianes, en þeir finnast hvergi, hölðu flúið strax og þeir fréttu að John Claudianes hefði verið tekinn fastur.

— Mælt er, að stórrigningar í Welland héraðinu í Ontario hafi skemt svo mjög kornávexti á ökrum bænda þar, að ekki nema helfingur uppskerunnar verði presktur í góðu ástandi í haust.

— Félag hefir nýlega verið mynd að í Bandaríkjunum til þess að koma á reglubundnum loftbáta samgöngum milli New York og Boston, bæði fyrir fólk og farangur. Loftför þessi eiga að vera fullger og tekin til starfa innan 18 mánaða frá þessum tíma. Ferðatíminn milli New York og Boston er áætlaður 7—8 kl.stundir.

— Heimsins mestu róðrarkappar hafa á liðnum árum oftast verið Canadamenn, og á síðustu nokkurum árum hefir heiður þessi verið í vörzlum L. E. Scholes í Toronto. En við Henley kappróðrana á Englandi hefir Scholes tapað fyrir Von Gaza frá Belgíu.

— Englendingur einn, sem unnið hefir á Winnipeg pósthúsinu um nokkurra mánaða tíma, var í sl. viku dæmdur í 3 ára fangelsi fyrir bréfa þjófnað, — 175 bréf fundust í tösku hans, sem hann hafði rifið upp. Hve mörg fleiri bréf hann hefir áður verið búinn að taka, eða hve mikið verðmæti hefir í þeim verið, kom ekki fram í réttinum.

— Eldur mikill varð í Portland í Oregon ríkinu að kveldi þess 29. júli. Skaðinn metinn hálfa milión dollara. Yfir milión dollara virði af byggingum sviðnuðu af eldinum auk þeirra sem eyðilögðust.

— W. K. Vanderbilt, miliónaauðmaður frá New York, slasaðist svo við mótorvagna árekstur í París á Frakklandi þann 29. júli, að það varð að taka af honum annan fótinn uppi á miðju læri. Hann hafði keyrt mótorvagn sinn svo gapalega, að hann valt um koll og fór yfir eigandann með þeim afleiðingum, sem að framan er sagt.

— Ellistyrks frumvarp það, sem neðri málstofa brezka þingsins samþykti fyrir nokkrum dögum, og sem áætlað er að muni baka ríkinu 30 milión dollara útgjöld árlega til að byrja með, hefir fengið hörð andmæli frá Cromer lávarði og öðrum efri málstofu mönnum. Cromer lávarður segir að Englendingum væri nær, að búa sig undir Evrópustríð það hið mikla, sem á muni skella innan fárra ára, og sem riða muni Englandi að fullu, ef ekki sé undir það búið í tíma. Rosebery lávarður er og mjög andvígur frumvarpinu. Efri málstofan hefir með 77 atkvæðum gegn 45 samþykt þá breytingu á frumvarpinu, að það skuli vera í gildi um 7 ára tíma að eins, og verða numið úr lögum í desember mánuði 1915. Þó skuli þær ellistyrks veitingar, sem á þessu 7 ára tímabili kunni að verða gerðar, verða borgaðar áfram samkvæmt ákvæðum laganna. Með þessari breytingu, ef hún nær fram að ganga, er ellistyrksstefnan á Englandi eyðilögð. Að líkindum verður hörð rimma milli efri og neðri málstofu þingsins út af þessu. En með því, að hér er að ræða um útgjaldafrumvarp, þá hlýtur neðri málstofan að hafa mál sitt fram, enda er hún skipuð þeim sönnu málsvörum þjóðarinnar.

— Það þykir góðsviti og boða góðæri í vændum, að skuldabréf, sem Ottawa borg seldi nýlega, að upphæð nær $600,000, hafa selst fyrir talsvert meira en ákvæðisverð. Skuldabréfin standa um 30 ár með 4½ prósent vöxtum, og seldust fyrir $102.71.

— London búar hafa skotið saman $1500.00 og gefið hlaupagarpinum Durando, frá Belgíu, sem að eins fyrir sök mistí af fyrstu verðlaunum fyrir 26 mílna hlaupið í Marathon kapphlaupinu mikla þar í borginni fyrir skömmu síðan. Þess utan heiðraði Englandsdrotning hann með því, að gefa honum í sínu eigin nafni og með eigin hendi silfurbikar mikinn fyrir fram komu hans í hlaupunum.

— Það telst svo til að 35 þúsund kaupamenn þurfi til þess að hjálpa til við uppskeruna í Manitoba og Vesturfylkjunum á þessu sumri. Á síðastliðnum nokkrum árum hafa um 25 þúsund manna komið hingað árlega til uppskeruvinnu, en nú er ætlað, að í haust muni ekki veita af 10 þúsund fleiri en á liðnum árum.

— Eitt af því merkuleg, sem sýnt var við Olympisku leikina á Englandi, var það, hve mikið þol eða vinnuúthald einn maður getur haft. Tveir menn áttu að keppa í þessum kák, Englendingur og Frakki. Frakkneski maðurinn gaf sig ekki fram, þegar á átti að herða, svo Englendingurinn kepti við sjálfan sig einþöngu. Hann gerði þetta með því, að vingsa 8-punda þungum hamri hvíldarlaust í 12 kl.stundir, án þess nokkurt augnablik að stansa. Þetta er þraut, sem enginn hefir áður reynt í heimi þessum svo að sögur fari af. Allir viðstaddir undruðust úthald mannsins.

— Í Wharton, Texas, kom það fyrir á pósthúsinu þann 29. júli, að einn af póstþjónunum skaut samverkamann sinn út af ágreiningi um eitt 1-cents frímerki.

— Markverð saga er sögð um firðmök sálna frá East Louis bæ í Illinois ríkinu. Marja Húber, 17 vetra gömul fell í yfirlið á tröppunum á heimili sinu þar í bænum. Þegar hún vaknaði til meðvitundar aftur, æpti hún sem óð væri, og kvaðst vilja fara af stað til að hjálpa bróður sínum, sem hún hefði heyrt kalla til sín og biðja um hjálp, því hann væri að drukna við Long Beach í sandbleytu, — 12 mílur frá bænum. Fólk reyndi að hugga stúlkuna, en hún var óhuggandi og kvaðst glögt hafa heyrt hann tala til sín. Eftir fáar mínútur kom til þeirra talsíma skeyti þess efnis, að pilturinn hefði drukknað á þeim stað og tíma, sem stúlkan tiltók og á þann hátt, sem hún skýrði frá. Þegar stúlkan frétti þetta, varð hún tafarlaust sjúk, hefir síðan legið þungt haldin og lítil von um bata hennar.

— Sagt er að tignir Grover Clevelands, fyrverandi forseta Bandaríkjanna, sem andaðist fyrir skömmu, hafi verið $250,000.

— Aðfaranótt 3. þ.m. kom upp eldur mikill í bænum Fernie, B.C., svo stórfeldur, að nálega allur bærinn brann, og er tignatjónið metið 5 miliónir dollara, og 6 þús. manns eru sagðir þar húsvilltir. — Um 62 manns er sagt að hafi farist í eldinum. Um upptök eldsins vita menn ekki. Eldurinn barst yfir í Michel bæ eyðilagði hann, og Coal Creek bær í 5 mílna fjarlægð frá Fernie, brann einnig til ösku, og í Hosmer bæ brunnu 10 hús. Pósthúsgeymsluhús í þessum bæ sprakk og varð einum manni að bana. Björg í matvælum og peningum var þegar sent til Fernie. Vancouver og Winnipeg borg gáfu 5 þúsund dollara hvor, og Spokane bær sendi tafarlaust matvæli og fatnað, og allir nærliggjandi bæir sendu strax hjálp í einhverri mynd. Einstakir menn í borgum landsins eru og farnir að safna gjöfum til hjálpar þeim naudstöddu. Saskatchewan stjórnin gaf 5 þúsund dollara, Brandon bær 5 þúsund, Nelson bær 5 þúsund og ýmsir aðrir bæir gáfu smærri upphæðir. Alls komu saman svo að segja tafarlaust um $25,000.00, og væntanlega verður nægileg hjálp veitt til þess, að fólk þar liði ekki verulega neyð. — Helzt er álitið, að skógareldar hafi orsakað brunann og eyðileggingu þessara fjögra bæja, en um upptök þeirra alda er enn ókunnugt, eins og áður er sagt.

— Komandi kosningar í Saskatchewan fylkinu eru nú í undirbúningi og kveðast báðir flokkar vissir um sigur. Andstæðinga flokkur Scott stjórnarinnar hefir enn sem komið er umsækjendur í fleiri kjördæmum en stjórnarflokkurinn, og það virðist, af blöðunum að dæma, svo sem Haultain flokkurinn sé líklegur til sigurs.

Fréttabréf.

DOG CREEK, MAN.
10. júlí 1908.

Herra ritstjóri!

Ég lofaði þér síðast, að senda Hkr. línur við fyrsta tækifæri. Mun ég því verða að sýna lit á því, þótt fátt sé markvert að frétta héðan.

Ég hefi tekið eftir því, að margir landar, sem fjarri búa, hafa mjög skakka skoðun um landslag og afstöðu ísl. bygðanna hér norður frá — hafa þá skoðun, að Íslendingar eigi ósleitna bygð kring um Manitobavatn. En því fer fjarri, að svo sé. Nýlendur Íslendinga kringum Manitobavatn eru mjög sundurslitnar, bæði af Indiánum, kynblendingum og hvítum mönnum. Stærsta bygð Íslendinga við vatnið mun vera Álptavatnsbygðin, sem nú er vaxin saman við Grunnavatnsbygðina. Fyrir norðan hana tekur við breið spilda, sem er albygð af hérlendum mönnum, og þar fyrir norðan Indian Reservation, sem nær alla leið norður að suðurenda Dog Lake. Vestanvert við Dog Creek byrjar aftur íslenzk bygð, og nær hún óslitin um alla tangana þaðan austur að Dog Lake, vestur að Manitobavatni og norður fyrir Narrows. Á þessu svæði búa því nær ekki aðrir en Íslendingar og örfáir Færeyingar. En mjög er þessi bygð sundurslitin af náttúrunnar völdum og strjálbygð mjög. Landið er ákaflega vogskorið, og liggja víðast langir flóar inn af hverri vík, en á bak við er víða hálendi nokkuð, en alt skógi vaxið. — Hér eru því mjög erfiðar samgöngur á landi á sumrum, en því greiðari á vatninu sumar og vetur.

Landskostir hygg ég að séu hér eins góðir eins og víðasthvar annarsstaðar í þessu fylki, ef þeir væru nóg notaðir. Gripalönd eru hér ágæt, þegar ekki er of hátt í vatninu, og heyfall í bezta lagi. Akuryrkjuland er eflaust gott hér á hálendunum, sem aldrei verða fyrir áhrifum vatns, en sá galli er á, að þau eru öll vaxin stórgerðum skógi. Tangarnir við vatnið eru flestir mjög fagrir. Vex þar harðviður nægur, svo dýru verði mundi hér margur blettur keyptur, væri þeir nærri bæ eða járnbraut.

Efnahagur bænda hér um slóðir er yfirleitt góður, þeirra, sem landbúnað hafa gert að aðal atvinnuvegi sínum. Áður hafa sumir lagt meiri stund á fiskiveiðar, og hefir það gefist misjafnt. Flutningar til markaðar eru hér dýrir og langsóttir, en fiskiverð stopult, enda hygg ég, að fleiri hafi tapað en grætt á fiskiveiðum hér á síðari árum.

Samgönguleysið er verstur galli hér. Menn eru nú búnir að lifa á von og fögrum loforðum í mörg ár, um að Oak Point brautin verði lengd norður hingað, en ekki litur út fyrir, að neitt af þeim loforðum verði efnt í sumar. Tveir eru vegir, sem komast má héðan til Winnipeg. Annar til Oak Point, en sú leið er 70—80 milur á lengd að fara, og sjaldan er sá vegur svo þur á sumardag, að hann sé farandi, nema laus-keyrandi. Hin leiðin er til Westbourne frá Narrows með gufubátum, sem ganga þar um tvisvar í viku frá Gypsum ville nátmunum. Helgi kaupmaður Einarsson á Narrows hefir einnig gufubát, og Björn Mathews annan, sem ganga hér um vatnið á sumrum, en þeir ganga að eins eftir þörfum eigendanna, en ekki eftir fastri áætlun, enda eru þeir ekki búnir út fyrir farþegja.

Verklegar framfarir eru hér ekki miklar, sem varla er von, í jafn afskektri og strjálbygðri sveit. Þó hefir sögunarmylla unnið hér í tvö ár. Eigendur hennar eru tveir bændur hér í bygð, þeir Björn Mathews og Ásmundur Frímann. Þeir hafa áður sagað til og frá út í skógum og flutt mylluna á milli, en nú hafa þeir bygt rúmgott hús yfir vélarnar skamt frá heimili Jóns Math (Mathúsalemssonar) — föður Björns — og ætla að vinna þar sumar og vetur. Efniviðinn sækja þeir mestan langt norður með vatni, því þar eru gríðarskógar miklir. Viðinn höggva þeir á vetrum og draga til vatns, en draga hann svo á flekum á sumrin með gufubát, sem þeir eiga.

Húsagerð er hér að verða betri miklu, en ég hefi séð hjá bændum annarsstaðar. Flestir hinir betri bændur hafa nú bygt eða eru að byggja hús úr unnum við frá myll unni, og eru sum þeirra ágætlega vönduð. Sigurgeir Pétursson og Jónas Kr. Jónasson hafa bygt rúmgóð timburhús fyrir nokkrum árum, áður en mylkan tók til starfa hér, og má það stórvirki heita, að draga allan við í stór hús úr svo langa leið. Á síðari árum hafa þeir bygt: Jón Mathúsalemsson, Jóhannes Jónsson, Guðmundur Ísberg og Stefán Stefánsson. Eru þau hús öll bygð með líku lagi og nýtízkuhús í Winnipeg og sum vönduð í bezta lagi, en ekkert þeirra er fullgert að öllu ennþá. Fer það að líkindum, að bændum verður flestum of vaxið, að leggja út svo mikla peninga á einu ári.

Tíðarfarið hefir mátt heita mjög hagstætt hér í vor. Stöðugir þurkar og blíðviðri meiri hlutann af júní og það sem af júlí er. Enda er okkur það gagn, sem við vatnið búum, því hér er stór þörf á þurkum.

Manitobavatn stendur óvanalega hátt í ár, og valda því eflaust rigningarnar miklu í fyrra sumar, því vatnið hefir, sem kunnugt er, mjög víðan aðdraganda, svo varla er alt það vatn runnið fram, sem niður kom í fyrra. Í öðru lagi segja þeir, sem til þekkja, að skurður sá, sem grafinn var fyrir nokkrum árum til að lækka í vatninu, sé mjög ónógur, og að fyrir mynni hans hafi myndast sandrif, sem tefji mjög afrennsli úr vatninu. Afleiðing af þessu er, að vatnið stendur svo hátt í sumar, að mikill hluti af engjalandi er undir vatni, og ekki líklegt, að þorni svo í sumar, að það verði ekki stór hnekkir við heyskap.

Stjórnin hefir að sönnu lofað að senda norður að Fairford eimreku þá, er nú er að vinna við Swan Creek, þegar því verki er lokið, en það er hætt við, að það verk verði ekki að notum fyrir þetta ár.

20. júlí 1908.

Skemtisamkvæmi mikið var á heimili Stefáns Stefánssonar, póstmeistara að Dog Creek, þann 18. þ.m. Var þar um 150 manns aðkomandi, og komu þó ekki nærri allir, er boðnir voru.

Veizlu þessa héldu þau Stefán og kona hans á kæðingardag dóttur sinnar, og til minningar um, að hús þeirra hið nýja var nær fullgert og byrjað að búa í því. Hús þetta hefir Stefán bóndi látið byggja í sumar, það er 24x32 að stærð, en 10 feta hátt undir loft. Við bakgafl er sumar eldhús, og yfirbygður pallur fyrir öllum dyrum, sem eru þrennar á húsinu. Húsið er bygt með líku sniði og nýtízku smáhýsi (Cottage) í bæjum. Frágangur allur á því er hinn vandaðasti, og að mörgu leyti betri en gerist í bæjum. Að innan er neðri hluti veggjanna klæddur með viði, en efri hlutinn og loft með upphleyptu járni. Svefnherbergin eru ekki fullgjör, en þau munu verða gerð á sama hátt. Húsið er bygt á sterkum aurstokk um úr eik, en Stefán bóndi mun hafa í hyggju, að grafa undir það kjallara og hlaða úr grjóti eða sementsteypu.

Veizlan stóð frá síðari hluta laugardags fram á sunnudagsmorgun, og var veitt stórmannlega. Yngra fólkið skemti sér við dans og hljóðfæraslátt, en eldra fólkið við söng og ræðuhöld. Jónas Kr. Jónasson mælti fyrir minni húsfreyju, en Stefán Eiríksson fyrir minni húsbónda. Auk þess var rætt um íslenzk stjórnmál, kvenréttindamál og fleira, og varð að því hin bezta skemtun. Húsrúm var nóg, því íbúðarhúsið gamla var notað fyrir dansal. Eftir sólaruppkomu fóru menn að búast til ferða, og munu allir á eitt sáttir, að heimboð þetta hafi verið höðinglegt og þeim hjónum til sóma.

Einn af veizlugestunum.

Frelsis málið.

Ritstjóri Heimskringlu!!

Ég hefi með ánægju lesið af fundarhaldi ykkar í Goodtemplarahúsinu í Winnipeg þann 20. júli og samþyktir þær, sem sá fundur gerði, og sem ég sé að miða algerlega til þess, að halda uppi heiðri Vestur-Íslendinga og sóma ættjarðar vorrar, — þeim og henni til ómetanlegs gagns, jafnt fyrir núverandi sem komandi kynslóðir. Og svo gerið þið sýnilega tilraun til þess, að breiða yfir yfirsjónir þeirra, sem — því miður — hefir verið trúað til þess, að vinna í sömu átt og þið hafið unnið á þessum framangreinda fundi.

Ég er samþykkur fundargerð ykkar eins og hún litur út á pappírnum, og mér virðist sennilegt, að landar vorir austan hafs taki bendingu ykkar til greina, áður en þeir láta leiðsögumann sinn fara með sig út á haf, og lenda þar í hafvillum, er þeir komast ekki úr.

Fága Íslendingar völ á betra formanni? Jú, það er Skúli Thoroddsen. Á honum hefi ég gott traust. Hann hefir þegar sýnt, að hann er ekkert verkfæri í höndum Dana. Vel sé honum fyrir stefnufastuhans og ættjarðarást.

Vel sé þeim, er vernda landið,
vel sé þeim, er heyja stríð,
vel sé þeim, er forðast grandið,
vel sé þeim, er verja lýð.

Hverjir hafa verið frelsishetjur okkar Íslendinga? Það segir sagan. Fyrst skal frægan telja, Skúla Magnússon landfógeta, þá Jón Sigurðsson skjalavörð og nú síðast Skúla Thoroddsen.

Ég skora því á ykkur, landar mínir, að reyna að feta í fótspor þessara manna, svo lengi, sem þér hafið norrænt blóð í æðum, og treysti ég, að þá sé framtíðarfrelsi lands og þjóðar borgið.

Brú P.O., Man., 27. júlí '08.

Sigurður Markus.

ANDLÁTSFREGN. — Þann 12. júli sl. andaðist að heimili foreldra sinna, að Grímsstöðum í Árnesbygð í Nýja Íslandi: THORLEIFUR AUÐUNNSSON JOHNSON, fangavörður við fangahúsið í Winnipeg.

Hann var fæddur 21. sept. 1881, Kvongaðist 15. maí 1907 ungfrú Ingunni Sigurðardóttir, frá Bræðraborg í Reykjavík.

Thorleifur sál. var mesti efnismaður og vel látinn af öllum, sem þektu hann.

Hann var jarðsunginn 17. júlí, að viðstöddu miklu fjölmenni. Séra Runólfur Marteinsson flutti hjartnæma húskveðju að heimili þess látna, og séra Jóhann Bjarnason hélt góða líkræðu við gröfina.

NÝTT NÝTÍZKU

THE QUEENS

Vinsælasta
og þægilegasta
Gisti-hótel í Winnipeg

Bandaríkja-snið
Frí keyrsla.

MONTGOMERY BROS.,
EIGENDUR

BJART MIÐSTÖÐVA

Wall Plaster

Með því að venja sig á að brúka **"Empire"** tegundir af Hardwall og Wood Fibre Plaster er maður hár viss að fá beztu afleiðingar.

Vér búum til:

"Empire" Wood-Fibre Plaster
"Empire" Cement Wall "
"Empire" Finish "
"Gold Dust" Finish "
"Gilt Edge" Plaster of Paris
og allar Gypsum vöruteg-undir. —

Eigum vér að senda yður bækling vorn?

MANITOBA GYPSUM CO. LTD
SKRIFSTOFUR OG MILLUR Í
Winnipeg, - Man.

HEIMSKRINGLA
Published every Thursday by
The Heimskringla News & Publishing Co.

Verð blaðsins í Canada og Bandar. $2.00 um árið (fyrir fram borgað).
Sent til Íslands $1.10 (fyrir fram borgað af kaupendum blaðsins hérlendis $1.50.)

B. L. BALDWINSON,
Editor & Manager

Office:
729 Sherbrooke Street, Winnipeg
P.O. BOX 116. 'Phone 3512.

Loforða-efndir Liberal flokksins

(Framhald).

Í síðasta kafla þessarar ritgerðar var sýnt og sannað, hvernig Laurier stjórnin hefir lagt sig í framkróka til þess, að rýja Canada riki af landeignum þess, og koma þeim í hendur fárra "einræðismanna", sem í liðinni tíð hafa veitt "Liberal" flokknum óruggast fylgi, — fyrir svo lítið verð, að það er sama og ekkert, bara til þess, að "Liberal"-vinir stjórnarinnar geti grætt ÞÚSUND PRÓSENT á þjófnaðinum.

Nú skal sýnt fram á, hvernig Laurierstjórninni hefir tekist að koma fiskiveiðum ríkisins í hendur fárra "einræðismanna", um heilan mannsaldur, fyrir sama og ekki neitt, og skulum vér svo eftirláta Lögbergi, að hæla þeirri aðferð, ef það vill, og réttlæta hana, ef það getur. Af ávöxtunum geta þá Vestur-Íslendingar fengið fulla vissu um siðferðis meðvitund blaðsins. En svo mikið skal hér sagt, að ekkert "liberal" blað í Austur-Canada, hefir ennþá þorað, að verja þessi þjóðeignarán Laurier stjórnarinnar, eða að mæla þeim bót, — hvað sem kann að verða upp á teningnum á prentstofu Lögbergs.

Eins og gefur að skilja, þá entust ekki þjóðlönd Canada ríkis eða timburgnægðir þess, til þess að fullnægja ásælni stjórnarvina. Þegar því sá hluti þeirra manna, sem fyrstir náðu í þjóðlöndin og þjóðarskógana, voru búnir að nálgunarhaldi á eins miklu og kostur var á, og þeir voru líklegir til, að geta gert sér að notum, — þá voru samt margir vinir eftir, sem mikið höfðu til síns ágætis, frá flokksfylgislegu sjónarmiði, en höfðu verið afskiftir af stjórninni. Nú var úr vöndu að ráða. Landið var farið og skógarnir uppgengnir, til þeirra, er fyrstir urðu til þess að ná í þá. Andrúmsloftið var ekki aðhendanlegt, — stjórnin hafði engin sérstök umráð yfir því. — Eina ráðið var því, að nota vötn ríkisins og sjóinn umhverfis strend ur þess. Þar ættu að vera næg auðæfi fólgin til þess að fullnægja kröfum nokkurra stjórnarvina. Og þegar stjórnin væri búin að ausa út í flokksvini sína öllum ríkislöndum, öllum ríkisskógunum — þeim sem að nokkru gagni mega koma um langan tíma — og öllum fiskiveiðaréttindum, þá gætu þó allir vinir hennar séð, að hún væri búin að gera það, sem í hann ar valdi stæði, til þess að fullnægja ásælni þeirra, og meira væri sannarlega ekki heimtandi af henni — þó hún væri "liberal" stjórn.

Til þess því að fullgera verkið, skifti hún fiskiveiða réttindunum milli nokkurra vina sinna, á þann hátt, sem hér segir:

Coffee og Merritt fengu einka-fiskiveiðarétt til 5 ára, fyrir $100 á ári, í þessum vötnum:

Cumberland vatni, sem er 166 fermílur, og
Namew vatni, sem er 66 fermílur.

Sömu menn fengu einka veiðirétt til 5 ára, fyrir $100.00 á ári, í þessum vötnum:

Cedar vatni, stærð 285 fermílur.
Moose vatni, stærð 553 ferm.
Cormorant vatni, stærð 41 ferm.
Atikaneg vatn, stærð 90 ferm.

(Menn taki eftir því, að lengan fyr ár öll þessi vötn í sameiningu var að eins $100.00 á ári).

Annar eða báðir þessir náungar áttu heima upp í Winnipegoses her í fylkinu. Þeim tveimur er þannig veitt algert einkaleyfi til þess í næstu 5 ár að reka fiskiveiðar í þessum vötnum, sem til samans eru 1320 fermílurummáls, fyrir að eins $200.00 á ári, og þessum einkarétti þeirra fylgir það, að þeir mega selja hann hverjum sem vill kaupa hann, og fyrir hvaða verð, sem þeir geta fengið.

F. H. Markey fékk einka fiskiveiðrétt í Nelson ánni og öllum ám, sem í hana renna, og að auk 100 mílna svæði strandlengis í Hudsons flóanum, 3 mílur út frá landi. Með öðrum orðum: Hann hefir fengið einkarétt yfir öllu land helgá svæðinu á 100 mílna löngum parti af flóanum, þar sem mest og best er aflavon.

Enndremur hefir hann alla Hays ána, alla Pigeon ána og alt Great Slave vatn, sem er 10,719 fermílur að stærð.

Allar þessar ár og vötn og strandlengjuna við Hudsons flóann hefir herra Markey fengið til 21 ára gegn $10.00 borgun á ári.

Mælt er, að honum hafi þegar verið boðin milljón dollara fyrir þennan einokunarrétt sinn til fiskiveiðanna í vötnum þessum, en að hann hafi neitað að þiggja svo smánarlegt tilboð.

Herra Markey er lögmaður í smábæ einum í Ontario, og hefir því ekki fengið þessi hlynnindi hjá stjórninni til þess að stunda sjálfur veiði í vötnunum á næsta mannsaldri. Maðurinn ætlar sér að selja veiðiréttinn fyrir hæsta verð, sem fáanlegt er, — og hans gróði er ríkisins tap.

City Capital Canning Company fékk 9 ára einkaleyfi til laxveiða með netum í Cowichan ánni og Cowichan firðinum, innan við Serpentine tangann, fyrir $50.00 um árið.

J. K. McKenzie í Selkirk hefir fengið 9 ára einka-fiskiveiðarétt í Athabaska vatni (2812 fermílur) og í Lesser Slave vatni (480 fermílur), — eða 9 ára einkaleyfi á alls 3292 fermílum af frægustu fiskivötnum í Vestur Canada fyrir að eins $10.00 á ári. Mælt er, að hálfrar milljón dollara tilboð hafi fengist í leyfi þetta, en hvort það hefir verið þegið, vita menn ekki með vissu.

Archibald McNee hefir fengið 21 ára fiskiveiðarétt í James flóanum, á 200 mílna langri spildu, og í öllum ám, sem renna út í flóann á þeirri spildu, — fyrir að eins $10.00 á ári.

Alls hefir hin "frjálslynda" og góðgjarna Laurier stjórn veitt vinum sínum einokunar fiskiveiðarétt á 15 þúsund fermílum af frægustu fiskivötnum ríkisins, og þúsundir mílna af beztu fiskiveiða ám í norður og vesturhluta Canada-ríkis, og þúsund mílur af strandlengju í tveimur beztu fiskiveiðaflóum ríkisins, um tímabil frá 5 til 21 ára, — fyrir alls $280.00 á ári.

Þetta er alt, sem enn þá hefir komist upp í þinginu um fiskiveiða leigubrall stjórnarinnar. Vera má, að meira hafi leigt verið, þó enn sé, það hulið, — en sá kemur tími, að það verður lýðum ljóst.

Stjórnin hefir gert það, sem hún hefir getað, til þess að koma í veg fyrir, að þetta yrði opinbert, og bendir það óneitanlega á, að hún finnur til þess með sjálfri sér, að ekki er alt sem réttast unnið, og að hún álítur sér það hollast, að fólkið viti sem minst um þetta. En eigi að síður hefir hún orðið að játa alt þetta í þinginu, — þó fyrst eftir að andstæðingar hennar voru búnir að grafast fyrir allar sannanir í málinu, svo að öll undanfærsla var ómöguleg.

Ef að Lögberg hefir þá sannfæringu, að hér sé hyggilega og ráðvandlega farið með ríkiseignirnar, þá ætti það að segja svo afdráttarlaust, svo að kjósendurnir fái að vita með algerðri vissu, hvernig það er innrætt. Það tjáir ekki, að þegja svona hluti fram af sér, það verður annaðhvort að vera með stjórninni í þessum málum eða á móti henni. Íslendingar eiga heimtingu á að vita, hvort heldur er.

Frá sjónarmiði Heimskringlu er það fljótast sagt, að það eru engar sögur af nokkurri stjórn í nokkru landi, sem svo glæpsamlega hefir sóað eignum ríkisins til þess að auðga einstöku "einræðis" flokksvini sína, — eins og Laurierstjórnin hefir gert síðan hún komst til valda fyrir 12 árum.

Hvernig hefir Laurier stjórnin farið með fjárhirzlu ríkisins?" — Mjög svo á sama hátt og hún hefir farið með aðrar þjóðeignir þess. Hún hefir ausið út ríkisfénu á báðar hendur, til þess að auðga vini sína, og vissvitandi rúð ríkissjóðinn um feikna fjárupphæðir, og í flestum tilfellum beinlínis hilmað yfir með ræningjunum og gert sig meðseka þeim.

Tökum til dæmis innflutningamálin, sem áður hafa að nokkru verið rædd í þessu blaði. Það hefir verið sannað í þinginu, og af stjórninni játað, að hún hafi borgað $367,245 til félags þess, sem nefnt var North Atlantic Trading Company, fyrir innflytjendur, sem það félag átti að hafa flutt til Canada. Samningar voru gerðir við félag þetta árið 1899, af aðstoðar innanríkisráðherja Smart og W. T. R. Preston, innflutnings umboðsmanni. Það var svo um samið, að félagið skyldi fá 17 shillings og 6 pence fyrir hvern landbúnaðar innflytjanda yfir 12 ára gamlan, upp að 10 þúsund manns, og 20 shillings fyrir hvern yfir 10 þúsund og upp að 15 þúsund manns, og 25 shillings fyrir hvern haus fyrir alla yfir 15 þúsund manns. Þessir samningar voru leynilegir, og það var ekki fyr en þeir voru búnir að vera í gildi svo árum skiftir, að farið var að veita því eftirtekt, að þessu svokallaða "North Atlantic Trading Company" voru árlega borgaðar miklar fjárupphæðir úr ríkissjóði. Þegar farið var að grenslast eftir þessu í þinginu, þá neitaði stjórnin algerlega að segja, hverjir félagar þessir væru, sem búið var að borga úr ríkissjóði hátt á fjórða hundrað þúsund dollara. Að síðustu varð þó stjórnin að játa, að félag það, sem hún hafði samið við, hefði ekki verið til sem lögmyndað félag fyr en 5 árum eftir að samningurinn var gerður við það! Þá fékk það löggildingu á Gurnsey eyju, en aðal skrifstofa þess var í Amsterdam á Hollandi, í einu litlu herbergi. Þar fanst aldrei neinn maður inni, en bréfum til félagsins var kastað inn um rifu á hurðinni, og einhver sótti þau bréf og borgana ávísanir Canada-stjórnar fyrir innflytjendurna, sem þetta ímyndaða félagið. Og þegar félagið var myndað og löggilt, þá voru meðlimir þess vinir og nánfrændur lögmannsins. En vitanlega höfðu þeir ekkert við félagið að gera annað en lána nöfn sín á löggildingarskjalið. Hina sönnu félagsmenn, þá sem peningana hafa fengið úr fjárhirzlunni, veit enginn um. Stjórnin hefir verið alls ófáanleg til að opinbera nöfn þeirra, — að eins hefir hún gefið þá skýringu, að ef það yrði opinbert, hverjir þeir menn væru, þá myndu þeir verða neyddir til þess að fremja sjálfsmorð. Þetta virðist benda til þess, að ekki sé alt eins og það á að vera, því alment er það ekki talin sjálfsmorðs sök, að gera heiðarlega og ráðvanda verzlun við eina landsstjórn.

Það var og játað af hr. Smart, að barn á brjósti væri talið sem landbúnaðar innflytjandi og að full borgun væri því veitt fyrir hvern slíkan innflytjanda samkvæmt samningi.

Það var og sannað, að þessu ímyndaða félagi var borgað fyrir hvert mannsbarn, sem kom til landsins á vissum árum, hvort sem það hafði nokkra meðgjörð með flutning fólksins eða enga.

Í sannleika sagt, hefir stjórnin aldrei getað sýnt eða sannað, að þetta félag hafi flutt eða haft nein áhrif á flutning eins einasta manns til Canada. En þó hefir hátt á fjórða hundrað þúsund dollara verið borgað til manna, sem stjórnin sjálf viðurkennir að mundu verða að fremja sjálfsmorð ef Canada þjóðin, sem lagt hefir til peningana, fengi að vita, hverjir þeir væru.

Kallar Lögberg þetta heiðarlega ráðsmensku á fé almennings, eða aðferð stjórnarinnar í þessu máli sæmandi heiðarlegum stjórnmálamönnum? Veit ekki blaðið það, sem er á allra annara vitund, að í þessu máli er að ræða um beinan þjófnað úr ríkisfjárhirzlunni, og að þýfið hefir gengið til manna, sem alþýðu grunur að standi ekki langt frá ráðgjafasætunum í Ottawa? (Meira).

Íslenzkur stjórnmálafundur í Selkirk-bæ.

Fund um íslenzk stjórnmál héldu Íslendingar í Selkirk, Man., að kveldi þess 29. júlí í sal Goodtemplara. Herra K. H. Kristjánsson var kosinn fundarstjóri, en sira N. S. Thorlakson skrifari.

Þegar fundarstjóri hafði skýrt frá tilgangi fundarins, bað herra Matthías Thordarson sér hljóðs og bar fram svohljóðandi tillögu til yfirlýsingar, er nokkrir menn, er boðuðu til fundarins, höfðu komið sér saman um:

"Vér Íslendingar í Selkirk, Manitoba, lýsum hér með yfir því álit, voru, að frumvarp um "réttarsamband Íslands og Danmerkur", sem meiri hluti millilanda nefndarinnar samþykti, hafi í sér fólgið afsal á réttindum íslenzku þjóðarinnar í hendur Dönum, sem vér erum sannfærðir um, að myndi reyn ast óhamingja íslenzku sjálfstæði, ef að lögum yrði. Þess vegna er það skoðun vor, að þjóð og þing ættbræðra vorra á Íslandi ætti að fella frumvarpið, en í þess stað að krefjast fullkomins sjálfsforræðis og algerðs aðskilnaðar Íslands úr hinni dönsku ríkisheild, samkvæmt kröfum Skúla Thoroddsens.

"Frelsisbaráttu íslenzku þjóðarinnar á þeim grundvelli viljum vér einnig að Vestur-Íslendingar styrki verklega í samráði við forvigismenn hennar á Íslandi".

Síðan fór hann nokkrum orðum um tillögurna, og talaði um nauðsyn þess, að vér Vestur-Íslendingar styrkjum í orði og verki frelsisbaráttu bræðranna á Íslandi.

Síðan bað herra Kl. Jónsson sér hljóðs og studdi tillögurna með skörulegri ræðu. Hann sagði, að ekkert gagnaði Íslendingum minna en algert sjálfsforræði mála þeirra og að sjálfsagt sé, að vér Íslendingar hér vestan hafs styrkjum Íslendinga heima, ekki bara í orði, heldur og líka verklega. Okkur komi baráttan öllum við. Meiri hluta mándarmanna hefði brostið hug, þó viljinn hafi verið góður. Af eins tinn, Skúli Thoroddsen, hefði haft nægilegt hugrekki til þess, að krefjast alls þess, sem Íslendingar eiga heimtingu á.

Herra Björn Byron talaði þá nokkur orð og tók í sama streng.

Síðan var tillagan borin upp til atkvæða og samþykt í einu hljóði.

Þá gerði hr. Matthías Thordarson tillögu, studda af hr. B. Byron, að senda simskeyti til Blaðamannafélagsins í Reykjavík. Samþykt.

Þá bar sira N. S. Thorlaksson fram til samþyktar þannig orðað simskeyti:

"Þjóðin krefjist fullra réttinda, Vestur-Íslendingar styrkja".

Var það samþykt með öllum atkvæðum.

Síðan var fundi slitið.

Í umboði fundarins,
Matthias Thordarson,
N. Stgr. Thorlaksson.

Sambandsmálið að fornu og nýju.

Eftir *Halldór Jónsson*,
Hensel, N. Dak.

(Framhald)

Saga þjóðarinnar á konungsstjórnar tímabilinu er full af atvikum, sem sýna það og sanna, að konungur og umboðsmenn hans — hinir dönsku hirðstjórar — skirrðust aldrei við, að brjóta lög á landsbúum, né ógna þeim og kúga þá, þegar þeir þóttust þess eið þurfa, en ég hefi ekki tíma né rúm til þess, að tilfæra hér nema örfá af þessum dæmum, — enda eru nokkur dæmi nægileg til þess að sýna ofstopa og yfirgang konungs og manna hans.

Þegar sú fregn barst út til Íslands árið 1539, að Kristján III. Danakonungur væri tekinn að slá eign sinni á fjármuni kirkna og klaustra í Danmörku, brá umboðsmaður hirðstjórans, Didrik frá Mynden, við og tók að ræna klaustrin hér á landi. Viðeyjarklaustur, sem var næst aðsetursstað hans Bessastöðum, varð fyrst fyrir þessum óhöppum. Þangað fór hann á hvítasunnu morgun orið 1539, tók fólkið, barði það og sæði, og rak það svo því næst í land hraklega leikið, en gerði fjármuni þess og klaustursins upptæka. Þessar aðfarir Didriks eru sýnilegt brot á þeirri skuldbindingu konungs, að láta Íslendinga ná friði og lögum, sem að framan er getið. En engri áþyrgð komu þeir þó fram á hendur ræningjans. Ögmundur Pálsson, byskup í Skálholti, kom því að visu til leiðar, að Didrik var dæmdur samkvæmt landslögum fyrir þessa og margar aðrar óhæfur, en slíkt hafði ekki annan árangur en þann, að sýna Íslendingum, að konungur og skósveinar hans voru ákveðnir í því, að virða hvorki landslög né rétt. Didrik bjóst jafnvel til þess, að ræna fleiri klaustur, en áform hans fengu skjótan enda með dauða hans í Skálholti sama ár.

Þó sýnir næsta dæmi enn þá bet ur gerræði konungs.

Þegar konungi varð það ljóst, að siðabót Lúters ætti hlýum vinsældum að fagna á Íslandi, og landsbúar mundu aldrei ókúgaðir lögleiða hana, sendi hann tvö herskip til landsins undir forustu Kristofers Hvítfelds, höfuðsmanns í Steinvikurhólmi í Noregi, hans sama, er áður hafði brotið landslýðinn í Noregi til hlýðni við konungsboð. Hann fór til þings þegar er skip hans komu að landi, og vanst það fljótt, sem vænta mátti, að fá þingmenn til þess að samþykkja vilja konungs. Mun þeim ekki hafa þótt all-lýsilegt, að mæla á móti," þar sem við slíkt ofurefli var að etja.

Oft höfðu Íslendingar orðið að sæta allþungum kjörum frá hirðstjórnar höndum konunga sinna, en aldrei hafði þó yfirgangur þeirra komist til hálfs við þessar aðfarir Kristjáns konungs þriðja. Enda munu fá dæmi vera til þess, að fátæk og varnarlaus þjóð hafi nokkru sinni verið kúguð og svívirt með öllu meira vægðarleysi. Að ógna friðhelgum þingmönnum á lögmætu þingi þjóðarinnar, er stjórnarfarslegur glæpur og landráð, — en þar sem vopnin eru, verða lögin að lúta.

Eigi var erindum Hvítfelds heldur lokið með því, að kúga alþingi til samþykkis við konungsboð. Og ekki þar það síður vótt um virðingarleysi Dana á persónufrelsi og lögum landsbúa, þegar Kristofer með aðstoð Gissurar byskups kt handtaka Ögmund Pálsson byskup, — dágott sýnishorn af eðallyndi þeirra við Íslendinga, eða hitt þó heldur. Eftir að hafa flutt hann út á skip Hvítfelds, lofuðu þeir honum frelsi, ef hann vildi gefa konungi allar jarðir sínar og góss, sem var mjög mikið fé, því að hann var auðugur maður. Ögmundur varð þessu feginn, því hann þráði ekkert frekar, en að fá að lifa meðal vina sinna, eins og eðlilegt var, þar sem hann var blindur og ósjálfbjarga fyrir elli sakir. En hvorki gátu þænir hans né elli vakið mannlegar tilfinningr í brjósti þessara níðinga, sem notuðu sér einstæðingsskap hans og veikleika til þess að svikja út úr honum fjármuni hans. Ekki létu þeir þó þar við sitja, að ræna fjármunum byskups, heldur svíku þeir alt kvensilfur Ástdísar systur hans til sín, með því yfirskyni, að hún skyldi kaupa frelsi bróður síns fyrir það. En hún vildi fegin gefa alla hluti til þess, að hann yrði látinn laus úr slíkum nöðingshöndum. — En þrátt fyrir alt þetta fé, létu þeir hann ekki lausan, og andaðist hann fangi nokkru síðar, og er margra sögn, að hann hafi dáið af sorg. Með handtöku Ögmundar byskups er augsýnilega brotið á móti þessu ákvæði gamla sáttmála: "Konungur skal láta oss ná friði og íslenzkum lögum".

Sjötta grein kveður svo á, að Íslendingar skuli hafa þann rétt í Noregi, sem þeir hafi beztan haft. Eigi veit ég til, að Íslendingar hafi nokkurntíma notið þess réttar, enda hafa þeir ef til vill aldrei krafist hans.

Ein greinin hljóðar svo: "Jarl viljum vér hafa yfir oss, meðan hann heldur frið við oss og trúnað við yður".

Þessa skuldbindingu mun konungur hafa rofið fyrst af öllum sannnings atriðum gamla sáttmálans, því þegar eftir dauða hins fyrsta jarls, Gissurar Þorvaldssonar, er hlaut tign sína og völd hjá konungi, að launum fyrir að koma Íslendingum undir hans stjórn, — var þar aldrei jarl skipaður.

Loks er 8. og síðasta grein gamla sáttmálans á þessa leið:

"Halda skulum vér og vorir arfar allan trúnað við yður meðan þér og yðar arfar haldið trúnað við oss, og þessar sáttmálsgerðir fyrirskriftaðar, en lausir (allra mála), ef rofin verður af yðvarri hálfu að beztu manna yfirsýn".

Með framanskriftuðu hefi ég leitast við, að sýna það og sanna, að konungur rauf ekki einu sinni, heldur mörgum sinnum hverja einustu málsgrein gamla sáttmálans, og var því samkvæmt síðustu grein þessa sáttmála — eða grundvallar lögum landsins — búinn að fyrirgera þeim forréttindum, sem honum með þessu skilyrði voru gefin, samkvæmt þráttnefndum samningi. Hann var búinn að fyrirgera öllum réttindum sínum sem konungur þjóðarinnar. Eða með öðrum orðum: Þar sem annar samningsaðili brá heit sin, var samningurinn ógildur, og Íslendingum gefin fylstu sögu og lagaleg réttindi til þess að segja konungi upp allri þegnskyldu og gerast sjálfstæð þjóð. En þótt þeir hefðu tvímælalaust réttindi til þess, að gera slíkt, voru þeir barla fjarri því, að hafa afl til þess, að hrinda konungsvaldinu af stóli, og án þess höfðu réttindi þeirra litla hagsmunalega þýðingu fyrir þá, á meðan herstjórnarvald og konungakúgun voru alþjóðalög. En réttindi þeirra urðu arfur seinni tíma kynslóðar, — þeirrar kynslóðar, sem las harmasögu þjóðar sinnar í blóðsporum hirðstjórans. En réttindum þessum fylgdi skyldan að endurreisa hið glataða stjórnfrelsi þjóðarinnar, sem feður þeirra voru rænir og græða þau mörgu sár, sem böðuls hendur hirðstjóranna höfðu sært þjóð þeirra.

En þrátt fyrir alla kúgun og lögleysi gerði enginn þeirra konunga, sem mest og verst gengu á réttindi landsbúa, minstu tilraun til þess, að fá grundvallarlögum landsins (gamla sáttmálanum) breytt, fyr en Kristján fjórði lét hirðstjóra sinn Henrik Bjelke kúga og svikja íslenzka þingmenn til þess, að afsala sér öllum landsréttindum og samþykkja einveldi konungs árið 1662.

Til þess, að mönnum gefist kostur á, að dæma um það af eigin þekkingu, hvort þessi einveldisskuldbinding muni hafa nokkra réttmæta þýðingu eða lagulegan grundvöll, skal ég með fáum orðum lýsa því, hvernig höfuðsmaður fékk Íslendinga til þess, að sam þykkja hana.

Þegar fyrneindur höfðuðsmaður kom út til Íslands, skömmu eftir þinglok árið 1662, stefndi hann þingmönnum til fundar í Kópavogi, til þess að vinna konungi hyllingareiða. Í fundarbyrjun hélt hirðstjórinn þingmönnunum vöndu mikla, en er veizlugestir hans gerð usu ölvaðir, átti hann langt einmæli við minniháttar þingmenn nokkra, og fór hann þess á leit við þá, að þeir skyldu rita nöfn sín undir skjal nokkurt á dönsku, þess efnis, að þeir afsöluðu sér öllum landsréttindum fyrir hönd þjóðarinnar, en samþyktu einveldi konungs. Því var samt lofað að stjórnarfari landsins skyldi að engu verða breytt, frá því, sem þá var. En er hirðstjóri varð þess vís, að nokkrir betri þingmenn mundu ófúsir til þess, að undirskrifa slíka skuldbindingu, lét hann hermenn sína slá hring um fundarmenn til þess að ógna þeim.

Heill dagur leið samt áður enn Árna lögmanni Oddssyni varð þröngvað til þess, að rita nafn sitt undir þessa örlagaþrungnu skuldbindingu (sagt er, að hann hafi gert það að lokum grátandi).

Aðfarir hirðstjórans til þess að fá undirskriftir þingmanna undir þessa skuldbindingu undir einveldi, sýnir það og sannar, að hér getur ekki um neina löglega skuldbindingu verið að ræða, jafnvel þó að þingmennirnir hefðu haft fult vald til þess að gera slíkar grundvallarlaga breytingar fyrir hönd þjóðarinnar, sem þó eigi var. Þeir (þingmennirnir) voru sviknir með fölskum loforðum til þess að undárrita þetta einveldis skuldbindingarskjal sem var á dönsku, og þar af leiðandi fæstum þeirra skiljanlegt. Þeir voru gerðir víti sínu fjær af ölæði, og þeim var ógnað með vopnuðum skril, til þess að gera þá auðsveipari. Það gefur að skilja, að þar samþyktir, sem gerðar eru undir þannig vöxnum kringumstæðum, geta ekki verið bindandi fyrir málsaðila, né haft nokkra löglega þýðingu yfir höfuð. Einveldis samþyktin í Kópavogi og allar einveldiskröfur konungs, ber einungis að skoða sem ofsafullt frumhlaup á sjálfstæði og stjórnarfarslegr réttindi fátækrar og varnarlausrar þjóðar. En engu að síður var Íslandi stjórnað samkvæmt þeim ólögum, sem þar voru undirskrifuð, í meira en tvö hundruð ár.

Það er of langt mál, að rekja alla raunasögu þjóðar vorrar á einveldis tímabilinu, enda er það ekki aðal tilgangur þessarar ritgerðar. En eins atburðar kemst ég þó ekki hjá að geta, atburðar, sem hefir mikla þýðingu fyrir hina núverandi réttarstöðu landsins.

Þess hefir áður verið getið, þegar minst var á uppruna gamla-sáttmálans, að hann hafi verið samningur milli tveggja fullveðja málsaðila, og þess vegna óbreytanlegur, nema eftir samkomulagi beggja samningaðila, nefnilega konungs og Íslands. Samkvæmt þessu hafði konungur sá, sem samningur þessi varð gerður við, eða arftakar hans, enga heimild til þess að afsala sér konungdómi sínum á Íslandi í hendur annara þjóðhöfðingja. Auk þess, sem sáttmálinn sjálfur kveður svo á skýrt og skorinort, að þegnskapur Íslendinga skuli einungis bundinn við Noregs konunga. Því með þessu ákvæði gamla sáttmálans: "halda skulum vér og vorir arfar trúnað við yður meðan þér og yðar arfar haldið trúnað við oss", er ótvírðlega átt við erfingja Hákonar konungs, til ríkisstjórnar í Noregi. Og gátu Íslendingar þess vegna ekki orðið þegnskyldir undir aðra konunga, án vilja þeirra og vitundar.

Árið 1387 var Noregur og Danmörk sameinuð undir einn konung og stóð sú sameining þangað til að friðarsamningurinn í Kiel gerði út um aðskilnað þeirra landa árið 1814. Í friðarsamningi þessum var Íslands að visu hvergi getið, en Danir, sem kölluðu landið hreint og beint eign sína, héldu áfram að stjórna því samkvæmt þeirri grundvallarskoðun eftir sem áður.

Hér voru auðsjáanlega brotin

George G. LENNOX

Selur í hæildsölu SKÓ, STÍGVÉL og YFIRSKÓ

150 Portage Ave. East, Winnipeg.

MARKET HOTEL

146 PRINCESS ST. á móti markaðnum

P. O'CONNELL, eigandi, WINNIPEG

Beztu tegundir af vínföngum og vindl um, aðhlynning góð, húsið endurbætt

JOHN DUFF

PLUMBER, GAS AND STEAM FITTER

Alt verk vel vandað, og verðið rétt

662 Notre Dame Ave. Phone 3815 Winnipeg

Strathcona Hotel

Horni Main og Rupert Str. Nýbygt og ágætt gistihús; Gest um veitt öll þægindi með sanngjarnasta verði. Frí keyrsla til og frá öllum járnbr. stöðvum. Beztu vín og vindlar; og herbergi og máltíðar ágætar.

McLaren Brothers

EIGENDUR

Hotel Pacific

219 Market Street | H. M. Hicks Eigandi

Winnipeg - - - Manitoba

Telephone 1338

Ný-endurbætt og Ný-tízku hús í alla staði. Viðskifta yðar óskast virðingarfylst.

$1.25 a Dag

$1.50 Á DAG

Besta $1.50 gistihús í Winnipeg

BRUNSWICK HOTEL

Horni Main St. og Rupert Ave.

Besta borðhald; Hreint og Björt Herbergi; Fínustu Drykkir og Bestu Vindlar. Ókeypis Vagn mætir Öllum Trainlestum. Reynið oss þegar þú ert á ferð.

lög á Íslendingum, því með friðargerðinni í Kiel, var Ísland í raun réttri leyst undan öllu konungsvaldi, þar sem Noregur við friðargerð þessa glataði ríkisréttindum og gerðist skattland Svíakonungs, gat konungur hinnar norsku þjóðar eigi framar talist erfingi Hákonar hins gamla til ríkisstjórnar í Noregi.

Danakonungur glataði líka að sjálfsögðu öllum réttindum, sem hann hafði haft, sem konungur Noregs, jafnskjótt og hann afsalaði sér konungdómi í Noregi. En hversu sem gengið var á réttindi Íslands, bæði við þetta tækifæri og fjölda mörg önnur, töldu þó landsbúar sinn kost vænstan, að bera yfirgang þennan mótmælalaust, enda mun 400 ára reynsla þjóðarinnar hafa fært þeim heim sanninn um það, að Danir mundu hvorki spara fé né fólksku til þess að fá vilja sínn framkvæmdan.

Sá kafli í sögu þjóðar vorrar, sem hefir verið lýst að nokkru hér að framan, er að því leyti einkenmilegur, að Íslendingar voru á þessu tímabili á stöðugu undanhaldi í landsréttinda málinu. Með nitjándu öldinni þar á móti hófst nýtt tímabil í sögu þjóðarinnar, hinar háveru frelsiskröfur mannkynsins, sem í byrjun þessarar aldar hljómuðu hvervetna yfir hinn mentaða heim, vöktu hugsunarlif og starfsþrótt þjóðarinnar til meiri framkvæmda.

Ódýr timburlönd

Eitt af því síðasta, sem gert var að umræðuefni í Ottawa þinginu, áður en því var slitið þann 20. júli sl., var viðvíkjandi þjóðeignaráni Laurier stjórnarinnar, og sérstaklega um landsölu þá, sem nýlega varð uppvíst um, þar sem stjórnin seldi í vesturhluta Ontario fylkis 29,301 ekrur af úrvals timburlandi fyrir $9,017.50, eða 30c hverja ekru að meðaltali. En kaupendurnir seldu það strax aftur fyrir $101,830.00, og græddu þannig rúmlega á því $91,813.00, eða rúmlega ÞÚSUND PRÓSENT

Uppástunga kom fram um, að setja þingnefnd til að rannsaka þetta mál, en Oliver innanríkisráðherra aftók það með öllu, hvað engan tíma til þess, þar sem þingsetan væri nú þegar á enda. Hann kvað ekkert rangt við þessa sölu. Kaupendurnir hefðu keypt landið með timbrinu, sem á því væri, fyrir 30c hverja ekru, og það teldi hann gott verð fyrir ríkið. Og þó að kaupendurnir hefðu grætt vel á sölunni, þá væri það ekkert tiltökumál, heldur mjög alvanalegt, að menn græddu á landverzlun í Canada.

Það verður því að bíða næsta þings, að Canada þjóðin fái fullar upplýsingar um það, hvernig Laurier stjórnin fór að ræna ríkið þessari verðmætu landspildu, til þess að auðga vini sína um rúmlega 90 þúsundir dollara á því stjórnkænsku bragði.

Hinir áreiðanlegustu — og þar með hinir vinsælustu — verzlunarmenn auglýsa í Heimskringlu.

—The— Criterion Hotel

McDermott Ave.

Nýtt, vandað gistihús með ágæt herbergi, vönduðustu drykkjir og fínustu vindlar.

Vinsælt meðal Íslendinga. Er beint á móti Tribune bygginguni á McDermott Avenue.

MORICE NOKES

EIGANDI

Woodbine Hotel

Stærsta Billiard Hall í Norðvesturlandinu

Tíu Pool-borð.—Alskonar vín og vindlar.

Lennon & Hebb, Eigendur.

SPÓNNÝTT HÓTEL

ALGERLEGA NÝTÍZKU

Hotel Majestic

John McDonald, eigandi.

James St. West, Rétt vestan við Main St. Winnipeg Telefón 4979

$1.50 á dag og þar yfir Bandaríkja-snið

Alt sem hér er um hönd haft er af beztu tegund. Reynið oss.

MIDLAND HOTEL

255 Market St. Phone 3491

Nýtt hús, nýr húsbúnaður Fullar byrgðir af allskonar vönduðustu drykkjum og vindlum í hressingar stofunni. Gisting einn dollar á dag og þar yfir.

W. G. GOULD :: FRED. D. PETERS, Eigendur

WINNIPEG ::: ::: CANADA

Jimmy's HOTEL

Rétt á bak við Pósthúsið

Íslendingar ættu að reyna þetta gistihús. Í hressingarstofunni er sá eini íslenzki vínveitingamaður í Winnipeg.

James Thorpe, eigandi

Fyrrum eigandi Jimmy's Restaurant

KENNARA

vantar til Big Point skóla No. 962. Kenslutími 10 mánuðir. Byrjar 24 ágúst. Umsækjendur verða að hafa 2. eða 3. stigs kennarapróf, þeir tiltæki kaup og um æskingu sem kennari.

Tilboðin sendist til undirritaðs, sem gefur allar upplýsingar.

Wild Oak P.O., 18. júli 1908.

Ingim. Ólafsson.

BILDFELL & PAULSON

Union Bank 5th Floor, No. 520

selja hús og lóðir og annast þar að lútandi störf; útvegar peningalán o. fl.

Tel.: 2685

Hvað er svo Gott

sem nýtt, ferskt kjöt? Hvað er betra að borða en gott kjöt? Og hvar fæst það betur útilátið en einmitt hjá oss. Telefónið oss eina pöntun og reynið

C. G. JOHNSON, KJÖTSALI

Horni Ellice og Langside. Tel.: 2631.

F. Deluca

Verzlar með matvöru, aldini, smá-kökur, allskonar sætindi, mjólk og rjóma, sönul. tóbak og vindla. Óskar viðskifta Íslend. Heitt kaffi eða te á öllum tímum. Fón 7756

Tvær búðir: 587 Notre Dame og 714 Maryland St.

The Dominion Bank

NOTRE DAME Ave. BRANCH Cor. Nena St.

Vér seljum peningaávísanir borganlegar á Íslandi og öðrum lönd.

Allskonar bankastörf af hendi leyst

SPARISJÓDS-DEILDIN

tekur $1.00 innlag og yfir og gefur hæztu gildandi vexti, sem leggjast við innstæðufé 4 sinnum á ári, 30. júní, 30. sept., 31. desembr og 31. march.

Giftingaleyfisbrjef

selur Kr. Ásg. Benediktsson,

477 Beverley St. Winnipeg.

WINNIPEG Business College

FÉKK FYRSTU VERÐLAUN Á SAINT LOUIS SÝNINGUNNI.

Cor. Portage Ave and Fort St.

Kennir Bókhald, Vélritun, Simritun, Býr undir Stjórnþjónustu o. fl. Kvöld og dag kensla. Sérstök tilsögn veitt einstaklega. Starfshögunar-skrá frí.

Drs. Ekern & Marsden,

Sérfræðislæknar í Eftirfylgjandi greinum: — Augnasjúkdómum, Eyrnasjúkdómum, Nasasjúkdóm um og Kverkasjúkdómum.

Í Platky Byggingunni í Bæ num **Grand Forks, N. Dak.**

Cancer Cure.

R. D. EVANS, sem fann upp hið viðfræga lyf til lækninga

krabbameinum

óskar að allir sem nú þjást af krabbameinum, skrifi sér. 2. daga notkun meðalsins, læknar útvortis eða innvortis krabbamein. Skrifið strax til R. D. Evans, Brandon, Man. 27-8-8

Sendið Heimskringlu til vina yðar á Íslandi

Til fullkomnustu trygginga Vátryggið fasteignir yðar hjá The

St. Paul Fire & Marine Ins. Co.

Eignir félags eru yfir 5 millión dollars. Skaðabætur borgaðar af San Francisco eldinum 1¼ milli. SKULI HANNSSON & CO., 55 Tribune Bldg., Phone 6476, eru sérstakir umboðsmenn.

E. S. Miller Limited

Aðal umboðsmenn

PHONE 2088 219 McINTYRE BLK.

T.L.

Heitir sá vindill sem allir reykja. "Hversvegna?", af því hann er það besta sem menn geta reykt. Íslendingar! munið eftir að biðja um T. L.

(UNION MADE)

Western Cigar Factory

Thomas Lee, eigandi Winnipeg

Redwood Lager og Extra Porter

Styrkið taugarnar með því að drekka eitt staup af öðrum hvorum þessum ágæta heimilis bjór, á undan hverri máltíð. — Reynið !!

EDWARD L. DREWRY Manufacturer & Importer Winnipeg, Canada.

Minni Winnipeg.

2. ÁGÚST, 1908.

Þú mikla borg um miðbik þessa lands,
þú megin-afstöð dætra vorra og sona,
átt stóran skerf í þátt vors þjóðarbands,
hjá þér fyrir vora tungu, um framtíð megum vona,
þó þeir, sem hingað fyrstir lögðu leið
í landsins auðn, oft fengu sáta hnúa,
nú vegleysan til forna, er vel rudd, slétt og breið
til Winnipeg, — þeim hingað vilja snúa.

Vort stærsta íslenzkt þjóðminningar þing!
í þessu landi, ennþá hjá þér setjum,
á fögrum sléttum sláum Víkings-hring,
og slíngum glímu-köppum saman etjum
með lúðraþyt, og skálda hörpuhljóm,
svo hvín í öllum þíuum turna-grúa,
og íslenzkt bergmál berst með þýðum óm,
til bræðra í fjarlægð, sem á landið trúa.

Hjá þér hefir móðurmál vort varðveist bezt,
og vina- og félags böndin orðið sterkust
hjá þér hefir safnast saman þekking mest,
og Saga vor mun geymast hjá þér merkust,
hjá þér, má hver einn lifa frjáls og frí,
í framsókn engum stendur þú í vegi
að minnast þín, með virðing, viljum því
á vorum stærsta ársins gleðidegi.

Ó, heill sé þér, vors þjóðflokks höfuðból,
í þúsund ár! — já, ótal hundrað sinnum;
á meðan annan ágúst ljómar sól,
og íslenzk tunga verður höfð í minnum
— ef danskan myrkva á ættjörð okkar ber,
þá yl og ljós til hennar láttu skína,
það mundu englar ljóssins launa þér,
með lif-steinum í kórónuna þína.

Þ. K. Kristjánsson.

26. júlí, 1908.

"Seg mér þá, er alt þetta satt, sem ég hefi nú heyrt?"

"Því miður er það alt satt".

"Og þú hefir vitað það síðan faðir minn dó?"

"Já, það er eins og Lady Caren sagði frá. Hann lét kalla á okkur að bamasæng sinni, og þar sagði hann okkur þetta alt saman".

"Og þú hefir varðveitt þetta leyndarmál trúlega þangað til nú?

"Ef ég hefði mátt ráða, Allan, skyldi það aldrei hafa komist upp. Ég fæ ekki séð, að neitt gott hafi af því hlotist, en illu er það búið að koma af stað, það er áríðanlegt".

"Þú segir, Aðalheiður, að þú elskir mig, og ég trúi því. Samt vildir þú heldur yfirgefa Brooklands og láta mig trúa um þig, hvað sem mér sýndist, en segja mér þetta?"

Það brá fyrir björtu brosi á andliti hennar.

"Já, af því ég vissa, hve illa þér myndi falla það, ég vildi heldur ganga út í dauðann, en segja þér þetta leyndarmál".

Hann gekk nær henni.

"Nú veit ég ekki, hvort þú ert engill eða mensk kona".

"Einhverntíma vona ég, að ég verði engill", sagði hún og reyndi að taka rólega, og brosa að orðum hans, en þau þrengdu sér þó inst í hjarta hennar. — Hann horfði stöðugt á hana, og tillit hans lýsti hinni mestu aðdáun.

"Ég vissi, að konur geta haft hreina og góða sál", sagði hann, "en aldrei hugði ég að til væri hálft svo góð manneskja eins og þú ert".

Lady Aðalheiður svaraði þessu engu.

"Hvað hefir þú ekki mátt hugsa um mig?" sagði hann. "Aldrei hefir nokkur maður verið jafn-

sem ég hefi nú fyrirlitlegur í augum nokkurrar konu, eins og ég hefi hlotið að vera í þínum augum".

"Þú gast aldrei orðið fyrirlitlegur í augum mínum", sagði hún rólega. "Ég hefi ávalt álitið þig þann bezta og göfugasta mann undir sólunni".

"Og hér hefi ég státað með lánaðar fjaðrir", sagði hann, "gefið þér allra náðarsamlegast leyfi til að dvelja undir þaki mínu, ef þú vildir gera þér það að góðu, og lofað þér að bera nafn mitt. En alt, sem ég áleit mætt, tilheyrði í raun og veru þér. Ó, Aðalheiður, það er hart að hugsa um þetta".

"Þú vissir þetta ekki, Allan", hvísladi hún, "og þú varst mjög góður við mig".

"Góður!" hrópaði hann. "Já, ég var heldur en ekki góður. Ég lofaði þér að búa í þínu eigin húsi. Ég gaf þér þina eigin gimsteina. Þú vissir, að þú áttir þá með réttu, þegar ég fékk þér þá".

"Já, en þú vissir það ekki, Allan, og þú gafst mér þá í góðum tilgangi, það má ég játa".

"Þú safnar glóandi kolum á höfuð mér. Ef þú vildir hlægja að mér eða ávíta mig, gæti ég þolað þetta betur".

"Hvernig á ég að hlægja að þeim manni, sem ég elska svo heitt Ég get ekki annað en elskað þig af öllu mínu hjarta".

"Aðalheiður! seg mér eitt: Ofræðir þú þér fyrir mig eftir að hafa íhugað það nákvæmlega?"

"Já það gerði ég, og ég mundi gera það aftur, ef til þess kæmi".

"Og þetta er þá ástæðan fyrir því, að þú áttir mig? Oftar en þúsund sinnum, eftir að ég tók eftir mannkostum þínum, hefi ég spurt mig sjálfan: Hversvegna skyldi þessi kona endilega hafa viljað eiga mig?"

Og þetta er svar mitt: Ég átti þig eins og þú segir á móti vilja þínum, af því móðir þín bað mig

svo innilega um það. Í öðru lagi af því, að ég gat ekki vitað til þess, að þú, sem varst alinn upp sem erfingi að Brooklands, skyldir þurfa að missa af því. En helzt gerði ég það vegna þess, að þú þyrftir aldrei að vita, hvað faðir þinn hafði gert".

"Þínar eigin tilfinningar hafa þá ekkert haft með þetta að gera, ímynda ég mér".

Hún eldroðnaði. "Nei," sagði hún, "ef um ekkert annað hefði verið að ræða, þá væri alt öðruvísi en það er nú".

"Ég trúi þessu. Ég hefi aldrei getað skilið þetta, Aðalheiður. Ég vissi, að þú varst göfug og kvenleg, og það var svo ótrúlegt, að þú ættir mann móti vilja hans. Ég hafði svo berlega gefið í skyn, að mér félli ekki ráðabagurinn".

"En nú veiztu það", hvísladi hún. "Það var til þess, að þú fengir að halda Brooklands og yrðir ekki áskynja um afbrot föður þíns. En, Allan, ef ég hefði vitað einn hlut, hefði ég aldrei þorað að giftast þér".

"Hvað var það?" spurði hann.

"Ef ég hefði vitað eða ímyndað mér að það væri til önnur kona, er þér þætti vænt um —"

"Hvernig fékstu að vita þáð?"

"Þannig", sagði hún feimnislega, — "þannig, að ég fann myndina af hinni fögru konu, sem þú elskaðir, og á henni stóð skrifað: 'Elskuð, en töpuð 14. júní'. Alt að þeim tíma hafði ég von um, að vinna ást þína, ef ég væri nógu góð og þolinmóð, en þegar ég hafði fundið myndina, misti ég alla von".

Hann greip um hönd hennar. "Nei, aldrei", sagði hann, "aldrei hefi ég elskað hana eins og ég elska þig nú. Þú hefir unnið hjarta mitt, — þú hefir unnið svo mikið, Aðalheiður, að ég hefi ekki meira að gefa burtu. Þú hefir unnið þær dýpstu, insta tilfinningar hjarta míns og virðingu mína".

Hún svaraði ekki, en augun töluðu fyrir hana.

"Ég er bæði þakklátur og glaður fyrir, að þetta sundurlyndi á milli okkar er nú horfið. En Aðalheiður, ég er nú búinn að gera þér nógu rangt til. Þú átt Brokklands og alt, sem því tilheyrir. Ég vil ekki dvelja hér á þinn kostnað, — sem nokkurskonar þurfamaður".

"Áleist þú mig svo þennan tíma, sem ég hefi lifað hér?" spurði hún fljótlega.

"Nei, en því er nú öðruvísi bátt'að. Enginn karlmaður gerir sig ánægðan með, að lifa af fe konu sinnar".

"Hvað eigum við þá að gera?" spurði hún rólega.

"Ég vil taka það, sem faðir minn eftirlét mér — fimm þúsund pund — og fara héðan. Ég skal vinna mér fjár og frama, og þegar því er náð, þá kem ég aftur og geri kröfu til þín, elskan mín".

"Hún varð mjög óróleg. "Heldur þú ekki, að ég sé búin að líða nóg?" spurði hún.

"Elskan mín, aldrei hefir nokkur kona liðið meir en þú, eða verið göfugri en þú".

"Finst þér þú standa í skuld við mig?" mælti hún. "Nú fyrst vil ég kannast við, að þú gerir það. Í staðinn fyrir hina leiðinlegu tilveru minna hér, — í staðinn fyrir hina löngu, köldu nótt, örvæntingu, sorg og afbrýðissemi, — fyrir alt, sem ég hefi liðið, ertu í skuld við mig. Viltu borga þessa skuld, Allan?"

"Já, það vil ég", mælti hann. "Ég vil gera alt, sem þú heimtar af mér".

Nú gleyndi hún feimni sinni, hugsaði ekkert um, hvað hann myndi hugsa um sig. Hún tók um háls honum og huldi höfuðið við brjóst hans.

"Elskan mín", hvísladi hann og beygði sig niður að henni. "Hvað er það?"

Winnipeg Fréttir

Frá Dog Creek er ritað 23. júlí til: Björn Mathews kom í kveld á gæðhestinum sínum sunnan frá Westbourne. Hafði verið að flytja þang að trjáviðarfleka stóran, og gekk illa vegna storma, og var því lengur en gert var ráð fyrir. Vantaði því til að saga á mylluni, svo að ekki varð unnið. En báturinn átti að fara norður á vatn strax til að sækja ósminn við, en þrátt fyrir það snýr hann hér aftur á tanganum við Dog Creek og fer með veik an mann til Oak Point á morgun, en lætur nær 20 manns bíða verkfausa á meðan. Maður þessi er Andrés Gíslason, fátækur bóndi frá Dog Creek, sem er sárþjáður af augnveiki, svo bráðra aðgerða þarf við".

Herra Páll Gunnarsson, frá Minneapolis, var hér í bænum í síðustu viku, í fyrsta sinni í 22 ár, síðan hann dvaldi hér áður en hann flutti suður. Hann hefir um nokkurn tíma undanfarinn unnið fyrir járnbrautarfélag þar syðra, og lætur vel af líðan sinni þar. Hann brá sér vestur í land.

Byggingaleyfi þau, sem bærinn hefir veitt síðan á nýári, eru ekki fullar 3½ miliónir dollara, eða tæplega þriðjungur þess, er áður var, meðan hér var fult fjör í húsabyggingum.

Nú er lokið við Asphalt lagninguna á Main St. og byrja á, að Asphalt leggja Higgins Ave. milli Main St. og Louise brúarinnar. Verki því á að vera lokið á þessu sumri. 6

Herra Jóhannes Einarsson, frá Lögberg P.O., Sask., var hér á ferð í síðustu viku.

Prófessor Sturla Einarsson, kennari í stjörnufræði við háskóla einn í Californiu, kom hingað til bæjarins með Nönnu Einarsson, systur sinni, á þriðjudaginn í sl. viku. Þau komu frá Duluth í Minnesota. Þau systkini eru börn Jóhannesar Einarssonar þar í borginni, en hann er bróðir Indriða yfirskoðara Einarssonar í Reykjavík.

Prófessor Einarsson er á kynnisferð í sumarfríi sínu til ættingja sinna í Alberta nýlendunni, og systir hans hefir tekið sér ferð með honum sér til skemtunar, og er ferð þeirra heitið alla leið vestur á Kyrrahafsströnd. Þaðan fer herra Einarsson suður til Californiu, en ungfrú Einarsson heldur aftur austur heim til sín.

Samtímis þessum systkinum kom einnig frá Duluth borg herra Sigfús Magnússon, sonur séra Magnúsar sál. fyrrum prests á Grenjaðarstað í Þingeyjarsýslu. Sigfús hefir dvalið 12 ár í Duluth borg, en kom nú hingað ásamt konu sinni til þess að vera hér á Íslendingadeginum. Þau hjón fara einnig norður til Gimli, til þess að sjá þann stað. Sigfús fór fyrst frá Íslandi til Ameríku árið 1874, og dvaldi þá vestra um 2 ára tíma, en hvarf svo heim aftur. Árið 1886 fór hann vestur í annað sinn, og hefir dvalið hér síðan.

Á föstudagskveldið 7. ágúst kl. 10, á eftir Heklufundi, verður dregið um saumavél, og svo getið um í næsta blaði hvor hreppir.

Íslendingadagurinn

í River Park á mánudaginn var fór ákjósanlega vel. Betra veður hefir ekki verið hér á þessu sumri. Sólskin og þettings gola, og hitinn ekki meiri en svo, að hann var þægilegur. Nefndin hafði búist við góðri aðsókn þann dag og hafði pantað 5 sérstaka strætisbrautavagna á ákveðin strætishorn kl. 8 að morgni, og voru það eins marg ir vagnar og pantaðir hafa verið á nokkru öðru ári. En þeir reyndust ónógir til þess að flytja alla þá, sem biðu þeirra, og varð því nefndin strax að senda eftir 3 öðrum vögnum. En tafir urðu nokkrar við þetta, svo að í stað þess, að geta sett hátíðina kl. 9, eins og ætlað var, var hún ekki sett fyr en 20 mínútum síðar.

Skemtistaðurinn var prýddur svo sem föng voru til, með brezkum og íslenzkum fánum á stöngum og ræðupallurinn prýddur skrautlituðum dúkum og flöggum.

Það var auðsið strax um morguninn, að yngri kynslóðin hafði hafst óvanalega mikinn undirbúning til þess að taka þátt í skemtuninni. Enda var þá strax byrjað á hlaupum og stökkum og því haldið hvildarlaust áfram til kl. 1.30. Knattleikir höfðu og þá staðið yfir allan fyrri part dagsins.

Þá var tekin stutt hvild til máltíða. Kl. 2 hófust ræður, og töluðu þar þeir prestarnir séra Fr. J. Bergmann og séra Friðrik Hallgrímsson, frá Baldur, og séra Oddur V. Gíslason, og konurnar ungfrú Frida Harold, B.A., og Mrs. Halldóra Olson, frá Duluth, Minn. sem ásamt Mrs. Norman hafði komið til þess að sækja þetta hátíðahald. Milli ræðanna voru leikin upp kvæði og spilað af íslenzka hornleikendaflokknum.

Um þetta leyti dags mun hátt á þriðja þúsund manns hafa verið komið í skemtigarðinn, og komu þó margir síðar um daginn.

Að afloknum ræðuhöldum fór fram samtímis sund og ungbarnasýning, og dæmdu þær Mrs. Halldóra Olson og ungfrú Peterson, hjúkrunarkona, um börnin.

Síðan var knattleikjum, glímum, kaðaldrætti og öðrum skemtunum haldið áfram til kvelds. Og að síðustu var dansað til kl. 11, svo að flestir voru komnir heim á leið fyr ir miðnætti.

Kaðaldrátt unnu giftir menn.

Karlmanna knattleikinn unnu "Vikings" og kvenknattleikinn "I. A. C." félagið.

Hálfrar mílu kapphlaup unnu: 1. St. Bjarnason, 2. G. Hallsson og 3. B. Stefánsson.

Milu kapphlaup unnu: 1. G. Hallsson, 2. St. Bjarnason og 3. L. Oddson.

Kappsundið unnu: 1. S. Gillis, 2. H. Pálmason og 3. P. Eliasson.

Glímur unnu: 1. H. Mathúsalemsson, 2. E. Abrahamsson og 3. S. Stefánsson.

Stökkin vann C. J. Backman, og hann vann á þessu ári silfurbikar þeirra Clemens, Árnason & Palmason.

Dans-verðlaun unnu: 1. Mrs. P. Bowry, 2. Mrs. S. A. Johnson, 3. Mrs. Thos. Fraser og 4. Miss Julius.

Í næsta blaði verður nákvæmar skýrt frá, hverjir unnu verðlaun.

Það má óhætt fullyrða, að enginn liðinn Íslendingadagur hefir farið betur en þessi, að því er snertir veður, aðsókn, tekjur og almenna ánægju með skemtanirnar — það eitt varp skugga á algerða ánægju, að ungur piltur meiddist af því, að bolti lenti í andliti hans meðan á knattleikum stóð, af því hann fór inn á svið leikendanna.

Á laugardaginn var komu hingað til borgarinnar þær Mrs. Halldóra Guðmundsdóttir Olson og Mrs. Jónína Davíðsdóttir Norman, báðar frá Duluth, til þess að vera hér á Íslendingadeginum. Mrs. Olson á og stjórnar stórum kvensjúkrahúsi þar í borginni, eins og áður hefir verið skýrt frá í þessu blaði. Mrs. Olson hefir ekki komið til Winnipeg í 20 ár, og hafði því nóg að gera, að finna fjölda af vinum hér í borginni þá 4 daga, sem hún dvaldi hér, en ómögulegt var, að fá hana til að tefja hér lengur vegna anna við sjúkrahúsið. Mrs. Norman átti og hér fjölda kunningja, því mikill fjöldi Íslendinga hafa gist hjá föður hennar sál. í Fornahvammi, og minnast þess jafnan með ánægju. Þær konurnar héldu suður aftur í gærdag.

Þau hjónin hr. Gunnlaugur Helgason og kona hans Mrs. Oddný Helgason, að 620 Toronto st., urðu á föstudaginn þann 31. júli fyrir þeirri þungu sorg, að missa dóttur sína ársgamla. Hún hét Stefanía Clara Augustina, og var hún jarðsungin frá heimili þeirra hjóna af séra Jóni Bjarnasyni sunnudaginn 2. ágúst, fæðingardag sinn ári áður.

Á miðvikudaginn í þessari viku lögðu af stað heim til Íslands héðan úr bænum systurnar Anna og Valgerður Oddson, í skemtiferð til foreldra og systkina á ættjörðinni. Þær hafa í hyggju, að hverfa aftur vestur eftir svo sem ársdvöl heima. Með þeim fór 3 ára gamall piltur, sonur hr. Halldórs Johnsons á Gimli. — Þær systur biðja Heimskringlu að færa sínum mörgu vinum, sem þær ekki gátu náð til, kæra kveðju sína.

Friðrik Sveinsson

málar auglýsingaskilti (Signs) af öllum tegundum, leiktjöld og myndir o.s.frv. Áritun 618 Agnes Street.

BELLINGHAM, WASH., 26. júlí 1908.

Þann 21. júlí dó á St. Luce's sjúkrahúsinu í Bellingham, Wash., ÞORSTEINN SIGMUNDSSON — 28 ára gamall — eftir fjögra mánaða og tíu daga kvalafulla legu. Banamein hans var mátttleysi.

Þorsteinn sál. var sonur Sigmundar Sigmundssonar og Guðrúnar Þorsteinsdóttur, frá Bæ í Lóni í Múlasýslu. Síðast áður en hann fór af Íslandi, var hann í Þórisdal hjá Sveini Bjarnasyni.

Þorsteinn sál. bar langt af mörgum ungum mönnum með sérstaka dugnað og reglusemi. Hann var góðum gáfum gæddur, og bar þess ljósan vott, að hafa fengið gott uppeldi. Hann lifði hér í þessu landi tæp 4 ár. Hann eftirskilur unnustu sína og systur, sem syrgja hann af hjarta, eftir að hafa stund að hann af alúð og dugnaði.

Hann var jarðsunginn af séra O. J. Ordal, norskum presti.

Íslenzku blöðin eru vinsamlega beðin, að taka upp þessa dánarfregn.

Vinur hins látna.

Herra Albert E. Kristjánsson guðfræðisnemandi, frá Gimli, Man., messar í Únitarákirkjunni næsta sunnudagskveld á venjulegum tíma

Kven-vasaúr úr gulli tapaðist á Íslendingadeginum í River Park, á keyrslusvæðinu, þar sem giftar konur þreyttu kapphlaupið. Úrið var af "Carters" gerð og var merkt framan á lokinu með stöfunum "R. M." Við úrið var stutt leðuröltsi með áföstum "Agat"-steini. Finnandi er beðinn að skila úrinu á skrifstofu Heimskringlu gegn fundarlaunum.

Herra ritstjóri!

Hér með leyfi ég mér að biðja þig að leiðréttta föðurnafn mitt, sem var rangheimt í fréttagrein eftir J. P. Ísdal, sem kom út í Hkr. þ. 16. þ.m. Þar stendur "Kjartansdóttir" fyrir Kristjánsdóttir.

Virðingarfylst,

Mrs. Sigríður Kristjánsdóttir.

Vancouver, 29. júli 1908.

109 Hastings St. E.

Herra Stefán Pálsson, frá Minneapolis, kom hingað á Íslendingadeginn. Hann hefir ekki komið til Winnipeg í 24 ár, — síðan hann vann hér við útgáfu blaðsins Leifs á frumbýlingsárum landa vorra hér í borginni. Stefán lætur vel af líðan sinni, og þykir Winnipegborg hafa tekið miklum umskiftum síðan hann átti hér heima. Hann hélt heimleiðis í gærdag.

Herra G. J. Serensen, að 618 Toronto St., hefir beðið Heimskringlu að flytja kveðjuna "Gleym mér ei" sitt alúðarfylsta þakklæti fyrir $4.00 peningagjöf, sem Mrs. Steinunn Halldórsson á Dudley Ave. afhenti honum í síðustu viku fyrir félagsins hönd. — Mr. Serensen biður gjafaranna allra góðra hluta, að endurgjalda félaginu ríkulega fyrir þessa velgerð þess við sig.

Herra Eggert M. Vatnsdal, frá Hensel, N. D., kom hingað til bæjarins á laugardaginn var til þess að vera hér á Íslendingadeginum. Hann fór til Gimli á laugardagskveldið, en kom hingað aftur á mánudagsmorguninn til að vera viðstaddur bátiðahaldið, en fór að kveldinu með vagnlest vestur til Wedena, til að finna syni sína þar. Eggert er orðinn 78 ára gamall, en þó svo fjörugur og ákafur til framkvæmda sem ungur væri.

Fluttur.

HÉRMEÐ geri ég öllum mínum kæru viðskiftavinum vitanlegt, — og einnig þeim sem ekki eru enn orðnir í þeirra tölu, — að nú hefi ég flutt úrsmiðs-verkstæði mitt frá 147 Isabel Street

til 553 Sargent Ave.,

beint á móti Tjaldbúðinni, og þar sem ég er enþá nær aðalstöðvum minna kæru landsmanna, vona ég að þeir leiti ekki langt yfir skamt, en minnist þess, að jafnan hefi ég meirí ánægju af að eiga viðskifti við þá en aðra, — þó auðvitað sé skylda að breyta vel við alla.

Með vinsemd og virðingu,

C. Ingjaldson, ÚR- OG GULLSMIÐUR
553 Sargent Ave.

C. O. F.
Court Garry No. 2

Stúkan Court Garry No. 2, Canadian Order of Foresters, heldur fundi sína í Unity Hall, horni Lombard og Main st., 2. og 4. hvern föstudag í mánuði hverjum.

Allir meðlimir eru ámintir um, að sækja þar fundi.

W. H. OZARD, REC.-SEC.
Free Press Office.

J. G. Snydal, L. D. S.
ÍSL. TANNLÆKNIR
COR. MAIN & BANNATYNE
DUFFIN BLOCK PHONE 5302

Íslenzkur Kjötsali
Hvergi fæst betra né ódýrara KJÖT en hjá honum, — og þú munt sannfærast um að svo er, ef þú aðeins kaupir af honum í eitt sinn. Allar tegundir. Óskar að Isl. heimsækji sig
CHRISTIAN OLESON,
666 Notre Dame Ave. Talsími 6906

The Dominion SECOND HAND STORE
Ágætur brúkaður fatnaður og húsmunir. Isl. töluð.
555 Sargent Ave. Winnipeg

Middlechurch Ferjan.
— GUFUSKIPIÐ —
Alexandra
fer á hverjum laugardegi eftir hádegi til Middlechurch Ferjunnar. Skipið fer frá Lombard St. kl. 2.30 og kemur við hjá Selkirk Avenue klukkan 2.45.
Te og hressingar fást um borð

Skemtiferð á hverju kveldi
Fer frá Lombard St. kl. 8.10, viðkoma hjá Selkirk Avenue kl. 8 25. Hljóðfæraflokkur spilar á bátnum fyrir dansinn. Fargjald, báðar leiðir aðeins 25c.

Hver Þvær og Hreinsar Fötin ydar?
Hvorsvegna að fara í Kína-kompurnar þegar þér eigið kost á að fá verkið gert betur, og alt eins ódýrt, í bestu og heilsusamlegustu þvottastofunn, þar sem aðeins hvítt vinnufólk er haft og öll hreinustu efni notuð
Vér óskum viðskifta ydar
The North-West Laundry Comp'y Ltd.
Hreinsarar og Litarar
COR. MAIN & YORK FÓN 8178

Dr. G. J. Gislason,
Physician and Surgeon
Wettington Blk. - Grand Forks, N.Dak
Sjerstakt athygli veitt AUGNA, EYRNA, KVERKA og NEFSJÚKDÓMUM.

HANNESSON & WHITE
LÖGFRÆÐINGAR
Room: 12 Bank of Hamilton
Telefón: 4715

ARNI ANDERSON Íslenzkur lögmaður
í félagi með
Hudson, Howell, Ormond & Mariatt
Barristers, Solicitors, etc.
Winnipeg, Man.
13-18 Merchants Bank Bldg. Phone 3621, 3622

BONNAR, HARTLEY & MANAHAN
Lögfræðingar og Landskjala Semjarar
Suite 7, Nanton Block, Winnipeg

G. M. Bjarnason
Málar, leggur pappír og gerir "Kalsomining. Óskar við skifta Íslendinga.
672 AGNES ST. TELEFÓN 6954

Antonio De Landro
SKÓSMIÐUR, á horni Maryland og Wellington [bak við Aldinabð.] Verk vandað og verð rétt.

Stefán Guttormsson,
Mælingamaður
668 AGNES STREET. WINNIPEG.
20-8-8

Boyd's Brauð
Brauð sem heldur fjölskyld unni við heilsu er það brauð sem engin má án vera. Vor brauð eru það sælgæti sem þér fáið ei án verið, þér hafið reynt þau. Hægmelt og saðsöm. Keyrð heim á hvert heimili á hverjum degi.
Boyd's
Bakery Cor Spence & Portage Ave
Phone 1080.

A. S. BARDAL
Selur líkkistur og annast um útfarir. Allur útbúnaður sá bezti. Enfremur selur hann alskonar minnisvarða og legsteina.
121 Nena St. Phone 306

Royal Optical Co.
327 Portage Ave. Winnipeg. RÉTT Á MÓTI EATON'S BÚÐINNI.
Beztu Augnfræðingar 12-9-8
Öll nýjustu og bezt reynd verkfæri notuð. Höfuðverkur sem stafar frá augunum, áreiðanlega læknaður. Sanngjarn kostnaður
AUGU SKODUD KOSTNADARLAUST.

"Allan", sagði hún, "þú verður að vera hjá mér. Við þurfum ekkert að hugsa um, hvont okkar á Brooklands. Við erum hjón og elskum nú hvort annað. Vert hér kyr, og ef þú gerir það, margborgar þú það, sem ég hefi liðið þín vegna".

Það varð þögn svo sem hálfa mínútu. Hann var að hugsa sig um, — en svo hafði hún unnið sigur. Hann þrýsti henni að hjarta sér og sagði:

"Ástkæra konan mín, ég skal vera ánægður með, að skulda þér alt, og aldrei skal ég yfirgefa þig".

Þannig endaði þá stríð Aðalheiðar fyrir að ávinna sér hjarta manns síns.

LXXII. KAPÍTULI.

Einn fagran morgun í júnímánuði tveimur árum síðar, situr Lady Aðalheiður í stáss-sal sínum á Brooklands. Ekkert gerir andlitið fegra en ánægjan. Aðalheiður hafði alt af verið fögur kona, en nú var nokkuð það í andliti hennar, sem áður hafði vantað. Það var vottur um gleði og hamingju. Hún var nú yndislega fögur, hið fagra, gullna hár hennar var jafnmikið og áður, blá augun hennar jafn blíðleg og fyr, og brosið á vörum hennar bar vitni um, hve hamingjusöm hún var.

Hún sat hjá glugga og horfði á fallegt blóm. — Svo opnuðust dyrnar, og Caren lávarður kom inn. Það var auðsið, að nú var ástin jöfn á báðar hliðar. Hann laut niður að henni og kysti hana.

"Er hann kominn, Allan?"

"Já, og hann hefir ekkert breyzt. Ég get ekki

séð neinn mun á kaltein Randolph og Shirley lávarði".

"Þykir honum vænt um, að vera orðinn lávarður?"

Caren hló. "Það veit ég ekki, mér finst hann vera alveg sá sami og áður. Hann spurði strax eftir þér. Ég fer að verða afbrýðissamur, Aðalheiður".

"Þú hefir svo mikla ástæðu til þess, sagði hún hlæjandi. "En, Allan, taktu nú eftir því, sem ég segi: Hann verður að giftast Alisu. Die og ég höfum fastlega ásett okkur að koma því til leiðar".

"Það sýnir að eins hve heimtufrekar þið eruð. Hvað á ég að gera? Ég get þó ekki þvingað "Beauty", ég meina lávarð Shirley, til að eiga hana"

"Hér er ekki að tala um neina þvingun. Þú veist, Allan, að Alisa elskar hann — og honum þykir vænt um hana líka. Þar að auki hefir hann þekt hana um langan tíma. Alt, sem þú þarft að gera, er að gefa honum gott ráð, ef hann spyr þig ráða".

"Ég held að allar konur hafi meðfædda löngun til þess, að koma fólki í hjónaband", sagði hann hlæandi.

"Það getur komið af því, að giftar konur eru svo ánægðar, og vilja að allar aðrar konur verði jafn hamingjusamar".

Hann kysti hana fyrir þessi orð".

"Þarna kemur mamma", sagði hann. — Hún stóð fyrir utan gluggann.

"Allan", sagði hún, "alt af sést það betur og betur, hve vænt þér þykir um konu þína".

"Ég sé ekki, hvernig ég fæ varið tímanum betur", svaraði hann. "Komdu, drengur!" Hann rétti handleggina út um gluggann og tók á móti syni sínum, fallegum og hraustum dreng, með augu

og hár móður sinnar. Þegar hann sá móður sína, æpti hann af gleði og fór í fang hennar.

"Nú, Allan, heldur þú að þessi drengur eigi sinn líka, — svo fallegur og skynsamur!."

"Ég man það", sagði Lady Caren, "að ég áleit það sama um Allan, þegar hann var lítið barn".

"Þarna kemur Lady Die", sagði lávarðurinn. — "Spurðu hana að því sama".

Lady Die brosti, þegar hún var spurð um þetta sem kona, er hefði reynslu fyrir sér viðvíkjandi smábörnum.

"Ég er að gá að Alisu Kan. Ég hélt hún væri hér".

Nú kom lávarður Shirley. Lady Aðalheiður stóð upp til þess að fagna honum. Hann var enn þá ógiftur, og er hann var spurður, hvenær hann ætlaði að fara að gifta sig, svaraði hann öllum spurningum svo, að hann væri að leita, að þeirri stúlku, er svaraði til þeirrar hugmyndar, er hann gerði sér um konu sína. Hann vildi eignast konu líka Lady Aðalheiði, en hann var hræddur um, að hann myndi seint finna hennar líka.

Það var fallegt og skemtilegt á Brooklands þetta sumar. Lady Die var þar með manni sínum og börnum. Lady Caren var nú sest þar að fyrir fult og alt. Lady Kan og Alisu hafði verið boðið að dvelja þar nokkrar vikur, og því datt Aðalheiði í hug, að biðja lávarðinn, að bjóða Shirley lávarði þangað, hinum nýbakaða aðalsmanni, svo Alisa og hann hefðu tækifæri til að vera saman. Lady Aðalheiður áleit, að jafngott júníveður, iðjuleysi og Alisa Kan, væri nokkuð, er hann gæti ekki staðið á móti.

Clavering hershöfðingi var nú farinn til Indlands aftur, fullviss um, að nú væri alt á Brooklands orðið eins og það ætti að vera.

Allir sóru sig saman til þess, að koma þeim saman Alísu og Shirley lávarði, og það tókst. Lávarður Shirley var fullviss um, að finna aldrei líka Aðalheiðar, en næst henni gekk þá Alisa Kan.

Það var mikið um dýrðir, er trúlofunin var gerð heyrum kunn. Brúðkaupið stóð svo í ágúst. Og nú er Shirley lávarður kominn á þá skoðun, að hann hafi eignast þá inndælustu konu, sem til er í heiminum. Betur, að allir hugsuðu það sama um konur sínar.

Caren lávarður varð frægur maður. Hann segist ávalt vera hinn hamingjusamasti maður undir sólunni, og hann ber það með sér, að hann segir það satt.

Á öllu Englandi er tæpast til sú kona, er meira sé virt en hin fagra Aðalheiður Caren.

ENDIR.

LAND

Vér höfum nýlega fengið til sölu yfir 30 Section-fjórðunga, liggjandi að Oak-lands braut C. N. R. félagsins. Verð-ið er frá $7.00 til $12.00 hver ekra. Ekkert af löndum þessum eru meir en 5 mílur frá járnbrautinni.

Skuli Hansson & Co.
Skrifst. Talsími 6876. Heimilis Talsími 2274

Heimskringla.

Alt landið

er ábyrgst að vera jarðyrkju land af bestu tegund, og fæst keypt með vægum afborgunar skilmálum. (N.B.—Losið fyrripart þessarar augl. vinstramegin við Hkr. nafn.)

Frekari upplýsingar veita

Skuli Hansson & Co.
56 Tribune Building. Winnipeg.

XXII. ÁR. WINNIPEG, MANITOBA, FIMTUDAGINN, 13. ÁGÚST, 1908 NR. 46

Einu sinni enn

Setjum vér hér dálítið sýnishorn af matvöru- og öðrum kjörkaupum sem vér bjóðum fólkinu þessa viku: —

3 könnur af Corn	25c.
3 " " Peas	25c.
2 " " Tomatoes	25c.
2 " " Strawberries	35c.
1 " " beztu Plums	10c.
2 flöskur af Catsup á	25c.
4 pd. af nýjum Epplum	25c.
5 pakkar af Jelly Powder	25c.
12 stykki af handsápu á	25c.
6 stykki af Royal Crown Þvottasápu á	20c.

Clemens, Arnason & Palmason
The Cash Grocery House,
Cor. Sargent & Victor. Talsími 5343

Fregnsafn.

Markverðustu viðburðir hvaðanæfa.

Gottfred Probst, þjónustumaður á veitingahúsi í New York borg, hefir nýlega kæmst tilkynningu um, að hann og Anna systir hans, sem nú er til heimilis í Bavaríu, séu erfingjar að 16 miljónum dollara, sem náfrændi þeirra, er dó fyrir 12 árum á Indlandi, hafði eftirskilið, án þess að láta eftir sig nokkra erfðaskrá eða nákomnari erfingja.

— General Booth, foringi Frelsishersins, sigldi nýlega frá Englandi til Suður-Afríku, til þess að annast um hermál sín þar. Fréttin segir, að skýi sé að vaxa á auga hans, og að hætta sé á, að hann sé algerlega að tapa sjón.

— Tíu sveita embættismenn á Englandi, hafa nýlega verið dæmdir fyrir sviksamlega embættisferslu og fjárdrátt. Mál þetta hefir vakið hina mestu eftirtekt um alt landið, vegna þess, hve sjaldgæft það er, að slíkir embættismenn verði brotlegir á þennan hátt.

— Frá Ottawa kemur sú fregn, að nú sé byrjað að prenta ríkisatkvæðaskrárnar, og þykir það benda til þess, að kosningar eigi að skella á mjög bráðlega.

— Frá Persíu fréttist nýlega, að Tabriz borg, sú langfjölmennasta þar í landi og miðstöð uppreistarmanna, hafi sagt sig algerlega undan Persum og gengið á hendur Tyrkja soldáni.

— Canada stjórn hefir tilkynt Rússa stjórn, að hér í landi sé ekki rúm fyrir rússneska vinnumenn lengur, en að vinnukonur og vanir jarðræktarmenn, sem hafi nægilegt fé til þess að leigja eða kaupa búlönd, geti komist hér af. Þess er og látið getið, að enginn þurfi hingað að flytja þaðan úr landi í von um atvinnu við byggingu járnbrauta.

— Toronto blöðin segja, að þar í borginni hafi 6 þúsundir manna verið atvinnulausar í alt sumar. Þeir fóru nýlega á fund bæjarstjórnarinnar þar til að biðja um atvinnu, en með því að ekkert var þar um verklegar framkvæmdir á bæjarkostnað, var þeim ráðlagt, að fara í kaupavinnu hingað vestur í fylkin.

— Harry K. Thaw, miliónaeigandinn, sem fyrir nokkru síðan var dæmdur vitskertur fyrir að hafa skotið mann til bana, hefir auglýst sig gjaldþrota. Eignir telur hann 400 þús. dollara, en skuld ir svo miklar, að þær yfirgnæfi borgunar möguleika hans.

— Mælt er, að járnbrautafélögin í Canada hafi tilkynt ríkisstjórninni, að annaðhvort verði þau að hækka flutningsgjald á öllum varn ingi, eða færa niður kaup verkamanna sinna. Járnbrauta nefndin á að hafa mál þetta til meðferðar innan fárra vikna. Talið er víst, að verkamannafélögin hvetji járnbrauta nefndina til þess, að leyfa hækkun flutningsgjalda.

— Bærinn Donauesxhingen á Þýzkalandi brann að mestu leyti þann 4. þ.m. Sex menn biðu bana.

— Féhirðir fyrir Toronto iðnaðarsýninguna hefir vanrækt, að skila nær 19 þús. dollara af sýningarfénu, að ótöldum 5 þús. dollara, sem enn þá leikur nokkur efi á, hvar sé niðurkomið. Féhirðirinn hefir játað, að hann hafi lánað þetta fé í smáupphæðum til kunningja sinna, en þeir hafi ekki borgað lánin eins og áskilið var.

— A. F. Newbold andaðist nýlega á Englandi. Í erfðaskrá sinni ánafnaði hann hundi sínum $125 árlegar inntektir af eignum sínum. — Annar maður ánafnaði hestinum sínum allar eignir sínar, sem voru miklar. John Spooner í Chicago gaf í erfðaskrá sinni $2000 til hunds, sem hann átti. — Maður að nafni Garland gaf apa, er hann átti, $500 í árlega inntektir, en hundinum og kettinum að eins 25 dollara hvorum árlega meðan þau lifðu. — Á Ítalíu gaf maður nýlega 60,000 Florins til viðhalds 3 hundum, er hann átti, og $500 til viðhalds svörtum ketti, sem hann hafði alið upp. — Fyrir nokkrum árum gaf kona ein í erfðaskrá sinni Victoriu drotningu páfagauk og lagði $500 með honum árlega, og með þeim skildaga, að drottningin skyldi sýna hann opinberlega á hverjum 6 mánaða fresti, til sönnunar því, að vel væri með hann farið.

— Hon. Joseph Martin, sá er mest og bezt vann að því, að koma Laurier stjórninni til valda, hefir nýlega haldið fyrirlestur í Cobden frjálsverzlunar félagiðu í Lundúnum á Englandi. Í þarri ræðu sagði hann, að þó Laurier hefði ekki lækkað innflutningstollana, þá hefði hann þó ekki hækkað þá. Hann kvað Laurier stjórnina ekki hafa getað staðið á móti þeim áhrifum, sem verndartollamenn í Canada höfðu beitt á hana.

— Pillsbury hveitimölunar félagið mikla í Minneapolis hefir orðið gjaldþrota. Þrotabús umsjónarmaður var settur á laugardaginn var, til þess að annast um fjárhag félagsins. Þetta er stærsta hveitimölunarfélag í heimi. Það er eign enskra hluthafa og á 5 myllur, sem allar eru í Minneapolis borg. Allar myllur þess til samans geta malað 31,150 tunnur mjöls á sólarhring hverjum, og þær hafa að undanförnu jafnan gengið með fullum krafti, þar til fyrir nokkrum mánuðum, að minna fór að verða um vinnu. Allar eignir félagsins eru metnar 15 miliónir dollara, en skuldarnir 9 miliónir. Myllum sínum verður haldið starfandi, eins og ekkert hefði í skorist. Á s.l. fjárhagsári var gróði félagsins talinn 642 þús. dollara, en af því varð að borga vexti af skuldum 250 þús., gröða af hlutum 177 þús. og annan kostnað 200 þús. dollara. Nokkuð á annað þúsund manna hafa stöðuga atvinnu við myllur þessar.

— Voðavindar hafa verið á Atlantshafi í síðustu viku. Þá strönd uðu 27 seglskip við strendur Nýfundnalands. En ekki varð manntjón.

— Mál það, sem lengi hefir staðið yfir til að fá eldsábyrgðarfélög dæmd til að borga ábyrgðaupphæðir þær, sem um var samið við þau af þeim, sem urðu fyrir eignatjóni í jarðskjálftanum á Jamaicaeyjunni í fyrra, — hefir lyktað með því, að félögin eru dæmd til að greiða ábyrgðina, alls 4 miliónur dollara.

— Canadiska tannlækna félagið hélt þing í Ottawa borg þ. 4. þ. m. Meðal annara mála, var þar rætt um tannsjúkdóma í börnum. Læknunum kom saman um það, að heilsa barna og jafnvel sjón þeirra væri að miklu leyti komin undir því, hve heilbrigðar tennur þeirra væru. Þingið samþykti, að biðja ríkisstjórnina að semja lög, er skyldi skólahéruð landsins til þess, að láta ætíðan tannlæknir skoða tennur allra skólabarna. — Víst er hér um þarflegt fyrirtæki að ræða, og væntanlega er tilætlun tannlæknanna sú með skoðun þessari, að gert sé tafarlaust við meinsemdum allra tanna í skólabörnunum, um leið og þeim verður leiðbeint í því, hvernig bezt megi viðhalda þeim ósjúkum.

— Count Zeppelin á Þýzkalandi, sá er lengst hefir komist í loftsiglingum og öflugust og viðráðanlegust loftför hefir smíðað, varð fyrir því slysi, að loftbelgurinn í einu hinu öflugasta loftfari hans sprakk í þrumuveðri þann 5. þ.m., svo að loftfarið fell til jarðar. Nokkrir af þeim er í farinu voru, meiddust mikið, er það tók við jörðu, en Zeppelin sjálfur slapp ómeiddur. Nú hefir Þýzka stjórnin strax gefið manni þessum 125 þús. dollara til þess að bæta honum upp skaðann að nokkru. Almenn samskot hafa og verið gerð á Þýzkalandi og eru þegar fengnir yfir ½ milión dollarar, sem eiga að afhendast manni þessum að gjöf, svo hann geti haldið áfram umbótum á loftskipasmíðum.

— Dönsk blöð eru farin að kvarta um hættu þá, sem Danaveldi sé stætt í fyrir væntanlegum ófriði milli Breta og Þjóðverja, — þykir Danmörk vera þar milli steins og sleggju, og muni hún ekki fá haldið hlutleysi sínu, þegar til ófriðar komi, og telur hætt við, að það ríkið, sem þá má betur, muni svelgja Danmörku í sig. Blöðin kvarta um, að Þjóðverjar hafi daglegar heræfingar á skipum sínum, og skjóti daglega Torpedos í hindhelgi Dana, og að Englendingar hafi ennig heræfingar á þeim stöðvum, og að þeim stjórni sá flokkur foringja, sem ætlað sé að ráðast á strendur Þýzkalands hvenær sem óriður hefjist. Blöðin segja, að mögulegt sé, að þetta verði ekki í 3—10 ár, en eins líklegt sé, að það geti orðið innan eins árs tíma. Telja þau því óhyggilegt, að minka nokkuð herútbúnað Dana að svo stöddu.

— Eldur í Kentucky ríkinu þann 5. þ. m. brendi upp 47 þús. tn. af whiskey. Víniðrann í lækjum á 10 milna svæði, og stóð það alt í loga. Skaðinn metinn 300 þúsund dollara. Fimm af geymsluhúsum Greenbaulns félagsins og hafnarbryggja hafði brunnið.

— Tekjur ríkisstjórnarinnar af innflutningstollum hafa á síðustu 5 mánuðum þessa árs, frá 1. marz til 1. ágúst, orðið nálega 8 miliónir dollara minni en á sama tímabili í fyrra. Verzlun hefir farið hnignandi síðan harðæriðog atvinnuleysið gekk í garð.

Svo er að sjá á fréttum frá Tyrklandi, að fr elsishreyfingin sé búin að ná fóstum tökum hjá þjóðinni.

— Glæpa og lagabrots skýrslur Canadaríkis fyrir árið frá 30 sept. 1905 til jafnlengdar 1906, eru nýútkomnar, þær sýna, að 25,110 manna (þar af 1280 konur) haf ver ið dæmdir fyrir ofdrykkju. Ofdrykkjudómar á hvert þús. manns í hinum ýmsu fylkjum eru:

Prince Edward eyju ...	1.19
Nova Scotia	6.28
New Brunswick	5.48
Quebec	2.76
Ontario	3.36
Manitoba	10.63
British Columbia	6.93
Vesturfylkin	4.62

— Átta þúsundir manna, sem vinna á verkstæðum C.P.R. félagsins, gerðu verkfall kl. 10 að morgni þess 5. þ.m. Menn á öllum verkstæðum félagsins, frá Montreal að austan til Kyrrahafs, lögðu niður vinnu af því þeir ekki gátu sætt sig við ákvæði þau, sem gerðardómur sá ákvað, sem settur hafði verið til þess að gera út um ágreinings atriðin milli félagsins og verkamanna þess, viðvíkjandi vinnusamningi og vinnukaunum. — Af fróttum þám, sem borist hafa út um mál þetta, er svo að sjá, sem félagið hafi fengið alla þá menn í verkstæði sín í Austurfylkjunum, sem það þarfnast, og á sumum stöðum í Vesturlandinu hafa Japar tekið við vinnu hinna burtgengnu manna. Hins vegar telja verkfallsmenn sér sigurinn vísan innan skamms tíma, þegar hveitiflutningar úr vesturlandinu fara að kreppa að félaginu.

— Hjálp berst í ríkulegum mæli hvaðanæfa til íbúa Fernie bæjar, í British Columbia, sem nýlega brann til ösku, eins og getið var um í síðasta blaði. Spokane borg í Washington ríki hefir sent heilt vagnhlass af tjöldum og öðrum naudsynjum til Fernie búa. Almenna peninga samskot eru og tekin í ýmsum borgum og svo eru verðartektir góðar, að talið er víst að nægilegt fé hafist saman til þess að tryggja það, að enginn líði neyð. Fernie búar eru þegar teknir að byggja bæinn upp aftur.

— Eldur í Chicago þann 3. þ.m. gerði milión dollara eignatjón. Tvær kornhlöður Burlington járnbrautar félagsins og vöruhús við hafnstaðinn, ásamt 100 vögnum brunnu til ösku.

— Prinsinn af Wales er kominn heim aftur til Englands. Skápið, sem hann fór með, skreið að jafnaði yfir 25 mílur á klstund.

— Þýzk blöð staðhæfa, að Japar séu að byggja 16 ný og öflug herskip, og að innan 3. ára verði þeir þráðja sterkasta sjóherna ðarþjóð í heimi. En út í frá láti þeir í veðri vaka, að peningaþröng sé mikil í landinu, og að lítið sem ekkert sé unnið að hermálum.

— Stórfengilegt fyrirtæki er það sem Alexander A. Eberson í St. Louis í Bandarikjunum gerir ráð fyrir að koma á fót innan fárra ára. En það er, að leggja gaspípur frá oliu og gasbrunnunum í Oklahoma ríkinu yfir Kansas, Missouri, Illinois, Indiana, Ohio, Pennsylvania og New York ríkin, og þaðan á botni Atlantshafsins alla leið til Evrópu, og selja þar gas til afls og lýsingar í stórborgunum. Herra Eberson segir gas brunnana í Oklahoma ríkinu vera ótæmanlega, og það fáist kostnaðarlaust þar. Hann kveðst því ekki sjá, hvers vegna það sé ekki framkvæmanlegt, að leiða gasið í pípum til sölu í lundúnum, Paris, Berlín og öðrum Evrópu stórborgum.

— Það er til þess tekið í Canadiskum blöðum, hve timbursmiðir eru ósanngjarnir við þá, sem mist hafa aleigu sína í Fernie, B. C., en eru að berjast við að koma upp skýli yfir sig og fjölskyldur sínar þar í bænum. Þeir hafa haft litla atvinnu þar í sumar, og margir orðið að gefa sig við algengri daglaunavinnu fyrir $1.50 á dag. En við húsasmiðar í Fernie heimta þeir nú 50c um klstimann fyrir 8 stunda vinnu, og 75c um tímann umfram 8 stundir, og $1.00 um tímann fyrir sunnudagavinnu. — Svo hefir þessi frekja timbursmiðanna reynst óvinsæl þar, að á orði hefir verið, að reka þá algerlega burtu úr bænum.

— Þann 3. þ.m. kom til San Francisco skipið "Siberia". Meðal annars varnings hafði það meðferðis höfuðhár af látnum Kinverjum, sem metið er til verðs á $35,000. Fregnin segir, að hár þetta sé að mestu leyti af kinverskum glæpamönnum, sem hafi verið líflátnir, og að það eigi að notast til þess, að gera úr því hárskúfa og annað þess háttar til þess að skreyta höfuð amerikanskra kvenna.

— Félag hefir verið myndað á Írlandi til þess að framleiða rafafl úr mó. Þar í landi eru viðlend mótökusvæði, og verkfræðingur félagsins segir, að leyfar þær af mónum, sem eftir verði, þegar búið er að framleiða rafaflið, nægi til þess, að borga allan kostnað við afframkæðsluna. Félag þetta hefir þegar fengið löggildingu, og er byrjað að starfa.

— Hinir yngri uppvaxandi menn á Tyrklandi eru að hafa áhrif á soldánann. Hann hefir nýlega orðið að lofa því opinberlega, að hann skuli gefa Tyrklandi stjórnarskrá, sem veiti þjóðinni rétt til að senda fulltrúa á þing, og að fyrsta þing undir þeirri stjórnarskrá skuli koma saman þann 1. nóv. næstk. Samtímis hefir soldánninn mælst til þess, að landslýðurinn hætti öllum uppreistar óeirðum, þar eð kröfum framsóknarmanna sé með þessu fullnægt.

— Þann 14. þ.m. leggur skipið "Aorangi" út frá Victoria, B.C., suður til Gilbert eyjar með 16 eyjarskeggja, þá einu eftirlifandi af yfir 400 manns, sem Capt. Blackburn fiekaði þaðan burtu fyrir 19 árum, árið 1889, til þess að vinna á kaffiökrum í Guatemala ríkinu í Suður Ameríku. Capt. Blackburn gerði tvær ferðir til Gilbert eyjar það ár til þess að fá kaupafólk til þess að fara til Guatemala. Hann réði það til þriggja ára og bauð því vinnulaun, sem svo voru aðlaðandi, að um 400 manns, karlar og konur réðust til hans. Það var í samningnum, að hann flytti fólkið alt til baka aftur, þegar 3. ára vinnutími þess væri útrunninn. En hann lét aldrei sjá sig þar, eftir að hann hafði selt fólkið í umsjá kaffirækturmannanna, og hann druknaði af skipi sínu við strendur Vancouver eyju fyrir 4 árum. Þessum 400 manns leið illa í hinu nýja heimkynni sínu. Það var písk að áfram við vinnuna og alt kaup þess hrökk naumast fyrir fatnaði og lélegu fæði. Fólkið veiktist af illu loftslagi, lélegu fæði, illri aðbúð og ofmiklu erfiði, og það dó hrönnum saman. Að síðustu var stjórn Breta beðin ásjár, og afleiðingin af afskiftum hennar af þessu máli er sú, að þessir 16 manns voru sendir til San Francisco og þaðan til Victoria, til þess að komast þar á skipið sem flytur þá heim til æskustöðvanna. Í þessum hópi eru ein hjón, maðurinn er 92 ára og kona 80 ára gömul. Þau segjast fara heim til að deyja, og segja það verða sælustu stund lífsins, er þau fái aftur að líta eyjuna sína.

ÍSLANDS FRÉTTIR.

"Bróðurhönd" heitir blað, sem gefið er út með Ingólfi 12. júlí. Það segir frá undirtéktum Vestur-Íslendinga í sjálfstæðismálinu, og eru prentaðar upp í það greinar úr öllum vestur-isl. blöðunum. — — Þýzk og frönsk lystiskip hafa komið til Íslands í sumar með mörg hundruð ferðamenn. Þeir hafa gefið nálega 2000 kr. til berklaveikis stofnunarinnar. —— J.A.Hjaltalín, skólastj. á Möðruvöllum, hefir sagt af sér skólastjórn. Stefán sambandsneindarm. skipaður í það sæti af ráðherra. —— Veðurátta ljómandi góð um alt land, og mjög gott útlit með grasvöxt. Hitar meiri, en dæmi eru til áður í júlímánuði. —— Norðmenn í Þrándheimi og Íslendingar hafa stofnað félag með 430,000 kr. höfuðstól, til að reka timburverzlun, húsa og hafnagerð á Íslandi. Fjögur félög í Reykjavík ganga í það, sem sér: "Völundur", "Mjölnir", "Bátasmiðastöð Reykjavíkur" og "Högni". Rúmur helmingur hlutafjársins er ís-

lenzkur. Fjórir Íslendingar eru í stjórninni og einn Norðmaður. Framkvæmdarstjóri er M. Th. Blöndal, áður framkv.stjóri félagsins "Völundur". —— Lofkvæði Jóns Ólafssonar um Friðrik VIII. Danakonung er nú þýtt á dönsku. —— Ráðherrann hefir gert sinn nýja talsmann Einar Arnórsson að kennara við lagaskólann, sem byrjar 1. okt., og mág sinn L. H. Bjarnason, fyrv. sýslumann og sambandsneindarmann, að forstöðumanni við þann skóla. Ennfremur hæskað Jón sagnfræðing Jónsson úr öðru bókaverðar embætti við landsbókasafnið upp í fyrsta, — líklega fyrir drengilega aðstoð í sambandsneindarmálinu. —— Tollsvik hafa komist upp um Bruns verzlun í Reykjavík og einn smákaupmann þar. Báðir urðu að borga þrefaldan toll af vörunum, sem þeir ætluðu að svíkja inn, og háar sektir að auki. —— Á 8 árum sem Thorvaldsens bazarinn hefir starfað, hefir hann selt muni fyrir 100,000 kr., eða 12,500 kr. á ári til jafnaðar. —— Ísafjörður kemst í símasambandið í október næstk. —— Lárus Halldórsson, fyrverandi frikirkjuprestur, er látinn. — — Lundúna glímumennirnir isl. glímdu í Lundúnum 11. f.m. Ensk blöð flytja myndir af þeim. —— Látinn er Ólafur dbrm. í Ási í Hegranesi, faðir Björns augnalæknis í Reykjavík. —— Maður druknaði í baðlauginni í Reykjavík, hafði verið ölvaður, fengið krampa og sokkið. —— Embættisprót við prestaskólann hafa tekið: Brynjólfur Magnússon, Guðbrandur Björnsson og Þorsteinn Briem. Fyrri hluta læknisprófs við háskólann hafa tekið: Guðm. Thoroddsen, Björgúlfur Ólafsson og Vernh. Jóhannsson. —— Fjölment fagnaðarsamsæti var Skúla Thoroddsen haldið í Reykjavík þegar hann kom úr samlandsnefndarferðinni. —— Sambandslaga frumvarpið fær yfirleitt illar undirtektir hvérvetna, nema meðal landssjóðslaunuðu embættismannanna og þeirra nánustu fylgifiska. Öll blöð landsins undantekningarlaust á móti því, nema þau 3 blöð, sem stjórnin og hennar flokkur á, eða hafa umráð yfir. Eftir fregnum að dæma, sýnist stöðugt meira og meira síga á ógæfuhlið fyrir stjórninni, eftir því, sem tímar líða, og eru þó allar klær hafðar frammi af ráðherra og hans fylgisveinum til að spyrna á móti. Þeir hendast nú um landið þvert og endilangt, sumir á landssjóðs kostnað. Mikill meiri hluti af bændum og prestum landsins eru frumvarpinu mjög andvigir, svo helzt eru líkindi til, að sýslumönnum og öðrum hálaunamönnum fækki mjög á þingi við næstu kosningar. — Tíminn er líka til þess kominn, að þjóðin sparki af sér því óhollustu fargi, sem af þeim hefir staðið á alþingi.

PURITY FLOUR

AÐ BAKA BEZTA BRAUÐ

er meira en vísindi og meira en list.

En það má gerast fljótlega og áreiðanlega með því að nota

PURITY FLOUR

Það er malað úr bezt völdu Vestur-Canada Hörðu Hveitikorni; er algerlega hreint og svo ilmandi kjarngott.

ALLIR ÍSLENZKIR KAUPMENN SELJA ÞAÐ

WESTERN CANADA FLOUR MILLS CO.,
LIMITED.
WINNIPEG, —— CANADA.

Wall Plaster

Með því að venja sig á að brúka "**Empire**" tegundir af Hardwall og Wood Fibre Plaster er maður hár viss að fá beztu afleiðingar.

Vér búum til:

"Empire" Wood Fibre Plaster
"Empire" Cement Wall "
"Empire" Finish "
"Gold Dust" Finish "
"Gilt Edge" Plaster of Paris
og allar Gypsum vörutegundir. —

Eigum vér að senda yður bæklíng vorn?

MANITOBA GYPSUM CO. LTD
SKRIFSTOFUR OG MILLUR Í
Winnipeg, - Man.

HEIMSKRINGLA
Published every Thursday by
The Heimskringla News & Publishing Co.

Verð blaðsins í Canada og Bandar $2.00 um árið (fyrir fram borgað).
Borað til Íslands $2.10 (fyrir fram borgað af kaupendum blaðsins borðg. $1.50.)

B. L. BALDWINSON,
Editor & Manager

Office:
729 Sherbrooke Street, Winnipeg
P.O. BOX 116. 'Phone 3512.

Íslendingadagurinn

Yfirlit yfir tekjur og útgjöld fljótsins er enn þá ekki nákvæmlega útreiknað. En svo mikið má fullyrða, að hvort um sig verður fá Níunda Hundrað Dollara, þó svo, að nokkur ágangur verður að þessa árs hátíðahaldi eftir að öll útgjöld eru borguð að fullu, og bætist því nokkuð við sjóðinn, sem áður var til og nemur litið eitt á þriðja hundrað dollara.

Af þessa árs hátíðahaldi er tekjuágangurinn miklu minni, en undan hafði búist við, en þó svo, að vel er viðunanlegt, þegar tekið er tillit til þess, hve útgjöldin urðu mikil. — Síðar verður vænt anlega tárt nákvæm skýrsla yfir tekjurnar og útgjöldin.

Hér fylgir nafnaskrá yfir þá, sem unnu verðlaun Íslendingadagsins. Talan framan við nafnið tákn ar verðlauna-stigið:

KAPPHLAUP —
Stúlkur innan 6 ára: (1) M. Magnússon, (2) M. Ólafsson, (3) G. I. E. Johannson, (4) N. Swanson.

Drengir innan 6 ára: (1) Leó Johnson, (2) Frank Júlíus, (3) E. Sigurðsson, (4) A. Baldvinsson.

Stúlkur 6—9 ára: (1) H. Byron, (2) S. Johnson, (3) G. Johnson, (4) S. Sæmundsson.

Drengir 6—9 ára: (1) J. A. Johannson, (2) A. Jackson, (3) Halldór Halldórsson, (4) J. Goodman.

Stúlkur 9—12 ára: (1) M. Johnson, (2) Clara Oddson, (3) J. Thorgeirsson, (4) C. Byron.

Drengir 9—12 ára: (1) V. Eggertsson, (2) D. Eliasson, (3) E. Erlendsson, (4) F. Pálsson.

Stúlkur 12—16 ára: (1) Lína Hansson, (2) J. Eggertsson, (3) E. Halldórsson, (4) G. Johnson.

Drengir 12—16 ára: (1) L. Sumarliðason, (2) E. Johnson, (3) K. Lindal, (4) H. Friðriksson.

Ógiftar stúlkur: (1) M. Johnson, (2) L. Gíslason, (3) G. Johnson, (4) L. Halldórsson.

Ókvæntir menn: (1) K. J. Backman, (2) J. Baldwin, (3) St. Bjarnason, (4) G. Hallson.

Giftar konur: (1) B. Hallson, (2) A. Goodall, (3) F. Thomas, (4) E. Godrick.

Kvæntir menn: (1) G. Runólfsson, (2) P. S. Anderson, (3) B. A. Eyjólfsson, (4) F. Thompson.

Konur yfir 50 ára: (1) R. Johnson, (2) A. Eiríksson, (3) T. Goodman, (4) B. Byron.

Karlmenn yfir 50 ára: (1) B. Kjartansson, (2) S. Sigurðsson, (3) S. Anderson.

LANGSTÖKK —
(1) K. J. Backman, (2) P. S. Pálsson, (3) A. Blöndal.

HÁSTÖKK —
(1) A. Blöndal, (2) P. S. Pálsson, (3) S. B. Stefánsson, (4) S. Dalmann.

STÖKK JAFNFÆTIS —
(1) K. J. Backman, (2) A. Blöndal, (3) J. B. Johnson.

HOPP-STIG-STÖKK —
(1) A. Blöndal, (3) S. Dalman, (4) J. B. Johnson.

½-MÍLU KAPPHLAUP —
(1) St. Bjarnason, (2) G. Hallson, (3) S. B. Stefánsson.

MÍLU KAPPHLAUP —
(1) G. Hallson, (2) St. Bjarnason, (3) L. Oddson.

KAPPSUND —
(1) Stoney Gillis, (2) H. Pálmason, (3) Páll Eliasson.

UNGBARNA SÝNING —
(1) J. W. B. Wood, (2) Jón Anderson, (3) H. K. Sigurðsson, (4) Aðlis Thorlaksson, (5) M. Staley.

3 MÍLNA KAPPHLAUP —
(1) G. Hallson, (2) St. Bjarnason, (3) Sigfús Johnson.

1 MÍLU HJÓLREIÐ —
(1) H. B. Skaptason, (2) Ólí Júlíus, (3) P. S. Pálsson.

2. MÍLNA HJÓLREIÐ, fyrir alla:
(1) Emil Goodman, (2) S. Stefánsson, (3) W. Halldórsson.

3. MÍLNA HJÓLREIÐ ("Handicap") —
(1) W. Goodman, (2) H. B. Skaptason, (3) P. S. Pálsson, (4) Peter Anderson.

GLÍMUR —
(1) H. Matúsalemsson, (2) Einar Abrahamsson, (3) S. Stefánsson.

AFLRAUN Á KADLI —
Gáðir menn.

KNATTLEIKAR KARLA —
(1) Vikings, (2) Bufflaloes.

KNATTLEIKUR KVENNA —
(1) "I. C. A.", (2) "Vikings".

DANS—fyrir alla —
(1) Mrs. J. Maher.

DANS, fyrir Íslendinga —
(1) Mrs. I.P.Bowrey, (2) Mrs. S. A. Johnson, (3) Mrs. I. Fraser, (4) Miss L. Júlíus.

Verðlauna silfurbikar þeirra Clemens, Árnason & Pálmason hlaut K. J. Backman fyrir bezta frammistöðu í íþróttum yfirkatt.

Stjórnar Svínaríið.

Eitt af málum þeim, sem til umræðu komu í Ottawa þinginu nokkru áður en því var slitið þann 20. f. m., var svínaverzlun Laurier stjórnarinnar. Embættismenn hennar höfðu fundið nokkur sjúk svín, sem voru eign þeirra Douglas & Sons, í Mitchell bæ í Ontario, og J. E. Brethour, í Burford bæ í sama fylki. Þessi svín lét stjórnin drepa eins og lög skipa, en svo borgaði hún eigendunum $175.00 fyrir eina giltu og að auki $610.00 fyrir 5 grísa. Alls borgaði stjórnin þessum svínaeigendum $1533 fyrir 16 svín, eða sem næst eitt hundrað dollara fyrir hvert þeirra að jafnaði.

Lögum samkvæmt má stjórnin borga fyrir sjúk svín bænda, sem lögð eru að velli samkvæmt skipun embættismanna hennar, en í engu tilfelli má sú borgun fara fram úr $50.00 fyrir hvert svín. Í þinginu gat stjórnin enga ástæðu gefið fyrir því, hversvegna svona mikið hefði verið borgað.

Hve mikið Laurier stjórnin kynni að borga flokksvinum sínum fyrir heilbrigð svín — á kosninga árum — þegar hann borgar $100.00 fyrir þau, sem eru svo sjúk, að þau lögum samkvæmt eru að eins til afsláttar, — það er reikningsleg ráðgáta, sem vér eftirlátum Lögbergi að leysa úr.

Það eitt er víst, að það borgar sig vel fyrir vini Lauriers að eiga sjúkar gyltur.

ENGIR

Eskimóar á Íslandi.

Herra Sigurður Magnússon hefir ritað í blaðið "Seattle Sunday Times" andmæli gegn fjarstæðugrein þeirri í sama blaði, dags. 5. júlí sl., sem fullyrti að allir Íslendingar væru Eskimóar. Grein þessi var rituð um ferðalag landa vors, herra Vilhjálms Stefánssonar, norður í óbygðir og starf hans þar í þarfir mannfræðinnar. Þessarar greinar var getið hér í blaðinu fyrir skömmu.

Nú hefir herra Sigurður Magnússon tekið ritstjóra þessa Seattle blaðs tali og bent honum á allra stærstu vitleysurnar í þessari gr. hans. Meðal annars segir S.M., að sú lýsing blaðsins á Vilhjálmi, að hann sé hár og bjartleitur og beri öll Norðmanna einkenni á útlíti sínu eins og hinir íslenzku forfeður hans geri, komi illa heim við þá staðhæfingu, að Vilhjálmur fari til Eskimóa sem einn af þeirra eigin þjóðflokki, af því að allir séu Eskimóar frá austurströnd Íslands til vesturstrandar Síberíu. S. M. kveðst ekki hafa vitað áður, að Eskimóar væru sérlega hávaxnir eða bjartleitir, eða væru í útlíti líkir skandinavisku þjóðflokkunum, sem Íslendingar séu grein af, þótt annars séu þeir blandaðir keltnesku kyni. Viðvíkjandi málinu, sem blaðið gefur í skyn að sé Eskimóa mál, segir S.M., að sér sé ekki kunnugt um, að nokkur Eskimói hafi nokkru sinni verið á Íslandi. Íslenzkan sé það mál, sem fyr á öldum hafi talað verið í Noregi, Svíþjóð og Danmörku og á stórum hluta Skotlands og Englands, og að það með latinu sé aðal máttarviður brezkrar tungu.

Sambandsmálið að fornu og nýju.

Eftir *Halldór Jónsson*,
Hensel, N. Dak.

(Framhald)

VIÐREISNAR-ÖLDIN

Mannkynssagan sýnir oss það og sannar með ótal óyggjandi rökum, að hinar margvíslegu þrár og hvatir mannsandans brjóta sér annað slagið framrás, þrátt fyrir öll bönd og takmörk. Þó að hið hervædda einveldi og einhæfu tilskipanir, sem kallast lög, geti heft framgang þeirra og eðlisþroska um stundarsakir.

Þessar öldur mannlegra tilfinninga magnast eins og öldur úthafsins, að efni og afli eftir því, sem tilverusaga þeirra lengist. — Þær brjóta hið kyrláta og áferðarslétta yfirborð daglega lífsins, — þær opna dularheima þess og fram leiða þaðan allskyns óvætti og kynjaöfl, sem hafa geymst faldar og gleymdar í djúpinu mikla.

Ein af þessum allra stórfeldustu og afleiðingum sínum blessunarríkustu þjóðfélags hreyfingum af þessu tagi, var stjórnarbyltingin mikla, sem hófst á Frakklandi árið 1789. Hún var eins og þruma úr heiði, hljómsterk og magnþrunginn, svo jafnvel hinir stoltustu einvaldar hlutu að beygja kné sín í auðmýkt. Hún var hvort tveggja í senn bölþrungið heimdaróp hinna fátæku og fyrirlitnu og hljómþíður frelsisóður hins margþjáða lýðs, sem barst út yfir höf og eyðimerkur, til hinna fjarlægustu bústaða siðaðra þjóða og jafnvel lengra.

Ofurlitið hljómbrot af þessum hávaðasömu frelsiskröfum stórþjóðanna, barst meira að segja út til Íslands. Það var að vísu lítið meir en veikt bergmál úr fjarska, en þó nógu sterkt til þess, að vekja nokkra áhugasama þjóðvini til alvarlegrar umhugsunar um hag þjóðar sinnar og framtíðarvelferð.

Fyrstir allra landa vorra urðu íslenzkir námsmenn í Kaupmannahöfn fyrir áhrifum þessarar stjórnarbyltingar. Á öndverðri 19. öldinni stofnuðu þeir félag sín á meðal til þess að starfa að endurreisn þjóðarannar. En þjóðfrelsis hreyfing þessi fær þá fyrst ákveðna stefnu og þroska eftir að Jón Sigurðsson gerðist forgöngumaður hennar.

Jón Sigurðsson kom til Hafnar árið 1833, og gerðist þegar forvigismaður þeirrar stefnu, sem hann eftirleiðis helgaði alt sitt starfsama og dáðrika líf. Lítið varð Jóni og samverkamönnum hans ágengt í þessari stjórnfrelsis baráttu fyrst í stað, en komu þeir því til leiðar, eftir margra ára þóf, að þjóðinni voru veittar nokkrar stjórnarbætur. Merkust og þýðingarmest var sú yfirlýsing konungs, að einveldið væri úr lögum numið (að nafninu til) árið 1840. Þó fékk þjóðin hvorki stjórnarskrá né löggjafarþing fyr en liðugum 30 árum síðar.

Öll þessa ár vann Jón Sigurðsson að því af miklu kappi, að fá sakaðu landsréttindi Íslands að fornu og nýju. Reit hann fjölda margar rítgerðir um þetta efni, þar sem hann sýnir það og sannar að Ísland átti heimtingu á stjórnarskrá með fullri viðurkenningu fyrir því, að landið skuli vera stjórnarfarslega sjálfstætt ("Independent) og fullveðja ríki, í konungssambandi við Danmörku. Í raun réttri voru röttindi landsins langt um meiri, því konungsvaldið var fyrir löngu búið að vinna sér til óhelgis, eins og áður hefir verið tekið fram. En Jóni mun hafa þótt þessi leið heppilegri, eins og þá stóð á, enda mundi fyllri kröfum aldrei hafa orðið framgengt á hans dögum.

Jón rannsakaði einnig fjármálaviðskifti Íslands og Danmerkur, af miklli nákvæmni, og komst hann að þeirri niðurstöðu, að Ísland ætti ekki minna fé hjá Dönum en 6,250,000 krónur.

Eftirfarandi ágrip af reikningi Jóns, gotur sannfert menn um réttmæti reikningsins:

1. Andvirði seldra konungseigna á Íslandi kr. 350,075.30 — þrjú hundruð fimtíu þúsund sjötíu og fimm krónur og þrjátíu aurar. (Þetta fé var söluverð þeirra fasteigna, sem konungur hafði slegið eign sinni á og síðar voru seldar).
2. Fyrir dómkirknafé kr. 100,000 — hundrað þúsund krónur. — (Það var fyrir fé hinnar katólsku kirkju, sem konungur dró undir sig við siðabótina).
3. Jafngildi stólagóssanna, með ýmsum sjóðum (sem konungur dró undir sig) kr. 1,576,600.
4. Fyrir verzlunartollana kr. 4,286,344. (Hér er meint gjald fyrir einokunarkeyfin og allar tekjur konungs eða ríkissjóðs af verzlun landsins).

Samtals 6,313,019.30 kr. — sex miljónir þrjú hundruð þrettán þúsund og nítján krónur og þrjátíu aurar, — og er þó ekki annað talið í reikningi þessum en það, sem konungur hrifsaði til sín með ýmsu móti af fjármunum landsbúa, án þess að þeir fengju nokkurntíma nokkurt endurgjald fyrir. Öllum vöxtum er slept og öllum uppbótum fyrir fjárdrátt hinna dönsku embættismanna er slept. Sé reiknað eftir 4 prósent rentu, verður árslega þessa fjár 252,522 krónur. En til þess, að síður tefðist fyrir greiðslunni, færðu Íslendingar ársgjald það, sem þeir kröfðust af Dönum, sem endurgjalds þessa fjár, niður í 120,000 krónur. En þess kröfðust þeir jafnframt, að landið skyldi vera laust við öll útgjöld til alríkisþarfa.

All-illa urðu Danir við þessari fjárheimtu og öllum sjálfstjórnarkröfum þjóðarinnar, eins og vænta mátti. Og fyrst í stað töldu þeir þær hreint og beint óhæfu, sem ekki væri svaraverð. En öndvegismenn þjóðar vorrar þreyttust ekki að endurtaka sjálfstjórnarkröfur hennar, né hvetja stjórnina til þess, að rækja skyldur sínar. Rökstuddu þeir mál sitt með svo mörgum og gildum ástæðum, að jafnvel stjórninni varð það ljóst, að þeir höfðu lög að mæla. Kom svo að lokum, að stjórnin þóttist ekki geta látið svo réttmætum kröfum ósvarað með öllu, en heldur en að fullnægja óskum þjóðar vorrar, gripu þar til þess örþrifaráðs, að fá Próf. Larsen til þess, að andmæla Jóni. Var svo til stofnað, að hann skyldi hrekja allar röksemdir Jóns, og ónýta þann ig málsbætur Íslendinga. En hér fór á annan veg, því ekki hafði dela þeirra Larsens lengi staðið, áður en öllum áheyrendum varð það ljóst, að Jón var flestum mönnum fróðari í þessum efnum, og hafði betra málefni að verja en andmælandi hans. Þótti hann mjög vaxa af þessu máli, en fór Larsens þótti þar á móti ill, því andmæli hans urðu aldrei annað né meira, en órökstuddar dylgjur.

Í fleiri en einum skilningi, var ritdeila þeirra Jóns og Larsens hið mesta happ fyrir Ísland og málefni þess. Í málsvörn sinni gegn Larsen fékk Jón betra tækifæri en nokkru sinni áður, til þess að fegra málstað þjóðar sinnar og færa óhrekjandi sönnur á mál sitt.

Ritdeila þessi vakti athygli manna í Danmörku og víðar um Norðurlönd. Urðu við það margir ágætismenn til þess að lýa þjóð vorri fylgi sitt, því fremur, sem hugir manna höfðu beinst mjög til frjálslyndis eftir stjórnarbyltinguna miklu, og mannréttinda lýðveldis stefna 19. aldarinnar var hafin til almennrar hylli í flestum Norðurálfu löndum. Dró þetta alt saman til þess, að bjóða þjóð vorri stjórnarskrá árið 1870. En svo þótti mönnum hún ófrjálsleg, að landsbúar höfnuðu henni, og var landið enn stjórnarskrárlaust um 5 ára skeið. En þar sem skoðanir manna á stöðu Íslands í ríkinu voru mjög á reiki þótti stjórninni nauðsynlegt að ákveða hana með lögum. Lagði hún frumvarp þess efnis fyrir hið danska ríkisþing, með þeim árangri, að samin voru hin svonefndu stöðulög, skyldu þau ákveða afstöðu Íslands til Dana veldis um alla eilíð. Það er aðalefni þessara stöðu laga, að þau ákveða, að Ísland skuli vera óaðskiljanlegur hluti Danaveldis með sérstökum landsréttindum. Vér skulum síðar athuga þýðingu þessa ákvæðis í sambandi við stjórnarskrá þá, sem landið fékk 5 árum síðar.

Þótt að alþýðan yrði stjórnarskrá þeirri harla fegin, og tekla hana allmikla stjórnarbót, duldust ekki hinum vitrari mönnum, að réttindi landsins voru mjög minkuð í henni. Hörmuðu þeir forlög þjóðarinnar, en fengu þó eigi að gert. En þó að stjórnarskráin væri ekki mjög illa liðin í fyrstu, uxu óvinsældir hennar von bráðar — því reynslan kerði mönnum heim sanninn um það, að stjórnarfar það, sem hún skóp, væri ilt og óhagkvæmt fyrir Íslendinga. Fundu menn sér það helzt til, sem von var, að löggjöf og framkvæmdarvald væri eftir sem áður í höndum Dana. Því með stjórnarskr. var dómsmála ráðherra Dana nálega gerður alráður maður í þessum málum. (Meira).

ATHS. — Sú prentvilla hefir orðið í fyrsta kafla greinar þessarar, sem prentaður var hér í bl. 30. júlí, viðvíkjandi utanstefnu Jóns Arasonar, að þar stendur árið 1549, en á að vera árið 1540.
Höf.

Fréttabréf.

DOG CREEK, MAN.
20. júlí 1908.

Háttvirti ritstj. Hkr.

Það er svo undur sjaldan, að nokkuð heyrist hér að norðan um framfarir manna, sem þó eru ekki svo lítlar, þegar tekið er tillit til afstöðu okkar hér að ýmsu leyta, svo mér finst ekki úr vegi, að lofa fólki í öðrum bygðum Íslendinga, að heyra, hvernig hagur og hugsunarháttur fólks hér stendur í ýmsum efnum.

Það er þá fyrst, að fólkinu líður yfirleitt heldur vel í efnalegu tilliti. Menn eru stöðugt að auka við gripastofn sinn, þrátt fyrir mjög makla erfiðleika með að ná heyi handa skepnum sínum.

Árið 1907 var þolanlegt hér norðurfrá, nema kringum Dog Lake, sem flæddi svo yfir landið, að menn voru í stökustu vandræðum með að ná fóðri fyrir þær fáu skepnur, sem menn höfðu. Bændur voru þar flestir frumbyggjarar og skepnur því heldur fáar eftir því sem hér er kallað. En svo hefir hr. Stefán Eiríksson komið því til leiðar í sumar, að bændur þar hafa tekið sig til og grafið skurð með skóflum sínum og hleypt vatninu úr Dog Lake í Manitoba vatn, og er útlit fyrir, að það verði til stórhagnaðar fyrir bygð þeirra í framtíðinni. Og efast ég ekki um, að bygðarmenn séu hr. Eiríkssyni mjög þakklátir fyrir forstöðu hans, sem vera ber, ekki síst þar sem hann hefir einnig komið því til leiðar, að fylkisstjórnin borgar þeim fult verð fyrir verkið.

En aftur er nú svo hátt í Manitobavatni, að til vandræða horfir fyrir okkur sem þar búum. En ekkert er gert til þess að lækka vatnið, og er þó sagt, að ekki sé nema töltölulega lítið verk að grafa í sundur sandrif, er myndast við ármynnið, þar sem eina útrennslið er úr því vatni, sem þó mundi verða til þess, að þurka upp margar þúsundir ekra af landi og með því auka innflutning og bæta ómetanlega hagsæld þeirra mörgu, er nú liða stórtjón fyrir ófyrirgefanlegt stjórnleysi og trassa skap sambandsstjórnarinnar með að gera þetta litilræði fyrir fólkið, sem reist hefir sér bú í kring um alt Manitobavatn. Og má þó nærri geta, að þeir eru ekki svo fáir, þar sem vera munu um 30 pósthús, sem hlut eiga að máli. En svo hefir heyrst, að eitthvað eigi að gera í haust, hvað sem úr því verður.

Heilsufar manna er hér í bezta lagi, og er það lán mikið, þar sem svo er langt og erfitt, að ná í verulega læknishjálp. Flestir sem geta, og þurfa mikils með, leita á náðir Dr. Brandsons í Winnipeg, sem almennt er talinn mesti ágætismaður í öllum greinum.

Félags og samkvæmislíf er hér heldur bágborið. Kemur það auðvitað mjög mikið til af landslagi og öllum vegum, sem aldrei er gert neitt við, og svo eru margir lítt vanir félagsskap og til baka haldandi. Og kemur það raunalegast fram í skólamálum vorum, — ræður þar oft meiru þvergirðingshátturr og fávizka, en samgirni og hyggindi. En svo er nú vonandi, að það lagist með timanum.

Tvær samkomur all-fjölmennar hafa nýlega verið haldnar hér norðurfrá, og er það fágætt um þennan tíma árs. Sú fyrri var silfurbrúðkaup Mr. og Mrs. Gísla Jónssonar, að Narrows. Því miður gat ég ekki verið þar staddur, en mér er sagt, að það boð hafi verið mjög myndarlegt. Það voru börn þeirra hjóna, sem héldu veizluna í minningu um tuttugu og fimm ára ástúðlegt hjónaband foreldra sinna. Það væri ánægjulegt, að heyra það oft, að börnin heiðruðu þannig og gleddu foreldra sína.

Hina síðari samkomuna héldu Mr. og Mrs. Stefán Stefánsson, verzlunar og póstafgreiðslumaður að Dog Creek, í hinu nýsmíðaða húsi, er þau hjón hafa reisa látið, sem er talsvert gott hús (þó ekki sé það beata hús bygðarinnar). Í sambandi við þá samkomu var slegið á fundi til þess að ræða og láta í ljósi álit fólksins um milli landa frumvarpið dansk-íslenzka. Og voru bæði menn og konur einróma um það, að frumvarpið væri óhafandi og að alger skilnaður milli Íslands og Danmerkur væri óhjákvæmilegur, ef ekki fengist breyting á. Ávarp var lesið upp og samþykt í einu hljóði, er sent skyldi til stríðandi bræðra vorra og systra á vorri kæru fósturjörð, sem allir sannir Íslendingar hér vestanhafs óska svo hjartanlega að beri sigur úr býtum í hinni hörðu baráttu fyrir frelsi sínu.

Aðal samkoman byrjaði með því, að sungið var "Hvað er svo glatt —". Fólk skemti sér eftir föngum um nóttina með söng, ræðum og dansi. J. K. Jónasson mælti nokkur orð fyrir minni húsfreyju, og Stefán Eiríksson fyrir minni húsbónda.

Talsvert var rætt um jafnréttismál kvenna við okkur karlmennina, og kom flestum saman um að konur ættu að hafa jafnrétti í sveitamálum, svo sem skóla og safnaðamálum. Þó voru nokkrir, er álitu, að konan ætti að fá algert jafnrétti við manninn.

Það mun alment viðurkent, að á manninum hvili meiri ábyrgð á framtíðarvelferð og forsorgun fjölskyldunnar, og er það auðvitað rétt, en þá liggur líka í hlutarins eðli, að þar sem mesta ábyrgðin er, verður einnig að vera æðsta vald og réttindi, og það jafnt í hjónabandinu, sem öðrum félagsmálum. Maðurinn er formaður þess félagsskapar samnéngs, sem myndar hjónabandið, og þar af leiðandi verður hann að hafa hið æðsta atkvæði. Af þessu er þá líka ljóst, að ekki er mögulegt, að konan geti með réttu haft ótakmarkað jafnrétti við manninn. En hitt er víst, að engin stúlka ætti að tíndast nokkrum karlmanni hjúskapar samningum, t en hún hefir fengið nægileg skilríki fyrir því, að hann sé fær um, að sjá henni borgið í barátttu lífsins, — sé fær um, að vera henni ATHVARF, SKJÓL OG SKJÖLDUR. Og þá mundi konan gera sig ánægðari með þau réttindi, sem hún nú hefir, heldur en oft á sér stað.

Því hefir oft verið haldið fram að ekki sé hægt að gera vi hvert hlutskifti manns og kon verði í þeim málum, því forlögin ráðr. Nú, væri hjónabandið og ýmislegt fleira, sem fram kemur í lífi manns, forlög, ófrávíkjanleg eða óviðráðanleg, væri lítil samgirni í, að ásaka fyrir það. Og ef guð stjórnaði öllum þeim ógurlegu slysum og hörmulegum dauða, sem daglega á sér stað í heiminum, væri lítið vit í, að ásaka og hegna mönnunum fyrir það.

J. K. Jónasson.

Svör.

1. Hreptu valin hróðrarföng,
Hýra bragi syngja.
Vekja lærðu af lóum söng
Lofnir Norðlendinga.

2. Málið þeirra mjúklátt er,
má ég vel um skraka.
Vinaþel og vísur mér
Valið allar hafa.

3. Þó að hrjóstug hreppi gjöld,
Heimsku-gustur næði,
Syngi þér bæði ár og öld
Íslands heilla kvæði.

* * *

Ég er hissa, hljóður, glaður,
heyri ljóðin,
Gíslajóð í gaðamóði
Gullnum að mér hampar óði.

Í heimi skálda hana fundið hefi ég áður,
En hún væri val-dís Braga
Vissi ég ekki um mína daga.

Heitt ég óska Hildur þér, af hugargrunni,
Guðlegir þér geislar skíni,
Gagnstætt alt í heimi dvíni.

Og þú mættir yrkja óð og eina bögu,
Orðin velja hýr og högu
Og huldukonu þylja sögu.

Björt þó sólin byrgði sig og bæri að heiði,
Brosa mundi blitt í éli
Brynhildur á norðurhveli.

Bálar glóð um Bragafjörð,
Blómstra óðlyf jögur,
Lifgaðu þjóð með ljóðagjörð,
Lætraðu góðar sögur.

Vinsamlegast,
K. Ásg. Benediktsson.

George G.
LENNOX
Selur í heildsölu SKÓ, STÍGVÉL og YFIRSKÓ
150 Portage Ave. East, Winnipeg.

MARKET HOTEL
146 PRINCESS ST. á móti markaðnum
P. O'CONNELL, eigandi, WINNIPEG
Bezta tegundir af vínföngum og vindum, aðhlynning góð, húsið endurbætt

JOHN DUFF
PLUMBER, GAS AND STEAM FITTER
Alt verk vel vandað, og verðið rétt
662 Notre Dame Ave. Phone 3815
Winnipeg

Strathcona Hotel
Horni Main og Rupert Str. Nýbygt og ágætt gistihús; Gest um veitt öll þægindi með sanngjarnasta verði. Frí keyrsla til og frá öllum járnbr. stöðvum. Beztu vín og vindlar; og herbergi og máltíðar ágætar.
McLaren Brothers
EIGENDUR

Hotel Pacific
219 Market Street Winnipeg | H.M Hicks Eigandi Manitoba
Telephone 1333
Ný-endurbætt og Ný-tízku hús í alla staði. Viðskifta yðar óskast virðingarfýlst.
$1.25 a Dag


$1.50 Á DAG
Besta $1.50 gistihús í Winnipeg
BRUNSWICK HOTEL
Horni Main St. og Rupert Ave.
Besta borðhald; Hrein og Björt Herbergi; Finustu Drykkir og Bestu Vindlar. Ókeypis Vagn mætir Öllum Trainlestum. Reynið oss þegar þú ert á ferð.

Niður með hégómann.
Burt með allar sjónhverfingar.

EFTIR
Arnljót B. Olson.

II. KAPÍTULI.

Með þessari yfirskrift ritaði ég grein fyrir þremur árum, er birtist í Hkr. litlu síðar (6. júlí 1905), um starfsemdar viðleitni vor Ný-Íslendinga í því, að fá járnbraut lagða inn í sveitina, og sem einnig gekk út á, að draga nokkra "Baldurs"-menn út úr húmkrókunum, er þeir kusu sér skjól í á þeim tíma.

Fyrir þá ástæðu, að ég hefi mjög lítið séð ritað í Hkr. og Lögb. um SVEITARSKIFTINGARMÁL vort Ný-Íslendinga, en þeir HVERGEMLINGAR hafa enn sem fyrri virzt kappkosta, að fylgja þeirri eðlishvöt sinni, að útbreiða í "óháða" (!) LANDPLÁGU málgagninu ("Baldri") falskan vitnisburð um náungann, — þá langar mig til að gefa yfirgripslýsingu af gangi þess máls frá upphafi þess tal þessa dags, því það gerir sitt til að kippa lótum undan þeim fkornanum, er róginn flytur.

Á fjórum síðastliðnum árum hafa Gimlisveitarmenn flutt það mál fyrir þingi þessa fylkis.

Fyrst fluttu Galisíumenn það mál einvörðungu ('95), en fyrir lítil gögn og ófullkominn undirbúning, gat enginn árangur orðið af starfsemi þeirra í það skifti. Í "Baldri" frá 22. febr. það ár má AÐ EINS sjá, að það mál kom þá fyrir þingið.

Þetta er, sem sagt, hin ALVARLEGA BYRJUN málsins, þótt GUÐNI ÞORSTEINSSON og NÓTAR hans væru þá búnir að gjálfra með það um tíma á götuhornum, eins og sjá má vott fyrir í greinarkorni eftir hann, er birtist í "Baldri" um þessar mundir, þar sem hann með sínum alkunnu yfirlætiskaussu(!) orðum segir meðal annars eitthvað á þessa leið: Það er enginn efi á því, að fyrir viðáttu og fólksmergð Gimlisveitar, og þar af leiðandi mismunandi afstöðu sveitarpartanna, þá eru ýmsar kringumstæður, hugsunarháttur, háttalag og eðlisfar mannanna að verða ólíkara í norður- og suður-hlutanum með ári hverju — einkum síðan annara þjóða menn fóru að setjast að í suðurhlutanum, sem hvert um sig og alt í sameiningu gerir (stjórnvizku minni og manngæzku) það mörgum örðugleikum undirorpið, að stýra málefnum sveitarinnar, svo í fyrirmyndar-lagi fari(!). Að öllu þessu, og mörgu öðru yfirveguðu, þá verður MÉR, Í NAFNI HREINSKILNINNAR, SÁTTGIRNINNAR, JAFNAÐAR OG MANNRÉTTINDA, að láta ÓHÁÐA BLAÐIÐ okkar (skuggalausu!) kalla þegna mína*) saman (í loftinu), og hvetja þá til að vinda bráðan bug að því, að koma sér saman um, að skifta sveitinni, í KRISTILEGU BRÓÐERNI, Í KRISTILEGU LÓFTSLAGI, ÁÐUR EN (KRISTILEGA ANDDRÚMSLOFTIÐ SPILLIST, — því það mun vera nægur tími til, að koma lögum um þetta gegn um þingið nú í vetur (1905), og kæmi skiftingin þá í gildi næsta haust, en sé það dregið eitt ár enn að hreyfa því, dregur það skiftinguna í tvö ár enn (sjá 'Bald ur' 14. jan. 1905)*).

Þetta fleiri ára fjálgleikans og sjálfsþóttafis jórtur, ásamt MANN KÆRLEIKA og MANNRÉTTINDA þvogli hans — í aurvaðlinum, hafði þann tilætlaða árangur, að spilla friðsamlegri sambúð manna, bæði millum Íslendinga sjálfra og hinna ýmsu þjóðflokka, er hér búa, og er lítill efi á, að sveitarskiftingar starfsemi Galíumanna hefir upptök sín þaðan. Samt sem áður tókst honum ekki hetur, að hylja sinn andlega krabbagang en svo, að við næstu sveitarráðskosningar sáu gjaldendur þann veg vænstan, að láta hann rýma þá að fullu úr oddvitasætinu, en settu í það aftur herra Svein Þorvaldsson.

Á þessum tíma voru Galisíumenn í þann veginn, að senda þing manni kjördæmisins, herra B. L. Baldwinssyni, bænarskrá í annað sinn, þess efnis, að mynda nýja sveit þannig lagaða, að 8 Townships væru tekin sunnan af Gimlisveit, 5 Townships norðan af Rockwoodsveit og 1 Township norðan af St. Andrewssveit, og báðu þeir þá hr. Sv. Þorvaldsson, mig og nokkra aðra Íslendinga, að veita sér lið við að koma málinu áleiðis, og urðu svör okkar allra nokkuð lík þeim ummælum hr. Sv. Þ.: að persónulega findi hann enga þörf á, að smækka sveitina, en ef þeir hefðu mjög sterkar ástæður fyrir því að gera það, og fengju allflesta ánnan tilgreindra takmarka að undirrita bænarskrána og þess utan einnig samþykki annara, er hlut ættu að því máli, skyldi hann ganga uppilátið álit sitt á bug, og ekkert spilla fyrir þeim.

Á fyrsta fundi vor sveitarráðsmanna, 2. jan. '06, kom sveitarmyndunarmál þetta til umtals, og kom samverkamönnum mínum þar saman um, að hver þeirra héldi bráðlega fund með sínum kjósendum, þessu máli viðkomandi.

Að tíma liðnum varð raun sú á, að Mikleyingar létu mál þetta sig engu skifta, en á fundunum við FLJÓTID, á HNAUSUM, á GEYSIR og í ÁRDAL, voru menn eindregnir með því, að áminst bænarskrá fengi framgang.

Í Árnesi og á Gimli komu fram nokkur mótmæli, aðallega frá sjón hverfingamönnunum neðan úr "Baldurs"-kompunni, sem síðar skal frá skýrt.

Þann 2. febr. héldum vér sveitarráðsmenn aukafund hér á Gimli um þetta mál, og fyrir þær fréttir, er fyrir fundinum voru, s. s.: að Galisíumenn höfðu tiltölulega mjög fá (250) nöfn undir bænarskránni, og þess utan, að eindregin mótmæli yrðu flutt fram fyrir laganefnd þingsins frá St. Andrews og Rockwood sveitum gegn henni, þá komst fundurinn að þeirri niðurstöðu, að árangurslaust mundi að fylgja málinu lengra í það skifti, og var því samþykt með 4 atkv. gegn 1, að sveitarráðið fyigdi ekki því máli til þings — það ár.

Fjórum dögum síðar (6. s.m.) kom mál þetta fyrir laganefndina, og gaf raun vitni um, að áðurgreind atriði urðu málinu að falli.

Þá vikur sögunni að því, sem áður var frá horfið: Rekja fram þann þáttinn, er Landplágu-mennirnir ("Baldurs"-menn) tóku nú aðallega til að spinna, eftir að G. Þ. hafði birt þeim bræðrum sínum, hversu harðar sviftingar og vondan kollhnýs sín hátign hefði fengið við kosningarnar, og var þá "ANGIST HINS DÁNA"*) oddvita svo mikil, að hann kannaðist ekki við sinn fyrri mann, — kannaðist ekki við, að hafa kveikt róg þann, er olli sveitaskiftingastarfseminni.

Samkvæmt ráðstofun hans og hinna Landplágu-mannanna í "óháða" humbugista-félaginu, þá trítlar litli Jói á áður umgetinn fund til vor (2. jan.), glaseygður eftir vanda, hökulangur, sem Ingjaldur Trana hafði efri vör, í mórauða rifna kindarskinnssloppnum, ísetukegðu buxunum, á gatslitnu togleðursskónum, með héraskinnshúfuna á höfðinu og mosalituðu hundskinnsvettlingana á höndum, er náðu fast að olbogum, og tjáir hann oss þar, að "ÁIN, SEM RENNUR UPP Í MÓTI"** hafi skolað sér þar upp, neðan úr Landplágu prentsmiðjunni, og svona til reika, vilji hann "í nafni mannkærleikans" og ríki síns í neðra, benda oss á þá hættu, er stafað geti af bænarskrá Gallanna, s.s., að fengi hún fram að ganga gegn um fylkisþingið, þá sé engum blöðum um það að fletta, að vér Íslendingar yrðum þá að mæta sömu afdrifum af stjórnsemi Gallanna, sem Gyðingar á Rússlandi, sem sé, að verða skotnir, hálshöggnir og kannske drepnir (!), og vegurinn til að komast hjá því BÖLI, sé nú sá, til að "varðveita þjóðernið .....að sínir kæru(!) landsmenn" tæku nú saman höndum og afneituðu Göllunum og öllu þeirra athæfi, en á sama tíma kreðfu þingið þó um, að minka Gimlisveitina, helzt þannig, að tekið væri af henni 6 milur lengra norður en bænarskrá Gallanna færi fram á, en hún héldi allri strandlengjunni, 5—8 milur vestur frá vatni.

Sveitarráðsmennirnir létu þetta hjal hans að mestu sem vind um eyrun þjóta, nema hvað ég lagði fyrir hann þessar spurningar: Hefir þú og þínir félagar nokkuð á að benda, frá liðna tímanum, er sýni annað en friðsamlega og siðsamlega framkomu Galisíumanna gagnvart Íslendingum? Ef ekkert, þá: Hvort ekki sé þá friðsamleg sambúð að miklu leyti trygð í framtíðinni, með tilsvarandi kurteisi og sanngirni frá oss til þeirra?. — þar sem aftur illgetur ykkar Landplágumannanna í garð þeirra og miður samandi aðdróttanir séu vissasta meðalið til að vekja þjóðernisríg og fjandskap millum hinna eldri og yngri landnema (þ.e. Íslendinga og Galisíumanna) í sveitinni.

Litli Jói varðist svars. —

Björn bróðir minn, mágur stutta sérans, var á fundinum, og ráðlagði honum, að þeir félagar ættu að geta unnið annað þarfara en vekja ósamlyndi með þessum ófriðar undirróðri, og kvaðst hyggja, að seint mundi þeim ganga, að fá viðurkent slíkt halastjörnuform á sveit vorri.

Jói litli varð reiður, samsinti samt og sagir: Þegar vér (þ. e. humbugistar) ekki getum notað hinn æðri, þá brúkum vér hinn Ó-æðri endann.

Ellefu dögum síðar (13. jan.) hélt hr. H. P. Tergesen fund á Gimli með kjósendum sínum um sveitarmyndunarmál Galisíum. og ásamt mörgum, snaraðist þar inn allur "óháði" flokkurinn (4 menn). Urðu þeir G. Þ. og litli Jói til þess, að flytja þar langt erindi fyrir hönd flokksins, er gekk út á, að sýna mönnum samvizkusemi sína og umönnun fyrir öllum mannfélagsmálum, þótt sérstaklega væri ÞJÓÐRÆKNI sinni við brugðið. Og nú væri svo ástatt, að þeir yrðu að biðja alla að gegna sér til þess, að alsegja með sér allan sveitafélagsskap við margra alda kúgaðan, óupplýstan og illa innrættan Pólverjalýð hér vestur af, sem að öðrum kosti mundu koma í gegn um þingið hinni alræmdu sveitarmyndunarbænarskrá sinni, og þá væri ekki að sökum að spyrja, — Gallarnir með rússneska stjórnarfarið, og STJÓRNIRNAR MEÐ "KVÖRNINA", AÐ "MALA ÚR OSS ALLA ÞJÓÐRÆKNINA, o.m., o. fl. o. fl.

En þess ber að gæta strax í byrjun, góðir bræður, að ÞÓTT ÞID VERÐID OSS HLÝÐNIR OG VÉR LEGGJUM FRAM VORN HREINA NORRÆNA VÍKINGDÓM OG STJÓRNKÆNSKU, þá mun ekki af veita, svo yfirstignar verði torfærurnar til vorra sæluheimkynna. Fyrst skal þess getið, að Mikleyingar, Fljótsbúar, Hnausamenn, Geysisbúar og Árdælingar, ásamt nokkrum hér syðra, vilja OFURSELJA helming bygðarbræðra sinna og alla Víðinesbúa undir óviðráðanlegt atkvæðamagn erlendra manna — og þó eru þeir öllum ótorskammaðri: Sv. Þorvaldsson og þeir Olsonsbræður hér neðra, og svo, þegar til Winnipeg kemur, þá er að hervæðast gegn stjórnarmönnunum og B. L. Baldvinssyni, sem íklæddir eru pólitisku bölvanninni sem fati.

Björn bróðir minn gat þess, að hér væri ekki um neinn þann voða að ræða, sem af væri látið, og fásinna væri það í mesta máta, að halda þessu máli fram af þjóðernislegum ástæðum. Eina ástæðan núna fyrir því, að skifta suðurparti sveitarinnar í tvær sveitir, væri fjármálalegs eðlis, sú: að eldri landnemar (Ísl.) væru lengra á veg komnir: að byggja skóla, ræsa fram votlendi og byggja vegi o.fl. en hinar yngri búendur (Galisíum.), en undir þeim reglum, sem sveitarstj. nú fylgdi væri ekki ástæða fyrir neinn að kvarta.

"Óháði" fl. svaraði þessu með fjórrödduðum söng svo látandi: PÓLITISKT OFSTÆKI. Síðan snerí hann sér og söng þessa herhvöt til lýðsins:

(Framh. á bls. 4.)

*) Hann segist eiga: "ÍTÖK Í HJÖRTUM NÝ-ÍSLENDINGA" (sjá 1. no. "Baldurs", 12. janúar 1903). Höf.

*) Hér er slept öllum orðalengingum og allri mælgi, en haldið orðum hans og anda, eftir föngum. Orðin innan svíga eru þau, sem hann hálsar, en sem ég geri skiljanleg. Höf.

*) Ræðutexti stutta sérans, Jóa, sunnudaginn 2. nóv., sjá Landpláguna V. 34). Höf.

**) Annar ræðutexti hans (litla Jóa) sunnudaginn 21. apríl 1907, sjá Landpláguna V. 12). Höf.

Hinir áreiðanlegustu — og þar með hinir vinsælustu — verzlunarmenn auglýsa í Heimskringlu.

—The—
Criterion Hotel
McDermott Ave.
Nýtt, vandað gistihús með ágæt herbergi, vönduðustu drykkjir og finustu vindlar.
Vinsælt meðal Íslendinga. Er beint á móti Tribune bygginguni á McDermott Avenue.
MORICE NOKES
EIGANDI

Woodbine Hotel
Stærsta Billiard Hall í Norðvesturlandinu
Tíu Pool-borð.—Alskonar vín og vindlar.
Lennon & Hebb,
Eigendur.

SPONNÝTT HÓTEL
ALGERLEGA NÝTÍZKU
Hotel Majestic
John McDonald,
eigandi.
James St. West, Rétt vestan við Main St.
Winnipeg Telefón 4979
$1.50 á dag og þar yfir
Bandaríkja-snið
Alt sem hér er um hönd haft er af beztu tegund. Reynið oss.

MIDLAND HOTEL
255 Market St. Phone 3491
Nýtt hús, nýr húsbúnaður Fullar byrgðir af allskonar vönduðustu drykkjum og vindlum í hressingar stofunni. Gisting einn dollar á dag og þar yfir.
W. G. GOULD :: FRED. D. PETERS,
Eigendur
WINNIPEG ::: ::: CANADA

Jimmy's
HOTEL
Rétt á bak við Pósthúsið
Íslendingar ættu að reyna þetta gistihús. Í hressingarstofunni er sá eini íslenzki vínveitingamaður í Winnipeg.
James Thorpe,
eigandi
Fyrrum eigandi Jimmy's Restaurant

Leyndarmál Cordulu frænku

I.

INNGANGUR.

"Í öllum hamingjubænum, segðu mér hvert þú ætlar, Heilwig!"

"Beina leið til X...., ef þér er það ekki á móti skapi", svaraði sá er ávarpaður var í ertnisróm.

"En vegurinn þangað liggur þó ekki yfir þennan óbræsisbakka. Þú ert ekki með sjálfum þér, Heilwig. — Biddu við, ég ætla að fara út úr vagninum, mig langar ekki til að limlesta mig. — Ætlarðu ekki að stansa?"

"Heldur þú, að ég láti vagninn velta?" — Það fyrði þá í fyrsta sinni á æfi minni, — ætlaði hann að bæta við, en þá steyptast vagninn alt í einu um koll. Það heyrðist brak og bræstir, hesturinn frísaði og braust um, tók svo undir sig stökk og hvarf fljótt úr augsýn.

"Jæja, við erum komnir í dálaglega klípu", mælti nú sá, er fyrst hafði talað, í því hann staulaðist á fætur. "Heilwig!: Böhm!! Eruð þið lifandi enn þá?"

"Já", mælti Heilwig. Hann lá skamt frá; og fór nú að þreifa í kring um sig í myrkrinu eftir hárkollu sinni. Það var nú auðheyrt á málróm hans, að allur sjálfsþótti hans var horfinn, sem fis fyrir vindi. Þriðji maðurinn reypdi nú einnig að rísa á fætur, en gekk það miðlungi vel. Hann bölvaði duglega öllum hrakföllunum, og að lokum tókst honum að koma fótum fyrir sig. Og félagarnir þrir stóðu nú allir saman og virtu fyrir sér það sem skeð hafði og ráðguðust um, hvað gera skyldi.

Þeir áttu allir heima í smábænum X.... og höfðu farið þaðan þennan sama morgun á veiðar í vagni þeim, er lá nú á grúfu fyrir framan þá. Það var komið kolniðamyrkur og hesturinn var horfinn úr augsýn fyrir löngu síðan.

"Við getum ekki legið hér í alla nótt", mælti Heilwig alt í einu. "Látum okkur nú komast á stað heim sem fyrst".

"Já, það vantaði nú ekki annað, en að þú fengir að ráða ferðinni", tók einn af félögunum, sem var feitur maður, til máls, í því hann fullvissaði sig um, að það hafði verið pípuhausinn hans, en ekki eitt rifbeinið, er brotnað hafði nálægt hjartanu. — "Já, skipaðu okkur nú eins og krökkum okan á alt saman. Þér er ekki nóg með, að hafa rétt að segja orðið orsök í dauða tveggja húsfeðra. — Að vísu vil ég ekki vera hér í nótt, en þú verður að útvega ljós, Heilwig. Ég hreyfi mig ekki fet héðan í þessu myrkri. Ég ætti eins víst, að steypast niður fyrir annan bakkann til. Mér er orðið kalt, og ég er viss með að fá kvef og kveljast af gigt í næstu sex mánuði. Þú verður að bera ábyrgðina á því, Heilwig. En ég ætla að gæta þess, að ég hálsbrjóti mig ekki í einhverjum skurðinum, því það litur út fyrir, að það sé nóg af þeim hér".

"Gættu nú skynsemninnar, læknir", mælti hinn

þriðji. "Þú getur ekki staðið hér meðan ég og Heilwig förum til næsta bæjar og fáum hjálp. Ég var fyrir löngu búinn að veita því eftirtekt, að Heilwig keyrði of mikið til vinstri handar. Við skulum nú halda til hægri, og þá er ég viss um, að við finnum veginn".

"Komdu nú strax. Hugsaðu til konu og barna, sem ef til vill sitja hágrátandi kring um kveldverðarborðið, af því þig vantar til að borða með þeim".

Feiti maðurinn tautaði nokkur blótsyrði í hálfum hljóðum, en hélt samt af stað á eftir hinum. En ferðalagið gekk ekki greiðlega. Stundum duttu þeir um moldarkekki, annað veifið rákust þeir á vatnspolla, og vatnssletturnar skvettust um þá alla. Að lokum komust þeir samt á almannaveginn. Eftir það gekk þeim ferðin vel, og smámsaman komst læknirinn aftur í góðt skap og fór að syngja.

Þegar þeir nálguðust bæinn X...., sáu þeir, að einhver kom á móti þeim með ljósker í hendinni. Þegar hann kom nær, sá Heilwig, að það var vinnumaður hans, sem Hinrik hét.

"Guð minn góður!" hrópaði hann, er hann sá hverjir mennirnir voru. "Eruð það þér, hr. Heilwig, og frúin heldur, að þér liggið steindauður einhversstaðar meðfram veginum".

"Hvernig veit kona mín, að okkur vildi slys til?"

"Já, sjáið þér, hr. Heilwig: Í kveld komu nokkrir loddarar til þorpsins. (Heinrik nefndi þessu nafni alla sjónhverfingamenn, línudansara og leikara. Þegar vagn þeirra fór fram hjá og inn um hliðið á gestgjafahúsinu, hljóp svarta kvikindið okkar á eftir honum, alveg eins og það heyrði vagninum til. Gestgjafinn þekti skepnuna, og kom með hana heim til okkar. Þér megið trúa því, að frúin varð hrædd.

Hún sendi mig strax með ljósker til að gá að ykkur og Friðrika varð að fara að hita kamillu-te.

"Kamillu-te! Mér hefði nú þótt eins vænt um, að fá eitt glas af rauðvíni, eða í það minsta einu bolla af heitu öli".

"Já, því trúi ég vel", mælti Hinrik, "en þér vitið nú, hvernig frúin — —".

"Já, já, Hinrik, já, já. Farðu nú á undan með ljóskerið, við viljum fylgja okkur heim".

Þegar til bæjarins kom, tóku þeir þegjandi hver í hendina á öðrum. Einn þeirra átti það víst, að verða að drekka sitt kamillu-te, hvort sem honum var það ljúst eða ekki, og hinir vissu fyrir víst, að þeir áttu í vændum langa áminningarræðu, er heim kæmi. Konum þeirra var ekki mikið gefið um þessar veiðiferðir þeirra, og nú lá veiðin öll sundurkramin undir vagninum, — og það var þó það eina, er ofurlítið mýkti skap þeirra, og svo var nú hætt við, að fotarsletturnar á fótunum þeirra myndu ekki bæta úr skák. — — —

Næsta morgun var búið að festa auglýsingar upp á öll strætishorn bæjarins er skýrðu frá, að hinn frægi sjónhverfingamaður Orlowskys ætlaði að sýna íþróttir sínar. Ung kona, frábærlega fríð sýnum, gekk hús úr húsi að bjóða aðgöngumiða til kaups. Fólk sagði, að augnaráð hennar væri svo angurblitt og biðjandi og kinnar hennar svo fölar.

Hún gekk inn í hús Heilwigs. Það var stærsta húsið í bænum. Hinrik gekk inn til húsmóðurinnar og sagði henni, að kona loddarans stæði úti.

"Hvað vill hún?" spurði frúin í hörðum róm.

"Maður hennar sýnir sjónhverfingar sínar á morgun, og hún vill að frúin kaupi aðgöngumiða".

"Við erum kristnar manneskjur hér og eyðum ekki peningum okkar í þess háttar skrípalæti. Segðu henni að fara, Hinrik".

Niður með hégómann. Burt með allar sjónhverfingar.

Framhald frá 3. bls.

"Þótt vættir þenji svartar fjaðrafanir
og fjandinn sjálfur brotti skældar granir —
skal ei nestt oss norrænu víkinganna buga".

Að þeirri athöfn lokinni, var nefnd kosin til að standast fyrir þessu þjóðræktar frelsis-starfi, samanbrasað mótmælabréf og bænarskrá *), herleiðingin hafin, sigurinn þeim samboðinn og heimkomandi hin viðhafnarmesta. Bæn eftir borðun var svo þessi:

"Það kostar stundum nokkuð mikla fyrirhöfn, að afstýra óhappaverkunum". (sjá Landplág. IV. 3).

— Frægðarverkið var nú reyndar jafn veglegt því, er þórir bróðir Ásmundar flagðagufu, var að berja á dauðum jötninum Naddi.

Í ÞRIÐJA SINNI, er mál þetta var upptekið, urðu Íslendingar í norðurhluta sveitarinnar til þess. Flutti bænarskrá þeirra með sér, að merkjalína skyldi vera milli Tp. 21 og 22 austur í miðja röð 3, þá sex mílur suður, og síðan beint austur í Winnipegvatn. — Þetta mál flutti herra Gunnsteinn Eyjólfsson inn á sveitarráðsfund 2. jan. '07, og eftir lítinn ágreining millum mín og þeirra um merkjalínuna, greiddu 5 atkv. með skiftingunni en 1 á móti. Lítlu síðar var bænarskrá send til þingsins með fleiri hundruð manna undirskriftum.

Í stuttu máli má segja, að fyrir samvinnuþýðleik þeirra, er þá stóðu fyrir málinu, í því að breyta merkjalínunni frá því, sem að ofan er sagt, í beina línu eftir miðju Tp. 21, o.fl., þá fór málið án tálmunar í gegn um þingið í fyrra (7. febr. '07), og með allra samþykki, er til var náð í sveitinni (sem er 35—40 Tps. að stærð), að undanskildum mörgum (200) mönnum í rúmu 1½ Tp. í suðausturhorni hennar, sem þó ekki voru mjög ákveðnir á móti, sem sýnt skal síðar.

Þá er við hr. H.P.Tergesen komum af þessum síðast áminstum fundi, og fréttafleygir Landplágunnar hafði borið heim, að skiftingarmálið hafði verið flutt inn á hann og mætt þar áminstum undirtektum, þá fór að heyrast svo mikill úlfakliður frá stöðvum hinna "óháðu" (!), að okkur hr. H.P.T. talaðist það til, að kalla saman nokkra heltu menn úr nágrenninu til samtals, þar sem "óháða"(!) höið gæti gert osa grein fyrir sínum þjáningum, og er ekki að orðlengja það, að 7. jan. vorum vér samankomnir í Landplágu skrifstofunni og undir gamla viðkunnanlega lesturinn þeirra heimamanna um það, HVAÐ ÞEIR SÉU GÓÐIR, HVAÐ ÞEIR SÉU SAMVIZKUSAMIR OG HVAÐ ÞEIR ENN ÆTLI AÐ LEGGJA Í SÖLURNAR TIL ÞJÓÐERNISLEGRA BJARGRÁÐA, þar sem afleiðingarnar af ákafa ÍSL. FÁRÁÐLINGANNA í norðurhluta sveitarinnar mundu að öðrum kosti EYÐILEGGJA SUÐURHLUTA NÝJA ÍSLANDS. Því hvað ætli að verði um VORA DÝRMÆTU ÞJÓÐRÆKNI hér syðra, ef að Gallar fara að hafa afskifti af sveitamálunum og lands menn vorir með því gerðir ómyndugir.

Oss gestum, er allir þektum nokkuð inn á sjúkdóma, kom saman um, að þetta væri þá bara gamla kveisan, og sögðum þeim, að ekki mundi auðvelt, að útrýma svo gömlum og seigfónandi sjúkdómi. Litli Jói hafði þá orð fyrir þeim, og sagði, að hlykkjótta merkjalínan að norðan belgdi mest upp á þeim magann. Varð óg þá til svars, og þóttist mundi geta gefið þeim nóg af sódavatni við þeim spenningi, og spurði, hvað væri næst. Varð þá svarið þannig: Ef ekki er um það að taka, að fá vort fyr umtalaða hálastjörnu form á vort ísl. ríki hér, þá er að stíga skottið af stjörnunni og — lofa oss að vera Vágfúsum á Hala.

Hr. H.P.T.: Hvar mundið þér helzt kjósa að hafa landamerki að vestan á jörðinni Hala?

Stutti sérinn: Well, Sir, stefnan er á pólinn, beint yfir countryið, frá nyrzta og neðsta horninu á Rockwood.

Björn B. Olson sagði, að skoðun sín væri að öllu óbreytt frá því er hann hefði látið í ljósi 13. jan. árið áður, viðvíkjandi skiftingu á suðurparti sveitarinnar, en hvener sem unnið yrði að því að fá skiftinguna, þá virtist sér hyggilegast, að línan milli 3. og 4. raðar yrði merkjalínan, því þar mætti helzt álítast aðgreining á hinu eldra og yngrá landnámi, og þess utan mundi meiri trygging fyrir því, að austursveitin hélti í framtíðinni þeim spildum meðfram vatninu, sem nú þegar væru útmældar í bæjarlóðir. Var nú bending hans, með litlum breytingum frá hr. Jóni Péturssyni gerð að samþykt, og hann (B.B.O.) og Einar heitinn Ólafsson síðan beðnir að skrifa bænarskrá daginn eftir, til þingsins, um svoleiðis lagaða löggildingu.

Þessa samtals er hvergi getið í Landpl., nema hvað umvent inntak af þessum ÞEIRRA (Landpl.-mannanna) ræðum, ásamt aðdrótt unum og ósannindum til norðanmanna, er tekið upp í hana tveim dögum síðar (9. jan.).

Á umtöluðum tíma var bænarskrá samin og undir hana fengnar að sögn um 200 manna undirskriftir. Eigi var áhugi þeirra manna fyrir málinu samt meiri en svo, að enginn mun hafa verið kosinn til að fylgja því áleiðis, nema hvað þeir munu hafa lofað Lpl.-mönnunum, að hafa veg og vanda af því, sem líka var maklegt, — mönnunum, sem aldrei hafa verið við heiðarlegt afreksverk kendir.

Um þessar mundir höfðu þeir svo mikinn eril við að syngja sér lof og hrópa öðrum níð, að þeir framvísuðu fyrst bænarskránni viku fyrir þinglok (7. febr.), og Á ÞEIM KLUKKUTÍMA, SEM ÁTTI ÞAR AÐ GERA ÚT UM SVEITARSKIFTINGAR MÁL NÝJA ÍSLANDS, og hafði það óhjákvæmilega þann árangur, samkvæmt tilgangi þeirra, að ekkert tillit gat orðið tekið til kröfunnar. Síðan koma þeir heim, kisuþvegnir, við rýran orðstýr, og sér til hugsvölunar taka strax til að ræða og svívirða stjórnina, hr. B. L. Baldvinsson, Sv. Þorvaldsson og okkur bræður, fyrir úrslit máls ins, alt svo vitsmunalegt og sannfærnt það var, að öllum hér áður greindum ástæðum athuguðum.

Já, með því að athuga það, sem hér er þegar framtekið, þá verður það einnig ljóst, að tilgangur þeirra með afskiftum af sveitarskiftingar málinu, er sá eini, að ræða og svívirða, ekki ein asta stjórnina og þessa einstöku menn, heldur norðurbyggðarmenn, fyrir, að þeir séu að "OFURSELJA" sína landsmenn og "EYÐILEGGJA" Nýja Ísland, ásamt fl., — friðsama Galisíumenn fyrir, að þeir séu of "AUÐVIRÐILEGIR" til þess, að Ísl. líði þá í sínu sveitarfélagi, og svo eru Ísl. í suðurpartinum, þeir, sem glæpst hafa á, að taka þessa menn nokkuð til greina, ekki einasta notaðir sem aprílnarrar, heldur fleiri ára ginningarfífl.

Í þessu, og ÖÐRU EINS, er alt "FRELSISSTARF" hinna "óháðu" fólgið.

Þessa breytni sína telja þeir hið veglegasta, er fundist geti í fari mannanna, og í hæsta máta samboðið þeim, sem séu "af norrænu bergi brotnir".

Æðsta boðorð þessara manna er alla jafna það, að leika svona — TÖUNA Í LAMBSGÆRUNNI.

Þessu næst er þar frá að segja, að á fund er sveitarráðið hafði 2. júlí sl., flutti hr. H.P.Tergesen beiðni frá Gimlimönnum um, að manntal yrði tekið þar í bænum, sem var strax veitt, og til þess starfs kjörinn hr. Björn B. Olson. Að því verki hans loknu, kom það í ljós, að búsettir voru þar 650 manns, 150 manns fleiri en þurfti til þess að þorpið gæti fengið bæjar-löggildingu.

Löngu áður* en hér að kom, voru þar hinir áhugameiri búendur búnir að ráða við sig, að vinna að löggildingu þorpsins eins fljótt og þeir gætu því vel við komið, fyrir þá ástæðu aðallega, að öllum umbótum þar yrði með því fljótar við komið, heldur en meðan það (þorpið) tilheyrði sveitinni. Fóru þeir því að þessu fengnu, strax að vinna að löggildingunni, á þann hátt, er þeim kom saman um, að hentast væri.

Um þessa framtaks og sómaviðleitni þessara manna í því, að bæta og prýða bústað sinn, og jafnframt stuðla að innflutningi í bæinn með því að gera hann sem mest aðlaðandi fyrir umferendur, — farast stutta Jóa orð á þessa leið:

"Með undirferlis-athöfnum eru þessir náungar að búa sig undir að bjarga sér undan pólska flóðinu, með því að sundurlima Nýja Ísland Í ANNAÐ SINN*), og auk þess búnir að slátra sínum landsmönnum(?), sem í nágrenninu búa — og ÉTA ÞÁ, nema hvað þeir hvolpar eiga að eins eftir að birða slangið" (sjá Landpláguna 29. okt. sl.).

Fjórum dögum síðar (2. nóv.) tíðar kregð þetta á opinberan fund er Gimlibæjarmenn höðu, til áframhaldandi frumkvæmda í löggildingarmálinu, og eftir að hafa verið spurður að, hvaða tilgang hann hefði haft með því, að útbreiða annan eins ólagnað, sem naumast nokkrum götustrák væri samboðinn, verður þessum blygðunarlausa aumingja að orði, að tilgangur sinn hafi verið mjög svo góður, eins og þeir ættu nú að fara að skilja, þar sem alt sitt verk í sl. tvö ár sérstaklega, hefði verið það, að varðveita sína lands menn frá þjóðernislegri hrösun, — ásamt frá pólskum og pólitiskum mannætum. Þessu til sanninda-merkis sagðist hann biðja þá að lofa sér og sínum "að komast á kubbinn" hjá sér, er fleyta mætti þeim öllum í gegn um framtíðarinnar ægilegu Sindbaðs gljúfragöng. Síðan andvarpaði hann og sagði: "Mínir kæru bræður og þjóðræknismenn" hér vestra! Er nú ekki tími til þess kominn, þegar við gláপum upp í ginandi hjónskjaft ramm-kaþólsks Austur-Evrópu menningarleysis yfir höðum okkar, að hætta því, að ginna fólk að heiman í glötunina með okkur" (sjá Landpláguna V. 47).

Næst því, að hafa hér áð nokkru leyti virt fyrir sér, hvernig "óháðu"(!) sósialistarnir(!), er sig svo nefna og sem öllum mannsæmandi flokkum þykjast standa ofar, — sýna hér trú sína í verkunum, þá er að geta þess atburðar, er varð til að koma því ósamkomulagi á í sveitinni, er sá réttnefndi Landplágu-flokkur hafði æskt eftir og unnið að á liðnum árum.

Á fundi, er haldinn var í Filsendorf skólahúsinu 18. nóv. sl. var flutt sú saga, eftir öllum líkindum að dæma að undirlagi Landplágulýðsins, að: ef þeir (Galisíumenn og þjóðverjar, er fund þann sóttu) findu til þungra skatta-álaga og lítilla endurbóta á vegum, undir sveitarráðsmensku Íslendinga, þá væri fyrir þá, að víkja þeim úr sætum við næstu kosningar, því þeir (Íslendingarnir) hefðu haft nóga peninga til að vera búnir að byggja vegna upp og þurka landið, ef ÞJÓÐERNISLEGUR ILLVILJI hefði ekki hamlað þeim frá því*). Ef þeir því settu sína landsmenn (þjóðverja og Galisíumenn) í öll sætin, sem þeim væri innan handar að gera, þá gætu þeir látið þá breytingu verða Á FYRSTA ÁRI, að ALLIR FENGJU AÐ VINNA AF SÉR SKATTANA(!), og jafnvel að FÁ NÆR ÞVÍ ALLA vegi bygða(!).

(Niðurlag.)

*) Bænarskráin sagði svo fyrir, "að lögulegast væri ... þannig, að slétta á kortinu fyrir stálið, frá norðausturhorni Posensveitar aust ur að Winnipegvatni, og síðan kljúfa frá þeirri línu beina leið í suður að norðausturhorni á Rockwood" (sjá Landpl. IV.3), — þá hvorfinir frá halastjörnu áformi sínu. Höf.

*) Sannleikurinn í þessu er sá, að hver sem tekur sér það ómak, að líta í gerðabækur sveitarinnar, sér ljóslega, að ávalt hafa lönd hér verið þeim mun lægra virt til skattgjalds, sem þau liggja vestar í landi. Um fjárveitingar til vegagerða skal þess getið, að á tveimur sl. árum, að minsta kosti, hafa allar "deildirnar" fengið jafn mörg cents úr hverjum dollar sveitarskattsins til þess starfs. Og þegar tekið er tillit til þess, að þar er farið eftir matskrá, en ekki eftir því, hvað innheimst hefir, þá hafa Galisíumenn og þjóðverjar sist verið afskiftir. Höf.

*) Með þessum orðum er á Gimli-menn borin sú sök, sem sami maðurinn eignaði norðurbygðarmönnum áður, og sem tilgreind er hér fyr í greninni. — Samkvæmni og tilgangur er jafnfullkomið hjá þeim "óháða" (!) endurbótamanni(!!). Höf.

KENNARA

vantar til Big Point skóla No. 962. Kensluími 10 mánuðir. Byrjar 24 ágúst. Umsækjendur verða að hafa 2. eða 3. stigs kennarapróf, þeir tiltæki kaup og um ræingu sem kennari.

Tilboðin sendist til undirritaðs, sem gefur allar upplýsingar.

Wild Oak P.O., 18. júlí 1908.

Ingim. Ólafsson.

BILDFELL & PAULSON

Union Bank 5th Floor, No. 520

selja hús og lóðir og annast þar að lútandi störf; útvegar peningalán o. fl.

Tel.: 2685

Hvað er svo Gott

sem nýtt, ferskt kjöt? Hvað er betra að borða en gott kjöt? Og hvar fæst það betur útilátið en einmitt hjá oss. Telefónið oss eina pöntun og reynið

C. G. JOHNSON,

KJÖTSALI

Horni Ellice og Langside. Tel.: 2631.

F. Deluca

Verzlar með matvöru, aldini, smá-kökur, allskonar sætindi, mjólk og rjóma, sömul. tóbak og vindla. Óskar viðskifta Íslend. Heitt kaffi eða te á öllum tímum. Fón 7756

Tvær búðir:

587 *Notre Dame og 714 Maryland St.*

The Dominion Bank

NOTRE DAME Ave. BRANCH Cor. Nena St.

Vér seljum peningaávisanir borganlegar á Íslandi og öðrum löndum.

Allskonar bankastörf af hendi leyst

SPARISJÓDS-DEILDIN

tekur $1.00 innlag og yfir og gefur hæstu gildandi vexti, sem leggjast við innstæðufé 4 sinnum á ári, 30. júní, 30. sept. 31. desembr og 31. march.

Giftingaleyfisbréf

selur Kr. Ásg. Benediktsson,

477 Beverley St. Winnipeg.

Winnipeg Business College

FÉKK FYRSTU VERÐLAUN Á SAINT LOUIS SÝNINGUNNI.

Cor. Portage Ave and Fort St.

Kennir Bókhald, Vélritun, Símritun, Býr undir Stjórnþjónustu o. fl. Kvöld og dag kensla. Sérstök tilsögn veitt einstaklega. Starfshögunar skrá frí.

Drs. Ekern & Marsden,

Sérfræðislæknar í Efturfylgjandi greinum: — Augnasjúkdómum, Eyrnasjúkdómum, Nasasjúkdómum og Kverkasjúkdómum. : : :

Í Platky Byggingunni í Bennum

Grand Forks, :: N. Dak.

Cancer Cure.

R. D. EVANS, sem fann upp hið viðfræga lyf til lækninga

krabbameinum

óskar að allir sem nú þjást af krabbameinum, skrifi sér. 2. daga notkun meðalsins, læknar útvortis eða innvortis krabbamein. Skrifið strax til R. D. Evans, Brandon, Man. 27-8-8

Sendið Heimskringlu til vina yðar á Íslandi.

Til fullkomnustu tryggingar Vátryggið fasteignir yðar hjá The

St. Paul Fire & Marine Ins. Co.

Eignir félags eru yfir 5 millión dollars. Skaðabætur borgaðar af San Francisco eldinum 1½ mill. SKULI HANNSSON & CO., 55 Tribune Bldg., Phone 6478, eru sérstakir umboðsmenn.

E. S. Miller Limited

Aðal umboðsmenn

PHONE 2088 219 McINTYRE BLK.

Með því að biðja sérlega um "T.L. CIGAR," þá ertu viss að fá ágætan vindil.

T.L.

T.L. CIGAR

(UNION MADE)

Western Cigar Factory

Thomas Lee, eigandi Winnipeg

Redwood Lager og Extra Porter

Styrkið

taugarnar með því að drekka eitt staup af öðrum hvorum þessum ágæta heimilis bjór, á undan hverri máltíð. — Reynið !!

EDWARD L. DREWRY Manufacturer & Importer Winnipeg, Canada.

Hinrik lét hurðina á eftir sér og klóraði sér vandræðalega á bak við eyrað, því hann vissi að aumingja konan hlaut að hafa heyrt hvert einasta orð af því, sem sagt var inni í stofunni. Hún stóð líka steinþegjandi og djúpur roði flaug yfir kinnar hennar. Hún stundi þungan. Þá var alt í einu opnaður lítill gluggi, er sneri út í anddyrið, og karlmaður bað í hálfum hljóðum um einn seðil. Hann var afhentur og tveir dalir voru lagðir í lóka konunnar. Áður en hún gat lítið upp, var búið að loka gluggunum, og grænt tjeja dregin fyrir, svo að ekki var hægt að sjá inn. Hinrik opnaði hliðið fyrir konunni, og hneigði sig um leið fremur klunnalega. Konan hélt svo áfram hinni erfiðu göngu sinni.

Hinrik tók nú í hönd sér stígvél, er hann hafði verið að bursta, er konan kom, og gekk með þau inn í herbergi húsbóndans. Við dagsbirtuna sást, að hr. Heilwig var lítill maður vexti röskinu að aldri með fölt en mjög góðmannlegt andlit.

"Æ, hr. Heilwig", sagði Hinrik, er hann hafði sett stígvélin á sinn stað. "það var fallega gert af yður, að kaupa miða af veslings konunni. Ég kenni svo í brjósti um hana, og þó atvinna manns hennar sé ekki sem heiðarlegust ..... — Hann finnur ekki hamingju sína hér. Takið eftir orðum mínum, hr. Heilwig!"

"Því þá ekki, Hinrik?"

"Af því svarta dýrið hékk aftan í vagninum, þegar hann kom hingað, og óþ:tis kvikindið kom einmitt þaðan, sem slys hafði komið fyrir. Þér takið eftir því, hr. Heilwig, að hamingjan fylgir ekki þessu fólki".

Hann hristi áhyggjufullur höfuðið og gekk í burtu, er húsbóndi hans svaraði engu. Hann lagaði

gólfábreiðuna fyrir framan stofudyrnar, hún hafði eitthvað ofurlítið færst úr lagi, er ókunnuga konan gekk inn.

II

KONA LODDARANS.

Ráðhúsið var orðið troðfult af fólki og ennþá streymdu menn upp og niður tröppurnar. Hinrik stóð í miðjum þrengslunum og hrinti frá sér á báðar hliðar, til þess að geta dregið að sér hreint loft við og við. — "Guð hjálpi mér, ef frúin vissi alt þetta, — það yrði ljótu lætin. Húsbóndinn varð strax í morgun að skrifta duglega fyrir henni", — þessu hvíslaði hann að þeim, er næstur stóð, og brosti ánægjulega um leið og hann benti á hr. Heilwig, er sat inni í salnum hjá Böhm lækni. Hinrik hafði haft mikið fyrir að sjá húsbónda sinn, manntjöldinn var svo mikill. Sjónhverfingamaðurinn hafði lofað svo góðri skemtun, og að síðustu ætlaði Madama d. Orlowsky að koma fram sem skjaldmey, sex hermenn ætluðu að skjóta á hana af hlöðnum byssum, en hún hjó byssukúlurnar af sér í einu höggi með sverði sínu.

Bæjarbúa langaði nú til að sjá, hvað hæft væri í þessu. Hin unga, fagra kona hafði vakið mikla eftirtekt, og menn vildu sjá, hvort henni brigði ekki, er sex byssuhlaupum væri miðað á hana. Loddarinn sjálfur hafði einnig vakið mikla eftirtekt. Það var laglegur og karlmannlegur maður, með dökt hár og gáfuleg augu. Hann var mjög vel að sér í íþrótt sinni, og talaði þýzku vel. Samt var auð-

heyrt, að hann var útlendingur, og menn þóttust sjá, að hann var Pólverji.

Menn hættu brátt að hugsa um Pólverjann og snéru athygli sinu að öðru. Hinir áðurnefndu sex hermenn komu nú í röð undir stjórn höfðingja sins fram á leiksviðið. Lág suða heyrðist um allan salinn, og svo varð alt í einu þögn.

Pólverjinn gekk nú að litlu borði, sem stóð þar, og sló með hamri á kúlurnar, svo fólk sæi, að það væri í raun og veru kúlur, hver um sig vóg tvö lóð. Svo lét hann hermennina hlaða byssur sínar með þeim, og að því loknu hringdi hann.

Kona hans kom strax inn og gekk hægt til vinstri handar, og staðnæmdist beint á móti hermönnunum. Í vinstri hönd hélt hún á skildi, en hafði sverðið í hinni hægri. Hún var í síðum kjól, og þar utan yfir í silfurskærri hringabrynju. Hárið mikið og fagurt fóll í lokkum niður undan hjálminum og náði niður á hæla henni.

Hún stóð grafkyrr, ekki hin minsta taug hreyfði sig í andliti hennar. Það var miklu líkara, að þarna stæði steinstytta en lifandi vera. Merkið var gefið til að skjóta, sex skot kváðu við í einu, sverðið sveiflaðist til í loftinu, og tólf hálfar kúlur féllu til jarðar.

Í eina mínútu stóð skjaldmærin kyr, púðurreykurinn huldi næstum andlit hennar, en svo skjögraði hún, sverð og skjöldur fóllu úr höndum hennar, og hún rekur upp hljóð um leið og hún hnígur til jarðar "Guð hjálpi mér, ein kúla hefir hitt mig", mælti hún, er maður hennar kom og tók hana í fang sér. Hann bar hana til hliðar og hljóp svo viti sínu fjær af sorg og reiði til hermannanna.

Þeim hafði verið sagt, að þegar þeir hlæðu byssurnar, að bíta kúlurnar sundur og geyma blýkúluna í munninum, — í því lá allur galdurinn. Einn af her-

mönnunum var bóndi utan af landinu. Hann hafði orðið svo utan við sig, er hann sá hinn mikla mannfjölda, að hann hafði gleymt að taka kúluna frá. Pólverjinn skipaði nú hermönnunum að sýna sér kúlurnar, — fimm tóku þær út úr sér, en sá sjötti gat ekkert sýnt annað en ofurlítið af púðri. Kúlan úr byssunni hans hafði hitt skjaldmeyna.

Vesalings Pólverjinn varð afarreiður, og í bræði sinni sló hann manngarminn í andlitið.

Í salnum varð alt á tjá og tundri. Kvenfólkið leið í ómegin og karlmennirnir hrópuðu á læknirinn. Böhm læknir hafði fyrstur manna skilið, hvernig í öllu lá, og fór strax að kanna sár konunnar. Loksins kom hann aftur og var þá fölur sem nár.. Hann hvíslaði að Heilwig, að hin fagra, óhamingjusama kona væri særð til ólífis.

Einni klukkustund síðar lá kona loddarans í rúmi sínu á gestgjafahúsinu. Menn höðu borið hana þangað, og Hinrik hafði verið einn af burðarmönnunum. "Nú, hr. Heilwig, hafði ég ekki rétt fyrir mér?" mælti hann, er hann hitti húsbónda sinn, og tár runnu niður kinnar hans.

Konan lá kyr með aftur augu, hárlokkar hennar liðuðust um mjallhvítan koddann og niður með rúmbrikinni. Við rúmið lá maður hennar á hnjánum. Hún hafði lagt hönd sína á höfuð hans.

Sefur Fee?" spurði hún, svo varla heyrðist, í því hún reyndi að opna augun.

Maðurinn leit upp og þrýsti hönd hennar.

"Já", mælti hann raunalega. "Dóttir gestgjafans fór með hana inn til sín, og hún sefur þar í litlu rúmi. Barninu okkar líður vel, Meta mín, elsku konan mín".

Hún leit framan í hann, augnaráð hennar lýsti bæði kvölum og örvæntingu.

"Ég dey, Iaskó", hvíslaði hún.

Sambandsmálið.

VANCOUVER, B. C.
3. ágúst 1908.

Þann 1. ágúst var haldinn almennur fundur af Íslendingum í þessum bæ, í húsi Mr. Bjarna Lyngholts. Forseti var kjörinn Mr. Árni Friðriksson og ritari Wm. Anderson. Tilgangur fundarins var sá, að ræða stjórnmál Íslands, eins og þau horfa nú við, og eftir nokkrar umræður kaus fundurinn þriggja manna nefnd, þá Erlend Gíslason, Bjarna Lyngholt og Wm. Anderson, til þess að semja tillögu í málinu og leggja fyrir fundinn.

Tillaga sú, er kom fram og sem samþykt var með öllum atkvæðum, hljóðar þannig:

"Vér Íslendingar, samankomnir á frjálsum fundi í Vancouver, B. C., 1. ágúst 1908 til að íhuga stjórnarsambands mál Íslendinga og Dana, látum hér með í ljósi skoðun vora á því máli með eftirfylgjandi yfirlýsingu:

"Þar eð það að forfeður vorir játuðust undir konung 1262 varð orsök til margvíslegrar baráttu og sorgar og tjóns, bæði fyrir sjálfa þá og niðja þeirra hingað til, án þess sýnilegt tækifæri hafi gefist þjóðinni fram að þessum tíma til að losa sig við þar margvíslegu afleiðingar, og

"Þar eð vér álítum, að meiri hluta tillögur millilanda nefndarinnar séu óaðgengilegar, og

"Þar eð þær virðast benda til, að þeim, sem um málin fjölluðu af hálfu Íslands, að Skúla Thoroddsen einum undanskildum, hafi ekki auðnast, að gæta hagsmuna og réttar þjóðar sinnar gagnvart stjórnmálamönnum Dana, sem að þeim stóðu hins vegar, og

"Þar eð nú virðist tækifæri komið fyrir Íslendinga til að losast undan útlendri stjórn og ná aftur að fullu því dýrmæta frelsi, sem þjóðin glataði árið 1262, þá beri Íslendingum nú að nota það tækifæri og leysast undan öllum stjórnmála yfirráðum Dana, gerast sjálfstæð þjóð og mynda lýðveldi".

Síðan var samþykt, að senda svohljóðandi simskeyti til Blaðamannafélagsins í Reykjavík:

"Íslendingafundur í Vancouver hvetur yður til að mynda lýðveldi:

Að þessu loknu voru tekin samskot til að borga simskeytiskostnað, og gekk það greiðlega. Þá hófust umræður um, hvort ekki væri fýsilegt, að koma á einhverjum félagsskap meðal Íslendinga í Vancouver, er alt af fara fjölgandi, og varð sú niðurstaða þess máls, að kosin var nefnd til þess að undirbúa málið, og leggja það svo fyrir almennan fund.

WM. ANDERSON,
ritari fundarins.

Svar frá Forester félaginu.

Hinn 21. maí og aftur 25. júní þá. birtust í Heimskringlu ritgerðir þar sem fundið er að ráðsmensku Forester-félagsins (I.O.F.) í sambandi við breytingu á ábyrgðar-gjaldi þeirra félagsmanna, sem gengið höfðu í félagið fyrir árið 1899. Í ritgerðum þessum er ekki farið ítarlega út í þau málsatriði, er sannfærandi kynnu að reynast fræðimanni í fjárhagsmálum, en bera þó með sér svo mikinn sannleiksblæ, að maður, sem óvanur er að leysa úr flóknum finans-gátum, álítur máske, að þær hafi töluvert sannleiksgildi.

Áherzla mikil er lögð á það svokallað loforð Dr. Oronhyatekha, að ábyrgðargjald gömlu félagsmannanna skyldi aldrei hækka. Það er gagnslitið, að þrefa um það nú, hvort hér er um virkilegt loforð að ræða eða ekki. Hafi það loforð verið gefið, þá var og er ómögulegt, að efna það, nema með samþykki og samvinnu félagsmanna sjálfra. Þeir, með öðrum orðum, hljóta að safna því fé, sem nauðsynlegt er til þess að loforðið verði efnt, — nokkuð, sem þeir mega til að gera undir öllum kringumstæðum.

En svo er eitt, sem menn verða að athuga í sambandi við þetta svo kallaða loforð Oronhyatekha's — og það er þetta, að jafnframt og hann vonaði, og hefir ef til vill trúað, að gjöldin, sem ákveðin voru árið 1881 og smámsaman aukin á næstu 14 árum, reyndust nóg, viðurkendi hann þó, að mögulegt væri, að þau reyndust ónóg. Sönnun fyrir því er fólgin í þeim ákvæðum, að félagsstjórninni sé heimilt að leggja auka-gjöld ("Extra Assessments") á félagsmenn. Sú hugmynd hans, að félagið gæti borið sig með þessu ákveðna gjaldi, miðuðu við aldur manns á upptökudegi í félagið, var tilraun, sem hann vonaði, enda trúði, að reyndist vel, og treysti hann þar einkum á nógu strangt eftirlit að því er snerti aldur og heilsu þeirra, er gengju í félagið. Í ræðum sínum lét hann þessa von sína ótvíræðilega í ljósi, en víss um það gat hann ekki verið, en einmitt þessar góðu vonir hans hafa vilt mörgum sjónir, svo að þeir hafa álitið, að hér væri um hein loforð að ræða. Hefði hann verið viss í sinni sök, mundi hann þá hafa hált ákvæðin um "auka-gjöld" í laga-safni félagsins, og á þann hátt neytt félagið til að bera í brjósti fylkingar ótvíræðan vitnisburð um skort á nauðsynlegu holmagni? Það mundi enginn ætla þeim manni, sem væri sannfærður um, að þá ákveðin gjöld væru nóg fyrir allan tíma. Og sannarlega mundi enginn, sem annars þekti nokkuð til hans, ætla Dr. Oronhyatekha það.

Það þurfti 25 ára reynslu til að sýna og sanna, að þessi tilraun var gagnslaus. Og nokkru áður en hann dó, var Dr. Oronhyatekha orðinn sannfærður um, að eitthvað þyrfti að gera, annaðtveggja leggja rifleg auka-gjöld á félagsmenn, eða hækka iðgjöldin og á þann veg með tímanum auka viðlagasjóðinn svo, að hann að minsta kosti nálgaðist það takmark, að vera tryggð fyrir vaxandi ábyrgðarþunga, samkvæmt útistandandi ábyrgðarskírteinum. Þegar Mr. Stevenson tók við, varð hans hlutverk, að kjósa um þessa tvo kosti, hafandi fyrir augum hagsmuni félagsheildarinnar, og með tilliti til gjaldbyrði gömlu félagsmannanna, samhliða gjaldbyrði hinna yngri félagsmanna. Það er enginn efi, að af tveimur kostum skemum hefir hann tekið þann, sem hann áleit betri, enda hefir nú stórþing félagsins samþykt það val hans, þó það veitti ekki alt, sem hann fór fram á í því efni. Það er þess vegna óréttlátt, að sakfella Mr. Stevenson fyrir aðgerðir hans í þessu máli, eins og Heimskringla virðist gera, því breyting til batnaðar var óhjákvæmilog og hefði Dr. Oronhyatekha verið á lífi, þá hefði hann sjálfur mátt til með, að kjósa annan þessara kosta, og flytja svo málið fyrir stórþinginu, eins og gert var nú.

Það þarf enga sérfræði í reikningi til að sýna, að ábyrgðargjöld félagsmanna allra, er gengu í félagið fyrir 1899 eru of lág, — að þau samlögð geta með engu líkegu móti framleitt það fjármagn, sem þarf til þess að mæta ákveðisverðs ábyrgðanna, sem þessi gjöld eiga að tryggja. Sextán ára gamall skarpur skóladrengur getur reiknað það. Heimskringla getur það auðveldlega, ef hún bara vill. Eftir að hafa lokið því, þá ætti hún í allri sanngirni að athuga, hverjum ber að borga sjóðþurðina, — hvort heldur hinum gömlu félagsmönnum, sem með ónógu gjaldi voru orsök í henni, eða yngri félagsmönnunum, sem með sínu hærra gjaldi borga nóg til að tryggja sinar eigin ábyrgðir. Geri Heimskringla þetta, er enginn efi að jafnréttis og réttlætis tilfinningin knýr hana til að viðurkenna, að sjóðþurðina beri þeim einum að borga, er með ónógum gjöldum hafa orsakað hana, og sem undir eins eru þeir einu, sem njóta hagnaðarins af gjöldum sínum.

Mein Heimskringlu og margra félagsmanna líka, virðist vera skortur á vilja til að gera sér grein fyrir eðlilegum afleiðingum, og á hinn bóginn skortur á sjón eða vilja til að sjá, að tilgangur bæði Dr. Oronhyatekha og Mr. Stevensons er einn og hinn sami, — að ná einu og sama takmarki, þó aðferðin sé nokkuð mismunandi. Báðir hugsa um það eitt, að sjóðurinn reynist nógur til að mæta öllum kröfum undir eins og ábyrgð hvers eins félagsmanns fellur í gjalddaga. Mismunurinn er þessi á aðferð þeirra, að Dr. Oronhyatekha setti sér fyrir, að bæta upp hið lága gjald með svo og svo háum auka-gjöldum, — auka-gjöldum, sem flestir ef ekki allir félagsmenn mundu andæfa. Mr. Stevenson aftur á móti ráðgerði, og stórþingið hefir síðan samþykt það, að fá staðfest lög um framhaldandi hærri ábyrgðargjöld. Áleit hann það bæði þægilegra, vissara fyrir félagið, og, að með því mætti fyrirbyggja þörf á auka-gjöldum.

Verðleikar þeir, sem fólgnir eru í tillögu Stevensons, eru þessir helztir: (1) það er léttara fyrir félagsmenn, að borga fastákveðna upphæð, nokkru hærri en áður, á hverjum gjalddegi, heldur en að borga stór auka-gjöld þegar svo vatar. Auk þessa mynda þessi föstu gjöld stöðugan sjóðs-auka, er þá að sjálfsögðu framleiðir sívaxandi tekjur. (2) Þetta er réttust hlutur gástunnar, því hið aukna gjald legst þá á þá félagsmenn eina, sem einir græða á gjaldhækkuninni, og (3) það er bræðralegra, því með þessu móti njóta allir hlutaðeigendur jafnt hagnaðarins af fyrri ára gjöldum gömlu mannanna, og gömlu mennirnir njóta hagnaðarins engu að síður, þar sem þeir eru undanþegnir því, að borga sjóðþurðina að fullu.

Af því sjóðurinn er nú orðinn meira en 12 miliónir dollara, þá er því haldið fram, að ekki sé ástæða til, að hækka ábyrgðargjaldið. Til þess að sjá, hvers virði þessi ástæða er, þarf ekki annað en athuga (1) AD ábyrgðar-þunginn hefir aukist miklu meir en að sama hlutfalli, og (2) AD í síðastliðin tvö ár að minsta kosti hafa þeir félagsmenn, sem gengu í félagið fyrir 1899 ekki aukið sjóðinn um eina krónu með gjöldum sínum. Þeir hafa þvert á móti (í síðastliðin 2—3 ár) virkilega eytt af því fé, sem þeir höfðu safnað í hann á fyrri árum.

Má vera, að Heimskringla komist til rólegri geðsmuna, ef henni er sagt greinilega frá því, sem gert var í þessu sambandi á stórþingi félagsins. Í því skyni er hér látin fylgja gjaldskrá, er sýnir:

Í 1. dálki aldur félagsmanna á upptökudegi í félagið, í 2. dálki lægsta mánaðargjald fyrir $1000 ábyrgð, í gildi frá 1881 til árslokа 1898, í 3. dálki hæzta mánaðargjald fyrir $1000.00, í gildi frá 1895 til 1898, og í 4. dálki, mánaðargjaldið framvegis fyrir $1000, og sem allir verða að borga, hvaða upphæð, sem þeir hafa borgað að undanförnu.

GJALD-SKRÁIN

1. Aldur á árstali	2. Mánaðargjald fyrir $1000.00	3. Mánaðargjald fyrir $1000.00	4. Mánaðargjald fyrir $1000.00 framvegis
18	.60	.60	.82
19	.61	.61	.84
20	.62	.62	.87
21	.63	.63	.89
22	.64	.64	.92
23	.65	.65	.95
24	.66	.66	1.00
25	.67	.67	1.05
26	.68	.68	1.10
27	.69	.69	1.16
28	.70	.70	1.21
29	.71	.71	1.26
30	.72	.72	1.32
31	.73	.73	1.37
32	.74	.74	1.43
33	.75	.75	1.50
34	.76	.76	1.57
35	.78	.78	1.65
36	.80	.80	1.72
37	.82	.82	1.81
38	.84	.84	1.91
39	.86	.86	2.03
40	.88	.90	2.15
41	.90	.95	2.28
42	.92	1.00	2.42
43	.95	1.10	2.51
44	.98	1.20	2.64
45	1.02	1.30	2.76*
46	1.07	1.40	2.80
47	1.14	1.60	2.81
48	1.22	1.90	2.88
49	1.35	2.20	2.99
50	1.45	2.50	3.13
51	1.55	2.60	3.37
52	1.65	2.70	3.62
53	1.75	2.85	3.97
54	1.85	3.00	4.31

Skýrslan sýnir, að gjaldhækkunin er hvergi gífurleg, og ekki nema í örfáum tilfellum hækkar gjaldið svo, að verulega sé tilfinnanlegt. En svo ber þess að gæta, að séu einhverjir svo illa staddir, að þeir treysti sér ekki að bæta við mánaðargjald sitt, þá eru þeim veittir tveir aðrir kostir til að velja um. Kjósi þeir að halda áfram að borga sömu upphæð, eins og þeir hafa borgað að undanförnu, geta þeir fengu nýtt ábyrgðar skírteini fyrir þeirri upphæð, sem sam lögð mánaðargjöld þeirra framleiða, eða þeir geta haldið sínu gamla ábyrgðar skírteini með fullu ákveðisverði, en fengið til láns úr sjóði félagsins, mánaðarlega, þá upphæð, sem ávantar að fullnægt sé hinni nýju gjaldkröfu, gegn 4 prósent afgjaldi á ári. Upphæðina alla með vöxtum, sem þannig verður Jánuð, dregur svo félagsstjórnin frá ákveðisverði ábyrgðar skírteinisins undir eins þegar ábyrgðin fellur í gjalddaga. Hvorn kostinn, sem þeir taka, sem ekki treysta sér til að auka gjald sitt, fá þeir út aftur frá félaginu alla þá upphæð, sem gjald þeirra og vextir af því geta framleitt, og það á enginn heimting á meiru.

D. J. McPHEE,
Provincial Manager I.O.F.

Anna Hannesdóttir Lindal.

Dáin 31. maí 1908.

Nú hvílir þú í þöglum grafar barmi,
sem þýddir best matt fyrsta lífsins kvak,
og signdir bernsku fros og tár á hvarmi
við brjóst, er nærði sérhvert andartak,
þar lann ég yl, sem enn þá vermir daginn,
frá ástar þinnar himinvígðu glóð.
Mér finst, sem alt nú endurkveði braginn,
nær ungur ég í þínu skjóli stóð.

Þú vanst í trú, og verkin merkin sýna,
hve vel þú háðir tímans skyldu-stríð.
Við börnin tólf nú blessum minning þína,
sem barst oss fyrst í lífsins morguntíð.
Já þér var ljúft, að leggja oss að hjarta
og leiða, benda, styðja sérhvert spor.
Þó stormar geysi geymist rósin bjarta,
sem gafstu móðir, þegar brosti vor.

Ó, far vel, móðir, lokið lífs er starfi,
hin lága gröf þín bendir vinum hátt.
Þú gafst oss dygðadæmi þitt að arfi
og dóst í trú á ljóssins sigur-mátt.
Í helgri von til himins þökk ég sendi,
því hæsta lán er göfgrar móður ást.
En tíð er bundin herrans náðar hendi, —
það huggar best, að vinir aftur sjást.

M. M. [Fyrir hönd H. Lindals].

Hugvekja

fyrir íslenzka presta. Hver er þeirra kristindómur?

"Hrólfur" einhver ritar í Hkr. No. 23, undir fyrirsögn "Lúterskan í Winnipeg". En þó er nú innihald ið ólúterskt að öðru en því, að áminstir prestar eru taldir að vera lúterskir. Eini ritgerðarinnar er eitt með öðru, að íslenzkir bændur vilji fækka brauðum og prestum á Íslandi, og jafnvel enga presta hafa, en þar á móti vilji prestar í Winnipeg hafa tvo sönnuði, þar sem einn skyldi vera. Það er eins og "Hrólfur" látist ekki skilja tilganginn, né þetta ósamræmi safnaðarlífsins, er það sprett ur frá, og hagar því orðum á þá leið, að kalla það óvita næst, að koma fram með þá tillögu, að hafa enga presta eða prestþjónustur, en "andleg trúmálarit í þeirra stað". En mér finst í þessu sem fleiru sannast þýðing máltækisins gamla, "Að tetra er autt rúm en illa skipað". Prestar vorir eru hinir þörfustu þjónar, þegar þeir eru stöðu sinni vaxnir og af guði þar til kallaðir að prédika oss sannan kristindóm, og vera í orði og eftirdæmi vor sönn fyrirmynd, án alls manngreinarálits, mótorða eða fjárgirndar. En þá köllum vér ekki vaxna sinni kristilegri kennimanns stöðu, er ekki þora eða vilja einhverra hluta vegna að prédika samkvæmt Kristi, eða hafa hans kenning fyrir ófráhverfanlegt leiðarljós, — heldur reyna að tala eins og hver vill heyra og koma helzt ekki nærri neinum mannfélagsins meinsemdum, nema þá til að eitra þær og ávaxta og gera ólæknanlegar. Eða þá, þegar bezt er, nefna ekki nafn neinnar óréttvísi, sem heimsháttarinn daglega leikur sér að, sem guðlegt og nytsamt væri, en sem stríðir þvert á móti réttvísis kenning Krists og lífsframþróun sjálfra vor.

Ef vér ættum presta meðal vor, er prédikuðu samkvæmt Jesú Kristi, og hefðu hann í hjarta sér sem leiðarljós fyrir trú sinni á guð vorn föður, með réttvísi fyrir augum til allra jafnt, án tillits til óréttvísra valdráða, auðsdýrkara og hervalds, — ef þeir mótmæltu þjóðmeinunum, óréttvísinni í öllum greinum, en héldu fram réttvísi, bróðurkærleik og guðlegum mannréttindum í einu sem öllu, — þá væru þeir vaxnir sinni kennimannsstöðu, og guðlega til hennar kallaðir, og um leið vorir þörfustu þjónar. Fyr en þeir fylgja af öllum kröftum fram réttvísi til allra jafnt, af trú og dygð til starfs sins fyrir réttlætið og almenna velliðan andlega sem líkamlega, — þá neitum vér, að þeir séu til þess af guði kallaðir. Í réttvísinnar nafni vogum vér að segja, að þeir prestar, sem ekki sjá og kenna réttvísi samhljóða Kristi, og aðhylast meira og minna óréttvísinnar gang tímanna, að þeir sem ekki vilja að sér sé gert það sama og öðrum er gert, að þeir, sem kenna ósamkvæmt réttvísi, — þeir séu falskennendur. Þeir koma til vor í sauðaklæðum, en eru hið innra hrælnarar, ótrúir þjónar í drottins víngarði.

Mér virðist því, að bending sú, að afnema prestskap á Íslandi, hafi verið réttmæt, og að vonum, þar sem svo sýnist, að prestþjónusta þar sé að verða að engu, og Kristur sé að verða þar einskisvirtur, líkt og annarstaðar, þar sem einblínt er á heimsmenningu og holdsgirnd. Þar er mammoni gefin öll dýrðin, þar til hann er orðinn að þjóðarmeini og bælir undir sig alla réttvísi, en semur sér sjálfum lög, óréttvís fjöldanum auðvitað.

Sé nokkurt mark takandi á framkvæmdum hinna lútersku presta, sem leiðara sinna safnaðarstarfi hér vestra, að álíta það sina helgustu skyldu, að safna fé, og fara að boða Íslendingum heima á Fróni lúterka trú, er þeir nefna "innri mission", — þá kemur sú þörf svo öfugt mér fyrir sjónir. Að þessir fáu stéttarbræður hér skuli sjá þessa brýnu þörf, að fara inn á meðal hinna mörgu stéttarbræðra þar, og fara að boða fólkinu — og máske stéttarbræðrum sinum þar líka — hina sömu lútersku trú, er ég vissi ekki annað en allir elskuðu og virtu fyrir rúnum 20 árum síðan, að ég fór af Fróni. Að þessir fáu hér, í sjálfri hringiðu heimsins lasta og ójafnaðar, skuli betur hafa getað varðveitt trú sína meðal hanna mörgu, heldur en prestar hinir mörgu á Fróni meðal hinna fáu þar. Ég gæti nú ekki til þessa tekið, ef ég sæi, að þessi hjörð þeirra hér væri á sönnum og góðum guðsvegi, svo þeir gætu vel við unað og sýndust ekkert hafa nær sér að annast. En mér sýnist þörfin hér vera jafnvel meiri, en þeir vaxnir eru upp að fylla, þó þeir engu frekara landnámi vildu sinna, en því, er þeir hér unnið hafa. Því það mun verða um þá líkt og aðra mannfélagsins meðlimi, er taka að sér að vinna þau verk, sem þeir ekki eru vaxnir eða hafa eðlisupplag til, að þeim verður seint sýnt um það að vinna rétt.

En þessi svonefnda "innri mission" er máske alt annað en gamall og óbreyttur kristindómur likur þeim, er kendur var á Íslandi í mínu ungdæmi. Ég viðurkenni, að ég skil ekki orðið "innri mission", nefna sem andlegt trúboð, jafnvel þó ég yrði eitt sinn var við, að lögð var í það blekkri meining, þá get ég ekki samrýmt þá meiningu til svo beinnar, ómetanlegrar þarfar, þar sem ég líka sé, að henni er hér alveg stungið undir stól og fyrirlitin.

Mér gæti hugkvæmst helst, að öllu, er ég hefi orðið vár við, að þessi "innri mission" væri "Spiritism", er prestar vorir nefna á íslenzku máli "andatrú". En ég veit ekki til, að prestar þeir, er trúboð þetta liggur á hjarta, séu í neinni vinsemd við hana, segja hún sé "myrkra mál". En mér er sagt af öðrum, að "spiritism" séu þau sönnustu trúbrögð, er nokkru sinni hafi til verið, og að "spiritism" verði vor framtíðar trúbrögð, undir friði og réttvísi kom andi alda.

Ekkert skyldi nú gleðja mig meir, en ef það kæmi á daginn, að séra Jón og hans líkar væru nú óafvitandi að safna fé til þess trúboðs á Íslandi. Það trúboð findi ég samkvæmt mannsins trúarþörf, og samkvæmt Kristi. Því ég skil ekki Krist fyrir að vera annað en "spiritista" á fullkomnasta og hæsta stigi. Mér er sama, hver því mótmælir, — ég vona til, að gota varið það, án þess að skerða hið guðlega eðli hans, ef ég gæti átt við nokkra sanngirni án alls hroka og yfirgangs.

Annaðhvort er, að kennifeður, sem hata "spiritism", en elska Jesú kenning, tala ekki af sannfæringu, eða þá að sameiginleg heitin eru þeim innsigluð. Ef að "andatrú" er rétt íslenzka yfir orðið "spiritism", nú hvað skyggir þá yfir, að vér séum andatrúar? Vér trúum á guð, og hann er æðstur andi, "faðir andanna", og hans andi bjó í Jesú Kristi, "syninum". Á ýmsu stigi býr hann í oss líka. Hver neitar því? Sá vantrúaði holdsbyggjuþræll, því hann skilur ekki guðlegu andagift. En honum er það líka eðlilegt, því hans eðlisfar uppástendur það. Það er ekki hans eins skuld, að hafa orðið afbrigði í þeirri grein, fremur en vor skuld, að standa ekki á sama stigi og Jesús Kristur. En vér og hann stöndum til bóta, undir réttum skilyrðum, undir réttri mentun og réttvísu kristilegu kærleikans lögmáli.

(Meira).

Það kostar minna en 4 cent á viku

að fá HEIMSKRINGLU heim til þín vikulega árið um kring. Það gerir engan mismun hvar í heiminum þú ert, — því HEIMSKRINGLA mun rata til þín. Þú hefir máske heyrt "að blindur er bóklaus maður", en ef þú mátt missa 4c. á viku fyrir HEIMSKRINGLU þá verður þú hvorugt. 4c. á viku eða $2 um árið. Skrifið eftir Hkr. nú þegar, til P. O. Box 116 Winnipeg, Man.

Department of Agriculture and Immigration.

MANITOBA

Þetta fylki hefir 41,169,089 ekrur lands, 6,019,200 ekrur eru vötn, sem veita landinu raka til akuryrkjuþarfa. Þess vegna höfum vér jafnan nægan raka til uppskeru tryggingar.

Ennþá eru 25 miliónir ekrur óteknar, sem fá má með heimilisrétti eða kaupum.

Íbúatala árið 1901 var 255,211, nú er hún orðin 400,000 manns, hefir nálega tvöfaldast á 7 árum.

Íbúatala Winnipeg borgar árið 1901 var 42,240, en nú um 115 þúsundir, hefir meir en tvöfaldast á 7 árum.

Flutningstæki eru nú sem næst fullkomin, 3516 mílur járnbrauta eru í fylkinu, sem allar liggja út frá Winnipeg. Þrjár þverlandsbrauta lestir fara daglega frá Winnipeg, og innan fárra mánaða verða þær 5 talsins, þegar Grand Trunk Pacific og Canadian Northern bætast við.

Framför fylkisins er sjáanleg hvar sem litið er. Þér ættuð að taka þar bólfestu. Ekkert annað land getur sýnt sama vöxt á sama tímabili.

TIL FERDAMANNA:

Farið ekki framhjá Winnipeg, án þess að grensl ast um stjórnar og járnbrautarlönd til sölu, og útvega yður fullkomnar upplýsingar um heimilisréttarlönd og fjárgróða möguleika.

R. P. ROBLIN,
Stjórnarformaður og Akuryrkjumála-Ráðgjafi.

Skrifið eftir upplýsingum til

Joseph Burke, 178 LOGAN AVE., WINNIPEG.
Jas. Hartney, 77 YORK ST., TORONTO.

Winnipeg Fréttir

Sú tilkynning er nýútgefin, að hér eftir megi senda bréf um Winnipeg borg með 1 cents póstgjaldi fyrir hvert únzu bréf, í stað 2. centa að undanförnu.

Þeir Halldór Bjarnason og Þorsteinn Þórarinsson, sem að undanförnu hafa unnið fyrir "Vopni-Sigurdson, Limited", hafa keypt matvöruverzlun Mr. Andrews á horninu á Victor og Wellington stræturn. Telefón þeirra er 2162.

Ísafold, dags. 22. júli sl., flytur 2 símskeyti frá Vestur-Íslendingum, frá Gardar, N. D., og Winnipeg, og fer hlýlegum orðum um áhuga Vestur-Íslendinga fyrir frelsismáli Íslands.

Séra Oddur V. Gíslason hefir ritað andmælagrein í Free Press, dags. 6. þ.m., út af því, að blaðið gat um hann sem uppgjafaprest í sambandi við ræðu hans hér á Íslendingadeginum. Séra Oddur segist vera starfandi prestur meðal Íslendinga hér í landi. Þó hann hins vegar er óháður kirkjufélaginu og utan við það, eins og þúsundir af Vestur-Íslendingum séu. Annars kveðst hann muni halda áfram prestsverkum meðan heilsa hans haldist eins og hún er nú, og samkvæmt því, sem hann hefir auglýst í blöðunum Lögbergi og Heimskringlu.

Herra Gunnlaugur Jóhannsson, 800 Victor St., hefir fundið litla peningabuddu með 6 dollara ávísun í, áritaðri af Sam. Bjarnason. Eigandi sæki í greipar Gunnlaugs.

Brúkið blek.

Svo margir eru nú teknir upp á því, að senda Heimskringlu bréf og greinar ritaðar með ritblýi, og sem í mörgum tilfellum er sem næst ólæsilegt, þegar það kemur hér á skrifstofuna, að ég finn mig neyddan til að mælast til þess, að þeir sem senda bréf eða ritgerðir til birtingar í blaðinu, vildu skrifa MEÐ BLEKI, svo að það verði nægilega skýrt til aflesturs fyrir stilsetjara blaðsins og aðra, sem um það þurfa að fjalla.

B. L. BALDWINSON.

TVÖ HUNDRUÐ OG SEXTÍU KRÓNUR í íslenzkum bankaseðlum eru til sölu á skrifstofu Hkr.

Telefón sambandið milli Gimli og Winnipeg er nú sagt fullkomið. Telefónstöðin verður í lyfjabúð Dr. Dunns.

Safn af skritlum og smásögum, gefið út af G. P. Magnússon, að Gimli, Man., er nýútkomið. Verðið er í 8-bl. broti, yfir 50 bls. að stærð, í litprentaðri kápu úr þykk um gljápappir. Prentun og pappir ritsins í all-góðu lagi. Um efni kversins fá menn bezt dæmt með því að kaupa það og lesa.

ÓSKILABRÉF með minni áritun hefi ég fengið, en sem að öðru leyti getur ekki verið til mín. Bréfið er frá Winnipeg, en engin áritan sendanda, sem nefnir sig "Signy P.D.", er á bréfinu. Vill nú sú hin sama senda mér áritun sína alla, svo ég geti sent henni bréfið, eða að öðrum kosti láta mig vita, hvert bréfið eigi að senda ast? Helzt vildi ég fá vitneskju um þetta fyrir lok þessa mánaðar

Geysir, Man., 4. ág. '08.
Bjarni Jóhannsson.

SPURNINGAR. — 1) Er ég frjáls að því, að halda í vörzlum mínum svo árum skiptir hesti eða þaugrip, sem ég hefi fundið, og að ala upp undan þeim grip, og að öllu leyti að nota hann sem mína eign? 2) Á ég þær skepnur, sem ég el upp undan slíkum grip?

SVAR. — Frjálsræði til að halda fundnum grip, er komið undir því, hvort finnandi hefir aug lýst fund sinn lögum samkvæmt. Hafi hann ekki nægilega auglýst eftir eiganda að gripnum, þá heldur hann honum í sínum vörzlum með leynd og mundi að lögum ekki talinn frjáls að halda honum. En hafi hann gert sitt ýtrasta til þess, að finna réttan eiganda, og ekki tekist það, þá mundi hann ekki talinn lagalega brotlegur fyrir það, þó hann héldi gripnum í sinni umsjá. — Gripir þeir, sem finnandinn kynni að ala upp undan slíkum grip, mundu taldir réttmæt eign hans. Ritstj.

Mrs. Kristín Dínuson fór á laugardaginn var með fjölskyldu sína suður til North Dakota, og bjóst við, að dvelja þar syðra um 3. mánaða tíma.

Fyrirlestur um "Upprunu, framþróun og örlög mannsins" flutti herra Sigurður Vigfússon í Good Templars Hall á þriðjudagskveldið 4. þ. m. Að eins fáir sóttu samkomu þessa, svo sem 12 eða 14 manns, og var það illa farið, því að fyrirlesturinn, sem var aðarlangur og ekkisnúkill, var með þeim beztu, sem fluttir hafa verið á nokkurri vestur-íslenzkri samkomu. Máliið sérlega vandað og viða skáldlegt, og samlíkingar hnittilega tilfundnar. Annars var efnið alt vísindalegs eðlis og þungskilið, eins og nafn fyrirlestursins ber með sér. Mun það og hafa verið ástæðan fyrir því, að svo fáir sóttu samkomuna. Það á betur við smekk fólksins, að hlusta á stuttar, efnislitlar og litt hugsaðar ræður, með uppíhaldi og frium kaffiveitingum í miðri samkomu, og svo dans á eftir henni. En þarna var hvorugt þetta til staðar, — að eins þungskilin ræða um strang vísindalegt efni, sem byrjaði með talgátum um uppruna lífs hér á jörðunni, fyrst hinna lægstu dýra og svo koll af kolli, þar til maðurinn myndaðist í sinni fullu dýrð, sem skyni gædd vera. Þá framþróun mannsandans frá fyrstu tilveru hans hér á jörðu alt til vorra daga, og síðast um örlög mannsins. — Það er hvorki, að Heimskringla sé fær um, að gefa neinn viðunanlegan útdrátt úr fyrirlestri þessum, enda munu fæstir, sem á samkomunni voru, hafa haft hans full not. En vonandi er, að hr. Vígfússon komi honum eða köflum úr honum á prent, svo að alþýðu manna gefist kostur á, að kynna sér rökfræði fyrirlesarans og náðurstöðu þá, sem hann hefir komist að í þessu efni.

Þann 1. þ.m. mistu þau Mr. og Mrs. Thorsteinn Peterson, á Nena St. hér í borg, 5 mánaða gamlan son sinn, Guðmund að nafni. Það var þriðja barnið, sem þau hjón höfðu mist á 12 mánaða tímabili. Barn þetta var jarðsungið á laugardaginn 1. þ. m. af séra Jóni Bjarnasyni.

Þann 1. þ.m. andaðist að heimili dóttur sinnar, ungfrú Valgerðar Finney, að 652 Toronto St. hér í borginni, ekkjan Helga Jónsdóttir, 67 ára gömul.

"CONFIRMATION". Ár 1908, dag 26. júli, var "confirmeruð" við embættisgerð að Árnes P.O., Gimli County, Miss Vigdís St. Sigurðsson.

O. V. Gíslason, prestur.

Saumavélina, sem dregið var um á föstudagskveldið var í stúkunni Heklu, hlaut aungur piltur, Walter Swanson.

Oak Point vagnlestin varð fyrir slysi á miðvikudagskveldið í síðustu viku. Losnað hafði um enda á einum sjáfnbrautarteinum á brautinni 12 milur frá Winnipeg, svo að nokkuð af vögnum lestarinnar fór út af sporinu, og með því að ekki var hægt að senda hjálparlest út þangað fyr en um eða eftir miðnætti, þá urðu farþegjarnir að ganga þessar 12 milur inn til borgarinnar. Um 30 konur með börnum réðu þó af, að vera í lestinni þar til hjálp kæmi. Á þessari sömu lest andaðist ungbarn, sem verið var að flytja hingað til borgarinnar til læknishjálpar.

Jón Thorsteinsson, reiðhjólasali, hefir látið smíða sér stóran og vandaðan mótorbát, sem fjölskylda hans hefir sér til ánota við sumarbústað sinn í Gimli bæ. Báturinn fer vel í vatni.

Jóhann Austmann, sem skotinn var í annan fótinn og legið hefir á spítalanum hér í bænum, er nú kominn heim aftur og verður jafngóður.

C. O. F.

Lífsábyrgðarfélagið VÍNLAND heldur sinn venjulega mánaðarfund í kveld (fimtudag). Lífsspursmál, að allir meðlimir mæti, á Good Templars Hall kl. 8.

Á fundi með Íslendingum í Marshlands-bygð var það samþykt með öllum atkvæðum, að hvetja Íslendinga heima til að fylgja eindregið Skúla Thóroddsen í sjálfstæðis baráttu Íslands.

Meðal annara fundarmanna voru þessir: Bjarni Thórarinsson (fundarstjóri), Ólafur Guðmundsson, J. M. Bjarnason, Jón Guðmundsson, Sveinn Árnason, Sigþrúður Guðmundsson, C. Christianson, G. O. Thorsteinsson, Páll Árnason, Ásmundur Thorsteinsson, Thora Austmann, V. Thorsteinsson, Jón Austmann, Kristján Austmann, Ásta Austmann, Guðríður Thorsteinsson, Árni Helgason.

1 cent á míluna.

Það er Heimskringlu ánægjuefni, að mega láta þess getið, að Rolin stjórnin hefir samið svo við Canadian Northern járnbrautarfélagið, að það selur frá 12. þessa mánaðar til 30. sept. næstk. farbréf með öllum brautum sínum innan fylkisins fyrir EITT CENT Á MÍLUNA öllum þem, sem vilja fara í kaupavinnu til bænda, ef fargjaldsupphæðin er ekki undir 80c. Sömuleiðis fá þeir bændur, sem koma hingað í kaupamannaleit á þessu ofangreinda tímabili, fritt far til baka, með því að sýna viðurkenningu fyrir því, að þeir hafi borgað fult fargjald hingað til bæjarins.

Bændur og kaupamenn snúi sér til J. J. Golden í þinghúsinu í Winnipeg, eða til Jos. Burke, að 178 Logan Ave. East, sem sinna öllum umsóknum um niðursett og frí farbréf.

J. G. Snydal, tannlæknir, verður að hitta í Gimli bæ á föstudag og laugardag í næstu viku, þ. 21. og 22. þ.m. Allir tannsjúklingar þar ættu að vitja hans.

Þessir eiga bréf á skrifstofu Heimskringlu:

Hilda G. Johnson.
Mrs. Jessie C. Davidson.
Miss Elisabet Jónsson.
Sölvi Sölvason.
Tomas I. Thorsteinsón.
Jón Sigurðsson.
Mrs. Margrét Bergþórsson.
Sigurgeir Sigurðsson.

Eigendur þessara bréfa eru beðnir að vitja þeirra tafarlaust. — Þess skal og getið, að þeir sem fá bréf sín send í P.O. Box 116, eiga á hættu, að tapa þeim algergerlega. Heimskringla tekur enga ábyrgð á, að þau komist til skila.

Sorglegt slys á Winnipeg-vatni.

Voðalegt slys varð við Warrens Landing á fimtudagsmorgun 6. þ. m. Eldur kom upp í skipinu nálægt gangvélum þess, og svo fljótt læsti eldurinn sig um skipið, að það brann á fáeinni stundu niður að vatnsborði, og 8 af mönnunum, sem á því voru, brunnu til dauða, og 2 meiddust. Einn Íslendingur er meðal þeirra látnu, Walter Olson, frá Gimli, hann hafði verið farþegi með skipinu. Þrír af karlmönnunum sem brunnu til bana við þetta voðalega slys, voru synir yfirmanns fiskiútgerðar félaganna. Peningalegt tap er skipið 54 þús. og grávara 50 þús. dollara.

Fréttabréf.

OTTO P.O., MAN.
2. ágúst 1908.

Ritstjóri Heimskringlu!

Ég hefi veitt því eftirtekt, að blað yðar er ekki oft ónáðað með greinum héðan úr Grunnavatnsbygð, enda mun það mála sannast, að hér gerast fá þau tíðindi, sem lesendum blaðanna væri fróðleikur eða skemtun í að yfirlita.

Óhagstæð veðrátta framan af sumrinu, vont útlit með atvinnuvegi fólks, dauf verzlun og margt fleira, hefir líklega svo lamað félags og framfara löngun manna hér, að flestum finnist þeir vera eins og "utan við heiminn". Það er einungis þegar ómurinn af glaumi stórborganna berst til okkar í gegn um blöðin, að við vöknum um stund til að hugsa um áhugamál þjóðanna í umheiminum.

Og á þann hátt varð það líka, að kvenréttindamálið — áhugamál þúsund kvenna í öllum heimsins löndum — vakti löngun hjá nokkrum konum í þessari bygð til að heyra einhvern flytjanda þess máls ræða það á opinberum stað. Í tilefni af því, stofnaði kvenfélagið "Frækorn" til samkomu þ. 26. júní sl., í skólahúsinu "Norðurstjarna", og fékk Mrs. M. J. Benedictsson, frá Winnipeg, til að halda fyrirlestur um kvenréttindi.

Þó undarlegt megi virðast, hefir oft litið svo út, sem það sé skoðun margra, bæði karla og kvenna, að ef ræða skyldi um réttindi kvenna, hlyti því að vera samfara árás á alla heild karlmanna. Sumir varla viljað eyða tíma í, að hlusta á þá, er það mál flyttu. — Þó mátti heita, að þessi samkoma væri vel sótt, þó oft hafi betur verið. Veður og vegir var í lakara lagi, en það dró ekki kjark eða félagslyndi úr fólkinu, því sumir sóttu samkomuna 14 mílur vegar.

Óhætt má fullyrða, að flestir hafi farið heim ánægðir, enda var fyrirlesturinn kurteis mjög og vel og greinalega fluttur, og lýsti nákvæmri þekking fyrirlesarans á máli því, er hún ræddi, og brennandi áhuga fyrir framgangi þess.

Á eftir fyrirlestrinum hófust frjálsar umræður, eftir ósk Mrs. Benedictssonar. Nokkurir karlmenn kétu þar, með vel völdum orðum, skoðun sína í ljósi og kom þar ekki fram annað en eindregið fylgi og velvild til jafnréttis mála.

Að mínu áliti er það skaði, að ekki skuli konur í sem flestum íslenzkum nýlendum fá þennan fyrirlestur fluttan hjá sér. Varla getur hjá því farið, að hann vekji áhuga kvenna hér, að standa ekki að baki systra sinna á ættjörðinni, sem svo ótrauðar sameina krafta sína til stuðnings sínum sérmálum. Og varla getur manni dulist, að fyrir áhugaleysi kvenna sjálfra eru þessi mál svo stutt á veg komin. Það er eins og konum finnist alt af, að þær eigi sem lengst að standa á bak við menn sína, en ekki samhliða þeim! Margur eiginmaðurinn mundi þó fúslega rétta fram báðar hendur til styrktar réttindum þeirra.

Ef einhver þeirra mörgu isl. kvenna hér vestan hafs, sem ritfænar eru, skrifaði í blöðin einstaka sinnum upphvatningargrein, og vekti systur sínar við og við til umhugsunar um skyldur þeirra og benti á heppilega samvinnu aðferð þessu nauðsynjamáli til stuðnings, — þá legði sú hin sama stóran skerf í byggingu þá, sem Mrs. Benedictsson, fátæk og með fámennum félagsskap, er að brjótast í að hlaða. F.S.

SOUTH BEND, WASH.
29. júli 1908.

Kæra Heimskringla!

Ég verð að reyna að nota tímann til einhvers, og sé þá ekkert á móti því, að rita til Heimskringlu og segja henni frá líðan manna hér í South Bend. Það er það sanna af því að segja: engin hörmunga óveðlíðan hér enn þá, yfir það heila tekið. En næstkomandi framtíð virðist þó ekki muni verða upplifgandi glæsileg, og að hér sé nú sama pólitiska veðrið að ferast yfir loftið eins og víða annarsstaðar er að slá sér niður og hreinsa loftið. Ef það fellur ríður alvarlega, þá er lofthreinsunin vís, en ef það dreifist án þess að falla niður, þá má áreiðanlega vænta þess síðar. Auðvitað ættu menn að hugleiða þetta og vera viðbúnir því að mæta, en á stundum skapa ástæður hið gagnstæða, svo fjöldinn verður aldrei viðbúinn, hversu löng, sem biðin verður eftir stormánum, — og einn á meðal þeirra er ég. Er þó því nokkuð vel kunnugur, að stormurinn kemur á sínum tíma, þegar loftið ekki gæfur borið hann lengur fyrir ofþunga hans. Margir álíta, að ekkert óvanalegt veður sé nálægt, en svo eru aðrir, sem sjá það allstaðar, hvar sem þeir líta til lofts, og þeim er ég meir en samdóma.

Ein mylla hér, sem aldrei hefir stansað og í mörgu hefir verið sem leiðarstjarna margra annara hér nálægra, hætti starfi fyrir nærfelt mánuði síðan um óákveðinn tíma. Ég hefi ávalt við hana unnið og álitið vinnuna þar óbrigðulasta. Orsökin til verkfalls þessa er að heyra nokkuð óákveðin frá eigendunum, látið þó helzt hvila á sönnun þeirri, að það sé engin eftirspurn eftir timbri. Aðrar myllur þessa bæjar halda áfram starfi og hafa næga eftirspurn, að því er virðist. Sama má segja um nærfelt einn tug mylla í næsta bæ — Raymond, sumar þar hafa meira að gera en þær geta komist yfir um langan tíma, en aðrar minna. Sumir álykta sín á milli, að hér á bak við hvíli einhver sjónvilla og veðrabreyting, — aðrir, að það sé eðlileg mynd þess fjárhagslega ástands, sem nefnt er "Panic", sem máske sé nú byrjað en ekki endað, og aðrar pólitiskar bréflur fjárplógsmanna og stjórnvitringa sam einaðar. En hver svo sem sannleikurinn er í þessu efni sem öðru, þá er hér um að tala afleiðing orsaka, hverjar réttsýnar menn sjá og skilja, en tíminn í ljós leiðir öllum, sem að því gá. Almenningur hér er að miklum meiri hluta á valdi, náð og eign fjárplógsmanna og lifir og deyr þessum framleiðslu stofnunum. Sama hversu mikill frelsisblástur hljómar, — stjórn og dollar ráða landi og lýð. Verkalýðurinn er ófrjáls og á náð og miskun hinna fáu, sem eiga nóg gull, en enga miskun utan við sjálfs hagnað.

B. G. Backman.

DÁNARFREGN. — Þann 15. júli þóknaðist alvisum guði, að burtkalla frá þrautum og þjáningum þessa lífs minn hjartkæra bróðir JÓHANNES ÞORLEIFSSON LINDAL. Banamein hans var taugakrampi. Jóhannes sál. hafði í sl. 5 ár háð við þungt heilsuleysi að stríða, sem orsakaðist af slagi, er hann fékk, og var síðan allur máttlaus hægramegin og hartnær málhaus. Hann var jarðsunginn af séra Runólfi Fjeldsted, að viðstöddum nær 30 manns. Jóhannes sál. var fæddur í apríl 1877 á Leifsstöðum í Svartárdal í Húnavatnssýslu. Foreldrar hans voru þau Þorleifur Jóhannesson og Guðbjörg Þórðardóttir. — Jóhannes sál. ólst upp á Steiná í Svartárdal hjá heiðurshjónunum Magnúsi Andréssyni og Rannveigu Jónsdóttur, til þeirra dánardægurs. En eftir þeirra dag hjá dygðaríkum syni þeirra Konráði Magnússyni, sem ávalt sýndi Jóhannesi sál. staka alúð og umhyggjusemi, svo sem verið hefði skilgetinn bróðir hans. — Vorið 1903 fluttist Jóh. sál. vistferlum frá velgerðamanni sínum, Konráði Magnússyni bónda á Syðsta-Vatni, og fór þá að Mælifelli til séra Sigfúsar Jónssonar, og þar tók hann veiki sína í júlímánuði um sumarið. — Vorið 1905 fluttist Jóhannes sál. til Ameríku með mér og móður okkar, og dvaldi síðan hjá okkur og systkinum sínum, Guðbjörgu og Klemens, sem bæði dvelja í þessari bygð. — Fjórða eftirlifandi systkini hans er Mrs. Marja Vigfússon í Selkirk, Man. — Um Jóhannes sál. verður það eitt frekar sagt, að hann var ástríkur og umhyggjusamur sonur, meðan guð gaf honum heilsu og sansa. Hans blíða, lipra lund og glaðlega viðmót hélt jafnan sínu jafnvægi, hvort sem blés með eða móti, enda var hann hvers manns hugljúfi, er hann þekktu.

Laxdal P.O., Sask., 2. ág. '08.
Gunnar Lindal.

PRENTVILLUR í fréttabréfi frá Vancouver, B.C., er kom út í Hkr. 16. júli sl.: Í 1. dálki 20. línu, margra, les marga. Í 1. d. 30. l., misti, les missté. Í 1.d. í annari hendangu í vísunni, göfugu sprundi, les göfgu sprundi. Í 2. d. 3. l. að neðan, fræðidísin, les fræðadísin. Í 3. d. 15. l. að ofan (fædd Kjartansdóttir). les (fædd Kristjánsdóttir). J.P.Ísdal.

Fluttur.

HÉRMEÐ geri ég öllum mínum kæru viðskiftavinum vitanlegt, — og einnig þeim sem ekki eru enn orðnir í þeirra tölu, — að nú hefi ég flutt úrsmíðs-verkstæði mitt frá 147 Isabel Street

til 553 Sargent Ave.,

beint á móti Tjaldbúðinni, og þar sem ég er enþá nær aðalstöðvum minna kæru landsmanna, vona ég að þeir leiti ekki langt yfir skamt, en minnist þess, að jafnan hefi ég meirí ánægju af að eiga viðskifti við þá en aðra, — þó auðvitað sé skylda að breyta vel við alla.

Með vinsemd og virðingu,

C. Ingjaldson, ÚR- OG GULLSMIÐUR
553 Sargent Ave.

J. G. Snydal, L. D. S.
ÍSL. TANNLÆKNIR
COR. MAIN & BANNATYNE
DUFFIN BLOCK PHONE 5302

Íslenzkur Kjötsali
Hvergi fæst betra né ódýrara KJÖT en hjá honum,—og þú munt sannfærast um að svo er, ef þú aðeins kaupir af honum í eitt sinn. Allar tegundir. Óskar að Ísl. heimsækji sig
CHRISTIAN OLESON,
666 Notre Dame Ave. Telefón 6906

A. S. BARDAL
Selur líkkistur og annast um útfarir. Allur útbúnaður sá bezti. Enfremur selur hann alskonar minnisvarða og legsteina.
121 Nena St. Phone 306

Antonio De Landro
SKÓSMIÐUR, á horni Maryland og Wellington [bak við Aldinabúð.] Verk vandað og verð rétt.

Dr. G. J. Gislason,
Physician and Surgeon
Wellington Blk, - Grand Forks, N.Dak
Sjerstakt athygli veitt AUGNA, EYRNA, KVERKA og NEF SJÚKDÓMUM.

Hubbard, Hannesson and Ross
LÖGFRÆÐINGAR
10 Bank of Hamilton Chambers
Tel. 378 Winnipeg

ARNI ANDERSON Íslenzkur lögmaður
Í félagi með
Hudson, Howell, Ormond & Mariatt
Barristers, Solicitors, etc.
Winnipeg, Man.
13-18 Merchants Bank Bldg. Phone 3621, 3622

BONNAR, HARTLEY & MANAHAN
Lögfræðingar og Landskjala Semjarar
Suite 7, Nanton Block, Winnipeg

G. M. Bjarnason
Málar, leggur pappír og gerir "Kalsomining. Óskar við skifta Íslendinga.
672 AGNES ST. TELEFÓN 6954

Stefán Guttormsson,
Mælingamaður
663 AGNES STREET. WINNIPEG.
20-5-8

Boyd's Brauð
Aðferðin við samblöndun brauða vorra og sinnig á bökun, er langt um fullkomnari en gamla aðferðin hjá algengum bökurum.
Engin mannleg hendi snertir brauð vor frá því mjölið fer úr sekknum og þar til þau koma úr bökunarofninum
Talsímið oss pantanir ýðar eða hafið tal af einhverjum af vorum 20 keyrslumönnum.
Boyd's
Bakery Cor. Spence & Portage Ave
Phone 1030.

Hver þvær og hreinsar Fötin ýdar?
Hvorsvegna að fara í Kína-kompurnar þegar þér eigið kost á að fá verkið gert betur, og alt eins ódýrt, í bezta og heilsusamlegustu þvottastofnun, þar sem aðeins hvítt vinnufólk er haft og öll hreinustu efni notuð
Vér óskum viðskifta ýðar
The North-West Laundry Comp'y Ltd.
Hreinsarar og Litarar
COR. MAIN & YORK FÓN 5178

The Dominion SECOND HAND STORE
Ágætur brúkaður fatnaður og húsmunir. Ísl. tölud.
555 Sargent Ave. Winnipeg

Middlechurch Ferjan.
— GUFUSKIPIÐ —
Alexandra
fer á hverjum laugardegi eftir hádegi til Middlechurch Ferjunnar. Skipið fer frá Lombard St. kl. 2.30 og kemur við hjá Selkirk Avenue klukkan 2.45.
Te og hressingar fást um bord
Skemtiferð á hverju kveldi
Fer frá Lombard St. kl. 8.10, viðkoma hjá Selkirk Avenue kl. 8.25. Hljóðfæraflokkur spilar á bátnum fyrir dansinn. Fargjald, báðar leiðir aðeins 25c.

Royal Optical Co.
327 Portage Ave. Winnipeg. RÉTT Á MÓTI EATON'S BÚDINNI.
Beztu Augnfræðingar 1298
Öll nýjustu og bezt reynd verkfæri notuð. Höfuðverkur sem stafar frá augunum, áreiðanlega lækaður. Sanngjarn kostnaður.
AUGU SKODUD KOSTNADARLAUST.

LAND

Vér höfum nýlega fengið til sölu yfir 30 fjórðungar-fjórðunga, liggjandi að Oaklands braut C. N. R. félaginu. Verð. ið er frá $7.00 til $12.00 hver ekra. Ekkert af löndum þessum eru meir en 5 mílur frá járnbrautinni.

Skuli Hansson & Co.
Skrifst. Talsími 6436. Heimilis Talsími 2274

Heimskringla.

Alt landið

er ábyrgst að vera jarðyrkju land af bestu tegund, og fæst keypt með vægum afborgunar skilmálum. (N.B.—Lesið fyrripart þessarar augl. vinstramegin við Hkr. naðn.)

Frekari upplýsingar veita

Skuli Hansson & Co.
36 Tribune Building. Winnipeg.

XXII. ÁR. WINNIPEG, MANITOBA, FIMTUDAGINN, 20. ÁGÚST, 1908 NR. 47

Clemens, Árnason & Pálmason.

Allskonar matvörusalar.

Clemens, Arnason & Palmason
The Cash Grocery House,
Cor. Sargent & Victor. Talsími 5343

Fregnsafn.

Markverðustu viðburðir hvaðanæfa.

Dominion stjórnin hafir sent hóp manna til að mæla út stæði undir hina fyrirhuguðu Hudsons flóa braut, alla leið frá Pas í Saskatchewan norður að Fort Churchill. Svo er ætlast til, að braut sú verði fullger innan 3—4 ára.

— Eldur í Chicago þann 12. þ. m. varð einum manni að bana og 9 fengu hættuleg brunasár. Mörg hús á Madison stræti og Van Buren leikhúsið brunnu til ösku. Er skaðinn metinn $325,000.

— Prestar í St. Boniface, Man., hafa nýlega fundið og grafið upp gamlar rústir hins svo nefnda Fort St. Charles og þar fundið bein manna, sem drepnir voru af Indíánum árið 1736. Prestarnir hafa um margra ára tíma verið að athuga sögur um þennan viðburð, og skoða uppdrætti, sem gerðir voru á þeim tíma af St. Charles víginu, og lýsingar af landslagi, þar sem það átti að hafa staðið, við norðvesturhornið á Skógavatni. Margar tilraunir hafa verið gerðar til þess að finna staðinn, en aldrei tekist fyr en nú, að það fanst í þessum mánuði. Fundurinn þykir afar merkilegur, og sýnir ljóslega, hve nákvæmlega hinir katólsku prestar hafa lesið ferðasögur hinna fyrstu landkannenda og kristniboðara hér vestra.

— Haglstormar í Saskatchewan fylki gereyddu uppskeru á ökrum bænda á allstóru svæði nálægt Borden bæ. Flestir voru það útlendingar, sem urðu fyrir skaða, mistu uppskeruna af frá 50 til 100 ekrum hver. Frost gerðu og vart við sig þar vestra aðfaranótt 12. þ.m. En um skemdir af þeim hafa engar sögur borist.

— Hermenn í Kwang héraðinu í Kína hafa drepið yfirmenn sína, stolið 100,000 dollara af stjórnarfé og flúið burt með það úr héraðinu Uppreistarmenn í mesta uppgangi þar eystra.

— Átta hundruð Ítalir hafa gert verkfall á Intercolonial járnbrautinni í New Brunswick. Þeir heimtuðu kauphækkun frá $1.50 upp í $1.75 á dag. Verkfallsmenn gengu í hópum um héraðið með rautt flagg og skammbyssur og knífa. Leiðtogarnir voru handteknir, og fundust á þeim 14 byssur, 17 skammbyssur og yfir 20 knífar. Flestir hafa þessir menn byrjað að vinna aftur, hafa líklega fengið einhverja launahækkun.

— Besta tegund þessa árs hveitis hefir selst í Minneapolis fyrir $1.22 bush., og er það talið hæsta verð á sl. 15 árum.

— Blöð Japana eru um þessar mundir harðorð um óhæfu þá, sem þau segja að sé viðhöfð í hermálum landsins. Margir herforingjar eru kærðir um, að hafa selt útlendingum leyndarmál hermáladeildarinnar. Aðrir eru kærðir um fjárdrátt. Jafnvel General Nogi hefir í blaðagrein, er hann hefir rit að, haldið því fram, að fjárdráttur inn byrji á hinum hærri stöðum og smitti svo alla undirforingjana. Margir þeirra ákærðu er sagt að hafi fyrirfarið sér til þess að þurfa ekki að lenda í málum þessum, og þykir það sönnun um sekt þeirra, því er og haldið fram, að ýmsir yfirherforingjar fari þrælslega illa með undirmenn sína, og að aðrir séu reknir úr embættum fyrir smá vægilegustu yfirsjónir. Einn herm aður var dæmdur í 6 ára fangelsi fyrir að hafa sagt sinu japönsku blaði einhverja smáfrétt, sem yfirmenn hans vildu halda leyndri.

— Eldur í Chicago borg þann 12. þ.m. brendi mótorvagna verkstæði mikið. Þar brunnu yfir hundrað mótorvagnar. Skaðinn er metinn yfir hálf milión dollara.

— Tollmáladeild Canada stjórnar hefir höfðað mál móti C.P.R. félaginu fyrir tollsvik. Deildin heimtar 20 þús. dollara. Eitt dæmi tilkerir hún, þar sem félagið hafi flutt inn 37 þúsund dollara virði af brúagerðarefni, en tilkert það í tollskránni sem rusljárn. Annars er sagt, að alt þetta hafi gerst á þeim tíma, sem maður að nafni Hobb vann fyrir félagið, og hafði það verk sérstaklega á hendi að sjá um tollgjöld þess, en var síðar dæmdur í 7 ára fangelsi fyrir tollsvik.

— Nokkrir menn á Þýzkalandi hafa farið þess á leit við keisarann, að hann setji nefnd manna til þess að hafa eftirlit með því, hvernig Count Zeppelin verji þeirri hálfri milión dollara, sem skotið hefir verið saman handa honum þar í landi, í þeim tilgangi að styrkja loftbáta smíðar hans. Count Zeppelin mælir harðlega á móti þessu og telur það yfirgang, sem gangi kúgun næst.

— Það hefir komist upp, að mikið af skotvopnum og sprengivélum hefir verið flutt inn í Portúgal. Almennt orð leikur á, að þetta sé í þarfir uppreistarflokksins, og að þess verði ekki langt að bíða, að eitthvað sögulegt gerist þar í landi. Alt var þetta flutt inn með leynd, og það var að eins fyrir óhappa tilviljun, að stjórnin komst að því. Annars er sagt, að slíkir flutningar hafi verið stöðugir um undanfarinn tíma inn í Barcelona og Lisbon héruðin.

— Keyrslumaður í Oklahomaríkinu, að nafni Waldman, hefir nýlega fengið 4 miliónir dollara til eignar og umráða. Frændi hans, sem andaðist í California fyrir rúmum 20 árum, eftirskildi þessar eignir og ánafnaði Wildman þær allar. Önnur skyldmenni hins látna andmæltu gildi erfðaskrárinnar, og höfðuðu mál til þess að fá sér dæmdan einhvern hluta af eignunum. Málarekstur þessi, eftir að hafa staðið yfir í full 20 ár, endar með því, að Wildman heldur því, sem honum var gefið.

— Litar-ofstækis óeirðir í Springfield, Ill., hafa á ný vaknað við það, að svertingi einn réðist á hvíta konu og misþyrmdi henni. Hvítir menn tóku sig þá til og kveiktu í eignum svertingja þar í bænum og brendu mörg hús þeirra og mann þann, sem misþyrmdi hvítu konunni, vildu þeir taka og hengja, en yfirvöldin konu honum undan og hneftu í fangelsi í öðrum bæ.

— Kaupamannahópar þeir, sem nú eru að koma frá Austurfylkjunum til þess að vinna við uppskeruna hér í Vesturfylkjunum, láta all-óríðlega, þeir ræna og ruplda vínföngum og mat og peningum, hvar sem þeir ná til. Og nokkrir þeirra hafa verið settir í fangelsi öðrum til viðvörunar. — Fimm þúsundir kaupamanna þessara komu í einum hóp hingað vestur í sl. viku, og voru nokkrir meðal þeirra þeir ribbaldalegustu dónar, sem til Vesturlandsins hafa komið. En yfirvöldin hér eru einbeitt í, að kenna þeim lexíu, sem ekki gleymist.

— Yfirvöldin í Ontario finna harðlega að því, hve Ottawa stjórnin hafi ónákvæma skoðun á innflytjendum. Þau segja, að miklum fjölda fólks sé leyið landganga hér, sem hafi verið á vitfirringahælum í heimalöndum sínum og í fangelsum. Af þessu leiði það, að fylkið verði nú árlega að verja yfir 314 þúsundum dollara til viðhalds vitfirringum þar í fylkinu, auk stórra fjárútláta til viðhalds útlendum glæpamönnum í fangelsum fylkisins.

— Verkföll mikil hafa nýlega orðið á Frakklandi, og hefir hermönnum og verkfallsmönnum slegið þar saman og talsvert manntall orðið. Í einum slíkum slag í Villeneuve bæ féllu 6 menn, en 60 særðust. Í verkfalli þessu eru 24 verkamannadeildir, — að eins bakarar og rafmagnsvinnendur halda áfram að vinna. Í Draveil bæ áttust 6 þúsund verkfallsmenn og 4 þúsund hermenn við, og féllu þá margir af hvorumtveggja. Slagurinn stóð yfir á annan klt.tíma. Í Villeneuve bæ var barist í 2 klstundir, 18 verkfallsmenn féllu þar, en 5 hermenn og 15 særðust. Leiðtogar óeirðanna hafa verið teknir fastir og sakamál höfðuð móti þeim. Stjórnin hefir sent menn til Villeneuve bæjar, til að halda þar rannsókn, og skipað svo fyrir, að hlífa engum við hegningu, sem sannaður verði á sök, að hafa hvatt til ófriðarins.

— Japanski herforinginn Okuma hefir ritað nokkrar greinir í japanska tímaritið "Hochi", og heldur þar fram þeirri skoðun, að enginn efi sé á, að Bandaríkjamenn hafi illan grun á Jöpunum, og að herfloti Bandamanna, sem að nú sé í Kyrrahafi, sé til þess ætlaður að verja vesturströnd landsins, og yfirleitt til þess, að veita Bandamönnum yfirráð í Kyrrahafi. Herforingi Okuma telur enga ástæðu til þess, að óttast yfirgang Japana því þjóð sín beri engan illhug til Bandamanna. Hins vegar bendir hann á, að vesturströnd Bandaríkjanna sé sem næst varnarlaus, jafnvel þó flotanum væri beitt þar. Og hann heldur ennfremur fram, að ef til ófriðar kæmi, þá mundu Japanar vinna sigur yfir Bandamönnum, af þeirri einföldu ástæðu að Japanar skeyti engu um lífsitt, þegar til þess komi, að leggja það í sölurnar fyrir föðurland sitt En Bandaríkjamenn elski peninga allra þjóða mest, og þeir, sem elski peninga, elski lífið. Það mundi því verða ofan á hjá Bandaríkjunum á sjó og landi, að halda sem lengst lífinu. En Japanar mundu taka sömu stefnu, sem þeir hefðu tekið í stríðinu við Rússa, að ganga allstaðar út í opinn dauðann, og afleðingin mundi verða sigur þeirra yfir Bandamönnum eins og Rússum.

Allsherjar fundur Íslendinga,

eigenda Íslendingadagssjóðsins, verður haldinn í Goodtemplara húsinu (neðri salnum)

Mánudagskveldið 31. þ.m., kl. 8

til þess að ákveða, hvort borga skuli úr sjóðnum kostnað þann við fundahöld og símskeyta sendingu til Íslands í sambandi við hluttöku Winnipeg-Íslendinga í sjálfstjórnarmáli Íslands.

Fyllið salinn og gerið drengilega og heiðarlega út um þetta atriði!

B. L. BALDWINSON.

— Voðamiklar rigningar voru í Zaller-dalnum í Austurríki um sl. mánaðamót. Svo varð mikill vatnavöxtur í ám og fljótum, að mikil landssvæði fóru í kaf í Bukawina héraðinu, flæddu mörg hús af grunnum sínum og 50 manns drukknuðu. Svipuð eigna og manntjón urðu í 2 öðrum dölum um sama tíma. Um þetta leyti féll og skriða á bæinn Brixlegg og létu 16 manns þar lífið.

— Danska skipið "Denmark" sem gert var út til að leita að leyfum þeirra heimskautsfaranna Mylens Erichsen og félaga hans, er nýkomið til Bergen í Noregi, og segist hafa fundið lík Broenlunds, eins af félögum Erichsens, er fórust í nóvember sl. Broenlund hafði látist þeirra síðastur, og hjá líki hans fundust minnisblöð, er hann hafði ritað í, það síðasta í dagbók hans er þetta: "Fórumst á 79. norðurbreiddar stigi, við tilraunir til að komast til baka yfir ís á landi í nóvember. Ég komst hingað með mönkandi tungli. Kemst ekki lengra vegna myrkurs og frosinna fóta. Lík hinna eru út í miðjum firðinum. Hagen dó 15. nóv., Mylens andaðist 10 dögum síðar".

— Dominion stjórnin hefir gefið tíu þúsund dollara til styrktar þeim, sem mistu eigur sína í Fernie eldinum mikla fyrir fáum vikum. Borgarstjórnin þar hefir gefið út ávarp til almennings og beðið um fjárstyrk, svo að hægt verði að koma upp skýli yfir þá, sem mistu hús sín í eldinum. Borgarstjórinn segir algerlega nauðsynlegt, að vinda bráðan bug að þessu, svo að alt sé búið áður vetur inn fari í hönd.

— Edmonton og Strathcona bæjir eru að renna saman í eitt. Samtök með bæjarstjórnum beggja bæjanna eru sem næst fullkomnuð til þess að sameina bæjina undir eina bæjarstjórn.

— Á orði er, að L. M. Jones, eitt sinn ráðgjafi í Manitobafylki, verði bráðlega tekinn út úr Senatinu og gerður að fylkisstjóra í Ontario.

Fylkiskosningarnar í Saskatchewan.

Almennar kosningar í Saskatchewan fóru fram á föstudaginn var. Scott stjórnin vann með nokkrum meiri hluta. Afstaða flokkanna þar er nú mjög svipuð því, sem hún var fyrir kosningarnar. Áður sátu þar 26 menn á þingi, og þá hafði stjórnin 17 móti 8. Nú eru þar 41 sæti, og stjórnin hefir sem næst 25 af þeim, en andstæðingar 14 eða 15 eftir því, sem næst verður komist. Hlutföllin milli flokkanna því mjög svipuð því, sem áður var.

— Canadastjórn hefir ákveðið, að byggja að nýju brúna miklu yfir St. Lawrence fljótið hjá Quebec, í stað þeirrar, sem hrundi niður í fljótið í fyrra. Skaðinn, sem ríkið biður við það slys, nemur 6 eða 6½ miliónum dollara alls Og til þess að fyrirbyggja, að slíkt komi fyrir aftur, ætlar stj. að láta gera brúna undir sinni eigin umsjón. Uppdrættir og útreikningar eiga að gerast af 3 beztheðum brúagerðarmönnum í Evrópu og Ameríku.

— Kínverska stjórnin hefir látið taka japanskt gufuskip, sem kom til Hong Kong. Á því fundust 10 þúsund rifflar og 2 miliónir af riffilkúlum. Kínverjar telja áreiðanlegt, að Japanar hafi ætlað þetta til hjálpar kínverskum uppreistarmönnum. Kínverjar tóku annað skip Japana í fyrra undir svipuðum kringumstæðum.

— Góður kolanámi hefir fundist við Cow Bay í Cape Breton. Fundurinn gerðist 125 fet undir yfirborði jarðar. Æðin var nær 10 fóta þykk. Kolin eru af beztu tegund og útlitið gefur von um, að náma þessi sé því sem næst ótæmanlegur.

— Fimm hundruð miliónir dollara ætlar brezka stjórnin að taka að láni til herskipasmíða, eftir því sem blaðinu "Daily Telegraph" segist frá. Stjórnin kvað ákveðin í, að halda fast við þá stefnu, er um langan aldur hefir verið ríkjandi hjá Bretum, að eiga svo öflugan skipastól, að engar aðrar 2 þjóðir til samans eigi betri. Þetta segir blaðið að sé nauðsynlegt vegna þess, hve erlendar þjóðir séu að efla herskipastól sinn. Auðmenn á Bretlandi hafa lofað, að leggja til þessa fjárupphæð með lágum vöxtum.

— Tveir franskir sjóherforingjar hafa samþeiningu uppgötvað umbætur til að senda loft-talskeyti yfir lengri veg, en áður hefir verið gert. Þeir hafa talast við milli Parisar og Raze de Seine, yfir 310 milna veg. Orðin heyrðust fremur óskýrt milli stöðvanna, en uppgötvunarmennirnir segjast hæglega geta bætt áhöldin, svo að tala megi yfir miklu lengri veg. Þeir hafa að eins unnið fjögra mán aða tíma að uppgötvun sinni, og hafa getað heyrt hvor til annars yfir 6—7 hundruð milna langan veg.

— Skógueldar á Vancouver eyju hafa nýskeð gert þar 5 milión dollara eignatjón. Margir, sem bjuggu á skógarlöndum, hafa orðið að flýja óðul sín til þess að forða lífi sínu og sinna. Eldar þessir eru enn ekki slöktir, og heilir hópar manna hafa settir verið viðsvegar til þess að vernda vissar eignir þar á eyjunni.

Fréttabréf

SEATTLE, WASH.,
5. ágúst 1908.

.... Lítið man ég af tíðindum héðan. Dauft hefir verið hér yfir, sem annarsstaðar, bæði með vinnu og fleira. Einhverjir landar fóru til Alaska, sem áður fyrri, og verður sú för vonandi, og að líkindum, til góðs.

Hér brann í vor íbúðarhús Kr. Gíslasonar til kaldra kola á örstuttum tíma, og rótt að eins að menn og börn björguðust óskemd. Hús og innanstokksmunir mun hafa verið vátrygt, að einhverju leyti, en þó mun skaðinn hafa verið talsverður.

Maður að nafni Páll Hinriksson, hingað kominn fyrir eitthvað 2 árum, fór til Alaska í fyrra vor í vinnuleit, en gekk illa. Kom síðan aftur, og varð svo brjáladur skömmu síðar. Hann er nú á geðveikrahæli í Stellacoom, og talinn á litlum batavegi. Er mér sagt, að hann eigi ættingja í Winnipeg.

Fyrir fáum dögum lagði einn landinn af stað héðan heim til Íslands, og bjóst við að flengjast þar. Hann heitir Gísli Árnason, ættaður úr Eyjafirði. Hafði hann dvalið hér í landi nálægt 20 árum og farnast fremur vel. Góður drengur og gegn og prýðisvel greindur og lesinn.

Þá útskráðist hér af ríkis háskólanum (State University) í vor dóttir Gunnars Sveinssonar, sem flutti vestur frá Winnipeg fyrir 4 til 5 árum síðan, og sem margir munu kannast við. Hún hafði stundað námið af kappi og dugnaði, enda hlaut ágætis vitnisburð. Mun hún nú bezt hérð koma ísl. hér vestra, og enda þótt víðar sé leitað. Prýðilega gáfuð kvað hún og vera, svo sem hún á kyn til. Lagði hún einkum stund á hin helztu tungumál hins mentaða heims, og kvað hún nú ráðinn tungumálakennari við æðri skóla í Blaine. Vel sé henni fyrir dugnaðinn og góða frammistöðu, og vel sé öllum þeim, er að einhverju leyti eru þjóðflokki sínum til sóma.

Ég held ég muni nú ekki fleira tíðindi í svipinn.

Ærið þykir mér að þér stórpólitisku ljósin í Winnipeg látið íslenzku pólitíkina til ykkar taka. Ég ætla ekki að lengja umræður um það mál, því að ég er enginn sérlegur pólitíkus, enda þó ég treysti mér næstum til, að "rubba upp" eins langri og staðgóðri ritverð og þjóðrækisgreinin hans hr. Backmanns er, í Hkr. 23. f.m., því þar leynir sér ekki að "þeir segja mest af Óla konci, sem aldrei fengu hann að sjá né heyra". — Það getur svo sem vel verið, að millilanda nefndinni hafi yfirsést, eða missést, og að aðrir sjái betur, einkum þá menn út í íslenzku nýlendunum hér í Vesturheimi. En hvað sem um það er, þá er það þó hennar tillögum að þakka, að nú sjáum vér "undrið mikla", þ. e. hina íslenzku leiðtoga beggja stjórnmálaflokka í Canada, sem og presta og prelata hinna strangláterstu, hærri krítíkar og únítara alla í einingu og bandi friðarins.—Ja, "á þeim degi urðu þeir" o. s. frv.

Annars vildi ég óska, að ég hefði verið á almenna fundinum í Winnipeg, því ég veit, að þar hefir mátt heyra margt rétt sagt og vel sagt og það enda líka hjá þeim fáu, sem ekki fylgdu fjöldanum. Og ekki get ég samsint því, að það sé mátt smásálarlegt, og því síður ódrengilegt, að halda fram sannfæringu sinni og færa rök fyrir, ef það er gert á viðeigandi kurteisan veg, enda þótt menn greini á við meiri hlutann. En svo virðist hr. Lárus Sigurjónsson álíta, í grein sinni: "Ber er hver að baki", o.s. frv., í Lögb. 30. f.m. Og ekki trúi ég heldur, að honum finnist það eiga við um Skúla, sem þó stóð einn gagnvart mörgum. Mér finst máklu fremur smásálarlegt, ef ekki ódrengilegt, að leggja mönnum slíkt til kýta. — Ég veit til, að þeir menn finnast (fleiri en séra Rögnv. P.), sem efast um, að Vestur-Íslendingar vinni nokkurt þarfaverk með þessum afskiptum sínum, eins og nú á stendur. — En nú er ég komin miklu lengra út í þessa sálma, en ég ætlaði, og steinhætti því.

S. MAGNÚSSON.

NÝTT NÝTÍZKU

THE QUEENS

Vinsælasta
og þægilegasta
Gisti-hótel í Winnipeg

Bandaríkja-snið
Frí keyrsla.

MONTGOMERY BROS.,
EIGENDUR

BJART MIÐSTÖÐVA

Wall Plaster

Með því að venja sig á að brúka **"Empire"** tegundir af Hardwall og Wood Fibre Plaster er maður hár viss að fá beztu afleiðingar.

Vér búum til:

"Empire" Wood Fibre Plaster
"Empire" Cement Wall "
"Empire" Finish "
"Gold Dust" Finish "
"Gilt Edge" Plaster of Paris
og allar Gypsum vörutegundir. —

Eigum vér að senda yður bækling vorn?

MANITOBA GYPSUM CO. LTD
SKRIFSTOFUR OG MILLUR I
Winnipeg, - Man.

Heimskringla

Published every Thursday by The Heimskringla News & Publishing Co. Ltd

Verð blaðsins í Canada og Bandaríkjunum er $2.00 um árið (fyrir fram borgað). Sent til Íslands $2.00 (fyrir fram borgað af kaupendum blaðsins hérlendis $1.50.)

B. L. BALDWINSON,
Editor & Manager

Office:
729 Sherbrooke Street, Winnipeg
P.O. BOX 116. 'Phone 3512.

Íslendingadags sjóðurinn.

Hvers eign er hann, og til hvers ætlaður?

Eitt af þeim málum, sem borið var upp fyrir þessa árs Íslendingadagsnefnd, var beiðni um, að borga úr Íslendingadagssjóðnum kostnað þann, sem leiddi af síðara fundarhaldi því, sem haft var hér í Goodtemplara húsinu þann 20. júlí sl., til þess að taka ákvæði um afstöðu Winnipeg Íslendinga í núverandi frelsisbaráttu Íslands, og simskeyta sendingu til blaðamanna félagsins á Íslandi í sambandi við það mál.

Þessari málaleitun tók Íslendingadagsnefndin svo þvergirðings- og ósanngjarnlega, að ég tel með öngu móti unandi við þau úrslit, og þess vegna tek ég nú það spor, sem ég skoða rétt og að öllu leyti sanngjarnt og viðeigandi — enda beinlínis óumflýjanleget, að leggja úrslit þessa máls undir dómsákvæði Winnipeg Íslendinga, — hinna sönnu eigenda Íslendingadagssjóðsins — sem ég hér með boða á almennan fund í Goodtemplara húsinu, neðri salnum, mánudagskveldið þann 31. þ. m. kl. 8.

Upptök þessa máls eru svo til orðin, að nokkrum Íslendingum hér í borg kom saman um, að boða til almenns fundar í Goodtemplara húsinu að kveldi þess 7. júlí sl., til þess að leita álits Íslendinga hér um það, hver afskipti, ef nokkur, vér ættum að hafa af frelsisbaráttu íslenzku þjóðarinnar, og hverja afstöðu vér ættum að taka gagnvart hinu svo nefnda Millilandanefndar samnings frumvarpi.

Menn þeir, sem boðuðu til þessa fundar voru:

Séra Jón Bjarnason,
Séra Friðrik J. Bergmann,
Dr. Ólafur Stephensen,
Dr. Ólafur Björnsson,
Dr. Brandur J. Brandson,
Thos. H. Johnson, M.P.P.
Ritstj. Stefán Björnsson,
Ald. Arni Eggertson.
W. H. Paulson,
John A. Blöndal,
John J. Bildfell,
Jónas Pálsson,
Gísli Goodman,
Asmundur P. Jóhannsson,
Gunnlaugur Jóhannsson,
Sigurður J. Jóhannesson,
Þorsteinn Þ. Þorsteinsson,
Halldór S. Bárdal,
Jón J. Vopni,
Thorsteinn Oddson,
Niklás Ottenson,
Stefán Thorson,
Friðrik Sveinsson,
R. Th. Newland,
Ólafur S. Thorgeirsson,
Ágúst J. Johnson,
Simon Simonarson,
Skapti B. Brynjólfsson,
Lárus Sigurjónsson,
Baldur Sveinsson,
B. L. Baldwinson.

Þessir menn útveguðu Goodtemplara salinn stærri til fundarhaldsins, og það skal hér tekið fram, að svo var mál þetta vinsælt með stórmannefnd hússins, að hún lánaði það góðfúslega endurgjaldslaust. Fyrir þetta á Goodtemplara félagið þökk allra Winnipeg Íslendinga.

Þegar á fund var komið, og húsið orðið þéttskipað áhugamiklum áheyrendum, var mál það, sem lagt var til grundvallar fyrir fundarhaldið, formlega lagt fyrir fundinn, til þess að hann skyldi veita eða neita því viðtöku, eftir því, sem honum sýndist bezt við eiga. Annað eða meira var ekki á valdi fundarboðendanna að gera. Eftir þetta var málið í umsjá almennings til þess að fara með það eins og hann teldi réttast vera.

Fundarboðendur voru með þessu húnir að inna af hendi það starf, sem þeir höfðu haft samtök til að koma í framkvæmd, og upp að þessum tíma hafði málið engan kostnað haft í för með sér, annan en þann, sem Goodtemplara félagið bar að öllu leyti við lán hússins og lýsingu þess um kveldið.

Nú var þá málið komið í umsjá almennings, sem þarna var saman kominn, og fundurinn tók einhuga málið að sér til umræðu, og á þann hátt, að hann kaus nefnd manna til þess frekar að íhuga og semja tillögu um afstöðu Winnipeg Íslendinga í frelsisbaráttu Íslands, og leggja hana fyrir almennan fund, sem henni var falið að boða til, að starfinu loknu, og skyldi sá fundur íhuga þá tillögu og taka ályktun um hana.

Ég held því fram, að með þessari samþykt hafi fundurinn tekið ákvörðun, sem fól í sér peningaleg útgjöld, og sem ég hygg, að fundurinn hafi ekki ætlast til, að skyldi borin af þeim mönnum eingöngu, sem kosnir voru í tillögunefndina. En það voru þessir menn:

Séra Jón Bjarnason,
Séra Fr. J. Bergmann,
Séra Jóhann P. Sólmundsson.
Stefán Thorson,
Skapti B. Brynjólfsson,
W. H. Paulson,
John J. Bildfell,
Lárus Sigurjónsson,
Ágúst J. Johnson,
Jóhannes Sigurðsson,
B. L. Baldwinson.

Ég held því fram, að það hafi ekki getað verið tilgangur fundarins, að þeir séra Jóhann P. Sólmundsson og Jóhannes Sigurðsson, sem báðir eiga heima í Gimli bæ, þó þeir af áhuga fyrir þessu máli væru hér á fundinum og væru kosnir í nefndina, — ættu þar með að skyldast til að borga kostnaðinn við síðara fundarhaldið, eða nokkurn hluta af honum, og það því síður, sem þessir menn hafa orðið að bera sina kostnað af samskyns fundahöldum í Gimli bæ. Og sama er í raun réttri að segja um hina aðra nefndarmenn, að engum þeirra ber nein skylda til þess, að standast kostnaðinn af störfum þeim, sem þeir intu af hendi í umboði fundarins fyrir alþýðu manna, og það því síður, sem það er á allra vitund, að sú alþýða á sérstakan sjóð — ÍSLENDINGADAGSSJÓÐINN, — sem öllum að skaðlausu má nota til þess að standast slik útgjöld.

Ég held því fram, að þegar fundurinn 7. júlí sl. kaus nefndina til þess fyrir sina hönd og í sínu umboði, að semja tillögu um afstöðu vora í sjálfstjórnar og frelsisbaráttu Íslendinga á Fróni, og að leggja þá tillögu fyrir almennan fund, er henni var falið að boða til þess að taka ályktun um þá tillögu, — þá hafi í þeirri ákvörðun fundarins FALIST SKIPUN um, að hafa framkvæmdir, sem leiddu af sér peningalegan kostnað og mér finst, eðlilegt að ætla, að fundurinn hafi frekar búist við, að borga þann kostnað úr sínum eigin sjóði: Íslendingadagssjóðinum, en að nefndarmenn sjálfir skyldu standast hann. Enda liggur það í hlutarins eðli, að fundurinn gat ekki tekið sér neinn rétt til þess, að slengja þeim kostnaði, sem af síðara fundarhaldinu leiddi og simskeytasendingunni til Blaðamannafélagsins á Íslandi, á vissa, fáa menn, þar sem þetta var gert í umboði alþýðu, sem þá að sjálfsögðu ber siðferðisleg skylda til þess, að borga þann kostnað, sem beinlínis leiddi af ákvæðum hennar á fyrri fundinum. Enda var þetta einróma álit allra nefndarmanna, þegar þeir á nefndarfundi, eftir að hafa lokið við samning tillögunnar og simskeytasins, fóru að athuga kostnaðinn, sem af þessu starfi leiddi. Ekki einum einasta þeirra kom annað til hugar, en að Íslendingadagssjóðinn bæri að nota til þess að borga þann kostnað, og engum þeirra datt í hug, að Íslendingadags nefndin mundi láta sér til hugar koma, að neita svo sanngjarnri beiðni.

Samkvæmt þessu var mér á þeim fundi af tillögusamningsnefndinni falið að biðja Íslendingadags nefndina, að samþykkja borgun þessa kostnaðar úr Íslendingadagssjóðnum, sem þá nam og enn þá nemur talsvert á þriðja hundrað dollara.

Tillögunefndin leit svo á, að afskifti Vestur-Íslendinga af þjóðfrelsis baráttu Íslendinga heima, væri í eðli sínu svo algerlega íslenzkt mál, — þjóðminningarmál, — og þess vegna svo nátengt þjóðminningarmáli vor Vestur-Íslendinga, að það væri algerlega sjálfsagt, að kostnaðurinn við framkvæmdir vorar borgaðist úr Íslendingadagssjóðnum.

Samkvæmt þessu bar ég upp á 2 fundum Íslendingadags nefndarinnar þessa beiðni tillögunefndarinnar um, að Íslendingadags nefnd in samþykti, að kostnaður sá, er leiddi af síðara fundarhaldinu og simskeytasendingunni yrði borgaður úr Íslendingadagssjóði. En þessi kostnaður allur var litið yfir $20.00. En mér til mestu undrunar og óánægju neitaði nefndin algerlega, að taka málið til ihugunar að nokkru leyti, og í þessu eini voru allir nefndarmenn samtaka, að A. J. Johnson einum undanteknum, sem mælti með veitingunni.

Mótbárur nefndarmanna voru þessar:

1. Að frelsisbaráttumál Íslands kæmi Íslendingadags málinu ekkert við.
2. Að Íslendingadags sjóðurinn væri eingöngu til hátíðahalda.
3. Að nefndin hefði engan rétt til þess, að veita fé úr þeim sjóði til neins annars en þjóðminningar hátíðahalda.

Þess var og látið getið, að Íslendingadags nefndin hefði ekki verið kvödd til ráða þegar í upphafi, áður en fyrri fundurinn var boðaður, og alls ekkert tillit til meðlima hennar tekið, fyr en til þess kom, að biðja um peningaveitingu til borgunar þess, sem gert var, án hennar vitundar eða samþykkis.

Ég bað þá nefndina að leyfa mér að kalla almennan fund, svo að ég gæti fengið úrskurð hinna réttu eigenda Íslendingadags sjóðsins um þessa fjárveitingu. En sú beiðni var ekki tekin til greina að nefnu leyti, og málinu umsvifalaust visað út af fundi.

Þetta taldi ég jöfnum höndum ósanngjarna og ástæðulausa hlutdrægni af nefndinni og móðgun gagnvart þeim, sem skipuðu tillögunefndina, og sem ég vann fyrir með þessari fjárbeiðni. Í raun réttri þýddi þessi beiðni ekkert annað en það, að biðja eigendur Íslendingadagssjóðsins, að borga úr honum — sinum eigin sjóði —, þann kostnað, sem þeir á fundinum 7. júlí höfðu gert ráðstöfun fyrir, og þó að það væri á valdi Íslendingadags nefndarinnar, að neita að taka upp á sig þá ábyrgð, að veita fé þetta með eindæmi sínu, þá átti hún alls ekki með, að sinna ekki kurteislega þeirri kröfu, að þetta væri lagt undir úrskurð hinna réttu eigenda sjóðsins. Á þessu atriði skilja vegir með mér og nefndinni, og af þessu er það orðið óumflýjanlegt, að boða Íslendinga á almennan fund, til þess að ákveða um það, hvort fjárupphæð sú skuli veitt, sem ég, í umboði tillögunefndarinnar hefi beðið um.

Ég held því fram:

1. Að Íslendingadags sjóðurinn sé eign Winnipeg Íslendinga í heild sinni.
2. Að eigendur hans hafi fullan rétt til þess á almennum fundi — formlega boðuðum í því skyni, að veita þá upphæð, sem um er beðið.
3. Að þjóðfrelsismál Íslendinga sé svo nátengt því principi sem lagt hefir verið til grundvallar fyrir þjóðminningar hátíðaköldum Vestur-Íslendinga, að það sé í raun og veru eitt og hið sama.
4. Að þess vegna beri að borga þann kostnað úr Íslendingadagssjóðnum, sem orðið hefir af hluttöku Winnipeg Íslendinga í þessu al-íslenzka þjóðernismáli og þjóðminningarmáli, — þjóðfrelsis baráttumálinu.

Ég held því fram, að Íslendingadagsnefndin hafi — vægast talað — farið mjög óhyggilega að í þessu máli. Hún hefði átt að láta sér skiljast, að flestir eða allir þeir, sem skipuðu tillögunefndina, eru menn, sem á liðnum árum hafa lagt fram sinn falla skerf til þess, að gera þjóðhátíðahöldin hér í borg að veglegu minnismerki íslenzku þjóðarinnar og Vestur-Íslendingum í heild sinn til mikils sóma.

Íslendingadags sjóðurinn er eign Winnipeg Íslendinga allra, og hann er til þess ætlaður, að örfa, efla og viðhalda íslenzkri ræktarsemi við stofnþjóðina, ekki eingöngu með árlegum hátíðahöldum hér vestra, heldur og einnig með hverju öðru, er vekja má og glæða þjóðræktarböndin milli Austur- og Vestur-Íslendinga.

Ég lit svo á, sem Íslendingadags nefndin hafi beitt hinni mestu rangsleitni í þessu máli, og vissvitandi sýnt þeim mönnum öllum hina mesta vanvirðu, sem mynduðu tillögunefndina, og í raun réttri einnig sjálfum eigendum sjóðsins. Því það var í þeirra umboði, sem tillögunefndin starfaði og samkvæmt þeirra ákvörðun, sem þessi kostnaður var gerður.

Það er innileg sannfæring mín, að framtíð þjóðhátíðahalda meðal Íslendinga í þessari borg sé ekki trygg í umsjá þeirra manna, sem jafnvægislausleg besta sínu litla valdi, eins og þessa árs Íslendingadags nefnd hefir gert í þessu máli. Og með því afskifti hennar af því eru blandin jafn-miklli ósanngirni, rangsleitni og móðgun eins og sýnt hefir verið, þá skora ég hér með fastlega á Winnipeg Íslendinga — hina réttu eigendur Íslendingadags sjóðsins — að mæta á almennum fundi í Goodtemplarasalnum neðri mánudagskveldið þ. 31. þm. kl. 8, til þess þar að færa til láðnöttingar það, sem misfarið hefir hjá Íslendingadags nefndinni í framangreindu atriði.

Í umboði tillögunefndarinnar og allra þeirra, sem unna máli þessu réttra úrslita,

B. L. Baldwinson.

Sambandsmálið.

Þann 10. ágúst 1908 héldu Íslendingar í Pembina, N. Dakota, fund um stjórnmál Íslands. Brandur Jónsson var kosinn forseti og Halldór Halldórsson skrifari. Eftir að forseti hafði skýrt frá verkefni fundarins, tóku ýmsir til máls Töluðu allir á móti meirihluta millilanda nefndar álitsins, en enginn með því. Fanst mönnum nefnd arálitið óhafandi fyrir Ísland, og að samþykt þess yrði greinilegt afturfararspor í frelsisbaráttu Íslands. Einnig fanst mönnum, að naumast væri hægt, að ganga lengra í ófrelsisáttina, en að fara fram á, að þjóðin samþykki óuppsegjanleglerk mála, og þannig fyrirbyggi frelsishreyfingar hjá niðjum hennar um ókomnar aldir.

Fimm manna nefnd var kosin til að semja ályktun fyrir fundinn í málinu.

Þá bar Halldór Halldórsson fram svohljóðandi tillögu um simskeyti, er sendast skyldi Blaðamannafélaginu í Reykjavík.

"Ísland fyrir Íslendinga. Engin óuppsegjanleg mál".

"Íslendingar í Pembina, N. Dak., 10. ágúst 1908".

Eftirfylgjandi nefndarálit var samþykt í einu hljóði:

"Pembina Íslendingar á fundi gerá svohljóðndi yfirlýsingu í stjórnmálabaráttu Íslands:

" (1) Ísland er, að lögum og rétti, frjálst og sjálfstætt land. Hvorki hefir Danmörk eða nokkurt annað land í heimi lagalegan rétt til að setja Íslandi konung, eða á annan veg að ákveða um stjórn þess, nema með löglegu samþykki íslenzku þjóðarinnar. Gamli sáttmáli er allareiðu brotinn af konungs hálfu, og Íslendingar eru að réttu lausir allra mála við konung og hans arfa, sé réttur þeirra viðurkendur að fullu.

" (2) Þetta sjá danskir stjórnfræðingar og lögfræðingar fullvel og viðurkenna það óbeinlinis með þeirri tilraun, sem Danir nú gera til þess, að fleka Íslendinga til að ganga dönsku stjórnarvaldi formlega á hönd á þann hátt, að Íslendingar lögleiði meirihluta álit millilanda nefndarinnar. Takist Dönum það, hefir íslenzka þjóðin reyrt að hálsi sér þann ófrelsisklafa, sem hún mun bundin á um aldur og æfi. Við eigum við óuppsegjanlegu málin.

" (3) Enga samþykt ættu Íslendingar að lögleiða um sameiginlegt flagg eða sameiginlegar landvarnir við Dani. Illa hafa Danir varið sitt eigið land, ver munu þeir verja Ísland, ef til kemur. Sú vörð reynd, þá Tyrkir rændu Vestmannaeyjar.

" (4) Dýrmætari ætti þegnréttarinn að vera íslenzku þjóðinni en svo, að hafa hann í hrossa-kaupum við Dani.

" (5) Nær stendur það Íslendingum, að leggja á sig skatt til þess sjálfir að vernda sín fiskimið, en að fæða konung og fjölskyldu hans.

" (6) Heillum horfin er þá íslenzka þjóðin, ef hana hendir það slys, að láta Dani flækja sig í því ófrelsisneti, sem þeir nú leitast við að vefja hana í, með því að löglei ða meirihluta álit millilandanefndarinnar. Þá hefir Dönum fyrst tekist það, sem þeir hafa um margar aldir leitast við að ná, nefnilega, að fá Íslendinga til að ganga þeim löglega á hönd. Löglesði Íslendingar það nefndar frumvarp, afsala þeir sér, en fá Dönum í hendur landvarnirnar, dómsvaldið, utanríkismálin, þjóðfleggið ót á við, þegnréttinn, peningasláttuna, og verndun sinna eigin fiskimiða. Hvað er þá orðið eftir af sjálfstæði Íslands? Þá er Ísland að sönnu orðið það land, "sem ekki verður af hendi látið", en "frjálst og sjálfstætt" er það ekki.

" (7) Við ráðum Íslendingum til að ganga algerlega framhjá millilandanefndar álitinu. Unni Danir Íslendingum ekki meira sjálfstæðis, en þeir hafa á boðstólum í millilandanefndar álitinu, er algerður aðskilnaður sjálfsagður milli land anna. Og svo framarlega, sem bræður vorir heima meta sjálfstæði Íslands og íslenzkt þjóðerni nokkurs, heitum vér á þá, að sameina nú krafta sína til að verinda öll þau sér-réttindi, sem Ísland hefir tilkall til: Vér litum svo á, að hér sé ekkert um annað eða minna að tefla en íslenzkt þjóðlíf. Fylkið nú liði til að berjast fyrir frelsi og sjálfstæði Fjallkonunnar, undir merkjum landvarnarmannanna!

"Að lokum óskum vér ykkur til sigurs og hamingju í frelsisbaráttu Íslands. Með einkunnarorðum Jóns Sigurðssonar, frelsishetjuhnar ódauðlegu, brýnum vér yður til framgöngu: "Fram, fram, aldrei að víkja!" — þar til orð skáldsins rætast:

"Svo frjáls vertu móðir, sem vindur á vog,
sem vötn þín með straumunum þungu,
sem himins þíns bragandi norðljósa log
og ljóðin á skáldanna tungú,
og aldregi, aldregi bindi þig bönd,
nema bláfjötur ægis um klettóttta strönd"

Til þess að ná þessu takmarki, styrkja ykkur allir dugandi Vestur-Íslendingar.

"Vel sé Skúla fyrir trúmensku sína við þjóðina!

Í umboði fundarins,

Brandur G. Jónsson forseti,
Halldór Halldórsson, ritari,
Gunnlaugur Pétursson,
Gunnar Gunnarsson,
Jón Hannesson."

AKRA, N. D.

9. ágúst 1908.

Á eftir söngsamkomu, sem haldin var á Akra, N. Dak., þann 9. þ.m., var fundur haldinn til þess að ræða stjórnmál Íslands. Talsverðar umræður urðu um málið, og í fundarlok var svohljóðandi fundarályktun samþykt með miklum meiri hluta atkvæða:

"Fundurinn tjáir sig samþykkan minnihluta millilanda nefndarinnar (Skúla Thoroddsen) í kröfum hans um algerða sjálfstjórn fyrir Ísland, en er algerlega mótfallinn sambandslaga frumvarpi því, sem meiri hluti nefndarinnar hefir fallist á. Áður það hafa í sér fólgið afsal á réttindum þjóðar vorrar, og enda liklegt til þess, að hefta framför hennar og þroska, yrði það að lögum. Vér teljum algerðan aðskilnað heppilegustu og fram tíðar vænlegustu úrslit þessa máls og skorum á ætthræður vora og systur austan hafs, að stuðla að því af ýtrustu kröftum, að sliku takmarki verði náð".

Í umboði fundarins,

Halldór Jónsson.

Opið bréf til Vestur-Íslendinga.

Herra ritstjóri!

Hátt virtu menn og konur! Ég hefi áður vakið máls á því, að rituð væri landnámssaga Vestur-Íslendinga, og ýmsir fleiri hafa tekið í þann sama streng, þar á meðal ritstj. Heimskringlu, sem ritaði um það mál all-itarlega og vel. Nú, þar sem framkvæmdum í því máli hefir mér vitanlega ekkert miðað áfram, en "lífi og tíma líður" og dauðinn stendur fyrir dyrum hjá vorum góðu og gömlu íslenzku frumherjum hér og hefir allareiðu kipt mörgum burt og lagt í gröfina, sem alt geymir með eilífri dauðaþögn og engu skilar aftur, — þá hefir mér hugkvæmst annað, sem að nokkru leyti gæti bjargað við sögu vorri og orðið mikilsvirði fyrir framtiðina, að því leyti, að sjá mætti, að vér hefðum þó einusinni verið til hér í álfu, og sem mikilsverður þjóðarpartur numið hér land og unnið oss fræðarorð og sóma. Og þegar sá tími kemur, að alt íslenzkt er horfið, sem dropi í þjóðarhaf Ameriku, að þá finnist samt á bókasöfnum myndir og lýsingar af vorri landnámstíð.

Einnig væri það unnið með þessari hugmynd minni, að ef sá tíma ætti eftir að koma yfir oss, að rituð yrði góð og greinileg saga vor í álfu þessari, þá væri þetta ómissandi hjálp og grundvöllur til að byggja á.

Mér hefir hugkvæmst, — aðallega samt fyrir bending frá vatrum og mjög ágætum manni í Manitoba — að rita upp stutt og hjóst æfiágrip sem allra flestra af vorum frumherjum, — landnámsmönnum og konum, og geta það út í smábeltum, með mynd af þeim og heimilum þeirra, ef föng eru á.

Yfir höfuð vildi ég geta náð til allra, sem að einhverju leyti eru við sögu vora riðnir. Og til þess, að sá sögulegi leiðarvisir yrði sem fullkomnastur, þyrfti það helst að ná yfir 25—30 ár. Eða upp að næstliðnum aldamótum.

Ég hefi hugsað mér, að bezt væri, að ferðast um allar bygðir Íslendinga hér vestra, og ná þannig æfiðanlegri sögusögn hlutaðeigenda, þar sem kostur er á, geta um útkomu ár þeirra hingað, og síðasta bústað á Íslandi, og sem áður er sagt fáorðan og skýran æfiferil þeirra og starf í landi þessu. Rekja ætt þeirra allra, karla og kvenna til alkunnra ætta, eða einhvers prests eða sýslumanns í prestatali eða sýslumanna æfum, svo hver sem vill geti þar götvað upp ætt sína. Einnig geta um börn og afkomendur þeirra, sem á lifi verða. Og láta myndina fylgja af öllum eldri og yngri, sem á einn eða annan hátt hafa skipað sér undir framsóknarmerki þjóðar vorrar hér, í andlegum eða verklegum efnum.

Ég vildi reyna að rita þessar bækur eða hefti með þýðum sögublæ, svo öllum yrði ljúfara að lesa. Og þann dóm, að ég hafi þannig ritað, hafa margir gefið mér, sem hafa vit á, að dæma um slíkt.

Einu get ég áreiðanlega lofað, því, að vera algerlega óhlutdrægur. Ég er engum flokki eða klíkku að nokkru leyti háður eða bundinn. Góðum guði mínum sé lof, að ég er enn og ætla mér að verða til dauðans andlega frjáls og sjálfstæður, og að öllu óbundinn andlegum yfirráðum nokkurs manns.

Það verður sagt, að ég sé ekki lærður maður, og þess vegna ekki ker um, að leysa þetta verk af hendi svo vel sé. Þetta er að vísu góð og gild ástæða, og veit ég það ofurvel sjálfur, að ég þyrfti aðstoð lærðari manna, sérstaklega hvað réttritun snertir, og máske fleira. En svo er að lita á þörfina, sem á því er, að þetta verk komist í framkvæmd, og líka það, að langt getur orðið að bíða eftir því, að einhver lærði ágætismaðurinn fáist til að taka þetta verk að sér og leysa það af hendi.

Einnig veit ég það, að ég á nokkra mótstöðumenn meðal landa minna, sem lita mig smáum augum, og geld ég þar tersögli minnar og andlegs sjálfstæðis. En svo á ég líka fulla vissu fyrir því, að fjölda margir ágætismenn og konur, í öllum bygðum Íslendinga hér vestra, bera gott traust til min og eru mér vinveitt. Og þess vegna er það, að ég gerist svo djarfur, að skrifa þetta opna bréf.

Heiðruðu konur og menn!! — þarna er þá hugmyndin komin á pappírinn. Þar við verður að sitja — ef þér ekki á einhvern hátt hjálpað mér og málefninu áfram. Ég er alveg félaus til að ganga út í þetta stórvirki. Ég mundi þurfa eitt þúsund dollara til að geta komið út fyrsta heftinu, að stærð 8—6 þuml. síðan, 150—200 bls. En þá væri líka isinn að mestu brotinn og verkið að hálfu leyti hafið, því ég veit, að sú bók seldist mjög vel.

Eru nú engir eða enginn, sem vildi taka útgáfu þessarar bókar að sér, og allan kostnað, sem því fylgir, og borga mér sanngjarnt mánaðar eða árskaup fyrir að semja og safna sögunum, og hafa allan veg og vanda á því, að búa þær undir prentun?

Þannig lagað ef ég málið inn til hinna kæru Vestur-Íslendinga. Látið mig vita, hvað þér munduð vilja og geta gert þessu fyrirtæki til hjálpar. Eða í öllu falli álit yðar, — annaðhvort í blöðunum eða bréflega til min, að 6413 Cody St., West Duluth, Minn., U.S.A.

Með virðingu,

Lárus Guðmundsson.

West Duluth, Minn., 30 júli 1908.

Niður með hégómann. Burt með allar sjónhverfingar.

EFTIR

Arnljót B. Olson.

(Niðurlag.)

Vanþekking þessara manna á sveitarmálum, og þreyta á því, hve seinlegt er, að koma vegunum í viðunandi lag, mun að mestu hafa valdið því, að þeir tóku þetta trúanlegt, og fóru í þann æsing, að tæplega var orðum við þá komið.

Þegar friðsamleg sambúð millum þessara manna og Íslendinga, var á þennan hátt rofin, og það vitnaðist, að þeir settu út í kosningastríðið marga fyrir flest sæti í sveitarráðinu, þá virtist oss Íslendingum hyggilegast, að nota fyrst glópsku þeirra, þannig, að setja út einn mann fyrir hvert það sæti, að eina undanskildu, ef ske mætti, að vér ynnum kosningarnar, og ykjum oss með því það afl, er þurfti til að koma á sveitarskiftingu, og á þann hátt að ávinna báðum málspörtum það tækifæri, að ráða sínum félagsmálum í framtíðinni.

Margur mætti halda, að "óháðu" herrarnir (!!) hefðu verið hvatamenn að þessum vorum úrræðum, eftir öllu þjóðræktarhrópinu þeirra, að dæma á liðna tímanum, en því má hver einn trúa, að þeir eru saklausir af, að eiga þar nokkurn þátt í, því nú fyrst voru Galisíumenn og Þjóðverjar orðnir þeim þóknanlegir, s.s.: æðstu hetjur "sósialista" hreyfingarinnar m. m., og stutti Jói því strax hlaupinn inn á meðal þeirra, að biðja þá um skrifarastarfið, ef þeir kæmust til valda, — leitasta bitann, er þeir hefðu þá yfir að ráða, því hann er alt af fyrir matinn, á hvern hátt, sem hann svo fær hann.

Útnefningar af hálfu Íslendinga voru þannig:

Oddvitaefni: Jóhannes Sigurðsson.

Meðráðamenn: Fyrir 1. deild—Arnljótur B. Olson. Fyrir 2. deild—Björn B. Olson. Fyrir 3. deild—J. P. Sólmundsson.

Áður en lengra er farið, langar mig til, að andmæla nokkrum ósannindum, er Jóa litla varð á að birta í Lögbl. 6. jan. sl., og sem taka hér inn í söguna. þau eru þannig:

"Að morgni hins 3. des. (útnefningadags morguninn) hóuðu milli 10 og 20 íslenzkir menn sér hér saman á afviknum stað, til þess að íhuga framtíðarhorfur opinberra mála í Gimlisveit .....Fyrstur allra hófst sá maður máls, sem í fyrra var öruggastur um það, að aldrei yrði hætt við ofríki í Íslendinganna garð af hálfu pólskra manna. Kannaðist hann hreinskilnislega við, að sér hefði manna mest glapist sjónir í þessu efni fyrirfarandi ár, og bað menn, í stað þess að ámæla sér, að taka nú drengilega saman höndum, og þiggja sína krafta með, til þess að afstýra, ef kostur væri, óhöppunum, sem yfir vofðu. Undir þetta var vel tekið .....".

Sannleikurinn er aftur sá: að ég boðaði nokkra hina helztu menn á Gimli og í grendinni á samtal þennan morgun inn á Lakeview hótel, og "hófst (þar) fyrstur máls" á þá leið, að bera undir þá, hvort þeim ekki virtist "kristilega endrúmslofið" hans Guðna vera farið að verða rykborið, og kváðu þeir það vera, og var þá af oss gerð sú ráðstöfun fyrir framtíðina, sem hér áður er á minst. — Aldrei hefi ég flutt neinn spádóm um framferði "pólskra manna" í garð Íslendinga, og GAT ÞVÍ EKKI "kannast við, að mér hefði manna mest glapist sjónir" í því efni, þurfti því ekki "að biðja menn" að hlífa mér við "ámælum" eða að "þIGGJA mína krafta með" í þessu máli, — "undir þetta (sem aldrei kom fyrir) var" því hvorki "vel" né illa "tekið".

Annað ósannindi atriðið er um útnefningu hr. B. B. Olsons og Jóa litla sjálfs, sem hann orðar þannig:

"Það þótti SJÁLFDÆMT á hr. Björn B. Olson, að sækja í annari deild. Það eina sæti var UGGLAUST ..... Úr 3. deild var að eins einn gjaldandi viðstaddur, séra(!!!) J. P. Sólmundsson, var honum því annaðhvort að gera, þar eð komið var fast að útnefningartímanum, enda sá, sem ákjósanlegastur þótti fyrir oddvitaefni, hr. Jóhannes Sigurðsson, ófús á, að slást í leikinn, nema allur bekkurinn væri setinn".

Ef sérinn hefði hér viljað satt segja, þá hefði hann ekki komist hjá, að orða þetta á þessa leið:

Herra Jóhannes Sigurðsson setti það að skilyrði fyrir útnefningu sinni, sem oddvita, að hr. B. B. Olson yrði útnefndur fyrir 2. deild, og gaf þá ástæðu fyrir því, að ef þeir næðu kosningu, þá gæti hann vel treyst hr. B.B.O. að inna sín störf af hendi, þegar annir hömluðu sér frá að vera nærstöddum. — Um okkur Jóa litla, talaði hr. J.S. ekkert, en að eins brosti, þegar sá stutti tróð sér að, og hve fljótur hann væri að "snúa snældunni sinni", og einnig hversu mikill fullhugi hann væri, stubburinn, þar sem kunnugt var, að hann var búinn að fyrirgera sínum kosninga og kjörgengisrétti í sveitarmálum, fyrir smábrek gegn hinu opinbera. Svona fór hann að því, sá litli, að hnupla trausts-yfirlýsingu merks manns til hr. B.B.O., og breiða hana sem gyltan borða yfir sinn eiginn litileik. — Allur þessi sjónhverfingaleikur kann að hafa tilætluð not, til þeirra, sem eru nógu fjarlægir, og þeirra, sem sjónda-prir eru.

Enginn okkar Íslendinga náði kosningu, nema hr. B. B. Olson, sem orsakaðist af því, að Íslendingar höfðu ekki lag á, að standa nógu eindregið saman. Satt mun það vera hjá séra Jóa, í áminstri grein, að ekki muni trúarbragðalegur ágreiningur hafa verið því valdandi, — þótt hann lýsi sjálfan sig ósannindamann að þeim orðum sínum tvisvar sinnum síðar: Á opinberum stað, 17. febr. sl., og í reifara-bréfinu (!!) til hr. Árna Sveinssonar (sjá Landpláguna 4. april sl.).

Kosningardaginn (17. des.) skrifaði ég bréf, sem undirritað var af nær 20 manns, til vinafundar þeirrar, er stóð fyrir löggildingarmáli Gimlibæjar, og það hana að fresta því, að framleggja löggildingarskjöl sín fyrir stjórnina, þar til oss gæfist kostur á, að hafa tal af henni og öðrum bæjarbúum þá leiðni veitti hún og kallaði til almenns fundar á Gimli 26. des., þar sem fulltrúar frá öllum pörtum íslenzku byggðarinnar mættu, og voru þar bæjarmenn beðnir, fyrst, að fresta frekari störfum í löggildingarmálinu um tíma, og síðan, að veita oss alla sína hjálp í því, að koma sveitarskiftingarmálinu í gegn um fylkisþingið. þessar kvaðir vorar veittu þeir oss einnig góðfúslega. — Síðan var þar 12 manna nefnd kosin til að standa fyrir því máli, sem voru þessir: Stefán Sigurðsson, Jóhannes Sigurðsson, séra Runólfur Marteinsson, B. B. Olson, Árni Þórðarson, Jón Pétursson, Þorvaldur Sveinsson, Sigurður Sigurðsson, Þorvaldur Þorvaldsson, Jóhannes Magnússon, Arnljótur B. Olson og — J. P. Sólmundsson. Svo var af oss nefndarmönnum kosinn oddamaður og formaður: hr. Sveinn Þorvaldsson.

Bænarskrá þeirri, er samin var í fyrra, af þeim hr. B. B. Olson og Einari heitnum Ólafssyni, var fylgt fram óbreyttri.

Sönn ánægja var það að vera samverkamaður þessara manna, sem svo einlægan og vakandi starfshug höfðu fyrir sínu verki, og fanst mér mest til um það eftir að gliman var afstaðin. Aðalstarfsemin lenti á þeim: hr. Sv. Þorvaldssyni, sex fyrst töldu nefndarmönnunum og hr. J. Magnússyni, er allir lögðu fram mikinn tíma og stóran peninga kostnað.

Af því sem mér í þetta skifti veittust fyrst tækifæri til að kynnast að nokkru séra Runólfi Marteinssyni, verð ég hér að viðbregða lipurð hans og prúðmensku, og trúi ég síðan, að sá almenningsrómur sé ei um of, að hann sé sannarlegt göfugmenni.

Fyrir laganefnd þingsins komum vér 11. febr. sl., og næst því, að vér þar, sem hjá öðrum merkum mönnum efra, að verðugu, fengum óþökk fyrir, að flytja með oss LAUFAGOSANN, þá komu þar fram þessar ástæður, er voru móti skiftingunni: að, EINS OG STÆÐI, virtist viðurhlutamikið, að sníða vesturhlutann af, þar sem engin járnbraut væri enn kom in, og engin keyrslubraut, engin viðskiftastöð og að eins eitt póst-hús, en aftur flóar og foræði svo mikil, að hart nær engar samgöngur væru mögulegar norður og suður, fyr en kæmi austur undir Winnipeg vatn. það, að vér héldum því fram, að nýbyggjar (Galisíumenn og Þjóðverjar) væru ekki færir um að stjórna sveitinni, var ekki talið óliklegt að vísu, en of snemt fyrir oss, að ásaka þá um það, fyr en vér fengjum fulla vissu í því, með reynslunni.

Átta dögum síðar, 19. febr., var frumvarp það felt í þinginu, og má þar með sanni segja, að þar voru ástæður með og móti.

Í blómsveig(!) þann, sem Landplágan setur á gröf þá, er hún segir (20. febr.) að: "leyndarráð Roblin stjórnarinnar" hafi varpað Nýja Íslandi í við synjun sveitarskiftingarinnar, er greyft miklum dylgjum um það, að EINN Íslendingur hafi DREPID NÝJA ÍSLAND Í FYRRA*), og sagt fyrir um greftrunina í ár. Síðan er uppkveðinn yfir þann hinn sama sá dómur, að honum sé OF AUKID á jörðunni, og hún skuli síðar segja til nafns hans og hafa hendur í hans hári!

Sveitarskiftingarmál þetta hefir af Jóa litla og öllum "óháðu"(!) bræðrunum hans, verið gert, meðal annars, að nokkurs konar Hjaðningavígum, þar sem alt af er verið að drepa Nýja Ísland, og alt af finar það við aftur. Svo er Jói litli gerður að Ívari "ljóma", til að leysa það úr álögum, en sem lætur blinda þar á preika, auk heldur alla skygna sjá, að hann hefir ekki tekið, og mun aldrei taka, veglegri hlutdeild í því máli eða öðrum, en Glámfyltur Þórir í Garði hafði á æfikjör Grettis Ásmundarsonar*). Svo er Landpláguliðið alt í einingu skoðað sem SÁLUHJÁLPARHER, er gefi sitt líf út til að berja á myrkraöndum, en sem hvergi finnast nema í þeirra eigin persónum.

Þann 2. marz var almennur fundur á Gimli boðaður af hr. B. B. Olson, í þeim tilgangi, að mönnum gæfist kostur á, að bera sig saman um, hvort fresta skyldi bæjar-löggildingunni, og allir héldu sig að því, að vinna að sveitarskiftingunni með staðfestu, þar til vér fengjum hana. Eða hvað annað þeim findist við eiga.

Með frestun á bæjarlöggildingunni og áframhaldandi einbeittri starfsemi við sveitarskiftinguna, töluðu þessir: B. B. Olson, J. Magnússon, S. Sigurbjörnsson, A. E. Ísfeld, Jónas Stefánsson, G. Þorsteinsson og sá, er þetta ritar. Móti því töluðu: Á. Þórðarson, J. Sigurðsson, K. Valgarðsson, G. Magnússon og bræðurnir Júl. Sólmundsson og litli Jói.

Litli Jói sagðist ekki vilja nýta sveitarskiftinguna meðan Roblin-stjórnin væri við völdin, og ekki fyr en "liberal" flokkurinn tæki við völdum. Herra Guðni Þorsteinsson talaði af andriki eftir vanda, en varði mestum tímanum í, að auglýsa sitt eágið ÉG fyrir fólkinu, þannig: að nú væri ÖLL DÝPRI SPEKI hér horfin í meðhöndlun sveitarmálanna. Hún hefði að MESTU LEYTI TAPAST fyrir átta árum*), en ALGERLEGA TÝNST fyrir tveimur árum**).

Hr. Á. Þórðarsyni fórust orð eitthvað á þessa leið: Að lengi mundi mega bíða eftir sveitarskiftingunni, ef það ætti að bíða þess tíma, að "liberal" flokkurinn kæmist að völdum, því eins víst og Roblin stjórnin væri sjálfsögð að verða við völdin í 3 ár, eins víst mundi það verða í 7. Lítið vafamál, að hún yrði það í 11 ár, og allar líkur til, að hún héldi völdum í 15 ár hér frá, — hvað svo sem lengra liði, og yrði um það nokkrum sinnum búið að "DREPA NÝJA ÍSLARD og éta Íslendinga", eftir sögnum sérans að dæma á liðnum tíma, svo þá mundi um seinan að vekja upp það mál að nýju. Einnig sagði hann: Að mögulegleikinn fyrir framgöngu sveitarskiftingarmálsins virtist sér að hafa verið eyðilagður í fyrra, á þann hátt, að gaunagangurinn, sem Landpláguliðið hefði tekið dæmigstan þáttinn í að tendra, við síðustu fylkiskosningar, hefði stritt svo á móti allri búhygni og þeirri þakklætsemi, er þeir hefðu átt að sýna fyrir gott og mikið starf í þeirra þjónustu, þar sem þeir hefðu hafnað B. L. Baldvinssyni, hinum lang flinkasta og afkastamesta þingmanni, sem þetta kjördæmi hefði haft til þessa, en kosið í þess stað mann, sem þeim strax hefði átt að geta skilist, að yrði kjördæminu gagnslaus. — Baldvin mundi slindrulaust hefða eyðilagt þá erfiðleika, sem málinu urðu að fótakefli í höndum hr. Sigtr. Jónassonar.

Varnir hinna "frjálslyndu", að afstaðinni þessari húðstroku, voru fólgnar í þessari spurningu: "Því komst þá ekki þetta mál í gegn á tveimur síðustu þingum þar á undan?"

Svarið upp á þá spurningu flutti sá, er þetta ritar, í þeim fáu orðum, að "fyrsta og síðasta ástæðan fyrir því, að það komst ekki í gegn á þeim þingum, hefði verið sú, að málið hefði aldrei, fyrri en í vetur, verið flutt á þann hátt, að MÖGULEGT hefði verið nokkuð við það að gera".

Enginn hafði neitt á móti því að segja, nema SÓSIALISTANÚLLID, hann litli Jói, er fann sig upp á síðkastið óþægilega hrjáðan, og sjónhverfinga starfsemi sína líttvæga fundna. Stökk hann því við fyrsta tækifæri axlardjúpt í sorphauginn sinn, tautandi: "þú lýgur, hann lýgur og allir ljúga", og kastaði saurnum á alt og alla, þótt stjórnin, Baldvin og mágar hans tveir, Sveinn og Björn, ættu að kenna á þyngstu stykkjunum.

Var þá fundi slitið.

Daginn eftir fór hr. B. B. Olson til Winnipeg til að leggja fram skjöl fyrir löggildingu Gimlibæjar.

Þetta er þá framrakið yfirlit yfir sögu málsins, þess máls, sem líkur eru fyrir, að ánægjulega fáist til lykta leitt á næsta vetri, þar sem þau gögnin, er á hefir þótt vanta, munu þá verða í vorum höndum.

Ekki er nema viðeigandi að geta þess, áður en ég legg frá mér pennann, að á vetur, og það sem af er sumrinu, hefir litli Jói mjög svo kappkostað, að komast í mjúkinna hjá Þjóðverjum og Galisíumönnum, með því móti, að telja þeim trú um, að Íslendingar hafi á liðnum tíma setið á svikráðum við þá, við flest tækifæri, — þótt hann á sama tíma sé eins digurróma yfir því, sem nokkurntíma áður, í Landpláguni sem á öðrum óhreinleikastöðum sínum, að í dauðann sé hann jafnvel viljugur að ganga, þjóð sinni til hjálpar(!) — Mun kannske nánar sagt frá þeirri starfsemi hans síðar.

Ritað 24. júní 1908.

*) Sá skal þó skilsmunur gerður á þóri og Jóa, að þar sem Þórir mátta að sumu teljast stórmenni, þá er Jói allavega svo smár, að hann tekur að eins meðal kvenmanni í naflastað.

Höf.

*) Þann 29. okt. sl. segir hún, að Gimlibúar hafi gert það verk, en 9. jan. '07 voru það norðurbygðarmenn.

Höf.

*) Þá tapaði hans ÉG dómarastarfinu.

**) Þá tapaði hans ÉG oddvitastöðunni.

Höf.

Það borgar sig að auglýsa í Heimskringlu

Hinir áreiðanlegustu — og þar með hinir vinsælustu — verzlunarmenn auglýsa í Heimskringlu.

—The—
Criterion Hotel
McDermott Ave.

Nýtt, vandað gistihús með ágæt herbergi, vönduðustu drykkjir og fínustu vindlar.

Vinsælt meðal Íslendinga. Er beint á móti Tribune byggingunni á McDermott Avenue.

MORICE NOKES
EIGANDI

Woodbine Hotel
Stærsta Billiard Hall í Norðvesturlandinu
Ttu Pool-borð.—Alskonar vín og vindlar.
Lennon & Hebb,
Eigendur.

SPONNÝTT HÓTEL
ALGERLEGA NÝTÍZKU
Hotel Majestic
John McDonald,
eigandi.
James St. West, Rétt vestan við Main St.
Winnipeg Telefón 4979
$1.50 á dag og þar yfir
Bandaríkja-snið
Alt sem hér er um hönd haft er af beztu tegund. Reynið oss.

MIDLAND HOTEL
255 Market St, Phone 3491
Nýtt hús, nýr húsbúnaður
Fullar byrgðir af allskonar vönduðustu drykkjum og vindlum í hressingarstofunni. Gisting einn dollar á dag og þar yfir.
W. G. GOULD :: FRED. D. PETERS,
Eigendur
WINNIPEG ::: ::: CANADA

Jimmy's
HOTEL
Rétt á bak við Pósthúsið
Íslendingar ættu að reyna þetta gistihús. Í hressingarstofunni er sá eini íslenzki vínveitingamaður í Winnipeg.
James Thorpe,
eigandi
Fyrrum eigandi Jimmy's Restaurant

LEYNDARMÁL CORDULU FRÆNKU 11

Loddarinn fleygði sér yfir rúmið.

"Meta, Meta! Farðu ekki frá mér", hrópaði hann. "Þú ert ljós, er lýsir mér á hinni þyrnumstráðu lífsbraut minni. Þú ert engill, er af frjálsum vilja fylgir mér og tekur á móti þyrnunum, er fylgja starfi mínu, svo þeir hitti mig ekki. Meta! Hvernig get ég lifað án þín, — ef þú hættir að standa við hlið mér, — ef ég fæ ekki að njóta ástar þinnar? — Hvernig fæ ég lifað, ef, ég fæ aldrei að heyra hina yndislegu rödd þína, eða sjá hið himneska bros þitt? Ég get ekki lifað og vitað það, að ég ef til vill hefi gert þig ólánssama með því að knýta forlög þín við mín ..... Guð á himnum, hjálpaðu mér og steyptu mér ekki í þessa eymd!" — og hann grúfði sig niður í rúmið og grét sáran. .... Ég vil bæta þér alt, er ég hefi brotið á móti þér, Meta. Ég skal vinna fyrir þér á ærlegan hátt héðan af, — jafnvel þó ég verði að taka mér pál og reku í hönd. Við skulum setjast að einhversstaðar, þar sem við getum lifað saman í næði. Burt með alt þetta!" og hann reis af herðum sér leikarbúningínn. "Aldrei skal ég koma framar í hann, Meta! Vertu hjá mér og við skulum byrja nýtt líf".

"Berðu þig karlmannlega, Iaskó", mælti kona hans í hálfum hljóðum. Hún hneig hægt niður að koddanum. Það var eins og hin burtfljúgandi sál héldi sér af öllum kröftum við líkamann. Hún gat ekki sagt skilið við hann og hafið sig til flugs, fyr en hún hafði talað um og fengið loforð fyrir, að framtíð barnsins hennar væri borgið.

"Þú ert ranglátur gagnvart sjálfum þér, Iaskó", mælti hún enníremur. Ég hefi ekki verið óhamingjusöm við hlið þér. .... Ég hefi verið elskuð svo heitt, að fáar konur hafa átt því láni að fagna. Hin fáu ár, sem við höfum lifað saman og notið ástar hvors annars, jafnast á við heilan mannsaldur

12 SÖGUSAFN HEIMSKRINGLU

sumra manna. Ég vissi vel, hvað ég gerði, þegar ég gekk að eiga loddarann. Ég yfirgaf föðurhúsin og þá, er útskúfuðu mér, vegna þess að ég elskaði þig, — án þess að fella eitt einasta tár. Þau fáu ský, er svifið hafa á hamingjuhimin minn, þau eru mér að kenna. Ég tók ekki með nógu mikilli þolinmæði strit það, er fylgir atvinnu þinni. ..... Iaskó", sagði hún svo varla heyrðist, "ef maðurinn elskar íþrótt sína, göfgar það hann, þrátt fyrir hvaða dóm, sem mennirnir leggja á hann. En konan, hún kveinkar sér, þegar hún veit, að hún mætir fyrirlitningu heimsins. Ó, Iaskó, ég ber svo mikla áhyggju fyrir framtíð Fee, að það gerir mér dauðastundina miklu kvalafyllri, en ella hefði verið. Í guðsnafni, Iaskó, gerðu það fyrir mig, að láta hana ekki taka neinn þátt í atvinnu þinni!"

Hún greip hendi hans og þrýsti henni að hjarta sér. Enn þá einu sinni færðist ofurlítið líf í fallegu augun hennar, sem að litlum tíma liðnum áttu að lokast fyrir fult og alt.

"Ég veit, að ég kreist mikils af þér, Iaskó, og þér fellur það illa, að þurfa að skilja við barnið, en gerðu það fyrir mig. Komdu henni á gott, heiðarlegt heimili og láttu hana alast þar upp. Lofaðu mér þessu, hjartkæri maðurinn minn!"

Og grátandi lofaði hann því.

Nóttin kom. Konan kvaðist mjög mikið, dauða stríðið ætlaði aldrei að taka enda. En svo, er morguninn rann upp, bjartur og fagur, lá hin yndislega fagra kona loddarans liðið lík. Maður hennar hafði kastað sér yfir líkið, og sorgin hafði yfirbugað hann svo, að það varð að taka hann með valdi þaðan og fara með hann yfir í annað herbergi.

Þrem dögum síðar var kona loddarans jarðsett. Mikill mannfjöldi fylgdi henni til grafar og lagði

LEYNDARMÁL CORDULU FRÆNKU 13

blóm á kistuna. Einn af þeim, er fylgdu, var Helwig.

Þegar fyrstu moldarrekurnar féllu niður á kistuna, ætlaði vesalings loddarinn að hníga niður, en Helwig, sem stóð næstur honum, studdi hann, og fylgdi honum heim að greftrunínni lokinni. Um kveldið sátu þeir lengi saman og töluðu hljótt. Loddarinn hafði hingað til ekki viljað heyra nein huggunarorð, og meira að segja reynt að ráða sig af dögum. Þeir, sem gengu fram hjá herbergisdyrunum, þar sem líkið var inni, höfðu heyrt, hvernig hann hafði grátið og þulið raunatölur sínar, og við kveinstafi hans hafði svo blandast inndæl barnsraust.

III.

ÞUNG ÞRAUT.

Það var seint um kveld í nóvember. Fyrstu snjókornin féllu niður yfir húsþökin og strætin, og yfir hina nýþöktu gröf, þar sem kona Pólverjans hvíldi undir.

Hjá Heilwig var bóið að láta skínandi hvítan damask dúk á borðið í daglegu stofunni, og við hvern dísk lá hnífapör úr skíru silfri. Á litlu borði hjá legubekknum stóð lampi, og í legubekknum sat frú Heilwig og prjónaði langan ullarsokk. Hún var há og herðabreið, á að giska á fertugsaldri. Á yngri árum sínum getur vel verið, að hún hafi verið falleg kona, því andlitsdrættir hennar voru allir reglulegir, en meðfæddur yndisþokki hefir henni víst aldrei verið gefinn. Það var auðséð á hinu harð-

14 SÖGUSAFN HEIMSKOINGLU

lega, kalda augnaráði hennar, að hjarta hennar rúmaði ekki margar göfugar eða mannúðlegar tilfinningar. Hún var í svörtum kjól, með stífaðan kraga og líningar framaní ermunum. Framhárin hafði hún greitt fram á ennið, en afturhárin hnýtti hún í hnút, og huldi þau með hvítum kreptskappa. Hverjum ókunnugum, sem sá hana, hefði vel getað dottið í hug, að hún væri púritani.

Við og við voru opnaðar hliðardyr, er voru á stofunni, og hrukkótta andlitið á elduðuskunni gægðist inn.

"Ekki enn þá, Friðrika", sagði frúin í hvert sinn þurlega og án þess að líta upp, en prjónarnir gengu jafnt og þétt. Og eftir því, sem lengur leið, gengu þeir hraðara og hraðara, og þess harðneskjulegri varð svipurinn á andliti hennar. Frúin var reglusöm, og gamla Friðrika sá, að hún var nú ekki í sem beztu skapi. Var það ávalt vani hennar, er svo bar undir, að æsa fremur en sefa skap húsmóður sinnar.

"Því kemur húsbóndinn ekki heim?" mælti hún hálfgrátandi, þegar hún í sitt skifti lauk upp hurðinni. "Maturinn verður kaldur, og ég kemst ekki úr eldhúsinu fyr en um miðnætti".

Frúin setti samt duglega ofan í við hana fyrir þennan slettirekuskap. Hún leið aldrei, að vinnufólk sitt skýti sér af því, sem hún áleit að því kæmi ekki við. Samt fór Friðrika miklu ánægðari út, en þegar hún kom inn, því hún sá, að djúp hrukka hafði myndast á enni húsmóður sinnar.

Loksins var dyrabjöllunni hringt, og lág og skær barnsrödd sagði:

"Ó, hvað klukkan hérna er falleg og hljómurinn hennar skær".

Frú Heilwig stóð upp og lagði frá sér prjóna sína. Hún varð svo undrandi og agndofa, að óþol-

George G. LENNOX

Selur í heildsölu SKÓ, STÍGVÉL og YFIRSKÓ

150 Portage Ave. East, Winnipeg.

MARKET HOTEL

146 PRINCESS ST. á móti markaðnum

P. O'CONNELL, eigandi. WINNIPEG

Bestu tegundir af vínföngum og vindl um, áhlynning góð, húsið endurbætt

JOHN DUFF

PLUMBER, GAS AND STEAM FITTER

Alt verk vel vandað, og verðið rétt.

662 Notre Dame Ave. Phone 3615 Winnipeg

Strathcona Hotel

Horni Main og Rupert Str. Nýbygt og ágætt gistihús; Gest um veitt öll þægindi með sanngjarnasta verði. Frí keyrsla til og frá öllum járnbr. stöðvum. Beztu vín og vindlar; og herbergi og máltíðar ágætar.

McLaren Brothers

EIGENDUR

Hotel Pacific

219 Market Street Winnipeg | H. M. Hicks Eigandi Manitoba

Telephone 1338

Ný-endurbætt og Ný-tízku hús í alla staði. Viðskifta yðar óskast virðingarfylst.

$1.25 a Dag

$1.50 Á DAG

Bezta $1.50 gistihús í Winnipeg

BRUNSWICK HOTEL

Horni Main St. og Rupert Ave.

Besta borðhald; Hrein og Björt Herbergi; Finustu Drykkir og Bestu Vindlar. Ókeypis Vagn matir Öllum Trainlestum. Reynið oss þegar þú ert á ferð.

Fréttabréf.

MARKERVILLE.
7. ágúst 1908.

(Frá fréttaritara Hkr.)

Bezta tíð hefir verið hér síðan hinum miklu rigningum linnti síðast í júní. Allan júlí voru þurkar með smáskúrum, en nokkru meiri úrkoma síðan fyrir næstl mánaðamót. Akrar eru orðnir vel í meðallagi, en víða er stráið lágt einkum þar sem hagliið fór yfir. Frost hefir ekki gert vart við sig enn. Líkur eru til, að akrar reynist í meðallagi, ef þeir hér eftir ekki verða fyrir skemdum af hagli eða frosti. Sláttur á hausthveiti og byggi fer að byrja á stöku stöðum. Heyskapur byrjaði almennt um 20. júlí, stöku menn byrjuðu fyrri, og hefir gengið vel það sem af er. Grasvöxtur mun vera í góðu meðallagi, en lágt engi er víða blautt enn þá. —

Heilsufar gott, almennt, hér um pláss.

Íslendingadagurinn var haldinn hér 3. ágúst sl. Veður var hið fegursta og skemtu menn sér hið bezta, sem föng voru á. Forseti dagsins var Kr. Jónsson. Í tölu fyrir hátíðahaldinu minntist forseti á sjálfstæðis baráttu Íslendinga, og lauk lofsorði á Skúla Thoroddsen fyrir framkomu hans í sambandslaga nefndinni. Í enda prógrams bað hann fólkið að lýsa velþóknun sinni á stefnu Skúla með því að húrra fyrir honum 3 sinnum, sem var gert ósleitalega. Tölumenn voru: Séra P. Hjálmsson, G. S. Grímsson og J. J. Húnford. Leikir, íþróttir og kappreiðar fóru fram seinni hluta dagsins, en um verðlaun eða hverjum þau hlotnuðust, er mér ekki kunnugt. Dans var um nóttina eftir í Fensala Hall.

Það slys vildi til um daginn, að enskur maður fótbrotnaði við kappreiðarnar.

Ég get ekki dulist þess, að láta það í ljósi, að mér þótti þessi Íslendingadagur standa mörgum undanfarinna að baki. Samkomustaðurinn er hvorki þægilegur né skemtilegur, að mínu áliti, og mætti sjálfsagt gera betur í því efni. Eitt er það, sem bæði mér og fleirum þótti sárleitt, að enginn söngflokkur var, og hefir það aldrei komið fyrir fyrri. Að vísu var "Instrumental Music", en sem bætti mjög litið úr þeirri vöntun. Æskilegt væri, að þetta kæmi ekki fyrir oftar.

Mr. og Mrs. Ólafsson, frá Winnipeg, voru hér í kynnisferð til vina hennar og frænda seint í næstliðnum mánuði.

Boðað hefir verið til almenns fundar í Hólaskólahúsi á morgun, til að ræða um stjórnmál Íslands.

RED DEER POINT, MAN.
2. ágúst 1908.

Herra ritstj. Hkr.

Ég ætla að senda þér þessar fáu línur í því skyni, að þú birtir þær í blaði þínu, ef þér svo sýnist. Og helzta ástæðan fyrir því er sú, að hinn fámenni flokkur Íslendinga hér hefir bæði í fyrra og nú aftur haldið íslenzkan þjóðmenningardag — í fyrra 2. ágúst, nú 1. ágúst. Og af því báðar þessar samkomur hafa þótt takast vel, og mér er óhætt að segja orðið öllum þátttakendum til mikillar ánægju, — virðist rétt, að geta þeirra opinberlega. Samt ætla ég sérstaklega að minnast þessarar síðari, sem haldin var í gær, því þó hún væri að mestu með sama sniði og hin fyrri, þá var þó enn meiri hátíðabragur bæði á mönnum og málefni í þetta sinn. Því bæði voru nú mikið fleiri sem sóttu samkomuna og svo jók það mikið á ánægju manna, að sjá íslenzkan fána blakta yfir sér ásamt þeim brezka auðvitað, sem báða vantaði í fyrra.

Hátíðahaldið fór fram í fallegu skógarrjóðri í grend við bústað herra Stephans Johnsonar, og forseti þess var hr. Oliver Johnson. Til skemtana höfðu menn söng og sögulestur, mælt fyrir minni Íslands í bundnu og óbundnu máli, líka fyrir minni kvenna. Veðhlaup og verðlaun fyrir börn og unglinga frá 6—8, 8—10, 10—12 og 12—15 ára. Einnig reyndi sumt eldra fólkið að hlaupa, þó ekki fyrir verðlaunum, heldur sér og öðrum til skemtunar.

Ungu piltarnir reyndu sig í að stökkva. Skothæfni sína reyndu þeir líka, og fengu 3 þeirra verðlaun, sem einu gestanna bauð fram og gaf. Ég get þessa sérstaklega vegna þess, að bæði var það svo drengilega gert, og að það var ekki tekið úr verðlaunasjóði stofnenda samkomunnar.

Veitingar voru: Kaffi, brauð og hangið kjöt og svaladrykkir. Endir samkomunnar var dans og hljóðfæraslátur fyrir unga fólkið. Að því búnu héldu menn heimleiðis, glaðir í hug og þakklátir við guð og náttúruna og veðrið, sem var ákjósanlega fagurt.

Eftirlarandi kvæði (Minni Íslands) var flutt á ofanneíndri samkomu:

Hugur minn horfir til þín,
hjartkæra eykonan mín.
Ítur, með eldheitan barm,
eygljóin skín á þinn hvarm,
útsker og firði og fjöll,
fossa og skínandi völl.

Týndan og tapaðan son
taktu í faðm þinn í dag.
Rætist þá vilja míns von.
— Veikróma syng ég þér brag.—
Þvílíka þrái ég stund,
þinn ef ég kæmist á fund.

Víst mundi vakna á ný
vorgleði æskunnar þá,
fjallgolan findist mér hlý,
fossniður eyranu ná,
varirnar væta þín lind.
Í voninni speglast þín mynd.

Við, sem að fluttum þér frá,
fátæk, með sjálfstæða lund,
víst aftur vildum þig sjá, —
vökva hinn sólfagra lund
áður sem yndi oss bjó,
æska' er á vöngunum hló.

Hver á svo heiðskíra brá,
hærri og fegurri tind,
töðgrænni fjölgresisflá,
fallmeiri ellur og lind,
bjartari fossa og fjöll,
frjófgari engjar og völl,

grösugri grundir og hól,
gullskærri fjallbununið,
mærari miðnætursól,
mjúkari söngfuglakliið,
hollari lindir og laug,
langt út við norðurheimsbaug?

Fáir svo fiskisæl mið,
fjallherri bárur við sand.
Hugaðru hásetalið
hefir ei neitt annað land,
heitari hjörtu í barm,
hraustari mundir og arm.

Enginn svo yndisleg fljóð
með eldheita drífhvíta mund.
Hvergi svo listarík ljóð
Lúa á alheimsins grund.
Þjóðmál svo þiðróma skært, —
það sé oss dýrmætt og kært.

Frelsisins lýsi þér leið, —
lát ekki ræningjans hönd
brugga þér svartmættis-seið.
Slíttu þau ófrelsisbönd,
er "baunverjinn" hengdi um
þinn háls!
Húrra, þá verður þú frjáls!!

Thor. Stephansson.

DÁNARFREGN.

Hér með tilkynnist vinum og vandamönnum, að sl. 7. janúar 1908 lézt að heimili dóttur sinnar og tengdasonar, Bjargar Jónsdóttur og Jóns H. Jónssonar, í Grunnavatnsbygð (Radway P.O.) heiðursmaðurinn JÓN JÓNSSON, fæddur 28. apríl 1840. Foreldrar hans voru hjónin Jón Jónsson og Guðrún Jósepsdóttir, sem lengi bjuggu á Skallhóli í Miðdölum í Dalasýslu.

Árið 1874 gekk Jón sál. að eiga eftirlifandi konu sína Þorbjörgu Guðmundsdóttir frá Rifgirðingum í Breiðafirði. Þeim hjónum varð 7 barna auðið, hvar af 5 eru lifandi, öll uppkomin og mannvænleg. Þau eru: Fjórir piltar, Jóhann, Guðjón, Guðmundur og Ólafur Valdmar er á mínst.

Árið 1885 fluttu þau hjón frá Íslandi til Ameriku, og settust að í Mikley í Winnipegvatni, á Borðeyri, sem kallað var, á suðurenda eyjarinnar, og héldu þar gastihús fyrir ferðamenn í mörg ár. Eftir 16 ára dvöl á Mikley fluttu þau til West Selkirk og liðu þar 4½ ár. Þaðan fluttu þau með dóttur sinni og tengdasyni til Grunnavatnsbygðar.

Jón sál. var mesti ákafa og dugnaðarmaður og dró sig aldrei í hlé fyrir þarfir heimilis síns eða þess mannfélags, er hann lifði í. Hann var vel greindur að náttúrufari, en naut mjög litillar mentunar. Hann hélt vel sínum hlut í samtali við aðra og kom þá oft með velvöld og heppileg orð. Hann var mjög skyldurækinn húsfaðir og tryggur vinur vina sinna. Þau hjón voru mjög gestrisin og vingjarnleg heim að sækja, og það mun marga minni til þess reka, þá er þau héldu gastihúsið, hve hlýjum og góðum viðtökum þeir mættu þar, oft fyrir litla borgun. Jón sál. var alla æfi heilsuhraustur, þar til að síðustu að hann fékk slag, sem leiddi hann til dauða eftir hálft þriðja ár.

Blessuð veri minning hans.

Vinur hins látna.

BILDFELL & PAULSON

Union Bank 5th Floor, No. 520

selja hús og lóðir og annast þar að lútandi störf; útvegar peningalán o. fl.

Tel.: 2685

KJÖT.

"Ef það kemur frá Johnson, þá er það gott"

C. G. JOHNSON, Kjötsali,
Langside og Ellice Fón 2681

F. Deluca

Verzlar með matvöru, aldini, smá-kökur, allskonar sætindi, mjólk og rjóma, sönnul. tóbak og vindla. Óskar viðskifta Íslend. Heitt kaffi eða te á öllum tímum. Fón 7756

Tvær búðir:
587 Notre Dame og 714 Maryland St.

The Dominion Bank

NOTRE DAME Ave. BRANCH Cor. Nena St.

Vér seljum peningaávísanir borganlegar á Íslandi og öðrum lönd.

Allskonar bankastörf af hendi leyst

SPARISJÓDS-DEILDIN

tekur $1.00 inulag og yfir og gefur hæstu gildandi vexti, sem leggjast við innstæðufé 4 sinnum á ári, 30. júní, 30. sept. 31. desembr og 31. march.

Giftingaleyfisbrjef

selur Kr. Ásg. Benediktsson,
477 Beverley St. Winnipeg.

Winnipeg Business College

FÉKK FYRSTU VERÐLAUN Á SAINT LOUIS SÝNINGUNNI.

Cor. Portage Ave and Fort St.

Leitið upplýsinga um kenslugreinar vorar. — Kveldkensla byrjar 2. september. — Það borgar sig að nota kveldin til að menta sig.

G. W. DONALD, ráðsmaður.

Drs. Ekern & Marsden,

Sérfræðislækna í Eftirfylgjandi greinum: — Augnasjúkdómum, Eyrnasjúkdómum, Nasasjúkdómum og Kverkasjúkdómum. : : :

Í Platky Byggingunni í Banum
Grand Forks, N. Dak.

Cancer Cure.

R. D. EVANS, sem fann upp hið víðfræga lyf til lækninga

krabbameinum

óskar að allir sem nú þjást af krabbameinum, skrifi sér. 2. daga notkun meðalsins, læknar útvortis eða innvortis krabbamein. Skrifið strax til R. D. Evans, Brandon, Man. 27-8-8

Sendið Heimskringlu til vina yðar á Íslandi.

Til fullkomnustu tryggingar Vátryggið fasteignir yðar hjá The

St. Paul Fire & Marine Ins. Co.

Eignir félags eru yfir 5 millión dollars. Skaðabætur borgaðar af San Francisco eldinum 1¼ mill. SKULI HANSSON & CO., 55 Tribune Bldg., Phone 6476, eru sérstakir umboðsmenn.

E. S. Miller Limited

Aðal umboðsmenn

PHONE 2083 219 McINTYRE BLK.

Með því að biðja sérlega um "T.L. CIGAR," þá ertu viss að fá ágætan vindil.

T.L.

T.L. CIGAR (UNION MADE)

Western Cigar Factory
Thomas Lee, eigandi Winnipeg

Redwood Lager og Extra Porter

Styrkið taugarnar með því að drekka eitt staup af öðrum hvorum þessum ágæta heimilis bjór, á undan hverri máltíð. — Reynið !!

EDWARD L. DREWRY Manufacturer & Importer Winnipeg, Canada.

ALDREI SKALTU geyma til morguns sem hægt er að gera í dag. Pantið Heimskringlu í dag.

LEYNDARMÁL CORDULU FRÆNKU 15

innæðissvipurinn hvarf alt í einu. Nú heyrði hún, að þurkað var af fótum sér mörgum sinnum á gólfábreiðunni. — "Skyldi þetta vera maðurinn hennar?" — Nú opnuðust dyrnar, og hann gekk inn hálfhikandi. Hann bar á handlegg sér oturlitið stúlkubarn, hér um bil fjögra ára gamalt.

"Hér færi ég þér nokkuð, Birgitta mín", mælti hann blíðlega, en þagnaði strax, er hann mætti augnaráði konu sinnar.

"Nú!" mælti hún spyrjandi.

"Ég færi þér vesalings móðurlaust barn".

"Hver á það barn?" spurði hún kuldalega.

"Pólverjinn, er misti konu sína á svo átakanlegan hátt. ..... Kæra Birgitta mín, taktu vel á móti barninu".

"Það verður hér víst ekki nema í nótt".

"Jú, ég hefi lofað föður þess, að það skuli alast upp á okkar heimili".

Málrómur hans var fastur og ákveðinn, er hann sagði þessi orð. Einhverntíma varð hann að tala um þetta við konu sína, og illu var bezt af lokið.

Hinar fölu kinnar frúarinnar urðu alt í einu eldrauðar, og svipur hennar varð mjög illgirnislegur. Hún benti með einum fingrinum á enni sér.

"Ég held þú sért ekki með sjálfum þér, Heilwig", sagði hún svo. — "Að fara slíks á leit við mig, — að koma með loddara barn á mitt kristilega heimili! Og ég, sem reyni að gera hús mitt sem líkast musteri Krists! — Það er þó fádæma bjánaskapur!"

Heilwig færði sig fjær og eldur brann úr hinum góðmannlegu augum hans.

"Þú hefir misreiknað þetta, Heilwig", mælti hún ennfremur. "Ég læt ekki þetta barn dvelja á heimili mínu, hvers móðir var útskúfuð og refsidómur guðs hitti að lokum vegna synda hennar".

16 SÖGUSAFN HEIMSKRINGLU

"Svo þú litur þannig á þetta, Birgitta. Nú, hvað hafði þá bróðir þinn gert fyrir sér, þegar hann í veiðiferð varð fyrir skoti annars manns? Hann var að skemta sér, en aumingja konan var að uppfylla skyldu sína".

Frúin varð nú aftur föl sem nár og starði á mann sinn. Hann átti því ekki að venjast, að hann breytti á móti vilja hennar, hvorki í orði né verki.

Heilwig hafði sett stúlkubarnið á gólfið, og nú fór barnið að taka af sér hettuna. Svo gekk litla stúlkan til og frá og virti alt fyrir sér, sem fyrir augun bar. Hún var fallegt barn, með rósrauðar kinnar, mikið dökt hár, er fell í lokkum niður á herðar. Hún var í bláum ullarkjól, sem var lagður með útsaumuðum böndum, — ef til vill hefir það verið hið síðasta handaverk móður hennar. Kjóllinn var fleginn, svo hálsinn mjallhvítur kom í ljós. Frú Heilwig hefir hlotið að hafa hart hjartalag, fyrst hún gat stilt sig um, að taka hið yndislega barn í fang sér og þrýsta því að hjarta sér.

En það var eintmitt hin unaðslega, frjálsa framkoma barnsins, hinn smekklegi búningur þess og hárlokkarnir, er reittu frúna mest til reiði.

"Ég þoli ekki að sjá þennan andstygðarunga í kring um mig, þó ekki sé nema stutta stund", mælti hún alt í einu. "Þetta barn með beran háls og flaksandi lokka, er ekki vel til fallið að eiga heima á hinu alvarlega, kristna heimili okkar. Þú getur þá alveg eins vel látið húsið standa opið og hleypt hvaða óþjóðalýð, sem vera vill, inn. — Ég vona, Heilwig, að þú látir nú ekki þetta spilla samlyndi okkar, og farir sem fljótast í burtu með barnið, — þangað, sem það á heima".

Hún opnaði dyrnar, er lágu út í eldhúsið og kallaði á eldastúlkuna.

LEYNDARMÁL CORDULU FRÆNKU 17

"Friðrika, farðu barnið í alt þetta skart aftur", skipaði hún, og benti á hettu og kápu, er barnið hafði lagt af sér á gólfið.

"Farðu strax út aftur!" sagði Heilwig reiðuglega og benti á dyrnar.

Friðrika flýtti sér út.

"Þú reynir á þolinmæði mína, Birgitta", sagði Heilwig ennfremur. "Þú verður að kenna sjálfri þér, þó ég nú neyðist til að segja það, sem ég annars hefði aldrei neínt á nafn. — En hver á þetta hús, sem þú raupar af, að hafa gert að musteri guðs? — Ég á það, Birgitta. Þú komst hingað fátækt, foreldralaust barn. Þú virðist hafa gleymt því. — Og þess meira, sem þú hefir reynt að gera heimili þitt kristilegt, þess harðara og dramblátara hefir hjarta þitt orðið. — Þetta hús tilheyrir mér, og það er ég, sem borga viðurværi okkar. Og barnið verður hér. Og þó þú hafir enga meðaumkvun með litla móðurlausa barninu, þá kreíst ég þess af þér, sem konu minni og húsmóður á heimili mínu, að þú sjáir um, að barnið fái alt, sem það þarf með. Og ef þú ekki vilt missa álit þitt í augum vinnufólksins, svo sjáðu strax um, að hún fái mat og búið sé upp rúm handa henni. Ef þú gerir það ekki, — þá geri ég það".

Frúin sagði ekki eitt einasta orð meira, en andlit hennar varð öskugrátt af reiði. Hún hvorki fór að gráta eða leið í ómegin, eins og sumar konur mundu hafa gert, heldur tók hún stóra lyklakippu og gekk út úr herberginu.

Heilwig stundi þungan. Hann tók litlu stúlkuna við hönd sér, og gekk með henni tal og frá um gólfið. Hann hafði háð harða baráttu til þess að geta gefið hinu umkomulausa barni heimili. Hann vissi, að hann hafði reitt konu sína til reiði, og hann þekti svo vel skapferli hennar, að hann þóttist fullviss um, að aldrei myndi hún fyrirgefa honum hinn beiska samleika, er hann hafði sagt henni. Því hún var kona mjög heiftrækin.

18 SÖGUSAFN HEIMSKRINGLU

IV.

DÓTTIR LODDARANS.

Friðrika hafði nú sett ofurlitinn tindisk á borðið og lagt hreinan pentudúk og lítil hnífapör hjá honum. Í því var hringt dyrabjöllunni, og strax eftir lauk Hinrik upp stofudyrunum og kom inn með hér um bil 7 ára gamlan dreng.

"Gott kveld, pabbi", sagði pilturinn og hristi um leið snjókornin af loðhúfu sinni.

Heilwig tók blíðlega um höfuð drengsins og kysti hann á ennið.

"Gott kveld, drengurinn minn. "Hefir þú skemt þér vel hjá litla vini þínum?"

"Já, en — aulinn hann Hinrik kom of snemma eftir mér".

"Mamma þín sagði honum það, barn. En komdu hingað Nathanael og littu á litlu stúlkuna þá arna. Hún heitir Fee".

"En sá bjánaskapur!" Hvernig stendur á, að hún heitir það? Það er bara nafnleysa".

Heilwig leit blíðlega á litlu stúlkuna. Hann var viss um, að foreldrar hennar höfðu valið henni hið fegursta nafn, er þau þektu.

"Móðir hennar neíndi hana þessu nafni, Nathanael. Hún heitir fullu nafni Felicitas. Getur þú ekki vorkent henni. Mamma hennar var jörðuð í dag. Nú á hún að eiga heima hér hjá okkur, og þú

= Vesturför. =

Í Blaðið "Norðurland" hefir Einar Hjörleifsson ritað marga og skemtilega pistla um Ameríkuför sína á sl. ári. Nokkrir fyrri pistlarnir eru um ferðina vestur, og fólk, er hann kynntist á þeirri ferð — þá um líðan og framtíðarhorfur Íslendinga hér vestra, eins og það kom honum fyrir sjónir í ferð þessari. Ellefti pistillinn í röðinni, sem birtist í "Norðurlandi" 27. maí sl., er um trúmál og trúmálahorfur Vestur-Íslendinga, og með því flestum Vestur-Íslendingum mun hugleikið, að vita skoðun hans á þeim málum, birtum vér hér þennan kafla orðrétttan.

Ég geri ráð fyrir því, að allmargir menn vestan hafs, og ef til vill einhverjir heima líka, bíði við því, að ég kunni að minnast fáeinum orðum á andlegar horfur með löndum okkar vestra, eftir því sem mér hafi litist á þær. Ég get ekki heldur stilt mig um það, af því að þar eru svo merkilegir tímar einmitt nú í þeim efnum. En jafnframt ætla ég við það að kann ust, að ég geri það hálfnauðugur. Mér var tekið af svo mikilli góðvild af öllum flokkum landa minna vestra. Og mig tæki það sárt, ef þeir þættust fá frá mér kveðju aftur, sem þeim fyndust ósanngjarnlegar eða óvingjarnlegar, en að hinu leytinu þykist ég sjá þá annmarka á andlegu lífi þeirra, sem ekki verði þagað um, ef ég á að vera hreinskilinn. Bótin ætti að verða sú, að ég finn ekki hvöt hjá mér til þess að segja neitt verulega annað en það, sem mönnum er kunnugt um vestra, að sé sannfæring mín; né heldur annað en það, sem ég hefi að einhverju leyti minst á áður.

Með Vestur-Íslendingum bera kirkju- og trúarmál svo mjög ægishjálm yfir öllum öðrum andlegum málum, að eðlilegt er, að mönnum hér heima vesti örðugt, að átta sig á því. Hér á landi vek ur það litla eftirtekt, sem sagt er á því sviði. Bergmálið er álika mikið eins og þegar kallað er ofan í ullarbyng. En með Vestur-Íslendingum er alt það, sem sagt er og eitthvað áhrærir kirkjuna og kenningar hennar, rætt af mjög mörgum og rifið sundur af einhverjum, hvort sem það er með henni eða móti. Hér á landi verður naumast sagt með réttu, að skoðanir á kirkju- og trúarmálum valdi flokka skifting í nokkrum skilningi. Með Vestur-Íslendingum valda þær þeirri flokkaskifting, sem langmest kveður að og gerð er af langmestri einlægni.

Að yzta áliti er flokkaskiftingin þreföld vestra: Lúterskirkjumenn, Únitarar og kirkjuleysingjar. Únitarar eru fámennastir. Í þeim hópi hafa verið og eru meðal annara nokkurir gáfumenn. Og ýmislegt hafa þar sagt ómótmælanlega satt og rétt í ádeilum sínum. En þeim mönnum, sem borið hafa fram merki þeirra, hefir ekki tekist, að safna mönnum undir merkið. Og áhrif þeirra virtust mér ekki mikil. Kirkjulevsingjar eru flestir. En þeir hafa ekki fylkt liði sínu. Þeir eiga ekkert málgagn. Og í þeim flokki er enginn afburðamaður að andlegri atgerfi, annar en Stephán G. Stephánsson. En hann er einrænn andi, sem fer sinna ferða. Lúterskirkjumenn hafa ákveðna stefnuskrá, hafa barist í þéttskipaðri fylkingu, hafa lagt stórfé fram til stuðnings sínum málstað og eiga mikilhæfa foringja.

En þegar nokkuð er að gætt, sjá menn, að skifting innan Lúterskirkjunnar sjálfrar er að verða all-ákveðin, þó að fult skipulag sé alls ekki á þá skifting komið, og komi ef til vill ekki. Barátta um andlegar stefnur er að verða all-skörp þar. Og verður þó sennilega snarpari með tímanum. Aðalforingjarnir eru þeir séra Jón Bjarnason og séra Friðrik J. Bergmann.

Séra J.B. hefir unnið mikið og þarft verk með Vestur-Íslendingum. Við það kannast allir sanngjarnir menn og vilja láta hann njóta þess. En þroski hans hefir farið í öfuga átt við þekking og hugsun nútíðarinnar. Það er hans mikla mein.

Hann fór til Vesturheims skömmu eftir 1870 fullur af frjálslyndi. Hann ætlaði að verða prestur í norsku sýnódunni. En foringjarnir þar gátu ekki notað hann, af því hann var svo miklu frjálslyndari í anda en svo, að hann ætti þar heima. Hér í Reykjavík eru til bréf frá honum frá þeim tíma, og þau bera þess órækt vitni, hve hug hans hefir þá verið alt annan veg farið en nú. Fyrst þegar hann tók til starfa með Vestur-Íslendingum hélt hann hátt upp merki frjálslyndisins gegn séra Páli Þorláksyni, sem hafði fengið á sig andlegt mót norsku sýnódunnar. Í þeirri viðureign náði hann því haldi á hugum margra manna, sem hann hefir aldrei mist, þó að handtökin séu nú orðin nokkuð önnur.

Ég minnist einnar sögu, sem sögð var af umræðufundi í Nýja Íslandi, er þeir prestarnir héldu, meðan á þeim deilum stóð. Það var nokkurum árum áður en ég kom til Vesturheims. Og ég get ekki fullyrt um það, hve nákvæmlega rétt sagan hefir verið sögð. En hún sýnir að minsta kosti, hvernig menn skyldu séra J.B. Eftir eina ræðu hans hafði séra Páll haft orð á því, að sér þætti hann nokkuð "breiður" í skoðunum. Séra J.B. stóð þá upp, breiddi út faðminn og mælti: "Já, ég er "breiður". Ég er svona "breiður". Og ég vil vera svo "breiður", að ég geti faðmað alla menn". Það þótti fagurlega mælt, eins og það líka var. Og það var að minnum haft, hve vel honum hafði farist þetta.

Séra J.B. hefir átt manna mestan þátt í, að stofna kirkjufélagsskap Vestur-Íslendinga og halda honum við. Hvað sem um þá starfsemi kann að verða dæmt, þegar menn hafa með höndum skilyrði þess, að meta hana af fullu, þá ætti engum vitrum og sanngjörnum manni að dyljast það, hve mikils um það tvent er vert: að koma á samlandi með Íslendingum í dreifingunni vestra, og að halda þar uppi ljósi andans í öllum frumbýlingsskapnum og stritinu og líkamsábyggjunum og gróðahugsununum annars vegar og andleysis-gjálífinu hins vegar. Kirkjufélagsskap Vestur-Íslendinga er það vafalaust að þakka, fremur flestu öðru, hve haldgott íslenzkt þjóðerni reynist vestra, þrátt fyrir alt og alt. Og honum er það líka sjálfsagt að þakka, hve óvenju mikið Vestur-Íslendingar hugsa um andleg málefni, þó að þeir hugsi um þau ýmsir á annan veg, en kirkjufélagið ætlast helzt til.

Að þessum félagsskap hefir séra J.B. unnið með óþreytandi elju, stakri ástúð við vini sína, takmarkalausri óeigingirni og oft með glæsilegri orðgnóttarsnild. Vestur-Íslendingar hafa fundið til þess, að þeim hefir verið sæmdarauki að gáfum hans og mannkostum. Það vilja þeir muna honum. Og það eiga þeir að muna honum.

Nokkuð stór hópur manna í Winnipeg hefir skipað sér utan um séra J.B. af mikilli ákefð. En jafnframt er ekki því að leyna, að mjög margir kirkjufélagsmenn finna til þess sárt, að hann er að miklu leyti orðinn fulltrúi gamalla, úreltra hugsana, og að hann flytur ekki mál sitt af umburðarlyndi og þeim skilningi á málstað annara manna, sem æskilegt væri. Þeir vita það, að ýmsar kenningar, sem hann heldur dauðahaldi í, nú engri átt, að margsannað er um þær, að heyra til alt öðru þekkingar og menningarstigi en því, sem veröldin er nú á. Og þeim virðist, sem hann hafi, með harðyrðum sínum, gefið hinu mikla þjóðlífsmeini Vestur-Íslendinga, ribbaldaháttinum í ritmáli, nokkurn byr undir vængina.

Það er vandráðin gáta, hvernig það hefir atvikast, að þroski séra J.B. hefir orðið þann veg, sem raun hefir á orðið. Þegar hann kom út í lífið, virtist hann svo líklegur til skilnings á frjálslyndishugsjónir sinna tíma. Og ekki hefir hann skort hugprýði né drengskap til þess að standa við sérhvað það, er hann hyggur rétt vera. Hann hefir ávalt verið manna ólíklegastur til þess að mota sannleikann eftir þeim áhrifum, sem hann kynni að hafa á tímanlega hagsmuni sjálfs hans. Mér liggur við, að gera mér þá aðalgrein fyrir hinni taumlausu íhaldssemi séra J.B., að hún stafi af afar-einhæfum lestri. Ég er hræddur um, að lundin hafi verið rikari en svo, að hann hafi haft þolinmæði til þess að kynna sér samvizkusamlega þær skoðanir, sem honum veitti eitthvað örðugt að aðhyllast. Og að hugurinn hafi tekið með meiri og meiri fögnuði þörfri sálarfæðunni, sem hleypti hleypidómum sjálfs hans í spik. En hvernig sem það hefir atvikast, þá leynir það sér ekki, að séra J.B. hefir tekist að verjast miklu af því ljósi, sem þekking og vitsmunir þessara tíma hafa varpað yfir vandamál mannsandans. Og það hefir ávalt miklar og illar afleiðingar, þegar andans menn taka að verjast sannleikanum.

Séra Friðrik J. Bergmann er aðaleiðtogi þeirra manna, sem ekki geta til þess hugsað, að sá íhaldsandi verði alvaldur í kirkjufélaginu, sem þar hefir svo mjög ráðið lögum og lofum að undanförnu. Þroskabraut hans hefir farið í gagnstæða átt við andlegan feril séra J.B. Hann kom út í lífið sem íhaldsmaður, svo að mörgum stóð stuggur af, þegar þeir fóru að sjá, hve mikill maður var í honum. En þekkingarþorstinn var frá upphafi óslökkvandi. Hann hefir komið sér upp einhverju því bezta bókasafni, sem nokkur Íslendingur á. Og hann hefir verið stilesandi, þegar hann hefir haft nokkurt tóm til þess. Hann hefir ávalt haldið hug sínum í því ástandi, að hann hefir verið fær um að veita nýjum hugsunum viðtöku. Og nú er hann enn af allra-heztu merkisberum andlegs frelsis með íslenzkri þjóð vestan hafs og austan.

Um guðfræðisskoðanir hans get ég lítið sagt. Hann hefir ekki talað mikið um þær á prenti, síðan er frjálslyndis-hugsjónirnar tóku að ná valdi á hug hans. Sennilega eru þær að myndast, eins og algengast er um þá menn, sem eru að vaxa andlega. Hann hefir tekið í strenginn með vísindalegri rannsókn ritningarinnar, og þeim aðalályktunum, sem sú rannsókn hefir valdið. Í því efni hefir hann ekki farið lengra en guðfræðingar við alla mótmælenda háskóla Norðurálfunnar. Jafnframt er honum að verða það æ ljósara og ljósara, að eigi trúarbrögðin að halda gildi sínu í veröldinni, verði þau að hafa miklu meiri áhrif á fyrirkomulag þjóðlífsins, en þau hafa nú, þannig að olnbogabörnin verði engin með þjóðunum, eins og þau eru engin á góðum heimilum. Kenni trúarbrögðin ekki mönnunum þá list, að breyta heiminum, sem er, í hein eins og hann ætti að vera, eru þau að litlu eða engu gagni, segir hann í síðustu Breiðablikum, sem hingað hafa komið. Og loks leggur hann hina ríkustu áherzlu á umburðarlyndið. Játningar mannanna liggja honum sýnilega í létlu rúmi. Eru þeir kærleiksríkir og elska þeir sannleikann og réttlætið af einlægni? Það er honum aðalatriðið. Þeir menn eiga, eftir hans skoðun, að geta tekið höndum saman og staðið í bræðrafylking. Þeir menn, sem spilla fyrir þeirri samvinnu með hörðum dómum um trúarskoðanir annara manna, þeir eru að spilla fyrir guðs ríki, eftir því sem hann lítur á, hvað gott, sem þeim kann að ganga til.

Vitanlegt er það, að séu þessar skoðanir hugsaðar út í æsar, þá verða þær mjög ólíkar því, sem fyrir séra J.B. vakir. Eins og nærri má geta, botna sumir ekkert í því, sem er að gerast, vita ekkert, hvað menn eru að tala um. Í suma er það látið, að séra F. B. sé genginn af trúnni. Og þeir æpa í huganum, ef þeir gera það ekki annan veg. Aðrir æpa út af því, að séra J. B. sé óþolandi ófrelsisseggur, án þess að þeir hafi hugmynd um nokkurt frelsi. En jafnframt eru þeir áreiðanlega margir, sem sjá það og skilja, að hér eru gamlar hugsjónir og nýjar að heyja baráttu, og að breytingin, sem um er deilt, er mjög mikilsverð og afar-viðtæk. Sumir hugsa til þeirrar breytingar með fögnuði. Aðrir fælast hana.

Svo megn er andróðurinn gegn séra F.B., að það kom til orða á síðasta kirkjuþingi, eftir því sem fullyrt var vestra, þótt ekki væri það á þingfundi, að svíta hann kennarastöðu sinni við Wesley-skólann, vegna þeirra skoðana, sem hann hafði látið uppi, en að setja í þá stöðu mann, er ekki er kunnur að öðru, en illa rituðum ofsagreinum í vestur-íslenzku blöðunum. Mér væri það mikil gleði, ef þetta hefir ekki verið annað en flugufregn. Ég get hennar hér í því skyni sérstaklega, að menn fái tilefni til þess að mótmæla henni, ef hún hefir verið ósönn.

Víst er um það, að sagan barst út um bygðir Vestur-Íslendinga. Og hún vakti óhug. Menn spurðu sjálfa sig og hver annan: Er kirkjufélagið trúandi fyrir dýrri skólastofnun — sem ég mun minnast fáum orðum á síðar — ef þessi kennarastaða er í hættu við að verða káksoppur í höndum olsafenginna manna?

Vitanlega er ég ekki í neinum vafa um það, hvernig þessari baráttu, sem nú er byrjað að heyja með Vestur-Íslendingum, munni lykta. Mér kemur ekki til hugar, að unt verði að halda þeim, né neinum öðrum mönnum, við kenningar 17. aldarinnar um allar aldir. Annað mál er það, hve miklum kröftum sú barátta kann að eyða, hve langvinn hún kann að verða, og hve mikilli sundrung hún kann að valda. Sjálfsagt telur það hyrfir, að svo margir af prestum Vestur-Íslendinga hafa fengið mentun sína í lúterskum prestaskólum í Vesturheimi, sem hvarvetna eru orðlagðir fyrir íhald og þröngsýni. Sumir halda, að baráttan hljóti að kljúfa kirkjufélagið. Ég vildi óska, að svo færi ekki Ekki verður annað séð að svo stöddu, en að það mundi verða Vestur-Íslendingum mikill hnekkir.

Ekki hygg ég að neitt verði sagt um það að svo stöddu, hvoru megin fylgið sé almennara. Fráleitt hafa allir áttað sig enn. Þess er engin von. Trúarhug manna þar hefir lengstum verið haldið í svo föstum skorðum, að það væri ekkert undarlegt, að einhver ræki upp stór augu, þegar hann fyndi, að nú ætti að fara að losa um böndin. Og mönnum er ekki og getur naumast verið að fullu ljóst, hvert séra F.B. vill halda. Hann hefir fremur lokið upp útsýni en ákveðið stefnu. Og mörgum er svo farið, að þeir eru ekki ánægðir né öruggir, fyr en þeim hefir verið sagt vandlega til vegar. En þar sem ég kom, virtist mér þetta tvent langvíðast efst á baugi: Annars vegar löngun til þess, að láta séra J.B. njóta allrar þeirrar virðingar og viðurkenningar, sem hann á skilið, og til þess að varast að særa tilfinningar hans, — en hins vegar samúð með séra F.B. og þeim hugsjónum, sem hann heldur fram.

Eftir er að vita, hve fimleikurinn verður mikill, þegar á að fara að flétta þetta saman í framkvæmdinni. Ég þarf naumast að taka það fram, að ég óska að það takist sem bezt.

Stjórnarskráin.

Dýru verði var hún keypt,
vel má hana geyma,
er úr segulstáli steypt
stjórnarskráin heima.

Í gegn um hana háðsleg hróp
heyrir kona og beimur,
hún dregur að sér heilan hóp
úr heimsins álfum tveimur.

Í fóðri hennar flestir sjá
fornar, nýjar syndir.
Henni líka hamra á
að hálfu leyti blindir.

R. J. Davíðsson.

Minni Íslands 1908.

Ísland þig elskum vér,
ei annað verður spurt,
þó forlögin flyttu oss
frá þér langt í burt,
og vér óskum þú verðir frjáls
og fri,
fóstra vor, enn á ný.

Vestri úr, vora þökk
vist muntu lengi fá,
og vér þráum, þráum heitt
þér að dvelja hjá,
og vér óskum þú verðir frjáls
og fri,
fóstra vor, enn á ný.

Móðir vor, minning þín
mun vel geymast hér,
meðan kæra málið þitt
mælt af okkur er,
og vér óskum þú verðir frjáls
og fri,
fóstra vor, enn á ný.

Bænheyr oss, góði guð,
sem getur, getur alt,
gef að okkar eigið land
úr ánauð verði falt,
því oss vantar þú verðir frjáls
og fri,
fóstra vor, enn á ný.

Frelsið þitt, fóstra vor,
þú fáir þráum vér,
og vér mundum, mættum ef,
móðir, hjálpa þér,
og vér óskum þú verðir frjáls
og fri,
fóstra vor, enn á ný.

Móðir vor, vertu sæl,
verndi drottinn þig,
heitt þess biðjum, börnin þín,
bezt sem elskum þig,
og þau óska þú verðir frjáls
og fri,
FJALLKONAN, enn á ný.

A. St. Johnson.

Það kostar minna en 4 cent á viku

að fá HEIMSKRINGLU heim til þín vikulega árið um kring. Það gerir engan mismun hvar í heiminum þú ert, — þ v í HEIMSKRINGLA mun rata til þín. Þú hefir máske heyrt "að blindur er bóklaus maður", en ef þú mátt missa 4c. á viku fyrir HEIMSKRINGLU þá verður þú hvorugt. 4c. á viku eða $2 um árið. Skrifið eftir Hkr. nú þegar, til P. O. Box 116 Winnipeg, Man.

Tvö hundruð ára aldur.

Þeir, sem vildu vita, hvernig takast megi, að ná 200 ára aldri, og langar til að lifa svo lengi, ættu að kynna sér lífsreglur, sem Wu-Ting-Fang, sendiherra Kínverja til Bandaríkjanna, segir menn eigi að lifa eftir. Sendiherrann segir, að vandakaust sé að ná 200 ára aldri, ef menn fylgi settum lífsreglum, og séu að öðru leyti líkamlega heilbrigðir til að byrja með. Margir Kínverjar, bæði menn og konur segir hann að hafi náð þessum aldri, og sjálfur er hann ekki vonlaus um, að nálgast það aldurstakmark, eða jafnvel ná því, og að hafa þá nokkra leikbræður, er séu jafnaldrar hans. Til þess að ná þessu takmarki, segist hann fylgja stranglega þeim reglum, sem hér segir:

Hann byrjar dagsverkið án morg unverðar, og borðar að eins tvær máltíðir á dag. Hann neytir aldrei kjöts, en lifir á hrísgrjónum og brauði úr stórmöluðu hveiti. Með þessu hefir hann hnetur og garðávexti. Aldrei bragðar hann kaffi, te eða Cocoa, eða nokkrar sýkur eða sætabrauðs tegundir. Ekki heldur brúkar hann salt, því það segir hann að berði um of beinin í líkama mannsins og geri þau brothættari og endingarminni en ella. Ekki heldur neytir hann neinna vintegunda, og aldrei drekkur hann neitt með máltíðum, og að eins lítið eitt á milli þeirra. Hann leggur mikla áherzlu á nauðsyn þess, að tyggja vel fæðuna, áður en henni er rent niður. Á þann hátt segir hann, að allir Kínverjar neyti matar sins, og allir þeir, er hæstum aldri hafi náð, hafi búið við same kyns kost og hann lýsir. Þess utan hefir hann daglegar andardráttar æfingar og líkams hreyfingar. En mikla sjálfsafneitun segir hann að þurfi til þess að lifa þann ig. Og flestir segir hann að séu þeirrar skoðunar, að langlífi sé alt of dýru verði keypt með svo mikilli sjálfsafneitun, sem þetta hafi í för með sér, að búa við þennan kost, og flestir segir hann að heldur kjósi að deyja, þó þeir séu ekki orðnir nema 175 eða 180 ára gamlir og mega njóta gæða lífsins á meðan þeir tóri, heldur en að hanga við þennan heim svo sem 25 árum lengur og þurfa að búa við jafn auðvirðilegan kost og hann verði sjálfur að gera.

Þeir, sem ekki meta langlífi að neinu, og eru fúsir að deyja drottni sínum með 100 ára aldur að baki sér, geta það án þess að beita nokkurri sjálfsafneitun í matarhæfi. Þeir geta uppfylt list sína og löngun og lifað sælkeralífi og dáið sælkeradauða. En það telur sendiherrann áríðandi legt, að sá lánaðarmáti, sem hann sjálfur hefir, sé sá eini réttri til að ná hæstum aldri. Enda sé hann viðurkendur af öllum læknum og vísindamönnum um alt Kínaveldi.

Ýmsir aðrir menn hafa um sína daga sett reglur um lífnaðarhætti manna, til þess að ná háum aldri. Merkastur þeirra er læknir einn að nafni Thompson. Hann hélt fram því, að hver sem vildi gæti náð 100 ára aldrinum, og gaf út bók um það efni. En áður en hún var fullprentuð, andaðist læknirinn, þá 86 ára gamall. Ráðleggingar hans voru margar góðar, þó þeim beri að ýmsu leyti ekki saman við kínverska sendiherrann. Til dæmis ráðleggur Thompson fólki að neyta 4 máltíða daglega, og ekki hefir hann á móti kjötáti, heldur miklu fremur ræður til þess. En hann heldur því fram, að máltíðarnar ættu að vera litlar. Honum ber saman við alla fræðimenn, sem um þetta mál hafa ritað, í því, að fólk borði yfirleitt of mikið og olþyngi með því maganum og meltingarfærunum, og að þess eldri sem maðurinn verður, þess minna ætti hann að borða, og þess varkárari ætti hann að vera með það, hverrar fæðu hann neytir. Og helzt ræður hann til, að súpur séu aðalfæðan, með smekkbæti af garðávöxtum, fiski eða mjúku kjöti af fuglum. Um brauðið segir hann, að það skyldi jafnan vera ilað yfir eldi ("toasted"), þar til það sé hart orðið og stökt hvort sem það sé hvitt brauð eða móraudt.

Annars er það sannað, að ýmsir menn, sem lifað hafa óbrotnu lífi og verið sparneytnir, hafa náð háum aldri. Englendingurinn Parr varð 152 ára gamall, og hefði að líkindum lifað miklu lengur, ef hann hefði ekki, í vist hjá auðmanni, fallið í óreglu á síðustu árum æfi sinnar. Henry Jenkins, annar Englendingur, varð 169 ára gamall. Hann stundaði fiskiveiðar með öðrum mönnum, þegar hann var 100 ára að aldri, og vann þá algerlega fyrir sér. Þegar hann var 157 ára gamall, var hann vitni í máli fyrir lögrettu og hafði þá minni í fullkomnu meðallagi. En gáfumaður var hann aldrei, þó hann hefði nógu mikið vit til að fara vel með sig. Sælkeri var hann ekki, en lifði á alls kyns rusl-fæðu, og drakk súrmjólk óaflátanlega, en hún er talin mata bezt til heilsu og langlífis. Thomas Carn, sem andaðist í London árið 1588, er sagt að hafi verið 207 ára gamall, og í Pétursborgar blaði er getið um mann, sem andaðist árið 1813, þá yfir 200 ára gamall, og var þess þá þar getið, að margir þar í grand, bæði karlar og konur, hefðu náð 150 ára aldri. Alt þetta fólk var af bændaflokki og lifði á óbrjóstri, hoilsusamlegri fæðu, og hlífði sér hvergi við algeng störf. En alt hafði það verið sparneytið og vandlátt að því, að fæðan væri hrein og óskemd að öllu leyti.

— Kingdon, sonur G. J. Goulds, miljóna eigandans mikla, á að vinna um nokkurra mánaða tíma, sem algengur námamaður í Guanajuto námunum. Hann á að kynna sér alla náma aðferð, að meðtöldum klettasprengingum. Kennari hans verður Próf. Kemp, kennari í jarðfræði við Columbia háskólann. Ungi Gould hefir verið að læra verkfræði við skóla þennan hjá þessum kennara, en vill lá fullkomna verklega þekkingu í þessari fræðigrein, svo hann geti sjálfur stjórnað verki, þegar hann er orðinn fullþroma og fer að vinna með miljónir föður sins.

Hefir þú borgað Heimskringlu?

Department of Agriculture and Immigration.

MANITOBA

Þetta fylki hefir 41,169,089 ekrur lands, 6,019,200 ekrur eru vötn, sem veita landinu raka til akuryrkjuþarfa. Þess vegna höfum vér jafnan nægan raka til uppskeru tryggingar.

Ennþá eru 25 miljónir ekrur óteknar, sem fá má með heimilisréttí eða kaupum.

Íbúatala árið 1901 var 255,211, nú er hún orðin 400,000 manns, hefir nálega tvöfaldast á 7 árum.

Íbúatala Winnipeg borgar árið 1901 var 42,240, en nú um 115 þúsundir, hefir meir en tvöfaldast á 7 árum.

Flutningstæki eru nú sem næst fullkomin, 3516 milur járnbrauta eru í fylkinu, sem allar liggja út frá Winnipeg. Þrjár þverlandsbrautalestir fara daglega frá Winnipeg, og innan fárra mánaða verða þær 5 talsins, þegar Grand Trunk Pacific og Canadian Northern bætast við.

Framför fylkisins er sjáanleg hvar sem litið er. Þér ættuð að taka þar bólfestu. Ekkert annað land getur sýnt sama vöxt á sama timabili.

TIL FERDAMANNA:

Farið ekki framhjá Winnipeg, án þess að grenslast um stjórn ar og járnbrautarlönd til sölu, og útvega yður fullkomnar upplýsingar um heimilisréttarlönd og fjárgróða möguleika.

R. P. ROBLIN,
Stjórnarformaður og Akuryrkjumála-Ráðgjafi.

Skrifið eftir upplýsingum til

Joseph Burke 178 LOGAN AVE., WINNIPEG.
Jas. Hartney 77 YORK ST., TORONTO.

Winnipeg Fréttir

Fundir til að ræða um hluttöku Íslendinga hér vestra í sjálfstjórnarmáli íslenzku þjóðarinnar, hafa verið haldnir á þessum stöðum:

Í Bandaríkjunum — á Gardar, Mountain, Akra, Pembina og Blaine.

Í Canada — á Gimli, Winnipeg, Selkirk, Vancouver, Lundar, Narrows og Markerville.

Á öllum þessum fundum hafa samþyktir verið gerðar móti millilandanefndar frumvarpinu, og af flestum fundunum hafa símskeyti verið send til Blaðamanna félagsins á Íslandi um ákvarðanir fundanna.

Miss Margrét Johnson, frá Victoria, B. C., dóttir herra Arngríms Johnsons þar í borg, hefir um sl. mánaðartíma verið í kynnisför til frændfólks síns hér í Winnipeg, Baldur og North Dakota. Hún hélt heimleiðis aftur í gærdag og með henni nokkrar ungar stúlkur íslenzkar, sem ætla að dvelja á Kyrrahafsströndinni í vetur.

Nýkominn Austri segir, að Carl Kuchler hafi komið til Seyðisfjarðar þann 15. júlí, og að hann ætli að ferðast um Eyjafjarðar og Þingeyjarsýslur, og semja síðan lýsingu af þeim stöðum. Blaðið segir, að Kuchler hafi tekilt ferð þessa á hendur fyrir ferðamannabóka útgefandann Badecker. Í för með herra Kuchler er ungur námsmaður, Focken að nafni. — Að öðru leyti engar markverðar fréttir af landinu.

Þessa árs hveiti er farið að flutjast til Winnipeg. Hingað kom fyrsta vagnhlassið þann 17. þ.m., og var ágæt tegund. Daglega er nú vonað eftir nýju hveiti frá ýmsum stöðum í fylkinu.

Hve mannflutningar eru miklir til og frá þessum bæ má meðal annars marka á því, að á mánudaginn var komu með vagnlestum til þessa bæjar og fluttu út úr honum yfir 20 þúsund manns, á rúmum 6 klukkustundum, frá kl. 6 að kveldi til miðnættis. Þetta var að eins á C.P.R. brautinni, að C.N.R. brautar flutninguum alveg ótöldum. Óneitanlega bendir þetta á, að Winnipeg er að verða ein af stórborgum þessa lands.

FIMM HERBERGI eru til leigu fyrir $12.00 í húsi H. Gíslasonar, 573 Simcoe St.

Herra Jónas Hall, frá Edinburg, N. Dak., var hér á ferð í sl. viku áleiðis til Quill Lake í Saskatchewan. Hann sagði uppskeruhorfur syðra yfirleitt í löku meðallagi, — þurkar og hitar hafa verið þar heint of miklir. — Fundir hafa verið haldnir að Mountain og í Pembina bæ til að ræða sjálfstjórnarmál Íslands. Á báðum þeim fundum voru samþyktar einróma ályktanir gegu mill landanefndar frumvarpinu. Símskeyti höfðu verið send til Íslands frá báðum fundunum, er tilkyntu tillögur þeirra.

Úr bréfi frá Glenboro 20. ágúst '08: "Héðan fátt að frétta. Uppskeruvinna almennt byrjuð. Mannekla töluverð víða. Útlit fyrir, að hátt kaup verði borgað hér í haust. Uppskeran er góð allstaðar hér í nágrenninu, engar skemdir. Hagur fólks verður því góður á þessu hausti, ef haustvinna gengur vel".

Tíu þúsundir kaupamanna komu til bæjarins um síðustu helgi, og aðrar tíu þúsundir eru væntanlegar í þessari viku. Um 5 þúsundir manna eða meira voru áður komnar vestur.

Það, sem fundist hefir af leyfum þeirra, sem nýlega brunnu á gufuskipinu "Premier" úti á Winnipegvatni, hefir verið flutt til Selkirk, og var það jarðsett þar á sunnudaginn var.

HARPA, I.O.G.T., er að búa sig undir Tombólu, sem á að haldast 7. september næstk. Nánari auglýsing síðar.

Herra Kristófer Johnson, frá Chicago, sem hér hefir dvalið um nokkra mánuði og lék hér í Goodtemplara húsinu á sl. vetri, fór suður aftur til Chicago á mánudaginn var. Hann mun hafa í hyggju, að leika eitthvað af leikritum sínum í North Dakota, og máske einnig hér nyrðra, á næsta vetri.

Messað verður í Únitarakirkjunni næsta sunnudag þann 23. þ. m., á venjulegum tíma.

TVÖ HUNDRUÐ OG SEXTÍU KRÓNUR í íslenzkum bankaseðlum eru til sölu á skrifstofu Hkr.

Oak Point brautin.

Þeir McKenzie og Mann, eigendur Canadian Northern járnbrautarinnar, hafa verið hér í bænum um nokkra daga. Í viðræðum við herra McKenzie lét hann á sér skilja, að Oak Point brautin mundi verða framlengd um 50 mílur á næsta ári, og svo aðrar 50 mílur seinna, í náinnri framtíð. Ekkert ákveðnara loforð vildi hann samt gefa að svo stöddu. En viðbúnað mun félag hans hafa, til að skýra sendinefnd frá Posen héraðinu, sem væntanleg er hingað í þessari viku til þess að krefjast framlenginga á þessari braut, — frá fyrirætlun sinni þessu máli viðvíkjandi, og máske einnig gefa henni eitthvert ákveðið loforð um framlenginguna.

Skemtiferð.

Kvenfélagið GLEYM MÉR EI ætlar að hafa skemtiferð á skrautskipinu "Alberta" þann 28. þ. m. Skipið fer frá Norwood brúnni kl. 8 að kveldi og heldur suður í Riverside Park. Góð musik og dans verður á bátnum, og all-löng viðstaða í Parkinu, þegar þangað er komið.

Konurnar vona, að landar vorir sýni þeim sama velvilja, og þeir hafa áður gert, og sæki þessa skemtiferð vel.

Aðgangur fyrir hvern farþegja 50c. Allir koma heim fyrir miðnætti.

Brúkið blek.

Svo margir eru nú teknir upp á því, að senda Heimskringlu bréf og greinar ritaðar með ritblýi, og sem í mörgum tilfellum er sem næst ólæsilegt, þegar það kemur hér á skrifstofuna, að ég finn mig neyddan til að mælast til þess, að þeir sem senda bréf eða ritgerðir til birtingar í blaðinu, vildu skrifa MEÐ BLEKI, svo að það verði nægilega skýrt til aflesturs fyrir stílsetjara blaðsins og aðra, sem um það þurfa að fjalla.

B. L. BALDWINSON.

Ísland.

Ræða flutt á Íslendingadegi í Markerville, Alta., 3. ágúst 1908.

Eftir J. J. HÚNFORD.

Forstöðunefnd þessa hátíðahalds hefir óskað, að ég segði hér fáein orð í dag, og einungis fyrir þá sök, að mér þykir all-illt að neita um lítið liðsinni, þá vil ég reyna að gera afsökun mína, — en ekk fyrir það, að ég í neinn stað finni mig freran til þess, langt frá. En svo verður nú hver að koma til dyranna eins og hann er klæddur.

Ég á að tala um Ísland. Ég á að tala fyrir minni þess í mínni vor allra Íslendinga, sem lifum í þessu héraði, — landsins, sem liggur í þúsund mílna fjarlægð "norður við heimsskaut í svalköldum sævi". Ég á í dag að tala um vort gömlu, góðfræga ættland. Um landið, sem geymir í skauti sínu hin kynsælu, gömlu, norrænu mikilmenni, forfeður vora. Um landið, heimsfræga og sögurika, hvers gullaldarfrægð og frami [illegible] sem leiptur um nótt, langt fram á horfinni öld". Það er þetta undraland, sem vér helgum þenna þjóðminningardag vorn.

Sérstaklega í dag svífur hugur vor héðan úr fjarlægðinni, yfir fjöll og firnindi, yfir vík og voga, yfir hið ólgandi haf, að ströndum hinnar hvítfölduðu eyjar, heim í hina ógleymanlegu átthaga vora. "þar sem að vorar vöggur áður stóðu", þangað sem flestir af oss hinum eldri, lifðu sína sælustu daga. Þangað, sem oss dreymdi vora sælustu drauma. Hvernig sem vér lifðum hér, hvernig sem lífskjör og ástæður hvers einstaklings væru, þá samt myndi hugur vor ekki geta varist þess, hlaðinn ýmsum minningum löngu liðinna tíma, að hverfla með innileik um fornar æskustöðvar. Og hve margar endurminningar eigum vér þá ekki, all-flestir af oss. Jú, vissulega, ógleymanlega fagrar og unaðsríkar myndir standa þá fagurt dregnar í huga vorum. Hve marga undurfagra sólskinsdaga æskunnar sjáum vér þá ekki? Verður oss ekki minnisamt, hvernig hin óviðjafnanlega, tignarlega náttúra Íslands með öllu sínu skrauti og öllum sínum segulkrafti eins og dró oss að sér, og vafði oss sínum ástarörmum á vormorgni æskunnar, með slíkum fjálgleik, sem móðir barn? Hin tignarlega, undrafagra, en þó jafnframt stórkostlega, mér liggur við að segja, tröllslega nátt úra Íslands, myndi hún ekki æ og iðulega standa oss hlandi fyrir hugskotssjónum, myndi hún ekki skarpt dregin, djúpt rist á minningaspjöldum löngu liðinna tíma? Vel veit ég, að sumum kann að þykja sem það sé ofsagt, nær ég segi, að ekkert land eigi tignarlegri, fjölbreyttari né stórfengilegri náttúru en Ísland. En ég þori að fullyrða, að þótt oss væri unt þess, að standa í Hlíðskjálf alltrar veraldarinnar, og líta þaðan yfir alla hina undursamlegu aldingarða hennar, þá samt myndi hin goðkynjaða náttúra Íslands verða oss helgust, minnilegust og hugnæmust alls þessa. Þetta er líka það, sem er viðurkent af flestum útlendum mönnum, sem ferðast hafa á Íslandi. Þeir dást að náttúrufegurð þess, og þeir gefa fullkomlega í skyn, að landið geymi í sér hulda auðlegð, sem liggur arðlaus, mest af þeirri ástæðu, að landsmenn vantar bæði fé og verklega kunnáttu til að framleiða þessa auðlegð.

Ekki ósjaldan hefir því verið haldið fram, að ekki sé hægt að lifa á Íslandi, möguleikinn til þess væri svo lítill, náttúran svo illa lynt, að ekki væri við hana búandi og land svo hart og hrjóstrugt, að það launaði ekki erfiði mannsins. En skyldu þeir nú enn ekki vera alt of fáir, sem hafi næga þekkingu og praktiska kunnáttu til að framleiða og nota þessi auðæfi, — skyldu þeir ekki vera enn í miklum minni hluta? Og hvernig er það þá sanngjarnt, að heimta af Íslandi það, sem ekki verður með réttu heimtað af nokkru landi?

Vel má vera, að þetta sé nokkuð einhliða skoðað, þá er þó eitt víst, að þrátt fyrir fátækt og óblíðu náttúrunnar, þrátt fyrir það þótt vort kæra ættland sé ömurlega áskekt og út úr skotið, og eigi því, eða að minsta kosti hafi átt, legu sinnar vegna, örðugt með að standa í framfaralegu sambandi við hinn mentaða heim, — þrátt fyrir það, segi ég, hefir þó Ísland fengið fræga viðurkenningu, og það hjá hinum mentuðustu þjóðum.

Á bókmentahimni þjóðar vorrar blika sérstaklega tvær stjörnur, sem senda geisladýrð sína út yfir allan hinn mentaða heim. Það er sagan og vort gömlu, fagra móðurmál. Engin þjóð, ekkert land, hversu voldugt og viðlent sem er, hefir geymt sögu þjóðar sinnar eins vel, því síður betur en Ísland, og ekki einungis sína eigin sögu, heldur að miklu leyti allra Norðurlanda, og ekkert land hefir heldur átt jafn-fræga sagnaritara sem Ísland. Snorri er enn uppi meðal hinna mestu sagnfræðinga Norðurálfunnar, þeir taka hann til fyrirmyndar og spyrja hann hvað sé réttast og sannast í fornfræðinni. Það er ekki ofsagt, að hnir mestu rithöfundar og vísindamenn heimsins mestu þjóða keppast um, að láta geislaskin bókmenta vorra verma og upplýsa bókmentir þjóða sinna. Þeir eru svo hrifnir, svo hugfangnir fyrir bókmentum vorum, að þeir taka hvern íslenzka rithöfundinn á fætur öðrum í sagnfræði og skáldfræði og þýða á hin stærstu tungumál heimsins. Þeir una því ekki, þola það með engu móti, að gullið í bókmentum vorum geta ekki orðið eign þjóða sinna. Slíkar eru bókmentir Íslands.

Víst er um það, að landnáms- og söguöld Íslands má með réttu nefnast gullöld þess. Þá stóð frægð þess og frami með sem mestum blóma, undir frjálsri lýðstjórn. Þá ríkti frelsi og frægð, drengskapur og dáð. Má kalla, að vegur Íslands væri þá sem mestur, nær því um 400 ára tímabil. En svo komu hinir myrku miðalda tímar, sem aðallega hófust við afskiftu Noregs konunga af Íslandi. Þá var landið smámsaman lagt í dróma kúgunar og ófrelsis. Hnignaði þá sjálfstæði þjóðarinnar, og mannáð og drengskapur gengu til þurðar. Sjálfstjórn og lögskipan landsins, var þá fótum troðin og fengin í hendur útlendum harðstjórum, sem ekkert hugsuðu um velferð lands og þjóðar, en lótu greipar sópa um eignir landsmanna. Þá var flutt burt af Íslandi svo mikið fé, að eigi verð með tölum talið, og kastað á kon ungsvald. Þá lét kirkjan og klerkavaldið eigi síður til sín taka, heldur tók höndum saman við hina rángjörnu stjórnarsinna og sölsaði óspart undir sig óðul og eignir landsmanna, hvar sem tækifæri bauðst. Samhliða óstjórn og kúgun dundu þá yfir landið ýmsar plágur, harðæri, eldgos og drepsóttir, svo nærri lá, að landið færi í auðn. Segja annálar Íslands, að mannfjöldinn hafi vart náð 30 þúsundum. Samt orkuðu ekki öll þessi eyðileggingaröfl, að gereyða hinni undirokuðu, kynsælu og þrek miklu þjóð. Að vísu grúfðu dimm dauða og hörmunga ský yfir landi og lýð, og það langt fram á síðastliðna öld. Endur og sinnum heyrðust að vísu raddir hinna fáu framúrskarandi manna þjóðarinnar, sem reyndu að vekja hana til meðvitundar um ástand sitt, en hugsunarháttur og þrek þjóðarinnar var svo lamað af ofbeldi og kúgun, að lítið vanst á. — Það er fyrst um miðja næstliðna öld, að hólar á mínustu sjálfstæðisþrá meðal hinnar íslenzku þjóðar, en aðallega hefst viðreisnar barátta Íslands með Jóni Sigurðssyni, hann var lifið og sálin í frelsis og sjálfstæðis baráttu Íslands. Honum er það aðallega að þakka, að Ísland hefir fengið miklar umlætur, ekki einungis á stjórnarfyrirkomulagi, heldur einnig að því er mentamál og verzlun áhrærir, sem hvörftveggja hefir tekið svo ósegjanlega [illegible] fram á hinum síðasta aldartjórðungi, [illegible] er engu til að jafna við það, sem áður var. Alt eru þetta ávöxtir af starfi hinnar miklu frelsis og framfara hetju, sem lifði og vann fyrir Ísland, sem ætíð var sómi þess, sverð og skjöldur.

Herra forseti, konur og menn! En þótt minningar liðinna tíma séu oss þ[illegible]ersku minni, þá er það þó sérstaklega á þessum degi, þessari þjóðhátíð vorri, að vér minnumst fast og innilega vorrar kæru, ógleymanlegu ættjarðar. — Þetta ár er stórmerkilegt í sögu lands vors og þjóðar. Þetta ártal mun verða minnisstætt öllum sönnum íslenzkum sonum og dætrum. Nú er sett á dagskrá Íslands, háalvarlegt spursmál. Þar verður innan skams teningunum kastað um líf eða dauða. Um líf eða dauða lands og þjóðar verður barist innan lítils tíma. Nú á hin íslenzka þjóð að skera úr því, hvort Ísland skuli verða fullveðja ríki, með lýðstjórnar fyrirkomulagi, óháð öllu annarlegu valdi, eða það skuli nú eftir nærfelt uppbaldslausa frelsisbaráttu í meira en hálfa öld, verða dritsker Dana, fjötraðs óslitandi þrældóms og ánauðarhlekkjum um aldir fram. — Hárin risa á höfðum vorum við þessa talbugsun. Sannarlega er að tefla um líf og dauða alls þess dýr mætasta, sem Ísland á til. Í klónum á Dönum verða Íslendingar sem skrælingjar á skeri norður í ishafi, eftir nokkra tugi ára svilt ir frelsi og frægð, þjóðerni og tungumáli.

Allir Vestur-Íslendingar fylgja með sterkum áhuga heimaþjóðinni í þessu óumræðilega stóra velferðarmáli Íslands. Þeir finna sárt til þess, að vera nú sökum fjarlægðar hindraðir frá, að taka þátt í hinum mannsæma bardaga. Þeim er ekki sama um sigur eða ósigur Íslands, og sigur eða ósigur þess er nú að öllu leyti kominn undir því, hve vel hinni íslenzku þjóð ferst að fylkja sér, hve ant hún lætur sér um, að skipa þeim í þrjóst fylkingar, sem fastast og bezt halda fram lands og þjóðar réttindunum.

Vér Íslendingar, sem búum í Alberta héraði, og sem flestir erum hér samankomnir á þessum hátíðisdegi vorum, til að heiðra minningu vors kæra ættlands og þjóðernis, sendum heimaþjóðinnni, — bræðrum vorum og systrum á Íslandi, innilega kveðju og árnum þeim blessunar og heilla, árnum þeim sigurs í stríðinu fyrir hinum rétta og sanna málstað.

Í bróðerni og kærleika skorum vér á alla þá Íslendinga, sem unna frelsi, réttlæti og sjálfstæði, að hefjast nú handa. Látið sjá, hopið nú ekki. Yðar heróp sé sem einum munni yfir land alt þetta: "Ísland sé fullveðja ríki, með frjálsu lýðstjórnar fyrirkomulagi, óháð öllu annarlegu valdi". Sendið heim lyddurnar, hrakmennin, sem brugðust traustri yðar, sem þér trúðuð til að verja yðar helgustu þjóðréttindi, — mennina, sem ekki vilja vita yður frjálsa menn í frjálsu landi. — Kjósið að eins þá á þing, sem hafa dug og drengskap til að verja rétt lands og þjóðar. Gefið ekki tækifæri þeim, sem vilja svíkja land og lýð. Og enn, kæra íslenzka þjóð, nú eru hættulegir tímar, gættu þín!

Ó, Ísland, vor kæra ættjörð! Vér finnum til þess og viðurkennum það, að ekkert á þessari jörðu stendur nær hjarta voru en þú. Vér viljum heils hugar taka þátt í kjörum þínum, stríðum sem líðum. Vér munum ætíð reiðubúnir, að sýna þess glögg merki, að ættjarðarástin sé svo djúpt gróðursett í hugum vorum og hjörtum, að vor fyrsta og síðasta hugsun sé sú: Að finnast sannir Íslendingar í framandi landi, sem ávalt séum viljugir til þess, að halda uppi heiðri vorrar hvítfölduðu móður. Án þess gætum vér naumast kallast sannir Vestur-Íslendingar. Á þessari stundu og æfinnlega skal það vort íslenzka heróp, sem skáld ið kvað:

"Tengjumst trygðaböndum,
tökum saman höndum,
stríðum, vinnum vorri þjóð".

Með þeirri von og trú, að Ísland eigi enn fagra framtíð fyrir höndum og að minning þess verði heiðruð og elskuð hvar sem íslenzkur blóðdropi rennur í mannsæðunum, segjum vér:

Lengi lifi Ísland!

Byrjaður aftur í minni gömlu Búð

Og hef þar nú fyllstu byrgðir af allskyns karla og drengja alfatnaði, skótau og allskyns karlmanna nauðsynjum. Einnig kistur og töskur; ýmsar stærðir.

Ég býð hérmeð öllum Íslendingum í Vestur-Winnipeg, — gömlum og nýjum viðskiftavinum, — að koma og skoða vörubyrgðir mínar. Ég get fullvissað yður um, að þér getið keypt eins ódýrt hér eins og í nokkurri annari búð í þessari miklu borg. Ég skal gera yður ánægða. MUNIÐ! að þetta er ekki í fyrsta sinn sem ég verzla í þessari búð. Margir Ísl. þekkja mig síðan ég var hér áður.

Búð mín er nú opin og ég vona að sjá yður alla hér þessa viku. Staðurinn er 641 Sargent Avenue, mitt á milli Agnes og McGee stræta.

J. Bloomfield,
641 Sargent Avenue.

Dr. G. J. Gislason,
Physician and Surgeon
Wellington Blk. - Grand Forks, N.Dak
Sjerstakt athygli veitt AUGNA, EYRNA, KVERKA og NEF SJÚKDÓMUM.

Hubbard, Hannesson and Ross
LÖGFRÆÐINGAR
10 Bank of Hamilton Chambers
Tel. 378 Winnipeg

ARNI ANDERSON Íslenzkur lögmaður
í félagi með
Hudson, Howell, Ormond & Marlatt
Barristers, Solicitors, etc.
Winnipeg, Man.
13-18 Merchants Bank Bldg. Phone 3621, 3622

BONNAR, HARTLEY & MANAHAN
Lögfræðingar og Landskjala Semjarar
Suite 7, Nanton Block. Winnipeg

G. M. Bjarnason
Málar, leggur pappír og gerir "Kalsomining. Óskar við skifta Íslendinga.
672 AGNES ST. TELEFÓN 6954

Stefán Guttormsson,
Mælingamaður
668 AGNES STREET. WINNIPEG
29-8-8

Boyd's Brauð
Aðferðin við samblöndun brauða vorra og sinnig á bökun, er langt um fullkomnari en gamla aðferðin hjá algengum bökurum.
Engin mannleg hendi snertir brauð vor frá því mjölið fer úr sekknum og þar til þau koma úr bökunarofninum
Talsimið oss pantanir yðar eða hafið tal af einhverjum af vorum 20 keyrslumönnum.
Boyd's
Bakery Cor. Spence & Portage Ave
Phone 1030.

Hver þvær og hreinsar Fötin ydar?
Hversvegna að fara í Kína-kompurnar þegar þér eigið kost á að fá verkið gert betur, og alt eins ódýrt, í hostu og heilsusamlegustu þvottastofnun, þar sem aðeins hvítt vinnufólk er haft og öll hreinustu efni notuð
Vér óskum viðskifta yðar
The North-West Laundry Comp'y Ltd.
Hreinsarar og Litarar
COR. MAIN & YORK FÓN 5178

The Dominion SECOND HAND STORE
Ágætur brúkaður fatnaður og húsmunir. Ísl. töluð.
555 Sargent Ave. Winnipeg

J. G. Snydal, L. D. S.
ÍSL. TANNLÆKNIR
COR. MAIN & BANNATYNE
DUFFIN BLOCK PHONE 5302

Íslenzkur Kjötsali
Hvergi fæst betra né ódýrara KJÖT en hjá honum,—og þú munt sannfærast um að svo er, ef þú aðeins kaupir af honum í eitt sinn.
Allar tegundir. Óskar að Ísl. hejmsækji sig
CHRISTIAN OLESON,
666 Notre Dame Ave. Telefón 8796

A. S. BARDAL
Selur líkkistur og annast um útfarir. Allur útbúnaður sá bezti. Enfremur selur hann allskonar minnisverða og legsteina.
121 Nena St. Phone 306

Antonio De Landro
SKÓSMIÐUR, á horni Maryland og Wellington (bak við Aldinabúð.) Verk vandað og verð rétt.

Middlechurch Ferjan.
— GUFUSKIPIÐ —
Alexandra
fer á hverjum laugardegi eftir hádegi til Middlechurch Ferjunnar. Skipið fer frá Lombard St. kl. 2.30 og kemur við hjá Selkirk Avenue klukkan 2.45.
Te og hressingar fást um borð
Skemtiferð á hverju kveldi
Fer frá Lombard St. kl. 8.10, viðkoma hjá Selkirk Avenue kl. 8.25. Hljóðfæraflokkur spilar á bátnum fyrir dansinn. Fargjald, báðar leiðir aðeins 25c.

Royal Optical Co.
327 Portage Ave. Winnipeg. RÉTT Á MÓTI EATON'S BÚÐINNI.
Beztu Augnfræðingar 1248
Öll nýjustu og bezt reynd verkfæri notuð. Höfuðverkur sem stafar frá augunum, áreiðanlega læknaður. Sanngjarn kostnaður.
AUGU SKODUD KOSTNADARLAUST.

LAND

Vér höfum nýlega fengið til sölu yfir 30 Section-fjórðunga, liggjandi að Oak-lands brautí C. N. R. línunni. Verð-ið er frá $7.00 til $12.00 hver ekra. Ekkert af löndum þessum eru meir en 5 mílur frá járnbrautinni.

Skuli Hansson & Co.
Skrifst. Talsími 6476. Heimilis Talsími 7274

Heimskringla.

Alt landið

er ábyrgst að vera jarðyrkju land af bestu tegund, og fæst keypt með vægum afborgunar skilmálum. (N.B.—Lesið fyrripart þessarar augl. vinstramegin við Hkr. nafn.)

Frekari upplýsingar veita

Skuli Hansson & Co.
56 Tribune Building. Winnipeg.

XXII. ÁR. WINNIPEG, MANITOBA, FIMTUDAGINN, 27. ÁGÚST, 1908 NR. 48

TAKIÐ EFTIR

auglýsingu þeirra Clemens, Árnason & Pálmason á þessum stað í næsta blaði. Festið þetta á minnið

Fregnsafn.

Markverðustu viðburðir hvaðanæfa.

Gabriel Gustafsson, aðstoðarmaður við forngripasafnið í Kristaníu, hefir nýlega fundið gamalt fornvíkinga likisterðaskip í hóli einum nálægt Esbergi, og sem talið er að vera 1100 ára gamalt. Skip þetta er 70 fetta langt og 16½ feta breitt, og er í góðu ástandi, svo vel hefir það geymst í hólnum. Í liksal skipsins fundust beinagrindur af tveimur konum. Fundur þessi er talinn mjög merkilegur, og er nú skipið geymt í forngripasafninu í Kristianiu.

— Austræna sýkin geysar nú um suður og austurfylki Rússlands. Stjórnin hefir gert ráðstafanir til, að stemma útbreiðslu hennar stigu.

— Gufuskipið Lusitania hefur í þessum mánuði farið yfir Atlantshaf á styttri tíma, en nokkru sinni fyr. Ferðin milli landa var gerð á 4 sólarhringum, 15 klukkustundum og 25 mínútum.

— Þingið í Belgíu hefir samþykt, að gera Congo-ríkið að hluta af konungsríki Belgíu. Ríki þetta var áður í umsjá Belgíu konungs, og þótti þá stjórnað illa. Nú vonar Belgía að bæta þar alt ástandið framvegis.

— Mál hefir verið höfðað í Montreal út af því, að Imperial Coal and Coke Co., í East Kootenay, B. C., hefir selt manni að nafni James W. Pyke 4 miljónir dollara virði af kolatekju löndum þar vestra fyrir einn dollar. Mr. Andrew Laidlaw, í Spokane borg, í Washington ríki, er einn af hluthöfum félagsins, en var ekki á fundi, þegar þetta var gert, og er sölunni andvígur. Hann er miljóna eigandi, og hefir höfðað mál á eigin reikning til þess að fá hana ónýtta.

— Tvö hungruð ljón réðust nýlega á fjölskyldu í smábæ í Mexico ríki, og drápu hana og átu 2 börn. Hljóð fólksins yöktu athygli nágranna á þessum atburði, en hjálp kom of seint. Ljónin komust ótneidd aftur til fjalla.

— Þess er getið, að stjórnin í Persíu hafi stofnað sendiherra embætti í Athenu borg á Grikklandi, eftir að Persar hafa verið þar sendiherralausir í 2399 ár.

PURITY FLOUR

AÐ BAKA BEZTA BRAUÐ

er meira en vísindi og meira en list.

En það má gerast fljótlega og áreiðanlega með því að nota

PURITY FLOUR

Það er malað úr bezt völdu Vestur-Canada Hörðu Hveitikorni; er algerlega hreint og svo ilmandi kjarngott.

ALLIR ÍSLENZKIR KAUPMENN SELJA ÞAÐ

WESTERN CANADA FLOUR MILLS CO.,
LIMITED.
WINNIPEG, —— CANADA.

— Átta þúsundir skipagerðarmenn á Þýzkalandi, sem fyrir nokkrum tíma gerðu þar verkfall til þess að fá hvorttveggja í einu: hækkuð vinnulaun og fækkað vinnutímum, — hafa nú aftur tekið til starfa. Vinnuveitendur hótuðu að loka öllum verkstæðum sínum, og svifta 60 þúsund manna atvinnu, ef verkfallið hélzt áfram. En það hefði komið í bága við skipagerða áætlun stjórnarinnar.

— Þann 16. þ.m. var Lystur úr fangelsi á Þýzkalandi, eftir að hafa útent 4. ára dómstímabil sitt þar, skósmiður nokkur að nafni Wilhelm Woight. Þessi maður hafði áður verið nokkrum sinnum í fang elsi. En í október 1906 keypti hann gamlan herforingjafatnað. Hann fór í búningnum, lokaði skósmíðaverkstæði sinu og lagði af stað til Koepenick bæjar. Þegar hann kom til bæjarins, mætti hann hóp hermanna, sem verið höfðu við æfingar. Hann sagði þessum mönnum, að hann væri sendur frá keisaranum til þess að handtaka borgarstjórann þar í borg, og heimtaði, að þeir fylgdu sér að ráðhúsinu. Þegar þar kom, var borgarstjórinn að halda fund. Woight sagðist þar kominn sem sendimaður stjórnarinnar til þess að taka borgarstjórann fastan, þar eð upp hefði komist um hann glæpsamleg meðferð borgarfjárins. Jafnframt heimtaði hann, að sér væri tafarlaust fengið í hendur fé það alt, sem þá var til í bæjarfjárhyrslunni Og hvbrttveggja þetta var strax gert, bæði að taka borgarstjórann fastan og að afhenda Woight sjóð borgarinnar til geymslu, þar til búið væri að hefja rannsókn í málinu. Engum datt í hug, að efa vald þessa óþekta aðkomumanns, sem hafði hóp hermanna að baki sér, og Woight fékk þar 8 þúsund mörk og nokkur verðmæt skjöl, er hann tók með sér Síðan skipaði hann svo fyrir, að handtaka skyldi alla bæjarráðsmenn og flytja þá ásamt borgarstjóranum til Berlínar. Þetta var gert, og þegar þar kom, þá fyrst komst það upp, hve illa skóarinn hafði leikið á hermennina og borgarráðið í Koepenick bæ. Fyrir þetta ávann hann sér bæði frægð og fangelsi.

— Tveir eldar í Minneapolis þ. 21. þ. m. gerðu 80 þúsund dollara eignatjón. Einn Kinverji misti lífið við tilraunir sínar að slökkva eld, sem læst hafði sig í þvottahúsi hans. Við það verk brendist Kinverjinn svo mjög, að hann lifði að eins skamma stund.

— Frétt frá Vancover, dags. 13. þ. m., segir, að íslendingur að nafni Joseph Anderson hafi þann dag skotið tvo menn í Vernon bæ i British Columbia. Annar þessara manna, J. R. Leighton, beið bana, en hinn J. R. Brown, særðist. Morð þetta var framið út af missætti, sem orðið hafði milli mannanna við umtal um vatnsveituskurði þar í grendinni.

— Eitt af gufuskipum White Star línunnar var í þessum mánuði stöðvað í miðju Atlantshafi meðan skipslæknirinn gerði holdskurð á konu nokkurri, sem var farþegi með skipinu. Skipið var stöðvað á ferð sinni 3 kl.stundir, meðan verkið fór fram.

— Nýafstaðnar almennar kosningar á Cuba hafa komið Conservative stjórn þar að völdum. Um 420 þúsund atkvæði voru greidd þar á eynni.

Nýlega andaðist maður á spítala í New York. Bæði læknirinn og hjúkrunarkonan, sem stunduðu hann, sögðu hann dauðan. Nokkuru seinna var til reynslu spýtt í hann einum tíunda úr "grain" af Strychnine, og við það vaknaði hann til lífsins, og er nú á batavegi.

— Tveir Japanar voru nýlega teknir nákvæmt herkvium Rússa hjá Vladivostock. Þeir höfðu í fórum sínum nokkurn veginn nákvæma uppdrætti af virkinu.

— Á laugardaginn var leysti borgarstjórinn í Boston, Mass., 551 manns úr fangelsi, til þess að fá þar rúm fyrir nýtekna fanga. Römm glæpaalda sýnist að vera að ganga yfir það riki um þessar mundir, svo að lögreglan hefir ekki við, að handsama þá, er sekir gerast, en nær þó svo mörgum, að fangelsin rúma þá ekki. Þess vegna er þeim slept, sem sekir gerast um smávægilegust lagabrot, en hinum haldið meðan húsrúm er fáanlegt fyrir þá. Yfirvöldin segja þetta óræku vott um þröngar einalegar kringumstæður alþýðunnar þar eystra.

— Þýzka stjórnin hefir keypt einkarétt til að búa til og nota nýtt sprengiefni, sem verkamaður einn í Munich borg hefir uppgötvað, og sem kvað vera afar öflugt. Með minna en ½ pundi af efni þessu var bræddur blýklumpur yfir 100 punda þungur, og steinn, sem var stærri en 3 teningsmetrar, var sprengdur í smámagnir með 3 pundum af þessu efni.

— Andrew Carnegie bauð nýlega að gefa $125,000 til stofnunar í Berlín á Þýzkalandi til þess að lækna tæringarsjúklinga, ef jöfn upphæð hæfist saman í peningum með samskotum. Borgarbúar þar gáfu strax 100 þúsund dollara, og við það hefir setið, þar til nú, að keisarinn hefir gefið 25 þús. dollara, svo að sjóðurinn er nú orðinn nógu stór.

— Sex börn brunnu til bana, og 2 brendust, svo að þeim er ekki hugað líf, í húsbruna, sem varð á heimili þeirra þann 20. þ.m. í Colfax bygð í Washington ríki. Tvíbýli var á bænum. Bændurnir voru að heiman við þreskingar en mæðurnar höfðu farið á leik [illegible] og skil ið börnin ein eftir. [illegible] er elztu stúlkurnar af 8 börnum [illegible] áðu sig út úr eldinum, en m[illegible] uðu ekki að bjarga hinum.

— Nýlega er látinn í Torontoborg séra Joseph Wild, sem um mörg ár var prestur einnar kirkju þar. Hann var einn af stórgáfuðustu og lærðustu mönnum prestastéttarinnar í þessu landi.

— Fljótvaxnasti bær, sem sögur fara af, er bærinn Wilkie í Saskatchewan fylkinu. Hann er vestan við Saskatoon á Phesant Hill braut C.P.R. félagsins, við efri enda Trampings vatns, og í mjög frjósömu akuryrkju héraði. Bær þessi er enn ekki orðinn 100 daga gamall, síðan fyrsta hús var reist þar, en þó eru þar nú 57 byggingar. Þar á meðal eru þar nú 2 vönduð hótel, 6 stórar sölubúðir og ýmsar viðgerða stofnanir. Að eins vantar þar nú fatabúð, en hún er væntanleg innan fárra daga Landið umhverfis bæinn hefir verið ræktað í nokkur ár, og hefir gefið bændum góðan árð. Menn voru því fljótir, að byggja upp bæinn, þegar þeir voru búnir að taka sig saman um, hvar hann ætti að vera.

— Bæjarstjórnin og inúarar í Calgary, hafa gefið íbúum Fernie bæjar, sem nýlega brann að mestu leytu til grunna, 6 þúsund dollara í peningum, og að auki mesta kynstur af rúmfatnaði, fötum, fataefnum og matvælum.

— Fjögur þúsund skraddarar í New York borg hafa gert verkfall, sem mótmæli gegn kauplækkun. Í Brooklyn og Manhattan hafa og skraddarar gert verkfall í 50 verkstæðum, af líkum ástæðum.

— Séra Mason Brooks, svertingjaprestur, 130 ára gamall, prédikaði í kirkju í Somerville, N.J., á sunnudaginn var. Hann kvaðst hafa verið fæddur árið 1777, og eitt sinn hafa haft þá æru, að halda í tauminn á hesti George Washingtons, þegar hann hafði verið á ferð í sveit hans.

— Rússar hafa á ný tekið japanskt selveiðaskip fyrir ólöglega veiði við Copper eyju. Skipið var sent til Vladivostock, og koin þangað 1. þ.m. Sex af skipverjum voru dæmdir til dauða. Um þennan dóm farast japönskum blöðum svo orð, að ef Rússar drepi selveiðamennina, þá muni það leiða til ófriðar með þjóðunum. Þau segja, að til sé japanskur málsháttur, sem segi, að jafnan sé hætt við að blæði úr gömlum sárum, og að Rússar muni fá að kenna á því.

— T. W. Burgess, enskur sundmaður, reyndi þann 21. þ.m. að synda yfir sundið milli Englands og Frakklands. Hann fór í sjóinn hjá Dover kl. 1 að morgni, en var tekinn upp í bát kl. 11.45 að kveldi, án þess að hafa náð landi hinum megin. Hann var þannig á sundinu nær 23 klukkustundir sam fleytt.

Afturkallað fundarboð

Síðan ég í Heimskringlu auglýsti og kvartaði undan neitun Íslendingadagsnefndarinnar að veita úr Íslendingadags sjóðinum fjárupphæð þá, sem til þess þurfti, að borga kostnaðinn sem leiddi af fundarhaldi í Góðtemplarahúsinu 20. júlí s.l. og símskeytasendingu til Íslands í tilefni af hluttöku Winnipeg Íslendinga í sjálfstæðisbaráttu íslenzku þjóðarinnar, — þá hafa einhverjir þjóðvinir tekið sig til og borgað þenn. an kostnað að fullu.

Í tilefni af þessu er fundarhald það, sem ég boðaði til í Góðtemplarahúsinu á mánudagskveldið kemur, 31. þ.m., orðið óþarft, og er því hér með afturkallað.

B. L. Baldwinson.

Veiðilög.

Samkvæmt veiðilögum fylkisins má skjóta dýr og fugla á þessum tímum:

"Ducks" frá 1. sept. til 30. nóvember.

"Prairie Chickens", "Grouse" og "Partridge" frá 15. til 31. okt.

"Deer" frá 1. til 15. des.

Utanýlkisbúar verða að kaupa veiðileyfi hjá akuryrkju og innflutningadeild stjórnarinnar. Að öðrum kosti mega þeir vænta lögsóknar.

— Gjaldkeri í Dresden bankanum á Þýzkalandi réð sér bana í sl. viku, eftir að hafa sóað meiru en 83 þús. dollara af fé bankans, án þess að geta endurborgað það.

— Norskt gufuskip, áleið frá Björgvin til Haugasunds, strandaði 22. þ.m., og sökk. Á skipinu voru 70 farþegjar, og er ætlað, að 40 af þeim hafi farist. Fimtán lík fundust daginn eftir. Skipstjórinn var meðal þeirra, sem varð bjargað.

Fiskiveiðar á Winnipeg-vatni.

Herra B. L. Baldwinson
Winnipeg.

Kæri vinur! Mig langar til að biðja þig að gera svo vel og birta í þínu heiðraða blaði þetta innlagða bréf frá W. S. Young, Inspector of Fisheries, bæði á ensku og íslenzku. Eins og þú skilur, er þetta mjög svo áríðandi málefni, þar sem svo er ástatt, að allir hafa veitt á Winnipeg vatni í óleyfilegan möskva til þessa tíma, og álíta, að það muni sarka, eins hér eftir eins og hingað til. Löglegur möskvi fyrir Pick er 4¼ þuml., en hefir aldrei verið brúkaður, og ekki til neins að brúka stærri möskva en 4 þnl. sumstaðar á vatninu, þar sem fiskurinn er þó í miliónatali. Sömuleiðis með birtings veiðina. Löglegur möskvi fyrir hann er minst 4 þnl., en í þann möskva mundi ekki veiðast meira en einn birtingur af hverjum hundrað, sem færu í gegn, og er það sama sem að banna birtingsveiði í Winnipeg vatni. Það hefir æfinlega verið brúkað fyrir birting 3¾ þ. möskvi, og er það sá stærsti möskvi, sem hægt er að fá nokkurn birting í. Nú er það hugmyndin, að senja bænarskrá strax til Dominion stjórnarinnar, og senda menn með hana, en af því það er svo erfitt, að koma mönnum hér til að trúa því, að þetta sé eins áríðandi eins og það í virkilegleika er, þá ætti bréfið að birtast strax í blaði þínu og skýringar þessu viðvíkjandi, áður en farið er um með bænarskrá þessa til undirskriftá.

Að endingu vil ég biðja þig að vera svo góðann, og stinga meðlögðum greinarstúf í blaðið.

Allra vinsamlegast er ég þinn einlægur,

Stephán Sigurdsson.

Office of the Inspector of Fisheries at Selkirk, Man.
August 3, 1908.

Dear Sir:

It has been reported to me that a number of fishermen did during the past winter season use Gill nets af a 3¾ in. the mesh (extension measure) in the waters of Lake Winnipeg, and that these nets were supplied to the fishermen by traders and others in the fish trade. I do not think it should be necessary for me to inform you that this size of not as an illegal net and will not be allowed in any of the waters of Lake Winnipeg.

By way of warning I would like to say, that it is my purpose to enforce the Fishery law in respect to this matter. All nets handled or used by any one of a smaller size than is allowed by law will be required to pay the penalties under the Fisheries Act.

The smallest net allowed to be used in the capture of Tulibee is 4 in., Pickerel 4¼ in. and Whitefish 5¼ in. (extension measure in every case). You will kindly make a note of the above, so that when ordering your winters nets none are ordered by you of a smaller size than allowed by law, thus saving both yourself and the fishermen any trouble in this matter Instructions have been sent to all Fishery officers to make an examination of all nets during the coming winter season, and any found of a smaller mesh than allowed by law will be confiscated.

I am, Sir,

Your Obedient Servant,

W. S. YOUNG,
Inspector of Fisheries.

Framanskráð bréf er í íslenzkri þýðingu þannig:

"Skrifstofa fiskiveiða umsjónarmannsins í Selkirk, Man.
3. ágúst 1908.

Kæri herra! — Mér hefir verið tilkynt, að ýmsir fiskiveiðamenn hafi á síðastliðnum vetri notað fagnet, með 3¾ þuml. langmálsmöskva til fiskiveiða í Winnipegvatni, og að fiskimenn hafi fengið þessi net hjá útgerðar og fiskikaupmönnum.

Mér finst það ætti ekki að vera nauðsynlegt fyrir mig, að benda yður á, að þessi möskvastærð er ólögleg og verður ekki leyfð til nota neinstaðar í Winnipeg vatni.

Til aðvörunar tilkynni ég hér með þann ásetning mínu, að láta framfylgja fiskiveiðalögunum í þessu tilliti, og að koma fjársektum á hendur öllum þeim, sem verzla með eða nota til fiskiveiða net, sem hafa smærri möskva en lög leyfa. Og miðast sektirnar við ákvæði fiskiveiða laganna.

Smæstriðnu net sem lög leyfa, eru: til Tullibee veiða 4 þml. möskvi, til Pickerel veiða 4¼ þml. möskvi og til Hvitfisks veiða 5¼ þuml. möskvi, miðað við lengd möskvans samandregins.

Gerið svo vel, að veita þessu framanskráða eftirtekt, svo að þegar þér pantið vetrarveiði net yðar, þá séu engin pöntuð með minni möskva en lögin leyfa. Með því komið þér í veg fyrir ónæði, sem annars kynni að verða.

Öllum fiskiveiða umsjónarmönnum hefir verið send skipun um, að skoða öll net, sem notuð kunna að verða á komandi vetri, og finnist þá nokkur smáriðnari en lög leyfa, þá verða þau tekin og eyðilögð.

Yðar með virðingu,

W. S. YOUNG,
Inspector of Fisheries"

Slúður og illkvitni iðjuleysingja.

Það var sú frægn borin til Mikleyjar, Framnes og víðar um Nýja Ísland í júní í vor 1908, að Inspector Young hafi sett fastan óleyfilega veiddan fisk fyrir mér, nefnilega þrjú box af "pikk"-fiski, sem var sent með "katt"-fiski, sem leyfilegt er að veiða. Síðan var það látið berast út um alt, að ég hafi verið sektaður vanalega mikið og auk þess tekið af mér fiskileyfið og öll fiskiveiða réttindi sem Canadiskur borgari, og sem sagt, að ég gæti aldrei selt eða keypt eða meðhöndlað fisk á einn eða annan hátt framar. Þetta hefði glatt einstaka mótstöðumann minn, sem náttúrlegt var, þar sem þeir hafa hugsað sér, að fáanlegur væri stærri biti úr Winnipeg vatni, þar ég væri fallinn frá viðvíkjandi fiskikaupum á vatninu. Aftur á hinn bóginn, þá hefir þessi frægn hrygt mjög margan, og hefi ég fengið bréf úr ýmsum áttum nú upp á síðkastið með spurningum um þetta atriði, sem sannar í stuttu máli, hvað magnað lygaslúður menn hafa fyrir atvinnuveg. Og svarið upp á allar þessar spurningar til vina mína er þá sem fylgir: Ég hefi öll fylstu réttindi sem canadiskur borgari til að veiða, kaupa og selja fisk bæði á Winnipeg vatni og hinum öðrum vötnum, sem nokkur hrezkur þegn getur fengið leyfi á, til að meðhöndla fisk. Hin sterkasta sönnun fyrir þessu er sú, að ég er einn af þeim fáu fiskikaupmönnum, sem búinn er að gera samninga við fiskimenn fyrir þetta komandi haust, að þeir selji mér allan þann fisk, sem þeir veiða. Jafnframt er ég sá eini fiskikaupmaður, sem verzla með Lake Winnipeg fisk, sem allareiðu hefi gert samninga við fiskimenn fyrir vetrarfisk 1908 og 1909.

Ér mælist til þess að endingu við alla vini mína og fiskiðnaðarmenn, að þeir fari ekkert eftir því, sem slúðurberar flakka með manna á milli viðvíkjandi fiskiveiðum í Winnipeg vatni eða öðru.

Hnausa, 18. ágúst 1908.

Stephán Sigurdsson.

Almennar kosningar í nánd.

Almennar ríkiskosningar er sagt að fari fram þann 23. október næstkomandi. Jafnvel blaðið Free Press í Winnipeg, dags. 25. þ.m., segir þær vera mjög nálægar. Væntanlega verður í næsta blaði hægt að auglýsa þetta nákvæmlega.

Wall Plaster

Með því að venja sig á að brúka **"Empire"** tegundir af Hardwall og Wood Fibre Plaster er maður hár viss að fá beztu afleiðingar.

Vér búum til:

"Empire" Wood Fibre Plaster
"Empire" Cement Wall "
"Empire" Finish "
"Gold Dust" Finish "
"Gilt Edge" Plaster of Paris
og allar Gypsum vöruteg-undir. —

Eigum vér að senda yður bækling vorn?

MANITOBA GYPSUM CO. LTD
SKRIFSTOFUR OG MILLUR I
Winnipeg, - Man.

Heimskringla
Published every Thursday by The
Heimskringla News & Publishing Co. Ltd

Verð blaðsins í Canada og Bandar $2.00 um árið (fyrir fram borgað).
Sent til Islands $2.10 (fyrir fram borgað af kaupendum blaðsins hér $1.90.)

B. L. BALDWINSON,
Editor & Manager

Office:
729 Sherbrooke Street, Winnipeg
P.O. BOX 116. 'Phone 3512.

Tyrkneska uppreistin.

Þess hefir áður verið getið hér í blaðinu, að umbótaflokkurinn á Tyrklandi, sem aðallega er myndaður af hinum yngri mönnum þjóðarinnar, hafi nýlega gert þann óg lagaða uppreist þar í landi, að hann hefir komið á algerðri stjórn umbreytingu, svo að hér eftir verður þar þingbundin stjórn, eins og í öðrum siðuðum löndum.

Það hefir lengi verið á vitund soldáns og helztu ráðgjafa hans, að hin yngri kynslóð á Tyrklandi væri óánægð með einræðisstjórn soldáns, og jafnvel herinn eða hluti af honum, væri ekki eins tryggur krúnunni eins og vera ætti. En engum datt í hug, að byltingarandinn væri þar eins rótgróinn og viðbúnaður byltingamanna eins fullkomin eins og raun hefir gefið vitni um.

Nú hefir fregnriti blaðsins London Daily Mail skrifað langa sögu um, hvernig byltingamenn komu málum sínum svo fyrir, að soldán áttí ekki annars úrkostar en að láta umsvifa og undandráttarlaust að kröfum þeirra, ef hann vildi sjálfur lífi halda. Fregnriti þessi getur þess, að allra þjóða stjórnfræðingar standi undrandi yfir því, að svona þroskuð uppreist skuli hafa verið möguleg og þá sérstaklega á Tyrklandi, þar sem algerð stjórnarbreyting hafi komist á þegjandi og án blóðsúthellinga, og telur slíkt hvergi áður hafi komið fyrir í heiminum. Uppreistarmenn hafa haft allan viðbúnað með svo mikilli leynd, að sjálfur landslýðurinn vissi ekkert af því fyr en alt var um garð gengið, og síst af öllu grunaði nokkurn, að allur her Tyrkja í Evrópu væri í vitorði með uppreistarmönnum, og viðbúinn á hverri stundu, sem kallið kæmi, að gerseyða einveldi soldánsins. Sjóherinn vissu allir, að var með uppreistarmönnum í anda, en hann gat litið að gert, Soldáninn vissi og að lögreglulið landsins var ekki sem tryggast, en hann og ráðanautar hans töldu víst, að herdeildir landsins væru einhuga með soldáni og stjórn hans. Það var því óvænt fregn, sem soldán fékk fyrir nokkrum dögum, þegar hann frétti, að setuliðið í Monastir hefði drepið yfirmenn sína, og síðan tekið öll vopn, sem voru í vígvirkinu, og alla peninga, sem þar voru, og flýðu svo til fjalla með alt saman. En byltingarflokkurinn svo nefndi átti engan þátt í þessu, og vissi ekkert af fyr en það var um garð gengið. En þegar þetta varð þeim kunnugt, þá sá foringi þeirra Major Massier, ekki fært að tefja aðgerðaleysis lengur. Hann sendi því svolátandi hraðskeyti til soldáns:

"Gerðu tafarlaust yfirlýsingu um, að þú veitir Tyrklandi þingbundna stjórn, annars sæki ég að Constantinopel með 300 þús. hermenn".

Þetta var fyrsta tilkynning, sem soldán fékk um hið sanna ástand í riki hans. Aðalráðgjafi hans, að nafni Vizier, ráðlagði honum, að látu að þessari kröfu. Soldáninn svaraði: "Ég get ekki gert þetta, án þess að ráðgast um við gömlu ráðgjafana, Saaid og Kaimil". — Þeir voru nú spurðir ráða, og sögðu soldáni, að láta ekki undan því ef hann gerði það, þá mundu byltingamenn gera fleiri kröfur til hans. Rétt í þessu barst soldáni annað skeyti svohljóðandi: "Vér kreljumst höfðanna af þeim Izzet og Tasim". Á meðan soldán og ráðunautar hans voru að átta sig á þessu skeyti, kom annað nýtt. Það sagði: "Ef þú ekki tafarlaust anglýsir, að þú veitir landinu stjórnarskrá, þá skal ég sjá um, að nafns þíns sé ekki getið í nokkurri kirkju í riki þínu næsta föstudag". — Þetta hreif. Soldán kallaði saman á fund í mesta flýti, alla þá ráðanauta, er hann hugðist mega treysta. Þeir sátu á ráðstefnu alla nóttina til kl. 5 að morgni. Sumir af ráðgjöfunum vildu tefja fyrir framkvæmdum, en soldán sagði að síðustu nei: "Ég gaf út stjórnarskrá í upphafi og hefi síðan anglýst hana á hverju ári. Nú skipa ég svo fyrir, að kosningar séu tafarlaust haldnar eins og stjórnarskrain ákveður.

Byltingamenn höfðu séð svo um, að ekkert blað kæmi út næsta dag, sem var föstudagur, fyr en þeir gefu leyfi til þess, og öll blöð in voru mörgum klstundum á eftir venjulegum tíma þann dag. En þegar þau komu, þá fluttu þau öll yfirlýsingu soldáns um gildi stjórnarskrárinnar, og skipun um, að ganga til almenna kosninga. — Þetta lásu íbúar Constantinopel borgar með svo mikilli undrun, að margir áttu bágt með að trúa sín um eigin augum.

Þennan dag fékk soldán svolátandi skeyti: "Sleptu strax öllum pólitiskum föngum". Þetta var tafarlaust gert, og þá fyrst trúði fólkið, að ný og bjartari öld væri runnin upp yfir Tyrklandi, og fögnuðurinn og gleðilætin urðu svo mikil, að önnur eins höfðu ekki orðið þar í landi í manna minnum. Þá gekk og soldán um götur borgarinnar meðal fólksins vörnarlaus, nema hvað hann hafði 1 mann með sér, og var það í fyrsta skiti, að hann hafði komið út úr hallargarði sínum um 32 ára tíma eða síðan hann kom til valda.

Síðan hefir frézt, að byltingamenn hafi sjálfir, yfir í Macedoniu, samið stjórnarskrána og sent soldáni, og skipað honum að samþykkja hana, að viðlögðu áhlaupi á borgina með 300 þúsund vígra manna, og að soldán hafi eftir umræður við ráðanauta sína, séð þann kost beztan, að láta að óskum fólksins. Enda er sannað, að þetta hafi svo til gengið með bréfi sem birt er í London Times þann 1. þ. m.

Í því bréfi er því lýst, hvernig uppreistar auglýsingar voru festar upp, hvar sem því varð við komið, í öllum borgum landsins, af mönnum í einkennisbúningi og alvopnuðum, á miðvikudagskveldið. Í Salonica borg reyndi lögreglulþjónn einn, að rífa niður þessar yfirlýsingar, og var hann tafarlaust skotinn. Í öðrum stað andmælti lögreglulþjónn uppfestingu þessara auglýsinga um leið og her maður var að gera það, og reyndi að taka niður auglýsinguna. Hann var tafarlaust skotinn í hendina. Þetta kom fyrir í miðstöð Salonica borgar um miðjan dag á fimtudag, einmitt á sama tíma, sem skeytin voru að berast til soldáns.

Í raun réttri er það herinn, sem gengast hefir fyrir þessari uppreist og það er nú sýnt, að honum hefir farist það vel úr hendi. Hann hefir þegar fengið lögbundna stjórn í landinu, og í henni eru allir ráðgjafarnir úr flokki byltingamanna, nema tveir, sem sýnt hafa það með framkomu sinni, að þeir eru frjálslyndir. Byltingamenn hafa og knúð soldán til þess, að láta drepa nokkra af hans allra nánustu vildarvinum og ráðanautum, — þá sem mest höfðu barist fyrir því, að kúga alþýðuna. Þeir hafa og knúð soldán til að láta hneppa í fangelsi stóran hóp embættismanna, sem talinn var að vera andvígur hagsmunum alþýðunnar. Og nú síðast hafa þeir knúð hann til að uppleysa kvennabúr sitt, og gefa öllum konum þar fult frelsi, og þeir hafa neytt hann til þess, að lofa því, að búa framvegis með einni konu eingöngu, eins og aðrir borgarar ríkisins gera.

Hið nýja þing á að koma saman í nóvember næstk., og þá fyrst hefjast fyrir alvöru umbóta tilraunir byltingamanna. Fyrsta og nauðsynlegasta starfið, er að koma fjármálunum í viðunanlegt horf. Á liðnum árum hefir soldán verið einvaldur, hann hefir einn ráðið öllum fjármálum, lagt á skatta og annast um útgjöldin, og verið fóhirðir ríkisins. Hann skamtar sjálfum sér laun sin. — Þegar hann kom til ríkis fyrir 30 árum, neitaði hann að binda laun sin við 5 þúsund dollara á dag, — þótti það alt of lítið. Síðan hefir hann skamtað sjálfum sér það fé af eignum þjóðarinnar, sem honum hefir sýnst. Enginn veit með vissu, hve mikið það er, því honum hefir engin skylda borið til að standa þjóðinni reikningsskap á gerðum sínum. En það er á allra vitund, að húshalds kostnaður hans hefir fjórfaldast á þessu tíma bili, og það er áætið, að hann eyði að jafnaði $25.000 á sólarhring til launa sinna og lífskostnaðar, eða sem svarar rúmum 9 milliónum dollara á ári. Þetta er búið að ganga svo lengi, að landið er sem næst orðið gjaldþrota, en landslýður allur kúgaður miskunnarlaust, til þess að safna fé til þarfa soldáns. Fyrsta verk hins nýja þings og stjórnar verður því það, að takmarka útgjöldin og sníða laun soldáns eftir einum þjóðarinnar og sanngjörnum þörfum hans. Það verður að létta skattbyrði alþýðunnar, svo hún fái risið undir henni, og sætta hana sem bezt verður við kjör sín.

Stórveldi heimsins horfa með undrun á þessar aðfarir byltingamanna. Bretar hafa sent mann til soldáns til þess að óska honum til lukku með stjórnarskrána nýju, sem hann hefir veitt þjóð sinni. Þjóðverjar hins vegar láta þetta að mesta afskiptalaust. En vitanlegt er samt, að þeim er ekki vel við framtíðarhorfur Tyrklands.

Ríkja - samband.

Það er ekki ófróðlegt, að athuga skoðun þá, sem kemur fram í ritgerðum þeirra Longleys dómara og Milners lávarðar, í timaritinu "Standard and Empire", um framtíðar samband Canada og Stórbretalands.

Milner lávarður heldur þar fram þeirri skoðun, að eftir því sem íbúatalan í Canadaveldi aukist og auðsuppsprettur landsins verði opnaðar og framleiðslan aukin, — eftir því eigi Canada að kærast nær því, að verða jafn rétthár liður í ríkjasambandinu eins og sjálft Stórbretaland.

Meðal annars segir hann:

"Ég hvorki ætlast til né álit æskilegt, að Canada haldi áfram að vera í nokkrum skálningi undirgefinn aðili í ríkjasambandinu".

Skoðun Milners lávarðar á framtíðar sambandi Canada og Englands er nákvæmlega sú sama, sem Skúli Thoroddsen hefir um samband það, sem ætti að vera milli Íslands og Danmerkur.

Milner lávarður segir, að hinir núverandi stjórnarfarslegu hlekkir, sem tengi Canada við Stórbretaland, séu veikir og ekki varanlegir, og vonar, að konungssamband að eins verði framtíðar sambandið, — það og ekkert annað. Utanríkismál öll og hermál, dómsmál, peningamál og póstmál, landhelgisvarnarmál og öll önnur mál, sem hvert þjóðfélag eigi að annast sjálft, — ætlast lávarður Milner til, að Canada annist eingöngu, og án afskifta annara. Konungssambandið eitt þykir honum nægilegt, og það má óhætt fullyrða, að hann bergmálar þar almenna skoðun brezkra stjórnmálamanna á þessu máli.

Fundur um sjálfstæðisbaráttu Íslands.

Samkvæmt fundarboði frá nokkurum mönnum, var haldinn almennur fundur, í Hólaskólahúsi, í íslenzku bygðinni í Alberta, 5. ágúst 1908. Forseti kjörinn G. S. Grímsson og fundarskrifari J. J. Húnford.

Forseti kvaddi herra St. G. Stephansson til að skýra fyrir fundinum málefni það, sem væri á dagskrá, sém var stjórnar og frelsisbaráttu íslenzku þjóðarinnar gagnvart Dönum.

Herra Stephansson gat þess þá fyrst, að mest væri komið undir því, hvort menn álitu betra, að vera frjáls eða ófrjáls. Leiddi hann að því ljós rök, að frelsi og sjálfstæði leiddi ætíð til framfara, ekki síður fyrir heilar þjóðir en hvern einstakling. Síðan skýrði hann fyrir fundinum öll helztu atriði í frumvarpi millilanda nefndar innar, og rökstuddi, hve frumvarpið væri skaðlegt fyrir land og þjóð, eins og það lagi fyrir. Alt væri í höndum Dana, þar sem sameiginlegu málin væru óuppsegjanleg. Í ágreinings málunum hefðu Danir alt í sinni hendi, þar sem gerðardómurinn væri skipaður að eins tveimur Íslendingum, en dómsforseti skyldi ætíð vera hæstaréttar dómari Dana. Ekki væri annað líkara, en Danir settu á stofn herstöðvar á Íslandi, þar sem þeim vær engin landvörn í hendur, færu þeir þá með þann afla sinn eins og þeir væru menn til. En dæmi séu menn þess annarsstaðar, að beitt hefði verið her valdinu stundum til þess að bæla niður sérhverja frjálsa hreyfingu og kúga þjóðirnar. Hann sagði, að sumir álitu Ísland svo fátækt, að það gæti þess vegna ekki skilið fjárhaginn við Dani. En ekki kvaðst hann vera þeirrar meiningar, að Ísland gæti ekki borið sig undir sjálfstjórn, eigi væri alt undir sjálfstjórn, eigi væri alt fóð væri sem jafnast í höndum þjóðarinnar. Hann kvað það vera sína skoðun, að jafnvel þótt Vestur-Íslendingar gætu ekki haft beinlínis afskifti af stjórnmálum Íslands, þá samt gætu þeir unnið málefni þessu gagn með því, að beita áhrifum sínum í rétta átt, og það ættu þeir að gera.

A. Sigurðsson kvaðst vera hlynt ur frjálsri lýðstjórn, enda heyrði hann til jafnaðarmanna flokknum. Það væri sín innilega ósk, að íslenzka þjóðin fengi það stjórnarfyrirkomulag, sem leiddi hana til sjálfstæðis og framfara. Hann kvaðst vera hr. Stephansson mjög þakklátur fyrir, hve ljóst og vel hann hefði skýrt þetta mál fyrir fundunum.

Herra Jóh. Björnsson sagði, að sín hugmynd væri sú, að Ísland yrði sjálfstætt ríki, með fullum aðskilnaði við Dani, og óskaði, að fundurinn beindi áhrifum sínum í þá átt. Kvaðst hann hafa í því skyni samið ávarp til íslenzku þjóðarinnar, og afhenti það skrifara fundarins.

Herra C. Johnson kvaðst álíta það skyldu Vestur-Íslendinga, að hvetja heimaþjóðina til, að halda fram fullum réttindum sínum gagn vart Dönum. Hann kvaðst óska, að Ísland yrði sem fyrst sjálfstætt ríki, sem réði sjálft öllum sínum málum.

Herra S. Goodman sagði sér vartíst, eftir því, sem fram hefði komið í umræðunum, að fundurinn hefði farið í kring um sjálft málefnið. Umræðurnar hefðu gengið út á það, að Ísland yrði lýðstjórnarríki. Ekki hefði Skúli Thoroddsen haldið fram lýðstjórn, né heldur því, að fella frumvarpið, heldur vildi því væri breytt í ýmsum atriðum.

Forseti sagði, að það væri þegar upplýst, að Danir heimtuðu annaðhvort, að Ísland tæki frumvarpið óbreytt eða hafnaði því með öllu. Ekkert virtist á móti því, að benda heimaþjóðinni á, hvað tiltækilegast væri.

Herra J. J. Húnford sagði, að umfram alt riði hinni íslenzku þjóð á, að hafna millilandanefndar frumvarpinu. Allir, sem hefðu lesið það, hlytu að sjá, að yrði það samþykt vera hann ekki fullist á þá tillögu, að Ísland yrði nú þegar lýðveldi. Hann áleit, að Íslendingar mistu svo mikil hlunnindi, sem þeir hefðu haft hjá Dönum, einkum í mentalegu tilliti, svo sem að gang að ýmsum dýrmætum söfnum. Nefndi hann til þess háskólastyrkinn og safn Á. M. með fleiru. Lýðveldi kvað hann þrifast miðjafnt, og nefndi t. d. lýðveldin í Suður-Ameriku og Mið-Ameriku.

St. G. Stephansson sagði, að hlunnindi þau, sem Íslendingar hefðu hjá Dönum, væru ekki mjög mikils virði. Danir hefðu aldrei í raun réttri gert neitt fyrir Ísland. Ekki eitt einasta lagaboð í umbótaáttina hefðu Danir gefið Íslendingum. Það, sem fengist hefði úr þeirri átt, mættu Íslendingar þakka sjálfum sér, þeir hefðu fengið það með stríði og baráttu. — Hvað lýðveldin í Suður- og Mið-Ameriku áhrærði, sem tölumaður hefði tekið til dæmis, þá væri það sannast að segja, að þar væri eng in lýðstjórn, heldur kirkjustjórn.

Ákveðið var, að senda Blaðamanna félaginu í Reykjavík þessa "Áskorun", og láta prenta hana ásamt þessari fundargerð í vesturíslenzku blöðunum.

G. S. GRÍMSSON, forseti.
J. J. HÚNFORD, skrifari.

Ferðasaga.

EFTIR
KR ÁSG BENEDIKTSSON.

Laugardaginn þ. 8. ágúst c.m. lagði ég af stað vestur til Moosomin í Saskatchewan fylki, og það an ætlaði ég norður til Tantallon og Dongola. Ég hafði litinn fyrirvara á ferð þessari, og ætla ég að segja söguna eins og hún gekk.

Klukkan 1.15 lagði lestin af stað frá C.P.R. stöðvunum. Austanlestin var sein. Á brautarstöðvunum beið ég um 30 min., sá þar engan, sem ég kærði mig um að taka við. Loks gekk til mín aldraður maður, og fylgdi ungur maður honum í humátt. Hann ávarpaði mig og spurði: "Ertu að fara til Edmonton?" "Nei, að eins til Moosomin". Hann kvartaði strax undan, að það væri slæmt, að finna enginn, sem væri á ferð til Edmonton. Ég gaf mig ekkert að þessum mönnum. En þegar ég var sestur niður í lestinni, komu þessir kumpánar og settust í sætið á móti mér. Báðir þessir menn voru þokkalega til fata og hæglátir, en framaðir sýndust mér þeir ekki vera. Eldri maðurinn spurði mig fáeinna spurninga, og svaraði ég þeim eins og ég frekast vissi. Hann sagði mér, að þeir væru landleitamenn og ættu heima í Norður Ontario. Þar væru ófrjó og hrjóstug lönd, og hefðu þeir í hyggju, að skoða lönd í Edmonton héraðinu og taka, ef þeim líst vel á þau, bæði handa sjálfum sér og vandafólki sínu.

Það þótti mér einkennilegt við þessa Ontario menn, að þeir voru stöðugt að éta. Fyrst tóku þeir upp úr vösum sínum brauðsneiðar, þegar við vorum að fara út fyrir bæjarlínuna í Winnipeg, og úðuðu hellmikið af þeim. Þar næst átu þeir allra handa tegundir af epluin og ávöxtum, og þegar við komum til Brandon kl. 5½ e. m., þá byrjuðu þeir aftur á brauðsneiðunum, og sögðu það væri komin kveldverðarstundin, og svo héldu þeir áfram epla og ávaxtaátinu meðan ég var á lestinni. — Þeir þurfa sannarlega matinn sinn í Ontario, eftir þessum að dæma. Enga aðra sá ég láta eins.

Það er ekki margbreytilegt útsýnið meðfram þessari braut, sem ég fór, sist um Manitoba. Endalausar sléttur og slý og smá viðarrunnar. Mér sýndist kornakrar á Portage la Prairie sléttunum vera vel sprotnir og nær því móðn aðir. Portage borgin þykir mér ljót og lágt sett. Brandon er miklið fallegri borg og stendur í dálitlum halla vestan við ána. Mér leist viðkunnanlega á mig þar. Lestin, sem ég var með, stansaði ekki nema á einstöku stað vestan við Winnipeg, og þar sem farþegi er þurfti að fara af lestinni. Virðin er með strærstu bæjum vestast í Manitoba fylki og Elkhorn er töluverður bær. Moosomin er í Saskatchewan fylkinu, skamt vest an við fylkjamerkin. Það er allstór bær, hefir vatnsból gott og veitu í húsum. Þangað kom ég um kl. 10 um kveldið. Þekti þar engan, spurði ungan mann eftir gistihúsi, og vísaði hann mér á Queens Hotel. Það er bezta hótelið í bænum. Ég þurfti að finna borgarstjórann strax um kveldið, hann á heima syðst og vestast í bænum, er og nokkur spölur út tij hans. En ég fékk mér mann, og fundum við borgarstjórann. Þá stóð svo illa á, að konan og krakkarnir höfðu hlaupið út um kveldið, og karlsauðurinn þorði ekkert úr húsinu fyr enn kerlingin og krakkarnir komu heim. Þá var kl. ½-tólf. Hann lofaði að finna mig á vissum stað það fljótasta. Hann gerði það, en kl. var 1, þá hann kom, og satt að segja þótti mér nokkuð seint, þar sem um áríðandi mál var að ræða.

Næstu morgun fór ég keyrandi frá Moosomin til Tantallon. Það eru fullar 40 mílur. Mr. Johnson, hestleigjandi, keyrði mig sjálfur. Veður var fjarska heitt þann dag, en hann hafði ágætis hesta. Á þessari leið er bær, sem Rocenville heitir. Þar áðum við um miðjan dag. Þar fann ég mann, sem ég hafði lítillega þekt í Winnipeg síðasta haust, tók hann mér tveim höndum, og veitti okkur hið skörulegasta. Þaðan héldum við sem leið liggur norður að Qu Appelle dalnum og ofan í hann. Þar er hálfgerður tröllavegur að keyra og komum loks til Tantallon, sem stendur niður í dalnum, og er hæði lítill og ljótur kotbær. Maðurinn, sem ég þurfti að finna þar, átti þá heima 9—10 mílur norðvestur. Við keyrðum þangað, og er það brattur vegur. Þegar þang að var komið, sat úti karl, grár og grettur, og kvaðst son sinn ekki heima, og héldur ekki vita, hvenær hann yrði heima. Johnson bað hann um hafra handa hestunum, sem búnir voru að hlaupa yfir 50 mílur í brennandi sólarhita. En karl tók því stuttlega, og kvað sina hesta þurfa að éta fyrst. Reiddist þá Johnson, og snöruðumst við þaðan í burtu í skyndi, og báðum þann herjans karl aldrei þrifast. Keyrðum við þá ofan í Tantallon aftur, og komum þar um sólsetur. Þar er gistihús, Ruskin House, og ræður þar Svii. Það er svo bölvað, að það getur naumast átt sinn líka í heimi þessum. Mr. Dainey lofaði mér um kveldið, að fylgja mér upp til næstu Íslendinga á dalabrúnum þar ofán við. En vegna þess, að þar kom ógnlitil skúr og þrumur um morguninn, þá fórum við ekki af stað fyr en kl. að gánga 9 um morguninn. Mér þykir fallegt uppi á dalbrúnum, að sjá vestur, suður og norðaustur eftir þessum mikla dal, sem er náinkendasti dalurinn þar vestra. Löndin eru hæðótt, lautóttt og öldumynduð, og er ösp þar mægin viðartegund, sárlitið af eik. En öspin er þar í búskum og skóg arkömbum. Hafa bændur dálitinn léttir af henni í fjós og til eldsneyt is. Mr. Dainey er agent fyrir Massey & Harris akuryrkju verkfera félagið í Winnipeg. Hann þekti alla Íslendinga þar í bygðinni, og er mjög lipur og viðvikagóður drengur, á mína vísu að minsta kosti. Hann bar þeim öllum ljómandi vel söguna, — svo gerðu fleiri enskir. Hann hafði horn í síðu eins landa þar, og heyrði ég suma Íslendinga gera hið sama, en það kemur mér ekki beint við, því ég þekti manninn ekkert.

Við komum fyrst til Jóns bónda Thorsteinssonar. Hann er næstur á þeirri leið frá Tantallon. Hann var nýfarinn á engjar. Dainey þekti engjar hans og keyrði mig þangað. Við sáum 2 menn hlaða heyi á vagn, og sagði Dainey, að það væru Thorsteinsson og Jack Anderson. Hann væri góður og gamall Conservative, en fylgdi ei Provincial Rights Party nú, en fylgdi Smith, gagnsækjanda Dr. Ellis. Og spurði, hvort ég þekti hann ekki. En ég marg-afneitaði þessum Anderson, sem Pétur Kristi. Mr. Dainey gerði mig kunnugan þessum Mr. Thorsteinsson og Mr. Anderson, sem K. Ásgeir Benediktsson — Anderson tók snögt viðbragð og heilsaði mjög alúðlega og spurði mig, hvort ég þekti sig ekki. Ég kvað nei við, en þó þekti ég strax málróminn, þó ég kæmi nafninu ekki fyrir mig. Maður þessi er skólabróðir minn, Jón Hjaltalín Sigurðsson. Hann er fóstursonur Rectors Jóns Hjaltalins Andréssonar frá Möðruvöllum. Höfðum við ekki sést í 22 ár, og báðir mjög breyttir. Þeir nafnarnir flýttu sér að hlaða hlassið, og fórum við heim til Jóns Thorsteinssonar. Hann er Heimskringlu maður mikill og ihaldsmaður í stjórnmálum, og var þar ekki í kot að koma. Hann á fallegt land og vel yrkt. Annað land á hann niður í dal. Meðan ég dvaldi þar, töluðum við um stjórnmál, þó langtum meira um stjórnmál Íslands enn Kanada. Þaðan fór ég með vini mínum Jóni Hjaltalín heim til hans á næsta land. Tók hann keyrsluhest sinn strax og keyrði mig vestur til Thorl. Árnasonar, en hann var þá ekki heima. Keyrð um við þá heim til Jóns aftur, og snæddum dagverð. Heimili hans er mjög viðfeldið, þó það sé ekki í stærsta lagi. Kunni ég þar ætið vel við mig. Eini maðurinn þar í nýlendunni, sem ég vissi að ég þekti vel frá öðrum, er hr. Snorri Jónsson. Keyrði Jón Hjaltalín mig suður til hans. J. Hjaltalín sagði mér, að hann hefði búið undir kosningalistana fyrir suðurbygðina (Hólabygð), og þó hann væri og hefði verið Conservative í stjórnmálum, þá fylgdi hann hr. Smith, Scott-sinna. Það var ekki þykkjueini okkar, þó við værum sinn á hvorri hlið. J.H. kvaðst ekki hafa "canvassað" kjósendur, en hélt þá fylgja Smith að mestu leyti, og hafði ég ekkert út á það að setja.

Þegar við komum til Snorra, var hann á engjum niður í dal. Kona hans er dóttir Sigurðar Nordals í Nýja Íslandi, en fósturdóttir Eggerts sál. Briems á Hösk uldsstöðum — þess nafnkunna manns. Hún lóði mér hest, en J. Hjaltalín útvegaði mér Óla Guðmundsson, Ólafssonar, í Firði, í Mjóafirði, til að keyra á meðal bænda þar um kveldið. Við keyrðum fyrst til Narfa Vigfússonar. Hann er einn stærsti bóndinn þar. Hann tók mér vel, og tafði ég hjá honum nokkra stund. Hann var að flytja í hús, sem hann bygði í sumar. Er það stórt og vandað. Undir því er vandaður steinkjallari, með hitaleiðslu og vatnssalnskeraldi. Húsið án lóðar kostar hann um $2,500. Narfi er ræðinn, viðfeldinn og fróður í tali. Hann er Sunnlendingur. (Meira).

George G. LENNOX

Selur í heildsölu SKÓ, STÍGVÉL og YFIRSKÓ

150 Portage Ave. East, Winnipeg.

MARKET HOTEL

146 PRINCESS ST. á móti markaðnum

P. O'CONNELL, eigandi, WINNIPEG

Bestu tegundir af vínföngum og vindl um, aðhlynning góð, húsið endurbætt

JOHN DUFF

PLUMBER, GAS AND STEAM FITTER

Alt verk vel vandað, og verðið rétt

662 Notre Dame Ave. Phone 2815 Winnipeg

Strathcona Hotel

Horni Main og Rupert Str. Nýbygt og ágætt gistihús; Gest um veitt öll þægindi með sann-gjarnasta verði. Frí keyrsla til og frá öllum járnbr. stöðv-um. Beztu vín og vindlar; og herbergi og máltíðar ágætar.

McLaren Brothers

EIGENDUR

Hotel Pacific

219 Market Street | H. M. Hicks Eigandi

Winnipeg - - - Manitoba

Telephone 1338

Ný-endurbætt og Ný-tízku hús í alla staði. Viðskifta yðar óskast virð-ingarfylst.

$1.25 a Dag

$1.50 Á DAG

Bezta $1.50 gistihús í Winnipeg

BRUNSWICK HOTEL

Horni Main St. og Rupert Ave.

Besta borðhald; Hrein og Björt Herbergi; Fínustu Drykkir og Bestu Vindlar. Ókeypis Vagn mætir Öllum Traustestum. Reynið oss þegar þú ert á ferð.

19. ágúst 1908.

Tilkynning

Sectionir með stakri tölu

Eins og þegar hefir verið auglýst, þá verður öllum sectionum með stakri tölu, sem ekki haka þegar verið yrkttar eða ráðstafað, slegið opnum til heimilisréttartöku, þegar Dominion Lands lögin ganga í gildi þann 1. september næstkomandi.

En með því, að skýrslur um Sectionir með jöfnum tölum eingöngu hafa að þessum tíma verið geymdar í bókum í hinum ýmsu landtöku skrifstofum í Vesturfylkjunum, og með því að tíminn síðan lögin voru staðfest, er ol stuttur til þess að hægt hafi verið að flytja skýrslurnar yfir allar Sectioner með stökum tölum frá aðalskrifstofunni í Ottawa til hinna ýmsu landskrifstofu útibúa, — þá getur það komið fyrir, að ekki verði búið að fullkomna flutning á öllum skýrslunum þann 1. september. En þrátt fyrir það, þó flutningur skýrslnanna verði ekki í öllum tilfellum fullkomnaður, þá verður í öllum tilfellum beiðnum manna um löndin veitt móttaka á hinum ýmsu landskrifstofum, og þær verða sendar til Ottawa til meðferðar.

Með því, að það hefir ennþá verið ómögulegt, að veita hinum ýmsu landskrifstofum eftirrit af skýrslum yfir allar Sectionir með stakri tölu, og í tilefni af væntanlega mikilli eftirsókn, þá er hér með öllum umboðsendum um Sectionir með stakri tölu, alvarlega ráðlagt, að gera landtökubeiðnir sínar í eigin persónu á landtökuskrifstofunum, en ekki hjá eða gegn um aðstoðar umboðsmenn (Sub-Agents).

Beiðnum um Sectionir með jöfnum tölum sinna aðstoðar landumboðsmenn eins og að undanförnu, ef þess óskast.

J. W. GREENWAY,

Commissioner of Dominion Lands.

Tvennskonar ljós.

Myrkrin flestum mynda kíf,
margir viltir fóru.
Þeir, sem bættu lýða líf,
ljósberarnir voru.

Oft að rata vandi var,
viðsjáll margur boðinn, —
því hafa vita þjóðirnar,
þar svo mikl voðinn.

Bæði um strönd og inst við ós
alt er líf sem fálmi,
verða mörgum villuljós
versti farartálmi.

Bæði' um lönd og svalan sæ
sést ei voðinn hálfur.
Því er bezt að eiga æ
andans ljósin sjáltur.

Villugjarna vegferðin
var á sjó og landi,
finst mér þó að falsljósin
flestum lífum grandi.

Pólitík er fölsk og flá, —
fækkar hópur vina.
Kirkjum margur flýr burt frá
fyrir tvöfeldnina.

Sigurður Jóhannsson.

SPURNING. — Banna ekki lög Manitoba eins vel í "óorganiseruðu" bygðarlagi, sem í "organiseruðum" sveitum, að láta graðneytá ganga laus, og er ekki undanþiga frá því banni?—Spurull.

SVAR. — Graðungar 9 mánaða gamlir mega hverga í Manitoba ganga lausir á meinum tíma árs.

Ratstj.

ÞAKKARÁVARP.

Þakklæti er sjálfsögð skylda allra, sem á einhvern hátt verða fyrir mannkærleika og mannúð samferðamanna sinna á lífsleiðinni — og sjálfsögðust verður sú skylda þeim, sem eigi hafa annað gjald að bjóða.

Ég undirrituð hefi átt við það mótkæti að stríða til margra ára, að vera svo biluð að heilsu, að geta ekki unnið fyrir mér að öllu leyti og borgað þær skuldir, sem læknishjálp og lyf haka hafst í för með sér. Enginn veit, nema sá, sem nýtur, hve sárt það er, að geta ekki verið að öllu sjálfbjarga. En þegar langvarandi heilsubilun fyrirmunar, dugar eigi um að fást. Þeim mun meir, sem hinir mótlættu finna til þess sjálfir, þeim mun glaðari verða þeir yfir kærleiksverkum, er fram við þá koma frá þeim, sem betur eru settir. — Og ég hefi átt því láni að fagna, að eiga marga vini og samferðamenn á lífsleiðinni, sem hvað eftir annað hafa sýnt, að þeir hafa fundið til með mér og tekið þátt í kjörum mínum. Öllum slíkum tjái ég nú hjartans þakklæti mitt, og bið hann að umbuna, sem ekki lætur kaldan vatnsdrykk ólaunaðan. Ætti ég að nefna alla vini mína og velgerðamenn, yrði listinn lengri en rúm leyfði. En sérsaklega vil ég nefna Goodtemplara stúkuna Heklu, sem ég hefi tilheyrt nú í tvo tugi ára. Hvað eftir annað hafa bræður mínir og systur sýnt mér hugulsemi og hlýleika, og nú fyrir skemstu bætt úr skorti mínum, með því, að koma saumavél, sem var eini verðmæti munurinn, sem ég átti, í verð, svo nú hefi ég andvirðið til stuðnings í þessu þyngsta sjúkdóms áfelli mínu. Alt þetta þakka ég stúkunni af hjarta, og bið þann að launa, er alt sér sem vel er gert.

Sömuleiðis hafa allir 'slenzku læknarnir hér í bænum látið mér mikla hjálp í té í sjúkdómsáföllum mínum. Síðustu þrjú ár hefir Dr. B. J. Brandson stundað mig með mestu alúð og samvizkusemi.

Ég finn mér bæði skylt og ljúft, að þakka alt þetta, — þakka af öllu hjarta, eins og sá, sem veit að annað gjald hefir hann ekki að bjóða, — og biðja hann, sem ræður örlögum mannanna og endurgeldur hvert góðverk margfaldlega, að umbuna þeim af örlæti kærleika sins betur en ég hefi vit á að biðja.

Móðir mín, sem aldrei hefir við mig skilið, situr með hjartað fult þakklætis líka, og ritar því nafn sitt undir með mér.

Jóhanna Anderson,
Margrét Anderson.

BILDFELL & PAULSON

Union Bank 5th Floor, No. 520

selja hús og lóðir og annast þar að lútandi störf; útvegar peningalán o. fl.

Tel.: 2685

Hinir áreiðanlegustu — og þar með hinir vinsælustu — verzlunarmenn auglýsa í Heimskringlu.

—The— Criterion Hotel

McDermott Ave.

Nýtt, vandað gistihús með ágæt herbergi, vönduðustu drykkjir og fínustu vindlar.

Vinsælt meðal Íslendinga. Er beint á móti Tribune byggingunni á McDermott Avenue.

MORICE NOKES

EIGANDI

Woodbine Hotel

Stærsta Billiard Hall í Norðvesturlandinu Tíu Pool-borð.—Alskonar vín og vindlar.

Lennon & Hebb,

Eigendur.

SPÓNNÝTT HÓTEL

ALGERLEGA NÝTÍZKU

Hotel Majestic

John McDonald,

eigandi.

James St. West, Rétt vestan við Main St. Winnipeg Telefón 4979

$1.50 á dag og þar yfir

Bandaríkja-snið

Alt sem hér er um hönd haft er af beztu tegund. Reynið oss.

MIDLAND HOTEL

255 Market St. Phone 3491

Nýtt hús, nýr húsbúnaður Fullar byrgðir af allskonar vönduðustu drykkjum og vindlum í hressingar stofunni. Gisting einn dollar á dag og þar yfir.

W. G. GOULD :: FRED. D. PETERS,

Eigendur

WINNIPEG ::: ::: CANADA

Jimmy's HOTEL

Rétt á bak við Pósthúsið

Íslendingar ættu að reyna þetta gistihús. Í hressingarstofunni er sá eini íslenzki vínveitingamaður í Winnipeg.

James Thorpe,

eigandi

Fyrrum eigandi Jimmy's Restaurant

Brúkið blek.

Svo margir eru nú teknir upp á því, að senda Heimskringlu bréf og greinar ritaðar með ritblýi, og sem í mörgum tilfellum er sem næst ólæsilegt, þegar það kemur hér á skrifstofuna, að ég finn mig neyddan til að mælast til þess, að þeir sem senda bréf eða ritgerðir til birtingar í blaðinu, vildu skrifa MEÐ BLEKI, svo að það verði nægilega skýrt til aflesturs fyrir stílsetjara blaðsins og aðra, sem um það þurfa að fjalla.

B. L. BALDWINSON.

KJÖT.

"Ef það kemur frá Johnson, þá er það gott"

C. G. JOHNSON, Kjötsali,

Langside og Ellice Fón 2631

F. Deluca

Verzlar með matvöru, aldini, smá-kökur, allskonar sætindi, mjólk og rjóma, sögul. tóbak og vindla. Óskar viðskifta Íslend. Heitt kaffi eða te á öllum tímum. Fón 7756

Tvær búðir.

587 Notre Dame og 714 Maryland St.

The Dominion Bank

NOTRE DAME Ave. BRANCH Cor. Nena St.

Vér seljum peningaávísanir borganlegar á Íslandi og öðrum lönd.

Allskonar bankastörf af hendi leyst

SPARISJÓDS-DEILDIN

tekur $1.00 innlag og yfir og gefur hæstu gildandi vexti, sem leggjast við tuttugufóð 4 sinnum á ári, 30. júní, 30. sept. 31. desembr og 31. march.

Giftingaleyfisbrjef

selur Kr. Ásg. Benediktsson,

477 Beverley St. Winnipeg.

WINNIPEG Business College

FÉKK FYRSTU VERÐLAUN Á SAINT LOUIS SÝNINGUNNI.

Cor. Portage Ave and Fort St.

Leitið upplýsinga um kenslugreinar vorar. — Kveldkensla byrjar 2. september. — Það borgar sig að nota kveldin til að menta sig.

G. W. DONALD, ráðsmaður.

Drs. Ekern & Marsden,

Sérfræðislæknar í Efturfylgjandi greinum: — Augnasjúkdómum, Eyrnasjúkdómum, Nassasjúkdóm um og Kverkasjúkdómum. : : :

Í Platky Byggingunni í Bænum

Grand Forks, :: N. Dak.

Cancer Cure.

R. D. EVANS, sem fann upp hið vísfræga lyf til lækninga

krabbameinum

óskar að allir sem nú þjást af krabbameinum, skrifi sér. 2. daga notkun meðalsins, læknar útvortis eða innvortis krabbamein. Skrifið strax til R. D. Evans, Brandon, Man. 27-8-8

Sendið Heimskringlu til vina yðar á Íslandi.

Til fullkomnustu tryggingar Vátryggið fasteignir yðar hjá The

St. Paul Fire & Marine Ins. Co.

Eignir félags, eru yfir 5 milljón dollars. Skaðabætur borgaðar af San Francisco eldinum 1½ mill. SKULI HANSSON & CO., 55 Tribune Bldg., Phone 6476, eru sérstakir umboðsmenn.

E. S. Miller Limited

Aðal umboðsmenn

PHONE 2083 219 McINTYRE BLK.

Með því að biðja æfinlega um "T.L. CIGAR," þá ertu viss að fá ágætan vindil.

T.L.

(UNION MADE)

Western Cigar Factory

Thomas Lee, eigandi Winnipeg

Redwood Lager OG Extra Porter

Styrkið taugarnar með því að drekka eitt staup af öðrum hvorum þessum ágæta heimilis bjór, á undan hverri máltíð. — Reynið !!

EDWARD L. DREWRY Manufacturer & Importer Winnipeg, Canada.

lætur þér þykja vænt um hana, eins og hún væri litil systir þín".

"Nei, pabbi, ég vil ekki eiga neina systir".

Drengurinn var mjög líkur móður sinni. Hann hafði reglulega og fallega andlitsdrætti, en hann hafði þann ljóta vana, að teygja hökuna niður á bringu, og lita svo upp fyrir sig. Alt yfirbragð hans bar vott um lævísi og slægð. — Meðan á þessu stóð, beygði hann höfuðið enn lengra niður en vanalega, bar hægri höndina fyrir höfuð sér og leit illilega til litlu stúlkunnar.

Barnið stóð graðkyrt, og rjálaði vandræðalega við kjólinn sinn. Það var auðséð, að litla stúlkan var hálfeimin við drenginn. En smásaman færði hún sig nær, og án þess að óttast framar hið náturs-fulla augnaráð hans, greip hún um korða, er hékk við belti hans.

Hann hrynti henni frá sér og hljóp til móður sinnar, er kom inn í stofuna.

"Ég vil ekki eiga neina systir", sagði hann hálfgrátandi. "Mamma, láttu þessa rustalegu stelpu í burtu. Ég vil vera einn hjá þér og pabba".

Frú Heilwig yptí öxlum og gekk þegjandi að borðinu.

"Lestu borðbænina, Nathanael", sagði hún með hinni hljómlausu rödd sinni. Svo krosslagði hún hendur sínar, og drengurinn breytti í öllu eftir henni, hneigði auðmjúklega höfuðið og mælti fram langa borðbæn. Mikil dæmalaus, viðbjóðsleg hræsni var þó ekki þessi borðbæn, þar eð hjarta þeirra er hana fluttu, var þrungið af reiði og hefnigirni!

Húsbóndinn var augsýnilega í mikilli geðshræringu. Hann snærti ekki við matnum, heldur hendlæk að eins gaffal sinn og rendi þórólega augunum á víxl til þeirra, er við borðið sátu. Aftur á móti hafði litla stúlkan hina bestu matarlyst. Hún

stakk í vasa sinn töluverðu af sætindum, er Heilwig hafði lagt á disk hennar.

"Ég ætla að gefa mömmu það", sagði hún sakleysislega. "Henni þykir það svo gott, og pabbi kemur alt af heim með stóra bréfpoka fulla af einhverju góðu handa mömmu".

"Þú átt enga mömmu", sagði Nathanael hryssingslega.

"Það veizt þú ekkert um", mælti hún með ákefð. "Ég á miklu fallegri mömmu en þú".

Heilwig leit óttaslegin til konu sinnar. Hann lyfti upp hendinni til að taka fyrir munn barnsins, en hætti svo við það, og sagði blíðlega við konu sina:

"Hefir þú séð barninu fyrir rúmi, kæra Birgitta?"

"Já".

"Hvar á hún að sofa?"

"Hjá Friðriku".

"Getur hún ekki sofið í okkar herbergi núna fyrst um sinn?"

"Jú, ef þú tekur rúm Nathanaels í burtu".

"Heilwig snéri sér frá konu sinni og kallaði á Friðriku.

"Friðrika", mælti hann, er hún kom inn, "þessi litla stúlka á að sofa hjá þér. Vertu góð og nærgætin við hana, hún er foreldralaus og vön góðri uppeldisjusamri móðir".

"Ég skal ekki leggja ilt til barnsins, herra Heilwig", sagði gamla konan, sem hafði staðið á hleri og heyrt alt, sem fram fór í stofunni. "En ég er komin af heiðarlegum foreldrum, og hefi aldrei á æfi minni haft neitt saman við loddara að sælda. Og bara maður vissi nú, hvort þessar manneskjur hafa verið löglega giftar".

Hún gaut augunum til frú Heilwig, og vonaði

að hún myndi senda sér hýrt augnatillit fyrir þessa frammistöðu, en frúin tók í því pantudúkinn af Nathanael, og lét sem hún hvorki heyrði eða sæi það sem framfór í kringum hana.

"Þetta er hart", sagði herra Heilwig ergilega. "Fyrst í dag verð ég reyna, að á heimili minu finst hvorki mannið né miskunnsemi. Og þú, Friðrika, þú hyggur að þú getir verið harðbrjósta og meðaumkvunarlaus, af því þú ert komin af heiðarlegu fólki. — Nú, til þess að þú getir verið rólug, þá get ég sagt þér, að foreldrar barnsins voru löglega gift. Og ég segi þér í eitt skifti fyrir öll, að ef þú verður vond við barnið, þá skaltu eiga mig á fæti".

Heilwig leiddist auðsjáanlega þras þetta. Hann tók litlu stúlkuna í fang sér, og bar hana inn í herbergi eldakonunnar. Barnið var auðsveipið, og lofaði honum góðfúslega að afklæða sig, og leggja niður í rúmið. Svo bað hún guð fyrir sér og mömmu sinni og pabba sínum og fyrir hinum góða frænda (svo nefndi hún Heilwig), sem ætlaði að bera sig aftur til mömmu. Og svo bað hún fyrir konunni með ljóta andlitið. Að því búnu sofnaði hún.

Seint um kveldið gekk Friðrika til sængur. Hún var í vondu skapi yfir því, að hafa verið svo lengi á fótum. Hún tók ekkert tillit til hins sofandi barns, heldur gekk harkalega um og henti til bæði borði og stólum. Barnið hrökk upp, og settist upp í rúminu. Hún strauk hárið frá augunum og leit óttaslegin í kring um sig.

"Mamma!! Mamma!" kallaði hún.

"Þegiðu barn! Mamma þín er hér ekki. Legstu niður aftur og farðu að sofa", sagði Friðrika ergilega meðan hún afklæddi sig.

Barnið leit hræðslulega til hennar og fór svo að gráta. Hún hafði ekki átt því að venjast, að dvelja meðal ókunnugra.

"Nú grætur krakkinn ofan á alt saman. Það vantaði bara, að maður gæti ekki sofið fyrir henni. Þegiðu strax, loddara stelpan þín!" — Hún réttí út hendina ógnandi til barnsins. Það varð hrætt og breiddi áhreiðurna yfir höfuð sér.

"Ó, mamma, elsku mamma," hvísladi litla stúlkan, "hvar ertu? Lofaðu mér að koma í rúmið til þín. — Ég skal vera þæg og fara strax að sofa. — Ég hefi geymt nokkuð handa þér, — Fee borðaði það ekki alt saman sjálf. — Fee geymir alt af eitthvað handa mömmu sinni. — Lofaðu mér bara að halda í hendi þína, svo skal ég vera kyr í rúminu — —"

"Getur þú ekki þagað!" hrópaði Friðrika og hljóp að rúmi barnsins. Nú heyrðist ekkert lengur, — að eins einstöku sinnum niðurbyrgð stuna undan rúmfötunum.

Gamla eldabuskan var búin að sofa lengi, þegar Fee loksins sofnaði, eftir að hafa kallað í hljóði á mömmu sína, og grátið svo litla hjartað ætlaði að springa af því hún kom ekki.

V.

FÓSTURFAÐIRINN.

Heilwig var ríkur kaupmaður. Hann hafði erft töluverðar eignir eftir föður sinn, og svo ávaxtað það fé með dugnaði og hagsýni. Vegna heilsubrests hafði hann nú lagt niður störf sín og dvaldi nú í fæðingarbæ sínum X..... Heilwigsættin hafði ávalt verið höð í hinum mestu hávegum, og mann

Winnipeg Fréttir

Jónas Pálsson byrjar aftur að veita nemendum móttöku nú þegar, að 462 Víctor str.

Til Íslands fóru héðan í gærdag þær ungfrúr Margrét Skúlason, Sigríður Jóhannesson (báðar frá Winnipeg) og Kristín S. Árnason, frá Dog Creek.

Herra John Gillis, pianósali, er sl. 7 vikur hefir verið í kynnisferð vestur á Kyrrahafsströnd og um tíma einnig í heitu böðunum í Banff, — kom til baka um síðustu helgi. Hann lætur sérlega vel yfir ferðalaginu öllu, og umfram alt lætur hann mikið af framúrskarandi alúðlegheitum og gestrisni Íslendinga þar vestra. Viðtökur þeirra hvervetna segir hann að hafi verið yfirgnæfandi alúðlegar og tekið langsamlega fram nokkuru því, sem hann hafi mætt à lífsleið sinni nokkurstaðar. Fyrir það biður hann Heimskringlu að bera Íslendingum innilegustu þakk ir sínar. Náttúrufegurðin þar vestra segir hann að taki fram öllu því, er hann hafi áður séð, einkanlega í Vancover og Victoria og í Bellingham, en legurst þó í Victoria. — Heilsubót hefir hann fengið í ferð þessari, og þakkar hann það jöfnum höndum böðunum í Banff og alúðar meðferð Íslendinga á sér meðan hann dvaldi á Ströndinni.

Á föstudagskveldið kemur þann 28. þ.m. verður Systrakveld í st. HEKLU. Systurnar óska, að allir meðlimir stúkunnar í bænum vildu verða á þessum fundi, og allir íslenzkir Goodtemplarar velkomnir. Gleymið ekki að koma.

Báti með 2 mönnum hvolfdi við Narrows, Lake Manitoba, sunnudaginn þann 16. þ.m. Séra Oddur V. Gíslason embættaði þann dag þar nyrðra, og meðan verið var að syngja útgöngusálminn, kom kall til að bjarga mönnunum. Björn Þorláksson, annar þeirra, sem í bátnum var, syntu í land, en hinn, Björn Bjarnason, komst á kjöl. Við tilkynningu slyssins flýttu karlmenn sér frá messugerðinni. Þeir Kjartan Matusalemsson og Karl Kernested syntu út og sóttu B.B. Síðar varð bátnum náð. Líklegt er, að fátt hefði orðið um björgun, ef ekki hefði verið messað þar þann dag, því að annars hefði hvorugur björgunarmann anna verið þar þann dag.

Herra Andrés Gíslason frá Dog Creek, sem verið hefir hér á spítala í sl. 4 vikur, undir umsjón Dr. Smith augnalæknis, sem gerði uppskurð á því auga Andrésar, er

Ágústheftið af Kirkjublaðinu í Reykjavík getur um síðasta lútherska kirkjuþingið hér og forsetaskiftin þar. Ennfremur segir blaðið: — "Önnur stórtíðindi gerðust þar, að nú verður séra Friðrik J. Bergmann boðað frá Wesley skólanum á næsta vori, rekinn frá tungumálakenslu vegna trúmálaskoðana. Meira verður um þetta að segja, þegar betur fréttist. Skólakensla séra Friðriks var og með ágætum blóma. Íslendingum til stórsóma og þjóðerninu íslenzka vestanhafs til mesta trausts og halds".

hann hafði mist sjón á fyrir 3 árum. Enga von gaf hann um, að Andrés mundi fá sjón aftur á því auganu, sem upp var skorið, en telur líklegt, að hann haldi sjón á hinu, sem enn er heilt. Andrés er nú kominn út af spítalanum og hyggur á heimferð í þessari viku.

Mrs. Jóhanna Graeber lór á föstudaginn var suður til Buffalo, N. Y., þar sem bóndi hennar setti á stofn prentsmiðju. Hún biður Heimskringlu, að flytja kæra kveðju öllum kunningjum þeirra hjóna hér.

Herra Finnur Finnsson, frá Geysirbygð í Bifröstsveit, var hér í borg í síðustu viku. Hann lét vel af líðan bænda yfirleitt, og telur nú eína hindrun framkaranna járbrautarleysið, sem þeim er orðið mjög tilfinnanlegt, og telja ekki lengur viðunandi. Akra hafa nú flestir bændur þar í bygð, alt frá 1 til 30 ekrur. En flutningstæki til að koma frá sér afurðunum engin, og ekkert verð í skóginum á löndum bænda meðan brautin ekki lengist norður. Sjálfur lætur hr. Finnsson vel af líðan sinni. Hann hefir nú unnið sér inn eignarrétt á landi, sem hann telur mjög verðmætt, strax og járnbrautin lengist norður um bygðina. Miklar framkvæmdir segir hann í húsagerð bænda, og er þar nú yfirleitt vel hýst allstaðar. Víðast ný timburhús og allvel vönduð. Víða einnig bygð ný gripahús úr timbri, og sum þeirra eru svo stór, að þau rúma um og yfir 60 gripi. Finnsson hefir lagt fyrir sig málara og pappírs lagningar iðn, og hefir haft talsvert að gera við það hjá bændum. Kveðst hann á síðustu árum þar hafa málað og pappírslagt nær 50 húsa, auk allra gripahúsa, sem flestir láta nú einnig mála. Hr. Finnsson hefir ásett sér að safna skýrslum um eignir búenda í Bifröstsveit, og sem svo verða birtar í blöðunum. Einróma segir hann fólk í sinni sveit vera með stefnu Skúla Thoroddsens í frelsisbaráttu Íslands. — Bænda og smjörgerðarfélagið hefir í hyggju að stofna félagsverzlun eins fljótt og því verður við komið.

Heimsókn.

Nokkrir kunningjar þeirra herra N. Ottenson, umsjónarmanns yfir River Park, og konu hans, heimsóttu þau hjón á föstudagskveldið var til þess að tjá þeim þakklæti fyrir þá hjálp, er þau hafa veitt síðari ára Íslendingadags nefndum, síðan hátíðahöldin hafa farið fram þar í garðinum. Nefndin kannaðist við, að hjálp sú, sem hún á sl. 2 árum hefir notið frá Mr. og Mrs. Ottenson, í sambandi við undirbúning til hátíðahaldsins, hefir verið svo verðmæt, að hún hefir átt mikinn þátt í, að gera hátíðahöldin eins ánægjuleg og arðvænleg og raun hefir á orðið. Þess vegna tóku nefndarmenn sig saman um, að sýna þeim hjónum lítilljörlegan viðurkenningar vott, með því að sækja þau heim þetta áminsta kveld og afhenda þeim þar að gjöf silfur sykurker og tylft af silfur teskeiðum. Á kerið var letrað: "Til Mr. og Mrs. N. Ottenson, frá Íslendingadags nefndinni 1908".

Með gjöfinni töluðu: B. L. Baldwinson, Sigfús Anderson Jacob Johnson og Teitur Thomas.

Magnús Markússon, sem var með í hópi þessum, flutti hjónunum kvæði það, sem hér fer á eftir.

Mr. og Mrs. Ottenson þökkuðu bæði þessa gjöf með nokkrum vel völdum orðum, en kvörtuðu jafnframt um, að þeim hefði enginn fyrirvari verið gefinn eða tilkynning um það, sem þar hefði átt fram að fara.

Veitingar voru hinar rausnarlegustu, og gestunum var skemt með söng og músik fram á miðnætti.

Kvæði herra Magnúsar Markússonar fylgir:

Til Mr. & Mrs. N. Ottenson

Vér erum svo fáir á fjarlægri
ströndu,
í fjölbreyttum þjóðlífsins haga,
en ef að vér sameinum hugu og
hönd,
þá hækkar vort merki og saga.
Því norræni andinn hann lifir hjá
lýð,
þó lífsstaða breytist með hverfandi tíð.

Því ber oss að virða hvern vegfyndan hal
og vif, sem að hvetur og styður,
og því er nú fagnað og sætið í
sal
á samfundi vina með yður.
Já heill sé þeim öllum, er hnýta
þau bönd,
sem hjörtu vor tengja við feðranna
strönd.

Á bræðranna fylking þú frægir
þitt nafn
með framsóknar einbeittum vilja
því feðranna tungu og feðranna
safn
þig fýsir að geyma og skilja.
Og vel sé þér, Nikulás, víkingablóð
í vestrinu streymir hjá íslenzkri
þjóð!

Sú þjóð, sem að gaf oss þá
Gunnar og Njál
og Grettir og Héðinn og Snorra,
með þróttinn í æðum og eldinn
í sál,
sé einkenni lidaga vorra.
Þau fræ, sem þá bárust úr móðurlands mold
þá mynda sinn blómkrans á
vestrænni fold.

Vér litum með gleði á liðandi
stund,
og ljúst er þess farna að minnast.
og treystum á fylgi og framgjarna lund,
nær fylking vor ætlar að þynnast.
Já, þá koma dagar og þá koma ráð,
ef þjóðvinir stríða með eining
og dáð.

Herra Jón J. Hornfjörð, frá Framnes P.O., var hér í bænum um síðustu helgi. Hann segir árgæzku þar neðra og líðan manna góða. Akra allstóra hjá mörgum og verð á hófrum þar sem næst 50c bush., en í búðum yfir 60c.

Herra S. Hlíðdal biður þess getið, að áritan hans verði um tíma P.O. Box 27, Baldur, Man.

Á föstudagskveldið 7. þ.m. setti S. Björnsson umboðsmaður St. Heklu eftirfarandi meðlimi í embætti fyrir komandi ársfjórðung:

F.Æ.T.—Mrs. N. Benson.
Æ.T.—S. Stephensen.
V.T.—Miss Þ. Þórðardóttir.
R.—E. J. Árnason.
A.R.—M. Magnússon.
F.R.—B. M. Long.
G.—Ó. Bjarnason.
K. Miss G. Jóhannsson.
D.—Miss L. Anderson.
A.D.—Miss A. Sigurðsson.
V.—G. Magnússon.
U.V.—G. Brown.

A.R.—Sigurbjörg Einarsdóttir.
D.—Emma Strang.
A.D.—Helga Westman.
Kap.—Halldóra Friðfinnsson.
V.—Þorsteinn J. Ólafsson.

Gildir meðlimir stúkunnar nú 360. — Stúkan hefir tapað á þessu ári, — mest af þeirri ástæðu, að svo margir meðlimir hennar hafa flutt alfarnir burt úr bænum. Óskandi að aðrir, sem eftir eru í Winnipeg og ekki tilheyra nokkurri stúku, vildu koma í stúkuna og fylla skarð hinna, sem farnir eru. Allir menn og allar konur ættu að fylgja í orði og verki Goodtemplara félagsskapnum. L.

Modern Woodmen of America.

Það bezta og ódýrasta lífsábyrgðarfélag, sem til er í Ameriku er nú að byrja hér í Winnipeg.

Allir þeir Íslendingar hér í borginni, sem hafa verið í því suður í Dakota, eru beðnir að koma á fund, sem haldinn verður föstudaginn þann 28. þ.m. í samkomusal Únitara, á horni Sherbrooke og Sargent stræta, kl. 8 að kvelda.

Einnig eru allir þeir, sem líklegir eru til að vilja koma í það félag, velkomnir að koma á þennan fund okkar, og fá þar allar upplýsingar, sem þeir kunna að óska eftir.

Á þessum fundi verða einnig mættir tveir eða þrir umboðsmenn frá Bandaríkjunum, sem nú eru hér á ferð í Canada í þarfir félagsins.

G. J. GOODMUNDSSON

Barnastúkan ÆSKAN hélt ársfjórðungsfund sinn þann 1. þ. m. Þá setti gæzlukona stúkunnar, Mrs. Ása Sveinsson, eftirfylgjandi börn í embætti:

F.Æ.T.—Ingibjörg Ólafsson.
Æ.T.—Norma Þorbergsson.
V.T.—Jónína Johnson.
F.R.—Ingunn Strang.
G.—Rannveig Swanson.
R.—Þóra Johnson.

The WINGOLD Catalog

ER NÚ TIL ÚTBÝTINGAR

Sjaldgæf Allskonar Stör, seldar beint til notenda á lægsta verði. Vorar nýju tegundir af hitunar- og eldavélum er brenna allskyns eldsneyti, gerðar með nýtízku formi og með öllum nýjasta og besta útbúnaði eru til sölu með ½ til ⅓ afsláttarverði frá annara stósala verði.

Bestu stór smíðuð ár. Spara eldsneyti og vinna á geilega. Ábyrgstar að öllu leyti.

Plátustál fóðrað $1.75

Hard og liu kol - $9.50

20 þuml. bakarofn, há hólf, Ensamelerað vatnskassi - $33.95

Kol eða viðar ofn — $4.75

Há hólf, 15 gal. vatnskassi-$24.95

Blá stál. há hólf vatnskassi-$37.75

Kaupið enga stó fyr en þér hafið séð vort undraverða tilboð. Verðlágar og svo eldivíðar drjúgar sem frekast er mögulegt. Þeim er lýst í voru nýprentaða —

Nýrra STÓ "Catalog".

Vér ábyrgjumst fljóta og áreiðanlega afhendingu og lofum að taka stóna aftur, borga flutningsgjald báðar leiðir og skila yður andvirðinu, ef ekki ánægðir með kaupin. Sparið $5.00 til $40.00 á hverju kaupi. Kaupið beint frá oss og sparið verslunarmanns gróðann. Hver einasta stó ábyrgst og 30 daga frí reynsla gefin hverjum kaupanda. Skrifið eftir nýja "Catalogue"-inu K.

The Wingold Stove Co., Ltd., 245 Notre Dame WINNIPEG, - - MAN.

Hver Þvær og Hreinsar Fötin ydar?

Hversvegna að fara í Kína-kompurnar þegar þér eigið kost á að fá verkið gert betur, og alt eins ódýrt, í bezta og heilnæmasta þvottastofunni, þar sem aðeins hvítt vinnufólk er haft og öll hreinustu efni notuð Vér óskum viðskifta ydar

The North-West Laundry Comp'y Ltd.
Hreinsarar og Litarar
COR. MAIN & YORK FÓN 5178

The Dominion SECOND HAND STORE
Ágætur brúkaður fatnaður og húsmunir. Ísl. töluð.
555 Sargent Ave. Winnipeg

Dr. G. J. Gislason,
Physician and Surgeon
Wellington Blk, - Grand Forks, N.Dak
Sjerstakt athygli veitt AUGNA, EYRNA, KVERKA og NEF SJÚKDÓMUM.

A. S. BARDAL
Selur líkkistur og annast um útfarir. Allur útbúnaður sá bezti. Enfremur selur hann alskonar minnisvarða og legsteina.
121 Nena St. Phone 806

J. G. Snydal, L. D. S.
ÍSL. TANNLÆKNIR
COR. MAIN & BANNATYNE
DUFFIN BLOCK PHONE 5302

Hubbard, Hannesson and Ross
LÖGFRÆÐINGAR
10 Bank of Hamilton Chambers
Tel. 378 Winnipeg

ARNI ANDERSON Íslenzkur lögmaður
Í félagi með
Hudson, Howell, Ormond & Marlatt
Barristers, Solicitors, etc.
Winnipeg, Man.
13-18 Merchants Bank Bldg. Phone 3621, 3622

BONNAR, HARTLEY & MANAHAN
Lögfræðingar og Landskjala Semjarar
Suite 7, Nanton Block, Winnipeg

G. M. Bjarnason
Málar, leggur pappír og gerir "Kalsomining. Óskar við skifta Íslendinga.
672 AGNES ST. TELEFÓN 6954

Stefán Guttormsson,
Mælingamaður
663 AGNES STREET. WINNIPEG.
29-8-8

Boyd's vélgert brauð
Það kostar ekkert meira, hvert brauð 5 cent, og er auðfengið. Vér höfum 20 keyrsluvagna til þess að keyra brauð vor heim í hvert hús.
Þér græðið við að fá fulla vigt brauðanna og þau svo vel gerð að nota má hverjo skorpu. Þér græðið við að nota þessi brauð.
Boyd's
Bakery Cor. Spence & Portage Ave
Phone 1030.

Íslenzkur Kjötsali
Hvergi fæst betra né ódýrara KJÖT en hjá honum,—og þú munt sannfærast um að svo er, ef þú aðeins kaupir af honum í eitt sinn Allar tegundir. Óskar að Isl. heimsækji sig
CHRISTIAN OLESON,
666 Notre Dame Ave, Telefón 6906

Royal Optical Co.
327 Portage Ave. Winnipeg. RÉTT Á MÓTI EATON'S BÚDINNI.
Beztu Augnfræðingar
12-9-8
Öll nýjustu og bezt reynd verkfæri notuð. Höfuðverkur sem stafar frá augunum, áreiðanlega lækuaður. Sanngjarn kostnaður
AUGU SKODUD KOSTNADARLAUST.

fram af manni höfðu karlmennirnir skipað æðstu embætti bæjarins. Húsið á torginu, það langstærsta í öllum bænum, og stór, fallegur blómgarður, er lá fyrir utan bæinn, hafði frá því menn mundu fyrst eftir sér, verið í eign Heilwigs ættarinnar. Húsið stóð á horni í aðalgötu bæjarins, og meðfram því lá svo vegur, er náði að fjalli, sem var þar í nánd. Framhlið hússans snéra náttúrlega að götunni, en svo lágu stórar útbyggingar út frá því. Á tveimur efstu loftunum, voru ár eftir ár gluggatjöld dregin niður. Að eins þrisvar á ári og ef veizlur voru haldnar, þá voru tjöldin dregin upp, hreinu lofti hleypt inn í herbergin og þau hreinsuð og þvegin. Hin stóru málmdrekahöfuð, er stóðu uppi á þakinu og sprautuðu regnvatninu niður á steinstéttina, og fuglarnir, er flugu kring um hið gamla kaupmannahús, fengu þá að líta alla gripi og gersemi ættarinnar, sem voru geymdir í þessum herbergjum. — Í sumum herbergjunum stóðu stórir skápar, fullir af alls konar skrauti. Þar stóðu stólar, fóðraðir með rósa-damaski, og stórir speglar, er náðu frá gólfi og upp að lofti. Í gestaherbergjunum stóðu uppbúin rúm, og sterk lavander-lykt streymdi frá rúmfötunum.

Þessi herbergi voru aldrei notuð. Það var ekki siður Heilwigs ættarinnar, að leigja út herbergi. Í herbergjunum var alt af hátíðleg þögn, nema þegar giftingar og skírnarveizlur voru haldnar þar, og þegar húsmóðurinn gekk þangað upp til að líta eftir lérefttum og postulini sínu, er var geymt þar. Frú Heilwig var tólf ára, þegar hún kom fátæk og foreldralaus á þetta heimili. Hún var eitthvað í ætt við gamla Heilwig, svo hann kendi í brjóst um hana og tók hana til sín, er hún místi foreldra sína báða rétt um sama leyti. Hún stóð því, ásamt fleiri systkinum sínum alveg eignalaus uppi. Frú Heilwig sem

þá var, hafði verið mjög hörð við hana, en einkasonur þeirra hjóna, hinn núlifandi Heilwig, hafði kent í brjósti um hana, og svo smámsaman snérist meðaumkvun hans upp í ást til hennar. Móður hans fell þessi ráðahagur afar-illa, og um tíma komst alt í bál og brand á heimilinu, en sonurinn lét ekki undan og gekk að eiga stúlkuna, hvað sem hver sagði. Hann hafði ávalt haldið, að fáláti unnustu sinnar stafaði af feimni og óstöðugleysi, kuldi hennar af hinu strangu uppeldi hennar og stiflyndi hennar tók hann fyrir viljaþrótt. En hann hafði ekki lengi lifað í hjónabandinu, þegar hann sá, að hann hafði halt rangt fyrir sér. Það var líkast því, að veri hann nú reyrður hörðum böndum og járnhönd héldi þeim föstum, og úr þeirri átt, er hann hafði vonast eftir þakklæti og umhyggjusemi, varð hann var við hina sterkustu eigingirni.

Þau eignuðust svo syni. Annar var Nathanael, en hinn hét Jóhannes, og var 8 árum eldri. Þegar hann var ellefu ára, kom faðir hans honum fyrir hjá frænda sínum, er bjó við Rín. Það var lærður maður og forstöðumaður fyrir drengjaskóla þar.

Þannig var nú ástatt fyrir Heilwigs ættinni, þegar barn loddarans kom á heimilið. Heilwig hafði verið sjónarvottur að, hvernig dauða hinnar ólánsömu konu bar að höndum. Hann gat ekki gleymt hve augnaráð hennar var auðmjúkt og raunalegt, er hann keypti þá af henni. Honum tók til hjartans, er hann hugsaði til þess, að á heimili hans hefði vesalings konan, ef til vill í síðasta sinni fundið til þeirrar niðurlægingar, er fylgdi lífsstöðu hennar. Þegar Pólverjinn svo sagði honum frá síðustu bæn konu sinnar, þá bauð hann honum strax að taka barnið. Svo þegar hann kom út á götuna með barnið í fanginu, þegar síðustu kveinstafir hinnar ólánssömu móður náðu eyrum hans og barnið lagði hendur um

háls honum og spurði hann um mömmu sína, þá fyrst datt honum í hug, hverjar viðtökur hann mundi fá hjá konu sinni. En hann áleit, að fegurð og yndisleikur barnsins, og það, að þau sjálf höfðu aldrei eignast dóttir, myndi bæta úr öllu saman. Þrátt fyrir langa sambúð og margar raunir, þekti hann ennþá ekki til fulls skaplyndi konu sinnar. Ef svo hefði verið, þá myndi hafa orðið bezt fyrir hann að snúa við og fá hinum harmþrungna föður aftur barn sitt.

Hafi kalt verið á milli Heilwigs og konu hans áður, þá batnaði það ekki, eftir að hið umkomulausa barn var tekið á heimilið. Það var engu líkara en steinveggur væri nú reistur á milli þeirra. Auðvitað gekk alt á heimilinu sinn vanalega gang. Frú Heilwig gekk eins og áður daglega um öll herbergi sín, og hafði umsjón með smáu og stóru. — — Hún var ekki létlyndi, og þeim, sem hafði næmt auga og eyra fyrir léttúðugum hreyfingum, hefði næstum getað orðið ilt af, að hlusta eftir hinu þunglamalega fótataki hennar. Hún þreifaði á öllu, er fyrir varð, — það var sem hún hefði ómótstæðilega löngun til þess, að leggja hina hvítu, stóru hönd sína á gluggakistuna, borðin og veggjaskrautið, og svo ef ryk fanst, þá að þurka það vandlega í burtu. — Það var haldið bænahald á hverjum degi. Með kaldri, tilfinningarlausri röddu ákallaði hún guð og lofaði kærleika og miskunnsemi hans, og hún lofaði einnig hann, sem bauð oss að elska sjálfa óvini vora. — Heimilisfólkið borðaði saman. — Á sunnudögum gengu hjónin í kirkju, en frú Heilwig reyndi sem bezt hún gat, að komast hjá, að mæta augnaráði manns síns, og ef hann talaði við hana, svaraði hún í eins fáum orðum og mögulegt var. — Sama var að segja um framkomu hennar gagnvart litlu stúlkunni. — Sama kveldið og hún kom, hafði hún

boðið Friðriku að láta alt af einum diski fleira á borðið, og eins hafði hún látið rúmföt inn í herbergi eldastúlkunnar. — Ofurlítil ferðakista með fötum hafði komið morguninn eftir, og frúin skipaði Friðriku að opna það, og svo hengja öll hin smekklegu tilbúnu barnaföt út til að viðra þau, og svo áleit hún skyldum sínum lokið gagnvart loddarabarninu. — Að eins í eitt skifti sýndist sem hún hefði meðaumkvun með því. — Einn dag sat nefnilega saumakona í herbergi frú Heilwig, og saumaði tvo kjóla handa Felicitas, úr dökkleitu efni, — alveg sama efni og með sama sniði og kjólar frúarinnar sjálfrar. Og á sama tíma kallaði frú Heilwig á Felicitas og setti hana á kné sér og hélt henni þar fastri, hvort henni líkaði betur eða ver, á meðan hún bustaði og kemdi hár hennar, þar til hinir fögru og velkrulluðu lokkar barnsins voru alveg sléttir og komnir í tvær afarmiklar fléttur aftan í hnakkanum. — Þetta síðasta stafaði þó fremur af því, hve frú Heilwig var algerlega sneidd öllum fegurðarsmekk, heldur en því að hún vildi afskræma útlit barnsins. — Herra Heilwig næstum vöknaði um augu, er barnið rétt eftir kom inn til hans. En eftir þessa síðustu þraut skifti frúin sér enn þá minna, ef minna gat verið, af barninu en áður.

Enn sem komið var, var litla stúlkan þó ekki brjóstumkennanleg. Enn þá gat hún flúið frá hinum köldu, strongu augum frúarinnar og leitað athvarfs hjá umhyggjusömu, elskandi hjarta. Heilwig elskaði hana eins og sín eigin börn. Að vísu þorði hann ekki að láta það uppskátt. Hið minnisstæða kveld, er barnið kom á heimilið, hafði hann lagt fram alt það hugrekki gagnvart konu sinni, er hann átti til í eigu sinni. — En hann hafði vakandi auga á Felicitas. Hún mátti eins og Nathanael vera hvenær sem hún vildi í herbergi fósturföður síns. Hún

LAND

Vér höfum nýlega fengið til sölu yfir 30 Section-fjórðunga, liggjandi að Oaklands brautinni C. N. R. Hlaðvöllur. Verð-ið er frá $7.00 til $12.00 hver ekru. Ekkert af löndum þessum eru meir en 5 mílur frá járnbrautinni.

Skúli Hansson & Co.
Skrifst. Talsími 5476. Heimilis Talsími 2759

Heimskringla.

Alt landið

er álitið vera jafnfyrir landi af bestu tegund, og fæst keypt með vægum afborgunar skilmálum. (N.B.—Land fyrripart þessarar auglýsingar vinstramegin við Hkr. nafn.)

Frekari upplýsingar veita

Skúli Hansson & Co.
56 Tribune Building. Winnipeg.

XXII. ÁR. WINNIPEG, MANITOBA, FIMTUDAGINN, 3. SEPTEMBER, 1908 NR. 49

Matvöru KJÖRKAUP sem gilda föstudag og laugard. 4. og 5. sept.

3 pakkar af Rúsínum	25c
Peas, hver kanna aðeins	8c
Corn, hver kanna aðeins	8c
Tomatoes, hver kanna á	12c
9 stykki af "Iverine" Þvotta sápu	25c
Bláni, góð tegund, hverti stykki	5c
Eins pds. könnur af góðum Baking Powder, 2 könnur á	25c
Jelly Powder, 5 pakkar á	25c
Pickles vanal. 15c flaskan, 2 á	25c
Strawberries, hver kanna niðurs. í	17c
Jam af beztu tegund, vanal. 25c, á	20c
Lax, 2 könnur á	25c
Ísafold kaffibætir, 2 pakkar á	25c
Plómur, hver kanna aðeins	10c

Vér óskum að fólk taki til greina að vér höfum einnig nægar byrgðir af barnaskóla bókum, "scriblers", skrifföngum og fl. Sendið börn yðar hingað eftir þessum bókum.

Clemens, Árnason & Pálmason
The Cash Grocery House
Horni Sargent og Victor. Talsími nr. 5343

Fregnsafn.

Markverðustu viðburðir hvaðanæfa.

— Krónprinsinn á Þýzkalandi, sem um sl. 12 mánuði hefir verið að læra hermál og kynna sér herstjórnar aðferð, hefir nýlega gefið út skýrslu og athugasemdir um skoðun sína á þessum málum. Prinsinn heldur fram því, að herreglur þær, sem yfirmenn séu bundnir, séu svo þröngar, að þeir séu uppteknir við óþarfa skriftir mest af tímanum. Þetta bindur þá of mjög við stjórnar skrifstofurnar og gerir þeim ómögulegt, að sinna sínum verklegu störfum eða að annast að nokkru leyti um þarfir manna sinna. Prinsinn vill láta gera algerða breytingu á fyrirkomulaginu.

— Stjórnin í Ástralíu hefir ákveðið, að verja 5 miliónum dollara til herskipasmíða, og eitt Sidney blaðið segir, að samskot muni verða gerð til að bæta við þann sjóð stjórnarinnar. Það segir ennfremur, að nú sé þegar búið að hafa saman eina milión dollara í þessu skyni.

NÝTT NÝTÍZKU

THE QUEENS

Vinsælasta
og þægilegasta
Gisti-hótel í Winnipeg

Bandaríkja-snið
Frí keyrsla.

MONTGOMERY BROS.,
EIGENDUR

BJART MIÐSTÖÐVA

— Enginn efi er nú á því lengur, að ríkiskosningar fara fram um mánaðamót október og nóvember, eða einhverntíma á tímabilinu frá 23. október til 12. nóvember. — Stjórnin hefir haft allan viðbúnað, og prentun kosningalistanna er svo langt komin, að ekki stendur á henni. Blaðið Winnipeg Free Press prentar þá fregn frá fréttaritara sínum í Ottawa, að kosningar verði látnar fara fram 28. eða 29. október. Þó er það ekki algerlega ábyggilegt.

— Þeir, sem hafa haft ábyrgðir í Mutual Reserve Fund lífsábyrgðar félaginu og ekki skift þeim eða fært yfir í félag það, sem tók að sér að halda þeim í gildi, eru nú sem óðast að fá ávísanir fyrir þeim upphæðum, sem þeim ber úr þeim sjóði félagsins, sem var í umsjá stjórnarinnar. Undir lífsábyrgðarlögunum er stjórninni afhentur Lsti yfir nöfn þeirra, sem tilkall eiga til þess sjóðs, og hverj um félaga er veittur 30 daga frestur til þess að færa ábyrgð sína yfir í annað félag. Þeir, sem sjá um það, að deyja á þessu 30 daga tímabili, eftirskilja erfingjum sínum fulla lífsábyrgðar upphæðina. En deyi þeir eftir þann tíma, þá fá þeir sjálfir sinn hluta að eins af ábyrgðarsjóði félagsins, sem er í umsjá stjórnarinnar. En það er sáralítil hluti af ábyrgðar upphæðinni. Sem dæmi þessa má nefna mann einn í Montreal borg, sem hafði 10 þúsund dollara lífsábyrgð í félaginu. Listarnir voru afhentir stjórninni 6. júní sl., og þá voru 30 dagar þar til félagið yrði útdautt. Montreal maðurinn var um þessar mundir veikur. Fái hann heldi dáið innan 30 daganna, eða fyrir 5. júlí, þá hefði 10 þúsund dollara lífsábyrgð hans verið borguð að fullu, en hann dó ekki fyr en 16. júlí, og erfingjar hans fá því ekki nema hans tiltölulega hluta úr ábyrgðarsjóðnum í umsjá stjórnarinnar, sem ætlað er að verði sem næst 250 dollarar, eða sem næst 25 dollarar af hverju þúsundi ábyrgðarinnar.

— Brazilía hefir tekið 75 milión dollara lán og hefir til tryggingar gefið kaffiræktunar möguleika ríkisins. Frakkar veita 25 miliónir af láninu, London sömu upphæð og New York 10 millónir. Belgíumenn lána afganginn.

— Einhverjir hafa nýlega brent upp tvo bæi eða þorp í Suður-Dakota. Bæjir þessir eru Lowry og Akaska. Áhlaup var gert á bæjina að næturlagi og nokkur hús brunnu í hvorum fyrir sig, þó bæjarbúar gerðu alt sitt til að slökkva. Menn ætla, að þetta hafi gert verið í hefndarskyni fyrir það að nokkrir menn voru teknir fastir í þessum bæjum, og hafi félagar þeirra þannig komið fram hefndum á íbúana.

— Eldur kom upp í Constantinopel í vikunni sem leið. Yfir 2 þús. hús brunnu til ösku. Margt manna místi þar lífið, mest konur og börn og nokkrir slökkviliðsmenn. Sjö þúsund manns eru húsvíltir. Eldurinn varð slöktur áður meira tjón varð.

— Oðburkar á Ítalíu hafa svo þurkað upp 4 bæi í suðurhluta Apulia héraðsins, að fólkið er í hrönnum að deyja úr þorsta. Ekkert regn hefir fallið þar um 18 mánaða tímabil. Brunnar allir þurrir og uppskera og allur jarðargróður ómögulegur. Tavoilers héraðið, eitt hið legursta og frjósamasta í landinu, er orðið að eyðimörk. En í Bar héraðinu er vatn nú orðið svo dýrt, að það er dýrara en vín. Mikið hefir um það verið rætt og ritað á sl. 25 árum, að byggja mikillengkgt vatnsvestukerfi um héruð þessi, en ekki hefir nætt verið unnið í þá átt ennþá, og svo er nú sagt, að 8 ár þurfi til að byggja slíkt kerfi, svo að gagni megi koma. Íbúarnir í Andria, Barletta, Trani og Bitonto hafa einnig verið mjög aðþrengdir af vatnsleysi. Þeir hafa beðið stjórnina, að senda tafarlaust vatn til þessara bæja með skipum og gufukestum. En framkvæmdir hafa enn ekki orðið aðrar en þær, að ítalska sjóferðafélagið hefir sent þangað nokkur skip með vatn frá Vinarborg og ýmsum öðrum stöðum þar í grend

— Prófessor einn á Rússlandi kvongaðist nýlega ungri konu, eftir að hafa um 10 ára tíma verið trúlofaður annari stúlku, er unni honum hugástum. Á giftingaferð sinni komu hjónin þar að, sem hann svo nálægt Bismark turn er reistur, á 1200 feðma háu hamrabjargi. Höfðu þau þá verið vikutíma í hjónabandi. Brúðurin fór upp á turn þennan og henti sér niður fyrir bjargið. Í bréfi, sem hún lét eftir sig, bað hún bónda sinn að kvongast 10 ára unnustu sinni, og kvað hann mundi geta notið sælu lífsins að sér látinni.

— Steypirigning í Colorado á föstudaginn var eyddi Folsom bæ þar í ríkinu. Vatnið varð 8 feta hátt og margir drukknuðu. Folsom er námabær með 3500 íbúum. Bærinn stendur undir Capulin fjalli, um 40 mílur suður frá Colorado. Tuttugu og þrir hafa drukknað svo vitanlegt sé, og margir tugir kvenna og barna finnast hvergi, og eru menn hræddir um að það fólk, sem ekki er fundið, hafi skolast burt í flóðinu. Eignatjón er sagt voðamikið.

— Á fimtudaginn var handsamaði lögreglan í Chicago 165 flækinga. Þeir voru teknir meðfram Illinois Central járnbrautinni. 46 þessara náunga sögðust heita "Jack Smith".

— Öldungurinn Count Leo Tolstoj varð 80 ára gamall þann 28. ágúst. Það hafði verið tilgangur manna víðsvegar um Rússaveldi, að fjölmenna á heimili hans þann dag. En nú er gamli maðurinn svo máttfarinn af sjúkleik og ellihrörnun, að hann er engum sinnandi, og var því hætt við förina. Hins vegar hafa menta og lærdóms menn, rithöfundar og skáld frá flestum löndum, þó flestir á Rússlandi, haft samtök til að mánnast þessa viðburðar. (1) Með því, að hafa saman nægilegt fé til þess að kaupa útgáfurétt á öllum ritum Tolstois, og gefa þær svo út í ódýrri útgáfu, til þess að þær komist inn á sem flest heimili í öllum löndum og útbreiði þannig þær skoðanir, sem hann hefir haldið fram. (2) Með því að byggja í St. Pétursborg mentastofnun og listasafn, er kent sé við nafn hans. — Mestu kynstur bárust gamla manninum á þessum síðasta afmælisdegi hans af lukkuóskum, ýmist með bréfum eða hraðskeytum. Einnig var honum sent mjög mikið af vinagjöfum, ekki að eins frá Rússlandi, heldur og frá ýmsum öðrum löndum, svo sem Þýzka landi, Frakklandi, Bandaríkjunum, Belgíu og víðar.

— Zia Bey, yfirmaður leynilögreglunnar á Tyrklandi, hefir flúið þaðan síðan stjórnarbyltingin varð þar. Hann komst fyrst til Lundúna, eftir að hafa falið sig á Tyrklandi í nokkra daga. En soldáninn skipaði honum að flýja úr ríkinu án klukkutíma fyrirvara. Hann komst til Smyrna, en var ásóttur þar að næturlagi, og skaut þann mann til bana, er ætlaði að ráða niðurlögum hans. — Þaðan komst hann til Frakklands og síðan til Lundúna. Í viðræðu við fregnrita þar í borginni sagði hann: "Tyrkland sér mig aldrei framar. Í embættistíð minni hefi ég verið verkfæri til þess að ráða af dögum ráðgjafa, aðra embættismenn og borgara. Samkvæmt skipun minni hafa 170 Tyrkir algerlega horfið. Sumir þeirra voru meðal hæststandandi manna lands ins, en með einni handbendingu frá mér voru þeir úr sögunni". — Hann sagði ennfremur, að Izzet Pasha, sem nú er einnig í London hefði komið undan $7,500,000 virði af auðæfum sínum, sem mest er geymt í Bandaríkjastofnunum með tilhjálp gríska peninga mangara í Parísarborg. Zia Bey óskar nýju stjórninni allra heilla, og segist sjá eftir, að sér sé ekki afturkvæmt til föðurlandsins, af því svo margir menn á Tyrklandi hafi orðið að líða fyrir skipanir, sem hann hafi gefið um að hegna þeim. Enn fremur sagði hann: "Yfir 400 aðdáir og trúverðugir leynilögreglu menn voru stöðugt starfandi undir umsjá minni. Þeim var vel borgað og einu gilti, hver það var, sem varð að hverfa, — skipun minni var möglunarlaust framfylgt, hver sem í hlut átti. Aðaldómsvaldið var hjá soldáni, en í sl. 25 ár lét um við hann ekkert ónæði hafa af því starfi. Alt valdið var hjá mér. Ég ásaka ekki soldáninn eða ráðgjafa hans. Þeir fylgdu gömlum vana í embættisrekstri sínum, og það gaf þeim tækifæri til þess að breyta auðæfum ríkis í privat eign ir sínar. Soldáninn á að minsta kosti 4 miliónir dollara geymdar á Þýzkalandi. Austurríki og Frakk landi, sem hann fékk í mútur frá ýmsum mönnum og félögum, sem verzluðu við hermáladeildina. En endir var á þetta bundinn fyr en oss varði, vegna vaxandi þekkingar hersins á sl. 6 mánuðum". — Zia Bey kvað ætla að setja sig niður í Canada og eyða þar elliárum sínum. Hann býst við, að kaupa hér land og rækta það.

— Tólf ára gamlir drengir, Hanson og White, léku sér að því í Port Arthur bæ í Ontario, að kveikja eld í húsi þar í sl. viku, og olli það athæfi 15 þús. dollara eignatjóni. Þeir höfðu verið úti alla nóttina, farið inn í verzlunarhús, leitað að peningum en fundu ekki. Skriðu þeir þá inn í kofa og lágu þar fram á nótt, en er þeim tók að kólna, kveiktu þeir eld á gólfinu, og af því stafaði húsbrunnin og eignatjónið.

— Canadamenn hafa á þessu ári sent 12 miliónir bush. af eplum til Bretlands.

— Flóðalda mikil gekk í sl. viku yfir bæinn Augusta í Georgía rikinu. Vatnið gekk upp á loft í húsum þeim, sem stóðu á vatnsbakkanum, svo að fólkið varð að flýja heimili sín. Mælt er að eignatjón af þessu hafi orðið milión dollara virði. Verksmiðjur skemdust og vélaútbúnaður þeirra ónýttist í mörgum tilfellum. Dagblöðin gátu ekki komið út. Þúsundir af fólki er húsvilt, og hundruðum skiftir hefir horfið, sem menn eru hræddir um, að hafi druknað í flóðinu. Matarskortur er orðinn tilfinnanlegur.

— Stjórnin, Washington hefir fengið tilboð um, að kaupa hest nokkurn, afarstóran og traustan, sem fram að þessum tíma hefir að allega verið haldur til sýninga. Eigandinn segir, að herra Taft, sem sé 300 punda þungur, verði forseti Bandaríkjanna, og þá verði hann að hafa ráð á hesti, sem sé við hans hæfi. En þessi hestur er full 7 fet á hæð og vegur 2,700 pd. Eigandinn segir, að hesturinn geti hlaupið hvíldarlaust með Taft á bakinu allan daginn e'ns og vanalegir hestar beri strákhnokka.

— Gen. Booth lét lesa jafnréttisávarp sitt á hverjum Frelsishersfundi á Bretlandi, sem haldinn var sunnudaginn 23. ágúst sl. Í ávarpi þessu skorar hann alvarlega á alla þá, er í hernum séu, að hlynna að þeirri hugsjón, að konur nái jafnrétti við karla, og að innræta börnum sínum sömu skoðun. — Vænta má, að þetta ávarp hins aldraða herforingja hafi víðtæk og öflug áhrif á kvenfrelsismálið á Engalandi og víðar.

Óstjórn Liberala afhjúpuð af H. B. Ames.

Einn sá stærsti pólitiski fundur, sem haldinn hefir verið hér í Winnipeg, var haldinn í Selkirk Hall í fyrrakveld, þar sem herra H. B. Ames, þingmaður fyrir Montreal borg, hélt 2½ klstunda ræðu til þess að lýsa óstjórn og glæpum Laurier stjórnarinnar. Hann sýndi ljóslega, hvernig stjórnin hefir gefið til vina sinna margra milión dollara virði af þjóðeignum ríkisins. Herra Ames sannaði hverja staðhæfing sína með tölum úr þingtíðindunum og stjórnarskýrslum, og einnig með því, að sýna mynd af hinum upprunalegu skjölum, og svo var að sjá, sem áheyrendurnir þyrftu ei framar vitna við. Enda hefir enginn enn þá reynt til að hrekja nokkurt atriði í ræðum hans um þetta efni.

— H. Ledger, skósmiður í Ottawa, sækir undir merkjum verkamanna flokksins. Yfir 500 kjósendur í kjördæminu sendu honum skriflega beiðni um, að sækja um kosningu.

— Það þykir sæta nýlundu hér í landi, að strætisbrauta félagið í New York hefir orðið gjaldþrota, og menn verið settir til þess að hafa umsjón með tekjum þess. Svo er að sjá, sem hin mikla Brooklyn brú hafi orðið félaginu að falli. Kostnaður við umferð þess um brúna síðan árið 1900, hefir orðið tæplega 4½ milión dollara meiri en tekjurnar. Strætisbrautafélagið byggði brú þessa á sinn kostnað, og sérstaklega til þess, að geta látið strætisvagna sína ganga eftir henni. Tekjur félagsins auk tilkostnaðar urðu á sl. 9 mánuðum $800,000, en það er sama sem 1 prósent af þeirri upphæð, sem eignirnar eru virtar til skattgreiðslu. Það er talið óumflýjanlegt, að hækka fargjöldin með brautum félagsins upp úr 5c fyrir þær vegalengdir, sem fólk hefir að þessum tíma getað keyrt með vögnum félagsins fyrir þessa upphæð.

— Það er sagt fullkomlega víst, að Sir Wilfrid Laurier muni ekki koma til Vestur-Canada til þess að taka þátt í kosninga bardaganum hér. Hann kvað hafa ákveðið, að verja mestu af tíma sínum í Quebec fylki, þar sem hann óttast Henry Bourassa og fylgjendur hans. Bourassa hefir komið svo miklu losi á kjósendur þar í fylkinu og náð svo miklum áhrifum þar, að Laurier telur nauðsynlegt, að líta sjálfur eftir hagsmunum flokks síns þar eystra.

Fréttabréf.

SPANISH FORK, UTAH.
24. ágúst 1908.

Herra ritstjóri!

Síðan héðan var skrifað síðast, hefir Etið skeð af markverðum tíðindum. Öllum líður vel, og inndæl er tíðin. Hér hafa verið hitar miklir og þurkar, að kalla má stöðugt, síðan um miðjan júlí, og hefir því heyskapur og uppskera gengið mætavel. Þresking er nú nýbyrjuð á hveiti og öðrum korntegundum, en á sykurófum á ekki að byrja fyrri en um miðjan næsta mánuð. Þær lita út með bezta móti.

Yfir höfuð er það álit flestra manna, að þetta ætli að verða eitt hið bezta uppskeruár í Utah, bæði á heyi, kornmat og rófum, jarðeplum og aldinum, og verðið er einnig gott fyrir þá, sem selja, en aftur bakara fyrir þá, sem þurfa að kaupa.

Heilsufar er gott og "allsherjarfriður" sýnist ríkja hér hvervetna. — Pólitikin er undurspök enn sem komið er, og engin tilnefningaþing farið að halda enþá. Þau byrja ekki fyrri en í september, og verða að verða öll um garð gengin snemma í október. En frá þeim tíma og til kosninga, búast menn við all-liflegum tímum, hvað pólitik áhrærir.

Löndum vorum líður öllum bærilega, og sýnast vera ánægðir. — Nýlega kom hingað í kynnisför til vina og vandamanna hr. Vilhjálmur Valgarðsson, sonur herra Péturs Valgarðssonar, sem býr í bænum Taber, Alberta. Hann fór héðan fyrir 5—6 árum, og hefir dvalið þar síðan og liðið vel. Hann lætur einnig vel af líðan þeirra landa vorra, sem þar búa.

Lítið er um gleði og skemtisamkomur hjá oss löndum nú á dögum. Þegar bezt lætur, gifta sig máske einhverjir, það er alt. Og enn gleymdist að halda Íslendingadaginn. Það "snuggaði" ekki nógu vel í nefinu á oss til að koma því í verk.

Hinn 21. þ.m. andaðist að heimili sínu hér í bænum bóndinn Eyjólfur Eiríksson, af innvortis meinsemd, krabbameini í maganum, að læknar sögðu. Hann var á sextugs aldri, og lætur eftir sig ekkju og fjögur börn.

Ekki höfum vér enþá haft neinn tíma til að athuga þetta sambandsmál, sem margir eru nú að tala um í blöðunum, og þessvegna get ég ekki flutt neina kveðju frá löndum vorum hér, því máli viðvíkjandi. En fyrir sjálfan mig get ég sagt, að ég er með algerðum skilnaði, og svo hygg ég einnig að fleiri séu. Mér virðist, að landar vorir heima vindi alt of bráðan bug að úrskurði þessa máls með atkvæðagreiðslu. Þeir hefðu átt að geyma það til næsta sumars, og gera það þá 2. ágúst. Það gæfi enn lengra og betra tækifæri til að ræða málið, og grandskoða það frá öllum mögulegum sjónarmiðum. Það gæfi oss líka Vestur-Íslendingum, tækifæri til að senda heim eina fjóra stjórnmálagarpa sinn í hvern landsfjórðung, til að halda þar pólitiska fyrirlestra, samkvæmt amerískanskri stjórnfræði, sem að minni hyggju mundi verða hagkvæmast fyrir land og lýð. Íslendingar ættu að leita sér transts og skjóls hjá lýðveldi voru Bandaríkjunum, og innlimast svo í það og undir þess stjórn, — verða "State of Iceland", með líku stjórnarfyrirkomulagi, sem hér tíðkast. Það hygg ég þeim yrði affarabotra, en að gerast sérstakt ríki með konung yfir sér.

Lýðveldis hugmyndin er sjálfsagt bæði rétt og góð, en ég efast um, að þjóðin sé því vaxin, að standast allan þann kostnað, sem það hvorutveggja útheimtir, að vera lýðveldi eða konungsríki, og þess vegna álít ég, að samband við Bandaríkin væri nauðsynlegt.

Ég hefi líka þá skoðun, að það sé hvergi í heiminum betra stjórnarfyrirkomulag en hér er, og segi ég þetta ekki vegna þess, að ég er einn af þegnum Bandaríkjanna, heldur fyrir óbifanlega sannæringu og eigin reynslu. Og að endingu það, að ég vil Íslandi og Íslendingum ekkert nema hið bezta, — bæði í þessu og öllum þeirra velferðarmálum.

Einar H. Johnson.

Wall Plaster

Með því að venja sig á að brúka **"Empire"** tegundir af Hardwall og Wood Fibre Plaster er maður hár viss að fá beztu afleiðingar.

Vér búum til:

"Empire" Wood Fibre Plaster
"Empire" Cement Wall "
"Empire" Finish "
"Gold Dust" Finish "
"Gilt Edge" Plaster of Paris
og allar Gypsum vöruteg. undir. —

Eiqum vér að senda ydur bækling vorn?

MANITOBA CYPSUM CO. LTD
SKRIFSTOFUR OG MILLUR Í
Winnipeg, - Man.

Heimskringla

Published every Thursday by The Heimskringla News & Publishing Co. Ltd

Verð blaðsins í Canada og Bandar $2.00 um árið (fyrir fram borgað). Sent til Islands $2.00 (fyrir fram borgað af kaupendum blaðsins hér $1.50.)

B. L. BALDWINSON,
Editor & Manager

Office:
729 Sherbrooke Street, Winnipeg
P.O. BOX 116. 'Phone 3512.

"Adequate Protection",

eða fullnægjandi vernd, er eitt af atriðunum í stefnuskrá Conservative flokksins, og hefir mikið verið rætt um það í blöðum landsins.

Eftirfylgjandi grein í blaðinu Winnipeg Tribune, dags 27. ágúst, rituð af einhverjum, sem nefnir sig óhlutdrægan, skýrir þetta mál svo vel, að vér teljum rétt og nauðsynlegt að birta greinina í íslenzkri þýðingu.

Greinin er á þessa leið:

"Blaðið Free Press biður hr. R. L. Borden, að útskýra fyrir íbúum Vestur-Canada, hvað hann meini með "fullnægjandi verndartolla" stefnu sinni, og vill fá að vita, hvort hann sé meðmæltur kröfum verksmiðju eigenda um tollhækkun á ullarvarningi. Vestlandið getur rettt sig á, að R. L. Borden og Conservative flokkurinn gerir alt, sem mögulegt er, til hagsmuna fyrir Vestur-Canada þegar breytingar verða gerðar á toll-lögunum. En það eru margar aðrar skýringar á "Adequate Protection" stefnunni, sem fróðlegt er fyrir ríkisbúa að kynna sér.

Í FYRSTA LAGI. — Íbúar Canadaveldis þurfa fullnægjandi verndun gagnvart landspekúlöntum og landfélögum, sem hafa, með hjálp Clifford Siftons, eiganda Free Press blaðsins, náð miliónum ekra af beztu hveitiræktarlöndum í heimi fyrir $1.00 ekruna. Conservative flokkurinn krefst fullnægjandi verndar á því, sem eftir er, og að skilað sé aftur þeim miliónum ekra, sem ranglega hafa verið hrifsaðar undan ríkinu.

Í ÖÐRU LAGI. — Íbúar Canada krefjast fullnægjandi verndar gagnvart Burrows, Fraser og Imperial Pulp félaginu, sem hafa — með hjálp Clifford Siftons — fyrir lítið verð náð umráðum yfir nálega 1600 fermílum af beztu timburlöndum í heimi. Áætlað tap, sem Canadaríki býður við þennan timburlanda missi, er 15 miliónir dollara. Conservative flokkurinn krefst fullnægjandi verndar á þeim skógalöndum, sem eftir eru, og að skilað sé aftur þeim löndum, sem gefin hafa verið burtu.

Í ÞRIÐJA LAGI. — Íbúar Canadaveldis krefjast fullnægjandi verndar gagnvart McNee, Coffee, Merritt, McKenzie og öðrum, sem hafa náð undir sig 15,311 fermílum af verðmætustu fiskivötnum Canada fyrir 280 dollara árlega leigu. Áætlað verðmæti fiskiveiðanna í þessum vötnum, er 5 miliónir dollara á ári. Conservative flokkurinn krefst fullnægjandi verndar á þeim fiskiveiðavötnum, sem eftir eru, og að skilað sé aftur í eign og umsjá ríkisins þeim 15,311 fermílum, sem bókstaflega talað hafa verið gefnar burtu.

Í FJÓRÐA LAGI. — Íbúar Canadaveldis krefjast fullnægjandi verndar gegn Cox, Jaffray, Watson og öðrum, sem hafa náð kolanámalöndum ríkisins undir sig fyrir sama og ekkert, og sem með lágu matí rýrir auðmagn Canadaríkis um 50 miliónir dollara. Conservative flokkurinn krefst fullnægjandi verndar þeirra kolanámalanda, sem eftir eru, og að skilað sé aftur í umsjá ríkisins því, sem gefið hefir verið í burtu.

Í FIMTA LAGI. — Íbúar Canada heimta fullnægjandi verndar gegn Parent Quebec brúarfélaginu, sem fékk 6 milliónir dollara ábyrgð Laurier stjórnarinnar á skuldabréfum sínum, og sem stjórn in verður að borga — af ríkisfé — með því öll sú vinna, sem það hefir gert síðan árið 1889 er ónýt, og 80 mannslíf fórust í brúarhruninu, sem orsakaðist af ónákvæmum útreikningi, eftir skýrslu neindar þeirrar, sem stjórnin setti til að rannsaka málið. Stjórnin verður að verja 8 milión dollara meira til þess að fullgera brúna. Conservative flokkurinn ætlar að sjá um fullnægjandi vernd á lífum þeirra verkamanna, sem stjórnin hefir í þjónustu sinni, og ætlar ekki að ráða óhæfa verkstjóra til þess að hafa á hendi ráðsmensku opinberra verka, vegna þess að þeir eru flokksmenn.

Í SJÖTTA LAGI. — Íbúar Canada krefjast fullnægjandi verndar gegn þeim, er heimta styrk til járnbrauta lagninga, og sem hafa fengið loforð Laurier stjórnarinnar um að leggja til úr ríkissjóði 240 miljónir dollars til Grand Trunk brautarinnar, og að auki 135 miljónir dollara til styrkveitinga í aukabrautir, í því skyni, að tæla fólkið til þess, að greiða atkvæði með Laurier stjórninni. — Conservative flokkurinn ætlar að sjá um fullnægjandi vernd gegn ágengni styrkveitinga umbeiðenda og að koma á stjórnareigu og umráðum á öllum opinberum þjóðlegum nauðsynjum, hvar sem því verður við komið. Styrkurinn til Grand Trunk Pacific og annara brauta meira en tvöfaldar þjóðskuld Canada.

Í SJÖUNDA LAGI. — Íbúar Canada heimta fullnægjandi vernd gegn hinum leyndardómsfullu herr um Brown, Anderson og Galvey Horse and Cattle félaginu, og hinum óuppsegjanlegu leigumálum á bithagalöndum ríkisins, sem Laurier stjórnin hefir gert við þessa menn, og sem hæglega mætti selja fyrir miliónir dollara. Conservative flokkurinn ætlar að veita fullnægjandi vernd á öllum bithagalöndum, sem þegar eru ekki leigð, og að heimta aftur í umsjá ríkisins þau lönd, sem gefin hafa verið burtu.

Í ÁTTUNDA LAGI. — Íbúar Canada heimta fullnægjandi vernd gegn þeirri stjórn, sem síðan árið 1896 hefir aukið útgjöld ríkisins frá $41,702,000 upp í $124,000,000 árið 1908, eða þrisvar sinnum meira en þau voru undir Conservative stjórninni.

Í NÍUNDA LAGI. — Íbúar Canada krefjast fullnægjandi verndar gegn stjórn, sem hefir aukið tollbyrði þjóðarinnar frá 27 miliónum doljara árið 1896 upp í 73 miliónir dollara árið 1908, og á minna en 12 árum, sem Laurierstjórnin hefir verið við völdin, hefir hún aukið tollbyrði á íbúum Canada um 229 miliónir dollara umfram það, sem verið hafði eftir tolluppheðinni árið 1896.

Í TÍUNDA LAGI. — Íbúar Canada krefjast fullnægjandi verndar gegn stjórn, sem hefir aukið tollbyrði hverrar fjölskyldu í landinu frá $27.68 árið 1896 upp í $58.88 árið 1908, og þannig bætt $31.20 tollbyrði á hverja fjölskyldu, og sem hefir aukið innflutnings tollbyrðina úr $3.94 á mann árið árið 1896 upp í $9.20 árið 1908.

Í ELLEFTA LAGI. — Íbúar Canada krefjast fullnægjandi vernd ar gegn stjórn, sem líður önnur eins þjóðarhneyxli oins og opinberuð hafa verið af Dr. Pringle í Yukon héraðinu, matvæla hneyxlin, Moncton landsölu hneyxlin, Halifax landsölu hneyxlin, Kentville skotmáls hneyxlin, prentunar gróða hneyxlin, Walbridge hneyxlið, Mervin hneyxlið, Stubbs hneyxlið, Universal Supply hneyxlið, eyðslusemina í útbúnaði Isbrjóts skipsins Montcalm, og $634,000 afraksturinn af mannfalskostnaðinum, Robins áveitu hneyxlið, Blairmore bæjarstæðis hneyxlið, North Atlantic Trading Co. hneyxlið, Arctic hneyxlið, sem ollu ríkissjóði $348,495 útláta til þess að innheimta tolla og gjöld, sem námu $1400, og til að skira Laurier höfðann og Prefontaine víkina, og til þess að hefja Canada fánann á stað, sem ætlað var að vera eyja, en síðar reyndist að hafa verið hafisjaki, — kosningahneyxlin í Huron, Brockville, West Elgin og Montreal, og atkvæðiskassarnir með vélaútbúnaðinum í Vestur-Hastings kjördæminu og Frontenac, sem knúðu Liberal umsækjendurnar til að flýja landið.

Íbúar Canada vilja fá vernd gegn þeirri stjórn, sem verðlaunar þeim, sem fremja kosningaklæki, svo sem Leach og Preston og fleirum, og sem setur í embætti um 80 þingmenn og uppgjafa þingmenn, með samanlögðum 375 þús. dollara árslaunum. — Conservative flokkurinn heldur fram fullnægjandi vernd fyrir Canada þjóðina gegn slikum hneyxlum og íjárdrætti, sem einkent hefir óstjórn þá, sem Laurier stjórnin hefir haft í frammi á sl. 12 árum.

Íbúar Canada krefjast fullnægjandi verndar gegn blaðaræningjum eins og Free Press, sem fékk frá Laurier stjórninni árið 1905 ekki minna en $17,413, og árið 1906 $30,230 fyrir eina útgáfu af blaðinu, sem margir kaupendur fá morgunútgáfuna af fyrir $1.00 um árið. Fullnægjandi vernd ríkisfjárhyrslunnar þýðir, að þessir bitlingar verða afteknir. R. L. Borden og Conservative flokkurinn heldur fram fullnægjandi vernd gegn rángjörnum blaðaútgefendum, og að skilað sé aftur í fjárhirzluna öllu því fé, sem borgað hefir verið fyrir þær útgáfur, sem þegar hafa verið seldar umfram það verð, sem sanngjarnt hefir verið. Þetta er þýðing orðanna "fullnægjandi vernd", að því er snertir blaðið Free Press.

Laurier stjórnin hefir á sl. 12 árum gefið burt til sinna pólitisku vina timburlönd og akuryrkjulönd og kolatekjulönd og gullnámalönd og bithagalönd og fiskiveiðaréttindi og járnbrautir og járnbrauta styrkveitingar, sem nema yfir 500 miliónir dollara af auðlegð Canada ríkis. Það hafa ekki komið fyrir nokkur viðskifti svo, að ekki hafi verið hneyxli eða fjárdráttur í sambandi við það. Laurier neitaði að leggja nokkurn styrk til brezka flotans. Ef íbúar Canada gætu fengið til baka það, sem fjárglæframennirnir hafa bókstaflega stolið, þá gæti Canada bygt og útbúið vænan herskipaflota handa sér, og einnig viðhaldið 25 þúsund manna fastaher, í minsta lagi. Þetta þýddi fullnægjandi trygging fyrir ásóknum erlendra þjóða. En það er ekki það, sem fólkið þarf að óttast. Það stafar miklu meiri hætta frá þeim náungum, sem hafa búið sér hreiður undir verndarvæng Liberal flokksins og sem vænta má, að snúast í lið með óvinunum, nema þeim sé veitt tækifæri til að mata krókinn á einn eða annan hátt. R. L. Borden og Conservative-flokkurinn hafa á stefnuskrá sinni fullnægjandi vernd fjárhirzlunnar gegn ásóknum allra fjárglæframanna, hverju nafni, sem þeir nefnast, og sem hafa hrifsað undir sig miliónir doll. af auðlegð Canadaveldis á þeim síðustu 12 árum, sem Liberalar hafa verið við völdin. Þetta er skýring á stefnu Bordens og hvað hann meinar með orðunum "Adequate Protection", — í öllum greinum óviðkomandi tollkagamálinu. Free Press ber áhuga að eins fyrir hugsanlegri hækkun á ullarvarningi. En rittstjórinn getur sofið rólega. Canadaþjóðin er orðin dauðleið á þeim blöðum, sem eins og Free Press reyna að draga hlæju fyrir augu fólksins. Það, sem Canada þarfnast, er fullnægjandi vernd gegn stjórnarsleikjum og rummungum.

Afhjúpuð óhreinskilni.

Í júlí hefti Sameiningarinnar er séra Jón Bjarnason að reyna að telja lesendum sínum trú um, að ef hann hefði vitað, að séra Björn B. Jónsson hefði verið fáanlegur til þess að vera í forsetakjöri á síðasta kirkjuþingi, þá hefði hann helzt kosið hann. Í þessu sambandi er fróðlegt að athuga, hvað gerðist á þinginu, svo að fólk fái þetur áttað sig á því, hve staðhæfing séra Jóns um val séra Björns til kirkjufélags forseta er gersamlega fjarstæð öllum sannleika og á ekkert skylt við hann.

Þegar búið var að stinga upp á séra Jóni í forseta embættið, þá var stungið upp á séra Birni til forseta. Stóð þá Björn upp og hélt lipra ræðu, kvaðst ekki vilja vera í vali móti séra Jóni. Þá, en ekki fyr, fór séra Jón að segja þinginu frá því, að hann vildi hreint ekki taka kosningu og færði ýmsar ástæður til þess, og þar með það, að hann vissi til þess, að stór hluti þingmanna væri á móti sér. En annað slagið lét hann þó í veðri vaka, að hann tæki kosningu með því að hann "þættist ekki of góður til að gera það fyrir kirkjufélagið sem hann gæti, og það vildi nota sig til". Þetta gaf þingmönnum til kynna, að gamla Jóni væri ekki svo létt. sem hann léti, og að hann mundi halda áfram að þiggja forsetastöðuna, ef hann gæti gert sér von um, að það væri vilji meiri hluta þingsins. Þessi tvískinnungur í ræðu séra Jóns þótti mörgum alls óþarfur. Þeir munu hafa litið svo á, að annaðhvort vildi hann vera forseti, eða að hann vildi það ekki, og að honum bæri að kveða afdráttarlaust á um það. Þessi hugsun mun hafa knúð herra Elis Thorvaldsson til þess að standa upp strax og séra Jón hafði lokið máli sínu, og flutti þá Elis mjög snotra og heppilega ræðu. Hann kvaðst skilja séra Jón svo, að hann meintí það, að taka ekki kosningu. Allir miklir menn meintu það, sem þeir sögðu og væru sjálfum sér samkvæmir, og siteraði í Roosevelt forseta. Hann kvaðst líta á séra Jón, sem verandi í flokki slíkra mikilmenna, og því sjálfsagt, að hann stæði við þá yfirlýsingu sina, að vera alls ekki í forsetakjöri á þessu þingi. Þessi ræða NEYDDI séra Jón til að vera ákveðinn, enda lýsti hann því þá strax yfir, að hann ætlaði ekki að taka kosningu, — mun hafa litist freemur óhyrlega á atkvæðagreiðslu útkitið. — En hann kvaðst stinga upp á séra Kristinn Ólafssyni í forseta embættið í sinn stað, því það væri maður, sem fylgdi nákvæmlega sömu trúarskoðun og hann sjálfur, og að hann gæti trúað honum í öllu. Hann sagðist því innilega biðja alla þá vini sina, sem hefðu ætlað að gefa sér atkvæði, að kjósa séra Kristinn Ólafsson til forseta.

Atkvæðagreiðslan sýndi eins og við mátti búast alla vinatölu séra Jóns á þinginu, og þeirra, sem hefðu kosið hann, með því að kjósa séra K. K. Ólafsson, en þeir voru 23. En þeir, sem kusu séra Björn voru 29. Þá var gerð uppástunga um, að kjósa hann í einu hljóði, en þá uppástungu gerði hvorki séra Jón né séra Kristinn, sem þó hefði helzt átt að vera.

Þetta gerðist á kirkjuþinginu, og geta menn þar af séð, hve ant séra Jón Bjarnason lét sér um, að séra Björn yrði kirkjufélags forseti — að hann stakk sjálfur upp á manni til að sækja um embættið móti honum, og bæði talaði og greiddi atkvæði móti séra Birni, og hét á alla vini sína, að greiða atkvæði móti Birni, — en segir þó í Sameiningunni, að hann hefði langhelzt óskað séra Björn í forseta embættið, ef hann hefði haft nokkra hugmynd um, að hann væri fáanlegur í það. Hann má vera meira en litið hugmyndasljór, gamli maðurinn, ef hann hefir enga hugmynd um það haft, að séra Björn væri fús til að taka embættið. En hann hafði hugmynd um þetta, og af henni var það sprottið, að hann stakk sjálfur upp á manni, til að sækja móti honum, og talaði og greiddi atkvæði sitt móti honum. Meira gat hann ekki gert til þess, að hindra séra Björn frá, að skipa það embætti, sem hann nú hlaut á þessu þingi. Að smjaðra nú fyrir hinum nýkosna forseta með Pikatusarþvotti þeim, sem séra Jón notar, er viðbjóðsleg lítilmenska.

Í sama blaði Sameiningarinnar, bls. 133, segir séra Jón: skólaneindarálitið "réð til þess, sökum óánægju innan safnaðanna út af núverandi trúmálastefnu séra Fr. J. Bergmanns, að eftir næsta ár væri annar maður ráðinn í hans stað í það embætti", og svo segir hann: "Í skólamálinu var ágreiningurinn meðal þingmanna eingöngu um þetta atriði".

Mörgum var áður kunnugt um það, að síðan séra Jóni fór að þykja séra Friðrik of frjálslyndur í trúmálaskoðunum, hefir hann viljað koma honum frá skólanum. Menn gátu því búist við, að séra Jón mundi reyna til að finna eitthvað að séra Friðrik, sem kennara, eða þá að hann væri ekki nógu lúterskur, en hvorugt það hefir hann séð sér fært að gera. Séra Jón vissi vel, að þegar herra Magnússon var ráðinn til að kenna íslenzku við Gustavus Adolphus College, að hans trúarskoðanir voru alt aðrar og eru alt aðrar en séra Jóns, og þó var ekkert að því íundið, sem og liklegt var, enda hefir séra Jón og hans jábræður ekkert til að finna að séra Friðrik, heldur er séð fólkið hefta svo, sem það séu söfnuðirnir, sem ekki vilji, að séra Friðrik sé lengur íslenzku kennari, og að annar sé ráðinn í hans stað, án þess þó að segja nokkuð um það, hvaða trúarskoðun sá kennari þurfi að hafa.

Nú er það öllum almenningi Íslendinga hér vestra ljóst, að þettá mál hefir aldrei verið borið undir söfnuðina, og ekki einn einasti af söfnuðunum hefir nokkurn tíma ákveðið neitt á um það, hvaða sérstaka trúarskoðun íslenzku kennarinn við Wesley College skuli hafa. Enda mun óhætt að fullyrða að það er varla nokkur maður innan vébanda vestur-íslenzku safnaðanna — að undanteknum sumum kirkjufélags prestunum — svo þröngsýnn og ósanngjarn, að hann heimti nokkra sérstaka trúarskoðun af tungumála kennara, heldur að eins það, að hann sé heiðvirður maður og góður kennari. Í það minsta þori ég að fullyrða það fyrir hönd Norður Dakota Íslendinga, eins og líka sýndi sig í því, að erindrekar þeirra í þinginu voru eindregið móti neindarálitinu, og séra Kristinn, sem átti drjúgan þátt í samningi þess álits, varð að játa það frammi fyrir öllum þingheimi, að hann vissi ekki af nokkrum manni í sinum söfnuði, sem væri óánægður með séra Friðrik. Og þetta er maðurinn, sem séra Jón lýsti yfir í þinginu, að gerði vilja sinn í öllu og sem hann vissi, að mætti treysta. Vesalings séra Kristinn! Fyr má nú vera, að sjálfstæðið sé lítið, en þröngsýnið mikið og viljinn til að þóknast öðrum, en að svo langt sé gengið, að maður láti hæta sér eða ota til þess að leppa það, sem maður í sálu sinni og samvizku veit að er órétt og rangsleitið.

Það skal hér sagt þingmönnum til maklegs heiðurs, að enginn þeirra reyndi til þess, að mæla þessu neindarálíti bót, nema sumir af prestunum og þingmenn úr séra Jóns eigin söfnuði, og eftir að þetta neindarálit hafði verið rætt meiri part úr degi, var því vísað til baka til nefndarinnar, sem þá feldi úr því allar aðfinslur við séra Friðrik og kvartanir um óánægju við hann í söfnuðunum, en réði í þess stað til þess, að íslenzka kennara embættið við Wesley College væri lagt niður, og svoleiðis breytt var það samþykt í einu hljóði.

Þetta urðu þá ádrif þessa nefnd arálits, sem séra Jóni og nokkrum fylgendum hans þótti svo mikið til koma.

Ef nú séra Jón heldur, að hann geti látið fólk trúa því:

1) Að hann segi satt í því að hann hafi helzt viljað séra Björn kosinn í kirkjufélags forseta embættið, þótt hann á þinginu bæði alla þá, sem hefðu gefið sér atkvæði, ef hann hefði verið í kjöri, að greiða þau atkæði með séra Kristinn, — og þá að sjálfsögðu móti séra Birni.

2) Að hann sé ekki bersýnilega, og þó með frekar lúalegum hætti, að smjaðra fyrir séra Birni og hræsna fyrir almenningi, þegar "record" þingsins sýnir framkomu hans alt aðra og verri miklu, en hann í blaðsinu auglýsir hana að hafa verið.

3) Að hann af fúsum vilja hafi neitað að taka kosningu í forseta embættið, eftir að hann sjálfur og fyrstur manna gaf það beint í skyn í ræðu sinni, að nautun hans vært af því sprottin, að hann vissi, að stór hluti þingsins væri sér andvígur.

4) Að hann hefði getað orðið kosinn, hefði hann verið í kjöri

— þá eru landar vorir trúgjarnari miklu en alment leikur orð á um þá.

Þessi atriði eru öll sameiginlega og hvert í sinu lagi álika trúleg og það, sem séra Jón kennir, sem sé, að eini rétti skilningurinn á bibliunni, tru og trúarjátningu sé eins og hann skilur það, og þeir, sem öðruvisi skilja, það séu vantrúarmenn og verri en heiðingjar (særi kristna trú í hjartastað).

Rótt núna berst mér í hendur ágúst númer Sameiningarinnar, sem byrjar með stórrri skammagrein um séra Friðrik, og hótan um meiri skammir síðar — (að svo miklu leyti, sem í voru valdi stendur, segir guðs orð!!).

Í grein þessari er það berlega tekið fram, að ástæða kirkjufélagsins til þess að geta ekki unt séra Friðriki konslustarfa við Wesley College sé sú, að það sé launað embætti, og jafnframt er þess getið, að það embætti hafi verið lagt niður af meðaumkvun með séra Friðrik. Með öðrum orðum: Séra Jón kveðst hafa unnið að því í gustukaskyni við séra Friðrik, að sviptu hann atvinnuvegi og lífsuppeldi. Mér dettur í hug, að nú sén timar nokkru breyttir frá því er var, þegar séra Jón var að lokka séra Friðrik frá söfnuðum hans hér syðra og fá hann til að taka að sér kenslustarfið við Wesley College í Winnipeg. Þá er mér sagt frá Gardar, að séra Jón hafi hnoðað saman miklu lofi um séra Friðrik, og eitt með öðru sagði hann, að "DROTTINN HEFÐI BENT SÉR Á HANN" til þessa kensluembættis.

Margt gæti nú séra Friðrik tínt til, ef hann vildi, sem séra Jón sagði um hann. En þá var séra Jón vinur hans samkvæmt bendingu drottins. Nú er hann orðinn skæður óvinur hans, samkvæmt bendingu frá hinum höfðingjanum. En einmitt vegna þess, að séra Jón var eitt sinn vinur séra Friðriks, þá vill séra Friðrik sem góður drengur ekki beita Jón slikum tökum, þó gamli, afdankaði kirkjufélags forsetinn sé að bregða séra Friðrik um, að hann hafi mælt vel um sig og verk sin, þegar þeir voru vinir.

Meðal góðra drengja gildir sú regla um heim allan, að ef vinir hætta að verða vinir, þá skuli þeir aldrei særa hvor annars tilfinningar með neinu því, sem þeir hafa sagt og gert meðan þeir voru vinir, og sá þykir ódrengur, sem frá þessari reglu víkur. Og ódrengir verðskulda fyrirlitningu allra góðra manna.

Kirkjuþingsmaður.

Ferðasaga.

(Niðurlag.)

Frá honum fórum við til herra Guðna Eggertssonar. Var hann að slá hafra á akri sínum. Bauð hann okkur heim og var hinn ræðnasti. Hann er bókamaður mesti, og bindur þær sjálfur, og hefi ég ekki séð íslenzkar bækur í fallegra bandi en hjá honum. Þaðan fórum við til Tryggva Thorsteinssonar. Hann býr á næsta landi við Senator Douglas. Trygvi Thorsteinsson er viðkunnanlegur og gætinn í tali, og mun vera vel einum búinn. Kona hans er ræðin og heit kvenfrelsiskona. Þar tafði ég lengi og lengur en ég ætlaði, því þar sat maður við ræður en ekki þögn. Þá keyrðum við suður til Snorra Jónssonar (frá Auðbrekku í Hörgárdal). Var hann þá kominn heim. Eftir kveldverð léði hann mér hestinn aftur, og Óli keyrði mig suður til Jóns Bertels. Ég fann Jón á engjum um daginn, og vildi hann að ég yrði hjá sér um nóttina. Jón Bertels er ræðinn, djarfur og hreinn og beinn, og þó við kæmum ei til hans fyrri en seint um kveldið, beið hann úti eftir mér. Hann er einn af þeim fyrstu, sem nam land á dalbrúnum, og hefir því verið þar lengi. Kunni hann frá mörgu að segja á frumbýlingsárunum. Þá voru öðrugleikar margir. Engin járnbraut nema suður í Moosomin, yfir 40 mílur, og brattur og hliðhallur vegur yfir Qu Appelle dalinn. J. Bertels er Skagfirðingur og þekti Bólu-Hjálmar vel. Sagði hann mér ýmislegt um hann.

Næsta dag þurfti ég að komast norður í nýrðri byggðina. Þar þekti ég engan mann. Mér hafði verið bent á að sjá G. J. Vopna fyrstan þar. Ég sagði Jóni Bertels þetta, og kvaðst hann skyldi með ánægju keyra mig til Vopna, því þeir væru vinir, og kvað mig þar vera kominn í manna hendur, en ekki trölla. Næsta morgun var þykt veður, og leit súldulega út. Alt stóð heima hjá Jóni minum. Hann sjálfur og hestarnir voru til ferðbúnir á réttum tíma, og héldum við af stað, og er norðurkeið sú 7—8 mílur. Allir voru önnum kafnir að slá engjar og búa sig undir kornslátt, en ekki vék Jón orði að því, að hann ætti annríkt, að keyra mig meira en hálfan dag á 2 hestum. Alt var sjálfsagt eins og værum við fóstbræður. Svo var hann ræðinn og fræddi mig um ýmiskonar, að ég hefi naumast mætt manni á ferð, sem hefir verið vingjarnlegri við mig en Jón Bertels. Á leiðinni komum við við hjá Jóni Hjaltalín, og rétt eftir kl. 11 komum við norður til hr. G. J. Vopna. Hann var á engjum, ásamt sonum sinum, en stutt frá húsinu. Við fórum okn á engjarnar. Hann bauð okkur strax heim. Hann og synir hans, Sveinn og Sigurður, hafa 6 lönd og yfir 100 stórgripa, og kindur, svin og fugla. Jón heitir yngsti sonur G. J. Vopna, en hann var of ungur til að ná heimilisréttarlandi þar í byggðinni. Þennan dag var sunnudagaskóla "picnic" á Vallaskóla. Herra G. J. Vopni keyrði mig þangað norður og 2 dætur sínar. Þar var meginið af Íslendingum úr norðurbygðinni komið saman. Þar gegnir nú prestsverkum Karl Olson, ég held í nafni kirkjufélagsins, og er skólahúsið þar haft fyrir kirkju.

Mér leist vel á fólkið í báðum þessum nýlendum. Það er viðkunnanlegt og skrafhreyfið, látlaust og blátt áfram í viðkynningu.

Á þessari skemtisamkomu hélt Karl Olson ræðu, svo var sungið eitthvað og hlaupið og stokkið. Þar voru góðar veitingar, og menn voru glaðir og ánægðir að sjá. Ég talaði þar við fáeina menn, sem sé: Gunnlaug Gíslason, Valdimar og Þorstein, bræður hans, og við Gísla föður þeirra. Hann bjó lengi á Hallgilsstöðum á Langanesi, og heyrði ég hans getið að góðu einu á Íslandi. Ég talaði þar við fleiri menn, en ég man ei full nöfn þeirra. Þar sá ég Björn Erlendsson, gamlan þingeying. Ég kannaðist vel við ætt hans og hefi oft heyrt hans getið. Hann fór með Sigurgeir úr Svarárkotá vestur að Þingeyrum, og var jafn an fyrir vestan eftir það. Nú blind ur, og nýfluttur frá Pembina til dóttur sinnar norður þar. Hann er enn friður og gervilegur á velli, sem hann á ætt til að rekja, í sumu liðu.

Ég fann vin minn Jón Hjaltalín á þessari samkomu, og keyrði hann mig suður til Tantallon um kveldið. Þar var von á Mr. R. L. Richardson, ritstjóra Tribune í Winnipeg. Þyrftist þangað fólk að hlusta á hann. En hann lét ei sjá

(Framh. á 5. bls.).

Hugvekja

fyrir íslenzka presta. Hver er þeirra kristindómur?

Framh. frá nr. 46 — 13. ágúst síðastl.

Það er ekki á mínu færi, að aðgreina hágöfugan "spiritism" frá Kristi (réttvísinni). Kristur er mér réttvísin sjálf í öllum greinum, og "spiritismin" ber honum vitni, að vera hvorki meira né minna en hann sagði sig að vera. "Spiritism" sá, er helgar sig Kristi og Kristur helgar sig, er guðlega lifið, réttvísin sjálf, kærleikurinn sjálfur til alls, sem gott og guðlegt er og upphefur manninn nær og nær guði, fullkomnasta lífsins stigi. Ég bið alla um þetta að hugsa og virða fyrir sér án hleypidóma, og aðgreina hann "spiritism" frá lágum, "Spiritism" verður frá minni sjón andlegu lífsstigin á öllum stigbreytingum, frá ófullkomnasta lífsstigi til þess fullkomnasta í guði. Krist ur er réttvísinnar fyrirmyndarandi, sem vér þurfum að keppa nær og nær og mynda vorn anda eftir. Hans andlegi persónuleiki þarf í oss að þroskast í eftirmynd fyrirmyndarinnar fyrir framan oss og sem öllum verður augljós, er ásetja sér að fylgja réttvíst og andlegum dygðum, án þess að einblína á fjármunalegan hag holdsnautnanna. Réttvísinnar andi er afláð, sem lyftir oss úr bæli fáfræði, sjúkdóma og sorgar, sérdrægni og meingerða til vorra nánunga. Hann er frelsun vor frá sjálfum oss, frá óréttvísinnar anda sem vér eigum svo bágt með að skilja, að vér þurfum að frelsast frá. Svo bágt með að skilja, að alt vort böl á sina orsök í viðskiftalífi voru og óréttvísi, sérdrægnis og yfirgangs ójafnréttisins, er vér sjálfir skapað höfum til að eiga í sifeldri baráttu við náttúrunnar lögmál, er aldrei verður til friðs fyr en því er fylgt að einu og öllu, til að geta séð guðs ríki. Vér jáum ekki guðsríki fyr en vér innleiðum réttvísi — hina sömu, sem bjó í Jesú Kristi — inn til vorrar meðvitundar, og einsetjum oss, að halda henni og vinna með henni af hjarta eftir frekasta möguleik. Vér verðum að gá að, hvers kyns það er, sem fram fer í heiminum í kring um oss, hvort það er andlegs eða heimsgirndalegs eðlis. Vér verðum að verja hverri fristund vorri, er vér erum lausir frá heimsins þjónustu, til bóklesturs og hugskoðana um það sem fram fer í heiminum og voru eigin þjóðklagi, og reyna að sjá hver almennings heill, andlegs sem og líkamleg, af því muni spretta. Þegar vér fórum að iðka þetta, þá smáskýrast hugsjónir vorar að sjá betur og betur, lengra og lengra, því meiri sem æfing sú er. Það er heimska vor, að gefa mammoni alla dýrðina og vinna honum eingöngu. Það auðvitað þarf að gerast, að honum sé unnið, en hitt má ekki ógert látast, að andlegu gæðin séu virt og gefin dýrð engu síður, því enginn lifir af einu saman brauði. Aldrei hefir Kristur orðið oss auðskildari, aldrei skýrar sýnilegri, aldrei kröftugri sínum þjónum til hjálpar en einmitt nú. Alt sér maður að gengur fram samkvæmt því, sem hann fyrirsagði. Þeir, sem líta í kring um sig, verða að geta séð þetta, ef þeir yfirvega jónum höndum til samanburðar óréttvísi og réttvísi þá, er nú svo hersýnilega eiga í stríði í heimunum um alla möguleglegika. Óréttvísin og valdráðin eru að renna inná hæsta stig bölvunarinnar og binda sér alla alþýðu möguleika og réttvísi, sem fjöldinn þarfnast, en drottins þjónarnir, sem álíta sig vera með Kristi — og enda sumir "í hans stað" — þeir þegja eða þeir mæla með óréttinum, en móti réttvísinni. Og frá réttvísis sjónarmiði skoðað, er ekki hægt annað að sjá en hinar strönguslu íhaldsleiðarstjörnur vorar séu að gera sig að opinberum "falskennendum", og þeir séu að brynja sig á sama máta móti síðari komu Krists nú, eins og höfuðprestar og skriftlærðir gerðu á Krists fyrri tilkomudögum. Er nú ekki óttalegt til þess að hugsa, ef þessir menn eru nú blindaðir á sama máta og hinir gömlu stóttarbræður þeirra? Mér finst oss nú minni vorkun, að geta séð réttvísina, hverju megin hún er að vinna, eftir allar reynslur og viðburði, er hafa skeð síðan fyrra tilfellið skeði. Ég sé ekki annað, en sama afli, sömu óréttvísis valdráðin, sama afgrunnsdýrið óréttvísu valdráðanna, sem Kristur særði sjötta höfuðið á, með réttvísinnar sverði, og sem nú er gróið, sí nú að dansa með fullu endurnýjuðu fjöri á heimsmarkaði andlegra og líkamlegra gæða. Í nafni Krists, skoðið þetta með nákvæmni hvar þið standið: Skoðið "spiritismann". Skoðið nýjar hugsjónir, sem nú eru hraðfleygar að renna fram á tíman. Berið þetta saman við Krist, og reynið að samræma það, sem hinir fáu stóttarbræður yðar þykjast sjá, sem eru að leiðast inn til hinna nýju hugsjóna, en sem þið eruð að reyna að stiga niður og hrinda inn á gamla þjóðveginn sennilega með litlu tilliti til, hvort sá þjóðvegur var lagður í fyrstu á réttasta stað gegn um eyðimörkina, eða að betur mætti við una, að breyta honum á þörtum á hagkvæmari stað eða staði. Ef þið ekki viljið hanga við Krist, — þá er alt öðru máli að gegna. En því að eins að ég er sannfærður um, að þér viljið ekki af honum sleppa, þá skil ég ekki jafn-greinilega, hvers vegna þér getið ekki viðurkent hann í "spiritism" og nýjum hugsjóna rannsóknum, jafnvel og hans eigin kenningum, sem tileinkast honum í Nýja testamentinu, þar sem samræmið sést svo greinilega, frá voru litla viti skoðað.

Ég þykist töluvert um þetta hafa hugsað, hvernig standi á þessum ágreiningi, af því mér finst hann mikilsverður vera, þar sem ég álít að líf vort sé einn sameiginlegur lærdómstími, ef því réttlátlega væri til þess varið. Þó sjáanleg öfl séu í "spiritism" á lágu stigi, er brúkuð yrðu til ills, þá eru þau engin önnur en þau sömu, sem freista vor daglega, og sem vér þyrftum að varast og útreka. Þau eru sömu öflin og öll óréttvísinnar vélræði eiga kyn sitt til að rekja, og æðið hafa verið frá ómunatíð. Og hvers vegna megum vér ekki reyna að skilja þau og varast, til að vita þess greinilegar tilgang frelsishetjanna, sem alla kraúta hafa framlagt, og lifið líka, til að fá oss til að aðhyllast gott og réttvíst og lifa saman sem skynsamar verur, en ekki sem dýrslegar mannætur?

En svona gengur þetta. Öll þessi voðalega réttvísis og óréttvísis sumsuða heimsmenningarinnar er risin hátt upp yfir mannlegan eðlisskilning (væri betra sögð stigin niður), svo að vorir bætu menn verða þess viltari, sem þeir meira af henni læra. Menn verða óaðgreinanlega góð-illir og þekkja hvorki ilt né gott, þegar nokkuð á reynir, vita ekkert hvert stefnir, og taka það svo fyrir, að trúa engu nema sér líku. Þá verður spurstnæfið: Hver er réttur, þú eða ég? Og allstaðar hljómar sama svarið, að sá betur upplýsti hljóti að vita betur. Ég viðurkenni, að hann veit meira, en hvort að gæðum til að það er betra, það læt ég vera utanvið ákvæði mitt. En að nokkru leyti erum við báðir ófullkomnir og blandnir við heimsháttinn.

Íslendingum lái ég ekkert, þótt þeir heldur vilji vera prestslausir, heldun en hafa þá, sem engin nautn er í á að hlýða. Ég er svo upplagður, að ég sé aldrei dýrð guðs í piningu Jesú Krists eða neinum hroða-illverkum. Mér finst meira að segja hættulegt, að hugsa svo, það skerðir hið góða traust mitt til guðs, svo ég hræðist hann í stað þess að elska. Ég lít á krossfestanguna (sem og alla óréttvísi), sem smán á mannkynslíkamanum, sem allir eigi að fyrirlíta, til þess að geta séð og leiðst inn til réttvísis og mannkærleika. Að líta á hana sem guðs dýrð, leiðir mann inn á að vera honum til dýrðar í framkvæmdum illverka jafnt og góðverka. Enginn, sem viðurkennir Jesú Krist, lærir það af honum. Allskonar óréttvísi kveikir angur og beiskju í huga hvers kristins manns, honum sárnar að vita, hvað sú dýrsnáttúra getur liðist af skynberandi mönnum, því meir, sem hann fjarlægist meir illgerðir og illa meðvitund. Það getur verið viðfeldið í bili, að líta á illverk viltra manna og fóðra þau með guðsdýrð og réttvísi, en mér er mikið hugðnæmara að eigna þau eingöngu mannsins frivilja og vondum yfirráðum.

Þér lútersku prestar!! Ég snú mér sérstaklega til yðar, og spyr yður: Trúið þér réttlætis prédikun þeirri, er guðspjöllin tileinka Jesú Kristi, og eru hér fyrir sjónum allra, og sem þér hljótið að kunna lík og laðirvor? Af hverju eigum vér að sjá, að þér trúið henni og skiljið hana? Ef þér tryð að henni, þá hlytuð þér allir að skilja hana á einn veg og verða samróma um hennar sannindi. En nú er þó kominn ágreiningur meðal yðar, ekki svo lítils verður. Og hvar fyrir kemur hann? Ég ræð hann svo: Að misskilningur eigi sér stað, og sumra yðar augu sjái ekki enn þá ágreiningsatriðin eða munun á þeim, svo þér ekki getið sannfærst á eitt og hið sama allir. Samhljóða þurfið þér að verða, svo byggingin standi og hrynji ekki, eða þá að úr henni verði bygðar tvær, og þar með skapist svokalladir tveir sannleikar af einum. Ég veit, að þér viljið allir grundvalla yðar trúarkenning á kenningu Jesú Krists, og þar eruð þér réttir. En hví sjáið þér ekki eitt og hið sama allir? Hví verður hans bygging ekki ein og hin sama fyrir allra yðar augum og skilningi? Til þessa sem annars eru orsakir órækar, er líka geta lærst að lesast og skiljast frá þeirri sömu kenningu, en séu þær ekki skildar og viðteknar, verður öll kenningin að rugli, réttleins og daglegt tal vort og hringiða þessa tíma. Þess vegna segi ég: Þér eruð ekki kenningunni vaxnir, hún riðar slig á sumum yðar, á þeim meir og minna, sem rangir eru. Þér eruð sumir rangsýnir og yfirstjórn yðar heldur yður frá að sjá sannleikann, eftir því meir, sem þér að eðlisfari eruð fjarlægari að vera sannir og samræmir Jesú Kristi. Þetta er eðlis ásigkomulag réttlætis og ranglætis þess, sem ríkir í heiminum, og þér sem aðrir eruð meira og minna smittaðir af, og sem þér neinið synd. Óhreinleikinn og óréttvísin á móti réttvísinni, er syndin, sem þér skylduð fyrstir af öllum hætta að mæla með, og útrýma af fremsta megni úr hugurfarinu, en innbyggja réttvísinni í alt yðar hjarta og kenna óblandaða réttvísi. Þegar þér gerið þetta, þá skiljið þér Jesú Krist rétt, og fylgið honum. En á meðan þér hræsnið fyrir réttlætinu, óréttvísinni í vil, svo verðið þér leyndir að geta séð sannleikann og guðsríki. Á meðan þér þekkið ekki hvað réttvíst er, eruð þér meira og minna í myrkri viltra holdslystinga og ekki stöðu yðar vaxnir í andlegu tillíti, til að vera leið togar týndra og fráviltra sauða. Hinir, þeir ófráviltu og hagvönu, þurfa yðar ekki með, þeir þekkja sitt hús og haglendi og eru verndaðir af æðri hirða umsjón. Þetta finst nú sumum yðar smán gerð prestlegu stöðunni, að einn ólærður og fráviltur heimsins þræll skuli voga sér að hreyfa þessu máli upp í opið geð yðar, og vita fyrir víst, að verða af sumum heimsins hæstráðendum smáður og fyrirlitinn í staðinn. En það mega allir vita, að honum gerir það ekkert til. Vilji einhver leggja fram betri sannanir og réttvísari, en hann hefir fyrir framan sig, þá tekur hann þeim vel, ef betri sýnast, annars stendur hann og fellur sínum herra. Mín meining er, að vara við yfirvofandi hættu eftir beztu sannfæringu, án tillits til, hvort tekið verður vel eða illa upp. Ég sé í flestum greinum meir og minna ríkjandi óréttlæti, og finn skyldu mína að andmæla því. Ég sé, að það stendur á hástigi, en réttlætið er að ferast yfir. Það ferist yfir, þó ég hjálpi ekkert til. Það er það næsta, sem viðtekið verður, og því geí ég mitt fylgi, og vil óska, að allir meðbræður mínir meðtaki það með fögnuði.

Líka vil ég sjá, að prestar vorir stranglega mótmæli allri óréttvísi, án manngreinarálits, líti á alla sem bræður og kenni réttvísi í öllum greinum, og séu samkvæmir henni í orðum og athöfnum. Mæli með friði og eindrægni, en móti hervaldi, ófriði og ofríki óréttvísinnar og þrælslegra yfirráða, en stofnsetji réttlætis og friðarins ríki með Kristi.

Af íslenzkum prestum hér vestan hafs liggur meira verk fyrir framan oss eftir séra Friðrik J. Bergmann, en nokkurn annan, og frá minni sjón er alt hans verk í heild sinni — af sannfæring — einn leiðarvísir til þjóðar vorrar, sem aldrei fyr, en nú nýskeð hefir náð hæsta stigi, en á þó langt í land til að ná hástigi. Af því hann lítur nú í kring og jafnframt til Krists og sér sama dýrið og Kristur ráða heiminum og vera tilbeðið, og hefir lítillega gefið opinberlega í skyn, hvað honum sýnist, — þá er hann nú áltinn sem vargur í véum, óalandi og óferjandi öllum bjargráðum. Oft hefir nú þesskonar komið fyrir hjá umbótamönnum og réttvísinnar þjónum, að sýnast annað mætti betur fara en viðgengist hefir, svo þeir hafa helg að sig því starfi, að leiðbeina og reyna að sjá betur, en verið svivirtir að launum, og sumir ver en það. Í þessara hóp er nú séra Fr. allareiðu inngenginn, og hver er orsökin? Sú sama og hjá Kristi. Friðrik leit í kring og sá sama heimsháttinn í almætti stríða á réttvísina (Krist). Hann fann skyldu sína, að veita sitt liðsinni, sem þjóðar sinnar vinur. Hann veit, að hann er af sumum lítilsvirtur fyrir það, en skyldan er honum helgari en einsömul mannvirðing. Hví er hann vinur Krists, ef hann ekki fylgir honum á móti drekanum, þegar nauðverja er þar til? Hann verður að vera annars hvors nafnberi, réttvísis eða óréttvísis. Hér er óhjákvæmilegt stríð upp á líf og dauða í aðsigi. Réttvísin eða óréttvísin verður önnurhvor að falla og yfirvinnast. Vér þurfum báðar að þekkja, annars getum vér ekki gengið inn undir rétt merki. Herforingjarnir þurfa að þekkja sína þjóna. Vér þurfum að þekkja hvorri vér viljum veita lið, og bezt að kynna sér það fyrirfram.

Í þessum bæ (South Bend) er verið að kenna ungum piltum hernæfingar. Þeir eru æðir til dráps og eyðileggingar, yfirgangs, valds og ójafnaðar, til verndunar mammoni og mentaðra þjóða svívirðu — samkvæmt núríkjandi valdsyfirdrotnun — en kúgunar réttvísis, friðar og eindrægnis samtaka. — Hverjir mótmæla? Ekki prestarnir. Því í stað þess að mótmæla þvíliku, þá taka þeir þessa pilta, sérstaklega á tilteknum tímum inn að altarinu, fram fyrir eftirlíkingu Krists, og látast hafa með tekið hans anda, hverjum þeir blása hér yfir sín postulaefni, og fylla þá hér sinni eigin andagift,— leggja þeim hér sinar af guði þegnar hlýðnireglur, að verða ekki hræddir, þegar þeir verði kallaðir út til stríðs og dráps meðbræðra sinna, heldur vera óhræddir og fela öll sín hryðjuverk guðs forsjónar vernd og varðveizlu. Þeir úthella hér sínum anda í heitri bæn til guðs og Jesú Krists, að vernda þessa sina þjóna, þessa þjónaefni. Hér segja þeir með Kristi: "Leyfið börnunum til mín að koma". En til hvers? Er það til að verða guðsríkis erfingjar, eins og Kristur hafði augu sín á, eða til hins gagnstæða? Mín börn, sem mörg fleiri, ganga á sunnudagaskóla til eins þessa prests, sem þetta að heíst, og hafa hlýtt á þetta, en spursmál mitt til huga míns verður: Verður skólagangan í heild sinni þeim til góðs? Er hér ekki eins opinberlega kend "synd á móti heilögum anda"? Getur réttvísi mótmælt því? Er hér ekki verið að leiða út börn vor til slátrunar, í ábyrgð guðs, óréttvíslega, en réttvíslega í ábyrgð leiðtoganna? Eru nú ekki sýnilega að koma fram sannindi skáldsins, er segir:

"Þeir, sem við mammoni gefum
að gjöl,
og ganga til trogs eins og sauðir
þeir eru farnir að engjast í gröf,
og æpa úr jörðunni dauðir".

"Það er eins og vofi yfir vestrinu frá,
það veður, er bjálkana skekur,
og bak við það dyljist svo dagurinn sá,
sem dauða og sofandi vekur".

Ég held nútímans prestum væri gott, að lesa meira ekir þetta skáld með athygli, til þess að geta betur séð, að sönn eftirmynd þeirra eigin athafna er að skýrast og nú fullri mynd í loftinu nú. Tíminn nú næstkomandi fer að draga fram merki, sem sanna, hverjir séu meiri "falskennendur" framanníint skáld eða fleiri partur nútíðarpresta. Afleiðingar eru víssar að verða samkvæmar orsökum. Þess vegna er mitt hróp til yðar: "Í drottins nafni, gáið að yður! Ekki í nafni óréttvísinnar drottins, því hann gerir öllum ilt, heldur í nafni réttvísinnar drottins Jesú Krists, — hann gerir öllum gott. Yfirvegið nú, hvað er í loftinu, það hefir aldrei verið sýnilegra en nú. Látið það ekki steypast yfir yður óvara. Síðari tilkoma Krists er áreiðanleg. Á hvern máta, er augljóst nú. Þér þurfið það að sjá, og yður lýst það ekki, ef þér fylgið honum og gerist réttsýnir. En þér þurfið af hjarta að 'vilja skilja orð hans rétt', gerast meðtækilegir þar fyrir, eins og sakleust barn, það er hægt að misskilja, svo lengi sem viljinn til að sjá réttvísina er óhreinn og gott og ilt er í samblandi hugrenninganna. Í einu orði sagt, þér verðið að vera þvegnir, helgaðir og réttlættir í nafni Krists, af guðs anda. Annars eruð þér falskir og sjáið ekki rétt.

B. G. Backman.

BILDFELL & PAULSON
Union Bank 5th Floor, No. 520
selja hús og lóðir og annast þar að lútandi störf; útvegar peningalán o. fl.
Tel.: 2685

Skrifið yður fyrir Heims-

Á beztu heimilum

hvar sem er í Ameríku, þar munið þér finna HEIMSKRINGLU lesna. Hún er eins fróðleg og skemtileg eins og nokkuð annað íslenzkt fréttablað í Canada

kringlu, svo að þér getið ætíð fylgst med málum Íslendinga hér og heima.

gat í næði leikið sér þar að gullum sínum, — þrýst brúðunum sínum, að hjarta sér og sungið við þær, vísur þær, er hún hafði lært við hné móðurinnar.

Nathanael var ekki látinn ganga á skóla, heldur var kennari tekinn til að kenna honum undir umsjón föður hans. Þegar Felicitas var 6 ára, lét Heilwig hana njóta sömu kenslu. En svo þegar vorið kom og snjóinn tók að leysa upp og blómin lifnuðu við, þá tók Heilwig bæði börnin með sér á hverjum degi út í garðinn. Þar léku þau sér mestan hluta dagsins og komu ekki inn í húsið nema á meðan borðað var. — Frú Heilwig kom sjaldan út í garðinn. Hún vildi heldur sitja við prjóna sína í næði, bak við hin drifhvítu gluggatjöld í stofu sinni. Samt var það af vissum ástæðum, að hún næstum forðaðist að koma þangað. — Einhver af forfeðrum Heilwigs hafði látið gera garðinn eftir frönskum hætti, það hefir víst í þá daga þótt hið mesta snilldarverk. Hringinn í kring í garðinum stóðu hvítmarmara og stein líkneski, sem tóku sig vel og tigulega út gegnum hin hávöxnu, dökku tré. Ein af þessum myndastyttum var af gróðurdísinni Flora. Var hún sýnd nærri nakin á myndinni. Hver, sem í garðinn kom, hlaut að veita myndastyttum þessum eftirtekt, og frú Heilwig misti næstum málið af harmi í hvert skifti, sem hún leit þær. Í fyrstunni hafði hún harðlega krafist þess, að hinar syndsamlegu eftirstælingar mannlegs líkama, er hún neindi svo, væru teknar burtu. En Heilwig frelsaði þær með því, að segja henni, að í eríðaskrá föður sins væri ótvíræðlega tekið fram, að þær skyldu standa þar um aldur og æfi. — Frú Heilwig lét þá undir eins planta vafningsjurtum í kring um myndastytturnar, og eigi leið á löngu áður en hið reiðlega andlit Plutos var hulið grænni blæju. En einn morgun reif Hinrik, eftir skipun húsbónda sins, allar jurtirnar upp með rót-

um, og var það hið ánægjulegasta verk, er hann hafði unnið langa lengi. Eftir það forðaðist frú Heilwig að koma í garðinn. Óttaðist hún að frelsi sálar sinnar væri í veði, en stærsta orsökin var þó sú, að sjá sem sjaldnast myndastytturnar, er báru þegjandi vitni um ósigur henar. En af því að frú Heilwig kom sjaldan í garðinn, varð hann nú hið eiginlega heimili Felicitas.

Í miðjum garðinum var stór sléttur grasflötur. Hér og hvar stóðu stór hnarreist furutré, og straum harður lækur rann eftir miðjum flötnum, þétt kjarrtré huldu bakka hans, sem vörðu læknum í vatnavöxtum á vorin, er snjór þiðnaði, að flæða út yfir farveg sinn. Einnig uxu í kjarrinu alls konar blóm.

Meðan skólatíminn stóð yfir, var Felicitas stilt og mjög eftirtektasöm, en jafnskjótt og Heilwig kom, og sagði að kenslutíminn væri á enda — það var vanalega seinni part dagsins — þá spratt hún upp úr sæti sínu og var í einu vetfangi farin að leika sér. Þó henni þætti gaman að læra, þótti henni þó enn þá vænna um frjálsræði sitt. Stundum hljóp hún til og frá um grasflötinn, annað slagið klifraði hún sem lipur köttur upp í tré og var svo á augabragði komin niður og lagst við lækinn, með höndurnar undir höfðinu, og horfði á hvernig blöð trjánna bærðust til og frá, og þar dreymdi hana æskudrauma sína um framtíðina. — Við hlið hennar rann lækurinn og sólin varpaði geislum sínum á straumbylgjur hans, og þrengdi sér eftir því, sem henni var unt gegn um kjarrið til litlu stúlkunnar. Býflugurnar suðuðu í kring um hana, og fuglarnir, sem voru orðnir þreyttir á að sveima kringum hin velrækturðu blómsturbeð, komu óhræddir og settust á blómin þétt við andlit barnsins.

Oft, þegar hún lá þarna, hvarflaði hugur hennar til liðinna tíma. Fee var minnug og skynsöm, —

Hvernig stóð á því, að móðir hennar hafði síðast er hún sá hana legið í skínandi hvítum klæðum? Vaxkerti höfðu varpað ljósgeislum á hið gljáandi klæði, er huldi móður hennar, og blómum hafði verið stráð yfir alt rúmið. Fee hafði aldrei getað skilið það, hvers vegna móðir hennar hefði haft báðar hendurnar fullar af blómum og ekki gefið henni eitt einasta. Hún braut heilann yfir því, hvers vegna hún fékk þá ekki að vekja móður sína með kossum, eins og hún á hverjum morgni var vön að gera. — Hún vissi enn þá ekki, að hið yndislega andlit móðurinnar, er alt af hafði með ósegjanlegri ást og blíðu lotið niður til hennar, lá nú djúpt niðri í moldinni og farið að rotna fyrir löngu síðan.

Heilwig hafði aldrei þorað, að segja henni sannleikann, því þó hún nú eftir þessi fimm ár gróti ekki eins sárt og fyrst er hún var tekin frá föður sínum og heimtaði að fara til foreldra sinna aftur, — þá fór hún þó ávalt hjartnæmum orðum um þá, og minti fósturföður sinn oft á það loforð, að hann einhverntíma færi með hana til móður hennar. Engar fregnir hafði hún heldur haft af föður sínum. Hafði hann sjálfur óskað þess, og Heilwig gætti þess stranglega, að enginn á heimilinu neindi umliðna tímann á nafn við hann. Hann áleit bezt, að Felicitas frétti ekkert um dauða móður sinnar, fyr en hún þroskaðist betur, og honum kom heldur ekki til hugar, að neitt kæmi fyrir, er rifi hana út úr óvissu sinni. Honum kom ekki til hugar, að dauða hans bæri bráðlega að, og þó hafði dauðinn lengi gengið hljóðlaust við hlið hans. Hann þjáðist sem sé af ólæknandi brjóstveiki. Samt hafði hann eins og margir aðrir, er þjást af þessari veiki, von um að lifa mörg ár enn þá.

Þegar hér var komið sögunni, var hann þó orðinn svo lasinn, að hann lét keyra sig í ruggustól út

í garðinn sinn. Hann áleit, að sér myndi samt von bráðar batna, og gerði ráð fyrir mörgu, er hann ætlaði sér að láta framkvæma.

Einhvern dag kom Böhm læknir að heimsækja Heilwig. Hann sat þá við skrifborð sitt, og skrifaði í ákafa. Mörgum sessum og koddum hafði verið hlaðið upp með honum, svo hann gæti setið upprettur í stólnum.

"Nú", hrópaði læknirinn og lyfti ógnandi upp staf sínum. Hvað á þetta að þýða? Hver hefir leyft þér að skrifa? Viltu gera svo vel, að leggja frá þér pennann undir eins!"

Heilwig sneri sér við og brosti glaðlega. Hér hefir þú enn þá einusinni dæmi upp á það, að læknir og dauði fylgjast að. Ég er að skrifa drengnum minum, honum Jóhannesi, um litlu Fee, ... og ég sem aldrei hugsa um dauða minn, — einmitt þegar þú kemur inn úr dyrunum, skrifa ég þessi orð:"

Læknirinn beygði sig niður og las hátt eftirfarandi orð:

"Ég reiði mig á göfuglyndi þitt, Jóhannes, og þori því óhræddur, að biðja þig fyrir barn það, sem mér var trúað fyrir, ef svo skyldi fara, að ég yrði kallaður burt fyr en — —"

"Basta! Ekki eitt einasta orð meira í dag", sagði læknirinn, um leið og hann tók kassa, er stóð á borðinu, og lét hið hálfnaða bréf ofan í hann.

Svo tók hann um slagæð vinar sins, og horfði í laumi á tvo eldrauða, kringlótta blettí á kinnum hans.

"Þú ert alveg eins og barn, Heilwig", mælti hann ergilega. "Ef ég sleppi augunum af þér hálfa stund, þá ertu undir eins búinn að óhlýðnast skipunum mínum".

"Þú ert líka verri en nokkur harðstjóri", svaraði Heilwig. "En biddu við, næsta mai tek ég til

George G. LENNOX

Selur í heildsölu SKÓ, STÍGVÉL og YFIRSKÓ

450 Portage Ave. East, Winnipeg.

MARKET HOTEL

146 PRINCESS ST. á móti markaðnum

P. O'CONNELL, eigandi, WINNIPEG

Beztu tegundir af vínföngum og vindum, góðhlynning góð, húsið endurbætt

JOHN DUFF

PLUMBER, GAS AND STEAM FITTER

Alt verk vel vandað, og verðið rétt

662 Notre Dame Ave. Phone 3815 — Winnipeg

Strathcona Hotel

Horni Main og Rupert Str. Nýbygt og ágætt gistihús; Gest um veitt öll þægindi með sanngjarnasta verði. Frí keyrsla til og frá öllum járnbr. stöðvum. Beztu vín og vindlar; og herbergi og máltíðar ágætar.

McLaren Brothers

EIGENDUR

Hotel Pacific

219 Market Street | H M Hicks Eigandi
Winnipeg - - - Manitoba

Telephone 1338

Ný-endurbætt og Ný-tízku hús í alla staði. Viðskifta yðar óskast virðingarfylst.

$1.25 a Dag

$1.50 Á DAG

Besta $1.50 gistihús í Winnipeg

BRUNSWICK HOTEL

Horni Main St. og Rupert Ave.

Besta borðhald; Hrein og Björt Herbergi; Finustu Drykkir og Bestu Vindlar. Ókeypis Vagn mætir Öllum Traintestum. Reynið oss þegar þú ert á ferð

Tíundi September 1908.

Það líður að hausti og lækka ár sól
og lengjast þar skuggar í dölum,
því áfram það heldur hið almáttga hjól
og árstíðum skoppar sem völum.

Þú hugsar ei tími um hávaðann þann
og hringsnúning stjörnumála skúma
— því áfram þú rekur hvern einasta mann
í eilíðar heimkynnið rúma.

Hann September kemur og segir því frá,
hvort sjálfstæðið viltu eða böndin,
og samleikans ljósgeisli lýsi þér þá
svo leyst verði úr fjötrunum hönd in.

Ég vona, að heyra þá hugkæru fregn,
að hjá þér sé fólk, sem að þorir
mót útlendu valdi að ganga í gegn
og gugna ekki í seinasta sporí.

Og veldu nú, þjóð mín, þá vöskustu menn,
en varpaðu lyddum úr sæti,
svo þjóðirnar sjái, að þú eigir enn
þá þróttu í lund og á fæti.

Og nú er að muna það öðlingsins orð:
áfram og hreint ekki að víkja,
því að frjáls á að verða mín feðranna storð,
og fullveðja þjóðin skal ríkja.

Ef þjóðin mót útlendu ófrelsi brýzt
á endanum batna mun hagur.
Og Tíundi September teljast mun víst
hinn tállausi frelsisins dagur.

Sigurður Jóhannsson.

Fréttabréf.

MINNEOTA, MINN.
24. ágúst 1908.

Þann 28. þ.m. dó að heimili Stef áns sonar sins í Minneota oldungurinn Jósef Jónsson Hoff, 77 ára gamall, fæddur á Bakka á Langanesströnd árið 1831. Jósef var hraustmenni mikið að líkamsburðum, og siglaður í lund, einn af þeim mönnum, er að jafnaði horfa á hina björtustu hlið lífsins, sjá ætíð sólroðann í gegn um sortann. Kona hans var Arndis Jónsdóttir Einarssonar, frá Syðri-Krossavík í Vopnafirði.

Tíðarfar fyrirfarandi hefir verið fremur votviðrasamt, svo unnir hafa tafist fyrir bændum.

Bandaríkjastjórn hefir nú á boðstólum um 200000 ekrur af landi í Vesturríkjunum handa þeim, er handur vilja gerast. Mest af því er vatnsveitingaland. Enn fremur verða 46,226 ekrur af landi í norðurhluta Minneota ríkis opnaðar til heimilisréttar landtöku þ. 15. sept. næstk.

S. M. S. ASKDAL.

Sá er vinur sem í raun reynist.

Þessa vinsemd og innilega hluttekningu fjölda fólks, fengum við undarituð að reyna, þegar við urðum fyrir því tjóni, að missa íbúðarhús okkar með öllum fatnaði, matvælum og innanhúsmunum. Þann sama dag buðu Mr. og Mrs. Erlendsson á Hálandi okkur heim til sín, og var ég, Brynjólfur, þar 4 vikur, sem þau hjón vildu enga borgun fyrir taka. Auk þess gáfu þau og Jóhanna dóttir þeirra og Elín Bergsteinsdóttir okkur þá strax fatnað og fataefni á okkur börnin og á vinnustúlku okkar. Einnig gáfu þau okkur leirvöru, hnífapör, skeiðar o.fl., tilheyrandi borðbúnaði. Sú fyrsta kona, sem sendi til okkar (sama kveldið) með matbjörg var Mrs. Þ. Oddleifsson. Fyrsti maðurinn, sem gekst fyrir fjársamskotum, var eldri drengur M. Magnússonar á Eyjólfsstöðum, Jón W. Magnússon, og sendi hann okkur eftir fáa daga 24 dollara. Þá gengust einnig fyrir höfð Bændafélagsins í Geysirbygð nokkrir menn í fél. fyrir samskotum og færðu þeir okkur $44.80, og að auki 5 dollara og 87c frá nefndu félagi. — Þá kvenfélagið Freyja hér í Geysirbygð, sem lagði mikla fyrirhöfu og kostnað á sig með að halda 2 leiksamkomur, og gaf félagið okkur $40.00.

Kvenfélagið Freyja $40, Bændafélag Geysirbygðar $5.87, Andrés Davíðsson og fjölskylda hans $11, Finnur Finnsson 10.50, Jón Björnsson, Guðmundur Nordal, Jón Nordal og Sveinn Eyjólfsson $10 hver, — Sigvaldi Nordal, Sigurður G. Nordal, Gísli Gíslason, Jakob Guðjónsson $5 hver,— Jón Skúlason, Bj. Jakobsson, Jón Pálsson Vatnsdal og Mr. og Mrs. Magnússon $3 hver, — Mrs. Valgerður Sigurðsson $2, — Albert Sigursteinsson, séra Runólfur Marteinsson og Kristinn A. Kristinnsson $2 hver, — Guðm. Jónsson $1.90, — Sig. Friðfinnsson, Sigurður frá Steinnesi, Traustí Vigfússon, Páll Gíslason, Jón Guðmundsson, Kr. B. Snæfeld, Sigurgeir Einarsson, Númi B. Snæfeld, Jón B. Snæfeld, F. Finnbogason, Thorst. J. Kristjánsson, Jón Guðmundsson, Jónas Jónsson, Eggert Jónsson, Bjarni Bjarnason, Gunnlaugur Oddson, Sigmundur Gunnarsson, Gísli Sigmundsson, Felix Sigmundsson, H. V. Friðriksson, Jóhann P. Sæmundsson, Páll Jóhannsson, Sigvaldi Simonarson, Bjarni Sigvaldason, Guðm. Sigvaldason, Jónas Marteinsson, Jónas M. Jónasson, Unvald Ó. Jónasson, Jóseph Guttormsson, Ebenez Pálsson, Guðleiður E. Dalmann, Bjarni Jóhannsson, JósephSchram, Friðfinnur Sigurðsson og Mrs. Sigurbjörg Jónsson $1 hvert, — Friðrik Sigurðsson 75c, — Erlendur Erlendsson, Mrs. J. Guðmundsson, Mrs. J. B. Snæfeld, Sigurður Stefánsson, Sólberg Stefánsson, Kristín Jónsdóttir, Miss Hansína Hansson, Kristveig M. Jónsson, Villi Oddsson, Helgi Pálsson, Helgi Jakobsson, B. Valdimar Sigvaldason, Sigurður Sigvaldason, Kristján Sigvaldason, Una T. Jónasson, Lilja Þorsteinsson, Guðrún Jónasson, Sigríður Jónasdóttir, Gísli Jónasson, Hólmfríður Hallsson, Salbjörg Sigurðsson, María Sigurðsson, Ónefndur, Guðmundur Guðmundsson, S.P.Gíslason og Pétur Guðmundsson 50c hvert, — Jón Jóhannsson, Fríða Þorsteinsson, Albertína Thorsteinsson, Björn Geirmundsson, Jón V. Magnússon, Magnús R. Magnússon, S. Halldórsson, Mrs. F. Finnbogason, Guðjón K. Snæfeld 25c hvert. — Alls $201.02.

Þeir, sem gáfu okkur fatnað og fataefni, matvæli, borðbúnað og ýmislegt fleira voru þessir:

Mrs. Ólina Erlendsson, Miss Jóhanna Erlendsson, Miss Elín Bergsteinsdóttir, Mrs. G. Oddleifsson Mrs. B. Jakobsson, Mrs. Agnes J. Pálsson Vatnsdal, Mrs. T. Vigfússon, Mrs. Herdis Benjamínsson, Mrs. J. Guðmundsson, Mr. og Mrs. H. Jóhannesson, Miss G. Bjarnason, Mrs. Kr. Schram, Mr. Þórður Einarsson, Mrs. Margrét E. Bárðarson, Mrs. Halldóra B. Jakobsson, Mr. Stefán Sigurðsson, Mrs. S. G. Nordal, Mrs. Margrét P. Guðmundsson, Mrs. Borghildur Gíslason og Mrs. Sigurbjörg.

Ég, B. J. Sveinsson, var með bæði börnin hjá foreldrum mínum 4 vikur, endurgjaldslaust, og auk þeirra peninga, sem þau gáfu okkur, var fatnaður og margt fleira.

Strax, sem því varð við komið, fluttum við heim til okkar kæru móður, Jóhönnu Sveinsson að Þingvöllum.

Þótt auðn sé að líta og skarð fyrir skildi, þar sem húsið okkar stóð, þá erum við vongóð og felum alt drotni.

Okkur bresta orð til þakklætis fyrir þessa svo miklu hjálp í neyð, frá svo mörgum skyldum og vandalausum, en í hjörtum og huga okkar lifa þögular þakklætistilfinningar með bæn um, að drott inn launi þeim með blessun sinni.

Geysir P.O., 12. maí 1908.

Mrs. B. J. Sveinsson,
Mr. B. J. Sveinsson.

Kennara Vantar

til Siglunes skóla No. 1399, frá 15. október til 20. desember, og frá 1. jan. til 1. apríl næstk. Verður að hafa 2. eða 3. stigs kennarapróf. Tiltaki kaup. Tilboð sendist til undirritaðs fyrir 15. september.

Dog Creek, Man. 12. ág. '08.

G. A. ÍSBERG.

Völuspá hin nýrri.

Fugl sá hún sitja
sólu fjarri
Náströndu á, —
norður horfði stól.

Veltust fúlu-egg
í vamma hreiðri.
En í sitt hreiður
ávalt hann dreit.

Þar sá hún vella
Vælu-kjóa,
róg-hunds í líki,
með raggeitar svip.

Og þann ávalt jórtrar
um eyra-rúnu
frá sér hlaupna
fur ómensku
og óskapnað.

"NELLIE".

19. ágúst 1908.

Tilkynning

Sectionir með stakri tölu

Eins og þegar hefir verið auglýst, þá verður öllum sectionum með stakri tölu, sem ekki hafa þegar verið veittar eða ráðstafað, slegið opnum til heimilisréttartöku, þegar Dominion Lands lögin ganga í gildi þann 1. september næstkomandi.

En með því, að skýrslur um Sectionir með jöfnum tölum eingöngu hafa að þessum tíma verið geymdar í bókum í hinum ýmsu landtöku skrifstofum í Vesturfylkjunum, og með því að tíminn síðan lögin voru staðfest, er of stuttur til þess að hægt hafi verið að flytja skýrslurnar yfir allar Sectioner með stökum tölum frá aðalskrifstofunni í Ottawa til hinna ýmsu landskrifstofu útibúa, — þá getur það komið fyrir, að ekki verði búið að fullkomna flutning á öllum skýrslunum þann 1. september. En þrátt fyrir það, þó flutningur skýrslnanna verði ekki í öllum tilfellum fullkomnaður, þá verður í öllum tilfellum beiðnum manna um löndin veitt móttaka á hinum ýmsu landskrifstofum, og þær verða sendar til Ottawa til meðferðar.

Með því, að það hefir ennþá verið ómögulegt, að veita hinum ýmsu landskrifstofum eftirrit af skýrslum yfir allar Sectionir með stakri tölu, og í tilefni af vantanlega mikilli eftirsókn, þá er hér með öllum umbeðsendum um Sectionir með stakri tölu, alvarlega ráðlagt, að gera landtökubeiðnir sínar í eigin persónu á landtökuskrifstofunum, en ekki hjá eða gegn um aðstoðar umboðsmenn (Sub-Agents).

Beiðnum um Sectionir með jöfnum tölum sinna aðstoðar landumboðsmenn eins og að undanförnu, ef þess óskast.

J. W. GREENWAY,
Commissioner of Dominion Lands.

Hefir þú borgað Heimskringlu?

Hinir áreiðanlegustu — og þ[illegible] með hinir vinsælustu - verzlunarmenn auglýsa Heimskringlu.

—The— Criterion Hotel

McDermott Ave.

Nýtt, vandað gistihús með ágæt herbergi, vönduðustu drykkjir og ftnustu vindlar.

Vinsælt meðal Íslendinga. Er beint á móti Tribune byggingunni á McDermott Avenue.

MORICE NOKES

EIGANDI

Woodbine Hotel

Stærsta Billiard Hall í Norðvesturlandinu
Tíu Pool-borð.—Alskonar vín og vindlar.

Lennon & Hebb,
Eigendur.

SPÓNNÝTT HÓTEL
ALGERLEGA NÝTÍZKU

Hotel Majestic

John McDonald,
eigandi.

James St. West. Rétt vestan við Main St.
Winnipeg Telefón 4979

$1.50 á dag og þar yfir
Bandaríkja-snið

Alt sem hér er um hönd haft er af beztu tegund. Reynið oss.

MIDLAND HOTEL

255 Market St. Phone 3491

Nýtt hús, nýr húsbúnaður Fullar byrgðir af allskonar vönduðustu drykkjum og vindlum í hressingar stofunni. Gisting einn dollar á dag og þar yfir.

W. G. GOULD :: FRED. D. PETERS,
Eigendur
WINNIPEG ::: ::: CANADA

Jimmy's HOTEL

Rétt á bak við Pósthúsið

Íslendingar ættu að reyna þetta gistihús. Í hressingarstofunni er sá eini íslenzki vínveitingamaður í Winnipeg.

James Thorpe,
eigandi
Fyrrum eigandi Jimmy's Restaurant

fótanna, og ef þig langar til, verður þú að elta mig til Sviss".

— — — — — — — — — —

Næsta morgun stóðu gluggarnir á herbergi sjúklingsins opnir, og sterk meðala-lykt streymdi út á strætið. Og svartklæddur maður gekk hús úr húsi að tilkynna bæjarbúum í nafni hinnar syrgjandi ekkju, að herra Heilwig hefði skilið við þennan heim fyrir einum klukkutíma síðan.

VI.

GAMLA JÓMFRÚIN.

Fyrir framan gluggann, er nú sneri út í fordyrið í húsi Heilwigs, þar sem hin fagra ólánssama kona loddarans hafði staðið fyrir finun árum, stóð nú kistu Heilwigs. Hún var skrautleg mjög. Hölduinar voru úr hreinu silfri, og hvítur allask-silki koddi var undir höfði hins framliðna. Kistan var einnig blómum stráð. Veslings sakleusu blómin, þau urðu að láta líf sitt í virðingarskyni við hinn dána mann.

Margt fólk kom til að skoða líkið. Allir gengu hljótt um og töluðu í hálfum hljóðum. — Hann, sem lá þarna liðið lík, hafði verið ríkur, velmetinn og mjög gjafmildur maður. — Nú var hann dáinn. — Allir litu í laumi eftir öllu því skrauti, sem nú í hinsta sinni skreytti eiganda sinn.

Felicitas sat á hækjum sínum í einu horninu, þar sem skugga bar á, á bak við nokkur gulleplatré. — Í fulla tvo daga hafði hún ekki þorað að sjá föstra

sinn. Herbergi það, sem hann hafði dáið í, var aflæst, og nú lá hún á hnjánum og horfði á föla andlitið, er dauðinn hafði umbreytt svo mjög. — Hún skyldi ekki enn, hvað dauðinn var. — Hún hafði verið hjá honum rétt áður en hann skildi við, og henni hafði ekki komið nein hætta í hug, þegar blóðgusan spýttist út úr honum. — Hann hafði litið svo ástúðlega til hennar, þegar hún var látin fara út úr herberginu. Svo hafði hún hlaupið til og frá fyrir utan gluggann, og undrast yfir hvers vegna gluggarnir stóðu opnir. — Hún vissi, að hann gætti sín svo vel fyrir að súgur kæmist að sér, og nú voru allir svo hugsunarlausir. — Hún hafði líka undrast það, að ekki skyldi vera lagt í ofninn í herbergi hans, — og svo þegar hún bað um, að mega fara með tevatnið inn til frænda síns (svo nefndi hún Helwig), þá hafði Friðrika sagt ergilega: "Hefir þú ekki fulla skynsemi barn, eða skilur þú ekki þitt móðurmál? Hann er dáinn". — Nú sá hún hann aftur, en svo fjarskalega umbreyttan, og henni fór að skiljast, hvað dauðinn var.

Jafnskjótt og framdyrið fyltist af fólki, kom Friðrika út úr eldhúsinu. Hún hélt svuntuhorninu fyrir augunum, og hrósaði hinum framliðna, sem hún í lifanda lífi hafði ergt nær sem tækifæri bauðst.

"Nei, sjáið þið krakkaskömmina", sagði hún, er hún kom auga á Felicitas meðal gulleplatrjánna. — "Hún fellir ekki eitt einasta tár, vanþakkláta stelpan svarna. Hjarta hennar er eflaust alveg tilfinningarlaust".

"Þér þótti aldrei vænt um hann, og þó grætur þú, Friðrika", sagði barnið og lærði sig lengra inn í skuggann.

Fólkið fór nú að smátinast burtu. Það hafði flest verið almúgafólk, sem kom fyrir forvitnis sakir. Nú komu svartklæddir heldri menn, er gengu til

stofu húsfreyju til að samhryggjast henni, eftir að hafa dvalið skamma stund við kistuna. Í hinu stóra framdyri varð nú hátíðleg þögn, nema þegar hún við og við var rofin af háreisti gestanna innan úr stofunni.

Aft í einu hrökk Felicitas við og leit óttaslegin á glerhurð, er lá út í garðinn. Bak við hurðina sá hún andlit, sem var að líta eftir, hvort enginn væri hjá kistunni. — Þau voru svo fjarskalega lík hvort öðru. — Það var eins og það væri vofa. — Nú opnuðust dyrnar, og ókunni gesturinn kom hljóðlaust inn. — Já, það voru andlitsdrættir Heilwigs, en munurinn var sá, að þetta var kvenmaður. — Hún var lágvaxin og roskin að aldri, klædd í svartan silkikjól með mjög gamaldags sniði, er fóll þétt utan um hinn magra líkama hennar. Kjóllinn var stuttur, svo að fæturnir, smáir og fallegir, sáust. Hárið var mikið og fóll í hvítum lokkum utan um hið göfugmannlega og greindarlega enni konunnar.

Gamla konan tók ekkert eftir nærveru barnsins, en gekk hálf-skjálfandi að kistunni. Hún hrökk við, er hún leit hið bleika andlit, og fallegur blómvöndur fóll eins og ósjálfrátt úr hendi hennar niður á brjóst hins framliðna. Eitt augnablik huldi hún andlitið í höndum sér, en svo leit hún upp og lagði hátíðlega hægri hönd sína á enni hins dána.

"Veiztu nú, hvernig í öllu þessu lá, Fritz?" hvísladi hún. "Já, þú veizt það. — Þú veizt það, eins og faðir þinn og móðir fyrir löngu hafa fengið vitneskju um það. — Ég hefi fyrirgefið þér, Fritz, — því þú vissir ekki, að þú framdir órétt. ..... Sofðu rótt, sofðu nú rótt!".

Hún þrýsti enn þá einu sinni köldu hendinni, svo gekk hún frá kistunni, og ætlaði að hverfa eins hljóðlaust eins og hún var komin. En rétt í þessu var stofuhurðinni lokið upp og frú Heilwig kom út. —

Andlit hennar sýndist ennþá föla en ella, vegna svarta kappans, er hún bar á höfðinu, en andlitsdrættirnir voru jafnharðir og áður. Það var ómögulegt, að sjá nein merki þess, að hún hefði grátið. Hún hélt á ósköp líðilljörlegum og ómerkileg um kransi úr Georginum, sem hún ætlaði að leggja á kistuna, sem hinstu ástarkveðju.

Það leit út fyrir, að frú Heilwig yrði forviða, að sjá gömlu konuna. Báðar stóðu nokkra stund eins og þær væru negldar niður, og horfðu hvor á aðra. Ógeðslegur eldur brann úr augum ekkjunnar, og hún hærði ofurlítið á sér vörina, svo ein af hinum hvítu framtönnum kom í ljós. Allur svipur hennar lýsti ákafri heiðnigirni. Gamla jómfrúin sýndist einnig komast í mikla geðshræringu, en það leit út fyrir, að hún reyndi af fremsta megni að láta ekki óbeit sína í ljósi, og henni tókst það fremur öllum vonum. Hún leit tárvotum augum á líkið og rétti svo hægri hönd sína móti frú Heilwig.

"Hvað viltu hingað, frænka?" spurði frú Heilwig stuttlega, og lét sem hún ekki sæi hina framréttu hönd.

"Kveðja hann og veita honum blessun mína", mælti hin blíðlega.

"Blessun! Vantrúaður megnar einkis".

"Guð heyrir það. Hans eðlifi vísdómur og kærleiki fer ekki eftir því, hvernig það er framflutt, að eins af það kemur frá trúföstu hjarta".

"Og frá syndugri sál", bætti frú Heilwig við hæðnislega.

Gamla kona rétti drambilega úr sér. "Dæmið ekki", mælti hún hátíðlega og rétti upp þumalfingurinn, — "en, nei", sagði hún svo og leit blíðlega til kistunnar, "ekki með einu orði meira skal ég raska þinni heilögu ró, Fritz ..... Vertu sæll, Fritz!"

FERDASAGA.

(Framh. frá 2. bls.).

sig. Þar talaði E. Poynter. Hann er útnefndur þingmannsefni "Comrade Party" flokksins í Saskatchewan fylki. Hann er all-tölugur, en laus á ræðupræði, að mér fanst Hann studdi Haultain og hans flokk. Á móti talaði Pinker, sterkur "Gritti", og fanst mér litið um röksemdir hans. Þá talaði einhver Wallace frá Benscarth, en fékk ei tíma, enda litt á ræðuefni byrjaður. Ég og aðrir, sem þanc fundsóttum, fórum burtu óánægðir. Af þeim fundi keyrði herra Sigurður Johnson mig norður til Jóns Hjaltalins. Bræður hans eru Jón Július, Kr. Mickael og Jóhann. Þeir eru sammæðra Stefáni B. Jónssyni og Jóni Ágúst, sem flestir þekkja. Þeir bræður hafa þreski véla úthúnað, og eru einaðir, Sigurður og Jón. Sigurður er Afrikufari og tröll að vexti og viðfeldinn og gervilegur. Féll mér hann vel í geð. Þá nótt gisti ég að Jóni Hjaltalín, en næsta morgun var súld og gekk í regnáll þá fram á daginn kom. Sat ég þar um kyrt til kl. nærri 4, en þá keyrði Jón mig enn suður til Snorra Jónssonar. Þar var ég búinn að boða fund, en bjóst ei við, að fólk kæmi. En það stytti upp um kveldið og kom all-margt á fundinn. Á fundinn kom kunningi minn Jón Blöndal. Þótti mér vænt, að mæta honum þar. Hann og J. Hjaltalín töluðu á móti mér en alt var það þykkjuhaust, að minsta kosti á mína hlið. Hr. N. Vigfússon var fundarstjóri, og talaði líka. Þar talaði einnig Jón Thorsteinsson. Sá fundur var stuttur og laggóður.

Næsta dag fékk ég hest og keyralu hjá Sigurði Johnson "á Hólmum", þess sem ég gat áður. Ég gisti hjá Snorra Jónssyni um nóttina. Hann er hægur og seintekinn, en gætinn og skýr, og held ég hann viti manna mest um pólitík þar vestra. Hann er eindregin móti Laurier stjórninni — eins og allir eru þar, nær undantekningarlaust, — og hann var sterkur stuðningsmaður Provincial Rights flokksins, — móti Scott stjórninni. Hann er á góðum vegi að verða einabóndi, enda vinnumaður í bezta lagi. — Mickael, bróðir Sigurðar, keyrði mig ofan til Tantallon, og þaðan norður til G. J. Vopna. Á leiðinni kom ég til Sigurðar Jónssonar, "á 25", sem kallað er. S.J. er ungur maður ógiftur, en einlegur bóndi. Var ég við dagverð hjá honum. Hann er liprmenni, og ágætur heim að sækja þar fann ég hr. Odd Oddson, bróður Jacks Oddssonar "lathara" í Winnipeg (synir Jóns Oddssonar formanns á Dagverðareyri, sem Bólu-Hjálmar orti ljóðabréf til, og er í bók hans).

Frá S. Jónssyni keyrðum við norður til Vopna. Hann léði mér, Svein son sinn og hesta vestur til Esterhazy. Það er dálítill bær og að mestu þjóðverskur. Þar vorum við stutta stund. Fórum austur til Vallaskóla húss. Þar hafði ég boðað fund, sem átti að byrja kl. 6—7, en byrjaði ekki fyr en á níunda tíma. Þar töluðu austur, Jónarnir og ég. Gekk það eins og í sögu, eins og áður. Það var kveldið fyrir kosningadaginn. Þar eru Íslendingar kirkjumenn og Liberal, þar fann ég Jóseph Jósaphatsson, sem ég þekti úr Argylebygð, og H. Bardal, sem eitt sinn var í Selkirk. Þaðan fór ég heim til Vopna og gisti að honum þá nótt og þá næstu. Næsta dag fór ég suður til Hjálmars Eiríkssonar og Jóhannesar Magnússonar. H.E. var á ferð ofan til Tantallon, og hafði ég lítið tal af honum. Við Jóh. Magnússon talaði ég nokkuð. Mér fóll vel að tala við hann. Þaðan fórum við vestur til H. Hjálmarssonar, en hann var nýkominn að heiman. Þá til Thorl. Árnasonar, og var hann ei heldur heima. Þar næst fór ég heim með G.J.Vopna, og var hjá honum til næsta morguns. Fylgdi hann mér sjálfur ofan til Tantallon.

Herra G. J. Vopni er kominn fyr ir 8 árum til Dongola. Hann var áður í Argyle bygð. Hann er vopnfirzkur að föðurætt, en mývezkur að móðurætt, dóttursonur Guðlaugs, sem bjó í Álftagerði, Kolbeinssonar. Hann var lengi á Hákonarstöðum á Jökuldal hjá Svesni mági sínum. Kona hans er komin af Guðmundi ríka, sýslumanni í Krossavík í Vopnafirði. Guðjón er greindur og gætinn í orðum og enginn veifiskati, né hávaðamaður. Hann býr í góðu og vönduðu húsi.

Meiri kornrækt er í syðri nýlendunni, Hólabygð, en hinni nyrðri, Vallabygð. Þar eru aftur engjar meiri og líklega griparækt meiri. Ekki sá ég betur en Íslendingar stæðu enskum bændum á sporði í kornrækt og búskap yfirleitt.

Þegar við komum til Tantallon, fréttum við um kosningarnar, að Smith væri á undan Dr. Ellis í því kjördæmi, en Haultain hefði 3 fram yfir Scott, eins langt og væri frétt. Voru allir ánægðir með sigurvon Haultains. Vopni, Thorsteinsson og Dainey fylgdu mér á vagnstöðina, og tók ég þá lestina til Elkhorn. Þar komum við fyrir kl. 2. Þaðan tók ég nær strax lest vestur til Moosomin. Frá Tantallon til Moosomin var mér samlesta Senator Rev. Douglas. Hann er myndarlegur karl, en talaði ekki um annað en pólitík, og tilbiður Sir Wilfrid og þar af leiðandi alla Liberala. Laurier hefir líka týnt í hann landarusl, t.a.m. bæjarstæðið í Tantallon, og lönd austur í dalnum. Hann seldi svo C.P.R. það væri því ósanngjarnt að karlinn lastaði velgerðamann sinn Laurier.

Ég dvaldi í Moosomin til mánudags, því þar ganga engar fólksflutningslestir austur á sunnudögum. Þar er heldur þegjandalegur bær. Bæjarbúar eru hægir og góðlyndir. Ekki heyrði ég menn ræða um nokkurn hlut nema kornvöxt og uppskeruvonir. Queens hótel eiga Englendingur og Frakki Mér fóll langt um betur við Englendinginn en Frakkann. Þar fann ég Joe Johnson, þann sem keyrði mig norður fyrra sunnudag, og var það eini maðurinn, sem ég gaf mig að þar. Hann er kunnugur í Winnipeg, og sótti síðustu sýningunna þangað. Þekkir Íslendinga að fornu og nýju, og talar vel til þeirra, eins og allir gerðu þar vestur frá.

Íslendingar að Tantallon og Dongola héldu íslenzkan þjóðminningardag 7. ágúst. Sóttu þeir hann allir, og einnig Íslendingar norðan frá Churchbridge og þar í grend. Þar voru skemtanir góðar, og 4 ræðumenn: Séra Jóhann P. Sólmundsson frá Gimli, Guttormur Guttormsson, Jón Anderson og þann fjórða man ég ekki. Þar voru sungin íslenzk lög og þjóðkvæði. Lét fólk vel af þeim degi, og minnir mig að það sé annar þjóðminningardagurinn þar í bygðinni.

Með besztu kveðju til kunningjanna þar vestra.

K.Ásg.Benediktsson.

Sambandsmálið að fornu og nýju.

Eftir *Halldór Jónsson*,
Hensel, N. Dak.

(Framhald)

VIÐREISNAR-ÖLDIN

Öll frumvörp, sem samþykt voru af alþingi, skyldu lögð fyrir hann, og varð ekkert þeirra að lögum, án þess að hann og konungur staðfestu þau með undirskrift sinni. Fór það að vonum, að ráðherra þessi, sem átti embætti sitt og framtíðargengi undir vernd Dana, reyndist meiri vinur þeirra en hinnar íslenzku þjóðar, sem engri pólitiskri ábyrgð gat komið fram á hendur honum.

Gætti hann hags þjóðar sinnar af mikilli nákvæmni, í öllum viðskiftum landanna, en lét sig litlu skifta óskir og þarfir þjóðar vorrar.. Enda skorti hann alla mannsynlegu þekkingu á högum Íslendinga til þess að rækja embætti sitt vel, jafnvel þótt hann hefði viljað betur.

Til þess, að tryggja yfirráð Dana enn þá betur og setja traust ari skorður við því, að nokkrar breytingar á umbætur væru gerðar á lögum landsins, án þess að vera fyrst vegnar og mældar á danska vísu, ákvað stjórnarskráin að öll frumvörp afgreidd frá alþingi skyldu vera flutt í ríkisráði Dana, — augsýnilega til þess, að dönsku ráðherrunum gæfist kostur á, að gera athugasemdir við þau, ef þeir teldu þau þess verð, eða með öðrum orðum, ef þeir teldu þau að einhverju leyti óhagfeld fyrir föðurland þeirra Danmörk.

Það varð að líkindum, að framganga ýmsra nauðsynjamála var heft eða tafin af hinum dönsku valdhöfum, sem þannig var gefið ótakmarkað synjunarvald yfir samþyktum alþingis. Kunnu lands menn því illa, en fengu þó ekki bót á ráðið.

Æðsti embættismaður innanlands, landshöfðingjan, var í raun réttri umboðsmaður ráðherrans, enda reyndist hann oftast auðsveipur skósveinn stjórnarinnar. En til þess að gera ráðherravaldið enn þá traustara, voru þingmenn, sex af tólf, sem sæti áttu í efri deild alþingis, kjörnir af stjórninni. Voru þeir menn einir kvaddir til þingsetu af henni, sem líklegastir þóttu til þess að veita henni að öllum málum.

Það má ennfremur telja meðal galla stjórnarskrárinnar, að árgjaldið, sem Íslendingar höfðu kraf ist af Dönum, sem afborgunar á réttmætri skuld, var fært niður um helming, nefnilega niður í 60 þúsund krónur.

En þótt að framantaldir gallar á stjórnarskránni væru margir og skaðvænir fyrir sjálfstæði og þroska þjóðarinnar, er aðalgalli hennar enn þá ótalinn, nefnilega sá, að því grundvallar atriði stöðulaganna var sneygt inn í stjórnarskrána, "að Ísland væri óaðskiljanlegur hluti Danaveldis". En fátt er svo með öllu ilt, og svo framvegis, segir gamall málsháttur, sem sannaðist hér sem fyr. Því það landsréttindarán, sem drýgt var með samningi þessa ákvæðis, varð til þess, að menn fóru að athuga það, hvort stjórnarskráin mundi vera löglega samin og samþykt, — það er að segja, hvort ríkisþing og konungur Dana hefðu vald til þess, að semja slík lög, án vitundar og samþykkis landsmanna. En ekki þurftu menn að þreyta þessa rannsókn lengi. Því það hlaut að verða hverjum manni ljóst, sem alvarlega hugsaði um þetta mál, að formgallar stjórnarskrárinnar voru margir og miklir. Eftir Gamla sáttmála, sem enn þá gilti sem grundvallarlög landsins, átti konungur og Íslendingar einir atkvæði í þessu máli. Eftir honum var það samnings breyting, sem varð að gerast á sama hátt og hinn upphaflegi samningur (Gamli sáttmáli). — Stjórnarskráin var þar á móti rædd og samþykt af ríkisþingi Dana, eins og stjórnarskipun Íslands og löggjöf væru dönsk mál, sem heyrðu undir valdsvið hins almenna danska löggjafarvalds.

En stjórnarskráin var þvert á móti aldrei borin undir úrskurð né álit hinnar íslenzku þjóðar, sem ekkert atkvæði hafði á þingi Dana. Henni var hún gefin sem konungleg náðargjöf, án þess Íslendingum væri gefinn kostur á, að gera athugasemdir við hana, né breytingar tillögur.

Það gefur að skilja, að stjórnarskráin þannig samin og samþykt gat ekki haft nokkra lögmæta þýðingu, né breytingaráhrif á réttarstöðu landsins.

En þótt stjórnarskráin væri ill og ófrjálsleg í ýmsum greinum, hugguðu menn sig þó við það, að með henni væri löggjöf og stjórn Danmerkur og Íslands aðgreind að fullu og öllu. En slikt gaf þeim að eins stundarfró, því mönnum gat ekki dulist það til lengdar, þó þeir gættu þess ekki í fyrstu, að ríkisráðsseta Íslands ráðherra — sem slíks — var ósamrýmanlegt þeirra stjórnarskipun. Einkum voru það umræður, er fram fóru á alþingi árið 1875, sem skýrðu ríkisráðssetuna svo ljóst og röksamlega, að mönnum gat ekki blandast hugur um þýðingu hennar.

Málsheifjandi (Benedikt Sveinsson) sýndi mönnum fram á, að þar sem ríkisráðið væri dönsk stofnun, mynduð af grundvallarlögum Dana, hlytu þau lög annaðhvort að gilda einnig fyrir Ísland, eða ríkisráðsseta sérmálaráðherra Íslands væri ólögleg. Ef grundvallarlögin væru gildandi á Íslandi, var stjórnarskráin ekki meira verð en reglugerðir fyrir bæja og sveitafélög í Danmörku, sem ættu tilverurétt sinn undir vilja hins almenna löggjafarvalds danska ríkisþingsins). Og slikur var að minsta kosti skilningur Dana á tilverurétti stjórnarskrárinnar, samanber orð Prof. Madzens í bók hans "Den danske Statsforfatningsret", "og því verða menn að halda fastlega fram, að tilveruréttur hins sérstaka íslenzka löggjafarvalds verður jafnan að vera háður hinu almenna löggjafarvaldi konungsríkisins" (— til enhver Tid hun fungerer i Afhængighed af den almindelige kongerivske Lovgivningsmagt) Við þessa skýringu á ríkisráðssetu hins æðsta valdhafa í Íslands málum, brá þingmönnum svo, að þeir sendu þegar í stað áskorun til stjórnarinnar um það, að stjórnarskipunarmáli yrði breytt þannig, að löggjöf Danmerkur og Íslands væri aðgreind til fullnustu. En stjórnin þverneitaði að verða við þeim tilmælum. Og eins fór með fjölda mörg frumvörp, sem samþykt voru af alþingi, sem að einhverju leyti hreyfðu við ríkisráðssetu ráðherrans. Þannig var landsstjóra frumvarp Benedikts Sveinssonar þrisvar sinnum samþykt af alþingi og jafnolt neitað um staðfestingu af stjórninni. Eftir frumvarpi Benedikts átti stjórnlandsins að vera í höndum landsstjóra, sem útnefndur væri af konungi, og bæri ábyrgð fyrir honum einum, og ráðaneytis, sem tilnefnt væri af landsstjóranum, en bæri ábyrgð fyrir alþingi.

Aftur á móti tjáði stjórnin sig fúsa til þess, að staðfesta hið svonefnda Valtýska frumvarp, en það þótti landsbúum Etil stjórnarbót, og samþyktu það aldrei, svo að lögum yrði. Helsta stjórnarskrárbreytingin, sem Valtýska frumvarpið fór fram á, var í því fólgin að ráðherra Íslands væri íslenzkur maður, sem ekki hefði öðrum stjórnarstörfum að gegna.

Árið 1901 varð ráðaneytis skálti í Danmörku. Það ár kíru aðturhaldsmenn (hægri menn) af stjórn, en frjálslyndi flokkurinn (vinstri menn) hófust til valda.

Það var fyrsta verk þessarar frjálslyndu stjórnar, að bjóða Íslendingum stjórnarbót. Samkvæmt henni átti landið að fá íslenzkan ráðherra, sem búsettur væri í landinu sjálfu, en ríkisráðssetu hans skyldi að engu breytt.

Þetta stjórnar frumvarp var samþykt af alþingi athugasemdalaust, og má óhætt telja það meðal mestu óhappaverka þess, og eru þó mörg ill. Enda iðruðust menn þess brátt, eins og von var, þar sem stjórnarbótin(?) bætti að engu leyti úr aðalóánægjuefni Íslendinga, ríkisráðssetu ráðherrans, og Danir höfðu því eftir sem áður tögl og hagldir á löggjöf landsins, þar sem málefni þess voru flutt og rædd í ríkisráði þeirra.

Einkum var það undirskrift forsætisráðherra Dana undir skipunarskjal Íslands ráðherrans, sem bandi athygli manna að þessum vandkvæðum. Menn höfðu vonað, að sérstaða hins íslenzka ráðherra yrði trygð með því, að skipunarskjal hans væri undirskrifað af frá farandi Íslands ráðherra. En reyndin varð sú, að skipunarskjalið var undirskrifað samkvæmt grundvallarlögum Dana, af konungi og forsætis ráðherra. Þar sem Íslands ráðherra var skipaður til embættis samkvæmt dönskum lögum, leiddi það af sjálfu sér, að hann hlaut að sæta sömu ábyrgð og hinir dönsku embættisbræður hans, — hlaut að bera ábyrgð fyrir ríkisþingi Dana.

———

ATHS. — Nokkrar prentvillur og úrfellingar hafa slæðst inn í síðustu grein mína. Helztar eru þessar: "en komu þeir því til leiðar, að þjóðinni voru veittar nokkrar stjórnarbætur", á að vera: "en þó komu þeir því til leiðar", o.s.frv.. Og síðar: "dró þetta alt saman til þess, að bjóða þjóðinni stjórnarskrá", á að vera: "dró þetta alt saman til þess, að stjórnin neyddist til þess, að bjóða þjóðinni stjórnarskrá". Og í enda greinarinnar: "nálega gerður alráður maður", á að vera: "nálega gerður alræðismaður". — Og loks í athugasemda grein'nni: "árið 1540", á að vera: "árið 1549" (fimtán hundruð fjörutíu og níu).

— Nýlátinn er í Kingston fangelsinu í Ottawa John E. Anderson, skóla-umsjónarmaður, sá er nýlega varð sekur um fjölkvæni í Ontario og dæmdur var í 7 ára fangavist. Stöðubreytingin og samvizkubítið hafði svo mikil áhrif á hann, að hann veslaðist upp þar til hann dó, þó hann væri fullhraustur, þegar hann fór í fangelsið í maí sl.

— Tony Pastor, einn af elztu og bezt þektu leikhússtjórum í Ameríku, andaðist í Elmhurst, L. I., 26. ágúst sl., 76 ára gamall.

C. O. F.
Court Garry No. 2

Stúkan Court Garry No. 2, Canadian Order of Foresters, heldur fundi sína í Unity Hall, horni Lombard og Main st., 2. og 4. hvern föstudag í mánuði hverjum.

Allir meðlimir eru ámintir um, að sækja þar fundi.

W. H. OZARD, REC.-SEC.
Free Press Office.

Giftingaleyfisbrjef
selur Kr. Ásg. Benediktsson,
540 Simcoe St. Winnipeg.

Til fullkomnustu tryggingar Vátryggið fasteignir yðar hjá The
St. Paul Fire & Marine Ins. Co.
Eignir félags, eru yfir 5 millión dollars. Skaðabætur borgaðar af San Francisco eldinum 1¼ mill. SKULI HANSSON & CO., 55 Tribune Bldg., Phone 6476, eru sérstakir umboðsmenn.
E. S. Miller Limited
Aðal umboðsmenn
PHONE 2088 219 McINTYRE BLK.

Lofsöngur leiðtoganna.

(Tileinkað meirihluta millilandanefndarinnar íslenzku, 1908).

Ó, BAUNSKA DÝRÐ,
vort djásn og skjól, —
Vér dýrkum þitt nafn — og þitt starf!
Í hjarta vors auðmýkt vér búum þér ból
og bjóðum þér land vort og arf!
Verum þrælar und Dönum í þúsund ár :
Vort þjóðerni lifir ei meir.
Vor íslenzka smásál er "tátrandi tár",
sem tilbiður konung — og deyr. —
:,: Ómar þúsund ár :,:
Vor íslenzka smásál er "tátrandi tár",
sem tilbiður konung og deyr.

Ver, þjóð vor, dönsk
og danskt vort mál,
vér dýrkum hin baunversku orð. —
Legg danskundað þing undir ríkisins ráð,
svo róum við kongsþrælaborð!
Verum þorskar í netum, í þúsund ár!
Vér þörfnumst ei gildrunnar meir, —
þá íslenzkrar þjóðlindar tæmd eru tár
í taumhaldi böðuls; — hún deyr. —
:,: Eftir þúsund ár :,:
Þá íslenzkrar þjóðlindar tæmd eru tár
í taumhaldi böðuls; — hún deyr. —

Ver, blóð vort, danskt
og dönsk vor sál; —
alt danskt er oss hunang á vör.
Og hádönskum "skraddara" eignum vér önd; —
hann "útkrossi" sérhverja spjör!
Verum þönglar við Sælund, í þúsund ár!!
Vér þörfnumst ei fjörunnar meir, —
vér hverfum í sævarins talgleymda tár,
sem tilbiður skuggann — og deyr. —
:,: Eftir þúsund ár :,:
Vér breytumst í hafdjúpsins talgleymda tár,
sem tilbiður skuggann — og deyr.

HVÖT.

I.

Vaki sjómenn, vaki búalýðar,
vaki þjóðin, horfi til ófriðar!
Verji sæmd, og verji föðurlandið, —
verji frelsið, eikki danska bandið.

Þótt sig ygli "Baunverjinn" á brána,
bændur, sjómenn, hefjið Íslands fána,
frelsið úr ánauð fleiri hundruð ára
Fjallkonuna, hörmulega sára!

Látið ei af dönsku gambri ginnast,
gætið þess, að nú er á að minnast:
danskrar stjórnar dugnað til að kúga,
dugleysið, í öllu nema að sjúga.

Vaki þjóð, og velji nú til starfa
vitra, góða, hrausta menn og djarfa.
Þjóðin fylgi þeirra sigur-merki. —
Þjóðin sýni, hvað hún má í verki.

BERSÖGLI.

II.

Vei þér, Hafsteinn, vei sé hálf danskinum,
vei þeim frumvarps-kögursveinum hinum,
aldna móðir sina ef þeir selja
Sjálands-böðlum til að þjá, og kvelja!

Svikráð undir samnings-línu hverri,
svikum Gíturs eru miðju verri:
óborin kynslóð glæpa þeirra geldur,
gjörræði og hégóma sem veldur.

Seinna geta föðurlandsins lendur
fengið Dönum Íslands bygða-lendur, —
gefið Dönum fjöllin, ár og fossa
fyrir hræku, gælu-nöfn og krossa.

Svo, ef gera frjálsa þjóð að þrælum
þeir, með dönskum laga-fyrirmælum, —
niðjar þeirra, er niðings hátt þann vinna,
niðsúlu reisi á gröfum feðra sinna.

III.

Heill þér, Skúli, heill sé þjóðmæringi,
heill sé þér á Íslands varnar þingi.
Heilladísir veiti þér að vígi,
vöflumenn og Gizurarnir hnígi!!

SIGHVATUR.

KJÖT.
"Ef það kemur frá Johnson, þá er það gott"
C. G. JOHNSON, Kjötsali,
Langside og Ellice Fón 2681

F. Deluca
Verzlar með matvöru, aldini, smá-kökur, allskonar sætindi, mjólk og rjóma, sönnul, tóbak og vindla. Óskar viðskifta Íslend. Heitt kaffi eða te á öllum tímum. Fón 7756
Tvær búðir:
587 Notre Dame og 714 Maryland St.

WINNIPEG Business College
FÉKK FYRSTU VERÐLAUN Á SAINT LOUIS SÝNINGUNNI.
Cor. Portage Ave and Fort St.
Leitið upplýsinga um kensluagreinar vorar. — Kveldkensla byrjar 2. september. — það borgar sig að nota kveldin til að menta sig.
G. W. DONALD ráðsmaður.

Cancer Cure.
R. D. EVANS, sem fann upp hið viðfræga lyf til lækninga
krabbameinum
óskar að allir sem nú þjást af krabbameinum, skrifi sér. 2. daga notkun meðalsins, lækna útvortis eða innvortis krabbamein. Skrifið strax til R. D. Evans, Brandon, Man. 27-44

Sendið Heimskringlu til vina yðar á Íslandi.

Fréttir úr bænum.

Þeir herrar Skúli Hansson, fasteignasali, og Marino lögfræðingur Hannesson fóru í byrjun ágústmánaðar í skemtiferð suður til Detroit Lakes í Michigan. Þeir koma heim aftur í sl. viku og lótu vel af túrnum. En góðæri eða framtíðarútlit virtíst þeim engu betra þar en hér.

Mrs. Jón Th. Clemens fer í dag (3. þ.m.) suður til Bandaríkja, til sonar síns, séra Jóns Clemens, sem er prestur í La Crosse, Wis. Hún býst við að dvelja þar um tíma. Herra Th. Clemens (meðeigandi í matvöru verzluninni Clemens, Arnason & Pálmason), sonur Mrs. Clemens, fer einnig suður í kynnis- og skemtiferð. Hann býst við að verða í burtu um mánaðartíma, og ferðast til Chicago og annara staða í Bandaríkjunum.

Barroclough's hornleikenda flokkurinn, sá langtezti hér í borginni, fór á föstudaginn var austur til Toronto, til þess að spila þar á sýningunni meðan hún stendur yfir. Alls eru í flokki þessum nær 40 manns.

Byrjað var á mánudaginn var að byggja "hraughús" eða járnbrauta dráttarvéla skýli fyrir Grand Trunk félagið á landi þess hér austan við bæinn. Það á að vera fullgert á næsta vori.

Herra Stefán Oliver, sonur Guðmundar Ólafssonar, sem lengi bjó hér í borginni og síðar í Pine Valley bygð en nú í Saskatchewan, var á sunnudaginn var sæmdur medaliu fyrir langa þjónustu í sjálfboðaliði Vestur-Canada. Stefán hefir verið 20 ár í herþjónustu og náð undirforingjastöðu. Hann er fyrsti útlendingur, sem þennan heiður hefir hlotið í Vestur-Canada, ef ekki í öllu Canadaríki. — Dagblöðin hér hafa flutt mynd af honum og sæmdarmerki hans við þetta tækifæri.

Misprentast hefir í kvæði herra M. Markússonar til þeirra Mr. og Mrs. Ottenson, sem prentað var í síðasta blaði:

Í 3. hendingu 3. vísu: "því feðranna tunga og feðranna safn", á að vera: "því feðranna tunga og fræðanna safn".

Í 4. hendingu 4. vísu: "lídaga", lesist: lífdaga. Og í sömu vísu: "þau fræ, sem þá bárust úr móðurlands mold", lesist: "þau fræ, sem að bárust úr móðurlands mold".

Þann 11. júlí sl. lézt að heimili móður sinnar og stjúpföðurs, í Mikley, Ingjaldur Einarsson, 18 ára að aldri. Banamein hans var lungnatæring. Sýkin hafði þjáð hann um 12 mánaða tíma undanfarin, en rúmfastur var hann ekki nema vikutíma fyrir andlátið.

SKÉRNIR, 82. ár, 2. hefti, er nýkomin hingað vestur. Einar Hjörleifsson er ritstjóri. Efni þessa hefts is er:

1. Ritgerð um Konráð Gislason, eftir Þórhall Bjarnason lektor.
2. Marjas, stutt skáldsaga, eftir Einar Hjörleifsson.
3. Peningaverðið á Íslandi, eftir Indriða Einarsson. (Frumleg grein og gagnleg).
4. Í páfagarði, þríþætt kvæði, eftir St. G. Stephánsson.
5. Fyrirlestur um Tolstoj, fluttur í Ungmenna félagi Reykjavíkur af Jóni Jónssyni sagnfræðingi.
6. Ritgerð um ættarnöfn, eftir Guðmund Kamban. (Mælir hóf með því, að Íslendingar taki upp ættarnöfn, að hættum erlendra þjóða, en nefni sig hvorki syni eða dætur. — Meðal annars tilnefnir hann nokkur ættarnöfn, er honum virðast vel til þess fallin, svo sem: Aðil — Arnold — Ármann — Ás — Ásberg — Ásgarð — Ásvald — Berg — Blæng — Bólstað — Dag — Dagvið — Dal — Dalar — Dungal — Foss — Gils — Goðberg — Gullharð — Hagbarð — Hamal — Hamar — Heming — Hermann — Hervarð — Hraundal — Kalman — Kjarval — Kvaran — Rikarð — Sigfast — Skóg — Sólberg — Steinar — Storm — Vagn — Val — Valagils — Valberg — Valgarð — Vigar.
7. Um rotþrór, eftir Guðmund Björnsson landlæknir.
8. Ritdómar, eftir Einar Hjörleifsson og Guðmund Finnbogason.
9. Erlend tíðindi, eftir Björn Jónsson ritstjóra.

Herra Guðmundur Hávarðsson, frá Ságlunes P.O., kom til bæjarins á mánudaginn var til þess að sækja Jón Aðalvarð, 16 ára gamlan son sinn, sem búinn er að vera hér á Almenna spítalanum í 8 vikur, meðan hann var að gróa eftir að annar fóturinn var af honum tekinn uppi á miðju læri. Piltuirinn er nú orðinn hraustur og fer því heim með föður sinum. — Guðmundur sagði þær fréttir, að járnbrauta óthald þeirra McKenzie og Mann hefði verið komið til Oak Point, og að nú mundi tafarlaust verða byrjað á framlengingu brautarinnar norður um bygð Íslendinga.

Þann 5. ágúst sl. voru eftirfylgjandi settir í embætti í G.T. stúkunni SKULD, no. 34, af Á. J. Johnson umboðsmanni stúkunnar:

F.ÆT.—Swain Swainson.
Æ.T.—Guðm. M. Bjarnason.
V.T.—Miss Chr. Thorarensen.
R.—Víglundur A. Davíðsson.
A.R.—Ragnar Johnson.
F.R.—Gunnl. Jóhannsson.
G.—Guðjón Hjaltalín.
Kap.—Miss Guðrún Johnson.
D.—Miss Ingibjörg Austdal.
A.D.—Miss Kr. Bergsson.
V.—Magnús Johnson.
Ú.V.—Th. Elisson.

Meðlimir stúkunnar eru hér með vinsamlega beðnir, að sækja vel fundi og koma með nýja félaga í stúkuna, því nóg er til af fólki af okkar þjóðflokki hér í borginni, sem ekki tilheyrir G.T. Reglunni, en það ætti hver maður og kona að gera, og með því styðja að þjóðfélagsheill. — Veitið athygli þeim breytingum, sem SKULD er að gera á fundum sinum. Annarhvor fundur er sérstaklega ætlaður fyrir inntöku nýrra meðlima og "business", en hinn fyrir skemtanir og gott prógram. Af reynslunni verðum vér "praktiskir". Nú er tíminn of dýrmætur fyrir "langar ræður" og "hnotabít".

8-CENTA GUÐSPJÖLL. — Manitoba og Saskatchewan Bibliufélagið, sem hefir umboðsstöð að 294 Smith St. hér í borginni, hefir fengið talsvert upplag af sérprentuðum guðspjöllum í nýjustu eða tuttugustu aldar þýðingu og framsetningu. — Guðspjöll þessi eru prentuð á íslenzku, og hvert guðspjall er sérprentað og heft sér og í snotri kápu, og kostar hvert eintak 8 cents. Allur frágangur er vandaður. — Þeir Íslendingar, sem vildu eignast þessar sérprentanir, geta snúið sér til ofangreinds umboðs.

"Rangsleitni rakin"

heitir bæklingur nýútgefin af herra Sigurði Vilhjálmssyni, sem sjálfur hefir ritað hann og kostað útgáfuna. Bæklingur þessi er 8 stórar blaðsíður auk snotrar gljápappirskápu með mynd ráðherra Íslands á framstu síðu. Efnið er að andmæla ásælni "þjóðskaðræðismanna" á Íslendingadags sjóðinn, og jafnframt að andmæla fundahaldi aðferð þeirra manna hér í borginni, sem látið hafa í ljós vestur-íslenzkar skoðanir á millilandanefndar frumvarpinu. Og ennfremur stutt yfirlit yfir framkomu Skúla Thoroddsens í millilandanefndinni, tekið eftir stjórnarblöðum heima.

Bæklingurinn er skörulega ritaður og sérstaklega einarður og afdráttarlaus í framsetningu skoðana höfundarins.

En prentun, prófarkalestur, úrfellingar og viðbætir — svo sem lestrarmerki — hafa gerð verið af S. B. Benedictssyni.

Leiðréttingar.

Herra ritstj. Heimskringlu!!

Gerðu svo vel að lána eftirfylgjandi athugasemdum rúm í blaði þínu.

Í ritlingnum "Rangsleitni rakin" eru svo margar misfellur frá prentarans hálfu, sem ég finn mig neyddan til, að gera nokkrar athugasemdir við.

Prentvillur eru á ýmsum stöðum, og svo eru feldar úr heilar linur og sumstaðar eitt og tvö orð. Á þriðju bls. eru feld úr þessi orð: "og áframhaldandi tilveru hans" (Íslendingadagsins). Og úr skýringunum er ein lína feld úr. — Á síðustu bls. er breytt um merki á eftir orðunum: "framfara spursmálum". Annaðhvort af óaðgætni eða stráksskap hefir prentarinn sett þar upphrópunarmerki (háðsmerki) í svigum fyrir punkt, og í næstu grein á eftir, spurningarmerki (?) fyrir kommu.

S. VILHJÁLMSSON.

Mrs. Ólöf Björnsson, öldruð kona hér í bænum, varð fyrir því slysi, að detta í síðustu viku af strætisvagni hér í bænum, og hefir síðan legið hér á Almenna spítalanum. Hún hafði skaðast svo innvortis og á höfðinu, að óvíst er, hvort hún nær aftur heilsu.

Sambandsmálið.

ANTLER, SASK.
24. ágúst 1908.

Herra ritstjóri!

Bergmálið og andi frelsishreyfingarinnar á Íslandi kemur út í hvern kima meðal Vestur-Íslendinga, og mikið gleðiefni má það vera landsréttinda mönnum á Fróni, hvað Íslendingar í Ameríku eru undantekningarlítið skoðanalega (hvað krófur Skúlamanna snertir) nákvæmlega á sama máli.

Eins og annarsstaðar, þar sem fundir hafa haldnir verið meðal Íslendinga í þessu landi, kom fram sú skoðun á fundi höldnum í suðurhluta þessarar bygðar 17. ágúst 1908, að millilandanefndar frumvarpið væri mjög varhugavert, Eftirfylgjandi tillaga var borin upp og samþykt í einu hljóði:

"Fundurinn álítur, að milli-"landanefndar frumvarpið sé í "heild sinni í fylsta máta óað-"gengilegt fyrir íslenzku þjóð-"ina, og fáist ekki breytingar "á því, sem séu í fullu sam-"ræmi við ályktun þingvalla-"fundarins 1907, sé aðskilnaður "við danska ríkið óhjákvæmi-"legur".

Stungið var upp á og samþykt, að senda svohljóðandi simskeyti til Blaðamanna félagsins í Reykjavík:

"Þingvalla fundar ályktun "eða aðskilnaður.

"Íslendingar í Pipestone, Manitoba".

Fyrir hönd fundarins,
M. TAIT.

ÚR BRÉFI FRÁ BRÚ, MAN.

Einn vinur Heimskringlu, að Brú P.O., hefir dags. 17. ágúst sent blaðinu svolátandi bréf og kvæði, sem hann kveður sér hafa borist frá Íslandi, og ort hafi verið þar í tilefni af lofkvæði því til Dana konungs, er herra Jón Ólafsson orti nýlega, og prentað var í blöðunum þar heima:

"Ég hefi séð, að blað þitt hefir, sem önnur blöð Vestur-Íslendinga, hlynt að viðhaldi íslenzks þjóðernis Austanhafs, í umræðum um sambandsmálið, og hvatt Íslendinga hér til þess, að láta uppi álit sitt í því efni. Ég sé ekki betur en "Landvarnarmenn" og Skúli Thoroddsen hafi betri endann á þeim strengi, sem þar er togast um, og verður það því vestur-ísl. blöðunum til ófinlegs sóma, hve vel þau hafa stutt málstað þeirra manna, sem vilja "stjórnina inn í landið", og bæði blöðin og þeir einstaklingar, sem hafa látið til sín taka um þetta mál hér vestra, hafa gert það þannig, að mikillar þakkar er vert.

Ekki dylst mér það, að mannlegast af Austur-Íslendingum væri að skiljast algerlega við Dani og mynda sér lýðveldi, með hliðsjón af allsherjarríkis skipuninni, sem þar var til forna, áður Ísland varð "kristið". Þó sýnist mér svo, sem jafnvel sumir Íslandsvinir heima á Fróni hiki sér í þá átt og vilji alt til vinna, að halda einhverjum trygðum við Danskinn, og er leitt að svo skal sjálfstraust landans eystra vera orðið rýrt, að hann telur sig engan veginn sjálfbjarga. Þótt að vísu sé landinn fult svo vel gefinn og gerður af náttúrunnar hendi, sem Danskurinn er.

Hvers mundi Íslendingar sakna eða missa, í því að skilja við Danskinn? Ég held það yrði nauðaþátt annað en varðskipið, sem þó hefir reynst til fremur ónógra nota, einmátt af því, að Íslendingar verða að hlíta danskri stjórn á því. Mundu ekki Íslendingar gera betur í því, að koma sér sjálfir upp varðskipi, til þess að vernda fiskiveiðar landsins, eins og Færeyingar kváðu hafa gert? Og gætu ekki Vestur-Íslendingar styrkt bræður sína peningalega í þessa átt, ef þess þyrfti? Að minsta kosti er það víst, að Vestur-Íslendingar mundu geta styrkt landa sina austanhafs í ýmsum greinum, ef til þess kæmi, að þeir þyrfti á hjálp að halda og samkvæmt ýmsu undangengnu, mundi mega treysta því, að þeir létu ekki að eins lenda við orðin tóm. Og Norðmenn yrðu án efa Íslendinguns hollir í aðskilnaðarmálinu, og þá að líkindum Bandamenn, sem ég álít, að Íslendingum eystra gæti í framtíðinni orðið happadrýgst traust að, en ekki Englendingum, sem á síðari árum hafa átt drjúgan þátt í, að skemma fiskiveiðar meðfram ströndum landsins, með botnvörpunga útveg sínum.

Auðvitað mundi það allra heppilegast, að öll Norðurlönd, Noregur, Svíþjóð, Ísland og Danmörk, gengi í bandalag. En til þess, að slíkt gæti komið til mála, að því er Ísland snertir, þarf Ísland fyrst að verða algerlega frjálst og sjálfstætt ríki. Það getur ekki látið spyrjast, að það sé sambandsland Danmerkur, fyrr en Danir hafa opinberlega orðið að viðurkenna rétt Íslendinga, sem frjálsrar þjóðar, sem sagan sýnir, að Íslendingar eiga fyllilega skilið, að allar þjóðir viðurkenni.

Mun ég síðar rita nokkuð nánar um það mál, ef tími leyfir.

Nýlega alveg, hefir mér borist í hendur kvæði nokkurt, sem virðist sýna betur en nokkuð annað stefnu konungssinna heima á Íslandi. Kvæði þetta kom til mín í bréfi frá kunningja mínum heima á Íslandi, og segir hann, að íslenzku blöðin austanhafs muni enn ekki hafa birt það, og unn ég því Heimskringlu þess heiðurs, að birta það fyrst, og vona, að það birtist þar rétt og prentvillulaust, eftir þeirri afskrift minni af frumritinu, sem ég sendi þér með línum þessum.

Kaupandi Hkr.

Þetta umtalaða kvæði, sem heitir "Lofsöngur leiðtoganna", birtist á öðrum stað í blaðinu.

Ritstj.

Munið eftir dansinum á Oddfellows Hall á hverju laugardagskvöldi. — Maher's Union Orchestra spilar, og gólfið er gott.

Ný, góð Cottages

fyrir lágt verð til sölu. Niðurborgun og mánaðar afborganir sem svarar húsaleigu. Þau eru í Fort Rouge og á Home St. Sinnið þessu strax.

K. Ásg. Benediktsson.
540 Simcoe St.

Gaman!

Fræstudagskveldið þann 10. sept. næstk. verður gaman að lifa! Þá ætlar stúkan ÍSLAND nr. 15, A. R. G. T., að bjóða öllum á ljómandi góða hlutaveltu, sem endar með veitingum, hljómleikum og gleðigangi. (Þá leikur fólkið sér upp á sitt hopp og hí!). — Lesið auglýsingu í næsta blaði. Þ.

Stærsti danssalur í bænum.

ARENA skautaskálinn hefir nú verið gerður að danssal þar til fris upp og farið verður að skauta á ís. Dansað á föstudagskveldum að eins.

Tombola og Leikir

Mánudagskveldið þann 14. september heldur HARPA, I.O.G.T., Tombolu í neðri sal Goodtemplara hússins. Á eftir Tombolunni verður "Grand March" og ýmsir leikir.

Kaffi með sætabrauði verður selt alt kveldið.

Byrjar kl. 8.

Inngangur með drætti 25c.

SKÓARINN.

Hann flytur ræður með feiknaró
á fögru máli,
hann býr til úr ekta skinni skó
eftir máli.
Það er ágætis atvinna,
alla gerir hún mentaða
í fögru máli.

Hann gengur í baðið gulls hjá
hrund
í gallons máli,
hún tekur hann svo á tukthús
fund
í tignarmáli.
Það gerir manninn svo mentaðan
og mælskan, að ræðu flutti hann
á nýju máli.

Hann er fyrirtaks fyrirmynd
í frelsismáli.
Hann ritar fjörugt um firða synd
á fögru máli.
Hann hjálpar þó sveimérHafsteini
— já, honum fylgja þó stórmenni
í þessu máli.

GUNNI,

Hver býður betur?

Annað bezta landið í Mikley fæst keypt með góðum skilmálum. Allar upplýsingar þessu viðvikjandi gefur

SV. BJÖRNSSON,
571 Simcoe st. Winnipeg

Dr. G. J. Gislason,
Physician and Surgeon
Wettington Blk, - Grand Forks, N.Dak
Sjerstakt athygli veitt AUGNA, EYRNA, KVERKA og NEF SJÚKDÓMUM.

Drs. Ekern & Marsden,
Sérfræðislækna í Eftirfylgjandi greinum: — Augnasjúkdómum, Eyrnasjúkdómum, Nasasjúkdóm um og Kverkasjúkdómum. : : :
Í Platky Byggingunni í Bænum
Grand Forks, .: N. Dak.

Íslenzkur **Kjötsali**
Hvergi fæst betra né ódýrara KJÖT en hjá honum,—og þú munt sannfærast um að svo er, ef þú aðeins kaupir af honum í sitt sinn. Allar tegundir. Óskar að Isl. heimsækji sig
CHRISTIAN OLESON,
666 Notre Dame Ave. Talefón 6906

Stefán Johnson
Horni Sargent Ave og Downing St
HEFIR ÁVALT TIL SÖLU
Nýjar Áfir
frá Manitoba Agricultural School. Bestu áfirnar í bænum. Góður svaladr. 15c gallon.

Arena Rink
Þar er skemt sér á Hjólskautum hvern eftirmiðdag og kveld. nema föstudage. Hljóðfærafl. spilar. Dansar þeir, sem áður voru í Drill Hall, eru nú haldnir hér á föstudagskv. Dans frá 8 til 12. Inngangur, karlm. 50c, frítt fyrir kvenfólk. Persónum innan 15 ára ekki leyfð innganga.
JAMES BELL, eigandi.

Hver Þvær og Hreinsar Fötin ydar?
Hvorsvegna að fara í Kína-kompurnar þegar þér eigið kost á að fá verkið gert betur, og alt eins ódýrt, í bezta og heilsusamlegustu þvottastofnum, þar sem aðeins hvítt vinnufólk er haft og öll hreinustu efni notuð
Vér óskum viðskifta ydar
The North-West Laundry Comp'y Ltd.
Hreinsarar og Litarar
COR. MAIN & YORK FÓN 5178

The Dominion SECOND HAND STORE
Ágætur brúkaður fatnaður og húsmunir. Ísl. töluð.
555 Sargent Ave. Winnipeg

J. G. Snydal, L. D. S.
ÍSL. TANNLÆKNIR
COR. MAIN & BANNATYNE
DUFFIN BLOCK PHONE 5302

Hubbard, Hannesson and Ross
LÖGFRÆÐINGAR
10 Bank of Hamilton Chambers
Tel. 378 Winnipeg

ARNI ANDERSON Íslenzkur lögmaðr
Í félagi með
Hudson, Howell, Ormond & Marlatt
Barristers, Solicitors, etc.
Winnipeg, Man.
13-18 Merchants Bank Bldg. Phone 3821, 3822

BONNAR, HARTLEY & MANAHAN
Lögfræðingar og Landskjala Semjarar
Suite 7, Nanton Block, Winnipeg

G. M. Bjarnason
Málar, leggur pappír og gerir "Kalsomining. Óskar við skifta Íslendinga.
672 AGNES ST. TELEFÓN 6954

Stefán Guttormsson,
Mælingamaður
663 AGNES STREET. WINNIPEG.

A. S. BARDAL
Selur líkkistur og annast um útfarir. Allur útbúnaður á beztl. Enfremur selur hann al skonar minnisvarða og legstein.
121 Nena St. Phone 306

The Dominion Bank
NOTRE DAME Ave. BRANCH Cor. Nena St.
Vér seljum peningaávisanir borganlegar á Íslandi og öðrum lönd.
Allskonar bankastörf af hendi leyst
SPARISJÓÐS-DEILDIN
tekur $1.00 innlag og yfir og gefur hæztu gildandi vexti, sem leggjast við innstæðufé 4 sinnum á ári. 30. júní, 30. sept. 31. desembr og 31. march.

Boyd's vélgert brauð
Það kostar ekkert meira, hvert brauð 5 cent, og er auðfengið. Vér höfum 20 keyrsluvagna til þess að keyra brauð vor heim í hvert hús.
Þér græðið við að fá fulla vigt brauðanna, og þau svo vel gerð að nota má hverjo skorpu. Þér græðið við að nota þessi brauð.
Boyd's
Bakery Cor. Spence & Portage Ave
Phone 1080.

Með því að biðja ætíðlega um "T.L. CIGAR," þá ertu viss að fá ágætan vindil.
T.L. CIGAR
T.L.
(UNION MADE)
Western Cigar Factory
Thomas Lee, eigandi Winnipeg

Redwood Lager og Extra Porter
Styrkið taugarnar með því að drekka eitt staup af öðrum hvorum þessum ágæta heimilis bjór, á undan hverri máltíð. — Reynið !!
EDWARD L. DREWRY Manufacturer & Importer Winnipeg, Canada.

Royal Optical Co.
327 Portage Ave. Winnipeg. RÉTT Á MÓTI EATON'S BÚÐINNI.
Beztu Augnfræðingar
Öll nýjustu og bezt reynd verkfæri notuð. Höfuðverkur sem stafar frá augunum, áreiðanlega læknaður. Sanngjarn kostnaður.
AUGU SKODUD KOSTNADARLAUST.

LAND

Vér höfum nýlega fengið til sölu yfir 30 fleettölur-fylkjanna, liggjandi að Oak-lands brautinni C. N. R. Gleanlur. Verð-ið er frá $7.00 til $12.00 hver ekra. Ekkert af löndum þessum eru meir en 5 mílur frá járnbrautinni.

Skúli Hansson & Co.
Skrifst. Talsími 6676. Heimilis Talsími 2274

Heimskringla.

Alt landið

er ábyrgst að vera jafngóða land af beztu tegund, og fæst keypt með vægum afborgunar skilmálum. (N.B.—Leitið fyrirþart þessarar augl. vinstramegin við Hkr. nafn.)

Frekari upplýsingar veita

Skúli Hansson & Co.
56 Tribune Building. Winnipeg.

XXII. ÁR. WINNIPEG, MANITOBA, FIMTUDAGINN, 10. SEPTEMBER, 1908 NR. 50

Fregnsafn.

Markverðustu viðburðir hvaðanæfa.

Mælt er, að Thomas Greenway, fyrverandi forsætisráðherra hér í fylkinu, verði gerður að járnbrauta eftirlitsmanni (Railway Commissioner) innan skams tíma. — Laurier þykir vissara, að koma kunnugjum sínum í embætti áður en kosningarnar skella á. — Mælt er, að járnbrautanefndin hafi í hyggju, að rýnka um kjör járnbrautaþjónanna, svo að þau fái að vinna meira á sunnudögum hér eftir en þeim hefir verið leyft síðan helgidaga lögin gengu í gildi.

— Brezkt seglskip strandaði nýlega við strendur Englands. Þar drukknuðu 27 af skipverjum, en 32 varð bjargað.

— Nýlega hefir brezku herskipi tekist, að halda uppi loftskeyta sambandi við loftskeytastöð hermálastjórnarinnar í London, alla leið yfir Atlantshaf alt yfir að Björlleyjasundi, yfir 1500 mílur vegar. Þetta er sú langmesta vegalengd, sem nokkru skipi hefir tekist að brúa yfir með uppihaldslausu loftskeyta sambandi, — og það jafnt á nóttu sem degi.

— H. C. Wilson, 23. ára gamall elskhugi ungfrú Önnu Keller, hefir stefnt aðstandendum stúlkunnar, í Strathroy, Ontario, fyrir það, að þeir vildu ekki lofa honum að heimsækja unnustu sína eins oft og hann vildi. Unnustan bjó hjá aldraðri frænku sinni, en frænkan var andvíg ráðahagnum og reyndi því að aftra unnustanum frá, að sjá heitmey sína. En svo fór mál þetta, að frænkan varð að láta undan.

— Bóndi einn í Ontario hefir verið dæmdur í eins mánaðar fangelsi fyrir að barja konu sína af því hún neitaði að vinna úti á akri þeirra hjóna, og sagði að í sínum verkahring væri, að sjá um húshaldið og við það hefði hún nægilega mikið að gera.

— Nýlega hefir verið prentuð bók í Budapest. Það er syndajátning eins af mönnum þeim, er unnu að því að fyrirfara konungsfjölskyldunni í Serviu fyrir fáum árum. Höfundur bókarinnar ber þá ákæru á Pótur, núverandi konung í Serviu, að hann hafi verið frumkvöðull að morð-samsærinu, sem leiddi til þess, að konungsfjölskyldan var af dögum ráðin og honum komið til valda. Höfundur bókarinnar, sem heitir George Nastekt, er ungur uppreistarmaður, og hefir áður orðið verkfæri til þess, að fá dæmda í langar fangelsisvistir 56 höfðingja og embættismenn. Í þessari bók sýnir hann fram á, að viðtekt samsæri eigi sér stað til þess að ráða ríkiserfingjann í Montenegro af dögum. Í sambandi við samsærið hefir hann tilnefnt fjölda af hæstastandandi embættismönnum í landinu, og hefir sannað, að þeim hafi verið launað með peningum úr ríkissjóði Serviu. Yfir 30 af þeim, sem ákærðir eru í bók þessari, hafa verið handteknir, og margir hafa flúið og aðrir fyrirfarið sér. Aðal tilgangur þessa viðtæka samsæris segir hann að sé sá, að innlima Montenegro og héruð í Ungverjalandi og Austurríki í Serviu, svo að konungsríki Péturs aukist að afli og áhrifum út á við. Stjórnin í Serviu hefir neyðst til að játa, að samsærismönnum hafi verið borgað úr ríkissjóði, og uppreistarmenn hafa náð skjölum og skýrslum, sem sanna, að konungur og fjölskylda hans eru í vitorði með þessum náungum. Að síðusta getur höfundurinn þess, að hann búist við, að missa lífið fyrir sannsöglina, en hann kveðst hafa orðið að hlýða raust samviskunnar, sem hafi skipað sér að opinbera alt leyndarmálið.

— Mrs. Susana Loudons í Madrid á Spáni hefir nýlega orðið móðir að fertugasta barni sínu, og lifa 25 af þeim. Að eins þrisvar hefir hún átt tvíbura.

— Sunnudaga vínsölubannið í Atlantic City í New Jersey ríkinu á örðugt uppdráttar. Enginn þar skeytir þeim lögum minstu vitund. Ríkisstjórinn hefir opinberlega hótað hörku, ef lögin verði framvegis brotin, en vínsalar hafa gert honum þau orð, að þeir ætli að fara sínu fram.

— Franska hafþráðafélagið í Venezuela hefir fyrir dómstóli verið sektað um 5 miliónir dollara fyrir að hafa æst til uppreistar gegn Castro-stjórninni þar. Auk þessa var í dóminum svo ákveðið, að sama félag yrði að borga allar eða meginið af þeim skaðabótum, sem ríkinu bæri fyrir tjón það, sem hlytist hefði af uppreistinni, og skyldi sú upphæð metin af þar til settri nefnd, sem nú vinnur að því starfi. Talið er víst, að félagið muni skjóta þessu máli til æðra dóms.

— Mohammed Dumoulin, einn þeirra manna, er myrðuðu félag það á Tyrklandi, sem gekst fyrir, að koma á nýrri stjórnarskipun þar í landi, er um þessar mundir á Englandi. Hann kveðst hafa gengist fyrir þessari félagsmyndun í þeim tilgangi, að gera síðustu tilraun til þess, að losa Tyrkland úr þrældómsfjötrum þeim, sem það var í, og til að koma þeim mönnum frá völdum, sem á síðastliðnum nokkrum árum hafa verið þess valdandi, að þúsundir hinna ágætustu manna landsins hafa verið látnar hverfa. Hann hyggur, að 40 þúsundir manna hafi verið líflátnar af völdum leynilögreglunnar þar í landi. Til sönnunar um þetta ástand tilfærir hann, að hann hafi sjálfur verið sjónarvottur að því, að 20 menn hafi að næturlagi verið teknir úr einu fangelsinu og fluttir á sjó fram. Hljóð þessara manna heyrðust langar leiðir, en enginn lét sig það neinu skifta, — svo á bæri. Næsta morgun voru allir þessir menn horfnir, og hefir síðan ekkert frézt til þeirra. Í öðru sinni kom þýzkt gufuskip þar að strönd-um og dró nokkur lík upp úr sjónum, en skipverjum var af lögreglunni mútað til þess, að láta ekki á þessu bera. Ekki segir Dumoulin, að þetta sé að neinu leyti soldáni að kenna, heldur höfðingjum þeim, er hann hafði í ráðaneyti sínu, sem undireins hefðu látið drepa hann, ef hann hefði tekið sig fram um, að gera stjórnarbót án þeirra samþykkis.

Nýlega var Englendingur nokkur handtekinn í Ottawa borg fyrir rán. Lögreglan hafði grun um það að hann væri gamall glæpamaður. Hún sendi því alla lýsingu hans, mál og fingraför til Lundúna, og fékk þaðan það svar, að þessi James Jenkins, sem svo hefir heitið síðan hann kom til Canada, hafi verið 16 sinnum í fangelsi á Englandi fyrir rán og þjófnað, og að hann hafi á ýmsum tímum gengið þar undir 11 mismunandi nöfnum.

— Gamli Tolstoi er á batavegi, en þó svo veikur, að hann kemst ekki úr rúminu. Íbúarnir í Tula héraðinu höfðu haft mikinn viðbúnað til þess að halda fagnaðarhátíð á afmæli gamla mannsins, en hérnaðsstjórnin þar hannaði það algerlega og hafði úti herdeildir til þess að sjá um, að hvergi skyldi brydda á neinum fagnaðarlátum.

— C.P.R. félagið auglýsir, að það flytji fólk frá Toronto til Winnipeg fyrir $10.00 hvern full-orðinn farþega með lestum sínum 1. og 8. þ.m.

— Liberal flokkurinn hefir nýlega keypt blöðin Telegraph og Times í St. John, New Brunswick. Þau voru áður Conservative. Nú kefir sá flokkur ekkert blað þar í borg. En í orði er, að hann kaupi önnur 2 blöð, sem þar eru gefin út, og nefnast Sun og Star.

— Gasvélar er nú farið að nota á Englandi til að knýja áfram flutningaskip. Er svo sagt, að með þessu mótu kosti vöruflutningur ekki meira en 6 cents fyrir ton hverja mílu vegar.

— Uppdrætti er búið að gera fyrir stórhýsi mikið, sem byggja á í New York borg. Það á að vera 909 fet áhæð yfir gangtröð strætisins, og verður það langhæsta hús, sem bygt hefir verið í nokkuru landi. Það er Equitable lífsábyrgðarfélagið, sem þetta hús lætur byggja, og ætlar það að hafa skrifstofur sínar í því. 62 loft eiga að vera í húsi þessu, að meðtöldum turnlofunum. En til almennra skrifstofa og íbúðarþarfa verða að eins notuð 46 loft. Áætlaður kostnaður er 10 miliónir dollara. Í húsinu eiga að vera 38 lyftivélar til þess að flytja fólk upp og niður. Auk þess verða margar lyftivélar fyrir vöruflutninga. Frá efstu gluggum í húsi þessu má sjá í 80 mílna fjarlægð.

— Holdsveiki hefir nýlega fundist í hernönnum í Bandarikjunum. Harry L. West, umsjónarmaður stjórnarinnar í Columbia, segir afdráttarlaust, að margir hermenn í Washington gangi með sýki þessa á fyrsta stigi hennar, og að þeir hafi fengið hana í Filipseyja stríðinu, og sömu skoðun hafa læknar sjómanna spítalans þar. Einn maður hefir þegar verið tekinn frá konu sinni og börnum og fluttur á holdsýkis lækningahæli í Louisiana.

— Valdemar Poulsen ætlar að keppa við Marconi með loftskeytasendingar yfir Atlantshaf frá Írlandi til Canada. Hann kveðst þess fullviss, að sér takist að senda 150 orð á mínútu yfir þá vegalengd með nýjum útbúnaði, sem hann hefir uppgötvað.

— Tæringarsýki er stöðugt að aukast í Nýfundnalandi, svo að læknar eru ordnir óttaslegnir um framtíð þess. Árið 1901 dóu 654 manns úr þeirri veiki þar á eynni, 1902 710 manns, 1906 933 manns. Af þessu sést, að sýkin er að magnast meira en litið, og svo hafa yfirvöld eyjarinnar látið mál þetta til sín taka, að þeir hafa boðað á sameiginlegan fund alla skólakennara á eynni, og sett sérfróða lækna til þess að upplýsa kennarana um, hvernig bezt megi útrýma sýkinni eða stemma henni stigu.

— Svo er að sjá, sem hafþráðafélögin muni bráðlega verða að færa niður gjaldið fyrir skeyti, sem send eru með þræðinum yfir Atlantshaf, ef þau eiga að geta kept við loftskeytafélögin. Fyrsti hafþráður var lagður yfir Atlantshaf fyrir 50 árum. Þá kostaði sending hvers orðs yfir hafið $5.00 — en fyrir 20 árum fjölguðu þræðirnir svo, að þeir urðu 6 yfir hafið og voru skeytasendingar þá settar niður í 25c orðið, og nú er á orði, að færa það gjald niður um helming, til að keppa við loftskeytin.

— Svo varð mikið regnfall á sunnudaginn var, að vagnlestir C. P. R. félagsins urðu teptar nokkurn tíma milli Winnipeg og Kenora, með því að brautin hafði raskast á pörtum af vatnagangi.

— Stjórnarskrá eiga Kínverjar að fá eftir 9 ár frá þessum tíma. Það er orðin almenn og all mögnuð óánægja þar í landi með gamla einveldis stjórnar fyrirkomulagið. Fjölmennar sendinefndir eru daglega gerðar út til stjórnarinnar til þess að heimta nútíma stjórnarfar í landinu, og er þeim öllum tekið með hinni mestu lipurð og kurteisi, og lofað, að nýj stjórnarskrá og lögbundið þing skuli veitt þjóðinni að 9 árum liðnum. Sjálfur keisarinn hefir auglýst þetta áform sitt í blöðum landsins.

— Hneyxli mikil hafa orðið í Serviu út af stjórnar athöfnum þar. Timburlönd ríkisins hafa verið leigð í hendur fárra einræðismanna fyrir afarlágt verð og einnig námalöndin seld í hendur fárra manna, og yfirleitt hafa alla þjóðeignirnar verið seldar undir yfirráð auðkýfinga og fjárglæframanna. Kaupmenn þeir, sem seldu vörur til herdeildarinnar, hafa blandað hveitimjölið með sandi, og kjötið var alt skemt og úldið. Margir embættismenn hafa orðið að segja af sér. Alt landið virðist vera í klóm pólitiskra rummunga.

— Skógaeldar í Wisconsin og Minnesota á laugardaginn var brendu til ösku beinn Chisholm, sem er um 90 mílur norður frá Duluth. Að eins eitt hús stendur þar eftir, og það er nýr $125,000 æðri skóli. Eldur þessi hefir gereytt mörgum miliónum feta af timbri, og ýms smá bygðarlög urðu fyrir stórtjóni. Tíu þúsundir manna eru húsvilltir. Sérstakl agar skemdir gerðu eldar þessir í Douglas County í Wisconsin, og einnig 75 þús. dollara tjón í Bayfield bæ í sama ríki. Ein kona er talin að hafi brunnið til bana í Chisholm bæ. Hún hafði verið drukkin og ekki fengist til að flýja úr bænum áður en eldurinn gerði alla undankomu ómögulega. En bærinn brann algerlega á 2 kl.stundum. Bæjarbúar gerðu það, sem þeir gátu til þess að verja heimili sín, þar til útséð var um, að það væri mögulegt. Járnbrautalestir voru til staðar, að taka fólkið burtu og aðrir keyrðu á hestavögnum, og allir komust undan nema þessi áðurnefnda kona. Eignatjón er metið 2 miliónir dollara. Smáþorpin Shenando, Hartney og Pillsbury brunnu einnig til ösku. Hjálp hefir þegar verið send frá ýmsum bæjum, til þeirra, sem húsvilltir eru, svo sem fatnaður, rúmföt, tjöld og matbjörg.

— Sósíalistar í Glasgow borg gerðu í þúsundatali aðsúg að Prince Arthur af Connaught, þegar hann kom þangað til borgarinnar á sunnudaginn var. Þeir létu all-óríðlega og hrópuðu í sífellu: "Niður með konungsættina!". — Svo var ákafinn mikill að ná í prinsinn, að bæði lögreglan og herdeildir urðu að skerast í leikinn til þess að vernda hann frá, að vera tættan í sundur. Margir meiddust í þeim slag, bæði hermenn og alþýðumenn. Ekkert bar á prinsinum, sem hélt leiðar sinnar eins og ekkert væri og þáði veizlu þar í borginni sama kveldið.

AMES RÆÐAN.

Þeir eru vanir að vera fjörugir og ekki ósjaldan all-hávaðasamir stór-pólitisku fundirnir, sem haldnir eru í landi þessu, þegar kosninga baráttan stendur sem hæst. En á fundi þeim, sem haldinn var í Selkirk Hall (á Logan Ave.) þ. 1. þ.m., var sem í kirkju kæmi til að sitja undir prédikun.

Herra H. B. Ames, frá Montreal er ungur maður, sýnilega um þrítugs aldur eða litið meira. Faðir hans var auðugur maður, og sonurinn ber þess merki, að hafa fengið svo gott uppeldi, sem efni hafa orkað að veita honum og hæfileikar hans hafa gert hann móttækilegan fyrir. Hann er algerlega laus við alla æsing á ræðupalli, en með skilmerkilegu, ljósu og kurteislega framsettu máli, leggur hann málefnið svo vel og ljóslega fram fyrir áheyrendurna, að ekki þarf um að villast, hvað rétt er. Enda studdi hann staðhæfingar sínar allar með óyggjandi sannanagögnum, er hann tók úr þingtíðindunum og stjórnarinnar eigin skýrslum. Aðallega talaði hann um óstjórn Liberala á þjóðlöndunum, — akuryrkju löndunum, bithaga löndunum, náma löndunum og skógarlöndunum, og sýndi með óhrekjandi rökum, hvernig farið var að því, að koma svo tugum miljóna virði nam af þessum þjóðeignum í eigu einstakra manna, sem stutt hafa Liberal flokkinn að málum.

Lengstum tíma var varið til þess að sýna, hvernig herra Theodor Burrows, tengdabróðir Siftons (fyrrum innanríkis ráðherra), og nú þingmaður fyrir Dauphin-kjördæmið, — hefir farið að því, að ná frá Laurier stjórninni nálega 1600 fermílum af timburlöndum, þeim allra bestu, sem fáanleg eru í Vestur-Canada, og sem nú eru metin margra milión dollara virði, en sem kostuðu hann til jafnaðar ekki meira en frá 1 til 2 cents hver ekra. Þó að stjórnin fengi í öðrum tilfellum, þar sem Indiána lönd voru boðin upp til opinberrar samkepni, eins hátt og 800 dollara fyrir viðartökuleyfi á hverri fermílu. Það var og sýnt, að eitt einasta timburleyfi sem herra Burrows fékk hjá stjórninni fyrir 6 þúsund dollara, seldi hann aftur viðartökurétt á hálfu því svæði, sem þetta eina leyfi náði yfir, og fékk fyrir það 80 þús. dollara. Þannig löguð verzlun borgar sig vel fyrir herra Burrows — en Canadaríki, sem á löndin, er látið tapa fé í miliónatali á þessari ráðsmensku stjórnarinnar, að eins til þess, að vissir "einræðismenn" og vinir stjórnarinnar fái greiðum sópað um þjóðeignirnar.

Algerlega sama ráðsmenska var sannað að hefði hafði verið í frammi að því er akuryrkju og bithaga löndin snerti. Herra Ames sýndi ljóslega með óhrekjandi sönnunum, að vissir menn hefðu verið látnir græða miljónir á þeim löndum, en ríkissjóðurinn tapa að sama skapi.

Meðal annars sýndi hann ljóslega, hvernig þeir J. McGregor í Brandon og A. E. Hatchcock í Moose Jaw — báðir ötulir kosninga agentar Liberal flokksins — fóru að komast yfir feikna stóra landspildu hjá stjórninni, sem ekki kostaði þá meira en 10 þúsund dollara, en sem þeir seldu ensku félagi fyrir 650 þúsund dollara.

Á þenna hátt hefir stjórnin varið hæfileikum sínum til þess að rýja landið eignum þess og koma þeim undir yfirráð Liberal einræðismanna til þess að þeir gætu grætt miliónir dollara á þeim.

Alveg sama sagan er sögð af kolanámalanda verzlun stjórnarinnar. En með því, að flestallar þessar stjórnarathafnir hafa áður verið nokkurnveginn nákvæmlega skýrðar í Heimskringlu, þá virðist ekki sérstök þörf á, að taka þær fram hér. En þess skal getið að síðast í ræðu sinni minntist herra Ames á og bað áheyrendur sína að leggja vel á minnið þann lið í stefnuskrá Liberal flokksins, sem lofaði hátíðlega, að sjá um, að landið væri geymt að eins til afnota fyrir tilvonandi bændur. En eindir flokksins í þessu efni hafa orðið þannig, að fjárglæframenn eru búnir að ná mestu af þjóðeignunum undir sig.

Herra Ames sundurliðaði efndir Liberala í þessu efni þannig:

1. Miklum hluta af beztu akuryrkju löndum ríkisins í Vestur-Canada hefir verið fargað til sl kra stjórnarvina og fjárglæframanna, sem halda þeim óræktuðum þar til þeir geta selt þau með afarháu verði.
2. 50 prósent af öllum timburlöndum í 3 vestur fylkjunum hafa verið leigð til slíkra gæðinga stjórnarinnar. Þegar framleiða ekkert timbur, en láta skóginn standa óhreyfðan, þar til þeir geta selt viðartökurétt sinn á löndunum fyrir æðið fé, sem að réttu lagi ætti að ganga í ríkisfjárhyrzluna.
3. Bithaga löndin í Vestur-Canada hafa verið gefin í hendur slíkra manna fyrir sama sem ekkert verð.
4. Vatnsveitu leigumálar á afarviðáttumiklum landssvæðum hafa þessir kumpánar fengið í sínar hendur, og þessir leigusklmálar eru þannig útbúnir, að þeir veita þeim enga vernd, sem á sínum tíma kunna að kaupa lönd þessi í smáspildum til búskapar.
5. Stjórnin hefir einnig hjálpað þessum fjárglæframönnum til að ná yfirráðum yfir 4 fimtu hlutum af kolatekjulöndum Canadaríkis.
6. Og þessir stjórnarvinir hafa fyrir afarlágt verð náð yfirráðum á fiskiveiðarétta í öllum aðal fiskiverum Canadaríkis.

Á þenna hátt hafa Liberalar efnt þau loforð sín, að halda löndum ríkisins til afnota fyrir nýbyggjarana, — með svikum.

Að síðustu hvatti herra Ames áheyrendur sína og alla þá, sem unnað gætu landi sínu þess fagnaðar, að hafa heiðarlega stjórnmálamenn við völdin, að gæta þess vel, að nú væri meira en tími til þess kominn, að skifta um stjórn í Ottawa og koma þar að völdum herra R. L. BORDEN, sem þegar væri búinn að loa því, að gefa Canada heiðarlega og frjálslynda stjórn, og að láta nákvæmlega rannsaka glæpaferil þeirra fjárglæframanna, sem hefðu sölsað undir sig auðæfi ríkisins fyrir sama og ekkert og að neyða þá til að skila aftur því, sem þeir hefðu þannig náð undir sig með svikum, svo það kæmist á nýj umráð ríkisins.

Pólitískir fundir.

Herra GEORGE H. BRADBURY, umsækjandi Conservative flokksins um ríkisþingsæti fyrir Selkirk kjördæmið, heldur málfundi í Nýja Íslandi á þeim stöðum og tímum er hér segir:

MIKLEY, mánudag 14. þ. m., kl. 7 e.h.
ICELANDIC RIVER, þriðjudag 15. þ.m., kl. 7 e.h.
ARDAL, miðvikudag 16. þ.m. kl. 1 e. h.
GEYSIR, miðvikudag 16. þ.m. kl. 7 e. h.
HNAUSA, fimtudag 17. þ. m., kl. 1 e. h.
ÁRNES, fimtudag, 17. þ. m., 7 e. h.
GIMLI, föstudag 18. þ.m., kl. 2 e. h.

Ef svo fer, að veður eða vegir, einhverra orsaka vegna, banna svo umferð, að ekki verði komist á fundina á ákveðnum tíma, þá verður samt ferðum hraðað svo, að þeir verði haldnir sem allra næst þeim tíma, sem auglýstur er hér að framan.

C. O. F.

Lífsábyrgðarfélagið VÍNLAND heldur mánaðarfund sinn í kveld, [fimtudag]. í neðri G. T. salnum. Lífsspursmál að allir SÆKI fundinn og BORGI GJÖLD SÍN.

PURITY FLOUR

AÐ BAKA BEZTA BRAUÐ

er meira en vísindi og meira en list.

En það má gerast fljótlega og áreiðanlega með því að nota

PURITY FLOUR

Það er malað úr bezt völdu Vestur-Canada Hörðu Hveitikorni; er algerlega hreint og svo ilmandi kjarngott.

ALLIR ÍSLENZKIR KAUPMENN SELJA ÞAÐ

WESTERN CANADA FLOUR MILLS CO.,
LIMITED.
WINNIPEG, —— CANADA.

Wall Plaster

Með því að venja sig á að brúka **"Empire"** tegundir af Hardwall og Wood Fibre Plaster er maður hár viss að fá beztu afleiðingar.

Vér búum til:

"Empire" Wood Fibre Plaster
"Empire" Cement Wall "
"Empire" Finish "
"Gold Dust" Finish "
"Gilt Edge" Plaster of Paris
og allar Gypsum vöruteg. undir. —

Eigum vér að senda yður bækling vorn?

MANITOBA GYPSUM CO. LTD
SKRIFSTOFUR OG MILLUR Í
Winnipeg, - Man.

Heimskringla
Published every Thursday by The Heimskringla News & Publishing Co. Ltd

Verð blaðsins í Canada og Bandaríkjunum $2.00 um árið (fyrir fram borgað).
Sent til Íslands $2.00 (fyrir fram borgað af kaupendum blaðsins hérlendis $1.50.)

B. L. BALDWINSON,
Editor & Manager

Office:
729 Sherbrooke Street, Winnipeg
P.O. BOX 116. 'Phone 3512.

Kosninga glapræði.

Réttlát er reiði Lögbergs, dags. 3. þ. m., út af vínveitingum þeim, sem einn maður að nafni A. R. Bayne, viðhafði í aukakosningunni í Colchester kjördæminu í Nova Scotia á sl. ári. Það hefir verið sannað fyrir dómi, að Bayne þessi brúkaði bæði vín og peninga í þeim kosningum, og að svo miklu leyti, sem enn hefir frézt, er hann eini maðurinn á hlið Conservativa flokksins, sem það gerði.

Hins vegar var fullyrt í blöðunum um það leyti, og umkvörtun gerð í sjálfu Ottawa þinginu út af því, að Liberal flokkurinn hefði flutt inn frá Bandaríkjunum SJÖ ÞÚSUND dollara virði af whiskey í þeim kosningum, án þess að borga toll af því. Talsverðar umræður urðu um þetta mál í þinginu. Stjórnin bar ekki á móti þessu, og hlutaðeigandi ráðgjafi lofaði hátíðlega, að grenslast eftir þessu, en hefir síðan ekki látið til sín heyra um það.

Annars skal þess getið, að þessi herra A. R. Bayne, sagði rannsóknardómaranum það í opnum réttá í Touroborg í Nova Scotia þann 28. ágúst sl., að hann hefði alt af fylgt Liberal flokknum, þar til við þessa kosningu, og að hann hefði beitið því, þegar hann komst í ósátt við sína fyrri stallbræður, að gera alt, sem hann gæti, móti Liberal umsækjandanum þar í kjördæminu.

Við þessa játningu hafa augu manna í Austurfylkjunum opnast fyrir því, hvers vegna þessum manni var svo sýnt um, að brúka bæði vín og peninga í þessari kosningu. Enda játaði hann sjálfur, að hann hefði að eins skift um pólitík, en ekki um kosninga aðferð þá, sem hann hefði verið vanur að beita á fyrri árum.

Það leikur jafnvel grunur á, að Bayne þessi hafi með einhverjum ráðum komist yfir slatta af þessu sjö þúsund dollara tollsvika whiskey Liberal flokksins, og brúkað það svo á móti þeim, og það er sagt, að af þessum rótum sé runnin málsóknin á hendur Bayne.

Bayne hefir og játað það, að núverandi þingmaður Stanfield og aðrir leiðtogar Conservative flokksins hafi enga vitneskju haft um þessar gerðir sinar. Enda hefði hann ekki unnið að kosningu herra Stanfields af neinni velvild til hans, heldur af því, að hann hefði hatað gagnsækjanda hans og alla þá klikku, sem hefði otað honum út í kosninguna.

Lögberg gleymdi að geta um þessi atriði í grein sinni þ. 3. þ.m.

Afneitar "Liberölum" og öllu þeirra athæfi.

Blaðið VANCOUVER WORLD, aðal málgagn Liberala í British Columbia, sem frá upphafi vega sinna fram að þessum tíma, hefir öfluglega stutt Liberal flokkinn að málum og haldið uppi hlífiskildi fyrir gerðum hans við hvert tækifæri, — hefir nú loksins fengið samvizkubit af þessu athæfi sínu og algerlega snúið frá villu vegar sins, samkvæmt yfirlýsingu í ritstjórnargrein þess blaðs, dags. 1. þ. m.

Grein sú byrjar með fyrirsögninni: "Vegirnir skilja" (Parting of the Ways). — Ritstjórinn skýrir frá því, að hann hafi á undanförnum árum ofu lagt fyrir sig spurninguna um það, hvort ekki væri tími til þess kominn, að skifta um stefnu, með því að Liberal flokkurinn hafi vanrækt, að sinna kröfum British Columbia fylkis. En alt af kveðst hann hafa dregið það á langinn, að fara burtu úr flokkskvinnum, í þeirri trú, að þegar leiðtogarnir í Ottawa kyntust betur þörfum fylkisins, þá mundu þeir gera sér far um, að ráða bót á vankvæðunum og sinna kröfum þeirra þingmanna, sem fylkið sendi til Ottawa. Og einnig vegna flokksfylgis, kveðst hann hafa haldið áfram að styrkja flokkinn. En nú segir hann að sá tími sé kominn, að blaðið geti ekki lengur fylgst með á þessum gamla vegi, með því að það sé nú orðin almenn skoðun þar í fylkinu, að stjórninni í Ottawa sé ekki lengur trúandi fyrir, að gæta réttilega hagsmuna fylkisins. Það sé nauðsynlegt, að kjósa nú þá eina þingmenn til Ottawa, sem eindregið vinni að hagsmunum fylkisins, og láti ekki leiðast af fortölum þeirra sem þar hafi völdin og eiga svo annríkt við að spila sínum eigin spilum, að þeir vilji ekki gefa sér tíma til að sinna þörfum fólksins, — eða sem láti að óskum þeirra, sem hafi embættisveitingavaldið. Blaðið segir enníremur, að hver einasti maður víti og kannist við þetta, og þess ljósari skoðun hafi þeir á þessari þörf, sem þeir hafi betri þekkingu á þeirri klikku, sem að undanförnu hafi haldið fylkinu í greip sinni í ríkismálum, og sérstaklega Vancouver borg, og sem ár eftir ár hafi vanrækt að sinna þörfum fylkisins, en í þess stað kept á um, að ná sem mestu handa sjálfum sér.

Blaðið gefur ótvírætt í skyn, að stefnubreyting þess sé í samræmi við almenningsálitið í British Columbia á aðförum Laurier stjórnarinnar.

Ógleymanlegur dagur

í sögu íslenzku þjóðarinnar verður dagurinn í dag, 10. september 1908. Í dag eru bræður okkar á ættjörðinni, að tefla það djarfasta tafl, sem nokkurntíma hefir þar teflt verið frá landnámstíð. Í dag er verið að tefla um, hvort íslenzka þjóðin EIN eigi Ísland framvegis, og hvort hún og niðjar hennar eigi í framtíðinni að eiga frelsi sitt og sjálfstæði óskert, eða hvort Danir skuli eiga Ísland og njóta gæða þess til lands og sjávar, og í viðbót hafa ráð yfir frelsi Íslendinga og sjálfstæði um aldur og æfi, ef þeim svo sýnist. Heilla eða óheilla dagur verður þessi dagur, eftir því, hvorir vinna taflið, íslenzkir sjálfstæðismenn eða íslenzkir erindrekar danskra valdhafa. Svo er fyrir þakkandi, að engum eða er það bundið, að yfirgnæfandi meiri hluti íslenzku þjóðarinnar — austan hafs og vestan — er af alhug fylgjandi fyrgreinda flokknum, og ef þjóðin sem HEILD — konur og menn — ætti að tefla taflið í dag, þá eru mikil líkindi til, að stjórnar flokkurinn (erindrekarnir) gætu ekki unnið einn einasta leik. Um það, hvernig taflið snýst í höndum KJÓSENDANNA, skal hér engu spáð. Tíminn leiðir það í ljós eftir stuttan tíma. En af því, að Vestur-Íslendingar hafa með mjög miklum áhuga fylgst með því máli, sem um er teflt — sjálfstæðismálinu — þykir mér rétt, að lofa þeim að sjá nöfn þeirra manna af báðum flokkum, sem keppa í dag um þingsætin. Nöfn þessara manna verða þjóðinni minnisstæð engu síður en dagurinn. Í eftirfylgjandi skrá yfir þá er um þingsæti keppa, eru þingmannaefni sjálfstæðismanna talin fyrst, en stjórnarsinna síðar:

A.-Skaftafellss. — Þorl. hreppstj. Jónsson, Hólum. Guðlaugur sýslum. Guðmundsson, Akureyri.

V.-Skaftafellss. — Gunnar verzlunarstj. Ólafsson, Vík. Jón bóndi Einarsson, Hemru.

Vestmannaeyjas. — Ólafur prestur Ólafsson, Reykjavík. Jón skrifstofustj. Magnússon, Rvík.

Rangárvallas. — Sigurður bóndi Guðmundsson, Selalæk, og Þórður hreppstj. Guðmundsson Hala. Eggert prestur Pálsson, Breiðabólstað, og Einar bóndi Jónsson, Geldingalæk.

Árness. — Hannes ritstjóri Þorsteinsson, Reykjavík og Sigurður búfræðingur Sigurðsson, Reykjavík. Ólafur prestur Sæmundsson, Hraungerði og Bogi sagnfr. Melsted, Khöfn.

Gullbringu og Kjósars. — Björn kaupm. Kristjánsson, Reykjavík, og Jens próf. Pálsson, Görðum. Halldór bankagjaldk. Jónsson, Reykjavík og Jón sagnfr. Jónsson, Reykjavík.

Borgarfjarðars. — Kristján háyfirdómari Jónsson, Reykjavík. Björn bóndi Bjarnason, Grafarholti.

Mýras. — Jón bóndi Sigurðsson, Haukagili. Jóhann bóndi Eyjólfsson, Sveinatungu.

Snæfellsnes og Hnappadalssýslu — Sigurður prófastur Gunnarsson, Stykkishólmi. Lárus lagaskólastj. Bjarnason, Rvík.

Dalasýslu — Bjarni ritstj. Jónsson (frá Vogi), Reykjavík. Jón Jensson yfirdómari, Reykjavík.

Barðastrandars. — Björn ritstjóri Jónsson, Reykjavík. Guðm. sýslum. Björnsson, Patreksfirði. (Vill breyta frv. líka).

N.-Ísafjarðars. — Skúli ritstj. Thoroddsen, Bessastöðum. (Enginn af hálfu stjórnarsinna).

V.-Ísafjarðars. — Kristinn prestur Daníelsson, Útskálum. Jóh. hreppstjóri Ólafsson, Þingeyrum.

Strandas. — Ari ritstj. Jónsson, Reykjavík. Guðjón Guðmundsson, Hólmavík.

Húnavatnss. — Hálfdán próf. Guðjónsson, Breiðabólstað, og Július læknir Halldórsson, Klömbrum. Þórarinn bóndi Jónsson, Hjaltabakka, og Jón bóndi Hannesson, Undirfelli.

Skagafjarðars. — Ólafur bóndi Briem, Álfgeirsvöllum, og Jósef Björnsson bóndi, Vatnsleysu. Stefán kennari Stefánsson, Akureyri. Enginn annar af hálfu stjórnarmanna.

Eyjafjarðars. — Kr. H. Benjamínsson bóndi, Ytri-Tjörnum. Hannes ráðherra Hafstein, R.-vík og Stefán bóndi Stefánsson, Fagraskógi.

N.-Þingeyjars. — Benedikt ritstjóri Sveinsson, Rvík. Björn bóndi Sigurðsson, Grjótnesi.

S.-Þingeyjars. — Sigurður bóndi Jónsson, Arnarvatni. Pétur Jónsson, Gautlöndum.

N.-Múlas. — Einar Eiríksson bóndi Eiríksstöðum, og Jón bóndi Jónsson, Hvanná. Jóh. sýslum. Jóhannsson, Seyðisf., og Guttormur Vigfússon bóndi, Geitagerði.

S.-Múlas. — Jón Bergsson bóndi Egilsstöðum og Sveinn bóndi Ólafsson, Firði. Jón Jónsson (frá Múla) og Jón bóksali Ólafsson, Reykjavík.

Reykjavík — Jón landskjalav. Þorkelsson, Rvík, og M. Th. Blöndal framkvæmdarstj. Rvík. Guðm. landlæknir Björnsson, Rvík, og Jón verkfræðingur Þorláksson, Rvík.

Ísafjörður — Sigurður prestur Stefánsson, Vigur. Jón Laxdal, fyrv. verzlunarstj.

Akureyri — Sigurður ritstj. Hjörleifsson, Akureyri. Magnús Kristjánsson kaupm., Akureyri

Seyðisfirði — Björn prestur Þorláksson, Dvergasteinl. Valtýr háskólakennari Guðmundsson, Kaupmannahöfn.

Þetta eru þingmannaefni flokkanna. Þar sem fjórir eru í kjöri, tveir af hvorum flokki, á að kjósa tvo þingmenn, annars einn.

Þar sem fjórir eru í kjöri, er fylgt sömu reglu við niðurröðun þingmannaefnanna eins og þar sem tveir eru í kjöri, nefnilega, að bæði þingmannaefni sjálfstæðis flokksins eru talin fyrst.

Í Norður-Ísafjarðarsýslu hafa stjórnarliðar engan útnefnt móti Skúla Thoroddsen. Hann verður því að líkindum sá eini þingmaður, sem kosinn verður í einu hl.

Í Skagafirði hafa stjórnarliðar engan útnefnt með Stefáni kennara, og gera ekki hér eftir, með því að öllum útnefningum eða framboðum var lokið 13. ágúst, samkvæmt kosningarlögunum.

Í Húnavatnssýslu hafa komið framboð frá þremur sjálfstæðisþingmannaefnum í viðbót við þá áðurnefndu, þeim Birni bónda Sigfússyni á Kornsá, Árna bónda Árnasyni á Höfðahólum og séra Hafsteini Pétürssyni frá Khöfn. Hverjir tveir verða í kjöri af þessum fimm er ekki fullkunnugt um.

Af þingmanna yfirlitinu má sjá, að í sjálfstæðisflokknum eru 14 bændur, 1 kaupm., 1 verzlunarstj., 1 framkvæmdarstj., 8 prestar, 7 ritstjórar, 1 læknir, 1 lögfræðingur (Skúli, sem er lögfræðingur, er talinn með ritstjórum), 1 skjalavörður og 1 búfræðingur. Af þessum mönnum hafa 4 laun úr landssjóði, 2 lífsuppeldi (Kr. J. og Dr. Jón Þ.) og tveir eftirlaun (Sk. Th. og Júl. læknir).

Í stjórnarflokknum eru aftur á móti 12 bændur, — 2 af þeim geta þó naumast borið það nafn nú, með því þeir eru hættir við búskap (Guðj. Guðl. og Pétur Jónsson), — 1 kaupm., 1 fyrv. verzlunarstj., 1 verzlunarumboðsm., 2 prestar, 12 (TÖLF) landssjóðslaunaðir embættismenn og sá ÞRETTÁNDI landssjóðs launaður bitlingamaður (Hannes ráðherra, Guðl. sýslum., Jón skrifstofustj., Jón verkfræðingur, Guðm. landlæknir, Halldór bankagjaldk, — hann er launaður af fé bankans, sem landið á — Jón sagnfr., Lárus lagaskólastj. G. sýslum., Stefán kennari, Jóh. sýslum., Jón yfirdóm. og Jón Ólafsson), og að síðustu 2 DANSKIR EMBÆTTISMENN, launaðir af Dönum (Bogi og Valtýr). Þessir ÞRETTÁN náungar, sem allir lifa algerlega á landssjóði — nema ef vera skyldi J. Ó. — ásamt Boga, sem einnig hefir landssjóðsbitling, — munu taka úr landssjóði árlega nálega 45 þúsund krónur.

Mundi þjóðinni ekki hollara, að ráða sér aðra ráðsmenn, en svona marga hálaunaða þjóna sina, að ógleymdum þessum tveimur Dana hjúum?

Í Eyjafj.sýslu hafa sjálfstæðismenn ekki sett neina út á móti ráðh. og Stef. í Fagraskógi, nema þennan eina bónda. — Það er heldur varla von, því Eyfirðingar eru einu mennirnir á öllu landinu, sem lentu í "algleymis lygnuði" yfir ágæti frumvarpsins, þegar ráðherrann boðaði þeim það, — eftir því, sem stjórnarblöðin sjálf sögðu.

Heldur þykir ráðherrann hafa notað vald sitt ósleitilega, þar sem hann hefir komið því við, d. d. bannað Þórði J. Thoroddsen, gjaldkera við Íslandsbanka og Stórtemplar Íslands, að gíla kost á sér í Reykjavík til þingsetu fyrir sjálfstæðismenn, — hótað honum embættismissi, ef út af væri breytt — En leyft hefir hann átölulaust Halldóri Jónssyni, gjaldkeranum við Landsbankann — sem er eign landsins — að bjóða sig fram í A.-Skaftafellssýslu. Þetta kemur vel heim við það, sem Guðlaugur segir sjálfur, að hann hafi verið hættur að hugsa um þingmensku vegna annríkis, þangað til ýmsir samverkamenn sinir á þingi hafi farið að liggja sér á hálsi fyrir að fara ekki út á vardagann.

Svo er um það. Öll brögð höfð í frammi. Sæmileg og ósæmileg.

Vonandi er, að heilla og hamingjudísir íslenzku þjóðarinnar taki í taumana í dag og beini hönd og huga kjósendanna til fylgis þeim, sem tefla með hvítu mönnunum á reitum íslenzka sjálfstæðisins!

Á. J. JOHNSON.

Ísland.

Ég elska þig, Fjallkonan inndæl og fríð,
þó annars lands gangi ég slóðir.
Það er mín unun um æfinnar tíð,
að eiga þig samt fyrir móðir.
Þín ástríka minning mér ávalt er kær,
ég óska þú verir hér heilmingi nær

Að semja við Dani ei þú mundir þá,
er þinn hafa sóma gert lítin,
og tekið sér valdið að troða þér á
og trampa þig niður í skítinn,
svo hart, að þú getur vart höfuðið reist,
né hendurnar losað og fæturnar leyst.

Sem gráðugir vargar þeir gengu þér í
og gripu þig hundslegu taki,
og buðu þig ýmsum, sem þrælborið þý,
nær þeir voru í peninga-hraki.
Og grátfegnir aftur þeir gripa til þín,
ef gullið í botnlausu hítinni dvín.

Ein hörmungar-saga öll sagan þín er,
ef sögð væri og grafin frá rótum,
þá Danir í völdunum dilluðu sér,
með drambi og ofstopa ljótum.
Jón Arason fann þá, hvað vald þeirra var, —
en vei Daða gamla, sem yfirsást þar!!

Þeir hjuggju Jón byskup og hans syni tvo,
er hugdjarfir frelsi þitt vörðu.
Þeir lagabrots-ferilinn fetuðu svo,
og feila sér ekki eeitt gjörðu
að kúga þig vopnlausa Kópavog á
og kyrkja alt sjálfstæði þjóðinni hjá.

En kaupmanna ágirnd og kramara lið
þór komu af fótunum síðast.
Þeim hárfinu kumpánum væmdi ei við,
þó vissu sig beint á þér níðast.
Þeir hugsuðu flestir um vammir og völd,
og vasann og okur og kvaðir og gjöld.

Við hálsinn á mönnum þá hljómaði stál,
og henging og drekkingar nógar,
og þá voru galdramenn bornir á tál
og brendir sem laufviði skógar.
En húðlát og brennimörk hæfðu smá-brest, —
'ann Hólmfastur, auminginn, vissi það best.

Enn laglog er sagan, en satt er alt þó
ég sagt hef, en nóg er til meira.
Og þrautirnar barstu með þrúðhelgri ró,
og þar til margt, ótal margt fleira
Með auðmýktar svipnum og andlit við grund
þú ávarpa máttir hvern danksinna hund.

Ó! hefndu þín, móðir, og hlífst ei við neitt,
unz hrekkur hver ánauðar strengur.
Því enn áttu syni, sem elska þig heitt
og unna sist böndunum lengur.
Og skipaðu Dönum, að skunda á brautt
með skömm fyrir alt þeirra fimmalda stautt.

Þá ríkir þú aftur svo fögur og frjáls,
min fjalldrotning austur í sænum,
í sigrænum kyrtli, með svanhvítan háls
og sólskæra kórónu úr snænum,
en tignarleg sýnum með sviphreina brá
og sigurbros leikandi vörunum á.

Jónas J. Danielsson

Blaðið "The Sunday Dispatch" í St. Paul, Minn., dags. 30 ágúst sl., flytur hrósgrein mikla um landa vorn Chr. Richter, sem nýlega hefir sett þar á sýningu nokkurar sögulegar olíumyndir, sem herra Richter hefir málað eftir gömlum ljósmyndum af nokkurum frumherjum St. Paul borgar, sem þangað fluttu á árunum 1854 til 1858, eða fyrir meira en hálfri öld, og tóku sér bólönd þar sem eru nú sum aðalstræti borgarinnar. Erlingur og afkomendur þessara gömlu frumherja, sem áttu ljósmyndir af þeim, hafa gefið þer myndir til frumbyggja félagsins þar í borg, og það félag hefir svo fengið herra Richter, sem blaðið segir að sé einn af aðal myndamálurum þar í borginni, til þess að stækka myndirnar og mála þær í olíu. Blaðið segir, að myndir þessar séu sérlega vel gerðar og lýkur mesta lofsorði á herra Richter fyrir straf hans. Þessi vitnisburður er þeim mun ánægjulegri, sem blað þetta er talið með merkustu blöðum þar í borginni.

Þann 6. ágúst 1908 setti umboðsmaður H. Skaftfeld þessa félaga í embætti í stúk. ÍSLAND:

F.Æ.T.—Mrs. S. Swanson.
Æ.T.—Jón Ólafsson.
V.T.—Þóra Johnson.
F.R.—G. Goodmundsson.
G.—Magnús Skaftfeld.
R.—Þorsteinn Þorsteinsson.
A.R.—S. B. Brynjólfsson.
Kap.—Stefán Anderson.
Dr.—Guðný Stefánsson.
A.R.wMiss S. Jóhannesson.
V.—Finnbogi Þorkelsson.

Félagar stúkunnar eru 38 systur og 22 bræður, — alls 60.

Stúkan heldur fundi sína á fimtudagskveldum viku hverrar í samkomusal Únítara. — Í stúkunni er fáment og góðment.

— Séra Albert H. Frick, í Brooklyn, N. Y., skaut sig til bana í sl. viku. Hann hafði þjónað söfnuðum bæði í Chicago og Saratoga, en var nú embættislaus og vegna sjóndepru ekki fær um, að sjá fyrir sér og 2 ungum sonum sínum. Í bréfi, sem hann skildi eftir, lýsti hann vonbrigðum sínum á heiminum og heimsins börnum, að með töldu safnaðafólkinu.

Sendið Heimskringlu til vina yðar á Íslandi.

— Séra George S. Fitzhugh í Elliot City, Maryland, U.S., keypti í sl. viku leyfisbréf til að mega kvongast Lulu E. Fraser. Presturinn er 67 ára, en stúlkan 10 ára. Giftingaleyfi þetta fékst með því, að presturinn hafði skriflegt leyfi frá foreldrum stúlkunnar um, að hann mætti kvongast henni. Tilgangur prestsins var, að láta litlu Fraser stúlkuna erfa sig. En síðan hann fékk leyfisbréfið, hefir hann verið svo veikur, að honum er naumast hugað líf.

Samskot til Heilsuhælisins á Íslandi.

Innkomið 30. des. 1907. ...	320.90
Guðm. Þórðarson	5.00
Séra Rögnv. Pétursson ...	5.00
Halldór Sigurðsson	1.00
Albert Jónsson	25.00
Marinó Hannesson	2.00
Mrs. Stefán Pétursson ...	5.00
Miss Th. Anderson	5.00
Jón Ketilsson	0.50
Alls	$369.40

Eins og áður var auglýst, var ákveðið, að senda þessa peninga til Íslands í júní eða júlí sl. En það hefir gengið mjögseint, að fá greidd ógoldin loforð, og þar af leiðandi varð að breyta því áformi. Það eru enníþá óborgaðir um áttatíu dollarar hér í Winnipeg, sem ég verð alvarlega að minna menn á, að borga sem allra fyrst, því það verður óhjákvæmilegt, að senda peningana heim mjög bráðlega.

Winnipeg, 4. sept. 0908.

Aðalsteinn Kristjánsson,
502 Victor St.

Kennara Vantar

til Siglunes skóla No. 1399, frá 15. október til 20. desember, og frá 1. jan. til 1. april næstk. Verður að hafa 2. eða 3. stigs kennaraprói. Tiltaki kaup. Tilboð sendist til undirritaðs fyrir 15. september.

Dog Creek, Man. 12. ág. '08,

G. A. ÍSBERG.

19. ágúst 1908.

Tilkynning

Sectionir með stakri tölu

Eins og þegar hefir verið auglýst, þá verður öllum sectionum með stakri tölu, sem ekki hafa þegar verið veittar eða ráðstafað, slegið opnum til heimilisréttartöku, þegar Dominion Lands lögin ganga í gildi þann 1. september næstkomandi.

En með því, að skýrslur um Sectionir með jöfnum tölum eingöngu hafa að þessum tíma verið geymdar í bókum í hinum ýmsu landtöku skrifstofum í Vesturfylkjunum, og með því að tíminn síðan lögin voru staðfest, er of stuttur til þess að hægt hafi verið að flytja skýrslurnar yfir allar Sectioner með stökum tölum frá aðalskrifstofunni í Ottawa til hinna ýmsu landskrifstofu útibúa, — þá getur það komið fyrir, að ekki verði búið að fullkomna flutning á öllum skýrslunum þann 1. september. En þrátt fyrir það, þó flutningur skýrslnanna verði ekki í öllum tilfellum fullkomnaður, þá verður í öllum tilfellum beiðnum manna um löndin veitt móttaka á hinum ýmsu landskrifstofum, og þær verða sendar til Ottawa til meðferðar.

Með því, að það hefir enníþá verið ómögulegt, að veita hinum ýmsu landskrifstofum eftirrit af skýrslum yfir allar Sectionir með stakri tölu, og í tilefni af væntanlega mikilli eftirsókn, þá er hér með öllum umboðsmönnum um Sectionir með stakri tölu, alvarlega ráðlagt, að gera landtökubeiðnir sínar í eigin persónu á landtökuskrifstofunum, en ekki hjá eða gegn um aðstoðar umboðsmenn (Sub-Agents).

Beiðnum um Sectionir með jöfnum tölum sinna aðstoðar landumboðsmenn eins og að undanförnu, ef þess óskast.

J. W. GREENWAY,
Commissioner of Dominion Lands.

Hefir þú borgað Heimskringlu?

George G. LENNOX

Selur í heildsölu SKÓ, STÍGVÉL og YFIRSKÓ

150 Portage Ave. East, Winnipeg.

MARKET HOTEL

146 PRINCESS ST. á móti markaðnum

F. O'CONNELL, eigandi, WINNIPEG

Bestu tegundir af vínföngum og vindl um, aðhlynning góð, húsið endurbætt

JOHN DUFF

PLUMBER, GAS AND STEAM FITTER

Alt verk vel vandað, og verðið rétt

662 Notre Dame Ave. Phone 3815 Winnipeg

Strathcona Hotel

Horni Main og Rupert Str. Nýbygt og ágætt gistihús; Gest um veitt öll þægindi með sanngjarnasta verði. Frí keyrsla til og frá öllum járnbr. stöðvum. Beztu vín og vindlar; og herbergi og máltíðar ágætar.

McLaren Brothers

EIGENDUR

Hotel Pacific

219 Market Street Winnipeg | H.M.Hicks Eigandi Manitoba

Telephone 1338

Ný-endurbætt og Ný-tízku hús í alla staði. Viðskifta yðar óskast virðingarfylst.

$1.25 a Dag

$1.50 Á DAG

Bezta $1.50 gistihús í Winnipeg

BRUNSWICK HOTEL

Horni Main St. og Rupert Ave.

Bezta borðhald; Hrein og Björt Herbergi; Finustu Drykkir og Bestu Vindlar. Ókeypis Vagn mætir Öllum Traintestum. Reynið oss þegar þú ert á ferð.

Æfiminning.

Ekkjan HELGA JÓNSDÓTTIR, sem andaðist 1. ágúst að 652 Toronto St., Winnipeg, var fædd 7. júli 1841 í Svínhaga í Rangárvallasýslu. Foreldrar hennar voru Jón Þórðarson og Valgerður Brynjólfsdóttir, hjón ættuð úr þeirri sýslu.

Helga sál. ólst upp hjá foreldrum sínum. Árið 1861 giftist hún frænda sínum Finnboga Árnasyni frá Galtalæk, og bjuggu þau á Rangárvöllum í 16 ár. Svo fluttu þau að Suður-Reykjum í Mosfellssvest. Þar bjuggu þau rausnarbúi í lösug 20 ár. Frá þeim tímum kannast margir við þau hjón, því þar bar margan að garði. Svo fluttu þau til Reykjavíkur árið 1898.

Til Ameríku kom hún árið 1902, og dvaldi á vist hjá dætrum sínum. Af 11 börnum þeirra hjóna eru á lífi: Margrét kona E. G. Erlendssonar, Wild Oak P.O., Valgerður í Winnipeg, Helgi bóndi á Reykjahvoli í Mosfellssveit, María kona E. Einarssonar, Fremra-Hálsi í Kjós, Arnfríður kona Runólfs Péturssonar, Winnipeg.

Banamein Helgu sál. var meinsemd í kinnbeininu. Hún var undir lækninga tilraunum 3 síðustu mánuðina, sem hún lifði, og 3 nafnfrægir læknar gátu enga bót ráðið á nema að draga úr kvölum. Hún bar sjúkdóm sinn með fráberri þolinmæði. Hún var ekki vön að æðrast í lífinu og síst þegar mikið reyndi á, það mátti mikið læra af því, að umgangast hana, því hún var guðhrædd og greind. Hún fylgdist með viðburðum og framförum nútímans, en geymdi sögu liðna tímans, og gat með sínu fræðandi tali og gamanyrðum glatt þá, sem umgengust hana. Hún hélt þessum lyndiseinkennum eins lengi og hún gat talað. Þau börn, sem eiga slíka móðir eða hafa átt, hafa mikið guði að þakka — og einnig allir, sem eiga kost á að umgangast það fólk, sem er fyrirmynd í orðum og gerðum, eins og hin umtalaða látna móðir var.

Ég, dóttir hennar, þakka öllum, sem styttu henni stundir í veikindunum. Sérstaklega þakka ég Goodtemplara stúkunni Heklu, nr. 33, fyrir kluttekningu alla. Við mæðgur tilheyrðum þem félagsskap, og þar fundum við bræður og systur. Þegar skilnaðarstundin kom, fann ég best, að þeir eru vinir, sem í raun reynast manni vel.

Blessuð sé minning minnar ástkæru móður!

V. FINNEY.

Blöðin á Íslandi, þjóðólfur og Ísafold, eru vinsamlega beðin að flytja þessa dánarfregn ættingjum og vinum heima.

Dóttir hinnar látnu.

Lögreglan hér í bæ fann á sunnudagskveldið var alls konar þýfi í smáhýsi einu á Gallagher Ave. no. 2037, í vesturhluta bæjarins. Það hafði um nokkurn tíma legið grunur á, að glæpamenn hefðu aðsetur í húsi þessu, og þess vegna var tveimur leynilögreglu-þjónum skipað að rannsaka staðinn. En þegar þeir komu að húsinu, var að tveimur mönnum, sem þar voru fyrir, tafarlaust skotið á þá, og hóst þá bardagi á svipstundu. Báðir mennirnir sluppu, en lögreglu-þjónarnir urðu visari um nöfn þeirra, og fundu í húsinu mikið af því, sem stolið hafði verið hér í borginni á sl. nokkrum mánuðum. Þar með fullan kassa af skambyssum og skotferum, sem fyrir nokkrum mánuðum var stolið frá Kingston-Smith félaginu hér í borginni. Sömuleiðis var þar sprengiefni, og gefur það grun um, að þessir náungar séu sömu menn-irnir, sem nýlega brutust inn í banka hér í fylkinu og sprengdu opinn peningaskápinn þar. Það er og ætlað, að þessir menn séu sekir um 2 manndráp, sem nýlega hafa verið framin hér í borginni. Þó að þessir menn slippu frá lögreglunni í þetta sinn, þá vona menn að ekki verði langt að bíða áður þeir komist undir manna hendur, því lögreglan veit nú deili á þeim.

Endursending.

Gunni rær við sitt "rílesteit"
útá strætí.
Office-kompan er hrein og heit
útá strætí.
Skrifstofa hans í skónum er,
og skrambi mikið á honum ber
útá strætí.

Kyrtillinn fór í fellingu
útá strætí.
Kyntist hann þá við kellingu
útá strætí.
"Plukkaða" fékk hann fjaðraskó,
og flækti 'ana í brall á Toronto
útá strætí.

Um trú og lífsáþyrgð talandi
útá strætí,
um gróðabrallsfélög galandi
útá strætí.
Það er oss öllum þrifa hann,
að þjóðskaðræðismenn brúka hann
útá strætí. S.V.

KJÖT.

"Ef það kemur frá Johnson, þá er það gott"

C. G. JOHNSON, Kjötsali,
Langside og Ellice Fón 2681

F. Deluca

Verzlar með matvöru, aldini, smá-kökur, allskonar sætindi, mjólk og rjóma, sönul, tóbak og vindla. Óskar viðskifta Íslend. Heitt kaffi eða te á öllum tímum. Fón 7756

Tvær búðir:
587 Notre Dame og 714 Maryland St.

The Dominion Bank

NOTRE DAME Ave. BRANCH Cor. Nena St.

Vér seljum peningaávísanir borganlegar á Íslandi og öðrum lönd.

Allskonar bankastörf af hendi leyst

SPARISJÓDS-DEILDIN

tekur $1.00 innlag og yfir og gefur hæztu gildandi vexti, sem leggjast við innstæðufé 4 sinnum á ári, 30. júní, 30. sept. 31. desembr og 31. march.

Hinir áreiðanlegustu — og þar með hinir vinsælustu — verslunarmenn auglýsa í Heimskringlu.

—The— Criterion Hotel

McDermott Ave.

Nýtt, vandað gistihús með ágæt herbergi, vönduðustu drykkjir og finustu vindlar.

Vinsælt meðal Íslendinga. Er beint á móti Tribune bygginguni á McDermott Avenue.

MORICE NOKES

EIGANDI

Woodbine Hotel

Stærsta Billiard Hall í Norðvestarlandinu Tíu Pool-borð.—Alskonar vín og vindlar.

Lennon & Hebb, Eigendur.

SPÓNNÝTT HÓTEL
ALGERLEGA NÝTÍZKU

Hotel Majestic

John McDonald, eigandi.

James St. West, Rétt vestan við Main St. Winnipeg Telefón 4979

$1.50 á dag og þar yfir
Bandaríkja-snið

Alt sem hér er um hönd haft er af beztu tegund. Reynið oss.

MIDLAND HOTEL

255 Market St. Phone 3491

Nýtt hús, nýr húsbúnaður Fullar byrgðir af allskonar vönduðustu drykkjum og vindlum í hressingar stofunni. Gisting einn dollar á dag og þar yfir.

W. G. GOULD :: FRED. D. PETERS, Eigendur

WINNIPEG ::: ::: CANADA

Jimmy's HOTEL

Rétt á bak við Pósthúsið

Íslendingar ættu að reyna þetta gistihús. Í hressingarstofunni er sá eini íslenzki vínveitingamaður í Winnipeg.

James Thorpe, eigandi
Fyrrum eigandi Jimmy's Restaurant

Giftingaleyfisbrjef

selur Kr. Ásg. Benediktsson,
540 Simcoe St. Winnipeg.

Til fullkomnustu tryggingar Vátryggið fasteignir yðar hjá The

St. Paul Fire & Marine Ins. Co.

Eignir félags, eru yfir 5 milliónir dollars. Skaðabætur borgaðar af San Francisco eldinum fjórar mill. SKULI HANSSON & CO., 35 Tribune Bldg., Phone 6476, eru sérstakir umboðsmenn.

E. S. Miller Limited
Aðal umboðsmenn
PHONE 2068 219 McINTYRE BLK.

WINNIPEG Business College

FÉKK FYRSTU VERÐLAUN Á SAINT LOUIS SÝNINGUNNI.

Cor. Portage Ave and Post St.

Leitið upplýsinga um kenslugreinar vorar. — Kveldkensla byrjar 2. september. — Það borgar sig að nota kveldin til að mennta sig.

G. W. DONALD, ráðsmaður.

Cancer Cure.

R. D. EVANS, sem fann upp hið víðfræga lyf til lækninga

krabbameinum

óskar að allir sem nú þjást af krabbameinum, skrifi sér. 2. daga notkun meðalsins, læknar útvortis eða innvortis krabbamein. Skrifið strax til R. D. Evans, Brandon, Man. 7148

Með því að biðja sérlega um "T.L. CIGAR," þá ertu viss að fá ágætan vindil.

T.L.

(UNION MADE)

Western Cigar Factory
Thomas Lee, eigandi Winnipeg

Redwood Lager og Extra Porter

Styrkið taugarnar með því að drekka eitt staup af öðrum hvorum þessum ágæta heimilis bjór, á undan hverri máltíð. — Reynið !!

EDWARD L. DREWRY Manufacturer & Importer Winnipeg, Canada.

Department of Agriculture and Immigration.

MANITOBA

Þetta fylki hefir 41,169,089 ekrur lands, 6,019,200 ekrur eru vötn, sem veita landinu raka til akuryrkju-þarfa. Þess vegna höfum vér jafnan nægan raka til uppskeru tryggingar.

Enn þá eru 25 miliónir ekrur óteknar, sem fá má með heimilisréttí eða kaupum.

Íbúatala árið 1901 var 255,211, nú er hún orðin 400,000 manns, hefir nálega tvöfaldast á 7 árum.

Íbúatala Winnipeg borgar árið 1901 var 42,240, en nú um 115 þúsundir, hefir meir en tvöfaldast á 7 árum.

Flutningstæki eru nú sem næst fullkomin, 3516 mílur járnbrauta eru í fylkinu, sem allar liggja út frá Winnipeg. Þrjár þverlandsbrautaestir fara dagleg frá Winnipeg, og innar fárra mánaða verða þær 5 talsins, þegar Grand Trunk Pacific og Canadian Northern bætast við.

Framför fylkisins er sjáanleg hvar sem litið er. Þér ættu að taka þar bólfestu. Ekkert annað land getur sýnt sama vöxt á sama tímabili.

TIL FERDAMANNA:

Farið ekki framhjá Winnipeg, án þess að grenslast um stjórnar og járnbrautarlönd til sölu, og útvega yður fullkomnar upplýsingar um heimilisréttarlönd og fjárgróða möguleika.

R. P. ROBLIN.
Stjórnarformaður og Akuryrkjumála Ráðgjafi.

Skrifið eftir upplýsingum til

Joseph Burke, 178 LOGAN AVE., WINNIPEG.
Jas. Hartney, 77 YORK ST., TORONTO.

Svo gekk hún hægt í burtu og hvarf á bak við hurð, er Felicitas hafði ávalt fundið lokaða.

"Þetta er þó svei mér nokkuð ofdirfskufult af gömlu jómfrúnni", mælti Friðrika í eldhúsdyrunum. Hún hafði heyrt og séð alt er fram fór.

Frú Heilwig ypti öxlum og lagði kransinn við fætur líkinu. Hún var enn ekki búin að ná sér eftir geðshræringu þá, er hún komst í við að sjá ókunnu konuna. Vanalega var andlit hennar jafnhart og tilbreytingalaust, en ef hatrið og heimigirnin fengu yfirhöndina, þá fengu andlitsdrættir hennar mjög ógeðslegan blæ. Hver, sem einu sinni hefði séð hið illgirnislega bros, er lék um munnvikin, hefði ekki lengi haft neina trú á ytri rósemi hennar. — Hún laut niður að líkinu, eins og hún ætlaði að laga eitthvað, og eins og ósjálfrátt kom hönd hennar við blómvönd gömlu konunnar, og hann valt niður á gólfið og þangað sem Felictas sát. — —

Nú heyrðist klukkan slá 3. ... Margir klerkar í messuskrúða komu inn og eins gestirnir úr stofu frúarinnar. Á eftir þeim kom Nathanael. Hann gekk við hlið hávöxnum, grönnum unglingi. Ekkjan hafði sent Jóhannesi syni sínum hraðskeyti um dauða föður hans, og hann hafði komið þennan sama morgun til að vera við jarðarförina. — Um stundarsakir gleymdi Felicitas sorg sinni, og leit forvitnis augum á hann, sem hafði verið eftirlætissonur fóstra hennar. — Skyldi hann hylja tár sín með sinni hvítu, grönnu, fallegu hönd, sem hann hafði lagt yfir augu sér, er hann leit lík föður sins? — Nei, ekkert tár rann niður kinnar hans og hið niu ára gamla barn gat ekki séð vott um neina geðshræringu hjá honum, nema hvað andlit hans var óvanalega fölt.

Nathanael stóð við hlið hans og grét mjög. En

samt sem áður tók hann eftir Felicitas, og þrátt fyrir sorg sína, hnapti hann í bróður sinn og benti honum á hana. Jóhannes leit þangað, sem barnið sat. Það var í fyrsta sinni, sem hann sá það. — Henni fundust augu hans hræðileg, — svo alvarleg, köld og tilfinningarlaus.

Hún hafði oft séð í biblíumni mynd af Jóhannesi, þeim lærisvein, er Kristur elskaði mest. Andlit hans var svo fagurt og blíðlegt. — "Þetta er Jóhannes við Rín", hafði hún ávalt sagt, og frændi hennar hafði brosandi samþykt það. — — — Nú fanst henni þessi andlit vera afarólik. Annað var ljúflings andlit með ljósa lokka, en þetta andlit var alvarlegt og fölt, og drættirnir óreglulegir, og hárið kringum það stuttklipt og slétt.

"Farðu, barn, — þú ert hér fyrir", sagði hann við hana í ströngum, alvarlegum róm, þegar hann sá, að átti að fara að loka kistunni. — Felicitas flýtti sér sneypt og óttaslegin í burtu, alveg eins og henni findist hún hafa gert sig seka í einhverju illu. Hún leddist án þess nokkur veitti því eftirtekt, til herbergis fóstra sins.

Þar settist hún niður og grét sáran. — Honum, sem hafði haft hér aðsetur sitt, hafði hún aldrei verið í vegi. — Hún mundi svo vel eftir, hvernig hann hafði lagt hina skjálfandi hönd sína á höfuð henni, og sagt með sinni mildu, ástúðlegu röddu: "Komdu, Fee, elsku barnið mitt, mér líður alt af svo vel, þegar þú ert hjá mér". —

En — hvað var þetta? Nú heyrðust þung hamarshögg, þaðan, sem ávalt hafði verið svo hljótt og allir talað í hálfum hljóðum. — Felicitas lyfti ofurlitið til hliðar grænu blæjunni og gægðist út í framdyrið. — Hvað var þetta? Lík frænda hennar var horfið, svart lok huldi hann, og nú varð hann að

liggja í sömu skorðum, og ef hann vildi rétta úr sér, þá myndi hann reka sig í harðar fjalirnar. — Og þarna stóð maðurinn og lamdi og lamdi, til þess að vera viss um, að lokið væri fast og að maðurinn í kistunni gæti ekki hreyft sig, — ekki andað. Það hlaut að vera einmanalegt og hræðilegt, að vera þarna aleinn, — og litla stúlkan rak upp hljóð af skelfingu.

Allir litu forviða upp í litla gluggann, en Felicitas sá að eins ein grá augu, er horfðu ásökunaraugum á hana. Það voru sömu augun, sem hún fyrir skömmu síðan hafði hræðst svo mjög. Hún flýtti sér frá glugganum, og hvarf á bak við stórt tjald, er skilti herbergínu í tvent. Þar settast hún og horfði óttaslegin á dyrnar, því hún hélt að þá og þá kæmi hann inn úr dyrunum til að reka hana burtu með harðri hendi.

Hún sá nú ekki þegar líkmennirnir tóku kistuna og báru hana í burtu og fóstri hennar yfirgaf nú heimili sitt fyrir fult og alt. — Hún sá ekki hina fjölmennu, svartklæddu líkfylgd, sem fylgdi eftir kistunni. Rétt fyrir utan húsið kom hægur vindblær, og feykti í sundur hnútnum á hvítri atlasssilkis slaufu, sem var bundin um kistulokið, og endarnir flögruðu fyrir vindinum. — Var það hin síðasta kveðja hins framliðna til umkomukausa barnsins, sem ást og umhyggja móðurinnar hafði rifið frá föður þess, vegna hinnar litilmótlegu atvinnu hans, og nú var því maskunarlaust kastað út á ólgusjó lífsins?

VII.

FEE FRÉTTIR DAUÐA MÓÐUR SINNAR.

Felicitas heyrði nú ekki lengur nokkurn hávaða. Framdyrnar voru látnar aftur, og svo hvildi djúp þögn yfir öllu húsinu. Samt þorði hún lengi vel ekki að hreyfa sig. Hún sat í litlum, mjög kuldegum stól, sem fóstri hennar hafði gefið henni í jólagjöf síðastliðin jól. Hún lagði höndurnar fram á borðið, og hvildi með höfuðið á þeim. Hjarta hennar sló nú ekki lengur eins ótt og áður, en hugur hennar hvarflaði víða, og ein hugsunin rak aðra á burt. — Hún hugsaði líka til gömlu konunnar, hverrar blómvöndur lá nú að öllum líkindum sundurtroðinn í anddyrinu. — — — Það hafði án efa verið gamla jómfrúin, einbúinn, sem bjó á efsta lofti í bakbyggingunni. Sú manneskja, sem Friðrika og Hinrik voru alt af að þrátta um. Eftir því, sem Friðriku sagðist frá, þá hafði gamla konan hræðileg ódáðaverk á samvizku sinni. Hún átti að vera orsök í dauða föður síns. Hjarta Felicitas hafði fylst ótta og skelfingar við að heyra þetta. En nú leit hún öðruvísi á. Hin góðlegmannalega kona, sem leit svo góðlega út, gat ekki verið föðurmorðingi. Nei, Hinrik hafði víst rétt fyrir sér, er hann ávalt hr höfuðið, og fullyrti, að því væri öðruvísi háttað.

Fyrir mörgum árum síðan hafði gamla jómfrú einnig búið niðri í framhúsinu, en Friðrika sa að hún hefði á hverjum sunnudegi verið að spila í veraldlegu söngva sína. Frúin hafði útmálað fyrir henni, hve óguðlegt þetta væri og hvílíka synd hún

Fréttir úr bænum.

Hjón af þeim mönnum hér prestur, sem mjög mikinn áhuga hafa sýnt fyrir sjálfstæðismál Íslendinga, er herra Hjörtur Þórðarson, rafurmagnsfræðingur í Chicago. Hann lét það mál svo til sín taka, að hann hvatti til að senda héðan menn til að vinna svæði sjálfstæðisflokknum á Íslandi, og hann til þeirrar ferðar stóra fjárupphæð úr sínum vasa. Ein af því, að tíminn fram að kosningunum var naumur, var ekki hægt að hafa þá ferð. Áhugi herra Þórðarsons fyrir þessu máli sýnir meðal annars, að það er víðar en í fjölmennustu Íslendinga bygðunum, sem menn hafa látið þetta mál til sín taka.

Lesið fundarboð "Vínlands".

Þann 4. þ. m. samþykti bæjarstjórnin að gefa $500.00 til ekkju lækna vors Alberts Jónssonar, sem lést fyrir nokkrum mánuðum við vinnu sína við vatnsverkið hér í borg.

Herra Guðmundur Árnason, sem í vor útskrifaðist af Únitara prestaskólanum í Meadville, fór þ. 8. þ. m. héðan úr bænum áleiðis til Berlínar á Þýzkalandi, þar sem hann ætlar að stunda nám í vetur. Styrk til þessarar farar (Scholarship) fékk hann á Meadville skólanum, fyrir framúrskarandi dugnað við námið og góðar einkunnir við prófin. — Með honum fór unnusta hans Miss Sigríður Sæmundsson. Hún fer til Cambridge á Englandi og dvelur þar í vetur hjá þeim hjónum Eiríki mag. Magnússyni og konu hans. — Únitarar og aðrir vinir þeirra hér í bænum héldu þeim myndarlegt samsæti á laugardagskveldið var.

Herra Halldór Jónsson, hóteleigandi á Gimli, var hér í bænum á fyrradag, til að mæta konu sinni, sem hefir um tíma dvalið hjá föður sínum vestur í Saskatchewan fylki, en kom nú að vestan til aðsetsrs á Gimli.

Þann 24. ágúst sl. lést að heimili Stefáns Thorarinssonar í Hnausabygð Benedikt Eymundsson — sinkabarn þeirra hjóna Jóhönnu og Ástmundar Eymundssonar, sem eiga heima hér í bænum.

Herra Magnús Bjarnason, járnsmiður, frá Cold Springs, var enn af þeim mörgu, sem kom til bæjarins í síðustu viku, til að skráseta sitt á heimilislöndum. Hann hefir verið hér nyrðra í 8 ár. Var áður á Hallson, N. D., og þykir fulls eins gott, að búa í Manitoba sem syðra. Hann er þjóðhaga smiður og mörgum að góðu kunnur. Hann lét vel af ástandi fólks í sinni bygð, grasár ágætt, gripir vænir, og velliðan á meðal fólks.

Herra Pétur Hallson frá Lundar var hér í bænum nýlega. Segir hann, að nú sé fyrir alvöru tekið að fremsegja Oak Point brautina, og sé von um, að hún verði lengd þetta haust norður að Swan Creek. Þrir hópar eru nú sem óðast að vinna og talið víst, að auðkýfingur verði settur á brautarstæðis byggingunni, svo það verði fullgert áður en frost koma í haust.

FLUTTUR

Jónas Pálsson byrjar aftur að veita nemendum móttöku nú þegar, að 462 Victor St.

Þann 3. þ.m. bárust þær fréttir hingað frá Toronto, að þeir, sem eiga peninga í York County lánfélaginu, mæti búast við að fá hluta af því fé eftir nokkura tíma. Alls eru 140 þúsund hluthafar í þessu óhappafélagi, en ekki nema 100 þúsundir af þeim hafa enn þá sent bækur sínar austur. Það er nauðsynlegt, að allar bækurnar séu komnar austur fyrir lok þessa mánaðar. Hluthöfunum verður borgað 40 prósent af eignum sínum í 3 afborgunum á næsta níu mánaða tímabili. — Til þeirra Íslendinga, sem fé eiga í þessu félagi og ekki hafa enn þá sent bækur sínar austur, vildum vér segja, að þeir ættu að gera það fyrir lok þessa mánaðar, til þess að geta fengið þann hluta af inneign sinni, sem þeim ber af sjóði félagsins.

"I Dag er den store Dag"

því í kveld (fimtudag) er Tombólan hjá stúkunni Ísland. — "Are you coming, ladies and gentlemen?" — "Já!"

Herra Jóhann Thorarensen er um þessar mundir suður í Bandaríkjum, að reyna að gera ráðstafanir til þess, að útvega fiskiveiðamönnum hér í fylkinu markað fyrir vetrarveiði sína, svo þeir geti sent hana beint suður þangað, en þurfi ekki að selja hana hér.

Kvenfélag Tjaldbúðar safnaðar auglýsir á öðrum stað í blaðinu skemtisamkomu, sem það ætlar að halda þann 15. þ.m. Á eftir prógramínu verða veitingar í salnum undir kirkjunni, ásamt kökuskurði og kappræðu um, hvort gift eða ógift kona skuli skera kökuna. Tvær af fæstu ræðumönnum hafa verið fengnir til að halda ræðurnar, og má því búast við góðri skemtun. Kvenfélag Tjaldbúarsafnaðar er svo vel þekt að vaðnvirkni á samkomum sínum og rausnarlegum veitingum, að kirkjan ætti að verða troðfull af fólki.

Skammagrein sú til fyrrum ritstjóra Jóns Ólafssonar, sem Heimskringlu hefir rétt nýskeð verið send til birtingar, verður ekki tekin í blaðið.

Miss Jóhanna Ólson,
Piano Teacher
658 Beverley Street.

Mér er sönn ánægja, að geta ungfrú Jóhönnu Olson, sem nú er að byrja starf sitt sem Piano og Organ kennari hér í bæ, mín bestu meðmæli.

Vitnisburður hennar við prófin er fullnægjandi sönnun þess, að óhætt sé að treysta verkum hennar, og sjálf hefir hún þá ágætu kosti, sem kennarar þurfa að hafa umfram nega þekking á sínu fagi, sem eru: Vandvirkni, alvöru og reglusemi.

Ég óska ungfrú Ólson allra heilla og blessunar í starfi sínu.

Jónas Pálsson.

The WINGOLD Catalog

ER NÚ TIL ÚTBÝTINGAR

Sýnir Alskonar Stór, sem er beint til notenda á lægsta verði. Vorar eru tegundir af hitunar- og eldavélum er brenna alskyns eldsneyti, gerðar með nýtízku formi og með öllum nýjasta og besta áhöldum; eru til sölu með ½ til ¼ afsláttarverði frá annara sömu vörum.

Bestu stór smíðuð ár. Spara eldsneyti og vinna á getlegu. Ábyrgstar að öllu leyti.

Há hólf, 15 gal. vatnskassi-$24.95

20 þuml. bakarofn, há hólf, Enamelað vatnskassi-$33.95

Kol eða viðar ofn—$4.75

Hard og lin kol—$9.50

Plátustál Stóvið $1.75

Hlá stál, há hólf vatnskassi-$37.75

Kaupið enga stó fyr en þér hafið séð vort undraverða tilboð. Verðlágar og svo eldivíðar drjúgar sem frekast er mögulegt. Þeim er lýst í voru af-prentaða —

Nýrra STÓ "Catalog".

Vér ábyrgjumst ánægjuleg afheudingu og lofum að taka stóna aftur, borga flutningsgjald báðar leiðir og skila yður andvirðinu, ef ekki ánægðir með kaupin. Sparið $5.00 til $40.00 á hverju kaupi. Kaupið beint frá oss og sparið verslunarmanns gróðann. Hver einasta stó ábyrgst og 30 daga frí reynsla gefin hverjum kaupanda. Skrifið eftir nýja "Catalogue"-inu K.

The Wingold Stove Co., Ltd., 245 Notre Dame WINNIPEG, -- MAN.

BILDFELL & PAULSON

Union Bank 5th Floor, No. 520

selja hús og lóðir og annast þar að lútandi störf; ávaxtar peningalán o. fl.

Tel.: 2685

Íslenzk kona rakari.

Sú fyrsta og ein íslenzka kona sem hefir lært skeggrakara iðn, er nú nýbyrjuð að halda rakarabúð að 116 King St. hér í bænum. — Hún sker hár og rakar skegg karla, og vanar, að sem flestir þeirra sýni sér þá velvild, að unna sér viðskifta þeirra. — Hún tilkynnir og konum, að hún þvær hár þeirra og nuddar (Shampoo & Massage) og vonar að þær líti inn til sín, þegar þær þarfnast þessa. Alt verk er vel af hendi leyst að

116 King St.

Skemtisamkoma

verður haldin í Tjaldbúðarkirkju

þann 15. þ. m.,

undir umsjón kvenfélags safnaðarins,

PROGRAMME.

1. Piano Solo—Mr. Bletsean.
2. Recitation (íslenzkt kvæði) — Miss Aldis Magnússon.
3. Vocal Duet—Misses Olive & May Thorlakson.
4. Quartette—Mrs. Paul Thorlakson, Miss L. Thorlakson, Alex Johnson og Chris. Halldórsson.
5. Instrumental Quartette — Selected.
6. Song—Five Little Girls.
7. Vocal Solo—Miss L. Thorlakson.
8. Recitation—Miss Minnie Johnson.
1. Violin Solo—Miss Clara Oddson.
10. Vocal Solo—Mrs. Paul Thorlakson.

Á eftir prógramminu fer fram kökuskurður og veitingar í salnum undir kirkjunni.

Inngangur 25c fyrir fullorðna og 15c fyrir börn innan 12 ára.

Ný, góð Cottages

fyrir lágt verð til sölu. Niðurborgun og mánaðar afborganir sem svarar húsaleigu. Þau eru í Fort Rouge og á Home St. Sinnið þessu strax.

K. Ásg. Benediktsson.
540 Simcoe St.

Dr. G. J. Gislason,
Physician and Surgeon
Wellington Blk, - Grand Forks, N.Dak
Sjerstakt athygli veitt AUGNA, EYRNA, KVERKA og NEF SJÚKDÓMUM.

Hlutaveltu

heldur stúkan ÍSLAND, nr. 15, A. R. G. T., í samkomusal Únitara (Cor. Sherbrooke og Sargent stræta) FIMTUDAGSKVELDIÐ þann 10. september.

Aðgangur með einum drætti 25c.

Frítt kaffi með brauði

Frjálsar viðræður

Ókeypis ómleikar og

gleðigangur.

Verið öllusömun blessuð og velkomin!

Tombola og Leikir

Mánudagskveldið þann 14. september heldur HARPA, I.O.G.T., Tombolu í neðri sal Goodtemplara hússins. Á eftir Tombolunni verður "Grand March" og ýmsir leikir.

Kaffi með sætabrauði verður selt alt kveldið.

Byrjar kl. 8.

Inngangur með drætti 25c.

Hver býður betur?

Annað bezta landið í Mikley fæst keypt með góðum skilmálum. Allar upplýsingar þessu viðvíkjandi gefur

SV. BJÖRNSSON,
571 Simcoe st. Winnipeg

A. S. BARDAL,
Selur líkkistur og annast um útfarir. Allur útbúnaður sá besti. Enfremur selur hann alskonar minnisvarða og legsteina.
121 Nena St. Phone 306

Íslenzkur Kjötsali
Hvergi fæst betra né ódýrara KJÖT en hjá honum,—og þá munt sannfærast um .að svo er, ef þú aðeins kaupir af honum í eitt sinn. Allar tegundir. Óskar að fá heimsækji sig
CHRISTIAN OLESON,
666 Notre Dame Ave. Teletón 8906

Stefán Johnson
Horni Sargent Ave og Dowling St.
HEFIR ÁVALT TIL SÖLU
Nýjar Áfir
frá Manitoba Agricultural School. Bestu Áfirnar í bænum. Góður svalaðr. 15c gallon.

The Dominion SECOND HAND STORE
Ágætur brúkaður fatnaður og húsmunir. Ísl. töluð.
555 Sargent Ave. Winnipeg

Drs. Ekern & Marsden,
Sérfræðislæknar í Efturfylgjandi greinum: — Augnasjúkdómum, Eyrnasjúkdómum, Nasasjúkdóm um og Kverkasjúkdómum. : : :
Í Platky Byggingunni í Bænum
Grand Forks, :: N. Dak.

Hver Þvær og Hreinsar Fötin ydar?
Hversvegna að fara í Kína-kompurnar þegar þér eigið kost á að fá verkið gert betur, og alt eins ódýrt, í bezta og heilsusamlegustu þvottastofnun, þar sem aðeins hvítt vinnufólk er haft og öll hreinustu efni notuð
Vér óskum viðskifta ydar
The North-West Laundry Comp'y Ltd.
Hreinsarar og Litarar
COR. MAIN & YORK FÓN 5178

J. G. Snydal, L. D. S.
ÍSL. TANNLÆKNIR
COR. MAIN & BANNATYNE
DUFFIN BLOCK PHONE 5302

Hubbard, Hannesson and Ross
LÖGFRÆÐINGAR
10 Bank of Hamilton Chambers
Tel. 378 Winnipeg

ARNI ANDERSON Íslenzkur lögmaðr
í félagi með
Hudson, Howell, Ormond & Marlatt
Barristers, Solicitors, etc.
Winnipeg, Man.
13-18 Merchants Bank Bldg. Phone 3621, 3622

BONNAR, HARTLEY & MANAHAN
Lögfræðingar og Landskjala Semjarar
Suite 7, Nanton Block, Winnipeg

G. M. Bjarnason
Málar, leggur pappír og gerir "Kalsomining. Óskar við skifta Islendinga.
672 AGNES ST. TELEFÓN 6954

Stefán Guttormsson,
Mælingamaður
668 AGNES STREET. WINNIPEG.

Arena Rink
Þar er skemt sér á Hjólskautum hvern eftirmiðdag og kveld, nema föstudage. Hljóðfærasláttur. Dansar þeir, sem áður voru í Drill Hall, eru nú haldnir hér á föstudaeskv. Dans frá 8 til 12. Inngangur, karlm. 50c, frítt fyrir kvenfólk. Persónum innan 15 ára, ekki leyfð inganga.
JAMES BELL, eigandi.

Boyd's Brauð.
Biðjið þér matsalann um nok kura sé staka brauðtegund eða bara eitthvert brauð? Það er rangt að gera sig ánægða með hvað sem er þegar brauð vor eru á boðstólum og vaguar vorir geta flutt þau heim til ydar daglega.
Vélgerðu brauð vor eru ljúffeng og hægmelt. Reynið þau.
Boyd's
Bakery Cor. Spence & Portage Ave
Phone 1080.

Royal Optical Co.
327 Portage Ave. Winnipeg. RÉTT Á MÓTI EATON'S BÚDINNI
Beztu Augnfræðingar
12-9-8
Öll nýjustu og bezt reynd verkfæri notuð. Höfuðverkur sem stafar frá augunum, áreiðanlega lækaaður. Sanngjarn kostnaður.
AUGU SKODUD KOSTNADARLAUST.

ríkt með athæfi sínu, en alt hafði verið áranguslaust. Hún hafði haldið áfram að spala, þangað til einn maður á heimilinu gat lengur þolað, að vita af dagsins sviviirta þannig, og svo hafði herra Heilwig látið að vilja konu sinnar, og gamla jómfrúin varð að flytja sig upp á efsta loftið. Friðrika efleit, að þar gerði hún engan skaða af sér, og hún hefir víst haft rétt fyrir sér, því aldrei heyrðist neinn hljóðkeraslátur þaðan. Eldakonan talaði ávalt af hitarni miklum um þetta efni, og herra Heilwig hefir víst líka verið reiður við gömlu jómfrúna, því hann líðsnótti hana aldrei, og þó var hún föðursystir hans og líktist honum mjög. ..... Felicitas fann sterka löngun hjá sér til að sjá hana aftur, helzt fyrir það, hve mjög hún líktist fóstra hennar. Hún réðst komast alla leið til einbúans uppi undir þakinu, en — svo datt henni Jóhannes í hug, og — hún skalf af hræðslu, er hún hugsaði til hans, og líka þess, að gamla jómfrúin skyldi nú vera lokuð þarna úr eftir án.

Á endanum á löngum afsíðis liggjandi ranghala, var hurð, og á bak við hana lágu tröppur frá neðsta lofti og upp. Nathanael hafði einu sinni sagt, er þau voru að leika sér saman: "Þarna uppi býr hún!" Svo hafði hann lumið á hurðina og kallað hástöfum: "Þú, gamla norn, þarna uppi, komdu niður!" og svo hljóp hann sem fætur toguðu í burt. Felicitas hafði verið fjarska hrædd, því hún hélt, að þá og þá mundi stór og ljót kerling koma með hnífi í hendinni og þrífa í hár hennar. — — — — Nú fór að dimma, sólin var að setjast og stóna klukkan í húsinu sló 5. En hún hafði sleppt þrjú stór og skilverkilag högg, er eigandi hennar, sem í mörg ár umhyggjusamlega hafði gætt hennar, var borinn í burtu.

Þangað til nú hafði verið dauðakyrð yfir húsinu, en nú voru framdyrnar opnaðar, og það var gengið

þungum, föstum skrefum inn í daglegu stofuna. Felicitas varð hrædd, og faldi sig bak við tjaldið, því hún heyrði, að frú Heilwig var á leiðinni inn í skrifstofu manns sins. Barnið furðaði sig á því, — hún mundi ekki til, að frúin hefði komið þar nokkurntíma á meðan hann lifði. ..... Frúin gekk nú óvenjulega léttstíg inn í herbergið og lét hljóðlega lokuna fyrir dyrnar, svo staðnæmdist hún á miðju gólfi, og leit sigrihrósandi í kring um sig.

Uppi yfir skrifborði Heilwigs héngu tvö falleg olíumálverk, af karlmanni og kvenmanni. Myndin af konunni var drembileg mjög, en úr augum hennar skein bæði greind og lífsfjör. Búningur hennar var auðsjáanlega vond eftirstæling af forngriskum búningi. Hún var í hvítum silki-upphlut, sem var fleginn niður á brjóst, og með bera handleggi. Svo hafði hún rautt, fullt lagt belti um mittið og stakk þar í blómvendi af fjólum. Þetta var myndin af móðir Heilwigs.

Ekkjan virti fyrir sér mynd þessa stundarkorn, og hún var mjög ánægjuleg á svipinn. Þar næst sté hún upp á stól, og tók myndina niður af nagla þeim, er hún hafði hangt á í mörg ár. Svo rak hún gætilega og án þess, að gera mikinn hávaða, nýjan nagla í þilið miðja vega á milli gömlu myndanna, og hengdi þar myndina af föður Heilwigs. Þar varð hún nú að hanga einsömul, því frúin gekk út úr stofunni með kvenmannsmyndina, — og Felicitas heyrði, að hún gekk fram í framdyrið og upp á loftið.

Hún hafði skilið hurðina eftir í hálfa gátt, og þegar fótatak hennar heyrðist ekki lengur, þá gægðist Hinrik inn í herbergið.

"Nú, þarna sjáum við nú, Friðrika", mælti hann lágt og hálf hræðslulega við eldakerlinguna, er

stóð í ganginum. "Það var myndin af kammerherrafrúnni, sem hún fór með".

Gamla Friðrika reif hurðina upp og leit inn. "Æ, himneski faðir minn, — já, það er satt!" Hún sló höndum saman af undrun. "Ó, herra Jesús Kristur, ef hin drembiláta frú vissi þetta, þá sneri hún sér við í gröf sinni. Og hvað skyldi Heilwig sálugi hafa sagt! ..... Nú — en — klæðnaður hennar var líka svo ógeðslegur, — brjóstið svo nakið. — Hver kristinn maður mátti blygðast sín fyrir, að líta á það".

"Svo þú ímyndar þér þetta, Friðrika", sagði Hinrik og deplaði augunum framan í hana. "Þig skal segja þér nokkuð", bætti hann við og lagði hægri handar vísifingur ofan á vinstri handar þumalfingur, — "gamla kammerherrafrúin var nú aldrei ánægð með ráðahag sonar sins, — því hefir nú frú Heilwig aldrei gleymt. — Í öðru lagi var gamla frúin fjörug og skemtileg og tók þátt í ýmsum skemtunum. — Og í þriðja lagi hafði hún einu sinn skammað húsmóður okkar, og kallað hana hjartalausa hengilmænu. Skilur þú nú?"

Meðan Hinrik átti tal við Friðriku hafði Felicitas komið fram úr fylgsni sínu. Hún fann með sjálfri sér, að nú myndi Hinrik verða hennar eina stoð og stytta. Hann var mjög hjartagóður, og honum þótti vænt um barnið, og eiginlega var það mikið honum að þakka, að hún enn sem komið var vissi ekkert um æfi sína, — þangað til hún var tekin á þetta heimili.

"Nei, þarna kemur þú þá, litla Fee", sagði hann vingjarnlega og tók hlýlega útan um hönd hennar.— "Ég hefi allstaðar verið að leita að þér. ..... Komdu nú með mér inn í hjúaherbergið, því hér mátt þú víst ekki vera öllu lengur, — úr því að gömlu myndirnar verða að rýma".

Hann stundi þungan um leið og hann lét dyrnar aftur. Friðrika og Hinrik flýttu sér út í eldhúsið, því þau heyrðu, að frú Heilwig var á leiðinni niður stigann.

Felicitas leit óttaslegin í kring um sig í framdyrinu. Þar, sem líkkistan hafði staðið, voru nú sundurtroðin blóm.

"Hvar er frændi?" spurði hún Hinrik um leið og hún lét hann leiða sig mótmælalaust inn í vinnufólkshenbergið.

"Já, nú eru þeir búnir að bera hann burtu, litla stúlkan mín. En hann er á himnum, og þar líður honum miklu betur en hér á jörðunni", sagði Hinrik raunalega. Svo tók hann húfuna sína niður af snaga og gekk í burtu í einhverjum erindagerðum.

Það var orðið skuggsýnt í herberginu, og þegar Hinrik gekk í burtu, lagðist Felicitas á trébekk, er stóð við gluggann, og horfði út. Hún sá ofurlítla rönd af himninum á milli húsanna, er stóðu hinumegin við strætið. Hún horfði stöðugt á hana, því þar var nú frændi hennar. — Hún hrökk við, þegar Friðrika kom inn með eldhúslampann og disk með smurðu brauði, sem hún setti á borðið.

"Komdu hingað barn. Hérna er kveldmaturinn þinn", sagði hún.

Barnið gekk að borðinu. En hún hreyfði ekki við matnum, heldur tók spjald, sem hún átti og Hinrik hafði sótt úr skrifstofu húsbóndans handa henni, og fór að skrifa. — Í því heyrðist hratt fótatak, og strax kom Nathanael í dyrnar. Felicitas varð hrædd, því hann var ávalt vondur við hana, er hann sá engan nærri.

"Þarna situr þá jómfrú Fee", sagði hann illgirnislega. "Heyrðu, óhræsið þitt, hvar hefir þú verið allan þennan tíma?"

LAND

Vér höfum nýlega fengiö til sölu yfir 30 fjórðungsa fjórðunga, liggjandi aö Oaklands brautC. N. R. félaginu. Verðiö er frá $7.00 til $12.00 hver ekra. Ekkert af löndum þessum eru meir en 5 milur frá járnbrautinni.

Skuli Hansson & Co.

Skrifst. Talsíma 6478. Heimilis Talsíma 2274

Heimskringla.

Alt landiö

er ábyrgst aö vera jaðyrkju land af bestu tegund, og fæst keypt meö vægum afborgunar skilmálum. (N.B.—Lesiö fyrripart þessarar augl. vinstramegin viö Hkr. nafn.)

Frekari upplýsingar veita

Skuli Hansson & Co.

36 Tribune Building. Winnipeg.

XXII. ÁR. WINNIPEG, MANITOBA, FIMTUDAGINN, 17. SEPTEMBER, 1908 NR. 51

Kosningarnar á Íslandi

Hraðskeyti 11. September.

"Lögberg, Heimskringla, Winnipeg, Man.

Opposition sigrað Reykjavík, Akureyri, Seyðisfirði. Ísafold"

Meðtekið kl. 3.16 e.m.

Eins og sést á þessu hraðskeyti, kom það á föstudaginn var. Síðan hefir EKKERT frézt.— Svo er mikill áhugi fólks hér að fá að vita um kosningar úrslitin, að frá því skrifstofa blaðsins er opnuð og þar til henni er lokað á kveldin, er talsímin stöðugt hringjandi og spyrjandi eftir, hvort EKKERT hafi frézts meira um kosningarnar á Íslandi.

Fregnsafn.

Markverðustu viðburðir hvaðanæfa.

Sú frétt barst út um heim allan að morgni þess 9. þ.m., að danskráðgjafinn Alberti, sem til skams tíma hefir verið dómsmála ráðgjafi í Danmörku og meðlimur í leyndarráði Dana, — hafi 8. þ.m. gengið á hendur lögreglunni og játað á sig þann glæp, að hafa með skjalafölsun og svikum náð undir sig 10 miliónum króna af fé Danska bændabankans, sem hann var formaður fyrir. Í þeim banka áttu aðallega danskir bændur peninga sína, og þér tapa þessari upphæð, en hluthafarnir eru tryggðir með lögum, ef eignir verða nægar eftir til að borga þerra innstæðu. Svo segja blöðin, að þetta sé sá mesti fjárgræfraglæpur, sem orðið hefir í Norður-Evrópu.

— Voðalegir skógareldar hafa gert stórskemdir í Ontario. Þeir eldar kviknuðu af neistum, sem bárust úr skógareldunum í Minnesota sunnan við ána Pigeon. — Margir skógarhöggsmenn mistu frá 5 til 10 þúsund dollara virði af eignum.

— Orð leikur á, að stjórnin á Þýzkalandi verði að segja af sér bráðlega. Count von Buelow, forsætis ráðherrann, er að tapa fylgi þings og þjóðar. Það er nauðsynlegt, að hækka skatta á þjóðinni til þess að standast kostnað við aukinn herútbúnað til lands og sjávar, og þá ábyrgð verður herra Buelow að taka á sínar eigin herðar, og talið víst, að hann risi ekki undir þerri byrði.

— Grand Trunk járnbrautarfélagið hefir beðið um breytingu á lögunum um sunnudagshelgi, af þeirri ástæðu, að þau lög geri félaginu ómögulegt að sinna fullkomlega flutningsþörfum fólksins á þeim tímum, sem mikið sé um alls konar flutninga, nema það fái að vinna á helgidögum jafnt og virkum dögum. Því er haldið fram að til þess að gata hafi undan flutningsþörfinni, verði félagið að senda mikið af flutningi sínum gegn um Bandaríkin, þar sem að sunnudaga og önnur helgidagavinna sé leyfileg. Þetta hafi þær afleiðingar, að öll þau vinnulaun, sem goldin séu fyrir helgidagaflutninga, gangi til utanríkismanna og séu beint tap fyrir vinnulýðinn hér í landi.

— Frétt frá Victoria, B.C., segir að í sumar hafi skógareldar þar í fylkinu gert 25 milión dollara eignatjón, og að þess vegna hafi nýafstaðnar stórrigningar þar vestra verið mesta guðsblessun, með því þær hafi kæft eldinn.

— Bærinn Snowball í Minnesota var eyðilagður af skógareldi þann 7. þ.m. Líftjón varð þar ekki. Bærinn er lítill, — ekki mikið yfir 100 manns alls í honum. Duluth búar sendu hjálp strax og þeir fréttu um slysið.

— Roosevelt forseti vill auka fastaher Bandaríkjanna um 40 þúsundir manna. Herinn er nú 60 þúsundir, en forsetinn vill hafa hann 100 þúsundir, sannkvæmt núgildandi lagaákvæðum.

— Það er að þrengjast um inngöngu í Canada. Á síðastliðnum 3 mánuðum, frá 1. apríl til 30. júní sl., var 323 manna bönnuð landganga í Canada. Þeir komu allir frá Bandaríkjunum. En af þeim, sem komu með skipum frá Evrópu var 437 manns bönnuð landganga á tímabilinu frá 1. janúar til 30. júní. Og á sama tímabili voru 872 manns sendir til baka til þeirra landa, sem þeir komu frá.

— Sjómálaráð Japan stjórnar hefir haldið uppi stöðugri leit eftir herskipum þeim, er sukku í stríðinu við Rússa, og hefir nú loksins tekist að finna skipið Yashima, og er nú að rannsaka björgunarvonir þess. Einnig hafa þér fundið rússneska skipið Sebastopol, og nú er sem óðast verið að leita að skipinu Takasago. Svæðið er fundið, sem það liggur á, en sjálft skipið er enn ófundið, en Japanar vona, að finna það bráðlega. Nú er og verið að leita að skipinu Hatsuse.

— Nýlega andaðist tæringarsjúkur maður í Los Angeles, Cal., Hann var á gangi úti í skógi, en varð þreyttur og lagði sig niður við tré. Þá leið yfir hann og hann lá þar hjálparlaus, en of sjúkur til að geta hreyft sig, í fulla 2 sólarhringa. Allan þann tíma var hann þakinn flugum og alls konar pöddum, sem bókstaflega átu hann lifandi. Það var lítið um mannaferðir í þessu héraði, en þeir, sem gengu fram hjá manninum og sáu hann, hugðu hann vera ölvaðan, og skiftu sér því ekki af honum, þar til um síðir, að einn maður, nokkurru greindari og gætnari en hinir, gaf sig að hinum sjúka manni, sem þá var kominn að andláti.

— Stærsta herskip í brezka flotanum er nýsmíðað, og var hleypt af stokkunum í sl. viku. Skipið heitir St. Vincent, og hefir verið í smíðum í sl. 8 mánuði. Það er 500 feta langt, 84 feta breitt og ristir 27 fet. Vélarnar hafa 24,500 hesta afl, og eiga að geta knúð skipið yfir 20 milur á klukkustund. Skipið verður vopnað með 15 tólf þumlunga fallbyssum, og að auki nokkurrar 4. þumlunga fallbyssur. Hinar stærri byssur vega 67 tons hver og senda 1250 punda þungum kúlum gegn um 25 þumlunga þykka járnplötu á 9 þúsund feta færi. Skipið hefir kostað 9¼ miljón dollara, en fullgert verður það ekki að öllu leyti fyr en við lok næsta árs.

— Íbúarnir í bænum Hammond í Indiana ríkinu eru í miklum æsingi út af draugi, sem orðið hefir vart við þar í bænum og gengur um hann ljósum logum, og ónáðar bæjarbúa einkum að næturlagi. Helzt ásækir hann smáfjölskyldu eina þannig, að hann æðir þar um húsið að næturlagi og gerir háva ða mikinn, hlær oft villimannalegum hlátrum, sest á rúmið hjá fólkinu, er það sofur, og vekur það með því, að strjúka með köldum og sveittum höndum um andlit þess. Allir í húsinu hafa séð draugin, og margir áðrir, velmetnir menn og konur, segja sömu söguna.

— Í síðustu viku voru skógabrennur kring um Fort William, og standur fólki þar ótti og stuggur af. Skógur og jörð er skræltur og komi vindur á, þá er hætt við, að alt feri í bál og brand. En ef rigndi að mun, mendi eldurinn kafna.

— Blöðin segja, að Friðrik Dana konungur hafi tapað $400,000 hjá Alberti vildarvini sínum.

— Fiskiðnaðarfélagið A. Both & Co. í Chicago er gjaldþrota, og gefið upp, sem þrotabú. Þetta félag hefir gert mikla fiskverzlun í Canada, og verið viðskiftá holt. Menn í Canada eiga hluti í þessu félagi. Mælt að kapt. Robinson í Selkirk eigi um $60,000 til $80,000 í því. Einnig eiga þeir bræðurnir Stefán og Jóhannes Sigurðssynir í Nýja Íslandi hluti í þessu félagi. Þetta gjaldþrot hefir slæm áhrif á fiskimarkaðinn hér í Manitoba og annarsstaðar í Canada.

— Þann 6. þ. m. fór frakkneskur maður fljótar í loftfari enn nokkuru sinni eru dæmi til áður. Hann fór sem sé 15 og tvo fimtunga úr mílu á 29 mínútum og 54 sekúndum. Veður var of hvast til þess, að hann gæti gert aðra tilraun með ferðhraða, sem hann ætlaði að gera.

— Þann 10. þ.m. er skrifað, að frá Yorkton, Sask., hafi 31 vagnhlass af beztu sláturgripum verið sent austur til Montreal. Allir úr Yorkton héraði. Sá þyngsti uxi, sem seldur hefir verið þar í sumar vóg 1,980 pund. Hann var 4 vetra.

— Nýlega hefir Charles A. P. Pelletier verið útnefndur Lieut. Governor yfir Quebec fylki.

— Skógarþrennur halda áfram fyrir sunnan línu, og eru mestar í Wisconsin og Michigan ríkjum. — Sumstaðar hefir verið flúið með börn og konur úr þorpum, en karlmenn gera sem þeir geta til að bjarga húsum og eignum. Þó eru skemdir og skaðar þegar orðnir stórmiklir, og lítlar vonir, að eldar þessir kulni út að sinni.

Á KROSSGÖTUM.

Athugasemd við yfirlýsingu.

Af vissum ástæðum finn ég mig knúðan til að segja nokkur orð viðvíkjandi yfirlýsing, sem stendur í 37da no. Lögbergs þ.á., þar sem lýst er yfir, að farið hafi verið með ósannindi í Bræðablíkum. Þeir fjórir menn, sem skrifaðir eru undir þessa yfirlýsingu, og sá, sem þetta skrifar, höfðu verið kosnir í nefnd til að koma með álit inn á kirkjuþingið árið 1907 viðvíkjandi kennara embættunum við Wesley College og Gustavus Adolphus College. Við komum saman í húsi Dr. Brandsonar, og voru þrir nefndarmanna þegar á fundinn kom all-ákveðnir með því, að boka séra Friðrik Bergmann frá kennarastöðunni við Wesley, nefnilega þeir: Mr. Baldwell, Mr. Vopni og Mr. Jónasson. Dr. Brandson var hræddur við, að það kynni að hafa slæmar afleiðingar fyrir kirkju félagið og skólamálið, og stóð því með því, að séra Friðrik hélda áfram við skólann, og ég sjálfur var all-ákveðinn séra Friðriks maður. Um þetta höfðum við nú verið að þræta all-lengi, og var sennast svo komið, að þeir nefndarmanna, sem höfðu verið á móti séra Friðrik, voru farnir að sansa sig á því, að réttara mundi vera að láta séra Friðrik halda áfram með kensluna, heldur en að láta alt fara í bál og brand með kirkjufélagsmálin.

Sérstaklega man ég eftir því, að Mr. Vopni kvað upp úr með það, undir það seinasta, að heldur stæði hann með því, að séra Friðrik héldi áfram með skólann, en á nokkurn hátt að spilla fyrir skólamálinu. Og í mínum huga var ekki orðið neitt spursmál um það, að nefndin mundi koma sér saman um, að ráðleggja þinginu, að halda áfram með séra Friðrik fyrir kennara við skólann skilyrðislaust. En í þessum svifum kom séra Jón Bjarnason inn til okkar beina leið frá Tjaldbúðarkirkju, þar sem hann hafði setið undir fyrirlestri, sem séra Friðrik Bergmann flutti. Séra Jón sat þarna inni hjá okkur all-lengi og var að skýra fyrir okkur efni fyrirlestursins, einnig barst eitthvað í tal framkoma séra Friðriks Bergmanns gagnvart kirkjufélaginu.

Eftir að séra Jón var farinn, fórum við nú aftur að hugsa um nefndarálitið, og var þá horfinn allur ágreiningur, og við komum okkur saman um, að leggja fyrir þingið eitthvað svipað álit því er gert var, og fólum Dr. Brandson á hendur, að skrifa það upp. Þetta gerði nú Dr. Brandson og skrifuðum við allir nefndarmennirnir undir það morguninn eftir mótmælalaust. En allir vita, sem það nefndarálit hafa séð, eða heyrt, að það er andstætt séra Friðrik.

Ég ætla ekki að leggja neinn dóm á það, hvort heimsókn séra Jóns hafi haft nokkur áhrif á samnefndarmenn mína. Þeir ættu að vita það bezt sjálfir. En ég veit, að hún hafði áhrif á sjálfan mig, og er þó ekki þar með sagt, að séra Jón legði okkur beinlínis nokkrar lífsreglur viðvíkjandi nefndarálitinu.

Sig. Sigurðsson.

Pólitískar fréttir

Hon. R. L. Borden leiðtogi Conservatives

hefir haldið stórræður í Nova Scotia fylki, og er tekið fraunúrskarandi vel, hvar sem hann fer, og streymir fólk langar leiðir til að hlusta á hann. Hann segir meðal annars, að ef fólk vissi allan sannleika um Laurier stjórnina, þá mundu Liberalar ekki reyna að setja þingmannaefni til sóknar í þessum kosningum. Hann segist hafa ástæðu til að trúa því, að einn embættismaður (Member of the Commission) hafi þá sjoðun, að á hverju ári í 4—5 ár síðastliðin, hafi stjórnin spandérað og hnuplað í smáupphæðum um 10 miliónum dala.

Hon. R. P. Roblin, forsætisráðherra Man.,

hefir verið austur um ríki undanfarna daga. Hann hefir nýlega sagt fregnrita í Montreal, að Hon. R. L. Borden vinni næstu kosningar með miklum yfirburðum. Hann ætlar, að Conservative flokkurinn fái 68 þingmenn af 86 í Ontario-fylki, — 7 (alla) í British Columbia, 8 af 10 í Manitoba, 1 úr Yukon, 5 af 8 úr Alberta, 5 af 10 úr Saskatchewan, 4 (alla) úr Prince Edward Island, 9 af 18 úr Nova Scotia, 10 af 13 úr New Brunswick. Hann segir, að Hon. R. L. Borden sé þannig viss að vinna, án þess að nokkurt tillit sé tekið til þess, hve marga þingmenn hann fær úr Quebec fylki.

Sir Wilfrid Laurier er þegar byrjaður að hleypa af kosningafallbyssunum austur frá, ásamt þremur ráðgjöfum sínum, — og fá þeir fríekar daufar áheyrnir. Engum efa er það bundið, að sambandsstjórnin er skjálfandi hrædd um sig í þessum kosningum. Hún veit, að stjórnar syndirnar eru vaxnar yfir höfuð sér. Og þó þessir menn beri sig drýgindalega, og segjast vera vissir um, að fólkið lofi sér að halda áfram eitt kjörtímabil enníþá, þá hafa þeir litla von um sigur. Eins og vant er, segjast þeir ætla að byrja á öllum ósköpum af vegabótastúfum, brúm og fleiru. Allir þekkja þau kosningaögn og gefa sig lítið að.

"Liberal" stjórnin, sem sat að völdum í New Brunswick, var fjárglæfrastjórn, svo gráðug fjárdráttar eining, að varla eru dæmi til slíks. Erindisrekar fólksins þar, eða hin nýja stjórn og þingmenn þeir, sem henni fylgja, heimta aftur skilum á fédráttum hennar. — Sjálfur fylkisstjórinn, sem er pólitískur einka'ylgjari Laurier klikkunnar, er krafinn um aftur skilum á rangdregnum peningum undir sig. Hann hefir þegar viðurkent og skilað aftur $13.000, en $8,000 er heimtað af honum meira, sem að miklu leyti eru vextir af því fé, er hann hefir dregið undir sig frá fylkinu. Auðvitað hefir sú fjárglæfraklikka lent í ómjúkum höndum, þar sem forsætis ráðherra fylkisins á hlut að málum. Hann er maður ráðvandur og óvæginn sökudólgum alþýðunnar. Þetta mál og önnur þarf að sækja til Ottawa, því þar hafa þessi fjárdráttarmál upptök sín. En því fyr sem þau eru gegn um gengin, því betra.

Ekki hefir "liberal" blöðum, ekki einu sinni Toronto Globe, orðið að vegi með einu orði, að taka málstað Rev. John Pringle, sem pólitiskir málaskúmar hafa reynt að evðileggja að áliti og sannsögli. Orsökin er eins og kunnugt er, að Rev. J. Pringle mótmælti harðlega glæpsamlegri að ferð stjórnarinnar í Yukon héraðinu. Þessi blöð segja ekki eitt einasta orð um þær ósóknir, sem þessir útsendarar Laurier stjórnarinnar með kialegustu samtökum láta dynja á þessum presti Presbytera kirkjunnar, — heldur leitast við af ýtrasta megni, að krossfesta álit hans og hreinskilni. — Þessi flokksblöð létu heldur brenna hann á báli mannvonzkunnar, en styggja meðbræður sína í Ottawastjórnínni.

Mr. Joe Martin, K.C., má búast við, að verða smánaður og svívirtur af einkavinum Lauriers, eins og Rev. J. Pringle, Major Hodgins og fleiri Liberals, sem mótmæla hinu óþolandi stjórnarfari Laurier stjórnarinnar. Hann hefir nefnilega verið svo djarfur að sækja um þingsæti móti einum vildasta vini hennar í British Columbia fylkinu.

Mælt er, að sendar Laurierstjórnarinnar og Saskatchewan stjórnarinnar séu að innprenta kjósendum þar í fylkinu, að Scott og Laurier hafi fyrstir manna komið fram með, að stjórnin í Ottawa lánaði þeim útsæði á síðastliðnu vori. En sannleikurinn er, að Mr. Lake, sambandsþingmaður, neyddi stjórnina til að gera það. Sá maður er sívakandi fyrir velferð Vesturlandsins, og hafði vakið málið og unnið að því, áður en Scott og Laurier vildu hlusta á það.

— Hon. George Graham, sverð og skjöldur Laurier stjórnarinnar í Ontario fylki, er loksins orðinn fregur í herbúðum "Liberala". Á seinasta þingi sannaði hann tvímælalaust þingheim, að Sir Wilfrid, hinn háborni leiðtogi Liberalflokksins, væri falsari og ekki að marka það, sem hann segði. Þegar Laurier var að fá þjóðina til að samþykkja, að byggja Grand Trunk Pacific brautina, þá margstaðhæfði hann, að hún kostaði ekki meira enn $13,000,000. En Mr. Graham sannaði þinginu það, að þetta væni fyrirfram ásett lýgi Sir Wilfrids. Samkvæmt staðhæfingu Geo. Grahams, þá er þessi staðhæfing Sir Wilfrids um þessar $13,000,000 ekki annað en ein af hauga lygum þessa stjórnarformanns.

NÝTT NÝTÍZKU

THE QUEENS

Vinsælasta og þægilegasta Gisti-hótel í Winnipeg

Bandaríkja-snið
Frí keyrsla.

MONTGOMERY BROS.,
EIGENDUR

BJART MIÐSTÖÐVA

Wall Plaster

Með því að venja sig á að brúka **"Empire"** tegundir af Hardwall og Wood Fibre Plaster er maður hár viss að fá beztu afleiðingar.

Vér búum til:

"Empire" Wood Fibre Plaster
"Empire" Cement Wall "
"Empire" Finish "
"Gold Dust" Finish "
"Gilt Edge" Plaster of Paris
og allar Gypsum vörur undir. —

Eigum vér að senda yður bækling vorn?

MANITOBA GYPSUM CO. LTD
SKRIFSTOFUR OG MILLUR Í
Winnipeg, - Man.

Heimskringla

Published every Thursday by The Heimskringla News & Publishing Co. Ltd

Verð blaðsins í Canada og Bandar. $2.00 um árið (fyrir fram borgað), Sent til Íslands $2.10 (fyrir fram borgað af kaupendum blaðsins kr. 2.00.)

B. L. BALDWINSON, Editor & Manager

Office: 729 Sherbrooke Street, Winnipeg P. O. BOX 116. 'Phone 3512.

Þjóðlegt gripasafn.

Eitt af því, sem landar vorir hér í landi gætu gert til þess að halda minningu frumherjanna íslenzku á lofti hér í landi á komandi öldum er það, að mynda íslenzkt frumherja-félag, er hefði það markmið meðal annars, að safna íslenzkum munum og bókum, koma upp íslenzku bóka og gripasafni og koma upp hæfilegu skýli yfir það.

Það munu nú vera nær 40 ár síðan fyrstu Íslendingar fluttu til Ameríku, og frá þeim tíma ættu gripir þeir að vera og enda eldri. Bækurnar mættu vera svo gamlar, sem hægt er að fá þær, og enda munirnir einnig, svo sem smávegis húsmunir og búshlutir, og vinnuáhöld ýmisleg.

Félagsmyndunin ætti að geta gengið greiðlega. Allir eldri landnámsmennirnir svo nándu ættu að ganga í félag þetta, hvort sem þeir búa í Bandaríkjunum eða Canada. Hver félagslimur ætti að borga dálitið árstillag, og hverjum félagslim skyldi gert að skyldu að senda félagsstjórninni stutt æfiágrip af sér og mynd. Þar sem hjón eiga í hlut, skyldi einnig fylgja mynd og æfiágrip konunnar, svo ætt hennar verði rakin. Því þess ber að gæta, að konurnar íslenzku eiga jafnan þátt í landnáminu eins og menn þeirra, og þjóðlegri starfsemi eins og eiginmenn þeirra, og þá einnig jafnan heiður í öllu því, sem unnið hefir verið til gagns og sóma íslenzka þjóðflokkinum í landi þessu. Það er því jöfn skylda, að geyma minningu húsmæðranna eins og manna þeirra.

Þar sem svo stendur á, að gömlu frumherjarnir (annað eða beggja hjónanna) eru látnir, ættu börn þeirra, eða eitthvert af þeim, að ganga í félagið, og þá að sjálfsögðu leggja félaginu til æfiágrip og myndir foreldra sinna, svo það geymist í safninu.

Í raun réttri getur yngri kynslóðin einnig gengið í félag þetta. Þeir menn, sem á yfirstandandi tíma eru að taka sér heimilisréttarlönd viðsvegar í landi þessu, eru frumherjar engu síður en foreldrar þeirra voru það fyrir 30 til 40 árum. Allir slíkir ættu því að ganga í félagið, — Íslenzka þjóðmenningarfélagið, eða Þjóðvinafélagið, — nafnið má mynda eftir samkomulagi.

Inngangsgjald og árstillag félaga myndi sjóð, er notist:

1. Til þess að geyma eignir félagsins, sem sé æfiágripin og myndirnar.
2. Til þess að halda nákvæma skrá yfir nöfn og heimilisfang félaga. Og til að innheimta árlega félagatillögin og verja þeim svo, að þau beri vöxtu.
3. Til þess að útvega frá Íslandi bús og atvinnurekstur muni, bækur og hvað annað, er geyma megi minningu ættlandsins og lífnaðarháttu þjóðarinnar í hugum Vestur-Íslendinga fram um ókomnar aldir.
4. Til þess, þegar efni leyfa, að koma upp hæfilegu skýli — vönduðu — yfir eignir félagsins.
5. Til þess, þegar efni leyfa, að semja sögu yfir vestur-íslenzkt landnám.
6. Til þess að útbreiða meðal hérlendu þjóðarinnar þekkingu á Íslandi og íslenzku þjóðinni.
7. Til þess að efla eftir föngum heill og sóma ættlandsins í hvívetna.

Þessar fljótræðis hugsanir eru óformlega framsettar, og má vafalaust mikið laga, þegar menn fara að ræða málið. En þær eru settar fram í góðum tilgangi og í þeirri von, að þær verði teknar til greina. Það hefir oft áður verið talað og ritað um þörfina á, því, að rituð væri landnámssaga Vestur-Íslendinga. En þó sú hugmynd hafi mætt almennum meðmælum, þá hafa framkvæmdir engar orðið ennþá, og ekkert útlit fyrir, að þær verði verulegar í nálægri framtíð. En með myndun þessa félags má safna svo til þessarar sögu, að hún geti orðið nákvæmlega rétt, hvenær sem hún verður rituð.

Það er og lítill efi á því, að ýmsir af meðlimum þessa félags og einnig aðrir þjóðvinir, sem ekki tilheyrðu félaginu, mundu fúsir til að styrkja þetta fyrirtæki með því að útvega safninu ýmsa þjóðlega hluti, sem nú eru gengnir úr móð og orðið örðugt að fá sökum breyttra lífnaðarhátta og atvinnubragða. En með sámvinnu gæti safn þetta orðið stórt og verðmætt og sérlega þýðingarmikið fyrir komandi kynslóðir Íslendinga hér í landi.

Heimskringla lítur svo á, að hér sé að ræða um þarflegt og þjóðlegt fyrirtæki, sem allur þorri landa vorra í Ameríku getur tekið einlægan þátt í, — án nokkurs tillits til skiftra skoðana á öðrum málum, þar sem hér er að ræða um þjóðernismál og ekkert annað.

Lögberg í bobbanum.

Í síðasta tölublaði Lögbergs er ritstjórinn úrillur og amasamur í skapsmunum yfir því, að Heimskringla skuli voga sér að segja frá hneyxlis- og þjófnaðaraðferð Laurier stjórnarinnar. Hann fjasar um mannlastssöngva Hkr., en man lítið eftir sumum greinum, sem útskitið hafa Lögberg í hans tíð.

Því hrekur hann ekki eitthvað af því, sem hann segir að Heimskringla fari rangt með? Af því hann getur það ekki, og þorir það ekki, því þá kæmi meira og meira upp, eins og þegar Greewaystjórnin sákaðist, og þrotabú hennar var rannsakað að fullu. Það eru sumar skepnur, sem vita, hvað þær hafa étið, og svo er um suma "Liberala".

Ritstjórinn hefir sína gömlu (guðfræðis kandidats) aðferð, að segja alt mannlast og ósatt, án þess að færa eitt einasta dæmi til, eða styðja með rökum áburð sinn. Þegar Lögberg hefir talað um Roblin, stjórn hans og Conservative flokkinn, þá eiga menmirnir og verk þeirra að vera af verstu tegund. Aldrei ferðar ástæður né rök, að eins blákalt barið áfram. Þá stendur glamrandinn og moldviðrið í háa loft eins og Heklugos, og kemst jafnvel eins hátt og uppá hænsnaslána í hænsnakofanum. Og hærra verður ekki komist, hugsar Lögberg.

Það, sem Heimskringla hefir flutt lesendum sínum um svikabrellur Laurier stjórnarinnar, er að eins það, sem sú stjórn og sá flokkur hefir játað upp á sig — orðið að játa — og sem stendur svart á hvítu í þingtíðindunum og öðrum stjórnarskjölum, og verður með engu móti hrakið. En náttúruðli Lögbergs hefir verið það, og fer auðvitað ekki batnandi, að að segja alt ósatt, sem andmælandi segir. Það hefir treyst á það, að það hefði svo stórblinda fylgjendur og fáfróða lesendur, að þeim mætti bjóða grautinn, hvort sem hann væri brimsaltaður eða kolbrúnninn, — þeir gerðu sér alt að góðu, lesendurnir.

En nú er þessu farið að víkja öðruvísi við. Lesendur Lögbergs eru orðnir steinleiðir á þessum pólitísku grautarsuðum ritstjóra Lögbergs, og margir kvarta sáran undan þeirri sálarfæðu.

Strax og Lögberg hrekur með rökum og sannar, að Heimskringla beri rangan áburð á Laurierstjórnina, þá verður því tekið vinsamlega. Það má minnast á við Lögberg, því framvegis til leiðbeiningar, — að þegar menn deila, þá verður ætíð óhygnari maður undir. Fáfróðir, sem undir verða, gripa oft til þess óyndis úrræðis, að segja þann sem betur hefir ljúga, og þar fram eftir götuhum. Þetta þykir lýsa reiði, óviti og þekkingarskorti, og nú á tímum vilja fáir gera sig seka í slíkum málsvörnum. En ritstjórinn hugsar eins og gamli málsháttarinn segir: "Betra er að veiða röngu tré enn engu". Hann um það, guðsmaðurinn.

K. Á. B.

Þjófnaðarsýkin í Ottawa.

Síðustu gróðabröll, sem upp hafa nýskeð komist í Ottawa, er viðvíkjandi sölu á Indíánalandi, sem stjórnin seldi nýlega til timburkaupmanna í Bandaríkjunum. — Fyrst seldi stjórnin landið til vina sinna í næstu dyrum. Vinirnir voru Clifford Sifton og tveir aðrir. Þessir stjórnarvinir keyptu landið frá henni fyrir $9,017, en seldu það strax til Bandamanna fyrir $101,830.00 þannig:

Timbur kaupmennirnir borga 3 vinunum ...	$101,830.00
Stjórnin seldi vinunum það fyrir ...	9,017.00
Ágóði í vasa vinanna	91,813.00
Dúsa til hvers vinar	30,600.00

Samt er þetta brall ekkert í samanburði við margt annað, eins og t.a.m. landsalið í Saskatchewan. Einn "liberal" þingmaðurinn, með fáum vinum á bak við sig, keypti land frá stjórninni. Landið var 250,000 ekrur og stjórnin seldi vinunum það fyrir $1 ekruna. Innan árs seldu þessir menn landið á $8—12 ekruna. Sú sala lítur þannig út:

250,000 ekrur seldar á	$2,000,000
250,000 ekrur keyptar af stjórninni fyrir ...	250,000
Dúsa þessara vina ...	$1,750,000

En nú er það ekki orðin föst regla að þessir stjórnardýsingar selji þessi dúsu-lönd beint til bænda og búaliðs. Í hinu svonefnda Robbins landbrallssölumáli, kemur fram ný aðferð hjá dýsingum. Stjórnin gaf þeim landið fyrir $1.00 ekruna, en í staðinn fyrir, að selja það hér í Canada, er það sett á markaðinn í Lundúnum á Englandi. Þar kaupir félag spildunna fyrir $800,000. Það er hverjum sjáandi manni auðskiliið, að hér er ekki verið að tala um neina vangá hjá stjórninni, því hún margendurtekur þessar eins dala sölur til vina sinna í næstu dyrum. Og nú upp á síðkastið virðist hún hafa allan hraða á, að koma sem mestu ríkislandi í lóg með þeim hætti. Þjófnaðarsýkin fer ehnandi dag frá degi þar í Ottawa.

Á síðasta þingi komst allmikið upp um landabrall stjórnarinnar. Eitt var það, að stjórnin þurfti að kaupa land fyrir járnbrautaverkstæði og geymsluhæli í Moncton. Stjórnin keyti landið ekki fyr enn einn af stjórnargæðingunum hafði fengið skyndiumráð (Option) á landinu, — þá flýtti hún sér að kaupa það. En afleiðingin varð sú, að stjórnin borgaði fyrir landið $13,880, en vinur hennar, sem hafði skyndiumráðin, fékk $8,805 í sinn vasa.

Það hefir komist það sama upp um stjórnina í landakaupum í Halifax. Þar voru kaupin stærri. Stjórnin borgaði þar fyrir landið $45,400. Þar fékk vinur hennar í ágóða $26,812. — Þó gerir hún enn þá bezt við dýsing sinn hér í Winnipeg. Hún þurfti að kaupa land handa G. T. P. félaginu í Winnipeg. Hann festi sér landið í mesta flýti fyrir 99,000 dollara. Og svo kaupir stjórnin strax af honum fyrir $222,000. Ágóði vinarins $123,000. — Dágóð dúsa handa því stjórnarbarninu!

Líkt þessu fer stjórnin að, þá hún þarf að kaupa vélar, sem dálítill slægur er í, sem hún fær hjá Mr. Merwin eða Mr. Walberg í Montreal, þá kemur hún ætíð einhverjum meðalgangara þar inn, sem ætíð þarf að fá 50—100 prósent meira en verksmiðjuverðið er á þeim.

Einn reiknurinn sýnir, að hún hefir keypt hjá Merwin vörur, katla, vélar m. fl. og borgað fyrir þær $18,112.00. Mr. Merwin fær $11,838. En meðalgangarinn (sem er Merwin sjálfur) fer $6,174.

Stjórnin hefir enn þá fleiri aðferðir til að stinga almenningsfé í dúsur vina sinna. Ein aðferðin, sem hún viðhafði í sambandi við dráttarsnekkju þessa Merwins, var þessi: Hún leigir hana fyrir $25 á dag, — í eitt sinn leigði hún hana í 147 daga, og borgaði Merwin úr ríkissjóði $3,675. Merwin keypti dráttarsnekkjuna fytir — $3,700. Stjórnin hjálpaði honum til að borga hana upp að $25. Þetta er greiðvikni! Merwin hefir oft síðan leigt stjórninni snekkjuna, og er hún búin, að margborga hana. Ætíð $25.00 á dag, hvort sem hún er stert um lengri eða skemri tíma.

Það hefir nýlega einnig komist upp, að Laurier stjórnin man eftir, að stinga dúsu upp í blöðin, sem hana styðja. Þar til áætlar hún $500,000.00 á ári. Fjárliggjandi blöðum gefur hún prentun í dúsuna, þannig, að einhver upphæð og verk er nefnt fyrir það og það blað. Blaðið gerir aldrei verkið, en fer frá stjórninni 25 prósent af þeirri upphæð, sem því er ánöfnuð. Verkið sjálft eða prentunin er öll á næstu grösum við stjórnarfjósið. Von er, þó þessi há-ráðvöndu (!!!) Laurierstjórnar-blöð verði angurvær og úrill, þegar flett er ofan af stjórnarklækjunum.

Eitt er ónefnt, sem tekur flestu öðru stjórnarbralli fram. Það er viðvíkjandi brú, sem verið var að byggja í Quebec fylki. Í byrjun var mynduð klikka af nokkurum stjórnarsleikjum sem sáu um bygginguna. Stjórnin varð að útvega peninga til brúargerðarinnar með 3 prósent vöxtum. Upp úr því brúarsmíði stungu þessir náungar $150,000.00 í vasa sinn. Og skyldi nefnd brú ekki bera rentur og viðbaldskostnað, þá er héraðið skylt að taka við henni og annast hana á sinn kostnað, og ennfremur að greiða þessari pólitísku klikku allar þær bætur, sem hún kann að krefjast. Hinir pólitísku vinir eiga að fá uppskeruna af striti héraðsbúa.

Þessi fáu atriði skýra all-mikið núverandi stjórnarástand í Ottawa. Hvers vegna hafa ríkisútgjöldin stigið upp frá $42,000 upp í $111,000,000? Vegna hóflausrar fjárbruðlunar til vildarmanna sinna og stjórnarkvinsku. Ef Laurierstjórnin verður látin halda áfram, þá vaxa þjóðskuldarnar, þar til Canada fær hvergi eyrir til láns. En reki þjóðin þá stjórn frá völdum, þá fær hún ráðvanda og sparsama stjórn.

Vonandi er, að þjóðin sé vöknuð og reki ræningjana á dyr.

Ofríki og kúgun Laurier-stjórnarinnar.

Fyrst þegar íbúar N. W. T. báðu um fylkjamyndun og inngöngu í sambandsríkið, þá tók Laurier stjórnin því seint og þurlega. Þegar fram í sótti, snerist Mr. Borden í leikinn með flokk sinn, og studdi Hon. F. W. G. Haultain, þáverandi forsætis ráðherra í N. W. T., og fólkið þar, til að ná fylkjamyndun og fylkjasambandi við Kanadaríki. Eftir þjark og þóf allmikið, lét sambandsstjórnin loks undan, þó með vöflum og vífilengjum, og ráðkerslu við katólskan klerkalýð.

Aðalreglan er þegar nýtt fylki er myndað, og gengur inn í ríkjasambandið, að það haldi eignarrétti á löndum, sem stjórnin hefir ekki auglýst áður sem heimilisréttarlönd. Einnig eigi fylkið skóga, námur, veiðiskap og önnur hlunnindi, sem finnast innan takmarka hins nýja fylkis. Þessari reglu og kröfum fylgdi Hon. Haultain rækilega fram í fylkisbúa nafni. Þá studdi Hon. Scott þetta, sem þá var sambandsþingmaður. Eins langt og þá sást og heyrðist, voru allir íbúarnir sammála og samtaka í þessu máli. Saskatchewan fylki átti að halda löndum, skógum, veiðiskap, námum, og sérhverjum gögnum og gæðum, sem fundist höfðu og finnast kynni innan fylkis takmarka. Með þessari von var gengið að fylkjamyndun og fylkja sambandinu.

Sir Wilfrid nefndi þá vin sinn Mr. Scott til að mynda nýtt ráðaneyti, þvert á móti þrezkum lögum og þingræði. Hvenær sem nýja fylkisstjórn þarf að mynda, gerir fylkisstjórinn það. Í Saskatchewan fylki átti fylkisstjóri Forget að nefna mann til að mynda hina nýju stjórn, en ekki Liberal klikka austur í Ottawa. En mismunurinn er þetta, að fylkisstjórinn hefði útnefnt Hon. Haultain, sem fyrverandi stjórnarformann, samkvæmt þrezkum stjórnarlögum. Laurier og katólska klerkalýðið vildi ómögulega eiga jafn heiðvirðan stjórnmálamann í stjórnarsessi þar. Rænti hann því sætinu eftir 13 ára formensku í N. W. T., og innsetti sinn auðsveipa þjón Mr. Scott í ólöglegt sæti. Þar næst var gengið til kosninga, og komst flokkur Scotts til valda, sem fyrirhugað og undirbúið var austur í Ottawa. Auðvitað fá fylkisbúar að súpa af því ginningatafli, og mega strjúka um sárt við leikslokin, sem ekki koma að öllu í ljós næstu áratugi. Ef Hon. Haultain stæði við stýrið. Laurier sem er alþektur hæfileikamaður og trúr og ráðvandur í stjórnmálum, þá hefðu íbúarnir og fylkið átt öðru láni að fagna en nú. Sir Wilfrid og hans fylgisautar sáu það fyrirfram, að þeir kæmu aldrei á þeim ókjörum, harðstjórn og yfirgangi, sem þeir bjuggu yfir, ef aultain stæði við stýrið. Laurierstjórnin var þegar byrjuð að rýja og rupla fylkið. Hún hafði sóað löndum fylkisins í tugum þúsunda og hundruð þúsunda tali, ekruvís, til vildarmanna sinna og pólitísku gæðinga, róttara sagt, fjárglæframanna. Herra Sifton kaigði meiri hluta af skógarhöggi fylkisins til Mr. Burrows, mágs sins, fyrir sama og ekki teljandi leigu. Mr. Turrifi (Land Commissioner of the Government) lét mág sinn, Mr. Adamson, fá 800,000 ekrur fyrir $1.00 ekruna, sem þeir seldu aftur til bænda fyrir $6.00 og $10.00 ekruna. Stór flæmi af beztu kolanámulöndum voru leigð til auðfélaga fyrir sama og enga leigu, og margt annað þessu líkt hefir Laurier stjórnin leikið sér að við íbúana í þessu fylki. Þegar fylkisbúar fóru að heimta lönd sín, skóga og námur, hefir það ekki verið að nefna. Stjórnan í Ottawa var búin að hrifsa þau, og gefa nær alt nýtilegt til pólitískra flagara og venskaliðs þeirra, og ráðinn í, að láta ekki leyfarnar ganga úr greipum sér. Hún var einnig alráðin í, að kúga fylkið með ofriki í hvívetna, þvert ofan í bein skilyrði, að fylkið ætti að halda eignum sín um að fullu og öllu. Þessar óþolandi gripdeildir hefði Laurierstjórninni verið öldungis ómögulegt að framkvæma, ef Hon. F. W. G. Haultain hefði setið að völdum, og það vissi hún líka í tíma. Hon. Scott er hirðlrinn, sem treystandi var til að hjálpa við rænguna. Enda hefir hann ekki svikist um þá hjálp og umboðsstöðu sína.

Fyrir að svifta fylkið eignarrétti á landi, sem nemur nær 40 mil. ekrum, allri mörk, öllum námum, — sem eru miklar og margs konar og öðrum ódulum, þá veitir Laurier stjórnin fylkinu þannig löguð árstillög:

Hún áætlar lönd fylkisins 25 miliónir ekrur. Virðingarverð stj. $1.50 hver ekra. Þessi ekrutala kemur fyrir lönd, mörk, námur og önnur ódul. Þessi áætlaði höfuðstóll ($37½ milión dollara) skal greiðast fylkinu þannig: Þangað til fólkstalið nær 400,000 fær fylkið $375,000 árstillag. Eftir það og þar til fólkstalið nær 800,000 fær það $502,500. Þá fylkisbúar ná tölunni 800,000 verður árstillagið $750,000. En hástigið er þegar fólkstalið er orðið 1,200,000, þá er árstillagið þaðan í frá $1,125,000. En langur tími er þangað til að svo margt fólk verður í fylkinu, og það langsóttur róður á stjórnarfleytu Laurier stjórnarinnar.

Þegar þessi fjárglæfraferill Laurier stjórnarinnar er brotinn til mergjar, er von, að hugsandi mönnum renni kalt vatn til rifja, yfir öðru eins ódæma háttalagi, sem ekki á sinn líka í heimi þessum. Fyrst brýtur stjórnin lög og rétt gagnvart þingræði og ríkisþegnum, ásamt uppástungu og samningsheitum sínum. Hún telur líka fylkisbúum 10—15 mil. ekrum af landi minna en þeim ber, en hefir bruðlað landi þeirra í mörg hundruð þúsund ekratali í fjárglæframenn og félög. Þar næst metur hún ekruna á $1.50 í sinn vasa, en selur þær til bænda fyrir $3.00 lægst ekruna. Hún hefði átt að sjá svo mikinn sóma sinn, að gefa sama verð og hún selur ekruna fyrir. Þar tapar fylkið $37½ mil. dollara. Það er út af fyrir sig rán um réttan helming.

Hon. Sifton sagði í þingræðu í vetur er leið, að stjórnin gæti tekið 3 mil. ekrur af þessu landi, og haft þær í pant fyrir peningalán til að byggja braut til Hudsonsflóans. Hann staðhæfði þá í ræðunni, að stjórnin gæti fengið 10 til 12 dollara lán á hverja ekru. Já, einmitt það! Sama landið, sem stjórnin hrifsaði frá fylkisbúum og heldur með valdi.

Þar sem árstillögin eru miðuð við fólkstal, sem er hærra en líkur eru til að verði svo hátt nokkurntíma, sýst undir núverandi stjórnarskipunarlagi á þessu meginlandi, þá er það auðráðið, að fylkið fær tæpast nokkurntíma nema lægstu mirfilsrentur af þessari peningaupphæð.

Hon. Haultain heldur því fram og liðsmenn hans, að fylkið fái lönd sín, merkur, námur, og annað alt, sem því ber. Laurier stjórnin og Saskatchewan stjórnin neita alveg. Ætla að sitja við kjötkatlana með vinum sínum meðan aldur þeirra endist. Sést ei betur en sumir fylkisbúar uni því vel, þar sem þeir koma ekki Hon. Haultain að völdum. Má vera, að það sé ei auðgert, en þeim einum er það mögulegt. Allir fylkisbúar vita það, sem eitthvað hugsa, að þeir ná aldrei eignarhaldi á löndum og öðrum hlunnindum, meðan Laurier stjórnin heldur völdum. Þeir vita það líka, að Hon. Haultain er þeirra langbezti höfðingi, og allra manna kunnugastur þessum málum. Sumir vita það líka, að erkibiskup Langevin sendi prestum og kennilýð hirðisbréf, bað þá og skipaði, að veita Scott alt lið móti Haultain, því undir engum kringumstæðum mætti hann verða stjórnarformaður vegna tvískiftra skóla og annars fleira. Sagan sýnir myndina af þessum þremur stjórnum, tveimur verslegum og einni andlegri, og enda þótt núverandi kynslóð sjái hana ekki né þekki, þá sjá næstu kynslóðir hana og finna í áþreifanlegri mynd. Fyrri eða seinna ná þær landslögum og rétti sínum. Um það er ekki efamál.

Úrslit síðustu kosninga sýna, að þeim Laurier stjórninni og Scott stjórninni hepnaðist, að láta fylkisbúa bera á sker, og standa í strandi um næstu 5 ár. Enda þó Laurier stjórnin veltist úr völdum við næstu kosningar, þá fá ekki fylkisbúar nokkuð að gert meðan Scott stjórnin situr yfir hlut þeirra. En líklegt er, að þegar Sir Wilfrid Laurier breiðir út faðminn næst móti fylkisbúum og býður þeim að hirða af þeim reifin næstu 4—5 ár, að þeir stanzi á varinhellunni áður enn þeir signa þjóna Lauriers og páfans.

Í bráðina verður ekki sagan sögð lengur, en nóg er til ekki betra en hér er talið. Allar tölur, sem hér birtast, eru teknar úr stjórnarskjölum og stjórnartíðindum ríkisins.

K. Á. B.

Fréttir.

— Nýlega er birt yfirlýsing í stjórnartíðindum Canada, að engir mega selja áfengi með fram aðalbrautinni á vissu svæði, nema bæir, borgir og héruð, sem áður hafa keypt löglegt vínsöluleyfi.

— Eldur mikill í New Orleansborg á sunnudaginn var gerði 2. milión dollara eignatjón. Margt manna meiddist í bruna þessum, en líftjón varð ekkert.

— Nýlega hafa fjórar járnbrautasamsteypur í Chicago og verkamenn þeirra myndað sambandsfélag með sér. Er það í fyrsta skifti sem auðkýfingar og verkamenn mynda sameiginlegt verkalýðs félag.

— Danska ráðaneytið hefir sagt af sér út úr fjárglæframálum fyrverandi dómsmála ráðgjafa Albertis.

— Nýlega héldu timbursalar í British Columbia fund með sér, til að ræða um verð á trjávið. Þeir komu sér saman um, að hækka verðið um $2.00 á þúsund fetum, og á sú verðhækkun að koma í gildi innan lítils tíma. Strax og þeir hafa gefið viðskiftamönnum sínum tilkynningu, þá ætla þeir að hækka verðið.

— Blöðin segja, að C.P.R. haldi nokkurn veginn áætluðum lestaferðum, þrátt fyrir verkfallið. En það vita menn, að frelar gengur félaginu bösulega með lestaferðir sínar, hvað sem það lætur blöðin segja um það.

Veiðilög.

Samkvæmt veiðilögum fylkisins má skjóta dýr og fugla á þessum tímum:

"Ducks" frá 1. sept. til 30. nóvember.

"Prairie Chickens", "Grouse" og "Partridge" frá 15. til 31. okt.

"Deer" frá 1. til 15. des.

Utanfylkisbúar verða að kaupa veiðileyfi hjá akuryrkju og innflutningadeild stjórnarinnar. Að öðrum kosti mega þeir vænta lögsókmar.

George G. LENNOX

Selur í heildsölu SKÓ, STÍGVÉL og YFIRSKÓ

150 Portage Ave. East, Winnipeg.

MARKET HOTEL

146 PRINCESS ST. á móti markaðnum
P. O'CONNELL, eigandi, WINNIPEG
Bestu tegundir af vínföngum og vindl um, aðhlynning góð, húsið endurbætt

JOHN DUFF
PLUMBER, GAS AND STEAM FITTER
Alt verk vel vandað, og verðið rétt
662 Notre Dame Ave. Phone 3815
Winnipeg

Strathcona Hotel

Horni Main og Rupert Str. Nýbygt og ágætt gistihús; Gest um veitt öll þægindi með sanngjarnasta verði. Frí keyrsla til og frá öllum járnbr. stöðvum. Beztu vín og vindlar; og herbergi og máltíðar ágætar.

McLaren Brothers
EIGENDUR

Hotel Pacific

219 Market Street | H. M. Hicks Eigandi
Winnipeg - - - Manitoba
Telephone 1338

Ný-endurbætt og Ný-tízku hús í alla staði. Viðskifta yðar óskast virðingarfylst.

$1.25 a Dag

$1.50 Á DAG
Bezta $1.50 gistihús í Winnipeg

BRUNSWICK HOTEL
Horni Main St. og Rupert Ave.

Besta borðhald; Hrein og Björt Herbergi; Finustu Drykkir og Bestu Vindlar. Ókeypis Vagn mætir Öllum Trainlestum. Reynið oss þegar þú ert á ferð.

Ill tíðindi vestan um haf.

Fáránlegt trúmálaofstæki.

Frá kirkjuþingi lúterskra landa vorra í Vesturheimi hafa borist tíðindi, sem hljóta að vekja óhug með hverjum þeim, er unn frjálsum hugsunum íslenzkra manna.

Kirkjuþingið hefir samþykt, að hætta á næsta ári við íslenzkukenslu þá, sem það hefir haldið uppi nokkur ár við lærða skóla vestra.

Þessari merkilegu samþykt veldur trúarofstækið og drotnunargirnin.

Skólamál Vestur-Íslendinga er nærri því jafn-gamalt kirkjufélagi þeirra. Og framan af hugsuðu menn ekki um annað en sérstaka skólastofnun. Hugmyndirnar um hana var nokkuð á reiki. Sumir hugsuðu sér fullkomna æðri skóla, eins og þeir tíðkast vestra samsvarandi mentaskólanum hér, nema hvað heimspekisnámi er þar við bætt. Fyrir öðrum vaktí nokkurs konar undirbúningsskóli undir æðri mentastofnanir. Í hugum sumra manna átti þessi íslenzki skóli að vera vörður íslenzks þjóðernis. Í hugum annara kastali lúterskrar kristni. Stundum var honum jafnvel ætlað, að bæta úr prestafæð Vestur-Íslendinga.

Fé var safnað árlega til þessarar skólastofnunar. En þegar það hafði verið gert um mörg ár; fór mönnum að verða ljóst, að Vestur-Íslendingum yrði um langan tíma ofurefli að koma upp stofnun, sem þeim kæmi að fullu haldi og þeir væru fullsæmdir af.

Þeir tóku þá einkar-viturlegt ráð. Með mikilli fyrirhöfn tókst þeim að lá háskólastjóru Manitobafylkis til þess að viðurkenna ÍSLENZKA TUNGU JAFNGILDA ÖÐRUM TUNGUM við stúdentspróf, þ. e., nemendurnir gátu kosið sér íslenzku í stað einhvers annara hinna nýju tungumála. Að því fengnu stofnuðu þeir kennaraembætti við einn af hinum æðri skólum í Winnipeg, Wesley College, sem er eign Meþódistakirkjunnar. Aðrir þess konar skólar en kirkjuskólar eru þar ekki til.

Séra Friðrik J. Bergmann var falið þetta nýja embætti. Hann var þá prestur að Gardar í Norður-Dakota. Vegur hans var þar mikill. Söfnuðir hans báru hann á höndum sér.

Fyrir þremur árum var annað sams konar embætti stofnað við Gustavus Adolphus College í St. Peter í Minnesota. Kennari varð þar Magnús Magnússon kandídat frá Englandi, sem dvalið hafði þá hér á landi nokkur ár.

Kenslan í St. Peter hafði ekki þótt svara kostnaði. Flestir Íslendingar eiga langt þangað. Og þeir hafa ekki nema örfáir sótt skólann.

Um kensluna í Winnipeg er alt öðru máli að gegna. Að Wesley-skólanum hefir verið aðstreymi af Íslendingum, síðan er íslenzkukenslan hófst þar. Og mikill meiri hluta íslenzkra nemenda þar hefir lagt stund á íslenzku. Vera Íslendinga þar við skólann hefir aukið mjög veg þjóðflokks vors vestra Kennarar skólans hafa lýst yfir því, að íslenzkir nemendur væru meir en jafnokar annara að andlegri og jafnvel líkamlegri atgervi. Og á því gátu engin tvímæli leikið, að þjóðerni voru vestra var stórmikill styrkur að þessari íslenzku-kenslu.

Nú mátti ætla, að alt gengi vel.

En þá kom trúarofstækið til sögunnar.

Eg gat um það í einum ferðapistli mínum, þeirra er prentaðir hafa verið í Norðurlandi, að sá kvittur hafi gengið um íslenzku bygðirnar í fyrra, að til orða hefði komið á síðasta kirkjuþingi, að reka séra Friðrik J. Bergmann frá kenslunni við Wesley-skólann fyrir TRÚARSKODANIR hans. Mér veittí örðugt að trúa því, að slík óhæfa hefði borið á góma. En nú verða bæði ég og aðrir að trúa því sem meira er.

Að trúarskoðunum séra Friðriks Bergmanns mundi ekki verða fundið í nokkurri lúterskri þjóðkirkju í Norðurálfunni. Hann hefir ekki látið uppi neinn ágreining við kirkjufélagið um neitt trúaratriði. En guðfræði hans er að því leyti önnur en guðfræði séra Jóns Bjarnasonar, að séra Friðrik lítur á ritninguna sömu augum eins og nú er litið á hana VIÐ ALLA SKÓLA NORÐURÁLFUNNAR — og sömu augum eins og litið er á hana Á VIÐ PRESTASKÓLANN HÉR HEIMA. Þá skoðun hefir séra Friðrik látið uppi fyrir mörgum árum. Svo að eftir því getur hún naumast verið tilefnið til þeirrar ofsóknar, sem hafin var gegn honum á kirkjuþinginu í sumar.

En í tímariti sínu Breiðablikum, sem hann hefir haldið úti um tvö ár, hefir hann gerst talsmaður ALGERS SKOÐANA- OG KENNINGARFRELSIS INNAN KIRKJUNNAR. Í því blaðinu, sem út kom næst á undan kirkjuþinginu í sumar, kemst hann meðal annars svo að orði:

"Skoðanafrelsi og kenningarfrelsi fyrir alla, leikmanninn, kennarann og klerkinn, ætti að vera sjálfsögð einkaréttindi með hverri sannmentaðri þjóð. Guði er engin þægð í því, að honum sé þjónað í hafti. Heilög skylda hvers manns er að segja það, sem hann veit í dag sannast og réttast. Öðru má hann aldrei lofa — annað aldrei gera. Sannleikanum verður alt annað til háðungar og — sannleikspjónunum líka. Fagnaðarboðskapnum er með því breytt í lögmálsbölvan".

Þessi frelsiskrafa — jafn-sjálfsögð eins og öllum frjálslyndum mönnum mun finnast hún — hefir kveikt í skapsmunum séra Jóns Bjarnasonar. Á kirkjuþingi, sem haldið var í síðastliðnum júnímánuði, flutti hann erindi um GILDI TRÚARJÁTNINGA. Það er sjálfsagt einstakt í sinni röð innan um öll þau erindi, sem nú eru flutt á nokkru kirkjuþingi eða nokkurri kristilegri samkomu um allan heim. Hann telur þar menn, sem KENNINGARFRELSI halda fram — varga í véum, líkir þeim við EFÍALTES, MÖRÐ VALGARÐSSON, JÚDAS FRÁ KARÍOT, VÍGA-HRAPP og SAUÐAÞJÓFA. Munnsöfnuðurinn sá er ekki að eins ósamboðinn kristnum manni, eða mentuðum manni, heldur og manni með öllum mjalla.

Og öll ókvæðisorðin eru þulin í DROTTINS NAFNI. Það eykur auðvitað andstygðina að stórum mun. En ekki er það annað en það, sem veröldin hefir átt að venjast öld eftir öld. Þegar klerkarnir taka að ofsækja bræður sína, eru þeir vanir að gera það í nafni föður okkar á himnum.

Laginn eftir var aðal orustan háð. Hún stefndi öll að því hjá séra Jóni og hans mönnum, að fá séra Friðrik rekinn frá íslenzkukenslunni við Wesley-skólann. Eftir því, sem Heimskringla skýrir frá, viðurkendi framsögumaður þeirra félaga, Dr. Brandson, "að íslenzkukenslan hefði reynst mæta-vel frá þjóðernislegu sjónarmiði, og hefði laðað fleiri Íslendinga til náms en ella mundi". Sömuleiðis virðist og mega ráða það af umræðna frásögninni, að séra Friðrik hafi aldrei látið bera á ágreiningsskoðunum sínum í starfi sínu við skólann

Samt var lengi við það barist, að fá séra Friðrik rekinn frá kennaraembætti sínu fyrir trúmálaskoðanir, með þeirri fyrirætlun, að koma öðrum manni að í hans stað.

Sú leiðin reyndist ófær. Öllum mönnum hlaut að liggja í augum uppi, að þetta atferli benti ekki á annað en heimdargirni og sóðalegustu tegund hræsninnar.

Ef kirkjufélagið leit á séra Friðrik sem þann frávil'ing í trúarefnum, að kenningar hans væru óþolandi, þá lá beint við, eftir því sem séra Jón Bjarnason hafði haldið fram í ræðunni, sem áður er um getið, að losna við hann sem PREST kirkjufélagsins. Þá var sjálfsagt að skora á söfnuð þann, sem naut þjónustu hans, að segja honum upp — gera það að skilyrði þess, að söfnuðurinn mætti í kirkjufélaginu vera. Ekki virðist þurfa að skýra það mál fyrir neinum heilvita manni, að ef séra Friðrik væri orðinn svo hættulegur í trúarefnum, að ekki mátti trúa honum fyrir því, að segja mönnum til í íslenzku, þá var enn hættulegra, að hann prédikaði í einum af söfnuðum kirkjufélagsins tvisvar á hverjum sunnudegi.

En við PRESTSKAP hans var ekkert reynt að hreyfa.

Söfnuður séra Friðriks er litt efnum búinn, og hefir hingað til ekki séð sér fært, að gjalda séra Friðrik neitt nálægt því, sem prestur þarf til þess að geta verið í Winnipeg. Og enginn íslenzkur prestur vestan hafs mundi vilja leggja á sig jafn-mikið erfiði, eins og séra Friðrik innir af hendi í söfnuði sínum fyrir jafn-lítið gjald. ÞAR var ekki feitan gölt að flá.

En KENNARASTAÐAN við Wesley-skólann er SÆMILEGA LAUNUÐ. ÞAR var þó fremur eftir einhverju að slægjast fyrir dýrkendur ljósfælninnar. Og með ÞEIM hætti varð séra Friðrik komið í FJÁRHAGS-VANDA.

En þessi leiðin reyndist ófær, eins og áður er sagt. Hræsnin var of berskjölduð. Heimdargirnin var of hranalega stórkarlaleg. Þá var það ráð tekið, að snúa ákærunum gegn skólanum sjálfum. Hann væri fullur af vísindalegum vélengingum um bókstaflegan innblástur ritningarinnar og þar fram eftir götunum, svo að réttrúnaði lúterskra ungmenna væri þar hætta búin.

Vitanlega hefir enginn maður, sem nokkurt skyn bar á málið, trúað á þá hætta eitt augnablik Allir hafa hlegið að henni í hjarta sínu, el ofstækiskergjan er ekki búin að fara með hvert bros í sálum manna. Skólinn er kirkjuskóli, stendur á al-kristnum grund velli. Söfnuðir Meþódista hafa reist hann og halda honum við. Hann leggur að sjálfsögðu stund á, að vekja hjá nemendum LOTNINGU FYRIR KRISTINNI TRÚ. EN GUÐFRÆÐI ER ÞAR ENGIN KEND. Og námskröfurnar eru svo miklar, að nemendur hafa engan tíma til þess, að lesa aðrar bækur en kenslubækur skólans, meðan á námstímanum stendur. Geta má nærri, hvort tímanum er þá varið í guðfræðis-ágreining.

En nú reyndist sú leiðin fær, sem verið var að fara. Einn flokkur innan kirkjufélagsins hafði frá öndverðu verið því mótfallinn, að samband væri gert við aðra en lúterska skóla. Nú bar vel í veiði fyrir þá menn. Fylgismenn séra Friðriks sáu, að kirkjufélaginu var ekki trúandi fyrir skólamálinu í neinni mynd. Þeir samþyktu því, að leggja kensluna niður. Og fylgismenn séra Jóns fengu með þeim hætti framgengt eina atriðinu, sem fyrir þeim vaktí: að svifta séra Friðrik kennaraembættinu.

Og eftir alt stappið fékst það samþykt í einu hljóði, að HÆTTA ÍSLENZKU KENSLUNNI á næsta vori VIÐ BÁÐA SKÓLANA.

Þar með er skólamál kirkjufélagsins — það málið, sem félagið hefir haft MESTA SÆMD AF, enda leiðtogarnir borið mest fyrir brjósti —, vafalaust liðið undir lok að fullu og öllu, þó að kirkjuþingin verði sennilega að hjala um það fyrstu árin til málamynda.

Veglegasta þjóðernismál landa vorra vestan hafs hefir verið lagt sem fórn á blótstall drotnunargirninnar, ofrikisins og trúarofstækisins.

Vestur-Íslendingum og þjóðflokki vorum öllum hefir verið gerð óbærileg minkun með Vesturheimsmönnum. Mér er sem ég sjái, hvað hugsað muni verða um Íslendinga, þegar Wesley-skólinn er orðinn svo óguðlegur í hugum þeirra, að þeir þora ekki lengur að standa í sambandi við hann.

En alt þykir tilvinnandi til þess að geta komið fram hefndum á manni, sem ekkert hefir til saka unnið annað en það, að halda frjálslyndinu og umburðarlyndinu að trúbræðrum sínum.

Og alt er þetta unnið í drottins og Krists nafni, innan um sálmasöng og bænahald.

Mikið má það vera, ef engum verður klígjugjarnt.

Einar Hjörleifsson.
("Ísafold")

GERIST KAUPANDI Heimskringlu nú þegar 23 árgangurinn er að byrja. Það er betra seint en aldrei. Þér fáið Heimskringlu í 12 mánuði og tvær góðar sögur fyrir **$2.00**.

Hinir áreiðanlegustu — og þar með hinir vinsælustu — verzlunarmenn auglýsa í Heimskringlu.

—The— Criterion Hotel
McDermott Ave.

Nýtt, vandað gistihús með ágæt herbergi, vönduðustu drykkjir og fínustu vindlar.

Vinsælt meðal Íslendinga. Er beint á móti Tribune byggingunni á McDermott Avenue.

MORICE NOKES
EIGANDI

Woodbine Hotel
Stærsta Billiard Hall í Norðvesturlandinu
Tíu Pool-borð.—Ágætar vín og vindlar.
Lennon & Hebb,
Eigendur.

SPÓNNÝTT HÓTEL
ALGERLEGA NÝTÍZKU
Hotel Majestic

John McDonald,
eigandi.
James St. West, Rétt vestan við Main St.
Winnipeg Telefón 4979

$1.50 á dag og þar yfir
Bandaríkja-snið

Alt sem hér er um hönd haft er af beztu tegund. Reynið oss.

MIDLAND HOTEL
255 Market St, Phone 3491

Nýtt hús, nýr húsbúnaður Fullar byrgðir af allskonar vönduðustu drykkjum og vindlum í hressingarstofunni. Gisting einn dollar á dag og þar yfir.

W. G. GOULD :: FRED. D. PETERS,
Eigendur
WINNIPEG ::: ::: CANADA

Jimmy's HOTEL
Rétt á bak við Pósthúsið

Íslendingar ættu að reyna þetta gistihús. Í hressingarstofunni er sá eini íslenzki vínveitingamaður í Winnipeg.

James Thorpe,
eigandi
Fyrrum eigandi Jimmy's Restaurant

"Í grænu stofunni", mælti hún án þess að líta upp.

"Það skaltu ekki gera oftar", mælti hann ógnandi. "Mamma hefir sagt, að þú hafir þar ekkert að gera. Hvað ertu að skrifa?"

"Það er handa herra Richter".

"Svo, — handa herra Richter", tók hann upp eftir henni og þurkaði út með hendinni alt það, sem hún hafði skrifað. "Ímyndar þú þér, að mamma sé svo heimsk, að borga kennara fyrir að kenna þér sérstaklega. Nei, hún gætir að sér. "Það akal nú taka enda", hefir hún sagt. — Nú getur þú farið þangað, sem þú komst frá, svo verður þú eins og móðir þín, og þeir fara með þig eins og þeir fóru með hana, svona, —" og hann gerði hreyfingu með höndunum eins og skyti hann af byssu.

Barnið horfði undrandi á hann. — Hann var að tala um móður hennar, er hún alt af þráði svo mjög. — það hafði enginn gert fyrri, en hún skildi ekki helminginn af því, sem hann sagði.

"Þú þekkir ekki mömmu mína?" mælti hún spyrjandi, en í efafullum málróma.

"Ó, ég þekki hana miklu betur en þú", mælti hann. Og svo bætti hann við eftir ofurlítla þögn og leit ilskulega til hennar: "Ég þori að veðja, að þú veizt ekki, hverjir foreldrar þínir voru".

Barnið hristi yndislega litla höfuðið. Hún leit á hann forvitnisaugum, en samt var hún hálfhrædd, því hún þekti hann of vel til þess að vita ekki, að það, sem hann sagði henni, myndi hryggja hana.

"Þau voru loddarar!" hrópaði hann illhryssingslega, alveg eins og fólkið, sem við höfum séð við fuglaveiðarnar. Það gerir ýmsar iðróttir, steypir sér kollshnýt og því um líkt, og gengur svo manna á milli með disk og biður um að gefa sér".

Spjaldið féll á gólfið og fór í marga mola. Felicitas hafði stokkið úr sæti sínu. Hún hljóp sem viti sínu fjær út í eldhúsið til Friðriku. Nathanael stóð eftir háll forviða.

"Hann lýgur! Lýgur hann ekki, Friðrika?" spurði barnið í ákafri geðshræringu og greip í handlegg hennar.

"Að vísu lýgur hann ekki, en hann ýkir", sagði Friðrika, er þrátt fyrir geðvonsku sína gat ekki annað en kent í brjósti um barnið, þegar hún sá í hve mikla geðshræringu það komst. "Að vísu betluðu þau ekki, en loddarar voru þau samt sem áður".

"Og þau sýndu illa iþróttir sínar", bætti Nathanael við í því hann gekk yfir að eldstæðinu og horfði rannsakandi augum á Felicitas. Hún grét ennþá ekki, heldur horfði á hann svo fyrirlitlega, að hann varð frávita af ilsku.

"Þau sýndu voðalega ljóta leikí", mælti hann ennfremur. "Mamma þín freistaði með því guðs, skapara okkar, og þess vegna fær hún ekki að koma í himnaríki, segir mamma".

"Hún er ekki dáin", stundi Felicitas. Varir hennar skulfu og hún hélt dauðahaldi í kjól eldakonunnar.

"Víst er hún dáin, heimskinginn þinn, og það fyrir löngu síðan. Þabbi sálugi hefir bara ekki sagt þér það. Hermennirnir skutu hana í ráðhúsinu, þegar hún ætlaði að fara að sýna fimleika sína".

Felicitas rak upp hátt, skerandi hljóð. Friðrika hafði hneigt höfuðið til staðfestingar orðum drengsins. Hann hafði þá ekki logið.

Í þessu kom Hinrik aftur. Nathanael flýtti sér í burtu. Það er eins og þeir, sem hafa vondar lyndiseinkunnir og slæma samvizku, forðist að sjá framan í hreinskilin og góðmannleg andlit. Friðrika var

einnig skömmustuleg, og þurfti alt í einu að laga til hitt og annað á eldastónni.

Barnið hljóðaði ekki lengur, en þrýsti enni sínu að þilinu og byrgði niðri í sér grátinn, eftir því sem bezt hún gat.

Henrik hafði, er hann var í framdyrunum, heyrt hljóð hennar, og hann sá, er Nathanael læddist í burtu. Hann vissi því, að eitthvað hafði komið fyrir. Án þess að segja eitt einasta orð dró hann barnið frá veggnum og leit framan í það. Andlit litlu stúlkunnar bar vott um megnustu sorg, og þegar hún sá, að Hinrik var hjá sér, fór hún aftur að gráta og stamaði út úr sér: "Þeir hafa skotið hana mömmu mína til dauða, — hana ástkæru góðu mömmu mína".

Hið góðmannlega andlit Hinriks varð öskugrátt af reiði, og hann bölvaði í hljóði.

"Hver hefir sagt þér þetta?" spurði hann og leit reiðilega til Friðriku.

Barnið þagði, en Friðrika sagði honum alt saman, og svo skaraði hún í eldinn, helti yfir steikina, þó hún væri nýbúin að því, og gerði hitt og þetta, er alls ekki þurfti að gera, til að þurfa ekki að horfa framan í Hinrik.

"Mér finst nú, að Nathanael hefði ekki þurft strax í dag að segja henni þetta", sagði Friðrika ennfremur. "En á morgun eða hinn daginn segir frúin henni það, og þú mátt vera viss um, að hún tekur ekki á henni með silkihöndum".

Hinrik leiddi Felicitas inn í vinnufólksherbergið og setti hana við hlið sér á tróbekkinn og reyndi að hugga hana eftir því sem bezt hann gat. Hann sagði henni með mjög vægum orðum, það sem skeð hafði í ráðhúsinu, og svo sagði hann henni, að mamma hennar hefði verið falleg, og allir hefðu

sagt, að hún líti út eins og engill, og nú væri hún á himnum hjá guði, og sæi æfinlega niður til litlu Fee. Svo klappaði hann hlýlega á höfuð barnsins, sem fór nú aftur að gráta.

VIII.

DÓMURINN.

Næsta morgun var kirkjuklukkunum hringt og kirkjufólkið streymdi eftir mjóum beinum stíg, er lá upp að kirkjunni, er kölluð var "Berfættra munkakirkja", og stóð fyrir ofan bæinn. Sumir báru flauels og silkibúning, aðrir voru aftur á móti ekki eins skrautlega klæddir. Samt voru allir í sínum beztu fötum, bæði af virðingu fyrir guðsþjónustunni, og líka til að geðjast náunganum.

Frá hinu veglega húsi á horni aðalgötu þorpsins gekk lítil, svartklædd stúlka upp kirkjustiginn. Enginn mundi hafa þekt litlu Felicitas, þar sem hún gekk með stórt, gróft, svart sjal yfir herðum sér, nælt saman með nál undir hökunni. Það huldi alveg hina yndislegu limaburði hennar. Friðrika hafði um leið og hún lét það á hana, sagt henni, að frú Heilwig hefði gefið henni þetta fallega sjal, sem hún ætti að bera sem sorgarbúning. Svo hafði Friðrika lagt ríkt á við barnið, að fara ekki inn í stól Heilwigs ættarinnar í kirkjunni, eins og hún var vön að gera, heldur sitja hjá skólabörnunum. Það væri nóg rúm í bekknum hjá þeim.

Felicitas tók nú sálmabókina og flýtti sér af stað. Henni var auðsjáanlega ant um, að komast áfram. — Hinu megin í götunni gengu þrjár persón-

Athugasemdir við trúarjátning vora.

Það má sjá, af útdrætti úr fyrirlestri séra Jóns Bjarnssonar um "Gildi trúarjátningar", og umræðum, er út af því spunnust af prest um lúterska kirkjuþinginu, að trú arjátning lútersku kirkjunnar, — sem köluð er þó "kristleg" —, er orðin þeim sumum að nokkurskonar villuljósi, sem varla sé nú lengur hafandi, en þyrfti að verndast af hæverskri, eins og flest annað undir óréttvísinnar fyrirkomulagi óréttvísra tímabila. Ég get þó glaðst af að sjá, að það muni þó ekki vera dauðasök, að hreyta til, og auka ljósi við annað ljós, sem ekki er farið að lýsa mönnum yfir þekkingarsviðið nú, en sem áður var brúkanlegt meðan svið var minna. Og þó ég sé nú langt fyrir neðan það, að vera gæddur presta hæfileikum, í flestum greinum, og ekki heldur prestur — eins og allir vita — eða neins konar leiðandi maður, þá ætla ég nú að biðja um orðið, að fá að láta í ljósi mína meiningu um þetta málefni. Því ég álít, að allir þurfi það að geta skilið, til að fylgja því rétt eða þá að vera þar utanvið. Ég tala ekki í þeirri meiningu, að minn skilningur á málinu sé viðtekinn, né forsmáður, í hugsunarleysi, heldur veitt hlíðsjón til af beztu sannfæringu og grandskoðun, ef um grandskoðun mætti tala.

Ég tek þá upp fyrstu grein trúarjátningar vorrar, og hefi ekkert út á hana að setja, hún er rétt og óbreytanleg samkvæmt kristilegri kirkju. Hér segir: "Ég trúi á einn guð föður, almáttugan skapara himins og jarðar". Sem meinar, að ég trúi á einn en ekki tvo guði, og að hann sé faðir vor, og skapari alls, án nokkurar undantekningar. Þar með er þessi grein búin.

Þá kemur önnur grein, sem meira verður tvíræð, og sumt í mótsetning við fyrstu grein. Hér segir: "Ég trúi á Jesúm Krist, son hans eingetinn, drottinn vorn, —" Hér er auðsjáanlega röng framsetning, er þurfti að framsetjast líkt þessu: Ég trúi, að Jesús Kristur sé guðs sonur, fyltur guðs heilaga anda og í eðlissambandi við hann. Frumburður Maríu, konu Jóseps, síns eiginmanns. Er var píndur, krossfestur, deyddur og greftraður, samkvæmt valdstjórnarráði þess tíma. Upprisinn af holdinu (sama og útgenginn) og uppstiginn til himneskrar vistarveru, þaðan aftur komandi til að framkvæma sína mission, er hann varð að yfirgefa. Ef menn kunna betur við, að niðurföriu til helvítis sé ekki feld úr, þá meinar hún ekkert annað, en frá guðlegu heilagsandaeðli himnaríkis til holdlegs, veraldlegs eðlis. Neínilega frá hæsta lífsstigi, er vér keppum að, niður til hins sama stigs, er vér stöndum á. Vér vitum ekki til, að hann fölli eða stigi dýpra niður. Hann kom í föðursins andlegu eiginleikum, sem er sama og réttvísinnar guðlega eðli, til að snúa mannkyninu frá óréttvísinnar fáfræðis villumyrkri, er sífeldlega er og verður óvinveitt réttvísi og hennar guðlegu og góðu framþróun. Ef ég trú á guð og soninn í tveim persónuleikum, svipað og hjón eru, sem elskast og andlega eru samejnuð, og guðlegu eðlislögmáli samkvæm, þá trúi ég á tvo guði. Þar geri ég Kristi og mér óréttlæti, því þar með ræni ég guð sinná dýrð, og gef öðrum það, er ég hvorki á, eða get frjálslega öðrum gefið. Stel ég þar gulli frá guði og gef — eða reyni að gefa, — hans syni það, sem hann aldrei af mér þiggur í sínum rétt ihugaða persónuleik. Hér er hrein réttvísi við að skilta, er ekkert þiggur sér ósamboðið. Með því losast hann ekki við sinn kross. Frelsis heimtingin til hans er syndabyrði vor, sem liggur honum á herðum, sem vér þurfum réttvíslega sjálfir að sjá, hvors er að bera og afplána. Þar í liggur opinberlega sama eðli eins og þegar vér gerum hver öðrum rangt. Þá eðlisfarslega borgast það rangæti ekki með öðru en andlegri fyrirgefningu þess, sem fyrir óréttinum verður, sé hún þá þegin.

Þá er nú þriðja greinin. Gáum að hennl: "Ég trúi á heilagan anda". Þarna kemur þá þriðja persónan, sem mér er sagt að trúa á og við trúum á í guði einum, og eigum að trúa á í honum einum. Ég segi því til útskýringar: Ég trúi á guð. En ég trúi Jesú Kristi. Það er sitt hvað að segja: "ég trúi á", eða að segja: "ég trúi". Ég trúi ekki á alt, sem ég trúi fyrir að vera satt. Ég trúi heilögum anda (fyrir að leiða mig til sannleikans og réttlætisins). Ég trúi, að það sé ein heilög og almenn kristileg kirkja, sem þýðir og er samneyti heilagra (andleg sátt og sameining), fyrirgefning synda og uppreisn andans til æðra stigs og fullkomleika eilífs lífs — guðsríkis. Í réttlæti og heilagleikans samnautn — er kristilega kirkjan, sem Jesús stofnsetti — komum vér í samneyti guðs og Krists. Þar sameinumst við guðs persónuleik. Þar þurfum við að koma öll saman. Hann er brunapunktur trúar vorrar. Í honum erum, lifum og hrærumst vér. Í honum fáum vér vort samneyti, en hvergi annarstaðar réttlátlega. Þar er vor tilbeiðslustaður. Þar er friður, sátt og fyrirgefning alfullkomin og eilíft líf. Vér öll, er þar komum, komum saman í einingu andans og bandi friðar, frelsuð frá óréttvísi og hennar sorglega fáfræðis myrkri. Annars er þar ekki vort heimili.

Hjón eru sameinuð í guðlegum kærleika, elsku og eindrægni, réttvísi og dygð, sem bezt má verða. Lífi þeirra er unaður og gleði. Þar stendur sameðlið á hástigi kærleikans. Þar er guðs musteri. Hann býr í sálum þeirra og þeirra sál í honum. Þau eru eitt með guði og guð með þeim. Það meinar, að í þessari þrenningu, guði, manni og konu, býr guðs eðlis samræmi, og vinnur sem eitt væri. Því sameðli tveggja, þriggja eða hvað margra sem er, vinnur í sam ræmi. Það er eðlissamræmið, sem sameininguna skapar, líkt og það er eðlisósamræmið, sem óeininguna skapar. Jesús Kristur var fyltur þessu góða eðlissamræmi við föðurinn guð, og þar fyrir gat hann með sanni sagt: "Ég og faðirinn erum eitt". Í engri réttri orðsins merking segir hann oss á sig að trúa. En að trúa sér, er alt annað. Boðorð hans er: "Elskið hver annan eins og ég elska yður" Ef að þér haldið mín boðorð, þá munuð þér halda minni elsku, eins og ég hélt boðorð föður míns og held hans elsku. "Þetta er hið eilífa líf, að þér þekkið einn annan guð, og þann, sem hann sendi, Jesúm Krist". Þetta meinar: Að vér verðum að þekkja guðdóms persónu Jesú Krists í eðlisfarslegri eining við guðdóm föðursins, til þess vér skiljum þá æðstu eðlisfarslegu réttvísi, er vér þurfum að keppa að ogná til að skilja og sjá guðsríki. Guðs átrúnaður er einn samkvæmur Jesú Kristi. Enginn annar en guð er réttvís og algóður. Engum öðrum en honum ber sú dýrð. Enginn annar er sjálfráður. Enginn annar allstaðar nálægur. Enginn annar almáttugur. Enginn annar alréttvís, og enginn annar ósundurgreinanlegur, því síður honum fremri. Við hann stansa vorar hugsanlegu stigbreytingar upp á við. Trúarjátning kristilegrar kirkju getur aldrei orðið hermerki eða herhvöt, því hermerki er ósamlíkjanlegt við guðlegt gæzku og réttlætismerki. Hermerki tilheyrir ofurvaldi og Satans (óréttvísinnar) myrkraríkis ánauð, er leiðir oss frá hinu guðlega góða. Merki Krists er réttlætis og friðar merki. Það er samkvæmt hans rétta persónuleik. Kristileg kirkja er ekki Krists brúður, ef hún er ekki honum samræm. Ekki honum samkvæm, ef hún slær sér út við Satans þjóna eða eindregna holdsins þræla. Hún lifir aldrei nema kvalafullu lífi og þroskalausu undir stofnuleysi óréttvísinnar, fremur en hvetjakur án hrðingar. Hennar merki er því friðar og réttvísimerki og Kristur er hennar merkisberi. Krists kirkja verður að vera í samræmi við sinn brúðguma, því slái hún sér út með óréttvísi, þá hrynur musterið eða verður að falsljósi og hennar postular falsspámenn, falskennendur, blindaðir af óréttvísi frá að sjá, hvað réttvíst er. Lifandi Kristur er hér meðal vor þann dag í dag, og óskar, að vér tilbiðjum guð föður vorn, en ekki hinn dána Nazarenus, hvern sumir, er kalla sig kristna, hafa tilbeðið og tilbiðja enn í stað guðs föðurs. Þeir, sem ekki trúa á aukning nútímans ljóss, eru því villuráðandi.

Ég hefi þá sýnt þess dálítinn lit, hvernig ég vil hlýnna að minni trúarjátningar óðalsein, samkvæmt áliti séra Fr. J. Bergmanns getur hún verið fremur óðalsein mér, en aldrei hermerki né herhvöt. Frá innstu réttvísis sjón, má ekkert kristilegt trúarlíf innvinnast með hernaði, heldur með réttum skilning um hvað er réttvíst og samkvæmt réttvísi. Réttvísin er ekki réttvísi, ef hún helgar sér óföl innunnin með óréttvísunnar valdboði og ránsaðferð, blóðugum bardögum og svívirðu eyðileggingar. Réttvísin viðurkennir aldrei svo fengna muni sína eign, hún getur ekki brúkað þá og verið frjáls frá þrælsböndum óréttvísis. Krossinn, sem Jesús Kristur var negldur á, var byrðin þess samsoðna valdráða og heimslega óréttlætis félagsskapar, sem samansafnaði ekki eingöngu sinni eigin syndabyrði fyrir hann að bera í sinn stað, heldur líka hlóð þar undir og ofan á allra annara fyr og síðari syndaþræla byrðum, rétt á sama máta og hlaðið var á hesta á Íslandi, og þeir svo dóu undir þeim ofþunga, voru ekki fyr leystir frá. Oft munu menn samt haka iðrast þessarar ómiskunsemi, og afplánað þar með brot sitt móti réttvísinni. En Kristur ber þessa sömu byrði enn þann dag í dag, og einlægt, þar til vér öll við urkennum hvert með öðru, að það sé réttvísis skylda vor, að hver beri sina eigin, og beiðumst fyrirgefningar að hafa hlaðið á hann í þeirri trú, að hann óþakklátlega bæri vora syndabyrði. En á meðan vér ekki viljum sjá réttinn, — hvers er að svara fyrir óréttinn, þá þýðir ekkert að frambjóða fyrirgefningu, hún er ekki í réttum anda þegin. Sá réttkristni þarf ætíð að vera reiðubúinn að fyrirgefa öðrum mótgerðir honum gerðar, en hinn hefir fyrirgefningar engin not, fyr en af hjarta það þiggur að sér sé fyrirgefið, og til þess það að geta þegið, þá verður hann að kannast við að hafa gert öðrum rangt til. Þá, en fyr ekki, er synd hans fyrirgefin. Þar með uppfyllist réttlætið, en fyr ekki. Fyrst er að sjá, hvað réttvíst er, og svo að vinna að réttvísi.

Trúarjátning mín er svona:

1. gr. Ég trúi á einn guð föður, almáttugan, skapara alls.

2. gr. Ég trúi, að Jesús Kristur sé guðs sonur, fyltur guðs heilaga anda og í eðlissamræmi við hann. Frumburður Maríu konu Jóseps hennar eiginmanns. Er píndur var, krossfestur og deyddur og greftraður samkvæmt valdstjórnarráði þess tíma. Frá heilags anda vistarveru til manndóms niðurstiginn. Upprisinn og útgenginn af holdinu og uppstiginn til himins vistarveru. Þaðan komandi, að framhalda sínum boðskap, er hann var hrakinn frá.

3. gr. Ég trúi heilögum anda, er leiðir mig til réttlætis og heilagrar kristinnar kirkju, til samnautnar heilagra, fyrirgefningar missgerða, andans uppreisnar og eilífs lífs.

Þetta er minn "Spiritualismus" (andatrú).

B. G. Backman.

F. Deluca

Verzlar með matvöru, aldini, smá-kökur, allskonar sætindi, mjólk og rjóma, sönul. tóbak og vindla. Óskar viðskifta Íslend. Heitt kaffi eða te á öllum tímum. Fón 7756

Tvær búðir:
587 Notre Dame og 714 Maryland St.

The Dominion Bank

NOTRE DAME Ave. BRANCH Cor. Nena St.

Vér seljum peningaávísanir borganlegar á Íslandi og öðrum lönd.

Allskonar bankastörf af hendi leyst

SPARISJÓDS-DEILDIN

tekur $1.00 innlag og yfir og gefur hæstu gildandi vexti, sem leggjast við innstæðufé 4 sinnum á ári, 30. júní, 30. sept. 31. desember og 31. march.

Ýmsar ástæður

eru fyrir því að vér höfum eins gott kjöt og nok kur annar kjötsali í bænum Reynið hvort ekki er

C. G. JOHNSON

Telefón 2631

Á horninu á Ellice og Langside St

Giftingaleyfisbrjef

selur Kr. Ásg. Benediktsson,

549 Simcoe St. Winnipeg.

Til fullkomnustu tryggingar Váttryggið fasteignir yðar hjá The

St. Paul Fire & Marine Ins. Co.

Eignir félags, eru yfir 5 millión dollars. Skaðabætur borgaðar af San Francisco eldinum 1¼ mill. SKULI HANSSON & CO., 55 Tribune Bldg., Phone 6476, eru sérstakir umboðsmenn.

E. S. Miller Limited

Aðal umboðsmenn

PHONE 2088 219 McINTYRE BLK.

WINNIPEG Business College

FÉKK FYRSTU VERÐLAUN Á SAINT LOUIS SÝNINGUNNI.

Cor. Portage Ave and Fort St.

Leitið upplýsinga um kenslugreinar vorar. — Kveldkensla byrjar 2. september. — Það borgar sig að nota kveldin til að menta sig.

G. W. DONALD, ráðsmaður.

Cancer Cure.

R. D. EVANS, sem fann upp hið viðfræga lyf til lækninga

krabbameinum

óskar að allir sem nú þjást af krabbameinum, skrifi sér. 2. daga notkun meðalsins, lækuar útvortis eða innvortis krabbamein. Skrifið strax til R. D Evans, Brandon, Man. 27-4-8

Með því að biðja sérlega um "T.L. CIGAR," þá ertu viss að fá ágætan vindil.

T.L.

T.L. CIGAR

(UNION MADE)

Western Cigar Factory

Thomas Lee, eigandi Winnipeg

Redwood Lager og Extra Porter

Styrkið

taugarnar með því að drekka eitt staup af öðrum hvorum þessum ágæta heimilis bjór, á undan hverri máltíð. — Reynið !!

EDWARD L. DREWRY Manufacturer & Importer Winnipeg, Canada.

Department of Agriculture and Immigration.

MANITOBA

Þetta fylki hefir 41,169,089 ekrur lands, 6,019,200 ekrur eru vötn, sem veita landinu raka til akuryrkjuþarfa. Þess vegna höfum vér jafnan nægan raka til uppskeru tryggingar.

Ennþá eru 25 miljónir ekrur óteknar, sem fá má með heimilisrétti eða kaupum.

Íbúatala árið 1901 var 255,211, nú er hún orðin 400,000 manns, hefir nálega tvöfaldast á 7 árum.

Íbúatala Winnipeg borgar árið 1901 var 42,240, en nú um 115 þúsundir, hefir meir en tvöfaldast á 7 árum.

Flutningstæki eru nú sem næst fullkomin, 3516 mílur járnbrauta eru í fylkinu, sem allar liggja út frá Winnipeg. Þrjár þverlandsbrauta lestir fara daglega frá Winnipeg, og innan fárra mánaða verða þær 5 talsins, þegar Grand Trunk Pacific og Canadian Northern bætast við.

Framför fylkisins er sjáanleg hvar sem litið er. Þér ættuð að taka þar bólfestu. Ekkert annað land getur sýnt sama vöxt á sama tímabili.

TIL FERDAMANNA:

Farið ekki framhjá Winnipeg, án þess að grensiast um stjórn ar og járnbrautarlönd til sölu, og útvega yður fullkomnar upplýsingar um heimilisréttarlönd og fjárgróða möguleika.

R. P. ROBLIN.

Stjórnarformaður og Akuryrkjumála Ráðgjafi.

Skrifið eftir upplýsingum til

Joseph Burke. 178 LOGAN AVE., WINNIPEG.

Jas. Hartney 77 YORK ST., TORONTO.

ur, mjög hægt, og er hún sá það, hægði hún heldur á sér. ..... Já, hún gekk þarna, hin hávaxna kona, máli beggja sona sinna, og allir, sem mættu henni, hneigðu sig djúpt og auðmjúklega fyrir henni. Þó leit hún aldrei hlýlega til nokkurs einasta manns, og allir, sem leituðu hjálpar hjá henni, fengu að eins hörð orð og fyrirlitningu. Og yngri sonur hennar barði þau betlara börn, sem voguðu sér inn í húsið, — hann var lýgnn, og laug oft, en sór svo hátíðlega strax á eftir, að hann segði sannleikann. Alt þetta gerði ekkert til. Þau gengu nú í guðshús og settust inn í lokaðan stól undir skrautglugga, og báðu til guðs, — og hann elskaði þau, og þau fengu að koma í himininn til hans. — Þau voru heldur ekki l o d d a r a r!

Þessar þrjár manneskjur hurfu nú inn um kirkjudyrnar. Felicitas horfði óttaslegin á eftir þeim. Svo læddist hún fram hjá mörgum opnum dyrum. Hún sá alla kirkjuhvelfinguna, heyrði orgeltónana, en hún veitti þeim enga eftirtekt. Henni var mjög órótt, og litla hjartað hennar sló hratt er hún gekk frá kirkjunni. — Hún gat ekki í dag beðið til hins góða guðs, — sem vildi ekki lofa vesalings góðu mönnnu að vera hjá sér, hafði ekki neitt rúm handa henni í hinum stóra, bláa himni. — Hún lá einmana úti í kirkjugarðinum, og þangað ætlaði barnið til að heimsækja hana.

Felicitas gekk nú eftir öðrum stíg, sem náði enn þá lengra upp eftir. Svo kom hún að girðingunni fyrir utan barna, ljótum, gráum múrvegg með enn þá ljótari turni. En fyrir utan sá hún glitta í grængresi, — það voru linditré, sem breiddust upp með hinum gömlu múrum, álíka eins og þegar myrtuknans er lagðar á gráhært höfuð. Hátíðleg þögn hvildi þar yfir öllu, og barnið hræddist sitt eigið fótatak, þegar það gekk eftir steinlögðum vegin-

um. Hún fór þetta líka í leyfisleysi, en hún hélt áfram og flýtti sér æ meira og meira, þangað til loksins hún staðnæmdist dauðuppgefin fyrir utan kirkjugarðshliðið.

Hún hafði aldrei komið hingað fyr, og vissi ekkert um hinar smáu þústir, er láu þar hver við annarar hlið, — þennan hvildarstað hinna þreyttu. — Við inngangnn, sem járngrindur voru fyrir, stóðu tveir yll-runnar, og greinar þeirra sveigðust til jarðar undan þunga stóru, svörtu berjanna, sem á þeim voru. — Skammt frá stóð gömul, fornfáleg kirkja, en lengra í burtu lá graslendi þétt sett fögrum blómum og runnum, sem haustsólin varpaði á hinum gullnu geislum sínum.

"Að hverju ertu að gá, litla stúlka mín?" spurði snöggklæddur maður, sem stóð við líkhúsdyrnar og var að reykja.

"Að mömmu minni", mælti barnið og rendi forvitnisaugum yfir allar blómsturskreyttu grafirnar.

"Svo, — er hún dáin? Hver var hún?"

"Hún var kona loddarans".

"Nú, hún, — sem fyrir nokkrum árum síðan dó á ráðhúsinu. — Hún liggur þarna rétt við kirkjuhornið".

Nú stóð litla, munaðarlausa barnið við gröf móður sinnar, sem hana hafði svo oft dreymt um, að hugurinn snerist ávalt um hana. Hringinn í kring voru blómumstráðar grafir, — á sumum þeirra var svo mikið af marglitu smástirni, að það var engu líkara, en guð hefði látið allar stjörnurnar falla af himninum og niður á grafirnar. Að eins á leiðinu, er barnið stóð við, voru engin blóm, — að eins fáein grasstrá, er farin voru að visna, og ónærgætnir menn höfðu troðið niður. Moldin hafði sigið niður í rigningum, svo steinninn, sem lá yfir gröfinni, sást ekki alveg allur. — Meta d'Orlowsky, stóð á honum

með stórum, svörtum stöfum. — Felicitas settist hjá steininum og rótaði með hendinni í moldinni. — Mold — ekkert annað en mold. — Þetta þunga, tilfinningarlausa efni huldi hið ástkæra andlit, hinn elskaða líkama, sem lá þarna í hvítum atlasksilkis klæðum með blóm í hvítu stirðnuðu höndunum. — Nú vissi barnið, að móðurin hafði ekki eingöngá sofið, þegar hún sá hana í síðasta sinni.

"Elsku mamma", hvíslaði hún, — "þú getur ekki séð mig, — en ég er hér hjá þér, — og þó að guð vilji ekki lofa þér að vera hjá sér — hann hefir heldur ekki gefið þér nein blóm — og þó engum manni þykji vænt um þig, — þá skal mér þykja vænt um þig og alt af koma til þín. Ég skal ekki láta mér þykja vænt um neinn nema þig, ekki einu sinni um guð, því hann er vondur við þig, og vill ekki lofa þér að vera hjá sér".

Þetta var fyrsta bæn barnsins við gröf hinnar bannærðu móður. — Hægur vindblær leið fram hjá, — alveg eins hugljúfur og svalandi eins og þegar umhyggjusöm móðir leggur hendi sína á enni hins sóttveika barns síns. Smástirnin lutu niður að sorgbitna, litla barninu, og vindblærinn feykti grasstráunum tal og frá. Hátt uppi blasti við himinnn heiður og blár, — hinn endalausi, ómbreytanlegi himinn, er hugmyndir mannanna gera að leikvelli jarðneskra ástríða.

Þegar Felicitas löngu síðar kom heim til sín, — hún vissi ekkert, hve lengi hún hafði setið dreymandi úti í kirkjugarðinum, — stóð framhurðin í hálfa gátt. Hún læddist inn, en settast strax út í horn, því dyrnar á skrifstofu frænda hennar stóðu galopnar, og Jóhannes gekk þar um gólf og var að tala við móður sína.

Frá því deginum áður hafði hjarta barnsins verið þrungið af reiði, en nú varð hræðslan reiðinni yfir-

sterkari. — Hún óttaðist svo þessi grái, harðlegu augu og þennan kalda, tilfinningarlausa málrómn. — Hún var svo hrædd, að hún þorði ekki að hreyfa sig, heldur stóð sem fastnegld þar sem hún var komin.

"Ég er alveg á sama máli og þú, móðir mín", mælti Jóhannes í því hann staðnæmdist á gólfinu. "Það væri náttúrlega best fyrir barnið, að alast upp hjá almúgafólki, — en þetta hálfnaða bréf, sem faðir minn hefir skrifað rétt fyrir dauða sinn, í því felur hann mér á hendur umsjá með barninu, og það svo skilmerkilega, að ég álít það eins gildandi og erfðaskrá. Í fyrsta lagi vill faðir minn, að hún alist hér upp, — undir engum kringumstæðum fari af heimilinu, nema faðir hennar komi og krefjist hennar, — og svo endar hann með þessum orðum: "Ég þori fullkomlega, að trúa þér fyrir barninu, sem mér var trúað fyrir". — — — Mér ber ekki að finna að gerðum föður míns, en ef hann hefði vitað, hve mikla óbeit ég hefi á sams konar fólki og barn þetta á ætt sitt að rekja til, þá hefði hann hlíft mér við þessu".

"Þú veizt ekki, hvers þú krefst af mér, Jóhannes", sagði ekkjan mjög ergilega. "Í fimm ár hefi ég þegjandi orðið að þola þetta úrþvætti í kring um mig, — og ég þoli það ekki lengur".

"Nú, — þá er ekkert annað hægt að gera, en halda spurnum fyrir um föður hennar".

"Já, þá máttu lengi leita", sagði frú Heilwig og hló kaldan hæðnishlátur. — "Hann þakkar víst guði fyrir, að þurfa ekki að draga umsorgun fyrir henni. Böhm læknir hefir líka sagt mér, að það hafi að eins eitt bréf komið frá honum rétt eftir að hann fór héðan, og þá var hann í Hamborg. Síðan hefir hann aldrei skrifað".

"Sem góð, kristin kona vilt þú heldur ekki, kæra móðir mín, að barnið hverfi aftur til föður síns, og stundi þá iðn, er tortímir sálu þess".

Vesturför.

Herra Einar Hjörleifsson ritar í Norðurland, dags. 4. júlí sl., um tíðarmensku Vestur-Íslendinga á þessa leið:

Vestur-Íslendingar eru manna fúsastir til lesturs og ritstarfa. Það má af mörgu marka. Og meðal annars af blöðum þeirra.

Af þem hafa þeir, að tiltölu við fólksfjölda, ógrynnin öll. Mest ber á vikublöðunum í Winnipeg, Heimskringlu og Lögbergi.

Heimskringlu stofnaði Frímann B. Anderson 1886. Meðritstjórar hans vorum við Eggert Jóhannsson frá Steinsstöðum í Skagafirði í fyrstu. Útgefándi komst í fjárþröng eftir 3—4 mánuði, og þá varð eitthvað missiris dvöl á útkomu blaðsins. Þegar það kom á fót aftur, varð Eggert Jóhannsson ritstjóri einn. Nú hefir Baldvin L. Baldvinsson verið ritstjóri blaðsins um mörg ár. Hann er, svo sem kunnugt er, einn af helztu Íslendingum vestra, og hefir setið á Manitoba-þingi mörg ár, sem fulltrúi Ný-Íslendinga. Við síðustu kosningar varð Sigtr. Jónasson honum sigursælli þar í kjördæminu.

Heimskringlu er stjórnað eftir öðrum reglum en nokkru öðru blaði, sem ég þekki. Þar er alt prentað, sem blaðinu berst, fallegt og ljótt, viturlegt og vitlaust og hvorugt. Það staðar alls ekki af því, að ritstjóri berí ekki gott skyn á það, sem honum er sent. Hana er prýðis-vel skýr maður og hygginn, og ritfer sjálfur. En hann lítur svo á, sem svona eigi frjálslynd blöð að haga sér, varna engum málfrelsis í dálkum sínum, og að það auki vinsældir blaðsins. Stundum hefi ég séð þar heldur óþverraleg ónot um ritstjórann sjálfan, prentuð athugasemdalaust.

Ég minnist einnar greinar, sem stóð í fyrsta blaðinu, er út kom eftir er ég kom vestur. Íslendingadagurinn var ný-afstaðinn. Hann var í þetta sinn nokkurs konar friðar- og samkomulags hátíð. Vestur-Íslendingar höfðu um allmörg ár ekki getað komið sér saman um, hvern dag hátíðin skyldi haldin. Fyrsta hátíðin hafði verið haldin 2. ágúst, og við þann dag valdu sumir halda. Aðrir kusu heldur 17. júní. Þetta hafði mönnum orðið svo mikið kappsmál, þó að kynlegt megi virðast, að "17-júní-menn" vildu ekki sækja samkomurnar, sem haldnar voru 2. ágúst. En nú hafði orðið að samningum, að halda hátíðina 2. ágúst — eftir því sem mér skildist, þangað til Austur-Íslendingar kæmu sér saman um einhvern annan þjóðminningardag. Og sumir þeirra manna, sem fastast höfðu haldið fram 17. júní, sýndu sáttfýsi sína með því, að flytja ræður þennan dag. Og yfirleitt fjölmentu þeir, eins og ekkert hefði í skorist. Í þessari grein, sem ég mintist á, var sáttfýsi mannanna gerð að svívirðingarefni í þeirra garð. Og greinin var ekkert annað en óþverralegur og heimskulegur geðvonskuslettur. Við hana gerði ritstjórinn athugasemd, sem fór í þá átt, að því færi svo fjarri, að líkindi væru til þess, að greinin hefði nokkurar góðar afleiðingar, að hún virtist ekki vera rituð í neinum góðum tilgangi.

Ég sagði við sjálfan mig: Hvers vegna vera að prenta grein, sem ekki kemur neinu góðu til vegar, og er ekki einu sinni rituð í góðum tilgangi? Hvert erindi á slíkt inn í blöðin? En ég áttaði mig á því á eftir, að ritstjórinn fór þar eftir meginreglu, sem hann telur holla og góða. Vitanlega megi fara illa með hana, eins og frelsið sjálft. En það sé þá ekki á hans ábyrgð, heldur höfundanna.

Með þessari ritstjórn er Heimskringla alveg einstætt blað. Að sumu leyti sýnir hún menningarstig almennings betur en nokkurt annað blað, sem ég þekki. Og þegar frá líður, hlýtur hún að verða, frá því sjónarmiði, talin furðu merkilegt blað. Þar kemur hver til dyranna eins og hann er klæddur. En í öðrum blöðum er það tíðast, að aðrir fái ekki að sýna sig gestunum en þeir, sem eiga til einhver spárifót. Eða þeim er þá að mánsta kosti greitt, og sópað af þeim mesta rykinu. Það munu flestir ritstjórar kannast við. Og sú hliðin er ekki talin vandaminst á starfi þeirra, að kunna að hafna.

Og afleiðingin af þessari ritstjórnar-meginreglu hefir orðið sú, að svo mikið hefir lent hjá blaðinu af þeim höfundum, sem engar aðrir mundu vilja hýsa. Menn, sem setja saman alls konar óþverra. Menn, sem hvorki hafa þekking né hæfileika til ritstarfa, en alt af vilja vera eitthvað að bulla. Og það hefir jafnframt fælt frá blaðinu þá, sem ekki kunna við sig í þeim hóp, þrátt fyrir það á blaðið vist töluverðum vinsældum að fagna. Ritstjórinn hyggur vist, að þær vinsældir stafi að einhverju leyti af því, hvað blað hans er gestrisið við vitleysuna. Ég held, að því sé ekki svo farið. Ég held, að þær stafi eingöngu af því, hvað blaðið er jafnframt gestrisið við vitið. Það heldur uppi merki andlegs frelsis. Menn finna, að í því er þess tilveruréttur fólginn. Og sá réttur er ávalt góður og gildur.

Lögberg er langstærsta blaðið, sem gefið er út á íslenzku. Það var stofnað 1888, og Sigtr. Jónasson átti mestan og bezttan þáttinn í stofnun þess. Að því standa ýmsir af helztu Winnipeg-Íslendingum, einkum vinir séra Jóns Bjarnasonar. Forseti félagsins, sem gefur blaðið út, er Tómas Jónsson, sem ég hefi áður minst á. En ritstjórinn er Stefán Björnsson, cand. theol. Honum kynist ég lítið. En aðstoðarritstjóra hans dáðist mörg, Birni Pálssyni, skálds Ólafssonar. Hann fór fyrir nokkurum árum héðan af landi til Harvard háskólans, ætlaði að leggja stund á rafmagnsfræði, en gat ekki haldist þar við vegna félevsis. Þegar hann hafði aflað sér fjár, hafði hann í byggju, að halda áfram námi. Og langlíklegast þykir mér, að hann muni halda heim að því loknu. Það leyndi sér ekki, að hingað leitaði hugurinn. Áhugiinn á málum ættjarðarinnar var mjög heitur. Hann ritaði stöðugt fréttir frá Íslandi í mesta blað Canada, Winnipeg Free Press.

Undir núverandi ritstjórn er Lögberg yfirleitt gætið blað og stillilega ritað, fréttablað gott og margvíslegur fróðleikur í því. Um austur-íslenzk framfaramál talar það af góðvild. En hugsjónar-tilþrif ekki mikil.

Bæði blöðin sýndu mér hina mestu alúð. Lögberg hélt mér veglega veislu, sem gömlum ritstjóra sínum, í hinum glæsilegu sölum í íbúðarhúsi Jóns Vopna. Í veizlunni voru um 60 manns. Ræðumenn voru Tómas Jónsson, bræðurnir Magnús og Vilhelm Pálssynir og Sigtr. Jónasson. Sjaldan heyrast í samkvæmum hér á landi jafn-snjallar ræður og sumar þeirra, sem þar voru fluttar. Ég fann því meir til þeirrar trygðar og ástúðar, sem þar kom fram við mig, sem ég vissi vel, að flesta samkvæmisgestina greindi til muna á við mig um sumar þær skoðanir, sem liggja mér í mestu rúmi.

Norður á Gimli í Nýja Íslandi er gefið út íslenzkt vikublað, sem heitir Baldur. Núverandi ritstjóri þess er séra Jóhann P. Sólmundsson, Únitaraprestur. Það heldur fram skoðunum jafnaðarmann í stjórnmálum og Únitara í trúmálum.

Sameiningin, blað kirkjufélagsins, er elzt allra íslenzkra blaða, sem nú er uppi með Vestur-Íslendingum, stofnað 1886, og séra Jón Bjarnason hefir verið ritstjóri hennar öll árin. Blaðið hefir unnið kappsamlega að eflingu kirkjufélagsins. Og gáfur ritstjórans hafa oft komið þar glæsilega fram. Þess mikla mein er það, hve ritstjóranum er þess varnað, að samþýða hugsjónir nútímans huga sínum. Menn hljóta að finna til þess, æ betur og betur, að það, sem haldið er að þeim í því blaði, veitir ekki sálum þeirra neina verulega næring. Það heyrir til fornum ferli mannsandans. Og sumt ríður beint bág við þekkingu mannanna nú á tímum.

Í því efni er Breiðablikum séra Friðriks J. Bergmanns alveg öfugt farið. Þar standa hugsjónum nútímans allar dyr opnar, þó að alt sé ritað í kristilegum anda. Vitanlega er blaðið einkum ætlað Vestur-Íslendingum, og að sjálfsögðu ber það þess merki. Samt er það illa farið, að það er í að eins fárra manna höndum hér heima. Blaðið er að ýmsu leyti svo vel fallið til þess að vekja hugsanir um mannkynsins mikilvægustu mál. Og verði unt að halda því áfram, verður það vafalaust stöðugt betur og betur til þess fallið, eftir því sem ritstjóranum auðnast betur og betur að átta sig í því mikla útsýni, sem lokist hefir upp fyrir anda hans síðustu árin.

Únitarar gefa út blað í Winnipeg, sem heitir Heimir. Í því hafa staðið góðar ritgerðir. En yfirleitt er blaðið fremur strembið, og ekki verulega líklegt til viðtækra áhrifa.

Suðri í Minneota í Minnesota í Bandaríkjunum hefir um nokkur ár, fram að nýári, verið gefið út mánaðarblað, sem hét Vínland. Forstöðumenn þess voru séra Björn B. Jónsson og Þórður læknir Þórðarson. Nú er það blað hætt að koma út, og ekkert íslenzkt blað kemur sem stendur út í Bandaríkjum.

Loks hefir Margrét Benediktsson út kvennablað, í Winnipeg að mig minnir, sem heitir Freyja. Þau eintök, sem ég hefi séð af blaðinu, hafa mér virzt með heldur sóðakegum frágangi, og blaðið lítt við alþýðu hæfi.

Nú man ég ekki eftir fleiri blöðum þar. Hatningjan má vita, hvort þau eru ekki fleiri. En hvort sem er, keynir það sér ekki, að þótta eru miklar blaða-útgáfur, þegar þess alls er gætt, að Vestur-Íslendingar eru ekki fleiri en þeir eru, að þeir eru dreifðir um afarstórt svæði af Vesturheimi, og margir þeirra komnir alveg út úr öllu íslenzku þjóðlífi, og sjá fráleitt nokkuru sinni nokkurt íslenzkt blað, og að meginþorrinn les og kaupir óhemjustór ófróttablöð á enskri tungu og margs konar lélöð önnur. Blaða-útgáfur eru fráleitt jafnmiklar með nokkurri annari þjóð í Vesturheimi, að tiltölu við fólksfjöldq. Né heldur tilhneiging til þess, að taka þátt í umræðum um alls konar máleíni.

Nýmæli.

Framtíð bænda er í mesta máta vænleg, ef þeim mönnum, sem nú eru að vinna að kynbótum korntegunda, tekst að koma hugmyndum sínum í framkvæmd. En tilraunir þeirra eru í því fólgnar, að bæta svo kyn hinna ýmsu korntegunda, að uppskeran verði tvöföld við það, sem að undanförnu hefir þekst.

W. Blad Thomas ritar í Daily Mail á þessa leið:

Víðfrægt austrænt félag hefir tekið til starfa í Canada og því starfi er lýst í ensku tímariti svo, að það sé almenn trú orðin, að þeir menn, sem um mörg undanfarin ár hafa unnið að kynbótum plantna, og þá sérstaklega kornplantna, séu að því komnir, að uppskera ánægjulegan árangur af starfi sínu, sem sé það, að framleiða svo bættar útsæðis tegundir, að tvöföld uppskera fáist af hverri ekru lands, hvort sem það sé gott eða ilt til akuryrkju. Það hefir þegar tekist, að framleiða plöntur, sem hafa í sér svo mikla marg földunar og þroska eiginleika, að væri nóg til af því útsæði, þá mundi það stórkostlega auka uppskerumagn næsta árs. Hvernig plöntur þessar hafa verið framleiddar, er leyndarmál, sem stjórnin ætti að leggja alt kapp á, að uppgötva, af því, að með því yrði auðlegð hins brezka jarðvegs aukin margfaldlega, og af því ennfremur, að hér er að ræða um matarbjargræði alls heimsins. Og einnig af því, að með þessari uppgötvun má stórfeldlega auka afurða framleiðslu hverrar ekru lands í öllum vorum hjálendum, bæði að því er snertir korntegundir og grastekju.

Þessar undra plöntur, sem nú þegar eru til, verða ef til vill ekki fáanlegar um ótakmarkaðan árafjöldq, af þeim einföldu, og þó alls ónauðsynlegu ástæðum, að sala þárra mundi ekki borga framleiðslu kostnaðinn. Framleiðandinn mundi selja útsæði sitt með samngjörnu verði um 1 eða 2 árabil, en á þriðja ári mundi heimurinn framleiða nægar útsæðis byrgðir, og maðurinn, sem varið hefir 30 árum æfi sinnar til þess, að fraímleiða þessar plöntur, mundi verða að eyða elliárum sínum í örbyrgð. En honum á að vera mögulegt, að halda sinum vísindalegu tilraunum áfram, og því verður hann að geta árlega sett á markaðinn bættar korntegundir, svo að hann hafi alt af á hverju ári bættar tegundir frá því, sem áður hefir verið. Á þann hátt gæti hann haldið uppi inntekta möguleikum sínum. Og einmitt þetta er nú að gerast, ekki að eins á einum eða tveimur stöðum. En með þessu er framför landsins haldið til baka 20 eða 30 ár, máske 40 ár.

Herra Garton hefir starfað að því, að finna "8-feta manninn", eins og hann kallar það. Aðferð hans er ekki strang-vísindaleg Hann reynir ekki að fullkomna uppfundningu sína stig af stigi, heldur að framleiða alt í einu hið óvænta og óskiljanlega. Hann safnar að sér ýmsum tegundum plantna frá öllum löndum, svo sem Mummy hveiti, Kínverskum hörfrum og Persneskum og fleiri tegundum. Hann grandskoðar hæfileika hverrar tegundar, blandar þeim svo saman, og gætir þeirra nákvæmlega, og skoðar þær í sjónauka oft á dag meðan þær eru að vaxa, til þess að kynna sér einkennin og athuga hinar nýju tegundir á öllu þroskaskeiði þeirra. Á þennan hátt myndast nýjar tegundir. Máske þær verði sumar dvergar, aðrar jötnar. Ein af jötunvöxnu tegundunum er sú, sem nefnd er "8-feta maðurinn", og það er nú þegar talið fullsannað, að þessi tegund framleiðir eða endurnýjar sjálfa sig að 8-feta forefdrin framleiða 8-feta afkvæmi.

Það hefir lengi verið trú manna, að plöntur eins og dýr framleiddu sér líkt, að smávaxin hafrategund framleiddi ekki aðra miklu stærri og þroskameiri heldur en hún væri sjálf, heldur að eins jafnstóra. En nú hefir herra Garton sannað, að þessi gamla trú er ekki á rökum bygð. Hann hefir, með því að blanda saman villihörfrum með algengum hörfrum, fengið nýja tegund, tveim þriðju þörtum stærri en þær, sem blandað var saman. Og á Warrington vísindalega búgarðinum er það sannað, að þessi stækkun er eingöngu að þakka villihörfrunum. Menn hafa beitt ýmsum aðferðum til þess að finna nýjar tegundir. Ein er hin svonefnda "Buteson" og "Bifen" aðferð í Cambridge, önnur er "Burbank" aðferðin í Bandaríkjunum. Það er áreiðanlegt, að uppgötvanir herra Burbanks verða gerðar heiminum kunnar innan skams tíma. Ein aðferðin er kend við M. Welmorin í Paris, sem getur litbreytt jarðberum eftir vilja sínum og látið þau vaxa annaðhvort ár, eða árlega, eftir vild sinni. Og ein aðferðin er kend við John Garton, hinn mesta vísinda-búfræðing sem verið hefir uppi á Englandi Hann lýsti nýlega fyrir mér aðferð sinni við að framleiða "8-feta manninn". Í garði hans og vinnustofu, sá ég nokkra "8-feta menn" og "perennial" Clover plöntu, 5 fet að þvermáli, hafrahausa nálega 2. feta langa, sem héldu nálega 11 þúsund kornum og einn hafra-busk, sem hafði 12 þúsund korn. Þar var og 6 rača bygg af vanalegri tegund, og ýmsar aðr ar tegundir, þar með hveiti. — Og margar fleiri tegundir sá ég þar, sem allar voru undraverðar fyrir stærð þeirra og þroska.

En um eitt náttúruafbrigði verð ég að geta, sem ekki er áður kunnugt í sögu grasafræðinnar, en það er blöndun sú, sem herra Garton hefir gert með rúggrasi og "fescue" grasi. Blöndun þessara tegunda framleiddi 5 ár í röð ýmsar margvíslegar áður óþektar tegundir af grasi, með ýmsum sérkennum, en þó öll í líkingu við "fescue" grasið, — þar til á sjötta ári; að allar þessar tegundir í einu breyttust í algengt og ómengað rúggras. Vísindamönnum hefir enn ekki tekist, að skýra orsakir þessa afbrigðis. En svo mikið er Garton og samverkamenn hans á öðrum stöðum búnir að sýna, að heimurinn þarf ekki að óttast mat arskort, því að hægt er að framleiða mat miklu örara en mannkyninu fjölgar. Vanalegar kornjurtir vaxa jafnt og eru hraustar, en við blöndun ólíkra tegunda framleiðast nýjar tegundir, og sumar þeirra hafa mikla yfirburði yfir þær, sem áður hafa þekst. — Þetta er framþróun, og með vaxandi þekkingu og vakandi áhuga má vænta þess, að sá tími sé nálægur, að bændur landsins geti framleitt af ökrum sínum margfalda uppskeru við það, sem nú þekkist.

Íslands fréttir.

Síðastkomin blöð frá Íslandi eru fróttasnauð að vanda. Þau eru barmafull af flokkapólitik, bæði útí þurri og inní kasaðri.

Fróttir eru þessar:

Forseti Frakklands hefir gert ráðherra Íslands H. Hafstein að Grand Officier hinnar frakknesku heiðursfylkingar. —— 31. júlí var óþurkatíð á Suðurlandi, og allmikil hey úti óþerrin. —— Afli við Faxaflóa í meðallagi þetta sumar, en fiskur frekar smár. —— Landlæknir Guðmundur Björnsson hefir ferðast um Skagafjarðar-, Húnavatns-, Stranda-, Dala-, Snæfellsness-, Mýra- og Borgarfjarðarsýslur í sumar, í embættis erindum. Norðurlönd héldu fiskisýningu í sumar í þrándheimi í Noregi. Kaupmaður Ágúst Flygenring í Hafnarfirði fékk gullmedalíu fyrir fisk, þó ekki fallegan. Aðra silfurmedalíu fyrir bát íslenzkan, sem smíðað hafði herra Bjarni Brynjólfsson í Engey. —— Það helzta nýtt, sem Íslendingar sáu á þessari sýningu var línuvinda, snúið með handafli, notanleg á mótorbátum og róðrarbátum. Nokkurar af þeim pöntuðu þeir til Akureyrar. Á sýningunni hlaut sænskur mótor, kendur við Bolinder fyrstu verðlaun. Þar var einnig danskur mótor, "Víkingur", sem vakti mikla eftirtekt, fyrirferðarlítill og léttur í umsvifum. Færeyingar hlutu gullmedalíu fyrir góða fiskiverkun. —— Dáinn er Magnús Vilhjálmsson, síðast bóndi á Hraunabjörgum í N.-Múlasýslu. —— Drukknaður er Bogi bóndi Þórðarson á Varmalæk í Rangárvallasýslu. —— Dáinn er Jón Jónsson í Bræðraborg á Seyðisfirði, 78 ára gamall, elju og reglumaður. —— Dáinn 18. ágúst Þorsteinn læknir Jónsson. Stundaði lengi lækningar í Vestmannaeyjum, og var þingmaður þar um skeið. —— Sétta ágúst strandaði skip við Skálanesstanga við Seyðisfjörð, frá Álaborg. Náðist upp og er hæft fyrir viðgerð. Selt á uppboði fyrir 1200 kr. Skipshöfn bjargaðist. —— Frakknesk fiskiskúta sökk á Héraðsflóa. Skipshöfnin komst lífs af. —— Góður afli í Vestmannaeyjum. —— Séra Helgi Árnason í Ólafsvík gaf 200 kr. til Heilsuhælagshælfsins. Þeim heiður sem heiður ber, og drengilega við orðið þörfinni. —— Prófessor Finnur Jónsson og prófessor Daniel Bruun ferðuðust um Norðurland í sumar, að grafa í rústir og leita fornmenja. Merkasti staðurinn, sem þeir grófu í, mun verið hafa að Hofstöðum við Mývatn. Þar fundu þeir hoftóftina og stúkutóft. Mannabein, dýrabein og leifar af vopnum fundu þeir líka, og mun sá fornmenjagröftur reynast all-merkur, og fróðlegur, þegar þeir skýra hann greinilega.

Árni Kristjánsson,

(*GEITEYINGS*).

(Dáinn 31. október 1906)

Konan gröt, og kvörtuðu börn
Köld við forlög nauða.
Á amastundu engin vörn
Eggjum fanst mót dauða.

Þeirra skjól og skjöldur varst
Að skapadægri hinsta.
Jafnt þú gleði og böliið barst,
Bráðdist ei hið minsta.

Elskaðir þína eigin þjóð,
Unnir föður, óður.
Um alla þína æfislóð
Öllum varstu góður.

Sólu fyrir sortann dró
Sárköld norn örlaga.
Minning geymist þegar, þó —
Það sé gömul saga.

Ég sé þig ei lengur, sonur minn góður,
Svift er ég einasta blóminu mínu.
Fölnaður, lífsvana góðvina gróður,
Glatað er yndi í fráfalli þínu.
Æ, her systkinuum kveðju frá syrgjandi móður,
Í sælunnar bústað þeim lífsstjörnur skina.
Mig dreymir um samfundi, já, Drottinn minn góður!
Á dýrustu treysti ég náðina þína.

Guð gaf oss nýu mjög elskuleg börnun,
Og einn stóðstu, sonur, við hlið mér eftir.
Ég skoðaði þig ellinnar skjöld minn, og vörnin,
En skapadóms áðrýjun ekkert hér heftir.
En sárt veit ég móður sviður í hjarta,
Að sjá börnin sín níu borin til grafar.
Og helkalt er náhrópið nístandi. svarta,
Sem neyðir ástvini, að skilja án tafar.

Ég man það, sonur, að mætur mér varstu,
Og mætur mér verður eins lengi ég anda.
Mótgang og stríðið með stillingu barstu
Staðráðinn í þátt lífverk að vanda.
Ég veit það, ég finn ykkur fljótlega aftur
Á friðarins landi hjá sólargram hæða.
Mér götuna lýsi guðssonar kraftur,
Þá gleymast mér sorgir, tárin og mæða.

(Fyrir móður hins látna).

K.Á.B.

Erfðamálin.

Eitt af þeim flóknustu erfðamálum, sem Indiánadeild Canadastjórnar hefir nokkurntíma þurft að skifta sér af, er dánarbú Dr. Oronhyatekha, þess er myndaði Independent Order of Foresters — lífsábyrgðarfélagið — og stjórnaði því þar til hann andaðist 3. marz 1907. Dánarbúið hefir verið vart á 300 þúsund dollara, og í flækjunni er sá hluti eignanna, sem liggur innan takmarka Mohawk Indiána héraðsins, nákegt Deseronto. — Stærð þessa héraðs er 17 þúsund fermílur af landi, en íbúatalan þar er 327 manns — af þeirri tölu eru um 60 hvítir menn, sem fengið hafa leyfi til að búa þar með því, að þeir hafa lögumála á landspildum þeim, er þeir rækta. Engin af Indiána flokknum hefir fullkomið eignarbréf yfir neinn hluta af landi innan héraðsins, heldur að eins óbúðar og ræktunarrétt á almörkuðum spildum, sem gengið hafa að erfðum mann fram af manni um mörg liðin ár.

Dr. Oronhyatekha áttu búgarð mikinn og fagran í þessu héraði. Hann hafði fullan eignarrétt á öllum byggingunum. En landið var eign kynflokksins eins og öll önnur lönd þar í héraðinu, og af þessu stafar öll erfðamála flækjan.

Þegar Dr. Oronhyatekha andaðist, eftirskildi hann tvö börn, son og dóttir. Dóttirin hafði gifst hvítum manni, P. J. Johnston, og er því nú, í augum laganna, hvít kona.

Sonur Dr. Oronhyatekha andaðist skömmu eftir að faðir hans fór frá. Hann átti 2 konur á lífi, aðra, sem hann kvongaðist á Englandi fyrir 12 eða 15 árum, og sem síðar skildi við hann og lékk þann skilnað suður í Bandaríkjum. Eftir það kvongaðist sonurinn í annað sinn, og sú kona lifir enníþá eins og hin fyrri. Undir vanalegum landslögum gæti fyrri konan nú ekki átt neinn lagarétt til þess að krefjast nokkurs hluta af þessum eignum tengdaföðurs sins eða viðskilins bónda sins. En samkvæmt lögum Indiána er það ákveðið, að ef hvít kona giftist Indiána, þá sé hún einnig með því orðin Indiáni og aðnjótandi sömu landsréttinda og þeir. Á þessum grundvelli gerir þessi kona tilkall til dánarbúsins. Kona no. 2 berst móti þessari kröfu fyrri konunnar, og heldur fram því, að hún ein hafi tilkall til eignanna.

Mál þetta er í mesta máta flókið, og það er búist við, að sérstakt réttarhald verði að hafa til þess að taka vitnaleiðslu í málinu og reyna að jafna svo sakir meðal þeirra, sem gera kröfu til eignanna, að sátt og samlyndi megi verða.

Lítil athugasemd í kvenfrelsismálinu.

Mér hefir alt af verið brugðið um það, að ég fylgdi sjaldan fjöldanum að málum, og ber ég ekki á móti, að þotta sé satt, — en ég hefi þá ætíð góða og gilda ástæðu. Nú í kvenfrelsismálinu mun allur þorri systra minna verða á móti mér. Ef ég hefði ekki vissu fyrir því, að peninga spursmálið yrði það æðsta og elsta í hug konunnar, ekki síður en karla, myndi ég mæla líklaust með ótakmörkuðu frelsi hvenna, — en ég veit, að hennar mark og mið yrði að ná í vel launuð embætti, og þar með yrði starfa hennar í sínum eigin verkahring lokið. Kona í dómara, læknis og ritstjóra sæti eða á glæpamanna veiðum, getur ekki verið eiginkona, móðir og húsfreyja, — alveg ómögulegt, nema þá að nafninu að eins og ekki það. Konan verður að vera kona að öllu leyti eða engu.

Þið munuð segja, að eftir embættunum sæktu að eins þær, sem finda sig hæfar til þess. Vel að mælt, þá ættu andlega fátækari konurnar, að gegna eiginkonu og móður stöðunni. Í flestum tilfellum mundu gáfaðri mennirnir sneiða hjá þeim. Það þurfa ekki mikil bókvit, til að sjá, hvertig fari, þegar aldir líða. Auðvitað finðist þá ekki einn einasti maður eða kona, sem fær væru til að taka há embætti.

Þess vegna má ekki greiða götu okkar inn á starfssvið karla. Það má ekki gefa okkur frjálsan aðgang að sætum þeirra. Þeir geta ekki tekið okkar sæti, hvað fegnir sem þeir vildu, aumingjarnir. Við sjáum það öll, sem sjá viljum, að ef vitgrannra fólkið að eins ætti að auka mannkynið, myndi það bæta af sér ekki einasta andlega rýrnun, heldur andlega eyðileggingu. En að við höfum atkvæðisrétt í öllum málum, er sjálfsagt, og hefði ætíð átt að vera sjálfsagt, því síðan fyrst að til okkar spurðist, höfum við staðið körlum fullkomlega jafnfætis að andlegu atgervi. — Hafið þið það tarna, þáttar góðir! —

Kvenfrelsis hetjurnar munu víst ekki blessa mig fyrir þessa athugasemd. Það verður að hafa það. Ég er með því óvinsæla marki brend, að segja meiningu m'na, hvort hún þykir betur eða ver. En ég óska ykkur til lukku, systur minar, með það frelsi, sem þið fáið, og vona að þið notið það vel og hyggilega. Svo kveð ég ykkur með þeirri ósk og von, að þið haldið áfram að vera konur, og að þið vinnið vel og dyggilega í ykkar eigin verkahring. Með því vinnið þið komandi kynslóðum farsælasta gagn, og þannig njóta þær lezt hæfileika ykkar. — Fáir ekki börnunum ykkar fóstru. Þar eru fáir sem feðir og engin sem móðir.

R. J. DAVÍÐSSON,

Fréttir úr bænum.

Undanfarin vika var í heitara lagi um þetta leyti árs. Ágætis tíð fyrir bændur og hirðingu á korntegundum. Hveitiverð hátt, og mælt að mikið af hveiti sé óskemt. Þó hafa frost og alarmikir þurkar skemt eitthvað af því. En alment hafa bændur ekki orðið fyrir þeim óförgnuði, eins langt og enn er kunnugt.

Konan Ólöf Björnsson, sem datt út úr strætisvagninum um daginn, er í aðurlæta á sjúkrahúsinu, þrátt fyrir það, að hún stórmeiddist.

Herra Halldór Halldórsson, sem kom hingað til bæjarins í sumar, og fór til Kaupmannahafnar, er nýkominn hingað aftur. Hann á heima í Nýja Íslandi. Hann dvelur hér um tíma. Hann telur Kaupmannahöfn þann fallegasta bæ, er hann hafi komið í, og hefir hann þó séð marga stórbæi.

Herra Stefán Sigurðsson á Hnausum var hér á ferð um síðustu helgi. Hann kvað engin sérstöðindi þar að norðan.

Ritstjóri Heimskringlu fór snöggva ferð norður í Nýja Ísland á laugardaginn var.

Í síðustu viku voru tekin út nokkur byggingaleyfi. Öll góð og vönduð hús. Bendir það á, að byggingahugur er frekar að glæðast en rena. Húseignasala og landasala í bænum segja gamlir landsalar að sé heldur að lifna.

Herra Sigurjón Johnson, guðfræðis nemandi, messar í Únitara kirkjunni næsta sunnudagskveld á venjulegum tíma.

Mánudaginn var kom á skrifstofu Heimskringlu herra Eggert Vatnsdal, frá Hensel, N. Dakota. Hann kom norðan úr Wadena, Sask. Hann var að finna syni sina þar, sem báðir eru verzlunarmenn í þeim bæ. Uppskera er yfirleitt góð, þó hafa frost og þurkar skemt töluvert. Hveitisláttur er nær því yfir. Meðaltal heldur hann að verði 15—20 bush. af ekrunni. Sýnishorn af hveiti sá hann þar ágætt, og annað lélegt. Hvaitiprisar 80c, en 3. tegund var seld á 75c. Honum leist ljómandi vel á nýlendona, og fór víða um hana. — Verzlun er þar dauf, en heldur að lifna. Heilsufar gott, og velliðan yfirleitt. Fólk hamaðist við að ná sér þar í oddaveiti, sem hafa verið falir um undanfarinn tíma, og er nú mest eða alt numið af þeim. — Hann hélt strax suður.

Síðustu daga hefir verið dálitil eftirspurn um smiði og verkamenn. En svo verður hún ei til langframa, þar eð verkamenn fara að streyma inn í bæinn seinni part þessa mánaðar, úr bændavinnu.

Í síðustu viku voru 371 sjúklingur á Almenna sjúkrahúsinu í Winnipeg, 191 karlmenn, 113 kvenmenn og 67 börn. Einnig sóttu þangað 91 lækisþráð og sjúkdómshjálpar. Eða margir menn og félög senda hospitalinu gjafir, þar á meðal einn Íslendingur, herra Gísli Ólafsson $10.00. Eftir skýrslum gjaldkera.

Veðurspá.

Veðurspár Mr. Fosters segja: Eftir 12. þ.m. verður skúrasamt á meginlandinu. Þann 25. þ.m. kemur rok og stormar um norðurhluta og suður að miðju. En hriðjum þessum fylgir góðveðrátta og hitar um stund.

Enníremur segir hann, að loksins sé hann nú fær um, að sanna hverjum visindamanni allar orsakir til veðrabreytinga. Hann kvaðst fyrri hafa sagt frá, að þær kæmu eða orsökuðust frá áhrifum og stöðu eða lagu sólar, jarðar og mána, ásamt öðrum minni hnöttum. En erfitt hafi verið að reikna og uppgötva hvenær og hvernig sól, máni og jörð verði gjörendur, samverkandi eða gagnverkandi. — En nú kveðst hann geta skýrt þetta atriði svo nákvæmlega, að sérhver visindamaður verði að sannferast.

Með langri, áframhaldandi en erfiðri reynslu, er hægt að uppgötva orsakir þær, sem stjórna veðrabreytingum, og það nákvæmlega. Landsstjórnir ættu að veita stór-upphæðir fyrir uppgötvanir á orsökum lofthitans, sem veldur veðrabreytingum, svo sem regnfalli og öðrum breytingum í hitaheltinu, ásamt oviðrum, hvirfilbyljum, hagli, þurkum, frostum og kulda veðráttu, flóðum m.fl., eftir afstöðu hnattanna.

Meðlimir G. T. stúk. SKULD eru nú í óða önn að undirbúa fyrir sína árlegu Tombólu, sem verður haldin 5. október. Það er alt útlit fyrir, að þessi Skuldar Tombóla verði ein sú tilkomumesta og arðvænlegasta samkoma, sem hald in verður á þessu hausti. Nákvæm ar auglýst síðar.

Einn af verkfallsmönnum C.P. R. félagsins var skotinn á mánudagskveldið var. Hann heitir R. Kirk, og var vélasmiður. Sá er skaut er haldið að sé D. H. Hepner. Hann kom þangað sem Kirk ásamt fleiri mönnum sátu á Bury St., en gekk frá þeim, og fór þá Kirk í humáttina á eftir honum. En áður en Hepner fór út úr C.P. R. verksmiðjugarðinum, er sagt að hann hafi snúið sér við og umsvifalaust hleypt skoti á Kirk, er þá var komin allnærri honum. — Skotið kom í hnakkann og inn í ingyflin, og er maðurinn nær því talinn af. Hinn náðist að haldið er.

Á fimtudagskveldið 17. þ. m. byrjar blað að koma út í stúkunni ÍSLAND, nr. 15, A.R.G.T. Ef þú vilt heyra það, þá verður þú að koma. — þar getur þú lengið að heyra síðustu fréttir frá kosningunum á Íslandi.

Járnbrauta umboðsmenn Ottawa stjórnarinnar komu saman hér í bænum á mánudaginn var, til að ræða um ýms umbótamál viðkomandi járnbrautum hér í Vestur-Canada. Fyrsta mál, sem hún tók til umræðu, var beiðni G.T.P. félagsins um þverbraut á Pembina St. inn í þenna bæ. En beiðnunni var mótmælt af því bæarinn hafði enga tilkynningu fengið frá félaginu um þetta mál áður. Mikið verkefni liggur fyrir þessum nefndarfundi og búist við, að hann standi all-lengi.

Gerlafræðingurinn nafnkunni, Robert Kochi frá Þýzkalandi, var staddur hér í bænum nýskeð. Hann er mestur visindamaður þar í landi Hann kom til New York í april sl. til þess að sjá sig um í flestum stórborgum Bandaríkjanna, þar á meðal í Chicago. Þar býr bróðir hans. Þaðan fór hann til Japan, sem var aðalstaðurinn, sem ferðinni var heitið til. Á bakleið tók hann Canadian Pacific járnbrautina austur um Canada. — Eins og hefir verið getið um áður í þessu blaði, hefir Dr. Koch ferðast áður um vesturströnd Afríku, til þess að stúdéra "svefnveikina" svo nefndu. Fyrir rannsóknir hans á þeirri ferð, gaf Þýzkalandskeisari honum "Geheimrath" titilann. — Ágrip af æfisögu hans verður í blaðinu.

Í þessari viku var hér á ferð Steindór Vagnússon frá Otto P.O. Hann lét vel af líðan þar vestra.

BOARDING-HÚS, nýtt og gott, er að byrja að 663 Agnes St. — Óskað er eftir góðum viðskiftavinum. Komið sem allra fyrst og semjið við

MRS. G. JÓHANNSSON

EIMREIÐIN nýkomin. Efnisyfirlit:

A. J. Johnson: Nýtt stjórnarfyrirkomulag á Íslandi.

Valtýr Guðmundsson: Guðmundur Einarssson.

Guðmundur Einarsson: Kvæði úr Friðþjófssögu Tegnérs (með 15 myndum.

Björnstjerne Björnson: Trygð (saga).

Ritsjá og íslenzk hringsjá.

Ritgerðin "Nýtt stjórnarfyrirkomulag á Íslandi", er aðalefni þessa heftis, og mun vera eftirtektaverð, og verður síðar minst á hana í Heimskringlu.

Bókafregn.

Pólitiskir bæklingar hafa Heimskringlu borist frá Íslandi. Þessir eru helztir:

1. "Alvöruorð" um sambandsmálið, eftir ritstj. Jón Ólafsson. Þessi bæklingur er 36 þétt prentaðar bls., þrunginn stillilegum röksemdum til að sýna ágæti sambandslaga frumvarpsins og hvatning til Íslendinga, að ganga að því óbreyttu. Höfundurinn viðurkennir, að aðskilnaður standi Íslendingum til boða, en hann heldur því fram, að þjóðin hafi ekkert við það hnoss að gera, að vera sjálfstæð, af því hún vegna fátæktar gæti ekki tekist þær byrðar á hendur, sem sjálfstæðinu yrðu óumflýjanlega samfara.
2. "Meðan um semur", — svar til Jóns Jenssonar, eftir Þorstein Erlingsson skáld. Bæklingur þessi er jafnstór hinum fyrnefnda, og er andmæli gegn nefndar frumvarpinu og umræðum Jóns Jenssonar um það.
3. "Sambandsmálið" og
4. "Friðarsamningurinn í Khöfn". Hvorttveggja þessara bæklinga er útdráttur úr ritgerðum Ísafoldar til að andmæla nefndarfrumvarpinu.

Þessar Bókmentafélags bækur hafa verið sendar Heimskringlu:

1. Skírnir. Hans var fyr getið hér í blaðinu.
2. "Lýsing Íslands", eftir Þorvald Thoroddsen, 1. bindi, 2. hefti, með mörgum myndum. Bók þessi er rúmar 200 blaðsiður í stóru broti, pappir góður, letur skýrt. Höfundurinn tekur fram í formálanum, að innihald ritsins sé: "Lýsing sævar og stranda, og almenn lýsing landslags og vatna". — Höfundurinn tekur það einnig fram í þessum formála, að mjög tilfinnanlegur skortur sé á öllum almennum fræðibókum á íslenzku, og það svo, að til vandræða horfi fyrir menningu hinnar íslenzku þjóðar, ef ekki verði bráðlega bætt úr því. — Fyrir þessa einarðlegu bendingu á höfundurinn þökk og heiður skilið. Hún hefði átt að gerast fyrir löngu síðan, og vonandi, að hún verði tekin til greina. — Til skýringar ritmálinu hefir höf. sett fjölda af myndum af ýmsum sögustöðum, en galliinn á þeim er sá, að þær eru bæði litlar og of óljósar til þess að verða að fullum notum.
3. "Safn til sögu Íslands og íslenzkra bókmenta að fornu og nýju". Rit þetta er rúmar 110 bls., og er annálar eða sögubrot frá eldri tímum, eða frá tímabilinu frá 1640 til 1690, — 50 ár. Þetta er endurprentun af Árna Magnússonar annálum, og svo skýrslur um Kötlugos.
4. Æfisaga Jóns Ólafssonar, Indíafara, samin af honum sjálfum (1661), — með athugasemdum eftir Sigfús Blöndal. Með mynd af Kaupmannahafnar borg árið 1618. Bók þessi, sem er nær 170 bls., í stóru broti, er að eins fyrri partur sögunnar, — hinn síðari er í vændum.
5. Íslenzkt fornbréfasafn, 8. ár, 3. bindi, frá 1513 til 1521. Efnið er bréf og samningar, dómar, máldagar og aðrar skrár.
6. Sýslumannaæfir, eftir Boga Benediktsson á Staðarfelli, — með skýringum og viðaukum eftir Hannes Þorsteinsson. — Þetta er 3. bindi, 4. hefti. — Efnið nær yfir Vestfirðingafjórðung, og tekur inn Snæfellsnes-, Hnappadals-, Mýra- og Borgarfjarðar sýslur. Ritið er 60 bls. og er aðallega ættartölur og mannlýsingar.

Frumvarpsvandræðin.

DANIR Í ÓGÖNGUM.

Það er eins og nefndarfrv. ætli að verða landplaga í "báðum ríkjunum", því Danir kvarta nú sáran og þykjast ekki sjá nokkurn veg úr þeim ógöngum, sem nefndin hefir komið öllum í.

"Extrablaðið" 13. júlí flytur grein um málið. Höf. hennar heimsótti dr. Valtý og hafði af honum sannar sögur um undirtektir Íslendinga og frumvarpsrimmuna alla.

Dr. Valtýr sagði sem von var fyrir frumvarpsins ekki sléttar. Íslendingar væru hvorki hrifnir né himinglaðir yfir tilslökunum Dana í því. Nei, frumv. mætti hér hvarvetna tortrygni og stælti alla í því, að slaka hvergi á kröfum sínum. Það kæmi víðast af stað æsingum, truflun og sundrung. Það væri eitthvað annað, en að nefndinni hefði tekist að fylkja Íslendingum um frv., því það hefði einmitt sundrað öllum flokkum, og þyrlað upp slíkri óvild og mótspyrnu, að ekki eingöngu frumvarpinu væri fall búið, beldur líka H. Hafstein og öllu hans liði. Það væri blátt áfram engar líkur til þess, að frv. yrði samþykt óbreytt en fremur litlar til þess, að því yrði ekki gerbreytt, og engan veginn óhugsandi, að það yrði umsvifalaust felt við lítinn orðstír.

"Eftir þessu er þá málið strandað", segir greinarhöf., "þótt sorglegt sé til þess að vita. Það vantaði þó ekki, að byrjunin væri nógu glæsileg. Þeir heimsóttu oss ísl. þingmennirnir, fóru um landið úr einni verzlunni í aðra með ótelj andi skálaræðum og fyrirlestrum. Svo fór konungurinn og hálft danska þingið til Íslands, og þar tóku við nýjar veizlur, nýjar ræður, mörg fögur orð voru töluð og mörgum krossum úthýtt! Eftir þetta alt kom nefndin, vann að starfinu með dæmalausu kappi, og kom svo dæmalaust vel saman að lokum um alla hluti. Og hana nú! Svo dettur botninn úr öllu saman og alt dvergasmíðið í skarnið. Og út úr þessu verður svo æsing ein og miksl reiði á eyjunni, sem átti að fá slík sældarkjör og kostaboð með frv.! Maður skyldi ætla, að ísl. nefndarmennirnir hefðu fengið móttökur eins og frægar hetjur eftir mikinn sigur, en þeir mega líklega þakka fyrir, ef þeir sleppa lifandi út úr öllum ósköpunum! Það var naumast, að þeir úttu erindið.

"Það má með sanni segja, að öll þessi frumvarpsneypa sé eins dæmi, og hreinasta minkun er hún fyrir hið danska löggjafarvald. Svo er sagt, að alþingið eigi fyrst að taka frv. til meðferðar. Nú er viðbúið, að því verði breytt, máske gerbreytt. Og hvað tekur þá við? Á danska þingið að samþykkja alt saman "eins og það leggur sig af skepnunni" eða fella það blátt áfram? Það er varla hugsanlegt, að vér getum samþykt allar breytingar Íslendinga. En hvað ætli þeir segi, ef vér neitum því öllu? Þá held ég þeir reiðist nú fyrst, svo gjarnt sem þeim er að sinnast við Dani! En fari danska þingið að breyta frv. á ný, á það þá að fara svo til Íslands aftur og verða fyrir nýjum árásum, breytingum og byltingum? Það verður þá út úr þessu slik flækja, að hvergi sér fyrir endann á, hreint óhugsandi ástand, sem þetta ólukkans frumvarp fæðir af sér.

"Reyna mætti, að fara aðra leið, sem væri samboðnari virðingu vorri: að láta danska þingið samþykkja frv. óbreytt. Það yrði þá tilboð frá vorri hálfu, er Ísl. gætu hafnað eða þegið, eftir því, sem þeim góðu herrum þóknaðist. Ef þeir neituðu, höldist alt í sömu skorðum og fyr, þótt ekki væri það eiginlega til sæmdar fyrir danskt löggjafarvald, að hafa komið þessu af stað með slíkri fyrirhöfn og láta Íslendinga kasta því svo aftur í mann með fússi.

Það stendur á sama, hvernig maður veltir þessu fyrir sér, klastur er það, klandur verður það, hreinustu ógöngur og sjálfhelda! Það er víst langt síðan vér höfum lent í slikum fjárans vandræðum, eins og þessari íslenzku þvælu í vorum augum var sá mikli galli á frv., að það var langt of riflegt í garð Íslendinga, en við það sætti maður sig í þeirri von, að sá mikli kostur fylgdi, að það yrði samþykt af báðum þjóðunum og einhver endir bundinn á málið. En nú er ekki einu sinni þessu að fagna. Og hvað er það þá, sem segja má frumvarpinu til málsbóta? Hvar er sá steinn, er vér getum hallað höfðinu að? Vér sjáum hann hvergi!

"En þó. frv. falli, þá fer því fjarri, að íslenzka málið sé dottið úr sögunni. Það er engin hætta á því. Þvert á móti, þá fyrst er alt komið í bobba og stökustu vandræði. Dr. Valtýr segir, að þá muni taka við skilnaðarstefna á Íslandi, og öllum árum verði róið að því, að losa landið úr öllum tengslum við Danmörku. Þetta er ekki ósennilegt. Íslendingar eru vísir til þessa. En það sem mest gengur yfir oss er það, hve varnarlaus og berskjölduð Danmörk er gegn slíku skilnaðar fargani. Oss þykir leitt, að láta Íslendinga þjóta þannig út úr höndunum á oss. En hvað skal segja? Enginn er svo vitlaus að halda, að vér getum neytt þá til að samþykkja það, sem þeir ekki vilja fullast á, og ekki getum vér sent her á hendur þeim og neytt þá til þess, að gera sér það að góðu, sem vér viljum vera láta Ógöngur, ógöngur, eintómar ógöngur og vandræði! Aldrei á minni lifsfeðdri æfi hefi ég vitað slíkt klandur og vandkvæði hafast af jafnmörgum veizlum, skálaræðum og glasaglaumi".

(Lausl. þýtt).

(Þjóðólfur, 31. júli 1908).

Tannlæknir J. G. Snidal verður á Baldur 21., 22., 23., og í Glenboro 25., 26. og 28. þ.m. Fólk, sem hefir skemar tennur, ætti að finna hann þessa daga á nefndum stöðum.

Nýdáin er FILIPÍA HANNESDÓTTIR, móðir þeirra bræðra M. Markússonar og J. Markússonar, báðaldruð kona. Hún lézt að heimili dóttur sinnar í Pine Valley, Man. Jarðarför hennar fer fram næsta laugardag. Hennar verður frekar minst síðar.

— Um daginn komu 150 verkamenn til Montreal frá Englandi, til að fara í vinnu verkfallsmanna, og von á fleirum síðar. Menn þessir eru allir handverksmenn, járnsmiðir, kathasmiðir og vélasmiðir.

— Fullgerðar skýrslur um hveitimagns appskeru síðasta haust í Vestur-Canada eru nú útkomnar og hefir það verið 70,922,584 bushels. Peningaverð þessarar hveitiláku er $55,053,444.

Alt Breytist

Sérhver Íslands einkason
við ós og fram við múla
flýr nú sæll með fagri von
í faðminn á honum Skúla.

Þeir segja danska hallarbirð
vor haturs skjóti kúla, —
en vörpum allri vona byrgð
und vænginn á honum Skúla.

Þegar sólin sigur látt,
þeir sveittur verða að púla,
muni þeir allir hrópa hátt:
Til hornagrýtis með Skúla!

R. J. Davíðsson.

Íslenzkar BÆKUR

Bókasafn stúkunnar SKULD er til sölu. Ísl. lestrarfélög út um sveitir geta þar aukið bókasafn sitt með mörgum góðum bókum fyrir lágt verð. Skrá yfir bækurnar og aðrar upplýsingar sendir

ÓLAFUR S. THORGEIRSSON
678 Sherbrooke St., Winnipeg.

Sendið Heimskringlu til vina yðar á Íslandi.

Ný, góð Cottages

fyrir lágt verð til sölu. Niðurborgun og mánaðar afborganir sem svarar húsaleigu. Þau eru í Fort Rouge og á Home St. Sinnið þessu strax.

K. Ásg. Benediktsson.
540 Simcoe St.

Dr. G. J. Gislason,

Physician and Surgeon
Wellington Blk, - Grand Forks, N.Dak

Sjerstakt athygli veitt AUGNA, EYRNA, KVERKA og NEF SJÚKDÓMUM.

Miss Jóhanna Ólson, Piano Teacher 658 Beverley Street.

BILDFELL & PAULSON

Union Bank 5th Floor, No. 520
selja hús og lóðir og annast þar að lútandi störf; útvegar peningalán o. fl.
Tel.: 2685

Hver býður betur?

Annað bezta landið í Mikley fæst keypt með góðum skilmálum. Allar upplýsingar þessu viðvíkjandi gefur

SV. BJÖRNSSON,
571 Simcoe st. Winnipeg

Hver Þvær og Hreinsar Fötin ydar?

Hvarsvegna að fara í Kína-kompurnar þegar þér eigið kost á að fá verkið gert betur, og alt eins ódýrt, í beztu og heilsusamlegustu þvottastofnun, þar sem aðeins hvítt vinnufólk er haft og öll hreinustu efni notuð
Vér óskum viðskifta yðar

The North-West Laundry Comp'y Ltd,
Hreinsarar og Litarar
COR. MAIN & YORK FÓN 5178

J. G. Snydal, L. D. S.

ÍSL. TANNLÆKNIR
COR. MAIN & BANNATYNE
DUFFIN BLOCK PHONE 5302

Hubbard, Hannesson and Ross

LÖGFRÆÐINGAR
10 Bank of Hamilton Chambers
Tel. 378 Winnipeg

ARNI ANDERSON

Íslenzkur lögmaður
~~ Í félagi með ~~
Hudson, Howell, Ormond & Markait
Barristers, Solicitors, etc.
Winnipeg, Man.
13-18 Merchants Bank Bldg. Phone 3621, 3622

BONNAR, HARTLEY & MANAHAN

Lögfræðingar og Landskjala Semjarar
Suite 7, Nanton Block, Winnipeg

G. M. Bjarnason

Málar, leggur pappír og gerir "Kalsomining. Oskar við skifta Islendinga.
672 AGNES ST. TELEFÓN 6954

Stefán Guttormsson,

Mælingamaður
663 AGNES STREET. WINNIPEG.

Arena Rink

Þar er skemt sér á Hjólskautum hvern eftirmiðdag og kveld, nema föstudaga. Hljóðfæraspilar. Dansar þeir, sem áður voru í Drill Hall, eru nú haldnir hér á föstudagskv. Dans frá 8 til 12. Inngangur, karlm. 50c, frítt fyrir kvenfólk. Persónum innan 15 ára, ekki leyfð inngangur.
JAMES BELL, eigandi.

Boyd's Brauð.

Biðjið þér matsalann um nokkura sneiðar af brauðtegund eða bara eitthvert brauð? Það er rangt að gera sig ánægða með hvað sem er þegar brauð vor eru á boðstólum og vagnar vorir geta flutt þau heim til yðar daglega.

Vélgerðu brauð vor eru ljúffeng og hægmelt. Reynið þau.

Boyd's

Bakery Cor. Spence & Portage Ave
Phone 1030.

Antonio De Landro

SKÓSMIÐUR, horni Maryland & Wellington (Bak við aldinabúð.) Verk gott og verð rétt.

Íslenzkur Kjötsali

Hvergi fæst betra né ódýrara KJÖT en hjá honum,—og þú munt sannfærast um að svo er, ef þú aðeins kaupir af honum í eitt sinn. Allar tegundir. Oskar að Isl. heimsækji sig
CHRISTIAN OLESON,
666 Notre Dame Ave. Telefón 6906

Stefán Johnson

Horni Sargent Ave. og Downing St.
HEFIR ÁVALT TIL SÖLU
Nýjar Áfir
frá Manitoba Agricultural School. Beztu Áfirnar í bænum. Góður svaladr. 15c gallon.

The Dominion SECOND HAND STORE

Ágætur brúkaður fatnaður og húsmunir. Ísl. töluð.
555 Sargent Ave. Winnipeg

Drs. Ekern & Marsden,

Sérfræðislæknar í Eftirfylgjandi greinum: — Augnasjúkdómum, Eyrnasjúkdómum, Nasasjúkdómum og Kverkasjúkdómum. : : :
Í Platky Byggingunni í Bænum
Grand Forks, :: N. Dak.

A. S. BARDAL

Selur líkkistur og annast um útfarir. Allur útbúnaður sá bezti. Enfremur selur hann alskonar minnisvarða og legsteina.
121 Nena St. Phone 806

Royal Optical Co.

327 Portage Ave. Winnipeg. RÉTT Á MÓTI EATON'S BÚDINNI.

Beztu Augnfræðingar

Öll nýjustu og bezt reynd verkfæri notuð. Höfuðverkur sem stafar frá augunum, áreiðanlega lækuaður. Sanngjarn kostnaður.

AUGU SKODUD KOSTNADARLAUST.

LAND

Vér höfum nýlega fengið til sölu yfir 30 Suðaustur-fylkis-Punga, liggjandi að Oaklands brautinni C. N. R. Stöðvunum. Verð 10 er frá $5.00 til $12.00 hver ekra. Ekkert af löndum þessum eru meir en 3 mílur frá járnbrautinni.

Skuli Hansson & Co.
Skrifst. Talsími 6476. Heimilis Talsími 2274

Heimskringla.

Alt landið

er áhugast að vera jarðyrkju land af bezta tagundi, og fæst keypt með vægum afborgunar skilmálum. (N.B.—Lesið fyrripart þessarar augl. vinstramegin við Hkr. hafa.)

Frekari upplýsingar veita
Skuli Hansson & Co.
56 Tribune Building. Winnipeg.

XXII. ÁR. WINNIPEG, MANITOBA, FIMTUDAGINN, 24. SEPTEMBER, 1908 NR. 52

KJÖRKAUP
sem gilda föstudag og laugardag í þessari viku.

Gott borðsmjör, pundið á	22c
Eppli, 8 pund á	25c
Rúsínur, 3 pund á	25c
Baking Powder, vanaverð 25c kannan, en á föstudag og laugardag 2 kn. á	25c
Sætabrauð, pundið	10c
Pickles, vanav. 15c og 20c. nú 2 fl. á	25c
Japanisk Hrísgrjón, 4 pund á	25c
3 glös af góðu Jelly á	25c
Jam sem selst á 25c niðursett í	15c
2 könnur af Lax á	25c
3 " " Corn á	25c
3 " " Peas á	25c
3 " " Royal Crown Lye á	25c
8 stykki af Royal Crown Sápu á	25c
12 " " Hand Sápu á	25c

Sendid börnin til vor eftir allskonar skólabókum og fl.

Clemens, Árnason & Pálmason
CASH GROCERY HOUSE
COR SARGENT & VICTOR. TALSÍMI 5343.

SKÚLI THORODDSEN
ritstjóri ÞJÓÐVILJANS

Eini þingmaðurinn, sem kosinn var gagnsóknarlaust við kosningarnar þann 10. september sl.

Gleðilegar fréttir.

Íslendingar hafa verndað sjálfstæði sitt.

Hafsteins innlimunarstjórn fallin í valinn. Sjálfstæðismenn hafa við kosningarnar 10 sept. fengið 25 þingmenn, en stjórnin að eins 9. Nefndarmennirnir Lárus H. Bjarnason og Stefán kennari, féllu báðir.

BJÖRN JÓNSSON
ritstjóri ÍSAFOLDAR

ÞESSAR FREGNIR, SEM borist hafa hingað af kosningunum á Íslandi í símskeytum til Lögbergs í síðastliðinni viku, eru vafalaust sannkallaðar gleðifréttir nálega hverjum einasta Vestur-Íslendingi. Að íslenzka þjóðin mundi svona rækilega, eins og raun er á orðin, hrinda af höndum sér innlimunarfrumvarpinu alræmda, og þeim mönnum, sem fyrir því börðust,—mun fáum hafa til hugar komið hér vestra, utan þeim, sem þetta ritar, sem spáði því 6 vikum fyrir kosningar, að stjórnin mundi í það allra mesta fá tólf sæti við kosningarnar.

Af undirtektum þjóðarinnar á þingmálafundum mátti sjá, hve nauðalítinn byr frumvarpið fékk, því langflestir landsmanna voru því mjög andvígir. Og það stoðaði ekkert, þó ráðherrann sjálfur hentist landshornanna á milli, með "Jóna þrenninguna" í eftirdragi, eða þó stjórnarblöðin væru alt af að stagast á því, að "beztu menn-irnir" væru frumvarpinu fylgjandi. Kjósendur létu sér eigi segjast fyrir það. Þeir vildu heldur treysta á sína eigin skynsemi og dómgreind, en láta flekast af fortölum valdhafa og embættislýðs, sem stöðugt var verið að telja þeim trú um, að væru "beztu menn þjóðarinnar", og um leið gefið í skyn, að þeir sjálfir væru "ruslið". Íslenzkir kjósendur láta ekki lengur að sér hæða, það hafa þeir svo áþreifanlega sýnt nú. Vel sé þeim fyrir það. Þeir ætla að treysta á "mátt SINN og megin" hér eftir, en ekki á makt og veldi þjóna sinna (embættismannanna), eins og þeir hafa um of gert að undanförnu, og það er trúa mín, að við þá breytingu byrji nýtt, glæsilegt tímabil í lífi þjóðarinnar.

Feigðarmark á flokki stjórnarinnar var auðsætt fyrir löngu síðan, af blöðum hennar. Þau voru steinhætt að ræða um málið, sem fyrir lá til umræðu (frumvarpið), en í þess stað rægðu þau og ófrægðu mótstöðumenn sína persónulega, hvort heldur þeir voru innanlands eða utan.

Þeir eru, sem betur fer, tiltölulega örfáir landarnir, sem gera sér það að góðu, að fá þannig lagaðan varning í stað röksemda.

Aftur á móti ræddu sjálfstæðisblöðin (sem voru öll ÓHÁÐ blöð landsins) málið með skýrum röksemdum, sem sjálfsagt hafa átt mikinn og góðan þátt í því, að opna augu þjóðarinnar, og beina henni inn á rétta braut. Nöfn forvígismanna sjálfstæðis flokksins, eins og t. d. Björns Jónssonar ritstjóra, Benedikt Sveinssonar og Ara Jónssonar ritstjóra, Bjarna Jónssonar frá Vogi, Þorsteins Erlingssonar skálds, o.fl., o. fl., að ógleymdum Skúla Thoroddsen, — verða þjóðinni minnisstæð. Svo vasklega og drengilega hafa þeir barist í broddi fylkingar fyrir frelsi og sjálfstæði þjóðar sinnar.

Hvernig kosningar hafa fallið í því og því kjördæminu, er ekki frétt enn, utan að ALLIR ritstjórarnir 7, sem sóttu um kosningu, unnu sigur: Björn Jónsson í Barðastrandarsýslu feldi sýslumanninn þar, Bjarni Jónsson frá Vogi í Dalasýslu feldi Jón Jensson yfirdómara, Ari Jónsson í Stranda sýslu feldi Guðjón kaupfélagsstj. Guðlaugsson (fyrv. þingmann þar), Benedikt Sveinsson í Norður-Þingeyjarsýslu feldi Björn Sigurðsson bónda á Grjótnesi, Hannes ritstj. Þorsteinsson í Árnessýslu feldi þar Boga Melsted, Sigurður ritstjóri Hjörleifsson á Akureyri feldi M. Kristjánsson kaupm., og svo Skúli Thoroddsen, sem kosinn var gagnsóknarlaust. — Frekari fréttum er ekki von á fyr en blöð koma, — og verður þá skýrt frá, hverjir hafa unnið í hverju kjördæmi, — enda gerir það ekki svo mikið til.

Mest er um vert, sem þegar er frétt, að sjálfstæðismenn hafa yfirgnæfandi meiri hluta, 25 á móti 15 þegar konungkjörnu þingmennirnir eru taldir stjórnarmegin. Hafstein verður því að segja af sér sem ráðherra, samkvæmt ófrávíkjanlegri reglu í öllum þingræðislöndum.

Með þessum kosningum hefir íslenzka þjóðin getið sér þann heiður, sem víða mun verða veitt eftirtekt. Þroski hennar kom svo berlega í ljós, í því, hve fast og stöðugt hún stóð gegn öllu því blekkingar moldviðri, sem valdsmenn hennar, og aftan-hnýtingar þeirra, þyrluðu upp til að villa henni sjónar. Hún stóð fast fyrir, sem "klettur í hafinu", en galt valdhöfunum "rauðan belg fyrir gráan". Sú frammistaða mun vekja undrun og aðdáun annara þjóða.

Á. J. JOHNSON.

Bæði blöðin Heimskringla og Lögberg hafa sent samfagnaðarsímskeyti til sjálfstæðis blaðanna á Íslandi, í viðurkenningarskyni fyrir þá velvild Ísafoldar, að hafa sent vestanblöðunum hvert símskeytið eftir annað um afdrif kosninganna á Íslandi. Skeyti það, sem Heimskringla sendi, var svohljóðandi: "Vestur-Íslendingar samfagna sigri sjálfstæðismanna".

Fregnsafn.

Markverðustu viðburðir hvaðanæfa.

Miss Campbell, sem er Bandarikjastúlka, gerir erfðatilkall á dómkirkjunni í Quebec. Kveðst vera réttur eigandi lóðarinnar, og eins þess sem Chateau Frontenac stendur á, og allrar Efri borgarinnar, að Basilica meðtöldu. Hún er þar stödd nú, og hefir kallað til samstefnu við sig alla erfingja Lamberts ættarinnar, á skyldleik hverrar ættar hún byggir kröfu sína. Hún ætlaði að halda fund með þessum ættmönnum á skrifstofum lögmanna sinna, en þær reyndust of litlar til þess að rúma alla, sem komu. Svo stefnumóti þessu var frestað.

— Í Ontario er maður að nafni Isaak Kearn, sem gerir kröfu til jarðeigna á Þýzkalandi. Þær nema 50 miliónum dala. Gamli Kearn var móðurbróðir Isaaks, og er dáinn nær því fyrir hundrað árum.

— Nú sem stendur eru Bandamenn að láta smíða 20 herskip, 4 stór herskip, 5 tundursnekkjur, 7 neðansjávarbáta og 4 fylgibáta.

— Þann 7. þm. hélt elzti steinhöggvarinn í Bandaríkjunum afmælisveizlu sina. Hann er 107 ára.

Framhald á 5. bls.

PURITY FLOUR

AÐ BAKA BEZTA BRAUÐ
er meira en vísindi og meira en list.

En það má gerast fljótlega og áreiðanlega með því að nota

PURITY FLOUR

Það er malað úr bezt völdu Vestur-Canada Hörðu Hveitikorni; er algerlega hreint og svo ilmandi kjarngott.

ALLIR ÍSLENZKIR KAUPMENN SELJA ÞAÐ

WESTERN CANADA FLOUR MILLS CO.,
LIMITED.
WINNIPEG. —— CANADA.

BRÓÐURHÖND.



Heillaóskir frá Vestur-Íslendingum til sjálfstæðisvina á Íslandi út af hinum fræga kosninga-sigri 10. september 1908.

Heimskringla
Published every Thursday by The
Heimskringla News & Publishing Co. Ltd

Verð blaðsins í Canada og Bandaríkjunum er $1.00 um árið (fyrir fram borgað).
Sent til Íslands $1.50 (fyrir fram borgað af kaupendum blaðsins hér $1.50.)

B. L. BALDWINSON,
Editor & Manager

Office:
729 Sherbrooke Street, Winnipeg
P. O. BOX 3083. Talsími 3512.

STANDIÐ SAMAN OG SIGRIÐ!

Blaðið "Mail and Empire" skorar á alla kjósendur í Canada, að standa saman, og vinna móti öllum fjárdráttarmönnum og fjárglæfraklíkkum í Canada, og sigra næstu kosningar, sem fram fari seint í október næstkomandi. Það segir, að sumir beri það fyrir sig, að þessir þjóðræningjar séu svo öflugir og fastgrónir, að ómögulegt sé, að velta þeim úr sæti, og það sé ekki eyðandi tíma til þess. Þetta er gömul saga, sem öldungis ekki á við kringumstæðurnar í dag. Engum getur dottið í hug, að stjórnar kringumstæðurnar nú, — skoðað frá siðferðislegu sjónarmiði, — hér í Canada, séu annað en óþolandi þjóðarsmán. Forvígismenn stjórnarinnar eru fyrir vináttu eða tengdir að gera ýmsa fylgifiska sína stórríka, af þeim bitum, sem stjórnin dregur frá munni almennings, sem situr eftir í skorti og framtíðar örbirgð, og þessir fjárdrættingar eru þjóðfélags sæpingjar og stjórnarflækingar. Stefna þjóðarinnar hlýtur að ganga einvörðungu að því einu, að undirbúa sig og ná tækifæri til að kveða niður þjófnað, mútur og fjárglæfraspilun, sem dagsdaglega er höfð um hönd í Ottawa. Um það getum vér ekki efast.

Eftir útkomu kosninga á faum síðustu árum, og samtökum, er út litið bjart og fagurt fyrir endalokum í hönd farandi kosninga. Mesti fjöldi kjósenda, sem fylgt hefir stjórninni, hefir andstygð á henni og öllum hennar aðgerðum, og vinnur af fremsta megni á móti henni í orði og verki. Í því er innifalin stór breyting.

Í síðustu kosningum stóð fylgi flokkanna þannig í Canada:

Stjórnin Ekk ...	536,280 atkv.
Conservativar ...	488,199 atkv.
Meiri hluti stjórnarinnar að eins	48,081 atkv.

Með að eins þessum meiri hluta atkvæða hefir stjórnin hangt við völdin. Það er næstu ólíklegt, að stjórnin hafi grætt eitt einasta atkvæði síðan, nema ef vera skyldi í gegn um atvinnu eða mútur. — Það er næsta ólíklegt, að ungir menn, sem atkvæði ná á þessu kjörtímabili leggi manndóm sinn svo lágt, að fylgja núverandi stjórn. Heiðvirðir Canada borgarar heimta ráðvant og holt stjórnfar.

Síðan aðalkosningar fóru fram og stjórnin hafði þessi 48,000 atkvæði um fram, hafa margar auka kosningar farið fram, sem stöðugt hafa minkað atkvæði stjórnarinnar, en hækkaði hana að sama skapi hjá Conservativum. Síðustu fylkiskosningar í Ontario, sem íbúarnir þar sjálfir stjórnuðu, hafa sýnt stærstu Conservative yfirburði, sem nokkru sinni hafa orðið þar áður. British Columbia, Manitoba, Ontario og New Brunswick hafa snúist með stórmiklum atkvæðafjölda á hlið Conservativa, þrátt fyrir allar mögulegar tilraunir stjórnarinnar í Ottawa, að ná þessum fylkjum undir sig. Afstaðan í Ontario er sannarlega þess virði, að veita henni eftirtekt. Hér er taflan yfir sambandsþingskosningar þar 1904 og fylkiskosningar 1908.

Sambandskosningar 1904:

Conservativar ...	223,547
Liberals ...	220,049
Fleirtala Conservativa	3,498

Fylkiskosningar 1908:

Conservativar ...	277,914
Liberals ...	182,280
Fleirtala Conservativa	96,634

Hér getur hver heilvita maður séð, að fleirtala Conservativa 1908 er næstum helmingi meiri en fleirtala Laurier stjórnarinnar 1904 í öllu Canada.

Það er Sir James Whitney og hans ágætu stjórn að þakka, að "Liberalar" hafa ekki hald á skotti í Ontario fylki. Og fótþrestuleysi þeirra þar er líka sýnishorn af þeirri óbeit og fyrirlitningu, sem þjóðin er búin að fá á Laurier stjórninni um alt land. Canadamenn vilja ekki líða óráðvanda og svikula stjórn, og þeir heimta sama stjórnarfar, sem heimtað er af einstaklingum í borgaraskaginu, — ella fulla refsingu. Ef kjósendurnir taka sig í vakt nógu snemma og standa saman, þeir sem eru Conservativar og þeir hinir, sem einnig vilja kjósa ráðvanda og heiðvirða landsstjórn, — þá er björninn unninn. Enginn góður borgari má skerast úr leik. Það verða þeir að muna, og þá er sigurinn vís og auðveldlega unninn.

Kjósendurnir verða að sameina sig og berjast einnugu, og ginnast hvorki af ginningum né gulli fjárglæframanna. Oft hefir Laurierstjórnin hleypt af stað kosningavélum, en aldrei munu þær hafa verið fleiri eða sterkari en nú.

Munið eftir að verða samtaka, og velta Laurier stjórninni úr völdum á næsta kosningadegi!

Vandræða skrum.

Í síðustu 2 tölubl. "Lögbergs" hefir birst þýðing af höfuðræðu "Liberala" í Canada gegn um núkomandi kosningar. Stjórnarformaður Laurier hélt hana þann 5. þ.m. í bænum Sorel í Quebec fylki. Það eru engar ýkjur að segja, að það er sú aumasta kosningaræða, sem haldin hefir verið af nokkrum leiðtoga í Canada, fyrr og seinna að mannast. Það má kalla hana þriþætta, eða þrítvinnaða. Fyrsti þátturinn er samankembt sjálfshól og flokksskrum. Annar er fávíta klögun yfir andstæðingaflokknum og illskusnjak. Og hinn þriðji, gildasti og lumbalegasti, eru helber ósannindi og haugagyllingar.

Það er venja allra stjórnmálaleiðtoga, þegar þeir ganga tal kosninga, að gera þjóðinni eða kjósendum reikningsskap ráðsmensku sinnar. Þeir byrja þá venjulega fyrst á fjármálunum, inntektum og útgjöldum. Þar næst á stórfyrirtækjum, sem þeir hafa á höndum fyrir þjóðina. Sir Wilfrid Laurier forðast að nefna fjármál ríkisins á nafn, jafnt og fleygja sér í vellandi hver. Nei, langt frá. Bæði hann og fylginautar hans þora hvergi að minnast á skuldasúpuna og stjórnlausa fjárbruðlið. Andstæðingar þeirra hafa komið svo miklu ljótu og svívirðilegu upp um þá nú í seinni tíð, að þeir treysta sér ekki, að ljúga neinum fáðæma ósköpum í þjóðina. Hún trúir þeim ekki lengur. Þeim þykir bezt og ráðlegast, að tala ekkert um það. En all-skuggalega litur það út, þegar ráðsmaður falar framlengjandi vist hjá húsbónda sínum, að hann vill ekkert minnast á 4. ára reikningsskil.

Hann verður æðistund um það, að hann og hans flokkur sé viss um sigur í þessum kosningum. En í sömu andránni biður hann fólkið kjökrandi að gera það fyrir sig, að lofa sér að hanga í stjórninni um næstu 4—5 ár. Hann sé orðinn svo gamall, að það eigi að sjá aumur á sér. Sig langi svo innilega til, að byggja Hudsons flóa brautina áður en hann verði rekinn frá völdum. Auðvitað veit hann, að það er hægt að fá þar í askinn sinn einu sinni eða tvisvar. Þegar hann sé búinn að því, þá ætli hann sér að segja eins og spámaðurinn: — "Láttu nú þjón þinn í friði fara". Einn kjósandinn hélt, að honum mundi vera hollara, ef hann væri að hugsa um guð og annað líf, að segja: "Ó, guð, vertu mér syndugum liknsamur!"

Þegar öllum vaðlinum, smjaðrinu og skítkasti á andstæðingaflokkinn er slept, þá er aðal ræðuefnið að eins 3 mál, er hann talaði um, sem stórvirki stjórnar sinnar. Í tveimur af þeim hefir stjórnin stórbrotið rétt þjóðar og kjósenda. Eitt er smámál, sem engin stjórn getur montað af, og sem átti að vera búið að gera fyrir löngu. Málin eru þessi: Bygging Grand Trunk Pacific brautarinnar, viðauki Manitoba fylkis og ellistyrkslögin.

Um G. T. P. brautina er það að segja, að hún er og verður stórhneykslí Laurier stjórnarinnar og sérstaklega Lauriers sjálfs, — þar sem hann laug vísvitandi í þjóðina, að brautin mundi að eins kosta ÞRETTÁN MILJÓNIR DALA. En brautin verður mörgum sinnum dýrari. Þetta veit hvert barnið. Annað það, að hann stal þeim heiðri og hlunnindum frá íbúum Canada, að hún væri bygð undir þjóðeignar fyrirkomulaginu, eins og Mr. Borden og allir Conservativar í Canada voru staðráðnir í að gera. En vegna stórkostlegra eigin hagsmuna og dúsufjárveitinga til þjóðglæframanna, sviðti hann þjóðina bæði heiðri og fjársparnaði. Fyrri má nú vera ósvífni, en hæla sér af þessu fjármangara farganj, sem stórvirki, beint í andlit kjósenda sinna.

Um viðauka Manitobafylkis er það að segja, að öllum er ljóst, að Laurier stjórnin dró stórmikið austan af fylkinu, sem því bar með fylstu réttindum, og hefði tekið mikið meira af, ef þeir Hon. Roblin og Hon. Rodgers hefðu ekki þröngvað henni með illu og góðu til að gera það ekki. Kjósendurna í Manitoba fylki rekur líklega minni til þérrar fyrirhafnar og deilu, sem það mál hafði í för með sér. En fyrir framan ókunnuga, katólska kjósendur í Quebec fylki, hefir Laurier ekki annað að vegsama sig fyrir en þetta mál.

Þriðja málið, sem Laurier hælir sér og stjórn sinni fyrir, er ellistyrksmálið, sem er það, að hver maður, sem er hraustur og vinnugefinn á tvítugsaldri og leggur 25c í sjóð á viku þaðan í frá, skal fá $120 á ári, þegar hann er 60 vetra til æfiloka. Deyi hann áður, fá erfingjar hans innlög hans útborguð með 3 prósent vöxtum. Þetta er víðar en í Canada, að fólk fær ellistyrk, og það með betri kjörum en þessum. Og hafa þær stjórnir og þing, sem þessu hafa á komið, ei hælt sér fyrir, eða talið til óviðjafnanlegra stórvirkja. Þetta mál er bara hálmstrá, sem deyjandi vesalingur gripur til, þá ekkert er um að tala nema opinn dauðann.

Það getur hver einasti kjósandi, sem les ræðu Sir Wilfrids Lauriers, séð, að hún er full af alvöruleysi og meinþrungnum vandræðum. Hún mun spila fyrir honum hjá öllum, sem lesa hana og skilja ofurlítið í pólitiskum ræðulöldum, og stjórnarfari Laurier stjórnarinnar.

Mr. Fielding í yfirsjónum og vandræðum

Fjármála ráðgjafi Fielding hélt nýlega fund í Glace Bay. Hann er næstur Laurier að veg og virðingu. Menn ætlast því til, að þeir tveir séu aðal ræðuskörungarnir í þessari kosningarimmu. Margir vita, hvernig Sir Wilfrid Laurier tókst með höfuðræðuna, sem allir pólitiskir, jafnt á báðar hliðar, hlægja að, — grobbin, lýgin og vandræðabull. Áheyrendurnir í Glace Bay bjuggust við einhverju fróðlegu og markverðu í ræðu Mr. Fieldings. Að minsta kosti skýringu á þessum 18 miljónum dala, sem hann hefir nýskeð tekið til láns upp á fárra mánaða skuldbindingar. — Nei, það var að fara í geitarhús að leita sér ullar, því ræðan gekk mest út á, að finna ýmislegt að Hon. Borden, leiðtoga andstæðinganna. Þó ekki mjög mikið um verk hans og persónu, enn aðallega um rannsóknarsteinu þá, sem hann hefir hafið og framkvæmt móti stjórninni í Ottawa.

Fielding lét margsinnis í ljós, að sér líkaði sárilla við Mr. Foster, og sig tæki sárt, að hann skyldi vera í flokki Hon. Boerdens. Alta'að er, að hann hafi engin atkvæði veitt fyrir sig né Laurier með mannlasti þessu. Áheyrendurnir eru honum gramir fyrir að fræða þá ekki nokkura liðandi vitund um fjármál. En það forðaðist hann sem heitan eld, að leggja út á þá hálu braut. Og er ekki búist við, að hann ræði fjármál til muna í þessum kosningum. Þau standa hálfilla, að minsta kosti sem stendur. Þó að inntektirnar hafi farið stórvaxandi og langmest síðasta fjárhagsár, þá hafa þó tekjurnar aldrei hrokkið á móti útgjöldunum, sem stjórnin hefir skapað þjóðinni. Fjárhagsárið 1907—1908 voru tekjurnar $96,054,505, þar af $72,325,962 utan og innanlands tollar. En útgjöld sama ár $111,896,340, og fóru svo langt fram yfir inntektirnar, að þjóðskuldin jókst um $14,288,907 þetta ár, og hefir hún aldrei áður á einu ári aukist nándar nærri svona mikið. Þetta fjárhagsár hefir stjórnin tekið sér vald til að eyða rúmum $130,000,000, og nú fara tekjurnar hækkandi þegar útgjöldin fara hækkandi. Í tilefni af þessu og því líku, að nógu gott eftirlit er ekki á lántöku ríkisins, þá hefir Mr. Fielding orðið að taka til láns yfir 18 miljónir dala gegn skyndiskuldbindingum ("on short notes"), og þarf að fá meira lán nú þegar, því stjórnina vanhagar allstaðar um fé, sem komið er í gjalddaga fyrir lengri og skemri tíma. Og enginn efi er á því, að með sama háttalagi þarf hann að auka tekjurnar með einhverjum álögum hið allra bráðasta. Og þessi maður, sem er fyrsti maður, sem verður að mæta útgjöldum þjóðarinnar, undankomulaust, hann þegir, vill ekkert orð tala um ráðsmensku sína framan í þjóðina. Það er ei mót von, þó þjóðin gruni þenna þjón sinn um eitthvað gruggugt, sem enga grein vill gera fyrir ráðsmensku sinni, þó honum beri fylsta skylda til þess.

Það gengur svo langt, að sum "Liberal" blöðin austur frá sárkvarta um, hvað "Liberalar" séu óákveðnir í ræðum sínum, og hafi ekki nema brotið og bramlað stjórnarskrárflak að standa á. Og auðheyrt er það, að þau sjá fyrirfram fall stjórnarinnar, og sum af þeim láta í ljós, að jafnvel nauðsyn sé til þess, að önnur ráðsmenska komist að í Ottawa, en nú sé á orði að sé þar.

Hvað er um efri málstofuna [The Senate]?

Eitt af því marga, sem Liberalar hafa svikist um að gera, er það, að endurbæta eða afnema efri málstofuna. Það er þó einn liðurinn í stefnuskrá þeirra frá árinu 1893. En Laurier stjórnin hefir gert annað við það mál, eins og sýnt skal verða í þessari grein.

Um þær mundir, sem "Liberal"-flokkurinn gaf út stefnuskrá sína, fjösuðu þeir ósköpin öll um það, að efri málstofan væri einkisvirði, ekki nema byrði fyrir ríkið, og það þyrfti annað tveggja að afnema hana eða umbæta að stórum mun. Sumir þeirra vildu ekki heyra um annað talað, en að hún yrði afnumin með öllu, en aðrir vildu umskapa hana og hafa hana kostnaðarminni. Sir Richard Cartwright sagði í ræðu sem hann hélt í "Patróna flokknum: "Við skulum sundurliða stefnuskrá "Parróna" flokksins meira. Við skulum hafa fyrsta liðinn: Afnám efri málstofunnar. Meiri hluti "Liberala" í Ontario verður vissulega með "Patróna" flokknum þar. Til vera efri málstofunnar, eins og hún er nú, er undantekningarlaust óþokandi, og augljós blettur á stjórnarfarinu".

Aðalfundur "Liberala" árið 1893, tók þetta mál á stefnuskrá sína, og fordæmdi efri málstofuna. Þar sagði einn "Liberal": — "Hið núverandi fyrirkomulag á efri málstofunni, er ósamboðið grundvallar atriðum stjórnarinnar, og er að öðru leyti þekkingarskortur, þar sem efri málstofan er óháð kjósendum, og er hvorki stjórnað né kosin af almenningsvilja, og ætti að umskapast og verða í sam ræmi við grundvallar atriði almenningsstjórnar". Þessi tillaga, sem aðrar í sömu átt, var samþykt á þeim fundi, og annarstaðar á fundum "Liberala". Nokkrir vildu, að að eins breytingar væru gerðar á þeirri málstofu. "Liberal" flokkurinn vildi bæði afnám og umbætur. Um það snerist hann sammála. Sir Wilfrid, þá Mr. Laurier, fór varlega í þessar sakir framan af, en lést þó vera með afnáminu. Í ræðu, sem hann hélt síðar í Montreal, 1889, kom hann fram með álit sitt í þessu máli, og var þá hlegið svo mikið að þeirri stjórnmálavizku hans, að hann vissi ekki, hvað hann átti af sér að gera. Hann skýrði sitt álit þannig:

"Fyrrum var ég með afnámi efri málstofunnar, en eftir því, sem ég verð eldri og læri meira í þessu landi, þá verða umbótaskoðanir mínar mildari. Ég segi ekki, að ég sé "blue", en ég hefi numið skoðanir Conservativa í fylsta máta að því lútandi, og ég held við ættum ekki að afnema en endurbæta efri málstofuna".

Samkvæmt hans eigin orðum hér hefir hann verið með afnáminu þar til árið 1899, að hann kúvendi og tók aðra "mildari" stefnu í málinu, til framtíðar umbóta. Enn þá er þessi málstofa ekki afnumin. Stjórnin hefir ekki stigið fæti í þá átt. Og svo er stjórnin orðin þverbaka í þessu máli sem öðrum, að Sir Richard Cartwright hefir nú þegar smokrað sjálfum sér upp í efri málstofuna. Hann er orðinn þar að einum blettinum, er hann talaði um þar ekki alls fyrir löngu, — og ekki sá minsti heldur.

Efri málstofan er óafnumin, og ekki endurbætt, en Laurier stjórnin hefir gert þar breytingar á þrjá vegu, — ekki samt þær, sem hægt er að lofsyngja henni fyrir. Þær eru þessar:

1. Að gömlum og ágætum efri málstofu öldung var hrundið þaðan út, undir því yfirskini, að spara ríkinu $600 á ári.
2. Að Laurier stjórnin hefir sent þangað eins marga af pólitiskum fylgjurum sínum og hún hefir rúmað þar inni, dyggum "Liberal" jálkum, bæði úr neðri málstofunni og vestan úr landi.
3. Hún hefir hækkað laun þeirra úr $1,000 á ári upp í $2,500 á ári.

Beinar breytingar stjórnarinnar á efri málstofunni eru, að hún hefir þar nú 29 í meiri hluta, og hefir aukið kostnað efri málstofunnar upp úr $135,843 árið 1893, og alla leið upp í $269,075 árið 1907, eða rétt að segja tvöfaldað kostnaðinn. Hún fer vel með vini sína þar sem annarstaðar. Þjóðin fær að borga brúsann.

Kosningarnar á Íslandi.

Á fimtudaginn var komu loks hingað fréttir um kosninga úrslitin á Íslandi, þannig, að 23 þingmenn eru kosnir á móti stjórninni, 7 stjórnarliðar og 4 þingmenn ófrétt um enn þá.

Almenningur hér vestra hefir tekið þátt í þessum kosningum á Íslandi jafnvel með meiri áhuga en fjöldinn hefir á hérlendum kosningum. Við þessar fréttir urðu menn nær að segja í einu hljóði afar glaðir. Fáeinir menn hér voru stjórnarsinnar, en fæstir af þeim hafa gert mikið veður um það, og þeir taka þessum úrslitum með þögn og þolinmæði.

Það er eðlilegt, að fólk stæði með sjálfstæði og aðskilnaði Íslands frá Danmörku. Fólk er hér viðsýnara og sjálfstæðara í stjórnmálum, enn þegar það kemur hingað fyrst. Og hvað sem menn segja sjálfir og aðrir, þá er það engum efa bundið, að Vestur-Íslendingar bera eins heitar og innilegar tilfinningar til Íslands, eins og þeir þar heima. Þeir hafa oft sýnt það áður, en svo áþreifanlega núna, að ei er lengur um að villast, að áköf og heit föðurlandsást er ríkjandi í brjóstum þeirra. Hið sama má óefað segja um þá, sem fylgdu stjórninni, bæði hér og heima. En flokkunum kom ekki saman um aðferð og stefnu. Meiri hlutinn vildi aðskilnað Íslands frá Danmörku sem fyrst, fái landið ekki alt sitt sjálfstæði í sínar hendur. Hinn flokkurinn vildi ekki aðskilnað að svo komnu, og sumir úr honum máske aldrei. En slíkt var meiri hluti þjóðarinnar óáþreifanlegur að gefa eftir undir nokkurum kringumstæðum.

Vonandi er, að þjóðin sæki nú fast eftir fullkomnu sjálfstæði, og sjálfstjórn að öllu leyti. Það stendur fremur illa á fyrir Dönum nú. Alberti hneykslið ætti að verða dönsku þjóðinni minnisstætt. Fari Íslendingar einarðlega og skynsamlega að Dönum, sést ekki betur, en þeir ættu að lofa landanum að fara í friði og eiga með sig sjálfr. Ekki hinum allra minsta vafa bundið, að Vestur-Íslendingar styðja Austur-Íslendinga af fremsta megni í þessu frelsismáli hér eftir, sem hingað til. Og meira að segja, að Íslendingum heima munar stórum um stuðning landa í Vesturheimi.

Síðustu fréttir segja, að stjórnarandstæðingar séu 25, stjórnarsinnar 9 og 6 konungkjörnir, sem ætla má að fylgi þeim flokki á næsta þingi.

Leiðréttingar.

Í síðasta blaði Hkr. hefir orðið meinleg prentvilla í greininni "Ofstæki og kúgun Laurier-stjórnarinnar". Villan orsakaðist þannig, að leiðréttingarlína var sett inn á rangan stað og rétt lína tekin burt. Vér setjum hér málsgreinina, sem byrjar í 18. línu, 5. dálki, 2. bls., eins og hún er prentuð í blaðinu, eins og hún stóð í handritinu:

Í blaðinu stendur —

— — — — — — — — Ef Hon. Haultain stæði við stýrið. Laurier- sem er alþektur hæfileikamaður og trúr og ráðvandur í stjórnmálum, þá hefðu íbúarnir og fylkið átt öðru láni að fagna en nú. Sir Wilfrid og hans fylginautar sáu það fyrirfram, að þeir kæmu aldrei á þeim ókjörum, harðstjórn og yfirgangi, sem þeir bjuggu yfir, ef aultain stæði við stýrið. Laurier-

Í handritinu stóð:

— — — — — — — — EF HON. HAULTAIN HEFÐI SETIÐ VIÐ VÖLDIN, SEM ER ALÞEKTUR HÆFILEIKAMAÐUR OG TRÚR OG RÁÐVANDUR Í STJÓRNMÁLUM, ÞÁ HEFÐU ÍBÚARNIR OG FYLKIÐ ÁTT ÖÐRU LÁNI AÐ FAGNA EN NÚ. SIR WILFRID OG HANS FYLGINAUTAR SÁU ÞAÐ FYRIRFRAM, AÐ ÞEIR KÆMU ALDREI Á ÞEIM ÓKJÖRUM, HARÐSTJÓRN OG YFIRGANGI, SEM ÞEIR BJUGGU YFIR, EF HAULTAIN STÆÐI VIÐ STÝRIÐ. LAURIER- — og svo framvegis.

Í eftirmælum Árna Kristjánssonar, 3. vísu, annari línu, er "óður" fyrir "móður". Braglinan lesist þannig: Unnir, föður, móður.

Í bæjarfréttum stendur að Halldór Halldórsson eigi heima í Nýja Íslandi, á að vera Nýja Sjálandi.

Þetta eru lesendurnir vinsamlega beðnir að athuga og virða til vorkunar.

3083

Pósthús Box Heimskringlu er nú 3083, en ekki 116, eins og áður hefir verið. Viðskiftavinir eru því beðnir, að senda bréf til blaðsins í P.O. Box **3083**

Alheimsfriðar-málið

Blaðið "Deseret Weekly News", dags. 29. ágúst sl., flytur langa ritgerð um friðarmál, eftir C. W. Penrose, einn af þeim, sem sendir voru á friðarþing það, sem haldið var í Caston Hall í Westminster dagana frá 27. júlí til 1. ágúst. Þar voru mættir sendimenn frá öllum þjóðum og túlkar voru þar til þess að túlka hverja ræðu, svo að allir, sem á þingi þessu sátu, gætu skilið hvað talað var.

Tilgangur þingsins var að finna ráð til þess að aðnema stríð og styrjaldir og koma á varanlegu samlyndi meðal allra þjóða. Allir vissu og viðurkendu þörfina á þessu, — en hvernig best mætti koma því í framkvæmd, það var ráðgátan. Ýmsir menn hafa komið fram með og koma enn fram með mismunandi skoðanir um þetta efni. En hver skoðunin sé réttust, eða hver aðferðin heppilegust til réttra úrslita, — það er atriði, sem enginn hefir getað sagt neitt um með vissu. Þess vegna eru þessi friðarþing nauðsynleg, svo að allur heimur geti setið á ráðsteinu á þeim og athugað hverja sérstaka tillögu.

Á þessu þingi var fyrst byrjað á, að semja stefnuskrá og ákveða þau mál, sem takast skyldu til umræðu, og vissir ræðumenn voru tilnefndir, sem flytja skyldu málin Nefndir voru settar til að ræða og sérstaklega athuga hvert mál, og alt var þetta gert til undirbúnings og áður en þeir reglulegu þinglundir voru settir. Svo þegar kom á sjálfa þingfundina, þá gekk alt í ljúfa löð. Stuttar ræður voru fluttar um hvert málefni, en margar voru skoðanir og mismunandi, sem þar komu fram, og ekki fritt við hita og ákafa í sumum ræðumönnum. Þegar svo búið var að ræða mál þau frá ýmsum hliðum, þá fór jafnaðarlega svo, að þingmenn komust að einhverri ákveðinni niðurstöðu í hverju máli.

Þessi voru þau aðalmál, sem rædd voru á þessu þingi:

1. Takmörkun á herviðbúnaði þjóðanna.
2. Að fá samræmi í mentun mannkynsins, svo að sönnu mentagreinar yrðu kendar í öllum löndum heimsins.
3. Um sameiginlegt stefnutakmark fyrir alla báskóla allra landa.
4. Um sameiginlegar trúfræðikenningar.
5. Um sameiginlega alþýðuskólamentun.
6. Um sameiginlega stefnuskrá allra verkamanna félaga.
7. Um skyldu þjóðanna til að útkljá ágreiningsmál sín með gerðardómi, og að hlíta ákvæði þess dóms.

Öll þessi mál voru rækilega rundurliðuð, og allar hliðar hvers sérstaks málsatriðis nákvæmlega ræddar og samþyktir teknar, og oks var þetta aðalspursmálið, em mestur vandinn var að leysa ur:

Með hverjum ráðum hægt væri ð beita þeim áhrifum á stjórnir llra þjóða, að þær ynnu sameiginega að því, að fá þessum umbótum komið í framkvæmd. Í raninni komst þingið ekki að neinni niðurstöðu um þetta síðasta atriði, sem alt hitt veltur á, og þess vegna verður það tæpast sagt, að það hafi í raun réttri afkastað nokkru verulegu starfi öðru en því að ræða málin og láta álit sitt á þeim í ljós.

Sumir þeirra, er mættu á þessu þingi, komu fram með uppástungur, sem að engu leyti geta talist hyggilegar eða verið framkvæmanlegar. Ein var sú, að hvenær sem ófriður verður milli tveggja eða fleiri þjóða, þá skuli kolanámamenn hafa samtök til þess að gera verkfall, svo að herflotar þjóðanna gætu ekki orðið þeim að liði í hernaðinum. Önnur uppástunga var, að allir menn hjá öllum þjóðum, þeir, sem háðir væru herskyldu, hefðu bindandi samtök til þess, að neita að bera vopn, nema að eins til þess, að verunda sín sjálfa lönd. Þá var og stungið upp á því, að í öllum skólum, frá þeim lægstu til þeirra hæstu, skyldi kent að neita að fara í hernað, og myndi sú kenning hafa þau áhrif með tímanum, að kæfa hernaðarlöngunina, og að skapa í hugum manna óbeit á öllum hernaði, og að sama skapi áhuga fyrir því, að lifa í friði við allar þjóðir.

Ýmsar aðrar jafn ópraktiskar tillögur komu fram á þingi þessu og voru ræddar. Mikið var um það talað, að fá heimsþjóðirnar til þess að hætta sjóránum og að viðurkenna friðhelgi eigna á sjó, eins og privat borgarar viðurkenna friðhelgi hvers annars eigna á landi.

Margar góðar ræður voru fluttar til þess að sýna fram á rangsleitni þá, sem hernaður byggist á, og í því að sóa eignum þjóðanna til þess stöðugt að auka herútbúnað þeirra, — og um mannúðina, sem í þeirri stefnu væri fólgin, að minka öll slík útgjöld, en vinna þess stað að því, að fá allsherjarfriði komið á og hann varanlegu viðurkendan. Alt þetta var viðurkent af þinginu í einu hljóði. Allir viðurkendu, að útgjöldin til hernaðar væru ekki einvörðungu mikil byrði á skattgreiðendum þjóðanna, heldur einnig í mesta ósamræmi við vaxandi menningu mannkynsins, og að þess vegna væri sjálfsögð skylda allra þjóða, að hafa samtök til þess, að gera út um ágreiningsmál sín með gerðardómi.

Sérstök áherzla var lögð á það, að fá þjóðirnar til að auka ekki árleg útgjöld til herútbúnaðar, fram úr því, sem nú er. Það skyldi vera fyrsta sporið í áttina til þess, að fá þær síðar til að hætta öllu hernaði og útbúnaði til hans. Það var samþykt, að senda áskorun til allra þjóða í þessa átt, og vonað, að áhrifin af því mundu örfa stjórnmálamenn til að taka upp friðarstefnuna.

Það var sýnt, að gerðardómsstefnan meðal þjóða væri óðum að ryðja sér braut, og að hún hefir þegar haft hin heillavænlegustu áhrif í ýmsum málum, — þannig, að þau eru nú jöfnuð með gerðardómi, sem fyrir fáum árum hefði kostað blóðsúthellingar. Sömuleiðis hafa þjóðirnar á síðari árum gert sáttmála, sem lúta að varanlegum friði með þeim.

Það var viðurkent, að alheimsfriður yrði ekki fáanlegur nema með ákveðinni alheims réttlætistilfinningu, og að sú tilfinning að eins væri fáanleg með samkomulagi þjóðanna, — þannig, að þær gæti skoðað hver annarar hag án hlutdrægni.

Því var haldið fram, að blöðin með sínum æsandi ritgerðum og grunsemis getgátum um illan tilgang þjóðanna hverrar í annara garð, — væru það bál, sem oftlega heldi steypt þeim út í biturt blóðbað, — ekki síst þegar þær greinar hefðu meðmælendur í háum embættum, sem oft og einatt hefðu persónulegan hagnað af ófriðnum.

Á einum þingfundinum kom fram sendinefnd frá byskupum ensku kirkjunnar. Einn byskupinn vildi láta með laga og hegningarákvæðum neyða alla menn til herþjónustu hjá öllum þjóðum. Hann lærði þær ástæður fyrir þessu nýmæli sínu, að ef þessi stefna fengist viðtekin, þá mundi fyrirfólkið svonefnda, sem nú ketur sér sérlega ant um, að koma alþýðuflokknum í herþjónustu, máske ekki verða eins ákaft í hernaðarátttina, ef það þyrfti einnig að ganga sjálft í hernað. Og að þetta mundi að síðustu leiða til þess, að ófriður milli þjóða muni verða algerlega afnuminn. Þegar byskuparnir höfðu gengið af fundi, urðu skarpar umræður um þetta mál, og komu þá fram megn mótmæli gegn uppástungu byskupsins.

Eins og vant er að vera um slík þing, þá var ekki alt unnið á sjálfum þingfundunum, heldur ýmsir aukafundir og veizluhöld. Einn allsherjarfundur var haldinn í Queens Hall, svo sem afleiðing af þessu þingi. Þar voru ýmsir merkustu stjórnmálamenn Breta og héldu nokkrir þeirra ágætar ræður. En sá var galli á þessum fundi, að kvenréttarkonur, sem viðstaddar voru, gerðu svo mikinn hávaða og tóku svo þráfaldlega fram í fyrir ræðumönnum, að þar var oft ilt að heyra, hvað þeir sögðu. Það varð augljóst þegar í stað, að þessar konur höfðu komið á fundinn til þess að gera fundarspjöll. Þar hrópuðu í sífellu: "VOTE FOR WOMEN!", en aðrir hrópuðu: "PUT HER OUT!" Og fundur þessi hinn mikli endaði með því, að 17 konur voru látnar út úr húsinu, og varð þá háreisti mikil og æsingar.

Annar "Ungra manna" fundur fundur var haldinn í þessu húsi, og þar voru fluttar ágætar ræður um alheimsfriðinn.

Öllum þingmönnunum var haldin mikil veizla í Metropolitan Hall í Lundúnum, og Lyceum félagið hélt þeim aðra veizlu. Síðan var skemtiferð hafin til Windsor Castle, samkvæmt boði konungs eða leyfi, og ýmsar aðrar veizlur voru þingmönnum haldnar og þeim skemt á ýmsan hátt, og allstaðar var þeim sýnd hin mesta virðing og vinsemd. Ein af veizlum þessum var haldin í Cecil hótelinu. Þar var samankominn mesti fjöldi af stórmennum landsins, og þar flutti Asquith stjórnarformaður ræðu um alheimsfriðinn og ágæti hans.

Þessi hreyfing áleiðis til hins mikla dags, sem mælskumennirnir gerðu að umræðuefni, þegar allur heimur býr í algerðum friði, hafði hin beztu áhrif. En hinsvegar verður að játa, að líkurnar eru engan veginn miklar fyrir því, að alheimsráðar takmarkinu verði náð í nokkurri nálægri framtíð, því að verzlunar og pólitiskir og aðrir eiginginnnar hagsmunir hafa aftrandi áhrif á það mál. Menn eru svo gerðir, að þeir eru grunsamir og ætla hver öðrum ilt eitt, og svo er rigur milli þjóðflokkanna og þjóðanna og vantraust milli stjórna, svo að litlar líkur eru til, að þeirri stefnu fáist framgengt, að herviðbúnaður verði aftekinn. Og það virðist ekki ósennileg tilgáta, að eitt allsherjarstríð verði að koma, sem vekji viðbjóð alls heimsins á stríðum, svo að augu hans opnist fyrir þörf á því, að taka upp allsherjarfriðar stefnuna. Það hendir margt á, að þjóð rísi móti þjóð og ríki móti ríki, og að eigna og manntjón verði svo ógurlegt, að áður hafi ekki orðið dæmi til annars eins á vorum hnetti, og að upp úr því blóðbaði rísi eitt ríki, sem framvegis ráði yfir öðrum ríkjum heimsins. En friðelskandi menn hverfvetna munu stöðugt halda áfram að vinna að því, að alheimsfriðar málið fái alheims viðurkenningu, ekki að eins með játningu varanna, heldur einnig í framkvæmdum, svo að allur heimur geti einum rómi hrópað: Friður á jörðu og guðs velþóknun yfir gjörvöllu mannkyni!

Það kostar minna en 4 cent á viku

að fá HEIMSKRINGLU heim til þín vikulega árið um kring. Það gerir engan mismun hvar í heiminum þú ert, — því HEIMSKRINGLA mun rata til þín. Þú hefir máske heyrt "að blindur er bóklaus maður", en ef þú mátt missa 4c. á viku fyrir HEIMSKRINGLU þá verður þú hvorugt. 4c. á viku eða $2 um árið. Skrifið eftir Hkr. nú þegar, til P. O. Box 116 Winnipeg, Man.

Giftingaleyfisbrjef
selur Kr. Ásg. Benediktsson,
540 Simcoe St. Winnipeg.

Til fullkomnustu tryggingar
Vátryggið fasteignir yðar hjá The
St. Paul Fire & Marine Ins. Co.
Eignir félags eru yfir 5 millión dollars. Skaðabætur borgaðar af San Francisco eldinum 1906, mill. SKULI HANSSON & CO., 55 Tribune Bldg., Phone 6456, eru sérstakir umboðsmenn.
E. S. Miller Limited
Aðal umboðsmenn
PHONE 2083 219 McINTYRE BLK.

WINNIPEG Business College
FÉKK FYRSTU VERÐLAUN Á SAINT LOUIS SÝNINGUNNI.
Cor. Portage Ave. and Fort St.
Leitið upplýsinga um kenslugreinar vorar. — Kveldkensla byrjar 2. september. — Það borgar sig að nota kveldin til að menta sig.
G. W. DONALD, ráðsmaður.

Cancer Cure.
R. D. EVANS, sem fann upp hið vtðfræga lyf til lækninga
krabbameinum
óskar að allir sem nú þjást af krabbameinum, skrifi sér. 2. daga notkun meðalsins, læknar útvortis eða innvortis krabbamein. Skrifið strax til R. D. Evans, Brandon, Man. 27-8-8

Með því að biðja sérlega um "T.L. CIGAR," þá ertu viss að fá ágætan vindil.
T.L.
T.L. CIGAR
(UNION MADE)
Western Cigar Factory
Thomas Lee, eigandi Winnipeg

Redwood Lager og Extra Porter
Styrkið taugarnar með því að drekka eitt staup af öðrum hvorum þessum ágæta heimilis bjór, á undan hverri máltíð. — Reynið !!
EDWARD L. DREWRY Manufacturer & Importer Winnipeg, Canada.

Department of Agriculture and Immigration.
MANITOBA
Þetta fylki hefir 41,169,089 ekrur lands, 6,019,200 ekrur eru vötn, sem veita landinu raka til akuryrkjuþarfa. Þess vegna höfum vér jafnan nægan raka til uppskeru tryggingar.
Ennþá eru 25 miliónir ekrur óteknar, sem fá má með heimilisrétti eða kaupum.
Íbúatala árið 1901 var 255,211, nú er hún orðin 400,000 manns, hefir nálega tvöfaldast á 7 árum.
Íbúatala Winnipeg borgar árið 1901 var 42,240, en nú um 115 þúsundir, hefir meir en tvöfaldast á 7 árum.
Flutningstæki eru nú sem næst fullkomin, 3516 mílur járnbrauta eru í fylkinu, sem allar liggja út frá Winnipeg. Þrjár þverlandsbrauta lestir fara daglega frá Winnipeg, og innan fárra mánaða verða þær 5 talsins, þegar Grand Trunk Pacific og Canadian Northern bætast við.
Framför fylkisins er sjáanleg hvar sem litið er. Þér ættuð að taka þar bólfestu. Ekkert annað land getur sýnt sama vöxt á sama tímabili.
TIL FERDAMANNA:
Farið ekki framhjá Winnipeg, án þess að grenslast um stjórnar og járnbrautarlönd til sölu, og útvega yður fullkomnar upplýsingar um heimilisréttarlönd og fjárgróða möguleika.
R. P. ROBLIN,
Stjórnarformaður og Akuryrkjumála Ráðgjafi.
Skrifið eftir upplýsingum til
Joseph Burke, 178 LOGAN AVE., WINNIPEG.
Jas. Hartney, 77 YORK ST., TORONTO.

F. Deluca
Verzlar með matvöru, aldini, smá-kökur, allskonar sætindi, mjólk og rjóma, sönnul. tóbak og vindla. Óskar viðskifta Íslend. Hreint kaffi eða te á öllum tímum. Fón 7756
Tvær búðir:
587 Notre Dame og 714 Maryland St.

The Dominion Bank
NOTRE DAME Ave. BRANCH Cor. Nena St.
Vér seljum peningaávísanir borganlegar á Íslandi og öðrum lönd.
Allskonar bankastörf af hendi leyst
SPARISJÓDS-DEILDIN
tekur $1.00 innlag og yfir og gefur hæztu gildandi vexti, sem leggjast við innstæðufé 4 sinnum á ári. 30. júní, 30. sept. 31. desembr og 31. march.

5 reiðulega. "Hún er vond, vond kona. — Hún efir svo hræðileg augu! Ég vil ekki vera hér hjá kkur, þegar logið er á mig og ég er alt af svo rædd um, að ég verði barin. — Ég vil heldur fara iður í svörtu moldina til hennar mömmu minnar, eldur en svelta í hel". — Hún kom engu orði upp eira.

Jóhannes hafði gripið í hana og fingur hans lemdu sig um handlegg hennar eins og járnskrúfa. Hann hristi hana hrottalega nokkrum sinnum.

"Komdu til sjálfrar þín, andstyggilega barn!" agði hann. "Skammastu þín, stúlka, að haga þér annig! Er það ekki nóg, að þú ert léttúðug og óemjuleg, — þarftu líka að vera svona frek og upptökk? — Ég sé vel, að uppeldi hennar hefir verið anrækt", mælti hann og snéri sér að móður sinni. En ef þú elur hana upp, móðir mín, þá verður hún ðruvisi".

Hann slepti ekki handlegg Felicitas, heldur leiddi ana út úr herbergínu og yfir í vinnufólksstofuna.

"Frá í dag að telja, er ég húsbóndi þinn, mundu að!" sagði hann hörkulega, "og þó ég búi langt í irtu höðan, skal ég hafa eftirlit með þér og hegna ér, ef þú ekki í öllu hlýðir skipunum móður minnar!"

"Fyrir það, hvernig þú hefir hagað þér í dag, altu verða að sitja inni um lengan tíma. Þú stigur ekki aftur fæti þínum í garðinn, nema móðir mín yfi þér það, og heldur ekki fer þú út á götuna, ema þegar þú gengur til skóla, sem þú hér eftir átt í ganga á. Hér á vinnufólks herbergínu getur þú erðað, og einnig verið hér á daginn, þangað til þú fir lært að haga þér betur. Skilurðu mig nú?"

Barnið snéri sér þegjandi undan og hann gekk í irtu.

IX.

HENGIGARDARNIR.

Seinna um daginn drakk Heilvigs fólkið kaffi út í garðinum. Friðrika hafði farið í kattúns-kápu, er hún átti, og sem var fóðruð með ullartaui, og sett á höfuð sér fóðraða kvenhettu. Svo hafði hún farið í kirkju, og því næst heimsótt gamla frændkonu, sem hún átti. Hinrik og Felicitas voru því ein heima, og í hinu stóra húsi ríkti jafn hátíðleg þögn og í kirkju væri. Hinrik hafði fyrir löngu farið út í kirkjugarð og sótt sjalið, og nú var búið að hreinsa það og leggja vel saman brotið niður í kistu.

Hinn góðhjarta tæki húskarl hafði úr eldhúsinu heyrt alt og séð, sem fram fór á skrifstofunni, og hann hafði tæpast getað stilt sig um, að stökkva inn og grípa eins harkalega í unga húsbóndann, eins og hann hafði gripið í barnið.

Nú sat hann í hjúaherbergínu og handlék göngustaf sinn, meðan hann blistraði hátt nokkur lög, sem voru ofur-lítilfjörleg, enda dvaldi hugur hans lítið við þau. Hann horfði í laumi á hið þögula barn. Litla Felicitas var næstum óþekkjanleg. Hún var líkust fugli í búri, sem hangar eftir frelsi og hugsar með heilt og reiði til þeirra, er bundu hann við búrið. Í hnjám hennar lá Robinson. Hinrik hafði tekið hann á eftir úr bókasafni Nathanaels. En hún leit ekki á bókina. Einbúinum leið vel á eyjunni sinni. Þar voru ekki vondar manneskjur, sem sögðu móður hennar lítúðuga og glataða. — Hann gat notið sólarinnar eftir vild og legið í grasinu, — en hér skein sólin að eins ofurlitið inn um gluggann litla, og hvergi í húsinu eða úti á götunni var blóm eða gras að sjá. Í daglegu stofunni stóð að vísu við gluggann "Askleþias". Það var það eina blóm, er frú Heilvig hafði unun af, en Felicitas þótti ekkert varið í það, hvers óreglulegu blómsturknappar voru líkastir því, sem væru þeir úr postulíni. Hún þoldi heldur ekki að sjá hin stífu, óhreyfanlegu blöð, sem bærðust ekki einu sinni þó vindurinn léki um þau. Þá voru heldur fallegri blómin og grænu blöðin og runnarnir úti í guðs grænni náttúrunni.

Barnið spratt alt í einu á fætur. Af efstu loftinu uppi undir þakinu — þar hlaut að vera fúlt loft — sá maður út yfir héraðið. — Hún hljóp lótt sem fjöður upp stigann, er lá þangað. Hið gamla kaupmannshús hafði eiginlega orðið að lúta í tignínni. Fyrir mörgum árum síðan hafði það verið eign aðalsmanns nokkurs. Húsið var enþá mjög ásjálegt, en samt nokkuð öðruvísi en turnarnir, sem litu niður á alt, sem fyrir neðan þá var, og vildu helzt af mögulegt var, festa himininn yfir bustana sem eign sína. — Enn þá var vel hægt að sjá, hverjum húsið hafði tilheyrt til forna, bæði á útsvölunum í turninum og hinum stóru, mikilfenglegu skorstöðum, sem voru svo nauðsynlegir hjá aðalsmönnum á fyrri tímum, þegar heil villidýr voru elduð í einu. 6

Aðalsættin, sem hafði ráðið hér húsum, var nú fyrir löngu útdauð. Og það hafði verið eins með síðustu afkomendur hennar og húsið sjálft, — þeir höfðu orðið að lúta í tigninni.

Frambyggingunni, er sneri að torginu, hafði verið breytt, og smátt og smátt löguð eftir kröfum nútímans. Aftur á móti var bakbyggingin, þrjár stórar útbyggingar, óbreytt. Þar voru enþá hinir löngu, hljómmiklu gangar, með skakksnúnum veggjum og útsletnum steingólfum. Þar var ávalt skuggsýnt, — álíka og þar, sem ímyndunarafl mannanna hugsar sér að gangi vofa, — svipur gamallar ættmóður, í gráum kjól með hældragi, með fölt andlit og hendurnar í kross. — Hér voru enþá baktröppur, er brakaði í, hve hægt, sem gengið var eftir þeim, og sem alt í einu komu í ljós í endanum á löngu göngunum, og náðu niður að sjöföldum, lokuðum dyrum. Þessir afsíðis liggjandi gagnslausu afkimar, með einum glugga, er sólin skein í gegn um, og rykið er lá þar, höfðu samt sögu að segja. Það voru eftirstöðvar af bjálkum og múrverki, er höfðu verið vitni að risnu hinnar gömlu aðalsættar.

Hvar, sem hafði verið hægt að koma því við, hafði lyg ímyndunaraflsins höggvið út skjaldarmerki eigandans, herra von Hirschsprung riddara. Í öllum stein-gluggakistunum og víða á gólfinu, var markaður tígulegur hjörtur, er hafði lyft upp framfótunum, reiðubúinn til að hlaupa yfir stóran skurð. Á dyrasúlunum í framhúsinu voru greiftar myndir af riddaranum og konu hans. Þau voru hávaxin, með kollhúfu á höfði og skikkjur yfir herðum sér. Hinn eðalborni riddari hafði nú í ótalmörg ár litið ógnandi og dreml'ega út í heiminn, þó jarðneskar leifar og réttindi hans væru fyrir löngu að engu orðið.

Felicitas stóð í efstu tröppunni og leit stórum augum inn í gegn um hálfopnar dyr. Hún undraðist, að finna þær opnar, því í hverf skifti, sem hún hafði komið að þessari hurð, hafði hún verið harðlæst. — Heimilargirnin hefir víst fengið yfirhönd hjá henni reglusömu húsfreyju, úr því henni skyldi gleymast að loka hurðinni, þegar hún var að koma fram hefnd sinni. — Dyrnar lágu að löngum ranghala, er náði að einni bakbyggingunni, og lágu út úr honum margs konar dyr. — Í gegnum einar dyrnar sást inn í ruslakompu, því dyrnar stóðu í hálfa gátt. Eist

George G.
LENNOX

Selur í heildsölu SKÓ, STÍGVÉL og YFIRSKÓ

150 Portage Ave. East, Winnipeg.

MARKET HOTEL
146 PRINCESS ST. á móti markaðnum
P. O'CONNELL, eigandi, WINNIPEG
Beztu tegundir af vínföngum og vind um, aðhlynning góð, húsið endurbætt

JOHN DUFF
PLUMBER, GAS AND STEAM FITTER
Alt verk vel vandað, og verðið rétt
662 Notre Dame Ave. Phone 3815
Winnipeg

Strathcona Hotel

Horni Main og Rupert Str. Nýbygt og ágætt gistihús; Gest um veitt öll þægindi með sanngjarnasta verði. Frí keyrsla til og frá öllum járnbr. stöðvum. Beztu vín og vindlar; og herbergi og máltíðar ágætar.

McLaren Brothers
EIGENDUR

Hotel Pacific

219 Market Street, Winnipeg | H. M. Hicks, Eigandi, Manitoba
Telephone 1338

Ný-endurbætt og Ný-tízku hús í alla staði. Viðskifta yðar óskast virðingarfylst.

$1.25 a Dag

$1.50 Á DAG
Besta $1.50 gistihús í Winnipeg

BRUNSWICK HOTEL
Horni Main St. og Rupert Ave.

Besta borðhald; Hrein og Björt Herbergi; Fínustu Drykkir og Bestu Vindlar. Ókeypis Vagn mætir Öllum Traintestum. Reynið oss þegar þú ert á ferð.

DR. KOCH,

Háskólakennari Robert Koch, sem fann "Baccilus tuberculosis" og "Cholera Germ", er nafnfræg-asti vísindamaðurinn á Þýzkalandi.

Hann er fæddur í Klaustdal í Hanover á Þýzkalndi 11. desember 1843, og því nú tæpra 65 ára að aldri. Hann stundaði læknisfræði í Gottingen, og síðar lækningar í Wallstein. Strax unglingurinn var hann gefinn fyrir að rannsaka sjúkdómsorsakir, sem hann er nú orðinn frægur fyrir. Þá hann var 18 ára stundaði hann læknis rannsóknir, þær stundir, sem leikbræður hans voru að leikjum. Þegar hann var í Wallstein, tók hann fyrir alvöru að stunda læknisvísindi, einkum þá grein, er lýtur að gerlafræði (Bacteriology). Eftir að hann útskrifaðist úr skóla, áður en hann stundaði lækningar upp á eigin spýtur, var hann aðstoðar uppskurðarlæknir á aðal sjúkrahúsinu í Hamborg, og kyntist þá við berklasýkir, sem hann þar á eftir gaf sig allan að. Þegar Frakk-Prússneski ófriðurinn hólst, gerðist hann sjálfboðalæknir í fyrstu herdeildinni prússnesku, og hafði þá stöðu meðan ófriðurinn stóð yfir.

Árið 1876, þá 33 ára gamall, var hann kominn svo langt í berklafræðinni, að hann gat læknað berklasýki á ýmsum stigum, og hindrað útbreiðslu hennar, sem áður var álitin ólæknandi og banvæn Lækningar Dr. Kochs eru nú viðurkendar og notaðar um allan heim, á meðal vísindamanna. Aðallega eru þó ekki nema sjö ár síðan hann lagði síðustu hönd á eitt læknislyf, sem brúkað er í þessum sjúkdómum.

Árið 1882 var Dr. Koch orðinn alþektur um allan hinn vísindalega heim, fyrir minni og stærri uppgötvanir, sem hann ritaði um. Þegar hann fann geril berklaveikinnar var hann sendur frá stjórninni á Þýzkalandi til Suðurálfunnar, að stúdéra "svefnveikina" í Vestur-Afríku, og einnig til Indlandanna til að stúdéra asíönsku kóleruna. Þá fann hann "Comma bacillus", sem frumkveikju þessa hræðilega sjúkdóms.

Árið 1890 básúnaði allur heimurinn frægð og vísinda-uppgötvanir Dr. Kochs, sem yfirgnæfði öll önnur læknisvísindi áður þekt. Hann hafði þá fengið menn, til þess að rækta og gróðursetja undir öllum áhrifum og kringumstæðum, þá gerla, sem gætu framleitt og lækna að um leið tæringarveiki. Þessi lækning kom að notum heiminum eftir fá ár, og Kochs lækningar bergmáluðu mann frá manni, frá þeim, sem kunnu að beita henni, á því og því stigi. Samt sem áður reyndist ekki þessi lækning öryggis viss á þeim tíma, enda þótt þau ráð og meðul væru ekki óyggjandi fyrir mannlega byggingu. Samt sem áður verður að gæta þess, að hér um ræddi Koch-lækningaaðferð hefir frelsað hundruð og þúsundir manna lífi. Og allsherjar eru þær notaðar þann dag í dag. Þann dag í dag er spurningin frá vísindalegu sjónarmiði, hvort berklar vakla sömu stiga sjúkdómi á mönnum og dýrum. Á læknastefnunni, sem haldin var í Lundúnum árið 1901, og fjallaði um þessa sjúkdóma, sagði Dr. Koch, að yrði það sannað, að sjúkdómar í mönnum og dýrum væru ólíkir, þá væru uppgötvanir sínar ónýtar og einkisverðar. En, eins langt og komið er, hefir það ekki verið sannað.

Dr. Koch er yfirforsprakki og frumkvöðull að rannsóknum mann flokka sjúkdómanna í Suður Afríku og Bubonic plágunnar á Indlandi. Hann lítur eftir þessum sjúkdómum fyrir stjórnina, og í hennar umboði, og framleggur meðul, sem vísindamenn álíta og skoða þau beztu og einustu, nýjustu og óhultustu, sem fást, sem eiga við þessum sjúkdómum.

Dr. Koch uppgötvaði "Cerum" sem sýnir uppvekju Asíu kóleru án vafa, og fékk fyrir það $25,000 frá stjórninni á Þýzkalandi. Hann er höfundur fjölda bóka og ritsmíða viðkomandi hærstu vísindum læknisfræðinnar, og er formaður berkla fræðannar og rannsókna hennar við háskólann í Berlin, í stjórnarinnar umboði.

K. Á. B.

TRYGÐ.

Eftir
BJÖRNSTJERNE BJÖRNSON.

Á Völlum í sveitinni, sem ég ólst upp í, bjuggu hjón, sem áttu sex syni. Þau unnu með mikilli elju á stórri, en niðurniddri jörð, unz bóndinn dó voveiflega og ekkjan sat eftir með erfitt bú og börn sín sex. Hún lét þó ekki hugfallast, heldur leiddi tvo elztu synina fram fyrir kistuna og lét þá lofa sér því yfir líki föður sins, að þeir skyldu sjá fyrir hinum yngri bræðrum sínum og aðstoða hana sem guð gæfi þeim afl til. Þessu hétu þeir og það efndu þeir líka, þangað til búið var að ferma yngsta bróðurinn. Þá þóttust þeir lausir allra mála, og hinn elzti giftíst þá megandi bóndadóttur, og skömmu síðar giftíst sá næstelzti systur hennar, sem líka var vel fjáð.

Nú áttu hinir fjórir, sem eftir voru, að taka við stjórninni á öllu eftir að þeim hafði hingað til verið stjórnað sjálfum af öðrum. Þeir þóttust meira en svo ekki menn til þess. Þeir voru frá barnæsku vanir að halda saman, tveir og tveir eða allir fjórir, og nú gerðu þeir það ekki síður, er þeir þurftu hver á annars hjálp að halda. Enginn þeirra lét uppi sína skoðun, fyr en hann þóttist vera viss um skoðanir hinna; þeir vissu meira að segja í rauninni ekki, hver þeirra skoðun væri, fyr en þeir höfðu borið hver framan í annan. Án þess að þeir hefðu samið nokkuð um það sín á milli, urðu þeir þó orðalaust ásáttir um, að þeir skildu ekki skilja meðan móðir þeirra lifði. En hún vildi nú samt haga því öðruvísi, og fékk þá tvo, sem burt höfðu flutt, á sitt mál. Jörðin var orðin góð bújörð og þurfti því meira mannafla við. Móðirin stakk því upp á, að leysa tvo elztu bræðurna út með lausafé, og skifta svo jörðinni milli hinna fjögurra, þannig, að tveir og tveir byggju saman, hverir á sínum parti. Skyldi þá byggja nýjan bæ við hliðina á gamla bænum, og skyldu tveir bræðranna búa í nýja bænum, en tveir vera kyrrir hjá henni. En annarhvor þeirra, sem flytti í nýja bæinn, yrði að gifta sig, því þeir yrðu að hafa einhverja fyrir framan hjá sér, — og móðirin tiltók stúlkuna, sem hún vildi fá fyrir tengdadóttur.

Enginn hafði neitt á móti þessu. En nú var spurningin að eins um það, hverjir tveir af bræðrunum ættu að flytja í nýja bæinn, og hvor af þeim ætti að gifta sig. Hinn elzti kvaðst fús til að flytja, en aftók með öllu að gifta sig, og hver hinna veikst líka undan því.

Svo kom þeim og móður þeirra saman um, að láta stúlkuna skera úr því sjálfa. Og eitt kveld spurði móðirin hana uppi við sumarfjósið, hvort hún ekki vildi flytja að Völlum sem eiginkona, og stúlkan kvaðst til í það. En hvern af piltunum hún vildi þá eiga, því hún gæti fengið hvern þeirra, sem hún vildi. — Ja, það hefði hún alls ekki hugleitt. — Þá yrði hún nú að gera það, því það væri komið undir henni. — Það yrði þá líklega að vera sá elzti. — En hann gæti hún ekki fengið, því hann vildi fyrir engan mun kvongast. — Þá tilnefndi stúlkan þann yngsta. En móðurinni fanst það einhvernveginn svo hjákátlegt, að hann yrði fyrir því, "hann væri yngstur". — Þá þann næstyngsta. — "Því þá ekki þann næstelzta?" — "Ja, því þá ekki þann næstelzta?" svaraði stúlkan; því það var einmitt hann sem hún hafði alt af verið að hugsa um, þess vegna hafði hún ekki nefnt hann. En móðurina hafði alt af grunað, frá því að sá elzti bað sig undanþeginn, að hann hlyti að álíta, að hinum næstelzta og stúlkunni litist vel hvoru á annað. Hinn næstelzti átti því stúlkuna og hinn elzti flutti burt með honum. Hvernig jörðinni var skift, fékk enginn óviðkomandi neitt að vita um, því þeir unnu saman sem áður og hjálpuðust allir að að flytja heyið heim ýmist í þessa hlöðuna eða hina.

Eftir nokkurn tíma fór móðirin að verða lasin. Hún þarfnaðist hvíldar og þurfti því að fá aðstoð, og synirnir urðu þá ásáttir um, að ráða til sín stúlku, sem við og við var í vinnu hjá þeim. Hinn yngsti átti að spyrja hana um það næsta dag, þegar þau væru hrismó, því hann var kunnugastur henni. En hinum yngsta hlýtur að hafa litist vel á stúlkuna í kyrþey, því þegar hann átti að fara að spjalla við hana um vistarráðin, þá gerði hann það svo ankannalega, að stúlkan hélt hann væri að biðja sín, og játaðist honum. Piltinum varð felmt við, gekk óðara til bræðra sinna og sagði þeim, hve illa hefði tiltekist. Þá setti hljóða alla fjóra og enginn þorði að rjúfa þögnina og verða fyrstur til máls. En sá næstyngsti sá á þeim yngsta, að honum þótti í raun og veru vænt um stúlkuna, og að það hafði gert, að honum varð svo felmt við. Hann grunaði jafnframt, hvað ætti fyrir sér að liggja, sem sé að verða piparsveinn, því ætti hinn yngsti að gifta sig, þá gæti hann ekki gert það. Honum rann það dálítið til rifja, því hann þekti sjálfur stúlku, sem honum leist vel á. En það var nú ekki til neins að fást um það. Hann varð því fyrstur til máls, og sagði, að það væri vissasta ráðið til að halda stúlkunni, að hún yrði eiginkona á bænum. Jafnskjótt og einn hafði látið sitt álit uppi, voru hinir honum sammála, og nú gengu þeir bræðurnir til að tala við móður sína. En þegar þeir komu heim, var móðir þeirra orðin alvarlega veik. Þeir urðu að bíða þangað til hún væri orðin frísk, og þegar henni batnaði ekki, héldu þeir aftur ráðstefnu. Á henni fékk sá yngsti þá til að samþykkja, að meðan móðir þeirra lægi veik, skyldu þeir ekki gera neina breytingu á högum sínum, því ekki mætti leggja á stúlkuna, að þjóna fleirum en móðurinni. Og þar við sat.

Móðirin lá í 16 ár. Í 16 ár hjúkraði hin tilvonandi tengdadóttir henni með stillingu og þolinmæði. Í 16 ár komu synirnir á hverju kveldi að rúmi hennar til að halda bænagerð, og á sunnudögum líka tveir elztu bræðurnir. Hún bað þá oft á þessum kyrlátu kveldstundum, að minnast þeirrar, sem hefði hjúkrað henni. Þeir skildu, við hvað hún átti, og hétu henni því. Í öll þessi 16 ár blessaði hún sjúkdóm sinn, af því hann hefði látið hana njóta móðurgleðinnar til síðustu stundar. Hún þakkaði þeim fyrir hverja komu, og loks varð ein þeirra hin síðasta.

Þegar hún var dáin, komu allir sex synirnir til að bera hana til grafar. Það var síður þar í sveit, að kvenfólk fylgdi líka til grafar, og í þetta sinn fylgdi allur söfnuðurinn, konur og karlar, allir, sem vettlingi gátu valdið, alt niður að börnunum, — fremstur hringjarinn sem forsöngvari, svo synirnir sex með kistuna, og því næst allur söfnuðurinn, allir syngjandi, svo að heyra mátti rastar leið burtu. Og þegar búið var að jarðsetja og synirnir sex búnir að moka yfir gröfina, sneri öll líkfylgdin inn í kirkjuna, því þar áttí að gifta yngsta bróðurinn í sömu lotunni. Þeir vildu svo vera láta bræðurnir, því þetta hvorttveggja ætti í raunínni að fylgjast að. Þar talaði presturinn, sem var faðir minn sálugi, um trygð og trúfesti, og talaði svo hrífandi, að mér, sem af hendingu var þar viðstaddur, fanst, þegar ég kom út úr kirkjunni, að það kæmi heim við fjöllin og hafið og mikilleikann í allri náttúrunni.

V.G.

— ("Eimreiðin").

HEIMSKRINGLU og TVÆR skemtilegar sögur fá nýir kaup endur fyrir að eins $2.00.

Hinir áreiðanlegustu — og með hinir vinsælustu verzlunarmenn augl Heimskringlu.

—The—
Criterion Hote
McDermott Ave.

Nýtt, vandað gistihús með ágæt herbergi, vönduðustu drykkjir og fínustu vindlar.

Vinsælt meðal Íslendinga. beint á móti Tribune byggin unni á McDermott Avenue.

MORICE NOKES
EIGANDI

Woodbine Hotel
Stærsta Billiard Hall í Norðvesturland Tíu Pool-borð.—Alskonar vín og vindl
Lennon & Hebb,
Eigendur.

SPÓNNÝTT HÓTEL
ALGERLEGA NÝTÍZK
Hotel Majest

John McDonald,
eigandi.
James St. West, Rétt vestan við Main St Winnipeg Telefón 4979

$1.50 á dag og þar yfir
Bandaríkja-snið

Alt sem hér er um hönd haft e af beztu tegund. Rey

MIDLAND HO
255 Market St. Phone 34

Nýtt hús, nýr húsbúnað Fullar byrgðir af all konar vönduðustu drykk um og vindlum í hressing ar stofunni. Gisting ein dollar á dag og þar yfir.

W. G. GOULD :: FRED. D. PETER
Eigendur
WINNIPEG ::: ::: CANADA

Jimmy's
HOTEL
Rétt á bak við Pósthús

Íslendingar ættu að reyna þetta gistihús. Í hressingarstofunni er sá eini íslenzki vínveiti maður í Winnipeg.

James Thorpe,
eigandi
Fyrrum eigandi Jimmy's Restau

"Frá hvaða hlið, sem maður lítur á þetta mál, er barnið þó töpuð sál".

"Nei, kæra móðir. "Að vísu vil ég ekki neita því, að lóttúðin liggi í blóðinu, — en svo trúi ég ekki öðru en því, að gott uppeldi geti — —".

"Meinar þú, að við í mörg, mörg ár ennþá eigum að borga fyrir kenslu hennar jafnmikla peninga og hingað til hefir verið gert, — krakka, sem okkur kemur ekki hið minsta við? — Hún fær tilsögn í frönsku og dráttlist".

"Guð varðveiti okkur, — það dettur mér ekki í hug!" sagði Jóhannes, og hinn þumbaralegi málrómur hans varð ögn líflegri. "Það dettur mér ekki í hug", endurtók hann. "Ég hefi líka andstygð á þessari nýmóðins mentun kvenfólksins. En konur eins og þú, sem í kristilegum kærleika og kristilegum dygðum ávalt halda sér innan við takmörk þau, sem þeim eru sett, — verða að skömmum tíma liðnum álitnar sem fyrirmynd stóttar sinnar. — Nei, alt þetta tekur nú enda. Láttu stúlkubarnið læra það, sem gena þarf í húsinu, og kendu og vendu hana við það, sem einhverntíma verður atvinna hennar, sem sé dugleg vinnukona. Ég fel þér rólegur umsjá barnsins, — þú munt með guðrækni þinni og einbeittum vilja — —"

Í þessu var hurðinni hrundið upp og Nathanael, sem leiddist samtal þetta, kom hlaupandi út. Felicitas þrýsti sér enn betur upp að veggnum, en samt kom hann auga á hana og stökk eins og ránfugl yfir litlu stúlkuna skjálfandi af hræðslu.

"Já, fel þú þig, en það gagnar ekki stórt", sagði hann, um leið og hann kreisti hana svo fast, að hún rak upp hátt hljóð. Svo dró hann hana fram á gólfið. "Nú kemur þú með mér til mömmu og segir henni textann við ræðu prestsins. — Ég þori að veðja að þú getur það ekki. Þú sast ekki hjá skólabörnunum, ég tók nákvæmlega eftir því, — Og hvað er þetta? — Nei, mamma, littu á, hvernig kjóllinn hennar er útlítandi".

Hann dró barnið, sem streyttist á móti, að dyrunum.

"Komdu hingað inn, barn", sagði Jóhannes, er stóð mátt í herberginu með bréf föður sins í hendi sér.

Felicitas gekk hikandi inn. Hún leit snöggvast á hinn háa og grannvaxna mann, sem stóð fyrir framan hana. Ekki eitt einasta ryk-korn var sjáanlegt á hinum fallegu, svörtu fötum hans. Hálslín hans var mjallahvitt, og hár hans ýfðist ekkert, þó hann strykí yfir það með hendinni. — Nei, alt var eins og það átti að vera, og hann leit með nokkurskonar óbeit niður á kjólinn barnsins.

"Hvar hefir þú gert þig svona molduga?" spurði hann og benti á kjólinn þar sem hann var moldugastur.

Litla stúlkan leit hræðslulega niður fyrir sig. Hún var í raun og veru illa útlítandi. Grasið hafði verið vott af döggínni, og hún hafði ekkert hugsað út í það, þegar hún kastaði sér niður við gröfina. —

Hún sagði ekkert einasta orð.

"Ætlarðu ekki að svara mér? Það lítur út fyrir, að þú hafir ekki sem bezta samvizku. Þú varst víst ekki í kirkjunni?"

"Nei", mælti barnið hreinskilnislega.

"Hvar hefir þú þá verið?"

Hún þagði. Hún vildi heldur verða barin, en nefna nafn móður sinnar í viðurvist þessa fólks.

"Ég skal segja þér það, Jóhannes", mælti Nathanael, — "hún hefir verið úti í garðinum að stela ávöxtum eins og hún er vön".

Felicitas leit haturslega til hans, en bærði ekki einu sinni varirnar.

"Svaraðu!" skipaði Jóhannes. "Segir Nathanael rétt frá?"

"Nei, hann lýgur eins og vant er", mælti Felicitas.

Nathanael stökk til og ætlaði að berja barnið, en Jóhannes greip í hann og hélt honum.

"Þú hreyfir hana ekki, Nathanael", sagði frú Heilwig. Hún hafði hingað til setið þegjandi í hægindastól manns sins við gluggann. Nú stóð hún upp, — og það var sem kulda legði frá henni um alt herbergið.

"Þú trúir mér víst, Jóhannes", sagði hún og sneri sér að syni sínum, "er ég sega þér, að Nathanael segir aldrei ósatt. Hann er guðhræddur og góður drengur, og ber lotningu fyrir drotni sínum, og fái ir munu finnast jafningjar hans. — Það vantaði ekki annað, en þessi ræfilsskepna spilti samlyndi bræðranna, eins og hún komst upp á milli foreldra þeirra! Er það ekki líka ófyrirgefanlegt, að í staðinn fyrir að ganga í kirkju, hleypur hún eitthvað annað. — Láttu hana bara vera þar sem hún vill".

Hún leit kuldalega og fyrirlitlega á litlu stúlkuna.

"Hvar er nýja sjalið, sem ég gaf þér í morgun?" spurði hún alt í einu.

Felicitas greip vandræðalega eftir því, — en það var horfið af herðum hennar. Það hafði efalaust orðið eftir í kirkjugarðinum. Hún vissi mikið vel, að nú hafði henni orðið á. — Hún leit mjög skömmustulega út, augun fylltust af tárum, og fram á varir hennar kom læn um fyrirgefningu.

"Hvað segir þú nú um þetta, Jóhannes?" spurði frú Heilwig mjög háturlega. "Ég gaf henni sjalið fyrir fáum klukkutímum síðan, og það er hægt að sjá á henni, að hún hefir týnt því".

"Ég vildi að ég vissi", hélt hún áfram, "hve

miklu faðir þinn sálugi hefir eytt í föt hand um árið. Þú ættir ekki að skeita þér neitt a það er spilt ómak. Þú getur aldrei uppræ sem hún hefir tekið að erfðum eftir lóttúðug aða móður".

Þegar Felicitas heyrði þetta, hljóp blóðið kinnar hennar, og hin dökku augu, er nýlega full af iðrunartárum, litu ógnandi framan í fr wig. Hún hafði alt af verið mjög hrædd v og aldrei þorað að svara henni einu orði, hvarf óttinn alt í einu, og alt, sem hún he að þola frá því deginum áður, braust nú fra hennar og gerði hana frávita af reiði.

"Segðu ekki neitt um hana vesalings mína, — ég þoli það ekki!" hrópaði hún. ur hennar, er vandlega var svo skær og blið nú skerandi. "Hún hefir ekkert gert þér. — um aldrei að tala illa um þá dauðu, sagði fra af, — þeir geta ekki borið hönd fyrir höfuð sér. þú gerir það samt sem áður. — það er andstyg, — mjög andstyggilegt!"

"Sérð þú litla geðvarginn, Jóhannes?" s frú Heilwig háðslega. "Þarna eru ávextirn hinni frjálsu uppeldisvenju föður þíns. — þe þessi yndislega vera, sem hann kallar "barn bréfinu".

"Hún gerir rétt í því, að taka málstað n sinnar", sagði Jóhannes í há'fum hljóðum, "en framgangsmáti hennar er óhæfur. — Hvernig þú, að taka þessum orðum til þessarar konu?" hann við Felicitas og léttur roði flaug yfir hans. "Veiztu ekki, að þú yrðir að svelta í l hún gæfi þér ekki að borða, og þú yrðir að lig steinstéttinni hérna úti, ef hún ræki þig í burt

"Ég vil ekki borða brauð hennar", svaraði

Pólitískar fréttir

RÍKISÞINGID var leyst sundur þann 16. þ. m. og almennar kosningar í Canada verða þann 26. október næstkomandi. Það er á mánudag. Útnefning þingmanna fer fram víku á undan kosningadegi, það er mánudaginn 19 oktober.

Þar sem "Liberal" flokkurinn í Canada hefir enga stefnuskrá samið eða gefið út síðan árið 1893, þá kemur hann fram fyrir kjósendurna í Canada á þeirri stefnuskrá sinni. Og þar sem Laurier stjórnin hefir margt brotið í stefnuskrá sinni frá 1893, þá verður hún að skoðast sem stefnuskrárlaus. Hún hefir skammarlega brotið fjármálastefnuna, tollstefnuna, ríkislanda stefnuna, — og nær að segja hvert einasta atriði í eigin stefnuskrá sinni.

FUNDIR ÞEIR, SEM HR. R. L. BORDEN heldur um þessar mundir í Austur-Canada, eru afarfjölmennir. Þúsundir kjósenda fylkja liði á hvern hans fund, og fjöldi manna, sem ætlið að undanförnu hafa fylgt "Liberal" flokknum, bjóða nú Mr. Borden liðveizlu sína í þessum almennu kosningum. Þeim þykir tími til kominn, austur þar, að skilt sé um stjórn. Þeir hafa algerlega tapað tiltrú á Laurier og glæpaseggjunum í ráðaneyti hans.

BLADID "MONTREAL DAILY WITNESS" sem er "liberal" blað, segir um fundi Mr. Bordens í Nova Scotia: — Kjósendurnir þar eystra eru áreiðanlega í engum vafa um það, að Mr. Borden verði forsætis ráðherra eftir næstu kosningar. Viðtökurnar sýndu honum mesta heiður og menn lýstu því yfir afdráttarlaust, bæði í ræðum og ritum, að hann yrði forsætisráðherra í Canada eftir næstu kosningar. Þessar viðtökur örfa hann og styrkja fjer og nær, en ekkert var látið ógert til að sýna traust og fylgi Conservative flokksins. Hon. Roblin, forsætisráðherra úr Manitoba, og Hon. W. J. Hanna, fylkisritari í Ontario, fylgdu honum og töluðu á fundum. Hon. W. J. Hanna lofaði, að gefa Hon. Borden sömu yfirburði í Ontario í næstu kosningum, sem fylkið hafði gefið Sir Whitney í síðustu fylkisoosningum. Hon. Roblin lofaði stuðningi annara fylkja, til þess að koma Mr. Borden að völdum, ef kjósendurnir í Nova Scotia kysu hann þangmann, og hann kvaðst ganga lengra, og segja, að þjóðin í Canada skyldi gera Mr. Borden að forsætis ráðherra, hvað svo sem kjósendurnir í hans eigin kjördæmi aðhefðust. Hraðskeyti kom á fundinn í Halifax frá Hon. McBride, forsætis ráðherra í British Columbia, sem staðhæfði, að "Liberalar" þar yrðu algerlega undir

Það virðist, sem sum austanblöðin, sem stutt hafa Lauriers-stjórnina, séu hálfköld í viðmóti við Laurier um þessar mundir.

HON. T. MAYNE DALY, löglögregludómari í Winnipeg borg, hefir hefir gefið Brandon búum kost á sér til þingmensku. Er því útlit fyrir, að þeir sækist þar á, hann og Sifton. Hon. Daly sat fyrir það kjördæmi fyrir löngu, en hætti við pólitik og hefir nú um nokkur ár átt heima í Winnipeg og starfað sem lögmaður. Og nú um fá ár hefir hann gegnt lögregludómara starfinu. Hann er hæfileikamaður, og ljómandi vel liðinn maður af öllum, og á vinsældum að fagna hjá almenningi. Það eru því líkur til, að hann vinni Brandon. Mr. Sifton er allstaðar svo illa liðinn, að Laurier stjórnin þorði ekki að hafa hann fyrir kosninga leiðtoga á sína hlið í Manitoba fylki. Hún sendi því Hon. Frank Oliver til að hefja fyrstu áhlaupin hér í fylkinu. Svo lét Sir Wilfrid Laurier blöðin hlaupa með, að hann ætlaði að ferðast um Vestur-Canada fyrir kosningarnar. En nú þegar hann sér viðtektir fylgjara sinna hér vestra, þá lætur hann blöð sín draga stryk yfir þau orð sín sem önnur. Honum er annað meira gefið en vera orðheldnum, karlinum þeim!

ÞANN 17. Þ. M. sagði Hon. Thomas Greenway sig algerlega skiftan og skildan við pólitik héðan í frá og að eiliu. Síðastliðið kjörtímabil sat hann í neðri málstofunni í sambandsþinginu. En Laurier stjórnin hefir skipað hann í járnbrautarnefndina hér í Vestur-Canada, og þar sem það er góð og næðissöm staða með háum launum, þá hætti karlauðurinn við að amstrast í pólitik, sem hefir látið honum frekar á móti síðan hann misti völdin í Manitoba fylki árið 1899, og stjórnar-fjárþurðin komst upp ásamt öðrum fjárbrellum hjá Liberal stjórninni í þessu fylki. — Hann segist hafa verið þingmaður í síðastliðin 33 ár, 25 ár í Manitoba, en hin í sambandsþinginu. Hann snerist eitt sinn yfir til Conservativa, en fann fljótt, að það var minna að moða úr hjá þeim, svo hann hvarf skyndilega til sinna fyrri kjötkatla í Egyptó, og hefir af ýtrasta megni hitið bein fyrir "Liberal" flokkinn, og fylgt þeirra höfuðreglu í ásælni og fjárdrætti, þó öldungis ekki sé hægt að líkja honum við Sifton og Laurier að þjóðeigna þýfsku. Enda aldrei haft úr jafnmiklu að gramsa sem þeir. Hann var síðast þingmaður fyrir Lisgar kjördæmi, kjördæmið, sem Laurier stal frá R. L. Richardson, fyrrum þingmanni, og ritstjóra Tribunes í Winnipeg, af því hr. Richardson var of mikill alþýðuvinur hér vestra.

Á FIMTUDAGSKVELDID í vikunni sem leið, talaði Hon. F. Oliver, innanríkis ráðgjafi, hér í Winnipeg, og sóttu margir fundinn, eins og æfinlega þegar einhverjir háttstandandi stjórnmála menn koma austan frá Ottawa. Thomas þingmaður Johnson náði fundarstjóra sætinu og fékk Mr. Chevrier til að hjálpa sér til að gera áheyrendum þenna Hon. Frank Oliver, innanríkis ráðgjafa, kunnan. Hon. Oliver er langt frá því, að vera úr verstu skúffu "Liberala", þó hann sé full fær til að vera í ráðaneyti Lauriers. Hann lýsti því starx yfir, að hann hlyti að segja það, að hann gæti ekki uppfylt þau loforð, sem Mr. Chevrier hefði lofað áheyrendunum í staðhæfingum sínum. Chevrier ætlaðist til, að hann samsinti þau stórósannindi sín, að þegar "Liberalar komu til valda, þá hefði verið einnar miliónar sjóðþurð, en síðan hefði aukist tekjuafgangur ár frá ári og nemi nú $113,000,000. Um þetta vildi Olli litli ekkert ræða. Aðal umtalsefni hans var að hnýta í Conservativa að fornu og nýju, hæla fjármála fyrirkomulagi Laurier stjórnarinnar og gylla og grobba um Hudsonsflóa brautina, sem Laurier ætlar að ginna kjósendurna á í þessum kosningum. — Ræðan var tilkomulaus og vandræðaleg og sýndi veikan málstað. Maðurinn var auðsæð í stökustu vandræðum, alveg eins og Laurier sjálfur og ræðumenn hans. Þeir vita og finna, að dauðadómurinn hangar yfir höfðum þeirra. Stundin er komin. Hingað og ekki lengra!

Fréttir.

— Nýlega seldi háttstandandi kona á Prince Edward Island hús sitt og land, 85 ekrur, fyrir $120,000. Þangað til nýlega var eign þessi ekki virði tíunda hluta þess, sem hún var seld fyrir nú. En nýlega var landið mælt og fundu landmælingamenn dálitið af platinu málmi í því. Lét þá konan rannsaka landið, og fanst þá meira af þeirri málmtegund. Auðfélag í Montreal bauð henni $100.000 fyrir það, en hún heimtaði $120,000, og varð að standa við það.

— Fimtán menn, sem heima eiga í Ontario fylki og fóru hingað vestur til að fá bændavinnu í haust, segja sögu sína ekki skétta hér úr Vestur-Canada. Þeir geta ekki um, hvenær þeir lögðu af stað að heiman, en á laugardaginn þann 15. þ.m. voru þeir staddir í Fort William á austur leið. Saga þeirra hljóðar svona: — "Ómögulegt var fyrir okkur að fá nokkuð að gera þar vestra, hvorki bændavinnu né annað. Að síðustu lét C.P.R. félagið okkur fá far á baka leið til Ignac stöðvanna, og var okkur lofað verki þar. Þá vorum við 30 í hópnum. En þegar þangað kom áttum við að taka vinnu verkfallsmanna. Því neituðum við, sem þessa sögu segjum. Við höfðum enga peninga, engan mat, ekkert húsaskjól, — stóðum uppi allslausir, langt fjarri öllum vandamönnum. Þá tóku borgarbúar sig saman, ásamt verkfallsmönnum, og gáfu okkur fæði og húsnæði og hjálpuðu okkur til að ná til vandafólks okkar, sem sendi okkur styrk til að komast heim. Þessar hrakfarir eru að kenna stjórnar-agentum og C.P.R. félaginu, sem ginti og laug okkur til Vestur-Canada".

— John D. Rockefeller, sem allra manna fljótast hefir rakað saman miliónum dala í hundraðatali í Bandaríkjunum, kveðst nú vera af aðalsættum, sem eitt sinn höfðust við á Suður-Frakklandi. Einhver blaðapa-læknir styður þessa sögu hans.

— Prófessor Paul Haupt á John Hopkins háskólanum hefir nýlega samið ritgerð, sem gengur út á það að sýna, að Kristur hafi ekki verið Gyðingur heldur Arian. Gyðingur, sem sat á þingi því, þar sem ræðan var flutt, mælti harðlega á móti þessu, og vildi endilega láta Jesús Krist vera Gyðing. Hann kvað enga sönnun, að hann hefði ekki verið Gyðingur, þótt Gyðingar talbiðji hann ekki. Engin sendinefnd á þessu þingi studdi mál Paul Haupts.

— Lítlu eftir kl. 8 f.m. þann 18. þ.m. var W. Paul tekinn af í Kenora, Ont., fyrir að myrða H. Schelling. Paul tók dauða sinum karlmannlega, svaf vel síðustu nóttina, át með beztu lyst morgunverð. Hann fékk prestþjónustu. Hvað eftir annað bað hann klerk, að gera sér sennilegt og skiljanlegt, að annað líf væri til, og er að sjá sem klerki gengi illa, að sannfæra hann þar um. Hann gekk óstuddur upp í gálgann, og hneigði sig þegjandi fyrir klerki og öðrum, sem þar voru viðstaddir.

— Enn eru eldar uppi syðra og eystra. Einn skamt frá Ottawa, og nokkrir í Quebec fylki. Jörð er allstaðar þurr, og kvæikhætt. En tveggja, þriggja daga rigningar mundu kæfa þá, en að svo komnu æskja bændur víðast hvar ekki eftir rigningum.

— Sagt er, að merkiskot á lystiskútu lávarðar Strathcona hafi gert hann heyrnarlausan. Læknir Edwards konungs VII. var sóttur og skipaði honum að halda kyrru fyrir. Lávarðurinn ætlaði bráðlega til Canada.

— Kona, sem á heima nálægt Chisholm í Minnesota bjargaði lífi sínu og barns sins með því að fara ofan í brunn. Þegar eldurinn umkringdi hús hennar, fór hún ofan í brunninn. Vatnið tók henni í höku. Þriggja ára barni sínu hélt hún á öðrum handlegg í 4 kl.tíma en með hinni hendinni hélt hún sér í vindukaðalinn. Þegar eldurinn var búinn að gereyða öllu, sem brunnið gat, klifraði hún upp úr brunnanum; og féll þegar í yfirlið. Hús hennar komst ná eldinum, þegar bærinn Chisholm brann, og konan hélt öllu óhatt. Lítlu síðar hvesti, en víða lifði í stofnum. Veðrið fýsti eldinn upp, sem náði sér í skógarlund, sem umgirti húsið. Konan hafði þá enga undankomu von, nema að fara ofan í brunninn. Þegar hún rakna ði við, lagði hún af stað, og mátti troða ösku og eimyrju til næsta þorps, með barnið í fanginu. Þar var henni hjálpað, þá nær dauða en lifi eftir alt þetta stríð og áreynslu.

— Í annaðsinn hefir Sven Hedin farið landkönnunarferð um öræfi og óbygðir í Tibet. Í þessari ferð átti hann við óviðri og þrautir að stríða, og er mesta furða, að hann komst lifs af úr þeirri ferð. Um tíma gerðu stöðugar stórhríðar honum alla hluti ómögulega. Þá steig frostið í 39 og 40 stig. Kvikfé það, sem hann hafði með sér til matar handa fylgdarliði sínu, féll í þessum óveðrum, og menn kól meira og minna á fótum og annarstaðar. Þeir sáu enga lifandi skepnu í 64 daga, ekki fugl eða ref einu sinni.

Í öðru sinni hreptu þeir svo mikið ofsaveður, að sandur og grjótmöl lamdi á þeim, svo þeir voru nær dauða en lifi. Þá gátu þeir ei sett niður tjöld sin með nokkru móti. Hedin og menn hans könnuðu land þar, sem engar sögur eru um, að nokkur maður hafi stigið fæti á áður. Hjá Lemchang vatni fundu þeir nokkrar gullnámur, sem þeir halda að sé eign höfðingja og embættismanna í Tibet. Hedin þurfti oft að hörfa til baka og fara afvega, til þess að lenda ekki í höndum Tibet búa, sem engum leyfa að kanna landið, og eru hinir verstu viðureignar. Þessi landkönnunarferð Hedins var enn þá hættulegri, en sú, sem hann fór um árið. Hann skrifar langa og merka ferðasögu um þessa för sina hið allra fyrsta.

— Um þessar mundir er von á Mr. Marconi, loftskeyta konunginum, til Canada. Hann ætlar að yfirskoða og endurbæta loftskeytastöðvarnar í Canada. Dag frá degi vex ákit og eftirspurn eftir loftskeyta sambandi á austurströnd Canada. Nálega hvert einasta eimskip og flutningsbátur, sem koma til Montreal, hafa loftskeyta útbúnað. Mr. Brown, yfirmaður C.P.R., sem sér um skipagöngur félagsins á Atlantshafinu, segir, að félagið hafi þann útbúnað á öllum sínum skipum, og einnig á smáflutningsbátum. Og hið sama segir yfirmaður Allan Line félagsins. Skipaeigendur segja, að öllum skipum sé bráðnauðsynlegt, að hafa útbúnaðinn, bæði í þoku, stórviðrum og ísreki, ásamt mörgum öðrum tilfellum.

— Öll Danmörk stendur undrandi yfir svikscmi og skjalafölsun Alberti ráðgjafa. Þær eru síðastar fregnir af honum, að hann hafi í sl. 14 ár verið að ræna þjóðina með því að draga undir sig fé hennar. Sama frétt segir, að fjárdráttur hans nemi alls nær 20 miljónum króna, eða 5½ miljón dollara, og að hann hafi rúið 15 þúsund fjölskyldur aleigu þeirra. Yfir 40 þúsund manns hafa tapað fé fyrir svik þessa ráðgjafa, og svo er mælt, að Danakonungur sé meðal þeirra, er mestu hafa tapað. Hvað gert verður við þennan mann, er enn óspurt.

— Kampavínsberja uppskeran á Frakklandi er svo lítil á þessu ári, að hún er vart teljandi. Vanalega framleiðir landið 45 miljónir stórflöskur af kampavini, en á þessu ári verður framleiðslan ekki yfir 2 miljón flöskur. Verðhækkun er því sjálfsögð á þessari vöru.

— Canadiskt félag hefir fengið leyfi til að stunda hvalveiðar í Kyrrahafi. Tilgangur félagsins er, að rannsaka þorskveiðisvæðin við suðurendann á Charlotte eyjum, og að setja þar á stofn þorskveiðastöðvar, og um leið að hafa aðal hvalveiðastöðvar sinar þar. En veiðisvæðið er frá Prevost eyju 100 mílur norður í haf.

— Altalað er, að Bandarikjastjórnin ætli að rannsaka gjaldþrot A. Booth & Co. í Chicago. Þykir sem eitthvað grunsamt sé þar á bak við.

Alþýðleg blöð og blaðalestur alþýðu.

Fyrir stuttu stóð greinarkorn í kirkjubladinu "Nýtt kirkjublað", um blöðin hér vestra, það er að segja um Heimskringlu og Lögberg. Kirkjubladið segir, að þau séu meiri alþýðublöð, en blöðin á Fróni. Það tilfærði dæmi, að svo margir skrifuðu í þau. Svo ræddi það um tvær greinar í Hkr., aðra um stúlku, sem fór til Ameriku, þegar presturinn heimtaði af henni dagsverk og annað meira. Þá var henni nóg boðið á ættlandinu. — Hin greinin var um valinkunnan efnabónda á Íslandi, sem flutti til Ameriku vegna kynjamedala, sem það land hefir á boðstólum. Tveir Mormónar komu til Íslands, sem sögðu honum, að hér mætti fá meðal, sem væri allra meina bót. En bóndi átti heilsulítil börn, og fór þeirra vegna og meðalanna til Ameriku. Samt reyndust honum það tálvonir eftir stundardvöl hér vestra.

Það er sjálfsagt alþýðlegt, að hver þjóð viti missmiði og meinbaugi, sem eru í fari hennar. Æfiágrip stúlkunnar er fræðandi í þá átt. En hvort landsstjórnin gefi fólki upp lögákveðin gjöld, þótt það segi henni, að það fari til Ameriku, — það lýst mér ekkert mál. En vonandi er, að stjórnin á Íslandi smáræri að hlynna betur að verkafólki landsins hér eftir enn hingað til. Og engu síður gái að því, að láta ekki embættismenn landsins gaufa á réttindum einstæðinga og umkomulausra kvenna, með fleiru.

Hitt er efamál, hvort landsstjórninni er eins létt um, að varðveita trúgirni manna, ekki síst þá ást og umönnun skyldmenna ræður á aðra hlið. Auðvitað má það mikils, ef þjóðinni er einlæglega innrætt að elska, meta og nota landið, og virða og unna landsstjórninni. En það þarf langan tíma og mikla uppeldis nákvæmni til að gróðursetja þau stjórnublóm. Þó mun það hvergi vera léttara enn á Íslandi og hjá Íslendingum.

Það er fagnaðareíni, að ritstjóri "Kld." finnur og skilur, að alþýðan þarfnast umönnunar, fræðslu og skemtana. Og einmitt því frekar, sem hann er í höðingjastöðu, og hefir sjálfsagt lítið saman við alþýðu og kegsta flokk vinnuhjúa að sælda.

Það er satt bezt að segja, að þau eru ekki alþýðleg blöðin á Íslandi, sízt að jafnaði. Meiri hluti ritstjóra þeirra hafa verið hálfskólagengnir, eða útskrifaðir úr skólum. Þess vegna nokkuð fjarstandandi alþýðu. Fjallkonan var alþýðlegusta blaðið meðan Valdimar heitinn Ásmundarson stýrði henni. Fjölbreytt og fræðandi eftir stærð. Málþýð og hugljúf fyrir alþýðu. Íslenzku blöðin flytja margar fræðandi og lærðar ritgerðir, og eru að sumu leyti áreiðanlegri en erlend blöð gerast yfirleitt. En meinið er, að hvert blað er steypt í því hugsanamóti, sem einkennir ritstjóra þess. Hann skrifar nær því einn alt. og skrifi fleiri, þá verða þeir að sníða sér stakk eftir hans stefnu og sálarvexti, meira en þeirra hugtökum og tilfinningum. Nú um all-langa stund hafa þau ofýlt sig á hreppapólitik, landsmálaþeilum, flokkadrætti og jafnvel öðru verra. Þau geta því ei verið annað en harðhnjóskótt fyrir alþýðu, sem hefir litinn tíma að lesa og þekkir litt á þessi aðalmál eða stórmál hvers eins blaðs. Þess má minnast, að nóg hafa þau flutt af ljóðmælum, og þeim mörgum góðum og hugðnæmum. En aumingja fátæka verkafólkið, og litt upplýsta í hærri bókmentum og pólitískum flokksmálum, þarf meiri andlegra nautna enn hér um ræðir. Það þarfnast svalandi linda og ilmbrungins andvara í samræmi við tíð og kringumstæður sem það býr við. Allir þurfa að njóta gleði og skemtunar og unaðsstunda. Nærri að segja hver maður nýtur vissra áhrifa og skemtana betur en annar. Honum er eitt alsæla, það sem öðrum er góð skemtun, eða máske naumast svo mi ið.

Eitt er áreiðanlegt, og það er það, að allir vilja fræðta eitthvað. Og það er næstum ekkert svo ómerkilegt, að menn vilji ekki hlusta á það, eins lengi og það er siðlegt og fróttabrágð er að því. Alt nýtt vilja menn sjá og skoða. Nýjar bækur, nýr blöð vilja menn lesa. En skilji menn þau ekki, þá er þeim hent og aldrei tekið í hönd aftur. Aðalleca fer lesandi fólk viðfeldnu, fræðandi og fjörugu efni, fögru máli, með lipri framsetningu, og með karakter höfundarins sé djarfur, sannfærandi og mannlegur. Þetta eru aðalskilyrði, sem hver lesandi á heimtingu á. En þetta vill fara út um þúfur hjá sumum. Ég er hér að tala um greinarhöfunda og bókahöfunda alt yfir, en alls ekki sérstaklega um ritstjóra blaðanna. Þeir hafa allir suma þessa kosti, og sumir flesta.

Landið okkar eldgamla er lítið, en þó stórt í vissum skilningum. Þjóðin er fámenn, fátæk vinnuþjóð, en ofloi er það ekki að segja, að hún sé góðum gáfum gædd í samanburði við aðrar þjóðir. Það er ekki auðhlaupið að því, undir staðbáttum og kringumstæðum, að velja henni nægar skemtanir og fjörugar stundir. Þó má eflaust mikið í þá áttina vinna. Þjóðin er gnægtum hlaðin af fögru útsýni um loft, lög og láð. Af henni er Ísland eitt hið auðugasta land í heimi, þótt það sýni þjóð sinni svágina tvenna.

"Blindur er bóklaus maður", segir einn okkar talaði og sjaldséði málsháttur. Og ekki er að stanza við það, að blindur er blaðlaus maður á vorri tíð. Mannlífið er á þeirri flevgiferð, að nú á dögum hafa sumir ekki tíma til að lesa og stúdera bækur þeir verða að láta sér lynda með blöðin. Sú tíð er að nálgast, að sumir hafa ei tíma að spara í blaðalestur. En aldrei hefir meiri þörf verið á, að fylgjast með samtíðinni en einmitt nú. Maður verður að vita eins vel, sem sá næsti, hvernig línn andleg og verslegi samkeppnisvegur er yfirleitt, annars verður maður á eftir, dregst aftur úr, verður að nátt tröllí, sem aldrei kemst úr sporum að eilíu. Sama kapphlaup er á milli allra stétta, visindamanna, landbúnaðarmanna, verzlunarmanna, bændanna, verkamannanna, — (og maður geti jafnvel sagt með áherzlu, á milli prestanna með bókstafstrúna. Blaðamenn verða því að gæta þess, að skrifa um öll mál, sem styzt, en ljósast.

Íslenzku blöðin þurfa endilega, að flytja meira af sveitalífs-fróttabrófum. Menn hafa mikið meira yndi og eftirtöku á því, sem ber við á þeim stöðum og meðal fólks sem lesendurnir þekkja, en það, sem er í fjarlægð, óþekt huggripi manns. Yngri menn á Íslandi eru nú orðnir vel pennafærir menn, og hafa þolanlega góðan smekk fyrir móðurmáli sínu. Þeir ættu að rita stuttar sveitalýsingar, skemtiferðasögur á sjó og landi. Þær ritgerðir ættu blöðin að taka og sækjast eftir. Þær ritgerðir mundu vekja, glæða og gróðursetja velvild og ræktarsemi til sveitanna, héraðanna og landsins í heild sinni. Að þekkja ástand og eðli einnar þjóðar, þarf að þekkja sögu og ástand hvers einstaklings, eins náið og auðið er. Því markmiði nær þjóðin aldrei með einrænislegri blaðamensku.

Línur þessar eru ritaðar í flýti og flaustri, og mætti margt fleira segja um þetta mál. En því fyrr, sem Íslendingar veita máli þessu meiri gaum og starfsemi, því betra fyrir land og lýð.

Winnipeg, 15. sept. 1908.

K. Ásg. Benediktsson.

Lesið með athygli!

Það borgar sig fyrir yður.

Fyrir 5 mánuðum síðan birtist þessi auðglýsing í Hkr., [aðeins 3 eða 4 sinnum], og af því að svo margir sáu sér dálitinn peningalegan hag af því, þá gripu þeir tækifærið glóðvolgt.

Heimskringla græðir ekkert á þessu kostaboði annað en það, að hún fær nokkra fleiri kaupendur, — og hún gerir sig ánægða með það.

Frá þessum tíma til nýárs í vetur gefst yður tækifæri að fá Heimskringlu í 15 mánuði og 1 sögu í ofaná lag, fyrir

$2.00

Hvað er nú hér!

Aldrei skaltu geyma

Til morguns

það sem hægt er að gera í dag. Þessvegna seglum vér: Skrifaðu ÞÍG fyrir Heimskringlu í DAG. En ef þú geymir það til morguns, þá getur skeð að það verði ALDREI gert. Hver sá, eða sú, sem klippir úr blaðinu þessa auglýsingu og sendir hana til Heimskr. ásamt með $2.00 fær Hkr. í **15** mánuði,— og 1 góða sögu líka.

Gildir þar til 1. Janúar n. k., 1909

HEIMSKRINGLA
P. O. Box 116, - - Winnipeg

Grípið tækifærið þegar það gefst

Wall Plaster

Með því að venja sig á að brúka **"Empire"** tegundir af Hardwall og Wood Fibre Plaster er maður hár viss að fá beztu afleiðingar.

Vér búum til:

"Empire" Wood Fibre Plaster
"Empire" Cement Wall "
"Empire" Finish "
"Gold Dust" Finish "
"Gilt Edge" Plaster of Paris
og allar Gypsum vöruutegundir. —

Eigum vér að senda yður bækling vorn?

MANITOBA GYPSUM CO. LTD
SKRIFSTOFUR OG MILLUR Í
Winnipeg, - Man.

Sendið Heimskringlu til vina yðar á Íslandi

Fréttir úr bænum.

CONSERVATIVAR Í VESTUR-WINNIPEG halda fund í Únitarasalnum á fimtudagskveldið þ. 24. þm. (í kveld). Þar verður kosin nefnd til að annast um sambandskosningar í þeim parti bæjarins. — Íslendingar, sem fylgja þessum flokki, eru vinsamlega beðnir að fjölmenna. Fundárinn byrjar kl. 8 að kveldinu.

Þeir bræðurnir Magnús og Jón Markússynir komu á mánudaginn var sunnan úr Pine Valley. Þeir voru þar við jarðarför móður sinn ar, sem framfór á sunnudaginn var. Séra Rögnvaldur Pétursson söng yfir henni, og voru flestallir bygðarbúar þar viðstaddir. — Kringumstæður manna þar telja þeir góðar, og margt bendir þar í framfara áttina.

HERBERGI fyrir einn eða tvo pilta fæst til leigu í suðurparti bæjarins. Hkr. vísar á staðinn.

VERNON, B.C.
12. sept. 1908.

Herra ritstjóri!

Í Heimskringlu þ. 27. f. m. stendur frétt frá Vancouver, og segir þar, að Íslendingur hér í Vernon, Joseph Anderson að nafni, hafi skotið 2 menn, annan til bana. Þessi frétt er röng að því leyti, að Anderson þessi er ekki Íslendingur.

Þorlákur Þorláksson.

Herra Albert Kristjánsson, frá Gimli, og herra Sigurjón Jónsson, héðan úr bænum, fóru suður til Meadville í vikunni, til að halda náms sinu þar áfram í vetur. — Heimskringla óskar þeim til hamingju.

Miss Sigrún Baldwinson fór austur til Toronto borgar á þriðjudaginn var, til þess að fullkomna sig í piano-spili, sem hún þegar er komin langt á veg í.

Bandalag Tjaldbúðar safnaðar heldur frían skemtifund í Tjaldbúðarkirkju næsta mánudagskveld, 28. þ.m. Allir boðnir og velkomnir. Veitingar, kaffi og ísrjómi, verða til sölu í salnum.

Á mánudaginn var fór fyrsta lest Grand Trunk Pacific félagsins af stað frá Winnipeg. Brautin er fullger 666 mílur vestur frá Winnipeg, og verður höfð til mann og vöruflutninga í haust.

Séra Rögnvaldur Pétursson, sem um nokkurn tíma hefir dvalið vestur í landi, kom til bæjarins um síðustu helgi, en fór strax um hæl suður til Pine Valley. Hann er nú kominn aftur þaðan, og messar í Únitara kirkjunni næsta sunnudagskveld.

Skuggasveinn, hinn alþekti sjónleikur eftir séra Matthías Jochumsson, verður leikinn af leikfélagi Goodtemplara fjögur kveld í næsta mánuði. Það er óþarfi að mæla með þeim sjónleik. Menn hafa ætíð — bæði hér og heima — fylt húsið, þegar þeim hefir staðið til boða, að sjá Skuggasvein leikinn. — Sjá augl. á öðrum stað í blaðinu.

Laugardaginn þann 12. þ. m. brann til ösku með öllum innanstokksmunum íbúðarhús herra Arnljótar Ólafssonar að Rolling Bay í grend við Seattle í Washington riki. Fólkið komst undan.

Herra B. B. Olson, frá Gimli, var hér á ferð í þessari viku. — Hann lét vel af líðan og heilsufari fólks þar nyrðra.

Þresking stendur þar sem hæðst nú, uppskera í góðu meðallagi, en vart eins góð og búist var við. Korntegundir eru aðallega hafrar og bygg. Heyskapur hefir gengið ágætlega og nýting hin bezta. — Aðallega var erindi hans til Winnipeg í sambandi við kæru, sem hr. Jóhann P. Sólmundsson og fáeinir aðrir gjaldendur skólahéraðsins hafa lagt fyrir mentasmáladeildina, gegn skólastjórninni, í sambandi við ráðningu kennaranna.

Herra Stefán Eiríksson, frá Dog Creek, var nýlega á ferð hér í bænum. Hann lét vel af líðan þar vestra. Heyskapur hefir gengið þar vel í sumar.

Svo er C.N.R. félagið orðið eftirlátasamt við verkamenn sína, að ef þeir koma ekki í vinnu næsta dag eftir borgunardag, þá lætur það þá ekki fá vinnu í 2—4 vikur. Félagið mun hafa sína leyni eftirlitsmenn, til að komast fyrir um, hvort mennirnir drekka, þegar þeir fá kaup sitt eða ekki. Komist það að því, að þeir séu inni á drykkjustofum við öl, — þá ætlar það ófeað þeim mönnum þegjandi þörfina. Sumum virðist þessi aðferð smámunaleg og hörð, en þess verður að gæta, að menn sem hafa ábyrgðarfullum stöðum að gegna hjá stórum félögum, geta orðið félaginu og verkamönnum þess til tjóns, ef þeir eru ekki alls gáðir, þegar um fyrirskipanir og vandaverk er að ræða. Þessi félög verða að hafa stranga reglusemi á vinnufólkinu.

Bæjarstjórnin er í aðsigi með það að koma í veg fyrir, að engir formenn, og jafnvel ekki vinnuhafendur, megi koma eða sjást inni á veitingahúsum í þessum bæ á meðan vinnutími stendur yfir. Og þau kveldin, sem þeir fá kaup sitt greitt, á að hafa eftirlit með þeim, hvort þeir eyða peningum sínum eða þiggja drykki af öðrum á drykkjuhúsum.

Á sunnudagsmorguninn var lést á McGee stræti hér í bæ merkiskonan Elinborg Stefánsdóttir, — ekkja Kristjáns sál. Jónssonar Geyteyings. Hún var komin yfir sjötugt. Hún lá þungt rúma viku. Hún var öllum Íslendingum kunn að framúrskarandi gestrisni og góðgjörðum. Hennar verður minst síðar.

Herra Sigurður Ólafsson, frá Gimli bygð, sem verið hefir á ferðalagi um bygðir Íslendinga á Kyrrahafsströnd í sl. 2 mánuði, kom til baka til Winnipeg á laugardaginn var. Vesturferð hans var gerð í því tvöfalda augnamiði, að finna Þorstein bróður sinn, sem er búsettur í bænum Marietta, og um leið að kynna sér ástand alt þar vestra og framtíðar möguleika.

Sigurður lætur hið bezta af ferðinni. Hann kom til Vancouver, Blaine, Marietta og Seattle og Ballard og einnig á Roberts tanga. Veður var hið ákjósanlegasta, meðan Sigurður dvaldi vestra, og hann hafði hina mestu ánægju af, að ferðast um bygðir þessar, og mætti allstaðar ágætustu viðtökum og al-íslenzkri gestrisni. Hann dvaldi lengst í Marietta og Blaine. Líðan Íslendinga á Ströndinni, þar sem hann fór um, telur hann góða og atvinnu útlit gott, og hyggur, að ekki sé nein frágangssök að setjast þar að. Og líklegt telur hann, að hann kunni að flytja vest ur, þó ekki sé það alráðið enníþá.

Sigurður biður Heimskringlu að flytja Íslendingum vestra alúðarþakkir fyrir ágæta meðferð á sér meðan hann dvaldi þar. Gestrisni þeirra og alt viðmót við hann var langt umfram það, sem hann gat eða hafði búist við.

Herra G. A. Isberg, Dog Creek, var hér á ferð í þessari viku. Hann segir góða líðan fólks, en lítil hey, tvo þriðju parta af þeim, sem menn þurftu þar. Vætu veldur þessum heyskorti. Hann kveður, að menn séu trúlitlir á það, að brautin komi eins fljótt og loað hefir verið.

Nú er staðhæft, að vélastjórar C.P.R. félagsins hafi gefið félaginu til kynna, að það sé ekki hægt að láta lestdraga halda áfram á brautum félagsins lengur enn eina viku hér á eftir, nema því að eins, að verkfallið verði upphafið, og vanir menn taki við starfinu aftur. Mælt er, að félagið sé að undirbúa samninga við verkfallsmenn til sáttu, þó ekki nákvæmlega í samræmi við kröfur verkfallsmanna. — Vonandi er, að verkfallið endi sem fyrst.

Herra Thorsteinn kaupm. Thorkelsson á Oak Point, með konu sína og dóttur, var hér í bænum í fyrri viku, og sagði hann meðal annars, að nú væri unnið af miklu kappi að byggingu járnbrautarinnar frá Oak Point norður, og að hún verði fullgerð á þessu hausti alla leið til Lundar.

Allir meðlimir stúkunnar Heklu nær og fjær, sem skulda stúkunni ársfjórðungsgjald eða gjöld, eru vinsamlega beðnir að borga sem allra fyrst, annaðhvort á stúkufundi eða til mín.

B. M. LONG,
620 Maryland St., Winnipeg.

Síðan seinasta blað kom út, hefir verið inndælis tíð, þó hafa komið smáskúrir og þykkviðri.

Margir Íslendingar muna eftir "Dick" Buerden, 'Bill poster", sem var hér í Winnipeg, og sumir kölluðu "bæjarfíflið". Hann er nýdáinn suður í Lapeer í Michigan. Hann kom til Winnipeg árið 1882 austan úr Ontario, og fór héðan árið 1900. Hann var einn sá einkennilegasti maður, sem hér hefir verið, — vel greindur, vel að sér en "kómiskur" og hinn mesti trúðari. Hann lærði fyrst til prests, en hætti því fljótt, og strauk þá með leikaraflokki að heiman, og hafði þá atvinnu þangað til hann settist að í Winnipeg og gerðist auglýsinga agent. Hann var fyrsti maður í Winnipeg, sem stofnsetti tyrknæsk böð. Þau voru þá í Clarendon hóteli. Hann var hjálpsamur við fátæka og hjartagóður maður, þó honum væri oft launað með litlum þökkum.

Sagt er, að bærinn hafi fengið eldviðarhögg frá stjórninni í Ottawa frítt, á nokkrum milum, sem liggja náið við þar, sem bærinn byggir aflstöðina, við Point du Bois. Þetta er viður að eins handa fátækum. Það, sem þarf í aflstöðina, þarf bærinn að borga stjórninni fyrir. Þessi hlunnindi munu vera að þakka framgöngu öldurmanns Árna Eggertssonar.

MISPRENTAST hefir í greininni: "Niður með hégómann. Burt með allar sjónhverfingar", er út kom í blaðinu 13. og 20. ágúst:

13. ágúst stendur neðarlega í fyrsta dálki greinarinnar: "fyrirmyndarlagi", á að vera: "(fyrirmyndar)-lagi. Einnig vantar annan svigann við seinasta orðið í megunmáli í þeim dálki, og á sú setning að vera svo: ÁÐUR EN (KRISTILEGA) ANDRÚMSLOFTIÐ SPILLIST. Í öðrum dálki á næstu síðu stendur: "seigfúnandi sjúkdómi", en á að vera: "seigÞÍNandi sjúkdómi".

20. ágúst, ofarlega í fjórða dálki, stendur: "..... en sem hvergi finnast .....", á að vera: "en sem SVO hvergi finnast".

Aðrar smávillur munu lesnar í máliið. Höf.

3083

Nýja póshúsið á Portage Ave. var opnað á mánudaginn var. — Heimskringlu P.O. Box er þar no. **3083**. Þeir, sem hafa bréfaviðskifti við blaðið, eru því beðnir að muna, að senda bréfin sín EKKI í P.O. Box 116, eins og að undanförnu, heldur í P.O. Box **3083**

Goodtemplara stúkan HEKLA er að undirbúa undir Tombólu, sem haldin verður kring um miðjan október mánuð næstkomandi.

Sérhver sá, sem kynni að vita um verustað Einars Ásmundssonar Fjeldstad, ættuðum úr Strandasýslu (fór til Winnipeg í júlí sl.), — er vinsamlega beðinn að láta undirritaðan vita það.

Markerville, Alta., 14. sept. '08
G. BJÖRNSON.

CONSERVATIVE FUNDUR

verður haldinn í fundarsalnum undir Únitara kirkjunni, horni Sherbrooke og Sargent Ave., í kveld, [fimtudagskveld], til þess að kjósa sendinefnd á allsherjar fundi Conservative-flokksins, þar sem tilnefndur verður umsækjandi um ríkisþingssæti undir merkj. um flokksins við í höndfarandi ríkiskosningar, sem fara fram 26. október n. k.

Allir meðlimir Conservative Clubbsins og allir aðrir íslenzkir Conservativar eru beðnir að mæta á þessum fundi,—og koma í tíma. Fundurinn byrjar kl. 8.

Skugga-Sveinn eða Útilegumennirnir.

HINN ALÞEKTI SJÓNLEIKUR í fimm þáttum, eftir Matt hías Jochumsson, verður leikinn af leikfélagi Heklu og Skuldar í I.O.G.T. Hall, — mánudags- og þriðjudagskveld, **12., 13., 19. og 20. OKTÓBER** næstkomandi. Útbúnaður allur vandaður: ný tjöld, íslenzkar heiðar og hellrar. Komið og bregðið ykkur austur fyrir Bláfell, og sjáið svörtu gufpu og tjaldið við ófæru gil. Óhætt mun að fullyrða að vel verður leikið, því sumir af leikendunum hafa leikið þar sömu persónur áður, sem þeir leika nú, og fengið alment lof fyrir. Æfingar hafa farið fram eftir tilsögn hr. Skafta B. Brynjólfssonar, og mætti það með öðru auka aðsókn að leiknum. Aðgöngumiðar kosta 50c., 35c. og 25c., og verða til sölu þrem dögum áður en leikið er, hjá Clemens, Árnason og Pálmason, horni Sargent og Victor. Salurinn verður opnaður kl. 7.30 og áríðandi að allir komi í tíma því LEIKURINN ER LANGUR.

The WINGOLD Catalog

ER NÚ TIL ÚTBÝTINGAR

Sýnir **Allskonar Stór**, seldar beint til notenda á lægsta verði. Vorar nýju tegundir af hitunar- og eldavélum er brenna allskyns eldsneyti, gerðar með nýtísku formi og með öllum nýjasta og bezta útbúnaði eru til sölu með ½ til ⅓ afsláttarverði frá annara stósala verði.

Beztu stór smíðaðar. Spara eldsneyti og vinna á getlega. Abyrgstar að öllu leyti.

Kaupið enga stó fyr en Þér hafið séð vort undraverða tilboð. Verðlágar og svo eldivíðar drjúgar sem frekast er mögulegt. Þeim er lýst í voru nýprentaða —

Nýrra STÓ "Catalog"

Vér ábyrgjumst fljóta og áreiðanlega afhendingu og lofum að **taka stóna aftur, borga flutningsgjald báðar leiðir og skila yður andvirðinu**, ef ekki ánægðir með kaupin. Sparið $5.00 til $40.00 á hverju kaupi. Kaupið beint frá oss og sparið veralunarmanns gróðann. Hver einasta stó ábyrgst og 30 daga frí reynsla gefin hverjum keupanda. Skrifið eftir nýja "Catalogue"-ina K.

The Wingold Stove Co., Ltd., 245 Notre Dame WINNIPEG, MAN.

Mrs. Ingibjörg Goodmundsson, sem í sl. 10 vikur hefir verið í kynnisferð meðal ættingja og vina í Norður-Dakota, kom heim aftur til bæjarins á fimtudaginn var. — Hún lætur vel af líðan fólks þar syðra og útlíti öllu. Byggingu járnbrautarinnar norður eftir nýlendunni miðar vel áfram. Banki hefir verið byggður að Gardar, og er þegar tekinn til starfa. Tíðin hefir verið ágæt syðra, og uppskera svo mikið betri en áhorfðist í sumar, að hún er talin í fullu meðallagi. Nýting hefir orðið í bezta lagi, og verð á korntegundum með hærra móti. — Mrs. Goodmundsson biður Hkr. að bera Íslendingum þar syðra kæra kveðju, með þakklæti og heillaóskum til þeirra fyrir höfðinglegar og alúðlegar viðtökur, sem hún mætti þar hvervetna.

Séra Friðrik J. Bergmann ræddi í Tjaldbúðinni á sunnudagskveldið var um ritvissu biblíunnar. Hann gat þess einnig, að hann hefði í hyggju um nokkrar komandi vikur að ræða um samanburð á gömlu og nýju guðfræðinni, á sunnudagskveldin, og að umræðuefnið næsta sunnudagskveld yrði um sköpun heimsins. Með þessu gefst löndum vorum tækifæri til þess, að kynna sér ádeiluefni það, sem svo tíðrætt hefir orðið um meðal Vestur-Íslendinga á síðari tímum.

BOARDING-HÚS, nýtt og gott, er að byrja að 663 Agnes St. — Óskað er eftir góðum viðskiftavinum. Komið sem allra fyrst og semjið við

MRS. G. JÓHANNSSON

Miss Jóhanna Ólson, Piano Teacher 658 Beverley Street.

BILDFELL & PAULSON
Union Bank 5th Floor, No. **520**
selja hús og lóðir og annast þar að lútandi störf; útvegar peningalán o. fl.
Tel.: 2685

Hver býður betur?

Annað bezta landið í Mikley fæst keypt með góðum skilmálum. Allar upplýsingar þessu viðvíkjandi gefur

SV. BJÖRNSSON,
571 Simcoe st. Winnipeg

Ýmsar ástæður

eru fyrir því að vér höfum eins gott kjöt og nok kur annar kjötsali í bænum Reynið hvort ekki er

C. G. JOHNSON
Telefón 2631
Á horninu á Ellice og Langside St

Ný, góð Cottages

fyrir lágt verð til sölu. Niðurborgun og mánaðar afborganir sem svarar húsaleigu. Þau eru í Fort Rouge og á Home St. Sinnið þessu strax.

K. Ásg. Benediktsson.
540 Simcoe St.

Dr. G. J. Gislason,
Physician and Surgeon
Wellington Blk, - Grand Forks, N.Dak
Sjerstakt athygli veitt AUGNA, EYRNA, KVERKA og NEF SJÚKDÓMUM.

Hver Þvær og Hreinsar Fötin ydar?

Hversvegna að fara í Kína-kompurnar þegar þér eigið kost á að fá verkið gert betur, og alt eins ódýrt, í beztu og heilsusamlegustu þvottastofnun, þar sem aðeins hvítt vinnufólk er haft og öll hreinustu efni notuð Vér óskum viðskifta ydar

The North-West Laundry Comp'y Ltd.
Hreinsarar og Litarar
COR. MAIN & YORK FÓN 5178

J. G. Snydal, L. D. S.
ÍSL. TANNLÆKNIR
COR. MAIN & BANNATYNE
DUFFIN BLOCK PHONE 5302

Hubbard, Hannesson and Ross
LÖGFRÆÐINGAR
10 Bank of Hamilton Chambers
Tel. 378 Winnipeg

ARNI ANDERSON Íslenzkur lögmaður
~~ í félagi með ~~
Hudson, Howell, Ormond & Marlatt
Barristers, Solicitors, etc.
Winnipeg, Man.
13-18 Merchants Bank Bldg. Phone 3621, 3622

BONNAR, HARTLEY & MANAHAN
Lögfræðingar og Landskjala Semjarar
Suite 7, Nanton Block, Winnipeg

G. M. Bjarnason
Málar, leggur pappír og gérir "Kalsomining. Oskar við skifta Íslendinga.
672 AGNES ST. TELEFÓN 6954

Stefán Guttormsson,
Mælingamaður
663 AGNES STREET. WINNIPEG.

Arena Rink

Þar er skemt sér á Hjólskautum hvern eftirmiðdag og kveld, nema föstudage. Hljóðfærafl. spilar. Dansar þeir, sem áður voru í Drill Hall, eru nú haldnir hér á föstudagskv. Dans frá 8 til 12. Inngangur, karlm. 50c. frítt fyrir kvenfólk. Persónum innan 15 ára, ekki leyfð inngangan.

JAMES BELL, eigandi.

Boyd's Brauð.

Hefir þér nokkru sinni kom ið til hugar, hvað mikið þú tapar af brauði yfir árið ef það nær ekki sinni réttu vigt á hverjum degi? Kaupið Boyds brauð og fáið fulla vigt.— og svo líka bezta brauð í Winnipeg. Tilbúin í vélum úr bezta tegund af hveiti.

Boyd's

Bakery Cor. Spence & Portage Ave
Phone 1030.

Antonio De Landro
SKÓSMIÐUR, horni Maryland & Wellington
(Bak við aldinabúð.) Verk gott og verð rétt.

Íslenzkur Kjötsali
Hvergi fæst betra né ódýrara KJÖT en hjá honum,—og þú munt sannfærast um að svo er, ef þú aðeins kaupir af honum í eitt sinn. Allar tegundir. Óskar að Isl. heimsækji sig
CHRISTIAN OLESON,
666 Notre Dame Ave. Telefón 6906

Stefán Johnson
Horni Sargent Ave. og Downing St
HEFIR ÁVALT TIL SÖLU
Nýjar Áfir
frá Manitoba Agricultural School. Bezta Áfirnar í bænum. Góður svaladr. 15c gallon.

The Dominion SECOND HAND STORE
Ágætur brúkaður fatnaður og húsmunir. Ísl. töluð.
555 Sargent Ave. Winnipeg

Drs. Ekern & Marsden,
Sérfræðislæknar í Eftirfylgjandi greinum: — Augnasjúkdómum, Eyrna-sjúkdómum, Nasasjúkdóm um og Kverkasjúkdómum. : : :
Í Platky Byggingunni í Bænum
Grand Forks, :: N. Dak.

A. S. BARDAL
Selur líkkistur og annast um útfarir. Allur útbúnaður sá bezti. Enfremur selur hann alskonar minnisvarða og legsteina.
121 Nena St. Phone 306

Royal Optical Co.

327 Portage Ave. Winnipeg. RÉTT Á MÓTI EATON'S BÚDINNI.

Beztu Augnfræðingar 12-9-8

Öll nýjustu og bezt reynd verkfæri notuð. Höfuðverkur sem stafar frá augunum, áreiðanlega lækuaður. Sanngjarn kostnaður.

AUGU SKODUD KOSTNADARLAUST.

LAND

Vér höfum nýlega fengið til sölu yfir 30 Section's-fjórðunga, liggjandi að Oak-lands brautar C. N. R. félagsins. Verð-ið er frá $7.00 til $12.00 hver ekra. Ekkert af löndum þessum eru meir en 5 mílur frá járnbrautinni.

Skúli Hansson & Co.
Skrifst. Talsíma 6476. Heimilis Talsíma 2274

Heimskringla.

Alt landið

er áhyggst að vera íslenzku land af beztu tegund, og fæst keypt með vægum afborgunar skilmálum. (N.B.—Losið fyrripart þessarar augl. vinstramegin við Hkr. nafn.)

Frekari upplýsingar veita

Skúli Hansson & Co.
56 Tribune Building. Winnipeg.

XXIII ÁR. WINNIPEG, MANITOBA, FIMTUDAGINN, 1. OKTÓBER, 1908 NR. 1

Fregnsafn.

Markverðustu viðburðir hvaðanæfa.

Baðmullar verksmiðjur á Englandi hafa hætt starfi um óákveðinn tíma. Þær hættu þann 19. sept. og við það mistu hundruð þúsunda manna atvinnu. Mælt er, að verksmiðjueigendur hafi farið fram á, að lækka vinnulaunin um 5 prósent. Nokkur hluti verkamanna var fús til að ganga að þessum kjörum, en aðrir neituðu. Var þá öllum verkstæðunum lokað. Baðmullar iðnaðurinn þar í landi hefir ekki borgað sig í sl. 1 eða 2 ár, og verksmiðjueigendur sjá sér ekki fært að halda áfram undir núverandi kringumstæðum. Verkamanna félagið, sem hefir nægilegt fé í sjóði, borgar verkfallsmönnum 50 þús. dollara á viku meðan á atvinnuleysinu stendur.

— Mesti fjöldi fólks í Glasgow á Skotlandi er atvinnulaus, og svo hefir sultur gengið þeim nærri, að á sunnudaginn var gerðu þeir áhlaup á dómkirkjuna um hámessutímann, og höldu þar þrumandi skammaræður um stjórn landsins og iðnaðar ástandið. Þeir kváðu 160 þús. manna þar í borg vera í hálgreipum hungurs og allsleysis. Bæjarstjórnin eyddi þúsundum punda sterling til veizluhalda fyrir konunglegu fjölskylduna, en létu þúsundir verkamanna svelta. Lögreglan var sótt, en gat ekki að gert móti þeim mikla fjölda, sem þar var saman kominn.

— Níu ára gamall blindur piltur hefir nýlega sýnt þrótt sinn í píanó spili í Lndúnum á Englandi. Hann er einstæðingur og hefir alist upp á líknarstofnunum. En svo komu hæfileikar hans þar auglýslega fram, að stjórnarnefnd þeirrar stofnunar tók að sér að láta kenna honum söngfræði. Kennari hans var blind kona, sem er talin góður spilari, en komst nú ekki hálfa leið þangað, sem pilturinn nær í þessari íþrótt. Nótur þær, sem pilturinn spilar eftir, eru upphleyptar. Hann þreifar á þeim með annari hendi, og spilar með hinni, þar til hann hefir lært hverja rödd út af fyrir sig. Síðan spilar hann með báðum höndum, sem væri hann alsjáandi. Hann hefir og samið mörg lög og þykja þau ágæt. Pilturinn vill verða organleikari í kirkju og söngfræðikennari, en af því hann er svo ung ur, hefir hann ennþá ekki byrjað á orgelskrétti. Piltur þessi lærir nú hjá frægum tónfræðingi í Lundúnum, og það er álit kennarans, að pilturinn eigi glæsilega framtíð í vændum, ef heilsa hans bilar ekki. Hann er sagður gáfaður í bezta lagi, og með beztu nemendum í öllum greinum, sem komið hafa á stofnun þá, sem sér um hann. Það er búist við, að hann nái bráðlega prófi við Royal College of Music á Englandi, og að hann verði gerður "Doctor of Music" er stundir líða.

— GamliCarnegie hefir gefið 1¼ milíón dollara virði í 5 prósent vaxtaberandi skuldabréfum til sjóðs myndunar til styrktar þeim mönnum á Bretlandseyjum, sem sýna hetjuhug við lífsbjörgunar tilraunir. — Í bréfi því, sem fylgir gjöfinni, segir Carnegie, að hvenær sem maður eða kona sýni aðburða dugnað og hugrekki í að frelsa líf þeirra, sem séu staddir í lífsháska, þá eigi þeir skilið, að mega njóta ekki að eins viðurkenningar í orði, heldur hagnaðarlega fyrir það starf. Þess vegna á sjóður þessi myndaður, til þess að launa slíku fólki björgunarstörf þess, og til að ala önn fyrir því á gamalsaldri eða í sjúkdóms tilfellum, svo það þurfi ekki að líða skort eða bera áhyggjur fyrir lífinu. Enníremur á sjóðurinn að vera til þess, að annast um ekkjur og börn þeirra, er sjálfir skaðast eða missa lífið við tilraunir til að bjarga öðrum. — Carnegie myndaði slíkan sjóð í Bandaríkjunum fyrir skömmu, og mæltist sú gjöf vel fyrir um heim allan. Edward konungur hefir lóst velþóknun sinni á þessari höfðinglegu gjöf, og skipað nefnd manna til þess að annast um hana og sjá til þess, að henni sé varið samkvæmt fyrirmælum gefandans.

— Kólerusýkin hefir komið upp í höll Rússakeisara, og í þeim hluta borgarinnar, sem auðugasta fólkið býr í. Nokkrir af þjónum keisarans hafa tekið sýkina. Margt auðugasta fólkið og sumt af keisara frændfólkinu yfirgaf borgina tafarlaust, er það frétti um þetta. Það ætlar að dvelja í útlöndum í vetur, eða þangað til sýkin er um garð gengin.

— Maður að nafni Jones, sem nýlega flutti búferlum til Canada, skrifaði konunni sinni heim til Englands og bað hana að koma hingað vestur og taka við búi með sér. En svo hafði hún mikla óþrá á Canada, að hún fyrirfór sér, er hún fékk bréf bónda síns, — hafði heldur dauðann en flytja til Canada.

— North GermanLloyd gufuskipafélagið hefir á aðalfundi sínum í Berlín þ. 22. sept. lýst yfir því, að inntektir þess á fyrstu 6 mánuðum þessa árs hafi orðið $26,000,000 minni en á sama tímatili í fyrra, sem orsakast að mjög miklu leyti af minkandi fólks og vöruflutnin á milli Þýzkalands og Bandaríkjanna, og einnig til Suður-Ameríku og Miðjarðarhafshafna. Inntektir fyrir vöruflutninga til Bandaríkjanna minkuðu um hálfa milíón dollara á þessum 7 mánuðum, og fólksflutningarnir þangað urðu að eins 20 þúsund manns, í stað 120 þúsunda á fyrstu 6 mánuðum sl. árs. — Þess er og getið, að útlend verzlun allra Evróputþjóða, að Spánverjum einum undanteknum, hefir farið mjög hnignandi á þessu ári. En verzlun Spánar hefir stórum aukist, að mestu fyrir vaxandi verzlun vinteganda.

— Kólerusýkin á Rússlandi ágerist svo, að yfirvöldin eru ráðþrota, að stemma henni stigu. Í St. Pútursborg sýktust á 24 klstundum í síðustu viku 417 manns og 176 manns dóu úr henni á sama sólarhringnum. Þar eru nú 1587 kóleru sjúklingar. Svo eru dauðsföllin mörg, að ekki er hægt að smíða sæmilegar kistur utan um þá látnu, og eru þeir því jarðaðir í allskonar kössum og ílátum úti á landsbygðinni um klstundar ferð frá borginni með hraðlest. — Svo eru menn hræddir við sýkina, að yfirvöldin eiga í vandræðum, að fá menn til að taka grafir og jarðsetja. Og síðasta fregn sagði, að 150 lík væru geymd í stórhýsi einu þar hjá greftrunarstaðnum, af því engir fengust til að jarða þau.

— Fallbyssa sprakk á frönsku herskipi nýlega, og varð 13 hermönnum að bana. Margir aðrir særðust. Svipað tilfelli varð á öðru herskipi í ágúst sl., sem varð 6 mönnum að bana.

— Járnbrautarslys varð á föstudeginn var hjá bænum Youngs í Montana. Tvær lestir rákust á, og báðu 18 manns bana. Margir tugir manna særðust. Stórhríðarbylur var þegar lestirnar rákust saman.

NÝTT NÝTÍZKU

THE QUEENS

Vinsælasta og þægilegasta Gisti-hótel í Winnipeg

Bandaríkja-snið
Frí keyrsla.

MONTGOMERY BROS.,
EIGENDUR

BJART MIÐSTÖÐVA

Pólitískar fréttir

EINN STÆRSTI FUNDUR, er nokkru sinni hefir haldinn verið í Toronto borg, var þar haldinn í Massey Hall þann 24. sept., þegar herra R. L. Borden, leiðtogi Conservative flokksins, ásamt Hon. R. P. Roblin og fleirum, hélt þar ræðu. Um 7 þúsund manna sóttu fund þennan, en ekki nema 5 þús. komust inn í salinn. Það varð því óhjákvæmilegt, að útvega annan stærsta fundarsalinn þar í borg og þangað sóttu nær 3 þúsund manna. — Það er mjög óvanalegt, að fundir séu svo fjölsóttir, að eitt húsrúm verði ekki nægilegt fyrir alla, er sækja vilja í einu. En nú er almennings álitið orðið svo sterkt með herra Borden og stefnu Conservativa flokksins, að fólkið þyrpist að fundum hans hvar sem hann fer, og margir verða frá að hverfa, er ekki rúmast í fundarsölunum.

HERRA HENRY BOURASSA hefir komið hánt út, sem fylgjandi Conservative flokksins. Hann var áður í "Líberal" flokknum, og talinn einn af allra líklegustu leiðtogum þess flokks í Quebec fylki. En svo hefir sviksemi og pólitískir glæpir Laurier stjórnarinnar gengið fram af honum, að hann hefir algerlega sagt skilið við flokk sinn og ritað undir útnefningu Conservative umsækjandans þar eystra. Í síðustu fylkiskosningum í Quebec sótti herra Bourassa um þingsetu í 2 kjördæmum, og í öðru þeirra var stjórnarformaðurinn sjálfur móti honum, en Bourassa vann bæði sætin, og sýnir það bezt, hve mikils hann er þar metinn af alþýðu. Quebec fylki er því tapað "Líberölum", sem nú eru mjög óttarlegnir og hræddir um sig hvervetna eystra.

GLEN CAMPBELL, fylkisþingmaður fyrir Gilbert Plains, var þ. 25. sept., að kveldi, útnefndur af hálfu Conservativa til að sækja um sambandsþingssæti í Dauphin kjördæminu móti Theo. A. Burrows, skógalanda konganum mikla. Fundur þessi var haldinn í Dauphin bæ, og var hinn langfjölmennasti, sem haldinn hefir verið í þessu kjördæmi. Margir kjósendur keyrðu yfir 30 mílur til að vera þar viðstaddir. — Svo er nú óánægjan orðin mikil með Burrows, fyrir hlutdeild hans í ráni þjóðeignanna, að Dauphin búar eru ákveðnir í, að vinna á móti honum. Mesti fjöldi manna, sem jafnan áður hafa fylgt "Líberal"-flokknum, hafa lofað herra Campbell fylgi sínu, og telur hann því kosningu sína vísa, — þrátt fyrir það, að herra Burrows hefir nú þær 80 þúsund dollara úr að spila, sem hann fékk frá Prince Albert manninum fyrir timburleyfi, sem Burrows hafði fengið hjá Laurier stjórninni fyrir að eins 6 þúsund dollara.

Kjósendurnir eru beðnir að minnast þess, að hvert atkvæði, sem Laurier stjórnin fær í þessum kosningum, er trausts og þakklætis yfirlýsing við Laurier stjórnina fyrir það, sem hún hefir gert, og skipun til hennar, að halda áfram sömu steinu, — að rýja þjóðina í þarfir vina sinna.

HON. R. P. ROBLIN, sem ásamt öðrum fylkisstjórna formönnum eru nú að ferðast með herra R. L. Borden, og tala með honum á fundum viðsvegar um Austur-Canada, — hefir komist í ónáð mikla hjá "Toronto Globe". Hon. Roblin hafði á fundinum mikla í Toronto borg, sem áður er getið, ákært blaðið Globe fyrir að hafa unnið að því, að eigendur þess gætu rúið Canadaveldi um 2 milíónir dollara í sambandi við Crows Nest járnbrautina og kolanámalöndin þar í skarðinu, sem þeir Cox og Jaffrey fengu hjá Laurier stjórninni, og sem bakaði Canadaríki tveggja milíón dollara fjárútlát, — umfram það, sem áður hafði verið samið um, áður en Laurier stjórnin komst til valda.

Blaðið Globe tekur þessa ákæru ósteinnt upp, kveðst ekkert hafa haft við mál þetta að gera, og ekkert hafa vitað um samninga þá, sem eigendur blaðsins hafi gert við Laurier stjórnina, fyr en 2 árum eftir að þeir voru gerðir, — en blaðið neitar hins vegar ekki, að samningarnir og þjóðeignaránið hafi verið eins og Hon. Roblin hefir lýst því. Ende er það mál svo margsannað, að ekki er til neins að þræta fyrir það.

SÍÐUSTU FRÉTTIR FRÁ QUEBEC segja, að síðan það varð ljóst, að Henry Bourassa ætlaði að vinna með Conservative flokkunum, þá sé það víst, að Quebec fylki skiftist til helminga milli flokkanna, að minsta kosti, svo að Laurier stjórnin hafi þaðan engan meiri hluta þingmanna, og líklegast, að hún verði þar í minni hluta.

Að Laurier stjórnin sjálf líti þannig á málið, má meðal annars marka af því, að hún hefir nú skipað vini sína í öll þau embætti, sem til voru, og skapað ný embætti handa sumum þeirra. Enníremur hefir hún látið hreinsa til í hinum ýmsu stjórnardeildum, svo að alt sé sem næst tilbúið að afhenda Borden stjórninni eftir kosningarnar. "Líberalar" eru ekki að eins hræddir, — þeir eru sannfærðir um, að þeirra dagar séu taldir, og að þeir tapi völdum þann 26. þessa mánaðar.

Velferð Canada og verndun þjóðeignanna krefst að svo verði.

Kjósendur! Gerið skyldu yðar þann 26. október!

Á FUNDINUM MIKLA Í TORONTO BORG sagði herra Borden meðal annars þetta:

"Sá dagur kemur, og er nálægur, þegar gerð verður rannsókn og krafist fulls endurgjalds. Conservative flokkurinn lofar þjóðinni í Canada því hátíðlega, að láta skila aftur í eign hennar og umráð öllum þeim löndum, sem hafa verið veitt undir kringumstæðum, sem gefa grun um samtök og undirferli".

Með þessu er þjóðinni í Canada lofað því, að starx og herra Borden og Conservativar komast til valda í Ottawa, þá skuli ströng rannsókn verða gerð á öllum glæpaferli Laurier stjórnarinnar, og þar menn neyddir til þess, að skila aftur í umsjá þjóðarinnar öllum þeim löndum, sem með röngu móti hafa komist undir yfirráð "einræðis"-vina Lauriersstjórnarinnar, — hvort sem það eru kolatekjulönd, málmtekjulönd, bóthagalönd eða akuryrkjulönd.

Það mun og mega fullyrða, að fiskiveiðaleyfin illræmdu verði upphafin, og alþýðu veittur fullur veiðiréttur í þeim vötnum öllum, sem Laurier stjórnin hefir gefið í hendur fárra "einræðismanna" um heilan mannsaldur, fyrir hneykslanlega lágt gjald.

Dómsdagur ræningjanna rennur upp þann 26. október næstkomandi!

Hr. GEO. H. BRADBURY, þingmannsefni fyrir Selkirk kjördæmið af hálfu Conservative flokksins, er sem óðast að halda fundi um alt kjördæmið, og mætir hvervetna hinum beztu viðtökum. — Margir þeir, sem áður hafa fylgt Líberölum, bjóða nú Bradbury eindregið fylgi sitt, og er honum því sigurinn vís. Jackson, "Líberal", hafði 507 fleirtölu atkvæða við síðustu kosningar, eftir að búið var að draga "Rauðu Línuna" illræmdu yfir nöfn 1406 Conservative kjósenda í því kjördæmi. — Kjósendur eru einráðir í því, að hefna við þessar kosningar fyrir þann glæp.

ÞJÓÐLEGT VELSÆMI HEIMTAR, AÐ KJÓSENDUR CANADARÍKIS MEÐ ATKVÆÐUM SÍNUM ÞANN 26. OKTÓBER VELTI LAURIER STJÓRINNI ÚR VÖLDUM, SEM SVIKIÐ HEFIR HVERT EINASTA LOFORÐ ER HÚN GAF, ÞEIM, OG RÆNT RÍKIÐ EIGNUM ÞESS OG FÉ TIL ARDS FYRIR FÁA "LIBERAL" EINRÆDISMENN.

Verkefni.



SKÚLI (með þjóðræðis-vöndinn): — Burt með alla bitlinga, eftirlaun og uppköst!

— Nýlega hefir Ottawa stjórnin komist að því, að 300 Kinverjar hafa á sl. 2 árum komist inn til Canada undir fölsuðum vottorðum, án þess að borga þann $500 nafskatt, sem lögin ákveða. Á þennan hátt hefir ríkið tapað 150 þúsundum dollara. Að eita uppi þessa menn og heimta af þeim skattinn, er ekki mögulegt, en væntanlega verða nákvæmari gætur hafðar á því framvegis, að ekki verði öðrum Kinverjum hleypt inn hingað en þeim, sem fullnægja ákvæðum ríkislaganna.

— Tveir innbrotsþjófar í Elkhorn bæ hér í fylkinu drápu húsráðanda, er hann stóð þá að innbrotinu að næturlagi, og struku síðan. Þeirra hefir grandgæfilega verið leitað, en þeir eru ófundnir enníþá.

— Nýlega hafa 9 menn í Fernie, B. C., verið dæmdir í 6 til 7 ára fangavist fyrir að rita hótunarbréf til manna og hóta þeim líflátu, ef þeir legðu ekki fram lausnarfé. Þessir náungar, sem allir eru ítalskir, komu til Fernie á sl. vori, og hafa dvalið þar síðan. — Þeir tilheyra hinu svo nefnda Svartahandarfélagi, sem virðist að hafa breitt sig á síðari árum út yfir öll Bandaríkin.

— Tilraun hefir verið gerð til þess, að fá sölu á blaðinu "Eye Opener", sem gefið er út í Calgary, Alta., fyrirbocna í Austur-Canada. En yfirvöldin sjá sér ekki fært að gerast svo einráð, þótt þau þau fegin vildu hefta útgáfu blaðsins, sem segir Laurier stjórninni beiskan sannleikann og hlífir ekki pólitískum ránsmönnum, hvar sem þeir finnast.

— Dómsmála ráðgjafi Canada hefir verið beðinn að náða mann að nafni Blunden, sem búinn er að vera 4 ár í fangelsi fyrir glæp, sem hann var kærður fyrir, en sem nú er sannað, að hann hafði aldrei framið, heldur hafi það verið gert af nágranna hans, sem var aðalvitnið móti Blunden, en hefir síðan aftur gert sig sekan um sama glæp, — gripaþjófnað, — og er nú sjálfur í fangelsi.

— Prófl. Quirino í Rómaborg hefir búið til loftskeyta taltól, sem hefir gefist svo vel, að vel má talast við þó 36 mílur séu á milli ræðumanna. Máltól hans eru reist upp á 120 feta háar stengur, og til þess að geta notað þau þar þurfa þau að vera knúð til starfa með 124 hestafla vélum. Prófessorinn telur engan efa á, að þessi tegund máltóla muni hefjast til almennra nota í þéttbygðum héruðum innan fárra ára.

Fellibylur æddi yfir hluta af Filipseyjum þann 24. sept. og gerði feikna mann og eignatjón. Mesbato bær var algerlega eyðilagður.

Wall Plaster

Með því að venja sig á að brúka **"Empire"** tegundir af Hardwall og Wood Fibre Plaster er maður hár viss að fá beztu afleiðingar.

Vér búum til:

"Empire" Wood Fibre Plaster
"Empire" Cement Wall "
"Empire" Finish "
"Gold Dust" Finish "
"Gilt Edge" Plaster of Paris
og allar Gypsum vörurteg. undir. —

Eigum vér að senda yður bækling vorn?

MANITOBA GYPSUM CO. LTD
SKRIFSTOFUR OG MILLUR I
Winnipeg, - Man.

Heimskringla
Published every Thursday by The Heimskringla News & Publishing Co. Ltd

Verð blaðsins í Canada og Bandar $2.00 um árið (fyrir fram borgað). Sent til Íslands $2.10 (fyrir fram borgað af kaupendum blaðsins hér $1.50.)

B. L. BALDWINSON,
Editor & Manager

Office:
729 Sherbrooke Street, Winnipeg
P.O. BOX 3083. Talsími 3512.

Það borgar sig að þegja.

Blaðið "Toronto Globe" fann nýlega að því, hve gjarnt Conservatives væri að brixla Laurier-stjórninni um alls konar prætti og svivirðingar í stjórnarfarinu, svo sem rán á þjóðeignum og fleira þess háttar. Þetta taldi blaðið rinkar ljótan sið, og sýndi fram á, að mestu blöð landsins létu sér ekki koma til hugar, að minnast á þetta, af því það kastaði skugga á Canada ríki.

En einhvern náunga grunaði, að þessi þögn stórblaðanna bygðist á einkverju öðru en áhuga fyrir velsæmi Canada ríkis. Og nú hefir hann fundið hina sönnu ástæðu í landsreikningunum, það er að segja, síðustu útgáfu þeirra fyrir árið 1907. Þar sést, að þessi blöð hafa fengið eftirtaldar upphæðir:

Montreal Herald	$217,480
St. John Telegraph	97,773
St. John Sun	11,532
Moncton Transcript	88,831
Halifax Chronicle	79,138
Quebec Soleil	49,410
Toronto Globe	49,310
Quebec Telegraph	80,958

Winnipeg Free Press kvað og hafa fengið $57,000 á þessu ári. Og er þá upphæðin til þessara fáu blaða orðin nálægt 700 þúsund dollara á árinu.

Árið áður fékk Free Press $30,-230.00 fyrir eina útgáfu af blaðinu.

Í þessu er ætlað að liggi ástæðan til þess, að þessi blöð þegja yfir glæpum stjórnarinnar, og hæla henni á hvert reipi í tíma og ótíma. Enda styðst sú skoðun við reynslu annara blaða. Sem dæmi má nefna blaðið La Patrie, sem Israel sál. Tarte átti og stjórnaði. Það var eindregið með Laurier-stjórninni fram að árinu 1905, og fékk þá vænan styrk frá stjórninni. En svo snerist Tarte árið 1905 á móti tollmálastefnu Lauriers, og upp frá þeim tíma hætti styrkveitingin.

Blaðið St. John Telegram andæfði stefnu stjórnarinnar í Grand Trunk Pacific málinu, og tapaði stórfé á því. Árið 1904 fékk það $19,236, en næsta ár á eftir fékk það að eins $412, — af því það kunni ekki að þegja um óhæfuna, sem það vissi að höfð var í frammi í sambandi við brautarmálið. En svo sá blaðið að sér og varð með stjórnunni, "hálfu verra heldur en áður", — hældi Laurier-stjórninni á hvert reipi fyrir allar hennar gerðir í þarfir landsins — rétt eins og Lögberg gerir af sömu ástæðum — bara enn þá meira. Og árangurinn af þessu aðfarhvarfi blaðsins kemur ljóslega fram í listanum, sem prentaður er að framan fyrir árið 1907, — þar sem sýnt er, að blaðið (ekki Lögberg, sem fær bara $5,000 á ári, að sagt er) hafi fengið nær 100 þúsund dollara frá stjórninni fyrir það ár.

Ennfremur má nefna blaðið St. John Sun, sem aldrei hefir fengið cent úr landssjóði fyr en árið 1907, að eins af vinum Lauriers keypti það. Reikningarnir sýna, að á 9 mánuðum þess árs fékk það $8,429 úr landssjóði.

Enn mætti nefna fleiri blöð, sem hafa haft hag af að hæla Laurier-stjórninni, en að svo stöddu virðist nóg sýnt til þess að sanna, að það borgar sig vel, að þegja yfir glæpum hennar, og ennþá betur borgar það sig, að hæla henni fyrir ránið og gripdeildirnar.

HEIMSKRINGLU og TVÆR skemtilegar sögur fá nýir kaup endur fyrir að eins $2.00.

Loforða-efndir "Liberala"

(Sbr. stefnuskrá þeirra á 4. bls.)

Í þessu blaði er að óskum fjölmargra kjósenda birt stefnuskrá "Liberala", eins og hún var af þeim samþykt árið 1893, og hefir síðan staðið óhreytt. Við athugun hennar gefst kjósendunum kostur á, að kynna sér, hvernig loforða efndir flokksins hafa orðið, og að hve miklu leyti stjórnin hefir uppfylt loforð þau, sem hún með þessari stefnuskrá gaf þjóðinni árið 1893.

Fyrsti liður er um tollmálin. Þau voru brennandi spursmál hér í landi á þeim tíma. Samkvæmt þeim lið fordæmdu "Liberalar" verndartolla stefnu Conservativa, fyrir það, hve hún legði mikla tollbyrði á þjóðina, og flokkurinn lofaði að bæta þessa löggjöf þannig, að "lífsnauðsynja vörur væru tollfríar", eða hafa hann eins lágan og auðið er.

Til þess að gera sér ljóst, hvernig efndir hafa orðið á þessu loforði, nægir að benda á það, að tollbyrði Conservativa á þeirra síðasta stjórnarári, 1896, var alls $27,759,285. En sama tollbyrðin á síðasta fjárhagsári, undir "Liberal" stjórninni, var $73,325,962, eða sem næst þrisvar sinnum meiri en hjá Conservativum. Og alls hefir Laurier stjórnin á þeim tólf árum, sem hún hefir verið við völdin, lagt 232 miliónir dollara á þjóðina meira en Conservativar hefðu gert, miðað við síðasta árs tolltekju þeirra árið 1896.

Eftirfarandi tafla sýnir, hve mikla tollbyrði "Liberal" stjórnin hefir lagt á þjóðina í Canada á hverju ári, umfram það, sem Conservativar gerðu á síðasta stjórnarári þeirra:

1897	Hækkuð	tollbyrði	$ 589,000
1898	"	"	1,817,000
1899	"	"	7,199,000
1900	"	"	10,483,000
1901	"	"	10,984,000
1902	"	"	15,630,000
1903	"	"	21,256,000
1904	"	"	25,902,000
1905	"	"	26,261,000
1906	"	"	32,315,000
1907	"	"	23,806,000
1988	"	"	45,566,000
		Samtals	$222,188,000

Þetta sýnir tollheimtu Liberala umfram það, sem Conservativar hefðu tekið undir toll-fyrirkomulagi sínu. Hvert einasta cent af þessu hefir verið tekið beint úr vösum þjóðarinnar, því stjórnin hefir engar inntektir aðrar en þær, sem hún leggur á þjóðina. En ef að Canada búum fanst tollbyrðin of þung árið 1896, þegar hún var 27 miliónir, — hvað má þá segja um hana árið 1908, þegar hún er orðin yfir 73 miliónir dollara?

Hvernig hefir þessi breyting orðið? Hún hefir orðið þannig, að þó "Liberalar" hafi tekið tollinn af heilum hóp af vörutegundum, þá hafa þeir hagað því svo, að það eru vörutegundir, sem mjög lítil eftirspurn er eftir. En þeir hafa passað, að hækka tollinn á flesum þeim vörutegundum, sem nálega hvert mannsbarn þarf að brúka dags daglega, svo sem sykur allskonar, síróp, sætabrauð, leður til skógerðar, loðskinn til vetrarfatnaðar, klæðadúkar allskonar, hattar og húfur, tóbak og vindlar, og fleira þess háttar. Á þennan hátt hafa þeir gert lífsnauðsynjar fólksins miklu dýrari, en þær voru áður, og heldur en þær þurfa að vera eða hefðu orðið, ef þeir hefðu stað ið við það loforð að lækka tollana á lífsnauðsynjum fólksins.

TOLLBYRÐIN FYR OG NÚ.

Conservativar
1896:

Dagleg inntekt	76,261
Vikuleg inntekt	533,827
Árleg inntekt	27,759,279
Á hvern mann	$5.46
Á hverja fjölskyldu	27.68

Liberalar
1908:

Dagleg inntekt	$,200.612
Vikuleg inntekt	1,404,289
Árleg inntekt	73,023,046
Á hvern mann	11.70
Á hverja fjölskyldu	58.88

Þess ber og að gæta, að nauðsynjavörur hafa undir "Liberal" stjórn hækkað svo mjög í verði á sl. 12 árum, að það vörumagn, sem kostaði $100 árið 1896, kostar nú yfir $130.00. Tollurinn legst því nú ekki að eins á kostnað vörunnar með 1896 verðinu, heldur með hinu hækkaða verði 1908, og eykur þannig mikið tollbyrðina á almenn ingi.

Finst nú mönnum þetta vera efndir á því loforði í stefnuskrá flokksins, að nauðsynjavörur verði tollfríar? Eða halda menn, að Liberal stjórnin hafi hækkað tollana á þeim vörum í því skyni, að gera þær óðýrari? Eða geta menn ómögulega komið auga á þann sannleika, að Laurier stjórnin hefir svo gersamlega SVIKIÐ tollækkunar loforð sitt, sem henni var frekast mögulegt?

Annar liður stefnuskrárinnar lýtur að því, að ámæla Conservativum fyrir það, að þeir gátu ekki komist að samningi við Bandaríkin um gagnskipti á vörum milli beggja landa, og "Liberal"-flokkurinn lofaði, að koma þessu í framkvæmd. Hefir hann gert það? Nei. Hann gerði að vísu tilraunir til þess, og sendi ýmsa ráðgjafa sína suður til Bandaríkjanna í þessu augnamiði. Þar eyddu þeir tugum þúsunda dollara í veizluhöld og annað góðgæti. En samningurinn um vöru-gagnskiptin er ókominn ennþá. Bandaríkja stjórnin sá enga ástæðu til þess að gefa Canada aðgang að 80 milión viðskiftamönnum í landi sínu, en fá ekki í staðinn nema 6 milión viðskiftavini hér í Canada. Þessi liður í stefnuskrá "Liberala" var því efndur eins og sá fyrsti — MEÐ SVIKUM.

Þriðji liður lýsir viðbjóði "Liberal" flokksins á spillingu stjórnarfarsins undir Conservatiáum og fjárbruðlun þeirra.

"Skyldi engum verða klýjugjarnt"!

Fjórði liður lýsir ótta flokksins yfir sívaxandi ársútgjöldum, og krefst strönguslu sparsemi á fé þjóðarinnar.

Hafa "Liberalar" efnt sparsemdar loforðið? Undir Conservative stjórn árið 1896 voru ríkis útgjöldin alls $41,702,000, en á síðasta fjárhagsári, undir "Liberölum", voru þau yfir 130 miliónir dollara, — höfðu aukist um rúmar 70 miliónir á ári, og á þessu yfirstandandi fjárhagsári eru útgjöldin áætluð 140 miliónir dollara, eða réttum 100 miliónum dollara hærri en hjá Conservativum árið 1896. Að ótöldum 34½ milión, sem þingið veitti til hafnbóta í Montreal, og til brúargerðar yfir St. Lawrence fljótið hjá Quebec, og til járnbrauta styrkveitinga. Svo að samþyktir þingsins námu alls 174½ milión dollara útgjöldum á fjárhagsárinu, sem byrjaði með 1. apríl sl.

Finst mönnum, að hér sé um sparsemi eða lækkuð útgjöld að ræða, eða geta menn ekki séð og sannfærst um, að Laurier stjórnin hefir efnt þetta loforð eins og hin önnur — MEÐ SVIKUM?

Fimti liður lofaði þjóðinni að halda þjóðlöndum ríkisins til nota eingöngu fyrir búendur — "Lands for the Settlers" — og í hæfilegum stærðum til ræktunar. Hefir það loforð verið efnt? Seldi ekki Laurier stjórnin herra Adamson og félögum hans, er síðar fengu löggildingu undir nafninu "Saskatchewan Valley Land Co.", 250 þúsund ekrur af frægasta akuryrkjulandi fyrir $1.00 hverja ekru, og sama félagið fékk að velja úr afarstórum landflákum, sem nam miliónum ekra. Þessi lönd voru síðar seld fyrir 2 miliónir dollara. Spekúlantarnir — vinir stjórnarinnar — græddu þar 1¾ milión á kostnað landssjóðs. Mr. Spiers, aðal innflutninga agent stjórnarinnar, hafði í skýrslum sínum til Ottawa hvað eftir annað bent stjórninni á verðmæti og ágæti þessara landa til akuryrkju, svo að það var á allra vitund, hve ágæt löndin voru.

Lét ekki Laurier stjórnin eftirtalda náunga hafa þjóðlönd í Vestur-Canada fyrir $1.00 ekruna, sem þeir síðar seldu fyrir miliónir dollara?

Hér eru nöfin þessara vildarvina stjórnarinnar og ekrufjöldi, sem þeir fengu með $1.00 kjörkaupsverði:

	ekrur
Brown, Bedingfield & Co.	55,747
George Lane	42,777
C. E. Hall	60,000
Glengarry Land Co.	13,794
James D. McGregor	47,615
A. Hitchcock	48,867
Duncan Cameron	1,280
H. P. Brown	60,381
T. A. Mackie	41,288
Þetta gerir samtals	371,749

ekrur af þjóðlöndum, sem gefnar voru til kunningja stjórnarinnar, og sem þeir græddu miliónir dollara á, sem undir ráðvandri stjórnmensku hefði átt að renna í landssjóðinn.

Finst kjósendunum þetta loforð hafa verið haldið, að láta þjóðlöndin ganga eingöngu til "Settlers", og í hæfilega smáum spildum til ræktunar?

Fékk ekki herra Robins og félagar hans 96 þúsund ekrur til bithaga um 21 árs tíma fyrir 2. centa árlegt ekrugjald? Og síðar keyptu þeir tíunda hlutann af þessari spildu fyrir $1.00 ekruna, sem þeir svo seldu aftur fyrir $350,000. — Sömu menn fengu 300 þúsund ekrur af framræslulandi og seldu það svo fyrir hálfa milión dollara.

Er þessi ráðsmenska það, að halda þjóðlöndunum til nota fyrir ábúendur? Eða geta kjósendur ekki sannfærst á því, við ljós reynslunnar, að stjórnin hefir efnt það loforð eins og hin — MEÐ SVIKUM?

Sjöundi liður stefnuskrárinnar er sá eini, sem Laurier stjórnin hefir verið neydd til að halda sér við að mestu leyti. — Hann er um það, að leggja kjörlista hinna ýmsu fylkja til grundvallar fyrir ríkiskosningar. — En þennan lið ætlaði hún þó að SVÍKJA eins og hina með Aylesworth frumvarpinu illræmda, er hún lagði fyrir síðasta þing, — en Conservativar neyddu hana til að víkja frá þeirri fyrirætlun. Og þess vegna er orðheldni hennar við þennan lið að eins sprottin af náðungur aðhaldi.

Áttundi liður um takmarkalínur kjördæmanna er að eins viðbjóðslegt yfirskyn. Og því til sönnunar er "The Thin Red Line", sem rændi þúsundir manna hér í Manitoba atkvæðisrétti við síðustu ríkiskosningar, — ljósast vitni. Og látum vér að svo stöddu úttalað um það.

Níundi liður, um endurbót á efri málstofunni, var haldinn þannig, að laun allra Senators voru hækkuð úr $1,000.00 upp í $2,500.00 um árið, og útgjöld ríkisins þannig aukin yfir hundrað þúsund dollara á ári. En þetta var þó ekki gert fyr en "Liberalar" voru orðnir í talsverðum meirihluta í þeirri málstofu.

Tíundi og síðasti liður, um vínsölubann samkvæmt lýðsúrskurði þýddi aldrei neitt, og var ekki settur í stefnuskrána til þess að fara eftir honum. Quebec fylkið sá um þann lið með því, að greiða þar í sumum sveitum fleiri atkvæði móti vínbanninu, heldur enn kjósendur voru á lista í þeim deildum. Quebec fylki hefir alt af staðið dyggilega með Laurier, — eins í þessu máli sem öðrum!

Vér sjáum ekki betur, en að hin svokallaða stefnuskrá Liberala, hafi verið rofin í hverju einasta atriði, sem nokkru skiftir, á síðastliðnum 12 árum, og vér hyggjum að yfirgnæfandi hluti kjósendanna líti sömu augum á það mál.

Föðurleg ráðlegging.

Þegar herra Lemieux, vinnuráðgjafi Laurier stjórnarinnar, var nýlega á fundi í Montreal, þá sóttu verkamenn fund hans og báðu hann að binda enda á verkfallið, sem nú stendur yfir á C. P. R. járnbrautinni. Ráðgjafinn hafði þau svör á reiðum höndum, að hann ráðlegði verkamönnum C.P. R. félagsins, að fara aftur að vinna fyrir félagið skilyrðislaust, — í þeirri von, að það félag mundi breyta sanngjarnlega við þá.

Ekki er þess getið, að verkamenn hafi orðið neitt hrifnir af þessari ráðleggingu ráðgjafans, því að ekkert annað felst í henni en það, að hann ætlist til, að verkþiggendur gangi skilyrðislaust á hönd félaginu og selji því sjálfdæmi í ágreiningsmáli því, sem orsakaði verkfallið.

Það leynir sér ekki, að Laurier stjórnin er stórum mun hlyntari akkords-mönnum, auðfélögum og öðrum vinnuveitendum, heldur enn verkalýð landsins. Enda hefir nú stjórnin mikið fylgi þessara afla. Eftir er að vita, hvort alþýðan verður jafn leiðitöm, þegar til kosninganna kemur.

Ránið sannað.

Við rannsókn þá, sem nú stendur yfir í Ottawa, fyrir Rochon dómara, viðvíkjandi þjóðeignaránú Laurier stjórnarinnar, kom það upp í réttinum þann 23. sept., að W. A. Fraser, formaður "Liberal" félagsins í Ottawa og þingmannsefni "Liberala" þar í borginni við þessar kosningar, og félagi og umboðsmaður herra Theodore A. Burrows í timburlandabraski hans, — hafði fengið timburlönd hjá Laurier stjórninni fyrir $1,650, sem hann svo seldi strax aftur til herra O. A. Roberts í Minneapolis fyrir HUNDRAÐ ÞÚSUND DOLLARA. En hélt þó eftir helfingnum af landinu til að selja fyrir önnur 100 þúsund dollara.

Herra Fraser varð að játa þetta sjálfur fyrir dómaranum, — og er þetta enn ein sönnun fyrir því, hve þjóðeignaránið er orðið magnað undir Laurier stjórninni. Frekari rannsóknum var frestað til 1. október.

Hvernig lýst yður á?

Herra Charles Steubbe, ákafur Liberal flokksmaður í Montreal, keypti 3240 þjalir frá Frakklandi og borgaði fyrir þær $2,315, en seldi þær svo til Laurier stjórnarinnar fyrir $4,786.00. Sjálfur fékk hann samt ekki netna $2,500, en einhver annar fékk $2,286.00. — Struble vildi ekki segja hver það var, sem tók mútuna til þess að ræna ríkissjóðinn. Það kemst upp, þegar Borden er kominn til valda.

Það hefir þráfaldlega verið sýnt og sannað, að Laurier stjórnin hefir gert það að ófrávíkjanlegri reglu, frá þeim degi, sem hún komst til valda, að ræna ríkissjóðinn í stóru og smáu, ekki síður en þjóðina fasteignum hennar, til þess að gæða vinum sínum og vildarmönnum. Það leikur sterkur grunur á, að sjálfir ráðgjafarnir hafi séð um, að hafa persónulegan hagnað af þýfinu.

Meira um þjóðlandarán

Herra W. A. Fraser í Ottawa fékk hjá Laurier stjórninni timburlönd með fram Cedar vatni. Hann borgaði $500 til stjórnarinnar fyrir það, en hefir nú viðartökuland þetta til sölu fyrir hálfa milión dollara. Ætlun hans er, að á landinu séu 250 miliónir feta af timbri.

Þannig gengur þjóðeignaránið, — stjórnin fær $500 dollara í landssjóðinn fyrir þá eign, sem metin er hálfa milión dollara. En aðgætandi er, að Fraser var formaður "Liberal" félagsins í Ottawa, og nú eitt af þingmannaefnum Laurier stjórnarinnar.

Sú aðferð, að stela þjóðeignunum til þess að kaupa hylli kjósendanna á kjördegi fyrir andvirði þeirra (þjóðeignanna), eða part af því, — það er uppfundning hins svonefnda frjálslynda flokks í Canada. — Réttara miklu væri að nefna hann ÞJÓÐEIGNARÁNS-FLOKK.

ELDRAUN.

Nú reynir á kraft þinn og þrautsegju, þjóð,
sem þjökuð varst öldunum saman!
Nú sést það, hvort kólnað er kappanna blóð,
hvort karlmenskusvipinn og feðranna móð
þú upplitsdjörf enn ber í framan!
Þótt nú sé um þingstöðvar þveræringS hljótt
og þögn yfir forngrónum haugum,
þar skína þó eldar um skammdegis nótt
af skærustu frelsisins baugum.

Það heilaga gull tók vor ættjörð í arf
frá áanna gullaldar morgni.
Að halda um það vörð er vort helgasta starf,
en harðfylgi' og samhuga drenglyndis þarf
svo falli' ekki rétturinn forni.
Það má ekki selja né sólunda því,
er sagt var oss bezt með að fara,
svo feðurnir horfi' ekki haugunum í
með hrylling á ættlera skara.

Þar liggur við sæmd þín og líf sitt sem þjóð
að láta' ekki fjötri' á þig smeygja, —
að hlaða' ekki sjálf að þér heimdanna glóð,
en hafa þar griðland sem vaggan þín stóð,
svo svnirnir þurfi' ekki' að segja:
"Þið selduð oss óborna, alt ykkar blóð
kom yfir oss, dæmda að þegja!
Þið dóuð sem úrkynjuð, þróttvana þjóð
og — þið áttuð skilið að deyja!"

Ég trúi' ekki' að liggi þau ósköp á oss,
að eigum vér bölvun þá skilið, —
að sofandi' ið dýrasta seljum vér hnoss
og sjálfstæði' og frelsi vort neglum á kross,
og — hrópum í ginandi gilið!
En — látum vér múlbinda' oss mótmælalaust,
sem mannleysur hopum af verði,
sem þjóð vér oss dæmum til dauða' í haust
og deyjum fyr' eigin sverði!

Guðm. Guðmundsson.

— ("Þjóðviljinn").

George G.
LENNOX
Selur í heildsölu SKÓ, STÍGVÉL og YFIRSKÓ
150 Portage Ave. East, Winnipeg.

MARKET HOTEL
146 PRINCESS ST. á móti markaðnum
P. O'CONNELL, eigandi, WINNIPEG
Bestu tegundir af vínföngum og vindlum, aðhlynning góð, hóslið endurbætt

JOHN DUFF
PLUMBER, GAS AND STEAM FITTER
Alt verk vel vandað, og verðið rétt
662 Notre Dame Ave. Phone 3815
Winnipeg

Strathcona Hotel
Horni Main og Rupert Str. Nýbygt og ágætt gistihús; Gest um veitt öll þægindi með sanngjarnasta verði. Frí keyrsla til og frá öllum járnbr. stöðvum. Beztu vín og vindlar; og herbergi og máltíðar ágætar.
McLaren Brothers
EIGENDUR

Hotel Pacific
219 Market Street Winnipeg — H. M. Hicks Eigandi Manitoba
Telephone 1338
Ný-endurbætt og Ný-tízku hús í alla staði. Viðskifta yðar óskast virðingarfylst.
$1.25 a Dag

$1.50 Á DAG
Bezta $1.50 gistihús í Winnipeg
BRUNSWICK HOTEL
Horni Main St. og Rupert Ave.
Besta borðhald; Hrein og Björt Herbergi; Finustu Drykkir og Bestu Vindlar. Ókeypis Vagn mætir Öllum Traintestum. Reynið oss þegar þú ert á ferð.

Stefnuskrá Conservative flokksins.

Auk þeirra atriða, sem hér fara á eftir, hefir Conservative flokkurinn sett á merki sitt, að rannsaka stranglega ráðsmensku "Liberala", og sjá um, að skilað verði aftur til þjóðarinnar. svo framt sem unt er, öllu því fé, í löndum og lausum aurum, sem "liberalar" hafa ranglega undir sig dregið.

Stefnuskrá Conservativeflokksins

Herra Borden hefir með samþykki helztu styrktarmanna sinna í hinum ýmsu fylkjum ríkisins gefið út stefnuskrá þá, sem Conservative flokkurinn ætlar að fylgja, þegar hann nær völdum. Skráin er í 16 liðum, og er á þessa leið:

1. Ráðvandleg meðferð fjármálanna, bæði að því er snertir fjárveitingar og fjáreyðslu þá, sem hinar ýmsu deildir hafa með höndum í ríkisþarfir.
2. Embætta veitingar skulu gerðar með tillíti til hæfileika og persónulegs hreinferðis, en ekki eingöngu vegna flokksfylgis.
3. Traust ákvæði skulu gerð til þess, að fá þeim mönnum hegnt, sem gerast sekir um kosningasvik og mútuveitingar eða mútuþágur. Ennfremur til þess, að opinbera alla fjáreyðslu pólitískra flokka og til þess að fyrirbyggja sjóðsöfnun til sviksamlegra nota, og til þess, að banna félögum að gefa gjafir til slíkra sjóða, sem og vinnuveitendum og flokksforgöngumönnum. Og til þess, að flýta fyrir þeim málum, sem rísa út af kosningum. Ennig til þess, að koma í veg fyrir, að samtök verði gerð til að taka þau mál út úr rétti eða láta þau falla niður. Ennfremur, að gera ráðstafanir til þess að allar kosningasvika kærur skuli nákvæmlega rannsakaðar og ef nauðsyn krefur, að setja sérstaka lögsóknara í slíkum málum, til þess að sjá um, að ákvæðum laganna sé fylgt.
4. Að gera algerða breytingu og endurbót á þeim lögum, sem lúta að ríkisþjónustunni ('Civil Service'), þannig, að allar veitingar séu gerðar af óháðri nefnd, sem byggi veitingarnar á prófskýrslum umbeiðenda, er sýni, að þeir hafa fullnægt ákveðnum menta og þekkingar skilyrðum.
5. Að bæta svo fyrirkomulag það, sem útvalning manna í Senatið nú byggist á, að þeir einir verði þangað kjörnir framvegis er fylgi fram vilja þjóðarinnar eins og þeir vita hann réttastan, og geri þannig þá málstofu gagnlega uppbót á þingstofunni, og alþýðlega löggjafastofnun.
6. Að meiri nærgætni sé höfð í því, hvaðan þeir innflytjendur séu fengnir, sem styrktir eru með ríkisfé, og nákvæmari rannsókn á því fólki, sem flytur inn í landið, og afnám flutningsstyrks fyrirkomulagsins að undanteknum sérstökum tilfellum, og til þess að tryggja ríkinu sérstaklega góða innflytjendur.
7. Að ráðsmensku og meðferð þjóðeignanna skuli hagað svo — þar með taldar sérhlunninda veitingar — að það miði til almennings hagnaðar og þjóðþrifa, og með því skilyrði, að sanngjarn hluti af gróðanum, sem af þeim fest, skuli renna í ríkissjóðinn.
8. Starfræksla og ráðsmenska þjóðar járnbrautanna skal vera í umsjá óháðrar nefndar, sem skal vera algerlega fráskilin flokkslegum afskiftum eða yfirráðum.
9. Umbætur á vatnsvegum og aukning á hafnbótum ríkisins, aukning þjóðlegra hafnstaða, umbætur á flutningstækjum og þar af leiðandi lækkun á flutningsgjöldum milli framleiðslustöðva og markaðar, hvort heldur hérlendis eða erlendis, og stofnun fullnægjandi kæli-flutningstækja.
10. Að breyta hinni núverandi járnbrauta nefnd upp í umsjónarnefnd þjóðlegra fyritækja, og með meiru valdi og víðtækari verkahring, svo að hún hafi full umráð yfir öllum þeim félögum, sem eiga og starfrækja þjóðlegar nauðsynjar eða hafa fengið þjóðleg starfrækslu hlunnindi.
11. Að setja á stofn, eftir fulla rannsókn og fengnar upplýsingar um það mál, þjóðeigna talþræði og málþræði, undir því fyrirkomulagi, sem skal vera sanngjarnt gagnvart því fé, er þegar hefir verið sett í slík fyrirtæki.
12. Að gera umbætur á póstflutninga fyrirkomulaginu, sérstaklega í nýbygðum héruðum ríkisins, og að póstflutningur sé fluttur heim í hús manna úti á landsbygðinni, þar sem því verður við komið kostnaðarins vegna.
13. Að fjármála fyrirkomulaginu skuli svo breytt, að það örfi framleiðslu allra þeirra nauðsynja, sem þægilega verða framleiddar í þessu ríki af þeim efnum, sem fólgin eru í landinu, og með sanngjörnu til liti þúnt til þeirra, er nota vörurnar, og hinna, sem með handafla sínum vinna að framleiðslu þeirra.
14. Að örfa vöruskifti innan brezka veldisins.
15. Að afhenda þjóðlönd þau til Alberta og Saskatchwan fylkjanna, sem eru innan takmarka þeirra, og undir sanngjörnum skilmálum.
16. Að hin ýmsu fylki séu látin njóta þeirra réttinda óskertra, sem þeim hefir veitt verið með stjórnarskrá ríkisins.

Í þessum 16 liðum eru talin aðalatriðin í stefnuskrá Conservative-flokksins, eins og herra Borden auglýsti hana í ræðum sínum í Austurfylkjunum. Lesendurnir sjá, ef þeir athuga nákvæmlega, að mikið og gagnlegt málefni felst í þeim liðum, — þar með þjóðeign mál og talþráða í ríkinu, og ríkishluttaka í gróða þeirra félaga, er með lögum hafa fengið sérréttinda hlunnindi hér í Canada. Að aðskilja starfrækslu þjóðar járnbrautanna frá pólitískum áhrifum, og ýmislegt fleira, sem til hagsbóta má verða fyrir ríkið í heild sinni.

Um félagsskap.

Það er mikið talað um þann félagsskap, sem heimurinn á þann dag í dag. Og fjöldinn heldur því fram, að það þurfi að auka félagsskap manna, og að ekkert sé hægt að framkvæma eða vinna til frama án félagsskapar. Það er af sem áður var, þegar enginn félagsskapur var til, nema fóstbræðrafélög. En það voru sjaldnast fleiri í þeim en tveir menn. Þá voru konungar einvaldir og allsráðandi, meðan þeir stóðu á grænni grund eða gnauðandi sæ, í hárri höll eða á blóðflotnum vígvelli. Átrúnaðar félagsskapur var lítið annað en hoftollaskylda, þeirra er hofveizlur sóttu. Þá þektist ekki lýðveldi, ekki kirkjufélög, ekki verzlunarfélög, ekki verkamannafélög, ekki verkstæða félög, ekki auðmanna samsteypur, ekki bindindisfélög, ekki sjúkrafélög, ekki pólitísk félög eða klúbbar, ekki bændafélög, ekki kvenfélög, ekki yngismannafélög, ekki ungmeyjafélög, ekki skemtifélög, svo sem spilafélög, dansfélög, kappræðufélög, kapplestursfélög m. fl., ekki sunnudagaskólar, ekki djáknafélög, barnafélög, blaðafélög, bókafélög, og hagyrðingafélög, og ótal mörg önnur félög, sem ég kann ekki að nefna, og hér er ekki rúm fyrir. Og hver er svo munurinn á stjórn og öllum þessum aragrúa af félagsmyndunum? Á einvaldstímabilinu stjórnaði einn maður heilli þjóð eða ríki en nú stjórnar þjóðin öll í eintómum smábrotum og sundurmolaðri þekkingu. Við þenna brotafélagsskap er þjóðarvitið búið ofan í spaðtunnur, kollur og aska. Allir þessir smá félagsangar starfa eitthvað, í það heila tekið hver mótstríðandi öðrum, í öllum mundum, á allan hugsanlegan hátt. En þegar til heildarinnar kemur, sýnist alt þverofugt. Engir hryggjarliðir koma rétt saman, sum rifin finnast ekki, leggirnir eru brotnir, kjálkarnir fúnir, hauskúpurnar klofnar eða tómar. Félagsdeildirnar verðast pósitívar, en aðalheildin í einu líki negatív. Þessi félagsdeilda beinahrúga hringlar í bjórnum, og getur ómögulega komist saman, eða skriðið saman í heildarmynd sammyndaða og samhljóða.

Stærstu félagsdeildir heimsins eru stjórnmála félagsskapur, og kirkjufélagsskapur. Hinn síðartaldi sá langelzti félagsskapur, sem til er í sögum heimsins, og ekki hótinu djúprættari eða seigari en hver annar. Öld eftir öld hefir hann klofnað og hrunið í mola, þrátt fyrir allar þær miljónir manna, sem úthelt hafa blóðinu fyrir hann. Á öllum öldum hafa félagsbræðurnir, prestar og safnaðarlimir borist á banaspjótum, og þotið hver í hárið á öðrum, þrátt fyrir allar kirkjukenningar. Og af hverju ætli öll þessi ósköp komi? Líklega af því, að mannleg tilfinning og ástríður ráða ætíð fyrir kenningunni og umburðarlyndinu. Hvíldarlaus Hjaðningavíg, og ekkert annað. Alt er felt í valinn, og vakið upp aftur eftir næsta sólarlag, eða hvenær, sem einhver þarf á nýjum draugum að halda.

Í sjálfu sér þýðir orðið félagsskapur ekkert annað en mótspyrna, eða oft og tíðum ofsóknir, í hverri helzt mynd, sem hann er stofnaður. Það er ekki þar með sagt, að félagsskapur sé ekki stundum nauðsynlegur, ef annar leitar á óeinaðan flokk manna.

En versta mein félagsskaparins er innbyrðis fjandskapur, sem kviknar oftast af óeinlægum hvötum meðlimanna sjálfra. — Þess ber vel að gæta, að það þarf meira en mynda félög og þjóta í félagsskap, án umhugsunar og kæruleysislega.

Það mætti nefna dæmi, sem sýna ljóslega, að Íslendingar hafa yfirleitt ekki grætt á félagsskaparmyndunum sínum. Enda virðist, sem margir betri menn þeirra gefi sig litt við honum, að undanskildum pólitískum félagsskap, sem er þó á næsta völtum og fúnum fótum. Einkum hefir kirkjufélagsskapur látið þeim illa að fornu og nýju. Óvíst hvar staðar nemur hér á eftir. Hin eldri trú og yngri berast nú á banaspjótum á meðal fárra presta Íslendinga í Vesturheimi. Hjaðni þær þrætur ekki fljótlega, munu þær verða banabiti vestur-íslenzks þjóðernis. Og er það eitt öðru úr kirkjuátt í garð Íslendinga. K.Á.B.

Hinir áreiðanlegustu — og þar með hinir vinsælustu — verzlunarmenn auglýsa í Heimskringlu.

—The—
Criterion Hotel
McDermott Ave.
Nýtt, vandað gistihús með ágæt herbergi, vönduðustu drykkjir og fínustu vindlar.
Vinsælt meðal Íslendinga. Er beint á móti Tribune byggingunni á McDermott Avenue.
MORICE NOKES
EIGANDI

Woodbine Hotel
Stærsta Billiard Hall í Norðvesturlandinu
Ttu Pool-borð.—Alskonar vín og vindlar.
Lennon & Hebb,
Eigendur.

SPÓNNÝTT HÓTEL
ALGERLEGA NÝTÍZKU
Hotel Majestic
John McDonald,
eigandi.
James St. West. Rétt vestan við Main St.
Winnipeg Telefón 4979
$1.50 á dag og þar yfir
Bandaríkja-snið
Alt sem hér er um hönd haft er af beztu tegund. Reynið oss.

MIDLAND HOTEL
285 Market St. Phone 3491
Nýtt hús, nýr húsbúnaður Fullar byrgðir af allskonar vönduðustu drykkjum og vindlum í hressingar stofunni. Gisting einn dollar á dag og þar yfir.
W. G. GOULD :: FRED. D. PETERS,
Eigendur
WINNIPEG ::: ::: CANADA

Jimmy's
HOTEL
Rétt á bak við Pósthúsið
Íslendingar ættu að reyna þetta gistihús. Í hressingarstofunni er sá eini íslenzki vínveitingamaður í Winnipeg.
James Thorpe,
eigandi
Fyrrum eigandi Jimmy's Restaurant

á henni var stór kvistgluggi. Herbergið var fult af allskonar rusli, og inst í því hallaðist mynd kammerherrafrúarinnar upp við útskorinn hægindastól. — Myndinni var ekki einu sinni snúið að veggnum, ryk og annar ólþverri gat því óhindrað sest á hana nú, — á andlit hennar, er setið hafði fyrir hjá málaranum fullviss um, að börn og barnabörn í óteljandi liðu myndu hafa myndina í mestu hávegum.

Felicitas varð hálfhrædd, er hún leit í augu kammerherra frúarinnar, og hún snéri sér við. En alt í einu fanst henni hún fá stang í hjartað, og blóð hljóp fram í kinnar hennar. Þarna í horninu stóð lítil ferðakista úr selskinni, — hún þekti hana vel. — Hún tók lokið af og hélt niðri í sér andanum, bæði af hræðslu og geðshræringu. Efst lá blár ullarkjóll, með fallega útsaumuðum böndum. Æ, Friðrika hafði klætt hana úr honum eitt kveld, og svo sagt, að hann hefði horfið, og barnið varð að fara í ljótan svartan kjól. — Hún rótaði nú í kistunni og fann margt, og hugsanir hennar skýrðust, er hún leit þetta. Nú mundi hún svo glögt eftir mörgu, er óljóst hafði vakað fyrir henni áður. Allan þennan klæðnað, er var svo smekklegur og fallegur, alveg eins og hann væri ætlaður litilli kongsdóttir, hafði móðir hennar handleikið. Felicitas hugsaði með trega til þess, hve glöð og ánægð hún hefði verið, er móðir hennar klæddi hana og strauk um vanga hennar með mjúku hendinni. — Æ, og hérna var litli, flekkótti kötturinn, sem einu sinni hafði verið hennar mesta yndi. Hann var saumaður á litla tösku, — en hvað var þetta í töskunni. Það var ekki neitt leikfang, eins og hún í fyrstunni hélt, heldur fallegt innsigli úr "agat", og á silfurplötu þess var markaður sá sami hjörtur, sem allstaðar var að sjá í Heilwigs húsinu. Undir skjaldarmerkinu stóð "M. v.H." með smáum stöfum. Það hafði eflaust tilheyrt

móðir hennar, og barnið hafði einu sinni tekið það til að leika sér að.

Æ, betur og betur skýrðust nú hugsanir barnsins, og nú fyrst fékk litla Felicitas rétta hugmynd um margt, sem áður hafði verið henni ráðgáta. Nú skildi hún, að ost, er hún hafði vaknað eftir að hafa sofið nokkra klukkutíma, þá sá hún föður sinn standa við rúmið í skrautlegum loddarabúningi, og móður sína við hlið hans með flaksandi hár. Þau voru þá að koma heim frá trúðleikjum sínum, því á hverju kveldi var skotið á vesalings mömmu hennar. Henni hafði þá ekki skilist, hvers vegna móðir hennar var svo föl, — en hún mintist þess, að hún hafði alt af rifið sig upp úr rúminu og þrýst barninu sínu ákaft að hjarta sér.

Felicitas margkysti nú hvern hlut, er hún fann í kistunni, og lagði svo alt vandlega niður aftur. Og eftir að hafa látið lokið yfir, lagði hún handleggina utan um hana, og hallaði höfðinu upp að henni. — Þetta var gamall félagi hennar, sem var sá eini í allri veröldinni, sem hún átti. Aumingja loddarabarnið áttú ekkert annað til, og engan blett er það gat komið litlu fötunum fyrir á. — Andlitið, sem áðan leit svo þrjóskulega út, varð nú aftur svo blíðlegt. — Þannig lá hún lengi hjá kistunni með aftur augun.

Gegn um gluggann streymdi spilta loftið út, en angandi blómsturilmur lagði inn. Hvaðan gat ilmur þessi komið? Glugginn lá svo hátt frá jörðu, að tæplega gat hann lagt þaðan. Og hvaða tónar voru þetta, er Felicitas heyrði nú? Hún opnaði augun og settist upp. — Það var ónögulegt, að verið væri að spila í Berfættra-munka kirkjunni, guðsþjónustan var fyrir löngu úti. — Sérhver sá, er þekti nokkuð til hljóðfæraslátta, hafði líka undir eins heyrt, að þessir tónar áttu ekkert skylt við vanalegt orgelspil. Það var inngangurinn að "Don Juan", meistaralega vel spiluðu á pianó.

Felicitas setti stól við gluggann og horfði út um hann. — Hvað sá hún? Hún sá ekki út yfir bæinn, eins og hún hafði ímyndað sér, heldur lítið svið, umlukt af fjórum þökum, sem skygðu hvert á annað, og þakið, sem næst var, hyrgði alt útsýni. En einmitt þetta þak, fanst barnanu sem mesta furðuverk, — engin æfintýrabók hefði getað skýrt yndislegar frá. Hið háa, allíðandi þak var ekki úr gráum, mosavöxnum tígulsteinum, eins og hin, heldur var það alþakið blómum. Þar voru allskonar blóm, smá og stór, sem báru blómkrónuna eins hátt og þau yxu í reglulegum jarðvegi. Eins langt og hægt var að ná út yfir þennan hengigarð, hófu blómin sig upp til allra hliða. Þar stóðu rauð blómstur í öllum litbreytingum, og lutu niður yfir blöðin, líkt og þegar kápa bylur fagrar herðar. Þar óx vinviður, er náði upp með hliðinni, sumar álmurnar svignuðu undir hinum dökkbláu berjum, og breiddust yfir þökin í kring. Þaksvalirnar náðu meðfram öllu þakinu, og héngu þarna svo léttilega og náttúrlega, eins og vindur hefði feykt þeim þangað, — og þó stóðu á svölunum stórir og þungir kassar fullir af mold. Þar voru mörg stór beð með fleiri hundruð tegundum af rósum.

Hvítur, rangur hægindastóll, er stóð hjá litlu, kringlóttu borði með kaffiáhöldum á úr postulini, gaf til kynna, að einhver mannleg vera byggi hér. Lítil útbyggíng, sem var aðskilin frá svölunum með glerhurð, hlaut að vera bústaður hennar. Héðan sáust hvorki þök eða múrveggir, — hvert sem augnanu var rent gat að líta blóm, víðvindill vafði sig upp með hverri hlið, og sumt af honum beygði sig niður með glerhurðinni, sem stóð í hálfa gátt, og þaðan heyrðist hljóðfæraslátturinn sá, er hafði komið Felicitas til að horfa út um gluggann.

Felicitas leit nú niður fyrir sig, og sá þar dálítinn garð, er lá milli allra bakbygginganna. Þaðan heyrðist garg og eggjakvak. — Það var hænsagarðurinn. — Felicitas hafði enn sem komið var, aldrei komið þangað, því garðurinn var ávalt lokaður, og Friðrika hafði lykilinn að honum ávalt í vasa sínum. Hún ótuðist, að ef hann stæði opinn, þá myndu götustrákarnir fara þangað inn, og svo ef til vill inn í húsið líka. Oft þegar Friðrika kom frá hænsagarðinum, hafði hún verið eldrauð í framan af reiði, og sagt við Hinrik: "Nú er gamla kerlingin að vatna heimsku-grasinu sínu, eins og vant er, og þakrennurnar eru svo fullar, að það rennur út af þeim. — — — Æ, hið heimskulega gras, það voru hún fögru blóm, og gamla kerlingin, er ræktaði þau, — það var gamla jómfrúin, sem nú eins og alla undanfarna sunnudaga vanhelgaði þá með hinum gjálífisfulla hljóðfæraskætti sínum.

Þegar barnið hafði áttað sig á þessu öllu saman, steig það upp í gluggakistuna. Litla Felicitas gleymdi öllum sorgum sínum yfir að sjá alt þetta, er í augum hennar, var svo nýstárlegt. — Hún gat klifrað sem ikorni, og að stökkva yfir þökin, það var hægðarleikur. — Þarna hjá tveimur þakrennum var fótfesta. Þær voru að vísu gamlar og hrörlegar, og í horninu, þar sem þær náðu saman, var snúningur á þeim. Samt sem áður voru þær ekki svo veikar fyrir, að nein hætta væri að stíga á þær. Líkt betra var að ganga eftir þeim, heldur en eftir mjóa kaðlinum, er hún hafði séð, mánni telpur sig gera. Hún stóð út um gluggann, gekk tvö fet eftir þakinu og svo stóð hún í rennunni. Það brakaði hræðilega undan fótataki hennar, en samt hélt hún hugrökk áfram. Til hægri hliðar hafði hún ekkert til að styðj-

Giftingaleyfisbrjef
selur Kr. Ásg. Benediktsson,
540 Simcoe St. Winnipeg.

Til fullkomnustu tryggingar
Vátryggið fasteignir ýðar hjá The
St. Paul Fire & Marine Ins. Co.
Eignir félags. eru yfir 5 milliónir dollars. Skaðabætur borgaðar af San Francisco eldinum 1¼ mill.
SKULI HANSSON & CO., 55 Tribune Bldg., Phone 6478, eru sérstakir umboðsmenn.
E. S. Miller Limited
Aðal umboðsmenn
PHONE 2083 219 McINTYRE BLK.

WINNIPEG Business College
FÉKK FYRSTU VERÐLAUN Á SAINT LOUIS SÝNINGUNNI.
Cor. Portage Ave and Fort St.
Leitið upplýsinga um kenslugreinar vorar. — Kveldkensla byrjar 2. september. — það borgar sig að nota kveldin til að menta sig.
G. W. DONALD, ráðsmaður.

Cancer Cure.
R. D. EVANS, sem fann upp hið viðfræga lyf til lækninga
krabbameinum
óskar að allir sem nú þjást af krabbameinum, skrifi sér. 2. daga notkun meðalsins, lækna útvortis eða innvortis krabbamein. Skrifið strax til R. D Evans, Brandon, Man. 27-8-8

Með því að biðja sérstaklega um "T.L. CIGAR," þá ertu viss að fá ágætan vindil.
T. L. CIGAR
T.L.
(UNION MADE)
Western Cigar Factory
Thomas Lee, eigandi Winnipeg

Redwood Lager og Extra Porter
Styrkið taugarnar með því að drekka eitt staup af öðrum hvorum þessum ágæta heimilis bjór, á undan hverri máltíð. — Reynið !!
EDWARD L. DREWRY Manufacturer & Importer Winnipeg, Canada.

Department of Agriculture and Immigration.
MANITOBA
Þetta fylki hefir 41,169,089 ekrur lands, 6,019,200 ekrur eru vötn, sem veita landinu raka til akuryrkjuþarfa. Þess vegna höfum vér jafnan nægan raka til uppskeru tryggingar.
Ennþá eru 25 miliónir ekrur óteknar, sem fá má með heimilisrétti eða kaupum.
Íbúatala árið 1901 var 255,211, nú er hún orðin 400,000 manns, hefir nálega tvöfaldast á 7 árum.
Íbúatala Winnipeg borgar árið 1901 var 42,240, en nú um 115 þúsundir, hefir meir en tvöfaldast á 7 árum.
Flutningstæki eru nú sem næst fullkomin, 3516 mílur járnbrauta eru í fylkinu, sem allar liggja út frá Winnipeg. Þrjár þverlandsbrauta lestir fara daglega frá Winnipeg, og innan fárra mánaða verða þær 5 talsins, þegar Grand Trunk Pacific og Canadian Northern bætast við.
Framför fylkisins er sjáanleg hvar sem litið er. Þér ættuð að taka þar bólfestu. Ekkert annað land getur sýnt sama vöxt á sama tímabili.
TIL FERÐAMANNA:
Farið ekki framhjá Winnipeg, án þess að grenslast um stjórnar og járnbrautarlönd til sölu, og útvega yður fullkomnar upplýsingar um heimilisréttarlönd og fjárgróða möguleika.
R. P. ROBLIN,
Stjórnarformaður og Akuryrkjumála Ráðgjafi.
Skrifið eftir upplýsingum til
Joseph Burke, 178 LOGAN AVE., WINNIPEG. Jas. Hartney, 77 YORK ST., TORONTO.

"Liberalar" sigla undir fölsku flaggi.

Þeir hafa brotið hvern einasta lið í stefnuskrá sinni, eins og ljóslega er sýnt á 2 bls. í greininni "Loforða-efndir Liberala", þar sem hver liður fyrir sig í stefnuskrá þeirra er tekinn til athugunar.

Stefnuskrá Liberala frá 1893.

I. TOLLSTEFNAN.

Að tollstefnan í Canadaríki byggist á þörfum þess opinbera, en ekki á tollverndar grundvellinum, eins og nú. Að núverandi tollstefna er grunduð á ótraustum grundvelli, og beitt hingað til af stjórninni, sem mútu áhöldum, til að halda sjálfri sér við völdin, og sem hefir fætt af sér einveldis- og samsteypu okur-félög. Tollstefnan hefir rýrt verðgildi jarða og annara landeigna. Hún kúgar fjöldann, en auðgar einstaka menn. Hún heftir iðnflutninga. Hún hefir fælt fólkið úr landinu, hindrað verzlun, og misboðið stór Bretalandi.

Bæði í þessum og öðrum tilfellum hefir hún ollað stórtjón landi og lýð, og viðhelst og vex og magnast eins lengi og þessi stefna er í gildi.

Hærsta velgengni Canada krefst þess, að þessari hindrun verði rutt úr vegi framfaranna í þessu ríki, með því að samþykkja holla tollmálastefnu, sem engri stétt gjöri rangt undir höfði, auki innan- og utanlands-verzlun, og greiði fyrir velmegun þjóðarinnar. Að tollarnir verði settir niður eins og þörf krefur hjá heiðarlegri, duglegri og sparsamri stjórn. Að hún sé bætt þannig, að lífsnauðsynja vörur verði tollfríar, eða hafa hann eins lágan og auðið er, og einnig útbúinn þannig, að efla frjáls viðskifti við öll lönd, þó sérstaklega við StórBretaland og Bandaríkin. Við álítum, að afleiðingarnar af tollverndunar fyrirkomulaginu hafi stórum brugðist þúsundum manna, sem stutt hafa hana einlæglega, og að ríkið við ljós reynslunnar, sé nú undirbúið til að lýsa yfir heilbrigðri fjármálastefnu.

Þrátteafni hinna tveggja flokka um þetta efni, eru hér með ákveðin. Stjórnin sjálf viðurkennir villu sins vegar, í fjármálastefnu sinni, og játar sig viljuga að gera nokkurar breytingar. En hún segir, að þær breytingar verði að grundvallast á verndartolla stefnunni. Vér lýsum hátíðlega verndartollastefnu grundvöllinn frá rótum óheilnæmann og óréttlátan gagnvart fjölda fólksins, og vér lýsum það okkar sannfæringu, að allar breytingar, byggðar á þeim grundvelli, hljóti að bregðast, og varanlegar umbætur fáist ekki á því fargi, sem þjóðin á við að búa. Vér samþykkjum hiklaust þessa stefnu útgáfu, og biðum með fylsta trausti eftir úrskurði kjósendanna í Canada.

II. GAGNSKIFTA SAMNINGUR.

Hafandi fyrir augum velmegun Canada og Bandaríkjanna, er saman liggja með margs konar sameiginlega hagsmuni, þá er það æskilegt, að vináttubönd og mikil frjáls verzlunar viðskifti ættu sér stað milli þeirra, og hagsmunir Canada og keisaraveldisins yrðu bættir með því, að tengja ríkin slíkum frændsemisböndum.

Tímabilið, sem gamli gagnskiftasamningurinn (Reciprocity Treaty) varaði, var eftirtektavert fyrir hagsmuni nýlendanna í Norður-Ameríku.

Yfirvarp það, sem stjórnin hafði þegar hún gekk til kosninga 1891, viðkomandi umleitun á verzlunarsamningi við Bandaríkin, var afvegaleiðandi og óheiðarlegt, og búið út til að draga kjósendurnar á tálar. Engin einlæg tilraun hefir verið gerð til að ná samningi, en þvert á móti er það augljóst, að núverandi stjórn, stjórnað af einveldum og félaga sameiningum, er ekki ant um, að komast að slíkum samningi.

Fyrsta stigið til þess að nálgast þetta augnamið, er að endanum í þessu augnamiði, er að koma nýjum flokki til valda, sem sé einlægur og fýsandi samnings til umbóta, sem sé heiðarlegur fyrir bæði ríkin.

Frjáls og sanngjarn gagnskiftasamningur mundi umbæta hinar miklu afurðir, sem náttúran í Canada hefir fólgnar í sér. Hann mundi stórum auka viðskiftin og verzlunar viðskifti milli þessara tveggja landa, og sem miðaði að því, að auka vináttu sambönd milli þjóðanna, en burtrýmdi áður vöktum irringum og misfellum hjá stjórnunum á báðar hliðar, og mundi einnig glæða góð vináttubönd milli keisaradæmisins og lýðveldisins, sem gefur af sér beztu tryggingu um frið og velmegun.

Láberal flokkurinn er reiðubúinn að leita og gera samninga með því augnamiði, að ná samningum, inni bindandi vel yfirvegaða skrá af verksmiðjuvörum, og vér erum sannfærðir um, að sérhver slíkur samningur fær staðfestingu hjá stjórn hennar hátignar, því án þess er engan samning hægt að fullgera.

HREINFERÐUGT STJÓRNARFAR.

Fundurinn er sorgbitinn yfir hinni stórfengu spillingu, og yfir útgjöldum af almenningsfé, sem nú um síðustu ár hefir átt sér stað hjá Conservative stjórninni, og þeim opinberingum, sem ýmsar eftirgrenslunar nefndir hafa fengið, og sem hafa sett vanheiður á nafn Canada. Stjórnin hefir dregið sér fé á útgjöldum ríkisins, og sýnt sviksamlegan fjárdrátt, en hefir þrátt fyrir það ekki hegnt þeim seku, og ætti að vera ábyrgðarfull fyrir því. Vér ákærum stjórnina fyrir, að hafa ráðgjafa í stöðu, sem sannað er á, að hafi tekið við miklum peningum frá járnbrautarfélagi, og um leið og hann var að þiggja þessi pólitísku fjárframlög, þá var hann með hinni hendinni að borga félaginu styrk frá stjórninni. Aðgerðir þessa ráðgjafa, og samþykki embættisbræðra hans, eftir að þeim var þetta vitanlegt, er vanheiður fyrir Canada. Þannig mun heimurinn meta það, og verðskuldar þetta fordæmingu þjóðarinnar.

IV. STRANGASTA SPARSEMI.

Vér getum ekki nema með ótta litið á hina stórvaxandi þjóðskuld, og árlega hækkandi útgjöld ríkisins, og aukin álög á þjóðinni, hjá þeirri stjórn, sem setið hefir að völdum síðan 1878, og vér krefjumst hinnar strángustu sparsemi í stjórnmensku þessa ríkis.

V. SJÁLFSTÆTT STJÓRNARFAR.

Fundurinn kvartar undan aðgerðum ráðgjafanna og stuðningsmanna þeirra í þinginu. Í einu tilfelli þar sem áframhaldandi ákærur komu fram móti einum ráðgjafanum, þá neituðu þeir alveg að rannsókn væri hafin, þar sem þeir í öðru máli samkynja breyttu til og vísuðu því fyrir nefnd, sem útnefnd var eftir tillutun ráðaneytisins, þvert á móti venjulegum þingvenjum.

Það er gamalt og ófrávíkjanlegt rétt mætt í neðri málstofunni, að grenslast eftir öllum útgjöldum af almenningsfé, og líta eftir öllum umkvörtunum og vanrækslu á skrifstofum ráðgjafanna, en vísa slíkum málum til konunglegrar yfirskoðunar nefndar, er skipuð sé eftir tillögu þess ákærða, er ekki í samræmi við ábyrgð þá, sem hvílir á ráðgjöfum þingsins, og miðar til að veikja þingvaldið yfir framkvæmdarstjórninni, og þessi fundur staðhæfir það, að völd erindisreka þjóðarinnar skyldu undir öllum viðeigandi tilfellum látin vera í fullu gildi.

VI. LÖNDIN FYRIR BÚENDUR.

Það er álit þessa fundar, að lönd ríkisins skuli að eins vera seld til virkilegra landyrkjumanna, en ekki til landmangara, og það með sanngjörnum skilmálum, og í viðunanlegum stærðum, sem þeir eru færir um að halda og rækta.

VII. KOSNINGARÉTTUR FYLKISBÚA.

Að kosningalögin síðan þau voru innleidd hafa kostað ríkisstjórnina yfir eina miliión dala. þar að auki hafa þau í för með sér stórmikil útgjöld fyrir báða flokkana. Og að hver yfirskoðun inniheldur aukakostnað, sem nemur einum fjórða parti úr miliión dala meira. Að þessi kostnaður hefir hindrað árlegar yfirskoðanir, sem í fyrstu var ætlast til, og sem ollað hefir því, að menn, sem voru of ungir til að komast á kjörskrá, hafa í mörgum tilfellum og stórhópum verið hindraðir frá því, að nota rétt sinn. Þau hafa ekki náð sínum sanngjarnlega grundvallarlega tilgangs, sem þau voru innleidd á. Þau hafa ollað stórkostlegu ranglæti hjá lögfræðingum flokksins, sem hafa verið endurskoðunarstjórar, sem stjórnin hefir útnefnt. Þau eru ekki eins frjáls og kosningalög í sumum fylkjum í ríkinu, sem nú eru í gildi, og það er meining þessa fundar, að kosningalögin ættu að vera numin úr gildi, og vér ættum að umsteypa þau eftir kosningalögunum í fylkjunum.

VIII. TAKMARKALÍNUR KJÖRDÆMANNA.

Að kjördæma umsteypulögin — kjördæmadeildir þingmanna í neðri málstofunni — er breytt þann veg til að hindra sanngjarnan kjósendavilja í landinu, í allsherjar kosningum, og til að útvega þeim flokk, sem nú er við völdin, fleiri þingmenn en kjósendur geta ráðið við. Til að stöðva þessa svívirðingu, og láta neðri málstofun saman standa af ráðvandri veldistölu þjóðviljans, og til að geyma sögulega samheldu héraðanna, þá er æskilegt, að formnyndun kjördæmanna og takmörk héraðanna séu vernduð, og ekki sé í nokkurru tilfelli sett til samans mismunandi héruð í eitt kjördæmi.

IX. EFRI MÁLSTOFAN.

Hið núverandi fyrirkomulag efri málstofunnar er í ósamkvæmi við sambandsríkis grundvallarlög stjórnarinnar, og að öðru leyti vöntun, þar sem það gerir efri málstofuna óháða þjóðinni, og lýtur ekki undir yfirráð almenningsviljans, og ætti að breytast með lögum og setjast í samhljóðan við grundvallarlög almenningsstjórnar.

X. VÍNSÖLUBANN—LÝÐSÚRSKURÐUR.

Þar sem eftirtekt almennings er nú að beinast í þá átt og yfirveguð, að viðurkent sé, að vínnautn sé til stórtjóns, þá er það æskilegt, að áhugi fólksins komi skýrt í ljós um þetta mál, og lýðsúrskurður sé tekinn í vínbannsmálinu.

Hver einasti liður er svikinn.

Hver einasti liður er svikinn í ofanprentaðri stefnuskrá "Liberala" eins og sýnt er með óhrekjanlegum röksemdum í greininni "Loforða-efndir Liberala", sem prentuð er á bl. 2. Lesið þá grein til samanburðar og látið ekki ginna yður lengur með glæsilegum loforðum.

ast við, og á vinstri hlið var hengiflug niður. — Ef augu móður hennar hefðu séð hana þar sem hún var. — En henni gekk ágætlega vel, — nú var að eins eftir að komast upp á hás þakið, og stökkva svo niður á svalirnar. — Og nú stóð hún mitt meðal blómanna, og horfði út yfir þökin. Þaðan sá hún yfir allan bæinn, og himininn, er kveldsólin stráði geislum sínum á.

Litla stúlkan gekk nú að gluggahurðinni og gægðist inn. Ef til vill hafði barn aldrei fyr litið inn um hana. — Skyldi viðvindillinn vaxa upp úr þakinu, og beygja sumar álmurnar inn í herbergið? Hvergi sást í vegg fyrir grænu blöðunum hans, að eins í einstaka stoðir og fótstalla, og á þeim stóðu stór gibslíkneski. — Þau voru næstum draugaleg þar sem þau stóðu mitt innan um grænviðinn, sem vafði sig um enná þessarar og um brjóst hinnar. Viðvindillinn hlífði heldur ekki gluggunum, heldur hékk sem græn blæja yfir gluggatjöldunum. Á gluggann voru málaðar landslagsmyndir, er sýndu húsþökin og skóginn, er stóð við fjallið í allri sinni litbreytingu að haustlagi, og hálendið var sem rammi utan um hann.

Við gluggann stóð píanó. Gamla jómfrúin, sem var alveg eins klædd og deginum áður, sat við það og var að spila. Barninu fanst hún nú koma sér öðruvísi fyrir sjónir en þá. Hún hafði nú gleraugu og var nú miklu rjóðari, heldur enn þegar hún stóð hjá likkistunni.

Felicitas gekk hljóðlega inn og staðnæmdist í tóganmynduðum gangi. — Annaðhvort fann gamla konan það á sér, eða hún heyrði fótatakið. Hún hætti alt í einu að spila og leit upp. Henni varð bilt við, er hún kom auga á barnið. Hún rak upp ofurlítið hljóð, tók af sér gleraugun, og studdi sig skjálfandi við hljóðfærið.

"Hvernig komstu hingað, barnið mitt?" spurði hún eftir litla þögn. Þrátt fyrir hræðsluna, var málrómur hennar blíðlegur.

"Eftir þökunum", sagði litla stúlkan hnuggin og benti á garðinn.

"Yfir þökin!. Það er ómögulegt. Komdu til mín og sýndu mér, hvaða leið þú komst". Hún tók í hönd barnsins og gekk út á svalirnar. Felicitas benti á kvistglugga og svo á rennurnar, er hún hafði gengið eftir, og gamla konan huldi andlitið í höndum sér, svo skelkuð varð hún.

"Vertu ekki hrædd", sagði Felicitas sakleysislega. "Mér gekk ágætlega vel, ég get klifrað alveg eins og drengur, og Böhm læknir segir alt af, að ég sé létt eins og fjöður og alveg beinlaus."

Gamla jómfrúin tók hendurnar frá augunum og hrosti — yndislega. Svo leiddi hún barnið aftur inn í herbergið og settist í hægindastólinn.

"Þú ert litla Fee?" spurði hún, um leið og hún setti barnið á kné sér. "Þó svo þú hefðir nú ekki komið svífandi inn til mín, þá veit ég það, — gamli vinur þinn, hann Hinrik, hefir oft sagt mér frá þér".

Þegar Fee heyrði Hinrik nefndan, fyltist hjarta hennar aftur af harmi. Blóðið hljóp fram í kinnar henni, og hörkulegir drættir mynduðust um munnvikin. Gamla konan veitti því eftirtekt. Hún lagði hlýlega hönd sína á vanga barnsins og þrýsti því að brjósti sér.

"Heyrðu nú litla stúlkan mín", mælti hún. "Hinrik hefir nú í mörg ár komið á hverjum sunnudegi hingað upp til mín, og hjálpað mér til með hitt og annað. Ég hefi stranglega bannað honum, að tala um nokkuð það, sem skeður í framhúsinu, og hann hefir ávalt hlýtt því. Honum hlýtur því að þykja vænt um litlu Fee, úr því hann hefir talað um hana við mig".

Þrjóskusvipurinn á andliti barnsins hvarf í svip, þegar það hugsaði um Hinrik.

"Já, honum þykir vænt um mig", mælti hún, — "annars þykir engum það".

"Annars engum", endurtók gamla konan, og festi hin alvarlegu, góðlegu augu sín á andliti litlu stúlkunnar. "Veistu þá ekki, að til er einn, sem ávalt þykir vænt um þig, þó allir mennirnir yfirgefi þig, — hinn góði guð?"

"Ó, hann kærir sig ekkert um mig, af því ég fæ loddara barn", sagði Felicitas með ákafa. — "Frú Heilwig sagði í morgun, að ég væri glötuð vera, og allir nöfri í húsinu segja, að hann hafi útskúfað henni vesalings mömmu minni, og hún fái ekki að vera hjá honum. — — — Mér þykir heldur ekki lengur neitt vænt um hann, — ekki það allra minsta, og ég vil ekki fara til hans þegar ég dey. — Hvað skyldi ég eiga að vilja til hans, úr því að hún mamma mín er þar ekki?"

"Guð minn góður!" Hvað hafa þó þessar grimmhjörtuðu manneskjur gert þér, vesalings barn, og þó þykjast þær bera kristilegt hugarþel í brjósti sér!"

Gamla konan stóð skjótlega upp og opnaði hliðardyr. Litlu Fee fanst sem hún væri stödd í hinum hvítu smáskýjum himinsins. Fyrir gluggunum og fyrir dyrunum og rúminu, er stóð í einu horninu, héngu hvít tjöld. Héngu þau þannig, að það sást ekki í ljósgrænan vegginn nema í einstaka stað. Hvílíkur munur var þó ekki á herbergi þessu, svo hreinu og ljörtu eins og hugsanir hálbrigðrar sálar, og hinu skuggalega viðhafnar herbergi niðri í framhúsinu, þar sem frú Heilwig strax og hún kom á fætur kramp á kné á fótskemli sínum og bað til guðs sins!

Á náttborðinu við hliðina á rúminu, lá biblían. Hún var gömul og slitin mjög. Gamla konan fletti henni upp, og las upphátt með skjálfandi róm: "Þó ég talaði bæði mannanna og englanna tungumálum, en ætti ekki kærleikann, þá væri ég sem hljómlaus málmur og hvellandi bjalla". Og hún hélt áfram að lesa, og endaði svo með þessum orðum: "Kærleikurinn er eilífur, — þó það séu spámannlegar gjafir, þá verða þær að engu, eða tungumál, þau hverfa, eða vísdómur, hann verður að engu".

"Og kærleikurinn kemur frá guði", bætti hún við, og lagði handleggina utan um herðar barnsins. "Mamma þín er guðsbarn eins og við öll erum það, og hún er farin til hans, því kærleikurinn varir að eilífu. — — — Þú mátt vera viss um það, að þegar þú á kveldin litur til himinsins með hinum óteljandi stjarnagrúa, þá er móðir þín þar, og þvílíkur himinn þolir ekkert helvíti við hlið sér. ... ..., Og nú þykir þér aftur vænt um guð, eða heldur þú ekki það, litla Fee mín?"

Barnið svaraði engu, en það lagði handleggi sína fast um háls huggara síns og grét sáran.

Tveim dögum síðar var vagni ekið að dyrum Heilwig hússins. Ekkjan og báðir synir hennar stigu inn í hann. Hún ætlaði, að fylgja þeim áleiðis. Jóhannes sneri aftur til Bonn, til þess að læra læknisfræði, en áður átti hann að fylgja Nathanael til sama skóla og hann sjálfur hafði gengið á áður.

Hinrik stóð mjög ánægjulegur í framdyrunum, og Friðrika við hlið hans. Þau horfðu eftir vagninum, er hélt þunglamalega áfram eftir torginu. Hinrik flautaði lágt fyrir munni sér, eins og hann gerði æfinlega þegar vel lá á honum, og af svip hans mátti ráða, að hann hugsaði eitthvað á þessa leið: — "Herra, vernda oss frá því, að þessi óhamingja komi aftur!"

Verzlunar hagsýni Laurier stjórnarinnar.

Það nýmæli tók Laurier stjórnin upp strax þegar hún kom til valda árið 1896, að gefa út lista af kaupmönnum viðsvegar í þessu riki, sem hinar ýmsu deildir stjórnarinnar skyldu verzla við. Það þarf naumast að taka það fram, að þessir verzlunarmenn voru alt góðir "Liberals", og nafnalisti þessi var nefndur "Patronage List". — Enda hefir það þráfaldlega verið sannað á þingi og utan þings á sl. 3 árum, að strangt bann var lagt fyrir, að nokkur verzlun yrði gerð við nokkurn Conservative. Þeir voru allir gerðir að olbogabörnum, en "Liberalar" látnir setja í fyrirrúmi í öllum tilfellum.

Þá var og annað nýmæli tekið upp, sem áður var óþekt hér í ríkinu, hið svonefnda kaupfleygs- eða meðalgangara fyrirkomulag. En það er í því fólgið, að í stað þess að stjórnin kaupi nauðsynjar sínar beint frá kaupmönnum í ríkinu, þá gerir hún út vissa vini sína eða umboðsmenn, sem kaupa vörurnar með markaðsverði, en selja þær svo aftur til stjórnarinnar með tvöföldu og stundum þreföldu verði. Á þennan hátt er ríkisfjárhirzlan rænd svo hundruðum þúsunda dollara skiftir árlega. — Þetta kemur jafnt fram í því smáa sem því stóra, og er gert eingöngu til þess, að gæða pólitiskum áhangendum "Liberal" flokksins á kostnað ríkisfjárhirzlunnar.

Þessu til sönnunar skulu tilfærð nokkur dæmi:

Herra Gordeau, aðstoðar ráðgjafi sjómála deildarinnar, sór það fyrir rannsóknarnefndinni, sem sett var af þinginu til þess að rannsaka stjórnarfarið í þeirri deild, að deild sín hefði borgað 200 þúsund dollara of mikið fyrir ýmsar vörur, sem keyptar höfðu verið af mönnum, sem væru á "Patronage" listanum. Og bókhaldari Leland sór, að mikið væri borgað fyrir vörur, sem aldrei væru afhentar stjórninni. Hann sýndi og, að alt væri miklu dýrara hjá þeim, sem væru á "Patronage" listanum, en hjá öðrum kaupmönnum, og lagði fram þenna lista til sönnunar:

	Keypt fyrir	*Stjórnin borgaði*
100 pd. þvotta-sodi	$0.85	$ 3.00
Paraffin kerti	0.09	6.20
Dusin lampar	4.50	9.00
Sápukassi	3.65	5.00
Járnkrókar	0.67	1.25
Dúsin lampaglös	0.75	1.20
100 pd. stálplata	1.80	3.00
Hamarskaft	0.85	1.35
100 pd. grænsápa	5.00	10.00
Gólfbustar	1.75	3.50
Kolaskóflur	9.90	15.00

Á þennan hátt er nálega hver einasti hlutur, sem keyptur er, látinn kosta ríkið miklu meira en hann er seldur fyrir í vanalegri smásölu í búðum ríkisins, og gróðinn gengur til "kaupfleygsanna", sem eru á sífeldum þönum um alt landið í þessum þokkalegu verzlunar erindum.

Annað dæmi í stærri stil eru þokulúðrakaupin illræmdu, sem gefa kaupmanninum þúsund prósent gróða. Vitnaleiðslan um það mál sýndi, að stjórnin hafði borgað til "Canadian Fog Signal" félagsins í Toronto, á tímabilinu frá 1902 til ársloka 1907, ekki minna en $606,500 fyrir þokulúðra þá, sem nefndir eru "Diaphone". Herra Northey, eigandi verkstæðisins, er býr til þessa þokulúðra, sór það fyrir Cassels dómara, sem settur var til að rannsaka þetta mál, að stjórnin borgaði sér 10 sinnum meira fyrir hvern lúður, heldur enn það kostaði að búa þá til. Hann kvað framleiðslukostnaðinn vera frá $450 til $500, en söluverð sitt til stjórnarinnar væri frá $4,000.00 til $5,000.00 fyrir hvern lúður. — Hann kvaðst enga viðskiftavini hafa nema Laurier stjórnina. Svo var þjóðfjárránið hér nú auðsætt, að dómarinn gat ekki stilt sig um, að láta undrun sína í ljós yfir því, — þegar hann sá, að þessi eini maður, var búinn á fáum árum að draga út úr fjárhirzlunni yfir hálfa miljón dollara á þokulúðra farganinu, umfram það, sem átt hefði að vera, þó hann hefði haft góðan gróða á verzluninni.

Finst kjósendunum virðilega, að þeirri stjórn sé trúandi fyrir völdum í þessu riki, sem þannig spýlar með landsins fé og sópar því í greipar fárra "einræðismanna"?

Enn annað dæmi er "dubl-málið", sem herra T. L. Willson í Ottawa er við riðinn. Þessi náungi hefir verzlunar umboð fyrir sjálfan sig og tvö önnur félög, og hann hefir selt sjómáladeildinni á sl. 5 árum dubl og aðrar vörur fyrir nokkuð á aðra miljón dollara. Og þessi maður sór, að hann hefði gefið einum ráðgjafa Laurier stjórnarinnar 10 þúsund dollara í hlutum í félagi sínu fyrir það, að hann ætti aðallega kaupin við stjórnina tilhjálp þessa ráðgjafa að þakka. Með öðrum orðum: Hann hafði mútað ráðgjafanum þessu 10 þúsund dollara virði í hlutum í félagi sínu, til þess að geta notið aðstoðar hans til að RÆNA RÍKISSJÓDINN!

Og annaðmur var súnt, að eitt af félögum þeim, sem hr. Willson vann fyrir, hefir fengið yfir $75,000 í hreinan gróða. Sum dublin kostuðu $30,000 hvert, önnur að eins $8,000, og enn önnur að eins 3 þúsund dollara.

Rannsóknar nefndin fer í skýrslu sinni þeim orðum um þessa verzlun, að ekki sé annað sjáanlegt, en að Willson hafi stjórnað deildinni, og að aðal markmiðið hafi verið, að láta hana eyða eins miklu fé og frekast var mögulegt. Og að svo líti út, sem skortur á samvirkusemi ráði lögum og lofum í stjórn sjómála deildarinnar. — Umboðsmaður Fraser sór það fyrir Cassels dómara, að þessar útborganir væru gerðar samkvæmt beinni skipun ráðgjafans, og að hann einn bæri ábyrgðina á eyðslusemíinni.

Brodeur, sjómála ráðgjafi, er í meira lagi eyðslusamur. Reikningur hans, er hann setti fyrir ferð er hann gerði til England og Frakklands á sl. ári, sýndi, að ferðakostnaður hans — auk fargjalds — var að jafnaði $70.00 á dag, eða $9,000 yfir rúmlega 4. mánaða tíma. Og það er skiljanlegt, að menn, sem að náttúrufari eru svona eyðslusamir á landsfé, þegar þeir eiga sjálfir hlut að máli,— muni ekki gæta hófs í viðskiftum við kunningja sína, þar sem landssjóðurinn er látinn borga brúsann.

Einn þeirra manna, sem græddi vel á viðskiftum við stjórnina, var herra Merwin. Hann er Bandaríkjamaður, en hefir umboðssölu í Montreal. Hann komst í kynni við stjórnina og gerðist kaupfleygur hennar. Hann hefir á sl. fáum árum selt stjórninni ýmsar vörur fyrir mörg hundruð þúsund dollara og haft góðan hag af því. — Rannsóknarnefndin komst að því, að á 15 hlutum, sem hann keypti af Williams & Wilson félaginu í Montreal, fyrir rúm 11 þús. dollara, græddi hann yfir $6,000.00, með því að selja þá til stjórnarinnar fyrir meira en $18,000.00. — Eina Sturtevant vél keypti hann fyrir $350.00, en seldi stjórninni hana fyrir $960.00, — og alt var eftir þessu. Hann hafði enga aðra fyrirhöfn en að panta vörurnar, sem hann vissi, að stjórnin var fáanleg til að kaupa, og láta senda þær beint til hennar. Aðalverk mannsins var í því fólgið, að endurskrifa kaupreikningana, og að færa verð hvers hlutar fram um 2 eða 3 hundruð prósent. En landssjóðurinn var látinn borga hvað sem upp var sett. — Upp að sl. marzmánuði hafði Merwin fengið yfir $404,000.00 hjá stjórninni.

Eitt sýnishorn af verzlun stjórnarinnar við þenna Merwin er sýnt í skýrslum nefndar þeirrar, sem endurskoðar landsreikningana, og sem er dagsett 31. marz, 7. apríl og 3. júní sl. — Merwin átti gufubát, sem stjórnin leigði af honum í 147 daga fyrir $25.00 á dag, að sunnudögum meðtöldum. Merwin fékk í leigu fyrir tæp 5 mán. afnot bátsins $3,675, en báturinn kostaði alls $3,700, svo að hann fékk alt bátsverðið fyrir 5 mánaða leigu, en stjórnin lagði til skipshöfnina, mannalaun, kol og allan annan tilkostnað, og varð sá kostnaður $3,326.35, — svo að 5 mánaða afnot bátsins kostuðu landssjóð rúm $7,000.00. — Það var og sannað, að stjórnin hafði borgað Merwin 14 daga leigu eftir þennan bát — eftir að hætt var að nota hann. Þar var landssjóður rúður $350.00 til þess að gæða Merwin. En kjósendurnir borga þetta í auknum toll um á lífsnauðsynjum. — Auk þess lét stjórnin gera við bátinn, og skilaði honum í betra ástandi en hann var í, þegar hún tók hann á leigu.

Margt fleira mætti telja í þessari deild, sem sýnir og sannar undirlagt ráð til þess að ræna landssjóðinn, en nóg er komið hér í einni grein. Öll ráðsmenska þessarar deildar hefir verið hin hneyksl anlegasta undir Laurier stjórninni. Enda hafa árleg útgjöld þessarar einu deildar hækkað upp úr rúmlega einni miljón á ári undir Conservative stjórninni árið 1896, upp HÁLFA SJÖTTU MILJÓN DOLLARA árið 1908.

Svo er að sjá, sem bókhald þessarar deildar hafi verið í fullu samræmi við aðra ráðsmensku hennar, — í mesta ólagi. Stjórnin komst að því eftir 10 ára starf, að heppilegt væri, að láta yfirfara bækur deildarinnar. Tuttugu menn voru því fengnir, 18 frá New York og 2 frá Montreal, til þess að yfirfara og laga og leiðrétta alla bókfærsluna. Þetta voru alt afbúr bókhaldarar, og þeim var borgað, auk ferðakostnaðar fram og til baka, alla leið frá $15.00 til $75.00 á dag hverjum manni. Þessi hópur manna vann í marga mánuði, þar til samanlögð laun þeirra voru komin upp í rúmlega 41 þús. dollara. Auk þess var hverjum þeirra borgaðir fæðispeningar alt að 5 dollarar á dag, — þótt sýnt væri, að margir þeirra borguðu ekki yfir $1.00 á dag fyrir fæði.

Þess utan höfðu menn þessir nokkra skrifara, sem sumir fengu $3.50 á dag. En þrátt fyrir þennan óhóflega, óverjanlega kostnað, var verkinu ekki lokið. Bókhaldararnir kváðu upp þann dóm, að bækurnar væru í svo miklu ólagi, að það mundi kosta 200 þúsund dollara að koma þeim í rétt horf. Og við það situr.

Finst ekki kjósendunum tími til kominn, að skifta um stjórn í Ottawa þann 26. þessa mánaðar?

Grand Trunk Pacific járnbrautin.

Hvað hún kostar Canadaríki

Byggingarmál þessarar brautar var aðal umræðuefnið um siðustu kosningar, og á því máli, frekar öllum öðrum þjóðmálum vorum, vann stjórnin sigur við þær kosningar. Allir ráðgjafar Ottawa stjórnarinnar, að sjálfum Lauriers meðtöldum, héldu því fram, að sú braut mundi ekki kosta Canada ríki yfir 13 miljónir dollara. Laurier sagði sjálfur í þinginu, eins og sést á blaðsíðu 7691 í þingtíðindunum 1903, að þessi braut kostaði ríkið ekki cent meira en 12 til 13 miljónir dollara. Og í kosningahæklingi þeim sem "Liberalar" gáfu út um siðustu kosningar, var það berlega tekið fram, að allur kostnaður Canadaríkis í sambandi við þessa braut færi ekki cent yfir 13 miljónir dollara, og að þessi upphæð væri svo sem svaraði eins árs tekju afgangi ríkisins. Fjármála ráðgjafi Fielding sagði, að í rauninni yrði kostnaðurinn miklu minni, því að af 8 miljónir og 800 þúsund yrðu látnar á banka þá strax, þá mundu vextir af þeirri upphæð verða svo miklir, að þeir með innstæðufénu gerðu 13 miljónstóran sjóð, þegar sá tími kæmi, að brautinni yrði lokið. Nú er brautin svo langt komin, að menn vita talsvert um kostnaðinn, enda hafa nú ráðgjafarnir á siðasta þingi gefið upplýsingar um það mál, sem öllum eru nú orðnar kunnar. Og þegar núverandi vissa er borin saman við fyrri áætlanir ráðgjafanna, þá verður það ljóst, að þeir hafa ekki reynst eins fjárhagsfróðir eins og menn í þeirra stöðu eiga og þurfa að vera.

Til dæmis: Áætlaður kostnaður kostnaður brautarinnar frá Moncton til Winnipeg var $51,300,000, en á siðasta þingi skýrði járnbrauta ráðgjafinn frá því, að kostn aðurinn yrði $114,393,765, eða talsvert meira en tvöfalt hærri en áætlað var upphaflega. Fielding sagði þá, að vaxtagreiðsla ríkisins af stofnfénu í brautina meðan á byggingunni stæði yrði 3¼ miljónir dollara, en nú játar járnbrautaráðgjafinn, að vaxtarnir verði rúmar 10 miljónir.

Fielding reiknaði 7 ára vexti á $11½ miljón. En nú játar stjórnin, að þeir verði 26¼ miljón.

Fielding sagði, að ábyrgð stjórnarinnar á Moncton hluta brautarinnar færi ekki yfir 14½ miljón. En nú viðurkennir hann, að ábyrgðin á þessum hlutanum verði 46 miljónir. Í fyrstu kostnaðar áætlunum var ekkert gert fyrir endastöðvum, vagnstöðvum o. fl. þess háttar. Nú viðurkennir stjórnin, að þessi kostnaður verði 5 miljónir dollara.

Kostnaður Quebec brúarinnar var áætlaður 4½ miljón. Kostnaðurinn er nú þegar orðinn 6 miljónir dollara, og brúin er enn þá ósmíðuð, og á siðasta þingi varð stjórnin að játa, að allur tilkostnaður ríkisins í sambandi við brúna um það hún er fullgerð, mun verða um 14 miljónir dollara. Brú þessi var langt til bygð yfir St. Lawrence fljótið, en fyrir kæruleysi eftirlitsmanna stjórnarinnar, var á henni svo mikið hrákasmíði, að hún fór í fljótið, þegar búið var að kosta miljónum dollara til hennar, og dóu nær 100 manns við það tilfelli.

Fielding áætlaði byggingarkostnað brautarinnar frá Moncton til Winnipeg $28,000 á miluna. En á siðasta þingi játaði hann þennan kostnað að verða $63,000 á milu hverja, og járnbrautarnefnd stjórnarinnar áætlar kostnaðinn á sumum pörtum brautarinnar eins hátt og $110,000 á miluna. Og þó er sjáanlegt, að sumstaðar hefir kostn aðurinn orðið enn þá hærri en þetta.

Eins og sést í ávarpi hr. Jacksons, sem prentað er í Lögbergi þann 17. sept., er þar sagt, að 90 milur af þessari braut, sem liggja eftir slöttlendinu um Selkirk kjördæmið, kosti $1,300,000, sem er sama og 144 þúsund dollara á hverja milu.

Þessi áætlun herra Jacksons er dáð tíð aðgæzluverð. Þessi hluti brautarinnar er bygður. Hann liggur um slétt land, þar sem byggingarkostnaður er ekki óhóflega mikill. Hér er því að ræða um algerða vissu, en enga ágizkun. Og kostnaðurinn á þessum spotta, sem liggur um Selkirk-kjördæmið, er mikið yfir 144 þús. dollara á hverja milu.

Þegar Roblin stjórnin gekk í 8 þúsund dollara ábyrgð fyrir hverja milu af C.N.R. járnbrautinni, þá ætluðu "Liberalar" að rifna af reiði yfir því, hve ábyrgðin væri há, og að vel mætti byggja hverja milu fyrir þá upphæð eða minna, sögðu þeir. En þegar þeirra eigin flokksmenn byggja braut, um sumkynja hérað, sem kostar þá ÁTJÁN (18) SINNUM MEIRA, eða 144½ þúsund dollara á miluna, þá klappa þeir lofi í lófa yfir sparn aðar ráðsmensku Lauriers, og þyk ir vel að verið. Ætli það sé víst, að allir íslenzkir kjósendur séu svo skyni skroppnir, að þeir sjái ekkert athugavert við þetta? Eða dettur nokkrum heilvita manni í hug, að sá hluti G.T.P. brautarinnar, sem liggur um Selkirk kjördæmið í Manitoba, hafi kostað nokkuð nálægt þeirri upphæð, sem reikningarnir eru látnir sýna, og sem ríkissjóðurinn er látinn borga fyrir?

Eftir því, sem næst verður komist, þá verður heinn kostnaður Canada ríkis við byggingu þessarar brautar svo sem hér segir:

Frá Moncton til Winnipog, 1803½ mílur, á $63,427 hver míla	$114,393,765
Vaxtagreiðsla af byggingarfénu um 5 ára tíma meðan á byggingunni stendur	10,009,454
Sjö ára vextir (3 prósent) eftir að brautin er bygð	26,124,676
Frekari vextir um 3. ára tíma eftir að fyrstu 7 árin eru liðin, ef brautin ekki borgar sig í höndum G.T.P. félagsins	11,196,290
Quebec brúin, áfallinn og komandi kostnaður um það hún er fullgerð	14,422,238
Brautarstöðvar í Moncton, Quebec og Winnipeg	5,470,000
Sjö ára vaxtagreiðsla á ¾ af byggingaakostnaði vesturhluta brautarinnar	11,304,300
Alls kostar brautin þjóðina	$192,920,723
Þess utan eru ábyrgðir Laurier stjórnarinnar á skuldabréfum Grand Trunk félagsins fyrir brautina frá Winnipeg vestur að hafi	58,048,000

Þessa áætlun gerði herra R. L. Borden og bar fram á siðasta þingi. Tveir af ráðgjöfum Lauriers eyddu 4 sólarhringum til þess að rannsaka þessa áætlun, og að þeim tíma liðnum, voru þeir búnir að færa hana niður um $20,006,040 — þeir vildu ekki telja Quebec brúna í brautarkostnaðinum, þó allir sjái, að brúin er nauðsynleg til þess að tengja saman brautina beggja megin við St. Lawrence fljótið, og þeir vildu ekki ganga inn á, að brautin ekki borgaði sig eftir 7 ára tímabilið, sem stjórnin borgar vexti af byggingarkostnaðinum. Og þeir vildu draga úr kostnaðar áætluninni við vagnstöðvar í Winnipeg. — Að undanteknum þessum þremur atriðum, játuðu þeir alt hitt. Svo að stjórn in hefir nú orðið að játa, að í stað 13 miljón dollara kostnaðar við þessa braut, þá verði hein útgjöld ríkisins við hana MEIRA En ÞRETTÁN (13) SINNUM HÆRRI en hin upprunalega áætlun hennar var, — eða alls um 180 miljónir dollara.

Þetta sýnir tvent:

Í fyrsta lagi það, að ráðgjafarnir voru ekki og eru ekki vaxnir þeim embættum, sem þeir skipa.

Og í öðru lagi það, að eyðslusemin í sambandi við þessa braut er langsamlega miklu meiri en hún ætti að vera. Enda er braut þessi sú dýrasta, sem nokkru sinni hefir bygð verið í Canada, og bakar þjóðinni yfir 7 miljón dollara útgjöld á ári, í vexti af lánsfé því, sem ríkið verður að taka til að byggja hana.

En það sem hefir gert og gerir enn þá braut þessa svo afardýra, er sú megna sviksemi og rán í reikningsfærslunni, sem sýnt hefir verið með eiðfestum vottorðum, að átt hefir sér stað og sem svo hefir gengið langt, að einn af sjálfum embættismönnunum hefir opinberlega haft orð á því, að ekki minna en 10 miljónir dollara mundu fara til spillis á hverju ári. Til dæmis má geta þess, að stjórninni hafa verið sendir reikningar fyrir tugum þúsunda yards af klettasprengingum, á $1.75 hvert yard, þar sem siðar var sýnt með eiðsvörnum vottorðum, að ekki var annað en sandur og möl, sem fékst tekið út á brautarstæðið fyrir 21 til 30 cents hvert yard. Mismununinn gekk í vasa þeirra, sem akkorðin höfðu á að byggja upp brautarstæðið.

Bæði Lumsden og Woods, verkfræðingar stjórnarinnar, sóru það fyrir rannsóknarnefnd þingsins, að eitt skarð, sem gert var gegn um hæð vestan við Maurice ána, hefði stjórnin verið látin borga yfir 71 þúsund dollara, þar sem verkið var svo létt og lítið, að það gat með engu móti kostað meira en 31 þúsund dollara. Woods verkfræðingur segir enn fremur, að austan St. Lawrence árinnar hafi stjórninni verið sett upp fyrir klettasprengingar $1.50 yarðið, — þar sem enginn steinn hafi verið, heldur hafi vegstæðið verið plægt upp, og moldinni ekið með almennum járnbrautarskóflum dregn um af hestum. Fyrir það verk var vanaborgunin 9 cents yard, en stjórnin var látin borga SEXTÁN (16) SINNUM MEIRA, eða $1.50 yard. Og verkfræðingurinn segir, að þetta hafi verið gert með ásettu ráði, og samkvæmt skipun frá hærri stöðum. Ekki að eins var það reiknað sem klettar, sem í raun réttri var að eins algeng mold, heldur voru reiknuð tvöfalt fleiri yards í sumum göngunum, heldur enn rúmmál þeirra sýndi, að þar gátu verið.

Á þennan hátt hafa miljónir dollara farið úr fjárhyrzlu ríkisins, og sama hefir verið í öðrum greinum, þar sem hægt hefir verið að koma við ráni á ríkisfénu. En kjósendurnir verða að borga, beinlínis og óbeinlínis, í nútíð og framtíð, svo lengi, sem nokkur þjóðskuld hvílir á ríkinu.

Það er víst óhætt að fullyrða, að enginn privat maður mundi þola þjóni sínum slíka ráðsmensku — og þjóðin ætti heldur ekki að þola það af stjórn landsins, heldur víkja henni frá og velja aðra menn í hennar stað.

Það hefir margsinnis verið sýnt, að með þeim kostnaði, sem lagður er á þessa braut, þá hefði mátt byggja hana og borga að fullu frá hafi til hafs, og hefði hún þá verið eign þjóðarinnar, í stað þess að vera nú að hálfu leyti eign privat auðfélags, og að öllu leyti í umsjá þess til starfrækslu um næstu 100 ár.

Stefna Conservativa var, um siðustu kosningar, að byggja braut þessa alla sem þjóðeign frá hafi til hafs, og láta þjóðina eiga hana og starfrækja. En kjósendunum leist betur á, að hafa það hinsvegar, — og af því má nú þjóðin súpa.

Conservativar hafa fest þjóðeign almennra nauðsynja á fáma sinna, bæði í járnbrauta- og öðrum málum, og það gætur vart farið hjá því, að sú stefna verði sigursæl við í hönd farandi kosningar. Þetta Grand Trunk Pacific fargan Laurier stjórnarinnar og fiðrema eyðslusemi og fjárrán í sambandi við það, hefir svo opnað augu fólksins, að það er ákveðið í því, að selja mál sín í hendur hygnari og trúverðugri manna en þeirra, sem nú hafa þau með höndum.

Það borgar sig [að] vera "kaupfleygur".

Hon. B. F. Pearson, einn af ráðherrum Nova Scotia stjórnarinnar, hefir grætt á því, að kaupa lönd, sem Laurier stjórnina vantaði og selja þau svo til hennar. Hann keypti 6 lóðir fyrir $18,588, en fékk hjá stjórninni $45,400.00 fyrir þær. Hann græddi þannig á þessari verzlun $26,812.00, en landssjóður tapaði jafnri upphæð.

REKID ÞJÓÐEIGNARÁNS-FLOKKINN FRÁ VÖLDUM!

Það borgar sig
að auglýsa
í Heimskringlu

3083

Pósthús Box Heimskringlu er nú 3083, en ekki 116, eins og áður hefir verið. Viðskiftavinir eru því beðnir, að senda bréf til blaðsins í P.O. Box **3083**

F. Deluca

Verzlar með matvöru, aldini, smá-kökur, allskonar sætindi, mjólk og rjóma, sömul. tóbak og vindla. Óskar viðskifta Íslend. Heitt kaffi eða te á öllum tímum. Fón 7756

Tvær búðir:
587 Notre Dame og 714 Maryland St.

The Dominion Bank

NOTRE DAME Ave. BRANCH Cor. Nena St.

Vér seljum peningaávísanir borganíegar á Íslandi og öðrum löud.

Allskonar bankastörf af hendi leyst

SPARISJÓÐS-DEILDIN

tekur $1.00 innlag og yfir og gefur hæztu gildandi vexti, sem leggjast við innstæðufé á sinnum á ári, 30. júní, 30. sept. 31. desembr og 31. march.

Lesið með athygli!

Hvað er nú hér!

Aldrei skaltu geyma

Til morguns

Það sem hægt er að gera í dag. Þessvegna segjum vér: Skrifaðu ÞÍG fyrir Heimskringlu í DAG. En ef þú geymir það til morguns, þá getur skeð að það verði ALDREI gert. Hver sá, eða sú, sem klippir úr blaðinu þessa auglýsingu og sendir hana til Heimskr. ásamt með $2.00 fær Hkr. í 15 mánuði,— og 1 góða sögu líka.

Gildir þar til 1. Janúar n. k., 1909

HEIMSKRINGLA
P.O. Box 3083, -- Winnipeg

Það borgar sig fyrir yður.

Fyrir 5 mánuðum síðan birtist þessi auðglýsing í Hkr., [aðeins 3 eða 4 sinnum], og af því að svo margir sáu sér dálítinn peningalegan hag af því, þá gripu þeir tækifærið glóðvolgt.

Heimskringla græðir ekkert á þessu kostaboði annað en það, að hún fær nokkra fleiri kaupendur, — og hún gerir sig ánægða með það.

Frá þessum tíma til nýárs í vetur gefst yður tækifæri að fá Heimskringlu í 15 mánuði og 1 sögu í ofaná lag, fyrir

$2.00

Grípið tækifærið þegar það gefst

Fréttir úr bænum.

Nýju kjörskrárnar fyrir Winnipeg borg sýna, að hér eru nú 33,643 kjósendur á lista. Að vísu er listi sá ekki algerlega áreiðanlegur, þar eð nafn sama manns getur verið á lista í eins mörgum deildum og hann á fasteignir í. — Þetta verður að leiðrétta, svo að hver kjósandi hafi að eins eitt atkvæði í bæjarkosningunum. — Á síðasta árs lista voru að eins 19 þúsund nöfn, en á þessa árs kjörlista, þegar búið er að leiðrétta hann er ætlað að verði full 30 þús. nöfn. — Sjálfsagt tvöfalt fleiri kjósendur en eru á öllu Íslandi.

Herra Thorbergur Thorwaldsson, B.A., fór á laugardaginn var austur til Harvard háskólans í Massachusetts til þess að stunda þar nám í efnafræði og öðrum vísindum.

Þau Mr. og Mrs. Swain Swainson urðu fyrir þeirri sorg, að missa son þeirra 6 mánaða gamlan, Benjamin Franklin að nafni, þ. 11. sept. Pilturinn var einlogur.

Herra Thorsteinn S. Borgfjörð, verkfræðingur og Contractor, frá Saskatoon, var hér á ferð í síðustu viku, og lét vel af framtíðarútliti Canada og Vesturlandsins.

Almennur þakkargerðar dagur í Canada ríki hefir verið skipaður þann 9. nóvember næstkomandi.

Í viknunni sem leið voru 386 sjúklingar á Almenna spítalanum hér í bænum, 195 karlmenn, 109 konur og 82 börn. Þess utan voru 148 sjúklingar, sem daglega gengu þangað til læknishjálpar, þó þeir hefðu þar ekki fasta dvöl.

George H. Bradbury býður Hkr. að minna fiskimenn í Nýja Íslandi á það, að leggja ekki upp í vetrarvertíðina fyrr en eftir kosningadaginn 26. október. Honum er ant um, að þeir sýni Laurier stjórninni vantraustinu sína á ráðsmensku hennar viðvíkjandi fiskiveiðamálum þessa fylkis og Canadaríkis í heild sinni.

Regnfall varð mikið hér í fylkinu síðari hluta síðustu viku, og talsverður kuldi.

3083

Nýja pósthúsið á Portage Ave. var opnað á mánudaginn var. — Heimskringlu P.O. Box er þar no. **3083**. Þeir, sem hafa bréfaviðskipti við blaðið, eru því beðnir að muna, að senda bréfin sín EKKI í P.O. Box 116, eins og að undanförnu, heldur í P.O. Box **3083**

Nýár Gyðinga var haldið hátíðleqt hér í borginni á laugardaginn var 26. september.

GÓÐ MATREIÐSLUSTÓ, nær því ný, til sölu að 570 Sherbrooke St. Hún er óskemd að öllu leyti og verður seld ódýrt. Gott tækifæri, — gripið það strax.

HERBERGI fyrir einn eða tvo pilta fæst til leigu í suðurparti bæjarins. Hkr. vísar á staðinn.

Hver, sem veit, hvar Miss Áslaug Einarsson á nú heima, í Canada eða Bandaríkjunum, geri svo vel og láti undirritaðan vita um heimilisfang hennar.

Virðingarfylst,
Ágúst Einarsson.
Vidir P.O., Man., Can.

SPURNING. — Mega kaupmenn setja rentur á skuldir þær, sem viðskiptamenn þeirra skulda þeim, nema með samþykki hlutaðeigandi (þess sem skuldar)? P.

SVAR. — Já, Löglega vexti.
Ritstj.

Sérhver sá, sem kynni að vita um verustað Einars Ásmundssonar Fjeldstad, ættuðum úr Strandasýslu (fór til Winnipeg í júlí sl.), — er vinsamlega beðinn að láta undirritaðan vita það.

Markerville, Alta., 14. sept. '08.
G. BJÖRNSON.

Bréf eiga á Skrifstofu Heimskringlu:
Miss Stina Anthony.
J. S. Thorarensen.
Miss Elisabeth Jónsson.
Loftur Guðmundsson.
Sigurbjörg Pálsson.
Sölvi Sölvason.
Sigurgeir Sigurðsson.

Lesið

kostaboð Heimskringlu á öðrum stað hér í blaðinu.

Pólitískir fundir í Álptavatns-nýlendu.

Glen Campbell, þingmannsefni Conservative flokksins í Dauphin kjördæmi, heldur fundi með íslenzkum og enskum kjósendum í Álptavatnsnýlendu svo sem hér segir:

Mánudag, 5. okt., Seamo Hall, kl. 3 e. h.

Mánudag, 5. okt., North Star Skólahúsi, kl. 8. e. h.

Þriðjudag, 6. okt., Lilly Bay Skólahúsi, kl. 2 e. h.

Þriðjudag, 6. okt., Lundar Hall, kl. 8 e. h.

Aðra fundi getur herra Campbell ekki haldið þar vestra vegna tímaskorts og sökum þess hve Dauphin kjördæmið er stórt og fundahöld mörg viðsvegar um það alt.

B. L. Baldwinson verður á þessum fundum, og eru kjósendurnir ámintir um, að sækja þá vel og hlusta á það, sem sagt verður.

Íslands fréttir.

Þjóðviljinn, dags. 29. ágúst, segir þá rétt nýkomin 5 símskeyti frá Vestur-Íslendingum, sem öll hvetji til sjálfstæðis og neitunar frumvarpsins. Skeytin eru frá Pembina, Seattle, Alberta, Íslendingafljóti og Pipestone. — Enginn efi leikur á, að afskifti Vestur-Íslendinga af máli þessu hafa haft mikil áhrif á kosningarnar á Íslandi, og sennilegt þykir, að hefðu hugir Austur-Íslendinga verið eins einróma og hugir Vestur-Íslendinga hafa verið, þá hefði ekki einn einasti af stjórnarsinnum náð kosningu. — Tíðin hefir verið hagstæð á Suðurlandi seinni part ágúst mánaðar. — Magnús skipstjóri Jónsson úr Reykjavík drukn aði af þilskipinu Keflavík þann 6. ágúst, tók út í ofsaveðri. Hann lætur eftir sig konu og 3 börn. — Þjóðminningardagur haldinn í V.-Skaptafellssýslu 26. júli sl. Veður var ágætt, fjölmenni mikið, ræður snjallar og skemtanir margbreyttar. — Veðurátta hagstæð á Norðurlandi í alt sumar, en snjófall varð niður undir sjó seint í ágústmánuði. — Milliþinganefndin í skattamálinu hefir lokið starfi sínu, og verða ályktanir hennar bráðlega birtar í íslenzku blöðunum. Svo er til ætlast, að skattamálið komi til ihugunar á næsta þingi, en verði þó ekki til lykta ráðið, heldur taki milliþinga nefndin málið til athugunar að nýju og næsta þing þar á eftir ráði því svo að fullu til lykta. — Síldveiði góð Norðanlands í sumar, 140 þúsund tunnur fengnar. — Hallgrímur byskup sækir um lausn frá embætti. — Nokkrir bæjarmenn í Reykjavík hafa tekið sig saman um, að gangast fyrir því, að koma upp góðu þvottahúsi fyrir bæinn. Bæjarbúar hafa um langan tíma verið óánægðir með lauga þvottinn eins og hann er og hefir verið. Meðferðin á honum engan veginn góð eða eins og vera bæri. Oft illa þveginn í sjálfum laugunum og þvotturinn síðan fluttur til bæjarins, en hvergi nærri gætt þess hreinlætis, sem vera skyldi, á þessum flutningi á þvottinum. Auk þess ber það oft við, að úr þvottinum týnist eða ruglast meira eða minna. Enn fremur hefir verið erfitt að fá hálslín stinnað og dregið á það eins vel og annarstaðar gerist. Hugmynd þeirra, sem fyrir þessu gangast, er að koma upp þvottahúsi með góðu þurksvæði fyrir utan bæinn. Til þess að starfa að þvottaverkum, á að fá vel vanar og ötular stúlkur frá útlöndum, sem kunna til fylsta hreinlætis og reglusemi og eru sérstaklega leiknar í vandaðri meðferð á hálslíni og öðru þess háttar. En þar taka með sér íslenzkar stúlkur í starf þetta og kenna þeim. Þvottinn á að fá fluttan heiman og heim í þar til gerðum lokuðum vagni eða vögnum. Auk þeirra þæginda, sem slík stofnun getur veitt bæjarmönnum, getur hún og orðið talsvert spor í þá átt, að auka hreinlæti í bænum. — Björgunarskipið Svava kom til Rvíkur 26. f.m., og hafði meðferðis botnvörpung, er strandað hafði á Skagafirði, en Svava náði aftur út. Svava var á Eyjafirði, þegar botnvörpuskipið strandaði, og var símað eftir henni þangað. Með skipinu kom Geir prófastur Sæmundsson á Akureyri og Ágúst kaupm. Flygenring í Hafnarfirði. — Smjörsalan erlendis gengur mjög vel eftir því, sem frétzt hefir. Smjörið, sem kom héðan til Englands 25. júli með Laura, seldist þar á 92—95 aura pundið. Það, sem kom með Sterling 28. júli, seldist á 90—93 aura pundið. Hafði hitnað á leiðinni og seldist því ver. — Markaðurinn er talinn óruggur. — Fór íslenzku glímumennirnir ætlar að verða hin frægilegasta. Að vísu varð Jóhannes Jósefsson óvígur áður en þrautreynt var um grísk-rómversku glímuna, en allar líkur eru taldar til þess, að hann hefði orðið aðal sigurvegarinn í þarri list, ef hann hefði ekki slasast. Í þetta sinn fékk hann ekki verðlaun, en Bretadrottning afhenti honum heiðursskjal um leið og hún útbýtti verðlaununum.

Íslenzka glímu hafa þeir oft sýnt og fengið fjölda áhorfenda, og er svo að sjá, sem list þeirra vekji mikla eftirtekt. Þeir hafa reynt sig við glímukappa annara þjóða og lagt alla, sem við þá hafa reynt.

Fréttir hvaðanæfa.

— Móðir fylkisstjóra Dunsmuir í British Columbia hefir stefnt honum fyrir skuldir.

— Daniel McLaughlin, einn af eintæðtismönnum þeim, sem Laurier stjórnin setti til að annast um kjörskrárnar í Colchester kjördæminu í Nova Scotia fyrir síðustu aukakosningar þar, — hefir í 2 tilfellum verið fundinn sekur um að hafa rænt 8 Conservativa atkvæðisrétti sínum við þar kosningar, og hefir verið sektaður um 500 dollara eða að öðrum kosti 3. mánaða fangelsi. — Það var og sannað, að þessi náungi hafði notað dóttur sína til þess að brenna öll þau skjöl, er lutu að þessari svikserni hans. Dóttirin var ein af vitnunum móti föður sínum.

— Bandaríkja seglskip strandaði nýlega við Coronation eyju. — 110 menn drukknuðu, en 27 komust lífs af. Skip þetta var á leið frá Fort Wrangel til San Francisco með 45 þúsund kassa af laxi. Með skipinu voru 100 Kínverjar og Japanar, sem höfðu unnið að laxtekjunni og niðursuðunni. Tvö gufuskip voru í námunda við skipið, er það fórst, en gátu ekki hjálpað því, vegna ofsaroks og stórsjóa, er þá gengu sem hæst. Þessi tvö gufuskip sáu og á hafinu leyfar af öðrum skipum, sem áreiðanlega hafa farist þar vestra.

— Fjármálastjóri Þjóðverja hefir gert þá yfirlýsingu í þinginu, að á næstu 5 árum verði sjóðþurð ríkisins ekki minni en 500 miljónir dollara, nema nú sé þegar við því gert með því að hækka skatta og tollbyrði á alþýðunni. Hann leggur til, að hækkaðir séu skattar á öllum vín og bjórtegundum og tóbaki, og einnig á ýmsum lífsnauðsynjum. Sérstakur skattur verður lagður á allar land- og húseignir í ríkinu, og skattar á dánarbúum og inntektum auðmanna verða hækkaðir. Þess utan verður heimtað sérstakt gjald í ríkissjóðinn frá öllum fylkjum í þýzka ríkjasambandinu. Með þessu er vonað, að koma í veg fyrir fyrirsjáanlegan tekjuhallann.

— Síðasta reglulega póstflutninga ferð til Yukon fer frá Vancouver 1. október. Eftir það verða ferðir miklu færri, og að eins bréf, bréfspjöld og einstök eintök af blöðum og tímaritum verða flutt norður þangað yfir vetrartímann.

— Prestafélagið enska, á þingi er það hélt árið 1905, samþykti, að enginn af félagsprestunum mætti framvegis gefa nokkra þá persónu í hjónaband, sem hefði skilið við maka sinn, ef sá maki væri á lífi. Nú hefir sama félag, á nýafstöðnu þingi sett neind presta til þess að athuga mál þetta af nýju, og mun tilgangurinn aðallega vera sá, að nema þessa ákvörðun úr gildi, er félagið kemur saman á næsta vori.

Þakkarorð

Ég þakka öllum velgerðavinum mínum af öllu hjarta þá miklu hjálp, sem mér var sýnd við legu og fráfall mannsins míns sáluga, Ólafs Torfasonar. Sérstaklega þakka ég nágrönnum mínum, hjónunum Mr. og Mrs. Jón Sigurðsson, sem á hvaða tíma sem var, voru reiðubúin að hjálpa mínum sárþjáða manni. Okkar elskulega dóttir, Guðlaug, sem faðirinn þráði svo heitt að hafa hjá sér og geta dáið í höndum hennar, uppfylti ósk hans og var hjá honum síðustu tímana. Svo voru þessir eftirfylgjandi, sem hjálpuðu til að vaka: Þórður Bjarnason, Jóhann Jóhannesson, Mrs. Benson, Mr. Eiríksson, Mrs. Friðbjörg Stefánsson.

Svo er að minnast á nákvæmni þá, sem Dr. Ross sýndi, og lýsti hann manngæzku og kærleika sínum í framkomu sinni. Hann vissi það fyrirfram, að hann mundi ekki fá fyrirhöfn sína borgaða. Og Dr. Grain kom einu sinni að sjá manninn minn sáluga. Og séra Steingr. Thorláksson kom með Dr. Brandson, og gerðu þeir allir læknarnir það sem mannskraftur gat megnað.

Þegar guði þóknaðist að burtkalla Ólaf sáluga, þá tóku þeir sig saman, Hinrik Jónsson, Jón Ólafsson og Stefán Daves, að sjá um útförina, sem var gerð með hinni mestu sæmd. Margir gáfu til útfararinnar.

Guð blessi ykkur alla, vini mína — það mælir af hrærðu og þakklátu hjarta,

Ykkar með virðingu,
Sigríður Torfason.

West Selkirk, 14. sept. 1908.

ATHS. — Listi yfir gefendur til jarðarfararinnar, sem Mrs. Sigríður Torfason lét fylgja með olanprentuðu þakkarávarpi, er of langur til að prentast. En þess skal getið, að af 58 manns, sem á þeim lista eru, hafa 3 menn gefið $5 hver, tíu $1 hver, tuttugu og átta 50c hver, þrettán 25c hver og einn 75c. Alls $43.00. Ritstj.

Myndasýning

til styrktar fátækum hafa djáknar Tjaldbúðar safnaðar ákveðið að hafa ÞRIÐJUDAGS KVELDIÐ SJÖTTA (6.) OKTÓBER, kl. 8, í kirkjunni. Þar verða sýndar um eða yfir 100 myndir frá Íslandi og ýmsum öðrum löndum, — alt mjög góðar myndir. — Aðgangur 25c fyrir fullorðna, 15c fyrir unglinga innan 12 ára.

TOMBOLA.

Goodtemplara stúkan SKULD heldur sína árlegu Tombólu í EFRI Goodtemlara salnum mánudagskveldið þann

5. Oktober.

Aðgangur og einn dráttur 25c. Byrjar kl. 7.30

N. B. — Svo vel og myndarlega hefir stúkunni SKULD tekist með Tombólur sínar á undanförnum árum, að Winnipeg Íslendingum hefir almennt fundist það peningalegur ávinningur, að sækja þær samkomur. Og nú í ár er allur undirbúningur til muna betri, en nokkuru sinni áður. Aðaláherzlan er lögð á það, að hafa ALLA drætti góða, og ekkert nema "splunk-ur nýjar" vörur. Og til dæmis mætti nefna eins og svínshorn af öllu því gossi, sem nú er alareiðu komið í hendur forstöðunefndarinnar: — Útsaumaðar Sessur og Klenódi, nokkur pör af Stigvélum, heilmikið af Svinskerum, Skonroks Kassar, 14 Hveitisekkir o. fl. o. fl. — Að Tombólunni endaðri verður venju fremur gott Prógram og "Grand March". Nefndin.

Skugga-Sveinn eða ÚTILEGUMENNIRNIR

HINN ALÞEKTI SJÓNLEIKUR í fimm þáttum, eftir Matthías Jochumsson, verður leikinn af leikfélagi Heklu og Skuldar í I.O.G.T. Hall, — mánudags- og þriðjudagskveld, **12., 13., 19 og 20. OKTÓBER** næstkomandi. Útbúnaður allur vandaður: ný tjöld, íslenzkar heiðar og hellrar. Komið og bregðið ykkur austur fyrir Bláfell, og sjáið svörtu gnýpu og tjaldið við ófæru gil. Ohætt mun að fullyrða að vel verður leikið, því sumir af leikendunum hafa leikið þar sömu persónur áður, sem þeir leika nú, og fengið almennt lof fyrir. Ætingar hafa farið fram eftir tilsögn hr. Skafta B. Brynjólfssonar, og mætti það með öðru auka aðsókn að leiknum. Aðgöngumiðar kosta 50c., 35c. og 25c., og verða til sölu þrem dögum áður en leikið er, hjá Clemens, Árnason og Pálmason, horni Sargent og Victor. Salurinn verður opnaður kl. 7.30 og áríðandi að allir komi í tíma því LEIKURINN ER LANGUR.

C. O. F.
Court Garry No. 2

Stúkan Court Garry No. 2, Canadian Order of Foresters, heldur fundi sína í Unity Hall, horni Lombard og Main st., 2. og 4. hvern föstudag í mánuði hverjum.

Allir meðlimir eru ámintir um, að sækja þar fundi.

W. H. OZARD, REC.-SEC.
Free Press Office.

Miss Jóhanna Ólson,
Piano Teacher
658 Beverley Street.

BILDFELL & PAULSON
Union Bank 5th Floor, No. **520**
selja hús og lóðir og annast þar að lútandi störf; útvegar peningalán o. fl.
Tel.: 2685

P.O.Box nr. Hkr. er 3083

Hver býður betur?

Annað bezta landið í Mikley fæst keypt með góðum skilmálum. Allar upplýsingar þessu viðvíkjandi gefur

SV. BJÖRNSSON,
571 Simcoe st. Winnipeg

Hver Þvær og Hreinsar Fötin ydar?

Hversvegna að fara í Kína-kompurnar þegar þér eigið kost á að fá verkið gert betur, og alt eins ódýrt, í beztu og heilsusamlegustu þvottastofnun, þar sem aðeins hvítt vinnufólk er haft og öll hreinustu efni notuð. Vér óskum viðskifta ydar

The North-West Laundry Comp'y Ltd.
Hreinsarar og Litarar
COR. MAIN & YORK FÓN 5178

Ýmsar ástæður

eru fyrir því að vér höfum eins gott kjöt og nokkur annar kjötsali í bænum Reynið hvort ekki er

C. G. JOHNSON
Telefón 2631
Á horninu á Ellice og Langside St

Ný, góð Cottages

fyrir lágt verð, til sölu. Niðurborgun og mánaðar afborganir sem svarar húsaleigu. Þau eru í Fort Rouge og á Home St. Sinnið þessu strax.

K. Ásg. Benediktsson.
540 Simcoe St.

Dr. G. J. Gislason,
Physician and Surgeon
Wellington Blk, - Grand Forks, N.Dak
Sjerstakt athygli veitt AUGNA, EYRNA, KVERKA og NEF SJÚKDÓMUM.

J. G. Snidal, L. D. S.
ÍSL. TANNLÆKNIR
cor. MAIN & BANNATYNE
DUFFIN BLOCK PHONE 5302

Hubbard, Hannesson and Ross
LÖGFRÆÐINGAR
10 Bank of Hamilton Chambers
Tel. 378 Winnipeg

ARNI ANDERSON Íslenzkur lögmaður
Í félagi með
Hudson, Howell, Ormond & Marlatt
Barristers, Solicitors, etc.
Winnipeg, Man.
13-18 Merchants Bank Bldg. Phone 3021, 3022

BONNAR, HARTLEY & MANAHAN
Lögfræðingar og Landskjala Semjarar
Suite 7, Nanton Block, Winnipeg

G. M. Bjarnason
Málar, leggur pappír og gerir "Kalsomining. Óskar við skifta Íslendinga.
672 AGNES ST. TELEFÓN 6954

Stefán Guttormsson,
Mælingamaður
663 AGNES STREET. WINNIPEG.

Arena Rink

Dar er skemt sér á Hjólskautum hvern eftirmiðdag og kveld, nema föstudags. Hljóðfærasláttur. Dansar þeir, sem áður voru í Drill Hall, eru nú haldnir hér á föstudagskv. Dans frá 8 til 12. Inngangur, karlm. 50c, frítt fyrir kvenfólk. Persónum innan 15 ára, ekki leyfð innganga.

JAMES BELL, eigandi.

Boyd's Brauð.

Hefir þér nokkru sinni komið til hugar, hvað mikið þú tapar af brauði yfir árið ef það nær ekki sinni réttu vigt á hverjum degi? Kaupið Boyds brauð og fáið fulla vigt, — og svo líka bezta brauð í Winnipeg. Tilbúin í vélum úr bezta tegund af hveiti.

Boyd's
Bakery Cor. Spence & Portage Ave
Phone 1080.

Antonio De Landro
SKÓSMIÐUR, horni Maryland & Wellington
(Bak við aldinabúð,) Verk gott og verð rétt.

Íslenzkur Kjötsali
Hvergi fæst betra né ódýrara KJÖT en hjá honum, — og þú munt sannfærast um að svo er, ef þú aðeins kaupir af honum í eitt sinn. Allar tegundir. Óskar að Isl. heimsækji sig
CHRISTIAN OLESON,
666 Notre Dame Ave. Telefón 6906

Stefán Johnson
Horni Sarsent Ave. og Downing St
HEFIR ÁVALT TIL SÖLU
Nýjar Áfir
frá Manitoba Agricultural School. Bestu Áfirnar í bænum. Góður svaladr. 15c gallon.

The Dominion SECOND HAND STORE
Ágætur brúkaður fatnaður og húsmunir. Ísl. töluð.
555 Sargent Ave. Winnipeg

Drs. Ekern & Marsden,
Sérfræðislækna í Efturfylgjandi greinum: — Augnasjúkdómum, Eyrnasjúkdómum, Nasasjúkdóm um og Kverkasjúkdómum. : : :
Í Platky Byggingunni í Bænum
Grand Forks, :: N. Dak.

A. S. BARDAL
Selur líkkistur og annast um útfarir. Allur útbúnaður sá bezti. Enfremur selur hann alskonar minnisvarða og legsteina.
121 Nena St. Phone 306

Royal Optical Co.
327 Portage Ave. Winnipeg. RÉTT Á MÓTI EATON'S BÚDINNI.
Beztu Augnfræðingar
12-9-8
Öll nýjustu og bezt reynd verkfæri notuð. Höfuðverkur sem stafar frá augunum, áreiðanlega læknaður. Sanngjarn kostnaður.
AUGU SKODUD KOSTNADARLAUST.

LAND

Vér höfum nýlega fengið til sölu yfir 20 Section-fjórðungs, liggjandi að Oakland-brautinni C. N. R. félagsins. Verðið er frá $5.00 til $12.00 hver ekra. Ekkert af löndum þessum eru meir en 5 mílur frá járnbrautinni.

Skúli Hansson & Co.
Skrifst. Talsími 8626. Heimilis Talsími 2274

Heimskringla.

Alt landið

er ábyrgst að vera jaðyrkju land af bestu tegund, og fæst keypt með vægum afborgunar skilmálum. (N.B.—Lesið fyrripart þessarar augl. vinstramegin við Hkr. nafn.)

Frekari upplýsingar veita

Skúli Hansson & Co.
56 Tribune Building. Winnipeg.

XXIII. ÁR. WINNIPEG, MANITOBA, FIMTUDAGINN, 15. OKTÓBER, 1908 NR. 3

ÞARNA ER ÞAÐ!

LESTU NÚ



Peningasparnaðar Sala á Föstudaginn og Laugardaginn í þessari viku.

Lesið þetta með athygli og berið saman við vanalegt verð, og sjáið hvað þér sparið:

20 pd af röspuðum sykri	$1.00
10 pund af kaffi	1.00
Ágætt "Dairy" smjör	0 22
10 pund 'Cooking' epplum	0.25
3 pakkar af "Toasted Corn Flakes" fyrir	0.25
2 könnua af perum	0.25
Tomatoes hver kanna	0.10
1 pakki af R. Crown sápu	0.20
Góður Lax, tvær könnur	0.25
Plómur, hver kanna	0.10
Te, (svart), vanaverð 30c pundið, á föstudag og laugardag aðeins	0.23

CLEMENS, ÁRNASON & PÁLMASON
S.E.Cor. Victor & Sargent. Phone 5343

Eitt landsjóðsránið enn.

Það var sannað á opinberum fundi í viðurvist 4 þúsund manna í bænum St. John í New Brunswick á laugardaginn var, að herra Pugsley, ráðgjafi opinberra verka í Laurier stjórninni, hefir heimtað fé í þúsundatali af Contractor Mayes í St. John, undir því loforði, að hjálpa honum í vinnuframboðum, sem hann sendi stjórn inni. Mayes varð að borga Pugsley 2 þúsund dollara í peningum í þessu skyni. Þessi sami Mayes hafði gert tilboð í uppmokstur fyrir 50c yardið, en Pugsley neitaði að veita það, en sagði honum að finna herra McAvity, forseta "Liberal" félagsins. Þegar til hans kom, hafði hann tilbúinn samning fyrir Mayes að rita undir fyrir 55c yardið, og skyldi Mayes hafa 50c en McAvity 5c af hverju yardi. Á þennan hátt kveðst Mayes vera búinn að borga McAvity $35,933. Mayes hefir allar peninga ávísanir fyrir hverju centi, sem hann hefir borgað þannig, með viðurkenningu McAvity's fyrir móttöku mútufjárins.

Hann færir því fram fulla sönnun fyrir sekt ráðgjafans og forseta "Liberal" félagsins.

Ríkissjóðurinn þannig rændur um tugi þúsunda dollara til þess að auðga þessa tvo "Liberal" náunga.

Kjósendur! Greiðið atkvæði móti "Liberal" þjóðeigna þjófunum þann 26. þessa mánaðar!

FUNDARBOÐ.

ISLENZKI CONSERVATIVE CLUBBURINN boðar hér með alla meðlimi sína og aðra íslenzka styrktarmenn Conservative flokksins á pólitískan fund, er haldinn verður í fundarsalnum undir Únitara kirkjunni

Föstudagskveldið 16. þ.m.,

Klukkan 8.

Ræðumenn verða þessir:

ALEXANDER HAGGART, K.C.,
þingmannsefni Conservativa.
B. L. BALDWINSON.
MARINO HANNESSON.
ARNI ANDERSON.
SKÚLI HANSSON.
FRED. SWANSON, og fleiri.

Formaður klúbbsins Sigfús Anderson, setur fundinn á slaginu kl. 8, og væntir nefndin þess, að öll sæti verði þá skipuð.

Komið allir, þér Íslendingar, sem viljið hafa ráðvanda og duglega stjórn í Canada — og umfram alt

AÐ KOMA Í TÍMA!

Fregnsafn.

Markverðustu viðburðir hvaðanæfa.

Íbúarnir í Fernie bæ í British Columbia eru sem óðast að búa sig undir veturinn. Þeir hafa síðan brunnin mikli varð þar í sumar lagt alt kapp á að byggja bæinn upp, og eru nú svo vel á veg komnir, að þeir eru viðbúnir vetrinum. Hús þau, sem bygð hafa verið, eru miklu vandaðri en þau, sem áður voru þar. — Um 95 þús. doll. var gefið til styrktar bæjarbúum, og þessi upphæð er lánuð út til manna fyrir byggingavið, sem þeir fá með heildsöluverði. — Féð er alt lánað til hinna fátækari bæjarbúa, frá $150 til $300 til hvers manns, eftir efnum þeirra og ástæðum, og skal það borgast til baka með $2.00 mánaðarlegum afborgunum.

— Fjörutíu þúsund kvenréttarkonur umkringdu þinghús Breta á mánudaginn var, og varð lögreglulið að fjölmenna þangað, til þess að halda reglu. Eftir miðnætti á mánudagskveldið sendu konur út erindreka til þess, að lima upp auglýsingar um kröfur sínar á íbúðarhús allra ráðgjafanna, á þinghúsið og hvar annarstaðar, sem þær gátu því við komið. Þessar kröfur eru viðvíkjandi kosningarrétti kvenna. Þessa sömu nótt voru samkynja auglýsingar límdar upp viðsvegar í öllum bæjum landsins. Og svo er talið, að 5 þúsund konur hafi unnið að þessu þá nótt í öllu landinu. — Stjórnin hefir látið stefna 3 konum fyrir æsingar. En þær neita algerlega að sinna stefnunum, og segja, að lögreglan verði að taka sig með valdi, ef þær eigi að mæta fyrir rétti.

— Fundinn er ungur maður að nafni Luman Mann, sem kærður er um að hafa rænt og banað konu í Chicago, að nafni Mary Thompson, fyrir nokkrum mánuðum. Maðurinn hefir gengið undir hafninu J. H. Raymond. Foreldrar hans eru auðug og á bezta aldri og pilturinn hafði fengið gott uppeldi, en var mjög hneigður til sællífis. Eyddi því meiru fé, en hann hafði ráð á. Mælt er, að hann hafi rænt konuna dýrmætum skrautmunum, áður en hann kyrkti hana — Líkur eru svo sterkar móti honum, að hann sleppur tæpleg frá þeim.

— Hluti Montreal borgar af inntektum strætisbrauta félagsins þar var á þessu fjárhagsári nálega 242 þúsund dollarar.

— Þrír menn í Montreal héldu sl. sunnudag helgan með því að gerast ölvaðir og berjast. Einn þeirra, sem var ungur maður, skaut hina 2 til bana, og annar þeirra var faðir hans.

— Tveir Bandaríkja loftsiglingamenn sýndu list sína í Berlin á sunnudaginn var í viðurvist 75,000 manns. Þegar þeir voru komnir 2,000 fet í loft upp, sprakk belgurinn, og loftfarið datt til jarðar með undra hraða. En til mestu undrunar öllum viðstöddum, lentu þeir litt meiddir á jörðu. Sagt er, að slíkt slys sé hið fyrsta sinnar tegundar, sem ekki hafi orsakað manntjón.

— Fyrsta loftskeyti milli San Francisco og Hawaii eyjanna var sent á sunnudaginn var. Loftskeytastöðin á eyjunum er nú sem næst fullgerð, og Bandaríkjamenn segja vandalaust, að halda uppi stöðugu fregnsambandi í öllum veðrum og jafnt á nótt sem degi.

— Franskt fiskiskip fórst nýlega á Nýfundnalands fiskimiðum. Þar druknaði öll skipshöfnin, um 25 manns. Skipið hafði veitt vel í sumar, og var á síðustu vertíðarferð sinni. Það lá við akkeri á fiskimiðunum, þegar ofsaveður skall á á svipstundu með svo öflugum sjóum, að skipið rifnaði að framan og sökk. Skipstjórinn einn komst lífs af. Hann hafði hangt á skipsflakinu í 36 kl.stundir, og var meðvitundarlaus, þegar hann fanst — þegar hann raknaði við, var hann brjáladur, en eftir nokkra daga smábatnaði honum, svo að hann er nú að mestu búinn að ná heilsu og ræenu.

— Mælt er, að lávarður Grey hafi neitað, að samþykkja nokkrar embættaveitingar Laurier stjórninnar þar til eftir kosningarnar þ. 26. þ. m. Bendir það til, að honum þyki tvísýnt um sigur stjórnarinnar. Engin embætti hafa því verið veitt síðan 1. þ.m.

— "Liberalar" hafa hætt við sakamál það, sem þeir höfðuðu móti Bayne nokkrum fyrir ólöglega kosninga aðferð í Colchester kjördæminu í Nova Scotia. Þeir hafa komist að þeirri niðurstöðu, að þeir gætu ekkert sannað, er til réttar kæmi, en vissu á hinn bóginn, að sakir yrðu þar á þá borna af ýmsum vitnum, sem þeir gætu ekki risið undir. (Heimskringla hefir áður minst á þetta mál, og Lögberg gerði stórt kosninganúmer út úr því. Vonand að blaðið gleymi ekki að skýra frá úrslitunum).

— C.P.R. félagið hefir nýlega bætt 50 miliónum dollara við höfuðstól sinn, svo að hann er nú 200 miliónir dollara. Á ársfundi félagsins, sem nýlega var haldinn í Montreal, gat forsetinn þess, að þessi viðbót yrði notuð til þess, að auka við dráttar og flutningsvagna félagsins. Partur af fénu verður einnig notaður til þess að borga fyrir járnbraut eina vestur í Klettafjöllum, sem félagið hefir nýlega keypt fleirtölu hluta í. Ennfremur gat forsetinn þess, að á sl. 6 árum hefði félagið bætt við sig 659 gufu-dráttvélum, 842 svefn- og farþegja-vögnum og 25,190 vögnum til vöruflutninga, sem alls hefðu kostað 37 miliónir dollara. En hann taldi nauðsynlegt, að bæta ennþá við vagnafjöldann, svo að félagið gæti fullnægt samgöngu- og flutninga-þörfum þjóðarinnar.

— Rússakeisari hefir unnið málsatriði eitt fyrir hæstarétti Canada ríkis. Einn af embættismönnum hans strauk hingað vestur í fyrra með nokkra tugi þúsund dala, er hann hafði hnuplað úr ríkissjóði Rússlands. Fyrir þessa peninga hefir hann keypt lönd og aðrar fasteignir. Rússakeisari hefir með þessum hæstaréttardómi fengið leyfi til þess að fastsetja allar þessar eignir, svo þær geti ekki orðið seldar meðan mál það, sem hann hefir höfðað móti strokumanni er rannsakað og útkljáð hér í landi.

NÝTT NÝTÍZKU

THE QUEENS

Vinsælasta
og þægilegasta
Gisti-hótel í Winnipeg

Bandaríkja-snið
Frí keyrsla.

MONTGOMERY BROS.,
EIGENDUR

BJART MIÐSTÖÐVA

Pólitískar fréttir

SIGURGANGA BORDENS ER stöðugt að aukast. Í Sudbury í Vestur-Ontario, sem er tiltölulega lítill námabær, var fundur haldinn í skautaskálanum þar þann 9. þ. m. þar voru 4 þúsund manns saman komin. — Það var merkilegt við þann fund, að hráðskeyti voru lesin frá flestum kjördeildum í vesturhluta Ontario fylkis, sem öll lofuðu stórum meiri hluta atkv. fyrir Conservativu þingmannsefnin. Að fundinum loknum komu margir "Liberalar" til herra Bordens og buðu honum fylgi sitt og áhrif við næstu kosningar.

HUDSONS FLÓA BRAUTIN.— Stjórnarsinnar halda því fram á hverjum fundi, að Laurier stjórnin ætli að láta byggja Hudsons flóa brautina. En enginn þeirra og ekkert blað þeirra hefir enn sagt, hvenær Laurier eða flokkur hans hafi lofað því. Hann lét að eins síðasta þing veita 100 þúsund dollara til þess að gera bráðabyrgðar mælingar og leita eftir brautarstæði og hafnstöðum við flóann. En vér höfum hvergi rekist á loforð hans um að byggja þá braut.

Hitt er öllum ljóst, að C. N. R. félagið hefir svo árum skiftir verið að byggja Hudsons flóa brautina frá Erwood í Saskatchewan fylki, og var byggingin fyrir 2 árum komin norður fyrir "Pas", eins og sýnt er á landkortum Laurier stjórnarinnar 30. júní 1907. Síðan hefir félagið stöðugt haldið byggingunni áfram, og er komið vel áleiðis með hana, vegstæðið útmælt og úthöggvið, alla leið norður að Fort Churchhill, og býst það við, að hafa hana fullgerða innan 2. ára.

En enginn veit neitt um hina um töluðu Laurier braut, — hvar hún á að liggja eða hvenær hún á að byggjast. Hún er að eins til í hugum æstra stjórnarsinna, sem handhæg kosningabeita, fyrir þá fáfræðis og trúgirnislaxa, sem stjórn in vonar að fá á öngulinn á kjördegi.

Conservative Committee Rooms

í Vestur-Winnipeg eru 2, — á þessum stöðum:

Horni Sargent Avenue og Furby St. (beint á móti Tjaldbúðinni). Talsími 8526.

Og í Orris Blk., horni Pacific Ave. og Nena St.

SVENSKA BLADID CANADA biður landsmenn sína hér að fylgja Kristi, ganga á guðs vegum og greiða atkvæði fyrir Sifton! — Blað þetta er á Patronage-listanum hjá Laurier stjórninni.

JOSEPH MARTIN sækir um kosningu í Vancouver móti Laurier stjórninni. Hann hefir verið Liberal alla æfi, og segist vera það enn. Martin þessi var um eitt skeið dómsmálastjóri í Greenway stjórninni, og síðar stjórnarformaður í British Columbia. Nú segir hann Laurier stjórnina vera orðna svo sviksama, að það sé skylda kjósendanna, að greiða atkvæði móti henni. Hann kvað þingmenn British Columbia fylkisins svo auðsveipa stjórnarfylgjendur, að þeir þyrðu ekki að hugsa eða gera annað en það, sem stjórn inni þóknaðist. En Laurier stjórnin þekti ekki þarfir fylkisins og skeytti þeim ekki. Hann kvað það lífsnauðsyn fyrir fylkið, að senda menn á þingið, sem samhuga ynnu að þörfum þess og óskum. Hann fer einnig þungum orðum um sviksemi stjórnarinnar í kaupum og sölum, og skorar fastlega á kjósendurna, að velta Laurier stjórninni úr sessi. Hann sakaði einnig Laurier stjórnina um, að hafa selt dómarastöður landsins: Tveim lögfræðingum í Vancouver, sem vildu verða dómarar, var sagt, að þeir yrðu að leggja fram 5 þúsund dollara hver, ef þeir ættu að ná í embættin. — Þetta ásamt öðru fleiru taldi hann óþolandi ástand, og skoraði á tilheyrendur sína, að binda enda á tilveru þeirrar stjórnar, sem þannig færi að ráði sínu.

Mr. Martin vann allra manna mest að því, að koma Laurier til valda, — nú vinnur hann að því, að koma honum frá völdum.

"Svo bregðast krosstré, sem önnur tré.

BORDEN FUNDURINN MIKLI sem fyrir skömmu var haldinn í Ottawa, var sá langfjölmennasti, sem haldinn hefir verið þar í borg. Fullar 7 þúsundir manna þrengdu sér inn í skautaskálann mikla, þar sem hann talaði, og fagnaðarlæti lólksins voru svo mikil, að það skaut stjórnarsinnum skelk í bringu, og það svo mjög, að þeir gera sér nú litla von um sigur þar í borginni. Fundir þeirra hafa ekki verið nándar nærri eins fjölmennir og þessi fundur Bordens. — Svo eru leiðtogar stjórnarflokksins þar hræddir orðnir, að "Liberal" blöðin auglýstu strax eftir Bordens fundinn, að ef Laurier kæmist aftur til valda, þá skuli laun allra stjórnarþjóna verða tafarlaust hækkuð. Með þessu loforði hyggja þeir að múta stjórnarþjónunum til þess að greiða atkvæði með stjórninni. — En þrátt fyrir þetta er talið víst, að Conservativar vinni bæði þingsætin þar í borg.

Kjósendur! — Hreinsið ræningjabælið í Ottawa þann 26. þessa mánaðar

ÞAÐ ER NÚ FULLSANNAÐ, að til eru þjóðeigna þjófar í ráðaneyti Lauriers, sem heimta mútur af þeim, sem þeir leyfa og hjálpa til að ræna ríkissjóðinn. Sjá til dæmis greinarnar um fjárdrátt Mr. Pugsleys, sem er ráðgjafi opinberra verka í Laurier stjórninni.

GREIDID ATKVÆDI MÓTI ÞESSARI ÓRÁÐVÖNDU OG ÓNÝTU STJÓRN!

Venja fremur margir vesturfarar koma hingað til Canada á þessu hausti. Á mánudaginn var kom talsverður hópur hingað til bæjarins, flest frá Englandi, þar næst Skandinavar, og nokkrir Rússar og Frakkar.

Wall Plaster

Með því að venja sig á að brúka "**Empire**" tegundir af Hardwall og Wood Fibre Plaster er maður hár viss að fá beztu afleiðingar.

Vér búum til:

"Empire" Wood Fibre Plaster
"Empire" Cement Wall "
"Empire" Finish "
"Gold Dust" Finish "
"Gilt Edge" Plaster of Paris
og allar Gypsum vöruteg-undir. —

Eigum vér að senda yður bæklíng vorn?

MANITOBA GYPSUM CO. LTD
STRIFSTOFUR OG MILLUR Í
Winnipeg, - Man.

Heimskringla
Published every Thursday by The Heimskringla News & Publishing Co. Ltd

Verð blaðsins í Canada og Bandar $2.00 um árið (fyrir fram borgað).
Sent til Íslands $2.10 (fyrir fram borgað af kaupendum blaðsins hér $1.50.)

B. L. BALDWINSON,
Editor & Manager

Office:
729 Sherbrooke Street, Winnipeg
P.O. BOX 3083. Talsími 3521.

Þeir skammast sín!!

Það bar vott um ofurlítinn snefil af hreinerðis meðvitund í "Líberal" flokknum, að A. W. Fraser, þingmannsefni "Líberala" í Ottawa, var látinn hætta við þingmensku umsókn, fyrir hluttöku hans í þjóðeigna ráninu.

Nú hefir herra Adamson, þingmaður fyrir Humboldt kjördæmið í Saskatchewan fylki, orðið að hætta við umsókn sína um þingmensku, fyrir hluttöku þá, sem hann hefir átt í þjóðeignaráninu.

Annaðhvort er siðferðis meðvitund flokksins farin að rumskast, eða hann er farinn að óttast kosninga úrslitin, þegar betri og vitrari menn flokksins eru farnir að neita að láta þrengja sér til þess, að hefja upp í þingmannastöður þá menn, sem eru eins sósaðir í þjóðeignaránsglæpum, eins og þeir Fraser og Adamson.

En samt eru Íslendingar hvattir til þess í Lögbergi, að kjósa þá Sifton og Burrows, sem eru langt um kámugri en þessir ofanneindu menn, þó sóðalegir séu, — og sem að allta vitund eru fyrirliðar ræningjaflokksins. Samvizkan hjá Lögbergi sýnist að sofa hinum langa svefni, og er það illa farið.

Það yfirgengur annars mannlegan skilning, hvernig menn og blöð, sem ekki hafa bitið höfuð af allri skömm, geta fengið sig til að halda fram Laurier stjórninni við þessar kosningar, og glæpaseggjum þeim, sem sækja undir merkjum hennar.

Kjósendur ættu að hafa það hug fast, að hvert atkvæði, sem sú stjórn fær við þessar kosningar er þakklætis og viðurkenningar votturð fyrir það, sem hún hefir gert sig seka í, og skipun til hennar, að halda sama verki áfram. Í stað þess, að styðja hana að málum, ættu kjósendur að hafa samtök til þess, að velta Laurier stjórninni frá völdum þann 26. þ. m.

Nýr glæpur.

Nú er það komið upp í Ottawa, að Laurier stjórnin hefir selt félagi einu öll bæjarstæðin meðfram Grand Trunk Pacific brautanni fyrir $40,000. Alls er ekruljöldi þessara bæjarstæða 13,403, hver ekra seld fyrir $3, svo að verðið, sem stjórnin fékk, var $40,209.

Nú er félag þetta búið að láta mæla út þessi bæjarstæði í 25 feta lóðir, og er verð hverrar lóðar frá $50 til $400. Sumar lóðirnar eru 50 feta breiðar, og segir félagið, að nokkrar þeirra fáist fyrir $150 hver lóð.

Í þessum 13,403 ekrum félagsins eru 160,836 25 feta lóðir. Ef hver þeirra er seld á $50, sem er lægsta verðið, þá fær félagið ÁTTA MILJÓNIR OG FJÖRUTÍU ÞÚSUND DOLLARA ($8,040,000.00) fyrir þær.

Á þennan hátt er óaflátanlega haldið áfram, að gefa verðmætar ríkiseignir til vina stjórnarinnar. Í þessu tilfelli eru þeim seldar eignir samkeppnislaust fyrir $40,000 til þess að þeir geti grætt ÁTTA MILJÓNIR DOLLARA á kaupunum.

Ráðvönd stjórn mundi hafa látið selja lóðir þessar við opinbert uppboð, eins og gert er við sölu skólalanda hinna ýmsu fylkja, og mundi þá stjórnin hafa fengið mestan hluta af þessum $8,000,000 í ríkissjóðinn. En Laurier stjórnin er ekki ráðvönd. Hún fylgir í þessu eini sömu reglu, sem hún fylgir í annari verzlun, — að hafa sem mest af ríkinu, eins og henni er unt, og koma því í eigu vina sinna, svo þeir geti því betur styrkt hana með óleyfilegum brögðum þegar til kosninga kemur.

Ranglátari og sviksamari stjórn hefir aldrei verið í þessu landi!

GRIÐIÐ ATKVÆÐI Á MÓTI HENNI!!!

Loforða-efndir "Liberala"

TOLLMÁLIN.

Um það flytur Lögberg afarlangt mál í síðustu viku og þykir blaðið Heimskringla heldur en ekki bera brigður á efndir þeirra loforða. Fyrst ræðir það tollmálin og reynir að sýna, hvern undrahag Canada þjóðin hafi haft af toll-lækkun stjórnarinnar. En af einhverri ógætni hefir blaðinu láðst að skýra frá því, hvernig Laurier stjórin fær nú $11.70 tolltekju af hverju mannsbarni í ríkinu, undir tollmálastefnu sinni, þar sem Conservative stjórnin tók ekki nema $5.46 tolltekju á ári af manni hverjum. Og því síður hefir blaðinu hugkvæmst, að skýra fyrir lesendum sínum, hvernig á því stendur, að kornbindaþráður, sem nú er á frílistanum, er alt að því 5c dýrari hvert pund, heldur enn hann var undir hátollastefnu Conservativa. — Ekki hefir afnám tollsins gert þráðinn ódýrari, — og í raun réttri má segja það sama um allar nauðsynjar, að þær kosta nú talsvert meira hér í Canada, en þær kostuðu áður en "Líberalar" náðu völdum. — Þess vegna sagði líka prófessorinn í auðfræði við McGill háskólann, í ræðu, sem hann flutti í New York fyrir nokkrum mánuðum, að Canada væri nú orðið dýrasta landið í heimi að lifa í.

Lögberg segir, að Laurier stjórnin hafi lækkað toll á baðmullardúkum úr 25 prósent í 20 prósent. En það gleymir að geta þess, að það var Laurier stjórnin, sem færði þann toll upp í 25 prósent, og hefir haldið honum þar í sl. 11 ár. Undir Conservativum var hann 22½ prósent, og það er að eins á síðasta þingi, að hann hefir verið færður niður í 20 prósent, og eru þó baðmullardúkar enn þá dýrari nú, en þeir voru á tímum Conservativa stjórnarinnar.

Alt þetta mál um verðhækkun lífsnauðsynja hefir verið nákvæmlega athugað af Civil Service Commission, og ályktun nefndarinnar er í Vol. II. á blaðsíðum 1364 til 1374. Þar er sýnd svolátandi verðhækkun á yfirstandandi tíma frá því er var í júnímánuði 1897:

VERÐHÆKKUN LÍFSNAUÐSYNJA SÍÐAN LAURIER TÓK VIÐ.

Kjöttegundir, frá 25 til 55 prósent.
Fuglakjöt, frá 30—80 prósent.
Fisktegundir, frá 20—413 prósent.
Mjólk, 20 prósent.
Smjör, 25 prósent.
Egg46 prósent.
Ostur, 28 prósent.
Mjöl og grjónamatur frá 10 til 50 prósent.
Salt, 25 prósent.
Brauð, 40 prósent.
Biscuits, 25 prósent.
Jarðepli og garðávaxtir 20 prósent.
Náðursoðin aldini 25 prósent.
Siróp, frá 20 til 30 prósent.
Sykur, 12½ prósent.
Fatadúkar, 20 til 65 prósent.
Lérept allsoonar, frá 25 til 50 prósent.
Ullarvoðir og teppi, alt að 50 prósent.
Tilbúinn fatnaður, 20 til 35 prósent.
Drengjafatnaður, alt að 50 prósent.
Hattar og húfur, frá 25, 15 til 30 prósent.
AxlaböND og hálslin, 40 prósent.
Skófatnaður, 10 til 25 prósent.
Rubbers, 50 prósent.
Loðskinna fatnaður, 35 til 75 og 100 prósent.
Húsgögn, frá 20 til 45 prósent. Og sum húsgögn úr tré, svo sem stólar, 80 prósent.
Stór, járn og tinvara, frá 20 til 100 prósent.
Mál og máltegundir, nær 75 prósent.
Allskyns leðurtegundir, 15 til 43 prósent.
Gullstáss, 10 til 40 prósent.

Alt annað er eftir þessu. Lífskostnaður allur hefir stigið stórum upp síðan "Liberalar" tóku við völdum.

Þegar nú er aðgætt, hvernig þeir haga breytingum á tollskránni, þá verður ljóst í hverju aukin toll inntekt stjórnarinnar er fólgin.

Hér er listi, sem sýnir, hvar Laurier stjórnin hefir hækkað tolla — nefnilega á þeim nauðsynjavörum, sem menn verða að kaupa dags daglega, og sem innibindur nauðsynlegustu fæðutegundir, fatnað og fataefni, leður og skótau, hatta og húfur og fleira þess háttar:

TOLLHÆKKUN "LIBERALA" Á LÍFSNAUÐSYNJUM.

	Conservative Tollar		Liberal Tollar
Niðursoðin mjólk	3c pundið	nú	3¼c pundið
Sykurtegundir	0c prósent	"	1c "
Brjóstsykurtegundir	35 "	"	35½ prós.
Síróp og Molasses	½c pundið	"	¾c pundið
Baðmullar fóður í fatnað	22½ prós.	"	25 prósent
Gráar og óbleyaðar léreftstegundir	22½ prós.	"	25 prósent
Mislit léreft, alskonar	30 prósent	"	35 "
Laces, Braids & Embroiderie's	30 "	"	35 "
Tvinni, alskonar	12½ "	"	15 "
Þurkur og handklæði, alskonar	25 "	"	30 "
Öll framleiðsla úr hör	20 "	"	25 "
Kvenna og barna fatadúkar	22½ "	"	25 "
Þéttaður flóki til hattagerðar	17½ "	"	20 "
Vindlar, Vindlingar og Tóbak, hækkað um			$1.00 pundið
Hnappar, alskonar	20 prósent	nú	35 prósent
Biscuits. allar tegundir	25 "	"	27½ "
Úlfalda og geita hár	00 "	"	3c pundið
Marmari	30 "	"	35 prósent
Járn og stál í brýr og stórhýsi	30 "	"	35 "
Togleður, og framleiðsla af því	32½ "	"	35 "
Leður	22½ "	"	25 "
Spegil gler	32½ "	"	35 "
Hattar og húfur	25 "	"	30 "
Leður-pappi til skógerðar	20 "	"	25 "
Jams & Jellies	3c pundið	"	3¼c pundið

Þessi listi sýnir talsverða tollhækkun, og á þeim vörum aðallega, sem eru daglegar lífsnauðsynjar, og fólkið fær ekki án verið.

Með þessu móti er stjórninni mögulegt undir lágtollastefnu sinni, að kreista 73 miliónir dollara í tollum út úr þjóðinni, í stað þess, að Conservativar undir hátollastefnunni höfðu minna en 28 milión dollara inntekt. Þess vegna er tollbyrðin nú orðin $11.70 á mann, í stað $5.46 undir Conservative stjórninni.

Það skal fúslega játað, að Laurier stjórnin hefir margar vörur á frílistanum, og setjum vér hér nokkrar þeirra til sýnis, svo fólk geti því betur áttað sig á, hve miklir hagsmunir það eru fyrir almenning yfirleitt, að tollur er tekinn af þeim -

TOLLFRÍAR VÖRUR HJÁ "LIBERÖLUM".

Skrautvagnar fyrir ferðamenn.
Hundar til kynbóta.
Álún.
Beinagrindur.
Eitur (Arsenic).
Kirkjuklukkur.
Brunnin bein.
Bibliur.
Svínshár.
Kattargarnir.
Krít.
"Curling"-steinar.
Gimsteinar.
Högormablóð.
Eggjarauða.
Fiskjönglar.
Tinna.
Steingervingar.
Loðskinn.
Möl.
Hár.
Hesthófar.
Ís.
Hveraleir.
Blóðsugur.
Sjávarkvoða.
Íslenzk fjallagrös.
Sjávarþang og þari.
Pálmaviðarlauf.
Skriðdýramyndir.
Dýrmætir steinar.
Kvikasilfur.
Tuskur.
Mjólkurhleypir.
Trjákvoða.
Söðul ístöð.
Salt.
Salt og Saltpétur.
Sandur.
Langar og garnir.
Halar og rófur.
Trénaglar.
Skjaldbökur.
Fiskroð.
Viðarsag.
Ostrur.

Þetta sýnishorn af frílista vörum Laurier stjórnarinnar hefir verið sett í ljóð, svo fólkið geti því betur fest það í minni. Visurnar eru á þessa leið:

LÁGTOLLA-GLORÍA "LIBERALA".

Frílista við fengum þá, —
fremur liðlegt gripasafn,
Lítill vafi leikur á
Laurier er fáum jafn.

Kirkjuklukkur, Brunnin bein,
Bibliur og Svínahár,
Kattargarnir, Krítarstein,
"Curling" steinar, Demant gljár.

Eggjarauða, Önglar, Möl,
Íslenzk grös og Drekablóð,
Sjávarþang og þari, Söl, —
þessi vara hún er góð.

Steingervingar, Tinna og Trétitti, af öllum lögunum,
Jóahófa, Horn af fé,
Hunda, er valda kynbótum.

Söðul ístöð, Salt og Roð,
Sundmagar og Skjaldbökur,
Hvalskiði fær hærra boð
og Hveraleir og Blóðsugur.

Klukkur, Sandur, Langar, Lýs,
ef látnar voru þær á mynd,
Skrautvagnar og Álún, Ís,
Arsenic og Beinagrind.

Harpix, Tuskur, Hleypir, Skinn
— hrá og blaut og loðin vel —,
Varan batnar, vinur minn:
Viðarsag og Ostruskel.

Kvikasilfur, Saltpétur,
Sjávarkvoða og gimsteinar.
— Páfinn veri prísaður! —
Pálmalauf og Kýrhalar.

ÞJÓÐLÖND TIL JÁRNBRAUTA

Um þjóðlanda sölu Laurier stjórnarinnar hefir áður verið talað í þessu blaði, og sýnt óhrekjanlega, hvernig þeim er kastað til vina stjórnarinnar fyrir sem næst gjafverð, og hvernig vinirnir verða miliónerar á þeim kaupum.

Það er satt, að á síðari árum hafa "Líberalar" ekki veitt lönd til járnbrautafélaga, eins og áður tiðkaðist. En aðgætandi er, að sú landveiting var nauðsynleg á fyrri árum, meðan landið var strjálbygðara en nú er, og landið þessvegna í afarlágu verði. Á hinn bóginn hefir núverandi stjórn veitt marga tugi miliióna dollara í peningum til járnbrauta félaga, og á síðasta þingi veitti hún á síðustu 2 sólarhringum þingsetunnar milli 20 og 30 miliónir dollara í þessu augnamiði.

MEÐFERÐ Á LANDSFÉ

Um meðferð á landsins fé, ætti Lögberg sem allra minst að tala, því að það er hverju skynjandi mannsbarni kunnugt, að aldrei hefir nokkur stjórn í Canada eins gersamlega sóað eignum ríkisins og ríkisfénu, eins og núverandi stjórn hefir gert, — og hefir Heimskringla sýnt ýms dæmi þess.

En um tekjuafganga Laurierstjórnarinnar er það að segja, að það er enginn vandi að hafa tekjuafganga, þegar nógu háir skattar eru lagðir á þjóðina. Og með 73 milióna tolltekjum á ári ætti að vera mögulegt, að hafa tekjuafganga. Sjóðþurð var samt á ári hverju undir "Liberal" stjórn McKenzies, og undir núverandi stjórn á fyrsta ári hennar, — áður en hún hækkaði tollana á almennum lífsnauðsynjum almennings. En á þessu yfirstandandi fjárhagsári taldi fjármálastjóri Fielding að verða mundi mikil sjóðþurð, sökum vaxandi deyfðar í verzlun og iðnaði, sem komið hefir yfir þetta land, þrátt fyrir gerðir Laurierstjórnarinnar. Og ef það er rétt hjá Lögbergi, að kjósendunum beri að þakka Laurier stjórninni góðæri það, sem verið hefir í Canada nokkur undanfarin ár, þá geta þeir með jöfnum rétti ásakað hana um harðæri það og deyfð í verzlun og iðnaði, sem nú þjakar landsbúum.

KOSNINGALÖG

Lögberg segir loforðið um breytingar á kosningalögunum hafi verið efnt, en getur þess ekki, að á síðasta þingi var öflug tilraun til þess gerð af stjórninni, að brjóta það loforð, og að breyta lögunum svo, að sjá mætti eftir kosningarnar, hvernig hver kjósandi hefði greitt atkvæði, og það var að eins fyrir eindregna mótspyrnu Conservative flokksins, að hægt var að varna þessu í ríkinu, að undanteknum óorganiseruðum héruðum í norðvestur Ontario fylki.

Um síðustu kosningar gerði Laurier stjórnin þær glæpsamlegu breytingar á kjörlistunum í Manitoba, að Leach, einn af embættismönnum stjórnarinnar, var látinn fá aðgang að listum þessa fylkis, og stryka út nöfn nálega 9 þúsund manna, sem flestir voru Conservativar. Á þann hátt náði stjórnin fleirtölu sæta hér í fylkinu, án þess menn hennar væru réttilega kjörnir. Laurier stjórnin hefir sýnt virðingu sína fyrir kosningalögunum með því, að láta launaða embættismenn sína brjóta þau, til þess að steka kjörrétti af þúsundum manna og tileinka sér á þann hátt sæti í þinginu, sem henni ekki bera.

Sannleikurinn er, að kosningaglæpir Laurier syjórnarinnar eru svo margir og magnaðir, að til slíks eru engin dæmi áður í sögu þessa lands. En Lögbergi ríður lífið á því, að verja að svo miklu leyti sem það orkar, allar gerðir stjórnarinnar, hversu óhreinar sem þær eru.

"Liberalar" og Pósthúsið í Selkirk.

Þegar ég sá 22. tölublað Balduru, þar sem Mr. S. J. Jackson, fyrverandi þingmaður fyrir St. Andrews kjördæmi, telur upp nokkuð af sínum frægðarverkum fyrir þetta kjördæmi, og þar meðal annars pósthúsbyggingunna í Selkirk, sem hann segir að kosti 41 þúsund dollara (vel er byrjað!) — þá vil ég leyfa mér, að fara um það atriði fáum orðum.

Ég býst við, að hin önnur framkvæmdarverk hans séu fjármálalega bygð á sömu undirstöðu, og ef til vill dálítið verri, ef vel er að gáð.

Það hefir í mörg ár staðið yfir, að fá Ottawa stjórnina til að byggja pósthús hér, og var lengi ekki hægt að fá annað en loforð. En þar að kom, að "frjálslynda" stjórnin fann það, að eitthvað þurfti að gera, því sambandskosningar væru ekki langt frá garði, og Mr. Jackson myndi ekki hafa of öflugt traust hjá kjósendum sínum hér til framsóknar við hinar íhöndfarandi kosningar, sem sendimaður "Líberala". Lætur hún því gera uppdrátt og býður verkið fram. En þau ákvæði fylgdu uppdrættinum, sem lagður var fram á skrifstofu í Winnipeg, að hann (uppdrátturinn) mætti ekki fara þaðan út fyrir dyr. Enginn maður nógu áreiðanlegur og ekkert hús í Selkirk nógu vandað til að hýsa þennan dýrgrip eina nótt.

Mörgum af þeim frjálslyndu þótti þetta nokkuð undarlegt, og þrátt fyrir gefnar vonir um atvinnu við þetta verk, syndist útlitið óskyggilegt.

Það var að nokkru leyti fyrir áskorun vina þeirra, Mr. G. Ingimundarsonar og St. Björnssonar, að þeir fóru til Winnipeg og fengu — þótt þeir væru frá Selkirk — að líta á uppdráttinn fyrir þessa byggingu. Þeir afréðu, að leggja fram tilboð samkvæmt ákvæðum stjórnarinnar um að byggja húsið og afhenda ógallað fyrir $25,700. Báðir þessir menn eru mjög vel þektir hér í bæ, fyrir vandvirkni og ráðvendni í öllu, sem þeir vinna, og nú um undanfarin ár hefir Mr. G. Ingimundarson bygt sumar af hinum vönduðustu byggingum hér, og er alment álitið að hann sé allra færastur hér af húsasmiðum, að leysa af hendi byggingu á miklu stærri húsum, en það umræddu pósthús er.

Þeir félagar gátu ekki fengið framboð Russins, af því þeir voru — að sagt var — fáum dollars hærri en Mr. Brown. Afleiðingin varð sú, að tveir eða þrir handverksmenn höfðu þar vinnu litinn tíma, og nokkrir verkamenn við lægst borgaða vinnu, — þrátt fyrir loforð Jacksons, að veita þessum mönnum sitt sterkasta fylgi, sveik hann þá að öllu leyti.

Þetta er umhyggja Mr. Jacksons fyrir þiónðum í Selkirk. Það grobbar margur af minna (!!!).

Þar sem nú Mr. G. Ingimundarson og Mr. St. Björnsson voru einu mennirnir hér úr bæ, sem tilboð gerðu um pósthúsið að byggja það, og auk þess voru góðir lögsmenn Mr. Jacksons við síðustu kosningar, — þá var enginn hlutur eðlilegri, en að hann hefði útvegað þeim verkið, og látið þar með Selkirk menn verða aðnjótandi þeirra hagsmuna, sem verkið gat haft í för með sér. En því fór ljærri.

Mr. Jackson staðhæár, að Selkirk pósthús kosti 41 þúsund dollara. Öllum mönnum, sem skyn bera á bygging húsa, dylst það ekki, að það er ekkert nálægt því þess virði. Byggingin getur ekki kostað meira, þótt hún væri gallalaus, SEM EKKI ER, en $25,600, og lóðin undir það um $2,000. — Gera má ráð fyrir, að innanhúsmunir kosti $2,400, og verður þá öllum óvilhöllum mönnum ekki hægt að fá verðgildi þess meira en 30 þús. Afgangurinn verður því $11,000.00.

Mér kemur ekki til hugar, að neita því, að þessum afgangspeningum af pósthúsbyggingu í Selkirk bæ verði ekki dreilt um þetta kjördæmi nú í yfirstandandi og nálægri tíð, — já, og meiru fé. Það virðist vera helzta ráðið, þegar í ógöngur er komið, að reyna að kaupa sér vini með hinum rangfengna mammon. Slíkt sýnist nú vera mest í móðinn hjá "Liberal"-stjórninni.

Þegar það var orðið kunnugt, að þeir landarnir höfðu ekkert að gera við þessa umtöluðu byggingu, — þeir hafa víst haft of ráðvant nafn á sér hjá öllum, sem þektu þá hér, til þess að geta komist að svo lagaðri stjórnarvinnu. Það má vel vera, að Mr. G. Ingimundarson hafi látið óánægju sína í ljós yfir þessum aðförum Mr. Jacksons, og ekki fundist það heppilegt, þar sem mjög erfitt hefir verið að geta fengið vinnu hér á þessum tíma, sem byggingin hefir staðið yfir.

— En hvað skeður næst?

Þegar atkvæðalisti fyrir kosningarnar 26. okt. 1908 kom frá stjórnarskrifstofunum í Ottawa, þá var nafn Guðjóns Ingimundarsonar þar ekki meðal atkvæðisbærra manna. Auðvitað er hann búinn að hafa nafn sitt hér á atkvæðalistum undir 20 ár. Líklega á að reyna að láta hann hafa hvíld kosningadaginn. Enginn veit, hvernig þetta hefir skeð. Getið til, að Conservativar hafi hruplað nafninu, eða Sósialistar eða Anarkistar. Ekki "Líberalar", hreint ómögulegt.

Það er ekki efasamt, að Mr. Jackson hefir hér í Selkirk algerlega tapað álíti sínu, og fjöldi af mönnum, sem studdu hann við síðustu kosningar, hafa snúið við honum bakinu. Hann þykir sýna mikla óhlutvendni, að reyna að kasta ryki í augu kjósenda kjördæmisins um fjárveitingar "Liberal" stjórnarinnar, eins og t.d. póst húsið í Selkirk, sem ekki getur kostað meira en 30 þúsund dollara, og gefur því honum eða öðrum griphald á 11 þús. dollara.

Hvað mun vera um aðrar fjárveitingar "Líberal" stjórnarinnar, sem ekki er hægt að rannsaka til hlítar?

Selkirkingur.

— Verkamanna félags stjórnin á Englandi hefir gefið út þá yfirlýsingu, að þar í landi séu nú 1½ milión verkamanna iðjulausir, sem telji 7½ milión manns í skyldulíði sínu, og að alt þetta fólk líði sult og annan skort vegna atvinnuleysis. Stjórnarnefndin fer fram á, að settur sé í ráðaneyti landsins vinnumála ráðgjafi, og að hann skipi nefnd manna, sem annist um hagsmuni atvinnuleysingjanna. — Ennfremur leggur stjórnin til, að allir meðlimir verkamanna félaganna hafi samtök til þess að vinna aldrei yfirtíma, hvað sem á liggur.

Til fullkomnustu tryggingar
Vátryggið fasteignir ýðar hjá The
St. Paul Fire & Marine Ins. Co.
Eignir félags, eru yfir 5 millión dollars. Skaðabætur borgaðar af San Francisco eldinum 1¼ mill.
SKULI HANSSON & CO., 55 Tribune Bldg., Phone 6476, eru sérstakir umboðsmenn.

E. S. Miller Limited
Aðal umboðsmenn
PHONE 2083 219 McINTYRE BLK.

ATHUGIÐ! **"Mín skoðun er, að þjóðin sjálf ætti að byggja Hudson's-flóa brautina á sinn kostnað, sem allra fyrst, og hafa þannig full umráð yfir far- og flutningsgjöldum með henni". —**

ÚTDRÁTTUR ÚR RÆÐU MR. R. L. BORDEN'S.

1. Mansöngur úr Drotningarrímum.

Kveðinn af

K. Ásg. Benediktssyni.

1. Fræðimanna fjarri veg,
Fátt vill gleðja og styðja.
Úti í horni yrki ég
Óðarflokkinn þriðja.

2. Stór-leiðinda styttir dag,
Stillir harm í minni,
Máls úr rúnum mynda brag
manni í fjarlægðinni.

Man ég enn þá mál og ljóð,
sem móðurfrændur áttu,
Einn því kveð á Yggjarslóð
Íslands rímnaháttu.

4. Lýstum hlaðið ljóðasull,
Laust við hátt og óðinn,
Áskræmt mál og erlent bull
Er hér hærst í móðinn.

5. Bragi vettu stytta og stoð,
Styrktu mál og yndi.
Flokkinn nýja á Fjölnisgnoð
Flyt ég þá í skyndi.

6. Ákalla ég Iðunn þig
Óðar-við að tegla,
Sem að forðum sjóli mig
Saman bað að negla.

7. Bað hann ekki um punt né prjál,
Prakt, sem atvik dyldi,
En söguna rétt að setja í mál,
Sem að þjóðin skildi.

8. Tíni ég því á tímans blöð
Tíðindanna þáttu.
Eðalsteina storðin glöð
Stefin lesa máttu.

9. Held ég fram um hróðrarstig
Hnugginn — milli vóna —.
Ræski kvæða-rekkar sig,
Ríman byrjar svona: —

3083

Nýja pósthúsið á Portage Ave. var opnað fyrir nokkru síðan. — Heimskringlu P.O. Box er þar no. **3083**. Þeir, sem hafa bréfaviðskífti við blaðið, eru því beðnir að muna, að senda bréfin sín EKKI í P.O. Box 116, eins og að undanförnu, heldur í P.O. Box **3083**

Hver, sem veit, hvar Miss Áslaug Einarsson á nú heima, í Canada eða Bandaríkjunum, geri svo vel og láti undirritaðan vita um heimilisfang hennar.

Virðingarfylst,
Ágúst Einarsson.
Vidir P.O., Man., Can.

FRJETTIR.

— Merkilegt mál hefir komið upp í Saskatoon, Sask. James Stratton seldi fyrir nokkrum tíma hálfr ar milión dollara virði af skuldabréfum bæjarins. Hann gerði bænum reikning fyrir 5 þúsund doll. fyrir það starf, en bærinn borgaði ekki. Stratton fór þá til laga, og fékk dóm á bæinn fyrir þessari upphæð, lét síðan taka alt það, sem bærinn átti lauslegt, svo sem eldslökkvitólin og aðrar lausar eignir, og einnig reiðhjól heilsuumsjónarmannsins. Hótel eigandi einn þar í bænum átti $500 hjá Stratton. Hann lét þegar fastsetja alt það, sem Stratton hafði tekið frá bænum, og við það situr að svo komnu.

Vestfirðinga-óður.

1. Hann þórólfur Mostrarskegg sigldi yfir sæ,
frá Sumhörðalandi hann bar,
að Íslandi vestur í blíðasta byr,
inn Breiðafjörð hafgola var.
Þá skutranga siglingu sigldi hann inn
með suðurströnd fjarðarins, og
í gegn um mörg sundin, því leiðið var ljúft,
unz lenti 'ann í Hofstaða vog.

2. Hve töfrandi fagur er fjörðurinn sá, —
það fanst honum alt eins og mór,
þar hafgúan kemur með hljómfögrum söng
og heillar alt hvar sem það er.
Þá stiltí 'ún hörpuna hægt, en svo blítt
og hljóðlega á öldunum steig,
en síðast að kvöldinu sveif hún á braut,
þá sólin að djúpinu hneig.

3. Þá fagnaði' 'ún þórólfi, og fylgdum hans, —
og fagurt oft syngur hún enn.
Þar bar hann af skipi og brýndi því upp,
því bráðsterkir voru hans menn.
Þar þótti' 'onum æðurin úa svo blítt
við eyjar, og gagnríkur sjór.
Þar bygði nú höfðingjinn höfuðból sitt,
og helgaði landnám sitt þór.

4. Þar reisti' 'ann á tanganum Þórshofið hátt,
sem höll það hjá voginum stóð.
En framar á nesinu fjall stendur eitt,
svo fagurt að undra nam þjóð.
Þar hugði 'ann vera einn heilagan stað,
og hefðu þar goðin oft þing,
svo Helgafell nefndi 'ann það heilaga fjall,
og heilagt var alt þar í kring.

5. Þar hæðst upp á fjallinu hetjan oft stóð,
og horfði yfir viðlenda sveit,
þar þótti 'onum útsýnin inndæl og frið
vera allstaðar, hvar sem hann leit.
Þá Barðaströnd gullfögur blasti 'onum mót,
þar blómríku eyjunum með,
og fjöllin og dalir og firðir og nes
ið fegursta er hafði hann séð.

6. Og út eftir firðinum öllum hann leit,
þar allstaðar gullfagurt var.
En Snjófellið gamla við himininn hátt
yfir hnúkana og tindana bar,
og Eyrarsveit fögru og fjöllin í kring
og fjörðinn, sem mest stafar í.
Það fanst honum töfrandi en svipfögur sjón,
og sjá vildi meira af því.

7. En hrifin af fegurð og fornhelgum móð
yfir fjörðunginn ullan hann sá.
Þar þótti 'onum hérnðin himinfríð öll
frá heiðum og niður að sjá.
Það fékk honum yndis og ánægju með,
en undrunar vakti 'onum þó,
hve tignarleg sýnum var Fjallanna fold,
og fagurt á landi og sjó.

8. Hann gleymdi því ekki, í guðanna hönd
að gefa alt Vesturland þá,
og bað þá að geyma og gæta þess vel,
og gefa að þaðan í frá
þar yrðu sem flestir, er frón ætti sitt
þeir frægustu afburðamenn.
Svo blessaði 'ann Vesturlands bygðina og sæ,
— sú blessun ríkir þar enn.

9. Svo hát 'ann á guðin á þrúðvangi þrátt,
því þórólfur trúmaður var,
og það eins og munkur í hljóði og hátt,
unz hreptu 'ann það guðanna svar:
"Að þar skyldu fæðast þeir frægustu menn,
sem Fjallkonan þá gæti átt".
Það hefir svo verið, og verða mun enn,
að vestfirzka markið ber hátt.

10. En, kæri góður, nú getum vér séð,
hvað gildi' hefir disanna svar, —
ég nefna skal fáeina merkustu menn,
sem man ég að fæðst hafa þar:
Fyrst ágæta skáldið hann Egil ég tel,
þann ákafa bardagamann.
Svo víðfrægan Einar, sem óðsmiður var,
og orkt hefir Velleklu hann.

11. Svo Snorra og Steindór og Gellir og Gest
og Gunnlaug og Ólafur Pá,
og Kjartan inn fagra, sem frækin var mjög,
en fell 'honum Svinadal á.
Og Leif og hann Bolla og Bessa og þórð,
og Björn, sem á Kambi þá var,
til þurfðar gönulu þó legði hann leið, —
ég lái 'honum það ekki þar.

12. Og Vermund og Einar, það ágæta skáld,
og Arnór, sem fagurt kvað þá.
Og snillinginn þormóð og þorgeir hans vin,
sem þorgrímur trölli vann á,
og Ara hinn fróða, sem frægur er mjög,
og fornritin mörg hefir skráð.
Og sagnfræðing Snorra, inn snarvitra mann,
er snilldinni bezt hefir náð.

13. Og hetjuna Kakala, er knúði fram lið
mót Kolbeini, víkingum jafn,
og lýðfrægan Sturlu, sem Landnámu reit,
og leikmanna foringjann Hrafn.
Og Björn Jórsalafara og flugríka Lopt,
og inn fégjarna tengdason hans.
Og byskupinn mælda, sem ágættu opt
þeir annála er rituðu lands.

14. Og ættina miklu frá Ögri og Bæ,
sem enn telur nafnkenda menn,
það voru flest sýslumenn vaskir í lund
og vitrari en margur er enn.
Og þaðan var Ari, sá höfðinginn hár,
sem höfuð yfir þingheiminn bar,
en Gaskonar vissu samt hvort hann var knár,
þeir komust að því að svo var.

15. Og Brynjúlf, inn lærðasta byskupinn lands,
þó breytti 'hann ei Daða í vil,
og lýðfrægan Árna, hans lifa mun nafn
svo lengi sem Ísland er til.
Og hálærðu feðgana Hítardal frá,
og Hannes, inn snjallasta mann,
og Magnús og Eggert,ið ágæta skáld,
og ættjarðar sómi var hann.

16. Og greppinn frá Bæsá, sem gat oftast náð
inum gullskæra hörpunnar tón,
og Sigurð minn Breiðfjörð, er sæmdarvel kvað,
eins sagna og ljóðskáldið Jón.
Og snillinga mestu þá mæringa þrjá
hann Matthías, Steingrím og Gest.
Og stjórnmála vitringinn, víðfræga Jón,
sem vann fyrir Ísaland mest.

7. Og ritstjórann nafnkunna, inn raungóða Björn,
því reyndur að dáðum er hann,
og Íslands vinur, og fróður um flest,
og frelsi og sjálfstæði ann,
Og doktorinn þorvald, inn merkasta mann,
sem margt hefur gullfagurt skráð.
Þar áttu nú, Fjallkonan ágætan vin,
sem eflir og styrkir þitt ráð.

18. Og ritstjórann Skúla, hinn merkasta mann
og mætasta föðurlands vin.
Og frændi hans Skúla, í Viðey sem var,
og vatur, sem alt þeirra kyn.
Að líkjast þeim Skúla í Viðey sem var,
að vizkunni, hugrekki og dáð,
ég óska nú sérhverjum íslenzkum þegn, —
þá yrði nú sjálfstæði náð.

19. Og heill sé þér Skúli! Nú hrósar vor þjóð
því happi að eiga þann son,
sem aleinn mót kongsinnum óhræddur stóð
fyrir Íslands þjóðréttis von.
Hann framsóknarmaður og fullhugi er,
það fá nú þeir Dönsku að sjá,
og frjálslyndur, gætin og framsýnn að raun,
og frægastur landi nú á.

20. Ó, dáðríki Skúli, þitt drenglyndi og frægð
með Dönum þá nefndin öll stóð,
þá hafa það verið þín einkunnar orð:
"Já, alt fyrir land mitt og þjóð!"
Það séu og verði nú einkunnar orð
hvers Íslendings héðan í frá.
En framtíðin sýnir, æ sólfagra braut
mun svífa vor Fjallkona þá.

JÓNAS DANÍELSSON.

Þingmanna-efni í Kjöri
í MANITOBA, SASKATCHEWAN og ALBERTA

MANITOBA — TÍU SÆTI.

KJÖRDÆMI	CONSERVATIVE	LIBERAL
Brandon	T. M. Daly	Clifford Sifton
Portage la Prairie	Arthur Meighen	John Crawford
Macdonald	W. Staples	Dr. S. J. Thompson
Selkirk	Geo. H. Bradbury	S. J. Jackson
Provencher	A. C LaRiviere	Dr. J. P. Molloy
Marquette	Dr. W. J. Roche	M. B. Jackson
Souris	Dr. F. L. Schaffner	A. M. Campbell
Lisgar	W. H. Sharpe	F. Greenway
Dauphin	Glen Campbell	T. A. Burrows
Winnipeg	Alex. Haggart	D. C. Cameron

SASKATCHEWAN — TÍU SÆTI.

KJÖRDÆMI.	CONSERVATIVE.	LIBERAL.
Moose Jaw	Doctor Wheeler	W. E. Knowles
Regina	T. Wilkinson	W. M. Martin
Assiniboia	R.L Richardson (óháð) C. C. Smith	J. G. Turriff
Qu Appelle	R. S. Lake	J. T. Brown
Battleford	Dr. Morrison	A. Champagne
Saltcoats	J. C Miller	T. MacNutt
Humboldt		
Mackenzie	M Buchanan (óháð.)	Dr. E. L. Cash
Saskatoon	M. A. McInnis	G. E. McCraney
Prince Albert	J. McKay	W. W. Ruttan

ALBERTA — SJÖ SÆTI.

KJÖRDÆMI.	CONSERVATIVE.	LIBERAL.
Victoria	F. A. Morrison	H. A. White
Edmonton	A. D. Hyndman	Hon. Frank Oliver
Strathcona	E. W. Day / J.G.Anderson, óháð	Dr. W. McIntyre
Red Deer	G. F. Root / F.H.Sherman, sóc.	Dr. Clark
Calgary	M. S. McCarthy	Dr. Stewart
Macleod	John Herron	F. McDonald
Medicine Hat	Chas. A. Macgrath	W. C. Simmons

WINNIPEG Business College

FÉKK FYRSTU VERÐLAUN Á SAINT LOUIS SÝNINGUNNI.

Cor. Portage Ave and Fort St.

Leitið upplýsinga um kenslugreinar vorar. — Kveldkensla byrjar 2. september. — Það borgar sig að nota kveldin til að menta sig.

G. W. DONALD, ráðsmaður.

The Dominion Bank

NOTRE DAME Ave. BRANCH Cor. Nena St.

Vér seljum peningaávísanir borganlegar á Íslandi og öðrum lönd.

Allskonar bankastörf af hendi leyst

SPARISJÓDS-DEILDIN

tekur $1.00 innlag og yfir og gefur hæstu gildandi vexti, sem leggjast við innstæðufé 4 sinnum á ári, 30. júní, 30. sept. 31. desembr og 31. march.

Með því að biðja sérlega um "T.L. CIGAR," þá ertu viss að fá ágætan vindil.

T.L.

Smoke T.L. CIGAR

(UNION MADE)

Western Cigar Factory
Thomas Lee, eigandi Winnipeg

Redwood Lager og Extra Porter

Styrkið taugarnar með því að drekka eitt staup af öðrum hvorum þessum ágæta heimilis bjór, á undan hverri máltíð. — Reynið !!

EDWARD L. DREWRY Manufacturer & Importer Winnipeg, Canada.

Felicitas gekk nú úr þessu herbergi og yfir í það næsta. Lesandinn mun kannast við það, því þar stóð viðvindillinn, sem talað var um í byrjun sögunnar. Hann mun líka muna eftir líkneskjunum, er stóðu meðfram veggjunum. En hann veit enn þá ekki, að það eru myndirnar af öllum frægustu tónskáldum heimsins. Og í stóra skápnum, með glerhurðinni fyrir, er stendur í herberginu, þar liggja bækur í rauðu bandi. Það eru verk þeirra. Hver sem kann að framkiða þá tóna og skilur þá til fulls, — honum leiðist ekki einlífið, og hann veit ekki, hvað það er, að vera einmana. Í skápnum voru verk eldri og yngri tónskálda, og í blaðahylki bakatil í skápnum, voru handrit eftir tónsnillinga, er hvergi voru annarstaðar til. Þau höfðu verið samin, eftir því, sem gamla konan í gamni sínu sagði, þegar blóð hennar funaði í æðunum, — með öðrum orðum, á yngri árum hennar, þegar áhuga og táp fylgdist að, og eins og viðvindillinn vaði sig frjálslega og friðsamlega utan um húskana í kring, þannig hrifu huga gömlu konunnar listaverk tónsnillinganna, er hún spilaði þar, hvort heldur þau voru þýzk eða ítölsk.

Felicitas fann gömlu konuna í herbergi er lá bak við svefnherbergið. Hún lá á hnjánum fyrir framan stóran skáp, og alt í kringum hana á gólfi og stólum lágu hvítir kreptsstrangar, ullartau og margt fleira, er nýfætt barn þarfnast. Hún leit upp, er Felicitas kom, og auðsjáanlega gladdist yfir komu hennar. Hún var orðin mjög hrum og örvasa.

Það er gott þú kemur, kæra Fee mín", sagði hún. Þvottakonan mín segir mér, að storksins sé von á hverri stundu hjá Thienemann trésmið, og þau eiga ekkert enn þá til að klæða barnið í. — Hér er nægilegt til, — við getum útbúið laglegan böggul af því, en ofurlitið er enn ábótavant". Hún tók rósrauða barnshúfu og lagði hvíta kniplingareim við. "Þetta

gætir þú nú saumað við, — það tæki ekki langan tíma, og strax í kveld verður að koma því til trésmiðsins.

"Æ, Cordula frænka", sagði Fee um leið og hún tók nál og þráð í hönd sér. "Þetta nægir ekki til að hjálpa aumingja fólkinu með. Ég veit með vissu, að það þarfnast peninga, og það ekki minna en 25 dali".

Gamla konan hugsaði sig um. "Það er nokkuð mikið, — ég hefi ekki mikla peninga sem stendur, en ég hugsa samt, að það geti gengið fyrir sig".

Hún staulaðist á fætur og Felicitas leiddi hana inn í herbergið þar sem hljóðfærið stóð.

"Frænka", sagði Felicitas alt í einu og staðnæmdist. "Kona Thienemanns hefir nýlega farst undan að þvo fyrir þig, til þess að þóknast með því frú Heilwig. Hefir þú hugsað út í það?"

"Ég held, að nú ætlir þú að leiða hana gömlu vinkonu þína í ógöngur", sagði Cordula og lést vera reið, en leit um leið gletnislega til Fee og strauk um vanga henni. Báðar hlóu og gengu aftur að glerskápnum. Hann var rammgerður og gamall.

Cordula þrýsti á fjöður og ofurlítil hurð hrökk upp, er ekki hafði sést áður. Herbergið, sem kom í ljós, var peningahirzla gömlu konunnar. — Meðan Fee var barn, hafði henni fundist álika að líta inn í skápinn eins og að sjá fallegt jólatré. Hún hafði oft fengið að líta hér inn, og sambland af ánægju og ótta hafði þá ríkt í huga hennar. — Á hillunum í herberginu lágu peningar, silfurmunir og gullskart.

Á meðan Cordula taldi vandlega 25 dali af peningunum, greip Felicitas öskju, sem lá í einu dimmasta horninu, og opnaði hana. Í henni var gullarmband, vandlega vafið innan í bómull. Það var enginn steinn í því, en það var þungt og eflaust úr skíru gulli. Það var svo vítt og stórt, að það

hlaut að hafa verið ætlað utan um karlmanns úlflið, og það, sem einkendi það svo mjög, var að það breikkaði eftir því, sem nær miðjunni dró, og umhverfis plötuna var snildarlega vel gerður krans úr rósum, en innan við hann á plötuna var grafið eftirfylgjandi erindi:

"Swa xwei liebp einander meinent
herzenlichen ane wanc
und sich beidin so vereinent".

Hin unga stúlka skoðaði hringinn í krók og kring og leitaði að framhaldi visunnar, því þó hún kynni ekki til hlítar fornþýzkuna, skildi hún svo mikið, að vísan var ekki nema hálf.

"Frænka! Veiztu ekki, hvernig erindið endar?" spurði hún, og hélt áfram að virða armbandið fyrir sér.

Cordula var önnum kafin að telja peningana og leit upp með þá í höndum sér.

"Ó, barnið mitt, hvað ertu með?" hrópaði hún í ákafa. Í málrómi hennar blönduðist saman sorg, hræðsla og óánægja. Hún greip armbandið og lagði það með skjálfandi hendi niður í öskjurnar aftur og lét svo lokið yfir. Eldrauðir blettir komu á aðra kinn hennar, hún hleypti brúnum, og var líkast því, sem hugsanir hennar væru ekki sem þægilegastar. — Fee hafði aldrei séð hana í eins mikilli geðshræringu áður. Það var eins og hún gleymdi alveg nærveru Felicitas, því eftir að hafa fleygt öskjunni með ákefð út í horniið aftur, tók hún gamalt, grátt skrín og strauk og klappaði því. Andlit hennar fékk blíðari svip og hún varð rólegri. Hún tautaði lágt fyrir munni sér, meðan hún þrýsti því að brjóstinu: — "Það verður að deyja á undan mér, og þó get ég ekki séð það deyja".

Felicitas lagði handleggnum utan um vinkonu sína og þrýsti henni að sér. Vegna geðshræringarinnar, sem hún var í, var hún enn þá hrumari og veikbyggðari en vanalega. Í öll þessi 9 ár, er Fee hafði umgengist hana, hafði hún ávalt haft góða stjórn á sjálfri sér, þangað til nú. Og þó líkamskraftar hennar tæku nú að þverra, þá voru sálarkraftarnir óeyddir, og alt dagfar hennar bar vott um óbifanlega rósemi og hrausta sál. Hún hafði tekið ástfóstri við Felicitas, og henni þótti innilega vænt um hana, og hún hafði kent Felicitas og sáð í hjarta hennar göfugum frækornum og heilnæmum, en liðna tíðin var sem lokuð bók fyrir Felicitas enn þann dag í dag. Nú hafði hún vakið einhverjar sárar endurminningar upp, og hún ávítaði sjálfa sig harðlega fyrir það.

"Æ, frænka! Fyrirgefðu mér!" sagði hún í bænarróm. — Hversu hjartnæmt og blítt að hin unga stúlka gat beðið! Og þó hafði frú Heilwig kaldranalega kallað hana einþykka og þrjóskufulla.

Cordula strauk um augu sér með hendinni. — "Vertu róleg, barn! Þú hefir ekkert ilt gert, en ég hefi rausað út í bláinn tóma vitleysu, eins og gamall asni", sagði hún lágt með veikri röddu. "Já, ég er orðin gömul, — gömul og hrum. Fyr meir gat ég þagað og staðið upprétt og boðið byrginn. Nú vill það ekki ganga rétt vel. Það er komið mál fyrir mig, að leggjast til hvíldar".

Hún hélt stöðugt á litla skrínínu, það var eins og hún væri á báðum áttum með, hvort hún ætti nú þegar að eyðileggja það eða ekki. En eftir nokkra stund lagði hún það aftur á sinn gamla stað og lokaði skápnum, og þá var eins og hún fengi aftur rósemi sína. Hún tók peningana, sem hún hafði lagt á litið borð, er stóð hjá skápnum, og taldi enn tvo dali í viðbót, eins og ekkert hefði í skorist.

"Við skulum nú láta peningana innan í pappír",

GRAND TRUNK JÁRNBRAUTIN

VERÐUR FULLGERÐ, SAMVIZKUSAMLEGA OG RÁÐVANDLEGA, EINS FLJÓT OG UNT ER, EF MR. BORDEN KEMST AÐ VÖLDUM. — ANNARS EKKI. —

Hinir áreiðanlegustu — og þar með hinir vinsælustu — verzlunarmenn auglýsa í Heimskringlu.

—The—
Criterion Hotel
McDermott Ave.

Nýtt, vandað gistihús með ágæt herbergi, vönduðustu drykkjir og fínustu vindlar.

Vinsælt meðal Íslendinga. Er beint á móti Tribune byggingunni á McDermott Avenue.

MORICE NOKES
EIGANDI

Woodbine Hotel
Stærsta Billiard Hall í Norðvesturlandinu
Fitu Pool-borð.—Alskonar vín og vindlar.
Lennon & Hebb,
Eigendur.

SPÓNNÝTT HÓTEL
ALGERLEGA NÝTÍZKU
Hotel Majestic

John McDonald,
eigandi.
James St. West, Rétt vestan við Main St.
Winnipeg Telefón 4979

$1.50 á dag og þar yfir
Bandaríkja-snið

Alt sem hér er um hönd haft er af beztu tegund. Reynið oss.

MIDLAND HOTEL
285 Market St. Phone 3491

Nýtt hús, nýr húsbúnaður Fullar byrgðir af allskonar vönduðustu drykkjum og vindlum í hressingarstofunni. Gisting einn dollar á dag og þar yfir.

W. G. GOULD :: FRED. D. PETERS,
Eigendur
WINNIPEG ::: ::: CANADA

Jimmy's HOTEL
Rétt á bak við Pósthúsið

Íslendingar ættu að reyna þetta gistihús. Í hressingarstofunni er sá eini íslenzki vínveitingamaður í Winnipeg.

James Thorpe,
eigandi
Fyrrum eigandi Jimmy's Restaurant

Fréttir hvaðanæfa.

— Fréttir frá gull-landinu í Yukon segja gulltekjurnar þar á yfirstandandi ári muni verða fullar 5 miliónir dollara, og er það 2 miliónum meira en á síðasta ári. — Mest gulltekja þar fæst nú á síðari árum með því að nota gufuskóflur til þess að moka upp sandbotninn í árfarvegunum, og þvo svo gullið úr sandinum. Almenningur er nú hættur, að vinna þar við gulltekju, að mestu leyti, þykir það ekki borga sig með tveim höndum tómum. En auðfélög eru tekin við starfinu, og njóta svo uppskerunnar. Þau hafa þar sívaxandi fjölda af gufuskóflum, og sumar þeirra borga sig svo vel, að félögin hafa 80 þúsund dollara upp grip á sólarhring.

— Embættismenn C.P.R. félagsins, sem ferðast hafa um Vestur-Canada á þessu hausti, telja víst, að hveiti uppskera verði alls 135 milión dollara virði. Sex milión ekrur eru undir hveiti, og meðaltal uppskerunnar er 18 bush. af ekru, — 2,600,000 ekrur eru undir höfrum, uppskeran 35 bush. af ekru, — 850,000 ekrur undir byggi, með 28 bush. af ekru. Um þúsund járnbrautar vagnhlöss af hveiti eru nú daglega flutt í kornhlöðurnar í Norðvesturlandinu.

— Ný tilraun er gerð til þess, að ná úr sjávarbotni 2½ milión dollara virði í gullstengum og peningum, sem sukku með brezka herskipinu Lutize árið 1797 nálægt Terschelling eyju, við strendur Hollands. Margar tilraunir hafa á sl. 100 árum verið gerðar til að ná þessum auði, og hefir nokkur hluti hans fundist. En herskipið er nú sokkið djúpt í sand, svo að tæki þau, sem til þessa hafa verið notuð, verða ekki brúkuð framar. Ný vél hefir því verið smíðuð, og gera menn sér von um, að hún kómi að haldi. Stærsti hluti hennar er 100 feta löng stálpipa, svo víð, að menn geta gengið í stigum upp og niður innan í henni, eða uppréttir eftir henni, þegar hún liggur flöt. Tilgangurinn er, að renna pípu þessari á endann niður þangað, sem skipið er, og láta menn vinna innan í henni. Pumpur fylgja, sem eiga að halda henni vatnslausri meðan verið er að vinna að björgun málmsins. Vél þessi er gerð með hagleik miklum enda hefir smíði hennar staðið yfir í 3 ár.

— Sósíalista stjórnfræðin ræður lögum og lofum í bænum Bellinzona í Ticino héraðinu á Svisslandi. Sú stefna var fyrir nokkru tekin þar upp, að bæinn borgaði öllum læknum þar viss árslaun, frá $600 til $1,000 um árið, eftir samkomulagi, og skyldu þeir lækna alla sjúklinga án manngreinarálits, endurgjaldslaust að öðru leyti en launum þeirra úr bæjarsjóði. Sérstakur aukaskattur var lagður á bæjarbúa til þess að borga laun læknanna. En nú er sú reynd á komin, að í framkvæmdinni er þessi tilhögun ómögulег. Bæjarbúar fóru þegar að gera sér dælt við læknana, þegar þeir vissu að þeir þurftu ekki að borga annan lækniskostnað en skattinn, og aðsóknin að læknunum varð svo mikil, að þeir hafa ekki haft undan að sinna fólkinu. Allir virtust verða veikir í einu vetfangi, og þegar læknarnir gátu ekki sint þeim eins fljótt og vel, eins og heimtufrekja fólksins krafðist, þá dundu á þeim óbóta skammir í blöðunum, á mannfundum og allstaðar manna á meðal. Nú hafa læknarnir gert algert verkfall. Þeir eru fúsir að þiggja launalækkun hjá bænum, en þeir heimta rétt til þess, að mega selja sjúklingum bæjarins þjónustu sína.

— Nýlega hefir holdsveikum manni verið hleypt út úr sjúkrahæli einu í bænum Wellington á Nýja Sjálandi, með því vottorði læknisins, að hann sé algerlega læknaður eftir 11 mánaða dvöl á sjúkrahússinu. Mason, aðallæknir sjúkrahússins, kveðst hafa notað nýja lækninga aðferð við mann þennan. Það er innspýting lyfs nokkurs, sem tyrkneskir læknar hafa fundið, og sem gefist hefir vel þar í landi. Mason læknir segist hafa notað lyf þetta við alla sjúklinga á stofnun sinni, og að þeir séu allir á góðum batavegi, þó enn sé ekki nema þessi eini maður orðinn albata.

— Jafnvel katólska kirkjan er farin að aðhyllast hina nýju guðfræði eða hærri kriták svonefnda. Og svo kveður ramt að þessu, að kardinápli Merry del Val, sem næstur gengur páfanum að völdum, verður bráðlega að víkja úr embætti sínu. Kvörtun hefir verið send til páfans um, að Merry del Val sé svo fastheldinn við gamlar kreddur kirkjunnar, að mesti fjöldi málsmetandi katólskra manna telji það óþolandi og muni yfirgefa kirkjuna, ef hugsanafrelsi sé ekki leyft. Erkibyskupinn yfir Írlandi, kardinápli Gibbons, hefir kvartað um þetta ástand fyrir páfanum, og farið þess á leit, að rýmkað sé um trúfrelsi fólksins. Mælt er, að páfinn taki þessu vel, og hafi fullvissað kardinálann um, að umkvörtun hans skuli verða sint.

— Á fundi í læknaþinginu í Washington, D. C., sem fjallar aðallega um tæringu, orsakir hennar og lækningar, hélt yfirsáralæknir Simon von Unterberger, frá St. Pétursborg, fyrirlestur um arfgengi tæringarinnar. Hann sagði meðal annars: "Öll vanheilsa, sem kemur fram í manninum, má segja að sé meira og minna arfgeng. Tæringar visirinn er arfgengur og getur þróast á ýmsan hátt. Fjölmargir uppskurðir hafa fært læknunum heim sanninn um það, að allar manneskjur, sem hafa náð meira en þrítugsaldri, hafa meira og minna af gömlum leyfum þessa sjúkdóms. Þetta sýnir tvent, — fyrst, hve tiltölulega auðvelt það er fyrir hin mannlegu líffæri að vinna bug á sjúkdómnum, og í öðru lagi, bendir það í áttina til hinnar heppilegustu lækninga aðferðar, nefnilega, að hjálpa líffærunum með viðeigandi mataræði og hreinlæti. Auðvitað verðum við að reyna að eyðileggja tæringarbakteríuna, en aðal viðleitni okkar ætti að stefna að því, að styrkja líkamann". — Prófessor Irving Fisher frá Yale háskólanum í Bandaríkjunum, fullyrti á sama fundi, að tæringin orsakaði árlega dauða 138,000 manna í Bandaríkjunum, og kostaði þau eina bilión dollara hvert ár.

FIELDING GERIR JÁTNINGU. — Nú hefir fjármála ráðgjafi Fielding loks játað á stjórnina stórhneyxli þau, sem blöð landsins hafa borið á hana. — En hann segir stjórnina hafa gert svo mikið gott fyrir landið, að það yfirgnæfi illverkin, og að þess vegna beri kjósendunum að halda Laurier stjórninni við völdin. Það er eins og maðurinn áliti, að kjósendurnir ættu að votta Laurierstjórninni þakklæti fyrir það, að hún hefir ekki verið svo glæpsamleg, að hafa hindrað allar framfarir í landi þessu á sl. 12 árum. En hitt virðist hann vera farinn að skilja, að kjósendurnir hafa einbeittan áhuga á, að hreinsa rænræningjabælið í Ottawa þann 26. þessa mánaðar.

DÁNARFREGN.

Þann 18. júlí 1908 þóknaðist höfundi alls lífs, að kalla til sín mína ástkæru eiginkonu, VILBORGU ÞÓRUNI GUNNLAUGSDÓTTIR, eftir tveggja vikna sjúkdóm, sem læknirinn, þrátt fyrir góðan vilja, gat ekki unnið bug á.

Vilborg sál. var fædd 16. ágúst 1866, — næstum 42. ára gömul, — á Svínavallakoti í Unndal í Hofshreppi í Skagafjarðarsýslu. En fluttist síðan með foreldrum sínum að Narfastöðum í Viðvíkursveit, og ólst þar upp ásamt systkinum sínum, Birni og Helgu. Björn er heima á Íslandi, en Helga, nú Mrs. Johnson, býr hér í nágrenninu, ásamt móður þeirra systkina, sem hefir fylgst með þeim systrum síðan kom til þessa lands. Harma þær mæðgur nú fráfall ástríkrar dóttur og systur.

Vilborg sál. var dóttir Gunnlaugs sál. silfursmiðs Björnssonar, prests að Hvammi í Laxárdal, og síðar að Garði í Kelduhverfi, — — sonur Árnórs prests Árnasonar, byskups á Hólum í Hjaltadal, og konu hans Önnu Halldórsdóttur Jónssonar. Vilborg sál. giftist 27. október 1899, heima á Íslandi, — eftirlifandi manni sínum. Vorið eftir fluttumst við til Ameríku og settumst að á Mountain, N. Dak., hvar við dvöldum þar til vorið 1905, að við fluttumst til Canada á heimilisréttarland okkar í Quill Valley bygðinni, í grend við Wynyard, Sask. — Þar vorum við búin að vera 3 ár, þegar dauðinn aðskildi okkur.

Vilborg sál. var sönn eiginkona og móðir. Er því missirinn óbætanlegri fyrir mig og tvo litla drengi, sem eftir lifa af fjórum, sem við eignuðumst á samverutímanum. Hún var öllum að góðu kunn, sem kyntust henni, og þar af leiðandi saknað af vinum og kunningjum fjær og nær.

Hún var jarðsungin af séra R. Fjeldsted 10. s.m., að viðstöddum fjölda fólks.

Ég þakka hjartanlega öllum nágrönnum mínum, sem á ýmsan hátt aðstoðuðu mig og konuna mína sál., á þessari erfiðu og alúðustu stundu.

En sérstaklega ber mér að þakka Mrs. Valgerði Sveinsson fyrir alla hennar miklu og ástúðlegu hjálp bæði nú og fyrri.

Ísafold og Þjóðólfur eru vinsamlega beðin að taka upp dánarfregn þessa.

Big Quill P.O., 5. sept. '08.
Halldór Jónsson.

KJÖT.
"Ef það kemur frá Johnson, þá er það gott"
C. G. JOHNSON, Kjötsali,
Langside og Ellice Fón 2631

Department of Agriculture and Immigration.

MANITOBA

Þetta fylki hefir 41,169,089 ekrur lands, 6,019,200 ekrur eru vötn, sem veita landinu raka til akuryrkjuþarfa. Þess vegna höfum vér jafnan nægan raka til uppskeru tryggingar.

Ennþá eru 25 miliónir ekrur óteknar, sem fá má með heimilisrétti eða kaupum.

Íbúatala árið 1901 var 255,211, nú er hún orðin 400,000 manns, hefir nálega tvöfaldast á 7 árum.

Íbúatala Winnipeg borgar árið 1901 var 42,249, en nú um 115 þúsundir, hefir meir en tvöfaldast á 7 árum.

Flutningstæki eru nú sem næst fullkomin, 3516 mílur járnbrauta eru í fylkinu, sem allar liggja út frá Winnipeg. Þrjár þverlandsbrauta lestir fara daglega frá Winnipeg, og innan fárra mánaða verða þær 5 talsins, þegar Grand Trunk Pacific og Canadian Northern bætast við.

Framför fylkisins er sjáanleg hvar sem litið er. Þér ættuð að taka þar bólfestu. Ekkert annað land getur sýnt sama vöxt á sama tímabili.

TIL FERDAMANNA:

Farið ekki framhjá Winnipeg, án þess að grenslast um stjórnar og járnbrautarlönd til sölu, og útvega yður fullkomnar upplýsingar um heimilisréttarlönd og fjárgróða möguleika.

R. P. ROBLIN,
Stjórnarformaður og Akuryrkjumála-Ráðgjafi.
Skrifið eftir upplýsingum til
Joseph Burke, 178 LOGAN AVE., WINNIPEG.
Jas. Hartney, 77 YORK ST., TORONTO.

George G. LENNOX
Selur í heildsölu SKÓ, STÍGVÉL og YFIRSKÓ
150 Portage Ave. East, Winnipeg.

MARKET HOTEL
146 PRINCESS ST. á móti markaðnum
P. O'CONNELL, eigandi, WINNIPEG
Beztu tegundir af vínföngum og vindl um, aðhlynning góð, húsið endurbætt

JOHN DUFF
PLUMBER, GAS AND STEAM FITTER
Alt verk vel vandað, og verðið rétt
662 Notre Dame Ave. Phone 3815
Winnipeg

Strathcona Hotel
Horni Main og Rupert Str. Nýbygt og ágætt gistihús; Gest um veitt öll þægindi með sanngjarnasta verði. Frí keyrsla til og frá öllum járnbr. stöðvum. Beztu vín og vindlar; og herbergi og máltíðar ágætar.

McLaren Brothers
EIGENDUR

Hotel Pacific
219 Market Street Winnipeg | H. M. Hicks Eigandi Manitoba
Telephone 1338
Ný-endurbætt og Ný-tízku hús í alla staði. Viðskifta yðar óskast virðingarfylst.
$1.25 a Dag

$1.50 Á DAG
Besta $1.50 gistihús í Winnipeg

BRUNSWICK HOTEL
Horni Main St. og Rupert Ave.
Besta borðhald; Hrein og Björt Herbergi; Fínustu Drykkir og Bestu Vindlar. Ókeypis Vagn mætir Öllum Train lestum. Reynið oss þegar þú ert á ferð

frænku mína minst einn dal, og nú er það eyðilagt með þessari klaufalegu teikningu."

Frú Heilwig leit snögglega upp.

"Ó, reiðstu ekki Karólínu fyrir þetta, kæra frænka, — hún hefir eflaust gert þetta í beztu meiningu", sagði unga frúin í blíðlegum afsökunarróm "Það getur vel verið, að hægt verði að selja það. — Heyrið þér, barn! Ég hefi aldrei lagt það í vana minn að teikna, ég hefi óbeit á, að sjá kvenmann með blýant í hönd sér, — samt hefi ég mjög gott vit á teikningu. Guð minn góður, hvers konar blað er þetta?"

Hún benti á langt blað, sem var brotið út af í oddinn, og var töluvert á því í jafnþunnu eini. Felicitas þagði og kreisti saman varirnar, en leit fast í augu ríkisstjóra frúarinnar, sem sneri sér undan og hélt hægri hendinni fyrir augum sér.

"Æ, kæra barn, nú brúkið þér enþá einu sinni þetta nistandi augnaráð yðar", sagði hún í klagandi róm. "Það sæmir þó alls ekki ungri stúlku í yðar stöðu, að líta svona frekjulega til annara. Hugsið eftir því, sem hinn einlægi vinur yðar, okkar góði skrifari Welner segir, 'Verið auðmjúk, kæra Karólína'. — — Nei, Sko! Nú setjið þér strax upp fyrirlitningarsvip. — Það gæti næstum reitt mann til reiði. — Ætlið þér í raun og veru að neita tilboði þessa heiðursmanns, af þeirri heimskulegu ástæðu, að þér ekki elskið hann? Það væri hlægilegt! ! Það er gott, að Jóhannes frændi minn kemur í tæka tíð. — Hann tekur eflaust til sinna ráða og leiðir þetta mál til lykta".

Það hefir víst oft verið reynt á þolinmæði hinnar ungu stúlku. Samt eldroðnaði hún við síustu orð frúarinnar, og úr augum hennar brann hatur, reiði

og fyrirlitning. Hún stilti sig þó, en sagði kuldalega: "Ég ætla að láta kylfu ráða kasti með það".

Hversu oft hefi ég ekki beðið þig um það, Adela, að skilta þér ekki af þessu leiðinlega máleini", mælti nú frú Heilwig ergilega. "Eða imyndar þú þér, að þér á fáum vikum takist að gera þessa þrjóskufullu manneskju beygjanlega, úr því ég árangurslaust í 9 ár hefi reynt það. Þegar Jóhannes kemur, þá tekur þetta enda, og ég þvæ hendur mínar. — Farðu nú og sæktu hattinn minn og möttulinn", sagði hún í skipandi róm við Felicitas. "Ég vona, með guðs hjálp, að þetta verði síðasta handaskömmin, sem þú klastrar saman meðan þú ert hjá mér", og hún fleygði klútnum fyrirlitlega til hliðar.

Felicitas gekk þegjandi út úr stofunni, og rétt á eftir gekk frú Heilwig ásamt gesti sínum eftir torginu. Unga, fallega konan leiddi með móðurlegri umhyggju hið veika barn sitt, og margur leit út í gluggann, er þær gengu framhjá, og ríkisstjóra frúin heilsaði öllum brosandi og glöð, sem hamingjusamt barn. — Rósa þjónustustúlka hennar og Friðrika gengu á eftir með körfur á handleggnum. Það átti að borða kveldmatinn út í garðinum, — og það átti líka að binda blómkransa og blómfestar. Á morgun er von á prófessornum heim, eftir nú ára burtuveru, — og þó frú Heilwig væri ergileg yfir annari eins heimsku, eins og hún nefndi það, vildi ríkisstjóra frúin ekki hevra annað nefnt á nafn, en skreyta herbergi hans blómum.

XI.

TVENNSKONAR LÍF.

Hinrik lokaði nú framdyrunum og Felicitas gekk upp stigann, þangað til hún á efsta loftinu kom að mjóum gangi, er lá að einni hliðarbyggingunni. — Loftið var mollulegt og þungt uppi á loftinu, og Felicitas flýtti sér gegn um herbergin, auðsjáanlega kunnug hverjum krók og kima. Nú stóð hún í herbergi með mörgum dyrum út úr því. Voru málaðar á þær rósir og túlipanar, — kveldsólin skein inn um gluggann og varpaði geislum sínum á slitna tigulsteinsgólfið og fölnuðu veggjamálverkin. Felicitas tók nú lykil úr vasa sínum og opnaði hurð, — á bak við hana lágu tröppur, er náðu alla leið að kvistherbergjunum.

Hin unga stúlka hafði að eins einu sinni orðið að klifra yfir þökin. Upp frá þeim degi átti hún aðgang að einsetubústað gömlu jómfrúarinnar. Fyrstu árin hafði hún samt aldrei komið þar, nema með Hinrik á sunnudögum. En eftir það, að búið var að ferma hana, hafði gamla konan fengið henni lykil, sem gekk að máluðu hurðinni, og frá þeim tíma notaði hún hverja stund, sem hún hafði fría, til að laumast þangað. — Þannig lifði hún tvennskonar lífi. — Það var ekki að eins í ytra tilliti, sem breytingin var mikil, heldur líka hið innra í sálarlífi hennar, og það var eins og alt það mótlæti og öll sú niðurlæging, sem hún átti við að stríða niðri í húsinu, hyrfi er hún gekk eftir mjóa, langa stiganum, sem lá upp að herbergjum gömlu konunnar. Á daginn varð

hún að hjálpa til í eldhúsinu, þvo og slétta allan þvottinn, og í hinum svokölluðu hvildarstundum sínum varð hún að sitja við saum, sem, eins og áður er sagt, var selt til ágóða fyrir kristin málefni.

Biblían og bænabókin voru þær einu bækur, er hún mátti líta í, — henni hafði stranglega verið bannað, að líta í nokkra aðra bók. Það var alt öðru máli að gegna, er hún kom upp á loftið til gömlu konunnar, sem var bæði gáfuð og sérlega vel mentuð. Felicitas drakk í sig alla þá miklu og heilnæmu fræðslu, er gamla konan veitti henni af fúsum vilja. Lærdómur hennar var fyrir hina ungu stúlku, sem óþrjótandi uppspretta, sem slípaður gimsteinn, sem kastar geislum til allra hliða. — Engum í húsinu, að Hinrik einum undanteknum, vissi um þessar samvistir. Ef frú Heilwig hefði haft hin minstu hugmynd um það, hefði hún víst samstundis bannað það. Samt hafði gamla konan stranglega skipað Felicitas að segja sannleikann, ef hún yrði spurð um þetta. En það kom aldrei til þess. Hinrik gætti þess vel, að enginn grunur félli á, og hann hafði ávalt bæði augu og eyru opin.

Felicitas var nú komin upp allar tröppurnar. Hún staldraði við fyrir utan dyrnar og hlusta svo opnaði hún brosandi hurðina og leit inn. Í miðju herberginu stóðu tvö grenitré og meðfram vegnum stóðu grænir runnar, eins gróðrarmiklir og stæðu þeir í garði undir berum himni, og allstaðar greinum trjánna sátu fuglar, er kvökuðu og sungu svo yndislega. — Þetta var það félagslíf, er gamla konan tók þátt í. Að vísu sungu fuglarnir alt á það sama, en svo þurfti heldur ekki að bera kvíboga fyrir því, að þeir yrðu eins og sumir menn sem syngja hátt hósíanna í dag, en svo aftur á morgun krossfestingar sálma.

Glæpaferill Pugsley's

Það er ekki ein báran stök um þessar mundir fyrir vesalings 'Liberölum'. Þar sem nú er nýkomið upp um enn helsta af ráðgjöfum Laurier stjórnarinnar megn sviksemi og fjárdráttur, sem hann hafði í frammi meðan hann var dómsmálastjóri og síðar formaður í New Brunswick stjórninni. Þessi maður er herra Pugsley, ráðgjafi opinberra verka í Laurier stjórninni.

Síðan "Liberal" stjórnin í New Brunswick fóll fyrir nokkrum mánuðum síðan, hefir það komið upp við rannsókn bókanna, að herra Pugsley, frá þeim tíma er hann varð dómsmálastjóri í New Brunswick árið 1900 og alt til þess, er hann gekk í Ottawa ráðaneytið, hafi haft af fylkissjóðinum með óleyfilegu móti og þvert ofan í embættisið sinn, um FJÖRUTÍU ÞÚSUND DOLLARA.

Þetta mál varð fyrir nokkru opinbert og síðasta þingið þar í fylkinu setti nefnd til þess að rannsaka ólöglegan fjárdrátt Hon. Pugsleys, og yfirskoðari fylkisreikninganna ásamt með þingnefndinni, komst að þeirri niðurstöðu, að fjárdrátturinn hefði orðið á þessum árum og í eftirtöldum upphæðum:

1901	$2,163
1902	1,748
1903	6,227
1904	7,314
1905	7,030
1906	6,605
1907	4,331

Af þessari upphæð hefir Hon. Pugsley skilað aftur í fylkissjóðinn nú nýlega $4,331, eða svo sem svarar síðasta árs fjárdrættinum.

Það hefir og verið sýnt, að Hon. Tweedle, sem var formaður stjórnarinnar á undan Pugsley, hafði dregið undir sig úr fylkissjóði $13,686, en þeirri upphæð skilaði hann aftur, þegar hann var gerður að fylkisstjóra.

Meðal þeirra upphæða, sem Hon. Pugsley hefir óráðvandlega og í trássi við embættiseið sinn dregið undir sig, eru þessar:

1. Fyrir að banna St. John River Lumber félaginu að hafa logga kvi í St. John ánni	250.00
2. Fyrir að yfirfara skjöl sem þetta félag lagði fyrir dómsmáladeildina til varnar málstað sínum	125.00
3. Fyrir að mæta 4 daga í rétti fyrir hönd fylkisins í þessu máli	200.00
4. Fyrir að tala við verjendur málsins	25.00
5. Fyrir að ræða við Montreal bankann um lán til fylkisins	500.00
6. Fyrir ferð til Montreal til að finna eigendur Grand Trunk brautarinnar	250.00
7. Fyrir að mæta á fundi fylkiserindsreka	500.00

Gamli Pugsley hefir að því er virðist varið mestum tíma sínum og hæfileikum til þess að mata krókinn úr fylkissjóði meðan hann var dómsmálastjóri og síðar formaður fylkisstjórnarinnar, og þegar hann var orðinn nógu æfður í skömmunum, þá var hann fyrst álitinn hæfur til þess að taka sæti í Laurier ráðaneytinu.

Nýja stjórnin í New Brunswick hefir nú krafist þess af Pugsley, að hann skili þýfinu aftur í fylkissjóðinn, en það mál getur ekki fengist útkljáð um nokkurn tíma.

Hon. Hazen, formaður nýju stjórnarinnar, hefir og skorað á Pugsley, að mæta sér á opinberum málfundum og verja sig fyrir þessum fjárdráttar ákærum, — en við það er ekki komandi. Gamli Pugsley veit sig sekan, og forðast alla fundi til að ræða það mál.

Enn fremur hefir Hazen stjórnin krafið Tweedle um $8,110.00 vaxta greiðslu af þeim $13,656.00, sem hann hafði tekið úr fylkissjóði og haft arðinn af um margra ára tíma, í stað þess að láta fylkið njóta hans.

Mesti fjöldi sannnefndra Liberala í Austurfylkjunum heimta nú afdráttarlaust, að Sir Wilfrid reki Pugsley úr ráðaneyti sínu, af því að sómi hans og ríkisstjórnarinnar leyfi ekki, að slíkir menn séu í ríkisráðs embættum, og hóta þeir að vinna að því, að fella stjórnina við þessar næstu kosningar, ef Pugsley sé ekki rekinn tafarlaust.

Hazen stjórnin hefir enn ekki setið að völdum nema stutta stund, og ekki átt kost á, að yfirfara ráðsmensku allra deilda hinnar fyrri stjórnar, en búist er við, að margt ljótt komist upp um þá "Liberölu", þegar rannsóknum þar er lokið. — Og þó getur það ekki orðið nema smáræði eitt í samanburði við þau kynstur stórglæpa, sem full vissa er fyrir að verða opinberaðir, þegar sá tími kemur, að Borden stjórnin fer að athuga feril Laurier stjórnarinnar í Ottawa.

KJÓSENDUR! REKIÐ RÁNSFLOKKINN ÞAR FRÁ VÖLDUM ÞANN 26. OKTÓBER!

Pólitískir punktar.

Rannsóknin, sem nú stendur yfir í Ottawa, hefir leitt í ljós, að þeir, sem eiga mokstursvélar og eru þar að auki vinir stjórnarinnar, geta mokað ógrynni fjár úr ríkisfjárhirzlunni, — eins og eftirfylgjandi dæmi sýna:

Herra A. G. Mackey, sem nú er leiðtogi "Liberala" í Ontario-þinginu, á 3 "dredging" báta, sem hann leigir Laurier stjórninni eða lætur vinna í hennar þarfir.

Fyrir "Dredge" No. 9 fær hann $1,394.00 á viku, en tilkostnaður við hana er $300 á viku.

Hreinn gróði á hverri viku yfir 7 mánaða tímabilið er $1,094 eða alls yfir sumarmánuðina fyrir þennan eina bát $32,820.

"Dredge" Excelsior gefur Mackey $3,264 á viku, en kostnaður er $450. Vikugróðinn er því $2,814, eða alls yfir sumarið $84,420.

Dredge Monarch gefur Mackey $3,049 á viku, en kostnaður er $450. Vikulegi gróðinn þess vegna $2,599. Eða alls yfir 7 mánaða tímabilið $77,970.00.

Svo að fyrir 3 bátana fær hann fyrir sumarstarfið auk kostnaðar $195,210.00.

Með öðrum orðum, tæp TVÖ HUNDRUÐ ÞÚSUND DOLLARA

Þetta er ofur þægilegt sumarvinnu kaup fyrir þann, sem ekkert vinnur.

Annað dæmi, sem rannsóknin leiddi í ljós, er samningur, sem Laurier stjórnin gerði við einn af vinum hennar í Quebec borg um að moka upp árfarveg nokkurn. Stjórnin borgaði honum 75c fyrir hvert cubic yard, en náunginn leigir verkið út til annars manns fyrir 15c hvert yard. Tekur þannig sjálfur 60c fyrir hvert yard, sem mokað er, — fyrir alls ekkert. Vanalegur mokstur er um 30 þúsund yards á viku, svo að þessi stjórnarvinur tekur úr ríkissjóði fyrir alls ekkert og stingur í sinn eigin vasa 18 þúsund dölum á viku eða 3 þúsund dölum á dag.

Það borgar sig að vera góður "Liberal".

"Dredging" félag herra James Conmees hefir fengið frá Laurier 1½ miljónir dollara fyrir moksturvinnu á sl. fáum árum. Og Mr. Mackey hefir fengið $328,000.00 fyrir sama verk.

Hvernig list kjósendunum á blikuna?

Er ekki tími til kominn að skifta um stjórn?

Kjósendur í Selkirk kjördæminu eru alvarlega og virðingarfylst ámintir um, að greiða atkvæði sín með herra George H. Bradbury. hann hefir í þessari kosningabaráttu, eins og á umliðnum árum, sýnt, að hann er gæddur góðum hæfileikum, og mun reynast öflugur málsvari kjósenda sinna í Ottawa þinginu.

Kjósendur í Dauphin kjördæminu eru alvarlega og virðingarfylst ámintir um, að greiða atkvæði með herra Glen. Campbell. Ærlegri drengur eða vinsælli er ekki til í þessu fylki. Öll framkoma hans í opinberum málum sýnir, að hann er einlægur vinur tændaflokksins, og hefir þegar miklu áorkað í þarfir hans. Í slíkum manni eiga kjósendurnir hinn traustasta formælanda í öllum áhugamálum sínum. Campbell er viss að ná kosningu, ef bændur fylgja honum að málum eins og hann á skilið, enda er lítill efi á, að svo verði.

Útúar í Brandon kjördæminu eru mintir á, að T. M. Daly, þingmannsefni Conservative flokksins þar, var um eitt skeið innanríkisráðgjafi í Ottawa. Enginn hefir enn þá haft neitt út á embættisrekstur hans að setja. Undir hans stjórn voru ríkiseignirnar verndaðar og hagsmuna þjóðarinnar nákvæmlega gætt í öllum atriðum.

Kjósendur í Winnipeg eru mintir á, að herra Alexander Haggart, þingmannsefni Conservative flokksins hér í borginni, er í tölu heiðarlegustu og beztu hæfileikamanna hér í bænum. Um síðastl. fjórðung aldar hefir hann starfað hér að uppbyggingu borgarinnar og hagsmunum íbúanna, setið í skólastjórn og bæjarstjórn og gegnt ýmsum þýðingarmiklum stöðum hér. Enginn hefir neitt út á hann að setja. Hann hefir eindregið fylgi mikils fjölda hinna heiðarlegustu og áhrifamestu borgara í Winnipeg, sem nú styðja hann að málum svo sem þeir bezt geta.

Íslenzkir kjósendur eru beðnir að veita herra Haggart öflugt fylgi sitt þann 26. þ.m. Nái hann kosningu, mun hann reynast ágætur málsvari þeirra í Ottawa.

Járnbrautar málin.

Eitt af þeim þokkabrögðum, sem "Liberalar" beita við þessar kosningar, er sú staðhæfing, að ef Laurier stjórninni verði hrundið úr sessi við þessar kosningar, þá verði hætt við að byggja Grand Trunk Pacific brautina. Þetta er borið út af þeim sömu blöðum, sem áður hafa hvað eftir annað auglýst, að nú þegar sé fyrir nokkru búið að gera samninga um byggingu hverrar mílu af braut þessari, sem byggjast á á ríkiskostnað. Búið að panta alt efnið, búið að gera ráðstöfun um allar lántökur, sem gera þurfti til þess að borga byggingakostnaðinn. — Það er því ljóst, að enginn heilvita maður fer trúað slíkum staðhæfingum. Enda engin ástæða til þess.

Herra Borden, leiðtogi Conservative flokksins, hefir þráfaldlega tjáð sig meðmæltan byggingu þess arar brautar, frá hafi til hafs, undir þjóðeigna fyrirkomulaginu. En úr því samningar hafa verið gerðir á þann hátt, sem stjórnin gerði þá, þá vill Conservative flokkurinn, að byggingunni sé haldið áfram, og brautin fullgerð eins fljótt og unt er. Að eins verður sú breyting gerð, að undir Conservative flokknum verður forðast að láta ríkissjóðinn bera kostnað af fölsuðum reikningum yfir ímyndaðan kostnað, eins og nú á sér stað undir "Liberölum". Svo mikið hefir kveðið að sviksamlegri reikningsfærslu í sambandi við byggingu þessarar brautar, að skuldabréf Grand Trunk brautarinnar, félagsins, sem á að borga vexti af bygginga kostnaðinum, hafa nýlega fallið á London markaðnum, af því að hluthafar félagsins hafa fengið fulla vissu fyrir því, að Laurier stjórnin söðlar á þá ranga bygginga reikninga, og þeir vita, að þeir verða síðar meir að borga vexti af stórupphæðum, sem aldrei hafa gengið til brautarbyggingarinnar, — eins og áður hefir sýnt verið hér í blaðinu. Fyrir þessa sviksemi stjórnarinnar hafa ráðgjafar Laurier stjórnarinnar sjálfir orðið að játa, að brautin kosti svo tugum miljóna skifti umfram það, sem þeir í fyrstu áætluðu.

Og rétt nú, á meðan þessi grein er rituð, flytja austanfylkja blöð skýrslu nefndar þeirrar, sem sett var til að rannsaka stjórnsemi Laurier stjórnarinnar á Intercolonial þjóðbrautinni, og ber skýrsla sú með sér fullar sannanir um fáðæma eyðslusemi og óhóf stjórnarinnar í sambandi við starfsemi þeirrar brautar, og ósanngjarna meðferð verkamanna, sem á brautinni vinna, svo sem að klípa af launum þeirra eins og unt er, og gera þeim á annan hátt lífið leitt með smásálarlegum nirfilshætti. Nefndin segir, að þó verkalaunin væru færð upp um finnta part, þá þyrfti það ekki að auka starfskostnaðinn, ef hæfileg sparsemi væri viðhöfð á annan hátt.

Hvað viðkemur hinni fyrirhuguðu Hudsons flóa braut, þá hafa "Liberalar" dregið byggingu hennar í öll þau ár, sem þeir hafa verið við völdin, þar til nú um kosningarnar, að þeir hafa sent menn til að skoða landið lítilsháttar og gera einhverja áætlunarnefnu um kostnað við byggingu brautarinnar. — Það er öllum kunnugt, sem nokkuð þekkja hina pólitisku sögu Canada, að Conservative stjórnin var árið 1895 búin að ákveða, að tryggja braut þessa, og hefði fyrir löngu verið búin að því, ef hún hefði ekki farið frá völdum. Fari svo, að sú braut verði bygð með tiltölulega miklum tilkostnaði og orðið hefir við Grand Trunk Pacific brautina, þá er síst að furða þó vinum Lauriers sé ant um, að hann hangi við völdin, þar til Hudsons flóa brautin er fullgerð.

Það má óhætt fullyrða, að hverj um einasta hugsandi manni í Vestur-Canada er það hið mesta áhugamál, að, sú braut verði bygð sem allra fyrst, og bygð og starfrækt á þjóðarinnar eigin kostnað. En fjárhagslag óstjórn og bein sviksemi Laurier stjórnarinnar í sambandi við G. T. P. brautina er svo óþolandi, að þeirri stjórn er undir öllum kringumstæðum alls ekki trúandi til þess að annast um byggingu Hudsons flóa brautarinnar, því Canada þjóðin hefir fengið vissu fyrir því, að hún yrði rúð svo miliónum skifti, algerlega að óþörfu, á því verki með samskonar starfsemi og einkent hefir byggingu Grand Trunk Pacific brautarinnar.

Laurier stjórninni er flest illa illa gefið, en ekkert þó verr en járnbrautalagninga. Þess vegna er lífsnauðsynlegt, að skifta um stjórn nú þegar, og láta nýja heiðvirða og frómlynda stjórn annast um Hudsons flóa brautina að öllu leyti, og ljúka við Grand Trunk Pacific brautina, svo að óráðvandir fylgifiskar Laurier stjórnarinnar geti ekki matað lengur krókinn á því stórvirki — á kostnað þjóðarinnar. Þeir hafa þegar fitað sig um of á því.

Borden stjórnin mun leysa bæði þessi stórvirki vel og ráðvandlega af hendi.

Fróðlegt æfintýri.

Kolanáma löndin í Vestur-Canada eru undir stjórn innanríkisdeildarinnar í Ottawa. Austurfylkin hafa fengið öll slík lönd til eignar og umráða, en Vesturfylkin hafa verið gerð ómyndug að þessu leyti, og afleiðingin er sú, að spekúlantar hafa gramsað þau undir sig á líkan hátt og þeir hafa fengið viðartöku og bithaga lönd ríkisins.

Að vísu er það tekið fram í lögunum, að enginn einstaklingur megi fá meira hjá stjórninni en 320 ekrur af kolatekjulandi. En Laurier stjórnin fer í kringum þau lög, þegar vinir hennar eiga í hlut, — eins og sýnt var á síðasta þingi þegar það mál var rannsakað af þingnefnd þann 18. og 20. febr. og aftur 3. april sl.

HÉR ER DÆMIÐ:

Herra C. F. Coldwell sendi inn til stjórnarinnar í marzmánuði 1906 kolatekjubeiðni frá 235 manns og hver þeirra bað um 320 ekrur, og því var svo hagað, að land þetta var alt í einni spildu, — alls 75,200 ekrur. Blaðið "Ottawa Journal" komst að þessu og auglýsti þegar aðferðina, sem Coldwell hafði haft til þess að komast yfir þessi nöfn. Blaðið sannaði, að þegar hann var í Ottawa, þá hafði hann fengið nöfn allra drengja og annara, sem hann gat náð til, til þess að skrifa undir beiðniskjalið, og að hann borgaði hverjum einn dollar fyrir nafn hans á skjalið. Stúlkur voru einnig fengnar til að skrifa undir. Blaðið auglýsti yfir 20 nöfn, sem á þessu skjali voru, og sem öll báru þess ljósan vott, að hafa verið tilbúin að eins til uppfyllingar. Þar af voru 14 kvenmannsnöfn, svo sem Kate Barry, Kate Ambrose, Kate Paynty, Kate Hudson, Annie Hagan, Mary Barry, Lizzie Church, Molly Chelton, Lottie McNab, Maggie Powell, Mrs. Alice Sweet o. s. frv. — Hitt voru karlmannsnöfn, svo sem Mike Murphy, Mr. Polydore, Pat Mahoney og önnur slík nöfn, sem auðsjáanlega voru tilbúin af handahófi til uppfyllingar.

Innanríkis ráðgjafanum var skýrt frá þessu athæfi, svo að hann gekk ekki grublandi að því, hvað verið var að gera. En samt veitti hann þessum manni þessar 75.200 ekrur af kolatekjulöndum, — þvert ofan í landslög og rétt. Coldwell átti að borga alls $3,200 fyrir þessi kolalönd, eða rúmlega FJÖGUR (4) CENTS FYRIR EKRUNA, $800 skyldi borgast innan 60 daga frá 17. sept., en engin borgun kom þann mánuð eða hinn næsta, og það var ekki fyr en seint í nóvember, að nokkuð var borgað upp í kaupverð landanna.

Talbot þingmaður fékk 24,800 ekrur á sama hátt, — og alls hefir Laurier stjórnin gefið um 312,000 ekrur af frægustu kolatekjulöndum í Vestur-Canada á þenna hátt til vina sinna.

Lesendur sjá nú, að það borgar sig, að vera "Liberal" meðan nokkrar þjóðeignir eru eftir, sem hægt er að gefa burt. En þeir kjósendur, sem láta sér ant um framtíð þessa lands og ráðvandlega meðferð ríkiseignanna, ættu að hafa samtök til þess að hreinsa ræningjabælið í Ottawa þann 26. þessa mánaðar. Það er ekki seinna vænna.

Hvað blöðin segja.

Oss er engin þæga í, að séra J. A. Macdonald leggi niður starf sitt sem ritstjóri blaðsins Toronto Globe. Vér viljum helzt, að hann haldi áfram að rita í blaðið. Hann eykur Borden og Conservative flokknum fylgi með því, að verja gerðir hinna óráðvöndu fylgifiska Laurier stjórnarinnar. — "Galt Reporter".

Í þessum kosningum stendur "Liberal" flokkurinn og "Liberal" stjórnin að baki Sir Wilfrids, eins og Björn að baki Kára. Þegar ráðgjafarnir eru kærðir um (og það hefir verið gert óspart og alvarlega), að þeir hafi auðgað sjálfa sig, vini sína og fylgismenn á kostnað þjóðarinnar, — þá segja þeir "Liberölu", að Laurier sé saklaus eins og nýfætt barn. Og þegar þessir sömu ráðgjafar eru kærðir um, að þeirra privat líf sé ekki samboðið mönnum í opinberum stöðum og gefi ilt dæmi til eftirbreytni fyrir þjóðina, — þá er svarið: Siðferði Lauriers er ólastanlegt. — Sé bent á ýmislegt mjög grunsamt viðvíkjandi landsölu, fjárveitingum eða vörukaupum, sem stjórnardeildirnar hafa samþykt athugasemdalaust, — þá segja "Liberalar" með mesta alvörusvip, að Sir Wilfrid viti ekkert um þetta. — Þegar "Liberölum" er sýnt fram á með óhrekjandi sönnunum, sem daglega koma í ljós, að framkvæmdastjórar hinna ýmsu stjórnardeilda séu bæði ónýtir og kærulausir í embættisrekstri sínum, — þá fórna þeir upp höndunum og segja, að Laurier sé sá mesti stjórnvitringur, sem Canada hafi átt. Þeir þora sjaldan að verja stjórnina beinlínis fyrir þessum ákærum um sviksemi og ódugnað, en slá vanalega úr og í. Sannanirnar eru vanalega svo sterkar, að ekki er hægt að andæfa þeim, svo að gagni komi, — og alt eiga kjósendurnir að afsaka og taka með þökkum bara vegna þess, að Laurier er maðurinn, sem hefir stjórnina á hendi. Og að eins vegna þessarar einu ástæðu er ætlast til, að fullorðnir menn loki augunum fyrir allri þeirri óstjórn og axarsköftum, sem fyrirliðar á stjórnarbúinu hafa gert sig seka í, — loki augunum fyrir hinu kærulausa fjárbruðli, hinum stórkostlegu þjóðeignaránum og lauslæti, ódugnaði og óráðvendni ráðgjafanna sjálfra. — "Vancouver Province".

"Liberal" stjórnin hælir sér óspart öll af því, sem hún hafi gert fyrir verkamenn, og bendir í því tilliti sérstaklega á Lemieux-lögin, sem sett mesta þrekvirki í þá átt. Verkamanna félagsskapurinn ætti að geta dæmt um ágæti þessara laga, því þeir vita bezt, hvar skórinn kreppir og hvers þeir þurfa með. Hverju hafa "Liberalar" þá að svara, þegar alríkisþing verkamanna félaganna nýlega lýsir yfir óánægju sinni með þessi lög, og kveður þau óhafandi? — Þetta umræddu þing samþykti svohljóðandi tillögu:

"Að vegna þess, að Lemieux-lögin eins og þau nú eru, hljóta í reyndinni að verða verkamönnum í heild sinni til tjóns, heimtum vér að Dominion stjórnin breyti þeim tafarlaust". — Moose Jaw News.

"Liberalar" vilja sem minst um þetta tala.

MINNEOTA, MINN.

8. okt. 1908.

Dauðsföll. — Þann 24. september þ.á. andaðist í Marietta, Wash., hjá Gunnari syni sínum, konan Sofía Vilhjálmsdóttir Árnasonar, bónda að Hjartarstöðum í Eyðaþinghá. Móðir hennar var Guðný Gunnarsdóttir, systir Þorsteins Gunnarssonar, bónda að Hreimstöðum í Hjaltastaðaþinhá, en systir föður séra SigurðarGunnarssonar, prófasts að Wallormsstað í Skógum. — Sofía var gift hinum góðkunna bændaöldung Jóhannesi Sveinssyni, bónda að Háreksstöðum í Hjaltastaðaþinghá. Þeim varð 7 sona auðið, hvar af 4 lifa, Gunnar og Vilhjálmur, er báðir eru bændur vestur á Kyrrahafsströnd, Guðjón blaðstjóri í Milwaukee, útskrifaður af Minnesota ríkisháskóla, og Sveinn, bóndi í Minnesota nýlendu. Allir eru þeir bræður mannvænlegir menn. — Sofía var 76 ára að aldri; er hún kvaddi kynni jarðar. Á yngri árum var hún talin ein af fríðustu konum Austanlands, vel í vexti, hvít á hörund, með ljósgult hár, er hðaðist að mitti niður. Hún var góðlynd og þiðlynd, lundstilt með afbrigðum. Trúkona var hún, sem hún átti kyn til. Hún hafði öll ættarmerki hins norræna þjóðflokks. Allir, er henni kyntust, unnu henni sem góðri, sannri konu.

Ennfremur eru nýdáin hér þessi: Methúsalem Árnason, Friðriksson-ar frá Fossi í Hofsárdal í Vopnafirði, og Anna Guðmundsdóttir, úr austursveitum N.-Múlasýslu.

Tíðarfar hefir verið fremur umhleypingasamt síðan um miðjan f. m., með óvanalegum kulda.

Ferðamenn: Hér eru nú í kynnisför séra N. S. Thorláksson og Sigurbjörn Ásbjörnsson frá Selkirk, Manitoba.

S. M. S. Askdal.

F. Deluca

Verzlar með matvöru, aldini, smá-kökur, allskonar sætindi, mjólk og rjóma, sönnl. tóbak og vindla. Óskar viðskifta Íslend. Heitt kaffi eða te á öllum tímum. Fón 7756

Tvær búðir:
587 Notre Dame og 714 Maryland St.

Hver þvær og Hreinsar Fötin ydar?

Hversvegna að fara í Kína-kompurnar þegar þér eigið kost á að fá verkið gert betur, og alt eins ódýrt, í bezta og heilsusamlegustu þvottastofnun, þar sem aðeins hvitt vinnufólk er haft og öll hreinustu efni notuð
Vér óskum viðskifta ydar

The North-West Laundry Comp'y Ltd.
Hreinsarar o. Litarar
COR. MAIN & YORK FÓN 5178

Lesið með athygli!

Það borgar sig fyrir yður.

Fyrir 5 mánuðum síðan birtist þessi auðglýsing í Hkr., [aðeins 3 eða 4 sinnum], og af því að svo margir sáu sér dálítinn peningalegan hag af því, þá gripu þeir tækifærið glóðvolgt.

Heimskringla græðir ekkert á þessu kostaboði annað en það, að hún fær nokkra fleiri kaupendur, — og hún gerir sig ánægða með það.

Frá þessum tíma til nýárs í vetur gefst yður tækifæri að fá Heimskringlu í 15 mánuði og 1 sögu í ofaná lag, fyrir

$2.00

Hvað er nú hér!

Aldrei skaltu geyma

Til morguns

það sem hægt er að gera í dag. Þessvegna segjum vér: Skrifaðu ÞIG fyrir Heimskringlu í DAG. En ef þú geymir það til morguns, þá getur skeð að það verði ALDREI gert. Hver sá, eða sú, sem klippir úr blaðinu þessa auglýsingu og sendir hana til Heimskr. ásamt með $2.00 fær Hkr. í 15 mánuði, — og 1 góða sögu líka.

Gildir þar til 1. Janúar n. k., 1909

HEIMSKRINGLA
P.O. Box 3083, -- Winnipeg

Grípið tækifærið þegar það gefst

Fréttir úr bænum.

Conservative fundurinn í Selkirk Hall á fimtudagskveldið var, var með þeim stærstu, sem haldnir hafa verið hér í borginni. Svo var aðsóknin mikil, að mörg hundruð manna urðu frá að hverfa, sem ekki var hægt að þjappa í salinn, sem þó er afarstór, og talinn langstærsti fundarsalur hér í borg.

Ræður fluttu þeir E. L. Taylor, R. A. Bonnar A. J. Andrews, Mr. Alexander Haggart, þingmannsefni Conservativa hér, og Hon. R. P. Roblin.

Meðal annars skýrði forsætisráðherra Roblin frá ferð sinni um Austurfylkin með herra Borden og taldi alls engan efa á, að Conservativar ynnu næstu kosningar þ. 26. þ. m. Hann kvað kjósendurna hvervetna í Austurfylkjunum hafa vaknað til meðvitundar um þörfina á því, að breyta um stjórn. Stórir hópar manna, sem að undanförnu hafa fylgt Laurier, bjóða nú Borden fylgi sitt og áhrif öll. Þetta gengur á hverjum fundi, sem hann heldur eystra. Á mörgum fundi í Nova Scotia komu 3 "Liberal" þingmenn til herra Bordens og buðu honum fylgi sitt. Þeir kváðust ekki ætla að sækja um þingmensku við þessar kosningar. Þeim væri vel kunnugt um atferli Laurier stjórnarinnar og hins svokallaða "Liberal" flokks, þeir hefðu ekki samvizku til þess, að fylgja honum lengur að málum. Þessu líkt kvað ræðumaður það hafa verið, hvar sem Mr. Boeden hafði farið, og af 86 þingmönnum í Ontario, kvað hann Conservativa eiga vís 68 sætí, og ættu þá Conservativar, að hafa 50 umfram þar í fylkinu. Nálega allstaðar í stórbæjunum kvað hann stærstu fundarsali ekki hafa getað rúmað nema nokkurn hluta þess afarmikla mannfjölda, sem hefði sótt fundina, og þess vegna hefði verið nauðsynlegt, að hafa fleiri fundi í senn í hverjum bæ, og fyrir ræðumenn að skifta sér milli fundanna, þannig, að þegar ræðumenn höfðu lokið máli sínu á einum fundi, fóru þeir strax á eftir yfir á hina fundarstaðina. En fólkið sat og stóð í þúsundatali framyfir miðnætti til þess að hlusta á alt, sem hver ræðumaður hafði að segja.

Eltzu og áðustu stjórnmálamenn þar eystra, sögðust aldrei síðan árið 1878 hafa vitað almenningsáhtið eins eindregið móti nokkurri stjórn, eins og það væri nú móti Laurier stjórninni. Jafnvel í Quebec fylki kvað hann hafa verið afar fjölsótta, og mjög marga fyrverandi "Liberala" hafa lofað Borden eindregnu fylgi sínu.

Áreiðanlegar fréttir frá Íslandi segja, að ráðherra Hannes Hafstein hafi sagt af sér ráðherra embættanu þann 1. þ.m. Ekki er getið um, hver hafi komið í hans stað. Sömuleiðis hefir stjórnarformaður Dana sagt af sér embætti, eftir að uppvíst var orðið um glæpi Albertis.

Conservative fundurinn í Únitarasalnum á föstudagskveldið var var vel sóttur. Aðalræðuna hélt E. L. Taylor, og sýndi glögglega fram á, hve djúpt Laurier stjórnin er fallin. Ræðan var hin kröftugasta og prýðilega flutt, enda gerðu tilheyrendur góðan rómaað henni. — Þingmannsefni Conservativa, hr. Haggart, flutti stutta en skörulega ræðu. Hann var vant við kominn, því hann þurfti að vera á 4 fundum sama kveldið. En engum blandaðist hugur um það, sem heyrði ræðu hans, að Mr. Cameron, þingmannsefni "Liberala" hefir ekkert að gera með, að mæta honum á ræðupalli.

Mr. Haggart, þingmannsefni Conservativa hér í borginni, hefir nú 3 og stundum 4 fundi á ýmsum stöðum hér í bæ á hverju kveldi. Hann mætir og talar á öllum fundunum og ágætir ræðumenn styðja hann að málum. — Fundir þessir eru svo vel sóttir, að hundruð manna verða frá að hverfa, þeir er seint koma, — því húsfyllir er vanalega löngu áður en fundir eru settir.

Herra Vigfús Deildal, verkstjóri á C. N. R. brautinni í Prince Albert, Sask., kom til bæjarins í sl. viku. Hann hefir verið verkstjóri fyrir það félag í 9 ár. Hann kom í kynnisferð til kunningja sinna hér, og fór um helgina niður til Nýja Íslands og heldur heimleiðis aftur síðari hluta þessa mánaðar. — Herra Deildal segir lítið um íslenzkan félagsskap þar vestra. — Dýrt er að lifa þar, en að öðru leyti telur hann þar framtíðarland. Sum af börnum hans eru uppkomin, og hafa góðar stöður í Prince Albert bæ.

Það er tækifæri enn

að sjá Skugga-Svein leikinn. Á mánudags- og þriðjudagskveldið í næstu viku, 19. og 20. þ.m. verður hann leikinn f 3. og 4. sinn f Goodtemplarahúsinu. Útbúnaður hinn bezti. Nýmálað leiktjöld.

Skemtið yður vel eitt einasta kveld.

Herra Stephan G. Stephansson skáld er væntanlegur hingað til bæjarins um eða laust fyrir næstu mánaðamót. Hann mun ætla að ferðast um allar bygðir Íslendinga hér eystra og hafa samkomur til fróðleiks og skemtunar. Fyrsta samkoman verður haldin hér í borg og verður auglýst síðar.

Allsherjar fundur Conservtiva

verður haldinn í Walker leikhúsinu á þriðjudagskveldið kemur, 20. þ. m. Þar verða ræður fluttar af ýmsum helztu mælskumönnum þessa bæjar. Á þann fund ættu allir Íslendingar að koma og hlusta á sannleika sagðan um Laurier-stjórnina.

Herra Helgi Einarsson, að Narrows P.O., Man., biður þess getið, að hann verði að finna á Seymour Hotel hér í borginni mánudaginn 19. þ.m., og fram að hádegi á þriðjudaginn 20. þ.m. — Geta þá þeir menn, sem vildu ráðast til fiskiveiða í vetur, hvort haldur upp á hlut eða kaup, fundið Helga á Seymour Hotel.

Íslenzki Conservative klúbburinn boðar til almenns fundar í Únitara salnum á föstudagskveldið í þessari viku, þann 16. þ.m., til að ræða um stjórnmál þessa lands.

Meðal þeirra, sem ræður flytja, eru þessir:

Alexander Haggart, K.C.
B. L. Baldwinson,
Marino Hannesson.
Árni Anderson,
Skúli Hansson,
Fred Swanson, og fleiri.

Formaður klúbbsins Sigfús Anderson setur fundinn á slaginu kl. 8 og væntir nefndin þess, að öll sæti verði þá skipuð.

Fundurinn verður fjörugur og fræðandi. Fundurinn byrjar kl. 8. — Þeir, sem vilja fá sæti, ættu að koma í tíma.

"Frjálslyndi" flokkurinn hefir byrjað kosninga baráttu sina hér í þessum bæ með bjór og vindla veitingum á "Committee Rooms" sínum. Þessir herrar eru sannfærðir um það, að Cameron muni ekki vinna kosninguna hér á vinsældum eða fyrir hæfileika sakir, og eins vita þeir, að hún vinst ekki með bænagerð. Þess vegna er bjórinn brúkaður nú strax í byrjun, til að bleyta í sannfæringu kjósendanna, svo þeir verði leiðitamari við Laurier flokkinn. — Þeir ætla sér að vinna á því, að brjála vitsmunum kjósendanna.

Frá Akureyri á Íslandi kom í síðustu viku hingað til bæjarins herra Sigurður Stefánsson, eftir 30 daga ferð. Hann var einn sins liðs — Hann segir ástandið þar heima hið tezta til lands og sjávar. Hr. Stefánsson hefir í hyggju, að dvelja hér vestra um hríð til þess að kynnast landi og þjóð.

Telegraf lína C. N. R. félagsins milli Winnipeg og Regina var fullger til fregnsendinga um síðustu helgi.

Skugga-Sveinn

var leikinn í Goodtemplarahúsnu á mánudagskveldið var, — fyrir hálfullu húsi.

Útbúnaður allur, tjöld og klæðnaðir, báru þess vott, að vel hafði verið undirbúið leikinn. Og svo mátti heita, að yfirleitt væri vel leikið.

Skuggasveinn er mikilfengleg persóna, og fullkomlega eins vel leikinn og áður hefir verið hér í borg. Galdrahéðinn, Gvendur smali og Ketill skrækur voru og vel leiknir. Og yfirleitt má segja, að allir leikendur leystu hlutverk sín svo vel af hendi, að vart sé hægt að gera þess mun, hver tezt leiki.

Leikur þessi er afarlangur, stóð yfir 4½ klukkustund. Í þessum leik voru sýnd 5 ný tjöld, sem hr. Friðrik Sveinsson hefir málað, og eru þau hreinasta listaverk. Þau eru:

1. Öræfi á fjöllum.
2. Heiðarbrún.
3. Útilegumanna fylgsnið, — Hellisdalurinn.
4. Grasaheiðin.
5. Hellirinn innanverður.

Tjöldin no. 2, 3 og 4 eru afarstór og er no. 2 sérstaklega fagurt. — Sést af heiðarbrún ofan yfir afarlangan og fagran dal. Stór og straumhörð á rennur eftir dalnum og nokkrir lækir frá fjallatoppum leggja megin dalsins renna niður í ána. Undirlendið beggja megin árinnar er grösugt og fagurt, og í fjarlægð sjást reykir frá bæjum, og einn bærinn sést algerlega. — Þetta tjald er að vorri hyggju, — metið frá íslenzku sjónarmiði, — það fegursta, sem vér höfum séð á nokkuru íslenzku leikhúsi, og að sjá það er í sjálfu sér alls þess virði, sem inngangurinn kostar. — En ekki var sýnilegt, að áhorfendurnir væru því vaxnir, að geta metið listaverk þetta, því ekkert lófaklakk eða annað ánægjumerki sýndu þeir, þegar það kom í ljós, og mundi það þó hafa gert verið á hverju hérlendu leikhúsi.

Í rauninni eru tjöldin aðalágæti þessa leiks, því að í eðli sínu er efni hans ofboð lítilljörlegt og laust við að hafa nokkur siðbætandi áhrif á tilheyrendur, enda sýnilega hvorki hugsað né ritað upphaflega í þeim tilgangi. Sautjándu aldar litklæði stúdentanna og sýslumannsins voru smekklag, en búningar bændanna, að undanteknum Sigurði í Dal, hefðu átt að vera skárri nokkru. — Það virðist kominn tími til þess hér í landi, að hætt sé við að auglýsa á opinberum skemtistöðum — eða annarstaðar — forfeður vora, bændalýðinn íslenzka, í þeirri mynd, sem hann kemur fram í skuggasveini, — sem lökustu mannræfla, vitgranna, tötrum klædda af lökustu tegund, óhreina og lúsuga, með alla framkomu svo vitfirrings og viðbjóðslega, sem frekast er hægt að gera hana. Þessi ókostur á sýningu íslenzkra leikrita vestanhafs þarí og verður að kveðast niður.

Að öðru leyti hefir verið vandað til þessa leiks, og félagið, sem fyrir honum stendur, hefir lagt mikið í kostnað, — svo hundruðum dollara skiftir. Íslendingar gerðu því rétt í, að sækja þessa leiki vel á mánudags og þriðjudagskveldin í næstu viku. Þeir fá þar peninganna virði, — þó ekki væri í öðru en að sjá og athuga nýju tjöldin.

Menningarfélagsfundi FRESTAÐ

til MIDVIKUDAGSKVELDS (14. þ. m. Umræðuefni sem áður auglýst: Hannes Hafstein. Allir velkomnir.

Í kveld (fimtudag 15. okt.) er danssamkoma kvenfélagsins "Gleym mér ei", á Oddfellows Hall. Arðurinn gengur til fátækra, munið það, landar góðir, og fjölmennið.

J. G. SNIDAL tannlæknir verður á Baldur dagana 19., 20. og 21. þ.m., og að Glenboro 22., 23. og 24. þ.m. — Argyle búar eru beðnir að festa þetta í minni.

Herra Gunnar Goodmundsson, að 702 Simcoe St., vill fá að vita um, ef einhver Íslendingur ætlar vestur að hafi í þessari viku. Þeir, sem kunna að hafa fyrirhugað slíka ferð, geri svo vel, að láta hann vita um það.

Góð matreiðslustó

nær því ný, til sölu að 623 Agnes St. Hún er óskemd að öllu leyti og verður seld fyrir þriðjung verðs, og heilmikið af stórörum í kaupbætir. Gripið þetta góða tækifæri sem fyrst.

Viðurkenning.

Undirrituð þakkar hér með hinu alkunna og áreiðanlega lífsábyrgðarfélagi "The Independent Order of Foresters" fyrir greið og góð skil á $1,000, sem fulla borgun á lífsábyrgðar skirteini No. 65904, sem mann látni eiginmaður Thorsteinn Thorsteinsson (Lindal) hafði hjá ofangreindu félagi, og auk þess $50 í útfararkostnað. Ennfremur þakka ég hjartanlega meðlimum stúkunnar "Blaine" No. 4187, sem hinn látni tilheyrði, fyrir alla þá hjálp og umönnun, sem þeir sýndu mér og fjölskyldu minni við veikindi og fráfall míns látna vinar.

Sigríður Thorsteinsson (Lindal)

Þingkosningarnar á Íslandi.

Atkvæðafjöldi milli þingmannaefnanna í hinum ýmsu kjördæmum hefir fallið eins og hér segir:

Í Reykjavík kosnir Dr. Jón Þorkelsson landskjalavörður með 579 atkv. og Magnús Blöndahl framkvæmdarstjóri með 529 atkv. — (Guðm. landlæknir Björnsson fékk 435 atkv. og Jón verkfr. Þorláksson 453 atkv.).

Á Akureyri kosinn Sigurður Hjörleifsson ritstj. með 146 atkv. (Magnús Kristjánsson kaupm. fékk 136 atkv.).

Á Ísafirði kosinn séra Sigurður Stefánsson í Vigur með 157 atkv. (Jón Laxdal fékk 83 atkv.).

Í Kjósar og Gullbringusýslu kosnir Björn Kristjánsson kaupm. með 530 atkv. og séra Jens Pálsson með 519. (Halldór Jónsson gjaldker fékk að eins 82 atkv. og Jón sagnfræðingur Jónsson 79.

Í Borgarfjarðarsýslu kosinn Kristján Jónsson háyfirdómari með 168 atkv. (Björn bóndi í Grafarholti fékk 111 atkv.

Í Mýrasýslu kosinn Jón Sigurðsson bóndi á Haukagili með 108 atkv. (Jóhann í Sveinatungu fékk 96 atkv.).

Í Dalasýslu kosinn Bjarni Jónsson ritstj. frá Vogi með 188 atkv. (Jón Jensson fékk að eins 52 atkvæði).

Í Suður-Múlasýslu kosnir Jón Jónsson frá Múla með 269 atkv. og Jón Ólafsson ritstj. með 263 atkv. — báðir frumvarpsmenn. — (Jón bóndi á Egilsstöðum fékk 221 atkv. og Sveinn bóndi í Firði fékk 177 atkv.).

Í Strandasýslu kosinn Ari Jónsson ritstj. með 99 atkv. (Guðjón kaupfélagsstj. Guðlaugsson fyrv. þingmaður fékk 87 atkv.).

Í Skagafjarðarsýslu kosnir Ólafur Briem bóndi með 387 atkv. og Jósef bóndi Björnsson með 222 atkv. (Stefán kennari og nefndarmaður fékk 181 atkv.).

Í Suður-Þingeyjarsýslu kosinn Pétur á Gautlöndum (frumvarpsmaður) með 276 atkv. (Sigurður bóndi á Arnarvatni fékk 116).

Í Eyjafjarðarsýslu kosnir H. Hafstein ráðherra með 341 atkv. og Stefán bóndi í Fagraskógi með 307 atkv., — báðir frumvarpsmenn. (Kristján bóndi á Ytri-Tjörnum fékk 106 atkv.).

Í Norður-Þingeyjarsýslu kosinn Benedikt Sveinsson ritstj. með 107 atkv. (Björn Sigurðsson bóndi í Grjótnesi fékk 58 atkv.).

Í Húnavatnssýslu kosnir séra Hálfdán Guðjónsson með 235 atkv. og Björn bóndi Sigfússon með 222 atkv. (Þórarinn Jónsson fékk 157 atkv. og Jón Hannesson 131 — báðir frumvarpsmenn).

Auk þess voru þar í kjöri séra Hafsteinn Pétursson, sem fékk 52 atkv. og Árni bóndi á Höfðahólum, sem fékk 45 atkv. (báðir sjálfstæðismenn).

Í Árnessýslu kosnir Sigurður ráðunautur Sigurðsson með 371 atkv. og Hannes Þorsteinsson ritstjóri með 355 atkv. (Bogi Melsted fékk 182 atkv. og séra Ólafur Sæmundsson í Hraungerði 174 atkvæði).

Í Vestmannaeyjum kosinn Jón Magnússon skrifstofustjóri (frumvarpsmaður og nefndarmaður) — með 74 atkv. (Séra Ólafur fríkirkjuprestur fékk 43 atkv.).

Í Rangárvallasýslu kosnir séra Eggert Pálsson á Breiðabólstað með 234 atkv. og Einar bóndi Jónsson á Geldingalæk með 230 atkv., — báðir frumvarpsmenn. — (Sigurður bóndi á Selalæk fékk 211 atkv. og Þórður bóndi í Hala 183 atkv.).

Í Vestur-Ísafjarðarsýslu kosinn séra Kristinn Daníelsson á Útskálum með 157 atkv. (Jón Ólafsson hreppstjóri, fyrrum þingm., fékk 94 atkv.).

Í Vestur-Skaftafellssýslu kosinn Gunnar Ólafsson kaupm. í Vík með 90 atkv. (Jón bóndi á Hemru fékk 60 atkv.).

Í Norður-Múlasýslu kosnir Jón Jónsson bóndi á Hvanná (sjálfstæðism.) með 181 atkv. og Jóh. Jóhannesson sýslumaður (frumv. og nefndarmaður) með 169 atkv. (Guttormur í Geitagerði (frvm.) fékk 168 atkv. og Einar bóndi á Eiríksstöðum (sjálfstæðism.) fékk 166 atkv.).

Í Austur-Skaftafellssýslu kosinn Þorl. Jónsson hreppstj. á Hólum með 82 atkv. (Guðl. Guðmundsson sýslumaður og fógeti á Akureyri fékk að eins 41 atkv.

Í Snæfellsness og Hnappadalssýslu kosinn séra Sigurður Gunnarsson í Stykkishólmi með 276 atkv. (Lárus H. Bjarnason lagaskólakennari, nefndarmaður og fyrverandi þingmaður þar, fékk 192 atkvæði).

Í Barðastrandarsýslu kosinn Björn Jónsson ritstjóri. Ófrétt um atkvæðatölu.

Kosningin á Seyðisfirði er sú eina kosning, sem kærð hefir verið, og er þar í raun og veru enginn kosinn enn. Séra Björn Þorláksson á Dvergasteini fékk 56 atkv., en dr. Valtýr 57. Yfirkjörstjórnin þar, með Jóhannes sýslumann mág dr. Valtýrs sem forseta, gerði 7 atkv. ógild fyrir séra Birni, en að eins 1 fyrir dr. Valtýr. En séra Björn krefst þess, að 4 atkv. dr. Valtýrs séu gerð ógild, með því þau séu gölluð. En yfirkjörstjórn neitaði, að taka þá kröfu til greina. Fer því kæra þessi fyrir þing, þegar það kemur saman, og ákveður það, hvor þeirra skuli verða þingmaður, eftir því hvort það álítur þessi atkvæði dr. Valtýrs ógild eða ekki. Mikil líkindi eru til þess, að séra Björn beri þar hærri hlut, og verði kjörinn þingmaður kjördæmisins. — Sagt er, að það hafi verið áfengisbannskaga andstæðingar, er vildu bægja séra Birni frá kosningu, því sárláir frumvarpsmenn kváðu vera þar til. En hætt er við, að þeim verði ekki kápan úr því klæðinu, því líkindi eru til að Björn karlinn gefi þessum Bakkusarvinum löðrung, þegar á þing kemur, með áhrifum sínum á framgang aðflutningsbannsins.

Annars hafa Norðmýlingar farið verst út úr þessum kosningum af öllum kjósendum landsins. Í sýslunni kjósa þeir andstæðinga, og með því fyrirgera þeir rétti sínum til að hafa nokkurt atkvæði um sjálfstæðismálið. En lítlu munaði, að Einar á Eiríksstöðum næði kosningu. Hefðu að eins 4 fleiri af kjósendum Jóns á Hvanná greitt atkvæði með Einari, þá var spilið unnið. Og ekkert var sjálfsagðara en að kjósendur hefðu greitt atkvæði með mönnum, sem voru sömu skoðunar á sjálfstæðismálinu.

Seyðfirðingar eru aftur á móti einu kjósendurnir á landinu, sem með meiri hluta atkvæða eru á móti aðflutningsbanni áfengis, og neyta svo allrar orku til að gera kosningu þess manns ógilda, sem þeir vita að er gallharður fylgismaður þess máls. Alt öfugt við aðra landsbúa.

Af yfirlíti hinna kjörnu þingmanna má sjá, að kosnir hafa verið 8 bændur, 6 prestar (7 ef séra Björn er talinn, sem mun óhætt), 7 ritstjórar, 5 verzlunarmenn og kaupmenn, 2 opinberir starfsmenn. Að eins 4 embættismenn, og einn, sem óvíst er, til hvaða flokks á að telja (Jón Ólafsson). Alþingi Íslendinga hefir aldrei verið skipað sanngjarnara eftir atvinnuvegum, en einmitt nú, — aldrei jafnmargir alþýðumenn, og jafnfáir embættismenn, og er það vel farið. Sjómannastéttina vantar þó enn fulltrúa úr sínum eigin flokki.

Höfðingjaklíðið hefir nú í fyrsta skifti, síðan alþingi var háð, fengmyndarlega utanundir hjá þjóðinni, við þessar kosningar. Það má segja: "öðru vísi mér áður brá".

Á. J. JOHNSON.

STÓRT HERBERGI til leigu tveimur piltum eða tveimur stúlkum. Aðgangur að matreiðsluáhöldum. Hkr. vísar á staðinn.

"Hvað að brúka og hvar skal fá það".

VITUR MADUR

Við höfum lítið að segja, en það sem við segjum, segjum við "beint út". Við óskum að þið komið til okkar þegar þið farið að kaupa haust eða vetrarfötin ykkar. Þú veizt ekki hvað ódýrt þú getur keypt föt búin til eftir máli, fyr en þú kemur og talar við oss. —

McFarlane & Cairns
SKREDARAR
335 Notre Dame — Aðrar dyr vestan Wpg. Leikhúsið.

Íslenzkur Kjötsali

Hvergi fest betra né ódýrara KJÖT en hjá honum,—og þá munt sannfærast um að svo er, ef þú aðeins kaupir af honum í eitt sinn. Allar tegundir. Óskar að Isl. heimsækji sig

CHRISTIAN OLESON,
666 Notre Dame Ave. Talefón 6906

J. G. Snidal, L. D. S.
ÍSL. TANNLÆKNIR
COR. MAIN & BANNATYNE
DUFFIN BLOCK PHONE 5302

Hubbard, Hannesson and Ross
LÖGFRÆÐINGAR
10 Bank of Hamilton Chambers
Tel. 378 Winnipeg

ARNI ANDERSON Íslenzkur lögmaður
~~ Í félagi með ~~
Hudson, Howell, Ormond & Marlatt
Barristers, Solicitors, etc.
Winnipeg, Man.
13-18 Merchants Bank Bldg. Phone 3621, 3622

BONNAR, HARTLEY & MANAHAN
Lögfræðingar og Landskjala Semjarar
Suite 7, Nanton Block, Winnipeg

BILDFELL & PAULSON
Union Bank 5th Floor, No. 520
selja hús og lóðir og annast þar að lútandi störf; útvegar peninglán o. fl.
Tel.: 2685

Stefán Guttormsson,
Mælingamaður
663 AGNES STREET. WINNIPEG.

Dr. G. J. Gislason,
Physician and Surgeon
Weltington Blk. - Grand Forks, N.Dak
Sjerstakt athygli veitt AUGNA, EYRNA, KVERKA og NEF SJÚKDÓMUM.

Miss Jóhanna Ólson,
Piano Teacher
658 Beverley Street.

Drs. Ekern & Marsden,
Sérfræðislækuar í Eftirfylgjandi greinum: — Augnasjúkdómum, Eyrnasjúkdómum, Nasasjúkdóm um og Kverkasjúkdómum. : : :
Í Platky Byggingunni í Bænum
Grand Forks, .: N. Dak.

A. S. BARDAL
Selur líkkistur og annast um útfarir. Allur útbúnaður sá bezti. Enfremur selur hann alskonar minnisvarða og legsteina.
121 Nena St. Phone 306

Arena Rink
Þar er skemt sér á Hjólskautum hvern eftirmiðdag og kveld, nema föstudage. Hljóðfeerafl, spilar. Dansar þeir, sem áður voru í Drill Hall, eru nú haldnir hér á föstudagskv. Dans frá 8 til 12. Inngangur, karlm. 50c, fritt fyrir kvenfólk. Persónum innan 15 ára ekki leyfð innganga.
JAMES BELL, eigandi.

Boyd's Brauð.
Búið til úr bezta hveiti; er full vegið og að öllu leyti gert í vélum Bakarí herbergi ætið í óaðfinnanlegu ástandi. Borðið ekki brauð sem búið er til í Bakaríum sem eru í óheilsusamlegu ástandi. Það er algerlega hættulaust að borða vort gæðabrauð.
Boyd's
Bakery Cor. Spence & Portage Ave
Phone 1030.

Antonio De Landro
SKÓSMIÐUR, horni Maryland & Wellington (Bak við aldinabúð.) Verk gott og verð rétt.

Royal Optical Co.
327 Portage Ave. Winnipeg. RÉTT Á MÓTI EATON'S BÚÐINNI.
Beztu Augnfræðingar
12-9-8
Öll nýjustu og bezt reynd verkfæri notuð. Höfuðverkur sem stafar frá augunum, áreiðanlega læknaður. Sanngjarn kostnaður.
AUGU SKODUD KOSTNADARLAUST.

LAND

Vér höfum ofanritaðan fengið til sölu yfir 30 fertíðaar-fjórðungs, liggjandi að Oak-lands brautt C. N. R. Stöðvunni. Verð-ið er frá $7.00 til $17.00 hver ekra. Ekkert af landum þessum eru meir en 5 mílur frá járnbrautinni.

Skúli Hansson & Co.
Skrifst. Talsíma 6476. Heimilis Talsíma 2274

Heimskringla.

Alt landið

er ábyrgst að vera jafnfyrkja land af bestu tegund, og fæst keypt með vægum afborgunar skilmálum. (N.B.—Leggið fyrripart þessarar augl. vinstramegin við Hkr. nafn.)

Frekari upplýsingar veita
Skúli Hansson & Co.
56 Tribune Building. Winnipeg.

XXIII. ÁR. WINNIPEG, MANITOBA, FIMTUDAGINN, 22. OKTÓBER, 1908 NR. 4



ALEXANDER HAGGART, K.C.,

sem var formlega útnefndur á mánudaginn var, sem þingmanna-efni Conservativa í Winnipeg Útnefningarskjalið var undirritað af mesta fjölda kjósenda.

Merkustu blöð á Englandi spá vel fyrir Conservative flokknum.

Engelsk blöð, sem annars ekki láta sig miklu skifta um kosningar í Canada, eru tekin til að rita um þær.

Blaðið LONDON TIMES, dagsett 17. þ.m., segir í ritstjórnargrein, að sá tími sé liðinn, að nafn Sir Wilfrids Lauriers sé leiðandi afl í kosningum landsins, og að nú séu orðnir uppvísir svo margir glæpir í sambandi við stjórnarfar hans, og að þeir séu svo ljóslega sannaðir með opinberum skýrslum sjálfrar stjórnarinnar — að svo liti út, sem þjóðin sé ákveðin í að breyta um stjórn. En Laurier muni sjálfur fá varanlegt nafn í sögu landsins, og verðuga viðurkenningu fyrir það, sem hann hafi framkvæmt ríkinu til hagnaðar. Hinsvegar sé það ómótmælanlegt, að á síðari stjórnarárum hans hafi svo mjög kveðið að ýmiskonar svikserni, að jafnvel þó hann kunni að halda völdum, þá muni hann hafa litla yfirburði í þinginu.

Blaðið MORNING POST segir í ritstjórnargrein, að það samþykki skoðun blaðsins "Times", og að nú eigi Laurier stjórnin orðugra en nokkru sinni fyr, að ná hylli fólksins, því þó Laurier sjálfur kunni að vera undanþeginn svikserni ákærunum, sem bornar séu á stjórn hans, þá verði hann að bera ábyrgðina af því, að halda verndarhendi yfir þeim, sem með undirferli og brögðum séu að svæla undir sig eignir landsins. — Blaðið talar um starf nefndar þeirrar, sem sett var til þess, að rannsaka stjórnarþjónustuna, og telur víst, að Laurier geti ekki búist við neinum teljandi yfirburðum við þessar kosningar, og að ef hann tapi nokkrum sætum í Quebec fylki, þá sé stjórn hans efalaust fallin.

Blaðið SATURDAY REVIEW segir í ritstjórnargrein, að andstæðingaflokkur Laurier stjórnarinnar sé einbeittur og sívaxandi að afli, svo að alt bendi til stjórnarskifta. Laurier sé sjálfur ekki yfir það hafinn, að að honum sé fundið, og að verzlunar hlynnindi þau, sem hann hafi veitt Bretlandi, séu alt eins trygg í höndum Conservativa, — þó trúlegt sé, að sá flokkur mundi fara fram á, að Bretar lótu eitthvað í móti koma, og að slíkri málaleitun mundi verða vel tekið.

Yfirleitt virðast blöð Breta lita svo á, sem að hér muni verða stjórnarskifti við kosningarnar þ. 26. þ.m., og að þau orsakist af almennri óánægju þjóðarinnar yfir þjóðeignaráni því, sem Laurier hefir leyft og liðið vinum sínum að fremja, og varið þá síðan í ræðum sínum og haldið hlífisskildi yfir þeim.

Blöðin játa það og, að þjóðarþjónustu nefndin og skýrslur sjálfrar stjórnarinnar fyllilega sanni þær sviksemis og þjóðeignaráns ákærur, sem á stjórnina eru bornar.

PURITY FLOUR

AÐ BAKA BEZTA BRAUÐ

er meira en vísindi og meira en list.

En það má gerast fljótlega og áreiðanlega með því að nota

PURITY FLOUR

Það er malað úr bezt völdu Vestur-Canada Hörðu Hveiti-korni; er algerlega hreint og svo ilmandi kjarngott.

ALLIR ÍSLENZKIR KAUPMENN SELJA ÞAÐ

WESTERN CANADA FLOUR MILLS CO.,
LIMITED.
WINNIPEG, —— CANADA.

Mr. Borden ávarpar kjósendur landsins

Leiðtogi Conservative flokksins gerir grein fyrir stefnu hans í stuttu en ljósu máli

Hvað er markmið "Liberal" Conservative stefnunnar? Að útvega bændum og framleiðendum betri samgöngu og flutningstæki fyrir lægra verð en nú á sér stað. Að stuðla til þess, að vorir ungu menn í sveitunum leiti ekki burtu þaðan til bæjanna, — með því að gera þeim mögulegt, að njóta allra þeirra þæginda heima í héraði, sem heimsmennningunni eru samfara nú á dögum, svo sem: Betri póstflutningstæki, póstflutning heim á heimili, sveitunum að kostnaðarlausu, og ritsíma og talsíma afnot fyrir lægra verð og með hægara móti, en nú gerist.

FYRIR VERKAMENN.

Að koma á nógu hárri tollvernd til þess, að verkalýður landsins geti fengið lífvænlegt kaup fyrir vinnu sína, og þurfi ekki að óttast óréttláta samkepni meður heppilegra innflytjenda eða örlátæks verkalýðs annara landa.

Að efla hag fiskimanna stóttarinnar, og styðja að greiðari og betri fiskimarkaði innanlands.

RÁÐVÖND STJÓRN.

Að hafa hag þjóðarinnar fyrir augum í sambandi við sérhverja stjórnarathöfn, og láta aldrei eitt cent af opinberu fé ganga til annars en opinberra þarfa.

Að gera hagfeldar breytingar á stjórnarþjónustunni (Civil Service). Að vera vandur að útnefningu embættismanna. Og að gera nauðsynlegar umbætur á kosningalögunum, og sjá um, að þeim sé stranglega hlýtt, hver sem í hlut á.

Að gera alt, sem unt er, og lög framast leyfa til þess að neyða þá, sem ranglega hafa dregið undir sig fasteignir ríkisins, til að skila þeim til þjóðarinnar aftur. Að hafa algerða umsjón með öllum stofnunum, sem starfa í almenningsþarfir. Að viðhafa nákvæmni í vali innflytjenda og að neita um inngöngu í landið fólki, sem ekki er æskilegt eða líklegt til að verða landinu til uppbyggingar. Að hafa stjórn járnbrautarinnar, sem þjóðin á, gersamlega óháða öllum flokkum.

Að taka upp fjármálastefnu, er styður að því, að auðsuppsprettur landsins verði gerðar þjóðinni í heild sinni arðberandi, svo sem skógarnir, námarnir og fiskivötnin. Að gera umbætur á vatnavegum landsins og hafnstöðum þess. Að koma á verzlunarviðskifta skiíti-samningum við brezka veldið, og tryggja réttindi og frelsi hinna ýmsu fylkja.

RÁÐVENDNI Í STJÓRNARFARINU ADAL ATRIÐIÐ.

Þegar bornar hafa verið fram kærur um fjárdrátt og stuld fjár og þjóðeigna ríkisins, og það sannað með því, að tilgreina þjófana og hverju stolið var, — þá hefir Sir Wilfrid svarað á þessa leið: — "Það er fyrir neðan mig, að tala um slíka hluti, — ég hefi stærri og alvarlegri viðfangsefni að hugsa um". Er ekki ráðvendni í stjórnarfarinu mest áríðandi af öllu? Hver eru þessi stærri og alvarlegri viðfangsefni, sem forsætis ráðherrann lætur huga sinn dvelja við? Var Alexander McKenzie ekki eins góður og mikill maður fyrir það, að hann áleit það vera sína fyrstu skyldu, að verndа ríkissjóðinn fyrir ágangi fylgifiska sinna?

TIL HINNA YNGRI MANNA.

Það liggur í augum uppi, að forsætis ráðherra Canadaríkis getur ekki látið hugann dvelja við neitt annað, sem er meir áríðandi en hinn siðferðislega grundvöll, sem öll þjóðstjórn hlýtur að standa á. Sögur þjóðanna, frá fyrstu tímum alt fram á vora daga, sannæra oss um það, að engin þjóð hefir getað þrifist, sem ekki hefir sett þjóðar og einstaklings siðferði á merki sitt.

VELFERÐ LANDSINS ER KOMIN UNDIR YNGRI MÖNNUNUM.

Velferð landsins er í höndum hinna yngri manna. Og það því fremur, þegar tímar líða. Trúa þeir því, að framför Canada á liðnum árum sé núverandi stjórn að þakka, eða að þeim mönnum að eins, sem nú eru í stjórninni, sé treystandi til þess, að hafa stjórn landsins á hendi? Hefir framförin og velgengnin komið frá mönnunum, sem sitja á ráðaneytis bekkjunum, — eða er það að þakka atorku og framsýni íbúanna, sem yrkt hafa jörðina og hagnýtt sér aðrar auðsuppsprettur landsins? Ósigur núverandi stjórnar verður ekki sigur fyrir Liberal-Conservative flokkinn að eins, heldur einnig mikinn hluta Liberala sjálfra, — með öðrum orðum: fyrir canadisku þjóðina í heild sinni.

Ég loía þeim því hátíðlega, ef ég kemst til valda, að velja þá menn eina í stjórnina með mér, sem eru í sannleika fulltrúar þessa mikla lands, sem ég á að vinna fyrir.

Conservative Committee Rooms

í Vestur-Winnipeg eru 2, — á þessum stöðum:

Horni Sargent Avenue og Furby St. (beint á móti Tjaldbúðinni). Talsími 8526.

Og í Orris Blk., horni Pacific Ave. og Nena St.

Conservative Fundur

í Goodtemplarahúsinu í kveld (fimtudag 22. þ. m) Ágætir ræðumenn. — Fjölmennið!

Kjósendur! Greiðið atkvæði með Alexander Haggart, K.C.,

og góðri og ráðvandri stjórn



R. L. BORDEN.

Allir, sem bera velferð landsins fyrir brjósti, ættu að kjósa stuðningsmenn Mr. Bordens.

Verið á verði!

Hon R. P. Roblin er nýkominn úr ferð um Saskatchewan og Alberta fylkin. Hann segir það áreiðanlegt, að alt Vesturlandið sé yfirgnæfandi með Conservative flokknum. Á öllum fundum, sem hann hélt, var aðsóknin svo mikil, að húsin gátu ekki rúmað nema lítinn hluta þeirra, sem komu, og varð því mikill fjöldi manna frá að hverfa á hverjum stað. Herra Roblin telur engan efa á, að Conservative þingmannaefnin fái mikla fleirtölu atkvæða víðast í Vesturfylkjunum, ef kjósendur fái að vera sjálfráðir um, hvernig þeir greiði atkvæði þann 26. þessa mán aðar.

En hinsvegar kveðst herra Roblin óttast, að ýmsum brögðum verði beitt, til þess að ræna sumum kjördæmunum frá Conservativum með fölskum kjörseðlum, eins og gert var í Prince Albert kjördæminu um síðustu ríkiskosningar. Til dæmis sagðist hann hafa orðið þess var, að í Alberta hefðu kjörstaðir verið settir langt út í óbygðum, þar sem enginn maður býr. Einn vinur Conservative flokksins ferðaðist 350 mílur til þess að gæa herra Day, þingmannsefni Conservativa í Strathcona kjördæminu, aðvart um þetta — og má á því marka áhugann, sem nú er þar vestra fyrir því, að Laurier stjórninni og fylgifiskum hennar sé ekki leyft að brúka hrekki til þess að svifta kjósendurna atkvæðum sínum.

Það er og orðin almenn trú, að hér í Manitoba verði brögðum beitt af hálfu "Liberala" til þess að vinna ýms kjördæmi með röngu móti, og þess vegna hefir dómsmálastjóri Campbell gert ráðstafanir til þess, að gætur verði hafðar á þeim, sem rangindi kunna að fremja. Og hann hefir auglýst, að hann borgi TVÖ HUNDRUÐ DOLLARA hverjum þeim, sem afhendi sér atkvæðaseðil með áritun kjörstjórans, er fenginn sé kjósendunum, hvort heldur sá kjörseðill sé fenginn honum utan kjörstaðarins eða inni á kjörstaðnum, í skiftum fyrir seðil, er hann kann að hafa fengið utan kjörstaðarins.

Herra Roblin gat þess, að menn hefðu nú þegar verið senair vestur í Alberta héraðið til þess að vinna að kosningum í þarfir "Liberal" flokksins, og að þessir menn væru þektir að því, að hafa áður stundað sömu atvinnu fyrir sama flokk í Brockville kjördæminu í Ontario. — Alberta búar þurfa að hafa nákvæmar gætur á þeim náungum, því þeir svífast einkis.

Það leikur lítill efi á því, að Laurier stjórnin vonar ekki að vinna þessar kosningar á vinsældum eða tiltrú kjósendanna til hennar, — heldur með prettum, ef það verður mögulegt.

Annars telur herra Roblin — eftir þeirri þekkingu, sem hann hefir fengið á ferðum sínum um öll Canada fylki frá Atlantshafi til Klettafjalla — alls engan efa á, að Borden vinni frægan sigur í næstu kosningum.

CONSERVATIVE FUNDURINN

í Walker leikhúsinu á þriðjudagskveldið var, var hinn langfjölmenn ásti fundur, sem sögur fara af í Winnipeg, þó veðrið væri engan veginn ákjósanlegt. Fjölda margir urðu frá að hverfa, sem ekki gátu fengið að standa þar inni, hvað þá að sitja. Ræðumenn voru: Alexander Haggart, þingmannsefni Conservativa, forsætisráðherra Roblin og lögmaður J. A. M. Aikins. Að ræðunum var gerður hinn bezti rómur, enda voru þær ágætar, og ef dæma skal eftir áhuganum, sem sýndi sig á fundinum, fær Mr. Haggart mikinn meiri hluta atkvæða hér í kjördæminu.

Wall Plaster

Með því að venja sig á að brúka **"Empire"** tegundir af Hardwall og Wood Fibre Plaster er maður hár viss að fá beztu afleiðingar.

Vér búum til:

"Empire" Wood Fibre Plaster
"Empire" Cement Wall "
"Empire" Finish "
"Gold Dust" Finish "
"Gilt Edge" Plaster of Paris
og allar Gypsum vöruuteg-undir. —

Eigum vér að senda yður bækling vorn?

MANITOBA GYPSUM CO. LTD
SKRIFSTOFUR OG MILLUR Í
Winnipeg, - Man.

Heimskringla

Published every Thursday by The Heimskringla News & Publishing Co. Ltd

Verð blaðsins í Canada og Bandaríkjunum $2.00 um árið (fyrir fram borgað). Sent til Íslands $2.00 (fyrir fram borgað af kaupendum blaðsins hér $1.50.)

B. L. BALDWINSON,
Editor & Manager

Office:
729 Sherbrooke Street, Winnipeg
P.O. BOX 3083. Talsími 3521.

Almenningsálitið

Það er orðin föst sannfæring og óbifanleg trú Canada þjóðarinnar, að hún á yfirstandandi tíma sé í rameflldum járngreipum ránglarnar stjórnar, — að í stað þess, að hún hafi í Ottawa ráðaneyti heiðarlegra stjórnmálamanna, þá sé þar í rauninni ráðaneyti eiginglarnra og ærusneiddra þjóðeigna ræningja. — Sá Liberal finst nú hvergi, sem ekki játar, — af því hann má til að játa við ljós óyggjandi sannana, sem fram hafa komið, og ekki er með nokkru móti mögulegt að hrekja — að Laurier stjórnin sé stórsek um ýmislegt, sem hún hafi hvorki átt að leyfa né líða. En þeir halda margir hverjir því fram, að Laurier sé saklaus, — hann viti ekki um, hvað verið sé að gera, og þess vegna sé sjálfsagt að styrkja stjórn hans. Aumari og rangsleitnari afsökun er ekki hægt að finna. Þessir náungar virðast ekkert vita um, að hinir tíðu flokksfundir, sem daglega eru haldnir meðan á þingi stendur, eru einmitt til þess gerðir, að mynda stefnu flokksins í hverju einstöku máli, og að alls ekkert mál kemur á dagskrá, nema það sé fyrirfram ákveðið á slíkum flokksfundum og skoðanir hvers einasta flokksfylgjanda séu auglýstar og athugaðar. Á öllum slíkum fundum er flokksforingann sjálfsagður að veta og nokkrir ráðgjafar, til þess að styðja hann að málum, og engin fóst ákvörðun er tekin í nokkru máli, nema með fullu samþykki hans, eða samkvæmt tillögu hans og samþykki flokksfylgenda, og þar er um það samið og það fastmælum bundið, hvernig verja skuli í opnu þingi hverja sérstaka gerð stjórnarinnar eða hvers sérstaks ráðgjafa hennar, að því er snertir ráðgjafalegan embættisrekstur þeirra. Það er því óráðanlega víst, að Laurier ekki að eins hefir haft fulla vitneskju um, heldur einnig verið hjartanlega samþykkur öllu því, sem fram hefir farið í stjórn hans á síðastliðnum 12 árum, og hlýtur því að bera fulla ábyrgð á því.

En auk flokksfundanna, sem áður er getið, eru privat-setur ráðaneytisins, svo að segja daglegar, þar sem ráðgjafarnir allir eða meiri hluti þeirra bera sig saman um öll mál og hverja einustu stjórnarathöfn, sem fyrirhuguð er. — Það er því svo langt frá því sanna, sem frekast getur verið, þegar sagt er, að Laurier viti ekkert um og sé saklaus af öllum hneykslum, sem fram fara í stjórn hans. Enda er afstaða hans ljóslega sýnd, bæði á opnum fundum og á nefndarfundum, þegar hann beitir valdi sinu til þess, að koma í veg fyrir það, að þjóðin geti fengið fulla vitneskju um glæpi þá, sem framdir eru, og til þess, að hlífa glæpamönnunum, svo sem frekast er unt. Þessu valdi hefir hann þráfaldlega beitt, og þar með sýnt, að hann veit um alt, sem fram fer og ber ábyrgð á því, eins og líka í því, að hlífa þeim seku við uppljósti og verðskuldaðri hegningu. Meira að segja, hefir hann samþykt embætta veitingar með háum launum til þeirra manna, sem höfðu orðið opinberir að glæpum, og orðið að þola dóma og fangavistir. Og dómsmáladeild ríkisins hefir hann leyft að láta nota til þess fyrir rétti að verja opinbera og sjálf-sakfelda glæpaseggi, og flokksfénu hefir verið varið til þess að borga sektir þeirra.

Það þarf því engum blöðum um það að fletta, að Laurier ekki að eins veit um alt, sem fram fer, heldur einnig ber hann fulla ábyrgð á því gagnvart þjóðinni. — Og sú megna sviksemi og þjóðeignarán, sem sett hefir óafmáanlegan blett á stjórnarfar hans og á ráðgjafa hans, er orðin svo alkunn og illræmd, að það er orðin föst sannfæring þjóðarinnar, að stjórnarskifti séu algerlega nauðsynleg, nú strax við þessar kosningar.

Þegar aðrar röksemdir eru ekki handhægar, þá biðja stjórnarliðar kjósendurna að gera það fyrir Laurier, að greiða honum atkvæði í þetta skifti, — af því hann sé orðinn svo gamall. — Við þessari bón er það svar, að í öllu algengu starfi er það venjan, að geia þeim hvíld, sem gamlir eru, og þar sem það hefir þráfaldlega sýnt verið, að Laurier hefir hvorki haft viljaþrek né lund til þess að verja eignir ríkisins fyrir rángjörnum fylgjendum sínum, þá er engin von til þess, að hann með vaxandi aldri og líkamshrörnun fái ráðið nokkra bót á stjórnarfari sínu. Miklu fremur er full ástæða til að ætla, að alt fari sí-versnandi í höndum hans framvegis, — þar sem hann hefir nú líka tapað flestum af þeim ráðgjöfum, sem hann byrjaði stjórn sína með, og verður bráðlega að tapa öðrum tveimur, — öðrum fyrir óskirlífi og hinum fyrir þjóðfjárrán og mútukröfur frá mönnum, sem vinna stórvirki fyrir hið opinbera.

Það virðist í sannleika vera álög á Laurier stjórnina, að hún eigi ekki kost á að fá hreinferðuga stjórnmálamenn í fylgi með sér. — Að vísu gæti Sir Wilfrid Laurier varið það, þó hann héldi þeim Sir Frederick Borden og Pugsley áfram í ráðaneytinu, ef hann og þeir ná kosningu í kjördæmun sínum. En það væri mesta hneyksli ef kjósendur yrðu svo blindaðir af flokksfylgi, að leyfa þessum herrum að ná kosningu þann 26. þessa mánaðar.

Yfirleitt halda "Liberalar" því fram, að Laurier stjórnin muni vinna sigur við þessar kosningar, en jafnframt viðurkenna þeir, að þetta verði hennar síðasta kjörtímabil, því að ekki sé viðlit til þess, að hún fái haldið völdum eftir næstu 4 ár.

Heimskringla hefir hinsvegar þá skoðun, að stjórnin muni nú falla, og að það væri Canada hið mesta tjón, ef hún kæmist að í þetta sinn, — þegar litið er yfir stjórnarferilinn á síðastliðnum 12 árum, þá geta kjósendurnir ímynað sér, hvernig hún muni fara að ráði sínu á næstu 4 árum, sem hún fyrirfram veit að verða muni sín síðustu stjórnarár. Vér sjáum ekki betur, en að full ástæða sé til að ætla, að þá fyrst verði fyrir alvöru látið greipar sópa um þjóðeignirnar, — svo að það, sem nú er eftir af þeim, verði algerlega horfið eftir að kjörtímabilið er á enda.

Það er því sýnilegt, að það væri hin mesta fávizka, að láta Laurier stjórnina komast að nú, svo framarlega sem kjósendunum sé nokkur þægð í, að þjóðeignir og ríkisfé sé heiðarlega verndað til framtíðarhagnaðar öllum íbúum ríkisins.

Um þetta ættu kjósendurnir alvarlega að hugsa, og greiða svo atkvæðin eftir því, sem samvizka þeirra býður þeim.

Ef þörf væri á því nú þegar, eins og allur þorri vitrustu og beztu manna þjóðarinnar heldur fram, að rannsaka allan feril stjórnarinnar, og að heimta endurgjald frá þeim mönnum, sem með undirferli og svikum hafa dregið undir sig þjóðeignirnar, — hversu miklu fremur mun ekki verða þörf á því, að fjórum árum liðnum, ef vanhygni kjósendanna skyldi blinda þá til, að halda Laurier-stjórninni við völdin um næsta kjörtímabil.

Vér efum ekki, að kjósendurnir sjái hættuna, sem þjóðinni stafar af slíku óhappi, ef það kemur fyrir, og þess vegna treystum vér því, að þeir með atkvæðum sínum þann 26. þessa mánaðar — á mánudaginn kemur — velti Laurier stjórninni frá völdum.

Hin sanna stefna "Liberala".

Enginn hlutur sannar betur stefnu eins flokks í þinginu, heldur en atkvæðagreiðsla hans í mikilsverðum þjóðmálum. Auglýst stefna flokks eru loforð hans til þjóðarinnar. En atkvæðagreiðslan eru hinar sönnu framkvæmdir. Þar votta það, hvað flokkurinn vill vera láta og hvernig hann hyggur að stjórnarfarið eigi fram að fara. Af þessum ástæðum er fróðlegt að athuga, hvernig Laurier stjórnarflokkurinn í þinginu hefir greitt atkvæði í ýmsum málum.

Á þinginu 1906 greiddi stjórnarflokkurinn eindregið atkvæði á MÓTI því:

1. Að ríkisstjórnin sýni þeim hermönnum nokkra viðurkenningu sem orðið hafa fyrir óbætanlegum meiðslum í Suður-Afríku stríðinu.
2. Að ríkisstjórnin veiti þeim mönnum nokkra viðurkenningu sem vörðu Canada ríki í Fenian uppreistinni árin 1866 og 1870.
3. Að samningurinn við North Atlantic Trading félagið sé óhollur og ætti að upphefjast.
4. Að það sé ekki viðeigandi, að ráðgjafar eða aðstoðar ráðgjafar starfi að málfærslu fyrir rétti, nema það sé í þarfir ríkisins.
5. Að þingið andmæli útborgun peninga úr ríkissjóði fyrir nokkuð það, sem ekki hafi af þinginu verið fyrirhugað og fé veitt til, og sérstaklega að það fé, sem veitt hefir verið til opinberra verka sé notað til fyrir tækja, sem ekki voru fyrirhuguð eða fé veitt til.
6. Að Filip Wagner sé strax rekinn úr stjórnar þjónustunni, og að ef hann neitar þeim sakargiftum, sem á hann eru bornar, sé það skylda stjórnarinnar að rannsaka það mál.
7. H. B. Ames bar fram í þinginu tillögu um, að þingið andmæli Moncton landsölunni. Stjórnarflokkurinn greiddi eindregið atkvæði móti því.
8. Stjórnarflokkurinn greiddi eindregið atkvæði móti því, að nokkuð væri aðfinslu vert við tilkostnaðinn við "Arctic"-ferð þá, sem stjórnin lét gera eða tilkostnaðinn í sambandi við hana.
9. Herra Monk bar fram tillögu um, að herra W. T. R. Preston ætti að rekast úr ríkisþjónustunni, í tilefni af því, sem á hann hafði sannast fyrir ríkisreikninga og akuryrkjumáladeilda rannsóknar nefndunum. Stjórnarflokkurinn greiddi eindregið atkvæði móti þessu.

Á þinginu 1906—7 greiddu "Liberalar atkvæði á MÓTI þessum málum:

1. Stjórnarflokkurinn greiddi eindregið atkvæði móti því, að engin kolanámalönd væru látin úr eigu ríkisins, nema salan eða leigan væri bundin þeim skilmálum, að stundaður væri námagröftur á þeim, og þjóðinni veittar kolabyrgðir með sanngjörnu verði.
2. Stjórnarflokkurinn greiddi atkvæði móti því, að nokkur rannsókn væri hafin til þess að komast eftir hvarfi ýmsra áríðandi skjala, sem áttu að vera í vörzlum stjórnarinnar og lutu að Grand Trunk Pacific brautar byggingarmálinu.
3. Að rannsakaðar væru kærur, sem borinar hefðu verið á ýmsa þingmenn í Ottawa þinginu. Sumar þessar kærur voru glæpsamlegs eðlis, svo að mennirnir hefðu orðið að tapa þingsætunum, ef sannast hefðu.
4. Að tollur á akuryrkju verkfærum bænda verði færður niður í 17½ prósent.
5. Að það hefði verið rangt af stjórninni, að leyfa þjónum sínum að vinna í kosningum í öllu Canada ríki.
6. Að stjórnin ætti að semja lög til þess, að fyrirbyggja svik og mútugjafir við kosningar.
7. Að járnbrautarnefnd ríkisins sé falið að rannsaka, hvort ekki sé tiltækilegt, að færa farþegja gjöld í Canada niður í 2 cent á míluna.
8. Herra Foster bar fram tillögu um, að þingið lýsti óánægju yfir fjárbruðli, óstjórn og sviksemi í sambandi við byggingu Grand Trunk Pacific brautarinnar. En stjórnarflokkurinn greiddi eindregið atkvæði móti þessu, eins og öllum framantöldum atriðum.

Á þinginu 1907—8 greiddi stjórnarflokkurinn eindregið atkvæði móti eftirfylgjandi atriðum:

1. Að stjórnarfarið hafi verið einkent með skorti á hygni og ráðvendni.
2. Að stjórnin ætti að setja á stofn frían póstflutning á heimili bænda út um sveitir landsins.
3. Að stjórnin sé ámælisverð fyrir vanhygni og kæruleysi í sambandi við Quebec brúarsamningana og smíðið.
4. Að Canada stjórn ætti enga samninga að gera, sem ekki veiti henni fulla umsjón með því, hverjir innflytjendur eru fluttir til Canada.
5. Að nefnd sú, sem yfirskoðar alla ríkisreikningana hafi frían aðgang að öllum skýrslum og reikningum, svo að hún geti komist að sanni niðurstöðu um ástand ríkisins.
6. Að stjórnin ætti aldrei að verja því fé til sérstakra afnota fyrir privat menn, sem þingið hefir veitt til opinberra verka.
7. Að stjórnin ætti að auglýsa eftir tilboðum um sölu allra nauðsynja, sem keyptar eru í þarfir ríkisins.
8. Að stjórnin ætti að koma í veg fyrir, að ríkið sé látið borga miklu hærra verð fyrir nauðsynjar, heldur en hægt er að fá þær fyrir í verzlunum almennt.
9. Að hagsmunir þjóðarinnar krefjist þess, að Cassels dómari hafi óbundnar hendur til þess að komast að öllum nauðsynlegum gögnum í rannsóknarrekstri sínum á gerðum stjórnarinnar.
10. Að samningur stjórnarinnar við "Ross Rifle" framleiðendurna sé óhyggilegur og ófjárhagslegur.
11. Að rannsóknarnefnd sú, sem sett var til þess að athuga fjárhagsmálin í sambandi við Grand Trunk Pacific brautina, og óhóflegar yfirborganir til akkordsmanna sé látin halda á fram starfi sínu þar til því er lokið og hún hefir komist fyrir það sanna í þeim málum.
12. Að þingið láti í ljósi óánægju yfir óhófsamri fjáreyðslu stjórnarinnar, eins og hinar ýmsu rannsóknarnefndir hafa sýnt hana að vera.

STJÓRNAR FLOKKURINN GREIDDI EINDREGID ATKVÆDI Á MÓTI ÖLLUM ÞESSUM ATRIÐUM, OG SÝNIR ÞAD HINA SÖNNU STEFNU "LIBERAL" FLOKKSINS.

Pólitískir punktar.

Pugsley, ráðgjafi opinberra verka í Laurier stjórninni, hefir viðurkent, að hann hafi fengið 2 þúsund dollara frá Contractor Mayes í St. John, eins og skýrt var frá í síðasta blaði. Einnig viðurkennir hann, að hafa sent Mayes til McAvity, forseta "Liberal" félagsins í St. John, en kveðst að öðru leyti ekki vita um viðskipti þeirra Mayes. Á hinn bóginn hefir herra Mayes sýnt ávísanir þær, 10 að tölu, sem samtals nema þeim málega $36,000.00 (ÞRJÁTÍU OG SEX ÞÚSUNDUM DOLLARA), SEM HANN HEFIR ORDID AÐ BORGA McAVITY Í MÚTUR TIL ÞESS AÐ FÁ STJÓRNARVINNU.

Herra Mayes heldur því og fastlega fram, að þau 2 þúsund dollarar, sem hann hafi orðið að borga Pugsley, hafi verið BEIN MÚTA til þess að ráðgjafinn yrði sér hjálplegur í að ræna ríkissjóðinn. Og þó segir hann þessa upphæð, sem hann hafi borgað, hafa verið minni en ráðgjafinn hafi heimtað, sem hafi verið frá $2,500 til $3,000 00.

"Liberal" blöðin þar eystra segja blátt áfram, að þessi atriði séu svo þýðingarmikil, að "Liberal" stjórnin geti ekki komist hjá að láta rannsaka þau.

Herra George H. Gooderham í Toronto, gat þess á fundi þar í borginna fyrir fáum dögum, í sambandi við landsölumál Laurier-stjórnarinnar, að hann hefði sjálfur í félagi með öðrum mönnum keypt af Laurier stjórninni fyrir 6 árum 120 þúsund ekrur af landi í Saskatchewan fylki, og borgað $6 fyrir hverja ekru. En 4 árum síðar hefði stjórnin selt vinum sínum land fyrir $1 ekruna, sem lægi sam hliða landi því, sem herra Gooderham hefði keypt fyrir $6 ekruna.

Herra Gooderham óskaði að fá að vita, hvernig á því stæði, að stjórnarlöndin þar vestra hefðu lækkað í verði $5.00 hver ekra á þessum 4 árum, — þar sem öll önnur lönd hefðu hækkað í verði. Jafnvel Toronto Globe hefir ekki reynt, að svara þessu, en allir vita að þessi stjórnarsala er ekkert annað en þjóðeigna þjófnaður, — til þess að auðga stjórnarvini og lá peninga í mútusjóð.

Nú er það nýlega komið upp, við rannsókn í Ottawa, að Hon. Clifford Sifton á $830,000.00 virði í hlutabréfum í International Marine Signal félaginu, sem gert hefir mjög arðsama verzlun við Laurier stjórnina á síðari árum. — Þarf þá engan lengur að furða, þótt félag það hafi haft ÞÚSUND PRÓSENT GRÓÐA á verzlun sinni við Laurier stjórnina.

KJÓSENDUR! LÁTID EKKI BREGDAST, AÐ GREIDA ATKVÆDI Á MÁNUDAGINN KEMUR, ÞANN 26. Þ.M., OG KOMID TÍMANLEGA Á KJÖRSTADINA.

Conservative Þingmanna-efni í kjöri
í MANITOBA, SASKATCHEWAN og ALBERTA

Kjósendur! Greiðið atkvæði með þessum mönnum, ef þér viljið hafa ráðvanda og duglega stjórn í landinu!

MANITOBA — TÍU SÆTI.

KJÖRDÆMI	ÞINGMANNAEFNI
Brandon	T. M. Daly
Portage la Prairie	Arthur Meighen
Macdonald	W. Staples
Selkirk	Geo. H. Bradbury
Provencher	A. C LaRiviere
Marquette	Dr. W. J. Roche
Souris	Dr. F. L. Schaffner
Lisgar	W. H. Sharpe
Dauphin	Glen Campbell
Winnipeg	Alex. Haggart

SASKATCHEWAN — TÍU SÆTI.

KJÖRDÆMI.	ÞINGMANNAEFNI
Moose Jaw	Doctor Wheeler
Regina	T. Wilkinson
Assiniboia	C. C. Smith
Qu Appelle	R. S. Lake
Battleford	Dr. Morrison
Saltcoats	J. C Miller
Humboldt	James Little
Mackenzie	M Buchanan (óhá.)
Saskatoon	M. A. McInnis
Prince Albert	J. McKay

ALBERTA — SJÖ SÆTI.

KJÖRDÆMI.	ÞINGMANNAEFNI
Victoria	F. A. Morrison
Edmonton	A. D. Hyndman
Strathcona	E. W. Day
Red Deer	G. F. Root
Calgary	M. S. McCarthy
Macleod	John Herron
Medicine Hat	Chas. A. Macgrath

Fregnsafn.

Markverðustu viðburðir hvaðanæfa.

— Nýlega hefir horfið frá Medicine Hat 18 ára gamall drengur, sem verið hafði vitni móti óaldarflokki þeim þar vestra, sem kalla sig "Dreymendur", í brennumáli, sem höfðað hafði verið móti þeim. Það leikur sterkur grunur á, að Dreymendur séu valdir að hvarfi piltsins, og að hann hafi orðið fyrir líláti af þeirra völdum.

— Gullfundir allvænlegir hafa nýskeð orðið umhverfis Sturgeon Lake. Margir menn, sem áður unnu í Cobalt héraðinu, hafa flutt þaðan og til Sturgeon vatnsins, og ýmsir hafa í hyggju, að starfa þar allan næsta vetur. Talið er víst, að gnægð gulls sé þar í héraðinu, og að á næsta vori muni mesti fjöldi manna flytja inn í héraðið.

— Mælt er, að Dominion stjórnin verði í næsta mánuði við því búin, að byrja ellistyrkssölu til allra þeirra, sem borga vilja fyrir þann styrk. Aðsókn eftir styrknum er sögð mikil.

— Pétur konungur í Serviu hefir flúið land sitt, og lagt niður konungstign, segir fregn frá Vínarborg, sem dagsett er þann 16. þ. m. — Mælt er að almenningsálitið í Serviu sé orðið honum mjög mótfallið, svo að hann hafi óttast um líf sitt og kosið flóttann.

— Skógaeldar í norðurhluta Michigan ríkisins hafa gert voðalegt eignatjón á sl. nokkrum dögum. Bærinn Metz brann til ösku, og íbúarnir urðu að hafa sig alla við, að komast lífs undan eldinum. Ein vagnlest, sem var að flytja 200 manns, karlmenn konur og börn, burt frá hinum brennandi bæ, fór út af sporinu, sem hafði gliðnað sundur af hitanum frá skógareldinum. Lestin valt um koll, og fórst þar margt manna, en aðrir sköðuðust hættulega. — Þeir, sem stýrðu gufuvagninum, létu lífið.

— Æsingar miklar hafa verkamenn á Englandi gert í ýmsum borgum þar. Í borginni Sheffield varð friði á komið með því, að borgarstjórnin lofaði að verja hálfri milión dollara til hjálpar allsleysingjum þar í borginni. Einn þingmaður, sem er á bandi Sósialista, W. J. Thorne að nafni, hefir verið kærður fyrir það, að hafa í ræðu ráðið iðjuleysingjunum til þess, að ræna úr öllum brauðgerðahúsum landsins, heldur en að svelta. Þessu heilræði hans verður samt að líkindum fylgt í ýmsum borgum landsins.

— Ófriðarhorfurnar í Evrópu ríkjum hafa komið Asquit stjórninni á Englandi til þess að gera ráðstafanir til herafla auka bæði á sjó og landi. Upphaflega hafði stjórnin ákveðið, að minka útgjöld til hernaðar að nokkrum mun, og var þegar búin að gera talsverðar ráðstafanir í þá átt. En nú hefir hún alt í einu hætt við þá stefnu og leggur nú alt kapp á, að auka herútbúnaðinn þar í landi. Viðurkennir hún með því, að það sé eina tryggingin, sem hægt sé að beita til þess að fyrirbyggja stríð. Sú er önnur ástæða, að Austurríki hefir gefið stórveldunum tilkynningu um, að það ætli að upphefja samninginn, sem það hafði gert við þau. En Asquit heldur fram því, að engin þjóð geti þannig skorist úr leik, nema með samþykki þeirra málsaðila, sem hluttöku áttu í þeim samningi, og útlitið er, að Austurríki verði sótt með vopnum, ef það hættir ekki við samningsrofs fyrirætlun sína.

— Forseti Bandaríkjanna hefir skipað svo fyrir, að herfloti landsins, sem verið hefir á ferð um ýms heimsins höf, skuli hverfa aftur til baka að austurströnd landsins. — Forsetinn hyggur, að engin þörf sé að hafa flotann í Kyrrahafinu lengur, þar eð vináttu sé fast bundin með Bandaríkjunum og Jöpum, og þess vegna engin hætta á stríði milli þessara tveggja þjóða.

— Látinn er sagður Menelik konungur í Abyssiníu, 64 ára gamall. Sonur hans, 11 ára að aldri, tekur við völdum.

— Mælt er, að 35 manns hafi látið lífið, — brunnið til ösku í skógareldunum í Michigan ríkinu, sem nýlega hafa geysað þar. Hjón ein brunnu nálægt Polask, og kona nokkur og 3 börn hennar brunnu í grend við Rogers City. Öll hús í bænum Metz eru brunnin til ösku.

— Fellibylur í Chang Chow héraðinu í Kína á fimtudaginn var, varð 300 manns að bana. Eignatjón afarmikið.

— Tuttugu og fimm miliónum dollara virði í hlutabréfum í ölgerðarhúsi á Írlandi hefir verið skift ókeypis meðal hluthafanna. Ölgerðarstofnun þessi er talin hin auðugasta í heimi. Það er talið áreiðanlegt, að þetta ölgerðarfélag hafi 50 miliónir dollara í peningum í varasjóði. Hvert nýtt hlutabréf, sem útbýtt hefir verið til félagslima ókeypis, er því tvöfalt verðhærra en ákveðisverð þess sýnir.

— Saskatoon & Western Land Company, Limited, hefir í sl. viku verið að selja það sem selst gat af 250 þúsund ekrum, sem það hafði auglýst, að seljast skyldu við opinbert uppboð. En svo er að sjá á blöðunum, að salan hafi ekki gengið eins vel og búist hafði verið við. Félagið setti sjálft verð á löndin, frá 8 til 20 dollars fyrir hverja ekru eftir gæðum og afstöðu. Það hafði verið búist við, að heill hópur manna frá Bandaríkjunum mundu koma til þess að kaupa löndin á uppboðinu. En engir komu þaðan, og afleiðingin varð sú, að mjög lítið varð um landsöluna, með því að á opinbera uppboðinu vildu menn ekki bjóða eins hátt og félagið setti lægst upp á löndin. Eitthvað hafði þó selst til manna með privat samningum, en um verðið er ekki getið.

CONSERVATIVE FLOKKURINN heimtar ráðvanda og duglega stjórn í landinu

Hvað blöðin segja.

Það er spaugilegt að lesa, hvernig "Liberalar" vinna sigur við næstu kosningar landshornanna á milli, — á pappírnum. Og það verður fróðlegt, að bera spádóma þeirra saman við úrslitin, þegar búið er að telja atkvæðin. Maður skyldi halda, þegar maður les þessa "Liberal" spádóma, að kosningar hefðu aldrei átt sér stað áður, og að "Liberalar" tryðu því statt og stöðugt, að það væri hægt að véla þjóðina með eintómum staðlausum spádómum". — "Victoria Colonist".

Mr. Borden segir, að Laurier-in eyði ónauðsynlega eða láti steka $10,000,000.00 árlega. Þetta eru engar ýkjur. Þegar þess er gætt, að fyrir 12 árum síðan námu öll nauðsynleg útgjöld ríkisins að eins $42,000,000, í stað þess að þau nema nú $110,000,000, án þess að meira sé unnið eða þarfir ríkisins hafi aukist að sama skapi, — þá er auðsætt, að einhverstaðar er leki, og hann meira en lítill. Við skulum sjá við lekanum og spara peningana. — "Toronto Mail and Empire".

Neepawa pósthúss þjóðnaðurinn fyllir mælirinn og gerir kosningu John Crawfords ómögulega. Kjósendur í þessu kjördæmi eins og allstaðar annarstaðar í Canada, hafa fengið megnan viðbjóð á Laurier stjórninni fyrir athæfi hennar. "Í sögu Canada eru ekki dæmi til" annars eins þjóðnaðar og svikseni, svo vér brúkum orð Joe Martins, gamals Liberals, — enda er almenningsálitið eindregið með því að skifta um stjórn.

Enginn sannur þjóðvinur greiðir atkvæði með Laurier stjórninni við næstu kosningar. Hún hefir sóað þjóðeignunum á hinn glæpsamlegasta hátt.

John Crawford veit þetta vel. Hann veit, að Burrows hefði aldrei getað fengið þessa afarstóru fláka af fyrirtaks skóglöndum, nema með óráðvendni og undirferli.

Allir menn um þvert og endilangt Canada riki vita þetta. Vér staðhæfum, að ekki einn einasti kjósandi, sem hefir gert sér far um að kynnast þessari skóglandasölu, getur rekið sjálfan sig úr vitni um það, að þar voru höfð í frammi óleyfileg og sviksamleg brögð. — "Portage la Prairie Review".

Hon. Richard W. Scott hefir sagt af sér embætti, sem ráðgjafi í Laurier stjórninni (Secretary of State). Hr. Scott, sem er 84. ára gamall, er Senator og var ráðgjafi, og fékk í laun fyrir bæði þessi embætti samanlögð $9,500 um árið. Með því að segja af sér ráðgjafa stöðunni, tapar hann 7,000 á ári af launum þeim, sem hann hefir fengið úr ríkissjóði öll þessi ár. Elztu menn muna ekki svo langt, að Mr. Scott hafi ekki verið að eyða kröftum sínum í þarfir þjóðarinnar, gegn launum sem trú þjónusta verðskuldar. Nú leggur Mr. Scott niður ráðgjafaembætti sitt, en um leið tekur sonur hans, D'Arcy Scott, við formannsstöðu í annari deild járnbrautanefndarinnar. Járnbrautavenjan er orðin svo ríkjandi í járnbrautanefndinni, að þeir haga nú nefndinni eins og gert er stundum við járnbrautalestir, — hafa hana í tveimur pörtum. Lann hins unga D'Arcy Scotts, sem formanns í þessari deild, eru $9,000 um árið, og sumir kalla það reisarakaup. — Það er að segja, — Canada verður af með gamlan Scott, en fær ungan Scott í staðinn. Frá annari hlið skoðað, litur þessi Scott-verzlun jafnvel betur út. Áður var Canadaríki svo illa statt, að hafa að eins einn Scott, senator og ráðgjafa, sem kostaði ríkið $9,500 um árið. En nú hefir Canada 2 Scotts — annan næstum spónnýjan og óbrúkaðan — annan Senator en hinn járnbrautanefndarmann, fyrir að eins $11,500 um árið. Það er að segja, áður kostaði einn Scott ríkið árlega $9,500, en nú hefir það 2 Scotts fyrir að eins $11,500. Deili maður þessu með 2, sér maður strax, það Scott er niðursettur í $5,750, og dylst engum heilvita manni, að þetta er stórhagur fyrir ríkið. Sannarlega verður það óhamingjudagur fyrir Canada, þegþað er Scott-laust. — "Colliers Weekly".

Stjórnin, sem farin er að tapa sínu siðferðislega þreki, batnar aldrei með aldrinum. Hún fer stöðugt versnandi. Það er óhjákvæmilegt náttúrulögmál. Laurierstjórnin er orðin skæm — það játa flestir — og að láta hana vera lengur við völdin, yrði að eins til þess, að hún versnaði um allan helming. — Það er kominn tími til að skifta um stjórn. — "Brockville Times".

Þegar Sir Wilfrid Laurier tók við völdunum, hafði hann að baki sér til stuðnings óslitinn fylkjastjórna múrvegg frá Atlantshafi alt vestur að sléttlendinu. Fyrst tapaði hann Manitoba, síðan Ontario, og síðast New Brunswick. Í British Columbia er Conservative stjórn komin að völdum, í stað stjórnar, sem hafði stuðning sinn af ýmsum flokkum. Meira en helmingur af öllum íbúum Canada eru nú undir Conservative stjórn í fylkismálum. Það er komin mikil breyting á. — "Edmonton Journal".

Fréttabréf.

SPANISH FORK, UTAH.

2. október 1908.

Herra ritstjóri Hkr.

Það er ekki rétt mikið um fréttirnar hjá oss nú á dögum, en þó vegna þess, að nokkuð er liðið síðan, að héðan var skrifað síðast, og eins það, að nú er innsetudagur vegna rigninga, þá held ég verði að slá í að pára þér fáeinar línur, og láta kylfu ráða kasti með frétta tálíninginn.

Það er þá fyrst af tíðarfarinu að segja, að það var hið inndælasta í alt sumar, — alt til þess 20. f. m., að brá til óþurka, kulda og rigninga. Að vísu hefir regnfall ekki verið mjög mikið, en dálítill snjór fell á hæðstu fjöll, og frost kom svo mikið í 2—3 nætur, að það eyðilagði á ýmsum stöðum töluvert af aldinum, og jarðar ávöxtum, svo sem Tomatoes og fleira þess háttar. En uppskera á korntegundum öllum hefir víðast hvar reynst ágætlega, og þresking er nú því nær öll um garð gengin. Bændur eru nú í ákafa að taka upp sykurrófur sínar og flytja til markaðar. Uppskera hjá þeim er í allgóðu meðallagi.

Heilsufar er fremur gott og allsherjar friður hvilir nú yfir öllu.

Pólitík er all-lifleg nú á dögum, og pólitísk málefni efst á dagskránni, hjá all-mörgum. Það er nú búið að halda öll útnefningaþing hjá öllum pólitísku flokkunum, og allir umsækjendur til embætta hafa verið tilnefndir, svo nú er ekki annað eftir en orustan um það, hverjir sigur muni hljóta þann 3. næsta mánaðar. Hún mun lifleg verða. Fjórin flokkar eru hér til, sem allir hafa sett upp 'State Ticket', — en í héruðum (Counties) eru það bara þessir tveir gömlu og alþektu flokkar, Repúblikanar og Demókratar. Hvernig lýkur, er ekki gott að segja, en þó vænast allar líkur benda til þess, að Repúblikana flokkurinn verði í meiri hluta hér í Utah. Um allsherjar kosningar tölum vér ekki, oss stendur að miklu leyti á sama hver af þessum "Two Bills" kemst að, en þó mun meiri hluttinn óskar eftir, að það verði "Bill" H. T., í staðinn fyrir "Bill" J. B., sem nær kosningum í haust.

Jæja, nú slæ ég botninn í, því því ekki man ég meiri fréttir. — Ég er nú að búa mig af stað til kirkjuþings Mormóna, sem byrjar 4. þ. m. Svo hefi ég á hyggju, að 'taka inn' "The State Fair" (ríkis iðnaðar sýninguna), sem haldin verður í Salt Lake City frá 5. til 10. þm., og giskað er upp á að verði með lang-bezta mótá. Fréttir um það segi ég þér seinna.

Þinn með vinsemd,

E. H. Johnson.

HAUST.

Nú eru blómin bleik á ný,
að bitrum dómi falla.
Sál mín dróma er dregin í,
dauðans ómar bjalla.

Sólin virðist flýta ferð,
föl, að beði unnar.
Það stendur biturt banasverð
í brjósti náttúrunnar.

Á haustin finst mér ýfast und,
öfugt margt þá gengur, —
fugl, er sætast söng í lund,
ég sé hann ekki lengur.

Mér virðist dimmra vegi á,
vona deprast ljósin.
Ég vildi fegin falla í dá,
sem fagra, litla rósin.

R. J. Davíðsson.

Bréf að Heimskringlu eiga:

Miss Guðný Thorvaldsdóttir,
Miss Elizabet Jónsson.
Mr. Sölvi Sölvason.
Mrs. Jessie C. Danielson.
Miss Hólmfríður Thorsteinsson

Öll ofangreind bréf, sem ekki verður vitjað fyrir lok þessa mánaðar, verða send stjórninni.

3083

Pósthús Box Heimskringlu er nú 3083, en ekki 116, eins og áður hefir verið. Viðskiftavinir eru því beðnir, að senda bréf til blaðsins í P.O. Box **3083**

Það borgar sig
að auglýsa
í Heimskringlu

Department of Agriculture and Immigration.

MANITOBA

Þetta fylki hefir 41,169,089 ekrur lands, 6,019,200 ekrur eru vötn, sem veita landinu raka til akuryrkjuþarfa. Þess vegna höfum vér jafnan nægan raka til uppskeru tryggingar.

Ennþá eru 25 miliónir ekrur óteknar, sem fá má með heimilisrétti eða kaupum.

Íbúatala árið 1901 var 255,211, nú er hún orðin 400,000 manns, hefir nálega tvöfaldast á 7 árum.

Íbúatala Winnipeg borgar árið 1901 var 42,240, en nú um 115 þúsundir, hefir meir en tvöfaldast á 7 árum.

Flutningstæki eru nú sem næst fullkomin, 3516 mílur járnbrauta eru í fylkinu, sem allar liggja út frá Winnipeg. Þrjár þverlandsbrauta lestir fara daglega frá Winnipeg, og innan fárra mánaða verða þær 5 talsins, þegar Grand Trunk Pacific og Canadian Northern bætast við.

Framför fylkisins er sjáanleg hvar sem litið er. Þér ættuð að taka þar bólfestu. Ekkert annað land getur sýnt sama vöxt á sama tímabili.

TIL FERDAMANNA:

Farið ekki framhjá Winnipeg, án þess að grenslast um stjórn ar og járnbrautarlönd til sölu, og útvega yður fullkomnar upplýsingar um heimilisréttarlönd og fjárgróða möguleika.

R. P. ROBLIN,
Stjórnarformaður og Akuryrkjumála Ráðgjafi.

Skrifið eftir upplýsingum til

Joseph Burke. 178 LOGAN AVE., WINNIPEG.
Jas. Hartney 77 YORK ST., TORONTO.

Hudsons flóa brautin er eitt af aðal-áhugamálum Conservativa.

Heimskringla

Hvað er nú hér!

Aldrei skaltu geyma

Til morguns

það sem hægt er að gera í dag. Þessvegna segjum vér: Skrifaðu ÞÍG fyrir Heimskringlu í DAG. En ef þú geymir það til morguns, þá getur skeð að það verði ALDREI gert. Hver sá, eða sú, sem klippir úr blaðinu þessa auglýsingu og sendir hana til Heimskr. ásamt með $2.00 fær Hkr. í **15** mánuði,— og 1 góða sögu líka.

Gildir þar til 1. Janúar n. k., 1909

HEIMSKRINGLA
P.O. Box 3083, -- Winnipeg

Það borgar sig fyrir yður.

Fyrir 5 mánuðum síðan birtist þessi auðglýsing í Hkr., [aðeins 3 eða 4 sinnum], og af því að svo margir sáu sér dálítinn peningalegan hag af því, þá gripu þeir tækifærið glóðvolgt.

Heimskringla græðir ekkert á þessu kostaboði annað en það, að hún fær nokkra fleiri kaupendur, — og hún gerir sig ánægða með það.

Frá þessum tíma til nýárs í vetur gefst yður tækifæri að fá Heimskringlu í 15 mánuði og 1 sögu í ofaná lag, fyrir

$2.00

Grípið tækifærið þegar það gefst

WINNIPEG Business College

FÉKK FYRSTU VERÐLAUN Á SAINT LOUIS SÝNINGUNNI.

Cor. Portage Ave and Fort St.

Dag og kveld-kensla. Leitið fullra upplýsinga og biðjið um vorn nýja pappírshnífókeypis. Vér kennum enska tungu.

G. W. DONALD, ráðsmaður.

The Dominion Bank

NOTRE DAME Ave. BRANCH Cor. Nena St.

Vér seljum peningaávísanir borganlegar á Íslandi og öðrum lönd.

Allskonar bankastörf af hendi leyst

SPARISJÓÐS-DEILDIN

tekur $1.00 innlag og yfir og gefur hæstu gildandi vexti, sem leggjast við innstæðufé 4 sinnum á ári, 30. júní, 30. sept. 31. desembr og 31. march.

Með því að biðja sérlega um "T. L. CIGAR," þá ertu viss að fá ágætan vindil.

T. L. CIGAR

T.L.

(UNION MADE)

Western Cigar Factory
Thomas Lee, eigandi Winnipeg

Redwood Lager og Extra Porter

Styrkið taugarnar með því að drekka eitt staup af öðrum hvorum þessum ágæta heimilis bjór, á undan hverri máltíð. — Reynið !!

EDWARD L. DREWRY Manufacturer & Importer Winnipeg, Canada.

sagði hún við Fee. Á málróm hennar mátti heyra, að hún átti erfitt með að kefja niður geðshræringu sína. — "Svo látum við þá innan í rauðu húfuna, — hún hefir þá orðið til gleði og blessunar áður en hún verður sett á höfuð barnsins, og Hinrik verður í kveld, stundvíslega klukkan 9, að fara með þetta. — Mundu það, Fee".

Gamla konan var einkennileg að því leyti, að hún var ljósfælin. Góðverk sín huldi hún í dimmu næturinnar. Þegar göturnar tóku að gerast mannlausar, og menn ætluðu að fara að taka á sig náðir, þá kom hjálpin frá henni til margra nauðstaddra. — Hinrik hafði nú í mörg ár verið hennar hægri hönd, og hann hafði lofað henni órjúfandi þögn. Hann kom því svo kænlega fyrir, að fæstir þektu hinn klunnalega vinnumann frú Heilwig, og álitu það alt annan mann, sem kom með gjafirnar. Enda voru þeir margir í bænum, sem nutu góðsemis og brauðs gömlu konunnar, án þess að hafa minstu hugmynd um það, og sumir þeirra höfðu þorað að sverja, ef á því hefði staðið, að hún fremdi hin verstu óáðaverk. — Þeir, sem trúaðir þykjast vera, og halda fast við orð bókíunnar: "Látið ljós yðar skína", — höfðu víst ekki skilið þessa ljósfælni og sérvizku.

Á meðan Cordula gekk vandlega frá peningunum, opnaði Felicitas glerhurðina, er lá út á svalirnar. — Þetta var í lok maí mánaðar. Ó, þú vor, sem skáldin svo oft hafa kveðið um, hversu fáir hafa samt ekki séð þig vakna til lífs í Thuringen! Að vísu ert þú ekki bjarthærði, gáskafulli drengurinn, sem suðrænu löndunum er líkt við, þar sem blóðið blóðið funar í æðunum, og gulleplatrén og myrturnar vaxa af sjálfsdáðum, — en enni þitt er umkringt tign og gögi, og um varir þér leikur rólegt, djúphygnislegt bros. Þú blandar litunum nákvæmlega saman, og málar með ánægju myndir þínar, og við horfum

með ánægju á verk þín. Þau eru ekki neitt voldug eða stórkostleg, en þau eru yndisleg og djúpsæ. — Hinn brún-gráa hýjungur, sem klæðir rætur fjallanna á meðan hvíta snjókrónan situr á hæstu tindum þeirra, — hinn fíni grasvefur ofan á moldinni, — það breytist smámsaman í græn lauf, í fjólur, snjóklukkur og óteljandi blómstur, — og eftir nokkra stund tekur þú álika og umhyggjusamur garðyrkjumaður, alt skrautið og prýðir með því grasfletina og kjarrgirðingarnar. Andi vara þinna er hinn heilnæmi andblær, sem herðir taugar íbúanna í Thuringen, og sem gerir hjarta þeirra næmt fyrir fegurð söngsins, — sem lætur þá halda fast við alla skáldlega hjátrú, sem viðheldur réttlætis tilfinningu mannsins, og löngun hans til að andmæla því, sem striðir móti skoðunum hans, sem viðheldur trúfesti og hugrekki hans.

Langt í burtu lágu kornakrarnir, til að sjá sem breið rönd, sem hefir rifið sig brott frá skóginum. Perutrén og kirsiberjatrén stóðu á landamærunum í fullum blóma. Á svölunum blómstruðu "hyacinte"-liljur og túlípanar, og beggja megin við dyrnar stóðu í kerum snjó- og kornsúru-skúfar.

Felicitas færði nú lítið borð út í þakskotið, og setti hægindastól gömlu konunnar þar hjá. Svo lét hún hreinan dúk á borðið, og fór að útbúa kaffi. — Barnafötin, sem þurfti að laga, lágu einnig þar hjá. Rétt strax fór svo að koma suðuhljóð frá kathnum, og kaffilykt.na lagði um herbergið. Gamla konan sat makindalega í stólnum sínum, og horfði dreymandi augum yfir blómin og héraðið.

Felicitas hafði nú aftur tekið vinnu sína sér í hönd.

"Frænka", sagði hún eftir nokkra þögn, og lagði sérstaka áherzlu á hvert orð, — "hann kemur á morgun".

"Já, barnið mitt, ég veit það, — ég sá það í

blöðunum. Þar stendur, að prófessor Jóhannes Heilwig frá Bonn ætli að ferðast til Thuringen sér til skemtunar og hressingar, og dvelja þar í tvo mánuði. — — Hann er orðinn frægur maður, Fee".

"Honum veitist víst hægt að vinna frægð. Hann þekkir ekki þann sársauka, sem meðaumkvunin veldur, ef hún fylgist með skyldunni. — Hann sker með sömu ánægju í líkama manneskna eins og sálirnar".

Cordula leit forviða framan í Felicitas. Hún var óvön, að heyra hana tala í jafn gremjufullum málrómi.

"Veittu ekki óréttlát, barnið mitt," mælti hún undur blíðlega eftir stutta þögn.

Felicitas leit snögglega upp. Hin dökku augu hennar voru nú næstum svört.

"Ég veit ekki, hvernig ég ætti að dæma hann vægar en ég geri", mælti hún. Hann hefir breytt svo hræðilega illa gagnvart mér, og ég veit, að mér stæði alveg á sama, þó sorg og óhamingja yrði hlutskifti hans. Og ef ég gæti stutt að hamingju hans, — óg skyldi ekki hreyfa mánn minsta fingur til þess".

"Fee!"

"Já, frænka, — mér er alvara. Ég hefi alt af stilt skap mitt, er ég hefi komið hingað til þín, af því að ég vildi ekki leiskja þér og mér hinar stuttu samverustundir okkar. Þú hefir staðið í þeirri trú, að sál mín findi hvíld, en á sama tíma var mér órótt og ég var í æstu skapi. — — Láttu trooa þér undir fætur annara dag eftir dag, ár eftir ár, — hlusta þú daglega á lastyrði um foreldra þína, — guð á að hafa útskúfað þeim, og allir þeir lestir, er mér eiga að fylgja, eru arfur mánn frá þeim, — láttu þig langa til að auðga anda þinn og hefja sál þína, — langa eftir einhverju göfugu og góðu, — þú færð í staðinn hæðnishlátur, og alt af er sama viðkvæðið,

að þú sért svo fátæk og óhæfileg fyrir alla æðri mentun, — og ofan á alt þetta verður maður daglega að horfa á, hvernig þessir kvalarar bera yfirskin guðræknis og hræsna, — í guðs nafni leyfa þeir sér, að eyðileggja alt það í mér og drepa niður, er vill upp á við, — — gætir þú tekið þessu öllu meðró? Kæmist ekki hver og einn einasti blóðdropi þinn í hreyfingu? — Gætir þú fyrirgefið? — — Ef svo er, þá er það ekki þolinmæði þinni að þakka, heldur stafaði það af því, að sál þín væri viljalaus, undirokuð og blauð, og hún ætti því meira en skilið, að hún væri troðin undir fótum manns".

Felicitas tala.ði í fóstum, hljómfullum rómi. Hún hafði víst mátt temja sér, að hafa vald yfir tilfinningum sínum, því á meðan hún mælti fram hin heitu, harmþrungnu orð, hreyfðist ekki einu sinni hönd hennar.

"Hugsunin um það, að ég skuli aftur þurfa að standa augliti til auglitis við þetta steinandlit, setur mig í meiri geðshræringu, en ég get lýst fyrir þér, frænka", mælti hún eftir að hafa dregið andann þungt og lengi. "Hann mun með hinum tilfinningarlausa málrómi sínum endurtaka alt það, er hann í niu ár hefir skrifað og sært hjarta mitt með, — — alveg eins og grimmhjartaður drengur, er lætur lítinn, hjálparlausan fugl flækjast í neti sínu. — Þannig hefir hann fjötraðmig við þetta hræðilega heimili, og með því breytt síðasta vilja fóstra míns í hölvun fyrir mig. — — — Er hægt að breyta hræðilegar við nokkurn mann, heldur en hann hefir breytt við mig? Ég má ekki læra neitt. Hjarta mitt verður að vera kalt og tilfinningarlaust. Engin sómatilfinning má eiga sér stað í brjósti mínu, — — það sæmir sér ekki fyrir loddara barn. Þnð eina, sem það getur gert, til að slá stryki yfir sig svívirðilega ætterni sitt, er að verða svo nefnt "guðs útvalið barn", —

Greiðið atkvæði með Conservative þingmannaefnum, Borden og góðri stjórn

Hinir áreiðanlegustu — og þar með hinir vinsælustu — verzlunarmenn auglýsa í Heimskringlu.

—The—
Criterion Hotel
McDermott Ave.

Nýtt, vandað gistihús með ágæt herbergi, vönduðustu drykkjir og fínustu vindlar.

Vinsælt meðal Íslendinga. Er beint á móti Tribune byggingunni á McDermott Avenue.

MORICE NOKES
EIGANDI

Woodbine Hotel
Stærsta Billiard Hall í Nordvesturlandinu
Tíu Pool-borð.—Alskonar vín og vindlar.
Lennon & Hebb,
Eigendur.

SPÓNNÝTT HÓTEL
ALGERLEGA NÝTÍZKU
Hotel Majestic
John McDonald,
eigandi.
James St. West, Rétt vestan við Main St.
Winnipeg Telefón 4979

$1.50 á dag og þar yfir
Bandaríkja-snið

Alt sem hér er um hönd haft er af beztu tegund. Reynið oss.

MIDLAND HOTEL
285 Market St. Phone 3491

Nýtt hús, nýr húsbúnaður Fullar byrgðir af allskonar vönduðustu drykkjum og vindlum í hressingarstofunni. Gisting einn dollar á dag og þar yfir.

W. G. GOULD :: FRED. D. PETERS,
Eigendur
WINNIPEG ::: ::: CANADA

Jimmy's
HOTEL
Rétt á bak við Pósthúsið

Íslendingar ættu að reyna þetta gistihús. Í hressingarstofunni er sá eini íslenzki vínveitingamaður í Winnipeg.

James Thorpe,
eigandi
Fyrrum eigandi Jimmy's Restaurant

—— TIL ——
Tryggva Gunnarssonar.

Nú heilsa þér, mannvinur, hlýjustu ljóð!
Mág hlæir, þá enn ert sem ungur,
og enn þá til þjóðheilla hreyfist þitt blóð,
það hrós votta fjölmargar tungur.
Þó Norðurland hafi þig alið, — það eitt
oss einatt mun freunst verða' í minni:
Hjá Suðurlandsbúum þú þrek hefir þreytt
vor þjóðheillaströmuður svinni.

Þá fólkið stóð ráðþrota' og fann ekki braut,
en fann þó, að margt þurfti' að bæta,
þú komst til að leysa úr þessari þraut
og þjóðina' að örfa og kæta, —
já, þú ert sá fyrsti sem bygðir hér brýr
og beizlaðir elfurnar köldu,
og lengi því vaka mun lofstýr þinn dýr
sem ljós yfir hafdjúpsins öldu.

Þeir taka að launum oft ámæli ein
sem öflugast þjóð sinni vinna,
en verk þeirra treyst eru stáli og stein
og stöðugri' en dómarnir hinna.
Og sóma er oss Tryggvi, að yrkja þér óð
á æfinnar kvöldstundu þinni.
Svo lengi sem Ísland á ósvikið blóð
þú æ verður ferskur í minni.

Og enn er þér, mæringur, bjart yfir brún,
þar barnsgleða hugann ég kenni.
Þó alvara lífs hafi rist sína rún
á niddarans göfuga enni. —
Þá líður að aptni og lekka fer sól,
þér loftberinn hvíslar í eyra:
Þeir voru ekki margir sem Ísland ól,
er unnu því fegra né meira.

Það segja mun ættjörð vor síðar um þig,
er sigin er Eyglói til viðar:
Til framfara vanstu svo margt fyrir mig,
ég man þig nú, genginn til friðar. —
Og geymast mun nafn þitt svo göfugt og skært
á gullspjöldum sögunnar ljósum,
þess endurskin verður oss ætíð svo kært
sem ánblikið döggvuðum rósum. J.Þ.

— "Reykjavík", 1. sept. 1908.

Auðævi á sjávarbotni.

Skipstjóri C. A. P. Gardiner, sá hraustasti og leiknasti sæfari, sem þektur er nú á tímum, og sem kunnur er á meðal flestra mentaðra þjóða, eins og sá leiknasti björgunarmaður, sem nú er uppi, er nú nýkominn til Lundúna á Englandi. Hann hefir í sl. 2 ár rannsakað sokkna skip kring um strend ur Afríku. Hann kveðst hafa fundið auðæfi á skipum þar, á mararbotni, sem nemi 8 miliónum pd. sterling, ef þau séu dorguð upp úr mardýpi. Hann sýnir nákvæma uppdrætti af botnlegu skipanna, ásamt nöfnum þeirra, og daga og ártal, hvenær þau hafa farist. — Hann segist hafa 38 skipskýrslur mararbotni, og þó ekki næðist nema 25 prósent af auðæfum þeim, sem í þeim eru, þá nemi þau 8 miliónum punda sterling.

Átta af þeim, sem auðugust eru, telur hann þessi:

"Grosenor", Ponolandsströnd, — 1,714,000 pd. sterl.

"Ariston", Marcus Bay, — 800,000 pd. sterl.

"Birkenhead", Birkenhead Reef, 750,000 pd. sterl.

"Atlas", East Coast", 700,000 pd. ster.

"Thunderbolt", Tunderbolt Reef, 550,000.

"Dorothea", Tenedos Reef, — 450,008 pd. sterling.

"Abercrombie", Black Rock, — 180,000 pd. sterl.

"Merestein", Jutton eyju, 120,000 pd. sterling.

Í ofsaveðri árið 1802 sukku 7 skip á einum degi við Afríkustrend ur. Nöfn skipanna eru þessi, og fermd þessum vörum:

"Zoelgheid", 4,500 koparstangir.

"Schotelarredraayer", hlaðið filabeini að öllu.

"Gonda", 2,700 koparstangir.

"R. M. S. Chondos", 60,600 pd. sterling í mintum.

"Nightingale", 2,880 tinstangar.

Troopship "Addison", 20,000 pd. sterling í peningum.

"Harlem II.", hlaðið silfurstöngum.

"Stanvastigheid" og "Dankbarhead", sem sukku við austurströnd Afríku 1796, voru hlaðin 8,950 koparstöngum hvert, og vóg hver stöng 50 pd. þar er mjög hættulegur staður og alla vega ilt aðstöðu.

Ennfremur eru 10 skip á mararbotni, sem Gardiner hefir skoðað og gefið skýrslur um, og eru þau þessi:

"Katenra", sökk 1737, 5,000 stangir af silfri.

"Wilhelmina", sökk 1737, 30 kistur fullar af gulli og silfri.

"Willumder Zweiger", 1749, 3,700 stangir af silfri.

"Hencoop", sökk 1788, 200 tonn af eiri.

"Rottendam", sökk 1787, 4,500 stangir af eir.

"Vryberg", 1790, 4,500 stangir af tini.

"Anna", sökk 1790, 1,100 stangir silfur og eir.

"Crayenstein", sökk 1797, 1,250 stangir af silfri.

"Jono", sökk 1869, 250 tonn af tini.

"Borderer", sökk 1893, 200 tonn af tini.

Herra Gardiner er að stofna félag, sem geri út leiðangur til þess að ná þessum auðæfum upp úr mararbotni, og verða í þann leiðangur valdir hinir leiknustu og hraustustu kafarar, sem heimurinn á völ á. Býst hann við, að sér auðnist að ná þessum feikna auðæfum, og koma þeim á heimsmarkaðinn, sjálfum sér og öðrum til arðs og nytsemda. K.Á.B.

Minnisverð tíðindi.

Þó fregnin um úrslitin firti mig blund,
flogin með rafstraumum heitum,
mig hlægir að íslenzkir halir og sprund
héldu upp merkínu' á síðustu stund,
en lögðu' ekki lag sitt með geitum.

Þið Gissur og leppa hans lögðuð á kné,
lokuðuð sundunum öllum,
svo hluturinn þeirra er spott og spé, —
spikaði "riddarinn" dauður hné,
og dynkurinn drynur í fjöllum.

Og heill sé þér þrautseiga þjóðin mín æ,
þú hefir barist með hreysti.
Við strönd þína óma nú öldur á sæ,
að enn muni lifa á sérhverjum bæ
þungdræpur þjóðfrelsisneisti.

Sá neisti er helgur og heitur sem glóð,
hann þarf að glæðast og loga, —
stæla og efla þinn mátt og móð,
mynda þitt sjálfstæði, göfuga þjóð, —
þó ránshöndin reyni að toga.

Þá birtir og hlýnar og hverfa þau ský,
er hylja þig, ættjörðin kæra.
Og týnast og rotna hin þrælbundu þý,
er þig vildu fjötra í hlekki á ný,
og banvænum sárum þig særa.

Giftingaleyfisbréf
selur Kr. Ásg. Benediktsson
540 Simcoe st. Winnipeg.

Kjósendur! — Hreinsið ræningjabælið í Ottawa þann 26. þessa mánaðar

Æfiminning.

THORSTEINN THORSTEINSSON (LINRAL) var fæddur 28. jan. 1863, að Vatnshorni í Húnavatnssýslu á Íslandi. Hann ólst upp hjá foreldrum sínum fram á fermingaraldur, síðan var hann í vistum þar í nágrenninu þar til 25. okt. 1885, að hann giftist eftirlifandi ekkju sinni Sigríði Bjarnadóttir, ættaðri úr Víðidal. Þau reistu bú að Vatnshorni á næsta vori og bjuggu þar 1 ár, fluttu svo þaðan til Ameríku árið 1887, og settust að í N. Dakota. Þau voru þar í 2 ár. Þaðan fluttu þau til Þingvalla nýlendu í Sask. og bjuggu þar 3 ár. Þaðan flutttust þau til West Selkirk, Man., og bjuggu þau þar 9—10 ár. Þaðan fluttu þau vestur að Kyrrahafi, og settust að í Blaine, Wash., og þar hafa þau búið síðan, þar til hann andaðist að heimili sínu þann 31. ágúst 1908.

Jarðarförin fór fram í viðurvist mikils fjölmennis, undir umsjón lífsábyrgðar félagsins "The Independent Order of Foresters", sem hann látni hefir verið meðlimur í síðastliðin 15 ár, og haft $1000.00 lífsábyrgð.

Þeim hjónum varð 5 barna auðið, sem ásamt ekkjunni syrgja nú föður og ástvin. Börnin eru þessi: Lárus Bjarni og Jóhannes Jón tvíburar 21 árs, Sigurlaug Sigríður 19 ára, Thorsteinn Theodór 16 ára, Jóseph Walter 14 ára. Þau eru öll heima hjá móður sinni, nema Sigurlaug Sigríður, sem er gift herra Jóni Salómon, á Point Roberts, Wash.

Hann látni var heiðraður og virt ur af öllum, sem til hans þektu, og mátti svo að orði komast um hann, að hann væri fyrirmynd annara sem góður húsfaðir, ástríkur eiginmaður og elskurríkur faðir, — ávalt sigðaður og kátur, hvað sem að höndum bar. Hans er því sárt saknað af ekkju hans og börnum, ásamt öllum öðrum, sem nokkur kynni höfðu af honum.

Blessuð sé minning hans.

Vinur hins látna.

P.S. — Íslenzku blöðin, Ingólfur og Norðurland eru vinsamlega beðin að prenta framangreinda æfiminning í sínum heiðruðu blöðum.

Brúkið blek.

Svo margir eru nú teknir upp á því, að senda Heimskringlu bréf og greinar ritaðar með ritblýi, og sem í mörgum tilfellum er sem næst ólæsilegt, þegar það kemur hér á skrifstofuna, að ég finn mig neyddan til að mælast til þess, að þeir sem senda bréf eða ritgerðir til birtingar í blaðinu, vildu skrifa MEÐ BLEKI, svo að það verði nægilega skýrt til aflesturs fyrir stílsetjara blaðsins og aðra, sem um það þurfa að fjalla.

B. L. BALDWINSON.

George G.
LENNOX
Selur í heildsölu SKÓ, STÍGVÉL og YFIRSKÓ
150 Portage Ave. East, Winnipeg.

MARKET HOTEL
146 PRINCESS ST. á móti markaðnum
P. O'CONNELL, eigandi, WINNIPEG
Beztu tegundir af víufóngum og vindl um, aðhlynning góð, húsið endurbætt

JOHN DUFF
PLUMBER, GAS AND STEAM FITTER
Alt verk vel vandað, og verðið rétt
662 Notre Dame Ave. Phone 3815
Winnipeg

Strathcona Hotel
Horni Main og Rupert Str. Nýbygt og ágætt gistihús; Gest um veitt öll þægindi með sanngjarnasta verði. Frí keyrsla til og frá öllum járnbr. stöðvum. Beztu vín og vindlar; og herbergi og máltíðar ágætar.
McLaren Brothers
EIGENDUR

Hotel Pacific
219 Market Street Winnipeg | H.M.Hicks Eigandi Manitoba
Telephone 1338
Ný-endurbætt og Ný-tízku hús í alla staði. Viðskifta yðar óskast virðingarfylst.
$1.25 a Dag

$1.50 Á DAG
Besta $1.50 gistihús í Winnipeg

BRUNSWICK HOTEL
Horni Main St. og Rupert Ave.
Besta borðhald; Hrein og Björt Herbergi; Fínustu Drykkir og Bestu Vindlar. Ókeypis Vagn mætir Öllum Traintestum. Reynið oss þegar þ ert á ferð.

ein af þessum veslings manneskjum með eins þröngum sjóndeildarhring og mögulegt er".

"Það er nú alt saman liðið, barnið mitt", mælti Cordula brosandi. Að minsta kosti verður einhver breyting á högum þínum við komu hans", bætti hún við alvarlega.

"Já, eftir að ég hefi orðið að þola margvíslegar eldraunir. — Frú Heilwig huggaði mig með því í dag, að bráðum tæki vera mín hér enda".

"Jæja, ég þarf þá ekki að endurtaka það fyrir þér, að þú verður með þolinmæði að útenda þennan tíma, sem eftir er, af virðingu fyrir síðasta vilja þess manns, sem tók þig á heimili sitt og elskaði þig sem sitt eigið barn. — — Svo færð þú að njóta frelsis þíns og verður hjá gömlu vinkonu þinni. Þá þurfum við ekki lengur að forðast neinn að samveru okkar, og ekki óttast, að við verðum rifnar hvor frá annari, — því röttur þeirra niðri í húsinu varir ekki lengur.

Felicitas leit þakklátlega til gömlu konunnar, greip hina litlu, mögru hönd hennar og kysti hana.

"Þú mátt ekki hugsa neitt ilt um mig, frænka, þó þú nú hafir frekar venju séð hvað mér býr í brjósti", sagði hún blíðlega. — — — "Ég elska mennina, og hugsa mér þá yfirleitt göfuga. Og þar sem ég hefi varið mig frá því með öllum mínum kröftum, að deyja andlegum dauða, þá hefir það ef til vill verið af því, að ég hefi álitið mig vera meira en vinnudýr. — — — Og þó að ég verði að þola misþyrmingu af sumum, get ég ekki öllum sök á því. Meira að segja, ég ber fult traust til manna. — — — En ég get ekki elskað óvini mina, eða blessað þá, sem bölva mér. Það er ef til vill stór galli á mér, en ég hvorki get né vil breytt honum, frænka, — því það er makill munur á blíðlyndi og kjarkleysi".

Cordula þagði og horfði þungbúin niður fyrir sig.

— Gat ekki skeð, að í lífi hennar væri líka eitthvað, sem hún ómögulega, eða þá með mjög mikilli sjálfsafneitun, gat fyrirgefið? — — — Hún gerði af ásettu ráði enda á samtalinu, tók nál og tvinna og fór að sauma. Og þegar dimma tók voru þær búnar að útbúa stóran böggul með barnafötum, og í honum miðjum lágu peningarnir, jafnmargir þeim, sem fátæki trésmiðurinn hafði beðið eina af hinum guðs útvöldu um, en sem hann nú án þess að vita móttók frá hinni svonefndu vantrúuðu sál.

Þegar Felicitas fór frá gömlu konunni voru íbúar framhússins komnir heim. Hún heyrði, að barn ríkisstjóra frúarinnar, hin litla Anna, hljóp um gólfið og hló, í ganginum, sem lá að herbergi því, er ætlað var prófessornum, og þaðan heyrðust einnig stór og þung hamarshögg. Hin unga stúlka flýtti sér þangað til að sjá, hvað um væri að vera, og þá sá hún Hinrik standa uppi í stórum stiga og vera að negla blómfestar yfir dyrnar. Þegar hún kom auga á Felicitas, brosti hann hæðnislega, og sló svo nokkur þung högg, svo það varð víst, að blómknippin féllu ekki niður. Svo steig hann niður.

Litla Anna hafði með hátíðlegri alvöru stutt stigann, svo hann ekki skyldi detta. En er hún sá Fee koma, gleymdi hún verki sínu og vappaði á móti henni og tók innilega utan um hana. Felicitas tók hana upp og hélt henni á handlegg sér.

"Það er eins og hér eigi að halda brúðkaup á morgun", sagði Hinrik lágt en ergilega. "Og þó stendur ekkert annað til en að það er einungis von á einum einasta manni heim, sem hvorki lítur til hægri né vinstri, og hefir svo súran andlitssvip eins og hann hefði drukkið edik". — Hann lyfti upp einni blómfestinni. Sjáðu, hér er líka gleymdu-mér-ei blóm. — Nú, h ú n, sem útbjó þetta, hefir vitað í hvaða tilgangi hún gerði það. — — En litla Fee", mælti hann

ennfremur, er hann sá, að barnið hafði lagt kinn sína við andlit Felicitas, "gerðu það fyrir mig, að vera ekki alt af með barnið á handleggnum, — það er ekki einn einasti heilbrigður blóðdropi í því, — og svo veikist ef til vill af henni".

Felicitas lagði vinstri handlegginn utan um barnið og þrýsti því blíðlega að brjósti sér. Og litla stúlkan, er hræddist gremjusvipinn á andliti Hinriks, huldi andlit sitt undir kinn Felicitas, svo að eins hárið og hnakkinn sást. Og þannig stóð hin unga stúlka með barnið á handleggnum líkust fagurri mynd af Maríu mey.

Hún ætlaði að svara Hinriki, en í því opnuðust dyrnar hljóðlega og ríkisstjórafrúin leit inn í herbergið. — — Það var alveg eins og ung brúður ætti að setjast þar að. Hinn eini gluggi, sem var á herberginu, var fullur með blómsturpottum, og á pílinu fyrir ofan skrifborðið héngu blómfestar, sem hún hafði fest þar með eigin hendi. Hún gekk nú til hliðar, til þess að geta enn betur virt fyrir sér handaverk sín, og tók þá eftir Hinriki og Felicitas. Hennæ hefir eflaust ekki geðjast að því, hve mjög Fee litla líktist Maríu mey, því hún hleypti brúnum og kallaði strax á þjónustustúlku sína, og gaf henni bendingu um, hvað gera skyldi.

"Farðu á augabragði niður!" sagði Rósa önuglega við Önnu litlu. "Mamma þín hefir bannað þér að láta fólk taka þig í fang sér. — — Hún náðuga frú vill alls ekki, að litla Anna láti alla kyssa sig. Það á ekki að vera holt fyrir barnið", mælti hún stuttlega við Felicitas, um leið og hún tók barnið úr fangi hennar.

Svo fór hún með Önnu litlu hágrátandi inn í herbergið og lokaði hurðinni.

"Ó, þú guð, skapari minn!" mælti Hinrik ergilega í því þau gengu niður stigann. "Hvers konar

manneskjur eru þetta? Þarna sér þú nú, Fee, þetta voru öll launin fyrir góðsemi þína. Þessar manneskjur halda, að sjúkdómur þeirra sé eins göfugur og það sjálft, og maður megi þakka fyrir, að fá að snerta á kroppnum á þeim".

Felicitas gekk þegjandi við hlið hans. Í því þau komu í framdyrið, var vagni ekið að húsdyrunum, og áður en Hinrik gæti opnað þær, var þeim hrundið upp. Það var orðið svo skuggsýnt, að þau gátu ekki í karlmann, sem gekk hratt að daglegu stofunni og henni var lokið upp. Svo heyrðu þau, að frú Heilwig rak upp undrunarhljóð og sagði: "En þú kemur ekki þann dag, sem ákveðið var, Jóhannes. Við vonuðumst fyrst á morgun eftir þér". Svo var dyrunum lokað, og þau hefðu mátt halda að þetta hefði alt verið sjónhverfingar, ef ekki hefði verið vagninn, sem beið við dyrnar, og reykjarlyktin í ganginum.

"Það var hann", sagði Felicitas og lagði hendina á hjartað, sem sló hratt af geðshræringu þeirri, sem hún komst í.

"Það er víst", mælti Hinrik. En hann þagnaði strax og hlustaði brosandi bak við stigann.

Ofan stigann kom einhver á fleygiferð og skrjáfaði í við hvert fótmál. Það var ríkisstjórafrúin. Hún flýtti sér eins og væri hún elt af óvinum sínum. Hinir ljósu lokkar féllu um háls hennar, og hvíti kjóllinn lá í fellingum utan um hana, líkast hvítu smáský. Rósa kom með barnið á eftir henni, en hún veitti þeim enga eftirtekt, heldur hraðaði sér sem mest inn í daglegu stofuna.

"Hverju eigum við að veðja, litla Fee? Nú vitum við, hvað gleym-mér-ei blómin hafa átt að þýða", sagði Hinrik hlæjandi, um leið og hann gekk út til að taka á móti farangri komumanns.

Þeir taka sinnaskiftum!

Herra Thomas D. Robinson, kola- og viðarsali hér í bænum, sem þánan hefir fylgt "Líberal" flokknum að málum, hefir dags. 15. þ. m. ritað opinbert bréf til dagblaðanna, til þess að auglýsa og gera grein fyrir, hversvegna hann geti ekki samvizku sinnar vegna fylgt Laurier stjórninni að málum lengur, og hvers vegna hann finni sig knúðan til að vinna á móti kosningu herra Camerons, þingmannsefnis "Líberala" hér í borginni. Hann játar það hreinskilnislega, að hann sé "Líberal" í skoðunum, en hann heldur því fram, að hann geti ekki samvizku sinnar og mannorðs vegna greitt þeim manni atkvæði eða styrkt þann flokk til valda, sem eins gersamlega hafi brugðist öllum loforðum sínum, og sem sannað hafi verið að sé sekur um eins marga og stórkostlega glæpi, eins og þegar sé ómótmælanlega sýnt að hvíli á herðum núverandi "Líberal" stjórnar. Og hann heldur því fram, að kjósendurnir tefli of mjög á tvær hættur, ef þeir ekki tryggi það með atkvæðum sínum, að Laurier stjórnin veltist úr sessi. Hann segir framtíðarvonir landsins vera hjá uppvaxandi kynslóðinni, og hann telur nauðsynlegt, að vorir ungu menn temji sér þá list, að meta velferð lands og þjóðar meira en pólitiska flokka.

Alt er bréfið skynsamlega ritað og bendir til þess, að herra Robinson sé einlægur og eindreginn í því að vinna á móti "Líberal" flokknum.

Svo er nú svikseni stjórnarinnar í Ottawa orðin megn og almennt viðurkend, að prestar um alt land frá hafi til hafs, eru farnir að prédika um það í kirkjum sínum, og að benda almenningi á, hve mikil hætta stafi af því fyrir Canadaríki í framtíðinni, ef þessu ástandi sé með atkvæðum kjósendanna leyft að halda áfram enn þá um 4 eða 5 ára tíma.

ÞAÐ ER KOMINN TÍMI TIL, AÐ SKIFTA UM STJÓRN!!

Fréttabréf.

VANCOUVER, B. C.
10. okt. 1908.

Þann 6. þ.m. vildi til það sorglega slys, að sonur þeirra hjóna Bjarna og Önnu Lyngholt, slasaðist og beið bana af. Ókunnugt er annars, hvernig það atvikaðist. Hann hafði verið úti að leika sér með öðrum börnum eins og vant var, og fór móðir hans út til að gá að honum, og fann hann þá þar sem hann lá á götunni. Þar var þá komin að nágrannakona, og rétt í þeirri svipan bar þar að læknir, er var á ferð, og sem strax athugaði, að hve miklu leyti drengurinn væri meiddur. Sá hann þá strax, að hann var örendur, og hafði orð á því, að læknishjálp kæmi ekki að notum. Rétt um það leyti, er slysið bar að, höfðu farið tvö heyæki eftir götunni, og gíska menn á, að drengurinn muni hafa komið of nálægt öðru hvoru þeirra, og við það dottið og höfuðið komist við. Líkaminn var að mestu leyti óskemdur, að eins vottaði fyrir mari á öxlum og aftan á hálsi og höfði. — Þetta er því tilfinnanlegra, sem þau hjón áttu engi önnur börn. Drengurinn var á 4. ári og mjög efnilegur. Útförin fór fram frá heimili þeirra þann 8. að viðstöddum vinum þeirra foreldranna.

Fátt ber hér til tíðinda, sem telj andi er. Tíðin hefir verið og er einmunagóð, síðan snemma í sumar. Vorið var hér fremur kalt, eftir því sem menn kalla það hér. Atvinna mun nú vera hér með mesta móti, bæði byggingavinna og ýmislegt annað, svo sem aðgerð á götum bæjarins og saurrennulagning í útjöðrum hans.

Nú vellur upp úr pólitíska pottinum, en óglögt sjá menn enn þá, hver muni öðlast hnossið. "Líberals láta, sem sér sé sigurinn vís, og sama segja Conservatives. Svo er Joe Martin framarlega í leiðangrinum. Hann lofar engu öðru en því, að standa upp í hárinu á þeim þar í Ottawa, hvor flokkurinn, sem kemst að, og minna þá á kosninga loforðin. Sá fjórði, er sækir, er Sósialisti, — allvel gefinn maður, en fáir spá nokkru góðu fyrir honum.

Líðan landa í Vancouver er eftir því sem ég veit góð, en viðburðalítið. Mr. A. Friðriksson hefir sett á stoln verzlun, og bygt mjög laglega byggingu og býr hann í henni. Hann kunni ekki við sig, gamli maðurinn, að hafa ekkert fyrir stafni, sem ekki var heldur von.

Wm. Anderson.

Greiðið atkvæði með

ALEXANDER HAGGART, K. C.

Þingmannsefni Conservative flokksins, og sanngjarnri breytni við Verkamannaflokkinn.

LEMIEUX VINNULÖGIN

VERKAMENN ALDREI KVADDIR TIL RÁÐA

Herra R. L. Borden krafðist þess, að verkamannafélögunum yrði veitt tækifæri til þess að láta vilja sinn í ljósi við samning þeirra laga. Allur Conservative-flokkurinn studdi hann að máli.

Laurier stjórnin andmælti þessari kröfu og allur "Liberal"-flokkurinn greiddi atkvæði móti henni.

Þann 19. marz 1907, þegar lagafrumvarp þetta kom upp til þriðju umræðu í Ottawa þinginu, þá sagði herra R. L. Borden, leiðtogi Conservative flokksins, — eftir því sem frá er skýrt í Þingtíðindunum : —

" Að því er snertir þessa menn (:: járnbrautarþjónanna) og í raun réttri að því er snertir alla vinnuþiggjendur og vinnuveitendur í Canada, þá hefir þeim alt að þessum tíma ekki verið veitt neitt tækifæri til þess að láta málsvara sína koma fram fyrir þingnefndina, til þess, að færa fram ástæður með eða móti þessu lagafrumvarpi. Ég mælist til þess, fyrr á þingtímanum, að sú stefna sem ég hefi bent á yrði tekin í þessu máli, og ég benti þá á það sem ég nú skal endurtaka: Að það versta sem þér getið unnið í samkomulags áttina milli vinnuveitenda og vinnuþiggjenda, er að þvinga að öðrum hvorum flokknum lagaböndum sem þeir álíta sig ekki hafa átt neina hlutdeild í að mynda, og sem þeir skoða að vera óréttlát."

* * * * * *

" Ég hefi enga trú á því að takmarka rétt nokkurs manns, hvorki fyrir dómstólum landsins, né heldur fyrir þeim æðsta dómstóli sem er þjóðþing landsins, án þess að veita þeim manni fyllsta rétt til þess, að láta til sín heyra. Og ég hygg að fram að þessum tíma, hafi þessum mönnum ekki verið veitt það tækifæri sem þeir óska, og sem þeim ætti að veitast, að formlega skipaðri nefnd frá þeim væri af þinginu veitt áheyrn." —

Herra R. L. Borden endaði ræðu sína í þinginu með því að bera fram, í þarfir vinnumanna flokksins, svo hljóðandi tillögu : —

" Að ákvæðinu um þriðju umræðu lagafrumvarps nr. 36 sé frestað, og að áminst frumvarp sé lagt fyrir sérstaka þingnefnd til þess að hún geti kynnt sér skoðanir ýmsra manna sem koma undir áhrif nefndra laga, og sem kunna að óska þess, að bera fram óskir sínar með eða móti ákvæðum þessa frumvarps, eins og það er nú, eða þá sem kunna að óska þess að einhverjar breytingar séu gerðar, og að þingnefndin skýri svo þinginu frá afleiðingunum af slíkri áheyrn. Að nefndin hafi vald til þess, að senda eftir fólki, skjölum og skýrslum, og að yfirheyra vitni undir eið eða eiðfestu."

Herra Rudolph Lemieux, (vinnumálaráðgjafi), andmælti í nafni Laurier stjórnarinnar og Liberal flokksins, þessari uppástungu herra R. L. Bordens. Hann sagði : —

" Hversvegna skyldum vér þá hafa sérstaka þingnefnd eða frestun þessa frumvarps áður það er kunnugt hvort járnbrautarþjónar eru því andvígir eða ekki? Ég ber að mínu leyti virðingu fyrir járnbrautarþjónum, og ber hina mestu virðingu fyrir félagsskap járnbrauta vinnenda. En ég segi, að þó þeir kunni að hafa rétt fyrir sér í því að þetta frumvarp baki þeim, ef til vill, dálítið ónæði, þá verður samt að vernda alþýðuna, og áður en þeir gera verkfall eða járnbrautafélögin segja þeim upp vinnu, þá verður að vernda alþýðuna og kynna henni orsakir verkfallsins eða sundrungarinnar sem orðið hefir milli málsaðila. Þetta er það eina princíp, sem til hugunar liggur, hvort Canadaþingið skuli gefa sig nokkuð við því. Það er sú gáta sem þér verðið að ráða í kveld.

* * * * * *

Ég get skýrt frá því, nú þegar, sem vinnumálaráðgjafi, að ýmsir MIKLIR VINNUVEITENDUR í Vestur-Canada, hafa skrifað mér og beðið um að þetta frumvarp verði lögleitt tafarlaust, og látið ná staðfestu landstjórans, af því að það LEIKUR ÓTTI Á ÞVÍ, að verkföll kunni að koma fyrir í námahéruðunum í Vestur-landinu, og það er vonað að ákvæði laga þessara kunni að koma í veg fyrir þau verkföll."—

" Ég veit ekki hve miklu meiri upplýsingar vér gætum fengið frá járnbrautarþjóna-félögunum. Ég hefi átt tal við málsvara þeirra, og ég hefi haft bréfaviðskifti við þá og ég hefi hlustað á sendimenn þeirra og þá sem líta eftir samningi laga fyrir þeirra hönd."

Herra Lemieux gerði sér ekkert ómak til þess að minnast á nokkra aðra verkamannaflokka sem kynnu að koma undir áhrif laga þessara.

Uppástunga hra, Borden's var feld með flokksatkvæðum 106 mót 48. Hver Conservative þingmaður greiddi atkvæði með uppástungu herra BORDEN'S.

Allir Conservative þingmenn Vestur-landsins voru í sætum sínum og greiddu atkvæði MEÐ því að vinnulýðurinn væri kvaddur til ráða.

Margir "Liberal" þingmenn voru fjærverandi, þar með talinn hr. D. W. Bole, þingm. fyrir Winnipeg, sem var í önnum við lyfjaverzlun sína í Montreal.

Annars greiddi allur "Liberal" flokkurinn atkvæði móti verkamönnum.

ALEXANDER HAGGART MUN VERNDA RÉTTINDI YÐAR.

Hættulegur maður.

Blaðið "Montreal Star" segir álit sitt um Sifton og skóglanda-ránið.

Oft og einatt upp á síðkastið hafa "Liberal" blöðin verið að flagga með kafla úr ritstjórnargreinum blaðsins "Montreal Star", sem þau hafa álitið að rýra mundi álit herra Fosters. Þau hafa lagt mikla áherzlu á það við lesendur sína, að þetta væri óháð blað, og því þess vert, að taka sérstakt tillit til álits þess í yfirstandandi kosninga baráttu. — Það er því ekki úr vegi, að Heimkringla lofi lesendum sínum að sjá álit blaðs þessa á Sifton, Burrows og félögum þeirra, sem bezt hafa gengið fram af öllum "Líberölum" að ræna ríkið eignum þess og afurðum, og sem nú eru að reyna að gíma kjósendurna til þess, að kjósa sig á þing á ný, svo þeir með aðstoð Laurier stjórnarinnar geti haldið áfram, að mata krókinn á kostnað þjóðarinnar. Þessi ritstjórnargrein er, eins og að framan er sagt, prentuð í blaðinu "Montreal Star" þann 10. þ. m., og er á þessa leið :

"Blaðið "Toronto Globe" prentar upp, á góðum stað í blaðinu, bréf, sem tekið er úr "Boston Transcript", eftir E. W. Thompson, sem einusinni var ritstjóri blaðsins (Globe). Hr. Thompson tekur þar kröftuglega svari Clifford Siftons. Enginn ráðgjafanna þarf fremur á því að halda.

Þessi óheillavænlega áfergja Mr. Siftons, að verða leiðandi ljós í "Líberal" flokknum, eykur mörgum manni, sem gott minni hefir, mögnraz áhyggju. Síðan Sifton hvarf úr ráðaneyti Lauriers, hefir hann verið á sveimi í úthverfum flokksins, og þaðan hefir við og við borist ávæningur um það, að hann myndi koma í ráðaneytið aftur. Hann er framúrskarandi mikilhæfur maður — líklega hagsýnasti maðurinn í stjórninni meðan hann var þar — og það er þess vegna á yfirborðinu hin mesta furða, að hann hefir dregið sig svona lengi í hlé.

GÓÐIR HAGAR FYRIR SIFTON

En hann er líka með í bardaganum. Hann býður sig nú fram í Brandon kjördæminu. Ef hann nær kosningu, og hin litla sveit fylgifiska hans verður einnig send á þing honum til stuðnings, — þá er síst fyrir að synja, að við vökn um upp við það einhvern góðan veðurdag, að hann sé kominn í stjórnina. Og þegar hann er þangað kominn, má reiða sig á, að hann lætur þar til sín taka. Hann mun heimta feita ráðgjafastöðu, og eftir því að dæma, hvað hann gat gert sér úr innanríkis ráðgjafa embættinu — sem fyrirrennurum hans í því embætti hafa fundist fremur rýrir hagar — erum vér ekki í neinum efa um, hvað af feitasta embættinu verður látið drjúpa.

SIFTON ER VALDUR AÐ HNEYKSLUM.

Undir ráðsmensku Siftons í innanríkis ráðgyfa embættinu mynduðust flest þau hneyksli, sem andstæðingar stjórnarinnar hafa gert sér svo mikinn mat úr við þessar kosningar. Að telja hér upp öll þessi hneyksli, væri það sama sem að endurtaka margfluttar ræður andstæðinganna, — en aðfarir Sifton mágsins, Theodore Burrows í þessu sambandi, manns, sem var þingmaður í síðasta þingi og sækir um þá stöðu aftur nú, — er nóg til þess, að hrollur fer um land alt við tilhugsunina um afturkomu Siftons í ráðaneytið. Eitthvað í kring um helmningnum af skóglöndum Vesturlandsins var á þremur síðustu stjórnarárum Siftons skift upp á milli umbeiðenda. Og helmingurinn af þessu jarlsdæmi komst í hendur örfárra pólitískra fylgifiska hans, meðal hverra Burrows var fremstur í flokki. Þessi litla sveit náði þannig haldi á fjórða hlutanum af öllu því skóglanda svæði sem til er í fylkjunum Manitoba, Saskatchewan og Alberta.

TILBODS FARGANIÐ.

Hvernig náðu þeir þessu undir sig? Með opinberu tilboði. Það lætur vel í eyrum, þangað til vér förum að athuga smáatriðin. Smáatriðin í einu þessu tilfelli tókum vér til athugunar fyrir skömmu, þegar vér greiddum Fraser málið í sundur. Fraser er einn af Burrows félögunum. Í því tilfelli (Cedar Lake skóglanda sölunni), var tíminn frá því, að auglýsingin um söluna birtist og þangað til salan fór fram, svo stuttur, og salan ákveðin á svo óhentugum tíma ársins, að það var hreinasta frágangssök fyrir nokkurn íbjóðanda, að hanna svæðið, sem upp átti að bjóðast. Svo Fraser, sem var hinn eini, er sendi tilboð, fékk að sjálfsögðu landið, sem hann sjálfur hafði beðið um, að yrði sett á uppboð, og sem hann hafði að líkindum látið skoða áður en hann fór þess á leit. — Í Nolan málinu (Moose Lake skóglanda sölunni), sem vér einnig gátum um, var fyrsta boð Frasers eins og menn muna $1,000. Þetta var alt sem gerðist þessari sölu viðvíkjandi þangað til morguninn, sem salan átti að fara fram. Þá um morguninn kom tilboð frá einum af félögum þeirra McDonalds, sem eru heiðarlegir viðarsölumenn, og buðu þeir $6,420 í þetta skóglandasvæði. Var Burrows félagið með þessu úr sögunni? Ekki mikið! Burrows kom þennan sama morgun á skrifstofu Frasers, og bað hann að gera annað tilboð, og bjóða nú $7,000, — svolítið hærra en McDonalds tilboðið, eins og menn sjá. Fraser gerði þetta tilboð í nafni W. H. Nolans, og fékk svo Burrows það í hendur í

ÓLOKUÐU UMSLAGI.

Burrows skrifaði bankaávísan upp á $7,000, og lét hana hjá tilboðinu áður en hann lokaði umslaginu, og "Nolan" hrepti skóglandið. — En "Nolan" seldi rétt sinn til landsins í hendur Imperial Pulp félagsins, sem herra Burrows er ráðsmaður fyrir.

Þetta gerðist alt meðan Sifton, mágur Burrows, var innanríkisráðgjafi. En þessi eru að eins fá af mörgum slíkum tilfellum. Imperial Pulp félagið bauð mjög oft í skóglöndin, og hreptu þau í hvert einasta skifti. Í þessu tilliti var það hepnara en Burrows, þegar hann gerði tilboð í sínu eigin nafni, — því hann bauð 18 sinnum, og fékk bara seytján sinnum það sem hann bauð í. Gott dæmi um starfsaðferð Imperial Pulp félagsins, er skóglandasalan í North Saskatchewan. Félag nokkurt í Edmonton bað um, að þetta skógarbelti yrði boðið upp tafarlaust. En stjórnin tók sér samt nægan tíma til þess að senda einn heimilisréttarlanda umboðsmann sinn til að skoða landið, með þeim árangri, að innanríkisdeildin

VISSI HVERNIG LANDID VAR

áður en salan fór fram. Þetta var nú alveg eins og það áttti að vera, — en þessari reglu var ekki ætíð fylgt, eins og sýnt hefir verið hér að framan, þegar Fraser-Burrows klikkan vildi láta bjóða einhvern skóglandaflákann upp. Að þessu búnu var sölunni flýtt sem verða mátti, þrátt fyrir utan að komandi mótmæli. Helztu tilboðin í þetta land voru þessi :

Theodore A. Burrows	$ 6,054
James Ross	17,010
H. og K. McDonald	31,161
Imperial Pulp Company	31,575

En nú kemur maður að því kynlegasta í þessu máli. Tilboðið frá Imperial Pulp félaginu var ekki skrifað á hin venalegu eyðublöð innanríkis deildarinnar. Það var skrifað með ritvél, og ekki tilgreind nein upphæð í því. En tvær bankaávísanir fylgdu tilboðinu, — önnur sem nam $17,575 og hin 14.000. Fyrri bankaávísanin var nógu há til þess að yfirbjóða Edmonton félagið (James Ross), sem var fyrsti keppinauturinn, og gat skeð að yrði sá eini. En tilboðið frá þeim McDonald kom á elleftu stundu. McDonald félagarnir fóru kænlega að ráði sínu í skóglanda samkepninni um þessar mundir. Vera má, að þá hafi grunað eitthvað. En þeim kom kænska sín ekki að neinu haldi, þeir fengu ekki skóglandið. Hin minni bankaávísan Imperial Pulp félagsins var mátulega há til þess, þegar hún var lögð saman við hina stærri, að gera boð, félagsins dálitið hærra en boð þeirra McDonalds. — Var eithversstaðar leki í innanríkisdeildinni? Það hefir ekki sannast enn þá, en jafnvel engil frá himnum mundi gruna eitthvað þess háttar.

HÆTTULEGUR MADUR FYRIR ÞJÓDINA.

Clifford Sifton var innanríkisráðgjafi allan þann tíma, sem hér er um að ræða. Burrows er mágur hans. Sifton og Burrows sækja báðir um endurkosningu sem þingmenn við komandi kosningar. Er það ráðlegt fyrir þjóðina, að hætta á það, að senda þessa menn og fylgilið þeirra á þing með þann möguleika fyrir augum, að Sifton komist aftur í ráðaneytið? Vér vildum óska þess, að vér mættum treysta því, að Laurier hefði þrek til að varna honum að komast þangað. En Sir Wilfrid hefir enn þá Sir Frederick Borden í ráðaneyti sínu, og það veikir traustið hjá öllum. Það er mjög svo erfitt fyrir hvaða forsætis ráðherra sem er, að bola út manni, sem einu sinni hefir komist í ráðaneytið og kynst launmáhum þess".

Fréttir úr bænum.

KJÓSENDUR! LÁTIÐ EKKI HREGÐAST, AÐ GREIÐA ATKVÆÐI Á MÁNUDAGINN KEMUR, ÞANN 26. Þ.M., OG KOMIÐ TÍMANLEGA Á KJÖRSTAÐINA.

Þess var getið í síðasta blaði Heimskringlu, að skáldið okkar Vestur-Íslendinga, Stephan G. Stephansson, væri væntanlegur hingað austur. Það er tilgangur hans, að ferðast um sem allra flestar bygðir Íslendinga, halda samkomur, flytja kvæði og kynnast eins mörgum og mögulegt er á þeirri ferð. Nú er svo ráð fyrir gert, að hann komi hingað til bæjarins þann 30. þ.m., og að hin fyrsta samkoma hans verði haldin í efri sal Goodtemplarahússins á fimtudagskveldið þann 5. nóvember. Sjálfsagt er það gleðiefni fyrir oss Íslendinga, bæði hér í bæ og annarstaðar, að fá þess kost, að fagna soáldinu okkar góða, sem um meira en aldarfjórðung hefir gert sig sjálfan og okkur fræga með sínum dýru ljóðum. — Það má svo segja, að hann hafi flutt nafnið Vestur-Íslendingur "um allan heim". Greiðið götu hans!

Á mánudaginn var fóru fram formlegar útnefningar til Ottawa þingsins. Í öllum kjördæmum landsins verður þreytt á mánudaginn kemur, 26. þ.m., um hver hlutskarpastur verður. — Eftir nákvæmum fréttum víðsvegar um land að dæma, er útlitið fyrir sigur Conservative flokksins með talsverðum meiri hluta atkvæða hið bezta. Enda er varla hægt að hugsa sér annað, en að kjósendurnir sýni Laurier stjórninni það eindregið, að þeir vilji ekki lengur láta hana troða rótt landsins undir fótum og auðga vini sína á kostnað landsbúa.

Frá Íslandi komu á miðvikudagskveldið í síðustu viku, þann 14. þ.m., 13 manns: Herra Arnór Árnason (frá Chicago) með konu og dóttir, Hallur Ólafsson með fjölskyldu sína, ungfrú María Jónsdóttir, og Rútur, sonur Sigurðar Sölvasonar söðlasmiðs og nokkrir fleiri, sem vér vitum ekki deili á. — Vér höfum átt tal við herra Arnór Árnason, og lætur hann dauflega af peningalegum hag þjóðarinnar, en málmagnægð segir hann þar vera. Sjálfur hefir hann fundið ofanjarðar "quartz" í Miðdal og þormóðsdal í Mosfellssveit, og þar hefir hann sýnt að séu nær 50 kr. úr tonni hverju. Áætlunum herra Árnasonar ber algerlega saman við áætlanir brezkra og þýzkra málmfræðinga. Við þennan málmfund í Mosfellssveit hafa jarðir stigið talsvert í verði og ýmsir bændur selt þær jarðir fyrir gott verð. Ekki gerir herra Árnason sér miklar vonir um, að mikið verði þar um namagröft í nálægri framtíð. Til dæmis um hugsunarháttinn má geta þess, að málsmetandi maður einn á landinu lét vel yfir, að málmauðlegð landsins lægi ósnert, því að peningunum yrði ekki eytt meðan málmurinn væri látinn liggja kyr í iðrum jarðarinnar. — Landbúnaðurinn tekur ekki hraðskreiðum framförum, en sjávarútvegurinn er nú í mesta blóma, og það hyggur Arnór, að helzt megi kalla hann aðalatvinnuvegur landsins. — Það telur Arnór helztan galla á náðalög landsins, að þau amist við útlendu vinnufólki, og hyggur hann, að þingið ætti að gera hagfeldar breytingar á þeim í þá átt að örfa útlent starfsfólk til þess að starfa í landinu, og það hyggur hann, að litið verði þar um starfslegar framkvæmdir, fyr en auður fæst að utan til þess.

Menningarfélags fundurinn á miðvikudagskveldið þann 14. þ.m. var allvel sóttur. Séra Rögnvaldur Pétursson talaði þar um Hannes Hafstein, og var góður rómur gerður máli hans. Talsverðar umræður urðu á eftir. — Þessir fundir ættu annars að vera betur sóttir en hingað til hefir átt sér stað. Því þeir fjalla um mannfélagsmál og merka menn, svo margt má af þeim læra.

Herra Stefán Jónsson, Ideal P. O., Man., var hér í bænum í viknunni. Hann hafði verið í þreskinga vinnu um tveggja mánaða tíma og var á heimleið.

Vigfús Sigurðsson, á Brekku á Alptanesi í Gullbringusýslu á Íslandi, óskar eftir upplýsingu um áritun bróður sins, Guðmundar Sigurðssonar, sem fór til Vesturheims árið 1902. Hver, sem veit um þetta, geri svo vel, að tilkynna það til spyrjanda.

Allir kjósendur, sem vilja landi sínu vel, ættu að merkja atkvæða-miða sína þannig 26. þ.m.:

CAMERON, D. C.

Haggart, Alexander | **X**

Úr bréfi að norðan, dags. 17. okt.: "Það væri máske rétt. að geta um það, að í "Manitoba Free Press", dags. 14. þessa mánaðar, stendur í fréttunum frá Gimli, "að Dominion stjórnin hafi látið setja upp ljós á bryggjuna á Gimli, sem leiðarvísir fyrir báta, og að skipstjórar, sem þar lenda, séu mjög ánægðir með það ljós". Þetta á vist að telja Jackson til inntekta. En sannleikurinn er þessi: Bæjarstjórnin hér á Gimli lét setja upp þetta ljós til hjálpar bátum, sem kæmu að næturlagi inn á höfnina, og í bæjarstjórninni eru 3 góðir og gildir andstæðingar Dominion stjórnarinnar, eða meiri hluti í ráðsinu, sem mun alls ekki vilja láta kenna sig neitt við verk Dominion stjórnarinnar".

Þetta nauðsynjaverk, sem bæjarstjórnin á Gimli hefir látið gera, er ekki fyrsta frægðarverkið, sem Jackson telur sér til gildis á annara kostnað, og lætur svo "Free Press" básúna um land alt. Ofannefndu bréfi fylgdu nokkrar vísur, sem því miður ekki var rúm fyrir í blaðinu. Ritstj.

Tilkynningu hefir bæjarstjórnin fengið um, að eldsábyrgðarfélög þau, sem starfa hér í fylkinu, muni lækka eldsábyrgðar kostnað bæjarbúa að nokkrum mun frá því, sem nú er.

Næsti Menningarfélags fundur verður haldinn í Únitara kirkjunni þriðjudagskveldið 27. þ.m. Málshefjandi Björn B. Olson, frá Gimli Umræðuefni: "Socialism". Verður þar haldið fram andmæltum skoðunum við Sósialismus og kenning Sósialista hrundið. Allir velkomnir. Fundurinn byrjar kl. 8.

Canadian Pacific járnbrautarfélagið selur farbréf frá Winnipeg vestur að Kyrnahafi fyrir $30.00, til loka þessa mánaðar.

Herra Sigurður J. Hlíðdal, sem um tíma hefir unnið að þreskingu nálægt Baldur hér í fylkinu, er nýkominn hingað til bæjarins. Hann segir uppskeruna í ár vera þar með betra móti og líðan fólks hina beztu. Herra Jón Guðnason, sem hann vann fyrir, flytur í þessari viku alfarinn til Big Quill Lake nýlendunnar, með öll sín þreskiáhöld, þar sem hann ásamt tveimur bræðrum sinum, Páli og Sigurði, hefir tekið sér heimlisréttarland, á hinum fögru og frjósömu sléttum vestur af Big Quill Lake. Pósthús þeirra Guðnasona er Mimir P.O., Sask.

Herra Sumarliði Kristjánsson frá Blaine, Wash., kom til bæjarins á þriðjudaginn var, á ferð heimleiðis. Hann hefir dvalið í Swan River, Man., í sumar.

Frá Selkirk fluttu þann 14. þ.m. tveir menn alfarnir til Íslands. Þeir voru Vilhjálmur Guðmundsson, ungur maður einhleypur, og faðir hans. Þeir feðgar hafa dvalið 3 ár hér í landi, og aflað fé nokkurt, en kjósa heldur fiskiveiða atvinnu á mótorbátum við Ísland, en atvinnu þá, sem hér er að fá.

Herra Stefán Jónsson, frá Mikley, var hér á ferð í sl. viku, og lét vel af líðan Mikleyinga. Taldi hann þetta vera það bezta grasár, sem komið hefði þar um langan aldur, og nýting góð. Fiskafli hafði og verið góður þar nyrðra um síðustu tvær eða þrjár vikur, áður en hann fór að heiman.

Nýkominn "Ingólfur", dags. 27. september, segir að Björn ritstjóri Jónsson hafi verið kosinn í Barðastrandarsýslu með 274 atkv., gegn 70 atkv., sem andstæðingur hans, Guðmundur sýslumaður Björnsson fékk. — Hallgrími biskupi Sveinssyni veitt lausn frá embætti frá 1. október, og séra Þórhallur Bjarnason skipaður biskup. Vígslan fór fram í dómkirkjunni sunnudaginn 4. þ.m. — Fiskafli ágætur á Eyjafirði. — Ísafjörður komst í ritsíma og talsíma sambandið þann 23. sept. sl.

Pétur Pétursson frá Otto var á ferð í sl. viku.

Á mánudaginn kemur — þann 26. þ.m., eiga kjósendurnir í þessu landi, að skera úr málum, sem geta varðað þetta land mikils um langa, ókomna tíð. Heimskringla vonar, að enginn lesenda sinna látí hjá líða að nota atkvæðisrétt sinn.

S. G. Pálsson, frá Garðar, N. Dak., kom hingað í sl. viku og dvelur hér í bænum tveggja vikna tíma, hjá Jóhanni bróður sinum, að 111 Rose St., Fort Rouge. — Herra Pálsson hefir verið viðsvegar í Bandaríkjunum í sl. 15 ár, og stundað málaraiðn, sérstaklega landslags myndir og annað því um líkt.

I. C. A. Hockey Club hélt fund á mánudagskveldið var, til að kjósa stjórn. Þessir hlutu kosningu:

Hon. President, Dr. Björnson.
Hon. Patrons: Dr. Brandson, A. S. Bardal og T. H. Johnson.
President, Thomas Gilles.
Vice President, Gunnar Sigurðsson.
Secretary, H. G. Hinrikson.
Manager, John Swanson.
Executive Committee, Afred Albert, B. Benson, Allan Jóhaneson, L. Stephenson.
Captain, August Blönddal.

SKEMTI-SAMKOMA

Únitara sölnuðurinn heldur skemtisamkomu að kveldi þess 28. þ.m., í samkomusal kirkjunnar. — Þar verður margt til skemtana hafð, og meðal annars verður þar afhent ljómandi fagurt speglborð úr gullinni eik þeirri stúlku, er sigurinn ber úr býtum í samkepni, er nú hefir staðið um nokkurn tíma, um að safna gjöfum til byggingarsjóðs safnaðarins.

Á samkomunni skemta með ræðum Skapti B. Brynjólfsson, Stefán Thorson og fleiri. Með söng Gísli Jónsson, Á. J. Johnson o.fl. Með upplestri Miss M. Kristjánsson, Kristján Stefánsson, Mrs. Goodman, auk annara. Þorsteinn Þorsteinsson segir sögur.

Kaffiveitingar að afloknu prógrami. — Byrjar kl. 7.30.

Inngangur 25 cents.

I. O. F.

Stúkan Ísafold heldur fund í kveld (fimtudag), að 552 McGee S., — ekki í Goodtemplara húsinu eins og vant er. Meðlimir minnist þessa og fjölmenni.

J. W. MAGNÚSSON, ritari.

GOTT HÚSPLÁSS fyrir litla famílíu óskast. Heimskringla vísar á.

TOMBÓLA OG DANS

Mánudagskveldið 2. nóvembern. k. í Goodtemplarasalnum efri!

GOODTEMPLARA St. Hekla No. 33 heldur sína árlegu Tombólu, til styrktar sjúkrasjóð stúkunnar, 2. dag nóv.mán. '08.

Það þarf ekki að skrifa langa ritgjörð sem meðmæli með þessari Tombólu, því að þeir, sem einu sinni hafa komið á Heklu Tombólu, missa ekki þá næstu sem hún heldur.

Drættir frá 25c og uppí $5 og $6 virði. Aðgangur og einn dráttur 25c. Byrjar kl. 7.30. Komið snemma áður en allir drættirnir verða seldir.

Á eftir Tombólunni verður "Grand March" og fleira um sér til gamans gert."

NEFNDIN.

The WINGOLD Catalog

ER NÚ TIL ÚTBÝTINGAR

Sýnir Alskonar Stór, seldar beint til notenda á lægsta verði. Vorar nýja tegundir af hitunar- og eldavélum er brenna alskyns eldsneyti, gerðar með nýtízku formi og með öllum nýjasta og besta útbúnaði eru til sölu með ½ til ⅓ afsláttarverði frá annara stóeala verði.

Beztu stór smíðuð er. Spara eldsneyti og vinna á getlega. Abyrgstar að öllu leyti.

Plötustál fóðrað $1.75

Harð og lin kol - $9.30

Kol eða viðar ofn — $4.75

20 þuml. bakarofn, há hólf. Enamellerað vatnskassi - $33.85

Há hólf. 15 gal. vatnskassi-$24.95

Blá stál. há hólf vatnskassi-$37.75

Kaupið engg stó fyr en þér hafið séð vort undraverða tilboð. Verðlágar og svo eldivíðar drjúgar sem frekast er mögulegt. Þeim er lýst í voru nýprentaða —

Nýrra STÓ "Catalog".

Vér ábyrgjumst fljóta og áreiðanlega afhendingu og lofum að taka stóna aftur, borga flutningsgjald báðar leiðir og skila yður andvirðinu, ef ekki ánægðir með kaupin. Sparið $5.00 til $40.00 á hverju kaupi. Kaupið beint frá oss og sparið verslunarmanns gróðann. Hver einasta stó ábyrgst og 30 daga frí reynsla gefin hverjum kaupanda. Skrifið eftir nýja "Catalogue"-inu K.

The Wingold Stove Co., Ltd., 245 Notre Dame WINNIPEG, - - MAN.

LÁTTU MIG SAGA ELDI VIÐINN ÞINN. — Ég hefi keypt spónnýja sögunarvél, og geri verkið gegn sanngjarni borgun.

S. THOTKELSSON,
738 Arlington St. Talsimi 8588

NAFNBREYTING. — Hr. Hallur Ólafsson, frá Narrows, sem á sl. hausti fór til Íslands, en kom aftur hingað vestur í sl. viku, biður þess getið, að hér eftir taki hann upp afanafn sitt, sem ættarnafn, og nefnist HALLUR Ó. HALLSON.

SPURNING. — Gilda helgidagalögin í sveitunum eins og í bæjum og borgum? Nú er sett pólití í Nýja Íslandi í hverri bygð, en þó þau beri þetta nafn og "orðuna", þá vantar bæði þar til heyrandi hús og fleira. Hvaða skyldna hafa þessi pólití að gæta?

Spyr sá ekki veit.

SVAR. — Helgidagalögin gilda jafnt fyrir alt ríkið. — Lögreglan á að gæta almenns siðgæðis í héruðunum samkvæmt sveitalögunum, og hvervetna samkvæmt glæpalögum fylkjanna og ríkisins. Ritstj.

Við undirritur þökkum hér með herra Kristjáni Johnson á Baldur, Man., fyrir alla ráðsmensku og skilvísi á afhendingu arfs okkar eftir bróður okkar Sigurbjörn sál. Árnason í Argyle-bygð.

Wild Oak, 10. okt. 1908.
Guðmundur Árnason,
Guðrún Árnadóttir Helgason.

BROWN P.O., MAN.
10. okt. 1908.

Samkvæmt auglýsingu í 23. tbl. Hkr., dags. 14. sept. sl., frá herra G. Björnsson í Markerville, Alta., um heimilisfang herra Einars Ásmundssonar Fjeldsted, ættuðum úr Strandasýslu, — þá tilkynnist hér með, að hann er til heimílis hjá herra H. Johnson og konu hans, móðursystur sinni Guðrúnu Johnson, að Brown P.O. Man. I.O.

Takið eftir!

Munið eftir stóru afsláttar-sölunni hjá honum Mr. Bloomfield á Sargent Ave. Allur karla og kvenna fatnaður með sérstaklega niðrsettu verði þar til á laugardagskveldið kemur klukkan 10. Komið og sjáið kjörkaupin sem við bjóðum.

J. Bloomfield,
641 Sargent Ave.

Til viðskiftavina minna.

Með því, að ég hætti verzlun á eigin reikning um síðustu mánaðamót, finn ég mér skylt, að votta einum og sérhverjum yðar alúðarfylstu þökk mína fyrir liðin viðskifti, og jafnframt að tilkynna yður, að ég hefi tekið stöðu hjá hr. G. THOMAS, og vinn nú á verkstæði hans að 659 William Ave. þar vona ég að mega njóta þeirrar ánægju, að mæta öllum gömlum viðskiftavinum og mörgum nýjum.

Þeir, sem eiga hjá mér hluti, er ég tók til aðgerðar, geta vitjað þeirra á ofangreindum stað.

Ég get og fullvissað yður um, að í núverandi verkahring minum get ég, eins og herra Thomas, fullnægt öllum þeim sömu viðskiftaþörfum yðar, eins og við gerðum hver í sínu lagi meðan við höfðum "retail" sölubúðir.

Yðar með virðingu,

C. Ingaldson.

Til fullkomnustu tryggingar Vátryggið fasteignir yðar hjá Tho

St. Paul Fire & Marine Ins. Co.

Eignir félags. eru yfir 5 milljón dollars. Skaðabætur borgaðar af San Francisco eldinum 1¼ mill. SKULI HANSSON & CO., 55 Tribune Bldg., Phone 6476, eru sérstakir umboðsmenn.

E. S. Miller Limited
Aðal umboðsmenn
PHONE 2088 219 McINTYRE BLK.

KJÖT.

"Ef það kemur frá Johnson, þá er það gott"

C. G. JOHNSON, Kjötsali,
Langside og Ellice Fón 2631

"Hvað að brúka og hvar skal fá það".

VITUR MAÐUR

Við höfum lítið að segja, en það sem við segjum, segjum við "beint út". Við óskum að þið komið til okkar þegar þið farið að kaupa hanst eða vetrarfötin ykkar. Þú veizt ekki hvað ódýrt þú getur keypt föt búin til eftir máli fyr en þú kemur og talar við oss. —

McFarlane & Cairns
SKREÐARAR
335 Notre Dame Aðdar dyr vestan Wpg. Leikhúsið.

F. Deluca

Verzlar með matvöru, aldini, smá-kökur, allskonar sætindi, mjólk og rjóma, sönnul. tóbak og vindla. Óskar viðskifta Íslend. Heitt kaffi eða te á öllum tímum. Fón 7756

Tvær búðir:
587 Notre Dame og 714 Maryland St.

Hver Þvær og Hreinsar Fötin ydar?

Hversvegna að fara í Kína-kompurnar þegar þér eigið kost á að fá verkið gert betur, og alt eins ódýrt, í beztu og heilsusamlegustu þvottastofnun, þar sem aðeins hvítt vinnufólk er haft og öll hreinustu efni notuð Vér óskum viðskifta yðar

The North-West Laundry Comp'y Ltd.
Hreinsarar og Litarar
COR. MAIN & YORK FÓN 5178

Íslenzkur Kjötsali

Hvergi fæst betra né ódýrara KJÖT en hjá honum,—og þá munt sannfærast um að svo er, ef þá aðeins kaupir af honum í eitt sinn. Allar tegundir. Óskar að Íslendingar heimsæki sig

CHRISTIAN OLESON,
666 Notre Dame Ave. Telefón 6904

J. G. Snidal, L. D. S.
ÍSL. TANNLÆKNIR
COR. MAIN & BANNATYNE
DUFFIN BLOCK PHONE 5302

Hubbard, Hannesson and Ross
LÖGFRÆÐINGAR
10 Bank of Hamilton Chambers
Tel. 378 Winnipeg

ARNI ANDERSON Íslenzkur lögmaður
Í félagi með
Hudson, Howell, Ormond & Marlatt
Barristers, Solicitors, etc.
Winnipeg, Man.
13-18 Merchants Bank Bldg. Phone 3621, 3622

BONNAR, HARTLEY & MANAHAN
Lögfræðingar og Landskjala Semjarar
Suite 7, Nanton Block, Winnipeg

BILDFELL & PAULSON
Union Bank 5th Floor, No. 520
selja hús og lóðir og annast þar að lútandi störf; útvegar peningalán o. fl.
Tel.: 2685

Stefán Guttormsson,
Mælingamaður
663 AGNES STREET. WINNIPEG.

Dr. G. J. Gislason,
Physician and Surgeon
Weltington Blk, - Grand Forks, N.Dak
Sjerstakt athygli veitt AUGNA, EYRNA, KVERKA og NEF SJÚKDÓMUM.

Miss Jóhanna Ólson, Piano Teacher 658 Beverley Street.

Drs. Ekern & Marsden,
Sérfræðisleknar í Eftirfylgjandi greinum: — Augnasjúkdómum, Eyrnasjúkdómum, Nasasjúkdóm um og Kverkasjúkdómum. : : :
Í Platky Byggingunni í Bæinum
Grand Forks, :: N. Dak.

A. S. BARDAL
Selur líkkistur og annast um útfarir. Allur útbúnaður sá bezti. Enfremur selur hann alskonar minnisvarða og legsteina.
121 Nena St. Phone 306

Arena Rink

Þar er skemt sér á Hjólskautum hvern eftirmiðdag og kveld. nema lóstudage. Hljóðfærafl. spilar. Dansar þeir, sem áður voru í Drill Hall, eru nú haldnir hér á fóstudagskv. Dans frá 8 til 12. Inngangur, karlm. 50c, fritt fyrir kvenfólk. Persónum innan 15 ára, ekki leyfð innganga.

JAMES BELL, eigandi.

Boyd's Brauð.

Tilbúið úr Vesturl. bezta harðhveiti og tilreitt þar sem allur nýjasti vélaútbúnaður er notaður. Hreint að öllu leyti. Búið til í vélum sem eru allajafnan hrein sem ný mjólk, og aldrei snert af nokkurs manns hendi. Og þú færð vel vegin og vel bökuð brauð.

Boyd's

Bakery Cor. Spence & Portage Ave
Phone 1080.

Antonio De Landro
SKÓSMIÐUR, horni Maryland & Wellington (Bak við aldinabúð.) Verk gott og verð rétt.

Royal Optical Co.
327 Portage Ave. Winnipeg. RÉTT Á MÓTI EATON'S BÚÐINNI.

Beztu Augnfræðingar

Öll nýjustu og bezt reynd verkfæri notuð. Höfuðverkur sem stafar frá augunum, áreiðanlega lækuaður. Sanngjarn kostnaður.

AUGU SKODUD KOSTNADARLAUST.

LAND

Vér höfum nýlega fengið til sölu yfir 30 fjórðungs-fjórðunum, liggjandi að Oakland-brautinni C. N. R. stöðvunum. Verðið er frá $7.50 til $12.00 hver ekra. Ekkert af löndum þessum eru meir en 5 mílur frá járnbrautinni.

Skúli Hansson & Co.
Skrifst. Talsími 6456. Heimilis Talsími 2274

Heimskringla.

Alt landið

er álitið að vera jarðyrkju land af bezta tegund, og fæst keypt með vægum afborgunar skilmálum. (N.B.—Lesið fyrirsögn þessarar augl. vinstramegin við Hkr. nafn.)

Frekari upplýsingar veita

Skúli Hansson & Co.
56 Tribune Building. Winnipeg.

XXIII. ÁR. WINNIPEG, MANITOBA, FIMTUDAGINN, 29. OKTÓBER, 1908 NR. 5

Conservatívar vinna átta sæti af tíu í Manitoba

Laurier stjórnin heldur velli, þó með minni atkvæðamun en áður

Alexander Haggart, K.C., kosinn í Winnipeg með 1935 atkvæðum umfram

Í MANITOBA

fóru kosningarnar þannig:

Conservative.

ALEX. HAGGART í Winnipeg. kosinn með 1935 atkv.umfram
ARTHUR MEIGHEN í Portage la Prairie kosinn með 221 atkv. umfram
W. STAPLES í Macdonald kosinn með 523 atkv. umfram
GEO. H. BRADBURY í Selkirk umfram 90 atkv., er síðast fr
Dr. W. J. ROCHE í Marquette kosinn með 550 atkv. umfram
Dr. F. L. SCHAFFNER í Souris kosinn með 764 atkv. umfram
W. H. SHARPE í Lisgar kosinn með 116 atkv. umfram
GLEN CAMPBELL í Dauphin kosinn með 300 atkv. umfram

Líberal.

CLIFFORD SIFTON í Brandon kosinn með 16 atkv. umfram.
Dr. J. P. MOLLOY í Provencher kosinn með 402 atkv. umfram

Eftir seinnstu fréttum standa flokkarnir þannig að vígi:

Líberal þingmenn kosnir	125
Conservative þingm. kosnir	83
Óháðir þingmenn kosnir	2
Óvíst hverjir kosnir eru	4
Frestað kosningu	7
Meiri hluti Líberala	42

Þar eð fréttir um kosningarnar eru enn ónákvæmar víða, getur ofurlítil afstaða flokkanna og atkvæðatala hinna ýmsu þingmanna breyzt að nokkru, þó ekki að miklum mun. Til dæmis er mjög líklegt, að breyting verði á í Brandon við endurtalningu atkvæðanna — Sifton hefir að eins 16 umfram, en ótalin heilmörg atkvæði fyrir Daly, sem þjónar Siftons ónýttu viðsvegar í kjördæminu.

— Ofsa-vindstormur æddi yfir hluta af Kínaveldi þann 18. þ. m. Í bænum Chang-Chow, sem hefir eina miljón íbúa, fórust 300 manns af völdum þessa ofsaveðurs. Sami bylur gerði 200 þúsund dollara eignatjón í bænum Amoy, og að líkindum hafa skaðar orðið miklu meiri, þó enn sé ófrétt um þá.

— Nýlega er látinn í Japan Count Nodzu, einn af ötulustu herforingjum Japana og hetja mikil. Það var hann, sem stýrði herdeild þeirra, sem ruddi sér veg yfir Yalu ána, upp að opnum fallbyssukjöptum Rússanna, í byrjun stríðs ins milli Rússa og Japana. Hann var og leiðtogi Japana í bardagaunum við Nanchan, og misti þar í valinn hálft fjórða þúsund manna áður en hann fékk yfirhöndina. Fylkingar hans voru og framarlega í bardagaunum við La Tao Yang, þegar Japar voru að ryðja sér braut til Mukden. Í þeirri viðureign bjargaði hann fylkingum Kurokis frá ósigri og flótta. Það var alment orð á því í Japan, að Nodzu kynni ekki að flýja, og að hann hikaði ekki við, að stofna tugum þúsunda manna í bráða hættu, til þess að koma því í framkvæmd, sem hann hafði ætlað sér. Rússum stóð meiri ótti af þessum eina manni, en flestum öðrum, sem þeir áttu við í stríðinu. Nodzu var á sextugs aldri, er hann lézt.

— Gamli Thomas Crosier í Milton, Ontario, komst að því, að sonur hans var gæddur góðum dráttlistar hæfileikum, og gat skorið út myndir í kopar. Karlinn fékk því son sinn til þess, að grafa út í eyrplötu bankaseðla myndir. Þetta tókst þó svo illa, að seðlar þeir, sem gerðir voru eftir plötunni, þektust frá gildum gjaldeyri. Afleiðingin var sú, að gamli Thomas var sendur í 9 ára fangavist, en sonurinn, sem er að eins 16 ára gamall, var dæmdur í 2 ára betrunarhússvinnu.

— Fjörutíu menn hafa verið handteknir í Blind River, Ontario, kærðir um, að hafa látið skrásetja sig í þeim tilgangi, að greiða atkvæði án þess að eiga rétt til þess í því héraði.

— Bretar hafa boðið Roosevelt forseta að koma til Englands, eftir að hann hefir endað Afríkuferð sína árið 1910. Forsetinn hefir lofað, að verða við þeim tilmælum, og að flytja fyrirlestur í Oxford, og er þá búist við, að háskólaráðið þar sæmi hann sömu sæmdarnafnbót, sem það hefir áður sæmt þýzkalands keisara. Það er og mælt, að Roosevelt muni flytja fyrirlestur á Frakklandi.

— Það slys varð á Gimli bæ í síðustu viku, að Baldur Hall, eitt af stærstu húsum og aðal fundahús þar í bæ, brann til kaldra kola. Svo er mælt, að upptök eldsins hafi orðið uppi á lofti hússins. Einhverju af prentáhöldum blaðsins Baldurs hafði orðið bjargað úr húsinu. En húsið sjálft brann til ösku. Engin tæki til að slökkva eld eru þar í bænum enn þá.

— Umræður um atvinnuleysið í landinu urðu nýlega á þingi Breta. Þar var sýnt, að hundrað þúsundir manna liðu skort svo mikinn, að við manndauða lægi. Stjórnin var ráðafá að bæta úr þessu. En hún kvaðst ætla að leggja 12½ miljón dollara til herskipasmíða, og væri ráð fyrir gert, að byrja á því verki tveimur mánuðum fyr en ætlað hafði verið, til þess að veita mönnum atvinnu. Þess utan sagðist stjórnin við því búin, að veita 1½ miljón dollara til styrktar þeim, sem fátækastir væru. Ennfremur væri hún við því búin, að veita 24 þús. manns atvinnu á heræfingaskipum sínum, yfir vetrarmánuðina. Annað eða meira sá stjórnin sér ekki fært að gera, að svo stöddu. En verkamönnum gefjast afarilla að þessu tilboði öllu saman, og þykir lítil umhyggja veitt málum sínum.

— Níu manns, sem voru að klifra í fjöll í Colorado ríkinu í síðustu viku, hafa farist þar. Stórhríð gerði í fjöllunum meðan fólkið var þar uppi, og það hefir ekki fundist síðan. Nú er talið algerlega víst, að það hafi orðið úti á fjöllunum. Svo varð snjófallið mikið, að það varð frá 2 til 8 fet á dýpt. Þrjár konur voru í þessum hóp.

En leit eftir fólkinu hefir verið ómöguleg vegna snjóþyngsla.

— Hjónaskilnaðarmál stendur yfir í New York borg, eða er rétt afstaðið. Katrín, kona Howards Gould, krefur hann nú fyrir rétti um 120 þúsund dollara árlega fúlgu. Svo er að sjá, sem hjón þessi hafi um nokkurn tíma verið skilin að borði og sæng, og að Gould hafi veitt konu sinni 25 þúsund dollara á árí til lífsuppeldis. En þetta hefir reynst svo lítilfjörlegur styrkur, að konan sver það fyrir rétti, að sér sé ómögulegt að draga fram lífið á því litilræði. Hún segir ársinntektir bónda síns vera $600,000. En hann segir, að komið hafi deyfð í verzlun og iðnað, þá hafi inntektir sínar fallið niður í $400,000 þús. dollara á ári, og að ef hann eigi að skyldast til að borga konu sinni yfir fjórðung þeirrar upphæðar, þá geti hann ekki haldið saman sál og líkama fyrir fátæktar sakir. Hann ákærir konu sína fyrir eyðslusemi. Hann kveðst á síðasta ári hafa gefið henni $224,000, og að síðan árið 1899 til 1906 hafi hann gefið henni í vasapeninga $766,500 og að hún hafi lagt $200,000 af því til síðu. — Dómarinn frestaði réttarhaldi í þessu máli, þar til hann hefði rannsakað það nákvæmlega. Það er því óvíst, hvort konan fær aukinn fjárstyrk hjá bóndanum, eða hvort hún verður að fara á sveitina með þessar 25 þús. dollara á ári.

— Sextán ára gömul stúlka í bænum Taylor í Texas skaut föður sinn til bana þann 16. þ.m., af því hann kraðdist þess, að hún færi út til að vinna á baðmullar ökrun um. Móðir stúlkunnar og systkini voru skipun þessari mótfallin, en karinn hemtaði, að sér væri gegnt og þegar dóttir hans neitaði að fara út til að vinna, þreif hann sveðju mikla, og kvaðst mundi drepa alla fjölskylduna, nema sér væri gegnt. Skaut þá stúlkan föður sinn tvö skot í brjóstið, svo hann dó samstundis.

— Til þess að takmarka innflutninga til Canada, hefir Ottawa stjórnin ákveðið, að hver sá, sem kemur til þessa lands frá nýári næstkomandi til 15. febrúar verði að hafa $50.00 í peningum þegar hann lendir. Þetta var reynt á sl. vetri, og er sagt að hafa haft heilarikar afleiðingar.

Fregnsafn.

Markverðustu viðburðir hvaðanæfa.

— Einhver hinn stærsta hríðarbylur, sem komið hefir í Vesturlandinu svo snemma að haustlagi, geysaði á þriðjudaginn og miðvikudaginn var í Vesturfylkjunum. Ofviðri var mikið og fannfergja, svo snjórinn varð tíu feta djúpur. Járnbrautalestir C. P. R. og C. N. R. félaganna teptust víða heilan sólarhring.

— Mrs. Nelson Ingvarson í Sisseton, S. Dak., og tvö börn hennar, brunnu til bana þann 21. þessa mánaðar. Bóndinn kveikti eld í matreiðslustónni áður en hann fór til vinnu um morguninn. En nokkurum tímum seinna stóð alt húsið í kjörtu báli. Og halda menn, að konan hafi, þegar hún kom á fætur, helt steinolíu í eldinn, eða að olíukannan hafi staðið of nærri eldinum og kviknað í olíunni af þeim ástæðum. Lík konunnar fanst á eldhúsgólfinu mjög svo brunnið, og bæði börnin dauð í rúmnu, þó ekki mjög brunnin.

— Hveiti uppskeran í Manitoba í ár er áætluð að muni verða að minsta kosti 57,748,000 bushels, eða til jafnaðar 17½ bushel af ekrunni. Í Saskatchewan fylki er hveitimagnið áætlað 35,940,000, eða til jafnaðar 15 bushel af ekru. Og í Alberta fylki 8,130,000, eða 30 bush. af ekru.

— Fyrsti bær á Englandi, sem hefir kosið konu fyrir bæjarstjóra, er bærinn High Wycombe, sem fyrir skömmu kaus Miss Dove til þess starfa. Það var ekki fyr en á síðasta þingi, að Bretar sömdu lög, er veittu konum kjörgengi til bæjarstjóra. Miss Dove er 50 ára að aldri, kona vel mentuð og hefir um mörg ár tekið mikinn þátt í umbóta og fátækramálum í landinu.

— Í hríðarbylnum mikla, sem geysaði um Vesturlandið í síðustu viku, fraus maður í hel 15 mílur frá Maple Creek, Sask., þann 23. okt. Maðurinn hét Harry Martin og var fjárhirðir. Ivey Nelson, fjárbóndi nokkrar mílur norður frá bænum, misti 2,500 fjár, sem hafði hrakið út í vatn undan veðrinu. — Annar bóndi þar í grend misti 500 fjár.

— Ríkisbankinn í Hartwell, Neb., var rændur þann 23. okt. Ræningjarnir náðu um $3,400 í peningum, en skildu eftir heilmikið af verðbréfum. Þeir voru allir í burtu, þegar bankinn var opnaður um morguninn.

— Páfinn í Rómaborg hefir nýlega gefið úr hátíðlega aðvörun til allra katólskra manna, og sérstaklega til prestanna, um að lesa ekki blöðin. Meðal annars sagði hann í ræðu, sem hann hélt á prelátafundi í Vatíkaninu fyrir skömmu: — "Ég bryni fyrir yður, að réiða yður ekki á blöðin, jafnvel ekki þau, sem segjast vera hlynt katólskri kirkju og bera málefni hennar fyrir brjósti. Reiðið yður heldur ekki á tímaritin, hversu vel, sem yður kann að falla skoðanir þeirra í geð, — lesið þau ekki. Þess minna, sem þér lesið í þeim, því betra. Ef þér farið í öllu eftir boði biskupanna og hafið vakandi áhuga á starfi yðar, þá mun þessi nýrri mentun ekki hafa áhrif á yður. Og skyldi einhver reyna að leiða yður inn á þá braut, þá segið við hann: "Vik frá mér, Satan!"

NÝTT NÝTÍZKU

THE QUEENS

Vinsælasta og þægilegasta Gisti-hótel í Winnipeg

Bandaríkja-snið
Frí keyrsla.

MONTGOMERY BROS.,
EIGENDUR

BJART MIÐSTÖÐVA

Röstur í Lundúnum

Stórfengilegasti atburður, sem enn þá hefir orðið á Englandi síðan kvenfrelsishreyfingin komst þar í algleyming, varð í Lundúnaborg að kveldi 13. þ.m. Þá hópuðu 100 þúsund manns sig utan um þinghúsið, og lokuðu allri umferð í 3 klukkustundir á öllum nærliggjandi strætum. Mestmegnis voru þetta alt konur, sem tekið höfðu sig saman um, að sýna stjórninni afl sitt og einbeittleik í að fá jafnrétti við karlmenn í atkvæðagreiðslu um landsmál. Sex hundruð riðandi lögregluþjóna þurfti til þess að halda reglu umhverfis þing húsið, og til að reyna að hindra það, að konurnar kæmust of nálægt því. En samt fór það svo, að ein kona komst inn í þingsalinn og hrópaði hátt, að konur heimtuðu jafnrétti. Þingmenn voru allir sem þrumulostnir, þegar þeir heyrðu til konunnar. En jafnskjótt og hún byrjaði að tala, var hún af þingþjóni einum tekin í fang og borin út úr salnum, og var hún því ekki lengur þar inni en 28 sekúndur. Þetta gerðist kl. 8 um kveldið.

Þetta er hið fyrsta tilfelli sinnar tegundar, sem nokkurn tíma hefir komið fyrir í brezka ríkinu, og lögin hafa ekki gert ráð fyrir, að það geti komið fyrir. Þess vegna eru engin laga ákvæði til um þetta, og getur það því ekki talist lagabrot. Konan varð því ekki sakfeld fyrir að hafa fyrst allra kvenna flutt mál í þingsal Breta meðan á þingsetu stóð.

Fréttabréf.

Úr bréfi úr Árdalsbygð, dags. 19. okt.: "Sumarið hefir verið eitt hið blíðasta, sem hugsast getur. Heyfengur manna mikill og góður, en uppskera af korntegundum og jarðeplum í rýrara lagi. Nú loksins er verið að vinna að upphækkun á járnbrautarstæðinu hjá oss Árdælingum, og hafa þeir Tryggvi Ingjaldsson og Gestur Oddleifsson tekið "akkorð" á rúmum tveimur mílum, og er önnur þeirra nær því fullgerð. Um 200 manns vinna að sögn að suðurendanum á braut þessari. Alt annað er hér hægfara og hávaðalaust, þó kosningar séu í nánd".

MARKERVILLE, ALTA.
15. okt. 1908.
(Frá fréttaritara Hkr.)

Tíðin hefir verið mjög inndæl hér í Alberta um langan tíma, svo varla er hægt að kjósa sér betri veðráttu en hér hefir verið, síðan hinum fjarskalegu úrfellum linti seint í júní sl. Að eins einu sinni áður man ég eftir líkt góðri tíð í september sem nú næstliðin 20 ár. Sá mánuður hefir jafnan reynst hálf hvimleiður að tíðarfari.

Alt hefir hirzt ágætlega, bæði hey og uppskera. Hey bænda eru yfirleitt bæði góð og mikil, og upp skera af ökrum vel í meðallagi víðast hvar. Mundi hafa orðið í bezta lagi, hefði bæði úrfellin í júní ekki keyrt fram úr hófi og hagl ekki komið seint í mánuði þeim. Þetta hvorttveggja hnekti uppskerunni að mun, en samt varð hún betri en þá leit út fyrir, sem mátti þakka hinni ágætu veðráttu næstliðna þrjá mánuði. — Mangir höfðu hausthveiti og reyndist það yfirleitt vel. Margir bændur rækta gras, og reyndist það víða ágætlega.

Síðan stóra áfellinu linti í september næstl. ár, má hér kalla að hafi verið gott og blessað árferði.

Síðastliðið vor var kvikfénaður hér í sveit í bezta lagi, enda gagns munir góðir þetta sumar, og skepnur manna í bezta ásigkomulagi undan sumrinu. Yfirleitt er gripamarkaðurinn lágur, þó hann sé nú viðunanlegri en næstl. haust — Uxar 3. ára og eldri seljast nú (eftir gæðum) frá $30 til $38. Á öðrum nautgripum er fremur lágt verð, og lítil sala fyrir þá enn sem komið er. Verð á lifandi svínum er nú 5¾c pundið. Verð á kjöti mun vera: Gripakjöt 6c, kindakjöt 9 til 11c, svínakjöt 6 til 7c pd. Smjör er 20 til 25c pd. Egg munu vera 20c tylftin.

Sumir bændur hér búast við að geyma sína fullorðnu uxa þangað til að áðiðnum vetri, eða til vors. Margir hafa gert það undanfarin ár, og fengið fyrir þá $55 til $60.

Nokkuð hefir verið kvillasamt hér vestra undanfarinn tíma. — Taugaveikin hefir verið að stinga sér niður í bæjunum hér við járnbrautina.

Talsverður burtflutningur hefir verið í vor og sumar, mest af annara þjóða mönnum. En tveir af okkar elztu landnámsmönnum hafa flutt héðan, að minsta kosti um tíma. Það eru þeir herrar: S. Goodman og V. Halldórsson. Þeir eiga báðir óðul sín óseld, og búast við að koma hingað aftur, einkum sá síðartaldi, sem á hér miklar eignir.

Markerville búar hafa fengið myndað nýtt skólahérað, tilheyrði áður Hólaskóla. Skólinn verður byggður á Markerville innan skams.

Undirbúnings fundir eru nú haldn ir hér á ýmsum stöðum undir í hönd farandi Dominion kosningar. Viðsjár eru miklar með mönnum, þótt alt fari með kyrð og spekt. Hvorir spá öðrum óförum, þá sóknninni lýstur upp. En hvað verð ur, er ekki hægt að segja. Hér mun þó nærri um flokkana, svo að vant er að sjá, hvor berá hærra hlut. En víst er það, að frjálslyndi flokkurinn hefir þynst, frá því um síðustu kosningar. Það er miðið mein að því, hve litt alþýða manna er kunn stjórnmálum þessa ríkis. Flokksofstæki á sér of víða stað, sem ásamt þekkingarskorti og sannfæringarleysi kemur mönnum oft á kaldan klaka, og í því skjóli skáka skálkarnir. Margur mun sá af Íslendingum, sem enn les ekki til gagns annað um stjórnmál, en það, sem íslenzku blöðin okkar í Winnipeg hafa að segja. En sá er galli á gjöf Njarðar, að þau eru alt of strönglokksblöð. Þau væna hvort annað um lýgi, en það er ekki nóg. Oss vantar sannanir, óhrekjandi sannanir, sem geri enda á þeirri þrætu. Það er eins og alt af sé farið í kring um sannleikann, svo ágreiningurinn taki aldrei enda. Mig, sem tilheyri íhaldsmanna flokknum, vantar að fá að sjá glögga stefnuskrá flokks míns, en ég hefi hvergi séð hana. Hann lofar umbótum á stjórn ríkisins, og það meinar hann eflaust. Hverjar eru þær megin framfarir, sem hann tekur á stefnuskrá sína?

Það, sem er nú lífsspursmál þjóðarinnar er sérstaklega tvent: — Fljót framkvæmd á byggingu G. T. P. og H. B. járnbrautanna, undir þjóðeignar fyrirkomulagi. — Þær eru báðar eitt af hinum allra stærstu velferðar spursmálum þjóðarinnar. Eða hverjir þora að neita því? Það þarf ekki glöggskygnan mann til að sjá það, að áður en margir tugir ára líða, verða þessar þrjár brautir ónóg flutningstæki fyrir Norðvesturlandið, svo auðsagt er það og hraðfara á framfarabrautinni.

Og hitt. Þjóðin þarf sannarlega lögun á tollmálinu. Líberals lofuðu að afnema alla tolla. Auðvitað gátu þeir það ekki, þó þeir hefðu viljað. En meiri jöfnuð vantar. Lágur tollur er nauðsynlegur til að vernda innanríkis iðnað og framleiðslu hans. Sívaxandi tollur á nauðsynjavörum bænda og verka lýðsins er óþolandi. Hver sú stjórn sem ekki lætur sér ant um með réttlátri löggjöf að vernda og efla hagsæld alþýðunnar, verðskuldar að vera send í burtu sem allra fyrst.

Ég hefi komið nú og fyrri á undirbúnings fundi, þar sem þingmannaefni og sendlar þeirra hafa flutt tölur fyrir lýðnum. En mér hefir virzt lítið á þeim að græða. Þar er að jafnaði lítið annað á boðstólum en skammir og hrakyrði um andstæðinga flokkinn. — Þetta: "Hann hefir svikið alt, engu góðu til leiðar komið og ekkert gert fyrir þjóðina. Og svo klappa tilheyrendurnir lof í lófa yfir öllu þessu góðgæti. — Ég er nú einn af þeim fáfróðu, en samt þori ég að fullyrða, að nú í full 30 ár hefir Canada aldrei haft þá stjórn, sem eigi þenna vitnisburð skilið að öllu leyti. En að sýna fram á, hvað gert hafi verið, gallana á því, og hvernig bezt verði ráðin bót á þeim, með sannfærandi rökum, heyrist alt of sjaldan á þessum fundum. — Það kann að vera mikið sagt, að sumir þessara andstæðinga sýnast að vera persónulegir fjandmenn. Nærri má geta, hve notadrjúg samvinna slíkra manna verður, nær á þing koma, þar sem óvildin og úlfúðin rekur alla mannúð og bróðurlega samvinnu á flótta.

Eitt er víst, að það er meira en tími kominn til að skifta um sambandsstjórnina, og það þótt færri stjórnarfarsleg afglöp ættu sér stað, en nú heyrist um. Það er mjög margra skoðun, að það sé miður heppilegt, að sama stjórn sátji að völdum mörg kjörtímabil í senn, og hefir sú skoðun við mikið að styðjast, enda hefir reynsla liðinna tíma sýnt það.

Wall Plaster

Með því að venja sig á að brúka **"Empire"** tegundir af Hardwall og Wood Fibre Plaster er maður hár viss að fá beztu afleiðingar.

Vér búum til:

"Empire" Wood Fibre Plaster
"Empire" Cement Wall "
"Empire" Finish "
"Gold Dust" Finish "
"Gilt Edge" Plaster of Paris
og allar Gypsum vöruteg. undir. —

Eigum vér að senda yður bækling vorn?

MANITOBA GYPSUM CO. LTD
SKRIFSTOFUR OG MILLUR Í
Winnipeg, - Man.

Heimskringla

Published every Thursday by The Heimskringla News & Publishing Co. Ltd

Verð blaðsins í Canada og Bandaríkjunum er $2.00 um árið (fyrir fram borgað). Sent til Íslands $2.40 (fyrir fram borgað af kaupendum blaðsins hér $1.50.)

B. L. BALDWINSON,
Editor & Manager

Office:
729 Sherbrooke Street, Winnipeg
P.O. BOX 3083. Talsími 3321.

Kosningarnar.

Almennar kosningar fóru fram á mánudaginn var, þann 26. þ.m., í 214 kjördæmum Canada.

Í 7 kjördæmum var kosningum frestað um nokkra daga.

Það var almenn skoðun hér vestra, að Laurier stjórnin, ef hún ynni kosningarnar, mundi hafa lítinn meiri hluta í þinginu. En kosningarnar sýna, að hún muni hafa um eða yfir 40 fleirtölu í þinginu.

Manitoba hefir í þetta skifti sýnt, að hún aðhyllist hreinferðuga og ráðvandar stjórn. Fylkisbúar hafa kosið 8 eða máske 9 Conservativa. Winnipeg borg hefir kosið Conservative þingmann með nálega 2,000 fleirtölu atkvæða, eða nákvæmlega 1982 atkvæðum umfram. Hér í borg voru 3 um sóknina: Cameron (Liberal), sem fékk 6,705 atkv., Haggart (Conservative), sem fékk 8,651 atkv., og Houston (Sósialisti), sem fékk 1910 atkv. Haggart fékk þannig fleiri atkvæði en þeir Cameron og Houston til samans, og sýnir það best, hve Conservative flokkurinn er öflugur hér í borginni.

Í Manitoba fylki hafa náð kosningu þessir Conservativar:

ALEXANDER HAGGART, K. C., í Winnipeg.
GLEN CAMPBELL í Dauphin.
W. H. SHARPE í Lisgar.
W. STAPLES í Macdonald.
ARTHUR MEIGHEN í Portage la Prairie.
Dr. W. J. ROCHE í Marquette.
Dr. F. L. SCHAFFNER í Souris
GEO. H. BRADBURY í Selkirk.

Provencher og Brandon eru þau einu kjördæmi í Manitoba, sem kjósa Liberals, og jafnvel Brandon er vafasamt, — Sifton talinn að hafa að eins 16 atkvæði umfram.

Í British Columbia fóru fram kosningar í 4 kjördæmum. Þar náðu 3 Conservativar sætum og 1 Liberal. Kosningum var frestað í 3 kjördæmum þar í fylkinu, en þau kjördæmi hefðu öll kosið Conservative þingmenn, hefðu kosningar þar farið fram jafnt og annarstaðar.

Nova Scotia fylkið, sem kaus 18 (alla) Liberals við síðustu almennar kosningar, gaf í þetta sinn Conservativum 6 sæti.

New Brunswick fylkið, sem áður sendi 5 Conservativa á þing, kaus nú að eins 3.

Prince Edward Island, sem áður hafði 3 Conservativa, kaus nú að eins 2 (af 4).

Ontario fylkið stendur nákvæmlega eins og það stóð um síðustu kosningar, eða þó heldur betur með Laurier stjórninni. En við því munu flestir hafa búist, að þar yrðu mikil umskifti, og að Liberar fengju þar miklu færri sæti en við síðustu kosningar.

Conservativar mega því heita að hafa tapað í Prince Edward Island, New Brunswick og Ontario, en grætt í Nova Scotia, British Columbia og Manitoba, — langmest þó í Manitoba.

Quebec stendur nákvæmlega nú eins og fyrir 4 árum. Þá fengu Conservativar þar 11 þingmenn af 65, og nú einungis 11, eða máske 14 í mesta lagi.

Mr. R. L. Borden, leiðtogi Conservative flokksins, sótti um kosningu 2 kjördæmum og bar hærri hlut í báðum.

Tveir af ráðgjöfum Lauriers, Sir Frederick Borden og Wm. Templeman, urðu undir í kosningunum.

Yfirleitt má segja, að úrslit kosninganna séu hin mesta vonbrigði fyrir Conservative flokkinn, sem gert hafði sér vonir um, að vinna algerðan sigur í þetta sinn, en í þess stað hefir að eins aukið fylgi sitt í þinginu um 15 til 20 menn, og á því enn að etja við stjórn, sem hefir nálega 40 atkv. yfirburði í þinginu, eða máske meira.

Það bezta, sem hægt er að vona, er það, að þó sigurinn sé ekki mikill nú, þá gefi hann þó von um sigur við næstu kosningar.

SAMTAL UM BÚSKAP

Eftir ORRA

VI.

KETILL: Þér fara nú sjálfsagt að leiðast þessar áleitnu spurningar mínar, en þó mun ég enn leggja fyrir þig margar. Atli félagi, í þeirri von, að þú leysir úr ýmsum gátum, er velta í huga mér.

ATLI: Það er skylda mín, að vera léttur í svörum við þig, svo fremi, sem föng eru til, því fyrst og fremst ertu fornvinur minn, félagi ("Vinum mínum vildi ég vera trúr", sagði Snorri), og í öðru lagi ert gestur minn. Því skaltu hiklaust spyrja mig hvers er þú vilt.

KETILL: Fyrsta spurning mín verður þá viðvíkjandi eplatrjám, eðli þeirra og herðingu, — ég sé, að þú hefir eitthvað af þeim. — Hvers kreðjast þau til þrifa?

ATLI: Eplatrjá rækt ættu að setjast í dálk næst á eftir aðallífsnauðsynjum bóndans, því sú grein, stunduð með alúð og nákvæmri umhyggju, er arðsöm mjög. Þess eru mörg dæm, að af ekru fáist frá $75—$200 á ári. Fyrst verðum við að velja hentugan stað til að planta eplatrjánum á. Bezt er, að moldin, sem þau eiga að setjast í, sé litið eitt sandkend leirfjómold, með malarkendri grunnmold. Í þess háttar jarðvegi eru þau kostabezt. Þar sem mjög er sendið og þurt, þrífast þau laklega, og einnig á seilukendum stöðum líður þeim illa. Sá jarðvegur, sem er frjósamur fyrir hveiti og maís, er vanalega ákjósanlegur fyrir eplatré. En vel að merkja, að vegur er til alls. Láglendið má gera að heimkynni trjánna með því að þurka það, ræsa það fram, en hálendið með grunnplægingu, sem ég hefi áður lýst fyrir þér, eða með því að beðja. Það einnig varnar vatninu frá að renna í burtu. Einnig er það aðgætandi, að mörg er sú hæð, sem svo er grýtt og hrjóstug, að ólíkleg er talin, en gæti þó verið arðvænlegt aðsetur eplatrjáa, væri rétt meðfarið. Undirlúningur jarðvegsins verður að vera, eins og ég sagði þér áðan, viðvíkjandi skógræktinni. Hafi maður landrými nóg, skyldu eplatré ætíð plantast á þau svið, er yfir bera (ekki á hæstu hæðir). Ekki einungis til þess, að verja þau uppistöðu vatns, heldur og svo til að gefa þeim sem hreinast og bezt loft. Þar eð kalda loftið er þyngra en hið heita, leitar það láglendisins. Þar af sjáum við, að trjánum er betur borgið á hærra landinu. — En hvað stærtir afstöðu trjánna mót áttum, skal þess gætt, í öllum plássum, þar sem vorfrost eru vanaleg, að velja þeim stöðu þar sem landi hallar mót norðri. Með því er trjánum betur borgið frá skemdum ef ekki eyðileggingu.

KETILL: En hver er sú orsök er þar að liggur? Norðurhvelið er þó ætíð kaldara en hið syðra.

ATLI: Já, aldeilis rétt, lambið mitt. Vegna þess, að norðurkinnin er kaldari en sú syðri, veljum vér þá nyrðri, — ekki vegna þess, að þau frjósi þar síður, þvert á móti. Aðalorsök fyrir því vali er, að þar þiðna þau seinna á morgnana. Með því móti brýst hið innra lífseðli þeirra óþvingað út í frjóangana, því alt lifandi, er frosið hefir, verður að þíðast af sínum eigin lífsvermikrafti. Þegar menn kala eru þeir þíddir í klaka eða klakavatni. Það er ekki klakinn, sem þíðir, heldur er hann vörn móti utan að komandi hita, svo að vermikraftur líkamans geti unnið einn í ró og næði. Kuldinn utan að eykur hitann inni fyrir, herðir á miðflótta aflinu. Járnsmiður t. d., þegar þeir hafa með höndum stórsmíðar, ausa þeir köldu vatni yfir afleld sinn. Vatnið þéttir kolin, lokar útgönguholum hitans, og við það dregst hitinn saman og verður aflmeiri. — Líkt er með trén í norðurkinninni. Hin svala morgungjóla ver því, að loftholur trjánna opnist of ört. Til þess að skilja náttúruna, verðum vér fyrst að finna orsök, svo afleiðing orsaka, — þannig lærum vér að skilja lögmál lífsins. — Meðfram stórvötnum og á þeim stöðum, er vorfrost er ei að óttast, skyldi eplatrjám ætíð plantað á móti suðri, því þar framleiða þau verðmætastan afrakstur. Eplagarður (Orchard) mun því það eins arðsamur, að maður sé vandvirkur að vali trjánna. Eins eða tveggja ára gömul tré er manni bezt að velja til plöntunar. Þess verður einnig vel að gæta, að trén séu heilbrigð, beinvaxin, með sterklegum, hreinum rótum. Kræklutré, bráðvaxin, skyldi enginn maður gróðursetja, því þau verða sjaldan mikils virði. Að eyða tíma sínum og vinnu við slík tré, er að hlutfalli líkt og að ala upp gripi af rusl-kyni, — hvorugt svarar kostnaði. — Að ákveða trjátegundir er ógerningur, því þessi tegund vex vel hér, en önnur þar. Aðal spursmálið er því, að velja þær tegundir, sem reynsla er fengin fyrir, að bezt þrífist á umræddum stað. — Í október mánuði er bezt að planta trjánum. Með því móti standa þau reiðubúin strax á vorin til að taka á móti gróðrarbreytingum náttúrunnar, og eru búin að samlaga sig moldinni löngu áður enn vanaleg vorplöntun byrjar. Þegar trén eru gróðursett, verður maður að gæta þess, að nóg sé rúm á milli þeirra, frá 30—40 fet er algengt færi á milli þeirra. Limar þeirra eru viðtækar og sólarljóssins verða þau að njóta í fullum mæli. Holan, þsem tréð á að setjast í, verður að vera svo rúmgóð, að maður geti lagt ræturnar í sem líkast ásigkomulag og þær voru áður í í jörðu. Tréð verður að setjast sem svarar einum þumlungi dýpra, en það var áður. Í botni holunnar verður að vera laus mold, bezt að kasta niður í hana dálítlu af frjómold topps ins. Nákvæmlega verður að fylla í holuna, þjappa moldinni vel-fast saman, svo alt loft útbyrgist. Allir óþarfa limir á trénu skyldu afskornir, til þess að varna því, að of mikill kraftur dragist frá rótunum. Einnig til að fyrirbyggja ofreynslu í vindi. Tvö fyrstu árin skyldi maður halda toppnum til baka, með því að aflima hæfilega. Beztur tími til að aflima eða afkvista er seinni hluti marzmánaðar og fyrri partur apríl. — Hér í norðurhluta lands hafa þessar tegundir reynst happadrýgstar: — Red Astrachan, Bough Sweet, Oldenburgh, Primate, Chenango, Keswick, Maiden's Blush, Shrawassee, Twenty Ounce, Bailey Sweet, Westfield, Jonathan, Hubbardston, Grimes, Baldwin, Talman, King, R. I. Greening, Red Canada, Northern Spy og Golden Russet. — Aðalkostir epla til markaðar eru taldir þessir: — Harka, frjósemi og fegurð. — Undirstaða eplaræktar velgengni er aðallega sú, að réttar trjátegundir séu valdar. Einu sinni var gamall garðyrkjumaður spurður að, hvaða tegundir hann mundi planta í eitt þúsund trjáa garð. Hann svaraði: "Níu hundruð niutíu og níu Baldwins". — En þá af hvaða tegund hið eina? — "Hafa mundi ég það af Baldwins flokknum einnig". — Svar mannsins bendir til þess, að honum hefir reynst sú tegund vel. En eigi þar með sagt, að sú tegund sé bezt allra, heldur bendir svarið að því, að menn skyldu ætíð halda trygð við það, sem vel hefir gefist. Það eru búnaðarstofnanir, sem prófa eiga hinar nýju tegundir, bóndinn hefir ekki tíma til, að gera eðlisfræðilegar rannsóknir. Hann verður að nota tíma sinn til arðvænlegrar framleiðslu. — Meðan að trén eru ung og lítil, þarfnast þau nákvæma hirðingu. Moldinni í kringum þau og milli þeirra verður að halda lausri og hreinni, láta ei ógresi vaxa. Inni á milli trjánna má vel yrkja jarðepli eða aðra garðávexti, er umönnunar þarfnast. — Frjóbætir, keyptan eða heimagerðan, verður maður alt af við og við að bera á rótum trjánna, að öðrum kosti hætta þau að bera ávöxt. Það er aðgæsluvert, að bera eigi þess háttar rusl að trjánum, sem mýs og rottur gera sér bústað í, því setjist þær að kringum trén, gnaga þær þau til skemda og stundum til algerðrar eyðileggingar. Við músagnagi á trjánum má gera með ýmsu móti, t.d. að hylja sárið með trjávaxi. Stundum dugar að eins mold í sárið. Séu skemdir miklar, s. s. hola grafin í tréð, er bezt að taka sér í hönd sporjárn og gera holuna rétthyrnda, tegla svo til eitt eða fleiri stykki af nýjum við og fella í holu-sárið — (Þú, sem smiður, veist það, að betra er að hafa ifelluna í fleiru en einu lagi) — og bræða síðan yfir alt með vaxi. — Eitt er enn, sem vér verðum að hafa vakandi auga á, það eru ormar og yrmlingar, er ásækja eplatrén. Alt þess háttar illþýði verðum vér að reka á burt. Nái þesshháttar til að þróast inn á milli trjálimanna, ollir það einnig skemdum, svo miklum, að þau bera ekki ávöxt.

Fyrir vindaáttum þurfa ávaxtatré öll að hafa skýli af öðrum skógarvið, svo blómin fjúki ekki af á vorin. Fjúki blómin af, bera þau ekki ávöxt. Einnig er nauðsynlegt, að bera að trjánum á haustin hreina mykju eða mold, svo frost haldist sem lengst fram eftir vorinu í rótum þeirra. Það varnar því, að þau blómstri of snemma á vori. — Það er fögur sjón, að sjá ávaxtina glitra innan um laufskrúðið, þegar kveldsólin stafar eldraðum geislum sínum yfir trjátoppana. Maður getur ei varist, að undrast og dást að þessum almáttka, hulda undrakrafti, almættinu, sem B. G. lýsir þannig:

"Sólkerfum þú setur rás,
sem og ar í geislum.
Engli skaptir andarkrás,
ormi bauðst að veizlum".

Þessi kraftur heimilar oss öll afnot og frjósemi jarðarinnar. Vanrækjum vér heimild þá, óvirðum vér náttúru höfundinn og auvirðum sjálfa oss með litilmensku-leti og atlóðabætti. Vér verðum að starfa, starfa, starfa, svo að seinni menn sjái fótspor vor í söndum tímans. Gáum þess, að letingjarnir deyja oftast fyrir örlög fram, en þeir starfsömu lifa lengur og minning þeirra lifir frá einni kynslóð til annarar.

KETILL: Hvernig þrífast Teamings-ber (Strawberries) hér hjá ykkur? Eru þau arðsöm sem markaðsvara? Og hvernig er þeim plantað og hvernig hirt?

ATLI: Teimings-ber eru ekki að eins ljúffengust og heilnæmust allra berjategunda, heldur einnig ein af arðmestu verzlunarvörum, — svo arðsöm, að þess eru mörg dæmi, að ein ekra hefir gefið af sér svo hundruðum dollara hefir skilt, jafnvel $800, — en vel að merkja, að eins í höndum þeirra, er vilja, og kunna meðferð þeirra. Ennþá sem komið er, höfum vér Íslendingar lítið sint jarðyrkju á hærra stigi, en eftir því, sem vér kynnumst betur þjóðháttum þessa lands, munum vér verða jafnokar annara þar sem annarsstaðar, því Íslendingar eru námfúsir og verklægnir, eftir að þeir eru búnir að sansa sig á hlutum og atvikum. En það brennur við þá enn, sem hirðmenn Eiríks Hlaðajarls sögðu um þá Gunnlaug Ormstungu og Skáld-Hrafn: "Íslendingar eru seinir að muna". Þeir eru seinir að sansa sig, seinir að taka fastar steinur, en eftir að þeir eru farnir af stað, eru þeir þolnir og þrautsegir.

Þessum berjum er oftast plantað í langraðir. Þeirra ákjósanlegasti staður er á móti suðri, í heldur leirkendri mold. Eftir að búið er að gróðursetja plönturnar, plægjum við strax á milli raðanna með maís plóg og höldum þeirri aðferð áfram yfir gróðrartímann, því gras má ei vaxa inn á milli plantanna. Í kring um plönturnar í röðinni setjum við hálm eða heyrusl, bæði til að verja ógresi og til að viðhalda kuldasagga í moldinni. Á haustin þekjum við berjablettinn allan með hálmi eða heyrusli, til að verja plönturnar frostskemdum yfir veturinn. Snemma á vorin, að frostum afstöðnum, rökum við ruslinu saman og hreins um nákvæmlega. Hvaða tegundir beztar séu, er ógerningur að gefa nokkra ákvörðun um, — þó gat ég nefnt hér fáeinar, sem vel hafa gefist, og eru þær þessar: — Beder Wood, Lovett, Wolverton, Beverly, Governor Hoard og Gandy. Þessar tegundir hafa allar allstaðar reynst vel. Yrki maður þessi ber á sama bletti ár eftir ár, verður að breiða blettinn með frjóefnum á hverju ári. Vanalega eru þessar berjaplöntur ei frjóberandi lengur enn tvö til þrjú ár, með því tímabili verða þær að endurnýjast.

Önnur tegund berja er hér, sem við nefnum Raspberries. Það er brúska tegund mjög auðveldlega yrkt, sem virðist að þrífast á öllum stöðum, en þó bezt í ríkri, seilukendri jörð. Á vorin þarf maður að yfirlíta hvern brúska, skera af alla dauða anga, — bezt að skilja eftir að eins fimm stöngla á hverri rót. Losa skal árlega moldina í kring um ræturnar og blanda þar saman við mykju, og verja illgresi að vaxa í kring. Á milli brúska hefir maður vanalega 2 til 3 fet.

Grapes-ber höfum vér einnig. Þau eru arðsöm og auðveldlega gróðursett. Hver bóndi ætti að hafa minst tólf grapes-plöntur. Sú planta verður að hafa í námunda við sig eitthvað, sem hún getur klifrað eftir, því hún er vafningsplanta. Til þess nægja henni girðingastólpar, grjóthrúgur og jafnvel húsveggir. En frjófga verður maður mold hennar alt af við og við. Á öðru og þriðja ári frá plöntun, bera þær ávöxt. Svo endist frjómagn þeirra í hundrað ár, stundum lengur. Þegar þær eru farnar að renna út tágum sínum, er manni innan handar að mynda nýjar rætur, að eins með því, að benda tágarnar niður í jörð og þekja þær moldu.

Gooseberries er ein tegund, er vér höfum hér í görðum vorum. Þau eru fyrirhafnarlítil en ávaxtarík. Þau vaxa á viðarbrúskum í smágörðum. Er vanalegt millibil þeirra 2—3 fet. Afkvista verður maður brúskana, svo að sólarljós og vindur hafi greiðan út og inngang milli greinanna. Best er að aflima á vetrum. Í Lancashire á Englandi þrífast þessi ber betur en í nokkrum öðrum stað. Þar verða þau hartnær 2 þumlungar að þvermáli. Orsökin til þess er sú, að íbúarnir þar kunna betur til yrkingar þeirra en aðrir.

Ýmsar eru fleiri berjategundir, er vel gróa hér, og sem auka velsæld og búsæld bóndans. — Íslendingum hefir nú á seinni öldum verið gjarnt til, að líta svo á garðrækt, sem væri hún leikfang tómt. — Fornsögur vorar benda til, að garðrækt hafi verið á Íslandi í fornöld, t. d. "Guðrún Ósvífursdóttir var oft í laukagarði sínum" — Íslendingar ættu nú að standa feti framar forfeðrum sínum! En er það svo, vinur minn?

Vídalíns-safnið

fær herbergi sér í Forngripasafninu (í Reykjavík), uppi á efra lofti mentabúrsins, sem bráðum kemur til almenningsnota.

Dánargjöf Jóns konsúls Vídalíns til landsins er miklu merkari og verðmeiri en flesta gat grunað. Enn er eigi öllu skilað, sem ánafnað er landinu í erfðaskránni, frú Helga, kona Jóns heitins sem var, varðveitir suma gripina, og koma þeir fyrst hingað að henni látinni.

Almenningi var nýskeð gefinn kostur á að sjá munina, sem komnir voru. Og kjörgripirnir dýrustu eru rétt allir úr kirkjum. Til þeirra var gefið — fordum daga — og þau húsin geymdu. — —

Elzt af kirkjuskrúða íslenzkum er hökullinn úr Flugumýrarkirkju á Forngripasafninu. Hann er með þeirri gerð (í "rómönskum stíl") að hann er talinn að vera frá 12. öld. Sá helgur dómur hefir þá öefað komið á herðar Guðmundi góða, sem þar var langdvölum. —

Þar var Grundar-kaleikurinn góði úr ætt Lofts ríka, frá 15. öld. Fylgir patinan enn. Saga kaleiksins er sögð í þessu blaði af dr. Jóni Þorkelssyni (N. Kbl. 1906, nr. 3), og er þar góðum grip að fagna heimkomnum, en leitt að hann skuli eigi geymast á hinum gamla sögustað, allra helzt er þar er nú risin veglegasta og prýðilegasta kirkja landsins hjá Magnúsi bónda.

Þá eru og í safninu baksturssdósirnar frá Bessastöðum, sem Ólafur stiftamtmaður og frú Sigríður gáfu sem legkaup þeirra Magnúsar amtmanns Gíslasonar og frú Þórunnar.

Stórsýnt varð mönnum á prédikunarstólinn Guðbrandsnaut, er Jón heitinn náði í skrani á Sauðárkrók, og hefir sennilega bjargað úr eldinum. Guðbrandur Þorláksson smíðaði stólinn og gaf Sjávarborgarkirkju. Skar hann á af mikilli Ést Krist og guðspjallamennina fjóra, tvo til hvorrar handar. — Sömu skurðmyndir eru á prédikunarstól í Laufáskirkju frá alveg sama tíma. Ártalið á þessum stóli Guðbrandar er 1594. Yfir Markúsarmyndinni er fangamark meistarans "G.T.", og glettilega er Markús sá líkur Guðbrandi, skarpleitur og stórnefjaður með tjúguskegg. Mestar líkur eru þó af háraburðinum, að þetta sé með ráði gert. Hinir fjórir eru með hárið skrýft og hrokkið, en Markús ber það kembt og niður strokið með hofmannavikum alveg eins og Guðmundur á myndinni.

Kirkjustjakar tveir fjórarmaðir voru þar frá Bræðratungu, mestir og beztir stjakar, er til Íslands hafa komið, stendur hver þeirra 6 fjórðunga, og munu vera frá fyrri hluta 17. aldar, er þar voru mestir höfðingjar.

Enn má nefna altaristöflu, með sporbaugslagi. Á er hinnaforin, forn og fagur skurður. Ekki er taflan stór. En hvaðan er hún? Í dönsku skránni er hún sögð keypt í Skagafirði.

Auk Grundarkaleiksins voru þar 9 kaleikar og 7 patínur. Einn kaleikurinn stórmerkilegur að fornri gerð frá 15. öld, og annar talinn mjög verðmikill, frá Borgarkirkju.

Oliumyndir tvær voru og í gjöfinni. Önnur þeirra er af Guðbrandi byskupi úr Bakkakirkju í Öxnadal. Hin myndin er eftir frægan danskan málara, Schjött að nafni, og keypti Jón Vídalín myndina á 1300 kr., af því að hún er íslenzk: Kvöldvaka í sveit: Þorsteinn í Hlíð er að kveða rímur, eins og segir frá í upphafinu á "Manni og konu". Schjött sá kom hingað til landsins, og er alkunn myndin hans af móðurinni, sem faldar brúðurinni íslenzku.

— "Nýtt kirkjublað".

Spurningar og Svör.

1. Eru draugablöð nauðsynleg fyrir kirkju og kristindóm?
2. Er nauðsynlegt fyrir presta, að kasta saur á heiðvirða menn?
3. Hvorir eru hættulegri fyrir trú og kristindóm, ofstækisfullir bókstafstrúarmenn eða Anarkistar?

SVÖR. — 1. Orðið "draugablöð" er svo óljóst og þýðing þess svo óákveðin, að ákveðið svar verður ekki gefið við spurningunni. En sé með orðinu "draugablöðum" átt við blöð, sem flytja draugasögur, þá verður ekki álitið, að slíkar sögur styrki kirkju eða kristindóm, eða að þær hafi nokkuð sameiginlegt við kirkjuleg málefni.

2. Það er ekki að eins ónauðsynlegt, heldur einnig í hæsta máta ósæmilegt af prestum, að "kasta saur í heiðvirða menn" En þess ber að gæta, að prestar eru eins og aðrir menn að eðlisfari, — hvorki betri né verri. Þeir eru háðir sömu veikleikum eins og aðrir meðbræður þeirra, og breyta þess vegna eins og aðrir menn: — Sumir vel, en sumir illa, eftir því, sem eðlisfarið býður þeim.

3. Ofstækisfullir bókstafstrúarmenn mega teljast blindir trúmenn. Þeir beita ekki hugsunar eða rökleiðsluöflum sínum, — skoða það syndsámlegt þegar um trúmál er að ræða. Þeim hefir verið kent, "að trúa í blindni", og að það sé að fara út fyrir takmörk trúfræðinnar, að beita rökleiðslu við hana. Að vorri hyggju verður ekki sagt, að þessir menn séu hættulegir trú og kristindómi, því að eðli trúarinnar er, að taka þar við, sem skynsemin nemur staðar. — Prinsíp Anarkista er annars eðlis. Það lýtur eingöngu að þjóðfélagsskipun, án tillits til kiristindóms trúmála, og þess vegna verður ekki sagt, að þeir séu trú eða kristindómi hættulegir. Ritstj.

Ásgrímur málari

ritar í júlí, frá Pálabjörgum (Rocca di Papa), hátt uppi í Albanafjöllum, 3 mílur frá Róm:

"— — Mér þykir svo óvenjulega vænt um, að fá bréf að heiman, þegar ég er svona langt úti í heiminum. Hér er rétt eins og Ísland sé týnt. Hér er enginn, sem þekkir Ísland og ekkert sem íslenzkt er. Ef ég þarf einhvers við hér, þá verð ég að leita til danska konsúlsins, og viðurkenna mig Dana um leið náttúrlega. — —

Mjög væri ég þakklátur fyrir blöð. Ég hefi ekki séð eitt íslenzkt blað síðan ég fór að heiman.— Jú, ég sá þau meðan ég var í Kaupmannahöfn, en ekki síðan.

Hér á Ítalíu er alveg guðdómlegt stundum. Slík skínandi fegurð sem hugsast getur. Himininn er svo blár, sem ég ekki hefi séð áður. En fjöllin eru fallegri heima. Hvergi var himininn og sjórinn eins blár og í Capri og Sorrento. Afarfróðlegt var að koma í Pompeji, en nýstárlegast fyrir Norðurlandabúa var að koma í Neapel. En Róm líkar mér bezt af öllu. Það er lang-merkilegasti og fegursti bærinn, sem ég hefi komið í, og er það mest fyrir stórvirki fornmanna. Þessar gömlu rústir þeirra, sem tíminn hefir verið að naga 2000 ár, líkjast mest klettum og tröllabyggingum. Og það er ekki einungis tíminn, sem hefir nagað þær. Mennirnir hafa skemt þær afarmikið með því að ríla úr þeim og byggja annað verra. Það er auðvitað búið að banna það núna.

Mér líður ágætlega. — Nú um sumartímann er langt of heitt fyrir mig í róm. Hitinn á daginn gerði þó minna til, ef það væri ekki þessi afskaplegi hiti á kveldin og nóttunni. — Gleðilegt að sjá, hvað heitt hefir verið heima í sumar. — Hér í Rocca di Papa er miklið svalara en í Róm. Héðan sér maður blána fyrir borginni í reykjarmóðu, og heyrir hinar þungu drúnur í Pótursskirkju klukkunum.

— "Nýtt Kbl.".

George G. LENNOX

Selur í heildsölu SKÓ, STÍGVÉL og YFIRSKÓ

150 Portage Ave. East, Winnipeg.

MARKET HOTEL

146 PRINCESS ST. á móti markaðnum

P. O'CONNELL, eigandi, WINNIPEG

Beztu tegundir af vínföngum og vindum, aðhlynning góð húsið endurbætt

JOHN DUFF

PLUMBER, GAS AND STEAM FITTER

Alt verk vel vandað, og verðið rétt

662 Notre Dame Ave. Phone 3815

Winnipeg

Strathcona Hotel

Horni Main og Rupert Str. Nýbygt og ágætt gistihús; Gest um veitt öll þægindi með sanngjarnasta verði. Frí keyrsla til og frá öllum járnbr. stöðvum. Beztu vín og vindlar; og herbergi og máltíðar ágætar.

McLaren Brothers

EIGENDUR

Hotel Pacific

219 Market Street Winnipeg | H. M. Hicks Eigandi Manitoba

Telephone 1338

Nýendurbætt og Nýtízku hús í alla staði. Viðskifta yðar óskast virðingarfylst.

$1.25 a Dag

$1.50 Á DAG

Best á $1.50 gistihús í Winnipeg

BRUNSWICK HOTEL

Horni Main St. og Rupert Ave.

Besta borðhald; Hrein og Björt Herbergi; Fínustu Drykkir og Bestu Vindlar. Ókeypis Vagn mætir Öllum Traunlestum. Reynið oss þegar þú ert á ferð.

Nokkrar hugsanir um Sameininguna.

Hérna liggur núna fyrir framan mig nr. 4 af Sameiningunni fyrir þetta ár (1908). Ég les strax á fyrstu blaðsíðunni þessa sögusögu: "Nú eru Breiðblik dauð, þau dóu úr hor og harðrétti", o.s.frv. En þegar þessi sögusögn er búin, les ég aftur aðra, — hún er svona: "Nú eru Bráðablik gengin aftur eins og draugur", o.s.frv. Svo les ég yfirskriftina: "Til stuðnings fyrir kirkju og kristindóm". Þegar ég er búinn að lesa þessar umsagn ir og yfirskrift, kemur sú spurning fram á varir mínar: Ætli það geti verið, að prestum og sönnuðum kirkjufélagsins þyki þessar og því um líkar afturgöngu og draugasagnir vera til stuðnings fyrir kirkju og kristindóm? Eða ætli það geti verið, að þeim þyki þær helgast með því einu, að þær koma frá kristindóms forsetanum? Sjálfsagt finst séra Jóni það, að hann geti kafausið andmælanda sinn, séra Friðrik með þessum draugasögum og samlíkingum, án þess að kasta skugga á sjálfan sig. En mér finst alt annað.

Með framangreindum afturgöngu og draugasögum og samlíkingum, er ég eins og mintur á draugasögu sem ég las fyrir löngu síðan í Sameiningunni, þegar þeir áttust við nafnarnir, séra Jón Bjarnason og Jón Ólafsson, — draugasöguna "Má ég detta?" Út af henni fékk séra Jón "Opna bréfið" frá nafna sínum J.Ó., sem ég veit, að margir kannast við. Ég hefi orðið þess var, að sumum þykir svo vænt um þetta "Opna bréf", að ég held það vanti minna á, að þeir hafi það fyrir part af trúarjátningu sinni. Ef draugasagan "Má ég detta?" hefði aldrei verið til, þá hefði opna bréfið aldrei orðið til. Og ég vil segja, að hvorutveggja hefði mátt missa sig. Á þeim tíma voru nokkurir kaupendur að Sameiningunni í mínu bygðarlagi. Einn þeirra kom með hana til mín, og vildi að ég losaði sig við kaup á henni með því að kaupa hana. Ég var þá ríkari af fátækt en peningum og þóttist ekki geta keypt blöð, og sagði honum, að hann mætti ekki missa hana. Hann sagði, að hún væri full af draugasögum, og sig vantaði ekki að kaupa þess háttar, — enda losaði hann sig við kaup á henni og hefir aldrei keypt hana síðan. Og sama vissi ég til að fleiri gerðu í því bygðarlagi.

Nú fæ ég aftur að lesa enn hrikalegri drauga- og afturgöngu-sögur í blessuðu kirkjumálgagninu okkar Sameiningunni, og við vesalings leiddu sauðirnir eigum víst að hafa vit á að trúa því, að þær séu til stuðnings fyrir kirkju og kristindóm. Þegar ég er búinn að lesa allar þessar hrikalegu sagnir og samlíkingar, bæði í Aramótum og Sameiningunni, af glæpamönnum, skrímslum, afturgöngum og draugum, fer um mig eins og einhver hrollur, sjálfsagt afturgöngu eða draugahrollur. En samt sé ég það, að þó séra Friðrik með Breiðablikum sínum sé einn afturgöngudrangurinn, eins og þeir mögnuðu draugar Glámur og Bægifótur, þá eru þeir þó bræður, séra Jón og hann. Af því segir það sig sjálft, að þeir eru allir bræður, höfuðprestarnir báðir, séra Jón og séra Friðrik, og svo mögnuðu draugarnir báðir Glámur og Bægifótur. Og fyrst þeir eru bræður, skulum við ekki efa, að þeir séu elskulegir bræður.

Hérna höfum við þá, aumingja leiddu sauðirnir, fyrirmyndina fyrir framan okkur, frá leiðandi manninum okkar, blessuðum kristindóms forsetanum. Nú vitum við, hvernig við eigum að hafa það, ef okkur greinir eitthvað á við einhverja í trúarefnum, — þá eigum við að samlíkja þeim við skrímsli, glæpamenn, drauga og afturgöngur, sem við höfum einhverntíma lesið eitthvað um í einhverjum fornsögum, — og eins þó það séu kristnir samtrúarmenn okkar. — Það er alt hið sama, — að eins ef það er einhver kirkjuleg formúla, sem við getum nefnt trúarjátning, — það er nóg.

Ég ætla að enda þessar hugsanir mínar með því, að mér finst, að það eigi hér réttilega við: "Að af sama munn má ekki bæði blessun og bölvun framkoma, — bræður mínir, það má ekki svo til ganga".

Guðm. Einarsson.

Til Hannesar Hafstein.

Þyrnbyrði valdanna þér tókst að ná
á þéttvöxnu herðarnar þínar.
Þú brást þinni ástmey, er bygði þér á
björtustu vonirnar sínar.

Láttu' ei við valdmissi víkja þér frá
veglyndi, djörfung né kæti, —
ef gætirðu að, vinur, þú getur að sjá,
að göfugra bíður þín sæti.

Senn vaknar þín ástmey af erfiðum blund,
af augum sér varpar hún glýju.—
Ég sit hér og þrái þá sælunnar stund,
að sjá ykkur faðmast að nýju.

Veiztu ei, Hannes, hver ástmey þín er?
Þú ófst henni kórónu úr blómum,
svo gall hennar harpa í höndum á þér
með hugnæmum vekjandi hljómum.

Lát gráðugu hrafnana garga, eftir list
með gorhljóði í stjórnmála haugum, —
vest brúðinni svölun, er bíður þín þyrst
með biðjandi tárvotum augum.

Ragnheiður J. Davíðsson.

"FÁTÆKA HAFIÐ ÞÉR JAFNAN HJÁ YÐUR". — Sem einn af þeim gat ég ekki látið hjá líða, að votta þeim heiðurshjónunum Mr. og Mrs. Johnson, 699 Elgin Ave., mátt innilegasta hjartans þakkæti fyrir alla þeirra mörgu velgerninga mér veitta fyrr og síðar. Og þá ekki síst fyrir það, hvernig þau reyndust Sigríði sálugu dóttur minni í hennar þungbæru veiki, alt eins og hún hefði verið þeirra eigið barn. Slíka umönnun og þau sýndu henni, er ekki hægt að þakka með fáum orðum eins og það er vert. Ég bið góðan guð að launa þeim alla þeirra trygð og velgerninga okkur auðsýnda.

Sigurður Brandson.

Óeigingjörn ást.

Ástamáls sögurnar af þeim Enoch Arden og John Ruskin — önnur gömul skáldsaga, en hin um frægan enskan heimspeking, sem eftirlét konu sína öðrum manni — eru engu ótrúlegri eða óeigingjarnari en sagan, sem nýlega gerðist suður í Bandaríkjunum, og sem hr. Sherman Kime, auðugur bóndi nálægt Petersburg, Ind., er aðalhetjan í.

Kime yfirgaf heimili sitt fyrir nokkrum vikum síðan til að leita uppi hina ungu konu sína, er hafði strokið frá honum. Hann bjó sig út með skammbyssu, því honum var heipt í hug, og hann hafði fastlega ásett sér, að drepa manninn, sem hafði eyðilagt heimili hans og rænt frá honum konunni.

Kime rakti feril konu sinnar gegnum þrjú ríki, og loksins fann hann þau í koía úti í skógunum í ríkinu Arkansas.

Kime brúkaði ekki skambyssuna strax, en tók óvin sinn tali, sem heitir John McArnold. McArnold sagði honum þá sögu sína, og hún hafði þau áhrif á Kime, að hann í staðinn fyrir að hyggja á hefndir, bauð að leggja bæði konu og fé í sölurnar fyrir elskhuga konu sinnar.

Þegar er McArnold hafði lokið sögu sinni, rétti Kime honum hönd sína alúðlega, og kvaðst skyldi gefa honum eftir konu sína. Hann sagðist fara undir eins heimleiðis, til að gera þar nauðsynlegar ráðstafanir um skilnað, svo þau gætu notist á heiðarlegan hátt. Og meira að segja, hann bauðst til að hjálpa þeim í fjármunalegu tilliti undir eins og þau væru komin í hjónaband.

Mrs. Kime og McArnold höfðu fest ást hvort til annars meðan þau gengu á skóla saman. En giftíng þeirra hafði farist fyrir vegna þess, að foreldrarnir fluttu sig langt í burtu, þegar stúlkan var 16 ára gömul. Hún kyntist hr. Kime og þau giftust. En einhversstaðar í fylgsnum hjarta síns geymdi hún ávalt mynd síns gamla unnusta. Þegar McArnold frétti um giftíngu unnustu sinnar, kvongaðist hann annari stúlku.

Fyrir fáum vikum síðan frétti Mrs. Kime að kona McArnolds væri dáin, og hefði eftirlátið honum ungbarn til að annast.

"Hann þarf mín við, — ég get ekki verið burtu frá honum lengur!" sagði hún. Og litlu síðar hvarf hún.

Það borgar sig að auglýsa í Heimskringlu

WINNIPEG Business College

FÉKK FYRSTU VERÐLAUN Á SAINT LOUIS SÝNINGUNNI.

Cor. Portage Ave and Fort St.

Dag og kveld-kensla. Leitið fullra upplýsinga og biðjið um vorn nýja pappírshnif ókeypis. Vér kennum enska tungu.

G. W. DONALD, ráðsmaður.

Hvað er svo Gott

sem nýtt, ferskt kjöt? Hvað er betra að borða en gott kjöt? Og hvar fæst það betur útilátið en einmitt hjá oss. Telefónið oss eina pöntun og reynið

C. G. JOHNSON,

KJÖTSALI

Horni Ellice og Langside. Tel.: 2631.

The Dominion Bank

NOTRE DAME Ave. BRANCH Cor. Nena St.

Vér seljum peningaávísanir borganlegar á Íslandi og öðrum lönd.

Allskonar bankastörf af hendi leyst

SPARISJÓDS-DEILDIN

tekur $1.00 innlag og yfir og gefur hæztu gildandi vexti, sem leggjast við innstæðufé á sinnum á ári, 30. júní, 30. sept. 31. desembr og 31. march.

Hinir áreiðanlegustu — og þar með hinir vinsælustu — verslunarmenn auglýsa í Heimskringlu.

—The— Criterion Hotel

McDermott Ave.

Nýtt, vandað gistihús með ágæt herbergi, vönduðustu drykkjir og fínustu vindlar.

Vinsælt meðal Íslendinga. Er beint á móti Tribune byggingunni á McDermott Avenue.

MORICE NOKES

EIGANDI

Woodbine Hotel

Stærsta Billiard Hall í Norðvesturfylkinu Tíu Pool-borð.—Alskonar vín og vindlar.

Lennon & Hebb, Eigendur.

SPÓNNÝTT HÓTEL

ALGERLEGA NÝTÍZKU

Hotel Majestic

John McDonald, eigandi.

James St. West, Rétt vestan við Main St. Winnipeg Telefón 4979

$1.50 á dag og þar yfir

Bandaríkja-snið

Alt sem hér er um hönd haft er af beztu tegund. Reynið oss.

MIDLAND HOTEL

285 Market St. Phone 3491

Nýtt hús, nýr húsbúnaður Fullar byrgðir af allskonar vönduðustu drykkjum og vindlum í hressingarstofunni. Gisting einn dollar á dag og þar yfir.

W. G. GOULD :: FRED. D. PETERS, Eigendur

WINNIPEG ::: ::: CANADA

Með því að biðja sérlega um "T.L. CIGAR," þá ertu viss að fá ágætan vindil.

Smoke the T.L. CIGAR

T.L.

(UNION MADE)

Western Cigar Factory

Thomas Lee, eigandi Winnipeg

Redwood Lager og Extra Porter

Styrkið taugarnar með því að drekka eitt staup af öðrum hvorum þessum ágæta heimilis bjór, á undan hverri máltíð. — Reynið !!

EDWARD L. DREWRY Manufacturer & Importer Winnipeg, Canada.

Jimmy's HOTEL

Rétt á bak við Pósthúsið

Íslendingar ættu að reyna þetta gistihus í hressingarstofunni er sá eini íslenzki vínveitingamaður í Winnipeg.

James Thorpe, eigandi

Fyrrum eigandi Jimmy's Restaurant

XII.

BARÁTTA UPP Á LÍF OG DAUÐA.

Snemma morguninn eftir skrapp Felicitas upp til gömlu Cordulu, til þess að láta hana vita, að Hinrik hafði komið til skila bögglunum til Thienemanns trésmiðs. — Þegar hún kom ofan á móts við herbergi prófessorsins, kom Hinrik á móti henni og hló ánægjulega í skeggið. Hann benti henni með hendinni á dyrnar, sem hann hafði neglt blómfestarnar á. Nú var búið að rífa þær niður og stór hrúga af fölnuðum blómum lá á gólfinu, og við þilvegginn í ganginum stóðu allir blómsturpottarnir, sem áður höfðu staðið í herberginu.

"Þá mátt trúa því, að öll þessi dýrð tók skjótan enda", mælti Hinrik lágt. — "Ég kom að í því sem hann stóð í stiganum og reif gleym-mér-ei blómin niður".

"Hver?"

"Nú, prófessorinn. — — Þú hefðir átt að sjá svipinn, sem á honum var. — En ég negldi líka fast. Hann varð að neyta allra krafta til að ná nöglunum út. — — En taktu nú eftir, litla Fee. Hann rétti mér hönd sína, er ég bauð honum góðan morgun, — ég undraðist það stórlega".

Fee brosti hæðnislega. Hún ætlaði að segja eitthvað, en hætti við það og leddist hljóðlega í burtu. Hún hafði heyrt, að gengið var hröðum skrefum að hurðinni á herberginu.

Þegar hún svo skömmu síðar gekk niður af loftinu, heyrði hún rödd ríkisstjóra frúarinnar á fyrsta lofti, hún talaði í bliðum, klagandi málróm:

"Vesalings blómin!" sagði hún raunalega.

"En hvernig datt þér í hug, að bjóða mér annað eins, Adela?" sagði karlmannsrödd. "Þú veist þó vel, að ég hefi óbeit á öllu þess háttar."

Þetta var sami, kaldi málrómurinn, sem fyrir mörgum árum síðan hafði gert litlu Fee svo óttaslegna. Að eins var hann nú dýpri, og úr honum skein nú megnasta óánægja. — — Fee beygði sig yfir grindverk stigans, hélt niðri í sér andanum og gægðist niður. — Hann gekk gætilega niður stigann með litlu Önnu við hönd sér.

Felicitas hafði alt af ímyndað sér, að þeir menn, sem hefðu þann vísdóm til að bera, að þeir gætu öðlast prófessors nafnbótina, hlytu að vera tígulegir í allri framgöngu. En er hún leit hinn unga prófessor þarna, fanst henni hann vera alt öðruvísi en hún hafði gert sér von um. — Hann var þreklegur, karlmannlegur maður, en óliðlegur í hreyfingum sínum. Höfuðið bar hann hátt og nokkuð drembilega. Ósjálfrátt datt henni í hug, hvort þetta höfuð hefði nokkurntíma beygt sig til kveðjumerkis, hvað þá meira, því einnig andlit hans studdi þetta álit hennar. Hann leit nefnilega snöggvast við, svo hún sá það. — Hinir óreglulegu andlitsdrættir, sem einu sinni höfðu verið svo mikil vonbrigði fyrir barnið, af því það hafði hugsað sér hann líkan lærisveini Krists, — þeir höfðu litið frikkað. — Rauðleitt, mikið og þétt skegg huldi neðri hluta kinnanna og hökuna og náði niður á bringu. Og nú var hann í meira lagi ófrinn, og djúp hrukka á milli augnabrúna hans, sem að öllum líkindum befir stafað af gremju hans yfir blómskrauti ríkisstjóra frúarinnar.

Þrátt fyrir það, þó hann væri ekki fríður maður, var hann þó göfugmannlegur, og allur svipur hans bar vott um kraft og viljafestu. — — — Nú beygði hann sig niður að barninu, sem átti svo erfitt með

að ganga ofan stigann, tók hana á handlegg sér, og mælti í blíðum, meðaumkvunarróm:

"Komdu, barnið mitt! Það vill ekki ganga vel, að fá þrótt í litlu fæturna þína".

"Hann er NÚ ekki að tala við loddarabarn!" hugsaði Felicitas með sér og ósegjanleg gremja fylti huga hennar. — — —

Allan morguninn var mikil ókyrð í hinu vanalega svo kyrláta húsi. Dyraklukkan var stöðugt að hringja. Bæjarbúar vissu, að hinn frægi fyrverandi sveitungi þeirra var kominn, og þá langaði til að sjá hann og láta frægðarljóma hans skína á sig. Felicitas þótti vænt um þetta, því þó hún óskaði sem fyrst að fá enda á málefnum sínum, kveið hún þó fyrir, að standa aftur augliti til auglitis við hann, og, hún fann, að enn þá var hún ekki búin að safna nógu miklu hugrekki og kjarki til þess að mæta honum. — Þess vegna varð hún fegin, að það dróst. — — En frú Heilwig hefir víst viljað leiða þetta mál til lykta sem fyrst, því strax og búið var að borða miðdagsmatinn, kom Hinrik út í eldhúsið til Felicitas, virti fyrir sér klæðnað hennar, burstaði mál af handlegg hennar, og sagði hálf vandræðalega: "Það er laus lokkur hjá eyranu á þér, laga þú það, litla Fee. — Hann þarna inni má ekki sjá neitt í óreiðu eins og þú veizt. Þú átt nefnilega að koma strax inn á skrifstofuna — skrifstofu húsbóndans sáluga — þau eru þar inná. — — Nú, nú! Vertu nú ekki strax svona hrædd, — þú ert föl sem nár. Vertu hughraust, Fee mín. Hann rífur þó varla úr þér augun!"

Felicitas opnaði dyrnar að skrifstofunni hljóðlega og gekk inn. Enginn blóðdropi var sjáanlegur í andliti hennar, en svipurinn var harðlegur og stíllegur. Var því engu líkara, en þetta væri andi, en ekki mensk vera, sem gekk inn í herbergið.

Frú Heilwig sat í sama stólnum við gluggann, eins og fyrir nú árum síðan, og við hlið hennar stóð sonur hennar með krosslagðar hendur að baki sér og horfði út um gluggann. — H a n n, sem í raun og veru hafði þröngvað vesalings ungu stúlkunni í vinnukonustöðuna, og ekki gefið leyfi til, að í mínsta máta væri víkið frá skipunum hans, — h a n n, sem í fjarlægð hafði ávalt kveðið upp dómunn, án þess að spyrja: Ertu nú sek, eða ertu saklaus?.

Felicitas hafði eigi að ástæðulausu kvíðið fyrir þessum fyrstu samfundum þeirra, því þegar hún leit hann, fyltist hjarta hennar hatri og gremju, og þó hafði hún aldrei fyr þurft á eins mikilli stillingu að halda og einmitt nú.

"Þarna er Karólína", sagði frú Heilwig.

Prófessorinn snéri sér við, og mikill undrunarsvipur sást á andliti hans. Honum hefir víst aldrei komið til hugar, að létla stúlkan, sem hér á sama bletti hafði stappað fætinum niður af reiði, myndi nokkurntíma verða svona róleg. Nú var litla barnið orðið að fullvaxinni, ungri stúlku, er stóð hnarreist og drembilegt fyrir framan hann, þó hún líti til jarðar.

Hann gekk til hennar og hreyfði hægri hendina. — Ætlaði hann að taka í hönd hennar eins og Hinriks? — Henni fanst, eins og hún væri stungin í hjartaað við þá tilhugsun. Hún greip með báðum höndum fast í kjól sinn og leit framan í hann. Augnaráð hennar var kuldalegt og svo fult af gremju og hatri, að hann hörfaði undan og horfði hvössum augum á stúlkuna frá toppi til táar.

Í sama bili var barið hægt á hurðina, og ríkisstjórafrúin gægðist inn.

"Er það leyfilegt?" spurði hún smeðjulega, er áður en nokkur svaraði, var hún komin inn. — — Æ, ég kem ef til vill á óheppálegum tíma", sagði hún,

Fréttir úr bænum.

Montreal bankinn hefir keypt suðausturhornið á Portage Ave. og Main St. fyrir 300 þús. dollara. Canada Permanent félagið hefir þar nú starfstöð sína. En það hús verður rifið niður og veglegt stórhýsi sett upp á lóðinni fyrir bankann.

Kvenfélag Tjaldbúðar safnaðar hefir eint til Thankgivings samkomu fimtudaginn 5 nóv. næstk. — Fyrir nokkru hélt kvenfélagið söng samkomu, sem þótti takast svo vel, að þeir, sem ekki höfðu komið þangað, iðraði að hafa ekki farið. En þeir, sem heyrðu, vildu gjarnan hlýða á sönginn aftur. Kvenfélagið hefir því fengið sama fólk til að skemta á þessari samkomu, eins og hinni fyrri, og auk þess fengið til marga nýja liðskrafta. Það þarf ekki að efa, að á þessari samkomu verði ágæt skemtun, og að hún verði framúrskarandi vel sótt, — sérstaklega þar sem veitt verður vel og ríkmannlega í sunnudagaskólasal kirkjunnar á eftir. — Alt þetta á að kosta ein 35c. — Í næsta blaði verður skemtiskráin auglýst.

Í dag (fimtudag) leggur herra Sigurður E. Oddson af stað vestur að Kyrrahafsströnd, þar sem foreldrar hans og sum systkini eru. Hann hefir dvalið hér í Winnipeg síðan hann kom að heiman fyrir átta árum, en kveðst sig langa til að fara víðar.

Únitara söfnuðurinn heldur skemtisamkomu í kveld (þann 28. þ.m.), í samkomusal kirkjunnar. — Þar verður margt til skemtana haft, og meðal annars verður þar afhent hjómandi fagurt spegilborð úr gullinni eik þeirri stúlku, er sigurinn ber úr býtum í samkepni, er nú hefir staðið um nokkurn tíma, um að safna gjöfum til byggingarsjóðs safnaðarins.

Á undan afhendingu borðsins fer fram langt og gott prógram eins og sjá má af ágripi af skemtiskránni, sem auglýst er á öðrum stað í þessu blaði.

Kaffiveitingar á eftir.

G. T. P. félagið hefir boðið að byggja brú yfir Rauðá, milli Winnipeg og St. Boniface, er nægi fyrir járnbrautarlestir, strætis- og keyrsluvagna og gangandi fólk, — ef bæjirnir vilji borga 3 prósent af innstæðufénu eftir 7 ár frá því að brúin er fullgerð.

John G. Rockman er hér með á mintur um, að sækja eða á annan hátt að ráðstafa hlutum þeim, er hann skildi eftir að 500 Ross Ave. í júlí síðastl.

FJÓGUR HERBERGI fást leigð ódýrt að 194 Isabel St.

Fjórar manneskjur hafa í sl. viku látið lífið hér í borginni af brunasárum, sem orsakast hafa af því, að hella olíu í eld. — Tvær þeirra eru Íslendingar.

Mrs. Ingiríður Hólm og sonur hennar 11 ára gamall, sem getið er um á öðrum stað í þessu blaði, að hafi brunnið til bana á laugardaginn var, voru jarðsungin af séra Jóni Bjarnasyni frá Fyrstu lút. kirkjunni á þriðjudaginn var, að viðstöddu miklu fjölmenni.

Sorglegt tilfelli.

Eitt voðalegasta sorgar tilfelli, sem hent hefir Íslendinga hér í borginni, kom fyrir á laugardaginn var, og lyktaði með því, að Ingiríður Þorkelsdóttir Hólm, kona herra Þorsteins Hólm, og Þorsteinn sonur þeirra hjóna, 11 ára að aldri — önduðust á Almenna spitalanum hér samdægurs. Fjölskylda þessi bjó að 749 McGee St. hér í borg. En slysið vildi þannig til, að konan hafði helt olíu í matreiðslustóna til þess að lifga eldinn, en við það kviknaði í olíunni í könnunni og sprengdi hana, og konan stóð í björtu báli í einu vetfangi, því eldurinn læstá sig í fötum hennar. Pilturinn, sem var sérlega elskur að móður sinni, hljóp til hennar, er hann sá, hvað um var að vera og vafði hana örmum. En við það kviknaði einnig í klæðum hans. Bæði stukku þau þá út úr húsinu, og nágrannarnir slöktu logann í fötum þeirra, en svo voru þau þá orðin skaðbrunnin, að þau önduðust bæði eftir hádegi á laugardaginn, eftir að hafa verið flutt á spítalann. Húsfaðirinn var í vinnu, og gat því enga björg veitt, þegar slysið kom fyrir. — Meðal annars ætti slys þetta að verða bending til húsmæðra, að leggja niður þá allsendis óþörfu óhæfu, að nota olíu til eldkveikju í húsum sínum.

Herra Bergþór Þórðarson, sem í mörg undanfarin ár hefir búið á landi sínu nálægt Otto P.O., Man., var hér á ferð um síðustu helgi. Hann er nú fluttur með fjölskyldu sína til Gimli bæjar, þar sem hann hygst að dvelja fyrst um sinn. — Ekkert sérstakt hefir hann afráðið að taka fyrir þar neðra fyr en hann veit, hvernig honum líst á sig þar.

Herra Hólmkell Jósephson, frá Argyle bygð, kom til bæjarins á fimtudaginn var til að láta Dr. Brandson gera á sér holdskurð.

Hann hefir skorinn upp og er nú á góðum batavegi.

Herra Sæmundur Borgfjörð, frá Árnesi, kom hingað til bæjarins snöggva ferð í síðustu viku.

DANS verður haldinn í Good-Templara salnum mánudagskveldið þann 9. nóvember. Ágóðanum verður varið til hjálpar veikri og fátækri stúlku. Aðgangur 50 cents. Veitingar ókeypis.

Næsti fundur G.T. stúkunnar Ísland (fimtudagskveldið þ. 29. okt.) verður opinn eftir kl. 9. Þá ætla ungu stúlkurnar að sjá um gott prógram, veitingar og Promenade. Systkinum úr stúkunum Heklu og Skuld er boðið á fundinn.

Hinn 24. þ. m. gaf séra Bjarni Thorarinsson saman í hjónaband, að heimili Erlindar bónda Erlindssonar, að Wild Oak P.O., þau Matúsalem S. Jósephsson og ungfrú Valgerði Finnbogadóttur, bæði frá Winnipeg. Var þessi vígsla hið fyrsta prestsverk, sem fram hefir farið í nýju húsi, er hr. Erlindur hefir reist á eign sinni. Kona Erlindar, Margrét, er alsystir brúðarinnar. Veittu þau hjón mörgu boðsfólki ríkulega fram eftir öllu kveldi. Heimili hinna nýgiftu hjóna verður framvegis að 652 Toronto St., Winnipeg.

Herra B. B. Olson, frá Gimli, var staddur hér í bænum fyrir síðustu helgi.

Á miðvikudagskveldið þann 21. þ. m., komu saman um 50 manns í húsi Mr. og Mrs. Th. Thorlákson til að kveðja Mrs. P. Thorlákson, sem fór burtu úr bænum til manns sins, sem er sestur að í Yellow Grass, Sask. Samsæti þetta var hið myndarlegasta, og var skemt með söng og hljóðfæraslætti til kl. 12. Herra Hjálmar Bergmann hélt skilnaðarræðu fyrir hönd gestanna og afhenti Mrs. P. Thorlákson "Mpll and Ruff", sem gjöf frá vinum hennar að skilnaði. Hr. Th. Thorlákson hélt stutta ræðu og sönnuðiðis talaði Th. Johnson nokkur hlýleg orð til Mrs. P. Thorlákson, sem er bróðurdóttar hans. Að þessum ræðum enduðum þakkaði Mrs. P. Thorlákson gjöfina og sagðist vona, að hún mundi aldrei gleyma vinum sínum, þótt hún yrði að fjarlægjast þá að sinni.

GOTT HÚSPLÁSS fyrir litla familiu óskast. Heimskringla vísar á.

Stephan G. Stephanson

heilsar Winnipeg Íslendingum í Good Templar's Hall, fimtudagskveldið 5. nóvember n. k.

Fyrirtaks kveldskemtun.

Aðgangur 25c Meira næst.

LÁTTU MIG SAGA ELDI VIÐINN ÞINN. — Ég hefi keypt spónnýja sögunarvél, og geri verkið gegn sanngjarni borgun.
S. THORKELSSON,
738 Arlington St. Talsími 8588

Munið eftir SKEMTISAMKOMU Únitara í kveld, miðvikudag 28. octóber.

Á samkomunni skemta með ræðum Skapti B. Brynjólfsson, Stefán Thorson og fleiri. Með söng Gísli Jónsson, Á. J. Johnson o.fl. Með upplestri Miss M. Kristjánsson, Kristján Stefánsson, Mrs. Goodman, auk annara. Þorsteinn Þorsteinsson segir sögur.

Kaffiveitingar að afloknu prógrami. — Byrjar kl. 7.30.

Inngangur 25 cents.

3083

Pósthús Box Heimskringlu er nú 3083, en ekki 116, eins og áður hefir verið. Viðskiftavinir eru því beðnir, að senda bréf til blaðsins í P.O. Box **3083**

TOMBÓLA OG DANS

Mánudagskveldið 2. nóvember n.k. í Good-templarasalnum efri!

GOODTEMPLARA St. Hekla No. 33 heldur sína árlegu Tombólu, til styrktar sjúkrasjóð stúkunnar, 2. dag nóv.mán. '08.

Það þarf ekki að skrifa langa ritgjörð sem meðmæli með þessari Tombólu, því að þeir, sem einu sinni hafa komið á Heklu Tombólu, missa ekki þá næstu sem hún heldur.

Drættir frá 25c og upp í $5 og $6 virði. Aðgangur og einn dráttur 25c. Byrjar kl. 7.30. Komið snemma áður en allir drættirnir verða seldir.

Á eftir Tombólunni verð ur "Grand March" og fleira "sér til gamans gert."
NEFNDIN.

Til fullkomnustu tryggingar Vátryggið fasteignir yðar hjá The
St. Paul Fire & Marine Ins. Co.
Eignir félags. eru yfir 5 milljón dollars. Skaðabætur borgaðar af San Francisco eldinum 1¼ mill. SKULI HANSSON & CO., 55 Tribune Bldg., Phone 6476, eru sérstakir umboðsmenn.
E. S. Miller Limited
Aðal umboðsmenn
PHONE 2088 219 McINTYRE BLK.

The Dominion SECOND HAND STORE
Ágætur brúkaður fatnaður og húsmunir. Ísl. tölud.
555 Sargent Ave. Winnipeg

Stefán Johnson
Horni Sargent Ave og Downing St
HEFIR ÁVALT TIL SÖLU
Nýjar Áfir
Beztu í bænum. Ágætar til bökunar. 15c gallon

C. O. F.
Court Garry No. 2
Stúkan Court Garry No. 2, Canadian Order of Foresters, heldur fundi sína í Unity Hall, horni Lombard og Main st., 2. og 4. hvern föstudag í mánuði hverjum.
Allir meðlimir eru ámintir um, að sækja þar fundi.
W. H. OZARD, REC.-SEC.
Free Press Office.

F. Deluca
Verzlar með matvöru, aldini, smá-kökur, allskonar sætindi, mjólk og rjóma, sönnul. tóbak og vindla. Óskar viðskifta Íslend. Heitt kaffi eða te á öllum tímum. Fón 7756
Tvær búðir:
587 Notre Dame og 714 Maryland St.

J. G. Snidal, L. D. S.
ÍSL. TANNLÆKNIR
COR. MAIN & BANNATYNE
DUFFIN BLOCK PHONE 5302

ARNI ANDERSON Íslenzkur lögmaðr
Í félagi með
Hudson, Howell, Ormond & Marlatt
Barristers, Solicitors, etc.
Winnipeg, Man.
13-18 Merchants Bank Bldg. Phone 3621, 3622

BONNAR, HARTLEY & MANAHAN
Lögfræðingar og Landskjala Semjarar
Suite 7, Nanton Block, Winnipeg

BILDFELL & PAULSON
Union Bank 5th Floor, No. 520
selja hús og lóðir og annast þar að lútandi störf; útvegar peningalán o. fl.
Tel.: 2685

Hubbard, Hannesson and Ross
LÖGFRÆÐINGAR
10 Bank of Hamilton Chambers
Tel. 378 Winnipeg

"Hvað að brúka og hvar skal fá það".
VITUR MADUR
Við höfum lítið að segja, en það sem við segjum, segjum við "beint út". Við óskum að þið komið til okkar þegar þið farið að kaupa haust eða vetrarfötin ykkar. Þú veizt ekki hvað ódýrt þú getur keypt föt búin til eftir máli. fyr en þú kemur og talar við oss. —
McFarlane & Cairns
SKREDARAR
335 Notre Dame Aðrar dyr vestan Wpg. Leikhúsið.

Hver þvær og hreinsar Fötin ydar?
Hvervegna að fara í Kína-kompurnar þegar þér eigið kost á að fá verkið gert betur, og alt eins ódýrt, í beztu og heilsusamlegustu þvottastofnun, þar sem aðeins hvítt vinnufólk er haft og öll hreinustu efni notuð
Vér óskum viðskifta yðar
The North-West Laundry Comp'y Ltd.
Hreinsarar og Litarar
COR. MAIN & YORK FÓN 5178

Íslenzkur Kjötsali
Hvergi fæst betra né ódýrara KJÖT en hjá honum, — og þá munt sannfærast um að svo er, ef þú aðeins kaupir af honum í eitt sinn. Allar tegundir. Óskar að Isl. heimsækji sig
CHRISTIAN OLESON,
646 Notre Dame Ave. Telefón 6906

Stefán Guttormsson,
Mælingamaður
663 AGNES STREET. WINNIPEG.

Dr. G. J. Gislason,
Physician and Surgeon
Wellington Blk, - Grand Forks, N.Dak
Sjerstakt athygli veitt AUGNA, EYRNA, KVERKA og NEF SJÚKDÓMUM.

Miss Jóhanna Ólson, Piano Teacher 658 Beverley Street.

Drs. Ekern & Marsden,
Sérfræðislæknar í Eftirfylgjandi greinum: — Augnasjúkdómum, Eyrnasjúkdómum, Nasasjúkdóm um og Kverkasjúkdómum.
Í Platky Byggingunni í Bænum
Grand Forks, :: N. Dak.

A. S. BARDAL
Selur líkkistur og annast um útfarir. Allur útbúnaður sá besti. Enfremur selur hann alskonar minnisvarða og legsteina.
121 Nena St. Phone 306

Arena Rink
Þar er skemt sér á Hjólskautum hvern eftirmiðdag og kveld, nema föstudags. Hljóðfæraðl. spilar. Dansar þeir, sem áður voru í Drill Hall, eru nú haldnir hér á föstudaeskv. Dans frá 8 til 12. Inngangur, karlm. 50c, frítt fyrir kvenfólk. Persónum innan 15 ára, ekki leyfð innganga.
JAMES BELL, eigandi.

Boyd's Brauð.
Tilbúið úr Vesturl. bezta harðhveiti og tilreitt þar sem allur nýjasti vélaútbúnaður er notaður. Hreint að öllu leyti. Búið til í vélum sem eru allajafnan hrein sem ný mjólk, og aldrei snert af nokkurs manns hendi. Og þú færð vel vegin og vel bökuð brauð.
Boyd's
Bakery Cor. Spence & Portage Ave
Phone 1030.

Antonio De Landro
SKÓSMIÐUR, horni Maryland & Wellington
(Bak við aldinabúð.) Verk gott og verð rétt.

Royal Optical Co.
327 Portage Ave. Winnipeg. RÉTT Á MÓTI EATON'S BÚDINNI.
Beztu Augnfræðingar 12-9-8
Öll nýjustu og bezt reynd verkfæri notuð. Höfuðverkur sem stafar frá augunum, áreiðanlega lækuaður. Sanngjarn kostnaður.
AUGU SKODUD KOSTNADARLAUST.

Kæra Karólína! Nú munuð þér komast að raun m, að hér ráðið þér ekki einar um, og vesalings lelner verður nú ekki lengur í óvissu sinni".

"Má ég biðja þig um það, Adela, að lofa nú Jóannesi að tala", mælti frú Heilwig önuglega.

"Látum okkur þá halda okkur fast við þetta málefni", sagði prófessorinn, krosslagði hendurna á brjósti sér, og hallaði sér upp við lítið borð, er stóð í herbergínu. "Viljið þér nú segja mér, hvers vegna þér neitið hinu heiðarlega tilboði þessa manns?"

Hann horfði rólega en rannsakandi augnaráði á hina ungu stúlku.

"Af því ég fyrirlít hann. Hann er lítilmótlegur hræsnari, sem brúkar guðrækni fyrir skálkaskjól ágirndar og ásælni sinnar", svaraði hún rólega og í föstum róm. Nú reið á, að sýna þrek og rósemi.

"Guð hjálpi mér! Skárri eru það nú getsakirnar!" sagði ríkisstjóra frúin, og sló höndum saman af harmi. En frú Heilwig hló stuttan hæðnishlátur.

"Þarna sér þú ofurlítið sýnishorn af framkomu skjólstæðings þíns, Jóhannes. Hún er ávalt reiðubúin til að sýna fyrirlitningu og háð. — Ég þekki það! — Fáðu nú einhvern enda á þetta mál. Mig langar ekkert til að heyra þá menn nídda niður fyrir ollar hellur, sem ganga daglega um á heimili minu".

Prófessorinn svaraði engu, en strauk skegg sitt. Hönd hans var mjög smá og falleg. — Hann horfði stöðugt á ríkisstjóra frúna, sem enn stóð á gólfinu. Það leit út fyrir, að hann hefði að eins heyrt orð hennar. Hann bærði ofurlítið varirnar, — — — en hver gat lesið hugsanir hans á þessari stundu?

"Þér hefir farið vel fram í, að lesa lyndiseinkunnir fólks í þessar fáu vikur, sem þú hefir verið hér, Adela", sagði hann svo, — "fyrst þú getur komið fram, sem málaflutningsmaður á þennan hátt".

"Fyrir guðs sakir, Jóhannes", sagði hin unga ekkja hlægjandi. "Þú heldur þó ekki, að neitt sérstakt búi undir þessu!" — Hún þagnaði alt í einu og varð eldrauð í framan.

Prófessorinn leit til hennar hæðnisfullu augnaráði.

"Allar þær konur, sem heimsækja frænku, álíta Welner hinn mesta merkismann", mælti hún eftir stutta þögn. "Kristniboðs peningarnir ganga allir til hans, og hinir réttrúðuðu hafa ekkert út á hann að setja, — — —

"Þú getur víst svarið það", mælti prófessorinn. — — "Ég þekki ekki þennan mann", mælti hann ennfremur og vék sér að Felicitas, "og get því ekki sagt um, hvort ásakanir yðar eru á rökum bygðar eða ekki".

"Jóhannes!" greip frú Heilwig fram í mjög gremjulega.

"Við skulum síðar meir, þegar við erum ein, tala um þetta, kæra móðir mín", mælti hann rólega. — — "Að þröngva yður til að eiga þennan mann, vill víst enginn", bætti hann ennfremur við og talaði til Felicitas. "Að vísu hefi ég ekki hingað til látið yður ráða gerðum yðar, bæði af því að ég vissi, að þér voruð undir vernd og varðveizlu þeirrar konu, er ég treysti vel, — og líka af því, að skaplyndi yðar er þannig lagað, að þér oft og tíðum vitið ekki, hvað best er fyrir framtíð yðar. En í þessu atriði ræð ég engu um. Samt er ég að mörgu leyti yður alveg samdóma. Þér eruð ungar, en hann er, eftir því er mér hefir verið skýrt frá, roskinn maður, — það fer aldrei vel. Svo er og annað, að nú sem stendur hugsar hann ekki út í, hvílíkur mismunur er á ætterni ykkar. Síðar meir lítur hann ef til vill öðruvísi á það. Gamli málsháttur inn er sannur, "að jafningar leika bezt".

"En hvað hann talaði skynsamlega, — en tilfinningarlaust! Það ver hægt að finna það, að þetta var sami maðurinn, sem skrifaði til frú Heilwig eftir hvaða reglum skyldi ala upp loddarabarnið, og sem ávalt hafði í huga ætterni þess. — — Hann gekk nú til hinnar ungu stúlku, sem brosti kuldalega og hæðnislega. — —

"Þér hafið valdið okkur mikilla óþægindа", mælti hann, og ógnaði henni með vísifingrinum. — — Þér hafið ekki getað, og liklega heldur ekki viljað, ávinna yður traust móður minnar, og eftir því, sem sakir standa nú, óskið þér víst ekki eftir, að dvelja lengur á þessu heimili".

"Ég vildi helzt mega yfirgefa það strax".

"Ég trúi yður. Þér hafið víst oft fyrri gefið það í skyn, að þér eruð okkur ekki þakklátar fyrir umhyggjusemi okkar." — Málrómurinn lýsti nú gremju. — "Okkur hefir ekki tekist, að yfirstíga unggæðingsskapinn og léttúðina, sem býr í yður. — Þér skuluð fá ósk yðar uppfylta, en samt álít ég, að enn sé ekki hlutverki minu lokið. Ég vil reyna, að leita uppi ættingja yðar".

"Fyr meir varstu á annari skoðun", mælti frú Heilwig hæðnislega.

"Ég hefi breytt skoðunum minum í því tillita, kæra móðir", mælti hann rólega.

Felicitas leit þegjandi til jarðar. Hún vissi, að þetta hefði enga þýðingu. — — Cordúla hafði fyrir fjórum árum síðan gert fyrirspurnir um ættingja d'Orlowskys og konu hans í mörgum dagblöðum, en árangurslaust. — Felicitas gat samt ekki getið um þetta hér.

"Ég ætla strax í dag að spyrjast fyrir um þetta mál", mælti prófessorinn, "og ég álít, að tveir mánuðir nægu til að leita sér upplýsinga um það. Þangað til verðið þér ennþá undir yfirráðum minum og

haldið áfram, að vinna hjá móður minni, og ef svo skyldi fara, að ættingjar yðar gefi sig ekki fram, — sem ég óttast að verði, þá — — —"

"Þá bið ég strax um frelsi mitt", mælti Felicitas fljótlega.

"Nei, það er þó andstyggilegt, að heyra þetta!" hrópaði ríkisstjóra frúin gremjulega. "Eftir framkomu yðar að dæma, mætti maður ætla, að þér hefðuð verið kvalin og krossfest á þessu friðsama, kristilega heimili. Vanþakkláta skepna, — —"

"Þér álítið, að þér getið verið án hjálpar okkar í framtíðinni", mælti prófessorinn, og lét sem hann heyrði ekki orð ríkisstjóra frúarinnar".

"Já, það álít ég".

"Nú, jæja", mælti hann eftir stutta þögn, "— eftir tvo mánuði hér frá megið þér ráða sjálf, hvað þér gerið í framtíðinni". — Hann sneri sér við og gekk að glugganum.

"Nú máttu fara", mælti frú Heilwig kuldalega.

Felicitas gekk út úr herberginu.

"Enn þá verð ég að vera hér í 8 vikur", sagði hún við sjálfa sig um leið og hún gekk í gegn um framdyrið. — "Það verður barátta upp á líf og dauða".

XIII.

PRÓFESSORINN.

Þrir dagar voru liðnir frá heimkomu prófessorsins. Hið kyrláta heimili var nú algerlega breytt frá því sem áður var, en Fee hafði mót von sinni lifað í ró og næði. Prófessorinn hafði ekkert talað meira til

LAND

Vér höfum afleiga fengið til sölu yfir 30 fjórðúngs-fjórðúnga, liggjandi að Oak-lands brautinni C. N. R. félagsins. Verð-ið er frá $7.00 til $12.00 hver ekra. Ekkert af löndum þessum eru meir en 5 mílur frá járnbrautinni.

Skúli Hansson & Co.
Skrifst. Talsími 6436. Heimilis Talsími 2274

Heimskringla.

Alt landið

er áhugst að vera jaðrykju land af bestu tegund, og fæst keypt með vægum afborgunar skilmálum. (N.B.—Land fyrripart þessarar augl. vinstramegin við Hkr. nafn.)

Frekari upplýsingar veita

Skúli Hansson & Co.
56 Tribune Building. Winnipeg.

XXIII. ÁR. WINNIPEG, MANITOBA, FIMTUDAGINN, 5. NÓVEMBER, 1908 NR. 6

Fregnsafn.

Markverðustu viðburðir hvaðanæfa.

Látinn er í Ottawa þann 30. f. m. Hon. Thomas Greenway, fyrrum forsætisráðherra í Manitoba um 12 ára tímabil og síðar ríkisþingmaður. Hann varð 70 ára gamall. Hann var mikilhæfur maður, duglegur og hagsýnn.

Portúgal er gjaldþrota. Bankar í Evrópu eru farnir að kreljast borgana á skuldum þjóðarinnar, en fá ekki peningana. Nú ætlar Búlgaría að leigja Lorenzo Marques járnbrautina til félagsins frá Suður-Afríku, og láta leiguna af henni ganga til þess, að borga niður í skuldunum. Mælt er, að landið sé svo fjárhagslega illa statt, að það fái ekkert lán erlendis, þó það víldi með því auka þjóðskuldina.

— Svo er nú Corea orðin spök, að lítið heyrist framar til upprreistarmeðalarinnar. Japar hafa sent þaðan fulla 6 þriðju hluta af herdeildum sínum, og Ito greifi, sem þar hefir um nokkurn undanfarinn tíma verið aðalstjórnari, telur friðinn þar tryggan. Hann hefir um tíma haft aðsetur í Tokio í Japan, en hyggur að hverfa aftur til Corea tímanlega í þessum mánuði.

Fred Kemble í Hamilton, Ont., hefir lent í klóm laganna fyrir fjölkvæni. Báðar konur hans mættu fyrir réttinum, og báru vitni móti honum. Kemble bar ekki sökina af sér.

— Flora Catlin í Brockville, Ont., vakraði upp við það aðfaranótt 26. okt., að hún heyrði — eða þóttist heyra — neyðaróp föðursins, sem var vökumaður í barnum Cardinal í Ontario. — Og næsta morgun lékk hún hraðskeyti um lát hans.

— Ný botnmoskturssvél var sett til starfa í Liverpool á Englandi þann 27. október, til þess að dýpka skipalagi nokkurt. Vél þessi er sú mesta sinnar teaundar, sem til er í heimi, og lyftir 200 tons á hverri mínútu, eða 12 þús. yards á klukkustund.

— Vinnukonuleysið, sem víða í Bandaríkjunum er orðið eitt af mestu áhyggjumálum og horfir til stórvandræða fyrir fjölda giftra kvenna, sem ógjarna vilja lúta að því, að gera sín eigin húsverk, en vilja þó helzt hafa hrein hús, — er í þann veg að fá bráða bót. Frú Alice P. Norman, kennari í húshaldafræði við Chicago háskólann, hefir í ræðu, sem hún hélt nýlega á fundi kvenna í austurhluta St. Louis, látið þá skoðun í ljósi, að þess verði ekki langt að bíða, að fólög myndist þar syðra, sem taki að sér það starf, að halda hreinum húsum þeirra, sem ekki vilja sjálfir starfa að þeim verkum. — Flest slíkt fólk kýs að búa í stórhýsum, þar sem það hefir ákveðna herbergjatölu, en þar sem engin matreiðsla er gerð, heldur máltíðir keyptar á næsta greiðasöluhúsi. Í öllum slíkum tilfellum geta fólög þessi sent þjóna til þess að sópa og dusta til í herbergjunum, búa um rúmin, og gera hvað annað, sem nauðsyn krefur. Og getur þá hver þjónn komist yfir að gera á dag vinnukonuverkin fyrir 4 til 6 fjölskyldur. En þar sem svo stendur á, að fjölskyldan hefir heilt hús, þá má senda þjón til þess að gera almennu húsverkin. Að eins getur hann þá ekki þjónað eins mörgum fjölskyldum, eins og ef þær byggju í stórhýsum. Önnur fólög munu risa upp, sem taka að sér matreiðslu, á þann hátt, að þau flytja daglega matinn tilreiddan heim í húsin, þær tegundir, og svo mikið af hverri, sem um er beðið. Með þessu móti er fólkinu gert svo létt fyrir með hús hald og matreiðslu, sem unt er. — Hvaðan allir þessir þjónar eiga að koma, sem gert er ráð fyrir að félög þessi hafi á að skipa, er engin ráðgáta. Það verða konur af fátækari stéttum, sem geta sparað nokkrar stundir daglega frá heima störfum til þess að vinna sér inn dálítla peninga, og getur sú upphæð orðið góður búbætur á ári.

— Það mál hefir verið vakið á Englandi, að dráttlistarmenn fái lagaverndun á uppdráttum þeim, sem þeir gera af húsum, — þannig að öðrum verði ekki leyft, að byggja hús með sömu lögun og tilhögun innanhúss og uppdrætti þeirra sýna. Enn er þó mál þetta ekki komið svo langt, að vissa sé fyrir, að það fái fram að ganga.

— Beztu hótel á Bretlandi eru farin að nota sjávarþang og þara til matar og þykir sælgæti. Nýlega var veizla mikil haldin í Wisconsin í Bandaríkjunum, þar sem allir réttirnir voru búnir til úr þessu efni.

— Sir Samuel Canning, sá sem lagði fyrsta hafþráðinn milli Ameríku og Englands árið 1866, er nýlega látinn 85 ára gamall. Hann hafði verið aðstoðarmaður annara í tilraunum þeirra árin 1858 og 1865, að leggja hafþræði, en þar tilraunir höfðu mishepnast. En þegar hann tók stjórn á því starfi, þá hepnaðist það. Fyrir það var hann sæmdur "Sir" nafnbótinni.

— Þrír írskir menn hafa sótt um ellistyrk undir hinum nýju ellistyrkslögum Breta. Þeir segjast vera 111, 108 og 106 ára gamlir.

— Sápugerðarfélag eitt á Englandi, hefir nýlega fengið dóm móti blaðstjóra nokkrum fyrir 150 þúsund dollara. Hann hafði sagt í blaði sínu, að sápugerðarfélagið hefði gert tilraun til að mynda einveldis eða samsteypufélag við aðrar sápugerðarstofnanir þar í landi. Áður hafði sami ritstjórinn verðið dæmdur í 250 þúsund dollara sekt fyrir lík ummæli um annað iðnaðarfélag. Og í eitt skifti varð sami ritstjórinn fegnn, að semja utanréttar um að borga 250 þúsund dollara manni einum, sem hann hafði rógborið í blaði sínu. Northcliffe lavarður á blað þetta, og stjórnar því, en er sem stendur á ferð í Bandaríkjunum. Hann er vellauðugur maður og munar lítið um útlátin.

— Þær 17 konur, sem teknar voru fyrir uppþot, sem gert var við þinghúsið í London þann 13. f. m., voru þann 22. okt. dæmdar í betrunarhússvinnu, er varir frá 20 til 90 daga eftir ástæðum. Konur á Englandi hafa bundist félagsskap sem telur 6 miliónir meðlima, að hætta ekki við kröfur sínar um jafnrétti fyr en þær eru fengnar. Jafnótt og forvígiskonunum er varpað í fangelsi, koma aðrar fram á leiksviðið, sem halda uppi baráttunni, og svo virðist sem fjöldi málsmetandi manna leggi þeim alt það hð, sem þeir orka til þess þær fái kröfum sínum framgengt.

— Governor Johnson í Minnesota hefir nýlega fært Gustavus Adolphus College $42,500 að gjöf. Þar af voru $32,500 frá gamla Andrew Carnegie, og hitt frá ýmsum vinum Johnsons, sem hann hafði leitað til fyrir skólann.

Bandaríkja kosningarnar

þann 3. þ.m. lyktuðu svo, að Repúblíkana flokkurinn vann mikinn sigur. W. H. Taft kosinn forseti með miklum meiri hluta atkvæða. Fleirtala Tafts í 29 ríkjum varð 1,648,500 atkv., en fleirtala Bryans í 17 ríkjum varð að eins 463,911.— Af 476 atkvæðum í "Electoral College" er talið líklegt, að Taft hafi 139 fleirtölu atkvæða.

Í þinginu hafa Repúblíkanar 39 meiri hluta, og í efri málstofunni 24 atkvæði umfram.

Hughes endurkosinn ríkisstjóri í New York og Johnson í Minnesota.

Taft vann sigur í öllum efasömu ríkjunum, svo sem New York, Ohio, Indiana og fleiri ríkjum.

Það má í fljótu bragði staðhæfa að sigur Repúblíkana nú sé nákvæmlega sá sami og hann var fyrir 4 árum. Þá höfðu þeir 140 fleirtölu atkvæða í "Electoral College", nú 139, — þó Roosevelt hefði þá millión fleiri atkvæði yfir Parker, heldur enn Taft hefir nú framyfir Bryan.

— Prófastur Colley í Stockton bæ í Warwickshire á Englandi hélt nýlega ræðu um andatrú. Að henni endaðri sýndi hann sönnuðinum nokkrar "andamyndir". Ein þessara mynda var tekin í sl. marz mánuði heima hjá honum og var af móður hans, sem dó fyrir 50 árum. Og önnur var af föður hans, sem andaðist árið 1891, þá 81 árs gamall. Aldrei hafði mynd verið tekin af móður prestsins í lifanda lífi. En þó var þessi andamynd hennar svo nákvæmlega lík, að hundruð manna og kvenna þar í héraðinu þektu hana strax og þeir litu myndina. Á þessari mynd var og faðir prestsins hjá konu sinni. En síðari myndin, sem tekin var einni mínútu eftir þá fyrstu, sýndi, að þau hjón höfðu skipt um sæti. Prófasturinn sagði, að þessi mynd af föður sínum, eftir 17 ára dvöl í heimi andanna, sýndi hann nokkru unglegri en hann hefði litið út þegar mynd var tekin af hon um 3 árum áður en hann andaðist — þriðja myndin sýndi þokuský, en í því var skrift svo smáger, að ekki varð lesin nema í sjónauka. Prófasturinn gat þess, að hann hefði tekið myndir þessar allar án nokkurra meðala annara en miðils. Síðustu eða skrift-myndina kvaðst hann hafa tekið á þann hátt, að láta hreint myndatökugler í umslag. Síðan lokaði hann umslaginu, og hélt því í hendi sinni meðan miðillinn fóll í leiðslu og framkallaði andann. Þegar miðillinn gat þess, að nú væru þeir að rita, var hann vakinn og umslagið opnað. Þá kom í ljós skriftin smáa í þokuskýinu, sem myndast hafði á spjaldið, og var það tilkynning frá manni, sem látist hafði fyrir 25 árum. Prófasturinn kvaðst þess albúinn að sanna með vitnum, að hvert orð í sögu sinni væri algerlega satt, og að alt við myndatökuna hefði gengið til eins og hann hefði frá skýrt.

Til íslenzkra kjósenda í Winnipeg.

Herra Alexander Haggart, K.C., hinn nýkosni þingmaður fyrir Winnipeg borg, hefir sent Heimskringlu svolátandi bréf til birtingar :

"Ritstjóri Heimskringlu,
Winnipeg, Man.

"Kæri herra. — Ég óska að mega í blaði yðar votta íslenzkum kjósendum í Vestur-Winnipeg þakklæti mitt fyrir þann mikla styrk, sem þeir veittu mér í nýafstaðinni kosningu.

"Það er í fyrsta skifti, sem Vestur-Winnipeg hefir gefið Conservative umsækjanda fleirtölu atkvæða — hvort heldur í fylkis- eða ríkiskosningu.

"Allur Conservative flokkurinn vottar hér með fólki yðar virðingarfylstu þakkir og viðurkenningu fyrir afleiðingar nýafstaðinnar kosningar.

Yðar einlægur.

Alex. Haggart.

Til íslenzkra kjósenda í Winnipeg.

Það er mér sönn ánægja, að votta öllum þeim íslenzku kjósendum í Winnipeg mitt fylsta þakklæti fyrir hve drengilega þeir hjálpuðu til að vinna kosningu hr. Alexander Haggarts með stuðningi og atkvæðagreiðslu. Það er nú orðið öllum ljóst, að það var langtum meiri hluti íslenzkra kjósenda, sem greiddu atkvæði sín með Conservatívum í þetta skifti.

Það er sannarlegt fagnaðarefni, að sjá, hvað löndum vorum fleygir áfram, bæði í aukinni þekkingu og sjálfstæði. Nú eru þeir farnir að hugsa fyrir sig sjálfa, og velja þingmenn af sjálfstæði.

Íslendingar eru óðum að hætta því, að byggja alt sitt traust á öðrum mönnum. Og jafnvel þó þeir hinir sömu kalli sig leiðandi menn. Þeir hafa líka ekki allsvaldan rekið sig á, að þessir svokölluðu leiðandi menn, hafa verið einungis falsspámenn, sem leiddu þá á glapstigu. Og alt af þynnist flokkur þeirra aumingja, bæði utan bæjar og innan, sem standa starblínandi á bakhluta Lögbergsklikkunnar, og bíða eftir, að þeim sé sagt að standa annaðtveggja til hægri eða vinstri. Og ekki þætti mér ósanngjarnt að ímynda mér, að einhver mundi opna augun aftur, ef hann hefir lesið Lögberg frá 29. október þ.á., þar sem þeir koma með sinn harmagrát út af kosningaúrslitunum í Manitoba fylki. Þeir eru þar bæði hryggir og reiðir, náttúrlega út af því, að kjörskrár fylkisins voru svo hreinar og vel úr garði gerðar, að þar varð engum kosningasvikum við komið. Kjörskrár fylkisins eru eins og allir kjósendur vita, þær langhreinustu og bezt útbúnar, sem nokkru sinni hafa verið brúkaðar í kosningum. Það var öllum boðið, að setja nafn sitt á þær skrár, sem höfðu full kosningaréttindi, og þar gat heldur enginn verið án fylstu þegnskyldurréttinda Canadaríkis.

Eftirfylgjandi tek ég upp nokkrar línur úr Lögbergi :

"Úrslit kosninganna hér í "Manitoba-fylki sýna bezt "hvernig það er að heyja Dom "inionkosningar á þeim þokka-"legu kjörskrám, sem eru "handaverk "handlangara" "Roblin, stjórnarinnar, soðnar "saman með allri flokkstæki "og flátttskap roblinsku klik-"unnar og á allan hátt sniðn-"ar eftir hagsmunum conserva "tiva en liberölum í mein".

Svona er hin andlega fæða, sem þeir herrar bera á borð fyrir sína. Ekki er að furða, þó ýmsir gangi úr vistinni. Svona staðlausar sakargiftir bornar upp á beztu menn þjóðarinnar. Vítaskuld fer Lögbergi svona lagaður munnsöfnuður mjög vel. En það er viðbjóður og andstygð í augum allra ærlegra manna. Það mundi hafa verið kallað "Djöfulæði" í forntíð Gyðinga, og ekki orðið læknað með öðru en kraftaverkum.

S. ANDERSON,
Forseti Ísl. Conservative klúbsins.

— Franskar konur hafa hafið baráttu fyrir borgaralegu jafnrétti við karla. Þær fara að öllu hæglátlega. Þær safna í hóp sinn öllum konum þingmannanna og annara málsmetandi manna. Þær hafa þegar fengið þingmenn til þess, að lofa að bera fram tillögu um, að breyta því lagaákvæði í lögum landsins, að bændur verndi konur sínar og að konur hlýðnist mönnum sínum, og einnig að setja í lögin ákvæði um, að konur hafi óskert jafnrétti við karlmenn.

— Stærsta bújörð, sem nú er set in af nokkrum manni er í Chihuahua héraðinu í Mexico. Eigandinn er Don Luis Terrazas. Landið er 200 mílna lanet og 150 mílur á breidd, eða alls 8,000,000 ekrur. Sumt af því er fjallendi. Á landinu hefir eigandinn eina milión nautgripa, 700 þúsund sauðfjár og 100 þúsund hesta. Íbúðarhús eigandans er talið með verðmætustu bóndabýlum, sem til eru í heimi. Það kostaði rúmlega 1½ milión dollara, og allur útbúnaður þess og húsgögn, er sagður betri en í mörgum konunga höllum. Hundrað vinnumenn eru stöðugt á heimili þessu. Skrautgarðarnir umhverfis húsið og hesthúsin, eru sagðir fegurri og fullkomnari, heldur en þeir, sem sjálfur þýzkalandskeisari ræður yfir. Í íbúðarhúsinu er nægilegt rúm fyrir 500 gesti. Eitt hundrað útibú eru á landinu, og hvert þeirra annast um vissan hluta landsins. Í þeim eru 2 þúsund hjarðmenn, sem líta eftir grípunum. Þessi stórbóndi á sin eigin slátrunar og niðursuðuhús. Í þeim er slátrað árlega 150 þús. nautgripum og 100 þús. af sauðfé. En eigandinn hefir aðal eftirlit með öllu þessu. Hann ferðast alt af á hestbaki og ferðast mörg þúsund mílur á hverju ári. Maður þessi var eitt sinn fylkisstjóri í Chihuahua fylkinu, en það embætti geðjaðist honum ekki. Hann þoldi ekki það hægláta aðgerðaleysi, sem slík staða hefir í för með sér, og hann kaus heldur að sitja á hestbaki og stjórna sínu eigin stórbú. Mælt er, að hann sé ríkari, en nokkrir aðrir 3 menn í Mexico. Griparækt byrjaði hann fyrir 14 árum, og keypti hann þá það bezta kynbótafé, sem fáanlegt var á Englandi og á Skotlandi. En þá var innflutningstollur á lifandi penningi inn í Mexico svo gífurlega hár að innflutningur hans var frágangssök. En fyrir áhrif þau, sem hann hafði á landsstjórnina, fékk hann gripi sína, sem næst tollfría inn í landið.

Á landi þessu eru 300 brunnar, en þeir reyndust ónógir, svo að landeigandinn lét fyrir 4 eða 5 árum gera 4 afarstórar vatnsþrór, sem til samans kostuðu ½ milíón dollara, svo að nú er nægilegt vatn hvervetna á bújörð þessari. Margir af þeim 300 brunnum, sem áður eru nefndir, eru 5 hundruð feta djúpir, og er vatn dregið úr þeim með vindmyllum. Brunnarnir hafa kostað ½ milíón dollara. —

Kornyrkja er og mikil á landi þessu, og gerir eigandinn árlega margvíslegar tilraunir með fóðurtegundir til þess að fæða hjarðir sínar, svo að þær veiti honum sem mestan arð.

— Prófessor Lannallogue, kennari við háskóla í Paris, kveðst hafa fundið óbrigðult lyf við tæringarsýki. Hann sprautar lyfi þessu inn undir húð sjúklingsins. Af 11 sjúklingum, sem langt voru leiddir af veiki þessari, og sem hann hefir beitt lyfi þessu við, segir hann að 10 hafi batnað, svo að sumir séu albata og aðrir á góðum batavegi. Síðar vonar hann að geta skýrt nákvæmar frá þessu lyfi og verkunum þess.

PURITY FLOUR

AÐ BAKA BEZTA BRAUÐ

er meira en vísindi og meira en list.

En það má gerast fljótlega og áreiðanlega með því að nota

PURITY FLOUR

Það er malað úr bezt völdu Vestur-Canada Hörðu Hveitikorni; er algerlega hreint og svo ilmandi kjarngott.

ALLIR ÍSLENZKIR KAUPMENN SELJA ÞAÐ

WESTERN CANADA FLOUR MILLS CO.,
LIMITED.
WINNIPEG, —— CANADA.

Hérmeð boða ég almennan fund í Íslenzka Conservative Klúbbnum, á föstudagskveldið í þessari viku, 9. þ.m., kl. 8, í salnum undir Únítara kirkjunni— horni Sherbrooke Street og Sargent Avenue.

Klúbb fundur.

Komið sem flestir og á réttum tíma.

Á þessum fundi fer fram útnefning embættismanna fyrir komandi ár. — Það er þessvegna mjög áríðandi að sem allra flestir meðlimir Klúbbsins sæki fundinn.

Sigfús Anderson, forseti.

Samkomur

Stephans G Stephansonar

Eins og áður hefir verið auglýst heldur Stephan G. Stephanson samkomu í efri sal Goodtemplara í KVELD (fimtudagskveld) þann 5. þ.m. Þar flytur hann bálk af nýortum kvæðum. Ýmsir aðrir skemta með ræðum og söng, þar á meðal Mrs. S.K.Hall með sóló.

Einnig hefir hr. Stephan G. Stephanson samkomur á þessum stöðum í Manitoba fylki :

Á föstudagskveldið þann 6. þ.m. á Wild Oak vestan Manitobavatns.

Á laugardagskveldið þann 7. þ. m. á Marshland.

Á miðvikudaginn þann 11. þ m. á Good Templar Hall í Argylebygð kl. 3 eftir hádegi.

ÍSLENDINGAR! GLEYMIÐ EI AÐ HEIÐRA JAFN GÓÐAN GEST MEÐ NÆRVERU YÐAR!

— Í fyrirlestri, sem herra Rudolph Martin hélt nýlega í Berlin á Þýzkalandi um "hernað í loftinu", sýndi hann tilheyrendum sínum, hvernig takast mætti að vinna England með því, að senda 2,000 loftför með 200 hermenn í hverju að næturlagi frá Þýzkalandi til Englands, svo að Bretar, er þeir vöknuðu, findu 400 þúsund manna óvinaher við dyrnar hjá sér. Á leiðinni kvað hann mega henda sprengiefni ofan á bryndreka Breta hvar sem þeir yrðu á vegi hins þýzka lofthers.

Til íslenzkra kjósenda í Dauphin-kjördæmi.

Eftirfylgjandi makleg þakkarorð til Íslendinga hefir hinn nýkosni ríkisþingmaður fyrir Dauphin kjördæmið sent Heimskringlu :

"Ritstj. Heimskringlu,
Winnipeg, Man.

"Herra. — Valduð þér flytja í blaði yðar mitt alúðarfylsta þakklæti til þeirra mörgu íslenzku kjósenda í Dauphin kjördæminu, sem af alhug og með einbeittum vilja til þess, að sýna vanþóknun sína á ráðsmensku Laurier stjórnarinnar, hafa veitt mér svo öflugt lið við nýafstaðnar kosningar, að ég hefi nær 300 atkvæði umfram gagnsækjanda minn.

"Ég mun láta mér ant um, að koma svo fram í málum þeim, er ríkisþingið á komandi kjörtímabili kann að hafa til meðferðar, að vinir mínir þurfi ekki að sjá eftir úrslitum kosninganna í Dauphin kjördæminu.

Yðar með virðingu,

GLEN CAMPBELL.

Wall Plaster

Með því að venja sig á að brúka "Empire" tegundir af Hardwall og Wood Fibre Plaster er maður hár viss að fá beztu afleiðingar.

Vér búum til :

"Empire" Wood Fibre Plaster
"Empire" Cement Wall "
"Empire" Finish "
"Gold Dust" Finish "
"Gilt Edge" Plaster of Paris
og allar Gypsum vöruutegundir. —

Eigum vér að senda yður bækling vorn ?

MANITOBA GYPSUM CO. LTD
SKRIFSTOFUR OG MILLUR I
Winnipeg, - Man.

Heimskringla

Published every Thursday by The Heimskringla News & Publishing Co. Ltd

Verð blaðsins í Canada og Bandaríkjunum er $2.00 um árið (fyrir fram borgað).
Sent til Íslands $2.10 (fyrir fram borgað af kaupendum blaðsins hérlendis $1.50.)

B. L. BALDWINSON,
Editor & Manager

Office:
729 Sherbrooke Street, Winnipeg
P.O. BOX 3083. Talsími 3512.

Vinátta Vilhelms.

Svo mikið hefir á síðari tímum verið rætt um óvinátttu Þýzkalandskeisara gagnvart Brezku þjóðinni og þaraflestandi væntanlegt stríð milli þjóðanna, að keisarinn kveðst ekki lengur geta þolað þann misskilning. Óneindur maður, sem fyrir nokkrum tíma átti tal við keisarann um þessi mál, hefir sent skýrslu um það til blaðanna, sem er á þessa leið:

Það koma fyrir augnablik í sögu þjóðanna, þegar gáleysis athafnir gera borð blesunarríkustu afleiðingar, og það er þessa vegna, sem ég hefi ákveðið að opinbera efnið í langri viðræðu, sem ég átti við keisarann fyrir nokkrum tíma, og ég geri þetta í þeirri von, að það eyði þeim misskilningi, sem þjóð mín hefir á lyndiseinkunnum Vilhjálms keisara og hans hlýja hug arþeli til Breta.

Keisarinn talaði með ákafa og óvanalegri einlægni. Hann sagði: — "Þið Englendingar eruð vitstola. Hvað hefir komið yður til þess, að lita með svo mikilli grunsemi á viðburðina, að það er ósennilegt jafn voldugri þjóð. Hvað meira get ég gert, heldur en ég hefi gert? Ég sagði, með allri þeirri áherslu, sem ég hefi ráð á, í ræðu minni í borgarráðhúsinu, að friður væri mín hjartans löngun, að það væri mín hjartfólgnasta ósk, að mega búa í öruggum friði við England. Hefi ég nokkurn tíma reynst orðum mínum ótrúr? Fals og táldrægni eru ekki eðliseinkenni mín. En þér gefið þeim engan gaum. Yður er hætt við, að misskilja og afbaka þýðingu þeirra. En það er móðgun gegn persónu minni, sem ég andmæli. Að vera sífeldlega misskilinn og að hafa vináttu tilboð mín einatt vegin og gagnrýnd með grunsemd og tortrygni, það þreytir þolinmæði mína. Ég hefi þráfaldlega tekið það skýrt fram, að ég er vinur Englands. En blóð yðar, eða að minsta kosti talsverður hluti þeirra, biður ensku þjóðina að neita vináttu tilboðum minum. Þau gefa í skyn, að meðan ég rétti þeim aðra höndina, þá hafi ég fólg inn morðkuta í hinni. Hvernig á ég svo að fara að sannfæra þjóðina móti vilja hennar.

"Almennings álitið meðal mikils hluta af miðlungs og lægri stéttunum meðal þjóðar minnar, er andvígt Englandi, og ég er þess vegna í raun réttri í minni hluta í mínu eigin landi. En sá manni hluti hefir í sér fólginn beztu einkenni þjóðarinnar, rétt eins og það er á Englandi gagnvart Þýzkalandi. Né heldur hafa vináttumerkin gagnvart Englandi verið tóm orð. Það var alheims álit, að Þýzkaland væri óviðviðvitt Englandi í Suður-Afríku stríðinu. Óneitanlega voru blöðin andvíg og almenningsálitið var andvígt. — En hvað var það, sem stöðvaði Evrópuferð sendimanna Búanna, sem voru að reyna að fá stórveldin til að skerast í leikinn? Þeim var fagnað á Hollandi, og Frakkland veitti þeim sæmdarviðtökur. Þeir óskuðu að koma til Þýzkalands, þar sem Þýzka þjóðin mundi hafa krýnt þá blómsveigum En þegar þeir báðu mig að veita sér viðtöku, þá neitaði ég að gera það. Það var rothögg þess leiðangurs og sendimennirnir sneru aftur tómhentir.

Í annað skifti, þegar stríðið stóð hæst, þá báðu bæði Frakkland og Rússland Þjóðverja að ganga í bandalag með sér, til þess að krefjast þess af Englandi, að það bindi enda á ófriðinn. Þessar þjóðir sögðu, að þá væri tími til þess kominn, ekki að eins að frelsa lýðveldi Búanna, heldur einnig til þess, að lítillækka England. Hvaða svar gaf ég þeim þá? Ég sagði, að svo langt væri frá því, að Þýzkaland tæki nokkurn þátt í bandalagi til þess að lítillækka England eða að styðja að falli þess, að Þýzkaland ætlaði að halda sér algerlega frá öllum málum, sem kynnu að hafa þær afleiðingar, að koma því í vandræði við eins magnað sjóflotaveldi eins og England væri. Sá tími kemur, að komandi kynslóðir lesa í skjalasafni Windsor kastalans það hraðskeyti, sem ég sendi konunginum og tilkynti honum, hver svör ég veitti þeim, sem þá höfðu bruggað ráð til þess að koma Bretum á kné. Þeir Englendingar, sem nú móðga mig með því, að draga ela á hvert orð, sem ég segi, ættu að vita, hvernig ég reyndist þeim, þegar þeir voru í hættu staddir.

Ennfremur mætti ég minnast þess, að í desember 1899, þegar Bretar urðu fyrir hverju áfallinu á lætur öðru, þá fékk ég bréf frá ömmu minni, Victoriu drotningu. Hryggð og áhyggjur þrengdu þá að henni, svo að heilsa hennar var að veikast undir þeim. Ég ritaði henni þá hlýlegt hluttekningarbréf. Og ég gerði meira. Ég bað einn af herforingjum mínum, að komast eftir ástandinu í Suður-Afríku, og að gefa mér skýrslu um afstöðu herdeilda beggja þjóðanna þar, og um tölu liðsins á hvora hlið. Með þessa skýrslu fyrir framan mig, gerði ég áætlanir um, hvernig Bretar ættu að haga sókn sinni í stríðinu þar syðra. Síðan lagði ég þær fyrirætlanir fyrir hermáladeild mína til athugasemda, og sendi síðan til Englands. Það skjal er einnig geymt í Windsor kastalanum, biðandi óhlutdrægs dóms sögunnar. Þess skal og einnig minnast, að í öllu verulegu var áætlun mín nákvæmlega sú sama, eins og General Roberts fram fylgdi, og sem vann honum frægan sigur. Var þetta starf líkt því, að ég hefði viljað Englandi ilt? Ég legg það undir sanngjarnan dóm brezku þjóðarinnar."

Þetta leyndarmál, sem keisarinn þannig opinberaði í viðræðu við söguritarann, sýnir, að Bretar hafa jafnan haft hann fyrir rangri sök. Uppljóstrun þessi hefir vakið hina mestu eftirtekt á Englandi og í allri Norðurálfunni Bæði ensku og þýzku stjórnirnar viðurkenna, að alt hafi verið eins og keisarinn hefir skýrt frá því. En Rússar og Frakkar eru honum ekki þakklátir fyrir þessa sögu, sem lagt hefir samsæri þeirra til að koma Bretum fyrir kattarnef bert fyrir öllum heimi.

Nokkur líkindi telja Evrópublöð til þess, að Bretar muni krefjast sagna af Rússum og Frökkum um þetta samsæri þeirra.

Þjóðernismál.

Á meðan pólitiska hríðin hefir staðið yfir í blöðunum, sá ég ekki fært, að senda þeim nokkurt nýtilegt orð til birtingar. Hún — pólitíkin — blindar alt, og fyllir alt, út í yztu skækla.

En sökum þess, að í Heimskringlu 17. sept. sl. birtist ritstjórnargrein með fyrirsögninni: "Þjóðlegt gripasafn", þá er ég knúður til að rita nokkrar línur. Því, ef það þjóðernismál, sem þar ræðir um, ekki snertir mig beinlínis, þá snertir það mig áreiðanlega óbeinlínis, eins og ég mun sýna fram á.

Það er líkt ástatt að tala um þjóðlegt gripasafn meðal vor V.-Íslendinga, eins og að tala um háskólamál þeirra. Hvorutveggja er að vísu þjóðernismál, og hvorutveggja hugmyndin er góð, og langt frá því, að vera heimska, ef nokkur tök væru til að koma því í gegn, — að láta þær hugmyndir verða að virkilegri framkvæmd, þjóðerni voru til sóma og fólki voru til gagns og menningar.

Í sannleika sagt sé ég engin tök á því, að mynda þetta gripasafn. Það hefir afarmikinn kostnað í för með sér, og fyrirhöfn, og yrði aldrei nema ómynd, mjög lítilsháttar og ómerkilegt, að undanteknum bókum vorum og sárfáum munum, sem fáanlegir væru. Heima á voru gamla og góða Íslandi mun vera orðið svo sópað — gersópað — sem hægt er fyrir landsgripasafnið af öllum gömlum menjum og merkisgripum, að þaðan geri ég mér ekki háar vonir. Og eðlilega mundu landar þar frekar unna sínu eigin gripasafni munanna, en að senda þá burtu úr landinu, ef að nokkru nýtir og merkir væru.

En að fara að safna leifum, sem eftir eru af munum þeim, sem vér hingað fluttum, mundi hvorki gera oss fræga í augum afkomenda vorra eða innlendu þjóðarinnar. Og því síður, eða síst af öllu gefa rétta sögulega þekkingu yfir lífnaðar ásigkomulag þjóðarinnar, sem frumherjarnir voru komnir af. — Líklega þeir einu munir, sem merkir eru hér hjá oss og þess virði að geymast, eru kvenbúningarnir, bæði hversdags og hátíðabúningurinn (nýja skautið). Sáralitið mun vera til af silfur eða látúns-munum, — ég efast um myllur eða nál af upphlut kvenna, eða silfurhnappar úr karlmannspeisu, hvað þá annað, varla að það findist íslenzk silfurskeið. En þó farið væri að hrúga saman kúfortaræflum, kistugörmum, brekáspokum, reipasltrum og tætlum úr áhrelðum, grútarlömpum, og götóttum skóm, mórauða treflinum hans "langa Lúfa" og hákarla sóknunum, sem einn landinn átti að hafa flutt með sér, til þess að geta fiskað hákarl í Rauðá. Og enda þótt hægt yrði að bæta töluverðu við þetta, svo sem aski og hornspón, klifbera og reiðingi rúmfjöl og hyppulár, og fl. algengu, þá yrði þetta safn miklu frekar til þess, að sanna þá fávizku innkendra hér — alt of margra — að vér Íslendingar værum náskyldir skrælingjum og hefðum að mestu sömu lífnaðarhætti og þeir hafa.

Um bókasafn er alt öðru máli að gegna. En nú vill svo til, að íslenzka háskóla hugmyndin (sálluga) á álitlegt bókasafn (Braems safnið), og því hefir bæzt töluvert af gömlum bókum hér vestra. Einu sinni sá ég að því bættust Grýlukvæði og Grallarinn og Daglegar iðkanir guðhræðslunnar. Og þar ætla ég að vona, að einn sálm urinn byrji svona: "Illa fer þér að upphrokast, aska og moldarþrekkur. Andstygðar sæði áður varst, en nú saurindasekkur", o.s. frv., alt eftir þessu, mála á lengd, eins og þjóðhátíðarkvæðið hjá G. Þrentara. Þá var gullöld guðhræðslunnar, þegar gamli séra Sigurður á Presthólum orti þennan sáfm. — Þótt nú flækjur og stapp kunni að koma upp viðvíkjandi erfðafestu á dánarbúi háskólahugmyndarinnar, þá er samt sá hluti viss, að aldrei verður bókasafnið sent heim aftur til Íslands. Því þætti mér langréttast, að allir, sem hlyntir eru því, að vér söfnum saman og geymum vorar fegurstu og merkustu menjar — bókmentirnar — hlynnum að þessu safni, og gefum því alt, sem ekki má glatast. "Það er hægra að styðja en reisa". Það kostar minna, að gera það eftir föngum fullkomið, en að hlaupa í kapp við það og byrja að nýju.

Ég leiði alveg hjá mér, að tala um þann afarkostnað, sem þessari "þjóðlegu" Hkr. hugmynd fylgir. Annars getur hver maður séð, að þessari félagshugmynd þarf að fylgja duglegur launaður framkv.-stjóri. Hús til að geyma í alla gripi andlega og verklega, mætti ekki vera óvandaða en sem svaraði 40—50 þús. dollara steinbyggingu. Inngangseyrir þyrfti að vera $10, og árstillag $5, og almennur áhugi og fylgi, ef nokkur veruleg framkvæmd yrði gerð, svo málefnið yrði þjóð vorri til frægðar og frama.

Þá kem ég að málefninu, þar sem það beinlínis snertir mig.

Hkr. hugmyndin "þjóðlegt gripasafn" vill safna myndum og æfiatriðum frumherjanna (landnámsmanna og kvenna) og byggja með því áreiðanlegan grundvöll til landnámssögu Vestur-Íslendinga.

Þetta er nú alt gott og blessað í sjálfu sér, en samt fellur mér það ekki vel, að höfundurinn skyldi taka þarna glóðvolga hugmynd mína, sem enn liggur opin fyrir öllum Vestur-Íslendingum. Og ég hefi sterka löngun til að halda því fram, að viðlagaritstjórinn, Kr. Ásg. Benediktsson, eigi alla þessa grein, en ekki hr. B.L. B. En hvað sem nú þessu líður, þó höfundurinn ekki virti nafn mitt eða "Opna bréfið til Vestur-Íslendinga" svo mikið, að minnast einu orði á það, — þá skal ég nú sýna, hvernig málið stendur. Og einnig það, að með þeirri bending, sem ég hefi fengið, þá kostar Vestur-Íslendinga sama og ekkert, að ég safnaði undirstöðu og færi að rita landnámsbók (því allir hafa skilið hugmynd mína þannig) hjá því, sem sá kostnaður yrði, sem fylgir "frumherjafél." í Hkr., og sem að öllum líkindum aldrei kemst í framkvæmd.

Til skýringar set ég hér tillögur og bréfkafla til mín frá mörgum merkum mönnum. Og ég veit, að þeir þykkjast ekki við mig fyrir það, sökum þess að málið er okkar almenningsmál. En nöfn höfund anna birti ég ekki, því ég hefi ekki beðið um leyfi til þess.

Það er þá fyrst, að mér ritar merkur maður, lærður og gáfaður, frá N. Dakota, langt og skilmerkilegt bréf 15. ágúst sl. En opna bréfið mitt birtist í Lögbergi 13. sam. Þar segir hann meðal annars: "Ég las með ánægju opna br. þitt til V.-Ísl. Ég er þér alveg samdóma um það, hver nauðsyn það er, að einhver framkvæmd sé tekin í því, að rituð verði landnámssaga vor V.-Ísl. Líka um hugmynd þína og sníð á söguforminu, að láta myndir fylgja textanum (með æfiágripum merkra manna og kvenna). Það, að þú sért ekki skólagenginn maður, er engin ástæða fyrir því, að þú ekki getir leyst það verk af hendi. Gamli Gísli Konráðsson, langafi minn, og ótal fleiri, hafa sýnt það, að fleiri geta verið sagnaritarar en skólagengnir menn. Ég vildi fyrir mitt leyti geta lagt minn skerf til þess, að þetta fyrirtæki gæti lukkast. — — Þá er peningaspursmálið. Mér hefir dottið í hug, að ef boðsbréf væru send út í allar bygðir Íslendinga hér, og líka til Íslands, og fólk fengið til að skrifa sig fyrir söguheftunum, og fá sem flesta að hægt væri til að borga strax fyrir fram, sem ívaraði verði á fyrsta heftinu, og svo þegar fyrsta heftið væri afhent, að þá borgaði áskrifandinn fyrirfram fyrir annað heftið. Þannig mætti hafa upp nokkurn part af verðinu fyrirfram. Ég hefi svo góða trú á veglyndi Íslendinga yfir höfuð, og áhuga þeirra yfirleitt á þessu máli, að ég er nokkurnveginn sannfærður um, að flestir mundu viljugir voga svona lítilli upphæð, sem þyrfti frá hverjum áskrifanda, til þess að málið kæmist í framkvæmd, og fengi strax góðan byr. — — Og ég vona, að landinn sjái sér vég í því, að styrkja þetta fyrirtæki með ráð og dáð".

Frá Spanish Fork, Utah, fékk ég meðal annars þessar undirtektir: — "það var fallega gert af þér, að hreyfa svolitið við þessu máli að nýju, og því fallegra og þakkarverðara yrði það, ef þér tækist að koma framkvæmdum af stað. Já, ég gleðst af því, að hugsa til þess, því ég er einn af þeim, sem álít þetta nauðsynja fyrirtæki. Og gæti ég í einhverju greitt þinn veg, þá gerði það enginn annar viljugri og fúsari. — — Ef til almennra samskota kæmi, mundi ég geta liðsint eitthvað. Og ég tel víst, að bókin seldist hér furðu vel".

Þetta er ritað 24. ágúst, af merkum manni þar, sem er gagnkunnugur löndum sínum og hefir mikil áhrif meðal þeirra.

Frá mjög mikilhæfum manni í Minnesota hefi ég fengið svolátandi bendingu: "Það hefir aldrei borgað sig, að rita fyrir landann, í bundnu eða óbundnu máli. Þjóðin hefir aldrei metið rithöfunda sína eða borgað þeim starf sitt og elju, fyrr en þeir hafa verið búnir að liggja mannsaldur og meir í gröfinni".

Því miður, er nú þetta satt, og ekki hvetjandi fyrir mann, sem vildi ráðast í það stórvirki, að rita landnámabók.

Þetta læt ég nægja hér megin línunnar.

Einn djúphyggjinn og ráðhollur maður, sem mér var sérlega ant um að heyra álit frá viðvíkjandi sögu-áformínu, og sem er búsettur í einni stærstu ísl. nýlendunni í Manitoba, ritar mér á þessa leið: — — "Mestu erfiðleikarnir, sem mæta þér við að rita landnámssöguna verða, að geta ferðast um og fengið upplýsingar þær sem þurfa. Það mun viða verða mjög erfitt. Verkið sjálft, að rita söguna, er ekki svo geysi-mikið, eftir að undirstaðan er fengin. En undirbúningurinn útheimtir bæði tíma og peninga. Það er ekki efnaleysi, sem hamlar V.-Íslendingum að styrkja mann til að rita söguna, heldur kæringarleysi. — — Sannfæring mín er það, að ef þér yrði auðið, að rita söguna, að þá yrði hún eins góð og óhlutdræg og við mundum geta átt kost á. Það er vandi, að skrifa hlutdrægnislaust um menn og viðburði, sem maður sjálfur þekkir persónulega. Viðkynningin vill blandast þar inn í, og hafa áhrif á ritið, þó maður viti ekki af. Sturla lögmaður Þórðarson gat það, en svo hefir ekki nema einn Sturla Þórðarson verið til hjá Íslendingum. Svo getur legið til álits, hvað eigi að taka í landnámssögu, og hvað ekki. — Fyrir mitt leyti mundi ég taka upp í hana marga sögulega viðburði, sem eitthvað beinlínis heyra landnámi til. Svo hefir höfundur hinnar gömlu landnámu gert".

Frá öðrum mjög ágætum og merkum manni í annari stórri Íslendinga bygð í Manitoba hefi ég fengið sömu tillögur og Dakota maðurinn skrifar: — — "Það er hvorki vilja eða áhugaleysi fólksins að kenna, að ekki fengist styrk ur til að koma verkinu í framkvæmd. Það þarf að eiga góðan og áreiðanlegan mann í hverri bygð Íslendinga til að safna áskrifendum að sögunni, og ég er sannfærður um, að það gengi vel. Því enda þótt enginn taki ótilkvaddur til máls, eða gefi sig beinlínis fram, þá er allur fjöldinn mál inu hlyntur, og vildu fegnir eiga góða og óhlutdræga landnáms sögu. Ég skyldi með ánægju taka að mér, að safna í minni bygð, og gera allan þann greiða, sem mér væri mögulegur —"

Þetta læt ég þá nægja til, að sýna almenningi, hvernig vorir ritfærustu og að mörgu merkustu menn, líta á mína hugmynd og tilboð með opna bréfinu til Vestur-Íslendinga. Og ég má láta það fylgjast með, að allir þessir menn bera gott traust til mín, að leysa verkið af hendi. — Ég hefi verið að líða eftir áliti og tillögum manna í þessu máli, sérstaklega norðan línunnar, og sist af öllu datt mér í hug, að Heimskringla tæki landnámssögu hugmynd mina óumtalað, og hnoðaði utan um hana öllum þessum ósköpum, til þess að gera hana óþekkjanlegri. Og þá vitanlega líka til þess, að draga úr aðstoð og vilja þeirra manna, sem minni hugmynd eru hlyntir.

Ég aðhyllist tillögur Dakota mannsins, sem langlestar, og undir kringumstæðunum heppilegastar. — Og ég held, að jafnvel þó mikið sé í ráðist fyrir mér, að taka þetta verk að mér, að nú sé samt komið svo langt, að það sé kjarkleysi mínu að kenna en ekki því, að Vestur-Íslendingar ekki vildu taka drengilegan þátt í því, að byrjað væri á, að rita landnámssögu vora.

Ég náinilega treysti því fastlega, að ef boðsbréf væru send út í allar bygðir og húsaði landa vorra hér, að áskrifendur fengjust fjöldamargir, og ekki minna en 5—10 hundruð, sem borguðu fyrirfram $1.00, — þá væri hægt að byrja.

Svo að endingu skulum vér líta á mismuninn á þessu fyrirkomulagi minu (ef til kæmi, að ég vogaði mér af stað með þessa hugmynd), eða fyrirkomulags hugmyndina í Hkr. þar eru menn skuldbundnir árum saman, til að leggja á sig töluvert mikil útgjöld. Og þó skrapað yrði saman nokkru af al-íslenzkum hús- og bús munum, sem er aðalkjarninn fram yfir mína hugmynd, og svo yrði safnað æfiágripum og myndum landnemanna, og alt skal geymast óákveðinn tíma, — þá verður eftir alt engin vissa fengin fyrir því, að nokkurntíma verði skrifuð landnámsbók vor. Og því síður vissa fyrir því, að hún yrði að nokkru betur og nákvæmar rituð. Eðlilega mundu margir viðburðir algerlega tapast, sem beinlínis ættu þar sæti, og enn er hægt að ná í, af manni, sem hefir lifað full 20 ár með og í landnámstíðinni sjálfri.

Með minni hugmynd bið ég hvern, sem gerist áskrifandi að söguheftunum, um $1.00 fyrirfram borgað. Og með þessum eina dollar er hver einasti Íslendingur hér búinn að leggja sinn fulla skerf til þess, að byrjað verði strax á verkinu. Allir, sem unna þessu fyrirtæki, mega þá vera áhyggjulausir. Allri ábyrgðinni er kastað á mitt bak. — Og þeir, sem þekkja mig lezt, mundu aldrei trúa því á mig, að ég reyndi að fleka þessa upphæð út úr almenningi, og mega svo standa orðlaus og ónerkur fraunni fyrir öllum ákærum landa minna. Nei, ég mundi leggja líf og blóð í sölurnar til að koma út fyrsta heftinu, og geta þannig borgað hverjum einum sinn hlut, sem hann legði til þess að koma verkinu af stað. En kostnaðurinn er afarmikill og örðugleikar meiri og fleiri en margur hyggur. Og þar sem ég er sjálfur félaus fjölskyldumaður, þá færi ég ekki af stað með minna en 5—10 hundruð dollara.

Síðan "Opna bréfið" mitt birtist í blöðunum í sumar, hefir verið annríkis tími á landsbygðunum. — Nú fara menn að geta gefið sér tíma til hugleiðinga. Ég vildi, að menn færu að nýju að gefa þessu máli gaum.

Dags. 25. október 1908.

Lárus Guðmundsson.

6220 Cody St.,
West Duluth, Minn., U.S.A.

ATHS. — Þess skal getið, að Kr. A. Benediktsson á engan þátt í greininni um "Þjóðlegt gripa safn", né var sú grein rituð í þeim tilgangi, að spilla að nokkru leyti fyrir hinni fögru og þörfu hugmynd herra Lárusar Guðmundssonar um landnámssögu ritun. Ritstj.

Til íslenzkra kjósenda í Selkirk-kjördæmi.

Herra Geo. H. Bradbury, hinn nýkosni þingmaður fyrir Selkirk kjördæmið, hefir beðið Heimskringlu að flytja Íslendingum í kjördæminu eftirfylgjandi alúðarþakkir:

Selkirk, 28. okt. 1908.

Heiðruðu kjósendur! — Þar sem nú er viss frétt fengin frá öllum kjördeildum þessa mikla kjördæmis, og atkvæðin sýna, að mér hefir verið veitt sú virðing, að vera kos inn fulltrúi kjördæmisins á ríkisþingið fyrir komandi kjörtímabil, — þá finn ég mér skylt, að votta hér með öllum íslenzkum kjósendum í því kjördæmi mitt alúðar og virðingarfylsta þakklæti fyrir ágætt fylgi. Og í von um, að geta orðið bygðum yðar að verðskuldaðu liði í komandi tíð er ég

Yðar með virðingu,

Geo. H. Bradbury.

Spurningar og Svör.

Nágranni minn hefir það sem hér telst lögleg girðing kringum akur sinn. Sauðfé mitt smýgur þá girðingu og skemmir akur hans. Hann þykist geta náð af mér skaðabótum fyrir ágang, samkv. fylkislögum í Alberta. Ég neita því og held því fram, að hann eigi að vakta svo akur sinn, að fé mitt smjúgi ekki girðingar hans. Hvor okkar hefir á réttu að standa?

Fáfróður.

SVAR. — Áreiðanlegur lögmaður hefir sagt oss, að eigandi fjárins sé skyldugur að passa sauðfé sitt, svo að það geri ekki ágang á lönd nágranna sinna. Þetta er samkvæmt lögum í Manitoba. En um Alberta fylki vildi hann ekkert segja ákveðið, en taldi líklegt, að lík lög mundu gilda þar um þetta efni. — Í Manitoba er hver sú girðing talin lögleg, sem sveitarráðið metur sem slíka. Það er sem sé með fylkislögunum lagt í vald sveitarstjórnanna, að ákveða, hvað sé lögleg girðing innan takmarka þeirra. En þar sem engin sveitastjórn er, þar gilda almenn lög. — En undir öllum kringum stæðum eru gripaeigendur skyldir að hirða svo búpening sinn, að hann geri ekki ágang á annara lönd, ella sæta sektum fyrir vanhirðingu. Ritstj.

A. tekur land og heldur því um 3. ára tíma undir heimilisréttarskírteini sínu, en hefir aldrei komið á það eða gert þar eða látið gera nokkrar umbætur. Síðan tekur B. landið og byggir og býr á því. Nú krefur sveitarstjórnin hann um skatt fyrir þau árin, sem A. hélt landinu. Er B. skyldur að borga hann. Nýbyggi.

SVAR. — Nei. Sveitarnefndin á aðgang að B. að eins frá þeim tíma, sem hann fékk heimilisréttarland sitt frá Dominion stjórninni, og hún getur ekki undir neinum lögum haldið skuld A. móti landinu, sem B. hefir fengið heimilisrétt á. Hún á beinan aðgang að A. með skattgreiðslu af landinu fyrir þann tíma, sem hann hélt því, en engum öðrum Ritstj.

Til athugunar!

Lesendur eru beðnir að athuga auglýsinguna frá Bifröst sveit, er birtist á öðrum stað í þessu blaði í sambandi við vínbannslögin þar í sveit. Auglýsingin er á ensku og á að birtast 4 sinnum í blaðinu. Á íslenzku hljóðar hún þannig:

Opinber Tilkynning.

Hér með tilkynnist, að aukalög No. 14 í Bifrastarsveit, sem banna móttöku nokkurra peninga fyrir leyfi til að selja vín innan sveitarinnar undir vínsölulögum fylkisins og viðaukum við þau. Aukalög þessi nefnast vínbannslög, og hafa verið lögð fyrir sveitarráðið og þar gengið gegnum fyrstu og aðra umræðu þann 24 dag októbermánaðar 1908. Atkvæðagreiðsla kjósenda í sveitinni, þeirra, sem kosningarrétt hafa í því máli, fer fram þann 15. desember næstk., í sama sinni og almennar sveitarkosningar fara þar fram, og á sama tíma og stöðum eins og greitt verður um sveitarráðs umsækendurna, frá kl. 9 að morgni til kl. 5 að kveldi, og á eftirgreindum stöðum:

Kjörstaður No. 1, sem er 1. deild, er í húsi Finnboga Finnbogasonar, Sec. 32—21—4.

Kjörstaður No. 2, sem er 2. deild, er í húsi Lárusar Th. Björnssonar.

Kjörstaður No. 3, sem er 3. deild, er í Framnes skólahúsi.

Kjörstaður No. 4. sem er 4. deild, er að Hecla P.O. á Mikley.

Kjörstjóri og aðstoðar kjörstjórar verða þeir sömu og við sveitakosningarnar.

Hin fyrirhuguðu aukalög, eða nákvæmt eftirrit af þeim, verða til sýnis fram að kjördegi á skrifstofu sveitarritarans, sem er að Hnausa í Manitoba fylki.

Dagsett að Hnausa þennan 27. dag októbermánaðar 1908.

BJARNI MARTEINSSON.
Ritari fyrir Bifröst sveit.

— Í næstliðnum október mánuði hafa 10,097 innflytjendur komið til Canada.

George G. LENNOX

Selur í heildsölu SKÓ, STÍGVÉL og YFIRSKÓ

150 Portage Ave. East, Winnipeg.

MARKET HOTEL

146 PRINCESS ST. á móti markaðnum

P. O'CONNELL, eigandi, WINNIPEG

Beztu tegundir af vínföngum og vindum, aðhlynning góð húsið endurbætt

JOHN DUFF

PLUMBER, GAS AND STEAM FITTER

Alt verk vel vandað, og verðið rétt

664 Notre Dame Ave. Phone 3815

Winnipeg

Strathcona Hotel

Horni Main og Rupert Str. Nýbygt og ágætt gistihús; Gest um veitt öll þægindi með sanngjarnasta verði. Frí keyrsla til og frá öllum járnbr. stöðvum. Beztu vín og vindlar; og herbergi og máltíðar ágætar.

McLaren Brothers

EIGENDUR

Hotel Pacific

219 Market Street Winnipeg | H M Hicks Eigandi Manitoba

Telephone 1338

Ný-endurbætt og Ný-tízku hús í alla staði. Viðskifta ýðar óskast virðingarfylst.

$1.25 a Dag

$1.50 Á DAG

Besta $1.50 gistihús í Winnipeg

BRUNSWICK HOTEL

Horni Main St. og Rupert Ave.

Besta borðhald; Hrein og Björt Herbergi; Fínustu Drykkir og Bestu Vindlar. Ókeypis Vagn mætir Öllum Traunlestum. Reynið oss þegar þú ert á ferð.

PUBLIC NOTICE

NOTICE IS HEREBY GIVEN, that By-Law No. 14, under which the Rural Municipality of Bifröst is forbidden to receive any moneys for a license for the sale of liquor as defined in "The Liquor License Act" and Amendments thereto, within the limits of the said Municipality, which By-Law is known as By-Law for Local Option, has been submitted to the Council of said Municipality, and did receive its first and second readings on the 24th day of October 1908, and that a vote of the electors of the Municipality, entitled to vote thereon will be taken on the 15th day of December, being the same day as that fixed for the polling at the annual Municipal election in said Municipality, and the voting will be taken during the same hours and at the same places as the polling at the annual Municipal election, which may for greater certainty be stated to be between the hours of Nine o'clock in 6the morning and Five o'clock in the afternoon on the said date and at the following places:

Poll. Div. No. 1, comprising Ward No. 1, at the house of Finnb. Finnbogason, Sec. 31—21—4.

Poll. Div. No. 2, comprising Ward No. 2, at the house of Lárus Th. Björnsson.

Poll. Div. No. 3, comprising Ward No. 3, at Framnes School House.

Poll. Div. No. 4, comprising Ward No. 4, at Hecla P.O., Big Island.

And the Returning Officer and Deputy Returning Officer will be the same as for the annual Municipal election aforesaid.

The proposed By-Law, or a true copy thereof, can be seen on file until the day of taking the vote, at the office of the Clerk of the Municipality, which is at Hnausa, in the Province of Manitoba.

DATED at Hnausa this 27th day of October 1908.

Bjarni Marteinsson,
Clerk of the Rural Municipality of Bifröst.

5-26, 11.

Til athugunar við dánarfregn.

Soffíu sál. Friðriksdóttur Vatnsdal, er andaðist að Wadena, Sask., þann 26. október 1907 (sjá Hkr. af 21. Nóv. 1907), — skal þess hér til leiðbeiningar getið, að þau hjón — í stað þess að stendur í fregninni, að flutt hefðu búferlum 1866 að Hjarðarhúsum, í Barðastrandhreppi (ábýli ekkert með því nafni í hreppnum) — átti að vera: að Fossá á Hjarðarnesi innan nefnds hrepps, en höfðu um sama leyti keypt jörðina Suðurhamar *), er lá fast að horni Fossár að sunnan og fluttu þangað eftir 8—10 ára ábúð á hinni fyrrneindu jörð, en höfðu öll hin fyrrneindu ár haft hana með til ábúðar. Reistu þar úr lélegu íbúðarhreysi mjög myndarlegan bæ, ásamt heyhlöðum og peningshúsum, er dugði fyrir fleiri ár til verklegrar fyrirmyndar öðrum hreppsbúum við endurbót hýbýla sinna, — en höfðu eftir sem áður jörðina Fossá til ábúðar, þar til varið 1882 að þau sleptu þar ábúð sinni. Þess má einnig geta, að auk þessara tveggja jarða höfðu þau í fleiri ár til búsnota afnéttina Vatnsfjörð og Vatnsdal að sunnanverðu, er lá að bújörð þeirra Fossá að vestan, en eign Brjánslækjar og Hagakirkna, og gerði alt þetta örðugt og umfangsmikið ábýli. Síðustu ár sín á Íslandi bjuggu þau að eins á eignarjörð sinni, Suðurhamri, unz þau fóru til Vesturheims.

Hvað viðvíkur atgerfis og einkunnalýsing Soffíu sál. í áminstri dánarfregn, hefi ég sem kunnugur við að bæta, að hún auk kosta þeirra, sem þar er getið, var ríkulega gædd hinum fullkomnustu hæfileikum til bús- og hússtjórnar, sem fyrir utan það, að henni munu hafa verið þeir að miklu leyti meðskapaðir, hjálpaði þar eigi lítið til, að hún alla sína æfi verið hafði með heldra og mentuðu fólki utanlands og innan, og naut svo og brúkaði ávextina af því við heimilisstjórn sína. Því enda þótt sambúð þeirra hjóna væri sönn fyrirmynd, hvað ást og virðingu snerti, er þau báru hvort til annars, kom þó fyrir á lífsleið þeirra, sem annara, að kyrrsævi friðar og eindrægni yfðist af aðsvífandi stormum og andbyri hamingjunnar, er ógnaði heimilisfarsæld þeirra, — átti hún með lipurð sinni, stillingu og skynsamlegum tillögum mestan og bezta þátt í, að koma öllu í jafnvægi og í veg fyrir nokkurt verulegt áfall á lífsleið þeirra.

Þar sem ég eigi við áminsta dánarfregn finn fleira athugavert eða nokkru frekara við að bæta, álít ég hana að öðru leyti eins sanna og rétta eins og frekast er kunnugt um

Einum meðal vina hinnar látnu.

*). ATHS. — Suðurhamar svoneíndur til aðgreiningar frá samneíndri jörð vestar í hreppnum

Einkennilegur veikleiki.

Í litlu timburhúsi, sem stendur nærri áfarnum þjóðvegi skamt frá smáþorpinu Code á Englandi, á heima 22. ára gömul stúlka, sem ekki hefir vaxið eða þroskast á nokkurn hátt hið allra minsta síðan hún var barn.

Stúlkan heitir Mildred Hart og er dóttir trésmiðs nokkurs. Síðan hún var 5 ára að aldri, hefir henni ekki farið neitt fram, hvorki andlega eða líkamlega. Tennur hennar eru þær sömu og hún tók, þegar hún var barn, og hún er eins og barn í allri framkomu.

Hún sat í barnsstól og var að leika sér að brúðu, þegar fréttasmalinn kom inn. Hún var alt af smátt og smátt að kyssa brúðuna og þess á milli að sýna hana yngri systur sinni, sem er 20 ára gömul stúlka, há vexti og fönguleg, og biðja hana að kyssa brúðuna sína líka.

Öll föt hennar, jafnvel litlu sokkarnir og skórnir, eru eins og þau, sem maður er vanur að sjá á 5 ára gömlum börnum, en hún er talsvert upp með sér af fötunum sínum. Í viðræðu er hún ekki eins skemtileg og mörg börn á 5. ári, en hún svarar flestum spurningum, sem hún er að spurð. Móðir hennar verður að fara með hana nú alveg eins og hún gerði fyrir 17 árum síðan. Litlu stúlkunni er ekki um, að fara snemma að hátta, og vill endilega biða niðri þangað til foreldrar hennar fara upp til að taka á sig náðir, og láta hana í litla rúmið hennar.

Foreldrar stúlkunnar vita enga ástæðu til þessa kynlega þroskaleysis í barninu. En tvær systur ömmu hennar segja þau að hafi verið á sama hátt. Dó önnur þessara systra á 9. ári, en hin á 18.

Þessi stúlka er hin hraustasta til heilsu, og er miklu ánægðari og rólegri en 5 ára gömul börn eru vön að vera. Hún getur setið svo tímunum saman og leikið sér að brúðum sínum. Allir í þorpinu tala hlýlega til hennar, þegar henni er ekið úti í litla vagninum, og hún tekur kveðju þeirra brosandi, því hún er venjulega mjög kurteis og ljúf í framkomu.

Það eru fimm manns í fjölskyldu þessarar litlu stúlku, og einn af bræðrum hennar er risavaxinn maður og vinnur sem lögregluþjónn í Lundúnaborg.

Læknar á Englandi segja, að svona tilfelli séu mjög fátíð þar í landi, og segja að þessi sjúkdómur stafi frá hálskirtlunum.

Það kynlegasta við þennan veikleika er það, að menn hafa tekið eftir því, að hann kemur helzt fyrir í vissum héruðum, t.d. í Rhonedalnum á Frakklandi, í Derbyshire á Englandi o.s.frv., og geta læknar þess til, að drykkjarvatninu í þessum héruðum sé að einhverju leyti um að kenna.

DÁNARFREGN.

Þann 29. október þóknaðist góðum guði að kalla heim til sín BJÖRN NORDAL, son herra Sigvalda Nordals í West Selkirk, sem hefir ætíð dvalið hjá foreldrum sínum síðan hann fæddist, og kom með þeim að heiman árið 1887. Dauðamein hans var lungnatæring, sem byrjaði út af lungnabólgu, sem hann fékk norður á Winnipeg vatni við fiskiri þar.

Nordal sál. varð yfir 25 ára að aldri. Jarðarför hans fór fram frá lútersku kirkjunni í Selkirk þ. 30. október, og var hann jarðsunginn af presti safnaðarins séra Steingrimi Thorlákssyni. — Hans verður síðar minst í þessu blaði.

Guð blessi minningu hins látna vinar vors!

Vinur hins látna.

HEIMSKRINGLU og TVÆR skemtilegar sögur fá nýir kaupendur fyrir að eins $2.00.

Giftingaleyfisbréf

selur Kr. Ásg. Benediktsson

540 Simcoe st. Winnipeg.

WINNIPEG Business College

FÉKK FYRSTU VERÐLAUN Á SAINT LOUIS SÝNINGUNNI.

Cor. Portage Ave and Fort St.

Dag og kveld-kensla. Leitið fullra upplýsinga og biðjið um vorn nýja pappírshnif ókeypis. Vér kennum enska tungu.

G. W. DONALD, ráðsmaður.

Hvað er svo Gott

sem nýtt, ferskt kjöt? Hvað er betra að borða en gott kjöt? Og hvar fæst það betur útilátið en einmitt hjá oss. Telefónið oss eina pöntun og reynið

C. G. JOHNSON,

KJÖTSALI

Horni Ellice og Langside. Tel.: 2631.

The Dominion Bank

NOTRE DAME Ave. BRANCH Cor. Nena St.

Vér seljum peningaávísanir borganlegar á Íslandi og öðrum lönd.

Allskonar bankastörf af hendi leyst

SPARISJÓÐS-DEILDIN

tekur $1.00 innlag og yfir og gefur hæztu gildandi vexti, sem leggjast við innstæðufé 4 sinnum á ári, 30. júní, 30. sept. 31. desembr og 31. march.

Hinir áreiðanlegustu — og þar með hinir vinsælustu — verslunarmenn auglýsa í Heimskringlu.

—The— Criterion Hotel

McDermott Ave.

Nýtt, vandað gistihús með ágæt herbergi, vönduðustu drykkjir og fínustu vindlar.

Vinsælt meðal Íslendinga. Er beint á móti Tribune byggingunni á McDermott Avenue.

MORICE NOKES

EIGANDI

Woodbine Hotel

Stærsta Billiard Hall í Norðvesturlandinu Tíu Pool-borð.—Alskonar vín og vindlar.

Lennon & Hebb.

Eigendur.

SPÓNNÝTT HÓTEL

ALGERLEGA NÝTÍZKU

Hotel Majestic

John McDonald, eigandi.

James St. West, Rétt vestan við Main St. Winnipeg Telefón 4979

$1.50 á dag og þar yfir Bandaríkja-snið

Alt sem hér er um hönd haft er af beztu tegund. Reynið oss.

MIDLAND HOTEL

285 Market St. Phone 3491

Nýtt hús, nýr húsbúnaður Fullar byrgðir af allskonar vönduðustu drykkjum og vindlum í hressingarstofunni. Gisting einn dollar á dag og þar yfir.

W. G. GOULD :: FRED. D. PETERS, Eigendur

WINNIPEG ::: ::: CANADA

Með því að biðja sérlega um "T.L. CIGAR," þá ertu viss að fá ágætan vindil.

T.L.

Smoke the T.L. CIGAR (UNION MADE)

Western Cigar Factory

Thomas Lee, eigandi Winnipeg

Redwood Lager og Extra Porter

Styrkið taugarnar með því að drekka eitt staup af öðrum hvorum þessum ágæta heimilis bjór, á undan hverri máltíð. — Reynið !!

EDWARD L. DREWRY Manufacturer & Importer Winnipeg, Canada.

Jimmy's HOTEL

Rétt á bak við Pósthúsið

Íslendingar ættu að reyna þetta gistihús. Í hressingarstofunni er sá eini íslenzki vínveitingamaður í Winnipeg.

James Thorpe, eigandi

Fyrrum eigandi Jimmy's Restaurant

hennar, og það leit helzt út fyrir, að samtal þeirra, sem áður er sagt frá, yrði það fyrsta og síðasta. — Henni var nú rórra, en henni hafði verið. En undarlegt var það, að aldrei hafði hún eins sárt fundið til hinnar lítilmótlegu stöðu sinnar og einmitt nú. — Hann hafði nokkrum sinnum gengið fram hjá henni í ganginum, án þess að látast taka eftir henni. Og meira að segja, svipur hans var svo gremjulegur og kaldranalegur, að undrum gegndi, og fanst Felicitas andlit hans lítið fríkka við það. Frú Heilwig hafði nefnilega þrátt fyrir mótspyrnu hans, krafist þess, að hann kæmi ofan til sín, þegar hún tæki á móti gestum sínum, sem vildu náttúrlega fá að sjá hann og heilsa honum. Hann kom ávalt nauðugur mjög, og var alt annað en viðmótsþýður. — En svo komu líka daglega margir gestir, sem Hinrik vísaði upp á loft, til herbergja prófessorsins. Það var fátækt fólk, sem þarfnaðist hjálpar hans, og sem Friðrika, ef hún hefði þorað það, ekki hefði hleypt inn. Nú gekk þetta fólk henni til mikillar óánægju, og líka á móti vilja frú Heilwig, upp hinar táhreinu tröppur í hinu reisulega húsi, og læknirinn tók á móti öllum án alls manngreinaráláts. — — — Hann hafði mikið orð á sér fyrir augnalækninaar. Honum hafði oftar en einu sinni tekist að lækna þá, er frægir læknar voru gengnir frá, og það var sérstaklega fyrir þessa grein læknisfræðinnar, sem hinn ungi maður hafði hlotið nafnbætur sínar og frægð.

Frú Heilwig hafði lagt fyrir Felicitas, að sópa og halda öllu hreinu í skrifstofu sonar hennar. Hið litla herbergi var algerlega breytt frá því, sem áður var. Það hafði verið skreytt á allar hundir, en nú líktist það mest munkakompu. Hinar fögru gluggablæjur höfðu beðið sömu örlög og blómskrúðið. — Prófessorinn hafði strax rifið þær niður, bæði af því, að þær bægðu burt dagsljósinu, og líka af því, að

ryk settist á þær. Veggjamyndirnar tók hann allar í burtu, en hengdi yfir skrifborð sitt eirstungna mynd í maðksmognum ramma, hið mesta meistaraverk. Sýndi það unga konu, er vefur barn sitt umhyggjusamlega í silkikápu sína, er brydd er með loðskinni. Hafði mynd þessi hangt áður í dimmu skoti í framherberginu, sem lá að herbergi hans. — Alla smádúka og teppi hafði hann rifið í burtu, og á dragkistu, er stóð þar með allskonar postulínsskrautu á, láu nú bækur hans í skipulegri röð. Enginn blettur var sjáanlegur á þeim, ekkert blað uppbrotið, og þó voru þær iðulega brúkaðar. Þær voru allar í skrautlausu bandi, og sinn litur á hverju tungumáli fyrir sig. Til dæmis: þær latnesku voru í gráu bandi, þær þýzku í brúnu o. s. frv.

"Þannig reynir hann að raða niður mannssálunum, og vei þeim, sem fer út fyrir sitt vissa takmark" — þannig hugsaði Felicitas með sér, þegar hún í fyrsta skifti leit bækur hans.

Morgunkaffið drakk prófessorinn saman með móður sinni og ríkisstjóra frúnni. Svo gekk hann til herbergis síns og vann til miðdags. Strax fyrsta daginn hafði hann afþakkað vín það, sem móðir hans sendi upp til hans, en hann lét standa hjá sér vatnsflösku með vatni og drakk það. Það leit út fyrir, að hann vildi ekki láta hafa mikið fyrir sér, því í hvert sinn, sem vatnið var orðið volgt, gekk hann sjálfur út í garðinn og sótti sér ferskt vatn, en hringdi aldrei eftir neinum.

Fjórða daginn komu bréf til hans snemma morgins. Hinrik var ekki heima, svo Felicitas var send með þau til hans. Hún beið lítið eitt við fyrir utan dyrnar, því hún heyrði mannamál inni í herberginu. Það var kvenmannsrödd og konan var að enda ræðu sína við læknirinn.

"Böhm læknir hefir sagt mér frá augnveiki sonar

yðar", sagði prófessorinn vingjarnlega. — "ég skal koma og sjá, hvað hægt er að gera".

"Æ, náðugi herra prófessor, jafn nafnfrægur maður og þér — —"

"Ó, þegið þér um það", greip hann fram í höst um róm, og konan þagnaði óttaslegin mjög. — "Ég skal koma á morgun og skoða augu sonar yðar", bætti hann við í blíðari róm.

"En við erum fátæk, — atvinnan gefur svo lítið af sér".

"Það eruð þér búnar að segja mér, góða kona", mælti hann óþolinmóðloga. "Farið nú, tíminn er mér dýrmætur. Ef ég get hjálpað syni yðar, þá skal það verða gert. Verið þér sælar".

Konan gekk út og Felicitas gekk inn. Prófessorinn sat við skrifborð sitt og skrifaði í ákafa. Samt hafði hann séð hina ungu stúlku koma, því án þess að lita upp, rétti hann hendina út eftir bréfunum, og braut eitt þeirra upp á meðan Felicitas gekk aftur fram að dyrunum.

"Eftir á að hyggja", mælti hann hálfniðursokkinn í bréfið", hver tekur til hér í herberginu?"

"Ég geri það", mælti Felicitas og hinkraði við.

"Nú! Þá ætla ég að biðja yður um framvegis, að bera meiri virðingu fyrir skrifborði mínu, en hingað til. Mér kemur það illa, þó ekki sé nema ein bók, sem flutt er til, og hér vantar mig nú þar að auki eina — — —"

Felicitas gekk rólega að borðinu, sem var fult af bókum.

"Viljið þér segja mér nafn bókarinnar?" spurði hún stillilega".

Prófessorinn brosti stillilega, enda var spurningin nokkuð óvanaleg í vinnustofu hans.

"Þér finnið hana tæpast. Það er frönsk bók:

"Cruveilhier Anatomie du système nerveux", stendur á kjöl hennar", mælti hann og brosti aftur ofurlítið."

Felicitas tók á augnabragði fram bókina, sem lá hjá öðrum fleiri frönskum bókum.

"Hér er hún", mælti hún. "Hún lá reyndar á sama stað og þér höfðuð lagt hana. Ég hreyfi aldrei bækur yðar".

Prófessorinn studdi vinstri hendi sinni á borðið, og snéri sér í einni svipan að hinni ungu stúlku og leit fast framan í hana.

"Þér skiljið frönsku?" spurði hann í hvössum róm.

Felicitas varð hrædd. Nú hafði hún komið upp um sig. Hún skildi ekki einasta frönsku, heldur talaði hún hana viðstöðulaust. — Gamla jómfrúin hafði veitt henni ágæta fræðslu. — Nú átti hún að svara og gefa ákveðið svar. Hin stálgráu augu hvíldu á andliti hennar, og myndu strax sjá, hvort hún laug eða ekki. Hún varð því að segja sannleikann.

"Ég hefi notið tilsagnar", svaraði hún.

"Ójá! Nú man ég eftir því. Fram að níu ára aldri yðar. —, Og svo hefir eitthvað af því loðað eftir í huga yðar", mælti hann, og strauk hendinni um enni sér.

Felicitas þagði.

"Í þessu liggur yfirsjón mín og móður minnar", mælti hann ennfremur. "Það var búið að kenna yður of mikið, og svo þegar við lítum öðruvísi á málið þá fyrirlítið þér okkur og álítið okkur sem kvalara yðar. Hefi ég rétt fyrir mér?"

Felicitas vissi varla, hverju svara skyldi. En svo sigraði gremjan og hatrið, og hún sagði kuldalega: "Ég hefi fulla ástæðu til þess".

Hann varð auðsjáanlega reiður við orð hennar, og stórar hrukkur mynduðust á enni hans, en það

Fréttir úr bænum.

Herra Stephan G. Stephansson, skáld, frá Alberta, kom hingað til Winnipeg á föstudaginn var, og dvelur hér eystra um tveggja mán aða tíma. Hann hefir sína fyrstu samkomu hér í borginni í kveld (fimtudag) þann 5. þ.m. Þá samkomu ættu menn að fjölmenna á.

Herra Þorsteinn Þ. Þorsteinsson málari fór til Gimli í þessari viku til þess að eikarmála hús, sem hr. Hannes kaupmaður Hannesson hefir gera látið á landi sínu nétt við bæinn. Þorsteinn lýst við að vera mánaðartíma þar neðra.

Herra Franz Thomas hefir selt fatahreinsunar stofnun sína á Ellice Ave. hér í borginni og vinnur nú við uppboðssölu á Portage Av.

Látin er hér í borginni um síðustu helgi Mrs. Jónína Morris, eftir langvarandi sjúkdómslegu af innvortis meinsemd. Jarðarförin fer fram í dag, þann 5. þ.m.

Herra Pétur Vigfússon og dóttir hans Anna, bæði til heimilis í Blaine, Wash., sem komu í kynnisför til kunningja sinna í Argyle nýlendu, og dvalið hafa þar síðan um miðjan ágúst sl., komu til bæjarins á mánudaginn í sl. viku. — Þau héldu vestur aftur til Blaine á laugardaginn var. Þau feðginin segja framfarir nokkrar meðal landa vorra hvervetna á Kyrrahafsströndinni.

Ungfrú Björnsson, frá Markerville, Alta., kom til bæjarins í sl. viku, í kynnisferð til ættingja sinna í Norður Dakota. Hún fór þangað suður á laugardaginn var.

Frá Nýja Íslandi er ritað, að botnskófur Dominion stjórnarinnar, sem verið hafa að grafa í Íslendingafljóti, hafi hætt þar starfi tafarlaust að kosningunum afstöðnum.

Herra Guðmundur Rafnsson, frá Minneota, Minn., kom hingað til Winnipeg í síðustu viku, í kynnisför til kunningja hér og í Selkirk bæ. Hann hélt heimleiðis aftur um síðustu helgi. Kvaðst að vísu heldur vilja vera nokkuð lengur hér nyrðra, en hins vegar ekki vilja tapa af því, að nota atkvæðisrótt sinn syðra þann 3. þ.m.

Herra W. Sanford Evans sækir um borgarstjóra stöðuna fyrir Winnipeg fyrir komandi ár. Herra Evans hefir verið "Controller" í eitt ár og hefir átt góðan þátt í, að koma fjármálum bæjarins í talsvert viðunanlegra horf, heldur en þau voru í fyrir ári síðan. Hr. Evans segir, að fjármálaástand borgarinnar sé nú í æskilegu horfi, en þó þurfi mikið að vinna ennþá til þess að hafa borgarmálin öll í góðu lagi. Hann kveðst fús til þess, að verja tíma sínum til að vinna að málum borgarinnar, og að gera sitt ýtrasta til þess, að koma þeim öllum í gott horf og vinna að framförum borgarinnar eftir magni. Hann segist og hafa á þessu yfirstandandi ári séð um fjárhagslega þörf aflstöðvarmálsins, og tekur í ábyrgð, að sjá um fjárútvegun til þess að það mál hafi framgang á komandi ári. Hr. Evans lofar að gera alt, sem í hans valdi standi til þess að sjá um framkvæmdir á aflstöðvarmálinu, og að þær verði gerðar með hyggindum og viðeigandi peningasparnaði.

Nýlega er látin í Calgary ungfrú Hólmfríður Húnfjörð, úr trúnaðarvini, um 20 ára að aldri. Hún er dóttir herra Jónasar Húnfjörð og konu hans, að Markerville, Alta.

Herra Óli Benediktsson, kaupmaður í Markerville, Alta., liggur um þessar mundir á spítala í Calgary, og talið líklegt, að hann verði að ganga þar undir holdskurð við innvortis meinsemd.

Herra Bjarni Sigurðsson, frá Stony Mountain, var hér í borg um síðustu helgi, í kynnisför til barna sinna hér.

Talþræðir eru þjóðeign í Port Arthur og Fort William bæjum í Ontario. Nú eru bæjir þessir að hætta talþráða notagjaldið frá því, sem það var þegar Bell félagið hafði starfið með höndum.

Lesendur eru mintir á, að lesá auglýsingu herra Sigfúsar Andersonar á öðrum stað í þessu blaði, um fund í Íslenzka Conservative Klúbbnum á föstudagskveldið í þessari viku þann 6. þ.m. Vonandi að menn sæki vel þennan fund.

Tjaldbúðarsafnaðar konur auglýsa í þessu blaði þakkargerðarsamkomu, þann 6. þ.m., kl. 8 að kveldi. Þessi samkoma var áður auglýst á fimtudagskveld þ. 5., en vegna fyrirlesturs herra Stephans G. Stephanssonar, hefir henni verið frestað til föstudagskvelds í þessari viku. Mjög mikið hefir og verið vandað til veitinganna, og eru þær svo góðar, að sjaldan eða aldrei hafa betri verið á nokkurri samkomu. Konurnar vona, að Íslendingar fjölmenni á þessa samkomu.

Látinn er á sjúkrahúsinu í Vancouver, B.C., unglingspiltur Ásgeir Marías Guðjónsson, 23 ára gamall. Hann var fæddur í Arnardal í Skutulfirði í Ísafjarðarsýslu þann 13. júlí 1885, dáinn 14. október 1908. Foreldrar hans voru þau Guðjón Jónsson og Hildur Kristiana Jakobsdóttir, sem nú býr í Mikley í Winnipeg vatni.

Sú saga gengur nú frá manni til manns, að það sé eins og dottinn bylur af húsþaki og komið dúnalogn, því ein kosningaþríðin er um garð gengin. Margir unnu hart og vel, og margir verða því fegnir hvíldinni. — Um þær mundir mátti það eins og merkilegt heita hér í borginni, hvað þó undur margir af ákveðnum eða áköfum stjórnmálamönnum vörpuðu frá sér þeim áhyggjum eina kveldstund — með því, að sitja rólegir við hliðina á konum sínum eða kærustum, og það í Goodtemplarabyggingunni, — horfandi á hinn ágæta, ram-íslenzka gleðileik SKUGGASVEIN, sem Leikfélag Goodtemplara var að sýna. — Já, leikurinn mátti heita eins og ljós í bríðinni, því víða syrti að mörg kveldin um það leyti á þeim stöðum, sem pólitíski barðaginn var háður. — En sem sagt, var þá þessi saklausa skemtun á boðstólum fjögur kveld, nfl. SKUGGASVEINN. Mátti þá sannarlega líkja honum við "sólskinsblett í heiði", — og á hverju sem gengur í þessu lífsins stríði, þá eru ætíð menn og konur, er sífelt muna eftir þessari fornkveðnu hendingu ("el vér sjáum sólskinsblett í heiði, að setjast allir þar og gleðja oss"). — Þá eins og skin eftir skúr býðst nú Íslendingum í Winnipeg og grendinni enn ett tækifæri á að sjá þennan oftnefnda SKUGGASVEIN. Þeir mörgu, sem mistu þá glaðværðar kveldstund um kosningarleytið, gripi tækifærið nú að kveldi 17. þ.m. — Lesið auglýsingu á öðrum stað í þessu blaði. G.H.

FUNDARBOÐ.

Fyrsti fundur ÍSLENZKA STÚDENTAFÉLAGSINS verður haldinn í samkomusal Tjaldbúðarkirkju, á horninu á Furby og Sargent strætum, á laugardagskv. kemur (7.nóv.) Öllu íslenzku náms fólki í bænum er boðið á fundinn. Þar verður gott tækifæri að skemta sér og heilsa upp á kunningjana eftir dreifingu sumarsins. Það er innileg ósk stjórnarnefndarinnar, að meðlimir fjölmenni og komi með nýbyrjaða nemendur með sér. Fundurinn byrjar stundvíslega kl. 8.

Allir meðlimir ÍSLENZKA SOCIAL CLUBSINS eru beðnir að koma á fund kl. 8 eftir hádegi þann sjötta (6.) þessa mánaðar í Goodtemplara salnum, til að kjósa nefnd og fleira. Skrifari.

Frú Charlotte Decker í Rochester, N.Y., andaðist þann 21. f. m., 110 ára gömul. Þessi kona giftist í þriðja sinn, þegar hún var 102 ára gömul.

Sjónleikur

Skugga-Sveinn eða Útilegumennirnir.

Þessi alþekti sjónleikur eftir Matthías Jochumsson verður leikinn, nú í síðasta sinn hér, — í Goodtemplarahúsinu þriðjudagskveldið

17. NOVEMBER.

Aðgöngumiðar kosta 50c, 35c, og 25c, og verða til sölu í aldinabúðinni við hliðina á G. T. húsinu. — Kl. 7 verður salurinn opnaður, en kl. 7.40 byrjar leikurinn.

"Það má enginn þessu gleyma,
Þarna er skemtun löng og góð".

FJÖGUR HERBERGI fást leigð ódýrt að 194 Isabel St.

LÁTTU MIG SAGA ELDI VIDINN ÞINN. — Ég hefi keypt spónnýja sögunarvél, og geri verkið gegn sanngjarni borgun.
S. THORKELSSON,
738 Arlington St. Talsími 8588

3083

Pósthús Box Heimskringlu er nú 3083, en ekki 116, eins og áður hefir verið. Viðskiftavinir eru því beðnir, að senda bréf til blaðsins í P.O. Box **3083**

Thanksgiving Concert & Social

í Tjaldbúðinni, föstudagskveldið 6. nóvember

PROGRAMME.

1. Piano Duet—Misses L. Haldorson og S. Vopni.
2. Söngur—Nokkrar litlar stúlkur.
3. Ræða—Séra F. J. Bergmann.
4. Duet—Miss L. Thorlakson og Mr. A. Johnson.
5. Recitation—Miss Stina Bergman.
6. Male Quartette—M. & A. Johnson, W. & C. Haldorson.
7. Recitation—Miss L. Thorlakson.
8. Vocal Solo—Miss L. Whittier.
9. Vocal Solo—Miss Clara Oddson.
10. Vocal Solo—Miss L. Thorlakson.
11. Vocal Solo—Mr. Quick.

FRÍAR VEITINGAR.

Byrjar kl. 8.
Aðgangur fyrir fullorðna 35c og börn 25 cents.

Til fullkomnustu tryggingar Vátryggið fasteignir yðar hjá The
St. Paul Fire & Marine Ins. Co.
Eignir félags, eru yfir 5 millión dollars. Skaðabætur borgaðar af San Francisco eldinum 1¼ mill. SKULI HANSSON & CO., 55 Tribune Bldg., Phone 6476, eru sérstakir umboðsmenn.
E. S. Willer Limited
Aðal umboðsmenn
PHONE 2083 219 McINTYRE BLK.

The Dominion SECOND HAND STORE
Ágætur brúkaður fatnaður og húsmunir. Ísl. töluð.
555 Sargent Ave. Winnipeg

Stefán Johnson
Horni Sargent Ave. og Downing St.
HEFIR ÁVALT TIL SÖLU
Nýjar Áfir
Bestu í bænum, ágætar til borðnotkunar. 15c gallon

C. O. F.
Court Garry No. 2
Stúkan Court Garry No. 2, Canadian Order of Foresters, heldur fundi sína í Unity Hall, horni Lombard og Main st., 2. og 4. hvern föstudag í mánuði hverjum.
Allir meðlimir eru ámintir um, að sækja þar fundi.
W. H. OZARD, REC.-SEC.
Free Press Office.

F. Deluca
Verzlar með matvöru, aldini, smá-kökur, allskonar sætindi, mjólk og rjóma, sömul. tóbak og vindla. Óskar viðskifta Íslend. Heitt kaffi eða te á öllum tímum. Fón 7756
Tvær búðir:
587 Notre Dame og 714 Maryland St.

J. G. Snidal, L. D. S.
ÍSL. TANNLÆKNIR
COR. MAIN & BANNATYNE
DUFFIN BLOCK PHONE 5302

ARNI ANDERSON Íslenzkur lögmaður
Í félagi með
Hudson, Howell, Ormond & Marlatt
Barristers, Solicitors, etc.
Winnipeg, Man.
13-18 Merchants Bank Bldg. Phone 3621, 3622

BONNAR, HARTLEY & MANAHAN
Lögfræðingar og Landskjala Semjarar
Suite 7, Nanton Block, Winnipeg

BILDFELL & PAULSON
Union Bank 5th Floor, No. 520
selja hús og lóðir og annast þar að lútandi störf; útvegar peningalán o. fl.
Tel.: 2685

Hubbard, Hannesson and Ross
LÖGFRÆÐINGAR
10 Bank of Hamilton Chambers
Tel. 378 Winnipeg

"Hvað að brúka og hvar skal fá það".
VITUR MADUR
Við höfum lítið að segja, en það sem við segjum, segjum við "beint út". Við óskum að þið komið til okkar þegar þið farið að kaupa hanst eða vetrarfötin ykkar. Þú veizt ekki hvað ódýrt þú getur keypt föt búin til eftir máli fyr en þú kemur og talar við oss. —
McFarlane & Cairns
SKREDARAR
335 Notre Dame Aðrar dyr vestan Wpg. Leikhúsið.

Hver þvær og Hreinsar Fötin ydar?
Hversvegna að fara í Kína-kompurnar þegar þér eigið kost á að fá verkið gert betur, og alt eins ódýrt, í bezta og heilsusamlegustu þvottastofnun, þar sem aðeins hvítt vinnufólk er haft og öll hreinustu efni notuð
Vér óskum viðskifta yðar
The North-West Laundry Comp'y Ltd.
Hreinsarar o. Litarar
COR. MAIN & YORK FÓN 5178

Íslenzkur Kjötsali
Hvergi fæst betra né ódýrara KJÖT en hjá honum, — og þá munt sannfærast um að svo er, ef þú aðeins kaupir af honum í eitt sinn. Allar tegundir, Óskar að Ísl. heimsækji sig
CHRISTIAN OLESON,
666 Notre Dame Ave. Telefón 6906

Stefán Guttormsson,
Mælingamaður
663 AGNES STREET. WINNIPEG.

Dr. G. J. Gislason,
Physician and Surgeon
Wellington Blk. - Grand Forks, N.Dak
Sjerstakt athygli veitt AUGNA, EYRNA, KVERKA og NEF SJÚKDÓMUM.

Miss Jóhanna Ólson, Piano Teacher
658 Beverley Street.

Drs. Ekern & Marsden,
Sérfræðislæknar í Eftirfylgjandi greinum: — Augnasjúkdómum, Eyrnasjúkdómum, Nassasjúkdóm um og Kverkasjúkdómum. : : :
Í Platky Byggingunni í Bennum
Grand Forks, :: N. Dak.

A. S. BARDAL
Selur líkkistur og annast um útfarir. Allur útbúnaður sá besti. Enfremur selur hann alskonar minnisvarða og legsteina.
121 Nena St. Phone 306

Arena Rink
Þar er skemt sér á Hjólskautum hvern eftirmiðdag og kveld, nema föstudage. Hljóðfæraefl, spilar. Dansar þeir, sem áður voru í Drill Hall, eru nú haldnir hér á föstudagskv. Dans frá 8 til 12. Inngangur, karlm. 50c, frítt fyrir kvenfólk. Persónum innan 15 ára ekki leyfð innganga.
JAMES BELL, eigandi.

Boyd's Brauð.
Tilbúið úr Vesturl. bezta harðhveiti og tilreitt þar sem allur nýjasti vélaútbúnaður er notaður. Hreint að öllu leyti. Búið til í vélum sem eru allajafnan hrein sem ný mjólk, og aldrei snert af nokkurs manns hendi. Og þú færð vel vegin og vel bökuð brauð.
Boyd's
Bakery Cor. Spence & Portage Ave
Phone 1030.

Antonio De Landro
SKÓSMIÐUR, horni Maryland & Wellington
(Bak við aldinabúð.) Verk gott og verð rétt.

Royal Optical Co.
327 Portage Ave. Winnipeg. RÉTT Á MÓTI EATON'S BÚDINNI.
Beztu Augnfræðingar
Öll nýjustu og bezt reynd verkfæri notuð. Höfuðverkur sem stafar frá augunum, áreiðanlega læknaður. Sanngjarn kostnaður.
ÁUGU SKODUD KOSTNADARLAUST.

varaði að eins eitt augnablik. Það gat vel verið, að hann mæntist margra óvingjarnlegra orða, sem hann sem læknir varð að heyra af munni sjúklinga sinna. — Hann áleit, að hin unga stúlka, er stóð frammi fyrir honum, liði af margvíslegum höfuðórum — og það var í það minsta ástæðan fyrir því, að hann sagði alveg rólega: "Mér hefir verið sagt, að þér væruð þrályndar, — ég sé nú, að þér eruð hafðar fyrir rangri sök. Þér eruð í meira lagi hreinskilnar. Nú, við látum okkur liggja í léttu rúmi, hvaða álit þér kunnið að hafa á okkur".

Hann fór aftur að skrifa, og Felicitas gekk í burtu. Í því hún gekk út úr dyrunum, leit hann til hennar. — Í framherbergínu var bjart. Aftur á móta var skyggsýnt í herbergi læknisins. Það var líkast því, sem liti hann málverk, sem stæði á giltum grunni. Stúlkan var enn þá tæpast fullþroskuð, en allur limaburður hennar var liðlegur og framgangan viðkiðlin og yndisleg. Og svo var hárið: Vanalega sýndist það dökkjarpt, en nú, er sólargeislarnir féllu á það, sló á það gullroðum blæ. Það liktist eklá að neinu leyti hinu langa og bjarta hári, er hafði falið undan hjálmi skjaldmeyjarinnar. Hár Felicitas var fremur stutt, en ákaflega þykt, og það leit út fyrir, að því félli ekki vel, að vera flettað í fléttu, er svo var fest saman í hnakkanum. En einstaka lokkur tók sér æfinlega þessaleyfi og féll niður um háls hennar, og átti það sér einnig stað nú.

Prófessorinn fór nú aftur að skrifa. En nú vildi ekki ganga eins greitt, að velja hugsununum eins hæfileg og viðeigandi orð og áður en móðir veika drengsins kom inn. — Hann strauk hendinni gremjulega um enni sér, drakk eitt glas af vatni og fleygði loksins pennanum frá sér og gekk ofan stigann.

Ef negrahausinn, sem í mörg ár hafði verið not-

aður til að þurka pennann, hefði getað glent munninn meira en hann vanalega gerði, hefði hann eflaust gert það af undrun. — Þarna lá penninn fullur af bleki, og hann varð nú að fara á mis við þá ánægju, að fá að taka á móti blekdropunum, og hreinsa penn ann á kyrtli sínum. — Það var undarlegt.

"Mamma", mælti læknirinn, þegar hann kom inn í daglegu stofuna, "ég vil ekki, að þú sendir ungu stúlkuna oftar upp til mín. Láttu Hinrik gera það og ef hann er ekki heima, þá get ég beðið þangað til hann kemur".

"Þarna getur þú séð", mælti frú Heilwig sigri hrósandi. "Eftir að eins þrjá daga fær þú óbeit á þessu andliti, en mig hefir þú neytt til að þola það í kring um mig í níu ár!"

Sonur hennar yfti öxlum, og bjóst til að ganga í burtu.

"Naut hún nokkurrar tilsagnar eftir dauða föður míns, annarar en þeirrar, sem hún fékk á alþýðuskólanum?" spurði hann og sneri sér að móður sinni.

"Hvers konar heimsku spursmál eru þetta, Jóhannes", mælti frú Heilwig gremjulega. "Hefi ég ekki oftsinnis skrifað þér um þetta, og mig minnir líka, að ég talaði um það við þig, þegar ég heimsótti þig í Bonn. Skólabækur hennar voru seldar, og ég lét brenna allar skrifbækurnar".

"Og hvaða fólk hefir hún helzt umgengist?"

"Hvaða fólk umgengist! — Nú, hún hefir helzt umgengist Hinrik og Friðriku. Hún hefir sjálf ekki viljað annað". — Frú Heilwig bretti illgirnislega efri vörina, svo ein af framtönnunum kom í ljós, er hún mælti þetta. — "Ég hefi náttúrlega ekki getað látið hana borða við mitt borð, eða haft hana inni hjá mér", mælti hún ennfremur. "Í fyrsta lagi var það hún, er tróð sér upp á milli föður þíns og mín, og svo varð hún eftir því sem hún eltist, æ verri og

drambsamari. — Ég var búin að velja tvær handverksmannadætur, er ég vissi, að var vel kristið fólk, til að umgangast hana. En þú veist það víst, að hún hefir sagt við mig, að hún vilji ekkert hafa við þess konar fólk saman að sælda. Það eru úlfar í sauðaklæðum, — og mörg önnur ónöfn gefur hún því. — — Nú gefst þér víst æðioft tækifæri til að ofbjóða framkoma hennar í þessar átta vikur, sem þú hefir sjálfur ákvarðað að hún dveldi hér".

Prófessorinn fór þegjandi brott og gekk langa stund sér til hressingar.

Þennan sama dag, seinni partinn, átti frú Heilwig von á mörgum konum. Það voru mest ókunnar konur, er dvöldu við böðin. Það áttu að drekka kaffið út í garðinum. En af því að Friðrika varð snögglega veik, þá var Felicitas send ein út í garðinn til að undirbúa alt undir komu gestanna. Það tók hana ekki langan tíma, að gera það, sem gera þurfti. Á stórum, fögrum grasbletti, í skjóli af stóru, fallegu tré stóð stórt kaffiborð með dúk og öllum áhöldum, og í eldhúsinu sauð á katlinum. Hin unga stúlka stóð úti við einn gluggann og horfði þunglyndislega út um hann og yfir garðinn. — Alt var þar svo fagurt, svo áhyggjulaust og frjálslegt, — alveg eins og hauststormarnir hefðu aldrei komið og hrist greinarnar, — enginn vetrarkuldi, sem hafði breitt hið drepandi kristalsnet sitt yfir fölnaðar blómkrónurnar. — Fyrir mörgum árum síðan hafði sama fagra litskrautið verið breitt yfir blóð og blómstur, — til gleði fyrir h a n n, hvers trygga og ástríka hjarta var orðið að mold fyrir löngu. Fyrir hann, sem réttli öllum hjálparhönd, sem þess þurftu með, án nokkurs manngreinarálits. —

Hin ungu blómaugu brostu til hvers sem var, — þó andlitin væru köld sem steinn, alveg sama. — Og nú talaði enginn lengur um hann. — Hingað hafði

hann farið með litlu foreldralausu stúlkuna. Hér fengu þau skjól fyrir hinu nístandi augnaráði og bitra mólrómi. — Og þau voru hér oftar en rétt um sumartímann. Strax á vorin, þegar kalt var, þá brann eldur á arninum og þykk ábreiða var lögð á gólfið. Runnarnir teygðu blómsturknappana upp með glugganum, sem einstaka ofdyrfskufult snjókorn féll á og bráðnaði strax af hitanum að innan, — og fjallið með snjórákum hér og hvar horfði yfir hinn ennþá eyðilega garð. — Kæru hugnæmu endurminningar! Og þarna stóðu hnotutrén. Smáblöðin á þeim héngu hreyfingarlaus hvert yfir öðru, eins og væru þau orðin mett af sólskininu.

Hvað var það, sem alt þetta hafði hvíslað að henni, þá er hún var barn?

Fögrum vonum um framtíðina og heiminn. Hana hafði dreymt yndislega drauma, sem voru eins hreinir og skýlausir eins og himininn yfir henni. — En svo hafði alt í einu komið dimt ský og lagt sig ógnandi yfir framtíð hins saklausa loddarabarns. Og alt, sem blómin höfðu hvíslað að henni reyndist nú lýgi.

Felicitas hrökk upp úr hugsunum sínum við það, að heyra mannamál, og að garðshliðinu var lokið upp. — Gegn um horngluggann sá hún, að prófessorinn og annar maður með honum komu inn í garðinn, og gengu þeir í hægðum sínum heim að húsinu.

Hinn ókunni maður, er var með prófessornum, hafði oft í seinni tíð komið til frú Heilwig. Hann var af góðum ættum, og foreldrar hans höfðu verið í kunningsskap við Heilwig ættina. Hann var á líkum aldrei og prófessorinn, og hafði gengið á sama skóla og hann, — hjá Páli Heilwig við Rín. Svo höfðu þeir lesið dálitinn tíma saman við háskólann, og þó þeir væru í flestu, bæði hvað skoðanir og

LAND

Vér höfum nýlega fengið til sölu yfir 20 fasteiðnar-fjórðunga, liggjandi að Oak-lands brautinni C. N. R. línunnar. Verð-ið er frá $7.00 til $12.00 hver ekra. Ekkert af löndum þessum eru meir en 5 mílur frá járnbrautinni.

Skull Hansson & Co.

Skrifst. Talsími 6438. Heimilis Talsími 2274

Heimskringla.

Alt landið

er ábyrgst að vera jarðyrkju land af bezta tagundi, og fæst keypt með vægum afborgunar skilmálum. (N.B.—Lesið fyrirsögn þessarar augl. vinstramegin við Hkr. nafn.)

Frekari upplýsingar veita

Skull Hansson & Co.

56 Tribune Building. Winnipeg.

XXIII. ÁR. WINNIPEG, MANITOBA, FIMTUDAGINN, 12. NÓVEMBER, 1908 NR. 7

November

Friday & Saturday **Sale** Nov. 13 and 14

OF GROCERIES

Gran. Sugar, 20 lb	$ 1.00
Coffee, 10 lb	1.00
" Rio Roasted, per lb	.20
Ísafold Chicory, 2 pkgs	.25
Fig Bars, regular 20c line, per lb. only	.15
Orange Biscuits, reg. 15c line, per lb.	.10
Lemon Crisp, " " " " "	.10
Soda Biscuits, " 25c " for	.23
Zest, 3 packages for	.25
Toasted Corn Flakes, 3 packages for	.25
Hard Fish, per lb	.23
Fresh Eggs per dozen	.28
Condensed Milk, reg. 15c, per can	.10
" Cream, " " per can	.10
Tomatoes per can	.10
Corn, 3 cans for	.25
Peas, 3 cans for	.25
Plums 3 cans for	.25
Salmon, regular 15c, per can	.10
Strawberries. regular 20c, per tin only	.15
Baking Powder, 1 lb tins, reg. 25c, 2 for	.25
Catsup, (pints) per Bottle	.05
Worchester Sauce per Bottle	.05
Pickles, regular 25c, per Bottle	.20
" " 20c, 2 "	.25
Royal Crown Soap, 8 bars for	.25
Toilet Soap, regular 5 & 10c, 8 bars for	.25
Potatoes, (in 10 Bushel lots), per Bushel	.50
Turnips, per Bushel	.45
Red Onions, 10 lb. for	.25

Clemens, Arnason & Palmason,

S. E. Cor. Victor & Sargent Phone 5343

NÝTT NÝTÍZKU

THE QUEENS

Vinsælasta og þægilegasta Gisti-hótel í Winnipeg

Bandaríkja-snið Frí keyrsla.

MONTGOMERY BROS.,

EIGENDUR

BJART MIÐSTÖÐVA

Fregnsafn.

Markverðustu viðburðir hvaðanæfa.

Þrjú skaðabótamál, hvert fyrir Eina Milíón Dollara, hafa verið höfðuð móti W. R. Hearst. Málshöfðandinn er J. J. Kern, sá sem sótti undir merkjum Demókrata um States Attorney embættið í Cook County í Illinois. Sakargiftirnar eru þær, að ritstjórnargreinar þær og skrípamyndir, sem blöð Hearsts fluttu um mann þennan, hafi verið svo ósæmilegar, að þær hafi miðað til þess, að gefa kjósendunum ranga hugmynd um karaktér og mannorð herra Kerns. Blöð þessi fluttu og ýmsar sögur um Kern, sem allar miðuðu í þá átt, að mála hann svartari litum, en hann segist verðskulda.

— Einn af þjónum New York lífsábyrgðar félagsins í W'peg hefir verið kærður um þúsund dollara fjárdrátt af sjóði félagsins. Sá ákærði, E. S. Turner, neitar þessari ákæru, en kveður félagið skulda sér.

— Eldur kom upp í bænum Pembroké í Ontario þann 4. þ.m., og gereyddi miklum hluta af verzlunarparti bæjarins. Yfir 40 af beztu stórbyggingum bæjarins, svo sem bankar, hótel og verksmiðjur og stór íbúðarhús brunnu. Lífstjón varð ekki, en eignatjón mikið.

— Fimtán hundruð manna vinna nú dag og nótt að því, að byggja upp Fernie bæ í British Columbia, og verður hann nú fegurri miklu en fyrir brunann. Íbúðarhús mörg eru þegar reist, skólar, stjórnarbyggingar og bæjarráðhús vel á veg komið.

— Gufuskipið "Empress of Ireland" hefir í sl. viku farið á milli Englands og Ameríku á styttri tíma, en áður hefir þekst, svo nemur 2 kl.stundum.

— Þrír menn mistu nýlega líf sitt við klettasprengingu á G. T. P. brautinni, og aðrir meiddust hættulega. Einn danskur maður misti hægri hönd sína, og meiddist auk þess á höfði. Tveir aðrir sköðuðust mikið af grjóti, sem hentist í þá, þegar kletturinn sprakk.

— Páfinn heldur nú daglega messur og bænagerðir til þess að tiðja guð að kristna ensku þjóðina og gera hana katólska. Hann kallar England hina glötuðu dóttir, og kveðst vona eftir aðturhvarfi hennar. Hann kveðst þess fullviss, að þessi dóttir muni einhverntíma leita föðurhúsanna, og hann kveðst engan veginn vonlaus um Bandaríkin, að þau einnig verði katólsk.

— Quebec fylki borgaði í síðustu viku 2½ milíón dollara í peningum til lúkningar skuld þeirri að fullu, sem lá á fylkinu. Peningarnir voru sendir til auðmannafélags í New York, sem lánaði fylkinu fóð fyrir 30 árum með 5 prósent árlegum vöxtum.

— Bryan sendi lukkuóskir sínar til Tafts strax að kosningunum afstöðnum, og mælist það vel fyrir.

— Bankastjóri einu í New York var í sl. viku dæmdur í 15 ára fangavist fyrir skjalafölsun og fjárdrátt. Meðhjálpari hans var dæmdur í 5 ára fangavist. Síðari dómurinn var þó látinn standa svo, að honum verður ekki fullnægt að svo stöddu.

— Dr. Emil Beck í Chicago kveðst hafa fundið upp ágætt ef ekki óbrigðult meðal til þess að lækna börn og aðra, sem þjást af beinátu, og verða kryplingar þess vegna. Sýki þessi nefnist á ensku "Tubercolosis of the bones". Meðalinu er smurt í átusárið. Eftir að meðal þetta var fundið, lækna-ði læknirinn á 5 vikna tíma 20 af 40 börnum, sem voru á kryplingahæli einu í Chicago borg. Meðal þetta er sagt að vera: 30 grains af Bismuth Subnitrate og 60 grains af Veseline. Læknafélag borgarinnar telur áreiðanlegt, að lækna megi með þessu meðali 50 af hverjum 100 börnum, sem þjást af beintæringu.

— Húsbruni varð í Shoal Lake hér í fylkinu snemma að morgni þess 6. þ.m. Þar brunnu 9 manns til bana: Edward Carey og kona hans og 6 börn þeirra, og ung stúlka, sem bjó hjá þeim og kendi á Lake View skóla. Bóndinn og sonur hans fóru á fætur kl. 5 að morgninum. Sonurinn fór að hirða um gripina, en bóndinn kveikti eld í matreiðslustónni. Nokkru síðar heyrði pilturinn hljóð úr húsinu og hljóp heim, og stóð þá húsið í björtu báli. Honum tókst að ná föður sínum út úr húsinu, en þó svo skemdum af brunasárum, að hann dó skömmu síðar. Engin tiltök voru að bjarga hinu fólkinu, sem alt var í fasta svefni, og hefir eflaust kafnað áður en það brann. Bóndinn lifði fram undir hádegi. — Hann kvað brunann vera sér að kenna, því hann hefði helt olíu í eldinn til þess að lífga hann, en við það hefði kviknað í olíunni í könnunni og hún sprungið. — Sonurinn er sá eini af þessari fjölskyldu, sem eftir lifir.

— Fleirtala herra Siftons í Brandon kjördæminu er 69 atkvæði, en var 821 fyrir 4 árum.

— Heimskautsfari Amundson er að undirbúa aðra heimskautsferð. Maður þessi hefir í hyggju, að láta skip sitt reka að pólnum. Hann hygst að taka stefnu talsvert austar en Nansen gerði, og vonar á þann hátt að hafa auðsan sjó talsvert lengra norður en Nansen hafði. Ferðinni er heitið um Bæringssund, og hygst Amundson að fara í ísinn hjá Barrow odda, sem er norðasti oddinn í Alaska. Hann kveðst við því búinn, að vera 6 ára tíma í ísrekinu.

Hon. J. H. Agnew dáinn

Hon. J. H. AGNEW, féhirðir Manitoba fylkis, andaðist að morgni þess 9. þ.m., eftir að eins vikulangan sjúkdóm, að afstöðnum holdskurði við botnlangaveiki.

Hann látni ráðgjafi var á stjórnarfundi á laugardaginn þann 31. október, þá auðsjáanlega alheill heilsu, en á sunnudaginn 1. þ.m. varð hann snögglega veikur, og sprakk þá innvortis meinsemd, sem hann virðist ekki hafa vitað, að hann gengi með. Hann var tafarlaust skorinn upp heima í húsi sínu og lá þar þangað til hann lézt.

Hon. Agnew sál. var fæddur í Ontario fylki árið 1863, og fékk menntun sína í skólum Torontoborgar. Hann var sonur Agnews augnalæknis, sem lengi hafði aðsetur hér í borginni. Hann flutti hingað með fjölskyldu sína frá Whitby í Ontario 1879. Þegar sonur hans, hinn látni fylkisráðgjafi, hafði lokið námi eystra, var hann settur til laganáms hjá J. A. M. Aikins hér í borginni, og því námi hafði hann lokið áður en hann var 21 ára gamall.

Árið 1886 flutti hann til Virden hér í fylkinu, og bjó þar jafnan síðan, þar til hann varð ráðgjafi í fylkisstjórninni og varð að flytja til bæjarins.

Hann var kosinn þingmaður árið 1903, og var gerður að fylkisféhirðir skömmu síðar, eftir lát Hon. John A. Davidsons.

Hon. J. H. Agnew var mesti hæfileikamaður og stundaði embætti sitt með mestu afúð. Hann var sérlega vinsæll og virtur jafnt af vinum sínum, sem pólitískum andstæðingum. Það er tjón fyrir Manitoba fylki, að tapa slíkum manni á hans bezta aldri.

— Inntektir Dominion stjórnarinnar urðu rúmlega 700 þús. dollars minni í sl. október, en á sama mánuði í fyrra.

— Gull er sagt fundið í ríkum mæli hjá Sedgwick í Alberta með fram Wetaskiwin grein C.P.R. brautarinnar. Íbúar þess héraðs eru æstir mjög og margir flykkjast þangað í von um gullfund.

— Brezk blöð láta vel yfir kosninga úrslitunum í Bandaríkjunum. Telja þau það vott um varanlegar framfarir í ríkjunum, og aukna verzlun milli Bandaríkjamanna og Breta. Svipaður andi er í þýzkum blöðum.

— Vínsölulevfis frumvarpið, sem um þessar mundir liggur fyrir brezka þinginu, er kjósendum hið mesta kappsmál á báðar hliðar. En svo eru margir því andvígir, að viðbúið er að það verði stjórninni að falli, nema hún geri á því talsverðar breytingar. Til dæmis er það eitt í frumvarpinu, að konur skuli ekki vinna að vínveitingum. Þetta hefir vakið svo megnan andróður móti frumvarpinu, að stjórnin hefir orðið að skuldbinda sig til þess, að draga þá grein algerlega út úr frumvarpinu, sem banni konum vínveitingar. Það er því víst, að kvenfólkið heldur áfram að starfa að þeirri atvinnu þar í landi. Annað atriði í frumvarpinu var að leyfa ekki vínsöluhúsum að selja vín lengur en 3 kl.stundir hvern sunnu eða helgidag. Það er talið víst, að stjórnin verði að breyta þessari grein þannig, að lengja vínsölutímann, ef vel á að fara fyrir henni, valdlega skoðað. Ýmislegt annað er í frumvarpinu, sem líklegt er að stjórnin verði að breyta áður en frumvarpið kemst í gegn um þingið.

Íslands fréttir.

Í byrjun október brann bærinn á Þórustöðum í Stíflu. Fólkið bjargaðist naumlega og á nærklæðunum, fyrir vasklega framgöngu bóndans þar, Guðmundar Bergssonar. Fimm nautgripir brunnu inni, hafa líklega verið undir baðstofu. — Síðustu fréttir, sem Íslandi hafa borist um fjársvik Albertis, segja þau nemi 23 milíónum króna, og líklegt að enn þá bætist nokkuð við þá upphæð. Svo er mælt, að konungur Dana tapi 800 þús. krónum á prettum Albertis. — Tíðarfar Norðanlands hið ákjósanlegasta, með daglegum blíðum fram í októberbyrjun. — Til Íslands símað, að maður að nafni Gísli Eyjólfsson hafi skotið sig til bana í Stokkhólmi í Svíþjóð. Á nafnspjald í vasa hans var letrað "Gísel Eyjólfsson", og sýnist það óþarfa afbökun á orðinu Gísli og í engu til bóta. Þess er getið til, að hinn látni sé bróðir Bjarna ljósmyndara Eyjólfssonar í Reykjavík. — Tveir nýjir skólar, lagaskólinn og kennaraskólinn, stofnsettir í Rvík 1. október sl. Lagaskólann sækja 16 nemendur endir 2 kennurum. En kennaraskólann sækja 54 nemendur undir 3 kennurum. Prestaskólann sækja 5 nemendur undir 3 kennurum. Hún gerist kostbær guðfræðikenslan á Íslandi, enda sækja færri nemendur þann skóla, en nokkurn annan skóla á landinu, eins og eftirfarandi skýrsla sýnir: Læknaskólann sækja 16 nemendur, prestaskólann 5, latínuskólann 84, stýrimannaskólann 12, lögnaðarskólann 60, Verzlunarskólann 60, Kvennaskólann 52, Barnaskóla Rvíkur 750, Barnaskóla Ásgr. 100, Kveldskóla Rvíkur 30. — Hundrað ára afmæli Péturs Péturssonar byskups þann 3. okt. sl. var haldið hátíðlegt í Reykjavík með fánum á hverri stöng. Var þá gefið út minningarrit með æfisögu Péturs byskups og með mörgum myndum. — Stórkostlegt fyrirtæki má það heita, að félag er myndað í þingeyjarsýslu, er kaupir fossana í Skjálfandafljóti og fleíri fossa þar í grend, og skal sameina afl þeirra allra á einni aðalstöð, er vera skal í Ljósavatnsskarði. En þaðan á svo að leggja járnbraut til Grenivíkur við Eyjafjörð. Fyrirtæki þetta er stofnað til þess að vinna áburðarefni úr loftinu. Íslendingar og Norðmenn og máske nokkrir Bretar verða í félaginu. Norskur lögfræðingur hefir um tíma verið í Þingeyjar- og Eyjafjarðarsýslum, að semja um kaup og annað er að þessu starfi lýtur. — Nýlega er látinn Daníel Halldórsson, prófastur, að Hólmum í Reyðarfirði, háaldraður, valinkunnur prestur. — Þúsund króna peningagjöf færðu R.-víkingar Þorsteini skáldi Erlingssyni á afmælisdegi hans síðasta í byrjun okt. sl., — þá var og skrúðganga gerð heim að heimili hans og honum flutt ýms kvæði. — Atkvæðagreiðslan um aðflutningsbann áfengra drykkja til Íslands er nú birt í 'slenzkum blöðum úr 23 af 25 kjördæmum landsins. Alls voru greidd með vínbanni 4,590 atkvæði, en móti því 3,123. Í 7 af þessum 23 kjördæmum var fleirtala atkvæða móti vínbanni, svo nam að jafnaði 37½ atkvæði í hverju kjördæmi, eða alls 263. Af kaupstöðunum var Seyðisfjörður sá eini, er greiddi atkvæði móti vínbanni, með 14 meiri hluta atkvæða. Skyldi svo fara, að þingið taki nokkurt tillit til vilja landsbúa í þessu máli, þá kemst það ekki hjá, að semja tafarlaust á næsta þingi vínbannslög fyrir alt landið. — Svo er að sjá á Íslandsblöðum, að Hannes Hafstein ætli sér ekki að segja af sér ráðherra embætti, eða að leggja niður völdin, þó hann biði ósigur við kosningarnar. Blöðin staðhæfa skýlaust, að hann ætli að sitja sem fastast, og leggja breytt sambandsfrumvarp fyrir þingið, sem kemur saman í febrúar, og verði það felt, þá að rjúfa strax þingið og ganga til nýrra kosninga.

Dáinn er 15. október sl. skólastjóri Jón A. Hjaltalín á Möðruvöllum í Hörgárdal, fæddur útskrifaður úr lærða skóla 1861 og af prestaskólanum 64. Hann dvaldi mörg ár á Skotlandi og var bókavörður þar. Hann var um mörg ár skólastjóri á Möðruvöllum, og konungkjörinn þingmaður. Hjaltlín sál. var meðalmaður á hæð og þrekinn, bjartleitur og gáfulegur. Hann var hinn brúðmannlegasti í allri framkomu og vinsæll. — Stormasamt með rigningum á Suðurlandi allan síðari hluta október mánaðar. — Þing Dana var sett 28. sept. sl. Maður að nafni Neergaard hefir myndað þar nýtt ráðaneyti, og er hann bæði stjórnarformaður og landvarnar ráðgjafi. Í ráðaneytið með sér hefir hann valið þessa: Högsbro dómsmálaráðgjafi, C. Brun fjármálaráðgjafi, E. Sorensen kenslumálaráðgjafi, A. Nielsen, landbúnaðarráðgjafi, J. Sönderup samgöngumálaráðgjafi, A. Laurvigen utanríkisráðgjafi, J. Hansen verzlunarmálaráðgjafi, K. Berensen innanríkisráðgjafi. Af þessum hafa þeir Brun, Laurvigen, Hansen og Berentsen ekki verið ráðgjafar áður, en Berentsen átti sæti í þinginu. Verzlunarmála ráðherra embættið er alveg nýtt í stjórn Dana. Tveir ráðgjafanna, þeir Nielsen og Neergaard, voru í millilanda nefndinni. — Látinn er séra Eggert Vigfússon í Vogsum, fæddur 1840. — Bærinn á Þrasastöðum í Fljótum brann nýlega til ösku. Hvorki hús né innanstokksmunir var vátrygt. — Látinn 2. október Þorsteinn Bergmann, dannebrogsmaður, á Saurum í Helgafellssveit í Snæfellsnessýslu. — Dáinn í Reykjavík 7. október Þorsteinn Helgason í Bakkahúð, faðir þeirra Þorsteins kaupmanns þar í bænum og séra Bjarna söngfræðings á Siglufirði. Sveinn Stefánsson frá Hrólfsstöðum í Blönduhlíð nýlega druknaður í Héraðsvötnum. Látinn í Rvík Kristian Zimsen, konsúll Frakka, 67 ára gamall. — Steinsteypu hús eru nú farin mjög að tíðkast á Íslandi, og víða til sveita ekki síður en í kaupstöðunum.

Kosninga-fundur.

ÍSLENZKI CONSERVATIVE KLÚBBURINN heldur aðal ársfund sinn í Únítara fundarsalnum á Sherbrooke og Sargent strætum

Næsta Mánudagskveld 16. þ.m., kl. 8

Embættismenn Klúbbsins fyrir komandi ár verða kosnir á þeim fundi. — Það er hér með skorað á alla meðlimi Klúbbsins að sækja fund þennan og koma í tíma.

S. ANDERSON, forseti.

Wall Plaster

Með því að venja sig á að brúka "Empire" tegundir af Hardwall og Wood Fibre Plaster er maður hár viss að fá beztu afleiðingar.

Vér búum til:

"Empire" Wood Fibre Plaster
"Empire" Cement Wall "
"Empire" Finish "
"Gold Dust" Finish "
"Gilt Edge" Plaster of Paris
og allar Gypsum vöruutegundir. —

Eigum vér að senda yður bækling vorn?

MANITOBA GYPSUM CO. LTD

SKRIFSTOFUR OG MILLUR Í

Winnipeg, - Man.

Heimskringla

Published every Thursday by The Heimskringla News & Publishing Co. Ltd

Verð blaðsins í Canada og Bandaríkjunum $2.00 um árið (fyrir fram borgað).
Sent til Islands $2.50 (fyrir fram borgað af kaupendum blaðsins hérlendis $1.50.)

B. L. BALDWINSON,
Editor & Manager

Office:
729 Sherbrooke Street, Winnipeg
P.O. BOX 3083. Talsími 5512.

Miklar framfarir í vændum.

Hverjar afleiðingar kynnu að hafa orðið af því í Bandaríkjunum, ef herra Bryan hefði orðið sigursæll í forsetakosningunni þar, getur að sjálfsögðu enginn sagt neitt eða vitað um með vissu. En hins vegar er það nú að verða ljóst, að hann hefir haft ýms öflug félög á móti sér, sem beitt hafa áhrifum sínum á mikann fjölda kjósenda til þess að vinna honum mein í kosningunum.

Eitt af slíkum félögum er hið mikla New York Central járnbrautafélag. Herra W. C. Brown, varaforseti þess félags, sagði nýlega við fregnrita einn í Clarindaborg, Iowa, á þessa leið:

"Vér erum að nálgast það mesta framfara tímabil í járnbrautalagningu, sem nokkurn tíma hefir þekst í þessu landi, og framfarir landsins verða meiri en vér höfum gert oss í hugarlund. Daginn eftir kosningarnar sendi ég út meira en eitt hundrað hraðskeyti og pantaði járnbrautabygginga varning og flutningstæki fyrir New York Central félagið eða járnbrautakerfi þess, sem til samans kostar félag mitt meira en 31 milíón dollara. Ég gerði þessar pantanir fyrir nokkrum tíma, en lót þær vera bundnar því skilyrði, að W. H. Taft næði kosningu, af því að félag vort leit svo á, að ef kosningin gengi á móti herra Taft, þá mundi koma það los á verzlunar- og atvinnuvegi og peningamarkað landsins, og að það gæti orðið alt of hættulegt fyrir velferð þjóðarinnar til þess að félag mitt gæti vogað sér að leggja út í þau stórvirki, sem það annars hafði fyrirhugað að gera.

"Ég get sagt það með áreiðanlegri vissu, að önnur járnbrautafélög í þessu landi hafa annaðhvert nú þegar endurnýjað pantanir sínar á sama hátt og vér höfum gert, eða þau gera það innan fárra daga, — pantanir, sem nema fullum 240 miliónum dollara, og sem voru háðar sömu skilyrðum og vorar pantanir. Þessi félög ætla að auka og bæta brautakerfi sín og flutningstæki á líkan hátt og vér".

Með þessari játningu herra Browns er það sýnt, að járnbrautafélögin þar syðra hafa lagt saman áhrif sín til þess að vinna Bryan alt það tjón, er þau gátu. Þau gerðu pantanir fyrir nær 300 milíón dollara virði af járnbrautabyggingaefni og öðrum varningi, löngu fyrir kosningarnar, en bundu pantanir sínar því skilyrði, að Taft yrði kosinn. Þau létu þess á þennan hátt getið, svo það gæti borist út til verkalýðsins um land alt, að ef Bryan næði kosningu, þá yrði það tafarlaust 300 milíón dollara atvannutjón meðal þeirra félaga eingöngu, sem framleiddu þær vörur allar, sem járnbrautafélögin þurfa til að reka starf sitt, og að járnbrautafélögin fyndu sig neydd til þess, að hverfa frá öllu framfarastarfi, ef Bryan kæmist að sem forseti Bandaríkjanna.

Það virðist óþarfi, að lýsa fyrir mönnum, hver áhrif slíkar röksemdir muni hafa haft á fátækan vinnulýð, því að það er ljóst, að í framkvæmdinni hefir þetta verið í gildi þess, að skipa verkamönnum að greiða atkvæði sín með Taft, — ef þeir vildu halda áfram að lifa og þriíast í landinu. Þannig hafa þau félög, sem fengu þessar skilyrðispantanir frá járnbrautafélögunum, vafalaust lagt málið fyrir verkamenn sína, og sömuleiðis hafa járnbrautafélögin prédikað fyrir verkafólki sínu og svo útmálað yfirvofandi harðæri, sem dynja mundi yfir þjóðina, ef Bryan yrði kosinn, — að fólkið hefir verið hrætt til þess að kjósa Taft.

Ætla má og, að iðnaðar og verzlunarfélög hafi beitt sömu brögðum og peninga auðfélögin og ekki látið sitt eftir liggja.

Undir þessum kringumstæðum er það sjáanlegt, að Bryan hefir átt öðrugra uppdráttar en svo, að vonlegt væri, að hann næði sigri. Enda hafa þessar síðustu kosningar sýnt, að Repúblíkana flokkurinn í Bandaríkjunum hefir sömu yfirburði, sem hann hefir haft á sl. 40 árum, að einum 8 árum undanskildum.

En hvað sem segja mætti um mögulegar breytingar í verzlun og iðnaði, ef stjórnarskiti hefðu orðið, — þá er það nú víst, að sömu öflin, sem lögðu lið sitt til að fella Bryan, munu vinna af alefli að því, að auka framför og auðlegð landsins, og má því ætla, að herra Brown hafi haft rétt fyrir sér, er hann staðhæfði að góðæri og framför væri í vændum.

Heiðarbylið,

framhald sögunnar "Höllu", eftir Jón Trausta, er nýlega sent Hkr. til umgetningar.

Rát þetta er 160 bls. að stærð, í sama broti og Halla og frágangur allur svipaður. Efnið er um fyrstu samverutíma þeirra Höllu og Ólafs, um fæðingu, líf og dauða barns þess, sem Halla átti. Um flutning þeirra hjóna úr sveit sinni í heiðarbýli nokkurt, sem lengi hafði staðið í eyði, og var út úr mannabygð að mestu leytí, og svo illa útbúið, að það var tæpast hæfur manna bústaður. En þangað kaus Halla að flytja til þess að komast "burtu frá þessu forvitna kunningjafólki sínu, sem hún jafnan óttaðist að mundi grafast fyrir um leyndarmál sitt og halda því á lofti. En við það var henni verr en alt annað, sem fyrir gæti komið".

Náttúru lýsingar og lýsingar á hugsanalíf þeirra, er við sögu þessa koma, eru snildarlega ritaðar og lýsa djúpri og glöggri þekkingu höfundarins á mannlegu eðli. En misjafnar eru lyndiseinkunnir þeirra, sem hann gerir að umtalsefni, eins og vænta má, og ljóst er það, að höfundurinn finnur hve hugsunarhætti fólks og heimilislífi víða til sveita er ábótavant. Á bls. 124 segir höf.:

"Heimilislífið var gagnsýrt af úlúð og eiginginni, — þar stóðu svíðtingar í kyrþey á milli hjónanna sjálfra um völdin. Það hjónanna, sem náði yfirtökum, beitti þeim skeitulaust til að koma hinu á kné. Húsfreyjurnar höfðu oft betur. Þær voru herskárri enn bændurnir, þoldu ófriðinn betur, voru óvandaðri að vopnum og grimmari, ef þær náðu yfirhönd. Þær höfðu erít svo marga gremju frá mæðrum sínum og ömmum. Enn létu þær sér nægja heimálin, en þeim stjórnuðu þær með harðri hendi. Bændur þeirra voru friðsamari að eðlisfari og undu illa heimilisófriðnum. Og þeir höfðu fleiri ávirðingar í fari sínu, sem kiptu úr þeim kjarki".

"Þannig var heimilishagurinn á Brekku, og eins var hann víða annarstaðar".

Á bls. 94 lætur hann hreppstjórann segja:

"En ef þið viljið mínum ráðum fylgja, þá varið ykkur á — ... Mín reynsla af mönnunum er sú, að þeir séu oftast viðsjálastir, sem mest smyrja varirnar með guðsnafni".

Sagan öll er skemtileg aflesturs, og að ýmsu lærdómsrík. Hún mætti gjarnan vera á hvers manns heimili, og ætla má, að hún fái mikla útbreiðslu meðal Vestur- ekki síður en Austur-Íslendinga.

Inngangurinn að sögunni, sem tekur yfir 10 bls., er máske hvað fegurst ritaður og skáldlegastur. Hér eru 2 guillkorn til sýnis: — "Þá lágu fjarlæg heiðalönd í töfraljóma æfintýranna fyrir sjónum framgjarnra æskumanna og stæltu ímyndunarafl þeirra. Þeim brann hugur í brjósti, að kanna þar sjálfir nýja stigu, rata í mann raunir og afla sér ágætis". "Hver getur lýst hugarástandi einyrkjans þegar hann sér bræður sína, menninga, glotta að óförum hans, snúast í lið með náttúruöflunum á móti honum, stálkalda, hluttekningarlausa, hefndarglaða?"

Jón Trausti er íslenzkur í húð og hár, og hugsunin öll ber einkennilegan þjóðernisblæ, en skörp er hún og skygn inn í instu sálarfylgsni mannanna, vigtandi, mælandi allar þeirra hugsanir og tilfinningar, ástríður og eiginleika. Alt er lagt á vog heilbrigðrar dómgreindar, og þjóðinni er sýnt í ljósum dráttum og skýrum ekki að eins landið hennar með öllum göllum þess og gæðum, heldur einstaklingarnir eins og þeir eru og þurfa að geta séð sig.

"Heiðarbýlið" er nefnt hinn fyrsti þáttur af Höllu sögum, og gefur það von um áframhaldandi þætti síðar. Ritverk Trausta eru þess virði, að þau séu lesin. Þess betur, sem þau eru athuguð og skilin, þess þarfari reynast þau og þess vinsælli verða þau.

Svar til W. H. Paulson.

Í 39. og 40. tölublaði Lögbergs þá. er margra dálka grein eftir W. H. Paulson, sem hann kallar "Veðrabrigði".

Hjörleifssonar, út af ummælum Grein þessi er svar til Einars hans um séra Jón Bjarnason. En í með og undir ónotum til E.H., eru ónot, skammir og aðdróttanir af lökustu tegund um séra Friðrik J. Bergmann. Greinin ber með sér, að í þann garð var eiginlega ferðinni heitið.

Það lítur út fyrir, að W. H. Paulson áliti, að landar vorir hér vestan hafs komist ekki af án þess, að lesa skammir um séra Friðrik oftar en einu sinni á mánuði. Er það þó ekki skaði, að kirkjufélagið heimilar ekki ritstjóra Sameiningarinnar að láta það málgagn koma út oftar?! Úr þessu er greinarhöfundurinn að bæta eins og hann er maðurinn til þegar hann svo er búinn að doktora þetta andlega fóstur sitt svo, að hann álítur að það sé fært í flestan sjó, fær hann útkomufar í Lögbergi.

Þegar ég las 40. tölublað Lögbergs, þar sem síðari partur "Veðrabrigða" er, ásamt öðrum greinarstúf af líkri tegund eftir J. J. Bíldfell, datt mér í hug vísuparturinn, sem eignaður var W. H. Paulson, og hljóðar á þessa leið:

"Þegar tuddinn bara býður
baula kálfarnir".

Það er eiginlega eitt atriði í "Veðrabrigðum", sem ég finn mér skylt að minnast á, sem er: Það sem W. H. Paulson spinnur út af þessari setningu E. H.: "Enginn íslenzkur prestur vestanhafs mundi leggja á sig jafnmikið erfiði eins og séra Friðrik innir af hendi í söfnuði sínum, fyrir jafnlitið gjald". Út af þessari setningu spinnur höf. langan lestur, sem byrjar með þessum setningum: "Engum blöðum er um það að fletta, hver muni vera sögumaður E.H. um þetta. Má og nærri geta, að lýsing þessa sögumanns á meðferð Tjaldbúðarsafnaðar á presti hans hefir ekki verið glæsileg úr því E.H. kemst að þessari niðurstöðu", o.s.frv.

Í fyrsta lagi er það illmannleg tilgáta, að nokkur maður hafi verið að rægja Tjaldbúðarsöfnuð fyrir meðferð hans á presti sínum við E.H. Slíkt hefði verið tilgangslaus varmenska. E.H. var hvorki líklegur til að bæta neitt úr því, né heldur að hafa ánægju af slíkum sögum, enda dettur engum lifandi manni í hug, að svo hafi verið, og ekki W. H. Paulson sjálfum. Það sem hann spinnur út af ofannefndri setningu, er það ekki bara tilraun höfundar að rægja séra Friðrik við söfnuð hans?

Í öðru lagi er auðsjáanlegt, að höf. leggur sig í líma að láta það skiljast á greininni, — án þess þó að segja það með berum orðum, — að sögumaður E.H. væri nú eiginlega séra Friðrik sjálfur. Má það meðal annars sjá á þessum setningum: "Auðvitað hlýtur sögumanni E.H. að vera þetta kunnugast. En samt efast ég um, að sagan sé sönn, því í Tjaldbúðarsöfnuði eru margir góðir drengir, sem ekki vilja vamm sitt vita, og margir dável efnum búnir, og nokkrir stórefnaðir taldir, eins og ýms fyrirtæki þeirra bera vott um".

Það vita allir meðlimir Tjaldbúðarsafnaðar, að vegna þröngs fjárhags safnaðarins hefir presti hans verið borgað langt of lítið kaup fyrir það verk, sem hann innir af hendi í þarfir safnaðarins, með frábærum dugnaði, lipurð og samvizkusemi. Laun prestsins eru svo lítil, að hann gæti ómögulega lifað af þeim hér í Winnipeg, ef hann hefði engar aðrar inntektir. Það er opinbert leyndarmál, að undir kringumstæðunum hlyti séra Friðrik að hætta við að veita söfnuði sínum prestlega þjónustu, ef hann hefði engar aðrar inntektir. Þetta var líka þeim mönnum mjög vel kunnugt, sem börðust mest fyrir því á síðasta kirkjuþingi, að séra Fr. J. Bergmann væri rekinn frá íslenzku kennarastöðunni við Wesley College. Með því gátu þeir gert tvent í einu: Lítilsvirt og skaðað séra Friðrik og svift Tjaldbúðarsöfnuð þjónustu hans. Þetta er ekki í fyrsta sinn er sá flokkur manna, sem er í andlegu og stjórnfræðislegu bræðra lagi við "Veðrabrigða" höfundinn, hafa — leynt og ljóst — reynt að brúka þá miður drengilegu aðferð, að svelta þá, sem þeir hafa í það skiftið álitið að væru sér ekki nógu auðsveipir, "að svo máklu leytí, sem í þeirra valdi stóð". Má sem dæmi upp á það nefna áskorun G. Guttormssonar til alls íslenzks almennings, að hætta að kaupa Heimskringlu, svo að ritstjóri þess blaðs missti atvinnu sína, af því að hann var svo djarfur, að taka eða rita öðruvísi en séra Jóni Bjarnasyni og vildarmönnum hans geðjaðist.

Það, að einhver meðlimur Tjaldbúðarsafnaðar hafi sagt E.H. hvað presti safnaðarins væri borgað, er mjög líklegt, enda ekkert á móti því, og svo leiðir af sjálfu sér, að hann komist að þeirri niðurstöðu, sem hans umrædda, stutta, ljósa og sanna setning bendir á. Þótt E.H. hafi áður sagt, að séra Jón Bjarnason hafi liðið skort á frumbýlings árum Íslendinga í Nýja Íslandi — og að líkindum sagt það satt, — þá breytir það að engu þessum sannleika. Þótt E.H. hafi skrifað einhvern sannleika um séra J.Bjarnason fyrir mörgum árum, þá er ekki þar með sagt, að hann geta ekki sagt satt um séra Friðrik nú. Það er eins og höfundi "Veðrabrigða" finnist það fullvel gert af hverjum sem er, að segja satt einu sinni á æfi. Það leitar jafnan út, sem innilyrir er. Það þarf ekki nema heilbrigða skynsemi til að skilja, að þótt séra Jón Bjarnason hafi verið svo göfugur, að leggja mikið á sig fyrir Nýí-Íslendinga fyrir mörgum árum, þá fyrir það hann að engu, þótt séra Friðrik geri hið sama nú fyrir Tjaldbúðarsöfnuð. Einar Hjörleifsson segir ekki heldur, að aldrei hafi neinn íslenzkur prestur vestanhafs innt jafnmikið verk af hendi fyrir eins litla borgun og séra Friðrik gerir nú. — Hann talar um yfirstandandi tíma.

Það væri ekkert á móti — í þessu sambandi — að geta um, hverjar afleiðingar þessi illa launaða vinna prestanna okkar hafði og hefir. Það er langt síðan ég heyrði, að af starfsemi séra Jóns Bjarnasonar í Nýja Íslandi leiddi sundurlyndi og flokkadrátt, sem endaði með því, að menn fluttu hópum saman úr nýlendunni. En séra Fr. J. Bergmann tók við Tjaldbúðarsöfnuði mjög fámennum og að sumu leyti í molum, en nú hefir hann söfnuð, sem blómgast ár frá ári. Það fjölmennan nú, að jafnmargir fulltrúar eiga sæti á kirkjuþinginu þaðan eins og frá söfnuði séra Jóns. Með öðrum orðum: Annar sýnist að hafa sundrað, en hinn sameinað.

Þá fer höf. að tala um, að séra Fr. J. Bergmann sé snúinn á móti grundvallar atriðum trúarjátningar kirkjufélagsins, sem hann starfar fyrir. — Það var ekki W. H. Paulson líkt, að gleyma slíkum dýrgrip, sem sá áburður er og fundinn var af hans andlega "afa", og af honum hampað svo hátt við hvert einasta tækifæri þegar minst er á séra Friðrik.

Séra Friðriki er borið á brýn, í ritum og ræðum, á kirkjuþingi og utan kirkjuþings, að hann sé að ganga af trúnni, og jafnvel gefið í skyn, að hann válji eyðileggja þá trú, sem kirkjufélag vort Vestur-Íslendinga heldur fram. En enginn einn einasti þeirra, sem slær þessum órökstudda áburði fram, kemur með nokkra sönnun í einu einasta atriði. Getgátur og dylgjur eru vopnin, sem brúkuð eru til að vega að séra Friðriki með. — Það er mál til komið, að höfundar sanni hann skýlaust eða renni honum niður. Þeim væri ekki meiri minkun að gera það fyr en síðar. Það sýnir glöggast, á hvað máklum rökum þessi áburður er byggður: að séra Friðrik er þjónandi prestur í einum fjölmennasta söfnuði kirkjufélagsins, og er þar virtur og elskaður af safnaðarfólki sínu. — Væri þessi vantrúar áburður sannur, mundi óhjákvæmilegt, að hann yrði að hætta að þjóna þar. Fólkið í söfnuðinum vildi þá ekki hafa hann lengur. Eða þó söfnuðurinn væri svo meinlaus, að reka ekki séra Friðrik, þá mundi séra Jón Bjarnason, ásamt þeim öðrum prestum og vildarmönnum sínum, sem leynt og ljóst hafa haldið þessum vantrúar aðdróttunum á lofti um hann, hafa fengið kirkjufélagið til að skylda Tjaldbúðarsöfnuð til þess, — "að svo miklu leyti, sem í voru valdi stendur, segir guðs orð" (Sameiningin), ef þeir sjálfir hefðu trúað því, að þeir væru að fara með sannleika. Vitanlega yrði þá að sanna ákveðnar sakir á hendur séra Friðrik í þessu efni. Hver mundi trúa, að annar eins maður og W.H.Paulson og honum líkir, gerðu það ekki, ef þeir gætu?

Þeir, sem eru að ofsækja séra Friðrik, vita vel að sú kenningaraðferð, sem hann hefir, er nákvæmlega hin sama, sem nú er viðurkend af byskupi Íslands og öðrum merkustu guðfræðingum íslenzku þjóðarinnar. Það getur hver og einn, sem þetta mál lætur sig skifta, sannfærst um með því, að lesa "Nýtt kirkjublað", sem hinn nývígði byskup á Íslandi er ritstjóri að.

Eiríkur Sumarliðason.

Sigtryggur Sigurðsson,
DÁINN.

Blaðið "Edinborg Tribune" get ur þess, að nýlega sé látinn í Gardarbygð herra Sigtryggur Sigurðsson, úr taugaveiki, nær 70 ára gamall.

Sigtryggur sál. var sonur Sigurðar timburmanns, sem lengi bjó á Akureyri, og andaðist þar fyrir mörgum árum.

Sigtryggur sál. var friður maður sýnum, stór og þreklega vaxinn. Þegar hann komst til manndómsára, réðist hann á skip, sem timburmaður og sigldi um fullan aldarfjórðung um öll heimsins höf. Síðast varð hann stýrimaður á skipi, sem sigldi milli Messina Sikileyjar og Pétursborgar á Rússlandi. Skip það strandaði, en Sigtryggur komst lífs af, og hætti þá við sjómensku og flutti til Ameríku og hefir um síðustu mörg ár dvelið í Gardarbygð, og síðast að heimili Matúsalems Einarssonar, bónda þar.

Sigtryggur sál. var allra manna bjartsýnastur, fjörugur og sérlega skemtinn í viðræðum. Hann kunni frá mörgu að segja og talaði mörg tungumál. Í lund var hann hinn rósamasti og lét jafnan hverjum degi nægja sína þjáningu. — Framkoma hans öll var að gera öðrum til geðs, enda átti hann fjölda vina, en óvini hvergi. Og svo segja margir þeirra, sem þektu hann, að aldrei hafi betri sál. búið í mannlegu gerfi.

Ókvæntur var hann alla æfi og jafnan fátækur. Mun þó hafa aflað mikils fjár um dagana, en eytt því jafnharðan. Drenglyndi hans og örlæti var viðbrugðið, og svo mæla hans mörgu vinir, að þessir eiginleikar hafi búið með honum í svo ríkum mæli, að betri finnist ekki, þó leitað væri meðal 10 þúsunda manna.

Sigtryggur átti mörg systkini. Þar með einn bróðir í Torontoborg og annan í Blaine, Wash., tvær systur í Kaupmannahöfn og eina í Noregi (í Bergen), svo og marga fjarskyldari ættingja hér í landi.

Greftrun hans fór fram að Mountain, N. Dakota, föstudaginn 30. október sl., að viðstöddu mesta fjölmenni úr Gardar og Akra bygð um. — Svo var Sigtryggur sál. vinsæll og vel metinn, að íbúarnir í Edinborg og umhverfinu leigðu sérstaka gufuvagnlest til þess að flytja norður til Mountain bæjar þann mikla fjölda fólks, sem fann sér skylt, að heiðra útför hans með nærveru sinni. Og er það í fyrsta sinni, að slíkt hefir komið fyrir þar í bygð.

Blaðið Norðurland er beðið að geta þessa látna manns.

ÚR BRÉFI FRÁ GIMLI.

"— — Með auknum flutninga- og sambandstækjum hér í bygðinni, eru íbúar þessarar nýlendu óðum að vaxa að þekkingu og sjálfstæði — þó þeir séu kallaðir útlendingar. Þeir sýndu það við þessar nýafstöðnu kosningar, að þeir láta ekki leiðast af öðrum nú á dögum, eins og orð lék á að verið hefði fyr á tímum.

Ég, sem er að mestu utanflokka hér, fékk dágott tækifæri til þess að kynnast skoðunum manna og sigurvonum. Ég veit, að "Tórar" gerðu sér góðar vonir en "Grittar" þó betri um útkomu atkvæðanna hér í bygðinni allri.

Eftirfarandi skýrsla sýnir áætlun "Liberala" um yfirburði flokks síns hér, og hve mjög þær vonir brugðust:

Í Icelandic River bjuggust þeir við að hafa 36 atkv. umfram, en höfðu 27.

Í Árdal 24 atkv., en urðu 7 atkvæði undir.

Í Geysir 47 atkv., en urðu 31 atkv. undir.

Í Árnes 93 atkv., en fengu 38 atkv. minnihluta.

Gimli 38 atkv., en urðu 47 atkv. undir.

Húsavík 11 atkv., en urðu 22 atkv. undir.

Í Hekla 2 atkv., en urðu 6 atkv. undir.

Á þessum kjörstöðum höfðu Liberalar þannig búist við 251 atkv. umfram, en urðu í þess stað 151 atkv. undir.

Af þessu sést það tvent: 1) Að Liberalar misreiknuðu hugi manna eða áhrif sín á þá um 400 atkvæði — þar sem þeir töldu víst að hafa 250 atkvæði yfir, en urðu 150 atkvæðum undir. Og 2) Að Conservative flokkurinn fékk yfirburði í öllum kjördeildum nema einni, og mun það vera í fyrsta skifti, sem Conservativar hafa haft hér yfirburði. Þetta virðist mér benda á vaxandi sjálfstæði kjósendanna og vaxandi þekkingu þeirra."

Til íslenzkra kjósenda í Saltcoats-kjördæmi.

Ég þakka innilega öllum þeim Íslendingum, sem á einn eða annan hátt aðstoðuðu mig við síðustu Dominion kosningar, sem þingmannsefni Liberal-Conservative flokksins.

Ég fullvissa yður um það, kæru kjósendur, að ég er langtum ánægðari yfir því, að verða undir við þessar kosningar með þá meðvitund að ég hefi að eins brúkað heiðarleg meðul, heldur enn að sigra með styrk vins og fjármútna, og annara óheiðarlegra meðala.

Ég virði yður, kæru Íslendingar, meir enn nokkurn annan þjóðflokk í kjördæmi mínu, fyrir staðfestu yðar og að þér látið ekki afvegaleiðast með mútum eða brennivínspela, — það sýnduð þér í báðum íslenzku bygðunum í þessu kjördæmi við þessar nýafstöðnu kosningar.

Yðar einlægur,

J. C. MILLER.

Tilkynning.

Það hefir verið borið út hér nú eftir kosningarnar, að ég undirskrifaður hafi boðið Benedikt Ásgrímssyni Fimm Dollara peningamútu til þess hann greiddi atkv. með J. C. Miller, þingmannsefni Conservativa, — og einnig hefir því verið logið, að ég hafi ekki fengið að greiða atkvæði fyrir þá ástæðu, að herra S. Loptsson hafi borið mútufregnina hingað til Churchbridge í tæka tíð, — og svo hafi Haggart lögmaður, þingmaður Winnipeg borgar hraðritað mér, að standa fyrir máli mínu fyrir dómstólunum í Winnipeg, og hann sé lögmaður Liberala þar í borg.

Lygar þessar hafa flogið sem árstraumur hér um bygðina þessa dagana, og hefir mér lánast að fá nöfn þessara slúðurbera.

Nú tilkynni ég þeim hér með, að ef þeir láta ekki slúður þetta og lygar detta niður nú þegar, þá skulu þeir sjálfir verða dregnir fyrir lög og dóm, — ekki sendir inn til Winnipeg, heldur hér í fylkinu, sem hefir dómstóla til að rannsaka slík mál.

Benedikt þessi, sem hafður er til að útbera slúður þetta um mútumar, sýnist ekki hafa þótt atkv. sitt 5 dala virði, heldur hefi ég sannanir fyrir því, að hann hafi fengið lofun um, að mega þræla fyrir mat sinum um nokkurra vikna tíma, ef hann greiddi atkv. fyrir McNutt, — hjá leiðtoga einum, sem Liberalar hafa hér í bygð.

Ástæðan fyrir mútusögu þessari er sú, að ég bauð manni þessum, að ef hann vildi, þá skyldi ég lofa honum að aka með mér á kjörstaðinn. Þetta er nú alt sakarmálið, sem lygalaupar og mannorðsþjófar þessarar bygðar eru að bera í mönnu. Því geí ég vel trúað, að Benedikt þessi hafi álitið það 5 dala virði, að fá að fara með mér á kjörstaðinn, og er það vel vert. En að ég hafi ekki fengið að kjósa, er önnur lygavellan frá, og eins um Winnipeg ferðina.

Liberölum hér er orðið svo tamt að tyggja lýgina, að þeir eru farnir að gleyma sannleikanum með öllu, einkanlega þeim, sem tamari hefir lýgin verið frá því fyrsta.

Þetta eru sömu mennirnir, sem lágu á knjám með forina í höndum fyrir framan Laurier myndina, sem þeir voru að útbýta hér fyrir kosningarnar, og báðu hann að vera svo miskunsaman, að láta ekki hveitið sitt frjósa í ár, eftir að búið var að slá uppskeruna. Og margir voru það af löndum hér, sem hræddust frost og vetur hér um næstu 4 ár, ef Conservativar kæmust að völdum. En nú eiga þeir von á ¼ af Section af landi hver og árferði líkt og suður í "Sunny Tennessee" úr því að Laurier stjórnin komst að. — Þvílíkri heimsku og þetta er hefði ég ekki trúað á landa hér, hefði ég ekki sjálfur heyrt og séð fábjánaskap þeirra. Það vill til, að löðurmenni þessi eru fá, og vér eigum líka hér menn með heilbrigðu vit. Annars væri hvítum mönnum ekki samboðið, að búa með þessum heimskingjum.

Nöfn slúðurberanna birti ég ekki að sinni. En haldi þeir áfram upptekinum hætti, þá verða þau opinberuð bæði í blöðunum og fyrir rétti.

Nú geta þeir gert eins og þeim líkar sjálfum og þeir hafa best vit á.

G. A. ÁRNASON.

— Bretar fleyttu 2. þ.m. nýju herskipi, því öflugasta, sem enn hefir smíðað verið. Fleiri slík skip eru í smíðum.

George G. LENNOX

Selur í heildsölu SKÓ, STÍGVÉL og YFIRSKÓ

150 Portage Ave. East, Winnipeg.

MARKET HOTEL

146 PRINCESS ST. á móti markaðnum

P. O'CONNELL, eigandi, WINNIPEG

Bezta tegundir af vínföngum og vind um, aðhlynning góð. húsið endurbætt

JOHN DUFF

PLUMBER, GAS AND STEAM FITTER

Alt verk vel vandað, og verðið rétt

604 Notre Dame Ave. Phone 2815 Winnipeg

Strathcona Hotel

Horni Main og Rupert Str. Nýbygt og ágætt gistihús; Gest um veitt öll þægindi með sanngjarnasta verði. Frí keyrsla til og frá öllum járnbr. stöðvum. Beztu vín og vindlar; og herbergi og máltíðar ágætar.

McLaren Brothers

EIGENDUR

Hotel Pacific

219 Market Street Winnipeg | H M Hicks Eigandi Manitoba

Telephone 1338

Ný-endurbætt og Ný-tízku hús í alla staði. Viðskifta vöar óskast virðingarfylst.

$1.25 a Dag

$1.50 Á DAG

Bezta $1.50 gistihús í Winnipeg

BRUNSWICK HOTEL

Horni Main St. og Rupert Ave.

Besta borðhald; Hrein og Björt Herbergi; Fínustu Drykkir og bestu Vindlar. Ókeypis Vagn mætir Öllum Trainlestum. Reynið oss þegar þú ert á ferð.

PUBLIC NOTICE

NOTICE IS HEREBY GIVEN, that By-Law No. 14, under which the Rural Municipality of Bifröst is forbidden to receive any moneys for a license for the sale of liquor as defined in "The Liquor License Act" and Amendments thereto, within the limits of the said Municipality, which By-Law is known as By-Law for Local Option, has been submitted to the Council of said Municipality, and did receive its first and second readings on the 24th day of October 1908, and that a vote of the electors of the Municipality, entitled to vote thereon will be taken on the 15th day of December, being the same day as that fixed for the polling at the annual Municipal election in said Municipality, and the voting will be taken during the same hours and at the same places as the polling at the annual Municipal election, which may for greater certainty be stated to be between the hours of Nine o'clock in the morning and Five o'clock in the afternoon on the said date and at the following places:

Poll. Div. No. 1, comprising Ward No. 1, at the house of Finnb. Finnbogason, Sec. 31—21—4.

Poll. Div. No. 2, comprising Ward No. 2, at the house of Lárus Th. Björnsson.

Poll. Div. No. 3, comprising Ward No. 3, at Framnes School House.

Poll. Div. No. 4, comprising Ward No. 4, at Hecla P.O., Big Island.

And the Returning Officer and Deputy Returning Officer will be the same as for the annual Municipal election aforesaid.

The proposed By-Law, or a true copy thereof, can be seen on file until the day of taking the vote, at the office of the Clerk of the Municipality, which is at Hnausa, in the Province of Manitoba.

DATED at Hnausa this 27th day of October 1908.

Bjarni Marteinsson,
Clerk of the Rural Municipality of Bifröst.

5-26, 11.

Fréttir.

— það hefir verið gert að almennu óánægjuefni meðal vinnulýðsins á Englandi, að John Burns — málsvari verkamanna á þinginu — sagði nýlega í ræðu, að aðalorsökin til fátæktar verkalýðsins enska væri ofdrykkja. John Burns kvaðst hafa verið þrisvar sinnum í Ameríku og athugað ástand verkalýðsins þar. Hann sagði, að verkamenn í Bandaríkjunum væru yfirleitt betur klæddir, heldur enn brezkir verkamenn, og að þeir drykkju minna af áfengum drykkjum. Þessi staðhæfing um verkamenn þótti hin mesta óhæfa, ekki svo mjög fyrir það, hve fjarri sanni hún væri, heldur fyrir það, að verkalýður Englands fyrirverður sig fyrir þá auglýsingu, sem hann með þessari þingræðu John Burns fær út um heim allan.

— Senator Jules Tessler í Quebec hefir beðið járnbrautanefnd Canadaríkis, að skylda strætisbrautafélagið í Ottawa til þess að flytja Senators og þingmenn ókeypis aftur og fram um borgina á vögnum sínum. — Laurier stjórnin hefir hækkað laun allra Senators og þingmanna úr einu þúsundi upp í 2½ þúsund dollara um árið, svo að þeir ættu að geta staðið við, að borga fyrir sig með strætisbrautunum. Félagið segir um 300 þingmenn og Senators séu í Ottawa mikinn hluta ársins og það standi sig ekki við að flytja þá alla ókeypis.

— Dómsmáladeild Manitobafylkis og einnig dómsmáladeild Canada ætla að láta rannsaka olíu þá, sem höfð er til ljósa hér í fylkinu. Þetta er gert í tilefni af þeim mörgu slysum, sem orsakað hafa dauða fjölda manna í þessu fylki og staðið hafa af því, að sú olía sem til ljósa er notuð, hefir verið höfð til eldkveikju. Því er haldið fram á allar hliðar, að olía sú, sem hér er seld, sé ekki eins góð og lög fyrirskipa, og að af því hljótist slysin.

— South Dakota búar hafa hinn 3. þ.m. greitt atkvæði móti því, með miklum meiri hluta, að núverandi hjónaskilnaðarlög þar séu í gildi lengur. Hingað til hafa hjónin eða annað þeirra ekki þurft annað til að fá skilnað þar, en að dvelja 6 mánaða tíma í ríkinu, og mesti fjöldi hjóna hefir árlega hagnýtt sér þessi lög, til þess að losna úr hjónabandi. Á þessum lögum hefir ríkið haft nær 600 þús. dollara tekjur á ári hverju á síðari árum, en með atkvæðagreiðslunni 3. þ.m. eru lög þessi dauðadæmd.

— Um 400 pd. af dynamít sprungu á bát í St. Lawrence ánni hjá Montreal á sunnudagian var. Svo varð hristingurinn mikill við þetta, að þúsundir glugga brotnuðu í húsum borgarinnar. En ekkert liftjón varð.

— Í London er talið að séu 250 þús. manna svo gersamlega allslausir, að þeir verði að lifa á bónbjörgum. Auk þessara eru 55 þús. verkamenn, sem eru atvinnulausir. Það eru alt handverksmenn, sem tilheyra verkamannafélögum. En um tölu þeirra algengu verkamanna, sem ekki hafa atvinnu, eru engar skýrslur. En í 30 bæjum utan Lundúna eru taldir 45 þúsund verkamenn iðjulausir. Og svo hefir verið fullyrt í þinginu, að fleiri séu atvinnulausir á Bretlandi enn á Þýzkalandi. Stjórnin virðist vera ráðþrota, að finna atvinnu fyrir alla þá, sem eru vinnufærir og vinnuþurfandi. Sósíalistar í þinginu eru þungorðir um þetta ástand og krefjast þess, að stjórnin hafi framkvæmdir til þess að veita þeim öllum atvinnu, sem hennar þarfnast.

— Nýlega höfðu 6 eða 7 forsetar járnbrautafélaga í Bandaríkjunum privat fund með sér í New York borg, til þess að ræða um hækkun vöruflutningsgjalda. Eftir fundinn var þess getið, að það hefði orðið að samþykt, að hækka flutningsgjöldin að mun, innan lítils tíma, og gizkað á, að hækkunin muni nema 10 prósent. Þessi hækkun er bygð á þeirri ástæðu, að brautafélögin geti ekki selt skuldabréf sín með sæmilegu verði til þess að gera nauðsynlegar umbætur. En með vaxandi inntektum gætu félögin fengið alt það peningalán, sem þau þurfa á að halda.

— Á skrifstofum Laurier stjórnarinnar hafa 28 stjórnarþjónar nýlega verið settir frá embætti fyrir mútuþágur, sem þeir hafa kreist út úr "akkordsmönnum" á sl. 4 árum. Verzlunarmenn þeir, sem borgað höfðu mútunar, sýndu bækur sínar og bankavísanir, svo að um ekkert var að villast. Hr. F. X. Droulet tilnefndi þessa með upphæðum þeim, sem hann hafði borgað þeim: N. Depur $400, Nobel $200, Lebranc $146, Belanger $105, P. Bolduc $1502, Capt. Koenig $742, A. Filabault $195, A. Theriault $464, C. Schmidt $1773, og marga fleiri með stórar upphæðir.

— Fundur hefir nýlega verið haldinn með Sir Christopher Furniss og verkamönnum hans í West-Hartepool á Englandi. Þar höfðu verkföll verið tíð, svo að skipasmíðastarf félagsins borgaði sig ekki. Sir Furniss átti þá fund með mönnum sínum og lagði fyrir þá þessar tillögur:

1. Verkföllin verða að hætta, eða verkstæðunum verður algerlega lokað.
2. Vilji verkamenn halda áfram að vinna, þá er félagið til með að selja þeim allar eignirnar, og gota þeir þá sjálfir notið alls gróðans. Verðið að vera ákveðið af óháðum virðingamönnum, er báðir málsaðilar kjósa.
3. Ef verkamenn vildu ekki ganga að þessu, þá var félagið viljugt til þess, að gera verkamenn aðnjótandi arðsins af skipasmíðinu, umfrom umsamin vinnulaun þeirra.
4. Að óháð nefnd sé kosin til að jafna öll ágreiningsmál, sem upp kunna að koma.

Nú hafa verkamenn komið sér saman um, að ganga að tilboðunum nr. 3 og 4, nefnilega að verða aðnjótandi að vissum hluta af gróðanum, ef hann verður nokkur, og kjósa óháða nefnd til að fjalla um ágreiningsmálin.

WINNIPEG Business College

FÉKK FYRSTU VERÐLAUN Á SAINT LOUIS SÝNINGUNNI.

Cor. Portage Ave and Fort St.

Dag og kveld-kensla. Leitið fullra upplýsinga og biðjið um vorn nýja pappírshnif ókeypis. Vér kennum enska tungu.

G. W. DONALD, ráðsmaður.

Municipality of Bifröst.

Abstract Statement of Receipt & Expenditure From March 16th 1908 to July 30th 1908

RECEIPTS:

Taxes Collected to Date	$ 519.13	
Provincial Treasurer	30.00	
Discount at Bank	1500.00	
Total Receipts		$2,049.13

EXPENDITURE:

Expenditure	$ 181.00	
Roads and Bridges	329.18	
Municipality of Gimli, Reapportionment	790.22	
Salaries	265.25	
Railway Delegation	110.00	
Miscellaneous	268.60	
Cash on hand and in Bank	104.88	
Total Expenditure		$2,049.13

Certified Correct,

J. A. MACDOUGALL,
Prov. Man. Auditor.

Með því að biðja sérlega um "T.L. CIGAR," þá ertu viss að fá ágætan vindil.

T.L.

Smoke the T.L. CIGAR

(UNION MADE)

Western Cigar Factory
Thomas Lee, eigandi Winnipeg

Redwood Lager og Extra Porter

Styrkið taugarnar með því að drekka eitt staup af öðrum hvorum þessum ágæta heimilis bjór, á undan hverri máltíð. — Reynið !!

EDWARD L. DREWRY Manufacturer & Importer Winnipeg, Canada.

SPÓNNÝTT HÓTEL
ALGERLEGA NÝTÍZKU

Hotel Majestic

John McDonald, eigandi.

James St. West, Rétt vestan við Main St. Winnipeg Talsími 4979

$1.50 á dag og þar yfir
Bandaríkja-snið

Alt sem hér er um hönd haft er af beztu tegund. Reynið oss.

MIDLAND HOTEL

285 Market St. Phone 3491

Nýtt hús, nýr húsbúnaður Fullar byrgðir af allskonar vönduðustu drykkjum og vindlum í hressingar stofunni. Gisting einn dollar á dag og þar yfir.

W. G. GOULD :: FRED. D. PETERS, Eigendur

WINNIPEG ::: ::: CANADA

Jimmy's HOTEL

Rétt á bak við Pósthúsið

Íslendingar ættu að reyna þetta gistihús. Í hressingarstofunni er sá eini íslenzki vínveitingamaður í Winnipeg.

James Thorpe, eigandi
Fyrrum eigandi Jimmy's Restaurant

ROBLIN HOTEL

115 Adelaide Sr. Winnipeg.

Bezta $1.50-á-dag hús í Vestur-Canada. Keyrsla ókeypis milli vagnstöðva og hússins á nótt og degi. Aðhlynning hins bezta. Viðskipti Íslendinga óskast. William Ave. strætisvagn fer hjá húsinu.

O. ROY, eigandi.

The Dominion Bank

NOTRE DAME Ave. BRANCH Cor. Nena St.

Vér seljum peningavísanir borganlegar á Íslandi og öðrum löndum.

Alskonar bankastörf af hendi leyst

SPARISJÓÐS-DEILDIN

tekur $1.00 innlag og yfir og gefur hæztu gildandi vexti, sem loggjast við innstæðufé á sínum á ári, 30. júní, 30. sept. 31. desembr og 31. march.

shapsmuni snerti, ólíkir, þá hafði þó alla jafna verið vingott með þeim.

Strax eftir að hafa endað nám sitt, varð Jóhannes, kennari við vísindalegan skóla, — en Frank, svo hét hinn ungi maður, hafði ferðast erlendis.

Nú fyrir skömmu hafði hann að vilja foreldra sinna tekið próf í lögum, og var nú málafærslumaður í fæðingarbæ sínum, og beið eftir að menn snéru sér til hans í málaferlum þeirra.

Þegar menn virtu hann fyrir sér, sást að hann var mjög laglegur og karlmannlegur maður. Andlitið var gáfulegt og vöxturinn liðlegur. Í snöggu bragði virtust hann ef til vill nokkuð kvenmannslegur, því höfuð hans var lítið og drættirnir í andliti hans liðlegir. En ef betur var að gætt sást að hann bar höfuðið hátt, og úr öllum hreyfingum hans skein valjafesta og kjarkur.

Nú tók hann vindil út úr munni sér, virti hann fyrir sér og fleygði honum því næst til jarðar. Prófessorinn tók upp vandlaveski sitt og bauð honum.

"Nei, guð gæti mín fyrir því", mælti málafærslumaðurinn hæðnislega, og réttá út báðar hendurnar. "Mér dettur víst ekki í hug, að stela frá aumingja heiðingjabörnunum í Kína, og guð veit hve víða annarstaðar í heiminum".

Prófessorinn brosti.

"Því ég þykist vita", mælti hinn ennfremur, "að þú haldir enn fast við þinn gamla sið, er þú tamdir þér í æsku, að þú ákvarðar þér að reykja þrjá vindla á dag, en reykir svo að eins einn, en stingur peningunum fyrir hina í kristniboðssjóðinn".

"Já, ég hefi þennan sið enn þá", mælti prófessorinn rólega og brosandi. "En peningarnir eru nú ætlaðir til annars. Þeir tilheyra fátækum sjúklingum mínum, án nokkurs manngreinarálits".

Er það mögulegt!! Þú, hinn þráláti stuðn-

ingsmaður hinnar sönnu trúar, hinn sterktrúaðasti af öllum lærisveinum hins rhínlenzka harðstjóra, — fylgir þú þannig kenningum hans, frávillingurinn þinn!"

Prófessorinn ypti öxlum og feykti hugsandi öskunni af vindli sínum.

"Sem læknir fer maður að hugsa öðruvísi um mennina og skyldur vorar við þá", sagði hann svo. "Ég hefi ávalt kept að því stóra takmarki, að verða í sannleika þarfur maður í mannfélaginu, og til þess að ná því, hefi ég orðið að gleyma og afneita mörgu og miklu".

Þeir gengu lengra og Felicitas heyrði ekki lengur nein orðaskil, en sólarhitinn var svo brennandi heitur á trautinni, er þeir gengu eftir, að þeir sneru strax við aftur, og gengu til trjánna, er breiddu greinar sínar yfir steinlagðan veginn meðfram húsinu.

"Nei, í þessu tilliti mátt þú ekki hafa á móti mér", heyrði Felicitas prófessorinn segja í fjörlegri tón en venja hans var til, — "það hefir heldur engan árangur. — — Ég er alveg eins og ég var fyrir mörgum árum síðan. Annaðhvort sárleiðist mér í kvennahóp, eða ég hefi alt á hornum mér. — — Og það get ég sagt þér, að þekking mín sem læknir á hinu svokallaða veika kyni, hefir ekki breytt skoðunum mínum til hins betra, hvað kvenfólk snertir. — Hvílíkt sambland af léttúð og ístöðuleysi!"

"Það er hægt að sjá það, að þér leiðist innanum kvenfólk", mælti hinn ungi Frank líflega og staðnæmdist undir horngluggunum. "Þér geðjast bezt, að kvenfólkinu sé kent sem minst af bóklegum fræðum. — — Aftur á móti hefir þú óbeit á öllu, sem nú er mest móðins að kvenfólk læri, og í sumu tilliti hefir þú þar rétt fyrir þér. Mér geðjast heldur ekki að þessu tilfinningarlausa hamri á hljóðfæri, og öllum þessum franska hégóma. En maður má ekki

reita blómin upp ásamt illgresinu. Á okkar tímum, þegar mannsandinn dag eftir dag uppgötvar eitthvað nýtt, er leiðir til framfara, þá vilt þú, ef það væri mögulegt, þvinga konuna eftir mælikvarða miðaldanna, — þröngva henni inn í verkahring þrældóms og ófrelsis, og gera sjóndeildarhring hennar sem þrengstan að mögulegt er. Það er ekki einasta óréttlátt, heldur er það líka heimskulegt, — konurnar annast að mestu leyti uppeldi sona sinna, og það, sem sáð er í sálir barnanna, ber ávöxt. Þær eru álíka og gröftur, er sígur alt í sig, og það er óafmáanlegt eins og það væri grafið í járn".

Og ungi maðurinn hélt áfram: Nei, kenn þú konunum að hugsa alvarlega, víkka þann sjóndeildarhring, sem þið fullir af sjálfsáliti byggið utanum sálir þeirra, og sem þið álítið þeim skyldugt að lifa innanvið, — og þá skuluð þið taka eftir, að léttúð og ístöðuleysi þeirra hverfur".

"Kæri vinur, þann veg geng ég aldrei", mælti prófessorinn kuldalega og gekk nokkur skref áfram.

"Ég veit vel, að þú ert á annari skoðun, og álítur, að maður þurfi ekkert annað til að ná þessu en eignast guðhrædda konu. — — Kæri herra prófessor, — mig langar heldur ekki til að eignast vonda konu, kona án hógværðar er sem blóm án ilms. En — gættu nú vel að: þú heldur að hún sé guðhrædd, og leggur svo alt áhyggjulaus í hennar hendur, — en svo áður en þú veist af, er komin sú harðstjórn á heimili þínu, sem þú aldrei að eilífu gætir sætt þig við, ef þú ættir miður guðhræddari konu. — — Allir þeir brestir, er eiga sér stað í fari konunnar, brjótast fram undir guðræknisblæju þeirri, sem hún breiðir yfir þá. Hún álítur sér sé óhætt, að vera hefnigjörn og grimm, — sömuleiðis dramblát, og með blindum ofstækis áka'a fordæma og eyðileggja alt,

sem fagurt er og gott, — alt saman í guðs nafni og ríki hans til eflingar".

"Nú fer þú mikils til of langt!"

"Alls ekki. Þú munt fá að þreifa á því, að hið andlega í konunni verður að fá að proskast og þróast, og ef guðrækni þeirra á að verða oss til haminingju, verður mannúð og umburðarlyndi að vera henni samfara".

"Að þessu takmarki langar mig ekki til að keppa", mælti prófessorinn kuldalega. "Lífi mínu og kröftum eyði ég í þarfir þeirrar vísindagreinar, er ég hefi gert að lífsstarfi mínu".

"Nú, og hún þarna", mælti málafærslumaðurinn í lægri róm og benti á garðshliðið — þar sást ríkisstjórafrúin koma ásamt barni sínu og frú Heilwig — "er hún ekki fullkomlega ímynd hugsjóna þinna?" — bætti hann við hæðnislega. — — Hún er ekki skrautbúin, aftaf er hún í hvítum "Mulls"-kjól. Hún er hógvær. Hver gætá efast um það, sem sér hana í guðshúsi lita til himins dreymandi augum? — Hún fyrirlítur öll vísindi og bókmentir, af því það tefur hana frá að ljúka við að prjóna sokkinn sinn eða gera útsauminn. — Hún er álitlegt gjaforð, því eftir þínum mælikvarða má enginn gáftast náður fyrir sig, eigi hjónabandið að verða farsælt. — — — Jæja, það munu flestir verða mér samdóma um það, hvernig hún sé kostum búin!!"

"Þú ert illgjarn og þú hefir alt af horn í síðu Adelu", mælti prófessorinn önuglega, "og ég ímynda mér, að það sé af þeirri einu ástæðu, að hún er dóttir þess manns, sem hélt þér í svo ströngum agа. — — Hún er góðlynd og ástúðleg og ágæt móðir".

Hann gekk hægt á móti konunum og heilsaði þeim vingjarnlega.

Fréttir úr bænum.

Samkoma Stephans G. Stephanssonar skálds, í Goodtemplara húsinu, á fimtudaginn var, var lakar sótt, en átt hefði að vera. Að vísu voru flest sætin niðri skipuð, en örfáir voru þeir, sem uppi á loftbekkjum sátu.

Herra Skapti B. Brynjólfsson stýrði samkomunni, og lýsti í inngangsræðu sinni lyndiseinkunnum skáldsins og þungamiðjunni í einum kvæða hans, sem hann kvað vera þá, að stinga á meinum heimsku og vermensku, hvar sem þessara galla yrði vart, og án nauðgreinarálits, en ögra fram og hlúa að einlægni, hreinskilni og öðrum mannkostadygðum í hvivetna.

Stephan G. Stephansson kom þá fram og las upp 5 eða 6 kvæði flest nýlega ort, og engin þeirra nokkru sinni prentuð. Þau voru: Hestavísur, Draupnir, Frumbyggjkvæði (afarlangt og í mörgum þáttum), Gamankvæði, og að síðustu kvæði til áheyrendanna, sem hann nefndi Góða nótt. Tilheyrendur gerðu góðan róm að lestri ljóðanna.

Séra Fr. J. Bergmann og herra W. H. Paulson flutu sína ræðuna hvor um leið og þeir báru fram og studdu uppástungu um, að samkoman vottaði skáldinu þakklæti fyrir skemtunina það kveld og fyrir þá varanlegu auðlegð, sem hann hefði lagt til íslenzkra bókmenta í bundnu máli. — Þetta samþyktu áheyrendurnir með því að standa upp.

Herra Th. Johnson skemti með fiðlu-spili tvisvar um kveldið.

Stjórnarnefnd Íslenzka Conservative Klúbbsins skorar hér með á alla félagsmenn, sem mögulega fá því við komið, að sækja kosningafund klúbbsins, sem auglýstur er á 1. bls. Fundurinn verður haldinn í Únitarasalnum á mánudagskveldið kemur, þann 16. þ.m. og byrjar kl. 8. Munið eftir að fjölmenna.

Á miðvikudagskveldið í þessari viku (11. þ.m.) flytur herra B. B. Olson, frá Gimli, fyrirlestur um Socialism. Fyrirlesturinn verður haldinn í Únitara kirkjunni. Menn ættu að fjölmenna á þennan fund Menningarfélagsins. Allir boðnir og velkomnir.

Séra Einar Vigfússon, frá Kristnes P.O., Sask., og Sigríður dóttir hans, komu nýlega hingað austur í kynnisför til herra Halldórs Johnson, tengdasonar hans, að Gimli. Þau fóðgin dvöldu þar nokkra daga, en komu til baka til Winnipeg um síðustu helgi, og héldu rakleiðis vestur á heimili sitt í Saskatchewan. Séra Einar yrkir heimilisréttarland sitt þar vestra og lætur vel af hag sínum þar. Hann stundar prestsverk í víðlögum, og telur tekjur sínar af því starfi vana bóbót. Hann sagði dóttur sinni á Gimli líða vel, og kvaðst hafa haft góða skemtun af ferðinni.

Nýlega var ákveðið með dómi hér í fylkinu, að það atriði í samningum, sem nefnist "Fair Wage Clause", eða það, að þeir sem taka að sér að vinna eitthvert akkorðsverk, skuli skyldir að borga verkamönnum sínum ákveðin daglaun og að láta þá vinna ákveðna klstunda fjölda á dag, — sé ekki lögum samkvæm, og að slík ákvæði í öllum vinnusamningum séu ógild. Svipaðir dómar hafa verið kveðnir upp í New York ríki og í Ontario fylki.

Það er nú orðið víst, að fleirtala atkvæða fyrir herra Alex. Haggart, K.C., hér í borginni við síðustu kosningar var á þriðja þúsund, eða nákvæmlega 2018, er fellur þannig á hina fjóra hluta borgarinnar:

Suður-Winnipeg	381
Mið-Winnipeg	682
Vestur-Winnipeg	589
Norður-Winnipeg	366
Samtals	2,018

Alls voru greidd í borginni við þessar kosningar 17,454 atkvæði, er skiftust þannig milli hinna 3. umsækjenda:

Alex. Haggart	8,747
D. C. Cameron	6,729
Houston	1,968

Herra Jón S. Björnsson, fyrrum frá Mountain, N. Dakota, en nú til heimilis að Watson P.O., Sask., var hér á ferð í síðustu viku til að láta smíða stykki í vél, er hann hafði fundið upp, og sem á að vera til þess að rífa upp rætur og smáviði af löndum bænda. — Hann er nú að fá sér einkaleyfi á uppfundningu sinni.

Ungfrú Katrín Pálsdóttir, Sigfússonar, að Simcoe st. hér í borg varð fyrir því voðaslysi á þriðjudagskveldið var, þegar hún á reið hjóli sínu var á heimferð úr vinnu, að keyrslumaður einn keyrði fram á hana, svo hún hentist með afli miklu af hjólinu, og lenti með höfuðið á strætis steintröðina, og leið þegar í ómegin. Hún var þegar flutt á Almenna spítalann. — Maðurinn, sem keyrði fram á stúlkuna, lét sig það engu varða, en lamdi hesta sína áfram eins hratt og þeir gátu komist, til þess að dyljast fólki því, sem sá atburð þennan. Enn hefir ekki orðið uppvíst hver maðurinn er. Stúlkan lá meðvitundarlaus frá því hún varð fyrir slysinu á þriðjudagskveld og þangað til hún dó á spítalanum á fimtudagsmorgun.

Roblin stjórnin býður $300.00 hverjum þeim, sem gefur upplýsingar um, hver þessi keyrslumaður hafi verið, svo hann verði handsamaður og honum maklega hegnt

Þann 6. þ.m. dó Jóhanna Ketilsdóttir, 691 Victor st., Winnipeg. Hún var jarðsungin 9. s.m. Húskveðju flutti séra Jón Bjarnason og líkræðu í kirkjunni. Aðra líkræðu hélt séra Friðrik Hallgrímsson, prestur í Argyle. Mrs. S. K. Hall söng útfararsálminn nr. 159 í nótnabók séra Bjarna Þorsteinssonar á Siglufirði. Kistan var vönduð og prýdd blómum. Jóhanna sál. var ekkja Finnboga verts á Seyðisfirði, sem margir þektu. Við jarðarförina var staddur sonur hennar látnu, Sigurður Finnbogason, Baldur, og bróðir hans Guttormur, sem heima á hér í bænum, ásamt systkinum hennar og fjölda fólks.

Blaðið "Austri" er beðið að prenta dánarfregn þessa.

Ferða-áætlanir Stephan G. Stephansonar

Samkomur heldur hann á eftirtöldum stöðum og tímum:

Í ÁLPTAVATNS-Nýlendu:

Í North Star skólahús, fimtudaginn 19. nóv. ...
Markland Hall föstudaginn 20. nóv.
Lundar Hall laugardaginn 21. nóv.

Í NÝJA ÍSLANDI:

Gimli þriðjudaginn 24. nóv.
Icelandic River miðvikudaginn 25. nóv.
Geysir fimtudaginn 26. nóv.
Árdal föstudaginn 27. nóv.
Hnausa laugardaginn 28. nóv.

Í SELKIRK:

mánudaginn þann 30. nóv.

Allar þessar samkomur byrja kl. 8 að kveldi, nema öðruvísi verði auglýst á hverjum stað fyrir sig.

Menningarfélags-fundur

verður haldinn í Únitarakirkjunni

Miðvikudagskv. 11. Nov.

Herra B. B. Olson, Gimli, flytur þar erindi um Socialism og and mælir þeirri stefnu. Frjálsar umræður um fyrirlesturinn verða á eftir. Allir velkomnir kostnaðarlaust.

LÁTTU MIG SAGA ELDI VIÐINN ÞINN. — Ég hefi keypt spónnýja sögunarvél, og geri verkið gegn sanngjarni borgun.

S. THORKELSSON,
738 Arlington St. Talsími 8588

Bæjarstjórnin hefir ákveðið, að lækka verð á neyzluvatni hér í borginni um fjórða part frá því, sem verið hefir í sl. 2 ár, eða nærfelt það. Eftirfylgjandi listi sýnir núverandi og væntanlegt gjald fyrir hverja 3 mánuði:

Herbergja fjöldi.	*Fyrverandi gjald.*	*Komandi gjald.*
4	$2.00	$1.50
5	2.30	1.75
6	2.60	1.95
7	3.00	2.25
8	3.50	2.65
9	3.80	2.85
10	4.20	3.15
11	4.60	3.45
12	5.00	3.75

Blöðin geta þess, að líkindi séu til, að vatnsgjaldið verði fært enn þá meira niður eftir nokkurn tíma. Bæjarstjórninni er ant um, að sem flestir borgarbúar taki vatn í hús sín, og að brunnum verði lækkað.

C. G. Johnson, kjötsali, sem í mörg undanfarin ár hefir haft kjötverzlun á Ellice Ave. og Langside St., er nú fluttur til 301 Sherbrooke St. Sama talsíma nr. og áður: 2631.

C. O. F.

Áríðandi mál til meðferðar hjá VÍNLANDI í kveld (12. nóv.), kl. 8. Meðlimir fjölmenni.

Þessir eiga bréf á skrifstofu Heimskringlu:

Mrs. Sigurbjörg Pálsdóttir
Andrés St. Johnson
Halldór Halldórsson
Kristján Sigurðsson
Sumarliði Kristjánsson.
Eggert Johnson,
Kr. Johnson, saumavélaagent.
Miss Guðný Thorvaldsdóttir
Mrs. Jessie C. Davidson.
Miss Elisabet Jónsson.

Herra O. Roy, vínveitingamaður hér í borg, sem fjölda Íslendinga er að góðu kunnur, hefir nýlega keypt ROBLIN HOTEL á Adelaide St. hér í borg, og látið umbæta það uppi og niðri í nýtízku snið. Gisting þar er hin bezta og kostar eingöngu $1.50 á dag. — Herra Roy lætur sér ant um, að sem bezt fari um gesti sína, og vonar, að Íslendingar unni sér viðskifta, engu síður hérefitr en hingað til. Hótel þetta er nálægt City Hall.

Hafið þið séð hann Skugga-Svein?

Hafið þið séð hann?

Ef ekki, þá er síðasta tækifæri þann 17. þ. m., — þá, og aldrei framar.

Woodbine Hotel
Stærsta Billiard Hall í Norðvesturlandinu
Tíu Pool-borð.—Alskonar vín og vindlar.
Lennon & Hebb.
Eigendur.

Ég hefi flutt
kjötverzlun mína frá horni Ellice og Langside og til númer
301 Sherbrooke Street.
rétt fyrir sunnan Portage Av.
Sama talsíma nr.: 2631
C. G. Johnson.

Til fullkomnustu tryggingar
Vátryggið fasteignir yðar hjá The
St. Paul Fire & Marine Ins. Co.
Eignir félags. eru yfir 5 miljón dollars. Skaðabætur borgaðar af San Francisco eldinum 1¼ mill.
SKULI HANSSON & CO., 55 Tribune Bldg., Phone 6476, eru sérstakir umboðsmenn.
E. S. Miller Limited
Aðal umboðsmenn
PHONE 2083 219 McINTYRE BLK.

F. Deluca
Verzlar með matvöru, aldini, smá-kökur, alskonar sætindi, mjólk og rjóma, sömul. tóbak og vindla. Óskar viðskifta Íslend. Heitt kaffi eða te á öllum tímum. Fón 7756
Tvær búðir:
587 Notre Dame og 714 Maryland St.

J. G. Snidal, L. D. S.
ÍSL. TANNLÆKNIR
COR. MAIN & BANNATYNE
DUFFIN BLOCK PHONE 6302

ARNI ANDERSON Íslenzkur lögfræðingur
Í félagi með
Hudson, Howell, Ormond & Mazlatt
Barristers, Solicitors, etc.
Winnipeg, Man.
13-18 Merchants Bank Bldg. Phone 3621, 3622

BONNAR, HARTLEY & MANAHAN
Lögfræðingar og Landskjala Semjarar
Suite 7, Nanton Block, Winnipeg

BILDFELL & PAULSON
Union Bank 5th Floor, No. 520
selja hús og lóðir og annast þar að lútandi störf; útvegar peningalán o. fl.
Tel.: 2685

Hubbard, Hannesson and Ross
LÖGFRÆÐINGAR
10 Bank of Hamilton Chambers
Tel. 378 Winnipeg

"Hvað að bráka og hvar skal fá það".
VÍTUR MADUR
Við höfum lítið að segja, en það sem við segjum, segjum við "beint út". Við óskum að þið komið til okkar þegar þið farið að kaupa hanst eða vetrarfötin ykkar. Þá veizt ekki hvað ódýrt þú getur keypt föt búin til eftir máli fyr en þú kemur og talar við oss. —
McFarlane & Cairns
SKREDARAR
335 Notre Dame Aðrir dyr vestan Wpg. Leikhúsið.

Hver Þvær og Hreinsar Fötin ydar?
Hversvegna að fara í Kína-kompurnar þegar þér eigið kost á að fá verkið gert betur, og alt eins ódýrt, í beztu og heilsusamlegustu þvottastofnun, þar sem aðeins hvítt vinnufólk er haft og öll hreinustu efni notuð
Vér óskum viðskifta yðar
The North-West Laundry Comp'y Ltd.
Hreinsarar og Litarar
COR. MAIN & YORK FÓN 5178

Íslenzkur Kjötsali
Hvergi fæst betra né ódýrara KJÖT en hjá honum, — og þá munt sannfærast um að svo er, ef þú eðlilega kaupir af honum í eitt sinn. Allar tegundir. Óskar að Isl. heimsækji sig
CHRISTIAN OLESON,
866 Notre Dame Ave. Telefón 6909

Stefán Guttormsson,
Mælingamaður
663 AGNES STREET. WINNIPEG.

Dr. G. J. Gislason,
Physician and Surgeon
Weltington Blk, - Grand Forks, N.Dak
Sjerstakt athygli veitt AUGNA, EYRNA, KVERKA og NEF SJÚKDÓMUM.

Miss Jóhanna Ólson, Piano Teacher
658 Beverley Street.

Drs. Ekern & Marsden,
Sérfræðislæknar í Eftirfylgjandi greinum: — Augnasjúkdómum, Eyrnasjúkdómum, Nasasjúkdóm um og Kverkasjúkdómum. : :
Í Platky Byggingunni í Bænum
Grand Forks, :: N. Dak.

A. S. BARDAL
Selur líkkistur og annast um útfarir. Allur útbúnaður sá besti. Enfremur selur hann alskonar minnisvarða og legsteina.
121 Nena St. Phone 306

Arena Rink
Þar er skemt sér á Hjólskautum hvern eftirmiðdag og kveld, nema laustudaga. Hljóðfærasláttur. Dansar þeir, sem áður voru í Drill Hall, eru nú haldnir hér á föstudagskv. Dans frá 8 til 12. Inngangur, karlm. 50c, frítt fyrir kvenfólk. Persónum innan 15 ára. ekki leyfð inngangs.
JAMES BELL, eigandi.

Boyd's Brauð.
Tilbúið úr Vesturl. bezta harðhveiti og tilreitt þar sem allur nýjasti vélaútbúnaður er notaður. Hreint að öllu leyti. Búið til í vélum sem eru allajafnan hrein sem ný mjólk, og aldrei snert af nokkurs manns hendi. Og þú færð vel vegin og vel bökuð brauð.
Boyd's
Bakery Cor Spence & Portage Ave
Phone 1030.

Antonio De Landro
SKÓSMIÐUR, horni Maryland & Wellington
(Bak við aldinabúð.) Verk gott og verð rétt.

Royal Optical Co.
327 Portage Ave. Winnipeg. RÉTT Á MÓTI EATON'S BÚDINNI.
Beztu Augnfræðingar
Öll nýjustu og bezt reynd verkfæri notuð. Höfuðverkur sem stafar frá augunum, áreiðanlega lækinaður. Sanngjarn kostnaður.
AUGU SKODUD KOSTNADARLAUST.

XIV.

KVENNA SAMSÆTID.

Eigi leið á löngu áður en grasflötuinn var þéttskipaður kvenfólki. Flestar af konunum voru í hvítum kjólum, og svifu þær til og frá sem hvít smáský í skugga trjánna. Silfurskerir hlátrar og hjal barst gegnum loftið, og við og við heyrðist karlmannsrómur taka fram í. — Allir, sem boðnir voru, voru nú komnir, og nú settist fólkið kringum kaffiborðið og kvenfólkið tók fram vinnu sína.

Frú Heilwig gaf nú Felicitas bendingu um, að koma með kafið.

"Einkunnarorð mín eru 'einfalt og ódýrt'," — heyrði hún ríkisstjóra frúna segja er hún kom nær. "Á sumrum klæðist ég aldrei í kjól, sem kostar yfir 3 dali".

"En þér gleymið, mín kæra ríkisstjórafrú", mælti ung og mjög vel búin kona, í því hún illgirnislega rendi augunum yfir búning hinnar, "að þér eyðið í þetta ódýra efni svo miklum blúndum og bróderingum, sem í það minsta kostar þrisvar sinnum meira en efnið í kjólinn".

"Ó, hver skyldi meta þetta létta, loftkenda efni til peninga", mælti hinn ungi Frank, sem hafði ósegjanlega mikið gaman af að sjá hið fjandsamlega augnaráð, er konurnar sendu hvor annari. "Maður gæti haldið, að það bæri kvenfólkið beinlínis til himins, ef að þær ekki, — já, ef að þær ekki, til dæmis, væru þyngdar niður með jafnstóru og þungu gull-

únliðsbandi, sem án efa dregur þær til jarðarinnar aftur".

Hann hafði með mestu gaumgæfni horft á handlegg ríkisstjóra frúarinnar. Hún dró alt í einu að sér hendina, og djúpur roði flaug um kinnar henni.

"Víta skuluð þér, náðuga frú", mælti hann ennfremur, "að síðastliðinn hálftíma hefi ég verið að virða fyrir mér únliðshring þennan. — Það er gamalt listaverk, en það sem sérstaklega vekur forvitni mína er letrið, sem grafið er á það, og sem ég býst við að sé í miðjum kransinum".

"Ríkisstjórafrúin náði sér strax aftur. Augu hennar voru jafn blíðleg og áður, og hún leit rólega framan í málærslumanninn, um leið og hún rétti honum únliðsbandið.

Felicitas stóð nú rétt fyrir aftan málærslumanninn. Hún sá greinilega dýrgripinn í hendi hans. — Hvað þetta var undarlegt. — Það var alveg sama únliðsbandið og hún hafði séð í fórum gömlu jómfrúarinnar, og sem án efa var að einhverju leyti hnýtt við æfi hennar. Að eins var munurinn sá, að þessi hringur var miklu minni, og fell alveg utanum handlegg hinnar ungu konu.

"Dac ir liebe ist ane kranc
Die hat got yesamme geben
uf ein wunnelichez leben".

Málafærslumaðurinn las þetta reiprennandi. — "Þetta er undarlegt", mælti hann svo, "vísan hefir ekkert upphaf hér. — — Ó, þetta er brot úr kvæðinu "Eilif ást" eftir Ulrik von Lichtenstein. Öll vísan, þýdd úr frummálinu, hljóðar þannig:

"Hvars hjörtu tvö í trygðum bindast,
með tryggri elsku manns og vífs,

svo sannur ástareldur myndast
á öllum brautum þeirra lífs, —
í lífi og dauða hérann hefur
þau hjörtu tengt og blessun vefur".

Þessi hringur á án efa trúan félaga, sem bær upphaf vísunnar", bætti hann við með sýnilegum áhuga. "Eigið þér ekki hinn dýrgripinn?"

"Nei," mælti ríkisstjórafrúin og laut yfir vinnu sína á meðan hringurinn gekk frá manni til manns.

"Hvernig hefir þú eignast þennan merkilega grip, Adela?" spurði prófessorinn.

Hin unga kona roðnaði aftur ofurlítið. "Pabbi gaf mér hann fyrir nokkru síðan. Guð má vita, frá hvaða fornmenjafræðingi hann hefir fengið þennan dýrgrip".

Hún tók nú aftur á móti únliðsbandinu, spentí því um handlegg sér og spurði einn af gestunum að einhverju, svo samtalið snerist strax í aðra átt.

Á meðan allir höfðu verið niðursoknir í að virða fyrir sér hringinn, hafði Felicitas boðið kaffi hringinn í kring um borðið. Allir tóku sinn bolla í flýtir, og hún gekk nú aftur að eldhúsinu, án þess nokkur hefði veitt henni eftirtekt. — Létla Anna var að leika sér á blettinum þar í kring, og bað hún Felicitas að ná sér í eina grein af trjánum. Felicitas teygði handleggi sína yfir höfuð sér til að ná upp í tréð. — — Fallegur limaburður kemur tæpast í ljós betur heldur enn í þeim stellingum, er hin unga stúlka stóð í. — Málafærslumaðurinn tók alt í einu gleraugu sín. — Hann var nærsýnn og horfði forvitnis og undrunaraugum á stúlkuna undir trénu. En ríkisstjórafrúin hafði nánar gætur á honum, og hvert hann horfði, þó hún léti sem hún hugsaði ekki um annað en vinnu sína. — Þegar Felicitas var gengin inn í eldhúsið, tók hinn ungi maður gleraugun af sér, og ætlaði auð-

sjáanlega að spyrja frú Heilwig, — en unga ekkjan lét hann ekki fá tíma til þess. Hún fór að spyrja hann um óhappaatvik, er hafði komið fyrir hann á ferðum hans, og vaxti þannig máls á málefni, sem hann sjálfur vildi gjarnan tala um. — Rétt strax stóð hún svo hægt upp og gekk að eldhúsinu.

"Kæra Karólína", mælti hún um leið og hún gekk inn í húsið, "það er ekki nauðsynlegt, að þér gangið um beina við borðið. — — Ó, ég sé, að þarna stendur glóðarker, — það var ágætt. — Fyltu þessa könnu með heitu kafi, — ég skal fara með hana og hella sjálf í bollana. Það er viðfeldnara fyrir gestina. Og hreinskilnislega talað, þér lítið alt af ræfislega út í þessum upplitaða rósatauskjól. Hvernig getið þér látið karlmennina sjá yður í jafn ógeðslegum kjól, sem líka er alt of lítill fyrir yður. Það er blátt áfram ósiðsemi. — Finnið þér þetta ekki sjálf, kæra barn?"

Þetta var bezti kjóllinn, er hún unga stúlka átti til í eigu sinni. Hann svokallaði sunnudagakjóll. — Það var að vísu satt, að hún var vaxin upp úr honum, og hann var upplitaður, en hann var hreinn og fór vel. — — Hún brosti biturt. Það var hart, að hún skyldi fá ávítur fyrir það, sem hún þegjandi reyndi að sætta sig við. En hún þagði. Að bera í bætifláka fyrir sig, hafði enga þýðingu hér, og var blátt áfram hægilegt.

Þegar ríkisstjórafrúin kom aftur til gestanna, stóð samtal það, er hún ætlaði að kæfa í fæðingunni, sem hæst.

"Óvanalega falleg!" mælti frú Heilwig og hló háan hæðnishlátur. "Svei, svei! Gerið yður ekki hlægilegan, kæri Frank! Hvað á ég að hugsa um yður! — Óvenjuleg, því hefi ég ekki á móti, en óvenjuleg á þann hátt, sem stúlkur eiga ekki að vera. — — Virðið dálítið betur fyrir yður þetta föla and-

LAND

Vér höfum nýlega fengið til sölu yfir 30 Section-fjórðunga, liggjandi að Oak-lands braut C. N. R. félagsins. Verð-ið er frá $7.00 til $12.00 hver ekra. Ekkert af löndum þessum eru meir en 5 mílur frá járnbrautinni.

Skuli Hansson & Co.
Skrifst. Talsími 6476. Heimilis Talsími 2274

Heimskringla.

Alt landið

er áhyggst að vera jarðyrkju land af bezta tegund, og fæst keypt með vægum afborgunar skilmálum. (N.B.—Lesið fyrripart þessarar augl. vinstramegin við Hkr. nafn.)

Frekari upplýsingar veita

Skuli Hansson & Co.
56 Tribune Building. Winnipeg.

XXIII. ÁR. WINNIPEG, MANITOBA, FIMTUDAGINN, 19. NÓVEMBER, 1908 NR. 8

Fregnsafn.

Markverðustu viðburðir hvaðanæfa.

Mál er nýlega risið upp á Englandi milli herra Allan Banister, ráðsmanns strætisbrauta félagsins Norwick bæ, og séra Thompsons, prests kirkju þeirrar, sem Banister tilheyrir. Banister þessi er trúmaður mikill og kirkjurækinn. Hann var ekkjumaður, en kvongaðist systur látinnar konu sinnar fyrir nokkrum tíma, — eftir að það hafði verið löglitt á Englandi, að slik hjónabönd mættu hafa framgang. Prestur þessi neitaði að útdeila Banister sakramenti eftir að hann kvongaðist í síðara skiptið, af því að kirkjan væri andstæð slíkum hjónaböndum, sem hann væri í. Banister skaut máli sínu til enska kirkjuráðsins, sem myndað er af æðstu höfðingjum kirkjunnar þar í landi. Dómur ráðsins var sá, að kirkjunni bæri að beygja sig undir lög landsins, og samkvæmt því skipaði kirkjudeildin prestinum að veita herra Banister sakramentið, hvenær sem hann æskti þess. En presturinn hefir til þessa tíma stranglega neitað, að hlýðnast þessari skipun. Og svo hefir hann gengið langt, að þegar hann hefir farið úr prestakalli sínu um stundarsakir og fengið annan prest til að þjóna í sinn stað, þá hefir hann harðlega bannað honum, að veita Banister sakramentið. Nú hefir hr. Banister sett málið fyrir verslegu dómstólana til endilegra úrslita, og með þeim ásetningi, að fá presti hegnt fyrir þrjósku hans jafnt við landslög og kirkjuráðið enska.

— "National Association of Manufacturers" í Bandaríkjunum, hefir látið það boð út ganga, að nú verði tafarlaust veitt atvinna 650 þúsund mönnum, sem annars væru og eru iðjulausir, og að þetta sé bein afleiðing af því, að herra Taft hafi verið kosinn í forseta embættið. Þessi yfirlýsing verður prentuð í næsta hefti af tímariti verksmiðjueigendanna, og er bygð á svörum, sem félaginu bárust nokkru fyrir kosningarnar, um afstöðu ýmsra iðnfélaga gagnvart stefnu pólitisku flokkanna þar syðra. Svör þessi sýndu, að mörg af stærstu iðnfélögum landsins ætluðu að fækka vinnumönnum, ef Bryan yrði kosinn, en fjölga þeim, ef Taft yrði ofan á.

— Einkennilegt mál hefir nýlega verið fyrir dómstólunum á Frakklandi. Svo er að sjá, sem franskur herforingi hafi dáið á vígvelli í Austurríki fyrir 8 árum. Lík hans var brent og askan sett í hola fallbyssukúlu. Kúluna með öskunni í keypti Prince de Sagan. En hann hafði umboðsmann til þess, og þessi umboðsmaður stefnir honum nú fyrir ómakslaunum við kaupin, sem með 8 ára vöxtum nema nær $2,000. Prince de Sagan borgaði 8 þúsund dali fyrir kúluna með ösku herforingjans í, og jafnframt gaf hann umboðsmanni sínum ávísun fyrir ómakslaununum, en sú ávisun var ekki borguð, og því hefir mál þetta risið.

— Þjóðverjar eru æstir í skapi yfir lausmælgi Vilhjálms keisara. Svo langt hefir þetta gengið, að bæði blöð og privatmenn á opinberum fundum hafa heimtað, að hann segi af sér keisaratign. Þingið krafst og þess, að þjóðinni sé veitt full trygging þess, að keisarinn stofni ekki ríkinu í voða með lausmælgi sinni heima fyrir eða við útlenda menn. Samtal keisarans við enskan mann, sem nýlega var prentað í blöðum allra landa, og sem birt var hér í blaðinu nýlega, hefir vakið svo mogna gremju á Þýzkalandi, að við röstum hefir legið í þanginu. Annað samtal við Bandaríkjamann, sem búið var að prenta í "Century Magazine" varð að kyrsetja. Útgefendur þessa rits voru farnir að binda hefti, er samtal þetta var í, þegar Þýzka stjórnin bað Bandaríkjastjórn að skerast í leikinn og fá útgefendurna til þess að taka samtalið út úr ritinu. Þetta orsakaði útgefendunum mörg þúsund dollara fjártjón, en þeir létu tilleiðast að verða við ósk stjórnarinnar, með því þeir könnuðust við, að opinberun þessa samtals, sem keisarinn hafði þó leyft að láta prenta, gæti komið Þýzkalandi í vanda og máske óvild við aðrar þjóðir.

— Meiri hlutinn af bænum Kelliher í Saskatchewan fylki bratn til ösku þann 9. þ.m. Það var einn af framfaramestu bæjum meðfram G. T. P. brautinni þar í fylkinu, — af þeim, sem nýlega eru myndaðir.

— Nýlega hafa yfirvöldin í New York borg handtekið hóp manna, sem höldu veglegar skrifstofur á Broadway og seldu námalönd viðs vegar í Bandaríkjunum. Yfirvöldin þykjast hafa sannanir fyrir því, að menn þessir hafi svikið milíónir dollara út úr fólki með því að selja þeim hluti í námafélögum, sem ekki eru til, og námalönd, sem engan málm hafa að geyma. Aðalféfagið, sem hafði gróðabragð þetta með höndum, er hið svonefnda "Mutual Trust Company", og margir þeir menn, sem nú hafa verið teknir og kærðir um svikasemi, eru auðmenn og velvirtir borgarar, eða hafa verið það til þessa tíma. Kærurnar móti mönnum þessum eru þær, að þeir hafi þótst eiga eignir, sem þeir áttu ekkert í, og að þeir hafi nefnt falsnáma þenna með nafni, sem einn auðugasti málmnámin í Mexico ber. Að þvir hafi á uppdráttum sínum sýnt þessa náma, að vera á ýmsum stöðum í Mexico ríki, eftir því sem þeim þótti bezt við eiga. Að þeir hafi talið sem meðlimi í félagi sínu menn, sem aldrei hafi haft nein viðskifti við þá. Og ýmsar aðrar þess konar brellur hafa þeir haft í frammi, sem allar lutu að því, að gera þeim hægra fyrir með að svikja fé út úr fáfróðri alþýðu manna. Enn er málið ekki komið formleca fyrir dómstólana, með því að hið opinbera þarf tíma til að kynna sér starfsaðferð þessara pilta og svík þeirra.

— Það er óríður í höll Péturs konungs í Serviu. Það hefir um nokkurn undanfarinn tíma legið nærri, að stríð yrði milli Serviu og Austurríkis, mest fyrir móðgun þá, sem krónprinsinn leggur sig allan fram til að sýna Austurríki. Nýlega komu ráðgjafar Péturs konungs til hans, og sögðu honum, að þeir gætu ekki lengur verið ábyrgðarfullir fyrir gerðum krónprinsins, og að hann yrði algerlega að hætta að skifta sér af ríkismálum, ef vel ætti að fara, — að öðrum kosti mundi afleiðingin verða sú, að Austurríki segði Serviu stríð á hendur, og þá væri Serviu vís ósigur. Pétur konungur lét þá kalla son sinn fyrir sig og ávítaði hann harðlega fyrir ógætni hans. En sonurinn reiddist svo mjög, að hann rauk að föður sínum og ætlaði að berja hann, en ráðgjafarnir gengu á milli, svo konungur komst ómeiddur undan. Síðan gekk prinsinn út í bæ, og hélt þar fiölmennan fund, og eggjaði borgarbúa upp á móti föður sínum. — Prinsinn er vandræðamaður, skapið er óstjórnlega mikið, en vitið og stillingin ekki að sama skapi.

— Dómari einn í Búdapest á Ungverjalandi hefir nýlega orðið að flýja land sitt fyrir ákæru, sem kom fram á móti honum um að hann hefði þegið 12½ þúsund dala mútu til þess að beita áhrifum sínum svo, að stjórnin veiti lyfsalaleyfi manni einum þar í borg. Dómaranum var borgað í seðlum, en hver seðill var merktur, og sökin sannaðist á hann. Dómarinn var áður ríkisritari í stjórnarráðinu, og meðlimur í leyndarráði ríkisins, með eftirlaunarétti sem dómari. Dómarinn sá sinn kost beztan, að flýja landið — til Ameríku.

— Gull hefir fundist í Úganda í Afríku á áður óþektu svæði, bæði í sandi og í klettum. Námar þessir eru taldir auðugir, helzt meðfram árarvegum. Svæði þetta er eign Breta, og ekki all-langt frá málmtekju héruðunum í Congo.

— Verkfall það, sem fyrir 2 mánuðum varð í baðmullar klæðagerðar verkstæðunum á Englandi, hefir nú verið lútt til lykta með því, að verkamenn hafa gengið að kauplækkun, heldur enn að láta verkstæðin hætta starfi algerlega.

— Verzlunarnefndin í Vancouverborg hefir sent umkvörtun til ríkisstjórnarinnar um, að fiskimenn Bandaríkja séu búnir að eyðileggja hjá oss fiskiveiðarnar meðfram ströndum British Columbia fylkisins. Flyðrur þær, sem nú veiðist, segir nefndin að séu að eins 10 til 12 punda þungar, í stað þess, að fyrir nokkrum árum vógu þær 50 til 60 pund og oft meira. Bandaríkjamenn hafa þar árlega 130 skip að veiðum, og fiska um 40 þúsund tons á ári af heilagfiski. En Vancouvermenn veiða ekki yfir 13 þúsund tons á ári. — Nefndin biður stjórnina að bægja Bandaríkjamönnum frá ströndum fylkisins.

— Nýlega eru afstaðnar kosningar í Newfoundland, og fóru svo, að Bond stjórnin fékk réttan helming þingmanna. Hún hefir 18, en 36 eru þeir alls í þinginu. Hún getur því ekki haldið áfram. Seinustu fróttir segja, að Bond stjórnarformaður ætli að láta ganga tafarlaust til endurkosninga.

— Í tveimur kjördæmum í British Columbia, sem Laurier stjórnin frestaði kosningum í, eru kosningar nýafstaðnar, og haka Conservativar unnið bæði kjördæmin með miklum atkvæðafjölda. Sýnir það ljóslega, hvernig fólki þar er innan brjósts til Laurier stjórnarinnar.

— Hér í Canada er Marskálkur de Longhi de Pastori á ferð. Hann er náfrændi Humberts konungs á Ítalíu. Hann ætlar að ferðast um og skoða hér ýmsa byggilega staði og velja nýlendusvæði handa landsmönnum sínum, sem flytja vilja til Canada, og reyna að bæta lífskjör sín. Honum var haldið stór veizla af landsmönnum hans, sem búa í Winnipeg. Hann þykir líklegur til framtaks og dugnaðar.

— Fyrsta druknun ofan um ís á þessu hausti skeði þann 12. þ.m., í tjörn, sem heitir Hudson Bay, skamt norðan við Saskatoon í Saskatchewan fylkinu. Maðurinn hét A. W. Harvey, 25 ára gamall.

— Nýlega eru fundnar járnámur austur í Rainy River héraðinu. — Taldar auðugar.

— Að undanförnu hefir keisarinn í Kína verið veikur, og það hættulega. Í síðustu viku aftók hann að þiggja læknishjálp utanríkismanna. Og í síðustu viku barst frétt um andlát hans.

— Maður nokkur að nafni Alberto Costa í Lissabon fyrirfór sér nýlega. Hann var meðlimur hins svonefnda Black Cross félags. Hann var viðriðinn að ráða af dögum Karl konung í Portúgal og Luis ríkiserfingja í febrúar sl. Haldið er, að hlutur hans hafi komið upp í félagi þessu, að ráða núverandi konung þar af dögum, enn hann hafi heldur kosið sér dauða en að fremja þann glæp.

— Sagt er, að G.T.P. félagið sé í þann veginn að kaupa skipastól Union Steamship félagsins í Vancouver. Það eru 7 eimskip alls. Eitt þeirra fer nú vikulega á milli Prince Rupert og Vancouver. Líka er sagt, að félagið ætli að láta smíða flutningsskip til viðbótar þessum sem það kaupir.

Conservativar sigra.

Aukakosning fór fram á þriðjudaginn var í Gilbert Plains, og var Duncan Cameron, þingmannsefni Conservativa, kosinn, — þrátt fyrir öll óleyfileg meðöl Liberala og gauragang þar. Fólk vill ekki með þá hafa.

Það er ekki sótt, sem ekki sér á.

Það er einhver andlega voladur auminginn í síðasta tölublaði Lögbergs, að böglast við að svara þeim fáu leiðbeiningum, sem ég gaf Lögbergi, og birti í Heimskringlu þann 5. nóv. síðastliðinn, í tilefni af kjörskrám Manitoba fylkis. — Hann læst ekki vita, eða gotur ekki skilið, að allir þeir miklu yfirburðir, sem Conservativar höfðu í Manitoba fylki við síðustu kosningar, stöfuðu að eins af breyttri pólitiskri skoðun kjósendanna, en höfðu alls ekkert að gera við kjörskrárnar. Þetta og því líkt mishermi af hálfu hins volaða, eru glögg einkenni Lögbergs sýkinnar á hærsta stigi, — nefnilega, að láta sér aldrei verða á, að líta nokkurn hlut réttu auga. Hann tekur það skýrt fram í þessum sinum þokka-katekismus í síðasta tölublaði Lögbergs, að ég "víti ekki landi vitund, hvernig landar mínir hafi greitt atkvæði í síðustu kosningum".

ANNAÐ EINKENNI SÝKINNAR!

Í tilefni af þessari staðhæfingu, vil ég láta þess hér með getið, öllum þeim lesendum blaðanna, sem ekki þekkja mig persónulega, til leiðbeiningar, að fyrst, til að byrja með, hefi ég dvalið í þessu landi 26 ár, og verið öll þau ár í Winnipeg. Og síðastliðin 20 ár hefi ég tekið meiri og minni þátt í hverri einustu kosningu, sem hér hefir farið fram á því tímabili. Ég vísa síðan þessu máli til lesenda blaðanna, um hver okkar muni fara nær því að vita, hvernig landar vorir standa í pólitík þessa lands, — ég sem hefi undir 26 ára þekkingu af löndum minum hér vestra, ellegar hinn volaði, hafandi flækst að heiman fyrir 4—5 árum, á algerðum hreppaflutningi, og þurft að gerast flórspaði hjá Lögbergi af einskærri matarást.

Það er sannur óþarfi, að orðlengja þetta mál meira, því það er öllum ljóst, að í hverju einasta kjördæmi í Manitobafylki, sem Íslendingar höfðu nokkurt bolmagn í, þá var þar kjörinn þingmaður Conservativa, með miklum meiri hluta atkvæða.

Hinn volaði er eitthvað að tala um ófreskjur, í sambandi við menn Ég get ekki rétt vel áttað mig á, hvað axarskaptasmiðurinn er að fara þar. Ég get tæplega trúað því, að hann ætli að halda því fram, að Conservativar séu ófriðari menn en hinir. Nei, það er ómögulegt. Þetta hlýtur bara að vera enn þá eitt einkenni Lögbergs sýkinnar. Auminginn er orðinn svona langt leiddur, að hann er farinn að sjá ófreskju-sjónir.

Nú vil ég sýna honum, að ég er sannur Íslendingur, eins og hann ætti að vera, og gefa honum það, sem bezt hefir reynst í svona tilfellum, og er það, að hann þvoi augu sín úr skírnarvatni. Og það ætti hann sannarlega að geta fengið hjá húsbændum sínum um þessar mundir.

S. ANDERSON.

— Bretland og Canada eru nú í ráðabruggi með að leggja enn þá einn sæsíma milli sín, og fær mál þetta góðar undirtektir og stuðning. Annaðhvort eru stjórnirnar að leika sér að þessari simalagningu, eða loftskeyti Marconis eru ekki eins óbrigðul og af er látið.

— Montreal "Daily Witness" segir, að sannað sé, að Mr. A. Davie, sem er ráðsmaður fyrir félagið George T. Davie & Sons, hafi borgað $500 á ári í sl. 11 ár í mút ur til stjórnarþjóna í Marine og Fisheries deildinni. Þetta byrjaði árið eftir að Laurier komst til valda.

C. H. FORRESTER

Vinur verkalýðsins og borgarstjóra-efni fólksins fyrir árið 1909

"Það sem Winnipeg þarfnast nú fremur öllu öðru er ódýrt rafafl og gott siðferði, og það hvorttveggja verðum vér að fá tafarlaust".

— Mörg Bandaríkjablöðin eru hávær um það, síðan Taft var kosinn forseti, að hann sé Únitari eða eingyðistrúarmaður. Blöðin fóru strax að tala um þetta, þegar talað var um, að hann yrði í vali, sem næsti forseti Bandaríkjanna, og fengust þá ekki ákaft þar um. En nú virðast þau ganga aftur síðan úrslit kosninga urðu kunn. Þau segja, að kona Tafts sé katólsk og bróðir hans. Af því má giska á, að Taft sé kannske af katólskum kominn. En þó hann aldrei sé rema Únitari, þá sýnist það minst gera málinu til. Hann klifraði stágann upp í forsetatignina, og hefir áunnið sér álit og heiður þjóðarinnar. Það sýnist smásálarskapur af henni, að fara að gera ofviðri og kerlingarelda út úr trúarbrögðum hans, þar sem nú er sannfærnt að líta svo á, að þjóðin hafi ekki haft betri né traustari manni á að skipa enn honum. Það eru fáir og líklega engir stjórnmálamenn nú á dögum, sem krossfesta þjóð sína fyrir eigin trúarofsa. Enda hefir þess aldrei heyrst getið, að Taft hafi sýnt af sér nokkurn ójöfnuð í gegn um trú sína.

— Nýlega er dáin keisaraekkjan í Kína. Hún varð fjörgömul, en hefir haldið Kínaveldi í heljargreipum sínum um all-langan aldur, þótt hún hafi ekki verið þar stjórnari að nafninu til. Partur af starfsemi hennar í stjórnmálum birtist í Heimskringlu fyrir nokkrum árum síðan.

PURITY FLOUR

AÐ BAKA BEZTA BRAUÐ

er meira en vísindi og meira en list.

En það má gerast fljótlega og áreiðanlega með því að nota

PURITY FLOUR

Það er malað úr bezt völdu Vestur-Canada Hörðu Hveitikorni; er algerlega hreint og svo ilmandi kjarngott.

ALLIR ÍSLENZKIR KAUPMENN SELJA ÞAÐ

WESTERN CANADA FLOUR MILLS CO.,
LIMITED.
WINNIPEG, —— CANADA.

Wall Plaster

Með því að venja sig á að brúka "**Empire**" tegundir af Hardwall og Wood Fibre Plaster er maður hár viss að fá beztu afleiðingar.

Vér búum til:

"Empire" Wood Fibre Plaster
"Empire" Cement Wall "
"Empire" Finish "
"Gold Dust" Finish "
"Gilt Edge" Plaster of Paris
og allar Gypsum vöruuteg-undir. —

Eigum vér að senda yður bækling vorn?

MANITOBA GYPSUM CO. LTD
SKRIFSTOFUR OG MILLUR I
Winnipeg, - Man.

Heimskringla

Published every Thursday by The Heimskringla News & Publishing Co. Ltd

Verð blaðsins í Canada og Bandar $2.00 um árið (fyrir fram borgað). Sent til Íslands $2.00 (fyrir fram borgað af kaupendum blaðsins hérlendis $1.50.)

B. L. BALDWINSON,
Editor & Manager

Office:
729 Sherbrooke Street, Winnipeg
P.O. BOX 3083. Talsími 5512.

Rænti danska bændur

Enska tímaritið "Public Opinion" fyrir september sl. flytur svohljóðandi grein um ALBERTI, ráðgjafann og fjárglæfra manninn danska.

"Hinir búhygnu dönsku bændur hafa orðið fyrir meinlegu áfalli af völdum þess manns, sem hefði átt að reynast þeim vel, og þessi maður var danskur stjórnarráðgjafi, Alberti. Hann var aðal stjórnandi Bændabankans, og einnig útflutnings verzlunar félagsins. Fjárdráttur þessa manns nemur frá 9 til 15 miljónum króna, og hlýtur að hafa illar afleiðingar fyrir hag bændanna. Danmörk hefir enn þá ekki náð sér og það verður langur tími þar til hún nær sér eftir þetta voðalega áfelli. Bankahrunið í Danmörku í febrúar sl. var full-ilt fyrir landið, en ennþá lakari var uppgötvun sú, sem leiddi svikserni Albertis í ljós, — manns, sem talinn var í fremstu röð danskra stjórnmálamanna, og sem í sl. 7 ár hafði verið gæzlustjóri réttvisinnar þar í landi. Og að eins fáum dögum áður en hann gerði glæpajátningu sína, hafði hann hlotið þann mikla heiður, að vera heiðursgestur í samsæti, þar sem viðstaddir voru konungar Danmerkur og Bretlands. Það var því engin furða, þó lögreglustjóri Jacobson fyltist undrunar, þegar þessi mikl maður, hár og herðabreiður og hrosnrakaður, nema hvað hann hafði dökt efrivarar skegg, kom á ráðhús borgarinnar, gekk rakleiðis inn á lögreglu skrifstofuna og mælti þessi orð:

"Ég hefi komið hingað til þess að gefa mig í hendur lögreglunnar fyrir sviksemi, fjárdrátt og skjalafölsun".

Að vísu var undrunin yfir þessu smáræði ekki neitt í samanburði við reiðiofsa fólksins, sem á eftir fór. Því að glæpir þessa manns, þó þeir séu svo stórfenglegir, að áður hefir ekki annað eins komið fyrir í Danaveldi, — þá eru þeir smáræði eitt í samanburði við smán þá, sem hann hefir bakað þjóðinni.

Alberti er sonur auðugs og mikils metins lögfræðings, og það er efsirtektavert, að sá eini bróðir, sem hann á, strauk úr landi fyrir 30 árum fyrir megna sviksemi og fjárdrátt, sem hann var bendlaður við, og hefir síðan aldrei komið til Danmerkur.

Peter Adler Alberti var 40 ára gamall, þegar hann fór að gefa sig við stjórnmálum. Það var veturinn 1891—92. Einmitt á sama tíma, sem hann byrjaði að tefla fjárhættuspil á kaupmanna samkundunni í Lundúnum. Hann hefir því æft svikabrellur sínar um 16 ára tímabil. Sem stjórnmálamaður var hann stefnulaus. En hann var álitinn hygginn verzlunarmaður. En hann gaf sig að landsmálum eingöngu til þess að ná í völd og háar stöður, sem gæfu honum aðgang að auðsuppsprettulindum og gróðafyrirtækjum. En heppinn var hann samt ekki að öllu leyti, því að verzlunar viðskifti hans við umboðsmenn hans í Lundúnum sýna, að á árunum frá 1901 til 1906 tapaði hann á fjárhættustarfi sínu 6 miljónum króna. En á þessu tímabili var hann sífelt að vaxa í áliti heima fyrir, og náði í ýmsar hefðarstöður og varð stjórnandi að stóru blaði. Dómsmála embættinu hélt hann, þar til í júlí sl. að hann sagði því af sér.

Þá sæmdi konungur hann því mesta hefðarmerki, sem nokkrum manni hefir hlotnast þar í landi, og aldrei er veitt nema þeim upp-gjafa stjórnar formönnum, sem hafa reynst sérstaklega duglegir í stöðu sinni. Og ennfremur var hann þá skipaður í stjórnarnefnd Norræna telegraf félagsins.

Saga hans sjálfs um þjófnað sinn er sú, að að svo miklu leyti sem hann muni, þá hafi hann byrjað svikserni sína árið 1894, — svo að hann var orðinn margra ára glæpaseggur, þegar hann var gerður aðdómsmálastjóra ríkisins. — Hann gat ekkert sagt með ákveðinni vissu um upphæð þá, sem hann hefði stolið, en kvað það vera einhversstaðar milli 9 og 15 miljónir króna.

Þegar hann gaf sig á vald lögreglunnar, þá ritaði hann 2 bréf. Annað til Bændabankans, og skipaði að loka dyrum hans samstundis. Hitt til útflutningsfélagsins, og skipaði að hætta starfi, og að senda ekki úr landi undir nafni félagsins það smjör, sem bændur hefðu lagt þar inn, og enn væri í vörslum félagsins. Þetta kom öllum á óvart. Enginn hafði hina minstu hugmynd um fyrirætlanir hans, og sízt allra kona hans eða systir, hin velþekta og vinsæla kvenfrelsishetja Danmerkur. Mælt er, að kona þessi, sem talin er auðug, hafi tafarlaust, er hún frétti um fall bróður síns, gefið allar eignir sínar í hendur skuldunauta hans, svo þeir gætu notað þær til lúkningar skuldunum, svo langt, sem þær hrykkju. Og sýnir þetta meðal annars göfuglyndi Fröken Alberti.

Enginn vafi leikur á því, að Alberti er mikilhæfur maður, og óþreytandi starfsmaður. Og í blaði sínu sýndi hann jafnan hina mestu konunghollustu. Hann var álitinn áhrifamikill í stjórnarráðinu, og það skal játað honum til hróss, að hann kom á ýmsum lögum, sem gengu í mannúðarátina, og sum af þeim voru sérlega alþýðleg og miðuðu til þess, að rétta hluta og létta byrði hinna fátækari stétta ríkisins.

Það er örðugt, að gera sér grein fyrir því, hvert vekji mesta undrun: dyrska hans og óskammfeilni — óraskanleg rósemi og hjákátleg ósvífni, eða það barnslega dáleti, sem þjóðin hafði á honum, og það takmarkalausa traust, sem hún bar til hans, engu síður en starfsbræður hans í ráðaneytinu, og á þeim félagsstofnunum, sem hann var riðinn við. Það er satt, að ýmsir hallmæltu honum, einkanlega á síðustu árum hans, og sérstaklega flokksandstæðingar hans á síðasta þingi, og einnig af mönnum, sem voru viðurkendir sæmdarmenn. Þeir bentu á ýmislegt óneykslanlegt, og kröfðust þess, að kosin væri þingnefnd til þess að rannsaka alt ástand Albertis. En stjórnin öll, og sérstaklega formaður stjórnarinnar, skelti skolleyrum við því.

Það var ekki fyr en eftir mikið stríð, og eftir að ráðgjafi utanríkismála hafði sagt af sér, að stjórn arformaður Christensen neyddist til að segja af sér stjórn og ráða konungi til þess að mynda nýtt ráðaneyti.

Fall Albertis hlýtur að hafa mik ilvægar pólitiskar afleiðingar, sem enn eru óséðar. Hegning hans verður að líkindum frá 4—8 ára fangavist. Ekki virðist hann hafa haft neina hjálpar eða meðsektarmenn í þessu braski sínu.

Blaðið "Irish Homestead" flytur svohljóðandi ritgerð um bændastétt Dana:

"Smábændur í Danmörku eru duglegir og starfsamir menn, og búhygnir. Þeir borga skuldir sínar. Sjálfsvirðing þeirra hvetur þá til þess, að vera sem óháðastir og sjálfstæðastir. Þeir eru ekki einaðir, en búa þó við talsverð lífsþægindi og menningartæki. En þeir, sem búa á 40 ekra stóru landi eða þar yfir, geta notið lífsins gæða í svo ríkulegum mæli, að samkynja bændur á Írlandi þekkja slíkt ekki. Yfirleitt njóta danskir bændur miklu meiri lífsþæginda, heldur enn írskir bændur, af því að þjóðaraudlegðinni er þar miklu jafnar skift meðal íbúanna.

"Það er ánægjuefni, að geta skýrt frá því, að löngun fólksins til þess að færa sig af landstýgðinni og inn í borgir og bæi, sem svo víða viðgengst í löndum, að til vandræða horfir, — á sér ekki stað í Danmörku, svo neinu nemi, og þar er þetta þakkað því, að í Danmörku fær bóndinn að njóta fylsta arðs vinnu sinnar, og einnig því, að mentunar og samvinnutækin hafa gert landlifið aðlaðandi í Danmörku.

Danir eru náttúrugáfuð þjóð og vel mentuð. Þeir voru með fyrstu þjóðum til þess að heimta löggjöf, er skyldaði öll ungmenni til þess að sækja skóla fram að vissu aldurs takmarki, og til að lögleiða nauðsynlega skólagöngu barna, og á þann hátt var vel búið í haginn fyrir Grundtvig byskup í tilraunum hans að menta uppvaxandi sveitalýð Dana heima í héruðum, bæði í trúfræði og siðfræði. Hann gekst fyrir stofnun hinna svonefndu sveita háskóla, og þar var nemendunum kent, að bera traust hver til annars, og að vera ærlegir í öllum viðskiftum. Þetta festi svo djúpar rætur hjá þjóðinni, að bankastofnanir lánuðu mönnum fé án annarar tryggingar, en loforða þeirra um, að borga í gjalddaga. Og þessi tiltrú bankanna gerði dönskum bændum mögulegt, að mynda samvinnu iðnaðarstofnanir. Það var á átjándu öldinni, að landinu var skift upp í smájarðir, og hardæri 1864 herti enn betur á þessari sundurliðun stórlandeignanna. Svo er talið, að í Danmörku séu 6½ milión ekrur, sem skift er upp í 250 þúsund smájarðir, og 90 af hverjum 100 bændum, sem á þeim búa, eiga sjálfir lönd sín".

Þetta eru mennirnir, sem Alberti hefir rúð svo nemur 15 miljónum króna eða máske miklu meira.

Mútu-fargan stjórnarliðsins.

Um undanfarna tíma hafa rannsóknir staðið yfir á ýmsum mönnum, sem vinna fyrir Dominion-stjórnina í Marine and Fisheries deildinni. Umkvartanir og kærur komu fram á móti 28 bóndum í þessari stjórnardeild. Laurierstjórnin hélt rannsóknunum til baka fram yfir síðustu kosningar. Að þeim afstöðnum var tekið til starfa, og hefir sú rannsókn verið löng og hörð. Samt þurfti ekki að grafa djúpt ofan í svikamylnuna til þess að hafa upp á mútuþiggjendum, en að komast fyrir um upphæðir þær, sem hver náði í, stóð lengur yfir. Sá heitir F. H. Drolet, sem týnt hefir flesta bóndana saman, og dregið þá fram í dagsljósið. Þeir eru flestir umsjónarmenn Laurier stjórnarinnar í áðurnefndri stjórnardeild. Þeir hafa látið þá menn, sem boðið hafa í ýms stjórnarverk, gefa sér svo og svo mikla peninga til þess að þeir fengju verkin. Þessar stjórnarþjóna mútur nema frá $15 upp í $1,764, og hafa sumir tekið mútur mörgum sinnum. Hversu stórkostlegar þessar mútur kunna að vera, er enn hvergi nærri fullsannað, en svo er rannsóknin langt komin nú, að svik og fjárdráttur er fundinn í stórum stil, en hvar staðar nemur vita menn ekki enn þá. Mr. Broderur er ráðgjafi þessarar deildar, og hefir hann verið ólatur, að hrúga þangað stjórnarsmölum og handbendislýð Laurier stjórnarinnar. Samt eru þar einnig gamlir stjórnarþjónar frá embættistíð Liberal fyrirrennara núverandi ráðgjafa, sem eru í þessu meðsekir þeim yngri. Það er engum vafa bundið, að fjárgræðir eru mikið fleiri og stærri hjá stjórninni, enn þjóðin veit um enn þá, þó þeir séu nú orðnir æriið ljótir og nóg sýnist komið. En þegar ein stjórn treystir sér ekki til að halda völdum með ráðvendni, heldur að eins með mútukaupum, þá er þjóðin komin í ræningja hendur. Þó þjóðin sjái seint að sér, sé ginningarflón Laurierstjórnarinnar næstu 4—5 ár, þá vaknar hún um síðir. Og ekki þurfa heiðarlegir menn að vera státnir af að fylgja þjóðránastjórn, enda dansar nú sá sanni og rétti Liberal flokkur nauðugur aftan við halann á Laurier stjórninni. Margir beztu Liberalar hafa líka hætt að fylgja henni, eins og bezt sýnir sig í Manitoba og Brítísh Columbia fylkjum. Næsta sambandsþing verður óefað sögulegt, engu síður enn hið síðasta. Það er heldur óhreint niðri í hreiðri Sir Wilfrids Lauriers og tekur langan tíma að hreinsa þar til.

Bending til Lárusar.

Heiðraði kunningi: —

Ég hefi ekki veitt greinum þínum mikla eftirtekt, nú í seinni tíð. Yfirleitt hafa það verið málaleng ar og meiningaleysi, og þar af leiðandi þunnar á merg. Mig rankar við einhvers konar tilboði frá þér, til Vestur-Íslendinga, um uppritun á landnámasögu þeirra. Ég gaf því engan gaum, því ég bjóst við, að þú sæir að þér, og tækir þá framhleypni til baka. En það hefir þú ekki gert enn þá. Í 6. tölublaði Heimskringlu, sem út kom 5. þ. m., sé ég langa og glamurkenda grein frá þér. Í þeirri grein berðu mér á brýn, að ég hafi ritað grein, sem ég hefi ekki einu sinni lesið, auk heldur ritað. Ritstjórinn leiðrétti lýgi þína og gönuskeið þar. En af því þú gast ekki stilt þig um, að láta mig í friði, í samtandi við ritun á landnámasögu Vestur-Íslendinga, þá ætla ég ekki að telja eftir mér að gefa þér leiðbeiningu, sem ég vona að þér og fleirum nægi.

Það er mikið vandaverk, að skrifa landnámasögu Vestur-Íslendinga, og ekki klaufum hent. Og satt að segja datt mér ekki í hug að þú, Lárus minn, byðir löndum þínum að vinna það verk. Sá sagnahöfundur, sem tekur að sér þetta verk, þarf að vera vel skrifandi, kunna brúklega réttritun, kunna í betra lagi íslenzka tungu og framsetningu. Hann þarf að vera all-ættfróður, og þekkja allar sveitir á Íslandi og hér vestra. Og umfram alt verður hann að vera sannorður og óljúgfróður, og halla engum söguréttindum í stíl. Þetta eru að eins fyrstu aðal atriðin, sem söguritarinn má til að hafa. Ég hefi séð rithönd þína, Lárus minn, og verð að segja þér það, að hún er frekar stirð og óþjál. Sama er að segja um réttritun þína. Henni er mikið ábótavant. Framsetning er ekki í aumasta máta, en oft óíslenzk. Ég skil ekki í, að þú sért fróður um íslenzka tungu, vegna þess, að ég man eigi eftir, að hafa séð eftir þig góða og vel orðaða íslenzku. Yfir höfuð er ritmál þitt á hversdagsfötunum, og stundum snjáðum í meira lagi, svo ég nefni það ekki lakara nafni Ættfróður ertu sjálfsagt ekki, þar eð þú vissir ekki svo mikið um árið, hvers dóttir ein eldra landnámskona í þessum bæ er, og þóttist þó vera að skrifa mönnum til leiðbeiningar. Hversu þú ert kunnugur sveitum og sýslum á Íslandi, veit ég ógerla. En það hefi ég séð á ritgerðum þínum, að þú ert sumstaðar ókunnugur, eða að minsta kosti áttaviltur. Svo er nú ótalinn mesti og beztu kosturinn, sem sagnritari þarf að hafa, það er að hann sé SANNORÐUR og ÓLJÚGFRÓÐUR. Þessi kostur forlast þér stund um á ritvellinum. Má vel vera þess utan að þú eigir hann, Lárus minn. Þú hefir haldið áfram svo árum skiftir, að skjalla og smjaðra við sinna menn, en lastað aðra. Manstu ekki eftir því, sem þú hefir hrúgað saman um Sigfús Benediktsson, séra Jón Bjarnason og fleiri, flest þeim til lasts.

Þú segir í þessari óráðvendnisritgerð þinni, sem prentuð er í Heimskringlu 5. þ.m., að þú hafir "STERKA LÖNGUN" til að bendla mig við greinina "Þjóðlegt gripasafn". Auðfundið er það á orðum þínum, að þú veizt, að þú ferð þar með ósannindi, en þú afsakar það með því, að löngun þín sé svo sterk, þ.e. lýgin sé þér rótgróin ástríða. Heldurðu ekki að það yrði svipfögur landnámasaga, sem þú syðir saman, undir svona göfugum og sterkum löngunum?!

Því varstu að blanda umtali manns í Nýja Íslandi inn í ferðasögu þína þaðan? Að eins til að ná í séra Jón gamla Bjarnason. Hvað koma 20—30 ára gamlar deilur við sveitalýsingu? Þetta og annað sýnir berljósa tilhneigingu þína, "sterka löngun" að hnýta ætið og æfinlega að þeim, sem þér er í nöp við. Þér er í nöp við mig fyrir það, að ég hefi aldrei skjallað þig, en stundum fundið hógværlega að við þig, bogar vitleysan hefir keyrt úr hófi. Mér dylst það ekki, að þú ert ekki vel fallinn til að skrifa landnámasögu Vestur-Íslendinga, og skoða nú blátt áfram skyldu mína, að segja þér það opinberlega. Það er ekki víst, að allir séu á sama máli og ég í þessu efni. Menn eru misjafnt vandir að hlutunum. Þeir lita óefað öðruvísi á þetta mál enn ég geri, þessir menn, sem þú ert að smjaðra þar "í syðra". Það er lakast, að "forgylling" þín festist litt á þeim, þar sem enginn fær að heyra nöin þeirra. Ég vona, að þér nægi þessi orð á þessu stigi málsins.

Þú skorar á menn að senda $500 til $1000 til að byrja með landnámasöguna. Þetta getur verið sóma áskorun, þó ég minnist þess ekki, að Ari Þorgilsson, prestur hinn fróði, Snorri Sturluson, né Sturla lögmaður Þórðarson gengu til fjárkröfu við þjóð sína. Getur þú ábyrgst það, ef þú fær fé þetta, að þér endist aldur til, að ynna það verk af hendi, sem þú innkallar borgun fyrir? Getur þú ábyrgst að hver og einn, sem sendir þér dal, lifi þangað til að fyrsta hefti sögunnar er prentað? Ég býst við, að þú getir hvorugt ábyrgst. Vel má vera, að þú eigir fé eða lífsábyrgð, sem endurborgaði áritendum tillög sín, ef þú féllir frá áður verkið væri byrjað eða búið.

Þætti þér það ekki kynlegt, ef að Gvendur glói segði þér að gefa sér part af eignum þínum, vegna þess, að hann ætlaði sér að eiga krakka með Gunnu í búðinni, og þegar hann kæmi, þá ættir þú að fá að ala hann upp? Ég býst við, að þér þætti það kynlegt. En svo er þetta hér um bil það sama, og þú fer fram á við Vestur-Íslendinga. Mér sýnist hugmynd þín vera óframkvæmanleg.

Ef mig hefði langað til að skrifa landnámasögu, og verið fær um, sem ég er ekki að sumu leyti, þá hefði ég ferðast bæ frá bæ, sveit úr sveit, og boðið landnemum og afkomendum hinna dánu, að skrifa um fyrsta landnám. Ég hefði haft það stutt og skilmerkilegt. Þeir, sem vildu að ég gerði þetta, þeim sætti ég vissa upphæð fyrir starfið um leið og ég gerði það. Handritið mundi ég fá prentað austanhafs, og alt í einni bók, mundi sú bók vel seljast, bæði heima og á Íslandi.

Þetta er eini vegurinn fyrir þig, Lárus minn, ef þú endilega fynnur köllun hjá þér og krafta til að leysa þetta tröllvirki af hendi. — Hreinskilnislega sagt, hefi ég ekki trú á því, að þú sért fær um það. Ég þekki engan höfund hér vestra færan um þetta verk, svo viðunandi lag yrði á, og þó eru hér nokkurir færari menn á ritvellinum enn þú, Lárus minn. Ég vona að þú takir þér þessi orð til leiðbeiningar, og eins og þau miða að.

Með beztu óskum, þinn

K. Asg. Benediktsson.

Fimtugs-afmæli Þorsteins Erlingssonar.

Reykvíkingar gerðu það sér og þjóðinni allri til sóma, að minnast bæði góðgjarnlega og vegsamlega fimtugsafmæli hins ástsæla þjóðskálds vors Þorsteins Erlingssonar, er bar upp á sunnudaginn 27. september.

Þeir drógu upp bláhvíta fánann fjallkonunnar, allir þeir er hann eiga til, og nokkrir hinna merkið bræðra vorra sunnan hafs.

Þar næst var fyrir forgöngu Stúdentafélagsins og ungmennafélaga bæjarins fjölment við Austurvöll stundu af nóni og gengið þaðan fylktu liði undir 8—10 frónskum fánum um höfuðstræti bæjarins við lúðraþyt og upp að bústað skáldsins í Þingholtsstræti. Þar skipaði mannfjöldinn sér fyrir framan húsdyrnar og eftir strætinu endilöngu, og gekk einn úr nefnd þeirri, er gengist hafði fyrir minningarfagnaði þessum (B. J. ritstj.) upp á dyrariðið, þar sem skáldið var fyrir og þau hjón bæði og ávarpaði hann með stuttri ræðu, og var undir það tekið af mannþyrpingunni með miklum fagnaði við afmælisgeiganda.

Þá var enn blásið á lúðra, og gekk á meðan hátíðarnefndin inn til skáldsins og færði honum að afmælisgjöf viðhafnar-blekbyttu, — fulla af gulli í bleks stað, 1000 kr., er í höfðu lagt daginn áður nokkrir tugir höfuðstaðarbúa, lærðir og leikir, borgarar og embættismenn, án alls flokksgreinarálíts. Þeir voru í nefndinni: Bened. S. Þórarinsson kaupmaður, Björn Jónsson ritstjóri, Björn Kristjánsson kaupmaður, Eggert Briem, skrifstofustjóri og Klemens Jónsson landritari.

Eftir það gekk skáldið fram og ávarpaði mannfjöldann eftirfylgjandi fögrum þakkarorðum:

"Stóri og fríði flokkur!

"Ástar-þakkir fyrir þá miklu vinsemd og þann heiður, sem þér sýnið mér, ungir og gamlir, að koma með slíku fjölmenni til að færa mér afmælisóskir. Og ástarþakkir fyrir hin innilegu og fögru orð, sem hér voru til mín töluð, þótt þar væri of mikið af mér sagt.

Ég er ekki viðbúinn, að þakka þetta með þeim orðum, sem þið öll eigið skilið. Ég hafði ekkert hugboð um þetta, og hvernig átti ég að hafa það? Mér hefir aldrei dottið í hug fyr né síðar, að ég mundi lifa dag eins og þennan, og ég get að eins þakkað fyrir hann eins og barn þakkar fyrir jólin sín.

"Ég vildi að eins óska þess, að ég hefði átt þessi jól skilið. Því þó mér hafi ekki fundist ég þjást neitt verulega um æfi mína af öfund, þá hefi ég þó öfundað hvern mann af því, þegar hann vann eitthvað það, sem mér fanst hann eiga skilið þökk og heiður fyrir, og næst því hefi ég öfundað hann þegar hann hlaut þennan verðskuldaða heiður, hvort sem hann fékk hann lífs eða liðinn, og því brestur það eitt á gleði mína yfir þessum sóma, sem mér er sýndur nú, að ég hefi ekki verðskuldað hann svo sem ég vildi. Mig hefir að vísu ekki skort vilja til að gera eitthvað og mér finst ég hafi gert dálítið. En þó kraftarnir hafi verið af skornum skamti, þá er sökin þó þar, að mér finst ég hafi getað gert meira en ég hefi gert. Og er leitt að standa hér fimtugur og þurfa að segja þetta. Ég gæti að vísu talið ýmsilegt mér til afbötunar, en þess gerist ekki þörf hér. Ég sé, að þið hafið afsakað mig og fyrirgefið það. Það hefir þessi dagur sýnt mér, og hafi þið þökk fyrir það.

En auk þess veit ég það með sjálfum mér, að ég hefi ekki unnið til svona mikillar vinsemdar, því ég hefi haldið, að minsta kosti fram eftir æfinni, að mennirnir væri ekki eins góðir eins og þeir hafa þó reynst mér. Ég hefi verið tregur til að treysta þeim. En mér er þessi vinsemd ykkar margföld gleði. Því mér finst að sá yl-ur og þeir geislar, sem streyma upp til min hérna frá götunni, velja sig um mig og ylja mig, sé yl-geislar menningar og drengskapar, og ég finn, að það eru geislar, semná lengra en til min. Þeir ná héðan af til alls þess, sem íslenzka þjóðin ann eða virðir. Svo langt sem auguð eygir og hugur sér, það eru fornir geislar endurbornir í morgunroða upprennandi aldar.

Lifi íslenzkur drengskapur forn og nýr! Lifi drengskapur ykkar, Reykvíkingar! Hjartans þökk fyrir fimtugasta afmælisdaginn minn!

Síðan gekk mannfjöldinn aftur í fylktu liði ofan að Austurvelli, með fánum og lúðraþyt, og skildi þar.

—Ísafold.

Kveðja presta

Til Hallgríms biskups Sveinssonar, 5. október 1908.

Hinn riki himna ræsirinn
sitt riki lætur verja.
Hann mikla flotann sendir sinn
á synd og dauða' að berja.
Sá floti' er kristna kirkjan hans,
með karfti guðs hún stríðir.
Og alla heim til lífsins lands
hún leiða vill um síðir.

En skipin þessum flota frá,
er fara' um hafið kalda,
þau stika djúpið stór og smá,
og stefnu reyna' að halda.
En oft á tímans ólgu-sjá
er öldugangur stríður.
Að halda' í réttu horfi þá
er hér sem mjög á ríður.

Á einu skipinu' erum vér,
sem er með hinum smærri.
Ef smátt er skipið auðsætt er
að oft er hættan stærri.
En stundum þannig stendur á,
ef stjórn er á góðu fleyi,
að komast skipið minna má,
er meira skip kemst eigi.

Og margan formann guð oss gaf,
er greiddi' oss leið um ægi.
Þótt einatt væri úfið haf
hélzt alt í réttu lagi.
Einn formaður'nn það varst þú
á þessu fari dýra,
er fara hlýtur frá oss nú
og framar skal ei stýra.

Já, tíminn líður áfram ótt,
og ei á neins manns valdi.
Um stýrimann oft skiftir skjótt,
þótt skipið áfram haldi.
Þig kveður burt og kallar sá,
er konungsvaldið hefur
og ráð á mönnum öllum á,
hann orlof nú þér gefur.

Og loksins komið er þar að
að eigum vér að skilja,
og einsætt er að þola það,
fyrst það er guðs að vilja.
Um leið og þú nú frá oss fer,
þá finst oss heilög skylda,
að skipsins stjórn vér þökkum þér
og þína leiðsögn milda.

Þú "Skyllu" stýrði skerjum frá,
svo skipið ekki steytti,
og "Karybdis" þú komst oss hjá,
hér kærleikurinn beittí.
Oss hvergi bar á harðan klett
né hringiðunnar voða.
Þú stýrðir lipurt, stált og rétt
um stórsjó lífs og boða.

Hér oft var þröng og erfið leið
og örmjó sund að þræða,
þú hélzt þitt strik og stýrðir skeið
og stefndir beint til hæða.
Þú lézt ei heimsins hróp né köll
neitt hagga stefnu þinni;
en stefna þín og stjórn þín öll
var stilt í veröldinni.

Hér eftir stjörnum stýrðir þú
um stórsjó heims og þrautir;
þær stjörnur voru von og trú,
þú vissir þeirra brautir.
Þú lézt og vitann lýsa þér,
er "ljósið heimsins" skæra
oss öllum kveikti' í heimi hér:
guðs heilagt orðið kæra.

Nú áfram heldur enn vort skip,
en ei vér framar sjáum
við stýrið hér þinn hreina svip
né heyrt þín boð vér fáum.
Haf vora þökk á leið til lands
sjá, ljós er fyrir stafni.
Guð leiði þig, og heim til hans
skal halda' í Jesú nafni.

V. B.

WINNIPEG Business College

FÉKK FYRSTU VERÐLAUN Á SAINT LOUIS SÝNINGUNNI.

Cor. Portage Ave and Fort St.

Dag og kveld-kensla. Leitið fullra upplýsinga og biðjið um vorn nýja pappírshníf ókeypis. Vér kennum enska tungu.

G. W. DONALD, ráðsmaður.

MARKET HOTEL

146 PRINCESS ST. á móti markaðnum

P. O'CONNELL, eigandi, WINNIPEG

Beztu tegundir af vínföngum og vindum, aðhlynning góð, húsið endurbætt

JOHN DUFF

PLUMBER, GAS AND STEAM FITTER

Alt verk vel vandað, og verðið rétt

664 Notre Dame Ave. Phone 2815

Winnipeg

Strathcona Hotel

Horni Main og Rupert Str. Nýbygt og ágætt gistihús; Gest um veitt öll þægindi með sanngjarnasta verði. Frí keyrsla til og frá öllum járnbr. stöðvum. Beztu vín og vindlar; og herbergi og máltíðar ágætar.

McLaren Brothers

EIGENDUR

Hotel Pacific

219 Market Street Winnipeg — H M Hicks Eigandi — Manitoba

Telephone 1338

Ný-endurbætt og Ný-tízku hús í alla staði. Viðskifta yðar óskast virðingarfylst.

$1.25 a Dag

$1.50 Á DAG

Bezta $2.50 gistihús í Winnipeg

BRUNSWICK HOTEL

Horni Main St. og Rupert Ave.

Besta borðhald; Hrein og Björt Herbergi; Fínustu Drykkir og Bestu Vindlar. Ókeypis Vagn mætir Ölum Trainlestum. Reynið oss þegar þú ert á ferð.

Þingræðið á Íslandi.

Eftirfarandi tvær greinar — önnur úr "Lögréttu" ("Ráðherraskifti og þingræði"), og hin úr "Sögólfi" ("Þingræðið í Lögréttu") — skýra málið frá báðum hliðum. Eins og sést af þessum greinum, hefir ráðherra Íslands ekki sagt af sér embætti, og fjalla þessar greinar um það mál, bæði með og mót. Þess vegna þótti Heimskringlu tilhlýðilegt að birta þær. Blaðinu er kunnugt, að allir Vestur-Íslendingar hera stjórnarmál Íslands innilega fyrir brjósti, og það er óefað hið langmest rædda mál af öllum málum meðal Vestur-Íslendinga nú um þessar mundir.

Ráðherraskifti og þingræði.

Herra ritstjóri! — Það er svo mikið rætt úr einni átt og víðar um þetta mál nú, að vert er að reyna að gera mönnum það ljóst; því að það sýnist engan veginn ljóst sumum þeim, sem ætla mætti að hefðu ljósa hugmynd um það, og hvað mun þá um suma aðra?

Fyrst er að vita, hvað þingræði er. En þingræði er kölluð sú meginregla, að þjóðhöfðingi (konungur, keisari, forseti í þjóðveldi) hafi það eitt ráðuneyti eða stjórn, er stuðning hefir meiri hluta löggjafarþingsins.

Af því er nafnið þingræði (parlamentarismus) dregið, að þingið (parlimentið) ræður þar mestu um, hver stjórnin er.

Ekki svo að skilja, að þingið ráði því beint, hver maðurinn er, sem ráðuneytið myndar, því að það er einkaréttur konungs, að kjósa sér mann eða menn til ráðuneytis; heldur er það hinn veg að skilja, að konungur sé í vali sínu bundinn við að velja einhvern þann mann, er fylgi getur trygt sér meiri hluta þings *).

Þegar svo fer, þá er það þingræðisleg skylda stjórnarinnar að víkja frá völdum.

Hvenær? Hve fljótt?

Venjulega svo fljótt, sem auðið er, eða því verður skaðlaust viðkomið, eftir að þessi vissa er fengin.

Vér sögðum: "Venjulega svo fljótt sem auðið er". Því að ein undantekning er frá reglunni. Það játa allir, og flestar stjórnarskrár gera ráð fyrir henni **).

Það er sú undantekning, að ef stjórnin álítur ástæðu til að ætla, að meiri hluti kjósenda þjóðarinnar sé sín megin, en ekki þingsins, í því sem greinir á um, þá hefir hún rétt til að rjúfa þing og stofna til nýrra kosninga. — En tvent getur borið til þess, að stjórnin hafi ástæðu til að álíta þetta: annað er, ef svo er langt um liðið, síðan kosningar fóru fram, að líkindi eru til, að skoðanir þjóðar og þings fari ekki lengur saman; hitt er, ef mál það sem ágreiningur verður um, hefir ekki legið fyrir þjóðinni til atkvæða, svo að óvíst er um skoðun hennar á því.

En eins og það er þingræðileg skylda stjórnar, að fara frá völdum svo fljótt sem verða má, er hún hefir mist fylgi eða stuðning meiri hluta þings, eins víst er það þingræðileg skylda hennar, að hlaupa ekki frá völdum á þeim tíma, er illa gegnir, án nokkurs málefnis.

Hvernig fær stjórn vissu fyrir því, að meiri hluti þings sé orðinn henni andstæður?

Það getur orðið með tvennu móti:

1) Stjórnin getur fengið þingið andstætt sér í stórmáli á þingi við atkvæðagreiðslu, eða þannig, að þingið lýsi yfir vantrausti á henni (en slík yfirlýsing kemur jafn an fram sem afleiðing af einhverri stefnu-miskliðmilli þings og stjórnar, eða af einhverjum tilverknaði stjórnarinnar, sem þingið hefir ekki annan beinni veg til að lýsa vanþóknun sinni á).

2) Stjórnin getur hafa lagt fyrir kjósendur einhverja þá stefnuskrá, er hún vill fram fylgja, en kjósendur eru þar á gagnstæðu máli og velja það sem stjórnin er andstæð. Þannig var t.a.m. um tollmálið o. fl. mál við síðustu kosningar á Bretlandi.

Þegar kosningar þá falla svo, að sýnilegt er, að þing og stjórn hljóta að verða á gagnstæðu máli um stórmál eða alla stjórnarstefnu yfirleitt, þá hefir stjórnin með kosningunum einum fengið næga vissu um, að þingið vilji ekki styðja hana í landsmálum. En auðvitað er það hér skilyrðið, að um fasta og ákveðna flokkaskipun sé að ræða.

Þetta, sem að framan er sagt, er alt svo lagað, að um það ætti enginn ágreiningur að geta orðið meðal þeirra manna, sem vita, hvað þingræði er, og unna þingræðisreglunni.

En nú er að heimfæra þessi almennu og viðurkendu sannindi upp á þær ástæður, sem nú eru fyrir hendi h[illegible] landi.

Fyrri ástæðunni er hér ekki til að dreifa, að ráðherrann hafi fengið meiri hlut gegn sér við nokkra atkvæðagreiðslu á þingi.

Hitt er það, sem haldið er fram úr einni átt, að þjóðin hafi sýnt sig honum eða hans frumvarpi svo gagnstæða við kosningarnar í haust, að honum beri því að leggja niður völd.

Hvað lá fyrir þjóðinni, sem kosningarnar áttu að snúast um?

Frumvarp eða uppkast sambandslaga nefndarinnar, sem í voru menn af báðum þingflokkum. En það frumv. var ekki stjórnarfrumvarp — hefir t.d. ekki enn verið lagt fyrir konung til að verða gert að kgl. frumvarpi (stjórnarfrumvarpi). Það er eins að sínu leyti eins og frumvörp skattanefndarinnar; þau eru nefndarfrumvörp, og engin vissa fyrir, hvort þau verði nokkru sinni tekin upp af stjórninni, hver sem hún verður, í þeirri mynd, sem nú hafa þau.

H. Hafstein hefir ekki sem ráðherra gert úr garði stjórnarfrumvarp það, sem hann ætlar að ráða konungi til að leggja fyrir þingið.

En hann er einn nefndarmaður, og hann er þingmaður. Og hverja afstöðu hefir hann sem slíkur tekið til frumvarpsins?

Sem nefndarmaður hefir hann í nefndarálitinu, ásamt hinum nefndarmönnum, sagt um frumvarpið:

"leyfum vér oss að leggja fram sem árangur af starfi nefndarinnar, eftirfarandi Uppkast að lögum . . . ."

Þetta uppkast var það, sem framast var auðið að ná samkomulagi um þá meðal nefndarmanna. Þetta uppkast hefir hann eftir megni reynt að skýra fyrir kjósendum á ýmsum fundum í sumar og leiðréttaranghermi um það og útúrsnúninga.

Nú játa það allir, jafnvel andstæðustu blöð frumvarpinu, að þó að þeim líki ekki frumvarpið, þá sé þó mikið unnið við ýmsar þær viðurkenningar, sem í því eru fólgnar oss í hag og eigi hefðu fram komið, ef eigi hefði náðst samkomulag um neitt frumvarp. Jafnvel ritstjóri Ísaf. lét á fundinum á Barnaskólavellinum í ljós þökk til nefndarinnar, þótt hann vildi ekki fallast á frv. óbreytt, og dró engan efa á, að þeim hefði tekist að þoka Dönum svo langt, sem líklega hefði verið kostur á þá.

Engin krafa kom fram úr neinni átt um það, að ráðherrann hafði unnið sér til óhelgi með því að vinna að því að frumvarpið varð til.

En hefir hann þá sem þingmaður komið í andstæði við þjóðina? Ekki er auðið að sjá það enn. Hann hélt því fram, að ráðlegra væri að taka frumvarpinu óbreyttu en fella það, eða gera þær breytingar á því, sem enginn kostur væri að fá framgengt við hinn málsaðila; því að þótt uppkast þetta væri uppkast að lögum að forminu til, þá var það í raun réttri uppkast að samningi. þar sem frv. yrði því að eins að lögum, að bæði þingin samþyktu það samhljóða.

Á móti öllum breytingum var hann ekki, en vildi halda fram þeim einum, sem auðið reyndist að fá samkomulag um. Þessu til sönnunar má geta þess, að á fundum, bæði norðanlands og sunnanlands, tók hann það fram, móti þeirri tillögu að fresta þingi til næsta sumars, að nauðsynlegt væri að halda alþingi á lögákveðnum tíma, í febrúar, samtímis ríkisþingi Dana, til þess að auðið væri að hera sig saman um væntanlegar breytingar, ef til kæmi.

Hann, og aðrir fylgismenn frumvarpsins líka, tjáðu sig fúsa til að reyna að fá breytingum framgengt með samningi við hinn málsaðila; nota til þess málþráðinn, og sumir vildu, ef á þyrfti að halda, gera mann eða menn út til Hafnar um þingtímann til að leita samkomulags um breytingar. Sumir af þingmannaefnum frumvarpsmanna, og þar á meðal ýmsir, sem kosningu náðu, tjáðu kjósendum þetta á hverjum fundi, sem þeir áttu við kjósendur.

Enginn þessara manna hefir tjáð sig mótfallinn breytingum í sjálfu sér — mismunurinn að eins sá, hve langt menn vilja ganga, og hverjar breytingar eru svo vaxnar, að þeir vilji fella frv., ef ekki fæst samkomulag um þær.

Um þetta hafa skoðanir frumvarpsandstæðinga verið ákaflega skiftar, svo að sumir hafa látið í ljósi, að þeir gætu sætt sig við áðar breytingar, sem jafnvel flestar miða til þess eins, að láta koma fram í skýrari og ákveðnari orðum í frumvarpinu, það sem nefndarálitið beldur fram að í því liggi. Aðrir eru nokkuð heimtufrekari á breytingar, en óvíst er, hve margir óska svo gagngerðra breytinga, að óhugsandi sé að ná samkomulagi um þær.

Hvort hinn samningsaðilinn sé nú nokkru sveigjanlegri til samkomulags eftir kosningarnar, en áður, er óreynt, og sist hve mikið.

Hversu lagað frumvarp stjórnin muni sjá sér fært að leggja fyrir alþingi, er enn óséð. Það liggur ekki fyrir, og getur ekki legið fyrir fyrri en undir þing. Og þá fyrst getur hver þingmaður fyrir sig tekið fasta afstöðu til þess, er það liggur fyrir.

Um frumvarpið, en ekki um persónu ráðherrans, eða stjórnmálastefnu hans hafa kosningarnar snúist. Það tóku margir af þingmanna einum frumvarps-andstæðinga fram í kosningabaráttunni. Einn lét jafnvel í ljósi á prenti, að hann vildi samþykkja breytingar á frumvarpinu, en jafnframt samþykkja traustsyfirlýsing til ráðherrans.

Sé fært að ná samkomulagi við Dani um nokkrar breytingar, þá er það almennt álit, jafnvel margra frumvarps-andstæðinga, að engum manni sé treystandi til að komast þar jafnlangt eins og Hannesi Hafstein. En hvað sem því líður, þá getur enginn sagt fyrir fram um afstöðu þingmanna til frumvarps þess, sem stjórnin leggur fyrir þing, fyrri en það sést, hversu það verður lagað.

Fyrri en á alþingi getur því eigi legið fyrir nein vissa um, að þing og stjórn verði sitt á hvoru máli um frumvarp það, sem þá kemur fram.

Vel líklegt er, að þingi og stjórn semji þá ekki, og þá fyrst liggur fyrir ástæða fyrir ráðherrann til að segja af sér völdum. Hugsanlegt er jafnvel, að þótt þingi og stjórn kæmi saman um frumvarpið, þá yrði aðrar greinar þeirra milli, er valdið gætu vantrausts-yfirlýsingu.

Og enginn hefir neina átyllu til að ætla Hannesi Hafstein það, að hann muni ekki fylgja þingræðisreglunni, er þar að kemur.— Völdin mun hann ekki svo mikið langa til að halda í, eins og Ísafold ætlar. En hitt víta allir, sem þekkja hann, að hann mun ekki vilja að ástæðulausu hlaupa frá hálfunnu verki í miðjum hliðum.

En þingræðisreglunni mun hann aldrei traðka.

Það hefir verið mikið af því látið, að þinginu væri mesta mein að því, ef ráðherraskifti yrðu um þingtímann. Nýá ráðherrann yrði að fara utan, og þá væri þingið illa sett á meðan.

En ef sá nýi ráðherra gæti nú fengið útnefningu sína með sínskeyti og þyrfti alls ekki utan að fara fyrri en eftir þing? — og auðvitað má svo undirbúa, að þetta geta gengið greitt og fljótt, og þá verður litið úr öllum óþægindunum.

En með því móti, og því einu, virðist oss þingræðisreglunni verða fullnægt.

Þórir þögli.

— Lögrétta.

*) Ekki í einhverju smámáli, sem hvorki þing né stjórn metur þess virði, heldur í stórmáli, eða steinu yfirleitt. Höf.

**) Mill: Representative Government, 14. kapít. Höf.

ROBLIN HOTEL

115 Adelaide St. - - Winnipeg.

Borgta $1.50 á dag hér í Vestur Canada. Keyrsla ókeypis milli vagnstöðva og hússins á nóttu og degi. Góð ynning hins besta. Viðsalfti Íslendinga óskast. William Ave. strætiskarið fer hja húsinu.

O. ROY, eigandi.

SPÓNNÝTT HÓTEL

ALGERLEGA NÝTÍZKU

Hotel Majestic

John McDonald, eigandi,

James St. West, Rétt vestan við Main St.

Winnipeg Telefón 4979

$1.50 á dag og þar yfir

Bandaríkja-snið

Alt sem hér er um hönd haft er af beztu tegund. Reynið oss.

MIDLAND HOTEL

285 Market St. Phone 3491

Nýtt hús, nýr húsbúnaður Fullar byrgðir af allskonar vönduðustu drykkjum og vindlum í hressingarstofunni. Gisting einn dollar á dag og þar yfir.

W. G. GOULD :: FRED. D. PETERS, Eigendur

WINNIPEG ::: ::: CANADA

Jimmy's HOTEL

Rétt á bak við Pósthúsið

Íslendingar ættu að reyna þetta gistihús. Í hressingarstofunni er sá eini íslenzki vínveitingamaður í Winnipeg.

James Thorpe, eigandi

Fyrrum eigandi Jimmy's Restaurant

The Dominion Bank

NOTRE DAME Ave. BRANCH Cor. Nena St.

Vér seljum peningaávísanir borganlegar á Íslandi og öðrum lönd.

Allskonar bankastörf af hendi leyst

SPARISJÓDS-DEILDIN

tekur $1.00 innlag og yfir og gefur hæstu gildandi vexti, sem leggjast við innstæðufé 4 sinnum á ári, 30. júní, 30. sept. 31. desembr og 31. march.

lit og jarðvöndulslega hár, — þennan sjálfbyrgingslega svip og léttúðugu hreyfingar, — þessi augu, er blína farmanni virðingarvert fólk með ósvífni og hroka. — Það er erfðahluti frá vola ðri, óuppaldri móður. — Eplið fellur ekki langt frá eikinni, og það, sem í fyrstunni er sleglið í skilding, verður aldrei að dal. Ég hefi tekið eftir því. Í niu leiðindaár hefi ég reynt að leiða eina sál til guðsríkis, en þessi forherta skepna lætur alt ónak mitt til skammar verða".

"Ó, kæra frænka, það er nú bráðum á enda", mælti ríkisstjórafrúin í blíðum róm, um leið og hún helti kaffinu í bolla gestanna, — að eins fáar vikur enn þá, og hinn slæmi friðarspillir yfirgefur heimili þitt fyrir fult og alt. — Ég er líka mjög hrædd um, að hið góða sæði hafi fallið í grýtta jörð. — Engin göfug taug getur verið í þeirri sál, sem er svo vanþakklát, að hún hingað til hefir þráð, að losast úr þeim böndum, er skynsemi og góð siðfræði leggur hana í. Að öðru leyti ættum við, sem erum svo hamingjusöm, að vera komin af góðum ættum, ekki að dæma hana hart. Léttúðin liggur í blóðinu. — Þegar þér eftir svo sem eins árs tíma ferðist aftur á brott, herra Frank", bætti hún við hlæjandi og sneri sér að málafærslumanninum, — "þá getur vel skeð, að þér í öðru landi fáið að dást að núverandi heimilismanni frænku, dansandi á línu eða í einhverju fimleikahúsinu —"

"Ekki litur hún út fyrir það", mælti prófessorinn í rólegum en föstum róm. — Hingað til hafði hann ekki mælt orð frá munni. Þess vegna vöktu orð hans, er báru vott um óánægju enn meiri eftirtekt. Frú Heilwig sneri sér hvatlega að syni sínum og leit reiðulega til hans, og augu hinnar ungu ekkju töpuðu í svip sínum vanalega lit og blíðu, en svo strax á eftir hristi hún góðlátlega höfuðið, og ætlaði

brosandi að koma með athugasemd, en nú kom nokkuð fyrir, er hindraði hana í því. — Litla Anna kom hlaupandi eins hart og hún gat og var hágrátandi. Í hægri hendinni hélt hún á brennandi eldspitum, og kjóll hennar stóð í ljósum loga. Móðir hennar rak upp angistarvein, en um leið leit hún á hinn þunna búning sjálfrar sín, og er hún sá, að barnið stóð í áttina til hennar, bandaði hún báðum höndunum á móti því, og var alt í einu horfin á bak við stóran runna.

Kvenfólkið dreifðist nú út um alt, álika og hræddur fuglahópur. Að eins frú Heilwig stóð á fætur og ætlaði að frelsa barnið, og karlmennirnir hlupu einnig til, en — Felicitas varð fyrri til, hún tók barnið er stóð í ljósum loga, í fang sér og þrýsti fötum sínum utan um hana, — — en það tókst ekki. Eldurinn var orðinn svo magnaður, og nú kvikna ði einnig í hinum þunna kjól Felicitas, og logann lagði utn hana. — Hún var samt ekki lengi að hugsa sig um, hvað gera skyldi. Hún þrýsti barninu fast að sér, og hljóp sem fætur toguðu að læknum og kastaði sér út í hann.

Lífshættan og björgunin urðu á svo skjótri svipan, að áður en karlmennirnir skildu tilgang hinnar ungu stúlku, var hún búin að slökkva eldinn, og er þeir komu að læknum, stóð hún upprótt í honum, með barnið holdvott í fangi sér. Með vinstri hendinni hafði hún gripið í viðargrein, því lækurinn var straumharður. Jafnhliða karlmönnunum kom ríkisstjórafrúin.

"Barnið mitt! Frelsið litlu Önnu!!" hrópaði hún í örvæntingarfullum róm, og gerði sig líklega til að hlaupa út í vatnið.

"Vættu ekki skóna þína, Adela, þú gætir fengið kvef", sagði Jóhannes hæðnislega um leið og hann rétti báðar hendurnar út á móti Felicitas. En

hann dró þær aftur að sér með hægð. Andlit hinnar ungu stúlku hafði í fyrstunni verið alveg rólegt, en nú varð breyting á. — Það myndaðist djúp hrukka á milli augna hennar, og hið fjandsamlega, kalda augnaráð, er hann þekti orðið svo vel, mætti hans. Hún sneri sér undan um leið og hún rétti honum barnið, og stökk svo sjálf upp á bakkann um leið og hún með ofurlitlu þakklætisbrosi greip hönd málafærslumannsins, er hann hafði rótt henni.

Prófessorinn bar litlu Önnu inn í húsið og afklæddi hana með hjálp móður hennar, sem bar sig aumlega. Hann leit nú eftir, hvar barnið hefði brent sig, — en þó undarlegt megi virðast, var það óskaddað, nema hvað brunasár var á vinstri hendinni, eins og barnið grátandi benti á.

Nú kom kvenfólkið aftur til baka, og kveinstafir og hamingjuóskir til móður barnsins blönduðust saman frá öllum þessum rósa munnum, og vesalings barninu voru sýnd öll mögulegt ástúðarmerki.

"En, kæra Karólína", mælti ríkisstjórafrúin í blíðum en ávítandi róm við hina ungu stúlku, er stóð þar skamt frá og beið kvíðafull eftir að fá að vita um líðan barnsins, — "gátuð þér ekki litið eftir barninu úti í garðinum?"

Þessi ofanigjöf var óréttlát.

"Þér voruð rétt áður búnar að banna mér að fara út úr húsinu", svaraði Felicitas kuldalega, og leit hvast framan frúna. Djúpur reiðiroði færðist yfir kinnar hennar.

"Svo? En því þá það?" spurði frú Heilwig forviða.

"Guð minn, kæra frænka!" mælti ekkjan án þess að láta sér bregða hið minsta. "Það ætti þú að geta skilið, ef þú að eins litur á þetta hár. — — Ég vildi hlífa henni og okkur öllum frá þeim leiðinlegu

áhrifum, sem sóðaskapur allajafna hefir í för með sér".

Felicitas greip óttaslegin í hár sér. Hún þóttist viss um, að hafa greitt sér eins vandlega og unt var. En kamburinn, sem aldrei vildi tolla í hinum þykku lokkum, var fallinn burtu, og lá nú að öllum líkindum í læknum. Hið fallega hár liðaðist nú um háls og herðar hennar.

"Er þetta alt þakklætið, sem hún fær, sem borið hefir barn yðar óskaddað gegn um eld og vatn, náðuga frú?" spurði málafærslumaðurinn í hvössum róm. — Hann hafði hingað til stöðugt horft á Felicitas.

"Guð minn góður, hvað þér dæmið mig rangt, herra Frank!" mælti hin unga ekkja gremjulega. "Karlmennirnir skilja víst aldrei til fulls tilfinningar móðurhjartans, sem í fyrstunni reiðist þeim, er hefðu getað komið í veg fyrir þær kvalir, sem hið elskaða barn verður að líða, — þó það svo þakklátlega viðurkenni, að búið sé að bæta úr því með því að frelsa það. — — — Kæra Karólína mín", mælti hún ennfremur og sneri sér að hinni ungu stúlku. "Ég skal aldrei gleyma því, sem þér hafið gert fyrir mig í dag. — Bara ég gæti strax sýnt yður hve þakklát ég er". — Og í sama vetfangi, eins og henni hefði þá alt í einu dottið það í hug, tók hún gull-únliðshringinn af handlegg sér og rétti Felicitas hann. — "Takið við þessu, — það er mér mjög dýrmætt, en fyrir frelsun litlu Önnu vildi ég með gleði láta af hendi það bezta, sem ég á í eigu minni".

Felicitas bægði gremjulega hönd frúarinnar frá sér, þegar hún ætlaði að láta hringinn á úlnlið hennar. "Ég þakka fyrir", mælti hún og reigði sig drembilega. Hinum auðmjúku, sanntrúuðu fundust æfinlega slíkir tilburðir hjá loddarabarninu svo óttalegir. — "Ég vil ekki láta borga mér fyrir þá á-

Þingræðið í Lögréttu.

Enginn maður á Íslandi hefir hatmast jafnákaft fyrir framgangi nefndarfrumvarpsins góða, sem Hannes Hafstein ráðherra. Mönnum líða ekki fyrst um sinn úr minni allar hans löngu og skáldlegu ræður, allar hans yfirreiðir um landið þvert og endilangt í liðlangt sumar og jafnvel herferðir á dönskum vigskipum, eins og hann byrjaði fyrst í vor landsfjórðunganna á milli.

Alt sitt kapp, alla sína mælsku og "glæsimensku" lagði hann fram til þess, að knýja kjósendur til þess að taka við frumvarpinu óbreyttu.

Fintán kjördæmi að minsta kosti heimsótti hann í "eigin persónu" til þess að prédika þennan síðasta fagnaðar boðskap Dana. Keyrði kapp hans svo úr hófi fram, að engin dæmi munu vera í sögu Íslands frá öndverðu, að einn maður hafi slíkum æsingum beitt í yfirreiðum og herhlaupum á einu sumri.

Og svo mikið ofurkappsmál var honum þetta, að hann lýsti því skýlaust yfir í heyrandi hljóði á fundi, að hann ætlaði sér að standa og falla með frumvarpinu óbreyttu.

Kjósendur svöruðu ráðherranum 10. september. Þeir þverneituðu frumvarpinu. Ráðherrann féll á verkum sínum, meiri kollbyltu og átakanlegri heldur en sýnd verða dæmi til áður.

Bein afleiðing slíkra kosningaúrslita hlýtur að vera sú, í hverju þingfrjálsu landi, að stjórnin fari frá völdum, þegar hún hefir gjörglatað svo traustri þjóðarinnar og brugðist fylgi hennar við helzta áhugamál sitt. Að þessu hafa blöð landvarnarmanna og annara sjálfstæðismanna vikið, og þau hafa fært rök að því, að þingræðinu væri bezt borgið með því, að ráðherrann færi frá völdum fyrir þing vegna sérstakra staðhátta og annara ástæðna.

En Hannes vill ekki sleppa ráðherrastarfinu. Hann vill hanga við völdin meðan hugsandi er.

Hann og hans liðar þykjast nú samt ekki vilja brjóta þingræðisregluna og hafa því verið í vandræðum með varnir. En loksins hittu þeir ráðið í "Lögréttu" 7. þ. m. Það var hinn tryggðreyndi sannleiksvinur og þingræðisfrumherji "Þórir þögli", eða öðru nafni Jón Ólafsson, sem fann "þúðrið".

Hann fer að dæmum fyrirrennara sinna, Alexanders mikla og Alberti, og "beggur á hnútinn", svo að hvorutveggja er borgið: þingræðinu og ráðherranum.

Hann játar að vísu, að það sé nægileg ástæða til þess að stjórn fari frá völdum, ef hún hefir "lagt fyrir kjósendur einhverja þá stefnu s'trá, er hún vill framfylgja, en kjósendur eru þar á gagnstæðu máli, og vilja það sem stjórnin er andstæð. — Hér er hann þá fyllilega á sama máli, sem frumvarpsandstæðingar.

En svo kemur bjargráðið:

Ekki er nú annar vandinn en sá, að greina hans ágæti Hannes Þórð Pétursson Hafstein sundur í nokkurar sérstakar persónur, sem enga ábyrgð bera hver á annari! — Svona:

"H. Hafstein hefir ekki sem ráðherra gert úr garði stjórnarfrumvarp það, sem ætlar að ráða konungi til að leggja fyrir þingið".

Af þessu á nú landslýðnum að vera skiljanlegt, að störf nefndarinnar koma Hannesi Hafstein ekki hót við sem ráðherra!!

En nú kynni sauðsvartur almúginn að segja, að ráðherrann hefði tekið frumvarpinu tveim höndum hjá Hannesi Hafstein nefndarmanni og barist fyrir því í alt liðlangt sumar.

Nei, nei, segir "Þórir þögli". Þetta er mesti misskilningur! Hannes Hafstein er þingmaður, og "sem slíkur" hefir hann ferðast um í sumar til þess að "skýra" frumvarpið fyrir kjósendum!!

Hannes Hafstein ráðherra er því úr allri sök!

Hvaða ábyrgð hefir hann á því, sem angurgaparnir Hannes Hafstein nefndarmaður og Hannes Hafstein þingmaður hafa sagt eða gert?

Á nú sjálfur ráðherrann að fara að gjalda þess, sem einn "óbrotinn" nefndarmaður eða þingmaður kunna að hafa gert af sér?!!

Ráðherrann hefir samkvæmt þessum skýringum ekki gert neitt af sér enn. Það er meira að segja alveg óvíst enn þá, hvaða steinu ráðherrann kann að taka í þessu máli! eftir því sem "Þórir" segir, því að:

"Hversu lagað frumvarp stjórnin muni sjá sér fært að leggja fyrir alþingi, er enn ósið. Það liggur ekki fyrir (!) og getur ekki legið fyrir fyrri en undir þing". — — —

Þetta er stórmikil nýjung.

Frumvarpið, sem er árangur af starfi millilanda-nefndarinnar — frumvarpið, sem hefir kostað landið stórfé, — frumvarpið, sem stjórnarliðar hafa barist fyrir í liðlangt sumar, frumvarpið, sem ráðherrann ætlaði að standa og falla með, frumvarpið, sem eitt réði flokkaskifting í landinu og kosningaúrslitunum 10. september, — það á nú ekki að leggjast fyrir alþingi eftir alt saman, eftir því sem ráðherra-Jón segir í stjórnarblaðinu Lögréttu.

Til hvers var þá öll þessi gífurlega rekistefna?

Til hvers samdi nefndin frumvarpið? Til hvers rauf stjórnin þing? Til hvers hamaðist ráðherrann og allir hálfdanirnir? Til hvers var frumvarpið lagt fyrir þjóðina?

Var þetta gabb eitt og gamanleikur?

Nei. Það var alvara með hjá danska liðinu: Það átti að reyna fyrst, hvort Íslendingar fengist ekki til að ganga að svona hraklegu frumvarpi, ef það brygðist, þá var nógur tíminn til að bjóða heim eitthvað skárra.

Hafstein nefndarmaður og Hafstein þingmaður borðust með Dön um til þess að fá framgengt nefndarfrumvarpinu óbreyttu, — nú snýst líklega Hafstein ráðherra á sveifina með Íslendingum og býður miklu betra kjör!

Jón hefir greitt úr vandanum: Nefndarfrumvarpið er úr sögunni, Hafstein kyrr á valdastólnum og þingræðisreglunni fullnægt.

Hvers þykir yður nú vant í tólfkongavit Þóris þögla?

— "Ingólfur".

GAMLAR SAGNIR.

1. Ég álfa í æsku og ellinni leit
— í minni kæru sveit,
— ei fæ ég sannara sagt —.
Eru það munnmæla eldgamlar sögur,
sem um kveð ég bögur.

2. Vildu þeir fá menn, fá menn heim,
— fóru sumir ekki neitt, —
eftir lætin varð lundin breytt,
líka minninu til muna eytt.
— Manna mestur skaðinn.
Og mörgum var illa við þá og þeirra staðinn.

3. Álfarnir stundum eftir sóttu
ýmsum, bæði dag og nóttu,
flúðu því margir úr sinni sveit
sína með fjölskyldu, aðra í sveit.
Og margur það vissi, og — veit,
að álfarnir óvini áttu marga
fyrst álfarnir heilluðu marga.

4. Vertu ei, kindin mín, í kleifunum
að kasta steinum þar, —
því álfafólk í æsku minni og elli var —
— — — allstaðar í kleifunum.
Og ilt kann manni að mæta, —
mundu það, sveinn og heimasæta, —
ef til reiði ýfist það.

5. Í kleifunum fjallháu eiga eflaust
álfar bústað. Og vetur sumar vor og haust
ómur berst frá bústað þeim
um bjartan, hlýjan, kaldan geim. —
Hann þýðir: Komdu, komdu hér,
í kleifunum hlýtt, bjart og frjálst er.
Í kleifunum lifið líkar mér,
— það líka mun og einnig þér.
Í kleifunum spilling engin er,
og á þinn guð máttu trúa.
— — Maður og kona, að þér ég skal hlúa,
ef að viltu með mér búa. — — —

6. Birtist löngum menskum manni
mærin álfa ekkert ljót,
ástar sýndi honum hót.
Hann að ginna hún var stundum fljót
í bergið bláa, —
í hamra háa, —
og hafa vildi hann hjá sér.

7. Ýmist stutta eða langa
áttu sambúð þessi tvö, —
leiddist menska manninum
og mærin sleptá þessum fanga, —
stundum með harmatölum og heitingum,
— sem höfðu áhrif stundum.

8. Álfasveinn lokkaði menska mey,
mikil varð sorg af því stundum, —
gamlar sagnir það segja,
sannleikann veit ég ei. —
Sambúð þeirra varð sundrung bara,
svanninn íslenzki vildi frá honum fara.

9. Álfarnir í augum manna
á sér báru skartið sanna, —
ei var að furða álfarnir gint þó gætu
gölugan svein og unga heimasætu
í bergið, klettinn, háa hamra inn.

10. Frá heimkynnum álfanna hljómar raust
harla raddfögur, styrk og traust,
vetur, sumar, vor og haust, —
og álfarnir manna sum vinna verk,
og vit eiga álfarnir
— meira en mennirnir.
Og mikið er álfafólk heilsuhraust.

A. St. Johnson.

ALDREI SKALTU geyma til morguns sem hægt er að gera í dag. Pantið Heimskringlu í dag.

Municipality of Bifröst.

Abstract Statement of Receipt & Expenditure From March 16th 1908 to July 30th 1908

RECEIPTS:

Taxes Collected to Date	$ 519.13	
Provincial Treasurer	30.00	
Discount at Bank	1500.00	
Total Receipts		$2,049.13

EXPENDITURE:

Expenditure	$ 181.00	
Roads and Bridges	329.18	
Municipality of Gimli, Reapportionment	790.22	
Salaries	265.25	
Railway Delegation	110.00	
Miscellaneous	268.60	
Cash on hand and in Bank	104.88	
Total Expenditure		$2,049.13

Certified Correct,

J. A. MACDOUGALL,
Prov. Man. Auditor.

Með því að biðja sérlega um "T.L. CIGAR," þá ertu viss að fá ágætan vindil.

T.L.

T.L. CIGAR

(UNION MADE)

Western Cigar Factory
Thomas Lee, eigandi Winnipeg

Redwood Lager og Extra Porter

Styrkið taugarnar með því að drekka eitt staup af öðrum hvorum þessum ágæta heimilis bjór, á undan hverri máltíð. — Reynið!!

EDWARD L. DREWRY Manufacturer & Importer Winnipeg, Canada.

Department of Agriculture and Immigration.

MANITOBA

Þetta fylki hefir 41,169,089 ekrur lands, 6,019,200 ekrur eru vötn, sem veita landinu raka til akuryrkjuþarfa. Þess vegna höfum vér jafnan nægan raka til uppskeru tryggingar.

Ennþá eru 25 miliónir ekrur óteknar, sem fá má með heimilisrétti eða kaupum.

Íbúatala árið 1901 var 255,211, nú er hún orðin 400,000 manns, hefir nálega tvöfaldast á 7 árum.

Íbúatala Winnipeg borgar árið 1901 var 42,240, en nú um 115 þúsundir, hefir meir en tvöfaldast á 7 árum.

Flutningstæki eru nú sem næst fullkomin, 3516 mílur járnbrauta eru í fylkinu, sem allar liggja út frá Winnipeg. Þrjár þverlandsbrauta lestir fara daglega frá Winnipeg, og innan fárra mánaða verða þær 5 talsins, þegar Grand Trunk Pacific og Canadian Northern bætast við.

Framför fylkisins er sjáanleg hvar sem litið er. Þér ættuð að taka þar bólfestu. Ekkert annað land getur sýnt sama vöxt á sama tímabili.

TIL FERDAMANNA:

Farið ekki framhjá Winnipeg, án þess að grenslast um stjórnar og járnbrautarlönd til sölu, og útvega yður fullkomnar upplýsingar um heimilisréttarlönd og fjárgróða möguleika.

R. P. ROBLIN,
Stjórnarformaður og Akuryrkjumála Ráðgjafi.

Skrifið eftir upplýsingum til

Joseph Burke, 178 LOGAN AVE., WINNIPEG.
Jas. Hartney, 77 YORK ST., TORONTO.

nægju, sem ég hefi af því, að sýna náunga mínum kærleika. Því síður vil ég taka á móti gjöf. — Þér segið sjálfar, að ég hafi að eins bætt úr yfirsjón minni. — Þér eruð því ekki í neinni skuld við mig náðuga frú".

Frú Heilwig hafði meðan á þessu stóð tekið úlnliðshringinn úr höndum ríkisstjórafrúarinnar.

"Þú ert ekki með öllum mjalla, Adela", sagði hún kuldalega, án þess að látast heyra svar Felicitas. "Hvað á stúlkan að gera með þess háttar? Gefðu henni heldur kjól úr góðu efni, — fyrir það hefir hún meiri þörf, — og þar með er þetta klappað og klárt! Hana nú!"

Strax eftir þetta gekk málafærslumaðurinn burtu til þess að ná í hattinn sinn, og gekk þar eftir að glugga þeim, sem Felicitas stóð við.

"Mér finst, að við öll breytum mjög illa við yður", mælti hann við hana. — "Fyrst eru tilfinningar yðar særðar með því, að bjóða yður ómerkilegt gullstáss, og svo standið þér hér rennandi votar án þess að neinn kenni í brjósti um yður. — Ég skal nú flýta mér inn til bæjarins, og senda hingað föt þau, er þér og barnið þarfnist". Hann kvaddi og gekk svo í burtu.

"Hann er asni!" mælti frú Heilwig reiðulega við kvenfólkið, er horfði með illa duldri óánægju á eftir honum.

Prófessorinn, sem var önnum kafinn að skoða barnið, hafði ekki sagt eitt einasta orð, þegar talað var um, hvernig launa skyldi Felicitas. En hver, sem hefði virt hann vandlega fyrir sér, hefði séð, að andlit hans var eldrautt alt frá því, er ríkisstjórafrúin bauð henni armbandið. — — Hann hafði víst enga hæfileika til að vera kvenlæknir, eða skifta sér af dutlungum þeirra, — hann var svo hræðilega tilfinningarlaus fyrir öllu því, er snerti hið fallegra kyn. Það var þó alveg náttúrlegt, að fólkið yrði skelkað yfir hinu leiðinlega atviki, er hefði vel getað orsakað dauða barnsins, — og allir óskuðu þess vegna að fá sem fyrst vissu um það, að barnið væri í engri hættu. En lækninum svaraði öllum spurningum kvenfólksins kuldalega og í styttingi, og sunnum þeirra með sárandi hæðni.

Loksins, — eftir að búið var að vefja barnið innan í hlýtt ullarsjal, fékk hann kvenfólkinu það og gekk fram að dyrunum. — Felicitas hafði dregið sig í hlé og stóð út í horni. Þar hélt hún, að enginn tæki eftir sér. Hún hallaðist upp að veggnum, og það var auðséð, að hún þoldi varla við fyrir kvölum. Andlit hennar var orðið mjög fölt og sló á það gulleitum lit. Hún horfði fast til jarðar, og kreisti varirnar fast saman. — Hún hafði brent sig töluvert á handleggnum, og hafði óþolandi kvalir í sárinu. — Í því prófessorinn ætlaði að láta hurðina aftur, leit hann inn í herbergið og kom þá auga á hina ungu stúlku. — Hann horfði eitt augnablik fast á hana, og næstu sekúndu stóð hann við hlið hennar.

"Finnið þér mikið til?" spurði hann fljótlega.

"Ó, ég get þolað það", mælti hún skjálfandi og beit tönnunum saman.

"Hafið þér brent yður?"

"Já, á handleggnum". Þrátt fyrir kvalirnar svaraði hún honum kuldalega og snerí sér að glugganum. Hún gat ekki með nokkru móti horft í augu hans, sem hún frá barnæsku hafði hatað. — — Hann þagði nokkra stund, en skylda hans sem læknir sigraði svo.

"Viljið þér ekki að ég hjálpi yður?" spurði hann seinlega, en í blíðlegum róm.

"Ég vil ekki telja yður", mælti hún þungbúin. — — "Ég get hjálpað mér sjálf, þegar ég kemst aftur til bæjarins".

"Eins og yður þóknast", mælti hann kuldalega. "En ég vil minna yður á, að enn eruð þér í þjónustu móður minnar, og þér ættuð þó af þeirri ástæðu ekki að valda yður sjúkdóms með stríni yðar og þráa". — Í því hann mælti þessi síðustu orð, leit hann ekki framan í hana.

"Ég gleymi því ekki", mælti hún rólega, því hún vissi, að hann sagði þetta ekki til að auðmýkja hana, heldur til að fá hana til að þiggja hjálp hans. "Ég þekki samningana nákvæmlega", mælti hún ennfremur, "og þér skuluð til síðustu stundar finna mig þar, sem þér hafið skipað mér að vera".

"Nú, er læknishjálp þín einnig nauðsynleg hér, Jóhannes?" spurði ríkisstjórafrúin, sem kom inn úr dyrunum.

"Nei," mælti hann stuttlega. "En hvað ertu að gera hér, Adela?" sagði hann svo önuglega. — "Ég var þó búinn að segja þér, að Anna ætti strax að koma út undir bert loft, — ég kæ ekki skilið, því þú ert hér inni í hita og svækju".

Hann gekk út og ríkisstjórafrúin flýtti sér að taka barn sitt á handlegg sér. Alt kvenfólkið kom á eftir henni. Frú Heilwig var fyrir löngu sest aftur við kaffiborðið, alveg róleg, og prjónaði í ákafa á meðan tvö mannslíf höfðu verið í hættu. En það hafði ekki megnað að hafa nein áhrif á taugar hennar, er voru sem af járni gerðar, og enn þá harðari var þó sál hennar.

Að lokum kom Hinrik með hin langi þráðu föt. Hann hafði hlaupið eins og hann gat, og svitinn draup af enni hans. 6

Rósa kom líka, og frú Heilwig gaf Felicitas leyfi til að fara heim. — Felicitas vissi, að Cordula átti ágæt smyrsli við brunasárum, og hljóp strax til hennar, en Hinrik stóð á verði.

Á meðan gamla konan óttaslegin flýtti sér að ná í smyrslin og batt vandlega um sárið, sagði Felicitas henni frá öllu, sem við hafði borið. Hún bar óðan á, — kvalirnar og geðshræringin höfðu æst upp skaps muni hennar, en þó hafði hún samt vald yfir sér. En þegar Cordula kom með þá athugasemd, að hún hefði ekki átt að visa læknishjálpinni frá sér, — þá ruddist fram öll sú gremja og reiði, er brann í brjósti hennar.

"Nei, frænka!" hrópaði hún; — "sú hönd skal aldrei snerta mig, þó það væri til að frelsa lífi mitt! Á þeirri stútt mannfélagsins, sem ég stafa frá, hefir hann óbeit, og orðin sem féllu af vörum hans þar að lútandi sarðu hjarta mitt djupt, þegar ég var barn, — og ég gleymi þeim aldrei. — — Skyldu sína sem læknir, lót hann eitt augnablik yfirstiga þá óbeit, sem hann hefir á P a r i a*). Ég vil ekki, að hann leggi nætt á sig mín vegna".

Hún þagnaði. Andlit hennar bar vott um kvalir þær, er sárið olli henni.

"Hann er ekki alveg meðaumkvunarlaus", hélt hún áfram eftir stutta þögn. "Ég veit, að hann neitar sér um margt vegna hinna fátæku sjúklinga sinna. Og ætti þetta sér stað hjá einhverjum öðrum, myndi þessi dygð hræra hjarta mitt, — en honum reiðist ég fyrir það, alveg eins og einhverjum öðrum fyrir lesti hans. Ég er vond, frænka, og ég hugsa ef til vill rangt, — ég finn það sjálf, — en ég get ekki að því gert. Ég reiðist svo sjálfri mér fyrir það, að dást að nokkru hjá manni, sem ég að eilífu fyrirlít og hata."

Og nú, eftir að hafa vakið máls á því, er henni bjó í brjósti, — klagaði hún í fyrsta sinni fyrir Cordulu yfir hinni smánarlegu meðferð, er hún varð að sæta af hálfu ríkisstjóra frúarinnar, og undarlegur rauður, lítill blettur sást á vinstri kinn hennar.

*) "P a r i a þýðir: úrhrak mannfélagsins.

Jón A. Hjaltalín.

JÓN A. HJALTALÍN, skólameistari og R. af Dbr., dó þann 15. október síðastliðinn, eins og Heimskringla gat um í síðasta tölublaði.

Jón A. Hjaltalín var einn sá allra merkasti maður, sem uppi var á Íslandi um síðasta fjórðung aldar. Þar sér landið á bak einum sínum nýtasta og bezta dreng, og einum þeim allra ærasta lærdómsmanni, sem staðið hefir við stýrið á síðustu árum, og er vandséð, hver skarð hans fyllir, þó margir séu menn til frama á Íslandi.

Jón A. Hjaltalín var fæddur á Stað í Súganadafirði þann 21. marz 1840. Hann var sonur séra Andrésar Hjaltasonar, síðast sóknarprests í Flatey á Breiðafirði, og fyrri konu hans, Margrétar Ásgeirsdóttur. Hún mun hafa verið systir Ásgeirs kaupmanns hins eldra á Ísafirði. Hjaltalín útskrifaðist úr lærðaskólanum 1861 með ágætiseinkunn. Hann kvongaðist M. Guðrúnu Jónsdóttir, Þorsteinssonar, landlækns vorið 1863. Næsta ár útskrifaðist hann af prestaskólanum með 1. einkunn. Árið 1866 sigldu þau hjón til Englands og dvöldu í Lundúnaborg um hríð. Þá fóru þau til Danmerkur 1869, og dvöldu þar stutta stund. Fyrst fékst hann við ritstörf og fyrirlestra um Ísland, sem hann flutti í ýmsum bæjum á Englandi. Þá hafði hann lítil og stopul laun að búa við. Hann var þá sem síðar mjög hneigður fyrir íslenzkar bókmentir, og útbreiddi þær af alefli eftir fremstu kringumstæðum.

Snögglega breyttust kringumstæður hans og samistaður. Í desember árið 1871 fékk hann undirbókavarðarstöðu í Edinborg á Skotalandi, og gegndi þeim strafa þar til hann fékk sömu stöðu við University Library í sömu borg haustið 1879. Næsta ár var hann skipaður skólastjóri við hinn nýreista skóla á Möðruvöllum í Hörgárdal, og kom samsumars alfari til Íslands. Hann hafði þá dvalið nær 14 ár erlendis.

Jón A. Hjaltalín mun hafa reynt fátækt og örðugleika oft og tíðum erlendis, enda þjáði heilsuleysi konu hans öðru hverju. En maðurinn var of stór í lund til að kvarta eða láta bugast um skör fram. Hann mun hafa verið allheilsu sterkur, þar til síðustu ár ævinnar, að þol og kraftar þverruðu óðlega.

Hann sagði af sér skólastjórn lítlu áður en hann dó, tæpum mánuði. Hann kendi sér lasleika um nokkurn tíma áður, en mun þó aldrei hafa verið sárþjáður eða rænulaus.

Skólinn og kaupstaðarbúar á Akureyri sýndu honum og útför hans heiður og virðingu, eins og hann átti skilið í fylsta máta.

Kona hans Margrét Guðrún dó í júní árið 1903.

Hjaltalín var vel miðaldra, er hann tók skólameistarastöðuna að sér. Hann leysti verkið vel af hendi, þótt hann fylgdi ekki dansklærðum skólameisturum í ýtrustu æsar. Hann hefir flutt meiri enskukenda mentun heim til Íslands enn nokkur annar. Fyrst voru eldri menn hálf ýfnir við kenslu hans í sumum greinum. En flestir sannmentaðir menn munu nú viðurkenna kenslu aðferð hans. Honum var fundið til foráttu, þá orðabækur hans komu á prent, að þær væru meira skozkar enn enskar. Var það nokkuð á rökum býgt, hvað framburð snerti. En einna málkærðastar eru þær af þeim, sem ég hefi séð af þeirri tegund. Hann var ágætlega að sér í íslenzkri tungu, og vildi að Íslendingar, sem á annað borð gengu á skóla, yrðu laglega sendibréfsfærir í móðurmáli sínu, og svo mikið meira, sem unt væri. Hann var duglegur kennari, og vildi öllum piltum hið bezta, því hann virti og elskaði fósturjörð sína. Vissi og skildi, að eina ráðið var að menta þjóðina. Kenna henni, að bera virðingu og ást fyrir móðurmálinu og landinu.

Hann var konungkjörinn þingmaður um nokkur ár. Í þeirri stöðu reyndist hann þjóðhollari enn dansklundaður. Hann mun hafa verið sá fyrsti þingmaður, sem kom fram með tillögu til kosningalaga þess efnis, að allir hreppar skyldu hafa kjörstaði út af fyrir sig, í staðinn fyrir einn kjörstað í allri sýslunni. Það er nú orðið að lögum á Íslandi.

Hann var framgjarn, lærður vel, greindur og kjarkmaður. Var ófeiminn að mæta mótspyrnu, þá hann hafði rétt og gagnlegt mál að verja eða sækja.

Hjaltalín var rithöfundur á fræðivísu. Hann samdi lestrarbók ensk-íslenzka með góðu orðasafni, og íslenzk-enska orðabók. Bókaskrá afarstóra samdi hann í mörgum bindum fyrir Advocates Library safnið. Þar að auki smápésa og ritgerðir, sem alt ber vitni um lærdóm hans og vandvirkni.

Hann var hastur og stuttur í spuna við þá, sem alt þóttust vita, og hann áleit sjálfbyrginga, en bezti og ráðhollasti maður þeim, sem hann tók trygð við. Hann hafði þann kost til að bera, að sjá menn fljótt ofan í kjölinn. Má vera, að hans mikla og fjölbreytta lífsreynsla hafi hjálpað honum þar. Hann var privatlega kátur og æðið hæðinn við oflátunga.

Jón A. Hjaltalín var fhaldssamur í anda og þjóðmálasteinu, og þótti sér að því sæmd en ekki ljóður. Hann vildi, að allir færu sér gætilega, hæði einstaklingurinn og þjóðin, og sæi fótum fjörráð í fjörugrjóti lífsins.

Hann var sem sagt: Drengur hinn bezti.

Engra barna hygg ég þeim hjónum hafi orðið auðið. En skyldmenna börn og vandalausra fóstruðu þau og komu til manns, sem beztu eigin foreldrar.

Með hlýjasta hug til hins látna.

Kristján Ásgeir Benediktsson.

Ferðasaga í Pipestone og víðar.

Eftr K. Ásg. Benediktsson.

Ég fór af stað frá Winnipeg þ. 15. október síðastliðinn. En það er 326. afmælisdagur hins Gregoríska tímatals. Ég tók C.P.R. farþegalestina kl. um sex það kveld. Þá var kominn allmikill vígaskjálfti á hið pólitiska herlið í Winnipeg. Fjóra undanfarna daga höfðu herlúðrar liberala trumbað og vindbyssa hvellandi drunur heyrst utan frá Trékillisvík. Einnig hafði um undanfarinn tíma verið veiju fremur mikill éljagangur af fúleggjum frá Lögbergi, og fylgdi þeim éljagangi hin rammasta fjóslykt. En borgarlýðurinn er orðinn þeim ódæmum svo vanur, að hann kippu sér ekki upp við þá pestilenziu. Frjálslyndir íhaldsmenn kváðust vera hervæddir og við öllu búnir og hvergi hræddir. Þeir ætluðu með flota sinn næstu daga út í Trékillisvík, og þvergirða hana yzt millum andnesja, og þá til orustu kæmi, að strádella Trékillinga, svo þar stæði engínn uppi lifandi á eftir. Oft eru atvik skjót til úrslita og spámenn falskennendur. Þó var ég hugarrór um sigur vina minna. Báðir höfðu frítt og fullhuga lið. Þar að auk beljandi blámenn og bellivísa berserki, tröll og Tartaralýð. En með því, að frjálslyndir íhaldsmenn stóðu sem einn maður saman, þar að auki þrautsegir og þolinmóðir, og hinir bezt síðuðu hermenn, — þá duldist það mér ekki, að þeir ynnu frægan sigur á Trékillingum. Samt þótti mér þungt við þá að skilja. En þar sem yfirforingjaskipun bauð mér að fara í önnur ókunn löndog riki, þá var ekki til setunnar boðið.

Jón Þorsteinsson fylgdi mér úr garði. Við erum gamlir fóstbræður, og höfum í margri herför verið, sótt og varist, sigrað, og særðir heimkomið. Báðum við hvor annan heilan fara, og heila sjást aftur.

Þar sem ég fór svona síðdegis, þá skall myrkrið á rétt þegar lestin brunaði út úr borginni. Það var því fátt um fagrar myndir að hvíla augað við, utan rafmagnsljós og margbreytileg mannsandlit. Ég þekti engan, og sat hljóður og einliða.

Þegar ég kom vestur fyrir Portage la Prairie, kom maður og settist hjá mér. Hann var mikill á velli, og all-garplegur sýnum. Við höfðum ekki átt tal saman drykklanga stund, þegar það var upp-víst, að við værum báðir úr Winnipeg. Hann hneigði þá strax talið að kosningunum og þingmannaefnunum í Winnipeg, og var hinn heitasti Haggarts-sinni, og kvaðst nýlega hafa snúist. Hann sagðist vera húsasmiður, og okrun á húsavið og leigumálar Laurier stjórnarinnar á skóglendi þjóðarinnar hefði snúið sér móti þeim óaldarlýð.

Lítlu síðar gekk ég aftur í lestina, og sá ég þá hluti nokkura, sem ég hefi ekki áður séð á farþegalestum. En það voru 2 stúlkur, sem sátu við útsaum í lin. Stúlkur hefi ég oft séð á lestum en ég hefi aldrei séð þær sitja með hannyrðir í höndum sér þar inni. Búningur þeirra skýrði frá, að þær voru gall-lenzkar. — Mér datt í hug sagan um íslenzku stúlkurnar sem sögð var í útlöndum á seytjándu öld. En hún er sú, að stúlkurnar á Íslandi væru svo fljótar að sauma, að þær saumuðu í hvítt lín, með allavega litum tvinna, hvert orð, sem presturinn þeirra talaði í kirkjunni. Skyldu þær allar gera það núna fyrir þá blessaða?

Til Brandon kom lestin kl. 10 um kveldið. Þar var ég hjá herra Thomas Hilliard. Gistihús hans heitir King Edward Hotel, og er góður gististaður. Þar dvaldi ég til laugardags. Þá daga var fýluveður. Ég fór mikið um bæinn á fóstudaginn. Það er myndarlegur bær, og hefir undir 12,000 íbúa. Seinni ára byggingar eru myndarlegar og stórar. En stræti þröng. Aðalstrætið (Rosser Ave.) er eins og allra mjóstu stræti í Winnipeg. Ein af nýjustu byggingum þar er J. J. Hill brautarstöðin. Er hún ramgjörv og fríð á að líta. Í bænum voru menn að grafa búðarkjallara. Þar er jörð sendin, og möl með allstóru hnullungsgrjótu innan um.

Þar þekti ég ekkert íslenzkt heimili. Ég leitaði að íslenzkum nöfnum á nafnaskrá bæjarins. Þar fann ég nafn Ara Egilssonar, og heimilisfang. Var hann á sama stræti og ég hélt til á. Vestárlega á því stræti er J. J. Hills brautarstöðin, og búasc lóðareigendur þar við, að hann kaupi ef til vill alt strætið austur úr, þá fram liða stundir.

Ég fann konu Ara, og var hann þá ekki heima. Ég bað hann að finna mig um kveldið, og það gerði hann. Við töluðum lengi saman. Ari Egilsson er úr Vogunum í Gullbringusýslu. Hefir dvalið hér í landi um 20 ár, í Brandon 17 ár. Þar er hann orðinn kunnugur og fellur vel. Hann á dágott hús á góðum stað. Hann á einnig samkomuhús á öðrum stað. Leigir hann það til guðsþjónustu athafna og notar sjálfur. Hann á sex ekrur af landi niður í dalnum, sáir hann í þær jarðeplum, og fær góða uppskeru. Það má telja hann vel efnaðan mann. Ari er ræðinn og skemtilegur í viðræðu. Hann hélt, að um 120 íslenzkar sálir mundu eiga heimili í Brandon. Margt af ungu fólki vinnur í vistum og stöðum hjá hérlendu fólki. Hann kvað Íslendinga þar mundu komast vel áfram.

Frá Brandon fór ég með 'South' brautinni vestur til Souris. Það er nokkuð stór bær, telur um 8,000 íbúa. Þaðan tók ég Arcola-brautina alla leið til Sinclair. Alt land á þessari leið má heita óslitandi akrar. Þar stóð þresking yfir. Á þarri leið bar ekkert til tíðinda, nema gamall maður kom inn í lestina og settist hjá mér. Hann var austan úr Ontario fylki. Hann var þreskjari, og var að sækja kaup sitt vestur til Pipestone bæjar. Kvaðst þurfa að taka lestina austur sömu nótt, til þess að komast heim til sín fyrir kosningadag. Hann hafði keypt farbréf fram og aftur, og þess vegna hefðu þeir Austanverjar ekki þurft að senda sér farbréf, en hálfsmánaðar kaup gæfu þeir sér fyrir atkvæðið. Hann hélt að Ontariofylki mundi standa vel með Laurier stjórninni í þetta skifti, og reyndist það líka.

Ein íslenzk hjón búa í Sinclair. Það er Sigurður Finnbogason og þóra Sigurðardóttir. Þekti ég þau heima og hér. Ég kom fyrst til þeirra, og tóku þau mér hið bezta þar fann ég Albert Guðmundsson og konu hans. Hann bauð mér að keyra mig norður í bygðina, þangað sem ég vildi fara, og þá ég það. Við fórum af stað í kolniðamyrkri, og gisti ég að Albert þá nótt. Hann er góður heim að sækja. Hann seldi land sitt í fyra, nema 20 ekrur, sem hann nú býr á. Hann á hús gott. Síðan hann seldi land sitt, stundar hann járnsmíði og kveðst hafa nóg að gera. Hann á all-margt gripa og sauðfé og ærinn fjölda ýmsra alifugla. Þar fyrst hefi ég séð lifandi kalkúnur. Næsta morgun fylgdi hann mér vestur til Kristjáns Jónssonar Bárdals. Þau hjón hafði ég áður þekt í Winnipeg, ásamt börnum þeirra. Nafni minn tók mér ágætlega vel. Þar settist ég að þann dag, nema skrapp suður til Jóhannesar sonar Kristjáns Jóhannes og konu hans þekti ég hér í Winnipeg. Þar fékk ég góðar viðtökur. Kr. J. Bardal bygði sér hús fyrir tveimur árum, sem er dágott. Hann hefir nokkuð marga gripi og hveiti dágott. Yngsti sonur hans, Arngrímur Kristján, er heima hjá honum, og má segja að þar sé lament og góðment.

Við töluðum margt. K. J. Bardal er ræðinn, fróður í ýmsu, og mjög gefinn fyrir alt, sem íslenzkt er. Hann á rímur, er kvæðamaður og yrkir oft tækifærisvísur. Það gera líka kona hans Þórey Sigurðardóttir og Kristján sonur þeirra. Kr. J. Bardal er fæddur og uppalinn á Öxará í Bárðardal, kominn frá Bergþóri gamla, er þar bjó, og Einari sterka, sem bjó í Skoruvík á Langanesi, og þáttur er til af. Þórey Sigurðardóttir er komin frá Árna rímnaskáldi á Skútum í Eyjafjarðarsýslu. — Kr. J. Bardal er einn af fyrstu landnemum bygðarinnar. Fyrsta pósthús, sem bygð in hlaut, er nefnt eftir honum. Einnig skólahúsið og brautarstöðin á C.P.R. skamt austan við hann.

Næsta dag var ég veðurteptur hjá honum, en þriðja dag fylgdi hann mér fyrst til Sigurgeirs sonar sins, sem býr skamt vestur frá honum, og þaðan norður til Jóhanns Jóhannssonar og Karólínu Jónasdóttur, frænku minnar. Þau tóku okkur afbragðsvel. Þar hafði þreskihöfn setið lengi. Var byrjað að þreskja, þegar illviðrin skullu á og kystu hún þaðan af stað sama kveldið og við nafnar komum þangað. Þau hjón voru þar í ógnar önnum. En alt fyrir það, tóku þau okkur innilega, og stóð þar ei á bezta beina og fjörugum viðræðum. Jóhann Jóhannsson er Skagfirzkur að ætt, en dvaldi lengi í Eyjafirði, þar til hann giftist Karólínu. Flutti þá vestur í Fljót og bjó þar um hríð. Síðan til Eyjafjarðar aftur og þaðan til Ameríku. Hér hefir hann dvalið yfir 20 ár, fyrst í Argyle bygð. Þaðan flutti hann fyrir 17 árum vestur þar sem hann býr nú. Hann er annar elzti landnemi. (Mig minnir Albert Guðmundsson sé hinn). Hann á 2 lönd og þau frekar góð. Hann býr nú í gömlu húsi (hallþöktu), sem hann lét setja kjallara undir í sumar. Er það venjulegur grjótkjallari að utan, en steinlímssteypa að innan, og er loftbíl á milli. Þánnig bygða kjallara hefi ég ekki séð fyrri, en þeir hljóta að reynast hlýir á vetrum, en kaldir á sumrum. Hvergi sá ég eins sælega hesta eins og hjá Jóhanni, enda á hann margt af þeim og hirðir vel. Kindur nautgripi og alifugla hefir hann að mun.

Karólína kona Jóhanns, er úr Suður-Þingeyjarsýslu, ólst upp og dvaldi á Húsavíkur bakka alllengi. Faðir hennar var Jónas snikkari. Lærði hann þá iðn í Kaupmannahöfn. Móðir Karólínar hét Sigríður, og hétu foreldrar hennar Jónas og Ingibjörg, og bjuggu í Reykjadal. Jóhann heitinn Gottfred, sem fyrstur nam land kent við Melita, var bróðir Karólínu. Hans getur séra F. J. Bergmann í landnámaþætti Íslendinga í Winnipeg. — Frá Húsavík fór Karólína að Akureyri og nam þar yfirsetukvennafræði hjá þorgrimi Johnsen. Fyrsta yfirsetu umdæmi, sem hún fékk, var í Fljótum í Skagafirði. Þess vegna reistu þau þar fyrst bú á Íslandi. Hún heldur ljósmóðurstarfi sínu áfram enn þá, og situr yfir enskum konum jafnt sem íslenzkum. Hún hefir verið kjarkkona og dugnaðarkvendi, og lánast störf sín vel.

(Framhald).

Fyrirlestur um Socialism.

Miðvikudagskveldið 11. þm. hélt hr. B. B. Olson, frá Gimli, fyrirlestur fyrir Menningarfélagið í Únítara kirkjunni hér í bænum. Umræðuefnið var: "Socialism reviewed". Hól hr. Olson ræðu sina með því, að lýsa fyrir tilheyrendunum barátttu mannkynsins upp eftir þroskaárum þess, fyrst fyrir sínu eigin lífi og því næst við stjórnir og völd, keisaraleg og kon ungleg, og enn í dag stendur mannkynið í stöðugri barátttu við völd og drotnara.

Eftir því, sem mannkynið þróast áfram og uppávið, andlega og verklega, eftir því koma nýir og áður óþektir örðugleikar til að glíma við, og útheimta því nýjar hreyfingar og nýjar aðferðir í baráttunni. Uppfyndingum og framför síðustu aldar fylgdi sá ókostur, að vélar, og iðnaðar útvegur allur, lenti í höndum einstaka auðkýfinga sem lögðu verkalýðinn undir sig með auðæfum og völdum.

Samkepnin og gróðafýkn þessara iðnaðarokrara varð svo mikil, að verkalýðurinn þvingaðist undir stjórn þeirra. Þess vegna varð alþýðan að segja verkveitendum stríð á hendur, og reyna að brjótast undan völdum þeirra.

Þegar svo auðugir stjórnmálamenn fóru að athuga málið, sáu þeir að þeir urðu að veita fólkinu það, sem það bað um, — veita því frelsi. Tillaga þeirra varð því, að gera alla menn frjálsa, með því að láta þá kjósa sér lífsstöðu og atvinnu sjálfa. En þegar fólkið átti að fara að sjá með sig sjálft, komu nýir örðugleikar við að stríða. Örbyrgðin gat ekki gengið í bardaga við auðinn, en iðnaður mátti til með að halda áfram, því jörðin gat ekki gefið af sér nægilegan gróður til að fylla forðabúr mannkynsins. Þetta var það, sem fólkið þurfti að fá bót á með nýju stjórnarfyrirkomulagi.

Þetta meðal við böli verkafólksins kváðust Socialistar ætið hafa á reiðum höndum. Eina ráðið við þessum þjáningum alþýðunnar væri það, að allur iðnaður og verk legar framfarir yrðu eign þjóðarinnar sjálfrar, að allur hagnaður af iðnaði og framförum yrði hagnaður þjóðarinnar. Þá yrði jöfnuður og bræðralag meðal allrar þjóðarinnar og allra þjóða, og þegar slíkt fyrirkomulag fengist, þá væri himnaríki stofnsett meðal vor á jörðunni.

Samfara þessum flokki reis upp annar flokkur við stjórnarbyltinguna frönsku, sem kallar sig Communista, eða Sameignarmenn. Socialistar eru meira þjóðeignamenn. Tillögur þess flokks eru, að hver þjóð breyti sínu stjórnarfyrirkomulagi og lagi það eftir högum þess jarðarparts, sem hún býr á.

Þriðji flokkurinn, eða Anarchistar, reis upp á Ítaliu og heimtaði algert stjórnleysi. Vilja þeir rífa niður öll völd, og segja eðli manns ins svo gott, að hann þurfi enga stjórn, því þeir kunna vel boðorð Krists: "Það sem þér viljið að mennirnir geri yður, það eigið þér einnig þeim að gera". Umbóta aðferð þeirra er aðallega í því fólgin, að ráðast á konunga og keisara, og aðra drotna og velta þeim af stóli.

Skyldir Anarchistum eru rússnesku Nihilistarnir, sem vinna að því, að brjóta af sér ok yfirvalda og illrar stjórnar.

Þessir fjórir flokkar vinna allir að breytingu stjórnar og finna að stjórnarbót er hið eina nauðsynlega.

Þeir flokkar, sem halda því fram, að mannkærleiki fólksins sé svo mikill, að það sem þeir geri mönnunum verði endurgoldið, breyta í stórri mótsögn við kenningu sína, svo kenning þeirra verður að einni stórri meinloku í stað nýtrar kenningar.

Socialistar aftur á móti álíta ekki nauðsynlegt að sækja með oddi og egg að ofurvaldi stjórnarinnar. Þeir ætla smátt og smátt, að láta afurðir jarðarinnar og iðnaðarins lenda í höndum alþýðunnar, og láta fólkið kjósa menn á löggjafarþing sjálft, þá menn, sem líti sömu augum á hag þjóðarinnar og þeir.

Það, sem hægt er að hafa á móti Socialism, er margt. Aðalgallinn á honum er sá, að hann er alls engin ný kenning, heldur hefir hann þróast gegnum allar aldir ofan frá Forn-Grikkjum, þó hann hafi orðið til sem sérstök hreyfing á síðustu öld. Auk þess er hann draumórar, óframkvæmanleg bylting, sem hefir jafnmikla erfiðleika við að stríða eins og það að vera góður og erfa himnaríki.

Allir þessir draumórar eru því óframkvæmanlegar hugmyndir, því náttúrulögmálið er, að hver maður verði að vinna fyrir sér sjálfur, svo sameiginleg eign þjóðarinnar á afurðum jarðarinnar og iðnaði landanna geti því ekki átt sér stað. Enda eru slíkar kenningar ekki hyggilegar, því þær devfa hjá oss meðvitundina fyrir lífsstríði veru, og eyðileggja hjá einstaklingunum tilhneigingarnar um, að leggja fram sitt ýtrasta til þess að framkvæma happadrjúgt verk.

ATHS. — Þess skal getið, að útdráttur þessi er skráfaður upp og sendur blaðinu samkvæmt samþykt stjórnarnefndar félagsins, er fól ritara félagsins á hendur að senda blaðinu Heimskringlu útdrætti úr erindum þeim, sem þar yrðu flutt í komandi tíð.

Nokkrar umræður urðu á eftir fyrirlestri þessum, bæði með og móti stefnu Socialista.

Næsti fundur félagsins verður haldinn miðvikudaginn 25. þ.m., og er búist við, að herra Páll M. Clemens flytji fyrirlestur á þeim fundi.

E.Á.

Utan úr landi.

Heimskringlunnar heiðruð börn,
Holl í geira-rótu,
Heldur þykja hefndargjörn,
Ef henni er gert á móti.

Heimskringla þó hafi lágt,
Hagsýn eins og dvergur.
Undan henni æjar hátt
Auminginn hann "Bergur".

Honum er það heldur tamt,
Hugar sjaldan gladdur.
Ei þó gráti, er hann samt
Oft í nauðum staddur.

Kjörum lífs ég kvíði ei
Hvað sem ter til handa,
Meðan á kjölnum fúið fley
flýtur milli landa.

Ś. G.

Vísur.

(Kveðið við spil).

Sunnan var úr Sjálandsvík
Sinnis rara þöllin.
Á súðafari sigldi rík, —
Svalan marar völlinn.

Menn þá þráðu meyjar fund,
Sem munað hrjáðan bera,
En mannvönd tjáðist menjagrund
Á móðurláði vera.

Guði kendur góður Jón,
Gekk um strendur víða,
Augum rendi ást og sjón
Yfir á kvendið fríða.

Lýsti hagur lukku að,
Lánuðu dagar yndis.
Hann óragur brúðar bað, —
Blossuðu hagar lyndis.

Brosti fegin baugahlið,
Blíða meyjar fylgdi.
Engan veginn afsvör stríð
Að honum sveigja vildi.

Um það spila auðargná
Á því bíli vildi,
Aldurtila og örlög sjá,
Auðnuskil og mildi.

Bæði fundu blíðuhapp
Beint frá mundum hærri,
En lukkan undan leiknum slapp,
Lán er stundum fjarri.

Rita ég glóðar Rínarver: —
Réni ei þjóðafriður!
Frændi góður, fyrir þér
Fellur óður niður.

KR ÁSG. BENEDIKTSSON.

— Stjórnin á þýzkalandi hefir lagt fyrir þingið frumvarp til laga um vínsölu. Undir þeim lögum ætlar stjórnin eða ríkið að taka að sér alla heildsölu vínteguncla, og að haga verðinu svo, að verzlun sú gefi ríkissjóðnum, að fráteknum öllum kostnaði við kaup og sölu, 220 miljónir marka á ári. Öltollur verður og hækkaður talsvert, og allar vínteguncdir verða talsvert hækkaðar í verði. Tollur á ónunu tóbaki, bæði aðfluttu og heimaræktuðu, verður ekki hækkaður, en á tóbaki, sem unnið er heima fyrir, verður hár tollur. Sömuleiðis verða vindlar hækkaðir mjög í verði. 5 prósent aukagjald á rafafli og gasi verður sett á nú þegar, og eins á öll tæki, er heyra til lýsingar. Sömuleiðis ætlar stjórnin að heimta frá 2 til 10 prósent af kostverði allra auglýsinga, og dánarbússkatturinn verður aukinn að miklum mun frá því sem verið hefir. Stjórnin vonar, að auðga ríkissjóðinn um 475 miljónir marka á ári með þessum breytingum, og vonar, að þá komist fjárhagsástand landsins í viðunanlegt horf.

— Rússneskur berforingi, sem var á ferð um slóðirnar í Suður-Afríku, átti fótum sínum fjör að launa fyrir nokkrum dögum. — Hann ferðaðist í sjálfhreyfivagni. Á leiðinni frá Victoriu til Waukies viltist hann og komst í ógöngur. Að síðustu lenti hann á stað, þar sem hann var umkringdur á alla vegu af slöttuðldum. Hjólin undir vagni hans brunnu. Það kviknaði í fötum hans og hár hans sviðnaði. En lífs komst hann úr þeirri hattu, en vagninn var lítt notanlegur, svo hann varð að taka til fótanna. Hann var á þessu ferðalagi fótgangandi í 7 sólarhringa, án þess að sjá nokkurn mann, og hann var sem næst dauða af hungri og þorsta, þegar hann fanst.

— Forsætis ráðherra Englands hélt nýlega ræðu í stórveizlu í Guild Hall í Lundúnum. Hann talaði um ástandið í Norðurálfunni. En svo talaði hann heitt og innilega um vini sína á Tyrklandi, að flestum þótti nóg um þau vináttumerki.

A. A. McARTHUR.

Sækir um Controller-stöðuna fyrir komandi ár 1909

Fréttir úr bænum.

Á mánudaginn var, var maður fangaður austur í Toronto borg, sem talinn er sami maður, sem beyrði yfir Miss Katrínu Pálsson nál., svo hún beið hana af. Fyrir framúrskarandi dugnað lögreglunnar í fylkinu og bænum, og röggsamlega framkomu fylkisstjórnarinnar í Manitoba, sem lagði $300 til höfuðs þessa ópokka, — hefir hans verið leitað eins og saumnálar um alt Canada og víðar. Þessi maður kveðst vera úr Winnipeg og hafa selt þar kjöt, en hafði hvorki kjöthúð né hesthús.

ADVÖRUN

til allra er nýbirt hér í blöðunum, að fólk skuli ekki nota steinolíu til uppkveikju undir nokkrum kringumstæðum, þar sem nú er sannað, að hún sé stórsvikin, og hefir orðið mörgu fólki að lífs og lima missir. — Íslendingar eru beðnir, að veita þessu gaum í tíma.

Í orði er að Skúli Hansson sæki um bæjarráðsstöðu í 3. kjördeild. Hann hefir fengið áskoranir um það, en hvort hann fæst til þess er enn þá óvíst.

Mr. og Mrs. Skapti B. Brynjólfsson fóru suður til North Dakota á mánudaginn var til að kveðja vandamenn og kunningja sína þar áður en þau leggja upp í Íslandsferð í næsta mánuði. Þau hjuggust við að dvelja syðra vikutíma.

Bæjarráðsmaður Árni Eggertsson hefir fengið áskorun um, að sækja áfram um þá stöðu í 4. kjördeild. Hann býst við að verða við þeim tilmælum kjósenda þar. Hann kveðst líka gjarnan vilja vera í bæjarráðinu þar til brúin yfir Rauða er fullger, sem hann fékk Laurier stjórnina til að taka þátt í. Ennfremur vill hann sjá afstöðvarmálið fá fullan framgang. Árni hefir reynst prýðisvel í bæjarráðinu, og væri bænum skaði að missa hann þaðan. Enginn hefir boðið sig fram á móti honum enn sem komið er.

Dómsmálaráðgjafi Roblin stjórnarinnar staðhæfir í hraðskeyti til sambandsstjórnarinnar nýkeð, að 15 manna hafi látið lífið á síðustu 20 dögum af völdum steinolíu. — Fólk þarf að gæta sín að bera ekki steinolíu nálægt eldi.

Séra Rögnvaldur Pétursson fór vestur í Álptavatns nýlendu í vikunni, og bjóst ekki við að koma heim aftur fyrr en eftir helgina. — Samferða honum varð Stephan G. Stephansson, skáld, í fyrirlestrar erindum í þeirri nýlendu, eins og getið var um í síðasta blaði, og auglýst er á öðrum stað í þessu bl.

Í vikunni sem leið brann hér í bæ geymsluhús olíufélags nokkurs, sem hvítir Prairie Oil Co., og varð engin björgun. Skaðinn metinn metinn $45,000, en vátrygt fyrir $16,000.

Atvinna fæst.

Halgi Einarsson, Narrows, þarf enn þá nokkra fiskimenn um næstu vertíð. Kaup $15—$20 um mánuðinn. Menn snúi sér strax til hans sjálfs.

Þann 7. þ.m. skaut Jóhann Victor Austmann á heræfingaskólanum 10 skotum á 30 sekúndum. Hann hæði hlóð og skaut á þeim tíma, og hæfði markið í hvert einasta skifti. Þetta er meiri skothraði enn hér er vanalega þektur. J. V. Austmann var langt af öllum, sem þar voru viðstaddir. Það hefir verið getið um þennan pilt áður hér í blaðinu. Hann er sá fimasti skotmaður á meðal Íslendinga hér í bæ, og efnilegur maður og vel að sér í öllu, 16 ára gamall.

CONTROLLER 1909

Vegna þess sérstaklega, að að margir kjósendur, eftir þriggja ára reynslu af mér sem bæjarfulltrúa, hafa skor að á mig, hefi ég afráðið að sækja um

CONTROLLER

stöðuna fyrir árið 1909. — Verði ég kosinn, sem algerlega er komið undir atkvæðum yðar og áhrifum, skal ég leggja fram alla mína krafta í þarfir yðar og bæjarins.

Virðingarfylst,

A. A. McArthur

Bæjarfulltrúi fyrir 5. kjördeild 1906—7—8

BUSINESS ADDRESS 724 LOGAN AVENUE. TELEPHONES 46 6508
Central Committee Room 449 Main St.

Kosninga fréttir.

Á mánudagskveldið var hélt Íslenzki Conservative Klúbburinn hinn árlega kosningafund sinn. —

Þessir voru kosnir embættismenn fyrir komandi ár:

Heiðursforseti: Mr. R. L. Borden.

Heiðursmeðlimir (Patrons): — Hon. R. P. Roblin, Hon. Robert Rogers.

Forseti: B. L. Baldwinson, kosinn í einu hljóði.

Varaforseti: Sigfús Anderson, kosinn í einu hljóði.

Gjaldkeri: Sveinn Pálmason.

Ritari: Eiríkur Sumarliðason.

Í framkvæmdarnefnd voru þessir kosnir:

Skúli Hansson,
Jóh. Strang,
Jón Thorsteinsson,
J. B. Skaptason,
Jón Guðmundsson,
Jóh. Gottskálosson.

Endurskoðunarmenn:
Stefán Pétursson,
K. Ásg. Benediktsson.

Næsti fundur ákveðinn næsta mánudagskveld (23. þ.m.) á venjulegum stað og tíma. Meðlimir eru beðnir að fjölmenna.

Silfurbrúðkaup.

Að kveldi 16. nóv. heimsóttu nokkrir vinir þau hjónin Mr. og Mrs. Stefán Johnson, 694 Maryland St., án nokkurs fyrirvara. Þegar þangað kom, var slegið upp veizlu mikilli, er stóð langt fram á nótt. Einnig var skemt með ræðum, söng, hljóðfæraslætti og fleiru.

Þessir vinir hinna ofannefndu heiðurshjóna höfðu á einhvern hátt fengið vitneskju um það, að þennan dag voru Mr. og Mrs. Johnson búin að vera í hjónabandi í 25 ár, — og til minningar um það höfðu þessir vinir heimsótt þau.

Séra Jón Bjarnason og fleiri töluðu nokkur hlýleg orð til hjónanna og mintust þess meðal annars hve mjög þau væru virt og elskuð af öllum er þektu þau.

Að endingu afhenti herra Guðm. M. Bjarnason hjónum þessum gjöf frá gestunum, sem viðstaddir voru, með nokkrum velvöldum orðum.

Hjónin þökkuðu hjartanlega fyrir þessa dýru og skrautlegu gjöf, sem er leturgrafinn silfurbakki með 4 silfurmunum á.

Einn af gestunum.

Hinn 9. nóvember var mikil og hátíðleg veizla haldin að Edinburg í North Dakota, af Jóhanni Tómassyni og konu hans, ásamt Ól. K. Ólafssyni og konu hans á Gardar, — í minningu þess, að bæði þau hjón höfðu þá verið gift í 15 ár. — Fjölmenni mikið var þar viðstatt, og veitt þar í ríkulegum mælir alt það, er menn gátu til matar neytt. Ræður voru fluttar af sóknarprestinum á Gardar, og flestum helztu mönnum í þessari bygð. Sömuleiðis var skemt með söng, sem var í betra lagi, eftir því sem gerist meðal Íslendinga til sveita. Veizla þessi stóð fram til kl. 5 að morgni næsta dags. Fóru allir heim glaðir og ánægðir, óskandi ofangreindum alfar hamingju. Enda mun vera leitun á hjónum, sem eru elskuð og virt af öllum eins og þessi hjón eru á meðal Íslendinga í Norður Dakota.

Áður en heim var farið, afhenti séra K. Kr. Ólafsson hjónunum með hlýlegum orðum gjöf frá gestunum er viðstaddir voru, til endurminningar um virðingu og vinsemd þá, er allir bera til þeirra. — Hjónin hvorutveggja þökkuðu innilega fyrir gjafirnar. — Sá, sem þetta ritar, mun minnast hjónanna með þakklæti, og óskar þeim allrar blesunar í bráð og lengd. —

Einn af veizlugestunum.

Hr. Vilhjálmur Grímsson, 563 Simcoe St., kom austan frá Kenora, Ont., um helgina er leið. — Hann hefir unnið þar austur frá fyrir C. P. R. við stórbyggingu, sem á að vera mötuneytishús handa verkamönnum félagsins. — Wright & Malcolm höfðu íboðið í téðri byggingu. Þessi bygging er afarstór og vönduð. Vilhjálmur segir, að þessir þrir bæir, Keewatin, Kenora og Norman séu saman runnir í einn bæ. C.P.R. hefir nú í seinni tíð gert stórar umlætur þar austur frá. Á sumum stöðum eru brautargöngin 50 fet niður í jörðunni, gegn um blágrýtis kletta, og brýr yfir. Herra V. Grímsson lætur ekki vel yfir kosninga aðförum Laurier stjórnarinnar þar austur frá. Conservatívar segir hann að ekki hafi komið eða sést þar nálægt, þá kosningar fóru fram. Hann kveðst ekki hafa mikið traust á flokkunum í Canada, en yfirlætt séu járnbrautarmenn meira hlyntir Conservatívum enn Liberölum. Tíð hefir verið hin bezta þar austurfrá í haust.

Bæjarkosningar fara fram þann 8. næsta mánaðar. Yfir bæjarráðsfulltrúi Sanford Evans sækir um borgarstjóra stöðuna næst. Ennfremur þeir Charles Forrester agent, og Manning lögfræðingur.

Dans.

Íslenzki "Hockey" Klúbburinn Víkingur heldur sinn fyrsta árlega *DANS* í Manitoba höllinni á Portage Avenue, mánudagskv. 23. þ. m. Hljóðfæraslátturi verður ágætur, og góltið í þessum danssal er eins og glerplata. Aðgangur kostar 50c fyrir karlmann með eina dömu, og hafi hann fleiri en eina kostar aðgangur 25c fyrir hverja þeirra.

Víkingar óska að landar sínir fjölmenni, því skemtun verður góð.

I. O. G. T.

Þann 4. þ.m. setti umboðsmaður stúkunnar Skuld No. 34, herra Á. J. Johnson, eftirfylgjandi meðlimi í embætti:

F.Æ.T.—Swain Swainson.
Æ.T.—Guðm. Bjarnason.
V.T.—Ingibjörg Austdal.
Kap.—Mrs. Guðrún Jóhannsson.
R.—Carolina Dalman.
A.R.—Kristjana Thorarensen.
F.R.—Gunnl. Jóhannsson.
Gk.—Barnie Finnson.
D.—Guðrún Thorsteinsson.
A.D.—Áslaug Einarsson.
V.—Lúðvík Kristjánsson.
U.V.—Guðlaugur Ólafsson.

Meðlimatala stúkunnar í byrjun þessa ársfjórðungs er 244.

Einhver kann að reka augun í fækkun tölunnar á síðasta ársfjórðungnum. Hún kemur af því, hve margir hafa flutt úr bænum í ýmsar áttir. Nú, þegar sumarannir eru um garð gengnar, fara menn að geta betur sint félagsskap þessum og fundahöldum. Nú byrjar því nýtt líf og nýr áhugi fyrir þessu góða og göfuga málefni, — bindindinu. Allir góðir og göfugir menn ættu að ljá því sitt fylgi og vera því hlyntir í orði og á borði. Hinir, sem annaðhvort ekki gefa því gaum, eða eru því á einhvern hátt andvígir, þeir eru að stuðla að drykkjuskapnum með öllum hans skaðlegu afleiðingum. "Hver, sem ekki er með mér, hann er á móti mér". Komið og verið með að stuðla að góðum félagsskap, piltar og stúlkur!

C. D., ritari st. Skuld.

Þann 7. nóv. 1908 voru eftirfylgjandi meðlimir settir í embætti í barnastúkunni Æskan af S. G. Ungtemplara Mrs. J. B. Skaptason:

F.Æ.T.—Norma Þorbergsson.
Æ.T.—Jónína Friðfinnsson.
V.T.—Jóhanna Blöndal.
F.R.—Ólafur A. J. Ólafsson.
G.—Albert J. Ólafsson.
R.—Guðrún Pétursson.
A.R.—Rannveig Swanson.
Cap.—Clara Þórðarson.
D.—Guðrún Johnson.
A.D.—Emily Friðfinnsson.
V.—Haraldur Strang.
U.V.—Björn Blöndal.

Meðlimatala stúkunnar er 127.

Hagyrðingafélagið

heldur OPNA samkomu

í samkomusal Únítara, mánudagskveldið er kemur, 23. þ.m., til að minnast heiðursforseta síns,

Stephans G. Stephanssonar,

sem þá verður viðstaddur.

Prógram verður gott og skemtilegt. Söngur, ræður og upplestur Ræðumenn verða, auk manna úr Hagyrðingafélaginu,

Séra Rögnv. Pétursson og Stefán Thórson.

Aðgangur frí fyrir alla. Allir velkomnir.

Samkoman byrjar klukkan átta. Komið snemma!

Ferða-áætlanir Stephan G. Stephansonar

Samkomur heldur hann á eftirtöldum stöðum og tímum:

Í ÁLPTAVATNS Nýlendu:

Í North Star skólahús, fimtudaginn 19. nóv. ...
Markland Hall föstudaginn 20. nóv.
Lundar Hall laugardaginn 21. nóv.

Í NÝJA ÍSLANDI:

Gimli þriðjudaginn 24. nóv.
Icelandic River miðvikudaginn 25. nóv.
Geysir fimtudaginn 26. nóv.
Árdal föstudaginn 27. nóv.
Hnausa laugardaginn 28. nóv.

Í SELKIRK:

mánudaginn þann 30. nóv.

Allar þessar samkomur byrja kl. 8 að kveldi, nema öðruvísi verði auglýst á hverjum stað fyrir sig.

C. H. FORRESTER.

Sem sækir um Borgarstjóra stöðuna fyrir komandi ár, 1909.

PUBLIC NOTICE

NOTICE IS HEREBY GIVEN, that By-Law No. 14, under which the Rural Municipality of Bifröst is forbidden to receive any moneys for a license for the sale of liquor as defined in "The Liquor License Act" and Amendments thereto, within the limits of the said Municipality, which By-Law is known as By-Law for Local Option, has been submitted to the Council of said Municipality, and did receive its first and second readings on the 24th day of October 1908, and that a vote of the electors of the Municipality, entitled to vote thereon will be taken on the 15th day of December, being the same day as that fixed for the polling at the annual Municipal election in said Municipality, and the voting will be taken during the same hours and at the same places as the polling at the annual Municipal election, which may for greater certainty be stated to be between the hours of Nine o'clock in the morning and Five o'clock in the afternoon on the said date and at the following places:

Poll. Div. No. 1, comprising Ward No. 1, at the house of Finnb. Finnbogason, Sec. 31—21—4.

Poll. Div. No. 2, comprising Ward No. 2, at the house of Lárus Th. Björnsson.

Poll. Div. No. 3, comprising Ward No. 3, at Framnes School House.

Poll. Div. No. 4, comprising Ward No. 4, at Hecla P.O., Big Island.

And the Returning Officer and Deputy Returning Officer will be the same as for the annual Municipal election aforesaid.

The proposed By-Law, or a true copy thereof, can be seen on file until the day of taking the vote, at the office of the Clerk of the Municipality, which is at Hnausa, in the Province of Manitoba.

DATED at Hnausa this 27th day of October 1908.

Bjarni Marteinsson,
Clerk of the Rural Municipality of Bifröst.

5-26, 11.

LÁTTU MIG SAGA ELDI VIÐINN ÞINN. — Ég hefi keypt spónnýja sögunarvél, og geri verkið gegn sanngjarni borgun.

S. THORKELSSON,
738 Arlington St, Talsími 8588

Þann 16. þ.m. gaf séra Fr. J. Bergmann saman í hjónaband, að 394 McGee St., Mr. Sigurjón Jónsson og Miss Ólinu Helgu Ólafsdóttir.

Talað er um, að fylkisstjórnin hafi ákveðið að hefja rannsókn á dauða Mrs. Hólm og sonar hennar, sem orsakaðist af svikinni steinolíu, á voðalýsta hátt. Fylkisstjórnin hefir einnig skorað á sambandsstjórnina að hjálpa sér til að rannsaka og fyrirbyggja innflutning og sölu á svikinni steinolíu, og verður sambandsstjórnin óefað við þeirri áskorun. — Í þessu sem öðru sýnir Manitobastjórnin sinn framúrskarandi dugnað og löggæslu. — Sérstakt félag hér í bæ, er grunað um að hafa selt þessa svikna olíu til undirkaupmanna, og þeir síðan til húsheldara, — eða að minsta kosti borast böndin að félaginu á þann hátt, að olía, sem keypt hefir verið hjá undirkaupmönnum er verzla við það, hefir valdið mörgum slysum nýlega.

Íslenzkur Kjötsali

Hvergi fæst betra né ódýrara KJÖT en hjá honum,—og þá munt sannfærast um að svo er, ef þú aðeins kaupir af honum í eitt sinn. Allar tegundir. Óskar að Isl. heimsækji sig

CHRISTIAN OLESON,
666 Notre Dame Ave. Telefón 6906

Til fullkomnustu tryggingar Vátryggið fasteignir ýðar hjá The

St. Paul Fire & Marine Ins. Co.

Eignir félags eru yfir 5 millión dollars. Skaðabætur borgaðar af Sán Francisco eldinum 1½ mill. SKULI HANSSON & CO., 55 Tribune Bl'g., Phone 6476, eru sérstakir umboðsmenn.

E. S. Miller Limited
Aðal umboðsmenn
PHONE 2083 219 McINTYRE BLK.

J. G. Snidal, L. D. S.
ÍSL. TANNLÆKNIR
COR. MAIN & BANNATYNE
DUFFIN BLOCK PHONE 5302

BILDFELL & PAULSON
Union Bank 5th Floor, No. 520
selja hús og lóðir og annast þar að lútandi störf; útvegar peningalán o. fl.
Tel. s. 2685

ARNI ANDERSON Íslenzkur lögmaður
Í félagi með
Hudson, Howell, Ormond & Marlatt
Barristers, Solicitors, etc.
Winnipeg, Man.
13-18 Merchants Bank Bldg. Phone 3621, 3622

BONNAR, HARTLEY & MANAHAN
Lögfræðingar og Landskjala Semjarar
Suite 7, Nanton Block, Winnipeg

Hubbard, Hannesson and Ross
LÖGFRÆÐINGAR
10 Bank of Hamilton Chambers
Tel. 378 Winnipeg

Woodbine Hotel
Stærsta Billiard Hall í Norðvesturlandinu
Tíu Pool-borð.—Alskonar vín og vindlar.
Lennon & Hebb
Eigendur.

Hver Þvær og Hreinsar Fötin ydar?

Hversvegna að fara í Kína-kompurnar þegar þér eigið kost á að fá verkið gert betur, og alt eins ódýrt, í beztu og heilsusamlegustu þvottastofnun, þar sem aðeins hvítt vinnufólk er haft og öll hreinustu efni notuð
Vér óskum viðskifta yðar

The North-West Laundry Comp'y Ltd.
Hreinsarar og Litarar
COR. MAIN & YORK FÓN 5178

F. Deluca
Verzlar með matvöru, aldini, sætabökur, allskonar sætindi, mjólk og rjóma, sömul. tóbak og vindla. Óskar viðskifta Íslend. Heitt kaffi eða te á öllum tímum. Fón 7156
Tvær búðir:
587 Notre Dame og 714 Maryland St.

Ég hefi flutt

kjötverzlun mína frá horni Ellice og Langside og til númer

301 Sherbrooke Street,

rétt fyrir sunnan Portage Av.
Sama talsíma nr.: 2631

C. G. Johnson.

"Hvað að brúka og hvar skal fá það".

VITUR MADUR

Við höfum lítið að segja, en það sem við segjum segjum við "beint út". Við óskum að þið komið til okkar þegar þið farið að kaupa haust eða vetrarfötin ykkar. Þú veizt ekki hvað ódýrt þú getur keypt föt búin til eftir máli fyr en þú kemur og talar við oss. —

McFarlane & Cairns
SKREDARAR
335 Notre Dame Aðrar dyr vestan Wpg. Leikhúsið.

Stefán Guttormsson,
Mælingamaður
663 AGNES STREET. WINNIPEG.

Dr. G. J. Gislason,
Physician and Surgeon
Wellington Blk, - Grand Forks, N. Dak
Sjerstakt athygli veitt AUGNA, EYRNA, KVERKA og NEF SJÚKLÓMUM.

Miss Jóhanna Ólson, Piano Teacher 658 Beverley Street.

Drs. Ekern & Marsden,
Sérfræðislæknar í Efturfylgjandi greinum: — Augnasjúkdómum, Eyrnasjúkdómum, Nasasjúkdóm um og Kverkasjúkdómum.
Í Platky Byggingunni í Bæ num
Grand Forks, :: N. Dak.

A. S. BARDAL
Selur líkkistur og annast um útfarir. Allur útbúnaður sá bezti. Enfremur selur hann al skonar minnisvarða og legsteina.
121 Nena St. Phone 306

Arena Rink
Þar er skemt sér á Hjólskautum hvern eftirmiðdag og kveld, nema föstudaga. Hljóðfeeafl. spilar. Dansar þeir, sem áður voru í Drill Hall, eru nú haldnir hér á föstudagskv. Dans frá 8 til 12. Inngangur, karlm. 50c, fritt fyrir kvenfólk. Persónum innan 15 ára, ekki leyfð inngangs.
JAMES BELL, eigandi.

Boyd's Brauð.

Hvert brauð er auglýsing út af fyrir sig. Það sýnir greinilega aðferðina sem notuð er við tilbúning þess: úr bezta No. 1 harðhveiti, laust við að verða þurt, og hefir í sér þetta indæla bragð. Keyrð heim á hvert heimili í bænum

Boyd's

Bakery Cor. Spence & Portage Ave
Phone 1080.

Antonio De Landro
SKÓSMIÐUR, horni Maryland & Wellington
(Bak við aldinabúð.) Verk gott og verð rétt.

Royal Optical Co.
327 Portage Ave. Winnipeg. RÉTT Á MÓTI EATON'S BÚDINNI.

Beztu Augnfræðingar

Öll nýjustu og bezt reynd verkfæri notuð. Höfuðverkur sem stafar frá augunum, áreiðanlega lækinaður. Sanngjarn kostnaður

AUGU SKODUD KOSTNADARLAUST.

LAND

Vér höfum ofloga fengið til sölu yfir 30 fjórðungsúrfunna, liggjandi að Oaklands brautinni C. N. R. félagsins. Verðið er frá $7.00 til $12.00 hver ekra. Ekkert af löndum þessum eru meir en 5 mílur frá járnbrautinni.

Skúli Hansson & Co.
Skrifst. Talsími 6476. Heimilis Talsími 2274

Heimskringla.

Alt landið

er ábyrgst að vera jafngóðu landi af bestu tegund, og fæst keypt með vægum afborgunar skilmálum. (N.B.—Leið fyrripart þessarar augl. vinstramegin við Hkr. nafn.)

Frekari upplýsingar veita

Skúli Hansson & Co.
56 Tribune Building. Winnipeg.

XXIII. ÁR. WINNIPEG, MANITOBA, FIMTUDAGINN, 26. NÓVEMBER, 1908 NR. 9

Fregnsafn.

Markverðustu viðburðir hvaðanæfa.

Kvenfrelsiskonur á Englandi gerðu nýlega uppþot í kirkju einni í London. Þar var auglýstur fundur til þess að ræða um trúmál, og þess getið, að Birrell ráðgjafi ætlaði að tala þar. En konur hafa strengt þess heit, að leyfa ekki nokkrum ráðgjafa að tala á opinberum mannfundi, hverju nafni sem nefnist, án þess að vera þar viðstaddar til þess að heimta atkvæðisrétt í landsmálum til jafns við karlmenn. — Þegar ráðgjafinn byrj aði ræðu sína, þá tóku konur til óspiltra mála, og hrópuðu um jafnrétti. Nokkrar voru þegar látnar út úr fundarsalnum, en við það espuðust hinar, sem eftir voru, svo að ekki varð við neitt ráðið. Ein kvennanna var svo sterk og varðist svo rösklega, að það þurfti 6 menn til að koma henni út. Og svo fór að lokum, að ráðgjafinn fékk ekki að tala, og það varð að hætta við fundinn og loka kirkjunni.

— Stjórnin í Japan hefir lagt fjárlaga frumvarp sitt fyrir þingið. Hún ætlar að færa herkostnað landsins niður um 18 miliónir dollara á komandi fjárhagsári.

— Nýlega hefir sú frétt borist út að leyfarnar af Count Andre hafi fundist norður á Labrador ströndum. André fór fyrir nokkrum árum í loftfari að leita norðurpólsins, en kom ekki til baka og hefir síðan ekkert spurst til hans. Nú er mælt, að skipstjóri einn frá Nýfundnalandi hafi fundið gröf hans á norðurströndum Labrador. — Svenska stjórnin hefir gert ráðstafanir til að rannsaka mál þetta með því að senda menn til að leita að gröfinni og finna líkið og skoða það.

— Count Zeppelin og félagar hans á þýzkalandi hafa auglýst, að þeir ætli að byggja sérstakt loftfar til þess að sigla á því í leit eftir norðurpólnum, og er ferð þeirri heitið árið 1909, og hún á að hefjast frá norðurströnd Svíaríkis.

— Það er nú orðið uppvíst, að það kostaði þýzku stjórnina 50 þúsund dollara, að fá grein þá dregna út úr Century Magazine, eftir að blaðið var prentað, sem flutti viðræðu þýzkalandskeisara við Bandaríkja blaðamann einn, og sem getið var um hér í blaðinu. — Keisarinn hefir lofað þýzku þjóðinni að gæta sín betur framvegis í viðræðum við útlendinga, og að fordæst að gera mál stórþjóðanna að umræðuefni úti frá.

— Mál er höfðað í bænum La Porte í Indiana ríkinu móti manni að nafni Roy Lamphere, og er hann kærður um, að hafa brent hús konu einnar að nafni Mrs. Belle Gunness, og banað henni og 3 börnum hennar þar inni. Mál þetta er hafið af hálfu þess opinbera. Meðal annars sagði lögmaður ríkisins, er hann hóf kæru sína fyrir kviðdómnum: — "Vér kærum verjandann um, að hafa kveikt í húsi Mrs. Gunness, og að afleiðingin af þeim verknaði hafi orsakað dauða konunnar og barna hennar". Næst rakti hann lýskeril hinnar látnu konu, sem að öllu leyta er voðalega ljótur, og sýnir að hún hafi orðið mörgum mönnum að bana. Upprunalega giftist hún manni að nafni Sörensen, og hann dó skyndilega og grunsamlega í Chicago borg skömmu síðar. Þar næst gáftist hún Pétri S. Gunness og hann andaðist einnig grunsamlega og skyndilega í La Porte bæ. Eftir það er svo að sjá á öllum þeim fregnum, sem af konu þessari hafa borist, að hún hafi gert það að atvinnuvegi, að tæla til sín menn með peninga, trúlofast þeim og myrða þá síðan. Hún auglýsti giftingar tilboð í blöðunum, en ákvað jafnan, að þeir, sem vildu sinna tilboðinu, yrðu að vera fjáðir, og að þeir yrðu að mæta sér á vissum stöðum og hafa drjúgan peningasjóð með sér. Hún bjó á búgarði einum í grend við La Porte bæ, og það fanst eftir húsbrunann, að 10 menn höfðu dysjaðir verið á landi hennar, og öll vegsummerki báru þess vott, að þeir höfðu verið myrtir. — Einn af þeim mönnum, sem komist höfðu í kynni við Mrs. Gunness, var þessi áðurnefndi Lamphere, en þau höfðu orðið ósátt út af skiftum á 3 þús. dollars, sem konan hafði náð af Andrew Helgekin frá Aberdeen í South Dakota, áður en hún myrti hann. Hann ætlað að ganga að eiga konuna, og hún hafði komist yfir þessar eignir hans á undan tilsettum brúðkaupsdegi. En áður en sá dagur rann upp, var maðurinn liðið lík. Lamphere fékk hluta af fé þessu, og grunur leikur á, að hann hafi vitað um aðfarir konunnar, og enda hjálpað henni að verkum. — En það fylgir einnig þessari voðalegu sögu, að konan hafi verið börnum sínum hin bezta móðir, og látið þeim líða svo vel, sem hún framast mátti. Eftir húsbrunann fundust leyfar konunnar og barnanna, hringir og annað gullstáss, sem hún hafði átt, í rústunum. Enda var það sannað strax eftir brunann með vitnum, að hún og börnin hefðu orðið eftir inni í eldinum. En eitur hafði fundist í rústunum, og er þess helzt til getið, að Lamphere hafi eitrað fæðu konunnar og barnanna og kveikt svo í húsinu þegar þau voru orðin svo veik að þau gátu ekki komist undan.

— Félag hefir verið myndað á Englandi, sem hefir það markmið, að taka fólk í ábyrgð gegn brjálæmi. Skýrslurnar sýna, að á Bretlandi er 1 af hverjum 280 mönnum brjálaður, og félagið telur víst, að svo margir vilji tryggja sig fyrir slíku ástandi, að það muni fá fjölda viðskiftavina og græða vel fé á því. Hver sá, sem borgar 10 shillings á ári, fær úr félagssjóði 100 pd. sterling, ef hann verður brjálaður, og skal það gilda um 5 ára tímabil. En fyrir 20 shillings árlegt gjald heitir félagið 100 pd. árlegri borgun um ótakmarkaða tímalengd, eða eins lengi og sá er brjálaður, er ábyrgðinni heldur. — Brezku ábyrgðarfélögin taka að sér alls konar ábyrgðir, svo sem að hjón skulu eignast börn, að ef skuli hækka skattar af inntektum manna, og að þeir skuli ekki líða tap af illu árferði, eldsvoða eða þjófnaði, og að hjón skuli ekki eignast tvibura. Þau selja og ábyrgðir gegn atvinnuskortri, gegn ófrómlyndi vinnuhjúa, gegn verzlunartapi og lækkun verðs á veðskuldabréfum, og gegn allskonar tapi og óförum á fólki og fénaði, af slysum, veikindum, dauða, styrjöldum og öðru þess háttar.

— Réttur sá, sem nú er að rannsaka Standard Oil félags málið í Bandaríkjunum, hefir um undanfarna daga verið að yfirheyra gamla John D. Rockefeller. Karlinn hefir verið vonum framar hreinskilinn í framburði sínum og sagt afdráttarlaust frá starfsaðferð félagsins. Meðal annars skýrði hann frá, hvernig hann hefði, hvenær sem færi gafst, keypt upp smærri félög, svo sem þau í Long Island City, Brooklyn, Philadelphia, Titusville og öðrum borgum. Hann kvaðst hafa komist að því, að bæði H. H. Rogers og Chas. Pratt, hefðu mokað saman peningum á framleiðslu olíu. Þess vegna kvaðst hann hafa keypt eignir þeirra og sameinað þær eignum Standard Oil félagsins, og borgað þeim með hlutum í Standard Oil félaginu. Stundum kvað hann það hafa verið nauðsynlegt að mynda sérstök félög til þess að ná vissum olíu-kongum inn í félag sitt. Á þann hátt hafi hann orðið að mynda Acme Oil félagið, til þess að ná í félag sitt herra J. D. Archbold, sem átti og starfrækti Titusville olíuhreinsunar stofnunina. Hann skýrði og nákvæmlega frá verði því, sem borgað hafði verið fyrir hinar ýmsu eignir, og á tak við alt þetta kaupbrask gamla mannsins, var sú aðal löngun hans, að sameina öll olíuframleiðsluflögin í eitt félag, eitt allsherjar einokunarfélag, sem væri Standard Oil félagið. Meðal annars, sem herra Rockefeller játaði, var það, að á tímabilinu frá 1882 til 1897 hefir Standard Oil félagið borgað hluthöfum sínum í ágóða nær 600 miliónir dollara, og á sama tímabili hlaðið upp varasjóði, sem nemur yfir 300 miliónir dollara. En innstæðufé félagsins er að eins 60 miliónir dollara. — Hr. Rockefeller játaði og að hafa fengið endurborgað nokkurn hluta af þeim flutningsgjöldum, sem hann hafði borgað til járnbrautafélaganna. Hann kvaðst hafa myndað samsteypufélagið árið 1872 til þess að hafa alt vald yfir olíubrunnum landsins. En á þeim dögum voru engin lög í landi, er bönnuðu slíka samsteypu. — Vitnaleiðsla og framburður þessi er gerður í máli því, sem Bandaríkja stjórn hefir höfðað, með þeim tilgangi, að fá dómsúrskurð fyrir því að uppleysa Standard Oil félags einveldið í Bandaríkjunum.

— Íbúar Toronto borgar eru taldir 287,201, eða sem allra nest 300,000 manns, og skattskyldar eignir bæjarins 223¼ milión dollara, — hafa aukist um 17 miliónir dollara á yfirstandandi ári. Fyrir 35 árum voru 70 þúsundir manna þar í borginni.

— Félag eitt í Bandaríkjunum hefir boðið Rússakeisara að byggja járnbraut yfir Bæringssund, og var því boði hafnað. Nú hefir sama félagið gert stjórn Rússlands annað tilboð, og skal nú brautin ná alla leið til Tchita, sem er 370 mílur austur frá Irkutsk. Dolebel verkfræðingur býður stjórninni fyrir hönd Bandaríkjafélagsins, að leggja 200 milión tryggingarfé í geymslu stjórnarinnar þar til verkinu sé lokið. Alt efni í brautina, að svo miklu leyti, sem það er mögulegt, á að kaupast á Rússlandi og rússneskir verkamenn eingöngu að vinna verkið, en yfirverkfræðingurinn á að vera Bandaríkjamaður.

— Félag hefir nýlega myndast með 8 milión dollara höfuðstól til þess að binda í eina heild járnsteypu verkstæðin miklu í Montreal, Fort William, St. Thomas og Hamilton bæjum, og einnig þeim í Three Rivers (í Quebec fylki) og Londonderry (í Nova Scotia fylki) Herra T. J. Drummond, eigandi Montreal stofnunarinnar, verður fotsæti þessa nýja félags, sem nefnist "Canada Iron Corporation", með skrifstofur í Montreal borg.

— Hon. Brodeur, ráðgjafi opinberra verka í ráðaneyti Lauriers, hefir skipað svo fyrir, að sakamál skuli höfðuð móti þeim 28 mönnum í deild hans, sem við Quebec rannsóknina sannaðist á, að hefðu þegið mútur frá þeim kaupmönnum sem seldu stjórninni vörur. — Enn fremur hefir hann skipað, að höfða mál móti þeim kaupmönnum og félögum öllum, sem borguðu mútufé til stjórnarþjónanna. Hegning við þessum brotum er frá $100 sekt til 5 ára fangelsi, eftir ástæðum. Einn af þjónum þessum, að nafni Gregory, hefir viðurkent að hafa fengið skildinga-gjafir frá yfir 30 félögum, sem seldu stjórninni vörur. Afsökun hans er sú, að svo hafi verið mikill dráttur á borgun frá stjórnardeildunum í Ottawa, sem á einum tíma hafi skuldað Quebec kaupmönnum 70 þúsund dollara, að félögin hafi gefið sér skildingana, sem þakkarfórn fyrir það, að hann kom því til leiðar, að þeim var að lokum borgað.

— Herra Meyer, póstmálastjóri Bandaríkjanna, auglýsti það nú fyrir skömmu, að tekjuhalli póstmála deildarinnar fyrir fjárhagsárið, sem endaði 30. júní sl., hafi orðið nálega 17 miliónir dollara, eða nákvæmlega $16,910,279. Inntektir deildarinnar á árinu urðu $191,478,633, sem var nálega 8 miliónum dollara meira en næsta ár á undan. En útgjöldin urðu $208,351,886. — Þessi tekjuhalli er sá mesti, sem á nokkru einu ári hefir orðið í póstmáladeild Bandaríkjanna, og orsakast af því, að þingið samþykti launahækkun þjóna í deildinni, svo nálega nam 10 miliónum dollara. Aðallega var sú launahækkun veitt þeim póstþjónum, sem vinna við póstflutning á járnbrautum, og þeim sem vinna að póstflutningum út um sveitir, og póstþerum í borgum landsins.

— Hluthafar í York County Loan & Savings félaginu mega gleðjast yfir því, að þeir eiga von á að fá meira en 50 prósent af innlagi sínu, áður en langir tímar líða. Nýlega var gert 700 þúsund dollara peningatilboð í allar eignir félagsins, en því boði var neitað. Ráðsmenn eignanna heimta milión dollara, og vona að fá það bráðlega, með því að útlit er fyrir, að eignirnar hækki í verði.

Fréttabréf.

SPANISH FORK, UTAH.

12. nóv. 1908.

Herra ritstjóri: —

Það hafa ekki skeð hér nein stórtíðindi síðan ég ritaði þér síðast, utan þessar blessaðar kosningar eru um garð gengnar, og fóru þær þannig, að Repúblíkar unnu algerðan sigur hér í Utah.— Demókratar komu ekki að nema einum manni svo frézts hafi, og þótti það ganga kraftaverki næst.

Af tíðarfarinu er það helzt að segja, að það er alautt og mesta blíða á hverjum degi núna sem stendur. En seint í fyrra mánuði gerði hér hroða áfelli, bæði með regni til að byrja með, og síðan snjó og frosti. Stóð það hret yfir í fullar tvær vikur, og gerði talsverðan skaða á ýmsum stöðum og vinnutap heilmikið. En nú gengur alt eins og í sögu. Snjórinn sem fóll, sem var um tvö fet á dýpt, er nú allur upptekinn, og vegir allir orðnir þurrir og góðir yfirferðar. — Heilsufar er ágætt, og landanuhm líður "takk bærilega".

Herra Pétur Valgarðsson, fyrrum bóndi hér í bænum, en nú í Taber, Alberta, var hér á ferð í kynnisför snemma í fyrra mánuði, og dvaldi hér um þriggja vikna tíma. Hann lét mikið vel af líðan sinni þar nyrðra, og lét í ljós ánægju sína með stjórnarfar, land og lýð í Canada, og framtíðarhorfur í sínu bygðarlagi sagði hann vera fremur góðar, og enginn gat heyrt á honum, að hann langaði aftur til kjötkatlanna í Zion. Hann lagði af stað heimleiðis hinn 18. f.m.

Frá iðnaðar sýningunni, sem ég gat um við þig síðast, hefi ég ekki margt að segja. Ekki samt vegna þess, að þar væri ekki margt og mikið til að skoða, heldur að plássið á þessum litla miða leyfir það ekki. Ég vil að eins geta þess, að sýningin virtist vera í hinu allra bezta og fullkomnasta lagi í öllum greinum, og ljós vottur um miklar framfarir og hagsæld í öllu ríkinu.

Þinn með vinsemd og beztu óskum.

E. H. Johnson.

Stórbruni á Oddeyri.

Enn hefir orðið stórslys af eldi þar, ofan á hinn mikla bruna (á Akureyri) fyrir fám árum.

Þar hefir nú brunnið fyrir 50,000 kr. aðfaranótt sunnudags 18. þ.m. — þrjú hús, sem sé veitingahúsið Hotel Oddeyri, verzlunarhús Sigurðar nokkurs Fanndals, og geymsluhús, er fylgdi veitingahúsinu.

Veitingahúsið átti Anna Tómasdóttir, ekkja Ólafs Jónsonar veitingamanns.

C. H. FORRESTER

fyrir borgarstjóra

Framfaramaður með framfarastefnu.

Stefnan:

1. Þjóðeign opinberra nauðsynja.
2. Aflstöðin verður að byggjast eins og fyrirhugað hefir verið. Ég skal knýja það mál til framkvæmda, og með því veita verkalýðnum atvinnu og verzlun framleiðendum og kaupmönnum.
3. Winnipeg er drefingarstöð fyrir allar vörur Norðvesturlandsins, og það er nauðsynlegt, að félkið færi sér þá afstöðu borgarinnar í nyt. Til þess það geti orðið, verðum vér að hafa ódýrt framleiðsluafl, og að búa til vörur úr ónnu efni, til þess vor vaxandi íbúatala hafi stöðuga og arðsama atvinnu.
4. Að sjá um, að gerð sé yfirbygging á Louise brúna, og að brú sé bygð yfir C.P.R. sporin, hjá Brant st. eða þar í grend.
5. Að lögreglulið borgarinnar sé útbúið með viðeigandi keyrsluvögnum, og 5 aukalögreglustöðvum, — þannig: í norðurhlutanum, í Elmwood, í Fort Rouge, á Portage Avenue og í Vestur Winnipeg.
6. Að byggja sjúkrahús í norðurhluta borgarinnar, til þess að mæta þörfum sívaxandi mannfjölda þar.
7. Opinberir sundstaðir til hagsbóta fyrir heilbrigði fólksins.
5. Hreinlætis ástand borgarinnar þarf umbóta umsvifalaust. — Það þarf að fyrirbyggja ólyktina úr strætaskurðunum, og gera bætur á ýmsan annan hátt.
9. Það er almennt álit bæjarbúa, að nauðsyn beri til að útrýma héðan alls konar ósiðferði, og sérstaklega hinu svo nefnda "Social Evil". — Þetta er orðið svo alvarlegt, og ástandið í þessu tilliti svo iskyggilegt, að öll þörf er á, að undinn sé bráður bugur að því, að gera nauðsynleg tilhreinsun. — Þær tilraunir, sem gerðar hafa verið í þessa átt, hafa reynst ónógar. En verði ég kosinn, þá verð ég við því búinn, að gera þær ráðstafanir í þessu máli, sem öll lögregludeildin hefir ráðlagt að gera ætti.

Ég hefi í þessum fáu liðum leitast við, að setja fram steinu þá, sem ég ætla mér að fylgja, og sem ég bið yður að styrkja með atkvæðum yðar með því að kjósa mig fyrir borgarstjóra. Það er ekki mögulegt í svo stuttu máli að ræða öll þau atriði, sem fyrir liggja til umræðu og athugunar.

Ég vona, að mér gefist færi á, að ræða bæjarmál nokkru ýtarlegar við yður á opinberum fundum, og býð þess vegna öllum þeim, sem bera velferðarmál borgarinnar fyrir brjósti, að sækja fundi mína, sem haldnir verða frá þessum tíma til kjördags.

FUNDUR.

á föstudagskveldið kemur 28. þ.m. í Vestur Winnipeg Committee Rooms, 216 Nena St.,

Íslands fréttir.

SMJÖRSALAN Faber konsúll í Newcastle skrifar 9. okt., að smjör það, er Vesta flutti héðan þá um mánaðamótin, hafi selst bezt 91—96 kr. 100 pd. Nokkuð orðið að selja með afföllum, með því að far ið hafi verið af því nýjabragð, og auk þess verið með oliukeim. — Kvartar um, að smjörið komi alt af of seint, það þurfi að koma á föstudögum og laugardögum, til þess að komast með nýjabragðinu á mánudagsmarkað. Þá mundi það seljast miklu betur. Segir, að smjörið íslenzka sé annars alt af að ávinna sér gengi, og muni vel farnast áfram, ef greiðlegar gangi með flutninginn og komi það á réttum tíma. — DRUKNUN. Hinn 20. september druknaði í Álftafirði Loftur Gíslason, húsmaður úr Stykkishólmi. Hann var riðandi, og fórust báðir, maður og hestur. Þar er um fjöru farið á keirum innan til í firðinum. Góð fjara hafði verið en maðurinn var einn, er þetta bar að, og víta menn því eigi, hversu slysið hefir að borið. —

Fréttabréf.

MARKERVILLE, ALTA.,

15. nóv. 1908.

Sama inndæla tíðin helzt enn, sem verið hefir hér lengi. Frosið er upp fyrir viku síðan, en þó eru frostin svo væg, að þeirra gætir lítið um daga. Kuldastormsdagar hafa komið, en sá kuldi hefir ekki staðið degi lengur. — Bændur vona, að tíðin verði yfir það heila góð og hagstæð til jóla.

Almant er nú heilsufar gott hér í bygð, og engra kvilla orðið vart nú um tíma.

Óli Benedictsson, póstmeistari og verzlunarmaður að Markerville, liggur á sjúkrahúsinu í Red Deer, og var gerður á honum holdskurður fyrir nokkru síðan, við krabbameini. Lítlar vonir um, að hann fái varanlegan bata.

Skáldið okkar góðfræga, St. G. Stephanson, er að ferðast austur í Manitoba, að halda upplestra. — Við hérna árnum honum vegs og heilla á ferðum sínum, og vonum, að sjá hann heilan heim úr þessari ferð, okkur öllum velkominn. Það er eins og blessuð bygðin okkar drjúpi þögul við burtför skáldmærings okkar.

— Tilraun var gerð í sl. viku til að sprengja upp vagnlest, sem þýzkalandskeisari var að ferðast með. Dynamit hafði í 2 daga samfleytt verið sett á brautina, þar sem lestin átti að fara eftir.

NÝTT NÝTÍZKU

THE QUEENS

Vinsælasta og þægilegasta Gisti hótel í Winnipeg

Bandaríkja-snið
Frí keyrsla.

MONTGOMERY BROS.,
EIGENDUR

BJART MIÐSTÖÐVA

Wall Plaster

Með því að venja sig á að brúka "**Empire**" tegundir af Hardwall og Wood Fibre Plaster er maður hár viss að fá beztu afleiðingar.

Vér búum til:

"Empire" Wood Fibre Plaster
"Empire" Cement Wall "
"Empire" Finish "
"Gold Dust" Finish "
"Gilt Edge" Plaster of Paris
og allar Gypsum vörutegundir. —

Eigum vér að senda yður bækling vorn?

MANITOBA GYPSUM CO. LTD
SKRIFSTOFUR OG MILLUR Í
Winnipeg, - Man.

Heimskringla

Published every Thursday by The Heimskringla News & Publishing Co. Ltd

Verð blaðsins í Canada og Bandar $2.00 um árið (fyrir fram borgað). Sent til Íslands $2.10 (fyrir fram borgað af kaupendum blaðsins hérlendis $1.50.)

B. L. BALDWINSON, Editor & Manager

Office: 729 Sherbrooke Street, Winnipeg
P.O. BOX 3083. Talsími 3512.

Hon. Hugh Armstrong

Það mun flestum Íslendingum vera gleðiefni að frétta það, að herra Hugh Armstrong, fiskikaupmaður í Portage la Prairie, er orð inn fiskiríður Manitoba fylkis, og þá um leið ráðgjafi í Roblin stjórninni.

Herra Armstrong hefir um fjölda mörg ár verið öllum þeim Íslendingum kunnur að góðu einu, sem stundað hafa fiskiveiðar á vötnum þessa fylkis, og svo hafa þeir einróma borið honum söguna að undanförnu, að ekki hafi þeir mætt betri dreng eða hjálpsamari síðan þeir komu hér til lands. Flestir hafa þeir og átt verzlunarleg viðskiftá við þennan nýja ráðgjafa, og hafa í þeim viðskiftum reynt til þrautar á mannsparta hans og velvilja til Íslendinga yfirleitt. — Óhætt að fullyrða, að herra Armstrong eigi enga óvini, en mesta fjölda tryggra vina meðal landa vorra hér.

Herra Armstrong er 50 ára gamall. Hann er fæddur í New York ríki árið 1858, en fluttist með foreldrum sínum til Ontario fylkis. Þegar hann var barn að aldri, og ólst þar upp og mentaðist þar til árið 1883, að hann flutti til Manitoba, og hefir síðan dvalið í Portage la Prairie.

Hann varð þegar í fremstu röð starfsmanna í heimabæ sínum, en hefir gefið sig við fiskverzlun og haft samband við fiskimenn í öllum hlutum fylkisins, og átt ítök í verzlunum og öðrum framkvæmdafyrirtækjum viðsvegar í Manitoba.

Hann var fyrst kosinn þingmaður fyrir Woodlands kjördæmið hér í fylkinu árið 1892, og að endurðu því kjörtímabili sótti hann um ríkisþingstöðu árið 1902, en beið þá ósigur. Ári síðar var hann kjörinn fylkisþingmaður fyrir Portage la Prairie kjördæmið, og var endurkosinn fyrir sama kjördæmi í fyrra. Og nú við lát Hon. J. H. Agnew er hann gerður að fylkisféhirðir, og má þess fyllilega vænta að hann standi þar vel í stöðu sinni, því að hann er starfsmaður mikill og reglumaður í öllum greinum.

Hon. Hugh Armstrong er prýðisvel gáfaður maður, með víðtæka þekkingu á landsmálum. Og svo er hann vinsæll í heimabæ sínum, að um síðustu fylkiskosningar sóttu hann á móti leiðtoga Liberal flokksins, herra Edward Brown, og vann frægan sigur.

Hon. Hugh Armstrong ferir Roblin ráðaneytinu fullan mælir vitsmuna og þekkingar, styrks og sóma. Fylkisbúar mega trúa honum fyrir málum sínum, og treysta því, að hann stundi embætti sitt með alúð, stjórninni til sæmdar og íbúum Manitoba fylkis til hagsmuna.

Næsti Borgarstjóri.

Meðal þeirra, sem sækja um borgarstjóra embættið í Winnipeg fyrir komandi kjörtímabil, er herra W. Sanford Evans, — einn af allra mestu hæfileikamönnum hér í borginni.

Herra Evans hefir dvalið hér í borginni um 10 ára tíma, eða tæplega það, og gefið sig lengst við blaðamensku, og síðar við land og peningaverzlun. Evans er háskólalærður maður og gáfaður í bezta lagi, og aflaði sér mikils álits, þegar er hann kom hingað vestur. Hann náði þegar sambandi við verzlunarnefnd borgarinnar og háskólaráðið, og er þar mikils metinn.

Hann sótti um ríkisþingsæti fyrir þessa borg móti herra Bole fyrir 4 árum, en beið þá ósigur. Síðan sótti hann um Controller-stöðu í bæjarstjórninni á sl. ári, og fékk þá meira fylgi en nokkur annar maður, sem um þá stöðu sótti, og höfðu þó sumir þeirra verið í bæjarstjórn um margra ára tíma.

Þegar herra W. Sanford Evans komst í borgarstjórnarstöðuna, voru fjármál borgarinnar í mestu óreiðu og skattar þó gífurlega háir. Afistöðvar-málið strandaði og þá á peningaskorti, og skuldabréf borgarinnar seldust við lágu verði. Varasjóði borgarinnar hafði verið eytt til almenna þarfa, þvert á móti löggildingar ákvæðum borgarinnar, og fjárhags útlitið alt var í mesta máta óskyggilegt. Það þurfti gætna og praktiska vitmenn til þess að taka við stjórn bæjarmálanna á þeim tíma, og borgarbúar sýndu það þá með atkvæðum sínum, hve mikið traust þeir báru til herra Sanford Evans, um fram alla aðra, er um sæti sóttu í borgarstjórninni á þeim tíma, með því að þeir gáfu honum langt um meiri hluta atkvæða enn nokkrum öðrum manni. — Þessu trausti borgarbúa hefir herra Evans reynst að öllu leyti vel. Hann hefir af mestu alúð og umhyggjusemi lagt fram alla sína miklu hæfileika til þess að koma fjárhag borgarinnar í það horf, er tryggi hér verklegar framkvæmdir í framtíðinni, og hann hefir áunnið sér með starfi sínu, að auka álit á borginni út á við, svo að skulda bréf hennar seljast nú með hærra verði, en þegar hann gekk í borgarstjórnina.

Með óþreytandi elju og framsýni hefir hann komið því til leiðar — með tilhjálp nefndarmanna sinna—

1. Að skuldir borgarinnar hafa verið sameinaðar, svo að þær eru nú stórum viðráðanlegri en fyrir ári síðan.

2. Að vaxtagreiðslan af þeim er tiltölulega nokkru lægri nú enn þá.

3. Að varasjóðurinn hefir verið endurreistur samkvæmt löggildingar ákvæðum borgarinnar, svo að hann er nú virkilegur, og í því ástandi, sem tilætlað var upphaflega.

4. Að peningaforði er nú tryggður til þess að hægt verði á þessu komandi ári, að halda áfram með byggingu og fullkomnun aflstöðvarinnar, eins og upphaflega var tilætlast.

5. Að skattar af fasteignum og lausafé borgarbúa eru nokkru lægri í ár, en þeir voru í fyrra.

6. Að "High Pressure" kerfi borgarinnar hefir á þessu ári verið svo fullkomnað, að tryggíng er þegar fengin fyrir því, að eldsábyrgðar iðgjöld verði framvegis nokkru lægri en þau hafa verið að undanförnu. — En þessi liður í framkvæmdum bæjarstjórnarinnar hefir viðtækari og varanlegri áhrif, en margur kann að gera sér grein fyrir í fljótu bragði.

Yfirleitt hefir herra W. Sanford Evans sýnt það með allri framkomu sinni á þessu ári, að hann hefir bæði haft vilja og hæfileika og áhrif til þess að verða borginni að liði, og að hann hefir beitt þeim með þeim afleiðingum, sem að framan eru taldar.

Vér fáum því ekki betur séð, en að hann sé mjög vel fallinn til borgarstjóra fyrir komandi ár, og vonum vér, að landar vorir fylgi honum öfluglega að málum á kjördegi.

Kína keisari látinn.

Sú fregn barst út um allan heim þann 15. þ.m., að látinn væri keisarinn yfir Kínaveldi og keisaraekkjan gamla, sem í raun réttri hafði verið einvaldur stjórnari landsins þar eystra um heilan mannsaldur.

Það er trú Kínverja, að helgi konungsættarinnar sé svo mikil, að ekki beri að koma nálægt konunglegum sjúklingum á banastund þeirra, og samkvæmt þessari trú og siðvenju, sem nú er orðin 3000 ára gömul, voru þau keisaraekkjan og keisarinn látin algerlega afskiftalaus í banalegunni, því það þótti að vanhelga persónur þeirra, að veita þeim nokkra aðhlynningu, þegar sýnt þótti, að þau mundu ekki geta lifað.

Um sjúkdóms eða dauðaorsök er ekki getið, en grunur leikur á, að þeim hafi báðum verið byrlað eitur, þó engar sannanir hafi verið færðar fyrir því.

Áður en gamla konan andaðist, lagði hún svo fyrir, að prins Pu Yi skuli vera keisari, en prins Ching aðalstjórnari veldisins. — Ching er talinn mikilhæfur maður og unnandi framfórum, en Pu Yi er minna þektur, og mörgum er illa við, að hann verði keisari. Af þeirri ástæðu meðal annars, að hann er ekki beinlínis Kínverji, heldur Manchu, eða ættaður úr Manchuria fylkinu. Margir tugir þúsunda af Kínverjum hafa opinberlega skorað á stjórnina, að láta það ekki viðgangast, að Pu Yi verði keisari.

Um keisaraekkjuna gömlu er það að segja, að hún er fædd 17. nóv. 1834 í Pekin. Hún var af lágum stúgum, foreldrar hennar voru bláfátæk vinnuhjú, og það var vegna fátektar þeirra, að þau neyddust til að selja hana í þrældóm, þegar hún var barn að aldri. Merkur herforingi varð svo hrifinn af fegurð hennar, að hann ól hana upp sem dóttur sína, og gaf hana síðan þáverandi keisara Hse In-Feng. Konan var jafngáfuð, sem hún var frið sýnum, og keisarinn var svo hugfanginn af henni, að hann gerði hana að hjákonu sinni, og þegar hún ól honum sveinbarn, gerði hann hana að aðal-konu sinni. Eftir dauða keisarans varð hún svo að segja einvaldur stjórnari Kínaveldis, og hefir verið það jafnan síðan, þó keisarar hafi að nafninu til haft völdin hver fram af öðrum. Og það er mælt, að henni hafi farið stjórn landsins betur úr hendi, en nokkrum keisara, er þar hefir ráðið ríkjum. Hún hafði á valdi sínu 14 þúsund embættismenn, og réði yfir 270 miljónum manna. Þessi kona var í augum kinverskra föðurlandsvina "útlendingur" eða "Manchu", og hún klæddist jafnan Manchu búningi, en talaði kínversku. Hún var kvenskörungur mikill, skaphörð í mesta máta, og stjórnaði með harðri hendi. Margir embættismenn nefndu hana "Voðakvendið", og svo er sagt, að alþýðan hafi "óttast hana og hatað", sérstaklega vegna þess, hvernig hún fór með son sinn, keisarann, sem var mjög vinsæli af alþýðu. En honum hélt hún undir svo harðri umsjá svo árum skifti, að hann mátti heita fangi, og fékk engu ráðið fyrir móður sinni. Í augum fólksins var hún "böðull keisarans". Hún fór að öllu leyti eftir eigin geðþótta, og virti landslög og þjóðsiðu að engu. Lögin kveða svo á, að kona megi ekki stjórna Kínaveldi, en sú gamla skeytti því ekki og fór sínu fram. Þeir, sem dyrfðust að mæla móti henni urðu ekki langlífir. Hún skifti sér af privatsökum þjóna sinna engu síður en embættisfærslu þeirra. Hún paraði saman menn og konur, og skipaði fyrir um giftingar. Þeir, sem við hirðina unnu, urðu að sætta sig þau kvonföng, sem hún ákvað.

Árið 1861 lét hún hálshöggva mesta sæg af prinsum, sem gerðu tilkall til keisaradæmisins, og ekki hætti hún fyr, en sonur hennar var orðinn keisari. Og 37 árum síðar, lét hún taka af lífi mikinn sæg af helztu forvígismönnum þjóðarinnar, sem börðust fyrir umbótum á stjórnarfarinu. Og árið 1900 hóf hún ofsóknir móti kristnum mönnum þar í landi, hvort sem þeir voru útlendir eða innlendir, og gaf 100 þúsund tæls úr eigin vasa til þess að halda áfram ofsóknunum, og fá sem flesta af kristnum mönnum tekna af lífi. — En hins vegar er því haldið fram, að hún hafi verið fátækum velviljuð og náðað marga glæpamenn.

Tveir keisarar komu til valda eftir mann hennar látinn, og báðir að hennar ráðum, og þegar sonur hennar andaðist snögglega, þá vék hún bróðursyni látins bónda sins úr keisarasessi. Alt varð að ganga eftir því, sem henni þóknaðist. — Árið 1900 vék hún Kuang-Hen úr keisaratign, en setti í hans stað Pu-Chun í embættið, án þess hann hefði nokkurt laga eða siðvenju-tilkall til keisaratignar. En hún varð síðar að víkja þessum manni úr tignínni, að skipun stórveldanna af því að faðir hans gerðist foringi uppreistarmanna er nefndust 'Boxers', og þá setti hún Kuang-Hen aftur til valda.

Hún hvatti til ófriðarins við Japana árið 1894, en Japanar unnu það stríð eins og kunnugt er. Árið 1900 lagði hún út í ófrið við öll Evrópu stórveldin, en beið einnig ósigur í þeirri viðureign, og varð að borga stórveldunum feiknamiklar skaðabætur.

Á síðari árum hefir hún litið þurft að beita sér opinberlega, af því að keisarinn fór í öllu eftir hennar ráðum. Hún varði því mestu af tíma sínum til privat unaðar, svo sem söngfræði og málverka og að keyra í mótorvögnum. Á síðustu árum sínum var hún og farin að leggja rækt við að kynna sér trúfræði kristinna manna, og yfirleitt að verða umburðarlyndari, en hún var á fyrri árum, enda var hún þá komin yfir sjötugs aldur, og nú við andlátið var hún 74. ára gömul.

Öll æfisaga og lífsferill þessarar konu er í mesta máta markverð, og miklu líkari ýktri skáldsögu en virkilegum æfiferli einnar kvenpersónu.

Skotinn í dómsalnum.

Það kom fyrir í dómsalnum í San Francisco þann 13. þ.m., að maður að nafni Haas skaut Francis J. Heney í höfuðið, svo að tvísýnt var um líf hans í nokkra daga á eftir.

Heney þessi, sem er lögfræðingur, hefir um langan tíma verið í sifeldri lífshættu, og mjög óvinsæll meðal glæpaseggja þar í borginni. Hann er sami maður, sem lögsótti og fékk dæmda í fangelsi þá Abe Reuf og borgarstjóra Schmidt, og fleiri glæpaseggi þar í borginni, og honum hefir þráfaldlega verið hótað lífláti, ef hann linti ekki ofsóknum sínum á hendur borgarráðsmönnum í San Francisco. En orsakirnar til þess, að hann varð að þessu sinni fyrir skoti Haas, eru þær, að þegar hann sótti fyrra málið á hendur þeim Ruef og Schmidt og fékk þá dæmda seka, þá var Haas þessi, sem er vínsali þar í borginni, einn af kviðdómendum. Hann hafði beðið sig undanþeginn þeim vanda, en var neitað um það. En þegar til réttarins kom, auglýsti Heney það í opnum rétti, að Haas væri gamall glæpamaður og hefði verið í fangelsi, og að hann þess vegna væri ekki hæfur til þess að sitja í kviðdómnum. Haas játaði þá strax þessa ákæru — en svo varð honum mikið um þetta, að hann gekk grátandi út úr dómsalnum, og svo er mælt, að hann hafi þá heitstrengt, að jafna sakir við lögmanninn síðar. En þessi uppljóstrun um glæpaferil Haas varð til þess að eyðileggja verzlun hans, að miklu leyti, og jafnframt til þess, að hinn lægsti flokkur manna hændist að honum og hvatti hann til stórræða í hefndarskyni við Heney.

Sjálfur sagði Haas svo frá, að þúsundir manna hefðu óskað þess, að hann dræpi Heney lögmann, — enda hefði hann verðskuldað skotið með því að hann hefði rúð sig æru og mannorði og atvinnuvegi, og svivirt sig í augum konu sinnar og barna, sem áður vissu ekkert um fortíð hans.

Haas er litill maður vexti. Og hann hafði drukkið áfengi til þess að "stramma" sig upp í að vinna verk þetta, og var talsvert ölvaður, þegar hann skaut Heney.

Lögmaður Heney var tafarlaust fluttur á spítala og kúlunni náð úr höfði hans. Fyrstu orðin, sem hann mælti eftir að hann vaknaði úr svefninum, voru þessi: "Ég mun enn þá lifa nógu lengi til þess að lögsækja þessa náunga".

Heney þessi er af írskum ættum, fæddur í New York ríki 1859. En foreldrar hans fluttu til San Francisco árið 1863, og þar ólst hann upp og mentaðist. Heney var snemma mikill fyrir sér, og barðist daglega við skólabræður sína, og svo var hann óþægur á háskólanum, að hann var rekinn þaðan burtu. Eftir það kendi hann á alþýðuskóla um nokkur ár, og las um leið lögfræði, þar til árið 1883, að hann gekk undir próf og stóðst það.

Heney hefir sjálfur verið drykkjumaður og lifað óreglulegu lífi, en jafnan þó verið mikill starfsmaður og áreiðanlegur í öllum viðskiftum.

Árið 1888 skaut hann og drap læknir einn að nafni Ariz. Læknirinn hafði höfðað mál móti konu sinni, til þess að fá skilnað frá henni, en með því hann var illmenni mikið og mikill fyrir sér, þá fékst enginn lögmaður til að taka mál konunnar að sér, af ótta fyrir lækninum. Heney tók málstað konunnar og vann sigur. Næst þegar þeir mættust réði læknirinn á hann með þeim afleiðingum, sem að framan eru taldar. Heney var kærður um morð, en svo varði hann mál sitt vel, að hann var ekki að eins frikendur, heldur lét kviðdómurinn það fylgja sýknuninni, að hann hefði með drápi þessu unnið þjóðfélaginu hið þarfasta verk.

Nokkru síðar réði Bandaríkjastjórnin hann til þess að lögsækja menn þá í Washington ríkinu, sem höfðu svikið undir sig mikið af landeignum ríkisins, og sú lögsókn endaði svo, að Senator Mitchell og þingmaður Williamson og W. H. Jones, timburlanda kongur, voru allir dæmdir í fangelsi. Margir aðrir málsmetandi menn voru við þessi mál bendlaðir, og eru sum þeirra ekki leidd til lykta enn. — Alls fékk Heney 35 menn dæmda, en 34 aðrir voru lögsóttir.

Þegar Heney hafði lokið þessu starfi, var hann fenginn til þess að veita forstöðu málunum á hendur borgarstjóranum og borgarlögfræðingnum í San Francisco, sem ásamt með samverkamönnum sínum höfðu svælt undir sig með alls konar undirferli og prettum miljónir dollara af borgarfénu. — Það leikur orð á, að Roosevelt forseti hafi ráðið til þess, að fá mann þennan til þessa starfa. En hvað sem hæft kann að vera í því, þá er það víst, að Heney flutti málin móti þeim fyrir rétti og hafði allan veg og vanda af. að grafa eftir sönnunum á hendur þeim, þar til þeir voru dæmdir í fangelsi. — En áfrýjunardómurinn í California ónýtti þann dóm og sýknaði báða mennina Schmidt og Ruef. En þar eð Heney hafði yfir 100 sakir á þá báða, þá voru þeir strax aftur hneptir í fangelsi, og mál höfðað móti þeim að nýju, og það mál stendur nú yfir.

Filippía Hannesdóttir.

(ÆFIMINNING).

Eins og um var getið hér í blöðunum haust andaðist að heimili dótur sinnar í Pine Valley bygð hér í fylkinu ekkjan FILIPPÍA HANNESDÓTTIR, — eftir þriggja daga hæga sjúkdómslegu. Hún var háöldruð og gáfu og skýrleikskona, og því ekki ótilfallið að henn ar sé getið nokkru frekara, en þá var gert.

Filippía heitin var fædd að Kýlholti í Víðvíkursveit í Skagafjarðarsýslu þann 16. dag júlímánaðar (eða fimtudaginn tólf vikur af sumri, eins og þá var talið) árið 1818. Foreldrar hennar voru þau Hannes prestur Bjarnason að Rip (1829—38), rímnaskáld, og kona hans Sigríður Jónsdóttir frá Hólum í Hjaltadal. Hannes prestur var einn í tölu hinna síðustu Hólastúdenta, því skólinn var lagður niður um það leyti að hann útskrifaðist. Bræður Hannesar voru þeir séra Eiríkur, er Jörundur gaf Mælifell, prestur að Staðarbakka, og Benedikt Indíafari, síðar vert í Kaupmannahöfn, faðir Evphemíu konu Gísla Konráðssonar.

Systkini Filippíu voru mörg er til ára komust. Hét elzta systir hennar þuríður, og var gift manni, er Gottskálk hét, og bjuggu þau í Skagafirði, — þá Sigríður, gift Þorláki Jónssyni(?), er bjuggu á Yztu-Grund, eru tvö börn þeirra enn á lífi, Guðmundur málfræðingur Þorláksson í Reykjavík, og Sigríður ekkja Björns Jónssonar, frá Skeitustöðum, hjá Hallson, N. D. — Þá María, gift MagnúsiGíslasyni, og bjuggu þau á Stóruseilu, er hún nú ein systkinanna á lífi, hjá dóttursyni sínum, Magnúsi Gíslasyni á Frostastöðum. Tvo bræður átti Filippía heitin, Hannes og Bjarna.

Fyrstu 5 árin var Filippía í fóstri að Hólum í Hjaltadal hjá móðurfólki sínu, en árið 1823 fór hún aftur til foreldra sinna og ólst upp hjá þeim til fulltíða aldurs..

Tvítug að aldri misti hún föður sinn árið 1838, og fór þá vestur í Húnavatnssýslu, og réðist til þeirra hjóna Ólafs Björnssonar og Margrétar Snæbjarnardóttur á Auðólfsstöðum í Langadal. Þar var hún í 2 ár, en fór þá norður aftur að Sellu, en tæpum tveim árum síðar giftist hún Birni hinum eldra, Ólafssyni og Margrétar á Auðólfsstöðum. Var brúðkaup þeirra haldið að Rip, og bjuggu þau þar eitt ár, en fluttust þá vestur að Auðólfsstöðum, og tók Björn þar við búi að föður sínum látnum. Voru þau þar á sjöunda ár, en fluttu þá aftur til Skagafjarðar, og reistu bú á Eyhildarholti í Hegranesi, og drukknaði Björn heitinn þar á leið heim að bænum í kvísl norðan við Borgareyju 5. maí 1853.

Þeim hjónum hafði orðið 9 barna auðið, og náðu 5 þeirra fulltíða aldri: Séra Ólafur (prestur að Rip), nú löngu látinn, Margrét, gift Pétri Björnssyni, og búa þau vestur í Foam Lake í Sask.; Rögnvaldur, kvongaður Freyju dóttur séra Jóns Norðmanns, bóndi í Réttarholti — Hannes, kvongaður Sigurlögu Björnsdóttur bæði dáin fyrir mörgum árum, og Filippía Björnónía, gift Jóhanni Magnússyni, og búa þau austur í Pine Valley bygð hér í fylkinu.

Árið 1855 giftist Filippía í annað sinn, og hét síðari maður hennar Markús Árnason, Jónssonar, Eyfirðingur að ætt. Eftir eitt ár fluttust þau frá Eyhildarholti að Hafsteinsstöðum og voru þau þar í 2 ár, þá að Keflavík í 12 ár, þá Gvöndarstöðum í eitt ár, þá að Brennigerði í 3 ár. Brugðu þau þá búi og fóru í húsmensku að Rip og voru þar í 3 ár, þá til Ketu í 2 ár, svo að Hjaltastaðakoti til Magnúsar sonar þeirra. Eftir eins árs veru þar andaðist Markús sál. síðla sumars 1883. Var þá Filippía þar enn eitt ár, en flutti þá í Réttarholt til Rögnvaldar sonar sins. Þaðan fór hún vestur um haf sumarið 1886, með Magnúsi syni sínum.

Á síðara hjónabandi sínu eignaðist Filippía sál. 5 börn. Komust 4 til fulltíða aldurs: Sigríður, gift Haraldi Sigurðssyni, og búa þau á Sauðárkrók, — Sigurður, er nú er látinn fyrir nokkrum árum, — Magnús, kvongaður Láru Guðbrandsdóttir, og Jón, kvongaður Margrétu Jóhannsdóttir, og búa þeir bræður, Magnús og Jón, hér í bænum.

Filippía heitin var litil kona vexti, ör í öllum hreyfingum, starfsöm og óséðhlífin. Hún var gladlynd og jafnlynd, hjartagóð og vinföst, gjöful og gestrisin, greind vel og minnug framundir síðustu æfiár. Kunni hún frá mörgu að segja, er gerðist fyrri hluta 19. aldar, og voru mannlýsingar hennar bæði skýrar og glöggar á ýmsum merkismönnum þeirrar tíðar. Hún var vel að sér um marga hluti og skrifaði skýra hönd. Hún var frændholl eins og margt skyldmenni hennar og unni öllu sínu fjölmarga skyldfólki eins og móðir börnum. Enda var hún jafnan þar velkomin á meðal þess.

Fyrst eftir að hún kom hingað til lands var hún lengst af hjá Margrétu dóttur sinni og frændfólki sínu í Dakota bygð, en hin síðari ár hjá Filippíu dóttur sinni og Jóni syni sínum og Margrétu konu hans hér í bænum.

Heilsugóð var hún alla æfi og bláði hvorki heyrn eða sjón, en mjög var henni farið aftur með minni hin síðustu ár. Lasleika þess, er leiddi hana til dauða, kendi hún fyrst 11. sept., en ekki var hún rúmföst nema 3 daga, og andaðist kl. 11, að morgni þess 15. Jarðarför hennar fór fram sunnudaginn þann 20. Veður var hið blíðasta þann dag. — Það var sama vinarkveðjan og endrarnær.

Blessuð sé minning hennar meðal hennar mörgu vina og vandamanna. R.P.

DÁNARFREGN.

Þann 24. okt. sl. andaðist á sjúkrahúsinu í Calgary okkar elskulega dóttir HÓLMFRÍÐUR HUNFORD, eftir þriggja vikna legu í taugaveiki, sem leiddi hana til bana. Hún var greftruð heima á landi okkar þann 31. sama mánaðar, að viðstöddum fjölda fólks. —

HÓLMFRÍÐUR HUNFORD

Séra P. Hjálmsson flutti húskveðju og jós hana moldum, en embættismenn stúkunnar "Fjallkonan", hverri hin látna tilheyrði, töluðu yfir gröfinni.

Hólmfríður sál. var 19 ára og 9 mánaða að aldri. Hún var gjörvuleg og vel gefin, virt og vel metin af þeim, sem þektu hana.

Íslenzka fólkinu í Calgary, sem með systur og bróður alúð lét sér annt um dóttur okkar í veikindum hennar, vottum við alúðarfylstu þakkir.

Fyrir alla þá alúðarríku hluttekningu, er sveitarmenn auðsýndu okkur við þetta sorgartilfelli, þökkum við þeim af einlægu hjarta.

Missirinn er þungbær, skarðið í barnahópinn okkar er stórt, en við, sem bæði erum hnigin að aldri vitum, að skamt er til góðs endis: Innan lítils tíma sjáum við hana aftur. Blessuð veri minning hennar!

Markerville, Alta., 14. nóv. '08.

Jónas J. Hunford,
Margrét S. Hunford.

Blaðið Norðurland er vinsamlega beðið, að taka upp þessa dánarfregn.

3083

Nýja pósthúsið á Portage Ave. var opnað fyrir nokkru síðan. — Heimskringlu P.O. Box er þar no. **3083**. Þeir, sem hafa bréfaviðskifti við blaðið, eru því beðnir aðmuna, að senda bréfin sín EKKI í P.O. Box 116, eins og að undanförnu, heldur í P.O. Box **3083**

ROBLIN HOTEL

115 Adelaide St. -- Winnipeg.

Bezta $1.50 á-dag hús í Vestur-Canada. Keyrsla ókeypis milli vagnstöðva og hússins á nóttu og degi. Aðhlynning hins bezta. Viðskifti Íslendinga óskast. William Ave. strætiskarið fer hjá húsinu.

O. ROY, eigandi.

SPÓNNÝTT HÓTEL
ALGERLEGA NÝTÍZKU

Hotel Majestic

John McDonald,
eigandi.
James St. West, Rétt vestan við Main St.
Winnipeg Telefón 4979

$1.50 á dag og þar yfir
Bandaríkja-snið

Alt sem hér er um hönd haft er af beztu tegund. Reynið oss.

MIDLAND HOTEL

285 Market St. Phone 3491

Nýtt hús, nýr húsbúnaður Fullar byrgðir af allskonar vönduðustu drykkjum og vindlum í hressingarstofunni. Gisting einn dollar á dag og þar yfir.

W. G. GOULD :: FRED. D. PETERS,
Eigendur
WINNIPEG ::: ::: CANADA

Jimmy's HOTEL

Rétt á bak við Pósthúsið

Íslendingar ættu að reyna þetta gistihús. Í hressingarstofunni er sá eini íslenzki vínveitingamaður í Winnipeg.

James Thorpe,
eigandi
Fyrrum eigandi Jimmy's Restaurant

The Dominion Bank

NOTRE DAME Ave. BRANCH Cor. Nena St.

Vér seljum peningaávísanir borganlegar á Íslandi og öðrum lönd.

Allskonar bankastörf af hendi leyst

SPARISJÓDS-DEILDIN

tekur $1.00 innlag og yfir og gefur hæstu gildandi vexti, sem leggjast við innstæðufé á sinnum á ári, 30. júní, 30. sept. 31. desembr og 31. march.

Lýti og lestir.

Herra ritstjóri Heimskringlu: —

Ég bið yður svo vel gera, að ljá eftirfarandi ritgerð rúm í yðar frjálslynda og góða blaði Heimskringlu. —

Það virðist sem kirkjuritin hér vestra meti það miklu nauðsynlegra, að nöldra sín í millum, en flytja krítik og leiðbeiningar um lýti og lesti, sem auðvelt er að sumu leyti, að láta fólk leggja niður. Flest fólk, sem hefir sómatilfinningu, fyrirverður sig fyrir lýti, sem eru í fari þess, og reynir að afmá þau smátt og smátt, þegar því hógværlega er bent á, að þetta og þetta sé ekki eins og það á að vera. Sumir hafa meðfædda lesti, sem flestum veitir þungt við að stríða. Þó sýna dæmin það, að einbeittir og steinufastir menn geta yfirstigið alla sína lesti og brek, sem þeim fylgdu fyrsta hluta æfinnar.

Það er ekki svo að skilja, að Íslendingar séu öðrum þjóðum sekari í þessu efni. Í sumu standa þeir hérlendu þjóðinni framar, en hvergi aftar. Íslendingar yfirleitt eru ekki eins þjófgefnir og enska þjóðin. Þeir drepa þvínær aldrei menn í reiði eða ölæði, eins og annara þjóða menn gera daglega. En í öðrum lýtum og lönstum eru þeir ekki arfskiftir.

LJÓTUR MUNNSÖFNUÐUR.

Alt fólk ætti að forðast ljótan munnsöfnuð. Það getur líka hver viti borinn maður, hvort sem hann er ungur eða gamall, ríkur eða fátækur, sjúkur eða alheill. Bölv, klám og formælingar eru viðbjóðsleg lýtá, og nær óþolandi, að því fólki, sem iðkar, skuli ekki vera hegnt að lögum. Hvar er ljótari spegill af heimili, en þegar maður gengur fram hjá því, og húsmóðirin stendur í dyrunum, þrútin af ilsku og hábölvandi öllu, manninum sínum og börnunum, líkir þeim við hunda, kötti og sjálfan flugnahöfðingjann, segist skuli moka í þeim hvert bein, saxa þau í stykki og þar fram eftir götum. Mæta henni síðan fáeinum kl.tímum á undan og eftir, komandi úr kirkju með sálmabók í hendinni, gangandi með safnaðarsystrum sínum og talandi af fjálgleik um sunnudagaskóla og sáluarheill unglinganna! Ó, vei yður, þér hræsnarar!

Þessa eru fá dæmi, svona átakanleg, en þó til. Það er svo sem ekki, að blótkonan sé sek einsömul. Karlmenn og unglingar eru það líka. Sumir karlmenn geta ei látið meiningu sína í ljósi, nema að annað hvort orð sé blót og formælingar. Sömuleiðis unglingar og jafnvel smábörn litt talandi, á sumum heimilum. Ég, sem skrifa þessar línur, hefi heyrt ungan, laglegan mann, sem gengið hefir á skóla, nokkuð hátt standandi í kristnum söfnuði og sjálfsagt margra ára gamall sunnudagaskóla kennari, og því líkt, — já, ég hefi heyrt hann reka erindi sitt þann veg inni á finni hérlendri skrifstofu, að hafi ekki annaðhvort orð verið blót og formælingar, þá var það þriðja hvert orð. Ég var utan við mig dálítla stund, að hlusta á þenna erindisrekstur, og sárkendi í brjóstum manninn, sem allir skrifstofuþjónarnir störðu hyssa eða fyrirlitlega á. En hann hafði enga hugmynd um það sjálfur, nema það, að hann væri mikilmenni. Mörg þekki ég fleiri dæmi lík þessu, og þó þeir séu máske ekki margir til, sem þessi dæmi sýna, þá eru töluvert margir, sem blóta.

Ljótur munnsöfnuður er þarleysa öllum mönnum, og hin mestu lýtá á almennilegum manni. Prestunum væri sannarlega meiri heiður að líta eftir því í söfnuðum sínum, hvaða heimili hefðu ljótast orðbragð, og hjálpa þeim af þeim vegi — heldur enn sumt sem þeir fara með innan og utan kirkju. Það er vonandi, að hinir yngri prestar taki mál þetta til íhugunar, og reyni að lagafæra þetta eftir mætti Ég hefi talað um þetta við menn, sem hafa verið með mér og blótað. Þeir hafa allir tekið því vel, og játað ljótt orðbragð þarfleysu, en sagt að það sé gamall vani. Þeir hafi alist upp við það, og heyri svo marga gera það dagsdaglega, að það sýnist engum ljóður meiri á sér enn hinum.

LÝGIN.

Hún er eins og tvíeggjað sverð, hárbeitt og banvæn. Sumum eru ýkjur og lygi meðfædd, sumir læra hana af umgengni við lygna menn, og sumir eru skapaðir lygarar. Geta ei að því gert, að segja nær alt, sem þeir tala, ósatt, og þeir eru orðnir því svo vanir, að þeir trúa því sjálfir, að þeir séu að segja satt, þó bæði heilbrigð skynsemi og hlutirnir kringum þá vitni á móti þeim. Að eðlisfari eru Íslendingar ekki ýkja lygigjarnir. Þeir eru of stoltir og stórhuga til að vera það. En hér í landi er sannarlegt lyginnar land, og alls ekki tekið hart á þeim lesti. Það er jafnvel móðins í atvinnurekstri, að ljúga, og er það kallað "að bera sig vel", og er sumum styrkur að komast til metorða, sérdeilis innan vébanda safnaðarmála.

Það er sjálfsagt ekki meira enn einn maður af þúsundi, sem segir alt satt, ef hann rekur eitthvert "business". Sumir skrökva nauðugir, og skaða ekki viðskiftamenn sína, en einstöku menn gera það til þess að komast í meira álit og fá betri tækifæri til að hafa af náunganum. Í daglegu tali sýnist menn þurfi ekki og megi öldungis ekki ljúga, og það gera ekki nema óvandaðir menn. Þó einmitt í daglega talinu fæðist og þroskist ein hin allra hættulegasta tegund lyginnar. Það er rógur og ærumeiðandi lygi um náunganu, eða það, sem kallað er slefsögur. Íslendingar eru sjálfsagt ekki slefgjarnari enn aðrar þjóðir, en þeir eiga sannarlega ofmikið af því og þurfa sumir lækningar. Oftast er það ómentaðri og lakari hluti fólksins, sem leggur sig niður við þá ómannlegu iðjusemi. Samt er því ekki að leyna, að þessi óféglnuður virðist stundum eiga sína frjóvustu vermireiti rétt undir vængjum kirkjunnar, og virðast þjónar hennar hafa lítið áunnið með lækninisdómum, allan þann tíma, sem kirkjan hefir staðið. Og víst er um það, að þar er nóg verkefni enn þá handa góðum og göfugum mönnum að starfa við. Það er auðvitað viðfangsmikið verk fyrir prestinn, að lækna þennan sálnasjúkdóm, en sjálfsagt stendur það honum næst, að gera það, — mundi verða vel þegið af skaparanum. Í sannleika er ekki við því að búast, að kennarinn geti upprætt meðfædda lesti lærisveinsins, ef hann hefir enga viðleitni þar á sjálfur. En útyfir geysar alt, þá kirkjuhöfuðin eru völd að mishermi og úthrópun hvert um annað, og sem alt of víða á sér stað í kristnum söfnuðum. Flest eða öll vandræði og lestir manna stafa af þessu einu, að alt of fáir halda boðorðið: — "Það, sem þú vilt að mennirnir geri þér, það skaltu og þeim gera" — þetta er meðalið, sem alt mannlegt böl getur læknað, ef allir hefðu það fyrir siðferðismeðal.

DRYKKJUSKAPUR.

Það er heimsins hærsta hróp á þessum tímum, að ofdrykkjan í heiminum sé stærsta böl nútíðarinnar, og er þar á engínn vafi, að mikill sannleikur felst þar í. En að það sé ofdrykkjan, sem alt það illa hlýzt af, er ekki rétt með farið. Fyrst og fremst er það ekki meira enn helmingur manna, sem drekkur áfengi, og af þeim helmingi eru ekki nema undur fá prósent, sem eru drykkjumenn í orðsins réttu þekkingu. Þeir menn, sem eyða lífs og sálar kröftum sínum og áliti og ást og virðingu annara í drykkjuskap, eru ofdrykkjumenn. Margir mestu menn heimsins neyta víns og þurfa til heilsubótar sumir hverjir að gera. Bindindisfélögin hafa starfað allengi, og óefað unnið mikið gott, og vonandi mikið meira gott enn ilt. Þeim er þó líkt farið og öðrum félagsskap, bæði kirkjum og stjórnendum heimsins, að þau eiga misjafnt sauði í fé sínu. Það er líka undur eðlilegt, að svo sé. Þau hafa kepst við að ná sem mestri höfðatölu, og þar eiga allir aðgang að, bæði karlar og konur og börn. — Fram að þessum tímum hafa fleiri leiðandi menn staðið utan við þenna félagsskap, þó þeir hafi máske hann að ýmsu leyti styrkt. Þeir hafa ekki viljað kasta frá sér því frelsi, að vera sjálfráðir um, hvers þeir neyttu. Svo fer mörgum fleiri enn þeim. Flestir vilja vera sem frjálsastir. Mega ganga þar inn og út, sem þeim sýnist, tala við hvern þeim sýnist og kaupa og þiggja hvað þeim sýnist. Að sumir bindindismenn drekka engu síður enn aðrir, er lýðum ljóst. Unglingar segjast læra að drekka í félaginu. Það er orðið orðtak, ef maður sést kendur: — "Nú, þú drekkur þá bara eins og Goodtemplari". Auðvitað getur félagsstofnunin ekki gert að þessu. Hún sem sé ræður ekkert við það. Það er fjöldi af góðu fólki í þessum félagsskap, sem stendur af sér áhrif vins. Þar eru líka menn, sem ekki tíma að láta það eftir sér, að taka glas, og aðrir, sem enga löngun hafa í vín, en standa þar að eins til að vegsama sjálfa sig, en kasta steinú að bróður sínum, sem tekur sér staup með óskörðuðu frelsi. Félögin hafa óneitanlega mörgum hjálpað og margan grætt. Þau hafa reynt að koma því orði á, að það væri mínkun að því að drekka, sem er satt og rétt, ef maðurinn gerist ölvaður. En þau hafa líka sagt saklausa menn drekka, og hefir það stafað til heimilisófriðar milli hjóna, og foreldra og barna. Það er réttlátt af félögum, sem fyrst eru fær um, að kasta steininum, að kasta honum á þann seka. Og þau hafa svo marga seka innan sinna vébanda, enn þá sem komið er, að þau ekki þurfa að sellast til annara. Það er viðkunnanlegra, að hafa sitt eigið hús hvítt og þvegið, áður en maðr ber nágrannann út fyrir óhreinindi. Auðvitað er það viðurkent hér, að það eru einstaklingar, sem skafta sér af eigin brestum hjá nábúanum, en félögin, sem hafja krossgöngur til stjórna og löggjafarvalds. Þau lýti og brestir eru ekki til hjá nokkurum manni, sem læknast með því, að skamma og úthrópa á ósanngjarnan hátt, eða öllu leyti saklausa menn.

Áður enn bindindisfélög blanda sér alt of langt inn í stjórnmál og privatmál einstaklinga, þá þurfa þau að vera hrein innan sinna eiginn dyra. Þar má ekki einn óhreinn finnast.

Það, sem meint er með línum þessum til bindindisfélaganna, er sprottið af velvild til þeirra. Þau þurfa að hreinsa til í herbúðum sínum, áður enn þau áreita einstaklinga og löggjafarvöld. Ella ná þau ekki tilgangi sínum. Utanfélagsmenn þekkja til þess hjá mörgum bindindismönnum, að hugur fylgir ekki máli. Þá getur engínn kraftur sigrað.

Bindindisfólk og frjálsir menn ættu aldrei að sleppa tækifæri, að reyna til að fjarlægja ofdrykkjumanninn þeim óvirðingarvegi, sem hann er á. En þeir mega ekki gera það með ofheldi á líkamlegu eða andlegu frelsi. Þeir þurfa að sigra hann með hógværð og umhyggjusemi, og sýna honum hlýjar tilfinningar. Það er vonandi, að sá góði dagur sé í nánd, að mannfólkið komist á það menningarstig, að engin ofdrykkja finnist á meðal vinneytenda né bindindismanna.

Ég ætla ekki að skrifa fleiri bendingar til meiri hreinskilni og manndómslegrar framkomu, enn þessar. Það er fleira, sem þyrfti að athuga í siðferði, enn þessi mál, sem ég hefi nefnt hér. En vegna anna og tímaleysis, get ég ekki gert það að sinni.

Safnaðarleysingi.

Það kostar minna en 4 cent á viku

að fá HEIMSKRINGLU heim til þín vikulega árið um kring. Það gerir engan mismun hvar í heiminum þú ert, — því HEIMSKRINGLA mun rata til þín. Þú hefir máske heyrt að "blindur er bóklaus maður", en ef þú mátt missa 4c. á viku fyrir HEIMSKRINGLU þá verður þú hvorugt. 4c. á viku eða $2 um árið. Skrifið eftir Hkr. nú þegar, til P. O. Box 3083 Winnipeg, Man.

Winnipeg Business College

FÉKK FYRSTU VERÐLAUN Á SAINT LOUIS SÝNINGUNNI.
Cor. Portage Ave and Fort St.

Dag og kveld-kensla. Leitið fullra upplýsinga og biðjið um vorn nýja pappírshnif ókeypis. Vér kennum enska tungu.

G. W. DONALD ráðsmaður.

MARKET HOTEL

146 PRINCESS ST. á móti markaðnum
P. O'CONNELL, eigandi, WINNIPEG
Beztu tegundir af víufóngum og vindlum, aðhlynning góð húsið endurbætt

JOHN DUFF

PLUMBER, GAS AND STEAM FITTER
Alt verk vel vandað, og verðið rétt
664 Notre Dame Ave. Phone 3815
Winnipeg

Strathcona Hotel

Horni Main og Rupert Str. Nýbygt og ágætt gistihús; Gest um veitt öll þægindi með sanngjarnasta verði. Frí keyrsla til og frá öllum járnbr. stöðvum. Beztu vín og vindlar; og herbergi og máltíðar ágætar.

McLaren Brothers
EIGENDUR

Hotel Pacific

219 Market Street | H. M. Hicks Eigandi
Winnipeg --- Manitoba
Telephone 1338

Ný-endurbætt og Ný-tízku hús í alla staði. Viðskifta yðar óskast virðingarfylst.

$1.25 a Dag

$1.50 Á DAG
Bezta $1.50 gistihús í Winnipeg

BRUNSWICK HOTEL

Horni Main St. og Rupert Ave.

Bezta borðhald; Hrein og Björt Herbergi; Fínustu Drykkir og Bestu Vindlar. Ókeypis Vagn mætir Öllum Traintestum. Reynið oss þegar þú ert á ferð.

"Það er ekkert undarlegt, — hún er dóttir Páls Heilwig", sagði gamla konan.

Í þessum fáu orðum, er hún sagði í hálfum hljóðum, en í bitrum róm, lá svo mikil gremja og fyrirlitning, að Felicitas hlustaði forviða eftir. Næstum aldrei hafði Cordula nefnt á nafn nokkurn mann af Heilwigs ættinni. Hún hafði hlýtt þegjandi á, er henni var sagt, að ríkisstjórafrúin væri komin, svo Felicitas hélt, að hún hefði aldrei á æfi sinni þekt neitt til ættingja sinna við Rín.

"Frú Heilwig kallar hann útvalinn herrans þjón, — hinn óþreytandi stríðsmann hinnar heilögu trúar", sagði hin unga stúlka hálfhikandi eftir nokkra þögn. "Hann er víst mjög lúterskur! Einn af þessum þungbúnu ofstækismönnum, sem að vísu lifa samkvæmt boðorðum guðs, en dæma líka aðra vægðarlaust".

Cordula hló hásan, lágan hlátur. Gamla konan hafði eitt af þessum einkennilegu andlitum, sem aldrei er spurt um, hvort séu ljót eða falleg. Svipurinn var vott um blíða og djúpvitra sál, og hann miðlaði málum á milli legurðar krýfunnar og hinnar sjálfráðu náttúru. — En einmitt þessi andlit geta komið manni ókunnuglega fyrir, fari andlitsdrættir þeirra úr sínum vanalegu skorðum. — Andlit Cordulu tók nú óviðfeldum svipbreytingum. Þó hláturinn væri lágur, var hann þó mjög hæðnislegur, og hið blíðlega andlit hennar varð grimmlegt og lýsti megnustu fyrirlitningu. Umnæli hennar ásamt hlátrinum kastaði ofurlitlum ljósbjarma yfir hina leyndardómsfullu æfi hennar, — en ekki var hægt að finna einn einasta þráð í hinum ógkýra vef, og Cordula reyndi nú eftir mætti að fá hina ungu stúlku til að gleyma því, að hún eitt augnablik virtist tapa stjórn á sjálfri sér.

Á hinu stóra, kringlótta borði, er stóð í herbergi

inu, lá mörg opin blaðahylki. Felicitas þekti þau vel. Sum blöðin voru orðin gul af elli, og skriftin farin að litast upp. Þetta voru handaverk frægra tónsnillinga, — svo sem Handels, Glucks, Haydn og Mozarts, og fleiri. — Í því Felicitas kom inn í herbergið, hafði gamla konan verið að taka hækurnar út úr skápnum, og lagði af þeim einkennilega lykt um alt herbergið, sem von var, því ár hafði liðið síðan þær seinast voru hreyfðar.

Cordula tók nú aftur þegjandi til vinnu sinnar. Hún lét hækurnar vandlega aftur í bréfahylkin. — Eftir litla stund, var ekkert orðið eftir á borðinu, nema eitt stórt hefti með skrifuðum nótum. Hafði það ekki sést fyrri, því það lá neðst.

"Músik við söngstykkið: "Kænska yfirvaldanna um fyrirskipun ölgerðarinnar", eftir Johan Sebastian Bach", — stóð á titilblaðinu. Hin gamla jómfrú benti á nafn ljóðskáldsins og mælti með áherzlu: — "Ég þori að veðja um, að þetta hefti þekkir þú ennþá ekki, Fee mín", og hún brosti raunalega. "Það hefir nú í mörg ár legið á efstu hyllunni í leyniskápnum mínum. Í morgun flugu ýmsar hugsanir í huga mér, og allar voru þær sammála um það, að nú væri komið mál, að búa alt undir burtför mína, — og eftir því á þetta hefti að vera í rauða hylkinu. Að öllum líkindum er það hið eina eintak, sem til er, og einhverntíma verður það vegið með gulli, kæra Fee! Leikritið, sem var sérstaklega samið fyrir okkar litla bæ X —, og var að mestu leyti á eins konar mállýzku, hefir fundist hér fyrir 20 árum síðan, — og af því menn héldu að það væri eftir Bach, þá hefir það vakið eftirtekt um allan heim. — — Þetta ljóðsafn, sem menn eru ennþá að leita að, — það er hér, — söngljóðin, sem meir enn hundrað ár hafa verið hulin fyrir heiminum, — eru hér. Það er eins konar

goðafræði fyrir þá, er unna hljóðfæraslætti, — sérstaklega af því, að Bach hefir ekki nema í þetta eina skifti samið lög við leikrit. Árið 1705 léku skólasveinar og ýmsir aðrir borgarar leikritið í gamla ráðhúsinu, sem nefnt var á þeim tímum klæðaloftið".

Hún sneri nú fyrstu blaðsíðunni við, og á næstu síðu stóð ritað með fagurri rithönd: — "Nótnabók með öllum röddum, skrifuð með eiginhendi Jóhans Sebastians Bach, gefin af honum til endurminningar árið 1707, Gotthelf v. Hirchsprung. — — "Hann á að hafa sungið það", bætti hún við með skjálfandi málróma og benti á seinna nafnið.

"Og hvernig hefir þú eignast þetta hefti, kæra frænka?"

"Ég hefi erft það", mælti Cordula í stuttlegum næstum óhlíðum málróm, um leið og hún lét það í bréfahylkið aftur.

Ef gamla konan vildi ekki dvelja lengur við umtalsefni sitt, var ómögulegt að fá hana til að halda því áfram, og nú lá í svíp og allri framkomu hennar svo augsýnileg frávísun, að enginn, sem ekki hafði til að bera ófyrirgefanlegan dónaskáp og forvitni, hefði getað spurt hana frekar um þetta. Felicitas leit löngunaraugum eftir bókinni, — söngljóðum þeim, er enginn lifandi maður nema Cordula þekti. Hana langaði ákaft til að sjá bókina, en hún þorði ekki að biðja um það. — Hún hafði heldur ekki með einu orði minst á armbandið, þá er hún talaði um það, sem borið hafði við úti í garðinum, því hún vildi ekki fyrir nokkurn mun hreyfa við því, er líklegt var til að ýka upp gamlar endurminningar og hryggja vinkonu hennar.

Gamla konan lauk nú hljóðfærinu upp og Feli-

tas gekk fram í útbyggínguna. — Sólin var að hnígá til viðar, og hinir síðustu geislar hennar vörpuðu glansandi, gullleitri blæju yfir himin og jörð. Hver, sem út horfði, fékk ofbirtu í augun. — Líkt og sáðmaðurinn kastar korninu í allar áttir, þannig féllu hinir purpurarauðu geislar yfir fjöllin, trén og dalsléttuna. — Einstöku hlutar héraðsins urðu því nokkuð óðruvísi, en þeir áttu vanda til, álíka og þá er ný hugsun myndast í heila mannsins. — — Sólin náði nú ekki lengur að skína yfir hinn litla smábæ, — maður sá hana að eins gylla kirkjuturninn með ljóma sínum, og það sást einnig, hvernig eldur brann á arni í öllum smáhúsunum í þorpinu, og að verið var að búa til kveldmatinn. — Friður og kyrð hvíldi yfir hinum smáa bæ og héraðinu umhverfis, og angandi blómsturilm lagði upp að glugga þeim, er Felicitas sat við. — Enginn vindblær bærði blöð trjánna Við og við féllu klunnaleg skorkvikindi niður á veggsvalirnar, og nokkrar svölur flugu framhjá til að finna fæðu handa ungum sínum. Að öðru leyti var hátíðleg þögn yfir öllu. — En þess áhrifameira var að heyra hina fögru tóna úr Beethovens sorgarmarch, er hljómuðu út til hinnar ungu stúlku. — En rétt strax leit hún upp bæði forviða og óttafull, — — það var ekki lengur neinn jarðneskur hljóðfæraslátur. Tónarnir hvísluðu hægt en andríkt, og hin unga stúlka skildi þá. — Hendurnar, er liðu yfir nóturnar, voru dauðþreyttar, og tónarnir, er þær framleiddu, vár vængjaþytur sálar, er var í undirbúningi með að losna úr líkamsfjötrunum fyrir fult og alt.

ÞRJÚ KVÆÐI.

Á HRÍSATEIGI.

Þoldu menn ei þrældómsbönd,
þegar Glúmur reið um vegi,
varði göfug hetjuhönd
heiður sinn að banadegi.
Harðslægt var á Hrísateigi.

Skáltir nú um vít og vörn,
vonin sú, að Einar þegi,
hreysti glata Helga börn, —
hollustan við Dana megi
situr hæst á Hrísateigi.

Ræna skert ei ránshönd sér
réttindum þó burtu fleygi,
frelsismerki fleikað er,
fósturjörðu gleður eigi
höfðingslund á Hrísateigi.

Drungi leggst um dal og fjöll,
Dimmir yfir strönd og legi,
svíðlikt því, að syrgi öll
sveitargoð — og höfuð beygi —
horfna frægð af Hrísateigi.

Heillavættir lýðs og lands
lýsið þjóð og ryðjið vegi,
breyttu kjöri búandans
birta skær með nýjum degi.
Hækki sól á Hrísateigi!

MINNING.

Þar sem nöldur hrannar hrín,
hreinu földuð trafi,
situr öldruð eyjan mín
austur í köldu hafi.

Man ég Kjartans kalda land
kvöld og bjarta morgna,
míns er hjarta bliðast band,
brúðarskartið forna.

Ef í vanda vefst þitt ráð,
vilji brandar særa,
sé þinn andi æskudáð,
ættarland mitt kæra.

GAMLA SAGAN.

Það er geisli' í gömlum sið,
Grettir hendur varði,
óttalaust við altarið
ólreskjuna barði.

— Þeirrar smáði tíðar tál,
trúnni hratt úr skorðum,
hreinni gekk með hetju sál
helgidóms frá borðum.

Drangey myrðir dug og þor,
döpur gerir kveldin,
þá eru launuð þrauta spor
þeirra', er sóttu eldinn.

S. S. ÍSFELD

Athugasemdir.

Í Baldri er ritgerð eftir J.P.S., undir fyrirsögn "Hin breiða kristni", hvar sagt er eitt með fleiru, að Únítariskan neiti þremur liðum, sem Lúterskan játar öllum í hennar trúarbrögðum. Þeir eru þessir: 1) "Að guð hafi birt Gyðingum vilja sinn í skriflaðu lögmáli", 2) "Boðað þeim fyrirætlun sína, að senda þeim frelsara í heiminn", 3) "Kannast við, að frelsarinn sé kominn. — Það er þriðji liðurinn, sem ég ætla að láta í ljósi álit mitt um, því fyrir mína skynjan get ég ekki annað en vefengt hann — að nokkru leyti — fyrir báðum. Ég álít að Lúterskir séu of strangir, þar sem Únítarar eru of veikir. Lúterskir trúa að frelsarinn sé kominn. Hann hafi verið Jesús Kristur, og þeir virðast trúa á hann öllu frekara en guð. En Únítarar líklegast trúa ekkert á hann í guðs stað. Lúterskir viðurkenna, að Jesús sé sá fyrirheitni Messías og frelsari mannkynsins frá synd og dauða. Af ávöxtum að dæma og framkomu lúterskra — presta sérstaklega — hafa Únítarar ástæðu til að álykta frelsarann ókominn enn, en hvort þeir vænta hans, er mér ókunnugt um, eða upp af hvaða stofnun þeir vona hann sprettí. En þegar ég heyri hans innsendingu neitað á þennan hátt, þá fer ég að spyrja sálu mína, hvaðan ég megi vænta hans. Því fyrir það ljós, sem enn þá skín í sálu mína, vill hún ekki neita þeim Kristi, sem bjó í Jesú, fyrir að hafa verið frumgróður þess Messíasar, sem frelsa skal heiminn. "Sá fyrsti Kristur. Hvar frá "Annar Kristur". — Sjálft lífstróð uppvex.

Jesús Kristur nefndi sig "mannsins son", og "Mannsins sonur" segir hann að muni sjást sitja til hægri handar guðs kraftar, komandi í skýjum himins með mikilli dýrð. Sá "Mannsins sonur" bendir sál mín mér til að sé "Annar Kristur". Hinn framvaxni Kristur. Hið fullþroskaða lífstré. — "Krists síðari tilkoma" (lifandi Kristur). Manndómur Krists í Jesú tileinkar honum að vera mannsins sonur, enda þótt mannsins sonur í fylstu merkingu sé guðs sonur. Lifandi Kristur í Jesú sáði réttvísinnar frumgróðri (friðþægingunni) í hjörtu sinna fylgjara. Hann var þar til af guði kallaður. Sá frumgróður réttvísinnar og frelsis þroskaðist og plantaðist út í hjörtum allra þeirra, er hann hafa viðurkent og skilið rétt. Og þess fleiri af oss, sem loka rótaranga þess góða lífstrés að skjóta öngum í hjörtu sín, þess meir þroskast tréð, þar til að síðustu það hefir skotið öngum í allra hjörtu. Þá í sannleika er mannkynið frelsað, og lífstróð fullþroskað, og helgra ávaxta von, samkynja fyrsta frumgróðri. Þetta tré er hinn fyrirséði Messías í fullum skilningi (lifandi Kristur), sem við sjáum koma í skýjum himins með dýrð, frið, frelsi og réttvísi til allra jafnt, sem hann viðurkenna og hafa viðurkent. Hann er eitt með guði föður, hans andlegur kraftur, en engin sérstök líkamleg persóna. Hinir, sem ekki gerast meðlimir þessa Krists, framleiða frá sínum hjörtum fals Krist, sem grundvallast á óréttvísi. Hann er þess flokks "Mannsins sonur" — mammon — og eins og vér skiljum, er hann af öðru sauðahúsi enn þá, en byrjar af hinum sanna Kristi inn að leiðast með tíð og tannning til þess sama sauðahúss (guðsríkis). Kristur samlíkir sína seinni tilkomu við eldingu í loftinu, sem tilkynnir mér, að hans tilkoma verði andleg, á sama máta og andans sending yfir postulana gerðist. Þegar óréttvísi heimsins er fullþroskuð, þá eitt af tvennu skæst hún niður, eða visnar fyrir sjálfseyðileggingar afli dauðans, sem alt óeðlilegt er háð. En sannur Kristur tekur ríkið og frelsar oss. Því fyrr, sem við tileinkum oss hinn sanna Krists líf og ljós, þess fyr frelsumst vér frá synd og dauða, sem er sama og holdsfýsninnar vanþekking og villa.

Lifandi Kristur — réttlætið, friðurinn og kærleikurinn — er sá fyrsti Kristur, er frelsar oss, og færir oss líf og frið. Hann er nú þegar hjá oss, með framboðnar sín ar þær sömu fyrstu frelsisgjafir, "náðarboðskapinn", jafnframt og vér segjum skilið við mannnonsdýrkun og allskonar óréttvísi óréttvísra valdráða, en viðurkennum hann og fylgjum sem guðssyni, og vegljósi voru á réttum vegi áleiðis til vorrar guðlegu fullkomnunar. Án hans er oss ómögulegt, að fullkomnast og fá á oss guðsmynd, — því valds og ranglætis dýrkun fjarlægir oss guði. Hún er full og fráhvarf frá guði og öllu góðu, til syndar og sektar, og gerir oss að myrkranna þrælum, er ekkert ljós fá að sjá, fyr en þeir snúa sér og viðurkenna sína eymd í eindrægnis afturhvarfs anda. Með dýrkun valdsumboðs þjónum vér ranglætinu og þess her skara, því þó vér segjumst trúa á Krist, þá er það yfirskin en engin alvara á meðan orð og athafnir ekki bera því meðvitni. Slíkum er Kristur ómegnugur að hjálpa. — Þess kyns menn negldu hann á krossinn, og negla enn þá, svo lengi sem þeir eru á móti honum, á móti réttvísi og friði. Við verðum að leysa sjálf það bundið höfum, og binda sjálf það leyst höfum. Réttvísin er ennþá í böndum af miklum meiri hluta, en óréttvísin gengur laus. Þegar þið segist trúa á Krist og hann krossfestan, þá er hann þarna í yðar eigin böndum eða sama og á þeim krossi, sem yðar líkar negldu hann á. Þið leggið fram alla yðar krafta, að hann sé þar sem lengst. Af hverju? Af því hjörtu yðar og hugsjónir eru blinduð af óréttvísi. Ef þið skilduð rétta þýðing, að trúa á Krist krossfestan, í stað þess að trúa á, eða trúa, ókrossfestum lifandi Kristi, þá munduð þið aldrei tala slíka heimsku. Því þegar þið hafið glætt skilning yðar og hugarfar til þess stigs, að þekkja blessun réttvísis frá bölvun óréttvísis, sannan lifandi Krist frá dauðum fals Kristi, þá hryllir yður við yðar fyrra ástandi. Þá sjáið þið, að trúleysi yðar var svo mikið, að nafnið "trú" var því ósamboðið.

B. G. Backman.

Skrifið yður fyrir Heimskringlu, svo að þér getið ætíð fylgst med málum Íslendinga hér og heima.

3083

Pósthús Box Heimskringlu er nú 3083, en ekki 116, eins og áður hefir verið. Viðskiftavinir eru því beðnir, að senda bréf til blaðsins í P.O. Box **3083**

Municipality of Bifröst.

Abstract Statement of Receipt & Expenditure From March 16th 1908 to July 30th 1908

RECEIPTS:

Taxes Collected to Date	$ 519.13	
Provincial Treasurer	30.00	
Discount at Bank	1500.00	
Total Receipts		$2,049.13

EXPENDITURE:

Expenditure	$ 181.00	
Roads and Bridges	329.18	
Municipality of Gimli, Reapportionment	790.22	
Salaries	265.25	
Railway Delegation	110.00	
Miscellaneous	268.60	
Cash on hand and in Bank	104.88	
Total Expenditure		$2,049.13

Certified Correct,

J. A. MACDOUGALL,
Prov. Man. Auditor.

Með því að biðja sérlega um "T.L. CIGAR," þá ertu viss að fá ágætan vindil.

T.L.

(UNION MADE)

Western Cigar Factory
Thomas Lee, eigandi Winnipeg

Redwood Lager og Extra Porter

Styrkið taugarnar með því að drekka eitt staup af öðrum hvorum þessum ágæta heimilis bjór, á undan hverri máltíð. — Reynið !!

EDWARD L. DREWRY Manufacturer & Importer Winnipeg, Canada.

Department of Agriculture and Immigration.

MANITOBA

Þetta fylki hefir 41,169,089 ekrur lands, 6,019,200 ekrur eru vötn, sem veita landinu raka til akuryrkjuþarfa. Þess vegna höfum vér jafnan nægan raka til uppskeru tryggingar.

Ennþá eru 25 miliónir ekrur óteknar, sem fá má með heimilisrétti eða kaupum.

Íbúatala árið 1901 var 255,211, nú er hún orðin 400,000 manns, hefir nálega tvöfaldast á 7 árum.

Íbúatala Winnipeg borgar árið 1901 var 42,240, en nú um 115 þúsundir, hefir meir en tvöfaldast á 7 árum.

Flutningstæki eru nú sem næst fullkomin, 3516 mílur járnbrauta eru í fylkinu, sem allar liggja út frá Winnipeg. Þrjár þverlandsbrautir lestir fara daglega frá Winnipeg, og innan fárra mánaða verða þær 5 talsins, þegar Grand Trunk Pacific og Canadian Northern bætast við.

Framför fylkisins er sjáanleg hvar sem litið er. Þér ættuð að taka þar bólfestu. Ekkert annað land getur sýnt sama vöxt á sama tímabili.

TIL FERDAMANNA:

Farið ekki framhjá Winnipeg, án þess að grenslast um stjórn ar og járnbrautarlönd til sölu, og útvega yður fullkomnar upplýsingar um heimilisréttarlönd og fjárgróða möguleika.

R. P. ROBLIN,
Stjórnarformaður og Akuryrkjumála Ráðgjafi.

Skrifið eftir upplýsingum til

Joseph Burke, 178 LOGAN AVE., WINNIPEG.
Jas. Hartney, 77 YORK ST., TORONTO.

XV.

HJÚKRUNARKONAN.

Eld og vatns-raunin, er barnið og Felicitas höfðu gengið í gegn um, drógu afleiðingar á eftir sér. — Barnið fékk um nóttina hitaveiki, og um morguninn, er Felicitas vaknaði, hafði hún ákafan höfuðverk. — Samt gekk hún að vinnu sinni eins og ekkert væri. Sárið á handleggnum olli henni heldur ekki neinna óþæginda, því hin ágætu smyrsli höfðu um nóttina dregið úr öllum svíða.

Seinni part dagsins kom læknirinn heim. Hann hafði verið að fást við augnauppskurð, sem engin læknir hingað til hafði þorað að gera. Öll framkoma hans bar eins og vant var vott um rósemi og skeytingarleysi. Það lét ekki út fyrir, að neitt gæti haggað jafnvægi tilfinninga hans. Hann var heldur ekkert rjóðari en hann átti að sér, en hver, sem þekti vel augu hans, hefði undrast yfir hinum óvanalega ljóma, er nú skein úr þessum vanalega köldu, stálgráu augum, sem sýndust helzt vera sköpuð til að horfa rannsakandi inn í sálir annara. Nú sást það, að þau gátu líka lýst innri ánægju og blíðu.

Hann staðnæmdist við húsdyrnar, og spurði Friðriku, sem kom í því sama að með vatnsfötu, er hún var að fara með inn í húsið, hvernig henni liði.

"Ó, mér er nú batnað, herra prófessor", svaraði hún. — "En hún þarna" — og hún benti um leið yfir að glugga á neðsta lofti, — "Karólína! Hún hefir í guer orðið fyrir ljóta skakkafallinu við þessa eld-

raun. Ég hefi ekki getað sofnað væran dúr í alla nótt fyrir því, hvernig hún hefir þvaðrað upp úr sveininum, og í dag gengur hún með andlitið eins rautt og hún hefði skarlatssótt — og —"

"Þér áttuð að vera búnar að segja mér þetta, Friðrika", greip hann fram í höstum róm".

"Ég hefi líka sagt frúnni það, en hún hélt að það liði frá. — Það hefir áldrei verið sent orð eftir lækni hennar vegna, enda hefir hún ekki oft verið veik. — Illgresið tortímist ekki, herra prófessor. — Það hefir heldur enga þýðingu, þó maður ætli að vera umburðarlyndur við hana", bætti hún við í afsakandi róm, er hún sá, að hann varð þungbrýnn mjög. — Hún hefir alt frá æsku verið óþjálf barn, og látið sem hún væri kongsdóttir. — Ó, guð miskuni okkur, annað eins loddaraburn! — Ég hefi oft, er ég bakaði eða steikti eitthvað gott handa frúnni, tekið bita af því handa henni, — því, herra guð, maður hefir þó hjarta í brjósti sér, — en haldið þér að hún hafi bragðað á því? — Nei. Ég hefi alt af orðið að taka það ósnert aftur. — Sjáið þér, herra prófessor, þannig hagaði hún sér, þá er hún var barn, — — og hún hefir eiginlega aldrei borðað sig sadda síðan húsbóndinn sæli dó. Það eru mestu undur, hvað stór hún er orðin. — — En þetta er altsaman bara af eintómum þráa og syndsamlegu drambi. — Hún vill ekki, að sér sé neitt gefið. — Ég hefi með mínum eigin eyrum heyrt hana segja við Hinrik, að þegar hún loksins sé komin burtu af þessu hræðilega heimili, þá ætli hún að vinna svo hart, að blóðið hlaupi fram undan nöglunum, og senda svo frú Heilwig hvern skilding til baka, sem uppeldi hennar hafi kostað".

Gamla eldakonan tók ekkert eftir því, að blóðið steig prófessornum æ meira og meira til höfuðsins, á meðan hún útjós hjarta sínu fyrir honum. Og hún var nautnast þögnuð, þegar hann sneri sér við, og

gekk yfir garðinn að glugga þeim, er áður var nefndur. — Það var stór bogamyndaður gluggi og gluggakistan úr steini, og náði niður til jarðar. Glugginn lá að herbergi því, er Friðrika og Felicitas sváfu í. Glugginn stóð opinn og sást inn um hann hvítkalkaðir veggir og mjög lítáljörlegur húsbúnaður. — — Þetta var sama leiðinlega herbergið, er hin fjögra ára gamla Felicitas grét fyrstu tárunum í, yfir því að verða að skilja við foreldra sína. — — Nú sat hún við gluggann. — — Hún! — Hin útskúfaða, þrjóskufulla stúlka, er ekki borðaði sig sadda af annara brauði, — — sem vildi vinna þangað til blóðið rynni úr höndum hennar, til þess að þurfa ekki að standa í neinni þakklætisskuld við aðra. — — Hin drambláta stúlka, er með sannneindu karlmannsþreki hafði staðið hnarreist og upprétt mitt í hinni ölýpstu niðurlægingu! — Tápmikil sál, með ótæmandi þoli og óbilandi kjarki! — Og alt þetta bjó í hinni ungu stúlku, sem sat við gluggann svo yndislega barnsleg. — Það leit helzt út fyrir, að hún væri sofandi. Hún hafði lagt aðra hendina í gluggakistuna, og hvílді með höfuðið ofan á henni. — Það stakk í stúf, að sjá hinn mjallhvíta vanga og fallega hár innanvið gráan múrvegginn, er farinn var að molast niður. — Það lá ró og friður yfir hinum reglulegu andlitsdráttum. Varirnar voru hálfopnar, og þunglyndisdrættir kringum munnvikin, og augun, sem oft leiftruðu í reiði, voru nú lokuð.

Prófessorinn gekk hljóðlega að glugganum. — Hann virti hana fyrir sér eitt augnablik, án þess að hreyfa sig, svo beygði hann sig niður að henni.

"Felicitas!" mælti hann í blíðum, meðaumkunarfullum róm.

Hún hrökk við. — Hún vildi ekki trúa sínum eigin eyrum, og horfði framaní þann, er laut yfir henni. Að heyra nafn sitt nefnt af honum, hafði

haft álíka áhrif á hana og hefði hún snert á rafurmagni. — En hún, sem alt í einu hafði legið fram hönd sér eins og sakklaust barn, — stóð alt í einu upp. Hver einasta taug í líkama hennar var í æsingu, og það var engu líkara en hún biði albúin eftir að ráðist væri á sig.

Prófessorinn lét sem hann tæki ekkert eftir þeirri breytingu, er varð á henni.

"Friðrika segir mér, að þér séuð veikar", mælti hann rólega og vingjarnlega.

"Ég er nú aftur miklu betri", mælti hún hnuggin. " Mér batnar alt af fái ég að vera í ró og næði".

"Humm! Útlit yðar ber nú samt ekki vott um —" Hann endaði ekki setninguna, en rétti hönd sína inn um gluggann, og ætlaði að grípa um handlegg Felicitas. — En hún gekk nokkur fet aftur á bak.

"Gætið nú skynsemínnar", mælti hann enþá í sama vingjarnlega málrómnum, — en hann hrukkaði brýnar, og þrátt fyrir skeggið sást að hann beit saman tönnunum í reiði, — þegar hann sá að stúlkan stóð grafkyr og krosslagði höndurnar.

"Nú, þá vil ég ekki lengur tala til yðar sem læknir, heldur sem húsbóndi yðar", mælti hann í höstum róm, "og ég skipa yður að koma strax hingað til mín".

Hún hrökk saman og eldroðnaði, brjóst hennar gekk í bylgjum af innri baráttu þeirri er hún átti í. En svo gekk hún hægt að glugganum, sneri sér undan og rétti honum þegjandi hendina. — sem hann svo lagði liðlega í sína. — — Þessi litla, fallega hönd, er bar vott um harða vinnu, hún skalf svo ákaft í höndum læknisins, að innilegum meðaumkunarsvip brá fyrir á hinu alvarlega andliti hans.

"Heimskulega, stúlsinnaða barn! Nú hafið þér aftur neytt mig til að beita hörku við yður", mælti hann blíðlega en alvarlega, og ég óskaði þó eftir, að

Greiðið atkvæði með

GARSON

fyrir

Controller 1909

Atkvæða yðar og áhrifa óskast virðingarfyllst fyrir

fyrverandi bæjarfulltrúa

A. H. PULFORD

SEM

Controller 1909

CONTROLLER 1909

Vegna þess sérstaklega, að að margir kjósendur, eftir þriggja ára reynslu af mér sem bæjarfulltrúa, hafa skor að á mig, hefi ég afráðið að sækja um

CONTROLLER

stöðuna fyrir árið 1909. — Verði ég kosinn, sem algerlega er komið undir atkvæðum yðar og áhrifum, skal ég leggja fram alla mína krafta í þarfir yðar og bæjarins.

Virðingarfylst,

A. A. McArthur

Bæjarfulltrúi fyrir 5. kjör deild 1906—7—8

BUSINESS ADDRESS 724 LOGAN AVENUE. TELEPHONES 46 6108
Central Committee Room 449 Main St.

A. A. McARTHUR.

BAKER fyrir BOARD OF CONTROL

Ég endurnýja virðingarfylst beiðni mína um atkvæði yðar og áhrif til þess að verða endurkosinn í Board of Control.

Ég hefi í þau 2 ár, sem ég hefi verið í nefndinni, unnið að framkvæmdum þeirra atriða, sem ég gerði að stefnuskrá minni, og sem þér aðhyltust með atkvæðum yðar árið 1906.

Ef þér á ný veitið mér þá sæmd að kjósa mig, þá skal ég fastlega fylgja fram því, að aflstöðin verði tafarlaust bygð og starfrækt, sem sveitareignar vatnsafl. Einnig að vinna að því, að bæta strætisvagna gang borgarinnar. Verkalýðurinn skal njóta samgirni frá minni hálfu, og það skal vera mín einlæg stefna, að vinna til "mestra hagsmuna fyrir fjöldann", — hafandi jafnan það fyrir augum, að heilbrigðisástand borgarinnar sé í sem beztu lagi.

Vatnsaflstöðin þýðir, að Winnipeg verður áreiðanlega mesta borg í Canadaríki.

Controller J.W.Baker.

Atkvæða yðar og áhrifa óskast virðing arfyllst fyrir endurkosningu til The

Board of Control

fyrir

James G. HARVEY

Atkvæða yðar og áhrifa óskast virðingarfyllst fyrir

R. D. WAUGH

fyrir

Controller

3. kjordeild

Ég hefi verið beðinn af miklum fjölda kjósenda í 3. kjördeild, sem búa norðan Portage Ave., að gefa kost á mér sem bæjarfulltrúi, og ég hefi ákveðið að verða við þessum áskorunum, og bið því um atkvæði yðar og áhrif.

Ég mæli með byggingu aflstöðvarinnar, og að það sé framkvæmt með hyggindum og hæfilegum fjársparnaði.

Löggildingarskrá borgarinnar ætti að verða breytt þannig, að borgarbúum verði leyft að lýsa hús sín með því afli, fyrir minna en helfing þess verðs, sem það kostar þá nú.

Að Winnipeg verkamenn ættu að sitja fyrir allri vinnu við byggingu aflstöðvarinnar.

Ef ég næ kosningu, þá skal það vera markmið mitt að vinna, að því, að þær umbætur verði sem allra fyrst gerðar í þessari deild, sem íbúarnir norðan Portage Ave. kunna að biðja um, og einnig, að deildinni sé skift um Portage Ave., svo að nýj deild myndist fyrir norðan Portage Avenue., og að tveir fulltrúar sitji í bæjarstjórninni fyrir þá nýju deild.

H. P. CARPER.

Fáein orð um skatta.

Eftir Joseph Josephson.

Tollar og skattar, sem lagðir eru á almenning til að mæta útgjöldum, sem leiðir af stjórnarfarinu, eru mjög viðkvæm atriði. Það er eins og allir finni svo mikið til þeirra útgjalda og leitist við, að hlífðra sér hjá þeim. Hvað mundi valda því? Án efa það, að fyrirkomulagið er ekki rétt.

Fólkið velur nú orðið víðasthvar mennina til að stjórna, en þegar til kemur, þykja þeir eyðslusamir og verja tekjunum öðruvísi en til var ætlast, — gera lög og reglur, sem valda partisku og ójöfnuði í skattaheimtunni, svo að hver höndin verður upp á móti annari. Því sitt lízt hverjum.

Það hefir víst ætíð verið vandasamt og óvinsælt starf, að raða niður á almenning kostnaði þeim, sem leiðir af stjórnarfari mannkynsins og þjóðfélaganna, og verður framvegis, nema tekin verði upp önnur aðferð, sem jafnar honum réttara niður, og annar máti viðhafður til að heimta hann inn, með mildari aðferð og minni kostn aði. Lagt hefir verið á eignir og atvinnuvegi, sem ekki geta verið réttur mælikvarði, og heimt inn með magt og miklum tilkostnaði, og þannig þyngt á gjöldunum, — auk þess ójafnaðar, sem leitt hefir af undanþágum, undandrætti og fleiru, sem vel má fyrirbyggja, ef rétt er að farið.

Það er víst naumast við að búast, að framtal til tíundar geti orðið rétt undir núverandi lögum, og má því nærri geta, hvílíkri siðferðis spillingu það má valda í mannfélaginu, að búa við lög, sem eins og toll lögin og skattalögin ekki að eins freista til svika, heldur jafnvel í sumum tilfellum neyða til þeirra.

Það geta víst flestir skilið, hvílík freisting það er, að "smúgla" inn vörum toll-frium, og ekkert undarlegt, þótt einhverjir gefist þar í sekir. Og er þó verra með skattalögin. Þar er óráðvendnin svo almenn með undandrátt á framtali til tíundar, einkum á lausafé, og mest á því, sem eiginlega ætti að bera mestan eða helst allan kostnaðinn. Það er ágóðinn, sem verður af öllum starískostnaði, — auðurinn, sem safnast hjá einstökum mönnum og félögum, en er að svo miklu leyti undan dregin. Og þó nú einhverjir vildu telja rétt fram, neyðast þeir til, að haga sér líkt og hinir, til að firrast þann órýmilega mismun, sem mundi verða á skattabyrðinni — og verða þannig jafnsekir hinum.

Það lætur sig betur hugsa enn tala, hver áhrif slík aðferð getur haft á mannfélagið í siðferðislegu tilliti.

En ef það er rétt álitið, að einn glæpurinn leiði annan af sér, þá er ekki ólíklegt, að þetta eigi sinn þátt í, að framleiða Anarkism, sem bæði þjóðir og stjórnir eru nú orðnar svo skjálfandi fyrir, og hafi þannig að eiga við sína eigin drauga, sem þær sjálfar hafa uppvakið.

Það hefir stundum farið svo, eftir því sem sögurnar segja, að draugar hafa ráðist á þá sjálfa, sem ætluðu að senda þá öðrum, og hefir þótt vel til fallið.

Á þessu fæst engin bót eins lengi sem haldið verður áfram undir sama fyrirkomulagi. En það er fullkomin sannfæring mín, að flestallir séu viljugir að leggja sinn rétta skerf til opinberra þarfa, ef því getur að eins verið hagað svo til, að gjöldin komi jafnt og rétt niður, en fáir munu til lengdar gera sér að góðu, að bera meira enn sinn tiltölulega part.

Það var út af þessu, að óg leiddist til að hugsa um, hvort ekki væri mögulegt, að finna aðferð til að fyrirbyggja allan undandrátt í framtali tíundar, og er, það, sem hér fylgir, aðferðin sem ég hugsa mér til þess.

Eignaskattur er ekki heppilegur og skyldi því afnemast, bæði af fasteignum og lausafé, og þar með upprætast sú siðferðis spilling, sem þau lög hafa alið, með undandrætti og óhreinskilni að mörgu leyti. Og á hinn bóginn tal að fyrirbyggja þá ómannlegu aðferð, sem oft er brúkuð við innheimtuna.

Í þess stað mætti leggja skatt á peningalán og sölu á tilbúnum vörum, og innheimta hann með þar til gerðum stimpluðum umbúðum, stimpluðum pappír og frímerkjum, sem stjórnin leggur til, og seljandi vöru borgar og leggur með öðrum sínum kostnaði á vörurnar, eins og að undanförnu og ætið verður gert. Eins á heildsölu og smásölu, hvað oft sem skiftir höndum, því allir reikna sér ágóða. Ágóðinn er tekjur, og af þeim tekjum verður alt að borgast, — hvort sem lagt er á eignir eða annað. Samkeppnin veldur því, að ekki er hætt við, að ofmikið verði lagt á fyrir skattinum fremur en öðrum útgjöldum.

Alt ætti að skattleggjast jafnt eftir verðmæti, það yrði auðveldasti mælikvarðinn. Með þessu leggur hver skattinn á sig sjálfur, svo engin rekistefna þarf af því að verða.

Kaupandi sér um, að stimplað sé eða frímerkt, annars tapi hann eignarrétti, ef vanrækt er, og tilfalli hálft því opinbera, en hálft þeim, sem kemur því upp.

Ef seljandi gerir sig vísvitandi sekan í vanrækslu, skal auglýsa það í blöðum og á annan hátt, og ef það er ítrekað, ætti að svifta hann verzlunarleyfi.

Tollarnir ættu líka að afnemast, og tekjur sambandsstjórnarinnar að leggjast á járnbrautir og önnur flutningafæri, hlutfallslega eftir verðmæti þess, sem flutt er, með sama fyrirkomulagi og sagt er um sölu á vörum.

Við banka- og önnur peninga-lán þarf að beita annari aðferð, af því vextir eru svo mismunandi. Því skyldi sá, sem lánar fyrir 10 prósent stimpla heilt prósent, en sé lánið fyrir t.d. 9 prósent, þá 9 Mills, og 8 prósent 8 Mills o.s.frv. "Nóturnar" verða að stimplast um leið og þær eru borgaðar, því standi þær minna en eitt ár, þá svo mikið minna af prósent, og ef fleiri ár, þá svo mikið sem heilt prósent fyrir hvert ár eða brot að hlutfalli. Sá leggur til stimpilinn eða frímerkið, sem selur eða lánar og tekur ágóðann, en ekki kaupandi, eða sá, sem tekur að láni. — Það á að álítast lagabrot fyrir báða parta, ef þeir koma sér saman um, að innleysa "nótu" eða gera kaup, án þess að stimplað sé samkvæmt lögum, og gildir það, sem áður er sagt um vörur, ef upp kemst, að verðið tilfellur því opinbera að hálfu, en hinn parturinn þeim, sem kemur því upp, og vanrækslan auglýst rækilega. En engin önnur hegning ætti við því að liggja, og mundi þó verka betur en harðari refsing.

Með þessu eru auðvitað ekki útilokaðar aðrar tekjugreinir. En ég vil þó geta þess, að erfðaskatt ætti ekki að taka undir þessu fyrirkomulagi, sökum þess, að hann er eitt af því, sem freistar til undandráttar og yfirhylmingar, sem þetta fyrirkomulag á að fyrirbyggja, og svo er hann óeðlilegur vegna fleiri atriða, sem ég ætla ekki að rekja í þetta sinni.

Framleiðandi borgar sinn skatt með því, að kaupa fyrir það, sem hann framleiðir, eins og aðrir eyðendur, en getur ekkert lagt yfir á aðra.

Til að byrja með þessa breytingu, mætti fyrst afnema lausafjárskattinn, og leggja á vörur og peningalán 1 prósent, til að sjá, hvað mikið það gefur af sér, og til að venjast fyrirkomulaginu og vita, hvernig það vinnur og líkar.

Lög og reglur um þetta ætti að innræta ungdómnum í skólunum, svo óvizka verði ekki til afsökunar á fullorðins árunum.

Þetta eru nú aðalatriðin, en margt mætti framar þar um segja og verður minst af því sagt hér. Að eins fáa drætti ætla ég þó að sýna, sem gefi betur að skilja, hvernig ég hugsa mér að það vinni.

Ég sagði hér að framan, að skattinn ætti að leggja á tilbúnar vörur. Við vitum allir, er við hugleiðum það, að efnið í allar vörur kemur frá jörðunni og er flutt út í heiminn til að gera úr því vörur og á þeirri leið ræður seljandi vanalega lítið við verð þess, en þegar búið er að gera úr því vörur í brúkanlegt ástand, stefna þær allar til jarðarinnar aftur, og á þeirri leiðinni ræður seljandi verðinu, og þar á því að byrja að stimpla fyrir skattinum. Því má ekki gleyma, að það er að eins þar, sem seljandi ræður verðinu og getur lagt sinn kostnað við verð vörunnar, að stimpla má fyrir skattinum. Tökum t.d. ull og bómull. Þar ráða aðallega verksmiðjurnar verðinu, bæði við innkaup á efninu og útsölu á því, sem unnið er úr því, og geta lagt allan sinn tilkostnað við verðið, og þar á því að byrja að stimpla fyrir skattinum. Þar byrjar leiðin til jarðarinnar, selt af einum til annars í ágóða skyni, þangað til það fellur til jarðarinnar aftur og fram leiðan verður annað nýtt til að gera sömu hringferðina, að veita atvinnu, fæða og auðga.

Verðinu á brauðefni ráða myllurnar, og því eiga þær að byrja að stimpla, og svo allstaðar þar sem einn staður ræður verðinu, bæði í innkaupum á efninu og því, sem úr því er unnið.

Kol, olía og fleiri vörur eru þar á móti í brúkanlegu ástandi strax við námana, og seljandi ræður þar verðinu, og á því að stimplast þar. Og þeir, sem aftur selja til þeirra, sem brúka og eyða, verða einnig að stimpla, af því þeir leggja líka á þær fyrir vinnu og ágóða.

Þetta sýnist nú í fljótu bragði benda til þess, að það séu beinar álögur á þá, sem brúka og eyða, en það er þó ekki svo í raun og veru, því mikill partur af þess háttar vörum fer til verksmiðja, skipa og fleira, sem dreifa kostnaðinum með öðru á sinn atvinnuveg. Það er annars auðvitað, það hefir ætíð verið svo og verður ætíð svo, að hver verður að borga fyrir það, sem hann brúkar og eyðir, en fær endurgjaldið frá sinni atvinnu ef ekki á að ganga til þurðar, og með þessari aðferð verða álögurnar ekki þungar, sökum þess mikla auðs, sem skiftist á, og svo hins að hver leggur það á sig sjálfur.

Sé þessi aðferð hölð, verður ekki betur séð, en að á alla komi jafnt eftir þeirra efnum, því allir brúka það, sem þeir afla, til einhvers þess, sem gefur af sér tiltölulega til útgjalda-sjóðsins. Þeir, sem meira afla eða hafa, kaupa meira og gjarna dýrari vörur og valda því meira skatti, svo alt verður eftir réttri tiltölu, og enginn getur með vissu sagt, hvar niður kemur, því allir leggja sinn tilkostnað í sína atvinnu, nema þeir sem framleiðslu stunda. Þeir eru bundnir við markaðinn, og því víst óhætt að fullyrða, að þeir borgi mestan partinn af súpunni þá er líka eðlilegt, því alt er frá jörðunni komið og leitar til hennar aftur, og endurgjaldið kemur frá henni aftur í nýrri framleiðslu

Þetta er málefni, sem alla varðar, og þess vert, að það sé rætt og væri því æskilegt, að ritstjórar vildu taka þessa litlu ritgerð upp í blöð sín og segja álit sitt um hana. Og svo ef einhverjir af lesendum þeirra vildu líka gera hið sama og láta það koma í blöðin.

Það kynni að vekja nytsamar umræður um þetta skattamál yfirleitt, og annaðhvort hrinda þessari skoðun áfram, eða þá sannæra höfund hennar um, að hann er flón — ef hann er það? — ef það er gert með góðum rökum og bent á eitthvað betra til endurbóta í skattamálinu.

Atkvæði yðar og áhrifa óskast nú virðingarfyllst til handa

W. SANFORD EVANS

sem Borgarstjóra 1909

ÁRNI EGGERTSSON.

Herra Árni Eggertsson sækir á ný um fulltrúastöðu í bæjarstjórninni fyrir 4. kjördeild. Árni hefir áunnið sér álits borgarbúa fyrir atorku sina og dugnað, og ætti því að fá gott fylgi við þessar kosningar.

Liðsbón.

Heiðruðu Vestur-Íslendingar!

Af frásögnum Lögbergs og Heims kringlu er yður nú fyrir nokkru orðið kunnugt um tjón það, sem Gimli-prentfélagið varð fyrir hinn 22. okt. síðasthðinn. Eldsábyrgð sú, sem á eignunum var, stóð tæplega fyrir skuldum félagsins, svo óumflýjanlegt er, að leita til yðar í liðsbón.

FYRSTA BÓN. — Þeir, sem verið hafa að undanförnu kaupendur Baldurs og eru nú skuldlausir, eru allra manna fyrst beðnir að rétta hjálparhönd, með því að senda nú fyrirfram borgunina fyrir næsta ár, þótt þeim kunni að virðast svo, sem þeir með því sé að leggja þann dollarinn í hættu. Þrátt fyrir alla erfiðleika, mun þó enn þá fara svo, að blaðið haldi áfram að koma út, svo hættan á því að tapa andvirðinu verði ekki nein.

ÖNNUR BÓN. — Hinir kaupendurnir, sem eitthvað eiga óborgað fyrir það, sem þeir hafa fengið af blaðinu í liðinni tíð, eru nú umfram alla muni beðnir að bregðast drengilega við því, að greiða skuld sína, og helzt, ef þeir eru svo skapi farnir og þess megnugir, að láta fyrirfram borgun fyrir næsta ár fylgja með.

ÞRIÐJA BÓN. — Þeir, sem nú um tíma hafa fengið Baldur til reynslu ókeypis, og hverjir þeir aðrir, sem ekki kunna við að skorast undan, að rétta þeim hjálparhönd, sem fyrir óhöppum verða, eru vinsamlega beðnir að kaupa af oss blaðið eitt ár, og senda andvirðið, — einn dollar, — nú sem allra fyrst. Jafnvel þótt þeim falli blaðið ekki í geð að einhverju leyti, treystum vér samt flestum þeirra til að synja oss ekki þessarar liðsemdar.

FJÓRÐA BÓN. — Hverjir þeir, sem kynnu að vera svo skapi farnir, að vilja eitthvað meira á sig leggja fyrir Baldur, eru innilega beðnir að sýna það einmitt nú tafarlaust, með því að taka eitt eða fleiri hlutabréf í félaginu, eða í það minsta láta vita, hvers af þeim má vænta síðar, ef þeir hafa ekki ráð á, að gera það nú sem stendur. Hvert hlutabréf er $5, og skal það skýrt fram tekið, að ólíkleget er, að þau beri nokkurntíma rentur í peningum, enda munu þeir einir verða við þessari bón, sem skilja það fyllilega.

Reynist nú, góðir drengir, hver um sig svo drenglyndur, að sýna einhvern lit á svari upp á þessa liðsbón.

G. Thorsteinsson,
forseti Gimli prentfélagsins.

J. P. Sólmundsson
skrifari Gimli prentfélagsins.

PUBLIC NOTICE

NOTICE IS HEREBY GIVEN, that By-Law No. 14, under which the Rural Municipality of Bifröst is forbidden to receive any moneys for a license for the sale of liquor as defined in "The Liquor License Act" and Amendments thereto, within the limits of the said Municipality, which By-Law is known as By-Law for Local Option, has been submitted to the Council of said Municipality, and did receive its first and second readings on the 24th day of October 1908, and that a vote of the electors of the Municipality, entitled to vote thereon will be taken on the 15th day of December, being the same day as that fixed for the polling at the annual Municipal election in said Municipality, and the voting will be taken during the same hours and at the same places as the polling at the annual Municipal election, which may for greater certainty be stated to be between the hours of Nine o'clock in the morning and Five o'clock in the afternoon on the said date and at the following places:

Poll. Div. No. 1, comprising Ward No. 1, at the house of Finnb. Finnbogason, Sec. 31—21—4.

Poll. Div. No. 2, comprising Ward No. 2, at the house of Lárus Th. Björnsson.

Poll. Div. No. 3, comprising Ward No. 3, at Framnes School House.

Poll. Div. No. 4. comprising Ward No. 4, at Hecla P.O., Big Island.

And the Returning Officer and Deputy Returning Officer will be the same as for the annual Municipal election aforesaid.

The proposed By-Law, or a true copy thereof, can be seen on file until the day of taking the vote, at the office of the Clerk of the Municipality, which is at Hnausa, in the Province of Manitoba.

DATED at Hnausa this 27th day of October 1908.

Bjarni Marteinsson,
Clerk of the Rural Municipality of Bifröst.

Fréttir úr bænum.

Sú sorgarfregn barst út í blöðunum í sl. viku, að tveir mannvænlegir Íslendingar úr Hnausabygð í Nýja Íslandi hafi nýlega drukknað niður um ís norður við Fisher Bay. Nöfn þeirra eru Haraldur S. Vídal, sonur Sigurðar bónda Vídals, að Hnausa P.O., hinn mannvænlegasti maður á þritugs aldri, — og Jón Stefánsson, úr sömu bygð, einnig á bezta aldri, og hafði verið formaður á gufubátnum "Fern", eign Stefáns kaupmanns Sigurðssonar að Hnausa. Var báturinn hafður til vöruflutninga meðfram ströndum nýlendunnar að sumarlaginu.

Svo er að sjá á fregn þessari í dagblöðunum, að mennirnir hafi verið að leggja fiskinet sín á þunnum ís, eftir að vatnið var nýlega lagt, og hafi þá Jón dottið niður um ísinn, en ekki getað komist upp aftur, og hafi þá Haraldur ætlað að bjarga honum, en ísinn ekki borið þunga hans, og því báðir farið í vatnið.

Að mönnum þessum er hinn mesti skaði, því þeir voru báðir fyrirmyndarmenn.

Hagyrðingafélags samkoman á mánudagskveldið var, til heiðurs skáldinu St. G. Stephanssyni, var vel sótt. Mrs. S. B. Benedictsson setti samkomuna með stuttri ræðu Heiðursgesturinn flutti 25 ára gamalt kvæði ("Lækurinn") eftir sig, og hélt einnig góða tölu, jafnvel þó hann segðist vera og ætíð hafa verið í ræðu-bindindi. Hjálmur Þorsteinsson, frá Gimli, flutti skáldinu kvæði eftir sig. Ýmsir fleiri komu þar fram og fluttu stutt erindi til heiðursgestsins. — Samkoman endaði með því að allir sungu "Hvað er svo glatt".

Sumargjöfin.

Hún kom nokkru seinna, en ætlað var og lofað hafði verið að koma henni hingað vestur. En nú er hún komin.

Herra N. OTTENSON, í River Park, hefir fengið allmikið upplag af bókum Bóksalafélagsins í Rvík, sem Vestur-Íslendingar fá keyptar með sanngjörnu verði til skemtunar sér um hátíðirnar.

Þessar bækur verða bráðlega auglýstar í Heimskringlu. — Gefið því auga.

Brúðkaup mikið var haldið á Hnausum í Nýja Íslandi á laugardagskveldið var þann 21. þ.m. — Þá gengu í hjónaband þau herra Guðmundur Erlendsson, verzlunarstjóri í Gimli bæ, og ungfrú Hansína Hansdóttir, frá Mountain í Norður Dakota. — Brúðurin er systurdóttir herra Stephans kaupmanns Sigurðssonar að Hnausum, og hann stóð fyrir veizlu mikilli, sem hann hélt að Hnausum, þar sem hjónavígslan fór fram. Herra Stephan Sigurðsson hafði sent bestu og vagna alla leið til Gimli, 20 mílur vegar, til þess að keyra þaðan norður allan þann fjölda boðsgesta, sem sóttu að hans boði brúðkaupið, frá Winnipeg, Selkirk og Gimli. Séra Runólfur Marteinsson gaf brúðhjónin saman í Bræðu víkur kirkju í viðurvist á annað hundrað manns. Eftir vígsluna lét Stephan keyra allan mannsöfnuðinn þaðan heim í sitt nýja stórhýsi að Hnausum. Var þá þar sett upp hin ríkmannlegasta veizla og stóð hún yfir alla nóttina og fram undir hádegi næsta dag. — Svo segja þeir, sem þar voru viðstaddir, að mjög sé tvísýnt, hvort jafn-vegleg brúðkaupsveizla hafi haldin verið meðal Vestur-Íslendinga. — Brúðurin var sæmd mörgum góðum gjöfum og margar ræður voru fluttar. — Ritstjóra Hkr. var boðið í veizlu þessa, en hann var þá ekki í bænum og átti því ekki kost á, að vera þar viðstaddur. — Heimskringla óskar hinum ungu hjónum allra framtíðarheilla.

Herra Vigfús Kjartansson, trésmiður, fyrrum á Seyðisfirði á Íslandi, fór héðan á föstudaginn var með konu sína alfarinn á leið til Íslands. Þau hjón búast við að dvelja í Kaupmannahöfn nokkurn tíma í vetur áður en þau fara til Íslands. Þau hafa dvalið hér vestra sl. fimm ár, og farnast vel.

Íslendingur að nafni "Jack Johnson" (Jón Marsibilarson), sem vann í mörg ár hjá Holman Bros. hér í bæ, og í sl. 4 ár á City Market, — andaðist á St. Boniface spítalanum úr lungnabólgu aðfaranótt 20. þ.m., og var jarðsunginn á sunnudaginn var. Hann var rúm lega 30 ára gamall, ókvæntur.

LÁTTU MIG SAGA ELDI VIÐINN ÞINN. — Eg hefi keypt spónnýja sögunarvél, og geri verkið gegn sanngjarni borgun.

S. THORKELSSON,
738 Arlington St. Talsími 8588

Fyrsti spilafundur

ÍSL. CONSERVATIVE KLÚBBSINS á þessum vetri verður haldinn á föstudagskveldið kemur (27. þ.m.) í Únítarasalnum. Allir meðlimir klúbbsins eru beðnir að sækja fundinn og koma í tíma svo hægt verði að byrja ekki seinna en klukkan 8.30.

Þér eruð allir velkomnir!

Laugardagskveldið 5. des. næstkomandi, kl. 8, heldur íslenzka Stúdentafélagið fund í Tjaldbúðinni. Fundurinn verður opinn fyrir alla.

Það helzta, sem þar fer fram, verður kappræða. Kappræðuefnið er:

"Ákvarðað, að það sé æskilegt fyrir Vestur-Íslendinga að Hið Íslenzka Lúterska Kirkjufélag komi á fót hinni fyrirhuguðu skólastofnun sinni".

Þeir, sem sækja málið eru, Mr. Jón Stephansson og Mr. Guðm. Thorsteinsson. Hinir, sem verja, eru, Mr. Jóhannes S. Pálsson og Mr. Kristján Austmann.

Einnig verður hljóðfæraslátttur og fleira á prógramminu.

Til þess að hvetja ungt íslenzkt námsfólk til þess að leggja rækt við móðurmál sitt, hefir Stúdentafélagið ásett sér, að láta meðlimi þess keppa um verðlauna peninga. Ritgerðir, sögur og ræður verða samdar, og hljóta þeir verðlaun, sem bezt gera. Svo er verðlaununum háttað, að fjórir verðlaunapeningar (Medals) verða gefnir. — Það má búast við, að þeir kosti um tuttugu dollara. Hefir félagið því afráðið, að taka samskot á téðum fundi til þess að mæta þessum útgjöldum. Og til þess er yður treystandi, landar góðir, að þér sækið fundinn vel, og gefið þó betur. — Ef þér getið ekki komið, en hafið hug á, að styðja það sem íslenzkt er, þá tekur féhirðir félagsins, herra Jón Stephansson, á móti öllum sendingum í sjóð þennan.

Félaginu finst sanngjarnt, að vonast eftir sama hópnum, sem kom saman í sumar sem leið í Goodtemplara húsinu, til þess þá að ræða um stjórnarfrelsis baráttu Íslands.

Komið allir!

Stjórnarnefndin.

Íslenzkur Tannsmiður,

SIGURÐUR DAVIDSON hjá Dr. Morden frá Chicago hefir ásetning á sér á ný á ný tekur að sér á ný á ný smíða Tennur og festa þær í tanngarðinn eftir þörfum og sársaukalaust. Skrifstofa að

620½ Main St.
Phone 470 Horni Logan Ave.

Stjórnarnefnd Winnipeg spítalans auglýsir, að stofnun sú sé í peningaþröng, og að nauðsynlegt sé, að hinar ýmsu sveitir í fylkinu leggi eitthvað af mörkum við spítalann. Eins og kunnugt er, þá eiga allir sjúklingar aðgang að þessari stofnun, hvaðan sem þeir koma, og því væri það vel gert af sveitum fylkisins, að hjálpa spítalanum peningalega. — Íslendingar í Winnipeg mætta og athuga, hvort ekki væri viðeigandi að gefa stofnun þessari nokkra peninga upphæð núna um jólin næstkomandi.

Maður var myrtur hér í borg á miðvikudagskveldið var. Th. H. Hicks (írskur) er kærður um glæpinn, og allar sannanir lúta að því, að hann sé sekur. Hicks hafði stolið nokkrum dollurum frá hinum látna, en þegar hann kvartaði um peningatapið, fékk hann 3 skot í höfuðið.

Herra Bergur Johnson, frá Baldur, var hér í borg um síðustu helgi. Hann ætlar að hafa aðsetur í Selkirk bæ þenna komandi vetur.

Herra Jóhannes Magnússon, frá Edinborg í North Dakota, hefir verið í skemtiferð um Nýja Ísland, og hélt heimleiðis aftur um síðustu helgi.

Herra Sigurður Guðlaugsson, sem í sl. 4 ár hefir átt heimili að 739 Elgin Ave. hér í borg, fór til Blaine, Wash., í fyrradag. Þangað eru kunningjar hans beðnir að beina skeytum, er þeir vildu senda honum.

Mr. og Mrs. Skapti B. Brynjólfsson komu hingað til bæjarins úr Dakotaferð sinni á mánudaginn var

---

Herra Björn Pálsson, sem um sl. 18 mánaðatíma hefir verið meðritstjóri við Lögberg, fór álfarinn til Íslands á mánudagskveldið var.

Herra Skúli Hansson sækir um fylltrúastöðu í bæjarstjórnina fyrir 3. kjördeild. Hann sótti í sömu kjördeild fyrir 2 árum, en féll þá fyrir herra Wilson. Nú ætla kjósendur að fylgja Skúla svo að málum, að hann nái kosningu. Þeir eiga tæpast völ á betri dreng eða áreiðanlegri. Hann mundi sitja sér til sóma í bæjarstjórninni og kjósendunum til gagns.

Á mánudaginn var 23. þ.m. urðu þau Mr. og Mrs. Björnsson, 683 Beverly st., fyrir þeirri sorg að missa 8 daga gamla dóttir sína. Hún var jarðsungin næsta dag af séra Jóni Bjarnasyni.

Herra Stefán Davíðsson hefir lengið áskorun um, að sækja um bæjarfulltrúastöðu í Selkirk bæ við í hönd farandi bæjarkosningar þar. Stefán hefir búið lengi í bænum og rekur þar blikksmiðar. — Hann er maður vel látinn, og má því vænta, að hann fái svo mikið fylgi, að hann nái kosningu.

Herra W. Garson sækir á ný um Controller stöðuna fyrir komandi ár. Hann hafði hér mikið fylgi í fyrra, en náði þó ekki kosningu, en vonar, að nú takist betur.

Herra Júlíus F. Bjarnason, vestan frá Antler, Sask., kom inn á skrifstofu Heimskringlu fyrir síðustu helgi. Hann hefir verið í kynnisferð til North Dakota, og var á leið heim aftur.

Föstudagskveldið þ. 6. þ.m. setti umboðsmaður stúkunnar HEKLU, Sigurður Björnsson, eftirfarandi meðlimi í embætti:

F.Æ.T.—S. Stephensen.
Æ.T.—E. J. Árnason.
V.T.—J. Sigurðsson.
R.—M. Magnússon.
A.R.—G. T. Johnson.
F.R.—B. M. Long.
G.—K. Anderson.
K.—G. Jóhannsson.
D.—A. Sigurðsson.
A.D.—S. Christy.
V.—S. Matthew.
U.V.—E. Sigurðsson.

Meðlimatala stúkunnar er nú 350.

Fréttabréf frá Mountain.

Eg man ekki eftir, að ég hafi séð í íslenzku blöðunum fréttir héðan úr þessum bæ, og finst mér að hann eigi það skilið, að hans sé minst eigi síður en annara bæja, þar sem Íslendingar hafa bygð að öllu leyti, og þar sem stórar framfarir hafa átt sér stað, einkanlega síðastliðið ár. Bær þessi, sem stendur á hinu fallegasta svæði, sem er í bygðum landa vorra vestanhafs, með fegursta útsýni.

Helztu framfarir þessa bæjar er hin nýja járnbraut, er lögð var frá Edinborg til Concreet, með járnbrautarstöð hér, og hafa bændur ekki eins mikið fyrir því nú, að koma afurðum sínum til markaðar og verið hefir, því það voru sannarlega torfærur á leið þeirra áður.

Nýr Elevator var bygður hér, sem kaupir hveiti í ákafa nú fyrir 91—92c bush. Þykir landanum það heldur lítið, þar sem verðið er $1.08 í Minneapolis. En hér er engin samkepni enn.

Nýr lyfjabúð hefir verið bygð hér. Hún er nýlega fullgerð. Hún er eign Jóhanns Gestssonar. — Búð þessi, sem er mjög vönduð að öllum frágangi, stendur austanvert í aðalstræti bæjarins, beint á móti verzlun Mr. Eliasar Thorwaldssonar.

Sömuleiðis er í smíðum stór verzlunarbúð, sem heitir "The Mountain Co-operative Co." Eru það íslenzkir bændur, sem hugsa sér að stofna verzlun þessa. Um fyrirtæki þetta, sem er óreynt enn, tala á sumrin, og allir lofa þeir og lúka upp sama munni um fegurð og útsýnið hér, og vildi ég mælast til þess, að Íslendingar, sem að sumrinu ferðast sér til skemtunar, skal ekkert verða sagt að svo stöddu. En vonandi verði, að þeir gætu haldið verzlun þessari svo áfram að hún þroskaðist og stækkaði. En þótt ég sé því miður hræddur um, að svo verði ekki, þá vona ég þó til hins bezta.

Ástæða mín fyrir þessari hugmynd minni er sú, að Elis Thorvaldsson, sem hefir hina fjölbreyttustu verzlun og er hvers manns hugljúfi, selji svo ódýrt, að naumast mun vera tækifæri til þess að fá vörurnar fyrir lægra verð en hann getur látið mönnum þær í té, og þess vegna er ég hræddur við fall þessarar nýju verzlunar.

Margir ferðamenn koma til Mountain ofan til Gimli og víðar, skíðtu nú um og færu hingað suður, og er ég viss um, að þá mundi fáa iðra þess. Og þegar þeir koma hingað, að líta þá á hús Matúsalems Einarssonar, og einkanlega allan frágang að eininu til innanveggja, því það mun vera mjög vafasamt, að annaðeins hús, hvað innanviði snertir, sé til í Winnipeg. Enda sagði M. Markússon, sem gengið hefir um mörg hús þar í borginni, að víða mætti leita þar að líku húsi og hús hr. Mat. Einarssonar. Menn skulu ekki vera neitt hræddir við, að biðja herra M.E. um leyfi til að líta á húsið, því þau hjón gera það með ljúfu geði, eru gestrisin og bezta fólk heim að sækja, og gera mönnum allan þann greiða, sem í þeirra valdi stendur.

Eg orðlengi svo ekki fréttir þessar meira að sinni, en vonast eftir, að ég geti síðar meir látið í té meira frá þessum fagra bæ Íslenginga í N. Dakota.

Til Þorsteins skálds Erlingssonar.

Á fimtíuára afmæli hans.

Hróðrarjöfur, heill sé þér,
haltu völdum lengi,
margt að syngja eftir er
á Íslands hörpustrengi.

Enn þá berðu heilan hjör
frá hildarleikum skæðum,
óþrjótandi æskujöjör
er í þínum kvæðum.

Eg hef margoft af þeim gladst
örðugan lífs við róður.
Þökk fyrir alt sem um þú kvaðst
okkar gömlu móður.

Þeim fanst sjaldan leiðin löng
ljóðin þín er sungu,
mýkra enginn áður söng
á okkar feðra tungu.

Enn er margt sem örva þarf
óðs með dýrum söngum.
Heppnist þér ei þvílikt starf
þá hef ég trú á öngum.

Syngdu, vinur, syngdu skært,
syngdu hátt og lengi.
Þú hefir aldrei list þá lært
að leika' á falska strengi.

Einar P. Jónsson.
— Ingólfur.

The WINGOLD Catalog

ER NÚ TIL ÚTBÝTINGAR

Sjónir Allskonar Stór, seldar beint til notenda á lægsta verði. Vorar sýja tegundir af hitunar- og eldavélum er brenna allskyns eldsneyti, gerðar með nýtízku formi og með öllum nýjustu og bezta útbúnaði eru til sölu með ½ til ⅓ afsláttarverði frá annara stósala verði.

Bezta stór smíðað ár. Spara eldsneyti og vinna á gætilega. Abyrgstar að öllu leyti.

Platustál hörðuð $1.75

Hörð og lin kol - $9.50

Kol eða viðar ofn — $4.75

20 þuml. bakarofn, há hólf. Enameléraðr vatnskassi — $33.85

Há hólf, 15 gal. vatnskassi-$24.95

Blá stál. há hólf vatnskassi-$37.75

Kaupið enga stó fyr en þér hafið séð vort undraverða tilboð. Verðlágar og svo eldviðar drjúgar sem frekast er mögulegt. Þeim er lýst í voru nýprentaða —

Nýrra STÓ "Catalog"

Vér ábyrgjumst fljóta og áreiðanlega afhendingu og lofum að taka stóna aftur, borga flutningsgjald báðar leiðir og skila yður andvirðinu, ef ekki ánægðir með kaupin. Sparið $5.00 til $40.00 á hverju kaupi. Kaupið beint frá oss og sparið verzlunarmanns gróðann. Hver einasta stó ábyrgst og 30 daga frí reynsla gefin hverjum kaupanda. Skrifið eftir nýja "Catalogue"-inu K.

The Wingold Stove Co., Ltd., 245 Notre Dame
WINNIPEG, -- MAN.

Íslenzkur Kjötsali

Hvergi fæst betra né ódýrara KJÖT en hjá honum,—og þú munt sannfærast um að svo er, ef þú aðeins kaupir af honum í eitt sinn. Allar tegundir. Óskar að Isl. heimsækji sig

CHRISTIAN OLESON,
666 Notre Dame Ave. Teletón 6906

Til fullkomnustu tryggingar
Vátryggið fasteignir yðar hjá The

St. Paul Fire & Marine Ins. Co.

Eignir félags. eru yfir 5 milljón dollars. Skaðabætur borgaðar af San Francisco eldinum 1¼ mill. SKULI HANSSON & CO., 55 Tribune Bldg., Phone 6476, eru sérstakir umboðsmenn.

E. S. Miller Limited
Aðal umboðsmenn
PHONE 2083 219 McINTYRE BLK.

J. G. Snidal, L. D. S.
ÍSL. TANNLÆKNIR
COR. MAIN & BANNATYNE
DUFFIN BLOCK PHONE 5302

BILDFELL & PAULSON
Union Bank 5th Floor, No. 520
selja hús og lóðir og annast þar að lútandi störf; útvegar peningalán o. fl.
Tel.: 2685

ARNI ANDERSON Íslenzkur lögmaðr
Í félagi með
Hudson, Howell, Ormond & Marlatt
Barristers, Solicitors, etc.
Winnipeg, Man.
13-18 Merchants Bank Bldg. Phone 3621, 3622

BONNAR, HARTLEY & MANAHAN
Lögfræðingar og Landskjala Semjarar
Suite 7, Nanton Block, Winnipeg

Hubbard, Hannesson and Ross
LÖGFRÆÐINGAR
10 Bank of Hamilton Chambers
Tel. 378 Winnipeg

Woodbine Hotel
Stærsta Billiard Hall í Norðvesturlandinu
Tíu Pool-borð.—Alskonar vín og vindlar.
Lennon & Hebb.
Eigendur.

Hver þvær og Hreinsar Fötin ydar?

Hversvegna að fara í Kína-kompurnar þegar þér eigið kost á að fá verkið gert betur, og alt eins ódýrt, í beztu og heilsusamlegustu þvottastofnun, þar sem aðeins hvítt vinnufólk er haft og öll hreinustu efni notuð
Vér óskum viðskifta yðar

The North-West Laundry Comp'y Ltd.
Hreinsarar og Litarar
COR. MAIN & YORK FÓN 5178

F. Deluca
Verslar með matvöru, aldini, sætabökur, allskonar sætindi, mjólk og rjóma, sömul. tóbak og vindla. Óskar viðskifta Íslend. Heitt kaffi eða te á öllum tímum. Fón 7756,
Tvær búðir:
587 Notre Dame og 714 Maryland St.

Ég hefi flutt

kjötverzlun mína frá horni Ellice og Langside og til númer

301 Sherbrooke Street,

rétt fyrir sunnan Portage Av.
Sama talsíma nr.: 3631

C. G. Johnson.

"Hvað að brúka og hvar skal fá það".

VITUR MADUR

Við höfum lítið að segja, en það sem við segjum, segjum við "beint út". Við óskum að þið komið til okkar þegar þið farið að kaupa haust eða vetrarfötin ykkar. Þú veizt ekki hvað ódýrt þú getur keypt föt búin til eftir máli fyr en þú kemur og talar við oss. —

McFarlane & Cairns
SKREDDARAR
335 Notre Dame Aðrar dyr vestan Wpg. Leikhúsið.

Stefán Guttormsson,
Mælingamaður
663 AGNES STREET. WINNIPEG.

Dr. G. J. Gislason,
Physician and Surgeon
Wellington Blk. - Grand Forks, N.Dak
Sjerstakt athygli veitt AUGNA, EYRNA, KVERKA og NEF SJÚKDÓMUM.

Miss Jóhanna Ólson,
Piano Teacher
658 Beverley Street.

Drs. Ekern & Marsden,
Sérfræðislæknar í Eftirfylgjandi greinum: — Augnasjúkdómum, Eyrnasjúkdómum, Nassasjúkdómum og Kverkasjúkdómum.
Í Platky Byggingunni í Bænum
Grand Forks, N. Dak.

A. S. BARDAL
Selur líkkistur og annast um útfarir. Allur útbúnaður sá besti. Enfremur selur hann alskonar minnisvarða og legsteina.
121 Nena St. Phone 306

Arena Rink

Þar er skemt sér á Hjólskautum hvern eftirmiðdag og kveld, nema föstudags. Hljóðfærasláttur. Dansar þeir, sem áður voru í Drill Hall, eru nú haldnir hér á föstudagskv. Dans frá 8 til 12. Inngangur, karlm. 50c, frítt fyrir kvenfólk. Persónum innan 15 ára ekki leyfð inngangur.
JAMES BELL, eigandi.

Boyd's Brauð.

Brauðið sem bezt er fyrir fjölskylduna má engin vera án þegar þú einusinni borðar vort brauð, þá finnst þér að þú get ir ekki án þess verið. Það bætir meltingarleysi, höfuðverk og ýmsa smákvilla. —
Vér óskum að þér reynið það

Boyd's

Bakery Cor. Spence & Portage Ave
Phone 1030.

Antonio De Landro
SKÓSMIÐUR, horni Maryland & Wellington
(Bak við aldinabúð.) Verk gott og verð rétt.

DÓTTIR FANGANS verður leikin undir umsjón kvenfélagsins Framsókn í Blaine, Wash., þann 9., 10 og 12, desember næstk. í samkomusal íslenzku Forester stúkunnar. Leikurinn byrjar klukkan 8 að kveldinu. Inngangur verður 25c 35c og 50c

Sjónleiks þessa hefir áður verið svo vel áminst, í íslenzku blöðunum, að hann þarf engra frekari meðmæla með —

Royal Optical Co.
327 Portage Ave. Winnipeg. RÉTT Á MÓTI EATON'S BÚDINNI.

Beztu Augnfræðingar

Öll nýjustu og bezt reynd verkfæri notuð. Höfuðverkur sem stafar frá augunum, áreiðanlega lækinaður. Sanngjarn kostnaður

AUGU SKODUD KOSTNADARLAUST.

LAND

Vér höfum nýlega fengið til sölu yfir 30 Section-fjórðunga, liggjandi að Oakland brautinni C. N. R. félagsins. Verðið er frá $7.00 til $12.00 hver ekra. Ekkert af löndum þessum eru meir en 3 mílur frá járnbrautinni.

Skuli Hansson & Co.
Skrifst. Talsími 6436. Heimilis Talsími 2274

Heimskringla.

Alt landið

er áhyggst að vera jarðyrkju land af bestu tegund, og fæst keypt með vægum afborgunar skilmálum. (N.B.—Lesið fyrripart þessarar augl. vinstramegin við Hkr. safn.)

Frekari upplýsingar veita
Skuli Hansson & Co.
56 Tribune Building. Winnipeg.

XXIII. ÁR. WINNIPEG, MANITOBA, FIMTUDAGINN, 3. DESEMBER, 1908 NR. 10

Fregnsafn.

Markverðustu viðburðir hvaðanæfa.

— Tom. L. Johnson, borgarstjóri í Cleveland, Ohio, einn af fraungjörnustu umbótamönnum, sem til eru í Bandarikjunum, er orðinn öreigi. Johnson hefir borist mikið á um margra ára tíma, og haldið ýmsum virðulegum stöðum í þjóðfélagi sínu. Hann var forseti og stjórnandi í ýmsum banka-, lán- og öðrum peninga-félögum, og var alment álitinn að vera miliónaeigandi. En á þessu yfirstandandi ári hefir hann tapað um 400 þúsund dollars. Þrjú af félögum þeim, sem hann veitti forstöðu, hafa orðið gjaldþrota. Johnson bjó í höll mikilli, sem hann hafði látið byggja sér, og ferðaðist hvarvetna í mótorvögnum, sem hann átti. En nú hefir hann orðið að flytja úr stóra húsinu og fá sér annað minna, og hann hefir einnig orðið að farga mótorvögnum sínum, og taka til fótanna, því ekki kveðst hann eiga svo miklar eignir eftir, að hann geti ferðast með strætisvögnum, sem kostar þó að eins 3 cents þar, í staðinn fyrir 5 cents í öðrum borgum flestum. Johnson barðist eins og hetja í síðastliðin nokkur ár fyrir að fá fargjaldið með strætabrautum í Cleveland sett niður í 3 cents, í stað 5 cents, sem áður var, og varð hann vinsæll mjög af því starfi. Maðurinn er mikilhæfur og áreiðanleguir í öllum viðskiftum, þó svona hafi farið fyrir honum.

— Tvö hundruð manns er mælt að farist hafi af gufuskipinu Sardinia, nálægt eyjunni Malta, þann 25. nóv. Það hafði kviknað í skipinu, þegar það var 2 mílur undan landi. Kom þá svo mikið æði á fólkið, sem á því var, að 200 manns köstuðu sér fyrir borð og drukknuðu. Skipstjóri snéri þegar til lands, er hann vissi að skipið var í loga, og stóð við stýri þar til tók niðri við fjöruna. Ekki er þess getið, hve margir komust af, en mælt að það hafi ekki verið fleiri en 20 af eiginlegum farþegjum með því á þessari ferð, og skipshöfnin var 44 menn. Hvernig á hinu fólkinu hefir staðið, segir fregnin ekki, en ætlað er, að það hafi komið á skip á eyjunni Malta, og hefir þá eldurinn að líkindum læst sig í skipið um það leyti, er það lagði frá eyjunni.

— Járnbrauta skýrslur Bandaríkjanna sýna, að á 12 mánuðum, frá 30. júní 1907 til jafnlengdar 1908, hafa 3,764 menn mist lífið á járnbrautum ríkjanna, en 68,989 manna orðið fyrir meiðslum. Í báðum tilfellunum eru tölurnar talsvert lægri en fyrir næsta ár á undan.

PURITY FLOUR

AÐ BAKA BEZTA BRAUÐ
er meira en vísindi og meira en list.

En það má gerast fljótlega og áreiðanlega með því að nota

PURITY FLOUR

Það er malað úr bezt völdu Vestur-Canada Hörðu Hveitikorni; er algerlega hreint og svo ilmandi kjarngott.

ALLIR ÍSLENZKIR KAUPMENN SELJA ÞAÐ

WESTERN CANADA FLOUR MILLS CO.,
LIMITED.
WINNIPEG, —— CANADA.

Skuli Hansson

Hans er minst á öðrum stað í þessu blaði. Hann vonar, að Íslendingar greiði sér svo eindregið atkvæði, að hann nái kosningu sem borgarfulltrúi fyrir þriðju kjördeild.

Herra Skúli Hansson er að öllu svo vandaður og vel fær maður, að enginn efi er á, að hann í slíkri stöðu mundi gera kjósendum sínum bæði gagn og sóma.

— Laurier stjórnin auglýsir, að hún ætli á næsta þingi að leggja fyrir þingið frumvarp til laga um, að gera það að gláp, að stjórnarþjónar þiggi mútur, gjafir eða hlynnindi frá þeim, sem verzla við stjórnina.

— Brezka stjórnin virðist ákveðin í því, að kaupa upp stórlandeignarnar á Írlandi, til þess að skifta þeim upp í smájarðir og selja þær svo til núverandi leiguliða, svo þeir geti orðið sjálfseignarbændur. Frumvarp um þetta mál var borið fram á þinginu í London þann 26. nóv. Fyrverandi stjórn hafði gert áætlun um, að 500 miliónir dollara mundi þurfa til þess að kaupa löndin. En nú skýrði herra Birrell þinginu frá því, að þetta fé yrði alt of lítið og ekki mundi veita af 900 miliónum dollara til landkaupanna. Fyrverandi stjórn byrjaði á landkaupum á Írlandi og skifting landanna milli leiguliða, og 125 miljón dollara virði af landeignum hafði þana ig verið skift upp í smábújarðir fram til 1. nóv., og nú standa yfir landakaup, sem stjórnin metur 260 milión dollara virði. Auk þess biður stjórnin þingið um leyfi til að mega verja 500 miliónum dollara í viðbót til landkaupa á Írlandi, svo að öll landkaupa upphæðin nemur 885 miliónum dollara — Stjórnin selur ríkisskuldabréf fyrir þessari upphæð, en lánið borgist jafnótt og kaupendur smájarðanna borga lönd sín. Þessi skuldabréf bera 3 prósent árlega vexti. Ráðgjafinn viðurkendi, að hér væri að ræða um kostnaðarsamt fyrirtæki, en hann kvað reynslu þá, sem fengin væri fyrir skiftingu jarðanna á Írlandi, hafa sannað, að skiftingin hefði svo blessunarríka ávexti í för með sér, að sér fyndist sjálfsagt, að leggja alt það í sölurnar, sem nauðsynlegt væri, til þess að fullkomna verkið. Hann kvað þetta brask mundi kosta ríkissjóðinn 3½ milión dollara, sem um leið yrði létt á írskum gjaldendum. Hann bað þingið einnig, að veita stjórninni leyfi til þess, að taka með valdi hina miklu fláka af frægustu bithagalöndum á Vestur-Írlandi, ef eigendur þeirra vildu ekki selja þau með sanngjörnu verði. — Það eru aðallega þessi lönd, sem mestum róstum hafa valdið þar á síðari árum, og sem oft hafa leitt til blóðugra bardaga milli leiguliða og landeigenda og þeirra liðs. Ráðgjafinn kvað helfing alls akuryrkjulands á Írlandi nú vera komina úr höndum hinna stóru landeigenda og í hendur leiguliða, sem nú ættu löndin sjálfir, og hann kvað nauðsynlegt, að fara eins með það, sem eftir væri. — Írskir leiðtogar í þinginu létu vel yfir þessu frumvarpi, sem gekk gegn um fyrstu umræðu og verður væntanlega að lögum.

— Landmælingamaður Ogilvie, sem fyrir nokkrum árum var héraðsstjóri í Yukon, hefir sent Ottawa stjórninni skýrslu um gullauðlegð sú, sem nú er fundin í Stewart ánni, og svo farast herra Ogilvie orð, að þar sé vissa fyrir svo miklum uppgripum gulls úr árfarvegum, og eyrinni meðfram árbökkunum, að ekkert sem í Klondyke hafi fundist, jafnist við það. Hann leiðir fram mörg dæmi til að sýna, að einstakir menn hafi þar á skömmum tíma gripið upp margar þúsundir dollara með hinum ófullkomnustu áhöldum. Ástæðan fyrir því, að Stewart ár auðlegðin hefir ekki orðið kunn fyrri, segir hann að sé sú, að svo mikl athygli hafi verið dregin að Yukon héraðinu, að Stewart áin hafi ekki vakið þá eftirtekt almennings, sem hún verðskuldar. En nú segir hann, að menn sem til þessa tíma hafi unnið í Yukon, séu óðum að flytja til Stewart árinnar og græði þar vel fé.

— Svo er nú mikið að gera í verkstæðum þeim í Nova Scotia, sem búa til járnbrautateina, bæði úr járni og stáli, að þau vinna uppáhaldslaust nótt og dag, og félagið er í mannahraki, þó þar vinni nú hver sá maður, sem fáanlegur er. Ein pöntun er fyrir 9 þúsund tons af brautateinum, og mikar pantanir hafa komið frá Ástraliu. Félagið hefir nú mann á Englandi til þess að útvega nægan gufuskipaflota, til þess að flytja til útlanda teina þá, sem þaðan hafa verið pantaðir. Nokkuð af þessu verki hefði orðið gert í Bandaríkjunum, ef Bryan hefði náð þar kosningu. En með því, að Taft var kosinn, þá hafa járnverkstæðin þar svo mikið að gera, að þau komast ekki yfir, að sinna neinum útlendum pöntunum að svo stöddu.

— Nýlega kom til Belleville bæjar í Ontario, einn þeirra 7 manna, sem fyrir nokkrum mánuðum brutust út úr fangelsi í Torontoborg. Sá hét Rose og var sonur manns, sem um eitt skeið var lögreglustjóri í Belleville borg. Pilturinn gat þess, að hann hafði tvisvar komið til bæjarins síðan hann hafði brotist út, — rétt til þess, að komast eftir, hvernig öllu liði þar á uppeldisstöðvum sínum. En svo hvarf hann þaðan skyndilega áður en lögreglan festi hendur á honum, og hefir síðan ekkert til hans frézt.

— Bankarnir á Frakklandi eru að draga að sér gullbyrgðir miklar. Sagt er, að þeir hafi nú í skápum sínum 650 miliónir dollara í gulli, en það er 125 miliónum dollara meira en á sama tíma í fyrra. Nokkuð af þessu fé er frá Bandaríkjunum, — endurgjald á lánum, sem Frakkar veittu bönkunum þar árið 1907. En mest hefir komið frá Þýzkalandi. — Frakkar geta því nú betur en nokkur önnur þjóð hlaupið undir bagga með þeim, sem bágt eiga.

— Þriðja útgáfa af mentamálafrumvarpi stjórnarinnar var lögð fyrir brezka þingið í sl. viku. — Frumvarp þetta er eitt af þeim atriðum, sem varð Balfour stjórninni að falli, og nú hefir Asquith gamli haft helztu byskupa landsins í ráðum með sér við samningu þessa frumvarps, í þeirri von, að það geti orðið svo fullkomið, að öllum málspörtum geti komið saman um ákvæði frumvarpsins. Í frumvarpinu er það tekið fram, að allir skólar, sem þiggja sveitastyrk, skuli vera undir umsjón sveitastjórnanna. Allir kennarar, sem á skólunum kenna, skulu látnir sjálfráðir að því, hverja trúarskoðun þeir hafa og hvort þeir tilheyra nokkurri kirkjufélagsdeild eða engri. Ekki skal heldur af þeim heimtað, að þeir veiti nemendum sínum nokkra trúarlega fræðslu. Að þessu leyti verða allir skólar landsins samaiginlegir. En jafnframt er það tekið fram, að ef nokkurt foreldri æskir þess, þá má ríkiskirkjan láta veita trúarlega tilsögn þeim börnum, sem hlut eiga að máli, 45 mínútur í hvert sinni, tvo morgna í hverri viku. En þeir, sem þannig vilja láta kenna börnum sínum, verða að leggja til trúarræði kennarana og borga þá kenslu úr eigin vösum. — Þetta trúarkenslu atriði er það, eina, sem líklegt er að valdi sundrung, eða geti orðið til þess að fella frumvarpið, því að yfirleitt er það þjóðarvilinn, að engin slík kensla sé veitt í alþýðuskólum landsins, með því að það sé í verkahring kirkjunnar, að annast trúmálin. Katólskir skólar fá engan sveitastyrk, en þeim verður veitt fúlga úr ríkissjóði, ef þeir uppfylla þau skilyrði, sem stjórnin setur þeim. — Frumvarpið var samþykt í neðri deild þingsins með 350 atkvæðum gegn 113, en felt í efri deild með 272 gegn 96 atkv.

— Kol hafa fundist í Yellow Head Pass í Klettafjöllunum, svo mikil, að annar eins fundur hefir ekki áður verið gerður í Canada, að sagt er. Kolalagið er á 35,000 ekra svæði, 28 feta þykt að jafnaði og telja jarðfræðingar að ekki minna en 800 miliónir tonna séu þar áreiðanlega, og að líkindum miklu meira. Kolasvæði þetta er tæpar 150 mílur vestur frá Edmonton, og um 30 mílur vegar frá brautarstæði Grand Trunk Pacific félagsins. Svo er sagt, að kolin séu auðunnin, og hljóti því að verða ódýr. Þau eru af beztu linkola tegund, og ákaflega hitamikil, og eru talin fult eins góð og þau, sem bezt hafa fundist í Canada. — Og svo eru þau hrein, að hvergi annarstaðar í þessu landi eru jafnhrein kol. Þessi kol fundust fyrir 2 árum, en þeir sem fundu þau hafa haldið því leyndu. Kolanámafræðingur frá Bandaríkjunum var þá strax fenginn til að rannsaka svæðið, og vottorð hans er, að þarna séu eins góð kol sinnar tegundar, eins og hann hafi nokkurstaðar þekt. Hans skoðun er, að ef grafið verður 400 fet niður fyrir kolalag það, sem nú er fundið, þá muni koma í ljós annað lag engu minna, en af harðari kolategund. Landsvæði þetta er eign auðmanna í Edmonton og Austurfylkjunum, sem nú eru að gera ráðstafanir til þess. að láta vinna námana og að tengja þá með járnbrautum við helztu bæi þar vestra.

— Vábrestur í kolanáma í Pennsylvania ríkinu í Bandaríkjunum á laugardaginn var, er ætlað að hafi orðið 300 mönnum að bana. Tveir námar lágu saman eða samhliða. Það kviknaði að eins í öðrum þeirra, en sá eldur lokaði öllum undankomu möguleikum allra verkamannanna í hinum námanum. Enn er óvíst, hvort mögulegt verður að bjarga nokkrum hinna innluktu manna.

— Fjárlaga frumvarp þjóðverja sýnir, að þeir ætla á komandi ári að verja rúmlega hundrað miliónum dollara til herskipasmíða og annara sjóflotaþarfa. Það er 15½ milión dollara meira en á þessu yfirstandandi ári. Þjóðverjar hafa á sl. 10 árum lagt meira fé til sjóflotasmíða, en nokkur önnur þjóð, og svo eru Bretar hræddir við uppgang þjóðverja á sjó, að Asquith stjórnarformaður hefir látið þess getið í þinginu, að Bretar verði að verja svo miklu fé til herskipasmíða, að floti þeirra sé á öllum tímum 10 prósent öflugri en flotar nokkurra annarra tveggja þjóða. Þessu nesta ensku blöðin nálega einróma. Þau segja í fyrsta lagi, að þjóðin þoli eigi þau feikna útgjöld, sem til þessa þurfi, og í annan stað sé það ekki mögulegt, þó efni væru fyrir hendi, af því að Bandaríkin muni innan fárra ára eiga mesta flota allra þjóða í heimi, eða öllu heldur 2 flota, annan íAtlantshafi og hinn í Kyrrahafi, og hafa þörf fyrir báða.

— Mrs. Elisabeth Garrett Anderson er orðin fyrsti borgarstjóri síns kyns á Englandi. Hún er læknskona, 72. ára gömul, gáfuð og vel mentuð. Hún er fyrsta kona á Englandi, sem náð hefir slíkri stöðu, og ræður hún yfir Aldeburg bæ. Hún er fædd og uppalin þar í bænum, og hefir búið þar allan sinn aldur, og faðir hennar var fyrsti borgarstjóri þess bæjar, þegar hann fékk borgarlöggildingu. 6

— Stjórnin í Alberta hefir auglýst járnbrautastefnu sína, til þess að fá brautir byggðar um alt það mikla fylki, hvar sem þörf er á. Stjórnarformaður Rutherford ætlar að setja á stofn sérstaka járnbrautardeild undir eigin stjórn sinni. Brautirnar eiga að byggjast á fylkiskostnað, — verða þjóðeign. Hann hefir beðið Ottawa stjórnina að ábyrgjast skuldabréfin fyrir kostnaði brautanna. En hann segir jafnframt, að ef það fáist ekki, þá verði fylkið að bera ábyrgðina. En járnbrautirnar skuli byggjast, hvar sem þörf sé á í fylkinu.

— Stjórnin í British Columbia hefir látið selja talsvert af aldinaræktar löndum þar í fylkinu — í Creston dalnum. Löndin voru seld á opinberu uppboði, og seldust fyrir 150 dollara ekran hæst.

Manning

Fólksins umsækjandi fyrir Mayor

STEFNA MANNINGS:

Bygging aflstöðvarinnar tafarlaust.

Fullkominn atkvæðalisti, þ. e.: að allir kosningabærir menn séu settir á kjörlista undantekningarlaust.

Vatn til bæjarbúa með kostverði.

Strætisvagnagangur alla nóttina, og rauð Tickets í miðdagstímanum.

Umbótaverk í borginni svo mikið, að íbúarnir hafi næga og veltorgaða atvinnu, og svo að enginn þurfi að vera atvinnulaus yfir vetr armánuðina.

Sanngjörn breytni við alla menn.

Stjórnendur "Trades and Labor Council" mæla með herra Manning fyrir borgarstjóra.

Greiðið atkvæði með honum og tryggið borg yðar hraðskreið fram faraspor, og íbúunum næga og vel launaða atvinnu og ódýrt afl og vatn.

R. A. C. MANNING

Borgarstjóraefni Fólksins

— Kosningamál mikið hefir um tíma staðið yfir í Port Arthur í Ontario. Sýnt hefir það verið fyrir réttinum, að embættismenn Laurier stjórnarinnar við þær kosningar hafa verið í mesta máta óaðgætnir, — að ekki sé meira sagt. Einn maður er sýnt að hafa greitt 8 sinnum atkvæði við þær kosningar fyrir herra Conmee í Dexter kjördeildinni. Því er kent um, að þeir sem stjórnuðu kosningunum þar hafi verið ókunnugir kjósendum, og ekki getað vitað, hvort réttir menn greiddu atkvæði.

Mælt er, að í ráði sé að lögsækja forstöðumenn Booth fiskiverzlunarfélagsins, sem varð gjaldþrota fyrir nokkrum mánuðum, svo að umsjónarmaður var settur yfir eignirnar. Skuldunautar félagsins og meðlimir bankafélagsins í Chicago höfðu leynifund um þetta mál þann 20. f.m. Bankarnir halda 6 miliónum dollara af skuldabréfum félagsins, en umsjónarmaður þrotabúsins hefir auglýst, að eignirnar borgi ekki meira en 35 prósent af hverjum dollar af skuldum félagsins. Bankarnir neita að leyfa að láta félagið halda áfram starfi, en heimta að það sé uppleyst, þó þeir fái ekki nema 35 cent af hverjum dollar, sem félagið skuldar. Ef það verður ofan á, að félag þetta verði að hætta starfi, þá hefir það ill áhrif á fiskiverzlun yfirleitt, og líklegt, að fiskiveiðamenn biði tjón við það.

— Þingið í Victoria fylki í Ástraliu hefir í þessum mánuði samþykt, að veita konum kosningarétt í landsmálum jafnhliða karlmönnum. Sámskonar frumvarpi hefir oft áður verið neitað staðfestingar, en nú fékk það framgang. — Kvenréttindin eru því fullkomlega viðurkend í Ástraliu.

— Maddame Earle lét til sín taka, þegar hún fyrir fáum dögum réðist á bónda sinn, Professor F. P. Earle í New York, með barefli, og barði hann til óbóta á höfuðið, svo að hann er allur blár og bólginn og sem næst blindur á öðru auga. Þeim hjónum hefir komið heldur illa saman. Hann hafði fyrir nokkrum tíma klipið hana og kreist, svo að hún var blá og marin. Hún fékk hann dæmdan í 2. mánaða fangelsi fyrir áverkann, en þótti sú hegning heldur léttvæg, svo þegar hann kom úr fangelsinu heim til hennar, þá fagnaði hún honum á þennan hátt.

— Gufuskipið Virginia Lake, sem stundar hvalveiðar við Nýfundnaland, hefir á þessu sumri náð 98 hvölum. Þetta er talin bezta veiði á nokkru einu skipi í sl. 5 eða 6 ár, og gefur eigendum skipsins og starfsmönnum góðan arð.

— Í námaslysi í Pennsylvania ríkinu í Bandaríkjunum á laugardaginn var fórust 138 menn. — Námaslys þar syðra eru farin að verða svo tíð og svo voðalega stórfeld, að öll þörf er á, að yfirvöld landsins geri gangskör að því að stemma þeim stigu.

— Tveggja daga hellirigning í Oklahoma ríkinu hefir gert svo mikinn vasnavöxt í ár og læki þar í ríkinu, að stórtjón hefir orðið að því. Járnbrautir hafa skolast af vegstæðum sínum og brýr af ám og fljótum. Vatnið hefir ætt yfir stórar landspildur, svo að þúsundir manna hafa orðið að yfirgefa heimili sín og ganga þar frá öllu. Nokkrir menn hafa druknað í flóðinu, og margir voru í hættu stadd ir, er síðast fréttist, sökum þess að þeir flúðu ekki burt í tíma.

— Mrs. Carrie Nation sigldi frá New York til Englands fyrra laugardag. Hún ætlar að flytja fyrirlestra um aðflutningsbann í stórborgum á Bretlandi.

G. THOMAS

GULLSMIÐUR

biður þess getið, að hann hafi nú að heimili sínu, að 659 William Ave., þá fullkomnustu vinnustofu, sem hér er í borginni, með öllum fullkomnustu verkfærum til að leysa af hendi gull og silfur smíðar, af hvaða tegund, sem óskað er eftir, og nægan mannafla til að vinna alt sem að berst.

Öllum pöntunum utan af landi, hvort heldur fyrir Karla- eða Kven-Vasaúr, eða um Skrautgripi, verður sint fljótt, og alt sent nákvæmlega eftir fyrirsögn.

Herra Thomas er að finna heima í húsi sínu öll kveld vikunnar.

659 William Ave. Tals. 2878

Wall Plaster

Með því að venja sig á að brúka **"Empire"** tegundir af Hardwall og Wood Fibre Plaster er maður hár viss að fá beztu afleiðingar.

Vér búum til:

"Empire" Wood Fibre Plaster
"Empire" Cement Wall "
"Empire" Finish "
"Gold Dust" Finish "
"Gilt Edge" Plaster of Paris
og allar Gypsum vörutegundir. —

Eiqum vér að senda yður bækling vorn?

MANITOBA GYPSUM CO. LTD
SKRIFSTOFUR OG MILLUR I
Winnipeg, - Man.

Heimskringla

Published every Thursday by The Heimskringla News & Publishing Co. Ltd

Verð blaðsins í Canada og Bandar $2.00 um árið (fyrir fram borgað). Sent til Íslands $2.40 (fyrir fram borgað af kaupendum blaðsins hérlendis $1.50.)

B. L. BALDWINSON,
Editor & Manager

Office:
729 Sherbrooke Street, Winnipeg
P.O. BOX 3083. Talsími 3512.

Veturinn.

Hann virðist vera að ganga í garð. Sumarið eða síðari hluti þess, var ákjósanlega gott, og haustið alt fram að 25. nóvember var hið inndælasta. Veðráttan var líkari því, sem menn eiga að venjast í apríl mánuði, heldur enn haustveðri. En nú hefir brugðið til snjókomu, en mjög frostvægt, og snjókoman enn þá, þegar þetta er ritað þann 26. nóv., hitið meira en fól, — tæpast 3 þumlungar á jafnsléttu.

Sumarið liðna hefir farið allvel með íslenzku bændurna. Uppskeran hefir yfirleitt verið í góðu meðallagi, og nýting hún bezta allstaðar. Verð á korntegundum hefir verið með hæsta móti, komist alt að dollars marki fyrir bushel hveitis. Allar afurðir bænda mega heita að vera í háu verði, að undanteknu kjöti. Nautgripir eru í lágu verði miðað við aðrar landvörur. Íslenzku bændurnir geta ekki alið þá upp eins ódýrt eins og stórhjarðabændur í Norðvesturhéruðunum, sem hafa tugi og hundruð þúsunda ekra af beztu bithagalöndum landsins til þess að ala gripi sína á. Þar eru og vetrar veðurmildari enn í Manitoba eða austan til í Saskatchewan, og því léttara og kostnaðarminna að ala gripina yfir vetrartímann. Stóru hjarðbændurnir geta því selt nautgripi talsvert ódýrara enn Manitoba bændur, sem í mörgum tilfellum gera eiginlega lítið eða ekkert annað en að heyja handa þeim. Hér er auðvitað ekki við þá átt, sem stunda mestmegnis kornyrkju, enda leggja þeir enga alúð við nautgriparækt, sem atvinnugrein, og margir þeirra hafa ekki fleiri gripi en þeir geta komist af með til heimilisþarfa.

Í bæjunum hefir atvinna verið sæmileg á liðnu sumri og síðari hluta sumarsins nægileg fyrir alla, sem einlægleg hafa leitað eftir henni. Kaupgjald hefir í sumum tilfellum verið nokkru lægra, en það var fyrir 3 árum, þegar mest fjör var hér í allskyns iðnaði og meira verk var fyrir höndum en menn voru fáanlegir til að vinna.

Byggingu atvinna var á sl. sumri og í fyrra miklu minni en á þremur undangengnum árum. En þessa árs góða uppskera gefur von um, að á komandi sumri verði miksil atvinna hér í borginni, og annarstaðar í Vesturlandinu. Iðnfróðir menn geta þess til, að á komanda sumri muni verða 16 miljón dollara virði af byggingum sett upp hér í borginni. Þar með talin járnbrautastöðin mikla, sem verður sameign Grand Trunk Pacific og Canadian Northern félaganna. Það er og nú fullvíst, að hér verða á næsta sumri reistar nokkurar iðnaðarstofnanir. Auðmenn í Bandaríkjunum og í Austur-Canada eru fyrir nokkru orðnir sannferðir um, að Winnipeg eigi mikla framtíð fyrir höndum, og að með tímanum verði hér stærsta borg Canada ríkis. Þeir eru því farnir að tryggja sér hér fótfestu og kaupa landspildur, sem þeir ætla að reisa verkstæði sín á, og verða sum þeirra bygð strax á næsta sumri.

En veturinn, sem nú er að ganga í garð, verður væntanlega flestum mesta áhyggjuefnið. Vetrarnir í Manitoba eru yfirleitt bæði langir og kaldir, og þá er atvinna jafnan lítil, — miðað við sumartímann, — en útgjöldin mest. Skattarnir, sem hér í borg eru orðnir afarháir, falla í síðasta gjalddaga við árslokin, eða um hávetrartímann, og margar er sá, sem verður að taka sér mjög nærri, til þess að geta borgað þá í gjalddaga. Eldiviður er annar tilfinnanlegur útgjaldaliður, sem krefur talsvert fé. Því að þó kolin séu sem næst með sama verði og þau hafa verið í nokkur liðin ár, þá má svo heita, að góður eldiviður, sem mjög mikið er notaður hér í borg, fari árlega hækkandi í verði, og er þess utan oft hvorki nægilega þur, né nægilega heill og óskemdur. Þetta kemur sér illa yfir vetrarmánuðina, þegar heilsa og líf ítúanna er undir því komin, að hægt sé að láta loga í stónum. Í húsum þeim í miðhluta borgarinnar, sem hafa gasleiðslu, er um ekkert að ræða, það er hið besta eldsneytá til allrar eldamensku, og þeir, sem hafa gas, geta komist af án eiðiviðar.

Loðskinna og önnur vetrarfatakaup, eru og annar útgjaldaliður, sem krefur athyglis og ekki svo lítils hluta af inntektum manna, — að ekki sé rætt um húsaleigu, sem orðin er eins há hér í borginni og nokkurstaðar annarstaðar í landinu. En alt þetta má fá og borga fyrir, ef ekki brestur atvinnu. Hún — atvinnan — er og hlýtur jafnan að verða aðal áhyggjuefni verkalýðsins, — fjöldans í bæjum og borgum landsins.

Hér í Winnipeg hefir atvinnan verið alt of lítil undanfarna vetur, og fyrir margan mann alls engin, eða því sem næst. Það gefur að skilja, að iðjuleysingjar eiga erfitt uppdráttar á öllum tímum ars, en þó sérstaklega á veturna. Enda kemur það oft fyrir, að leita verður til bæjarstjórnarinnar með eldiviðar og stundum einnig matarútveganir, — menn fara á hreppinn. Sem betur fer, eru fáir landar vorir í þeim flokki manna nú á síðari árum, síðan þeir fóru að ná öruggri fótfestu í landinu. Þeir, sem fyrir þeirri mæðu hafa orðið, að verða að leita hjálpar á þann hátt, hafa neyðst til þess í flestum tilfellum vegna veikinda, og þá er hjálpin jafn fúslega veitt eins og hún er sjálfsögð mannúðarskylda. Til eru dæmi, þar sem bein sjálfskaparviti eru orsök hjálparþarfarinnar, — en þau eru fá, sem betur fer, og hverfandi.

Vér litum svo á, að það ætti að verða eitt af aðal áhugamálum landa vorra, að hafa samtök til þess, að ráða fram úr atvinnuskortinum, sem sverfur að mörgum þeirra að vetrarlaginu, og gerir þeim þann tíma ársins miklu verri enn arðlausan.

Hugsum oss, að hundrað íslenzkir verkamenn séu atvinnulausir 4 mánuði ársins, í stað þess, að þeir ættu að hafa atvinnu með lægst $2.00 kaupi á dag. Það gerir sem næst 25 þúsund dollara fjártjón á ári beinlínis, og fyrir þá peningaupphæð má láta 100 fjölskyldur eiga góða daga allan veturinn. — Þegar svo þetta gengur þannig ár eftir ár, og áratug eftir áratug, þá er sist að undra, þó framfarir Íslendinga hér verði seinfara, og margur maðurinn sé fátækari en hann ætti að vera. Það eru vafalaust nægir vitsmunir með Íslendingum, og næg þekking einnig, til þess að hægt yrði að koma lagfæringu á þetta ástand, ef samtök væru höfð til þess. Það yrði að skapa eða koma á fót einhverri sjálfstæðri atvinnugrein, sem veitt gæti vinnuna hér í borg eða annarstaðar. Hver sú atvinnugrein gæti orðið og hvaðan og hvernig efnin fengjust til að stofnsetja hana, — það er ráðgátan, sem úr verður að leysa. En það mun láta nærri sanni, að ekki yrði ókleyft að ráða fram úr þessu með einhaginn eða stofnfé, ef gátan um sjálfan atvinnuveginn væri ráðin; og nokkurnveginn sýnileg trygging þess, að hann yrði arðberandi, — þá mundu hér lendir efnamenn fáanlegir til þess, að hjálpa málinu áfram fjárhagslega í samfélagi með Íslendingum.

Oss virðist öll nauðsyn til þess, að mál þetta sé athugað og um það rætt og ritað, því öll framtíðarvelgengni landa vorra er undir því komin, að þeir gerist sem fyrst atvinnulega og fjárhagslega sjálfstæðir.

Rannsóknin.

Rannsókn þeirri, sem Cassels dómari hefir um langan tíma verið að halda í Quebec borg til þess að grænslast eftir viðskifta aðferð sjómáladeildar Laurier stjórnarinnar við hina ýmsu verzlunarmenn og félög þar eystra, — er nú lokið. Sem afleiðing af þeirri rannsókn dómarans hefir 28 embættismönnum verið vikið frá embætti og sakamál hafið á hendur þeim fyrir sviksemi og fjárdrátt í sambandi við embættisrekstur sinn.

Það var síður þeirra umboðsmanna deildarinnar, sem pöntuðu vörurnar, að þiggja fé frá kaupmönnum þeim, sem þeir verzluðu við. Stundum voru það nefndar gjafir, sem þeir þáðu, stundum lánveitingar, og stundum blátt áfram 5 prósent af vöruverðinu, hvort sem það var mikið eða lítið. Í mörgum tilfellum hafa þessar prósentu borganir numið þúsundum dollara, og í einu tilfelli tugum þúsunda dollara. Það var til herra Gregory, sem virðist hafa haft aðal-umsjón með öllum pöntunum fyrir sjómáladeildina. Hann gerði pantanirnar og ákvað verðið í sumum tilfellum, og skrifaði undir, að vöruverðið væri sanngjarnt, og sá um, að borganir kæmu í tíma til kaupmannanna. Fyrir þessi ómök sín og kunningjabrögð, þáði hann stórar fjárupphæðir frá kaupmönnunum. Hann lét þá skilja, að árslaun sín væru heldur lítil, og kom sýnilega inn hjá þeim þeirri hugsun, að hann væri gjafaeða styrktarþurfi, og kaupmennirnir kendu í brjósti um hann, vesalinginn, og rúðu sig til að halda honum í góðu skapi og tryggja sér velvild hans og verzlun við sjómáladeildina.

Það var og sýnt við rannsóknina í Quebec borg, að kaupmennirnir höfðu engan halla beðið við þessa greiðvikni þeirra. Eftir því, sem þeir gerðu betur við stjórnarþjónana, eftir því jókst verzlun þeirra við deildina og vöruverðið hækkaði. Þeir græddu vel fé á þessu, ekki síður en stjórnarþjónarnir, — en landssjóðurinn stóðst allan kostnaðinn. Peningar fólksins flutu í vasa þessara útvöldu stjórnargæðinga.

Herra Gregory játaði það fyrir rannsóknarréttinum, að hann hefði þegið margar gjafir. En hann hafði það sér til afsökunar, að hann væri ekki sjálfráður gerða sinna, heldur væri hann undir skipunum "frá hærri stöðum", að verzla eingöngu við tiltekna menn, og að lita eftir hagsmunum "Liberal"-flokksins.

Með þessu er sú játning bein, að starfsaðferð stjórnarinnar sé hagað svo, að fyrst af öllu sé vel litið eftir hagsmunum "Liberal" flokksmanna, en hagsmunum lands og þjóðar síðast.

Næst hóf Cassels dómari rannsókn sína í St. John borg, og stendur hún nú þar yfir. Í þeirri borg er það herra F. J. Harding, sem hefir umsjón með öllum vörupöntunum fyrir sjómáladeildina. — Hann hafði þann ljóta síð, að krefjast peningalána frá þeim mönnum, sem hann af náð sinni leyfði að gera verzlun við stjórnina. Einn af þeim verzlunarmönnum er Chas. McDonald, sem stjórn ar járnvöru verzlunarhúsi þar í borginni. Hann sór, að hann hefði í sl. nokkur ár orðið að lána herra Harding að jafnaði Fjögur Hundruð Dollara á hverjum mánuði. Og herra W. E. Vroom, sem á sl. 3 árum hefir selt stjórninni yfir 20 þúsund dollara virði af kolum, kvaðst einnig hafa orðið að lána herra Harding svo hundruðum dollara skipti í peningum á hverjum mánuði. John E. Moore kvaðst selja stjórninni mikið af timbri, og að Harding réði söluverðinu algerlega. Hann kvaðst og hafa einokun á, að flytja fyrir stjórnina á dráttarbátum sínum. Hann einnig kvaðst hafa orðið að 'lána' herra Harding ríflegar peningaupphæðir mánaðarlega. Nokkuð af því "lánsfé" var enduraoldið. En svo er að sjá á vitnaleiðslunni, að sumu hafi ekki verið skilað aftur, og alt virðist þetta "lán" business hafa verið lauslega gert. — Engin nöfn í bókum verzlunarmannanna til að sýna, til hverra peningarnir hafi gengið, og sumt alls ekki bókfært. Enda hafa flestir þessir kaupmenn játað það fyrir réttinum, að þeir hafi verið umboðsmönnum stjórnarinnar svona velviljaðir til þess að tryggja sér verzlun við stjórnina.

Cassels dómari hefir farið hörðum orðum um þessa verzlunar og lánsaðferð, og fengið suma kaupmennina til að játa, að ef til vill sé þetta fyrirkomulag ekki sem réttast. En svo hafa að minsta kosti tveir kaupmenn haldið því fram, að Harding sé svo góður drengur, að þeir mundu hafa lánað honum peninga, þó hann hefði ekki unnið fyrir stjórnina. McDonald kvaðst hafa lánað Harding frá $300 til $500 á hverjum mánuði, — en svo hefði hann fengið margar kolapantanir hjá honum með talsima, og án nokkurra samninga, fyrir frá 50 til 250 tons í hvert skifti.

Það var og sannað fyrir réttinum í St. John, að verðið á sumum vörum, sem stjórninni voru seldar, var meira en tvöfalt hærra en hefði mátt kaupa þær fyrir hjá öðrum kaupmönnum, en þeim sem seldu stjórninni.

Lengra er rannsóknin í St. John ekki komin, þegar þetta er ritað, en að henni lokinni þar, verður hún hafin í Halifax borg.

Það er búist við, að sakamál verði höfðuð móti þeim kaupmönnum, sem hafa mútað stjórnarþjónum. Og stjórnin hefir jafnvel við orð, að hætta algerlega við "Patronage" listann, sem virðist vera frumorsök allra glæpanna.

Samsæti vid Markland, Manitoba.

Eitt hið myndarlegasta samsæti var skáldinu Stephani G. Stephanssyni haldið föstudagskveldið þann 20. nóv., að afstaðinni samkomu, er skáldið hélt á Markland samkomuhúsi samkvæmt auglýsingu, er um það hafði staðið í íslenzku blöðunum næst áður. Og áður en getið er um samsætið, mætti mínn ast á samkomuna, er það stóð í sambandi við. Samkvæmt ákvörðun er gerð var hér í bænum, var ákveðið að á ferðalagi sínu hér austur um bygðir Íslendinga heimsækti skáldið Stephan G. Stephansson Álptavatns og Grunnavatnsbygðir í þriðju viku nóvember, og hélt hann sína fyrstu samkomu þar vestra á Norðurstjörnu skólahúsi þann 19. sl., en þá síðustu laugardag þann 21. að Lundar. — Stýrði herra Helgi Pálsson samkomunni í Norðurstjörnu skólahúsi, en herra Halldór Halldórsson að Lundar. Báðar þær samkomur fóru hið bezta fram, en nokkuð voru þær fámennari, en vera hefði þurft, hefði vegir og aðrar kringumstæður ekki hamlað. Báðir forsetar fóru hlýlegum orðum um skáldið og buðu hann velkominn til sín og óskuðu honum heillar heimferðar. — En langfjölmennasta og tilkomumesta samkoman þar í bygðunum var sú að Markland. Um kl. 8 um kveldið var samkomuhúsið orðið vel skipað fólki, er komið hafði viðsvegar að úr bygðinni, og að hálfri stundu liðinni var samkoman sett.

Forseti samkomunnar, hr. Pétur Bjarnason, bauð þá gestina velkomna og setti samkvæmið. Vék því næst nokkrum orðum að ljóðagerð Vestur-Íslendinga og þar næst að kvæðskap Stephans. Taldi hann hann með fremstu skáldum Íslendinga, og kvað það bygðarbúum happ og heiður, að hann væri þar staddur til að skemta með upplestri kvæða sinna.

Þar var staddur húðraflokkur bygðarinnar, að tilhlutun formanns sins, herra Guttorms J. Guttormssonar, og skemtu þeir með hornablæstri við og við meðan á samkomunni stóð.

Að samkomunni lokinni, bauð Guttormur skáldinu og öðrum gestum til veizlu að heimili Jónasar Halldórssonar, og var því næst gengið þangað. Til samsætis þess var eint af nokkrum bændum þar í bygðinni, og var þar að boði rúmt hundrað manns. Nokkra stund áður en sest var undir borð, lék húðraflokkurinn fyrir dyrum úti ýmiskonar lög, en fólk var sett til borðs lausu eftir miðnætti. Fóru fyrst fram matarveitingar af ýmsu tagi, en þá næst drukkin minni og fluttar ræður. Fyrir minni skáldsins talaði Pétur Bjarnason, en Guttormur flutti heiðursgestinum kvæði það, sem prentað er á öðrum stað í þessu blaði. — Ýmsir fleiri héldu ræður þá er á leið nóttina, og meðal annara Hjálmur Danielsson, Árni Frimann, Benedikt Rafnkelsson, Mr. Hjálmarsson kennari á Markland, Jónas Halldórsson, heiðursgesturinn og fleiri, en þess á milli var skemt með söng og hornablæstri. Flestir voru á eitt mál sáttir, að ekki hefðu þeir átt skemtilegri vökunótt frá því þeir komu þar í bygð en þessa. Ekki var samkvæminu slitið fyrr en bjart var af degi.

Samkvæmið var í alla staði hið myndarlegasta og bygðarmönnum til mikils sóma. Enda lagði þar hver sitt fram til að gera kveldið hið ánægjulegasta. Þótt bygðin sé ekki mannmörg, er hún vel vakandi, enda telur hún ýmsa velmetna menn, er tekið hafa góðan þátt í íslenzkum málum um lengri tíma. R.P.

Bæjarmálin.

Herra C. H. Forrester, sem ætlaði að sækja um borgarstjórastöðuna við þessar kosningar, hefir dregið umsókn sína til baka af þeirri ástæðu, að óvíst var hvort hann væri brezkur þegn. Hann er fæddur brezkur þegn, en hafði um eitt skeið dvalið í Bandaríkjunum, og tekið þar þegnskyldubréf. Síðan þegar hann flutti til Canada aftur, gætti hann þess ekki, að þetta hafði þau áhrif á fæðingarrétt hans, að hann er hér sem útlendingur. Þegar honum var bent á þetta, hætti hann tafarlaust við borgarstjóra umsókn sína.

Það eru því nú að eins tveir, sem sækja um borgarstjóra embættið, þeir W. Sanford Evans og Ald. Manning, báðir góðir drengir og mikilhæfir menn.

Herra Skúli Hansson, sem nú sækir um bæjarráðsstöðu í þriðju kjördeild, er með best þektu og vinsælustu Íslendingum hér í borginni. Hann er hæfileika maður, prýðis vel mentaður og hefir glögga þekkingu á bæjarmálum. Hann er á bezta aldursskeiði og ótraukur að beita sér öllum við hvert það starf, sem hann gengur að. Íslendingar ættu að leggja honum eindregið fylgi við þessar kosningar. Vér efum ekki, að hann muni vinna deildinni alt það gagn, sem nokkur annar maður gæti unnið henni, um leið og hann mundi skipa sætið sjálfum sér og þjóðflokki vorum til sóma.

Íslendingar mega vita það, að þeir verða að beita allri þeirri þjóðræknislegu samheldni, sem þeir eiga til, til þess að koma löndum sínum að í bæjarstjórninni, ef þeir vilja annars sem þjóðflokkur geta bætt nokkrum áhrifum á bæjarmál eða þjóðfélag það, sem þeir búa með.

Herra Árni Eggertsson sækir á ný um sæti í borgarráðinu fyrir fjórðu kjördeild. Hann fékk eindregið fylgi allra Íslendinga í þessari kjördeild, þegar hann sótti fyrst fyrir 2 árum, og síðan hefir hann staðið svo vel í þeirri stöðu, að fáir eða engir af borgarráðsmönnunum hafa gert betur. Þess vegna verðskuldar hann endurkosningu, sem vér efum ekki að hann hljóti.

Þar mundu tveir góðir drengir vinna saman að áhugamálum Íslendinga, sem þeir eru árni Eggertson og Skúli Hansson, og þessvegna ættu þeir báðir að verða kosnir.

Tólf menn sækja um stöðu í Controller nefnd borgarinnar fyrir komandi ár. Það eru þeir Harvey, Latimer, Cockburn, Makatski, Waugh, McArthur, Baker, Wilson, Driscoll, Dutton, Putttee og Garson. Hverja af mönnum þessum mundi reynast heppilegast að kjósa, munu kjósendur tæpast geta sagt með vissu. En vér hyggjum að þeir Harvey og Baker muni kosnir verða. Harvey hefir haft 10 ára reynslu sem bæjarfulltrúi og Controller, og nú síðast sem borgarstjóri, hvenær sem borgarstjórinn hefir verið fjarverandi. Hann er öllum bæjarmálum gagnkunnur, og hefir engan annan starfa viðbundinn en að gegna bæjarmálum. Hann mundi því heppilegt að kjósa, enda sýnir 10 ára stöðug endurkosning hans það, að hann hafi staðið vel í stöðu sinni.

Latimer og Garson munu vera með verkfróðustu mönnum, sem völ er á í nefnd þessa, og mjög líklegt, að annar þeirra eða báðir nái kosningu.

Aðal verkefni borgarstjórnarinnar á komandi árj mun verða, að hrinda aflstöðvar málinu sem lengst á leið til fullkomnunar, — að auka lögreglustöðvar borgarinnar, — að bæta heilbrigðis tækin — og að fullkomna þær bætur á fjárhagsástandinu, sem svo vel hefir verið unnið að á þessu ári.

KJÓSANDI.

Eftirtektavert brjef.

GREAT SLAVE LAKE.

5. okt. 1908.

Ritstjóri Heimskringlu !

Ef þér þykja það tíðindi, sem almenning varðar, þá vildi ég segja, að mig undrar mjög, að herra Vilhjálmur Stefánsson, þegar hann ferðaðist frá Athabasca Landing alla leið norður að íshafi, skyldi ekki geta gefið sér tíma til að rannsaka þá miklu auðlegð, sem Athabasca árbakkarnir hafa í sér fólgna. Alla leið frá Pelican Portage til Fort McKay, um 150 mílur vegar, er yfir 50 feta þykt lag af tjörusandi, og undir því um 20 feta lag af hvítu kalkgrjóti. — Það er álitið, að á því svæði muni innan skams tíma finnast svo mikil steinolía, að það sýni Canada að vera oliu ríkasta land í heimi.

Það er nú verið að bora í þremur stöðum milli Fort McMurray og Fort McKay. Áður hefir verið borað við Pelican Portage, en það var hætt við það starf, af því að svo öflugur gasstraumur gaus upp úr holunni, að blossinn stóð 50 fet í loft upp og brennur til þessa dags. Ég heyri suðuna í blossanum í þriggja mílna fjarlægð. Einnig hefir verið borað niður nokkur hundruð fet við Fort McMurray. En við það hefir einnig verið hætt vegna innhruns af 150 feta þykku saltlagi. Aðrir segja, að Bandaríkjafélag hafi keypt mennina til þess, að halda leyndum fundi á oliubrunni, sem þar hafi fundist. En hvað, sem því líður, þá er þar margra þúsund dollara virði af vélum og öðrum útbúnaði, sem nú liggur aðgerðalaust og skemmist af riði.

Ég er á leið nokkur hundruð mílur norður á bóginn, þar sem ég hygg að hafa vetursetu. Þess vil ég geta, að enginn Íslendingur, sem hyggur að ferðast eftir Athabasca ánni, ætti að leggja út í, að róa eftir henni frá Grand Rapids til Fort McMurray, án þess að hafa í fylgd með sér einhvern þeirra fáu leiðsögumanna, sem færir eru um að stýra bát gegnum alla þá grýttu fossa, sem á þeirri leið eru.

Árbakkarnir eru sumstaðar eintóm sorgar-endurminning síðan um árið, að svo margir fóru til Alaska. Einn Íslendingur er mælt að hafi druknað þar. En hver hann er vissi ekki sá, er sagði mér frá þessu.

Íslenzkur ferðamaður.

ATHS. — Bréf þetta, sem ritað er með rithlýi, ber Edmonton póstmark dags 23. nóv. Bréfið er all-merkilegt, og vildum vér gjarnan, að "Ferðamaðurinn" vildi rita Heimskringlu oftar við tækifæri og ýtarlegar um það hið litt kunna land, sem hann er að ferðast um. Lesendur blaðsins munu hafa bæði fróðleik og skemtun af slíku bréfi. Það er jafnan ánægjulegt, að lesa lýsingar af ókunnum landsplássum og gæti verið einhverjum framgjörnum löndum vorum gagnlegt, að fá að vita nákvæmar um andlegð þessa mikla héraðs, sem "Ferðamaður" hefir getið um, og sem hann ætlar að ferðast um í vetur. Ritstj.

Íslendingar !

Greiðið atkvæði yðar þann 8. þ. m. með

Arna Eggertsson

fyrir bæjarfulltrúa í

4. kjördeild

Hr. Eggertsson hefir reynst hinn ötulasti í bæjarráðinu og hefir komið stórverkum fyrir bæinn af stað. Hann kýs að vera í bæjarstjórninni, þar til þau verk eru fullgerð, sem sé: Brúin yfir Rauðá og Aflstöðin. — Hann barðist móti Ashdown borgarstjóra og fylgjendum hans síðasta ár, og leiddi áhugamál sín til sigurs. Bæjarmenn mega ekki missa Árna úr bæjarstjórn, enda fylgja hérlendir kjósendur honum fast við þessar kosningar.

Greiðið allir atkvæði með Árna Eggertssyni, og veitið honum alt fylgi yðar við þessar kosningar!

WARD 3

Af því að ég hefi verið beðinn af stórum og áhrifamiklum fundi, er kjósendur 3. kjördeild ar héldu, að gefa kost á mér sem fulltrúaefni fyrir þá kjörd., — þá hefi ég ákveðið að gera það, og óska því virðingarfyllst atkv. yðar og áhrifa. Nái ég kosningu, skal ég gera hið bezta fyrir alt kjördæmið, (að noðan eins og að sunnan), og fyrir bæjinn í heildsinni.

Lendrum McMeans

Atkvæða yðar og áhrifa óskast virðinga fyllst fyrir

J. W. Cockburn

FYRIR

Board of Control 1909

ROBLIN HOTEL
115 Adelaide St. - - Winnipeg.
Bezta $1.50 á-dag hús í Vestur-Canada. Keyrsla ókeypis milli vagnstöðva og hússins á nóttu og degi. Aðhlynning hins bezta. Viðskifti Íslendinga óskast. William Ave. strætiskarið fer hjá húsinu.
O. ROY, eigandi.

SPÓNNÝTT HÓTEL
ALGERLEGA NÝTÍZKU
Hotel Majestic
John McDonald,
eigandi.
James St. West, Rétt vestan við Main St.
Winnipeg Telefón 4979
$1.50 á dag og þar yfir
Bandaríkja-snið
Alt sem hér er um hönd haft er af beztu tegund. Reynið oss.

MIDLAND HOTEL
285 Market St. Phone 3491
Nýtt hús, nýr húsbúnaður
Fullar byrgðir af allskonar vönduðustu drykkjum og vindlum í hressingarstofunni. Gisting einn dollar á dag og þar yfir.
W. G. GOULD :: FRED. D. PETERS,
Eigendur
WINNIPEG ::: ::: CANADA

Jimmy's HOTEL
Rétt á bak við Pósthúsið
Íslendingar ættu að reyna þetta gistihús. Í hressingarstofunni er sá eini íslenzki vínveitingamaður í Winnipeg.
James Thorpe,
eigandi
Fyrrum eigandi Jimmy's Restaurant

The Dominion Bank
NOTRE DAME Ave. BRANCH Cor. Nena St.
Vér seljum peningaávísanir borganlegar á Íslandi og öðrum lönd.
Allskonar bankastörf af hendi leyst.
SPARISJÓÐS-DEILDIN
tekur $1.00 innlag og yfir og gefur hæstu gildandi vexti, sem leggjast við innstæðufé 4 sinnum á ári, 30. júní, 30. sept. 31. desembr og 31. march.

Kr. Ásg. Benediktsson.

Vertu rólegur, — þér fer dauðans illa allur svarraskapur og illgirni. Í bendingunni, sem þú kallar, til mín í Heimskringlu 19. þ. m. (nóv.), er dauðlegt hatur og heiðnargirni vaðið um og yfir hverja setningu, sem til mín getur náð, og fyrir þá sök getur ekki þetta asnaspark þitt gert mér neitt ilt, eins og vitanlega þó að tilgangurinn var. Allir góðir menn og réttsýnir fyrirlíta þær bendingar, sem gefnar eru í heiptrækni, með forsmán og skömm.

Ég er á báðum áttum með, hvernig ég á að svara þessari óþlegu "bending". Allir, sem þú hefir ráðist á nú í seinni tíð, með líkum rosta og stærilætisfólsku, hafa lamið þig niður eins og grimman seppa, og virðist það vera heilsusamlegra en alt annað fyrir þitt andlega atgerfi. Því í langan tíma þar á eftir, hefir þú rambað áfram í meinleysi, og ekki þorað fyrir þitt eigið borið lif, að reisa þitt ógæfusama og illgjarna andlausa skoðt. Þú hefir dregið það í skýtnum, dýpra og dýpra með hverju árinu, sem yfir þig líður. Það er almenningsálitið, sem búið er að stinga gat á stóra vindbelginn þinn, sem þú rogaðist með hér framan af árunum. Hann heldur þér ekki uppi lengur. Þér er betra að gæta að sjálfum þér í tíma, ef þú ekki vilt drukna í forinni.

Ég hefi að eins einu sinni áður svarað kulda illgirni þinni. Og það gerði ég með mestu hógværð og stillingu, því ég hélt að við værum góðir kunningjar. En síðan má heita, að við hvert mögulegt tækifæri, hefir þú reynt að svivirða mig á allan hátt, bæði í vísnadrusum — eias og þér fersk það nú finnlega! — og óbundnu máli. Sakir liggja meira enn nógar til þess, að ég tæki duglega og hlíðarlaust til þín, karltetur. Og hamingjan veit, að ég þori það, og slikur hugsjóna-bambur og þunglama-klaufi, sem þú ert, skyldir aldrei ríða feitum hesti frá mér í þeim viðskiftum. — En sökum þess, að þessi ótugtar "bending" þin, Kr. Ásg., er lika bending til allra Vestur-Íslendinga, og eins mikið þeirra máleni eins og mátt, — þá ætla ég ekki að fara neitt út í fornar sakir. Einungis ætla ég í hreinskilni að segja, hvað fyrir mér vakti, þegar ég sagðist hafa sterka löngun til, að halda því fram, að Kr. Ásg. Benediktsson ætti alla greinina "þjóðlegt gripasafn", en ekki nétti ritstjórinn, herra B. L. Baldwinson. Og það var sem fylgir:

Þessi nefnda grein var svo óklevf og ópraktisk á allan hátt. Það var hurðarás, sem vor þjóðflokkur hefði aldrei orðið viljugur að reiða sér um öxl. — Þetta get ósköp vel átt heima hjá Kr. Á. B., ef eitthvað er eftir af vindbelgnum gamla, en herra Baldwinson er einn af vorum hagfróðustu og praktiskustu mönnum. —

Í öðru lagi hefir herra B.L.B. ekki alls fyrir löngu skrifað vel og ýtarlega um vora landnámssöguritun, og bent á framkvæmanlega vegi í þá átt, svo þetta fanst mér koma hvort öðru andstætt. Aftur á móti hefir K.Á.B. aldrei lagt neina ilt — og alt ómögulegt — til þess máls, og því fanst mér þetta alt eiga svo dæmalaust vel heima hjá honum.

Í þriðja lagi var hugmynd minni stolið til grundvallar að byggja þessa grein á. Það gerir herra Baldwinson aldrei, að taka í leyfisleysi annara hugsjónir og eigna sér. En það gerir Kr. Ásg. Benediktsson, því í sínum andlega tómleik og allsleysi hefir hann í náni skáldlistarinnar!! stolið orðum minum og hugsjónum, fært það í aðrar flýkur og búið til andlega ófreskju, sem hann hefir svo hælt sér af á eftir.

Í fjórða lagi var viðlaga-tuskan og leppurinn hann Kr. Ásg. að ramba í ritstjóra setinu sömu vikuna, sem greinin "þjóðlegt gripasafn" kom út.

Sökin hjá mér er þessi: "Ég hefi sterka löngun til að halda því fram, að K.Á.B. eigi greinina, en ekki herra B.L.B.". — Þetta er alt og sumt. Ekki eitt einasta móðgunaryrði meir frá minni hlið. — Skammastu þín nú ekki, K.Á.B., greyið mitt, fyrir að blása þig út eins og naðra fyrir engar sakir?

Ég legg þetta mál svo til álíta fyrir alla sanngjarna menn.

Og vertu rólegur, K.Á.B. þinnar hjálpar verður aldrei frá mér leitað til styrktar landnámssöguritun. Og sama má segja um það, að vildu Vestur-Íslendingar voga eins mikilli upphæð eins og einum dollar tuttugasti hver maður af löndum vorum, til þess að byrjað yrði á verkinu, og svo skyldi ég deyja frá hálfklárudu verki, — já, víst er þetta athugavert, — en vertu rólegur: Aldrei yrði leitað eftir dollarnum til þín, þú ert og verður aldrei aflagsfær, hvorki peningalega eða á nokkuru annan hátt.

Hafðu svo skömm fyrir alla framhleypnina og bendingarnar!

Þinn í hreinskilni,
Lárus Guðmundsson.

Mótmæli gegn

tilkynningu Mr. Guðbrandar Árnasonar í 7. tbl. Heimskringlu þ.á.

Það hefir dregist fyrir mér að svara, af því mér þótti það svara sér býsna vel sjálft og lofa meistaranum hann Guðbrand Árnason, sem margir þekkja.

Já, Brandur minn, það var slæmt, að þú skyldir fá þennan iðraverk kosningardaginn fyrir þann óhrekjanlega sannleika, sem fróðlist, að þú hefðir boðið mér $5.00 fyrir vót mitt með J. C. Miller, þingmannsefni Conservative. Ég varaði mig ekki á því, vinur minn, að ég mætti ekki hafa orð á þeim sannleika, ekki síst þar sem þér varð á, að bjóða það að öðrum viðstöddum.

En þar eð nú er nokkur tími síðan, að ég hefi heyrt talað um "pillu-prangarann", og ég býst við, að sú vara sé uppgengin hjá þér, vesalingur, og þú eigir bágt með að lækna þig sjálfur, er ég að senda þér meðalið, sem við þig kann að eiga að einhverju leyti. Samt býst ég við, að það lækni þig ekki að öllu leyti, Brandur minn, því búkhlaupið sem þú fékst er magnað, þar sem þér þóknaðist að svivirða ótiltekinn hóp bygðarmanna, sem fyrir mína þekkingu eru alt heiðarlegir menn, — og þér þar af leiðandi mjög ólikir.

Ég furða mig ekki á því, Brandur minn, þó þá batir sannleikann í þessu efni, þar sem fáir hafa líklega fundið mikla sannleiksást hjá þér, þó þeir hafi þekt þig fyrir lengri tíma en ég, og er það sorglegast fyrir sjálfan þig, og þá, sem að þér standa. Og þyklist ég vita, að þeir hefðu ekki liðið dellu þinni að fara eins langt, ef þeir hefðu vitað, hvað málstaður þinn er veikur. — Og þess vegna ætla ég að hlífa þér í þetta sinn.

En það get ég sagt þér, Brandur minn, að ef þessar línur geta ekki læknað þinn iðraverk og þig vantar meira, að þá verður flett ofan af þér greinilega. Og hvað sést þá? Þá sést það, sem þig dreymir líklega ekki fyrir, að aðrir viti um þig enn þú sjálfur, og þeir verða þá mest hissa, sem annast er um þig og standa þér nærstir.

Ég óska, að þessar Pillur geri þér gott, Brandur minn, svo þú hlaupir ferri gönuhlaupin, og gætir að því, að þú verðir ekki annara áeggjunarfífl. Því skeð getur, að það verði þér af ónotalegu fótakefli, að lýsa það lygi, sem þú sjálfur veist að er satt. — Þar af leiðandi er vel komið, að kalla mig fyrir lög og dóm. Ég mun óhræddur bera sannleikanum vitni.

Hitt annað, sem þú talar um í greinarstúf þínum, er ekki þess vert að svara því. Það er alt sama kyns: Uppdiktur og lygar, sem lofa þig sem meistara sinn, er sýnir glögt manndygð þína og heiðarleghéit, eins og þess manns, sem ekki kann að skammast sín.

Það er heilræði til þín, Brandur minn: Hugsaðu þig vel um áður enn þú ræðst með aðra eins tilkynningu að saklausu fólki. Ekki veldur sá er varir, þó ver fari.

Churchbridge, 23. nóv. 1908.
Benedikt Ásgrímsson

Maðurinn frá jarðstjörnunni Marz.

Á ferð sinni um jörðina kom maðurinn frá Marz í land nokkurt, sem var stórt og undursamlega fallegt. Skipgengar stórár runnu um landið hér og hvar, og landið frjósamt og fagurt blasti við eins langt og augað eygði. Hann reikaði til og frá um þessa fögru velli nokkura stund, þangað til hann mætti einum jarðarbúa, sem var mjög sorgbitinn á svip.

"Góðan dag", sagði Marzbúi.
"Góðan dag".
"Hvað gengur að?"
"Ég er svangur".
"Því borðarðu þá ekki?"
"Ég hefi enga peninga".
"Farðu þá vinna þér inn peninga".
"Ég get ekki fengið neitt til að gera".
"Þetta viðáttumikla, fallega og frjósama landssvæði, sem blasir við okkur, bíður eftir því, að maðurinn taki það í sína þjónustu. — Farðu og ræktaðu hveiti, maís, kartöflur, — eitthvað þess konar. Skilurðu mig?"
"Eigandinn vill ekki láta rækta landið".
"Hver er það, sem ekki vill láta rækta landið?"
"Eigandinn".
"Hvað er þessi 'eigandi'?"
"Maðurinn, sem á landið, vitaskuld".
"SEM Á LANDIÐ?"
"Já, auðvitað".
"Ja, nú er ég alveg forviða. — Veiztu þá ekki, að guð skapaði landið?"
"Jú, ég hefi heyrt það sagt".
Skapaði hann það ekki handa öllum börnum sínum í sameiningu, svo þau gætu haft alls nægtir?"
"Jú, — ég hefi heyrt það, — ég býst við því, — ég veit ekki?"
"Hvernig stendur þá á því, að einhver einstakur maður á landið?"
"Það er auðskilið. Það eru lögin, sem veita honum eignarrétt á því"
"Og hver býr til lögin?"
"Það gerum við, náttúrlega".
"Hverjir eru þessir 'við'?"
"Kjósendurnir, auðvitað. Ég sjálfur og alt hitt fólkið".
"Og þið — hin alvalda þjóð — búið til lög, sem veita einum einstökum manni eignarrétt á stórum, frjósömum landflákum, og rétt til að fyrirbjóða, að landið sé gert arðberandi, ef honum list svo, — meðan þið, sjálfir valdhafarnir og eigendurnir, gangið um kring og biðjið um vinnu, og sveltið ef þið fáið ekkert að starfa!"
"J—á".
"Viltu gera svo vel, að taka ofan hattinn þinn svo ég geti séð, hvernig höfuðlag þitt er?"
Og maðurinn frá Marz létti akkeri, og lofthátur hans lyfti sér frá jörðu, um leið og hann sagði við sjálfan sig: "Já, miklir heimskingjar erum við mennirnir!" — Dr. George W. Corey.

Skrifið yður fyrir HEIMSKRINGLU svo að þér getið ætíð fylgst með aðal málum Íslendinga hér og heima.

C. O. F.
Court Garry No. 2
Stúkan Court Garry No. 2, Canadian Order of Foresters, heldur fundi sína í Unity Hall, horni Lombard og Main st., 2. og 4. hvern föstudag í mánuði hverjum.
Allir meðlimir eru ámintir um, að sækja þar fundi.
W. H. OZARD, REC.-SEC.
Free Press Office.

Giftingaleyfisbréf
selur Kr. Ásg. Benediktsson
540 Simcoe st. Winnipeg.

WINNIPEG Business College
FÉKK FYRSTU VERÐLAUN Á SAINT LOUIS SÝNINGUNNI.
Cor. Portage Ave and Post St.
Dag og kveld-kensla. Leitið fullra upplýsinga og biðjið um vorn nýja pappirshnif ókeypis. Vér kennum ensku tungu.
C. W. DONALD, ráðsmaður.

MARKET HOTEL
146 PRINCESS ST. á móti markaðnum
P. O'CONNELL, eigandi, WINNIPEG
Beztu tegundir af vínföngum og vindl um, aðhlynning góð húsið endurbætt

JOHN DUFF
PLUMBER, GAS AND STEAM FITTER
Alt verk vel vandað, og verðið rétt
664 Notre Dame Ave. Phone 3815
Winnipeg

Strathcona Hotel
Horni Main og Rupert Str. Nýbygt og ágætt gistihús; Gest um veitt öll þægindi með sanngjarnasta verði. Frí keyrsla til og frá öllum járnbr. stöðvum. Beztu vín og vindlar; og herbergi og máltíðar ágætar.
McLaren Brothers
EIGENDUR

Hotel Pacific
219 Market Street Winnipeg | H. M. Hicks Eigandi Manitoba
Telephone 1338
Ný-endurbætt og Ný-tízku hús í alla staði. Viðskifta yðar óskast virðingarfylst.
$1.25 a Dag

$1.50 Á DAG
Bezta $1.50 gistihús í Winnipeg
BRUNSWICK HOTEL
Horni Main St. og Rupert Ave.
Besta borðhald; Hrein og Björt Herbergi; Fínustu Drykkir og Bestu Vindlar. Ókeypis Vagn mætir Ölum Traunlestum. Reynið oss þegar þú ert á ferð.

við gætum skilið án frekari fjandskapar. — Getið þér ekki litið til mín eða móður minnar með öðruvísi augnaráði en þessu, sem fult er af ótæmandi hatri!"

"Menn geta ekki uppskorið annað en það, sem sáð er", mælti hún í hálfum hljóðum. Hún reyndi að losa sig, og horfði stöðugt á fingur hans, er héldu blíðlega en fast um úlnlið hennar, með eins hræðilegu augnaráði, sem væru þeir glóandi eldur.

Alt í einu sleppti hann hönd hennar og öll meðaumkvun hvarf af andliti hans, og gremjulega sló hann með staf sínum nokkur grasstrá, sem uxu meðfram veginum. — Felicitas létti um hjartaræturnar. Svona átti hann að vera, — harður og kuldalegur. Meðaumkvun hans fanst henni hræðileg.

"Alt af sama ásökunin", mælti hann loksins kuldalega. "Ég skal játa það, að tilfinningar yðar hafa ef til vill oft verið nokkuð sérðar. Það var líka ásetningur okkar, að gera yður eins yfirlætislausa og unt var. — — Ég get með góðri samvizku borið hatur til yðar, því ég vildi yður vel, — og móðir mín. — Já, að vinna ást hennar — ég skal ekki neita því, að það er ef til vill erfitt mjög, — en hún er mjög réttsýn, og hún er það guðhrædd kona, að hún hefði ekki getað liðið, að yður væri nokkur óréttur sýndur. — Þér ætlið nú bráðum að byrja göngu yðar út í lífið, og ráða yður sjálfar. — Fólk í yðar stöðu þarf umfram alt að halda á því að vera eftirlátsamt. — En hvernig verður það mögulegt fyrir yður, að umgangast fólk, með hinum fölsku skoðunum yðar, er þér haldið svo fast við? Hvernig munuð þér nokkurn tíma vinna svo mikið sem eitt einasta hjarta með þessum mótþróafullu augum?"

Hún leit upp og virti hann rólega fyrir sér. — "Þegar mér er sannað það, að skoðanir mínar komi í bága við siðfræði og skynsemi, þá skal ég segja skilið við þær", mælti hún með sinni djúpu, skýru

rödd. "En ég veit, að það eru fleiri á sama máli og ég með það, að enginn maður, hver sem það er, á með að dæma annan til lifandi dauða. Ég veit, að þúsundir manna verða á minu bandi með það, að það er óréttlátt og hegningarvert, að neita mannssálinni um rétt til að auðga anda sinn, af því að sá hinn sami er af ítilmótlegum ættum kominn. Ég geng óhrædd út í lífið, því ég ber fulla tiltrú til mannanna, og vona að hitta fólk fyrir, er ég þarf ekki að sýna mótþróa og þrjósku. — Jafn ólánssöm mannskepna og ég er, sem verð að lifa meðal manna, er sýnast vera alveg hjartalausir, hefi ekki annað vopn til að verja mig með en stórlæti mátt, — enga aðra stoð en meðvitundina um það, að ég líka er guðsbarn, og andi af hans anda. — Ég veit, að hann fer ekki í manngreinaráðit, og takmörk og stig í mannfélaginu eru að eins mannaverk, og þess litilljörlegri og minni, sem mannssálin er, þess fastara heldur hún sér við þau".

Hún snéri sér seinlega við og gekk hægt inn um dyr, er lágu inn í vinnufólks herbergið. — Hann stóð kyr og horfði á eftir henni. Svo þrýsti hann hattinum niður á enni, og gekk heim að framdyrunum. — Hvað var hann að hugsa um? Enginn gat getið þess, — en svo mikið var víst, að ánægjan, er skein úr augum hans, þá er hann kom heim, var horfin, og í stað þess var hann nú þungbúinn mjög.

Í framdyrunum stóð Frank málaflutningsmaður og Henrik. Prófessorinn leit fljótlega upp, eins og hann vaknaði af draumi, þá er hann heyrði málróm þeirra.

"Nú, ég heyri sagt, að þú hafir sjúklinga í húsinu, prófessor!" mælti Frank um leið og hann rétti honum hendina. Eldurinn hefir haft slæmar afleiðingar í för með sér — barnið —".

"Hefir megna hitasótt", greip prófessorinn þurlega fram í. Það var auðséð, að hann vildi helzt ekkert samtal hefja.

"Æ, herra prófessor, það gerir nú minst til", sagði Hinrik. "Barnið er nú hvort sem er alt af veikt og grætur allan daginn. En þegar önnur eins stúlka ogFee, er aldrei á æfi sinni hefir orðið veik, hangir með höfuðið, þá verður maður hræddur —"

"Nú, hvað því viðvíkur, að hanga með höfuðið, þá hefi ég ekki orðið neitt var við það", sagði prófessorinn í einkennilega hvössum rómi, og ofurlitið kýmnisbros lék um varir hans. "Það höfuð sátur eins fast og nokkurt annað höfuð, — það mátt þú vera viss um, Hinrik".

Hann gekk svo upp stigann ásamt málafærslumanninum. — Efst í tröppunni kom litla Anna á móti þeim í náttkjólnum, berfætt og hágrátandi og þrútin í andlitá af sóttbitanum.

"Mamma er farin, Rósa farin, — Anna litla vill fá vatn að drekka", kallaði hún, er hún sá prófessorinn. — Hann tók hana upp og bar hana inn í svefnherbergið aftur.

Þar var enginn, og læknirinn kallaði reiðulega á stúlkuna, — langt í burtu opnuðust dyr og Rósa kom eldrauð í framan með heitt straujárn í hendinni, og inn um dyrnar á herbergi því, sem hún kom frá, sást einn af kjólum ríkisstjóra frúarinnar á strauborði, — likastur hvítu skýi.

"Í öllum guðanna bænum! Hvar eruð þér? — Því látið þér barnið vera einsamalt?" spurði prófessorinn gremjulega.

"Æ, herra prófessor! Ég get þó ekki skift mér á marga parta", mælti stúlkan næstum grátandi af reiði. — "Hún náðuga frú þarf nauðsynlega að lá nýþvegin kjól fyrir morgundaginn. — — Þessi þvottur og straning tekur nú engan enda. — Ef þér bara viss-

uð alt um það, — og þessi kjóll hennar, hann er sannneind Herkúlesar þraut —".

Hún þagnaði. Málafærslumaðurinn rak upp skellihlátur.

"Ha, ha, ha! Og þetta er konan, sem alt af klæðist í einfalda kjóla úr hvítu "molli"-tau", sagði hann og studdi höndunum á síðu sér, því hinn þungbúni en vandræðalegi svipur prófessorsins fanst honum sérlega hlægilegur.

"Hin náðuga frú", mælti Rósa ennfremur, "sagði að úr því þetta væri að eins snertur af sóttbita, þá gæti litla Anna verið ein svo sem hálftíma. — Hún lagði mikið af barnagullum í rúmið hjá henni".

"Hvar er frændkona mín?" tók prófessorinn fram í fyrir henni í höstum málrómi.

"Hin náðuga frú er í kristnaboðs erindum með frú Heilwig".

"Nú, er því þannig varið", mælti prófessorinn stuttlega. Hann var reiðulegur mjög. — "Farðu nú og ljúktu við þennan hágóma, sem þú ert að gera", skipaði hann, og bentí á dyr þær, er hún hafði komið út um. Síðan kallaði hann á Friðriku, en hún var önnum kafin, og sendi Felicitas í sinn stað.

Hún gekk upp á loftið. Kinnar hennar báru vott um geðshræringu þá, er hún hafði verið í. En samt sem áður horfði hún alveg rólega framan í hið reiða andlit prófessorsins. Svo beið hún þegjandi eftir því, að hann yrti á sig. — Það var auðséð, að honum var ekki ljúst, að þurfa að yrða á hana að fyrra bragði.

"Litla Anna er eftirlitslaus! Viljið þér vera hjá henni, þangað til mamma hennar kemur aftur?" spurði hann loksins, en hægt var að heyra, að hann neyddi sjálfan sig til að tala vingjarnlega við hana.

"Gjarnan", mælti hún blátt áfram. — En ég er ekki viss um, að frúnni sé mikið um það gefið, hún

Til Heimskringlu og lesendanna.

Kæra Heimskringla, vina vor hinna vítbitlu!

Af hverju ert þú vina vor? Eg leyfi mér að svara fyrir mig og mína líka. Af því hjá þér er vort málfrelsi, ritfrelsi og hugsanafrelsi. Vér segjum það þinn sóma, að fara ekki að mannvirðingum, — gefa hverjum tækifæri, að láta meiningu sína í ljós eins og við á, svo lengi hóls er gætt í orðfæri. Við fyrnum enga skyldu hjá oss hvíla, að styðja að tilveru þinni, eður neinna annara blaða tilveru, ef okkur er synjað að öllu leyti að svara fyrir oss, segja álit vort um velferðar málefni þjóðflokks vors, fyrir vort litla vit, svo lengi hóls er gætt, og vér getum rökstutt vor málefni. Af því þú sýnir oss þetta jafnrétti, þá ertu vor vina, og flytur þá líka að tiltölu fleiri ritgerðir, sem verða við skilnings vors hæfi, minna flóknar af lærdómslistarfræði, sem svo oft mætti búast við, að ritgerðir sumra hinna vitru og lærðu manna gætu verið þrungnar af, þegar þeir skrifa eingöngu fyrir sér líka og sér meiri menn. Ef vér skiljum ekki um hvað talað er, þá höfum við enga ánægju af það að lesa. En við kaupum blöðin oss til skemtunar og fróðleiks, að því leyti, sem þau flytja málefni innan vors hugsanasviðs. Frjálslyndir blaðakaupendur vilja, að blöðin séu frjálslynd, og þeim er ekkert ofboðið meir eða verra en ófrelsi í hverri grein sem er.

Þiðt nýupptekna fyrirtæki tel ég þér sóma, sem er, að verða á undan öðrum blöðum íslenzkum, sem ég þekki, í að flytja oss máleini í myndum eins og það kemur fyrir hugsjónir "Cartoonista". Þær eru máske ekki öllum hátalaðar, og margir landar lítt æfðir í þeirra lestri, en alt að einu eru þær lesnar augljóslega af þeim, er æst hafa þess kyns lestur. Óviða kemur and ans sérstaki hæfileiki betur í ljós, en hjá æfðum "Cartoonista", er lesa má af myndunum af mönnum og málefnum. Það er sérstakra manna listfengi og andleg fjölhæfni er þar fram kemur til skemtunar og aðdáunar öllum, er lesa kunna.

Eg vildi óska, að heimaþjóðin með ráðherra sinn í broddi fylking ar, á næsta þjóðþingi vildi muna og færa sér í nyt kenningu þá, er felst í þinghúss-hreinsun Skúla. Hér má segja: "Hálfnað er verk þá hafið er". Íslendingum verður sómi að framkomu sinni við nýafstaðnar þingkosningar. Nú er þeim óvandari næsti leikur á borði, sem er; að leika þjóðræðinu fram í sæti þingræðisins, annars tapast aftur það, sem nú er fengið. Því heill og velferð þjóðarinnar er áreiðanlega innifalin í þjóðræðinu, sé það skynsamlega með höndum haft. Því þó aldrei nema að fyrir kunni að koma, að almenningur sjái ekki í byrjun, hvað bezt má verða í öllum greinum, þá ófeað er fjöldinn svo skynsamur, að sjá hvað er nær sanni. Þeir hafa reynt þingræði, og vita þess kosti og lesti. Þeir vita, að þinghúsið hefir verið eins vel gert að ræningjabæli og þeirra griðastað, eins og helgra dóma og réttvísra löggjafa þjóðinni til heilla og blessunar. Nú er tími til komann, að gera hreint fyrir dyrum, sópa út öllu ónauðsynulegu, en vernda alt gott og gagnlegt. Að gera hvern meðlim þjóðarinnar, með fult lif og heilsu, ati nytsomum borgara á hvers eigin takostnað að sjá um sig og sitt skyldulið, að öllu, er lif og heilsu leytir. Mér finst það svo samkvæmt fornum frelsisanda Íslendinga, að leika nú fram leik samkvæmlin fyrsta leik á borði, og svo hvern af öðrum náttúrlega fram og til baka, eftir bertu samræmingu og viðeigandi ástæðum. — En umfram alt, að láta ekki stofnsetningu þjóðræðis skeppa undan borði. Muna, að þjóðræðið frumleikir vilja meiri hluta þjóðarinnar, en þingræðið framkæðir vilja meiri hluta þeirra fáu, er á þingi sitja, hvort sem það verður nokkrum utan þings að gangi eða ekki. Þar í felst þjóðræðið, að þjóðin hafi fyrstu og síðustu yfirráð máleina sinna, en þingið sé hennar þjónn. Þar í er þjóðfrelsi, að þjóðin ráði sér og sinum máleinum sameiginlega, en þingið ekki hennl. Hún á að ráða til lykta þingsályktunum, — hafa síðasta orðið þá tekur öll þjóðin til samans gerða sinna afleiðingar, en engir fáir einstakir. Getur hún þá breytt til og endurbætt á alla vegi, eftir eigin þörf og hagsýni og góðum ráðum vitra manna. En strangan vara vil ég líka taka henni fyrir öllum þingræðisflokks útsendurum, sérstaklega fyrst í stað, meðan þjóðræðið er að myndast og próíast. Í þingræði innifelst sérstakra hagnaður, en í þjóðræði almennur hagnaður, eða þá óhagur, ef óhagsýni meðhöndlar. "Það eru hyggindi sem í hag koma" í hverri grein sem er. Það þekkja Íslendingar manna bezt. Það er oss sannarlegt gleðiefni, ef Íslendingar nú stofnsetja þjóðræði og leiðbeina þannig öðrum þjóðum inn á þá nýju braut frelsis og jafnréttis, er það spor við sig hefir.

Að svo stöddu, þó þeir neituðu sambandslaga frumvarpinu við Dani óbreyttu, þá ráðlegg ég ekki, að þeir segi skilið við Danmörku. Þeir tága þess kost nær sem vilja. En það getur farið svo innan fárra ára, að þeir fangi enn þá betri tækifæri. Þeir geta hugsað um það eftir hvers eins hugsjónahæfileikum, og valkað sjálfir yfir velferð sinni. Þó margir hér vestra hafi hvatt þá til aðskilnaðar, þá þekkja þeir betur en vér, hvað þeir geta mist við að biða við. En hvern ábata þeir hafi við biðina, er öllum meiri ráðgáta. En það er frjálsþenkjandi manna hugboð, að réttvísin ryðji sér braut, og að Íslendingar fari ekki þar á mis við fremur enn aðrar þjóðir ákveða sér. Þegar um frið má ræða og réttvísi honum samfara, þá þekkir hver þjóð sína réttmæta eign, sem hverri þjóð var í byrjun ánöfnuð, og krefst að fá að halda henni fyrir hverri annari. Þegar friður fæst, þá ræður ekki lengur auðvald og hervald óréttvíss ofríkis lögum og lofum þjóðanna, eða almáttugur dollar nútímans, heldur sönn mennt un, jafnréttá og göfug manndygð, sem nú og fyrri hefir verið höfð á flæmingi og álitin hættulegur umrenningur.

En tímarnir breytast, af því vér erum á flugi, og erum að fljúga inn í annað hagkvæmara loftslag, hvar mentaskilyrðin verða sýnd oss gagnólik þeim, sem vér um langan aldur höfum verið að sigla um, og sem töfrað hefir hugi vora af því loftið var þrungið af þeim. Framundan oss er loftið þrungið mörgu öðru gagn-ólíku, er lífgar oss, og leiðir til réttferðugra siðgæða og andans ánægjusemi. Í betra loftslagi, á birtandi lífsdegi, á uppgöngu lífssólarinnar áleiðis til hádegisstaðar, þekkjum vér oss ekki fyrir sömu menn. Lífgeislar morgunsólarinnar bræða af oss lífræðis og óréttvísis klakann, sem fraus utan um okkur á leið vorri gegn um myrkur mannlífs náturinnar, og lagði sinu helkulda inn til vors hjarta, svo sem næst við lá, að við frysum í hel. Það er stór munur á, að vita sig að vera að færast nær ljósinu, en ekki fjær. Vita, að lífssólin er á uppgöngu, en ekki niðurgöngu. Vita, að magt myrkranna var, en er að líða af og tapa sinu valdi, sinu myrkraríkis ofurvaldi. Ljósið er á uppgöngu og sendir sína lífgeisla inn til vorra hjartna, því fljótar, sem vér framar stöndum í prósessiunni sem er svo firna löng, að hinir öltustu sjá enn ekkert dagsljós, og geta því engan gaum, þó frétt þar um sé send til baka frá fyrirliðum frelsisins, svo allir geti huggast og trúa, og gert sitt bezta til að fylgjast með og láta ekki fyrirberast í síðustu skrefum, er saman koma ljós og myrkur. Ekki er því að neita, að leiðin gegnum myrkrið hefir verið afarlöng, svo löng, að enginn man eftir deginum í gær áð ur enn hann byrjaði ferð sína gegn um myrkursins eyðimörk eða lagði á hafið, þegar kveldsólin hneig til viðar. En svona löguð er nú vegferð vor. Látlaus sigling er hún. Ekki einungis um hafið, heldur í hafinu, líkt og skip vort væri neðansjávar skip (Torpedo). Skip vort er jörðin, hvorki er það nú meira né minna. Við erum svo sem ekki sjálfráðir ferðar vorrar; Jörðin, eins og allir vita, siglir með oss árlega einn hring um sólina. Þó förum vér aldrei upp aftur sömu braut í hafinu. Ekki hafstraumanna vegna, heldur vegna þess, að sólin er á flugferð hringbraut sína í sama hafinu kringum sína sól, "aðalsól", og aðalsól sennilega háð sama lögmáli umkring sína sól. Svona gengur ferða lagið um geiminn gegnum veraldar hafið, að hver sól á sér aðra sól í því ómælanlega sólnakerfi, þar til skynjan vor að síðustu ber að þeirri einu sólnanna sól, er öll önnur sólnakerfi ganga kringum í eiðfðar tímanum, hvers ár er tímans endaleysa. Nú þegar sigling vor er svona óendanleg, er þá nokkuð undravert, að skilyrðin séu breytileg og ekki alt af hin sönnu? Á einum parti er loftslagið eintómur kuldi, hvar jörð vor að mestu hylst í ís og jökli. Á öðrum hylst hún í vatni. Á hinum þriðja er temprað loftslag og vér í paradís. Á hinum fjórða eldfur hiti, — hafið hverfur í loftið, þurkendið skræmar og deyr, að sjáanlegum lífseiðyrðum. Etli helvítis ímyndin eigi ekki þar heima? Hver getur neitað? Skilyrðin eru allskonar á vegferð jarðar vorrar og hennar framvaxtar tíma. En hún er enn ekki fullmynduð. Ekki hálfköpuð. Hún verður einhverntíma sól. Já, og sól annara sólna. Af plánetunum er Júpiter næstur því að vera sól. Er líka stærstur allra þeirra. Tungl jarðar vorrar sýnist að vera líflaust. En það mun missýni vera, — það lifir sinu dvalatífi til nýs framvaxtar, endurnýjaðs lífs. Af þess ástandi nú, gefst oss tækifæri til umhugsana og ályktana, að ráðning lífsgátunnar, þegar vit vort verður þess um komið. Dvalinn er nauðsynlegur við framvöxt hnattanna, eins og allrar náttúrunnar, og vors eigin. En hér er um að ræða alt langsamt og hægfara í samanburði við tilveru hérvistar fljótræði vort.

Þegar vér komumst til meira vits, svo vér förum betur að þekkja lífæra-maskínu sjálfra vor, — eins vel hina andlegu sem þá líkamlegu — líkt og vér þekkjum nú lögmál og skilyrði verkvélar,— þá gerumst vér betur þess vaxnir, að ráða lífsgátuna á einn og annan hátt, er oss nú ekkert dnæmir um. Já, og þá munum vér ekkert hreykja oss upp af vorum vísdómi, miðla til annana því viti sem vér höfum, en þiggja aftur á móti frá þeim það er þeir hafa, en vér ekki. Þá verðum vér öll bræður og systur, þegar vér hjálpumst að til að hugsa og ályktá í bróðerni og velvild, ósérplæginni, neynum og prófum alt, en höldum hjá oss kjarna hugsana hugsananna. Á þann máta ræðst gátan, fyr ekki. Þar til vér erum kallaðir að hjálpa hver öðrum, og með því móti komumst vér til vits og framvaxtar. Vitshæfileikarnir þurfa að æfast og vaxa samræmislega við verklega og holdlega hæfileika. Líkaminn er bústaður sálar og anda, og andi og sál verður að fást sundurgreinanlegt, ef rétt er að verið. Sálin getur ekki án hjálpar líkamlegra efna — sem hún er bundin hjúskaparböndum — framþróast, og notið réttra fæðingar skilyrða, þegar hún við líkamann skilur, ef hún er krengt og kramin um meðgöngutímann, og er þá óhæfileg fyrir eftirkomanda lífsstigið, of mikill aumingi, að geta náð réttri tilköllun og sönnum tilveruréttí í húsi föðurs vors, hvert að er geimsins ómælanlega rúm. Í því eru margar vistarverur, og ein þeirra er jörð vor. Til þess miðar vor framvöxtur, að vér höfum innunnið oss aðra, þegar frumvaxta skilyrði jarðar vorrar ekki samsvara vorri þörf, — þegar hún óhjákvæmilega rennur inn í brunabeltið, og fyrir opinberanirnar hlýtur að verða það næsta eftir hið nú í höndfarandi og temprada er vér nefnum "þúsundára ríki". Vér verðum að breytast í æðri verur, jafnframt og loftslagið breytist að minsta kosti til þess að samsvara eðlilegum lífsins skilyrðum, og mæta þeim með ráði og dáð, þar eð sönnun þess er áreiðanleg, að vér erum ódauðleg og einn partur af guðlegu lífi. — Réttvísinnar andi, Krists lifsandi, er nú að færast yfir heim vorn. Óréttvísin og hennar ofurvald verður innan skams bannfærð og bundin um þúsund ár — á réttvísinnar tímatali. — Oss er þetta ljós og næg skýrsla, og þeir, sem henni ekki trúa, þeir trúa heldur ekki, þó sjáendur sjái enn þá lengra fram og segðu þeim enn þá meira inn í framtíðina. Þeim er þess konar framsýni guðlega innsigluð, þar til þeir snúa sér og trúa.

Eg læt þetta nægja að þessu sinni, og bið alla, sem lesa kunna, að varast hneykslanir og ómilda dóma, heldur lita á þetta og alt annað í bróðerni, og framleggja endurbætandi hugmyndir, er þeim kunna að blásast í brjóst og halda að séu nær sanni frá sinu ðeigin hyggjuviti.

B. G. Backman.

Stefán Johnson
Horni Sargent Ave. og Dowaing St.
HEFIR ÁVALT TIL SÖLU
Nýjar Áfir
Beztu í bænum. Ágætar til bökunar. 15c gallon

HEIMSKRINGLU og TVÆR skemtilegar sögur fá nýir kaupendur fyrir að eins $2.00.

Með því að biðja sérlega um "T.L. CIGAR," þá ertu viss að fá ágætan vindil.
T.L. CIGAR
(UNION MADE)
T.L.
Western Cigar Factory
Thomas Lee, eigandi Winnipeg

Redwood Lager og Extra Porter
Styrkið taugarnar með því að drekka eitt staup af öðrum hvorum þessum ágæta heimilis bjór, á undan hverri máltíð. — Reynið !!
EDWARD L. DREWRY Manufacturer & Importer Winnipeg, Canada.

Department of Agriculture and Immigration.
MANITOBA
Þetta fylki hefir 41,169,089 ekrur lands, 6,019,200 ekrur eru vötn, sem veita landinu raka til akuryrkjuþarfa. Þess vegna höfum vér jafnan nægan raka til uppskeru tryggingar.
Ennþá eru 25 miliónir ekrur óteknar, sem fá má með heimilisrétti eða kaupum.
Íbúatala árið 1901 var 255,211, nú er hún orðin 400,000 manns, hefir nálega tvöfaldast á 7 árum.
Íbúatala Winnipeg borgar árið 1901 var 42,240, en nú um 115 þúsundir, hefir meir en tvöfaldast á 7 árum.
Flutningstæki eru nú sem næst fullkomin, 3516 mílur járnbrauta eru í fylkinu, sem allar liggja út frá Winnipeg. Þrjár þverlandsbrauta lestir fara daglega frá Winnipeg, og innan fárra mánaða verða þær 5 talsins, þegar Grand Trunk Pacific og Canadian Northern bætast við.
Framför fylkisins er sjáanleg hvar sem litið er. Þér ættuð að taka þar bólfestu. Ekkert annað land getur sýnt sama vöxt á sama tímabili.
TIL FERDAMANNA:
Farið ekki framhjá Winnipeg, án þess að grenslast um stjórn ar og járnbrautarlönd til sölu, og útvega yður fullkomnar upplýsingar um heimilisréttarlönd og fjárgróða möguleika.
R. P. ROBLIN,
Stjórnarformaður og Akuryrkjumála Ráðgjafi.
Skrifið eftir upplýsingum til
Joseph Burke, 178 LOGAN AVE., WINNIPEG.
Jas. Hartrey, 77 YORK ST., TORONTO.

Ef þér viljið styrkja þarflegt íslenzkt fyrirtæki, þá kaupið og borgið Heimskringlu

hefir ekki viljað, að ég sé með barnið. Ef þér viljið bera ábyrgðina, þá skal ekki standa á mér".

"Já, gott og vel, ég skal gera það".

Hún gekk strax inn í svefnherbergið og lokaði hurðinni. Málafærslumaðurinn leit aðdáunar augum á eftir henni.

"Hinrik kallar hana Fee. Það er undarlegt", mælti hann við prófessorinn, um leið og þeir gengu til herbergja hans. — "Það á svo ágætlega vel við hina ungu stúlku. — — Eg játa það hreinskilnislega, að ég get ekki skilið, hvers vegna þú og móðir þín setjið þessa fráberlega einilegu stúlku á sömu tröppu og gömlu eldakerlinguna hérna".

"Æ, við hefðum víst átt að klæða hana í flauel og silki, eftir þínu áliti", sagði prófessorinn svo reiðu lega, að hinn mundi ekki eftir að hafa séð hann eins uppstökkann í annan tíma. "Og af því Heilwig var ekki gefin dóttir, þá álítur þú, að engin hefði betur skipað hið auða sæti, en þessi Fee, — eða "meyljón" eins og ég kalla hana. — Þú hefir alla þína daga verið flögrari, Frank! — — Nú, þú ert alveg sjálfráður þínum gerðum", — rödd hans skalf, — "ef þú vilt gera loddarabarnið að frú Frank, — samþykki mitt sem tilsjónarmanns hennar skaltu fá!"

Málafærslumaðurinn eldrðnaði. Hann leit órólega út um gluggann, því þeir höfðu á meðan á samtalinu stóð, gengið inn í herbergi prófessorsins. Nú sneri hann sér brosandi við:

"Ef ég þekki stúlkuna rétt, þá kærir hún sig víst lítið um samþykki þitt sem tilsjónarmanns sins. — Eg yrði í því tilliti alveg að vera upp á svar hennar sjálfrar kominn", mælti Frank, og var hæðniskennur í málróm hans. — "Og þú heldur, að þú hræðir mig með því, að kalla hana loddarabarn. En þú hefir stórlega rangt fyrir þér, minn æruverði prófessor! Auðvitað gætir þú ekki með þínum skoðunum, hugsanlegt. Að gera hvern meðlim þjóðarinnar, með fult líf og heilsu, ati nytsomum borgara á hvers eigin takostnað að sjá um sig og sitt skyldulið, að öllu, er lif og heilsu leytir. Mér finst það svo samkvæmt fornum frelsisanda Íslendinga, að leika nú fram leik samkvæmlin fyrsta leik á borði, og svo hvern af öðrum náttúrlega fram og til baka, eftir bertu samræmingu og viðeigandi ástæðum. — En umfram alt, að láta ekki stofnsetningu þjóðræðis skeppa undan borði. Muna, að þjóðræðið frumleikir vilja meiri hluta þjóðarinnar, en þingræðið framkæðir vilja meiri hluta þeirra fáu, er á þingi sitja, hvort sem það verður nokkrum utan þings að gangi eða ekki. Þar í felst þjóðræðið, að þjóðin hafi fyrstu og síðustu yfirráð máleina sinna, en þingið sé hennar þjónn. Þar í er þjóðfrelsi, að þjóðin ráði sér og sinum máleinum sameiginlega, en þingið ekki hennl. Hún á að ráða til lykta þingsályktunum, — hafa síðasta orðið þá tekur öll þjóðin til samans gerða sinna afleiðingar, en engir fáir einstakir. Getur hún þá breytt til og endurbætt á alla vegi, eftir eigin þörf og hagsýni og góðum ráðum vitra manna. En strangan vara vil ég líka taka henni fyrir öllum þingræðisflokks útsendurum, sérstaklega fyrst í stað, meðan þjóðræðið er að myndast og próíast. Í þingræði innifelst sérstakra hagnaður, en í þjóðræði almennur hagnaður, eða þá óhagur, ef óhagsýni meðhöndlar. "Það eru hyggindi sem í hag koma" í hverri grein sem er. Það þekkja Íslendingar manna bezt. Það er oss sannarlegt gleðiefni, ef Íslendingar nú stofnsetja þjóðræði og leiðbeina þannig öðrum þjóðum inn á þá nýju braut frelsis og jafnréttis, er það spor við sig hefir.

Að svo stöddu, þó þeir neituðu sambandslaga frumvarpinu við Dani óbreyttu, þá ráðlegg ég ekki, að þeir segi skilið við Danmörku. Þeir tága þess kost nær sem vilja. En það getur farið svo innan fárra ára, að þeir fangi enn þá betri tækifæri. Þeir geta hugsað um það eftir hvers eins hugsjónahæfileikum, og valkað sjálfir yfir velferð sinni. Þó margir hér vestra hafi hvatt þá til aðskilnaðar, þá þekkja þeir betur en vér, hvað þeir geta mist við að biða við. En hvern ábata þeir hafi við biðina, er öllum meiri ráðgáta. En það er frjálsþenkjandi manna hugboð, að réttvísin ryðji sér braut, og að Íslendingar fari ekki þar á mis við fremur enn aðrar þjóðir ákveða sér. Þegar um frið má ræða og réttvísi honum samfara, þá þekkir hver þjóð sína réttmæta eign, sem hverri þjóð var í byrjun ánöfnuð, og krefst að fá að halda henni fyrir hverri annari. Þegar friður fæst, þá ræður ekki lengur auðvald og hervald óréttvíss ofríkis lögum og lofum þjóðanna, eða almáttugur dollar nútímans, heldur sönn mennt un, jafnréttá og göfug manndygð, sem nú og fyrri hefir verið höfð á flæmingi og álitin hættulegur umrenningur.

En tímarnir breytast, af því vér erum á flugi, og erum að fljúga inn í annað hagkvæmara loftslag, hvar mentaskilyrðin verða sýnd oss gagnólik þeim, sem vér um langan aldur höfum verið að sigla um, og sem töfrað hefir hugi vora af því loftið var þrungið af þeim. Framundan oss er loftið þrungið

að þér neitt því líkt, án ofsalegrar taugaæsingar. — Loddarabarn, með eldheitt hjarta í brjósti sér, — og svo þetta kalda, háheiðarlega kaupmannsblóð, sem flýtur í æðum þínum, — það gæti náttúrlega aldrei gengið fyrir sig. — Þeir þarna inni myndu snúa sér við í gröfum sínum".

Hann benti í gegnum opnar dyr inn í stórt útsvala herbergi. Á framveggnum hengu raðir af fallegum málverkum. Það voru myndir af forfeðrum Heilwigs, mann fram af manni. Þeir voru allir höfðinglegir og virtust vel ánægðir með sjálfa sig. Demants-hringir glóðu á fingrum þeirra, og falleg mjallahvít fellingalín á skyrtum þeirra. Sumir höfðu verið borgarstjórar, — aðrir aftur á móti fengið kammeráðs nafnbót.

Prófessorinn gekk inn í herbergið. Ekki var annað hægt að sjá, en honum stæði alveg á sama um hað það, er fólst í orðum málaflutningsmannsins. Hann krosslagði hendurnar og gekk aftur á bak og áfram.

"Líf þeirra hefir verið flekklaust", mælti hann alt í einu og staðnæmdist, — "og þó því væri haldið fram, að einhver þeirra hafi reynt að varðveita heiður og sóma sinn án innri barátta, — ég trúi því ekki. — Það eru margir viðkvæmir punktar í mannlegri náttúru, og þeir veita harða móstöðu áður en þeir láta undan. — —Öll þessi ofur hafa verið steinar að einni varanlegri byggingu, — og sú bygging er Húsið Heilwig. — Þar sem búið er að leggja svona mikið í sölurnar, ætti þá einn afkomandi þeirra, að kasta því öllu um koll með einu einasta fótmáli, eins og það væri spilahús? Guð varðveiti mig frá því!"

Það var eins og honum létti, er hann hafði mælt þessi orð. Gremja sú, er vinur hans hafði furðað

sig yfir, var alveg horfin, er hann sneri aftur til herbergis sins. — —

Felicitas hafði setið svo sem hálfan tíma hjá barninu, þegar ríkisstjórafrúin kom heim. Hún varð strax óánægjuleg á svipinn, er hún sá hina ungu stúlku.

"Því eruð þér hér, Karólína?" mælti hún ergilega um leið og hún lagði sólhlíf og hanska á legubekkinn. — "Eg hefi þó vissulega ekki beðið yður að gera mér þennan greiða".

"En það hefi ég gert", mælti prófessorinn í höstum róm, — hann stóð alt í einu í dyrunum. "Barn þitt var eftirlitslaust, — það kom berfætt á móti mér í stiganum".

"Það er ekki mögulegt! En litla Anna, því varstu svona óhlýðin!"

"Ertu í efa um, hver hér á ávítur skilið?" spurði prófessorinn skjálfandi af reiði, þó hann leitaðist við að dylja það eftir því sem bezt hann gat.

"Guð minn! Eg er alveg óhuggandi yfir því, að þessi skepna, — þessi Rósa, gleymir þannig skyldum sínum. — — Hún þarf ekkert annað að gera en gæta barnsins. — En ég veit, að maður þarf ekki annað en snúa við henni bakinu, þá fer hún strax að horfa út um gluggann eða skoða sig í speglinum".

"Hún stendur nú reyndar núna við strauborðið, og er löðrandi sveitt við að straua kjól, sem þú fyrir alla muni verður að fá fyrir morgundaginn", greip prófessorinn fram í fyrir henni. — Málrómur hans var hæðnislegur og hann lagði áherzlu á hvert orð.

Hún varð dauðhrædd og mjög vandræðaleg, en hún náði sér fljótt. "Hvers konar heimska er þetta?" hrópaði hún og gretti sig. Nú hefir hún rétt einu sinni misskilið mig. — — Það kemur nú æði oft fyrir —".

"Gott og vel", mælti hann, "við skulum láta

það heita svo, að hér hafi misskilningur átt sér stað. En hvernig stóð á því, að þú skyldir þora, að trúa henni einni fyrir barninu, úr því hún er svona óáreiðanleg?"

"Jóhannes! Það var heilög skylda, er kallaði mig burtu", mælti hin unga ekkja og leit með guðræknissvip upp í loftið.

"Þín helgasta skylda er móðurskyldan", hrópaði hann reiðulega. "Eg sendi þig ekki hingað til að starfa í þarfir kristnaboðsins, heldur vegna barnsins þíns!"

"Guð hjálpi þér Jóhannes! Ef frænka og faðir minn heyrðu til þín! — — — Áður fyrri hafðir þú aðra skoðun".

"Það skal ég líka vel kannast við. En hugsanir okkar færa okkur ávalt að þeirri óbilanlegu sönnun, er síðfræðin kennir: Að við fyrst af öllu eigum að vigja krafta okkar því, er næst okkur stendur. — Og þó þú einhverntíma frammi fyrir dómstóli guðs getir eignað þér hundrað barnssálir, sem þú hefir frelsað frá heiðindómi, — gagnar þér það lítið móti þeirri ásökun, að þú hafir tortímt þínu eigin barni þess vegna".

Frúin var eldrauð í framan. Hún reyndi að stilla skap sitt, og henni tókst að svara með sinni vanalegu mærð: "Vertu ekki harður við mig, Jóhannes", mælti hún í biðjandi róm. "Mundu eftir því, að ég er að eins breysk kona, — en ég vil ávalt það bezta. — Hafi mér orðið á, þá er það af ást til þinnar góðu móður, því hún vildi að ég kæmi mér sér, — en það skal nú ekki koma oftar fyrir".

Ríkisstjóra frúin talaði í sinum hæstu, smeðjufulla róm, og rétti frænda sínum brosandi hendina til sátta. — Það virtist undarlegt. — Hinn jalvarlegi maður roðnaði eins og ung stúlka, og ósjálfrátt leit hann sem snöggvast þangað, sem Felicitas sat niður-

Greiðið atkvæði með

GARSON

—Fyrir—

CONTROLLER 1909

Atkvæða yðar og áhrifa óskast virðingarfyllst fyrir

fyrverandi bæjarfulltrúa

A. H. PULFORD

SEM

Controller 1909

CONTROLLER 1909

Vegna þess sérstaklega, að að margir kjósendur, eftir þriggja ára reynslu af mér sem bæjarfulltrúa, hafa skor að á mig, hefi ég afráðið að sækja um

CONTROLLER

stöðuna fyrir árið 1909. — Verði ég kosinn, sem algerlega er komið undir atkvæðum yðar og áhrifum, skal ég leggja fram alla mína krafta í þarfir yðar og bæjarins.

Virðingarfylst,

A. A. McArthur

Bæjarfulltrúi fyrir 5. kjör deild 1906—7—8

BUSINESS ADDRESS 724 LOGAN AVENUE. TELEPHONES 46 6108

Central Committee Room 149 Main St.

A. A McARTHUR.

ATKVÆÐA YÐAR ÓSKAST FYRIR

J. G. LATIMER

til endurkosningar fyrir

Board of Control 1909.

Atkvæða yðar og áhrifa óskast virðing arfyllst fyrir endurkosningu til The

Board of Control

fyrir

James G. HARVEY

BAKER fyrir BOARD OF CONTROL

Ég endurnýja virðingarfylst beiðni mína um atkvæði yðar og áhrif til þess að verða endurkosinn í Board of Control.

Ég hefi í þau 2 ár, sem ég hefi verið í nefndinni, unnið að framkvæmdum þeirra atriða, sem ég gerði að stefnuskrá minni, og sem þér aðhylltust með atkvæðum yðar árið 1906.

Ef þér á ný veitið mér þá sæmd að kjósa mig, þá skal ég fastlega fylgja fram því, að aflstöðin verði tafarlaust bygð og starfrækt, sem sveitareignar vatnsafl. Einnig að vinna að því, að bæta strætisvagna gang borgarinnar. Verkalýðurinn skal njóta sanngirni frá minni hálfu, og það skal vera mín einlæg stefna, að vinna til "mestra hagsmuna fyrir fjöldann", — hafandi jafnan það fyrir augum, að heilbrigðisástand borgarinnar sé í sem beztu lagi.

Vatnsaflstöðin þýðir, að Winnipeg verður áreiðanlega mesta borg í Canadaríki.

Controller J.W.Baker.

— Þjóðverjar vilja fá tveggja centa bréfgjöld milli Þýzkalands og Bandaríkjanna, á sama hátt og England. Margar bænarskrár hafa verið sendar um þetta til þýzku stjórnarinnar. Stór verzlunarhús á Þýzkalandi senda nú bréf sín í pökkum til Englands til þess að láta frímerkja þau þar, og geta þannig notið tveggja centa gjaldsins.

Lundúnaför íslenzkra glímumanna.

Um eitt skeið voru Íslendingar afburða íþróttamenn. Frá blautu barnsbeini tömdu þeir sér allskonar íþróttir, sem aukið gátu snarræði, hreysti, hugdirfð og fimleik, og ekki kom það ósjaldan fyrir, að þeir reyndu sig við útlenda kappa í íþróttum, og stóðu þeim á sporði.

Flestar íþróttir þær, sem Íslendingar iðkuðu, voru hinar sömu og tíðkuðust um önnur Norðurlönd. Þó voru nokkrar þeirra alíslenzkar, og þeirra á meðal var glíman.

En þegar tímar liðu, dofnaði hér yfir öllu íþróttalífi. Flestar íþróttirnar, sem forníenn höfðu getið sér frægð fyrir, gleymdust, að undanskilinni glímunni. Þó stundum væri hún lítið iðkuð, voru þó oftast einhverjir menn á landinu, sem héldu henni við, svo hún gleymdist aldrei.

Nú seinustu árin hefir mikið aukist áhugi manna, einkum yngri kynslóðarinnar, á íþróttum, og er það helzt að þakka ungmennafélögunum. Sérstaklega hafa menn veitt íslenzku glímunni meira athygli en áður. Ungir menn í ýmsum héruðum landsins hafa æft hana af kappi, og verðlaun hafa verið veitt hinum fræknustu.

Eins og við má búast, hefir glíman breytst eigi all-lítið frá því sem hún var í fornöld. Ýmsum brögðum er sjálfsagt slept og öðrum bætt við, en líklega hefir hún þó aldrei komist nær því en nú, að geta heitið list, — list, sem vekur aðdáun allra sem á horfa.

Síðastliðið sumar sýndu nokkrir færustu glímumenn landsins konungi vorum og föruneyti hans íslenzku glímuna. Gerðu útlendingar bezta róm að íþróttinni og kváðu hana taka langt fram glímum þeim, sem iðkaðar eru erlendis, og hafa miklu meira íþróttagildi.

Hvöttu þeir til þess, sumir, að færustu glímumenn íslenzkir tækju sér ferð á hendur til útlanda til þess að sýna glímuna og fá dóm erlendra íþróttamanna um hana og viðurkenning fyrir íþróttagildi hennar. Þetta hafði mönnum þeim, sem mestan áhuga hafa á því, að auka veg glímunnar, komið til hugar áður. En hvernig mátti þessu verða við komið? Hvar fékst fé til slíkrar farar? Hvert skyldi halda?

En síðastliðinn vetur kom tækifærið, og þeir tóku því fegins hendi.

Nágrannaþjóðirnar voru sem sé að búa sig undir, að taka þátt í alheimsíþróttamóti því, sem nefnt er Ólympíu-leikar, og haldið er þriðja hvert ár, í sínu landinu hvert skiptí. Í því taka þátt flestar þjóðir heimsins. Þar sýna þær þjóðleika sína og keppa um verðlaun í alþjóðaleikum.

Þegar fréttir bárust hingað af þessum undirbúningi, vaknaði sú hugsun hjá fremstu íþróttamönnum vorum, að þarna mundi einmitt vera tækifæri til þess að ná því takmarki, sem þeir þráðu svo mjög, nefnilega, að gefa erlendum íþróttamönnum kost á, að sjá og dæma íslenzku glímuna.

Formaður sambandsstjórnar U.M.F.Í. sótti um leyfi til þess, hjá forstöðunefnd Ólympíu leikanna í Lundúnum, að nokkrir íslenzkir glímumenn fengi að sýna íþrótt sína í sambandi við leikana í sumar, og fékk þegar jáyrði. Var þá þegar tekið til óspiltra málanna að undirbúa förina.

Fjársölnunar var leitað til fararinnar, en því miður sýndi eldra fólkið eigi nægan áhuga á málinu og var eigi nægilega örlátt, að einstöku mönnum undanskildum, til þess að hægt væri að búa þá menn sómasamlega úr garði, er til fararinnar voru kjörnir.

Í förina voru valdir sjö menn víðsvegar af landinu. Hér er þeirra getið:

Jóhannes Jósefsson var kosinn af Lundúnaförunum fararstjóri. Hann er fæddur á Akureyri 28. júli 1884, sonur Jósefs Jónssonar kaupmanns þar. Haustið 1904 fór Jóhannes til Björgvinar og var þann vetur í verzlunarskóla þar og útskrifaðist þaðan um vorið, fór hann þá heim og tók við verzlun föður sins. Á nýári 1906 stofnaði Jóhannes fyrsta ungmennafélagið hér á landi "Ungmennafélag Akureyrar" og hefir stjórnað því síðan. Fyrsta glíman, er hann glímdi opinberlega, var 6. jan. 1906, vann hann þar mikinn glímukappa, Ólaf Valdimarsson, og hlaut 100 kr. verðlaun. Þann 12. ágúst sama ár vann hann Akureyrarskjöldinn, en hann er ætlaður bezta glímumanninum á Akureyri, og 1. apríl 1907 vann hann Grettisbeltið, en það er ætlað færasta glímumanni landsins. Loks vann hann 7. júli 1907 heiðursspening úr silfri fyrir grísk-rómverska glímu í íþróttafélaginu "Hermod" í Kaupmannahöfn.

Grettisbeltinu heldur hann enn. Um það var glímt í júnímánuði síðastliðnum.

Auk íslenzku glímunnar tók hann þátt í grísk-rómverskri glímu á Ólympíuleikunum. Lagði hann þar að velli mikla kappa, og um morguninn áður en úrslitaglíman var þreytt, töldu Lundúnablöðin víst, að Íslendingurinn næði fyrstu verðlaunum. En honum vildi það slys til, að hann meiddist eigi all-lítið í hægri öxlinni áður lokið var glímunni og varð að hætta. Fékk hann því ekki verðlaun, en drottningin enska rétti honum heiðursskjal fyrir hreysti, þegar hún útbýtti öðrum verðlaunum.

Hallgrímur Benediktsson er fæddur á Vestdalseyri við Seyðisfjörð 20. júli 1885, sonur Benedikts Jónssonar prests Þorsteinssonar frá Reykjahlíð við Mývatn. Hann ólst upp á Dvergasteini við Seyðisfjörð, og var þar til haustið 1905, að hann kom til Reykjavíkur. Var hann þar póstafgreiðslumaður um stund, en síðan deildarstjóri við Edinborgverzlun. Hann hefir verið talinn bezti glímumaður hér í bæ (Rvík) og vann 1. glímuverðlaun á þjóðhátíðinni 1907 hér. En frægastan glímusigur vann hann á Þingvöllum 2. ágúst sama sumar. Þar bar hann af öllum öðrum.

Síðastliðið vor vann Hallgrímur glímuskjöld þann, sem ætlaður er fræknasta glímumanni Reykjavíkur. Hann gat sér mikla frægð fyrir það, að hann lagði að velli í leikhúsi einu í Lundúnum kappa mikinn, sem unnið hafði iturmenskustig á leikunum í glímu þeirri, er nefnist "catch as catch can".

Guðmundur Sigurjónsson er fæddur á Litlurönd við Mývatn 15. april 1883, sonur Sigjóns bónda Guðmundssonar á Grímsstöðum við Mývatn. Hann hefir lengst af verið hjá foreldrum sínum, en þrjú síðustu árin hefir hann verið við verzlunarstörf hér í Reykjavík.

Sigurjón Pétursson er fæddur í Skildinganesi við Reykjavík 9. marz 1888, sonur Péturs heit. Hanssonar formanns. Hann hefir alist upp í Reykjavík og síðustu 6 árin stundað verzlun. Veturinn 1905—'06 var hann við nám í Verzlunarskóla Íslands.

Páll Guttormsson er fæddur að Geitagerði í Norður-Múlasýslu 27. maí 1884, sonur Guttorms alþm. Vigfússonar. Síðan árið 1900 hefir hann lengst af verið við verzlunarstörf á Seyðisfirði. Árin 1905—'06 stundaði hann nám á gagnfræðaskólanum á Akureyri, og nú er hann bankaritari í útibúi Íslands banka á Seyðisfirði. Hann kusu Lundúnafararnir gjaldkera sinn.

Jón Pálsson er fæddur á Draflastöðum í Eyjafirði 5. ágúst 1887, sonur Páls heit. Einarssonar bónda.

Pétur Vigfússon er fæddur í Grjótárgerði í Bárðardal í Suður-Þingeyjarsýslu, sonur Sigfúsar bónda Jónssonar á Halldórsstöðum. Lengst af hefir hann verið hjá foreldrum sínum, en nú síðustu árin við verzlun í Húsavík.

Allir eru menn þessir afbragðsglímumenn, enda þótt sumir þeirra séu eigi fullilega þroskaðir, og varla gat flokkurinn verið betur skipaður.

Héðan fóru þeir kapparnir með Ceres 28. júnímánaðar síðastliðinn og komu aftur með sama skipi seinast í fyrra mánuði, eftir tveggja mánaða burtveru.

Tvisvar sinnum glímdu þeir opinberlega á völlunum, þar sem Ólympíuleikarnir eru haldnir í Lundúnum og auk þess oft í leikhúsum í Lundúnum og víðar.

Hvarvetna vakti íþrótt þeirra mikla eftirtekt og aðdáun þeirra, er hana sáu, íþróttamanna og almennings, og má segja, að för þeirra hafi verið sannnefnd sigurför.

Með förinni hafa þeir aukið veg íslenzku glímunnar og jafnframt íslenzku þjóðarinnar. Þeir hafa vakið eftirtekt erlendra þjóða á Íslandi og Íslendingum, og sannað þeim, að þeir eru síðuð þjóð og geta verið menn með mönnum, en því miður ætla margir útlendingar hið gagnstæða. Þeir hafa séð það í för þessari, að Íslendingar geta orðið engu miður færir, en aðrar þjóðir, í íþróttum, ef almennur áhugi vaknaði fyrir þeim, og vænt-anlega verður þess ekki langt að bíða. Ungmennafélögin munu gera sitt til, að vekja hann hjá yngri kynslóðinni, og vonandi verður þessi för íslenzkra glímumanna til Ólympíu leikanna ekki hin síðasta.

Nú er ísinn brotinn og torærunum rutt úr vegi, og þökk eiga þeir skilið, sem hafa gert það.

Heill sé Lundúnaförunum, glímugörpunum íslenzku.

ATHS. — Herra Theódór Árnason hefir skrifað ofanprentaða ritgerð í Unga Ísland septemberblaðið í ár. Mynd af þessum sjö glímugörpum fylgdi með ritgerðinni, en myndina gátum vér ekki látið fylgja og sleptum því úr greininni nokkrum orðum, þar sem vísað er til myndarinnar. Þess skal einnig getið, að nokkuð af því, sem hér er prentað um þá Jósef Jósefsson og Hallgrím Benediktsson er tekið út 11. tbl., 3. árg., Unga Íslands, eftir tilvísun greinarhöfundarins. Höfundurinn vísar einnig til greinar um Jón Pálsson í öðru tbl. þess blaðs, en það númer gátum vér því miður ekki náð í. Ritstj.

Til Stephans G. Stephanssonar.

Flutt í samsæti að Markland P.O., N. D. m.

Kom Stephan, heill til vor "á ferð og flugi".
vér fögnum þér í dag af lífi' og sál.
Þú dregur að þér allra manna hugi
um allan menta heim, sem segull stál.
Haf sæmd og heiður hærri Klettafjöllum,
þú höfuð vorrar þjóðar fyrr og nú,
haf hjartans þökk frá Íslendingum öllum,
jafnt austanhafs og vestan. Heill kom þú !!

Þitt konungsnafn yér löngum lesið höfum
að loknu því, sem snjallast kveðið var.
Oss, frændur þína, gleður þú með gjöfum,
sem ganga' í erfðir þar til jörð er skar.
Oft sljóum augum vafurloginn leynist,
sem lýsir vegu gegn um bergin hörð
til gullsins þíns, en gullið langbezt reynist,
sem grafið var úr þinni náma-jörð.

Og enginn hefir sálum betur svalað,
né sungið í oss hreinna líf og blóð,
og betur hefir enginn til vor talað,
né tendrað meiri andans sólarglóð.
Og krafta þína knýr þú fram að verki,
því köllun þín er há, þín stefna hein.
Þú hefir sjálfur reist þér minnismerki —
þú meitlar, skáld, þín ljóð í timans stein.

Við komu þinnar blys í húsum birtir
og bjarma slær á vetrar kólguský.
Vér þökkum þér, að viðtals oss þú virtir.
Ó, vertu hjá oss lengur — kvæðum í.
Vér geymum þennan gleðifund í minni,
við Grunnasundið átt þú vinahóp.
Svo allir megi lýsa lotning sinni
vér látum glymja þrefalt húrra-óp.

GUTTORMUR J. GUTTORMSSON.

Atkvæði yðar og áhrifa óskast nú virðingarfyllst til handa

W. SANFORD EVANS

sem Borgarstjóra 1909

Atkvæða yðar og áhrifa óskast virðingarfyllst fyrir

R. D. WAUGH

fyrir

Controller

3. kjordeild

Ég hefi verið beðinn af miklum fjölda kjósenda í 3. kjördeild, sem búa norðan Portage Ave., að gefa kost á mér sem bæjarfulltrúi, og ég hefi ákveðið að verða við þessum áskorunum, og bið því um atkvæði yðar og áhrif.

Ég mæli með byggingu aflstöðvarinnar, og að það sé framkvæmt með hyggindum og hæfilegum fjársparnaði.

Löggildingarskrá borgarinnar ætti að verða breytt þannig, að borgarbúum verði leyft að lýsa hús sín með því afli, fyrir minna en helfing þess verðs, sem það kostar þá nú.

Að Winnipeg verkamenn ættu að sitja fyrir allri vinnu við byggingu aflstöðvarinnar.

Ef ég næ kosningu, þá skal það vera markmið mitt að vinna að því, að þær umbætur verði sem allra fyrst gerðar í þessari deild, sem íbúarnir norðan Portage Ave. kunna að biðja um, og einnig, að deildinni sé skift um Portage Ave., svo að nýi deild myndist fyrir norðan Portage Avenue., og að tveir fulltrúar sitji í bæjarstjórninni fyrir þá nýju deild.

H. P. CARPER.

Atkvæða yðar og áhrifa óskast fyrir

W.R. MILTON

Sem bæjarfulltrúa fyrir

FJÓRÐU KJÖRDEILD

Fréttir úr bænum.

Asmundur trésmiður Jóhannsson kom í sl. viku vestan frá Westbourne, þar sem hann hefir um tíma verið að smíða stórt og vandað íbúðarhús fyrir herra Þiðrik Eyvindsson, sem býr 8 milur norður frá bænum. Húsið er bygt á ábúðarlandi Þiðriks og er langsamlega það vandaðasta bóndabýli, sem þar er nokkurstaðar nærlendis, og líklega betra en nokkurt hús í Westbourne bæ, það er bygt í nýtízku sniði, úr völdum British Columbia við. Að eins skortir þar rafljós, gas og vatnsleiðslu til þess það jafnist við góð íbúðarhús hér í borginni. — Þiðrik var fátækur maður fyrir fáum árum og hefir þunga fjölskyldu. Þau hjón eiga 11 börn. En með fágætum dugnaði og hagsýni hefir honum blessast búskapurinn þar vestra svo vel, að hann má nú heita vel efnaður, og í raun réttri má hann teljast landauðugur maður. Hann er og sérlega félagslyndur maður og hjálpsamur, svo að á Íslandi mundi hann nefnast bjargvættur sinnar sveitar.

Séra Oddur V. Gíslason kom til borgarinnar í sl. viku, vestan frá Þingvalla nýlendu, þar sem hann hefir stundað prestsverk. Hann fór næsta dag til Selkirk, og þaðan fer hann til safnaðar sins norður við Narrows. — Séra Oddur er kominn á áttræðisaldur, en þó svo unglegur, sem væri hann fimtugur, og er nú hættur að brúka gleraugu, sem hann þó hafði notað nokkur siðastliðin ár.

Í ráði er, að hér verði haldin heimssýning í Winnipeg árið 1912. Enn er þó ekkert ákveðið með vissu um þetta, en sennilegt að sýningin verði haldin.

Herra Baldur Sveinsson, stúdent frá latínu skólanum í Reykjavík, er orðinn aðstoðar ritstjóri við Lögberg. Baldur er hæfileikamaður og ætti blaðinu að verða góður stuðningur í honum.

Herra N. Ottenson, í RiverPark, fór úr bænum um siðustu helgi og bjóst ekki við að koma heim aftur fyr en um miðjan þennan mánuð.

Herra Guðjón Vopni og sonur hans, bændur í Tantallon héraðinu í Saskatchewan, komu til bæjarins í sl. viku. Þeir kváðu uppskeru þar vestra hafa verið í tæpu meðallagi að vöxtum, en ófrosna, og hveitið selst alt að 80c bushel.

Herra Lendrum McMeans sækir um bæjarfulltrúastöðu í 3. kjördeild, móti þeim herra Skúla Hansson og herra Carper. Herra McMeans er einn af mikilhæfari lögfræðingum þessa bæjar, og hefir búið lengi í Winnipeg. Hann á fjölda öflugra vina, sem endilega vilja koma honum í bæjarstjórnina

Siðustu skýrslur frá Lundúnum sýna, að skuldabréf Winnipeg borgar eru nú virt á peningamarkaðnum þar fullu verði, eða 100 cents á hvern dollar, og að siðustu skuldabréf borgarinnar eru virt á 102¼ cents hvert dollarsvirði, eða talsvert hærra enn ákvæðisverð. — Þetta sýnir, að fjárhagsástand borgarinnar hefir farið batnandi, og táltrú hennar aukist út á við. Í fyrra var rætt um, að selja skuldabréf borgarinnar fyrir 92½ cents dollarsvirðið. Síðan í ágúst sl. hafa skuldabréf borgarinnar því hækkað í verði um 7c hvert dollarsvirði. — Hinsvegar hafa verðbréf strætisvagna félagsins lækkað litið eitt í verði á siðari tímum, hvernig sem á því stendur.

W. F. Tallman, umsjónarmaður borgarstrætanna, segir að viðhald strætanna hér í borg hafi á þessu yfirstandandi ári kostað 10 prósent minna enn næsta ár á undan. Kostnaður við að halda strætunum hreinum hefir verið 135 þús. dollara minni en árið 1906, miðað við hlutfallslega lengd strætanna nú og þá.

Herra Joseph Johnson, frá Stockton P.O., var hér á ferð í sl. viku. Hann segir tíðar og heilsufar ágætt. Hann býr þar á stórri landeign og hefir 800 ekrur plægðar. Uppskera hans í haust var 8 þús. bush. af hveiti og öðrum korntegundum. Hveiti hans var No. 1 Northern, og fékk hann að jafnaði 89 cents fyrir bush. Hann hefir um 20 hesta, marga nautgripi og 60 svín. Hann segir, að þetta ár muni verða bændum hið arðsamasta, sem komið hefir eins lengi og hann hefir þekkingu af í þessu landi.

Tjaldbúðarsöfnuður heldur Afmælishátíð sína þann 15. þ.m. — Program verður auglýst síðar.

Menningarfélags fundur verður haldinn næsta miðvikudagskveld (9. des.). Hr. P. M. Clemens flytur þar erindi. Frjálsar umræður á eftir. Allir velkomnir.

Í siðustu viku kom vestan úr Argyle bygð herra Th. Thorgeirsson. Hann vann í sumar hjá herra Árna S. Storm, sem er gildur bóndi þar, og lætur Th. Thorgeirsson vel yfir veru sinni þar, og segir Á. S. Storm sé sá bezti Íslendingur, sem hann hafi unnið fyrir í þessu landi. Th. Thorgeirsson segir að hr. Tryggvi S. Arason hafi vísað sér til Árna, og segir að sú leiðbeining hafi reynst sér hin bezta. Yfir höfuð ketur hann hið bezta yfir fólki í þessari bygð og menningarstígi þess.

"The FALCONS."

Nokkrir ungir Íslendingar hér í borginni hafa myndað nýjan Hockey Club, sem þeir ætlast til að keppa um "Intermediate Championship of Canada" nú strax á þessum vetri. Nöfn meðlima félags þessa getum vér ekki auglýst að þessu sinni. En embættismenn félagsins eru:

Heiðurs-forseti: T. H. Johnson.
Forseti: Sam. Johnson.
Vara-forseti: J. J. Swanson.
Skrifari: C. Johnson.

Patrons: —
C. Clemens.
Joseph B. Skaptason.
Skúli Hansson.
Dr. Ó. Björnsson.
Thorsteinn Oddson.

Næsti fundur félagsins verður haldinn fimtudaginn 3. þ.m. í Liberal Club Rooms á Sargent Ave., og er þá vonað, að allir félagsmenn mæti.

Íslendingar mega vænta þess, að njóta góðra skemtana af starfi þessa félags. Meðlimir þess eru allir ungir og hraustir menn, og nógu ákafir til þess að keppa fast að því marki, sem þeir hafa sett sér: "Intermediate" Hockey leikkappar Canadaveldis.

FUNDARBOD.

Mánudagskveldið 7. des. 1908 eru meðlimir Goodtemplara stúknanna Heklu og Skuldar hér með boðaðir á fund í neðri sal Goodtemplara hússins, á horninu á Sargent Ave. og McGee St., til þess að kjósa fulltrúa (Trustees) fyrir komandi ár. Atkvæðisbærir meðlimir eru að eins þeir, sem eru fullra 18 ára að aldri og skuldlausir í stúkunum.

Eftirfylgjandi meðlimir eru í vali:

1. Anderson, Carl,
2. Bardal, A. S.
3. Bergman, J. T.
4. Bjarnason, Guðm.
5. Bjarnason, Ólafur.
6. Björnson, B. E.
7. Eggertson, Ásbjörn.
8. Jóhannsson, Gunnl.
9. Magnússon, Bjarni.
10. Pálmason, Sveinn.
11. Stefánsson, Kristján.
12. Sveinsson, Jóhannes.

Mjög áríðandi, að allir, sem láta sér ant um málefni Goodtemplara og hér eiga hlut að máli, sýni það með því að sækja þennan fund og greiða atkvæði.

Kosningarnar byrja kl. 8 og standa yfir til kl. 10.

Komið í tíma.

Í umboði fulltrúanefndar stúknanna Heklu og Skuldar.

Winnipeg, 30. nóv. 1908.

SWAIN SWAINSON,
skrifari.

Auglýsing.

Hluthafar í Húsfélagi Íslendinga í Pipestone eru beðnir að athuga eftirfarandi fundarsamþykt, gerða á fundi, sem haldinn var á félagshúsinu að Sinclair Station, Man., þann 21. nóv. 1908:

Skrifari nefndarinnar auglýsi í íslenzku blöðunum í Winnipeg, að hver hluthafi í Húsfélaginu, sem ekkert hefir skift sér af hag þess og málum siðastliðið ár, verði að gefa sig fram við nefndina í tilliti til nauðsynlegra fjárframlaga, innan 30. daga frá birtingu auglýsingarinnar, ella fyrirgerir hver sá hluthafi, sem það ekki gerir, öllum réttí sínum sem gildandi meðeigandi hússins.

Í umboði nefndarinnar,

J. G. DAVIDSON.
skrifari.

Cresent, Man.

Um siðustu helgi brá til vetrarveðuráttu, — öskubylur á mánudaginn var (30. nóv.) með talsverðri frosthörku. Má nú vænta allra veðra, því vetur er áreiðanlega genginn í garð.

"Dóttir Fangans" verður leikin þann 9., 10. og 11. þ.m. í Blaine, Wash., í herbúðum kvenfélagsins Framsókn þar í bænum. — Íslendingar þar vestra ættu að sækja leik þann svo vel, að húsfyllir verði öll kveldin.

Nýlega flutti til Íslands Runólfur Pétursson með konu og börn. Fór í skyndi frá mörgum skuldum.

OPINN FUND

heldur Barnastúkan ÆSKAN á laugardaginn kemur 5. þ.m. í neðri sal Goodtemplara hússins. Vonast er eftir, að meðlimir fullorðnra stúknanna noti þetta tækifæri og fjölmenni á fundinn. Og sérstaklega eru öll börn, sem gengið hafa í stúkuna, ámint um, að sækja þennan fund til þess að kveðja Mrs. S. B. Brynjólfsson áður en hún leggur af stað í Íslandsferð sína. Fundurinn byrjar kl. 3. e.h.

Guðjón Thomas
Gullsmiður

biður þess getið, að hann hafi nú eins og á fyrri árum allar tegundir af gull- og silfur-skrautgripum, sömuleiðis karla og kvenna gull- og silfur Vasaúr. — Hann bendir sérstaklega á "Waltham" Karlmanna Vasaúrin, sem hann selur nú á Fimm Dollara, og eru þau, eins og alkunnugt er, ábyrgst að vera áreiðanleg. Sömuleiðis minnir hann á 14-Carat Gullfylt Kven-Vasaúr, með 25 ára ábyrgð. Þau kosta að eins TÍU DOLLARA fyrir Jólin.

Alt annað selur hann að sama skapi ódýrt fyrir hátíðirnar, að

659 William Ave.
Phone 2878

LÁTTU MIG SAGA ELDI VIDINN ÞINN. — Ég hefi keypt spónnýja sögunarvél, og geri verkið gegn sanngjarni borgun.

S. THORKELSSON,
738 Arlington St. Talsími 8588

Lendrum McMEANS

Herra Lendrum McMeans, umsækjandi í bæjarstjórnina fyrir 3. kjördeild, hefir búið í Winnipeg um 30 ára tíma, og í þriðju Kjördeild um 15 ára tímabil.

Hann er gæddur góðum hæfileikum og í fylsta máta ráðvandur.

Í stöðu sinni, sem stjórnandi margra þýðingarmikilla stofnana, hefir hann aflað sér þekkingar á fjárhagsmálum.

Hann er þó ekki bundinn eða tengdur neinum járnbrauta, strætisbraurta eða samskyns stofnunum.

Sem fasteigna eigandi í norðurhluta deildarinnar, er honum sérlega ant um velferð hennar.

Hann er meðmæltur byggingu aflstöðvarinnar og skiftingu kjördeildarinnar, svo hún hafi fleiri málsvara í bæjarstjórninni.

Kosning hans mundi auka bæjarstjórninni virðingu og starfshæfikika.

Vínsölulögin í Manitoba

Í þeim sveitum og bæjum í þessu fylki, þar sem atkvæðagreiðsla fer fram um vínbann í þessum mánuði, er reynt að gera grýlu úr núverandi lögum þar að lútandi, það eru víst margir Íslendingar hræddir við lögin, hafandi þá hugmynd, að þau komi háskalega í bága við einstaklingsfrelsið. En hugmyndir þessar eru komnar frá óvinum bindindishreyfingarinnar, og það eru víst mjög fáir, sem hafa lesið lögin sjálfir.

Aðallega eru það tvö atriði, sem sumir álíta, að standi í lögunum, og sé óþolandi:

1. Það, að enginn maður megi hafa á heimili sinu meir en tvær únsur af víni.

2. Að lögreglumaður megi hvenær sem honum sýnist, fara inn i íveruhús manna og hefja leit eftir áfengi.

Viðvíkjandi fyrra atriðinu, er ekki eitt einasta orð til í lögunum. Lögin snerta helzt ekkert heimili manna, ef ekki er selt þar vín.

32. gr. í lögunum, sem samþykt var á siðasta fylkisþingi, hljóðar þannig: "Enginn skal nota eða drekka vín keypt af eða fengið frá neinum manni öðrum en þeim, sem hefir leyfi til að selja vín samkvæmt þessum lögum. Þessi grein á ekki við neinn þann mann, sem í sakleysi notar eða drekkur vín á heimili sínu, sem ekki hefir verið þannig keypt eða fengið".

Þetta sýnir, að andi laganna er ekki sá, að skerða á neinn hátt einstaklingsfrelsið á heimilinu.

Áhrærandi seinna atriðinu eru skýlaus ákvæði laganna alveg gagnstæð mótbárunni, sem að ofan er neind. Ég læt mér nægja, að tilfæra part af 42. gr. úr þessum sömu viðaukalögum frá siðasta fylkisþingi, svohljóðandi:

"Hver vínsöluleyfis-umsjónarmaður, hver sveitar eða fylkis löggæzlumaður, sem hefir ástæðu til að ætla, að áfengi hafi verið flutt inn á svæði, þar sem vínbannslög eru gildandi gagnstætt lögum þessum, skal hafa vald til þess án nokkurs heimildarskjals (warrant), að helja leit eftir sliku víni, hvar sem hann hefir grun um að það muni vera, og ef nauðsynlegt er, fara inn í hvaða hús sem er, AD UNDANTEKNUM PRÍVATHÚSUM".

Það er sagt, að lögin séu strönglega. Þau eru það, það er stór kostur í því til hvers er að hafa vínsölubann, sem ekki BANNAR.

Vínsölumenn hafa látið prenta greinar úr lögunum sér og sinu máli til stuðnings. En það er svo úr garði gert, að það er ekki varlegt fyrir menn að byggja á því sem sannleika.

Ég hefi frétt, að það sé búið að smíða því á íslenzku og senda það út á meðal þeirra, sem eiga að greiða atkvæði um vínbannslögin þann 15. þ.m.

Séra R. M. Dickey hrakti það greinilega á fundi, sem vínsölumenn héldu í Selkirk fyrir fáum dögum.

Bakkus er duglegur; varið ykkur á áhrifum hans.

A. S. BARDAL.

Slaður rekið til baka

Ég hefi heyrt, að sú saga berist út um vesturhluta borgarinnar, að ég hafi átt að aðvara Únitarasafnaðarnefndina um, að láta ekki unglingsmann, sem er sagt að heiti Gillis, spila á piano í kjallaranum undir Únitara kirkjunni á nóttunni, því hann hljóti að vera þar til þess að stela, og þar af leiðandi hafi safnaðarnefndin neitað honum um, að koma þar oftar á nóttunni.

Ég lýsi því hér með yfir, að þessi saga er algerlega tilhæfulaus, og að þeir, sem komið hafa henni af stað, eru ósannindamenn.

Ég hefi aldrei, hvorki bréflega eða munnlega, sagt eitt einasta orð þessu viðvíkjandi við nokkurn meðlim Únitara safnaðarnefndarinnar.

Sagan umrædda er í eðli sínu svo heimskuleg, að tæpast er senni legt, að nokkur hafi fest trúnað á hana, því það má öllum ljóst vera, að þjófar hafa ekki þann sið, að lýsa herbergin upp og upplýsa og spila þar á hljóðfæri, sem þeir ætla sér að fremja glæpi.

Svo langt er frá, að ég hafi nokkru sinni haft hinn minsta grun á ódrenglyndi hins unga manns, að ég þekki hann alls ekkert, hefi ef til vill aldrei séð hann, og veit ekki svo mikið um hann, að ég þekki nafn hans.

Hitt er satt, að ég spurði prest safnaðarins að því, er ég hitti hann einu sinni á Sargent Ave., hver það væri, sem spilaði á piano í kirkjukjallaranum á nóttunni, og sagði hann, að sá héti Gillis og ætti heima á Maryland St., og að hann hefði fult leyfi til þess að spila þar.

Winnipeg, 26. nóv. 1908.

JÓN J. SAMSON,
lögregluþjónn.

DÓTTIR FANGANS verður leikin undir umsjón kvenfélagsins Framsókn í Blaine, Wash., þann 9., 10 og 12. desember næstk. í samkomusal íslenzku Forester stúkunnar. Leikurinn byrjar klukkan 8 að kveldinu. Inngangur verður 25c 35c og 50c

Sjónleiks þessa hefir áður verið svo vel áminst, í íslenzku blöðunum, að hann þarf engra frekari meðmæla með. —

Á beztu heimilum

hvar sem er í Ameríku, þar munið þér finna HEIMSKRINGLU lesna. Hún er eins fróðleg og skemtileg eins og nokkuð annað íslenzkt fréttablað í Canada

Íslenzkur Tannsmiður,

SIGURÐUR DAVIDSON, hjá Dr. Morden, frá læknaskólanum í Chicago,—tekur að sér að smíða Tennur eftir þörfum, og festir þær í tanngarðinn sársaukalaust.

Finnið hann á skrifstofu að
620½ Main St.
Phone 470 Horni Logan Ave.

ÉG HEFI KEYPT ÚT KJÖTVERZLUN

herra Christjáns Oleson's á Notre Dame, og óska viðskifta allra þeirra sem áður voru á viðskiptum hjá honum. Gott kjöt og sanngjarnt verð.

A. E. COOPER,
666 Notre Dame Ave. Telefón 6906

Til fullkomnustu tryggingar
Vátryggið fasteignir yðar hjá The
St. Paul Fire & Marine Ins. Co.

Eignir félags. eru yfir 5 millión dollars. Skaðabætur borgaðar af San Francisco eldinum 1¼ mill. SKULI HANSSON & CO., 55 Tribune Bl'dg., Phone 6476, eru sérstakir umboðsmenn.

E. S. Miller Limited
Aðal umboðsmenn
PHONE 2083 219 McINTYRE BLK.

J. G. Snidal, L. D. S.
ÍSL. TANNLÆKNIR
COR. MAIN & BANNATYNE
DUFFIN BLOCK PHONE 5302

BILDFELL & PAULSON
Union Bank 5th Floor, No. 520
selja hús og lóðir og annast þar að lútandi störf; útvegar peningalán o. fl.
Tel.: 2685

ARNI ANDERSON Íslenzkur lögmaðr
~~ Í félagi með ~~
Hudson, Howell, Ormond & Marlatt
Barristers, Solicitors, etc.
Winnipeg, Man.
13-18 Merchants Bank Bldg. Phone 3621, 3622

BONNAR, HARTLEY & MANAHAN
Lögfræðingar og Landskjala Semjarar
Suite 7, Nanton Block, Winnipeg

Hubbard, Hannesson and Ross
LÖGFRÆDINGAR
10 Bank of Hamilton Chambers
Tel. 378 Winnipeg

Woodbine Hotel
Stærsta Billiard Hall í Norðvesturlandinu
Tíu Pool-borð.—Alskonar vín og vindlar.
Lennon & Hebb
Eigendur.

F. Deluca
Verslar með matvöru, aldini, suð-kökur, allskonar sætindi, mjólk og rjóma, sönul. tóbak og vindla. Óskar viðskifta Íslend. Heitt kaffi eða te á öllum tímum. Fón 7756
Tvær búðir:
587 Notre Dame og 714 Maryland St.

Ég hefi flutt
kjötverzlun mína frá horni Ellice og Langside og til númer
301 Sherbrooke Street,
rétt fyrir sunnan Portage Av.
Gamla talsíma nr.: 2631
C. G. Johnson.

"Hvað að brúka og hvar skal fá það".
VITUR MADUR
Við höfum lítið að segja, en það sem við segjum, segjum við "beint út". Við óskum að þið komið til okkar þegar þið farið að kaupa haust- eða vetrarfötin ykkar. Þú veizt ekki hvað ódýrt þú getur keypt föt búin til eftir máli, fyr en þú kemur og talar við oss. —
McFarlane & Cairns
SKREDARAR
335 Notre Dame Aðrar dyr vestan Wpg. Leikhúsið.

Stefán Guttormsson,
Mælingamaður
663 AGNES STREET. WINNIPEG.

Dr. G. J. Gislason,
Physician and Surgeon
Wellington Blk. - Grand Forks, N. Dak
Sjerstakt athygli veitt AUGNA, EYRNA, KVERKA og NEF SJÚKLÓMUM.

Miss Jóhanna Ólson, Piano Teacher
567 Toronto Street

Drs. Ekern & Marsden,
Sérfræðislæknar í Eftirfylgjandi greinum: — Augnasjúkdómum, Eyrnasjúkdómum, Nasasjúkdóm um og Kverkasjúkdómum. : : :
Í Platky Byggingunni í Bænum
Grand Forks, :: N. Dak.

A. S. BARDAL
Selur líkkistur og annast um útfarir. Allur útbúnaður sá besti. Enfremur selur hann alskonar minnisvarða og legsteina.
121 Nena St. Phone 306

Arena Rink
Þar er skemt sér á Hjólskautum hvern eftirmiðdag og kveld nema föstudags. Hljóðfæraf. spilar. Dansar þeir, sem áður voru í Drill Hall, eru nú haldnir hér á föstudagskv. Dans frá 8 til 12. Inngangur, karlm. 50c, frítt fyrir kvenfólk. Persónum innan 15 ára ekki leyfð inngangur.
JAMES BELL, eigandi.

Boyd's Brauð.
Brauðið sem bezt er fyrir fjölskylduna má engin vera án Þegar þú einusinni borðar vort brauð, þá finnst þér að þú get ir ekki án þess verið. Það bætir meltingarleysi, höfuðverk og ýmsa smákvilla. —
Vér óskum að þér reynið það
Boyd's
Bakery Cor. Spence & Portage Ave
Phone 1080.

Antonio De Landro
SKÓSMIÐUR, horni Maryland & Wellington (Bak við aldinabúð.) Verk gott og verð rétt.

Royal Optical Co.
327 Portage Ave. Winnipeg. RÉTT Á MÓTI EATON'S BÚDINNI.
Beztu Augnfræðingar
Öll nýjustu og bezt reynd verkfæri notuð. Höfuðverkur sem stafar frá augunum, áreiðanlega lækinaður. Sanngjarn kostnaður.
AUGU SKODUD KOSTNADARLAUST.

LAND

Vér höfum nýlega fengið til sölu yfir 30 fjórðungs-fjórðunga, liggjandi að Oakland brautinni C. N. R. fólksvagnstöðvunum. Verðið er frá $7.00 til $12.00 hver ekra. Ekkert af landinu hessum eru meir en 3 mílur frá járnbrautinni.

Skúli Hansson & Co.
Skrifst. Talsími 6476. Heimilis Talsími 2274

Heimskringla.

Alt landið

er áhugast að vera jarðyrkju land af bestu tegund, og fæst keypt með vægum afborgunar skilmálum. (N.B.—Lesið fyrirpart þessarar augl. viðvíkjandi vinnutímanum hjá Hkr. náfn.)

Frekari upplýsingar veita

Skúli Hansson & Co.
56 Tribune Building. Winnipeg.

XXIII. ÁR. WINNIPEG, MANITOBA, FIMTUDAGINN, 10. DESEMBER, 1908 NR. 11

Clemens, Arnason & Pálmason

Horni Sargent & Victor Sts.

byrja sína Fyrstu Jóla Sölu á föstudag inn og laugardaginn í þessari viku, og á mánudaginn í næstu viku.

Íslendingum er vinsamlegast boðið að kom og skoða vörurnar, eða ef hægra er, að talsíma pantanir sínar til 5343.

Fregnsafn.

Markverðustu viðburðir hvaðanæfa.

Fund mikinn héldu vinnu og sameignarfélögin í Lundúnum þ. 2. þm. Ræður voru þar fluttar af ýmsum stórmennum, og verka mannanna foringinn, Hon. A.J. Balfour, fyrverandi forsætis ráðherra Englands, flutti aðal ræðuna um sameign, og taldi nauðsynlegt, að verkamenn þeir, sem innu við stór iðnaðarstofnanir ættu hluti í þeim stofnunum, svo að þeir gætu kynt sér verzlunarlífið ekki síður en iðnaðarlífið. Sátt og samlyndi milli auðs og vinnu væri komin undir því, að verkamenn bindu sig stofnunum þeim, sem þeir yrnu að, svo að þeir fyndu til meðeignarábyrgðarinnar, og tæki þátt í tapi sem þær stofnanir kynnu að verða fyrir, ekki síður en gróða þeim, sem af þeim kynni að verða. Hann kvað svo mikla reynd komna á þetta, að ekki færri en 7 stór sameignarfélög væru nú starfandi í London, og þeim hefði öllum farnast ágætlega.

— Kvenréttarkonur á Englandi hafa tekið upp nýjan búning, nákvæmlega samkynja þeim, sem konur eru látnar brúka í fangelsum landsins. Þennan fangabúning bera sumar helztu konur landsins, jafnt og þær þúsundir annara kvenna, sem tilheyra kvenfrelsisfélögunum. Í þessum fötum elta þær í hópum alla ráðherrana, hvert sem þeir fara. En aðallega hafa þær tekið búninginn upp til þess að auglýsa allri þjóðinni, hverjum ofsóknum þær verði að sæta af hálfu yfirvaldanna, fyrir þá ofdyrfsku sína, að krefjast jafnréttar við karlmenn í atkvæðagreiðslu um landsmál. Búningur þessi hefir vakið hina mestu eftirtekt hvarvetna á Englandi, og er stjórninni hinn hvimleiðasti gestur.

— Nú er búið að mæla vegstæði Great Northern járnbrautarfélagsins alla leið frá Duluth til Winnipeg, og talið líklegt, að brautin verði bygð hingað á næsta sumri.

— Lávarða deildin á Englandi hefir felt vínsölufrumvarp stjórnarinnar með miklum atkvæðamun. Það er talið víst, að stjórnin muni nú hækka vínsöluleyfin þar í landi, svo tekjurnar af þeim verði 10 milión dollara meiri á ári en þær eru nú. Það er og líklegt, að stjórnin hefjist handa móti Lávarðadeildinni og geri tilraunir til þess, að takmarka þetur vald lávarðanna í stjórnmálum. Því eins og nú er geta lávarðarnir ráðið hverju, sem þeir vilja, þótt þeir séu ekki kjörnir með atkvæðum þjóðarinnar, og ónýtt þau lagafrumvörp, sem þjóðkjörnir þingmenn semja og samþykt eru í neðri málstofunni. Bú skoðun er að eflast á Englandi, að Lávarðadeildin mætti missa sig með öllu, því að hún sé ekki að eins gagnslaus, heldur og til ills eins, eins og nú hefir sýnt sig í þessu vínsölumáli.

— Demókratar í Bandaríkjunum auglýsa, að kosningasjóður þeirra um síðustu kosningar hafi verið $620,644, en útgjöldin $619,410. — Í sjóði eru nú $1,234.00.

— Nýlega er látinn í Lundúnum Harry Barnato, einn af auðugustu alþengum verkamönnum þar í landi, — talinn að hafa látið eftir sig 75 milión dollara virði af eignum. Hann hafði æft missýningaleiki og leikið þá í Suður-Afríku um margra ára tíma, jafnfram því sem hann vann alþenga vinnu í demants náinunum. Hvorttveggja atvinnan hafði borgað sig vel.

— Hon. Hugh Armstrong hefir náð endurkosningu gagnsóknarlaust í Portage la Prairie, sem fylkisþingmaður. — En í Virden kjördæminu hyggja "Líberalar" að hefja baráttu um það sæti, sem nú er laust síðan Hon. J. H. Agnew andaðist.

— Samningar hafa tekist milli Bandaríkjanna og Þýzkalands um 2. centa póstgjald milli þeirra landa, í stað 5 centa áður.

— Þrjú hundruð fiskimenn, á fiskiskipum í Kína, fórust í ofsaveðri þann 3. þ.m. — Sama dag fórst japansk flutninga gufuskip útí í rúmsjó með allri áhöfn, — 70 manns skipshöfn og fjölda farþega.

— Ennþá stendur rannsóknStandard Oil félagsins yfir í New York, en lítið er á henni að græða annað en það, að herra Archbold viðurkendi, að í sumum tilfellum græddi félagið þúsund prósent á olíuverzlun sinni. Félagið keypti óhreinsaða olíu frá Independent félögunum í Ohio árið 1889 fyrir 15 cents hverja tunnu, og á því varð gróðinn mestur, þegar búið var að hreinsa olíuna.

Brezka stjórnin hefir orðið að draga þriðju útgáfuna af mentamála frumvarpi sínu út af þingi, eftir að Lávarðadeildin hafði felt það með stórmiklum meiri hluta atkvæða. Í þeirri deild eru nú yfir 600 menn, og mikill hluti þeirra kemur örsjaldan á þing og sumir aldrei. En svo fanst þeim mikils um vert um frumvarp þetta, að nokkuð á fimta hundrað sóttu þann þingfund, sem frumvarpið kom fyrir á, til þess að geta tekið þátt í atkvæðagreiðslunni. En af öllum fjöldanum urðu að eins rúmir 70 menn með frumvarpinu, — hinir allir á móti. — Líklega gerir stjórnin engar frekari tilraunir með mál þetta að svo stöddu, með því að hinir ýmsu kirkjuflokkar geta með engu móti komið sér saman um málið.

— Mælt er, að Dominion þingið komi saman 13. jan. næstk.

— Dr. H. M. Ami, einn af jarðfræðingum ríkisstjórnarinnar, álitur, að líkindi séu til þess, að demantanámi finnist í grend við Cochrane meðfram Grand Trunk Pacific brautinni. Hann kveðst hafa orðið þess var, að þar muni dýrmætir steinar vera í jörðu, og vill að stjórnin hafi mann til þess að athuga þetta um leið og brautin er bygð þar um landið.

— Menn eru hræddir um, að gufuskipið D. M. Clemson hafi farist á Superior vatni í sl. viku, og að 24 menn, sem á því voru, hafi druknað. Skipið var eign manna í Duluth, og var á leið eftir vatninu þangað til bæjarins. En svo er það nú orðið langt á eftir áætlunardegi sínum, að eigendurnir hafa gert út nokkur smáskip til að leita að því, í þeirri von, að finna leifarnar einhversstaðar meðfram ströndinni.

— Hver hefir heyrt getið um, að snákar eða höggormar væru mjólk aðir? — Bóndi einn í Ástralíu hefir höggorma bú. Hann elur þá upp eingöngu til þess, að nár úr þeim eitrinu, sem með hæfilegri blöndun annara efna, er talið óbrigðult varnarmeðal gegn snákabiti. — Snákarnir eru mjólkaðir á þann hátt, að eftir máltíðir eru þeir æstir til reiði, og þá kastað í búr þeirra litlum glashnetti, sem þakinn er togleðri. Snákarnir stinga eða bita þetta af mestu ákefð, og er svo náð þaðan. Svo er vandamikið, að ná þessu snákaeitri, og svo er lítið af því fáanlegt,að ekki nema fá Grains fást af því á ári hverju í öllum heiminum.

— James Guest, 70 ára gamall, fanst örendur í kofa sínum að Kamloops þann 26. nóv. Hann var einsetukarl. $163 í peningum fanst í vasa hans, og $8,600 var í bankabók hans.

Fréttabréf.

LESLIE, SASK.

24. nóv. 1908.

Hr. ritstjóri B.L.Baldwinson.

Kæri vinur! — Það er svo sjaldan, að héðan sjást fréttir í blaði þínu, að furðu gegnir. Auðvitað ber hér ekki margt til tíðinda, við erum hér í vissum skilningi útí á hala veraldar og heyrum að eins óminn af umbrotunum þarna inni hjá ykkur. Við horfum á leikina álengdar, eins og við vorum vön að horfa á "Skuggasvein". — Já, — Skuggasvein.

— — — Ég skal ekki vera langorður, að eins drepa á örlá atriði viðvíkjandi þeim parti þessarar bygðar, sem ég þekki bezt. Bygðin er svo stór og fjölmenn, að sá sem á öðrum bygðarenda býr, veit lítið um það, sem á hinum skeður. Það er sameiginlegt mark, sem allir eiga að vilja halda fram, sinni eigin bygð, og þess vegna mátt þú ekki furða þig á því, þótt ég segi, að þetta sé bezta íslenzka bygðin vestan hafs. Þú sagðir mér það sjálfur að svo væri áður en ég kom hingað, og þótt við höfum ekki alt af verið sammála um alt, þá ber okkur saman í því. Já, ég held óefað, að þessi bygð eigi fagra framtíð fyrir höndum. Landið er vel fallið til búskapar, bæði gripa- og hveitiræktar. Frost skemdi að vísu talsvert í haust, en svo ber öllum saman um, er reynslu hafa, að þannig hafi það verið fyrst í öllum nýjum bygðum, — loftslagið mildast þegar íbúum fjölgar og land er ræktað, hér sem annarstaðar. Frostið er því engin grýla í augum þeirra, sem hugsa aftur í tímann. Hér er loftslag mildara á vetrum enn í Manitoba. Hér er nóttin talsvert bjartari, eða réttara sagt, dagarnir lengri suma tíma ársins. Það er líkara því, sem maður vandist heima.

Hingað til bygðarinnar hafa flutt menn með mikla búskaparþekkingu, margar skepnur, alls konar verkfæri og talsvert af peningum. Búnaðurinn gengur því betur enn á frumbýlingsárum annara bygða. Hér umhverfis Leslie má heita, að hvert einasta land sé tekið til heimilisréttar. Hér verður því afar-þéttbýlt. Leslie er ekki stór bær enn þá, að eins milli 80 og 90 manns, en hann stendur mjög vel að vígi sökum afstöðu og þéttbýlis umhverfis, enda er hér mikil verzlun. Fjórar almennar búðir, 1 verkfæra sölubúð, 1 járnvörubúð, 1 kjötsölubúð, 1 rakarabúð, 1 aktýgjabúð, 1 matsöluhús, 1 lyfjabúð. Flestir duglegustu og atkvæðamestu mennirnir hér eru Íslendingar. Það hefir komið til orða, að fara að löggilda Leslie bæ, og verður þá bæjarstjórinn að sjálfsögðu íslenzkur.

Bygðarmenn eru nú í óða önn að vinna að því, að koma upp samkomuhúsi skamt frá Leslie. Á það að verða 80x35 fet og allvandað. Má vænta að samkvæmislíf bygðarmanna aukist við það að stórum mun. Samkomulag manna og félagslíf má heita gott yfir höfuð. Það er ekki þar með sagt, að allir hafi sömu skoðanir, allir líti sömu augum á alla skapaða hluti. Nei, menn eiga hér sjálfstæðar skoðanir ekki síður en annarsstaðar, en menn virðast eiga hægra með það, að halda hvor í sinn enda á kaðlinum án persónulegs fjandskapar hér en víða annarsstaðar. Í þessari bygð er allur fjöldinn "liberal" í stjórnmálum, nema á Leslie og þar í kring eru flestir Conservative. — Sjálfur er ég eins og leðurblakan, tek engan þátt í stjórnmálum og því síður í trúmálum. Hér hafa ekki verið færri en 8 prestar og prestefni í sumar, sumir lúterskir, sumir ? únítariskir. Hafa hvorutveggju allmarga fylgjendur, en margir fylgja hvorugum. Aðalkosturinn finst mér sá, að hér geta menn lifið hvorir aðra réttu auga, verið undir sama þaki, þótt hver syngi með sínu nefi. Það er öðruvísi, en maður átti að venjast í Winnipeg. Þar fóru stjórnmál og sérstaklega trúmál, eins og eitraður ófriðarandi inn á hvert heimili, og gerði jafnvel nánustu skyldmenni eða trygðavini að fjandmönnum. Hvenær sem mennirnir geta fundið þann sannleika, að þeir eru allir bræður og systur, geta tekið þátt í sorgum og gleði hvors annars, "grátið með grátendum og glaðst með gleðjendum" án tillits til skoðanaskiftinga, — þá er stórum steini úr vegi rutt. Og allar líkur benda til þess, að menn ætli að læra það hér fullkomlega eins fljótt og nokkursstaðar annarsstaðar.

Eitt er það, sem ég verð að minnast á, það er bindindi og vínsala. Vínsala hefir ekki komist að á Leslie enn sem komið er, og mun verða reynt að sporna á móti eftir mætti. Ég styrkist ávalt í þeirri skoðun — nei, þeirri vissu — að mesta bölvun, sem ó-hamingjan geti leitt yfir nokkra bygð, sé vínsala. Hvað er það ilt og svivirðilegt, sem ekki fylgir vínsölunni? Því miður hefir það ekki tekist, að útiloka hana úr þessari bygð, og er það stór blettur á bygðarmönnum, því það var þeim samnarlega í lófa lagið. Við höfum hér Goodtemplara stúku með 45 manns, er það alt ungt fólk og efnilegt. Stúkan heldur úti skrifuðu blaði, að sið systra sinna í Winnipeg.

Járnbraut er verið að byggja eftir endilangri bygðinni. Hefir endastöðin verið á Leslie að undanförnu og er enn. Nú á brautin að vera komin til Wynyard um jólin. Símskeytastöð er komin hér, — hún kom í dag.

Talþræði ætla bændur að leggja um héraðið áður en langt líður, og er það mikilsvert.

Hér í bygð er verið að gangast fyrir rjómabússtofnun, og er ákveðið, að hún verði á Leslie.

Fjöldi af nýjum húsum er í smíðum hér í grendinni, og eru sum þeirra mjög vönduð.

Gaman hefði mér þótt að vera kominn til Winnipeg í gærkveldi, þegar Hagyrðingafélagið heilsaði heiðursforseta sínum. Jæja, Hagyrðingafélaginu varð þó ekki komið fyrir kattarnef, þótt reynt væri eftir mætti. Ofbeldið og rangindin verða þó ekki ætíð ofan á, svo er fyrir þakkandi. Flestir hlakka hér til þess, að heyra og sjá Fjallaskáldið okkar, því öllum þykir sjálfsagt, að Stephan komi hér sem annarsstaðar, og ekki er víst, að þessi bygð standi öðrum að baki í því, að veita þeim heiðursgesti verðugar viðtökur.

Jæja, kunningi, ég hætti nú í þetta skifti, sendi ef til vill línu síðar, ef tími leyfir.

Sig. Júl. Jóhannesson.

Bæjarkosningarnar

á þriðjudaginn var fóru svo, að W. Sanford Evans var kosinn borgarstjóri með 1428 atkvæðum umfram gagnsækjanda hans, herra R. A. C. Manning. Herra Eades, sá þriðji er sótti um borgarstjórastöðuna, með þá stefnu að andmæla algerlega afstöðvar hugmyndinni, fékk að eins 129 atkvæði í öllum bænum.

Atkvæðagreiðslan fór þannig:

Fyrir borgarstjóra: Evans 5985 atkv., Manning 4557 og Eades 129.

Fyrir Controllers: Waugh 4678, Cockburn 4540, McArthur 4464 og Harvey 3593.

Fyrir bæjarfulltrúa:

1. kjördeild, Macdonald 732 atkv.
2. kjördeild, Cass 783 atkv.
3. kjördeild, McMeans 1799 atkv.
4. kjördeild, Milton 1008 atkv.
5. kjördeild, Willoughby 822 atk.
6. kjördeild, McLean 1188 atkv.

Í skólastjórn var kosinn Duncan Sinclair 1816 atkv.

Feldar voru við þessar kosningar tillögur um, að byggja auka lögreglustöðvar, að byggja brú yfir C.P.R. sporin hjá Brant St. og að lengja kjörtímabil Controllers til tveggja ára.

Alls voru 10,671 atkv. greidd fyrir borgarstjóra við þessar kosningar.

Báðir landar vorir töpuðu við þessar kosningar. Árni Eggertsson, einn af beztu bæjarfulltrúum, tapaði fyrir Milton bakara, og Skúli Hansson tapaði fyrir McMeans. — Skúli hlaut 547 atkvæði, en Carper 497.

Nú eiga þá Íslendingar ekkert þjóðernislegt athvarf í bæjarstjórninni.

— TIL —

Kjósenda í Gimli-sveit.

Um oddvitastöðu Gimlisveitar sækja nú 3 menn: Herra John Heidinger, núverandi sveitaroddviti, séra Jóhann P. Sólmundsson og ég undirritaður.

Stefnuskrá mín er aðallega í 4. liðum:

1. Ég lofa að koma fjárhagsmálum sveitarinnar í svo vænlegt horf, að engin hætta þurfi á því að vera, að hún reynist gjaldþrota, eins og ýmsir kjósendur álita að verða muni.
2. Ég lofa, að gera þær breytingar og umbætur á skólahéruðunum, að allir íbúar sveitarinnar megi vel við una. Í þessu mun ég vinna samkvæmt vilja gjaldþegnanna, bæði í því að breyta takmörkum núverandi héraða, og í því, að fá stofnuð ný skólahéruð, svo að öll börn á skólaaldri eigi hægan aðgang að skólum.
3. Ég lofa, að verja öllu því fé, sem fáanlegt kann að verða til vegabóta, svo sparsamlega, sem unt er, og svo haganlega, að það sé látið niður koma þar, sem þörfin er bráðust, og svo að vegir verði sem jafnastir um alla sveitina.
4. Ég lofa, að gera alt, sem í minu valdi stendur, til þess að tryggja borgun skatta í sveitarsjóðinn í gjalddaga. Ég vil reyna, að gera mönnum ljóst og skapa hjá þeim þá sannfæringu, að það sé þeim sjálfum, hverjum einstökum og sveitinni í heild sinni — fyrir beztu, að skattar séu borgaðir í gjalddaga.

Ég mælist hér með til þess, að gjaldþegnar sveitarinnar greiði atkvæði með mér við sveitarkosningarnar þann 15. þ. m.

Gimli, 7. desember 1908.

B. B OLSON

G. THOMAS

GULLSMIÐUR

hefir nú, eins og á fyrri árum, alls konar Gull- og Silfur- Skrautmuni til sölu, svo sem Gull- og Silfur-Vasaúr fyrir karla og konur. Bezt eru "Waltham" Úrin, seld á $5.00. Hann ábyrgist, að þau séu áreiðanleg. — Fyrir konur mælir hann helzt með 14-karat Gullfyltu Úrunum, með 25 ára ábyrgðinni. Verðið er $10.00.

Hann hefir og mesta úrval af als konar Skrautgripum, sem hann óskar, að fólkið komi og skoði.

Alt selt sérstaklega ódýrt fyrir hátíðirnar að

659 William Ave. Tals. 2878

NÝTT NÝTÍZKU

THE QUEENS

Vinsælasta og þægilegasta Gisti-hótel í Winnipeg

Bandaríkja-snið
Frí keyrsla.

MONTGOMERY BROS.,
EIGENDUR

BJART MIÐSTÖÐVA

Íslenzki Conservative Klúbburinn

heldur venjulega Pedro spilasamkomu á föstudagskveldið í þessari viku, og í hverri viku yfir vetrarmánuðina. En næsta mánudagskveld verður samtalsfundur, og svo á hverju mánudagskveldi fram vegis í allan vetur.

Tálgangurinn með þessum fundum er að gefa meðlimum klúbbsins kost á, að æfa sig í, að koma fyrir sig orði um áhugamál sín, — gefa þeim kost á, að temja sér ræðuhöld, um leið og þeir með þessu fá hvatning til þess að hugsa málsatriðin frá sem flestum hliðum.

Stjórnarnefnd klúbbsins óskar, að sem flestir meðlimir klúbbsins geri sér að reglu, að sækja vel alla fundina, og að koma svo tímanlega, að hægt sé að taka til starfa á tilsettum tíma, kl. 8 að kveldi.

Klúbbsamkomur þessar eru haldnar í samkomusal Únítara á horni Sherbrooke og Sargent.

B. L. BALDWINSON.

Wall Plaster

Með því að venja sig á að brúka "**Empire**" tegundir af Hardwall og Wood Fibre Plaster er maður hár viss að fá beztu afleiðingar.

Vér búum til:

"Empire" Wood Fibre Plaster
"Empire" Cement Wall "
"Empire" Finish "
"Gold Dust" Finish "
"Gilt Edge" Plaster of Paris
og allar Gypsum vöruutegundir. —

Eiqum vér að senda yður bækling vorn?

MANITOBA GYPSUM CO. LTD
SKRIFSTOFUR OG MILLUR I
Winnipeg, - Man.

Heimskringla

Published every Thursday by The Heimskringla News & Publishing Co. Ltd.

Verð blaðsins 2 Canada og Bandaríkin $2.00 um árið (fyrir fram borgað).
Sent til Íslands $2.10 (fyrir fram borgað af kaupendum blaðsins hérlendis $1.50.)

B. L. BALDWINSON,
Editor & Manager

Office:
729 Sherbrooke Street, Winnipeg
P.O. BOX 3083. Talsími 5512.

Hólms málið.

Einatt síðan það sorglega slys varð hér í bæ, að Mrs. Hólm og sonur hennar bíðu bana af eldi, sem orsakaðist af því, að eldi sló í olíukönnu, sem Mrs. Hólm hélt á, og var að hella úr í stóna til þess að líga við eldinn, þá hefir rannsókn farið fram til þess að komast fyrir það, hvar olían hafi verið keypt, og hver eini hún hafi haft að geyma. Embættismenn Dominion stjórnarinnar hafa gert gangskör að því, að rannsaka afar mörg sýnishorn af olíu, sem hinir ýmsu kaupmenn í fylkinu selja til ljósmetar, og hinar ýmsu tegundir, sem olíu félögin hér í Winnipeg verzla með í heildsölu.

Nú hefir kviðdómur sá, sem skera átti úr um mál þetta, gefið ákvæði sitt um það, dags. 3. þ.m., á þá leið, að dauði konu þessarar hafi orsakast af því, að steinolíukanna sú, sem hún hafi verið að fara með, hafi sprungið af því, að olían hafi verið blönduð með gasoline, og að þessi olía hafi verið keypt hjá Winnipeg Oil Company.

Svo virðist, sem dómnefndin hefði nú mátt láta hér við sitja, því að með því, sem að framan er sagt, hafði hún fullnægt embættisiðstaf sínum um það, að geta úrskurð um orsökina til dauða konunnar, það, og ekkert annað var í hennar verkahring í þessu sambandi, og við það hefði hún að vorra hyggju átt að láta sitja.

En hún hefir litið öðruvísi á það mál, og lagt langan krók á leið sína til þess að hvítþvo "The Winnipeg Oil Company", sem selt hafði sviknu manndráps-olíuna. — Dómnefndin lætur þess getið, að hún hafi engar sannanir fyrir því, að félag þetta beri neina ábyrgð á sviksemini, — og að félagið hafi gert alt, sem í þess valdi hafi stað ið, til þess að hjálpa rannsóknini áfram, og dómnefndin tekur það sérstaklega fram, að hún sýkni þetta félag algerlega frá allri ábyrgð af því slysi sem orðið hafi Mrs. Hólm og syni hennar að bana, — ásamt fleiri athugasemdum og tillögum, sem tekið er fram í dómsákvæðinu.

Hvers vegna nefnd þessi hefir fundið köllun hjá sér til að afsaka "The Winnipeg Oil Company" í þessu sambandi, er oss með öllu óskiljanlegt. Það var alveg eins rétt og sanngjarnt af nefndinni, að taka það fram, að engar sannanir væru til, eða hefðu komið fram við rannsóknina, til þess að sýna, að félagið bæri EKKI ábyrgð á þessu slysi, eins og að taka það fram, að ekki væru sannanir fyrir hendi til þess að sýna, að það bæri ábyrgð á því.

Áreiðanlega ber einhver ábyrgð á blöndun olíunnar, og það kom í ljós við rannsóknina, að embættismenn Dominion stjórnarinnar hafa tilsjón með því, að olían sé hrein og óblönduð, þegar hún fer frá framleiðslu stofnununum, og það er full ástæða til að hugsa sér, að framleiðendur olíunnar selji til fleiri félaga hér í borginni. En rannsóknirnar sýndu, að Prairie City Oil félagið og Winnipeg Oil félagið, höfðu verri olíu en nokkur önnur félög, sem verzla með olíu hér í borginni. Það er því meira en lítil ástæða til að ætla, að olían breytist einhversstaðar og í einhverra höndum, eftir að hún er afhent frá sjálfum framleiðendunum, því að tæpast er hugsanlegt, að embættismenn stjórnarinnar vanræki svo eftirlitsskyldu sína, að þeir votti þá olíu hreina og ómengaða, sem blönduð hefir verið.

Yfirleitt er rannsókn þessi engan vegin fullnægjandi enn þá. En verri miklu er þó hinn auðsæi hvítþvottur dómnefndarinnar, sem tekur það fram, að "The Winnipeg Oil Company" hafi gert alt, sem í þess valdi stóð, til þess að hjálpa rannsóknini áfram. Hvernig veit nefndin, hve mikla hjálp félagið átti vald á að veita henni? Og hvernig veit hún, að félagið gerði ALT, sem í þess valdi stóð, til þess að greiða fyrir henni, að komast yfir allar þær upplýsingar, sem mögulegt hefði verið að fá í þessu máli? Vér lítum svo á, að nefndin hafi ekkert getað vitað með vissu um þetta, og að hún hafi engan siðferðislegan rétt haft til þess, að kveða neitt á um það.

Þessi liður ákvæðisins er auðsjáanlega settur fram með þeim tilgangi eingöngu, að hvítþvo félagið, án þess nefndin geti með nokkurri vissu fullyrt, að sá hvítþvottur sé verðskuldaður.

Af þessu leiðir einnig það, að nefndin — þó hún geri það — getur ekkert staðhæft um ábyrgð félagsins í þessu máli, og þó hún sýkni félagið og undanskilji það nokkurri ábyrgð af dauða konunnar, — þá eru oss vitanlega engar sannanir fyrir því, að það geti ekki verið óbeinlínis orsök í þeim dauða.

Hitt er rétt að taka fram, að orsökin beina til dauða þessarar konu og sonar hennar, liggur hjá konunni sjálfri. Og eins mun mega fullyrða, að hversu eldfim sem olían var, þá hefði mátt afstýra slysi þessu, sem orðið hefir, ef nægilega varlega hefði verið farið með hana. Og þetta má með sama sanni segja um öll önnur sambærileg slys. Hitt er áreiðanlegt, að þessi umrædda olía var blönduð á ólöglegan hátt, og að undir landslögum er það glæpur, að selja þá vöru þannig gerða. — Varan var svikin.

Vér lítum svo á, að rannsókn þessi, sem hafin hefir verið, sé alls ekki fullnægjandi, að hún sé í raun réttri að eins til málamyndar, að hún sé sem næst þýðingarlaus og algerlega þýðingarlaus, að því er snertir dauða Mrs. Hólm, nema hvað hún hefir leitt þann sannleika í ljós, að "The Winnipeg Oil Company" verzlaði með hana.

Að vísu heldur félagið því fram, að það hafi að eins komið fyrir einn dag á árinu, að olían hafi verið svona blönduð. En vitanlega skýtir það engu viðvíkjandi þessu máli, enda félagið eitt til frásagnar um það. Hitt veit almenningur, að slík slys vilja þráfaldlega til, og að vel má vera, að þau hafi til orðið fyrir slíka svikseemi í olíunni.

Sannleikurinn er sá, að fólk er orðið svo vant við, að heyra um sorgartíðelli, að enginn skoðar þau þess verð, að grenslast um orsök þeirra, þó að nú væri svo gert, af því, hve margir biðu hér bana sömu vikuna af sömu orsök.

Rannsóknin er algerlega ónóg,— alt þar til fundið er, hverjum blöndun olíunnar er að kenna, og ábyrgðin látin lenda þar sem hún á heima.

Winnipegoses.

Það er á vátund flestra Íslendinga, sem nokkuð fylgja með viðburðum þeim, sem gerast með þjóðflokki þeirra hér vestra, að svo mikil dreifing er komin á landa vora hér, að mikill fjöldi þeirra mega heita algerlega týndir. Það er að segja: þeir eru týndir úr hópi Íslendinga. Stúlkurnar giftast hérlendum mönnum, og ýmsra annara þjóða mönnum, taka að sjálfsögðu upp nöfn bænda sinna og flytjast með þeim frá einu landshorni á annað, og til allra staða þeirra horna á milli, — eftir því sem ástendur atvinnurekstri bænda þeirra. Með giftingunni kvarðja þær þjóðflokk sinn í flestum tilfellum algerlega, og í mörgum tilfellum enda löngu fyr, og það er að eins af tilviljun, ef frá þeim fróttist, eða þess verður vart, að þær séu af íslenzku bergi brotnar.

Að nokkru leyti má segja hið sama um karlmenn. Flestir þeirra eru við eina fjöl feldir og þeim er enginn bás markaður. Þeir elta atvinnuna stundum hingað, stundum þangað, og einstöku skifta um nöfn með hverju nýju heimilisfangi Síðan setjast þeir að hvar þar, sem framtíðar útlitið er glæsilegast, eða þeim geðþeldast eða að einhverju leyti hagkvæmast. Sumir kvongast hérlendum konum eða ýmsra annara þjóða konum. Þeir einnig hverfa úr sögu Íslendinga algerlega, og enginn landi fær neitt framar um þá að vita, — suma hverja.

Á þennan hátt og líkan hefir mesti fjöldi íslenzkra karla og kvenna algerlega horfið úr sögu og vitund þjóðflokks sins á sl. aldarfjórðungi. Og þetta er bara byrjunin, — fyrirboði þess, sem verða vill um marga fleiri, er tímar líða. Í eðli sínu er þetta ekkert undarlegt eða óeðlilegt, og engin ástæða, að því að finna, og þess vegna heldur ekki til þess ætlandi, að nokkur einn maður geti vitað um verustaði, nöfn eða ætterni þeirra fráhverfinga. En til þess mætti ætlast, að blöðin, sem daglega hafa bréfleg viðskifti við menn í öllum íslenzkum nýlendum hér vestra, ættu að fara nærri um, ekki að eins hvar bygðir þeirra eru, heldur einnig svona hérumbil um tölu Íslendinga í hverri bygð. En þessu er þó ekki algerlega þann ig varið, því að talsverður hópur Íslendinga búa á ýmsum stöðum, sem lítt eru þektir, eða jafnvel nálega óþektir af fólki voru yfirleitt.

Einn af þessum stöðum er Red Deer tanginn, sem skagar út í Winnipegoses vatn, um 16 mílur vegar frá Winnipegoses bæ. Bærinn hafa margir Íslendingar þekt eða kannast við í mörg undanfarin ár, því að hann hefir verið aðal verzlunarstöð þeirra, sem stundað hafa fiskiveiðar á því vatni. Bærinn liggur vestanvert við mynnið á Mossy ánni, og frá henni skagar tangi þessi út í vatnið, langur og mjór, láglendur og votlendur, og lítt hæfur til akuryrkju. Grasflákar eru þar góðir fyrir kvikfé að hafst við á, og skógur einnig talsverður norður á tanganum. En svo hefir tanginn til þessa tíma verið lítils metinn, að hann hefir verið ómældur og að öllu óbygður nema hvað nokkrir Íslendingar hafa gert sér þar bráðabyrgðarheimili, meðan þeir hafa verið að koma upp gripastofni og afla sér fjár með fiskiveiðum og kvikfjárrækt. Svo virðist, sem engir hérlendir menn hafi áðtið tanga þennan þess virði, að gefa honum nokk urn gaum, eða að nota hann til heimilisfestu. En landar vorir sáu fyrir mörgum árum, að hann var byggilegur, og nokkrar fjölskyldur settust þar þá að. Síðan munu nú vera um 10 ár. Flestir þeir, sem þar settust fyrst að, hafa komið upp svo miklum gripastofni, að það gerði vænan bústofn á heimilisróttarlöndunum, er þeir síðar tóku. En í stað þeirra, sem farið hafa, hafa aðrir komið, sem nú eru þar búsettir, þó tæpast eins margir og farið hafa.

Á tanganum munu nú vera nær 60 manns. Fjölskyldufeður eru þar: Eiríkur Þorsteinsson (sem fyr var í Tantallon), Stefán Jónsson (fyrr verandi í Fort Rouge í Winnipeg), Jónas Brynjólfsson, John Collins, Þórarinn Stefánsson (frá Dakota), Jón Einarsson, Ágúst Jónsson, Sigurður Magnússon og Ólafur Jónsson. Sá síðasttaldi mun hafa verið þar lengst allra þeirra, sem nú eru þar búsettir.

Auk þeirra, sem taldir hafa verið, eru þar og nokkrir einhleypir menn. Einn þeirra er Eyjólfur Vium, fyrrum í Tantallon bygð í Saskatchewan.

Fólk þetta lifir á fiskiveiðum og griparækt, og yfirleitt mun því líða vel. Landrými er þar nægilegt og fiskiveiðar hægar. Skattar engir, en markaður í Winnipegoses fyrir afurðirnar. Fugla og dýraveiðar eru þar og nokkrar, og á sumrum er ekki ljótt á tanganum. En vegir eru engir, með því að landið er ómælt. — Það, sem helzt mætti finna að, er skólaleysið. Tangabúar eru og hafa verið svo fáir, að þeir hafa ekki séð sér fært að koma upp skóla fyrir börn sin, enn sem komið er. En skóli hlýtur þar að koma, hvenær sem tanginn byggist svo, að íbúarnir sjái sér kostnaðinn kleyfan við skólahald.

Enginn skyldi þó ætla, að tangabúar væru ómentaðir eða börnin þeirra upplýsingarlaus. Þar eru til heimili, sem hafa mestu gnægð af enskum bókum, jafnt sem íslenzkum, og fólkið talar enskuna ekki síður enn íslenzkuna, — sumt máske betur. Það eru þau ungmenni, sem um tíma hafa dvalið hér í Winnipeg og öðrum bygðarlögum, þar sem þau hafa numið hérlent mál áður en þau fluttu út á tangann.

Nú, einmitt um þessar mundir, mun vera verið að mæla tanginn, og má þá ætla, að menn festi sér þar heimilisróttarlönd, og sennilegt er, að tanginn verði þéttbygður áður mörg ár liða.

Í Winnipegoses bæ eru yfir 40 Íslendingar, eða máske nær 50. Fjölskyldufeður þar eru: Búi Jónsson, Björn Crawford, Gunnar Friðriksson, Guðmundur Guðbrandsson, Þórður Jónsson, Þorsteinn Jónsson, Þórarinn Jónsson, Guðmundur Guðmundsson, Finnbogi Hjálmarsson og þeir bræður Jónas og Gunnlaugur Schaldemose. Auk þess eru í bænum 3 eða 4 einhleypir karlmenn íslenzkir. Yfirleitt mun mega segja, að þeir sem búa í bænum, sén fátækt eða að minsta kosti ekki auðugt fólk, en vel eru þeir sjálfbjarga allir. Atvinna er lítil þar í bænum á vetrum, en bæjarbúar þessir stunda fiskiveiðar, og mun það vera aðalatvinnuvegur þeirra. Nokkrir eða máske flestir þeirra, sem í bænum búa, munu eiga eigin heimili sín.

Í bænum og norður á tanganum eru yfir hundrað Íslendingar. En þeirra hefir svo lítið gætt, að landar vorir annarstaðar hafa tæpast eða alls ekki vitað af þeim. Þeir hafa haft hægt um sig og ekki borist á.

Félagslíf þeirra á meðal mun vera dauft, eins og gefur að skilja, miðað við það, sem er í öðrum stærri bygðarlögum landa vorra. Þó hafa þeir haldið Íslendingadags hátíð þar á tanganum í sl. 2 ár, í fögru skógarrjóðri, að heimili hr. Stefáns Jónssonar, um 12 mílur vegar norður frá Winnipegoses bæ, og hafa þær samkomur verið vel sóttar, jafnt af þeim, sem búa í bænum, og hinum, sem dvelja á tanganum. Í hópi Íslendinga þar eru að minsta kosti tveir, máske fleiri, góðir hagyrðingar, og hafa þeir flutt kvæði á þessum hátíðum.

Líklega er óhætt að gera ráð fyrir, að Íslendingar haldi áfram að hyggja Red Deer tangann, og að þeir festi sér þar heimilisróttarlönd strax og mæling hefir verið gerð þar. Sennilega verður þar aldrei mikið um akuryrkju, því að land þar er svo lágt, að vafasamt er, hvort framræsla kemur að haldi vegna yfirvofandi vatnshækkunar þegar minst varir. En samt er lífvænlegt á tanganum og líkindi og enda vissa fyrir því, að löndum vorum muni farnast þar eins vel eins og víða annarstaðar í bygðum þeirra hér vestra.

Smælingjar.

Fimm sögur eftir Einar Hjörleifsson. Útg. Ólafur S. Thorgeirsson, Winnipeg 1908.

Þessi bók, sem er alveg nýprentuð, er í 8-blaða broti, um 130 bls. að stærð. Hún er prentuð á góðan pappír, með skýru letri, og í gyltu leðrétsbandi.. Allur frágangur bókarinnar er vandaður, að meðtöldu bandinu.

Fjórar fyrstu sögurnar eru stutt ar, en sú fimta og síðasta all-löng. Allar eru þær skemtilegar, eins og alt, sem Einar ritar. Blærinn er þeim er ram-íslenzkur, og tilgangur höfundarins er sýnilega sá, að draga athygli íslenzku þjóðarinnar að ýmsu því, sem athugavert er við nútíðar hugsunarháttt hennar, og vekja hana til réttra skoðana við skynsamlega yfirvegun hlutanna.

Fyrsta sagan er um tilboð guðs til mannssálarinnar og val sálarinnar, sem neitaði öllum náðargjöfum drottins, nema þeirri einni, að geta fengið vald yfir mönnum. Löngunin til þess að ráða og ríkja var yfirsterkari öllum öðrum hvötum sálarinnar.

Önnur sagan heitir Fyrirgefning. Hún lýsir hugarþeli barns, sem var á sveit, til látinnar húsmóður sinnar, sem fremur hafði verið hörð við hana.

Þriðja sagan er Þurkur. Hún er af örvita vesalingi, sem legið hafði rúmfastur, en í óráðinu hafði hann farið á fætur til að sinna þurkun á heyi, og af umhyggju fyrir konu og fjölda mörgum börnum, sem hann átti, og sem lifðu við skort og örbirgð. Í þessu óráði gekk hann svo nærri kröftum sínum, að hann örmagnaðist og dó snögglega.

Fjórða sagan, Skilnaður, er um angist aldraðrar konu, út af því, að sonur hennar, fátækur fjölskyldumaður, hafði ákveðið, að flytja með skyldulið sitt til Ameriku, til þess að tryggja það, að hann og það lenti ekki á sveit á Íslandi.

Fimta sagan, sú langlangsta, er um Vitlausu Gunnu. Saga sú gerist í Reykjavík og er skemtileg.

Öll er bók þessi hin eigulegasta, og ætti því að seljast vel hér vestra.. Vér óskum herra Thorgeirssyni þess, að hann hafi verðskuldaðan hagnað af þessari hugnæmu og snotru útgáfu.

Ódýr hraðskeyti.

Fundur mikill var haldinn í London á Englandi þann 11. þ.m. til þess að ræða um ódýrar hraðskeyta sendingar með hafþráðum. John Henniker Heaton, póstmálastjóri Breta, sá sem fyrstur kom fram með tillöguna um "penny" póstgjald fyrir ½ únzu bréf innan takmarka brezka veldisins og Ameriku, og kom þeirri hugmynd í framkvæmd, — var á fundi þessum ásamt öðrum stórmennum og hélt þar snjalla ræðu um þörfina á því, að færa gjald fyrir hraðskeytasendingar með hafþráðum um öll heimsins höf niður í 2 cent hvert orð. Hann hélt því fram, að full nauðsyn væri til þess, að þjóðvinir hefðu samtök til þess að binda taðurlaust enda á einveldi það, sem hafþráðafélögin hefðu til þessa tíma haft og hefðu enn þá á sendingum hraðskeyta með þráðum sínum. Hann lagði það til, að þjóðirnar hefðu samtök til þess að kaupa allar hafþráðaeignir félaganna með núverandi virðingarverði, og gera þessi fréttatæki að þjóðeignum, hvað svo sem það kynni að kosta. Til þess að koma þessu í framkvæmd, vildi hann láta stofna til fundar með öllum póstmálastjórum hinna ýmsu þjóða í Evrópu, og síðan skyldi þær eiga annan fund með póstmálastjórum hinna ýmsu ríkja á hinu amerikanska meginlandi, með þeim tilgangi, að samkomulag gæti fengist til að koma fréttagjalda lækkunni í framkvæmd. Hann kvað þá hafþræði, sem nú væru notaðir, færa til þess að flytja 12 sinnum meira fréttamagn en þeir gerðu, og að eigendur þeirra vildu heldur láta þá vera aðgerðalausa, en að láta þá flytja skeytin með sanngjörnu verði, og honum taldist svo til, að gjarnan mætti hafa sanngjarnan hagnað af því, að senda skeytin milli landa fyrir 2 cents hvert orð. Herra Heaton kvað hér vera að ræða um alheimsþarfa-mál, sem laust ætti að vera við alla pólitík eða þjóðlanda takmörk. Hann vildi að gjaldið yrði sameiginlegt hjá öllum þjóðum. Í raun réttri ættu fregntæki þessi að vera alheimseign, og starfrækt samkvæmt þeim skilningi, að þau bindu þjóðirnar bræðrabandi, og væru til óhindraðra nota, hverjum sem vildi nota þau gegn hinu ákveðna lagagjaldi.

Herra Marconi, sem var á fundi þessum, bauð þegar að flytja öll hraðskeyti milli Englands og Canada fyrir 2 cents hvert orð, ef stjórnir landanna vildu taka að sér, auk tveggja centa gjaldsins, að bera kostnaðinn við endastöðvarnar beggja megin hafsins.

Þessu boði var tekið svo, að líkur eru til þess, að samningar verði gerðir við Marconi um loftskeytasendingar yfir Atlantshaf með 2 centa gjaldi.

Póstmálastjóri Canada var og á þessum fundi, og lofaði að vera máli þessu sinnandi. Ýmsir aðrir töluðu þar og voru meðmæltir nýmæli þessu, að undanteknum Sir Wolfe Barry, sem hélt að loftskeytasendingar væru óáreiðanlegar, og ekki hægt að láta þráðastarfið borga sig með tveggja centa gjaldi. Hann mintist þess, að þegar skeyti voru fyrst send með hafþráðum, kostuðu þau $5 orðið, en væru nú komin niður í 25 eða 30 cents hvert orð, og það tanst honum nægilega lágt gjald.

Brezk blöð hafa síðan rætt mál þetta og þykir líklegt, að tveggja centa hugmyndin komist í framkvæmd. Þau benda á, að þráðurinn milli Englands, Canada og Ástraliu hafi kostað 10 milíónir dollara, og að afleiðingin af starfrækslu hans sé sú, að hluthafarnir fái engan arð af innstæðufénu, en í þess stað sé tekjuhallinn um 320 þúsund dollara á ári, með því gjaldi, sem sé sett á fregnsendingar. Að eins Ameríku eða Bandaríkjamenn hafi hagnað af þessum þræði, af því, að þeir geti notað hann með sama gjaldi fyrir fregnsendingar eins og Bretar og Canadamenn, en þurfi ekki að bera neinn kostnað í sambandi við tekju hallann. Blöðin segja, að tíu centa gjald fyrir orðið nægi ekki til að mæta starfskostnaði, og að tuttugu og fimm cents fyrir orðið sé hæfilegt, þegar tillit sé tekið til þess, að með "Code" fyrirkomulaginu megi senda frá 20 til 50 orð í einu "Code"-orði, og þá sé gjaldið í raun réttri að eins hálft cent fyrir orðið. Þau segja og, að 98 prósent af öllum fregnsendingum með hafþráðunum sé sent með þessari "Code"-aðferð. Því er og haldið fram, að sum þau hafþráða félög, sem talið er að borgi sig, gefi hluthöfum sínum ekki yfir eitt prósent vexti af hlutum þeirra, og önnur, svo sem Western Union félagið, borgi 2 prósent árlegan arð af félagshlutunum, og þau, sem bezt borga sig, greiða 4 prósent í vexti á ári.

Blaðið Daily Telegraph, í ritgerð dags. 2. nóv., getur þess, að fyrir fáum árum hafi hafþráðafélögin komið sér saman um, að setja gjaldið niður í 12 cents hvert orð. En reynslan hafi sýnt, að það borgaði sig ekki af því, að starfið undir lækkuninni jókst að eins um 10 prósent, en inntektirnar fóllu 45 prósent, og þess vegna urðu félögin að færa gjaldið upp aftur í 25 cents fyrir hvert orð yfir hafið. Blaðið segir ennfremur, að þeir, sem haldi fram þeirri kenning, að með lækkun notagjalda verði fleiri hraðskeyti send með þráðunum, — fari með rangt mál, eins og reynslan hafi þegar sýnt. Mismunur á tíma í London á Englandi og í New York eða Chicago eru 5 kl.stundir. Annamestu stundirnar í London eru milli 2.30 og 6 e.h., sem er sama sem kl. 9.30 f.h. til kl. 1 e.h. í New York. Þá starfa hafþræðirnir alt, sem þeir orka, og gætu ekki gert meira, þó þeim bærist meira verkefni. Þeir, sem þræðina eiga, þurfa því ekki að lækka gjöldin til þess að draga að sér meira starf, svo að lækkun gjaldanna hefði þau einu áhrif, að minka inntektirnar og gera gjaldþrot.

Þetta eru í stuttu máli ástæður þeirra, sem mæla móti gjaldlækkuninni. Þeir halda því jafnframt fram, að þó að stjórnirnar geti borgað úr ríkissjóðum þann tekjuhalla, sem leiðir af lækkun gjalda fyrir hraðskeytasendingar með hafþráðunum, þá hafi þær engan rétt til þess, að nota skatta gjaldþegnanna til þeirra hluta, því að það virðist eðlilegast, að þeir, sem þræðina eiga og starfrækja þá, sjái fyrir inntektunum. En hins vegar væri það æskilegt, að slíkir þræðir væru þjóðeign og starfrækt af þjóðinni, þá gætu þær miðað hraðskeytagjöldin við starfskostnaðinn, svo að notendur borguðu að eins það, sem þeim bæri réttilega. Hvorki meira né minna.

Greenway.

Nú er Greenway fallinn frá,
fóla ásynd bar hann.
Eitt þó segja um hann má:
Ekki þjóður var hann.

Hann í stjórnarstöðu þó
stóð um sína daga,
ekki ríkur út af dó. —
Enduð hans er saga.

Margir hinna sæmu seim,
sem eru miður vænir.
Fylgja karli í guða-geim
Grétta og Tóra bænir.

Jónas.

Giftingaleyfisbréf
selur Kr. Ásg. Benediktsson
540 Simcoe st. Winnipeg.

Kæru skiftavinir!

Þar sem nú jólin enn einu sinni eru í nánd, munum við öll vera fúsir að hugsa um, hvar og hverjar JÓLAGJAFIR kaupa skuli þetta ár handa skyldmennum vorum og vinum, — og getum vér ekki bent yður á neitt hentugra pláss til þess að kaupa slíka muni með sanngjörnu verði enn hjá

E. THORWALDSON & CO
Mountain, N. D.

því þar eru allir hlutir til sölu undir einu þaki, frá tvemur króka pörum upp að heilli bújörð.

10--25 prósent afsláttur

Gullstáss af margskonar tegund.
Jóla-Skrautkassar af mörgu tagi.
Jóla-Leirtau, skrautmálað.
Finindis Húsmunir af allri tegund.
Silvervare af ýmsu tagi.
Og allskyns Stáss-Álnavara og silki, og margt og margt fleira, sem þénanlegt væri fyrir Jólagjafir.

Og alt þetta verður selt fyrir 90 cents dollarsvirðið nú fyrir jólin, og sumar vörur með 25 prósent afslætti, sem við erum að hreinsa upp fyrir vorið.

Láka getum við 18 pund af röspuðum sykri fyrir dollarinn, og 17 pund af Molasykri og okkar 20c Kaffi, álþekt fyrir að vera það bezta 20c kaffi, sem nokkurstaðar er hægt að fá, á 18c pundið.

Við borgum fyrir Nauðtgripa-Húðir 10c pundið, 25c fyrir smjör og 30c fyrir egg. Hættið að senda peninga yðar til Sears Roebuck and Co. og kaupa köttinn í pokanum. Kaupið fyrir þá hjá yðar heima-verzlara, E. Thorwaldson & Co., sem undirgangast að mæta Sears Roebuck prísum á öllu, sem þeir hafa til sölu, takandi gæði á vörum til greina.

Komið sem allra fyrst, — biðið ekki þar til seinustu dagana fyrir Jólin. Með því er hægt að afgreiða alla með mestu reglu.

Með beztu þökk fyrir yðar góðu og miklu viðskifti.

E. Thorwaldson & Co.
By E. Thorwaldson.
Mountain - - N. Dak.

Veðrabrygði.

Framh. frá 3. bls.

vitjaði þeirra sem prestlausir voru af hverju sem prestleysið stafaði. Fróðlegt væri að vita, hvað Mr. W.H.P. meinar með prestskapnum í hinu frjálsa fyrirkomulagi. Hver er munur á séra Jóni Bjarnasyni og séra Fr. J. B. öðrunegin og skólapiltunum S. og G. hinumegin? Þeir prédika allir, mega allir fara með sakramentin, og sumir kalla þá alla séra. Eg sé engan mun annan en þann, að S. og G. mega ekki gefa saman hjón, vegna landslaga, en ekki af því, að "okkar frjálsa fyrirkomulag" muni álíta það helgara en alt hitt. Ætli prestskapurinn geti ekki horfið alveg? Og hverjum væri um kent? Óefað sölnuðunum, því þeir bera alla ábyrgð! Kirkjuþingsmenn, kirkjufélag getur verið „ósköp kirkjulegt, þótt prestskapur sé misjafn.

3. "loksins misti hann alveg af þeim sölnuðum, sem hann hafði þjónað". Þetta eru staðhæfulausar staðhæfingar. Það verður um engan sagt, að hann missi það, sem hann ekki heldur í, eða varpar frá sér. Láðirnir 2 og 3 eru svo samtvinnaðir grái og mórauðu, að ég fer sem fæstum orðum um þá, og álít ekki rétt, að nota tækifærið, neyðarástand kirkjufélagsins, til þess að segja söga mína og þess, því það gerði ég ekki nema að segja satt, og nafngreina þá menn, sem að því hafa unnið, að hið frjálsa fyrirkomulag er í því ástandi, sem það nú er. Það verður nóg ferð á hnoðanum, þegar það kemur neðar í brekkuna, þótt ég sparki ekki til þess. En þessir tveir liðir geyma sinn guðlax.

4. "var að fást við lítilsháttar trúboðsstarf í prestlausum bygðum Íslendinga". — Trúboðsstarf er Drottins eins um að dæma, og ekki síst í prestlausum bygðum, því hann gefur ávöxtinn. Trúboðsstarfi minn hefir verið og er í því fólginn, að prédika Jesú Krist og hann krossfestan, og leiða guðsdýrkunina inn í hús og hjörtu, en ekki út úr þeim, og hefi ég látið erindi drottins sitja í fyrirrúmi fyrir erindi hins frjálsa fyrirkomulags". Og væri nú ekki af vegi,þótt kirkjufélagið gerði grein fyrir í hverju og að hve miklu leyti það hefir víkið frá trúarjátning þeirri, sem það heldur upp fyrir Íslendingum.

5. "Hann var blásnauður maður og hélt sér uppi á þessu". — Þetta eru vítaverð meiðyrði. Rétt eins og ef ég segði, Mr. W.H.P. er ekki centsvirði, svo liggur skammarleg aðdróttun í orðunum "hélt sér upp", sem vítnar gegn lofsöng Mr. W.H.P. um Canada, land tækifæranna. Nei, þú mikli kirkjufélagsþjónn, ég er ekki leiguliði, sem klifra yfir girðingar, — ég veit hver er vegurinn, ég veit hver er hliðið, ég þekki minn frelsara Jesú Krist. Þekkir þú hann? Ég sé þess ekki merki sem sændur. — Ég læt mér nægja guðs náð, og hefi fundið það eins og Jósep, að þið ætlaðuð að gera mér ilt, en Guð hefir snúið því til góðs. Ég ætla að minna Mr. W.H.P. á skáldsögubrot um Gosi á Breiða fékk versta vitnis[illegible] þegar hann útskrifaðist úr sk[illegible], svo ómögulegt var að klína honum í embætti. En kunningjar hans hjálpuðu honum að ná í einhverja agents stöðu, og loks komst hann að landsölu "business" og leið allvel. Gosi átti frænda í skóla, sem honum var ant um, og Kálfur hét. Að loknu prófi kom Hrani á Bóli til Gosa og segir honum ófarir Kálfa, að hann hafi rétt að eins sloppið með lægsta stig. Þá segir Gosi: Aumingja bjálfinn, hvað ætli verði úr honum, kálfinum! Þá tekur Hrani fram í og segir: Sei, sei, Gosi minn, Kálfur getur æfinlega orðið agent eða landsölumaður, nóg eru tækifærin í Ameriku. Leit þá Gosi undan og segir: Það er nú satt, það er eins og hver sjáá sjálfan sig.

6. "Líka fæst hann eitthvað ofurlítið við lækningar". — Furðanlegt! Hér segir Mr. W.H.P. satt, ég hefi gert það í 40—50 ár, því það ber öllum prestum að gera, og flestir prestar reyna að ná þeirri þekkingu, að þeir geta leiðbeint safnaðarfólki sínu, og hjálpað í sjúkdómum, og veit ég ekki til, að nokkurt kirkjufélag forsmái eða forsómi þá þekking, nema hið íslenzka kirkjufélag hér vestra, — þótt það sé beint ákvæði Evangelía.

7. "En svo kvisaðist, að hann væri farinn að fást við andatrúboð". — Þetta má heita smiðshöggið, "punctum saliens", og auðséð að pilt grunar hér, að eigi muni alls kostar hægt að sanna slíkt, nema hann vilji sjálfur segja, sem vart mun fjarri sanni: — Ó, ég fann sjálfur upp þann kvitt. — Ég hefi aldrei heyrt andatrúboð nefnt fyrri, en Mr. W.H.P. og kirkjufélagið eiga í fórum sínum bréf mitt frá 1907, þar sem ég neita aðdróttunum frá 1903 og skýrslu af 29. júní 1904 í bl. Telegram, sem eignuð er einhverjum kirkjufélags manni eða mönnum, og ekki hefir verið af sér borið, en sem ósönn er. Ég á ekkert skylt við andatrúboð Mr. W.H.P.. Hann um það, og þeir sem honum fylgja — en ég fylgi það tímanum, að ég kræki í Guðlaxinn, þótt hann stingi hausnum undir hempufaldinn.

Þar sem Mr. W.H.P. talar um játningu mína fyrir kirkjufélaginu, þá er það bláber vitleysa, og skeppi ég því máli að svo stöddu.

Grein Mr. W. H. P. um mig ber það með sér, hver tilgangur hennar er, og ætla ég hvorki séra J.B. eða séra Fr.J.B., að þeir hafi fengið eða keypt eða dáleitt Mr. W.H. P. til að skrifa eins og hann hefir skrifað. Kirkjufélagið skrifar sína sögu, en Mr. W.H.P., sem alveg að óþörfu dregur mig og starfa lífs míns inní varnarskjal sitt gegn Mr. E.H. og séra Fr.J.B., hefir hugsað sér, að nú væri hentugleiki að slá tvær flugur í sama höggi, og taka séra O.V.G. fyrir og berða að hnútum þeirrar grafskrift ar, sem honum væri ætluð á sínum tíma.

Í grein Mr. W.H.P. er auðsæ slægðin og uppgerðar ofstækið, þegar hann er að ávíta prestana fyrir meðferðina á þessum gamla útskrifaða manni, sem hann svo kallar, því hann þekkir "sína" og hvað "þeim kemur", og þau áhrif, sem henni er ætlað að hafa, eru í samræmi við aðferð nokkurra safnaðar meðlima í Concordiasöfnuði og Brandon, sem réttara álitu, að vera prestþjónustulausir, heldur en fá séra O.V.G., af því hann væri ekki í kirkjufélaginu. En kirkjufélaginu hefði verið sómasamlegra, að biðja séra O.V.G., að vinna hjá þessum vanræktu sölnuðum, þar það engan prest gat mist, heldur en að setja skólapilt í kaupavinnu hjá þeim.

Með grein sinni er því auðsætt, að Mr. W.H.P. hefir ætlað að skjóta því inn í "söguna", sem ég hefi þegar mótmælt sem ósönnu, og má hann nú með félögum sínum njóta Guðlaxins, hann er undan steini og hempu.

Til þess að skrifa söguna, þarf ritarinn að hafa marga sérstaka hæfileika, en ,sannleiksást og samvizkusemi eru óumflýjanleg skilyrði.

Hverjum væri trúandi til að skrifa sögu 3x3 manna, t.a.m.:

1. Séra Jóns Bjarnasonar, séra Fr. J. Bergmanns og séra B. B. Johnsonar.
2. Mr. Guðna Thorsteinssonar, Mr. St. Sigurðssonar og séra Jónasar A. Sigurðssonar.
3. Mr. W. H. Paulsonar, Mr. Klemens Jónassonar og Mr.Bjarna Marteinssonar.

En enginn er asinn! —— —

Gamli Njáll og Helgi magri eru ekki týndir, þótt þeir hvílist um stundarsakir, og blasi ekki á blaðsíðu hverri. Alveg sama ætti nú vel við Kain og Job, og mér finst skylda mín að vekja athygli Mr. W.H.P., fyrir hann og hans frjálsa fyrirkomulag, að því, að þeir undir komandi blessuð Jól, knuðu tök á G. T. og sintu þetur N. T., svo þeir fyrir sjálfa sig, hver einstakur, mæðu ljósi Morgunstjörnunnar björtu, og skoðuðu sig, sjálfa sig, vel. Þá, þótt þeir mæðu ekki að þekkja sjálfa sig, þá fengju þeir samt að sjá myndir, og það er frumstigið. Að þekkja sjálfan sig, leiðir að því, að dæma sjálfan sig, og það er hart, því "allir þurfa að lifa", — "að halda sér uppi".

Einn lifir á staðhæfingum í Bé!
Annar lifir á samsuðu, eh, how?
Þriðji lifir á lyktinni, "free beef".

En
Hvað segir vaðhápé?
Ef "a" er lokið þá kemur "b".
Hvað 15 ára samtíð sé?
Síður en ekki vophalé!

Því
Heimurinn þýtur um hálan geim
í hringiðu líki!
Knúður áfram af kröftum tveim,
kirkju — — og — — ríki!
Kirkjuvaldsríki!

Winnipeg, í nóvbr. 1908.

Oddur V. Gíslason,
lúth. prestur.

Með því að biðja sérlega um "T.L. CIGAR," þá ertu viss að fá ágætan vindil.

T.L. CIGAR

T.L.

(UNION MADE)

Western Cigar Factory
Thomas Lee, eigandi Winnipeg

$3 VIRÐI FYRIR $2

Örfá orð til þeirra sem EKKI kaupa blaðið Heimskringlu:

EF AÐ VÉR tækjum $3.00 upp úr vasa vorum og biðum yður þá í skiftum fyrir $2.00 þá munduð þér fljótt taka boði voru. — Vér ætlum nú ekki að gera það, ekki beinlínis, en vèr ætlum að gefa yður tækifæri, — sem þó ekki kemur oft fyrir, — að fá keypt $3.00 virði af LESMÁLI fyrir $2.00. — Ef að þér sendið oss $2.00 nú þegar, þá skulum vér senda yður Heimskringlu frá þessum tíma til 1. aprìl 1910, í 15 mánuði, ($2.50 virði), og sömuleiðis eina rífandi skemtilega 50 centa sögubók í góðri kápu. — Og þá fáið þér $3.00 virði af lesmáli, og það fjölbreyttu, fyrir $2.00. — Þèr, sem EKKI kaupið Heimskringlu, notið yður þetta tækifæri, — skrifið eða komið til vor í dag, Á MEÐAN ÞÉR MUNIÐ!

Heimskringla, P.O.Box 3083, Winnipeg, Man.

Katrín Soffía Pálsdóttir.

Fædd 12. júlí 1884. Dáin 5. nóvember 1908.

Þú kvaddir oss, frá austri sólin lýsti
og allir hugðu langt að kaldri nótt,
í vinahóp þig fram á veginn fýsti,
með fjör og gleði, æskutraust og þrótt.
Hið blíða vor þig vafði hlýtt að barmi,
og vonardísir kváðu sigurlag,
en engin rödd af hretum lífs né harmi
þitt hjarta snerti þennan bjarta dag.

En vajt er heimsins hverfulleik að trúa,
í hendi guðs er lífsins daga tal,
og stundir enda oft, sem vinir búa
með oss, svo fljótt í þessum tímans dal.
Þá verður dimt á dauðans köldu ströndum,
en drottins mildi skín í gegn um tár
og bendir hug að himins dýrðarlöndum,
þar hjörtum manna engin blæða sár.

Ó, kæra dóttir, brátt er enduð brautin, —
nú byrgir þig hin kalda, dimma gröf.
Já, svápleg hörð og sár var hinsta þrautin,
við syrgjum okkar fögru lífsins gjöf.
Þú sýndir öllum ást og kærleiks-vilja,
sú endurminning gefur von og traust. —
Þó falli tár þá tryggir vinir skilja,
ei tapast það, sem varir endalaust.

Í nafni foreldranna, M. M.

Redwood Lager og Extra Porter

Styrkið taugarnar með því að drekka eitt staup af öðrum hvorum þessum ágæta heimilis bjór, á undan hverri máltíð. — Reynið !!

EDWARD L. DREWRY Manufacturer & Importer Winnipeg, Canada.

Department of Agriculture and Immigration.

MANITOBA

Þetta fylki hefir 41,169,089 ekrur lands, 6,019,200 ekrur eru vötn, sem veita landinu raka til akuryrkjuþarfa. Þess vegna höfum vér jafnan nægan raka til uppskeru tryggingar.

Ennþá eru 25 miliónir ekrur óteknar, sem fá má með heimilisrétti eða kaupum.

Íbúatala árið 1901 var 255,211, nú er hún orðin 400,000 manns, hefir nálega tvöfaldast á 7 árum.

Íbúatala Winnipeg borgar árið 1901 var 42,240, en nú um 115 þúsundir, hefir meir en tvöfaldast á 7 árum.

Flutningstæki eru nú sem næst fullkomin, 3516 mílur járnbrauta eru í fylkinu, sem allar liggja út frá Winnipeg. Þrjár þverlandsbrauta lestir fara daglega frá Winnipeg, og innan fárra mánaða verða þær 5 talsins, þegar Grand Trunk Pacific og Canadian Northern bætast við.

Framför fylkisins er sjáanleg hvar sem litið er. Þér ættuð að taka þar bólfestu. Ekkert annað land getur sýnt sama vöxt á sama tímabili.

TIL FERDAMANNA:

Farið ekki framhjá Winnipeg, án þess að grenslast um stjórnar og járnbrautarlönd til sölu, og útvega yður fullkomnar upplýsingar um heimilisréttarlönd og fjárgróða möguleika.

R. P. ROBLIN,
Stjórnarformaður og Akuryrkjumála-Ráðgjafi.

Skrifið eftir upplýsingum til

Joseph Burke, 178 LOGAN AVE., WINNIPEG.
Jas. Hartney, 77 YORK ST., TORONTO.

til þess að fyrirlíta hann, — því gagnvart því var hann meðaumkvunarlaus, hleypidómafullur og óréttlátur dómari.

Hann hafði aldrei á hinum daglegu samverutímum þeirra talað til hennar í hinum blíða tón, sem henni fanst svo hræðilegur, og sem hún reyndi að sporna á móti með því að vera eins óþýð og henni var unt. Hann var ávalt mjög kurteis, en kuldalegur við hana. Þó kom þetta fremur í ljós í andlíti hans enn orðum, því að undanteknum hinum allra nauðsynlegustu spurningum, talaði hann næstum aldrei við hana. — Ríkisstjórafrúin var um þessar mundir svo keipótt, að til vandræða horfði. Fyrst hafði hún látið, sem væri hún vöti sínu fjær, yfir því, að Felicitas skyldi stunda barnið, en hvorki hún né Rós[illegible] Prófessorinn varð að skipa henni með harðri hendi að hlýða, áður en hún léti undan. En honum var ekki hægt að hindra hana í því, að gægjast þeggjandi inn um dyrnar, næstum hvert augnablik, — og þó varð barnið mjög hrætt í hvert sinn er það leit móður sína. — En undarlegt var það, að alt af hittist svo á, að þau voru þá ein inni, Felicitas og prófessorinn. — Hún grét og neri saman hvítu höndunum sínum. — Ekkert mannsandlit er fagurt ásýndar, ef það grætur beiskum tárum, — þó auðvitað láti skáldin uppáhaldsbetjur sínar vera fagrar í tárum og sorg sinni. — Andlit ríkisstjórafrúarinnar tútnaði samt ekkert við tár hennar, hægt og hægt runnu þau niður kinnarnar. — Hver einn og einasti góður málari hefði viljað mála mynd af henni þannig, og álitið ekkert fegurra enn hana í sorg sinni. — Hvílíkur munur var þó ekki á henni og hinni fölu og þreytulegu ungu stúlku, er búin var að vaka lengi við rúm barnsins. — Á hverju kveldi kom frúin í fallegum náttkjól með knýplingakappa á höfðinu og guðsorðabók í hendinni. — Hún vildi vaka. — Alt af voru

sömu orðahnippingarnar milli hennar og prófessorsins. — Hún endurtók alt af, að hún gæti ekki þolað, að vera svift móðurrétti sínum, og vildi sjálf gegna skyldum sínum. — Svo gekk hún kveinandi burt, grét ofurlítið, og vaknaði svo næsta morgun — sem nýútsprungin rós.

Það var niunda kveldið eftir að litla Anna veiktist.— Barnið lá í dvala og af og til heyrðust frá vörum þess stunur. — Prófessorinn hafði lengi setið við rúmið, og hvíldi þungbúinn höfuðið í höndum sér. — Alt í einu stóð hann upp og benti Felicitas að koma inn í næsta herbergi.

"Þér vöktuð í fyrrinótt, þér hafið hvorki sofið í gær eða í dag, — og þó krefst ég enn þá meira af yður", mælti hann. — "Þessi nótt leiðir í ljós, hvort barnið lifir eða deyr. — Ég gæti að vísu látið frænkonu mína eða Rósu vera hjá henni, því hún er meðvitundarlaus, en ég þarfnast menneskju, sem er gætin og hefir góðan vilja. — Getið þér vakað enn þá í nótt?"

"Já".

"En þér munuð líða í kvalafullri óvissu. — Haldþér að þér hafið nógu mikið þrek til þess?"

"Já, það hugsa ég. Mér þykir vænt um barnið, og í stuttu máli: Ég vil gera það".

"Berið þér svo mikla tiltrú til viljakrafts yðar?" — Málrómur hans var hlíðlegur.

"Hann hefir hingað til ekki svikið mig", mælti hún rólega. Hún varð alt í einu kuldaleg og þóttafull.

Nóttin kom, yndisleg og þögul vornótt. Tunglið var í fyllingu og lýsti yfir hinn kyrláta bæ. Það gægðist inn í stóra útsvalaherbergið í gamla kaupmannshúsinu. Það kastaði geislum sínum á myndirnar, er héngu á veggjunum, og það var sem fengju þær nýtt líf. Útsaumuðu blómin í gólfábreiðunni sá-

ust glögglega, og kristalls ljósakrónan sem hékk niður úr loftinu, kastaði ljósbrotum til allra hliða. — En inni í hinu skuggsýna herbergi, yfir rúmi barnsins, tók sér aðsetur hræðilegt vald og umkringdi það á alla vegu. Hringurinn varð æ þrengri og þrengri, og dýpra og dýpra laut það niður að hinum litla, titrandi líkama. — Barnið hafði ákafan krampa. — Prófessorinn sat við rúmið og horfði stöðugt á barnið, sem í krampateygjunum varð alveg óþekkjanlegt. Hann hafði nú reynt alt, sem í hans valdi stóð, — og nú varð hann að bíða, og sjá, hvort náttúrukraftarnir megnuðu að heyja hina ógurlegu baráttu við dauðann.

Klukkann á nærliggjandi turni sló nú hægt — tólf. Það fór kaldur hrollur um Felicitas, þar sem hún sat þeggjandi við fótagafl rúmsins. — Henni fanst sem þessi hljómmiklu slög mundu taka sál litlu stúlkunnar, og hafa hana á burtu með sér. — — —. Og — líkami barnsins, er áður hafði skolfið svo ákaft, varð nú hreyfingarlaus. Hendurnar, er áður höfðu krepst saman, réttust upp og féllu aflvana niður með síðunum, — og rétt þar á eftir lá litla höfuðið hreyfingarlaust á koddanum. — Prófessorinn laut niður að barninu, — enn liðu tíu hræðilegar mínútur — þá leit hann upp og mælti í hálfum hljóðum hrærður mjög: "Nú vona ég að hún lifi".

Felicitas laut yfir rúmið. Hún sá, að barnið andaði djúpt og reglulega, og svaf vært. — Þeggjandi gekk hún inn í hliðarherbergið, staðnæmdist við gluggann og andaði að sér næturvalanum. Hún studdi dauðþreyttu höfðinu við steingluggakistuna og hendur hennar féllu máttlausar niður. Blóðið sauð í æðum hennar. — Það var heldur ekki að undra, því inni í heitu, litlu stofunni hafði dauðinn liðið framhjá einu mannslífi. — Hún hafði verið í svo mikilli taugaæsingu síðustu klukkustundirnar, að því verður

ekki með orðum lýst. — Ekkert annað hljóð barst að eyrum hennar, en vein það, er barnið við og við rak upp, — og hún hafði ekkert annað séð, en það í krampateygjunum, og hið alvarlega andlit læknisins, er þegjandi benti henni, þá hann þarfnaðist hjálpar hennar. — Þau voru alein innan fjögra þröngra veggja. Þau sameinuðu krafta og meðaumkvun sína til þess að hjálpa náunga sínum, þó á milli þeirra stæði breiður veggur af hatri og hleypidómum.

Hin unga stúlka starði hinum brennheitu augum sínum á framhlið ráðhússins, er tunglið skein glatt á. Líknæskjur stóðu beggja megin við það. — Hinn hálagi Bonifacius og hitt var kvenmannsmynd, — það var alveg eins og þau væru lifandi. — En hvað stoðaði það, þó þau stæðu þarna eins og aðrir verndarenglar. Rétt undir verndarvæng þeirra hafði ólánið skeð. Hinir þrir gluggar, er voru nú upplýómaðir af tunglbirtunni, höfðu líka hið ógæfusama kveld verið uppljómaðir, — og þar sem nú að eins tunglgeislarnir féllu á gólfið, — þar hafði hún óhrædda fagra skjaldmey gengið fram fyrir mannfjöldann og hinar ógnandi byssur hermannanna, — en undir brynju hennar sló viðkvæmt og angistarfult móðurhjarta. — Einmana í ókunnu húsi svaf barn hennar, á meðan hún vann sér inn fyrir lífsnauðsynjum þess, — og vegna þess kom hún alt af fram fyrir fólkið, þangað til að lokum hún beið dauða af byssukúlunni. — Prófessorinn gekk nú út úr herbergi barnsins, og lét hurðina hægt aftur á eftir sér. — Hann gekk til Felicitas, er stóð kyr við gluggann.

"Nú sefur hún rólega", mælti hann. "Ég skal vera hjá henni það sem eftir er af nóttinni. Gangið nú til hvílu".

Felicitas svaraði engu, en gekk þegjandi fram að hurðinni.

"Ég hélt að við að þessu sinni myndum ekki

Business College

FÉKK FYRSTU VERÐLAUN Á SAINT LOUIS SÝNINGUNNI.

Cor. Portage Ave and Fort St.

Dag og kveld-kensla. Leitið fullra upplýsinga og biðjið um vora nýja pappírshnífs ókeypis. Vér kennum enska tungu.

G. W. DONALD, ráðsmaður.

MARKET HOTEL

146 PRINCESS ST. á móti markaðnum

P. O'CONNELL, eigandi, WINNIPEG

Bezta tegundir af vínföngum og vindum, aðhlynning góð, húsið endurbætt

JOHN DUFF

PLUMBER, GAS AND STEAM FITTER

Alt verk vel vandað, og verðið rétt

664 Notre Dame Ave. Phone 3815

Winnipeg

Strathcona Hotel

Horni Main og Rupert Str. Nýbygt og ágætt gistihús; Gest um veitt öll þægindi með sanngjarnasta verði. Frí keyrsla til og frá öllum járnbr. stöðvum. Beztu vín og vindlar; og herbergi og máltíðar ágætar.

McLaren Brothers

EIGENDUR

Hotel Pacific

219 Market Street Winnipeg | H M. Hicks Eigandi Manitoba

Telephone 1338

Ný-endurbætt og Ný-tízku hús í alla staði. Viðskifta yðar óskast virðingarfylst.

$1.25 a Dag



$1.50 Á DAG

Bezta $1.50 gistihús í Winnipeg

BRUNSWICK HOTEL

Horni Main St. og Rupert Ave.

Besta borðhald; Hrein og Björt Herbergi; Finustu Drykkir og Bestu Vindlar. Ókeypis Vagn mætir Öllum Trainlestum. Reynið oss þegar þú ert á ferð.

Veðrabrygði.

Fári Mr. W. H. Pálssonar, svarað af séra O. V. Gíslasyni.

Ristu mér hugðist neyðar að nýtaku biskups-sveina, hyrla því gjörir "leiddum lýð" "hann leiði" þvegina — hreinn

Herra ritstjóri Lögbergs !!

Í heiðruðu blaði yðar af 24. sept. og 1. okt. sl. hefir Mr. W. H. Pálsson skrifað all-langa grein, sem hann nefnir "Veðrabrygði", og þar sem honum hefir þóknast, að taka mig til samanburðar til stuðnings málstað sínum, þá hefir honum tekist það svo klaufalega, að þar úir og grúir af ölgum, ósannindum og brotum gegn áttunda boðorðinu, svo mér er ekki hægt að "viðra fram af mér", að svara honum eins og honum hæfir og hans "frjálsa fyrirkomulagi", og bið því yður að flytja þessi mótmæli mín í blaði yðar sem fyrst.

Vindhanar eru ágæt verkfæri í veðrabrygðum. Það eru ekki að eins veðrin og veðrabreytingin, sem oft valda miklu tjóni, ef ekki er við þeim búist, heldur einnig veður-staðan, og er því nauðsynlegt að hafa gætur á henni, því vítt menn hvaðan hann blæs, geta menn rent grun í hverju hann blæs og brugðið upp skjólunum, en á engu æst betur en vindhananum, hvaðan hann stendur.

Greinin "Veðrabrygði" á að vera vörn í því máli, sem ég er ekki valdur að eða við riðinn, en þegar ég sá nafn höfundarins, þá vissi ég hvaðan hann stóð og hverju hann mundi í minn garð blása.

Mr. W. H. Pálsson þykist neyddur til þess, að rýfja upp smáatriði úr "sögunni", og segir —: "ÞAU FARA RÉTT MEÐ — ÞAU FARA EKKI Í MANNGREINARÁLIT. — ÞEIM ER ÓHÆTT AÐ TRÚA". Hann meinar sjálfsagt, að kirkjusögu okkar verði þið að taka gilda sem helga, sanna og óskeikula, og finnur hann sjálfur sárlega til þess, að hann má til að segra skáldsögu sína á sem sennilegastan hátt, til þess að blekkja lesendur sína. Og ef öll hans orð í áminstri grein, "Veðrabrygði", eru eins og sá hlutinn, sem mig varðar, þá er mér óhætt að segja: — "betur að hann hefði aldrei snert pennann". Því sagan, eða þau smá atriði sögunnar, sem hann svo kallar, og sem mig snerta, eru ósannur þvættingur, samsuða gorgeirs og fariseisku, falskur vitnisburður til svívirðingar þeim, sem hnoðað hefir.

Það er oldirískufull fúlmenska af W.H.P., að hrekja orð séra Jóns Bjarnasonar, sbr. Sameiningin 1903, október, og bréf mitt af 24. ágúst, og vekja grun um óáreiðanlegleik sögu kirkjufélagsins, sjá Áramót 1906 bls. 79 og 80, þótt þar sé ekki alt eins og vera skyldi. En Mr. W.H.P. er óumflýjanlegt, að gripa til neyðarúrræðis, því í þessum smáatriðum sögunnar, sem hann álítur nauðsynlegt að trúverðug þyki, liggur fiskur undir steini, sem æstir renna grun í að eigi sér stað nú á 20. öldinni.

Svo var sagt á Íslandi, að þegar laxinn (salmon) kæmi hausnum undir stein, þá hugsaði hann að hina hluti hans sæist ekki, þó bjart væri, og lá þess vegna kyrr. Þegar ég var við veiðar, kitti ég laxinn stundum í þessu ástandi, og krækti hann þá undan steinum með gaggi, en þar þurfti lag og snarræði, og hugsaði ég þó aldrei um, hvað laxinn hugsaði. En sömu aðferð hefði ég viðhaft, þótt við guðlax hefði verið að eiga, og hér, þar sem ég sé að "fiskur liggur undir steini", þótt í öðrum skilningi, mun ég fara líkt að.

Sem inngang þessarar rullu, sem Mr. W.H.P. leikur við mig, kemur hann eins og hreyfður hægri sunnangolu, með þessa hátíðlegu staðhæfing, sem hann ætlast til að sé trúað sem óefandi sannleika: — "Tvisvar hefir það komið fyrir í sögu kirkjufélagsins, að það hefir vikið presti burt úr félaginu".

Væri nú saga kirkjufélagsins þannig skráð, í því sambandi sem Mr. W.H.P. ber það fram, þá væri hún fölsk. Staðhæfing þessi er ósönn (sjá næstu staðhæfing). Hver annar þessara presta er, nefnir W. H.P. ekki er sagnaritari kirkjufélagsins ætti að hafa það hugfast, að "SAGA ÞESS" verður vissulega kjölskoðuð áður en hún verður tekin gild í sögunni. Þar tjáir ekki að sýnast, sagan er of helg til að leika sér að henni: — Svo linast höfundurinn við landnyrðingskælu, og gefur ekki um að ábyrgjast sakleysi þessara tveggja presta, hallar sitt á hvort, þegar hann hefir skrásett þetta sögulega þrekvirki, sem hann einn er til frásagna um, og svo, eins og í aðdynjandi sterkviðri, bunar fram af hreinleik hjartans önnur staðhæfingin (sic.):

"Annar þessara presta var séra ODDUR V. GÍSLASON".

Nú sér Mr. W.H.P. hvað verður. Goggurinn stendur í honum, hann er "húkaður".

Séra Jón Bjarnason hefir sannað það í Sameiningunni 1903, að séra Oddur V. Gíslason hafi sagt sig úr kirkjufélaginu, hver úrsögn var og mikilega tekin gild á þingi 1906, sjá Áramót bls. 79—80 u.s. þannig er sannað, að báðar tilfærðar stað hæfingar eru ósannar, "commune nanfragnim". Hver skyldi trúa því um þvílíkan forvígismann okkar "frjálsa fyrirkomulags"? Honum er ekki trúandi fyrir sögunni. Hann hefir skrásett ósannindi. Það er ekki að reiða sig á Mr. W.H.P. í því efni:

"Hrókar þá sér þeir hreykja
mikið,
halda þeir verði riddarar.
Svo rembast þeir á rauða strikið
og reyna að verða biskupar.
En alt sem þeim í öllu er léð,
er þetta að verða mátað með.

Því næst fer greinarhöfundurinn að narta í séra Fr. J. Bergmann, og bera blak af hinum prest unum. Það er ekki rétt. Prestarnir standa allir undir sama fána, hvort sem þeir hafa verið gínningarfíll séra Fr. J. B. eða ekki. Enginn þeirra talaði eitt orð við mig um málið; ég vissi ekkert um meina kæru. Engin rannsókn átti sér stað. Enginn bræðranna hafði ræmu, sinnu eða vilja á, að leggja þessum "vilta bróðir" líknarvræði eða vorkunarbæn. Þeir kunna að hafa gert það í hljóði. — Féra Fr. J. B. sagði þó við mig upphaflega, þegar ég kom fyrir kynjanefndina, sem séra Fr. J. B. kommanderaði, "að honum félli illa að vinna að erindinu" (það var von, jafnskítnu erindi), að biðja mig að hætta við lækninguna, — það var eina líknarhljóðið, sem ég heyrði. Mr.W.H.P. var á þessu merkisþingi, en hann bætti ekki, — svo mikið veit ég. En ég vissi ekki annað, en að orð séra Fr.J.B., þegar hann talaði fyrir nefndarálitinu, væru fagnandi þegin af lærðum og leikum. Og þar sem hann, séra Fr.J.B., sem var skipaður eða kosið málgagn kirkjufélagsins (í þessu kirkjulega fúlmáli), þá gerði hann að eins skyldu sína sem allragagn, og misvirði ég það ekki við hann, fremur en hina.

Þótt ekki með titrandi tárum, þá auðvitað með brúnahreyfing og varateygjum, hringir svo Mr. W. H. P. lofgerðarbjöllu um hæfileika og dugnað séra O.V.G., sem allir hans bræður vita svo vel að skilja ber samkvæmt þeirri yfirlýsing, sem á eftir fer — "sumsé": — "ÞEKKIÐ HANN AF ÁVÖXTUNUM", og svo springur blaðran og er nú mergur málsins innifalinn í eftirfylgjandi andvörpum. (Hvílíkt rothögg fyrir E. H. og Fr. J. B.!). Það er ómögulegt annað en hrosa, að sjá Mr. W.H.P. á ræðupallinum í sínu essi, þegar hann lítur sitt á hvort og niður úr sér vindinum.

Helztu gusurnar eru þessar:

1. "en hann tilheyrði hinum eldri skóla".
2. "(hann) náði ekki góðu lagi á prestskapnum undir okkar frjálsa fyrirkomulagi".
3. "og loksins misti hann alveg af þeim söfnuðum, sem hann hafði þjónað".
4. "en var að fást við lítilsháttar trúboðsstarf í prestlausum bygðum".
5. "Hann var blásnaður maður og hélt sér uppi á þessu".
6. "líka fékst hann ofurlítið við lækningar".
7. "En svo kvisaðist, að hann væri farinn að fást við ANDATRÚBOÐ".

Þetta eru aðalatriðin, sem Wr. W.H.P. er neyddur til að rifja upp úr sögunni. Þessi sannleikans vátni, sem er alt annað, heldur en ef hann hefði farið að búa það til sjálfur, því þá vissi hann á hverju hann mátti eiga von!

Mr. W.H.P. talar hér um aðgerðir "kirkjufélagsins" í hinum fyrstu staðhæfingum sínum um útrekstur presta úr kirkjufélaginu. Því næst talar hann um "okkar frjálsa fyrirkomulag", og þar sem séra Jón Bjarnason samþykkir og felst á grein hans "Veðrabrygði" í októberblaði Sameiningarinnar, þá sé ég ekki annað en það séu "félagsnöfn" "okkar frjálsa fyrirkomulag" og "kirkjufélagið", og grein hans sé þess vegna tekin gild og máske þegar þannig skrásett í sögu kirkjufélagsins eins og hann segir frá.

Mig langar ekki til að eiga í blaðadeilum, en með þeim slettum og ósannindum, sem W.H.P. ber á borð, knýr hann mig, auk þess sem áður er komið, að bera hönd fyrir höfuð mér.

Ég ætlast ekki til, að nokkur maður taki órökstuddar staðhæfingar gildar, og finn því skyldu mína, að skýra málið svo, að ég geti fest í GUÐLAXINUM", nfl. meining málsins, "motivinu", og verð ég þess vegna að minnast á hvern lið fyrir sig, af ofangreindum smáatriðum sögu W.H.P., því hann tilvitnar hvergi svo betur verði greint, og fylgi ég þá töluröð.

1. "hann tilheyrði hinum eldri skóla". Séra O.V.G. er eins og umliðinn tíma fyrir greinarhöfundinum, og með orðinu "eldri skóla" getur hann ekki átt við annað hér heldur enn ef væri kenning hinnar íslenzku lúthersku kirkju Krists, og þá gagnvart kenningu "kirkjufélags kirkjunnar". — Ég (O.V.G.) hefi gengið þann veg, sem mér var lagður, byrjaði lærdóm 1844, og hafði lokið "bundnu" skólanámi á barnaskóla, latínuskóla og prestaskóla, með opinberum og gildandi vitnisburði árið 1860. Á þessum skólanámsárum mínum lærði ég það að "læra". Því næst gekk ég í lífs og lærdómsskóla heimsins og aflaði mér fróðleiks, verklega og tóklega, á Skotlandi, Englandi, Frakklandi, Þýzkalandi og Danmörku, þangað til árið 1875, að ég var vígður til prestembættis, í vígðu húsi, að vígðum vígsluvottum viðstöddum, að Dómkirkjunni í Reykjavík, af háæruverðugum biskupi Íslands herra Pétri sáluga Péturssyni, hvers minning guð blessar og land og lýður geymir. Síðan hefi ég stöðugt þjónað sem prestur hinnar lúthersku kirkju Krists, á Íslandi, á hafinu og í Ameríku, og aldrei liðið nokkur mánuður svo, að ég hafi ekki flutt erindi Drottins míns einhverssstaðar. Ég hefi ávalt verið í "ACTIVE SERVICE" og lært í skóla lífs og bóka, allt til þessa dags, og læri daglega, óháður öllum kirkjukloíningum og synodum. — Mr. W.H.P. getur ekki svíft mig jafnréttá í tímanum, hvort það væri 1908 eða 1808, þótt mér skiljist á honum, að hið "frjálsa fyrirkomulag" sé búið að gera það í eslíðinni. Annarsstaðar hefir það ekki lyklavald. Á hinn bóginn veit ég ekki um skólanám Mr. W.H.P., eða hvar, hvenær og hvernig hann lært hefir að þjóna að því, sem hann nú fæst við. Guðlaxinn — meining málsins — mun eiga að vera: Séra O.V. G. er orðinn of gamall í tíma og þekking, óhæfur til nýmæla "hins frjálsa fyrirkomulags okkar".

Það þarf sjálfsagt mikið til að Mr. W.H.P. roðni. En þótt hann geti fært heim sanninn fyrir því, að það sé tugum ára lengur síðan ég lærði að læra, heldur enn hann, þá styrkir það ekkert málstað hans. Ég hefi lokið námi við "eldri skóla". Mr. W.H.P. má vera þar ennþá mín vegna, en nú geng ég á "College" skóla og tíma, nýja tímans, svo "eldri skóla" sletta hans er lokleysa einber. —

Það er meira af glamri en gildi
í geðshræringum V. H. P.,
varyrðari hann vera skyldi
vildi hann gera á ólríð hlé.
En það mun ei vera meining
manns
með æsing "stælu" líkri hans.
Hafróti í þarann hann upp rífur,
hart elds að kolum sveinki blæs.
Með mælsku sinni hann margan
hrifur
og margur ruglast eins og gæs.
Svo leiðsla af tungu læðist fram
og leiðir marga "klóa" hramm.

2. "og náði aldri góðu lagi á prestskapnum undir okkar frjálsa fyrirkomulagi". Hér meinar Mr. W.H.P. líklega: Séra O.V.G. gat ekki verið í samvinnu með prestum okkar frjálsa fyrirkomulags. En þar villist hann hvað prestskapinn snertir. Séra O.V.G. náði betra lagi á honum en hinir. Hann

(Framh. á 4. bls.)

ROBLIN HOTEL

115 Adelaide St. - - Winnipeg

Bezta $1.50 á dag hús í Vestur Canada. Keyrsla ókeypis milli vagnstöðva og hússins á nóttu og degi. Aðhlynning hins bezta. Vín, skifti Íslendinga óskast. William Ave. strætisvagnar fara hjá húsinu.

O. ROY, eigandi.

SPÓNNÝTT HÓTEL

ALGERLEGA NÝTÍZKU

Hotel Majest

John McDonald, eigandi.

James St. West, Rétt vestan við Main St. Winnipeg Telefón 4979

$1.50 á dag og þar yfir Bandaríkja-snið

Alt sem hér er um hönd haft er af beztu tegund. Reynið oss

MIDLAND HOTEL

285 Market St. Phone 3491

Nýtt hús, nýr húsbúnaður Fullar byrgðir af allskonar vönduðustu drykkjum og vindlum í hressingar stofunni. Gisting einn dollar á dag og þar yfir.

W. G. GOULD :: FRED. D. PETERS Eigendur

WINNIPEG ::: ::: CANADA

Jimmy's HOTEL

Rétt á bak við Pósthúsið

Íslendingar ættu að reyna þetta gistihús. Í hressingarstofunni er sá eini íslenzki vínveitingamaður í Winnipeg.

James Thorpe, eigandi

Fyrrum eigandi Jimmy's Restaurant

The Dominion Bank

NOTRE DAME Ave. BRANCH Cor. Nena St

Vér seljum peningaávísanir borganlegar á Íslandi og öðrum lönd

Allskonar bankastörf af hendi leys

SPARISJÓÐS-DEILD

tekur $1.00 innlag og fyr og gefur gildandi vexti, sem leggjast við stofnféð á sinnum á ári, 30. júní, 30. sept. 31. desembr og 31. march.

lút við rúm barnsins. — Hann greip hikandi, með að eins tveimur fingrum hina framréttu hönd, og slepti henni svo strax aftur. — —

Dúfuaugun, er höfðu stöðugt horft á hann, leiftruðu og andlit hennar fölnaði. Samt lét hún sem ekkert væri. Svo beygði hún sig yfir rúmið og kysti barn sitt blíðlega á ennið.

"Ég get nú aftur gætt barnsins, og þakka yður hjartanlega, kæra Karólín, fyrir að hafa gegnt skyldum mínum í fjarveru minni", mælti hún vingjarnlega við Felicitas.

Hin unga stúlka stóð strax upp, — en litla Anna fór að hágráta, og hélt með báðum höndum um handlegg hennar.

Læknirinn tók á æð barnsins.

"Hún hefir mikinn hita. — Ég vil ekki eiga það á hættu, að hún komist í meiri geðshræringu en mögulegt er að komast hjá. Viljið þér gera svo vel, að sitja hjá henni þangað til hún sofnar?" mælti hann vingjarnlega við Felicitas.

Hún settist þegjandi niður aftur, og hann gekk út úr herberginu. Ríkisstjórafrúin gekk samtímis til herbergis síns, og skelti hurðinni harkalega aftur á eftir sér. — Felicitas heyrði, að hún hljóp til og frá um gólfið, og svo heyrðist eitthvað rifið í sundur. — Barnið settist skjálfandi af hræðslu upp í rúminu. — Aftur heyrðust þessi læti og urðu æ hærri og hærri.

"Mamma!! Anna vill vera góð. Hún ætlar aldrei að gera það oftar! Æ, mamma, ekki að berja Önnu!" hrópaði barnið næstum frávita af hræðslu.

Í sama bili kom Rósa inn. Hún var föl sem nár af hræðslu.

"Nú hefir hún enn þá einu sinni brotið eitthvað. Ég heyrði það niður", mælti hún lágt við Felicitas, með fyrirlitningarkeim í röddinni. — "Vertu kyr, kæra barn", sagði hún við barnið. "Mamma gerir þér ekkert. Hún kemur ekki hingað og verður rétt strax góð aftur".

"Nú heyrðist hurð skelt. Ríkisstjórafrúin hafði gengið í burtu. — Rósa gekk inn í herbergi hennar, en kom von bráðar aftur með margar hvítar tuskur, — leifar af fullegum vasaklút.

"Þegar hún fær þessi flog, þá verður hún viti sínu fjær", mælti stúlkan gremjulega, — "hún rífur þá sundur alt er hún hefir handa í milli, og brýtur líka alt er hún nær til. — Aumingja barnið þekkir það vel".

Felicitas þrýsti Önnu litlu fast upp að brjósti sér, eins og þyrfti hún að verndа hana fyrir ofsa móður hennar. En hræðsla hennar var hér óþörf. Málrómur ríkisstjórafrúarinnar heyrðist neðan úr framdyrunum, blíður og hljómfagur. Hún var í fjörugu samtali við Frank, sem kom ofan stigann. Og svo, þá er hún rétt á eftir kom inn í svefnherbergið, — var hún fegri og yndislegri en nokkru sinni fyr. Reiðiroðinn var því nær horfinn, — að eins ofurlítill roða-blær breiddist yfir kinnar hennar, og hver, sem hefði séð hana þannig, hefði ímyndað sér, að hinn eftirtektaverði glampi í augum hennar væri ekki annað en vottur um andríki mikillar sáðar.

XVI.

SKÝRINGIN.

Þegar Felicitas settist, eftir beiðni prófessorsins, aftur við rúm barnsins, datt henni ekki í hug, að hún mundi sitja þar í marga daga. — Barnið varð hættulega veikt, og vildi hvorki sjá móður sína eða Rósu hjá sér. Að eins Felicitas og prófessorinn máttu snerta hana og gefa henni inn meðulin. Í óráðinu, sem á henni var, talaði hún oft um rifna vasaklútinn. Prófessorinn hlustaði forviða eftir, og kom ríkisstjórafrúnni oft í vandræði með hinum hlífðarlausu spurningum sínum gagnvart því. En hún fullyrti alt af, að barnið hefði hlotið að dreyma vondan draum og Rósa studdi mál hennar.

Felicitas var ekki lengi að venja sig við, að stunda sjúklinginn. Samt fell henni illa fyrst í stað, að dvelja stöðugt í nálægð prófessorsins, — en af því henni þótti vænt um barnið og tók hlutdeild í hræðslu hans um líf þess, tókst henni fljótar að sætta sig við það, en hún sjálf hafði gert sér nokkra hugmynd um. Henni fanst það mjög undarlegt, hve vel hún skildi allar svipbreytingar hans, þó enginn annar gæti lesið úr svip hans, hvort barnið væri betra eða veikara, ekki einu sinni móðirin, — gat hún það. Hann þurfti varla aldrei að segja henni fyrir með orðum. Hún gat sér til, hvað gera þyrfti í þann og þann svipinn, eftir framkomu sjálfs hans. — Þau skiftust á að vaka á næturnar, og svo sat hann oft á daginn í herbergi sjúklingsins. — Þá sat hann við rúm barnsins svo tímum skifti, og hélt þolin-

móðlega höndunum til skífta á enni þess, og þ barnið alveg hreyfingarlaust. — Í höndum hlaut því að vera undarlegt afl, er sefaði og dró þjáningunum.

Hin unga stúlka reyndi með öllu móti, a þeim hugsunum sínum brott, sem gagntóku hennar, er hún sat þegjandi hjá honum og vi fyrir sér. — Þetta var þó sami óreglulegi andlits urinn, — sama ennið, sama þykka hárið, greitt umhyggjusamlega og áður, sömu augun, sama in, — alt saman það sama og það, sem hún hræðst svo mjög, þegar hún var barn. — En fráhrindandi, hörkuleg svip, sem hann haf þegar hann var unglingur og sem þá hafði ger svo fullorðinslegan, gat hún ekki séð nú. — Nú sem hvíldi yfir hinu gáfulega enni hans blíð bjartur blær. — Og þegar hún heyrði, hversu rólega hann talaði við barnið, þá gat hún ekki að en játað það, að hann var læknir með lifi o og skildi vel köllun sína. — Hann stóð ekki við arsæng annara og ypti þegjandi öxlum. — reyndi ekki einasta að frelsa líkamann, hann r lka að veita sálinni huggun og frið. — Sjúkli inn gat lesið meðaumkvunarsvip úr augum han fann hughreystingu í orðum hans. Hann vald sín svo vel, — og þau snertu hjarta hinnar ungu stúlku líkt og ráðurmagn. — Hver hugs þeim augnablikum um, hvort hann var friðu ófriður, og hvort framganga hans í samkvæmu lisur eða ekki. — Við sóttarsængina var hann rétta essi: Mikill maður, sem átti mikið sil legt þrek og þol. — — En í hvert sinn, er þe þvílíkar hugsanir flugu í huga hennar, varð ávalt sá sami: Hann kennir í brjósti un bágt eiga, — hann ber mannlegar tilfin brjósti sér. — Þess meiri ástæðu hefir loddar

Fréttabréf.

SEATTLE (Ballard), WASH.
2. des. 1908.

Kæri herra ritstjóri!

Það er orðið svo langt síðan ég sendi þér línu, að ég held að ég verði að hripa þér eina nú. — Raunar man ég nú fátt sérstaklega markvert, en með því ég se a árla aldrei neitt í íslenzku blöðunum héðan frá Seattle (eða Ballard), ef ég ekki læt til min heyra, þá er ég að hugsa um, að halda því áfram við og við, meðan ég dvel hér. Ég álít rétt og gott, að fréttakaflar sjáist við og við frá íslenzku bygðum, einkum sínum fjölmennari. Og þó að við séum ekki alveg eins fjölmennir hér og t.d. í Blaine, þá er félagslíf óskað fjörugra og tilbreytilegra hér, enn annarsstaðar á Kyrrahafsströndinni.

Þeja, tíðin hefir mátt heita einmuna góð, það af er vetri, rigningar litlar, en hreinviðri meira, með dálitlu frosti á nóttum. Vinna með meira móti um allan bæinn, en vinnuleitendur virðast einnig með mesta móti. En yfir höfuð bú ast menn við talsverðri vinnu í vetur. Heilbrigði má heita góð meðal landa hér. Eitt hús hefir þó verið sóttkvíað um tíma (Jóns Jósephssonar) vegna "diptheria", en hún mun nú um garð gengin. Engir nýlega dánir, það ég man, nema hvað einn Íslendingur fanst dauður á járnbrautarteinum hér í útjaðri bæjarins fyrir nokkuru. — Hann fanst snemma morguns, og var höfuð hans mjög skaddað og næstum af, og fætur og handleggir brotnir. En af skjölum í vösum hans sást, að hann hét Baldwin Kristjánsson (bróðir Jónasar Kristjánssonar, að Milton, N. D., og var áður kvæntur Guðrúnu dóttur Árna Brynjólfssonar og konu hans Jónínu, sem heima áttu í Winnipeg fyrir æði löngu síðan). Hann var nýkominn hér til bæjarins í þetta sinn, en hafði verið nokkuð við öl kveldið áður en slys ið vildi til. Að öðru leyti er mönnum ókunnugt um, hvernig á því stóð, að hann var kominn þarna út á járnbrautarteinana, þar sem engin mannaferð er um. Séra J. A. Sigurðsson jarðsöng hann.

Samkomur hafa verið hér alltíðar. Fyrst og fremst heldur nú félagið "Vestri" 2 fundi í mánuði hverjum, og svo hafa ýmsar aðrar skemtisamkomur verið haldnar. — Fólk er nú í óða önn að búa sig undir jólatréssamkomur, og þá ekki síður Gamlaárskvelds samkomu, sém er ávalt svo sem höfuðsamkoma hér. — Fyrir ekki löngu síðan myndaðist hér dálítið "Orchestra", undir forustu H. S. Helgasonar, tónskálds. Hljóðfærin, sem leikið er á, eru: Piano, 2 fiðlur, 2 lúðrar og flauta. Hefir það látið til sín heyra stöku sinnum og þótt takast mæta vel, þegar tekið er tillit til, hve stuttan tíma það hefir staðið og litla æfingu hafi. Fyrir skömmu lék það meðal annars hergöngulag — March — eftir H. S. Helgason, sem hann nefnir "Vikivaka", og var gerður að því mikill rómur. Þótti hann sýna sína ágætu söngfræðislegu þekkingu og smekkvísi höfundarins, eins og flest annað, er hann lætur heyrast, eða sjást, eftir sig í þeirri grein.

Þá er og verið að æfa dálitinn sjónleik, og munt þú geta nærri, hver hefir helztu afskifti þar af. Minnist ég máske á hann síðar.

Og svo síðast en ekki sizt, þá var stofnuð hér Goodtemplarastúka [illegible] m. Hún nefnist [illegible] herra Wm. Anderson, [illegible] ver, B.C., stofnaði hana [illegible] stoð ýmsra hérlendra Templara. Stofnendur voru 34, en síðan hafa henni bætzt nokkrir meðlimir og von á fleirum. Er búist við, að hún eigi góða framtíð fyrir höndum.

Embttismenn voru kjörnir þessir: —

F.Æ.T.—Skúli S. Bergmann.
Æ.T.—J. A. Sigurðsson.
V.T.—Björg Frederickson.
Kap.—Svafa Thorlakson.
Rit.—Sig Magnússon.
A.R.—H. S. Helgason.
F.R.—Torfi Sigurðsson.
Gk.—Mrs. Anna Ísleifsson.
D.—Maria Johnson.
A.D.—Margrét Anderson.
V.—Arnólfur Johnson.
Ú.V.—Einar C. Eiríksson.

G.Ú.T. var kjörinn Grace Bjarnason, en mælt með Frank R. Johnson, sem umboðsmanni Stórtemplars.

Þetta mun fyrsta íslenzka Goodtemplar stúkan, stofnuð vestan Klettafjalla, en vonandi og líkindi til, að fleiri muni á eftir fara.

Ég held ég hætti nú að þessu sinni, og bið þig vel að lifa.

Sigurður Magnússon.

333 Westlake Ave., Seattle.

ÍSLAND:

Flutt á Íslendingadagsskemtun að Red Deer Point, 1907.

Nú svífur vor andi að ættjarðar strönd,
í úthafsins víðlendu geimi.
Þar sjáum vér fögur og hjómandi lönd
í hjósroðnum Ísafoldarheimi, —
þar fjallbungur gnæfa, með fannhvítum tindum,
með fossum og dölum og suðandi lindum.

Vér sjáum í anda þinn eldfjalla hring
og algrónar, dimmblárr heiðar,
og sögulmagns flugeldu svífa þig kring
og sædjúp með blásandi reyðar.
Því hér ertu drotning í hafgeimnum kalda,
er hefir þar setið um þúsundir alda.

Og vér, sem að snækrýnda ættjörðin ól,
er yzt útí vestrinu stöndum,
vér lítum með undran á liðandi sól
með ljósklædda vornótt í höndum,
er upphimins bládjúp á eldfáki reið um,
svo oft var þar jafnbjart á dölum og heiðum.

Og unnirnar bláu, er suða við sand,
þær syngja' okkur norræna fræði,
og fannhvítar svanir, er svífa' yfir land
með sumarsins heilögu kvæði.
En fossbúa harpan, hún hljómar þó skærast
við hástranda brúnir, þar loftið er tærast.

Það eru hér margir, sem unna þér heitt,
vor einmana, hjartkæra móðir,
úr æsku í hrörnun þó allt sé nú breytt,
því ei voru kostirnir góðir,
er hlauzt þú að sæta á umliðnum árum, —
hve oft varstu grátföl og þakin í sárum.

Þeir segja nú flest sé til batnaðar breytt,
að brjóst þitt sé fegurra' en áður,
að tímanna sandauðn er sólblómum skreytt,
því sífelt er bardaginn háður.
En fendurnir harðsnúnir finnast þó margir,
en færra um varnir, og minna um bjargir.

Það bendir víst margt á að hrautin sé grýtt,
þó blóm fram með veginum finnist,
að undra margt gægist upp illgresi nýtt,
og einnig að fylkingar þynnist.
En flýja' undan merki, það mun ei hið rétta,
því margir fá eflaust gert sóknina létta.

En rökkrið það dvínar, því rísandi sól
slær roða' út um lofthafið blá, —
það birtir nú kring um þinn bláfjalla stól,
af blundi rís þjóðin vor smáa.
Hún gengur nú óttaust á orustu völlinn,
og "áfram, í guðsnafni" bergmála fjöllin.

Hún sigrar, því enn á hún karlmensku kjark
frá kynslóð, er grafirnar hylja,
og ásýndin geymir sitt ætternis-mark,
er enn sýnir framsóknar vilja.
Hún hræðist ei storminn né hafrótið kalda, —
ég hygg, að hún komist því bráðum til valda.

Að leggja fram krafta til liðsinnis þér
er löngun vor, barnanna þinna,
en trúðu því fast, ef að traust á oss ber,
að oss takist þ' með þér að vinna,
og brjóta í einingu braut yfir fjöllin,
svo bráðum þú komist á rennsléttu völlinn.

Ó, Ísland! ó, Ísland! Vér elskum þig heitt,
vor einmana, hjartkæra móðir!
Sú hönd, er gat fyr þig í hættunni leitt
um heimslífsins þyrnóttu slóðir,
hún lyfti þér hærra mót ljósi og sólu
og lífgi þau blóm, er í næðingi kólu.

Og lofstýr þinn berist um hauður og höf,
vor háfjalla drottningin bjarta,
þín lýðfrægð skal hljóma' yfir lástinna gröf
og lotrast í sérhverju hjarta.
Þá gleymist þú aldrei, vor ástkæra móðir,
með ísfjal a-bungur og logandi glóðir.

Heimdallur.

Bændur afskiptir.

Nýlega hélt C. C. James, aðstoðarráðgjafi akuryrkjudeildar Ontario stjórnarinnar, ræðu á fundi í Canadian Club í Toronto, sem vakið hefir talsverða eftirtekt. — Hann gat þess, að landbúnaðurinn væri langsamlega mesta og arðsamasta atvinnugrein Canadaríkis. Í Ontario fylki sagði hann, að 175 þús. bændur ættu 1200 miljón dollara höfuðstól, en samt hefðu þeir svo sem enga málsvara í ríkisþinginu. Að eins 7 bændur hefðu verið kosnir til ríkisþingsins úr öllu Ontario fylki, og einn þeirra væri þó ekki bóndi nema að nafninu til, heldur ynni að blaðstjórn í Toronto borg. — Á hinn bóginn hefðu kosnir verið til þings ins 8 timburkongar, 13 verksmiðju eigendur og 25 lögfræðingar. Hann taldi tvísýnt, að af 220 manns í Ottawa þinginu, mundu nú eiga sæti fleiri en 7 vinnandi bændur, eða menn, sem gerðu landbúnað að aðal atvinnu sinni. Og þó er það sú stéttin, sem mest áhrif ætti að hafa á löggjöf landsins og stjórnarstörf, því að með velsæld bændanna, er velsæld allrar þjóðarinnar fengin. Þeir ættu að vera ráðandi afliið í þjóðfélaginu, en í þess stað gætir þeirra svo sem ekkert á þingum. Lögfræðingarnir, hinsvegar, hafa sjaldnast annað að vinnu stofnfé, en skrifborð og rit-áhöld og nokkrar bækur. Þeir starfa á engan hátt að framfærslu þjóðarinnar, framleiða ekkert heiminum til fæðu eða klæðnaðar, eða annara þeirra þarfa, sem til þjóðþrifa miða, heldur hafast við á og verða feitir og auðugir af sundurþykkju manna og illdeilum.

Hinsvegar verður því ekki neitað, að þeir eru á sína vísu miklir þarfagripir í þjóðfélaginu, með því að þeir starfa að því að koma á sátt og samlyndi og að skýra fyrir mönnum lög landsins og brýna fyrir þeim skyldur þeirra gagnvart hver öðrum og þjóðfélaginu í heild sinni. Þess vegna er það nokkuð eðlilegt, að þeir sæki til þingsins með sömu áfergju og hrafnar sækja æti sitt í sorphaugana.

Herra James gat þess, að þó námaiðn hefði mikið aðdráttarafl fyrir mesta fjölda fólks, og þúsundir karla og kvenna legðu sparifé sitt í hættu í þau fyrirtæki, þá væru samt auðugustu námar lands ins ekki nema hálfdrettingur í samanburði við landbúnaðinn. Við námana er það að athuga, að eftir því, sem meira er úr þeim tekið, eftir því tæmast þeir, þar til að lokum þeir verða algerlega ónýtir. En um landbúnaðinn hinsvegar er þess að gæta, að hann gefur árlega uppskeru, — sama ekran framleiðir auðæfi ár eftir ár og öld eftir öld.

Herra James kvað Ontario bændur framleiða 200 miljón dollara virði af lífsnauðsynjum á ári hverju. Framleiðsla kvikfjár þar í fylkinu er metin 180 miljónir dollara á ári, og smjör og ostar 25 miljón dollara virði, og þessi liður landbúnaðarins getur tvöfaldast með sama kúafjölda og nú er, ef bændur vildu leggja meiri rækt við kynbætur, en þeir gera nú..

Með alt þetta í huga, hélt herra James því fram, að bændur ættu að sýna sjálfum sér meiri sóma og sanngirni í því, að koma mönnum úr sínum flokki á þingin, enn þeir hafa gert til þessa. Verksmiðjuiðnaðurinn er minna virði enn landbúnaðurinn, en samt sjá verksmiðjueigendur um, að koma sæmilegum fjöldi af sínum flokksmönnum á þing, til þess þar að halda fram öllu því í löggjöfinni, er styrkja megi atvinnuveg þeirra. Bændaflokkurinn virðist að vera sá eini flokkur, sem vanrækir að hlynna að atvinnuvegi sínum í löggjöf landsins. Járnbrautafélögin eru ekki eins nauðsynleg í landi eins og landbúnaðurinn eða verksmiðju iðnaðurinn, og þó hafa járnbrautafélögin lag á því, að sjá hagsmunum sínum borgið af hálfu þings og stjórnar, og að draga til sín tiltölulega langmestan skerf af landsfénu.

Ræðumaðurinn hélt því fram, að þetta ástand sé ekki holt fyrir landið, því að bæði bændaflokkurinn og þjóðfélagið í heild sinni biði tjón við það. Hvar og hvenær sem það kemur fyrir, að einn af aðalatvinnuvegum eins lands er vanræktur, þá leiðir það óhjákvæmilega af sér ekki eingöngu skort á framförum, heldur beina afturför þjóðfélagsins, og þó sérstaklega þess atvinnuvegar, sem vanræktur hefir verið. Hluthafarnir, eða þeir, sem eiga innstæðufé í þeirri atvinnugrein, sem þannig er vanrækt, þeir finna fljótast allra manna til skaðans, og þar næst þeir, sem lífsuppeldi sitt hafa af atvinnu við hana, — og svo síðast alþýðan. En samkvæmt skoðun herra James, þá gerir landbúnaðar atvinnuvegurinn miklu meira en að eiga sitt eigið innstæðufé og stjórna því, — hann leggur einnig til það innstæðufé að miklu leyti, sem verksmiðju eigendur vinna með, með því að á landbúnaðar iðnaðinum byggist verksmiðju iðnaðurinn og verzlun landanna, og borgirnar byggjast upp og haldast algerlega við á stuðningi þeim, sem sveitabóndinn veitir þeim. — Búið er landsstólpinn.

Af þessum ástæðum er það ljóst, að bændaflokkurinn gerir þjóðfélaginu hið mesta tjón með því, að hafa ekki samtök til þess, að senda eins marga menn úr sínum flokki á ríkisþingið, eins og þeir eiga frekast kost á, að koma þangað, af því að svo undurhætt við því, að þingið vanræki að mestu leyti þann atvinnuveg, þegar það sér, að bændunum sjálfum er sama um hann, og með þessu afskiptaleysi skaða þeir ekki að eins landbúnaðar atvinnuveginn heldur einnig verksmiðju atvinnuveginn og verzlun landsins.

Afsökun bændanna er að mestu leyti sú, að þeir séu svo önnum kafnir, að þeir hafi engan tíma til að sinna landsmálum, og að í þeirri stétt séu svo tiltölulega fáir menn, sem hafi nægilega víðtæka þekkingu til þess að geta beitt nokkrum verulegum áhrifum á þingi, og að það gangi jafnan svo, þegar til kosninga komi, að ekki verði þeir bændur í kjöri, sem nái nógu almennri hylli stéttarbræðra sinna til þess að tryggja þeim þingsætin, sem um er kept, og þetta dragi úr þeim kjarkinn að keppa um sætin.

Herra James skýrir ástæðuna fyrir tölu lögfræðinganna á þingi á þann hátt, að þegar auðfélögin vilji ná áhrifum á löggjöfina, þá velji þau jafnan lögfræðinga til þess að sækja um þingmensku, og styðja þá að málum við kosningar, og eigi þá síðan sem handhæg verkfæri í þinginu til þess að tala máli sínu. Og með því að lögmenn séu sérstaklega æfðir í því, að láta það sýnast fegurst áferðar, sem oft er þvert á móti, þá verði afleiðingin sú, að þingið sinni mest kröfum auðfélaga, en gleymi kröfum bændastéttarinnar.

Til þess, að bót fáist á þessu ráðin, verða bændur að vakna til meðvitundar um gildi sitt í þjóðfélaginu og krefjast réttar síns.

Gísli Magnús Thompson

(ÆFIMINNING).

Einn meðal hinna fyrri, er fluttu til Nýja Íslands og koma allmjög við sögu þeirrar bygðar, má telja Gísla Magnús Thompson. Í andlegum málum þeirrar bygðar í ýmsum skilningi stóð hann að mörgu leyti framarlega fram undir síðustu ár. Hann var hvatamaður flestra eða allra blaðamála Gimli héraðsins, og prentsmiðju hélt hann uppi á heimabæ sínum frá 1893 til dauðadags.

Á fráfall hans hefir lítið verið minst í blöðunum, og er það eð tilmælum vina og aðstandenda, að ég bið mér rúms fyrir þessar fáu línur um fráfall hans.

Af eigin viðkynningu þekti ég Gísla heitinn lítið. Ég sá hann nokkrum sinnum og átti tal við hann. Hann var heldur fáláta á mann við ókunnuga, en gat verið reifur og glaður í vinahóp. Maðurinn var all-einkennilegur, stórskorinn og stórleitur. Ekki var hann friður, enda var því sjaldan gleymt er andstæðingar áttu hlut að máli, eins og maðurinn hefði ráðið sínu eigin vaxtarlagi og væri gefandi það að sök. Þó var hann ekki ófriður, og aldrei ógreindarlegur, en hann hafði veiklað útlit, enda þjáðist hann af heilsuleysi í mörg ár. Ekki var hann áleitinn að fyrra bragði við menn eða málefni, en gert gat hann að gamni sínu að gefnu tilefni.

Í þeim tveim málum, er mest snerta bygðir vorar, Íslendinga hér í Canada, var Gísli heitinn jafnan á vísum stað, og fór ekkert dult með. Í stjórnmálum hneigðist hann að "Liberal" flokknum, en framan af í það mánsta var hann frekar Únítara megin í kirkjumálum, þó síðari ár sín stæði hann í lúterskum söfnuði, og væri ekki að fullu ljóst. Má það furðu gegna fyrir þá, er ekki eru kunnugir hér meðal vor Íslendinga, en engum ódæmum sætir það hér, því svo má um margan segja.

Veiki sú, er leiddi Gísla heitinn til bana, var tæring, og lá hann rúmfastur alt síðastliðið sumar. Meðan á banalegu hans stóð, lét hann vandamenn sína skilja það ótvírætt, að óskir sínar allar og hugur væri með frjálstrúar barattu Íslendinga, og þeim megin kysi hann, að börn sín mætta verða.

Árið 1893 kom Gísli sér upp prentsmiðju. Það var um það leyti, er trúmálarótið varð í Nýja Íslandi og séra Magnús J. Skaptason sagði sig úr kirkjufélaginu lúterska og hóf Únítara trúboðið. Byrjuðu þeir þá í félagi séra Magnús og hann að gefa út mánaðarblað, hinni nýju hreyfingu til stuðnings, er þeir nefndu "Dagsbrún". Á þriðja ár gaf Gísli heit. út blaðið unz það var flutt til Winnipeg.

Sama ár og "Dagsbrún" byrjaði að koma út, byrjaði Gísli á öðru tímariti, er hann nefndi "Svava". Flutti það mest sögur og kvæði, og kom fyrst út í heftum með viss um arkafjölda á ári, en innan skams tíma breytti hann því og gerði úr því mánaðarrit. Fram að 1904 kom "Svava" út, og að eini til var að mörgu gott rit.

Vikublaði hélt Gísli heitinn út á Gimli um nærri 3. ára tíma, nefndi hann blaðið "Bergmálið", og mun það hafa byrjað að koma út 1896. Blað það gaf sig mest við málum bygðarinnar og fluttí almennar fréttir. Nokkur rit gaf hann út líka, er ekki verða hér talin.

Þegar þess er gætt, að hann var einalitill alla æfi, heilsutæpur og hafði ekki notið neinnar sérstakrar uppfræðslu í æsku, verður lítun á bóndamanni í bygðum vor Íslendinga, er sýnt hefir meiri dugnað og skilið meira eftir sig á bóklega vísu en hann.

Af systkinum Gísla eru tvær systur á lífi: Sumarlína, búsett í Kaupmannahöfn og Ingibjörg, til heimilis hér í Winnipeg.

Gísli Magnús Thompson er fæddur 12. okt. 1863, að Guðlaugsvík við Hrútafjörð í Strandasýslu á Íslandi. Foreldrar hans voru þau hjónin: Tómas J. Jónsson, Jónssonar frá Sjóundará á Rauðasandi í Barðastrandarsýslu og Þóru Gísladóttur, Sigurðssonar í Bæ á Selströnd í Steingrímsfirði í Strandasýslu. — Hjá foreldrum sínum ólst hann upp þar til árið 1884, að Tómas seldi eignarjörð sína, er leiddi af hinum ógnarlegu harðindum, er höfðu gengið undan farin ár, og fór til Ameríku, og settist að í Nýja Íslandi. Tók Gísli þá rétt á landi skamt fyrir norðan Gimli og nefndi Fögrumýri, og bjó hann þar til dauðadags.

Hinn 24. maí árið 1889 gekk Gísli Magnús að eiga Moniku Helgu Friðbjörnsdóttir úr Skagafirði á Íslandi, og lifir hún mann sinn. Fimm börn eignuðust þau saman og lifa öll. R. P.

Það kostar minna en 4 cent á viku

að fá HEIMSKRINGLU heim til þín vikulega árið um kring. Það gerir engan mismun hvar í heiminum þú ert, — því HEIMSKRINGLA mun rata til þín. Þú hefir máske heyrt að "blindur er bóklaus maður", en ef þú mátt missa 4c. á viku fyrir HEIMSKRINGLU þá verður þú hvorugt. 4c. á viku eða $2 um árið. Skrifið eftir Hkr. nú þegar, til P. O. Box 3083 Winnipeg, Man.

Boðorðin.

1. Þú skalt ekki bíða eftir, að lánið hlaupi upp í fangið á þér, heldur skalt þú fara úr treyjunni og taka til starfa, svo að þér megi vegna vel og ólán þitt og armæða megi snúast upp í heppni og hagsbætur.
2. Þú skalt ekki láta þér nægja, að koma fram fyrir almenning í starfserindum þínum í ræfislegum búningi, — þar eð þú ættir að vita, að snyrtimannlegt útlit er betra en meðmæla bréf.
3. Þú skalt ekki reyna að bera fram afsakanir, nú skaltu segja við þá, sem finna að við þig: "Ég hugsaði ekkert um það".
4. Þú skalt ekki bíða eftir, að þér sé sagt, hvað þú átt að gera, eða hvernig þú átt að gera það, heldur skaltu ganga að starfi þínu eins og hygginn maður, svo að þú megir fagi halda því starfi, sem hepnin hefir lagt þér til handa.
5. Þú skalt ekki líta undir höfuð leggjast, að reynast áreiðanlegur. Ekki heldur skalt þú gerast sekur um neitt það, sem getur minkað virðingu þína fyrir sjálfum þér.
6. Þú skalt ekki ágirnast annars manns vinnu, né verkalaun hans. Ekki heldur stöðu þá, sem hann hefir hafið sig upp í með eigin verðleika sínum.
7. Þú skalt ekki leyfa sjálfum þér, að eyða meiru en þú vinnur þér inn. Né skalt þú binda þér nokkrar skuldabyrðar á herðar, sem þú sérð þér ekki fært að lúka í settan gjalddaga.
8. Þú skalt ekki óttast að mæla með sjálfum þér, því að hver sá, sem ekki mælir með sjálfum sér, þegar þörf krefur, hann fær ekki aðra til að gera það.
9. Þú skalt ekki víla fyrir þér að segja "Nei", þegar þú meinar "Nei". Né skalt þú gleyma því, að oft kemur það fyrir, að það er hættulegt að bindast loforðum í hugsunarleysi.
10. Þú skalt breyta sanngjarnlega við hvern mann. — Þetta er hið síðasta og mikilvægasta boðorð, og ekkert annað er líkt því. Á þessu boðorði hvíla öll lagaboð og allur hagnaður af starfi mannanna.

Framanprentuð boðorð eru send sem opið bréf frá Northern Pacific járnbrautarfélaginu út um alt land. Vér töldum við eiga, að lofa íslenzkum lesendum að sjá þau í íslenzkri þýðingu.

Fréttir úr bænum.

Frá Mountain, N. Dakota, komu í sl. viku þeir herrar Helgi trístniður Sigurðsson og Guðmundur Jónasson, sá síðarnefndi í kynnisferð til unningja í Nýja Íslandi. — Þeir sögðu velliðan syðra yfirleitt. Hveiti alt að dollar bush. — Járnbrautin nýja, sem liggur um bygðina, er nú tekin til starfa, en far og flutningsgjöld með henni nokkuð há, fargjald 5c á mílu hverja og vöruflutningsgjald að sama skapi. Nokkur óánægja er yfir þessu, en vonað, að brautin lækki gjöldin er tímar líða.

En töluverðar framkvæmdir í næstu bæjum, Gardar og Mountain síðan þessi járnbraut fór að flytja þar fólk og farangur.

Fréttagrein frá Mountain, sem birtist í No. 9 Hkr. 26. nóv. sl., vakti talsverða eftirtekt út af vissum atriðum þeirrar greinar og tanglátrar meðhöndlunar þess máls. Mun það verða leiðrétt og skýrt við tækifæri.

Þeir félagar héldu heimleiðis á laugardaginn var.

Drukkinn lögregluþjónn í privatbúningi gerði áhlaup á landa voru herra G. Johnson, eiganda North West Hall um síðustu helgi. — Hvort tilgangurinn kann að hafa verið rán, er óvíst. Mál það er nú í höndum lögreglunnar.

Í kveld (miðvikudag 9. þ.m.) er Menningarfélagsfundur í Únitara kirkjunni. Séra Rögnvaldur Pétursson flytur þar erindi. Allir velkomnir kostnaðarlaust.

Herra Stephan G. Stephansson, skáld, fór héðan úr bæ á laugardaginn var suður til Duluth, Minn. Þaðan fer hann til Norður Dakota og dvelur þar í bygð Íslendinga mánaðartíma að minsta kosti.

Maður sá, að nafni Hallett, sem tekinn var í Toronto borg og fluttur hingað til bæjarins, kærður um að hafa keyrt yfir ungfrú Katrínu sál. Pálsdóttir hér á Portage Ave. þann 3. nóv. sl. og orðið henni að bana, hefir verið sýknaður af þeirri ákæru. Sannanir voru engar gegn honum.

Nýlega eru skólanefndar kosningar í Gimli skólahéraði um garð gengnar. Þar sóttu þeir B.B.Olson og Gísli Magnússon, og náði Olson endurkosninu með 52 atkv. gegn 24, sem G. Magnússon fékk. Olson hefir verið í skólastjórn og skrifari skólanefndarinnar í sl. 8 ár.

Herra Thordur Johnson, Jeweller, auglýsir í þessu og næstu blöðum alls konar Gull- og Silfur- aðra skrautmuni, sem hann býður íslenzkum skiftavinum með kjörkaupsverði, frá þessum tíma til árslóka. Hann ábyrgist, að vörurnar séu vandaðar, og vill að landar vorir komi og skoði þær, og þá munu þeir kaupa þær.

Veitið athygli auglýsingu um fundi Íslenzka Conservative Klúbbs ins í vetur, sem prentuð er á öðrum stað í þessu blaði. Allir meðlimir klúbbsins ættu að gera sér það að reglu, að sækja fundina vel, og koma í tíma. — Á föstudagskveldið í þessari viku verður spilafundur, og næsta mánudagskveld verður prógrams-fundur.

MYNDASÝNING

í Dakota bygðum

halda þeir A. J. Johnson og Friðrik Sveinsson á eftirtöldum stöðum og tímum:

PEMBINA, næstk. mánudagskv. 14. þ.m.
Gardar, næstk. miðvikudagskv. 16. þ. m.
MOUNTAIN, næstk. fimtudagskveld 17. þ.m.
HALLSON, næstk. föstudagskv. 18. þ. m.
AKRA, næstk., laugardagskveld, 19. þ.m.

TVÖ HUNDRUÐ MYNDIR sýnd ar, þar af yfir 100 frá Íslandi. — Myndasýning þessi hefir allstaðar fengið lof. — Byrjar kl. 8 síðdegis á öllum stöðunum. Inngangur 25c. — Fólki er velkomið að slá í einn "snúning" á eftir, svo skemtunin verði sem lengst og breytilegust.

Landar góðir! Nú er ykkur óhætt að koma og fylla samkomuhúsin. Tollþjónar Bandamanna hafa boðið okkur liðsinni sitt, að komast yfir "linuna". Hafa komist að því, að þó við elskum "lýðveldið", þá erum við þó, og ætlum að vera, Kanadabúar.

Munið eftir myndasýningarkveldunum!

Eaton félagið ætlar að byggja mikið vörugeymsluhús á horni Hargrave og Graham stræta hér í borginni. Það á að vera 100x133 fet og verður tengt við sölubúð félagsins með neðanjarðar göngum. — Verzlun félagsins hér hefir vaxið undram allar vonir þess, svo að það kemst nú ekki lengur af án meira húsnæðis.

Herra Jón Jóhannesson, frá Gardar, N. Dakota, sem fór til Íslands á sl. vori, kom aftur til Winnipeg um síðustu helgi, og býst við að dvelja hér í bænum fyrst um sinn.

Kæru landar, ef þið viljið fá vel skerptar sagirnar ykkar, þá komið þeim til mín, að 501 Beverly St. Líka skerpi ég skauta, skeggháfa og allskonar eggjárn. — Alt fljótt og vel gert.

G. BERGÞÓRSSON,
501 Beverly St.

ALLAR ÍSLENZKAR BÆKUR eru til sölu í lyfjabúðinni í Leslie, Saskatchewan, með eins vægu verði og nokkursstaðar annarsstað ar í þessari álfu.

Silfurbrúðkaup í Selkirk.

Það fyrsta silfurbrúðkaup, sem haldið hefir verið í Selkirk bæ, héldu þau Mr. og Mrs. Guðmundur og Ingibjörg Finnsson þar að kveldi þess 7. þ.m. Mörgu fólki var boðið og margar verðmætar og viðeigandi vinagjafir voru þeim hjónum færðar við það tækifæri.— Þau hjón hafa búið nær 20 ár þar í bænum, og eru vinsæl og vel metin, jafnt af íslenzkum sem innlendum meðborgurum þeirra. Hr. Guðmundur Finnsson er aðstoðarvélastjóri við sjúkrahús fylkisstjórnarinnar þar í bænum.

Herra Þorgrímur Peterson, sem dvalið hefir í Morden bygð á sl. sumri, kom til bæjarins á laugardaginn var. Hann lætur vel af líðan Íslendinga vð Brown P.O., segir hveitiuppskeruna hafa verið miklu betri í ár en í fyrra. Hann skrapp snöggva ferð til Selkirk, en ætlar síðan til Oak Point, og býst við að dvelja í Álptavatnsbygð næsta ár.

KÆRU LANDAR! Ég vil vinsamlega minna yður á, að sækja sem bezt samkomuna okkar kvenfélagsins TILRAUN. Sérstaklega veit ég, að Goodtemplarar verða fúsir á að verða við bón minni, þar sem þeir vita, að kvenfélagið Tilraun vinnur að stórum parti að sama málefni og þeir gera, og að við þessar konur, sem myndum félag þetta, erum ætíð reiðubúnar til að hjálpa áfram ykkar áhangendum, og styrkjum af fremsta megni allar samkomur ykkar.

Yðar einlæg,
Mrs. Ingibjörg Goodman.

Týnd Stúlka.

Hver sá, sem kann að vita um núverandi aðsetur og nafn Sigríðar Stefaníu Sigvaldadóttur, ættaðri úr Vopnafirði, er beðinn að gera svo vel og tilkynna það hr. Kr. Ásg. Benediktssyni, 540 Simcoe St., Winnipeg. — Stúlka þessi var hér í Winnipeg fyrir nokkrum árum, en fluttist þá héðan, og hefir síðan ekki spurst til hennar. Nú langar ættingja hennar á Íslandi, að vita eitthvað um hana.

Ársmann vantar

herra Jónas Jóhannesson, að Winnipeg Beach, á landið sitt, — helzt hjón. Frir eldiviður til heimabrúks, einnig heyskapur fyrir þrjá gripi fullorðna. Vinna fyrir manninn við skógarhögg í allan vetur.

Lysthafandi snúi sér til eigandans, sem gefur allar upplýsingar viðvíkjandi skilmálum. Heimilið er 1½ mílu frá Winnipeg Beach.

"Framtíðin", hálfsmánaðarblað fyrir börn og unglinga, ritstjóri séra N. Steingr. Thorlaksson, Selkirk, Man. hefir komið út síðan í marsmánuði næstl. Verð 75 cents árg. Blað þetta er gott og gagnlegt fyrir þá lesendur, sem það er sérstaklega ætlað, og leyfum vér oss því, að mæla hið bezta með blaðinu. —Nú býður útgáfunefndin nýjum kaupendum annan árgang þess, og það sem ókomið er út af fyrsta árgangi, þar með vandað jóla-númer, tvöfalt tölublað, í kápu með mynd um og nótusettum söglögum, fyrir 75 cents, sem borgist fyrirfram. — Féhirðir nefndarinnar er

FRIÐJÓN FRIÐRIKSSON,
745 Toronto St., Winnipeg, Man.

Fjórtánda Afmælishátíð Tjaldbúðarkirkju.

ÞRIÐJUDAG
15. Desember 1908
kl. 8 að kveldi

INNGANGUR
25c.
EN FYRIR BÖRN
15c.

1. Piano Solo—Mr. J. Pálsson.
2. Söngflokkur safnaðarins.
3. Ræða—Séra Fr. J. Bergmann.
4. Vocal Solo—Mr. Quick.
5. Kvæði—Mr. M. Markússon.
6. Violincello Solo—Mr. F. Dalman.
7. Vocal Solo—Miss L. Whitten.
8. Recitation—Miss M. Magnússon
9. Vocal Solo—Miss L. Thorlakson
10. Ræða—Mr. B. L. Baldwinson.
11. Vocal Solo—Mr. Quick.
12. Violin Duet—Miss Clara Oddson & Willie Beusten.
13. Vocal Solo—Miss L. Whitten.
14. Upplestur—Miss M. Bergmann.
15. Cornet Solo—Mr. C. Anderson.
16. Söngflokkur safnaðarins.
17. Veitingar.

DÁNARFREGN.

Þann 18. okt. sl. lézt að heimilisréttarlandi sinu í Hnausabygð í Nýja Íslandi Ólafur Valdimar Ólafsson, nær 60 ára gamall. Hann hafði dvalið 21 ár hér í landi, og allan þann tíma í Winnipeg borg. Hann eftirlætur ekkju, Sigurbjörgu Pálsdóttir, og einn son, Sigurjón Holmann Ólafsson, 15 ára að aldri

Ólafur sál. kom frá Akureyri á Íslandi, og hafði lært þar skósmíðaiðn, hjá herra Kristjáni Kristjánssyni, sem nú býr að Marshland P.O., Man. En aldrei stundaði hann þá iðn hér vestra, en gaf sig að algengri daglaunavinnu. Síðustu 10 árin vann hann í þjónustu Winnipeg borgar. Öll þau ár var hann heldur heilsuteæpur, og nú fyrir 3 árum var hann ekki farinn að þola daglaunavinnuna, og tók sér þá heimilisréttarland.

Ólafur sál. var gæfur í lund og hvers manns hugljúfi, sem hann þekti, enda jafnan öðrum velviljaður eftir mætti.

Maður að nafni McLaglan, fyrrum lögregluþjónn hér í borginni, höfðaði fyrir nokkru sakamál móti ritstjóra Free Press, fyrir óvirðingarorð, sem blaðið hafði haft um hann og framkomu hans á Sifton fundinum í Walker leikhúsinu hér í borg fyrir nokkrum vikum. Málið stóð yfir nokkra daga en hvuk svo að ritstjórinn var sýknaður með því að fjöldi vitna sannaði að framkoma manns þessa á fundinum var svo ósiðsöm að ummælin voru verðskulduð.

Bréf á skrifstofu Heimskringlu eiga: —

Halldór Halldórsson.
Miss Guðný Thorvaldsdóttir.
Mrs. Sigurbjörg Pálsdóttir.
M. E. Eyford.
Miss Þórunn Baldwinsdóttir.

I. O. G. T.

Þann 12. nóvember 1908 voru eftirfylgjandi meðlimir settir í embætti í stúkunni ÍSLAND nr. 15, af umboðsmanni stúkunnar Mr. H. Skaptfeld: —

F.Æ.T.—Jón Ólafsson.
Æ.T.—Sigríður Swanson.
V.T.—Hlaðgerður Kristjánsson
F.R.—G. J. Goodmundsson.
Gk.—Magnús Skaptfeld.
R.—Þóra Johnson.
A.R.—Guðný Stefánsson.
Kap.—Steinunn Gíslason.
D.R.—Olga Skaptfeld.
A.Dr.—Helga Olgeirsson.
V.—Finnbogi Þorkelsson.

Herra Elis Thorwaldson, kaupmaður á Mountain, N. D., auglýsir í þessu og næstu blöðum fylstu byrgðir af allskyns skraut og nauð synjavarningi, sem vanalega er fáanlegur í beztu sveitabúðum þessa lands. — Alt þetta selur hann með 10 til 25 prósent afslætti, og auk þess færir hann kaffi og sykur svo niður í verði, að vér getum ekki gert lesendum Heimskringlu í Norður Dakota betri greiða en að ráða þeim til að gera aðsúg að Elis, meðan nokkuð fæst af vörum hans með auglýstu verði.

Samkoma

Fimtudaginn þann 17. desember 1908 heldur kvenfélagið TILRAUN Kassa-Uppboð í neðri Goodtemplara salnum, á horninu á Sargent Ave. og McGee St. — Þeir, sem sækja samkomuna, fá molakaffi gefins í næstu dyrum við samkomusalinn. — Inngangur 25c Byrjar kl. 8 að kveldi. — Frí inngangur fyrir allar þær stúlkur, sem gefa kassa.

Guðjón Thomas
Gullsmiður

hefir að heimili sínu, að 659 William Avenu, eina af fullkomnustu Gull og Silfursmiða vinnustofum hér í borginni. Í henni eru nýtízku vélar til Gull og Silfursmiða, fullkomnustu verkfæri, sem fáanleg eru. Herra Thomas getur því nú smíðað alls konar Skrautgripi úr málmi eftir því, sem hver óskar, og afgreitt allar pantanir fljótt og áreiðanlega, því hann hefir aðra menn við verkið.

Þeir, sem vildu fá slíka Skrautgripi gerða, geta sent pantanir sín ar til hans, og býr hann þá til gripina nákvæmlega eftir fyrirsögn pantenda. — Utanbæjarmenn geta skrifað honum til

659 William Ave.
Phone 2878

James Flett & Co.
PLUMBERS

Leiða Gas- Vatns- og Hitapípur í hús yðar, fyrir sanngjarnan borgun. Verk vandað, fljótlega gert og ábyrgst.

572 Notre Dame Avenue
Telephone nr. okkar er 3380 eða 8539.

LÁTTU MIG SAGA ELDI VIDINN ÞINN. — Ég hefi keypt spónnýja sögunarvél, og geri verkið gegn sanngjarni borgun.

S. THORKELSSON,
738 Arlington St. Talsími 8588.

Jólagleðin er Nálæg

GLEYMIÐ EKKI AÐ KAUPA GULLSTÁSS YÐAR HJÁ UNDIRRITUÐUM,—SVO SEM T. D. GULL ÚR, GULLHRINGA, ARMBÖND, "LOCKETS", ÚRKEÐJUR, BRJÓSTNÁLAR, SLAUFU-PRJÓNA, LINDARPENNA, KLUKKUR, OG KÖKU- OG ALDINAKÖRFUR, OG ANNAÐ GULL- OG SILFURSTÁSS. EINNIG KRISTALS SKRAUTMUNI OG FL. ALT VANDAÐAR VÖRUR OG MEÐ AFARLÁGU VERÐI.

ALLAR UTANSVEITA PANTANIR AFGREIDDAR FLJÓTT OG ÁREIDANLEGA

TH. JOHNSON, JEWELER
286 MAIN ST., horni Graham Ave. TALS. 6606

Til Heimskringlu.

Komdu blessuð, Kringla góða,
klappa' eg máske þér um of.
Þú ert hress með heilsu góða, —
haminingjunni syngist lof!

Viltu mærin miskun sýna
manni, sem er fjarri þér,
og taka upp á arma þína
arfa þenna nú frá mér?

Þú ert gild, í góðu standi,
glöð á svipinn, hýr á brá.
Þó þú farir land úr landi,
lúa engínn sér þér á.

Þýtt er bros á þínum vörum,
þú ert bæði há og sterk.
Oft þú lítur augum snörum
á illa menn og þeirra verk.

Þú ert búin þokkalega,
þín eru fötin óslitin, —
þó ýmsir reyni allavega
í að rifa kjólinn þinn.

Hlut þinn eigi hót þú lætur. —
hinir mega vara sig. —
Sértu í friði, svanninn mætur,
seinna máske kyssi' ég þig.

Jónas J. Danielsson.

Íslenzkur Tannsmiður,

SIGURÐUR DAVIDSON, hjá Dr. Morden, frá læknaskólanum í Chicago,—tekur að sér að smíða Tennur eftir þörfum, og festir þær í tanngarðinn sársaukalaust.

Finnið hann á skrifstofu að
620½ Main St.
Phone 470 Horni Logan Ave.

ÉG HEFI KEYPT ÚT KJÖTVERZLUN

herra Christjáns Oleson's á Notre Dame, og óska viðskifta allra þeirra sem áður voru viðskiftavinir hans. Gott kjöt og sanngjarnt verð.

A. E. COOPER,
666 Notre Dame Ave. Telefón 6906

Til fullkomnustu tryggingar Vátryggið fasteignir yðar hjá The

St. Paul Fire & Marine Ins. Co.

Eignir félags. eru yfir 5 milíón dollars. Skaðabætur borgaðar af San Francisco eldinum 1¼ mill. SKULI HANNSON & CO., 55 Tribune Bldg., Phone 6476, eru sérstakir umboðsmenn.

E. S. Miller Limited
Aðal umboðsmenn
PHONE 2083 219 McINTYRE BLK.

J. G. Snidal, L. D. S.
ÍSL. TANNLÆKNIR

COR. MAIN & BANNATYNE
DUFFIN BLOCK PHONE 5302

BILDFELL & PAULSON
Union Bank 5th Floor, No. 520

selja hús og lóðir og annast þar að lútandi störf; útvegar peningalán o. fl.
Tel.: 2685

ARNI ANDERSON
Íslenzkur lögmaðr

Í félagi með
Hudson, Howell, Ormond & Marlatt
Barristers, Solicitors, etc.
Winnipeg, Man.

13-18 Merchants Bank Bldg. Phone 3621, 3622

BONNAR, HARTLEY & MANAHAN

Lögfræðingar og Landskjala Semjarar

Suite 7, Nanton Block, Winnipeg

Hubbard, Hannesson and Ross
LÖGFRÆDINGAR

10 Bank of Hamilton Chambers
Tel. 378 Winnipeg

Woodbine Hotel

Stærsta Billiard Hall í Norðvesturlandinu
Tíu Pool-borð.—Alskonar vín og vindlar.
Lennon & Hebb
Eigendur.

F. Deluca

Verzlar með matvöru, aldini, sætabrauð, allskonar sætindi, mjólk og rjóma, sælt, tóbak og vindla. Óskar viðskifta Íslen. Heitt kaffi eða te á öllum tímum. Fóa 714

Tvær búðir:
587 Notre Dame og 714 Maryland St.

Ég hefi flutt

kjötverzlun mína frá horni Ellice og Langside og til númer

301 Sherbrooke Street,

rétt fyrir sunnan Portage Av.
Sama talsíma nr.: 2631

C. G. Johnson.

"Hvað að brúka og hvar skal fá það".

VITUR MADUR

Við höfum lítið að segja, en það sem vð segjum, segjum við "beint út". Við óskum að þið komið til okkar þegar þið farið að kaupa haust eða vetrarfötin ykkar. Þú veizt ekki hvað ódýrt þú getur keypt föt búin til eftir máli fyr en þú kemur og talar við oss. —

McFarlane & Cairns
SKREDARAR
333 Notre Dame Aðrar dyr vestan Wpg. Leikhúsið.

Stefán Guttormsson,
Mælingamaður

663 AGNES STREET. WINNIPEG.

Dr. G. J. Gislason,
Physician and Surgeon
Weltington Blk, - Grand Forks, N.Dak

Sjerstakt athygli veitt AUGNA, EYRNA, KVERKA og NEF SJÚKDÓMUM.

Miss Jóhanna Ólson,
Piano Teacher
557 Toronto Street

Drs. Ekern & Marsden,

Sérfræðislæknar í Eftirfylgjandi greinum: — Augnasjúkdómum, Eyrnasjúkdómum, Nasasjúkdóm um og Kverkasjúkdómum.

Í Platky Byggingunni í Bænum
Grand Forks, :: N. Dak.

A. S. BARDAL

Selur líkkistur og annast um útfarir. Allur útbúnaður sá besti. Enfremur selur hann al skonar minnisvarða og legsteina.

121 Nena St. Phone 306

Arena Rink

Þar er skemt sér á Hjólskautum hvern eftirmiðdag og kveld, nema föstudags. Hljóðfærafl. spilar. Dansar þeir, sem áður voru í Drill Hall, eru nú haldnir hér á föstudagskv. Dans frá 8 til 12. Inngangur, karlm. 50c, frítt fyrir kvenfólk. Persónum innan 15 ára ekki leyfð inngangs.

JAMES BELL, eigandi.

Boyd's Brauð.

Til þess að hafa ánægju af máltíðum yðar borðið Boyd's brauð. Engin önnur eru jafn góð. Þau eru létt og ljúffeng og hægmelt. Þau hafa einnig fulla vigt. Flutt heim til hvers kaupanda hvar sem þeir búa í Winnipeg-borg.

Boyd's

Bakery Cor. Spence & Portage Ave
Phone 1030.

Antonio De Landro

SKÓSMIÐUR, horni Maryland & Wellington (Bak við aldinabúð.) Verk gott og verð rétt.

Royal Optical Co.

327 Portage Ave. Winnipeg. RÉTT Á MÓTI EATON'S BÚDINNI.

Beztu Augnfræðingar

Öll nýjustu og bezt reynd verkfæri notuð. Höfuðverkur sem stafar frá augunum, áreiðanlega læknaður. Sanngjarn kostnaður.

AUGU SKODUD KOSTNADARLAUST.

LAND

Vér höfum ofiega fengið til sölu yfir 30 Bestúnar-fjölbýlunum, liggjandi að Oak-lands braut C. N. R. fólaseinn. Verð-ið er frá $1.00 til $12.00 hver ekra. Ekkert af löndum þessum eru meir en 5 mílur frá járnbrautinni.

Skuli Hansson & Co.

Skrifs. Talsími 6476. Heimilis Talsími 2274

Heimskringla.

Alt landið

er álitið vera jarðvegsríkt land af bestu tegund, og fæst keypt með vægum afborgunar skilmálum. (N.B.—Leitið fyrripart þessarar augl. vinstramegin við Hkr. nafn.)

Frekari upplýsingar veita

Skuli Hansson & Co.

36 Tribune Building. Winnipeg.

XXIII. ÁR. WINNIPEG, MANITOBA, FIMTUDAGINN, 17. DESEMBER, 1908 NR. 12

Fregnsafn.

Markverðustu viðburðir hvaðanæfa.

Blaðið The Chess Weekly, gefið út í Brooklyn, N. Y., dags. 5. þ. m., getur þess, að landi vor Magnús Smith hafi á Thanksgiving Day teflt einn gegn 18 mönnum. Hann vann 14 töfl, tapaði 3 og gerði eitt jafntefli. — Þeim þar austra þykir Magnús harður í horn að taka við taflborðið.

— Brezka stjórnin hefir tilkynt þinginu, að hún ætli að bera fram frumvarp til laga um breytingu á erfðafyrirkomulagi konungsins. Samkvæmt núverandi erfðastaf verður konungur að sverja af sér afneita katólskri trú, sem sé hjá mörgum kaþólskri trú, sem sé hjá mörkend og skurðgoðadýrkun. Nú er brezka þjóðin orðin svo upplýst, að henni þykir það ósvinna, að leggja konungi sínum í munn nokkur óvirðingarorð um þá trú, og vill því stjórnin láta fella öll slík ámæli úr erfðastaf konungsins.

— Mrs. Carrie Nation, bindindispostulinn mikli frá Bandaríkjunum, sem um þessar mundir er í Evrópulöndum, að reka þar erindi sitt, hefir mætt afarköldum viðtökum á Skotlandi. Þegar hún hóf göngu sína milli vínsöluhúsanna þar, til þess að prédika á drykkjustofunum, þá mættu augum hennar langir léreptsstrimlar, strengdir þar á veggina með þessari áletrun: "Allir gestir eru hér velkomnir, nema Carrie Nation. — Samkvæmt þessari yfirlýsingu var hún rekin með harðri hendi út úr 2 fyrstu drykkjustofunum, sem hún kom í. En gamla konan lét sér hvergi bregða, — hún hafði komist í hann krappann fyrri. Hún heldur áfram ferðum sínum milli drykkjukránna, og talar harðlega móti allri vínnautn. — Sömuleiðis áfellir hún Skota fyrir að drekka tevatn, sem hún segir að vera ígildi morfín-nautnar. Hún hefir fundið nokkra presta að máli, og mælist til aðstoðar þeirra í árásum hennar á drykkjuskapinn, en henni þykir þeir taka málaleitun hennar dauflega, og telur hún þá því óverðuga þess embættis, sem þeir skipa.

— Nýlega varð náttúrulaus mikið á þýzkalandi. Gjöfum var þegar safnað til styrktar ekkjum og börnum þeirra, sem mistu þar eignir og menn og feður. Keisarafjölskyldan gaf vel í þann sjóð. — Krónprinsinn gaf $1250 dollara í þann sjóð, en krónprinsessan hafði ekki handbæra peninga. En með því henni fanst maður sinn ekki hafa gefið nægilega mikið, þá seldi hún 25 þúsund dollara gimsteinasetta hálsfesti, sem hún átti, og lét hana fara með afsketti, til þess að fá verð hennar útborgað í peningum. Síðan gaf hún alt andvirðið í styrktarsjóðinn. Mælist það vel fyrir hjá alþýðu og þykir mjög rausnarlega gefið.

— Franska stjórnin hefir vikið einum sjóflotastjóra sínum úr embætti fyrir það, að hann hafði sagt, að herskip Frakka flyttu eigi með sér nægar byrgðir af skotfærum. Þessi flotaforingi var aðalstjórnari Miðjarðarhafs flotans, er Frakkar halda úti, og hann hefir án efa vitað, hvað hann var að fara með, en kunni ekki að þegja yfir vanræksluhermálaráðherrannar, og var því rekinn frá fyrir bragðið.

— Brezka stjórnin hefir lengið 5 miljónir dollara skatt af dánarbúi herra Barnato, sem nýlega kæfði í London, og sem þá var getið hér í blaðinu. — Nýlega er látinn Glenski lávarður, eigandi morgunblaðsins "Morning Post". Inntektir hans af því blaði eru taldar að hafa verið nær 400 þús. doll. á ári. Enn um auðlegð dánarbúsins er enn þá ekkert víst, en hún er sögð afarmikil.

— Andmæli hafa verið gerð gegn kosningu 24. "Liberal" þingmanna í Quebec fylki, og einnig móti kosningu Sir Wilfrids Lauriers í Ottawa. Loforð hans um, að sjá um, að laun allra stjórnarþjóna yrðu hækkuð á komandi þingi, er talið að hafi snúið tveimur þriðju af öllum stjórnarþjónum með stjórninni, og gert Laurier þannig mögulegt að ná kosningu þar í borginni.

— Uppþot mikið varð á fundi í Lundúnum þann 6. þ.m. Liberal kvenfélagið hafði boðað til fundar í Albert Hall, og hafði trygt sér þar sem ræðumann herra David Lloyd-George, fjármálastjóra hins brezka veldis. Yfir 8 þúsundir manna voru í salnum, því allir bjuggust við, að ræðumaðurinn myndi auglýsa stefnu stjórnarinnar í kvenfrelsismálinu. En strax og hann tók að tala, byrjuðu kvenfrelsiskonur að kalla: "Vér heimtum frumvarp um kvenfrelsi! Gæzlumenn hússins og sérstakir þjónar, sem fengnir höfðu verið til að halda á reglu í húsinu, alls nær 350 menn, gerðu þegar rögg á sig, er konurnar fóru að láta til sín heyra, og reyndu að þagga niðri í þeim, en við það var ekki komandi. Hátt í þvi, sem þjónarnir báðu betur, eftir því æptu konurnar hærra. Var þá gerð tilraun til að láta þær út. En þá kom það upp, að þær höfðu látið festa sig með járnkeðjum við sætin, svo að sætin urðu að fylgja þeim, ef þær yrðu látnar út. Samtímis vörpuðu konur þessar af sér skykkjum sínum, og sást þá, að þær voru allar í fangabúningi innan undir. Þarna sátu þær í fangafötunum, festar með járnkeðjum í sætum sínum, frammi fyrir ráðgjafanum og hrópuðu um frelsi. — Þegar mannsöfnuðurinn varð þess var, að konur sýndu sig í fangafötum, þá var sem eldi væri hleypt í sinu. Allir stukku á fætur og hávaðinn varð svo mikill, að ekkert heyrðist nema óp og org, andvörp og alls konar óhljóð, pípu blástur og margt fleira. Þá þoldu siðagætar ekki mátið lengur. Þeir slitu og brutu járnkeðjurnar af konunum, og hættu ekki fyr en þeir voru búnir að koma þeim öllum út, sem verst höfðu látið. En á meðan á öllu þessu stóð, fékk ráðgjafinn ekki talað eitt einasta orð svo heyrst hefði og var sestur niður og beið úrslita. Eftir nokkurn tíma kyrðist mannsöfnuðurinn svo, að ráðgjafinn gat flutt ræðu sína viðstöðulitið. Hann gat þess, að flestir þeirra, sem nú væru í brezka ráðaneytinu, væru meðmæltir kvenfrelsi, og að grein um það málefni yrði sett í kosningalögin, en sú lagabreyting gæti ekki orðið lögð fyrir þingið fyr en undir þinglok. En þó að enn þá ekki væri komið að því, þá væri sá tími nær enn margur hygði. En áður en það yrði, ætlaði Liberal flokkurinn að sýna Lávarðadeildinni, að fulltrúar fólksins í neðri málstofunni væru ekki eins aflaus'r eins og lávarðarnir gerðu sér í hugarlund. — Margar konur á fundi þessum höfðu búið sig út með svipur og börðu þjóna þá óspart með þeim, sem reyndu til að láta þær út úr húsinu fyrir ólætin. Er svo mælt, að þetta hafi verið einhver róstusamasti fundur, sem lengi hefir haldinn verið þar í landi.

— Abraham Ruef í San Francisco hefir á ný verið fundinn sekur um mútugjafir og aðra svíksemi í sambandi við bæjarmál. — Haney lögmaður, sá sem skotinn var við yfirheyrsluna í málinu fyrir skömmu síðan, var kominn svo til heilsu aftur, að hann gat verið viðstaddur í dómsalnum þegar kviðdómendur auglýstu sektarákvæði yfir Ruef.

— Vinnustúlkur í Holstein héraðinu á Þýzkalandi hafa myndað félagsskap með sér. Þær eru 250 talsins og vinna á verksmiðjum. Um 100 stúlkur í næstu sveit hafa og nýlega gengið í félag þetta. Samkomuhús hefir verið byggt, og koma stúlkurnar þar saman í frístundum sínum. Þær læra þar útsaum, málaraiðn, matargerð, og söngfræði og hljóðfæraslátt. Bókasafn allmikið er í húsinu og sparibanki, þar sem stúlkur geta lagt sparifé sitt. Sérstakar skemtiferðir út úr bænum eru gerðar á sunnudögum og laugardögum eftir miðjan dag. — Stúlkur þessar hafa miðdegisverð í samkomuhúsi sínu. Sú máltíð kostar 5c, og fæðan er: Súpukjöt, kartöflur, brauð og smjör og tebolli. — Í húsinu eru 7 svefnherbergi, 3 setustofur, kenslustofur og leikstofa, sem rúmar 100 stúlkur. — Auðmenn og mannvinir hafa lagt til alt það fé, sem stofnun þessi hefir kostað.

Níu feta hár draugur hefir gengið ljósum logum á Írlandi um undanfarinn tíma. Tveir ungir menn voru nýlega á ferð frá Newcastle til Galway. Nálægt Glanville sáu þeir koma á móti sér níu feta háan draug, en hann varð ósýnilegur þegar hann var að eins fá fet frá þeim. En er þeir litu til baka, sáu þeir þessa mannsmynd í nokkurri fjarlægð. Piltarnir greindu frá viðburði þessum, þegar þeir komu til Galway, og hópur manna lagði af stað næsta kveld til þess að athuga þetta. Allir voru vopnaðir. Þegar þeir komu á stað þann, sem níu feta náunginn hafði sést kveldinu áður, námu þeir staðar o. tíðu. Brátt kom veran í ljós, og stefndi beint á hópinn. Lyfti þá einn úr hópnum rifli sínum og ætlaði að skjóta. En hann skaut ekki, því hann misti alt afl úr handlegnum, er hann ætlaði að miða, og byssan fóll til jarðar og maðurlka og varð meðvitundarlaus. En níu feta náunginn hvarf þeim félögum sjónum. Allir leitarmenninir urðu óttaslegnir við þetta tilfelli. Hinn veiki maður var flutt ur inn til Galway, og fengu læknar vakið hann til meðvitundar eftir nokkrar klukkustundir. — Síðan hefir engin draugaleit verið gerð.

— Snemma í þessum mánuði fóll skriða mikil fram á 2 bæi á Ítaliu og lagði þá í eyði. Þar létu 27 menn lífið, en margir særðust.

— Japanskt gufuskip hvolfdist á rúmsjó nálægt Wei-hei-Wei snemma í þessum mánuði, og fórust allir, sem á skipinu voru, bæði ferðafólk og skipshöfn. Öðru gufuskipi hvolfdi nokkrum dögum áður á sömu stöðvum, og fórust þar 70 Japanar.

— Mál stendur yfir milli bæjarstjórnarinnar í St. John, N.B. og stjórnarþjóna þar í borginni. Bæjarstjórnin vill láta stjórnarþjóna borga skatt af launum þeirra, en stjórnarþjónarnir neita að borga. Í undirrétti fóll málið á stjórnarþjónana, sem nú skulda bænum 2. ára skatt, en þjónarnir hafa tilkynt bænum, að þeir ætli að skjóta málinu fyrir leyndarráð Breta, og hafa þegar myndað 4 þús. dala sjóð í því augnamiði.

— Heldur var það óþokkabragð af John Jackson í Toronto, að tóta nefið af konunni sinni í síðustu viku, þó að önnur yngri kona hefði flutt í húsið til þeirra hjóna, og að selja svo loðkápu konu sinnar fyrir $100 til þess að geta haft jólaglaðningu handa sjálfum sér.

— Ung stúlka nálægt bænum Alexander í Manitoba brann til bana á laugardaginn var, af því að steinolíu kanna sprakk, þegar hún var að hella olíu í eldinn í matreiðslustónni. — Og piltur í Virden bæ dó af sömu orsökum sama dag.

— Nokkrir menn í Selkirk bæ í Manitoba eru í undirbúningi með að byggja eldspítnagerðar verkstæði, sem ætlast er til að verði fullgert í marzmánuði næstkomandi og byrji með 50 manns í þjónustu sinni.

— Þjóðskuld Canadaríkis hefir aukist um 35 miljónir dollara á sl. 12 mánuðum. Í októberlok í fyrra var hún 251½ miljón dollara, en um sama leyti í ár var hún orðin 286½ miljón dollara. Vaxandi útgjöld, en minkandi tekjur eru orsök til skuldaaukningarinnar.

— Samkvæmt siðvenju Kínverja hafa verið brendar allar lausar persónulegar eignir hins látna keisara og keisaramóður. Öll fót þeirra og annað það, er þau notuðu daglega, hafa verið eyðilögð, og er það talið 6 miljón dollara virði. En útafararkostnaður þeirra er mælt að hafi kostað ríkið rúmlega 4¼ miljón dollara.

Beztu þakkir.

Heimskringla finnur sér skylt, að votta hér með alúðarþakkir kaupendum blaðsins í Gardar, Edinburg og Spanish Fork, sem á þessu hausti hafa borgað svo vel, að nálega hver kaupandi í þessum bygðum hefir borgað fyrirfram fyrir næsta árgang blaðsins.

Það sama má að mestu leyti segja um kaupendur í Minnesota, sem í flestum árum hafa verið allra manna fyrstir til að borga blaðið, og í flestum tilfellum fyrirfram.

Margir hafa og borgað í Blaine, og yfirleitt hafa Bandaríkja kaupendur reynst Heimskringlu hinir tryggustu vinir á þessu eins og fyrri árum.

Fyrir þessa góðvild og drenglyndi vottast þeim alúðarþakklæti allra þeirra, sem að útgáfu blaðsins standa.

Vegna annríkis heima fyrir, var ekki hægt að senda út innköllunarlista blaðsins í bygðir Canadamanna fyr en nokkru síðar en Bandaríkja listarnir voru sendir út. En útgáfunefndin vonar, að Canadiskir kaupendur geri sitt ýtrasta á þessu hausti til að hlynna að Heimskringlu með tímabærum borgunum, og sem flestum fyrirfram, því að útgjöld blaðsins eru uppihaldslaus og vaxandi.

Sameining skóla.

Í ráði er, að sameina 4 barnaskóla í Snowflake héraðinu í Manitoba í eitt skólahérað. Kenslu og viðhaldskostnaður í þessum skólum er álitinn of mikill í samanburði við nemendafjölda, og kostar í einum skólanum $174.27 fyrir hvert barn að meðaltali á ári.

Skólarnir eru þessir:

1. Prairie City skólinn. Hann hefir 29 börn á skólaskrá, en aðsókn sækja hann ekki fleiri en 15½ barn. Kenslu og viðhaldskostnaður er $1,059.38, eða $68.35 fyrir hvert barn.

2. Carthage skólinn, sem er að eins 3 mílur vegar frá Prairie City og telur 17 börn á skólaskrá, en aðsóknin að jafnaði er að eins 6½ börn. Kenslu og viðhaldskostnaður $622, eða 96.45 fyrir hvert barn.

3. Snowflake skólinn er 3 mílur vegar frá Prairie City, telur 19 börn á skólaskrá, en aðsóknin að jafnaði ekki nema 8½ börn. Árlegur kostnaður $629.90, eða $74.81 fyrir hvert barn.

4. Star Mound skólinn er 3 mílur vegar frá Prairie City, og telur 12 börn á skólaskrá, en ekki fleiri en 4 þeirra sækja skólann að jafnaði yfir kenslutímabilið. Árlegur kostnaður er 719.75, eða $174.27 fyrir hvert barn.

Það er álitið heppilegt, að sameina alla þessa skóla í einn, sem sé í Prairie City. Með því móti mætti bæta kensluna, en lækka útgjöldin að miklum mun. Sameinaðir skólar eru þegar komnir á fót í Virden og Holland og hafa gefist ágætlega.

$3 VIRÐI FYRIR $2

Örfá orð til þeirra sem EKKI kaupa blaðið Heimskringlu:

EF AÐ VÉR tækjum $3.00 upp úr vasa vorum og biðum yður þá í skiftum fyrir $2.00 þá munuð þér fljótt taka boði voru. — Vér ætlum nú ekki að gera það, ekki beinlínis, en vér ætlum að gefa yður tækifæri, — sem þó ekki kemur oft fyrir, — að fá keypt $3.00 virði af LESMÁLI fyrir $2.00. — Ef að þér sendið oss $2.00 nú þegar, þá skulum vér senda yður Heimskringlu frá þessum tíma til 1. apríl 1910, í 15 mánuði, ($2.50 virði), og sömuleiðis eina rifandi skemtilega 50 centa sögubók í góðri kápu. — Og þá fáið þér $3.00 virði af lesmáli, og það fjölbreyttu, fyrir $2.00. — Þér, sem EKKI kaupið Heimskringlu, notið yður þetta tækifæri, — skrifið eða komið til vor í dag, Á MEÐAN ÞÉR MUNIÐ!

Heimskringla, P.O.Box 3083, Winnipeg, Man.

Menningarfélagsfundur.

Miðvikudaginn þann 9. þ.m. flutti séra Rögnvaldur Pétursson erindi á Menningarfélagsfundi í Únítara kirkjunni, um ástöðu Íslendinga í hérlendum málum. Fórust honum vel orð, og tók hann allhart á þeim mönnum og málefnum, sem reyna á einhvern hátt að hindra áform Íslendinga, og áfátta þeim frá, að setja áform sín hátt og langt fram undan.

Fundurinn var allvel sóttur, og urðu töluverðar umræður um málefnið á eftir fyrirlesaranum.

Félag þetta heldur fundi sína annan og fjórða miðvikudag hvers mánaðar, og er valinn maður fyrir hvern fund til að flytja fyrirlestur um alþýðleg efni. Allir eru velkomnir á fundina kostnaðarlaust, og er því félagið sönn uppspretta fyrir þá, sem vilja afla sér þekkingar og auka viðsýni sitt um ýmislegt mál, sér að kostnaðarlausu.

Á næsta fundi, 23. des. (Þorláksmessukveld), flytur herra P. M. Clemens fyrirlestur. Efni: UM FRIÐ. E.Á.

Stórar og góðar myndir

af þjóðmæringunum íslenzku Hallgrími Péturssyni og Jónasi Hallgrímssyni —

fást nú til kaups hjá undirskrifuðum, — önnur á 35c, báðar á 60c, borgist með póstávísun. — Myndir þessar eru skreyttar pennadregnum borða, og eru að öllum útbúnaði og frágangi eins vel og vandlega úr garði gerðar og framast er unt. Ekki er þetta gert í neinu gróðaskyni, heldur er því heitið, að ágóðanum af þessu fyrirtæki, ef einhver kynni að verða, skuli varið til að styrkja eitthvert opinbert nauðsynjamál eða líknarstraf meðal Íslendinga.

Góðir landar! Sendið eftir þessum myndum núna fyrir jólin. Þér munið verða vel ánægðir með kaupin. Útsölumenn vantar hvarvetna í bæjum og bygðum meðal Íslendinga. — Skrifið:

F. R. JOHNSON,

1419 W. 57th St., Seattle, Wash.

Herra Friðrik Sveinsson, 618 Agnes St., er útsölumaður í Winnipeg.

— Kúasýning mikil var nýlega haldin í Chicago borg, og um leið héldu mjólkursalar sem viðstaddir voru, fund með sér. Herra Lator Horton, sem talinn er stærstí mjólkursali í New York ríki, sóttti fund þennan og hélt þar ræðu. Hann kvaðst selja mjólk til ríka fólksins í New York borg fyrir 20c hvern pott, og kvaðst roðna í hvert sinn er hann tæki við borgunina. Þessa sérstöku mjólk sagðist hann fá frá kúabónda einum í Newburg þar í ríkinu, en framleiðslukostnaður þessarar mjólkur væri eins mikill og framleiðslukostnaður á California víni, enda væri mjólkin afbragðsgóð. Á kúabúi þessu kvað hann hreinlæti svo mikið, að næstum væri ótrúlegt. Til dæmis kvað hann kýrnar vera þvegnar og þurkaðar með sínustu hördúkum, og öll meðferð mjólkurinnar væri svo vandasöm eins og á kampavini. Hann kvað bónda einn græða að eins 2 prósent á verzluninni, þrátt fyrir 20 centa verðið á hverjum potti.

G. THOMAS

GULLSMIÐUR

hefir nú, eins og á fyrri árum, alls konar Gull- og Silfur- Skrautmuni til sölu, svo sem Gull- og Silfur-Vasaúr fyrir karla og konur. Bezt eru "Waltham" Úrin, seld á $5.00. Hann ábyrgist, að þau séu áreiðanlag. — Fyrir konur mælir hann helzt með 14-karat Gullfyltu Úrunum, með 25 ára ábyrgðinni. Verðið er $10.00.

Hann hefir og mesta úrval af als konar Skrautgripum, sem hann óskar, að fólkið komi og skoði.

Alt selt sérstaklega ódýrt fyrir hátíðirnar að

659 William Ave. Tals. 2878

Wall Plaster

Með því að venja sig á að brúka "**Empire**" tegundir af Hardwall og Wood Fibre Plaster er maður hár viss að fá beztu afleiðingar.

Vér búum til:

"Empire" Wood Fibre Plaster
"Empire" Cement Wall "
"Empire" Finish "
"Gold Dust" Finish "
"Gilt Edge" Plaster of Paris
og allar Gypsum vöruteg. undir. —

Eiqum vér að senda yður bækling vorn?

MANITOBA GYPSUM CO. LTD

SKRIFSTOFUR OG MILLUR Í

Winnipeg, - Man.

PURITY FLOUR

AÐ BAKA BEZTA BRAUÐ

er meira en vísindi og meira en list.

En það má gerast fljótlega og áreiðanlega með því að nota

PURITY FLOUR

Það er malað úr bezt völdu Vestur-Canada Hörðu Hveitikorni; er algerlega hreint og svo ilmandi kjarngott.

ALLIR ÍSLENZKIR KAUPMENN SELJA ÞAÐ

WESTERN CANADA FLOUR MILLS CO.,
LIMITED.
WINNIPEG. —— CANADA.

Heimskringla
Published every Thursday by The Heimskringla News & Publishing Co. Ltd

Verð blaðsins í Canada og Bandaríkjunum $2.00 um árið (fyrir fram borgað).
Sent til Íslands $2.00 árið fyrir fram borgað af kaupanda (Ísafoldarverð).

B. L. BALDWINSON,
Editor & Manager

Office:
729 Sherbrooke Street, Winnipeg
P.O. BOX 3083. Talsími 3512.

Trúarjátningarnar og kenningarfrelsi presta

Eftir Harald Níelsson.

(SKÍRNIR)

Grein sú "Um kenningarfrelsi presta", sem hér fer á eftir, er tekin úr tímaritinu Skírnir. Hún er rituð af séra Haraldi Níelssyni, prestaskólakennara, sem nú er talinn mesti grísku-lærdómsmaður og biblíulærðingur, sem íslenzka þjóðin á.

Margir hafa mælst til þess, að Heimskringla prentaði greinina, með því að staða Níelsar og lærdómsþekking veitir skoðunum hans á máli þessu svo mikið gildi, sem frekast verður á kosið.

Ýmsa menn hér heima hefir lang að til þess, að kenningarfrelsi presta yrði tekið til umræðu meðal vor. Og þegar fregnin um aðalþrá skólamáls Vestur-Íslendinga á síðasta kirkjuþingi barst hingað, urðu óskirnar um þetta enn sterkari. Og af því, að ég er einn í tölu þeirra manna, er þessa ósk ala í brjóstá, réð ég af að rita grein um þetta mál. Og mér virðist vel við eiga, að láta umræður Vestur-Íslendinga verða tilefnið til þess, að málinu sé hreyft hér heima.

Vér erum svo fáir, Íslendingar, að oss er auðvelt að sjá yfir allan hópinn, og því eðlilegt, að vér veit um nákvæma eftirtekt ölls því, er gerist með löndum vorum hinumegin hafsins. Líf þeirra er líf af voru lífi. Og oss er það hið hjartfólgnasta mál, að þjóðerni þeirra varðveitist þar. Og hins vegar er alt af að koma nýr og nýr vottur þess, hve rík þjóðernistilfinningin er með löndum vorum vestra. En báðum hlutum þessarar miklu þjóðar er það mikilsvert, að þessi samúð sé sem mest, og að það sé mönnum ljóst báðumegin hafsins. Kirkjumálin eru eigá lítill þáttur í lífi Vestur-Íslendinga, og fyrir því hefir það vakið mikla athygli bæði vestra og hér á landi, hvernig kirkjuþing síðasta fór með skólamálið svo nefnda. En nú er það berlegt, að andróðurinn og ímugusturinn, sem vakinn hefir verið gegn íslenzku-kennaranum við Wesley skólann, séra Friðriki J. Bergmann, á eina aðalrót sína að rekja til þess, að flokki manna þar vestra, eða leiðtogum þeirra, stendur stuggur af frjálslyndi hans í kristindómsmálum, og að líkindum sérstaklega af því, að hann virðist aðhyllast kenningarfrelsi presta. En kenningarfrelsinu hefir hinn mikilsvirti leiðtogi kirkjufélagsins vestra, séra Jón Bjarnason, algerlega afneitað og gerir enn. — Það sýnir ljóslega fyrirlestur sá, er hann hélt á kirkjuþinginu.

En kenningarfrelsishugsjónin hefir áður gert vart við sig í kristninni kirkju, og hún er engin sérsögn séra Friðriks J. Bergmanns um þessar mundir. Það mál hefir verið og er enn rætt með mörgum þeim kirkjuflokkum, er framarlega standa nú á tímum. Og hér á landi hafa ýmsir prestar verið þeirrar skoðunar, að það væri eitt af velferðarmálum kirkjunnar, að kenningarfrelsið yrði lögleitt. Í þessu efni nægir að minna á bréfkaflana frá séra Zophoniasi heitnum Halldórssyni, er birtir voru í janúarblaði Nýs Kirkjublaðs.

Þegar um kenningarfrelsi presta er að ræða, er við það átt,

> hvort þeir eigi í prédikunum sínum, að vera bundnir við þann skilning í öllum atriðum kristinnar trúar, sem haldið er fram í trúarjátningum þeim, er kirkjan samþykt lögum sínum viðurkennir.

Þeir, sem kenningarfrelsinu eru andvígir, vilja rigbinda alla kennimenn kirkjunnar við trúarjátningarnar. Sé það ekki gert, halda þeir að kirkjunni sé hætta búin. Kenningin fari þá öll á ringulreið, kennimenn villist frá sannleikanum og leiði aðra í villu. Og þeir hljóta að vera þeirrar skoðunar, að skilningur trúarjátninganna á kristindóminum sé svo fullkominn, að lengra verði ekki komist; hann geti aldrei orðið fullkomnari í þess um heimi; að minsta kosti geti enginn fullkomnari skilningur farið í bág við hann.

En ef kveða á upp dóm í þessu máli, tjáir ekki að láta mönnum trúarskoðun á því vera dómarann. Vér verðum fyrst að athuga, hvernig trúarjátningarnar eru til orðnar, og rannsaka það, hvort þeim beri um aldur og æfi að sitja í þeim tignar- og valdasessi, er þær stundum hafa verið settar í, og hvort þær eigi að ríkja yfir hugsunum og skoðunum og orðum kennimanna kirkjunnar og kirkjulýðsins allan þann langa tíma, meðan veröld stendur. Því að vitanlega ætla kristnir menn, og ekki síst réttrúnaðarmennirnir, kirkjunni að standa og leiðbeina mönnum allan þann tíma. Og er því satt að segja ekki neitt undarlegt að hugsa sér það, að einhver framför kunni að verða á skilningi manna á trúmálum á þeirri löngu leið. Flestum mun í fljótu bragði lítast svo á málið, að það sé óhugsandi, að kristnir menn hafi fyrir mörgum öldum hlotið fullan skilning á öllu því, sem heilög ritning hefir að geyma, og allan þann skilning á trúarbrögðunum, sem unt er að öðlast í þessum heimi. En ekkert mínna en þetta felur sú skoðun í sér, að kennimennirnir skuli skyldir að fylgja trúarjátningunum í öllum atriðum, og að út fyrir þær sé kirkjunni aldrei heimilt að fara.

Fyrstu aldir kristninnar hafa þótt tilkomumésta tímabilið í sögu kirkjunnar, og þó einkum fyrsta öldin, postulatímabilið svo nefnt. Þá hefir kristindómurinn þótt fegurstur og afmestur. Og allir síðari tímar hafa jafnan óskað þess, að vera sem líkastir honum. Allar endurbætur kirkjunnar hafa miðað að því, að komast aftur sem næst kristindómi postulatímabilsins. En á þessari gullöld kristninnar var engin sú trúarjátning til, er hlotið hefði almenna viðurkenningu. Þá fer kristnin sigrihrósandi land úr landi og á þó mikilli mótspyrnu að mæta, — svo mikilli, að fjöldi kristinna manna er líflátinn. En því fleiri, sem deyja fyrir trúna, því meir útbreiðist hún. Þessar ofsóknir ganga yfir allar 3 fyrstu aldirnar við og við. Og þeim linnir ekki til fulls fyr en í byrjun 4. aldar, þá er Konstantínus mikli kemst til valda og gerir kristinni trú jafnhátt undir höfði og hinum heiðnu trúarbrögðum. En eftir að jafnréttið var fengið, fóru leikar bráðlega svo, að kristna trúin varð ráðandi viðast hvar um hinn forna heim, þann er menningarþjóðunum fornu: Grikkjum og Rómverjum, þá var kunnur.

Ef saget verður um nokkurt tíma bil kirkjunnar, að þá hafi mest á því borið, að ríki Jesú Krists er ekki af þessum heimi, þá er það þetta fyrsta ofsóknartímabil í sögu kirkjunnar, fyrstu 3 aldirnar. Og einmitt þessar fyrstu 3 aldir hefir engin trúarjátning hlotið almenna viðurkenning.

Eins og kunnugt er, urðu 3 trúarjátningar til í fornkirkjunni, er Páfakirkjan viðurkendi og lúterska kirkjan síðar tók í arf frá henni. Og er postullega trúarjátningin (apostolicum) talin elzt þeirra. Og hún er sú eina þeirra, sem allir menn hér á landi þekkja, því að hún er tekin upp í Fræði Lúters. En ekki mega menn láta nafnið villa sig og halda, að hún sé samin af postulum Krists. Það er ekkert annað en miðaldasögusögn, að hún sé þann veg til orðin. Sannleikurinn er sá, að hún er langi af myndast í kristninni og menn vita ekkert með vissu, hve nær hún er til orðin. Í þessari mynd, sem vér höfum lært hana, mun hún hafa verið til um árið 500. En áður (líklega á 4. öld) var hún til í styttri mynd (rómverska játningin gamla). Sumum liðum trúarjátningar þessarar vitum vér að ekki var bætt inn í hana fyr en á 4. og 5. öld. Annað mál er það, að rekja má rætur að henni lengra aftur í tímann og að líkindum alt til seinni hluta annarar aldar. Mjög sennilegt er, að hún hafi í fyrstu verið sett saman í þeim tilgangi, að hafa hana að skjólgarði eða varnarmúr gegn villukenningum, og að hún sé því trúvarnarlegs eðlis.*)

Næsta trúarjátningin, sem til varð í fornkirkjunni, hefir lengst af verið nefnd nicenska trúarjátningin (Nicænum). Var það ætlun manna, að hún hafi samþykt verið á kirkjuþinginu í Niceu 325, sem svo er frægt orðið í sögunni. Nú eru fræðimennirnir farnir að kalla hana "niceno-konstantinopolitönsku trúarjátninguna" (Nicæno-constantinopolitanum), því að hún muni ekki hafa hlotið samþykki fyr en kirkjuþinginu í Konstantinopel 381 og sé frekari útfærsla samþyktarinnar í Niceu. En sögulegar rannsóknir síðustu ára virðast benda til þess, að hún sé þó ekki einu sinni svo gömul; hún sé hvorki samþykt í Niceu né í Konstantinopel, heldur hafi hún náð viðurkenningu nokkuru síðar, og frá því um 500 varð hún skírnarjátning í grísk-kaþólsku kirkjunni.*)

Þriðja trúarjátningin er sú, sem kend er við Athanasius kirkjuföður (Athanasianum). Hann var uppi á 4. öld (d. 373). En trúarjátning sú er ranglega við hann kend. Hún er nú talin til orðin í byrjun miðaldanna, sérstaklega undir áhrifum af kenningum Ágúst ínusar kirkjuföður, sem þá voru orðnar svo að segja alvaldar í kirkjunni. Sú trúarjátning öðlaðist smátt og smátt viðurkenning í rómversku kirkjunni, en gríska kirkjan hafnaði henni gersamlega. Þessi trúarjátning er miklu lengri en hinar tvær, sem áður er um getið. Hún fjallar aðallega um þrenningarlærdóminn og persónu Krists. Í henni er lögð miklu ríkari áherzla á réttrúnaðinn en áður hafði gert verið, og leyfi ég mér, að koma hér með íslenzka þýðing á henni. Hún mun með öllu ókunn almenningi hér á landi. En þar sem nú er verið að halda því svo fast að mönnum, að allar trúarjátningar eigi að vera merki vort, kirkjumannanna, virðist mjög eðlilegt að leita mönnum að líta merkið. Annars kostar gota þeir ekki þekt það. Hitt væri enginn furða, þótt ýmsir fengju þann skilning við lesturinn, að í raun og veru ætti það ekki að vera neitt sérlegt keppikefli, að rigbinda skoðanir og kenningar presta nú á tímum við ákvæði þessarar játningar.

Á vora tungu er hún á þessa leið:

"Sérhver sá, er hólpinn vill vera, verður um fram alt að halda fast við hina almennu (kaþólsku) trú. Og hver sá, sem ekki varðveitir hana heila og ómengaða, mun vafalaust að eilífu glatast.

"En þetta er hin almenna (kaþólska) trú, að vér tignum einn guð í þrenningunni og þrenninguna í einingunni, þannig, að vér hvorki ruglum saman persónunum né greinum sundur veruna. Því að ein er persóna föðursins, önnur persóna sonarins, önnur heilags anda. En guðdómur föðursins og sonarins og heilags anda er einn og hinn samá, dýrðin jafn mikil, hátignin jafneilíf. Slíkur sem faðirinn er, svo er og sonurinn, svo er og heilagur andi. Faðirinn er óskapaður, sonurinn er óskapaður, heilagur andi er óskapaður. Faðirinn er ómælanlegur, sonurinn ómælanlegur, heilagur andi ómælanlegur. Faðirinn er eilífur, sonurinn eilífur, heilagur andi eilífur. Og þó eru ekki þrir eilífir, heldur einn eilífur, eins og ekki eru þrir óskapaðir, heldur einn óskapaður, og einn ómælanlegur. Á sama hátt er faðirinn almáttugur, sonurinn almáttugur, heilagur andi almáttugur. Og þó eru ekki þrir almáttugir, heldur einn almáttugur. Þannig er faðirinn guð, sonurinn guð, heilagur andi guð. Og þó eru ekki þrir guðir, heldur einn guð. Þannig er faðirinn drottinn, sonurinn drottinn, heilagur andi drottinn. Og þó eru ekki þrir drottnar, heldur einn drottinn. Því að eins og hinn kristilegi sannleikur knýr oss til að játa hverja persónu út af fyrir sig guð og drottin, þannig bannar hin kristna trú oss að tala um þrjá guði og þrjá drotna.

"Faðirinn er af engum gerður, né skapaður, né fæddur (getinn). Sonurinn er af föðurnum einum, hvorki gerður, né skapaður, heldur fæddur (getinn). Heilagur andi er af föðurnum og syninum, — hvorki gerður, né skapaður, né fæddur (getinn), heldur framgangandi. Fyrir því er einn faðir, ekki þrir feður; einn sonur, ekki þrir synir; einn heilagur andi, ekki þrir heilagir andar. Og í þessari þrenningu er ekkert fyr eða síðar, ekkert meira eða minna; heldur eru allar þrjár persónurnar jafneilífar og jafnmiklar sín í milli, svo að tigna ber í öllu, eins og þegar áður er sagt, bæði þrenninguna í einingunni og einingunna í þrenningunni. Sá, sem því vill hólpinn vera, verður að hafa þessa skoðun á þrenningunni.

"En það er nauðsynlegt til eilífrar sáluhjálpar: að maður trúi og einlægleg holdtekju drottins vors Jesú Krists. Það er því rétt trú, að vér trúum og játum, að drottinn vor Jesús Kristur, guðs sonur, sé guð og maður; guð af veru föðursins, fæddur fyrir allar aldir, og maður af veru móðurinnar, fæddur í tímanum, fullkominn guð, fullkominn maður, gerr af skynsemigædri sálu og mannlegum líkama, jafn föðurnum eftir guðdómseðli sínu, en föðurnum minni eftir mannlegu eðli sínu. Og þótt hann sé bæði guð og maður, eru samt ekki tveir, heldur einn Kristur. En hann er einn, ekki eftir breyting guðdómseðlisins í hold, heldur fyrir upptekning manneðlisins í guð. Yfir höfuð einn, ekki fyrir samanblöndun verunnar, heldur fyrir eining persónunnar. Því að eins og skynsemigædd sálin og líkamine er einn maður, þannig er guð og maður einn Kristur, sem píndist oss til sáluhjálpar, steig niður til dánarheima, reis upp það en frá dauðum á þriðja degi, steig upp til himna, situr við hægri hönd guðs, hins almáttka föður; þaðan mun hann koma að dæma lifandi og dauða. Og við komu hans verða allir menn að rísa upp með líkami sína og léka reikningsskap gerða sinna, og þeir, sem gott hafa gert, munu ganga inn til eilífs lífs, en þeir, sem illt hafa aðhafst, til eilífs elds.

"Þetta er hin almenna (kaþólska) trú. Og hver sá, sem ekki trúir henni einlægleg og staðfastleg, getur ekki orðið hólpinn".

Trúarjátning þessi ber þess ljós merki, að miklar deilur eru á undan gengnar í kirkjunni um trúna, þegar hún er samin. Svo var og. Einmitt þær aldirnar, sem þessar síðari trúarjátningar eru að myndast, voru hinar megnustu deilur um trúna meðal kristinna manna. Sá, sem ekki þekkir þær deilur, skilur naumast sum ákvæði þessarar trúarjátningar. Og mörg orða tiltækin eru bundin við hugsunarhátt manna á þeim tímum, og því lítt við hæfi alþýðumanna nú á dögum. Deilurnar voru þegar orðn ar mjög ákafar, er Konstantinus keisari stefndi klerkdóminum saman á kirkjuþingið í Niceu (325), út af kenningu Ariusar. Þá var ofsinn svo mikill í mönnum, að á því þingi fékk sá maðurinn ekki að taka þátt í umræðunum, er mest deilan var út af. Hann og fylgismenn hans lögðu fram trúarjátning sína á þinginu. En hún var rifin sundur og Arius rekinn af fundi. Og í þinglok voru allir viðstaddir biskupar látnir skrifa undir trúarreglu þá eða yfirlýsing, sem samþykt var á þinginu. Tveir biskupar neituðu því, og voru þeir gerðir útlægir, ásaant Arinsi sjálfum. Læt ég þessa getið, sem dæmi upp á hógværðar- og umburðarlyndisleysið. Og þegsum ofsa gátu menn bætt, af því að þeir hölluðu keisarann á sínu bandi. Því að nú var kirkjan að verða ríki af þessum heimi.

Þegar vér berum saman postulatímabilið og ofsóknartímabilið annars vegar, og hins vegar 4. og 5. öldina, og athugum það, sem að framan er sagt, sýnist erfitt að samþýða sannleikanum þessa setningu í fyrirlestri séra Jóns Bjarnasonar:

"Á þeim tíðum, þá er mest bar á því, að ríki Jesú Krists er ekki af þessum heimi og það var áþreifanlegast, að opinberan hans stúngur í stúf við mannlega speki, voru trúarjátningar kirkjunnar í mestum heiðri hafðar. Á slíkum tíðum fæddust í fornöld þrjár almennu trúarjátningarnar kristnu* og lærstu sig inn í sálir kirkjulýðsins viðsvegar um lönd". ("Áramót 1908, bls. 21). Ég fæ ekki betur séð, en að sagan sýni oss hið gagnstæða: að á þeim tímum, er mest bar á því, að ríki Jesú Krists er ekki af þessum heimi, þegar postular og píslarvottar sýna hinn mikla mátt trúar sinnar með því að láta lífið fyrir hana og ganga fagnandi út í kvalafullan dauða, og þegar fögnuður trúarinnar kemur fram í kærleiksríku lífi og óumræðilegri löngun til að veita þeim fögnuði og friði inn í sálir annara, — þá voru engar trúarjátningar til. Þá nærðist trúarlífið ekki við mannlega speki, heldur við þær þekkingar og vizkulindir, er Kristur hafði sjálfur lesið lærisveina sína að. Þá voru náðargáfurnar í blóma í kristnum söfnuðum. Þá jusu menn af andans lindum. En þegar trúarjátningarnar urðu aðallega til og komust til viðurkenningar, þá var kirkjan farin að verða ríki af þessum heimi. Þá segir og kirkjusagan oss, að anda-gáfurnar (I. Kor. 12, 1 n.) hafi verið farnar að þverra og kærleikurinn tekinn að kólna. (Meira).

*) Sbr. ritgerð séra Björns B. Jónssonar í Áramótum 1907: Hin postullega trúarjátning.

*) Sbr. Prof. theol. J. Jacobsen: Om Symboler og Symbolforpligtelse. København 1906.

Hefir þú borgað Heimskringlu?

Vetrarkoman.

I.

Óðar víst en varði
vetur nú skall á.
Gestinn þar að garði,
gistíng vildi fá.
djarfit að dyrum barði,
dróttin þetta sá, —
ærið stúrin starði
storma föður á.

"Fáa víst mun fýsa
frekar kynnast þér",
yfir lýðir lýsa —
leynt það ekki fer.
"Ætlið útbýsa!"
elfdur vetur tér,
"mín er von og vísa
vísting taka hér!"

Hann svo knýr á hurðu,
hún svo braka fer.
Firða gegnir furðu,
fátt til ráða er. —
Spjörum úr þeir spurðu
spekingana hér,
eld svo kveikja urðu!
inni hlýna fer.

II.

Í feiknaköflum, sem fjúkið skóp,
felast nú sólskinsblettir lífs;
og norðanbyljanna húrra-hróp
heyrast í gegn um myrkur kífs.

Það dimmir skjótt, því að dagsljós er
dregið í burt á undan sól;
og húmið dökka á fætur fer
fyr en að nóttin kemst á ról.

En dimman verður þó dimmri strax,
dökkleit er nóttin ris á flakk;
og alt sem hugurinn á til taks
eftir þeim vexti snilðar stakk. — —

En þegar kveikt er og ljósin ljá
ljómandi birtu' um húsin hlý,
ég kulli myrkursins kasta frá,
kjólfötum dýrum hugann bý: —

III.

Húsaþök nú hristast í
heljartökum bylja,
þessa vöku vil ég því
veðrastökur þylja.

Sé ég daginn svífa frá,
sé að ægilegur
kringum beinn Kári þá
kalda blæju dregur.

Klaka-hrafli í hverja gátt
hann af afli treður,
og við gafla hússins hátt
heljarskafla hleður.

En er hliðar bæjar ber
bylur iðinn, hraður,
ljósið við og ilinn er
okkar griðastaður.

Því má léttan byrja brag,
beri þetta' að höndum.
Kári glettinn kveður lag,
keimlíkt sléttuböndum!

Alls óþvingað eg nú kveð
undir hringhentunni,
Íslendingar ættu með
einum syngja munni.

Ljóð á munni mann dvelst
meðan unna rími, —
út þó runninn hér er helzt
hringhentunnar tími.

Hér í landi hugur vorn
henni grandar bráður,
rímnaandinn reynist forn,
römmum vanda háður.

Þjóðar ást við íslenzkt lag
okkar bæst nú svona, —
ýtar sjest þó einhvern dag
að því dást, ég vona.

Eða heiður Íslendings, —
eg það reiðar sögi! —
er á láð til algleymings,
eftir breiðum vegi!

Vort mun lítið sýnast svið,
sér ef flýti höndin
okkar nýta ættjörð við
öll að slíta böndin.

Sögu, mest sem hlýtur hrós,
hygg þó flestir gleymi. —
Fá ei beztu lífarljós
lýst í Vesturheimi?

Illur nornir oss til meins
út hið forna að draga;
kvöld og morgna ert þó eins,
eðalborna saga! —

Eyjan smáa, yzt í sjá,
ekki má þér gleyma.
Alt af þrái' og þig að sjá —
þarna á ég heima.

Dettur botn í braginn hér; —
bylsins slotnar kliður.
Fjalladrotning! fyrir þér
fell af lotning niður! —

Sitt í nesti nóttin köld
bær í lesti bragsins;
tilþrif mestu alla öld
eru gestir dagsins.

2. des. 1908. *Ó. T. JÓNSSON.*

WINNIPEG Business College

Cor. Portage Ave and Fort St.

FÉKK FYRSTU VERÐLAUN Á SAINT LOUIS SÝNINGUNNI.

Dag og kveld-kensla. Leitið fullra upplýsinga og biðjið um vorn nýja pappírshnífi ókeypis. Vér kennum enska tungu.

M. E. MACKEY, Skrifari

MARKET HOTEL

146 PRINCESS ST. á móti markaðnum

P. O'CONNELL, eigandi, WINNIPEG

Beztu tegundir af vínföngum og vindlum, aðhlynning góð. húsið endurbætt

JOHN DUFF

PLUMBER, GAS AND STEAM FITTER

Alt verk vel vandað, og verðið rétt

694 Notre Dame Ave. Phone 3815

Winnipeg

Strathcona Hotel

Horni Main og Rupert Str. Nýbygt og ágætt gistihús; Gest um veitt öll þægindi með sanngjarnasta verði. Frí keyrsla til og frá öllum járnbr. stöðvum. Beztu vín og vindlar; og herbergi og máltíðar ágætar.

McLaren Brothers

EIGENDUR

Hotel Pacific

219 Market Street | H M Hicks Eigandi

Winnipeg --- Manitoba

Telephone 3358

Nýr-endurbætt og Nýr-tízku hús f alla staði. Viðskifta yðar óskast virðingarfylst.

$1.25 a Dag

$1.50 Á DAG

Bestu $1.50 gistihús í Winnipeg

BRUNSWICK HOTEL

Horni Main St. og Rupert Ave.

Besta borðhald; Hrein og Björt Herbergi; Finustu Drykkir og bestu Vindlar. Ókeypis Vagn mætir Öll um Traintestum. Reynið oss þegar þú ert á ferð

Hagskýrslur Íslands
fyrir árið 1907.

Blaðið "Ingólfur", dags 8. nóvember sl., gefur útdráttinn úr þeim hluta af landshagsskýrslunum fyrir sl. ár, sem herra Indriði Einarsson hefir lokið við og komnar eru á prent. Þær skýrslur ná yfir árið 1906, og setjum vér þær hér eins og þær birtast í blaðinu, lesendum Heimskringlu til fróðleiks:

I.

BÚNADARSKÝRSLUR 1906

Hér er yfirlit yfir tölu býla og framteljenda nokkur undanfarin ár

1895: 6686 býli, 9857 framteljendur.

1905: 6687 býli, 9882 framteljendur.

1906: 6575 býli, 10041 framteljendur.

Tala býla, sem er sama sem tala bænda, hefir lækkað um 300 síðan 1895. Eftir 1895 komst á aðflutningsbann lifandi fjár til Bretlands og fóll sauðfjáreignin í verði og er eflaust að það hefir rýrt hag bænda. Að vísu hafa afurðir af búnaði stigið í verði síðustu árin, og hefði það átt að sýna sig í meiri velmegun, ef eigi hefði verið hörð ár og ill fyrir landbúnaðinn.

18 prósent bænda býr á 5 hundr. í jörðu eða minna.

25 prósent búa á 6—15 hundr. í jörðu. Á stærri jörðum en 10 hundr. búa 52 af hverju 100. Á jörðum, sem eru stærri en 50 hundr., býr að eins einn búandi af 100. Þær jarðir eru stundum metnar 150 hundr.

Jarðarhundruð á landinu eru: 86,189.

1906 var búið á 84,401 hundr.
Og í Rvík eru 233 hundr.
Í eyði eru því 1,554 hundr.

Það er mjög eftirtektavert, hve jarðirnar hafa stigið í verði hér á landi síðustu árin. Vér munum ef til vill íhuga það atriði betur síðar, en hér eru ummæli endurskoðarans um það efni:

"Það er erfitt að ákveða meðalverð jarðarhundraðanna á landinu nú, síðan fasteignarsöluafgjaldið var afnumið. Fyrir 25 árum var álitið, að það væri 100 kr. Nú er ekki eftir óðru að fara en sölu jarða, sem um er kunnugt á einhvern hátt. Það hefir komið fyrir, að jarðarhundraðið hafi verið selt fyrir 1000 kr. hér í kringum Rvík; í Múla-sýslum hefir jarðarhundrhundraðið alt af verið tvöfalt dýrara enn annarsstaðar og jafnvel fjórfalt. Nú þegar miklu hægra er að fá peningalán en áður til þess að kaupa fyrir jarðir, hafa jarðeignirnar komist í hærra verð. Ef jarðarhundrað er sett á 150 kr. til jafnaðar, þá mun það eigi of hátt. Öll bygð jarðarhundruð á landinu væru þá hér um bil 12,700,000 kr. virði nú".

Nauðtpeningur hefir verið á landinu sem hér segir:

1703: 35,800.
1849: 25,500.
Um aldamótin: 22,500.
1905: 26,846.
1906: 25,159.

Kálfar eru hér taldir með. Í fyrra var bent á, hve talan hefði vaxið síðustu árin, og kálfatalan þá benti á, að "meiri fjölgun væri í vændum". Því miður er svo að sjá á þessari skýrslu, að það álit hafi ekki verið á rökum bygt. Ef kýr eru virtar á 100 kr., nautgripir eins árs, og eldri, 60 kr., veturgamall nautpeningur 35 kr. og kálfar 15 kr. verður öll nautgripaeignin 1906 í peningum 2,071,000 krónur.

Sauðfjártala (lömb meðtalin):

1703: 278,000.
1849: 619,000.
Um aldamótin: 748.000.
1906: 778,142.

Ef mylkar ær með haustlambi eru metnar á (12x5 kr.) 17 kr., geldfé eldra en veturgamalt til jafnaðar 15 kr., geldar ær 12½ kr., veturgamalt fé 10 kr., þá er sauðfé, sem fram var talið árið 1906 7,636,000 kr. virði. Þó er þess að gæta, að fé mun vera talsvert mun fleira á landinu en fram er talið. Það kom greinilega í ljós við fjárböðunina 1903—'05, að framteljendum hættir til að draga undan, því að þá var baðað nokkuð yfir 100,000 fleira fjár en fram hafði verið talið!

Geitfé er ekki teljandi hér á landi og fer jafnvel fækkandi. Árið 1905 er talan 439, en 1906 ekki nema 387, er meta má 5000 kr.

Hross eru talin þannig:

1703: 26,900.
1849: 37,500.
Um aldamótin: 39,600.
1906: 48,908.

Folöld allstaðar talin með.

Hrossaeignin hefir aukist ákaflega mikið 26 árin síðustu. Aðalvöxturinn kemur eftir árið 1895, þegar aðflutningsbann sauðfjár var samþykt á Englandi. En hrossin mátti flytja út lifandi og hafa þau selst vel.

Þegar fullorðin hross eru metin 80 kr., tryppi 34 kr. og folöld 15 kr., þá verða öll hrossin 2,979,000 króna virði 1906.

Eignin, sem skýrslur þessar ná yfir, verður því samkvæmt því, sem áður var sagt, þessi:

Jarðir	12,700,000 kr.
Nauðtpeningur	2,071,000 kr.
Sauðfé og geitfé	7,641,000 kr.
Hross	2,979,000 kr.
Alls:	25,391,000 kr.

Þessar 25½ miljón kr. er minsti fjárstofninn, sem telja má að landbúnaðurinn sé bygður á 1906. Að líkindum er það of lágt, að telja bygt jarðarhundrað á 150 kr. Fénaður hefir ekki komið betur til framtals en svo, að 4. hverja sauðkind hefir vantað. Sauðfénaðurinn, sem hér er metinn 7,640,000 kr., er líklega 10 miljóna virði.

Hér eru ekki nefnd skip og bátar, engir búshlutir eða verkfæri og engir alifuglar heldur, þótt t. d. eigi sé óvanalegt, að hafa hæns á sveitabæjaum. (Meira).

Á beztu heimilum

hvar sem er í Ameríku, þar munið þér finna HEIMSKRINGLU lesna. Hún er eins fróðleg og skemtileg eins og nokkuð annað íslenzkt fréttablað í Canada

Katrín Soffía Pálsdóttir.

Það er hart að hugna sér
hæfttur á vegi sléttum,
tíðum sagt þó itum er
eitthvert slys í fréttum.

Hvar er eigi hættu að fá,
heims í víðum geimi?
Hvaða degi er það á,
að Urður lýðum gleymi?

Huld er ítum lífsins leið,
lán og raunir stríðar.
Allra hlýtur æfiskeið
enda fyr eða' síðar.

Hér um daginn hringagná
hlaut af slysi bana,
götu bæjar einni á
einhver keyrði á hana.

Hugarblíð þá halda var
heim til foreldranna, —
ástarþýða þelið bar
til þeirra, guðs og manna.

Stutt var leið, en stórt varð fár,
stefndu að nauðir harðar,
þaut á skeiði keyrslu-klár
og kastaði mey til jarðar.

Hann, sem keyrir, hreykinn sat,
hjálp ei sýna vildi,
þeysti meir, en þá hann gat, —
þannig mær við skildi.

Fjöldi manna þusti að þá,
er þetta sáu og heyrðu,
handarfanna hýra gná
til hospitalsins keyrðu.

Vangarós nam fölna frið,
farinn lífs var styrkur,
hvarma-ljósin himinblið
huldi dauða myrkur.

Leystist önd við líkamsbönd,
leið hún stjörnum ofar
af sorgarströnd á sælulönd,
sitt þar frelsi lofar.

Greiða hver má gjaldið Skuld,
gyðju forlaganna,
sem er vorum sjónum duld,
sveimar í sporum manna.

Hún, sem fjöri ráða rún
ristu hverjum skyldi,
betri' en gjörir gæti hún
gert vor gjör, ef vildi.

Hélt 'úu ei að trega tár
tátra mundu víða,
og harmi slegin hjartasár
hlýtu mörgum svíða, —

þá hún kjöri feigð á fljóð,
af forn-íslenzku kyni,
sem var hverjum gegn og góð
og gat sér ótal vini?

Henni þótti auðarey
of góð fyrir heiminn,
og sá þó drottinn syrgði mey
á sorg er lýður gleyminn.

Svo hún báru ljósa ljós
leysti úr tára inni.
Harma sáran drósir drós,
dygða-klára í sinni.

Ærið fríða blómann bar
björkin víðis ljóma,
tillits blíð og vitur var,
vafin prýði og sóma.

Sólariðu sólin klár,
síðug flestum betur, —
þannig liðu æfiár:
átta og sextán vetur.

Þú ert farin lífsins leið,
ljúfa og glaða meyja.
Of stutt var þátt æfiskeið.
Eða hvað skal segja?

Þezt er manni að mögla ei,
máske þrautir stríðar
hlotið að kanna hæði mey
heims á brautum síðar.

Syrgir móðir fagurt fljóð,
fáðir sáran grætur, —
tára móðu yðar óð
eins um dag og nætur.

Harmar dróttt, en hætt er stríð
hinstu stundar þinnar.
Enti skjótt þín æfitíð
eins og rósarinnar.

Á vori skæru, er brosir blíð
blóma- dátt í -ranni,
á sumri mæru fellur fríð
fyrir sláttumanni.

Björt sem Freyja lífs í lund
líðu meyja sóminn.
Hitt fær eigi heljarmund
hinumegin blómin.

Jónas J. Danielsson.

Það kostar minna en 4 cent á viku

að fá HEIMSKRINGLU heim til þín vikulega árið um kring. Það gerir engan mismun hvar í heiminum þú ert, — því HEIMSKRINGLA mun rata til þín. Þú hefir máske heyrt að "blindur er bóklaus maður", en ef þú mátt missa 4c. á viku fyrir HEIMSKRINGLU þá verður þú hvorugt. 4c. á viku eða $2 um árið. Skrifið eftir Hkr. nú þegar, til P. O. Box 3083 Winnipeg, Man.

Týnd Stúlka.

Hver sá, sem kann að vita um núverandi aðsetur og nafn Sigríðar Stefaníu Sigvaldadóttur, ættaðri úr Vopnafirði, er beðinn að gera svo vel og tilkynna það hr. Kr. Ásg. Benediktssyni, 540 Simcoe St., Winnipeg. — Stúlka þessi var hér í Winnipeg fyrir nokkrum árum, en fluttist þá héðan, og hefir síðan ekki spurst til hennar. Nú langar ættingja hennar á Íslandi, að vita eitthvað um hana.

Ársmann vantar

herra Jónas Jóhannesson, að Winnipeg Beach, á landið sitt, — helzt hjón. Frír eldiviður til heimabrúks, einnig heyskapur fyrir þrjá gripi fullorðna. Vinna fyrir manninn við skógarhögg í allan vetur.

Lysthafandi snúi sér til eigandans, sem gefur allar upplýsingar viðvíkjandi skilmálum. Heimilið er 1½ mílu frá Winnipeg Beach.

ROBLIN HOTEL

115 Adelaide St. -- Winnipeg.

Besta $1.50 á-dag hús í Vestur-Canada. Keyrsla ókeypis milli vagnstöðva og hússins á nóttu og degi. Aðhlynning hins bezta. Viðskifti Íslendinga óskast. William Ave. strætiskarið fer hjá húsinu.

O. ROY, eigandi.

SPÓNNÝTT HÓTEL

ALGERLEGA NÝTÍZKU

Hotel Majestic

John McDonald, eigandi.

James St. West, Rétt vestan við Main St. Winnipeg Telefón 4979

$1.50 á dag og þar yfir

Bandaríkja-snið

Alt sem hér er um hönd haft er af beztu tegund. Reynið oss.

MIDLAND HOTEL

285 Market St. Phone 3491

Nýtt hús, nýr húsbúnaður Fullar byrgðir af allskonar vönduðustu drykkjum og vindlum í hressingarstofunni. Gisting einn dollar á dag og þar yfir.

W. G. GOULD :: FRED. D. PETERS, Eigendur

WINNIPEG ::: ::: CANADA

Jimmy's HOTEL

Rétt á bak við Pósthúsið

Íslendingar ættu að reyna þetta gistihús. Í hressingarstofunni er sá eini íslenzki vínveitingamaður í Winnipeg.

James Thorpe, eigandi

Fyrrum eigandi Jimmy's Restaurant

The Dominion Bank

NOTRE DAME Ave. BRANCH Cor. Nena St.

Vér seljum peningaávísanir borganlegar á Íslandi og öðrum lönd.

Allskonar bankastörf af hendi leyst

SPARISJÓDS-DEILDIN

tekur $1.00 innlag og fær og gefur hæstu gildandi vexti, sem leggjast við innstæðufé á sinnum á ári, 30. júní, 30. sept. 31. desembr og 31. march.

skilja sem alveg ókunnar manneskjur", mælti hann lágt við hana í því hún var að ganga í burtu. — Það var sem tæki hann sér nærri að rjúfa þögnina. — "Við höfum nú í nokkra daga trúlega unnið saman eins og góðir félagar, og hjálpast til að frelsa mannslíf. Munið það", bætti hann við innilega, — "að nokkrum vikum liðnum skiljum við, og að öllum líkindum sjáumst við aldrei framar. — Ég vil gera þá játningu fyrir yður, að þér með framkomu yðar hafið rifið niður marga þá hleypidóma og hið vonda álit, er ég hefi haft á yður í níu ár. Að eins í einu tilliti eru þér hin sama, — eins þrá og stiflunduð og þá er þér voruð barn og neyddud mig til að beita hörku við yður".

"Felicitas hafði gengið nokkur skref nær honum. — Hún stóð mitt í tunglsljósinu. — Hún reigði höfuðið drembilega, kinnar hennar voru fölar, varirnar fast klemdar saman. — Þá er hún stóð þannig og horfði á hann, mátti lesa fjandskap úr öllum hreyfingum hennar.

"Þegar þér fáist við líkamlega sjúkdóma, þá spyrjið þér ávalt fyrst eftir orsökinni, áður enn þér dæmið nokkuð um sjúkdóminn", svaraði hún. — "En frá hverju þrjóskan stafaði í þeirri mannssál, er þér ætluðuð yður að betra, fanst yður ekki ómaksins vert að rannsaka. Þér dæmduð í blindni, eftir áeggjun annara, og hafið því gert yður sekan í jafnmikilli synd, eins og ef þér létuð einhvern deyja drottni sínum án þess að reyna hið minsta til að hjálpa honum. — Takið frá mannsanda hugsýnir hans, — eyðileggið drauma hans um gleðilega framtíð, — og hann mun vissulega ekki, þó hann sé hógvær og guðhræddur, leggja þegjandi höndur í keltu sér. — En hví skyldi þá níu ára gamalt barn gera það, sem með óþreyju hafði beðið eftir degi, er það fengi að sjá aftur sína ástkæru móður, — sem aldrei hafði dreymt

öðruvísi eða hugsað öðruvísi en í sambandi við það er fundum þeirra bæri saman?"

Hún þagnaði. Prófessorinn mælti ekki orð frá munni, — hann leit ekki einu sinni á hana. Hann hafði í byrjuninni, er hún áfeldi hann, rétt hendina út í loftið, eins og til að stansa hana, en eftir því, sem hún talaði lengur, þess eftirtektasamari og þögulli varð hann. Hann lyfti ekki einu sinni hönd sinni, til þess að strjúka skegg sitt, sem hann var þó vanur að gera, þegar honum fanst mikið til.

Eftir stutta þögn tók hún aftur til máls: — "Frændi lét mig ekkert vita um aðdrif móður minnar. En hann dó, og með honum meðaumkvunin á heimili þessu. — Hinn minnisstæða morgun hafði ég í fyrsta sinni verið við gröf móður minnar, — kveldið áður hafði ég frétt um dauða hennar. — Mér hafði líka verið sagt, að kona loddarans væri tortímd sál, og að hinn algóði guð vildi ekki lofa henni að vera í himni sínum".

"Því sögðuð þér mér ekki alt þetta þá strax?" spurði prófessorinn þungbúinn mjög.

Felicitas hafði vagna barnsins í næsta herbergi talað mjög lágt, en við það fengu orð hennar og málrómur enn þá bitrari blæ. — Hún hélt áfram að tala í sama róm, og snéri hinu fölleita andliti að mótstöðumanni sínum.

"Hvers vegna sagði ég yður ekki þetta?" endurtók hún og brosti biturt. — "Af því að þér þá strax lýstuð yfir óbeit þeirri, sem þér höfðuð á ætterni mínu, og sögðuð, að léttúðin lægi í blóði mínu". — Prófessorinn tók eitt augnablik höndum fyrir augu sér. — Þó ég væri ung og hefði að eins eina stóra raun að baki mér, fann ég þó, að ég þurfti ekki að vænta neinnar meðaumkvunar úr þeirri átt. — Og hafið þér nokkru sinni sýnt meðaumkvun, kent í brjósti um loddarabarnið?" spurði hún og gekk fá-

ein let nær honum, og lagði sérstaka áherzlu á hvert orð. — "Hefir yður nokkurntíma komið til hugar, að sú manneskja, er þér hneptuð í þrældóm, mundi þrá eitthvað meira? — Þér hafið á þúsund vegu kvalið sál hennar, þegar þér vilduð kæfa niður alla viðleitni hennar til að auðga anda sinn, — alt siðferðislegt þrek og sjálfstæði, — sérhverja hugsun um að stjórna sér sjálf! Þér skuluð samt ekki ímynda yður, að ég gefi yður að sök, að þér létuð mig vinna, — þó vinnan sé hörð og erfið, er engin skömm að henni, — ég vinn með gleði. — En að þér vilduð gera mig að viljalausri vinnuvél, — eyðileggja öll hin andlegu frumefni í mér, sem þó er það eina er göfgar starfsemi mannsins, — það fyrirgef ég yður aldrei!"

"Aldrei, Felicitas?"

Hin unga stúlka hristi höfuðið.

"Ég verð víst að sætta mig við það", mælti prófessorinn og brosti ofurlítið, en víst móti vilja hans var brosið þunglyndislegt. — Ég hefi stórlega móðgað yður, og þó — ég endurtek það — gat ég ekki breytt öðruvísi en ég gerði." — Hann gekk nú um gólf. — "Ég verð enn þá einu sinni að snerta veikan streng í sál yðar,— um leið og ég afsaka gerðir mínar", mælti hann snögglega. "Þér eruð eignalaus og af lágum stigum. Þér verðið sjálfar að vinna fyrir yður. Ef ég hefði nú veitt yður betra uppeldi, — þá hefði fyrst verið illa gert, að sleppa hendinni af yður og láta yður sjá fyrir yður sjálfri, — og þó mundi ég hafa gert það. — Haldið þér að nokkrir foreldrar mundu vilja hafa loddarabarn fyrir kennara barna sinna? Vitið þér ekki, að ef maður" — hann stansaði, dró djúpt andann og var öskugrár í framan, — "já, ef maður af háum stigum vildi ganga að eiga yður, — þá yrði hann að heyja bæði ytri og innri baráttu. Hvílík niðurlæging væri það ekki fyrir hið dramblátta hjarta yðar! — — En þetta

eru nú þau mannfélagslög, er þér fyrirlítið svo mjög, og sem flestir menn halda sér við. — Auðvitað kostar það oft ósegjanlega innri barátttu og sjálfsafneitun, — en þeir bera lotningu fyrir liðna tímanum, og í stjórnmæðislegu tillíti eru þau alveg nauðsynleg. — Ég verð líka að hlýða þessum lögum. — — Það er ekki skrifað á enni sérhvers manns, hvað hann verður að líða. — Þessi lög krefjast af mér sjálfsafneitunar, og ég verð að ganga lífsbraut mína aleinn".

Hann þagnaði. Felicitas fanst, sem kaldan gust legði um sig alla, er hún í næturkyrðinni komst að leyndarmáli hans, er hann eflaust geymdi þó vel í hjarta sínu. — Hann hafði borið ótt á, er hann talaði um það, og næstum á móti vilja sínum í skjálfandi málróma. — — Hann elskaði án efa einhverja konu, sem stóð ofar í mannfélaginu en hann. — Hún sem rótt áður hafði borið hatur og reiði í brjósti sínu til hans, — fann nú alt í einu til einhverrar undarlegrar tilfinningar. — — Gat það skeð, að hún kendi í brjósti um hann? Var hún þá svo steinulaus? Hún, sem fyrir stuttum tíma hafði sagt, að henni stæði á sama, þó eitthvert ólán hitti hann. — Nú, og þegar hún fór að hugsa betur um það, þá var hann alls ekki meðaumkvunarverður. Því gaf hann upp alla von, í stað þess að ryðja með hugrekki og kjarki erfiðleikunum úr vegi?"

"Nú, Felicitas! Getið þér ekki svarað mér?" spurði hann. "Eða eruð þér svo reiðar við mig út af yfirlýsingu þeirri, er ég var neyddur til að gera?"

"Nei", mælti hún kuldalega. "Þér hafið þessar skoðanir, og ég óska ekki eftir, að þér breytið þeim. En aftur á móti breytið þér ekki þeirri skoðun minni að til séu hleypidómalausir menn, sem viðurkenni hreint hjarta og góðan vilja, þó hjá loddarabarni sé. — Hverju ætti ég að svara yður? Okkur getur aldrei komið saman. Þér standið hátt í mannfélags-

Um orðmyndanir.

Eins og við Íslendingar vitum allir, þá hefir eldurinn þrjú aðalnöfn, nefnilega Eldur, Logi og Funi. Funi er sjaldgæfast, og finst í Anglo-saxneskunni líka, hvar það er ritað Fon. Logi er algengt orð bæði í tjútönskum, keltiskum og skandinaviskum málum. En Eldur er eins í þeim skandinavisku. En þar á móti er orðið Fire, Feur og Fyr o.s.frv. í skyldum Norðurlandamálum. Orðið Eldur ber það með sér, að það sé mjög gamalt og hvort upprunalega stofnorðið er við lýði, er mjög vafasamt, og hvað það hefir upprunalega táknað, er ekki með öllu víst. En þegar vér íhugum að t.d. orðin Ilur, Hlýindi, að Ala (fæða af sér), og í samsettum orðum, svo sem Aftureldíng, þrumueldíng og máske fleiri eru auðsjáanlega af sama stofni, þá er ástæða til að ímynda sér, að frummeiningin hafi máske verið líf, eða það sem lifir, og þvíumlíkt, og mikið líklegt, að þýzka orðið Feur hafi táknað nokkurn veginn það sama, og máske eddukenningin Fýr, maður, sér staklega fjörugur ungur maður, sé af sama stofni. Því eins og ég hefi drepið lítillega á fyrr, þá eru marg ar eddukenningar algeng orð, sem tíðkuðust á meðal nágranna þjóða forfeðra vorra, og voru af þeim að eins brúkuð í skáldskap. Ekki er heldur ómögulegt, að íslenzka orðið Fjárl sé af sama stofni, sem þýzka orðið Feur, og hafi verið innleitt í gegnum kristnina.

Eins og ég drap á fyrir stuttu, þá á orðið Logi heima í þýzkum og enskum og keltiskum málum. Á þýzku er það Lohe, á skozku og ensku Lowe og á dönsku Lue. — Hvernig það orð hafi myndast og orðið alsagnarmál um allan norðurhluta Norðurálfunnar, ætla ég ekki að leggja fram neinar getgátur, en hitt er víst, að Eldur og Feur eru eldri orð.

Það eru mörg fleiri orð í íslenzkunni, sem eru vel þess verð, að þau sóu íhuguð og þeim gaumur gefin. Því það verður ekki langt þangað til, að íslenzkan verður í öllum heltu mentunarstöðvum Norður- og Vesturheims viðurkend og rannsökuð sem gríska Norðurheimsins. Og á meðal þeirra mestumvarðandi orða, sem þarf að rannsaka, eru orðin Muspellsheimur, Muspellsbýðir og Surtur, nafnið á þeirri máttugu hetju, sem var ein af höfðíngjum Muspellsheims. Geislar brunnu á undan honum og eftir. Hann var með guðunum. — Og þó Eddurnar segi ekki greinilega frá, hvað verður af hetjunni Surti, þá eru ástæður til að trúa, að hann verði á meðal þeirra ódauðlegu. Surtarlogi hreinsar alheiminn af því, sem er eyðileggjandá. Surtarlogi, ef ekki Surtur sjálfur, er "sá fortærandi eldur" heiðninnar, og ber meiri líkingu guðs hinna Hebrsku, en nokkur annar guðanna gerir. Hér um bil allstaðar í Gamlatestamentinu, þar sem sá mikli Eloheim birtist forfeðrum og spámönnum Israelsbarna, þá var hann — eins og Surtur — umkringdur af logandi, ljómandi eldi. Elohim er lýst svo, að hann hafi komið frá himnum í eldkerru, sem var dregin af eldhrossum. Þetta alt gefur mér að skilja, að nafn þessa mikla, ljómandi guðs þýðir víst ekk svartur, eða sorti. Hans nafn táknar ekkert viðbjóðslegt. Það getur vel hafa táknað eitthvað ógnarlegt eða tignarlegt, en hveint ekki nettt viðbjóðslegt. Og trúi ég helzt, að nafnið Surtur hafi verið myndað og gefið þessum tignarmikla og fortærandi guði af kristinum mönnum. Því vér vitum mikið vel, að ein af hinum fyrstu mentunarreglum kristinna lærifeðra, á meðal Norðmanna, var að gera alla guði heiðninnar og athafnir þeirra svo viðurstyggilegt sem unt var, og bera Eddurnar með sér á ýmsum stöðum, að ekki er rétt frásagt, og viljandi aðbakað. En það eru samt sem áður undur, hve mikill sannleikur er varðveittur í þessum ágætu bókum, þrátt fyrir það grímudurhatur, aðbakanir og rangfæringar, sem þessi göfugu kvæði og frásagnir urðu fyrir af lærifeðrum kristninnar. Saga Ólafs konungs Tryggvasonar, ásamt fleiri ritum og vanasögnum, sýna að harðýðgi og umburðarleysi var orðið sérstakt einkenni kristninnar löngu áður en Eddurnar voru skrásettar, eins og þær eru nú að fá. Og að þær eru ekki meira skemdar en þær eru, sýnir ásamt með kristnitökunni á Íslandi, hvaða framúrskarandi aldar afbrigði í sannsýni og réttlæti vorir gölugu forfeður voru. Og þegar við berum saman kristnitökuna og siðabótar innleiðsluna á Íslandi, hljótum vér að álíta, að umburðarlyndi, réttsýni og mannúðleiki hafi verið mikið algengari á meðal vorra heiðnu en kristnu forfeðra.

Það er mikið líklegt, að nafnið "þökk", sem Loki tók við dauða Baldurs, hafi upprunalega meint hatur, heiðnd eða því um líkt, og sé af sama uppruna sem nafnið "þókti" í þóktafullur, því þó það sé nú staðað þótti í staðinn fyrir þókti, þá er sögnin "að þykja" óræk sönnun fyrir því. Æ-ið, sem er í þækti af sama orðinu, sýnist óþarfinnis að benda á, að í staðinn fyrir ö, sem nú er brúkað þar, þá hafi þar verið ó, og nafnið hafi verið brúkað samkvæmt því sem við átti í þann og þann svipinn, annaðhvort karlkyns eða kvenkyns. Og það, sem nú er kallað "þótti", reiði, hofmóður, eða því um líkt, "þókti", og enda bendir framburðurinn í sumum stöðum landsins á, að svo hafi verið. En þegar það var brúkað í kvenkenningu, þá hafi það verið annaðhvort "þók" eða "þókk". Og mikið líklegt, að hið fyrra sé hið rétta, og vísuhendingin, sem orðið er í, hafi verið "þók mun gráta þurrum tárum" etc. Líka getur vel átt sér stað, að trollkonuheiti þetta, nefnilega "þók", sé rótarorðið, sem náttúrlega er kvenkyns og að "þókti", það að vera hofmóðugur eða grimmur í lund, hafi myndast af orðinu "þók". Og ef svo er, þá hefir einkunnin "þóttaegur" verið "þóktarlegur". Og að err-hljóðið, sem er þar í öfugum stað, hafi tapast fyrir mikið löngu síðan. Því allir geta séð, að á þeim stað verður að vera áherzla á err-inu, eða því atkvæði, sem það er í, svo err-ið geti heyrst. En í íslenzkunni er áherzlan ætíð á fyrsta atkvæði samsettra orða. Í eignarfalli hlaut nafnið "þók" að verða "þóktar".

John Thorgeirsson.

Thistle, Utah.

Fréttabréf.

DES MOINES, WASH.,
2. des. 1908.

Herra ritstjóri!

Ég vildi gjarnan verða við tilmælum þínum um fregnritun héðan úr bæ. En með því, að þetta er í fyrsta sinni, sem ég tekst á hendur, að gefa lýsingu af bæ eða öðru sem kemur fram fyrir almenningssjónir, þá vona ég að lesendur dæmi vægilega um viðleitni mína.

Bærinn Des Moines stendur á sjávarbakkanum við Puget Sound, í nærri beinni línu, en beygist þó lítið eitt til vinstri handar á leið til Tacoma borgar, og sjást ljósin í borg þeirri vel héðan á kvöldin. Öll skip, sem ganga hér um sundið milli Seattle og Tacoma, fara hér fram hjá. Sundið er hér 3 mílur á breidd og heitir næsti oddinn Roberts Point. Þar er ljósviti og þokuhorn, sem gefur skipum aðvörun, hvenær sem þoka er yfir sundinu. Bær þessi er nú orðinn 19 ára gamall, en er þó í barnæsku að því er íbúatölu og framfarir snertir. Hér er talið 500 manns og stunda menn hér mest garð og ald inarækt. Hér er og talsverð hænsa rækt, og margir hafa eina kú í búi. Að eins einn maður hefir 15 kýr, og selur hann mjólk í O'Brian bæ, sem er 6 mílur austur héðan, meðfram rafbraut þeirri, sem tengir saman stórborgirnar Seattle og Tacoma. Sú braut er 30 mílna löng. Vagnar ganga eftir brautinni á hverri klukkustund, en við hér höfum lítil not af henni, þar sem við erum í 6 milna fjarlægð, og fargjöld með brautinni og tímalengd til ferðalagsins til hverrar borgarinnar, sem farið er, jafnt því, sem er á bátunum, — 2 kl.-tímar, hvort sem farið er til Tacoma eða Seattle. Tveir mannflutningabátar og einn póstflutningabátur fara eina hringferð milli borganna á hverjum degi, og kostar farið 25c hvora leið, með 5 kl.-stunda viðstöðu í borginni. Á ferðum þessum er oft glatt á hjalla, því hver þekkir annan, eins og vanalega gengur í smábæjum. Kvenfólkið ræðir þá um börn og bú og útsaum og fleira, en karlmenn reykja og spila og hugsa um kveldmatinn, sem biði þeirra þegar heim kemur.

Þegar bæjarstæði þetta var fyrst mælt út í tyggingalóðir, höfðu menn hálar vonir um glæsilega framtíð bæjarins. Sú var aðallega orsök til þess, að hér áttú að hafa fundist steinolíu brunnur, og gröftur var gerður alt að 270 feta dýpi og pípur settar niður, og allur annar útbúnaður, sem að olíutökunni lýtur, settur hér í stellingar. En svo reyndust þetta vonbrigði, og bæjarlóðir fóllu í verði, svo að þær fengust fyrir afarlítið verð. — Lóðir, sem áður höfðu selst fyrir $250 til 300, voru fyrir 5 árum seldar á $5 til $10, og hæsta verð, sem þá var borgað fyrir lóðir hér var $25. En eftir það fóru þær að hækka í verði, og fyrir 3 árum seldust lot á 32 til 50 dollara hv. Og síðan hafa þau stöðugt farið hækkandi, svo að nú eru þau lægst $125 og alt að $250 hvert lot. En ekrulóðir seljast fyrir $250 til $1,000, hver ekra, en lítið um sölu, því allir vilja halda þeim löndum, sem þeir hafa, þar til nýja rafmagnsbrautin verður lögð hér um bæinn, frá Seattle til Tacoma meðfram sjávarströndinni, og á hún að liggja um öll smáþorpin hér á strönd inni. Það er nú þegar búið að leggja vegstæðið 4 mílur suður frá Seattle, og á brautin að verða fullgerð árið 1909 þegar sýningin mikla verður haldin í Seattle borg.

Bæjarlóðir eru litlar hér, — að eins 25 feta breiðar, en 120 feta langar. Stærð bæjarins er 2 mílur á lengd og ein míla á breidd, en 4 heimilisréttarlönd hafa verið mæld út í tveggja til 5 ekru lóðir.

Landið er hér afliðandi að sjónum, hækkar um eitt fet á hverjum 100 fetum. Hús eru hér öll gerð úr timbri. Hér er pósthús, drykkjuhola, samkomuhús (Hall), lyfjabúð, kirkja og 2 sölubúðir, sem verzla með matvöru, karlmannafatnað og skótau. Skólinn er bezta byggingin frá fyrri árum, og kostaði þá 12 þúsund dollara. Þangað ganga nú daglega 93 börn. Kennarar eru 3, og var einum bætt við á þessu ári. Í 8., 9. og 10 bekk eru kendar þessar námsgreinar, auk ensku: Latina, franska, þýzka og söngur, og sækja það nám margir unglingar frá 16 til 20 ára gamlir.

Hér er ein þakspóna sögunarmylla, og er það helzta atvinnan hér, en laun hafa lækkað síðan í fyrra, úr $2.25, sem þá var, í $1.75 Hér er og talsverð atvinna við skógarhögg og að hreinsa lönd.

Félög eru hér þessi: "Ladies' Aid" og "Ladies' Enterprice", og vinna þau bæði að kirkjumálum. Svo er hér "Ladies' Boston Club", og gengst það helzt fyrir vegabótum, að fá lagðar gangstraðir og annað þess háttar.

Mikið er hér um tjöld á sumrin. Þá eru hér margar samkomur, og að vetrinum er hér mikið um dans leika. — Yfirleitt er fólk hér mjög viðkunnanlegt, þegar þess er gætt, að það er samtíningur af allra þjóða fólki. Heilsufar er hér gott um þessar mundir. Á sl. vori gekk hér skarlatssótt, en varð ekki mannskæð, að eins var skólanum lokað um þriggja vikna tíma fyr en vanalegt skólafrí.

Tíðin var mjög köld í vor er leið, og sumarið kom seint, og var þá þurkasamt. En í september gerði frost, og er það mjög óvanalegt um það leyti árs. Þá skemdust Tomatoes og Corn. Síðan hefir verið ágæt tíð, þar til fyrir 2 vikum, að hér varð nokkurra daga stöðug rigning, og nú er frost á hverri nóttu. Enginn snjór hefir fallið hér ennþá, og ávextir eru víða í jörðu, enda eru þeir venjulega látnir sitja þar fram yfir jól.

Með ósk til Heimskringlu og lesenda hennar og landa minna allra um gleðileg jól og hagsælt nýár, er ég með vinsemd,

Guðrún H. Jacobsen.

Daglegt Ljós,

eða "Orð frá drottni fyrir hvern dag í árinu", gefið út af ungfrú Ólafíu Jóhannsdóttir, og prentað í Reykjavík 1908, er nýkomið hingað vestur, og hefir Heimskringlu verið sent eintak til yfirlits.

Bæklingur þessi, sem er í smáu broti (hver bls. 3½x5 þuml.) er um 400 bls. að stærð í snotru bandi silfurskreyttu. Hver bls. flyt ur lexíu fyrir lífið. Bók þessi barst Heimskringlu 7. des. Lexían í bókinni fyrir þann dag er:

"Hann, sem þekti ekki synd, gerði hann að synd vor vegna, til þess að vér skyldum verða réttlæti guðs í honum.

"Drottinn lét misgerð vor allra koma niður á honum. — Hann ... ... sjálfur bar syndir vorar á líkama sínum upp á tré, til þess að vér skyldum, dánir frá syndinni, lifa réttlætinu, og fyrir hans meðar eruð þér læknaðir.

"Eins og hinir mörgu urðu að syndurum fyrir óhlýðni hins eina manns, þannig munu og hinir mörgu verða réttlættir frá hlýðni hins eina.

"En er gæzka guðs frelsara vors og elska hans til mannanna birtist þá frelsaða hann oss ekki vegna réttlætisverkanna, sem vér höfðum unnið, heldur samkvæmt miskunsinni fyrir laug endurfæðingarinnar og endurnýungar heilags anda, sem hann úthelti yfir oss ríkulega fyrir Jesúm Krist frelsara vorn, til þess að vér, réttlættir fyrir náð hans, yrðum í voninni erfingjar eilífs lífs.

"Svo er þá nú engin fyrirdæming fyrir þá, sem eru í Jesú Kristi, því að lögmál lífsins anda hefir í Kristi Jesú frelsað mig frá lögmáli syndarinnar og dauðans.

"Drottinn, vort réttlæti".

Með þessu er sýnt innihaldið alt frá byrjun til enda. En auk þessa eru aftast í bókinni kaflar við sérstök tækifæri, svo sem: "Þakkargjörð", "Á afmælisdegi", "Við gifting", "Þegar vanda ber að höndum", "Í veikindum", "Í erfiðleikum" og "Ástvinamissir". — Fremst í bókinni er formáli, bending til lesarans um það, með hvaða hugarfari hann eigi að lesa ritninguna til þess að ná réttum skilningi á henni og öðlast sanna þekkingu á umhyggju guðs fyrir börnum mannanna. — Útgefandinn tekur það fram, að hún hafi skrifað bók þessa eftir ensku bókinni "Daily Light on the Daily Path".

Bókin er til sölu hjá herra H. S. Bardal og kostar að eins 20c, sem er minna en bandið er vert.

Með því að biðja sérlega um "T.L. CIGAR," þá ertu viss að fá ágætan vindil.

T.L. CIGAR

T.L.

(UNION MADE)

Western Cigar Factory
Thomas Lee, eigandi Winnipeg

Redwood Lager
og
Extra Porter

Styrkið
taugarnar með því að drekka eitt staup af öðrum hvorum þessum ágæta heimilis bjór, á undan hverri máltíð. — Reynið !!

EDWARD L. DREWRY Manufacturer & Importer Winnipeg, Canada.

Department of Agriculture and Immigration.

MANITOBA

Þetta fylki hefir 41,169,089 ekrur lands, 6,019,200 ekrur eru vötn, sem veita landinu raka til akuryrkjuþarfa. Þess vegna höfum vér jafnan nægan raka til uppskeru tryggingar.

Ennþá eru 25 miliónir ekrur óteknar, sem fá má með heimilisrétti eða kaupum.

Íbúatala árið 1901 var 255,211, nú er hún orðin 400,000 manns, hefir nálega tvöfaldast á 7 árum.

Íbúatala Winnipeg borgar árið 1901 var 42,240, en nú um 115 þúsundir, hefir meir en tvöfaldast á 7 árum.

Flutningstæki eru nú sem næst fullkomin, 3516 mílur járnbrauta eru í fylkinu, sem allar liggja út frá Winnipeg. Þrjár þverlandsbrauta lestir fara daglega frá Winnipeg, og innan fárra mánaða verða þær 5 talsins, þegar Grand Trunk Pacific og Canadian Northern bætast við.

Framfór fylkisins er sjáanleg hvar sem litið er. Þér ættuð að taka þar bólfestu. Ekkert annað land getur sýnt sama vöxt á sama tímabili.

TIL FERDAMANNA:

Farið ekki framhjá Winnipeg, án þess að grensast um stjórn ar og járnbrautarlönd til sölu, og útvega yður fullkomnar upplýsingar um heimilisréttarlönd og fjárgróða möguleika.

R. P. ROBLIN,
Stjórnarformaður og Akuryrkjumála Ráðgjafi.

Skrifið eftir upplýsingum til

Joseph Burke
178 LOGAN AVE., WINNIPEG.

Jas Hartney
77 YORK ST., TORONTO.

stiganum og festið yður í fjötrum, svo þér séuð vissir um, að hrapa ekki úr tágu yðar, — og ég heyri þeim flokki til, er þér nefnið "Frihyggendur". — Þér segið sjálfur, að vegir okkar skilji innan skams, og að við munum aldrei sjást framar. — En, enn þá meira aðskilin erum við hið innra. — — — Hafið þér nokkuð að segja í tálliti til barnsins?"

Hann hristi höfuðið, og áður en hann gat mælt orð, var hún horfin út um dyrnar.

XVII.

SÖNGURINN.

Barninu fór nú óðum að batna, en alt fyrir það, varð Felicitas að halda áfram að stunda það. Litla stúlkan, sem vanalega var svo þæg og auðsveipin, komst í ákafa geðshræringu jafnskjótt og Felicitas gekk út úr herberginu. Ríkisstjórafrúin varð því að gera sér það að góðu, að biðja Felicitas að vera hjá barninu, þangað til því væri alveg batnað. Unga ekkjan gerði það líka með fúsu geði, því nú var prófessorinn hér um bil aldrei inni í herbergi sjúklingsins að staðaldri. Hann kom að vísu á hverjum morgni að sjá barnið, en stóð aldrei lengur við en tvær mínútur. — Oft tók hann barnið á handlegg sér, og bar það nokkrum sinnum til og frá í framgarðinum, þar sem sólin skein og skýli var fyrir rigningum og vindi. — Annars kom hann varla inn í húsið. — Honum þótti alt í einu orðið svo vænt um garðinn. Hann vann nú ekki lengur á morgnana í herbergi sínu, — Hver, sem vildi finna hann, varð að fara út í garð-

inn. — Þó undarlegt megi virðast, lét frú Heilwig sér þetta vel líka, og lét borða flestar máltíðir dagsins í garðhúsinu, til hinnar mestu ánægju fyrir ríkisstjórafrúna. — Af þessum ástæðum var oft alger þögn í hinu stóra kaupmannahúsi, — fólkið kom oft ekki heim á kveldin fyr en klukkan tíu. En það kom líka oft fyrir, að prófessorinn kom einn heim á undan hinu fólkinu. — Þá heyrði Felicitas að hann gekk hægt upp stigann, óg svo fáein fet í áttina að herbergi því, er hún og barnið var í. Svo staðnæmdist hann alt í einu, og svo loksins gekk hann hröðum fetum til herbergis síns, er lá beint uppi yfir herbergi barnsins. — Þau kveld sat hann ekki niðursokkinn í bækur sínar, — tímunum saman gekk hann um gólf, án þess að stansa hið minsta. — Felicitas hélt, að þessi óróleiki hans stæði í einhverju sambandi við játningu hans um nóttina, er þau áttu tal saman.

Vanalega var Anna litla sofnuð klukkan átta á kveldin, og þá settist Rósa við rúm hennar, og Felicitas lékk að létta sér upp. — Hún fór þá ávalt upp á efsta loftið. — Cordula gamla var nú alveg búin að ná sér aftur, og var nú glaðlegri og fjörugri en nokkuru sinni fyr. Hún talaði eins og ánægt barn um framtíðina, þegar Felicitas fengi stöðugt að búa hjá henni. Hún beið alt af með kveldmatinn, þangað til Felicitas kom, og hin unga stúlka var viss með, að fá alt af eitthvað, er henni geðjaðist að, og nýkomin dagblöð lau alt af hjá diski hennar. Á þessum stuttu, skemtilegu kveldstundum, gleymdi Felicitas sér til mestu undrunar oft öllu því, er olli henni skaprauna niðri í húsinu, — enda talaði hún aldrei um það. Gamla konan breytti ekki á móti venju sinni, og spurði hana aldrei um neitt, og þannig gleymdi Felicitas um stund hinum margvíslegu hugsunum sínum, er hún sjálf upp á síðkastið skildi lítið í.

Það var einn seinni part dags. Veðrið var hið

fegursta. Hún sat ein inni hjá barninu. Í húsinu var alger þögn eins og í kirkju. Frú Heilwig og ríkisstjórafrúin höfðu farið í heimboð, og prófessorinn var án efa úti í garðinum, því ekkert mínsta hljóð heyrðist úr herbergi hans. — Litla Anna hafði verið að leika sér, en lagðist nú þreytulega aftur á bak, og sagði í bænarróm: "Sýngdu nú eitt lag, Karólína".

Barnið hlustaði alt af með mestu ánægju á söng Felicitas. Hin unga stúlka hafði mikla og hljómfagra rödd, — "alt"-rödd, sem áður en nokkur átti von á, rífur sig frá brjóstinu, og hefir þann hljómblæ sem auðkennir fiðluna svo mjög, — sá hljómur, sem eins og deyr út í loftið, og ber vott um þunglyndiskeim og hugsanagnótt. — Hin gamla jómfrú, er í æsku sinni hafði haft hina beztu kennara og sjálf var mjög gefin fyrir sönglist, hafði kent Felicitas að beita hinum ágætu hljóðum sínum vel, — og hún söng þýzka söngva aðdáanlega. — Henni hafði fundist, að hún fá barnið til að vera rólegt, ef hún í hálfum róm söng eitt eða annað. Síðar söng hún fullum hálsi, en eins og gefur að skilja, aldrei er hún vissi af einhverjum í nánd.

"Du junges Grun, du friches Gras". — Þetta fullega sönglag eftir Schumann hljómaði nú um hið litla herbergi, svo þýtt og hreint eins og að eins ósnert sál getur sungið. — Fyrst söng hún veikt og blátt áfram, en er hún kom að þessum orðum: "Was trübt mich von den Menchen fort mein Leid das hebt kein Menschenwart", — þá söng hún af fullum hálsi. — Í þessari svipan var stóll ekki dreginn, heldur reglulega fleygt til hliðar uppi í herbergjum prófessorsins, — hröðum skrefum var gengið að hurðinni og gripið svo hart í klukkustrenginn, að hljómaði um alt húsið. — Það var í fyrsta skifti, að hann var brúkaður þar. — Friðrika hljóp eins hart og fæturnir gátu bor-

ið hana upp stigann, og Felicitas þagnaði hrædd mjög. — Rétt strax kom eldakerlingin ofan aftur og gekk inn til Felicitas.

"Ég á að skila til þín frá prófessornum, að þú mátt ekki syngja meira, — hann hefir ekkert næði", mælti hún í hörðum róm. — "Hann var nálfölur og kóm varla orði upp fyrir reiði. En er það líka ekki eðlilegt? Hvers konar heimskulæti eru þetta? — Aldrei á æfi mínni hefi ég heyrt annað eins! Þú syngur eins og karlmaður! — Og guð varðveiti mig, annar eins söngur! — Það er hreinn og beinn sjómannasöngur! Ég skil ekkert í þér. — Ég gat líka sungið á mínum yngri árum. Og hvað söng maður ekki þá? Fögur kvæði, svo sem: "Gleð þig við lífið og blómin", o. s. frv. —— — Gerðu þetta ekki í annað skifti, Karólína. — — Já, ég átti líka að segja þér frá prófessornum, að þú átt að fara með barnið út í garðinn, og keyra það aftur á bak og áfram".

Felicitas huldi brennheitt andlitið í höndum sér Henni leið engu betur heldur en þó hún hefði verið rekin í gegn. — Eins og hún var óhrædd og varði á valt málstað sinn, þegar því var að skifta, eins var hún feimin og lét aldrei uppi hæfileika og kunnáttu sína. — Að eins það, að einhver ókunnugur heyrð söng hennar, var nóg til þess, að hræða hana o komna henni til að þagna á augnabragði, — og hugs unin um það, að hún hafði verið að syngja til þess að sér væri veitt eftirtekt, fanst henni alveg óbæríle — Nú var það samt skeð, — og nú mátti fólk hald að hún vildi láta taka eftir sér og láta heyra til sí — Henni fanst hún ekki fá afborið það. — Frú H wig hafði bæði barið hana og auðmýkt hana á lundir, og hún hafði aldrei felt eitt einasta t — nú grét hún sárlan.

staf-

Einum fjórðungi stundar síðar keyrðnaður barnavagninn gætilega á undan sér eftir

UST.

SAMTAL UM BÚSKAP

Eftir ORRA

VII.

KETILL: Þú hefir enn ekki sýnt mér neitt af gripum þínum, Atli minn. Þá hlýt ég þó að sjá og tala um við þig áður en við skiljum aftur.

ATLI: Látum okkur þá koma og litast um í högum þeirra. Jæja við komum þá af sérstakri tilviljun fyrst að grísa heimkynninu. — Aumingjarnir, þið eruð æfinlega svo kumpánlegir, þið gerið manni aðvart um nærveru ykkar. — Og þó undarlegt megi virðast, Ketill félagi, þá er það svo, að margir bera fyrirlitningu fyrir þessum skepnum, segja, að svín séu allra skepna auðvirðilegust, ljótust, sóðalegust, þurftarfrekust, heimskust, sem málsháttur inn sanna: "Seint munu svín að sólinni gá". Einnig færa sumir fram sem sönnun fyrir auðvirðileik þessarar dýrategundar, að guð hafi leyft djöflinum að æra þau þarna á árbakkanum forðum og steypa þeim niður í dýpið, sem séra Grím ur kvað:

"Ofan fyrir bakkann
öllu saman stakk hann,
helvítis hundurinn".

En eftir því, sem tímar líða og reynsla og mentun eykst hjá mönnum, ryðja svínin sér alt af framar og framar í fylkingunni, sem arðsamt afnotadýr. — Að þau séu auðvirðileg, er sem það er vírt og metið. Þau til dæmis eru mjög samræn eða flokkelsk, ógjörn á ein farir, heimús engu síður en hver önnur alidýrategund. Sérlega elsk og umhyggjusöm viðvíkjandi afkvæmi sínu, gjörn til varna móti órétti frá mönnum eða öðrum skepnum, — sem þau hafa lengi verið kunn að, samanber orð Ragnars í dýragarðinum: — "Gnauða mundu nú grísir, ef þeir vissu, hvað hinn gamli lifður". — Þau eru trygg vinum sínum, en grimm óvinum. — Þann eiginleika höfðu menn eitt sinn og þótti kostur góður. — Að þau séu dýra ljótust, álít ég að só eigi á rökum bygt. Þau eru því að eins ljót, að eigandi þeirra og hirðir vanræki þau. Séu þau vel hirt, eru þau frjálsleg, lundgóð og gljáandi á skrokkinn. Maður heyrir oft sagt um sóðaháttt, að það sé rétt eins og í svínastíu. En svínastían er því að eins sóðaleg, að svínahirðirinn þvingi svínin til sóðaháttar, því í eðli sínu eru þau hreinlátar skepnur, sem maður getur dregið af líkum, af því, að stíu sinni skifta þau í þrent: Eitt horn stíunnar ætla þau til nauðþurfta sinna, annað fyrir svefnhvílu sína, en hinn hlutann fyrir umgangshreyfingar sínar. Þess skyldi því ætið gætt, að kasta fæðu þeirra aldrei í nauðþurftahornið eða í hvíluhornið, heldur að kasta henni í umgangssvæðið. Þar vilja þau taka fæðu sína, en í hornum taka þau hana með þrautum. Samkvæmt þyngd sinni eru þau ekki þurftarfrekari en aðrar skepnur. Mönnum finst svo mikið til um það, hvað þau éti, vegna þess, að alt af er verið að búa þau undir söluduginn, en aldrei hefir svín verið selt enn svo þungt, að seljanda hafi þótt það of þungt á kaupmannsvoginni. Það er því eðlileg afleiðing, að til þess að til þess að skepnan nái hárri vikt, verður hún að hafa mikið af góðu fóðri. Óefað eru svínin arðsöm séu þau réttilega meðfarin. Til dæmis, getur gyltan átt grísi tvisvar á ári. Meðgöngutími þeirra er 16 vikur, tvisvar 16 eru 32, svo að ætla þeim að hafa grísi á spena í 6 vikur. Það gerir 12 vikur, sem lagt við meðgöngutímann gerir 44 vikur. Og hafa þær þá átta vikur á ári til algerðrar hvíldar. Setjum svo ennfremur, að þær hver um sig komi á fót til markaðar 12 grísum á ári, þá sjáum við þar af að svín geta snúið afurðum landsins fljótar í peninga en nokkrar aðrar skepnur.

KETILL: Hvað geta gyltur átt marga grísi í einu?

ATLI: Vanalega eru 12 spenar á gyltunni, en svo er alment álitið að hún geti átt svo marga grísi, sem spenar eru. Þó kemur það fyrir, að hún á fleiri grísi, en hún hefir spena til. — Ýmsir tala um svín sem heimskar skepnur, en þar sá, sem veitir þeim eftirtekt, [illegible] að viðurkenna, að þau sýna [illegible] kil hyggindi. Þeim, sem hirð [illegible] veita þau oft ýms vinarat[illegible]gar þau verða hrædd, flýja [illegible] til umsjónarmanns síns, [illegible] námunda. Svo vegvís [illegible] að þeim skjátlar varla. [illegible] grísafulla gyltu vera

BJART

að bera að baki sínu hey eða hálmrusl í kjafti sér, er það órækt merki þess, að hún gjóti á þeim sama sólarhring. Málrómi manna þekkja þau svo, að þau gegna vart kalli nokkurs manns, nema þess er hirðir þau. — En svo er með svínin sem allar aðrar skepnur, að því að eins kemur eðli þeirra óbrotið í ljós, að þau eigi við góð kjör að búa.

KETILL: Svín eru víst ekki vand-meðfarin, mér sýnist þau mun óta fæðu sína úr forinni með jafngóðri lyst, sem af hreinu fjalagólfi. Eða er ekki svo?

ATLI: Eins og ég sagði þér áðan, segi ég þér enn: þau eru hrein látar skepnur. Enginn vænir fugla himinsins um óhreinkæti, en hvaðan taka þeir fæðu sína? — Margir svínaeigendur virðast að hafa þessa sömu hugmynd, sem þú, að ekkert sé vangert við svín, — að ef þeir gefi gyltunni gætur um það leyti, sem hún gýtur hvolpum sínum, hafi þeir uppfylt hirðingarskyldu sína gagnvart henni. En lanevarandi reynsla sýnir, að mest an og bezta urð veitir gyltan eiganda sínum hafi hún góða og nákvæma umönnun, hvað hirðingu og fóður snertir. Og því eldri, sem gyltan verður, því betri er hún til undaneldis. Grísirnir verða stærri og þrekmeiri undan gömlum gyltum en ungum. Því ættu menn eigi að lóga þeim, er góða raun gefa. En þær köllum vér góða raun gefa, sem fyrst og fremst eru góðar mæður, eiga marga grísi í senn, eru góðar til mjólkur, eru lundgóðar, — það er, meinlausar við menn og skepnur. Þess háttar gyltur skyldi maður láta lifa til gamalsaldurs. — Eitt á meðal margs í meðferð svína, er að verja þau fyrir sólarhita og flugum. Bezt er, ef því verður við komið, að sumt af haga þeirra sé vaxið skógi. Þakskýli þurfa þau einnig til varnar gegn illviðrum. Það getur maður bygt mjög billega með því móti, að reisa upp staurraftu, slá borðum á þak og nokkuð niður eftir veggstaurum, en opið í kring meðfram jörðu. En þá rifu er bezt að byrgja með striga. Í þannig byggðu byrgi, er ætið gnægð af hreinu lofti, og flugur leita þangað ei svo mjög. Dyr þurfa engar opnar, því svínin læra strax að skriða inn undir strigann. En gæta verður maður þess í þurkatíð, að strá vatni yfir gólfið í byrginu, því annars verður þar of mikið af fínu moldarryki, sem orsakað getur sýki og ýmsa kvilla í svínunum. Því þegar þau sofa, þá leggja þau ranann á jörðu, og sé þar í kring fínt ryk, soga þau það upp í nasirnar, og fer það svo sem leið liggur upp í lungun. Komist það þangað, er hætta búin. Ekki er nauðsynlegt, að hafa undaneldis gyltur feitar, en í góðu standi verða þær að vera, með alla vöðva vel fylta. Drykkjarvatn þurfa þær að hafa bæði hreint og gnægð af því, svo um búið, að það sé svalandi þorstadrykkur, en ekki hálfvolgt forarvatn. Hreint vatn viðheldur meltingarkraftinum og eykur hann og hreinsar blóðið. — Um geltina verðum við einnig vel að annast. Þeir þurfa umönnun og að hjúkrun líkt og gylturnar. Í vali þeirra verðum við að vera vandvirkir, það er, að velja þá sem næst samkynja gyltunum.

Að maður hafi góðan bithaga fyrir svín að sumrinu til, er mikils virði, — svo miki's virði, að það er brennipunktur ARDS eða TAPS á þeirri kvikfjártegund fyrir bóndann. Hagarnir eru plægðir og sáðir á hverju ári, og ýmsum korntegundum plantað í þá, svo sem byggi, höfrum, hveiti, rúg, og baunum. Margir hafa þann sið, að hólfa hagann í sundur í fleiri og færri parta, og er það frá öllum hliðum metið og virt sú hagfræðislegasta aðferð, er orðið getur. — Til svona, sjáðu: Nú hefir þú t.d. eina ekru lands inngerta fyrir svínahaga. Síðan hólfar þú þann blett niður í fjóra parta. Að vorinu til, þegar grasið í haganum er orðið, segjum þriggja þumlunga hátt, hleypir þú svínum þínum inn í hólf nr. 1, og hefir þau þar þangað til þau eru búin að éta upp grasið í því. Síðan opnar þú fyrir þeim hólf nr. 2, o.s.frv. Á meðan svínin voru að éta grasið í nr. 1, óx grasið mikið í hinum hólfunum, sökum þess endist þeim lengur bithaginn í næsta hólfi. Svo þannig koll af kolli. Þegar svínin eru búin með það og það hólfið, tekur þú hesta þína og plóg, plægir það upp og sáir síðan. Þannig verður grasið í hólfi nr. 1 vaxið upp aftur, þegar nr. 4 er uppurið. En setjum nú aftur þar á móti, að þú hafir hagann allan í einu lafsi, — ekki hólfaðann í sundur, og hleypir svínunum inn í hann þegar gras er þriggja þumlunga hátt, þá er það gefin sök, að þau með óþarfa umgangi troða meira niður af grasi en ella, og róta og rífa jarðveginn. Baunir skyldu ætíð álitnar, sem sjálfsögð grastegund í svínahaga.

Enn er önnur aðferð til að fóðra svín á grasi. Hún er sú, að hafa þau í færikvíum. Fyrir smágrísi eru þær mjög handhægar. Í 12-feta ferhyrningskvíum getum við rúmað 10 grísi (smágrísi) yfir sumarið, ef við færum kvíarnar 6—8 sinnum á dag yfir gott graslendi, t.d. smáraengi og gefum þeim góðan skoldrykk, mjólkurbland eða mjölbland þriswar á dag, þá líður þeim vel, hafa fult eldi til þrifa og vaxtar. En í kvíunum þurfum við að ætla þeim skugga. Það gerum við með tvennu móti: Fyrst með því, að þenja strigadúk yfir part af kvíunum, eða þá að hafa lausakofa, sem við færum alt af með þeim.

KETILL: En er það ekki ærinn vinnuauki þessar færikvíar?

ATLI: Jú, ekki neita ég því, en sá er kostur þar við, og hann er mikilsvirði, að grísirnir hafa þá ætíð hreint gras og nýtt, og frá hagfræðislegu sjónarmiði getur það þýtt stórgróða. Salt þurfa svín að fá til neyzlu, eins og aðrar skepnur. Einnig er sagt, að kola-aska sé þeim mjög holl, vörn mót ýmsum kvillum.

KETILL: Gefið þið hér gripum ykkar salt? Aldrei er slikt gert á Íslandi.

ATLI: Hér verðum við að gefa öllum búpeningi vorum salt, annars mundi hann drepast niður af ýmsum kvillum. En á Íslandi nær sjávarloftið yfir alt land. Þar af leiðandi eru jurtir allar saltar, — sá er einn kostur eyjunnar gömlu. En hingað, svona langt inni í meginlandi, nær ekki sjávarloftið svo að nokkru nemi.

KETILL: Álítur þú, að svín séu arðmest kvikfjártegund?

ATLI: Vart er að segja það. En það má með sanni segja, að þau timgast allra skepna fljótast. Þar af leiðandi snúa þau gripaafurðartegundum bóndans fljótar í gjaldeyri en aðrar skepnur.

KETILL: Eru svín að eðli sínu hraustar skepnur eða heilsugóðar?

ATLI: Svo er með þau, sem öll dýr, að þau eru undirorpin ýmsum kvillum. En eins og ég sagði þér áðan, er það mikið undir meðferðinni komið. Það er staðreynd, að ýmsir sjúkdómar þeirra orsakast af rangri meðferð. Til dæmis, þegar grísir verða afllausir í aftanparti, sem oftast orsakast af sjúkum nýrum, — en sú orsök er til þess, að þeir eru kreptir í þröngum stíjum, sjaldan eða aldrei hreinsuðum. Skepnunum er þröngv að til að neyta fæðu sinnar innanum sinn eigin saur. Og hvers er þá að vænta undir slíkum kjörum, annars en alls hins versta?

Við þess háttar afleysi brúka margir þannig samsett meðal: — Mulið "nux vomica", 4 grains,— mulið "anise fræ", ½ dram, — mulinn "ginger", ½ dram. Og svo á eftir þessari inntöku skal gefa 2 matskeiðar af laxér-olíu. Séu 2 skeiðar ekki nóg, þá að auka inntökuna.

"Svína kólera" er hér á landi algeng veiki, sem á hverju ári gerir skaða svo hundruðum þúsunda dollara nemur. Frægustu dýralæknar hér hafa í mörg ár unnið að því, að komast fyrir upptök og eðli þessa sjúkdóms. Nú þykjast þeir þekkja sýkina til hlýtar og hafa þegar að mestu fullyrt að mótverkandi meðalið sé fundið. — Sýkin segja þeir að sé "bacteríu" blóðeitrun. Mörgum hefir hepnast vel við kólerusjúka grísi eftirfarandi samsetning: Viðarkol 1 pd., brennisteinn 1 pd., "sodium chlorid" 2 pd., "Sodium bicarbonate" 2 pd., "Sodium hyposulphite" 2 pd. "Sodium sulphate" 1 pd. og "Antumony sulphid" 1 pd. Þessar tegundir verða að vera vel muldar og vandlega hrærðar saman. Inntaka af þessari samblöndun er ein matskeið fyrir hverja 200 pd. þyngd í svíni, að eins ein inntaka á dag, gefið með fóðri þeirra. Kólerusjúkum svínum skyldi maður ekki gefa maískorn, nema að eins í mjög litlum skamti, heldur gefa þeim létta fæðu, svo sem hveiti úrsigti og malaða hafra. Undireins og maður sér nokkur merki til kóleruveiki í svínaflokknum, ættu hin sjúku að vera tekin sér og hlúð að þeim, sem best að tök eru á, sett í hrein og hlý byrgi, og þetta meðal gefið. Einnig skyldi hinum heilbrigðu gefið það til varnar veikinni. Sé stía svínanna þannig, að þau ösli kviðdjúpa for á þeim stað er þau taka fæðu sína, mun hvorki þetta eða nokkurt annað meðal duga til varnar eða heilsubótar í kóleru tilfellum. Þeir, sem þannig hirða þau, ættu ekki að láta sér verða bilt við, þótt þeir sjái svín kútveltast og deyja. Það er í sjálfu sér kraftaverk náttúrunnar, þegar hún getur látið nokkuð, sem lifsanda dregur, þrifast við sóðaháttt. — Gætum þess, að einnig svínin hafa réttmætar kröfur fram að færa á hendur oss, þær kröfur, að vér látum þeim líða sem best til fæðis og skýlis. Fyrir oss er það drengskapur og fjárhagsspursmál, að uppfylla þær kröfur.

Þú sýnir réttþverfuna á þér, Lárus,

í 10. tölublaði Heimskringlu þ. á. þar sannar þú þekkingu mina á ritháttfeilleikum þínum. Þú sýnir sem sé illmælgi smjaður og klaufalegan ritháttt. Engin orð, engin tákn og enginn hæstiréttur getur betur sannað það, sem ég held fram, að þú getir ekki skrifað landnámasögu Vestmanna. Já, ekkert af þessu gæti sannað orð mín ljósara en þú gerir sjálfur í áminstu tölublaði Heimskringlu, og má ég því vera þér þakklátur, hefðirðu gert þetta af drengskap, en það er nú þvert á móti. Þú gerir það blátt áfram af heimsku og mannvonzku. Ég veit, að hver einasti Vestmaður er nú sannfærður um það, að það væri að vanhelga söguna, að þú fjallaðir um hana.

Það hafa mergir þakkað mér fyrir bendinguna, sem ég gaf þér, og sagt hana mjög hreinskilna og holla fyrir þig og landnámasögumálið. Ég fékk frá einum langhaldna rithöfundi hér vestan hafs bréf, sem meðal annars hljóðar svo: — — — "Síðasta Kringla kom degi seinna hingað en vant var. En hún kom þá líka venju fremur skemtileg, fjölbreytt og fræðandi. Já, þökk fyrir "Bending til Lárusar". Það er sjaldgæf hreinskilni, en þó þarft verk, að lækna söguritunar höfuðsóttina í honum. Vestur-Íslendingar eiga nóg af bókmentalegu gutli í bókarformi, þó nýir og nýir þorlákar bætist ekki við". — — —

Þetta er alt, sem ég ætla að spandéra á þig, Lárus minn, að sinni, og óska, að heilsa þín fari batnandi enn ekki versnandi í komandi tíð.

K.Ásg.Benediktsson.

Til Heilsuhælisins á Íslandi.

Áður auglýst	$369.40
Tómas H. Jónsson	5.00
Kristófer Ingaldsson	2.00
Sent í bréfi (frá E.)	1.00
Sigtryggur Jónasson	5.00
Ásmundur P. Jóhannsson	5.00
Helgi Sigurðsson	1.00
Hannes Pétursson	2.00
Þorlákur Jónsson	10.00
Pálmi Einarsson	1.00
Sveinn Pálmason	5.00
Ólafur Thorgeirsson	2.00
Meðtekið á Lögbergi	16.00
Rentur af peningum	10.45
Alls	$434.85
Kostnaður við að senda peningana	0.60
Samtals sent heim	$434.25

Eða 1613 krónur 17 aurar

Þess skal getið, að það eru allmargir hér í Winnipeg, sem ekki hafa getað borgað það, sem þeir lofuðu enn sem komið er, og skal það tekið fram, að ég er váljugur til að taka á móti þeim peningum og koma þeim til skila eins fljótt og menn sjá sér fært, að greiða þá af hendi.

Winnipeg, 15. des. 1908.

Aðalsteinn Kristjánsson.
796 Victor St., Winnipeg.

Finnið manninn!

Hver sá, sem kann að vita um núverandi heimilisfang og áritun herra Guðna Benson, sem fyrir 2 til 3 árum stundaði fiskiveiðar við Winnipegoses, er vinsamlega beðinn að tilkynna það

Mrs. H. S. Pálson,
Woodward Ave., Fort Rouge,
Winnipeg, Man.

"Framtíðin", hálfsmánaðarblað fyrir börn og unglinga, ritstjóri séra N. Steingr. Thorlaksson, Selkirk, Man. hefir komið út síðan í marsmánuði næstl. Verð 75 cents árg. Blað þetta er gott og gagnlegt fyrir þá lesendur, sem það er sérstaklega ætlað, og leyfum vér oss því, að mæla hið bezta með blaðinu. —Nú býður útgáfunefndin nýjum kaupendum annan árgang þess, og það sem ókomið er út af fyrsta árgangi, þar með vandað jóla-númer, tvöfalt tölublað, í kápu með mynd um og nótusettum sönglögum, fyrir 75 cents, sem borgist fyrirfram. — Féhirðir nefndarinnar er

FRIÐJÓN FRIÐRIKSSON,
745 Toronto St., Winnipeg, Man.

Kæru skiftavinir!

Þar sem nú jólin enn einu sinni eru í nánd, munum við öll vera farin að hugsa um, hvar og hverjar JÓLAGJAFIR kaupa skuli þetta ár handa skyldmennum vorum og vinum, — og getum vér ekki bent yður á neitt hentugra pláss til þess að kaupa slíka muni með sanngjörnu verði enn hjá

E. THORWALDSON & CO
Mountain, N. D.

því þar eru allir hlutir til sölu undir einu þaki, frá tveimur króka pörum upp að heilli bújörð.

10--25 prósent afsláttur

Gullstáss af margskonar tegund.
Jóla-Skrautkassar af mörgu tagi.
Jóla-Leirtau, skrautmálað.
Fínándis Húsmunir af allri tegund.
Silvervare af ýmsu tagi.
Og allskyns Stáss-Álnavara og silki, og margt og margt fleira, sem þénanlegt væri fyrir Jólagjafir.

Og alt þetta verður selt fyrir 90 cents dollarsvirðið nú fyrir jólin, og sumar vörur með 25 prósent afslætti, sem við erum að hreinsá upp fyrir vorið.

Líka gefum við 18 pund af röspuðum sykri fyrir dollarinn, og 17 pund af Molasykri og okkar 20c Kaffi, alþekt fyrir að vera það bezta 20c kaffi, sem nokkurstaðar er hægt að fá, á 18c pundið.

Við borgum fyrir Nauðtgripa-Húðir 10c pundið, 25c fyrir smjör og 30c fyrir egg. Hættið að senda peninga yðar til Sears Roebuck and Co. og kaupa kötlinn í pokanum. Kaupið fyrir þá hjá yðar heima-verzlara, E. Thorwaldson & Yo., sem undirgangast að mæta Sears Roebuck prísum á öllu, sem þeir hafa til sölu, takandi gæði á vörum til greina.

Komið sem allra fyrst, — biðið ekki þar til seinustu dagana fyrir Jólin. Með því er hægt að afgreiða alla með mestu reglu.

Með beztu þökk fyrir yðar góðu og miklu viðskífti.

E. Thorwaldson & Co.
By E. Thorwaldson.
Mountain - - N. Dak

S. R. HUNTER & CO
Skraddarar,
189 Lombard Street

Búa til ný-móðins karlmannafatnaði eftir máli. — Efni og vinnubrögð afbeztu tegund, og alt ábyrgst að vera jafngildi þess bezta sem fáanlegt er í borginni. Verðið er við allra hæfi. —

S. R. Hunter & Co.
189 Lombard St.
Telephone 1395.

Giftingaleyfisbréf

selur Kr. Ásg. Benediktsson
540 Simcoe st. Winnipeg.

Vestur-íslenzk menning

Erindi flutt af séra Rögnvaldi Péturssyni á síðasta Menningarfélagsfundi, gæti orðið mörgum landa til góðs, og mættu þeir læra mikið af því, ef þeir hefðu gert svo lítið úr sér, að koma að hlusta á það. En ég býst við, að það sé of náið Únítörum fyrir sannkristna, að gera svo. Samt sem áður ætti hver maður með heilbrigða skynsemi, að láta það ekki aftra sér frá, að eyða svo sem tveimur til þremur klukkutímum á hverjum hálfum mánuði þannig.

Meðal annars drap fyrirlesarinn á það, hve félagslífi hjá okkur væri komið, hingað og ekki lengra, og hvað framtíðin ætti í staðinn fyrir oss. Og er engin furða, að hann hefði orð á þessu. Þetta er máleini, er allir landar ættu að hafa hugfast. Því er mjög ábótavant hjá okkur. Einkanlega datt mér þetta í hug, er ég las grein í Hkr., og var undirskriftin "lúth. prestur". Það er víst fræðandi, að lesa svona greinar í dagblaði, sem ætti að vera þjóðinni til fræðslu og uppbyggingar, og sem hún borgar fyrir. Og það frá einum guðsmanninum hennar, — bara til þess að ná sér niður á náunganum.

Ég hefði ekki verið hér í bænum mér enn 2 til 3 mánuði, þegar ég fór að finna til hnútukastsins og olbogaskotanna, sem á sér stað meðal landa vorra. Þegar ég fór svo að hnýsast lengra inn í þetta, þá kom spurningin: Hverjum er þetta að kenna? Svarið var auðfundið, og held ég að flestir landar séu kunnugir því. Það eru íslenzku prestarnir, guðsmennirnir, boðarar kærleikans, sannleikans, og elskaðu náungann eins og sjálfan þig. Og vel og skörulega býst ég við þeir haldi þeir þjóni drottni sínum þannig. Einhversstaðar heyrði ég það sagt: "Römm eru þau íslenzku örlög". — Já, römm eru þau, ef fáeinir einstaklingar, að eins dropi í mannfélaginu, sem er berjast áfram í einhverju framfara mesta landi heimsins, og sem ætti að halda saman og láta bera á sér sem sérstakur þjóðflokkur, — skuli vera ýfður hver upp á móti öðrum, af þeim mönnum, sem ættu að vernda þá og halda þeim saman í bróðerni og góðum félagsskap. Ekki mjög langt frá kaþólsku einokunar og siðleysis tímunum gömlu og góðu heiman af Íslandi, og vér vitum það allir, hvað þeir leiddu í för með sér. Og eins vitum við líka, hvernig bót á þessu var ráðin. — Það voru íslenzku skólapiltarnir í Kaupmannahöfn, sem fóru að vekja huga þjóðarinnar í þessu efni. Þeir börðust með hnúum og hnefum fyrir þjóðina sina, og þeir unnu. Íslendingar fóru að sjá veikleikann hjá sjálfum sér. Þeir fóru smám saman að rakna úr rotinu, og þeir hafa haldið áfram að rakna við. — En hvað mundi taka mörg höggg, að slá þá í rot aftur, ef hefðu þeir aðra eins hártogara eins og íslenzku guðsmennina hér í landi? Þeir byrjast með hnúum og hnefum hver á móti öðrum, og annar reynir að sýna landnum í fásinninu, að hans guð sé dálítið betri enn Frigga guð, o. s. frv. Þeir hamra með þetta guð, guð sé og æ og allavíð. Og hver er svo árangurinn? Að þeir hafa valið upp þann dreng, sem gengur ljósum logum hér í Winnipeg, og sem gýtur glámaugum frá einum landa til annars. Og svo tekur hann á sig nútímasnið og fer út í pólitík, og þar nær hann sér niður fyrir alvöru. Því eigi mun honum á móti skapi, að taka í hendina á rógi og lygi og stíga léttfætan dans til unnar sjálfum sér og til eyðileggingar mannfélaginu í heild sinni. Og sást það bezt við síðustu bæjarstjórnar kosningar. En vona vildi ég, að fræðsla ætti það í skauti sínu, að ala einhvern góðan dreng, sem gæti kveðið hann niður.

Við höfum Stúdentafélag hér í bænum. Og vel gerðu þeir, ef þeir fetuðu í fótspor bræðra sinna í Kaupmannahöfn, sem hófu land upp á herðar sér, svo að það er fyrir innan sjóndeildarhring allra mentaðra þjóða heimsins, og sem er að skjóta Vesturheims Íslendingum aftur fyrir sig svo langt í andlegum og veraldlegum skilningi, að landinn á töluvert gap á milli sín og síðustu rófunnar, sem standur út úr flokki framfararinnar.

Og svo mætti minnast með nokkrum orðum á samkomuna hans Stephans G. Stephanssonar. Ekki þóst ég við, að guðsbörnum hafi þótt sjálfum sér hæst að sækja hana, eða heldur fræðandi, að hlusta á eitthvað rímnarul úr Stefáni, því hart mun að koma því saman, Stefáni og skynsemin á aðra hliðina og guð og fávizkan á hina. Hér er ekki átt við, að það sé ekki margir góðir og vel skynsamir menn, er fylgja guðstrúnni. En hitt ætla ég, að hún sé nokkuð gölluð hér í Winnipeg, og líkari pólitískum afturhaldsflokk heldur enn góðri siðfræði. S.S.

SPURNING. — Má faðir eða móðir, sem á börn á lífi, arfleiða aðra að eignum sínum?

Forvitinn.

SVAR. — Já, en betra er samt, að það sé lögformlega gengið frá slíkri erfðaskrá, annars gæti farið svo, að hún yrði ónýtt fyrir dómstólunum. Það hefir komið fyrir í þessu landi. Ritstj.

3083

Pósthús Box Heimskringlu er nú 3083, en ekki 116, eins og áður hefir verið. Viðskiftavinir eru því beðnir, að senda bréf til blaðsins í P.O. Box **3083**

Fréttir úr bænum.

Til kynna gefst kaupendum Hkr. að við lát herra Óla Benedictssonar í Markerville, Alta., hefir herra Jónas J. Hunford góðfúslega tekið að sér umboðsstöðu í þeirri bygð fyrir Heimskringlu, einnig í Tindastóll, Sólheima, Burnt Lake og Red Deer bygðum. Kaupendur eru vinsamlega beðnir að snúa sér til hans með borganir og áskriftir að blaðinu.

Mr. W. Sidney Isfeld var hér á ferð fyrir nokkrum dögum. Hann hefir dvalið í Ameríku og öðrum löndum í sl. 27 ár, hefir ferðast um Suður- og Norður-Ameríku, til Ástralíu og Filips eyja. Hann var staddur í Havana, Cuba, þegar Bandaríkja herskipið Maine sprakk í loft upp. Hann hefir farið 7 sinnum heim til Íslands og ætlar í áttunda skiftið þann 1. apríl næstk. Mr. Isfeld er 36 ára gamall og heldur vel við móðurmáli sinu, þó hann hafi alið aldur sinn meðal annara þjóða. Hann kveðst hafa lesið flest íslenzk blöð, sem út eru gefin í Ameríku, og í seinni tíð hafi hann varla tapað blaði af Heimskringlu, og þyki sér hún bezt þeirra íslenzkra blaða, sem hann hafi lesið.

Herra Jón Th. Clemens brá sér í gær (miðvikudag) suður til Minneapolis, og dvelur þar nokkra daga hjá gömlum kunningjum. — Þaðan fer hann suður til LaCrosse í Wisconsin ríkinu, og hyggur að dvelja þar hjá syni sínum, séra Jóni Clemens, um óákveðinn tíma. Kona hans fór suður þangað til sonar síns í sept. sl. og hefir dvalið þar síðan. — Herra Clemens óskar að sér sendist bréf og blöð til 1334 Ferry St., La Crosse, Wis., U.S.A.

Þeir herrar Stephenson & Clark, kaupmenn í Leslie, Sask., hafa sent Heimskringlu snotran og stór an vegg Calendar fyrir næsta ár. Á honum er steinprentuð mynd af móðurlausum lömbum. Fjárhirðir er þar sýndur á hestbaki, og reiðir hann eitt lambið, en ung stúlka heldur á öðru. Fjárhundurinn Tryggur er þar á verði yfir kindahóp meðan konan og fjárhirðirinn sinna um móðurlausu lömbin.

Herra R. D. Waugh, hinn nýkosni Controller, hefir teðið Hkr. að votta kjósendum Winnipeg borg ar sitt alúðarfylsta þakklæti fyrir það góða fylgi, sem þeir veittu honum við síðustu bæjarkosningar. Jafnframt lætur hann, að þjóna borgarbúum trúlega og án manngreinarálits eftir beztu kröftum sinum.

Alla síðastliðna viku mátti heita frostlaust veður hér í fylkinu, og svo að segja snjólaust fyr en langt norður. Þessa viku er vitund kaldara, en að öðru leyti sama blíðviðrið, sem verið hefir að undanförnu.

Þann 14. þm. voru gefin saman í hjónaband af séra Jóni Bjarnasyni þau herra Gunnar Einarsson bóndi í Álptavatns nýlendu, og Mrs. Anna Johnson, ekkja eftir Jón sál. Jónsson frá Rauðseyjum.

Langlegursti Jóla-Calendar, sem Heimskrinalu hefir borist á þessu hausti, er gefinn af þeim Eggertson og Hinrikson, kjötsölum á horni Victor og Wellington stræta. Það er skrautlituð mynd af fagurri konu, indælli og elskulegri og á bezta gifingaaldri. Spjaldið er 2 fet á lengd og 8 þuml. á breidd. Það er sönn stofuprýði í hverju húsi. Þeir, sem vildu eignast þessa mynd, þeir kaupi kjöt hjá Eggertson & Hinrikson og borgi fyrir það.

Jólablað Framtiðarinnar, íslenzka barnablaðsins, er nýútkomið í skrautlegri litkápu með engilmynd framan á kápunni. Efni bl. er: — Jólin og börnin, Jólasöngur, Jólageislinn (með mynd), Fall egasta hönd, Nóttin helga (með mynd), Þráðurinn að ofan, Tvö sönglög, Jólavers, Lóa (saga eftir J. P. Pálsson), Um æfintýri (eftir Nordahl Rolfsen), Steinlambið, Jóhannes skírari (eftir Halldóru Askdal), Alþjóðaþing um bindindismál og margt fleira skemtilegt. — Útgáfan er að öllu leyti sæmileg og lesmál alt í samræmi við tilgang blaðsins.

Úr Shoal Lake nýlendu komu í vikunni hingað til bæjarins þeir herrar Sveinbjörn Sigurðsson og Jón Jónsson. Þeir segja alt tíðindalitið í sinu bygðarlagi.

Capt. Christopher Graburn, aðal ritari stjórnarráðsins í Manitoba síðan árið 1888, andaðist að heimili sínu hér í borginni á fimtudaginn var, nær 70 ára gamall.

Næsti fundur í Menningarfélaginu verður haldinn næsta miðvikudags kveld á venjulegum stað og tíma. Herra Páll M. Clemens flytur þar erindi. Umtalsefni: Um frið. Allir velkomnir.

Herra Magnús Björnsson, frá Baldur, sem hér var á sl. vori til lækninga við innvortis meinsemd, kom aftur til bæjarins í sl. viku, og er nú talsvert hattur á heilsu, en þó hvergi nærri alheill. Hann var að leita læknisráða, og fór hann heimleiðis aftur á laugardaginn var.

Bygging sú, sem Canadian Jewelry Manufacturing Company rekur starf sitt í, nálægt horninu á Bannatyne og Main St., brann til ösku aðfaranótt sl. föstudags. Fjártjón metið 20 þús. dollars.

Mutual Life lífsábyrgðarfélagið hefir sent Hkr. stóran skrifstofu Calendar fyrir árið 1909. — P. D. McKinnon, ráðsmaður félagsins hér í borginni, auglýsir, að hann láni peninga gegn tryggingu í fasteignum hér í borginni eða úti í sveitum.

Munið eftir samkomu kvenfélagsins TILRAUN í kveld (fimtudag). Sjá auglýsingu á öðrum stað í bl.

Um síðustu helgi andaðist hér í borginni Miss Jóhanna Anderson, systir þeirra bræðra Sigfúsar og Sigurðar Andersons, málara. Hún hafði verið sjúk af innvortis meinsemd um margra ára tíma, og hafði verið rúmföst um árstíma síðast. Hún mun hafa verið nær 40 ára að aldri.

Mrs. Guðrún H. Jacobsen í Des Moines, Wash., biður þess getið, að þeir sem kynni að senda henni bréf, geri svo vel að árita þau: "Mrs. Guðrún H. Jacobsen, Kings County, Des Moines, Wash., U. S. A." — Það er áríðandi, að orðin "Kings County" séu rituð skýrt í vinstra horn bréfanna, svo þau berist ekki suður til Des Moines í Iowa, og máske glatist algerlega.

Fundur verður haldinn í Leikfélagi Skuldar og Heklu fimtudaginn 17. þ.m. kl. 8 að kveldinu í Goodtemplara húsinu, Sargent og McGee St. — Félagsmenn teðnir að mæta.

Forseti.

Stúdentafélags fundur

Stúdentafélagið heldur fund í samkomusal sínum næsta laugardagskveld kl. 8.30. Kvenfólk úr félaginu heldur þar kappræðu um kvenréttindi. Meðlimir ætlu að fjölmenna, þá verður tækifæri fyrir þá, er óska að ganga í félagið, að gefa sig fram. — Meðlimir eru mintir á, að á fundi þessum veitir stjórnarnefndin viðtöku ritgerðum frá þeim, er keppa um verðlaunapeninga félagsins.

TVÆR MYNDIR

hafa Heimskringlu verið sendar í Jólagjöf. Þær eru af þeim séra Hallgrími Pétursyni og Jónasi Hallgrímssyni. Stærð myndanna er 12x15 þuml., í skrautritaðri umgerð. Neðantil við mynd Hallgríms er lítil "Medalion" mynd af Jesú Kristi, og beggja megin við hana eru sýnishorn af ljóðagerð skáldsins, úr sálmunum: "Alt eins og blómstrið eina", og "Hásæti fyrir herrans er", — eitt vers úr hvorum sálmi. — Herra R. F. Johnson, að nr. 1419 W. 57th St., Seattle, Wash., hefir látið gera þessar myndir, og hefir sjálfur pennadregið rammana utan um þær. Það verk er gert af svo mikilli snild, að ekki höfum vér áður séð slíka skrautskrift frá penna nokkurs Íslendings, og vart getur að líta betra frá nokkrum skrautritunarskóla hér í landi. Í rammanum utan um Hallgríms myndina eru dregnar 10 dúfur, hver annari fallegri. Myndir þessar eru hin eigu legasta eign, og ættu að vera í húsi hvers Íslendings. Hver mynd kostar 35c, en báðar, ef keyptar í einu, kosta 60 cents.

Herra Friðrik Sveinsson málari, að 618 Agnes St., er umboðsmaður fyrir þessa myndasölu hér í bænum, og geta þeir sem vildu eignast þær, snúið sér til hans, — og það ættu sem flestir að gera.

Smælingjar.

5 sögur eftir Einar Hjörleifsson, í gyltu bandi. Kostar 85c. Vel valin vinargjöf um jólin. Til sölu út um allar bygðir Íslendinga og hjá útgefandanum.

ÓLAFUR S. THORGEIRSSON
678 Sherbrooke St., Winnipeg.

JÓLA Kjötvörur.

Kæru landar og viðskiftavinir!

Um leið og við þökkum yður kærlega fyrir undanfarin góð viðskipti og óskum að verðskulda þau framvegis, — vildum vér minna yður á, að gleyma ekki að heimsækja okkur fyrir Jólin.

Eins og alment er viðurkent, höfum við ávalt á reiðum höndum hinar beztu kjötvörutegundir. Og sérstaklega viljum vér leiða athygli yðar að okkar ágæta hangikjöti, sem sérstaklega er reykt fyrir okkur, og hvergi fæst betra en í búð okkar.

Ennfremur höfum við ýmsar tegundir af stríðöldum alifuglum, sem við seljum með lægra verði, en áður hefir þekst.

Búð okkar verður opin til kl. 9 á hverju kveldi alla Jólavikuna. — Þá byrjum við að útbýta meðal viðskiftavina okkar fögrum Jóla-Calendars.

Virðingarfylst,

Eggertson & Hinrikson,

Cor. Victor og Wellington St.
Phone: 3827.

F. Deluca

Verzlar með matvöru, aldini, smá-kökur, allskonar sætindi, mjólk og rjóma, sönul. tóbak og vindla. Óskar viðskifta Íslend. Heitt kaffi eða te á öllum tímum. Fón 7756

Tvær búðir:
587 Notre Dame og 714 Maryland St.

Íslenzkur Tannsmiður,

SIGURÐUR DAVIDSON, hjá Dr. Morden, frá læknaskólanum í Chicago,—tekur að sér að smíða Tennur eftir þörfum, og festir þær í tanngarðinn sársaukalaust.

Finnið hann á skrifstofu að
620½ Main St.
Phone 470 Horni Logan Ave.

Kæru landar, ef þið viljið fá vel skerptar sagirnar ykkar, þá komið þeim til mín, að 501 Beverly St. Líka skerpi ég skauta, skeggbnífa og allskonar eggjárn. — Alt fljótt og vel gert.

G. BERGÞÓRSSON,
501 Beverly St.

ODDSON FLUTTUR.

Vér höfum breytt bústað vorum, og verður því skrifstofa framvegis

Suite 1, Alberta Block,

Norðaustur horni á Portage og Garry St., rétt að kalla á móts við nýja pósthúsið. Bjartari, betri og stærri skrifstofur.

Vér þökkum fyrir góð viðskifti og bjóðum alla velkomna á vorn nýja stað

Yðar með virðingu,

Th. ODDSON & CO.,
Suite 1, Alberta Blk.
Cor. Portage & Garry. Phone 2312

Jólagleðin er Nálæg

GLEYMIÐ EKKI AÐ KAUPA GULLSTÁSS YÐAR HJÁ UNDIRRITUÐUM,—SVO SEM T. D. GULL ÚR, GULLHRINGA, ARMBÖND, "LOCKETS", ÚRKEÐJUR, BRJÓSTNÁLAR, SLAUFU-PRJÓNA, LINDARPENNA, KLUKKUR, OG KÖKU- OG ALDINAKÖRFUR, OG ANNAÐ GULL- OG SILFURSTÁSS. EINNIG KRISTALS SKRAUTMUNI OG FL. ALT VANDAÐAR VÖRUR OG MEÐ AFARLÁGU VERÐI.

ALLAR UTANSVEITA PANTANIR AFGREIDDAR FLJÓTT OG ÁREIÐANLEGA

TH. JOHNSON, JEWELER
286 MAIN ST., horni Graham Ave. TALS. 6606

The WINGOLD Catalog

ER NÚ TIL ÚTBÝTINGAR

Sýnir Allskonar Stór, seldar beint til notenda á lægsta verði. Vorar nýju tegundir af hitunar- og eldavélum er brenna allskyns eldsneyti, gerðar með nýtízku formi og með fullkomnustu og bezta fáanlegri aðferð eru til sölu með ⅓ til ½ afslátt arverði frá annara stóasala verði.

Beztu stór smíðað ar. Spara eldsneyti og vinna á gullega. Abyrgstar að öllu leyti.

Hlá hólf, 15 gal vatnskassi-$24.95

20 þuml. bakarofn, há hólf, Emameléð vatnskassi - $33.85

Kol eða viðar ofn — $4.75

Hard og lin kol - $9.50

Flatustál höfuð $4.75

Hlá stál. há hólf vatnskassi-$37.75

Kaupið enga stó fyr en þér hafið séð vort undraverða tilboð. Verðlágar og svo eldivíðar drjúgar sem frekast er mögulegt. Þeim er lýst í voru nýprentaða —

Nýrra STÓ "Catalog"

Vér ábyrgjumst fljóta og áreiðanlega afhendingu og lofum að **taka stóna aftur, borga flutningsgjald báðar leiðir og skila yður andvirðinu,** ef ekki ánægðir með kaupin. Sparið $5.00 til $40.00 á hverju kaupi. Kaupið beint frá oss og sparið verzlunarmanns gróðann. Hver einasta stó ábyrgst og 30 daga frí reynsla gefin hverjum kaupanda. Skrifið eftir nýja "Catalogue"-inu K.

The Wingold Stove Co., Ltd., 245 Notre Dame
WINNIPEG, - - MAN.

Uppboð og Dans

Fimtudaginn þann 17. desember 1908 heldur kvenfélagið TILRAUN KASSA-UPPBOÐ og DANS í neðri Goodtemplara salnum á horninu á Sargent Avenue og McGee Street. — — Þeir, sem sækja samkomu þessa, fá molakaffi gefins í næstu dyrum við samkomusalinn. — Inngangur 25c Byrjar kl. 8 að kveldi. — Frí inngangur fyrir allar þær stúlkur, sem gefa kassa.

KOL og ELDIVIÐUR

Miklar byrgðir; Lágt verð; Fljót afgreiðsla; Reynið oss.

J. G. Hargrave & Co.
334 MAIN ST.
Phones:—431—432 og 2431

Guðjón Thomas
Gullsmiður

hefir að heimili sínu, að 659 William Avenu, eina af fullkomnustu Gull og Silfursmíða vinnustofum hér í borginni. Í henni eru nýtízku vélar til Gull og Silfursmíða, fullkomnustu verkfæri, sem fáanleg eru. Herra Thomas getur því nú smíðað alls konar Skrautgripi úr málmi eftir því, sem hver óskar, og afgreitt allar pantanir fljótt og áreiðanlega, því hann hefir æfða menn við verkið.

Þeir, sem vildu fá slíka Skrautgripi gerða, geta sent pantanir sín ar til hans, og býr hann þá til gripina nákvæmlega eftir fyrirsögn pantanda. — Utanbæjarmenn geta skrifað honum til

659 William Ave.
Phone 2878

James Flett & Co.
PLUMBERS

Leiða Gas- Vatns- og Hitapípur í hús yðar, fyrir sanngjarn borgun. Verk vandað, fljótlega gert og ábyrgst.

372 Notre Dame Avenue
Telephone nr. okkar er 3380 eða 8539.

LÁTTU MIG SAGA ELDIVIÐINN ÞINN. — Ég hefi keypt spónnýja sögunarvél, og geri verkið gegn sanngjarni borgun.

S. THORKELSSON,
738 Arlington St. Talsími 8588

Jóla "Turkey"

Komið og skoðið þær hjá oss Vér höfum mikið úrval af jóla "Turkeis", Gæsum, Hænsum, sömuleiðis höfum vér ýmsar aðrar tegundir af ágætu kjöti handa yður til hátíðanna.

C. G. JOHNSON
Telefón 2631
301 SHERBROOKE ST.

ÉG HEFI KEYPT ÚT KJÖTVERZLUN

herra Christjáns Oleson's á Notre Dame, og óska viðskifta allra þeirra sem áður verslaðu við hann. Gott kjöt og sanngjarnt verð.

A. E. COOPER,
666 Notre Dame Ave. Telefón 6906

Til fullkomnustu tryggingar
Vátryggið fasteignir yðar hjá The

St. Paul Fire & Marine Ins. Co.

Eignir félags. eru yfir 5 millión dollars. Skaðabætur borgaðar af San Francisco eldinum 1½ mill. SKULI HANSSON & CO., 55 Tribune Bldg., Phone 6476, eru sérstakir umboðsmenn.

E. S. Miller Limited
Aðal umboðsmenn
PHONE 2083 219 McINTYRE BLK.

J. G. Snidal, L. D. S.
ÍSL. TANNLÆKNIR
COR. MAIN & BANNATYNE
DUFFIN BLOCK PHONE 5302

BILDFELL & PAULSON
Union Bank 5th Floor, No. 520
selja hús og lóðir og annast þar að lútandi störf; útvegar peningalán o. fl.
Tel.: 2685

ARNI ANDERSON Íslenzkur lögmaður
Í félagi með
Hudson, Howell, Ormond & Marlatt
Barristers, Solicitors, etc.
Winnipeg, Man.
13-18 Merchants Bank Bldg. Phone 3621, 3622

BONNAR, HARTLEY & MANAHAN
Lögfræðingar og Landskjala Semjarar
Suite 7, Nanton Block, Winnipeg

Hubbard, Hannesson and Ross
LÖGFRÆÐINGAR
10 Bank of Hamilton Chambers
Tel. 378 Winnipeg

Woodbine Hotel
Stærsta Billiard Hall í Norðvesturlandinu
Tíu Pool-borð.—Alskonar vín og vindlar.
Lennon & Hess
Eigendur.

Sjerstakt!

GEMSASKINNS-FÓÐRAÐIR
(Chamois Lined)
YFIRFRAKKAR
búnir til eftir máli fyrir yður, fyrir
$40

Gerðar úr beztu Isaac Carr Meltons-klæði og ábyrgst fullkomlega að efni, vinnu, áferði og sniði —

Ef það kemur frá Clement's þá er það akkurat.

Geo. Clements & Son
Stofnað árið 1874
264 Portage Ave. Rétt hjá FreePress

"Hvað að brúka og hvar skal fá það".

VITUR MADUR

Við höfum lítið að segja, en það sem við segjum segjum við "beint út". Við óskum að þið komið til okkar þegar þið farið að kaupa haust eða vetrarfötin ykkar. Þú veizt ekki hvað ódýrt þú getur keypt föt búin til eftir máli fyr en þú kemur og talar við oss. —

McFarlane & Cairns
SKREÐARAR
335 Notre Dame Aðrar dyr vestan Wpg. Leikhúsið.

Stefán Guttormsson,
Mælingamaður
663 AGNES STREET. WINNIPEG.

Dr. G. J. Gislason,
Physician and Surgeon
Wellington Blk, - Grand Forks, N.Dak
Sjerstakt athygli veitt AUGNA, EYRNA, KVERKA og NEF SJÚKDÓMUM.

Miss Jóhanna Ólson,
Piano Teacher
557 Toronto Street

Drs. Ekern & Marsden,
Sérfræðislæknar í Eftirfylgjandi greinum: — Augnasjúkdómum, Eyrnasjúkdómum, Nasasjúkdóm um og Kverkasjúkdómum.
Í Platky Byggingunni í Bænum
Grand Forks, :: N. Dak.

A. S. BARDAL
Selur líkkistur og annast um útfarir. Allur útbúnaður sá bezti. Enfremur selur hann al skonar minnisvarða og legstein a.
121 Nena St. Phone 306

Arena Rink
Skautaskemtun á hverju kveldi. Ágætt Music.
JAMES BELL, eigandi.

Boyd's Brauð.

Til þess að hafa ánægju af máltíðum yðar borðið Boyd's brauð. Engin önnur eru jafn góð. Þau eru létt og ljúffeng og hægmelt. Þau hafa einnig fulla vigt. Flutt heim til hvers kaupanda hvar sem þeir búa í Winnipeg-borg.

Boyd's

Bakery Cor. Spence & Portage Ave
Phone 1080.

Antonio De Landro
SKÓSMIÐUR, horni Maryland & Wellington
(Bak við aldinabúð.) Verk gott og verð rétt.

Royal Optical Co.
327 Portage Ave. Winnipeg. RÉTT Á MÓTI EATON'S BÚÐINNI

Beztu Augnfræðingar

Öll nýjustu og bezt reynd verkfæri notuð. Höfuðverkur sem ar frá augunum, áreiðanlega lækinaður. Sanngjarn kostn aður.

AUGU SKODUD KOSTNADARLAUST.

LAND

Vér höfum nýlega fengiö til sölu yfir 30 Section-fjórðungum, liggjandi aö Oak-lands bæ vest C. N. R. línuna. Verð-ið er frá $7.00 til $12.00 hver akra. Ekkert af löndum þessum eru meir en 5 mílur frá járnbrautinni.

Skuli Hansson & Co.
Skrifst. Talsími 6478. Heimilis Talsími 2274

Heimskringla.

Alt landið

er ábyrgst aö vera jarðyrkju land af bestu tegund, og fúst keypt meö vægum afborgunar skilmálum. (N.B.—Leitiö fyrripart þessarar augl. vinstramegin viö Hkr. nafn.)

Frekari upplýsingar veita
Skuli Hansson & Co.
56 Tribune Building. Winnipeg.

XXIII. ÁR. WINNIPEG, MANITOBA, FIMTUDAGINN, 24. DESEMBER, 1908 NR. 13

GLEÐILEG JOL, 1908

ENGIN FULLNAÐAR JÓLA-ÁNÆGJA ER ÁN

MASON & RISCH PIANO

Á GÆTI MASON & RISCH PIANO felst í því, að þau fullnægja kröfum söngfræðinga og alþýðu landsins, eins og sannað er með þeirri feikna sölu sem gerð hefir verið á þessu vinsæla hljóðfæri hér í borg, og í öllu norðvestur landinu. Það sem kaupendur virða mest er traust smíði og tónfegurð. Mason & Risch Piano Félagið hefir eingöngu fægustu verkamenn til að smíða hljóðfæri sín, eftir beztu einkaleyfum í heimi. Enginn kostnaður hefir verið sparaður til að gera þetta BEZTA PIANO I CANADA.

VÉR SELJUM BEINT FRÁ VERKSMIÐJUNNI

OG TIL HEIMILANNA

Væntanlegir kaupendur ættu að athuga þetta Piano, og verð, áður en þeir ákveða um kaup sín.

Aðvörun: Hið bezta Pianola Piano er til sölu eingöngu í Mason & Risch Piano búðinni, og einu Pianó-in sem það er innlimað í, er "Weber" (Paderewskis val) og einnig "Steck", "Wheelock" og "Stuyvesant".

Lýsingarbók og verðlisti sendur þeim sem þess óska. Skrifið oss sem fyrst

The Mason & Risch Piano Co., Limited.

Sölubúð: 356 Main St., nálægt Portage Ave., WINNIPEG.

W. Alfred Albert, Isl. vinnur í búðinni og afgreiðir Íslendinga

Staka

FYLLA GEIMINN FRIÐAR JÓL
FRELSIS ÓMI HLÝJUM.
ALLAN HEIMINN SIGNIR SÓL,
SIGURLJÓMA NÝJUM.

M. M.

NÝTT NÝTÍZKU

THE QUEENS

Vinsælasta
og þægilegasta
Gisti-hótel í Winnipeg

Bandaríkja-snið
Frí keyrsla.

MONTGOMERY BROS.,
EIGENDUR

BJART MIÐSTÖÐVA

Brasilíu-fararnir,

skáldsaga, eftir J. Magnús Bjarnason, barnaskólakennara að Marshland P.O., Manitoba, er nú full-prentuð í Reykjavík og nýkomin til útsölu hingað vestur.

Fyrri þáttur þessarar sögu var prentaður í prentsmiðju Lögbergs í Winnipeg árið 1905. Sá hlutinn er 160 bls. að stærð, í stóru 8-bl. broti, og greinir ýtarlega frá fjörum Íslendingum, sem lögðu upp frá Akureyri á Íslandi áleiðis til Brazilíu árið 1855.

Þessir 4 menn; sem allir voru mannvænlegir og á bezta aldri, hétu:

1. Snorri Kolbeinsson, úr Eyjafirði, 28 ára gamall.
2. Ólafur Konráðsson, einnig frá Eyjafirði, 25 ára gamall.
3. Skúli Eyjólfsson, frá Reykjadal í Þingeyjarsýslu, 22 ára gamall, og
4. Haraldur Skaptason úr Fnjóskadal í Þingeyjarsýslu, 18 ára gamall

Skúli var forkólfur fararinnar, en Haraldur er sá, sem ritar söguna af ferðalagi og æfintýrum þessara félaga.

Fyrri hluti sögunnar, sá sem prentaður er hér vestra, skýrir frá ferðalaginu frá Íslandi og um Þýzkaland og suður til ýmsra staða í Brasilíu.

Síðari hluti sögunnar, sem nú er nýprentaður í Reykjavík og nú nýlega kominn hingað vestur, er 240 blaðsíður að stærð í sama broti og fyrri hlutinn, svo að öll sagan er 400 bls. af þéttprentuðu lesmáli.

Þessi kafli er um leitina eftir Snorra, og ýms markverð æfintýri, sem fyrir þá félaga komu þar syðra, allan þann langa tíma, sem þeir félagar dvöldu þar, eða öllu heldur fram að þeim tíma, sem Haraldur endar sögu sína, þegar hann sjálfur er orðinn 60 ára gamall.

Saga þessi er að því leyti merkileg, að hún ræðir um málefni, sem enginn Íslendingur hefir áður ritað um í söguformi, né heldur í blaðagreinum, svo vér höfum séð. Höfundurinn hefir þurft að lesa allmikið um Brasilíu, og gera sér einkar ljóst alt ástandið þar, til þess að geta ritað lands og staða lýsingar eins ljóst og nákvæmlega og hann hefir gert það, og um siði og lífnaðarháttu íbúanna þar syðra.

Sagan er rituð á lóttu og þíðu máli, víða fjörugur still og sumstaðar bregður fyrir skáldlegum tilþrifum.

Síðari hlutinn er talsvert tilþrifameiri og skemtilegri en sá fyrri, og vel gengið frá hverju sérstöku atriði.

Sem skáldsaga er þessi sögubeild fullkomið ígildi hinna betri íslenzku skáldsagna, þó efnið se ekki tekið af ættjörðinni.

Sagan er gefin út á kostnað hr. H. S. Bardal, bóksala hér í borginni, og kostar síðari hlutinn 75c, en sá fyrri 50c.

Vér teljum víst, að sagan fái mikla útbreiðslu meðal landa vorra, og hún verðskuldar það.

GLEÐILEG JÓL

UM LEIÐ og vér berum fram vorar innilegustu JÓLAÓSKIR til Íslendinga yfirleitt, leyfum vér oss að votta öllum viðskiftavidum vorum, vort alúðarfyllsta þakklæti fyrir liðin viðskifti og vonum að mega njóta þeirra framvegis.

Jafnframt vildum vér geta þess, að vér höfum miklar byrgðir af sérstaklega valdri Jóla matvöru með lægsta söluverði, miðað við gæði, — og sú matvara sknpar á hverju heimili GLEÐILEG JÓL!

N.B.-Búðin verður lokuð á föstudag og laugardag í þessari viku. —

Clemens, Árnason og Pálmason
Horni Sargent og Victor. Talsími: 5343.

Fréttir.

— Tíu þúsund konur á Spáni hafa í einum hóp verið kvaddar fyrir rétt, fyrir þann glæp, að hafa ritað undir beiðni til stjórnarinnar um að náða konu eina þar í landi, sem drap unnusta sinn, og var fyrir það dæmd í 8 ára fangavist. Í beiðni sinni til stjórnarinnar reyna konurnar að réttlæta glæpinn, og loða mjög konuna fyrir kjark þann, er hún hafi sýnt með þessum verknaði. Það er fyrir þetta atriði í beiðniskjalinu, að þessar 10 þúsund konur eru kærðar. Öll skjölin í þessu morðmáli voru 157 þúsund blaðsíður, og er þetta talið eitt viðfangsversta mál, sem komið hefir fyrir þar í landi.

— Sakamál hefir verið höfðað móti tvemur bræðrum í Berlín á Þýzkalandi fyrir að hafa dregið undir sig 2 miljónir dollara af fé hótelleigenda þar í borginni. Þeir gengust fyrir, að mynda eitt allsherjar félag meðal hótelmanna, þar sem hver og einn setti eignir sínar undir félagsnafnið, og tóku hluti í félaginu í staðinn. En bræðurnir stjórnuðu félaginu. Eftir nokkurn tíma fór félagið á höfuðið, og hluthafarnir fengu að eins 2 prósent af eignum sínum úr því, en bræðurnir komust undan með skildingana, — en náðust síðar.

Athugið.

ALLAR ÍSLENZKAR BÆKUR eru til sölu í lyfjabúðinni í Leslie, Saskatchewan, með eins vægu verði og nokkursstaðar annarsstað ar í þessari álfu.

Wall Plaster

Með því að venja sig á að brúka "Empire" tegundir af Hardwall og Wood Fibre Plaster er maður hár viss að fá beztu afleiðingar.

Vér búum til:

"Empire" Wood Fibre Plaster
"Empire" Cement Wall "
"Empire" Finish "
"Gold Dust" Finish "
"Gilt Edge" Plaster of Paris
og allar Gypsum vörurteg undir. —

Eigum vér að senda yður bækling vorn?

MANITOBA GYPSUM CO. LTD
SKRIFSTOFUR OG MILLUR I
Winnipeg, - Man.

Eiríkur og Gunnsteinn

SÖNN SAGA FRÁ ÁTJÁNDU ÖLD

Færð í letur af

S. J. Austmann og S. M. Long.

FORMÁLI.

Saga sú, sem hér fer á eftir, var mér sögð af móður minni Ingigerði (þá er ég var drengur á Íslandi). En henni sagði faðir hennar, Bessi Jónsson á Krossi á Beru fjarðarströnd. Bessi afi minn var framúrskarandi fróður maður, og var jafnan kallaður "Sögu-Bessi". Hann lézt 1864—65, hér um bil átt ræður. Hann hefir því verið fæddur fáum árum eftir að Eríkur var hálshöggvinn. Og þó nú séu liðin 127—129 ár síðan viðburðir þessir gerðust, geta menn reitt sig á, að þeir eru áreiðanlega sannir.

Sjálfur hefi ég skoðið inn í sögurna landlýsingu og lýsingu á hörð um vetri, um "báta-börn" og þess háttar. En sögu atriðin eru alveg óhöggvið. Þegar ég hafði verið hér í Winnipeg í nokkur ár, bar ég í tal þessar sagnir við herra Sigm. M. Long, sem er maður margfróður, og hafði hann líka heyrt þær, eða einkum eftir að E. og G. komu til Eskifjarðar. En þar var sagan mér ekki eins ljós.

Okkur kom þá saman um, að við skyldum skrifa upp þessar sagnir og láta prenta, þar sem við erum vissir um, að þær eru hvergi til.

Það mun hafa verið 1777—78, að á Íslandi var ákaflega harður vetur, sem oftar. Fólk dó úr hungri viðsvegar um land, og hörmungasögur bárust bæ frá bæ og sveit úr sveit. Menn lögðu sé alt til munns, sem tönn á festi. Hestar og hræfuglar, melrakkar, mýs og moldvörpur og margt annað óæti var þá étið.

Engum beinum var fleygt, hvorki af dýrum, fuglum eða fiskum, heldur voru þau soðin, þar til að þau voru orðin að mauki, og var þetta mauk eða beinakássa, kallað "brnðningur".

Það var títt á Íslandi á þeim árum, að taka "báta-börn" á öll betri heimili. Og var þeirri reglu fylgt, að allt heimafólkið gaf þessu "báta-barni" sinn munnbitann hvert af "átmat" og sína skeiðina hvert af "vökvun", af því, sem því var skamtað. Og er svo sagt, að þessi bita-börn hafi vanalega litið bezt út af heimilisfólkinu, einkum þar sem margt fólk var. Og sannaðist þar hinn forni málsháttur, eins og oftar: "Safnast þegar saman kemur".

Þegar saga þessi gerðist, bjó á Þverhamri í Breiðdal í Suðurmúlasýslu bóndi sá, er Brynjólfur hét, og var Árnason. Hann var búhöldur í betra lagi, og hafði hjú ekki svo fá, fjóra vinnumenn og fjórar vinnukonur.

Einn af vinnumönnum Brynjólfs bónda hét Eiríkur, en ei er þess getið, hvers son hann var. Eiríkur þessi var illur í skapi og ódæll viðureignar, karlmenni mikið, og allra manna fóthvatastur, og á bezta skeiði, — 25 ára að aldri.

Brynjólfur bóndi á Þverhamri tók þennan vetur "báta-barn" á heimili sitt, því hann var einn af þeim, sem var vaitandi en ekki þiggjandi. Og biður hann fólk sitt, að fylgja hinni gömlu reglu og gefa hinum nýkomna gesti þann skerf, er honum bar, þegar svona stóð á, og tóku því allir vel, nema Eiríkur. Hann kvaðst ei mundi gefa af mat sínum. Sagðist vera hungraður sjálfur og því ekki aflögu fær. Út af þessu varð fátt með þeim Brynjólfi bónda og Eiríki.

Þegar framundir vorið leið, fór að verða þröngt í búi hjá bónda, og hálfgert hungur á heimilinu, og eirir Eiríkur því illa. Og leið ekki á löngu, að Eiríkur legst út, og bjó hann bæli sitt í einum af hnúkum þám, sem kallaðir eru "Sátur", og liggja í Öslöndum, sunnanvert Breiðdalsár, beint á móti Þverhamri.

Þessi hnúkar, sem kallaðir eru "Sátur", bera það nafn vegna þess, að þeir eru eins og heysátur að lögun. Sátur þessar eru þrjár að tölu og merkilegt furðuverk náttúrunnar. Þær eru allar eins að stærð og lögun og með jafnlöngu millibili, alveg eins og einhver jötun eða jötnar hafi einhverntíma í fyrndinni, þegar á þeim var berserksgangur, fært saman leikna dyngju, og tyrft svo yfir með torfi grænu, því allar eru þær grasivaxnar. Þó eru þær nú farnar að missa hárin á kollunum og sér þar í beran skallann. Eða með öðrum orðum, þær eru farnar að blása upp að ofan, og er þar nóg af lausu grjóti, og varðist Eiríkur með því, eins og síðar sagt mun verða.

Þegar Eiríkur var lagstur út og kominn í áðurnefnt bæli, fór hann á nóttum heim á bæinn á Ósi, og komst þar í eldhús og hafði með sér í burtu sauðarkrof allmikið. Líka stal hann skreið frá bónda úr hjalli skamt frá bænum. Föng þessi bar hann heim í byrgi sitt, sem hann hafði hlaðið á hinni yðstu sátu. Byrgi Eiríks var hlaðið úr grjóti, og troðið upp í holur með mosa. En sauðargærur hafði hann fyrir sængurföt.

Það var seint um vorið (á sauðburði), að smalamaður frá Ósi sá Eirík koma ofan úr fjalli og steina til hjalls bónda. Fer nú smalamaður heim á bæ, og getur þess, sem hann hafði vís orðið. Fer nú bóndi með vinnumenn sína og hygst að taka Eirík höndum við hjallinn, eða að öðrum kosti ganga af honum dauðum. Því allir höfðu þeir barefli, bóndi og menn hans.

Þegar þeir komu spölkorn frá bænum, sjá þeir Eirík, og er hann þá að útbúa fiskabagga, er hann hygst að hafa í burt með sér. Þegar Eiríkur verður var við menninna, yfirgefur hann fiskabaggann og tekur á rás. En bóndi er með menn sína á vegi hans, og bjóst til, að láta ekki Eirík úr greipum sér ganga. En það fór alt á annan veg. Eiríkur komst undan ómeiddur, og bjóst til varnar við byrgi sitt, því bóndi og menn hans veittu honum eftirför. En þegar þeir ráða til uppgöngu til móts við Eirík, veltir hann að þeim grjóti, og verða þeir frá að hverfa.

Leið nú fram á túnaslátt, að fátt bar til tíðinda.

Eiríkur sást nokkrum sinnum, og var honum stundum veitt eftirför, en hann náðist aldrei, því enginn var honum jafnfrár á fæti.

En nú fékk Eiríkur félaga, sem Gunnsteinn hét, og var úr Hornafirði og hafði komið austur um vorið. Gunnsteinn var vesalmenni, og ekki líkur Eiríki, hvorki að kjarki né karlmensku. En illmenni var hann engu minna en Eiríkur.

Um sumarið, þegar geldfé var farið að taka holdsbata, slátruðu þeir því rétt eftir þorfum. Þeir þurftu ekki langt að fara, því "sáturnar" voru rétt í miðri afréttinni, og sauðir því alt í kring um þá. Eiríkur hljóp einhverja kindina uppi, þegar þurfti að fá í soðið, en Gunnsteinn gerði til og matreiddi. En um haustið, þá er farið var að reka fé af fjalli, urðu menn þess brátt varir, að ekki var alt með felldu. Jafnillar heimtur höfðu aldrei verið, og kendu menn þeim það Eiríki og Gunnsteini.

Menn sáu nú, að þetta mátti ekki svo búið lengur standa. Var þá safnað mönnum af hinum næstu bæjum, og urðu þeir alls um 30, og fara þeir að þeim Eiríki og Gunnsteini, þar sem þeir lágu í byrgi sínu. Verða þeir þess nú brátt varir, að menn sækja að þeim á alla vegu, og taka til að ryðja grjóti ofan hliðar sátunnar. En bæði var það nú, að lítið var orðið um grjót hjá þeim, og þeir, sem að þeim sækja margir, og lízt Eiríki því vænlegast, að taka á rás, meðan bændur komast ekki of nærri. Þeir yfirgefa því kofann, og bregða til skeiðs ofan hliðar sátunnar, rétt í fangið á bændum, sem taka Gunnstein höndum, en Eiríkur kemst undan. Var nú farið með Gunnstein heim að Ósi, og hann bundinn á höndum og fótum og lokaður inni í skemmu á hlaðinu, sem var ramger mjög. En enginn vakti að gæta fangans.

Þegar líður fram að miðnætti, gengur Eiríkur heim á bæinn, og er hann kemur í hlaðvarpann, heyrir hann mannsrödd, og gengur hann þangað, og þegar hann nálgast, þekkir hann rödd Gunnsteins, sem kveður vísu þessa:

"Illa staddur er ég hér,
að mér herða böndin,
vildi því að væri mér
vinar nærri höndin".

Eiríkur mölvar þá upp skemmuna og leysir Gunnstein.

Þegar bóndi og menn hans vakna um morguninn, sjá þeir að skemmu an er brotin upp og Gunnsteinn horfinn. Líka hafði matur horfið, svo sem smjör og ostur.

Nú líða fram stundir, að ekkert verður vart við þá Eirík og Gunnstein. En sauðkindur hverfa við og við, helzt frá Jóni bónda Jónssyni á Streiti *), sem er næstu bær við Ós. Jón bóndi var efnamaður mikill og bjó rausnarbúi, eins og þeir allir kóðar hver fram af öðrum * *) síðan.

Þegar snjóa tók um haustið, komust menn fljótt að því, hvar þeir Eiríkur og Gunnsteinn héldu til. Fyrir ofan láglendið á Berufjarðarströnd liggur hamrabelti mikið, sem endar rótt fyrir ofan Streiti, og myndar þar gnýpu mikla, og er gnýpa sú kölluð Naphorn, og má ganga í Naphorn þetta að austanverðu (úr Ósdalnum). Í Naphorni þessu er hellir mikill, og þangað röktu menn för þeirra útlegumannanna. Og var nú farið að þeim. En brátt urðu menn þess varir, að vígi höfðu þeir svo gott, að einn maður gat varið hellirinn fyrir hversu miklu ofurefli sem var.

Til að komast í hellir þennan, varð að ganga fyrir klettsnef, og komst það ekki nema einn maður í senn, og það með illan leik. Ef nú maður stóð í hellismunnanum, þurfti hann ekki nema að stjaka við þeim, sem fyrir neðið gekk, og var þeim hnum sama vís dauðinn því mörg hundruð fota fall var fyrir neðan.

Þennan vetur allan (1778—79) höfðust þeir Eiríkur og Gunnsteinn við í helli sínum. Þeim var stundum veitt eftirför, en þeir komust ætið undan.

Eitt sinn seint um vetur, stálu þeir fiski úr hjalli Jóns bónda á Streiti, að næturlagi, en þegar bjart var orðið um morguninn, sást til þeirra og voru þeir eltir, en náðust ekki, og tóku menn til þess, hvað Eiríkur hafði hlaupið hratt með skreðarbaggann á baki sér.

Um vorið þegar túnin voru farin að gróa, var það siður Jóns bónda, að láta vaka yfir túninu, og var drengur, sem Guðmundur hét, hafður til þess. Eina nótt, þá er drengur vakir, koma þeir Eiríkur og Gunnsteinn heim á bæinn, og ætla sér að ná einhverju úr hjalli bónda. Drengur finnur þá að máli og segir, að ef þeir taki nokkuð frá bónda, skuli hann segja eftir þeim. Tóku þeir þá drenginn og skáru úr honum tunguna og sögðu: "Segðu nú eftir okkur, bölvaður ormurinn þinn!" Tóku þeir sér nú byrgðir úr hjalli Jóns bónda og báru í bæli sitt.

Um morguninn, þegar á fætur er komið, finna menn Guðmund dreng nær dauða en lífi. Hann reyndi að tala, en menn gátu að eins skilið þessi orð: "Eiríkur og Gunnsteinn", og benti upp í Naphornið. Nú sendi Jón bóndi til næsta bæjar, fyrir vestan Streiti, sem Núpur *) heitir, til að safna mönnum, og fara þeir 12 saman að þeim Eiríki, en verða svo búnir frá að hverfa. Því allir telja það bráðan bana, að ganga fyrir klettsnefið.

Líður nú þetta sumar alt og leika þeir Eiríkur og Gunnsteinn lausum hala, og slátra þeir fé Jóns bónda eftir vild um sumarið. Eldfæri höfðu þeir, því oft sást reykur úr helli þeirra, og sýndust þeir una hag sínum það bezta.

Um haustið í gangnatíð komst sauðamaður Jóns að því, að útilegumennirnir höfðu farið úr helli, og sá hann þá steina norður í Ósfjöll. Segir nú bónda, hvers hann hafi orðið vís, og lætur þá Jón bóndi söðla hest sinn og sendir yfir að Núpi eftir mönnum, og koma þeir þaðan 4. Jón tekur þrjá menn af vinnumönnum sínum, og verða þeir átta saman, og fela þeir sig allir í stórgrýttri urð, sem yfir þyrfti að fara, þá er farið var í hellirinn. Ekki leið á löngu áður hellismenn kæmi, og báru þeir sinn sauð hvor. Þá er þeir voru komnir nærri mjög þeim, er fyrir sátu, var ráðist á þá og þeir ofurliði bornir. Þeir voru fjötraðir og fluttir að Ósi, en skömmu síðar til sýslumanns á Eskifirði.

---

*) Landnáma nefnir bæ þennan Strætí. S.J.A.

* *) Magnús Þorvarðarson, sem eittsinn var hér í Winnipeg, en býr nú á Streiti, er í fjórða lið Jóni þessum í beinan karllegg. S.J.A.

*) Landnáma kallar þennan bæ Gnúp. S. J. A.

Nú tekur S. M. Long við og segir það sem eftir er sögunnar.

Sigurður er maður nefndur, ekki veit ég um ætt hans né uppruna, en er hann var 18 vetra, strauk hann úr bygð og gerðist útileguþjófur. Hafðist hann við á ýmsum stöðum í Suðurmúlasýslu. Glámsaugu beita hnúkar eða drangar í fjöllum þeim, sem eru á milli Hellisfjarðar og Reyðarfjarðar. Þar fundust eftir hann 18 sauðargærur, og víðar fundu menn bæli hans. Liðu þannig 3 ár, að hann náðist ekki, þrátt fyrir marg ítrekaðar tilraunir að handsama vogest þann, er bændum þóttu ærin vandkvæði að eiga yfir höfði sér, og það því frekar, sem árferði var skæmt og fáir aflögufærir.

Hinn 4. vetur, er Sigurður var í útlegðinni, var afarharður, og þrengdi þá svo að honum bæði hungur og klæðleysi, að hann neyddist til að fara ofan í byggðina til aðdrátta, einkum í fiskihjöllum og útiskemmum bænda. Var þá sotið um hann af sveitarmönnum og fangaður, síðan færður sýslumanninum í Suðurmúlasýslu til geymslu.

Þetta mun hafa gerst kringum 1780, en ekki verður með fullri vissu ákveðið, hver sýslumaður hefir verið. Þorlákur Ásfjörð Magnússonar í Meirihlíð, Sigmundarsonar, Sæmundarsonar lögréttumanns, Magnússonar, Sæmundarsonar sýslumanns, Árnasonar á Hlíðarenda, fékk 1778 veitingu fyrir suðurparti Múlasýslu, og flutti sig þangað, en dó 2. apríl 1781. "Þorlákur var fljótskarpur og fjörugur, sumir kölluðu hann brellinn". Kona hans var Sofía Erlendsdóttir sýslumanns, Ólafssonar prests Jónssonar. Kandídat juris Jón Sveinsson, lögmanns Sölvasonar á Munkaþverá, fékk svo sýsluna 1781, og átti Sofíu ekkju Þorláks. "Jón hélt sýslunni til dauða sins 1799, og þótti ágætur maður". — Annarhvor þessara manna hlýtur því að hafa haft sýsluna, er þessi tíðindi gerðust, og hver sem var, þá bjó hann á jörðinni Eskjufirði, og þangað var Sigurður fluttur, og varð hann fangavistar félagi þeirra Eiríks og Gunnsteins, sem fyr er frá sagt. Voru þeir hafðir í fornri skemmu eða skála þar á heimilinu, og báðu dómsákvæða. Hverir fyr hafi komið, eða hve lengi þeir hafi dvalið hjá sýslumanni, getur sagan ekki um, en litt voru þeir haldnir að mat og klæðum.

Svo var það eina nótt öndverðann vetur, í kaðaldbyl allmiklum, að þeir félagar brutust úr varðhaldinu, komust í eldhús og náðu þar hangnu sauðarlæri, og gerðu sér gott af, þó hrátt væri. Önnur sögn segir að vísu, að þeir hafi soðið það í sápuskólpi, en mjög er ólíklegt, að þeir hafi haft tækifæri til þess. Að því búnu lögðu þeir af stað í hríðinni, út með firðinum að norðanverðu, og segir ekki af ferðalagi þeirra um nóttina. Morguninn eftir var sama veður, og er bóndinn á Sigmundarhúsum, bæ út með firðinum, á að gizka nærhæfis 2 danskar milur frá Eskjufirði, ætlar hann að fara að gefa í lambhúsið sitt, bregður honum heldur í brún, er maður stendur utanvið húsdyrnar í bylnum og var að berja sér, og tautaði fyrir munni sér: "Harður er ég, harður er ég". Bóndi þykist vita, að þetta sé Sigurður útilegumaður. En inni í húsinu voru þeir félagar hans, og báru sig heldur kuldalega. Bóndi segir þeir skuli koma heim með sér, hann skuli láta sjóða handa þeim kjöt, þeir fari hvort sem sé ekki lengra í þessu veðri. Eiríkur og Gunnsteinn tóku því með þökkum, en Sigurður var mjög tregur, lét þó tilleiðast. Fara þeir svo með bónda heim, en hann þurfti út aftur að hirða gripi sína. Jafnframt sendir hann mann til sýslumanns að láta hann vita, hvar þeir félagar séu. Voru þeir svo teknir á ný og fluttir inn að Eskjufirði, og settir í kofa eða kumbalda nokkuru úr torfi eða grjóti, sem ómögulegt var að þeir kæmust úr með nokkru móti. Segir sagan að kofinn væri dyralaus, en einungis smuga, sem þeim var réttur um matarinn. Þessi kofi var hinumegninn Eskjufjarðar árinnar, skamt frá Borgum, sem er býli gagnvart Eskjufirði, undir Hólmatindinum.

Eftir að fangarnir voru komnir í þennan nýja verustað, tók Eiríkur sig til og var við glugganu, er maturinn var látinn inn, og höfðu hinir ekki meira af honum en Eiríki gott þótti. Fór svo, að þeir dóu úr hor um veturinn, Gunnsteinn og Sigurður, og voru dysjaðir hjá stórum steini í urðunum á milli Borga og Eskjufjarðarsels. Svo sagði faðir minn, Matthías Richardsson Long mér, sem þessar sagnir eru að mestu eftir, að þegar hann í ungdæmi sínu var smali á Borgum, sá hann í einum stað þar í urðunum mannabein, og sagði eldra fólk honum að það væru bein þeirra Gunnsteins og Sigurðar.

Það bar þessu næst til tíðinda, að reimleiki kom upp í Eskjufirði, því Sigurður gekk þar um sem grár köttur. Mest var það þó sýslumannskonan, frú Sofía Erlendsdóttir, sem varð fyrir ásókn hans, olli hann henni andvökum og hugarkvölum, svo nærri lá vitfirring. Var það þá til bragðs tekið, sem í gamla daga var óbrigðult talið í slíkum tilfellum: Lík Sigurðar var tekið úr dysinni, höfuðið pjakkað frá kroppnum, og svo gengu þau sýslumaður og frú hans milli bols og höfuðs á Sigurði. Er þar fljótt frá að segja, að eftir þetta hvarf ókyrleikinn í Eskjufirði.

Ekki er annars getið, enn Eiríkur væri kyr í kofanum, þar til mál hans var útkljáð. Var hann dæmdur til að hálshöggvast, og til þess fenginn maður nokkur, Björn að nafni, frá Tandrastöðum í Norðfirði. Var hann almennt kallaður Björn Tandri eða Karkur. Hvort hann hefir fengið þessi kenningarnöfn eftir þenna viðburð, veit ég ei, þó er ekki ólíklegt að svo hafi verið.

Sagt er, að Eiríkur yrði karlmannlega við dauða sinum, og hafi beðið sýslumannsfrúna seinasta morguninn, sem hann lifði, að hafa nú vel fullan askinn sinn í seinasta sinni. Hann var aftekinn á eyri, sem Mjóeyri er kölluð, spölkorn fyrir utan verzlunarstaðinn á Eskjufirði. Þar var mér sýnd dys hans fyrir rúmum 50 árum. Minnir mig þar væru einhverjar menjar af krossi, sem verið hafði á dysinni, en þá var ég unglingur, og veitti þessu litla eftirtekt.

W'peg, 14. desember 1907.

KVEÐJA

Til Mr. og Mrs. S. B. Brynjólfsson.

Flutt á fundi í St. Skuld, 16. des. '08.

Nú leggið þið upp, heiðurshjón!
— Og heitar bindið trygðir —
Að sækja heim "vort forna frón"
Og feðra vorra bygðir.
— Það verður "skarð fyrir skildi" hér
Í Skuldarliði á meðan. —
En óskir beztu, er eigum vér,
þær ykkur fylgja héðan!

Guð leiði ykkur! Greiði för
Til gæfu á sjó og landi!
Svo háska hvergi verðið vör,
Né voði ykkur grandi.
En hagstæðan og blíðan byr
Og bezta veður fáið,
Unz takmark ykkar opnar dyr
Og inn á höfn þið náið!

Ó, finnið Ísland endurreist
Til endurnýrrar frægðar!
Úr öllu böli og böndum leyst,
Í blóma auðs og nægðar.
Og finnið dali, fossa og ár
Með frelsis nýja strauma.
Og lífsmark hvert með bros um brár
Og blíða vonar-drauma!

Já, finnið alt, sem þráðuð þið,
Að þekkja, skoða og reyna,
Frá efsta tindi út á mið
Hvert yndisblóm og steina,
Af gullnum fiski fullan ós
Og fé í hjörðum breiðum.
Á fögrum himni furðuljós
Og fuglasöng á heiðum.

Og finnið ykkar frænda-lið
Frá fyrri og nýrri dögum,
Með gestrisninnar glaða sið,
Sem greint er frá í sögum.
Þeir koma þar með kærleikshót,
Af kærleikseðli þíðu,
Með opinn faðminn ykkur mót
Og allri sinni blíðu!

Þið sitjið þar í sölum inst
Í sæld og fagnaðs-gengi,
Þar veitt er alt, sem veglegt finst.
— En verið ekki lengi! —
Því munið eftir öllum þeim,
Er ykkur þrá til baka
Að komið fljótt að heiman heim!!
Að hér þær óskir vaka!

Með hjartanskveðju heim á Frón,
Þar hálfur býr vor andi,
Við kveðjum ykkur, kæru hjón,
Með kossi og handabandi!
Í samvinnu' ykkar, dáð og dug,
Oss dýrmætur er kraftur,
Vér fögnum ykkur heilum hug,
Er hingað komið aftur!

Carólína Dalman.

Skrifið yður fyrir HEIMSKRINGLU svo að þér getið ætíð fylgst með aðal málum Íslendinga hér og heima.

Finnið manninn!

Hver sá, sem kann að vita um núverandi heimilisfang og áritun herra Guðna Benson, sem fyrir 2 til 3 árum stundaði fiskiveiðar við Winnipegoses, er vinsamlega beðinn að tilkynna það

Mrs. H. S. Pálson,
Woodward Ave., Fort Rouge,
Winnipeg, Man.

"Framtíðin", hálfsmánaðarblað fyrir börn og unglinga, ritstjóri séra N. Steingr. Thorlaksson, Selkirk, Man. hefir komið út síðan í marsmánuði næstl. Verð 75 cents árg. Blað þetta er gott og gagnlegt fyrir þá lesendur, sem það er sérstaklega ætlað, og leyfum vér oss því, að mæla hið bezta með blaðinu. —Nú býður útgáfunefndin nýjum kaupendum annan árgang þess, og það sem ókomið er út af fyrsta árgangi, þar með vandað jóla-númer, tvöfalt tölublað, í kápu með mynd um og nótusettum sönglögum, fyrir 75 cents, sem borgist fyrirfram. — Féhirðir nefndarinnar er

FRIDJÓN FRIDRIKSSON,
745 Toronto St., Winnipeg, Man.

Hefir þú borgað Heimskringlu?

ÞJÓÐMINNINGAR-KVÆÐI 1908.

I.

Undir heiðu himinhámans tjaldi,
hart leikin af storma jötun valdi,
Út við skör á ystu jarðarfaldi
eyjan liggur merkt á hnattaspjaldi.

Rís þar ein úr íss- og storma-hafi,
ennishvelfd, með björtu silfurtrafi,
aldur há, nú enginn þykir vafi,
alt þó sé í tímans rökkur kafi.

Móðir vor! Hin milda, hreina bjarta,
mun það nafn í gegn um aldir skarta,
æ það lifir inst í voru hjarta,
eins og blys það skín á húmið svarta.

Móðir sú á möttulbúning vænan,
meginturnan, hvítan, fagurgrænan,
blá hvar dregur böndin lækjarsprænan,
beltar sig um reit af lífi frænan.

Ásýnd skýtur oft um fagra liti,
en því veldur frost og sumarhiti.
Marg oft vafin fögru geislagliti,
gullnar myndir dregur himinsríta.

Mittisbandið myrkum bláma dregið,
úr móðurhöndum náttúrunnar þegið,
ofið gulli, alt af hreint og þvegið,
aldrei helms af veðjarskeiðum slegið.

Langt úr fjærð þín daladýrðin bjarta
dregur sonu fast að móðurhjarta,
þegar stjarnkrýnd heiðis háloft skarta
í hátign sinni um vetrarnjólu svarta.

Þegar sveiflar segull logavöndum
silfurgljáum yfir þínum stöndum,
er sem vér í alheimsmiðju stöndum
umvafðir af drottins föðurhöndum.

Eins þá vor með sól á armi svífur,
sorgföl nætur líkhústjöldin rífur,
lif úr vetrar heljadái hrífur,
hafsins múr í þúsund parta klýfur.

Móðir kær! Eg mun þér aldrei gleyma
meðan finn ég blóð í æðum streyma.
Minning þína mun ég ávalt geyma, —
móðursvipinn hinst á jörðu dreyma.

II.

Svífur andinn heiðisvegu háa
heim á leið, þar drottning ríkir snjáa,
hún, sem geymir grafir vorra áa,
gull-in tind við stormdjúpið bláa.

Foldin sú á fortíð hreina og bjarta,
frumstofn lífs, er átti göfugt hjarta,
þar til geigvæn Gissurs höndin svarta
greinar meiðsins sundur hjó í parta.

Nú er þessi Gissur aftur genginn
gröfum frá, og æðsta valdstjórn fengin.
Við hans draugaveldi mognar enginn
vopni fyrst hann brá á hinsta strenginn.

Forlög hver í framtíð hulin liggja,
fár það veit, — en óðum sýnist skyggja,
ef nú verður þrælaboð að þiggja,
þrötgvað til að lúta dönskum tiggja.

Hjá þér róma harðsnúin því stendur,
hópast saman landsins svika-fíndur,
alt er vilja draga í danskar hendur,
dysja þjóð, sem hræ um Jótlands strendur.

Ertu komin alt að sóknarþrotum
ættjörð kær! hjá fjærstu straumabrotum?
Gæt hvað þér er geymt á hærri slotum, —
Gissur býr í höll, en ekki kotum.

Láttu fornan frelsishúður gjalla,
fyr en það er of seint bjargráð kalla,
hrek til greifar Gissurs svipi alla, —
gjör það fyr en dagsól tekur halla.

Ýmsir bera þíra sæmd í sjóði,
selji, þegar býðst þeim nokkur gróði.
Erfðamark, sem eiga á þræla blóði,
einn er sagður stjórnarherrann góði.

Kæra móðir! Drag upp frelsisfána
fíndum mót, er ganga þeir til rána.
Gerneks nafna niður drag í ána,
níðing hvern, er vill þig svíkja og smána.

Lát þér hreyfast hetjublóð í æðum,
hremdu hvern þinn úlf í sauðaklæðum,
drag af bjúp úr dönskum silkislæðum,
drauga niðurbrjót með skjaldarkvæðum.

Gæt þess nú, að vera ei sein til svika.
Sjáðu danskan orm þitt lífstré klífa,
neita svika sáttmál undirskrifa,
svo munt þú um ár-þúsundir lifa.

Leita samt ei liðs hjá stjórnarsugum,
lýð, sem gin við dönskum eðurflugum.
Drengskaps-hugur dylst í þúsund hugum,
Dana-slægð í að eins fáum tugum.

Þú munt finna fátt af trúum þjónum
farir þú hið efra liðs að bónum.
Blóm þín liggja í lægðum, djúpt í mónum,
Ethreinust, en — þyrn á hæðum grónum.

Fylgdu Skúla fast á hermanns göngu,
fagurmælgi og smjaðri sint að öngu.
Reyndu að sprengja þrautaklifin þröngu,
þar sem valdið elur ref og slöngu.

Ef nú væru allir þínir Jónar
endurrisnir, myndi fritt til sjónar,
sól um frelsis grundir skini grónar, —
gugna myndu flestir Dana þjónar.

Liðsins tíma lestu söguspjöldin
lýðsins fræga, er hylja grafartjöldin,
er til sögurs sverðið báru og skjöldinn, —
sjálfir höfðu gjörvöll stjórnarvöldin.

Sýn nú, móðir, fornan frægðarljóma,
frelsa þig, og slýttu valdsins dróma.
Fremstu þjóð á fold mun heimur róma
fram er gengur sjálf til þinna dóma.

Leið þig sjálf, en láttu ei aðra styðja,
langan veg þó margir holurð ryðja.
Þá munt ala fræga og frjálsa niðja
í framtíð ei sem þurfa liðs að biðja.

Gakk nú þína götu slétta og beina,
gakk þú enga krókaleið með Steina,
Móðir, stefn á markið rétta og eina,
markið, undir stofni þjóðvalds greina.

III.

Oss langar að heyra, sem lifum þér fjær,
um lyktir á harátta þinni,
hvort steypist af himninum stjarnan þín skær
á stormvakið hafdjúpsins inni. —
Á þúsund og þrjátíu árum
sért þrotin af stríði og sárum.

Ef hefðir 'ann þorgeir og þveræing nú
á þingi til leyndustu ráða,
þá myndu hin stjórnhollu stór-Dana hjú
ei standast þá vitringa báða. —
Þá yrðu vist útlagar margir,
er ei fengju landvist, né bjargir.

Vér litum til ykkar, er lifið oss fjær,
í ljósi frá miðnætur sólu,
þar minning er viðtengd sú mörgum er kær,
er móðurlands bjargsteindur ólu.
Vér fluttum þær heims yfir hafið,
og höfum þær enn ekki grafið.

— — — — — —

Því hlutskifti þjóðar er heimssagan vor,
hvort hefst hún til metorða og valda,
hvort á hún hér fá eða fjöldamörg spor
við fullstrauma lífandi alda.
En alt er þó örlögum bundið,
er ei getum breytt eða hrundið.

Á altari lífsins hver fórn er hér færð,
það fer eftir sérkennum þjóða
og hreinleika sálar og hugsana stærð,
er blúir að vordagsins gróða,
svo visni' ekki' um ókomnar aldir,
þó að svífi stormarnir kaldir.

Að vestan og sunnan berst heim yfir haf
frá hugsæví nærlendra þjóða
nú ávextir marggylta meiðsinum af,
er menn kalla lífstréð vort góða. —
Þar all-margt er eitrað og fúið,
þó utan sá litskrúði búið.

En nátjánda öldin, hún færði þó flest
þér frækorn að eitruðum blómum,
er þjóðlífs á akrinum una nú bezt
og alast á hégóma tómum. —
Hið innlenda eyðist og rotnar,
hið aðkomna lifir og drotnar.

Vér kvíðum þó engu um örlögin þín,
vor ástkæra, hugljúfa móðir,
ef fornhelga stjarnan á foldina skín
og framtíðar daggöngu slóðir.
Ef losnar um helkalda hlekki, —
ég hugsa þú gleymir því ekki. —

Ó, friðsæla, margþjáða fóstran mín góð,
nú flýg ég að átthögum mínum.
Því vestrænan flytur þér fagnaðarljóð
frá fjölmörgum útlögum þínum, —
og efa'aust allir þig blessa
þeir einróma stundina þessa.

Heimdallur.

Fregnsafn.

Markverðustu viðburðir hvaðanæfa.

Jarðfræðingum telst svo til, að kolalag það í Pennsylvania ríkinu, sem að þessum tíma hefir fullnægt þörfum allra Bandaríkjanna og Canada muni endast enn þá í 84 ár. Prófessor Wm. Griffin segir þar enn þá vera í jörðu 2,229,201,-650 tons. — Þessi áætlun var gerð fyrir auðmannafélag, sem vildi víta um sýnilegar kolabyrgðir þar í ríkinu, áður en það legði fé sitt í hlutabréfakaup í kolanámunum þar.

— Taft forseti hefir látið þess getið, í ræðu, sem hann hélt nýlega, að hann ætli sér að framfylgja Sherman Anti-trust lögunum, og að þau auðfélög, sem hafi óleyfileg samtök til þess að halda uppi of háu verði á vörum sínum, eða á annan hátt brjóti Sherman-lögin, þurfi engrar vægðar að vænta frá sinni stjórn, eða meðan hann sé við völdin.

— Mentamála nefndin í London á Englandi hefir beðið borgarráðið um leyfi til þess að mega taka 50 þús. dollara peningalán upp á reikning borgarinnar. Þetta fé á að notast til þess að fæða þúsundir af skólaþörnum borgarinnar, sem nú svelta heilu hungri, og mikill fjöldi þeirra getur ekki gengið á skóla vegna klæðleysis og matarskorts. Mörg börn, sem á skóla ganga að nafninu, geta ekki tekið tilsögn eða lært lexíurnar sínar vegna sultar. Fram að þessum tíma hefir skólastjórnin komist af með það fé, sem almenningur hefir gefið frivíljuglega börnum borgarinnar til styrktar. En nú segir nefndin að almenningur virðist ekki skilja þörfina eins og hún er í raun og veru, og þess vegna nemi gjafirnar engan veginn sívaxandi þörfum barnanna. Það er búist við, að þessar 50 þúsundir dollara endist ekki nema fáar vikur, og nefndin er ráðþrota með að ráða fram úr komandi vandræðum. — Blaðið Times og önnur blöð þar í borginni, hafa ritað um þetta mál, og skorað fastlega á borgarbúa — hina efnaðri — að gefa svo mikið fé, að ekki þurfi að láta skólaþörn borgarinnar sveltaa. — Samskonar mál hefir og verið á dagskrá í Parísarborg, og þar hafa gjafir privat manna ekki nægt til þess, að ráða fram úr vandræðunum. Frakkar hafa því tekið ráð, að leggja sérstakan skatt á borgarbúa í þessu augnamiði, og hefir það gefist vel. En Bretar vilja komast hjá því, og þykir sem vonlegt er, að svo mikið sé af auðmönnum í London, að þeir geta án þess að taka sér nærri lagt fram alt það fé, sem til þess þarf, að færa börnin sulti og nekt. Það er áætlað, að 250 þúsund dollarar mundi verða nægileg upphæð á ári til þess að mæta þörfunum.

— Víð rannsókn þá, sem Cassels dómari hefir um langan tíma verið að halda í hinum illræmdu stjórnarhneyxlum í Austur-Canada, var það borið fram í réttinum af herra Van Felson, að bankastjóri í Quebec, að nafni Mr. Halliday, sem hafði gert mikla verzlun við stjórnina, hafði orðið að borga embættismanni Laurier stj 3 þús. dollara í peningum áður en hann fengi reikning sinn borgaðan. Herra Boudreau hafði verið sendur alla leið frá Ottawa til Quebec til þess að kunngera kaupmanninum, að hann yrði að borga 3 þúsund dollara, áður enn reikningur hans yrði borgaður. Þessi blóðtaka var gerð fyrir kosningarnar. Reikningur kaupmannsins móti stjórninni var fyrir 30 þúsund dollara, en blóðtakan var látin heita borgun fyrir að koma reikningunum svo á framfæri að borgun fengist.

— Montreal Woolen Mills félagið hefir auglýst þann 12. þ.m., að það hætti starfi eftir að hafa verið til síðan 1879. Laurier stjórnin hefir neitað félaginu um nægilega tollvernd til þess að starfið geti borgað sig.

— Saskatchewan stjórnin hefir samþykt lagafrumvarp, sem veitir umboðsmönnum hennar rétt til þess, að taka lögtaki undir eign krúnunnar öll þau lönd innan takmarka fylkisins, sem ekki er borgaður skattur af, eða þær aðrar kröfur vanræktar, sem gerðar eru á löndin viðvíkjandi umbóta tilkostnaði. En landeigandi skal hafa rétt til þess, að fá land sitt aftur, ef hann innan tveggja ára borgar alla skatta og umbótaskuldir, sem á því hvíla, ásamt með þeim kostnaði, sem stjórnin hefir orðið fyrir við lögtak landanna.

— Gamli Jón D. Rockefeller varð 4 miliónum dollara ríkari þ. 17. þ.m. Það var gróði hans af hlutum í Standard Oil félaginu á sl. 3 mánuðum. Allur gróði félagsins á þessum 3 mánuðum var 10 miljónir dollara.

— Iðnfræði skóli var nýlega sett ur á stofn í Montreal. Grey land stjóri flutti þar ræðu. Hann sagðist hafa það fyrir satt, að stjórnarskrá Canada bannaði ríkisstjórn inni, að leggja nokkurn fjárstyrk til iðnlistafræði skóla. England gætu lagt fé til slíkra nauðsynjastofnana, og gerði það, en Canada stjórn gæti það ekki, nema með því, að fá stjórnarskrárbreytingu. Hann kvað iðnlistafræði skólana vera með þörfustu stofnunum nokkurs lands, og þess vegna væri ákjósanlegt, að ríkið gæti styrkt þá með fjárframlögum.

— Brezka stjórnin er að lenda í vandræðum með ellistyrks útlát sín, samkvæmt nýju ellistyrks lögunum, sem samþykt voru á síðasta þingi. Umsóknir um ellistyrk eru þegar komnar frá meira en 650 þúsundum manna, en það er 153 þúsundum fleira en stjórnin áætlaði að til væru á Bretlandi. — Stjórnin hafði gert ráð fyrir hálfri miljón gamalmenna, en svo er að sjá, sem margir hafi elzt um mörg ár frá því að lögin gengu í gegn í fyrra. Annars hafa þeir allir, sem umsókn hafa gert, sannað aldur sinn svo ekki verður hrakið, og ríkið verður því að sjá þeim fyrir lífsuppeldi, þó kostbært þyki.

— Húsbruni í Montreal borg þ. 15. þ.m. gerði 75,000 dollara eignatjón.

— Læknir einn í Munich hefir fundið upp verkfæri til að taka myndir af mögum fólks, að innanfrá. Sjúklingarnir eru látnir gleypa vélina, sem er afarlítil. — Þegar hún er komin þangað, sem hennl er ætlað að fara, er kveikt á litlum rafmagnslampa í henni og maginn þannig upplýstur. Neðan í vélinni er myndatöku "film", 20 þuml. langur og ½ þuml. á breidd. Læknirinn togar í streng, sem dregur þetta "film" fram hjá lampanum, og um leið er myndin tekin. Þetta er endurnýjað eins oft og þurfa þykir, þar til búið er að taka mynd af öllum maganum.

— Rússneskur miljóna eigandi í St. Pétursborg, að nafni Petroff, andaðist fyrir nokkrum dögum. — Hann lét sækja allan auð sinn á bankann, bera seðlana að rúmi sínu og brenna þá þar, og óskaði síðan börnum sínum til lukku með að hafa sloppið við að verða rík. Og svo andaðist hann rólega.

Rausnarleg jólagjöf.

Þeir herrar Árnason & Son, verzlunarmenn í Churchbridge í Saskatchewan fylkinu, hafa sent Heimskrinalu 2 skrautlega Calendars fyrir árið 1909. Reyndar ber minst á sjálfu tímabilinu, en sinu meira á myndunum, sem eru yndislega fagrar litmyndir.

Önnur myndanna er af gjafvaxta konu á bæn í svefnherbergi sinu. En út um herbergisgluggann sést máni í fyllingu hátt á lofti. En í nokkurri fjarlægð er uppljómuð kirkja. Undir mynd þessari eru orðin "Christmas Bells" (Jólaklukkurnar). Konan er forkunnarfríð. Trúræknin og kvenlegt sakleysi skín þar út úr hverjum andlitsdrætti. Og svipurinn allur lýsir sumandregnum öllum þeim kvenkostum, sem hægt er að sýna á nokkurri mynd. Spjaldið er 18x24 þumlungar að stærð, og er hinn eigulegasti skrautgripur, — þess virði, að geymast í góðum ramma í beztu herbergjum bænda.

Hin önnur myndin er miklu stærri, 2. feta breið og nær 3. feta löng það er vönduð litmynd af Waterloo bardaganum, þegar Wellington herforingi sjálfur í broddi fylkingar, ríðandi og veifandi hatti sínum, hvetur alt lið sitt, fótgönguliðið, riddaraliðið og stórskotaliðið til síðustu atlögu að herdeildum Napóleons — Sú atlaga veitti Wellington og herdeildum hans fullan og frægan sigur yfir Frökkum. — Mynd þessi er með náttúrlegum litum af útsýni hervallarin með hæðum og lægðum hans, loftinu, mönnum, hestum, búningum og lánum, — eins og best er á málverki. Og myndin öll er eins mikilfengleg og hún er fögur, og svo er hún mikið metfé, að hún ætti tafarlaust að vera sett í ramma og hengd á vegg í beztu herbergi hvers bónda-býlis.

Þeir Árnason & Sons verzla með þreski og aðrar jarðyrkjuvél, ar, stór alls konar, mál og oliu, girðingaefni og Dundas prjónavélar. Þeir selja einnig lífs- og elds ábyrgðir og lána peninga. Sýnislega eru þeir á góðum gróðavegi, eftir þeim dýru myndum að dæma, sem þeir gefa viðskiftamönnum sínum núna um jólin. — Heimskringla þakkar gjöfina.

KOL og ELDIVIÐUR

Miklar byrgðir; Lágt verð; Fljót afgreiðsla; Reynið oss.

J. G. Hargrave & Co.
334 MAIN ST.
Phones:—431—432 og 2431

KOL OG VIDUR

Þur, beinharður eldiviður, — Poplar, Pine, og Tamarac með mjög sanngjörnu verði. — Nú sem stendur verið að afferma mörg vagnhlöss af BEZTA DAUPHIN TAMARAC. —

McElroy Bros.
Cor. Sherbrooke & Ellice
PHONE: 6612

Kosninga-
FUNDUR

verður haldinn af Stúkunni
ÍSAFOLD, I. O. F.

Miðvikudagskv. 30. þ. m.

Í UNITARA SALNUM,
(horni Sargent & Sherbrooke St.).

Það er mjög árríðandi að allir meðlimir mæti á þessum fundi, ef þeir á annað borð vilja tilheyra félaginu.

Fjórir læknar í vali.

KOMIÐ ALLIR! ÞAÐ ER SKYLDA YÐAR GAGNVART FÉLAGINU! Byrjar klukkan 8.

J. W. MAGNÚSSON, RITARI.

Skrautblóm.

A. H. STOLPER, BLÓMSALI, býður ALLA GESTI VELKOMNA í hans stórfenglegu —
"Royal Greenhouses"
horni Notre Dame og Princess, og í Portage Ave Búðina (næstu dyr við Gordon-Mitchell lyfjabúðina.) — Allskonar blóm til sölu þar.
PHONE: 476 & 7442.

ELDIVIÐUR!!

Óheyrður afsláttur.

Úr skógnum og til notenda. Engin kaupmanna fróði. Beinhart. þurt Tamarak á $5.35
Beinhart Jack Pine $4.35
Sent til kaupenda frítt. Kallið í Talsíma 3512.

COMLINS & CO.

ELDIVIÐUR!!

Heimskringla

Published every Thursday by The Heimskringla News & Publishing Co. Ltd

Verð blaðsins í Canada og Bandar $2.00 um árið (fyrir fram borgað).
Sent til Íslands $2.40 (fyrir fram borgað af kaupendum blaðsins hér $1.50.)

B. L. BALDWINSON,
Editor & Manager

Office:
729 Sherbrooke Street, Winnipeg
P. O. BOX 3083. Talsími 3512.

Skattamála nefndin

sem alþingi Íslendinga valdi árið 1907 til þess að athuga skattamál landsins, hefir lokið starfi sínu í september sl.

Í nefnd þessa voru skipaðir: — Klemens Jónsson landritari, Guðlaugur Guðmundsson bæjarfógeti, Ólafur Briem, Pétur Jónsson og Ágúst Flygenring. Hlutverk nefndarinnar var að íhuga:

61. Hvort hentugra muni vera, að þeir fastir skattar, sem nú eru, haldist með breytingum, er nauðsynlegar kynnu að þykja, eða að fasteignaskatturinn, er bæði hvílir á jarðeignum til sveita og á húsum og lóðum í kaupstöðum og löggiltum kauptúnum, komi í stað þeirra fóstu skatta, sem nú eru.
2. Hvort fært muni vera, að hækka aðflutningsgjald og útflutningsgjald frá því sem nú er, eða bæta við fleiri tollstofnum, eða leiða í lög almennt verzlunargjald.
3. Hvort haganlegt muni vera, að breyta gildandi ákvæðum um sveitargjöld til prests og kirkju.

Niðurstaða sú, sem nefndin komst að er þessi:

Að landssjóður þurfi árlega um 1,400,000 krónu tekjur. Áætlaðar tekjur landssjóðs fyrir árin 1908—9 eru 1,160,000 kr. hvort árið eða 240,000 krónum minni en nefndin telur nauðsynlegt til þess að mæta útgjöldunum. Til þess að auka tekjur landsins um 240 þúsund krónur á ári, ætlast nefndin til, að fóstu skattarnir gefi af sér 100,000 krónur á ári meira en nú er. Tollarnir 78,000 krónum meira, aukatekjur hækki um 15,000 krónur, erfðafjárskatturinn hækki um 3,000 krónur, vitagjald um 10,000 krónur og nýr skattur (stimpilgjald) gefi af sér $25,000 krónur á ári.

Nefndin vill afnema ábúðarlausafjár og húsa skattana, en setji í þeirra stað fasteigna og eignaskatt.

Skattar þeir, sem nefndin vill afnema, eru í fjárlögunum áætlaðir að veita landssjóði rúmlega 70,000 krónur á ári.

Nefndin telur jarðeignir landsins 13 milión króna virði, og ætlast af þeim greiðist árlega í landssjóð svo nemi 26,000 krónum. Húseignir, sem ekki eru metnar með jörðum, virðir nefndin á 15 miljónir króna, og áætlar 30,000 kr. skatt af þeim. Húslóðir allar á landinu virðir hún 2 miljónir króna, er greiði 4,000 krónur í skatta. Verður þá fasteignaskatturinn alls 60 þúsund krónur á ári.

Tekjuskatturinn skal goldinn af árstekjum af eignum og atvinnu, þannig —: Af fyrstu þúsund krónum ½ prósent, af 1—2 þús. krónum 1 prósent, svo að skatturinn fer hækkandi um ½ prósent af hverju þúsundi eða hluta þar af, en skal þó aldrei stíga yfir 6 prósent, hversu miklar, sem tekjurnar kunna að vera.

Hlutafélög greiði 2 prósent af öllum skattskyldum tekjum. Engan skatt skal greiða af þeim árstekjum, er ekki nema 300 krónum. Nefndin telur 12 þúsund húsráðendur á Íslandi, og að 5 kr. tekjuskattur komi að jafnaði á hvert heimili, og verði þá allar tekjurnar af þessum lið 60,000 krónur á ári.

Skattur sá, sem borgast á í landssjóð, er af öllum skuldlausum eignum, föstum og lausum, að undanskildum hversdagslegum fatnaði, sem er undanþeginn skatti.

Tekju og eignaskatt greiðir húsráðandi fyrir þá gjaldskylda menn sem hjá honum eru til heimilis.

Alls nema hinir föstu skattar, eftir tillögum nefndarinnar, 180 þúsund kr. á ári.

Í tollmálunum tekur nefndin þá stefnu, að hækka aðflutningsgjald af vörum. Vín, ölföng og gosdrykkja tollinn vill nefndin láta hækka um 60 prósent frá því, sem nú á sér stað, og verður þá 70 aura tollur á hverjum brennivínspotti. Tóbakstollurinn hækki um 50 prósent, og verður hann þá 75 aurar af pundi hverju. Vindla og vindlinga tollur hækki að sama skapi. Kaffitollur hækki um 40 prósent, verði 14 aurar á pundi. Sykurtollur hækki 20 prósent, — verði 6 aurar á pund. Svo skal og hækkaður tollur á súkkulaði og brjóstsykri og nýr tollur lagður á kakaó og óáfenga gosdrykki, sem áður var tollfrítt, en skal nú teljast eins og á öli.

Á cimbur og steinolíu mætti og leggja toll, ef þinginu sýndist svo.

Með þessari tollhækkun telst nefndinni svo til, að landssjóðurinn græði árlega 76,000 krónur, umfram það, sem nú er goldið af nefndum vörum, eða jafnvel nokkuru meira, þannig:

Vínfangatollurinn	65.873	kr. meir
Tóbakstollurinn	21,570	" "
Kaffitollurinn	10,440	" "
Tetollurinn	682	" "
Súkkulaðe	5,621	" "
Brjóstsykur	1,023	" "

Stimpilgjald vill nefndin leggja á verðbréf og skjöl, er hafa einhverja réttarlega þýðingu. Þetta gjald sé sett annaðhvort með því, að ritað er á stimpladan pappír, sem stjórnin lætur búa til og selur, eða með því, að líma þar til gerða stjórnarstimpla á óstimpladan pappír. Skal gjald það vera frá einu þriðja til eins fjórða prósent af verðhæð þeirri, sem skjölin tákna. Enn er sérstakt gjald á þau skjöl lagt, sem hafa ótakmarkað verðgildi, svo sem borgarabréf til verzlunar, embættaveitingabréf o. fl. — Þó ætlast nefndin til, að skjölin séu því að eins stimpilskyld, að yfirvöldin hafi einhverja meðgerð með þau.

Þetta eru í stuttu máli tillögur nefndarinnar, en óvíst enn, að hve miklu leyti þingið tekur þær til greina.

Skapti B. Brynjólfsson.

Til Íslands lögðu af stað héðan úr bænum á mánudaginn var þau herra Skapti B. Brynjólfsson, fyrrum Senator á Norður Dakota þingi, og kona hans Gróa Sigurðardóttir, Jóhannssonar frá Manaskál í Húnavatnssýslu.

Þau hjón búast við að dvelja á Íslandi nokkra mánuði, máske um eins árs tíma.

Skapti hefir dvalið hér nyrðra um sl. 5 eða 6 ár, og tekið almikinn þátt í ýmsum félagsskap landa vorra hér. Hann hefir verið einn af öflugustu forkólfum bindindishreyfingarinnar meðal landa vorra hér í seinni tíð. Hann var einn helzti forgöngumaður fyrir stofnun Menningarfélagsins hér í bænum, sem nú er starfandi, og eru fyrirlestrar fluttir þar á fundum tvisvar í mánuði hverjum.

Svo hefir Skapti áunnið sér mikillar virðingar og vinsælda hér nyrðra að enginn Vestur-Íslendingur, sem farið hefir heim til átthaganna gömlu, hefir verið eins kvaddur og hann og kona hans. — Það má svo heita, að í sl. 2 mánuði hafi þau hjón verið í sífeldum skilnaðar heimboðum og veizlum.

Og nú síðast á laugardagskveldið var hélt Únitara söfnuðurinn hér í bænum þeim hjónum veizlu mikla í samkomusal sínum. Þar voru borð sett fyrir 200 manns, er boðið hafði verið. Veizla sú var hin virðulegasta, og skemtana prógram með hljóðfæraslætti og söng, ræðuhöldum og upplestri frumsamdra skilnaðarljóða til þeirra hjóna, — fór fram samtímis máltíðinni.

Við það tækifæri var þeim hjónum afhent afarstór og vönduð leðurferðataska að gjöf frá vinum þeirra í Únitara söfnuðinum, sem þau tilheyra.

SKAPTI B. BRYNJÓLFSSON.

Frumsömdu kvæðin til þeirra hjóna fluttu þau skáldin Kristinn Stefánsson og Þorsteinn þ. Þorsteinsson, og eru þau prentuð á öðrum stað í þessu blaði.

Það er óþarft að taka það fram, að innilegustu hamingjuóskir allra vina þeirra hjóna fylgja þeim á þessari Íslandsferð þeirra.

Um 60 manns voru viðstaddir á C. P. R. vagnstöðvunum á sunnudagskveldið var, til að syngja þau úr garði og óska heim heillar heimkomu hingað vestur að sumri komanda.

Tveir íslenzkir erindrekar.

Þeir herrar F. H. Fljótsdal og F. Finnson, frá Warroad í Minnesota, komu til Winnipeg á laugardaginn var, frá New Orleans í Louisiana ríkinu.

Herra Fljótsdal er einn af deltu leiðtogum þeirra verkamanna, er vinna fyrir Canadían Northern járnbrautarfélagið, og hefir um nokkur liðin ár haft þann starfa, að ferðast með öllum brautum félagsins til þess að líta eftir hagsmunum verkamanna og koma til friðsamlegrar lagakæringar öllu því, sem verkamönnum þykir ábótavant í viðurgerningi við sig. Starf þetta er hið vandasamasta og að öllum jafnaði alt annað en vinsælt eða þakklátt verk. En svo hefir herra Fljótsdal skipað þaðembætti vel, að hann er nú vinsælli enn nokkru sinni fyr, og líklegur til að halda starfi þessu áfram um langan ókominn tíma.

Svo stóð á, að verkamannafélögin í Canada og Bandaríkjunum, hverra meðlimir vinna við járnbrautir, háldu þing mikið í New Orleans borg í samfleytta 5 daga, frá þeim 7. til þess 12. þm. Voru þar mættir um 250 erindrekar frá öllum járnbrauta félögum í þessu landi. mörg þýðingarmikil velferðarmál voru þar rædd og ákvæði tekin í þeim, og yfirleitt má fullyrða, að þing þetta var hið afkastasamasta, og að afleiðing af starfi þess muni reynast járnbrauta verkamönnum til mikilla og varanlegra hagsbóta

Þeir herrar Fljótsdal og Finnson — tvær Íslendingar — voru kjörnir til þess að mæta á þessu þingi fyrir hönd þeirra verkamanna, sem vinna á Canadian Northern brautinni.

Þeir létu sérlega vel yfir ferðinni suður, og kváðu sér hafa verið vel tekið og allur sómi sýndur, hvar sem þeir fóru.

Í ferð þessari komu þeir félagar við í ýmsum borgum, svo sem í Chicago, St. Louis, St. Paul og Minneapolis, og höfðu tvéggja daga viðstöðu í hverri af þessum borgum. Margt sáu þeir skemtilegt í för þessari, en höfðu að sjálfsögðu bezt tækifæri að litast um í New Orleans borg. Þar héldu þeir til á Grunewald hótelinu stóra. Hve stórt það var vissu þeir ógerla, en sögðu að nýlega hefði verið bygður viðauki við það, og að í þeim viðauka væru 400 herbergi. Má af því marka, að bygging þessi er ekkert smáhýsi. Enda hafði hún kostað 4 miljónir dollara, en það er sama og 15 miljónir króna, eða nákvæmlega jafngildi húseigna, sem til eru á öllu Íslandi!

Borgin New Orleans stendur á láglendi, um 100 milur vegar frá Mexico flóanum, eða mynni Missisippi árinnar. Borgarstæðið liggur lægra enn vatns og sjávarflötur, og er varið fyrir ágangi vatns með afarstórkum og mikilfenglegum flóðgarði, háum, og svo breiðum, að keyrsluvegur skrautlegur er eftir honum endilöngum. Allra þjóða skip ganga eftir ánni til þess arar borgar. En borgin hefir 27 mílna langt svæði fyrir skipalagi og fram og uppskipunarbryggjur. Íbúatala borgarinnar er 375 þúsundir. Þar af eru um 50 þúsund svertingjar, og um 100 þúsundir Spánverja og annara Suður-Evrópu búa.

Það þótti þeim félögum bæði eftirtektavert og óviðfeldið hve mikið kveður að litarafstækinu þar syðra, og hve innilega fyrirlitningu hvítir menn bera þar fyrir svertingjunum. Svo kveður ramt að þessu, að jafnvel í algengum strætisvögnum eru afmörkuð svæði eða herbergi fyrir svart fólk svo það ekki hafi neitt samneyti við hina hvítu borgara. Og svo er óvildin megn meðal þessara flokka að til vandræða horfir, ef ekki er bót á því ráðin fyr en síðar.

Iðnaður og verzlun er með fjöri miklu í New Orleans, og almenn velliðan virðist ríkja þar. — Þar eru 300 ekrur af steinlögðum stræt um. Þar er mesti timbursölumarkaður Suðurríkjanna, stærsta sykurgerðarhús í heimi, stærsta fljótandi skipakví í heimi. Þar er og mest ostrusala í heimi, og mesta baðmullaf, hrísgrjóna, sykur og banana sala, sem nokkurstaðar er í Bandaríkjunum. Í borginni eru 103 barnaskólar, 6 háskólar og margar aðrar mentastofnanir. Um 50 þúsund milur af járnbrautum hafa endastöðvar sínar í borginni. Lystigarðar og aðrir skemtistaðir eru þar margir og mikilfenglegir. — Veðurblíða er þaé hin mesta, svo að nú var þar sterkur sumarhitá. Nú sem stendur eru borgarbúar að verja 25 miljónum dollara til að leggja saurrennu og vatnsleiðslukerfi um borgina, er verða skuli bæjareign. Úr saurrennum borgarinnar verður að pumpa skolpið svo hátt upp yfir yfirborð jarðar, að það geti runnið í ána og þaðan til sjávar.

Margar iðnaðar stofnanir eru þar undanþegnar skattgreiðslu um 10 ára bil, meðan þær eru að komast á fastan fót. Stefnan er, að tryggja borgarbúum atvinnu við iðnaðinn með góðu kaupi, og hefir sú stefna miðað til þess, að auka mjög iðnað og verzlun borgarinnar á síðari árum.

Járnbrautafélögin eru um þessar mundir að verja 15 miljónum dollara til umbóta þar í borginni.

Fánna merkast þar í borginni þótti þeim félögum forngripasafn Suðurríkjanna, í hinu viðfræga "Confederate Memorial Hall", sem stendur í miðri borginni- og eigi all langt frá minnisvarða Lee herforingja. Minnisvarði sá er steypumynd af Lee, og stendur á steinstöpli miklum, nokkuð á annað hundrað fóta háum. Á forngripasafninu eru allskyns vopn- sem þot uð voru í þrælastríðinu: Fallbyssur, rifflar, sverð og annað þess háttar, svo og leyfar af flöggum, sem þá voru brúkuð. Þau eru rifin og mörg margskotin sundur. Þar er og vaggan, sem notuð var handa Jefferson Davis, forseta, þegar hann var barn. Og margt annað var þar, sem þeir félagar gátu ekki greint frá þá stuttu stund, sem viðtalið við þá varaði.

— Mesta illveður, sem komið hefir um margra ára tíma, barði strendur Nýfundnalands í síðustu viku. Bylurinn varaði 48 klukkustundir. Mesti fjöldi fiskibáta rak á land upp, og er eignatjónið af völdum veðurs þessa talið afarmikið. En um lífstjón hefir ekki frézt. Þó er talið víst, að nokkur skip hafi farist út á rúmsjó með áhöfn allri.

Kæru landar, ef þið viljið fá vel skerptar sagirnar ykkar, þá komið þeim til mín, að 501 Beverly St. Líka skerpi ég skauta, skeggbnífa og allskonar eggjárn. — Alt fljótt og vel gert.

G. BERGÞÓRSSON,
501 Beverly St.

Kvæði

til *S. B. BRYNJÓLFSSONAR OG KONU HANS*

Flutt í samsæti er Únitarasöfnuðurinn hélt þann 19. des. til að kveðja þau hjón áður þau lögðu af stað í Íslandsferð.

Hví farið þið ei suður í sólskins heiminn
Í sælu leit á bjartra daga fund?
því þar sem hjörtu' og höfuð nautnadreymin
Sig hvíla' á róshöð út í myrtuslund,
Þar dregur sálin til sín unaðs eiminn
Af öldum þeim, sem vagga ljúft í blund.

Nei, þú vilt, Skapti, heldur norður halda
Þó hregg og stórsjór byggi ysta haf.
Og hvað sem tautar útdjöp, él og alda,
Er íslenzk landing til. Því veist þú af,
Og þjóð þín bak við hrið og kólgu kalda
Með kennimark, sem styrjöld lífsins gaf.

Þú velur stundum ekki blíða blæinn
Að bera knör þinn, sú hefir orðið raun.
Og sánurð þín hún en list lengur en daginn,
Og aldrei sá ég hana blása' í kaun.
Og þú vilt heldur slá hinn ramma slaginn,
En slyppur taka ósigursins laun. &

Og þig er aldrei þokuloftið kringum,
Þar þykir máske hvast og skýjafar,
Sem vekur ys á okkar draumaþingum
Með öldnum hreim af því sem forðum var,
En nú til muna er okkur Íslendingum
Úr eigu gengið — dautt og kulnað skar.

En vegna þess þú virðir þá sem berjast
Og vilja heldur stríð en frið með smán,
Og þá sem innri og ytri mögnum herjast
En eru að forðast gæfu sinnar rán —
Þá gleður þig að Ísland er að verjast.
Og allri réttri málsvörn ylgir lán.

En farið vel til landsins norðurljósa —
Nú lækkar sól og þyngist vetrarfarg.
En lítið engin sund né firði frjósa
Né fenta saðinn ala í hrauni varg.
Með næsta vori sjáið Geysir gjósa
Og Gullfoss steypast niður fyrir bjarg.

En það hve austrið er þar langt frá vestri
Og afsökun er tengd við fjarlægð þá,
Þið lesið kannske úr mánhægð allra mestri
Og merkjum þeim sem sagt er bóli á.
Það getur verið gaman að þeim lestri
Og gróði þeim, sem kann að hugsa og sjá.

Eg veit þið finnið færra er gengur öfugt
En fjúksagnanna orðasveimur ber
Og fleira sem er stórt og gott og göfugt
En grunar suma í fjarlægðinni hér
Og lífið ekki' eins hörkufult og höfugt
Og hræðslukenda vanþekkingin sér.

Til fararbella ykkur alt sé snúið
Hver alda á sæ og stormsins byljafjöld,
Til heiðurs ykkur heiðloft Íslands búið
Við háfjallsgnúp með norðurljósa tjöld.
Og lífið ykkur látið svo, að trúið
Að landið eigi í framtíð sæmd og völd.

Og berið okkar kveðju foldu frera.
— Ið fjarra skýrist, móðan óðum dvín —
Er Rán og Ægir vestur vini bera
Á vegi margra sólargeisli skín.
En megi Ísland eins og stjarna vera
Á andanshimni þeirra barna sín.

Kristian Stefánsson.

Kæru skiftavinir!

Þau kjörkaup, sem við höfum gefið nestliðnar tvær vikur, höldum við áfram að gefa fram að Nýári. Notið því tækifærið. Gleym ið ekki, að biðja um eitt af okkar Veðurspádóms Almanökum fyrir árið 1909, sem allr fá ókeypis.

Vér óskum öllum Gleðilegra Jóla og Farsæls Nýárs!

E. Thorwaldson & Co.
By E. Thorwaldson.
Mountain - - N. Dak.

ODDSON FLUTTUR.

Vér höfum breytt bústað vorum, og verður því skrifstofa framvegis

Suite 1, Alberta Block,

Norðaustur horni á Portage og Garry St., rétt að kalla á móts við nýja pósthúsið. Bjartari, betri og stærri skrifstofur.

Vér þökkum fyrir góð viðskifti og bjóðum alla velkomna á vorn nýja stað

Yðar með virðingu,
Th. ODDSON & CO.,
Suite 1, Alberta Blk.
Cor. Portage & Garry. Phone 2312

JÓLA Kjötvörur.

Kæru landar og viðskiflavinir!

Um leið og við þökkum yður kærlega fyrir undanfarin góð viðskifti og óskum að verðskulda þau framvegis, — vildum vér minna yður á, að gleyma ekki að heimsækja okkur fyrir Jólin.

Eins og alment er viðurkent, höfum við ávalt á reiðum höndum hinar beztu kjötvörutegundir. Og sérstaklega viljum vér leiða athygli yðar að okkar ágæta hangikjöti, sem sérstaklega er reykt fyrir okkur, og hvergi fæst betra en í búð okkar.

Ennfremur höfum við ýmsar tegundir af stríðöldum alifuglum, sem við seljum með lægra verði, en aðrir hefir þekst.

Búð okkar verður opin til kl. 9 á hverju kveldi alla Jólavikuna. — Þá byrjum við að útbýta meðal viðskiftavina okkar fögrum Jóla-Calendars.

Virðingarfylst,
Eggertson & Hinrikson,
Cor. Victor og Wellington St.
Phone: 3827.

F. Deluca

Verzlar með matvöru, aldini, smá-kökur, allskonar sætindi, mjólk og rjóma, sönul. tóbak og vindla. Óskar viðskifta Íslend. Heitt kaffi eða te á öllum tímum. Fón 7756
Tvær búðir:
587 Notre Dame og 714 Maryland St.

Íslenzkur Tannsmiður,

SIGURÐUR DAVIDSON, hjá Dr. Morden, frá læknaskólanum í Chicago,—tekur að sér að smíða Tennur eftir þörfum, og festir þær í tanngarðinn sársaukalaust.
Finnið hann á skrifstofu að,
620½ Main St.
Phone 470 Horni Logan Ave.

G. THOMAS

GULLSMIÐUR

hefir nú, eins og á fyrri árum, alls konar Gull- og Silfur- Skrautmuni til sölu, svo sem Gull- og Silfur-Vasaúr fyrir karla og konur. Bezt eru "Waltham" Úrin, seld á $5.00. Hann ábyrgist, að þau séu áreiðanleg. — Fyrir konur mælir hann helzt með 14-karat Gullfyltu Úrunum, með 25 ára ábyrgðinni. Verðið er $10.00.

Hann hefir og mesta úrval af alskonar Skrautgripum, sem hann óskar, að fólkið komi og skoði.

Alt selt sérstaklega ódýrt fyrir hátíðirnar að

659 William Ave. Tals. 2878



Stephan Sigurdson.

Herra Stephan Sigurðsson, kaupmaður að Hnausa í Nýja Íslandi, var við nýafstaðnar sveitakosningar, þann 15. þm., kosinn oddviti Bárðar sveitar. Hann hlaut 26 atkvæði umfram herra Svein Thorvaldsson, kaupmann að Icelandic River, sem áður hafði oddvitastöðuna, fyrst í Gimli sveit og síðar í Bárðar sveit, eftir að skiftingu Gimli sveitar varð gerð.

Stephan var fyrir nokkrum árum oddviti Gimli sveitar, og þótti fara það starf vel úr hendi.

Svo er oss sagt, að kosning þessi hafi verið sótt af miklu kappi á báðar hliðar, eins og atkvæða mismunurinn virðist benda til.

Báðir umsækjendurnir eru drengir góðir og vel hæfir í þessa stöðu. — Sveinn hefir verið duglegur oddviti og sómi sinnar sveitar. Heimskringla efar ekki, að Stephan reynist eins atkvæðamikill í oddvitastöðunni nú eins og hann reyndist áður fyrri, og eins og hann hefir reynst í öllu starfi sínu þar í bygð um sl. fjórðung aldar.

Kosningavísur.

BORGARSTJÓRINN.

Kosninga um kyngi hjarn
Komst með björtum vígri
Evans bæjar óskabarn,
Og æðstum hrósar sigri.

ÞRÍMENNINGARNIR.

Kosninga á klækja óm
Komst að lagaþjarkur.
Skúli hneig við Skuldaróm,
En skömmina hreppti Karkur.

ÁRNI OG BAKARINN.

Gæfan eigi glansar enn
Góðum Íslands sonum,
Árni fél þá Miltons menn
Mokuðu brauðskorponum.

Beigur þar af beimum stóð,
Er brauða útflaug saga,
Í kjördeild fjórðu kafköld óð, —
Kváðu í tíu daga.

En ýmsir hafa um það grun,
Sem æðri stefnur lýsa,
Að eftir stundu Árni mun
Endurgræddur rísa.

K. Á. B.

Kveðja

til S. B. Brynjólfssonar og konu hans.

Flutt við burtför þeirra til Íslands í samsæti 19. desember 1908.

Burt frá meginstöð —
Manitoba,
býr sig berserkur
með brúði sína,
heim til eldgömlu
Ísafoldar;
Ingólfsborgar
og æskudals.

— Gnötra mun grund
og gneistar fljúga,
er Surtur með Skapta
svífur austur.
Rymja mun Rán
röddum ómjúkum,
er Sæfákur særir
sifjalið Ægis. —

Burt frá Vestmanna
Vitasgjafa,
hlynum háum
og hallarsölum.
burt frá stórmerkjum
starfs og krafta;
mögum meginlands
mesta jarðar.

Yfir Atlantssæ
í Austurveg,
heim til bergrisa
og blárra geima;
Syrgisdals vetrar
og Sólheima vors; —
arfsins óskifta
frá æskudögum.

Gulbsins, sem Egill
gróf í foldu;
landsins, sem ólög
ófrjálst skráðu.
Landsins, sem enn þá
elur í tjörnum
öfugugga
hjá Ingólfsborg.

Landsins, sem allir
ÍSLENDINGAR
heiðra og elska
af hjarta óskiftu.
Landsins, sem leiftrar
logarúnum
heim of allan
á hverli sögu.

Frá höfn til hafnar
hamingjudísir
Vínlands-Leifs
vaki ykkur yfir.
En Íslands hollvættir
arma trygga
bjóði ykkur opna
að brjóstum sínum.

Íslenzkt drenglyndi
og óþjótrað þor;
heilbrigð hugsun
og hreinskilni!

Fagnið nú frændum
af ljarri grundu; —
íslenzkum aðli
Íslands barna.

Fagnið því fremsta,
er fluttist vestur
og gróðursett var
í gljúpri moldu. —
En — drenglyndið eitt
drengskap metur,
og sannleiksást
sannleik unnir

Taktu svo Ísland
tryggum á móti
Íslands ástmögum:
— auðnu þinni.
Vit að frjálsari
frelsisvini
og einlægari
þú eignast vart.

Þá munu í faðma
fallast hugir
og dvöl ei langa
daga telja. — — —
Ann ég þér Ísland
eins að njóta
dýrstu drengja
og dætra þinna.

Vilda ég vorgróðri
vona þinna
samþróast mættu
á samrót íslenzkri
frjóangar fluttir —
frjóangar sprotnir
út í vermireit
Vínlands dala.

Þá væri þægt
þreyttum að una
útlegð í
og enda daga,
ef brotsins íslenzka
brotasilfur
uppbræðast mætti
í íslenzkri deiglu. — — —

Vertu sæll, Skapti,
Vertu sæl Gróa,
heillir að heiman
heim ykkur fylgja. —
Þakkir Vestmanna,
þakkir Austmanna
handsalast skulu
of höfðum ykkar.

Góðu gengi
gangið svo héðan
vinum frá
til vina nýrra. —
Hjartkærar óskir
heim frá oss berið!
Guð ykkur fylgi!
Gleðileg jól!

Þorst. Þ. Þorsteinsson.

Smælingjar.

5 sögur eftir Einar Hjörleifsson, í gyltu bandi. Kostar 85c. Vel valin vinargjöf um jólin. Til sölu út um allar bygðir Íslendinga og hjá útgefandanum.

ÓLAFUR S. THORGEIRSSON
678 Sherbrooke St., Winnipeg.

Giftingaleyfisbréf

selur Kr. Ásg. Benediktsson
540 Simcoe st. Winnipeg.

Opið bréf.

Út á lífsins ólgjusjó
allra sálarkrafta neitum.
Af fögrum önglum er þar nóg,
eitruðum með töfra-beitum.

Hér gjörninga' oft granda hret,
glepur sjónir hrævareldur,
lífs í sjónum liggja net, —
líka þar er margur feldur.

Það er hætta' á þeirri leið,
þoka fyrir augun bindur.
Til baka okkar berast skeið,
er beint í seglin stendur vindur.
Það er vandi, vinur minn,
er vér á lífsins öldur herjum,
að kunna að brúka kompásinn,
svo knörinn ekki lendi í skerjum.

Er á þessum ólgu mar
engum leiðir gerla kunnar.
Lát þitt sálar sigla far
frá söngvum töfra hafgúunnar.

Oft á þeirri ála leið
andnesjunum margir gleyma.
Í myrkri nornir magna seið,
í myndum ýmsum draugar sveima.

Þótt þér ægi ótal tröll
og undir ruggi hrekkvís alda, —
við það gnoðin verður höll, —
en vinur lát ei undan halda.

Á þeim mannlífs mikla sæ
er margt, er getur valdið grandi.
Það gleður heim, sem hraðinn hræ,
að hitta einhvern bát í strandi.

R. J. DAVÍÐSSON.

Ókeypis MUSIC Kensla

The Nordheimer Piano & Music Co., Ltd.

TIL ÞEIRRA FYRSTU 25 sem kaupa NORDHEIMER Pianos fyrir 1. Marz, 1909, gefum við ókeypis Music Kenslu fyrir eitt "term", hjá hverjum þeim bezta Music Kennari hér í borg sem óskað er eftir. Kaupandi velji kennara sinn Og ennfremur, til þess, að auglýsa vorn nýja verustað, þá bjóðum vér

10 Prósent Afslátt í 30 Daga

frá voru reglulega söluverði, og sem sýnt er á hverju Pianó. Þetta þýðir beinan peningasparnað frá $35 til $50 ef þér kaupið nú —

MEST VIÐEIGANDI NÝÁRS GJÖF! ÞAÐ ER ENGINN HLUTUR GEÐFELDARI, OG ENGINN HLUTUR ER VEITIR SANNARI SKEMTUN OG ÁNÆGJU HELDUR EN NÝTT PÍANÓ.

Vér höfum einnig aðrar tegundir af Pianós frá $240.00 yfir.
Og ýmiskonar Orgel frá $45.00 og yfir.
Borgunarskilmálar eftir yðar eigin ósk.

Er nokkur ástæða til þess, að draga það lengur að kaupa nýtt Pianó?

——Budin er opin a hverju kveldi——

The Nordheimer Piano & Music Co. Ltd.

313 Portage Ave. PÍANÓIN TIL SÝNIS GAGNVART EATON'S BÚÐINNI. *Phone 1459.*

Allar stærðir af Victor Málvélum, Edison málvélum; nýjustu Plötu-sönglögum og öðru Music og Music áhöldum. — Vér viljum fá ötula og áreiðanlega íslenzka umboðsmenn fyrir félag vort. —

S. R. HUNTER & CO
Skraddarar,
189 Lombard Street

Búa til ný-móðins karlmannafatnaði eftir máli.— Efni og vinnubrögð afbeztu tegund, og alt ábyrgst að vera jafngildi þess bezta sem fáanlegt er í borginni. Verðið er við allra hæfi. —

S. R. Hunter & Co.
189 Lombard St.
Telephone 1395.

Russell A. Thompson and Co.,
Cor. Sargent & Maryland St.

Selja allskonar MATVÖRU af beztu tegund með lægsta verði. Sérstakt vörurval nú fyrir Jólin! Vér óskum að Íslendingar vildu koma og skoða vörurnar. Hvergi betri né ódýrari. —

Munið staðinn:—
HORNI SARGENT AVE. OG MARYLAND ST.
PHONE 3112.

Hinir eldrauðu blettir á kinnum hennar hurfu smámsaman, eftir að þýðvindurinn náði að leika um andlit hennar, en að feykja burtu hinum þungbúna svip, — það megnaði hann ekki. — Eigi leið á löngu þangað til frú Heilwig og ríkisstjóra frúin komu til baka, og í sama bili kom prófessorinn út úr húsinu með hatt og staf í hendi sér, albúinn til að ganga út. — Ríkisstjórafrúin hélt á stórum böggli undir hendinni, og eftir að hafa kyst barn sitt, leysti hún utan af honum, og brosti blítt og gletnislega til frænda sins.

"Líttu á það sem ég er með, Jóhannes! Er ég ekki léttúðug?" mælti hún gladlega. — "Þó ég hati alt skraut, get ég ekki staðið á móti freistingunni, ef fallegt léreft er á boðstólum. — Ég sá þetta fallega tau í búðanglugga. — Heldur þú að ég hafi getað gengið fram hjá því? Nei, það var mjer ómögulegt. — Áður en ég vissi af, var ég búin að kaupa það, — og þetta smágerva léreft líka. En ég verð líka að láta hér við sitja og kaupa þess minna í vetur, til að fylla upp aftur það skarð, sem orðið hefir í peninga mína. — Gott og vel, fyrirhyggjusamri húsmóður finst hún aldrei hafa léreftakistu sína of fulla".

Prófessorinn ansaði engu. Hann horfði yfir að garðshliðinu. — Hin fátæka kona, er Felicitas hafði mætt uppi á loftinu, kom í þessu inn í garðinn. Það leit út fyrir, að hún bæri stóran böggul undir kápu sinni. Hún gekk rakleitt til prófessorsins og heilsaði honum með mikilli lotningu.

"Herra prófessor! Vilhelm hefir fengið sjónina aftur, — hann sér eins vel og við hin", sagði hún og rödd hennar skalf. Svo fór hún að gráta. — "Hver skyldi hafa trúað því! Æ, okkur öllum og honum líka tók það sárt!, — En nú getur hann aftur unnið fyrir sér, og ég get nú dáðst rólega, því ég vil ekki eftir neitt blindt, hjálparlaust barn. — Ó, herra prófessor, öll auðæfi veraldarinnar væri ekki of mikið

handa yður, — en við erum fátæk og getum ekki borgað yður eins og þér eigið skilið. Þér megið ekki reiðast mér, herra prófessor, en mér datt í hug bara ofurlítið — — —".

"Nú, hvað meinið þér með öllu þessu?" sagði prófessorinn óbliður í máli og gekk nokkur fet aftur á bak.

Konan hafði nú hnept frá sér kápunni, og sást þá í fuglabúr og stóran stranga af léreptí

"Í hvert skifti, er þér komuð heim til okkar, þótti yður svo gaman að hlusta á næturgalann okkar", mælti konan. "Ef þér létuð hann í litið búr, þá gætuð þér hæglega farið með hann til Bonn. — Og svo þetta lérept, — það er ekki fint, en það er haldgott, — ég hefi sjálf spunnið það. Ætli frú Heilwig vildi ekki nota það í handklæði?"

"Eruð þér með fullri skynsemi, kona góð?" greip nú prófessorinn fram í fyrir henni og hleypti brúnum, "þegar þér takið fuglinn frá manni yðar. — Mér þykir ekkert gaman að fuglum, — get ekki einu sinni litið þá. — Og haldið þér, að það sé skylda yðar, að hugsa heimili okkar fyrir léreptum? Veljið nú þetta strax saman aftur, og farið svo heim til yðar með það".

Konan stóð grafkyr og gat engu orði komið upp.

"Þér hefðuð getað sparað okkur báðum þessi óþægindi, madama Walther", mælti hann ögn blíðlegar. — Ég hefi oft tekið það fram, að þér mættuð ekki nefna neitt þvílíkt við mig. — — Nú, farið þér bara heim og skilið kveðju minni til Vilhelms yðar, — ég skal koma á morgun til að vita, hvernig honum líður".

Svo tók hann í hönd hennar og hnepti að henni kápunni. — Konan hneigði sig og gekk niðurlút í brott. — Frú Heilwig og ríkisstjórafrúin höfðu þegjandi hlustað á þessa viðræðu. Andlitið á frú Heil-

wig lýsti mestu óánægju, og einu sinni leit helzt út fyrir, að hún vildi blanda sér inn í samtalið.

"Já, þetta fæ ég alls ekki skilið, Jóhannes!" sagði hún gremjulega, þegar konan var farin. — "Er ég hugsa til þess, hve mikið nám þitt hefir kostað, þá finst mér ekki að þú ættir að slá hendi á móti neinu því, er þér með réttu ber. — Þessi hugmynd með fuglinn, — hún er að vísu einfeldnisleg. — Það vantaði ekki annað, en að ég yrði að hlusta á fuglakvak í minu kyrláta húsi! — En hefði ég mátt ráða, þá hefði konan fengið leyfi til, að skilja lérepti eftir. Það er hlutur, sem maður ekki tekur upp af götunni".

"Ó, kæra frænka, mín uppástunga hefði þá tæpast fengið góðan byr hjá þér", sagði ríkisstjórafrúin alaðlega. "Hugsaðu þér, Jóhannes," bætti hún við alvarlega, og leit eins blítt og henni var unt til hans. — "Við heyrðum í morgun talað um fátækt en kristilegt heimili. Vesalings börnin eiga ekki einu sinni nærföt til skiftanna. — Ég tek mér það mjög nærri. Og ég og mín góða frænka vorum búnar að hugsa okkur að styðja að samskotum handa þeim. — Ef þú nú hefðir tekið við léreptinu, hefðir þú orðið að gera svo vel og gefa mér það, hvort sem þú vildir eða ekki. Það hefði svo vel mátt nota það í skyrtu handa börnunum. Og ég skyldi sjálf hafa hjálpað til að sauma þær".

"Ó, hvílík sannkristileg miskunnsemi!" mælti prófessorinn og hló kuldalega. "Það á að taka það eina, sem til er á fátæku heimili, til þess að hjálpa öðrum nauðstöddum með! Og sú, er þannig miðlar á milli, er hin göfuglynda kona, sem heimurinn dáist að fyrir hjálpsemi hennar og kastar yfir skínandi dýrðarljóma!"

"Þú ert illgjarn, Jóhannes!" greip hin unga ekkja fram í reið mjög. "Ég gef gjarnan".

"En það má í guðsnafni ekki kosta þig neitt, Adela!" mælti hann hæðnislega. "Hví tekur þú ekki eins og hver og ein góð húsmóðir mundi gera, eitthvað úr hinni fullu léreptskistu þinni? — Til dæmis þetta, sem er alveg ónauðsynlegt og þú getur vel verið án", og hann réttti út handleggínn eins og til að gripa böggulinn er ríkisstjórafrúin hélt á, — en báðar konurnar gripu um handlegg hans, eins og þær væru hræddar um, að hann ætlaði að gera tilraun til að ná lífi hennar.

"Nei, nú ertu að gera að gamni þínu, Jóhannes", mælti ríkisstjórafrúin reiðulega. — "Þetta makalausa fína lérept!"

"Ég hefi fyr mátt sæta ásökunum hjá þér", sagði nú prófesssorinn við móður sína, án þess að láta sem hann heyrði hin síðustu orð ríkisstjórafrúarinnar, — "fyrir það, að ég lét ekki stöðu mína bera eins ríkulega ávexti og unt væri. — — Ég get samt fullvissað þig um það, að ég gæti að mér og álít það köllun mannsins, að afla sér fjár. — En samt sem áður lít ég þannig á að ég eigi ekki að gegna köllun minni eingöngu peninganna vegna. — Engin köllun í lífinu er eins háleit, að undanskildri prestsstöðunni, og í engri stöðu er eins nauðsynlegt aðsýna góðgerðasemi og í stöðu læknisins. — Ég mun aldrei verða einn af þeim, sem með annari hendinni hjálpa fátækum sjúklíng af sóttarsæng, til þess að láta hann svo hafa áhyggjur út af borguninni".

Hingað til hafði hann enga eftirtekt veitt Felicitas, — en nú leit hann eins og ósjálfrátt til hennar, og horfði á andlit hennar, er ljómaði af innri fögnuði og ánægju, og í fyrsta skifti mættust augu þeirra svo að þau skildu hvort annað. — Að vísu var það ekki nema rétt eitt einasta augnablik. Felicitas leit óttaslegin til jarðar, og prófessorinn togaði hattinn langt niður á enni svo hann skygði á andlit hans,

WINNIPEG Business College
Cor. Portage Ave and Fort St.
FÉKK FYRSTU VERÐLAUN Á SAINT LOUIS SÝNINGUNNI.
Dag og kveld-kensla. Leitið fullra upplýsinga og biðjið um vora nýja pappírshnífs ókeypis. Vér kennum enska tungu.
M. E. MACKEY, Skrifari

MARKET HOTEL
146 PRINCESS ST. á móti markaðnum
P. O'CONNELL, eigandi, WINNIPEG
Beztu tegundir af vínföngum og vindlum, aðhlynning góð, húsið endurbætt

JOHN DUFF
PLUMBER, GAS AND STEAM FITTER
Alt verk vel vandað, og verðið rétt
664 Notre Dame Ave. Phone 3815
Winnipeg

Strathcona Hotel
Horni Main og Rupert Str. Nýbygt og ágætt gistihús; Gest um veitt öll þægindi með sanngjarnasta verði. Frí keyrsla til og frá öllum járnbr. stöðvum. Beztu vín og vindlar; og herbergi og máltíðar ágætar.
McLaren Brothers
EIGENDUR

Hotel Pacific
219 Market Street | H M Hicks Eigandi
Winnipeg - - - Manitoba
Telephone 1338
Ný-endurbætt og Ný-tízku hús í alla staði. Viðskifta yðar óskast virðingarfylst.
$1.25 a Dag


$1.50 Á DAG
Besta $1.50 gistihús í Winnipeg
BRUNSWICK HOTEL
Horni Main St. og Rupert Ave.
Besta borðhald; Hrein og Björt Herbergi; Fínustu Drykkir og Bestu Vindlar. Ókeypis Vagn mætir Öllum Trainlestum. Reynið oss þegar þú ert á ferð

Dánarfregn.

Mánudaginn 30. nóv. síðastliðinn andaðist á sjúkrahúsinu í Red Deer ÓLAFUR BENEDIKTSSON póstafgreiðslumaður á Markerville, af krabbameini. Líkið var flutt heim til Markerville. Útförin fór fram frá lútersku kirkjunni þar, að viðstöddum þeim mesta mannfjölda, sem sést hefir hér við nokkra jarðarför næstliðin 20 ár. Séra P. Hjálmsson flutti ræðu í kirkjunni og jós hinn látna moldum við gröfina. Félagsbræður hins látna W.O.W., báru hann til grafar, og höfðu þar umsjón á grafreitnum, með hátíðlegri athöfn og virðingarmerkjum við hinn látna — Síðast var sunginn sálmurinn: "Alt eins og blómstrið eina".

Ólafur sál. var fæddur að Eiðs stöðum í Húnavatnssýslu 25. okt. 1866. Foreldrar hans voru þau

ÓLAFUR BENEDIKTSSON.

hjón Benedikt Ólafsson og Hólmfríður Bjarnadóttir, er bjuggu síðast að Breiðagerði í Skagafjarðarsýslu, og fluttust þaðan til Nýja Íslands í Canada, ásamt börnum sínum.

Systkin Ólafs sál. eru: Bjarni Benediktsson bóndi í Dakota, Jón Benediktsson verzlunarmaður á Markerville, Sigurbjörg Benediktsdóttir kona Jóns Jónssonar í Edmonton, og Hólmfríður Benediktsdóttir kona Ólafs Ólafssonar í Winnipeg.

Frá Nýja Íslandi fluttist Ólafur sál. ungur, ásamt fólki sínu, til Dakota, og dvaldi þar nokkur ár. Árið 1888 flutti hann hingað til Alberta, og var einn af hinum fyrstu Íslendingum, er fluttu sig hingað. Árið 1896 kvongaðist hann ungfrú Guðrúnu Þorvaldsdóttur, en misti hana eftir að eins tæpra 7 ára ástúðlega sambúð, því hún dó árið 1903. Þeim hjónum varð þriggja barna auðið, af hverjum 2 lifa föður sinn.

Ólafur sál. stundaði verzlun hér í félagi við Jón bróður sinn, og hepnaðist það mjög vel. Hann var póstafgreiðslumaður á Markerville P.O. um mörg ár, og fórst það snildarlega úr hendi.

Ólafur sál. var einn af hinum eldtu landnámsmönnum þessarar bygðar, og áreiðanlega einn af merkustu mönnum hennar. Strax á unga aldri lagði hann grundvöllinn til þess, að verða sannur maður. Hann var dulur maður af sér, og hið mesta prúðmenni í allri sinni framkomu. Snemma fyrirkát hann alt yfirlæti og hégómaskap, og aldrei haggaði neitt þeirri stefnu hans, að vera trúr og gagnlegur stöðu sinni. Reglumaður var hann hinn mesti, og alt sem hann starfræktí, bar vott um hina mestu vandvirkni. Eins og hann var stefnufastur, eins var hann orðheldinn og áreiðanlegur í öllum viðskiftum, og fáir munu þeir hafa verið, er gætu borið honum, að hann hefði ekki staðið við orð sín. Hitt mætti segja, að hann lofaði ekki meiru, en hann vissi sig mann til að efna. — Vel mundi hverju því bygðarlagi vegna, sem væri skipað jafn nýtum og góðum mönnum og Ólafur Benediktsson var.

Minning hans lifir í heiðri hjá öllum, sem þektu hann.

Markerville, 9. des. 1908.

Einn af kunningjum hins látna.

Íslands fréttir.

Allhörð rimma stendur um þessmundir yfir í íslenzkum blöðum út af andatrúar samkomum, sem þeir herra Einar Hjörleifsson og Indriði Indriðason hafa haldið á Vesturlandi, þar sem inngangur fyrir hvern mann hefir verið settur á 5 krónur. Á eina hlið er því haldið fram: 1) Að aðgöngugjaldið að þessum samkomum sé rándýrt, 2) að alt sé látið fara fram í myrkri, svo að ekki sé hægt að sjá, hvað fram fer á leiksviðinu, 3) að alt starfið á samkomunum séu lítalæti og að ekkert ónáttúrlegt gerist þar, 4) að þeir einir fái aðgöngu á þessar andatrúar samkomur, sem til þess eru valdir, og að þær séu eingöngu blekkingar og gerðar til þess að hafa fé út úr þjóðinni. Hins vegar er því haldið fram, að félagið fylgi nákvæmlega sömu reglum og andatrúar félög í öðrum löndum geri, — að kostnaður við tilraunir félagsins sé svo mikill, að það sé nauðsynlegt, að inngangseyrir sé settur nokkuð hár, og að hverjum manni, sem vill borga inngangseyrir á þessar samkomur (og sem félagið vill hafa á þeim) sé heimilt að fara þangað. Við þetta stóð málið, er síðast fréttist. — Halldór Danielsson, bæjarfógeti í Reykjavík, hefir verið skipaður í annað meðdómara embættið við landsyfirréttinn. — — Haraldur Níelsson hefir verið vígður til prests við Holdsveikra spítalann á Laugarnesi í stað Fr. Friðrikssonar.— Séra Jón Helgason er orðinn lektor eða yfirkennari prestaskólans í stað séra Þórhallar Bjarnasonar, sem nú er orðinn biskup yfir Íslandi, eins og kunnugt er. — Veðráttu hefir verið afbragðsgóð í alt haust víðsvegar um land, einkum norðanlands. Voru þar lengst af sunnanvindar hlýir og sólskin um daga. Sunnanlands hefir verið úrkomusamt. En síðustu dagana af nóvember brá til óveðurs syðra, svo að Laura hefir legið afhafnalaus á Reykjavíkurhöfn dögum saman vegna óveðurs. Fyrsti snjór féll á Norðurlandi 8. nóvember — — Fnjóskárbrúin nú fullger og umferð byrjuð um hana þann 17. okt. sl. — 36 álna langan hval rak á land á Borgarsandi við Sauðárkrók. Hafði synt svo nálægt landi, að hann festist í fjöruni og komst ekki út aftur. — Gagnfræðaskólann á Akureyri sækja nú yfir 80 nemendur, enn prestaskólann í Reykjavík sækja að eins 5 nemendur. (Það er sýnilegt, að þeim þykir lítil gagnfræði eða fróðleiksgagn í guðfræðinámi þar heima). — Þak rauf af húsi í Grunnavík í ofsaveðri þann 20. okt. sl. — Sama dag datt Kristján Þórðarson, 20 ára gamall, út af mótorbát á Ísafirði og drukn aði.

JÓHANNA ANDERSON.

Fædd 2 des. 1859 *Dáin 14. des. 1908.*

"Það dregur skugga fyrir sjónar sól,
er sýnir mér á daginn taki að líða,
þá fæ ég líka loksins hvíld og skjól,
og lengri nótt, ei framar þarf ég kvíða.
Þar birtir aftur, burtu er þokan liðin
ég blíðan finn í sálu minni friðinn.

Ég sé í fjarlægð ljóma fögur ljós,
sem lýsa eftir himin björtum vegi,
og margri er skreyttur röðulskærri rós,
það roðar fyrir öðrum betri degi,
mér sýnist engill ofan veginn líða
með ásýnd bjarta, tignarlega og blíða.

Ó! ég er glöð að skilja veröld við
og vini mína, kveð því innilega.
Ó! ég hefi lengi þráð hinn fagra frið,
sem fæ ég nú, og varir utan trega,
því umbreyting er ei á dýrðarvegi,
þar engin þekkir nótt frá björtum degi.

Æ, góðu vinir, grátið ekki hátt,
því grát ég aldrei þoldi vel að heyra,
en harmatal og hjartaþungan slátt
þið hafið nú, er dunar mér við eyra.
Ó! gráttu eigi gamla, kæra móðir,
Ó! grátið ekki bræður mínir góðir.

Hví grátið þér, þó líði ég loks á braut,
frá leiða heimsins djúpa sorga unni,
í gimli sölum gleymist öll mín þraut,
þar glöð og frjáls, ég sit hjá lífsins brunni,
þar fæ ég lækning allra meina minna,
og mínir vinir þar mig aftur finna.

Þið vitið sjálf, að alt í heimi hér,
er hættum, nauðum, sorg og dauða vafið.
og lífið hérna aðeins byrjun er
til aðal-lífsins bak við mikla hafið
Nú far vel heimur, far vel jarðar lýður,
Nú fer ég glöð, mín ljóssins engill býður."

Jónas J. Danielsson.

The WINGOLD Catalog
ER NÚ TIL ÚTBÝTINGAR
Sýnir Alskonar Stór, seldar beint til notenda á lægsta verði. Vorar nýju tegundir af hitunar- og eldavélum er brenna allskyns eldsneyti, gerðar með nýtízku formi og með öllum nýjasta og bezta útbúnaði eru til sölu með ½ til ⅓ afsláttarverði frá annara stósala verði.
Beztu stór smíðað ár. Spara eldsneyti og vinna á gætlega. Abyrgstar að öllu leyti.
Plötustál fóðrað $1.75
Hard og lin kol - $9.50
Kol eða viðar ofn — $4.75
20 þuml. bakarofn, há hólf, Enamelérað vatnskassi — $33.85
Há hólf, 15 gal. vatnskassi-$24.95
Blá stál. há hólf vatnskassi-$37.75
Kaupið enga stó fyr en þér hafið séð vort undraverða tilboð. Verðlágar og svo eldviðar drjúgar sem frekast er mögulegt. Þeim er lýst í voru nýprentaða —
Nýrra STÓ "Catalog"
Vér ábyrgjumst fljóta og áreiðanlega afhendingu og lofum að taka stóna aftur, borga flutningsgjald báðar leiðir og skila yður andvirðinu, ef ekki ánægðir með kaupin. Sparið $5.00 til $40.00 á hverju kaupi. Kaupið beint frá oss og sparið verzlunarmanns gróðann. Hver einasta stó ábyrgst og 30 daga frí reynsla gefin hverjum kaupanda. Skrifið eftir nýja "Catalogue"-inu K.
The Wingold Stove Co., Ltd., 245 Notre Dame WINNIPEG, - - MAN.

ROBLIN HOTEL
115 Adelaide St. - - Winnipeg
Besta $1.50 á dag hús í Vestur-Canada. Keyrsla ókeypis milli vagnstöðva og hússins á nóttu og degi. Aðhlynning hins bezta. Viðskifti Íslendinga óskast. William Ave. strætisvagnarið fer hjá húsinu.
O. ROY, eigandi.

SPÓNNÝTT HÓTEL
ALGERLEGA NÝTÍZKU
Hotel Majestic
John McDonald, eigandi.
James St. West, Rétt vestan við Main St.
Winnipeg Telefón 4979
$1.50 á dag og þar yfir
Bandaríkja-snið
Alt sem hér er um hönd haft er af beztu tegund. Reynið oss.

MIDLAND HOTEL
285 Market St. Phone 3491
Nýtt hús, nýr húsbúnaður Fullar byrgðir af allskonar vönduðustu drykkjum og vindlum í hressingarstofunni. Gisting einn dollar á dag og þar yfir.
W. G. GOULD :: FRED. D. PETERS, Eigendur
WINNIPEG ::: ::: CANADA

Jimmy's HOTEL
Rétt á bak við Pósthúsið
Íslendingar ættu að reyna þetta gistihús. Í hressingarstofunni er sá eini íslenzki vínveitingamaður í Winnipeg.
James Thorpe, eigandi
Fyrrum eigandi Jimmy's Restaurant

The Dominion Bank
NOTRE DAME Ave. BRANCH Cor. Nena St.
Vér seljum peningaávísanir borganlegar á Íslandi og öðrum lönd.
Allskonar bankastörf af hendi leyst
SPARISJÓÐS-DEILDIN
tekur $1.00 innlag og yfir og gefur hæstu gildandi vexti, sem leggjast við innstæðufé 4 sinnum á ári, 30. júní, 30. sept. 31. desembr og 31. march.

g lét ekki sjást roða þann, er færðist yfir kinnar ins.

"Gott og vel! Gjarna fyrir mér. Þú ræður r sjálfur, Jóhannes", mælti frú Heilwig kuldalega. "Þú myndir samt ekki hafa þorað að láta afa þinn heyra þetta. — 'Staða læknisins er atvinna hans' — var hann vanur að segja, og hann bætti því við, að ekki dygði, að láta heimskulega viðkvæmni ráða gerðum sínum".

Að svo mæltu gekk hún í vondu skapi heim að húsinu, og ríkisstjórafrúin gekk á eftir henni við hlið prófessorsins. Hún þrýsti böggliunum fast að hjarta sér með reiðisvip, sem hún reyndi þó að gera eins yndislegan og unt var. — Í framdyrunum sneri prófessorinn sér við og leit út í garðinn. Rétt í því lyfti Felicitas barninu úr kerrunni til þess að bera það til og frá um garðinn eftir beiðni þess. Það hefði mátt imynda sér, að hin unga stúlka, jafn fínbygð og hún var, mundi hnígna niður undir byrði sinni, þegar barnið tók höndum um háls henni og hún lyfti því upp. — Prófessorinn gekk strax út í garðinn aftur.

"Ég hefi nokkrum sinnum fyrir boðið yður að bera barnið, — það er of þungt fyrir yður", sagði hann reiðulega. "Hefir Friðnika ekki sagt yður, að biðja Hinrik um að hjálpa yður, ef þér þurfið þess með?"

"Því hefir, hún gleymt, — svo er Hinrik ekk heima sem stendur".

Prófessorinn tók barnið og lét það í vagninn aftur, um leið og hann gaf því ofanígjöf fyrir óþægðina. svipur hans var nú reiðuglegri en nokkru sinni áður. — Felicitas mundi, ef öðruvísi hefði staðið á, hafa snúið við honum bakinu og látið gremju hans sig engu skifta, en nú var hún orsök í skapstygð hans: Hún hafði með söng sínum truflað hann. — Ef til

vill hafði hann verið að hugsa eitthvað nýtt upp, er efia mundi lækníslistina? Þó henni félli það afarilla, fanst hana hún mega til að tala við hann, — hún gat ekki borið þá byrði lengur, án þess að afsaka sig. Hún mátti ekki láta hinn þunghúna svip hans skelfa sig. Henni kom það vel, að þurfa ekki að horfa framan í mótstöðumann sinn, því hann beygði sig yfir vagninn og var enn þá að tala við Önnu litlu.

"Ég bið yður að fyrirgefa mér, að ég truflaði yður með söng minum", mælt hún brosandi. — Hann leit snögglega upp, — hinn biðjandi, inndæli hreimur í rödd hennar hafði undarleg áhrif á hann, og honum var líka svonýtt að heyra hann. — "Bara að þér vilduð trúa mér", bætti hún við enn þá blíðari, "að ég hafði enga hugmynd um, að þér væruð heima".

Þegar litla stúlkan heyrði sönginn nefndan, mintist hún tára Felicitas —: "Skæmi frændi! Vesalings Karólína var að gráta!" sagði hún og steytti litla hnefann framan í hann.

"Segir barnið satt, Felicitas?" spurði hann fljótlega.

Hún svaraði ekki spurningunni, en sagði: "Mér féll svo illa, ef þér hélduð — —"

"Að ég héldi, að þér vilduð láta fólk heyra söng yðar", tók hann fram fyrir henni og brosti ofurlítið — "Nei, þér getið verið alveg rólegar, hvað það snertir. Þó ég vilji álíta yður bæði hefnigjarna og ósáttfúsa, — þá er ég viss um, að þér hafið enga löngun til að þóknast öðrum. Nei, því væri mér ó möguleegt að trúa, þó ég væri allur af vilja gerður. — Ég bað yður um að hætta, ekki eiginlega af því, að þér truflaðuð mig, heldur af því, — já af því, að ég gat ekki hlustað á söng yðar, — en það sær yður nú víst stórkostlega mikið?"

Felicitas hristi brosandi höfuðið.

"Nú, það var þó skynsamlegt. — En nú ætla ég að segja yður nokkuð. Hann laut niður og leit fast í augu hennar: "Söngurinn yðar í dag hefir birt mér leyndarmál það, er þér hafið haldið svo vel leyndu"..

Felicitas varð dauðhrædd. Skyldi hann hafa komist að samveru Cordulu og hennar? Hún fann sjálf, hvernig blóðið streymdi fram í kinnar hennar, og hún leit hrædd og vandræðaleg til hans.

"Nú veit ég, hvers vegna þér viljið ekki þiggja aðstoð okkar í framtíðinni", mælti hann ennfremur. — "Auðvitað ráðum við ekki yfir þeim verkahring, er þér ætlið yður að lifa og starfa í: Þér ætlið til leikhússins".

"Nú getið þér ekki rétt til", mælti hún í föstum róm, og auðséð var, að henni létti um hjartarætur-nar. — "Þó ég álíti það háleitt hlutverk, að leiða í ljós hin miklu meistarverk frægra tónskálda. þá mun ég ekki hafa kjark til þess. — Ég er feimin, og mun aldrei þora, að koma fram fyrir fjölda fólks, — ber heldur ekki það traust til sjálfrar mín og hæfileika minna, að ég nokkurn tíma láti uppi alt það sem ég gæti. — Til þess líka að leysa þetta hlutverk vel af hendi útheimtist sérstök kunnátta í þeirri grein, og hana öðlast ég aldrei".

"Það væri þó fullkomlega á yðar valdi".

"Einmitt þess vegna. Frá því ég var barn, hefi ég imyndað mér, að sönglistin yrði ekki lærð, eins og maður lærir að lesa og skrifa, — heldur væri líkt ástatt með hana og kenningu Jesú Krists: — að maður öðlast þá gjöf af guðs náð. — Þessa barnslegu hugmynd mína vil ég halda mér fast við. — Að það sem getur komið mér til að gráta og það, sem hrífur hjarta mitt meir en nokkuð annað, skuli standa á pappírnum í þóttum nótnaröðum og eftir vissum reglum, — það spillir allri þeirri nautn, er ég hefi af

sönglistinni. Það hefir álíka áhrif á mig eins og þegar ég hugsa til þess, að undir fögru mannsandlíti hylst hauskúpa. — Mig langar ekkert til að þekkja inekar inn í hina leiðinlegu samsteypu".

"Þarna koma nú strax í ljós lyndiseinkunnir yðar, er setja sig upp á móti öllu því, er við kemur lögum og vanalegum reglum", mælti hann önuglega. Hann hafði samt með sýnilegum áhuga hlustað á orð hennar. — Ég hafði þá rangt fyrir mér? Og hinn auðsjáanlegi ótti yðar um, að leyndarmál yðar væri uppvíst, var óþarfur", sagði hann eftir stutta þögn og var hastur í máli. — "Það er víst merkilegt leyndarmál. Það liggur við, að mig langi til að heita rétti mínum, sem umsjónarmaður yðar, og skipa yður að segja mér, hvað þér ætlið fyrir yður".

"Það hefði enga þýðingu, ég myndi ekki segja yður það", svaraði hún rólega. "Þér hafið sjálfur gefið mér leyfi til að ráða mér sjálf að tveim mánuðum liðnum".

"Já, já, — því er nú ver og miður, að ég gerði það", mælti hann óánægjulega. "En samt sem áður finst mér, vægast sagt, nokkuð ofdyrfskufult af yður jafn-ungri, að vilja einar gera út um ef til vill þýðingarmikið spor, er hefði áhrif á alla framtíð yðar, — án þess að vilja þiggja ráð og aðstoð hinna, sem eldri eru. — Setjum svo, að þér ætlið að stiga hið þýðingarmesta spor, er konan getur stigið, — nefnilega að ganga í hjónabandið".

"Ef svo væri, þá yrði umsjónarmaður minn hinn síðasti, er ég bæði um ráðleggingu", mælti Felicitas eldrauð í framan. — "Ég væri nú gift, og það ómerkilegum manni, er ég hefi andstygð á, ef — ég væri ekki svo ofdyrfskufull, að vilja sjálf ráða mestu um forlög mín. — Þér heðuð víst sagt já og amen við hinu svo nefnda heiðarlega tilboði Welners, ef ég

Trúarjátningarnar og kenningarfrelsi presta

Eftir Harald Níelsson.

(SKÍRNIR)

(Framhald).

Um langan tíma voru þessar þrjár trúarjátningar taldar að hafa hlotið algilda viðurkenning allar kristninnar (álitnar "ökúmenískar"). Nú vita menn að þetta verður hvorki með réttu sagt um Aþanasíusar-játninguna, né heldur um hina niceno-konstantínopolitönsku. Þær hafa aldrei hlotið viðurkenningu. Hitt er álíta mál, hvort postullega trúarjátningin á það nafn skilið. Sumir halda því fram, sumir neita því. En vegna þess að haldið var, að þær hefðu hlotið slíka allsherjar viðurkenning í allri kristninni, eingöngu þess vegna voru þær síðar í svo miklum heiðri hafðar.

Þegar siðbótin hófst, varð Lúter og samverkamenn hans að gera glögga grein fyrir skilningi sínum á kristindómínum í þeim miklu trúmáladeilum, sem þá voru háðar. Hann lýsti því yfir, að hann játaðist undir þessar 3 trúarjátningar katólsku kirkjunnar. En auk þess samdi hann og menn hans sérstök rit, er síðar urðu trúarjátningar lútersku kirkjudeildarinnar. Af þeim hefir danska kirkjan, sem kunnugt er, játað sín játningarrit að eins: Ágsborgarjátninguna og Fræði Lúters hin minni *). Ágsborgarjátninguna, er jafnan hefir talin verið merkasta trúarjátning kirkjudeildar vorrar, samdi Melanchton með samþykki Lúters. Var hún lögð fram á ríkisþinginu í Ágsborg 1530 og afhent keisaranum á latínu og þýzku. Hún kom fram sem sáttatilboð af hendi Lúterstrúarmanna, og leggur því af ásettu ráði áherzlu á hina sameiginlegu trú, þeirra og kaþólskra manna. Siðbótarmenn hafa í riti þessu farið eins langt og þeir frekast gátu til samkomulags við Páfatrúarmenn. Melanchton gaf játninguna út árið 1531 og síðar oftar, og gerði á henni smávægilegar orðabreytingar, er allar áttu að miða til þess, að gera hana sem skiljanlegasta og ljósasta. En efnisbreyting töluverð var gerð á útgáfunni, er kom út 1540 þá breytti Melanchton einkum 10. greininni, sem er um kveldmáltíðarsakramentið. Fór sú breyting í þá átt, að jafna að nokkru leyti yfir mismun þann, er var á skilningi Lúters og þeirra Zwingli og Calvins, eða endurbættu kirkjunnar. Melanchton var friðsemdarmaður meiri en Lúter, og vildi gjarnan reyna að koma sem mestu samlyndi á. En Lúter líkaði breytingin illa og hún varð síðar mikið deiluefni. En fyrst framan af var enginn munur gerður á útgáfum játningarinnar. En þegar ágreiningurinn síðar varð enn meiri meðal lútersku kirkjudeildarinnar og hinnar endurbættu, þá afneituðu Lúterstrúarmenn breyttu játningunni (Confesso variata). Það var og Ágsborgarjátningin óbreytt, sem viðurkenningu hlaut í Danmörku með lögum Kristjáns V.

Af þessu stutta yfirliti yfir sögu trúarjátninganna, geta allir séð, að þær eru til orðnar sem vitnisburður eða yfirlýsingar frá kirkjunni (eða einstökum kirkjudeildum) um það, hverju hún trúi og hvað hún kenni. En mjög er það mismunandi, hve hátt undir höfði kirkjudeildirnar gera þeim. Kaþólska kirkjan setur þær jafnhliða heilagri ritningu- og þó í raun og veru hærra ritningunni, því ekkert það má fá út úr ritningunni, sem kemur í bág við trúarjátningar þeirrar kirkjudeildar. Alt öðru máli er að gegna um lútersku kirkjuna, því að siðbótarmennirnir afsögðu gersamlega, að gera nokkuð að dómara yfir trúarskoðunum sínum nema heilaga ritningu eina. Þeir neituðu því fullgildi (autoritet) játningarritanna, nema að svo miklu leyti, sem þau væru samkvæm ritningunni.

Hve frjálslyndur Lúter sjálfur var í þessu efni, sést bezt á því, að hann hélt því fram, að sér væri heimilt, án þess að vera talinn villutrúarmaður, að hafna sjálfu aðalorði niceno-konstantínopolitönsku trúarjátningarinnar um Krist: homoúsios (þ. e. að Kristur sé "sönnu veru" sem faðirinn), með því að það væri veraldlegt og óbiblíulegt. Og um orðið þrenning, sem er aðalorð in þriðju trúarjátningarinnar, kvað þar, sá sem nú er, prófessor P. Madsen, gætinn maður mjög og af flestum talinn íhaldssamur.

Hin svonefnda rétt-trúnaðarstefna (orthodoxismus) mun nú aldaða í Norðurálfunni, en á enn griðland sumstaðar í Norður-Ameríku, þótt undarlegt megi virðast, þar sem frikirkja er ráðandi. Nafnkendust er þar Missouri synódan, sem streyzt hefir við að koma upp aftur rómmustu íhaldsskoðunum 17. aldarinnar í þessu tilliti. Og þótt ótrúlegt megi virðast, hefir líkur hugsunarháttur náð einhverri fótfestu meðal Íslendinga í Vesturheimi. Að minsta kosti á séra Jón Bjarnason þar helzt heima nú, ef marka á honum heim ilisfang eftir fyrirlestrinum, er hann hélt á kirkjuþinginu í sumar (Gildi trúarjátninganna).

Þegar rétt-trúnaðar tímabilið var liðið hjá innan lútersku kirkjunnar, kom heittrúarstefnan (Pietismínn). Hún gerði fremur lítið úr játningarritunum, og skynsemistrúarstefnan (Rationalismínn) enn minna. Þeirri stefnunni hætti við, að lenda í mótsettum öfgum: að neita því, að játningarnar ættu að nokkuru leyti að segja til vegar.

Til þess að komast hjá báðum þessum öfgum, hafa menn þegar fyrir löngu sett fram þá meginsetningu, að játningarritin eigi að vera regla eða mælisnúra fyrir kenninguna, af því að þau séu samróma heilagri ritningu í aðalatriðunum, og þó að eins svo langt út í aukaatriðin, sem unt sé að sanna samræmið við ritninguna (quia et quatenus cum sacra scriptura consentiunt). Og nú á tímum leggja menn aðaláherzluna á seinna atriði þessarar setningar ("svo langt"). Hitt atriðið sé hver tími fær að reyna sjálfur, hvort játningarritin í aðalatriðunum séu samróma ritningunni. Og þar kem ur skilningurinn á ritningunni sjálfri mjög til greina, og hann hefir tekið miklum breytingum síðan er játningarritin voru samin. Í fornkirkjunni var hin óeiginlega (allegoriska) bibliuskýring ráðandi, og þá mátti nú flest teygja út úr hinni helgu bók. En þótt siðbótarmennirnir afneituðu þeirri skýringar-aðferð, voru þeir eigi komnir nærri því eins langt í því, að geta litið fullkomlega eðlilega og hlutlaust á gildi ritningarinnar, eins og menn gera nú í flestum kirkjudeildum mótmælenda. Þá voru bibliurannsóknir síðari tíma óþektar, og þá var hin merkilega textarannsókn nýja testamentisins ekki byrjuð. En þetta hvorttveggja hefir átt mikinn þátt í því, að gerbreyta skoðunum manna á innblásturs-kenningunni. Áður héldu menn, að biblían sjálf væri guðinnblásin, svo að hvert rit hennar væri óskeikult og hún öll í heild sinni. Á þeirri skoðun stóð Ágsborgarjátningin. Nú er sú skoðun gersamlega fallin, og engum, sem af samvizkusemi hefir kynt sér bibliurannsóknir 19. aldarinnar, kemur til hugar að tala um innblástur í öðrum skilningi en þeim, að hinir helgu rithöfundar sjálfir hafi verið innblásnir, — menninirnir, en ekki ritin. Og þá ber þess vel að gæta, að þeim innblæstri þurfi alls ekki að fylgja fullkomnar óskeikulleiki, eins og áður var haldið fram. Slík innblásturskenning er líka sú eina, sem hugsandi menn nútímans geta aðhylst. Þ[illegible] heimta menn sálarfræðislega skýring á fyrirbrigðum trúarlífsins *). Og í því efni hafa vorir tímar komist lengra en nokk ur umliðin öld. Og sú framför er ómetanlegur gróði trúarbrögðunum og trúarlífinu, og hlýtur að verða kirkjunni til mikillar blessunar. Sálarrannsóknir síðari tíma varpa nýju ljósi yfir margt í bibliunni, sem áður var mönnum lítt skiljanlegt og margir áttu hvað erfiðast með að trúa.

En ef bæði bibliurannsóknirnar og þekkingin, sem nú er fengin og sem óðast að fást á sálarlífi mannanna, hjálpar oss til að skilja ritninguna betur en kynslóðirnar hafa haft tæki á, þær er voru á undan oss, þá nokkurt vit í því, að láta játningarrit fyrri alda binda skilning voru á ritningunni? Slíkt væri að afneita meginreglu siðbótarinnar og leggja fjötur á hugsunarfrelsið og sannleikann. En hið ógleymanlega æfistarf Lúters var ekki hvað minst í því fólgið, að ryðja braut algerðu hugsunarfrelsi. Hann hélt því fram, að hver einstaklingur yrði að sannfærast um sannleikann fyrir sannleikans eigin mátt. Sannleikurinn yrði aldrei fyrir'ram ákveðinn af neinu fullveldi. Hvorki páfi né biskup né nokkur maður ætti með að leggja á kristinn mann svo mikið sem eina samstöfu án hans samþykkis. Lúter var berorður, eins og kunnugt er, og hann skóf ekki utan af því, karlinn. Einu sinni komst hann svona að orði: "Sérhver kristinn maður á rétt á að afla sér skilnings á sannleikanum og dæma um hann, já, á svo mikinn rétt á því, að hver sá, er skerðir þann rétt agnarögn, hann veri bölvaður". *) Hann skildi fullkomlega orð Páls postula: Reynið alt og haldið því sem gott er.

Þegar ég var við háskólann í Kaupmannahöfn, var því haldið að oss, lærisveinunum, af hinum gætna trúarfræðiskennara, er ég að framan nefndi, að jafnvel sumar kenningarnar í Ágsborgarjátning sjálfri væru athugaverðar. Nefndi hann þar til 17. og 9. gr. hennar. En 17. greinin er um endurkomu Krists til dómsins. Þar er eigi að eins hinni hörðustu útskúfunarkenningu haldið fram (að hinir fyrirdæmdu eigi að þola endalausar kvalir), heldur er og þúsundáraríkis-kenningunni algerlega afneitað. Hin greinin, sem prófessor Madsen áleit athugaverða, 9. gr., er um skírnina. Niðurlagsorð hennar eru þessi: "Þeir (þæ. lútersku söfnuðirnir) áfellast Endurskírendur, sem neita barnaskirninni og fullyrða að börn geti orðið sáluhólpin án skírnar". Þessi orð hafa verið svo skilin af sumum, að það sé kenning Ágsborgarjátningarinnar, að öll börn glatist, er deyja óskírð. Þeir, sem þann skilning aðhyllast, styðja mál sitt með því, að vitna í 2. grein sömu játningar. Þar er því haldið fram, að erfðasyndin leiði eilífan dauða yfir þá, er eigi endurfæðist fyrir skírnina og náðarverkanir heilags anda. Og nú virðast óskírðu börnin hljóta að lenda í þeim flokki manna. En hvort sem þetta er hinn rétti skilningur á orðum Melanchtons eða ekki, þá er hitt víst, að lúterska kirkjan hefir hafnað slíkri kenningu. Jafnvel rétt-trúnaðar guðfræðingar 17. aldarinnar höfnuðu henni. Og hafi þetta verið skoðun Melanchtons og Lúters, þá er Ágsborgarjátningin var samin, hafa 17 aldar trúfræðingar að þessu leyti verið vaxnir upp úr Ágsborgarjátningunni. Melanchton var sjálfur að nokkuru leyti vaxinn upp úr henni Á því sést bezt, að hann áleit hana ekki óskeikula og alfullkomna. Eftir fáein ár hafa skoðanir hans breyzt svo, að hann breytir henni í nökkurum atriðum. Án þeirra breytinga hefir honum ekki lengur fundist hún rétt játning sinnar trúar. Hvað mundi honum þá hafa fundist, ef hann hefði getað lifað fram á þennan dag og andi hans haldið áfram að þroskast um öll þau mörgu ár hér í tímanum?

En ef vér að sjálfsögðu verðum að neita því, að láta Ágsborgarjátninguna binda skilning vorn á ritningunni, svo meistaralega, sem hún þó er samin, þegar þess er gætt, hvernig þá horfði við, hversu miklu síður geta þá gömlu trúarjátningarnar gert það? Sá hugsunarháttur og rökfærsla og þekking, sem þær eru reistar á, liggur oss enn þá miklu fjær. Af þessu verður það bersýnilegt, að það er að eins andi játningarritanna og aðalstefna, sem getur verið oss til leiðbeiningar, annað ekki.

Fróðlegt er að líta á, hvert gildi játningarritin eru látin hafa í framkvæmdinni, t. d. hjá Dönum, þeirri nágrannaþjóð vorri, sem vér höfum flesta hluti tekið eftir alt til þessa. Þar er svo ákveðið með lög um, eins og hjá oss, að prestarnir eigi í kenning sinni að fara eftir játningarritum þjóðkirkjunnar. En sú venja hefir komist á, að beita þeim lögum örsjaldan eða sama sem alls ekki.

Fyrir nokkurum árum kom það fyrir, að prestur einn innan dönsku þjóðkirkjunnar neitaði kenningunni um eilífar kvalir útskúfaðra, og lagði eigi þá afneitun sína í lágina, heldur barðist fremur fruntalega fyrir skoðun sinni. Var hann kærður og ráðaneytið skaut málinu undir dóm kirkjuráðsins, en í því sátu allir 7 biskupar landsins, ásamt tveim prófessorum háskólans (annar lögfræðingur, hinn guðfræðingur). Eigi vildi kirkjuráðið láta víkja prestinum úr embætti fyrir skoðanir þær, er hann hefir flutt, heldur veita honum áminning fyrir þá æsingar aðferð (den agitoriske Form), er hann hafði beitt, þrátt fyrir undangengna viðvörun. Hitt áleit kirkjuráðið í sjálfu sér ekki óleyfilegt þjóðkirkjupresti, að hafa þessa skoðun hans á útskúfunarlærdómi Ágsborgarjátningarinnar, og halda henni fram á hóflegan hátt.

Kunnugt er og, að ýmsir merkir menn dönsku kirkjunnar á síðustu öld, hafa í einstökum atriðum haft skoðanir frábrugðnar játningarritunum. Má þar fyrst og fremst nefna jafnmikla ágætismenn og biskupana Mynster og Martensen. Mynster vildi ekki samþykkja orðalag postullegu trúarjátningarinnar í einu atriði. Hann neitaði upprisu holdsins, en vildi í stað þess hafa: upprisa líkamans (sbr. orð Páls postula: náttúrlegum líkama er niður sáð, en upp rís andlegur líkami, 1 Kor. 15, 44). Martensen vildi fara miklu vægar í útskúfunar kenningunni en Ágsborgarjátning gerir, áleit að minsta kosti eigi rétt að halda slíku fram nema sem möguleika. (Sbr. ummæli ritstjóra Kirkjutíðindanna, I. árg., bls. 87—8: hinn hræðilegi möguleikí).

Yfirbiskup dönsku kirkjunnar, sem nú er, Skat Rördam, hefir á prenti látið þess getið, að í tveimur atriðum sé hann ósamdóma játningarritum dönsku kirkjunnar, sem sé kenning Ágsborgarjátningar um það, að aflausnin sé sakramenti, og þessum orðum í Fræðunum: "og á efsta degi mun hann (þ. e. heilagur andi) upp vekja mig og alla dauða.

Hinn nafnkunni prestur, Vilhelm Beck neitaði því, að syndafyrirgefning veitist í kveldmáltíðar sakramentinu, sem þó er skýlaus kenning Fræðanna. Og margir prestar í Danmörku fylgja í því at riði, að sögn, skoðunum hans.

Einn þeirra danskra presta, er mestrar virðingar nýtur þar í landi sem ágætisprestur, er Otto Möller. Hann hefir ritað bók um endurlausnarlærdómann og neitar þar friðþægingarkenning þeirri, sem hann segir að liggi að baki 3. og 4. grein Ágsborgarjátningarinnar.

(Niðurlag).

*) Almennast hafa þessi rit líka verið talin játningarrit íslenzku kirkjunnar En nokkur efi leikur á um það, hver játningarrit vor kirkja hafi viðurkent að lögum. En með því að hin evangelísk-lúterska kirkja er þjóðkirkja á Íslandi samkvæmt stjórnarskránni, mun sennilegt að líta svo á, að hún kannist við Ágsborgarjátninguna og Fræði Lúters hin minni sem sín játningarrit.

*) Tekið eftir bók prófessors V Ammundsens: Den unge Lúter København 1907,

*) Þessu til sönnunar skal ég leyfa mér að benda á ritgerð um sýn Páls postula á leiðinni til Damskus í sænska tímaritinu "Kristendomen och vaar tid". — Tímaritið er gefið út og stutt af mörgum helztu guðfræðingum Svía. Þar er meðal annars komist svo að orði:

"Það er eitt af einkennum andlegs lífs nú á tímum, að vilja skilja það, sem kemur trúarbrögðunum við, í samræmi við eðli sálarlífsins. Áður létu menn sér nægja úrskurð trúfræðinnar, en nú sætta menn sig ekki lengur við hann einan. Menn vilja fá verulegt ljós, það ljós, sem jafnframt varpar birtu yfir sálarlífið sjálft". (Aarg. III. 1908, heft. 5, bls. 148).

*) Sbr. V. A.: Den unge Luter, bls. 77—78.

TILKYNNING.

Þar eð um 20 Íslendingar hér í þessari litlu bygð ganga nú undir nafninu "Johnson", og þar eð þetta samnefni jafn margra manna sem flestir hafa sama pósthús, hefir valdið talsverðum vanskilum á bréfum og bréfum með Johnsons utanáskrift, — þá gef ég hér með vitundar, að ég breyti nafninu Stefán Johnson í undirskrifað nafn og óska eftir, að verða nefndur því hér eftir.

Churchbridge, 18. des. 1908.

Stefán Valberg.

HEIMSKRINGLU og TVÆR skemtilegar sögur fá nýir kaupendur fyrir að eins $2 00.

James Flett & Co.
PLUMBERS
Leiða Gas- Vatns- og Hitapípur í hús yðar, fyrir sanngjarnt borgun. Verk vandað, fljótlega gert og ábyrgst.
572 Notre Dame Avenue
Telephone nr. okkar er 3380,eða 6539.

Jóla "Turkey"
Komið og skoðið þær hjá oss Vér höfum mikið úrval af jóla "Turkeis", Gæsum, Hænsum, sömuleiðis höfum vér ýmsar aðrar tegundir af ágætu kjöti handa yður til hátíðanna.
C. G. JOHNSON
Telefon 2631
301 SHERBROOKE ST.

Stefán Johnson
Horni Sargent A[illegible] og Dow[illegible]g St
HEFIR ÁVALT TIL SÖLU
Nýjar Áfir
Beztu í bænum, ágætar til bökunar. 15c gallon

Með því að biðja sérlega um "T.L. CIGAR," þá ertu viss að fá ágætan vindil.
T.L.
(UNION MADE)
Western Cigar Factory
Thomas Lee, eigandi Winnipeg

Redwood Lager og Extra Porter
Styrkið taugarnar með því að drekka eitt staup af öðrum hvorum þessum ágæta heimilis bjór, á undan hverri máltíð. — Reynið !!
EDWARD L. DREWRY Manufacturer & Importer Winnipeg, Canada.

Department of Agriculture and Immigration.
MANITOBA
Þetta fylki hefir 41,169,089 ekrur lands, 6,019,200 ekrur eru vötn, sem veita landinu raka til akuryrkjuþarfa. Þess vegna höfum vér jafnan nægan raka til uppskeru tryggingar.
Ennþá eru 25 miliónir ekrur óteknar, sem fá má með heimilisrétti eða kaupum.
Íbúatala árið 1901 var 255,211, nú er hún orðin 400,000 manns, hefir nálega tvöfaldast á 7 árum.
Íbúatala Winnipeg borgar árið 1901 var 42,240, en nú um 115 þúsundir, hefir meir en tvöfaldast á 7 árum.
Flutningstæki eru nú sem næst fullkomin, 3516 mílur járnbrauta eru í fylkinu, sem allar liggja út frá Winnipeg. Þrjár þverlandsbrauta lestir fara daglega frá Winnipeg, og innan fárra mánaða verða þær 5 talsins, þegar Grand Trunk Pacific og Canadian Northern bætast við.
Framför fylkisins er sjáanleg hvar sem litið er. Þér ættuð að taka þar bólfestu. Ekkert annað land getur sýnt sama vöxt á sama tímabili.
TIL FERDAMANNA:
Farið ekki framhjá Winnipeg, án þess að grensl[illegible]st um stjórnar og járnbrautarlönd til sölu, og útvega yður fullkomnar upplýsingar um heimilisréttarlönd og fjárgróða möguleika.
R. P. ROBLIN,
Stjórnarformaður og Akuryrkjumála-Ráðgjafi.
Skrifið eftir upplýsingum til
Joseph Burke, 178 LOGAN AVE., WINNIPEG.
Jas Hartney, 77 YORK ST., TORONTO.

PIANOS FYRIR JÓLIN

VERJID peningum yðar fyrir eitthvað sem hefir varanlegt gildi og áhrif til góðs Fé sem varið er í það sem fljótlega eiðist, er á glæ kastað.

New Scale Williams Píanó

endist í 40 ár með góðri meðferð. Það stendur yður til boða, og ef þér leitið að gæðum, þá er þetta hljóðfærið sem þér ættuð að kaupa.

$1000 i GULLI

borgum vér fúslega til hvaða líknastofnunar sem er í þessari borg ef nokkur Canadiskur Píanó-smiður smíðar betra Píanó.

BRÚKUÐ PÍANÓS

Vér höfum ætíð til sölu ýms Píanó sem vér höfum tekið í skiftum fyrir New Scale Williams Verð frá $75.00 og þar yfir,

Vægir Kaupskilmálar.

Í núverandi byrgðum höfum vér ýms vel þekt hljóðfæri, svo sem "Weber," [N.Y.] "Gerhard Heintzman," "Mason & Risch," "Kronich & Bach" og "Haines Bros."

BÚÐIN ER OPIN Á HVERJU KVELDI TIL JÓLA.

CROSS, GOULDING & SKINNER LTD.
323 PORTAGE AVENUE.
Nálægt Hargrave St.

— THE —
Oxford
"Second Hand" Fata félagið.
532 NOTRE DAME

Úrvals föt fyrir karla og konur.
Allskonar Fatnaður keyptur og seldur.

MUNIÐ: 532 Notre Dame Ave., vætt við Spence St.

Íslenzki Conservative Klúbburinn

hefir engar spila eða taflsamkomur á föstudagskveldið í þessari eða næstu viku, sem eru Jóla- og Nýársdagar. En á mánudagskveldið milli Jóla og Nýárs verður samkomusalur klúbbsins opinn svo meðlimir geti mætt og skemt sér þar. — En mánudagskveldið næsta eftir Nýár, þann 4. janúar 1909, verður kappræða um þýðingarmikið velferðarmál. Ræðuefni og fram sögumenn verða auglýstir í næsta blaði.

SAMKOMA OG DANS

undir umsjón ungra pilta úr
Stúkunni Skuld

verður haldin í efri Goodtemplarasalnum 5. JANÚAR næstk. — Gott prógram og góður dans áþyrgst öllum, sem sækja þessa samkomu.

Program

Víolin Solo: Th. Johnson.
Ræða: B. L. Baldwinson.
Cornet Solo: Carl Anderson.
Piano Solo: Miss Louise Thorláksson.
Piano Solo: Miss Ellen Johnson.
Recitation: Mrs. S. Vatnsdal.
Vocal Solo: Mr. Sproule.
Piano Solo: Miss Ellen Johnson.
Piano Solo: P. Johnson
Violin Solo: Th. Johnson.
Vocal Solo: A. J. Johnson.
Vocal solo: Mr. Sproule.

Dansinn byrjar kl. 10, og Kapptafl, Pedro, og Checkers á milli stúknanna Skuldar og Heklu fer fram uppi á pallinum, og $1.00 verðlaun verða gefin þeim, sem vinna sigur, hverjum um sig.

Th. Johnson spilar fyrir dansinn.

Kaffi verður selt alt kveldið í herberbjunum inn af salnum.

Inngangur að eins 25c.

Byrjar kl. 8.

21. Árs AFMÆLI Stúkunnar Heklu.

Á NÝÁRSDAG kl. 8 síðd. heldur stúkan Hekla skemtisamkomu í Goodtemplara húsinu,—21. ars afmæli Stúkunnr.

PROGRAM:

Ávarp forseta.
Söngflokkurinn.
Ræða....séra F. J. Bergman
Söngflokkurinn.
Kvæði ..... H. Magnússon
Allir syngja: ["Það er svo tæpt að trúa heimsinsglaumi']
Minni Ísl.....Kr. Stefánsson
Söngfl.
Upplestur, Þorst Þorsteinss.
Sólo ..... Gísli Jónsson.
Minni Heklu: B. Magnússon.
Söngflokkurinn.
Recitation..... Lítil Stúlka.
Sólo.....Gísli Jónsson
Upplestur....M. Magnússon.
Söngflokkurinn.
"Stóuverkurinn"— lítill gamaan leikur.
Kaffi veitingar. Grank March Byrjar á slaginu kl. 8.

Kostar ein 25c.

Sjerstakt!

GEMSASKINNS-FÓÐRAÐIR (Chamois Lined)

YFIRFRAKKAR

búnir til eftir máli fyrir yður, fyrir

$40

Gerðar úr bezta Isaac Cars Meltonsklæði og áþyrgst fullkomlega að efni, vinnu, áferði og sniði —

Ef það kemur frá Clement's þá er það akkurat.

Geo. Clements & Son
Stofnað árið 1874
264 Portage Ave. Rétt hjá Free Press

"Hvað að borða og hvar skal fá það".

VITUR MAÐUR

Vér höfum lítið að segja, en það sem vér segjum segjum vér "beint út". Vér óskum að þér komið til okkar þegar þér farið að kaupa haust eða vetraskófötin ykkar Þá verður ekki hvað ódýrt þú getur keypt föt búin til eftir máli fyrir eu þú kemur og talar við oss. —

McFarlane & Cairns
SKREDDARAR
335 Notre Dame Aðrar dyr vestan Wpg. Leikhúsið.

ÉG HEFI KEYPT ÚT KJÖTVERZLUN

herra Christjáns Oleson's á Notre Dame, og óska viðskifta allra þeirra sem áður verzluðu við hann. Gott kjöt og sanngjarnt verð.

A. E. COOPER,
666 Notre Dame Ave. Telefón 6906

Stefán Guttormsson,
Mælingamaður
663 AGNES STREET. WINNIPEG.

Til fullkomnustu tryggingar Vátryggið fasteignir yðar hjá The

St. Paul Fire & Marine Ins. Co.

Eignir félags. eru yfir 5 millión dollars. Skaðabætur borgaðar af San Francisco eldinum 1¼ mill. SKULI HANSSON & CO., 55 Tribune Bl'g., Phone 6476, eru sérstakir umboðsmenn.

E. S. Miller Limited
Aðal umboðsmenn
PHONE 2083 219 McINTYRE BLK.

Dr. G. J. Gislason,
Physician and Surgeon
Wellington Blk. - Grand Forks, N.Dak

Sjerstakt athygli veitt AUGNA, EYRNA, KVERKA og NEF SJÚKDÓMUM.

Miss Jóhanna Ólson, Piano Teacher
557 Toronto Street

Drs. Ekern & Marsden,

Sérfræðislæknar í Eftirfylgjandi greinum: — Augnasjúkdómum, Eyrnasjúkdómum, Nasasjúkdóm um og Kverkasjúkdómum, : :

Í Platky Byggingunni í bænum
Grand Forks, :: N. Dak.

J. G. Snidal, L. D. S.
ÍSL. TANNLÆKNIR
COR. MAIN & BANNATYNE
DUFFIN BLOCK PHONE 5302

A. S. BARDAL

Selur líkkistur og annast um útfarir. Allur útbúnaður sá bezti. Enfremur selur hann al skonar minnisvarða og legsteina.

121 Nena St. Phone 806

BILDFELL & PAULSON
Union Bank 5th Floor, No. 520
selja hús og lóðir og annast þar að lútandi störf; útvegar peningalán o. fl.
Tel.: 2685

Arena Rink

Skautaskemtun á hverju kveldi. Ágætt Music.

JAMES BELL, eigandi.

ARNI ANDERSON Íslenzkur lögmaður
Í félagi með
Hudson, Howell, Ormond & Marlatt
Barristers, Solicitors, etc.
Winnipeg, Man.
13-18 Merchants Bank Bldg. Phone 3621, 3622

BONNAR, HARTLEY & MANAHAN
Lögfræðingar og Landskjala Semjarar
Suite 7, Nanton Block, Winnipeg

Hubbard, Hannesson and Ross
LÖGFRÆÐINGAR
10 Bank of Hamilton Chambers
Tel. 378 Winnipeg

Woodbine Hotel
Stærsta Billiard Hall í Norðvesturlandinu
Tíu Pool-borð.—Alskonar vín og vindlar.
Lennon & Hess
Eigendur.

Boyd's Brauð.

Til þess að hafa ánægju af máltíðum yðar borðið Boyd's brauð. Engin önnur eru jafn góð. Þau eru létt og ljúffeng og hægmelt. Þau hafa einnig fulla vigt. Flutt heim til hvers kaupanda hvar sem þeir búa í Winnipeg-borg.

Boyd's

Bakery Cor Spence & Portage Ave
Phone 1030.

Antonio De Landro
SKÓSMIÐUR, horni Maryland & Wellington (Bak við aldinabúð.) Verk gott og verð rétt.

Fréttir úr bænum.

Þann 17. þ.m. voru gefin saman í hjónaband á Gimli þau herra Jón Josephson (sonur Josephs bónda á Melstað) og ungfrú Anna Erlendsdóttir Akraness, fósturdóttir herra Odds G. Akraness, að Hnausa P.O. Yfir 100 manns sátu þar veizlu mikla og var hún hin ánægjulegasta að öllu leyti, Brúðurin fékk margar verðmætar gjafir við þetta tækifæri.

Við nýafstaðnar kosningar í Gimli sveit náðu þessir kosningu:

Oddviti: John Heidinger, endurkosinn.

Meðráðamenn:
1. kjördeild, Sigurður Einarsson.
2. kjördeild, John Rick.
3. kjördeild, Michael Gottfried
4. kjördeild, Vencil Steininger.

Í fulltrúanefnd stúknanna Heklu og Skuldar fyrir næsta ár voru þessir kosnir:

Forseti Ástbjörn Eggertsson, ek.
Varaforseti A. S. Bardal.
Ritari Björn E. Björnsson.
Aðstoðarritari Ólafur Bjarnason
Gjaldkeri Kristján Stefánsson.
Meðstjórnendur: Guðm. Bjarnason, Sveinn Pálmason, Carl Anderson og Jóhannes Sveinsson.

Nýafstaðnar kosningar í Bifröst-sveit Kllu þannig:

Oddviti, Stephan Sigurðsson, kaupmaður að Hnausa.

Meðráðendur: — Í Mikley, Markús Doll. Í Árdals bygð Tryggvi Ingjaldsson.

Þeir Guðnasteinn Eyjólfsson og Oddur G. Akraness eiga og sæti í sveitarráðinu frá síðasta ári.

Vínbannslög fyrir Bifröst sveit voru samþykt með 28 atkvæðum umfram.

Herra Páll Guðnason, frá Baldur, Man., kom frá Mimir, Sask., í þessari viku. Hann hefir dvalið þar um tíma á heimilisréttarlandi sínu, en er nú á leið til Baldur, og býst við að verða þar í vetur. — Hann sagði inndæla tíð vestra og almenna velliðan.

Mrs. Rebesca Johnson, að 582 Young St., hefir afhent Heimskringlu $10.00 jólagjöf til Almenna spítalans hér í bæ. Vel og rausnarlega gert.

Í þessu blaði auglýsa þeir herrar MASON & RISCH sín alþektu Pianos, sem mælt er að fengið hafi all-mikla útbreiðslu um alt Norðvesturlandið ekki síður en Austur-Canada. Mason & Risch gafa lengi verið velþektir Piano smiðir, og vandvirkni þeirra viðbrugðið. — Í sölubúð þeirra, 356 Main St., eru sýnishorn af öllum þeirra Piano tegundum. Þar er og þjónandi herra W. Alfred Albert, ungur og lipur Íslendingur, sem sinnir Íslendingum, þegar þeir koma í búðina. Sjálfir óskar félagið, að sem flestir samlandar hans vildu skoða vörur þess áður en þeir ákveða um Piano kaup annarstaðar.

Nýafstaðnar kosningar í Gimli bæ fóru þannig:

Bæjarstjóri Jóhannes Sigurðsson endurkosinn.

Meðráðendur: Stephan Eldjárns son, ritari, Benedikt Freemanson, Joe Hanson og Björn Bjarnason.

Í Selkirk bæ var landi vor herra Bjarni Dalmann, kosinn í bæjarstjórn. En vínbannslaga frumvarpið fóll þar.

Í þessu blaði auglýsir NORDHEIMER PIANO OG MUSIC félagið, sem hefir Piano og Music sölu, að 313 Portage Ave, hér í borg. Þetta félag verzlar með vöru, sem um langan aldur hefir verið í miklu álíti í Canada. Samfara nafninu "Norðheimer" er traust landsbúanna á gæðum þeirra hljóðfæra, sem félagið smíðar. — Nú býður félag þetta lesendum sínum kostaboð um hátíðarnar, en biður þó engan að kaupa óséð. Félagið óskar eftir íslenzkum umboðsmönnum út um bygðir landa vorra, og vér teljum víst, að margir vilji verða til þess, að starfa fyrir jafn áreiðanlegt félag, og sem hefir svo góð hljóðfæri.

Mr. og Mrs. F. W. Dawson, 542 Maryland St. hér í bænum, lögðu af stað austur til Toronto á sunnudaginn var til að skemta sér þar um hátíðirnar. Þau verða í burtu 3—4 vikur.

Tamarac Cord fyrir $5.25, eða bezta Jack Pine Cord fyrir $4.35, ólúsið, þurt og beinhart, er ódýrari eldivður en Íslendingar eiga kost á að fá annarstaðar en hjá Heimskringlu. En peningar verða að fylgja hverri pöntun á skrifstofu blaðsins. Þá verður viðurinn sendur heim til kaupenda þeim að kostnaðarlausu. — Þeir, sem vildu sinna þessu áreiðanlega kostaboði, ættu að bregða við sem fyrst, eða síma 3512.

Í þessum mánuði voru þau Bergur Jónsson, frá Baldur, Man., og ungfrú Stefanía Stefánsdóttir (Sigurðssonar) hsðan úr bænum, gefin saman í hjónaband — af séra Fr. J. Bergmann. Heimili þeirra verður fyrst um sinn í Selkirk, Man.

Framfara Piano og Málvéla-Verzlun.

Allir þeir, sem koma þar í búðina til þeirra félaga CROSS, GOULDING & SKINNER, Pianosala að 323 Portage Ave., aðalumboðsmönnum "The New Scale Williams Piano", fá að sjá þar samsafn af fögrum hljóðfærum. — Þessir menn eru í alla staði áreiðanlegir' og hinir viðfeldnustu í öllum viðskiftum. — Þeir félagar selja og Málvélar af góðum tegundum, og aðrar Music nauðsynjar. Alt með sanngjörnu verði. — T. H. Hargrave annast um að sinna Íslendingum, er þangað koma í viðskifta erindum til New Scale William Piano félagsins.

Þeir Mr. Friðrik Sveinsson og Mr. Á. J. Johnson komu aftur til borgarinnar úr myndasýningarferð sinni um hinar blómlegu Íslendingabygðir í N. Dakota, á mánudaginn var. Þeir láta mjög vel yfir ferðíani. Landar þar syðra sýndu þeim hina mestu velvild. Samkomurnar voru afarvel sóttar, einkum á Gardar, Mountain og Pembina. Á Akra og Hallson var nokkru færra, enda eru samkomuhúsin þar nokkuð nærri hvort öðru, og bygð in þar í kring fámennari. Dakotabygðina segja þeir vera þá langblómlegustu bygð íslenzka, sem þeir hafa ferðast um. Þar er sýnileg velmegun, og fólkið fjörugt og frjálslegt, — sjáanlega steypt í móti hins mikla og frjálsa lýðveldis.

Ungu stúlkurnar í stúknni Skuld eru að undirbúa til skemtifundar fyrir næsta miðvikudagskveld, milli Jóla og Nýárs). Prógram og góðar veitingar ókeypis. Allir íslenzkir Goodtemplarar velkomnir. F. M.

Jólatrés Samkomu

hefur Únítara söfnuðurinn á Aðfangadagskveld Jóla, eins og undanfarin ár. Allir velkomnir að koma og láta gjafir sínar á tréð. Gjöfum veitt móttaka í kirkjunni frá kl. 11 f.m. til kl. 6 Aðfangadaginn. Gleymið ekki börnunum!

DR. H. R. ROSS

C.P.R. meðala- og skurðlækuir.
Sjúkdómum kvenna og barna veitt sérstök umönnun.
WYNYARD, — SASK.

Guðjón Thomas

Gullsmiður

hefir að heimili sínu, að 659 William Avenu, eina af fullkomnustu Gull og Silfursmíða vinnustofum hér í borginni. Í henni eru nýtízku vélar til Gull og Silfursmíða, fullkomnustu verkfæri, sem fáanleg eru. Herra Thomas getur því nú smíðað alls konar Skrautgripi úr málmi eftir því, sem hver óskar, og afgreitt allar pantanir fljótt og áreiðanlega, því hann hefir æðða menn við verkið.

Þeir, sem vildu fá slíka Skrautgripi gerða, geta sent pantanir sín ar til hans, og býr hann þá til gripina nákvæmlega eftir fyrirsögn pantenda. — Utanbæjarmenn geta skrifað honum til

659 William Ave.
Phone 2878

LÁTTU MIG SAGA ELDI VIÐINN ÞINN. — Ég hefi keypt spónnýja sögunarvél, og geri verkið gegn sanngjarni borgun.

S. THORKELSSON,
738 Arlington St. Talsími 8588

Jólagleðin er Nálæg

GLEYMIÐ EKKI AÐ KAUPA GULLSTÁSS YÐAR HJÁ UNDIRRITUÐUM,—SVO SEM T. D. GULL ÚR, GULLHRINGA, ARMBÖND, "LOCKETS", ÚRKEÐJUR, BRJÓSTNÁLAR, SLAUFU PRJÓNA, LINDARPENNA, KLUKKUR, OG KÖKU- OG ALDINAKÖRFUR, OG ANNAÐ GULL- OG SILFURSTÁSS. EINNIG KRISTALS SKRAUTMUNI OG FL. ALT VANDAÐAR VÖRUR OG MEÐ AFARLÁGU VERÐI.

ALLAR UTANSVEITA PANTANIR AFGREIDDAR FLJÓTT OG ÁREIDANLEGA

TH. JOHNSON, JEWELER
286 MAIN ST., horni Graham Ave. TALS. 6606

Royal Optical Co.

327 Portage Ave. Winnipeg. RÉTT Á MÓTI EATON'S BÚDINNI.

Beztu Augnfræðingar

Öll nýjustu og bezt reynd verkfæri notuð. Höfuðverkur sem stafar frá augunum, áreiðanlega lækuaður. Sanngjarn kostnaður.

AUGU SKODUD KOSTNADARLAUST.

LAND

Vér höfum nýlega fengiðtil sölu yfir 30 Section-fjórðunga. Liggjandi að Oaklands brautC. N. R. Sléttuvina. Verðið er frá $7.00 til $12.00 hver ekra. Ekkert af löndum þessum eru meir en 5 mílur frá Markhamstöðinni.

Skuli Hansson & Co.
Skrifst. Talsími 6676. Heimilis Talsími 2274

Heimskringla.

Alt landið

er áhyggt að vera jarðyrkju land af bestu teigund, og fyrst keypt með vægum afborgunar skilmálum. (N.B.—Leitið fyrripart þessarar augl. vinstramegin yfir Hkr. nafn.)

Frekari upplýsingar veita
Skuli Hansson & Co.
56 Tribune Building. Winnipeg.

XXIII. ÁR. WINNIPEG, MANITOBA, FIMTUDAGINN, 31. DESEMBER, 1908 NR. 14

GLEÐILEGT NYTT AR

ENGIN FULLNAÐAR ÁNÆGJA ER ÁN

MASON & RISCH PIANO

Á GÆTI MASON & RISCH PIANO felst í því, að þau fullnægja kröfum söngfræðinga og alþýðu landsins, eins og sannað er með þúsunda feikna sölu sem gerð hefir verið á þessu vinsæla hljóðfæri hér í borg, og í öllu norðvestur landinu. Það sem kaupendur virða mest er traust smíði og tónfegurð. Mason & Risch Piano Félagið hefir eingöngu fægustu verkamenn til að smíða hljóðfæri sín, eftir beztu einkaleyfum í heimi. Enginn kostnaður hefir verið sparaður til að gera þetta BEZTA PIANO I CANADA.

VÉR SELJUM BEINT FRÁ VERKSMIÐJUNNI

OG TIL HEIMILANNA

Væntanlegir kaupendur ættu að athuga þetta Piano, og verð, áður en þeir ákveða um kaup sín.

Aðvörun: Hið bezta Pianola Piano er til sölu eingöngu í Mason & Risch Piano búðinni, og einu Pianó-inu sem það er innlimað í, er "Weber" (Paderewskis val) og einnig "Steck", "Wheelock" og "Stuyvesant".

Lýsingarbók og verðlisti sendur þeim sem þess óska. Skrifið oss sem fyrst

The Mason & Risch Piano Co., Limited.
Sölubúð: 356 Main St., nálægt Portage Ave., WINNIPEG.

W. Alfred Albert, Íslendingur, afgreiðir landa sína.

— Vínbann er í Yarmouth Centre sveit í Ontario. En W. A. Davis seldi samt sterka svaladrykki. Hann var sektaður $30.00 og öllum byrgðum víns og bjórs var helt út á stræti og rann þar í lækjum. Vínið var talið $1,000 virði.

PURITY FLOUR

AD BAKA BEZTA BRAUD

er meira en vísindi og meira en list.

En það má gerast fljótlega og áreiðanlega með því að nota

PURITY FLOUR

Það er malað úr bezt völdu Vestur-Canada Hörðu Hveitikorni; er algerlega hreint og svo ilmandi kjarngott.

ALLIR ÍSLENZKIR KAUPMENN SELJA ÞAÐ

WESTERN CANADA FLOUR MILLS CO., LIMITED
WINNIPEG, —— CANADA.

Fregnsafn.

Markverðustu viðburðir hvaðanæfa.

Alt Danaveldi er í uppnámi út af því, að einhverjir náungar öfluðu sér jólagjafa á aðfangadag jóla með því að brjótast inn í konunglegu líkhvelfingarnar í Hróarskeldu og nema á burt með sér alt fásmætt, sem grafið hefir verið með hinum látnu konungum Dana. Það hefir verið siður konunga, að senda gull- og silfurgjafir við andlát stórhöfðingja, og þessar gjafir hafa verið grafnar með líkum hinna látnu. Gull- og silfur kransar þeir og annað málmskraut, er grafið var með Kristjáni 9. Danakonungi og drotningu hans var 100 þúsund dollara virði. Alt það fásmæti tóku þjófarnir með sér, ásamt öllu öðru fásmæti, sem jarðhvelft hefir verið með fyrri konungum ríkisins. Hve mikil auðlegð sú hefir verið, sem jólaþjófarnir náðu, er óvíst, en áætlað er, að það hafi verið talsvert yfir milión krónur. Þeir eru ófundnir enn þá, og líklegt mjög, að þeir finnist ekki, eða fengur þeirra.

— Blaðið Winnipeg Tribune getur þess, að gróðinn af talsímakerfi Manitoba fylkis fyrir árið, sem er að líða, mun verða um 225 þúsund dollara, eða um 7 prósent af kostverði kerfisins. Blaðið segir, að í ráði sé, að lækka talsíma gjöldin svo á komandi ári, að þau fæmist niður úr $30.00 í $20.00 fyrir privat hús, og úr $50.00 í $35.00 fyrir verzlunarhús- eða jafnvel niður í $30.00. Niðurkærslan þó ennþá ekki fullkomlega ákveðin. En svo mikið er víst, að talþráðakerfið borgar sig vel og að Manitobabúar hafa hinn mesta hagnað af að eiga það sjálfir, og að það eiga þeir Roblin stjórninni að þakka.

— Þýzka stjórnin er að senda hóp manna til Austur-Afríku til þess að athuga leyfar þær af dýrum, sem prófessor Stuttegart fann þar fyrir rúmu ári, og sem talið er að vera leyfar af dýrum, sem líkað hafa fyrir Nóaflóðið. Bein þau, sem fundust voru afarstór, og svo þung, að þeir sem í fylgd voru með prófessor Stuttegart, gátu ekki borið þau. Til dæmis var aðurfótleggsbeinið al 5dýri þessu hinu mikla 11 fet og 6 þml. á lengd, og hryggurinn var þriðjungi lengri en í nokkuru öðru dýr sem ennþá hefir fundist í heiminum.

— Féglæfra og falspeningaslátt-armenn í Bandaríkjunum og á Frakklandi hafa haft samtök til þess að koma út falspeningum í Bandaríkjunum, og sagt þeir séu þegar búnir að koma 400 þús. doll urum af þeim í veltu. Það eru 1000 franka seðlar á Banque Nationale í Belgíu, sem stælingin er gerð eftir, og sögð að vera svo vel af hend leyst, að mjög er erfitt að þekkja sviknu seðlana frá hinum góðu. Það voru þeir Zimmerman og Forshsy, peningavíxlarar í New York, sem fyrst þektu þessa fölsuðu seðla, og gerðu þá strax aðvart um það um öll Bandaríkin. Komst það þá upp, að peningavíxlarar í Philadelphia, Boston, Baltimore, New Orleans, SanFrancisco og víðar höfðu keypt 2 milión dollara virði af þessum fölsku þúsund franka seðlum. En náungarnir, sem seldu þá, eru ennþá ófundnir.

— Mál hefir verið höfðað móti 7 borgarráðsmönnum og tveimur bankastjórum í Pittsburg í Bandaríkjunum. Þeir eru kærðir um, að hafa þegið og borgað mútur til þess að fá viss ákveði samþykt í bæjarstjórninni. Alls eru 88 borgarfulltrúar grunaðir í sambandi við þetta mál. En verzlunin fór fram í herbergi einu í Fort Hill hótelinu. En spæjarar leyndust í næsta herbergi og komu sér svo fyrir þar, að þeir gátu tekið mynd af mönnum þeim, sem borguðu og þáðu mútunar, og einmitt á því tímabili, sem peningarnir skiftu höndum. Þessar myndir voru til staðar í dómsalnum, en voru ekki sýndar að þessu sinni, með því að næg sönnunargögn voru til staðar til þess að festa kæruna á þessa menn, og fá máli þeirra skotið til herri dómstóls. En kæran er sú, að maður að nafni Klein hafi borg að 60 borgarfulltrúum 45 þús.dollara til þess að fá ákveðna samþykt gerða í borgarráðinu. — Það fylgir og sögunni, að ekki séu nema 6 menn í bæjarráðinu, sem ekki sé hægt að kaupa.

— Félag hefir myndast í Lundúnum, sem hefir það markmið, að koma í veg fyrir, að réttir lögerfingjar geti orðið alskiftir við skifting dánarbúa, eða að hægt sé með erfðaskrám að afskifta þá, sem að landslögum ættu að mega njóta hluta af eignum þeim, sem til meðferðar eru teknar. Félagið heldur fram því, að ýmsir sérvitringar geri erfðaskrár sínar með því ásetta ráði, að ræna börn sín réttmætum arú þeirra, en gefa arfinn til óverðugra manna og kvenna, sem ekkert sanngjarnt tilkall hafi til fjárins. En erfðaskrár, hversu ósanngjarnar sem eru, geta ekki orðið ónýttar fyrir ensku dómstólunum, nema með því, að sannað sé, að sá sem þær gerði hafi verið vitskertur, eða að hann hafi verið undir ómótstæðilegum áhrifum frá öðrum persónum. Tilgangur félagsins er, að fá þær breytingar gerðar á löggjöf landsins, að þetta óréttláti sérvitringa gæti ekki átt sér stað framvegis.

— Tveir brezkir vísindamenn hafa nýlega fundið upp rafmagnsvél, sem nota má á herskipum, og sem gefur til kynna, ef neðansjávarvélar eru í nánd á leið til skipsins. Svo er vél þessi sögð áreiðanlegt, að á svipstundu megi vita á hvaða blettí neðansjávarvélin sé, og því enginn vandi að forðast hana.

Vel byrjað Nýja árið.

Heyrst hefir, að íslenzku Goodtemplara félögin hér í bænum séu í þann veginn að koma á fót söngskóla fyrir meðlimi sína, og er það í alla staði mjög hrósverð tilraun og vel þess virði, að öll félögin taki höndum saman og styrktu það af alefli. Og ekki getur hjá því farið, að fljótt sjáist góður árangur, þar sem hr. Gísli Goodman hefir verið fenginn til að kenna, því vart mun nokkur vera betur fallinn til að kenna íslenzk lög en Mr. Goodman. Vér óskum stúkunum til hamingju með þetta virðingarverða fyrirtæki sitt,

Niðurlag greinarinnar "Kenningarfrels; presta" kemur í næsta blaði.

Til vina blaðsins:

Engin Nýársgjöf kæmi Heimskringlu betur en nýjir fyrirfram borgandi kaupendur.

Wall Plaster

Með því að venja sig á — að brúka "**Empire**" tegundir af Hardwall og Wood Fibre Plaster er maður hár viss að fá beztu afleiðingar.

Vér búum til:

"Empire" Wood Fibre Plaster
"Empire" Cement Wall "
"Empire" Finish "
"Gold Dust" Finish "
"Gilt Edge" Plaster of Paris
og allar Gypsum vörurunteg. undir. —

Eigum vér að senda yður bækling vorn?

MANITOBA GYPSUM CO. LTD
SKRIFSTOFUR OG MILLUR I
Winnipeg, - Man.

Heimskringla

Published every Thursday by The Heimskringla News & Publishing Co. Ltd

Verð blaðsins í Canada og Bandar $2.00 um árið (fyrir fram borgað). Sent til Íslands $2.00 (fyrir fram borgað af kaupendum blaðsins hérlendis $1.50.)

B. L. BALDWINSON,
Editor & Manager

Office:
729 Sherbrooke Street, Winnipeg
P. O. BOX 3083. Talsími 3512.

Gleðilegt nýtt ár!

Tilrauna-félagið

Til fróðleiks þeim, sem hafa ýmugust á tilraunum manna til að komast eftir dularfullum fyrirbrigðum og kynna sér þau, skulu hér auglýst nöfn nokkurra manna, sem eru meðlimir Tilraunafélagsins í Reykjavík, og sem nýlega hafa skrifað nöfn sín undir opinbert vottorð um, að engin svik séu brúkuð á samkomum félagsins af miðlinum Indriða Indriðasyni. — Þessi eru nöfnin:

1. Ásgeir Sigurðsson kaupmaður.
2. Guðmundur Jakobsson, trésmiður.
3. Jón Fjeldsted, klæðskeri.
4. Kr. Linnet, yfirréttar málfærslumaður.
5. Páll Halldórsson, skólastjóri.
6. Skúli Thoroddsen, ritstjóri og þingmaður.
7. Þorgr. Guðmundsson, kennari.
8. Þorleifur Jónsson, póstafgreiðslumaður.
9. Björn Jónsson, ritstjóri.
0. Brynjólfur Þorláksson, organisti.
11. Haraldur Nielsson, prestaskóla kennari.
12. Jón Jónsson, sagnfræðingur.
13. Páll Einarsson, lögfræðingur og borgarstjóri.
14. Ólafur Rosinkranz, kennari
15. Sveinn Hallgrímsson, bankabókari.
16. Þorkell Þorláksson, gjaldkeri.
17. Þórður Oddgeirsson, guðfræðingur.
18. Björn Kristjánsson, kaupmaður og þingmaður.

Í viðbót við þessa 18 valinkunnu og þjóðkunnu sæmdarmenn, sem opinberlega auglýsa sig tilheyrandi Tilraunafélaginu, er og vitanlegt, að þeir Einar Hjörleifsson skáld og ýmsir fleiri málsmetandi menn í Reykjavík eru í því. Auk þess sem margir mjög merkir menn víðsvegar um alt Ísland eru samhuga stefnu og tilgangi félagsins, — þeim tilgangi, að fá, ef mögulegt er, fullar og óbyggilegar sannanir fyrir framhaldi lífsins eftir dauðann.

Vafalaust verða dómar manna misjafnir um þörf og nytsemi félags þessa, og um réttmæti tilgangs þess, sem það byggir tilveru sína á. En um hátt geta tæpast orðið deildar meiningar, að í þessum félagsskap sé stór hópur hinna gáfuðustu og mentuðustu borgara landsins. Nafnaskráin sýnir, að í flokki félagsmanna eru guðfræðingar, lögfræðingar, háskólakennarar, ritstjórar, þingmenn, kaupmenn, handiðnamenn og menn sem gegna opiberum stjórnarembættum. Að vísu eru ekki landshöfðinginn eða ráðgjafinn, biskupinn eða hæyfirdómari landsins taldir með framangreindri nafnaskrá, en það sannar enganveginn, að þeir séu ekki félagsmenn eða samhuga stefnu og tilgangi félagsins, þó þeir séu ekki nefndir, eða hafi ekki ritað nöfn sín undir vottorðið. Og yfirleitt virðist svo, sem félag þetta sé skipað hinum mætustu mönnum, greindum, gætnum, glöggum og upplýstum, og sumum þeirra hálærðum.

Undarlegt væri nú það, ef þessir menn hefðu af einskærri fávizku eða stákslegri rængli farið að stofna félag þetta, til þess að fram kalla framliðna og leita frétta af þeim um ástandið í öðrum heimi. Eða að eins til þess, að fleka fáfróða alþýðu út á glapstigu vantrúar eða hjátrúar, og í gróðaskyni.

Vér ætlum, að sanngirnin krefjist þess, að félagsmenn séu látnir njóta sannmælis í þessu efni, og engum vitfirrings eða varmenskuhvötum sé að þeim dróttað, heldur sé það hreinskilnislega viðurkent, að allar tilraunir þeirra til þess að kynna sér dularfull fyrirbrigði, séu bygðar á hinni skærustu einlægni og áhuga fyrir því, að komast í samband við andaheiminn, og að afla sér upplýsinga og sannana um ástand annars lífs.

Þessi lofsverði áhugi er bein afleiðing af þjóðtrúnni kristnu, lútersku trúnni. Fyrsti frumkjarni þeirrar trúar er sá, að guð sé andi. Hér er grundvöllur andatrúarinnar greinilega gróðursettur. — Englar guðs á himnum eru andar, og alt trúfræðikerfið lúterska kennir, að eftir þetta líf sé annað líf, og að þeir, sem hér hafi eitt sinn lifað, haldi áfram að lifa hinu megin gröfarinnar, — sem andar eða englar.

Sé þessi kenning sönn, eins og kirkjan heldur fram að hún sé, er þá nokkuð óeðlilegt, strákslegt eða vitfirringslegt við það, þótt tilraunir séu til þess gerðar, að ná sambandi milli þeirra, sem enn þá eru í þessu lífi og hinna, sem eru gengnir út í annað líf?

Því er haldið fram af andmælendum andatrúarinnar, að slikt samband sé óláanlegt, að þeir, sem eitt sinn séu dánir þessum heimi, hverfi ekki hingað aftur, og að allar tilraunir til þess, að komast í samband við þá látnu, séu því í mesta máta óþarfar og einskis nýtar, — sambandið sé ómögulegt.

Þessi skoðun er svo sem vænta má frá vantrúarmönnum eða trúleysingjum. En kristnir menn geta ekki staðið sig við, að halda henni fram, af því að sáluhjálparkenning kirkjunnar byggist á draugatrú og afturgöngu. Ef kirkjan hefir rétt til þess, að kenna, að Kristur hafi gengið aftur, og að fyrir hans afturgöngu sé sáluhjálp mannkynsins möguleg, — getur þá nokkuð verið því til fyrirstöðu, að aðrir, sem látist hafa, geti einnig gengið aftur, eða gert vart við sig hér á jörðunni? Er ekki mjög eðlilegt að ætla, að það sem eitt sinn hefir komið fyrir, geti aftur komið fyrir? Og er það ekki alveg rökfræðilega rétt hugsað, að þeir kristnir menn, sem afneita andatrúnni eða möguleikanum til þess, að ná sambandi við framliðna, — séu í raun réttri hvorki meira né minna, en sinnar eigin trúar níðingar? Eða vilja þeir halda því fram, að drauga- og afturgöngutrúin sé gild og réttmæt eingöngu í sambandi við trúfræðikerfi hinnar svo nefndu kristnu kirkju, en að hana beri að skoða sem villutrú og vitfirringu, ef hún er sett í samband við andatrúna og gerð að grundvelli til þeirrar stefnu, sem hvetur til slikra tilrauna, sem nú er verið að gera á Íslandi og í öllum öðrum mentalöndum heimsins, til þess að komast að raun um, hvort mögulegt sé að ná sambandi við þá, sem látnir eru?

Með þessu er Heimskringla engu að spá um það, hvort tilraunir andatrúarmanna verði sigursælar, — hvort þeim takist að ná því sambandi, sem þeir leita að. En hins vegar virðist rétt, að taka það fram, að engin ástæða er til þess fyrir nokkurn mann eða konu að væna þá menn um ódrengskap eða vitfirring, sem gangast fyrir þessum tilraunum. Nafnalisti þeirra manna í Reykjavík, sem gangast fyrir andatrúar hreyfingunni þar, sýnir ljóslega, að þar er á að skipa nægum kröftum heilbrigðra vitsmuna, lærdóms og þekkingar. Og það má ganga að því algerlega vísu, að hver sú hugsjón, sem hafin er og haldið uppi af slikum kröftum, — hún er enginn augnabliks draumur. Miklu fremur er mikil ástæða til að ætla að hún eigi langa og örugga framtíð og að henni vaxi fylgjendur, þeim mun fleiri sem tímar líða lengur.

Nýgræðingur.

Svo heitir kvæðasafn nokkurt, eftir A. St. Johnson, nýútkomið úr prentsmiðju Gísla Jónssonar hér í bæ. Kverið er í 8-bl. broti, og ljóðin prentuð á góðan pappír, innheft í sterka litpappírskápu. — Ritið er 48 bls. Kvæðin í tveimur köflum. Í þeim fyrri eru: "Ég elska", "Íslands-óður", "Vorljóð", "Sumar-óður" og "Sorgar-óður". Í þeim síðari eru samtíningsljóð frá árunum 1900—1908.

Í kvæðinu "Ég elska" er þessi hending: "bunulækjsins tæra lind". Líkleva hefðu íslenzkir málfræðingar nefnt það: bunulækjar tæra lind.

Á bls. 17 í annari vísu stendur: "orðin algræn Ísagrund", en það vill hóf. láta vera: "orðin fögur Ísagrund". Einar tvær prentvillur eru í bókinni. Annars er ytri frágangur hennar prýðisgóður.

Efni kvæðanna er ekki margbreytt né djúpar eða fjölbreyttar hugsanir til í þeim, enda er höfundurinn ungur maður með takmarkaða lífsreynslu og hugsjónasvið. Máske væri það of sterklega að orði komist, að segja kvæðasafn þetta þrungið bölsýni, en hitt má með vissu staðhæfa, að þar kennir engrar bjartsýni fyrir nútíðar kynslóð eða komandi. Blær kvæðanna bendir á þunglyndi höfundarins og vonbrigði. Þetta sést í kvæðinu "Breyting", þar sem hann segir meðal annars:

"Fór ég burt með geðið glatt.
— Guð veit það er satt.
Nú er horfið geðið glatt,
grimd komin í staðinn.
Sárt mér svíður skaðinn".

Í kvæðinu "Hinum megin" er þetta:

"Vestanhafs mér leiðist lífið,
löngum ýft er sálargeð, —
til Íslands heim mun ég halda".

Í kvæðinu "Alvara" er þetta:

"Mikið yrði ég feginn, feginn
finna lánsama veginn, veginn".

"Kvíði ég mótgangs kulda,
kulda,
kom mér í sælu dulda, dulda
hjálpin bezta: hulda, hulda.
— Hér fyrst enginn hjálpar mér
horfin gleðin æsku er.
Kvíði ég mannlífs kulda, kulda,
kom mér í sælu dulda
hjartkæra Hulda".

Og í kvæðinu "Fuglinn"i:

"og syngdu því að söngur þinn
sorgum eyðir mínum,
æskusorgum öllum mínum".

Það annað, sem mest verður vart í þessum kvæðum, er ættjarðarást höfundarins og heimþrá hans. Þar sér hann alla fegurð í aukinni stærð, og hugurinn vefur sig utan um blómin og fuglana og fjölskrúð láðs og lagar. Þar sér hann alt það, sem fegurst er og inndælasu í náttúrunnar riki, og þar vill hann helzt vera, — og þar ætti hann að vera. En ósjálfrátt verður manni að geta þess til að tvísýnt sé, að hugur fylgi algerlega máli hjá höf., því útgáfukostnaður þessara ljóða ; mundi langt til hafa nægt til að koma honum til Íslands- hefði viljinn til þangað ferðar verið eins einbeittur eins og kvæðin bera með sér að hann sé.

Um ljóðgerðina sjálfa er það að segja, að hún er minna en miðlungi góð. Kritiskur lesari, með þekkingu á ljóðagerð, mun kveða upp þann dóm, að þessi ungi höf. hefði átt að fresta þessari útgáfu, þar til hann hefði öðlast svo góðan skilning, að hann hefði algerlega hætt við hana. Því ekkert getur verið unnið við það, að ota sjálfum sér fram í rithöfundatölu fyr en nokkurn vegin full vissa er fengin fyrir því, að "pródúkt" manns sé að minsta kosti ekki lakara en það, sem aðrir hafa áður kveðið um sömu yrkisefni.

Bezta kvæðið í kverinu er "Sumaróður", eða fyrstu sex versin í því kvæði. Þau eru snotur og bera keim af Jónasi Hallgrímssyni. Að þessum hluta þessa kvæðis frá skildum, er ekkert í kverinu, sem talist getur gildur kveðskapur.

Ef kver þetta hefði komið út um sumarmál, þá hefðum vér sagt að útgáfu þessara ljóða væri nokkurn veginn rétt lýst með tveimur síðustu línunum á bls. 17. í ritinu

Fréttabréf.

HNAUSA, MAN.
21. des. 1908.

Herra ritstj. Hkr.

Ég sé það af ísl. blöðunum ykkar frá Winnipeg, að þar hefir viðrað að undanförnu hér um bil eins og hér, — enda má ekki heita langt á milli. Og sleppi ég því að skrifa um veður og vind.

Það var 18. nóvember (ekki 18. okt.), að Ólafur V. Ólafsson andaðist í Hnausa bygð, nær 60 ára gamall. Flutti hann til Canada fyrir 21 ári, frá Akureyri á Íslandi. (Hans er áður getið í Hkr.).

Þann 12. nóvember andaðist Jón Einarsson, vinnumaður í Hnausabygð, kominn yfir sextugt. Dauðamein niðurfallssýki? (Paralyses).

Þann 17. nóvember drukknuðu ofan um ís, við fiskiveiðar norður við Fisher Bay, Haraldur S. Vidal og Jón Stefánsson, báðir úr þessari bygð. Haraldur var fæddur 1880, valmenni og prúðmenni hið mesta. Jón var fæddur 1887, gott mannsefni og aðalstoð aldraðs föðurs. — Er hin mesta eftirsjá í piltum þessum. Þeir voru jarðsungnir 26. sama mán. Voru þar við: Séra Rögnvaldur Pétursson, séra Magnús J. Skaptason og séra Jóhann Bjarnason, og töluðu þeir allir við það tækifæri. Ekki hefir fyr jafnmikið fjölmenni verið við nokkra jarðarför hér í Breiðuvík og þessa. Þetta var mikill dauðamánuður hjá okkur.

Kvillasamt hefir verið hér um tíma af kvefi, og mislinga hefir orðið vart. Þykjast menn vita þeir muni hafa borist hingað norðurfrá Selkirk.

Sigurður Sigurbjörnsson, póstmeistari, og Björn sonur hans, hafa báðir verið mjög veikir, en eru nú á dálitlum batavegi.

Mikið er látið yfir því, hvað fiskiútið sé norður í Winnipegvatni um þetta leyti, en ég vona, að fiskileysið sé ýkt til muna. — Fréttir þessu líkar hafa borist að norðan til okkar fyrirfarandi haust og vetur, en, sem betur fer, hafa þær reynst staðlitlar' er "team" hafa farið að koma alment að norðan, enda "ríður fiskurinn ekki við bjöllubeizli", kemur bara "þegjandi í ála".

Þá eru kosningarnar í Bifröstsveit afstaðnar. Hlaut Stephan Sigurðsson á Hnausum oddvitasætið með 25 af 327 atkv., sem greidd voru alls yfir. Tryggvi Ingjaldsson vann 3. deild með 20 atkvæðam (af 79). Márus J. Doll vann 4. deild með 2 atkv. (af 41). En í 1. og 2. deild erum við Gunnsteinn Eyjólfsson óáreittir.

Vínbannsaukalög fyrir sveitina voru samþykt við þessar kosningar, að hverju sem þau verða okkur.

O.G.A.

GLENBORO MAN.
15j des. 1908.

Herra ritstj. Heimskringlu!

Fátt markvert er að frétta héðan úr bygðum að vestan. Alt hefir sinn vanalega gang í daglega lífinu hér hjá okkur. Menn sinna sínum daglegu störfum umhugsunarlitið, en vánna engán stór afreksverk. — Flestir hafa vakandi auga fyrir því sem er að gerast í umheiminum. Við lesum blöðin og fylgjumst með öllum hamförunum og gauragangínum í vestur-íslenzku blaðamenskunni og höfum gaman af. — Mest umtal hefir orðið meðal fólks um ritdeilur prestanna í Sameiningunni og Breiðablikum. Þykir sumum. að þeir ekki gefi öðrum gott eftirdæmi, leiðtogarnir kirkju legu, sem eiga að vera leiðarstjarna fólksins og siðfræðarar. — Hvenær skyldi þeim kærast það, að þeir eiga að "brýna fyrir mönnunum að elska hverjir aðra, en ekki að vera að bíta og hvæsa eins og naðra".

Tíðarfarið hefir verið frámunalega gott hér alt árið, svo óhætt mun að fullyrða það, að betra ár hafa menn ekki lifað hér um margra ára skeið, þegar alt er skoðað, — kannske ekki frá landnámstíð. Veturinn sl. var bæði mildur og snjólitill, vor og sumartíðin mjög hagstæð fyrir allan jurðargróður, enda var uppskeran bæði mikil og góð og nýting hin bezta á öllu, því haust tíðin var inndæl. Verð á hveiti og öðrum korntegundum var í mjög góðu lagi, svo alt hjálpaði til. Heyskapur var hér yfirleitt í góðu meðallagi, og munu allir vera vel byrgir með fóður af öllum tegundum.

Óhætt mun að fullyrða, að hagur fólks sé mjög góður yfirleitt. Félagsskapur er með fjörugasta móti hér vestra í haust, vaxandi áhugi hjá fólki fyrir ýmsu í félagsskaparáttina. Góður félagsskapur miðar áfinlega heldur til þess að vikka sjóndeildarhringinn og þó að sjónarsviðið stækki, því alt af er nóg af fáfræðinni, nóg af því, sem blindar og villir sjónir, nóg af þröngsýninni sem enn heldur hugsun margra í dróma. "Ljós, ljós, meira ljós!" sagði Goethe. Ljós, ljós, meira ljós. Hamingjunni sé lof, að alt af er að birta í heiminum. Sú kemur tíð- að sannleikurinn gengur sigri hrósandi af hólmi, en lygin verður sér til skammar. "Heill sé þeim kappa, sem heilsa því má", o.s.frv.

Þann 26. nóvember sl. héldu nokkrar íslenzkar kvenréttindakonur og stúlkur í Argyle samkomu í Good Templars Hall þar í bygðinni. Var það í fyrsta sinni, sem haldin hefir verið samkoma af því tagi í Argyle. Samkoma þess var vel sótt og hin myndarlegasta á alla staði. Prógrammið var ágætt. Flutti Mrs. M. J. Benedictsson frá Winnipeg aðalræðuna, og sagðist ljómandi vel að vanda. Hún hefir prýðisgóða þekkingu á kvenréttindamálinu. Hún er fluggáfuð og vel máli farin. Bændurnir, hr. Árni Sveinsson og hr. Hernit Christoferson, ákveðnir mannréttindavinir, fluttu þar einnig ræður, auk annara. Nokkrar sólós voru spilaðar, og var þá prógrammu lokið. Veitingar voru þar næst framreidd ar öllum ókeypis, síðan var dansað til kl. 2. Þrátt fyrir alla mótspyrnu og örðugleika, sem konur þessar áttu við að stríða, varð samkoman öllum hlutaðeigendum til hins mesta sóma. Ætti þessi góða byrjun að verða hvöt fyrir þær, að láta ekki hér staðar numið. Nokkrum dögum seinna flutti Mrs. Benedictsson fyrirlestur um kvenréttindamálið í Cypress bygðinni norður frá Glenboro. Var sá fundur vel sóttur, enda á kvenréttindamálið marga góða vini þar, en fíndur líka. Fyrirlesturinn var langur og efnismikill. Skýrði hún ljómandi vel spursmálið frá rótum ákvæðrægnislaust. Voru allir henni mjög þakklátir fyrir komuna og árnuðu henni allra heilla með þetta mikla starf sitt- sem hún svo hraustlega og einbeglega hefir unnið að í meira en tíund ald ar. Frámunalegan dugnað og þrautsegju hefir hún sýnt í gegnum alla baráttuna. Félaus stofnaði hún Freyju og félítil hefir hún haldið henni við til þessa dags, án ölmusu. Sómi er það íslenzkúm konum. að eiga jafnmikla konu í hópi sínum, og sómi væri það hverri íslenzkri konu, að styrkja hana í baráttunni, bæði með því, að kaupa Freyju og borga hana, og einnig á annan hátt. Mrs. Benedictsson er nú búin að afla sér svo mikillar og víðtækrar þekkingar á kvenréttindamálinu og öðrum mannréttindamálum, að þar mun engin vestur-íslenzk kona standa henni jafnfætis, eða nátt líkt því. — Heill og þökk sé henni fyrir geishabrotin! Lengi lifi frelsið!

Ætla ég svo að stinga niður pennanum í þetta sinn. Berðu Hkr. minni kærar þakkir fyrir margt skemtilegt og fróðlegt, sem hún hefir flutt fyr og síðar. Óska ég svo ritstjórnunum og öllum Íslendingum gleðilegra jóla og farsællar framtíðar!

G. J. OLESON.

Björn Sigvaldason, Nordal.

(ÆFIMINNING).

Björn Sigvaldason Nordal var fæddur á Stóru-Giljá í Þingi í Húnavatnssýslu á Íslandi 18. ág. 1883. Hann lézt í október 1908.

Frá Íslandi fluttist hann með foreldrum sínum til Canada árið 1887. En þau tóku sér þá bólfestu í Nortungu í Geysirbygð í Nýja Íslandi, hjá herra Sigurði G. Nordal, föðurbróður Björns sál. En það heimili hefir jafnan verið orðlagt fyrir höfðingsskap og gestrisni þeirra hjóna, Sigurðar og konu hans.

Á næsta vori (1888) fluttist Björn sál. með foreldrum sínum til Selkirk bæjar í Manitoba, og var þar hjá þeim til dánardægurs.

Lífsferill Björns sál. varð ekki langur, því þegar hann var 23. ára gamall tók hann sýki þá (lungnatæring), sem leiddi hann til bana.

Björn sál. var sérlega efnilegt ungmenni og bráðþroska til sálar og líkama. Hann var gæddur sinnar þjóðar beztu hæfileikum. Búinn var hann að ná allgóðri algengri skólamentun, enda vanst honum alt nám vel, því hann var frábærlega stiltur, aðgætinn og orðvar. Góðlyndur og glaðlyndur var hann að náttúrufari, og svo skemtinn í viðræðu, að unun var að, því að hann kar snemma glögt skyn á starfsemi og hugsjónir þjóðanna. Björn sál. átti marga góða vini, sem að sínum parti ekki gleymdu honum í hans langa og erfiða dauðastriði. Hann bar líka sjálfur óumræðilega trygð til vina sinna og vandamanna og vildi ætíð bæta úr öllu böli þeirra og bágindum af ýtrasta mætti. Og jafnan var hann reiðubúinn til þess að benda náungum sínum á þá leið, sem beinust var og vissust til hagsældar þeirra. — Sjúkdóm sinn bar hann með stakri stillingu og hugprýði, og aldrei heyrðist eitt einasta möglunarorð af vörum hans allan þann langa tíma, þriggja ára tíma, sem hann háði dauðstrið sitt við sjúkdóminn. — Barnatrúin hans lúterska, sem hann tók í arf frá foreldrunum, var jafnan hans dýrmætasti fjársjóður. Hann sótti kirkju sína eins lengi og kraftar hans leyfðu það. Lúterska trúin var honum það leiðarljós, sem hann bygði á fullvissu sína um hið eilífa, óumbreytanlega líf, sem hann ætti í vændum, þegar hann yfirgæfi vesaldóm og mæðu þessa lífs, og enginn mannlegur kraftur hefði getað snúið honum frá lífsskoðun hans á þeim háleitu hugsjónum, sem sönn trú skapar í mannlega meðvitund. Innilega bað hann fyrir andlát sitt, að heilsa öllum vinum sínum, og bað þá að varast hópinn þann, sem dragi þá frá guði og náð hans.

Björns sál. er sárt saknað af foreldrum hans, systkinum og mörgu vinum, sem einatt höfðu vonað eftir heilsubata hans og fagurri framtíð og ástúðlegrar samþúðar við hann um mörg komandi ár.

Guð blessi minningu hans í hugskoti allra vinanna hans!

W. G. NORDAL,
faðir hins látna.

Russell A. Thompson and Co.,
Cor. Sargent & Maryland St.
Selja allskonar MATVÖRU af beztu tegund með lægsta verði. Sérstakt vöruúrval nú fyrir Jólin! Vér óskum að Íslendingar vildu koma og skoða vörurnar. Hvergi betri né ódýrari.—
Munið staðinn:—
HORNI SARGENT AVE. OG MARYLAND ST.
PHONE 3112.

S. R. HUNTER & CO
Skraddarar,
189 Lombard Street
Búa til ný-móðins karlmannafatnaði eftir máli.— Efni og vinnubrögð afbezta tegund, og alt ábyrgst að vera jafngildi þess bezta sem fáanlegt er í borginni. Verðið er við allra hæfi. —
S. R. Hunter & Co.
189 Lombard St.
Telephone 1395.

ODDSON FLUTTUR.
Vér höfum breytt „bústað vorum, og verður því skrifstofa framvegis
Suite 1, Alberta Block,
Norðaustur horni á Portage og Garry St., rétt að kalla á móts við nýja pósthúsið. Bjartari, betri og stærri skrifstofur.
Vér þökkum fyrir góð viðskifti og bjóðum alla velkomna á vorn nýja stað
Yðar með virðingu,
Th. ODDSON & CO.,
Suite 1, Alberta Blk.
Cor. Portage & Garry. Phone 2312

F. Deluca
Verzlar með matvöru, aldini, smá-kökur, allskonar sætindi, mjólk og rjóma, sönul. tóbak og vindla. Óskar viðskifta Íslend. Heitt kaffi eða te á öllum tímum. Fón 7756
Tvær búðir:
587 Notre Dame og 714 Maryland St.

Íslenzkur Tannsmiður,
SIGURÐUR DAVIDSON, hjá Dr. Morden, frá læknaskólanum í Chicago,—tekur að sér að smíða Tennur eftir þörfum, og festir þær í tanngarðinn sársaukalaust.
Finnið hann á skrifstofu að.
620½ Main St.
Phone 470 Horni Logan Ave.

Kæru landar, ef þið viljið fá vel skerptar sagárnar ykkar, þá komið þeim til mín, að 501 Beverly St. Líka skerpi ég skauta, skeggbnífa og allskonar eggjárn. — Alt fljótt og vel gert.
G. BERGÞÓRSSON,
501 Beverly St.

DR. H. R. ROSS
C.P.R. meðala- og skurðlækuir.
Sjúkdómum kvenna og barna veitt sérstök umönnun.
WYNYARD, — SASK.

James Flett & Co.
PLUMBERS
Leiða Gas- Vatns- og Hitapípur í hús yðar, fyrir sanngj. borgun. Verk vandað, fljótlega gert og ábyrgst.
572 Notre Dame Avenue
Telephone nr. okkar er 3380 eða 8539.

WINNIPEG Business College

Cor. Portage Ave. and Fort St.

FÉKK FYRSTU VERÐLAUN Á SAINT LOUIS SÝNINGUNNI.

Dag og kveld-kensla. Leitið fullra upplýsinga og biðjið um vora nýja pappírshnif ókeypis. Vér kennum ensku tungu.

M. E. MACKEY, Skrifari

MARKET HOTEL

146 PRINCESS ST. á móti markaðnum

P. O'CONNELL, eigandi, WINNIPEG

Beztu tegundir af vínföngum og vindlum, aðhlynning góð, húsið endurbætt

JOHN DUFF

PLUMBER, GAS AND STEAM FITTER

Alt verk vel vandað, og verðið rétt

664 Notre Dame Ave. Phone 2815

Winnipeg

Strathcona Hotel

Horni Main og Rupert Str. Nýbygt og ágætt gistihús; Gest um veitt öll þægindi með sanngjarnasta verði. Frí keyrsla til og frá öllum járnbr. stöðvum. Beztu vín og vindlar; og herbergi og máltíðar ágætar.

McLaren Brothers

EIGENDUR

Hotel Pacific

219 Market Street | H M Hicks Eigandi

Winnipeg - - - Manitoba

Telephone 1338

Ný-endurbætt og Ný-tízku hús í alla staði. Viðskifta yðar óskast virðingarfylst.

$1.25 a Dag



$1.50 Á DAG

Bezta $1.50 gistihús í Winnipeg

BRUNSWICK HOTEL

Horni Main St, og Rupert Ave.

Besta borðhald; Hrein og Björt Herbergi; Fínustu Drykkir og Bestu Vindlar. Ókeypis Vagn matir Öll um Trainlestum. Reynið oss þegar þú ert á ferð

Fréttir.

CONFIRMATION. — Við embættisgerð að Narrows P.O. voru fermdar 13. des. 1908: Miss Guðrún Jóhannesdóttir og Miss Ragnheiður Guðmundsdóttir. Og við embættisgerð að Dog Creek P.O., voru fermdar 20. des. 1908: Miss Ingunn Jóhannesdóttir og Miss Ástríður Jóhannesdóttir.

Winnipeg, 24. des. 1908.

Oddur V. Gíslason,
luth. prestur.

NÝTT DANS FÉLAG

Tallman's Orchestra spilar á 3 hljóðfæri: Piano, Fiolin og Cornet. — þetta félag hefir stofnað vikulegar danssamkomur, á hverju fimtudagskveldi, í neðri Goodtemplarasalnum á Sargent Ave. þessar danssamkomur byrja 7. janúar næstk. kl. 8 síðd. og vara til miðnættis. Aðgangur 25c hver, eða 50 cents fyrir parið.

Mr. Tallman óskar að sjá sem flesta af sínum ungu, íslenzku vinum. Ef hann fær nóga aðsókn á þessar samkomur, þá heldur hann þeim áfram vikulega í allan vetur.

Talmanís Orchestra spilar einnig einnig eftir samningum á dans og skemtisamkomum.

Ágæt meðul.

Ég hefi kynst og pantað áður meðul við nef, kverka- og andkala sjúkdómum hjá Royal Remedy Co. þau fá bezta vitnisburð. þeir, sem senda mér sjúkdómslýsingu, og $4.00 fyrirfram, fá meðulin send heim til sín kostnaðarlaust hvar sem er í Canada. Eins og mörgum er kunnugt, hefi ég fengist töluvert mikið við meðalasölu stundum, og þekki "patent" meðul vel. þessi meðul eru 'ekta' góð meðul, og fólk má treysta þeim, ef það kaupir þau í tæka tíð.

K.Ásg.Benediktsson.
540 Simcoe St., Winnipeg.

Bréf að Heimskringlu eiga:
Guðlaugur Ólafsson.
Frida Thorsteinson.
G. Guðmundsson.
Guðný Thorvaldsdóttir.
Mrs. M. Bergthorson.

Frá Winnipegoses, Man., er oss skrifað 24. des.:

"Herra ritstjóri!

"Guðni Bjarnason, alment skrifaður Benson, sem fyrirspurnin var um í Heimskringlu 17. þ.m., vinnur fyrir E. D. Coffey við fiskiveiðar á Commanant Lake, um 50 mílur norður frá The Pas, Sask.

"Lýsing mannsins: —

Dökkur er á brún og brár,
búinn vel að þreki,
maðurinn er meðalhár,
mun á tvítugs-reki.

Þegar hann ég síðast sá,
sinnið ekkert grætti:
Hló og lék við hringagná
hverja sem hann mætti.

Lýsingin er þarna þá
þrykt og saman bundin.
Mrs. Pálsson, máttu sjá
maðurinn er fundinn.

"Utanáskrift hans mun vera: — The Pas, Sask."

NOKKRAR

Heilsubótar pillur

til *Benedikts Ásgrímssonar*

Þá byrjar grein þín í Heimskringlu dags. 3. þ.m. með aðsökun um dráttinn, sem orðið hafi á því fyrir þér, að svara grein minni, sem stóð í Hkr. nr. 7 þá. Þessi aðsökun þín mun vera bygð á góðum rökum. Þú ert sjálfur ekki farinn að svara einu einasta atriði í þessari grein minni, — þú, sem ekki getur lesið nafnið þitt, og því síður skrifað það. Og þér í sannleika sagt, ertu á svo stóru gati, bæði menningar og mentalega, að þú getir hæglega riðið fullorðnum asna í gegn um það.

Það er eins og þú undrist yfir því, að mér skyldi ekki liggja það í léttu rúmi, þó þú bærir á mig þau ósannindi, að ég hefði boðið þér fimm dollara mútu fyrir atkv. þitt. Það kemur hrollur í mig, þegar ég hugsa um, að þú, Benedikt Ásgrímsson, sért að seilast eftir mannorði mínu eða annara, og þar sem þú fullyrðir í grein þinni, að ég hafi boðið þér þessa $5.00 að öðrum viðstöddum, — þá skora ég hér með á þig, að tilgreina, hvar við vorum, og ennfremur að nafngreina þá, sem heyrðu á þetta mútu-tilboð mitt. Herra Gísli Árnason er sá maður, sem þú hefir sagt að þú treystir til að vitna með þér, og að hann væri það eina vitni sem þú hefðir. En nú neitar hann, samkvæmt meðfylgjandi yfirlýsingu, að bera þér vitni í þessu máli.

Þig grunar, að ég hafi engar pillur handa til. En þegar skuggasveinninn, sem stendur þér að baki, hefir lesið þér þessa grein, þá munt þú sannfærast um, að hjá mér er enn þá ekkert þrotabú þess varnings. Og ef þú verður þvingaður í annað sinn eftir einhern frjálslynda stórlaxinn, þá skal ég geyma dálítið til að gæða þér á, þegar þú ert orðinn léttari.

Þú dylgir með það, að ef ég ekki þagni, þá skulir þú fletta betur ofan af mér og mannorði mínu, en þykist hlífast við að gera það vegna þeirra, sem næstir mér standa og annast er um mig. Ja, víst er þér velkomið, að fletta blaði fyrir blað í öllum mínum æfiferli. En leiðréttta mun ég, ef atriðin eru ósannindum útskýrð og ábyrgð skaltu sæta, ef þú gerist alt of djarftækur á ímyndunar afli þínu í aflettunni.

Húsbóndi þinn hefir víst alið þig vel á graðungskjötinu og þú sjálfur íklæðst buxum sloterfingjans áður en þú réðst út á ritvöllinn, — máske með 30 dollurunum góðu hringlandi í vösunum! þeim er nóg, sem skilur. — Og hvernig bragðast þér þessi pilla, Bensi sæll?

Það er sorglegt til þess að vita, hvernig sumt fólk getur gert lítið úr sér, að fara að fela sig bak við minsta litilmenni, sem til er í allri bygðinni. Það sýnir bæði hugleysi og ragmensku. En svo er nú það, að það er ekki gott að koma út á ritvöllinn í sínu eigin nafni, þegar lýtin eru mörg og mannorðið bágborið. En ég vona, að mér veitist sú ánægja, að mega einhverntíma dragá dálítla mynd af karaktér hans í þessu eða öðrum blöðum, — ef hann vill sýna sig Bensa-laus.

Umkvörtun þín yfir, að finna ekki samleiksást hjá mér, er óturskiljanleg. Þér er gjarnt að leita þess, sem eigið eða þitt ber skyn á. En af því þín sanneiksást er ei þekt í þessari bygð, uni ég því að þú finnur mig ekki hkan þér eða samherkkjungum þínum í neinu.

Það var þó ögn meira en vetrarvistin, sem þú fékst. Það var: að vera skjöldur húsbóndans fyrir öllu hnútukasti sem við mátti búast. Þess var þörf og engion efi er heldur á því, að þú ert stoltur af stöðunni, þótt hins vegar muni þeir fáir hér í bygð, sem öfunda þig af henni.

Svo ráðlegg ég þér, að láta ekki ota þér út á ritvöllinn oftar en þörf gerist, svo þú kollhlaupir þig ekki algerlega. — Annars skal ég að engingu taka það fram, að ég aumkva þig fyrir, að hafa í votta viðurvist — nú nýlega — viðurkent, að hafa engar sannanir, og að þú hefir jafnvel gengið svo langt, að afturkalla ákæru þína um mútu-tilboð mitt. Og ilt er þér að vera svo aumlega staddur, að láta að annara óskum í því, að bera falskan vitnisburð á móti náunga þínum, eða að mega að öðrum kosti vænta þess, að gerast vístrækur!

G. A. Árnason.

YFIRLÝSING. — Mér skilst, að herra Benedikt Ásgrímsson hafi haft það hugfast, að ég væri eina vitnið sem hann hefði með sér í mútuboðsmálinu við herra G. A. Árnason, eða svo hefir hann sagt, — og með grátstaf í kverkunum bað hann mig að bera falsvitni með sér í máli þessu. En ég tilkynni herra Benedikt Ásgrímssyni og lesendum blaðs þessa, að ég hvorki ber lygar fyrir Benedikt Ásgrímsson né nokkurn annan, — hvorki í þessu máli né öðru' og eins veit ég ekkert um þetta mál og hefi aldrei heyrt herra G. A. Árnason bjóða Benedikt nokkrum mútur, og eins hefi ég ástæður til að álíta, að Benedikt sé hreint og beint að bera tóm ósannindi í þessu máli eins og mörgum öðrum.

Gísli Árnason.

Dagsett í Churchbridge þann 19. desember 1908.

Giftingaleyfisbréf

selur Kr. Ásg. Benediktsson
540 Simcoe st. Winnipeg.

GLEÐILEGT NÝTT ÁR

óskum vér öllum vorum viðskiftavinum fjær og nær. Heimsækjið oss um nýárið í nýja staðnum.—

C. G. JOHNSON
Telefón 2631
301 SHERBROOKE ST.

Woodbine Hotel

Stærsta Billiard Hall Norðvesturlandinu
Tíu Pool-borð.—Alskonar vín og vindlar.
Lennon & Hebb,
Eigendur.

ELDIVIÐUR !! Óheyrður afsláttur. ELDIVIÐUR !!

Úr skógnum og til notenda. Engin kaupmanna firóði. Beinhart, þurt Tamarak á $5.35

Beinhart Jack Pine $4.35

Sent til kaupenda frítt. Kallið í Talsíma 3512.

COMLINS & CO.

Með því að biðja sérlega um "T.L. CIGAR," þá ertu viss að fá ágætan vindil.

T.L.

T.L. CIGAR

(UNION MADE)

Western Cigar Factory
Thomas Lee, eigandi Winnipeg

Redwood Lager og Extra Porter

Styrkið taugarnar með því að drekka eitt staup af öðrum hvorum þessum ágæta heimilis bjór, á undan hverri máltíð. — Reynið !!

EDWARD L. DREWRY Manufacturer & Importer Winnipeg, Canada.

ROBLIN HOTEL

115 Adelaide St. - - Winnipeg.

Besta $1.50 á-dag hús í Vestur-Canada. Keyrsla ókeypis milli vagnstöðva og hússins á nóttu og degi. Aðhlynning hina beztu. Viðskifti Íslendinga óskast. William Ave. strætisbraut fer hjá húsinu.

O. ROY, eigandi.

SPÓNNÝTT HÓTEL
ALGERLEGA NÝTÍZKU

Hotel Majestic

John McDonald,
eigandi.

James St. West, Rétt vestan við Main St.
Winnipeg Telefón 4979

$1.50 á dag og þar yfir
Bandaríkja-snið

Alt sem hér er um hönd haft er af beztu tegund. Reynið oss.

MIDLAND HOTEL

285 Market St. Phone 3491

Nýtt hús, nýr húsbúnaður Fullar byrgðir af allskonar vönduðustu drykkjum og vindlum í hressingar stofunni. Gisting einn dollar á dag og þar yfir.

W. G. GOULD :: FRED. D. PETERS,
Eigendur
WINNIPEG ::: ::: CANADA

Jimmy's HOTEL

Rétt á bak við Pósthúsið

Íslendingar ættu að reyna þetta gistihús. Í hressingarstofunni er sá eini íslenzki vínveitingamaður í Winnipeg.

James Thorpe,
eigandi
Fyrrum eigandi Jimmy's Restaurant

The Dominion Bank

NOTRE DAME Ave. BRANCH Cor. Nena St.

Vér seljum peningaávísanir borganlegar á Íslandi og öðrum löndum.

Allskonar bankastörf af hendi leyst

SPARISJÓDS-DEILDIN

tekur $1.00 innlag og yfir og gefur hæsta gildandi vexti, sem leggjast við innstæðufé á sínum á ári, 30. júní, 30. sept. 31. desembr og 31. march.

hefði verið nógu huglítil til að láta hræða mig með hótunum og illri meðferð til að taka boði hans".

Þessi orð hittu sem tvíeggjað sverð, því þau voru réttlát. — Prófessorinn beit sig í varirnar, og leit órólega niður fyrir fætur sér.

"Ég áleit, að með því gæta ég best til lykta leitt hlutverk það, er faðir minn bað mig fyrir", mælti hann eftir langa, óviðfeldna þögn, — málrómur hans var ekki nærri eins festumikill eins og vanalega. — "Það var rangt, — en eins og þér vitið, leitti ég ekki neinni hörku við yður, og lét yður alveg sjálfráða, þó ég, af því móðir mín mælti með því, hefði gefið samþykki til ráðahagsins. — Að öðru leyti skulu þau orð, er ég sagði áðan, vera hin síðasta tilraun er ég sem tilsjónarmaður yðar geri", bætti hann við gremjulega. — "Ég verð að gefa yður á vald forlögum yðar. Gangið þér þeim glöð í móti?"

"Já", mælti nin unga stúlka og augu hennar leiftruðu.

"Og þér hugsið til að verða hamingjusamar í hinum nýja verkahring yðar?"

"Já! Eins og ég trúi á annað og betna líf".

Þá er prófessorinn spurði hana hinnar síðustu spurningar, hafði hann litið fast og rannsakandi í augu hennar, alveg eins og þá er hann horfði í augu sjúklinga sinna til þess að komast eftir sálarástandi þeirra. En þegar hann sá, hve augnaráð hennar var glaðlegt, þá leit hann óánægju og gremjulega til hliðar. — Hann mælti ekki eitt orð meira, nótti eins og utan við sig litlu Önnu hendina, tók hattinn ofan fyrir Felicitas og gekk svo hægt heim að húsinu.

* *

Sama kveldið sat Rósa í vinnuhjúahenberginu og saumaði í ákafa kjól úr blátt efni handa húsmóður

sinni. Hún þurfti að vaka fram yfir miðnætti. — Gamla Friðrika sat hjá henni og hafði hitað handa þeim góðan kaffisopa, — bara til að halda þeim vakandi, sagði hún.

Klukkan var fyrir löngu búin að slá 10. Felicitas var komin inn í svefnherbergi sitt og ætlaði að fara að taka á sig náðir, en kaffi-systurnar í herberginu við hliðina, töluðu svo mikið, að henni var það ómögulegt. Hún lauk því upp glugganum og settist í gluggakistuna til að anda að sér hreinu lofti. Hún spentá greipar um kné sér og horfði út í garðinn. — það var ekki orðið aldimt, og enn þá brunnu ljós í loftsstúgunum. Gegnum hina stóru loftsglugga féllu ljósgeislar niður á steinstéttina umhverfis húsið, og ofurlitlum bjarma sló yfir gosbrunnana og öll hin leiðinlegu og skuggsýnu garðshorn. Og yfir bakhlið hússins sló einnig ofurlitilli ljósglætu, — en yfir hinum stóra ferhyrning, er byggingin myndaði, lá himinnin alstirndur og heiður, og stjörnurnar horfðu yfir garðinn, er munnmælasögur skýrðu frá að vofur væru á sveimi um, og hárið átti að rísa á höfði þeirra, er sáu þær. — Gófuglegir riddarar, tiguleg kaupmenn og tíginbornar frúr á silkikjólum með hældragi, einnig virðulegar húsfreyjur af borgaraættum, — alt þetta fólk hafði horft upp til stjarnanna, og úr augum þess höfðu stjörnurnar lesið mangvíslegt: Sumir litu upp til þeirra augum fullum af gleði, — aðrir litu til þeirra með köldu tilfinningarleysi, augnaráði, sem auðsjáanlega dáðist ekki að guðs dásemdarverkum, — óttafullum augum hafði einnig verið litið upp til þeirra af þeim, sem vissu sig seka í einhverju afbroti, — og tárvot barnsaugu höfðu stjörnurnar einnig séð. — Nú voru öll þessi augu brostin, og þó vildu menn aldrei láta sér skiljast hið mikla náttúrulögmál, að alt deyr að lokum. Kynslóð eftir kynslóð hafði litið dagsins

ljós, — og svo horfið ofan í gröfina. Hvað höfðu þær gert í millibilinu? Átt í stríði og baráttu með að ávinna sér lönd, nafnbætur og auðæfi og fagran klæðnað. — Og einn þráðurinn í lyndiseinkunnum mannsins, sem setur allan heiminn í hreyfingu, var einnig ráðandi hér: Yfirgangurinn. — Þessi andstyggilega tilhneiging til þess að undaroka aðrar manneskjur, og ráða yfir þeim, — og ef menn höfðu ekki þá yfirburði til að bera, er því gæti áorkað, þá brugðu þeir yfir sig hræsnisblæju og þóttust svo gera það, — guðs heilaga nafni til dýrðar og vegsemdar.— Ekkert hefir meira verið vanbrúkað og notað í heimnum til fjáröflunar en guðsorð, og í guðsnafni hafa hin mestu ódáðaverk framin verið.

Á meðan þessar hugsanir hvörfluðu í huga hinnar ungu stúlku, heyrðist úr næsta herbergi samtal þeirra Friðriku og Rósu.

"Já", sagði Rósa og hló hátt, "Mín náðuga frú varð alveg forviða, þegar prófessorinn kom heim í kveld og skýrði frá því að hann ætlaði næsta dag í skemtiför ásamt nokkrum fleirum, körlum og konum. — Hann í skemtiferð — guð hjálpi mér! — Í Bonn situr hann ár eftir ár yfir bókum sínum og gengur til sjúklinga sinna og til háskólans, — annað ekki. Aldrei fer hann á dansleik, aldrei í veizlu! Hú, það er hræðilegt! — Ég hefi andstygð á þessum heilgaleik, þegar karlmaður á í hlut".

"Ó, skammastu þín, Rósa!" mælti Friðrika gremjulega. — "Ef að náðug frúin heyrði þetta!"

"Nú, alt hefir sín takmörk, þegar hann gekk í skóla, þá var hann næstum hættur að borða og drekka, til þess að vera viss um að verða sáluhólpinn. — Á þeim tímum gátu ekki einu sinni skólabræður hans haft neitt saman við hann að sælda".

"Menninir eru svo vondir. Ef til vill vilja þeir ekkert hafa með hann að gera nú".

"Jú, jú!! Nú næstum tálbiðja þeir hann. — Hvernig hann hefir fengið þá til þess, — það veit ég ekki. En lærisveinar hans bera eins mikla umhyggju fyrir honum eins og hann vær barn í reifum. — Og þá kvenfólkið! — Það er alveg hræðilegt. — Þær kyssa á höndur hans- ef þær ná til þess, þegar hann skrifar lyfjaseðil fyrir þær. — Mín náðuga frú er í þessu tálliti ekki betri en hinar. — Ég hefi víst oftar en einu sinni reiðst með sjálfri mér yfir því. — Ef hann væri nú fallegur! — En hann jafnljótur og klunnalegur, með rautt skegg eins og bjarndýr. — Hann ætti bara að koma til mín! Alt af er hann svo klúr og kuldalegur: Mín náðuga hefir til dæmis krampa, og svo kemur hann inn, gengur að rúminu, lítur á hana eins og hann ætli að gleypa hana með augunum og segir svo: "Hertu þig upp, Adela, þú ferð á augabragði á fætur, — ég geng snöggvast í burtu, og þegar ég kem aftur, þá situr þú alklædd í stólnum hérna, — skilur þú mig?". Og svo þegar hann kom inn aftur, þá sat hún í stólnum og krampinn var liðinn frá. — Er það ekki óheyrt, að koma þannig fram við tíginborna konu?"

Hann hefði náttúrlega getað verið ögn kurteisari", mælti Friðrika.

"Hann er yfir það heila tekið hinn mesti harðstjóri við hana. Öll ánægja hennar liggur í því, að klæða sig fallega. — Þú mátt trúa því, Friðrika, að í Bonn á hún fulla skápa af kjólum og öðru skarti, svo að maður verður aldrei þreyttur af að horfa á það, og þá varð ekki annað sagt, en að hún fylgdist með tízkunni. En þegar þessi nöldrunarseggur er alt af að tala um og alt vill hafa sem einfaldast, — þá lætur hún hann aldrei sjá sig í öðru en "moll"-kjól, — "moll", ekkert annað en "moll". — En ef hann bara vissi, hversu dýrir þessir hvítu, léttu kjólar eru. — — Hann vildi nú endilega, að veslings

Fréttir úr bænum.

Herra Geo. H. Jenson, frá Saskatoon, var hér á ferð í þessari viku á leið til Pine Valley, til þess að dvelja þar um jólin hjá konu sinni og 3 börnum, sem hafa dvalið þar síðan í sumar. Herra Jensen er nú aðalumboðsmaður í norðurhelfingnum af Saskátchewan fylki fyrir North West Thresh er Co. of Stillwater, Minn., með aðalstöðvar í Saskatoon. Herra Jensen segir akuryrkju verkfæra sölu sína hafa gengið vel þar vestra og fara vaxandi. Verkfærin eru vinsæl meðal bænda þar. — Í Saskatoon eru 6 þúsundir íbúa, og er það mesta manaval. "Business" menn eru þar ötulir og áræðið auðsjáanlegt, svo Jensen kveðst ekki hafa mætt betri meðmælendum, þar sem hann hafi farið.

Herra Alexander McDonald, matvörusali þar í borginni, er að byggja 4 lyfta byggingu, og ýmsir aðrir stórverzlunarmenn eru að koma sér upp útibúum þar. — Bærinn hefir járnbrautarsamband við 3 járnbrautir: C.P.R., C.N.R. og G.T.P. brautina nýju, í allar áttir.

Herra Jenson telur Saskatoon bæ vera mesta verzlunarstað vestan Regina, og langt á undan Moose Jaw og Prince Albert. — Hann segir, að íslenzka bygðin meðfram Touchwould Hills og þar vestur af, hafi lengið betri meðal uppskeru, heldur en nokkurt annað hérað, sem hann kom í þar í fylkinu. Hann telur nýlendu þessa ágæta, með járnbraut beint í gegn um hana. Hann segir að íbúunum líði vel og þeir hafi góðar vonir um framtíðina.

Sem merki um framfarir bygðarinnar, segist herra Jensen hafa á sl. 2 árum selt Íslendingum 20 þúsund dollara virði af þreskivélum, sem þeir hafi borgað í gjalddaga.

Úr bréfi frá Mountain, 24. des. 1908: — "þann 21, þ.m. var skáldið okkar góða hér á Mountain, og las upp nokkur kvæði, sem eins og fyrri sýndu hans djúpsæu hugsanir, og það, hve framúrskarandi gott vald hann hefir á málinu, okkar kæra, gamla og gullfagra máli. En sorglega fáir sóttu þessa samkomu, og álít ég það orsakast af þessu tvennu: 1) að hver samkoman hefir rekið aðra rétt á undan, og 2) að okkar unga íslenzka kynslóð virðist meta minna íslenzkan skáldskap en hin eldri kynslóð gerir enn í dag, og er það máske, ef rétt er athugað, eðlilegt af ýmsum ástæðum".

Mrs. B. Stephanson, að Glenforsa, Man., hefir sent $6.00 peningagjöf til Almenna spítalans hér í borg, og hefir spítalinn kvittað fyrir þá gjöf og sent þá kvittun til Heimskringlu. — Sömuleiðis hefir spítalinn kvittað fyrir $10.00 peningagjöf Mrs. Rebekku Johnson, sem getið var um í síðasta blaði. — Báðar þessar konur hafa sýnt löndum vorum lofsvert eftirdæmi með því að styrkja svo höðinglega þessa nauðsynjastofnun. Óskandi að fleiri vildu feta í spor þeirra.

Í byrjun október sl. kom til bæjarins herra Árni Björnsson, frá Narrows P.O., Man., til þess að ganga hér undir holdskurð hjá Dr. Brandson. Skurður sá var stór og hættulegur, því að taka varð úr manninum part af 2 rifjum og nokkuð af bringubeininu. Eftir þenman skurð komst hann á fætur, en brátt sótti þó í sama sjúkdóms farið, svo að þörf varð á, að gera annan holdskurð á honum, enn þá stærri. Var þá tekið nálega alt bringubeinið upp undir geirvörtur og partar af rifjum. Þessi síðari skurður var gerður fyrir mánuði. En svo er nú sjúklingurinn kominn til bata, að hann er farinn að geta setið daglega lítla stund í stól í herbergi sínu, og hafa læknar spítalans góða von um, að hann muni ná heilsu, en lángur tíma verður líklega, því miður, þar til hann verður vinnufær. Ef til vill verður hann fær um að yfirgefa spítalann um eða eftir 15. janúar, og dvelur hann þá um hríð hjá vini sínum herra Jóni Vestmann, að 686 Toronto St, þar til hann verður fær um að halda heim aftur.

Herra Björn Thorvardsson, trésmiður, sem um sl. 3 ár hefir dvalið hér í borg, síðan hann kom hingað vestur frá Reykjavík á Íslandi, flutti héðan á mánudaginn var alfarinn til Vancouver, B.C. — Áritun hans þar verður Hill Crest P.O., Vancouver, B.C.

Heimskringla þakkar kirkju-Calendar þann, sem séra Jón Clemens, prestur ensku lútersku kirkjunnar í La Crosse, Wis., hefir sent blaðinu. Á Calendar þessum eru prentaðar myndir af prestinum og hinni látnu konu hans og kirkju safnaðarins, sem virðist mjög snotur bygging, umkringd af fögrum trjám. Önnur myndin af kirkjunni sýnir hluta af framstafni hennar, þegar fólkið er að fara út úr kirkjunni. Á spjaldinu eru og auglýsingar um sérstaka samskota daga, alt frá 21. janúar til 25. nóv. 1909. — Með þessum Calendar fylgdi og auglýsing um 6 fyrirlestra, sem presturinn hefir flutt og flytur á tímabilinu frá 8. okt. sl. fram til 11. marz næstk. og skýrðir eru með lampamyndum.

Munið eftir 21. árs afmælis samkomu stúkunnar Heklu á föstudagskveldið 1. Janúar 1909.

S. F. Ólafsson

619 Agnes St. selur Tamarac fyrir $5.50 og $5.75 gegn borgun út í hönd.

Th. JOHNSON
JEWELER
286 Main St. Talsími: 6606

Í þessu blaði auglýsir herra Sigtryggur Ólafsson, að 619 Agnes St., að hann selji Tamarac eldivið eins lágt og $5.50 hvert cord. Viður sá er valinn, og Tryggvi ábyrgist, að hann sé eins góður og hægt er að fá, og með því hann hefir yfir 20 ára æfingu í viðarvali og sölu, þá má trúa honum til þess, að velja ekki af verri endanum fyrir landa sína. — Sigtryggur segist vona, að Íslendingar sjái sinn eigin hag í að skifta við sig, þegar þeir geta fengið valinn eldivið með þessu lága verði.

Ísl. Conservative Klúbburinn

ætlar að hafa KAPPRÆÐU á fundi sínum fyrsta mánudagskveld eftir nýár — 4. Janúar.

Umræðuefni er:

"Hvort ber þingmönnum að ræða mál og greiða atkvæði um þau í þinginu, samkvæmt eigin skoðun eða samkvæmt vilja kjósendanna".

Óskað að allir meðlimir Klúbbsins sækji fundinn og komi í tíma, — klukkan 8.

Herra Hinrik Johnson, bóndi að Ebor Station, Man., var hér í borg um síðustu helgi, í hveitisölu erindum. Hann segir Pipestonebygðina vera í uppgangi og lönd þar að jafnaði $20.00 virði hver ekra. Hæzta verð, sem lönd þar hafa verið seld fyrir er $36.00 hver ekra. Uppskeran á þessu ári hefir þar í bygð orðið um 20 bush. af ekru að jafnaði af hveiti, og verðið í haust frá 85 til 92 cents hvert bushel.

Lesendur eru beðnir að taka eftþví, að þeir herrar Th. Oddson & Co., land- og fasteignasalar, eru fluttir úr Tribune Block, þar sem þeir hafa haft skrifstofur sínar um sl. nokkur ár, og eru nú sestir að í stórum og skrautlegum skrifstofum Suite 1, Alberta Block, á norð vesturhorninu á Portage Ave. og Garry St., beint á móti Free Press byggingunni og nýja pósthúsinu. Þar óskar Th. Oddson að mega mæta sem flestum gömlum og öllum nýjum viðskiftavinum.

Hér með auglýsist, að Stórstúka Goodtemplara í Manitoba og Norðvesturlandinu er mótfallin því, að undirstúkur hafi dansa á samkomum eða fundum sínum, og álítur þá til hindrunar fyrir Regluna.

Fyrir hönd Stórstúkunnar,
G. BUASON,
ritari

I. O. G. T.

Stúkan ÍSLAND nr. 15, A.R.G.T., hefir áformað að hafa sérstaklega gott prógram á fundi sínum í dag, fimtudag 31. des. (Gamlaárskveld). — Eftir fund verða hafðir allskonar leikir. Komið, bræður og systur, og skemtið ykkur!

Við Víglundur Davíðsson og Peter Melsted og undirritaður stöndum fyrir samkomunni og dansinum 5. janúar næstk. í Goodtemplara salnum.

B. FINNSON.

Þann 28. þ.m. lagði Sigurður Sveinbjörnsson af stað til Íslands, eftir 6 mánaða dvöl í kynnisför hjá bróður sínum hér í fylkinu. Hann býst ekki við að koma aftur

SAMKOMA OG DANS

undir umsjón ungra pilta úr

Stúkunni Skuld

verður haldin í efri Goodtemplarasalnum 5. JANÚAR næstk. — Gott prógram og góður dans ábyrgst öllum, sem sækja þessa samkomu.

Program

Violin Solo: Th. Johnson.
Ræða: B. L. Baldwinson.
Cornet Solo: Carl Anderson.
Piano Solo: Miss Ellen Johnson.
Recitation: Mrs. S. Vatnsdal.
Vocal Solo: Mr. Sproule.
Piano Solo: Miss Ellen Johnson.
Piano Solo: P. Johnson
Violin Solo: Th. Johnson.
Vocal Solo: A. J. Johnson.
Vocal solo: Mr. Sproule.

Dansinn byrjar kl. 10, og Kapptafl, Pedro, og Checkers á milli stúknanna Skuldar og Heklu fer fram uppi á pallinum, og $1.00 verðlaun verða gefin þeim, sem vinna sigur, hverjum um sig.

Th. Johnson spilar fyrir dansinn.

Kaffi verður selt alt kveldið í herberhjunum inn af salnum.

Inngangur að eins 25c.

Byrjar kl. 8.

A. S. BARDAL

Selur líkkistur og annast um útfarir. Allur útbúnaður sá bezti. Enfremur selur hann al skonar minnisvarða og legstæina.

121 Nena St. Phone 306

BILDFELL & PAULSON

Union Bank 5th Floor, No. 520

selja hús og lóðir og annast þar að lútandi störf; útvegar peningalán o. fl.

Tel.: 2685

ARNI ANDERSON Íslenzkur lögmaðr

í félagi með

Hudson, Howell, Ormond & Marlatt
Barristers, Solicitors, etc.
Winnipeg, Man.

13-18 Merchants Bank Bldg. Phone 3621, 3622

BONNAR, HARTLEY & MANAHAN

Lögfræðingar og Landskjala Semjarar

Suite 7, Nanton Block, Winnipeg

Hubbard, Hannesson and Ross

LÖGFRÆÐINGAR

10 Bank of Hamilton Chambers
Tel. 378 Winnipeg

KOL OG VIDUR

Þur, beinharður eldivður, — Poplar, Pine, og Tamarac með mjög sanngjörnu verði. — Nú sem stendur verið að afferma mörg vagnhlöss af BEZTA DAUPHIN TAMARAC. —

McElroy Bros.

Cor. Sherbrooke & Ellice
PHONE: 6612

J. G. Snidal, L. D. S.

ÍSL. TANNLÆKNIR

COR. MAIN & BANNATYNE
DUFFIN BLOCK PHONE 5302

Boyd's Brauð.

Brauð er ein af nauðsynlegustu fæðutegundum. Þess skyldi nákvæmlega gætt, að það sé holt og nærandi. Brauð vor eru tilbúin í nýtízku hreinlætis bakarí, og úr bezta hveiti af sérfróðum bökurum.

Boyd's

Bakery Cor Spence & Portage Ave
Phone 1080.

ÉG HEFI KEYPT ÚT KJÖTVERZLUN

herra Christjáns Oleson's á Notre Dame, og óska viðskifta allra þeirra sem áður voru viðskiptavinir hans. Gott kjöt og sanngjarnt verð.

A. E. COOPER,
666 Notre Dame Ave. Telefón 6906

"Hvað að brúka og hvar skal fá það".

VITUR MADUR

Við höfum lítið að segja, en það sem við segjum, segjum við "beint út". Við óskum að þið komið til okkar þegar þið farið að kaupa haust eða vetrarfötin ykkar. Þá vezt ekki hvað ódýrt þú getur keypt föt búin til eftir máli fyr en þú kemur og talar við oss. —

McFarlane & Cairns

SKREDARAR

335 Notre Dame Aðrar dyr vestan Wpg. Leikhúsið.

Sjerstakt!

GEMSASKINNS-FÓDRAÐIR (Chamois Lined)

YFIRFRAKKAR

búnir til eftir máli fyrir yður, fyrir

$40

Gerðar úr bezta Isaac Corr Meltonklæði er ábyrgst fullkomlega að stöð, vinna, áferði og sniði —

Ef það kemur frá Clement's þá er það akkurat.

Geo. Clements & Son

Stofnað árið 1874
264 Portage Ave. Rétt hjá Free Press

Stefán Guttormsson,

Mælingamaður

663 AGNES STREET. WINNIPEG.

Dr. G. J. Gislason,

Physician and Surgeon

Wellington Blk, - Grand Forks, N.Dak

Sjerstakt athygli veitt AUGNA, EYRNA, KVERKA og NEF SJÚKDÓMUM.

Miss Jóhanna Ólson, Piano Teacher 557 Toronto Street

Drs. Ekern & Marsden,

Sérfræðislæknar í Eftirfylgandi greinum: — Augnasjúkdómum, Eyrnasjúkdómum, Nasasjúkdóm um og Kverkasjúkdómum. : :

Í Platky Byggingunni í Bænum

Grand Forks, :: N. Dak.

KOL og ELDIVIÐUR

Miklar byrgðir; Lágt verð; Fljót afgreiðsla; Reynið oss.

J. G. Hargrave & Co.

334 MAIN ST.

Phones:—431—432 og 2431

Arena Rink

Skautaskemtun á hverju kveldi. Ágætt Music.

JAMES BELL, eigandi.

Royal Optical Co.

327 Portage Ave. Winnipeg. RÉTT Á MÓTI EATON'S BÚDINNI.

Beztu Augnfræðingar

Öll nýjustu og bezt reynd verkfæri notuð. Höfuðverkur sem stafar frá augunum, áreiðanlega lækuaður. Sanngjarn kostnaður.

AUGU SKODUD KOSTNADARLAUST.

konan yrði heima vegna litlu Önnu, — en þá blandaði hitt samferðafólkið sér í sakirnar, og bað um að hún yrði með, — svo þá gat hann ekkert sagt. — Nú, þessi blái jólól mun fara henni vel í ferðinni, — heldur þú það ekki, Friðrika?"

Felicitas varð þungt um hjartarætturnar við að hlýða á tal Rósu og eldakerlingarinnar. Af hverju það stafaði, vissi hún ekki. — Hún stóð upp og ætlaði að ganga inn til þeirra, í von um, að samtalið snerist í aðra átt. Ósjálfrátt leit hún til hliðarbyggingarinnar beint á móti Hún staðnæmdist Ljósið í framdyrunum lýsti upp hinn langa gang, er lá að herbergjum Cordulu frænku. Sérstaklega voru tveir gluggar vel uppljómaðir og sást greinilega í hvítu veggina, Meðfram bakveggnum sást maður ganga fram og aftur, — ólíkur vöxtum og öndum þeim, sem þar áttu að vera á sveimi. — það var h a n n, sem Rósa áleit svo ljótan. — Felicitas sá greinilega hið karlmannlega andlit hans, breiðu herðarnar og mikla skegg.ið. Hann gekk aftur á bak og áfram eftir hinum langa gangi og strauk skegg sitt. — Af því að ríkisstjórafrúin og barnið sváfu í herbergi beint niður af hans, hefir hann vist ekki viljað ganga um gólf í herbergi sinu, til þess að halda ekki vöku fyrir þeim, — og þess vegna valdi hann hinn afsíðisliggjandi ranghala. — Hvers vegna gekk hann svona eirðarlaust fram og aftur? Var hann í visindalegum hugleiðingum? Eða var hann að hugsa um hana, — hverrar vegna hann varð að líða ókvæntur alla æfi?

Felicitas lét þungt hugsandi aftur gluggann og dró niður hinar grænu, upplituðu ullarblæjur.

XVIII.

BURTSVÍFANDI SÁL.

Það var nýbúið að slá grasflötinn úti í garðinum, — þann er lá í skjóli af stóru hnetutrjánum. — Sterka og hressandi lykt lagði frá heystökkunum, — þar sem Anna litla hafði valið sér stað til þess að hvila sig á. Felicitas hallaði sér upp að stærsta hnetutrénu. Það hafði verið uppáhaldstré hennar frá því hún var barn. Fyr meir hafði hún oft klifrað upp í það, og þá er hún hékk í greinum þess, fanst henni ekki einasta grasfloturinn neðan undir vera blómum stráður, heldur líka allur heimurinn. Nú horfði hún upp eftir hinum mikla trjástofni, er digrar og þéttar greinar kvísluðust frá á allar hliðar. Innan undir berkinum fólst líf, er streymdi út í allar greinarnar, sem breiddust út eins og faðmur og létu trjástofninn hafa nóg að starfa. Þær bærðust, er vindsvalinn lék um þær, og skulfu, þegar stormurinn hristi þær til. Máttvana hengu þær niður, er brennheitir sólargeislarnir féllu á þær. En þrátt fyrir þetta, stóð stofninn alt af óbifanlegur. — En maðurinn! Hversu fljótt lætur hann ekki yfirbugast þá er stormar lífsins æða yfir hann!

Þó þessa setningu megi oft til sanns vegar færa, þá átti hún þó ekki heima, hvað hína ungu stúlku snerti, er hann hallaðist upp að trénu.

Einmitt þessi unga stúlka hafði boðið mótlætinu byrginn. — þrátt fyrir það, þó hún hefði viðkvæmt og tilfinningarikt hjarta, hafði hún alt af staðið upprétt í stormum þeim, er höfðu fleygt til jarðar þúsundum annara af hennar kyni. Ef til vill var hún í þungu skapi al því ólþekt hræðsla og kvíði fyrir að verða þó einhverntíma að láta undan, gagntóku hana. — Hversu lítið skiljum vér sjálfir í sálarlífi voru. Vér lítum svo margt röngum augum, og misskiljum svo margt, að margir óviðkomandi hafa gleggri augu fyrir því. Þá fyrst, er vér stöndum við takmörkin, játum við að hafa haft grun um það, og það fyrirfram.

Það voru nú liðnir tveir dagar frá því að professorinn lagði af stað að heiman. — Þegar hann steig upp í vagninn, var sem hann legði frá sér einhverja þunga byrði, er hann með gleði skildi eftir í X..... — Þegar hann kvaddi heimilisfólkið í framdyrunum, hafði hann tekið í hendina á Hinrik og Friðriku, en tók að eins fljótlega ofan hattinn fyrir Felicitas, — eins rólega eins og hún hefði aldrei talað bitur orð til hans, og eins og hann hafði aldrei séð hið hatursfulla augnaráð hennar, sem þó svo oft hafði reitt hann til reiði.

"Nú, þetta er þó skynsamlegt", hugsaði Felicitas og beit tönnunum saman. Nú var hann eins og hann átti að vera. — Ríkisstjórafrúin hafði sest á móti honum í vagninum. Hún hafði svifið fram hjá heimafólkinu eins og ljósálfur hulinn bláum skýjum, og andlit hennar var alt eitt bros, eins og vonaðist hún fastlega eftir að höndla lengi þráða hamingju, og hafa hana heim með sér úr þessari ferð.

Þetta var annar dagurinn, er Felicitas fékk að vera ein í garðinum með Önnu litlu. Henni leið vel, ekki að eins hið innra í hjarta sínu, heldur líka hafði hún orðið fyrir óvæntri gleði, sem henni þótti mikið í varið.

Garðurinn, sem lá við hlið Heilwig garðsins, og sem að eins var skilinn frá honum með girðingu, hafði fyrir fám dögum verið keyptur af foreldrum

Frank málaðerslumanns. Í gær hafði málaflutningsmaðurinn talað við hana mjög vingjarnlega, og í dag hafði hún alt í einu séð aldraða konu í svörtum silkikjól með hvíta húu á höfði og blítt og góðmannlegt andlit, standa við girðinguna og tala til hennar. Það var móðir yngra Frank. Hún líðði mjög kyrlátu lífi með manni sínum og eina syni, og naut almennrar virðingar. Hún hafði heyrt, að Felicitas ætlaði rétt strax að fara frá frú Heilwig, og hún hafði boðið hinni ungu stúlku að leita til sín, ef hún þyrfti þess með. — Hvílikur óvæntur ljósgeisli var það ekki fyrir hána einskismetnu trúðleikaradóttir. — En þrátt fyrir þetta stóð Felicitas í djúpum hugleiðingum hjá gamla hnetutrénu. Hægur vindblær bærði trjáblöðin yfir höfði hennar. Hún brosti raunalega. — Hún las úr þyt þeirra eftirhljóm um tapaða hamingju. Fyrir augu hennar sveif hin gleðisnauða æska hennar. Henni fanst þyturinn í trjánum koma sér öðruvísi fyrir nú, en hann gerði þá. — Nú sagði hann henni, að hún yrði að líða og stríða til sinnar síðustu stundar, — en að örlögin nú þegar tækju í taumana og drapu niður hinn litla vonarneista hennar, — það heyrði hún þó ekki.

* *

Hinrik var nýkominn inn í garðinn. Fyrst ætlaði hann að hlaupa strax til Felicitas, en hætti við það og hvarf á bak við runna. Nú kom hann aftur og gekk hægt til hennar. Strax og Felicitas leit hið trúfasta, góðlega andlit hans, er lýpti nú svo áþakanlegri sorg og ótta, sá hún að hann flutti ill tíðindi. Úr hvaða átt komu þau? Hún hljóp á móti honum og greip angistarfull um handlegg hans.

"Já, litla Fee mín! Ég get ekki ráðið við það, einhverntíma kemst þú þó að því hvort sem er",

LAND

Vér höfum nýlega fengiö til sölu yfir 30 Section-fjórðunga, liggjandi að Oaklands brautarstöðvunum. Verðið er frá $7.00 til $12.00 hver ekra. Ekkert af löndum þessum eru meir en 5 mílur frá járnbrautinni.

Skuli Hansson & Co.
Skrifst. Telefón 6476. Heimilis Telefón 2274

Heimskringla.

Alt landið

er ábyrgst að vera jarðyrkju land af bestu tegund, og fæst keypt með vægum afborgunar skilmálum. (N.B.—Lesið fyrripart þessarar augl. vinstramegin við Hkr. nafn.)

Frekari upplýsingar veita
Skuli Hansson & Co.
56 Tribune Building. Winnipeg.

XXIII. ÁR. WINNIPEG, MANITOBA, FIMTUDAGINN, 7. JANÚAR, 1909 NR. 15

Fregnsafn.

Markverðustu viðburðir hvaðanæfa.

— Þrír leiðtogar verkamanna, þeir Samuel Gompers, John Mitchell og Frank Morrison, hafa nýlega verið dæmdir til fangavistar í Bandaríkjunum.

— Lögsóknunum í San Francisco á hendur Abraham Ruef og félögum hans hefir lyktað svo, að Ruef hefir verið dæmdur í 14 ára fangavist í San Qentin fangelsinu.

— Stórhríðarbyljir á Frakklandi og Englandi í síðustu viku urðu svo miklir, að ekki hafa aðrir eins komið þar í sl. 40 ár. Í Par's varð frostið 19 stig, og gekk sá kuldi svo nærri mörgu fólki, að nærri lá, að það frysi í hel. Á Englandi þoldu menn kuldann ögn betur, en mönnum var hins vegar illa við snjóskaflana, sem víða urðu svo miklir, að þeir byrgðu búðardyr og glugga á sumum helztu strætum borgarinnar. Og öll umferð um landið hindraðist í nokkra daga.

— Mælt er, að mesti fjöldi Bandaríkjamanna sé í undirbúningi með að flytja búferlum norður til Canada á komandi vori, og að innflutningur hingað til Manitoba og Vesturfylkjanna verði meiri á næsta en nokkru undangengnu ári. Jafnvel frá Hawaii eyjunum eru menn að flytja til Canada.

— Rússneska stjórnin hefir frétt, að Níhilistar þar í landi séu að búa sig til uppreistar og hryðjuverka. Lét hún því hanótaka um 500 grunsama náunga, á 2 sólarhringum hinum síðustu á gamla árinu. Lögregluliið var gert út til þess að rannsaka hvert hús í borginni Moscow, til þess að leita að grunsömum mönnum eða skjallegum sönnunum fyrir starfsemi og áformum Níhilista. Allar járnbrautalestir eru rannsakaðar, og engum leyft að ferðast, sem hinn minsti grunur leikur á, hvort sem sá grunur er bygður á nokkrum rökum eða enguin. — Jafnvel konum hefir verið bannað að halda nokkra fundi eða samkomur, þar sem grunur leikur á, að rætt verði um landsmál að nokkuru leyti. Um áramótin sló í bardaga á götunum í Moscow milli uppreistarmanna og hermanna, og féllu þar 20 af hvorumtveggja.

— Blaðið Winnipeg Free Press getur þess þann 3. þ.m., að Laurier stjórnin muni vera í aðsig með að selja Intercolonial járnbrautina, eða þann hluta hennar, sem tengir saman Moncton og Montreal borgir. Það fylgir sögunni, að þeir McKenzie og Mann ætli að kaupa, svo að Canadian Northern járnbrautin geti rent vögnum á sínum eigin sporum alla leið þangað austur. En þann hluta brautarinnar, sem liggur frá Moncon til Halifax og St. John, ætlar stjórn'n að halda áfram að geyma sem ríkiseign, og leyfa Grand Trunk og öðrum brautafélögum frjálsan aðgang eftir henni.

— Kornhlaða Western Milling félagsins í Calgary brann til ösku á sunnudagskveldið þann 3. þ. m. Skaðinn metinn $50,000, fyllilega vátryggt. Kornhlaðan verður tafarlaust endurreist.

— Mælt er, að í vændum sé, að samningar takist með stjórnum Canada og Bandaríkja um öll þau mál, sem að undanförnu hafa valdið álgreiningi. Atriðin eru þessi:

1. Samningarnir frá 1818, sem veita Bandamönnum jafnrétti við brezka borgara til fiskveiða við Nýfundnaland.
2. Um stjórn yfir innlands vatnaleiðum, og skifting vatnsins í Niagarafossi til afls framleiðslu.
3. Að binda enda með samningum á öll peninga eða fjárhagskröfum milli þjóðanna. Hið fyrsta af þessum atriðum á að leggja undir úrskurð Hague nefndarinnar. Hin síðari 2 málin jafna þjóðirnar með sér sjálfar.

— Píus páfi hefir sent sérstakan sendiboða með jólagjöf frá sér til erkibiskups O'Yonnells í Boston. Gjöfin var gull-vasaúr í vönduðum kassa, með skjaldarmerki páfans grafið á hann.

— Háskólastúdent einn í Vínarborg var nýlega dregiinn fyrir dóm fyrir að hafa kyst stúlku í framdyrunum á húsinu hennar. — Gáft kona hinum megin í götunni kvaðst hafa séð þetta, og snúið með hryllingi frá glugganum, því hún hefði haft það á samvizkunni, að verknaðurinn hefði verið ósiðferðislegur. Enda var maður þessi kærður fyrir brot á almennu velsæmi, en ekki samt af hálfu stúlkunnar. Dómarinn úrskurðaði að það væri ekkert brot á velsæmi að kyssast.

— Vísindamenn hafa komist að þeirri niðurstöðu við ýtarlegar rannsóknir, að þegar maður sofnar, þá sofni skilningarvitin í þeirri röð, sem hér segir: 1) Sjónin, 2) Smekkurinn, 3) Ilmanin, 4) Heyrnin, og 5) Tilfinningin. En misjafnlega fast sofa líffæri þessi, og lausast tilfinningin, og heyrnin þar næst, þá sjón, smekkur og ilmur. En þó geta verið undantekningar á þessu, eftir því, við hvaða vinnu maðurinn starfar á daginn. En í öllum tilfellum sefur ilmanin fastast, svo að seinast gengur að vekja sofandi mann með því, að bera eitthvað lyktnæmt að vitum hans.

Voðalegir jarðskjálftar á suður Ítalíu.

— Sú sorgarfregn flaug um allan heim þann 29. des. sl., að voðalegir jarðskjálftar hefðu gert stórkostlegt líf- og eignatjón á Suður-Ítalíu. Þessir jarðskjálftar hafa verið þeir voðalegustu í sögu heimslns síðan Vesúvíusar gosið mikla. Þessir nýju jarðskjálftar hafa á svipstundu gereytt 2 stórborgir, hvora um sig eins stóra eða stærri en Winnipeg borg, og grafið lifandi um 200 þúsundir manna, unga og gamla, og sært mesta fjölda af þeim, sem undan komust. — Margir aðrir bæir á Suður Ítalíu eru og fallnir að meira eða minna leyti, og mesti fjöldi fólks í þeim látnir og særðir og þeir, sem komist hafa lífs af, standa uppi allslausir. Og svo er mælt að minsta kosti 500 þúsundir manna séu allslausir á jarðskjálfta svæðinu. — Eins og áður er sagt, báru þessir voða jarðskjálftar að höndum aðfaranótt þriðjudagsins 29. desember, og orsökuðust af eldsumbrotum í eldfjöllunum Etna og Stromboli. Og hefir hið síðarnefnda gosið, en skruðningar hafa heyrst í iðrum þess fyrnefnda. Þessir skruðningar hafa heyrst langar leiðir, þó enn þá hafi það ekki gosið. — Messina borg, sem telur um 150 þúsund íbúa, stendur við rætur eldfjallsins Etna. Í þeirri borg einni fórust yfir 50 þúsundir manna á þeirri nótt, er jarðskjálftinn varð. Hús in hrundu á svipstundu, svo að fólkið, sem var í fasta svefni í rúmum sínum, átti enga undankomu, og lézt undir rústunum. — Þeir, sem undan komust klæðlausir, voru sem næst vitstola, og flýðu strax úr borginni. En margir voru svo særðir, að þeir fengu ekki flúið og kútust í eldinum. Því að eldur hljóp í borginar við jarðskjálftann, og brendi upp alt sem brunnið gat.

Auk Messina hafa þessar borgir beðið tjón af jarðskjálftunum:

Reggio, íbúar	50,000
Palmero, íbúar	10,000
Georgia, íbúar	7,000
Barcelona, íbúar	20,000
Florida, íbúar	15,000
Nots, íbúar	25,000
Victoria, íbúar	35,000
Paterno, íbúar	20,000
Catania, íbúar	150,000
Terra Novana, íbúar	25,000
Naro, íbúar	5,000
Agusta, íbúar	18,000
Pizzio, íbúar	10,000
Catanzaro, íbúar	25,000
Cabanisetta, íbúar	45,000

Og margar fleiri smærri borgir eru allar í eyði, sumar algerlega fallnar, svo að ekki stendur hús eftir. Í öllum þessum borgum er talið að farist hafi 200 þúsundir manna, og ófrétt þó enn úr mörgum stöðum, sem víst þykir að orðið hafi fyrir tjóni. Samfara þessum jarðskjálftum gekk flóðalda mikil yfir 50 mílna strandlengju landsins, og kastaði hún hafskipum langt á land upp og braut og eyðilagði fjölda smáskipa, er voru við strendurnar. — Þessi flóðalda skolaði og miklum fjöldi húsa af grunnum sínum og kastaði þeim með öllum íbúum sem hráviði langar leiðir. Eignatjónið er svo voðamikið, að enginn hefir enn gert tilraun til að meta það. Konungur og drottning Ítalíu tóku sér strax ferð á hendur til hinna ýmsu staða, sem orðið höfðu fyrir slysum, og er mælt, að þau hafi bæði grátið yfir eymd fólksins — Hafþræðir slitnuðu allar þar um slóðir og tal- og málþræðir eyðilögðust, svo að þær voru ófærar yfirferðar. En skip voru þegar send úr ýmsum áttum með matvæli, meðul og fatnað til hinna bágstöddu, svo að um síðustu helgi var fólkið úr hungurshættu, fréttaþræðir á landi bættir og mesti fjöldi skipa hafði flutt fólkið til óhultari staða.

Til vina blaðsins:

Engin Nýársgjöf kæmi Heimskringlu betur en nýjir fyrirfram borgandi kaup endur.

Nýárs bæn 1909.

Ég vildi að yrði arðsamt ár,
af öllum sönnum gæðum,
og ljósin sannleiks lifðu klár,
sem lifta sjón að hæðum.
Ég vildi að hætti að heyrast kvein,
mig hryllir við að sjá þau mein
með allskyns ógnum skæðum.

Ég vildi að ránshönd reyndist stutt
að rýa vilta sauði,
og orðið sannleiks yrði flutt
enn ekki þessi dauði.
Mér býður við þér bókstafs trú,
hvað böli mörgu veldur þú
og hafnar andans auði?

Ég vil að byrji bræðralag,
svo batni allra hagur.
Ég þrái að sjá þann sæla dag,
þá svangur bæði og magur,
þeir geti notað gjafir þær,
sem guð og jörðin boðið fær. —
Ó, frelsis tími fagur.

Ég bíð um frelsi fyrir alt, —
það frelsi, sem að batar.
Því alt, sem reynist veikt og valt
ég veit mínn andi hatar.
Ég trúi á fagra sannleiks sól,
og sé í anda friðar Jól
þá viltur veginn ratar.

Sigurður Jóhannsson.

Til Goodtemplara í Winnipeg.

...Mér dettur í hug, þótt ég sé stirðfengur til skrifta, að gera nú rögg á mig og skrifa ykkur sögukorn hóðan úr þessari alræmdu, stóru og mannmörgu Íslendiíkga nýlendu, er sumir kalla Foam Lake, — já, sögu, sem varðar ykkar félagsskap mikils, eftir því, sem ég get bezt skilið þá steinu.

Svo er nú mál með vexti, að C P. R. er að leggja járnbraut eftir allri bygðinni endilangri frá austri til vesturs, eins og landabréf sýna, og auðvitað getur félagið ekki verið að hafa mjög langt á milli járnbrautarstöðva innan svona blómlegrar bygðar, svo sem 6—8 mílur, sem gerir það að verkum, að ekki færi enn 7 eða 8 járnbrautarstöðvar verða hér í íslenzku bygðinni. Svo kemur nú að því, að við landarnir skiftum okkur niður í hópa, að hver hópur tilheyrir sínum kaupstað, og þá er nú að sjálfsögðu að passa að bærinn sinn verði ekki á eftir bænum hinna, því landinn hefir nóg af kappinu, hvað sem forsjá líður. — Og víst er um það, að bærnir byggjast upp af stór-grösserum og heldra fólki, sem óvant er við, að láta á móti heiðarlegum tilhneigingum sínum, eða neita sér um vanaleg lífsþægindi, sem þó eru nokkuð margbrotin. Og ekkert er eðlilegra, en bóndanum skiljist, að nauðsynlegt sé að hafa vinsölu, því einn af helztu mönnum bæjarins fullyrti, að það yki svo atvinnuvegina og fjörgaði viðskiftalífið. — Já, það er svo sem sjálfsagt, að gera annað eins smáræði fyrir kaupstaðinn sinn. Og hótelin þjóta upp með allskonar áfengi og brúsandi bjór, svo að bóndinn megi kæla tungu sína og svala þjósti sínu, þegar hann kemur sem lurkum laminn eftir hita og þunga dagsins, til að sækja lífsnauðsynjar sínar til bæjarins. Já, vínsala má til að vera í hverjum bæ, því bóndinn er svo skratti nískur á peningana, þar til Bakkus er búinn að segja honum, hvað er að vera maður meðmönnum.

Ég tel engan efa á, að hér komi upp hótel með vínsölu í öðrum hvorum bæ, ef ekki víðar, og getum við þá innyndað okkur, að ekki fáar þúsundir dala lendi þar úr vösum okkar Íslendinga, sem betur hefðu verið komnar í ekknasjóð á Íslandi eða fátækrasjóð þar eða hér.

En mestum sársauka veldur það að vita ungdóminn vaxa upp með þessum skilningstrjám, — fólkið, sem á að taka við og halda áfram stríðinu til sigurs, þegar þeir eldri falla í valinn.

Það er skylt að geta þess, að hér er margur góður maður, sem ekki vildi víta af því, að hér kæmu upp vínsöluhús í þessari bygð. En ég er hræddur um, að ekki verði séð við þessum leka eða sett undir hann að gagni, nema með utanað komandi áhrifum, eins og svo sem að kæmu lipurmenni frá Winnipeg og mynduðu stúkur viðsvegar um bygðina, eða svo sem svaraði eina stúku fyrir hvern bæ. Þá væri ég líka glaður með sögulaunin.

Virðingarfylst,
John S. Laxdal.
Laxdal P.O., Sask.

Fróðlegir fyrirlestrar.

Um næstu helgi, þann 10. þ.m., er von á einum bezta ræðuskörungi Únitarafélagsins í Bandaríkjunum hingað til bæjarins. Hann flytur hér fyrirlestra um ýmislegt efni, og auk þess prédikar sunnudaginn þann 17. þ.m. á Manitoba Hall undir umsjón enska Únítarasafnaðarins.

Á miðvikudaginn þann 13. þ.m. kl. 8 að kveldinu, flytur hann fyrirlestur í íslenzku Únítarakirkjunni. Ber það kveld upp á fundarkvöld Menningarfélagsins, og kemur því fyrirlestur þessi í stað hinna venjulegu Menningarfélags funda. Inngangur er ókeypis, og ætti fólk að fjölmenna á fyrirlestur þenna.

Fyrirlesari þessi heitir Rev. Charles W. Casson. Var hann um tíma prestur í Únítara kirkjunni í Ottawa, en er nú útbreiðslustjóri Únítara félagsins amerískanska í Boston.

Horfðu hærra.

Fanst þér ekki hugur hækka,
hugsjón þín og vonir stækka
við að horfa hátt?
Því í ryki og ruslahrúgum
reynslan varð þú mistir úrjúgum
— áttir einatt bágt.

Þinn er sjónar þrengist hringur,
þarna er hafið, vertu slingur:
vikka sjónarsvið.
Hættu' að trúa á tóman vana,
trúðu á mátt, sem ketur flana
út á yzta mið.

Ef þú hækkar hugsjón þína
hættir fátækt þig að pína, —
annað reðra sérð.
Upp á fjallsins efsta tindi
ertu frjáls í hreinum vindi, —
minkar vanans mergð.

Láttu sumarsól þig hressa,
safna kröftum, líf þitt blessa,
auka andans þrótt.
Svo þó liði sumardagur
samt hann býr í huga fagur, —
lýsir langa nótt.

Láttu blómin blíð þér kenna
braut um lífsins glaður renna
heim að hinstu stund.
Því ég veit, að lifið lifir,
lifið dauðann stígur yfir, —
fáum vinafund.

Sigurður Jóhannsson.

Spurningar og Svör.

MÁLAVEXTIR. — Guðmundur leigði af Jóni stóran akur upp á helming uppskeru og vanalega skilmála, en til að geta leigt þetta, varð Guðmundur að kaupa 3 uxa. En af því hann var bláfátækur og þurfti að kaupa uxana upp á lán, varð hann að fá sér ábyrgðarmann, svo Jón gengur í ábyrgð fyrir hann, — ábyrgð fyrir $100 á bankanum og $90 hjá þeim, sem seldi uxana. Alt svo $190, eins og uxarnir kostuðu. Svo nú er þá ekki annað eftir en að skrifa upp leiguskilmálana, en áður en það komst í verk, fer Jón að heyra utan að sér, að Guðmundur sé hættur við að leigja. Svo Jón fer til hans og spyr hann, hvað gangi að, og segist þá Guðmundur vera þúinn að sjá, að þetta sé sér ofvaxið og hann geti ekki lagt vinnu sína í annað en það, sem gefi honum peninga í aðra hönd alt af jafnóðum, svo hann geti haldið lífi í famílunni. Svo Jón biður hann þá að létta af sér ábyrgðinni á uxakaupunum, hann geti fengið sér annan ábyrgðarmann, eða hann skuli koma með 3 af nágrönnunum, að þeir lofi við sinn drengskap, að Jón þurfi aldrei að borga neitt í þessum uxum. En Guðm. segist skuli útvega ábyrgðarmann, þegar "nóturnar" séu fallnar í gjalddaga. Það er ári seinna, enn uxarnir voru keyptir. En Jóni þyk ir þetta nokkuð tortryggilegt, svo hann býður Guðm., að hann skuli taka uxana sjálfur, og Guðm. megi biðja um hverja 3 af nágrönnunum, sem hann helzt kjósi, að þeir lofi við drengskap sinn að ábyrgjast, að Guðm. þurfi aldrei að borga neitt í þessum uxum. En Guðm neitar öllu þessu, og öllu öðru en því, að Jón borgi "nóturnar" strax og afhendi sér þær, þá megi hann taka uxana, — annars að sjálfsögðu haldi hann uxunum, og þá Jóni ábyrgðarfullum fyrir borguninni, í heilt ár fyrir það fyrsta. — Þess skal getið, að vottar eru til um allan gang þessa máls.

SPURNINGAR. — 1) hver kom drengilegar fram í þessu máli, Jón eða Guðmundur? 2) Hver stóð lagalega betur að vígi, Jón eða Guðmundur?

Forvitinn.

SVAR. — Það geta að sjálfsögðu ekki orðið deildar meiningar um, hvor drengilegar hafi komið fram í þessu máli. Á Jóns hlið er sjáanlega allur drengskapurinn frá byrjun til enda. Hjá Guðm. verður hans hvergi vart. Hann ryðst gerðum leigusamningum, eftir að hafa undir fölsku yfirskyni komið talsverðri peningalegri ábyrgð á hendur Jóni. Heiðarlegur viðskiftamaður mundi að minsta kost hafa séð um, að létta peningalegu ábyrgðinni af Jóni um leið og hann ryðst leigusamningunum. Siðferðislegi rétturinn er því allur Jóns megin, en enginn hinsvegar.

Um lagaréttinn getum vér ekkert sagt með vissu. En svo skilst oss, að geti Jón sannað leigumálann og það, að hann hafi í tilefni af þeim samningi greiðið í $190 ábyrgðina fyrir Guðmund, þá geti hann krafist skaðabóta af Guðm. En við ábyrgðina fær hann að sjálfsögðu ekki losast. Ritstj.

Brúkið blek.

Svo margir eru nú teknir upp á því, að senda Heimskringlu bréf og greinar ritaðar með ritblýi, og sem í mörgum tilfellum er sem næst ólæsilegt, þegar það kemur hér á skrifstofuna, að ég finn mig neyddan til að mælast til þess, að þeir sem senda bréf eða ritgerðir til birtingar í blaðinu, vildu skrifa MEÐ BLEKI, svo að það verði nægilega skýrt til aflesturs fyrir stílsetjara blaðsins og aðra, sem um það þurfa að fjalla.

B. L. BALDWINSON.

NÝTT NÝTÍZKU

THE QUEENS

Vinsælasta
og þægilegasta
Gisti-hótel í Winnipeg

Bandaríkja-snið
Frí keyrsla.

MONTGOMERY BROS.,
EIGENDUR

BJART MIÐSTÖÐVA

Wall Plaster

Með því að venja sig á að brúka **"Empire"** tegundir af Hardwall og Wood Fibre Plaster er maður hár viss að fá beztu afleiðingar.

Vér búum til:

"Empire" Wood Fibre Plaster
"Empire" Cement Wall "
"Empire" Finish "
"Gold Dust" Finish "
"Gilt Edge" Plaster of Paris
og allar Gypsum vöruteg-undir. —

Eigum vér að senda yður bækling vorn?

MANITOBA GYPSUM CO. LTD
SKRIFSTOFUR OG MILLUR I
Winnipeg, - Man.

Heimskringla

Published every Thursday by The Heimskringla News & Publishing Co. Ltd

Verð blaðsins í Canada og Bandar $2.00 um árið (fyrir fram borgað). Sent til Íslands $2.00 (fyrir fram borgað af kaupendum blaðsins hér $1.50)

B. L. BALDWINSON,
Editor & Manager

Office:
729 Sherbrooke Street, Winnipeg
P. O. BOX 3083. Talsími 3512.

Gleðilegt nýtt ár!

FERÐASAGA

úr Pipestonebygð og víðar

EFTIR
K. ÁSG. BENEDIKTSSON.

[Framh. frá 3. tölubl., 19. nóv. síðastl.]

Næsta dag fórum við nafnar suður aftur. Komum þá til Þorsteins Jósephssonar, en hann var ekki heima. Þaðan fórum við til Sigurgeirs Kristjánssonar aftur. Hann tók okkur vel. Þeir Jóhannes og Sigurgeir eiga þreskivél til saman og hafa átt um nokkur ár. Þeir eru bráðir góðir drengir og dugnaðarmenn. Þeir áttu eftir að þreskja lítið eitt, þegar ég fór þar um. Ég heyrði enska bændur hæla þeim fyrir það, að þeir fengju vandaðri þreskingu frá þeim, enn þarlendum mönnum. Þeir eru enn þá ungir bændur, en munu komast í betra lagi áfram, og eiga góða framtíð fyrir höndum. Þessir feðgar sögðu mér, að uppskera sín í haust mundi vera nálægt 15—18 bushel af ekrunni. Vissu það ógerla þá, vegna þess þeir voru ei farnir að selja hveiti sitt.

Síðari part þessa dags keyrði Jóhannes Kristjánsson mig suður til Sinclairs, og það alla leið suður í Syðri bygð til Magnúsar Taits, og það í hinu mesta haraveðri. Ég varð eftir hjá Magnúsi Tait, og gisti hjá honum þá nótt. Magnús er góður og lipur heim að sækja. Hann er skraðhreifinn og vel að sér. Hann á tvö lönd og faðir hans eitt. Tait kvað hveitiuppskeru sína vera um 23—24 af ekrunni. Hann var að draga hveiti í vagni vestur í Antler. Sá bær er vestur við fylkjalínuna milli Manitoba og Saskatchewan. Hann var því í mesta annríki. Ef þeir, sem panta vagna undir hveiti, eru ekki búnir að fylla þá innan viss tíma, þá þurfa pantendur að greiða aukaborgun fyrir hvern dag, sem fram yfir liður. Bændur fá meira upp úr hveiti sínu, að senda það austur til vatnanna í vögnum, enn selja það á hveitihlöður. Vigtin er að eins ein á vagnhlassinu, en margfalt fleiri af keyrsluvögnum. C.P.R. félagið passar, að draga ekki af vigtinni, því flutningsgjaldið er víst á hverju bushel. En kornhlöðuþjónar vigta meira og minna af hveitinu.

Um morguninn fylgði Tait mér vestur til Guðmundar Davíðssonar, sem býr mílu fyrir vestan Tait. Guðmundur var byrjaður að plægja akurinn, og var þó ekki framorðið. Guðmundur kom strax heim með okkur, og sendi vinnumann sinn að halda áfram plæginguni. Þar skildum við Tait í það sinni.

Herra Guðmundur Davíðsson keyrði mig vestur til Júliusar Bjarnasonar í Antler, Sask. Hann býr rétt vestan við merkjalínuna á milli Manitoba fylkis og Saskatchewan fylkis, 4—5 mílur suðaustur frá Antler. J. Bjarnason var ekki heima, þegar við komum til hans. Þaðan keyrðum við til Antler. Það er dálitill bær og ekki óviðkunnanlegur. Sá bær ber af Sinclair, sem er vestasti bærinn í Manitoba á C.P.R. brautinni syðri sem liggur um Pipestone héraðið.

Bændur voru þá að draga hveiti sitt í flutningsvagna á Antler. — Þeim gekk mikið betur við C.P.R. félagið að leigja þeim vagna þar en á Sinclair, þó vestar sé. Þar fundum við nokkurra Íslendinga um daginn, sem sé: — Jón Þórðarson, Þorgrím Ólafsson, Júlíus Bjarnason og Jóhann Jóhannsson frá Bárdal, og fleiri. Við vorum þar um nóttina.

Þar frétti ég, að herra Jóhann Pálsson, innflutninga umboðsmaður Dominion stjórnarinnar, og Mr. Kennedy hefðu komið norðan frá Virden, í norðurbygðina, eftir að ég fór þaðan, og hefðu stefnt ferðum suður til Sinclair, og mundu máske halda þar fund næsta kveld.

Frá Antler fórum við Guðmundur austur í íslenzku bygðina. Þá kom ég til Jóns Abrahamssonar. Tók hann okkur vel. Hann er aldraður, búinn að vera lengi í þessu landi. Fyrst í Nýja Íslandi, þá í Argyle, og nú nokkuð á annan ára tug í Pipestone bygð. Jón er gestrisinn og ræðinn heim að sækja, og sagði mér ýmislegt frá frumbýlingsárum sínum þar vestra. Hann á uppkomin börn og líður vel og býr í laglegu húsi.

Þaðan fórum við suður til Bergvins Jónssonar, og fundum hann úti á akri við plæginguu. Hann er ungur bóndi þar í sveit, en hefir farnast vel, og á 2 lönd, enda er hann dugnaðarmaður og hagsýnn. Hann er fæddur á Tjörnnesi í S.-Þingeyjarsýslu, en ólst upp við Eyjafjörð.

Þá fór ég heim með Guðmundi og var hjá honum þangað til um kveldið, að við keyrðum norður til Sinclair. Guðmundur Davíðsson er af Ísafirði. Hann er einn af elztu landnemum í sveitinni. Místi eitt sinn hús og uppskeru alla í brennu. Hann á nú 2 lönd, og húsakynni dálgóð. Barnaskólinn stendur á landi hans, og gaf hann skólanum ekru af landi. Guðmundur er viðkynnislegur og duglegur, náðafljótur og búhöldur góður, og höfðingi heim að sækja. Hann er eltá Conservative í þeirri bygð, og kemur fram í þeirri stefnu og málafylgjum einarðlega og er fylginn sér.

Þegar við komum til Sinclair, var þar enginn pólitískur fundur, og voru þeir Pálsson og Kennedy til baka horfnir.

Í Sinclair eiga Íslendingar í Pipestone bygð samkomuhús. Og sjálfir halda þeir í því samkomur, og leigja það til prestlinga, og og verslegra athafna.

Á föstudagskveldið síðasta í sumri héldu Suðurbúar þar "Box Social" samkomu til arðs fyrir Lestrarfélag Íslendinga. Hún var haldur fámenn, en fór dável fram. Þar sá ég æðimargt af bygðarfólki

Næsta dag ætlaði ég austur til Ásmundar Jónssonar, en frétti á leiðinni, að hann væri ekki heima. Þá sneri ég norður til Jóns Halldórssonar, en hitti svo illa á, að þar var enginn heima.

Þá keyrði ég aftur suður í Austurbygðina, og kom fyrst til Einars Jóhannessonar. Hann er eyfirzkur og búinn að vera lengi í þessu landi. Fyrst í Nýja Íslandi og nú um mörg ár þar vestra. Hann er aldurhniginn, en hefir góða sansa. Hann er náttúrugreindur, lesinn og fróður um margt. Hann er skemtinn í samtali. Enginn held ég hann sé trúarkreddu maður, en gaman hafði hann af að tala um presta og prestlinga. Kona hans er systir þeirra Abrahamsbræðra. Ég held þau eigi 3 börn á lífi. Kona Magnúsar Taits er dóttir þeirra. Önnur systir ógift heima, og sonur, sem Theódór heitir, fulltíða og er nú fyrir framan um búskapinn. Svo þótti mér Einar skemtilegur og dómgreindur í tali, að ég hefði gjarnan viljað tala við hann lengur en dagurinn leyfði það ekki. Frá honum keyrði ég austur til Jóhanns Abrahamssonar. Hann og sonur hans Kristinn tóku mér vel. en ég dvaldi að eins stutta stund hjá þeim, vegna þess að síðla dags var orðið. Jóhann er gætinn og hygginn í tali. Hann er líklega með efnaðri bændum þar í bygð, og búinn að búa þar lengi, sem allir þeir bræður.

Þaðan keyrði ég suður til Friðriks Abrahamssonar, en hann var þá ekki heima. Sneri ég þá við norður til Sinclair um kveldið, og gisti að Sigurði Finnbogasyni á sunnudagsnóttina. Þóra kona hans var ei heima. Þau Júlíus Bjarnason og kona hans Halda, systir þóru, mistu ungan dreng þá í vikunni, og var hann greftraður á laugardaginn í grafreinum í Sinclair.

Sigurður Finnbogason bjó fyrst skamt vestan við Sinclair, og náði land hans fast að járnbrautinni. Fyrir fáum árum seldi hann landið og flutti inn í bæinn. Samkomuhús Íslendinga var fyrst reist á hans landi, en síðar flutt í bæinn. Nú vinnur Sigurður hjá C.P.R. Hann á laglegt hús og 2 lóðir í bænum, aðra á aðalgötunni, og er það góð lóð. Hann er búinn að grafa á henni kjallara, og ætlar að byggja þar vandað hús. Börn þeirra hjóna eru nær uppkomin og myndarleg. Þau hjón eru gestsæl og góðgerðasöm. Skemtin og ræðin heim að sækja. Á sunnudaginn fylgdi Sigurður mér 4 mílur norður fyrir Sinclair. Þá var ég enn að heimsækja þá Bárdals feðga, og gisti að nafna mínu á mánudagsnóttina. Á mánudagsmorguninn fórum við snemma suður að Sinclair. Þá var kosningadagur. Þar var ég allan þann dag. Ei varð ég annars var, enn kosningar færu þar rólega fram. Þar sá ég flesta Íslendinga úr norðurbygðinni.

Um kveldið fór ég og fleiri vestur til Antler. Með lestinni þar fann ég landa úr suðurbygðinni. Kosninga úrslit fanst mér koma seint og ógreinilega. Liberals vildu ekki trúa því, að Haggart hefði 1800 atkvæði fram yfir Cameron. Var þá símrætað aftur til Winnipeg og þá svarað, að Haggart hefð nokkuð yfir 1800 atkv. í meiri hluta. Ekki voru neinar æsingar þar yfir kosningum. Margir voru óánægðir yfir því, að Mr. Richardson. ritstjóri Tribune, varð undir fyrir Turriff, en fóru hægt með.

Næsta dag fór ég austur til Sinclair, og með hr. Ásmundi Jónssyni heim til hans, og gisti þar um nóttina. Þeir eru bræður Ásmundur og Bergvin, sem ég hefi nefnt áður. Ásmundur er einn af elztu landnemum þar. Hann býr vel og er dugnaðarmaður. Gripahýsi eru steinhýsi og kornhlaða uppá yfir ásamt heyhlöðum. Efri byggingin er úr timbri og járnvarin. Ásmundur er ræðinn og gestrisinn. Hann fylgir Conservativum að málum, og er góður liðsmaður. Næsta dag fylgdi hann mér til hra. Þorsteins Jósephssonar og Hólmfríðar Helgadóttur. Þau þekti ég í Möðrudal á Möðrudalsfjöllum fyrir löngu síðan. Þ. Jósephsson var ekki heima. Kona hans tók okkur mæta vel. og léði mér fylgd norður til J. Jóhannssonar. Þau hjón eiga fjölda barna, og búa vel, enda annáls dugleg og búhyggin bæði. Þenna dag var sárasvalt hvassviðri og kalt að keyra.

Jóhann og Karólína tóku mér mæta vel, og sat ég hjá þeim í veizlu til næsta dags. Þau sýna íslenzka gestrisni á stórhöfðingjahátt, hafa alt á reiðum höndum, og spara ekki vistir né drykk.

Næsta dag fylgdi Jóhannes mér til Ibor, þar sem ég tók lestina til Reston. Á leiðinn komum við til Mrs. Richardson. Hún heitir Borghildur og er dóttir Kristjáns J. Bárdals. Hún býr hálfa mílu vestan við Ibor. Hún tók okkur ljómandi vel. Hún er búkona, þó ung sé, og íslenzk í anda, eins og hún á kyn til að rekja.

Til tveggja bænda í norðurbygðinni kom ég ekki. Það eru Sigurður Pétursson og Hinrik Jónsson. Ég ætlaði að koma til H. Jónssonar í bakaleið, en vegna lestagangs hafði ég ekki nægan tíma til þess. En ég fann hann kosningadaginn í Sinclair. Hinrik er fæddur í Önundarfirði, og var um skeið á Ísafirði. Hann fór í sæglingar ungur og kom víða, langaði heim aftur og var þar um hríð, vann við verzlanir og skaut af sér hendina, lá lengi þungt haldinn í hættulegum sjúkdómi (botnlangabólgu), sem færri líða af. Síðan fluttist hann til Ameríku. Fyrst dvaldi hann í Winnipeg, flutti síðan til Alptavatns nýlendunnar, þegar byrjað var að byggja Hudsons flóa brautina. Eftir 3. ára veru þar og erfiðan kost, flutti hann vestur í Pipestone bygð, og er með elztu landnemum. Hann á fyrir konu Oddnýju Ásgeirsdóttur, frá Lundi í Borgarfirði. Þau eiga 10 börn. Hinrik er nú við góð efni og duglegur og fyrirhyggjusamur í búskap.

Jóhann skildi ekki við mig fyrri enn ég steig inn í lestina. Ég hafði lestaskifti í Reston og aftur í Souris, og kom til Brandon um kveldið. Þar var ég fram yfir nón næsta dag, og komst heim til mín seint það kveld.

SVEITIN.

Þessi Pipestone bygð, sem Íslendingar búa í, er að sjá endalaus flatneskja. Þar sést naumast holt eða laut. Jarðvegur er þar alstaðar meira og minna grýttur, og allviða smá leirtjarnir þar sem lægðir eru, og kalla landar þær "slús". Akuryrkja er þar góð, þó víða sé erfitt að vallraufa löndin. Allstaðar eru þar stórar steinhrúgur, sem tína og aka verður saman úr ökrunum. Undur smátt skógkjarr sést hér og hvar í bygðinni. Þó mun það friða augað, þegar það er laufgað. Sumir eru byrjaðir á að planta skóg kring um hús sín, og verður það stór prýði með tímanum.

Vatnsskortur er þar víða, svo neyð er að, þá þurviðri ganga. Margir bændur hafa eytt miklu fé í brunngröft, og er sumum ekki komið að liði ennþá. Menn trúa því, hafa reynslu fyrir víða, að þar sé vatn undir, sem vísunda kraptrar eru, eða það þýfi, sem hérlendir menn kalla "buffalo holes". Það er ímyndun manna, að í þurkasumrum hafi dýr þessi halt þá eðlisávisun, að vita, hvar vatn var undir, og hafi þá krapsað djúpar holur ofan í moldina, og fundið vatn þar. Þetta er ekki að öllu óhugsandi. En eins líklegt er, að jörðin hafi missigið þar, sem vatn situr undir í mishörðum jarðlögum.

Ein aðferð þar að leita eftir vatni, er sú, að ganga með hrislu af pilvið (Willow). Leitarmaðurinn heldur hrísluni lárétt og hefir hana vissa hæð ofan við jörð. Þar sem vatn er undir, á limið að svigna til jarðar, eða ofan á við. Indíánar hafa kent þessa aðferð, og er mælt, að ekki sé fráleitt, að eftir gangi. Hjá sumum svignar hrislan miklum mun auðveldara enn öðrum. En þrátt fyrir alt og alt, er bændum þar sumum mikið mein að vatnsleysinu. Þurfa þeir að reka gripi sína til brynninga fleiri mílur á vetrum.

Gamlir menn halda þar, að milligangur sé á milli leirtjarnanna og neðanjarðar vatns. Sumar tjarnir eru þurrar eitt sumar, en aðrar fullar, er áður þornuðu í lár niður. Lækur er norðarleya í norðurbygð. Á vorin er í honum töluvert af smáfiski, og sagt bragðgott.

Vallidýr eru þar fátíð, nema úlfar og greifingar (Badgers). Grafa þeir sig ofan í harðar brautir, — lengst ofan í jörðu. Og getur það valdið slysum. Þar, sem engin hola var að morgni, geta verið fleiri enn ein að kveldi, og getur hestum orðið þar fótaskortur í myrkri.

Á haustin koma villigæsir og setjast í akrana, og valda oft tjóni, því þær éta korniðog koma í stórflotum. Ég sá þar eitt sinn svo stóran hóp, að tók yfir fleiri ekrur þar sem hann sat. Stundum er skotið nokkuð af þeim, en þær eru styggar og varar um sig. Hræður eru settar í akrana, og varna þær áhlaupum þessara ræningja, einkum ef hræðulausir akrar eru nærliggjandi.

Sléttueldar eru þar tíðir í þurkasömum haustum. Hafa oft gert stórskaða, það var töluvert af þeim í haust, og lá nærr, að skaðar miklir hlytust af þeim. En dugnaður og framsýni þeirra, sem við þá börðust, lengu því afstýrt. Þó brann dálítið af heyi úti á engjum.

Í fyrstunni var þessi bygð köllnð Laufáss-bygð. Kom bygðarbúum ekki alveg saman um nafnið. Þeir héldu þá almennan fund, aðræða um, hvað bygðin ætti að heita. Kr. J. Bárdal stakk upp á, að kalla hana Ísafoldar bygð, og var það stutt. Fleiri nöfnum var stungið upp á, en engin til lykta

Stórkostleg SALA

$25,000 virði af vörum E. THORWALDSON & CO., Mountain, N. D., með fjarska afslætti.

$25,000 virði af Karla og Kvenfatnaði og Fataefnum, Skótaui, Húsbúnaði, Járnvöru, Matvöru o.fl. fær fólkið í næstkomandi TÍU daga, frá 13. til 23. Janúar, með lægra verði en nokkru sinni áður hefir þekst í Norður Dakota.

EFNISGÓÐIR KARLMANNAFATNADIR $10.00 virði nú $3 95. Karla treyjur $7 til $9 virði $1 39. Mikið upplag af karla vestum 69c. Aðrir karlm. fatnaðir á öllu verði frá $6 85 uppí $15 85, — en virði alt að $25.00. Beztu karlmanna buxur $1.75. Drengja föt frá 6 til 9 Dala virði, en nú $2 95. Loðtreyjur á öllum gæðum frá $5.35 uppí $16.85.

Allur framantaldur fatnaður seldur með minna en hálfu vanaverði. ——

TILSVARANDI VERÐLÆKKUN Á ÖLLUM KVENMANNA FATNAÐI OG FATADÚKUM. —

Í járnvörudeildinni eru allir hlutir seldir með þriðjungs og helmings afslætti, — og sumt enþá meira niðursett ef mikið er keypt. —

Í Skódeildinni.

I skódeildinni seljast $2.00 og $2.50 skór nú fyrir 85c hvert par. Úr bezta leðri og svikalaust. Og beztu skór í búðinni fyrir $2.39, — úrval úr þúsund pörum og allar "Rubbers" og yfirskór fyrir karlmenn og kvenfólk með bókstaflegu gjafverði þessa 10 daga: — frá 13. og til 23. þessa mánaðar, (Janúar). —

Í Matvörudeildinni.

Matvörudeildin býður 20 pund af röspuðum sykri $1.00. Niðursoðin aldini með hálfverði. 35c Baking Powders könnur á 19c; 18c Tomatoes knr. á 9c; ágætar sveskjur 5c pundið; 18 centa kaffi 12½c; 100 punda hveiti sekkur $2.85; og alt annað rftir þessu —

Húsgagna-deildin og fl.

$15.00 stór nú $7.85; $8.00 stofuborð $2.75; $12.00 eikar kommóður nú $4 95. Og alt annað í þessari deild, smátt sem stórt, er eftir þessu. —

Og ekki búið enn. $5.00 til $6.00 kvenna og barna treyjur nú á 98c. $2,00 til $2.50 kvenpils $1.97. $2.00 til $5,50 kvenpils fara leið sína fyrir 97c., og kvenna fataefni á tilsvarandi niðursettu verði. Þúsund yards af bezta Flannelle áður selt á 12c en nú 5c.

Alt það, sem mögulegt er að losast við fyrir nokkurt verð, verður að seljast þessa 10 daga sem þessi feikna afsláttarsala stendur yfir. SLÍK KJÖRKAUP bjóðast örsjaldan á mannsœfi og hafa aldrei fyr boðist í Norður Dakota. —

Notið því tækifærið að byrgia yður upp með nauðsynjar til nokkurra ára, og kaupið hvergi Dollarsvirði fyrr en þér hafið komið til E. THORWALDSON & CO.

E. Thorwaldson & Co.

MOUNTAIN, -- -- NORTH DAKOTA

Munið eftir hvenær salan byrjar: MIÐVIKUDAG, 13. JANÚAR, 1908

Hver einasti hlutur í búðinni til sölu með ofangreindum feikna afslætti, án nokkurs undandráttar, og peningum skilað aftur, ef kaupendur vilja og skila vörunum aftur innan 5 daga frá söludegi.

WINNIPEG Business College
Cor. Portage Ave and Fort St.
FÉKK FYRSTU VERÐLAUN Á SAINT LOUIS SÝNINGUNNI.
Dag og kveld-kensla. Leitið fullra upplýsinga og biðjið um vora nýja pappírshnif ókeypis. Vér kennum enska tungu.
M. E. MACKEY, Skrifari

MARKET HOTEL
146 PRINCESS ST. á móti markaðnum
P. O'CONNELL, eigandi, WINNIPEG
Beztu tegundir af víndfongum og vindlum, aðhlynning góð. húsið endurbætt

JOHN DUFF
PLUMBER, GAS AND STEAM FITTER
Alt verk vel vandað, og verðið rétt
664 Notre Dame Ave. Phone 3815
Winnipeg

Strathcona Hotel
Horni Main og Rupert Str. Nýbygt og ágætt gistihús; Gest um veitt öll þægindi með sanngjarnasta verði. Frí keyrsla til og frá öllum járnbr. stöðvum. Beztu vín og vindlar; og herbergi og máltíðar ágætar.
McLaren Brothers
EIGENDUR

Hotel Pacific
219 Market Street | H M Hicks Eigandi
Winnipeg - - - Manitoba
Telephone 1338
Ný-endurbætt og Ný-tízku hús í alla staði. Viðskifta yðar óskast virðingarfylst.
$1.25 a Dag

$1.50 Á DAG
Bestu $1.50 gistihús í Winnipeg
BRUNSWICK HOTEL
Horni Main St. og Rupert Ave.
Besta borðhald; Hrein og Björt Herbergi; Finustu Drykkir og Bestu Vindlar. Ókeypis Vagn mætir Öll um Traintestum. Reynið oss þegar þú ert á ferð.

Trúarjátningarnar og kenningarfrelsi presta

Eftir Hávald Nielsson.

(SKÍRNIR)

(Framhald frá 13. tölubl.).

Einn af prestum þeim, er skipaður var í kirkjumálanefndina dönsku fyrir nokkurum árum, Morten Larsen, lýsti yfir því í nefndarálitinu, að ýmislegt sé það í Fræðunum, sem hann geti ekki fallist á, og það "er ekki í aukaatriðum einum, það er líka í sumu er snertir aðalmálið, t. d. sakramentin." *).

Ég nefni þessa menn sem dæmi. Ekki hefir nokkurum manni dottið í hug, að finna það þeim til sakar, að þeir hafa skoðanir frábrugðnar trúarjátningunum, hvað þá heldur að reynt hafi verið til að koma þeim frá embætti. Virðing þeirra hefir, að engu leyti minkað við þetta. Samvizkusamir menn og hugsandi vita, að ekkert er eðlilegra, en að skiftar skoðanir séu um ýmsar kenningar kirkjunnar, og að enginn sá dómstóll er til hér í heimi, er þeim ágreiningi verði skotið undir og fær sé um að fella fullnaðardóm í málinu. — Þekking vor er í molum. Og það minnir oss á að vera hógværa og umburðarlynda.

En af þessu verður oss það líka ljóst, hve fáránleg það er, að ætla að vikja presti úr embætti fyrir þá sök eina, að hann aðhyllist frjálsa trúarhugsun og kenningarfrelsi, þótt hann hafi ekki afneitað neinu atriði trúarjátninganna, eins og reynt mun hafa verið á síðasta kirkjuþingi Vestur-Íslendinga.

Í fyrirlestr sínum um gildi trúarjátninganna, virðist séra Jón Bjarnason leggja annan og miklu viðtækari skilning í hugtakið kenningarfrelsi presta, en hingað til hefir tíðkast. Í trúfræði sinni útskýrði prófessor P. Madsen í Kaup mannahöfn það hugtak svo: með kenningarfrelsi presta er átt við, að sönnuðirnir eða þjóðfélagið hérnti það eitt af prestunum, að þeir kenni samkvæmt heilagri ritningu eftir beztu sannfæringu. — Í þessum skilningi einum hefir kenningarfrelsinu verið haldið fram á Íslandi, mér vitanlega. Ég þekti ekki annan skilning á því hugtaki. Og svo hygg ég muni verið hafa um alla þá presta og guðfræðinga hér heima, er þeirri kröfu hafa haldið fram. Vér kærisveinar P. Madsens höfum eðlilega haldið skilning hans á þeirri hugmynd, og ætlum honum að hafa vitað, hvað hann fór með.

Nú skilst mér það af fyrirlestri séra J. B., að einmitt þetta kenningarfrelsi, sem vér hér heima höfum æskt eftir, sé lögleitt í sönnuðum hins íslenzka lúterska kirkjufélags þeirra Vestur-Íslendinga. Samkvæmt safnaðarlaga frumvarpi kirkjufélagsins binda þeir kenninguna við ritninguna eina, og eru í því tilliti sannir lærisveinar Lúters. Segi ég það séra J. B. til maklegs lofs. En nú í fyrirlestri sínum tekur hann að kvarta yfir því, að ákvæði um trúarjátningarnar vanti. "Svipað ákvæði (nfl. eins og um ritninguna) ætti einnig að vera í lögum vorum að því er snertir trúarjátninguna eða trúarjátningarritin, sem sönnuðirnir binda sig við. Og svo mun það vera víðsvegar innan lútersku kirkjunnar", o. s. frv.- — segir hann. Þannig verður þá ljóst: að það kenningarfrelsi, sem vér sumir hér heima erum að æskja eftir og séra J. B. nefnir nú óvit og öðrum ljótari nöfnum, er lögleitt og hefir lengi verið í kirkjufélaginu íslenzka vestan hafs. En hið minna frelsið, sem vér höfum búið við hér heima og búum enn við, æskir séra J. B. nú að lögleiða þar vestra.

Ætla ég nú vandalítið hverjum greindum manni um það að dæma hverjir eru á afturleið og hverjir á framsóknarleið, — þeir þar vestra, eða vér hér heima, séra J. B. afneitandi hinu fyrra frelsi sínu, eða vér hér heima biðjandiium það frelsi.

Hinu hefir oss aldrei komið til hugar að halda fram, að prestar ættu ekkert tillit að taka til þess, hvað sterdur í heilagri ritningu. Að saka oss um það, er jafn staðlaust og óviturlegt og hitt: að vér ætlumst til, að kirkjan eða kirkjufélagið "sé með öllu stefnulaust, hafi í andlegum efnum alls ekkert markmið, og að því tilliti standi því á sama um alt". Vér könnumst ekki við þetta sem rétta lýsing á oss né bræðrum vorum, þeim "ekki fáum málsmetandi kirkjumönnum annara þjóða, einkum innan ríkiskirknanna í Norður-Álfulöndunum", sem halda fram sömu kröfunni um kenningarfrelsi presta og vér.

Vér ætlumst til, að ritningin verði uppspretta og grundvöllur kenningarinnar, eins og hún hefir verið hingað til. Oftast mun það áður hafa verið orðað svo: að hún ætti að vera regla og mælisnúra kenningunni. Það orðtak er eigi sem heppilegast, með því að slíkt ritsafn, sem heilög ritning er, getur ekki verið regla og mælisnúra. Þetta ritsafn hefir í ýmsum atriðum ólíkar skoðanir og trúarhugsanir og trúarhugtökin koma þar fram í breytilegum myndum. Ritningin sýnir oss sjálf átakanlega, hvernig trúarhugmyndirnar breytast og þroskast. Af því eru ritin ekki öll samróma. Og fyrir því getum vér ekki vænst þess, að biblían öll sé sjálfri sér samkvæm, sé ein ósveikul heild. En þótt hún sé það eigi, þá skýrir hún oss frá opinberun guðs. Hún er opinberunarsaga. Og einmitt af því að hún er það, er hún að sjálfsögðu grundvöllur kenningarinnar, með því, að það er þessi guðlega opinberun, sem prestarnir eiga að kenna og vilja kenna. Og hún er mælra. Hún verður jafnan uppspretta kenningarinnar. Úr þeirri lind eys presturinn meginefni kenningarinnar. Við þann brunninn dvelur hann. Þaðan sækir hann næring og styrk trúarlífi sinu. Af trúarreynslu hinna helgu rithöfunda lærir hann, og við lesturinn finnur hann samhug með þeim, finnur sama trúarstrenginn óma í hjarta sínu, finnur þar sömu þrána, sömu löngunina eftir samfélagi við höfund lífsins, heyrir þar sama hróp sálarinnar eftir hinum lifandi guði. Í þeim brunni finnur hann lifandi vatn. Í hinum helgu bókum finnur hann orð eilífs lífs.

En ef ég man rétt, er einmitt komist svo að orði í lögum kirkjufélagsins vestra, að ritningin sé hin sanna uppspretta fyrir kenninguna og trúna. Og tel ég það ákvæði ágætt. En öðru ákvæði er þar bætt við, að hún sé jafnframt "hið fullkomna lögmál fyrir kenning, trú og hegðan safnaðarins". Það ákvæði er ekki heppilegt, því að heilög ritning er engin lögbók. Og af því að hún er ritsafn eftir ýmsa rithöfunda frá ýmsum timum, liggur það í hlutarins eðli, að hún getur sizt af öllu verið fullkomið lögmál fyrir kenninguna. Og ekki er til neins að ætla að ráða fram úr vandræðunum með því að segja, að hún sé öll "í heild sinni guðinnblásin bók og þar höfum vér guðsorð fyrir oss liggjandi". Sliku er hægt að slá fram og heimta, að allir samþykki það. En erfiðara verður að sanna slikt. Og ekki heimtar ritningin sjálf slika trú. Hún mótmælir þvert á móti slíkri trú gersamlega. Eg er sannfærður um, að enginn maður með heilbrigðri skynsemi, sem kynt hefir sér alla ritninguna rækilega og hlotið hefir sæmilega fræðslu um uppruna hinna helgu bóka, fæst til að trúa öðru eins. Eg er sannfærður um, að það er bæði rangt og frámunalega óviturlegt, að halda fram þeirri innblásturskenningu, "að guðs andi hafi innblásið mál það, er hinir mannlegu höfundar ritningarinnar tala á; hann standi æfinlega á bak við þann vitnisburð, er þeir bera fram, hann stýri öllu máli þeirra, ráði öllum þeirra orða tiltækjum. Slíkri innblásturskenningu hefir séra J. B. haldið fram (sjá 5. árg. Sameiningarinnar, bls. 177), og slíkri innblásturskenningu virðist hann enn halda fram. Enn ógætilegar hefir séra Björn B. Jónsson talað. Í einum fyrirlestri sínum, sem prentaður er í 9. árg. Aldamóta og nefnist Guðlegur innblástur heilagrar ritningar, kemst hann svo að orði þar sem hann lýsir þeirri skoðun á innblæstrinum, sem hann telur hina einu réttu: "Og þetta er vor kenning, að guð hafi með sínum heilaga anda útbúið höfunda biblíunnar, að ALT, sem þeir hafa ritað, sé ALGERLEGA satt og sé samþykt af guði, svo alt, sem stendur í biblíunni, sé þar að hans vilji, eins og hann sjálfur vilda segja það og sé því hans orð, talað upp á hans ábyrgð. Vér neitum því, að missagnir eða villur séu í biblíunni, heldur sé hún ÖLL*) innblásin af guði".

Sjálfsagt er réttast að muna eftir því, að þessi ógætilegu orð eru 8 ára gömul. Höf. var þá ungur prestur, og orðin munu sprottin af rétt-trúnaðar ákafa og þeirri fullyrðingarlöngun, sem oft kemur fram hjá ungum fjörmönnum, sem mikið vilja láta til sín taka og finna þrótt í sjálfum sér. Það afsakar ógætnina. Því að framúrskarandi ógætni og frámunalegt óvit er það að ætla, að koma ábyrgðinni fyrir mannlega ófullkomleika ritningarinnar á guð sjálfan. Eða hvar hefir séra Björn B. Jónsson fengið heimild til slíks. Hver hefir gefið honum slíkt vald? Og ekki skyldi mig furða neitt á því, þó að hann lýndi nú til þess, er aldur og þroski hefir farst yfir hann og hann hefir tekið við hinu veglega starfi, að vera forseti kirkjufélagsins, að þetta VAR ógætilega talað. Hver sá maður, er kynt hefir sér alt gamla testamentið rækilega, VEIT, að í því stendur margt það, sem ekki getur verið frá guði og hann blygðast sín fyrir að eigna guði, hinum algóða föður drottins vors Jesú Krists og föður vorum. Hafi séra Björn enn ekki komið auga á slíka staði í gamla testamentinu, getur hann fengið bróðurlega tilsögn hjá mér í því máli. Og ég er sannfærður um, að hann er svo góður drengur og elskur að sannleikanum, að hann lætur aldrei oftar út úr sér önnur eins ógætnisorð um guð né heilaga ritningu eftir þá fræðslu.

Slik innblásturskenning er hinn versta páfadómur. Með því er rithingin gerð að pappírspáfa, og "sá páfi er verri en páfinn í Róm. En í þessu atriði sýna þeir séra J.B. og séra Björn, að þeir eiga heima meðal réttrúnaðar guðfræðinga 17. aldarinnar. Þeir gerðu einmitt ritninguna að slikum pappírspáfa.

Á þessari innblásturskenningu reisir séra J.B. siðan gildi trúarjátninganna. Í fyrirlestri sínum segir hann: "Við enga aðra en þá, sem við þann trúarsannleik kannast (nfl. að biblían sé í heild sinni innblásin bók), er til neins að miða gildi trjarjátninganna við heilaga ritningu, enda leika trúarjátningarnar þá algerlega í lausu lofti og verða í reyndinni sama sem ekki neitt, þótt ekki se þær beinlinis í orði kveðnu afnumdar". Með þessum orðum hefir séra J. B. kipt grundvellinum undan trúarjátningunum. Þær eiga að hans dómi að standa á innblásturskenning hans, en sú innblásturskenning er ósönn. Og hætt er við, að sumum, sem trúað hafa slikum kenningum, finnist grundvöllurinn undir sinni skoðun fara að verða nokkuð óstöðugur, er þeir athuga málið vandlega. Sumum finst ef til vill margt og mikið hrynja. En þá ber að gæta þess, að það er ekki kristindómurinn eða hin kristilega lífsskoðun, sem hrynur, heldur reisipallar kring um kristindómshöllina, sem ófullkomnir menn hafa búið til. Þeir reisipallar hafa gerðir verið af trúarákafa, en litilli skynsemd á stundum. Og svo getur farið, að menn liggi með limu brotna eftir hrun pallanna. En slik slys eru mönnunum að kenna, — þeim mönnum, sem reynt hafa að koma röngum mannasetningum og ófullkomnum skoðunum í sæti kristnu trúarinnar sjálfrar, þeirrar lífsskoðunar, er Kristur boðaði. Slikir reisipallar verða oftast til að veikja kristindóminn. Kristindómurinn þarf þeirra ekki við; jámæra að segja: þeir verða honum áreiðanlega tálmi. Kristur reit sjálfur enga trúarjátning, lét ekkert rit eftir sig. Enda mundi slikt hafa orðið málefni hans til litils gagns, en oft til ógagns. Það hefði orðið fjötur á kenning hans. Slika fylling, sem kristindómurinn er, verður aldrei unt að fela í neinni játning eða neinu riti. Hann sprengir af sér alla slika fjötra með tímanum, vex upp úr öllum fötum, sem mannirnir búa til á hann, jafnvel þótt þau eigi að vera við vöxt að þeirra dómi.

Og nú vona ég, að mönnum fari að verða ljóst, hvað á milli ber. Baráttan er í insta eðli sínu um það, hvort frambróun eigi sér

*) Sbr. J. Jakobsen: Om Symboler og Symbolforplægtelse, bls. 30—31.

*) Leturbreytingarnar gerðar af séra Birni B. Jónssyni sjálfum.

(Framh. á 4. bls.)

ROBLIN HOTEL
115 Adelaide St. - - Winnipeg.
Beztu $1.50 á dag hús í Vestur-Canada. Keyrsla ókeypis milli vagnstöðva og hússins á nóttu og degi. Aðhlynning hins bezta. Viðskiftum Íslendinga óskast. William Ave. strætiskarið fer hjá húsinu.
O. ROY, eigandi.

SPONNÝTT HÓTEL
ALGERLEGA NÝTÍZKU
Hotel Majestic
John McDonald, eigandi.
James St. West, Rétt vestan við Main St.
Winnipeg Telefón 4979
$1.50 á dag og þar yfir
Bandaríkja-snið
Alt sem hér er um hönd haft er af beztu tegund. Reynið oss.

MIDLAND HOTEL
285 Market St. Phone 3491
Nýtt hús, nýr húsbúnaður Fullar byrgðir af allskonar vönduðustu drykkjum og vindlum í hressingarstofunni. Gisting einn dollar á dag og þar yfir.
W. G. GOULD :: FRED. D. PETERS, Eigendur
WINNIPEG ::: ::: CANADA

Jimmy's HOTEL
Rétt á bak við Pósthúsið
Íslendingar ættu að reyna þetta gistihús. Í hressingarstofunni er sá eini íslenzki vínveitingamaður í Winnipeg.
James Thorpe, eigandi
Fyrrum eigandi Jimmy's Restaurant

The Dominion Bank
NOTRE DAME Ave. BRANCH Cor. Nena St.
Vér seljum peningaávísanir borganlegar á Íslandi og öðrum lönd.
Allskonar bankastörf af hendi leyst
SPARISJÓÐS-DEILDIN
tekur $1.00 innlag og yfir og gefur hæstu gildandi vexti, sem leggjast við innstæðufé á sinnum á ári, 30. júní, 30. sept. 31. desembr og 31. march.

mælti hann í döprum róm, strauk hendinni um enni sér og leit undan. Það gengur nú alt af svona í heiminum, vesalings barn!

"Haltu áfram!" mælti hún í ákafa og beit tönnunum saman.

"Já. — en guð miskuni okkur, — hvernig á ég að geta sagt þér það, úr því þér verður svona hvít við strax? — Gamla jómfrúin er — — —"

"Dáin!" greip Felicitas fram í málróm, sem smaug í gegn um merg og bein.

"Nei, ekki enn þá, Fee mín, — ekki enn þá, — en það líður víst ekki langur tími héðan af. — Hún þekkir engann orðið. Hún fékk slag. — Æ, guð hjálpi mér — það var enginn hjá henni, þegar það vildi til. — Þjónustukonan hennar fann hana í fuglahúsinu. Hún lá þar á gólfinu, — hennar síðasta verk hefir verið, að sjá vesalings fuglunum fyrir fæðu og hlynna að þeim". — Hinrik kom nú engu orði upp meira, en grét eins og barn.

Felicitas stóð sem steini lostin. Enginn blóðdropá var sjáanlegur í andliti hennar. Hún hélt höndunum um eldheitt ennið, en ekkert einasta tár kom í augu hennar. Ósegjanleaa biturt hros lék eitt augnablik um varir þennar. Svo greip hún hatt sinn, er lá á einum heystakknum, kallaði á Rósu, er sat við vinnu sína undir einu trénu, og bað hana að lita eftir barninu.

"Er yður ilt?" spurði Rósa, er hræddist, hve fölt Felicitas var.

"Já, hún er veik", sagði Hinrik og gekk svo á eftir henni út úr garðinum.

"Gættu nú að þér, Fee", mælti hann. "Frúin er hjá henni. Það er gott, að gamla jómfrúin veit ekkert um það. Böhn læknir er nýfarinn. Hann gat ekkert hjálpað. — — Æ, að þetta skyldi koma

fyrir einmitt í dag, — einmitt í dag! — En þú ert nú einu sinni óhamingjunnar barn".

Felicitas tók ekkert eftir því, sem hann sagði. — Það suðaði fyrir eyrum hennar, og eins og í þoku sá hún þá, sem frán hjá henni gengu. Hún komst inn í húsið, án þess að Friðrika tæki eftir henni, og gekk strax upp stigann. Fyrir utan kvistherbergin kastaði hún af sér hattinum, — Hurðin að fuglaherbergínu stóð í hálfa gátt. — Áður hafði þess þó verið vandlega gætt, að hafa hana aftur, til þess að fuglarnir kæddust ekki í brott. Nú gekk Felicitas inn, án þess að gefa þessu eða fuglunum neinn gaum. — Vesalings fuglarnir áttu nú ekki lengur neina að, og því var best fyrir þá, að komast sem fyrst undir bert loft, og afla sér fæðu sinnar sjálfir.

Felicitas gekk áfram inn í daglegu stofuna, þar sem hún í mörg ár hafði heyrt annaðhvort hljóðfæraslátt eða milda og andríka röddu. Nú heyrðist í gegn um herbergisdyrnar hinn harði og hljómlausi málrómur frú Heilwig. Hún las upphátt í gamalli barnabók, sem hafði verið samin handa fólki, er litillar mentunar hafði notið, og orðfærið var svo leiðinlegt og óvíðáldið, að á þessum tímum þurfti ekki að vænta þess, að bókin hefði þau áhrif, sem ætlast var til, sem sé, að vera meðalgangari milli guðs og mannshjartans. — Hve hræðilega þreytandi hlaut það ekki að vera fyrir hina deyjandi konu, að verða að hlusta á þetta einskisverða rugl? Hún, sem lá sitt lif hafði dáðst að öllu, sem lagurt var, — sem að eins hafði lýst guðrækni sinni með því, er ljóð og tón skáldin þágu af hendi hans.

Felicitas gekk hljóðlega inn í svefnherbergið, og frú Heilwig hélt áfram að lesa, án þess að taka eftir henni. — — Bak við hvít rúmtjöldin, er golan frá glugganum bærði til og frá, eins og væru þau vængir reiðubúnir til að taka á móti hinni burtfarandi sál

svífa með hana burt til himins, — lá Cordula öskugrá í framan. — Dauðinn er hræðilegur! Áður en hann svíptir oss til fulls því sem oss er ef til vill kærast, þá breytir hann svo hræðilega svip og andlitsmanna, að vér með óhygð og hræðslu horfum á þau andlit, er vér svo oft höfum lesið úr trúfesti og kærleika.

Enn ofurlítil lilsnisti var enn þá eftir. Hún leit órólega frá einum hlut til annars, — andardrátturinn var þungur og hryglukendur og við og við lyfti hún hendinni upp, eins og hún óskaði einhvers, — og svo hneig hún jafnskjótt aflvana niður aftur. — Það var hræðileg sjón fyrir hina ungu stúlku, er nú varð að sjá á bak þeirri einu manneskju, sem hún átti að í heiminum. —— Felicitas gekk að rúminu. Frú Heilwig leit upp úr bænabók sinni, og horfði framani hið föla andlit, er laut yfir hina deyjandi konu, með svo mikilli undrun, að því verður ekki með orðum lýst.

"Hvað viltu hingað, óskammærilna skepnan þín?" spurði hún, án þess að taka nokkurt tillit til sjúklingsins, — og benti með hinni stóru hendi sinni á dyrnar.

Felicitas svaraði engu. En það leit út fyrir, að upphald það, er varð á lestrinum, hafði áhrif á Cordulu gömlu. Hún reyndi að lita í kring um sig, og hún festi augun á Felicitas. Auðsóð var að hún þekti hana, því að augnatillitið var blíðlegt og lýsti gleði yfir, að fá að sjá hana. — Varir hennar bærðust fyrst að eins litið eitt. Óttalega argist mátti sjá í andliti hennar, yfir því, að geta ekki gert sig skiljanlega. En loks sigraði hin viljasterka sál, og neyddi hinn hálfsofandi líkama að veita sér þjónustu sína: — "Sæktu lögmann!" heyrðist hún greinilega segja.

Hin unga stúlka gekk strax í burtu. Hún mátti

ekki tefja eina mínútu lengur. Hún flýtti sér gegnhin framherbergin, en er hún kom á móts við fuglaherbergið, var hurðinni að því alt í einu hrundið upp, og henni stjakað með svo miklu afli, að hún féll inn á mitt gólfið. — Svo var hurðinni skelt í lás. — Nú varð hræðilegur gauragangur. Fuglarnir flugu hræddir til allra hliða með gargi og óhljóðum. Þá er hún datt, hafði hún gripið um grenitré, er stóð þar, og velt því um koll. — Hvað hafði skeð? Hún stóð upp og strauk hárið frá enni sér. Hún hafði ekki séð neinn og ekkert fótatak heyrt, — þó hafði manneskja staðið fyrir aftan hana, og með djöfullegri ilsku komið í veg fyrir það, að hún gæti uppfylt síðustu ósk deyjandi konu.

Felicitas hljóp að hurðinni, en hún varð harðlæst' og hvernig sem hún hristi hana og kallaði eftir hjálp, þá heyrðist það ekkert fyrir fuglagarginu. Fuglarnir flugu umhverfis hana og meðfram veggjunum, sem óðir af hræðslu, og þótt urðu ekkert rólegri, þá er hin unga stúlka í rólegri örvæntingu lét fallast niður á gólfið. — — Hver skyldi ljúka upp fyrir henni? — Vissulega ekki sá, er hafði hrynt henni inn. Hún gat vel gætið sér til, hver það hafði verið. Það voru hinar sömu hendur, er rétt áður höfðu haldið á bænabókinni. Henni hafði verið kastað í burtu til þess að fremja óþeldisverk. Og nú sat hin hræðilega kona aftur við hannasængina og las áfram með hljómlausu röddinni. Hún horfði á, án þess að sýna hina minstu meðaumkvun, að dauðastriðið varaði lengur en það ella mundi hafa gert, fyrir það, að gamla jómfrúin vonaði, að geta enn þá einu sinni látið gott af sér leiða hér á jörð. — Vesalings Cordúla frænka. Með vonbrigðum yfirgaf hún veröld þá, er hún hafði lifað svo einmana í. Hin síðustu jarðnesku áhrif, sem sál hennar varð fyrir, voru guðræknis ástæki konu þeirrar, er hún fyrirleit. Og ef

Trúarjátningarnar og kenningarfrelsi presta.

[Niðurlag.]

stað innan kirkjunnar, og yfirleitt í heimi trúarbragðanna, eða ekki.

Þeir, sem binda vilja kenning presta við játningarritin, hljóta að vera þeirrar skoðunar, að kirkjan hafi öðlast fullkomnu skilning, þurfi engu við sig að bæta, ekkert meira að læra því að ef kirkjunni er að fara fram í þekkingu sannleikans, þá hlýtur ýmislegt nýtt að koma upp, sem kirkjunni hefir ekki verið ljóst áður og hefir því ekki verið tekið upp í játningarrit hennar. Í öðru lagi eru sum þau atriði, sem eitt sinn voru talin svo mikils virði, að þau voru tekin upp í játningarritin, nú talin lítilsvirði og lítt samþýðanleg hugsunarhætti nútíðarmanna. — Þeirra er því alls ekki getið í kenningu prestanna. Og í þriðja lagi er sumt það í játningarritunum, eins og að framan hefir verið bent á, sem beinlínis þarfi að leiðrétta.

En hvaða sönnun höfum vér þess að sú sannleikskþekking, sem kirkjan eitt sinn hefir hlotið, sé ALFULLKOMIN? Sé um framfarir að ræða innan kirkjunnar, þá getur hún ekki verið alfullkomin,

Norski presturinn Thv. Klaveness, sem mörgum er nú kunnur orðinn hér á landi af kverinu, sagði einu sinni í fyrirlestri um prestaeiðinn: "Alfullkomleiki og framför útiloka hvort annað. Reynslan kennir oss líka, að þegar ný sannleiksatriði verða mönnunum skýr, þá varpa þau nýju ljósi yfir gömlu sannleiksatriðin, og nýju atriðin staðfesta að vísu þau gömlu en leiðrétta þau jafnframt. Að binda kenninguna við játningarritin, er að lýsa yfir því, að kirkjan eigi að standa þar kyr í þekkingu sannleikans, sem hún eitt sinn hefir komist og ekki fara lengra. Þetta er verra en rómversk kaþólska. Rómversk kaþólska getur undir stjórn síns óskeikula páfa leiðrétt gamla trúarlærdóma og bætt nýjum við. Innan takmarka hins óskeikula páfadóms hefir hún ærið rúm fyrir framþróun. Að skrínleggja framþróunina í gömlum kenningarreglum er grísk kaþólska, hin steingerðasta kyrstaða, sem til er".

Þetta segir höfundur þess kversins, sem alment er notað við kristindómsfræðslu barna bæði í Noregi og á Íslandi*). Og hann minnir á það, að yngstu játningarritin séu nær 400 ára gömul og engum kómi til hugar að semja nýjátningarrit. Kirkjan hafi þó ekki staðið í stað þessi 400 ár. Kirkjan sé hætt við játningarrit. Norskt safnaðarfólk telji gömlu játningarnar sér með öllu óviðkomandi. Alt tal um að þær séu JÁTNING þess hljómi sem kinverska í eyrum þeirra.

Það sem fyrir oss vakir, sem að hyllumst kenningarfrelsi presta, er einmitt þetta: Vér viljum forðast kyrstöðuna og afturförina. Vér treystum sannleika kristindómsins til þess að þola alt frelsi. Vér teljum honum bezt borgið þar, sem hugsunarfrelsið er einlægast. Vér viljum ekki að neinu leyti binda hendurnar á sannleikanum, heldur leysa alla þá fjötra, er menninrnir af grunnhygni sinni, en sjálfsagt stundum af góðum hug, hafa viljað á hann leggja. Og oss stendur stuggur af því, að kirkjan á nokkuru hátt reyni að hefta hugsunarfrelsið. Skjöldur hennar er orðinn of óhreinn af hluttökunni í því óhappaverki á umliðnum öldum.

Og svo er eitt atriði enn: Því meira sem frelsið verður innan kirkjunnar, því minni verður hræsnin. Ófrelsið elur hræsnina. Og hræsnin er trúarlífinu eitur. Eitthvert hefit munu prestar þó verða að gangast undir. En æskilegast væri, að það hefi færi að eins í þá átt, að presturinn lofi því, að kenna samkvæmt hésiagri ritningu eftir beztu samvizku, og jafnframt væri það tekið fram í hástinu, að vér teljum ritninguna grundvöll og uppsprettu kenningarinnar. Alvara embættisins og ábyrgðar tilfinningin gagnvart sófnuðinum er prestinum nægilegt aðhald.

Nafnkendur þýzkur maður sagði eitt sinn: "Eg er barn kirkju minnar, en ekki þræll hennar".

Barnið hlustar á heilræði móður sinnar og hugfestir sér þau. En þegar það er orðið fullorðið og það öðlast æðri og fullkomnari þekkingu en móðir þess hafði fengið, lætur það eigi heilræði móður sinnar afstra sér. Það hugsar sem svo: Þú gafst mér, móðir mín, það bezta, sem þú áttir, þann full komnasta skilning á guði, tilverunni og lífinu, sem þú hafðir hlotið. Þinn tími var ekki kominn lengra en þetta í þekkingu sannleikans. En nú hefir þekking mín aukist. Nú veit ég meira en þú vissir, og skil betur en þú skildir. Og þó ég nú yfirgefi heilræðin þín sum, er það ekki af lotningarleysi fyrir þér, heldur af því, að ég berst áfram sömu þroskaleiðina, sem þú varst á. Alt er á stöðugri þroskaleið til meiri fullkomnunar, og alt þroskast upp á við — nær guði.

Svona hugsar og talar góður sonur.

Játningarritin eru nokkurs konar heilræði, sem móðir vor, kirkjan (nafn hinar fyrri kynslóðir henn ar) hefir afhent oss. Vér tökum þeim heilræðum með lotningu, sem góðir synir, en látum þau ekki hefta sannleiksleit vora né þekkingarþroska.

*) Sbr. For kirke og kultur 6. bind (ár 1899), bls. 274—275.

Dánarfregnir.

Hinn 15 desember sl. andaðist að heimili sonar sins, Helga Oddsonar við Cold Springs P.O., Man. — bóndinn FRIÐBJÖRN ODDSON. Hann varð sem næst 78 ára gamall. Friðbjörn sál. var fæddur 24. desember 1830 í Breiðuvík á Tjörnesi í Þingeyjarsýslu. Foreldrar hans voru þau hjón Oddur Sigurðsson og Guðrún Sigurðardóttir, er lengi bjuggu í Rauf á Tjörnesi í Þingeyjarsýslu. Hann ólst upp hjá foreldrum sínum, þar til hann giftist eftirlifandi konu sinni Katrínu Sigurðardóttir, ættaðri úr Fnjóskadal. Þeim varð 8 barna auðið, þar af dóu 6 í æsku, en 2 synir þeirra lifa: Helgi og Sigursteinn, og búa þeir skamt frá Cold Springs pósthúsi. Friðbjörn sál. og kona hans bjuggu á ýmsum jörðum á Tjörnesinu, þar til sumarið 1883, að þau fluttu ásamt sonum sínum til Vesturheims, og settust að í Winnipeg, og bjuggu þar í 6 ár, og fluttu þá út í Alptavatns nýlendu með sonum sínum, og hafa lifað þar hjá þeim síðan.

Friðbjörn sál. var fjörmaður og fylginn sér til allra verka á yngri árum sínum. Hann þjáðist af innvortis meinsemd síðustu ár æfi sinnar, er leiddi hann loks til bana. Búinn var hann að liggja 2 ár rúmfastur nú síðast, en bar þó þjáningar sínar með stakri þolmæði, með fullu trausti til skaparans, er ekki myndi leggja sér þyngri byrði á herðar en hann gæti borið.

Friðbjörn sál. var jarðsunginn af séra Jóni Jónssyni 17. s.m., að viðstöddum vinum og skyldmennum.

Blessuð veri minning hans!

H.O.

Þann 17. desember sl. andaðist að heimili Grims sonar sins, að Ideal P.O., Man., heiðurskonan VIGDÍS GUÐMUNDSDÓTTIR, — ekkja Magnúsar heitins Þorkelssonar, er lengi bjó á Grímsstöðum við Reykjavík, og síðar á Auðnum á Vatnsleysuströnd í Gullbringusýslu. Banamein hennar var afleiðing af slagi.

Vigdís sál. var sem næst 74 ára, er hún dó, fædd 29. des. 1834. Hún var greind kona, viðlesin, fróð og skemtin í viðræðum, vinsæl og gestrisin, gjafmild og kærleiksrík. Og mun minning hennar lengi lifa í hjörtum vina hennar og vandamanna.

Ísafold og Þjóðólfur eru vinsamlega beðin að flytja þessa dánarfregn.

Vinur.

Þann 13. desember sl. andaðist drengurinn EDWARD GEORG JASONSON, sonur þeirra Bjarna Jasonsonar og konu hans Guðrúnar Eiríksdóttur (til heimilis að Bertdale P.O., Sask. Hann var fæddur 18. ágúst 1907, og því ekki fullra 16 mánaða að aldri,

Missirinn er foreldrunum mjög tilfinnanlegur, þar sem Edward litli var eini drengurinn, sem þau áttu á lífi, og finta barnið, sem þau hafa mist.

Jarðarförin fór fram þann 16. s. m., og var mjög fjölmenn. Séra R. Fjeldsted gerði vanaleg em. bættisverk, og Dr. Sig. Júl. Jóhannesson talaði nokkur hugðnæm orð.

Foam Lake, 18. des. '08. I.J.

Skrifið yður fyrir HEIMSKRINGLU svo að þér getið ætíð fylgst með aðal málum Íslendinga hér og heima.

Fréttabréf.

PINE VALLEY, MAN.

29. des. 1908.

Kæri ritstjóri!

Viltu gera svo vel að ljá eftirfylgjandi linum rúm í blaði þínu.

Af því, að enginn hefir látið hsyra neitt frá sér héðan úr Pine Valley bygð síðan heiðursbóndinn Eymundur Johnson flutti héðan, dettur mér í hug, að láta Heimskringlu færa lesendum sínum í inntekt, það sem borið hefir hér við næstliðið sumar og fram að þessum tíma.

Næstliðið vor tók P. Pálmason í félag með sér Stefán Kristjánsson, og höfðu þeir verzlun saman sumarið út. Svo seldi P.P. til Stefáns vöruleyfar og leigði honum búðina. Ekki munu þeir félagar hafa grætt stórt á sameiginni. Nú hefir Stefán stærðar verzlun, kaupir alt og selur alt á öllum prisum. Það var sannarlega slæmt, að hann skyldi ekki byrja verzlun í einhverri stórborginni í Canada. Þar hefði hann haft tækifæri til að sýna þá miklu og einkennilegu verzlunar hæfileika, sem honum eru gefnir. Í svona litlum bæ eins og þessi er, er honum stórskaði að ala aldur sinn.

John Stephanson er annar verzlari hér, og hefir hann stærðarverzlun (General Store), selur alt sem menn þurfa, nema járnvöru. Hann gerir sjálfsagt $100 verzlun á móti hverjum $10, er Kristjánsson gerir, og þó hefir J.St. að eins eitt verð á vöru sinni. — Það litur svo út, sem við Pine Valley búar séum ekki stórkostlega hrifnir af þessari stórborga verzlunaraðferð Mr. St. Kr.

Svo er þriðja verzlunin hér. Eigandi hennar er S. A. Anderson, og selur að eins járnvöru, pappir, hurðir og glugga. Hann gerir ekki mikla verzlun, en hann er skuldlaus, borgar alt sem hann kaupir á réttum tíma og lifir góðu lifi. Hann hefir "Poolboard" til að skemta sér og öðrum við, og svo nóg af freyðandi gosdrykkjum frá Blackwoods, sem hann selur á 10c flöskuna, og svo "Hop Beer" frá sama. Hann er hér heldur vel liðinn, á að eins einn óvin, — minna getur það ekki verið. Hann hefir gert hér miklar umbætur í húsabyggingum á eigin reikning. Húseign hans er: Íveruhús 24x30 fet, búð og "Pool Room" 28x32, "Livery Stable" 24x32, og smiðja 18x 24 fet og ýms önnur hús.

Uppskera varð mjög rýr þetta haust, nema hey voru bæði mikil og góð, og selst það nú á $4.00 stakk og $7.00 bundið á járnbrautarvagninum, og hafa margir landar gott af því. Þeir hafa allflestir náð í góð heylönd.

Nú er í undirbúningi með að koma hér á fót sveitarstjórn og er það vel farið, því dauður er höfuðlaus her.

Allir hafa hér nóg að bíta og brenna. Enginn burtfarar hugur er hér í fólki. Allir sýnast ánægðir, í von um góða framtíð Pine Valley bygðar. Eg, sem skrifa línur þessar, hefi verið hér í 6 ár og líkar og líður vel.

Óskandi öllum löndum gleðilegs nýárs, er ég þinn með vinsemd.

Pine Valley-búi.

DR. H. R. ROSS
C.P.R. meðala- og skurðlækuir.
Sjúkdómum kvenna og barna veitt sérstök umönnun.
WYNYARD, — SASK.

GLEÐILEGT NÝTT ÁR
óskum vér öllum vorum viðskiftavinum fjær og nær. Heimsækjið oss um nýárið í nýja staðnum.—
C. G. JOHNSON
Telefón 2631
301 SHERBROOKE ST.

Russell A. Thompson and Co.,
Cor. Sargent & Maryland St.
Selja allskonar MATVÖRU af beztu tegund með lægsta verði. Sérstakt vöruúrval nú fyrir Jólin! Vér óskum að Íslendingar vildu koma og skoða vörurnar. Hvergi betri né ódýrari.—
Munið staðinn:—
HORNI SARGENT AVE. OG MARYLAND ST.
PHONE 3112.

Með því að biðja sérlega um "T.L. CIGAR," þá ertu viss að fá ágætan vindil.
T.L.
T.L. CIGAR
(UNION MADE)
Western Cigar Factory
Thomas Lee, eigandi Winnipeg

Redwood Lager og Extra Porter
Styrkið taugarnar með því að drekka eitt staup af öðrum hvorum þessum ágæta heimilis bjór, á undan hverri máltíð. — Reynið!!
EDWARD L. DREWRY Manufacturer & Importer Winnipeg, Canada.

Department of Agriculture and Immigration.
MANITOBA
Þetta fylki hefir 41,169,089 ekrur lands, 6,019,200 ekrur eru vötn, sem veita landinu raka til akuryrkjuþarfa. Þess vegna höfum vér jafnan nægan raka til uppskeru tryggingar.
Ennþá eru 25 miliónir ekrur óteknar, sem fá má með heimilisrétti eða kaupum.
Íbúatala árið 1901 var 255,211, nú er hún orðin 400,000 manns, hefir nálega tvöfaldast á 7 árum.
Íbúatala Winnipeg borgar árið 1901 var 42,240, en nú um 115 þúsundir, hefir meir en tvöfaldast á 7 árum.
Flutningstæki eru nú sem næst fullkomin, 3516 mílur járnbrauta eru í fylkinu, sem allar liggja út frá Winnipeg. Þrjár þverlandsbrauta lestir fara daglega frá Winnipeg, og innan fárra mánaða verða þær 5 talsins, þegar Grand Trunk Pacific og Canadian Northern bætast við.
Framför fylkisins er sjáanleg hvar sem litið er. Þér ættuð að taka þar bólfestu. Ekkert annað land getur sýnt sama vöxt á sama timabili.
TIL FERDAMANNA:
Farið ekki framhjá Winnipeg, án þess að grensl ast um stjórnar og járnbrautarlönd til sölu, og útvega yður fullkomnar upplýsingar um heimilisréttarlönd og fjárgróða möguleika.
R. P. ROBLIN,
Stjórnarformaður og Akuryrkjumála Ráðgjafi.
Skrifið eftir upplýsingum til
Joseph Burke, 178 LOGAN AVE., WINNIPEG.
Jas Hartney, 77 YORK ST., TORONTO.

hún skáldi nú við í þeirri trú, að Felicitas gerði sig seka í vanþakklæti? — Hugsunin um það fylti hjarta hinnar ungu stúlku með ósegjanlegri angist. — Aftur reyndi hún að ljúka hurðinni upp, en það var ómögulegt. — Hvers vegna var verið að loka hana inni? Hvers vegna átti hún að sækja lögmann? Þurfti Cordula frænka að meðganga nokkuð? Nei, nei! Gamla jómfrúin hafði ekkert að meðganga. Ef hún í raun og veru hafði orðið að líða vegna einhvers afbrots alla æfi sína, var það vegna annara, og þá byrði losnaði hún fyrst við í öðru betra lífi. — Felicitas þóttist fullviss um, að hún hafði aldrei gert sig seka í neinu, en myndi ef til vildi vera kunnugt um eitthvert leynilegt ódáðaverk, án þess hún gæti nokkuð að því gert. — Það var líklegast, að hún hefði viljað ráðstafa eignum sínum, og nú hafði frú Heilwig komið í veg fyrir það. — Ef Cordula dó, án þess að hafa samið erfðaskrá sína, erfðu Heilwigs erfingjarnir allan auð hennar. — — Hver vissi hve margir fátækir og óhamingjusamir aumingjar voru á þessari stundu ræntir hjálp, er myndi hafa gert þá hamingjusama alt þeirra lif. — á meðan Heilwigs-ættin, er áður var stórrík, fékk viðbót við auðæfi sín fyrir vélræði einnar konu?

Felicitas gekk að glugganum og horfði niður á húsþökin í kring. Hún hörfði vandlega eftir, hvort hún sæi engan, sem hún gæti beðið um hjálp, — en enginn virtist heyra hana eða sjá. — Hjarta hennar ætlaði að springa af kvölum, — hún fleygði sér niður á stól, er stóð þar og grét sárun.

— — Nú var víst alt um garð gengið, — þó svo að hún kæmist út. — Að líkindum voru blíðlegu augun hennar brostin, og hjartað hætt að slá, sem í anzist hafði beðið eftir, að Felicitas kæmi aftur. —— Hin unga stúlka gat ekki huggað sig við þá von, að andi Cordulu myndi nú vita, hvers vegna hinn síðasti

vilji hennar fékk ekki framgang. — það er ótrúlegt, að sálin, strax og hún hefir skilið við líkamann, verði svo fullkomin, að hún geti séð alt, sem fram fer á jörðunni, og lesið hugsanir mannshjartans eins og opna bók. Trúlegra, að hún taki mörgum breytingum áður en hún nær hinni miklu fullkomnun, — og mörg stig hljóti að vera á milli hins mikla skammsýnis þessa heims og guðlegs alvíturleika.

Felicitas var víst búin að sitja í fangelsi sínu hér um bil tvær klukkustundir, — annaðhvort í þungum hugsunum, eða þá hún gerði ýmsar tilraunir til að losna úr fangelsi sínu. Sálarástand hennar var orðið hræðilegt. Fuglarnir, sem einu sinni voru uppáhaldsgoð hennar, þutu upp með óhljóðum, ef hún hreyfði sig minstu vitund. Hún hræddist orðið, hve lítið hljóð sem var, meira að segja sínar eigin hreyfingar. Svo bætti það nú ekki úr skák, að nú tók að kvelda og gerast skuggsýnt í herberginu. Brjóst hennar fyltist sorgar yfir tapi því, er hún hafði orðið fyrir. — Alt þetta var nóg til að gera hvern og einn víti sínu fjær. — — Enn þá einu sinni hljóp hún að hurðinni og greip í lásinn. Hún stóð sem steini lostin af undrun: Lásinn lét undan. Í ganginum fyrir utan dyrnar var dauðaþögn. Felicitas hefði vel mátt ímynda sér, að alt þetta hefði verið voðalegur draumur, ef dyrnar að daglegu stofunni hefðu ekki verið lokaðar. Hún hörfði inn í gegn um skráargatið. Gluggarnir stóðu opnir og vindurinn sem stóð inn um þá, feykti viðvindlinum á veggnum til og frá. — Já, það var alt um garð gengið!

* *

Niðri í framdyrunum sat eldakonan með prjóna sína, eins og hún var vön, þegar verið var gott. Úr eldhúsinu lagði angandi bökunarlykt. Friðrika var

nýbúin að taka út úr ofninum kringlur þær, er frú Heilwig ávalt fékk með kaffinu. — Hér hafði alt gengið sinn vanalega gang, á meðan einn af ættinni uppi á loftinu hafði skilið við þennan heim.

Felicitas gekk inn í vinnufólks herbergið. Rétt á eftir kom Hinrik. Hann hengdi þegjandi húfu sína upp á snaga, gekk svo til Felicitas og rétti henni hendina, án þess að mæla eitt einasta orð. — Þegar Felicitas horfði á þetta gamla, veðurtekna andlit, sem svo auðsjáanlega hafði grátið, var sem henni létti fyrir brjósti. — Hún hljóp í fang honum, lagði hendurnar um háls honum og grét eins og barn.

"Sástu hana ekki áður en hún dó, Fee mín?" spurði hann í hálfum hljóðum, eftir nokkurra þögn. — "Friðrika segir, að frúin hafi veitt henni náðarjarnir. — Æ, að það skyldi nú eiginmitt vera hún. — Enginn hefir spurt eftir þér, — það getur maður talið á fingrum sér. Frúin hefði orðið frávita af reiði, ef hún hefði séð þig þar inni. — En hvar hefir þú þá verið?"

Felicitas hætti strax að gráta. Með kíftcandi augum sagði hún honum frá öllu því, er við hafði borið. — Hann hljóp aftur á bak og áfram um herbergið.

"Nei, er þetta mögulegt!" hrópaði hann aftur og aftur og greip upp í hár sér. — "Og guð lætur annað eins og þetta viðgangast? Drottinn minn! Þó þú nú farir og segir lögreglunni frá þessu, þá trúir lögreglan þér ekki. — Þú hefir engin vitni og enginn mun trúa þér, — því hún er hin réttláta og guðrækna frú Heilwig, og þú. — — En hvað hún hefir farið kænlega að þessu", tók hann fram í fyrir sjálfum sér og hló kaldan hæðnishlátur. — "Einmitt þegar fuglarnir höfðu sem hæst, hefir hún hljóðlega opnað aftur: — — Já, já, ég hefi alt af sagt það, — hún er ein af þeim allra verstu. — Fee! Vesalings

óhamingjusama barn, frá þér hefir hún stolið. Eg átti á morgun að sækja lögmann til gömlu konunnar. Á morgun klukkan 2 ætlaði hún að semja erfðaskrá sína, — þér í hag. — Já, já, hver veit hvað fjarri er æfiendi? — Hún var svo fjarkalega skynsöm, að ég og minir líkar næstum hræddust jafnmikla vizku í kvenmannshöfði. — En hinn fagra sálin hefir hún ekki þekt vel, — annars hefði hún ekki beðið svona lengi".

XIX.

RANGT REIKNAD.

Snemma næsta morgun kom frú Heilwig út í garðinn, er lá umhverfis húsið. Hún hafði kastað til hliðar hvítu línhúfunni, sem hún hafði borið í mörg ár, og í stað dennar bar hún svarta húfu, er féll þétt að hinum fölu en holdugu kinnum hennar. — Þessi vandræða manneskja, er hafði sourgað helgi hversdagsins með hinum glensmikla hljóðfæraslætti sínum, var nú dáin, — og hinar jarðnesku leifar hennar flekkuðu ekki lengur hið gamla kaupmannshús. — Strax og hún gaf upp andann, hafði líkið verið flutt til líkhússins. — — En þrátt fyrir alt þetta hafði hin fræmliðna borið nafnið Heilwig, — og þess vegna setti frú Heilwig upp svörtu húfuna og svörtu hálsklingurnar.

Hún opnaði dyr þær er Felicitas hafði séð gömlu jómfrúna koma inn um, í fyrsta skiftið, sem hún sá hana. Fyrir utan stigann, er lá að máluðu dyrunum, lá annar vindustigi alla leið neðan úr garðinum og upp að kvistherbergjunum. Hinrik og þjónustu-

leidd á þeim fundi né síðar. Lítlu síðar var bygð í nýja Íslandi nefnd Ísafoldar bygð. Kristján J. Bárdal hætti þá, að halda sínu bygðarnafni til framgangs. Ásmundur Guðjónsson mun hafa verið uppástungumaður að Laufásbygðar nafninu. Nokkuru síðar var rituð grein eða greinar í blöðin, af manni hér í Winnipeg, líklega af hra. W. H. Paulson, og bygðin nefnd Pipestonebygð, samþykt nefnd nérðinu. Hefir það nafn í seinni tíð náð fótfestu á bygð Íslendinga. Æskilegra hefði verið, að bygðin hefði náð al-íslenzku nafni til menja um landnám Íslendinga þar.

Flestir Íslendingar bygðu sér fyrst torfbæi líka og á Íslandi. En nú sjást að eins tóftirnar. Eitt torfhús sá ég þó þar í bygðinni, sem brúkað er fyrir geymslu- eða gripa-hús. Yfirleitt eru húsakynni þar góð, og öll sæmilog. — Í seinni tíð hafa nokkurir Íslendingar flutt þaðan til Winnipeg, minsta kosti 5. Fjórir af þeim áttu lönd sín þar óseld, þegar ég var þar á ferð. Óyrkt jarðrautafláca- og skólalönd kosta $16.00 ekran, og sýnir það, að lönd þar eru í góðu álíti. Uppskera í betra lagi, og korntegundir góðar, þegar hagalstormar koma þar ekki.

Fólk er þar viðskunnanlegt gestrisið, og með góðri menningu, og stendur fult svo framarlega, sem hérlent fólk, er þar býr innanum.

Ávarp
til fréttaritara Mountain

Heiðraði ritstjóri Hkr.

Þú hefir þegar hlotið lof og heiður fyrir að veita öllum sama rétt og tækifæri með mismunandi skoðunum og frágangi, að skrifa í blað þitt, án tillits af hvaða ættarstofni þeir eru runnir, hvort hálærðir eða ólærðir. Þess vegna er ég þess fullviss, að þú veitir móttöku í blað þitt eftirfarandi línum, sem er útskýring á grein, sem birtist í blaðinu fyrir skömmu með fyrirsögninni: "Fréttabréf frá Mountain".

Af eðlilegum ástæðum hefir fréttaritari sá, er ég skrifa þessar línur til, dregið dularblæju yfir nafn sitt, til þess að láta ekk. vitnast, hvar hann er niður kominn, og í öðru lagi þótt nafn sitt of fagurt, sem ábyrgð fyrir þessari grein. Dettur mér því í hug, að ávarpa greinarhöfundinn, sem fréttaritara, hvort sem hann kann að hafa þessa lifvænlegu atvinnu um aldur og æfi, eða hann verði fyrir sama slysi og konungurinn forðum, þegar hann datt af stólnum og hálsbrotnaði.

Fréttaritarinn hefur mál sitt með því, að sér finnist ástæða til að minnast ofurlitið, svo sem eins og í fréttaskyni, á Íslendingabæinn Mountain, af þeim ástæðum, að þar hafi orðið miklar framfarir og bærinn hafi þá fullegustu afstöðu, hvað fegurðar útsýni og landslag snertir, sem til sé meðal Vestur-Íslendinga.

Mér finst, þar sem Fr, er svona viðförull, að hann getur staðhæft svona lagaða framsetningu um bæjarstæðið, þá hefði sjóndeildarhringur hans mátt vera það stór ummáls, að hann hefði gefið yfirlit um framfarir í Gardar bæ, sem er eðlilega 7 mílur sunnar, því þar hefir eins miklu og kannske meiru verið afrekað í framfaraáttina. Til dæmis: Bygður Elevator tvær búðir og banki, ásamt hinni nýkomnu járnbraut, sem hefir þar samskonar biðstöð og á Mountain

Þá kem ég að öðru aðalatriði greinarinnar, sem fjallar um hina nýbygðu bændabúð og afstöðu Elísar Thorvaldssonar gagnvart henni. Fr., sem virðist mjög spámannlega vaxinn, eða að minsta kosti lítur hann svo á sjálfan sig, eftir aflestri greinar hans að dæma þar sem hann er af veikum mætti skjálfandi af hræðslu að spá fyrir falli hinnar nýju verzlunar, og færir sem góða og gilda ástæðu fyrir hugvitsemi sínu það, að Elís Thorvaldsson sé hvers manns hugljúfi og hafi verzlun sína fjölbreyttustu og selji svo ódýrt, að naumast sé tækifæri að fá vörur fyrir lægra verð, en hann geti látið mönnum þær í té.

Verzlunin "The Co-operative Co." hefir verið stofnsett á þann hátt, að bændur hafa lagt til vissa peninga upphæð, sumir meira aðrir minna, eftir kringumstæðum og efnahag. Tilgangurinn með þessu fyrirtæki er sá, að hefja tilraun til þess, að fá allar sínar nauðsynjavörur með sem allra réttustu og sanngjörnustu móti, í stað þess að láta sérstaka menn leggja á vörurnar okurverð og draga ágóðann í sinn vasa. Með öðrum orðum: bændur gerast hluthafar í þessari stofnun með þeirri hugmynd, að vöruverð og árðsemi geti orðið arðvænleg tekjugrein í framtíðinni.

Stjórnar formaður fyrir þessari verzlun er Mr. Halldór Reykjalín, sem mun vera eins kær sínum viðskiftavinum og samtíðarmönnum, sem E. Th., og sannar það sig sjálft þar sem bændur hafa lagt fé sitt í hans höndur til umráða. Og sérstaklega, þegar lítur þessara tveggja verzlunarstjóra á Mountain eru tekin til greina, er mikið vafamál hvorn þeira menn hitta oftar glaðari í bragði, með ljúfari framkomu og mildari svörum.

Fr. áltur ekkert tækifæri að fá vörur fyrir lægra verð en hjá E. Th., — þá sannast það gagnstæða best með því að benda á hina miklu kjörkaupa auglýsingu E. Th. sjálfs í 11. tbl. Hkr. þar stendur: 18 pd. raspaður sykur fyrir $1.00, 17 pd. molasykur $1.00 og kaffi á 18c pundið. Á sama tíma sendi "The Farmers' Co-operative Mercantile Co." í Crystal út prentaða auglýsingu, sem sýndi vörur með þessu verði: 20 pd. raspaður sykur $1.00, kaffi fyrir 12½c pundið o.s.frv. — Einnig voru sams konar kjörkaup hjá C. K. Wing, kaupmanni í Crystal sl. haust.

Það er vissa fyrir því, að meiri hluti fólks hér um slóðir hefir sínar vetrarbyrgðir þaðan, með marg falt betri kjörum. — Þetta nægir til að sýna Fr., að víða má fá vörur með lægra verði en hjá Elís Thorvaldssyni.

Allmargir hafa nú í höndum verðskrá yfir allskonar varning frá hinu velþekta verzlunarfélagi "Sears Roebuck & Co.", og panta vörur sínar frá því. Menn hafa reynslu fyrir, að með því fá þeir margfalt betri kaup og eins góðar vörur. Og ég er sannfærður um, að ef sanngjarn maður fengist til þess, að taka að sér að vera pöntunarstjóri fyrir fólkið, mundi sú verzlunaraðferð reynast bezt.

Mr. E. Th. er sjáanlega hræddur um, að þetta áminsta félag dragi talsvert úr gróðum sér. Hann segir í auglýsingunni: "Hættið að senda peninga yðar til Sears Roebuck & Co." — Hvílíkt valdboð S Hann heldur, að hann geti þeytt ryki í augun á fólki og aftraði því frá, að nota þau beztu tækifæri, til þess að komast áfram með því, að hann sé ist skuli undirgangast, að mæta þessu Chicago félagi í öllu, sem það hafi til sölu.

Tuttugasta öldin er að opna augun á fólkinu. Það er þýðingarlaust fyrir nokkurn verzlunarmann, að ætla sér að teyma viðskiftamennina á eftir sér í múlbandi liðinna alda.

Í enda greinar sinnar er Fr. að burðast með hús á Mountain, sem hann segir vafasamt, að til sé ann að eins hús í Winnipeg. — Slíkum hégóma er ég ekki að þreyta mig á að svara, því ég hefi fylstu ástæðu til að ætla, að hann hafi ferðast gegn um neðanjarðar ræsi þegar hann hefir dvalið í Winnipeg borg, úr því hann hefir hvergi getað komið auga á hús, sem jafnist á við Mountain húsið.

Ég býð svo og vona, að Fr., hvort sem hann er karlkyns, kvenkyns eða hvorugkyns, að hann kom með fullu nafni næst þegar hann skrifar, framí dagsljósið.

Helgi Sigurðsson.

VÍSUR.

(Kveðnar á laugardagskvöldið fyrsta í vetri 1908, í suðurbygð Íslendinga í Pipestone bygð).

Engan heyri ég áarnið,
Eikur dyljast sýnum.
Bygðin slétta blasir við
Brúnaljósum mínum.

Hvergi gnæfa fjöllin fríð,
Fagurkrýnd af snænum,
Gnúpar, dalir, grund og hlíð
Glitra ei móti bænum.

Norðurljósa lit ei bönd
Lofts í geimi auðum,
Sólin ekki sævarrönd
Sveipar möttli rauðum.

Þó mér virðist þels um reit
Þessu allvel haga,
Eá frumbyggja og frjóva sveit
Fróðleg geymir saga.

Kr. Ásg. Benediktsson.

Umhugsunarvert.

Já, sjónin er að skýrast og hið rétta ljósið að nálægast. Og svo þegar maður fer að skoða ganginn í lífinu í því ljósi, þá sér maður, að meiri partur af starfinu er raunalega ilt, og stefnan öll öfug Flest byggist á ójafnaðar ranglæti. Þeir, sem um völdin keppa, brúka fyrir aðalvopn sín rógburð á gagnsækjendur sína, við fólkið. En dollarinn ræður úrslitum. Réttlætið kemst ekki að, Allir menn nærast í gegn um loftið með il frá sólunni. Og allir hafa sama rétt til þess. En það er nú ekki látið vera svo. Það koma fram fáeinir menn, sem segja: Við eigum landið, sjóina og loftið umhverfis. Og því hefir verið trúað. Svo segja þeir til íjöldans: Við skulum gefa ykkur vinnu við að framleiða lífsnauðsynjar, net og gildrur. Þeir segja líka við fólkið: Við skulum selja ykkur það, sem þið eigið að lifa á. Sumt af því er óhreinsæmt. Það óhreinkar og deyfir hugsunina og eyðir lífsaflinu. Og svo þegar kraftarnir eru farnir að minka, þá eru menjarnir reknir út á gaddinn, og aðrar ólúnar hendur teknar í staðinn.

Svona gengur það, og þessi dökka sorgarmynd verður alt af nýá meðan ójafnaðar ranglætið og vargaldar hnefaréttarinn er styrktur af lögum þjóðanna. Þetta er það, sem allir þurfa að hugsa um að útrýma, þar sem það á sér stað, og byggja í friði með jafnréttar bróður og systur kærleika. Þá myndast nýr og bjartur friðar og kærleiks heimur, í staðinn fyrir kaldan og dimman ranglætis raunadal.

Ég las ritgerðirnar í Hkr. 26. nóvember og 3. desember, eftir B. G. Backman. Það er vel og rétt athugað frá minu sjónarmiði, og óskandi væri, að sem flestir vildu hjálpa til að greiða kuldakólguna frá, svo ljósið geti borist með sínum eðlilega hraða til allra, svo þeir geti notið ils og birtu frá rótta ljósinu, og séð, að allir hafa sama rétt til lífsins, og að enginn á jörðina, heldur eiga allir að lifa friðar- bræðra og systra kærleiksfélagi. Alt annað er aum tilvera, en ekkert lif.

Ég vona, að þið, samferðamenn minir, sem þetta lesið, lítið á þetta í bróðerni, sem og alla viðleitni til betrandi áhrifa. Því tíminn er svo stuttur, að margur getur ekki gert meira en sýnt viðleitni. Svefnþunginn yfirbugar fyr enn margan varir, og samtenginginn bilar. Ég bið ykkur, góðir bræður, sem jafnaðar réttlæti fylgið, að reyna að nota alla óliðlega mola, hvaðan sem þeir koma, í fyrirhuguðu friðar-samfélags bygginguna okkar allra, — vitandi, að sníð breytist með vaxandi hagleik, — bara að efnið sé gott og ósvikið.

Og svo óska ég ykkur góðs og gleðilegs árs, og vona, að það flytji okkur nær holla lóðstaðinu, þar sem menn anda að sér sama bróðurandanum, sem bindur kærleiks bræðra og systra bandið.

Blaine, Wash., 24. des. '08.

J. O. Norman.

FOSSINN.

Aldin ég sat við elfarniðinn,
til unnarhvílu sig sálin bjó, —
hún kysti rósanna rauðu varir,
roða á fjallanna kinnar sló.

Fífillinn brosti feimnislega,
fjólurna örmum vafði hljótt.
Tignarleg eikin höfuð hneigði,
hnígandi sól bauð góða nótt.

Ríkti friður í ríki nætur,
raulaði elfan dapurt lag.
Eitthvað hún söng um ást og skilnað, —
ei gat ég numið hennar brag.

Fossinn þar steyptist fram úr bergi,
föll hans þau mína vöktu sál.
Fimlega sló hann fiðlustrengi, —
mér fanst ég skilja það dularmál:

Hér hef ég sungið alla æfi,
örmagna hrifið marga sál.
Tign og festa' er í tónum mínum
ég taka ekkert svika blíðumál.

Hvar finna konur hreldu hjarta
huggunar betur en hjá mér?
Við són minn dreyma þær sæla drauma,
hann sorgina knýr í burt með sér

Fyrrum skáldin mér fluttu kvæði
— minn frægðarröðull nú lækka fer. —
Ó, hve mennirnir eru harðir,
ef aldurtila þeir búa mér.

Þeir munu víst sakna minna tóna. —
Munu þeir ekki þyrma mér? —
Sjáldur mun Braga súrna í augum,
er sér að harpan mín fallin er.

Þeir ættu heldur að hlúa' að jurtum,
hjá þeim er víða nakin jörð.
Þótt að þeir fórni fiðlu minni,
það færir ei líf í kalinn svörð.

Vilborg Þórunn Gunnlaugsdóttir.

(Kona Halldórs bónda Jónssonar að Big Quill P.O., Sask.).

F. 16. ágúst, 1866. *D. 8. júlí, 1908.*

ÚT frá Íslands strönd
ótal liggja
vegir vegfarenda;
burt frá býlum
og byskupsstóli —
ásku' og ættliðsstöðvum.

Grætur gróandinn
græna kvisti
rifna upp með rótum,
hélu sveipaða
í högum útlanda;
fjarri móðurmoldu.

Útlendingsauga
oft er grátið —
tómleikshrygð í hjarta.
Urga í eyra
ömurraddir
falskra, flárra hljóma.

En þegar dauðinn
dapur skiftir
leiðum ljúfra vina,
hálfu böl þyngri
harmur svíður
þeim er aleinn þreyir.

Veit ég því Halldór
síðan Vilborg hneig
föl að foldarskauti,
helft þíns hjarta
og hugardrauma
gista gröf með henni.

Minningar sofna—
minningar deyja;
ein þó aldrei fyrnist:
ástar einlægrar
endurminning —
lífs og dauða drottinn.

Í blíðu og stríðu
braut þið rudduð
eins og einn í verki.
Hlið við hlið
högg þið greidduð
fátækt frumbýlinga.

Því er það sárra
en sefi megi
tárlaus um það tala,
að vita þig Vilborg
frá verki hálfloknu
sofnaða hinsta svefni.

Vita þig unga
frá eiginmanni
og börnum þínum borna,
sjúandi starfsgjöld
nè stríðslok ei
vona þinna og verka.

En tilgangur lífs
og tala ára,
einstaklinga og alda,
ritaður er dulrúnum
reginn heima,
drótt og dögum ofar.

Svífur of heim
sólarbjarmi:
dýrstu vildarvonir.
Á húmskygða hájökla,
hrími þakta,
blettum ljóss þær bregða

— — Í guðsfriði Vilborg!
Góðar nætur!
Sofðu sætt og lengi. —
En mun þér ei morgunn
og meira starf
sælla þó en svefninn?

P. P. Þorsteinsson.

$3 VIRÐI FYRIR $2

Örfá orð til þeirra sem EKKI kaupa blaðið Heimskringlu:

EF AÐ VÉR tækjum $3.00 upp úr vasa vorum og biðum yður þá í skiftum fyrir $2.00 þá munduð þér fljótt taka boði voru. — Vér ætlum nú ekki að gera það, ekki beinlínis, en vér ætlum að gefa yður tækifæri, — sem þó ekki kemur oft fyrir, — að fá keypt $3.00 virði af LESMÁLI fyrir $2.00. — Ef að þér sendið oss $2.00 nú þegar, þá skulum vér senda yður Heimskringlu frá þessum tíma til 1. apríl 1910, í 15 mánuði, ($2.50 virði), og sömuleiðis eina rifandi skemtilega 50-centa sögubók í góðri kápu. — Og þá fáið þér $3.00 virði af lesmáli, og það fjölbreyttu, fyrir $2.00. — Þér, sem EKKI kaupið Heimskringlu, notið yður þetta tækifæri, — skrifið eða komið til vor í dag, Á MEÐAN ÞÉR MUNIÐ!

Heimskringla, P.O.Box 3083, Winnipeg, Man.

Þeirra aumlega ástablómið
með illgresi jafnvel rækta þeir,
það ef til vill nýtur aldrei sólar,
innan skams hnígur fölt og deyr.

Eg gekk frá fossins arna tónum,
í anda mér hafði mikið birt:
Eg eygði þar forna ástarguðinn,
og alla þá, sem hann hafði myrt.

Eg sá inn í mannsins sálarheima, —
sól og myrkur þar skiftast á:
Þar vorblær snýst upp í vindasvala
og vonarrósin í kuldastrá.

Þar eldfjall breytist í ísajökla
og armar mjúkir í bitur sverð,
svalalindir í sjávarseltu,
syngjandi fugl í höggorms gerð.

Oft sitja að tafli ást og hatur,
ágirnd og slægð, hver við sitt borð.
í auðn þar breytast oft akrar grænir.
Ótal þar eru framin morð.

Þar er hardagi, þar er friður,
þar er vakað og sofið rótt.
Þar eru reistar háar hallir
er hrynja svo raunalega fljótt.

Þar eru nátmar ýmsra elna,
undarleg blanda sora og gulls.
Hjá'róma oft þar heyrast raddir,
— Vér heima þá skiljum ei til fulls.

Eg heyri, þá alt er hljótt á kveldin,
hjá hömrunum þrumað sorgarlag: —
Fossinn minn er þar enn að flytja
ástblómum vorum dánarbrag.

R. J. DAVÍÐSSON.

Forláts bón.

Einn af vinum séra Jóns Bjarnasonar sem mér er líka kær, hefir orðið til þess að ásaka mig fyrir að hafa ritað í Hkr. ádeilugrein út af fraugasagna samliking um séra Jóns í Sameiningunni, og hefir fært honum það til málsbótar, að hann hafi ritað slikt í ofmiklum hita út af óþörfum ádeilum, sem hann hafi orðið fyrir, — svo megi lengi brýna deigt járn að báti, og að hann hafi gert svo margt og mikið vel í kristindómsáttina, að það beri að lita meira á það.

Með því sem ég get verið þessu samþykkur, skal ég taka það fram að ég sé eftir að hafa óvingast við séra Jón með þessari ádeilugrein minni, því ég veit honum hefir fallið hún illa, og hann áttá ekkert slikt skilið af mér. Og ég met séra Jón og verk hans svo mikils, að mér þykir ekkert fyrir, að biðja hann hér með opinberlega forláts á þessari framhleypni minni, sem ég hefði átt að sjá fyrri. Og ég bið Heimskringlu að flytja þessa forlátsbón mína, svo þeir geti lesið hana, sem áður hafa lesið ádeilugreina frá mér. Og svo vil ég að "þagnarinnar djúp skuli drekkja því".

Guðm. Einarsson.

St. Adelaide P.O. 17. des. 1908.

Það borgar sig
að auglýsa
í Heimskringlu

Guðmundur Bergþórsson.

Að hugsa um þann auðnunnar áburð,
þann anda, er sá líkami fól, —
það minnir á demant í duptí,
eðe' í dálitlum torfkofa sól.

R. J. Ravíðsson

Á beztu heimilum

hvar sem er í Ameríku, þar munið þér finna HEIMSKRINGLU lesna. Hún er eins fróðleg og skemtileg eins og nokkuð annað íslenzkt fréttablað í Canada

Ágæt meðul.

Ég hefi kynst og pantað áður meðul við nef, kverka- og andkala sjúkdómum hjá Royal Remedy Co. Þau fá bezta vitnisburð. Þeir, sem senda mér sjúkdómslýsingu, og $4.00 fyrirfram, fá meðulin send heim til sín kostnaðarlaust hvar sem er í Canada. Eins og mörgum er kunnugt, hefi ég fengist töluvert mikið við meðalasölu stundum, og þekki "patent" meðul vel. Þessi meðul eru 'ekta' góð meðul, og fólk má treysta þeim, ef það kaupir þau í tæka tíð.

K. Ásg. Benediktsson.

540 Simcoe St., Winnipeg.

Leiðréttingar

Í greininni "Veðrabrygði" í Heimskringlu af 10. des. 1908:

Þó les þá — bls. 3 í 3. dl. 7. ln a.of.
, er l.; en, — " " í " " 29. " "
Fera l. séra, " " í " " 6. " a.n.
Sem (fellur burt) — bls. 3 í 4. dl. 11. lína að ofan.
Wr. les Mr.—bl. 3 í 4. dl. 54. l. a.o.
Æsing les æting — bls 3, í 4. dálki 17. lína að neðan.
Marga les marg'i, b. 3, 4. d. 10 l.a.n.
Hnoðanum les hnoðanu— bls. 4, 1. dl. 41. ln. a. n.
Upp les uppi—bl.4, 1. dl. 21 ln.a.n.
Útkrifaða les útskúfaðu— bl.4., 2. dl. 13. lína að neðan.
Skólapiit les skólapilta — bls. 4, 3. dl. 3. lína að ofan.

S. R. HUNTER & CO
Skraddarar,
189 Lombard Street
Búa til ný-móðins karlmannafatnaði eftir máli.— Efni og vinnubrögð afbeztu tegund, og alt ábyrgst að vera jafngildi þess bezta sem fáanlegt er í borginni. Verðið er við allra hæfi. —

S. R. Hunter & Co.
189 Lombard St.
Telephone 1395.

TIL SÖLU:
Afskriftir af gamanleikjunum "Konuleysið og konan", í tveimur þáttum, og 'Hver er vitlaus", í einum þætti, — fást hjá
Christopher Johnston,
151 Indiana St., - CHICAGO, ILL.

James Flett & Co.
PLUMBERS
Leiða Gas- Vatns- og Hitapípur í hús yðar, fyrir sanngj. borgun. Verk vandað, fljótlega gert og ábyrgst.
572 Notre Dame Avenue
Telephone nr okkar er 3380 eða 8539.

Stefán Johnson
Horni Sargent Ave og Downing St
HEFIR ÁVALT TIL SÖLU
Nýjar Áfir
Bestu í bænum. Ágætar til bökunar. 15c gallon

Giftingaleyfisbréf
selur Kr. Ásg. Benediktsson
540 Simcoe st. Winnipeg.

Woodbine Hotel
Stærsta Billiard Hall Norðvesturlandinu
Tíu Pool-borð.—Alskonar vín og vindlar.
Lennon & Hebb,
Eigendur.

VERJIÐ PENINGUM yðar fyrir eitthvað það, sem hefir varanlegt gildi og áhrif til góðs. Fé sem varið er í það sem fljótlega eiðist, er vissulega á glæ kastað.

NEW SCALE WILLIAMS PÍANÓ

endist í 40 ár með góðri meðferð. Stendur yður til boða og ef þér leitið að gæðum, þá er þetta Píanóið sem þér eigið að kaupa.

$1000.00 Í GULLI

skulum vér borga til hvaða líknarstofnunar sem er, í þessari borg, ef nokkur Píanósmiður í Canada getur smíðað betra Píanó. —

BRÚKUÐ PÍANÓS

Vér höfum ætíð til sölu ýmiskonar Píanós sem vér höfum tekið í skiftum fyrir ný New Scale Williams Píanó. —
Verð: frá $75.00 og yfir

VÆGIR BORGUNARSKILMÁLAR.

Í núverandi byrgðum höfum vér ýms vel þekt hljóðfæri svo sem Weber (N. Y.), Gerhard Heintzman, Mason & Risch, Kronich & Bach, og Haines Bros.

Cross, Goulding & Skinner Ltd.

323 PORTAGE AVE.

Nálægt Hargrave Street. Rétt á móti Eaton's.

— THE —

Oxford

"Second Hand" Fata félagið.

532 NOTRE DAME

Úrvals föt fyrir karla og konur.
Allskonar Fatnaður keyptur og seldur.

MUNIÐ: 532 Notre Dame Ave., rétt við Spence St.

The WINGOLD Catalog

ER NÚ TIL ÚTBÝTINGAR

Sýnir Allskonar Stór, seldar beint til notenda á lægsta verði. Vorar nýju tegundir af hitunar- og eldavélum er hreina allskyns eldsneyti, gerðar með nýtízku formi og með öllum nýjasta og besta útbúnaði eru til sölu með ½ til ⅓ afsláttarverði frá annara stóasala verði.

Bestu stór smíðuð ar. Spara eldsneyti og vinna á gottuga. Ábyrgstir að öllu leyti.

Kaupið enga stó fyr en þér hafið séð vort undraverða tilboð. Verðlágar og svo eldviðar drjúgar sem frekast er mögulegt. Þeim er lýst í voru nýprentaða —

Nýrra STÓ "Catalog"

Vér ábyrgjumst fljóta og áreiðanlega afhendingu og lofum að **taka stóna aftur, borga flutningsgjald báðar leiðir og skila yður andvirðinu,** ef ekki ánægðir með kaupin. Sparið $5.00 til $40.00 á hverju kaupi. Kaupið beint frá oss og sparið verslunarmanns gróðann. Hver einasta stó ábyrgst og 30 daga frí reynsla gefin hverjum kaupanda. Skrifið eftir nýja "Catalogue"-inu K.

The Wingold Stove Co., Ltd., 245 Notre Dame WINNIPEG, - - MAN.

Sjerstakt !

GEMSASKINNS-FÓÐRAÐIR (Chamois Lined)

YFIRFRAKKAR

búnir til eftir máli fyrir yður, fyrir

$40

Gerðar úr bezta Isaac Cars Meltonaklæði og ábyrgst fullkomlega að efni, vinnu, áferði og sniði —

Ef það kemur frá Clement's þá er það akkúrat.

Geo. Clements & Son

Stofnað árið 1874
264 Portage Ave. Rétt hjá FreePress

Stefán Guttormsson,

Mælingamaður

663 AGNES STREET. WINNIPEG.

Dr. G. J. Gislason,
Physician and Surgeon
Wellington Blk, - Grand Forks, N. Dak

Sjerstakt athygli veitt AUGNA, EYRNA, KVERKA og NEF SJÚKDÓMUM.

Miss Jóhanna Ólson, Piano Teacher
557 Toronto Street

Drs. Ekern & Marsden,

Sérfræðislæknar í Eftirfylgjandi greinum: — Augnasjúkdómum, Eyrnasjúkdómum, Nasasjúkdómum og Kverkasjúkdómum. : : :

Í Platky Byggingunni í bænum
Grand Forks, :: N. Dak.

Eldiviður

Þurt Tamarak $5.50
KORÐIÐ.
Vér óskum að þér reynið 1 kord.

J. G. Hargrave & Co.
334 MAIN ST.
Phones:—431—432 og 2431

Boyd's Brauð.

Brauð er ein af nauðsynlegustu fæðutegundum. Þess skyldi nákvæmlega gætt, að það sé holt og nærandi. Brauð vor eru tilbúin í nýtísku hreinlætis bakarfi, og úr bezta hveiti af sérfróðum bökurum.

Boyd's

Bakery Cor. Spence & Portage Ave
Phone 1030.

"Hvað að brúka og hvar skal fá það".

VITUR MADUR

Við höfum lítið að segja, en það sem við segjum, segjum við "beint út". Við óskum að þið komið til okkar þegar þið farið að kaupa haust eða vetrarfötin ykkar. Þú veizt ekki hvað ódýrt þú getur keypt föt búin til eftir máli fyr en þú kemur og talar við oss. —

McFarlane & Cairns
SKREDARAR
335 Notre Dame Aðrar dyr vestan Wpg. Leikhúsið.

Vér sækjum þvottinn og flytjum hann heim til yðar. Verkið ágætt, viðskifti áreiðanleg. Fljót skil. Fullkomnustu vélar. Óska viðskifta yðar.

The EMPRESS LAUNDRY Co.
74-76 Aikins St. Phone 1440

Royal Optical Co.
327 Portage Ave. Winnipeg. RÉTT Á MÓTI EATON'S BÚÐINNI.

Beztu Augnfræðingar

Öll nýjustu og bezt reynd verkfæri notuð. Höfuðverkur sem stafar frá augunum, áreiðanlega læknaður. Sanngjarn kostnaður

AUGU SKODUD KOSTNADARLAUST.

Fréttir úr bænum.

Herra Thorsteinn Einarsson, frá Hallson, N. D., kom til bæjarins um síðustu helgi, í kynnisferð til kunningja sinna hér í borginni. Hann lætur vel af líðan landa vorra í sinni bygð, en segir annars engar markverðar fróttir. — Nýlega er látinn í Hallson bygð Valdimar Gíslason, einn með fyrri landnemum þar syðra, frá konu og 4 ungum börnum. Banamein hans var krabbi í maganum. Vald mar sál. mun hafa verið nær 50 ára að aldri. Uppskeran varð í meðallagi í Hallson bygð, en hefði orðið ágæt, ef hagkl hefði ekki gert tjón nokkurt á síðasta sumri. Bær, sem nefnist Concrete er að myndast við endastöð nýju járnbrautarinnar 5 mílur suðvestur frá Hallson pósthúsi, og þar þegar komið nokkurt þorp. Þar er pósthús og 2 verzlanir, ein kornhlaða, stór og vönduð, lyfjabúð, járnvöruverzlun og timburverzlun, banki og nokkur íveruhús. Bær þessi er aðallega byggður af innlendum mönnum, og gera menn sér góðar vonir um framtíð þessa bæjar.

Herra Einarsson fór heim aftur á mánudaginn var.

Herra Gísli Thorgrimsson, frá Rolla, N. D., kom til bæjarins á aðfangadagskveld jóla, og fór suður aftur á mánudaginn var. Hann kom frá Íslandi sumarið 1906, og dvaldi fyrsta árið í Winnipeg, en síðan syðra. Í Rolla bæ eru 1400 manns, en að eins einn annar Íslendingur er þar í bænum. Það er herra Sigurður Emmerson, sem stundar þar bakaraiðn á eigin reikning og gengur vel. Tíðarfarið hefir verið einmuna gott í alt haust, og sem næst snjólaust nú um jólin.

Herra J. C. Comlins, sá sem auglýst hefir ódýra viðinn hér í blaðinu, hefir orðið fyrir því slysi, að bæði hús hans og mestar viðarbyrgðir brunnu. Verður því engum viðarpöntunum sint að svo stöddu.

Vissra orsaka vegna, verður ekkert af söngæfingu Ungtemplara í kveld (miðvikudag).

Þann 30. f.m. voru gefin saman í hjónaband af Rev. Mr. Walker þau Mr. Walter H. May og Miss Bertha Dinuson. Hjónavígslan fór fram að heimili foreldra brúðgumans 649 Toronto St.

Herra Christ Johnson keypti í haust er leið Standard Laundry, 74—76 Aikins St., í félagi við hérlenda mann. Nafnið er nú "Empress Laundry, Limited". Verðið var $40,000. Herra Ch. Johnson hefir verið sl. sex ár ráðsmaður fyrir North West Laundry Co., að meirá og minna leyti. Hann er einn af myndarlegustu og duglegustu ungum Íslendingum í þessum bæ. Hann hefir nú 4 keyrslumenn í bænum. Sjálfur keyrir hann á milli C.P.R. sporsins að norðan, Portage Ave. að sunnan, vestan við Aðalstræti, og vestur að bæjar takmörkum. Hann óskar eftir viðskiftum Íslendinga, ábyrgist vandað verk og vissa skilsemi á þvotti. Allir, sem þekkja þennan unga mann, bera honum bezta orð í hvívetna. Telefón hans er: 1440. Íslenzkt fólk vinnur hjá honum, og sjálfur er hann Íslendingur í húð og hár, og Norður-Þingeyingur að ætt. Takið eftir auglýsingu í þessu blaði.

Miðvikudaginn þann 30. f. m. fór fram kosning embættismanna stúkunnar Ísafold nr. 1048 I.O.F., og voru eftirfylgjandi kosnir:

C.R.—Jón Ólafsson, 770 Simcoe Street.
V.C.R.—Stefán A. Johnson.
Ritari—J. W. Magnússon, 703 Elgin Ave.
Fehirðir—P. Thomson, 552 McGee Street.
Gjaldkeri—S. W. Melsted.
Cap.—S. Sigurjónsson.
S.W.—Sig. Stephensen.
J.W.—St. Scheving.
S.B.—Gunnl. Jóhannsson,
Aud.—Sw. Swainson og Magn. Peterson.
C. Phys.—Dr. Ó. Stephensen.
C. Dep.—St. Sveinsson.

Innsetning embættismanna fer fram 11. janúar (mánudagskv.) nk. í Oddfellows Hall, Princess St., og eru hinir nýkosnu embættismenn beðnir að minnast þess.

Allir Foresters velkomnir.

J. W. Magnússon, ritari.

Herra Ketill Valgarðsson, kaupmaður á Gimli, var hér í borg í síðustu viku í viðarsölu og öðrum verzlunar erindum. Hann hefir um 50 Carloads af við til sölu, og selur viðinn á vögnunum þannig:

Tamarac, cord	$3.75
Birki, cord	3.75
Spruce, cord	2.50
Poplar, cord	1.75

Hann biður þá, sem vildu kaupa Carloads í einu, að rita sér um það.

Herra Friðrik Sveinsson, ungfrú Rannveig Einarsson og hr. Ólafur Eggertsson hafa í hyggju að ferðast um Nýja Ísland og ef til vill fleiri bygðir Íslendinga innan skams og halda samkomur. Búast er við, að fyrsta samkoman verði haldin hér í bæ seint í þessum mánuði. Á prógrammínu verða smá sjónleikir, myndasýning og söngvar. Nánar auglýst síðar.

Til lesenda Heimskringlu í Norður-Dakota.

Þá stóru auglýsingu, sem herra Elis Thorwaldson, kaupmaður á Mountain, N., Dak., hefir í þessu blaði, hefir Heimskringla tekið af honum fyrir hálft verð, — ekki hans vegna, því að hann er fær um, að borga fyrir rúmið í blaðinu, heldur vegna kaupendanna, sem vér vildum víta að gætu haft hagnað af því, að nota sér þessa afsláttarsölu. Oss virðist, af auglýsingunni að dæma, að annaðhvort sé maðurinn ekki með öllu ráði, eða að hann sé að kasta út vörum sínum fyrir talsvert lægra verð, en þær hafa kostað hann. — Þess vegna væri það rótt gert af Íslendingum í Norður Dakota bygðum, að koma í búðina meðan á þessari feikna afsláttarsölu stendur, og grenslast eftir, hvort maðurinn stendur við orð sín.

Vér efum ekki, að það sé gróðabragð, að kaupa vörur hans með hinu auglýsta verði, og þess vegna mælum vér með, að Norður Dakota Íslendingar noti þá gæs, meðan hún gefst. En jafnframt vildum vér síðar fá fregnir af því, af eindir loforðanna í auglýsingu hans verða að prettum, því þá er nauðsynlegt, að gera honum verðskuldaða ráðstafingu.

Hann lofar, að kaupendur skuli fá vörurnar í búð hans með þriðjungs til helfings afslætti, og jafnvel þaðan af meira afslætti, frá algengu vanaverði, ef mikið er keypt í einu. Og hann játar það hreinskilnislega, að það sé ekki honum að þakka, heldur vetrarveðurblíðunni þar syðra, að fólk á nú kost á þessum kjörkaupum. — En jafnframt stingur hann því að fólkinu í trúnaði, að hann þurfi fljótlega á talsverðum peningum að halda, og að þess vegna neyðist hann til þess, að selja sér í skaða. Nú, eins dauði er annars brauð. Náið því í brauðið meðan það gefst með svo góðum kjörum og kaupið Elis út.

Th. Oddson & Co., fasteignasalar á suðvestur horninu á Portage Ave og Garry St. hér í Jorg, hafa sent Heimskringlu Calendar fyrir árið 1909. Að ofan er fögur litmynd, 8x10 þuml., lauslega limd við aðalspjaldið, svo að hægt er að setja hana í ramma og nota sem stofuprýði. Myndin er af bjálkabygðu bóndabýli, með torfþaki, og stendur það í fögrum skógarlundi. Bæði trén og runnar umhverfis húsið, er þakið skrautblómum og aldinum, og fénaður er á beit þar í nágrenninu, en vænlegir alifuglar eru meðfram gangtröðunum, sem liggja upp að og meðfram húsinu. Öll er mynd þessi tilboð til Íslendinga að kaupa lönd af þeim Oddson & Co.

Kæru landar, ef þið viljið fá vel skerptar sagirnar ykkar, þá komið þeim til mín, að 501 Beverly St. Líka skerpi ég skauta, skeggháfa og allskonar eggjárn. — Alt fljótt og vel gert.

G. BERGÞÓRSSON,
501 Beverly St.

Hefir þú borgað Heimskringlu?

Nokkur dráttur varð á því, að myndirnar af Jónasi Hallgrímssyni og Hallgrími Péturssyni fengj ust út af tollhúsinu hér í Winnipeg, — þess vegna gat ég ekki sent þær til þeirra, sem höfðu pantað þær fyrir jólin. Nú er ég búinn að fá þær heim, og vona að ég geti framvegis afgreitt allar pantanir tafarlaust. — Þeir, sem fá myndirnar sendar með pósti, eru vinsamlega beðnir að bæta 5c við verðið á parinu, fyrir burðargjaldi og umbúðum. — Argylemönnum vildi ég benda á, að myndirnar fást hjá hr. Joseph Davidson á Baldur, sem hefir góðfúslega tekið að sér að vera útsölumaður þar.

FRIÐRIK SVEINSSON
618 Agnes Street.

Skrautmyndir

Mjög vandaðar, stórar og fagrar, af skáldkóngunum íslenzku, Hallgrími Péturssyni og Jónasi Hallgrímssyni, fást hjá undirskrifuðum, önnur á 35c en báðar á 60c. Agæt stofuprýði. Myndir af þessum mönnum munu verða kærkomnar til prýðis og endurminningar á mörgu íslenzku heimili. Útsölumenn vantar enn víðsvegar um bygðir Íslendinga mót sanngjörnum sölulaunum.

F. R. JOHNSON,
1419 W. 57th St., Seattle, Wash.

ATH. — Þessir hafa þegar tekið að sér útsölu á myndunum: —

Friðrik Sveinsson, 618 Agnes St., Winnipeg; Wm. Anderson, 1797 7th Ave. W., Vancouver, B. C.; S. Bárðarson, R. F. D. 1, Box 90, Blaine, Wash.; Sigurður Johnson, Bantry (og Upham), N. Dak.

ODDSON FLUTTUR.

Vér höfum breytt bústað vorum, og verður því skrifstofa framvegis

Suite 1, Alberta Block,

Norðaustur horni á Portage og Garry St., rétt að kalla á móts við nýja pósthúsið. Bjartari, betri og stærri skrifstofur.

Vér þökkum fyrir góð viðskifti og bjóðum alla velkomna á vorn nýja stað

Yðar með virðingu,

Th. ODDSON & CO.,
Suite 1, Alberta Blk.
Cor. Portage & Garry. Phone 2312

S. F. Ólafsson

619 Agnes St. selur Tamarac fyrir $5.50 og $5.75 gegn borgun út í hönd.

ÉG HEFI KEYPT ÚT KJÖTVERZLUN

herra Christjáns Oleson's á Notre Dame, og óska viðskifta allra þeirra sem áður verzluðu við hann. Gott kjöt og sanngjarnt verð.

A. E. COOPER,
666 Notre Dame Ave. Telefón 6906

F. Deluca

Verzlar með matvöru, aldini, smá-kökur, allskonar sætindi, mjólk og rjóma, sönul. tóbak og vindla. Óskar viðskifta Íslend. Heitt kaffi eða te á öllum tímum. Fón 7756

Tvær búðir:
587 Notre Dame og 714 Maryland St.

Arena Rink

Skautaskemtun á hverju kveldi. Ágætt Music.

JAMES BELL, eigandi

J. G. Snidal, L. D. S.
ÍSL. TANNLÆKNIR
COR. MAIN & BANNATYNE
DUFFIN BLOCK PHONE 5302

KOL OG VIDUR

Þur, beinharður eldiviður, — Poplar, Pine, og Tamarac með mjög sanngjörnu verði. — Nú sem stendur verið að afferma mörg vagnhlöss af BEZTA DAUPHIN TAMARAC. —

McElroy Bros.
Cor. Sherbrooke & Ellice
PHONE: 6612

BILDFELL & PAULSON

Union Bank 5th Floor, No. 520

selja hús og lóðir og annast þar að lútandi störf; útvegar peningalán o. fl.
Tel.: 2685

ARNI ANDERSON Íslenzkur lögmaður

Í félagi með
Hudson, Howell, Ormond & Marlatt
Barristers, Solicitors, etc.
Winnipeg, Man.
13-18 Merchants Bank Bldg. Phone 3621, 3622

BONNAR, HARTLEY & MANAHAN

Lögfræðingar og Landskjala Semjarar

Suite 7, Nanton Block, Winnipeg

Hubbard, Hannesson and Ross
LÖGFRÆÐINGAR

10 Bank of Hamilton Chambers
Tel. 378 Winnipeg

Th. JOHNSON
JEWELER
286 Main St. Talsími: 6606

Íslenzkur Tannsmiður,

SIGURÐUR DAVIDSON, hjá Dr. Morden, frá læknaskólanum í Chicago,—tekur að sér að smíða Tennur eftir þörfum, og festir þær í tanngarðinn sársaukalaust.

Finnið hann á skrifstofu að
620½ Main St.
Phone 470 Horni Logan Ave.

A. S. BARDAL

Selur líkkistur og annast um útfarir. Allur útbúnaður sá besti. Enfremur selur hann allskonar minnisvarða og legsteina.

121 Nena St. Phone 306

LAND

Vér höfum nýlega fengiðtil sölu yfir 30 fasteignir (jörðunum) liggjandi að Oakland brautinni C. N. R. línunnar. Verðið er frá $1.00 til $12.00 hver ekra. Ekkert af löndum þessum eru meir en 5 mílur frá járnbrautinni.

Skuli Hansson & Co.
Skrifst. Talsími 6638. Heimilis Talsími 2274

Heimskringla.

Alt landið

er ábyrgst að vera jarðyrkju land af bezta tegund, og fæst keypt með vægum árborgunar skilmálum. (N.B.—Lesið fyrripart þessarar augl. vinstramegin við Hkr. nafn.)

Frekari upplýsingar veita

Skuli Hansson & Co.
56 Tribune Building. Winnipeg.

XXIII. ÁR. WINNIPEG, MANITOBA, FIMTUDAGINN, 14. JANÚAR, 1909 NR. 16

Fregnsafn.

Markverðustu viðburðir hvaðanæfa.

Félag er stofnað í New York borg með 50 miljón dollara höfuðstól til þess að byggja loftför. Félagið heitir "Aerial Navigation Company of America". Það ætlar að byggja loftför, sem séu 710 feta löng og þar yfir, og 80 feta breið. Þau eiga að rúma 100 farþegja.

— Nýlega er látinn Senator Bernier í St. Boniface, á sjötugsaldri. Mikilhæfur maður og prúðmenni.

— Nýútkomnar búnaðarskýrslur sýna, að uppskeran úr ökrum canadiskra bænda á síðasta ári hefir verið $432,533,000 virði, og að alls voru undir ræktun 27,505,663 ekrur. Hveiti, hafrar og bygg var í 16,297,100 ekrum og virt $209,070,000. Hey var í rúmlega 8 miljón ekrum, virt $122,000,000.

— Evrópu blöðin segja, að konungur og drottning Breta ætli í næsta mánuði til Italíu til þess í eigin persónum að votta þjóðinni meðlíðan sína út af jarðskjálfta áfallinu mikla. Rússakeisari ætlar og þangað í byrjun marzmánaðar í sömu erindagerðum.

— Þrettán hundruð manna eru grafnir í einni gröf í Messina rústum þann 7. þ.m. Gröfin var 300 feta löng og 30 feta breið. Margir jarðskjálftar urðu þann dag, og féllu þá þar fáu byggingarústir, er eftir stóðu í aðalbænum. Líkunum var hlaðið hverju ofan á annað, og svo þakin með klór-kalki. Einn gamall prestur las bæn yfir gröfinni, en söngur var enginn.

— Canada stjórnin hefir gefið 100 þúsund dollara til hjálpar þeim, sem mistu aleigu sína í jarðskjálftunum á Ítalíu. Miklu fé hefir og verið safnað í Bandaríkjunum í þessu skyni. Flestar borgir í Bandaríkjunum hafa tekið þátt í þessu fjársafni. Gjöf Ameríku verður því stór.

— Sir Oliver Lodge, einn af valin kunnustu vísindamönnum Breta, hefir fundið ráð til þess, að létta þokunni af Lundúnaborg. Ráðið er að reisa háar stengur víðsvegar í borginni, og skjóta þaðan rafurmagnsstraumum út í loftið. Aðferð þessi hefir verið reynd í Liverpool og gefist sæmilega. Rafurmagnsstraumur frá hverri stöng orkaði því, að hreinsa loftið 60 feta veg út frá sér í allar áttir.

— Frönsk blöð gátu þess um nýárið, að myndað sé loftflutningafélag á Frakklandi, sem flytji fólk í loftförum milli ýmsra borga í Evrópu, innan 4 mánaða frá nýári, eða um 1. maí nk. Félag þetta hyggur að fá þingleyfi til mannflutninga og ætlar að byggja loftbáta línu, sem hver bátur flytji 15 farþegja milli ýmsra borga á Frakklandi og út yfir landamærin. Loftför þessi eiga að koma við í Nancy, Orleans, Bordeaux og öðrum borgum, og fargjaldið fyrir hringferðina verður $40.00. Félagið hyggur að byrja með 4 loftförum, er hafi öll þægindi til mannflutninga.

— Læknar í Parisarborg hafa nýlega látið uppskátt um aðferð, er þeir hafa uppgötvað og notað við lækning krabbameina. Á tæpum 3 árum hafa þeir reynt þessa aðferð á 66 sjúklingum, og algerlega læknað 60 þarra af þessari voðalegu veiki. Læknar þessir héldu opinbera "Demonstration" samkomu, laust fyrir jólin, og sýndu þar alla þessa læknuðu sjúklinga, og jafnframt skýrðu þeir frá lækningaaðferð sinni. Radium er efnið, sem þeir hafa læknað með. Fyrst notuðu þeir hnífinn við útvortis meinsemdirnar, en í öllum tilfellum óx krabbinn aftur. Næst reyndu þeir Radium aðferðina, og í hverju tilfelli læknaðist meinsemdin á 6 til 7 vikum. — Ekki héldu þeir fram þeirri kenníngu, að þessi nýja aðferð væri óbrigðul, en sögði sýnilegt, að þess gæti ekki orðið langt að bíða, að óbrigðult læknismeðal við meinsemd þessari yrði fundið. Þeir sögðu, að í fáeinum tilfellum, þar sem meinsemdin var á fyrsta stigi í hörundinu, mætti lækna hana á einum klukkutíma, svo að hennar yrði þar ekki aftur vart. — Hina svo nefndu "Fulguration" að ferð sögðu þeir og vera ágæta til lækninga slíkra meinsemda. — Alls höfðu þeir reynt 3 lækningaaðferðir, og kváðust sannfærðir um, að þar sem ein ekki orkaði að lækna, þá dygði hin, og að engin sú krabbameinsemd væri til, sem ekki yrði læknuð með einhverri af þessum aðferðum eða þeim öllum saman-gánlega

— Á gamlaárskveld sl. skaut maður, að nafni Beneditte nokkrum skotum inn um glugga á skrifstofu forseta Frakka, Manil þessum hafði verið neitað um, að halda stórfenglega hlutaveltu, sem hann var að undirbúa. Forseti Clemenceau var á skrifstofunni og sat hann út við gluggann. Eftir að 2 skot höfðu farið gegn um rúðurnar og kúlurnar strokist við höfuð forsetans, stóð hann upp hægt og rólega og opnaði gluggann, til þess að sjá, hvað um væri að vera. Þjónar forsetans hlupu tafarlaust með skambyssur í höndum út á strætið, og ætluðu að skjóta Beneditte. En forsetinn hrópaði til þeirra og bað þá að blífa manninum. Beneditte gafst upp þegar hann hafði skotið 5 skotum.

— Bandaríkja stjórnin hefir nýlega sent 225 miljónir dollara í gullpeningum með járnbrautum yfir þúsund mílur vegar, frá San Francisco til Denver í Colorado. — Flutningur peninganna byrjaði 15. ágúst og var lokið við hann þann 19. des. sl. Málmgeymslubúrin í Denver eru þau sterkustu, sem til eru í Bandaríkjunum, og þessvegna vildi stjórnin hafa skildingara þar. En svo gekk flutningurinn vel, að enginn dollar tapaðist, og fáir vissu um flutninginn fyr en alt var um garð gengið.

Íslands fréttir.

Hannes Hafstein ráðherra sigldi til Hafnar á konungsfund seinast í Nóvember. Skömmu eftir að hann kom þangað, átti hann tal við eitt helzta blaðið þar "Berlinske Tidende" um kosninga ófarir sínar þann 10. september. Kvað hann þær fyrst og fremst að kenna tíma skorti og óheppni frumvarpsmanna. Í öðru lagi Albertíhneykslinu og mútukviksögum af hálfu andstæðinga sinna. Þingbyrjun sýni, hvort andstæðingar klofni ekki, því þeir séu mjög sundurleitir. Sjálfstæðismenn urðu æfir yfir þessum ósannindum ráðherrans, sem hann tugði á í "Dönsku mömmu", og flokksstjórn sjálfstæðis þingmanna sinnaði tafarlaust eftirfylgjandi yfirlýsingu til Khafnar: — "Stjórnarnefnd stjórnarandstæðinga lýsir frásögn ráðherrans í viðtali við "Berlingske Tidende, um kosningaófarir hans, allsendis gripna úr lausu lofti. Kosningarnar lýstu greinilegum þjóðarvilja, sem veit hvað hann vill. Ummæli hans (ráðherrans) um tvístring stjórnarandstæðinga, eru og alveg átyllulaus. Það hefir vakið almenna undrun, að ráðherrann fer ekki frá völdum". Flokksstjórn sjálfstæðis þingmanna skipa til þings þessir þingmenn: Björn Jónsson ritstj. formaður, Hannes Þorsteinsson ritstj. (varaformaður), Bjarni Jónsson frá Vogi (skrifari), Björn Kristjánsson kaupm. (gjaldkeri) og dr. Jón Þorkelsson. Blöð sjálfstæðismanna flytja harðorðar greinar um þessi ósönnu ummæli ráðherrans, og sýna fram á: 1) Að hann sjálfur hafi skamtað tímann fram að kosningum, og ekki viljað með náinu móti hafa hann lengri, enda hafi það verið á allra manna vitorði, að fylgi frumvarpsins var stöðugt að þverra meðal landsmanna, eftir því, sem það var rætt betur og lengur leið á tímann. 2) Að Albertíhneykslið hafi að eins verið kunnugt í þremur kaupstöðum, og það ekki fyr en daginn fyrir kjördag, 9. sept. 3) Að það sé alveg tilhæfulaust, að þingmenn sjálfstæðismanna séu tvístraðir. Blöðin segjast vita um vilja allra sjálfstæðis þingmanna, en hann sé bæði á móti frumvarpinu og stjórn Hannesar Hafsteins. Þegar þeng kemur saman eftir rúman mánuð (15. febr.), kemst Hannes Hafstein sjálfsagt að raun um, hvort ummæli hans eða andstæðinganna eru sannari. —— Lausn frá embætti hefir Hannes Hafstein veitt bróður sínum Marino Hafstein, sýslumanni í Strandasýslu, með fullum eftirlaunum, 15—1600 kr. (Ekki er getið um nánar ástæður fyrir því, af hvaða orsökum þessi maður hið ur um lausn frá embætti). Hann er að eins fertugur maður og búinn að vera í embætti 9—10 ár. (Verði þessi maður 70 ára, sem vel getur skeð, þarf landssjóði að bæða til hans 45 þús. kr. minst, fyrir utan rentur. Dálaglega farið með fjármuni landsmanna!). —— Sigfús tónskáld Einarsson hefir haldið sámsöngva með söngflokkum sínum í Reykjavík. Af þeim er ekki eins mikið látið eins og að undanförnu. —— Miki fenglega samgirðingu eru Fljótshlíðingar í Rangárvallasýslu að koma á hjá sér. Hún er talsvert meira en 3 milur danskar á lengd (12,500 faðmar), og kostar um 9000 kr. Girðingin er uppi á fjallsbrúninni, eftir endilangri Fljótshlíðinni, og ver öll tún og engjar sveitarinnar fyrir ágangi búfjár, sem er í fjallinu fyrir ofan girðinguna. Þverá, sem rennur sunnan undir hlíðinni, ver á hina hliðina. —— Skýrsla yfir útflutt smjör frá rjómabúunum á Suðurlandi, alt austan úr Mýrdal og vestur í Snæfellsnes, sem eru 24 að tölu, sýna, að frá þeim hefir verið flutt út af smjöri síðastliðið sumar 2000 tunnur eða 200,000 pd. Smjörið hefir alt selst vel, sumt ágætlega. —— Mestir hestaeigendur á Suðurlandi síðastliðið sumar voru þeir Halldór Vilhjálmsson skólastj. á Hvanneyri og Sigurður Ólafsson sýslumaður í Kallaðarnesi. Halldór heyjaði 3000 hesta, þar af 700 af töðu. Sigurður sýslumaður 2800 hesta. —— Landsreikningurinn fyrir árið 1907 er nú nýlega birtur. Hann sýnir, að tekjur landsins hafa farið geysimikið fram úr áætlun, langt um meira en dæmi eru til nokkru sinni áður. Það stafar af tollhækkun og góðu árferði. Þær voru áætlaðar af þinginu 1 miljón og 30 þúsundir kr., en þær hafa orðið 1 miljón og 645 þús. kr. Samt verður tekjuhalli á fjárlagstímabilinu 155 þús. kr., kemur það til af konungskomunni, sem kostaði um 300 þúsund kr., og ýmsum auknum kostnaði, bæði þörfum og óþörfum. Alþingi 1907 kostaði þá d. þrðjungi meira en nokkru sinni áður, 61 þús. kr. í stað 41 þúsund. Fróðir menn geta ekki skilið í, hvar sá kostnaðarauki getur legið, fyr en stjórnin er búin að skýra reikninginn. Sömuleiðis hefir dómgæzlu og stjórnarkostnaður aldrei orðið eins hár og nú. Einnig hefir kostnaður til landsómannanna (eftirlauna manna) hækkað allmikið, sem ekki er að undra, þegar ungir menn eru tafarlaust settir á full eftirlaun eftir fáirra ára þjónustu. —— Þrjátíu hesta af dagsláttu hafði Vilhjálmur bóndi Bjarnason á Rauðará fengið í sumar, af canum hlotti á túni sínu 1000 ferfaðma stórum. Hann fékk 25 hesta í fyrra skattl en 5 í seinna slætti. (Sú dagsláttu hefir gefið af sér í minsta lagi 150—200 kr.). —— Nýdáinn er merkisbóndinn Jón Bjarnason í Galtafelli í Árnessýslu, faðir Einars Jónssonar myndhöggvara. Hann var um sjötugt. Hafði búið allan sinn búskap, 35 ár, á Galtafelli. Ennfremur er nýlátin Kristjana kona Helga Sveinssonar bankastj. á Ísafirði, dóttir Jóns heitins Sigurðssonar á Gautlöndum. Hún dó af barnsförum. Merkiskona, sem hún átti kyn til.

Lífsábyrgðir.

Eitt það þarfasta, sem hver manneskja gerir, karl eða kona, er það, að kaupa sér lífsábyrgð. Lífsábyrgð í góðu og áreiðanlegu félagi er betri og áreiðanlegri eign en flestar aðrar eignir. Sá, sem á að fá lífsábyrgðina, getur notið hennar að öllu leyti. Af henni er ekkert hægt að taka, nema með hans leyfi, hvernig sem kringumstæður eða ástæður þeirrar manneskju voru, sem keypti lífsábyrgðina og borgaði af henni.

Eins og kunnugt er, eru lífsábyrgðir mjög algengar í þessu landi, t. d. meðal Íslendinga hér, mun óhætt að fullyrða, að tveir þriðju af þeim séu í lífsábyrgð, eða 66 af hundraði, af fólki yfir 18 ára aldur. En að lífsábyrgðir eru svo almennar, er ekki að þakka fólkinu, að mínu áliti, heldur umboðsmönnum lífsábyrgðarfélaganna. Mörg íslenzk ekkja og börn í þessu landi, eiga þeim mikið gott upp að inna, fyrir það, að þeim var það að þakka, að maðurinn þeirra og faðir barnanna keypti lífsábyrgð, sem í mörgum tilfellum var það eina styrktarfé, sem hann lét eftir sig, þegar dauðinn kallaði hann burt.

Það munu dæmi til þess meðal Íslendinga, og þau ekki alfá, að konum hefir fyrst farið að líða vel efnalega, eftir að maðurinn þeirra var dauður, og það var að þakka lífsábyrgðinni, og í fjölda mörgum tilfellum hafa lífsábyrgðir verið eina hjálpin, til þess að konur með barnahóp færu ekki á vonarvöl, eða yrðu upp á annara hjálp komnar. Ég býst við, að ýmsum finnist það fjarstæða, að þakka lífsábyrgðar agentunum hvað margir hafa verið frelsaðir frá örbirgð og vandræðum með lífsábyrgðum. En þegar betur er gætt að, og farið að kryfja vel það mál, af hvaða ástæðum fólkið hefir keypt sér lífsábyrgð, þá mun það koma í ljós, að fast að því helmingur alls þess fólks, sem lífsábyrgð hefir, hefir keypt hana af því það hefir ekki komist undan agentunum, — dugnaður þeirra hefir verið svo mikill, að fá fólkið til að gera það, sem það átti að gera, og sem því bar að gera. En fyrir þennan dugnað hafa margir þeirra fengið á sig vont orð, og jafnvel verið hálfhataðir.

Í vor er leið man ég eftir því, að maður utan úr landi kom inn á skrifstofu þessa blaðs, eingöngu í þeim erindagerðum, að reyna að fá blaðið til að taka duglega í lurginn á b..... lífsábyrgðar agentunum, sem aldrei lótu fólk í friði. Hann tiltók sérstaklega einn Íslending. Maðurinn var sýnilega heitur út í agentana, þegar hann kom inn, — hefir líklega orðið fyrir ónæði af einhverjum þeirra. — En reynt var að sýna honum fram á, hverja fjarstæðu hann væri að fara með, og ennfremur, hvað lífsábyrgðir væru góð eign, og hvað oft þær hefðu hjálpað þeim, sem mest lá á að hjálpa, frá eyðileggingu fátæktarinnar. Og í fjölda mörgum tilfellum væri þetta að þakka agentunum, að þeir lótu fólkið ekki í friði.

Þegar maðurinn fór út, virtist mér hann sneyptur yfir frumhlaupi sínu á hendur agentanna. Hann rat ekki borið á móti því, sem lífsábyrgðunum var fært til gildis, með neinni gildri ástæðu. Síðast gaf hann alveg upp sinn málstað.

Þegar talað er um lífsábyrgðarfélög, þá stendur ekki á svara, hvert félagið er. Síður en svo. — Sum lífsábyrgðarfélög skyldi fólk varast eins og heitan eldinn, og þá auðvitað agenta þeirra. Af því, að hafa verið óvandur, eða ekki aflað sér nægilegrar þekkingar á félögunum, sýpur margur Vestur-Íslendingur seyðið. Sumir hafa lagt svo hundruðum dollara skiftir í félög, sem farið hafa "á hausinn", — aldrei verið annað en svikamyllur, — og þeir þá tapað lífsábyrgðinni og öllum þeim peningum, sem inn höfðu verið borgaðir.

Af þeim félögum, sem þegar eru orðin þekt meðal Íslendinga og löng reynsla er komin á, mun New York Life félagið vera einna áreiðanlegast, en hærri iðgjöld tekur það en mörg önnur. En ef keypt er ábyrgð á einhverju, sem er mikilsvarðandi, ekki hvað síst þegar það er líf manns sjálfs, þá trúi ég tæplega öðru, en flestir verða sammála um, að betra sé að borga hærra gjald fyrir ábyrgðina og hún sé undir öllum kringumstæðum góð og gild, heldur enn borga lægra gjald, og ef til vill enga það á hættu, að ábyrgðin fáist ekki öll, eða umstang og erfiðleikar séu á því, eins og stundum hefir átt sér stað í þeim félögum, sem selja ódýrar lífsábyrgðir.

Annað, sem með réttu má hafa á móti þessum ódýru lífsábyrgðarfélögum mörgum hverjum, er það, að þau hækka iðgjöld þá minst varir, hækka þau svo mikið, að það er í mörgum tilfellum frágangssök fyrir fátækt fólk að viðhalda lífsábyrgðum sínum.

Þetta tvent, óvissan með áreiðanleikk lífsábyrgðarinnar og að vera aldrei öttaður um gífurlega hækkun iðgjaldanna, gerir mörg "bræðrafélög" tortryggileg og óaðgengileg hjá fólkinu.

En það skal játað, að hugmyndin, sem felst í fyrirkomulagi þeirra — sameignarhugmyndin — er réttari enn annara lífsábyrgðarfélaga, því hún er spor í áttina til þess fyrirkomulags, sem öll lífsábyrgðarfélög ættu að hafa, sem sé þess, að verða ÞJÓÐEIGN. Öll lífsábyrgðarfélög ættu að vera starfrækt af ríkinu og undir umsjón þess að öllu leyti, — ætlu að verða sameign allra ríkisborgaranna, á sama hátt og samgöngufæri o.fl. Þá trygði ríkið öllum þegnum sínum lífsábyrgð, að eins fyrir það verð, sem hún kostaði. Lífsábyrgðin yrði þá sjaríejóður, sem þegnarnir geymdu í vörzlum ríkisins.

Hugsum okkur til dæmis, að Ísland stofnaði lífsábyrgðarfélag — undir stjórn ríkisins. Þar eru nálega 56,500 manns yfir 20 ára aldur. Ef gert væri ráð fyrir, að hver manneskja yfir 20 ára aldur hefði 1000 kr. lífsábyrgð að jafnaði, það er að segja 56,500 lífsábyrgðir væru keyptar af þessu fólki. Sumir keyptu ef til vill fyrir 4—5000 kr., aðrir fyrir 1—3000, og enn aðrir ekkert. Ef af hverri lífsábyrgð væri borgaðar 25 kr. á ári, þá kæmi inn árlega í iðgjöld 1,412,500 kr. Skýrslur sýna, að árlega deyja til jafnaðar nálega 800 manns á þessum aldri. Eftir því yrfti að borga 800,000 kr. í dánarkröfur. Mismunurinn á dánarkröfum og iðgjöldum yrði þá 612 þúsund og 300 kr., nerri helmingur af iðgjaldinu, og mun engum til hugar koma, að halda því fram, að þá fjárupphæð þyrfti árlega í þann kostnað, sem ríkið hefði, við það að hafa þetta mál með höndum, og mundi því vera óhætt, að færa iðgjöldin allmikið niður úr 25 kr.

...

Íslendingar eyða nú fyrir áfengi og tóbak álíka upphæð árlega og sem iðgjöldunum nemur, sem áður voru tilkerð, eða nálega 1½ miljón króna. Ef þeir gætu nú losað sig við áfengið með aðflutningsbanni, og tóbakið smátt og smátt með vaxandi menningu, mundi þá ekki þeim peningum, sem til þess hafa farið, vera vel varið til að borga af lífsábyrgðum?

Einn kosturinn við lífsábyrgðir er sá, að menn eru neyddir til að standa í skilum með iðgjöld sín, ella tapast alt. En hjá öllum þorra fólks mundi þeir peningar, sem iðgjöldunum nema, ganga til eyðslu, — fara "í súginn". En með borgun þeirra upp í iðgjöld verða þeir að sönnunarsjóði, til að tryggja með efnalega framtíð vina og vandamanna.

Þegar ein kynslóð væri liðin undir lok eftir að almennar lífsábyrgðir væru komnar á, þá mundu þær (lífsábyrgðirnar) verða hyrningarsteinn undir JAFNRI efnalegri velmegun fólksins, ekki síst ef þær væru byggðar á þjóðeigna grundvelli.

Á. J. J.

Ferðaáætlanir og Upplestrar-Samkomur

SKÁLDSINS STEPHANS G. STEPHANSSONAR UM BYGÐIR ÍSLENDINGA Í SASKATCHEWAN

SINCLAIR, MAN., ÞRIÐJDAGINN 19. JAN.
Samkoman sama kvöld á þeim stað og tíma, er Kr. J. Bárdal auglýsir.

TANTALLON, SASK., MIÐVIKUD. 20. JAN.
Samkoman í Vatnsdalsbygðinni sama kveld, í skólahúsi suðurbygðarinnar.

THINGVALLA-BYGD, FÖSTUDAG 22. JAN.
Samkoman það sama kveld í suðurhluta bygðarinnar, og daginn eftir, laugardagskveldið 23. jan., í skólahúsi norðurbygðar.

FOAM LAKE, SASK., ÞRIÐJUD. 26. JAN.
Samkoman sama kveld á Akra skólahúsi við Kristnes

WYNYARD, SASK., MIÐVIKUD. 27. JAN.

Hjá LAXDAL P.O., FIMTUD. 28. JAN.
Samkoman verður að Garðarskóla.

Aðgangur að samkomunum 25c. — Samkomurnar byrja kl. 8 að kveldinu, nema öðruvísi verði ákveðið í auglýsingum á hverjum stað.

PURITY FLOUR

AÐ BAKA BEZTA BRAUÐ
er meira en vísindi og meira en list.

En það má gerast fljótlega og áreiðanlega með því að nota

PURITY FLOUR

Það er malað úr bezt völdu Vestur-Canada Hörðu Hveitikorni; er algerlega hreint og svo ilmandi kjarngott.

ALLIR ÍSLENZKIR KAUPMENN SELJA ÞAÐ

WESTERN CANADA FLOUR MILLS CO., LIMITED.
WINNIPEG. —— CANADA.

Wall Plaster

Með því að venja sig á að brúka "Empire" tegundir af Hardwall og Wood Fibre Plaster er maður hár viss að fá beztu afleiðingar.

Vér búum til:

"Empire" Wood Fibre Plaster
"Empire" Cement Wall "
"Empire" Finish "
"Gold Dust" Finish "
"Gilt Edge" Plaster of Paris
og allar Gypsum vöruutegundir. —

Eiqum vér að senda yður bækling vorn?

MANITOBA CYPSUM CO. LTD
SKRIFSTOFUR OG MILLUR Í
Winnipeg, - Man.

Heimskringla

Published every Thursday by The Heimskringla News & Publishing Co. Ltd

Verð blaðsins í Canada og Bandar $2.00 um árið (fyrir fram borgað), Sent til Íslands $2.40 (fyrir fram borgað af kaupendum blaðsins hérlendis $1.50.)

B. L. BALDWINSON,
Editor & Manager

Office:
729 Sherbrooke Street, Winnipeg
P.O. BOX 3083. Talsími 3512.

Auðsafn Vestur-Íslendinga.

Blaðið Ingólfur í Reykjavík hefir nýlega birt útdrátt úr nýjustu Landshagsskýrslum Íslands, og þjóðviljinn og önnur blöð hafa flutt ýtarlegar fróttir af starfsemi tollmálanefndar þeirrar, sem alþingi setti til þess að íhuga tolla- og skatta löggjöf landsins.

Af hvortiveggju þessu höfum vér nú fengið svo nákvæmt og samhljóða yfirlit yfir auðlegð íslenzku þjóðarinnar, að engínn ágreiningur þarf um það að verða.

Skatta- eða tollmála-nefndin, undir forustu herra landritara Klemens Jónssonar, hefir haft á valdi sínu allar þær skýrslur, sem til eru á stjórnarskrifstofunum, um hag lands og þjóðar. Á þeim skýrslum byggir herra Indriði Einarsson allar sínar landshagsskýrslur, og á þeim skjölum hefir skatta málanefndin bygt áætlanir sínar um tekjur og útgjöld landsins á næstu árum. Stjórnarskýrslur þessar eru yfirlit yfir mannfjölda landsins, atvinnuvegi, framleiðslumagn af búskap landsins og atvinnurekstri, verzlun og sigingum, landrækt og jarðyrkju. Talið og verð alls lifandi penings á landinu, og húsagna í sveitum og í bæjum. Og yfirleitt taka skýrslur þessar yfir alt það, er að hagfræði landsins lýtur.

Af skýrslum þessum fær þjóðin séð sjálfa sig í sinni réttu mynd, og metið starfsemi sína og gert sér áætlanir um framtíðar vöxt og viðgang, svo nákvæmlega, að lítlu þarf að munar frá því, sem reyndin verður, þegar næstu skýrslur verða samdar.

Samkvæmt þessum landshagsskýrslum, sem ná yfir árið 1906, eða fram til 1. janúar 1907, er það sýnt, að allar jarðeignir Íslands, metnar eftir núgildandi markaðsverði, eru 12,700,000 króna virði, eða $3,432,432.00. Byggingalóðir í bæjum og löggiltum kauptúnum eru metnar 2 miljónir króna, eða 540 þúsund dollara. Allar byggingar í öllum bæjum og kauptúnum landsins eru metnar 15 miljónir króna, eða $4,054,000.

Með öðrum orðum: Allar fasteignir landsins eru metnar tæpar 30 miljónir króna, eða $8,100,000.

Lifandi peningur er metinn þannig: —

25,159 nautgripir, að kálfum með töldum, 2,071,000 krónur, eða 560 þúsund dollara.

778,142 sauðkindur, lömb meðtalin, 7,636,000 krónur, eða 2 miljónir 63 þúsund dollarar.

387 geitur metnar 5 þús. krónur, eða $1,350.00.

48,908 hross, að meðtöldum fiðlöldum 2,979,000 krónur, eða 803 þúsund dollarar.

Lifandi peningur alls metinn 12,961,000 krónur, eða $3,430,000.

Alls er því alt land á Íslandi, með öllum byggingum og lifandi peningi, metið nálega 43 miljónir króna, eða 12 miljónir dollara. Og lausafé alt, að meðtöldum skipastól og verzlunar vörumagni lands manna, 17 miljónir króna. Svo að Ísland, með öllu, sem á því er, lifandi og dauðu, er talið jafngildi 60 miljón króna, eða $16,216,000.

Skuldir á þessu eru taldar 30 miljón króna.

Svo að samanlagt auðsafn allrar íslenzku þjóðarinnar á 1035 árum er talið 30 milión króna virði, að skuldunum frádregnum.

Það þarf ekki að efa, að þessar skýrslur séu eins nákvæmlega réttar eins og íslenzka stjórnin á kost á að fá þær gerðar. Og svo er að sjá, sem flestu sé því tjaldað, sem til er, þar sem hver kálfur, folald, lamb og geit-kiðlingur er talinn og metinn til peninga, til þess að skýrslurnar geti orðið sem nákvæmlega réttastar. Enda er afsökun gerð á því, að alifuglar séu ekki meðtaldir og metnir til verðs, þó það sé ekki óvanalegt, að þeir séu haldir á sveitabæjum. En svo munu allir Vestur-Íslendingar, sem nokkuð þekkja til fuglaræktar á Íslandi, kannast við það, að verðhæð lifandi penings gæti ekki hækkað um hænufet, þótt öll hæna landsins hefðu verið talin og metin til verðs í skýrslunum.

Þess er og getið í skýrslunum, að verð lifandi penings mun í raun réttri vera tvisvert meira en skýrslurnar telja það, af því að bændunum íslenzku sé svo gjarnt til, að draga undan við framtalningu fjárstins á hreppaskilaþingum. Fyrir þessu hefir Indriði Einarsson gert með því, að áætla alar landsdýranna 61 milión króna virði, í stað 60 miljóna, sem skýrslurnar telja hana. En að þessu fráskildu, verður að ætla skýrslurnar nákvæmlega réttar. Enda virðist rétt, að sleppa framtals-svika ákærunni algerlega, — af þeirri ástæðu sérstaklega, að alment velsæmi krefst þess, að ráð sé fyrir því gert, að yfirleitt séu íslenzkir bændur svo frómlyndir, að þeir segi sem næst rétt til fjárstofns sins á hreppaskilaþingum.

Gerum því ráð fyrir, að rétt sé að halda sér við skýrslurnar og meta allar eignir í slenzku þjóðarinnar 60 miljónir króna, eða 202½ dollar á mann hvern í landinu, og að skuldum frádregnum rúmlega $100 á mann, og verður þá árlegt auðsafn landsmanna, frá landnámstíð fram á vora daga, um 1035 ára skeið, 36½ eyrir á ári, eða tæp 10 cents.

Hvernig stendur nú auðsafn Vestur-Íslendinga hlutfallslega við þetta framantalda? Höfum vér verið nokkuð að starfa síðan vér komum hingað vestur, — fáir, fátækir, smáir, — og hefir nokkur einstaklingur arður orðið af því starfi?

Oss telst svo til, að verutími Íslendinga í Ameriku sé frá þjóðhátíðarári Íslands, eða rétt 35 ár.

Allir komum vér hingað fátækir, og flestir algerlega klausir, og ekki svo allfátæk miklu minna en það, — í skuldum. Allir vorum vér málausir á hérlenda tungu, og í mesta máta fákunnandi á hérlend vinnubrögð, og alt hefir auðsafn vort fengist með áhyggjum, sparneytni og súrum sveita. Mikils getur því ekki verið að vænta af oss enn sem komið er, þar sem vor vestræni verutími tels eigi meira enn mannsaldur eða tæplega það

Engar skýrslur eru hér fyrir hendi, er bygð verði á með nokkurri áreiðanlegri vissu, áætlun um auðsafn Vestur-Íslendinga. En þó er mögulegt, að gera sér nokkurnvegin ljósa grein fyrir þessu. Og áætlun Heimskringlu er gerð með sérstöku tilliti til þess, að hún skuli verða heldur of lág en of há, til þess að samanburðurinn geti orðið sem sanngjarnastur, og að hvergi sé hallað á frændurna fyrir handan hafið.

Vér ætlum, að telja megi 25,000 Íslendinga í Ameríku, en 80,000 manns á Íslandi. Það eru eftir almennum reglum taldir 5 manns í fjölskyldu, og ættu þá að vera hér vestra 5 þúsund fjölskyldur, sem að miklu leyti lifa á jarðyrkju. Á þessu byggist sú áætlun, að íslenzki þjóðflokkurinn hér vestra hafi í minsta lagi 4 þúsund 160 ekra ábýlislönd, eða alls 640 þúsund ekrur, er sé að meðaltali $17 virði hver ekra, og verður þá ábýlis landeign Vestur-Íslendinga alls $10,880,000, eða 40,256,000 kr. virði. Nú með því, að gert er ráð fyrir, að eitt þúsund af þessum 160 ekru löndum sé eignir manna, sem búa í borgum og bæjum, þá er gripastofni og akuryrkju verkfærum jafnað niður á að eins 3 þúsund ábýlislönd, og gert $1500 á hvert land, — þá telst svo til, að meta verði gripa og akuryrkjuverkfæra eign Vestur-Íslendinga 16,650,000 krónur, eða $4,500,000. — Þessa áætlun gerum vér talsvert lægri, en vér ætlum vera mætti, eða rétt væri að hafa hana, en vér viljum í engu atriði ganga lengra en svo, að vér höfum fulla sannfæringu fyrir því, að eignirnar séu meira virði enn vér teljum þær.

Um eignir Íslendinga í borgum og bæjum þessa lands, er mjög örðugt, að gera nokkra ákveðna áætlun, sem hægt sé að segja að bygð sé á nokkuri ákveðinni vissu En vér hyggjum full lágt sé metið, ef gert er ráð fyrir, að 2000 Íslendingar eigi fasteignir í borgum og bæjum, er séu að jafnaði 2500 dollara virði, svo að allar þær eignir séu 18,750,000 krónur, eða 5 miljónir dollara virði. Verða þá allar eignir þær, sem taldar hafa verið 75,656,000 krónur, eða $20,388,000.

Vér ætlum láta mjög nærri sanni, að ætla megi fjórung þessarar upphæðar fyrir skuldum, Að líkindum eru skuldir bæjarbúa yfirleitt nokkru hærri, máske einn þriðji að jafnaði. En úti í sveitum yfirleitt langt um minni en einn fjórði af verði landeigna,

NIÐURLAG Á BLS. 5

$4,773 í Verdlaunum

útbýtt af The Nor'-West Farmer til kaupenda sinna.

KAUPENDUR FÁ PENINGANA sem annars gengju til útsölumanna.

Tuttugu og Eitt Þúsund hyggnir kaupendur álita THE NOR'-WEST FARMER sér algerlega ómissandi. — Bezta bændablað í Canada. Þér fáið margfalt blaðverðið og ágizkun kostar yður ekki eitt einasta cent.

Hve mörg heil korn eru í 5 pundum af No. 1 Northern hveiti?

VÉR HÖFUM VALIÐ 5 PUND af No. 1 Northern hveiti frá skrifstofu aðal Hveiti Inspector David Horn. Það hefir verið vigtað af ríkisumsjónarmanni vogs og mæla og sent til geymslu í öryggisskápum National Trust félagsins, þar til samkepnin endar kl. 12 á hádegi 31. marz 1909 Óháðir dómarar telja kornin og úthluta verðlaunuum strax að samkepninni lokinni. Enginn, sem beint eða óbeint er tengdur The Nor'-West Farmer skal keppa um eð hljóta verðlaun. Enginn fær meira en 1 verðl.

NÚ er tíminn til að senda ágizkun yðar. Nöfn vinnenda verða auglýst í blaði voru 20. apríl 1909. Vinnendur borgi flutningsgjald verðlaunanna frá Winnipeg.

SENDIÐ ÁSKRIFTIR beint til **The Nor'-West Farmer**. Klippið út meðfylgjandi blaðpöntunarform, fyllið inn nafn og áritun og sendið með naudsynlegri peninga upphæð til að borga áskriftirnar- Ef þér takið meira enn 1 árs áskrift, til þess að fá fleiri ágizkanir, þá setjið þær í neðri hvítu eyðuna. — Sendið peninga í Registeruðu bréfi, Express eða Postal Note ávísunum. Bankaávísunum verður að fylgja skiltigjald. Ef fleiri en eitt nafn er sent, þá sendið það á sérstóku blaði.

Verðlaunalisti.

1. **ALGERT ÞRESKI-ÚTHALD**, sem hefir gufuvél, Seperator, Selffeeder, kornmælir, Bagger, Rubber drifbelti og vatnshylki, verðgildi $3000.00
2. **McLEAN PIANO**, upright, frá J. J. H. McLean & Co., verðgildi 400.00
3. **COCKSHUTT DRILL**, 20 Shoe, Single Disc, allra nýjasta gerð, fenginn frá Cockshutt Plow Co., verðgildi 135.00
4. **BRANDON SUB-SOIL PACKER**, fenginn hjá Brandon Machine Works, verðgildi 115.00
5. **GRAY BUGGY**, vel uppstoppaður og með toppi, fengið frá Wm. Gray & Sons, verðgildi 110.00
6. **MAGNET RJÓMA SKILVINDA**, skilur 350-400 pund af nýmjólk á hverri klstund, fengin hjá Petrie Mfg. Co. verðgildi 100.00
7. **CANADIAN AIRMOTOR WINDMILL**, 8 feta hjól og 30 feta turn, fengin frá Ontario Wind Engine & Pump Co., verðgildi 90.00
8. **NEW ECLIPSO GANG PLOW**, með 12 eða 14 feta botni, frá Stewart-Nelson Co. 80.00
9. **MAW-HANCOCK DISC PLÓGUR**, 2 plógfór, frá Joseph Maw & Co., verðgildi 75.00
10. **ROYAL PENINSULAR RANGE**, nýtísku eldastó, með öllum nýjustu þægindum, frá Clare & Brockest, verðgildi 65.00
11. **P. & O. SULKY PLOW**, 14 eða 16 þuml., frá Parlin & Orendorff Co., verðgildi 60.00
12. **RAYMOND SAUMAVÉL**, frá Raymond Mfg. Co., verðgildi 55.00
13. **EDISON PHONOGRAPH**, Málvél, með Records sem fylgja, frá Winnipeg Piano félaginu, verðgildi 45.00
14. **DEERE DISC HERFI**, frá John Deere Plow fél., verðgildi 40.00
15. **WINGOLD ELDHUS CABINET**, frá Wingold Stove Co., verð 35.00
16. **WATSON FEED CUTTER**, frá John Watson Mfg. Co., verð 30.00
17. **F. WILLIAMS HAGLA-BYSSA**, Ensk gerð, 12 gauge, frá Hingston—Smith Arms Co., verðgildi 25.00
18. **SEX PERLU-SKEFT HNÍFAPÖR**, frá D.R.Dingwall Ltd., verð 11.00
19., 20., 21. og 22. **WALTHAM VASAÚR FYRIR HVERN**, 17 steina, gullfylltir umgerð, fyrir karl eða konur, frá Henry Birks & Sons og D. R. Dingwall Ltd., verð 10.60
23., 24., 25. og 26., **CYCLE SKAUTAR**, fyrir karla eða konur, allar stærðir, eftir vild, frá Canada Cycle & Motor Co., verð 2.50

Næstu 100 ágiskendur geta valið um eina af eftirtöldum bókum, hver $1.50 Virði: "Steam Boilers, their Care, Construction and Operation"; the "Practical Gas and Oil Engine Hand-Book" í leður bandi; "Concretes, Cements, Mortars, Plasters and Stuccos"; og "Modern Carpentry No. 2—Advanced Series".

Og svo næstu 100 ágiskendur geta valið um eina af eftirtöldum bókum, hver $1.00 virði: "Practical Gas and Oil Engine Hand-Book," 11 refts bandi; "Farm Engines and How to Run Them"; og "Modern Carpentry and Joinery".

Verðlauna Útbýtingin Verður Alls $4,773.40

Yður veitist fleiri ágískanir þannig:

2	ára	áskrift	og	$2	veitir	yður	3	ágískanir.
3	"	"	"	$3	"	"	5	"
4	"	"	"	$4	"	"	7	"
5	"	"	"	$5	"	"	9	"
6	"	"	"	$6	"	"	11	"
7	"	"	"	$7	"	"	13	"
8	"	"	"	$8	"	"	15	"
9	"	"	"	$9	"	"	17	"
10	"	"	"	$10	"	"	20	"

Margir geta unnið saman

að fá eins árs áskriftir. En slíkar áskriftir verða að sendast allar í einu umslagi, svo að vér fáum sinnt þeim fljótlega.

5	manns	er	senda	$5	fá	10	ágískanir	og	hver	hefir	1	árs	ásktift.
6	"	"	"	$6	"	12	"	"	"	"	1	"	"
7	"	"	"	$7	"	14	"	"	"	"	1	"	"
8	"	"	"	$8	"	16	"	"	"	"	1	"	"
9	"	"	"	$9	"	18	"	"	"	"	1	"	"
10	"	"	"	$10	"	30	"	"	"	"	1	"	"

H **Blaðpöntunarform með ágizkun.** H

ÚTGEFENDUR THE NOR'-WEST FARMER, WINNIPEG, MAN.

Hjer innlagðir$ ....*fyrir THE NOR'-WEST FARMER*

sendan um.. ....*dra tíma til eftirtaldrar dritunar:*

Nafn..... .....

P. O. .....*Province* ....

Ágizkun mín um hve mörg korn sjeu í 5 pundum af No 1 Northern hveiti er..... .....

Allar Dollars áskriftir verða að vera til fólks í Canada eða Bretlandi. Til annara landa er áskriftin $1.50 um árið, einnig fyrir Winnipeg

Skrifið: THE NOR'-WEST FARMER, Winnipeg, Man.

Ný bók.

Jón Sveinsson: "Et Ridt gennem Island". Kaupmannahöfn 1908. Gefin út af bókaverzlun V. Pius.

Höf. bókarinnar er landi vor Jón Sveinsson, katólskur prestur, er býr nálægt Köln, bróðir Friðriks Sveinssonar, málara hér í borginni. Hann hefir áður skrifað bók um Ísland, er hann nefndi "Islandsblomster" (Íslandsblóm) og hlotið hefir mikla útbreiðslu.

Þessi bók er eins og titillinn ber með sér, ferðasaga. Höf. ferðaðist til Íslands sumarið 1907, — fór til Þingvalla, Geysis og þaðan norður um land til Akureyrar.

Um Ísland og Íslendinga hefir hefir margt og mikið verið ritað nú í seinni tíð, í útlend blöð og tímarit, af ferðamönnum þeim, er hafa tekið sér ferð á hendur til að skoða náttúru landsins, þær ferðasögur hafa verið misjafnar eins og mennirnir, sem þær hafa ritað.

Sumar hafa verið ritaðar í illgirnislegum tilgangi. Þjóðinni einkum borin illa sagan. Aðrar hafa verið ritaðar af lávísi og fullar með allskonar hjátrú og hindurvitnum, eins og t.d. sú, er getur um Klemens Jónsson landritara, sem stigamann, er höf. var ákafleva hræddur við. Enn aðrar bera landi og þjóð vel söguna. Þær hafa ritað menn, sem hafa lagt sig til að kynnast hvorutveggju.

Óhætt mun að fullyrða, að fáar eða jafnvel engin ferðabók, er rituð hafir verið um Ísland, sé rituð af jafnmikilli þekkingu á högum lands og þjóðar, og jafnmaklum hlýleik sem þessi.

Að vísu er höf. landi vor, eins og áður er sagt, og hefir því að mörgu leyti staðið betur að vígi en flestir útlendingar, enda hefir hann sett sig prýðilega vel inn í háttu og kjör þjóðarinnar, og lýsing hans á náttúrufegurð landsins er snildarfalleg.

Í fylgd með honum var danskur drengur, 12 ára gamall. Hann varð svo hugfanginn af landi og þjóð, að rétt á eftir að hann kom heim til sín, ritaði hann grein í eitt stærsta Kaupmannahafnarblaðið, og var hún svar móti óhróðursgrein um Íslendinga, er hann hafði lesið í dönsku blaði. — Grein drengsins er prentuð aftast í bókinni, og er hún prýðisvel rituð af ungling. Kveðst hann með greinínni vera að borga lítið eitt af þeirri mikklu skuld, er hann standi í við Ísland fyrir gestrisni og góðvild við sig. Sumarið eftir átti þessi sami drengur kost á, að ferðast til Suður-Evrópu, en hann kaus að fara til Íslands aftur.

"Oft var ég spurður, hvernig litla danska drengnum litist á Ísland", segir höf., "og það gladdi fólkið óseglanlega, er ég sagði því, að hann væri hugfanginn af því. Hér er þó ekki eins fallegt og í Danmörku, sagði einu sinni stálpaður drengur við mig, — því fyr á tímum var Danmörk nefnd bústaður Freyju, vegna fegurðar sinnar. Já, Danmörk er fallegt land, sagði stúlka, er stóð þar hjá, — en ég imynda mér, að hvorki þar né annarstaðar vaxi jafnfögur blóm og hér. Blómin eru fögur, sagði maður, er var nærstaddur, en svo munu flestir vera svo gerðir, að þeim þykja blómin fegurst þar sem þeir eru uppaldir".

Höf. segir sér hafi allstaðar verið sýnd hin mesta gestrisni.

"Ég dvaldi nokkra daga í Hauka dal, og þegar ég fór, vildi bóndinn þar, Greipur Sigurðsson, enga borgun þiggja fyrir, og varð ég að neyða hann til að taka á móti ofurlítilli þóknun. Þegar hann hafði tekið við peningunum, gekk hann hvatlega út úr stofunni Ég skildi ekkert í þessu, og hélt honum hefði þótt borgunin of lítil. En rétt straax kom hann inn aftur með konu sína, og þökkuðu þau mér hjartanlega fyrir, — kváðu þau mig á margan hátt hafa borgað jaf litla fyrirhöfn. — Þetta góða fólk álítur það beilaga skyldu sina að taka á móti ferðamönnum eins vel og því er unt, án nokkurs endurgjalds, sérstaklega ef þeir eru landar þess. Mér þykir þess vegna leitt, að heyra, hvernig útlendir ferðamenn launa oft og tíðum gestrisni Íslendinga. Um það sagði Greipur bóndi mér þessa sögu: — Rétt áður en þið komuð hingað voru hér staddir útlendir ferðamenn, sem vanþökkuðu hvern einasta hlut og viðvik, er ég lét þeim í té. Þegar þeir fóru, spurðu þeir um reikning. Ég setti upp 2 krónur fyrir hvern mann, og þá skömmuðu þeir okkur á ný fyrir hvað reikningurinn væri hár, og þó urðum við hjónin að vera heilan dag frá verki um hásláttinn, og létum þeim í té það bezta, sem við höfðum fyrir hendi. — Svona sinnaðir ferðamenn hugsa ekki út í, hve sveitafólk hefir mikið fyrir að afla nauðsynja sinna, t.d. kafi, sykurs, kornvöru m.fl, er það verður að sækja langar leiðir á hestum, — Já, stundum svo langt, að ferðin varir fleiri daga".

Á Akureyri dvaldi ég hjá vini mínum G... Einarssyni í 8 daga, og aldrei gleymi ég þeirri ástúð og góðvild, er ég naut á heimili hans þann tíma. Á Akureyri seldi ég hesta mína, og ég verð að játa það, að ég var með tárin í augunum, er ég skildi við þá, eftir að þeir höfðu borið mig þvert yfir landið. Ég skildi þá vel, að það var satt, er nafnfrægur ferðamaður skrifaði, eftir að hafa ferðast um Ísland: — "Hinir ágætu, fjörugu og snotru íslenzku hestar eru þær beztu skepnur, sem til eru á guðs grænni jörð"."

Í bókinni eru 3 myndir, prentaðar í litum, hver annari fallegri: 1) Af Horni á Hornströndum um sólsetur á sumardegi, — skip á siglingu er þar fyrir framan. 2) Af klettum og gili hjá Gilsbakka í Hvítársíðu. 3) Af Melstað og Reykjum í Miðfirði í Húnaþingi. Sú mynd er tekin um sumarnótt þá "sólin ei hverfur né sigur í haf".

Bókin er skrifuð á léttu og þýðu máli (dönsku), og á það skilið að vera kærkominn gestur allra Íslendinga, sem það mál lesa og skilja.

Höf. á þökk allra góðra Íslendinga fyrir bókina.

Á. J. J.

Kæru landar, ef þið viljið fá vel skerptar sagirnar ykkar, þá komið þeim til mín, að 501 Beverly St. Líka skerpi ég skauta, skeggbnífa og allskonar eggjárn. — Alt fljótt og vel gert.

G. BERGÞÓRSSON,
501 Beverly St.

SAMTAL UM BÚSKAP VIII.

(Framhald frá bls. 3).

arhús risu upp. Og það er framfarastig mikið, því æðið misjafnlega vel var hóimagerða smjörið tilbúið, — sumt svo ilt, að það var óbrúklegt til annars en að bræðast upp í ollu. Verzlunarmenn áttu oft í hörðum klpum við bændur út af þeirri vöruteg-und. Allir þóttust hafa góða vöru, því sóðinn og amlóðinn kannast aldrei við það, að hann sé s ó ð i og a m l ó ð i, — og útfalliið varð þannig, að kaupmenn borguðu að mestu leyti sama verð fyrir allar tegundir smjörs, svo þeir, er höfðu bezta smjörið, urðu að líða skaða fyrir skeytingarleysi sóðanna. — Ef að það skyldi nokkurn tíma koma fyrir þig, að fást við smjörgerð, þá væri gott fyrir þig að festa í minni þínu þessar spurningar og svör eins hins mesta smjörgerðarmanns þessa lands, er hljóða þannig:

1. Hvað brúkar þú mikið af salti í smjörpund hvert? Sv.: Hálfa únzu.
2. Hnoðar þú smjörið einu sinni eða tvisvar? Sv.: Að eins einu sinni.
3. Saltar þú smjörið í strokknum, eða eftir að þú tekur það úr honum? Sv.: Eftir að það er tekið úr honum.
4. Af hvaða kúafóðri færðu best smjör? Sv.: Af j ú n í grasi og hvítum smára.
5. Brúkar þú súrhey? Sv.: Já, það hefi ég brúkað í tólf ár og líkar vel.
6. Hvað lengi skekur þú strokkinn? Sv.: Í þrjátíu til fjörutíu mínútur.
7. Mundir þú reyna að gera smjör án hitamælis? Sv.: Nei, slíkt dettur mér ekki í hug.
8. Hefir vont loft nokkur áhrif á smjörið? Sv.: Sé það andandrúmsloft óhreint, er kýrin dregur að sér, hefir það áhrif á mjólkina.
9. Hvernig hreinsar þú loftið í fjósi þínu? Sv.: Með strompum á þaki og loftpípum niður að básum.
10. Græðir þú nokkuð á skilvindu í kostum rjómans? Já, mjög mikið, því rjóminn greinsast í skilvindunni.
11. Hvernig l tar þú smjör? Sv.: Ég lita rjómann áður en ég byrja að skaka.
12. Hve heitan hefir þú r.ómann? Sv.: Sextíu til sextíu og fimm gr. Frh. — Nákvæmni og hrein læti verður að hafa við smjörgerðina.

KETILL: Mér hefir verið sagt, að sams konar tæringarveiki, er þjáir fólk, þjái einnig nautgripi hér í landi. Er það virkilega, að svo sé?

ATLI: Já, svo er, sem þér hefir sagt verið. Eðlisfræðingar hafa komist að þeirri niðurstöðu, að sams konar tæring sé í nautum sem í mönnum, og að hún smátti einnig í svín og hænsni. Eða með öðrum orðum, að hún flytjist á víxl milli manna og skepna. Allrar varkærni verður því að gæta. Mönnum er voð; búinn frá tæringarsjúkum skepnum. Hafi maður mínsta grun um, að mjólkurkýr séu með þeirri veiki, skyldi mjólkin ætíð soðin áður en að hún er brúkuð til manneldis. Merki veikinnar er auðþekt fyrir þá, er henni eru vanir. Sé það lungnatæring, verður maður hennar fyrst var þannig, að skepnan hefir þurrar en snöggar hóstakviður á morgnana. En sé það vöðvatæring eru merkin fleiri: Hárið verður þurt og úfið, hörundið hreisturkent og gráleitt, augun döpur og innsokkin, augnafitan (sængin) eyðist í burtu, allar vöðvahreyfingar daufar og fjörlitlar. Skepnan öll sem sofandi sé. — Veikin er ekki kvala-veiki, lífærin eru hægt og stöðugt að tærast og eyðast í burtu. Árið 1882 fann prófessor Koch, hinn nafnfrægi þýzki vísindamaður, tæringar bakeriuna, og nefndi hana "Bacillus Tuberculosis".

Í tilliti til tæringarveikra gripa hefir prófessor Law, við Cornell háskólann, gefið bændum og hjarðeigendum eftirfarandi reglur:

1. Hafið hvern grip á sínum bás og jötu.
2. Hver sá gripur, er sýnir sjúkdómsmerki, skal ei drekka úr sama trogi og hinir.
3. Kaupið ei óreyndan grip úr sjúkri hjörð.
4. Kaupið ei kú, er hefir hósta, erfiðan andardrátt, rensli úr nösum, með þrimlum undir skinni, sárum spenum, bólgnum fótum eða liðum, úfna á hár eða sjúka í maga.
5. Takið ei ókunna gripi í hjörð ykkar, án þess að prófa þá með tæringar meðulum.
6. Komi veiki upp í hjörð ykkar, þá takið þá sjúku sér og látið læknir skoða þá.
7. Finnist tæringarsjúk skepna í hjörð ykkar, þá látið skoða alla hjörðina.
8. Látið skoða allar skepnur, — naut, sauðfé, svín, hesta, ketti, hunda og alifugla.
9. Drepið allar tæringarsjúkar skepnur, og grafið djúpt eða brennið skrokkana.
10. Sótt hreinsið fjós og öll gripaáhöld.
11. Látið ei tæringarveikt fólk hirða gripi ykkar.
12. Upprætið rottur og mýs.
13. Brúkið aldrei tæringarmjólk handa svínum, og aldrei úrgang frá slátturhúsum, án þess að sjóða hann fyrst.

Margir eru hér fleiri sjúkdómar nauta, er of langt yrði upp að telja, en þessi er þeirra háskasamlegastur fyrir menn og skepnur.

KETILL: Er það ekki eins arðsamt, að stunda slátturnauta rækt, sem mjólkur?

ATLI: Slátturnauta rækt er því að eins arðsöm, að maður hafi landrými mikið, til dæmis land, sem er ilt og óbrúklegt til akuryrkju en þó grasgefið. Enginn þar að efa, að ei seljist kjöt til áts.

F. Deluca

Verzlar með matvörn, aldini, smá-kökur, allskonar sætindi, mjólk og rjóma, sönnul. tóbak og vindla. Óskar viðskifta Íslend. Heitt kaffi eða te á öllum tímum. Fón 7756

Tvær búðir:
587 Notre Dame og 714 Maryland St.

Arena Rink

Skautaskemtun á hverju kveldi. Ágætt Music.

JAMES BELL, eigandi

Höfuðlærdómur?

Komdu til mín, dalur dýr,
dregur þú mig illa,
þú átt allar ær og kýr,
auð og lækning kvilla.

Þegar að þú frá mér ferð,
finst mér dagur langur.
Flýgst þá á við flagða mergð,
fýlu, nauð og angur.

Hafi ég málað banka-blað
í buxnavasa mínum,
koma þær mér ekki að
ergi-vopnum sínum.

Þrekið mitt á þér er byggt,
þig við hugsun bundin. —
Þó hef ég þig stundum stygt
og stjakað við þér mundin.

Aftur hef ég eltan þig
og aulalega hlaupið.
Vinir fleygðu stein á stig, —
ég steyptíst. Það var kaupið.

Þegna oft í ös ég sá
að eigin brauðum klóra, —
alboga ég átti þá
ekki nógu stóra.

Trúði ég illa orða sveim,
er Englendingar flika,
að guð sé að eins góður þeim,
sem góður ert þú líka.

Þrálund mína þú hvað barst,
það var mikil stilling.
Ekki vissi ég að þú varst
æðstu gæða fylling.

Ég skal taka trúna á þig,
tina kreddum mínum.
Þarna er hendin, hentu í mig
höfuðlærdóm þínum.

Les ég á þitt lífsins blað —
lágt er hezt að tauta, —
hinir kannske hlusta á það
hvað ég er að stauta.

Fyrsta boðorð: Fláðu lamb,
fáðu garfað skinnið.
Við ríka auðmýkt, aumu dramb;
undirhyggju í sinnið.

Enginn maður öðrum trúr,
allir sjálfum beztir.
Treyst ei annars skýli í skúr, —
skyldir eru verstir.

Hryggstu ei þó annan mann
örðugleikar spenni.
Þegar sofnar samvizkan
sjáðu fyrir henni.

Hún er mikil keipa kind,
kafnar þó við lesti, —
eyða henni er engin synd;
allir hafa bresti.

Lærðu að segja sjálfum þér
sögu partinn betri.
Staður til að yðrast er
uppi himnasetri.

Ef að nokkrum viltu vel,
vittu að hann þig svíkur.
Eina skyldu áttu til:
það er að verða ríkur.

Vakta byrði veiðimanns
vondir manna synir,
Náðu einn í aflann hans, —
annars stela hinir.

Seig þú eigir æðri vin
og þitt mark sé hærra.
Hafðu andans yfirskin, —
endingin er smærra.

Ávintu þér annars traust,
elskaðu hann að vonum, —
ef hann sofnar uggalaust
áttu vald á honum.

Þarna læt ég þetta blað,
það mun svona vera.
Held ég verði að hugsa um það,
hvað ég á að gera.

Svb. Árnason.

Eftir kosningarnar.

Þá er nú loksins hætt með hellt að rita, —
hvildinni sjálfsagt verður margur feginn. —
Nokkrir þar fengu feitan stjórnar-bit,
fenginn hjá þjóð, sem kaus sér breiða veginn.
Eftir á margan sjálfsagt nokkuð svíður, —
sársaukann þolir hraustur verkalýður.

Lengi er að birta lífs á dimmum vegi.
langt er til dags, þar sólin skín í heiði.
Langt þar til fjöldinn lýsið sannleiks eygi,
lifandi geisla á alla vegi breiði.
Trúað er enn á loforð löngu svikið,
látið sig blinda alt af sama rykið.

Tortryggni, úlfúð er hjá verkamönnum,
—allir í pörtum fram í stríðið ganga,
svikin og mútur opna veginn ranga.
rangfært og snúið rannleiksrökum sönnum,
Á þessu byggist auðvalds hái réttur, —
es þó til valda af landsins börnum settur.

Frjálsasta þjóð, sem frelsisþrána vaktir,
fyrsti var kaflinn ritaður með blóði.
Kúgun úr landi hraustlega þú hraktir, —
hefir nú blinda trú á gullsins sjóði.
Finnurðu ei, ef frelsi hann þig rænir,
farsæld er horfin, duga engar bænir?

Sigurður Jóhannsson.

DR. H. R. ROSS

C.P.R. meðala- og skurðlækuir.
Sjúkdómum kvenna og barna veitt sérstök umönnun.

WYNYARD, —— SASK.

GLEÐILEGT NÝTT ÁR

óskum vér öllum vorum viðskiftavinum fjær og nær. Heimsækjið oss um nýárið í nýja staðnum.—

C. G. JOHNSON
Telefón 2631
301 SHERBROOKE ST.

Russell A. Thompson and Co.,

Cor. Sargent & Maryland St.

Selja allskonar MATVÖRU af beztu tegund með lægsta verði. Sérstakt vörurval nú fyrir Jólin! Vér óskum að Íslendingar vildu koma og skoða vörurnar. Hvergi betri né ódýrari.—

Munið staðinn:—
HORNI SARGENT AVE. OG MARYLAND ST.
PHONE 3112.

Með því að biðja sérstaklega um "T.L. CIGAR," þá ertu viss að fá ágætan vindil.

T.L.

T.L. CIGAR

(UNION MADE)

Western Cigar Factory
Thomas Lee, eigandi Winnipeg

Redwood Lager og Extra Porter

Styrkið taugarnar með því að drekka eitt staup af öðrum hvorum þessum ágæta heimilis bjór, á undan hverri máltíð. — Reynið !!

EDWARD L. DREWRY Manufacturer & Importer Winnipeg, Canada.

Department of Agriculture and Immigration.

MANITOBA

Þetta fylki hefir 41,169,089 ekrur lands, 6,019,200 ekrur eru vötn, sem veita landinu raka til akuryrkjuþarfa. Þess vegna höfum vér jafnan nægan raka til uppskeru tryggingar.

Ennþá eru 25 miliónir ekrur óteknar, sem fá má með heimilisrétti eða kaupum.

Íbúatala árið 1901 var 255,211, nú er hún orðin 400,000 manns, hefir nálega tvöfaldast á 7 árum.

Íbúatala Winnipeg borgar árið 1901 var 42,240, en nú um 115 þúsundir, hefir meir en tvöfaldast á 7 árum.

Flutningstæki eru nú sem næst fullkomin, 3516 mílur járnbrauta eru í fylkinu, sem allar liggja út frá Winnipeg. Þrjár þverlandsbrauta lestir fara daglega frá Winnipeg, og innan fárra mánaða verða þær 5 talsins, þegar Grand Trunk Pacific og Canadian Northern bætast við.

Framför fylkisins er sjáanleg hvar sem litið er. Þér ættuð að taka þar bólfestu. Ekkert annað land getur sýnt sama vöxt á sama tímabili.

TIL FERDAMANNA:

Farið ekki framhjá Winnipeg, án þess að grenslast um stjórnar og járnbrautarlönd til sölu, og útvega yður fullkomnar upplýsingar um heimilisréttarlönd og fjárgróða möguleika.

R. P. ROBLIN,
Stjórnarformaður og Akuryrkjumála Ráðgjafi.

Skrifið eftir upplýsingum til

Joseph Burke, 178 LOGAN AVE., WINNIPEG.
Jas Hartney, 77 YORK ST., TORONTO.

gamla Cordula hafði fyrir skömmu sagt, að metið yrði með gulli, af því það væri það eina, er til væri í heimínum.— Með enn þá meiri ákafa en áður, skar hún þessi blöð í sundur og tróð þeim svo inn í eldinn.

Í þessu var dyraklukkunni hringt hátt. — Hinrik gekk til dyra, og strax kom inn lögmaður ásamt lögregluþjóni. Þeir hneigðu sig fyrir húsmóðurinni, er kom eldheit í framan út úr eldhúsinu, og kváðust vera sendir af lögreglunni til þess að innsigla alt, er hin framliðna jómfrú Cordula Heilwig hefði eftir sig látið. — Í fyrsta sinni á æfinni misti frú Heilwig vald yfir sjálfri sér.

"Að inn sigla?" stamaði hún.

"Hún lét eftir sig erfðaskrá, sem er í vörzlum lögmannsins".

"Þetta er alger misgáningur", mælti frú Heilwig fjúkandi reið. "Ég veit með vissu, að hún samkvæmt vilja föður sins mátti ekki semja nema erfðaskrá. — Heilwigs ættin erfir það alt saman".

"Mér fellur þetta illa", mælti lögmaðurinn og ypti öxlum. — "Ein erfðaskráin er til, og þó mér þyki fyrir, að valda yður óþægindum, þá býður skyldan mér að afljúka strax verki mínu". — Frú Heilwig beit sig í varirnar, greip lyklana að kvistherbergjunum og gekk á undan þeim, en Hinrik hljóp sigrihrósandi til Felicitas og sagði henni frá öllu saman. — Hún var aftur tekin til að gæta að Önnu litlu, en barnið undraðist, hve þögul og föl hún var, og mót vanju gaf sér lítinn gaum. — Þegar Hinrik skýrði frá hverju frúin hafði brent, spratt Felicitas upp:

"Hún brendi sumar bækurnar? —"

"Já, þær voru í rauðum hylkjum bundnum saman með silkibandi".

Felicitas hlustaði ekki eftir meiru, en hljóp inni eldhúsið. — Þar stóð karfan með nokkuð af bókunum,

en blaðaflykin lágu út um alt steingólfið, og ekkert einasta blað eftir í þeim. — Vindurinn hafði feykt einu blaði út í horn. Felicitas greip það, — "Skrifað með eiginhendi Jóhanns Sebastians Bachs, gefið af honum til endurminningar árið 1707. Gottthelf von Hirschsprung", — las hún með tárin í augunum. Þetta voru hinar síðustu leyfar af hinu dýrmæta listaverki. Ljóðlögin voru nú töpuð að eilífu.

* * *

Frú Heilwig hafði ekki ætlað sér, að kalla son sinn heim úr skemtiferðinni vegna dauða Cordulu, — en þegar hún kom aftur ofan frá kvistherbergjunum, í mjög æstu og vondu skapi, skrifaði hún honum í snatri nokkrar línur, og bað hann um, að bregða við skjótt og koma heim. — Strax daginn eftir jarðarförina átti að lesa upp erfðaskrána, og henni fanst hún ekki geta verið án hjálpar og aðstoðar við það tækifæri. Á móti venju hafði nú frú Heilwig algerlega tapað stillingu sinni. Óttinn fyrir því, að tapa af jómfrúnni einum, sem hún alla tíð hafði talið sér vísar, hafði hræðilegt áhrif á hinar járnhörðu taugar hennar.

Ferðafólkið hafði ekki ákveðið neitt um, hvert halda skyldi. "Eitthvað út í guðs viðan geim, og þar sem okkur lst best á, veljum vér oss tjaldstað", — þannig hljóðaði ferðaáætlunin. — Frú Heilwig varð því að senda bréf sitt eitthvað út í blánn. — Rannsókn leitri, er hún hafði byrjað á uppi á loftinu, var nú haldið áfram á skrifstofu manns hennar sáluga. Sannanagögn fyrir því, að Cordula Heilwig, samkvæmt vilja föður hennar, ekki hefði haft rétt til að semja erfðaskrá, hlutu að finnast á meðal skjala ætturinnar. — Hvernig sem frú Heilwig braut heilann um það, gat hún ekki munað, hvort hún með eigin augum hafði séð skjal það, er fjallaði um þetta, — eða hafði einhver áreiðanlegur maður sagt henni það? — Víst var það, að hún hafði staðið í þessari trú í mörg ár, og skjalið varð að finnast. — Hún leitaði og las, þangað til svitinn draup af enni hennar. — Daguinn í dag var sannneíndur ólánsdagur. Leit hennar var jafn árangurslaus hér og í kvistherbergjunum um morguninn. — Haningjan stráir helzt rósum sínum fyrir fætur hugsjónalausra bragðarefa. Það lítur helzt út fyrir, að hún áliti að gjöfum sínum sé ekki eins óhætt hjá þeim, sem vel eru gefnir frá náttúrunnar hendi eins og hinum, sem ekki að eins hafa járnlás fyrir peningakössum sínum, heldur líka fyrir sálunni. — Frú Heilwig var eitt af óskabörnum haningjunnar, og undraðist því stórlega mikið yfir þessu óhappi.

Tveir dagar voru liðnir frá því frú Heilwig sendi bréf sitt, — að öllum líkindum lá það enn þá í einhverjum póstvagninum, er þaut í gegn um hina grænu Thuringen skóga. — Cordula Heilwig var grafin án þess að nokkur, sem bar nafnið Heilwig, fylgdi henni til grafar.

Felicitas bar harm sinn í hljóði, og með þeirri stillingu, er einkennir þá, sem hetjudug bera í brjósti sér. Svölun þá, er huggunarorð annara veita, þekti hún ekki. Alt frá barnæsku hafði hún vanist á, að bera sorgirnar ein, og láta ekki í ljósi, þó hjartasárin yllu henni svíða. — Af ásettu ráði hafði hún forðast að sjá kið. Hún vildi halda sem allra lengst í endurminningu sinni gleðiglampa þeim, er hún sá bregða fyrir í augum vinkonu sinnar síðasta skiftið, er hún leit hana. — Það var kveðja hinnar deyjandi til hennar. — Henni fanst hún ekki geta séð hið elskaða andlit kalt og stirðnað. En seinnipart greftrunardagsins, þegar frú Heilwig var gengin í

burtu, tók hún enn af lyklunum, er héngu í vinnuhjúaherberginu, og gekk að ranghala þeim, er lá að ruslaherberginu gamla. — Vegna þess, að frúin var orðin svo leit, hlíðði hún sér sem mest hún gat við að ganga upp og ofan stigana. Friðrika hafði því um langan tíma haft óhindraðan aðgang að herbergjunum á efsta loftinu.

Á gröf Cordulu frænku skyldu leggjast ný blóm strax í dag, og það af þeim blómum, sem hún sjálf hafði átt. — Öll herbergi hennar voru innsigluð, að undanteknu fuglahúsinu. Þá leið var því ekki hægt að fara til hengigarðsins, sem enginn hirti lengur um. Í fyrsta sinni eftir nú ár stóð Felicitas aftur við gluggann á ruslakompunni og horfði niður á blómin, er hulðu þakið. Margt hafði skeð síðan þann dag, þá er hin misþyrmda barnssál hóf uppreist gegn bæði guði og mönnum. — Þarna var hið eiginlega heimili hennar. Hér hafði gamla einsetukonan huggað og hughreyst hana. Tekið hið bannfærða loddarabarn að sínu stóra og góðuga hjarta, og afstýrt tilraun þeirri, er gerð var til að myrða sál þess. — Þarna hafði barnið verið óþreytandi með að læra, og í raun og veru að eins liðið hér. — Hann, sem nú ferðaðist í hópi fríðra kvenna um hina fögru skóga í Thuringen, — hann vissi ekki, að uppeldisreglur þær, er hann sotti, og sem byggðar voru á harðýðgi og vandlætingusemi, ströndóðu vegna nokkurra ofdirfskufullra skrifa yfir tvær hrörlegar þakrennur.

Og nú varð hún að fara þessa leið aftur. — Felicitas steig út úr lyftigjanum og gekk eftir þakinu, þangað til hún hoppaði léttilega niður á svalirnar. — Vesalings blómunum, er stóðu þar og beygðu blómkrónur sínar svo saklevsislega, leið nú miklu ver en blómum þeim, er uxu til og frá á jörðunni. — Úr fangelsi sínu hátt uppi í loftinu, þektu þau ekki til umhyggju og ræktarsemi jarðvegsins, er felur í sér

WINNIPEG Business College

Cor. Portage Ave and Fort St.

FÉKK FYRSTU VERÐLAUN Á SAINT LOUIS SÝNINGUNNI.

Dag og kveld-kensla. Leitið fullra upplýsinga og biðjið um vorn nýja papprshnif ókeypis. Vér kennum enska tungu.

M. E. MACKEY, Skrifari

MARKET HOTEL

146 PRINCESS ST. á móti markaðnum

P. O'CONNELL, eigandi, WINNIPEG

Beztu tegundir af vínföngum og vind um, aðhlynning góð, húsið endurbætt

JOHN DUFF

PLUMBER, GAS AND STEAM FITTER

Alt verk vel vandað, og verðið rétt

664 Notre Dame Ave. Phone 3815 Winnipeg

Strathcona Hotel

Horni Main og Rupert Str. Nýbygt og ágætt gistihús; Gest um veitt öll þægindi með sanngjarnasta verði. Frí keyrsla til og frá öllum járnbr. stöðvum. Beztu vín og vindlar; og herbergi og máltíðar ágætar.

McLaren Brothers

EIGENDUR

Hotel Pacific

219 Market Street Winnipeg | H M Hicks Eigandi Manitoba

Telephone 1338

Ný-endurbætt og Ný-tízku hús falla staði. Viðskifta yðar óskast virðingarfylst.

$1.25 a Dag

$1.50 A DAG

Besta $1.50 gistihús í Winnipeg

BRUNSWICK HOTEL

Horni Main St. og Rupert Ave.

Besta borðhald; Hrein og Björt Herbergi; Fínustu Drykkir og bestu Vindlar. Ókeypis Vagn mætir Öllum Trainlestum. Reynið oss þegar þú ert á ferð

SAMTAL UM BÚSKAP

Eftir ORRA

VIII.

KETILL: Hér komum við þá til nautpeningsins. Ég hefi heyrt talað um, að þið bændur þessa lands stunduðuð tvens konar nautarækt, sem sé mjólkurkúarækt og til holda. En hvor af þeim tveimur kvikfjárræktar aðferðum hyggur þú að bóndanum sé arðvænni?

ATLI: Í almennri raun og merkingu er mjólkurkúa kynið arðmeira bændunum yfirleitt. Eftir því, sem bygð landsins eykst, býlin minka eða bújarðir smækka, því óhjákvæmilegra er það fyrir bændur, að hlúa sem bezt að mjólkurkúa ræktinni. — Nú er svo komið tímum, bæði hér á landi og í Norðurálfunni, að til þess, að bóndinn geta framfleytt búi sínu og heimili og mætt utan að komandi útgjöldum, verður hann ætíð að hafa það hugfast að nota hinn fljótasta og þann arðmesta framleiðsluveg afurða landsins. Það sýna oss búnaðarskólarnir og langvarandi reynsla einstaklinganna, að smjör og ostagerð er einn fljótasti og arðmesti framleiðsluvegur sem bóndinn á kost á, en smjörgerðin er þó almennt talin arðmeiri.

KETILL: Eftir því, er mér hefir verið sagt, eru hér í landi mörg kúakyn. Þau munu vera misnunandi til mjólkur og holda? Hvert þessara kynja er að almennings dómi bezt til mjólkur og smjörs?

ATLI: Stutthyrninga kynið (Shorthorn, Durham), flutt hingað frá Englandi, er að flestra dómi álitið bezt til mjólkur og smjörs. Af því kyni finnast nythæstar kýr. Að kostum ganga hinar litlu Jersey kýr þeim næst. En vel að merkja, bóndinn getur ekki, má ekki, hinda huga sinn rigskorðum við eitt eða annað kyn. Markmið hans verður að eins að vera það, að koma sér upp sem beztum kúm, nythæstum og kostmestum, af hvaða kyni, sem vera kunna.

KETILL: Hvað geta kýr af sér hér til jafnaðar?

ATLI: Að jafnaðartali er ársafrakstur hverrar kúar hér í Norður-Ameríku (svo er talið, að hér muni vera yfir 30,000,000) að eins EITT HUNDRAD OG ÞRÍÁTÍU PUND SMJÖRS. En beztu kýr geta af sér á hverju ári 300 pund og þar yfir. Í góðum mjólkurbúa sveitum gefa kýr að meðaltali af sér 250 pund af smjöri um árið. — Með 130 punda smjörgerð um árið, er kýrin langt frá því að borga tilkostnað. Við höfum að eins einn veg til að forða okkur þess háttar tapi, og hann er sá; að selja lélegu kýrnar, kálfurnar, á markaðinn, og ala upp aðrar góðar í staðinn. Til að finna kosti kúanna, verðum við fyrst af öllu að halda glöggan reikning yfir, hvað fóður þeirra kostar, ásamt rentu þar af, og svo einnig hvað hirðing kostar. — Ef til dæmis, að fóður kýrinnar kostar um árið $35.00 — sem er mjög lág áætlun — hirðing $12.50, renta af fóðurkostnaði $2.50, — þá reiknum vér kúnni til skuldar eftir árið $50.00. — Með 130 pd. smjörafrakstri um árið, sem eins og ég sagði þér áðan, er áltið algeng eftirtekja, og að ætla $10.00 fyrir mjólkur undanrenning úr hverri kú, yrðu þessi 130 pund að vera seld fyrir 31c hvert pund, til þess að borga fóðurkostnaðinn og vinnuna. Með 20 centa smjörverði yrði kýrin að geta af sér um árið 250 pund, 238 pund með 21 cents verði, 200 pund með 15 centa verði, til að borga fóður og fyrirhöfn. Þar af sjáum við, að 130 punda eftirtekjan með 20—25 centa verði á hverju pundi smjörs, er langt fyrir neðan kostmark. — Að reikna með 25c verði hvert pd. af smjöri, sjáum við, að 250 punda kýrin hefir 50 pund í gróða, 300 punda kýrin 100 pund í gróða, eða tvisvar sinnum eins mikið sem 250 punda kýrin. Þar fyrir er hún verð tvisvar sinnum meira enn 250 punda kýrin, og meir en sex sinnum verðmætari en 200 punda kýrin. Og 400 punda kýrin mundi í samræmi hér við margfalda verð sitt. En vel að merkja: Allar kýrnar reiknaðar undir sömu tilkostnaðar kjörum og öðrum kringumstæðum, í þessari grein höfum við bændur viðlent hugsana svið.

Okkur er það nauðsynlegt, að rannsaka gildi og verðmæti kúnna, hverrar um sig, svo vér getum rutt þeim af höndum, er eigi gefa okkur arð, og leitt aðrar betri á básinn. — Með ýmsu móti hafa menn reynt, að finna verðmæti kúnna með nútíðar aðferð (Babcock mjólkur prófmælirinum) getum vér á fáum mínútum prófað kosti hverrar kýrnytjar, það er: fundið, hve mikið er af smjörfitu í mjólkinni.

KETILL: Svo fremi sem ég veit, fara menn hirðuleysislega með kýr sínar hér í landi, og hefi ég oft orðið þess var, að þær hafa staðið úti í köldum veðrum, ýmist í hálmstökkum eða á beit á bersvæði, eins og gaddhestar á Íslandi, og svo einnig orðið að svala þorsta sínum á hálfrosnu vatni, og sum kúafjósin verri eða engu betri en hús útigangshesta, hvar alt hefir gaddað, svo að rota mætti sex ára graðung með frostköggunum. Með slíkri aðferð og hirðingu sætir það furðu mikilli, að kýrnar skuli þó gefa af sér 130 pd. smjörs til jafnaðar. Eins og við munum, er kúahirðingin á Íslandi á öðru stigi, enda gera kýr þar gott og mikið gagn, og ég vona, viður minn, að þú hirðir þínar kýr í líkingu við það, sem við höfum alist upp við.

ATLI: Að svo miklu leyti, sem mér hefir verið unt, hefi ég farið vel með kýr mínar. En satt er það, sem þú segir að nokkru leyti, um meðferð manna hér á kúm, að hjá mörgum er henni ábótavant. Kýrnar sæta of mikilli hörku hjá mörgum, svo sem með útigangi í köldum veðrum, illa aðhúðum fjósum, köldu vatni og hrjóstrugri töðu eða fóðri. Gömlu konurnar á Íslandi mundu hafa orðið hvumsa við slíka meðferð á kúm þeirra.

KETILL: Hvað telur þú að kýrin þarfnist, svo hún sýni full not?

ATLI: Fyrst af öllu álít ég að hún þarfnist hlýtt fjós og góðan bás (3½ feta breidd), gnægð af góðu fóðri (eitt pund af möluðum kornmegundum móti hverjum 100 pundum af þyngd hennar), hæfilega kalt vatn eftir vild. Að henni sé aldrei beitt út í köldum veðrum, að eins látin út úr fjósi til að viðra sig — í góðviðri. Að henni sé aldrei misboðið með illri meðferð, aldrei barin eða hrakin á annan hátt. Vér verðum að gæta þess, að mjólkurkýrin stendur alt af í ákaflega harðri vinnu, og þarfnast þar fyrir mjög nákvæmrar umönnunar. Hún er alt af lúin og því taugalök, — rétt eins og við, þegar við erum þreyttir. — Án góðrar meðferðar megum vér ekki ætlast til stórra nota af henni. Gamli íslenzki málsháttur inn er sannur: Hún baula sveltir þá er hana svelta.

KETILL: Hvað álítur þú að kvígur skuli gamlar vera, þá er þær eera fyrsta kálfi?

ATLI: Það er áltin staðreynd, að bezt sé, að þær séu tveggja ára að aldri, — að á þeim aldri nái mjólkurseðlið sér til hlítar. En verði fyrsti kálfsburður ekki fyr en kvígan sé þriggja ára, sé frekar hætt við, að eðlið hverfi til fitu og holda. — Þú mintist á fjósin og áleit þau ill viða, og er það satt. En eigi er nauðsynlegt, að kúafjós séu mjög kostbærar byggingar, — nei, aldeilis ekki. En þess verður vel að gæta, að þau séu loftgóð, björt og hlý. Kussur eru mikið ánægðari í hlýjum moldargólfs bás, heldur enn í köldum bás með fjala eða cements gólfi. Kýrin selur illa mjólkina úr helfrosnum spenum. Kalt fjós gerir okkur skaða, kýrnar mjólka minna í köldu fjósi enn heitu, en á sama tíma eyða þær meiru fóðri, því mikið af fóðrinu eyðist til að framleiða viðhaldshita lifæranna. Þar af sjáum við, að kalt fjós gerir okkur tvöfaldan skaða. Og það gerir meira: það gerir okkur skömm í því, að láta skepnurnar standa og liggja kaldar á básum sínum, á sama tíma, sem við bökum okkur sveitta við ofnhita inni í húsum okkar. Það er ekki von, að hún Skjalda mjólki mikið, ef að hún liggur svöng og skjálfandi á básnum, í vindsúg og undir héluðu þaki og veggjum. Þess háttar meðferð er brot á dýraverndunarlögunum! — Við verðum þess oft varir, að skepnurnar veita okkur vina-atlot og oft framarskarandi trygð fyrir góða umönnun vora fyrir þeim. Séu skepnur vorar saddar og sælar, munu þær ætíð fagna komu vorri til þeirra. En séu þær þar á móti illa meðfarnar skepnur, fyllast þær kvíða og hræðslu í hvert sinn, er þar sjá hirðir sinn, — eða réttara sagt, böðul sinn. — Engin skepna sýnir full not, nema því að eins að hún sæti góðri meðferð.

KETILL: Hvert álit hefir þú á þessum samsláttarhúsum bænda, — smjörgerðarhúsunum?

ATLI: Um þau er ekkert vafamál, að þau eru búskap bænda til stórþrifa, enn sá félagsskapur er sömu lögum háður, sem hver annar félagsskapur, að því að eins þrífst hann, að allir félagsmenn vöktist að málum, — vinni allir sem einn maður að hag og hagsæld félagsins. Þegar bændur ráðast í, að koma á fót þeim félagsskap, verða þeir að gera sér glögga grein fyrir því, að því að eins getur sú stofnun staðið og þrifist í framtíð, að arður stofnunarinnar sé svo mikill, að hann borgi allan tilkostnað, svo sem stofnfé og vinnurekstur. Þeir verða einnig að taka það í reikninginn, að endurborgunartíminn hljóti að verða nokkuð langur, meðan ekki gera of háar gróðakröfur, verða að gæta þess, að árságóðinn verður að skiftast. Þeir geta ekki meðan á endurborgun stendur, fengið nema part af árságóðanum (það er að segja, hafi þeir sem félag tekið til láns stofnfé). En samheldnin sigrar. — Eitt er það annað, er þeir þurfa að gjalda varhuga við, það eru þessi stóru einokunar smjörgerðarfélög. Þau eru öflugustu og skæðustu óvinir bændafélaganna. Markmið þeirra er, að draga þá verzlunargrein undir sig, en úr höndum bænda. Aðferð sú, er þeir nota aðallega er að borga hærra verð fyrir eina vörunnar, rjómann, heldur enn bændafélögin geta sér að skaðlausu gert. Sú fluga hefir margan bóndann vilt og mörgu bændafélagi á kné komið. Athugunarlitlir menn hafa oft ginið og gína við því agni, að selja vöru sína til viðkomandi félags. Fáá þeir einu centi meira fyrir rjómapundið, enn þekra eigin félag getur borgað, — veikja þar með starfskrafta sins eigin félags, og þar af leiðandi draga úr sínum eigin ágóða. Velferðar atriði í þessari grein er að standa fast í fylkingu, sinna engum ginnandi glapboðum. Þar með verður markinu náð. Á því veltur hagsæld og heill þessa félagsskapar bænda. En takist stórgróðafélögunum, að ná undir sig einokun á þessum afurðum bænda, munu þau skapa söluverðið sér í hag en eigi bændum. Smjörgerð ætti öll að vera í höndum bænda sjálfra. Þeim einum ber ágóði sá, er neytendur vörunnar borga. Sem sýnishorn af, hvað sum af bænda smjörgerðarhúsum gera, skal ég sýna þér hér í blaði hjá mér ársreikning eins þeirra. Hann hljóðar svo: — "Síðastliðið ár höfum vér keypt 4,771,765 pd. af mjólk, fituefni þeirrar mjólkur var að meðaltali 4 prósent. Enn fremur keyptum vér 78,176 pd. af rjóma. Úr þessari mjólk og rjóma fengum vér 257,433 pund af smjörfitu, er vér gerðum úr 210,226 pund smjörs. Meðalverð mjólkurinnar var $1.17 hver 100 pd., en meðalverð rjómans 28 og 6.10 cents. Ársinntektir voru $69,039.85, afgangur árskostnaðar var $1,726.81, sem borgað var fyrir vélar, $2,642.53 lagðir í varsjóð. Hin þrjú síðastliðnu ár hefir reikningur vor staðið þannig: —

Ár	1907	$69,039.85
Ár	1906	47,442.59
Ár	1905	32,395.95

Þessi framþróun félags vors, er að þakka endurbættum kúm og endurbættri meðferð á kúnum hjá félagsmönnum. Kúnum hefir ekki fjölgað hjá eigendunum, en meðferð á þeim hefir tekið bótum".

Hér af getum við séð, hvað það er þýðingarmikið, að fara vel með kýrnar. En það slær dálitlum skugga í mínum augum á þessa endurbættu meðferð kúnna, það er sínginrin, sjálfselskan, en ei mannúðin, sem hér ræður umbótum!

KETILL: Gera bændur sjálfir mikið að smjörgerð á heimilum sínum til markaðar?

ATLI: Til skams tíma var heimatilbúið smjör almennust markaðsvara, en nú á síðari tímum hefir heimatilbúningur smjörs mikið lagst niður, síðan mjólkurskilvindum fjölgaði og smjörgerð-

(Niðurl. þessa kafla á 4. bls.)

ROBLIN HOTEL

115 Adelaide St. - - Winnipeg.

Besta $1.50 á dag hús í Vestur Canada. Keyrsla ókeypis milli vagnstöðva og hússins á nóttu og degi. Aðhlynning hins bezta. Viðskifti Íslendinga óskast. William Ave. strætiskarið fer hjá húsinu.

O. ROY, eigandi.

SPÓNNÝTT HÓTEL

ALGERLEGA NÝTÍZKU

Hotel Majestic

John McDonald, eigandi.

James St. West, Rétt vestan við Main St. Winnipeg Telefón 4979

$1.50 á dag og þar yfir

Bandarikja-snið

Alt sem hér er um hönd hafið er af beztu tegund. Reynið oss.

MIDLAND HOTEL

285 Market St. Phone 3491

Nýtt hús, nýr húsbúnaður Fullar byrgðir af allskonar vönduðustu drykkjum og vindlum í hressingarstofunni. Gisting einn dollar á dag og þar yfir.

W. G. GOULD :: FRED. D. PETERS, Eigendur

WINNIPEG ::: ::: CANADA

Jimmy's HOTEL

Rétt á bak við Pósthúsið

Íslendingar ættu að reyna þetta gistihús. Í hressingarstofunni er sá eini íslenzki vínveitingamaður í Winnipeg.

James Thorpe, eigandi

Fyrrum eigandi Jimmy's Restaurant

The Dominion Bank

NOTRE DAME Ave. BRANCH Cor. Nena St.

VÉR GEFUM SÉRSTAK AN GAUM AÐ SPARISJÓÐS-DEILDINNI. — VANALEGIR VEXTIR.

HÖFUÐSTÓLL — VARASJÓÐUR —

konan fóru alt af þá leið. Einnig lá gangur að stiganum frá garðshliðinu.

Enn þá stóðu gibsmyndirnar á fótstöllum sínum, en hinn góði verndarvættur þeirra var nú horfinn úr herbergjum þeim, er frú Heilwig gekk um, svo fasmikil og drugg, eins og þættist hún fullviss um, að henni tilheyrði alt, er þau höfðu að geyma. — Hún brosti kuldalega og fyrirlitlega, er hún leit niðurröðun þá, er svo ljóslega bar vott um fegurðarsmekk hinnar fyrverandi húsmóður. En svo varð hún ófrýn mjög, er hún kom auga á bókaskápinn, — alveg eins og bækurnar, er allar voru í skrautlegu skinnbandi, væru handaverk lélegustu rithöfunda.

Nú greip hún lyklakippu, er lá á búningsborðinu og opnaði skrifborðið, sem auðsjáanlega var þýðingarmesti hluturinn í augum hennar af öllum innanstokksmununum. — Hún tók fram mörg smáskrin og gulnaða bréfaböggla, bundna saman með silkibandi. Alt þetta lét hún samt fljótt niður aftur. Hún var ekki forvitin. Hvað skyldi svo sem vera varið í þessi gömlu skrif? En með því meira ánægju lauk hún upp litlu skrini, sem var fult af skjölum. Hún athugaði þau vandlega og fletti þeim blað fyrir blað. Hún var vel að sér í reikningi, — og á stuttum tíma hafði hún reiknað saman, hve miklar eignir hin framliðna hafði átt, — og það var talsvert meira en hún hafði gert sér von um.

Rannsókn'n var samt ekki hér með á enda. Hún lauk upp kistum og skápum, og því lengur, sem hún leitaði, þess óþolinmóðari varð hún. Vanalega var fótatak hennar seint og þunglamalegt, en nú gekk hún hratt úr einu herberginu í annað. Og án þess að taka tillit tilgangs, rótaði hún öllu um: Kastaði klæðum Cordulu, er hóngu í röð og reglu, hverju innanum annað, rak gler og postulínsskálarnar, er stóðu í skápnum, hverja á aðra, svo glæmraði hátt í. Hún fann ekki það sem hún var að leita að. — Loksins gekk hún út á baksvalirnar, og feldi um leið marga jurtapotta, braut niður blóm og greinar. — Henni var alveg sama, meira að segja, hún gleymdi að glotta hæðnislega að þessu barnaglingri, eins og hún var þó vön að gera.

Friðrika var að gefa hænsnunum niðri í garðinum. Frúin kallaði til hennar og skipaði henni að senda Hinrik til sín tafarlaust. Svo gekk hún inn aftur til að hefja leitina að nýju.

"Veztu ekki, hvar franka sáluga geymdi silfurmuni sína?" spurði hún Hinrik, er strax kom inn til hennar. — "Þeir hljóta að hafa verið margir. — Tengdamóðir mín sagði mér það. — Í það minsta hefir hún átt tvær tylftir af stórum silfurmatskeiðum, álika margar gulroðnar teskeiðar. Svo voru líka ljósastjakar úr silfri, kaffikanna og rjómakanna" — Alt þetta rann viðstöðulaust upp úr henni, eins og hún væri að lesa á bók. — "Ég finn ekkert af þessum munum. Hvar eru þeir?"

"Það veit ég ekki, frú mín", mælti Hinrik rólega. Hann gekk að borði einu og lauk upp skúffunni, og tók úr henni tvennar dósir. — "Ég hefi aldrei séð annað silfur en þetta hjá gömlu jómfrúnni", bætti hann við. — "Ég varð stundum að fægja þær, af því henni þóttu þjónustukonan ekki gera það nógu vel".

Frú Heilwig gekk um gólf og beit í varir sér af gremju. Hún tapaði um stund hinum strangaðu vandlætissvip, er hún ávalt setti upp í viðurvist þjónustufólks síns.

Það var dálaglag saga. — Það var ljóta hneykslið, ef sú gamla hefði selt eða gefið í burtu þessa gömlu verðmætu ættargripi! — En það var svo sem alveg eftir henni, sagði hún við sjálfa sig. — "Ég verð samt ekki rólegr, fyr en ég fæ vissu mína í því efni", sagði hún upphátt. — Hún átti einnig gimsteina og marga fallega skrautgripi. — Þess konar öllu, er tilheyrði Heilwigs ættinni, var skift jafnt á milli hennar og tengdamóður hennar.

Nú kom hún alt í einu auga á glerskápinn, er nótnabækurnar voru geymdar í. Hann hafði hún enn þá ekki kannað.

Skápurinn stóð á gamalli dragkistu. Hurðin var úr tré og fallega útskorin. — Hún reif skápinn opinn. Í tveimur hillunum lágu nótnabindi hvert ofan á öðru í fallegri röð og reglu. — Svipur frú Heilwig tók nú að gerast illgirnislegur að vanda, enda bætti ekki um í hve vondu skapi hún var. Efri vörin beygðist inn að tanngarðinum, svo skein í hann. — Hún þreif hverja bókina á fætur annari út úr skápnum, og henti þeim á gólfið, svo hart, að einstaka sveifluðist út um alt herbergið.

Hinrik skalf af reiði. Hann krefti hnefann og horfði fast á allan þennan ógang. Hann hafði sjálf ur borið þessar bækur heim af pósthúsinu, — og augu gömlu einsetukonunnar kiftruðu í hvert skifti af fögnuði, er hann færði henni þær.

"Hér er þá loksins alt þetta samsafn af erfðafiðndum heilagrar kirkju", tautaði hún fyrir munni sér. "Þessi hneykslisblöð, — þetta helvítis leirbull! Já, hún hefir leikið Vótan leik, þessi óguðlega jómfrú, — og ég hefi orðið að þola hinn óhreina anda á heimili mínu í mörg ár".

Hún rétti nú úr sér og horfði inn á milli glerrúðanna. Þegar hún sá nótnabækurnar, hló hún hátt og hæðnislega, og skipaði Hinrik að sækja körfu og hann varð svo nauðugur viljugur, að taka alt sem á hillunum var og lóta í körfuna. Hann skyldi ekkert í, hvaða örlögum þessar fjóru bækur áttu að mæta, er svo óst höfðu leyið á hlóðfærinu hjá gömlu konunni, og sem hún hafði spilað svo fagurt eftir. — Frú Heilwig stóð við hlið hans, og gætti vandlega þess, að ekkert yrði eftir. — En hún snerti ekki við þessum bókum. Hún hefir víst verið hrædd við, að fingurnir á sér mundu brennast, ef hún snerti þær.

Þegar þessu var lokið, skipaði hún Hinrik, að bera körfuna niður í framhúsið. Sjálf lokaði hún vandlega öllum hurðum á eftir sér, og gekk svo á eftir Hinrik ofan stigann og alla leið út í eldhúsið. — Þar varð hann að setja körfuna niður og sækja síðan skæri inn í daglegu stofuna. — Friðriku var ekki sagt mikið um það gefið, að frú Heilwig heimsækti hana út í eldhúsið, þó hún nú yrði að gera sér það að góðu. Nú skiðlogaði á arninum hjá henni.

"Í dag getur þú sparað þér eldiviðinn, Friðrika", sagði frú Heilwig, greip eina bókina og kastaði henni á eldinn. — Blaðhylinn með hinum verðmætu nótnabókum lágu efst í körfunni. Frú Heilwig lysti fimlega silkiböndin utan af þeim, og kastaði bókunum svo í loginn. — — Eldurinn blossaði og gleypti alt í sig. Þarna sást enn þá nafnið Gluck í miðjum eldinum, og þarna glóði á sem eldperlur nóturnar við eftirspilið "Cimaros", en rétt strax hurfu þær inn í eldinn, — sama blossann, sem valdist um ítölsk, frönsk og þýzk sönglög.

Hinrik stóð sem steini lostinn og gat engu orði upp komið fyrir reiði. — Það var ekki einu sinni hugað að gríða gömlu jómfrúna, samt tætti þessi tilfinningarlausa kona alt í sundur, sem hún hafði halt mestar matur á, — og það með svo miklum ruddaskap og grimd að fádæmum sætti.

"En getur ekki skeð, frú, að innan í bókunum liggi erfðaskrá?" spurði Hinrik eftir langa þögn.

Frú Heilwig leit upp. Bjarmann frá eldinum lagði um andlit hennar, er lýsti bæði hæðni og reiði.

"Hefi ég nokkurntíma leyft þér að koma með þínar vitru athugasemdir til mín?" spurði hún snúðugt. — Hún hélt nú í hendi sér á Bach's handritinu, — er

Auðsafn Vestur-Íslendinga.

FRAMHALD FRÁ BLS. 2

grípa og verkfæra. En til þess að sýna alla eftirlátssemi, og gera skuldirnar í raun veru largt um meiri, en vér ætlum þær vera, þá skal áætlaður þriðjungur af fyrir skuldum: 25,218,000 krónur, eða $6,796,000. Verða þá eftir skuldlausar eignir: — 50,437,700 krónur, eða $13,592,000, — eða 2,035 kr. rúmlega á mann, eða $543.72. Og jafngildir þá árlegur gróði Vestur-Íslendinga á 35 árum, frá því þeir höfu landnám sitt hér vestra fram að þessum tíma, 58 kr. 14 aurum, eða $15,53. — Af þessu sést að uppgrip auðs meðal landa vorra vestan hafs, hafa á frumbýlingsárum þeirra hér gengið rétt við 160 prósent fljótara enn heimaþjóðin hefir orkað að gera, frá því hún varð til fram að síðasta ári.

Í töfluformi stendur þá málið svona:

Samanburður á auðsafni Austur- og Vestur-Íslendinga.

Á ÍSLANDI

80,000 íbúar. 1035 ára landnám.

	Krónur	Aur.	Dollars	Cts.
Allar jarðeignir landsins	12,700,000	00	3,432,432	00
Allar byggingalóðir í bæjum	2,000,000	00	540,000	00
Allar húseignir í bæjum	15,000,000	00	4,054,000	00
Allur gripastofn landsins	12,961,000	00	3,430,000	00
Alt lausafé landsmanna	17,000,000	00	4,560,000	00
Öll þjóðareignin metin	60,000,000	00	16,216,000	00
Skuldir eru taldar	30,000,000	00	8,108,000	00
Skuldlaus eign þjóðarinnar	30,000,000	00	8,108,000	00
Skuldlaus eign á mann	375	00	101	25
Árlegt auðsafn á mann		36½		10

Í AMERÍKU

25,000 íbúar. 35 ára landnám.

Verð ábýliseigna Vestur-Íslendinga 640,000 ekrur, $17,00 hver ekra	40,256,000	00	10,880,000	00
Gripastofn og vinnuvélar bænda	16,650,000	00	4,500,000	00
Fasteignir Íslendinga í bæjum	18,750,000	00	5,000,000	00
Fasteignir, grip'r og vinnuvélar alls	75,656,000	00	20,388,000	00
Skuldir eru áætlaðar	25,218,000	00	6,796,000	00
Skuldlausar eignir	50,438,000	00	13,592,000	00
Skuldlaus eign á mann	2,035	08	543	72
Árlegt auðsafn á mann	58	14	15	53

AUDSAFNS HRADINN HUNDRAD OG SEXTÍU MÓTI EINUM

Við þessa töflu, að því leyti, sem hún snertir Vestur-Íslendinga, er þetta að athuga:

1. Engar sameignir eru taldar, svo sem kirkjur, fundahús eða skólahús, sem þó nema stórmikilli upphæð í öllum bygðum Íslendinga vestan hafs. Til dæmis má nefna, að hér í Winnipeg eru 3 kirkjur og eitt Goodtemplarahús, sem alt er íslenzk eign og er fullra 100 þúsund dollara virði. Sjálfsagt má gera allar slíkar eignir langt yfir eina miljón krónur, í öllum bygðum Íslendinga hér vestra.

2. Kornvara í hlöðum bænda, sem margir eru nú farnir að geyma frá haustinu þar til langt fram á næsta vor, að sú vara kemst í hærra verð. — Þessi geymslu kornforði nemur stórmikilli fjárupphæð.

3. Sparisjóðs eigur Vestur-Íslendinga, sem alls nema meiri upphæð, en alþýða landa vorra gerir sér hugmynd um. Vér teljum alls engan efa á, að það fé nemi fullri miljón dollara.

4. Húsgögn og skrautmunir. — Vestur-Íslendingar eru svo efnum búnir, að þeir eyða miklu fé í þetta hvorttveggja. Og til eru þau hús hér í borg, meðal landa vorra, að ekki mun stóru minna en 10 þús. króna virði af húsgögnum og skrautmunum í hverju þeirra. Og svipað vitum vér til að á sér stað í húsum Íslendinga í öðrum borgum.

Það er og vert að taka fram það, að Vestur-Íslendingar eru komnir á svo fastan fót hér vestra, að öll líkindi eru til þess, að auðmagn þeirra vaxi hér eftir með talsvert meiri hraða en á liðnum árum. — Það verður talsvert seinni uppvangurinn á frumbýlingsárum manna, sem byrja tilveru sína hér í landi efna og þekkingarlausir og mállausir á enska tungu, — heldur en eftir að þeir eru búnir að dvelja hér 20 til 30 ára aldur, og búnir að búa vel um sig, og komnir undir svo mikil efni, að þeir geta tæpast komist hjá að græða stórfé árlega, þó þeir að sjálfsögðu eyði margfalt meiru, en þeir gerðu á fyrri fátæktarárum sínum. Nefna má það einnig, að nú eru lífsábyrgðir svo tíðar meðal Íslendinga, að tæpast fellur nokkur sá fjölskyldufaðir frá að ekkja hans og erfingjar ekki fái talsverða fjárupphæð.

Þess skal og getið í sambandi við landeignirnar, að vér höfum sannfæringu fyrir, að þær séu talsvert meiri, en gert er ráð fyrir í áætluninni. Vér þekkjum 2 menn hér í borg, sem til samans eiga 8500 ekrur, eða rúmlega 50 alqeng 160 ekra ábúðarlönd. Nokkrar skuldir hvíla á þessum löndum, eða hluta af þeim, en líkur eru til þess, að eignendur þeirra græði stórfé á þeim, er tímar líða. — Mesti fjöldi manna og kvenna í bæjum eiga ábúðarlönd, eitt eða fleiri, og margir bændur eiga mörg lönd, sumir um og yfir þúsund ekrur, og svo má með sanni segja, að hver einasta ekra fari árlega hækkandi í verði Eins er um það, að margir bændur eiga fasteignir í bæjum og borgum, keyptar fyrir arðinn af uppskerunni af löndum þeirra.

Og enn má telja menn, sem bæði eiga stór og blómleg bú og verðmætar fasteignir í bæjum, og sem jafnframt reka verzlanir. Og það skal í þessu sambandi tekið fram, að í eigna-áætluninni er ekkert tillit tekið til þess fjár, sem kaupmenn eða aðrir menn eiga í verzlunum og iðnaðarstofnunum, eða hlutabréf þeirra í námalöndum eða öðrum gróðafyrirtækjum.

Alls ekkert er þar talið nema fasteignirnar, lifandi peningur og akuryrkju verkfæri, og þótt vér höfum dregið þriðjung matsverðsins frá fyrir skuldum, þá teljum vér víst, að verðgildi allra þeirra eigna Vestur-Íslendinga, sem ótaldar eru, mundi — ef öll kurl kæmu til grafar — höggva afarstórt skarð í skuldir þær, sem á fasteignum landa vorra hvila.

Vér birtum ekki þetta yfirlit, sem ómótmælanlega rétt eða óáðfinnanlegt, en vér höfum gert það samvizkusamlega eins og vit og þekking frekast leyfði, og með sérstöku tilliti til þess, að hver sérstök eigna áætlun skyldi gerð talsvert lægri, en vér hyggjum eigairnar vera í raun og veru. Og vér teljum það algerlega áreiðanlegt, að ef hægt væri að fá áreiðanlegar skýrslur yfir eignir og skuldir allra Vestur-Íslendinga, þá mundi það sýnt, að auðsafnið hér vestra hafa ir orðið talsvert örara en áætlunin gerir ráð fyrir. Til dæmis má taka að mikill fjöldi íslenzkra kvenna eru hér giftar innlendum mönnum, sem sumir eru stórauðugir, og að landslögum eiga konurnar þriðjung búsaignanna. En öllu því er algerlega slept úr áætluninni.

Vér fáum ekki betur séð, en það hljóti að verða viðurkent, að 35 ára starfsemi þess litla brots af íslenzku þjóðinni, sem tekið hefir sér bólfestu hér vestra, hafi borið sæmilegan fjárhagslegan ávöxt, — þegar sanngjarnt tillit er tekið til þess ástands, sem mikill fjöldi fólks vors var í, þegar það flutti hingað vestur, og þeirra örðugleika allra, sem það hefir átt við að búa á frumbýlingsárum þess hér í landi. Það fé, sem Íslendingar hafa flutt með sér frá ættjörðinni hingað vestur, teljum vér að eigi sé meira en hitt, sem þeir hafa á sl. 35 árum sent til vina og vandamanna á ættjörðinni, — ýmist til styrktar þeim þar, eða til fararevris hingað vestur.

Vér staðhæfum, að auðmagn Vestur-Íslendinga sé nægilega mikið til þess, að kaupa og borga að fullu fyrir alt Ísland, með öllu, sem á því er, lifandi og dauðu, — að undanskildu sjálfu fólkinu, og að þeir eigi þá nógu mikið fé eftir til þess að borga aftur fyrir allar jarðeignir landsins.

Býður nokkur betur?

GALLAGRIPUR.

Skapari, ég þakka þér
þinna verka lýti,
þau eru oft þá illa fer
einu lífsins býti.

Síst ber mér að segja frá
svaðilförum mínum: —
göllum þeim, sem urðu á
öskubiti þínum.

Og þá sýna ekki þarf
augum þinna vina,
sem að þú gafst alt í arf
utan hreinskilnina.

Glöggir æ þeir gæta að
glufu á hverju fati.
Jafnvel leita á leyndum stað
lítlu eftir gati.

Vilja þeir að sérhver sé
sorgar klæddur skrúða.
Ösli í tárum upp í hné —
auðsveipur sem brúða.

Hálagur og hreinn sem mjöll
hver einn þykist vera. —
Sakleysisins fossaföll
fannhvíta þá gera.

Helgidómar heimskunnar
hjá oss bubbnir lifa;
í landnámssögu lýðsins
lof um hræsni skrifa.

Þó að helgri himins lind
hátt þeir lyfti brúnum,
sakleysisins sönnu mynd
sæu þeir bezt á frúnum.

Þangað lít ég bara beint
bláum augum mínum.
Þær eru, faðir, fyrr og seint
fegri en glum þínum.

Heilagleikans háu völd
hafa tæpast neinum
nú á okkar nýju öld
nema höggnum steinum.

Fullkomnunin fjandans til
fer með vanga bleika.
Hún er aðeins apaspil
ómögulegleika.

Algjörleikans æðsta val
aldrei verður fundið.
Það er gráðu- og tímatal,
tíð og veðrum bundið.

Sjálfka og Blekking hönd í hönd
hagnaðsstrá sín vökva.
Lífir þeirra lúmska önd
lengst á því að skrökva.

Og í vorum stóra stað
stendur sérhver gleiður,
þar sem ekki þekkist að
þjóðarsmán og heiður.

Lýgin hjá þeim ljóma ber
líkt og engill kæmi. —
Framkoman og orðbragð er
eins og reikningsdæmi.

Lýðsins tunga lofar þá —
lýður háls sinn beygir.
Hjá þeim gungan athvarf á
ef hún bara þegir.

Þjóðin æpar þúsundfalt
þeirra góðu kenning:
Vera ekkert—*virðast alt:*—
VESTUR-ÍSLENZK MENNING!

Þeir eru sléttir það ég veit
þeirra silkikjólar.
Alt af þekkjast úr í sveit
eins og barnaskólar.

Þeir eru gærur úlfum á —
áðreiðan í laumi.
Smýgur andstygð innan frá
út með hverjum saumi.

Fláttskapur þeim feld þann gaf
fullkomnun að sýna.
Helgistól og hræsnislaf
hafa gert þá fína.

Þeir, sem ei um þeirra dyr
þjóta eftir kalli,
eru gallagripirnir —
gjarnt mun þeim víðs falli.

Alme nin sins ráma raust,
rétt sins vana kveður
yfir þeim, og endalaust
óbænunum hleður.

Sama er mér. Ég sáttur er,
þeir sjái mína galla.
Þeir eru ljúfast lánið mér,
lífsins daga alla.

Það sem flestum þykir bezt,
það er oftast magrast.
Það, sem lýta þykir mest,
það er sumum fagrast.

Skapari, ég þakka þér,
þú mér lætur skína
gallana, sem gafstu mér —
gimsteinana mína.

ÞORSTEINN Þ ÞORSTEINSSON

Almanak 1909

Almanak herra Ólafs S. Thorgeirssonar fyrir árið 1909 er nú út komið. Það er fimtánda árs útgáfan af þessu gagnlega og fróðlega riti, sem nú er orðið svo vinsælt meðal Vestur-Íslendinga, að þeir mega ekki án þess vera á nokkru heimili. — Auk tímatalsins eða sjálfs almanaksins, er og að vanda ýmiskonar fróðleikur í ritinu, svo sem um sól- og sungl-myrkva, árstíðirnar, tunglið, tímatal forn-Egypta og fleiri þjóða, um páskatímabilið, plánetunar, sóltíma, veðurfræði Herschel's, ártöl merkisviðburða, stærð úthafanna, mismun á tíma á ýmsum stöðum, — nema Winnipeg og Vancouver, sem þó hefði að sjálfsögðu átt að teljast með, og vera auðfengið, ef útgefandi hefði athugað það. — Af alþýðlegu, fróðlegu lesmáli er í þessu almanaki ritgerð um William Howard Taft, hinn nýkjörna forseta Bandaríkjanna, — Safn til landnámssögu Íslendinga í Vesturheimi. Stutt ágrip af landnámssögu Íslendinga í Alberta héraði, eftir herra Jónas J. Hunford, fallega rituð og fróðleg svo langt sem hún nær, en alt of endaslepp og laus við að gefa nokkrar upplýsingar um nútíðarástand þeirrar bygðar, sem þó hefði endilega átt að vera, og hefði það að sjálfsögðu orðið fróðlegasti og þýðingarmesti kafli sögunnar, og gefið henni gildi. Því að fróðleikurinn í slíkum ritgerðum liggur ekki eingöngu í tildrögunum, sem legið hafa til landnámsins, heldur miklu fremur í afleiðingunum, sem af því hafa orðið. — Þá er ritgerð um herra Björn Walterson, bónda frá Argyle, prýðisvel samin, og fylgir tafla eftir sjálfan hann um árlegt uppskerumagn af landi hans frá árunum 1883 til 1908, að báðum þeim árum meðtöldum. Sýnir sú tafla, að hveitiuppskeran hefir orðið yfir 20 bushel af ekru á hverju ári að jafnaði. Í því er fróðleikur, og hefði þó verið meiri, ef fylgt hefði með árlegt verð á hveitinu á öllum þessum árum. — Þá er ritgerð um herra Jón Ólafsson, bónda að Brú í Argyle bygð og póstmeistara þar. — Næst er ritgerð um Abraham Lincoln, eftir hr. Sigtr. Jónasson þingmann. — Allar eru ritgerðir þessar með viðeigandi myndum. — Og síðast er saga af íslenzku heljarmenni í Nova Scotia, eftir J. Magnús Bárnason. — Allra síðast er fróðleg skýrsla um helztu viðburði og mannalát. — Almanakið er rúmlega 100 bls. að stærð, — sami vandaði frágangurinn og á fyrri árum. Það er eigulegasta og ódýrasta íslenzk bók, sem út er gefin vestanhafs. — Kaupið almanakið.

BERTDALE, SASK.

Úr brefi frá Bertdale, Sask., 30. des. 1908: — "..... Beztu þökk fyrir Heimskringlu, og óska ég hún færi meira og meira lesmál í framtíðinni en að undanförnu. Héðan er tíðindalítið sem stendur, snjólaust að heita má fram að 20. þ. m., en nú kominn nokkur snjór, þó vart sleðafæri. Frostvægt hefir verið, að undantekinni einni viku. Heilsufar er með betra móti, það ég tal veit. — Tvær manneskjur hafa dáið síðan veturinn kom, var önnur þeirra kona herra J. Normann. Hún var barn þeirra hjóna Mr. og Mrs. Jasonson. Báðar þessar konur voru jarðsungnar af séra Runólfi Fjeldsted. Dr. Sig. Júl. Jóhannesson talaði einnig nokkur vel valin orð á báðum stöðum. Og svo voru orð læknisins vel valin, að vart mun vera hægt að hugsa sér betur talað við slík tækifæri. — Dr. Jóhannesson hefir mjög mikla aðsókn sem læknir og farnast vel, enda er hann mesti mannkærleikamaður. Óska því bygðarmenn, að þeir megi sem lengst njóta hans.

Félagslífið er nokkuð dauft, en svo er þess að gæta, að við erum að taka út afleiðingarnar af blóma árinu í fyrra, eða uppskeru hnekkisins, sem þá var hér. Uppskera var einnig rýr í ár hjá flestum.

Ein skemtisamkoma var haldin á Berdale skólahúsinu nýja nokkuru fyrir jólin, til hjálpar veiku ungmenni fátækra foreldra. Fyrir því stóðu sannir mannvinir, sem voru herra Ingimundur Eiríksson og systur hans.

Ekki dettur okkur í hug að fagna yfir þeim nýja heimilisrétti, sem oss var veittur í september sl., því enn sem komið er, er það mjög tvísýnt, hvort akuryrkja muni blessast hér, sem skyldi, og ef hún gerir það ekki, þá verður of land-þrönget, þegar hver sectionar fjórðungur er setinn".

"The Surf at Block Island", eða Brimið við Bannreyju, er mynd á Salendar, sem þeir herrar Conley & Yost, matsalar á horni Sargent og Victor stræta hér í borg, gefa viðskiftavikum sínum um þessi áramót, Myndin, sem er sporöskjulöguð, 6x12 þuml. að stærð, er gerð - litum, og er af eyjarenda með sandíjöru og grynningum út frá sér landmegin. Við eyjuna rís brimgarður og boðaföll. En úti á grynningum rísa hólskeflurnar, sem smálækka, þar til þær brotna við fjöruna. Og út við sjóndeildarhringinn eru 3 stór hafskip á siglingu, en yfir eyjunni sveima nokkrir fuglar að leita ætis. Myndin er hins snotrasta og minnir helst á suma útkjálka Íslands.

Sparið Línið Yðar.

Ef þér óskið ekki að fá þvottinn yðar rifinn og slitinn, þá sendið hann til þessarar fullkomnu stofnunar.

Nýtízku aðferðir, nýr vélaútbúnaður, en gamalt og æft verkafólk.

LITUN, HREINSUN OG PRESSUN SÉRLEGA VANDAÐ

Modern Laundry & Dye Works Co., Ltd.
307—315 Hargrave St.
WINNIPEG, MANITOBA
Phones: 2300 og 2301

Skrautmyndir

Mjög vandaðar, stórar og fagrar, af skáldkóngunum íslenzku, Hallgrími Péturssyni og Jónasi Hallgrímssyni, fást hjá undirskrifuðum, önnur á 35c en báðar á 60c. Agæt stofuprýði. Myndir af þessum mönnum munu verða kærkomnar til prýðis og endurminningar á mörgu íslenzku heimili. Útsölumenn vantar enn víðsvegar um bygðir Íslendinga mót sanngjörnum sölulaunum.

F. R. JOHNSON,
1419 W. 57th St., Seattle, Wash.

ATH. — Þessir hafa þegar tekið að sér útsölu á myndunum: —

Friðrik Sveinsson, 618 Agnes St., Winnipeg; Wm. Anderson, 1797 7th Ave. W., Vancouver, B. C.; S. Bárðarson, R. F. D. 1, Box 90, Blaine, Wash.; Sigurður Johnson, Bantry (og Upham), N. Dak. Jóh. H. Húnfjörð, Brown, Man.

S. R. HUNTER & CO
Skraddarar,
189 Lombard Street

Búa til ný-móðins karlmannafatnaði eftir máli. — Efni og vinnubrögð afbezta tegund, og alt ábyrgst að vera jafngildi þess bezta sem fáanlegt er í borginni. Verðið er við allra hæfi. —

S. R. Hunter & Co.
189 Lombard St.
Telephone 1395.

TIL SÖLU:

Afskriftir af gamanleikjunum "Konuleysið og konan", í tveimur þáttum, og "Hver er vitlaus", í einum þætti, — fást hjá

Christopher Johnston,
151 Indiana St., - CHICAGO, ILL.

James Flett & Co.
PLUMBERS

Leiða Gas- Vatns- og Hitapípur í hús yðar, fyrir sanngjarnt borgun. Verk vandað, fljótlega gert og ábyrgst.

572 Notre Dame Avenue
Telephone nr. okkar er 3380 eða 3539.

Stefán Johnson
Horni Sargent Ave. og Downing St.
HEFIR ÁVALT TIL SÖLU
Nýjar Áfir
Beztu í bænum. Agætar til bökunar. 15c gallon

Giftingaleyfisbréf
selur Kr. Ásg. Benediktsson
540 Simcoe st. Winnipeg.

Woodbine Hotel
Stærsta Billiard Hall Norðvesturlandsins
Tíu Pool-borð.—Alskonar vín og vindlar.
Lennon & Hebb,
Eigendur.

Fréttir úr bænum.

Síðastliðinn miðvikudag kom eldur upp í Block þeirri á horni Sargent og Young stræta, sem hr. Albert Jónsson kjötsali bygði, og átti um tíma. Eldurinn kom upp í kjallaranum undir suðurparti bygg ingarinnar, og gerði allmiklar skemdir, einkum á vörum, sem þar voru geymdar, áður en slökkvi liðinu tókst að slökkva. Meðal þeirra, sem verzla í byggingunni, eru þeir Helgason & Co, kjötsalar, en vörur þeirra skemdust lítið eða ekkert, því þeir eru í norðvesturenda byggingarinnar.

Kuldi afarmikill var hér í síðustu viku. Suma dagana komst kuldinn í 50 stig fyrir neðan Zero, og er það mesta frost sem dæmi eru hér til um langan tíma.

Herra Jón J. Bíldfell fasteignasali fór heim til Íslands um síðustu helgi í fólksinnflutninga erindum fyrir Dominion stjórnina. — Menn eru nú á tímum farnir að komast á það lag, að fara skemtiferðir til Íslands og Danmerkur á kostnað Canada ríkis, því heldur er hópurinn farinn að verða þunnur, sem síðustu umboðsmenn koma með frá Íslandi. Sjö hræður kom agentinn með í fyrra. Hvað ætli þær verði margar í þetta sinn? — Dýrt spaug fyrir Canada ríki, að borga $1500—1600 fyrir svo fámenna hjörð

Þeir herrar Sigurður Guðmundsson og Hallgrímur sonur hans, frá Gardar P.O., N. Dak., voru á ferð í borginni í síðustu viku, og litu inn til Heimskringlu. Fréttir sögðu þeir engar, utan að snjór og kuldi hefir verið þar miklu minni en hér nyrðra.

Þann 28. des. sl. urðu þau hjón herra Stefán Baldwinson og kona hans, að 669 Alverstone St. hér í borg fyrir þeirri sorg, að missa son sinn, Guðmund Júlíus að nafni — tæplega 6 mánaða gamlan. — Piltur þessi var sérlega efnilegur, og foreldrum sínum því hinn sárasti söknuður að sjá honum svo ungum á bak.

Á sunnudaginn kemur var áðurgetið að fella niður messu í Únitarakirkjunni, vegna þess, að söfnuðinum var boðið að koma á samkomustað enska Únitara safnaðarins og hlýða þar á messu Rev. C. W. Cassons frá Boston.

Messustaður enska Únitarasafnaðarins er í nýja leikhúsinu á Portage Ave., rétt fyrir austan Manitoba Hall.

Í kveld (miðvikudag 13. þ. m.) flytur Rev. C W. Casson fyrirlestur í Únitarakirkjunni. Allir boðnir og velkomnir kostnaðarlaust.

Herra Sigurður Hjaltalín, frá Mountain, N. Dakota, kom hingað til borgarinnar um síðustu helgi til þess að finna hr. Sigurð Jónsson, frá Mountain, sem hefir verið hér á spítalanum rúmlega mánaðartíma. Hann er nú kominn svo á batavegi, eftir holdskurðinn, að hann vonar að geta farið bráðlega heim aftur.

Fulltrúanefnd Good Templarastúkuanna Heklu og Skuldar hefir nýlega samið útlánsskrá yfir fundarsalí sína, fyrir árið 1909, og í flestum tilfellum hefir gjaldið verið að miklum mun lækkað frá því að undanförnu, sérstaklega fyrir sjónleiki og dansa. Sömuleiðis skal þess getið, að herra Ástjörn Eggertsson, að 688 Agnes St., hefir verið endurkosinn umsjónarmaður húsains, og sér hann algerlega um leigu á því og innheimtu leigunnar. — Leigutaxtinn verður ekki auglýstur nákvæmlega, en menn geta samið við herra Eggertsson annaðhvort að heimili hans eða með telefón: 3827.

Herra Charles Barber, dýraverndari fylkisins, biður þess getið, að samkvæmt staflið (A) í 3. grein dýraverndunarlaganna, þá verði allir þeir, sem halda leyfisbréfum stjórnarinnar til að skjóta stór dýr, — að skila þeim á skrifstofur stjórnarinnar, með eiðfestu vottorði um, að ekki hafi verið meira skotið en leyfin ákveða. — Þeir, sem ekki verða búnir að skila leyfum sínum fyrir tiltekinn tíma, sem nú er þegar útrunnin, mega búast við lögsókn. — Allir, sem bjóða til sölu dýrahöfuð eða húðir, verða að afhenda kaupanda eiðfest vottorð er sýni, hver skaut dýrið, og hvar og hvenær það var skotið. Slíke vottorð verður að fylgja hverju höfði eða húð til áfangastaðar þeirra, og skal geymt í umsjá kaupanda.

Gleymið ekki dansinum í Good Templars Hall á fimtudagskveldið.

VINNUKONU VANTAR að 692 Ross Ave. Mrs. B. Joseph.

Kvenfélag Únitara safnaðarins heldur samkomu næsta mánudagskveld, 18. þ. m. Gott prógram, prentað á aðgöngumiðana.

Ísl. Conservative Klúbburinn

hefir kappræðu á fundi sínum næsta mánudagskveld, þann 18. þ. m. — Efnið er: "Hvort er réttara að kjósa þingmenn eftir flokksfylgi eða eigin hæfileikum þeirra".

Venjulegur spilafundur verður næsta föstudagskveld þ. 15. þ.m.

Allir meðlimir klúbbsins eru ámintir um, að mæta bæði kveldin.

Studentafjelags-fundur

verður haldinn í samkomusal félagsins næstkomandi laugardagskveld kl. 8.30. Áríðandi er, að félagsmenn fjölmenni, því mikilsverð málefni liggja fyrir fundinum. Minna má meðlimi félagsins á, að þetta er síðasta tækifæri fyrir þá, er kæppa ætla um verðlaunapeninga félagsins, að afhenda verkefni sitt.

Eins og prógramið ber með sér, sem prentað er á öðrum stað í þessu blaði, verður samkoma Hörpu, I.O.G.T., einhver sú myndarlegasta samkoma, sem haldin hefir verið hér í vetur. Tveir smáleikir verða leiknir. Annar leikurinn, "Kvennstjórnin", ætti sérstaklega að draga að sér alla kvenfrelsisvini, og karlmennirnir ættu að koma og sjá mynd af því, sem þeir mega eiga von á, ef kvenfrelsi kæmist á.

Hinn leikurinn "To Morrow", er alþektur gamanleikur, sem allir hlægja að frá byrjun til enda. Það væri æskilegt, að fólk kæmi með nóga vasaklúta með sér, því menn gráta eins oft af gleði eins og af sorg.

Alþekt Winnipeg fólk skemtir með söng, o.s.frv. Fyrri framkoma þess mælir með því.

Alveg nýtt á meðal Íslendinga er "Screen Song", sem nokkrir unglingar hafa.

Það margborgar sig fyrir ykkur að koma.

Áreiðanlega gott tilboð.

$3,000.00 preskiúthald fyrir $1.00. — hafið þér nokkurntíma heyrt slíkt tilboð? Hérna er það, — þér sjáið það í auglýsingu frá "The Nor'-West Farmer" í þessu blaði. Þér ættuð að lesa þá auglýsingu gætilega, og þegar þér hafið gert það, þá munuð þér afráða að þiggja tilboðið.

Auðvitað er hér að ræða um að eins 1 preskl.-úthald. En í tilboðinu eru aðrir 225 verðlaunamunir, sem allir eru þess virði, að keppa um þá. Lesið listann vel, og vitið hvort yður geðjast ekki að honum það er hægt verk, að telja nokkur hveit korn. Teljið eina únzu og margfaldið töluna með 80, og útkoman verður tilgáta yðar.

Þér borgið náttúrlega $1.00 fyrir "The Nor'-West Farmer" fyrir eitt ár, og það veitir yður rétt til þess að leggja fram ágizkun til verðlauna vinnings. Kaupendur "The Nor'-West Farmer"s segja, að það sé margfalt meira virði en $1 um árið. Það flytur völdustu fræðandi ritgerðir frá reyndum bændum, og eru þær skýrðar með góðum myndum, þar fáið þér ókeypis ráðleggingar dýralækna og lögfræðinga, ásamt mörgu fróðlegu og skemtilegu lesmáli.

Nú stendur yfir í blaðinu sagan "Sowing Seeds in Danny". Sú saga kostar $1.00 í bókarformi, en í blaðinu fáið þér hana fyrir ekkert, ásamt með tækifæri að vinna eitthvert verðlaunanna með því að fylla út eyðuformið í auglýsingunni og senda það með Einum Dollar til "The Nor'-West Farmer"

DÁNARFREGN.

Á jóladag sl. andaðist að heimili herra Halls Egilssonar í Lögbergsnýlendu, Sask., ekkjan KRISTÍN SIGURÐARDÓTTIR, fyrrum gift Sveini Jónssyni. Hún var rúmlega 60 ára aðmul, og hafði verið heilsu tæp um sl. nokkur ár. Þau hjón bjuggu að Hlíð á Vatnsnesi í Húnavatnssýslu á Íslandi áður en þau fluttu til Vesturheims árið 1886. Þau hjón fluttu fyrst til N. Dakota og dvöldu þar um hríð, en settust síðan að í Lögbergs nýlendu, þar sem hún hefir dvalið síðan. En dóttir mann sinn misti hún fyrir 16 árum.

Hjón þessi voru foreldrar herra Skúla Johnson, nemanda á Wesley College, og Helgu systur hans, sem nú dvelur hér í borg, og hefir stundað nám við sama skóla.

Kristín sál. var jarðsett 2. þ.m. í grafreit Lögbergs bygðar, að viðstöddum flestum bygðarbúum.

Í sambandi við þessa frega, leyfi ég mér hér með að votta þakkir þeim herrum: Jóh. Einarssyni, Halli Egilssyni, Páli Egilssyni og Gísla Egilssyni, sem ásamt fleiri bygðarmönnum höfðu hlynt að hinni látnu á elliárum hennar, og heiðruðu útför hennar með nærveru sinni.

Winnipeg, 12. jan. 1909.

Jón Thorsteinsson.

Skó KJÖRKAUPIN

sem vér bjóðum yður þessa viku, munu fylla búðina með kaupendum. —

LÍTIÐ Á ÞETTA:

Kvenn Romeo flóka lágskór, stærð 3—8, rauðir eða svartir, niðursettir í **98c**

Kven fínir flóka háskór, $2, hneptir, þykkir flókasólar, stærðir 3—8 niðurstt **1 29**

Kven fínir háskór, $3.00, reimaðir eða hneptir, flókafóðraðir 'Kid' yfirleður og þykkir flókasólar, stærðir 3—8, niðursett í **1.98**

Kven $4.50 Kid þaktir flókaskór, reimaðir, háskór Niðursettir í **$3 19**

Drengja og stúlkna vetrarskófatnaður með mikið niðursettu verði.

Karla flóka fjaðraskór — $2.50, þykkir flókasólar, st. 6 til 8, niðursett í **1 99**

Karla flókaskór, $3.50, leður bryddir, reimaðir, þykkir flókasólar, stærðir 6 til 12. Niðursett í **1 98**

Karla alflóka fjaðraskór, $3.50, loðfóðraðir, þykkir flókasólar, stærðir 6 til 7. Niðursett í **2.19**

Karla reimaskór, $4.50, kid bryddir með flókasólum Fyrir **3.19**

Karla $5.00 og $5.50 'Kid' og 'Box Calf' þaktir flókaskór, reimaðir, fyrir **3.95**

Góðir karla 'Mocha' belg og fingravetlingar fyrir **79c**

20 prósent afsláttur á töskum og kistum.

QUEBEC SHOE CO.
Wm. C. Allan, Manager
639 MAIN ST. PHONE 8416.
Bon Accord Block, 2 dyr norðan Logan

Almanak 1909.

Almanakið hefi ég nú sent til útsölumanna, og er það til sölu hjá þeim, sem það hafa selt undanfarið

INNIHALD. — Tímatalið — Myrkvar — Árstíðirnar — Tunglið — Um tímatalið — Páskatímabilið — Plánetunar — Páskadagur — Sóltími — Veðurfræði Herschel' — Ártöl nokkurra merkisviðburða — Til minnis um Ísland — Stærð úthafanna — Lengstur dagur — Þegar klukkan er 12 — Almanaksmánuðirnir. — William Howard Taft, með mynd. Eftir Wm. Stead í "Review of Reviews" (F.J.B.) — Saga til landnámssögu Ísl, í Vesturheimi. Fyrsti þáttur landnámssögu Albertahéraðs. Eftir Jónas J. Hunford. — Björn Sigvaldason (Walterson), með mynd. Eftir F. J. B. — Jón Ólafsson á Brú, með mynd. Eftir F.J.B. — Abraham Lincoln, með mynd. Eftir Sigtr. Jónasson. — Íslenzkt hérjarmenni. Eftir Jóh. Magnús Bjarnason. (Sögu frá Nýja Skotlandi). — Helztu viðburðir og mannalát meðal Ísl. í Vesturheimi. — Uppskeruskýrsla. Eftir Björn Sigvaldason (Walterson). — Suður á Spáni smásaga. — Stórt brúðkaup.

104 BLAÐSÍÐUR AF LESMÁLI Á 25c

Sendið eftir Almanakinu til mín. Þeir, sem kaupa 5 eintök eða fleiri, fá afslátt.

Olafur S. Thorgeirsson,
678 Sherbrooke Street. Winnipeg.

The WINGOLD Catalog

ER NÚ TIL ÚTBÝTINGAR

Sýnir Alskonar Stór, seldar beint til notenda á lægsta verði. Vorar nýju tegundir af hitunar- og eldavélum er brenna allskyns eldsneyti, gefnar með afláttu formi og með öllum nýjasta og besta áhöldum eru til sölu með ¼ til ½ afsláttarverði frá annara sömuleiðis verði.

Bestu stór smíðuð er. Spara eldsneyti og vinna á gæðum. Ábyrgstar að öllu leyti.

Kaupið enga stó fyr en þér hafið séð vort undraverða tilboð. Verðlágar og svo eldviðar dugandi sem frekast er mögulegt. Dæm er lýsi í voru nýprentaða —

Nýrra STÓ "Catalog".

Vér ábyrgjumst fljóta og áreiðanlega afhendingu og lofum að taka stóna aftur, borga flutningsgjald báðar leiðir og skila yður andvirðinu, ef ekki ánægðir með kaupin. Sparið $5.00 til $40.00 á hverju kaupi. Kaupið beint frá oss og sparið verslunarmanns gróðann. Hver einasta stó ábyrgst og 30 daga frí reynsla gefin hverjum kaupanda. Skrifið eftir nýja "Catalogue"-inu K.

The Wingold Stove Co., Ltd., 245 Notre Dame WINNIPEG, -- MAN.

MYNDA-SÝNING

Fjölbreyttari og fallegri en nokkuru sinni áður, verður haldin í Fyrstu Lútersku kirkjunni á mánudagskveldið kemur þann 18. þ.m.

Öllum þótti skemtileg sýningin, sem þar var haldin fyrir nokkrum vikum síðan. En þó á þessi næsta að taka henni mikið fram.

Sá, sem þetta skrifar, getur um þetta borið, því hann hefir séð myndirnar, sem sýndar verða.

Þar verða meðal annars sýndir indverskir töfraleikir, stór-borgar bruni, gufuskip rennandi af stokkum niður í sjó, kappsiglingar og margt og margt og margt fleira, aðdáanlegt og ekki síður áhrifamikið og skemtilegt.

Sýningin á að standa yfir í fullar tvær klukkustundir. Inngangur að þessari skemtun kostar að eins 25 cents.

Og til þess, að sem allra flestir geti notið þessa sjaldgæfa tækifæris, er öllum börnum innan 12 ára boðið þangað frítt.

Þannig geta heilar fjölskyldur notið í sameiningu góðrar kveldskemtunar án mikils kostnaðar.

Sýningin byrjar klukkan 8 að kveldinu. Þá ættu allir að vera komnir í sæti, því af engri myndinni ættu menn, sem þangað koma, að missa. Þeir, sem fyrstir koma, geta valið hentugustu sætin.

Skemtisamkoma og LEIKUR

undir umsjón HÖRPU I.O.G.T. í Goodtemplarahúsinu þriðjud.kv.

26. JANÚAR 1909.

PRÓGRAM.

1. Piano Solo—Miss S. Frederickson.
2. Recitation—Miss Ald. Magnusson.
3. Vocal Duet— Misses Hinrikson & Straumfjörð.
4. Gamanleikur ("To Morrow").
5. Violin Solo—Miss Clara Oddson.
6. Upplestur—Th. Thorsteinsson
7. Piano Duet—Misses Oddson & Vopni.
8. Screen Song—Sjö börn.
9. Solo—Miss L. Thorláksson.
10. Recitation—Miss F. Harold.
11. Cornet Solo—C. Anderson.
12. Leikur ("Kvennstjórnin").
13. Screen Song—Sjö börn.
14. Eldgamla Ísafold—Allir.

Inngangur 25c Byrjar kl. 8.

KENNARA VANTAR

við Marshland skóla nr. 1278. — Kensla byrjar 1. apríl nk. og helzt til ársloka, að einum mánuði frádregnum (ágúst), 8 mánaða kensla Umsækjendur tiltaki mentastig, reynslu og kaup, og snúi sér til undirritaðs fyrir 1. marz.

STEINI B. OLSON,
Post Master Marshland P.O., Man.

S. F. Ólafsson

619 Agnes St. selur Tamarac fyrir $5 50 og $5 75 gegn borgun út í hönd.
Telephone: 7812

PÍANÓS OG ORGEL
Cross, Gouiding & Skinner Ltd
323 Portage Ave. Talsími 4413

VÍNSÖLUMENN
GEO VEIR
Heildsala Vínsali. 185, 187 Portage Ave. E.
Smá-sölu talsími 352. Stór-sölu talsími 464.

J. G. Snidal, L. D. S.
ÍSL. TANNLÆKNIR
COR. MAIN & BANNATYNE
DUFFIN BLOCK PHONE 5302

KOL OG VIDUR

Þur, beinharður eldiviður, — Poplar, Pine, og Tamarac með mjög sanngjörnu verði. — Nú sem stendur verið að afferma mörg vagnhlöss af BEZTA DAUPHIN TAMARAC. —

McElroy Bros.
Cor. Sherbrooke & Elice
PHONE: 6612

Tallman's Orchestra
Reynið þá fyrir Danssamkomur
461 Balmoral St. — Winnipeg.

ÉG HEFI KEYPT ÚT KJÖTVERZLUN
herra Christjáns Oleson's á Notre Dame, og óska viðskifta allra þeirra sem áður voru viðskiptum hann. Gott kjöt og sanngjarnt verð.
A. E. COOPER,
666 Notre Dame Ave. Telefón 6906

BILDFELL & PAULSON
Union Bank 5th Floor, No. 520
selja hús og lóðir og annast þar að lútandi störf; útvegar peningalán o. fl.
Tel.: 2685

ARNI ANDERSON Íslenzkur lögmaður
Í félagi með
Hudson, Howell, Ormond & Marlatt
Barristers, Solicitors, etc.
Winnipeg, Man.
13-18 Merchants Bank Bldg. Phone 3621, 3622

BONNAR, HARTLEY & MANAHAN
Lögfræðingar og Landskjala Semjarar
Suite 7, Nanton Block, Winnipeg

Hubbard, Hannesson and Ross
LÖGFRÆDINGAR
10 Bank of Hamilton Chambers
Tel. 378 Winnipeg

Th. JOHNSON
JEWELER
286 Main St. Talsími: 6606

Íslenzkur Tannsmiður,
Tennur festar í með Plötum eða Plötulausar. Og tennur eru dregnar sársaukalaust með Dr. Mordens sársaukalausu aðferð
Dr. W. Clarence — Tannlæknir.
Sigurður Davíðsson—Tannsmiður.
620½ Main St.
Phone 470 Horni Logan Ave.

A. S. BARDAL
Selur líkkistur og annast um útfarir. Allur útbúnaður sá besti. Enfremur selur hann alskonar minnisvarða og legsteina.
121 Nena St. Phone 306

HIN ÁRLEGA Tilhreinsunar-Sala

Alfatnaðir bónir til handa yður eftir máli, úr hvaða efni sem er í búðinni, fyrir aðeins

$25

Snið, efnisgæði, áferði og verk lag ábyrgst. Þessir fatnaðir þegar tilbúnir, eru $35—$4 virði. Nú er tíminn. —

Ef það kemur frá Clement's þá er það akkúrat.

Geo. Clements & Son
Stofnað árið 1874
264 Portage Ave. Rétt hjá Free Press

Stefán Guttormsson,
Mælingamaður
653 AGNES STREET. WINNIPEG.

Dr. G. J. Gislason,
Physician and Surgeon
Weltington Blk. - Grand Forks, N.Dak
Sjerstakt athygli veitt AUGNA, EYRNA, KVERKA og NEF SJÚKDÓMUM.

Miss Jóhanna Ólson, Piano Teacher
557 Toronto Street

Drs. Ekern & Marsden,
Sérfræðislæknar í Eftirfylgjandi greinum: — Augnasjúkdómum, Eyrnasjúkdómum, Nasasjúkdóm um og Kverkasjúkdómum. : : :
Í Platky Byggingunni í Bænum
Grand Forks, :: N. Dak.

Eldiviður
Þurt Tamarak $5.50
KORÐIÐ.
Vér óskum að þér reynið 1 korð.
J. G. Hargrave & Co.
334 MAIN ST.
Phones:—431—432 og 2431

Boyd's Brauð.
Brauð vor ættu að vera á borðinu þínu. Aðeins beztu brauð ættu að borðast. Það er hættulaust að borða brauð vor. Það er hægmelt, og svo gott að þér getið ekki án þess verið eftir að hafa reynt það. —
Boyd's
Bakery Cor. Spence & Portage Ave
Phone 1080.

"Hvað að brúka og hvar skal fá það".
VITUR MAÐUR
Við höfum lítið að segja, en það sem við segjum, segjum við "beint út". Við óskum að þið komið til okkar þegar þið farið að kaupa haust eða vetrarfötin ykkar. Þú veizt ekki hvað ódýrt þú getur keypt föt búin til eftir máli fyr en þú kemur og talar við oss. —
McFarlane & Cairns
SKREDDARAR
335 Notre Dame Aðrar dyr vestan Wpg. Leikhúsið.

W. R. FOWLER A. PIERCY.

Royal Optical Co.
327 Portage Ave. Talsími 7286.
Allar nútíðar aðferðir eru notaðar við augn skoðun hjá þeim, þar með hin nýja aðferð, Skuggs-skoðun, sem gjöreyðir öllum ágiskunum. —

Vér sækjum þvottinn og flytjum hann heim til yðar. Verkið ágætt, viðskifti áreiðanleg. Fljót skil. Fullkomnustu vélar. Óska viðskifta yðar.
The EMPRESS LAUNDRY Co.
74-76 Aikins St . Phone 1440

LAND

Vér höfum nýlega fengið til sölu yfir 30 fjölskyldu-fjörðungs. Landið er í Oklahoma brautar C. N. R. línunnar. Verð 10 er frá $7.00 til $12.00 hver ekra. Ekkert af löndum þessum eru meir en 5 mílur frá járnbrautinni.

Skúli Hansson & Co.
Skrifst. Talsími 6676. Heimilis Talsími 2274

Heimskringla.

Alt landið

er ábyrgst að vera jarðyrkju land af bezta tegund, og fæst keypt með vægum afborgunar skilmálum. (N.B.—Leið fyrripart þessarar augl. vinstramegin við Hkr. nafn.)

Frekari upplýsingar veita
Skúli Hansson & Co.
56 Tribune Building. Winnipeg.

XXIII. ÁR. WINNIPEG, MANITOBA, FIMTUDAGINN, 21. JANÚAR, 1909 NR. 17

Fregnsafn.

Markverðustu viðburðir hvaðanæfa.

Vábrestur varð í náma í Virginia þann 12. þ.m. Yfir hundrað manna létu þar lífið. Tætlur af mönnum og munum hentust nokkurar milur vegar frá þeim stað, sem vábresturinn varð. Búist er við, að margt manna hafi lokast inni í námanum við þetta tilfelli, og er tvísýnt um líf þeirra.

— Nýlega hefir Meþódista prestur að nafni J. H. Carmichael, í Detroit, Mich., fyrirfarið sér. Hann lét eftir sig bréf er sýndi, að hann hafði drepið með exi eitt af sóknarbörnum sínum, timburmann að nafni Browning, sem hann kvaðst hafa óttast mög af því að Browning hefði haft dáleiðsluáhrif á sig. Að frömdum þessum glæp, sem gerðist í kirkjunni, reyndi prestur að brenna líkið í stónni, en tókst það ekki algerlega. En með því, að prestur sá ekki færi á, að komast undan, tók hann það ráð, að skrifa játningu sína og fyrirfara sér svo.

— Canada Kyrrahafsbrautar félagið hefir afráðið, að senda hér eftir alt það hveiti og aðrar kornvörur héðan úr Vestur-Canada, sem það tekur til flutnings til Evrópu, vestur að Kyrrahafi og þaðan til Evrópu, í stað þess að flytja gegn um Montreal eins og að undanförnu. Mælt er og að félagið hugsi til að verja 30 miliónum dollara til byggingu nýrra járnbrauta í Vesturfylkjum Canada á þessu ári.

— Líklegt þykir, að ekki verði langt liðið á árið, þar til ráðaneyti Asquith's á Englandi veltur úr völdum.

— Eldur miðill kom upp í stórum verzlunar og vöru geymsluhúsum í Chicago í síðastliðinni viku. Skaðinn er metinn 6—7 hundruð þúsund dollarar. Svo var kuldinn mikill þar dugínn sem brann, að nær því hver einasti af slökkviliðinu, lögregluþjónum og öðrum, sem voru við að slökkva og bjarga vörum, kól að meira eða minna leyti.

— Nýafstaðnar kosningar í Virden kjördæminu lyktuðu svo, að herra Simpson, fylgismaður Roblin stjórnarinnar, var kosinn með 200 atkvæða fleirtölu, Bendir það ótvíræðlega á, að Roblin stjórnin sé að vaxa í áliti kjósendanna eftir því, sem þeir kynnast betur starfi hennar í þarfir fylkisins og læra að meta það.

— Fyrir þinginu í Ottawa (Senatinu) liggja um 20 hjónaskilnaðar umsóknir, en það er hærri tala, en nokkurntíma áður hefir komið fyrir á einu ári.

NÝTT NÝTÍZKU

THE QUEENS

Vinsælasta
og þægilegasta
Gisti-hótel í Winnipeg

Bandaríkja-snið
Frí keyrsla.

MONTGOMERY BROS.,
EIGENDUR

BJART MIÐSTÖÐVA

— Alberta stjórnin hefir lækkað talþráðagjöldin þar í fylkinu, frá sl. nýári, svo nemur 25 prósent frá því sem áður var. En sú lækkun kemur eingöngu á privat heimili í bæjum og útí í byggðum, en ekki á starfsima. Gjaldið fyrir þá verður hið sama og áður.

— Jarðskjálfta varð vart á Kyrrahafsströndinni þann 11. þ.m. og vöruðu þeir frá 10 til 20 sekúndum. Engar skemdir urðu, en hús hristust bæði í Victoria og Vancouver og öðrum stöðum í British Columbia. Frétt frá Seattle segir samskyns jarðskjálfta hafa orðið víða í Washington ríkinu. — Mestur hristingur varð á húsum í Bellingham. Þar fóll veggfóðr af þiljum, og margir urðu svo óttaslegnir, að þeir flýðu hús sín og hlupu út á stræti. En ekki vöruðu þessir jarðskjálftar þar í grend lengur en 7 til 10 sekúndur.

— Einn borgari í Leipzig á Þýzkalandi hefir höfðað mál móti bæjarstjórninni til þess að neyða hana til að láta borgarklukkurnar þegja að næturlagi. Þar í borg eru margar klukkur, í kirkjuturnum og á öðrum stöðum, sem hringja eða slá á hverjum klukkutíma. Borgarinn heimtar, að mega hafa næði í húsi sínu eftir kl. 10 á kveldin. — Hann vann málið fyrir yfirdóminum í Leipzig. Dómarinn úrskurðaði, að klukkur borgarinnar yrðu að hætta öllum hávaða kl. 10 að kveldi. Búist er við, að stjórn landsins sinni þessum dómi á þann hátt, að hún lögleiði þögn klukkna að næturlagi um alt landið.

—Nýlega var maður í Toronto dæmdur í 30 daga fangelsi fyrir að berja konuna sína með hestasvipu. Hann sagði dómaranum, að hann væri nýkominn frá Skotlandi, og að hann vissi ekki betur, en að hann einn ætti konuna og hafði rétt til að fara með hana eins og honum gott þætti. Dómarinn kvað hann ekki hafa nægilega ljósa hugmynd um hjúskaparskyldu hans og kvað hann skyldi hafa mánaðar einveru til þess að íhuga málið.

— Mestu kynstur af gjöfum hafa rignt yfir það fólk á Ítalíu, sem místi eigur sínar í jarðskjálftunum þar í landi, sem alls nema 52 miliónum dollara. Þar af eru frá Bandaríkjunum 18 miliónir dollara, Suður-Ameríku 10 miliónir, Englandi 3 miliónir, Spáni 2 miliónir, Frakklandi 3 miliónir, Canada ein milíón, Ítalía hefir gefið 10 miliónir, Sviss, Ástralía og Balkan þ óðirnar sína miliónina hvert. Einnig hafa ýms önnur lönd gefið stóruppæðir. Minstar gjafir hafa komið frá Þjóðverjum og Tyrkjum.

— Tuttugu og fimm menn létu lífið í námaslysi, sem varð á Þýzkalandi á sunnudaginn var. Að eins einn ítalskur drengur, sem vann í námunum, komst ómeiddur undan.

— Fjórir menn voru hálshöggnir í Paris á mánudaginn var. Þeir höfðu framið 7 morð í félagi.

— Sú var helzta skemtun íbúanna í El Paso, Texas, á sunnudaginn var, að horfa á graðunga- og tígrisdýra-at. Fimm þúsundir manna og kvenna höfðu safnast saman til þess að horfa á þennan leik, sem sagður er að hafa verið all-hrikalegur, svo að báðar skepnurnar biðu bana af. Eftir að búið var að stinga og kvelja graðunginn, þar til hann var orðinn afarreiður þá var tígrisdýrinu hleypt til hans. En það vildi ekki byrja leikinn, hefir líklega ekki litist á blikuna. En eftir að uxinn hafði stungið dýrið með hornum sínum, gat það lífið uxann talsvert og fótbrotið hann. En svo endaði leikurinn, að uxinn kom dýrinu undir sig og tróð á því, rifbraut það eða öllu heldur braut mörg bein í síðum þess og meiddi það talsvert í hryggnum. Svo var látið heita, að jafntefli væri, en þó vann uxinn algerlega atið. En svo var hann samt latnaður, að víst er talið, að hann deyi af meiðslunum eins og tígrisinn. Mesti fjöldi af Bandaríkja ferðamönnum voru í bænum þennan dag, til þess að horfa á þennan ljóta leik.

— Negrakona ein í Vaco í Texas í Bandaríkjunum, 29 ára gömul, ól tjórbura (fjórar stúlkur) þann 13. þ.m. Ljósmynd var strax tekin af lytlu systrunum og send til Roosevelt forseta. Litlu stúlkutnar eru allar fullburða, og vikta hver um 5 pund. Móðir þessarar konu á þrenna tvíburа fyrir systkini, svo frjósemin sýnist að liggja í ættinni

— Fyrir nokkru var sú frétt flutt um heim allan, að Pétur Serviu konungur hefði lagt niður völd sín. Nú er þetta borið til baka, en sagt að honum sé gert lífið þungbært í mesta máta. Landsþingið móðgar hann sífulega í ræðum sínum og verðir allar tillögur hans og óskir að vettugi. Sonur hans, ríkiserfinginn, er honum eins hvimleiður og hann getur, og blöðin skamma konunginn miskunarlaust. Þau segja með berum orðum, að hann hafi verið hvatamaður þess, að konungur og drottning fyrirrennarar hans á veldisstóli Serviu, hafi verið myrt, og að hann sé í raun og veru hinn eiginlegi morðingi þeirra, og að hann geti ekki gert þjóðinni þarfara verk en að senda af sér konungdómi og verða á burtu úr landinu.

— Talsíma félagið í Torontoborg hefir verið að byggja talsímakerfi á Frakklandi fyrir stjórnina þar. Kerfið var lagt um Lyons borg, og þykir svo miklu betra en það sem áður hefir þekst þar í landi, að stjórnin hefir farið þess á leit við félagið, að það leggi slík kerfi um ýmsar fleiri borgir þar.

— Voðalegt járnbrautarslys varð á C. P. R. brautinni, 8 milur austur frá Yale í British Columbia þ. 15. þ.m. Farþegalest með 3 gufudráttvélum var að mjaka sér gegn um stóra snjóskafla, sem lágu á sporinu, þegar snjóflóð rak lestina út af sporinu með svo miklu afli, að báðar gufuvélarnar ásamt fjórum vögnum, ultu niður í Fraser ána. Báðir vélstjórarnir og nokkrir farþegar týndu þar lífi, og margir meiddust.

— Á síðastliðnu nýári hækkuðu Express félögin í Canada flutningsgjöld sín talsvert frá því, sem áður hafði verið. Járnbrautanefnd ríkisins var skjót til ráða í þessu efni. Hún skipaði félögunum, að halda sér við þau flutningsgjöld, sem verið hefðu, og kvaðst enga hækkun á flutningsgjöldum leyfa. Og Express félögin hlýddu tafarlaust skipuninni.

— Fjármálastjóri Prússlands gat þess nýlega í þinginu, að þó tollálögur á þýzku þjóðina hefðu hækk að tolltekjur landsins á síðasta ári um nær 14 miliónir dollara, þá væri sjóðþurðin samt 44 miliónir dollara. Verzlunar og iðnaðardeyðið hefði orsakað sjóðþurðina.

— Auglýst var í Chicago þann 12. þ.m., að dánarbú Marshalls sál. Fields hefði numið 83½ milión dollara. Alt það fé hafði hann grætt á verzlun.

— Roosevelt forseti er að prófa sjálfan sig áður en hann leggur upp í sína fyrirhuguðu langferð um Afríku. Hann reið einn dag í þessum mánuði 98 mílur á rúmum 17 klukkustundum, og virtist ólúinn eftir túrinn.

— Gamli James J. Hill auglýsir, að nú sé hann tilbúinn að byggja járnbraut sína lengað norður til Winnipeg, hann biði að eins eftir því, að Dominion stjórnin veiti leyfi til þess. Hann kveðst hafa keypt brautarstæði inn í borgina fyrir 2 miliónir dollara, og félagið sínu sé ant um að nota það sem fyrst. Hann segir félag sitt eiga braut norður að landamærum Canada, og þaðan ætli hann að byggja til Winnipeg um 70 mílur vegar. En augnamið hans sé, að byggja svo héðan vestur að hafi gegn um Canada.

— Eldur kom upp í Boston borg í Bandríkjunum á sunnudagsmorgninum var, og gerði nær milión dollara eignatjón. Meðal annars brunnu þar 6 miklum vagnaskálar, og í þeim 400 sjálfhreyfivagnar. — Ein járnbrautarstöð brann einnig, með vagnskúr miklum og öðrum eignum. Svo var eldur þessi öflugur, að hann brendi alt þetta upp á hálfri klukkustund.

— Séra E. F. Evans, prestur í Sarnia, er týndur. Hans er nú leitað um land alt. Hann er ungur og friður og var álitinn einhleypur og safnaðarkonunum gefjaðist vel að honum þau 2 ár, sem hann þjónaði brauðinu. En svo fór að kvisast, að hann ætti konu og 4 börn í Wales á Englandi. En áður en það varð alment hljóðbært, strauk hann frá brauðinu með ungri auðmannsdóttir í Sarnia. Hún hafði með sér nokkur þúsund dollara í túrinn. Hann kvongaðist henni í bæ nokkrum, sem þau komu til. Og þar lét hann hana afhenda sér allar þúsundirnar, og sendi hana svo heim aftur allslausa. Þegar hún sagði foreldrum sínum frá ævintýri þessu, þá tók önnur stúlka bráða sýki og dó. Hún hafði verið trúlofuð presti. Um sama leyti urðu og tvær aðrar stúlkur í söfnuðinum svo lasburða, að það varð að flytja þær á spítala. Þær kenna prestinum um lasleikann. Alt eru þetta auðmannadætur, og allir þessir auðmenn, feður stúlknanna, hafa haft samtök til þess, að láta lóta prestinn uppi. En hann er ófundinn enn.

— Sjö ára gamall drengur, sem sendur var í búð á hádegi á gamla ársdag, í bænum Johnstown, N.Y., var rifinn í hel af 7 grimmum hundum á götunni áður hjálp kæmi. Hann hafði verið sendur til að kaupa smávegis fyrir móður sína.

Þorrablót Vestur-Íslendinga.

Klúbburinn HELGI MAGRI hefir ákveðið, að stofna til þorrablóts á þessum vetri. Verður það haldið í hinni stóru og skrautlegu Manitoba-höll á Portage Ave., miðvikudaginn þann 17. febrúar næstkomandi. — Ekkert verður látið ógert til þess það verði eins tilkomumikið og skemtilegt og hin fyrri miðsvetrar veislu haldin — Þorrablót — sem klúbburinn hefir efnt til undanfarin ár. Í næstu blöðum verður auglýst, hvað þar verði á boðstólum fyrir fólkið og sagt þeim auglýsingum veitt eftirtekt.

"Íslendingar viljum vér allir vera".

Fréttabréf.

GARDAR, N.D.

5. janúar 1909.

Á laugardagskveldið 2, janúar söfnuðust saman milli 20. og 30 fornvinir og kunningjar skáldsins Stephans G. Stephanssonar til að kveðja hann, á heimili Jóns Jónssonar, frænda hans.

Stephan var einn af fyrstu landnemum í Gardarbygð, og bjó hér í níu ár áður en hann flutti til Alberta.

Til minja um komu hans hingað eitir nítján ára burtuveru, gáfu þeir honum fingurbaug úr gulli, með steini, sem Free Masons merki stendur á. Hringurinn var skirður "Draupnir", ekki fyrir von um, að gull drypi af honum, heldur eftir einu af kvæðum þeim, sem Stefán flutti, og var nafnið grafið innan í hringinn.

Þar mátti nærri því segja: — "Nóttin leið í ljósi hjá". Menn sátu saman meiri part nætur við ræðuhöld og söng. Hver talaði eins og andinn blés honum í brjóst og söng með sínu nefi, eins og gerðist að fornum sið, áður en menntunin setti fundarreglur og að eins útvöldum varð hæft að tala. Tvö stutt kvæði voru flutt, sem prentuð eru hér á eftir.

Stephan þakkaði fyrir heimsóknina og hringinn, og gat þess í ræðu, sem hann hélt, að ef hann ætti um eitt af tvennu að velja, annaðhvort heimilis endurminningar frá Gardar bygð og vinarþel nágrannanna fornu, ellegar skáldheiður, þá mundi hann fúslega sleppa tilkalli til þess síðara

Á líkan hátt getum við sagt, að öllum, sem íslenzka tungu virða, þyki vænt um Stephan sem skáld, en þeim, sem persónulega hafa kynst honum, þykir enn þá vænna um hann sem mann.

Bygðin yfirleitt tók honum með samskonar hug, og foreldrar á móti barni sínu, eftir langa burtuveru, að afloknu skólanámi með ágætis frammistöðu, og óskar einskis framar, en að hans megi njóta sem lengst.

Ekki skal hér ónýtt raup
ata mann né kvæði,
þó ég drekki Stephans staup
stef hans læt í næði.

Hitt má segja sjaldgæft er
svoddan ljóð að heyra,
hefir engin harpa mér
hljómað svo við eyra.

Og sú þrá í ljóða lag
legst á mína strengi,
að hann til að yrkja brag
endist vel og lengi.

S. S. ÍSFELD.

Við hjörvaþyt og hornaflóð
vor hertist feðratungan snjöll.
Þeir skeyttu saman eld og óð
og úr því gerðu stuðlaföll.
Alt starfið var þeim ljúst og létt
því leiðin styttist æ til hálfs,
stór hugsun nam þar hvern einn blett,
er hönd og tunga voru frjáls.

Þótt síðar fölli' í dvala dá
af deyfð og kúgun íslenzkt mál
og fjötrar legðust landið á,
sem læðing hneptu hverja sál, —
var eftir logheit andans glóð,
sem allofit neistum þeytti' á flug,
svo hugur bragna í báli stóð
við bjargráð lands með nýjum dug.

Nú endurvakning okkar máls
er öllum frónskum drengjum kær
því henni fylgir hugur frjáls
og handtök liðug fjær og nær,
og röddin sem það vekja vann,
hún vekur enn á ferli stödd,
og hörðum greipum hrifur mann,
í hending, það er skáldins rödd.

Við þökkum Bjarna' hans þrungnu ljóð,
að þýðleik Jónas munum bezt,
á flugi Gröndal orti óð,
en afliðið Grímur þreytti mest.
Þótt vestanhafs sá lítið lið,
við lifum samt í þeirra von,
að heiður Braga haldist við,
því hér er Stefán Guðmundsson.

Með 'Draupnir' tengdan hug og í hönd —
í hundrað ár og dag mun sjást,
þá honum skin sem lýsir lönd
og lyfting þoku aldrei brást.
Því Draupnir hákeit hugsjón er
á heillastund sem vitjar manns,
og til þess næsta' í flýti fer,
en fóstriðið verður dugnin hans.

2 jan. 1909.

JÓNAS HALL.

Fréttabréf.

MARKERVILLE, ALTA.

9. jan. 1909.

Síðastliðinn mánuð var veðráttan hin bezta, sem hugsast getur. Snjór sama sem enginn, kyrviðri lengst af og væg frost, nema stöku dag. Síðan á nýári hafa verið hörð veður og fallið nokkur snjór, frost hefir stigið hátt þessa dagana, frá 40—60 stig á F., og lítur út fyrir framhald á sömu veðráttu.

Árið, sem stóast gekk úr garði, má teljast með hinum beztu árum hér í Alberta. Yfir heila tekið, góð og hagstæð veðráttа alt árið, með þeirri undantekningu, að rigningarnar í júnímánuði hefðu mátt vera minni, því á stöku stöðum munu þær hafa skemt en ekki bætt. Heyafli er hér yfir höfuð bæði mikill og góður, því heyskapartíðin var í sumar hin hagkvæmasta, sem á varð kosið. Uppskera af ökrum var í meðallagi, og óvíða skemd. Að sönnu náði frost sumum ökrum, sem seint urðu til, en þær skemdir eru varla teljandi. — Skepnuhöld verið góð og gagnsmunir af kúm í bezta lagi síðastliðið sumar. Bændur fengu líka gott verð fyrir smjörið, 25c eða jafnvel meira fyrir pundið. Þó er víst, að verðið á vetrarsmjöri verður miklu hærra, og er það álitlegur gróðavegur fyrir þá bændur, sem hafa talsverða mjólk yfir veturinn, — en það eru ekki nærri allir. — Markaður fyrir geldneyti hóti skárri en síðastliðið ár, þótt langt sé frá því, að hann sé enn góður. Sumir bændur hér geyma markaðsgripi sína óselda, og ætla að selja þá með vorinu, og er það eftir reynd, sem á er orðin, tals-

ÓKEYPIS SÝNISBLAÐ

Viljið þér fá sýnishorn af blaði voru The Farmer's Advocate and Home Journal?

Það er Bezta Akuryrkju og Heimilisblað

á Amerikanska meginlandinu. Enginn framfara bóndi getur staðið við að vera án þessa vikublaðs. Aðeins $1.50 argangurinn. Skrifið á póstspjald eftir einu ókeypis blaði. UMBOÐSMENN ÓSKAST.

SKRIFIÐ —
The Farmer's Advocate and Home Journal.
WINNIPEG, - - MANITOBA.
Getið um Heimskringlu þegar þér skrifið.

verður gróði. Því þótt þeir gefi þeim fóðurbæti til að halda þeim sölulærum, þá meir enn borgar mismunurinn á haust og vorverði þann kostnað í flestum tilfellum. Eitt er víst: bændur fá varla betur varið korni sínu, en gefa það mjólkurkúm og sölugripum, enda er sú aðferð óðum að færast í vöxt hér.

Markaður á afurðum bænda mun hafa verið nú við árslokin hér um til á þessa leið: Nautgripakjöt 4½—5¼ cents pundið, eftir gæðum. Kindakjöt 10c pd. Svínakjöt 6¼—8 cents pd. Húðir 3c pd. Smjör (hæma tilbúið) 18—20c pd. Egg 30—35 cts. tylftin. Kartöflur 35—40c bush. Hveiti 65 til 75 cts. bush. Bygg 40c og Hafrar 25—30c bush.

Alment hefir heilsa og líðan manna verið í betra lagi, þótt út af því hafi borið í einstöku tilfellum.

Skemtanir hafa verið hér talsverðar, það sem af er þessum vetri, mest að tilhlutun hinna ýmsu félaga í sveitinni. Einkum eru það safnaðarfélög og kvenfélög sem hafa haft flestar samkomur. Svo voru tvær jólatrés samkomur á Markerville, og Lestrarfélagið hafði skemtisamkomu á gamlaárskveld síðastl. — Woodman deildin á Markerville, sem orðin er allfjölmenn, ætlar að hafa stór-dans þann 22. þ.m.

Alþýðuskóla kenslu á að byrja á Markerville innan skams. Skólastjórnin hefir leigt hús til bráðabyrgða til skólahalds, meðan á skólahúss byggingu stendur.

Í dánarfregn Óla sál. Benediktssonar hefir misritast: Þorvaldsdóttir, á að vera: Guðmundsdóttir. Þetta eru lesendur Heimskringlu beðnir að leiðrétta.

Svo óska ég hinum heiðraða ritstjóra Heimskringlu og blaði hans hamingju og hagsældar í framtíðinni.

Wall Plaster

Með því að venja sig á að brúka "Empire" tegundir af Hardwall og Wood Fibre Plaster er maður hár viss að fá beztu afleiðingar.

Vér búum til:

"Empire" Wood Fibre Plaster
"Empire" Cement Wall "
"Empire" Finish "
"Gold Dust" Finish "
"Gilt Edge" Plaster of Paris
og allar Gypsum vöruteg. undir. —

Eigum vér að senda yður bækling vorn?

MANITOBA GYPSUM CO. LTD
SKRIFSTOFUR OG MILLUR I
Winnipeg, - Man.

Heimskringla

Published every Thursday by The Heimskringla News & Publishing Co. Ltd

Eyðt blaðsins í Canada og Bandar. $2.00 um árið (fyrir fram borgað). Sent til Íslands $2.00 (fyrir fram borgað af kaupendum blaðsins bót $1.50.)

B. L. BALDWINSON,
Editor & Manager

Office:
729 Sherbrooke Street, Winnipeg
P.O. BOX 3083. Talsími 3512.

"Ofurefli"

Þessi mikla saga eftir Einar Hjörleifsson er prentuð í Ísafoldarprentsmiðju 1908. Hún er nýjasta íslenzka sagan og að ýmsu leyti sú merkasta, sem rituð hefir verið á voru máli. Hún er send Heimskringlu til umgetningar fyrir nokkurum tíma, en bæði er það, að það tekur talsverðan tíma að lesa hana yfir, og svo er í raun réttri nauðsynlegt, að lesa tvisvar sinnum kaflana, til þess að geta áttað sig á, hvað það helzt hefir verið, sem vakti fyrir skáldinu, er hann reit þá kafla. En þetta er ekki flýtisverk, sem gert verður á skömmum tíma í tækmörkuðum fristundum. Af þessu er það komið, að það hefir dregist að geta bókarinnar. Þess hefir heldur ekki verið þörf fyr en nú, að hún er komin á bókamarkað Vestur-Íslendinga, og nú auglýst í þessu blaði í bókalista herra N. Ottensonar í River Park, Winnipeg, Man.

Fyrst er þá þess að geta, að sagan er prentuð á niðsterkan og húðþykkan loðpappír, með stóru, skýru letri. Hún er 380 blaðsíður að stærð, í 25 köflum, og fjallar aðallega um þjóðlíf Íslands, eins og það birtist í höfuðborg landsins, þar sem sagan gerist og þar sem hún er rituð.

Í stuttu máli er efnið á þessa leið:

Ungur, hálærður og gáfuglyndur prestur kemur með póstskipinu frá útlöndum og lendir í Reykjavík til þess að taka þar við dómkirkjubrauðinu, sem hann hafði af sóknuðinum verið kosinn til að þjóna. Þorbjörn Ólafsson, formaður safnaðarnefndarinnar og aðrir meðnefndarmenn hans, fagna presti við lendingu og fylgja honum heim í hús Þorbjarnar. Það, sem einna fyrst mætir augum prestsins, þegar hann hefir gengið nokkur skref upp frá bryggjunni, er blindfullur mannræfill, sem liggur hjálparvana í saurrennunni, sem lá ofanjarðar meðfram gangstéttinni.

Í þessum fyrsta kafla er þess og getið, að presti hafi verið örðugt um landgöngu, vegna þess fólksfjölda, sem safnaðist fram á bryggjuna, til þess að glápa á aðkomugestinn, og bera út um þá æfintýrasögur, án þess að láta sig nokkru skifta um það, hvort það, sem sagt var, væri satt eða ósatt. Enn er í þessum kafla getið um ungan, bláfátækan, heilsusjúkan kriplings-dreng, sem átti við þau kjör að búa, að verða að þola alls kyns óþjóðnuð af jafnöldrum sínum.

Í þessum fyrsta kafla er með ómjúkum tökum ráðist á siðleysi íbúa höfuðstaðarins: Forvitnina, þýðingarlausu, í slúðrið, drykkjuskapinn og siðleysi og mannúðarskort hjá börnunum, leiðandi af illu uppeldi og ljótum fyrirmyndum.

Í öðrum kaflanum er lýst veizluhaldi hjá Þorbirni og framkomu safnaðarnefndar manna þar. Einn þeirra var rolumenni mesta og vitgrannur. Hinir voru eins og margir safnaðarnefndar menn gerast annarsstaðar en í Reykjavík, málhvatir heimsborgarar, sem láta sér annara um ofirdrykkjufundi en trú og siðgæði. Í þessum kafla er óbeint vikið að ambáttarstöðu kvenna í vistum, og hvernig þeim er skipað, og þær reknar til að gegna störfum, sem mörgum þeirra að minsta kosti hljóta að vera jafn viðbjóðsleg eins og þau eru fyrirlitleg og konum ósamboðin í alla staði.

Sjálfur er Þorbjörn Ólafsson gerður mikilmenni og leiðtogi í borgarlífi Reykjavíkur. En ekki er hann látinn vera vandur að því, hver meðul hann notar til þess að koma áformum sínum fram.

Næstu tveir kaflar eru upptylling sögunnar, Annar er um hugsanir prestsins fyrstu nóttina, sem hann svaf í Rvík, — það var andvökunótt. Hinn er um vígsludaginn og fyrstu ræðu prestsins í Dómkirkjunni.

Þá koma kaflar, sem skýra frá Ragnhildi yfirdómaradóttir, góðri stúlku og hæglátri, en ástfanginni í prestinum síðan hún hafði fyrst séð hann.

Þá er kafli um heimsókn þeirra prests og Ragnhildar til daðurvona unglings þar í borginni. Þau fóru þangað sitt í hvoru lagi, en hittust þar af tilviljun. Þar varð þeirra fyrsta viðkynning.

Þessir kaflar mynda byrjun sögunnar. Allir hinir eru í raun réttri aukning þeirra og uppfylling.

Séra Þorvaldur Gunnarsson, nýi presturinn, er hið mesta ljúfmenni og góðuglyndur með afbrigðum, en jafnframt steinnafastur og einbeittur. Honum er lýst ólíkt betur, en prestum er almennt lýst í íslenzkum skáldsögum. Þorbirni Ólafssyni hinsvegar er lýst svo, að hann hafi afvegaleitt Sigurlaugu vinnukonu sína, komið henni til að drekka, skemt kvenæðli hennar og skotið henni að lokum undan til útlanda, þegar móðir hennar, með ólöglegri hjálp prestsins, reyndi til að telja henni hughvarf og hafa hana úr vistinni frá Þorbirni.

Enn er og lýst ungri konu, Sigríði, sem ásamt Ragnhildi festi hug til prestsins, en bar harm sinn með þögulum tárum, þegar hún vissi, að hann hafði trúlofast Ragnhildi vinkonu sinni, yfirdómaradótturinni.

Sagan skýrir frá fundahaldi miklu, sem haldið var í Reykjavík, að tilhlutun Þorbjarnar, til þess að afsegja prestinn, sem nú var kominn í ónáð hjá Þorbirni fyrir afskipti sín af Sigurlaugarmálinu, aðallega. Þeim fundi er svo lýst, sem verstu skrílfundir gerast. Og annaðhvort er um það, að íslenzkri menningu er allmjög ábótavant, — jafnvel nú á tuttugustu öldinni, — eða skáldið hefir ýkt siðleysið. En hvað sem um það kann að vera, þá er lýsing þessa fundar tilkynning til landsbúa um það, hvernig skáldið lítur á framkomu manna á fundum í höfuðstaðnum.

Sagan endar svo, að prestur verður í minni hluta á fundinum, og hefir í enda sögunnar ekki annað að hugga sig við en ást Ragnhildar, og vonina um sigur þess góða í framtíðinni.

Ofurefli er góð saga, rituð í þeim tilgangi, að benda þjóðinni á það, sem skáldið finnur ábótavant í fari hennar. Sagan kemur óþyrmilega við rotnunarkaun þjóðlíkamans: ofdrykkjuna, lausungina, orðmælgina og slúðursögurnar, hræsnina og kærleiksleysið. — Slíkar myndir eru hverri þjóð nauðsynlegar, og skáldin, sem þær draga fram, hinir þörfustu umbótamenn.

Ofurefli er saga, sem verðskuldar að vera vel keypt og viðlesin, og ætti að vera á hverju heimili Vestur-Íslendinga. Sagan kostar 5 krónur á Íslandi, en hér í landi að eins $1.50, í góðu bandi. Mun það vera í fyrsta sinni í sögu Vestur-Íslendinga, að þeir hafa átt kost á að kaupa íslenzka bók hér vestra með verði, sem jafngildir sem næst því, er á sér stað á heimamarkaðinum.

KAUPIÐ "OFUREFLI".

Gegnum ensk gleraugu.

Nóvember hefðið af tímaritinu ANSWERS, sem gefið er út í Lundúnum á Englandi, flytur svohljóðandi grein um Ísland og Íslendinga, sem vér teljum rétt, að Íslendingar á Fróni láti ekki alveg afskiptalausa, með því að efni hennar virðist algerlega sniðið eftir sögusögn háttstandandi náunga í Reykjavík. Í íslenzkri þýðingu er greinin á þessa leið:

"Hverju pilsa-pólitíkusar hafa komið til leiðar á Íslandi.

Í engu landi í heimi hafa konur meira pólitiskt frelsi en á Íslandi. Undir nýju stjórnarskránni, sem konungur Dana gaf þjóðinni árið 1903, geta konur greitt atkvæði í kosningum til alþingis, undir sömu skilyrðum sem karlmenn, og þær eiga einnig kjörgengisrétt til alþingis og í sveitarstjórnir. Nokkrar þeirra hafa náð sætum í alþingi á sl. 5 árum, og hafa þær haft mikil áhrif á löggjöfina þar.

"Með tilliti til kvenfrelsishreyfingarinnar heima fyrir, þá er fróðlegt að athuga, hve vel kvenfrelsisþingmennirnir hafa staðið í stöðu sinni á Íslandi.

"Sá, sem skrifar þessa grein, hefir tvisvar ferðast til Íslands, og er sannfærður um, að ef nokkurt land hefir nokkurntíma þarfnast nokkurra verulegra mannfélagsbóta, þá er það hið bölþrungna, hrjóstuga og sjúkdóms plágaða Ísland.

"Ef til vill býr engin þjóð í Evrópu við annað eins niðurlægingar ástand eins og Íslendingar. Stjórnarskráin árið 1903 varð til fyrir það, að karlmenn þeir, sem höfðu stjórn landsins á ábyrgð sinni, — höfðu komið því í svo mikla vanhirðu, að í stað þess að hafa sjálfveldi eins og að undanförnu, þá ber nú þingið beina ábyrgð fyrir konungi Danmerkur, gegnum heimilisfastan ráðgjafa á Íslandi, og danska þingið áleit það heppilegt að veita hjákendunni um leið kost á því, að framkiða stjórnmálakonur, ef það gæti ekki framkeitt stjórnmálamenn.

"Konur hafa sýnt mikinn áhuga fyrir pólitískum málum. En þær sækjast ekki alt af eftir því, að kjósa kyn sitt á þing, heldur binda þær karlmenn loforðum, að fylgja fram áhugamálum sínum á þingi, og kjósa þá svo til þess að vinna að þeim. Sérstaklega er þeim ant um, að bindindismálið fái framgang, enda er drykkjuskapurinn einn af aðal-lestum Íslendinga.

"Flestir landsbúar búa á eyðilegum heimilum. Alt fram að síðari árum fóru bændur til höfuðborgarinnar Reykjavík einu sinni á ári, snemma sumars, til þess að selja þar ull sína, og þá fóru þeir á fylliríi, sem varaði svo dögum og jafnvel vikum skipti, og fóru svo heim, og héldu sér ófullum til næsta árs. En nú á dögum fara íbúarnir til næsta þorps, miklu oftar og flytja vínið heim á heimilin. Vínnautnin á hvern mann á Íslandi er ægiléga mikil.

"Kven-pólitíkusarnir hafa fengið framgengt ýmsum mikilsverðum lagabótum viðvíkjandi vínmálinu, svo að vínsölulaga frumvarp vort er veiklegt í samanburði. En það er vafasamt, hvort þessi afarströngu bindindis ákvæði Íslendinga hafi orkað því, að minka vínnautn þjóðarinnar svo nokkru nemi. En siðferðishvöt sú, sem fríðsisherinn, sem bæði er mannmargur og vinsæll á Íslandi, hefir veitt þjóðinni, hefir áunnið meira í hófsemdaráttina, heldur en skorður þær, sem settar hafa verið með vínsölulaga ákvæðum.

"Nokkrar konur í Reykjavík, undir forustu eins kvenlæknis, hafa gert itarlegar tilraunir til þess að koma í veg fyrir óþrifnað þjóðarinnar. Margar hreinlætis ákvarðanir hafa verið lögleiddar, en samt er það enn þá vanalegt við Laugarnar, sem er nokkurs konar opinbert þvottahús fyrir Reykjavíkurbúa, að sjá konur fylla kaffikönnur sínar úr laugunum, þar sem þvegin eru óhrein föt fjölskyldna borgarinnar.

"Umbótamenn á Íslandi eins og umbótamenn annarsstaðar hafa komist að raun um, að það er sitt hvað, að semja lög og láta hlýða þeim, í trássi við megna fáfræði og gamla hleypidóma.

"Eftir því, sem einn gamall þjóðmálamaður í Reykjavík sagði mér, þá hafa kvenmenn alþingis sýnt sig að vera miklu færari ræðuskörungar og starfslegri í öllum framkvæmdum heldur enn karlmenn.

"Í gamla daga", sagði hann, "voru þingræðurnar málalengingar og fullar af hnútukasti, og gersneyddar öllum virkilegum hugsjónum. Það gilti alt að einu, hvert umræðuefnið var, enginn þingmaður gat staðið upp og talað án þess að lofsyngja fornaldardýrðarljóma Íslands, — að Íslendingur hefði leiðbeint Columbus að finna Ameríku, og fornaldarbókmentir þeirra hefðu borið langt af bókmentum Grikkja og Rómverja og fornhetjur þeirra hefð verið þær langmestu hetjur, sem þessi heimur hefði nokkru sinni átt, — og margt fleira þessu líkt. Konurnar eru skarpar og stuttorðar og fastar við efnið. Þegar þær eru að ræða um framræslu bæjarins, sjá þær ekki nokkura nauðsyn á, að benda aftur í tímann til Columbusar. Þær hafa áreiðanlega innleitt heilbrigða skynsemi í ræðusniðin og efnið, sem áður var svo raunalega ábótavant".

Þetta kemur naumast saman við Evrópu ástæðuna, sem ríkt hefir að undanförnu, að ef kvenmenn sætu á þingi, þá mundu þær tala svo mikið, að þær tækju allan tím ann frá þingstörfum, svo ekkert kæmist í verk.

En íslenzku konurnar, sem umbótastyðjendur, hafa enn þá stórt verk að vinna, áður enn þær koma Íslendingum inn á algengan starfsmáta Evrópu þjóðanna, sem þeir fordæma af einfeldni. Í skoðunum sínum tilheyra Íslendingar ekki Evrópu.

Á bóndabýlum sofa fjármennirnir — sem eru legión — í óhreinum og margskítnum svefnherbergjum. Þar finnast naumast bóndabýli, sem gluggagnir eru opnaðir á. Ef þig skortir teig af hreinu lofti, þá þarftu að draga viðartappa, sem er á gildleika við tappa úr öllflösku, út úr miðjum glugganum. Færeyjar eru önnur dönsk nýlenda, og hafa konur þar atkvæðisrétt og kjörgengi á Lagthing og héraðsþing.

Ytra og innra fyrirkomulag: — Samkvæmt gömlum lögum, eru fangar fæddir á brauði og vatni. Konurnar álitu þetta líklega fæðu í jafn kaldranalegum bústað. Náttúruhættirnir breyttu lögunum, svo nú er framlagt betra fæði til fanga hússins. En lagthing ákvað, að fangarnir skyldu vinna þrjá daga í fleng, og vera lausir í aðra þrjá daga, þá fangaðir aftur og vinna næstu þrjá daga, og er þessari reglugerð fylgt þannig, þar til hegningardóminum er fullnægt, og brotið að fullu afplánað, sem tekur yfir hálfu lengri tíma en ella. Eyjarnar eru svo smáar, að fangarnir geta tæplega strokið, þótt þeir séu að hálfu leyti lausir. Þó þeir kæmust á skip, er hægðarleikur að fanga þá aftur, áður en þeir ná undankomu. Þessi lög eiga að eins við stutta fangavist, því þeir, sem vinna til lengri fangavistar, eru sendir til Danmerkur.

Kvæði og skáldsögur.

ADSENT.

Það hefir lengi bólað á því, að Íslendingar eru upp með sér af íslenzkum bókmentum. Það mega þeir líka sannarlega vera, að því leyti, sem snertir fornaldarsögurnar og Íslendingasögurnar, ásamt Eddunum og fleiru. En nú er komið svo, eftir alt bókmenntaskrumið, að íslenzkum bókmentum hefir stórum hnignað á síðustu árum, og fara nú óðum neðar og neðar. Orsakir eru ýmsar, en einkum þó tvær. Sú fyrri er vesturflutningur Íslendinga, og skáldalaunafaganið hjá alþingi. Það kemur sá tími, að fleiri sjá þetta en ég, sem rita þess ar línur.

Íslenzkar bókmenntir eru þunnar í dálkinn hjá Vestur-Íslendingum, þó að máske megi með sanni segja, að þær standi austur-ísl. bókmentum á sporði, hlutfallslega. Íslenzkar bókmentir hafa liðið tjón við það, að miklu fleiri Vestur-Íslendingar fást við ritsmíðar, ljóðagerð, bóka og ritlinga útgáfur, enn heima á gamla landinu, þó að nóg sé þar af ruglinu til. Ekki tjáir að draga dul á það, að hávaðinn af þeim mönnum, sem rita í blöð, semja kvæði og gefa út bækur og pésa, eru öldungis ekki menn, sem færir eru fyrir þeim stórfum. Margt af því getur verið dágott, þegar það atriði er dregið frá, að mennirnir eru mentunarlitlir eða mentunarlausir, og bera lítið skyn á móðurmál sitt og íslenzkar bókmentir.

Það lætur nærri, að tíundi hver Vestur-Íslendingur fáist við ljóðagerð, og fjöldinn af þeim reynir að koma þeim einhverssstaðar á prent, í vikublöðunum, tímaritunum, eða sérstökum pésum. Mest af þessum kvæðum eru frekar spilandi enn bætandi íslenzkar bókmentir. Málið lélegt, oft rammarkakt og skáldgildi ekkert. Hávaðinn syngur í sama tón og sama anda hver eftir öðrum og ofan í annan. Langmest yrkja þeir undir sálma og stefjaháttum. Og náttúrlíin, sem gnæfa upp úr öllum þessum kvæðavaðli, eru minnin. Þeir yrkja minni fyrir öllum sköpuðum hlutum. Ef einhverjar kerlingar fara með kaffiskólp, þá dynja minnin í blöðunum yfir þær. Ef einhver bregður sér bæjarleið, þá dugir ekki annað en yrkja minni, flúttað saman af skrumi og skjalli og fagurgala. — Þessi minna-drífa sýnir blátt áfram, að ljóðasmiðirnir hafa óviðráðanlega löngun til að yrkja, yrkja, og ekkert nema að hrúga saman orðum. Hugsjónir finnast ekki, nema hjá sárfáum mönnum, sem kalla sig skáld, eða eru kallaðir af fylgjendum og klagsbræðrum sínum.

Lesendur verða dauðþreyttir á, að lesa þennan sístreymandi elg, og lita naumast á hann, og er það að sumu leyti vel farið. En á hina hliðina flýtur þar af, að fólk heldur alt sé vitleysa og vaðall, og sleppir að lesa sumt það, sem er nýtilegt og fræðandi. Með öðrum orðum, að ljóðabull og ritrugl lamar og deyfir lestrarlöngun manna, og slær óhrygð á íslenzkt mál og íslenzkar bækur.

Það er nýlega komin út ljóðabók í Winnipeg, sem heitir "Nýgræðingur". Hún er eftir ungan mann, mann á bezta aldri, og sem auðveld tækikeri hefir að afla sér almennrar mentunar. En í staðinn fyrir, að kaupa sér fróðleik fyrir dalina, fer hann til og ver þeim í þessa bók, sem naumast á bókarnafnið skilið, nema að því, sem pappir og prentsvertu áhrærir. Hún er sönn hryðarmynd af mentunarskorti ungs manns á þessari öld. — Það er ekki svo að skilja, að þessi bók sé einsdæmi og langt fyrir neðan alt annað. Það hafa verið prentuð íslenzk rit áður í Winnipeg, sem eru lítið olar í gæskunni. Það er eftirtektavert, að nokkur prentsmiðja skuli leggja sig niður við ritsmíði, sem ekki eru einasta höfundunum til minkunar, heldur og íslenzkunni til skaða og niðurdreps.

Það standa þess ljós dæmi í dag að vestur-íslenzkum bókaútgáfum fer stórhnignandi, hvar sem staðar nemur. Leiðið þessa bók.

Þá er að líta yfir aftur för og hnignun í bókmentunum austanhafs. Íslendingar eru sögukær þjóð að fornu og nýju. Þeir voru dagarnir, að þeir áttu ekki margar skáldsögur. Fyrst kom "Piltur og stúlka", þá "Maður og kona", þá "Mannamunur" og "Gýla", þá "Aðalsteinn", með smávegis fleiru. Eftir 1880 rísa þeir upp Gestur og Einar, séra Jónas og Þorgils gjallandi, á síðasta tig aldarinnar. Já, lengi hafði þjóðina langað til að eiga og lesa íslenzkar skáldsögur. Sú ósk og þrá uppfyltist. Síðastliðið ár hefir örvadrífan af skáldsögum dunið yfir þjóðina. — Steypiflóð kemur frá Guðmundi, Einari og Jóni Trausta. Og það er ekki nánasarlega borið á borð fyrir þjóðina. Enda káma þeir innan landssjóðinn Einar og Jón Trausti. En sannarlega er ekki yfirdrifin fjölbreytnin í réttunum, þó þeir séu fyrirferðarmiklir sem kýrhraun framan úr Eyjafirði og skötubörð frá Ísafjarðardjúpi.

Allir þessir rithöfundar, og allar þeirra sögur er sama sagan, stundum prjónað betur, stundum verr. Sagan "Kærleiksheimilið" hans Gests sáluga, — barneégnir, lausláti og yfirskin. Þorgils gjallandi syndir ennig oft og tíðum í barnaleg fárvegnum, sem hinir. Það er stórmerkilegt, hversu þeir geta átt samleið allir þessir stærstu og líklega bestu skáldsagna höfundar Íslands.

Að sjá ekki annað en alt það lægsta og auðvirðilegasta hjá þjóðinni, er ekki skálda-útsýni. — Skáldin eiga að vera og eru — sé þau skáld — andlegir leiðtogar þjóðar sinnar. Þeim ber að sjá það ljóta og fagra, galla og gæði, forsmán og fegurð, gálgi og andlegu atgervi hennar. Þau eiga að sjá framtíðar hugsjónir fyrir hana, og lýsta henni upp í beiðríkjuna og sólskinið, og gera það með göfugleika og framsýni. En að vera vakinn og sofinn í, að rúsla og bölsótast í sorphaugum undanfarinna kynslóða, er fjarri sönnu þjóðskáldi. Læknirinn læknar ekki sjúklinginn, sem veikist af sóðaskap og drepandi andrúmslofti, með því, að veita honum sama eða enn þá meiri sóðaskap og óholt andrúmsloft. Hann mun láta hreinsa og þvo í kíng um hann, og hleypa inn hreinu og lífgandi lofti.

Séu þessar síðustu sögur bornar saman við "Pilt og stúlku, "Aðalstein" og sumar sögur Gests, þá sést fljótlega áferðarmunurinn. — Þeir höfundar nota alt aðra aðferð, að segja þjóðinni til lýta sinna. Þeir höfundar koma fram sem skáld í glæsilegri mynd, það er enginn skáldskapur í því, að skamma einn og annan fyrir bresti hans eða skyldmenna hans. En það er skáldskapur, að segja honum svo fallega og göfuga sögu, að hann leitaðist af lífi og sál við, að taka hana sér til fyrirmyndar, og gerast meiri og göfugri maður, enn hann hefir áður verið.

Það eru nóg skemtandi og uppbyggileg skáldsagna efni fyrir höndum hjá íslenzku þjóðinni þann dag í dag. Það kemur sá tími, að annar Jón Thoroddsen ávarpar þjóðina á íslenzku skáldsagna máli og sýnir henni mætar myndir og götuna til göfgi og fágunar í þjóðlífinu,

Það eru hreinustu vandræði, að lesa "Höllu" og "Vitlausu Gunnu" eftir þá Trausta og Einar. Þeir koma þörum þessum saman með þeim lýsingum og málalengingum, að það skin út úr öllu, að þeim er hugnæmt, að spenna greipar þar um. Lesandinn fær næstum andstygð á því skáldaskjóti þeirra. Í útlendum skáldsögum er sjaldan lýst undirkomu barna, nema máske í lélegustu skrílsögum, sem mentunarlausir hrottar setja saman. Venjulega vita lesendur ekkert um utanveltu börn fyrri en þau eru komin í heiminn. Foreldrar þeirra eru oft leyndarmáhið í sögunum eins og í "Aðalsteini".

Þessar sögur, sem drífa að, eru meira til lýta íslenzkum bókmentum, enn til bóta. Það er vonandi, að þær taki bótum, eða höfundarnir hætti með öllu. Herra Einar Hjörleifssyni er að fara aftur í málinu. Hann ritar það nú stórýrt og ljótt og smekklaust, og sýnir smásálarskap í sumum lýsingum, næstum hrákadulu ógeð á þeim sumstaðar.

Ef þessir menn gætu hætt við, að hafa lauslæti fyrir hyrningarsteina í sögum sínum, þá væru það stór umbætur. Þjóðin er búin að hlusta nógu lengi á þann

Sparið Línið Yðar.

Ef þér óskið ekki að fá þvottinn yðar rifinn og slitinn, þá sendið hann til þessarar fullkomnu stofnunar.

Nýtízku aðferðir, nýr vélaútbúnaður, en gamalt og æft verkafólk.

LITUN, HREINSUN OG PRESSUN SÉRLEGA VANDAÐ

Modern Laundry & Dye Works Co., Ltd.
307—315 Hargrave St.
WINNIPEG, MANITOBA
Phones: 2300 og 2301

þvætting, og á yfirdrifið safn af þeim "Felsinborgarsögum" nú þegar. Og landssjóður ætti að hætta að borga tolla fyrir lausaleiksögurnar þessara höfunda. Betra að verja því fé til að skýtta einhverja þúfuna á Íslandi.

Það er óréttlátt af blöðunum, að segja ekki þjóðinni hispurslaust gallana á þessum nýrri sögum, og fyrirlitlegt af blöðunum, að gylla það og hæla því, sem mjög góðum sögum, því þar koma þær ekki nálægt.

Það má segja, að Vestur-Íslendingi komi ekki mikið við, hvernig þeir riti skáldsögur sínar á Íslandi. Íslenzk tunga eigi stutta æfi fyrir sér vestra, og má vera, að svo fari. En sögur þær, sem sendar eru vestur, og boðnar þar á bókamarkaðinum fyrir uppsprengt verð, mættu ekki vera lakari en það, að engin hætta væri fyrir unga og gamla að lesa þær. En því er óðruvísi farið með þessar seinni tíðar sögur. Þær eru svo hrossalegar og gróðgerðar, að þær vekja viðbjóð og óbeit hjá siðgóðum ungmennum að lesa þær. Þær æra þau og fæla út af bókmentasviði íslenzkrar tungu, og flýta fyrir, að tortíma vestur-íslenzku þjóðerni. Er því illar sendingar vestur um haf.

— Þingnefnd sú, sem brezka stjórnin setti nýlega til þess að íhuga, hvort ekki væri tiltækilegt, að stofna trjáplöntunarsvæði á Englandi í því skyni, að styrkja verkleysingja með því að veita þeim atvinnu við það verk, — hefir lokið starfi sínu, og gefið út prentaða skýrslu um álit sitt á málinu. Nefndin ræður stjórninni til þess að láta trjáplanta 9 milíón ekrur af landi á Englandi og Ír landi. Hún vill láta planta á 150 þúsund ekrur á hverju ári að vetrarlaginu, um 60 ára skeið. Kostnaðinn við þetta fyrirtæki vill nefnd in að stjórnin beri með lántöku, og skuli vextir af láninu borgast með auknum sköttum. Nefndin telur að verkið verði sjálfborgandi á fertugasta árinu, og að eftir 80 ár gefi skógurinn af sér árlega 87½ milíón dollara í ríkissjóðinn. Einn af mönnum þeim, er skipuðu þessa nefnd, er söguskáldið mikla Rider Haggart. — Mál þetta er stórfengilegt og þýðingarmikið og verður eflaust eins þarflegt nútíðinni eins og það verður ábatasamt framtíðinni.

— Kafteinn C. N. Foster skrifaði "100,000 kossar" á bréfspjald, sem hann sendi til konu einnar í Philadelphia. Bóndi konunnar höfðað skaðabótamál móti kafteininum fyrir þetta tiltæki hans og fékk hann dæmdan í $1500 fjársekt.

Skrifið yður fyrir HEIMSKRINGLU svo að þér getið ætíð fylgst með aðal málum Íslendinga hér og heima.

ROBLIN HOTEL
115 Adelaide St. -- Winnipeg.
Besta $1.50 á-dag hús í Vestur-Canada. Keyrsla ókeypis milli vagnstöva og hússins á nóttu og degi. Aðhlynning hins bezta. Viðskifti Íslendinga óskast. William Ave. strætiskagið fer hjá húsinu.
O. ROY, eigandi.

SPÓNNÝTT HÓTEL
ALGERLEGA NÝTÍZKU
Hotel Majestic
John McDonald,
eigandi.
James St. West, Rétt vestan við Main St.
Winnipeg Telefón 4979
$1.50 á dag og þar yfir
Bandaríkja-snið
Alt sem hér er um hönd haft er af beztu tegund. Reynið oss.

MIDLAND HOTEL
285 Market St. Phone 3491
Nýtt hús, nýr húsbúnaður Fullar byrgðir af allskonar vönduðustu drykkjum og vindlum í hressingar stofunni. Gisting einn dollar á dag og þar yfir.
W. G. GOULD :: FRED. D. PETERS,
Eigendur
WINNIPEG ::: ::: CANADA

Jimmy's HOTEL
Rétt á bak við Pósthúsið
Íslendingar ættu að reyna þetta gistihús. Í hressingarstofunni er sá eini íslenzki vínveitingamaður í Winnipeg.
James Thorpe,
eigandi
Fyrrum eigandi Jimmy's Restaurant

The Dominion Bank
NOTRE DAME Ave. BRANCH Cor. Nena St.
VÉR GEFUM SÉRSTAK AN GAUM AÐ SPARISJÓÐS-DEILDINNI. —
VEXTIR BORGAÐIR AF INNLÖGUM.
HÖFUÐSTOLL - - - $3,983,392.38
SPARISJÓÐUR - - $5,000,000.00
A. E. PIERCY, MANAGER.

VIII. mansöngur úr Brávallarrímum.

EFTIR
K. ÁSG. BENEDIKTSSON.

1. Sundrar friði um níða nátt
Norðri gæðatregur,
Kveður úti kátur hátt,
Kaldur svaðalegur.

2. Þó að æi örlög dimm,
Ár og dag má frétta:
Nitján hundruð nú og fimm
Nóvember þann sétta.

3. Eini verka eru sná
Úti í kvæðaveldi:
Um skáldkonur skrifa á
Skrá á þessu kveldi.

4. Meðan kvæða sigldi um sjá
söngva þraut ei gnóttir,
Hagmælt þótti höldum þá
Helga Baldvinsdóttir.

5. Margrét unnir mentaglans,
Mærðarsvanir kvaka,
Utan bæði og innanlands
Orðin hennar vaka.

6. Þar má finna samin svör, —
Söngva líka rétta,
Nanna þegar Norðra knör
Úr naustum kvæða hétir.

7. Karólína kvæða gný
Kveikt og magnað hefur.
Ástarreifum innan í
Öll brúðhjónin vefur.

8. Á Ijóðbrauta langri slóð
Lífsspor margt er freðið, —
Þórdís Eldon þróttfeld ljóð
Þjóðum hefir kveðið.

9. Guðrún hefir kvæði klætt
Kappatungu hreinni.
Hagmæltari hef ei mætt
Hringatróðu meinni.

10. Í ljóðrúnir Ragnheiður
Ristir höfðingjana.
Óðar himinn albeiður
Oft er fyrir hana.

11. Þó fyrir sólu svífi él,
Sortnú að augum lýði,
Herdís tíðum, hagmælt vel,
Hampar Bragasmiði.

12. Menjagnáin myndarleg,
ég mansöng niður kelli.
Þér eru taldar þær sem ég
Þekki á kvæðavelli.

Frá Íslendingum í Tacoma.

Í Tacoma eru um 40 Íslendingar, eftir því sem ég áeit frekast. — Meginpartur þeirra er hópur sá, er flutti hingað frá Selkirk, Man., 1902, en það voru fjölskylduramar: Magnús Jóseph Maxin og kona hans, Sigurdrif, ljósmóðir, og mörgum að góðu kunn, sem slík. Albert sonur hennar, kvæntur Mörtu (dóttur Guðm. Kristjánssonar, sem áður bjó í Selkirk, en mist heilsuna síðar), Þorsteinn M. Borafjörð, skáld, kvæntur Ragnhildi, systur Mörtu, og dvelur Guðrún tengdamóðir hans oftast hjá honum og Albert á víxl. Þá fór og Jón Jónsson (sonur Jóns barnakennara, tengdafaðir Klemenzar Jónassonar) vestur. Jón er kvæntur einni dóttur Magn. Maxin, og dvelur faðir hans hjá honum, lasburða mjög, og hefir nú legið lengi rúmfastur. Um sama leyti flutti og vestur Jón Baldvinsson með konu sinni Guðrúnu (systur þeirra Schademose bræðra við Winnipegoses) og börnum þeirra. — Fjölskyldufeður eru þar ennfremur: Christinn H. Zimsen (sonur Niljohnjusar heitins Zimsen, konsúls í Reykjavík), hann er kvæntur einni dóttur M. Maxin, og Ólafur Ólafsson, kvæntur þuríði, systur konu Alberts og konu Þorsteins. Ennfremur er ein dóttir M. Maxin gift hérlendum manni, J.E. Smith, lögregluþjóni, sú heitir Rósborg.

Þá er og íslenzk kona, sem ég ekki man nafn á, gift hérlendum manni, Brown að nafni, og hefir hann verið lögregluþjónn.

Kristján Ólafsson, myndasmiður er og þar. Hann er kvæntur þýzkri konu.

Þar er og Bertel Gunnlögson, prófessorinn lærði, sem margir kannast við, og ég hefi áður minst á í Heimskringlu.

En sá Íslendingur, sem lengst hefir dvalið í Tacoma, er Guðm. Svein sson (bróðir Kristínar, konu Þórðar Thorson í Ballard). Hann er kvæntur norskri konu og á fallegt heimili. Hann hefir nú unnið við sömu sögunarmylluna í rúm 20 ár. Greindur maður og gætinn.

Þá veit ég þar ennfremur af 2 íslenzkum stúlkum, sem stunda sauma, Miss Pálsson og Miss Rydén, báðar úr Reykjavík.

Einhverjir fleiri landar kunna að vera þar, þó ég viti ekki, en vart munu þeir margir.

Meiri hluti allra Íslendinga í Tacoma á heima í nágrenni hvað við annað, og fer svo vel á með þeim, að þeir mega nærri skoðast sem ein fjölskylda, enda margt af þeim tengt og venzlað.

Þeir M. Maxin og J. Jónsson reistu sér vönduð íbúðarhús, skömmu eftir að þeir komu vestur, en seldu þau fyrir nál. 2 árum og fluttu þá út á land um 30 til 40 mílur frá Tacoma, og líðar þeim allvel, þrátt fyrir mikil veikindi og ómegð. Því auk veikinda föður Jóns, hefir kona Magnúsar, Sigurdrif, legið rúmföst meira en 2 ár.

Þá hafa þeir J. Baldvinsson, Þ. Borgfjörð og Albert Maxin, komið sér upp stórum og vönduðum íbúðarhúsum. Jón hefir nú unnið um samfleytt 6 ár á sama stað, pípugerðarhúsi, enda mun nú hafa allgóða vinnu og gott kaup. En þeir Þ. Borgfjörð og A. Maxin hafa 2 síðastliðin ár verið "contractors" við að leggja gangstéttir, byggja kjallara og annað steinsteypuverk, og hefir þeim farnast vel.

Yfir höfuð má segja, að Tacoma Íslendingum líði vel, og hafa þó veikindi lagst mjög þungt á suma þeirra á síðastliðnum 2 árum. — Þannig hefir A. Maxin mist 2 börn á þeim tíma (hann á 5 eftir), en kona Zimsens var skorin mjög hættulegum holdskurði, svo enginn hugði henni líf á sama tíma eða skemri, hefir Sigríður, dóttir Sigurdrífar Maxin, mist 2 börn vel stálpuð, auk þess sem önnur veikindi lögðust á börn hennar. Hún er gift hérlendum manni, Hiram Purdy, og bjuggu þau áður í Tacoma, en dvelja nú í Everett. Þ. Borgfjörð dvelur nú sem stendur út á landi, hefir leigt þar jörð um eins árs tíma fyrst um sinn, og dvelur þar hjá honum mágkona hans Elizabet Kristjánsson, ung og efnileg stúlka, en hefir verið heilsuvell um nokkuð langan tíma.

Yfir höfuð una landar þar í Tacoma hag sínum allvel.

Sigurður Magnússon.

Til Goðanna.

Horfið gamla árið er
út í tíða geiminn,
sól hins nýja blíðust ber
birtu yfir heiminn.

Ásgarðs hái alvaldur
aumkva lýði gjörðu.
Sendu mæri mildingur
meira vit á jörðu.

Ó, þú máttki og mikli þór
mjölnir taktu og reiddu,
hlamma láttu höggin stór,
— í heimi hið vonda deyddu.

Ó, þú góði og fagri Freyr,
frjóvgar ársins tíðir
sendu heimi, en hverju meir:
huggun þeim er stríðir.

Og þú blíði Baldur minn,
beztur allra góða,
virztu manna vinurinn
virða í þraut að stoða.

Týr inn djarfi hetjuhug
hverjum manni veiti,
svo þeir stundi dáð og dug
og drengilega breyti.

Láttu hornið Heimdallur
hvellum rómi gjalla,
vek til iðju voldugur
vérða lata alla.

Njörður dýrri náð oss af
nægu auðlegð gefi.
Stóra funa, storm og haf
stilli þrátt og sefi.

Sonur Baldurs svífðu að grund
svo að vaxi friður, —
sittu á hverjum seggja fund
að setja þrætur niður.

Bragi, þig, sem bjóst til óð,
bið ég nú að styrkja
suma af þeim, er semja ljóð
og segjast kunna að yrkja.

Viðar sýndu vald og mátt,
þá virðar of margt segja.
Konum bæði og körlum þrátt
kendu að kæra að þegja.

Vali, þú ert veglegt goð
og veizt um hernaðs standið,
Veittu öllum styrk og stoð
að stríða fyrir landið.

Ullur kæri, orðastyr
og einvíg hætta láttu,
en hinar aðrar íþróttir
efla og styrkja máttu.

Heyrðu, blindi Höður minn,
heilla að njóti mengi,
skjóttu ekki í annað sinn
okkar beztu drengi.

Hygni Loki, hrekkvís þóg,
hitta á ráðið gjörðu,
svo lymsku svikin, lýgi og róg
lýðir missi af jörðu.

Tágnar góða gyðjan Frigg,
gæfu manna er styður,
sendu hverjum álmaygg
auðnu af hæðum niður.

Blíð og fögur, helg og há
himinborna Freyja,
littu náðaraugum á
þar unnast sveinn og meyja.

Iðunn blíða, öllum kær,
einkum þeim, sem ljóða,
aldurhnigna endurnær
með eplinu þínu góða.

Saga mín á Sökkva bekk,
sem færð lýða hylli,
kendu hverjum rýndum rekk
að rita af list og snilli.

Gaktu um heimsins æfiár
Eir á milli lýða,
læknaðu allra ýta sár,
oft er kunna að sviða.

Gefjon, þú hin göfga mey,
gættu að hvað ég skrafa:
Láttu stúlkur andast ei
áður en gifst þær hafa.

Fulla veittu oss vinskap þinn,
virztu hjá oss standa.
Láttu illu launráðin
lýð ei koma í vanda.

Dragið saman Sjöfn og Loin
sveina og meyjar friðar,
og kyndið rauðan ástar ofn, —
það ei mun vænna síðar.

Vör æ sittu hógvær hjá
og hlýddu á málin trygða.
Hefndu þeim og hiklaust á
heitorð sín er brigða.

Láttu sýn, þá dagur dvín,
drengi ei úti bíða,
Æ, lokaðu ekki, ljúfan mín,
leyfðu þeim inn að skríða.

Hlín, æ gættu, góð og dygg,
og geymdu þeirra manna
við hættum sem vill forða Frigg,
frægust allra svanna.

Snotra kendu ljúfum lýð
lipran framgangsmáta,
eins að brúka orðin blíð,
en ekki stórt að láta.

Gná in fagra, er boðskap berð
um bjarta himinvegínn,
fræddu oss, þá ert á ferð,
um eitthvað hinumegin.

Leggíst þið nú öll á eitt
okkur hjálp að veita.
En ef þið megnið ekki neitt
annars bragðs skal neyta.

Árið nýja óska ég þjóð
auð og blessun færi.
Svo ég þennan enda óð, —
eigðu og lestu hann kæri.

Jónas J. Danielsson.

ALDREI SKALTU geyma til morguns sem hægt er að gera í dag. Pantið Heimskringlu í dag.

WINNIPEG Business College
Cor. Portage Ave and Fort St.
FÉKK FYRSTU VERÐLAUN Á SAINT LOUIS SÝNINGUNNI.
Dag og kveld-kensla. Leitið fullra upplýsinga og biðjið um vorn nýja pappírshnífi ókeypis. Vér kennum enska tungu.
M. E. MACKEY, Skrifari

MARKET HOTEL
146 PRINCESS ST. á móti markaðnum
P. O'CONNELL, eigandi, WINNIPEG
Bestu tegundir af vínföngum og vindl um, aðhlynning góð, húsið endurbætt

JOHN DUFF
PLUMBER, GAS AND STEAM FITTER
Alt verk vel vandað, og verðið rétt
864 Notre Dame Ave. Phone 3815
Winnipeg

Strathcona Hotel
Horni Main og Rupert Str. Nýbygt og ágætt gistihús; Gest um veitt öll þægindi með sanngjarnasta verði. Frí keyrsla til og frá öllum járnbr. stöðvum. Beztu vín og vindlar; og herbergi og máltíðar ágætar.
McLaren Brothers
EIGENDUR

Hotel Pacific
219 Market Street Winnipeg | H.M.Hicks Eigandi Manítoba
Telephone 1338
Ný-endurbætt og Ný-tízku hús í alla staði. Viðskifta yðar óskast virðingarfylst.
$1.25 a Dag

$1.50 Á DAG
Besta $1.50 gistihús í Winnipeg
BRUNSWICK HOTEL
Horni Main St. og Rupert Ave.
Besta borðhald; Hrein og Björt Herbergi; Fínustu Drykkir og Bestu Vindlar. Ókeypis Vagn mætir Öllum Trainlestum. Reynið oss þegar þú ert á ferð.

og heldur föstum trjástofnum jafnt og fínustu rótartaugum. Hinar hvítu, mögru hendur, er höfðu annast þau, voru nú kaldar og komnar í mold. — Enn sem komið var, söknuðu þau samt einskis í, því í margar undanfarnar nætur hafði rignt mikið, — og nú stóðu mörg þeirra í fullum blóma, og lagði frá þeim sterkan ilm.

Felicitas þrýsti andliti sínu fast upp að glerhurðinni og horfði inn í útbygginguna. Prjónarnir lágu hjá körfunni, alveg eins og þeir höfðu verið lagðir þar, til þess rétt strax að taka þá aftur. — ofan á gleraugunum lá opin bók. Hin unga stúlka las með hrærðu hjarta nokkrar línur. Hin síðasta andlega nautn Cordulu gömlu var ræða Antoníusar í Júlíus Cesar, eftir Shakespeare. — — — Þarna yfir frá, í daglegu stofunni, stóð hljóðfærið, og við hlið þess stóð glerskápurinn tómur. Hann hafði án nokkurrar mótstöðu látið ræna sig innhaldinu, — hin dýrmætá sönglög voru nú orðin að ösku. Samt gætti hann nokkurs af því, sem honum var trúað fyrir svo vel. — — — Felicitas mundi nú alt í einu eftir, að frú Heilwig hafði árangurslaust leitað eftir silfurmunum Cordulu gömlu. Hún hafði verið gagntekin af ótta, — leynihólfið í skápnum hafði eigi að eins inni að halda silfur og skrautgripi gömlu konunnar, heldur líka gráa skrínið, sem stóð þar í einu horninu. — Það verður að dæma á undan mér, hafði gamla Cordula sagt. — En nú var búið að eyðileggja leggja það. Fyrir enga muni mátti það falla í hendur erfingjanna. Og þó hafði gamla konan aldrei getað fengið sig til að brenna það. Að öllum líkindum var það til enn þá. Ef skýrt væri nú frá í erfðaskránni, hvar silfurgripirnir væru, — þá komst leyndarmál það í ljós, sem gamla einsetukonan af öllum kröftum hafði reynt að halda leyndu fyrir heiminum. Nei, það mátti eigi svo búið standa.

Glerhurðin var lokuð að innan, Felicitas braut eina rúðuna, og greip eftir lokunni. Hún var ekki fyrir, en dyrnar voru lokaðar, og lykillinn hafði verið tekinn í burtu. Hvílík hræðileg uppgötvun! Hin unga stúlka fyltist óstjórnlegri bræði gegn örlögunum, er gripu þannig fram fyrir hendur hennar, þegar hún ætlaði að framkvæma vilja Cordulu frænku. — Saman við söknuðinn eftir hina framliðnu, blandaðist nú ótti fyrir því, hvernig þetta mundi fara, Skyldi innhald skrínsins hreinsa í burtu blett þann, er hvíldi á gömlu jómfrúnni, eða skyldi það kasta enn þá hyndardómsfyllri og sterkari skugga yfir æfi hennar?

Hún skar nú í flýti fagran blómvönd, tók nokkra jurtapotta með Aurikler, uppáhaldsblómi Cordulu, og gekk í brott sama veg og hún var komin, — mikl þurgbúnari og áhyggjufyllri en áður.

Nú átti hin unga stúlka orðið þrjár grafir úti í hinum stóra, þögula kirkjugarði. — Þar þrjár mann eskjur, er hún hafði unnað hugástum, hvíldu nú skauti jarðarinnar. Um leið og hún lagði blómin á leiði Cordulu, leit hún gremjufullum augum til himinins. — Nú var ekki hægt að svifta hana neinu. Af föður sínum hafði hún ekkert fétt í mörg ár, — trúlegast, að hann væri fyrir löngu dáinn og grafinn í ókunnu landi. — — Þarna stóð skrautlegur minnisvarði. Á honum stóð með gullnu letri nafnið Friðrik Heilwig. — Og þarna, — hún gekk að gröf móður sinnar. Gamla jómfrúin hafði nú í níu ár samfleytt séð um, að leiðið væri skreytt fögrum blómum um sumartímann, en í dag hafði grafsteinnin verið tekinn ofan af gröfinni og lagður til hliðar. Hinrik hafði fyrir nokkrum dögum verið að tala um það, að það þyrfti að sögra upp letrið, er var farið að mást. Það var því víst samkvæmt boði hans, að steinninn var tekinn í burtu. Hingað til hafði hann verið svo djúpt grafin niður í jörðina, að aðeins mátti lesa

nafn hinnar framliðnu. — "Meta d'Orlowsky", las Felicitas með tárvot augu. — En þarna neðar stóð annað nafn: — "Fædd von Hirschsprung frá Kiel". Það var orðið töluvert máð, en þó enn þá svo greinilegt, að vel mátti lesa það.

Felicitas varð hugsi. — Þetta nafn hafði staðið á sönglagi Pachs, — það hlaut að hafa tilheyrt hinni gömlu aðalsætt, hverrar nafn stóð grafið á hvern vegg í hinu gamla kaupmanna húsi. — Hve undarlegt virðist þetta vera? Á litla silfurinnsiglið, sem Felicitas fann fyrir löngu síðan í kistu sinni, var greiftur hjörtur. Hinir síðustu niðjar hinnar göfugu ættar, er urðu að taka sér nál og þráð í hönd, voru fyrir löngu útdauðir. Hinrik hafði þá er hann var barn, þekt hinn síðasta með þessu nafni. Hann var stúdent og hafði dáið ungur og ókvæntur í Leipzig. — Þó hafði komið fyrir fjórtán árum síðan að norðan ung kona, er hafði þá er hún var stúlka borið þetta nafn, og haft hjört í skjaldarmerki sínu. Hafði þá einhverntíma ein grein af hinum gamla Thuringen ættstofni kvíslast frá og horfið í brott? — Þú drambláti riddari, er lézt setja líkneskji þitt á steinflötinn hjá hina gamla kaupmannshúsi, — ris upp úr gröf þinni og gakk á mill grafsteinanna. Á sumum þeirra stendur ættarnafn þitt. Undir þeim hvíla menn, er urðu að vinna, til þess að afla sér viðurværis. — En þú eftirskildir niðjum þínum völd og auðæfi, er vara skyldu að eilífu, og þú sagðir skilið við þennan heim í þeirri trú, að niðjar þínir þyrftu aldrei að saurga hendur sínar á vinnu, Gakk þú nú að þessari gröf. Hér undir hvílir einn afkomandi þinn, kominn langar leiðir að. Atvinna hennar var þó ólíkt harðari en hinna, því hún mætti fyrirlitningu. Hún varð að noma fram sem loddari, og fyrir sjónhverfingaleik sinn lét hún lífið. — Þú hefir víst ekki hugsað um fallvaltleik þessa heims, — hvorki í

veraldarsögunni eða í lífi einstaklingsins. — Hérna gnæfir bylgja og þarna myndast hyldýpi, — að eins til að sýna, hve mikill mismunurinn getur verið.

Skyldi Felicitas þá eiga móðurættingja á lífi? — Hún svaraði sér sjálf með bitru brosi: Þeir voru í það minsta ekki lengur ættingjar dóttur Metu d'Orlowsky. — Tvívegis hafði verið spurt eftir þeim í blöðunum og þeir ekki gefið sig fram. Að líkindum hafði þessi ættleggur haldið sínum forna heiðri, þangað til ein dóttirin gaf loddaranum hönd sína og hjarta. Henni var útskúfað af ætt sinni, og naut ekki lengur frægðarljóma hennar. Og eitt var víst: Barn hennar mundi aldrei koma á það heimili, er opinberlega vildi ekki kannast við konu loddarans.

XX.

HIÐ EINMANA GRENITRÉ.

Felicitas yfirgaf nú kirkjugarðinn og gekk aftur til bæjarins. Rósa og Anna litla biðu hennar út í garðinum. Síðarmeir ætlaði svo frú Heilwig að koma og borða kveldverð með barninu. — Gamla frúin var nú hér um bil búin að ná sér aftur, en var samt sjaldan heima. Það var sem henni findist hún mega til með að heimsækja og eiga tal við fólk sér til dægrastyttingar þar til sonur hennar kæmi heim aftur.

Það leit út fyrir, að hún vilji sem fyrst gleyma því, að Felicitas hafði komið að banasæng Cordulu frænku. Henni kom ekki til hugar, að þær hefðu haft neitt saman að sælda, heldur áleit hún, að for-

LEIÐBEININGAR--SKRÁ
YFIR ÁREIÐANLEGA VERZLUNARMENN Í WINNIPEG

MUSIC OG HLJÓÐFÆRI

CROSS, GOULDING & SKINNER, LTD.
323 Portage Ave. Talsími 4413

MASON & RISCH PIANO CO., LTD.
356 Main Street Talsími 480
W. Alfred Albert, íslenzkur umboðsmaður

WHALEY ROYCE & CO.
356 Main St. Phone 265
W. Alfred Albert, bóðarþjónn.

VÍNSÖLUMENN

GEO. VELIE.
Heildsala Vínsali. 185, 187 Portage Ave. E.
Smá-sölu talsími: 352. Stór-sölu talsími 461

STOCKS & BONDS

W. SANFORD EVANS CO.
326 Nýja Grain Exchange Talsími 3696

Til Carl J. Olsons.

„Á Qu'Appelle og Pipestone" — heitir ritsmíði nokkurt, sem herra Carl J. Olson hefir látið 9. númer Sameiningarinnar sl. flytja lesendum sínum. Af því að þar er farið fáeinum orðum um bygð okkar í þessu greinarkorni, langar mig til að biðja þig, herra ritstjóri, að ljá mér rúm í þínu heiðraða blaði, ef verða mætti, að þeir, sem lesa áðurnefnda grein, vildu líta öðruvísi á sumt af því, sem þar er sagt, en herra Carl J. Olson sýnist eðlilegt til.

Það sannast berlega á honum gamla máltækið: Að fáir bregða því betra, ef þeir vita það verra. Og þó skyldi maður imynda sér, að hið heiðraða kirkjufélag sendi prestlinga sína út um bygðir okkar til einhvers þarfiegra en að skrifa óþregissögur um þær á eftir í aðalmálgagn þess, — þó menn séu ekki allir svo leiðitamir, að segja já og amen við öllum þeirra fjarstæðum.

Það skal strax tekið fram, að hér í bygð er fráleitt eins ákjósanlegur félagsskapur og gæti verið, og get ég hugsað, að það mætti um fleiri bygðir segja. En að slíi því fram af manni, sem hefir að eins verið hér nokkra daga við og við, að hér sé hver höndin upp á móti annari og hér geti enginn félagsskapur þrifist, — mundu fáir leyfa sér að segja af þeim, sem hafa verið hér í sl. 15 til 20 ár, og get ég fært rök að því nær sem herra Carl J. Olson vill. Og sízt finst mér, að herra Carl J. Olson hefði átt að láta sér detta í hug að segja þetta, þar sem hann einmitt veit það gagnstæða, ef hann man rétt hvað kom fram við sálúan hann, við síðustu guðsþjónustu, sem hann hélt hér. Því aldrei hefi ég fundið bygðarmenn betur samhuga og standa betur hver með öðrum í einingu og einmitt þá. — Því var mál með vexti, að það mun hafa verið útrunninn sá tími, sem söfnuðurinn hér hafði ráðið herra Olson til að gera prestsverk hjá sér. En einhverra orsaka vegna, var hann til með að vera einn eða tvo sunnudaga lengur, — hefir líklega sýnst og heyrst, að enn þá væru nokkuð margir, sem erfitt ættu með að fallast á allar hans fjarstæður, og því viljað reyna eins lengi og hægt væri. — Jæja, í fáum orðum sagt, bauðst hann til að messsa hér einn eða tvo sunnudaga lengur. Mig minnir, að forseti hæri þetta upp strax eftir messu, og var þá eins og vant var meiri hluti bygðarmanna viðstaddur. En, viti menn, enginn sagði orð, að undanskildum ókunnum manni, — og var að sjá, að menn vildu ekki skaprauna vesalings Olson með því, að hafa orð á því, að þeir væru búnir að fá hjartanlega nóg.

Já, Olson minn, það þarf sýnilega meira en sjálfsálitið tómt til að hamra inn í okkur gömlu karlana óskeikulum innblástri biblíunnar, eða að Ingersoll, með öllum hans meira enn gullvægu kenningum sé líklegur til að sitja nú á vonda staðnum. Það er ekki nóg, að segjast kenna náðarboðskap Jesú hreinan, því ég hild ekki, að að greinarstúfurinn í Sameiningunni sé af sama toga spunninn og hann kendi. — Annars er það auðlesið út úr grein þinni, að þú hefir verið í skemu skapi, þegar þú skrifaðir hana, og er það eitt út af fyrir sig, sem nauðsynlegt er ungum mönnum, að mér finst að reyna að stilla svo skap sitt að það ekki hlaupi með þá í gönur.

En einu getum við verið upp með okkur af, hérna í litlu bygðinni okkar, að þú veitir okkur þann heiður, að setja okkur á bekk með einhverjum mestu guðfræðingum Íslands, nánilega biskupi Þórhalli og séra Jóni Helgasyni, og virðist mér það mjög skynsamlegt hjá þér, að koma öllu í eina bendu, sem þér lá á hjarta í það sinn. En viðvíkjandi kirkjusókninni okkar hérna, er það að segja um mig, að ég hefi ætíð gaman að koma á mannfundi og hlusta á það sem fram fer, þó stundum sé ekki mikið á því að græða.

Skrifað í Tantallon á þorláksmessu 1908.

Jón Ísfjörð.

Hugsanir skepnanna
(sem maðurinn kvelur á gaddinum).

Ég veit hann hefir veglegt mál
og verka stóran hring.
En á maðurinn enga sál
og enga tilfinning?

Ég veit hann hefir vit og mál
og vandlætinga-haus.
Hann hefir einnig harða sál, —
er hluttekningarlaus.

Hann veit að ég á ekkert mál.
— Ó, hve frostið sker! —
Mér finst hans vera freðin sál, —
sem fæturnir á mér.

Að vörum her hann varma skál
í veislum gleður sig,
Hans finnur ekki fanta-sál,
hve frostið kvelur mig.

Ég bið að megi batna þel
þess blinda og harða manns.
Þótt léti hann mér líða vel
ei léttist pyngjan hans.

R. J. DAVÍÐSSON

Arena Rink
Skautaskemtun á hverju kveldi. Ágætt Music
JAMES BELL, eigandi

Íslands fréttir.

Christjansen, fyrrum skipstjóri á Laura, er látinn. — Séra Jón Helgason hefir fengið konungsveitingu fyrir forstöðumanns embætti prestaskólans. — Sigurður Simonarson á Hofsós, einhleypur og velstæður, réð sér bana í byrjun des. sl. — Fyrsti snjór kom á sl. hausti á Norðurlandi mánuði fyrir jól. — Eitt þúsund íslenzkir hest ar hafa verið fluttir utan á sl. ári — mest til Danmerkur. — Íbúatala Ísafjarðar kaupstaðar er nú orðin yfir 1800 manns. — Vinfluttningsbann í Norður-Ísafjarðarsýslu samþykt með 205 atkvæðum gegn 37, 17 atkv. ógild. — 1 hríðarbylnum 27. nóv. sl. misti Einar bónd Gottsveinsson í Hjarðarnesi á Kjalarnesi meginið af sauðfé sínu í sjóinn. — Gamlir peningar, 41 að tölu, fundust í haust í jörðu í Geldingaholti í Skagafirði. Elztur þeirra er þýzkur peningur frá 1588. — Kirkjan að Reykjum í Ölfvsi fauk í ofsaveðri 27. nóv. sl., færðist 16 fet af grunni og valt um. Um sama leyti brotnuðu 2 vélabátar að Bakka í Arnarfirði. — Góður afli og gæftir á Siglufirði í byrjun des. sl. — Jón Laxdal, fyrrum verzlunarstjóri, er orðinn konsúll Norðmanna á Ísafirði. — Tíu ungir og einilegir Íslendingar fórust með skipinu "Golden Hope" á leið frá Íslandi til Englands, í nóv. sl. Skipið var farmt vörum. Allir þessir menn voru ættaðir úr og í grend við Reykjavík og heimilisfastir þar. — Gufubátunn 'Geraldine', sem verið hefir í mæðiferðum á Breiðafirði í sumar, sökk 28. nóv. sl. út af Snæfellsnesi. Hafði stýrið brotnað í ofsaveðri 2 dögum áður, svo skipið hrakti fyrir sjónum. Blindhríð hafði verið og ofsastormur og öldugangur mikill. Leki kom upp í skipið svo eldur dó undir gangvélinni, en skipverjar stóðu í austri 27 klukkustundir samfleytt. Enskur botnvörpungur bjargaði skipshöfninni, með illan leik og 3 farþegum, sem á bátnum voru. Áður höfðu þó 3 menn á skipinu orðið lausir við það í smá bát einum, og eru menn hræddir um, að þeir hafi farist. Í þessu sama ofveðri skemdist fjöldi botnvörpunga fyrir Vesturlandi, og 1 botnvörpungur fórst algerlega með allri áhöfn. — Látinn er Jón Biarnason á Galtafelli í Hreppum, faðir Einars myndhöggvara. — Fjórir norðlenzkir glímukappar, Jóhannes Jósefsson, Jón Helgason Jón Pálsson og Kristján Þorgilsson, hafa verið ráðnir til að sýna list sína um mánaðartíma í Edinborg og Newcastle. Þaðan halda þeir til Gautaborgar í Svíþjóð og sýna þar um mánaðartíma — Ákveðið er, að koma upp gasframleiðslu í Reykjavík til hitunar og ljósa í húsum borgarinnar. — Versta ofsaveður, sem menn muna að komið hafi um sl. 20—30 ár, varð á Ísafirði þann 24. nóv. sl., og olli það miklum skemdum í Ísafjarðar kaupstað. Sjórinn veltist inn yfir bæinn, svo að margir bátar, sem stóðu á landi uppi, brotnuðu í spón. Einn vélabát rak á land og brotnaði hann í spón. Skemdir urðu og á ýmsum húsum er nærri stóðu sjónum. Sjórinn mölvaði gat á kjallara eins þeirra og fylti hann og skemdi matbjörg, sem í honum var. Einnig reif sjórinn grunn undan öðru húsi og gerði ýmsar aðrar skemdir.

Það kostar minna en 4 cent á viku

að fá HEIMSKRINGLU heim til þín vikulega árið um kring. Það gerir engan mismun hvar í heiminum þú ert, — því HEIMSKRINGLA mun rata til þín. Þú hefir máske heyrt að "blindur er bóklaus maður", en ef þú mátt missa 4c. á viku fyrir HEIMSKRINGLU þá verður þú hvorugt. 4c. á viku eða $2 um árið. Skrifið eftir Hkr. nú þegar, til P. O. Box 3083 Winnipeg, Man.

SAMTAL A. OG B.

Annar á leið á pósthúsið, hinn að koma þaðan.

A.—Góðan daginn.

B.—Góðan daginn. Hvað er í fróttum kunningi?

A.—Ég hefi ekki neinar fréttir að segja. Þær eru allar í henni Heimskringlu eins og vant er. Já, það er líka satt, þú ert náttúrlega einn af þeim mörgu kaupendum hennar. Svo á það líka að vera, lagsmaður.

B.—Ég þykist vita, að þú kaupir hana líka, fyrst þú talar svona vel í hennar garð?

A.—Já, það segi ég satt, og þykir engin vanvirða í því, Ég tala ekki meira eða betra í hennar garð en hún á skilið Ég álít hana blátt áfram ómissandi fyrir okkur smælingjana.

B.—Hvers vegna?

A.—Vegna þess, að hún er okkar varnarblað. En hvað ertu að burðast með þarna upp á vasann?

B.—Það eru leyfar af honum "—bergi".

A.—Heldurðu svona mikið upp á hann, að þú berir hann með þér, hvert sem þú ferð?

B.—Ó, ég stakk þessu ríðildi í vasa minn, ef ég skyldi þurfa að gripa til þess áður en ég kem heim.

A.—Kaupir þú hann líka?

B.—Nei, ég keypti hann fyrir nokkrum árum, jafnhliða "Kringlunni", til þess að sjá mismuninn á þeim.

A.—Hæ, hæ! Þetta gerði ég líka fyrst, en nú er ég hættur við "—bergið", en held áfram "Kringlunni". Þótt hún sé dálítið brellótt stundum, þá ýfir hún þó við ýmsum kaunum, og læknar margar mannsemdir, þótt vondar séu viðureignar. Ég vona því fastlega, þrátt fyrir alt og alt, að þú fylgir mínu dæmi og haldir áfram að kaupa "Kringluna", og svo ættu fleiri að gera, ef þeir vita sinn vitjunartíma, og meta nokkurs eigin hagsmuni sína. — Vertu svo í guðsfriði, B. minn. Við hittumst máske seinna.

DR. H. R. ROSS
C.P.R. meðala- og skurðlækir.
Sjúkdómum kvenna og barna veitt sérstök umönnun.
WYNYARD, — SASK.

K-J-Ö-T.
"Ef það kemur frá Johnson, þá er það gott"
C. G. JOHNSON, Kjötsali,
301 Sherbrooke St. Talsími 2681.

Russell A. Thompson and Co.,
Cor. Sargent & Maryland St.
Selja allskonar MATVÖRU af beztu tegund með lægsta verði. Sérstakt vörurval nú fyrir Jólin! —Vér óskum að Íslendingar vildu koma og skoða vörurnar. Hvergi betri né ódýrari.—
Munið staðinn:—
HORNI SARGENT AVE. OG MARYLAND ST.
PHONE 3112.

Með því að biðja sérlega um "T.L. CIGAR," þá ertu viss að fá ágætan vindil.
T.L.
(UNION MADE)
Western Cigar Factory
Thomas Lee, eigandi Winnipeg

Redwood Lager og Extra Porter
Styrkið
taugarnar með því að drekka eitt staup af öðrum hvorum þessum ágæta heimilis bjór, á undan hverri máltíð. — Reynið !!
EDWARD L. DREWRY Manufacturer & Importer Winnipeg, Canada.

Department of Agriculture and Immigration.
MANITOBA
Þetta fylki hefir 41,169,089 ekrur lands, 6,019,200 ekrur eru vötn, sem veita landinu raka til akuryrkjuþarfa. Þess vegna höfum vér jafnan nægan raka til uppskeru tryggingar.
Ennþá eru 25 miliónir ekrur óteknar, sem fá má með heimilisrétti eða kaupum.
Íbúatala árið 1901 var 255,211, nú er hún orðin 400,000 manns, hefir nálega tvöfaldast á 7 árum.
Íbúatala Winnipeg borgar árið 1901 var 42,240, en nú um 115 þúsundir, hefir meir en tvöfaldast á 7 árum.
Flutningstæki eru nú sem næst fullkomin, 3516 mílur járnbrauta eru í fylkinu, sem allar liggja út frá Winnipeg. Þrjár þverlandsbrauta lestir fara daglega frá Winnipeg, og innan fárra mánaða verða þær 5 talsins, þegar Grand Trunk Pacific og Canadian Northern bætast við.
Framför fylkisins er sjáanleg hvar sem litið er. Þér ættuð að taka þar bólfestu. Ekkert annað land getur sýnt sama vöxt á sama tímabili.

TIL FERDAMANNA:

Farið ekki framhjá Winnipeg, án þess að grensl ast um stjórnar og járnbrautarlönd til sölu, og útvega yður fullkomnar upplýsingar um heimilisréttarlönd og fjárgróða möguleika.

R. P. ROBLIN,
Stjórnarformaður og Akuryrkjumála ráðgjafi.
Skrifið eftir upplýsingum til
Joseph Burke, 178 LOGAN AVE., WINNIPEG. Jas. Hartney 77 YORK ST., TORONTO.

vitni ein hefði ráðið ferðum hinnar ungu stúlku, — Ef öðruvísi hefði staðið á, mundi hún hafa hegnt þess harðlega, — en vegna hins, er bar við það sama kvöld, áleit hún skynsamlegast, að það gleymdist sem fyrst.

Felicitas var ekki lengi á leiðinni frá kirkjugarðinum. Þegar hún gekk fram hjá skemtigarði frú Frank staldraði hún við og dró anndann djúpt, gekk svo hvatlega að hliðinu, eins og hún hefði nú ráðið við sig hvað gera skyldi, og lauk því upp.

Í garðinum hitti hún frú Frank. Hún sagði henni strax, að hún óskaði eftir að komast í vist á einhverju góðu heimili.

"Viljið þér segja mér, hvað þér getið gert, barnið mitt?" spurði frúin og leit framan í Felicitas hinum greindarlegu augum sínum, er líktust svo mjög augum sonar hennar.

Felicitas eldroðnaði. Nú átti hún að skýra frá kunnáttu sinni, sem hún hangað til hafði haldið svo leyndri, og trana þekkingu sinni fram álíka og kaupmenn vörum sínum. — Henni fóll það illa, en það varð þó að gerast.

"Ég ímynda mér, að ég geti kent bæði frönsku og þýzku, veraldarsögu og landfræði", mælti hún hikandi. "Líka hefi ég aft mig í dráttlist. Fullkomna þekkingu í tónfræði hefi ég ekki, en ég veit þó nokkurnvegin, hvernig heita skal röddinni". — Frúin leit upp stórum augum af undrun. — "Svo get ég þvegið og skúrað þvottinn og gert alla grófari vinnu sem fyrir kemur".

Auðheyrt var, að hin unga stúlka taldi upp þá síðastnefnda með meiri djörfung en hið fyrtalda.

"Hér í okkar góða bæ óskið þér vist ekki að vera?" spurði frúin fjörlega.

"Nei, mér fellur ekki vel, að dvelja hér um langan

tíma, en vinir mínir eru grafnir hér, — svo strax óska ég ekki heldur eftir að fara héðan".

"Nú, — þá skal ég segja yður nokkuð: Systir mín í Dresden hefir lagsmeyju, er ætlar að giftast eftir sex mánuði, — ég skal koma yður fyrir hjá henni, og þangað til dveljið þér hjá mér. Eruð þér ásáttar með það?"

Felicitas kystu þakklátlega og forviða hönd hennar. — Svo rétti hún sig upp og leit biðjandi framan í hana.

Yður langar víst til að biðja mig einhvers? Úr því við ætlum að dvelja saman langan tíma, þá megum við um fram alt til að vera hreinskilnar hvor við aðra. Segið mér það", sagði frúin gláðlega.

"Mig langar til að biðja yður að ætla mér eitthvert víst verk á heimili yðar, hvað svo auðvirðilegt sem það kann að verða, og þó tíminn verði ekki langri en þetta. Eitthvert ákveðið verk", sagði Felicitas djarflega og kvað fast að orðunum,

"Alveg rétt, — ég skil yður! Þér eruð orðnar þreyttar af að borða náðarbrauð. — Látum okkur nefna hlutina sínu rétta nafni. — Og þér hafið líklega þar á ofan orðið að vinna nokkuð hart fyrir því?"

Felicitas kvað það satt vera.

"Nú, — í jafn erviðri stöðu verðið þér ekki hjá mér, mitt kæra, stórláta barn. Ég ræð yður hér með til að vera lagsmeyja mín. Náttúrlega þurfið þér ekki að þvo eða gera hin grófari verkin, en oft mun ég þó biðja yður, að líta eftir hinu og öðru í eldhúsinu, því ég og Dóra mín gamla erum farnar að lýjast. Samþykkið þér þetta?"

"Já, með glöðu geði". Og í fyrsta skifti síðan dauða Cordúlu frænku, lék ofurlítið bros um hið alvarlega andlit hennar.

Ofurlítill sólargeislí, er skein á grængresið í for-

sælugöngunum, hvarf nú alt í einu. Það var komið kveld. Felicitas varð að vera komin í garðinn, áður en frú Heilwig kæmi þangað, og bað hún því um leyfi, að mega nú fara. Frúin tók vingjarnlega um hönd hennar, og strax var Felicitas komin yfir í hinn garðinn, og tók Önnu litlu á handlegg sér. — Rétt þar á eftir kom Friðrika, og bar hún stóra og þunga körfu með kveldmatnum í, og virtist vera staðuppgefin.

"Þau eru komin fyrir einum klukkutíma síðan", sagði hún og náði varla andanum um leið og hún setti körfuna frá sér. Það er víst, að aldrei hefir önnur eins óregla komið fyrir á okkar heimili eins og í kveld", bætti hún við í vondu skapi. — "Þegar vagninn kemur eftir torginu, segir frúin við mig, að nú verði borðað heima í húsinu í kveld, og ég trúi þessu og þý alt undir það, — svo alt í einu vill prófessorinn endilega fara út í garðinn, og ég verð þarna að taka alt saman upp aftur og bera það út hingað".

Því næst hljóp hún að einu beðinu og skar upp nokkur sarlatblóð.

"Það hefir þó gengið talsvert mikið á heima, — það var ljóti gauragangurinn!" sagði hún lágt við Felicitas, er stóð við hlið hennar í eldhúsinu og hjó út salatið. — "Frúin var varla búin að heilsa honum þegar hún fór að tala við hann um erfðaskrána. — — Heyrðu, Karólína, jafn bandvitlausa og í dag hefi ég aldrei séð húsmóður okkar, — en það var líka ósköp heimskulegt, að beyra til húsbóndans. Getur þú ímyndað þér það? Hann sagði, að gamla frænka hefði lífið á heimilinu sem útskúfuð vera, og enginn af ættinni hefði kært sig um, hvort hefður hún var lifandi eða dauð, og hann gæti því ekki séð, hvers vegna hún hefði átt að ánafna þeim peninga sína, sem hefðu fyrirlitið hana. — Hann hefði aldrei á æfi

sinni ímyndað sér, að hann myndi erfa hana. — Og svo þegar frúin rétt í svip lét munninn aftur, þá spurði hann strax eftir, hvort öllum hér hefði liðið vel á meðan hann var burtu. — Mér finst hann hafa beyzt svo fjarska mikið í ferðinni. — Og vesalings náðuga frúin varð svo dæmalaust sneypt og lúpuleg".

Að vanda ansaði Felicitas engu orðum gömlu kerlingarinnar. Síðar meir sottist hún við vinnu sína undir hnetutréð, og litla Anna lék sér á fletinum umhverfis. Úr sæti sínu sá hún í gegnum rauf í kjarrgirðingunni að garðshliðinu. Grandahurðin var úr steyptu stáli, og bæggja megin uxu rósarunnar í Indíðargöngunum innan við hliðið. Þar var alt eð hálfdjart, og sló grænum lit á rökkurbirtuna. Hin unga stúlka hafði ávalt aðhylst þennan stað. — Margar manneskjur hafði hún séð ganga út og inn um þetta hlið, — ástvini sína, sem hún í fyrri daga hljóp hlæjandi á móti, og einnig líka manneskjur, er henni stóð stuggur af, og hún varð fegnust að sjá fara í brott sem fyrst. — En aldrei hafði hún orðið jafn óttaslegin, — henni finst sem væri hún stungin í hjartað, — og nú, er hliðinu var lokið upp og prófessorinn ásamt móðir sinni og ríkistórafrúnni gekk inn í garðinn — — En hvað svo sem þurfti hún að hræðast? Frú Heilwig lét alt af sem hún sæi hana ekki, og hann, sem gekk þarna, hann var hættur við, að reyna að snúa loddaradótturinni! Samkvæmt skoðunum hans, var hún úrhrak! Manneskjan, er heimurinn hafði barnfærst!

Friðrika hafði sagt henni, að hann væri mikið umbreyttur, og Felicitas áleit, að hún hefði rétt fyrir sér í því. Framkoma hans var nú alt önnur en áður. — Þó að hann vanalega sýndist þurlegur og hirðuleysislegur, — maður, sem aldrei lóti sér ant, — þá gat Felicitas með sínum beztu vilja ekki álitið

Bréf til Heimskringlu.

Í síðasta blaði Heimskringlu þ. 14. þ. m. er löng ritstjórnargrein, sem heitir "Auðsafn Vestur-Íslendinga. Sú grein er óefað ein hin allra merkilegasta blaðagrein, sem birst hefir í íslenzku blaði. Hún fjallar um eigna samanburð á Íslandi og Íslendinga í Ameríku. — Auðsafn Íslands er tekið eftir þrent uðum ríkýrslum þar. En ríkidæmi Vestur-Íslendinga er bygt á áætlunum og kunnugleika. Má vera, að þar hallist upp og niður. En yfirhlátt mun sú áætlun ekki fjarri sanni, í það hei'a tekið. Vel gæti ég trúað því, að Vestur-Íslendingar séu fleiri í Ameríku enn 25,000. Það er talið víst, samkvæmt útflutningsskýrslunum, að yfir 20,000 Íslendingar hafi flutt vestur. En nú mun það nokkuð meir. Nokkurir Íslendingar hafa flutt til Norður-Ameríku frá öðrum löndum enn Íslandi. Fjöldi af þeim, sem frá Íslandi komu, voru þá einhleypir menn og konur, sem gifst hafa í Ameríku, átt mörg börn, og mörg af þeim börnum nú gift, og eiga börn og buru. Eftir því, sem menn best vita, þá eru Íslendingar með langlífustu þjóðum í heimá. — Það er ... í mjög líklegt, að í Ameríku séu ekki mikið innan við 30,000 Íslendingar. Landeignir Íslendinga eru óefað meiri en greinin ráðgerir, og það að mun. Fleiri hundruð Íslendinga í Winnipeg eiga land, og sumir mörg lönd. En þess ber að gæta, að þau eru óyrkt og ekki verðhá. Og ef ég vildi fast um eitthvað í greininni, þá væri það verðið á landeignunum, þar sem ekran er áætluð $17.00. Auð lönd og bygð í sumum héruðum eru seld á $8.00 og upp. Vítaskuld eru lönd Íslendinga sunnan við linuna komin í $35.00 ekran og þaðan af meira. Í Argyle, Pipestone og víðar eru lönd komin í hátt verð. Í Vatnanýlendunum og Norðvesturlandinu, og í þessum sveitum liggja flest lönd Íslendinga, þar fást lönd fyrir 8 dollara ekran og hækkandi.

Gripir og peningar í verkfærum hjá hverjum bónda að lafnaði $1500 held ég að sé alt of lágt áætlað. Margir bændur eiga svo tugum þúsunda skiftir í gripum og verkfærum. Skuldugir eru sumir bændur og það mikið, en fjöldi þeirra er skuldlaus, og nokkurir, sem eiga fé á bönkum og í félögum.

Sjálfsagt eiga Vestur-Íslendingar meira af lífsábyrgðum enn Austur-Íslendingar. Og mörgum Íslendingum hafa þær hjálpað nú þegar.

Hvað skuldum Vestur-Íslendinga við kemur, þá er það erfitt um að segja. Þó hygg ég greinin fari þar ekki langt frá sanni,

Samt verða menn að minnast þess, að töluverðir peningar hafa flutzt frá Íslandi til Ameríku. Og þó peningar hafi verið sendir heim til Íslands, í fargjöld aðallega, þá nema þeir ekki nándar nærri þeim peningum, sem Íslendingar hafa eytt í vesturflutning og komið með hingað. Þó fjöldinn hafi ekkert haft afgangs, þegar hingað kom, þá eru margir, sem komu til Ameríku með töluverðar fjárupphæðir.

Jæja, og hvað verður svo um Íslendinga og auð þeirra í þessu landi? Með tímanum deyja Íslendingar hér út, dragast í hvarf inn í hérlendu þjóðina, og peningarnir með þeim. Eitthvert minnismerki ættu Vestur-Íslendingar að gera sér í gamla landinu, áður enn þeir hverfa því að fullu og öllu. Og fjöldinn af þeim hefir vilja og kraft til þess.

Ef nú til dæmis 300 Íslendingar tækju lífsábyrgð fyrir sínu þúsundinu hver, þá yrði það $300,000, — ánöfnuðu það í sjóð handa Íslandi, og þeim sjóði skyldi það verja til að kaupa landvarnarskip, segja skilið við Dani, og gerast lýðveldi í annað sinn. Þetta ætti að geta átt sér stað eftir 30 ár hér frá. — Með þessu móti yrði nafn Vestur-Íslendinga ódauðlegt meðan lönd bygðust og tungur yrðu talaðar.

Þetta þykir ef til vill stórfeld tillaga, en að því mun draga að Vestur-Íslendingar geri sér fleira til lofs, enn safna peningum. Þeir gera sér það til frama, að verja þeim að litlu leyti frændum og föðurlandi til frelsis og sjálfstæðis. Annars er konunga blóðið að kotungs blóði orðið.

Ég bið með óþreyju eftir að sjá, hvað menn segja um þessa stórmerku grein: "Auðsafn Vestur-Íslendinga". Eftir henni hljótur hver maður að taka. Þar eru orð í tíma töluð, og auka blaðinu traust og álit.

HEIMSKRINGLU MAÐUR.

Prælar Víga-Glúms.

I.

*B*LIKAR á skildi og skrautklæði glæst,
skellur í spjótum og sverðum.
Hjálmarnir glitra sem heiðstirni skært.
Hljómar frá dældum og gerðum:
— Sækja og sigra vér verðum! —
Vígmóður geisar í hamrömmum hug.
Hetjurnar geymdu þann óskifta dug;
aldrei hann ómennin skilja. —
Hreystin varp ljóma á heiðninnar öld.
Hálfkristnin deginum breytti í kvöld;
tvískifti víti og vilja.

II.

Glúmur var mannfærri, hopaði hægt
hugur þótt sylli af bræði.
Margsinnis hafði hann óvinum ægt,
afl þeirra lamað og fjöri ei vægt,
líf hans þótt léki á þræði.
Nú beið hann liðs síns og varði sig vel,
vissi að lífið er dýrra en hel
nema hann sigrinum næði.
Okvíðinn leit hann mót eggjunum blá,
aðgætti ei þúfu, sem bak við hann lá.
Fótanna misti svo fallinn hann lá
flatur á orustusvæði.

III.

Sindraði eldur frá oddmjóum spjótum,
öskraði vopnhvinur þrumandi nótum.
Dauðinn með alvæpni ögrandi stendur —
allar til höggs reiddar fjandmanna hendur.
Ósærð en fallin lá eyfirzka hetjan —
ólánið þarna í skorninginn lét hann.
Þá hefir Glúmi í sefanum sviðið,
sárkalda glottið um varirnar liðið,
ólgað í blóði og brunnið í taugum,
bláköldu frosthöglin stokkið úr augum.

IV.

Tveir voru prælarnir höfðingja hjá,
herra sinn fallin þeir líta.
Yfir hann báðir þeir breiddu sig þá,
banaspjót óvina hamast þeim á,
taugar í tætlur þau slíta.
Glúmi ei hvassyddu geirarnir ná,
grafinn und prælanna búkum hann lá,
grimmir sem benvargar bíta.

V.

Meir höfðu prælar vanist öðrum verkum
en vega menn í tryldum hildarleikjum.
Og líklegt mjög að þeir með vilja veikum
á vígsgrund hafi fótum sínum stigið.
En er þeir sjá að flokks er höfuð hnigið,
þá heitur eldur skín á vöngum bleikum
og hjartað fyllist hugarmóði sterkum,
sem hiklaust leggur út í baðið rauða. —
Hvort munu ei þessir prælar skáka klerkum,
sem þumbast við að kenna sannan dauða?

VI.

Djúp voru sárin, en dýpri var þó
drengskaparlund, sem í prælunum bjó.
Hugsunin brosti þótt sviði þeim sár —
sælan er minningin geymir.
Glitraði á hvörmunum gleðinnar tár,
geislarnir fléttu á hálfluktar brár
orð, sem að enn þá oss dreymir:

VII.

— Vér prælar erum lífi lítils virði
og lífið oss er norna hefndargjöf —
sem skepnan seld að bera þunga byrði
í böndum þrældóms fram að dimmri gröf.
En sama lífsins ljós oss skín sem hinum,
sem lífið skreytti frelsi, virðing seim.
Og sé þeir oss sem vinir sannir vinum
oss vaknar þrá í brjósti að launa þeim.
En Glúmur hefir glatt oss mörgu sinni,
hans göfga móðir vildi oss aldrei þjá.
Því skal oss ljúft að yl hann okkar finni —
að eitthvað gott sé jafnvel þrælum hjá. —
Lif Glúmur heill! vort hinsta orðið biður,
þú hraustrar aldar frjálsa barnið, kært. —
Nú flýr oss lífsins langi, djúpi niður,
en ljúfa kyrðin vefur hjartað sært.

VIII.

Örskömm var stundin, en ægileg var hún.
ei samt af Glúmi í viðskiftum bar hún.
Már var nú kominn með menn sína alla,
mátti sem næst engan liðsmuninn kalla.
Grimmir mót féndum þeir gengu ótraudir.
Glúmur var frelsaður. Prælarnir dauðir.
Spratt hann á fætur og frýjulaust barðist,
frækneega sótti og knálega varðist,
þungur á brúnina; þurfti ekki að hvetja' hann.
Þverárland samt fyrir bardagann lét hann.

IX.

Drúp höfði nútíð, hyl þitt lága merki
svo hneykslir þú ei liðna frægðar öld.
Hvort átt þú geymd aðra eins ást í verki,
sem æ mun ljóma fram á tímans kvöld?
Nei, sjálfkan há er sigurfáni þjóða,
hún sýgur blóð úr hverri lífsins æð.
Hjá þræli, klerki, drotni, lofðung ljóða,
hún leitar blind að sinni eigin hæð.
Og nú ef Glúmi granda fjandmenn vildu,
þótt gengu vinir sitt á hvora hönd,
þeir við hann fallinn fljótt sem elding skildu,
og flýttu sér að ná í Þverárlönd.
Þeir settu í blöðin langa grein um látið
og ljóð um sollið brjóst og augu rauð.
En er þeir hefðu gnægð af tárum grátið
þeir gleddu sig við stolinn dauðs manns auð.

X.

Þið heiðnu prælar, kongar kristnra manna,
þið kunnuð, skilduð lífsins dýpsta mál.
Þið hrópið kenning hæstu spekinganna,
sem heimi færðu ljós og andans bál:
— Finn dýpstu hagsæld inst í annars kjörum,
þá eitt og sama verður líf og hel,
þá spurning nætur gyllist guðasvörum,
en gleðin sanna skín um lífsins hvel.
Þitt þrönga ég og sjálfslíf eigin anna
það alt af býr þér kvöl og verður tál,
því hamingjusnar heill og gildið sanna
er heilög ást, sem tengir sál við sál.
— Gef alt, já, alt, og fylg mér einum eftir,
svo eilíf hrópar röddin kærleikans.
Vér stöndum enn með hönd og huga teftir
og horfum sem í myrkri til þess lands,
sem geymir allar vonir vitringanna
um vor, sem lýsi okkar kalda svörð.
Sem vefji örmum alla menn og svanna
að ástarhjarta lífs á gömlu jörð.

XI.

Hetjurnar fornu, víkingarnir vösku
virtu sitt líf mót auði, heiðri, frægð,
hefnandi alls, sem gramdist geði rösku,
gljúpnandi sízt, né biðjandi um vægð.
Hreystin var þeirra heilög vörn og skylda,
heldögum lofstír, fjöri sæld og þægð.
Tönn fyrir tönn, var kraftmál kappans gilda —,
kristnir menn enn þá nota það með hægð.
Laun, meiri laun! er lífsins endurhljómur.
Launa mér gjöf, er sjálfselskunnar dómur.

XII.

En hver voru launin, er prælarnir þáðu,
er þjáðir við spjótstungur dauðastríð háðu?
Ei veitti það heiður né frægð svona að falla
og féndurna láta sig bleyðimenn kalla! — —
Ó, prælar! Þið tökunum traustustu náðu
á tilfinning æðstri, sem boðar oss alla
á kærleikans friðsæla fund. —
Þið eruð hetjunum hærri
höfðingjum veraldar stærri.
Í hjarta oss lifi ykkar lund:
Sá lifandi neisti,
sem ljósinu treysti;
í læðingi reisti
á náttlöndum vita til vermandi dags. —
Hin sannasta hreysti,
sem sjálfsvitund leysti
úr sfngirnisböndunum einstaklingshags. —
Og ættir þú, Ísland vort, marga þeirra maka,
þá myndi aldrei landið né þjóðina saka.

ÞORSTEINN ÞORSTEINSSON.

Kristján Jónsson, skáld.

Thistle, Utah, 9. des, 1908.

Kæri ritstjóri.

Þegar fyrir stuttu síðan ég var að líta yfir dr. Jóns Þorkelssonar "Supplement til Islandske Ordboger", tók ég eftir, að hérumbil öll hin hugarflugsmestu orð, sem þar eru, hafa komið frá skáldinu Kristjáni Jónssyni, — þá duttu mér stökur þessar í hug:

Mörg ég þekti meiðsl og raun
mína kæru Fóstru hremma,
en eitt hið stærsta kall' eg kaun
að Kristján Jónsson dó svo snemma.

Ef honum hefði á Ísarann
æfitíðin hlotnast meiri
í móðurmál vort hefði hann
hugarblómin plantað fleiri.

Í gráðugt síðan grafarhúm
grimmur dauðinn hann nam leggja
stórt er autt og opið rúm
enn sem neinn ei fyllir seggja.

Unaðar í æðstum sal
allri leystan hrygð og pínum
mentagyðjan mæran hal
munar örmum spennir sínum.

John Thorgeirsson.

Það þarf að bíta vel.

Kæru landar, ef þið viljið fá vel skerptar sagirnar ykkar, þá komið þeim til mín, að 501 Beverly St. Líka skerpi ég skauta, skeggháfa og allskonar eggjárn. — Alt fljótt og vel gert.

G. BERGÞÓRSSON,
501 Beverly St.

Til Kr. Ásg. Benediktssonar.

Oss þú kæri Ásgeir minn
yndis kveðir skýmu,
þá al-íslenzki örminn þinn
okkur flytur rímu.

R. J. Raviðsson

SPURNING. — Hve hart taka lög á því, ef til dæmis hann eða hún gera sig seka í því, að standa á hleri eða gægjum, til þess að forvitnast um, hvað gerist í húsi nágranna sins? Vill ritstjórinn svo vel gera, að svara þessu?

Jónatan heimskl.

SVAR — það mun varða sektum, ef persónan fer inn á eign nágranna sins, til þess að forvitnast með keynd um atferli nágranna sinna. En mjög er það að sjálfsögðu komið undir atvikum, hvern ig dómari líti á það mál, eða hvort hann ákvæði sekt fyrir það velsæmisbrot. Ritstj.

Ferðaáætlanir og Upplestrar-Samkomur

SKÁLDSINS STEPHANS G. STEPHANSSONAR UM BYGÐIR ÍSLENDINGA Í SASKATCHEWAN

THINGVALLA-BYGD, FÖSTUDAG 22. JAN.
Samkoman það sama kveld í suðurhluta bygðarinnar, og daginn eftir, laugardagskveldið 23. jan., í skólahúsi norðurbygðar.

FOAM LAKE, SASK., ÞRIÐJUD. 26. JAN.
Samkoman sama kveld á Akra skólahúsi við Kristnes

WYNYARD, SASK., MIÐVIKUD. 27. JAN.

Hjá LAXDAL P.O., FIMTUD. 28. JAN.
Samkoman verður að Garðarskóla.

Aðgangur að samkomunum 25c. — Samkomurnar byrja kl. 8 að kveldinu, nema öðruvísi verði ákveðið í auglýsingum á hverjum stað.

TIL BJARNA AMTMANNS.

Foldin, sem kend er
við fley Ígultanna,
marga hefir átt sér mæta greppa,
en engan þó betri en amtmann
Bjarna.
Skreytti hann yrki sín skrúða mál-
snildar,
eins og þar væri annar Dante.

Gróa Sveinsdóttir.

VIÐ GRÖF MÓÐUR.

Mín háöldruð móðir nú jörðuð.
Hitýli sálar hrundu skilar,
en burtflogin önd til betri heima
ljósrúðum himins lítur ofar
ástvininn góða, allra sem trúa.
þrautin er mist og þvingun alls-
konar,
en aftur lengin unun og sæla,

G. S.

Skrautmyndir

Mjög vandaðar, stórar og fagrar, af skáldkóngunum íslenzku, Hallgrími Péturssyni og Jónasi Hallgrímssyni, fást hjá undirskrifuðum, önnur á 35c en báðar á 60c. Agæt stofuprýði. Myndir af þessum mönnum munu verða kærkomnar til prýðis og endurminningar á mörgu íslenzku heimili. Útsölumenn vantar enn víðsvegar um bygðir Íslendinga mót sanngjörnum sölulaunum.

F. R. JOHNSON,
1419 W. 57th St., Seattle, Wash.

ATH. — Þessir hafa þegar tekið að sér útsölu á myndunum: —

Friðrik Sveinsson, 618 Agnes St., Winnipeg; Wm. Anderson, 1797 7th Ave. W., Vancouver, B. C.; S. Bárðarson, R. F. D. 1, Box 90, Blaine, Wash.; Sigurður Johnson, Bantry (og Upham), N. Dak. Jóh. H. Húnfjörð, Brown, Man.

Ágæt meðul.

Ég hefi kynst og pantað áður meðul við nef, kverka- og andkala sjúkdómum hjá Royal Remedy Co. Þau fá bezta vitnisburð. Þeir, sem senda mér sjúkdómslýsingu, og $4.00 fyrirfram, fá meðulin send heim til sín kostnaðarlaust hvar sem er í Canada. Eins og mörgum er kunnugt, hefi ég engíst töluvert mikið við meðalasölu stundum, og þekki "patent" meðul vel. Þessi meðul eru 'ekta' góð meðul, og fólk má treysta þeim, ef það kaupir þau í tæka tíð.

K. Ásg. Benediktsson.
540 Simcoe St., Winnipeg.

Á beztu heimilum

hvar sem er í Ameríku, bar munið þér finna HEIMSKRINGLU lesna. Hún er eins fróðleg og skemtileg eins og nokkuð annað íslenzkt fréttablað í Canada

S. R. HUNTER & CO
Skraddarar,
189 Lombard Street

Búa til ný-móðins karlmannafatnaði eftir máli. — Efni og vinnubrögð ábezta tegund, og alt ábyrgst að vera jafngildi þess bezta sem fáanlegt er í borginni. Verðið er við allra hæfi. —

S. R. Hunter & Co.
189 Lombard St.
Telephone 1395.

TIL SÖLU:

Afskriftir af gamanleikjunum "Konuleysið og konan", í tveimur þáttum, og 'Hver er vitlaus", í einum þætti, — fást hjá

Christopher Johnston,
151 Indiana St., - CHICAGO, ILL.

James Flett & Co.
PLUMBERS

Leiða Gas- Vatns- og Hitapípur í hús yðar, fyrir sanngj. borgun. Verk vandað, fljótlega gert og ábyrgst.

372 Notre Dame Avenue
Telephone nr. okkar er 3380 eða 8539.

Stefán Johnson
Horni Sargent Ave. og Downing St.
HEFIR ÁVALT TIL SÖLU
Nýjar Áfir
Beztu í bænum. Ágætar til bökunar. 15c gallon

Giftingaleyfisbréf

selur Kr. Ásg. Benediktsson
540 Simcoe st. Winnipeg.

Woodbine Hotel

Stærsta Billiard Hall Norðvesturlandinu
Tíu Pool-borð.—Alskonar vín og vindlar.
Lennon & Hebb,
Eigendur.

Fréttir úr bænum.

Jóla útgáfa blaðsins "Vox Wesleyana", gefið út af nemendumWesley skólans hér í borginni, flytur stutt kvæði á ensku eftir Skúla Johnson. Kvæði það var eitt af þeim, sem send voru til að keppa um gull medaliu, sem skólinn veitti um hátíðirnar fyrir bezt frumsamið kvæði gert af nemendum skólans. Skúla kvæði var álitið bezt, þó það sé stutt, og hann hlaut hátíðarspeninginn.

Í sama blaði er ritgerð (Essay) eftir Skúla Johnson, um "Hetjur og hreysti". Sú ritgerð var og samin til þess að keppa um gullmedaliu skólans fyrir bezt samda ritgerð. Skúli hlaut peninginn. — Skólabræðrum hans þótti hann æríið tilþrifamikill, að hrifsa til sín alt það gull, sem nemendur áttu kost á úr skólasjóði, — um jólin.

Þeir herrar E. H. Bergmann og Stefán Jónsson, frá Gardar, N.D., voru hér á ferð í sl. viku.

Herra Mathúsalem Einarsson, Mountain, N. Dak., var hér á ferð í síðustu viku. Hann kom norðan frá Árdal. Var að finna skyldfólk sitt þar. Hann lætur vel af líðan fólks þar syðra.

Þann 11. þ.m. urðu þau hjón Mr. og Mrs. John Julius, að 668 Alverstone St. hér í borg fyrir þeirri sáru sorg, að missa 13 ára gamlan son sinn, Norman Kristján Julius, úr hálsbólgu, eftir 3. mánaða legu. Piltur þessi var einlegur, og gaf von um, að í honum byggi ágætt mannsefni. Hann lá allangan legu í fyrravetur, og þó hann kæmist þá til heilsu aftur, náði hann sér ekki fyllilega eftir þann sjúkdóm. Hinir mörgu vinir þeirra hjóna samhryggjast þeim innilega í þessu þunga sorgartilfelli.

Blaðið Free Press hefir beðið Heimskringlu að geta þess, að "Curling Bonspiel" það, sem hér hefir verið haldið að vetrarlagi um nokkura undanfarna vetur, er að verða úr af merkustu vetrarskemtunum Winnipeg bæa, og er á góðum vegi að verða bráðlega eins mikilvægt eins og Winnipeg iðnaðar sýningin er fyrir bæinn að sumarlaginu. "Bonspiel" byrjar á þessum vetri að morgni þess 10. febrúar næstk., og vatn nálega alla komandi viku. Auk "Curling" skemtananna, verða og ýmsir sjónleikir sýndir og veðreiðar á Rauða — einnig "Hockey" leikir. Þá verða og nokkrir bænda-, akuryrkju- og annara félaga fundir haldnir hér í borginni. — Fargjald með járnbrautum verður yfir 'Bonspiel' vikuna hálft vanalegt fargjald, svo að þeir, sem taka þátt í skemtununum, og vinir þeirra, eiga kost á að fá beggja leiða farbréf frá 6. til 10. febrúar fyrir annarar leiðar gjald, og frá 13. til 16. febrúar eiga allir kost á samskyns fargjaldslækkun. Má því búast við miklum fólksfjölda í borgina um þessar mundir.

Í dánarfregn ekkjunnar Kristínar Sigurðardóttir, sem prentuð var í síðasta blaði, er sagt að hún hafi flutt með Svéini Jónssyni, eiginmanni hennar, til Vesturheims árið 1886. Það átti að vera 1889. — Þetta eru lesendur beðnir að athuga.

Íslenzku blöðin heima eru beðin að geta um lát þessarar konu.

Mrs. Ingibjörg Thorarinsson, kona séra Bjarna Thórarinssonar á Wild Oak P.O., Man., biður hér með frænda sinn, Hannes Gunnlaugsson í Winnipeg, að senda sér hið fyrsta áritun sína.

Íslenzki Hornleikenda flokkurinn, THE WEST WINNIPEG BAND, heldur Concert og Dans í Good Templars Hall (efri salnum), næsta mánudagskveld, 25. þ.m., kl. 8. — Flokkurinn hefir vandað prógram. Ágóðinn gengur til sjóðmyndunar, til þess að fá einkennisbúninga fyrir flokkinn. Piltarnir hafa varið miklu fé í hljóðfærakaup og miklum tíma til æfinga, og eru farnir að spila furðanlega vel. Íslenzk alþýða hér í borga skuldar flokknum sanngjarnan stuðning, og Heimskringla mælir því með, að sem flestir sæki samkomu þessa, sem unna fögrum listum með þjóð vorri.

Strætisbrauta félagið í Winnipeg hefir á sl. ári haft $899,632 inntekt af rekstri vagna sinna um götur borgarinnar. Af þeirri upphæð borgaði það 5 prósent, eða $44,981.63 í bæjarsjóð, og að auk $20 skatt fyrir hvern vagn, sem það hefir á brautarsporum sínum í borginni, þessir $899,632.61, sem strætisbranta félagið í Winnipeg hefir haft í tekjur þetta síðasta ár, er nákvæmlega eins mikið og allar tekjur landssjóðs Íslands á 3 árum, og talsvert meira en landssjóðstekjurnar hafa orðið á sl. 3 árum — Skyldu þeir enn þá hafa sömu skoðun höfðingjarnir — heimskingjarnir — á Íslandi, að Winnipeg sé smástöð ein á eyðimörk Vestur-Canada bygð eintómum skríl og skrælingjum?

Á næsta fundi MENNINGARFÉLAGSINS, sem haldinn verður miðvikudagskveldið þann 27. þ.m., flytur Miss Steinunn Stefánsson, frá Gimli, fyrirlestur um 'New Thought' ("Nýhyggju"). — Allir eru velkomnir á fundinn að kostnaðarlausu, og er vonast eftir, að Íslendingar fjölmenni þangað, ekki sist þegar ein af beztu dætrum þjóðarinnar flytur erindið.

Fyrirlesturinn verður á íslenzku.

'FÁLKINN", íslenzki Hockeyklúbburinn, sem nýlega var myndaður hér í borginni til þess að keppa móti hérlendum Hockeyleikendum, — fór til Selkirk á þriðjudaginn var til þess að keppa móti Selkirk mönnum, og bar "Fálkinn" algerðan sigur úr býtum, — 13 móti 0. — Með þessu hefir hann sýnt, að Íslendingar eru jafnokar hérlendra manna í leikjum, ef þeir temja sér iþróttir, og þessi sigur gefur von um fagra framtíð klúbbsins, og að hann verði þjóðflokknum íslenzka til sæmdar.

Ársfundur

Únitara safnaðarins verður haldinn sunnudaginn þann 31. þ.m., eftir messu. Safnaðarnefnd fyrir komandi ár verður kosin, og skýrslur og reikningar fyrir liðna árið lagðir fram. Áríðandi að allir félagsmenn sæki fundinn.

J. B. SKAPTASON,
forseti,

Lesendunum er bent á að lesa bókalista N. Ottenson's í þessu blaði. Geta þeir þá borið verð bókanna saman við það, sem áður hefir þekst hér vestra. Geta má og þess, að skáldsagan "Ofurefli", sem seld er á Íslandi á 5 kr., kostar á lista þessum að eins $1.50. — Aðrar bækur í sömu hlutföllum.

Ísl. Conservative Klúbburinn

hafði ekki kappræðu á fundi sínum á mánudagskveldið var, eins og auglýst hafði verið, af því að enn formælandinn gat ekki verið viðstaddur. Fundinum var því snúið upp í spilafund og spilað um Turkey, og vann herra Ásmundur Jóhannsson fuglinn. — Ákveðið var að kappræðan, sem átti að verða þetta kveld, verði næsta mánudagskveld þann 25. þ.m. Allir félagsmenn ættu að taka þátt í henni.

Næsta föstudagskveld, 22. þ.m. verður venjulegur spilafundur, og eru félagsmenn beðnir að fjölmenna, því að áríðandi ákvarðanir viðvíkjandi spilamenskunni er í ráði að gera á þeim fundi.

Nýlega hefir landi vor C. H. Richter, í St. Paul, verið kosinn meðlimur í Commercial Club í St Paul, þar sem eru allir helztu menn borgarinnar, þar með gamli James Hill og fleiri. Má af því marka, að Richter er talinn framarlega í heldri manna röð þar í borg. Um sama leyti flytur blaðið "Illustrated Sunday Magazine" mynd af Mrs. Richter og 2 börnum þeirra hjóna, en í því blaði eru þær einar myndir fluttar, sem leyfi er fyrirfram fengið til að flytja.

Menn eru hér með mintir á samkomu, sem Íslenzka Stúdentafélagið hefir ákveðið að halda þriðjudagskveldið 2. febr. Ungfrú Rannveig Einarsson og herra Ólafur Eggertsson leika tvo smáleiki, og þarf ekki að mæla með þeim, því list þeirra er þekt meðal Íslendinga hér í bænum. Ágóða samkomunnar verðvr varið í þarfir fátækra nemenda. Nú er tækifæri fyrir þá, er að því vilja stuðla, að enginn gáfaður landi þurfi að sitja heima fyrir fjárskort, að leggja fram nokkur cent. Nánari auglýsing í næsta blaði.

Ársfundur Tjaldbúðar safnaðar verður haldinn í kveld (fimtudag), 21. þ.m. Byrjar kl. 8.

Herra Haraldur Sigurðsson, er kom með konu sinni í fyrra sumar frá Akureyri hingað vestur, og hefir síðan dvalið mestmegnis í Glenboro bæ, Manitoba, — kom til bæjarins fyrir jólin í kynnisför til Bárðar bróður síns, er heima á hér í borginni. Hann fór heim aftur í fyrradag. Haraldur þjáðist af krampaveiki nokkurn hluta síðasta sumars, en er nú á góðum batavegi. Hann lét sæmilega af hag sínum, og hefir kunnað allvel við sig vestra. Tveir uppkomnir synir hans eru þar í bygðinni, og sjálfur hygst hann að ílengjast þar vestra.

— THE —
Oxford
"Second Hand" Fata félagið.
532 NOTRE DAME
Úrvals föt fyrir karla og konur.
Allskonar Fatnaður keyptur og seldur.
MUNIÐ: 532 Notre Dame Ave., rétt við Spence St.

West Winnipeg Band
CONCERT og DANS
Mánudagskveldið 25. þ.m. í Goodtemplara húsinu, (efri salnum). — BANDIÐ spilar 12 lög, sum ensk og sum íslenzk, og Miss Olga Simonson spilar á fiólín.
Inngangseyrir 35c Byrjar kl. 8 e.m.

HIN ÁRLEGA Tilhreinsunar-Sala
Alfatnaðir búnir til handa yður eftir máli, úr hvaða efni sem er í búðinni, fyrir aðeins
$25
Snið, efnisgæði, áferði og verk lag ábyrgst. Þessir fatnaðir þegar tilbúnir, eru $35—$40 virði. Nú er tíminn. —
Ef það kemur frá Clement's þá er það akkurat.
Geo. Clements & Son
Stofnað árið 1874
264 Portage Ave. Rétt hjá FreePress

Herra Patrick O'Connel, sem rentað hefir Market Hotel á Market Square, og öllum Íslendingum er að góðu kunnur, sem hann þekkja, hefir leigt það á ný fyrir önnur 5 ár. Biður hann Íslendinga, að heimsækja sig framvegis sem að undanförnu og skuli hann breyta vel við þá í hvívetna.

I. O. F.

Fundur verður haldinn í stúkunni ÍSAFOLD fimtudaginn 28. þ.m., að 686 Sargent Ave., yfir búð P. Andersons. Mörg áríðandi mál fyrir fundi. Einnig innsetning embættismanna.

W. Magnússon, ritari.

"The Great West Life" lífsábyrgðarfélagið hefir sent Hkr. vandaðan Calendar fyrir árið 1909. Fyrir ofan mánaðartöflurnar er mynd af fjallgarði mikium skógi þöktum en snjótöppuðum. Hann ber við sólroðið himinhvolfið. Á sléttlendinu við fjallaræturnar er stór hjörð vísunda. En spölkorn frá aðalhjörðinni, er einn ungur og þreklegur vísundur á eyrarodda eða nesi. Hann stendur þar í stórgrýttri urð við straumharða á, og er að drekka úr ánni. Vatnsfall það er mikilfenglegt og beljar áfram straumhart og hvitfreyðandi. En á bökkum þess er grösugt haglendi, og mun það eiga að taka lífstryggingu hvers þess dýrs, sem nennir að bera sig eftir björg. — Undir myndinni stendur: "A Western Old Timer".

Gleymið ekki dansinum í Good Templars Hall á fimtudagskveldið.

ALMANAK 1909
fæst hjá útgefandanum og kostar 25c. Fjölbreytt að efni og fróðlegt
Olafur S. Thorgeirsson,
678 Sherbrooke Street. Winnipeg.

Skemtisamkoma og LEIKUR
undir umsjón HÖRPU I.O.G.T. í Goodtemplarahúsinu þriðjud. kv.
26. JANÚAR 1909.
PRÓGRAM.
1. Piano Solo—Miss S. Frederickson.
2. Recitation—Miss Ald. Magnusson.
3. Vocal Duet— Misses Hinrikson & Straumfjörð.
4. Gamanleikur ("To Morrow").
5. Violin Solo—Miss Clara Oddson.
6. Upplestur—Th. Thorsteinsson
7. Piano Duet—Misses Oddson & Vopni.
8. Screen Song—Sjö börn.
9. Solo—Miss L. Thorláksson.
10. Recitation—Miss F. Harold.
11. Cornet Solo—C. Anderson.
12. Leikur ("Kvennstjórnin").
13. Screen Song—Sjö börn.
14. Eldgamla Ísafold—Allir.
Inngangur 25c Byrjar kl. 8.

S. F. Ólafsson
619 Agnes St. selur Tamarac fyrir $5.50 og $5.75 gegn borgun út í hönd.
Telephone: 7812

F. Deluca
Verzlar með matvöru, aldini, smá-kökur, allskonar sætindi, mjólk og rjóma, sönnul. tóbak og vindla. Óskar viðskifta Íslend. Heitt kaffi eða te á öllum tímum. Fón 7756
Tvær búðir:
587 Notre Dame og 714 Maryland St.

KENNARA VANTAR
við Marshland skóla nr. 1278. — Kensla byrjar 1. apríl nk. og helzt til ársloka, að einum mánuði frádregnum (ágúst), 8 mánaða kensla Umsækjendur tiltaki mentastig, reynslu og kaup, og snúi sér til undirritaðs fyrir 1. marz.
STEINI B. OLSON,
Post Master Marshland P.O., Man.

KOL OG VIDUR
Þur, beinharður eldivður, — Poplar, Pine, og Tamarac með mjög sanngjörnu verði. — Nú sem stendur verið að afferma mörg vagnhlöss af BEZTA DAUPHIN TAMARAC. —
McElroy Bros.
Cor. Sherbrooke & Ellice
PHONE: 6612

Tallman's Orchestra
Reynið þá fyrir Danssamkomur
461 Balmoral St. — Winnipeg.

ÉG HEFI KEYPT ÚT KJÖTVERZLUN
herra Christjáns Oleson's á Notre Dame, og óska viðskifta allra þeirra sem áður verzluðu við hann. Gott kjöt og sanngjarnt verð.
A. E. COOPER,
666 Notre Dame Ave. Telefón 6906

BILDFELL & PAULSON
Union Bank 5th Floor, No. 520
selja hús og lóðir og annast þar að lútandi störf; útvegar peningalán o. fl.
Tel.: 2685

ARNI ANDERSON Íslenzkur lögmaður
Í félagi með
Hudson, Howell, Ormond & Marlatt
Barristers, Solicitors, etc.
Winnipeg, Man.
13-18 Merchants Bank Bldg. Phone 3621, 3622

BONNAR, HARTLEY & MANAHAN
Lögfræðingar og Landskjala Semjarar
Suite 7, Nanton Block, Winnipeg

Hubbard, Hannesson and Ross
LÖGFRÆÐINGAR
10 Bank of Hamilton Chambers
Tel. 378 Winnipeg

Th. JOHNSON
JEWELER
286 Main St. Talsími: 6606

Íslenzkur Tannsmiður,
Tennur festar í með Plötum eða Plötulausar. Og tennur eru dregnar sársaukalaust með Dr. Mordens sársaukalausu aðferð
Dr. W. Clarence — Tannlæknir.
Sigurður Davidson—Tannsmiður.
620½ Main St.
Phone 470 Horni Logan Ave.

A. S. BARDAL
Selur líkkistur og annast um útfarir. Allur útbúnaður sá bezti. Enfremur selur hann alskonar minnisvarða og legsteina.
121 Nena St. Phone 306

Stefán Guttormsson,
Mælingamaður
663 AGNES STREET. WINNIPEG.

Dr. G. J. Gislason,
Physician and Surgeon
Weltington Blk. - Grand Forks, N.Dak
Sjerstakt athygli veitt AUGNA, EYRNA, KVERKA og NEF SJÚKDÓMUM.

Miss Jóhanna Ólson, Piano Teacher
557 Toronto Street

Drs. Ekern & Marsden,
Sérfræðislæknar í Eftirfylgjandi greinum: — Augnasjúkdómum, Eyrnasjúkdómum, Nassasjúkdóm um og Kverkasjúkdómum.
Í Platky Byggingunni í Bænum
Grand Forks, :: N. Dak.

Eldivður
Þurt Tamarak $5.50
KORÐIÐ.
Vér óskum að þér reynið 1 kord.
J. G. Hargrave & Co.
334 MAIN ST
Phones:—431—432 og 2431

Boyd's Brauð.
Brauð vor ættu að vera á borðinu þínu. Aðeins beztu brauð ættu að borðast. Það er hættulaust að borða brauð vor. Það er hœgmelt, og svo gott að þér getið ekki án þess verið eftir að hafa reynt það. —
Boyd's
Bakery Cor. Spence & Portage Ave
Phone 1030.

"Hvað að bráka og hvar skal fá það".
VITUR MADUR
Við höfum lítið að segja, en það sem við segjum, segjum við "beint út". Við óskum að þið komið til okkar þegar þið farið að kaupa haust eða vetrarfötin ykkar. Þú veizt ekki hvað ódýrt þú getur keypt föt búin til eftir máli fyr en þú kemur og talar við oss. —
McFarlane & Cairns
SKREDARAR
335 Notre Dame Aðrar dyr vestan Wpg. Leikhúsið.

W. H. FOWLER A. PIERCY.

Royal Optical Co.
327 Portage Ave. Talsími 7286.
Allar nútíðar aðferðir eru notaðar við augn skoðun hjá þeim, þar með hin nýja aðferð, Skugga-skoðun, sem gjöreyðir öllum ágiskunum. —

Vér sækjum þvottinn og flytjum hann heim til yðar. Verk ið ágætt, viðskifti áreiðanleg. Fljót skil. Fullkomnustu vélar. Óska viðskifta yðar.
The EMPRESS LAUNDRY Co.
74-76 Aikins St Phone 1440

LAND

Vér höfum nýlega fengið til sölu yfir 30 Section-fjórðunga, liggjandi að Oakland brautar C. N. R. línunni. Verð 10 er frá $1.00 til $12.00 hver ekra. Ekkert af landum þessum eru meir en 5 mílur frá járnbrautinni.

Skúli Hansson & Co.
Skrifst. Talsími 6476 Heimilis Talsími 2274

Heimskringla.

Alt landið

er ábyrgst að vera jarðyrkju land af bestu tegund, og fæst keypt með vægum afborgunar skilmálum. (N.B.—Lesið fyrripart þessarar augl. viðvíkjandi vinstramegin á Hkr. nafn.)

Frekari upplýsingar veita

Skúli Hansson & Co.
56 Tribune Building. Winnipeg.

XXIII ÁR. WINNIPEG, MANITOBA, FIMTUDAGINN, 28. JANÚAR, 1909 NR. 18

Fregnsafn.

Markverðustu viðburðir hvaðanæfa.

Það er nú talið áreiðanlegt, eftir því, sem blaðinu "Nordlyset" segist frá, dags. 14. þ.m., að þjófurinn, sem stalst inn í konunglegu grafhvelfingarnar í Hróarskeldu í Danmörku fyrir fáum vikum, sé enainn annar en Carl Gustv Vernikewitz, fæddur í Austur-Prússíu 15. okt. 1876. Hann er stórglæpamaður að eðlisfari og hefir dvalið síðustu 8 árin í Horsens fangelsinu, en var nýlega leystur þaðan. Mannsins er leitað af mönnum og blóðhundum allstaðar í Danmörku og Þýzkalandi, en hann hefir ekki fundist. Hve miklu verðmæti hann kann að hafa náð úr grafhvelfingum þessum, sem voru nær 20 talsins, er ekki sagt í blaðinu, en þess er getið, að gullsveigur sá, sem danskar konur lögðu á kistu Friðriks VII. hafi verið 30 þúsund kr. virði. Mælt er, að einn af sveigum þeim, sem lagðir voru á kistu Kristjáns IX., hafi kostað 100,000 krónur. En náungnin lét greipar sópa um allar hvelfingarnar, og hefir víst fengið laglegt skildingsvirði og vel borgað ómakið.

— Tveimur stúlkum og bróður þeirra var bjargað þann 16. þ.m. úr rústum kirkju einnar í Messina borg á Ítalíu. Þau höfðu verið grafin þar lifandi, þegar kirkjan hrundi, og voru búin að vera þar 18 sólarhringa, þegar hermenn nokkrir, sem voru að vinna þar í grend, heyrðu hljóð þeirra. Tóku þeir þá strax að grafa, og tókst að lokum að ná þessum systkinum úr rústunum. Stúlkurnar eru 17 og 19 ára, en bróðir þeirra 14 ára. Það vildi þeim til lífs, að þau gátu náð í vatn, vín og lauk og olíu, sem var í kirkjunni, þegar hún hrundi. Móðir þeirra og yngsta systirin voru látnar, en faðirinn er í Ameríku. — Svo stóð á, að hið litla herbergi, sem þau voru í, hafði ekki hrunið saman, þegar kirkjan féll. Börnin gerðu alt sem í þeirra valdi stóð, til þess að komast þaðan út. Þau höfðu rifið frá sér alt sem þau gátu af rústunum, með berum höndunum, og voru komin svo nálægt yfirborðinu, þegar þau fundust, að hljóð þeirra gátu borist út til manna sem í nánd voru.

— Nýja brezka herskipið "Tartar" sigldi þann 15. þ.m. fullar 38 sjómílur á klukkustund. Skipið er 270 feta langt. hefir 14½ þúsund hestafls vélar og kynti þær með olíu.

— Grand Jury í Ontario hefir ráðið fylkisdómurunum til þess að láta hýða með hnútasvipu alla þá menn, sem berja konur sínar. — Dómnefndin segir, að fangavist ein sé ónóg hegning slíkum mönnum, heldur þurfi einnig að hýða þá rækilega meðan þeir séu í fangelsinu. Sama dómnefnd ræður og til þess, að lagaákvæði séu gerð, sem banni giftingar hvítra manna og kvenna og Austurlanda fólks, — Japana og Kínverja. — Maðre dómari þakkaði nefndinni fyrir þessar ráðleggingar. Hann kvað hnútasvipu mundi hafa hin heillavænlegustu áhrif á kvenbóðla og einnig kvað hann reynslu fyrir því, að giftingar milli óskyldra kynflokka, svo sem hvítra manna og Austurlanda búa, færu oftast illa og væru yfirleitt ekki ánægjulegar eða uppbyggilegar.

— Ungur auðmaður í Detroit í Michigan ríkinu hafir boðið að gefa aleigu sína, sem er 2 miliónir dollara, hverjum þeim, sem gefi sér aftur sjónina, sem hann misti algerlega í sl. júlímánuði við dynamit sprenginau. Hann kveðst fús til þess, ef hann geti fengið sjónina aftur, að starfa sem algengur verkamaður það sem eftir er ævinnar.

— Canadian Pacific járnbrautarfélagið auglýsir, að það ætli að verja 6 miliónum dollara til járnbrautalagninga í Vestur-Canada á komandi sumri. Mest af þessu fé verður lagt í brautir í Saskatchewan og Alberta fylkjunum, og eitthvað í British Columbia fylkinu. Svo verður og fullger tvöföldun brautarinnar milli Winnipeg og Fort William. Að öðru leyti er ekki auglýst, að neitt verði unnið í Manitoba.

— Síðan C.P.R. félagið afréði að flytja kornvörur frá Vestur-Canada vestur að Kyrrahafi og þaðan til Englands, í stað þess að flytja austur um land, þá hafa bændur í Alberta grætt 6c á hverju hveiti bush. fram yfir það, sem áðvr var Nú kostar flutningur hveitis frá Alberta til Liverpool 22½c á hvert bushel, í stað 28½ cents áður.

— Ottawa stjórnin hefir auglýst, að hún ætli að hækka laun allra fastra stjórnarþjóna um $150.00 á ári, — jafnt fyrir alla, og að láta þá aukning gilda frá 1. sept. sl. Með þessari launahækkun verða ríkis-útgjöldin aukin um mokkrar miliónir dollara á ári.

— Ellistyrkurinn á Englandi hefir kostað ríkið 7½ milión punda sterling á sl. ári. Þetta hefir fólkinu verið borgað fyrir að vera gamalt. Alls hafa nær 700 þúsund þessa fólks fengið ellistyrk á þessu fyrsta ári, sem hann hefir verið veittur. Auk þessa tilkostnaðar hefir ríkisstjórnin haft 300 punda útgjöld í mannalaun við reikningshaldið og útbýtingu fjárins. Búist er við, að þessi útgjöld fari talsvert hækkandi á komandi árum, því einatt bætist við tölu gamalmenna.

— Swift niðursuðu félagið í Chicago hefir keypt Fraser River laxniðursuðu verkstæðið með öllu tilheyrandi fyrir 100 þúsund dollara. Þetta sama félag er einnig að kaupa aðrar veiðistofnanir í British Columbia fylkinu.

— Heilsuhæli fyrir tæringarsjúklinga hefir verið afráðið að byggja í Ninette bæ hér í fylkinu á þessu ári. Það verður bygt og því viðhaldið af opinberu samskotafé, sem væntanlega verður aukið með stjórnartillagi og gjöfum frá hinum ýmsu sveitarfélögum í fylkinu.

— Hita-alda mikil gekk yfir Ástralíu í síðustu viku. Hitinn varð þar mestur 125 stig í skugga. — Skógarbrunar urðu þá miklir í New South Wales héraðinu, bæði í hinum svonefnda Bláfjalla klasa og meðfram Southern járnbrautinni, og hafa að því orðið miklar eignaskemdir.

— Rojestvensky, rússneski flotaforinginn andaðist að heimili sínu í St. Pétursborg á Nýársdag. — Hann hafði haft heimboð mikið þann dag, og kl. 2 að morgni var því lokið. Fór þá flotaforinginn að hátta, en er hann kom inn í svefnherbergi sitt, fell hann niður örendur. Hjartveiki varð honum að bana.

— Eldur mikill varð í bænum Gibora, Cuba, þann 21. þ.m. þrjátíu manns brunnu til bana, mesti fjöldi sérðist. Menn urðu sem vitstola og skutu hver á annan og féllu þá nokkrir dauðir. Eignatjónið varð afarmikið.

Það er talið fagnaðarefni, að í Frakklandi fæddust á fyrri hluta síðasta árs 11 þúsund manns fleiri en dóu. En á fyrri hluta undangengins árs urðu dauðsföllin 55 þús. fleiri en fæðingarnar. Ástæðan fyrir þessari tæytingu á Frakklandi er ekki sögð í fréttinni.

— Svo er að sjá, sem máli því, er Bandaríkjastjórnin höfðaði móti Standard Oil félaginu í aprílmánuði 1906, sé sem næst lokið. Síðasta réttarhaldið fór fram í New York þann 15. þ.m., en 2 eða 3 vitni voru yfirheyrð í Chicago þ. 19. þ.m. Fyrir dóm á mál þetta að koma í St. Louis borg í aprílmánuði, og þaðan verður málið látið ganga fyrir hæstarétt Bandaríkjanna, hvernig sem dómurinn í St. Louis fellur, — áður en það verður algerlega leitt til lykta. — Málið var upprunalega hafið móti Standard Oil félaginu og 69 sambandsfélögum, og 7 privat mönnum. Það hefir kostað báða málsaðila alls um 10 miliónir dollara fram að þessum tíma. Alls hafa 192 vitni verið yfirheyrð fyrir hönd stjórnarinnar og 140 vitni fyrir verjendurna, og öll sú vitnaleiðsla hefir orðið 4½ milión orð, sem gefin eru út í 22 stórum bindum.

— Dominion þingið kom saman á fimtudaginn var, þann 21. þ.m. Engra mikilvægra nýmæla var getið í hásætisræðu landstjórans.

— Tekjuafgangur Saskatchewan stjórnarinnar fyrir sl. ár hefir verið 652,994 dollara.

— Þremur Jöpum varð nýlega bjargað af eyðiey í Kyrrahafi. — Þeir höfðu verið 4 á skipi og lent þar (á Hermes ey) þann 1. júlí. Síðan höfðu þeir lifað á fiski og sjófuglakjöti, en ekki höfðu þeir annað að drekka en sandsiaðan sjó. Einn þeirra fjögra félaga hafði látist, hinir voru allir veikir, og einn mjög aðfram kominn. Björgunarmennirnir, sem ráku undan ofveðri til eyjarinnar, komu þó í tíma til að frelsa líf Japanna.

— Stjórnin í Saskatchewan hafir getið þess í þinginu, sem nú stendur yfir í Regina, að hún sé að semja við Bell Talsíma félagið um að kaupa allar eignir þess í Saskatchewan fylki. Félagið hefir gert stjórninni tilboð, en verðið hefir enn þá ekki verið gert uppskátt.

— Almennar kosningar á Bretlandi eru sagðar nálægar, og svo er spáð, að þar verði snarpasta órusta, sem háð hefir verið milli flokka á sl. 100 árum þar í landi. Mælt er, að sjóðþurð komandi árs sé milli 50 og 100 miliónir dollars, eftir áætlun stjórnarinnar. Stórfundir eru nú daglegir um alt England, og alt er þar í uppnámi.

— Það slys varð á laugardagsmorguninn eða aðfaranótt þess dags, að italsk mannflutningaskip "Florida", rakst á White Star línu skipið "Republic", í grend við Nantucket grynningarnar við strendur Bandaríkjanna. "Republic" hafði yfir 800 mann um borð, og svo var áfallið mikið, þegar skipin rákust saman, að nokkrir farþegar létu lífið þar sem þeir sváfu í rúmum sínum, og aðrir meiddust hættulega. Niðamyrkur var og blind-þoka. Það var fljótlega séð, að "Republic" mundi sökkva, og öll þau hundruð farþegja og skipsmanna, sem á því voru, farast, ef ekki bærist bráð hjálp. Loftskeytatæki voru tafarlaust sett í gang, og skeyti send í allar áttir. Þetta varð til þess, að ekki færri en 7 gufuskip, sem voru á hafinu, leituðu strax þetta skip uppi, og tókst á sunnudaginn að ná öllu fólkinu af því og koma því á skip, sem flutti það til New York strax á sunnudaginn. — Það er talið alveg áreiðanlegt, að allir, sem á skipinu voru, hefðu farist, ef ekki hefðu loftskeytatækin verið á því, og þeim stjórnað af dugleguum og hugprúðum manni. "Republic" sökk með öllu, sem á því var, nokkru eftir að fólkinu hafði verið bjargað. Allir hafþræðirnir í heiminum hefðu ekki getað bjargað skipi né fólki, — en loftskeytin gátu það.

— Flotaforingi Alexis á Rússlandi, einn af æðstu valdsmönnum Rússa, hefir fundist sekur um, að hafa þegið mútur frá brezku félagi, og verið sviptur embætti og sektaður um 5 þúsund dollara. Hann var flotastjóri í Port Arthur áður en Japanar tóku staðinn. Einnig var hann æðsti valdsmaður Rússa í Síberíu um nokkur ár.

— Samningar hafa tekist með Bandaríkja og Canada stjórnum um réttindi ameríkanskra fiskiveiðamanna við strendur Nýfundnalands. Sáttaskjalið var undirritað af báðum málsaðilum og samþykt af Nýfundnalandsstjórn 25. þ.m.

— Frumvarp til laga hefir verið borið fram í Ottawa þinginu um að hýða þá, sem berja konur sínar og ræningja, og þá. sem hrifsa peningabuddur af fólki.

— Járnbrautaslys í Ontario 25. þ.m. varð 18 mönnum til meiðsla en engir dóu.

— Líkkistu verksmiðja í Lundúnum á Englandi brann 19. þ.m. Skaðinn 200 þúsund dollars.

Nýjar járnbrautir.

— Stjórnin í Alberta fylkinu er að undirbúa samninga um lagningu ýmsra járnbrauta þar um fylkið á komandi sumri. Þessa var getið í þingsetningarræðu þar í þessum mánuði. Meðal annara brauta eru þessar fyrirhugaðar:

1. C.N.R. frá Saskatoon til Calgary, svo fljótt, sem því verður við komið.
2. C.N.R. frá Calgary til Lethbridge.
3. Grein frá þeirri braut til Mcleod.
4. C.N.R. brautarfélagið er og væntanlegt til þess að byggja braut frá Macleod suður að landamærunum, og tengja þá braut þar við Great Northern brautina.
5. C.N.R. félagið ætlar og að byrja á brautarlagningu frá Edmonton áleiðis til Fort McMurray.
6. G.T.P. félagið ætlar að byggja frá Wainwright suðvestur til Calgary.
7. Svo er og búist við, að Great Northern brautarfélagið byggi braut frá Coal Bank í Montana til Pincher Creek, til þess að ná í kolatekjulöndin, sem gamli James J. Hill á þar nyrðra.

Mælt er og, að Alberta stjórnin fái þessar brautir bygðar með því að ábyrgjast skuldabréf félaganna fyrir byggingar kostnaðinum.

— Saskatchewan stjórnin hefir gert samninga við ýms járnbrauta félög um, að þau byggi um 700 mílur af járnbrautum þar í fylkinu á komandi sumri. Stjórnin ábyrgist skuldabréf félaganna fyrir þessum kostnaði, svo nemur 13 þúsund doll. á hverja mílu. Frumvarp um þetta var borið fram í Regina þinginu þann 18. þ.m.:

G. T. P. brautarfélagið á að byggja þrjár járnbrautagreinar:

1. Tp. 22, R. 6 W. 2 til Yorkton, 40 mílur vegar.
2. Frá aðalspori G.T.P. brautarinnar til Battleford, 45 mílur vegar.
3. Frá Tp. 22 R. 6 W. 2 til Regina, 110 mílur vegar. Alls um 200 mílur.

Svo á Canadian Northern brautarfélagið, að leggja 6 járnbrautir undir ábyrgð stjórnarinnar:

1. Frá Craven vestur fyrir Last Mountain vatn og að Prince Albert greininni, milli Adams Ferry og Braucepeth.
2. Frá Davidson eða þar í grend, norðvestur að Goose Lake grein C.N.R., í R.16 W. 3 West, um 120 mílur vegar.
3. Frá línu nefndri í fyrsta lið suður í Souris kolanámana, nálægt Roche Percee, 25 mílur.
4. Frá Merryfield norðvestur í R. 17 W. 3. Mer., 135 mílur.
5. Dalmeny norðvestur, 45 mllur vegar.
6. Frá North Battleford norður á bóginn, um 40 mílur.

Fleiri brautir eru í ráðagerð, þó enn þá sé ekki fullsamið um byggingu þeirra.

Frá Helga magra

Helgi magri sendir kveðju sína vestur-íslenzkum landnámsmönnum öllum og árnar árs og friðar.

Honum virðast horfur góðar bæði til lands og sjávar og segir svo hugur um, að góðæri mikið muni framundan og blómatíð bæði í andlegum efnum og líkamlegum.

Stórviðburðir sýnast honum vera að gerast með þjóð vorri. Alþingi kemur saman á ættjörðu vorri um miðjan vetur. Þar verður nú háð haukþing á bongi venju fremur. Þar leiða höfðingjar hesta saman og gera um mál, er varða alda og óborna. Aldrei hefir sjálfstæðismál Íslands verið jafn heilagt áhugamál og nú.

Ætti Vestur-Íslendingar þá að sitja eins og svefndruknir menn og hafast ekki að? Ætti þeir eigi svo sem að sjálfsögðu að rísa upp sem einn maður til miðsvetrarsamkvæmis, veglegra og fjörugra en nokkru sinni áður, og kynda langelda samóðar og þjóðrækni svo dyggilega, að bjarmann og yl inn leggi alla leið til Íslands?

Það er ráð Helga magra, að kveðja nú landsmenn til miðsvetrar-gildis, — reglulegs þorrablóts, á dánardag listamannsins mikla, Michael Angelo, 17. næsta mánaðar.

Heitir hann á alla góða drengi, að sýna þjóðrækni og heilan hug til ættjarðar sinnar með því að koma með fríðu föruneyti og prýða samkvæmið nærveru sinni.

Manitoba-höll hefir enn verið valin að samkomustað. Veit eigi Helgi á nokkrum öðrum gildaskála völ, er samboðinn sé jafngöfugum gestum.

Þar verða erindi flutt og mælt fyrir minnum: Íslands, Jóns Sigurðssonar og Winnipegborgar.

Vistir verða þar framreiddar af rausn og sjörungsskap og mun þórunn hyrna leitast við að sannfæra gesti um, að engin afturför sé í búi né risnu að Kristnesi. Vill hún, að sannast megi hið fornkveðna:

Þá tók móðir
merktan dúk
hvítan af hjörvi,
huldi bjóð,
hon tok at þat
hleifa óunna
hvíta af hveiti
ok huldi dúk.

Fram setti hon
fulla skutla
silfri varða á bjóð,
fáin fleski,
fogla steikta,
vín var á könnu,
varðir kálkar,
drukku ok dæmdu
dagr var á sinnum.

Hófið hefst klukkan 8 að kveldi. Munið dag og stund og stað. —

Skutilsveinar.

Winnipeg fréttir.

Helgi Einarsson, fiskverzlunarmaður frá Narrows, biður þess getið, að hann selji á járnbrautarvögnunum í Westbourne, Man., No. 1 hvítfisk fyrir 5¼c pundið, og No. 2 fyrir 4c pundið, Pickerel 5c, Jack-fisk 2c og Tullabee og Suckers 1½c pundið. — Þetta er smásöluverð hjá Helga. Þeir, sem kaupa vagnhlass, fá afslátt. — Íslendingar, sem vildu ná í 1 kassa af góðum fiski, geta sent pöntun til Helga Einarssonar, Dealer in Frozen Fish, Westbourne, Man.

Bandaríkja stjórnin hefir nýlega sent herra Peters, Prófessor yfirgripadeild Manitoba Búnaðarskólans, tilboð um, að gerast umsjónarmaður akuryrkjumála á Filippseyjunum, fyrir Bandaríkin. Pról. Peters hafnaði boðinu. Lízt betur á embætti sitt hér.

Nikulás Ottenson, í River Park, biður þess getið, að Íslendingar í Nýja Íslandi geti fengið söguna OFUREFLI hjá herra Guðmundi Erlendssyni, verzlunarstjóra á Gimli. Verð: $1.50.

Winnipeg borg er að láta selja $2,430,000 virði af skuldabréfum sínum á peningamarkaðnum í London. Helfingur þess fjár á' að vera til þess, að hjálpa til að byggja aflstöðina, sem bærinn hefir á prjónunum, og þegar er búin að kosta yfir hálfa milión dollara.

Manitoba þingið kemur saman þann 4. febrúar næstk.

Byggingar voru reistar hér í borg á sl. ári fyrir rúmlega 5½ milión dollara, sem er talsvert minna en á undangengnum 3 árum:

Á fjórum síðustu árum var bygt fyrir árlega:

1905	$10,840,150
1906	12,625,950
1907	6,309,950
1908	5,513,700

Meðaltal síðustu fjögra ára, er því nálega 8¾ milión dollara á ári eða rúmlega tvisvar sinnum meira en allar byggingar á Íslandi. — Á þessu nýbyrjaða ári, er víssa fyrir að mikið verður bygt af húsum og vönduðum stórbyggingum.

Sameiningin segir, að séra B. B. Johnson hafi verið settur til þess að biðja fyrir þingmönnum efri málstofunnar í Minnesota þinginu, sem nú situr í St. Paul.

ÓKEYPIS SÝNISBLAÐ

Viljið þér fá sýnishorn af blaði voru The Farmer's Advocate and Home Journal?

Það er Bezta Akuryrkju og Heimilisblað

á Ameríkanska meginlandinu. Enginn framfara bóndi getur staðið við að vera án þessa vikublaðs. Aðeins $1.50 árgangurinn. Skrifið á póstspjald eftir einu ókeypis blaði. UMBOÐSMENN ÓSKAST.

SKRIFIÐ—
The Farmer's Advocate and Home Journal.
WINNIPEG, - - MANITOBA.
Getið um Heimskringlu þegar þér skrifið.

Á beztu heimilum

hvar sem er í Ameríku, þar munið þér finna HEIMSKRINGLU lesna. Hún er eins fróðleg og skemtileg eins og nokkuð annað íslenzkt fréttablað í Canada

Wall Plaster

Með því að venja sig á að brúka "**Empire**" tegundir af Hardwall og Wood Fibre Plaster er maður hár viss að fá beztu afleiðingar.

Vér búum til:

"Empire" Wood Fibre Plaster
"Empire" Cement Wall "
"Empire" Finish "
"Gold Dust" Finish "
"Gilt Edge" Plaster of Paris
og allar Gypsum vörutegundir. —

Eiqum vér að senda yður bækling vorn?

MANITOBA GYPSUM CO. LTD
SKRIFSTOFUR OG MILLUR I
Winnipeg, - Man.

PURITY FLOUR

AÐ BAKA BEZTA BRAUÐ

er meira en vísindi og meira en list.

En það má gerast fljótlega og áreiðanlega með því að nota

PURITY FLOUR

Það er malað úr bezt völdu Vestur-Canada Hörðu Hveitikorni; er algerlega hreint og svo ilmandi kjarngott.

ALLIR ÍSLENZKIR KAUPMENN SELJA ÞAÐ

WESTERN CANADA FLOUR MILLS CO.,
LIMITED.
WINNIPEG, —— CANADA.

Heimskringla

Published every Thursday by The Heimskringla News & Publishing Co. Ltd

Verð blaðsins í Canada og Bandaríkjunum $2.00 um árið (fyrir fram borgað).
Sent til Íslands $1.50 (fyrir fram borgað af kaupendum blaðsins hérlendis $1.50.)

B. L. BALDWINSON,
Editor & Manager

Office:
729 Sherbrooke Street, Winnipeg
P.O. BOX 3083. Talsími 8512.

Síðasta ávarp Roosevelt forseta til Washington þingsins.

Þann 8. þessa mánaðar (jan.) sendi Roosevelt forseti sitt árlega ávarp til þingsins. Skjal það er afar langt og snertir mörg af mikilvægustu velferðarmálum þjóðarinnar. Heimskringla hefir ekki rúm fyrir meira en nokkurneginn nákvæman útdrátt úr aðalatriðum þess, sem er á þessa leið:

Viðvíkjandi þeim stóreignafélögum, sem reka starf sitt í fleirum ríkjum, vil ég að eins endurtaka það, sem ég oftlega áður hefi tekið fram, að það er sannfæring mín, að "fleir-ríkja" löðurinn í stjórnarskrá Bandaríkjanna, veiti alríkisstjórninni fullkomnan og yfirgnæfandi rétt til þess, að ráða yfir öllum liðum milliríkja starfseminnar, og ég trúi því, að alríkisstjórnin eingöngu geti beitt þessum rétt með hyggindum og valdi, þannig, að bæði sé hinum miklu starfsfélögum sýnd réttsýni, og eins sé réttsýni og sanngirni af þeim heimtuð, — en það er mesta nauðsynja atriði í allri starfsemi. Ég hygg það verra en vanhyggju, að ætla að banna samtök, eins og gert er með Sherman Anti-Trust lögunum, af því, að ekki er hægt, að tryggja hlýðni við þau lög, nema að litlu leyti, og mjög ójafnt, og framýlging þeirra leiðir af sér eins mikið ilt eins og hún gerir gott. Ég ræð stranglega til þess, að í stað óbyggilegra tilrauna til að banna samtök, skuli koma lög, sem beinlínis leyfi samtök, sem séu þjóðinni til hagsbóta. En að starfsemi slíkra samtaks félaga sé undir eftirliti og fullum yfirráðum alríkis stjórnarinnar. Eitt af aðal atriðum þessa eftirlits ætti að vera fólgið í því, að auglýsa opinberlega alt það, sem almenningur hefir rétt til að vita um þau. Og ennfremur, að stjórnin hafi fult vald til þess, að banna og koma í veg fyrir hverskyns óréttlát hlunnindi eða rangindi.

Járnbrautir landsins ættu sem fyrst að vera settar undir alger yfirráð fleir-ríkja verzlunar nefndarinnar, og undan ákvæðum Ant-Trust laganna. Vald þessarar nefndar ætti að vera svo fullkomið að hún geti beitt algerðu eftirliti og yfirráðum yfir sölu og útbýting veðskuldabréfa og yfir hækkun og lækkun flutningsgjalda. Og að því er til flutningsgjalda kemur, þá ætti vald nefndarinnar að vera hið æðsta.

Vald það, sem stjórnin hefir til þess að rannsaka fjármála-aðferð og bókhald félaganna, hefir reynst með því verðmætasta í síðari ára löggjöf landsins. Vald til að semja um samvinnu og flutnings samninga, ætti að vera algerlega í höndum járnbrautafélaganna, eftir að leyfi nefndarinnar væri fengið til þess, og öll samnings atriðin fullkomlega auglýst. Málsvarar fólksins ættu að hafa fult vald til þess, að sjá um, að járnbrautafélögin geri skyldu sína gagnvart þjóðinni, og það einnig, að sjálfsögðu, skyldi vald það notað svo að félögin séu ekki beitt nejnni ósanngirni. Hluthafarnir, verkamennirnir og viðskiftamennirnir hafa allir hagsmuni, sem verður að vernda, og það er þeim öllum til hagsmuna, að eftirlit sé haft með því, að engin sviksamleg hlutabréfasala eða útbýting tigi sér stað, og að engin óréttlát veðskuldabréf séu gefin út.

Það stjórnandi vitsmunaafl, sem nauðsynlegt er til þess að reka þjóðlega starfsemi í stórum stíl, og sem er nauðsynlegt til að starfrækja og byggja járnbrautir, veðskuldar og á að vera leyft að njóta nægilegra launa. En engum manni ætt að leyfast, að græða fé á járnbrautastarfi með sviksamlegri innstæðufjár aukning eða samkynja sviksemi. Það má ekki eiga sér stað, að þeir, sem leggja fé í járnbrauta félögin verði fyrir svikum, eða að verzlunar og bændastéttum landsins sé ofþyngt með því gálauslega að vanrækja þarfir þeirra með flutningum varnings og landsafurða, né heldur má leyfa, að vanrækja hagsmuni þeirra manna, sem við brautirnar vinna. Og ennfremur verður að gæta þess réttar, sem hluthafarnir, starfsmennirnir og viðskiftamennirnir hafa gagnvart hver öðrum. Að lata nokkurn þeirra njóta sérstakra hlynninda umfram hina, er að fremja ranglæti gagnvart hinum. Flutningsgjöld verða að vera sett svo lágt, sem mögulegt er, með tilliti til starfskostnaðar og fullnægjandi flutningstækja, og allra vinnulauna, frá þeim lægstu til þeirra hæstu, — og einnig með tilliti til þess, að hluthafarnir fái sanngjarnan ágóða af innstæðufé sínu. En það má ekki lækka þessi gjöld svo, að það minki laun verkamanna eða skerði sanngjarnan hag af innstæðufé einlægra hlut hafa.

Ritsíma og talsíma félögin, sem reka fleir-ríkja starf, ættu að setjast undir umsjón fler-ríkja verzlunar nefndarinnar.

Það er sérlega æskilegt, að málsvarar þjóðarinnar í þinginu séuí þessum málum. Það er mjög tvísýnt hvort þjóðin mundi biða nokkuð meira tjón við algerða vanrækslu á eftirlíti með stóreigna félögunum, eða með því að beita hinu nauðsynlega stjórnarvaldi þannig, að í lögin hjöðu órétt við það.

Bæði þeir, sem halda fram fullrétti einstaklinganna (til þess að auðga sig eins og þeir geta undir vernd laganna), og hinir, sem halda fram þeirri þvingunarstefnu, sem neitar miklum hæfileikamönnum um sanngjarnan hagnað af vits munum sínum og starfshæfileikum, — eru að halda fram kenningum, sem eru skaðsamlegar fyrir alt landið. Að leyfa hverjum einstökum auðmanni eða auðfélagi að óhlýðnast lagaákvæðum þjóðarinnar, til þess í trássi við þau, að efla sérhlynnindi sín, og á annan óheiðarlegan hátt að auka gróðann af starfi sínu, — væri hið skaðlegasta, sem fyrir landið gæti komið, og leiddi til þess, að öll sanngirni og réttsýni yrði numin burtu úr viðskiftalífi þjóðarinnar. Hins vegar er það alt eins hættulegt, að ráðast á það fyrirkomulag, sem nú á sér stað, með þeim einhliða ofsa, sem sér í margföldu stærð alt það, sem aflaga fer í fari og starfsaðferð auðvaldsins, en neitar að sjá og heyra rangindi þau, sem framin eru af hinum efna litlu eða efnalausu, og sem er eins ranglátt og að afsaka yfirsjónir þeirra, sem auðinn hafa í sínum höndum.

Ásókn vor verður að vera hafin gegn ragnsleitninni og ósanngirninni, hvar sem hún kemur fram, og vér verðum að vera við því búnir, að viðurkenna og vernda réttindi hvers ærlegs manns, hvort sem hann er ríkur, eða hefir ofan af fyrir sér með daglaunavinnu eða jarðrækt.

Það er oss öllum til hagsbóta, að frumleg hugsun og dugnaður sé látinn njóta sérstaks hagnaðar, og að yfirburða gáfu og starfshæfileikamönnum, sem ráða yfir þeirri gáfu, sem nauðsynleg er til þess, að reka járnbrautastarf og annan stóriðnrekstur til þjóðþrifa, — sé ríflega launuð verk þeirra.

Það er rétt að muna eftir því og gera sér það ljóst, að eins og Anarkistinn er frelsisins versti óvinur og byltingamaðurinn óvinur venjunnar, þannig hafa þeir menn, sem verja eignarréttinn, mest að óttast frá þeim broddborgurum, sem í nafni almennra mannréttinda, mundu beita rangsleitni gagnvart heiðarlegum "business"-mönnum, heiðarlegum auðmönnum. Þjóðinni stafar jöfn hætta af hvorum flokki þessara óheiðarlegu manna. Á eina hönd er fjárglæframaðurinn, mútugreiðandinn, mútuþiggjandinn og maðurinn, sem beitir sínum miklu hæfileikum til þess að féfletta meðborgara sína, sem mest hann getur. Hins vegar eru þeir, sem prédika stéttarig og æsa upp óvild og hatur milli hinna ýmsu stétta þjóðfélagsins, og sá sem, hvort heldur það er af fávizku eða löngun til þess að gera landi sínu tjón, reynir að æsa fáfróða, en annars velhugsandi menn, til þess að eyðileggja þann grundvöll, sem velferð lands og þjóðar aðallega byggist á.

Hver stétt ætti að gæta þess, að forðast þær ástriður, sem helzt ásækja hana. Vér verðum þess alt of oft varir, að ein stétt manna fyllist vandlætingarsemi, þegar stéttarbræður þeirra eru látnir bera ábyrgð fyrir landsins lögum. Þegar ríkir menn, sem stjórna járnbrautum eða strætabrautum, eða öðrum iðnaðarstofnunum, — breyta þannig, að það hneykslar almenn velsæmi þjóðarinnar, — þá getur slíkri vandlætingasemi ekki orðið of harðlega andmælt, því að auðmenn ættu að láta sér skiljast, að þeir stofna eignarréttinum í hættu, þegar þeir vanræka að vinna með þeim tilraunum, sem gerðar eru til þess, að sporna við vandræðum auðs. En að hinu leytinu verða þeir, sem halda með því, að ríkið hafi umsjón með stóreigna félögum og þeim auði, sem þeitt er til að reka hinn afarmikla og margbreytta iðnað landsins, — að hafa þetta huglæst: — að nema þeir breyti algerlega sanngjarnlega við auðvaldið, og séu fúsir til að unna því fullkomins hagnaðar af starfsemi þess, og hvetji og upphörvi hæfa "business" menn í starfsemi þeirra, svo lengi sem þeir reka þá starfsemi frómlega, — þá eru þeir að naga rætur hinnar þjóðlegu velferðar. Því að þegar til lengdar léti, þá mundi fólkið, undir fargi efnalegs háska, máske heldur líða óhindraðar farmkvæmd ir einstaklinganna, heldur en að þola ríkis-tilsjón, sem svo væri þröngsýn og rangsnúin, að hún gæti ekki unnað auðvaldinu sanngjarns hagnaðar, og þar með eyðileggja eða veikja iðnaðar og verzlunar fyrirtæki þjóðarinnar, og þar með þjóðina sjálfa.

Mótspyrnan gegn alríkis umsjón með stór auð-, iðnaðar- og verzlunar-félögum, er aðallega bygð á því, að sú tilsjón ætti að vera í umsjón hinna ýmsu ríkja. Margir menn trúa því einlæglega, að einstaklingnum ætti að leyfast óhindruð starfsframkvæmd, — alt eins og margir menn á fyrri dögum trúðu því einlæglega, að þrælahald ætti að leyfast, — það er: ótakmarkað vald eins manns til þess að eiga annan mann. En áhrif þessara manna eru í sjálfu sér ekki mikil.

Vér höfum enga trú á því, að þetta spursmál verði leyst með hægu móti. Það verður eingöngu gert með því, að kvýja fram samtímis ýmiskonar umbóta tilraunir, og sumar þeirra verða að liggja fyrir utan stjórnarlegafskifti. En hins vegar verður að gera lagalegar ráðstafanir, sem alríkisþingið eingöngu getur gert, og sem eru algerlega nauðsynlegar til þess, að takmarki voru verði náð. Það þarf að lögleiða takmörkun á starfsfrelsi þeirra félaga, sem starfa í fleiri ríkjum í senn, og það þarf að finna hæga aðferð til þess, að bókhald þeirra félaga sé gert opinbert. Það þarf einnig að hafa tilsjón með útgáfu hlutabréfa þeirra og veðskuldabréfa, og sjá um, að þau veiti engum viðskiftavinum sérstakar undanþágur. Það þarf að hafa alríkis tilsjón með þeim félögum, sem hafa vatnsréttinda hlynnindi og þeim, sem hafa sérréttindi í námum og skóglöndum. Og það þarf að gera ákvæði um vinnumál þjóðarinnar.

Það er ennfremur eitt mál, sem þetta yfirstandandi þing ætti að taka til meðferðar og ráða varanlega bót á: Það þarf að semja lög, sem vernda verkalýð landsins, þá menn, sem undir núverandi fyrirkomulagi vinna sig dauða eða limlesta, eða á annan hátt eyða um skör fram kröftum sínum við stritið fyrir tilveru sinni. Helftin af verkalýð landsins verður að fá vernd undir löggjöf hinna ýmsu ríkja. En alríkisstjórnin verður að vernda með varanlegri löggjöf hagsmuni, ekki eingöngu þeirra, sem vinna fyrir ríkisstjórnina, heldur einnig fyrir alla þá, sem starfa að millirík ja flutningum.

Tilganginum gæti að miklu leyti orðið náð með hyggilegri löggjöf, er skyldaði vinnuveitendur til þess að borga verkamönnum sínum skaðabætur fyrir meiðsli og liftjón þeirra. En að því er þá snertir, sem þegar eru úttaugaðir af erfiði, þá bendi ég yður á, að ýmsar af vorum privat iðnaðar stofnunum hafa þegar tekið ákvæði um, að koma á fót ellistyrk hjá sér, og þessi stefna getur orðið aukin og útvíkkuð óendanlega mikið með tillögum og félaga samtökum, og með hjálp sparisjóðanna, eins og nú er gert í Massachusetts ríkinu. Það ætti að vera stefna vor, að hlynna að þessum hagsbóta tilraunum. En að svo stöddu er ekki nauðsynlegt, að íhuga stjórnarlöggiltan ellistyrk, eins og flestar þjóðir í Evrópu hafa orðið að gera. Vor núverandi stefna eða öllu heldur stefnuleysi, er hræðilega ranglát, og kemur að eins einum flokki þjóðfélagsins að notum: lög ræðingunum. Þegar verkamaður verður fyrir meiðslum, þá þarfnast hann ekki aðallega kostbæra og tvísýna lögsókn, heldur vissu fyrir því, að hann fái að njóta réttar síns með tafarlausum stjórnarfarslegum ráðstöfunum. — Tala þeirra vinnenda, sem á ári hverju deyja af meiðslum eða limlestast, í þessu landi, er beinlínis voðalega mikil, og á fáum árum verður talan hærri en nemur dauðsföllum og limlestingum í nokkru nútíðar stórþjóða-stríði.— Engar háleygar hugargrillur um "samningsfrelsi" eða "stjórnarskrárlegt frjálsræði til samningsgerða", ætti að leyfast að koma í veg fyrir framkvæmdir í þessu tilliti. Nútíðarmenning merkir allstaðar takmörkun á vinnusamningsfrelsi. Ég dreg athygli yðar sérstaklega að vinnuskýrslum Evrópuþjóðanna, sem sýna, hvað gert er fyrir verkleysingja þar í álfu, og að á þýzkalandi, til dæmis, er það mál sett í samband við málið um tilsjón með úttauguðum og limlestum verkamönnum.

[Niðurlag.]

Bindindismálið í Manitoba.

Eins og kunnugt er nú, þá geta sveitirnar í Manitobafylki veitt og hafnað vínsölu, hver ein eftir geðþótta sínum. Í síðustu sveitakosningum, sem fram fóru í síðasta mánuði fyrra árs, höfnuðu um 40 sveitir vínsölu hjá sér, að fullu og öllu. Um sömu mundir fóru fram sveitakosningar í Ontariofylki, og mistu fjölda margir vínsalar söluleyfi sín þar. Nú eru vínsalar bæði í Winnipeg og út um fylkið, að safna undirskriftum. Þeir ætla að biðja næsta þing, að láta ekki bindindismenn ná á þeim lögum, að vínsölustöðum sé lokað kl. 6 á kveldin, í stað þess að þeir eru nú flestir opindyra til kl. 11, nema á laugardagskveldum að eins til kl. 8½. Þeir ætla að biðja stjórnina, að taka inn í vínsölulögin ákvæði, sem þar var áður, að tvo fimtuhluta atkvæða þurfi til, að lögleyfa eða banna vínsölu, en afnema úr lögunum, að atkvæði ráði, á hverja hlið, þar sem fleiri eru.

Það sýnist, sem fylkisstjórnin eigi hálf erfitt með bindindismenn og vínsala. Hún þarf nálega á hverju ári, að semja öðrum hvorum málsaðila lög og lagabætur. Og næsta ár rifa málspartarnir aftur niður það, sem þeir gerðu árið á undan. Manitobafylki hefir eytt miklum tíma og stórpeningum í þetta, og á sjálfsagt eftir, að eyða enn þá meiru af hvorttveggju — og það líklega árangurslítið. Báðar hliðar heyja sinn bardaga þann veg, að þeim verður ómögulegt að fullnægja með nokkurum lögum, sem stjórnin í Manitoba er fær um að semja, né aðrar stjórnir í fylkjum landsins.

Bindindismenn og bindindiskonur ættu að snúa sér beint að Laurier-stjórninni og heimta óhikað vínbannslög fyrir Canadaríki. Það er aðalvegurinn, beinasti og öruggasti. Fáist það af stjórninni í Ottawa, að löggilda vínbannslög fyrir alt ríkið, þá er all búið. En fáist það ekki strax, þá fæst það líklega síðar, annaðtveggja hjá núverandi stjórn, eða þeirri, sem tekur við af Laurier stjórninni.

Bindindisvinur.

Mannanöfn og breytingar.

Heimurinn á ekki sögu sína svo langt fram í aldir, að við höfum sögu um það, hvenær menn gengu fyrst undir föstum eiginnöfnum. Af biblíunni má sjá, að menn hafa gengið undir föstum eiginnöfnum langa tíð áður enn hún byrjar sögunna. Þjóðirnar hafa eflaust ekki verið á háu menningarstigi, þegar þær fundu þörf og nauðsyn á því, að hver einstaklingur ætti nafn eða nöfn út af fyrir sig. Af gömlum sögum sést það, að mönnum þótti mikið undir því komið, að gefa börnum sínum falleg og þýðingargóð nöfn. Og það má líka lesa það óbrigðult, að menn dróu nöfnin aðallega af átrúnaðarguðum sínum, eða sterkustu náttúruöflum. Þetta gerðu bæði Suðurlanda og Norðurlanda þjóðir, eins og biblían gríska og rómversku goðafræðirnar bera með sér. Norðurlandabúar fylgdu sömu reglum. Menn og konur hétu eftir goðum þeirra, þótt þeir skeyttu nöfnin oftast saman, og höfðu dýrsheiti, höfuðskepnuheiti og heiti þýðingarmikilla atburða aftan við, t.d.: — Þórólfur, guðinn Þór og úlfur (óarga dýr eða óhemja). Þórgunnur, Þór og orusta, mikilfenglegasta og sigursælasta orusta. Einnig hétu Norðurlandabúar ýmsum fuglsnöfnum, svo sem Ari (örn), Svanur (svanur), Hrafn, Rafn (krumni, hrafn). Þegar tekið er eftir nöfnum í Íslendingasögum, þá sést að frjálsir menn hétu göfugri eða friðari nöfnum enn þrælar og þý.

Rómverjar höfðu óbugð, að láta menn heita þýfnum óarga dýra. — Það er til málsháttur eftir Plato, sem þýðir: Hvers getur þú vænst af manni, sem heitir Úlfur (Lyco)? Þeir, sem hétu Faustus eða Probus hjá Rómverjum, þóttu ólíkir til sigursældar og gæfu. Í fornöld voru Hebrezkir menn harla varasamir með nöfn barna sinna, og álitu, að nafnið hefði afarmikið með æviferil barnsins að gera, og miðuðu þeir nöfn sín mikið við siðgæði og hetsun. Í fornöld vildu Saxar koma að sem flestum nöfnum, sem dregin voru af orðinu: — "ead", sem þýðir velgengni, þar af komið Edward, Edmund m.fl. Á miðöldunum miðaði kirkjan nöfnin eins mikið og auðið var við himinborin nöfn, þ. e., nöfn hinna helgu manna hennar. Prestarnir heimtuðu, að foreldrarnir létu börnin heita eftir þeim dýrðlingi, sem fæddur var eða dáinn næsta dag við fæðingardag barnsins. Seinna rýmkaði um þessi nafna-afskifti presta. En alt fram um siðabótina, leyfðu ekki prestar á Englandi, að bera barn að skírnarfontinum, nema það væri skírt einhverju nafni, sem stæði í Biblíunni, eða einhverju, sem "helgur" maður hefði borið. Sömu nafna afskiftin áttu Frakkar að búa við fram um Siðabótartímann. Þá voru búin til lög um frjálsar nafnagiftir, þó að eins, að nöfnin væru til í nafnkendum Almanökum eða merkra manna nöfn í veraldarsögu.

Suðurlanda nöfn tóku breytingum snemma. — Abram varð Abraham, Paul ýmist Saulus eða Paulus, Romulus varð í kirkjumálinu Quirinus. Á miðöldunum og fyrri þýddu Norðurlanda menn nöfn sín á latínu eða grísku, einkum klerka lýðurinn og sumir lærðir menn. Ef mönnum, sem kunnu latínu eða grísku, þótti eitthvað athugavert við nafn sitt, sneru þeir nöfnunum á þau mál, og feltu úr eða bættu við þau, til að losast við það, sem þeim þótti óþægilegt, eða örlaga valdandi tjóni.

Snemma tóku rithöfundar sér gervinafn. Það gerðu þeir bæði af því, að þeim þótti gervinöfnin fallegri, enn þeirra eigin nöfn, og líka af því, að fólk tekur oft og tíðum fljótara eftir óþektu nafni enn þektu, þegar um ritsmíði er að ræða.

Það er nú liðin sú tíð, sem skírarar (prestar) skifta sér af nöfnum. Foreldranir ráða þeim sjálf, þó vinir þeirra megi jafnan eiga nokkurn þátt í. En þess má líka minnast, að margir foreldrar hafa sönt fáfræði og smekkleysi í nafnavali.

Íslendingar eru sekir í þessu bæði á Íslandi og Ameríku. Aðallega eru nafna ambögur Vestur-Íslendinga innifalin í því, að klessa þarlendum nöfnum á börn sín, ef að konan hefir kynst einhverri þarlendri konu eða manni, í vistum, hótelum eða kirkjugöngum. Flest eru nöfn þau, sem Íslendingar láta heita, á enska tungu, ekkert ljót eða vitleysa, og ekki af allra auðvirðilegustu tegund enskra nafna. Mörg kvenkynsnöfnin eru grasanöfn og karlkynsnöfnin hreystinöfn, eða því um líkt, — en eru öll ljótari enn íslenzku nöfnin: — Lily, Rosie, Jennie, Mabel. Victor, Hiram, Charles.

Það á víst engin þjóð í heimi fallegri karlmanna og kvenna nöfn enn Íslendingar, það er að segja, sá hluti þeirra, sem er norrænn og dreginn af nöfnum Ásanna, sævarheitum, viðartegundum, fuglum og hetjuheitum. Aftur er sá partur, sem kominn er úr Biblíunni, harla misjafn, og sum nöfn óliðandi til frambúðar.

Fyrir 10 árum og enda síðar, vildu sumir Íslendingar ekki nefna sig íslenzkum nöfnum. En sem betur fer, eru Íslendingar óðum að lagast í þeirri grein. Og óefað mundu margir nú aldrei hafa breytt um nöfn sín, en geta nú ekki breytt til vegna eignarskjala og annara kringumstæða.

Oftar enn einu sinni hafa blöðin vestan hafs ásnint fólk um, að halda sínum eigin skírnarnöfnum. Nafn er séreign hvers manns, og það sýnist undarlegt, á alla vegu skoðað, að ónýta sitt eigið nafn. Lagalega getur tjón hlotist af því. Íslendingar ættu því hreint ekki hér á eftir, að breyta til um nöfn sín. Í Ameríku liggur söguleg framtíð fyrir höndum Íslendinga, áður enn þeir hverfa þar úr sögunni, sem óhjákvæmilegt er að verði fyrri eða síðar. Það hefir ekki enn þá komið í ljós, eins og síðar verður, hverju nafnabreytingar geta valdið. Við skulum sleppa því atriði, þó ein eða önnur íslenzk persóna týnist úr tölunni. En skylda er það, siðferðisleg og lagaleg, fyrir hvern mann, að frændur hans og erfingjar geti fengið vitneskju um hann lífs eða dauðan.

Séu nafnabreytingar gerðar á lagalegan hátt, þá er þar ekkert um að tala. Það er vitanlegt og finnanlegt, ef á þarf að halda. En það eru ekki nema örfáir, sem þann veg fara að því. Þeir, sem óánægðir eru með nöfn sín og breyta þeim, ættu að auglýsa það í blöðum, að þeir hættu að kalla sig og rita sig nöfnum sínum, — segja, hvað þeir heita og frá hvaða bæ og sýslu þeir séu á Íslandi, og lýsa yfir fullu uppnefningarnafni sínu. Það er ekki álit mitt, að menn skifti um nöfn til að dyljast fyrir öðrum. Aðallega gera þeir það af meinleysi við hérlenda menn, sem þeir hafa eitthvað saman við að sælda, eða þá af margbreyttni og ihugunarleysi.

Það hafa komið fyrirspurnir frá Íslandi um konur og menn í Ameríku, og þeim fyrirspurnum fer óðum fjölgandi. En sú er reynslan í Ameríku, þó auglýst sé eftir fólki þessu, þá kemur það ekki fram. Það er sumt af því komið í vafann, sem enginn hefir deili á. — Einkum á þetta sér stað með kvenfólk. Má vera, að það giftist hérlendum eða annara þjóðarmönnum. Af þessu leiðir leiðindi og eignamissir á báðar hliðar. Það er nauðsynlegt, að fyrirbyggja misfellur þessar í tíma, að svo miklu leyti, sem unt er.

Það skal tekið fram, að hér er ekki verið að kvarta undan því, þó sumir menn taki sér viðurnefni, af bæ eða stað á Íslandi, eins lengi og maðurinn heldur fullum nöfnum á undan viðurnefninu sínu. Þau viðurnefni geta verið til gleggingar á manninum.

Yfir höfuð er það fágætt hjá þjóðunum, að einstaklingarnir séu gjarnir á, að breyta um nöfn, nema strokumenn, eða þeir, sem vilja dyljast, af einhverjum ástæðum. Í Ameríku breyta innflytjendur ekki til muna um nöfn, nema Skandinavar, og einkum Íslendingar. En sem betur fer, er það að falla úr móð og áliti.

K. Á. B.

Sparið Línið Yðar.

Ef þér óskið ekki að fá þvottinn yðar rifinn og slitinn, þá sendið hann til þessarar fullkomnu stofnunar.

Nýtízku aðferðir, nýr vélaútbúnaður, en gamalt og æft verkafólk.

LITUN, HREINSUN OG PRESSUN SÉRLEGA VANDAÐ

Modern Laundry & Dye Works Co., Ltd.
307—315 Hargrave St.
WINNIPEG, MANITOBA
Phones: 2300 og 2301

Skrautmyndir

Mjög vandaðar, stórar og fagrar, af skáldkóngunum íslenzku, Hallgrími Péturssyni og Jónasi Hallgrímssyni, fást hjá undirskrifuðum, önnur á 35c en báðar á 60c. Agæt stofuprýði. Myndir af þessum mönnum munu verða kærkomnar til prýðis og endurminningar á mörgu íslenzku heimili. Útsölumenn vantar enn víðsvegar um bygðir Íslendinga mót sanngjörnum sölulaunum.

F. R. JOHNSON,
1419 W. 57th St., Seattle, Wash.

ATH. — Þessir hafa þegar tekið að sér útsölu á myndunum: —

Friðrik Sveinsson, 618 Agnes St., Winnipeg; Wm. Anderson, 1797 7th Ave. W., Vancouver, B.C.; S. Bárðarson, R. F. D. 1, Box 90, Blaine, Wash; Sigurður Johnson, Bentry (og Upham), N. Dak. Jóh. H. Húnfjörð, Brown, Man.

TIL SÖLU:

Afskriftir af gamanleikjunum "Konuleysið og konan", í tveimur þáttum, og 'Hver er vitlaus", í einum þætti, — fást hjá

Christopher Johnston,
151 Indiana St., - CHICAGO, ILL.

Giftingaleyfisbréf

selur Kr. Ásg. Benediktsson
540 Simcoe st. Winnipeg.

Hvar var aldingarðurinn Eden?

Hvar var aldingarðurinn Eden? er máleini, sem borði umliðinni og núlegri tíð er óneitanlega skemtilegt umhugsunareini. Auðvitað er alt, sem ritað hefir verið um þetta, að eins ágizkun, og hlýtur að verða það áframhaldandi. Í öllu falli eru litlar ástæður til að ímynda sér annað. Þau helztu rit, sem fjalla um þetta máleini, eru: "Traditions and Beliefs of Ancient Israel", "Wo lag das Paradies?", "The Garden of Eden" og auðvitað nokkur fleiri.

Afstaðan eða plássið hefir helzt verið áltið að vera í Jerúsalem, Somaliland í Afríku, eða á Þýzkalandi, og jafnvel víðar. En flestir af þeim, sem hafa haft þetta fyrir ihugunareini, og þar á meðal Björnstjerne, eru á þeirri skoðun að það mun vera norðurheimsskautið. Björnstjerne áleit mögulegt, og svo gera fleiri, að hvíta fólkið hafi komið frá norðurheimsskautinu, en hið dökka frá því syðra. Aðalorsökin fyrir þessari skoðun sýnist að vera sú, að jarðarhnötturinn hafi fyrst kólnað á heimsskautunum, og þar af leiðandi hafi þar hloðið að byrja líf og gróður, sem hafi færst þaðan og útbreiðst um allan hnöttinn, jafnframt og hann kólnaði og jarðvegur kom. Þetta sýnist að vera sérstaklega sanngjörn skoðun, og er frá vísindalegu sjónarmiði óefað sú öflugasta, og má því álíta það mjög heppilegt, að Matthías Jochumsson kallar norðurheimsskautið "Norðurhjara"! Er ekki mögulegt, að skoðun vorra heiðnu forfeðra um Náströnd, og salinn, sem er bygður úr höggormaeggjum, eldur á eina hlið og ís á hina, hafi uppruna sinn frá biblíu frásögninni um höggorminn í Eden aldingarði?

Öllum jarðfræðingum kemur saman um, að jarðarhnötturinn, eftir því, sem hann hefir kólnað, og kólnar, dragist saman, og þar af leiðandi hafi landið að tiltölu færst inn, eða eins og það er vanalega kallað, sokkið, og sjórinn svo safnast í lægðirnar. Samkvæmt þeirri jarðfræðisþekkingu, sem nú er, þá er sannsýnilegt að trúa, að snemma á öldum hafi verið þurt alla leið frá vesturströndum Evrópu gegn um brezku eyjarnar og Ísland alt til Grænlands og Norður Ameríku, og svo þaðan máske til Norður Asíu. Og ef svo hefir verið, þá er þar ástæða, sem að minsta kosti getur að nokkru leyti sýnt orsökina fyrir því, að svo langt, sem menn vita til baka, hefir verið fólk, svo að segja á öllum pörtum hnattarins.

Orsök jarðskjálfta er nú sönnuð að vera þessi samdráttur hnattarins, jafnframt því, sem hann kólnar, og frá því sjónarmiði er hægt að finna ástæður fyrir hinu svokallaða Nóaflóði, sem gera þann mikilvæga atburð vísindalega sannlegan. Það er ómögulegt, að svo stöddu, að gera sér nokkra áreiðanlega hugmynd um, hvað mikinn sannleika mentunar framförin, sem nú er að ryðja sér til rúms, getur leitt í ljós, eða mun leiða í ljós um komandi aldir.

John Thorgeirsson.

Thistle, Utah.

ÁRIÐ Í ÁR.

Árið 1909 kallar frönsk spákona "Rauða árið", en það þýðir blóðárið. Hún spáði um áframótin, að þetta yrði tardaga og blóðsúthellingaár um heim allan, einkum í Norðurálfunni. Ein stærsta þjóð heimsins félli á kné og misti álit og völd nú hafandi. Ein smáþjóð Norðurálfunnar ykist að völdum og virðingu. Drepsóttir yrðu miklar og skæðar þetta ár, og margir dæu í heiminum. Þjófnaður og rán yrðu með langmesta móti, og fleiri glæpamenn af lífi teknir enn að undanförnu. Kvennafar yrði óskaplegt í heiminum þetta ár, og ástabrall og ástasvik. Tvö eða fleiri börn eigu að fæðast í Norðurálfunni, og verða stórmerkir framtíðarmenn heimsins, svo aldrei hafa slíkir uppi verið. Mörgu fleirá spáir spákona þessi. Hún spáði fyrri fyrir ófrið og stórtíðindum, og er mælt að eftir hafi þótt ganga. Hún byggir spádóma sína á stjörnugangi og himinhnattarás.

"Þess er getið sem gert er".

Seint í nóvember 1907 fluttist ég hingað til Mrs. Ingibjargar Johnson, að Markland P.O., og undirhélt hún mig þar til um miðjan ágúst mánuð sl., endurgjaldslaust, með stakri alúð og umönnun, eftir því, sem ástæður frekast leyfðu.

En um það leyti álitu sumir, að mér væri nauðsynlegt, að gera tilraun með læknishjálp, frekar en mér var unt að fá þar. Því þrátt fyrir ýmsar lækninga tilraunir, fór heilsan einlægt hnignandi, þótt slæm væri áður.

Var því vakið máls á því við Mr. Jóh. Straumfjörð, að hann tæki mig um tíma á heimili sitt, og var það strax til reiðu, og var ég flutt þangað um miðjan ágúst sl., og dvaldi ég þar hartnær þrjá mánuði. Og virtist mér þar hver höndin styrkja aðra að því, að gera mér lífið eins ánægjulegt og frekast var mögulegt.

En þrátt fyrir Mr. Jóh. Straumfjörðs góða vilja og viðleitni, með lækninga tilraunir á veiki minni, hafði það minni áhrif en hann hefði viljað.

Snérist þá hjálpin þann veg, að forstöðukonur kvenfélagsins Frækorn, í Norðurstjörnu skólahéraði, gáfu mér úr félagssjóði $10. Kom þeim síðar saman um, að leita samskota mér til styrktar, og fór það eins og nú skal greina: Safnað af Miss Á. Straumfjörð $43.25, safnað af Mr. Ásg. Breiðfjörð, undir nafni Miss Á. Straumfjörð, $23.50, safnað af Mrs. M. Sigurðsson $20.00, safnað af Mrs. Oddfr. Johnson $18.85, safnað af skólakennara Miss St. J. Stefánsson $12.00, safnað af Mrs. G. Guðmundsson $8.25, safnað af Mrs. Kr. Thordarson $6.00, safnað af Mrs. G. Danielsson $2.75, og safnað af Mrs. S. Hördal $2.60. Sam, tals $147.20.

Ennfremur afhenti mér þann 24. des. sl. Mrs. S. Lindal, fyrir hönd kvenfélagsins Hlín, í Markland skólahéraði, $19.60.

Sömuleiðis hafa nokkrir þess utan rétt mér hjálparhönd, peningalega, — meðal hverra ég sérstaklega nefni Miss J. G. Steffánsson, skólakennara á Markland, sem gaf mér $10.00. En þótt ég ekki nafngreini hér alla mína mörgu velgerðamenn, vona ég þeir fyrirgefi mér það.

Fyrir alla þessa kærleiksríku hjálp, votta ég hér með öllum gefendunum, og öllum, sem á einn eða annan hátt hafa unnið að þessum stórmannlega fjársamskotum, — mitt innilegasta þakklæti.

Markland P.O., 11. jan. '09.

S. G. Gíslason.

Sjónleikir.

Undir umsjón Íslenzka Stúdentafélagsins.

Til styrktar fátækum íslenzkum nemendum.

Í GOOD TEMPLARS HALL,

þriðjudagskv. 2. febrúar n k., kl. 8 30.

Myndin sýnir Ó Eggertsson og ungfrú R. Einarson sem Jón Fenton og Ellen Kingsly í

"JÓLANÓTTINNI".

Hugsa um þig sem unga.

Ef sæi' ég þig nú, eftir einn þriðja úr öld,
að útliti föla, sem rós um haustkvöld, —
feita og stutta, á fótum sízt fráa, —
fyrri svo netta og létta á fótinn smáa,
svo yndislega í gangi, því eigi lýst fær tunga, —
ætli ég myndi samt sem áður hugsa' um þig sem unga?

Ef hárið gullna er nú gisið og grátt,
gætu þá augun haft þann forna mátt,
að töfra og fjötra og um eilífð hafa' í haldi
huga og sálu, sem lutu þínu valdi?
Eða myndi þetta ellimerkið — þunga
aftra mér frá að hugsa' um þig sem unga?

Á ég að hugsa' um þig eins og þú varst,
er æskunnar vorblóm í skauti þér barst,
og miðlaðir þeirra angan til mín eins og drotning,
— ég meðtók þann fögnuð með yndi og lotning, —
og aldreigi líta ellimarkið þunga?
En í eilífðinni finna þig saklausa og unga.

HREGGVIÐUR úr V. d. I.

DR. H. R. ROSS

C.P.R. meðala- og skurðlækir.
Sjúkdómum kvenna og barna veitt sérstök umönnun.

WYNYARD, — SASK.

K-J-Ö-T.

"Ef það kemur frá Johnson, þá er það gott"

C. G. JOHNSON, Kjötsali,
301 Sherbrooke St. Talsími 2681.

Russell A. Thompson and Co.,

Cor. Sargent & Maryland St.

Selja allskonar MATVÖRU af beztu tegund með lægsta verði. Sérstakt vöruúrval nú fyrir Jólin! Vér óskum að Íslendingar vildu koma og skoða vörurnar. Hvergi betri né ódýrari.—

Munið staðinn:—
HORNI SARGENT AVE. OG MARYLAND ST.
PHONE 3112.

Með því að biðja sérlega um "T.L. CIGAR," þá ertu viss að fá ágætan vindil.

T.L.

(UNION MADE)

Western Cigar Factory
Thomas Lee, eigandi Winnipeg

Redwood Lager og Extra Porter

Styrkið taugarnar með því að drekka eitt staup af öðrum hvorum þessum ágæta heimilis bjór, á undan hverri máltíð. — Reynið !!

EDWARD L. DREWRY Manufacturer & Importer Winnipeg, Canada.

Department of Agriculture and Immigration.

MANITOBA

Þetta fylki hefir 41,169,089 ekrur lands, 6,019,200 ekrur eru vötn, sem veita landinu raka til akuryrkjuþarfa. Þess vegna höfum vér jafnan nægan raka til uppskeru tryggingar.

Ennþá eru 25 miljónir ekrur óteknar, sem fá má með heimilisrétti eða kaupum.

Íbúatala árið 1901 var 255,211, nu er nún orðin 400,000 manns, hefir nálega tvöfaldast á 7 árum.

Íbúatala Winnipeg borgar árið 1901 var 42,240, en nú um 115 þúsundir, hefir meir en tvöfaldast á 7 árum.

Flutningstæki eru nú sem næst fullkomin, 3516 mílur járnbrauta eru í fylkinu, sem allar liggja út frá Winnipeg. Þrjár þverlandsbrauta lestir fara daglega frá Winnipeg, og innan fárra mánaða verða þær 5 talsins, þegar Grand Trunk Pacific og Canadian Northern bætast við.

Framför fylkisins er sjáanleg hvar sem litið er. Þér ættuð að taka þar bólfestu. Ekkert annað land getur sýnt sama vöxt á sama timabili.

TIL FERDAMANNA:

Farið ekki framhjá Winnipeg, án þess að grenslast um stjórnar og járnbrautarlönd til sölu, og útvega yður fullkomnar upplýsingar um heimilisréttarlönd og fjárgróða möguleika.

R. P. ROBLIN,
Stjórnarformaður og Akuryrkjumála Ráðgjafi.

Skrifið eftir upplýsingum til

Joseph Burke, 178 LOGAN AVE., WINNIPEG.
Jas. Hartney, 77 YORK ST., TORONTO.

"Og hugsið þér yður", mælti hann enníremur. — "Ég stóð niðri í dalnum og samferðafólk mitt hæddist að mér fyrir það, að ég skyldi vilja gera mig gegndrepa, fyrst ég gat fengið húsaskjól. — Það vissi ekki, að hinn þyrkingslegi, hugsjónalausi prófessor sá sýn, er hvarf eigi, þó regnið byldi og stormurinn hamaðist. — Hann sá nefnilega, að hugrakkur maður klifraðist upp á klettinn, lagði handleggina utan um grenitréð og sagði: "Þú ert mín!" — Og hvað skeði svo?"

"Ég veit það", greip hin unga stúlka fram í: — Einbúinn var sjálfum sér trúr og neytti vopna sinna".

"Og líka þegar hún sá, að hann vildi þrýsta henni fast að hjarta' sínu, Felicitas? — Þegar hún fann, að hún við hjarta hans fann hvild eftir alla stormana og baráttuna, og að hann vildi gæta hennar sem síns augasteins, eins lengi og hann lifði —?"

Sögumaðurinn hafði alveg sökt sér niður í heilaspuna sinn, því varir hans skulfu, og hreimurinn í rödd hans var sá sami og snert hafði hjarta Felicitas við sóttarsæng barnsins, — en nú hafði hann engin áhrif á hana.

Einbúinn hefir líklega haft svo mikla reynslu, að hann vissi, að þetta var að eins æfintýri", mælti hún hörkulega. — "Þér segið, að tréð hafi boðið stormunum byrginn. — Gott og vel, það stóð stöðugt og þurfti ekki stuðnings með".

Hún tók eftir því, að hann fölnaði upp, og í nokkrar mínútur var hann fölur sem nár. Það leit út fyrir, að hann ætlaði að ganga í brott, en þá heyrðist fótatak færast nær. — Hann beið því alveg rólegur við hlið Felicitas eftir að móðir sín ásamt ríkisstjórafrúnni kæmi inn á milli myrkviðarrunnanna til þeirra.

"Þú mátt ekki misvirða það við mig, Jóhannes, ég tali um það", mælti móðir hans reiðulega, — "en þú stendur hér og tefur fyrir Karólínu og lætur okkur á ófyrirgefanlegan hátt bíða með matinn. — Þú skalt þó ekki halda, að mér sé ánægja í því, að hann skemmist".

Ríkisstjórafrúin slepti nú handlegg frændkonu sinnar, og gekk yfir grasflötinn. — Hún var nú ekki nærri því eins falleg og vant var. Ljósu lokkarnir féllu í óreiðu niður um kinnar hennar, er voru rauðar mjög, og sem fór henni jafnilla og ógeðslegi glampinn í dúfuaugunum hennar.

"Ég hefi enn þá ekki getað þakkað yður, Karólína, fyrir að þér hafið litið eftir Önnu litlu í fjarveru minni", mælti hún. — Það átti að heita svo, að hún talaði vingarnlega, en móti venju var málrómur hennar nú napur og skerandi. — "Nei, þér sitjið hér sem einsetukona undir hnetutrénu. Hvernig ætti maður að finna yður? — — Hafið þér leikið þennan skemtilega leik áður, að draga yður þannig í hlé? — Nú fæ ég betur skilið, hvers vegna Anna litla hefir verið svo ófyrirgefanlega vanrækt meðan ég var í burtu. Ég er nú þegar búin að finna að því við Rósu. — — Barninu hefir ekki verið kembt. Hún er svo útitekin og sólbrend, að maður gæti ímyndað sér, að hún væri Kaffa-barn, — og svo er ég hrædd um, að hún hafi borðað of mikið".

"Er það ekkert fleira, sem þú þarft að ávíta barnfóstru þína fyrir, Adela? Hugsaðu þig vel um", mælti prófessorinn háðslega. "Ætli það sé ekki henni að kenna, að barn þitt er kirtlaveikt? Og ætli hún sé ekki orsök í öllum þrumuskúrunum hérna í Thuringen, er valda skapilsku þinni? Hver veit?" — Hann þagnaði og snéri sér undan með megnasta fyrirlitningarsvip.

"Já, það er gott, að þú lýkur ekki alveg máli þínu, Jóhannes", mælti ekkjan, og hún reyndi sem bezt hún gat, að verjast krampa og gráti. — "Ég ætlaði ekki að móðga yður, Karólína", mælti hún enníremur og snéri sér að Felicitas. "Og til þess að þér getið séð, að ég er ekki það minsta reið við yður og ber ekkert vantraust til yðar, þá ætla ég að biðja yður að vera hjá Önnu í kveld. — Ég er svo þreytt og þarfnast hvíldar eftir ferðina —".

"Það verður ekkert úr því", mælti prófessorinn hörkulega og í einbeittum róm. — "Það er nú mál komið, að þessi takmarkalausa sérhlífni taki enda. — Þú hefir gott lag á, að notfæra þér annara krafta, Adela. — Höðan af annast þú sjálf barn þitt".

"Gott. Það líkar mér vel!" greip frú Heilwig fram. "Þá getur stúlkan rifið upp illgresi hér í garðinum í kveld, — því úr þessu get ég ekki látið Hinrik eða Friðriku vinna þá vinnu, — þau eru orðin of gömul".

Prófessorinn blóðroðnaði. — Þó andlit hans bæri sjaldan vott um, hvort honum líkaði betur eða ver, þá varð það nú bæði vandræðalegt og eins og hann hálf blygðaðist sín. — Að líkindum hefir hann aldrei hugsað út í, hve auðvirðileg staða sú var, er hann hafði þröngvað hinni gáfuðu ungu stúlku í, fyr en nú. — Felicitas stóð strax upp undan trénu. Hún vissi, að hin fáu orð, sem frú Heilwig sagði, voru sama sem skipun, er hún yrði að hlýða, ef hún vildi komast hjá, að heyra háðglósur og ónot. — En prófessorinn gekk í veg fyrir hana.

"Ég ímynda mér, að enn þá ráði ég hér nokkru um, sem húsbóndi yðar", mælti hann rólega, "og ég vil ekki, að þér vinnið þess háttar vinnu".

"Nú? Ekki það? Viltu setja hana í gerskáp?" spurði frú Heilwig. "Hún er nákvæmlega alin upp eftir fyrirskipunum þínum. — — Á ég að

sýna þér bréfin þín, þar sem þú tekur það fram, að hún eigi að vinna, — og á henni sé hafður hinn strangasti agi".

"Mér dettur ekki í hug, að neita neinu af því, er ég hefi skipað fyrir", mælti prófessorinn þungbúinn, og kvað fast að orðunum. — "Heldur ekki sé ég eftir, að hafa breytt þannig. — Ég áleit, að ég gerði rétt, og vonaði, að það hefði heillavænlegar afleiðingar. — En ég skal aldrei gera mig sekan í því, að halda fast við það, sem ég finn að er rangt, — að eins vegna þess, að verða ekki ósamþykkur sjálfum mér, — og ég lýsi því yfir, að nú lít ég öðrum augum á þetta, og þar af leiðandi breyti ég nú öðruvísi".

Við síðustu orð hans beygði ríkisstjórafrúin sig niður, og sleit upp gras, er stóð þar eitt sér, — að eins til að rifa það í sundur blað fyrir blað.

"Gerðu þig nú ekki hlægileg n, Jóhannes", mælti frú Heilwig og rak upp háan hæðnishlátur. "Á þínum aldri byrja menn ekki að skapa sér skoðanir, — þær verða að standa á föstum grundvelli, annars verður maðurinn skussi alla æfi. — — Annars hefir þú nú ekki verið einn í leik, — ég var líka með, og ég ímynda mér, að alt líf mitt vitni um það, að ég með guðs náð alt af hefi viljað þá rétta. — Mér þætti það illa farið, ef nú meihleysi Heilwigs ættarinnar kæmi líka fram í þér, því þá — ég segi þér það hreinskilnislega — þá væri öllu lokið okkar á milli. — Á meðan stúlkan er á mínu heimili, verður hún að vinna, og má aldrei halda að sér höndum. — Þegar hún er farin héðan, má hún gjarnan fyrir mér leggja hendur í kjöltu sér og leika heldri konu".

"Það mun hún aldrei gera", mælti Felicitas brosandi og virti um leið fyrir sér smáu hendurnar sínar, sem voru veðurteknar og harðar eftir vinnuna

ROBLIN HOTEL
115 Adelaide St. -- Winnipeg.
Besta $1.50 á-dag hús í Vestur-Canada. Keyrsla ókeypis milli vagnstöðva og hússins á nóttu og degi. Aðhlynning hins bezta. Viðskifti Íslendinga óskast. William Ave. strætisvagn fer hjá húsinu.
O. ROY, eigandi.

SPÓNNÝTT HÓTEL
ALGERLEGA NÝTÍZKU
Hotel Majestic
John McDonald,
eigandi.
James St. West, Rétt vestan við Main St.
Winnipeg Talsími 4979
$1.50 á dag og þar yfir
Bandarísk-snið
Alt sem hér er um hönd haft er af beztu tegund. Reynið oss.

MIDLAND HOTEL
285 Market St. Phone 3491
Nýtt hús, nýr húsbúnaður Fullar byrgðir af allskonar vönduðustu drykkjum og vindlum í hressingarstofunni. Gisting einn dollar á dag og þar yfir.
W. G. GOULD :: FRED. D. PETERS,
Eigendur
WINNIPEG ::: ::: CANADA

Jimmy's HOTEL
Rétt á bak við Pósthúsið
Íslendingar ættu að reyna þetta gistihús. Í hressingarstofunni er sá eini íslenzki vínveitingamaður í Winnipeg.
James Thorpe,
eigandi
Fyrrum eigandi Jimmy's Restaurant

The Dominion Bank
NOTRE DAME Ave. BRANCH Cor. Nena St.
VÉR GEFUM SÉRSTAK AN GAUM AÐ SPARISJÓÐS-DEILDINNI. —
VEXTIR BORGAÐIR AF INNLÖGUM.
HÖFUÐSTOLL - - - $3,983,392.38
SPARISJÓÐUR - - $5,000,000.00
A. E. PIERCY, MANAGER.

Drotningarrímur.

EFTIR
K. ÁSG. BENEDIKTSSON.
Kveðnar 1907-8

I. RÍMA.
[Manstofnar prentaðir áður.

1. Eitt sinn stýrði öðlingur
Ævintýra landi.
Hraustur, fimur, harðfengur,
Hvössum veifði brandi.

2. Aldrei hræddur ungur var
Við Öðinglóða kviður.
Dögling sá af drengjum bar,
Sem dráttmeistari og smiður.

3. Hár og gildur hilmir var, —
Höðlingjanna prýði.
Kjartan annan kendi þar
Kvennablóminn fríði.

4. Þjóðin átti ei meiri mann,
Mál til flestir lögðu.
Ásturfríðan allar hann
Auðarhliðir sögðu.

5. Milding vöfðu mundum dátt
Meyjar andlitsfríðar.
Ástar skutu örvum þrátt
Á hann fyr og síðar.

6. Reiknaði sóknir réttar þar, —
Reynslan þessu sinni :
Ein þar frú af öllum bar
Í ásta samkeppninni.

7. Frábærkega fögur var,
Fræðar um það skrafa.
Hildigunnar heitið bar
Hrundin mundar trafa.

8. Jöfnum hjúskap játað fá, —
Jón má frá því greina, —
Giftist fegin gylfa þá
Grundin eðalsteina.

9. Sagan fróð því segir,
Sólin ástar skini,
Ung þó væri auðargná
Af erlendu kyni.

10. Ástarblossi, yndi og fjör
Ungum hossi hjónum,
Streymi kossar stilt að vör —
Steypi fossar sjónum.

11. Efni byrja önnur ný,
Atburðir fram streyma.
Sagan norður sv'fur í
Svala Jötunheima.

12. Það var sumri einu á,
Undrin skeðu stóru: —
Ofan að Gimli ýmsir þá
Íslendingar fóru.

13. Gylfi líka gildur fer
Gamla vini að hitta.
Bað hann dýra drotning sér
Dag og nætur stytta.

14. Með þjóðhetjum drekka dús
Drotning allvel skildi.
Hún kvaðst vera frjáls og fús,
Að fara hvert sem vildi.

15. Heldur ekki hræðast þar
Höllu í að vaka,
Og með geði Gunnhildar
Glensi sveina taka.

16. Hirðfólk fríðast velja vann
Vísir þá í höllu,
Hann því biður hugprúðan
Halldór stýra öllu.

17. Hræddist ekki fleina fár
Fjörs í sennu stagli,
Stórhugaði kappinn knár
Kominn var frá Agli.

18. Fylkti liði, fór með hægð,
Fann ei kvíða gröndin.
Hans er lofuð hreysti og frægð
Heims um Vesturlöndin.

19. Með hraðlestum hirðin var,
Og hilmás dýru hjónin,
Ósluðu grund og eyrarnar
Eldfljót gufuljónin.

20. Loks á Gimli lágu kjur,
Lækkaði más og blaupin.
Brennivín og bjór eður
Bulluðu þar í staupin.

21. Þelja Grímur þrúðefldur
Þjóðra stýrti safni,
Af Bláland berserkur
Baldvja var að nafni.

22. Stillir annar staupamar
Stýrði — þjóð ei blekti —
Ef Klakaláði kominn var,
Konungsfólkið þekti.

23. Út þá gengu Ari og Jón,
Eftir stundu langa,
Berhöfðaðir buðlungsbjón
Báðu í hallir ganga.

24. Fólkið æddi út á hlað,
Öðlingsþjóð að líta,
Guðs í nafni góða bað
Gesti inn sér flýta.

25. Mikið var þar mannaval,
Margar hetjur kunnar,
Hreppstjórinn úr Haukadal
Og hring.ari dómkirkjunnar.

26. Fylkishjónum fögnuðu,
Fékkst mörgum hendur.
Gallar á uxum grenjuðu,
Gnöguðu skjaldarrendur.

27. Öls við bjóðinn óhryggur,
Aldrei málann tafði,
Sjötíu Jóna Sigtryggur
Á sama máli hafði.

28. Undur þá í skýjum skýr
Skatnar allir sáu : —
Hjá muster'nu kindur, kýr
Klóruðu sér — og lágu.

29. Dottaði vit á dimmum skjá,
Dunaði mörk og lögur,
Dala-Einar drjúgum þá
Drauga þuldi sögur.

30. Margt þá skeði mikilsvert,
Menn sem ekki skildu.
En um það tala opinbert
Ekki sumir vildu.

31. Vökvuðu kverkar veigarnar,
Vímuðu heilasetur.
Þar ég sjálfur þeygi var, —
Það fór líka betur.

32. Efni bíður boðs í sal,
Bragar þagna dísir.
Rausnarskap og röskum hal
Ríman önnur lýsir.

33. Kýs ég enda kvæðin hér, —
Kvefið lamar þróttinn.
Öðins fengur útí er,
Á mig sækir nóttin.

34. Ef þig biðja einhvers má
Öðardísin hressa :
Láttu hýra hringagná
Heyra rímu þessa.

Dálítil athugasemd.

Mér varð starsýnt á smágrein í Baldri, er birtist 7. jan. þ.á., með byrjunarorðunum : " Heimskur maður", o.s.frv.

Það er sannarlega gleðiefni, þegar heimskur maður viðurkennir heimsku sína, en sorglegt, þegar hann gerir það ekki. En sá, sem ritað hefir ofannefnda grein, ætti sem minst að tala um þá hluti, því ég man ekki betur, en að hann hafi barist á móti sérhverri framfarahreyfing, er stofnað hefir verið til hér á Gimli, þau 5 árin er ég hefi dvalið hér, — en auðvitað aldrei kannast við það. — Það er sorglegt, að þessi meðbróðir minn skuli vera undir áhrifum þeirrar ástríðu, að birta alt annað á prenti, en daglegt fraukoma hans sýnir.

Engar taki orð mín svo, að ég ætli að kenna þessum bróður mínum, hvað hann skuli tala og rita, en hitt þykir mér æðinlega vænt um, þegar menn auglýsa ekki meina en þeir geta staðið við og stutt í verki.

Ég vil spyrja þennan vin minn, hvort hann hafi ekki æðiolt troðið undir fótum, bæði vitandi og óafvitandi, þessa stefnu Baldurs : — "Að efla hreinskilni og eyða hræsni í hvaða máli, sem fyrir kemur, án tillits til sérstakra flokka".

Þá er næst að athuga uppástungu höfundarins um að leggja peninga í beykistöð hér á Gimli, og ríía poplarskóginn niður í tunnustafi. Óþrifnaðurinn samfara þessari beykistöð, mundi ekki verða minni en sá, er fylgt hefði stofnuninni, sem nokkrir framtaksamir menn vildu fá' reista hér á Gimli, fyrir svo sem 2 árum síðan. Engu síður hefði sú stofnun orðið uppbyggileg fyrir plássið og veitt fátækum mönnum atvinnu, því fremur, sem hér virðist öllu heldur skorta góðan og fjölbreyttan efniviið til bygginga en tunnustafi. En þá man ég að kvað við í höll Baldurs : Samsæri, samsæri gagnvart mannfélaginu og bræðrum yðar, ef þér leyfið félagi þessu að koma hér inn.

Seinni hluti ofannefndrar greinar í Baldri, er sneið til kaupmanna um vanrækslu á' skyldu sinni. Búast má við, að þeim sé í ýmsu áfátt sem öðrum mönnum. Þó mun hér fremur um þekkingarleysi og gaspur höfundarins að ræða, er hann þyrfti að fá lækningu á. Vil ég því benda honum á réttu leiðina, sem sé, að hann snúi sér fyrst til bændanna og skori á þá, að framleiða svo miklar kartöflur og egg, að kaupmenn sjái sér fært að byggja kjallara fyrir þær. Það er ekki nema viss tegund manna, sem byggir kjallara til þess að geyma í : e k k e r t. En meðan sumir bændurnir hér í kring koma í búðirnar til þess að spyrja um kartöflur, lauk og egg, er þeir þurfa að fá keypt, auk smjörs, kjöts, hafra, byggs, hveitikorns, o.s.frv., þá er ekki að búast við, að kaupmenn hér byggi kjallara fyrir það, sem bændur geta ekki selt.

Mörg þúsund dollarar fara árlega út úr þessari bygð fyrir ofantaldar vörur, aðfluttar. Ef hið gagnstæða ætti sér stað, yrði framboð og eftirspurn ákveðnara, og kjallarar sjálfsagðir.

Í sveit, þar sem flest verður að kaupa, en fátt er að selja, má' búast við óskilvísi í viðskiftum, og þar sem kaupmenn hafa ekki manna síst við það að stríða, svo sem greinarhöfundinum mun að nokkru kunnugt, þá er ekki að furða, þó að seint gangi kjallarasmíðin.

Að endingu verð ég að biðja hinn háttvirta greinarhöfund, að fyringefa, þó ég hafi farið eins vægum orðum um hann og mér var mögulegt eftir kringumstæðum.

Gimli, 18. jan. 1909.

Ketill Valgarðsson.

Kvöl á sá, sem völ á.

[SNÚIÐ].

"Segðu mér, kæra", ég sagði með hita.
Svarið kom snúðugt : "Hvað þarftu að vita?"
— "Vænsta, bezta, vertu' ekki hissa :
Hverja kinn þína má ég kyssa?"
— Þá ansaði þessi unaðs-álfur :
"Það skiftir ei hverja, — kjóstu sjálfur".

$3 VIRÐI FYRIR $2

Örfá orð til þeirra sem EKKI kaupa blaðið Heimskringlu:

EF AÐ VÉR tækjum $3.00 upp úr vasa vorum og biðum yður þá í skiftum fyrir $2.00 þá munduð þér fljótt taka boði voru. — Vér ætlum nú ekki að gera það ekki beinlínis, en vér ætlum að gefa yður tækifæri, — sem þó ekki kemur oft fyrir, — að fá keypt $3.00 virði af LESMÁLI fyrir $2.00. — Ef að þér sendið oss $2.00 nú þegar, þá skulum vér senda yður Heimskringlu frá þessum tíma til 1. maí 1910, í 15 mánuði, ($2.50 virði), og sömuleiðis eina rífandi skemtilega 50 centa sögubók í góðri kápu. — Og þá fáið þér $3.00 virði af lesmáli, og það fjölbreyttu, fyrir $2.00. — Þér, sem EKKI kaupið Heimskringlu, notið yður þetta tækifæri, — skrifið eða komið til vor í dag. Á MEÐAN ÞÉR MUNIÐ!

Heimskringla, P.O.Box 3083, Winnipeg, Man.

Business College
Cor. Portage Ave and Fort St.
FÉKK FYRSTU VERÐLAUN Á SAINT LOUIS SÝNINGUNNI.
Dag og kveld-kensla. Leitið fullra upplýsinga og biðjið um vorn nýja pappírshnif ókeypis. Vér kennum enska tungu.
M. E. MACKEY, Skrifari

MARKET HOTEL
146 PRINCESS ST. á móti markaðnum
P. O'CONNELL, eigandi, WINNIPEG
Beztu tegundir af vínföngum og vindl um, aðhlynning góð, húsið endurbætt

JOHN DUFF
PLUMBER, GAS AND STEAM FITTER
Alt verk vel vandað, og verðið rétt
664 Notre Dame Ave. Phone 3815
Winnipeg

Strathcona Hotel
Horni Main og Rupert Str. Nýbygt og ágætt gistihús; Gest um veitt öll þægindi með sanngjarnasta verði. Frí keyrsla til og frá öllum járnbr. stöðvum. Beztu vín og vindlar; og herbergi og máltíðar ágætar.
McLaren Brothers
EIGENDUR

Hotel Pacific
219 Market Street Winnipeg | H.M.Hicks Eigandi Manitoba
Telephone 1338
Ný-endurbætt og Nýtízku hús í alla staði. Viðskifta yðar óskast virðingarfylst.
$1.25 a Dag

$1.50 Á DAG
Besta $1.50 gistihús í Winnipeg
BRUNSWICK HOTEL
Horni Main St. og Rupert Ave.
Besta borðhald; Hrein og Björt Herbergi; Fínustu Drykkir og Besta Vindlar. Ókeypis Vagn mætir Öllum Trainlestum. Reynið oss þegar þú ert á ferð.

annað, en að hann vældi nú flýta sér sem mest hann mátti, — þó honum væri það alls ekki hægt vegna þess, að móðir hans gekk við hlið hans, og hirtu víst ekkert um að hraða sér. — Hann rendi augunum órólega til og frá um garðinn, — líklega í von um að sjá litla sjúklinginn sinn.

Nú kom Rósa eftir Önnu litlu, Felicitas gekk í hægðum sínum á eftir þeim, til þess að vera sjónarvottur að, þá er móðurin heilsaði barni sínu. — Að vísu tók ríkisstjórafrúin telpuna í fang sér og klappaði henni á kinnina, en setti á meðan duglega ofan í við Rósu fyrir að hafa tekið lykilinn að herbergjum hennar með sér út í garðinn, — svo hún varð að ganga í þessum skelfilega kjól eftir stræti bæjarins. — Og satt var það, að kjóllinn var búinn að lifa sitt fegursta, og féll nú hrukkóttur og þvældur yfir krinólínuna. — "Já, ég er viss um, að ég sé eftir að hafa farið þessa ferð meðan ég lifi", mælti hún enn fremur ólundarlega, á meðan hún með tituprjóni nældi saman rifu á kjól sínum. Guð gæfi, að ég hefði verið kyr hjá þér, kæra frænka, á þínu rólega heimili. Ég get fullvissað þig um það, að í hvaða átt sem ég snerí mér mættu mér þúsund erfiðleikar, og alt af þessar þrumuskúrir. — Svo bætti frændi minn ekki úr því! Sá nöldrunarseggur, sem alt af var í illu skapi. Þú getur ekki ímyndað þér, hve ónærgætinn og óþýður hann hefir verið. Ég held hann hefði helzt viljað snúa aftur sama daginn og við lögðum af stað. — Við reyndum þó sannarlega alt sem við gátum, til að fá hann til að vera vingjarnlegan. — Fröken von Sternthal sökti sér með svoddan áhuga niður í ætlunarverk sitt, að ég hélt að hún þá' og þá mundi koma með ástarstykki fram á leiksviðið — Nú hvað segir þú um það, Jóhannes? Fanst þér hún ekki vera alúðleg, og alt af reiðubúin til þess að þóknast manni?

Felicitas heyrði ekkert, hverju prófessorinn svaraði. Hún var aftur sest undir hnetutréð, og vonaði að sín yrði ekki saknað. Heldra fólkið var í alt annað en góðu skapi. Frú Heilwig var þrútin í framan af reiði, — og hafi sonur hennar verið í slæmu skapi á ferðinni, þá batnaði það ekki við viðtökurnar þegar heim kom.

Lengi vel leit út fyrir, að Felicitas fengi að sitja í næði í afkyma sínum. En eitt sinn, er hún leit upp gegn um smugu milli trjánna, sá hún prófessorinn koma gangandi eftir grasfletinum, með hendurnar krosslagðar fyrir aftan bakið. — Þó alt látbragð hans virtist eins og vant var bera vott um skeytingarleysi, þá var þó auðséð á andliti hans, að hann var órólegur og í hugaræsingu mikilli. Hann horfði gaumgæfilega inn á milli trjánna.

Felicitas sat grafkyr og virti hann fyrir sér. — Ósjálfrátt hafði hún lagt hægri hönd sína á hjarta sér, er sló hratt. Henni var heldur ekki rótt, og hún kveið fyrir ef hann kæmi auga á sig. — Enn þá hægara en áður gekk hann áfram eftir mjóa stignum umhverfis grasflötinn. Hann var berhöfðaður. — Hvernig vék þessu við? Var það af því, að yfirbragð hans kom henni svo ókunnualega fyrir sjónir eða hafði hana tapað hinum blómlega yfirlit sínum? Víst var það, að henni fanst andlit hans breytt, hvað þá annað.

Hann greip í grein á eplatré og dró hana að sér með áhuga og virti fyrir sér hinn smágerða vísir. — Enn þá sá hann ekki stúlkuna hjá trénu. — Nú slepti hann aftur greininni og hélt áfram göngu sinni. — Alt í einu stóð hann beint á móti henni. Hann beygði sig niður snögglega og sleit upp eitthvert gras, er óx í jaðri grasflatarins.

"Lifið þér á, Felicitas, — það er fjögrablaðasmári", kallaði hann til hennar, án þess að lita upp.

Hann talaði svo rólega og hlýlega, alveg eins og þau hefðu alla tíð verið beztu mátar, og það væri svo sem sjálfsagt, að hún sæti nú þarna. En orð hans höfðu þau áhrif á hana, að hún sat kyr, eins og hún væri negld niður, og þó hafði hún ætlað að standa upp og ganga í burtu.

"Það er sagt, að það sé hamingjumerki, að finna fjögrablaða-smára", bætti hann við, um leið og hann gekk til hennar. — "Nú skal ég strax komast að raun um, hvort það er heimskuleg hjátrú eða ekki".

Nú stóð hann beint fyrir framan hana. Svipur hans var aftur orðinn rólegur og einbeittur, og alt látbragð hans lýsti steinafestu og kjarki. Fjögrablaða-smárinn datt úr höndum hans, og hann rétti þær báðar út á móti Felicitas.

"Gott kveld!" mælti hann. — Hversu óumræðilega blíðlega sagði hann ekki þetta einfalda orð. Ef hann fyrir mörgum árum síðan hefði talað í sama róm til hins níu ára gamla barns, er kraðdist kærleika og hluttekningar, þá hefði hann verið sýkn í augum hennar. — Nú varð hin vingjarnlega, einlæga kveðja hans, er lýsti svo ótvírætt gleði yfir samfundunum, alveg óskiljanleg fyrir hina ungu stúlku, er hann hafði farið svo illa með. — Samt sem áður lyfti hún hendinni, — hún, úrhrakið, sem vildi heldur láta lifið en þiggja hönd hans, — hún lagði hönd sína — knúð af óskiljanlegu valdi, hægt í hönd hans. — Það var eins og hvert annað stórmerki, og honum fanst það líka. Ein ógætnisleg hreyfing gat gert það að verkum, að það kæmi aldrei fyrir tiðar. — Með þeirriró, sem æfðir læknar temja sér, vék hann strax að öðru umtalsefni :

"Hefir Anna litla verið yður til byrði?" mælti mælti hann vingjarnlega.

"Þvert á móti. Mér þykir vænt um barnið og því um mig, og ég hefi ánægju af að gæta hennar".

"En þér eruð fölari en áður. Þunglyndisdrættirnir kringum munninn eru dýpri en nokkru sinni fyr — — þér sögðuð áðan, að barninu þætti vænt um yður, — en fleirum getur líka þótt það, Felicitas. — Ég skal strax sanna yður það. — Þér hafið víst ekki í eitt einasta skifti hugsað til þeirra manna, er höfðu ferðast burtu úr þessum bæ, til að styrkja líkama og sál í heilnæmu skógarlofti?"

"Ég hafði hvorki tíma né tækifæri til þess", svaraði hún kuldalega, en eldroðnaði um leið.

"Ég þóttist nú vita það, — en ég hefi verið mannúðlegri, — ég hefi hugsað til yðar. — Ég skal strax segja yður hvar og hvernig : Ég sá greinilega standa einmana á háum klettí. Það leit út fyrir, að það hefði verið hrakið og hrjáð í barrviðarskóginum fyrir neðan, og því hafði það flúið og sest að á þessum háa stað. Þungbúið og ægilegt stóð það þar, og hugsjón mín gaf því andlit er hafði drembilegan fyrirlitningarsvip er ég þekti svo vel. — Alt í einu kom óveður, — regnið buldi á greinum trésins, og stormurinn hamaðist og hristi það, — en eftir hverja hríð reisti það sig upp aftur, og stóð fastara en fyr, —".

Felicitas hafði litið upp og horfði nú hálfhikandi og þrákelknislega framan í hann. — Hann hafði sannast að segja umbreyzts mikið við ferðina. — Hann, með stálgráu og kuldalegu augun, dulspekingurinn og ofstækismaðurinn, — afturhaldsseggur sá, er lét lög og venjur ganga á undan öllu öðru og drepa niður allar hugsjónir og frjálsræði, — hann, sem eigi gat hlýtt á söng hennar, — hann skýrði henni frá, með sinni hljómmiklu rödd, frumsömdu æfintýri, er ómögulegt var að skilja nema á einn veg.

Málmfræðingurinn sem dómari.

Herra Arnór Árnason, málmfræðingur í Chicago(?) hefir þótt langa ritgerð úr ensku, um svikseni "andatrúarmanna", og birt hana í blaðinu Þjóðólfi í Reykjavík.

Eftirmála setur hann dálitinn frá eigin brjósti, og það er hann, sem ég vildi vekja eftirtekt á, því hann lýsir dálítið innræti og hugsunarhætti mannsins. Eftirmálinn er þannig:

"Ofanprentuð grein er úr blaðinu "The Chicago Daily News", sem út kom fyrir skömmu. Jafnvel þótt mér detti ekki í hug, að halda því fram, að hér á landi — (þá var höfundurinn staddur á Íslandi) — sé verið að fleka þjóðina með brögðum þeim, sem ritstjórar í Vesturheimi þykjast hafa vissu fyrir, að eigi sér stað, eins og greinin ber með sér, þá þótti mér hún samt þess virði, að hún kæmi í íslenzkri þýðingu, til þess að almenningur hér á landi fái að heyra álit merkra manna og velmetinna á andatrúnni erlendis. Og ennfremur vegna þess, að andatrúin virðist hafa fest töluverðar rætur hér á landi. Akur á hún þó vonandi ekki til frambúðar hér á Íslandi, fremur en annarsstaðar í heiminum. ÚNÍTARAR eða þá algerðir GUÐLEYSINGJAR eru þeir einu MANNFLOKKAR(!!!) í heimi þessum, sem nú fást við andaframleiðslugaldurinn, en á meðal SLÍKRA MANNA mega engir sannir Íslendingar staðnæmast stundu lengur". *)

Þannig farast honum orð, þessum hjartnanna og nýrnanna rannsakara, þegar hann sem dómari ber að dæma um mannflokkana.

Um áreiðanleik þessarar greinar úr "The Chicago Daily News" — um svikseni og blekkingar andatrúarmanna, — sem höf. segir að "merkir og velmetnir menn þykist hafa vissu fyrir, að eigi sér stað", skal ég ekki fjölyrða. Enginn maður er tilnefndur, hvorki merkur eða ómerkur, svo það væri freisting til að ætla, að þeir væru álíka "merkir og velmetnir" eins og þeir menn á Íslandi, sem nú ofsækja þá menn mest, sem þar fást við "dularfull fyrirbrigði". Og sögurnar — um svikin — jafn áreiðanlegar og þeir hafa borið fram. — Sbr.: þetta sagði maður, sem var á Húsavík; þetta sagði maður, sem var á Akureyri; þetta sagði maður, sem var á Ísafirði, o.s.frv. — Röksemdafærsla stjórnarblaðanna á Íslandi: Lögréttu og Reykjavík(ur). Enginn maður nafngreindur, að eins höfð yfir gamla sagan hennar Grónu gömlu á Leiti "ólýginn sagði mér".

En sleppum þessu. Síðari hluti "eftirmálans" þarf athugunar við. Eftir þeirri hugsanafræði, sem þar kemur fram, eiga fyrir það fyrsta þessir Íslendingar að vera "Únítarar eða guðleysingjar", af því þeir teljast til þess "mannflokks, sem fæst við andatrúarframleiðslugaldurinn": Einar Hjörleifsson, Haraldur Nielsson, Björn Jónsson, Jón sagnfr. Jónsson, Skúli Thoroddsen, Páll borgarstj. Einarsson o. fl. o. fl., — og meðal merkra, nafnkendra útlendra manna má nefna W.T.Stead, ritstjóra "Review of Reviews" og Sir Oliver Lodge, einn merkasta visindamann Englands. "Meðal slíkra manna" sem þessara, að við bættum t.d. W. H. Taft, forseta Bandamanna, sem er Únítari, — "mega engir sannir Íslendingar staðnæmast stundu lengur", að dómi málmfræðingsins, af því að þeir eru annaðhvort "Únítarar eða guðleysingjar".

Nú vil ég spyrja herra Árnason: Getur hann sýnt og sannað að þessir menn, eða aðrir, sem hann telur til þeirra "mannflokka", sem hann segir að "góðir Íslendingar" megi ekki staðnæmast hjá, — hafi hugsað ljótari hugsanir, eða sýnt verri og óheiðarlegri breytni í framkomu sinni í mannfélaginu, en aðrir "mannflokkar", sem á hans máli liklega heita "rétttrúnaðar manaflokkar"?

Geti hann þetta ekki, — sem ég bygg erfitt verk — þá hefði honum verið nær "að halda sér saman", en koma fram með jafn ósæmilegan sleggjudóm.

Á.J.J.

*) Leturbreytingar gerðar af mér. Á.J.J.

Það borgar sig
að auglýsa
í Heimskringlu

Eitt kveld hjá Únítörum.

Eg ætla ekki að pegsa við prestana í kvöld,
sem paradís guðanna fundu. —
En hvað sem að flytur hin ókomna öld,
þá unum vér þessari stundu: —
Sjá, vorsólin geislana á gulldiskum ber;
sjá, gleðinnar lífvörð í fylkingum hér.

Og við, sem að höfum hér mælt okkur mót,
og manndáð og frelsinu unnum, —
það var þó í öllu okkar andstreymi bót,
að ofra því bezta er við kunnum.
Og það eru nú engin blá þráða bönd,
sem binda' okkar þrá yfir höf eða lönd.

Og þeir, sem að hafa nú haldið upp vörn
mót hégiljum liðinna alda,
og malað þær sundur í sannleikans kvörn, —
þeir sigra og komast til valda.
Og þá verður hræsnin og hálfvelgjan dauð,
en heilnæmt til nautnar vort andlega brauð.

Að rannsaka og leita eftir orsök til alls,
er eitt það, sem mannsandinn þráir.
Og það ber nú ávöxt úr fjöru til fjalls,
hvert frækorn, er skynsemin sáir
En hvar sem að trúin á rotnaða rót
hún rýrnar og visnar og treðst undir fót.

Því alt það, sem mönnunum miðar til góðs,
og menningin hefir að bjóða,
hvort framsett í ritmáli ræðu eða óðs,
við reiknum það landinu gróða.
Og það eru ljósin, sem lýsa okkur nú,
sem leiðtogar frelsisins gáfu okkar trú.

En svo eru hópar, sem hylja sig enn,
og hafa þó styrkt oss að málum,
og það eru drenglyndir, dugandi menn,
með dómgreind í heilbrigðum sálum. —
En því ekki að vinna þá allir sem einn,
unz aldan er klofin og vegurinn beinn?

Og andlitin verða ekki flöktandi og föl,
sem frjálstrúin merki sitt gefur. —
Það er ekki hræðslan við helvítis kvöl,
sem holund í sál þeirra grefur;
en trúin á réttlæti og sannleikans sól
mun senda þeim geisla um öll komandi jól.

Þó við séum smáir og finnum svo fátt,
við fögnum því einbuga, glaðir,
að stórmenni og vísindin hefja sig hátt
úr hafi yfir aldanna raðir.
Við sjáum, að guð er að varða þann veg,
svo villist ei ókunnir, — þú eða ég.

H. Magnússon.

Góð nýársgjöf.

Nikulás Ottenson, Esq.

Kæri vin! — Mér þótti heldur en ekki vænt um, að sjá bókaauglýsingu þína í síðustu Heimskringlu. Þegar ég fór að bera saman bókalista þinu við síðasta bókalista Lögbergs, sá ég að þar var ærinn munur. T. d. Jóns Ólafs sonar ljóðmæli eru hjá þér á 60c, en í síðasta lista Lögbergs 75c mismunur 15c. Sálmabókina, sem seld hefir verið hér í sams konar bandi á $1.00, auglýsir þú á 70c, og Sálmabókina, sem auglýst er í Lögbergi á 80c, auglýsir þú á 55c, mismunur 25c. Og hinar aðrar bækur, sem þú auglýsir, eru í líkum hlutföllum.

Það var kært komin nýársgjöf til okkar Vestur-Íslendinga, að láta okkur hafa kost á, að eignast íslenzkar bækur með sanngjörnu verði. Þetta kom líka á mjög heintugum tíma, þar sem nú er nýútkomið eitt hið fegursta og stærsta skáldverk, sem komið hefir út á íslenzkri tungu. Að öllum líkum verður það keypt af almenningi, fátækum jafnt sem hinum efnaðri, einkum þar sem menn eiga nú kost á, að eignast það með sanngjörnu verði. Þetta skáldverk er: "Ofurefli", eftir Einar Hjörleifsson. Stór bók og vönduð innra og ytra. Ég sé að þú auglýsir ofannefnda bók á $1.50 Heima á Íslandi er hún seld á 5 kr. Eftir því verði, sem við Vestur-Íslendingar höfum átt að venjast á íslenzkum bókum, nfl., að hver króna söluverðsins heima á Íslandi væri reiknuð oss á 40c, hefði þá verð bókarinnar orðið $2. Þú selur þessa bók 50c minna, en við að öllum líkindum hefðum orðið að borga fyrir hana, ef gamla einokunin hefði viðhaldist. Það hefði hún líka gert, ef þú hefðir ekki komið fram á sviðið með dugnað þinn og þolgæði.

Heill sé þér og hverjum öðrum, sem kemur fram okkar fámenna þjóðflokki hér til gagns eða sóma, hvort sem það er til hagnaðar í fjármunaleau tilliti eða eflingar á andlegum framförum. Þessi dugnaður þinn getur leitt til hvorutveggja. Það eru allar líkur til, að 1000 eintök af "Ofurefli" seljist hér vestanhafs, og 50c sparnaður á hverju eintaki meinar $500.00 sparnað fyrir Vestur-Íslendinga, og þetta á að eins einni bók.

Að hinu leytinu má að sjálfsögðu við því búast, að íslenzkar bækur verði meira keyptar og lesnar, þegar þær fást með sanngjörnu verði. Mundi það svo auka samúð Vestur-Íslendinga til bræðra þeirra austanhafs, er þeir kynnast betur hugsunum þeirra í bókunum, sem út eru að koma, og þegar bræður vorir heima finna þetta, lætur að öllum líkum, að þeir myndi gefa oss þá viðurkenningu, að kaupa og lesa þær bækur og tímarit, sem koma mundu út hér vestra, og þannig kynnast voru hugsanalífi. Slíkt mundi án efa auka samúð á báðar hliðar. Spor það, sem þú hefir nú stigið, hefir meiri blessunarríka þýðingu, en margan grunar nú. Ég efast ekki heldur, að landar vorir hér muni láta þig njóta þess drengilega spors, sem þú hefir stigið þeim í hag, með því, að unna þér frekar viðskifta sinna en öðrum.

Í sambandi við þetta, dettur mér í hug mín fyrsta kaupstaðarferð heima á Íslandi. Ég fékk að fara að gamni minu um "lestirnar", þegar farið var með ullina. — Þar, sem verzlað var, voru engar búðir á landi, en kaupskipin lágu á löggiltri höfn. Búist var við, að 2 skip væru á höfninni, sem voru frá vissum verzlunum, er bændur voru búnir að verzla við áður. Þegar við komum þangað, voru skipin 3. Húsbóndi minn og samferðamenn hans tóku nokkurra kunningja sína tali, sem þeir hittu á áfangastað við skipaleguna. Ég heyrði sagt, að á þriðja skipinu væri sem kallað var "lausakaupmaður", og að hann gæfi 5 aurum meira fyrir hvert ullarpund, og að Rúgurinn væri 2 kr. ódýrari. Var þá talað saman um hríð, hvar verzla skyldi. Kom þar að kunningi samferðamanna húsbónda mins. Segist hann ætla að selja ullina sína kaupmanninum, sem hann sé vanur að hafa skifti við. Hann væri nú farinn að gefa sama fyrir ullina og þessi lausakaupmaður, og að Rúgurinn væri ekki orðinn nema einni krónu dýrari, og svo hefði kaupmaðurinn sinn sagt, að hinir hefðu lakari matvöru. Einnig lét hann strax á það, sem kallaður var ferðapeli, og svo gaf hann honum þriggjapelaflösku af messuvíni. Lét hann síðan kunningja sína sannfærast um, að ferðapelinn væri ekki tómur. — Eftir það var haldið áfram að tala um, hvar verzla ætti. Húsbóndi minn, sem var alvörumaður, sagði sér dytti ekki annað í hug, en að selja "lausakaupmanninum ullina sína, því þó hinir gæfu nú jafnt fyrir hana, þá ættu þeir þó allir honum að þakka fyrir 5 aura hækkunina á hverju ullarpundi, svo að ef hann gæti haft einhvern hagnað af að fá ullina sína, þá væri hann fremur öllum öðrum velkominn að þeim ágóða. Það væri líka um að gera, að breyta svo við hann, að hann héldi áfram að koma, og helzt að fá hann til að verða fastakaupmann.

Að endingu óska ég þér beztu lukku með bókaverzlun þína, — treystandi því, að Vestur-Íslendingar meti að verðugleikum hagnað þann, sem þú gerir þeim, að þeir sjái um, að þú verðir þeirra "fasta-bókakaupmaður".

Það geta þeir bezt með því, að unna þér fremur viðskifta en öðrum.

Með vinsemd og virðingu,
þinn einl.
E. Sumarliðason.

Frá Goodtemplar í Winnipeg.

Í 15. tbl. Heimskringlu var prentuð saga frá John S. Laxdal, Laxdal P.O., Sask., stíluð til Goodtemplasa í Winnipeg. Sagan er ekki löng, en hún er vel þess virði, að henni sé gaumur gefinn. Hún fjallar um það mál, sem öllum kemur við.

Höfundurinn virðist hafa eitthvert hugboð um, að vínsöluhús muni verða stofnsett á ýmsum stöðum í svonefndri Foam Lake bygð, og hann óttast, að afleiðingarnar verði bygðinni til óheilla, og mörgum manninum til auðnuleysis. Enda er sú hugsun hans hárrétt. Eða hvar hefir maður nokkurt dæmi til þess, að vínsala hafi haft betrandi áhrif á bæ eða bygð? Hvergi. Það er ætið sama sorgin, in, sama eymdin, sama bölvunin, sem af ofdrykkjunni leiðir og henni fylgir, hvar sem hún er, og maður ætti að vera búinn að heyra þá sorgarsögu svo oft, að nútíðarfólk ætti ekki að hafa neitt skiftar skoðanir á því, hvað ætti að gera við vínið. Eða til hvers er þá öll menning og mentun, sem fólkið er að stæra sig af? Eða til hvers er þá þessi undrafjöldi af kirkjum? Til hvers eru þær bygðar og þeim viðhaldið, ef þær eiga ekki að leggja alt kapp á, að eyða vondum löstum og varmensku, en auka dygðir og dánumensku? En aldrei verður verk kirkjunnar nema hálfverk, hálfgert kák, á meðan að ofdrykkjan á sér stað. Með öðrum orðum: góðu áhrifin frá kirkjustarfinu vega ekki upp á móti vondu áhrifunum frá vínsölunni. Það eru til mörg dæmi, sem sanna það. Ég ætla að eins að draga hér fram eitt:

Árið 1885—6 var ég hér vestur í smábæ, sem var að vaxa upp með amerískum hraða. Þegar ég kom þangað, og átta mánuði eftir það, var þar hvorki kirkja né vínsöluhús. Fólkið sýndist að vera ánægt og rólegt. Þar voru engin strákapör framin, enginn settur í tukthús, og maður vissi varla af, að þar væri til lögregluþjónn. Þá var stofnaður þar söfnuður og reist kirkja, og á sama tíma dreif einhver lævís náungi þar upp vínsölu hótel. Svo var reist önnur kirkja og önnur vínsölukrá. Það gekk þar til rétt eins og frinn sagði, að allstaðar þar sem guð léti reisa kirkju, þar léti djöfullinn byggja vínsöluhús, því "sá gamli væri þá ekki neitt hræddur um, að hann héldi ekki sínum hlut svo lengi, sem mennirnir hefðu tækifæri til að sitja í drykkjustofunum sex daga vikunnar, þó þeir sætu þá í kirkjunni sjöunda daginn.

Ekki leið á löngu eftir að þessi hús voru komin á laggirnar í þessum umrædda bæ, að menn yrðu varir við illindi, áflog, ólifnað og alls konar óreglu, og vínið var áreiðanlega orsök í þessum umskiftum. Þá sá maður glöggleaa, að góðu áhrifin frá þessum tveimur kirkjum, viktuðu ekki upp á móti vondu áhrifunum frá þessum tveimur vínsölukrám.

Saga þessa bæjar endurtekur sig allstaðar, þar sem Bakkus sest að. Mér hefir því oft dottið í hug, þegar bæir hafa verið að þjóta upp þar og hér, og söfnuðir eru oftast fyrsta félagið, sem stofnað er í bæjunum, hvort starf þeirra mundi ekki bera margfalt meiri og blessunarríkari ávöxt en nú gerist, ef þeir (söfnuðirnir) gerðu það að skylduverkum sínum, að berjast á móti vínsöluleyfi.

Vínið er höggormur, sem eitrar út frá sér á allar hliðar, hefir æfinlega og allstaðar gert. Það er því kominn tími til, að alt krist-sinnað fólk fari nú og hér eftir, að beita bæ tur áhrifum sínum til þess að reka slíkan óvin af höndum sér, en standa ekki hjá og glápa á fáeina Goodtemplara vera að stríða við ofurvald víns og vana.

Yfirleitt er nú fólkið held ég, að vakna til meðvitundar um það, að það hafi forsómað bindindisverkið heldur mikið. Það bendir ýmislegt á það. Til dæmis, var hér í Winnipeg síðastliðinn vetur haldinn fjölmennur fundur, þar sem bindindismálið var rætt af mörgum merkum mönnum, einkum prestum, sem þar voru á milli 10 og 20 og allir virtust þeir vera sammála um það, að bindindismálið væri þeirra máleini. Þeir drógu enga dul á það, að söfnuðirnir ættu að vinna í þeim vingarði meira enn þeir hafa hingað til gert. Enginn íslenzku prestanna í Winnipeg voru þar. Þeir hafa aldrei haft tíma til, að áminna söfnuðina sína um, að vinna nú vel fyrir bindindismalið, — rétta nú bróðurhönd þessum íslenzku Goodtemplara stúkum, sem hér hafa staðið og stritt í síðastliðin 20 ár, og oft legið við falli, fyrir oddhvössum örvum Bakkusar vina og laun-fyrirsátrum þeirra. Seinna er ég vis að segja meira um þetta, en sleppi því nú, og bregð mér í anda vestur í svokallaða Foam Lake bygð, þessa afarstóru íslenzku nýlendu, þar sem þeir eiga í vændum fagra framtíð fyrir sig og niðja sína. Já, þar verður blómleg bygð og mannval mikið.

En þar má ekki Bakkus koma, því verði hann búandi í þeirri bygð — þá smækka blómaþeðin og fækka valmennin. Nú er gott tækifæri, að bindast samtökum með það, að vínsala verði aldrei, aldrei leyfð innan takmarka nýlendunnar. — Bezt að byrgja brunninn áður en börnin detta ofan í hann.

Foam Lake bygð hefir líka orðið fyrir því láni, að þar hafa sest að nokkrir einlægir og ákveðnir Goodtemplarar hér frá Winnipeg. Ég gæti nefnt hálft dúsin úr stúkunni Heklu, og þá má ekki gleyma Dr. S. J. Jóhannessyni, úr stúkunni Skuld. Framkoma þessara manna var þannig í stúkunum hér, að okkur þykir vænt um þá, hvar sem þeir eru, og við treystum þeim til að beita áhrifum sínum á móti vínsölu og vindrykkju í bygðinni sinni.

Nú eru þar að stofnast stúkur og söfnuðir, sem ég ætlast til að vinni í sambandi og samfélagi að bindindismálinu, og allir einstaklingar, sem hvorugum þeim félögum vilja tilheyra, ættu samt að vera vakandi og vinnandi að því, að áfengi yrði útilokað úr öllu þeirra nágrenni.

J. S. Laxdal getur þess, að sumir muni hafa þá trú, að það auki verzlun, fjör og líf í bæjunum, ef þar eru ein eða fleiri drykkjukrár. Ég veit, að Bakkusar vinir halda því fram, og óþokkarnir, sem vilja fá að selja vínið, hafa það fyrir tálbeitu við fólkið, þegar þeir eru að snuða sér út atkvæði með vínsöluleyfinu.

En ég þori að fullyrða, að vínsala eykur ekki það fjör og líf, sem er eftirsóknarvert fyrir nokkurn bæ eða bygð. Ég hefi hér fyrir framan mig nokkra vitnisburði ýmsra helztu verzlunarmanna í N. Dakota, sem voru þar og verzluðu áður enn vínsölubann komst á, og hafa verzlað þar síðan. — Þeir segjast hafa unnið á móti vínbanninu, en nú við reynsluna hafa þeir komist á aðra skoðun. Nú álíta þeir hvern þann bæ heppinn, sem ekki hefir vínsölu. Ef ritstjóri Heimskringlu vill taka þessa vitnisburði í blaðið, þá eru þeir vel þess virði að vera þar. Bindindismálið er almennings máleini, og ætti að vera meira um það ritað, en gert hefir verið.

Sumar Norðurlanda þjóðir álíta bindindismálið svo mikið velferðarmál þjóðanna, að þingin hafa nú í nokkur ár veitt fé til útbreiðslu þess. Hvenær skyldi Canadastjórn sjá sóma sinn í því, að gera slíkt fyrir landið sitt? Máske þegar hún hættir að borga agentum stórfé fyrir ekki neitt.

Að endingu skal ég geta þess, að ensku prestarnir hérna í Winnipeg og ýmsir aðrir bindindisvinir eru nú að tala um, að biðja Manitoba þingið í vetur, að afnema allar drykkjustofur í borginni, að vín verði ekki fáanlegt, nema í reglulegum vínsölubúðum, sem sé lokað á sama tíma og öðrum búðum. — Fangist þetta, þá væri það eitt spor í rétta átt. En svo er sagt, að vínsalarnir sitji nú á leynifundum. Þá vantar að biðja stjórnina bónar líka, og þeir þiltar geta borgað alt, sem fyrir þeim er haft, með blóðpeningum Bakkusar.

B. M. LONG.

LEIÐBEININGAR-SKRÁ
YFIR ÁREIÐANLEGA VERZLUNARMENN Í WINNIPEG

MUSIC OG HLJÓÐFÆRI

CROSS, GOULDING & SKINNER, LTD.
323 Portage Ave. Talsími 4413

MASON & RISCH PIANO CO., LTD.
356 Main Stree Talsími 480
W. Alfred Albert, Íslenzkur umboðsmaður

WHALEY ROYCE & CO.
356 Main St. Phone 263
W. Alfred Albert, búðarþjónn.

VÍNSÖLUMENN

GEO. VEILE
Hef ávallt Víngull. 185, 187 Portage Ave. E.
Smá-sölu talsími 352. Stór-sölu talsími 464.

STOCKS & BONDS

W. SANFORD EVANS CO.
326 Nýja Grain Exchange Talsími 3696

ACCOUNTANTS & AUDITORS

A. A. JACKSON,
Accountant and Auditor
Skrifst.—28 Merchants Bank. Tals.: 5702

S. R. HUNTER & CO
Skraddarar,
189 Lombard Street
Búa til ný-móðins karlmannafatnaði eftir máli. — Efni og vinnubrögð afbeztu tegund, og alt ábyrgst að vera jafngildi þess bezta sem fáanlegt er í borginni. Verðið er við allra hæfi. —
S. R. Hunter & Co.
189 Lombard St.
Telephone 1395.

Ágæt meðul.
Ég hefi kynst og pantað áður meðul við nef, kverka- og andkafa sjúkdómum hjá Royal Remedy Co. Þau fá bezta vitnisburð. Þeir, sem senda mér sjúkdómslýsingu, og $4.00 fyrirfram, fá meðulin send heim til sín kostnaðarlaust hvar sem er í Canada. Eins og mörgum er kunnugt, hefi ég fengist töluvert mikið við meðalasölu stundum, og þekki "patent" meðul vel. Þessi meðul eru ekta góð meðul, og fólk má treysta þeim, ef það kaupir þau í tæka tíð.
K. Ásg. Benediktsson.
540 Simcoe St., Winnipeg.

Það kostar minna en 4 cent á viku
að fá HEIMSKRINGLU heim til þín vikuleya árið um kring. Það gerir engan mismun hvar í heiminum þú ert, — þvi HEIMSKRINGLA mun rata til þín. Þú hefir máske heyrt að "blindur er bóklaus maður", en ef þú mátt missa 4c. á viku fyrir HEIMSKRINGLU þá verður þú hvorugt. 4c. á viku eða $2 um árið. Skrifið eftir Hkr. nú þegar, til P. O. Box 3083, Winnipeg, Man.

James Flett & Co.
PLUMBERS
Leiða Gas- Vatns- og Hitapípur í hús yðar, fyrir sanngj. borgun. Verk vandað, fljótlega gert og ábyrgst.
572 Notre Dame Avenue
Telephone nr. okkar er 3380 [eða 3529.

Stefán Johnson
Horni Sargent Ave og Downing St.
HEFIR ÁVALT TIL SÖLU
Nýjar Áfir
Beztu í bænum. Ágætar til bö unar. 15c gallon

Woodbine Hotel
Stærsta Billiard Hall Norðvesturlandinu
Tin Pool-borð.—Alskonar vín og vindlar.
Lennon & Hebb,
Eigendur.

Fréttir úr bænum.

Það sorglega slys vildi til í Mountain bygð, N. D., kl. 9 að kveldi mánudagsins 25. þ.m., — að Aðalsteinn Sigurðsson, Kráksson ar, keið bana af byssuskoti úr eigin hendi.

Orsakir til þessa tiltækis eru ókunnar.

Aðalsteinn sál. var á bezta aldri Hann var friður sýnum og karlmannlegur. Það var í honum hið mesta mannsefni, og hafði hann nýlokið náni sínu, sem vélfræðingur, í Fargo bæ þar í ríkinu.

Þessi ungi maður er sagður að hafa verið vinsæll mjög í bygð sinni, og því að sjálfsögðu mörgum harmdauði. En mest þó aldurhniginni og sorgmæddri móður, sem fyrir fáum árum misti eiginmann sinn og nú sér á bak mannvænlegum syni.

Samúðarfullt hafa um undanfarinn tíma verið á baugi milli bæjarstjórnarinnar og strætis brautafélagsins. Bærinn var að hugsa um, að kaupa allar eignir félagsins: Gas og rafafls framleiðslustöðvarnar, allar járnbrautir félagsins um bæinn og grendina, að meðtaldri brautinni til Selkirk. Bærinn áætlaði, að alt þetta kostaði 15 miliónir dollara, en félagið taldi það yfir 19 milión dollara virði. Á því strönduðu samningarnir. Bærinn heldur áfram, að byggja aflstöð á eigin reikning, en félagið heldur eignum sínum.

Búist er við, að þau herra Ó. A. Eggertsson, Friðrik Sveinsson og ungfrú Rannveig Einarsson haldi samkomur þær, sem áður hefir verið minst á í blaðinu, á þessum stöðum í Argylebygð:

Á GLENBORO, 8. febr.

Á G. T. samkomuhúsinu, hjá kirkjunni, 9. febr.

Að BRÚ, 10. febr., í G.T. samkomuhúsinu.

Nánar auglýst í næsta blaði.

Mrs. Guðrún Goodman, frá Akra, N. D., hefir verið hér í borg rúman vikutíma, í kynnisför til vina og kunningja hér. Hún lagði heimleiðis aftur á þriðjudaginn var Með henni fór suður Mrs. S. Lindal, 514 Beverly St. Bjóst hún við að dvelja þar hjá kunningjum sínum nokkra daga.

Í kveld (miðvikudag 27.) flytur Miss Steinunn Stefánsson erindi á Menningarfélagsfundi. Allir boðnir og velkomnir kostnaðarlaust.

Herra N. Ottenson í River Park biður þess getið, að allar þær bækur á bókalista hans, sem ekki er sýnt, að neitt flutningsgjald þurfi að gjalda af, verða sendar kaupendum kostnaðarlaust, hvar sem þeir eru í Canada og Bandaríkjunum.

Vér bendum lesendum á samkomu íslenzka Kvenfrelsisfélagsins, sem auglýst er í þessu blaði að haldin verði í Únitarasalnum 3. febrúar næstk. Heimskringla mælir með, að samkoma sú verði vel sótt. Hún verður bæði fræðandi og skemtandi og kvenfrelsishreyfingin verðskuldar athygli og stuðn ing allra réttsýnna manna. Inngangur er ókeypis.

Þann 8. þ.m., kl. 5 e.h. voru gefin saman í hjónaband af séra Shier, að heimili herra Björns Jónssonar í þingvalla nýlendu, —herra Guðmundur Johnson og ungfrú Þórunn J. Johnson. Hr. Johnson er fasteignasali og verzlunarmaður í Churchbridge, Sask. — Eftir hjónavígsluna var setin rausnarleg veizla af hundrað manns, og skemtu menn sér vel með ræðum, spilum og hljóðfæraslætti og dansi til næsta morguns. Margar verðmætar gjafir ásamt hughlýjum hakkunóskum til brúðhjónanna og aðstandenda þeirra, voru brúðhjónunum gefnar, er glögt sýndu velvildarhug og vinsældir þeirra og foreldranna. Var og auðséð, að allir fóru heim glaðir og ánægðir eftir samsætið. — (Einn af gestunum.

Séra Anton Lubicz, pólskur prestur hér í borginn, hefir verið tekinn fastur og varpað í fangelsi fyrir fáum dögum, kærður um fleking, af því ekki var hægt að festa aðra sök við hann þá í bráðina, — er enn þá í höndum yfirvaldanna. Það þykir víst, að hann sé í meira lagi laus á kostunum, og bendlaður hefir hann verið við unga konu, sem síðar hefir í skyndi haft sig héðan með öðrum manni. Nú er þó sannað, að Lubicz þessi hefir hlaupið frá konu sinni og börnum í Chicago, og að hann hefir þar félleft ýmsa menn áður enn hann fór. Lögreglustj. hér er að gera ráðstafanir til þess að senda hann aftur suður til fjölskyldunnar.

Þeir herrar Björn Walterson og tengdasonur hans Lindal J. Hallgrímsson hér í borg, lögðu í fyrrakveld af stað í skemtiferð vestur að Kyrrahafi, og hugsa að dvelja þar rúman mánaðartíma. Ferðinni er heitið fyrst til Vancouver og Victoria og síðan til Seattle og annara hafnarstaða þar vestra. Kyrrahafsbúar fá þar góða gesti, enda þarf ekki að efa, að þeir veiti þeim góðar viðtökur.

Talsíma nr. Jónasar Pálssonar söngfræðikennara að 460 Victor Street, er: 6803.

J. D. McArthur félagið hefir keypt lóðina, sem er milli Queens hótel og Nanton byggingarinnar, við horníð á Portage Ave. og Main St., fyrir $2,800 fetið, eða alls 170 þúsund dollara. Félagið ætlar að reisa á lóðinni 12-loftaa byggingu, er verði skrifstofur aðallega. Og er svo til ætlast, að bráðleg verði byrjað á þessu mikla húsi.

Ungur piltur hér í Winnipeg, að nafni Fred J. Alderson, hefir fundið upp flugvél. Piltur þessi er góður fiðlinspilari, og margir hér í bæ kannast við hann sem slíkan, en enginn hefir fyr vitað, að hann væri hugvitsmaður. Hann hefir stundað söngfræði í Evrópu, og í frístundum sínum þar, vann hann að uppfundningu þessari. Félag hefir verið myndað hér í bæ til þess að smíða vélina samkvæmt sýnishorni piltsins, og skal hún fullger í maí næstkomandi.

Concert sá, sem íslenzki hornleikendaflokkurinn hélt í Goodtemplarabúsinu á mánudagskveldið var, var vel sóttur, svo að húsfyllir var. Hornleikendurnir spila nú orðið svo langt um betur en þeir gerðu, þegar þeir höfðu samskonar samkomu í fyrra, og var almennt gerður góður rómur að fram komu þeirra. — Ungfrú Olga Simonson spilaði tvisvar á fiðlin af mestu snild, og svo varð þá mikið lófaklapp, að hún varð að endurnýja spil sitt til að þóknast áheyrendunum.

Blaðið Free Press segir, að Glen Campbell, risinn mikli frá Dauphin, hafi flutt hálfrar stundar ræðu í Ottawa þinginu í umræðunum um hásætisræðuna, og að hann hafi talað á 5 tungumálum: indverska, frönsku, latínu, ensku og einhverju öðru máli, — máske íslenzku?

Athygli manna er dregið að sjónleikjum þeim, er sýndir verða undir umsjón Íslenzka Stúdentafélagsins, og auglýstir eru á 4. bls.

VEÐMÁLIÐ er gamanleikur, og fer fram í New York. Hann sýnir, hvað ástaguðinn getur leitt og leikið á þá, er eina sinni leyfa hon um að flækja sig í möskvum hans.

Hinn leikurinn, JÓLANÓTT, fer fram í Lundúnum. Persónur eru John Fenton og dóttir hans, Grimm forlög hafa skilið þau sundur fyrir 20 árum. Þá var faðirinn sakaður um glæp og dæmdur í 15 ára fangelsisvist. Þegar hegningartíminn var úti og honum er slept, forðast hann að láta konu sína eða dóttur verða sin varar, svo að hann — brennimerktur sakamaður — verði þeim ekki til vanvirðu. Hann verður flakkari, og hefst við eins og svo mýmargir aðrir öreigar og flækingar Lundúnaborgar. Af tilviljun rekst hann nú til dóttur sinnar (hún er nýgift, móðirin dáin) þessa jólanótt. Fyrst þekkir hvorugt annað, en að lokum verður honum það ljóst, að þessi unga kona, sem býður honum inn úr hríðinni og sýnir honum svo mikla alúð og meðaumkvun, — muni vera dóttirin, sem hann forðum skildi við á barnsaldri, þegar hann var fluttur í fangelsið. Hefst þá barátta í sálu hans milli föðurástarinnar, sem þrýstir honum að vera kyrrum og skyldunnar, sem skipaði honum — sakamanninum og flækingnum, að fara burt og láta ekki uppi, hver hann er, svo hann kasti ekki skugga á líf dóttur sinnar. Úr þessu greiðist þannig, að sakleysi hans er sannað með dauðajátningu þess manns, sem glæp þann framdi, sem Fenton var fyrrum sakaður um og dæmdur fyrir. Að lokum eru þau, faðirinn og dóttirin, eftir 20 ára skilnað, farsællega sameinuð.

Auk framantaldra sjónleika verður á prógraminu: Monologue (comic) "I'll Remain Single". (O. A. Eggertsson, og svo Instrumental Music í byrjun samkomunnar og á milli leikjanna, 3 númer.

Samkoman verður í Goodtemplarasalnum þriðjudagskveldið 2. febrúar næstk. Byrjar kl. 8.30. — Inngangur 35c og 25c.

Menn ættu að fjölmenna á þessa samkomu, því skemtun verður eflaust góð og ágóðinn gengur til þarflegs fyrirtækis.

Recital í Selkirk.

Þann 15. febrúar næstk. halda nemendur Jónasar Pálssonar Recital í Selkirk bæ. Þar spila um 20 nemendur, og auk þess skemta þeir Jónas Pálsson með pianospili og Thorst. Johnson með fiðlinspili. Þar syngja og Miss Annie Simpson og Miss Rosie Epstein. — Það hefir verið vandað til þessarar samkomu. Hún verður haldin í Pearson's Hall. Aðgangur kostar 25 cents.

FUNDIR.

Ísl. Conservative Klúbburinn

hefir venjulegan spilafund á föstudagskveldið kemur, 29. þ.m. Aðeins en byrjað verður að spila, verður skotið á fundi til að útkljá mál, viðvíkjandi spilamönnunum, sem frestað var síðasta föstudagskv. Þessi fundur byrjar kl. 7.30, og eru menn beðnir að hafa þetta hug fast, — að koma þangað ekki seinna en kl. 7.30, svo hægt verði að útkljá málið fyrir þann tíma, sem spilafundir byrja.

Ársfundur

Únitara safnaðarins verður haldinn sunnudaginn þann 31.þ.m., eftir messu. Safnaðarnefnd fyrir komandi ár verður kosin, og skýrslur og reikningar fyrir liðna árið lagðir fram. Áríðandi að félagsmenn sæki þennan fund.

J. B. SKAPTASON,
forseti.

I. O. F.

Það er sérlega áríðandi, að meðlimir stúkunnar "Ísafold", I.O.F., sæki fundinn í kveld (fimtudag).

$4.00 KVENNA OG KARLA FÍNUSTU SKÓR FYRIR

$2.95

Þessarar viku kjörkaup fyrir

KONUR!

4 tegundir af reimuðum kvennskóm, úr Patent og gljá kálf skinni og úr mjúku geita skinni. með breiðum sólum, háum hælum, nýmóðins lag. Vanaverð $4.50 $4.00 og $3.50 Verða seldir þessa viku fyrir

$2.95

Þessarar viku kjörkaup fyrir

KARLMENN!

4 tegundir af karlmanna fínustu Blucher reima-skóm gerðir úr Box Calf og öðrum kálfs- og geita-skinnum, og aðrar tegundir gerðar úr Vici Kid, með Goodyear saumuðum sólum, sérlega breiðum og með nýtísku lagi, og fara vel á fæti. Vanaverð $4.50 og $4.00. Fara nú fyrir

$2.95

JANÚAR TILHREINSUNAR SALA Á VETRAR SKÓFATNAÐI.

QUEBEC SHOE CO.
Wm. C. Allan, Manager
639 MAIN ST. PHONE 8416.
Bon Accord Block, 2 dyr norðan Logan

Arena Rink

Skautaskemtun á hverju kveldi. Ágætt Music.
JAMES BELL, eigandi.

ALLIR ÞEIR, sem ætlaað ferðast til Íslands, ættu að hafa tal af mér. Ég sel ódýrari farbréf, og betri þægindi en aðrir geta gert. Skifti peningum fyrir hæsta verð, (í krónum), og sem útbo ganlegt er í öllum fjórð ungum Íslands. —

A. J. JOHNSON,
P.O.Box 3083. 460 Victor St

Suður Afríku LANDgjafaskírteini (Scrip) fæst keypt fyrir peninga eða eftir samningum með góðri borgunar tryggingu. Skrifið til —

A. D. MABRY,
Saskatoon. - - Sask.

Það þarf að bíta.

Kæru landar, ef þið viljið fá vel skerptar sagirnar ykkar, þá komið þeim til mín, að 501 Beverly St. Líka skerpi ég skauta, skeggbnífa og allskonar eggjárn. — Alt fljótt og vel gert.

G. BERGÞÓRSSON,
501 Beverly St.

Bókalisti
N. Ottenson's,—River Park, Winnipeg.

Áfengi og ábrif þess, í b.	0.10
Eggert Ólafsson (B.J.) ...	0.15
Gönguhrólfs rímur (B.G.)	0.20
Hugsunarfræði (E.B.)	0.15
Huldufólkssögur, í bandi...	0.35(5)
Höfrungahlaup	0.15
Jón Ólafssonar Ljóðmæli í skrautbandi	0.60(3)
Kristinfræði	0.45(2)
Kvæði Hannesar Blöndal	0.15(2)
Málsgreinafræði	0.15
Mannkynssaga (P.M.), í b.	0.85(5)
Mestur í heimi, í b.	0.15
Passiusálmar, í skrautb. ...	0.50
Olnbogabarnið	0.15
Prestkosningin. Leikrit, eftir Þ. E., í b.	0.30
Ljóðabók M. Markússonar	0.50
Friðþjófs sönglög	0.50
Ritreglur (V. Á.), í b. ...	0.20
Sálmabók í vönduðu bandi	0.70
Sálmabók, í b.	0.55
Seytján æfintýri, í b.	0.35(3)
Siðfræði (H. H.), í b.	1.10
Stafsetningarorðbók, í b.	0.30(3)
Sundreglur, í b.	0.15
Útilegumannasögur, í b. ...	0.45
Útsvarið. Leikrit, í b.	0.35(2)
Verði ljós	0.15
Vestan hafs og austan. Þrjár sögur, eftir E. H., í b.	0.90
Víkingarnir á Hálogalandi eftir H. Ibsen	0.25
Þjóðsögur Ó. Davíðss., í b.	0.35(4)
Þorlákur helgi	0.15
Þrjátíu æfintýri, í b.	0.35(4)
Ofurefli, skálds. (E.H.), íb.	1.50
Tröllasögur, í b.	0.30(4)
Draugasögur, í b.	0.35(4)
Clöf í Ási	0.45(3)
Smælingjar, 5 sögur (E.H.) í bandi	0.85
Sagan af Þiðrik konungi af Bern og köppum hans, í bandi .... (15)	2.25
Flateyjarbók, I.—III. bindi, í vönd. skrautb. (50)	8.25
Grágás, Staðarhólsbók, í skrautbandi ... ... :15)	3.00
Sturlunga, Part I. Útgefin í Höfn af K. Kaalund í bandi ... . (20)	4.50
Nýustu svenskar Musik Bækur, útg. í Stockholm:	
Svenska Skol-Qvartetten ...	0.60(5)
26te och 27de Tusendet Sv. Skol-Qvartetten	0.60(5)
Dam Kören	1.00(5)
Normal-Sangbok	0.50(5)

Tölurnar í svigum aftan við (og framan við þar sem póstgjald er meira en 9c) bókaverðið, merkja póstgjald það, sem fylgja verður pöntun utanbæjarmanna.

River Park, 18. jan. '09.
N. OTTENSON.

Gleymið ekki dansinum í Good Templars Hall á fimtudagskveldið.

ALMANAK 1909
fæst hjá útgefandanum og kostar 25c. Fjölbreytt að efni og fróðlegt

Olafur S. Thorgeirsson,
678 Sherbrooke Street. Winnipeg.

F. Deluca
Verzlar með matvöru, aldini, smá-kökur, allskonar sætindi, mjólk og rjóma, sömul. tóbak og vindla. Óskar viðskifta Íslend. Heitt kaffi eða te á öllum tímum. Fóa 7756
Tvær búðir:
587 Notre Dame og 714 Maryland St.

Opinn fund
heldur "Fyrsta Ísl. Kvenréttinda félag Ameríku" í *fyrsta sinn* í samkomusal Unitara, á horninu á Sherbrooke St. og Sargent Avenue

3. febrúar n.k.

Félagið hefir ákveðið *PRÓGRAM* flutt af félögum félagsins og nokkrum öðrum,—eingöngu kvennfólki. —

Mrs. Guðrún Búason flytur þar ræðu um: "Skyldleika bindindis og kvenréttindamálsins".

Allir velkomnir!

Í nafni félagsins
SAMKOMUNEFNDIN.

KENNARA VANTAR
við Marshland skóla nr. 1278. — Kensla byrjar 1. apríl nk. og helzt til árslokaað einum mánuði frádregnum (ágúst), 8 mánaða kensla Umsækjendur tiltaki mentastig, reynslu og kaup, og snúi sér til undirritaðs fyrir 1. marz.

STEINI B. OLSON,
Post Master Marshland P.O., Man.

KOL OG VIDUR

Þur, beinharður eldiviður, — Poplar, Pine, og Tamarac með mjög sanngjörnu verði. — Nú sem stendur verið að afferma mörg vagnhlöss af BEZTA DAUPHIN TAMARAC. —

McElroy Bros.
Cor. Sherbrooke & Ellice
PHONE: 6612

Tallman's Orchestra
Reynið þá fyrir Danssamkomur
461 Balmoral St. — Winnipeg.

ÉG HEFI KEYPT ÚT KJÖTVERZLUN
herra Christjáns Oleson's á Notre Dame, og óska viðskifta allra þeirra sem áður voru viðskiptum hjá honum. Gott kjöt og sanngjarnt verð.

A. E. COOPER,
666 Notre Dame Ave. Telefón 6906

BILDFELL & PAULSON
Union Bank 5th Floor, No. 520
selja hús og lóðir og annast þar að lútandi störf; útvegar peningalán o. fl.
Tel.: 2685

J. L. M. THOMSON, M.A., L.L.B.
LÖGFRÆÐINGUR. 285½ Portage Ave.

ARNI ANDERSON Íslenzkur lögmaður
Í félagi með
Hudson, Howell, Ormond & Marlatt
Barristers, Solicitors, etc.
Winnipeg, Man.
13-18 Merchants Bank Bldg. Phone 3621, 3622

BONNAR, HARTLEY & MANAHAN
Lögfræðingar og Landskjala Semjarar
Suite 7, Nanton Block, Winnipeg

Hubbard, Hannesson and Ross
LÖGFRÆÐINGAR
10 Bank of Hamilton Chambers
Tel. 378 Winnipeg

Th. JOHNSON
JEWELER
286 Main St. Talsími: 6606

Íslenzkur Tannsmiður,
Tennur festar í með Plötum eða Plötulausar. Og tennur eru dregnar sársaukalaust með Dr. Mordens sársaukalausu aðferð
Dr. W. Clarence — Tannlæknir.
Sigurður Davíðsson—Tannsmiður.
620½ Main St.
Phone 470 Horni Logan Ave.

A. S. BARDAL
Selur líkkistur og annast um útfarir. Allur útbúnaður sá bezti. Enfremur selur hann allskonar minnisvarða og legsteina.
121 Nena St. Phone 306

HIN ÁRLEGA Tilhreinsunar-Sala

Alfatnaðir búnir til handa yður eftir máli, úr hvaða efni sem er í búðinni, fyrir aðeins

$25

Snið, efnisgæði, áferði og verk lag ábyrgst. Þessir fatnaðir þegar tilbúnir, eru $35—$40 virði. Nú er tíminn. —

Ef það kemur frá Clement's þá er það akkurat.

Geo. Clements & Son
Stofnað árið 1874
264 Portage Ave. Rétt hjá Free Press

Stefán Guttormsson,
Mælingamaður
663 AGNES STREET. WINNIPEG.

Dr. G. J. Gislason,
Physician and Surgeon
Wellington Blk, - Grand Forks, N. Dak
Sjerstakt athygli veitt AUGNA, EYRNA, KVERKA og NEF SJÚKDÓMUM.

Drs. Ekern & Marsden,
Sérfræðislæknar í Eftirfylgjandi greinum: — Augnasjúkdómum, Eyrnasjúkdómum, Nasasjúkdómum og Kverkasjúkdómum. : : :
Í Platky Byggingunni í Bænum
Grand Forks, :: N. Dak.

S. F. Ólafsson
619 Agnes St. selur Tamarac fyrir $5.50 og $5.75 gegn borgun út í hönd.
Telephone: 7812

Eldiviður
Þurt Tamarak $5.50 KORÐIÐ.
Vér óskum að þér reynið 1 korð.
J. G. Hargrave & Co.
334 MAIN ST.
Phones:—431—432 og 2431

Boyd's Brauð.

Brauð vor ættu að vera á borðum yðar, Það er bragðbetra, jafnan full vigt, og nógu gott til matar á öllum tímum. Vagnar vorir færa yður brauð in heim í hús yðar í öllum pörtum borgarinnar. Pantið af keyrslumönnum eða matvörusölum yðar Boyd's Brauð

Boyd's

Bakery Cor. Spence & Portage Ave
Phone 1030.

"Hvað að borða og hvar skal fá það".

VITUR MADUR

Við höfum lítið að segja, en það sem við segjum, segjum við "beint út". Við óskum að þið komið til okkar þegar þið farið að kaupa haust eða vetrarfötin ykkar. Þá veizt ekki hvað ódýrt þú getur keypt föt búin til eftir máli fyr en þú kemur og talar við oss. —

McFarlane & Cairns
SKREDARAR
335 Notre Dame Aðrar dyr vestan Wpg. Leikhúsið.

W. R. FOWLER A. PIERCY.

Royal Optical Co.
327 Portage Ave. Talsími 7286.
Allar nútíðar aðferðir eru notaðar við augn skoðun hjá þeim, þar með hin nýja aðferð, Skuggа-skoðun, sem gjöreyðir öllum ágiskunum. —

Vér sækjum þvottinn og flytjum hann heim til yðar. Verk ið ágætt, viðskifti áreiðanleg. Fljót skil. Fullkomnustu vélar. Óska viðskifta yðar.

The EMPRESS LAUNDRY Co.
74-76 Aikins St Phone 1440

LAND

Vér höfum nýlega fengið til sölu yfir 20 Section-fjórðunga, liggjandi að Oaklands braut C. N. R. félagsins. Verðið er frá $7.00 til $12.00 hver ekra. Ekkert af löndum þessum eru meir en 5 mílur frá járnbrautinni.

Skuli Hansson & Co.
Skrifst. Telefón 6676. Heimilis Telefón 2274

Heimskringla.

Alt landið

er ábyrgst að vera jarðyrkju land af bezta tegund, og fæst keypt með vægum afborgunar skilmálum. (N.B.—Lesið fyrripart þessarar augl. vinstramegin við Hkr. nafn.)

Frekari upplýsingar veita

Skuli Hansson & Co.
56 Tribune Building. Winnipeg.

XXIII. ÁR. WINNIPEG, MANITOBA, FIMTUDAGINN, 4. FEBRÚAR, 1909 NR. 19

HAGNAÐARKAUP

"Margt smátt gerir eitt stórt", segir gamli málshátturinn. Og hér sannast það. Þegar vér gefum yður nokkra centa afsláit á hverju 25c virði, þá kemur það til að vera töluverð upphæð þegar margra Dollara virði er keypt. Rennið augunum yfir þessi HAGNAÐARKAUP og notið yður þau : —

St. Charle's niðursoðin rjómi, kannan 10c
2 punda kanna af Tomatoes 09c
3 könnur af Corn 25c
3 " " Peas 25c
15c Lax í könnum, hver kanna 10c
Catsup í könnum, hver kanna 08c
" í flöskum, vanaverð 15c, nú á 10c
Vér höfum fengið 500 pund af ágætu "Dairy" Smjöri sem selst þessa viku á 23c
3 pakkar af Jelly (25c) og 1 flaska af "Extract" (10c), hvorttveggja á 25c
6 stykki af Royal Crown sápu á 20c
Brent kaffi (Rio) vanaverð 20c en nú á 15c
Beztu Japan hrísgrjón, pundið 06c
Cocoa, vanaverð 25c, en þessa viku á 21c
" " 15c, " " " " .. 11c
1 punda kanna Baking Powder, vanaverð 25c, niðursettar í 15c
Soda Biscuit, vanaverð 25c, fyrir 20c
3 pund af sætabrauði á 25c

CLEMENS, ÁRNASON & PÁLMASON
S.E.Cor. Victor & Sargent. Phone 5343

Fregnsafn.

Markverðustu viðburðir hvaðanæfa.

— Canadian Northern járnbrautarfélagið hefir fastráðið að verja á komandi sumri 10 miliónum dollars til þess að fullgera járnbrautakerfi sitt milli Edmonton og Quebec, og að hafa það verk fullgert ekki síðar en september 1911.

— Hundrað og tíu ára gamall svertingi í Toronto var nýlega settur í fangelsi fyrir að ala ekki önn fyrir konu sinni, sem er 56 ára gömul. Kerling segir bónda sinn hafa peninga á banka, en hann neitar harðlega að eiga nokkurn skilding, en kveðst hins vegar vera orðinn of gamall til þess að geta fengið atvinnu. — Líklega fer svo, að fólk þar í borg hleypur undir bagga með þeim hjónum, sem bæði eru heiðarlegustu manneskjur, og hafa haft nóg fyrir sig, að leggja fram að þessum tíma.

NÝTT NÝTÍZKU

THE QUEENS

Vinsælasta
og þægilegasta
Gisti-hótel í Winnipeg

Bandaríkja-snið
Frí keyrsla.

MONTGOMERY BROS.,
EIGENDUR

BJART MIÐSTÖÐVA

— Elzti sonur lávarðar Aberdeens, fyrrum landsstjóra yfir Canada, hefir verið hneptur í fangelsi í Mexico fyrir skjalafölsun og fjárrán. Hann gekk þar undir nafninu "L. P. Leland", og kvaðst vera frá Wyoming. En er hann hafði verið vikutíma í Andrian fangelsinu, — gerði hann syndajátningu sína, og sagði til sins rétta nafns og ætternis. Hann kveðst vera 39 ára gamall og hafa yfirgefið föðurhúsin, þegar hann var 18 ára, út af ósamlyndi við foreldra sína, síðan kveðst hann hafa alið manninn í Bandaríkjunum. Hann er kærður um, að hafa falsan $150.00 peninga ávísun, og dregið peningana út á hana. Sjálfur kveðst hann hafa gert þetta í ölæði.

— Nafnlaus ritari í tímaritinu Fortnightly Review, segir áreiðanlega víst, að á þessu ári verði stríð milli Tyrklands og Búlgaríu. — Sami ritari segir og, að Servia og Montenegro muni berast við Austurríki. Engu spáir hann um, hverjir sigur muni vinna, eða hverjar framtíðar afleiðingar þetta muni hafa fyrir heiminn.

— John Peterson, svenskur nýbyggi nálægt Lloydminster í Saskatchewan fylki, hefir nýlega horfið í blindhriðarbyl. Snjóþyngsli eru mikil um þar slóðir, og talið líklegt, að hann hafi orðið úti.

— Frétt frá Chicago segir, að A. Booth & Co. hafi á sl. 10 árum borgað út nálega 300 þúsund dollars til þess að drepa samkepni í fiskverzlun hér í landi.

— Viðarkaupmenn í British Columbia gefa þá ástæðu fyrir hækkun á byggingavið, sem nýlega hefir verið gerð þar í fylkinu, að Bandaríkjamenn hafi nýlega pantað frá þeim 10 miliónir feta af timbri og þakspónum. Svo mikið hefir kveðið að þessum pöntunum frá Bandaríkjamönnum, að sumar myllurnar þar vestra hafa orðið að neita pöntunum, af því ekki var mögulegt, að saga viðinn eins fljótt og kaupendur vildu fá hann.

— Bandaríkja seglskip eitt strandaði nýlega á svonefndum Sjófuglaklettum við mynnið á Panchea vík, á Kyrrahafsströndinni. Tuttugu mínútum eftir að skipið strandaði, kenti stórsjór á því og braut það í spón. Fimm af skipshöfninni komust til lands og björguðust, en skipstjórinn og konan hans druknuðu.

— Auðmenn í Ontario eru að kaupa landspildu mikla suður í Texas. Það eru á henni 500 miljónir feta af frægasta Mahogany og Sedrus við, sem félagið ætlar að láta vinna, og senda síðan beint til Englands og selja hann þar.

— Til Canada fluttu á sl. ári 148,700 manns. Þar af voru 57,124 frá Bandaríkjunum. Í sl. desember komu yfir 7 þúsund manns til Canada. Á þessu nýbyrjaða ári er von á feikna mannflutningum til Vestur-Canada.

— Eldur kom upp í Emerson bæ í Manitoba þann 29. janúar, sem gerði 100 þúsund dollara eignatjón, og er mesti bruni, er nokkurntíma hefir komið fyrir í þeim bæ. Kaupmaður einn í búð þeirri, sem eldurinn kom upp í, var að selja gjald,rots-vörur í búðinni, og hann er kærður um, að hafa viljandi kveikt í húsinu. Honum og bróður hans hefir verið varpað í fangelsi, þar til málið er rannsakað til hlýtar.

— Svo er að sjá á skýrslum Alberta stjórnarinnar, að hagl ábyrgð hennar á ökrum bænda þar í fylkinu hafi ekki borgað sig. Inntekt stjórnarinnar í iðgjöldum frá bændum, nam rúmlega 26 þúsund dollurum á árinu, en útgjöld hennar til bænda, sem urðu fyrir skaða af hagli, urðu 69½ þúsund dollara, auk 3½ þúsund dollara, sem það kostaði stjórnina að halda reikninga yfir þessa starfsemi sína. Útgjöldin urðu því sem næst þrisvar sinnum meiri en inntektirnar, og þó var að eins fjórði hluti allra hveitiakra í fylkinu í haglábyrgð.

— Stjórnarformenn fylkjanna Alberta, Saskatchewan og Manitoba hafa setið á ráðstefnu til þess að íhuga, hvort æskilegt sé, að fylkin geri að eign sinni allar kornhlöður í sveitum fylkjanna. Þeir hafa nú opinberað blöðunum sameiginlegt svar til íbúa þessara fylkja. Og niðurstaðan, sem þeir hafa komist að í þessu máli er sú, að stjórnarskrá fylkjanna leyfi þeim ekki að hafa einveldi á korngeymsluatvinnugreininni. Því er og haldið fram, að það mundi kosta fylkin frá 7—10 miliónir dollara, að gera allar þær kornhlöður að þjóðeign, sem nú eru eign félaga í sveitum fylkjanna. Kornhlöðurnar eru 1334 talsins, og geta geymt nálega 40 miliónir bush. af korni, og til að gera þær að þjóðeign, ásamt með nauðsynlegum tilkostnaði við alla umsjón korntegunda geymslunnar og flutninginn, mundi þurfa áðurtalda upphæð. Ráðherrarnir leggja það til þessa þjóðeignamáls, að það heyri í fyrsta lagi undir Ottawa stjórnina, og að það sé í hennar verkahring, að lögleiða þjóðeign á þessum kornhlöðum, eða að gangast fyrir því, að brezka stjórnin breyti svo stjórnarskrá Canadaveldis, að fylkin fái full umráð yfir allri korngeymslu og kornflutningum, og öllu öðru, er að því lítur, að annast svo um uppskeru bændanna, að þeir fái komið henni með sem minstum kostnaði á þá heimsmarkaði, þar sem hún seljist hæstu verði. Að þessu valdi fengnu segjast þeir fúsir að koma þjóðeignar hugmyndinni í framkvæmd.

— Feikna regn og flotviðri í Suður-Afríku gerði svo mikla vexti í ár og vötn þar, helzt í Transvaal og Natal héruðunum, að 173 menn druknuðu í þeim flóðum á einum degi, þann 22. jan. sl. Miklar skemdir urðu og víða á eignum. Námur fyltust og vélaútbúnaður í þeim gekk úr lagi, brýr sópuðust af vötnum og ám, bæði járnbrauta og aðrar brýr, og mörg hús hröktust af grunnum sínum í Elsberg bæ. Um 160 menn druknuðu í einni námu í suðvesturhluta Transvaal héraðsins. Botnsköfuvél, sem brúkuð var til gulltekju á Kaab ánni, slitnaði upp frá festum og barst langar leiðir á land upp og strandaði þar og brotnaði. Sá skaði einn er metinn 60 þúsund dollara virði.

— Hon. Clifford Sifton og M. J. O'Brien, í Renfrew bæ, Ont., hafa nýlega keypt 320 ekru spildu af silfurnámslandi, við Miller vatn í Cobalt héraðinu, fyrir hálfa milión dollara.

— Þingmaður J. F. Burke, frá Pennsylvania, hefir borið upp í Washington-þinginu frumvarp til laga um að skylda hvert það skip, sem ber 50 farþega, að vera útbúið með loftskeytatæki, og að engu skipi sé leyft að sigla frá amerikansari höfn, sem hefir þennan farþegjafjölda og ætlar að fara 500 mílna sjóferð, nema það sé þannig útbúið. Frumvarp þetta er afleiðing af tilmælum eins miliónæringanda, sem var á skipinu "Republic", og sem með öðrum farþegum bjargaðist af því áður en það sökk um daginn. Sá maður segir skýlaust, að öll þau 800 manns, sem á skipinu voru, hefðu farist ef loftskeytin hefðu ekki bjargað.

— Konur á Rússlandi héldu nýlega þing mikið til þess að ræða um áhugamál sín, stöðu sina og réttindi í þjóðfélaginu. Meðal annara mála var rætt kvonfangsmálið. Nokkrar konur töldu það beinan þrældóm, að vera í hjónabandi, undir núverandi löggjöf landsins, og vildu fá fjölkvæni lögleitt, — sögðu, að þá gætu konur átt góða daga, þegar einn maður ætti marg ar þeirra í einu. Þær réðu betur við hann og hefðu meiri fristundir og léttari vinnu.

— Yfir 4 þúsund manna hafa látist af slysum við ýmsa atvinnu hér í ríkinu árið sem leið : Við klettsprenginga á járnbrautum og á verkstæðum við ýmsan iðnað.— eða meiðst svo, að þeir hafa orðið ófærir til að starfa. Alls hafa látist 1553, en meiðst 2752 manna.

Langflestir hafa látist við járnbrauta byggingu, tala þeirra er 342, en meiðst hafa 337. Við málmvinnu hafa látist 154, en meiðst 570. Við timburvinnu hafa látist 120, en meiðst 138. Við námagröft hafa látist 181, en meiðst 226, og við jarðyrkju hafa látist 259, en meiðst 295. Í sjó og vatnaferðum hafa látist 100, en meiðst 74. Og í flest öllum atvinnugreinum hafa margir ýmist slasast eða týnt lífi.

Enn sem komið er, er siðmenningin í þessu landi ekki komin lengra en það, að erfingjar þessara manna, sem leggja lífið í sölurnar fyrir framför landsins til þess að þeim, sem eftir lifa, geti liðið betur fyrir starfsemi þeirra, — fá enga aðra bót en þá, ad mega sækja skaðabótamál á hendur vinnuveitendum, og oftast tapa þeim málum, þó efnin séu næg til að höfða málin. En í langflestum tilfellum eru efnin ekki næg til þess, og erfingjarnir hafa ekkert annað að hugga sig við, en að sá timi muni einhverntíma upprenna, að mannfélagsmenningin komist á það stig, að löggjöf landsins tryggi sannngjarnar skaðabætur fyr ir slík lát og meiðsli.

Fréttabréf.

MARKERVILLE, ALTA.

25. jan. 1909.

Síðan um miðjan þennan mánuð hefir verið hér gott og stilt veður, og vægt frost. Snjór ekki meiri en svo, að víðast er orðið brúklegt sleðafæri.

Hér hefir verið hinn mesti geigur í mönnum yfir því, að fyrir nokkru síðan kom sá kvittur upp, að bólan væri farin að gera vart við sig hér í grendinni, svo alt varð í uppnámi. Inspector stjórnarinnar kom og rannsakaði, hvað hæft væri í þessu. Þótti honum alt iskyggilegt og réði til bólusetningar, og setti jafnvel í sóttvörð. Síðan hefir verið bólusett hér mjög almennt. Nýskeð kom læknir frá Innisfail og er haft eftir honum, að þetta sé ekki bólan, og hafi ekki verið. — Að öðru leyti er hér heilbrigði og vellíðan almennt yfir. Í Calgary hefir legið mjög hættulega í taugveiki um langan tíma dóttir Sigurðar bónda Grímssonar að Burnt Lake.

Nýskeð hefir mér borist í hendur Almanak Ólafs S. Thorgeirssonar, yfir árið 1909, vandað að öllum frágangi eins og fyrri. Efnið er fjölbreytt og vel valið. Til leiðbeiningar fyrir lesendur Almanaksins, skal ég geta þess, að í I. kafla af landnámsþætti Alberta Íslendinga, hefir gleymst að telja einn eða tvo fjölskyldufeðúr, sem fluttu vestur í fyrsta hópnum: En verði það, sem ákveðið hefir verið, að framhald komi af þættinum, þá verður þeirra manna getið eigi að síður í II. þætti. — Þess skal einnig getið, að stafvillur eru fáeinar í þættinum, sem verða síðar leiðréttar.

Húsaviður með heildsölu-verði

Sendur beint Til Bænda og Akkorðsmanna

BÆNDUR! Þegar þér þurfið byggingavið, þakspæni eða annað, þá sendið oss lista af því sem þér þurfið, og leitið verðs hjá oss. Vér höfum verið í heildsölu verzlun hér í sl. 3 ár og selt eingöngu til verzlunarmanna. En nú erum vér við því búnir að selja til hvers sem hafa vill, og með heildsölu verði. Bændur, hafið nú samtök og fáið **Byggingavið ydar, KALK, Cement, og Plastur** í vagnhlössum, og sparið peninga. Vér erum áreiðanlegir og getum gefið yður meðmæli frá TRADER'S og ROYAL BANKANUM. —

McCollom Lumber Co.
14 Trader's Bank, Winnipeg

Helgi magri

sendir öllum góðum Íslendingum kveðju sina og biður þá, bæði bændur og borgara, að muna eftir miðvetrar samkvæminu — þorrablótinu — 17. febrúar.

Leitast verður eftir, að koma öllu fyrir sem hagkvæmast. Svo er til ætlast, að sett verður að borðum kl. hálf-níu. Þá eiga allir að vera komnir og búnir að athafna sig.

Yfir borðum verða fluttar ræður og minni, leikið á ekki færri en 6 hljóðfæri, sungnir einsöngvar, og alt gert fólkinu til skemtunar sem unt er.

Að loknu borðhaldi og ræðum hefst dansinn fyrir unga fólkið, en þeir, er eigi taka þátt í dansinum, setjast að öðrum skemtunum, söng og ræðuhöldum eftir því, sem hverjum fellur bezt.

Aðgöngumiðar, sem kosta $1.25, eru seldir hjá Mr. H. S. Bardal, bóksala á Nena St., Mr. Pétri Anderson, gosdrykkjasala á Sargent Ave., og Mr. J. Jónassyni, aldinsala á horninu á Pembina St. Corydon Ave., Fort Rouge, og hjá meðlimum klúbbsins.

Áskorun til ritstjóranna íslenzku.

Herra ritstjóri Heimskringlu

Þar eð öll stjórnmála framkoma Hannesar Hafsteins, ráðgjafa, virðist benda til þess, að hann ætli sér að sitja kyr í valdasessi fram á þing, og svo máske (þvert á móti allra síðaðra þjóða háttum) að rjúfa þing og steina til nýrra kosninga, — verði svo, að H.H. og Danir taki hina íslenzku þjóð þeim þrælatökum, þarfnast hún hjálpar í orði og verki. — Því er það tillaga min — snúist málin þannig — að þið ritstjórar vorir, gangist fyrir almennum samskotum meðal Vestur-Íslendinga til styrktar íslenzku þjóðinni í kosningastríðinu. Þjóð vor er nýkomin úr dýru og erfiðu kosningastríði, og verði henni nú strax kastað út í annað, mundi það verða henni ærið tilfinnanlegt.

Að rjúfa þing, væri í samræmi við alla aðra stjórnmála framkomu H.H. Það væri áframhald af ritsima gerræðinu, konungsheimboðs fordildar-brallinu, og mörgu fleiru.

H. H. er með sönnu nefndur : "Íslands Gissur nr. 2".

Skylda allra góðra Íslendinga er að segja og gera :

Vakið, vakið! verka til kveður
váleg yður nú skelfinga-tíð!
Vaknið ódeigum ýmis-hug með-
ur ;
ánauð búin er frjálsbornum
lýð! "

S. M. S. ASKDAL.

ÉG VIL KAUPA:

50 hluti í Western Oliu Félaginu.
2 hluti í Western Canneries Félagsins almennum hlutabréfum, og alskyns skráðum og óskráðum hlutabréfum.

ÉG VIL SELJA:

5 hluti í N. C. Bankanum.
500 hluti í Hargrave Cobalt fél. Ég mæli með þessum hlutum á 45c. Cobalt námarnir gáfu af sér 10 millión Dollars virði af silfri á sl. ári.

Skrifið eftir upplýsingum um Hargrave félagið.

Ég sel Cobalt Hlutabréf.

W. STANLEY KING
STOCKS AND BONDS
Phone 2346. 24 Aikins Building.
Ég les og skrifa íslenzku.

Wall Plaster

Með því að venja sig á að brúka **"Empire"** tegundir af Hardwall og Wood Fibre Plaster er maður hár viss að fá beztu afleiðingar.

Vér búum til :

"Empire" Wood Fibre Plaster
"Empire" Cement Wall "
"Empire" Finish "
"Gold Dust" Finish "
"Gilt Edge" Plaster of Paris
og allar Gypsum vörunteg-
undir. —

Eigum vér að senda yður bækling vorn ?

MANITOBA GYPSUM CO. LTD
SKRIFSTOFUR OG MILLUR Í
Winnipeg, - Man.

ÓKEYPIS SÝNISBLAÐ

Viljið þér fá sýnishorn af blaði voru The Farmer's Advocate and Home Journal?

Það er Bezta Akuryrkju og Heimilisblað

á Amerískanska meginlandinu. Enginn framfara bóndi getur staðið við að vera án þessa vikublaðs. Aðeins $1.50 argangurinn. Skrifið á póstspjald eftir einu ókeypis blaði.
UMBOÐSMENN ÓSKAST.

SKRIFIÐ —
The Farmer's Advocate and Home Journal.
WINNIPEG, - - MANITOBA.
Getið um Heimskringlu þegar þér skrifið.

Heimskringla

Published every Thursday by The Heimskringla News & Publishing Co. Ltd

Verð blaðsins í Canada og Bandar $2.00 um árið (fyrir fram borgað). Sent til Íslands $2.00 (fyrir fram borgað af kaupendum blaðsins hér $1.50.)

B. L. BALDWINSON,
Editor & Manager

Office:
729 Sherbrooke Street, Winnipeg
P.O. BOX 3083. Talsími 3512.

Fjölgun lögregluþjóna.

Svo hefir mátt heita á liðnum árum, að ekki væri þörf á stóru eða fjölmennu lögregluliði hér í borginni, enda hafa hér ekki sést lögreglumenn nema á fáum aðalgötum borgarinnar, fram að síðustu árum. Þar sem flest voru hótelin og mest umferð manna, þar gætti lögregluþjónanna mest, — að öðru leyti var borgin lögreglulaus.

Winnipeg hefir mátt heita friðsemdarbær, og ýmsir aðgætnir ferðamenn, sem mikið hafa ferðast um heiminn, hafa haft orð á því, þegar þeir komu hingað, hve bær þessi væri friðsamur, og hve lítið væri hér um lögreglubrot og glæpi. Þetta hefir þeim þótt þeim mun undraverðara, sem það er á allra vitund, að allur sá mikli mannfjöldi, sem flytur til Canada, og að mestu leyti sest að hér fyrir vestan, fer um Winnipeg borg og staðnæmist hér um tíma. Fólk þetta kemur hingað frá öllum heimsins löndum, og er ekki alt af fágaðasta flokki mannkynsins. — Samt eru ekki nema tiltölulega fá ár síðan hér voru að eins 20 lögregluþjómar, eða litlu betur, í allri borginni.

En á síðustu 7—8 árum hefir mannfjöldinn í borginni vaxið afskaplega, og um leið hefir bólað á óeirðum og alls kyns lögbrotum, sem áður voru mjög sjaldgæf. Nú hefir lögregluþjónum á þessum síðustu árum verið fjölgað svo, að þeir eru orðnir nær eða rétt um eitt hundrað talsins.

Að eins ein lögreglustöð er í bænum, stór, vönduð og vel útbúin, með mörgum fangaklefum og dómsal og öðru því, er slíkar stofnanir þurfa, til þess að geta fullnægt dómgæzluþörfunum. En borg in heldur áfram að stækka. Fólkið streymir inn hingað — misjafn sauður í mörgu fé, — og nú þegar er farið að brydda á þörf fyrir auknum lögreglustöðvum.

Aðal lögreglustjórinn hér, herra McRae, hefir því lagt það til, að Winnipeg borg sé hér eftir skift niður í 6 lögregludeildir, og að bætt sé við tölu lögregluþjóna, svo að þeir verði 180 talsins, fyrst um sinn. Að bygðar séu 5 aukalögreglustöðvar, svo að hver deild hafi sína lögreglustöð, og ætlast hann til, að hver slík lögreglustöð kosti 25 þúsund dollara. Svo vill hann hafa lögreglu-keyrsluvagna á hverri stöð, svo að hægt sé í skyndi að aka þeim, sem lenda í höndum lögreglunnar á næstu lögreglustöð, og þaðan til dómsalsins í aðalstöðinni, þar sem málin eru nú prófuð. Þessar 6 deildir, sem nefnast A., B., C., D., E. og F. deildir, verða þannig takmarkaðar

A. deildin takmarkast að norðan með C. P. R. járnbrautarsporunum, að austan með Rauðá og Gomes og Disraeli strætum, að vestan með Ellen, Isabel og Notre Dame til Charlotte, á Charlotte til Hargrave, og þaðan suður að Assiniboine ánni, og að sunnan með nefndri á. Á þessu svæði eiga að vera 60 lögregluþjónar, og skal það vera aðaldeild borgarinnar.

B. deildin takmarkast að norðan með Assiniboine ánni, og innbindur allan hluta borgarinnar fyrir sunnan nefnda á. Lögreglustöð þeirrar deildar á að vera á horninu á Corydon og Pembina strætum, eða þar í grend, og 10 lögregluþjónar eiga að annast þá deild.

C. deildin takmarkast að norðan með Sargent Ave., að vestan með borgartakmörkunum, að austan með A deildinni og að sunnan með Assiniboine ánni. Lögreglustöð skal vera á horninu á Sherbrookr og Portage strætum, eða þar í grend, og 25 lögregluþjónar verða að annast um þá deild.

D deildin takmarkast að norðan með brautarsporum C.P.R. félagsins, að austan og vestan verkstæðunum, að vestan með takmarkalinu borgarinnar, og austan og sunnan með A deildinni og Sargent Ave. Lögreglustöð þessarar deildar á að vera á horninu á Nena St. og Notre Dame Avenue, og 32 menn eiga að sjá þar um siðgæði íbúanna.

E deildin takmarkast að norðan og vestan með borgar takmarkalinunni, að austan með Rauðá og Disraeli og Gomez strætum og að sunnan með C.P.R. sporunum. — Lögreglustöðin þar er ráðgerð á horninu á Main St. og Selkirk Ave., eða þar í grend, og 40 menn eiga að annast hana. — Í þessari deild búa flestir hinir svonefndu útlendingar: Pólverjar, Þjóðverjar og Sviar, Ítalir og aðrir þjóðflokkar, sem hingað hafa flutt á síðari árum. Og það er álitið nauðsynlegt, að hafa strangari gætur á því fólki, en nokkuru öðru í þessari borg.

F eða Elmwood deildin innbindur Elmwood deild borgarinnar, og þar er 10 mönnum ætlað að hafa gætur á að lögum og reglugerðum sé hlýtt.

Til að koma þessu öllu í starfandi ástand, þarf þerinn að verja nær 220 þúsund dollars, og árlegur viðhalds og starfskostnaður er áætlaður 130 þúsund dollars.

Ennfremur vill lögreglustjórinn að fangar séu látnir vinna í þarfir borgarinnar að því að prýða listigarðana, eða annað þess háttar verk.

Með þessu nýja fyrirkomulagi eiga lögregluþjónarnir að ganga um 43 milur af strætum borgarinnar, og eru þá eftir 277 milur af strætum, sem enginn lögregluþjónn gengur reglulega um. Öll lengd borgarstrætanna er nú orðin 320 milur. Það gefur lesendum nokkurra hugmynd um stærð borgarinnar, og þörfina á því, að sæmilega sé litið eftir almennu velsæmi íbúanna.

Í öllum þessum deildum, á þeim strætum, sem lögregluþjónarnir eiga að ganga um, verða smá hús, með 700 til 800 yards millibili. — Þar verða þeir látnir, sem fangaðir eru, þar til vagninn kemur og keyrir þá á lögreglustöð deildarinnar. Í þessum húsum verða talsimar, sem tengdir verða við aðallögreglustöðina, svo að einatt sé samband við hana, hvað sem á liggur.

Svo er til ætlast, ef bæjarstjórnin aðhyllist þessa uppástungu lögreglustjórans, að öllu þessu verði komið í framkvæmd á næstu sumri

Síðasta ávarp Roosevelt forseta til Washington þingsins.

(Niðurlag).

En meðan verið er að hefja nákvæma rannsókn og afla fullra sannana í þessu máli, þá þarf að gera ákveðin laga ákvæði tafarlaust. Laga-ákvæði þau, sem síðasta þing samþykti um þóknun til vissra flokka í stjórnarþjónustunni þurfa endurbóta, svo að þau feli í sér alla stjórnarþjóna og aukna þóknun. Það er engin sanngjörn ástæða til þess, að gera lagalegan greinarmun þeirra, sem starfa við hættulega atvinnu, og hinna, sem starfa við aðra vinnu. Ef maður meiðir sig við nokkra vinnu, þá er hún hættuleg í hans tilfelli, og það er háðsleg röksemdaleiðsla, að segja við erfingja eða aðstandendur þess meidda eða látna manns, að þeir séu engrar þóknunar verðir, af því, að svo fáir látist eða meiðist við þá atvinnu, sem orsakaði meiðsli eða dauða mannsins. — Ein mesta ósannsýni í lögum vorum er, að þau gera enga meiðsla- eða bana- þóknunar ráðstöfun til þeirra manna, sem hafa þau embætti að láta hlýða lögum landsins. Þau þóknunar ákvæði, sem nú eru í lögum vorum, þurfa að endurbætast svo, að þau auki þóknunar réttindi þeirra, sem hlut eiga að máli. Eins árs laun fyrirvinnunnar er ekki nægur styrkur til erfingjanna, ef fyrirvinnan missir líf sitt við atvinnu sína. Og ef dauðann ber að höndum 10 eða 11 mánuðum eftir að slysið kemur fyrir, þá fær fjölskyldan eins eða tveggja mánaða kaupgjald þess látna. — Í þessu efni er löggjöf vor gagnvart vinnulýð vorum á móts við það, sem gerist hjá fátækustu þjóðum, og lakara en hjá flestum Evrópu þjóðum. Lögin eru og harðneskjuleg að því leyti, að þau banna borgun til þeirra, sem sýnt verður að hafi að einhverju leyti orðið fyrir slysinu af eigin vangá. Það er óhjákvæmilegt, að þeir, sem daglega venjast hættum, freistast til þess, að ganga oft feti framar en góðu hófi gegnir, og sem má láta líta svo út, sem þeir hafi sjálfir orsakað meiðsl sin eða bana. Ef til vill eru engin af lögum vorum eins langt á eftir lögum allra menningarþjóða eins og einmitt þessi lög um þóknun til verkamanna fyrir meiðsli. Það er vanvirða að á stórfundi miklum í Evrópu, þar sem mættir voru málsvarar ýmsra þjóða til þess að ræða um þessi mál, þá skyldi vera bent á Bandaríkin, sem hafandi lakasta verkamanna slysaþóknunar-löggjöf allra landa í heimi. — Landsstjórnin sjálf er mikill vinnuveitandi, og hún ætti að breyta svo við verkafólk sitt, að það væri fyrirmynd fyrir aðra vinnuveitendur að fara eftir.

Ég mæli einnig með því, að í öllum deildum ríkisþjónustunnar sé 8 klukkustunda vinnutíma á dag komið á, eins fljótt og því verður við komið.

Ef það er nokkur ein skylda fremur annari, sem oss ber að inna af hendi gagnvart afkomendum vorum, þá er það skyldan að vernda skóga þessa lands, af því að í þeim felast fyrstu og mikilvægustu skilyrði fyrir verndun vorra þjóðlegu auðsuppsprettna. Á eina hlið eru námar og olía og gasbrunnar og þess háttar, — hins vegar eru: jarðvegurinn, árnar og skógarnir. Sérhver menningarþjóð lætur sér ant um, að vernda þessi auðæfi, svo að þau verði framtíðar kynslóðunum að sem mestum notum, — alt eins og hygginn bóndi, sem hefir alið allan aldur sinn á ábúðarlandi sínu, lætur sér ant um, að eftirskilja afkomendum sínum landið í umbættu ástandi. Þannig ættum vér að eftirskilja niðjum vorum þjóðareignina í umbættu ástandi, en ekki niðurnidda eða upptætna. ....

Þetta þing ætti að hefjast handa til að vinna að því, að bæta innanlands vatnavegi landsins, svo að ár vorar og elfur ekki að eins verði skipgengar, heldur einnig að skip gangi eftir þeim. Vér höfum varið hundruðum miliióna dollara til umbóta þessara vatnavega, en samt er umferðin eftir þeim í stöðugri afturför. Þetta ástand er afleiðing af skorti á yfirgripsmikilli stefnu til umbóta á vatnavegum landsins, og vér getum ekki haldið áfram að verja fé þjóðarinnar til þessara umbóta, nema það sé svo gert, að vér með því tryggjum það, að þjóðin noti þá og hafi ávexti af fé því, sem hún ver til umbóta þeirra. Íhugun þess, hvernig umbótasteinan hefir verið að undanförnu sýnir, að fé því, sem varið hefir verið til innanlands vatnavega, hefir verið að miklu leyti á glæ kastað. Sem dæmi þess má nefna umbætur á Ohio ánni, sem byrjað var á árið 1824, og haldið var áfram undir sömu upprunalegu steinum um hálfnar aldar skeið. Árið 1875 var breytt um stefnu, og undir henni var umbótaverkinu haldið áfram í heilan fjórðung aldar. Árið 1902 var ena tekin ný stefna, og hefir henni síðan verið fylgt svo slælega að með svipuðu áframhaldi tekur það frá 25 til 100 ár lengur, að gera Ohio ánni skipgenga. Þetta óhyggilega verklag hefir leitt til þess, að fé landsins hefir verið sóað til einkis. Skipaumferð eftir ánni hefir minkað, og stórflóð hafa orsakast af starfinu. Lækningin liggur í því, að hætta við þær verksteinur, sem reynsla hefir sýnt að voru óhyggilegar, og taka upp nýja og yfirgripsmikla vinnuaðferð, sem sé í samræmi við þarfir og kröfur þjóðarinnar.

Ég endurnýja meðmæli mín með stofnun þjóðlegra sparibanka, sem hafi stjórnartryggingu að bakhjalli. Hugmyndin er, að efla sparsemi hjá þjóðinni. Skýrslur vorar sýna, að víða í Bandaríkjunum eru þau tæki ekki til staðar, sem fólkið þarf og óskar eftir, til þess að sparisjóðs innlegg þess séu nægilega trygg og ótapanleg. Póstsparibankar eru nú í flestum menningarlöndum, nema í Bandaríkjunum.

Því næst talaði forsetinn um þá hættu, sem heilbrigðisástandi þjóðarinnar stæði af sviksamlegri blöndun fæðutegunda, og af því, að ofþyngja kröftum barna með vinnu. Þetta þyrfti þingið að lagfæra hið bráðasta. Ennfremur talaði hann um, að gera þyrfti ráðstafanir til þess, að betur verði gengið að því, að vinna svig á tæringar sýkinni, sem verður alt of mörgum mönnum að bana á ári hverju. — Ennfremur, að þingið semji lög, er heimili ákveðinni stjórnardeild að hafa með höndum alla umsjón með heilbrigðisráðstöfunum þjóðarinnar.

Næst mælti hann með að New Mexico og Arizona héruðin væru tafarlaust tekin í rikjatölu, með fullum ríkisréttindum.

Þá talaði forsetinn um fiskiveiðar á innanlands vötnum, er lægu að nágrannaríkjunum, og óskaði að þingið tæki það mál til yfirvegunar.

Svo minntist hann á Panamaskurðinn og kvað það verk ganga ákjósanlega vel.

Að síðustu minntist forsetinn á sjóflotann, og réði þinginu til þess, að veita meira fé til þess að byggja fleiri herskip og af beztu tegund.

Ræða forsetans er yfirgripsmikil, og bendir á að hann hefir skarpa sjón á því, sem þjóðinni er fyrir beztu, og ber velferð hennar einlæglega fyrir brjósti.

Sambandsþingið.

Það var sett 20. þ.m., og mættu þá allir eða flestir þingmenn, sem náðu kosningu þann 26. október f. ár. Hans háborinheit, landsstjórinn í Kanada, hafði kallað það saman til þingsetu á venjulegan hátt. Margir af þingmönnum hafa ekki verið þingmenn fyrri en nú. Það er því nýung í sögu þeirra, að taka í fyrsta skifti þingskapaeið, rita nöfn sin undir þingreglur og mega skrifa "M.P." (Member of Parliament) aftan við nöfnin sín. Því er vel farið, að þingmenn eru allmargir nýir í þingsætunum. Þeir eru óreyndir menn, en alt sem óreynt er, gefur ætið von um, að minsta kosti, að það sé ekki verra tnn það, sem reynt er, og reynst hefir illþolandi eða óbrúkandi.

Þegar þing var rofið í haust, þá var þar mörgu og miklu ábótavant, og meira enn það. Í sannleika sagt, að það var sannfæring margra, sem stjórnarfarið þekkja og þingmál, að í síðustu 12 ár hefði alt gengið á tréfótum og flestu farið aftur, og stjórnarflokkurinn stæði berskjaldaður uppi á óknýtta vellinum. En þó er síðasta þing talið hið langhraklegasta af öllum þeim þingum, sem haldin hafa verið í þessi 12 ár, þá meðaltal er tekið.

Eftir hásætisræðunni að dæma, þá verður þetta þing umfangsmikið og langt.

Fyrst af öllu eru fjármálin, sem ganga verða í gegn á þessu þingi. Telja má áreiðanlegt, að andstæðingaflokkur stjórnarinnar hafi þar margt og mikið að lita eftir. Fjármálin komu þannig sköpuð í dagsljósið á síðasta þingi, að þau bæru hvorki hálfa sjón né heil eyru. Umtalið í síðustu kosningum um fjárbraall stjórnarinnar, og afsakanir hennar og viðbárur, hljóta að koma fram á þessu þingi. Þjóðin heldur skuldbindinga kosningaloforði um niðursett og minkandi útgjöld, og sparnaði í öllu, upp á Laurier stjórnina. Þess er óskandi, að stjórnin reyni að græða hnupplkláða sinn og útgjaldakaun, sem eru mörg og stór, fúin og rotin í þokkabót. Sumum tekjugreinum ríkisins hefir hnignað stórum ár frá ári, útgjöld aukist hóflaust, þjóðskuldin mörgum sinnum margfaldast, og rentur á þjóðlánunum hækkað. Á þessu kjörtimabili fellur mikið af þjóðskuldinni í gjalddaga, og renturnar af henni þar að auki, fyrir utan allar skyndilánaskuldir, sem stjórnin tók til láns í fjárkröggum sínum árin 1907—1908, og sem tryggustu en lánlág verð standa fyrir hjá lánveitendum. Þessar skyndiskuldir eru margar miliónir dollara, en þjóðinni óljóst um þær ítarlega, af því að fjármálaráðgjafi, Mr. Fielding leyndi lántökum stjórnarinnar síðasta ár eins og hann gat. Þá voru kosningar á næstu grösum. Það er því lífskappsmál, að þjóðin eigi sér einhverjar heilladísir í Ottawa, sem hjúkrað geta og vilja að fjárhirzlu ríkisins með dug og dáð.

Ef nokkuð er að marka kosninga loforð Laurier stjórnarinnar, í haust er leið, þá verður eitt stórmál í fæðingu á þessu þingi þad er járnbrautar bygging norður að Hudsons Bay (kemur fram við Cape Churchhill). Þegar Sir Wilfrid talaði þinn 15. okt. i haust i bænum Niagara Falls, þá gerði hann svohljóðandi yfirlýsingu: — "Stjórnin ætlar að byggja járnbrautina. Stjórninni eða einhverju félagi verður síðar fengin hún í hendur til starfrækslu".

Áður enn þessu þingi verður slitið, verður stjórnin vafalaust báin að láta rannsaka alt þessu máli viðkomandi. Andstæðinga flokkurinn mun þá óefað heimta, að hún leggi málið fyrir þetta þing. Eftir því, sem það mál horfir við, einkum peningaútvegunar á lönáin, sem stjórnin kúgar af Norðvesturfylkjunum, þá verða þær deilur og orðasennur harðar og langar. Af lardráninu í Norðvesturfylkjunum fær stjórnin sig fullkeypta á endanum, þó hún miðli mörgum feitum bita til vina sinna.

Síðustu kosningar sótti Laurier stjórnin ekki á stefnuskrá Liberala. Langt frá. Hún sótti þær á bitlingum og fjárveitingum, og loforða fagurgala og gyllingum. Hvort kjósendur í Kanada sjá þetta um næstu kosningar, er bágt að segja. Sumir vilja aldrei skilja það, aðrir skilja lítið. En þeir sem sjá það eru menn í minni hluta, og það nægir Laurier stjórninni.

Allar líkur benda á, að þing þetta sitji fram til júlí eða lengur. Vonandi, að það verði gagnlegra og heilhavænlegra fyrir þjóðina enn þing núverandi stjórnar hafa verið þessi 12 ár, sem hún prýkaði sig til valda. K.Á.B.

Mr. Borden.

Conservative flokkurinn í Ottawa vill að Mr. Borden haldi áfram leiðtogastöðunni, án þess, að þar þurfi nokkuð um að mæla. Almenningsviljinn er honum sterklega fylgjandi í öllu ríkinu. Allra meining er, að fylgja öflugum manni, sem leiðir þinherinn á vinstri hönd þingforseta, og það sæti skipar Mr. Borden manna bezt. Hann er vel að sér, hefir reynsluna, er heiðvirður. Hann er þingmaður fyrir Halifax kjördæmi, og hefir í það heila tekið traust og virðingu meðborgara sinna á hæsta stigi í pólitískum málum ríkisins. Svo er álit og traust hans mikið, að þó hann yrði skipaður forsætisráðherra í Canadariki á morgunn mundi fjöldi Liberala fylgja honum. Fjárplógsarenn og málalið Laurier stjórnarinnar mundu auðvitað ekki sjá eftir, þó þeir fáu, sem eru ráðvandir menn í liði stjórnarinnar, færu yfir, — bara ef þeir gætu setið við kráarinnar.

Æviferill Mr. Bordens er eitt það sem Canadamenn mega vera stoltir af. Hæfileikar hans og framsókn í þessu landi sýna það áreiðanlega. Hann byrjaði lífsskeið sitt hálparlitið og fátækur, og hefir stöðugt hafið sig hærra og hærra. Hann náði ágætri skólamentun, og að prófi loknu, varð hann leiðtogi lögmannaflagsins í fylki því, sem hann er fæddur í og býr i enn þá. Hann var fyrst kosinn á þing 1896, og tók við þeirri stöðu af fyrverandi bekkjanaut i lögmannaflaginu. Hann sýndi strax starfshæfileika sina og það, að hann yrði brátt leiðbeinandi maður i stjórnmálum. Hann sýndi fastan karaktir, málafylgi og skilning á opinberum málum, og skyldurækni við grundvallarstefnu Conservative flokksins. Alt þetta færði hann upp i leitogasessinn. Eftir fjögra ára formensku, var hann aftur endurkosinn i einu hljóði af samverka þingmönnum sinum, og öllum Conservative flokknum i Canada, og hefir nú verið það i átta ár, bæði i þinginu og öllu ríkinu. Sem leiðtogi Conservative flokksins i öll þessi ár, hefir hann aldrei misstigið sig i leiðtogamenskunni. Hann hefir svo góða dómgreind og svo heiðarlegt siðferði, að hann er hafinn upp yfir aðfyndingar. Það hefir verið fundið honum til saka, að hann gæfi mótparti sinum of miklar upplýsingar á opinberum málum, og má játa það, að hann hefir oft gefið stórmerkilegar upplýsingar og skýringar á opinberum málum, og sem þingmenn á stjórnarbekkjunum hafa gert sér gott af. Frá því fyrsta, að hann gaf sig við opinberum málum, hefir hann stundað að upplýsa þau og útskýra sem bezt, og telst það honum stór kostur, sem þjóðhollum manni. Hann hefir ávalt barist fyrir almenningshelli í þinginu, og talað máli þjóðarinnar frá instu siðferðis stjórnmálastefnu, en barist gegn ráni og ofriki óhlutvandra manna. Af þessu stafar, að allir miður vel hugsandi partar þjóðarinnar eru á móti hans stefnu, svo sem fjárglæframenn, snikjugestir stjórnarinnar, blöðin, sem stjórnin elur á landssjóði, verkhafendur og verksmiðjuklög. Þessum lýð er illa við hann, en öðrum ekki. En þrátt fyrir alt þetta, hefir hann flogið upp á við i áliti og áhrifum. Og þó hann fengi færri þingmenn til fylgis á þing 26. október síðastliðinn, þá munaði ekki stórum á atkvæðum i heild sinni, og það sýnir hans vaxandi áhrif. Hann fékk yfirhluti atkvæða i öllum fylkjunum nema Quebec.

Yfirburðir hans i öllum fylkjunum, nema Quebec, hjá kjósendum sem atkvæði greiddu, sýnir ljóslega, að þjóðin er öll með honum, nema franski hlutinn i Quebec. Hér kemur fram, þrátt fyrir mótspyrnu fleiri þúsund leigðra blaða, þrátt fyrir peningaútur, þrátt fyrir þriðja flokks afskifti og kirkju og trúarbragða hrópanir, þrátt fyrir stór verkveitingar, og þrátt fyrir kosninga vinnuaðferð þeirra Marcil og Pugsley, — þá vann Borden tiltrú betri hluta þjóðarinnar i Canada, i síðustu kosningum, og það svo langt, — að nær skifti til jafns með honum og stjórninni. Þetta er þýðingarmikið og gefur honum og hans fylgjendum beztu vonir um sigursæld fyrr og síðar, og sýnir, að breytingar er á komin og það i nálægri framtíð. Þetta er sýnilegt tákn, að honn er sjálfkjörinn leiðtogi framvegis, og sýnir viturlega stefnu flokksins.

Sparið Línið Yðar.

Ef þér óskið ekki að fá þvottinn yðar rifinn og slitinn, þá sendið hann til þessarar fullkomnu stofnunar.

Nýtízku aðferðir, nýr vélaútbúnaður, en gamalt og æft verkafólk.

LITUN, HREINSUN OG PRESSUN SÉRLEGA VANDAÐ

Modern Laundry & Dye Works Co., Ltd.
307—315 Hargrave St.
WINNIPEG, MANITOBA
Phones: 2300 og 2301

Íslenzkur fréttir nar í blaðinu "Free Press".

Í marzmánuði i fyrravetur byrjaði ég á að skrifa vikulegar fréttir frá Íslandi i 'Winnipeg Free Press', tók þá við af herra Birni Pálssyni. Sænskur maður, að nafni Albin Jones, hefir átt að sjá um skandinavisku fréttirnar fyrir blaðið, og tók hann við íslenzku fréttunum frá mér. Nú um tíma hefir íslenzki kaflinn ekki komið, þrátt fyrir það, þó Jones hefði tekið við honum frá mér. Ég fór því að gruna Jones þennan um græsku, og fór til Mr. Dafoe, ritstj. blaðsins, og spurði hann um ástæðurnar fyrir þessu. Hann sagði, að blaðið ætlaðist alveg á hætta að flytja þessar skandinavisku fréttir, sem það hefir flutt einu sinni i viku, en af hverju Íslands kaflinn hafði ekki fylgst með jafnlengi og kaflarnir frá Svíþjóð, Noregi og Danmörku, kvaðst hann ekki vita, og er það leinlinis að kenna partisku af hálfu Jones, sem hefir sýnt sig i því, að vera andvígur Íslandi i sambandi við þessar fréttir, af hvaða ástæðum, sem það er.

Af þessum ástæðum hafa fréttirnar ekki komið nú síðustu vikurnar, og koma ekki framvegis, og er það illa farið. því ekki er þekkingin svo mikil hér hjá innlendu fólki, um Ísland eða Íslendinga, sem margt af því álitur að vera hálfgerða skrælingja, þó vitanlegt sé, að þeir standi því miklu framar að mörgu leyti. Væri því vel gert, og þjóðræknislegt af Íslendingum hér — hverjum sem er — að skrifa við og við smágreinir í innlend blöð, um alt það, er gerist með þjóð vorri, og henni má verða til virðingar og álits meðal erlendra þjóða.

A. J. JOHNSON.

Verkfall til forna.

— Verkfall varð á Egyptalandi árið 1400 fyrir Krists fæðingu, segir blaðið "Chicago "Daily News". Það var gert af steinleggjurum i Tibet. Þeim var borgað i matvælum við lok hvers mánaðar. En einn góðan veðurdag i miðjum mánuði, komu þeir saman i samkunduhúsinu og samþyktu að hætta starfi, því að þá voru búin öll matvæli þeirra, en 18 dagar til næsta borgunardags. Þeir ásökuðu þá, sem áttu að borga, um að þeir hefðu svikið mál. En hinir svöruðu með því, að kenna verkamönnum um óhóf. Málið var lagt fyrir konung, sem sjálfur hélt próf í því og ákvað að hækka tafarlaust laun verkamanna. En svo er að sjá, sem borgendur hafi þrjóskast við, að framfylgja þeim úrskurði konungsins, því að þann 5. dag næsta mánaðar, gerðu steinleggjarar aftur verkfall. Voru þeir þá lokaðir inni i samkunduhúsinu. En þeir brutust út þaðan og gengu sem óðir væru um öll stræti borgarinnar, hræddu friðsama vegfarendur og gerðu spell i húsum kaupmanna.

Sagan um verkfall þetta er sagt að hafi fundist skráð á töflur, sem nýlega hafa verið grafnar úr gömlrústum á Egyptalandi.

Á beztu heimilum

hvar sem er í Ameríku, þar munið þér finna HEIMSKRINGLU lesna. Hún er eins fróðleg og skemtileg eins og nokkuð annað íslenzkt fréttablað í Canada

ROBLIN HOTEL
115 Adelaide St. -- Winnipeg.
Bezta $1.50 á-dag hús í Vestur-Canada. Keyrsla ókeypis milli vagnstöðva og hússins á nóttu og degi. Aðhlynning hins bezta. Viðskifti Íslendinga óskast. William Ave. strætisvagnar fer hjá húsinu.
O. ROY, eigandi.

SPÓNNÝTT HÓTEL
ALGERLEGA NÝTÍZKU
Hotel Majestic
John McDonald, eigandi.
James St. West, Rétt vestan við Main St.
Winnipeg Telefón 4979
$1.50 á dag og þar yfir
Bandaríkja-snið
Alt sem hér er um hönd haft er af beztu tegund. Reynið oss

MIDLAND HOTEL
285 Market St. Phone 3491
Nýtt hús, nýr húsbúnaður. Fullar byrgðir af allskonar vönduðustu drykkjum og vindlum í hressingarstofunni. Gisting einn dollar á dag og þar yfir.
W. G. GOULD :: FRED. D. PETERS, Eigendur
WINNIPEG ::: ::: CANADA

Jimmy's HOTEL
Rétt á bak við Pósthúsið
Íslendingar ættu að reyna þetta gistihús. Í hressingarstofunni er sá eini íslenzki vínveitingamaður í Winnipeg.
James Thorpe, eigandi
Fyrrum eigandi Jimmy's Restaurant

The Dominion Bank
NOTRE DAME Ave. BRANCH Cor. Nena St.
VÉR GEFUM SÉRSTAK AN GAUM AÐ SPARISJÓÐS-DEILDINNI. —
VEXTIR BORGAÐIR AF INNLÖGUM.
HÖFUÐSTÓLL - - $3,983,392.38
SPARISJÓÐUR - - $5,000,000.00
A. E. PIERCY, MANAGER.

SVAR TIL

Helga Sigurðssonar.

Í 15. tbl. Heimskringlu 1. jan. sl., er rúmlega dálkslöng grein eftir herra H. Sigurðsson, — nokkurs konar gremjufult yfirlit yfir grein frá fregnrita á Mountain, sem birtist í blaðinu 26. nóv. sl.

Hvers vegna H. S. hefir fundið köllun hjá sér til þess að taka fregngrein þessa til umtals, gerir hann ekki lesandanum ljóst með ritsmíð sinni. Og svo virðist mér sem hún hafi samin verið í þeim tilgangi aðallega, að vekja alls óþarfa og árangurslausa deilu út af atriðum, sem alls ekki þurfa að vera neitt deiluefni. Það var, mér vitanlega, ekkert í fréttabréfinu frá Mountain, sem gefið gæti nokkrum manni hina allra minstu sanngirnis ástæðu til andmæla. Enda reynir herra H.S. ekki með einu orði, að hrekja neitt, sem í henni stóð. En það var þetta:

1. Að mér fyndist Mountain bær eiga það skilið, að hans væri getið að nokkru, þar sem svo miklar framfarir hefðu orðið í bænum, einkanlega á síðasta ári.
2. Að lega bæjarins væri hin fegursta í bygðum landa vorra vestan hafs, og að þaðan væri hið fegursta útsýni.
3. Að helztu framfarir bæjarins væru í því fólgnar, að hann hefði verið tengdur með bíðstöð við járnbraut þá, sem lögð hefði verið frá Edinburg til Concrete, og að sú tenging bæjarins við brautina gerði bændum léttara fyrir en áður hefði verið, að koma að sér nauðsynlegu vörumagni og frá sér afurðum sínum til markaðar.
4. Að kornhlaða hefði bygð verið á Mountain, en að fyrir vöntun á samkepni í hveitikaupum, þá fengju Mountain bændur 16 til 17 centum minna fyrir hvert hveitibushel, heldur enn markaðsverð þess væri í Minneapolis.
5. Getið var um byggingar, sem smiðaðar hefðu verið á Mountain, og þar með talin stór verzlunarbúð, er væri í smíðum fyrir hið nýstofnaða kaupfélag bænda þar, "The Mountain Co-operative Co.". — Um það félag fer fregnritinn þessum orðum: — "Um fyrirtæki þetta, sem er óreynt enn, skal ekkert verða sagt að svo stöddu, en vonandi væri, að þeir gætu haldið verzlun þessari svo áfram, að hún þroskaðist og stækkaði. En þótt ég sé því miður hræddur um, að svo verði ekki, þá vona ég þó til hins bezta".
6. Ástæðu fyrir ótta sínum um örðugleika þá, sem mæta kunni kaupfélaginu nýstofnaða, telur fregnritinn fólgna í því, að Elis kaupmaður Thorwaldson á Mountain hafi hina fjölbreyttustu verzlun, og sé hvers manns hugljúfi, og að hann selji svo ódýrt, að naumast muni vera mögulegt að fá vörurnar fyrir lægra verð, en hann geti selt þær.
7. Síðast dregur fregnritinn athygli ferðamanna að Mountain ast þangað, sem ferðast á bæ, og hvetur þá til að ferðsumrum sér til skemtunar.

Í þessum 7 liðum felst aðalefni fregnbréfsins frá Mountain, og hygg ég, að flestum komi saman um, að í þessu felist ekkert ádeiluefni. En herra Helga Sigurðssyni er sjáanlega meinilla við bréfið, og þess vegna hefir hann gert það að ritdeiluefni. Svar sitt nefnir hann ávarp til fréttaritara Mountain, og ritstjóranum segir hann, að ávarp sitt sé útskýring á fregnbréfinu. Og þessa "útskýringu færir hann í eftirtöldum liðum:

1. Að dularblæju sé varpað yfir nafn fregnritans.
2. Að honum muni hafa þótt nafn sitt of fagurt til þess, að standa sem ábyrgð fyrir fregnbréfinu.
3. Að rétt hefði verið, að gefa yfirlit yfir framfarir í Gardarbæ, af því, að þær hafi verið þar eins miklar eins og í Mountain.
4. Að fregnritinn skoði sig spámannlega vaxinn, en skjálfi þó af hræðslu.
5. Að bændur hafi lagt til misstórar fjárupphæðir til þess að stofna kaupfélagið.
6. Að tilgangur félagsins sé, að fá vörurnar með sem réttustu og sanngjörnustu móti, til þess að koma í veg fyrir, að sérstakir menn geti lagt á þær okurverð og stungið gróðanum í sinn vasa.
7. Að herra Reykjalín sé formaður félagsins, og muni vera eins kær vinum sínum eins og Elis Thorwaldson.
8. Að það sé vafamál, hvor þeirra H.R. eða E.Th. sé oftar glaðari í bragði.
9. Að viða megi fá ódýrari vörur en hjá Elis. — (Það á hér vel við, að benda lesendum á vöru-auglýsingu Elisar í sama Heimskringlu blaði og grein H.S. er birt í, og munu þá lesendur sannfærast um, að Elis er eins lágur á vörum sínum eins og nokkur þeirra, sem H. S. nefnir í "Ávarpi" sínu, og virðist það benda á, að fregnritinn hafi ekki getið fjarri sanni um verðgæðin hjá Elis.
10. Að Elis sé hræddur við kaupfélagið.
11. Að fá megi vörur með góðu verði hjá Sears Roebuck & Co., Chicago.

Í þessum 11 liðum er kjarni úr "Ávarpi" H.S., og ég hygg, að lesendur muni sjá, að í engum þeirra er haggað við neinu því, sem fregnritinn sagði í bréfi sínu frá Mountain.

"Ávarpið" er sýnilega sett sem ódýr auglýsing fyrir nýja kaupfélagið, og er það sist lastvert af H.S., að gera því það til þægðar. Og víst er um það, að takist því að ná vörum sínum eins ódýrt tiltölulega eins og það mun hafa fengið þessa auglýsingu, þá ætti það vel að þola alla samkepni allra kaupmanna í Norður Dakota ríki, og þá má vænta þess, að það nái þeim vexti og þroska, sem fregnritinn svo einlægleg óskaði því í bréfi sínu frá Mountain.

En um Sears Roebuck félagið, sem selt hefir ódýru vörurnar, er það til frótta, að síðan þingið samþykti meðala og "Pure Food" lögin, þá auglýsir félagið, að það hætti við matvöruverzlun og smásölu meðala. Þessar fregnir hafa verið bornar út í Norður Dakota blöðum, og það með, að það sé ekki laganna vegna, heldur því, að lögunum sé framfylgt, að félag þetta verður að hætta allri Grocery verzlun og smásölu meðala. Mér virðist því útlitið, að því er þetta félag snertir, sérstaklega, vera þannig, að það muni ekki framvegis lækka matvöru prísana mikið í þessari bygð, þar sem því er nú ekki lengur leyft að selja lakari vörur en aðrir kaupmenn gera.

Yfirleitt hefi ég þá skoðun, að í öllum héruðum verði sú verzlun þorra manna happadrýgst, sem þeir gera við heimakaupmenn sína, þar sem ekki er hein einokun til þess að halda nauðsynjum manna í óhóflega háu verði, hvort sem þeir kaupmenn eru einstakir menn eða félög. — Þess vegna er ég samdóma fregnritanum frá Mountain, að menn ættu ekki að senda peninga sína til Sears Roebuck & Co.

Edinburgh, N.D., 23. jan. '09.

Jóh. S. Thorarensen.

Samkomur í Argylebygð

Herra Ólafur Eggertsson og ungfrú Rannveig Einarsson og herra Friðrik Sveinsson halda samkomur í Argylebygð sem fylgir: —

Í GLENBORO, í ísl. samkomuhúsinu, mánudagskv. 8. febr.
Og G. T. húsinu hjá kirkjunni, 9. febrúar.
Að BRÚ, í G. T. húsinu, 10. febrúar.

Á Samkomunum verða sýndir Sjónleikirnir

"Jólanóttin" og "Veðmálið".

Milli leikjanna sýnir hra. Friðrik Sveinsson myndir af merkum stöðum víðsvegar um heim, margar frá Íslandi. Á eftir samkomunni er unga fólkinu heimilt að slá upp í dans.

Inngangseyrir 35c. Börn innan 12 ára 20c.
Byrjar á hverjum stað klukkan 8 síðd.

Myndin sýnir Ó. Eggertsson og ungfrú R. Einarsson sem Jón Fenton og Elín Kingsly í "JÓLANÓTTINNI."

Það kostar minna en 4 cent á viku

að fá HEIMSKRINGLU heim til þín vikulega árið um kring. Það gerir engan mismun hvar í heiminum þú ert, — því HEIMSKRINGLA mun rata til þín. Þú hefir máske heyrt að "blindur er bóklaus maður", en ef þú mátt missa 4c. á viku fyrir HEIMSKRINGLU þá verður þú hvorugt. 4c. á viku eða $2 um árið. Skrifið eftir Hkr. nú þegar, til P.O. Box 3083 Winnipeg, Man.

Winnipeg Business College
Cor. Portage Ave and Fort St.
FÉKK FYRSTU VERÐLAUN Á SAINT LOUIS SÝNINGUNNI.
Dag og kveld-kensla. Leitið fullra upplýsinga og biðjið um vorn nýja pappírshníf ókeypis. Vér kennum enska tungu.
M. E. MACKEY, Skrifari

MARKET HOTEL
146 PRINCESS ST. á móti markaðnum
P. O'CONNELL, eigandi, WINNIPEG
Beztu tegundir af víni og vindl um, aðhlynning góð, húsið endurbætt

JOHN DUFF
PLUMBER, GAS AND STEAM FITTER
Alt verk vel vandað, og verðið rétt
664 Notre Dame Ave. Winnipeg Phone 3815

Strathcona Hotel
Horni Main og Rupert Str. Nýbygt og ágætt gistihús; Geat um veitt öll þægindi með sanngjarnasta verði. Frí keyrsla til og frá öllum járnbr. stöðvum. Beztu vín og vindlar; og herbergi og máltíðar ágætar.
McLaren Brothers
EIGENDUR

Hotel Pacific
219 Market Street Winnipeg | H. M. Hicks Eigandi Manitoba
Telephone 1338
Ný-endurbætt og Ný-tízku hús í alla staði. Viðskifta yðar óskast virðingarfylst.
$1.25 a Dag

$1.50 Á DAG
Bezta $1.50 gistihús í Winnipeg
BRUNSWICK HOTEL
Horni Main St. og Rupert Ave.
Besta borðhald; Hrein og Björt Herbergi; Fínustu Drykkir og Bestu Vindlar. Ókeypis Vagn mætir Öllum Traínlestum. Reynið oss þegar þú ert á ferð.

"Að vinna heyrir til lífsskilyrðum hennar. — — Viljið þér nú sýna mér beðin, svo ég geti byrjað?"

Prófessorinn hafði náð sinni vanalegu ró, — þegar móðir hans lét illyrði sín dynja yfir hann. Nú snéri hann sér snöggleg til Felicitas og leit með þjósti til hennar.

"Ég fyrirbýð yður það í eitt skifti fyrir öll", mælti hann harðneskjulega, "og ef skipun mín sem umsjónarmanns yðar, vinnur ekki bug á hinu ótæmandi þráláti yðar, þá skýt ég máli mínu sem læknir til skynsemi yðar. — Þér hafið oftekið yður á, að stunda Önnu litlu meðan hún var veik. Útlit yðar ber það með sér. — Bráðum yfirgefið þér heimili þetta, og það er skylda okkar að sjá um, að þér í það minsta farið héðan heilar heilsu".

"Nú, þetta var þó skynsamlegt", sagði frú Heilwig. — Í eyrum hennar hljómuðu orðin: 'ótæmandi þrái' eins og fegursti hljóðfæraláttur. — Hún hafði líka verið að vonast eftir, að sonur sinn álasaði Felicitas að einhverju leyti.

"Mín vegna má hún gjarnan fara heim í dag", bætti hún við, "þó ég fái ekki skilið, hvernig annað eins lítilræði hefir spilt heilsu hennar. — Hún er ung og fær gott fæði. Taktu eftir öðrum stúlkum í hennar stöðu, Jóhannes. Þær verða að vinna bæði nótt og dag og hafa þó rauðar kinnar".

Hún tók nú um handleg ríkisstjórafrúarinnar, og gekk með henni yfir grasflötian í þeirri trú, að sonur hennar kæmi á eftir þeim, og ríkisstjórafrúin var svo hrygg og reið, að hún gat ekki fengið sig til að líta aftur. — Fyrst leit út fyrir, að hann ætlaði að fylgjast með þeim, en svo snéri hann sér alt í einu við, og þá er hið síðasta af hinum hrukkótta, ljósblá ferðakjól sást hverfa á bak við trén, gekk hann aftur til hnetutrésins. — Hann stóð nokkrar mínútur þegjandi við hlið Felicitas, er var að beuda á sig

hattinn. — Alt í einu laut hann niður og horfði inn undir hattbarðið, er skygði á enni og augu stúlkunnar. Enn þá lýsti andlit hans gremju, en er augnaráð hennar mætti hans, þá hvarf reiðisvipurinn.

"Þér finnið vist ekki til þess, að þér í dag hafið ollað mér hrygðar?" mælti hann blíðlega, eins og hann væri að tala við barn. — Hún þagði. — "Felicitas! Mér er ómögulegt að hugsa mér að þér séuð ein af þeim konum, sem hafa ánægju af, að heyra bæn um fyrirgefningu af vörum karlmannanna", — bætti hann við, alvarlega og með áherzlu.

Hún hrökk við og eldroðnaði.

"Í mínum augum er sú bæn óviðkunnanleg fyrir þann, er óréttinn hefir orðið að þola", mælti öhún eftir stutta þögn, miklu blíðari en venja hennar var þá er hún átti tal við hann. — "Og ekki fyrir nokkurn mun vildi ég heyra þá bæn frá vörum þess manns, er mikilla metorða væri aðnjótandi. Börn eiga að biðja foreldra sína fyrirgefningar, en ekki foreldrarnir börnin, — og því síður —" hún þagnaði og roðnaði aftur.

"Því síður viljið þér sjá karlmann auðmýkja sig fyrir yður, — er það ekki rétt, Felicitas?" spurði hann og fögnuður hljómaði í rödd hans. — "En jafngöfugur hugsunarháttur á sér líka takmörk", bætti hann við, eftir stutta þögn. — "Verið nú einu sinni góðar og rólegar og hugleiðið, hvort ekki sé skylda konunnar, að rétta fúslega manninum hjálparhönd, þegar hann óskar eftir að bæta fyrir órétt. — — — Nei, nú vil ég ekki heyra neitt svar! — Ég sá það á augnaráði yðar, að það mundi verða alt öðruvísi en ég óska eftir. — Ég vil bíða þolinmóður. — Einhvern tíma kemur ef til vill sá tími, þá er slæma grenitréð á klettinum neitir ekki vopna sinna".

Hann gekk í brott. — Hún horfði til jarðar. — þar lá fjögrablaðasmárinn, sem hafði fallið úr hendi

hans, og sem hann hafði álitið hamingjumerki. Hann lá útbreiddur eins og hann væri málaður á grasinu. — Hún þorði ekki að taka hann upp, því hamingja hans var ekki bundin við hann að neinu leyti. — En hún gerði langa lykkju á veg sinn, — því að troða hann í sundur, það vildi hún heldur ekki gera.

XXI.

ERFDASKRÁIN.

Það var búið að vera sólskin og blíða í nokkra daga, en í dag var þykt loft og rigningarlegt í X. — Óveðrið grúfði sig yfir hvita kirkjuturninn, með græna hjálminum, er gnæfði við himin, sem aðvörun til íbúa bæjarins. Gamla kaupmannshúsið á torginu varð hálf skuggalegt og dapurt útlits, og minti á fornar tíðir, — þá er riddaramyndir héngu á veggjunum í sölum þess, og tíðarandinn, er nú hafði orðið að víkja fyrir hinum nýja, réði þar lögum og lofum.

Í dag var öllum gluggablæjunum á fyrsta lofti hleypt niður. Ríkisstjórafrúin hafði ákafan höfuðverk, og var þar að auki í óvanalega mikilli geðshræringu. — Þess vegna höfðu blæjurnar ekki verið dregnar upp, og fólkið hafði eins hægt um sig og mögulegt var. — Maður sá heldur ekki gömlu konuna, er í mörg ár hafði setið við gluggann hjá Asklæðastrónu á neðsta gólfi. Himininn, grár og þungbúinn, var viðvörun þess, að þetta yrði hinn ömurlegasti og merkilegasti dagur á æfi hennar. — Það var dagurinn, er lesa átti upp erfðaskrána. —

Gamla konan hafði ekki verið tilnefnd að vera þar viðstödd. — Að eins synir hennar báðir, og Hinrik höfðu verið boðaðir að mæta, — en hún kvaðst mæta mundu í stað Nathanaels, sem var fjarverandi.

Um hádegið komu þau aftur, prófessorinn og hún. — Hinrik kom á eftir. — Veikindi og dauði höfðu ekki mognað að breyta andliti hennar. Hin járnharða sál lét ekki bugast. — Guðhræðslu hennar, þá er hún án tára sökti sér niður í annara eymdir, — var oft bent á sem fyrirmynd, er Wörg táplítil kona ætti að breyta eftir! En í dag gaíst bæjarbúum kostur á að sjá, að þessi fyrirmynd þeirra í þreki og staðfestu, tapaði sinni vanalegu stillingu. — Kinnar hinnar höfðinglegu konu voru rauðar sem blóð, og táru vott um hina miklu geðshræringu hennar. — Fótatak hennar, sem alt af var þunglamalegt, og sem hún ávalt reyndi að gefa sem hátíðlegastan kristni-blæ, — var í dag svo léttilegt. Nú bar hún fæturna ótt og titt, og virtist vilja flýta sér, og þó hún talaði í hljóði við són sinn, voru orð hennar heit og harmþrungin".

Þrátt fyrir höfuðverkinn hafði ríkisstjórafrúin staðið á gægjum bak við gluggablæjurnar, til þess að sjá, þegar þau kæmu heim. Og þegar þau komu inn í húsið, kom hún ofan stigann, með fölar kinnar og þreytuleg augu, en í mjög fallegum morgunkjól. — Hana langaði til að frétta úrslitin. — Þau gengu öll inn í daglegu stofuna.

"Nú, óska þú okkur til hamingju, Adela!" sagði frú Heilwig og hló kuldalega. — "Það finnast fjörutíu og tvö þúsund ríkisdalir í peningum, og Heilwigs ættin, sem er þó réttur erfingi að þeim, fær ekki einn þeirra! — Þessi erfðaskrá er sú vitlausasta handaskömm, er ég hefi nokkurntíma vitað! — En í guðs nafni má maður ekki hreyfa sinn minsta fingur til þess að fá hana ónýtta, heldur verður maður að

LEIÐBEININGAR--SKRÁ
YFIR ÁREIÐANLEGA VERZLUNARMENN Í WINNIPEG

MUSIC OG HLJÓDFÆRI

CROSS, GOULDING & SKINNER, LTD.
323 Portage Ave. Talsími 4413

MASON & RISCH PIANO CO., LTD.
356 Main stree Talsími 4 8 9
W. Alfred Albert, Íslenzkur umboðsmaður

WHALEY ROYCE & CO.
356 Main St. Phone 263
W. Alfred Albert, hérlendur umboðsmaður

BYGGINGA- og ELDIVIÐUR.

J. D. McARTHUR CO., LTD.
Byggingar- og Eldiviður í heildsölu og smásölu.
Sölustæði: Princess og Higgins Tals. 5060, 5061, 5062

MYNDASMIÐIR.

G. H. LLEWELLIN,
"Medallions" og Myndarammar
Starfstofa Horni Park St. og Logan Avenue

VÍNSÖLUMENN

GEO. VELIE,
Hef dsölu Víntegundir. 195, 197 Portage Ave. E.
Smá-sölu talsími 252. Stór-sölu talsími 464.

STOCKS & BONDS

W. SANFORD EVANS CO.
326 Nýja Grain Exchange Talsími 3696

ACCOUNTANTS & AUDITORS

A. A. JACKSON,
Accountant and Auditor
Skrifst.—28 Merchants Bank. Tals.: 5702

OLÍA, HJÓLÁS-FEITI OG FL

WINNIPEG OIL COMPANY, LTD.
Búa til Stein Olíu, Gasoline og hjólás-áburð
Talsími 1599 611 Ashdown Block

Námsgáfur og andlegt frjómagn.

(*Tekið úr "ÍSAFOLD"*).

Fyrir nokkrum árum var grein þess efnis í einu meiri háttar tímariti ensku (Nineteenth Century), þar sem höf. heldur fram, að vitsmunum manna sé bannaður eðlilegur þroski með alveg rangri menningaraðferð.

Nútíðarmenningin, segir höf., veldur sífelt frumlegum vitsmunum og sköpunarafli meiri og meiri örðugleika á að taka framförum.

Til að skilja þetta, verðum vér að gæta þess munar, sem er á gáfum til að nema, taka við, drekka inn í hugann, og hæfileikanum til að framleiða sjálfur, skapa nýtt, eða með öðrum orðum: — gæta að muninum á n á m s g á f u m o g a n d l e g u f r j ó m a g n i.

Úr þeim, sem þroska einhliða námsgáfur sinar, getur orðið maður vel að sér og margfróður í almennum skilningi, þ.e. maður, er lesið hefir mikið af bókum og kann að tala af góðu skyni um það, sem hann hefir lesið.

En sá þroski getur engan gert að frumlegum djúphyggjumanni eða hafið hann upp í hærra sess en þann, að vera bókvís maður með góðri greind.

Hins verður enn að gæta, að í hverjum mannsheila (eða í hverjum mannslíkama) er að eins til afmarkaður skamtur af lífsafli, taugamagni. Sé þessu afli beint að einum líkamshluta eða hæfileika, þá tekur hann að vísu afbrigðilega miklum þroska, en stemmir jafnframt stigu fyrir þroska a n n a r a líkamshluta og hæfileika.

Járnsmiður, sem fer jafnan með þunga hamra, hann styrkir handleggina þann veg, að fæturnir gjalda þess, en ferðamaðurinn með baggann á bakinu, styrkir fætur sína svo, að handleggirnir gjalda, þ.e. styrkjast ekki.

Heilinn fylgir hinu sama allsherjarlögmáli.

Eeili vor fer mjög að því, hvað vér gerum sjálfir úr honum. Og heilastörfin eru engu síður komin undir iðkun og vana, heldur en önnur störf líkamans. Vér getum því ekki veitt einhliða þroska þeim hluta heilasýslana vorra, sem er eingöngu námsstörf, ö ð r u v í s i en að draga úr frumlega hlutanum, frjómagninu, sköpunaraflinu. En þ e t t a er einmitt gert með vorri nútíðar-uppeldisaðferð og daglegum háttum andans; sköpunaraflið er kyrkt. — —

Tökum t. d. stærðfræðisnámið nú á tímum. Nemandinn byrjar á því drengur, og áður en hann hefir kynst öllu, sem komið hefir fram á sviði stærðfræðinnar, er hann orðinn fullþroska maður. Öll þau ár, er eytt hefir verið í undirbúningsnám, hafa farið í það, að iðka einhliða þær sýslanir heilans, sem eru eingöngu námsstörf.

Það er kominn kyrkingur í sköpunaraflið á því að erja og yfirfara með mikilli fyrirhöfn allan þann bókasæg, er til þess þarf að lúka þessu námi. Nemandinn hefir mist alt andlegt fjaðurmagn, alla hugvitssemi æskunnar og hugsanafjör. —

Það er óhætt að fullyrða, að það bókabjarg, sem nútíðar vísindamenn verða að komast upp á, fari stöðugt hækkandi, en þar með fylgir meiri og meiri einhliða iðkun námsgáfna, og jafnframt hitt, að mennirnir verða æ síður færir til að inna af hendi frumleg, sjálfstæð, andleg störf. Þeir fáu menn, sem komast upp á fjallsbrúnina þá, hafa ekki orku til að halda lengra, þegar þar er komið.

Eins er um vora nútíðar uppeldisaðferð; hún þroskar of mikið námsgáfurnar, en sköpunaraflið of lítið.

Skólarnir leggja aðaláherzluna ekki á verulega kjarnmikla vitsmuni og eðliseinkunn, heldur á mjög fullkominn viðtökuþrótt heilans.

Miðlungs-maður með mjúkum námsgáfum mundi ná miklu betra prófi heldur en verulegir stórgáfumenn, svo sem Sókrates, Plató Bismarck, Darwin og Pasteur.

Haldi slíkum skólum áfram kynslóð fram af kynslóð, þá er hitt víst, að frumlegt heilafrjómagn nemandans verður að gjalda þess, hve mikil rækt er lögð við yfirborðs-gáfur, námsgáfurnar. — Og líkindum þess, að mikilmenni risi upp, mun þá fækka.

Því að þroski sannarlegra mikilmenna verður að vera kominn fram af því uppeldi, er hvetur þá til f r u m l e g r a og s j á l f s t æ ð r a sýslana. Ókomnar aldir munu sennilega vísa Darwin til veglegra sætis í aðburðamanna minningarhöll, heldur en nokkrum öðrum manni, er uppi var með Bretum á nítjándu öld. Og þó hefir Darwin sannarlega ekki átt betur úr garði gerðan heila en ótal menn aðrir. Nei, hitt gerði muninn að hann h u g s a ð i s j á l f u r, og sökti sér af alúð niður í þær rannsóknir, er hann hafði kjörið sér að lífsstarfi.

Eitt hið allra-skaðlegasta heilafrjótnagni voru er vorrar tíðar andlegt eljuleysi, sem er svarinn óvinur allrar djúphyggju og fastúðugrar rannsóknar. —

Það er ills viti fyrir andlega þróun, að sala góðra og veigamikilla bóka, hvers konar elmis sem eru, fer minandi, en alt af fjölgar lélegum og engisnýtum bókum og tímaritum.

Fólk les stýztu greinarnar í blöðunum og smásögurnar í tímaritunum. Því styttri sem blaðaklausur og sögur eru, því betur líkar lesendum.

Alt er þetta vitanlega að kenna þeirri miklu áreynslu á heilann, er lífsbaráttan veldur nú á tímum.

Maður, sem hefir setið að vinnu allan daginn, hefir ekki orðið hugsunarafl aflögum um kvöldið til veigamikils lesturs. Hann tekur sér þá gjarna blað í hönd. En þetta færir oss að eins sönnur á, að nútíðarlífsins fálm og flaustur á mesta sök í þessu andlega eljuleysi og hefir með því skaðsamleg áhrif á heilann.

Þá sýnir skáldsögulesturinn ljós dæmi þess, hve mikið vantar á, að menn einfesti hugann við það sem lesið er. Fjöldi manna gleypir skáldsögur í sig alt of lauslega til þess, að þeir fái verulegan skilning á því, sem þeir eru að fara með, og mundu vera gersamlega ófærir um eftir lesturinn, að rita nokkurn veginn nákvæmt ágrip af sögunni. —

Þessi andlega grunnhyggja fer dagvöxtum að kalla. Hún veitir inn í hugann sífeldum straumi af áhrifum hverrar stundarinnar, er aldrei verða melt, aldrei rannsökuð eða hagnýtt sér til sjálfstæðrar og frumlegrar hugsunar.

Þess er að gæta, að öll veruleg andleg störf eru að mestu leyti komin undir vana. Tæplega 99 af hverjum hundrað mönnum hafa gert sér að vana, að einfesta hugann við það, sem hugsað er um, og að veita viðnám stöðugri freistingu til að tvístra huganum og láta hann þjóta frá öðru til hins. Afleiðingin verður, að þeir verða æ ófærari til sjálfstæðrar hugsunar, — hvað stutt sem er.

Það er TVÍSTRINGIN Á HEILA-ALINU, sem er frjómagninu skaðsamlegast; það er há-gagnstætt því, að EINFESTA HUGANN, gagnstætt aðalskilyrði þess, að komið verði af nokkurum frumlegum, andlegum afburðaverkum.

Þakkarávarp.

Þegar ég að kveldi hins 10. okt. sl. kom heim að heimili mínu, utan af Winnipeg vatni, úr einu ofsarokinu, svo við lág, að bátnum hvolfdi, og ég með mestu herkjum náði landi, eftir að hafa mist tvær slöngur af nýjum netum með korkum og blýum, og rétt áður gott kýrfóður af heyi í flóði úr Winnipeg vatni, — þá var svo ástatt þetta kveld, að 2 af gripum mínum vantaði: þriggja ára kvigu og annan keyrslu-uxann. Ég hirti ekki um, að leita að þeim það kveld, af því ég var svo þjakaður eftir vatns og veðurvolkið. En strax næsta morgun fór ég að leita að þeim, og fann ég þá kvíguna dauða skamt frá húsinu, og uxann litlu fjær, líka dauðann. Ég varð undrandi yfir þessu voðatjóni, þar sem ég vissi enga orsök til þessa. Mér varð það þá fyrst fyrir, að ég fór til eins af mínum góðu nágrönnum, herra Ágústs Ísfelds, að leita ráða til hans, og kom hann strax, og skoðaði gripaskrokkana, og eftir að hafa athugað þá nákvæmlega, sagði hann að þeir mundu hafa dáið af eiturgrasi, og gaf mér það ráð, að fá stjórnarlæknir, sem launaður er af fylkisfé, til að rannsaka og uppgötvá orsökina til þessa gripadauða. — Mér var það mjög nauðsynlegt, að geta fengið fullaviss í þessu efni, þar sem ég fyrir 2 árum misti eina beztu kúna mína á sömu stöðvum og einnig þriggja ára gamlan uxa næsta haust þar áður, sem fanst dauður á næsta landi við mitt land. Mér var því mjög nauðsynlegt, að afla mér áreiðanlegra upplýsinga um orsökina til þessa gripadauða, og þar sem þessi dýralæknir hafði komið hér ofan eftir til þess að rannsaka hunda-dauða af eitri, þá mundi hann ekki síður koma til að rannsaka þetta, þar eð það varðaði almenningsheill. Ég fór því að ráði herra A. Ísfelds og fann B. B. Olson á Gimli, og talsimaði hann til Winnipeg til þessa fylkislaunaða dýralæknis. En svarið var, að hann kæmi ekki, þar eð gripir hefðá drepist hér áður og það líklega af eitruðu grasi. (Roblin ætti að hækka laun þessa ótrúa þjóns). — Herra A. Ísfeld tókst þá á hendur að safna samskotum handa mér upp í gripaskaðann, og gekk honum það mæta vel, og skal hér sýndur listi yfir nöfn gefendanna. Einnig ritaði hann herra Jóni Eiríkssyni á Winnipeg Beach P.O. og bað hann að gangast fyrir samskotum þar syðra, og gerði hann það, sem einnig skal hér sýnt.

Safnað af herra A. Ísfeld: — Sveinn Sigurðsson $6, A. Ísfeld, Oddur Guttormsson og Benedict Arason $5 hver, Kristján Sveinsson $2, Tryggvi Arason, Vigfús B. Arason og Bjarni Pálmason $1 hver, Björn Jónsson og Andrés Ísfeld 50c hvor, Jóhann P. Árnason 35c (allir að Husawick P.O.), og Sigurbjörn Björnsson, Gimli, 25c. Samtals $27.60.

Safnað af Jóni Eiríkssyni: — Jón Eiríksson 5, Sigurbjörn Sveinsson $3, Björn Guttormsson $2, Haraldur Anderson $1, Hermann Hermannsson, Einar Guttormsson, Árni Halldórsson, Ónefndur og Júlíus Guðmundsson 50c hver, Hrólfur Matthíasson og Gísli Gíslason 25c hvor. — Samtals $14.00.

Þar að auki hafa nokkrir sent mér gjafir ótilkvaddir, svo sem þeir: Olsons bræður og G. J. Christie, hóteleigandi, að Gimli, $5 hvor, Þorvaldur Sveinsson $3, Albert Þiðriksson $1.50, Sigurður Hannesson og V. Hermannsson $1 hvor. — Samtals $16.50.

Ég bið góðan guð að launa þessum mönnum þeirra kærleikríku hjálp og vekja menn til hluttekningar og hjálpsemi, ef þeir þess með þurfa. — Ennfremur leyfi ég mér að benda á, að oft hefir það heyrst, að Ný-Íslendingar væru stórkostlega eftir að fiestu leyti. En hér er ljóst dæmi, að þeir eru ekki á eftir með að hjálpa í neyð að reisa hinn fallna á fætur aftur, svo honum gefist nýtt þrek að berjast og kannske sigra að lokum

þökk fyrir bróðurkærleik og hlut tekningu, kæru landar.

Husawick P.O., 22. jan. 1909.

Bjarni Árnason.

DR. H. R. ROSS
C.P.R. meðala- og skurðlækuir.
Sjúkdómum kvenna og barna veitt sérstök umönnun.
WYNYARD, — SASK.

K-J-Ö-T.
"Ef það kemur frá Johnson, þá er það gott"
C. G. JOHNSON, Kjötsali,
301 Sherbrooke St. Talsími 2681.

Russell A. Thompson and Co.,
Cor. Sargent & Maryland St.
Selja allskonar MATVÖRU af beztu tegund með lægsta verði. Sérstakt vöruúrval nú þessa viku. Vér óskum að Íslendingar vildu koma og skoða vörurnar. Hvergi betri né ódýrari.—
Munið staðinn:—
HORNI SARGENT AVE. OG MARYLAND ST.
PHONE 3112.

Með því að biðja sérlega um "T.L. CIGAR," þá ertu viss að fá ágætan vindil.
T.L.
T.L. CIGAR
(UNION MADE)
Western Cigar Factory
Thomas Lee, eigandi Winnipeg

Redwood Lager og Extra Porter
Styrkið taugarnar með því að drekka eitt staup af öðrum hvorum þessum ágæta heimilis bjór, á undan hverri máltíð. — Reynið !!
EDWARD L. DREWRY Manufacturer & Importer Winnipeg, Canada.

Department of Agriculture and Immigration.
MANITOBA
Þetta fylki hefir 41,169,089 ekrur lands, 6,019,200 ekrur eru vötn, sem veita landinu raka til akuryrkjuþarfa. Þess vegna höfum vér jafnan nægan raka til uppskeru tryggingar.
Ennþá eru 25 miliónir ekrur óteknar, sem fá má með heimilisrétti eða kaupum.
Íbúatala árið 1901 var 255,211, nu er nún orðin 400,000 manns, hefir nálega tvöfaldast á 7 árum.
Íbúatala Winnipeg borgar árið 1901 var 42,240, en nú um 115 þúsundir, hefir meir en tvöfaldast á 7 árum.
Flutningstæki eru nú sem næst fullkomin, 3516 mílur járnbrauta eru í fylkinu, sem allar liggja út frá Winnipeg. Þrjár þverlandsbrauta lestir fara daglega frá Winnipeg, og innan fárra mánaða verða þær 5 talsins, þegar Grand Trunk Pacific og Canadian Northern bætast við.
Framför fylkisins er sjáanleg hvar sem litið er. Þér ættuð að taka þar bólfestu. Ekkert annað land getur sýnt sama vöxt á sama tímabili.
TIL FERDAMANNA:
Farið ekki framhjá Winnipeg, án þess að grenslast um stjórn ar og járnbrautarlönd til sölu, og útvega yður fullkomnar upplýsingar um heimilisréttarlönd og fjárgróða möguleika.
R. P. ROBLIN,
Stjórnarformaður og Akuryrkjumála Ráðgjafi.
Skrifið eftir upplýsingum til
Joseph Burke, 178 LOGAN AVE., WINNIPEG. Jas. Hartney, 77 YORK ST., TORONTO.

sætta sig við þetta himinhrópandi óréttlæti! — — Nú, en þarna sér maður nú afleiðingarnar af því, þegar karlmennirnir eru huglausir ræflar. — Ef ég hefði verið húsbóndi hér, skyldi ég ekki hafa látið leika á mig þannig. — Ég fæ ekki skilið, hvers vegna maðurinn minn sálugi, án nokkurar tryggingar, lét þessa gömlu manneskju upp á efsta lofti alveg einráða, og án þess að hafa nokkurt eftirlit með henni".

Prófessorinn hafði þegjandi gengið um gólf, með hendur fyrir aftan bak. Hann var þungbúinn í meira lagi, og augu hans leiftruðu, er hann við og við leit til móður sinnar. Nú staðnæmdist hann fyrir framan hana.

"Hver var það, sem réði því, að gamla frænka varð að flytja upp undir þakið?" spurði hann alvarlega og með áherzlu. "Hver var það, er kom óvináttu á milli húsbórdans, sem þá var — föður míns — og hennar, og hver hefir með miskunnarlausri hörku tannað allar samgöngur milli okkar drengjanna og "gömlu frænku"? — Það varst þú, móðir mín, og ef þú vildir erfa hana, þá hefðir þú átt að breyta öðruvísi við hana".

"Nú, finst þér kannske, að ég hefði átt að hafa vinfengi við hana? Ég, sem alt mitt líf hefi gengið á guðs vegum, — og þessi manneskja, sem vanhelgaði sunnudaginn, sem aldrei hefir lifað kristilegu lífi. Nú veit hún orðið, að hún er eilíflega útskúfuð frá augliti guðs. — Nei, enginn veraldarkraftur hefði getað fengið mig til þess. — En það hefði átt að lýsa því yfir, að hún væri ekki með fullu viti, og setja henni fjárráðamann, — föður þínum stóðu ótal vegir opnir til þess".

Prófessorinn varð fölur sem nár. Hann leit óttasleginn til móður sinnar, tók því næst hatt sinn og gekk þegjandi út úr stofunni. — — Hann hafði horft ofan í hyldýpi: þessi steingervingslega bókstafstrú, — þetta hræðilega kristnidramb, — og í skugga þess hóflaus ágirnd! — Í mörg ár hafði alt þetta kastað dýrðarljóma yfir móður hans, — þetta voru þær lyndiseinkunnir hennar, sem honum hafði þótt svo mikið til koma. — Hann varð að kannast við það, að einu sinni hafði hann haft sömu skoðanir og móðir hans, en þó hafði hún eigi alveg gert hann fullkominn í umburðarleysi og trúarofstæki. Samt hafði hann verið áhugamikill starfsmaður sannrar trúar og hafði reynt að frelsa sálir, og fá þær til að fallast á skoðanir sínar, í þeirri föstu trú, að hann leiddi þær á veginn til eilífs lífs. — Og veslings saklausa, foreldralausa barnið, — með frjálslegu hugsjónirnar sínar, og stórláta en viðkvæma hjartað. — Hann hafði beitt hörku við það, og hrint því inn í skuggalegt og iskalt loftslag. — Hversu mikið hafði hún ekki orðið að líða! Hinn fagri næturgali á meðal hrafnanna. — Hann greip höndunum fyrir augu sér, eins og hann svimaði, gekk svo upp stigann og lokaði sig inni í herbergi sínu.

Á meðan þetta gerðist í daglegu stofunni, skeði álíka atburður í vinnuhjúaherberginu í Heilwigshúsinu. Gamla eldakonan hljóp til og frá um gólfið í allmikilli geðshræringu. En Hinrik stóð hjá óbifanlegur, sem klettur í ólgandi sjó. Hann var í spariföturn sínum, og svipur hans lýsti gleði, angurblíðu og — hæðni.

"Þú mátt ekki ímynda þér, að ég sé öfundssjúk, Hinrik, — það væri ókristilegt", mælti hún. "Ég get vel unt þér þessa, — tvö þúsund ríkisdala!" — hún sló höndunum saman eins og í örvæntingu, rétti þær svo rólega niður með mjöðmunum og sagði: — "Þú hefir meira af haminglu en skynsemi, Hinrik! — Guð minn góður! Ég hefi orðið að vinna baki brotnu alla æfi, — ég hefi alt af farið stöðugt í kirkju, hvað svo mikill sem kuldinn var á veturna,

— og hversu oft hefi ég ekki beðið góðan guð, að gera mig nú haminglusama, en það hefir ekkert dugað, — ekki það allra minsta, — en það er engu líkara, en haminglan rigni yfir þessa mannskepnu þarna — Tvö þúsund ríkisdali! Það eru einhver ósköp, Hinrik! En eitthvað er samt bogið við þetta, er ég fæ ekki skilið. — Getur þú annars með góðri samvizku tekið við þessum peningum, Hinrik? Í raun og veru átti gamla jómfrúin ekkert með, að gefa þér einn einasta skilding, — því alt er hún átti, tilheyrir með réttu húsbændum okkar. — Ef maður lítur nú réttum augum á þetta, — þá hreint og beint stelur þú þessum peningum, Hinrik! Ég veit svei mér ekki, hvað ég gerði, ef ég væri í þínum sporum".

"Ég hirði þá! Mér kemur ekkert annað til hugar, Friðrika!" mælti Hinrik með stökustu rósemi.

Gamla eldabuskan hljóp út í eldhúsið, og sló hurðinni hraralega aftur á eftir sér.

Erfðaskrá gömlu jómfrúarinnar, er var orsök í öllum þessum gauragangi, — hafði verið samin fyrir tíu árum síðan. Arfleiðslukonan sjálf hafði samið hana, og hljóðaði hún á þessa leið:

1. Árið 1633 hefir Lutz von Hirschsprung, sonur gamla Adrian von Hirschsprung, er svensku hermennirnir myrtu, yfirgefið smábæinn X—, og tekið sér bólfestu annarsstaðar. — Niðjum hans ánafna ég:
   a) Þrjátíu þúsund ríkisdali í peningum.
   b) Gullarmbaug: Á miðju hans er blómsturkrans, og innan í honum grafin forn vísa.
   c. Ljóðasafn Bachs. — Það er í rauðu blaðahylki, merkt No. 1. Á titilblaðinu stendur: "Gotthelf von Hirschsprung". Það liggur á meðal handrita minna eftir

heimsfræg tónskáld. — — Ég óska eftir, að yfirvöldin geri strgx gangskör að því, að leita uppi erfingjana, niðja þessarar ættkvíslar, af ættstofni hinnar gömlu Hirschsprung ættar, sem hér er útdauð. — Ef enginn gefur sig fram áður en árið er á enda, er það ósk mín og vilji, að áðurnefnd upphæð, 30,000 ríkisdalir, ásamt því, er fæst fyrir armbauginn og sönghefti Bachs, sé afhent borgarstjóranum í X. — og skal því þannig varið:

2. Renturnar af peningunum, er koma skal fyrir á óhultum stað, skal árlega skift á milli átta kennara við kenslustofnunina í X.—, og áskil ég, að jafnt og hlutdrægnislaust sé skift á milli þeirra. — Háskólakennarar og skólastjórar mega aldr krefjast hluttöku af styrk þessum.

   "Ég stofnset þennan sjóð í þeirri trú, að hann komi að eins miklum notum og þó ég hefði sett á stofn mentaskóla. — Enn sem komið er, hafa skólakennararnir verið hafðir út undan hér í X.— Enn þá verða þeir menn, er leggja öfluga stefna í undirstöðu dir velmegun þjóðarinnar, að lifa við sul g s ru, — á meðan miliónir annara mann afla sér nægilegs fjár með andlegum hæfileikum sínum. Ég vildi óska, að fleiri vildu opna augu sín fyrir þessu, og hefja og styrkja þessa stöðu, er margir hafa viðurkent svo háleita.

3. Allir minir silfurmunir og aðrir skartgripir, að undanskildum áðurnefndum armbaug, verða við dauða minn eign þess, sem þá er yfirmaður Heilwigs ættarinnar. — Það eru alt ættargripir, er eigi mega úr ættinni ganga. —

Er dómurinn sanngjarn?

Í 17. tbl. Heimskringlu stendur all-löng grein um "Kvæði og skáld sögur". Viðkynnanlegra hefði verið fyrir þann, er þá grein hefir ritað, að skriða fram úr skugganum með nafn sitt, um leið og hann hjó svo stór högg til þeirra manna sem nú semja helzt skáldsögur meðal Íslendinga, og með réttu má kalla helztu rithöfunda þjóðarinnar.

Um þann hluta greinarinnar, er ræðir um skáldskap í bundnu máli, er ég höfundinum ekki ósamþykkur. Það er rétt, að mikill meiri hluti þess, sem birtist í blöðum hér vestra af ljóðum (og í sumum kvæðabókum), er einskisvert rusl, sem hvergi ætti að fá rúm til að birtast á prenti. Snúutt að allri hugsan, og því sannkallaður leirburður. Að víta þennan ómerka ljóðaaustur, hvort heldur hann er kveðinn undir "stefjaháttum" eða öðrum bragarháttum, er ekki nema þarflegt og gott. En illa sýn ist það eiga við af manni, sem einna mest leggur til í þessa ruslakistu, eins og ég hygg að höf. þess arar greinar geri, sem ég ætla að sé Kristján Ásgeir Benediktsson, — þó ekki hefði hann einurð til að láta nafns síns getið — af skiljanlegum ástæðum. "Læknir, hjálpa sjálfum þér", segir gamall máls-háttur.

K.Á.B. ætti að lækna sjálfan sig af þessari ljóða- og rimnabullssýki, og hætta að unga út öðrum eins "bókmentum" og "Brávallarrimum", "Drotningarrimum" o.fl., o.fl., og þannig ganga á undan öðr um alika ljóðbullurum með góðu eftirdæmi. Aðfinsla hans hefði því verið einkar góð, og skynsamleg, hefði hann komið með ávarp undir fullu nafni á þessa leið:

"Menn og konur! Nú er ég alveg hættur að yrkja. Ég vona að þið, sem standið á líku skáldskaparstigi, hættið líka".

Yfirlýsing lík þessari af hálfu K. Á. B., hefði ef til vill komið góðu til leiðar. Einhverjir hefðu kannske verið svo skynsamir, að fara að hans dæmi, svo dálítið hefði tekið fyrir ljóðaausturinn, þennan lélegasta, sem kemur því til leiðar — "að fólk heldur að alt sé vitleysa og vaðall", sem á prenti sést í bundnu máli.

Sem betur fer, er þó svo ekki. Stöku kvæði hafa birst og birtast enn í blöðunum, sem skáldskapur er í, og eru þess virði, að vera lesin og lærð. En það er full ástæða til, að þeir höfundar, sem þau kvæði yrkja, hætti alveg að láta til sín heyra, meðan þetta Nóaflóð af leirburði stendur yfir.

Um ljóðskáldskapinn ætla ég ekki að fjölyrða meira í þetta sinn og snú mér því að umræðum höf. um sagnaskáldskapinn.

Þar segir hann að sé sýnileg afturför. Eftir því eiga sögur Jóns Trausta og Einars Hjörleifssonar að vera lakari, bæði að efni og búningi, en sögur Jóns Thoroddsens, Jóns Mýrdals ("Mannamunur") og Páls Sigurðssonar ("Aðalsteinn"). Ekki þarf að sýna samanburð á þessu, því allir hljóta að sjá, sem lesið hafa eftir þessa menn, að þessi umræli höf. eru sögð út í bláinn. Sögur Jóns Thoroddsens voru að vísu mjög góðar á sinum tíma. Þær lýsa sveitalífinu á Íslandi eins og það var þá. Þó eru að líkindum talsverðar ýfgar í lýsingunni á köflum. Jafnframt sýna þær myndir af persónum, sem geta verið til fyrirmyndar, og aðrar, sem ber að forðast. Thoroddsen hefir vitað, að "Gróa á Leiti" og "séra Sigvaldi", sem alt ilt hafði til að bera: — hræsni ágirnd, stelvísi, skjalafölsun, lýgi, m.fl. — hafa átt heima í þjóðlífinu — því hefir hann dregið mynd þeirra svo skýrt fram, svo hægt væri að varast þau, og þjóðfélagið fengi viðbjóð á þeim. En þrátt fyrir það, þó sögur J. Th. séu ágætar á sinum tíma — og langfremstar af eldri sögum — þá standa þær ekki jafnfætis sögum Jóns Trausta eða Einars Hjörleifssonar, hvorki að efni eða rithætti. Sögur J.T. og E.H. — einkum þær stærri — eru þrungnar af efni, — lífsspeki fyrir þjóðina — spjaldaða á milli. Þeir dotta aldrei niður á þar hálfótrúlegar kynjasögur, heldur tala eintóm alvöruorð til þjóðarinnar um nútíðar ástand hennar, — bregða upp fyrir henni margvíslegum myndum, sem til eru hjá henni sjálfri, — sumum fögrum og glæsilegum til eftirbreytni, öðrum ófögrum og athugaverðum til viðvörunar.

Jón Trausti lætur þorgeir verzlunarstjóra Ólafsson, í "Leysingu", verja öllu sínu lífi til þess,' að reyna að fá menn til að vera skilvísa í verzlunarsökum. — Öll sú saga er heróp til þjóðarinnar um, að leggja niður þennan hættulega og niðurdrepandi þjóðlöst — óskilsemina — sem er langstærsti og tilfinnanlegasti þjóðlöstur Íslendinga. Þar eru dregnar upp myndir af Bjarna á Fossalæk, Jóni á Tjörnum og Árna á Fifumýri, sem æfilega hlaupa frá einni verzlun til annarar, frá stórskuldum, lofa alt af öllu fögru um greiðslu þeirra en svíkja alt af, og forðast lánardrotna sína, eins og það væri fjandinn sjálfur. Þeir eyða inntektum sínum fyrir munaðarvöru, glingur og alls konar óþarfa. Alt finst þeim betra að gera við þær en borga skuldir sínar. Þeim þykir það sæmta, að kaupa tóbak og brennivín, og leggja út í allskonar kostnað, bæði þarfan og óþarfan, heldur en standa í skilum við viðskiftamenn sína, og geta svo komið fram, sem frjálsir og héiðarlegir menn. Allir menn, sem nokkuð hugsa, vita þó vel, að þeir peningar, sem menn þeirri upphæð, sem þeir skulda öðrum, eru ekki eign þeirra sjálfra, og með því, að standa ekki í skilum, eru menn að skaða bæði sjálfa sig og þá, sem þeir hafa skift við.

Því er ver og miður, að til eru bæði austan hafs og vestan alt of margir menn, sem að öllu eiga sammerkt við þá, sem Jón Trausti dregur mynd af, hvað óskilvísi snertir. Á Trausti skilið, að bitið sé í hælinn á honum fyrir það, að hann bendir á þennan þjóðlöst og leitast af öllum mætti við að kippa honum burt úr þjóðfélaginu? Til þess er "Leysing" skrifuð.

"Halla". — Með henni hefir hann unnið sér til óhelgi hjá K.Á.B. — Hvað er "Halla"? Saga af ungri, fallegri og myndarlegri stúlku, sem gaf ást sína manni, sem var lundinn þeim böndum, að hann gat ekki átt hana, — en það vissi hún ekki fyr en of seint. Fyrir þetta, að gefa tilfinningum sínum of fljótt lausan taum, án dur en hún vissi, hvernig stóð á högum mannsins, sem hún feldi hug til, — fyrir það varð líf hennar niðurlæging, eymd og mæða, eins og allir vita, sem lesið hafa "Höllu" og "Heiðarbýlið".

Á hóf ilt skilið fyrir það, þó hann dragi upp mynd af þessari stúlku, og sýni hana með eins skýrum dráttum og mögulegt er — öllum íslenzkum stúlkum? Er "Halla" ekki viðvörun til þeirra? Hvislar hún ekki að þeim þessum viðvörunarorðum: Íslenzkar stúlkur! látið ekki eins fara fyrir ykkur og fór fyrir mér. Af lífssögu minni getið þið lært, að vera forsjálli en ég var. Hörmungja hefði getað verið á leið minni, en varð óhamingja, af því ég var fljótfær og óforsjál?

Mér finst J.T. eiga miklu fremur þakklæti skilið, en last, fyrir "Höllu", og svo munu fleiri álíta, sem skilja söguna.

Þá á Einar Hjörleifsson ekki upp á háborðið hjá K.Á.B. — "Vitlausa Gunna" hefir gert K.Á.B. vitlausan.

Hann segir, að E.H. sé að "fara aftur í málinu og á lýsingum hans sé hrákadulu ógeð". Hvar skyldi það vera? Því bendir K.Á.B. ekki á það, áður en hann otar spjótinu fram úr myrkrinu í hjartastað E. H.? Ég sannfærist um það, að "Gunna" hefir miklu meira vit en K.Á.B., þó enginn "Þorvaldur" eða "Gudda" hafi verið á vegi hans til að reyna að gera hann vitlausan — eins og "Gunna". Um þetta tala ég ekki meira, þangað til K.Á.B. reynir að sýna hið gagnstæða.

Allir, sem fylgt hafa með E.H. sem sagnaskáldi, og með sanngirni vilja lita á verk hans, sjá það, að honum er alt af að takast betur og betur. Í öllum hans sögum, smáum og stórum, er mikill lærdómur fólginn, sem þjóðin þarf að veita eftirtekt. En stórlenglegastur er hann í síðustu sögunni hans "Ofureflí", og bendir það á alt annað en "afturför". — Það er ekki vanþörf á, að benda þjóðfélaginu á, að varast menn eins og Þorbjörn kaupm. Ólafsson, sem alt treður undir fótum nema sinn eigin vilja, og öllum brögðum beitir, bæði sæmilegum og ósæmilegum, til að fá honum framgengt. Slíka menn sjáum við nú ganga ljósum logum á Íslandi um þessar mundir. Menn, sem fótumtroða lög og rétt, og láta kné fylgja kviði, til að koma sínum vilja fram. Þá menn þarf þjóðin að varast. Af þeim stafar hætta.

En mann eins og séra Þorvald Gunnarsson þarf þjóðin að eignast — marga, marga. Þá verður "Þorbjörn" hrakinn burt úr þjóðfélaginu, og ég er viss um, að "Ofureflí" flýtir fyrir því.

Þegar maður lítur yfir sögur E. H. og J.T., og virðir fyrir sér, hverju þeir vilja fá til leiðar komið með þeim, þá eiga þeir sannarlega þökk skylda hjá hverjum góðum Íslending. Og frá minu sjónarmiði eru þeir mjög velkomnir að þessum 600 kr., sem þeir fá hvor á ári úr landssjóði. Ég efast um, að nokkrum peningum sé betur varið en einmitt þeim, því ég tel þessa skáldsagnahöfunda báða með allra merkustu og þörfustu umbótamönnum þjóðarinnar.

Að beina huga og starfi þjóðarinnar inn á hrautir fullkomnunar í hvívetna, með þeirri aðferð, sem þeir við hafa, er eitthvert það göfugasta hlutverk, sem nokkur maður hefir með höndum. Þetta hlutverk eru þeir að inna af hendi með sögum sínum.

Að þessu athuguðu, er það ekki nema eðlilegt, þó maður biðji fólk alvarlega að íhuga, hvort það sé sanngjarn dómur, að verk þessara manna séu að eins til að "æra fólk og fæla út af bókmentasviði íslenzkrar tungu, flýta fyrir að tortíma vestur-íslenzku þjóðerni, og séu illar sendingar vestur um haf", eins og K.Á.B. kemst að orði.

A. J. JOHNSON.

Áhrif hugsananna.

Fyrirlestur sá, er ungfrú Steinunn Stefánsson, frá Gimli, flutti á síðasta fundi Menningarfélagsins, þann 27. jan., var vel sóttur, og er alment vel yfir honum látið.

Fyrirlesturinn var um "New Thought" ("Nýhyggju"), og sagði fyrirlesari, að stefna sú væri í raun og veru ekki ný stefna, því hennar hefði víða orðið vart fyr á öldum, en hefði legið í dvala, þar til nú á síðustu tímum, að hún hefði vaknað upp hjá Bandaríkjamönnum og víðar. Kvað hún stefnuna hafa margar góðar kenningar að bjóða, sé þær fluttar í hófi, en fylgjendum þeirra hætti mörgum við, að fara ollangt í staðhæfingum sínum.

Aðalkenning stefnunnar kvað hún vera þá, að kenna mönnum að hugsa rétt og fallega, — eins og maðurinn hugsar svo er hann. Karaktér hvers um sig er að eins hugsun hans í heild.

"New Thought" biður alla að taka sem minst á móti öllum áhrifum, nema augljóst sé, að þau séu góð. Í manninum sjálfum býr kraftur, og þeim krafti á hann að vita af og færa sér hann í nyt. — Menn geta tamið sér gláðlyndi, og það er skylda manna að vera kátir og taka lífinu með glöðu bragði. Menn ættu að spyrja sjálfa sig að, hvort þeir sjálfir væru ekki orsök í kjörum sínum, sjúkdómum, raunum og óláni. "New Thought" fyrirlítur þá hugmynd, að óláninð elti suma menn, en finst aftur á móti, að sumir menn elti óláninð, og búist alt af við, að mæta því og höndla það. Menn ættu að hafa traust á sjálfum sér, og leitast við að herða þá krafta, sem til eru í þeirra eigin persónu, til að geta rutt brautina gegn um lífið.

Fyrirlesturinn var á góðri íslenzku og þýðu máli, og létu tilheyrendurnir hið bezta yfir. Nokkrar umræður urðu á eftir, flestar hlyntar stefnu fyrirlesarans.

E.Á.

Kyrrahafs Íslendingar í vígamóð.

Svo er að sjá, sem grein sú um stjórnmálakonur Íslands og menningarskort landsbúa, sem nýlega stóð í Heimskringlu, þýdd úr ensku tímariti, hafi komið hreyfingu á blóðið í löndum vorum á Kyrrahafsströndinni, — eftir því sem lýsir sér í blaðinu "Seattle Sunday Times", dags. 17. jan. '09. Þar koma fram andmæli gegn árásinni á Ísland og Íslendinga, úr tveimur áttum: Í fyrsta lagi frá Goodtemplara stúku Íslendinga þar, og í öðru lagi frá Mrs. Isaak Johnson, sem ritað hefir andmælagrein í blaðið.

F. R. Johnson, fyrir hönd Goodtemplara stúkunnar, hefir birt einróma andmæli hennar mót grein þessari í enska tímaritinu. Í andmæla ákvörðun stúkunnar, er því haldið fram, að staðhæfingar enska tímaritsins séu ekki á rökum bygðar, og að hin rétta lýsing þjóðarinnar felist í því, að hún sé vel mentuð og kristin menningarþjóð.

Mrs. Johnson, í ritgerð sinni, tekur fram, að orðið stjórnmálakona sé ekki algengt orð á Íslandi, því að þar hafi konur aldrei setið á þingi, þó þær hins vegar kunni að hafa haft heillarík áhrif á umræður mála í þinginu. Að konur hafi ekki kjörgengisrétt til þingsins né atkvæðisrétt, að undanskildum þeim, sem með fasteignarétti geta uppfylt sömu skilyrði og karlmenn eru háðir til að geta greitt atkvæði í þingkosningum. Ennfremur, að konur hafi alls ekki fyr en á allra síðustu árum látið neitt til sín heyra um stjórnmál landsins, og þá aðallega að eins í sjálfri höfuðborginni Reykjavík. — Hins vegar hafi þær atkvæði í sveitamálum, og nú nýlega hafi konur náð sæti í borgarráði höfuðstaðarins. Hún andmælir og ákærum tímarits greinarinnar um sóðaskap, sem sagður er að vera við Laugarnar í Reykjavík, og einnig sýnir hún fram á, að jafnvel lélegustu bændabýli á landinu hafi vindhuga upp úr þakinu, sem leiði hreint loft um húsin. Hún bendir einnig á, að í Reykjavík, sem annarstaðar á Íslandi, sé gnægð af heilnæmu drykkjarvatni, og að eng inn sá, sem nokkra hugmynd hafi um hreinlæti, fái trúað því, að skólpið úr fataþvottar pollinum sé þar notað til drykkjar.

Viðvíkjandi drykkjuskap Íslendinga, bendir Mrs. Johnson á, að skýrslur alheimsstjórnar Goodtemplara félagsins sýni, að vínnautn þar sé minni á hvern mann, að meðaltali á landinu, heldur en hjá nokkurri annari þjóð, og að líkindi séu til þess, að Ísland verði fyrsta land í heimi til þess að fögleiða algert vínbann, og þar eð ekkert vín sé búið til í landinu, þá þýði það, að öll þjóðin verði í algerðu bindindi. Og að þetta sé ekki að þakka áhrifum Frelsishersins, sem alls ekki hafi náð mikilli fótfestu í landinu, og sem ekki hafi fleiri meðlimi en svo, að tæplega verði þeir taldir í tugatali.

Mesta áherzlu leggur Mrs. Johnsson á, að andmæla þeirri staðhæfingu enska tímaritsins, að Íslendingar séu sóðalegri og í meiri niðurlægingu en allar þjóðir í Evrópu. Hún bendir á, að þrásinnis hafi íslensk blöð dregið athygli hérlendu þjóðarinnar að Íslendingum, sem þeim beztu innflytjendum fyrir gáfur þeirra og líkamlega heilbrigði, dugnað og löghlýðni, og þann eiginleika, að geta allra þjóða bezt simið sig að hérlendum staðháttum og þjóðsiðum. — Þetta sé velþekt og viðurkent, ekki eingöngu í Canada, þar sem flestir þeirra séu búsettir, heldur einnig í Norður Dakota og Minnesota, og öðrum ríkjum, þar sem þeir hafi tekið sér bólfestu.

Landar vorir á Kyrrahafsströndinni eiga þökk skylda fyrir að hafa svo rækilega tekið svari heimaþjóðarinnar, — þó ætla megi, að það hefði ekki átt að vera nauðsynlegt, þar sem framkoma Íslendinga hér vestra — að nokkrum einstökum tilfellum undanskildum — hefir verið þannig, að þeir hafa áreiðanlega verið sómi sinnar þjóðar, og fullkomið ígildi hinna annara beztu þjóðflokka, sem hingað hafa flutt til landsins, að sjálfum Bretum ekki undanskildum, bæði að líkamlegu og andlegu atgerfi og sannri háttprýði.

Rétt hefðum vér talið, að Íslendingar heima hefðu sett sig beint í samband við stjórnendur enska tímaritsins, og gefið þeim alvarlega ráðningu fyrir ritgerð þá sem hér er um að ræða, því um hana verður ekki annað sagt, en að hún sé í hæsta máta móðgandi árás á alla íslenzku þjóðina, og nálega hvert einasta atriði í henni ósatt.

Barna innflutningur.

Um mörg ár hefir fjöldi barna verið fluttur austan frá Bretlandi til Canada, en aldrei jafnmörg og síðasta ár. Þá voru flutt til Canada 1938 börn. Ellefu skrifstofur störfuðu að þessum útflutningi. — Skýrsla herra J. J. Kelso, sem er aðal umboðsmaður á barnaflutnings skrifstofunum, hefir gefið út ársskýrslu um barnaflutninginn 1908. Allur þessi barnahópur hefir sest að í Ontario fylki, og hefir verið látinn þar inn á barnaheimili og hjálparstofnanir. Af þessum 1938 börnum eru 573 stúlkur og 1365 sveinbörn. Flest munaðarlaus, komu frá Barnado barnaheimilunum á Englandi. Þau gáfu Canada 943 börn. Þar næst flest frá Katólskra útflutninga einingunni. Hún lét af hendi til Canada 308 börn. Munaðarleysingjahæli á Skotlandi gáfu 164 börn. Þau voru tekin til uppeldis í Brockville, Ont. En Macpherson barnaheimilið í Stratford, Ont., tók og gaf út 177 börn, og Meþódista barnastöðin í Hamilton, Ont., tók 103 börn. Afgangurinn dreifðist hingað og þangað um Ontario fylki.

Hvert einasta barn er gaumgæfilega skoðað, áður en það fer af stað af umboðsmanni Ontariofylkis. Fylkið hefir lagaákvarðanir sem stofnanirnar, sem taka börnin, verða stranglega að fara eftir. Þær verða að sjá þeim fyrir fæði, klæði, hreinlæti og læknishjálp. Stjórnin í Ottawa hefir sérstakar skrifstofur og menn, sem að eins líta eftir þessum barna innflutningi.

Hvað mörg börn, að Canada tekur til uppeldis á hverju ári, er ómögulegt að segja með nokkurri vissu. Fyrir utan þessa barnainnflutninga, sem opinberlega er annast um, þá er fjöldi barna sendur til Canada árlega, frá flestum löndum. Auðvitað senda Bretar mest. Börnin eru send sem bréf eða sending til skyldmenna og vandamanna hér í Canada. Þau eru send með einhverjum innflytjendum eða ferðafólki, sem koma þeim til skila til uppeldis foreldranna. Allar slíkar barnasendingar til Canada teljast ekki til munaðarleysingja, heldur að eins innflytjendur. Canadaríki stendur að vissu leyti vel að vígi, að ala alla slíka krakkakássu upp, og koma börnunum í lífvænlega stöðu, því það hefir margan framgenginn gæmling fengið frá öðrum þjóðum, sem náð hefir þrifum og þjóðinni reynst drjúgur til niðurlags. En þrátt fyrir þetta má Canada eiga það með réttu, að hún fóstrar flest munaðarlaus börn, af öllum þjóðum, þá miðað er við fólksfjölda hennar og aldur. Heill sé henni fyrir aumingja litlu munaðarleysingjana!

K. Á. B.

Þyngdarlögmál skoparakringlunnar.

Þess hefir verið getið áður í Heimskringlu, að fyrir rúmu ári síðan þykist Englendingur (þó irskur að ætt) hafa fundið upp þá iþrótt, að ranna járnbrautarvögnum á eins á einum sporteini. — Hvernig má það ske? munu margir spyrja. Hreyfingu og ransli byggir hann á þyngdarlögmáli skoparakringlunnar. Það var og er ein, að skoparakringlan hefir verið uppáhaldsleikfang allra barna — jafnt ríkra sem smáuðra, ellaust í flestum löndum, sem menn byggja. En að það feldist sérstakt lögmál á bak við þetta einfalda, ódýra barnaleikfang, það er uppgötvan. Um allar þær aldir, sem skoparakringlan hefir skemt börnum, hafir að eins einn maður veitt lögmáli hennar eftirtekt. Eftir að hann sagði frá uppgötvun sinni, hafa ýmsir brotið heilann um, að nota þyngdarlögmál hennar til hreyfinga. Þessi áðurnefndi Englendingur hygst að hemja það til að flytja lifandi og dautt, á einu hendingskasti, landshornanna á milli. Lánist að hemja hreyfiafl skoparakringlunnar, þá verður flutningshraði þess lögmáls svo geysimikill, að hann fer langt fram úr gufuafli og rafmagnsafli til flutninga. Lögmál skoparakringlunnar er það, að á meðan hún hefir fullan hraða, eða er knúin áfram með fullum hraða, stendur halinn æfinlega og hún öll lóðrétt upp og niður, eins og allir hafa séð. En þegar snúningshraðinn fer ofan fyrir vist snúningshraðastig, þá fer hún að hallast, og eftir því, sem snúningshraðinn minkar, þá hallast hún meir og meir, þangað til hún dettur á hliðina. Uppgötvarinn fann það, að það var snúningshraðinn, sem heldur jafnvæginu á svona löguðum hlut. Svo er lögmál snúningshraðans á skoparakringlunni óskeikult, að þó komið sé við hana, þá stekkur hún til á annan snúningspunkt, og heldur áfram lóðrétt, meðan nægur hraði endist henni, þetta getur hver fundið, sem snýr skoparakringlu. Þá er að eins galdurinn, að smíða henni starfrækan útbúnað. Að því er Englendingurinn. Hann heitir Brennan. Hann ætlar að beita henni fyrir járnbrautarlestir, eins og áður hefir verið frásagt.

Nú nýlega eru menn farnir að nota skoparakringluna til fleiri verka enn Brennan kom upp með. Nýlega hefir maður nokkur fundið beizli við hana til að taka veltu af skipum í ofsa roki. Var útbúnaður sá reyndur snemma í vetur, úti á roksjó í ofsastormi. Skipið valt og steyptist á ýmsum endum, svo illstætt var á þilfarinu. En þegar gripið var til skoparakringlunnar, þá rann skipið geiglaust og slétt, sem dúnalogn væri. Þykir þetta ein hin undraverðasta og bezta hjálp, sem sjómönnum hefir verið fundin, og farþegum, sem þjást af sjósótt. Til þessa er notuð, ekki skoparakringla með hala, heldur er það nokkurs konar tríssa, en sem snýst fyrir sama lögmáli og skoparakringlan.

Það telja menn vafalaust, að til margs fleira verði skoparakringlan notuð innan lítils tíma. Einn vísindamaður er ennað fást við, að nota hana sem áttavita, hvar sem er á hnettinum, jafnt að nótt sem degi, og hvernig sem veður er. — Það er talið áreiðanlegt, að þetta einfalda leikfang verði bráðlega eitt hið gagnlegasta og þarfasta verkfæri, sem heimurinn hefir í höndum sér. — (Útdráttur úr tímariti.

K.Á.B.

Það þarf að bíta.

Kæru landar, ef þið viljið fá vel skerptar sagirnar ykkar, þá komið þeim til mín, að 501 Beverly St. Líka skerpi ég skauta, skeggbnífa og allskonar eggjárn. — Alt fljótt og vel gert.

G. BERGÞÓRSSON,
501 Beverly St.

Skrautmyndir

Mjög vandaðar, stórar og fagrar, af skáldkóngunum íslenzku, Hallgrími Péturssyni og Jónasi Hallgrímssyni, fást hjá undirskrifuðum, önnur á 35c en báðar á 60c. Agæt stofuprýði. Myndir af þessum mönnum munu verða kærkomnar til prýðis og endurminningar á mörgu íslenzku heimili. Útsölumenn vantar enn víðsvegar um bygðir Íslendinga mót sanngjörnum sölulaunum.

F. R. JOHNSON,
1419 W. 57th St., Seattle, Wash.

ATH. — Þessir hafa þegar tekið að sér útsölu á myndunum: —

Friðrik Sveinsson, 618 Agnes St., Winnipeg; Wm. Anderson, 1797 7th Ave. W., Vancouver, B.C.; S. Bárðarson, R. F. D. 1, Box 90, Blaine, Wash.; Sigurður Johnson, Bentry (og Upham), N. Dak. Jóh. H. Húnfjörð, Brown, Man.

S. R. HUNTER & CO
Skraddarar,
189 Lombard Street

Búa til ný-móðins karlmannafatnaði eftir máli. — Efni og vinnubrögð afbezta tegund, og alt ábyrgst að vera jafngildi þess bezta sem fáanlegt er í borginni. Verðið er við allra hæfi. —

S. R. Hunter & Co.
189 Lombard St.
Telephone 1395.

KENNARA VANTAR

við Marshland skóla nr. 1278. — Kensla byrjar 1. apríl nk. og helzt til ársloka, að einum mánuði frádregnum (ágúst), 8 mánaða kensla. Umsækjendur tiltaki mentastig, reynslu og kaup, og snúi sér til undirritaðs fyrir 1. marz.

STEINI B. OLSON,
Post Master Marshland P.O., Man.

KENNARA

sem hefir 2. og 3. kennarastig, vantar við Norður-Stjörnu skóla No. 1226 næsta kenslutímabil, sex mánuði, frá 1. maí til 1. nóv. Tilboðum, sem tilgreina mentastig og kaup, sem óskað er eftir, verður veitt móttaka af undirrituðum til 15. marz næstkomandi.

Stony Hill, Man., 23. jan. 1909.
G. JOHNSON, Sec'y-Treas.

KENNARA VANTAR

til Laufas Sch. Dist. No. 1211, til þriggja mánaða, frá 1. april (að honum meðtöldum). Umsækjendur sendi inn tilboð sín til undirritaðs fyrir 15. marz næstk., sem tiltaki mentastig og aefingu, ásamt kaupi, sem ósoað er eftir.

Geysir, Man., 22. jan. 1909.
25-2 B. JÓHANNSSON.

James Flett & Co.
PLUMBERS

Leiða Gas-, Vatns- og Hitapípur í hús yðar, fyrir sanngj. borgun. Verk vandað, fljótlega gert og ábyrgst.

572 Notre Dame Avenue
Telephone nr. okkar er 3380 eða 8539.

Stefán Johnson
Horni Sargent Ave. og Dewburgi St.
HEFIR ÁVALT TIL SÖLU
Nýjar Áfir
Bezta í bænum. Ágætar til bökunar. 15c gallon

Woodbine Hotel
Stærsta Billiard Hall Norðvesturlandinu
Tíu Pool-borð.—Alskonar vín og vindlar.
Lennon & Hebb,
Eigendur.

Fréttir úr bænum.

Bæjarstjórnin hefir hugsað sér að verja 700 þúsund dölum í Asphalt lagning á strætum Winnipeg borgar á komandi ári. Lagningin er fyrirhuguð á þessum strætum: Notre Dame vestan Nena, Dufferin Ave., Main St. norður að bæjarbaknúrkum, Portage Ave. vestur frá Maryland St., Osborne St. suður frá brúnni, Lombard St. frá Main St. að Rauðá, Albert St. frá Notre Dame til Bannatyne. King St. frá Notre Dame til Bannatyne, Fort St. frá Portage Ave. til Broadway, og Nairn St. í Elmwood.

Ef einhver íslenzkur skólakennari með 3. eða 2. stigs próf vildi tryggja sér skóla frá 1. apríl næstkomandi, þá ætti hann að snúa sér til Heimskringlu fyrir 15. þ.m.

Þann 2. þ.m. gaf séra JónBjarnason saman í hjónaband þau herra Björn Blöndal, byggingameistara, og Miss Rannveigu Stevens, bæði til heimilis hér í borg. Að loknu brúðkaupinu lögðu þau hjón upp í ferð til St. Paul, Minneapolis og annara staða í Bandarikjunum. En í bakaleiðinni búast þau við, að fara um bygðir Íslendinga í Norður Dakota og finna þar kunningja og vini.

Fylkisstjórnin hefir gefið út skýrslu um uppskerumagn Manitobafylkis á sl. fl.i. Öll kornvöru uppskeran er talin rúmlega 13 miljónir bushela, eða 17¼ búshel af ekru hverri að meðaltali. — Bændur hafa selt á árinu nálega 300 þúsund alifugla, og smjör og osta hafa þeir framleitt fyrir 1½ milión dollars. Allar afurðir Manitoba bændann á sl. ári hafa farið lángt fram yfir 100 milión dala virði.

Dominion stjórnin hefir keypt byggingarlóð á horninu á Strathcona stræti og Jasper Ave., og ætlar að láta byggja pósthús þar næstkomandi sumri.

Canadian Pacific járnbrautarfél. auglýsir, að járnbrautin frá Teulon til Íslendingafljóts verði fullger á komandi sumri. Aðrar brautir er ekki getið um, að félagið hugsi að byggja í þessu fylki á þessu ári.

Væntanlegt er, að timburverð verði hækkað um $2 hvert þúsund fet hér í fylkinu innan skams tíma, — af því að byggingaviður hefir hækkað það mikið í British Columbia um nýárið.

Á þriðjudagskveldið var 2. þ.m. gaf séra Jón Bjarnason saman í hjónaband í Fyrstu lút. kirkjunni þau herra Egil Stephenson og ungfrú Flora Jackson, bæði til heimilis hér í borg. Vegleg brúðkaupsveizla var haldin að heimili foreldra brúðarinnar, 635 Elgin Ave.

Í sl. janúar fæddust í Winnipeg 367 börn, 126 manns dóu og 167 hjón voru gift.

O'Connor hótel á Main St., hefir nýlega verið selt fyrir all-ríflega fjárupphæð, alls 196 þúsund dollara. Fyrir húslóðina borgaði kaupandinn 2 þúsund dollara fyrir hv. fet frambliðar. — það er farið að koma talsvert fjör í landsölu hér í bæ, og útlit er fyrir, að allmikið af byggingum verði reist hér á næstu sumri.

Ísl. Conservative Klúbburinn

ætlar að spila "Tromp-whist" kappspil á hverju mánudagskveldi til vors, þegar nefnd kveld eru ekki fundarkveld. Tvenn verðlaun verða gefin fyrir 2 hæstu vinninga. Meðlimir klúbbsins eru beðnir að muna eftir þessari breytingu. — Kapp-Pedro verður spilað eftir sem áður á hverju föstudagskveldi, eins og áður hefir verið gert. Klúbbmenn eru beðnir að muna þetta, það sem eftir er af vetrinum.

Ársfundur Fyrsta Íslenzka Únitara safnaðarins var settur eftir messu sunnudagskveldið var. Safnaðar fulltrúar voru kosnir þessir:

Skapti B. Brynjólfsson,
Jóseph B. Skaptason,
Hannes Pétursson,
Friðrik Sveinsson,
Hallur Magnússon,
Gunnar J. Goodmundsson,
Stefán Pétursson.

Yfirskoðunarmaður fyrir safnaðarins hönd var kosinn Thorsteinn S. Borgfjörð.

Nokkur mál voru rædd á fundinum, sem ekki var hægt að afgreiða öll. Var því ákveðið, að festa fundi til næsta sunnudagskvelds, 7. febr. Verða þá lesnar upp skýrslur embættismanna og yfirskoðunarmanna. — Að því loknu verður hið venjulega ársamsæti haldið.

Recital í Selkirk.

Þann 15. febrúar næstk. halda nemendur Jónasar Pálssonar Recital í Selkirk bæ. Þar spila um 20 nemendur, og auk þess skemta þeir Jónas Pálsson með pianospili og Thorst. Johnson með fiðlinspili. Þar syngja og Miss Annie Simpson og Miss Rosie Epstein. — Það hefir verið vandað til þessarar samkomu. Hún verður haldin í Pearson's Hall. Aðgangur kostar 25 cents.

STÚDENTAFÉLAGIÐ heldur fund í samkomusal sínum á Sargent og Furby strætum klukkan 8 næsta laugardagskveld. Þetta verður skemtifundur. — Jafnframt því, að meðlimir eru mintir á að fjölmenna, er öllum Íslendingum, er nám stunda við hærri skóla hér í bænum, virðingarfylst boðið að sækja fundinn. Félagsstj.

MENNINGARFÉLAGS-FUNDUR 10. Febr.

Næsti Menningarfélagsfundur verður haldinn á venjulegum stað (í Únitara kirkjunni) miðvikudagskveldið þann 10. febrúar. Búist er við, að fundur þessi verði fróðlegur og skemtilegur, því herra Stefán Thorson flytur þar fyrirlestur "UM AFGLÖP". Umræðuefnið ber með sér, að þar verði ýmislegt tekið til íhugunar. Öllum boðið að koma og taka þátt í umræðum fundarins.

Í síðasta tbl. Heimskringlu hefir fallið burtu orðið "frá" í fyrstu braglínu í 9. vísu "Drotningarrímu. Braglínan lesist þannig: "Sagan fróð því segir frá".

Mánudagskveldið 15. febr. heldur STÚDENTAFÉLAGIÐ íslenzka hér í bænum hina árlegu samkomu sina, þar sem ræðugarpar félagsins keppa um silfur medaliu, er Lögberg hefir gefið. — Sams konar samkoma, er félagið hélt í fyrra, mæltist mjög vel fyrir, en ekki ætti skemtanin að verða síðri í ár. Sex eða sjö meðlimir Stúdentafélagsins, kvenfólk og karlar, flytja stuttar ræður. Einnig syngja þar flokkar karla og kvenna. Eingöngu meðlimir félagsins skemta.

Þeir, sem koma utan úr sveitum um þessar mundir, ættu að haga ferðum sínum svo, að þeir geti sótt samkomu þessa. Þá geta þeir séð, hvað vestur-íslenzka Stúdentafélagið getur gert.

Munið eftir kveldinu 15. febr., — annars tapið þið einni beztu samkomu, er haldin verður meðal Íslendinga í Winnipeg í vetur. Takið eftir prógrammi í næsta blaði.

Ársfundur Tjaldbúðar safnaðar var haldinn þann 21. jan. sl. — Á þeim fundi voru lagðar fram og samþyktar skýrslur yfir tekjur og útgjöld safnaðarins á s'. ári. — Einnig kosnir embættismenn fyrir yfirstandandi ár. Fyrir fulltrúa safnaðarins voru þessir kosnir:

L. Jörundsson, forseti endurk.
M. Markússon, skrifari, endurk.
Th. Oddson, féhirðir, endurk.
B. Sigurðsson, fjármálaritari, og
N. Ottenson.

Fyrir yfirskoðunarmenn voru kosnir H. Halldórsson og E. Sumarliðason.

Þar eð ekki var hægt að útkljá öll mál, sem lágu fyrir fundinum, var ákveðið að halda annan fund þann 28. jan. Á þeim fundi kom meðal annars fram svohljóðandi tillaga:

"Söfnuðurinn þakkar séra Friðrik Bergmann fyrir prestlega starfsemi hans í þarfir safnaðarins síðan hann gerðist prestur hans, og lýsir yfir ánægju sinni með kenningu hans og frammistöðu í kirkju og utan. Söfnuðurinn lýsir ennfremur yfir því, að öll kenning og framkoma hans í söfnuðinum, ber þess ljósan vott, að honum er sönn velferð kirkjufélagsins einlægt áhugamál, og allar aðdróttanir um hið gagnstæða því ástæðulausar. Né heldur fær söfnuðurinn séð, að séra Friðrik hafi í nokkru atriði víkið frá réttri stefnu kirkjufélagsins".

Fundurinn samþykti þessa tillögu í einu hljóði.

Lesendum er hent á smáleturs auglýsingu herra W. STANLEY KING á fyrstu bls. Hann selur hlutabréf í Cobalt námafélögum, — en Cobalt héraðið gaf 10 miljónir dollara í silfri á síðasta ári. Hlutir í þeim félögum, sem reynst hafa áreiðanleg í þessu héraði, gefa góða árlega vexti og bankar lána út á þá. Sum þessara félaga borga mikinn árlegan gróða til hluthafa sinna, og samt hækka hlutirnir árlega í verði. — W. Stanley King er áreiðanlegur maður í viðskiftum. Finnið hann eða skrifið honum.

— THE —
Oxford
"Second Hand" Fata félagið.
532 NOTRE DAME
Úrvals föt fyrir karla og konur.
Allskonar Fatnaður keyptur og seldur.
MUNIÐ: 532 Notre Dame Ave., rétt við Spence St.

RECITAL.

haldá nemendur Jónasar Pálssonar á fimtudagskveldið þann 25. þ. m., í Y. M. C. A. samkomusalnum á Portage Avenue.

Yfir 20 nemendur skemta þar með Piano-spili, og eru sumir þeirra orðnir vel æfðir í list sinni. Þar syngur og herra Redford nokkrar Sólós, og er hann talinn beztur söngmaður, sem nú er í Winnipeg borg.

Samkomusalurinn er sá bezti sinnar tegundar, sem til er í borginni, eins og Mr. Redford er bezti söngmaðurinn. En hvernig nemend ur Jónasar Pálssonar eru, — það getur almenningur sannfærst um með því að koma og hlusta á þá spila.

Aðgangur að þessari kveldskemtun er öllum ókeypis, en samskota verður leitað.

Íslendingar, sem unna sönglist og vilja vita, hverjum framförum nemendur geta tekið undir hæfri tilsögn, ættu að sækja þessa samkomu svo vel, að salurinn verði troðfullur. Þeir fá ekki aðra skemt un betri eða ódýrari á þessum vetri en þessa, sem fer fram í Y. M. C. A. salnum 25. þ.m. ókeypis.

Þrír sjónleikir,

"Veðmálið" og "Jólanóttin", og Eintalið, voru leikin í Goodtemplarahúsinu á þriðjudagskveldið var. Að eins voru leikendurnir 2, þau hr. Ólafur Eggertsson og ungfrú Rannveig Einarsson, — hvorttveggja beztu leikendur, sem nú eru með Íslendingum í þessari borg. Áður hafa þessir leikir ekki verið sýndir, en svo var fólkinu mikil forvitni á að sjá þau, að húsið mátti heita troðfult uppi og niðri.

Veðmálið og Eintalið eru léttvæg gamanstykki, en Jólanóttin er alvarlegur leikur og sérlega vel leikin, eins og reyndar báðir hinir leikirnir. En svo vakti Jólanóttin mikið athygli fólksins, að varla heyrðist andartak í húsinu meðan sá leikur stóð yfir, og varaði hann þó nær klukkutíma. Hvert einasta auga og eyra var í alspennu, til þess að tapa engu, sem þar fór fram. Ólafur leikur þar meistaralega, og er viss að fá húsfylli aftur, hvenær sem hann sýnir Jólanóttina hér í annað sinn. — Kveldskemtun þessi var öllum til ánægju, sem hana sóttu.

Þessir sjónleikir verða leiknir í Argylebygð í næstu viku. Sjá auglýsingu því viðvíkjandi á 3. bls. — lausa blaðinu.

Mánudagskveldið 8. febrúar hefir Bandalag Tjaldbúðar safnaðar opinn fund. Séra Kr. Ólafsson heldur þar ræðu, og auk þess verða nokkur vönduð söngstykki. Allir boðnir og velkomnir.

Talsíma nr. Jónasar Pálssonar söngfræðikennara að 460 Victor Stræt, er: 6803.

Fólk er beðið að athuga og lesa prógram barnastúkunnar Æskan, sem birt er á öðrum stað í þessu blaði, og síðan að koma og hlusta á það þann 9. þ.m. — Góð skemtan fyrir lítið gjald. Komið og sjáið! Heyrið börnin!

McCOLLOM LUMBER FÉLAGIÐ auglýsir á fremstu blaðsíðu í þessu blaði, að það selji byggingavið og önnur byggingaefni beint til bænda og einstaklinga, með eins lágu verði og það selur til heildsölumanna. Kunnugir menn segja oss, að þetta félag selji byggingavið 2 til 5 dölum ódýrar hvert þúsund fet, heldur en aðrir viðarsalar hér í borg, og að önnur byggingaefni þess séu tiltölulega ódýr, og þó eins gæðarik eins og beztu vörur annara verzlunarmanna. — Íslendingar, sem þurfa að kaupa eitthvað af byggingaefnum, ættu að finna þetta félag, og geta um Heimskringlu.

Í greininni "Mannanöfn og breytingar", á annari bls., 4. dálki, 9. línu að neðan hefir fallið úr: og Grikkir, les: Rómverjar og Grikkir höfðu óhugð, — o. s. frv.

Hver sá, sem kann að vita um heimilisfang og áritun John Rockman, er beðinn að tilkynna það á skrifstofu Heimskringlu.

Herra Nikulás Ottenson biður þess getið, að hann hafi fengið Telephone í hús sitt í River Park. Númerið er 7873. Þetta eru allir þeir beðnir að muna, sem vilja panta bækur hjá honum, eða ræða við hann önnur mál.

Nýlega útgefin bók eftir landa vorn, Pastor Jón Sveinsson í Kaupmannahöfn, um Íslandsferð hans ("Et Ridt gennem Island"), er til sölu hjá Friðriki Sveinssyni, 618 Agnes Street. — Verð $1.00.

Land til sölu

hjá undirskrifuðum, umgirt með byggingum. Hross og gripir, 28 til 30 tons af heyi, heyvélar, sleði o. fl. Gott verð, góðir skilmálar. — Gripið tækifærið.

Þ. HJÁLMSSON,
tf. Otto P.O., Man.

DRENGUR ÓSKAST. — Hr. G. P. Thordarson, bakari, óskar að fá dreng, 14 til 16 ára gamlan, til að vinna í bakarii sínu, að 732 Sherbrooke St. Þeir, sem vildu sæta þessu atvinnu tilboði, snúi sér til hans sem allra fyrst.

SILVER MEDAL CONTEST

barnastúkunnar ÆSKAN verður haldið þriðjudagskveldið þann 9. febrúar í neðri sal Goodtemplarahússins. — Tvær medaliur verða gefnar yngri og eldri börnum.

PROGRAM.

1. Contestant No. 1.
2. Piano Solo—Guðný Johnson.
3. Contestant No. 2.
4. Vocal Solo—Óskar Sæmundson
5. Contestant No. 3.
6. Contestant No. 4.
7. Piano Solo—Bena Thorgeirsson
8. Contestant No. 5.
9. Vocal Solo—Miss Sigurðsson.

(Eldri stúlkur).

10. Contestant No. 1.
11. Vocal Duet—Tvær litlar stúlkur.
12. Contestant No. 2
13. Piano Solo—Guðný Johnson.
14. Contestant No. 3.
15. Vocal Solo—Ólöf Goodman.
16. Contestant No. 4.
17. God Save the King.

Allir bindindisvinir og barnavinir eru beðnir að sækja þessa samkomu, sem bæði verður ódýr og skemtileg.

Inngangur að eins 15c. Byrjar klukkan Átta (8) e.h.

Kökuskurður og skemtanir.

Opinn fund heldur G. T. stúkan stúkan SKULD næsta miðvikudagskveld (10. febr.) í efri salnum og byrjar kl. 8.30. — Prógram gott, kaffi og "kruðiri". — Aðgangur ein 10c. Allir velkomnir.

KÆRU LANDAR

Við höfum hús og lóðir í öllum pörtum bæjarins með mjög sanngjörnu verði og borgunarskilmálum. Einnig ágæt lönd viðsvegar um fylkið í skiftum fyrir hús og lóðir í bænum.

Peningar lánaðir. Hús og munir teknir í eldsábyrgð.

Finnið okkur að máli.

Markusson & Fridfinnsson,
605 McIntyre Block Telephone 5648

DANS
Í LIBERAL CLUB HALL
[sem er andspænis W'peg leikhúsinu]
hvert þriðjudagskv. kl 8½
ODDFELLOW'S HALL
hvert laugardagskv. kl. 8½
Maher's Orchestra
SPILAR
Aðgangur Karlm 50c Konur Frítt
Komið og skemtið ykkur.

Suður Afríku LANDgjafaskírteini (Scrip) fæst keypt fyrir peninga eða eftir samningum með góðri borgunar tryggingu. Skrifið til —
A. D. MABRY,
Saskatoon, - - Sask.

Opinn fund
heldur "Fyrsta Ísl. Kvennréttinda félag Ameríku" í *fyrsta sinn* í samkomusal Uhtara, á horninu á Sherbrooke St. og Sargent Avenue
3. febrúar n.k.
Félagið hefir ákveðið PRÓGRAM flutt af félögum félagsins og nokkrum öðrum, — eingöngu kvennfólki. —
Mrs. Guðrún Búason flytur þar ræðu um: "Skyldleika bindindis og kvennréttindamálsins".
Allir velkomnir!
Í nafni félagsins
SAMKOMUNEFNDIN.

Arena Rink
Skautaskemtun á hverju kveldi. Ágætt Music
JAMES BELL, eigandi.

F. Deluca
Verslar með matvöru, aldini, smá-kökur, allskonar sætindi, mjólk og rjóma, sömul. tóbak og vindla. Óskar viðskifta Íslend. Heitt kaffi eða te á öllum tímum. Fón 7756
Tvær búðir:
587 Notre Dame og 714 Maryland St.

KOL OG VIDUR
Þur, beinharður eldivður, — Poplar, Pine, og Tamarac með mjög sanngjörnu verði. — Nú sem stendur verið að afferma mörg vagnhlöss af BEZTA DAUPHIN TAMARAC. —
McElroy Bros.
Cor. Sherbrooke & Ellice
PHONE: 6612

ÉG HEFI KEYPT ÚT KJÖTVERZLUN
herra Christjáns Oleson's á Notre Dame, og óska viðskifta allra þeirra sem áður verzluðu við hann. Gott kjöt og sanngjarnt verð.
A. E. COOPER,
694 Notre Dame Ave. Telefón 6906

BILDFELL & PAULSON
Union Bank 5th Floor, No. 520
selja hús og lóðir og annast þar að lútandi störf; útvegar peningalán o. fl.
Tel.: 2685

J. L. M. THOMSON, M.A., L.L.B.
LÖGFRÆÐINGUR. 255½ Portage Ave.

ARNI ANDERSON Íslenzkur lögmaður
Í félagi með
Hudson, Howell, Ormond & Marlatt
Barristers, Solicitors, etc.
Winnipeg, Man.
13-18 Merchants Bank Bldg. Phone 3621, 3622

BONNAR, HARTLEY & MANAHAN
Lögfræðingar og Landskjala Semjarar
Suite 7, Nanton Block, Winnipeg

Hubbard, Hannesson and Ross
LÖGFRÆÐINGAR
10 Bank of Hamilton Chambers
Tel. 378 Winnipeg

Th. JOHNSON
JEWELER
286 Main St. Talsími: 6606

Íslenzkur Tannsmiður,
Tennur festar í með Plötum eða Plötulausar. Og tennur eru dregnar sársaukalaust með Dr. Mordens sársaukalausu aðferð
Dr. W. Clarence — Tannlæknir.
Sigurður Davíðsson—Tannsmiður.
620½ Main St.
Phone 470 Horni Logan Ave.

A. S. BARDAL
Selur líkkistur og annast um útfarir. Allur útbúnaður sá bezti. Enfremur selur hann alskonar minnisvarða og legsteina.
121 Nena St. Phone 306

HIN ÁRLEGA Tilhreinsunar-Sala
Alfatnaðir búnir til handa yður eftir máli, úr hvaða efni sem er í búðinni, fyrir aðeins
$25
Sníð, efnisgæði, áferði og verk lag ábyrgst. Þessir fatnaðir þegar tilbúnir, eru $35—$40 virði. Nú er tíminn. —
Ef það kemur frá Clement's þá er það akkúrat.
Geo. Clements & Son
Stofnað árið 1874
264 Portage Ave. Rétt hjá FreePress

Stefán Guttormsson,
Mælingamaður
663 AGNES STREET. WINNIPEG.

Dr. G. J. Gislason,
Physician and Surgeon
Wellington Blk. - Grand Forks, N. Dak
Sjerstakt athygli veitt AUGNA, EYRNA, KVERKA og NEF SJÚKDÓMUM.

Drs. Ekern & Marsden,
Sérfræðislæknar í Eftirfylgjandi greinum: — Augnasjúkdómum, Eyrnasjúkdómum, Nasasjúkdóm um og Kverkasjúkdómum. : :
Í Platky Byggingunni í Bæ num
Grand Forks, :: N. Dak.

S. F. Ólafsson
619 Agnes St. selur Tamarac fyrir $5.50 og $5.75 gegn borgun út í hönd.
Telephone: 7812

Eldivður
Þurt Tamarak $5.50 KORÐIÐ.
Vér óskum að þér reynið 1 kord.
J. G. Hargrave & Co.
334 MAIN ST.
Phones:—431—432 og 2431

Boyd's Brauð.
Brauð vor ættu að vera á borðum yðar. Það er bragðbetra, jafnan full vigt, og nógu gott til matar á öllum tímum. Vagnar vorir færa yður brauð in heim í hús yðar í öllum pörtum borgarinnar. Pantið af keyrslumönnum eða matvörusölum yðar Boyd's Brauð
Boyd's
Bakery Cor. Spence & Portage Ave
Phone 1030.

"Hvað að brúka og hvar skal fá það".
VITUR MADUR
Við höfum lítið að segja, en það sem við segjum segjum við "beint út". Við óskum að þið komið til okkar þegar þið farið að kaupa haust eða vetrarfötin ykkar. Þú veizt ekki hvað ódýrt þú getur keypt föt búin til eftir máli fyr en þú kemur og talar við oss. —
McFarlane & Cairns
SKREDARAR
338 Notre Dame Aðrar dyr vestan Wpg. Leikhúsið.

W. R. FOWLER A. PIERCY.

Royal Optical Co.
327 Portage Ave. Talsími 7286.
Allar nútíðar aðferðir eru notaðar við augn skoðun hjá þeim, þar með hin nýja aðferð, Sjónarga-skoðun, sem kjöreyðir öllum ágiskunum. —

Vér sækjum þvottinn og flytjum hann heim til yðar. Verk ið ágætt, viðskifti áreiðanleg. Fljót skil. Fullkomnustu vélar. Óska viðskifta yðar.
The EMPRESS LAUNDRY Co.
74-76 Aikins St Phone 1440

LAND

Vér höfum nýlega fengið til sölu yfir 30 Section-fjórðunga, liggjandi að Oaklands brautinni C. N. R. félagsins. Verðið er frá $7.00 til $12.00 hver ekra. Ekkert af löndum þessum eru meir en 5 mílur frá járnbrautinni.

Skuli Hansson & Co.
Skrifst. Telefón 6476. Heimilis Telefón 2274

Heimskringla.

Alt landið

er áþyrgst að vera jarðyrkju land af bestu tegund, og fæst keypt með vægum afborgunar skilmálum. (N.B.—Leggið fyrripart þessarar augl. vinstramegin við Hkr. nafn.)

Frekari upplýsingar veita
Skuli Hansson & Co.
36 Tribune Building. Winnipeg.

XXIII. ÁR. WINNIPEG, MANITOBA, FIMTUDAGINN, 11. FEBRÚAR, 1909 NR. 20

Fregnsafn.

Markverðustu viðburðir hvaðanæfa.

Bandaríkjastjórnin ætlar að viggirða Panamaskurðinn tafarlaust, og kosta til þess nálega 5 miliónum dollars. Þessi viggirðing verður að mestu leyti á landi, en neðansjávar tundurvélar verða einnig lagðar við báða enda skurðarins. Það er búist við, að kostnaðurinn við lagningu þeirra muni nema rúmlega hálfri milión dollars, svo að allur kostnaðurinn við vörn skurðarins verði 5½ milión dollara í minsta lagi.

— Séra Dr. Seymonds, dómkirkjuprestur í Montreal, hefir vakið talsverða eftirtekt austanblaða með þeirri staðhæfingu, sem hann gerði í ræðu, er hann flutti á sunnudaginn 31. jan., þar sem hann sagði skýlaust, að nútíma skoðun almennings neitaði þeirri kenningu undandráttarlaust, að biblían væri óskeikul í kenningum sínum, og að það, sem enn væri eftir af átrúnaði á þá bók, sem fullkominn mælikvarða fyrir trú manna, kenningu og líferni, væri óðfluga að hverfa. Hann kvaðst vita, að þessi játning sín kynni að hneyksla meðvitund margra í söfnuði sínum og annarsstaðar. En hins vegar væri þýðingarlaust, að leyna því, sem allir vissu og sem fram yrði að koma.

Edward Bretakonungur ætlar að ferðast til Berlínar á Þýzkalandi, að finna Vilhjálm keisara. Það er í fyrsta skifti í 200 ár, að konungur Breta hefir þannig ferðast til Þýzkalands, og þykir það bera vott um, að nú sé orðin full sátt og samlyndi með þessum stórveldum.

— Herra William Beach, sem um nökkur undanfarin ár hefir búið í Fort Churchhill, norður við Hudsons flóann, er nýkominn til Winnipeg, og ætlar að dvelja hér það sem eftir er vetrarins. Mr. Beach er sá eini hviti maður, sem náð hefir í heimilisréttarland þar norðurfrá, og hann valdi það þar, sem í komandi tíð hlýtur að verða bæjarstæði, þegar járnbraut er komin þangað norður. Hann hefir sterka trú á framtíð staðarins og lætur mikið af framtíðar möguleikum hans og Hudsons flóans. Hudsonsflóa félagið hefir verzlun þar á staðnum, og lögreglulið Norðvesturlandsins sendir þangað menn einstöku sinnum. Nú er og C.N.R. félagið að byggja járnbraut þangað, sem vonað er að verði fullgerð innan tveggja til þriggja ára. — Hrjóstrugt er land þar nyrðra, og kalt mikinn tíma ársins. Þar frýs upp í byrjun október, og ís leysir af flóanum seint í júní. Berjategundir ýmsar vaxa þar nyrðra. Á sumrum er þar rigningasamt, en á milli eru hitar svo miklir, að mælirinn sýnir 100 til 110 stig í skuggannum. Mr. Beach segir skipagöngur um flóann vera mögulegar með því-að nota ísbrjótsskip, til þess að ryðja skipum veg inn á höfnina. Engan efa telur hann á því, að með tímanum verði mest alt vörumagn látið ganga gegn um flóann, með því að sú leið verði nær þúsund milum styttri en nökkur önnur leið til Evrópu.

— Mr. R. L. Borden, leiðtogi Conservative flokksins í Canada, er sagt að hafi í hyggju að kalla saman almennt flokksþing á þessu ári, þar sem mættir séu valdir málsvarar úr hverju kjördæmi í öllu Canadaveldi, og skuli þar ákveðin föst stefna Conservative-flokksins, sem hann skuli fylgja er hann kemst til valda í Canada.

— Járnbrauta ástand Rússlands er sagt í illu lagi. Brautirnar tapi árlega, þrátt fyrir það, að bæði far og flutningsgjöld hafi verið að mun hækkuð. Svo er ástandið óskiljanlegt, að járnbrauta ráðgjafinn hefir sagt af sér, og tvísýnt, að vel hæfur maður fáist til að gegna því embætti. Helzt er talað um, að M. Nemecaleff taki við embættinu, með því skilyrði, að hann fái fult vald á járnbrauta deildinni og að stjórnin skuldbindi sig til þess, að hjálpa honum til að koma á öllum þeim breytingum, er hann telur æskilegar og nauðsynlegar til þess, að brautir landsins geti borgað starfskostnað. Meðal annars það, að hann megi víkja úr ýmsum embættum við þær mönnum, sem hann telur alls óhæfa til að starfa að stjórn járnbrauta, — bæði fyrir þekkingar og hirðuleysi.

— Þriggja ára gamalt stúlkubarn á Þýzkalandi hefir vakið athygli vísindamanna fyrir sönghæfileika þess. Stúlkan er komin hátt á fjórða ár, og spilaði nýlega á piano í Berlin borg fyrir miklum fjölda áheyrenda. Svo er sagt, að vísindamenn skilji ekki, hvernig svo ungur barnsheili fái unnið svo vandasamt verk.

— Það hefir komið upp í meiðyrðamáli, sem um tíma hefir staðið yfir fyrir rétti í Regina, milli þeirra fyrrum borgarstjóra Lairds og Scotts stjórnarformanns, að þegar Laird var borgarstjóri, þá hafi hann þegið 500 dollara mútu frá þeim Dobson & Jackson til þess að hækka "contract" verð þeirra fyrir að gera skurði þar í bænum, um $3,500. Annar maður, sem þá var gjaldkeri bæjarins, hafði og fengið $500 mútu í þessu sama augnamiði. Sá herra hefir nú sagt af sér embætti, en Laird var áður kominn úr bæjarstjóra embættinu. Meiðyrðamál þetta er sprottið út af brigslyrðum, sem báðir málsparta beittu hvor við annan um síðustu kosningar.

— Paderewski kom til New York þann 3. þ.m. Hann ætlar að spila í Boston þann 13. þ.m. og í New York þann 18. Enn er óvíst, hve lengi hann verður hér í landi, eða hve víða hann spilar. Hann átti að hafa spilað í New York daginn sem hann kom þangað, en af því að hann fann til sárinda í einum fingrinum, varð ekki úr þeirri skemtun.

— Brezka gufuskipið Shimosa siglir í þessari viku frá New York áleiðis til Kína með 8 þúsund kínversk mannslík. Það eru nú 7 ár síðan svipaður skipsfarmur var sendur frá New York til Kína. — Kínverjar í þessari álfu halda fast við þá trúarkreddu sína, að allir látnir Kínverjar, hvar í heim sem dauða þeirra beri að höndum, skuli greftraðir í föðurlandi sínu.

— Þrír ræningjar og morðingjar hafa nýlega verið handsamaðir nálægt Phænix í British Columbia. Einn þeirra hefir þegar játað sök á sig og félaga sínu.

— Útgjalda áætlanir fyrir komandi ár voru lagðar fram í Ottawa þinginu í sl. viku. Útgjöldin eru áætluð 110½ milión dollara, í stað 130 miliónа á sl. ári. Meðal annars eru 600 þúsund dollarar ætlaðir til að fullgera St. Andrews strengina. Stórnin tilkynti og hr. Geo. H. Bradbury, að hún ætlaði, að afnema fiskiveiðaleyfin, sem veitt hefðu verið þeim Archie McNee í James Bay, F. H. Markey í Nelson ánni og Great Slave vatni, og J. K. McKenzie í Lesser Slave vatni og Athabasca vatni. Einnig tilkynti stjórnin honum, að hún ætlaði að lengja friðunartíma hvitfisks í Playgreen vatni, gera hann jafnlangan og nú er í Winnipeg vatni.

— Samskotin til hjálpar þeim, sem biðu tjón við jarðskjálftana á Italiu, eru nú komin upp í 16 miliónir dollara, og ætlað, að nú sé ekki þörf á meiri samskotum.

— Ein af auðugustu ungum konum í Californiu, ungfrú Fanny Bixby í Los Angeles borg, hefir gengið í lögregluliðið þar og unnið embættiseið sinn. Verk hennar á að vera að hafa gætur á ungum og afvegaleiddum stúlkum, og leiða þær á réttar brautir.

— Níu ára gamall piltur í Niagara Falls bæ, Ont., hengdi sig í sl. viku í svefnherbergi sínu. Enginn veit ástæðu fyrir þessu tiltæki hans.

— Mál var nýlega höfðað á Englandi móti barnastofnun einni, fyrir það, að hún væri óhæfandi í nágrenni, sökum þess að börnin grátu svo mikið. Stofnun þessi er gömul og hefir verið vinsæl af alþýðu. En nokkrir auðmenn hafa nýlega keypt sér íbúðarhús í grend við hana, og vildu hafa hana burt úr nágrenninu. Þeir sögðu barnsgrátinn vera brot á móti almennu velsæmi. Dómarinn fór hörðum orðum um málsheljendur og lögmann þeirra. Hann kvað það vera meðfædd réttindi barna að mega gráta, enda nauðsynlegt fyrir heilsu þeirra og þroska. Stofnunin væri sýkn saka og mætti vera þar sem hún hefði verið.

— Jarðskjálfti í Smyrna á Tyrklandi þann 20. jan. sl. feldi 300 hús til grunna, en flest af fólkinu komst þó lífs af. Nokkur hús hrundu og í smábæ vestur af Smyrna.

— Konungur og drotning Italiu hafa tekið að sér að annast um og menta á sinn kostnað þau 3 börn, bróðir og tvær systur, sem nýlega voru frelsuð úr rústum Messina borgar eftir 18 daga dvöl undir þeim. Pilturinn á að mentast í sjóhermannaskóla á kostnað konungs, en drotningin sér um systurnar.

— Kapphlaupið mikla á 26-mílna svæði, sem fram fór í New York á föstudagskveldi var milli Shrubb, enska kapphlauparans mikla, og Longboat, canadiska Indiánans, endaði svo, að Englandingurinn varð að gefast upp á 25. mílunni, og var þá svo að fram kominn, að hann gat ekki staðið, og farinn að fá uppköst. En Indiáninn hló dátt og hélt áfram, þar til hann hafði endað alt 26 mílna skeiðið, á 2 klstundum, 53 mín. og 40 sek.— Á undan kapphlaupinu voru veðmálin meira Shrubbs megin, eða sem svaraði 7 móti 5. Þeir, sem veðjuðu á Bretann, töpuðu stórfé.

— Eitt hundrað og fjörutíu þúsund ekrur af timburlöndum í British Columbia var nýlega selt til auðmanna í Vancouver fyrir 800 þúsund dollara. Landið er á austströnd Vancouver eyjar, um 100 mílur norður frá Vancouver. Hinir nýju eigendur ætla tafarlaust að láta byggja þar sögunar og trjákvoðu verkstæði, og fara að vinna timbrið til sölu.

— Fellibyljir æddu yfir suður Bandaríkin þann 5. þ.m., frá Tennessee til Texas, og gerðu feiknamikið eignatjón. Margt manna misti líf sitt. Mestur virðist skaðinn hafa orðið í Rolling Fork héraðinu. Þar mistu 5 svertingjar lífið, og í bænum Boothe fórust sex menn. Í báðum þessum stöðum urðu og miklar skemdir á eignum.

— Margra sólarhringa uppihaldslausar stórrigningar á Þýzkalandi hafa orsakað svo mikil vatnsflóð, að margt manna hefir druknað í þeim. Tíu manns druknuðu í Nordhausen borg, og í Nuremberg hækkaði vatnið í Pégnitz ánni um 20 fet, og skemdi hús og drekti fólki. Svipaðar fregnir berast frá ýmsum öðrum borgum þar í landi.

— Bandaríkjastjórnin hefir setti nefnd manna til þess að rannsaka kjöteinveldið í Bandaríkjunum, — með þeim ásetningi, að hefja mál á hendur öllum stór-kjötsölu einokunum í Bandaríkjunum. Skipun stórnarinnar er, að láta engan sekan mann komast undan málsókn og dómi. Orsökin til þessarar steinu stjórnarinnar er sú, að hún hefir fengið tilkynningu um, að kjöteinveldið sé fastari skorðum bundið nú í Chicago, en nokkuru sinni fyr, og að nauðsyn beri til þess, að verða þjóðina gegn of þungum kostum af þess háttu.

— Gamall hermaður í St. Thomas bæ í Ontario hefir verið dæmdur í 14 ára fangelsi og 60 vandarhögga byðingu, fyrir ósæmilega árás á 18 ára gamla dóttur sína.

— Þingið í Oregon hefir samþykt lög um, að banna nokkurri persónu þar í ríkinu að ganga í hjónaband, nema hún hafi læknisvottorð um, að hún sé líkamlega hraust.

— Vinbannsvinir í British Columbia hafa sent nefnd manna með bænarskrár, undirritaðar af 35,000 íbúum British Columbia fylkis, á fund McBride stjórnarinnar, og beðið hana að lögleiða "Local Option" lög þar í fylkinu, nú á þessu þingi. Stjórnin lofaði svari innan fárra daga.

Hockey-Leikur.

Vikingar og I. A. C. hefja kappleik í "Winnipeg Skating Rink" á horni Portage Ave og Langside St., á Föstudagskveldið í þessari viku.

Stórstúkuþing.

Tuttugasta og Fimta þing Stór-Stúku Goodtemplara í Manitoba og Norðvesturlandinu verður sett í Goodtemplara salnum, á horninu á Sargent og McGee strætum, á þriðjudagskveldið 16. þ.m. kl. 7.30.

Það er búist við, að þingið verði vel sótt bæði af bæjar og utanbæjar meðlimum, því meiri áhugi fyrir bindindismálum sýnist nú ríkjandi meðal fólks almennt, heldur enn nokkru sinni áður. Almenningur virðist nú fyrst vera að vakna til meðvitundar um, að ofnautn víns sé ekki einu sinni ljótur siður, heldur einnig skaðvænleg.

Þetta síðastliðið ár hefir Manitoba Stór-Stúkan aukið meðlimatölu sína og útbreytt Regluna. Síðastliðinn desember og Janúar hafa tólf undirstúkur verið myndaðar, og ein Umdæmis stúka.

Ýmsar breytingar og ný mál verða lögð fyrir þetta þing, sem öll benda til aukins áhuga fyrir þessu máleini.

Þingið stendur yfir tvo daga, eða frá þriðjudagskveldi til fimtudagskvelds.

Á fimtudagskveldið 18. þ. m. verður því slitið með "Gold medal Elocution Contest", og öðrum skemtunum, sem fara fram í Westminster kirkjunni. Þar verður einnig gefinn fáni einni Ungtemplara stúkunni, sem vinnur í sambandi og undir umsjón Reglunnar. Jafnframt þessu verða þrjú verðlaun gefin börnum úr íslenzku barnastúkunni, þetta kveld. — Það hefir verið reynt, að vanda til þessarar samkomu, sem unt er, og Stór-Stúkan býður alla Íslendinga, hvort sem þeir eru Goodtemplarar eða ekki, að sækja þessa samkomu Sérstaklega er skorað á alla foreldra, að lofa börnunum sínum að koma og koma með þeim.

Góður söngur verður á þessari samkomu, bæði frá öllum barnastúkunum sameinuðum, og svo syngur oft söngfólk þar líka. — Samkoma þessi er frí, en samskot verða tekin.

Fjárhyggja

Hvaða vexti viljið þér fá af peningum yðar? Ég er í nánu sambandi við Vestræna hlutafélög og get keypt hlutabréf fyrir viðskiftavini mína í áreiðanlegum félögum, sem borga frá 6 og í sumum tilfellum eins nátt og 15 prósent. Leggið sparifé yðar í góð gróðafélög. Skrifið eftir upplýsingum um hvaða félag sem er. Í síðastliðinni viku voru Harrrave félagshlutir 45c en nú eru þeir **56c virði.** Kaupið nú áður en þeir hækka meira. Ég mæli viðskiftum minum sínum til að fá sér hluti í Geo. E. ELLIS heildsölu gull staðs félaginu á **$1.00 hlutinn, og 25 prósent niðurborgun aðeins.**

W. STANLEY KING
STOCKS, BONDS AND INVESTMENTS
Phone 2344 24 Aikins Building.
Ég les og skrifa íslenzku.

Timbur.

Bændur og Byggingamenn:

HVERSVEGNA BORGIÐ ÞÉR HÁTT VERÐ FYRir byggingavið, þegar þér getið fengið hann frá oss í vagnhlössum, beint frá millunni, með stranglega HEILDSÖLU VERÐI, — og sparað yður með því 25% til 30% af algengu markaðsverði. Ef nauðsyn krefur getið þér sameinað yður við aðra um eina vagnhleðslu. Vér seljum yður einnig með heildsölu-verði þessar vörur: —

CEMENT, KALK, VEGGLÍM, GLUGGA,
HURÐIR, BYGGINGAPAPPIR, og fl og fl.

Skrifið oss um verð á vörum fluttum að járnbrautarstöð yðar.

McCollom Lumber Co.
14 TRADER'S BANK, WINNIPEG.
Meðmælendur — ROYAL BANK og TRADER'S BANK.

Kvennþing í Pétursborg

Þó að pólitíska ástandið á Rússlandi sé mjög óskyggilegt, þá er það ekki að öllu leyti eftirtektasnautt. Gauragangurinn, sem hefir verið á síðustu tímum þar, eru eft irköst frá fyrstu Dumu, sem haldin var þar. Nú er sú þriðja. — Í tvö síðustu ár hafa konur átt þar harða sókn um atkvæðisrétt, og verið hjartveikar út af sigurlokum Nú hafa þær mannað sig upp og haldið allsherjar kvenþing í Pétursborg sjálfri, sem vakið hefir almennan áhuga fyrir atkvæðisréttindum kvenna. Þær heimta jöfn réttindi við karlmenn. Þetta kvenþing samþykti samhljóða áskorun, þar sem þær lýsa því yfir, að þær einu æskilegustu og mannfélags farsælustu umbætur séu, að allsherjar lagaákvarðanir séu löglleiddar, sem gefi bæði körlum og konum jafnan atkvæðisrétt í öllum kosningum í ríkinu.

Það er þungt fyrir konur í Bandaríkjunum og Bretlandi, að verða að skilja það nú, að systur þeirra á Rússlandi eru í broddi fylkingar í kvenfrelsismálum. — Bandaríkja konurnar og konurnar á Bretlandi héldu eitt sinn, og það ekki ástæðulaust, að þær væru forvarðarlið í kvenfrelsismálunum, eða jafnréttindamálum kvenna og karla. Það eru um 30 ár síðan, að konur á Rússlandi hófu baráttu um jafnréttismentun, og hafa unnið sigur. Það er sannleikur, að kvenfólk fékk ekki aðgang að háverandi háskólum. En þær fengu sínu framgengt, að nýjar mentastofnanir, sem jafnast við háskólanám, voru bygðar handa þeim. Í Pétursborg var ennfremur reistur læknaskóli fyrir konur. Frá þeim skóla útskrifast árl. um 20 kvenlæknar. Sé mentaskóla aðgangur kvenna á Rússlandi borinn saman við hærri kven-mentastofnanir á Þýzkalandi, Austurríki, Italiu og Frakklandi, eru rússnesku konurnar sjálfsagðar að aumkvast yfir meðsystur sínar í suður og vestur Evrópu, fyrir þær bágbornu mentastofnanir, sem þær hafa við að búa.

Þegar umbóta reglugerðin var samþykt 30. október 1905, og gefin út, og löglýsing stjórnarskrárinnar, sem strax fylgdi undirbúningur til þingkosninga til fyrstu Dúmunnar, þá höfðu allir framsóknar flokkar og stjórnmálamenn þeirra kvenréttindamálin á stefnuskrá sinni. Það er líka sannleikur, að sumir liberalar mótmæltu að setja þessi ákvæði inn í andsvara ræðuna, þá hásætisræðunni var svarað. En eftir að hinn nafnfrægi lögfræðingur, prófessor Petrazhitsky, hafði haldið þingræðu sína, náði málið miklum yfirburðum í atkvæðagreiðslu. Þá sýndust allir umbótamenn á Rússlandi sannfærðir um, að sjálfsagt væri að veita konum atkvæðisrétt.

Eftir að fyrsta Dúman hrundi í mola, virtist karlþjóðin tapa áhuga fyrir málinu. Síðustu tvö ár hefir meiri hluti karlþegna keisarans verið í vafa um, að veita konum kosningarrétt, eins og meirihluti Englendinga er. Meðan kvenþingið stóð í Pétursborg, veittu karlmenn því litinn gaum, og jafnvel fyrst á eftir. En nú síðustu vikur hefir nálega hvert einasta blað, frá Novoe Vremya alla leið ofan í tilbreytingablöðin, sem stjórnin leyfir prentun, alúðlega fagnað yfir þinginu, sem konur að eins höfðu kjörgengi að. Síðan konur fengu þessa vinsælu stuðninga, hefir bæði lærðum og leikum konum aukist þar dugur, og sýna nú ákafan og byggilegan áhuga fyrir kröfum sínum, til sigurs og framgangs. Þær lesa nú blöðin mikið nánar, og forðast alt það, sem komið getur málinu í baksegl eða tafið það.

Kvenþingið fagnaði af alúð sendinefnd kvenna frá Finnlandi, sem nú hefir gefið konum atkvæðisréttindi og kjörgengi jafnt karlmönnum. Þar eru kvenréttindin hólpin, og konur skipa þing sem karlar. Konur greiddu þar atkvæði jöfnum höndum við karlmenn, og um 20 sitja á löggjafarþinginu. Það getur dregist, að konur á Rússlandi nái þingmensku — en lítill efi er á því, að með tímanumná þær atkvæðisréttindum og kjörgengi.

K. Á. B.

PURITY FLOUR

AÐ BAKA BEZTA BRAUÐ
er meira en vísindi og meira en list.

En það má gerast fljótlega og áreiðanlega með því að nota

PURITY FLOUR

Það er malað úr bezt völdu Vestur-Canada Hörðu Hveitikorni; er algerlega hreint og svo ilmandi kjarngott.

ALLIR ÍSLENZKIR KAUPMENN SELJA ÞAÐ

WESTERN CANADA FLOUR MILLS CO., LIMITED.
WINNIPEG. —— CANADA.

Wall Plaster

Með því að venja sig á að brúka "Empire" tegundir af Hardwall og Wood Fibre Plaster er maður hár viss að fá beztu afleiðingar.

Vér búum til:

"Empire" Wood Fibre Plaster
"Empire" Cement Wall "
"Empire" Finish "
"Gold Dust" Finish "
"Gilt Edge" Plaster of Paris
og allar Gypsum vörutegundir. —

Eigum vér að senda yður bækling vorn?

MANITOBA GYPSUM CO. LTD
SKRIFSTOFUR OG MILLUR Í
Winnipeg, - Man.

Heimskringla

Published every Thursday by The Heimskringla News & Publishing Co. Ltd

Verð blaðsins í Canada og Bandar $2.00 um árið (fyrir fram borgað).
Sent til Íslands $2.40 (fyrir fram borgað af kaupendum blaðsins hérlendis $2.50.)

B. L. BALDWINSON,
Editor & Manager

Office:
729 Sherbrooke Street, Winnipeg
P. O. BOX 3083. Talsími 3512.

Til stúlkna.

Hjálpar-tilboð það, sem Fyrsta Lút. Kvenfélagið auglýsir í þessu blaði, er eitt af þeim sæmdartilboðum, sem íslenzkar stúlkur og þeir allir, sem eiga íslenzkar stúlkur, sem hér eftir kunna að leita hælisgað til borgarinnar, — ættu að lesa með athygli og virða eins og það verðskuldar.

Þær konur Fyrsta lútherska safnaðarins, sem rita nöfn sín undir hjálpar-tilboðið, eru í fylsta máta utanverðugar, og þær ungar konur og stúlkur, sem hingað koma öllum ókunnugar, geta átt það víst, að marta hlýjum og alúðlegum viðtökum hjá hverri þeirra sem er, og allri þeirri aðstoð, sem tími þeirra og hentugleikar leyfa þeim að veita.

Þetta hjálpar- og leiðbeiningartilboð, sem konur Fyrsta lút. safnaðarins auglýsa, er eitt þeirra mála, sem snerta ætti hjartastrengi hvers einasta Íslendings fyrir vestan haf. — Allir höfum vér hingað komið mállausir, félausir, fákunnandi og öllum ókunnugir, og allir höfum vér einhverntíma fundið til þess, hve vel oss kom það, að einhver varð til þess, að víkja að oss kunnuglega og með einlægu vinarþeli að rétta oss hjálparhönd, þegar vér þurftum þess, og hvetja oss og uppörfa með hollum ráðum og þarflegum og gagnlegum upplýsingum að beina oss á braut þá, sem þeir töldu oss heppilegast að ganga, og að lýsa upp veginn með heilnæmri hjálpsemi og alúðlegri umönnun. Viðkynningin við slíka menn og konur, hefir orðið leiðarljós á vegum margra, sem hingað hafa komið, og veitt þeim þrek og festu, sem þeir minnast með þakklæti til daganna enda.

Saga Íslendinga í þessu landi er árlega þrungin ýmsum dæmum þess, hve hættulegt það er ungum stúlkum, mörgum hverjum, sem leitað hafa í fyrsta sinni á æfinni úr föðurhúsum hingað til borgarinnar, til þess að ryðja sér hér braut til vegs og frama, — að hafa komið hingað öllum ókunnugar, og engan átt hér að, sem þær gætu leitað til með vissu um örugga liðveizlu, en orðið í þess stað að hefja aðstoðarlausa baráttu fyrir tilverunni, án nokkurra holliráða frá einlægum vinum.

Enginn hlutur er eðlilegri en það, að stúlkur utan af landsbyggðinni, einkanlega ef þær eru gæddar góðum hæfileikum og fræmsóknarþrá, langi til að leita til borga og bæja, þar sem mest er til vænna kosta í atvinnu og vinnulaunum og greiðastur aðgangur þess, að afla sér mentalegrar þekkingar, — þeim, sem þá braut óska að ganga. Mesti fjöldi slíkra stúlkna leita árlega hingað til Winnipeg. Margar þeirra eiga hér skyldmenni eða kunningja, sem þær geta leitað til, þegar þær koma hingað. En margar eru þær líka, sem ýmist eiga enga ættingja eða vini, er þær geta flúið til þegar hingað kemur, og verða því að látá fyrirberast af handa hófi, — eða að vinirnir og vandafólkið er ekki svo áþyggilegt, að stúlkunum sé það meinn gæfuvegur, að búa samvistum við það. Slíkar stúlkur verða að sjálfsögðu að eiga framtíð sína og hagsvonir algerlega undir eigin hyggindum.

En samkvæmt hjálpar-tilboði Fyrsta lút. safnaðar konanna, þá eiga nú allar slíkar stúlkur örugt athvarf hjá þeim. Hjá þessum konum mega stúlkurnar vænta systurlegrar umhyggju og aðstoðar, sem vér efum ekki að margri einstæðingsstúlku megi verða til mikils liðs. Sú aðstoð og umhyggja er, að því er vér skiljum, allsendis ókeypis og frásnydd öllum skyldukvöðum á hendur þeim stúlkum, sem hjálparinnar njóta.

Vér lítum svo á, að íslenzkar stúlkur, sem framvegis leita hingað til borgarinn og öllum eru ókunnugar hér, og ekki hafa til skyldmenna að leita, gerðu vel í því, að sæta þessu hjálpartilboði. Það er gert af góðum huga, í góðum tilgangi og í von um góðan árangur fyrir þær stúlkur, sem hjálparinnar njóta. Það er gert af kristilegri mannúð.

Ótrúr stjórnarþjónn.

Það var tilgangur minn að hafa í síðasta blaði gert athugasemd við "Þakkarávarpið" frá herra Bjarna Árnasyni í Húsavík, Nýja Íslandi, sem prentað var í því blaði. Ekki að vísu við þann hluta þess, sem færði styrkjendum hans viðurkenningu fyrir hjálp þá, sem þeir hafa veitt honum, heldur fyrir það, að í því þakkarávarpi var innskotsgrein, sem ekkert átti skylt við málefnið, sem gert var að umræðuefni, og hefði þess vegna ekki átt að vera í ávarpinu. Það var snúpra til Roblin stjórnarinnar um, að hún ætti að hækka laun þess ótrúa þjóns — dýralæknisins — sem gotið er um í þakkarávarpinu. Þessi snúpra hefði að sjálfsögðu ekki átt að vera í þakkarávarpinu. En vel hefði það átt við, að rita sérstaka grein um starfsemi dýralæknisins, og finna þar með rökstuðum að embættisvanrækslu hans, ef hún hefði nokkur verið. Því að þegar stjórnir hafa embættismenn, þá er til þess ætlast, að þeir gegni skyldum sínum undandráttarlaust, og án manngreinarálits. Stjórnin, sem launar þeim, ætlast til þess, og þjóðin, sem leggur til laun þeirra, á fulla heimtingu á því, að þeir vinni trúlega í stöðu sinni. Í öðru lagi ber þess að gæta, að allir þjónar stjórnarinnar eru embættislega settir undir einhverja vissa deild hennar. Dýralæknar eru undir akuryrkjumála deildinni, og hvenær, sem dýralæknar eru kvaddir til einhverssstaðar, þá er það röng aðferð, að leggja beiðnina fram beint til þeirra sjálfra, heldur ber að senda hana til akuryrkjumála ráðgjafans, um að hann sendi lækninn þangað, sem hans er þörf. — Þetta byggist á þeirri algengu reglu, að það er húsbóndinn, sem á að segja hjúi sínu fyrir verkum, en ekki hver ókendur maður, sem alls ekkert vald hefir til að skipa fyrir verkum, eða krefjast starfs af því hjúi, án vitundar og samþykkis húsbóndans. Mér skilst á sögu herra Bjarna í þakkarávarpinu, að hann hafi ekki haft fyrir því, að senda beiðni sína um dýralækni beint til akuryrkjumála deildarinnar, eins og átt hefði að vera gert.

Ég get fullvissað höfund þakkarávarpsins um það, að ef hann hefði sent beiðni sína beint til Hon. Roblins, akuryrkjumála ráðgjafans, eins og hann hefði átt að gera, og ef nokkur dýralæknir væri í þjónustu fylkisstjórnarinnar, — þá hefði hann verið tafarlaust sendur ofan eftir, til þess að rannsaka orsökina til dauða gripanna, og að ef sá dýralæknir hefði dirfst að neita þeirri skipun að fara, þá hefði hann um leið hætt að vera í þjónustu Roblin stjórnarinnar. En nú með því, að Hon. Roblin hefir enga tilkynningu fengið um dauða þessara gripa, og enga beiðni fengið um, að senda nemn dýralæknir ofan eftir, — þá hefði þakkarávarps höfundurinn átt að leiða hjá sér, að leggja nokkuð til Roblins í sambandi við þetta mál.

En svo hefi ég þessa upplýsingu að gefa ávarpshöfundinum: Að sagan, sem hann segir um dýralækninn, sem launaður sé af fylkisfé, er agerlega ósönn í öllum atriðum.

Manitoba stjórnin hefir engan dýralækni haft í þjónustu sinni síðan í febrúarmánuði árið 1905.

Þá var það, að Ottawa stjórnin, eftir sameiginlegri beiðni allra Vesturfylkjanna, tók að sér alla umsjón á innflutningi gripa til Canada, og alla tilsjón með smittandi sjúkdómum, sem ásækja gripi Fylkisstjórnirnar hafa því ekkert haft með það mál að gera í sl. 4 ár, heldur eingöngu Dominion stjórnin.

Höfundur þakkarávarpsins þarf því að breyta einu orði í ávarpi sínu, svo það geti samrýmst sannleikanum, — þannig, að í stað þess að segja: "Roblin hefði átt að hækka laun þessa ótrúa þjóns", þá hefði hann átt að segja: — Laurier ætti að hækka laun þessa ótrúa þjóns.

B. L. Baldwinson.

Framtíð Winnipeg og Manitobafylkis.

(Útdráttur úr blaðinu Tribune).

Winnipeg borg er að bíða eftir að verksmiðju iðnaður verði drifinn í henni í stórum stíl. Hvenær hann verður byrjaður, er ekki hægt að fast ákveða. Þegar verksmiðjuiðnaður byrjar á annað borð í Winnipeg, þá verður hann stórstigur og hraðfara, og tekur þá með kringumliggjandi staði. Fyrsta skilyrði, að hann geti byrjað, er að aðstoð fyrir bæinn komist á fót og verði öflugt starfrækt. Nú eru allar líkur til, að þess verði ekki mörg ár að bíða. Verksmiðjur eiga stóra og auðsæla framtíð fyrir höndum - borginni, sem með framtíðinni verður höfuðborgin í Canadaríki.

Það er örðugt að segja fyrir víst hvað háir verzlunar reikningar Manitoba búa eru við verksmiðjurnar í Austur-Canada, en þær eru afar háir. Fyrir alla álnavöru, klæðnaði, ábreiður og dúka, borga þeir svo miliónum skiftir. En sjálfsagt getur fylkið framleitt næga ull í ullardúka, ábreiður, vaðmálsvæindavoðir, og unnið það alt heima hjá sér, hér í Winnipeg, ef hér væri hreyfiafl til að knýja verk smiðjur. Alla ullina, sem í þetta þarf, og hálfu meira, er auðvelt að framleiða í Manitoba. Sauðfjárhagar eru miklu meiri í fylkinu enn ibúarnir hafa hugmynd um. Allstaðar er gott og víða vfirdrifið haglendi fyrir sauðahjarðir, nema í Winnipeg, og þar í kring, vegna þéttbýlis. Mest af því liggur ónotað, og í arðleysi, og ógrynni peninga ónotað. Það þarf enga skarpskygni til að sjá, að geysistór uppbæð yrði að arðberandi strafsfé í Winnipeg, og fólki til framfærslu, ef ullin í Manitobafylki væri unnin í borginni, og dúkar, fatnaðir og ábreiður framleitt að þar að fullu fyrir fylkið. Sá iðnaður hlyti á stuttum tíma að margfaldast og verða útflutningsvörur, til Vesturfylkjanna að minsta kosti.

Eins og áður hefir verið tekið fram, mundu þessar iðnaðarstofnanir ekki einasta verða Winnipeg borg framtíðar gullnámur, heldur efla og auka sauðfjárrækt og akuryrkju í fylkinu. Sauðfjárrækt gefur meiri arð enn flest annað í Manitoba nú á dögum, að kunnugir menn staðhæfa, og ullarsala til Austurfylkjanna er meiri enn fólk álítur. Einn kostur við sauðfjárræktina er sá, að auðlé, ef því væri fjölgað í stórum stíl, þá upprætir það illgresi, sem nú sýnist ætla að verða hinn versti vágestur í búskapnum í Vesturlandinu.

Það er sannleikur, að hjarðmenn hafa átt við illan gest að etja þar sem sléttuúlfurinn er. Mörgum bændum hefir fallist hugur og hætt við sauðfjárrækt vegna vargskapar hans. Nú eru sumir farnir að halda dýrhunda til að eyðileggja úlfinn, og fer óðum í vöxt, og munu þeir bráðum tortíma úlfinum úr sögu Manitoba fylkis. Mr. Glen Campbell, M. P. í Dauphin, Mr. Sims í Argyle og Mr. Burke í St. James, hafa eyðilagt úlfana í mörgum sér nálægum plássum, svo mörgum hundruðum skiftir. Í sumum sveitum eiga flestir bændur nú 2 dýrhunda. Þar eru úlfarnir nær gereyddir og verða bráðum horfnir úr sögunni. Gereyðsla úlfanna tekur að eins dugnað og ástundun.

Til þess að koma þessum áðurnefndu iðngreinum á framfæri, þarf félagsmyndan, sem keypt gotur óunnu vörunu til framleiðslu álnavöru í verksmiðjunum. Sú félagsstofnun hlyti innan litils tíma að aukast og efiast stórkostlega.

Auglýsinga skrifstofur borga og bæja, ásamt kaupmannasamkundum í fylkinu, ættu að hrinda þessu máli ötullega áfram til framkvæmdar og starfrækslu, áður enn auðmenn og verksmiðjufélög að austan og sunnan nái fótfestu í Winnipeg borg.

K. Á. B.

Líkbrennur.

Fyrsta lagasetning, sem gefin var út á Norðurlöndum, er sú, er Óðinn gaf í ríki sínu. Ríki hans var þá í Sviþjóð. Þau lönd fékk hann hjá Gylfa, og tók sér bústað við Löginn. En þat vas at tilvísan Gefjunar.

Lagasetning Óðins (sjá Snorra Eddu, Gylfag., kap. 23):

— — "Svá setti hann, at alla "dauða menn skyldi brenna ok "bera á bál með þeim eign "þeira; sagði hann svá, at "með þvílíkum auðæfum skyldi "hverr koma til Valhallar, "sem hann hafði á bál; þess "skyldi hann ok njóta, er hann "sjálfr hafði í jörðu grafit, — "en öskuna bera út á sjá eða "grafa niðr í jörð, en eftir "gófga menn skyldi haug gera "til minningar, en eftir alla þá "menn, er nokkut mannz-mót "var at, skyldi reisa bautastein, ok helzk sjá siðr lengi "síðan".

Fyrir 20 árum síðan sá ég ritgerðir um líkbrenslu, og fyrir nokkuru síðan var líkbrensla tíðkuð á Ítaliu og Suðurlöndum, þó ekki enn almennar. Fyrir stuttu síðan ritaði íslenzkur læknir langa og skynsamía grein (í Skirnir?). Hann kveður líkbrensluofna vera til í Danmörku. Er hann, sem aðrir skynsamir og hugsandi menn, meðmæltur líkbrenslu. En það er sama um þetta mál sem önnur mál, sem eru á undan fáfræði þessa tíma, að þau ná ekki byr núlifandi kynslóðar.

Það er eftirtektavert fyrir hugsandi menn, að lesa þessi ofanrituðu lög, úr lagaskipun Óðins. — Hann, eða sá löggjafi, sem framsetti þessa lagaskipun, hefir verið á undan nútíðarmönnum í þessu atriði. Hvenær hann var uppi, er óljóst. En hann lifði endur fyrir löngu. Það er áreiðanlegt. Það skal ekki eyða mörgum orðum um að það er sannleiki, að líkbrensla var á Norðurlöndum mjög snemma á öldum. Hún hélst um fleiri aldir. Brenna dauðra manna er undantekningarlaust sú langskynsamlegasta efnabreyting á dauðum líkömum. Það er, skoðað frá heilsufræðilegu sjónarmiði. En hún hefir enn þá dýrari kosti. Þeir eru: að allar kviksetningar eru algerlega fyrirbygðar. Kviksetningar eru áreiðanlega til um allan heim. Sé kvikssettur maður brendur, þá eru dauðaskelfingar hans svo fljótar að taka enda, að engum tíma nemur í samanburði við að grafa þá lifandi.

Allir, sem stuðla vilja að því, að losa menn við hina hryggilegustu og ógnum þyngstu dauðastund, ættu að stuðla að líkbrenslu af lífi og sál. Hún ætti að vera aðalgreftrun um allan heim. Prestar eru máske á móti henni, vegna þess, að þeir halda, að þeir tapi liksöngseyrir sínum og líkræðusölu. En þeir mættu og gætu haldið ræður og húskveðjur yfir kistunni áður en hún væri sett í líkbrensluofninn, eftir sem áður. Þeir mistu einskis í, nema að kasta rek unum á kisturnar. En það er ekki svo gófugur starfi, að moka mold á líkkistur og tæpta á þeim orðum, sem lúta að þeirri athöfn, að þeir þyrftu að naga sig í neglur og handarbök þar fyrir.

Það væri gófugmenska, af einhverjum góðum Íslendingi hér í Winnipeg, að koma því á, að menn ættu kost á líkbrenslu. Það ætti ekki að vera mikið dýrara, en að dysja skrokkana, eins og nú tíðkast, og tíðkaðist í fyrri daga aðallega um valfallna menn og þræla. Ef almenn líkbrensla yrði, þá yrðu þær ódýrari enn skrokkadysjun. Það væri óhultara, mannlegra og skemtilegra. Meira í samræmi við læknaþekkingu og heilsufræði þessara tíma, en þessi óholla, ógeðslega og hættulega dys, lagning.

Það mætti rita langt mál um líkbrenslu, og færa alt því máli til bóta. Á móti henni mælir ekkert, nema gamall vani og skrælingjaháttur núlifandi kynslóða. Það kemur sá tími, að hún kemst á. Hún fell niður vegna kristni Suðurlanda, og þarf alls ekki að lasta kristnina þar um, vegna þess, að hún vissi ekki aðra aðferð, en dysja dauða menn, í mold eða úthöggnum grafarþrónu. Norðurlanda lög og átrúnaður var þar á undan. Skynsemin, hreinlætið og heilsufræðin voru á undan hjá Ásatrúarmönnum.

Það er vonandi, að skynsamir mannvinir vildu leggja líkbrenslunni fylgi og styrk, hið bráðasta. Og þar sem Íslendingar eru afkomendur Ásaættarinnar og Ásatrúar, hér í Ameríku, þá ættu þeir að vera framarla í fylkingu, til sigursælda í þessu máli.

K. Á. B.

Fréttir nær og fjær.

Herra Páll Gunnarsson, frá Minneapolis, sem fór snöggva ferð vestur í Foam Lake, kom hingað til bæjarins í vikunni á heimleið. Alt sagði hann tíðindalaust þaðan að vestan. Snjór þar talsvert meiri enn hér. Í þessari ferð tók hann sér heimilisréttarland þar vestra, og byggur að flytja á það einhverntíma á komandi sumri.

Herra N. Ottenson, River Park, hefir til sölu bæði heftin af Ljóðmælum Páls sál. Ólafssonar fyrir $1.50, sem áður voru seld hér á $2.00. Heftin eru óinnbundin, og að eins fá eintök eftir af fyrra heftinu, en talsvert upplag af því síðara. Það hefti verður selt sérstakt á 50c. Hann hefir og útsölu á þessa árs almanaki Ólafs Þorgeirssonar. Verð 25c.

Íslendingar í Winnipeg! Gleymið ekki samkomu SKULDAR, verið eitt kveld með Goodtemplurum, og kveldið er miðvikudagskveldið í þessari viku. Inngangur ein 10 cents.

Talsíma nr. Jónasar Pálssonar söngfræðikennara að 460 Victor Street, er: 6803.

Nýlega útgefin bók eftir landa vorn, Pastor Jón Sveinsson í Kaupmannahöfn, um Íslandsferð hans ("Et Ridt gennem Island"), er til sölu hjá Friðriki Sveinssyni, 618 Agnes Street. — Verð $1.00.

DÁNARFREGN. — Á laugardagskveldið 30. janúar sl. nær kl. 12 á miðnætti andaðist að heimili systur sinnar Mrs. Þuríðar Ormsson, í bænum Roosevelt í Minnesota í Bandaríkjunum, — PÁLL JÓHANNESSON, 76 ára gamall, ættaður úr Snæfellssýslu. Hann var síðast á Íslandi í Reykjavík, áður en hann fluttí til Ameríku.

Íslands blöð eru beðin að geta um lát þessa öldungs.

FIMM ÞÚSUND DOLLARA VERÐLAUN. — New York blaðið "The Daily News", dags. 15. janúar sl., flytur svolátandi ritgerð, sem hér er sett til leiðbeiningar íslenzkum andatrúarmönnum austan hafs og vestan:

"Metropolitan Physical Society" sem fyrir nokkrum tíma bauð að veita $5,000.00 verðlaun hverjum þeim, sem gæti talið appelsínur án þess að sjá þær, en sem enn ekki hefir fengið neinn til þess að þiggja boðið, hefir nú á ný gert afnað tilboð, sem jafnhá verðlaun fylgja. Tilboðinu er þannig lýst í auglýsingu félagsins:

"Bók skal opnuð af handa hófi fyrir ofan höfuð miðilsins, þannig, að enginn lifandi maður skal vita, hverjar blaðsíður eru sýnilegar. Alt mögulegt ljósmagn skal vera leyfilegt, og ekkert skal gert til þess, að hylja útsjón að blaðsíðunum. Miðillinn getur þá með hjálp andanna fengið að vita, hver séu fyrstu 3 orðin á blaðsíðunum. Þessi raun endurtakist 5 sinnum.

"Umsækjendur verða að sýna, að þeir hafi eitthvert tilkall til þess, að keppa um verðlaunin. Þá verða þessir $5,000.00 lagðir í umsjá einhvers áreiðanlegs manns.

"Ef andar fara inn í herbergi óg sjá þá hluti, sem þar eru inni, og hafa samtal við miðla, þá ætti þessi rannsókn að verða auðveldlega leyst af hendi. Þó að þessi raun sanni ekki anda-hugsjónina, af því að skygni gerði miðlinum máske mögulegt, að leysa hana, þá ættu miðlar samt að vera fúsir til að reyna þetta, ef andatrúar kröfur þeirra hafa við nokkurn virkileika að styðjast".

Heimskringla hefir verið beðin, að birta þetta tilboð New York félagsins, og að benda íslenzkum andatrúarmönnum, bæði hér í Ameríku og sérstaklega á Íslandi, á, að nú er þeim gert létt fyrir að græða stórfé með því að leysa þessa léttu raun af hendi, — að lesa þrjú orð fimm sinnum.

Meira en þúsund krónur fyrir orðið!

Desemberheftið af timaritinu "The Graphic", sem gefið er út í Lundúnum á Englandi, flytur ritgerð um Canada, skýrða með fögrum myndum af Prince Rupert bæ við Kyrrahafið og útsýni þar umhverfis. Fyrst er lítið landkort af öllu Canada, er sýnir leg Grand Trunk Pacific járnbrautarinnar frá hafi til hafs. Svo er lýsing á framför "Brezka keisarademisins", og því, hvernig bæir byggjast í Canada, og er það skýrt með mynd af bænum Rivers í Manitoba. Járnbrautarlest hlaðin landleitendum, er sýnd, og svo móttaka þeirra, þegar þeir koma á áfangastaðinn, og keyrsla þeirra út á sléttlendið til að finna sér heimilisréttarlönd og kaupa bæjarlóðir. — Aðallega er greinin gerð til þess að lýsa Grand Trunk Pacific járnbrautinni og Prince Rupert, endastöð hennar við Kyrrahafið. Prince Rupert er 550 mílur norður frá Vancouver, og um 50 mílur suður af syðstu landamærum Alaska. — Mælt er, að hafnstaður sé þar hinn ágætasti, og að fyrir það hafi bæjarstæðið verið valið þar. Útsýnið þar umhverfis er mælt að sé einna líkast því, sem víða er í Noregi. "Transcontinental" brautin frá Moncton til Prince Rupert verður 3600 mílna löng, og af þeirri vegalengd eru þegar fullgerðar og í starfandi ástandi 670 mílur. Myndirnar af Prince Rupert bæ, 7 talsins, sýna höfnina þar, bryggjur, skip, báta og hús, bæði íbúðar og verzlunarhús, og sýna þær, að þegar er búið að gera fjarska mikið verk þar vestra.

Land til sölu

hjá undirskrifuðum, umgirt með byggingum. Hross og gripir. 28 til 30 tons af heyi, heyvélar, sleði o. fl. Gott verð, góðir skilmálar. — Gripið tækifærið.

Þ. HJÁLMSSON,
tf. Otto P.O., Man.

Sparið Línið Yðar.

Ef þér óskið ekki að fá þvottinn yðar rifinn og slitinn, þá sendið hann til þessarar fullkomnu stofnunar.

Nýtízku aðferðir, nýr vélaútbúnaður, en gamalt og æft verkafólk.

LITUN, HREINSUN OG PRESSUN SÉRLEGA VANDAÐ

Modern Laundry & Dye Works Co., Ltd.
307—315 Hargrave St.
WINNIPEG, MANITOBA
Phones: 2300 og 2301

Zimmerman's Lán Stofnun.
637 MAIN ST
TALSÍMI: 226

Stofnuð 1887
Áreiðanlegir brakúnar og skrautgripaversalarar. Óút leistir pantar
Til Solu

S. R. HUNTER & CO
Skraddarar,
189 Lombard Street
Búa til nýmóðins karlmannafatnaði eftir máli. — Efni og vinnubrögð afbeztu tegund, og alt ábyrgst að vera jafngildi þess bezta sem fásanlegt er í borginni. Verðið er við allra hæfi. —

S. R. Hunter & Co.
189 Lombard St.
Telephone 1395.

Skrautmyndir

Mjög vandaðar, stórar og fagrar, af skáldkónginum íslenzku, Hallgrími Péturssyni og Jónasi Hallgrímssyni, fást hjá undirskrifuðum, önnur á 35c en báðar á 60c. Agæt stofuprýði. Myndir af þessum mönnum munu verða kærkomnar til prýðis og endurminningar á mörgu íslenzku heimili. Útsölumenn vantar enn víðsvegar um bygðir Íslendinga mót sanngjörnum sölulaunum.

F. R. JOHNSON,
1419 W. 57th St., Seattle, Wash.

ATH. — Þessir hafa þegar tekið að sér útsölu á myndunum: —
Friðrik Sveinsson, 618 Agnes St., Winnipeg; Wm. Anderson, 1797 7th Ave. W., Vancouver, B.C.; S. Bárðarson, R. F. D. 1, Box 90, Blaine, Wash.; Sigurður Johnson, Bantry (og Upham), N. Dak. Jóh. H. Húnfjörð, Brown, Man.

KENNARA VANTAR

við Marshland skóla nr. 1278. — Kensla byrjar 1. apríl nk. og helzt til ársloka, að einum mánuði frádregnum (ágúst), 8 mánaða kensla. Umsækjendur tiltaki mentastig, reynslu og kaup, og snúi sér til undirritaðs fyrir 1. marz.

STEINI B. OLSON,
Post Master Marshland P.O., Man.

KENNARA

sem hefir 2. og 3. kennarastig, vantar við Norður-Stjörnu skóla No. 1226 næsta kenslutímabil, sex mánuði, frá 1. mai til 1. nóv. Tilboðum, sem tilgreina mentastig og kaup, sem óskað er eftir, verður veitt móttaka af undirrituðum til 15. marz næstkomandi.

Stony Hill, Man., 23. jan. 1909.
G. JOHNSON, Sec'y-Treas.

KENNARA VANTAR

til Laufas Sch. Dist. No. 1211, til þriggja mánaða, frá 1. april (að honum mæðtöldum). Umsækjendur sendi inn tilboð sín til undirritaðs fyrir 15. marz næstk., sem tiltaki mentastig og æfingu, ásamt kaupi, sem ósoað er eftir.

Geysir, Man., 22. jan. 1909.
25-2 B. JÓHANNSSON.

Pósthús Box Heimskringlu er nú 3083, en ekki 116, eins og áður hefir verið. Viðskiftavinir eru því beðnir, að senda bréf til blaðsins í P.O. Box **3083**

WINNIPEG Business College

Cor. Portage Ave and Fort St.

FÉKK FYRSTU VERÐLAUN Á SAINT LOUIS SÝNINGUNNI.

Dag og kveld-kensla. Leitið fullra upplýsinga og biðjið um vorn nýja pappírshnif ókeypis. Vér kennum enska tungu.

M. E. MACKEY, Skrifari

MARKET HOTEL

146 PRINCESS ST. á móti markaðnum

P. O'CONNELL, eigandi, WINNIPEG

Beztu tegundir af vínföngum og vindum, aðhlynning góð, húsið endurbætt

JOHN DUFF

PLUMBER, GAS AND STEAM FITTER

Alt verk vel vandað, og verðið rétt

664 Notre Dame Ave. Phone 3815

Winnipeg

Strathcona Hotel

Horni Main og Rupert Str. Nýbygt og ágætt gistihús; Gest um veitt öll þægindi með sanngjarnasta verði. Frí keyrsla til og frá öllum járnbr. stöðvum. Beztu vín og vindlar; og herbergi og máltíðar ágætar.

McLaren Brothers

EIGENDUR

Hotel Pacific

219 Market Street | H M Hicks Eigandi

Winnipeg - - - Manitoba

Telephone 1338

Ný-endurbætt og Ný-tízku hús í alla staði. Viðskifta yðar óskast virðingarfylst.

$1.25 a Dag



$1.50 A DAG

Besta $1.50 gistihús í Winnipeg

BRUNSWICK HOTEL

Horni Main St. og Rupert Ave.

Besta borðhald; Hrein og Björt Herbergi; Finustu Drykkir og Bestu Vindlar. Ókeypis Vagn mætir Öllum Trainlestum. Reynið oss þegar þú ert á ferð

Tilgangur lífsins.

Ég óskaði þess í nýlega skrifaðri grein minni "Umhugsunarvert" í Heimskringlu, að nýja árið flytai okkur nær holla loftslaginu, þar sem allir menn önduðu sama friðarandanum, sem bindur kærleiks bræðra og systra bandið. Eini vegurinn til þess er sá, að menn taki sér tíma til að hugsa um að auka skilning sinn á tilgangi lífsins. Ég geng út frá því, að allir menn og konur séu fædd með sömu eiginlegleikum meðvitund um það góða og mögulegleika til að læra að skilja það og efla það, og það sé pundið, sem öllum er ætlað að ávaxta: að þekkja það góða og efla það. Þá eru allir jafnt fæddir og öllum ætlað að vinna það sama í lífinu, og svo yfirgefa allir líkama sinn. Það sést því ekkert nema jafnrétti grundvallað í þessu, svo alt annað er brot á móti skyldum lífsins. Það eiga því allir að vinna saman að sama verki, með sama bróður og systur anda að vilja öllum það bezta eins og sjálfum sér. Alt, sem ekki byggist á jafnaðarréttlæti, hugsun, orð og gerðir, vinna á móti því, sem stafar á skilninasleysi á því rétta og góða. Yfir höfuð alt það vonda í heiminum, sem kallað er, er vöntun á því góða, sprottið af skilningsleysi, vitskorti á kærleikanum, því eina nauðsynlega: Enginn, sem þekkir gildi kærleikans og sér, að allir hlutir, sem ekki hafa kærleikann, eru einskis virði, dettur nokkurntíma í hug, að yfirgefa kærleikann. Það er vissa markið. Það er því eina rót allra ólyfja í heiminum: skilningsleysið, — þekkingarleysið. Það er því nauðsynlegt, að við hugsum greinilega um ganginn í lífinu, og aðgætum, hvar við stöndum, og hvað er okkar mesta mein, og hvað bezt getur læknað það, — og þá að sjálfsögðu að brúka það meðal. Mesta mein okkar er kuldi og myrkur í andlegum skilningi. Kuldinn kemur fram í breytni mannanna hver við annan. Hvað lítið, sem milli ber, þá er brúkaður kuldi, — menn senda hann hver til annars úr öllum áttum í ýmsum búningum. Það verður því einn hringiðu kuldastormur og margur hefir stórskemst og sumir alveg frosið í þeim uppihaldslausa kulda. Myrkrið hefir þau áhrif að menn sjá ekki hlutina eins og þeir eru í raun og veru. Það er sóst mest eftir skaðlegustu og fánýtu hlutunum. Ýms gróðabrallsfélög eru álitin góð, svo ýms lífsábyrgðar félög, samsteypuverzlunar og lánsfélög, eða hvaða félög sem eru. Ef þau ekki byggja starf sitt á jafnaðar réttlæti, þá vinna þau á móti því. Og þeirra fé er samandregið af sveita fátæklingsins handa fáum mönnum til að svala sér á. Hugsum okkur mismuninn á því, að skilja börnum okkar eftir gott eftirdæmi og réttan hugsunarháttt hjá sönnum vinum, eða lífsábyrgðarfé, og umkrinad af mönnum, sem sækjast mest eftir fé af öllu, hvernig sem þeir ná því, og sá hugsunarháttur ríkir nú hjá flestum í heiminum. Það er því ekki hægt, að líkja því við það fyrneinda. Því fé er oft beita fyrir alt ilt, undir núverandi fyrirkomulagi.

Hvað getur þá útrýmt þessum meinsemdum? Kuldanum útrýmir hiti, upprunninn af kærleika, og ljós útrýmir myrkrinu, sem sýnir fánýti timanlegra hluta, og skýrir sjónina á því eina nauðsynlega: — að þekkja tilgang lífsins, að efla kærleikann. Þegar menn eru farnir að sjá þetta, þá fara þeir að skapa sjálfum sér andrúmsloft til að lifa í, heilnæmt kærleiks-friðar loft, sem lækar alt af þá næstu til sin úr kuldanum og myrkrinu með hlýjum anda og björtum bjarma, þar til allir eru komnir yfir í holla loftslagið. Alt, sem unnið er í heiminum, eru afleiðingar af hugsunum. Starfið er því eftir því gott, sem skilningsþroski mannsins er meiri. Það er því min sannfæring, að þar sem allir hafa fengið sinn skerf úr uppsprettulind lífsins, með sömu köllun að læra að þekkja það góða og efla það, séu ekki einlægir fylgjendur þess góða, fyr en þeir reyna af öllum mætti að breyta hugsunum allra til að vilja rækja sina köllun, að vinna í bræðrafélagi að þessu margsagða eina nauðsynlega, því eitt er lifið, ein er rétta leiðin, einn er sannleikurinn. Einn er kærleikurinn, sá sem aldrei leitar að þessu finnur það aldrei, og enginn lifir fyr en hann reynir að skilja tilgang lífsins og breyta samkvæmt skyldum lífsins. Alt annað er því eins og ég sagði í fyrri grein minni um tilvera, en ekkert líf. Það er því fyrir það, sem ég reyni að birta hugs anir minar, að mig langar til að lifa, með því að sýna viðleitni við helgustu skyldu lífsins: að rétta öllum bræðrum mínum mina veiku hönd og anda, og biðja ykkur að sameina vora krafta, svo eitthvað geti orðið úr verki, og við getum allir lifað saman í kærleikfélagi.

Já, ég held því fram, að sú fyrsta skylda okkar allra sé það, að beina hugsunum okkar saman í rétta átt, með því að byggja á jafnaðar réttlæti, með bróðurkærleika, með það lífsstarf sameiginlegt fyrir framan okkur, að læra að þekkja það góða, rétta, bezta, svo við getum unnið það, æft það og fullkomnað það. Við þurfum að muna eftir því, að við erum öll börn í að hugsa og skilja og erum rétt að byrja að tala. Það er því mörg hugsunarvillan og mörg málvillan. Við hugsum okkur ýmsa vegi, og við hyggjum að við þekkj um þá, og þeir séu allir góðir og réttir, og sinn veginn fer hver. En við þurfum að hugsa okkur einn veg beztan, sem við öll þurfum að fara, og hjálpa hvort öðru til að læra að þekkja hann. Málvillurnar eiga rót sina að rekja til hugsjónarinnar, sem sýnir það, að hún hef ir ekki verið bygð á þekkingu, svo menn nefna ekki hlutina réttum nöfnum. Ég nefni þær helztu:

Það er kallað gott, sem á ekki rót sina að rekja til kærleikans, og getur því ekki verið gott. Það er stærsta villan. Réttlæti er það sallað, sem tekur réttinn frá einum og færir hann til annars. Það er því ranglæti, af því það byggist ekki á jafnaðar réttlæti, sem viðurkennir, að allir hafi sama rétt til lífsins. Þetta er önnur stóra villan. Og félagsskapur er það kallaður, þar sem menn vinna ekki saman í einingu, heldur þvert hver á móti öðrum, og eyða timanum í þras, sem aldrei heyrðist, ef félagsskapur ætti sér stað eða samvinna í einingu. Þetta er þriðja villan, sprottin af hinum fyrnefndu. Svo er eina uppruna villan, sem allar villur eru komnar frá. Hún er skaðlegust í þeirri mynd, að menn þekkja ekki sjálfan sig og sína köllun. Þeir hugsa, að þeir séu mentaðir, ef þeir hafa lokað sig inni í stórum byggingum um nokkur ár, án þess þeir vissu, á hverju þeir áttu að byrja að menta sig: með því að þekkja sjálfa sig og köllun sina. Svo fara þeir með þessa ímynduðu mentun út um allan heim, og þetta ryk fyllir augu allra, sem trúa því, að þetta sé mentun. Þeir eru stein blindir af mentunarleysi, og styðja allar ranglætis heimsku-reglur, er ráða nú mestu í heiminum. Þetta er voðaleg villa, sem alt böl mannkynsins stafar af. Þetta er aum tilvera en ekkert líf, því þeir hafa aldrei byrjað á að lifa á því að þekkja sjálfa sig og sina köllun, sem er það, að vita, að sami andinn býr í öllum, og þar af leiðandi eru allir bræður og systur, sem eiga að vinna saman í einingu, í kærleikans frið, en beita ekki sinum anda á móti annara anda, sem er sama og beita sinum anda á móti sjálfs sins anda, og með því að beita sinum anda í skakka átt, beitir maður annara anda í skakka átt. Með því, til dæmis, að girnast um fram alt það sem er í heiminum, timanlega hluti, sem alt af myndast og breytast og hverfa, svo varla er hægt að festa auga á, eins og dollarinn, þegar hann veltur á röndinni, og allir þessir smáu líkamir, sem andinn býr í, hamast áfram að ná í dollarinn, sem hendist alt af áfram á röndinni og smá hverfur og sést svo aftur, og í hvert skifti, sem myndin af dollarnum er væntanleg að sjást, taka allir þessir smáu líkamir kippi áfram í áttina að þeim stöðum, þar rýðst hver líkaminn á annan, og troðningurinn er svo mikill, að margir minstu líkamarnir troðast undir og eru tættir í sundur. Og upp frá þessum ógangi óma kveinstafir um geiminn frá andanum, sem bjó í þessum sundurtættu líkömum. Og enn velta dollararnir, og enn keppa þessir líkamir á eftir þeim, og allir hrífsa það sem þeir geta, en fá aldrei nóg. Þeir fara því að hugsa um, að framleiða afl úr náttúrunni, til að sprengja alla þá líkami í loft upp, sem komast nærri dollurunum, og allir hugsa eins. Og afleiðingin verður sú, að þeir sprengja hverjir aðra í loft upp, og þeir tætast í sundur. Og kveinstafirnir verða enn hærri og tilfinnanlegri, sem berast út í geiminn. Og loftið verður þrungið af blóði, sem kemur frá þessum deyjandi líkömum. Og saman við alt þetta blandast óhreinar hugsanir, sem hafa tekið á sig falska mynd, til þess að geta enn betur deytt þessa líkami, — svo loftið verður banvænt fyrir alla þá, sem eftir lifa.

Og hvað er svo þessi dollar, sem alt þetta stríð stafar af? Hann er ekkert í sjálfu sér. Hann er brúkaður sem ávisun til líkamlegra þarfa og óþarfa. Og öll heimska er skirð og skift í ýmsa búninga, og hver hefir einokun á sinum búningi. Uppá alt þetta er dollarinn ávisun. En kærleiks réttlæti og vit er ómögulegt að kaupa á þessari stofnun, því það er ein ranglætis og vitlausra stofnun alt saman. Og hvar er þetta? Þetta er hugsunarháttur heimsins eins og hann hefir verið og er enn hjá öllum, sem ekki byggja á kærleiks réttlæti og sameiginlegri löngun til að læra að þekkja það góða og efla það. Og því er alt þetta svona? Af því allra andar eru óupplýstir í fyrstu, en móttækilegir fyrir lærdóm og mjög næmir fyrir áhrifum annara eldri anda, sem eru í heiminum. Það er því alt undir því komið, að andinn steini í rétta átt, byrji með jafnréttis bróðurkærleika að elska alla aðra anda eins og sinn anda, og skoða það í nákvæmu sambandi, að alt sem hann reynir að hefja annara anda, það hefur hans eigin anda upp. Og ef hann reynir að gera annara anda tjón, þá gerir hann sinum anda tjón. En ef andinn er óupplýstur og steinulaus út í heiminn, og skoðar sig sem sérstaka persónu, og álítur, að hann þurfi að stríða á móti öðrum öndum og gerir það, þá er hann alt af að stríða á móti sjálfum sér, og það skyldu svo flestir af samferðaöndunum hugsa eins, og svo allir hugsa sér að elta dollarinn. Þá færi eins og ég hefi sagt. Og ástæðan fyrir því, að andinn fær ekki nægju sína, ef honum er beitt að timanlegum hlutum, er sú, að þeir eru takmarkaðir, en andinn er ekki takmarkaður, og þar af kemur stríðið.

Já, góðu andar, góðu bræður og systur, — ómögulegt er að hugsa sér þá óendanlegu sorg, sem af því leiðir, ef við erum alt af að villast frá byrjun til enda, í gegn um alt lifið hérna, og engina veit hvað lengi. Enginn getur dregið upp eins dökka sorgarmynd og hún er í raun og veru, ef við villumst alt af frá guði, kærleikanum, sem við eigum að lifa í og læra að þekkja, og byrja á því, að sameina okkar hugi í bróðurkærleika, með þá sannfæringu, að alt aott, sem maður vill gera öðrum, það gerir maður sjálfum sér. Ef menn skildu þetta samband, að eini sami andinn upphefur alla, góði kærleiksandinn, og eini sami andinn lítillægir alla anda, óupplýsti, vilti andinn, fyrir það, að hann þekkir ekki gildi kærleikans og vinnur því ekki samkvæmt kærleikanum. Því eins og ég hefi sagt, að enginn, sem þekkir kærleikann, yfirgefur hann, því þar er eina lifið, líf upprettu alls lífs, kærleikans guð, sem er tilgangur lífsins að þekkja og nálægast og líkjast, með því, að margfalda það góða og keppa að því, að fullkomna það. Það er pundið, sem allir eiga að styðja hver annan með sama anda að ávaxta.

Já, góðu bræður og systur, við skulum öll vinna að því í félagi, að upplýsa okkar anda með rétta ljósinu, svo að við villumst ekki og skoðum okkur ekki óvini, sem alt af eru að stríða á sjálfa sig með því að stríða á aðra anda, sem er sami andinn og manns eigin andi. Þetta þurfum við öll umfram alt að skilja, að eina lifið, sem andinn getur ödlast, er í kærleikanum, því hann nærir, sameinar og upphefur. Hann upplýsir alt, lækna alt og á allstaðar við, hara ef við viljum brúka hann. Ó, góðu bræður og systur! Við skulum öll vilja lifa og hrærast í samfélagi, í kærleikanum. Ó, kærleikans guð styðji okkur öll í því, því það er tilgangur lífsins. Frá upphafi til enda, eins langt og mannlegur skilningur getur séð, er jafnrétti helgasta skylda lífsins, því það er bygt á kærleikanum. Það er því eina rétta undirstaðan, sem allir þurfa að bygja lífsstarf sitt á. — Réttu skyldur jafnréttisins eru: Bróðurkærleikinn í hugsunum og orðum og gerðum, að styðja

(Niðurlag á 4. bls.)

ROBLIN HOTEL

115 Adelaide St. - - Winnipeg.

Beztu $1.50 á-dag hús í Vestur-Canada. Keyrsla ókeypis milli vagnstöðva og hússins á nóttu og degi. Aðhlynning hins bezta. Viðskifti Íslendinga óskast. William Ave. strætiskarið fer hjá húsinu.

O. ROY, eigandi.

SPONNÝTT HÓTEL

ALGERLEGA NÝTÍZKU

Hotel Majestic

John McDonald,

eigandi.

James St. West, Rétt vestan við Main St.

Winnipeg Telefón 4979

$1.50 á dag og þar yfir

Bandaríkja-snið

Alt sem hér er um hönd haft er af beztu tegund. Reynið oss.

MIDLAND HOTEL

285 Market St, Phone 3491

Nýtt hús, nýr húsbúnaður Fullar byrgðir af allskonar vönduðustu drykkjum og vindlum í hressingarstofunni. Gisting einn dollar á dag og þar yfir.

W. G. GOULD :: FRED. D. PETERS,

Eigendur

WINNIPEG ::: ::: CANADA

Jimmy's HOTEL

Rétt á bak við Pósthúsið

Íslendingar ættu að reyna þetta gistihús. Í hressingarstofunni er sá eini íslenzki vínveitingamaður í Winnipeg.

James Thorpe,

eigandi

Fyrrum eigandi Jimmy's Restaurant

The Dominion Bank

NOTRE DAME Ave. BRANCH Cor. Nena St.

VÉR GEFUM SÉRSTAK AN GAUM AÐ SPARISJÓÐS-DEILDINNI.

VEXTIR BORGAÐIR AF INNLÖGUM.

HÖFUÐSTÓLL - - - $3,983,392.38

SPARISJÓÐUR - - - $8,300,000.00

A. E. PIERCY, MANAGER.

Sömuleiðis, alt sem ég læt eftir mig af sænguríötum, húsmunum, leréftum og fleiru.

4. Sönglagasafn mitt eftir heimsfræg tónskáld, að undanskildu sönglagasafni Bachs, á að selja, og peningunum skal skift jafnt á milli frænda minna, Jóhannesar og Narhanaels, — vegna þess, að mér hefir fallið það afarilla, að að mega ekki gefa þeim jólagjafir.

Svo var eftir 12 þúsund rikisala upphæð, er hún ánafnaði ýmsum fátækum handverksmönnum. Þar á meðal var Hinrik, sem fékk tvær þúsundir, og þjónustukona hennar eitt þúsund.

Hinrik skýrði Felicitas frá erfðaskránni eins vel og honum var unt. — Stúdurinn, þar sem silfurmunirnir voru geymdir, var ekkert nefndur, — eftir því sem ráða mátti af frásögn hans. — Hin unga stúlka gladdist mjög: Ef kaupskápurinn komst eigi í ljós af tilviljun, þá stóð í hennar valdi að eyðileggja gráa skrínið, án þess nokkurt dauðlegt auga fengi að líta það.

"Sjáðu til, Fee min! Ég bið þess aldrei bætur" mælti Hinrik raunalega — þau sátu alein í vinnuhjúa herberginu — "það er eins og þú eigir ekki að öðlast hamingjuna í hérni þessum. — Ef að gamla jómfrúin hefði lifað einum degi lengur, hefði hún samið aðra erfðaskrá, og þú hefðir fengið ógrynni fjár. Henni þótti svo vænt um þig".

Felicitas brosti. Hugrekki æskunnar, er þekkir krafta sina, og hvorki hugsar um vesælan ávinning né ber áhyggjur fyrir elliárunum, lýsti sér í brosi hennar.

"Það er ágætt eins og það er, Hinrik", mælti hún. "Allir fátæklingarnir, sem hún hefir ánafnað

upphæð í erfðaskrá sinni, þörfnuðust þess miklu frekar en ég. Og hvað aðal-upphæðina snertir, þá hefir frænka haft mikilvægar ástæður fyrir því, sem hún, þó hún hefði samið aðra erfðaskrá, hefði haldið fast við".

"Já, þetta með þessa Hirschsprunga. Hún hefir víst haft vissar ástæður fyrir breytni sinni gagnvart þeim", bætti Hinrik við hugsandi. — "Ég man vel eftir vitlausa Hirschsprung. Hann var skósmiður, og hann bjó til handa mér fyrstu skóna, er ég átti. Þess konar gleymir maður ekki svo fljótt. Hann bjó hérna á strætinu í næsta húsi, og af því kom það að sonur hans og gamla jómfrúin léku sér saman, þá þau voru börn. — Drengurinn varð síðar stúdent, og fólk sagði, að hann hefði verið unnusti gömlu jómfrúarinnar. Þetta var nú talað, — og enn þá heyri ég sagt, og það fellur mér verst, að þetta ástasamband þeirra hafi átt að olla dauða Heilwigs gamla föður hennar. Honum hafði ekki líkað þessi ráðahagur, og einu sinni átti sér orðakast stað á milli þeirra, og hún hafði átt að reita hann svo til reiði, að hann féll dauður til jarðar. — Ef að það er þá satt. — ég trúi því ekki. — Strax þar á eftir fór gamla jómfrúin til Leipzig. Stúdentinn lá þar í taugaveiki. Hún stundaði hann og var hjá honum, þangað til hann dó. — Þegar skyldmenni hennar vissu það, urðu þau viti sinu fjær af reiði, og þegar hún kom aftur, vildi enginn líta við henni. Skyldfólk hennar neindi hana öllum illum nöfnum og útskúfaði henni, — og bæjarbjar tóku í sama strengin. — Látum það nú alt vera eins og það vill. — Mér finst það hálfvegis undarlegt, að fólk, sem horfið er héðan fyrir löngu síðan, skuli nú erfa hana. — Maður getur tæpast reiknað það í ætt við stúdentinn. — Getur nokkur gert mér það skiljanlegt?"

Daginn eftir var kvistherbergjunum lokið upp. —

Næstu daga á eftir var veður mjög leiðinlegt. Heimiinn var þakinn gráum regnskýjum, er sýndust ótæmandi. Það rigndi nótt og dag. Drekahöfuðin á gamla kaupmannshúsinu þeyttu vatninu niður á torgið. Aldrei höfðu þau verið eins ægileg útlits og nú. Hið grængula froðuhjóm, er spýttist upp á milli steinanna niðri á brúnni, leit út sem væri það galli blandið eitur. — En þau höfðu líka mörg ár verið vitni að því, að peningastraumurinn streymdi inn í hið gamla kaupmannshús, — og að eins ofurlitill lækur rann út aftur. — Og nú skeði það, sem aldrei hafði áður komið fyrir: Stór fjárupphæð hvarf brott af heimilinu út í bláinn. Hvorki gátu hinir stæru múrveggir eða konan, sem sat við Asklepitus tré, konan með járnharða andlitið, haldið fénu þar kyrru.

Óveðurdagana hafði Felicitas setið ein sér í herbergi við hlið hjúaherbergisins. Henni hafði verið hlíft við öllum erfiðari verkum á heimilinu. Professorinn hafði harðlega skipað svo fyrir. En í stað þess, sat hún nú innan um stóra hrúgu af gömlu leréfti, er hún átti að bæta, — því hún varð þó að vera matvinnungur meðan hún dvaldi á heimilinu.

Úti í garðinum bunaði vatnið úr gosbrunnunum, með sama tilbreytingarlausa hljóðinu og vant var. Regnið féll i dropatali niður á blöð hesthólsins, er stóð með fullum blóma í einu horninu. — Við og við beyrði hún hanagal úr hænsnagarðinum. Stundum flugu dúfur líka fyrir gluggann, þær settust á múrvegginn og fallegu fjaðrahamirnir þeirra urðu gegndrepa af rigningunni. Dagsljósið var grátt og þrungalegt, og það var sem hefði það áhrif á alt líf. — Alt var svo ömurlegt og skuggalegt. Hin unga stúlka, er sat við bogagluggann, var líka þunglynd. Hún saumaði í ákafa, en liti maður utan á vanga hennar, sá maður að hann var fölur og óbifanlegur.

eins og hann væri höggvinn í marmara. Áhyggjur og sorgir lífsins höfðu enn þá ekki getað markað raunir eða auðsveipni á andlit hennar. Hún varð að eins fölari, — og það leit helzt út fyrir að svipur hennar myndi aldrei breytast, heldur ávalt bera vott um óbifanlegt sálarþrek og viðnámsþrótt.

En undir grófgerða, dökka kjólnum sló hjarta ótt og órólega, — og á meðan höndin í ákafa hélt áfram verki sinu, reyndi sálin að leysa úr erfiðum ráðgátum, er hún lagði fyrir sig, og sem komu þó í bága hver við aðra. — — Lógraglan hafði árangurslaust leitað eftir silfurmunum gömlu jómfrúarinnar. Í fyrstunni hafði þetta veitt hinni ungu stúlku hugfró, — en upp frá þeirri stundu hafði Hinrik verið órólegur, og næstum viti sínu fjær. — Frú Heilwig hafði lýst því yfir í áheyrn dómarans, að Hinrik og þjónustukonan væru þær einu manneskjur, er í mörg ár undanfarin hefðu umgengist gömlu konuna, og um leið hafði hún litið mjög tortrygnislega til gamla vinnumannsins sins. — Vegna þessara orða hennar, er liktust mest ákæru, höfðu yfirvöldin miskunnarlaust yfirheyrt gamla manninn og spurt hann spjörunum úr. — Hann lét sign óður væri. Hvílík kvöl fyrir Felicitas, að verða að hlusta á harmatölur og kveinstafi hins gamla, trúasta vinar sins, og þora ekki með einu orði að kunngera, hvar gripirnir voru faldir. — Hinrik hafði til þessa tekið öllu því, er að höndum bar, með stökustu rósemi, en nú, þegar hann var grunaður um þjófnað, tapaði hann algerlega sinni vanalegu stillingu, og Felicitas óttaðist, að hann, í því skyni að frelsa sig undan ákærunni, myndi gripa til einhverra örþrifa ráða, — og það þurfti að neita hinnar stökustu aðgætni og þolinmæði til að frelsa leyndarmál gömlu jómfrúarinnar.

Það var nú orðið því nær ómögulegt, að komast inn í herbergi hinnar framliðnu. — Þann sama dag

TILGANGUR LÍFSINS.

(Niðurlag frá 3. bls.)

að því af öllum mætti, að vinna saman í friði og einingu, að auka þekkingu sína á kærleikanum, og styrkjast í honum.

Það er því fyrir það, að ég vil að við öll, bræður og systur, kom um fram í ljósið í okkar bezta búningi, sem við höfum búið okkur til sjálf, með enga yfirskinsblæju, svo að við þekkjumst rétt. Þá getum við talað margt og lært hvort af öðru, — bara að við finnum til vöntunar hjá okkur sjálfum, svo það fyrirbyggi ekki, að við getum eitthvað lært af öðrum, — að brúka hógværð, sem eykur allra manngildi. Þá getum við ráðið ráðum okkar saman, og talað um félagsskap og byggingu fyrir félagsskapinn, svo stóra, að við öll getum starfað í henni.

Ég ætla þá' að gera uppástungu. Hún er svona: Fyrst af öllu, að við reynum að þekkja sjálfa okkur, og reynum að finna sambandið á milli okkar anda og allra annara anda í heiminum. Þá finna allir, að þeir hljóta að vera allir komnir frá sama andanum, og séu þar af leiðandi allir bræður og systur. Og allir eru börn, sem eiga að læra að þekkja sannleikann, — að ekkert líf er til, nema í kærleikanum, og enginn getur lifað í kærleikanum, sem striðir á móti því með því að striða á móti sinum bróður anda, sama sem að striða móti sjálfs síns anda. Svo við verðum að skoða það í nákvæmu sambandi, að alt gott, sem við gerum öðrum — okkar bróðuranda — það gerum við okkar eigin anda, og alt ilt, sem við gerum okkar bróðuranda, það gerum við okkar eigin anda. Þetta er aðalpunkturinn sem ég hefi verið að reyna að útskýra, svo menn séu ekki alt af að striða á móti sjálfs síns anda, á móti kærleikanum, á móti lífsandanum, á móti velferðarandanum, á móti öllu góðu, á móti skyldum lífsins, á móti tilgangi lífsins.

Þegar við erum búin að sjá þetta greinilega, þá sjáum við, að við getum ekki lifað, nema við elskum alla eins og sjálfa okkur, og þá er jafn-réttlætis bræðra og systra félagið myndað, sjálfmyndað í kærleika. Fyr en við sjáum þetta, getur enginn félagsskapur verið til í réttri merkingu, eins og ég legg meiningu í orðið: að einn vinni fyrir alla, og allir vinni fyrir einn, samvinna í einingu. — Svo fyrsta sporið er, að hugsa um sjálfan sig, og sjá, hvar við stöndum, svo við sjáum okkar þörf og bætum úr henni. Og enginn finnur neitt gott, nema hann leiti að því, og enginn leitar að því í rétta átt svo að hann finni það ekki.

Þetta er alt upprunnið í mínum eigin huga, án þess að hafa hliðsjón af nokkru. Þá sé ég, þegar ég búinn að setja þetta niður, að þetta eru náskyldar hugmyndir annara hugmyndum, og kannske börn þeirra — eldri hugmynda —, en hafa breyzt í minum hugmyndakri, og eftir því, sem hugmyndirnar eru betri, og eftir því, sem akurinn er betri, eftir því verður uppskeran betri. Við þurfum því öll, að læra að vanda sem bezt okkar útsæði og undirbúa sem bezt okkar akur. Því eftir því verður alheims uppskeran betri og framförin jafnari, þar til allir eru farnir að brúka sama útsæðið, bróðurhug. Og þá verður akurinn fljótt settur kærleikans blómum, sem fylla alt andrúmsloft með sínum ilm, og þau blóm lifa og þroskast um alla eilíð, af kærleikans rót og umvafin kærleikans frið, með sinn hita og næringarvökva frá uppsprettulind lífsins, sem kærleikans sól sendir blómum sínum vökvann í skærum perlumyndum, umvafinn af lifandi hita kærleikans, og öll blómin lyfta upp höfðum sínum, og við þá hreyfingu myndast þessi sannleikans orð.

Ó, þú kærleikans guð, háleitir og inndælir eru þínir vegir, og skært er þitt ljós, sem lýsir sannleikanum. Ó, góðu bræður og systur, við skulum öll stefna á það ljósið, og styðja hvert annað að missa aldrei sjónar á því ljósi, og okkur verður inndælt að vinna að því, að styðja okkar veiku bræður og systur, því það er kærleikans verk, að styðja alla, sem til hans leita. Og enginn er svo langt í burtu frá kærleikanum, að ef hann snýr sér við til kærleikans og leitar þar hjálpar einlægleg, að hann sé ekki velkominn og umvafinn í örmum kærleikans. Og sá, sem sýnir öðrum kærleika, framleiðir meiri kærleika hjá sjálfum sér og öðrum. — Þetta þurfum við öll að letra í hjörtu okkar, að eina rétta lifið er kærleikurinn. — Ó, bræður og systur, við verðum að fara að lifa! Inngangur mannkynsins til lífsins er orðinn nógu langur. Við verðum að hætta að eyða tímanum í einkisvert þras og fjarstæður. Að maður og kona, sem fullkomna hvort annað, svo að mannkynið geti haldið áfram að vera til, vilja ekki viðurkenna jafnrétti, og við stjórnmálamenn, sem allir eru, vit um ekkert, hvað rétt stjórn þýðir, ef við sjáum það ekki, að hún byggist á því, að þekkja sjálfan sig og samband sitt við bróður sinn, og stjórna sjálfum sér rétt gagnvart öðrum. Það er eina rétta stjórnin. Alt annað er ranglát stjórn, sem fjarlægir alla kærleikanum. Við þurfum því, að mæta hver öðrum á miðri leið, og sjá það, að eini vegurinn er leztur fyr ir okkur alla. Og okkar lög eiga að vera búin til í ljósi, grundvöllur með bróðurkærleik í jafnaðarréttlæti, en ekki lög full af ójafnaðar- sundurlyndis- heimsku-reglum, búnum til í myrkri með viltum hugsunarhætti. Við þurfum að útrýma öllum feilum hjá sjálfum okkur fyrst, og svo hjá öllum jafnt, með bróðurlegum bendingum, en ekki að ráðast á vissa menn og róta ekkert við feilunum hjá sjálfum okkur og sumum öðrum, eins og nú er siður. — Það er skylda allra, að reyna að bæta hugsunarháttinn og byrja á réttri rót hjá sjálfum sér, og skiftast svo á bróðurlegum bendingum, og vera ljúft að gefa þær háleitustu og bæztu hugsjónir hver til annara. Því að af þeim getur hver og einn búist við góðri uppskeru. Það er því háleitasta skylda allra, að sá sínu góða pundi og láta það ávaxtast. Á meðan við sjáum ekki þetta, getum við ekki bætt hugsunarháttinn, og enginn góður félagsskapur getur þrifist. Og enginn er sá til, að hann vinni ekki annaðhvort með eða móti, og ef hann vinnur á móti því góða, þá vinnur hann á móti sjálfum sér og sínni þjóð, — á móti öllu réttu lífi.

Við verðum því að kasta hrokanum heimskulega og byrja að læra með hugarþeli barnsins og heilbrigðri skynsemi, að elska hver ir aðra, og sameina okkar krafta. Þá byrjum við að lifa og þá hefjum við okkar anda hátt, og kærleiksfriður og samein'ng verður með okkar anda.

Ég ætla þá að hætta, og senda þetta svona í molum, með engu vissu sniði. Ég finn til þess, að hönd minni hefir ekki tekist vel, að fylgja hugsunum minum og hjálpa til að klæða þær. En sökin er hjá mér samt, svo það eins, sem ég get, er að hugga mig við þá vissu, að þetta máleini eigi marga vini, og von um marga fleiri vini, sem fundið geta viðleitnisandann stefna í rétta, bætandi átt, með því að hver og einn bæti sitt eigið hugarfar, svo hægt sé að stoinsetja jafnaðar réttlæti með bróðurkærleika. Þeir lita á máleinið en ekki búninginn. En svo veit ég vel, að margir eru til, sem bara lita á búninginn og eru í sorglegu ástandi, ekki meðtækilegir fyrir sannleikann: að það eina eftirsóknarverða í heiminum er kærleiks réttlæti.

Ég mælist til, að fleiri íslenzku blöðin vildu birta þessa grein; ég vil, að það sem þolir ljósið í þessari grein, framleiði meira ljós. Já, við skulum öll vera ljóssins börn, og byggja á jafnaðar réttlæti með bróður og systur kærleika. Þá er góður grundvöllur og starfssviðið stórt og bjart, og loitslagið holt og inndælt að vinna saman í einingu að því, að auka þekkingarljósið á því góða. Það er tilgangur lífsins. Kærleikans guð styðji okkur öll í því.

J. O. NORMAN.

Fáorð í fullri meiningu.

Ég bið Heimskringlu að gera svo vel, að taka eftirfylgjandi sendibréf, stílað af séra Sæmundi ari sál. fyrrum presti að Hallormsstað í Skógum í Suður-Múlasýslu, en sem skrifað var til Jóns bónda í Keldhólum á Völlum í sömu sýslu. Jón var faðir Marteins Jónssonar föður séra Runólfs, sem nú er ungur prestur í Nýja Íslandi.

Margur hefir dáðst að þessu stutta bréfi, sem inniheldt vitnisburð um vinnumann, sem prestur bað bónda að ráða í vist til sín, Halldór að nafni.

Ég bið lesendur að leggja enga vonda meiningu í eftirfylgjandi bréf, sem ég að eins birti til gamans en engum til vansa.. Bréfið er svona:

"Alla tíma sæll og blessaður, Jón minn!

"Mjög þykist ég gabbaður í Halldóri, þar eð hann er vinnulitill ónytjungur og sinnulitill klaufi, sem lítið hirðir um gagn húsbónda sins, vill jafnan hafa mikið, en vinna lítið til. En vér vitum, að löt og svikul og illa siðuð hjú eru niðurdrep húsræðanna, skömm á heimilum og bæneitrun vors borgaralega félags. Og vertu sæll."

Svona kendi dóttursonur hans mér þetta litla bréf, sem var nafrændi minn.

G. J. Austfjörð.

STÖKUR

MEÐ SAMFELDUM ORÐUM

Björg er heiti baugsólar,
björg við streitast náungar,
björg um þeytast bjarglitlar,
björg að leita skepnurnar.

Björg í sveitabæ oft smá,
björg ei þreyta fingur má,
björg ég heita á borðum sá,
björg upp þeytist aldan há.

Bættu manndóms böls útsýn,
bættu handaverkin fin,
bættu andans bresti þín,
bættu land þá sólin skin.

Margrét Jónsdóttir.

$3 VIRÐI FYRIR $2

Örfá orð til þeirra sem EKKI kaupa blaðið Heimskringlu:

EF AÐ VÉR tækjum $3.00 upp úr vasa vorum og biðum yður þá í skiftum fyrir $2.00 þá munduð þér fljótt taka boði voru. — Vér ætlum nú ekki að gera það, ekki beinlínis, en vèr ætlum að gefa yður tækifæri, — sem þó ekki kemur oft fyrir, — að fá keypt $3.00 virði af LESMÁLI fyrir $2.00. — Ef að þér sendið oss $2.00 nú þegar, þá skulum vér senda yður Heimskringlu frá þessum tíma til 1. maí 1910, í 15 mánuði, ($2.50 virði), og sömuleiðis eina rifandi skemtilega 50 centa sögubók í góðri kápu. — Og þá fáið þér $3.00 virði af lesmáli, og það fjölbreyttu, fyrir $2.00. — Þeir sem EKKI kaupið Heimskringlu, notið yður þetta tækifæri, — skrifið eða komið til vor í dag, Á MEÐAN ÞÉR MUNIÐ!

Heimskringla, P.O.Box 3083, Winnipeg, Man.

DR. H. R. ROSS
C.P.R. meðala- og skurðlækir.
Sjúkdómum kvenna og barna veitt sérstök umönnun.
WYNYARD, — SASK.

K-J-Ö-T.
"Ef það kemur frá Johnson, þá er það gott"
C. G. JOHNSON, Kjötsali,
301 Sherbrooke St. Talsími 2681.

Russell A. Thompson and Co.,
Cor. Sargent & Maryland St.
Selja allskonar MATVÖRU af beztu tegund með lægsta verði. Sérstakt vörudval nú þessa viku. Vèr óskum að Islendingar vildu koma og skoða vörurnar. Hvergi betri né ódýrari.—
Munið staðinn:—
HORNI SARGENT AVE. OG MARYLAND ST.
PHONE 3112.

Með því að biðja sérlega um "T.L. CIGAR," þá ertu viss að fá ágætan vindil.
T.L.
T.L. CIGAR
(UNION MADE)
Western Cigar Factory
Thomas Lee, eigandi Winnipeg

Redwood Lager og Extra Porter
Styrkið taugarnar með því að drekka eitt staup af öðrum hvorum þessum ágæta heimilis bjór, á undan hverri máltíð. — Reynið !!
EDWARD L. DREWRY Manufacturer & Importer Winnipeg, Canada.

Department of Agriculture and Immigration.
MANITOBA
Þetta fylki hefir 41,169,089 ekrur lands, 6,019,200 ekrur eru vötn, sem veita landinu raka til akuryrkjuþarfa. Þess vegna höfum vér jafnan nægan raka til uppskeru tryggingar.
Ennþá eru 25 miliónir ekrur óteknar, sem fá má með heimilisrétti eða kaupum.
Íbúatala árið 1901 var 255,211, nu er nún orðin 400,000 manns, hefir nálega tvöfaldast á 7 árum.
Íbúatala Winnipeg borgar árið 1901 var 42,240, en nú um 115 þúsundir, hefir meir en tvöfaldast á 7 árum.
Flutningstæki eru nú sem næst fullkomin, 3516 mílur járnbrauta eru í fylkinu, sem allar liggja út frá Winnipeg. Þrjár þverlandsbrauta lestir fara daglega frá Winnipeg, og innan fárra mánaða verða þær 5 talsins, þegar Grand Trunk Pacific og Canadian Northern bætast við.
Framför fylkisins er sjáanleg hvar sem litið er. Þér ættuð að taka þar bólfestu. Ekkert annað land getur sýnt sama vöxt á sama timabili.
TIL FERDAMANNA:
Farið ekki framhjá Winnipeg, án þess að grensl ast um stjórn ar og járnbrautarlönd til sölu, og útvega yður fullkomnar upplýsingar um heimilisréttarlönd og fjárgróða möguleika.
R. P. ROBLIN,
Stjórnarformaður og AkuryrkjumálaRáðgjafi.
Skrifið eftir upplýsingum til
Joseph Burke, 178 LOGAN AVE., WINNIPEG.
Jas Hartney, 77 YORK ST., TORONTO.

og þeim var lokið upp aftur, hafði prófessorinn gengið í gegn um þau. Kom honum mjög á óvart miðurröðun sú, er þar átti sér stað. — Hafði hann strax sem húsbóndi á heimilinu tekið herbergin handa sér til íbúðar. — Það er vel trúlegt, að þegar hann sá með hvað miklu hugviti og fegurðarsmekk herbergin voru útbúin, þá hafi hann farið að lita með alt öðrum aug um á gömlu, barnfærðu einsetukonuna, en áður. — Engan hlut mátti hreyfa úr stað, og hann varð fjúkandi reiður, þá rikisstjórafrúin dró nál út úr nálakodda að honum ásjáandi.

Það leit helzt út fyrir, að hann ætlaði sér að dvelja það sem eftir var af hvildartima sinum uppi á kvistherbergjunum. Hann kom að eins ofan til að borða, og var þá ávalt svipþungur, eftir því sem Friðrika sagði. — Sömuleiðis hafði rikisstjórafrúin alt í einu tekið ástfóstri við þessi yndislegu herbergi, og hún bað frænku sina að leyfa sér, sem sérstaka ívilnun, að mega vera oft inni í þeim. — Rósa varð að þvo gólfin, og frúin sjálf þurkaði með mikilli lotningu rykið af húsgögnunum. — Herbergi Cordulu frænku voru því aldrei mannlaus, og þar að auki hafði prófessorinn látið setja nýjan lás á máluðu dyrnar, svo lykill sá, er Felicitas átti, varð nú ónýtur. — Það var því engum blöðum um það að flettá, að ef hún vildi komast inn í herbergin, varð hún að fara yfir þakið.

Hún kveið ávalt fyrir þeirri stund, þá er hún eins og ljósfælinn óbótamaður yrði að læðast inn í læst herbergi. Henni fanst það svo andstyggilert, legt, að verða að sæta því augnabliki, þegar íbúinn gengi í brott, gruplaus um, að þeðið væri eftir tækifæri til að brjótast inn í herbergi hans. — En þrátt fyrir þetta, hafði hún fastlega ásett sér, að ná takmarki sinu, og hún fyltist ótta í hvert skifti er hún

hugsaði til þess, að hún hafði að eins tveggjá vikna tima til að leysa af hendi ætlunarverk sitt.

Loksins birti í lofti. Það hætti að rigna og himinnin varð heiður og blár. Salat-blöðin hristu af sér regndropana og þornuðu fljótt. Svölurnar er áttu ótal hreiður á húsþakinu, flugu í brott, og komu svo aftur til unga sinna. Litlu bláu fjaðrirnar þeirra glitruðu í sólskininu. — Veðrið var svo lagurt, að það hlaut að ginna sérhvert mannsbarn út til sín. — Skeð gat, að í dag yrði borðað úti í garðinum, og þá var ekkert því til fyrirstöðu, að fara yfir þökin. Þessi von Felicitas rattist samt ekki. — Strax, og búið var að borða, kom Rósa að bogaglugganum til hennar, og átti að segja henni frá prófessornum, að fara strax út í garðinn með Önnu litlu, — hann hafði lofað barninu því. Seinna um daginn ætlaði svo heldra fólkið að koma og borða kveldmatinn þar.

Nú gekk Felicitas þá aftur til og frá um garðinn og leiddi Önnu litlu við hönd sér. Í staðinn fyrir þaksvölina eða fjalagólfið á hinum loftgóðu þaksvölum, hafði hún nú gras undir fótum sér. — Rósirnar höfðu þúsundum saman í regntíðinni opnað blómbikar sinn. Á grasfletinum í framgarðinum stóðu stakk-rósir. Hin dökku flauelsblómstur þeirra svifu hátt og tignarlega yfir grasinu, er óx þar auðmjúkt og yfirlætislaust, — alveg eins og furstar klæddir purpura hefja sig upp yfir almúgann. En í eldhúsgarðinum stóðu Centifoliu-runnar, sem ekki voru eins háir í tigninni, en þá rugguðu þeir rólega fallegu blómkrónunum sínum við hlið stórvaxinna næpa, og ilmurinn af þeim blandaðist saman við lyktina, er lagði frá lauk og kálbeðunum.

Felicitas gekk niðurlút fram hjá öllu þessu blómskrúði, og Anna litla gekk þegjandi við hlið hennar. Enginn truflaði hana því í hugsunum hennar. — Hún

mintist með söknuði rósa-timans undanfarin ár. — Blómin og ilmur þeirra höfðu nú miklu minna gildi í hennar augum, en þá er Cordula frænka var lifandi, þegar hún á sunnudögum sat í útbyggingunni við hlið kennara sins. Hún hlustaði með áhuga eftir, er Cordula las með þýðri rödd og af mikilli andagift hitt og annað eftir fyrirmyndar rithöfunda. — Ilmurinn af blómunum, er stóðu á svölunum, lagði inn til þeirra, og í fjarska sáust grænu grasslétturnar í Thuringen. — Þessar fáu stundir, sem hin unga stúlka naut móðurlegrar ástúðar og umhyggjusemi, vöktu nú smám saman í sál hennar meðvitundina um það, hvað unaðslegt það er, að eiga gott heimili. Þarna var hún frjáls og gat óhikað látið í ljósi allar sínar hugsanir og tilfinningar, — og þess vegna höfðu blómin og yfirleitt alt lifið haft annan blæ í augum hennar heldur en nú.

Hún leit upp og horfði yfir girðinguna inn í nágranna garðinn. Frú Frank sat við skrifborðið ásamt syni sinum. Hann las upphátt fyrir hana, og hún hallaði sér makindalega aftur á bak í hægindastól sinum, og var með prjóna sina. Þarna var svo viðkunnanlegt og rólegt, og Felicitas hugsaði með sjálfri sér, að hún á meðal þessa fólks hlyti að verða frjáls, — og þegar hún fengi að umgangast daglega jafn mentaðar og göfuglyndar mannaskjur, þá myndi hún taka framförum í andlegum þroska. — Undir öngum kringumstæðum ætlaði hún sér í framtiðinni að vera vinnuvél, er að eins yrði að hlýða fyrirskipunum annara, en þyrði aldrei að láta í ljósi á neinn hátt, að í henni byggi sjálfstæð, lifandi sál.

En þrátt fyrir von hennar um betri framtíð, birti þó litið yfir huga hennar. — Áður en Cordula frænka dó, hafði einhver óþreyja fylt huga hennar og hjarta. Hún gat ekki gert sér ljósa grein fyrir, af hverju það stafaði. Það var einhver nagandi sárs-

auki, er hvarf ávalt, er hún ætlaði að komast eftir hverju hann gengdi. — En eitt var víst: alt þetta stóð í sambandi við nærveru fyrverandi kvalara hennar. Hún hafði gengið að því sem visu, að þá er hún sæi hann, myndi reiði og gremja hennar komast á hæsta stig, — en að tilfinningar hennar yrðu svo öflugar, að þær baru hana ofurliði og á alveg óskiljanlegan hátt vörpuðu skugga yfir alt sálarlíf hennar, — það hafði hún verið grunlaus um.

Við og við heyrði hún málróm lesandans í nágrannagarðinum. Rödd hans var þýð og hljómfögur, en hún hafði samt ekki hinn hljómmikla hreim, sem rödd prófessorsins, er einu sinni var svo köld og hljómlaus, en með árunum hafði áunnið sér — — — Felicitas hristi gremjulega höfuðið. — Því var hún að líkja þeim saman? Hún beindi strax hugsunum sínum í aðra átt, sem hún oft hafði hugsað um síðan Cordula dó. Yfirvöldin höfðu sett Frank málfærslumann fyrir hönd Hirschsprung erfingjanna, væru þeir annars á lifi. Nú í tvo daga hafði verið gerð fyrirspurn eftir þeim í öllum daghlöðum. Felicitas beið með áhuga og í æsingu eftir, hvort nokkur mundi gefa sig fram eða ekki. Að líkindum yrði það henni að eins til kvalar. Ef Hirschsprung ættin í Kiel gæfi sig fram, þá er hún heyrði, að mikill arfur væri á boðstólum, — þá væri það augljóst, að kona loddarans hafði verið útskúfuð. — — En hvers konar manneskjur voru það, sem ekki gátu fyrirgefið og álitið, að sá ættingi þeirra, er orðið hafði að sæta jafn voðalegum afdrifum, væri búinn að líða nóg fyrir brot sitt? — — Felicitas gerði sér því enga von um, að fá að kynnast nákomnum ættingjum sinum. Hún ætlaði sér heldur ekki, að gefa sig eða ætt sina til kynna, þó svo yrði að hún hitti þá. En þó sló hjarta hennar ótt og titt, er hún hugsaði til, ef ein-

Sjáið manninn!

Í Heimskringlu, sem út kom 4. þ. m., er einhver A.J.J. tekinn enn þá til ritfinsku sinnar. Hann er ógnar, æva vondur við mig út af grein, sem nýlega stóð í Heimskringlu með fyrirsögninni: — "Kvæði og skáldsögur". Hann staðhæfir, að hún sé eftir mig. Það gerir minst til, eftir hvern greinin er. Það hefir meiri þýðingu, að greinin er hreinskilin og vel samin, og stendur langt ofan við það, sem þessi A.J.J. ber fram fyrir lesendur Heimskringlu, og í öðrum blöðum.

Það eru orsakir til alls undir sólunni, segir hinn visi Salómon. Það er líka fult af orsökum og afleiðingum kringum þenna afdankaða fregnrita "Free Press", á þess um verstu og síðustu dögum. Sjá harmagrát hans og kattarklór í áðurnefndu Heimskringlu blaði. — Honum til fróunar og fólki til fróðleiks, skal þess getið, að þegar herra Björn Pálsson hætti að rita íslenzku fréttirnar í "Free Press", þá birtist tilkynning, dryldin og drýgindaleg, að B.P. væri hættur að skrifa íslenzkar fréttir í blaðið, væri það skömm fyrir Íslendinga, að nenna því ekki, og því hafi hann tekið að sér ritstörf þessi (3—5 þumlunga á viku, — ekki þut lungur á dag!!!). Og sjá, ritstörfin byrjuðu. Þessi A.J.J. fésk ekki að skila þessum ritstörfum sjálfur á skrifstofuna Hann varð að fá þau sænskum manni. Svo er A.J.J. ekki skrifandi sjálfur á enska tungu, og þurfti því að fá þenna og hinn að þýða ritverkin af íslenzku á ensku. Hann var því þriðji maður frá ritstjóra skrifstofunni. Ritstjóri "Free Press" komst því fljótt að þessum spreng-lærdómi fregnrita sins. Svo voru fréttirnar glæsurlegar, óþjálar, báru með sér ofstopa og einfeldnisblæ, svo ritstjóri inn fann það út um svarta leppinn að þær öfluðu blaðinu hvorki fylgi né vinsælda meðal Íslendinga. Svo fann afdankaði fregnritann, sem aldrei hafði þó verið goldið svo mikil laun, að þau næðu lélegasta "skrobbkonu" kaupi í þessum bæ. Svo enduðu þau ritstörfin.

Fyrir 3 árum eða svo, fóru að birtast greinar í Heimskringlu eftir A.J.J. Um langan tíma þá um veturinn var ritdómssull um "Vafurloga" séra Fr. J. Bergmanns, auðsælega skrifað í þeim tilgangi, að sverta séra Friðrik, en tókst ekki eins og ætlast var til, því gorgeirinn og þekkingarskortinn óðu ofan á, innan um alt það ritsmíði. Varð sú árás á prestinn höfundinum til vanvirðu og hneysu. Samt hélt þessi A.J.J. áfram að glamra í blöðunum, og lagði leið sína á ritvöllinn áustanhafs. Í sumar kom all-löng ritgerð út í Eimreiðinni í sumar, um stjórnarfyrirkomulag á Íslandi. Undir henni stóð þessi höfundur. Það var töluvert af viti og Bandaríkja stjórnarfarsþekkingu í henni. Þeir hér, sem voru kunnugir þessum A.J.J., sáu strax, að þar höfðu fleiri fjallað um enn hann. Jæja, strax kemur það upp á diskinn, að þekking og vit er frá herra Skapta B. Brynjólfssyni, fyrverandi þingmanni í Norður Dakota, og að hann stóð á bak við nefnda grein. Hann sagði A.J.J. nákvæmlega frá stjórnarfari Bandaríkjmanna. Þessi A.J.J. bregður sér til og skrifar umsögn Skapta upp og sendir Eimreiðinni til fósturs. Ekki vissi Skapti um þetta fyr en löngu síðar, að A.J.J. sagði Skapta, að hann ætti honum að þakka, að hann væri (heims?) frægur (!!!) maður fyrir ritgerðina í Eimreiðinni. Svona eru þau ritstörfin undirkomin. Villurnar og rangherminn eru A.J.J. að eins, en hitt er Skapta.

Í sumar er leið, ræðst þessi A.J.J. á Hannes ráðgjafa, og fylgdarlið hans, með opinberum svívirðingum í riti og ræðum, þar með beldur hann áfram á götum og gatnamótum, utan húss og innan. Fer með svo feykilegar fjarstæður, að engum nema heimskum oflátungi getur komið til hugar, að bera á borð fyrir hugsandi menn, sem lita skynsamlega á hvert mál, sem fyrir liggur. Ekki nægir herra A.J.J., að mannlasta þessa menn. Nýlega hefir hann verið að högg va í Sigurð Vilhjálmsson og Sigfús S. Benedictsson, í pólitisku fréttaskeyti, sem er í einu Reykjavíkurblaðanna. Þegar hann er búinn að því, skokkar hann suður í Chicago og rifur í hælana á Arnóri Árnasyni. Þegar það er búið, hleypur hann að mér og er hinn úfnasti. Mér þykir gaman að fást við greyið. Hann hefir ráðist á mesta mann Íslands og betri mennina hér vestra, og skoða ég mér það engan skaða, þó hann sé móti mér. Eftir hrevtni hans og framkomu, sem að eins fá atriði sýna hér, þá er hann ekkert keppikefli til fylgdar.

Hann má vita það, að ég lýt honum aldrei sem siðameistara.

Hann segir, að ég þori ekki að skrifa undir nafni um E. Hjörleifsson. Ég skal sýna honum bráðlega, þegar ég er búinn að lesa "Ofurefli", að ég þori að segja E. Hjörleifssyni það, sem ég skoða réttast um verk hans.

Það væri fróðlegt, ef þessi A. J. Johnson, sem ritar sig svo, en lætur fólk kalla sig í dáglegu tali "J. A. Johnson", — vildi fræða mig og aðra um manntetur, sem hét á Íslandi: Jón Kristjánsson. Hvort hann hefir orðið til í saltfiksstokkum í Vestmannaeyjum eða hlaupið af landi burt, langar marga til að vita.

Ég hefi gaman af að sjá þenna A.J.J. í hertýgjunum góðu Andranaut koma næst á vigvöllinn. Bara að hann væri þá endurnærður af sætum dúr, og sængin væri hveiti-drýlur á einhverjum akri í North Dakota. Þar hefir hann sætast sofið í sumarhitanum.

Ég bið hans með óþolinmæði.

KR ÁSG BENEDIKTSSON.

SAMTAL UM BÚSKAP

Eftir ORRA

IX.

KETILL: Hér verða þá á vegi okkar sauðkindurnar. Hvernig þrífst sauðfé hjá ykkur á sléttunum?

ATLI: Það þrífst vel, sé það vel hirt, þó að vísu sé það, sem við vitum, fjalladýr, og tekið úr heimsynni sínu, og því þröngvað til að vera þar, sem náttúran hefir ei ætlað því rúm. En það er sömu lögum háð, sem alt annað í riki náttúrunnar, að það er flytjanlegt og breytanlegt, samkvæmt staðháttum. En þó verðum við þess iðulega varir, að upprunalega eðlið hverfur aldrei að öllu, t. d. þrattgangi þess, fjallanáttúran, að klifra upp allar mishæðir, er á vegi þeirra verða. Okkur Íslendingum, sem upp erum aldir við sauðfjárrækt, ætti að vera það rótgróið eðli, að ala og annast þana búpening En þó að vér kunnum alt að hirðingu sauðfjár á voru landi, þá samt er sú kunnátta okkur ekki einhlýt í meðferð sauðfjár hér. Við höfum vanist hirðingu þess í fjölgresis fjallahliðum Íslands, meðfram blátærum bergvatns bunulækjum. Okkur er því ekki hér á sléttunum einhlýt hin íslenzka kunnátta. Með breyttum kjörum verða breyttir hættir. Fyrst er landslag hér öðruvísi, fóðurtegundir ólíkar og sumar okkur ókunnar, neyzluvatn annars eðlis, að sumu leyti, en hið blátæra bergvatn. Við þannig ýmiskonar breytingar þurfum við að venjast, áður en við getum álitist snjallir fjármenn hér í landi. Sauðfjárrækt er hér í landi í mjög miklu afhaldi.

KETILL: Mér hefir verið svo int, sem sauðfjármagn þessa lands gangi til þurðar þessi síðustu ár. Hefir mér verið rétt sögð sagan?

ATLI: Já, sönn er sagan, en það er þannig, að stórhjarðirnar, sem hafa samanstaðið af tugum þúsunda og stundum hundruðum þúsunda sauðfjár, eru óðum að hverfa og rýrna. Stöðvar þeirra hafa verið óbyggðirnar, en bygð og yrking landsins rýmir þeim á burt. En í stað hjarðanna koma fjáreign bændanna. Kostir sauðfjár, sem Amerikanar meta mest, eru þessir: 1) Afrakstur tvisvar á ári, lömb og ull. 2) Það hagnýtir bithaga, er annars mundu að engu verða. 3) Það eyðileggur urmul af illgresisplöntum. 4) Það viðheldur frjósemi jarðarinnar betur öllum öðrum kvikfjártegundum er bóndinn hefir. 5) Kjöt þess er betra til manneldis en nokkur önnur tegund kjöts. Það fegrar útlit búgarðsins. Það hefir betrandi áhrif á börnin, börnin taka eftir góðgæðum þess, hinu saklausa, viðfeldna eðli.

Afrakstur tvisvar á ári. — Af hveiti uppskerunni fáum við afrakstur einu sinni á ári, en sauðfé gefur okkur tvennan afrakstur, þ.e. ull og kjöt. Hveitiyrkingurni er vanalega samfara hörð og áköf vinna, ef vel á að verði, og eigi allsjaldan undirorpin afföllum og stundum algerðu tapi af völdum veðurs. Þar á móti bregðast aldrei að öllu afnot sauðfjár, sé rétt með farið. Undir öllum kringumstæðum getum vér séð fénu farborða. Þótt tíð sé óhagstæð. Ullin, sem við fáum af því, er ærið nóg til að borga okkur fóðrið, og hana fáum við á þeim tíma, sem aðrar markaðsvörur eru ei í höndum bænda. Lömbin getum við selt ung eða gömul, samkvæmt því, er við álitum hagkvæmlegast. Hirðing sauðfjárins er öll létt og óerfið, og ætti það eitt að vera sterk hvöt fyrir bændur, að stunda þann lið búskapar. Á hverri bújörð, sem sauðkindur eru ekki, fellur á hverju ári ógrynni af grasi, ýmsar þær grastegundir, er engri annari skepnu verða eða geta að notum orðið, t. d. þær tegundir, er við köllum illgresi, en sem sauðfé þrífst vel á. Einnig vex ógrynni af grasi á ökrum, eftir að búið er að slá af þeim korniið, í mörgum árum eru það beztu hagar. Ennfremur í akra jöðrum og meðfram girðingum tina kindur sér marga fylli. — Þær fyrirbyggja útbreiðslu illgresis mér en margan varir. Sauðfjárræktin viðheldur frjósemi jarðarinnar betur, en hver önnur kvikfjárrækt, og eru þar að lútandi ýmsar orsakir, svo sem eyðing illgresis, það breiðir saur sinn svo jafnt yfir landið, án þess að ofþekja nokkurn blett, likt og nautin gera. Einnig getur maður tekið til greina, að féð, samkvæmt fjalla eðli þess, heldur sig oftast þar, sem lard er hæst, og frjófar því hálendið oftast, og er það einn mikilsverður kostur, því hálendið þarfnast ætíð frjóbætis, af þeirri ástæðu, að regnvatnið og vindurinn eru alt af að flytja frómagnið niður á láglendið. Þar af leiðandi, frá hvaða hlið sem við litum á málið, hljótum við að viðurkenna að sauðkindin sé arðsöm, en þó fyrirhafnarlítil. — Eitt leynifélag hefir valið sér lambskinn, sem merki sakleysis. — Féð létum við ganga á vorin á landi voru hvar sem það vill, þar til akrar eru orðnir grænir, þá setjum við það í sumarhaga. Svo aftur, þegar kornuppskerutíminn er um garð genginn, sleppum við því aftur út á akrana. Það lætur nærri, að það sé þriggja mánaða tími, sem vér verðum að hafa það í sumarhögum. Varhuga verður að gjalda við því, að haginn sé ekki lágt land og blautt. Slikt er öfugt eðli þess, og orsakar ýmsa illa kvilla. Svo sem við Íslendingar þekkjum, er smáhey betra til sauðfjár-eldis, en stórt eða grófgert hey, og samkvæmt því ætt um við að velja svo hey handa fénu. Mörgum hefir gefist það vel, að sá til heys, höfrum, baunum og hörfræi blönduðu saman. En gæta þess, að skera það áður en það nær fullum þroska. Sú heytegund reynist mjög affarasæl sauðfénaði til þrifa. En þó mun smárinn reynast beztur. Ennfremur eru næpur og rófur ágætt fóður. — Viðvikjandi sauðfjárhúsum eru sömu lög gildandi hér sem á Íslandi. Þau verða að vera held fyrir vindi og regni. Vindsúgs eða trekklitil verða þau að vera, en heit mega þau ekki vera, því hiti á sauðfé ollir óþrifum. Gólfið í þeim verður að vera hreint og þurt, — bezt að bera á það hálm handa fénu að liggja á. Fjárhúsin verða að vera eins björt og iveruhús með gnægð af hreinu lofti. — Margir bændur hér í landi byggja fjárhús sín úr pressuðum hálmi, bundnum í bagga, veggina hlaða þeir með sama lagi, sem grjótveggir eru hlaðnir, þannig, að hver baggi bindi tvo aðra. En á þess konar veggjum er bezt að hafa þakið sem léttast og liprast, en þó vatns helt. Þessi byggingaraðferð er sögð ódýr, en húsin hlý og saggalaus. Sauðfjárgirðingar eru beztar úr ofnum vír eða möskva vír. Sé gaddavír brúkaður, eru fimm strengir hafðir, með 16½ fet á milli pósta. Ef við kaupum fé úr stórhörðum, þá er það fyrsta, er við þurfum að aðgæta, áður en við kaupum, að engin smittandi sýki sé í hjörðinni. Annað, þegar við komum með fé heim til okkar, þá að gefa því fóður mjög gætilega, því stórhjarða fé er vana lega magurt, og eftir langan flutning hungrað og lúið. Kaupum við það á þeim tíma árs, sem bithagi er, er bezt að setja það í nokkuð urinn haga og láta það jafna sig þar, áður en því er slept á fult gras. Sama lögmáli gegnir, ef við tökum fé til eldis í húsi: við verð um að halda í fóðrið fyrstu daga ana, meðan fé er að komast úr hungurbeygjunni. Því ef við gefum magurri og hungraðri sauðkind fóður, svo að sótt hlaupi á hana, eru meiri likur til þess, að hún deyi en lifi. Svo er áljitið, að kindin þurfi þriggja mánaða tíma, til að fullfitna, svo að hún sé góð markaðsvara, en það útkrefur kornfóðúr með því. — Undir núverandi markaðsverði, getur bændur ei, sér til arðs, keypt fé til markaðs fitunar. Og margir segja, að það borgi sig betur, að selja fóðurkornið, en að gefa það heima gripunum. En við verðum að gæta að því, að selium við allar kornafurðir burtu af landinu í bush máli, þá smá-eyðist og hverfur frjómagn jarða vorra, en með því að fita gripina, fær jörðin aftur það er hún gaf.

KETILL: Hvernig er bezt að hafa jötur í fjárhúsum?

ATLI: Hér í landi er heygjöf þannig háttað, að í húsunum er slegið upp stórum grindajötum, er rúmar margra daga gjöf. Til dæmis í húsi, sem rúmar hundrað fjár, jata slegin meðfram öðrum hliðveggj, frá gólfi og ein fimm fet upp. Lögun hennar þannig, að í botn er hún 4 þuml, en í topp 3—4 fet, mjóir borðrimlar upp og niður, með 2—3 þuml. millibil. Kindin má ekki geta komið höfðinu inn á milli rimlanna, þar eð kindurnar eyða heyinu alt af að neðan, sigur það jafnharðan niður. Þetta jötulag sparar vinnu, og þar sem fé er fóðrað í hundraðatali eða þúsunda er óhjákvæmilegt að hafa þannig úthúið. En þetta jötulag hefir sína galla: Fyrst, heyið saggar og fúknar af fjárdömpum, missir ilminn. Annað, kindin er þar alt af eins og undir heyinu, svo hætt er við, að fis og salli fari í augun. Fyrir bændur alment hér, er gamli íslenzki garðinn beztur. Kindinni er það eðlilegra, að stinga snoppunni niður til áts, en að teygja hana upp.

Ýmsir sauðfjárkvillar eru hér í landi, svo sem kláði. Við honum vitum við meðalið, sem er baðið og góð hirðing; ýmisleg ormaveiki, t. d. magaormur og fleiri. Við maga orminum hefir benzine eða gasoline olia reynst bezt meðal. Magaormurinn er skæðastur í lömbum. Hæfileg inntaka fyrir lamb er ein teskeið af benzine (mér hefir benzine reynst betra heldur enn gasoline), í hálfum bolla af volgri kúamjólk. Vanalega duga þrjár inntökur, ein á dag, en þó betra að gefa þá fjórðu að viku liðinni. Merki magaorms er sótt. Strax þegar hennar verður vart, er tími að gefa inn meðalið, því sé það dregið, er dauðinn vís. Af völdum ormsins þjáist skepnan áköfum kvölum, svo að hún emjar við. — Ormaveiki kveða eðlisfræðingar að kvikni í skepnum, er ganga í seilukendum eða blautum högum, og yfir höfuð í öllum högum, sem það hefir gengið á í mörg ár. Við kvefi reynist mörgum fjármanni hér vel, að rjóðra hrátjöru á snoppuna í kring um nasirnar. Kvef virðist mörgum lítilsverður kvill, en þó getur það orsakað annan kvilla ólæknandi ("Catarrh"). Rot eða fúi í klaufum er einn af kvillum kindar, og orsakast af foraróþverra, er sest að við klaufirnar. Kindin verður hölt, þolir illa að standa, étur á hnjánum. Bezta ráð við því er, að þvo og hreinsa klaufirnar, tálga hornbrýrnar neðan úr þeim, svo slétt sé, og bera á Creolin. Eftir því að dæma, er eðlisfræðingarnir segja okkur, okkur, þá er það eitt af því nauðsynlegasta viðvikjandi sauðfjárrækt, að við skiftum um haga sem oftast, því í gömlu högunum myndast sóttkveikjan. Í tilliti til frjófgunar jarðarinnar, er sauðfé líka arðvænlegt. Við skulum reyna að aka seglum eftir vindi, reyna að yfirstiga tálmanirnar, þótt við rekumst á, gerir ekkert. Við lærum af því, okkur mistekst sjaldan oftar en um sinn sama vik eða raun.

KETILL: Þið hafið hér vist mörg kyn sauðfjár? En hver eru þau beztu og happadrýgstu fyrir ykkur?

ATLI: Hér er urmull af sérkynjuðu fé, en hvert kynið að sé bezt, hvorki get ég eða vil ég segja þér. Einn beldur fram þessu kyni og annar hinu. En það get ég gert, að lýsa þeim fyrir þér, og segja þér dálitið um uppruna þeirra.

Svarmögótta fé, er gengur undir nafninu Southdown, er hingað flutt frá Englandi úr Sussex héraði, sem nefnt er "Downs". Það fé er viðurkent fyrir fingerðast kjöt. Er það alið upp á háu landi. Einnig "Cheviots", sem er skozka fjallafé, "Shorpshire", og svo hálendis fé Breta. Hin stóru kynin tilheyra láglendinu, svo sem "Cotwolds", "Lincolns", "Leicestershire", "Romany", "Marsh" og fleiri. Svo höfum við hér ennfremur hið spanska "Merino" fé (kynið, sem kom með fjárklæðann til Íslands). — Þessi fjárkyn reynast hér öll vel undir réttum staðháttum. Stóru kynin eru lingerðari og verða því að sæta betri meðferð, þola ei útigang, sem hin smærri kynin.

Jæja, félagi, þá höfum við nú litið yfir kindahópinn. Ef þú skyldir hugsa þér, að verða fjárbóndi, þá reyrdu að njóta velvildar nábúa þinna, þeirra, er fjárrækt hafa stundað og hepnast vel. Hjá þeim munstu fá tryggastar og hallkvæmastar ráðleggingar. Að svo mæltu göngum við frá fénu.

KETILL: Hvar hefir þú alifugla þina? Eða hefir þú enga?

ATLI: Jú, ég hefi fáeina. Þeir eru hér í kofa skamt burtu.

KETILL: Eru alifuglar arðsöm eign fyrir bóndann?

ATLI: Það er eftir því, hvernig þeir eru hirtir. Séu þeir illa hirtir, eru þeir byrðarauki. Þeir verða að hafa þurt og notalegt inni, góða fæðu, og hana sem margbrotnasta og gnægð af henni. Fæðu þeirra er gott að haga þannig: Hveiti, mais, bygg, hafra, rófur af ýmsum tegundum, möluð bein og kjötmeti, einnig muldar steintegundir, svo sem glerbrot, skeljabrot, eða mulið grjót. Það er betra en sandur, hann hefir ei nógu skarpar eggjar til að mylja fæðuna í sundur. Án grjótmalar af einhverri tegund, getur fuglinn ekki lifað, því með mölinni meltir hann fæðu sina. Vatn verða alifuglarnir að hafa eftir lyst, og varhuga verður við að gjalda, að það sé hreint, — tæma vatnstrogið á hverju kveldi og hreinsa það innan. Hafi maður marga fugla, er það vinnusparnaður á sumrum, að hafa vatnskút handa þeim að drekka úr. Við tökum t.d. 40 potta Anker tilsleg ið, með botn í báðum endum, borum 1 þml. gat á það innanvert með öðrum botni. Síðan tökum við bala, 3—4 þml. djúpan, og 4 þml. meir að þvermáli en Ankerið er, hvolfum síðan Ankerinu, fullu af vatni, niður í balann. Þá verður efri brún gatsins lítið eitt neðar en balabarmurinn. Sé Ankerið loftþelt í efri botn, rennur aldrei meira vatn úr því í senn en svo, að gatið að eins hvljist. Með þessu móti hafa fuglarnir alt af vatn í balanum í kring um Ankerið, svo lengi, sem í því endist. Með þessari aðferð þarf maður ekki alt af að hafa vakandi auga á því, hvort fuglarnir hafi að drekka. Þetta vatn nægir 200—300 hænsnum í 3 daga. — Bezt segja fuglaræktar menn að sé að hafa húsin, þ.e. hænsna hús, 3-skift, svefnherbergi, vinnuherbergi og varpherbergi. Það síðasttalda verður að vera fremur dimt, því hænsnum líkar miður að verpa í björtu. Hin herbergin verða að vera glóbiört, eigi fuglunum að líka vel. Öll hirðing þeirra verður að vera nákvæm, fri við öll óþrif. Kvikni lús á þeim, er bezt að baða þau. Húsi þeirra verður að halda hreinu, tryggja þau svo, að maður geti strokið þeim, og gefa þeim fæðuna með fastri reglu. Með réttri umönnun, eru þau öllu öðru arðsamari. — Hér á landi eru margar hænsnategundir, og vilji maður kaupa "fullblóðs" hænsni, verður maður vanalega að borga $5.00 fyrir parið. Til varps eru engin betri en algenga kynið, eins og búnaðarskólinn í ríkinu Maine hefir sannað. Þeir hafa þar gert langvarandi tilraunir með varphænsni af algengu kyni, og hafa komið hænum sínum til að verpa 150—250 eggjum á ári, og er þar með sannað, að það sé ekkert sérstakt kyn, er útkrefjist til varps, að eins góð og rétt meðferð.

KETILL: Hefir þú gæsir, endur og kalkún hænsni?

ATLI: Kalkún hænsni hefi ég og hepnast þau vel, en þó illa stundum. Þau eru fremur vandfarin með í uppeldi, en arðsöm, ef vel lánast. Endur og gæsir hafi ég ekki, og vil ekki hafa. Þær eru beztar við tjarnir og læki. Með hænsnunum mega þær ekki vera vegna sóðaskapar. Þær óhreinka drykkjarvatnið, svo hænsnin fá varla hreinan dropa vatns, sem orsakað getur kóleru og aðra kvilla.

KETILL: Hér hefir þú þá fjóra ketti og alla manneska.

ATLI: Já, án þeirra vildi ég ekki vera. Taminn köttur er mikils virði, en ótaminn einskis virði. Til þess að þeir séu tamir og veiði vel, verður maður að vera góður við þá, og gefa þeim nýmjólk á málum. Ég hefi dall í fjósinu, sem ég gef kvsum mjólk í á hverju máli, — það gerir þær ötular og viljugar til veiða, svo að þær gera hvorutveggja: veiða sér til matar og skemtunar. Góður köttur gerir bóndanum stórgagn, meira en margur við kannast. Bezt að vera góður við kysu, þá verður hún væn og dugleg.

Hver sá, sem kann að vita um heimilisfang og áritun John Rockman, er beðinn að tilkynna það á skrifstofu Heimskringlu.

Það kostar minna en 4 cent á viku

að fá HEIMSKRINGLU heim til þín vikulega árið um kring. Það gerir engan mismun hvar í heiminum þú ert, — því HEIMSKRINGLA mun rata til þín. Þú hefir máske heyrt að "blindur er bókalaus maður", en ef þú mátt missa 4c. á viku fyrir HEIMSKRINGLU þá verður þú hvorugt. 4c. á viku eða $2 um árið. Skrifið eftir Hkr. nú þegar, til P. O. Box 3083 Winnipeg, Man.

Það þarf að bíta.

Kæru landar, ef þið viljið fá vel skerptar sagirnar ykkar, þá komið þeim til mín, að 501 Beverly St. Líka skerpi ég skauta, skeggbnífa og allskonar eggjárn. — Alt fljótt og vel gert.

G. BERGÞÓRSSON,
501 Beverly St.

Ágæt meðul.

Ég hefi kýnst og pantað áður meðul við nef, kverka- og andkvefa sjúkdómum hjá Royal Remedy Co. Þau fá bezta vitnisburð. Þeir, sem senda mér sjúkdómslýsingu, og $4.00 fyrirfram, fá meðulin send heim til sín kostnaðarlaust hvar sem er í Canada. Eins og mörgum er kunnugt, hefi ég fengist töluvert mikið við meðalasölu stundum, og þekki "patent" meðul vel. Þessi meðul eru 'ekta' góð meðul, og fólk má treysta þeim, ef það kaupir þau í tæka tíð.

K. Ásg. Benediktsson.
540 Simcoe St., Winnipeg.

James Flett & Co.
PLUMBERS

Leiða Gas- Vatns- og Hitapípur í hús yðar, fyrir sanngjarnt borgun. Verk vandað, fljótlega gert og ábyrgst.

572 Notre Dame Avenue
Telephone nr. okkar er 2680 og 8539.

Stefán Johnson
Horni Sargent Ave. og Downing St.
HEFIR ÁVALT TIL SÖLU
Nýjar Áfir
Bezta í bænum, ágætar til bökunar. Ele gallon

Woodbine Hotel
Stærsta Billiard Hall Norðvesturlandinu
Tíu Pool-borð.—Alskonar vín og vindlar.
Lennon & Hebb,
Eigendur.

LEIÐBEININGAR--SKRÁ
YFIR ÁREIÐANLEGA VERZLUNARMENN Í WINNIPEG

MUSIC OG HLJÓÐFÆRI

CROSS, GOULDING & SKINNER, LTD.
323 Portage Ave. Talsími 4413

MASON & RISCH PIANO CO., LTD.
356 Main Street Talsími 480
W. Alfred Albert, Íslenzkur umboðsmaður

WHALEY ROYCE & CO.
356 Main St. Phone 263
W. Alfred Albert, báðarþjónn.

BYGGINGA- og ELDIVIÐUR.

J. D. McARTHUR CO., LTD.
Byggings- og Eldiviður í heildsölu og smásölu.
Sölust: Princess og Higgins Tals. 5060, 5061, 5062

MYNDASMIÐIR.

G. H. LLEWELLIN,
"Medalist" og Myndarammar
Starfstofa Horni Park St. og Logan Avenue

SKÓTAU Í HEILDSÖLU.

AMES HOLDEN, LIMITED.
Princess & McDermott. Winnipeg.

THOS. RYAN & CO.
Allskonar Skótau. 44 Princess St.

VÍNSÖLUMENN

GEO. VELIE,
Heildsölu Vínsali. 185, 187 Portage Ave. E.
Smá-sölu talsími 352. Stór-sölu talsími 464.

STOCKS & BONDS

W. SANFORD EVANS CO.
326 Nýja Grain Exchange Talsími 3696

ACCOUNTANTS & AUDITORS

A. A. JACKSON,
Accountant and Auditor
Skrifst.—28 Merchants Bank. Tals.: 5702

OLÍA, HJÓLÁS-FEITI OG FL

WINNIPEG OIL COMPANY, LTD.
Búa til Stein Olíu, Gasoline og Hjólás-Áburð
Talsími 1590 611 Ashdown Block

TIMBUR og BÚLOND

THOS. OYSTED, 208 Kennedy Bldg.
Viður í vagnhlössum til notenda, búlönd til sölu

REYKPIPR, NEFTÓBAK, og fl.

JOHN ERZINGER, McIntyre Block
Beztu pípur og tóbaksvörur í Winnipeg

Fréttir úr bænum.

Herra Oddur Johnson, frá Svarfhóli í Staðholtstungum í Mýrasýslu kom til Winnipeg í sl. viku, til þess að finna ættingja sina hér. Oddur hefir verið í Bandaríkjunum mestan aldur sinn, og hefir ekki séð Íslending í 26 ár, þar til nú, að hann tók sér ferð á hendur til að finna systur sina Valgerði, konu herra Stefáns Sigurðssonar, að Hnausa, og þorgerði systir þeirra. Hann dvaldi hjá herra Jóhannesi Sveinssyni, systursyni sínum, meðan hann var í bænum. — Oddur hefir um sl. fjórðung aldar verið á sífeldu ferðalagi um flestöll riki Bandamanna, að Alaska meðtöldu, og gefið sig mestmegnis við málmleitun og námagreftri. — Hann vissi, að nokkrir Íslendingar voru í Minnesota, en hafði litla eða enga hugmynd um, að þeir hefðu hér önnur bygðarlög. Á síðasta ári frétti hann þó, að hér í Winnipeg væru margir landar, og að hann ætti hér skyldmenni, og þess vegna kom hann nú hingað til þess að finna þau og litast um sér til skemtunar. Eftir að hann kemur frá Nýja Íslandi, ætlar hann að finna Jón Jónsson bróður sinn, að Howe P.O. í Álptavatns nýlendu.

Í síðasta blaði var þess getið að á Recital því, sem nemendur Jónasar Pálssonar hafa í Y.M.C.A. Concert salnum á Portage Ave. þann 25. þ.m., ætli herra Redford að syngja. Það mannsnafn var skakt prentað. Maðurinn heitir Redfern, og er einn æfðasti söngkennari og frægasti söngmaður í Canada. Herra A. J. Johnson, sem nú tekur sönglexíur hjá þessum kennara, segir hann hafa stórfelda söngyfirburði yfir alla söngmenn, sem hann hafi heyrt syngja. Það verður því í mesta máta tróðlegt, að hlusta á þennan mann, og Íslendingar, sem ætla að sækja þessa óke ypis skemt un, eru ámintir um, að koma tímanlega í salinn, svo þeir fái góð sæti, því það er þegar vissa fyrir því, að aðsókn verður mikil þangað þ ð kveld, svo að þeir, sem seint koma, geta ekki búist við að komast inn í salinn.

Collection verður tekin.

Herra Stefán Sigurðsson, kaupmaður á Hnausa og Gimli, hefir verið hér í bænum nokkra undanfarna daga, til að taka á móti fiski, sem veiðst hefir í fiskiverum hans í vetur, og senda hann til fiskikaupmanna í New York borg. Herra Sigurðsson sendi á sl. hausti nokkra menn til fiskiveiða vestur í Turtle vatn, sem er norðurloga í North Battleford héraðinu í Saskatchewan fylki, um 600 milur vestur frá Winnipeg. Veiðin hefir heppnast vel þar vestra í vetur, og fiskurinn verður honum ódýrari hér í Winnipeg, heldur enn sá fiskur er á Gimli, sem veiddur er norður á Winnipeg vatni. Sá fiskur, sem veiðist í Turtle vatni, er flattur á sleðum 60 milur vegar inn að Bresaylor Station í Saskatchewan, og þaðan með járnbraut 580 milur hingað til borgarinnar. Á þjórða hundrað fiskkassar fara í einn járnbrautarvagn. Eitt slikt vagnhlass sendi hann austur þann 4. þ.m., og annað næsta dag. Stefán lætur vel af útgerðinni, en segir vatnið vera litið og ekki til frambúðar.

Herra J. K. Jónasson, frá Dog Creek, Man., er hér á ferð um þessar mundir í verzlunar erindum. Hann kveðst nú fær um, að mæta þörfum viðskiftamanna sinna, þegar hann komi heim aftur, og að selja með betra verði, en áður hefir þekst þar nyrðra. — Hann sagði líðan manna góða yfirleitt. Fiskafli á þessum vetri fremur góður og verð á fiski með betra móti. — Útlit fyrir, að ekki skorti heyhingðir á þessum vetri. Indiánar þar nyrðra hafa lært það af Íslendingum, að afla sér nægra heyhingða á síðari árum, og selja hey til Íslendinga og annara, þegar tækifæri býðst. — Í undirbúningi er stórt fundarhald þar nyrðra til þess að ræða fjögur stórmál: 1) Lækkun vatnsins, 2) Framlenging járnbrautar frá Oak Point norður til Narrows að minsta kosti, 3) Umbætur á póstgöngum, og 4) Um að bygt verði fiskiklak þar nyrðra, eins og lofað hefir verið. Bygðarbúar eru alment farnir að vakna til meðvitundar um það, að til þess að fá nauðsynlegar umbætur þar nyrðra, þá verði þeir að hafa framkvæmdir sjálfir til þess að hrinda málunum af stokkunum. — Skólamálin, sem í fyrra orsökuðu nokkra sundrung þar nyrðra, eru nú í góðu lagi, og 2 skólar starfandi í vetur að Narrows og Dog Creek. Miss Hilda Johnson kennir á Narrows skóla, og hr. Jóhannes Eiríksson á Dog Creek skóla. Mjög vel er látið af báðum þessum kennurum. Þeir láta sér ant um velferð héraðanna og framfór barnanna.

Frá Norður Dakota er Heimskringlu ritað, að lát Sigurðar Aðalsteins Kráksson hafi borið að á sunnudagskveldið 24. janúar kl. 11.30 e.h., og að hann hafi gengið á skóla í Fargo um tíma veturinn 1903 og næsta vetur á ríkisháskólann í Grand Forks, hafi hann þá hugsað til að taka þar kennarapróf, en síðar hætt við það áform.

Í KVELD (miðvikud. 10. þ.m.) flytur herra Stefán Thorson erindi "Um afglöp". Þessi fyrirlestur er einn af þeim mörgu, sem Menningarfélagið gefur Íslendingum í Winnipeg tækifæri til að hlýða á þeim að kostnaðarlausu, það er vonandi að menn fjölmenni, því herra Thorson hefir ætið fróðleg t og velhugsað erindi að flytja.

Athugið.

Kvenfélag Fyrsta lúterska safnaðar í Winnipeg auglýsir hér með að það er viljugt til að taka móti þeim íslenzkum stúlkum, sem koma hér til bæjarins til dvalar, en sem ekki eiga ættingja eða vini hér til að taka móti sér. Félagið vill leitast við að vera slikum stúlkum hjálplegt og leiðbeinandi, t. d. að útvega þeim vinnu, sérstaklega vistir í góðum stöðum, útvega þeim heimili, þar sem þær geta dvalið, þegar þær eru ekki í vistum og einnig komið á þegar þær eru í vistum. Yfir höfuð vill félagið reyna að vera slikum stúlkum til eins mikils gagns, eins og í þess valdi stendur.

Þær stúlkur, sem vilja sinna þessu, geri svo vel að skrifa einhverri af undirrituðum félagskonum og láti þær vita hve nær þeirra er von. Tekið verður á móti þeim á járnbrautarstöðvum, ef þær óska þess.

Mrs. ÁRNI EGGERTSSON,
120 Emily St.
Mrs. F. JÓNSSON,
668 McDermot Ave.
Mrs. A. F. REYKDAL,
555 Maryland St.

Allir ættu að taka eftir auglýsingu frá Íslenzka Stúdentafélaginu á öðrum stað í blaðinu. Félagið hélt sams konar samkomu í fyrra, og voru allir ánægðir, er þangað kómu, hinir með sárt enni, er heima sátu. Í ár hefir félagið vandað enn meira til samkomunnar, helmingi fleiri keppa um málsnildar verðlaunin. Allar eru ræðurnar stuttar, svo að fólk þarf ekki að óttast, að þurfa að sitja of lengi. Samkoman verður alíslenzk. Eingöngu meðlimir félagsins skemta. Margir bíða með eftirvænting eftir, að heyra söng stúdenta. Lögberg hefir gefið medaliu, er snjallasti ræðumaður hlýtur. — Einnig verður á samkomunni útbýtt verðlaunum til þeirra, er fremstir urðu af þeim, er ritgerðir skrifuðu og sögur. Heimskringla gaf félaginu medaliu handa þeim, er bezta sögu ritaði. — Samkoman mælir með sér sjálf. Þeir, sem utan úr sveitum koma um þessar mundir, ættu að haga svo ferðum sínum, að þeir ekki tapi af góðri og uppbyggilegri skemtan.

FRÁ HELGA MAGRA.

17. febrúar nálgast óðum.

Að eins ein vika til stefnu. Miðvikudagurinn í næstu viku er samsætisdagur Vestur-Íslendinga á vetri — Þorrablótsdagurinn.

Þá verður alþingi nýsett í Reykjavík og fjöður og fit uppi á öllum í höfuðstað ættjarðar vorrar. Höfðingjar Austur-Íslendinga eru þá að bera saman ráð sín um frelsi og sjálfstæðismál Íslands.

Þá mega Vestur-Íslendingar ekki halda kyrru fyrir. Þá verða þeir að minnast þess, að Íslendingar viljum vér allir vera, koma saman til Þorrablóts og hugsa heim.

Látum hópinn á Manitoba-höll 17. febrúar verða Vestur-Íslendingum til sóma.

Komið stundvíslega klukkan átta.

Sest verður að borðum klukkan hálf-nía.

Hljóðfæraláttur og ræðuhöld.
Ný kvæði flutt og sungin.
Dans og þjóðlegar skemtanir.

Aðgöngumiðar kosta $1.25, og eru til sölu hjá H. S. Bardal, bóksala, Pétri Anderson, gosdrykkjasala á Sargent Ave., Jónasi Jónsyni, aldinasala í Fort Rouge og meðlimum klúbbsins.

Hagur fyrir almenning.

Ráðsmaður McCOLLOM LUMBER FÉLAGSINS, sem auglýsir á fremstu síðu í þessu blaði, hefir gefið Heimskringlu svolátandi upplýsingar um félagið og starfsemi þess:

Vér höfum verið heildsölu viðarsalar um nokkurra ára tíma, og höfum selt eingöngu til smásölukaupmanna. En vér höfum tekið eftir því, með áhyggju, að stefnan í þessari verzlunargrein er að verða sú, að smásölukaupmennirnir eru að komast á vald öflugra auðfélaga, og að hvar sem þetta ástand nær fóstum rótum, svo að félögin hafa á sínu valdi timbursölu á ýmsum stöðum, þá ráða þau algerlega verði á viðnum, og reglan er, að láta verðið vera það sama á öllum stöðum, og svo hátt, sem verða má.

Það er afarörðugt fyrir þann verzlunarmann, sem ekki tilheyrir timbursalafélaginu, en sem vill selja við sinn með sanngjörnu verði, að geta haldið áfram smásölustarfi, af því að, í fyrsta lagi, sögunarmyllurnar, sem allar eru eign timbursala félagsins, fást ekki til að senda neinn við til slíkra manna, — og í öðru lagi á hann örðugt með, að geta sett verzlun sína niður nálægt járnbrautarstöð. Timburfélagið í Bandaríkjunum ræður algerlega allri timburverzlun þar, og sama ástandið er óðfluga, að ná fóstum tökum hér í landi.

Í tilefni af þessu, sem að framan er sagt, höfum vér sagt skilið við einveldisfélagið, og sendum nú byggingarvið beint frá sögunarmyllum vorum til þeirra, sem þurfa að nota hann. Með þessu móti fá þeir notið þess hagnaðar í viðarkaupunum, sem annars rynni í vasa smásalanna. Vér álítum, að þessi steina vor verðskuldi sanngjarna viðurkenningu allra íbúa Canadiska Norðvesturlandsins. Því að hver sú hreyfing, sem gerir bændum og byggingamönnum mögulegt, að fá ódýrt byggingaefni, er öllu landinu til varanlegs hagnaðar. Vér kaupum fyrir peninga og seljum fyrir peninga í vagnhlössum ("Car load lots"), og þar eð vér verzlum með mörg þúsund vagnhlöss og verðum ekki fyrir neinu tapi, þá getum vér staðið oss við, að selja með litlum hagnaði. Þetta gerir oss mögulegt, að selja með lágu verði. Auk þess, sem vér verzlum með allskonar byggingavið, þá seljum vér einnig með heildsöluverði allskonar hurðir, glugga, kalk, cement, vegglím, byggingapappír og annað þess háttar. Ef bóndinn þarf ekki að fá heilt vagnhlass af við, þá getur hann sameinað sig við aðra, og þeir í samlögum pantað svo mikið, að þeir fái notið hagnaðarins af voru lága viðarverði.

Alt sem kaupandinn þarf að gera, er að senda oss lista yfir öll þau byggingaefni, sem hann þarfnast, og vér sendum honum skýrslu yfir, hvað það kostar, heimflutt á næstu járnbrautarstöð við heimili hans. Eða, ef hann finnur sig ekki færan til þess, að reikna út byggingaefnið, þá getur hann sent oss stærð og lýsingu af því húsi, sem hann vill koma upp, og vér skulum reikna út, hvaða efni þarf í bygginguna. Vér getum sparað þeim, er byggir, frá 7—8 dollara á hverjum þúsund fetum af bygginga við, eða frá $100 til $200 á hverju vagnhlassi ("Carload") eftir stærð þess.

Þetta er eitt af þeim fáu tækifærum, sem bændur og byggingamenn eiga völ á, til þess að fá ódýrt byggingaefni. Þess vegna ættu þeir sjálfs sín vegna, ekki síður en okkar, að færa sér það í nyt.

Það er enn eitt ótalið, en mikilsvert atriði í sambandi við viðarkaup, sem almenningur þekkir ekki, en það er, að þegar viðurinn er sendur beint frá myllunum, þá er hann betri að gæðum, en hann er, eftir að smásalarnir eru búnir að margvelja úr lakari tegundum skárstu spiturnar og færa þær yfir í betri tegundirnar, til þess að græða á því. En þegar vér sendum kaupendum viðinn beint frá myllunum, þá fá þeir nóg af hreinum, kvistlausum við í lakari tegundunum til þess að fullgera finasta verkið í húsum sínum, og spara sér þannig mikla peninga.

Ennfremur mælti ræðsmaður félagsins til þess, að þeir, sem kynnu að panta hjá sér við eða annað byggingaefni, vildu minnast á Heimskringlu, og mundi hann þá veita pöntun þeirra sérstakt at hyeli. Hann sagði áreiðanlegt, að viðarverð hjá sér væri að jafnaði $8.00 minna á hvert þúsund fet, heldur enn hjá öðrum kaupmönnum hér í borginni.

ÁRSSAMKOMA STÚDENTAFÉLAGSINS

Mánudagskveldið 15. febr. 1909

í Goodtemplara-salnum

PROGRAM.

1. Piano Solo ..... Ungfrú Halld. Johnson
2. Ræða: Metnaður ..... Hr. Stefán Bjarnason
3. Ræða: Borgaralegar skyldur – Ungfrú Salome Halldórsson
4. Violin Solo ..... Hr. Baldur Olson
5. Ræða: Frá austri til vesturs ..... Ungfrú Th. Jackson
6. Ræða: Mídas nútíðarinnar ..... Hr. B. Johnson
7. Ræða: Kvenfrelsi ..... Hr. Hallgr Johnson
8. Chorus: Söngur stúdenta ..... Nokkrir piltar
9. Ræða: Atlantshafið ..... Hr. Jónas Jónasson
10. Ræða: Framtíð íslenzkunnar ..... Hr. W. Lindal
11. Ræða: Að brúa hafið ..... Hr. J. P. Pálsson
12. Verðlaunaspeningum verður útbýtt
13. Chorus: Góða nótt ..... Nokkrar stúlkur

INNGANGUR 25c BYRJAR KL. 8.30

C. O. F.

C.O.F. lifsábyrgðarfélagið VÍNLAND heldur mánaðarfund sinn í kveld (fimtudagskveld 11. febr.). Fer þá fram innsetning embættismanna fyrir árið, og inntaka nýrra meðlima undir leiðsögn enskra embættisbræðra frá St. John stúkunni. Mjög æskilegt, að allir félagsmenn komi, því fundurinn er þýðingarmikill.

KÆRU LANDAR

Við höfum hús og lóðir í öllum pörtum bæjarins með mjög sanngjörnu verði og borgunarskilmálum. Einnig ágæt lönd viðsvegar um fylkið í skiftum fyrir hús og lóðir í bænum.

Peningar lánaðir. Hús og munir teknir í eldsábyrgð.

Finnið okkur að máli.

Markusson & Fridfinnsson,
605 McIntyre Block Telephone 5648

STAÐURINN TIL AÐ KAUPA GÓÐA SKÓ.

60 CENTA SALA

60 Cent af vanaverði af Kvenmanna, (Sorosis skótegundirnar undanskildar), og Karlmanna reimuðum skóm frá $2.00 og þar yfir. —

Það væri vandalaust, að að láta mikið yfir þessari markverðu sölu á kvenna og karla-skóm, en vér hyggjum, að hinn sannleikur sé áhrifa mestur.

$2.00 Finir Skór fyrir $1.40
$2.50 Finir Skór fyrir $1.90
$3.00 Finir Skór fyrir $2.40
$3.50 Finir Skór fyrir $2.90
$4.00 Finir Skór fyrir $3.40
$4.50 Finir Skór fyrir $3.90
$5.00 Finir Skór fyrir $4.40

Vörur vorar eru nýjar nýmóðins og áreiðanlegar.

KISTUR OG TÖSKUR.

QUEBEC SHOE CO.
Wm. C. Allan, Manager
639 MAIN ST. PHONE 8416.
Bon Accord Block, 2 dyr norðan Logan

DANS

Í LIBERAL CLUB HALL
[sem er andspænis W'peg leikhúsinu]
hvert þriðjudagskv. kl 8½
ODDFELLOW'S HALL
hvert laugardagskv. kl. 8½

Maher's Orchestra
SPILAR
Aðgangur Karlm 50c Konur Fritt
Komið og skemtið ykkur.

Arena Rink

Skautaskemtun á hverju kveldi. Ágætt Music.
JAMES BELL, eigandi.

F. Deluca

Verzlar með matvöru, aldini, smá-kökur, allskonar sætindi, mjólk og rjóma, sömul. tóbak og vindla. Óskar viðskifta Íslend. Heitt kaffi eða te á öllum tímum. Fón 7756

Tvær búðir:
587 Notre Dame og 714 Maryland St.

ÉG HEFI KEYPT ÚT KJÖTVERZLUN

herra Christjáns Oleson's á Notre Dame, og óska viðskifta allra þeirra sem áður verzluðu við hann. Gott kjöt og sanngjarnt verð.

A. E. COOPER,
692 Notre Dame Ave. Telefón 6906

BILDFELL & PAULSON

Union Bank 5th Floor, No 520

selja hús og lóðir og annast þar að lútandi störf: útvegar peningalán o. fl.

Tel.: 2685

J. L. M. THOMSON, M.A., L.L.B.
LÖGFRÆÐINGUR. 255½ Portage Ave.

ARNI ANDERSON Íslenzkur lögmaður

Í félagi með
Hudson, Howell, Ormond & Marlatt
Barristers, Solicitors, etc.
Winnipeg, Man.

13-18 Merchants Bank Bldg. Phone 3621, 3622

BONNAR, HARTLEY & MANAHAN

Lögfræðingar og Landskjala Semjarar

Suite 7, Nanton Block, Winnipeg

Hubbard, Hannesson and Ross
LÖGFRÆÐINGAR

10 Bank of Hamilton Chambers
Tel. 378 Winnipeg

Th. JOHNSON
JEWELER
286 Main St. Talsími: 6606

Íslenzkur Tannsmiður,

Tennur festar í með Plötum eða Plötulausar. Og tennur eru dregnar sársaukalaust með Dr. Mordens sársaukalausu aðferð

Dr. W. Clarence — Tannlæknir.
Sigurður Davíðsson—Tann-miður.
620½ Main St.
Phone 470 Horni Logan Ave.

A. S. BARDAL

Selur líkkistur og annast um útfarir. Allur útbúnaður sá bezti. Enfremur selur hann alskonar minnisvarða og legsteina.

121 Nena St. Phone 306

Vér sækjum þvottinn og flytjum hann heim til yðar. Verk ið ágætt, viðskifti áreiðanleg. Fljót skil.

The EMPRESS LAUNDRY Co.
74-76 Aikins St Phone 1440

Fullkomnustu vélar. Óska viðskifta yðar.

HIN ÁRLEGA Tilhreinsunar-Sala

Alfatnaðir búnir til handa yður eftir máli, úr hvaða efni sem er í búðinni, fyrir aðeins

$25

Snið, efnisgæði, áferði og verk lag ábyrgst. Þessir fatnaðir þegar tilbúnir, eru $35—$40 virði. Nú er tíminn. —

Ef það kemur frá Clement's þá er, það ákkúrat.

Geo. Clements & Son
Stofnað árið 1874
264 Portage Ave. Rétt hjá FreePress

Stefán Guttormsson,
Mælingamaður
663 AGNES STREET. WINNIPEG.

Dr. G. J. Gislason,
Physician and Surgeon
Wellington Blk. - Grand Forks, N.Dak
Sjerstokt athygli veitt AUGNA, EYRNA, KVERKA og NEF SJÚKDÓMUM

Drs. Ekern & Marsden,

Sérfræðislæknar í Eftirfylgjandi greinum: — Augnasjúkdómum, Eyrnasjúkdómum, Nasasjúkdóm um og Kverkasjúkdómum. : : :

Í Platky Byggingunni í Bænum
Grand Forks, .: N. Dak.

S. F. Ólafsson

619 Agnes St. selur Tamarac fyrir $5.50 og $5.75 gegn borgun út í hönd.

Telephone: 7812

Eldiviður

Þurt Tamarak $5.50 KORÐIÐ.
Vér óskum að þér reynið 1 kord.

J. G. Hargrave & Co.
334 MAIN ST
Phones:—431—432 og 2431

Boyd's Brauð.

Kostar yður minna á ári og er betra en nokkurt annað brauð í þessari borg. Brauð vor eru stór-ágæt og innihalda mestu sæðsemdar eiginleika. Reynið eitt brauð.

Boyd's

Bakery Cor. Spence & Portage Ave
Phone 1030.

KOL OG VIDUR

Þur, beinharður eldiviður, — Poplar, Pine, og Tamarac með mjög sanngjörnu verði. — Nú sem stendur verið að afferma mörg vagnhlöss af BEZTA DAUPHIN TAMARAC. —

McElroy Bros.
Cor. Sherbrooke & Ellice
PHONE: 6612

W. R. FOWLER A. PIERCY.

Royal Optical Co.
327 Portage Ave. Talsími 7286.

Allar nútíðar aðferðir eru notaðar við augn skoðun hjá þeim, þar með hin nýja aðferð, Skuggs-skoðun, sem gjöreyðir öllum ágiskunum. —

LAND

Vér höfum nýlega fengið til sölu yfir 30 Section-fjórðunga, liggjandi að Oaklands brant C. N. R. félaginu. Verðið er frá $7.00 til $12.00 hver ekra. Ekkert af löndum þessum eru meir en 5 mílur frá járnbrautinni.

Skuli Hansson & Co.
Skrifst. Telefón 6476. Heimilis Telefón 2274

Heimskringla.

Alt landið

er áþyrgst að vera jarðyrkju land af beztu tegund, og fæst keypt með vægum afborgunar skilmálum. (N.B.—Lesið fyrripart þessarar augl. vinstramegin við Hkr. nafn.)

Frekari upplýsingar veita

Skuli Hansson & Co.
56 Tribune Building. Winnipeg.

XXIII. ÁR. WINNIPEG, MANITOBA, FIMTUDAGINN, 18. FEBRÚAR, 1909 NR. 21

Fregnsafn.

Markverðustu viðburðir hvaðanæfa

E. B. Eddy félagið í Montreal hefir ákveðið að byggja eldspitna verkstæði einhversstaðar í canadiska Norðvesturlandinu. Formaður félagsins hefir ferðast um Norðvesturlandið, og virðist helzt hafa augastað á Lethbridge bæ, sem hentugasta staðnum. Lethbridge er örfáar milur austan við Banff, austast í Klettafjöllum í Alberta fylki.

— Stórmikið skaðabótamál, sem staðið hefir yfir um 5 ára tíma milli kola- og stálfélaganna í Nova Scotia, hefir verið leitt til lykta í hæstarétti Nova Scotia fylkis, og kolafélagið dæmt til að borga stál félaginu skaðabætur, sem nema mörgum miljónum dollara. Svo er mál þetta vaxið, að kolafélagið gerði í október 1903 samning við stálgerðarfélagið um, að selja því um hundrað ára tímabil öll þau kol, sem það þyrfti að brúka til stálgerðarinnar, og af svo góðri tegund, að þau væru hæfileg til stálgerðar, fyrir $1.24 hvert ton. En ekki leið á löngu, áður en stálfélagið kvartaði undan, að kolin, sem það fengi undir þessum samningi, væru svo ill, að þau væru ekki brúkandi til stálgerðar. Eftir nokkurt umtal, neitaði stálfélagið að taka kolin, og kærði kolafélagið um samningsrof. Stálfélagið heimtaði skaðabætur sem svaraði þeim mismun, er það varð að borga fyrir brúkanleg kol ($2.62 fyrir ton) og því verði, sem það hafði samið um við kolafélagið. Þessi mismunur varð á einu ári $80,000. Stálfélagið heimtaði einnig skaðabætur fyrir það, að það varð að hætta vinnu á verkstæðum sínum um stundarsakir, og bað um dóm fyrir því, að kolafélagið yrði skyldað til, að standa við samninginn. Máli þessu var skotið fyrir dóm árið 1906, og hefir síðan verið þar. Það sannaðist, að í stjórnarnefnd þessara félaga voru sömu mennirnir, að nokkru leyti. Ýmsir auðmenn í Canada og Bandarikjunum áttu hluti í báðum félögunum og voru í stjórnarnefnd beggja. Longley dómari í Nova Scotia dæmdi svo, að stálgerðarfélagið hefði góðan málstað í öllum atriðum, og að kolafélagið yrði að standa við samning sinn við það. Málinu var skotið undir leyndarráðsdómstól Breta, sem nú hefir samþykt fyrri dóminn, og skulu menn settir til að ákveða sekt þá, er kolafélagið skal borga stálfélaginu. Hve stór upphæðin kann að verða, veit enginn með vissu, en öllum kemur saman um, að hún hljóti að verða margar miljónir dollara.

— Merkilegt mál var nýlega fyrir rétti á Englandi. Verkamaður einn krafðist skaðabóta af verkveitanda fyrir það, að fluga hafði bitið hann meðan hann var að vinna. Dómarinn vísaði málinu frá rétti af þeirri ástæðu, að ekki hefði verið sannað, að verkamaðurinn hefði ekki borið fluguna á sér að heiman í vinnuna.

— Maður á Bretlandi hefir búið til nýja flugvél, sem sögð er að taka fram öllu, sem áður hefir þekst í því, að hún heldur alt af jafnvægi í loftinu, hvernig sem viðrar eða vindur blæs. Einkaleyfi hefir verið tekið í öllum löndum fyrir vél þessari.

Fjárhyggja

Hvaða vexti viljið þér fá af peningum yðar? Ég er í nánu sambandi við Vestren hlutafélög og get keypt hlutabréf fyrir viðskiftavini mína í áreiðanleg um félögum, sem borga frá 6 og í sumum tilfellum eins mikt og 15 prósent. Leggið sparifé yðar í góð gróðafélög. Skrifið eða komið og fáið upplýsingum um hvaða félag sem er. Í síðasta viku voru Hargrave félagshlutir 45c en nú eru þeir 56c virði. Kaupið nú áður en þeir hækka meira. Ég ræð viðskiftavinum mínum til að fá sér hluti í geo. E. ELLIS heildsala gull stáss félaginu á $1.00 hlutinn, og 25 prósent niðurborgun aðeins.

W. STANLEY KING
STOCKS, BONDS AND INVESTMENTS
Phone 2344 24 Aikins Building
Ég les og skrifa íslenzku.

SÍMSKEYTI FRÁ ÍSLANDI.

Ísafold sendi Heimskringlu þann 16. þ.m. svohljóðandi símskeyti:

"Björn Jónsson, ritstjóri Ísafoldar, kosinn forseti í sameinuðu þingi.

"Hannes Þorsteinsson, ritstjóri Þjóðólfs, kosinn forseti neðri deildar.

"Kristján Jónsson, háyfirdómari, kosinn forseti efri deildar.

"Andstæðingar stjórnarinnar eru 24.

"Alþingi hefir samþykt, að kosning Dr. Valtýs Guðmundssonar, háskóla kennara, sé ónýt."

Samkvæmt þessu skeyti virðist oss, sem Seyðisfjarðar kjördæmið verði þingmannslaust á þessu þingi, með því að skeytið tekur það ekki fram, að séra Björn Þorláksson sé viðurkendur þingmaður.

— Talsverðar umræður hafa orðið í Ottawa þinginu út af stroki "Bill Miners" ræningjans mikla, sem tvívegis rænti vagnlestir C.P.R. félagsins í British Columbia, og var dæmdur í ævilangt fangelsi fyrir það. Þessi ræningi slapp úr fangelsinu í British Columbia þann 8. ágúst 1907. Fé var lagt til höfuðs honum, og leit var gerð, en maðurinn var horfinn og hefir enn ekki fundist. Nú heldur herra J. D. Taylor, þingmaður fyrir New Westminster, því fram í þinginu, að þessum ræningja hafi verið skotið undan af ásettu ráði, af þeim, sem áttu að gæta hans. Það hefir um nokkurn tíma legið grunur á þessu. En ekkert varð opinbert um það fyr en á síðasta hausti, að einum stjórnarþjóni við fangahúsið þar vestra þótti stjórn in breyta ósanngjarnlega við sig. Hann lét þess þá getið opinberlega að ef sér yrði sýnd nokkur ósanngirni, þá gæti hann gefið þær upplýsingar um flótta þessa ræningja, sem mörgum mundi þykja fróðlegt að heyra. Við þetta hefir setið. Stjórnin hefir síðan "breytt svo sanngjarnlega" við hann, að hann hefir ekki fundið ástæðu til að segja meira um þetta mál. En svo er að sjá, sem einhverjir aðrir hafi haft veður af því, sem á gekk í fangelsinu um þessar mundir. Að minsta kosti segir þingmaðurinn að það sé í almæli, að í fyrra járnbrautarráninu, sem Miner þessi framdi, hafi hann komist yfir verðbréf, sem námu nær $70,000.00, og að til þess að fá hann til að skila þeim aftur í hendur eigendanna, hafi honum verið leyft að sleppa úr fangelsinu.

— Samvinna er nú með borgarstjórnum í Austur-Canada og ríkisstjórninni, að senda úr landi alla þá, sem hingað flytja og ekki eru svo vinnufúsir eða vinnufærir, að þeir komist af án þess að njóta styrks eða aðstoðar frá öðrum. — Nokkrir af mönnum þessum eru frá Bandaríkjunum, flækingar, betlarar, þjófar og iðjuleysingjar. Aðrir eru frá Englandi og öðrum löndum. Svo margt er nú orðið af náungum þessum í ýmsum borgum eystra, að strangar ráðstafanir hafa verið gerðar til þess, að koma þeim algerlega burt úr landinu.

— Nefnd sú, sem í sl. september var sett til þess að rannsaka fjárhagsástand og framtíðar möguleika Intercolonial brautarinnar, hefir lokið starfi sínu, og leggur það til, að stjórnin kaupi allar þær brautir í Nova Scotia og New Brunswick, sem liggi út frá eða séu samtengdar við Intercolonial brautina, og geri þær allar eitt þjóðeignakerfi. Einnig að ýmsar aukabrautir séu bygðar, og alt sé svo undir umsjón stjórnarinnar.

— Nýlega hefir John Lee á Englandi gengið í hjónaband. — Þetta átti hann eftir. — Fyrir 23 árum varð hann sekur um, að hafa myrt húsmóður sína, og var dæmdur til hengingar. Þrjár tilraunir voru gerðar til þess að hengja hann, í Exeter fangelsinu, en í hvert skifti kom eitthvað fyrir í útbúnaðinum — svo að það var farið með hann aftur í fangelsið. Þetta varð að miklu umtali um alt England, og maðurinn varð frægur sem sá er "ekki átti að hengjast". Blöðin gátu þess, að með öllum þeim krafti, sem stjórnin gæti beitt, þá skorti hana þó mátt til að hengja þennan eina mann. Þá var dóminum breytt í ævilangt fangelsi, og eftir að hafa verið þar um 22. ára tíma, var hann náðaður fyrir rúmu ári síðan. Fyrir fáum dögum kvongaðist hann hjúkrunarkonu við fátækrastofnun í Newton bæ. Hjónavígslan fór fram í aðalkirkjunni þar, að viðstöddum mesta mannfjölda, sem kom af forvitni til að sjá mann þann, "sem ekki var hægt að hengja".

— Frumvarp til laga verður borið upp í Ottawa þinginu innan fárra daga um, að Canada stjórn gefi út ríkisskuldabréf í 10 dollara upphæðum eða minna, og hafi þau til sölu á hverju því pósthúsi um alt ríkið, sem peningaávísanir eru seldar á. Skuldabréf þessi skulu bera 3½ prósent árlega vexti. Tilgangur þessa frumvarps er að örfa sparsemi meðal íbúa ríkisins, og að gera þeim mögulegt að ávaxta fé sitt, sem að eins eiga litlar peninga upphæðir. — Hugmyndin er góð að því leyti að hún færir stjórnar sparibankana heim að hvers manns dyrum, og getur orðið mörgum unglingi og fátæklingi hvöt til þess að kaupa slík skuldabréf, sem annars mundi eyða fé sinu án verulegra þarfa.

— Bænarskrá með undirskriftum þrjú þúsund manna, verður innan fárra daga send til dómsmálastjórans í Ottawa, og hann beðinn að levsa út úr Kingston fangelsinu Joseph Phillips, formann York County Loan félagsins, sem í fyrra var dæmdur í 5 ára fangavist fyrir svikserni í sambandi við stjórnarstörf félagsins.

— — Þingið í Tennessee ríkinu samþykti nýlega, að eftir 1. jan. 1910 mætti enginn búa til áfenga drykki þar í ríkinu. Ríkisstjórinn neitaði, að samþykkja þessi lög, og sendi þá neitun til þingsins. En Senatið samþykti tafarlaust lögin á ný, alveg óbreytt, með 20 atkv. gegn 12.

— Manchester háskólinn á Englandi hefir nýlega gefið út skýrslu er sýnir að af 560 konum, sem hafa útskrifast af háskólanum, hafi að eins 64 giist, hinar allar ógiftar. Af þessum 64 konum voru 12, sem giftust mönnum, er útskrifuðust af sama skóla. Sama ástand er í Lundúnum. Skrifari Lóndon háskólans segir að þetta eigi rót að rekja til þess, að karlmenn óttist lærðar konur, og sneiði sig þess vegna hjá þeim.

— Mrs. Carrie Nation var nýlega sektuð $7.50 á Englandi fyrir að reka regnhlíf sína gegn um glugga rúðu, sem á stóð auglýsing um Cigarettur. Gamla konan þoldi ekki að sjá auglýsinguna á rúðunni og braut hana þess vegna, en varð að borga fyrir skemdirnar.

— Þann 6. þ.m. var Harry J. Bauman settur í fangelsi fyrir að hafa kvongast 50 konum viðsvegar í Bandaríkjunum og í Evrópu, og flekað af þeim yfir 50 þúsund dollara. Hann brosti, þegar dómarinn spurði, hvort hann hefði ekki grætt meira fé á giftingabralli sínu, en vildi ekki svara spurningunni.

— Brezku nýlendurnar í Suður-Afríku hafa bundist í eina ríkisheild. Þingið skal hafa 2 málstofur. Í þeirri neðri verða 121 fulltrúar, þar af 51 frá Cape héraðinu, 36 frá Transvaal, 17 frá Natal og 17 frá Orangia. Ríkisheildin tekur að sér skuldir allra þessara landshluta. Stjórnarskráin verður sniðin eftir canadisku stjórnarskránni. Efri málstofan eða Senatið hefir 40 fulltrúa, 8 verða valdir af krúnunni eða landsstjóranum fyrir hennar hönd, hinir 32 af íbúum ríkisins.

— Báðar deildir þingsins í Svíþjóð hafa samþykt jafnréttislög fyrir konur. Allir þegnar yfir 24. ára, karlar og konur, eiga nú atkvæðisrétt í þingkosningum.

— Conservativar í Alberta fylki hafa kosið sér fyrir leiðtoga M. S. McCarty, Dominion þingmann fyrir Calgary. Lítill efi er á, að hann þiggi stöðuna. McCarthy er lögmaður, og þingmenska hans í Ottawa 6 mánuði af ári, hefir svo skemt atvinnuveg hans heima fyrir, að hann kýs að gefa sig allan við atvinnu sinni framvegis.

— Stjórn Spánverja hefir gert samninga við Wicker skipasmíðafélagið á Englandi um að smíða nokkur herskip, er alls skuli kosta 40 miljónir dollara.

— Herra Hiram P. Maxim hefir uppgötvað verkfæri til þess að tengja við riffla og fallbyssur, sem eyðir öllum hávaða af skotinu, svo að enginn hvellur heyrist þegar hleypt er af. Hr. Maxim hefir sýnt þessa uppfundningu og sannað áreiðanlegleik hennar. Héreftir verða því stríðin þegjandi og hljóðalaus. Verkfæri þetta, eins og það er sett á byssur, er ofurlitill hólkur, sem smeygt er upp á byssuhlaupið. Hólkurinn er um 6 þuml. langur og vegur frá 8 til 11 únzur.

— Nýlega var í Toronto borg höfð uppboðssala á úrvals fullkynjuðum nautgripum, og er svo sagt, að það hafi verið mesta gripaúrval, sem nokkurntíma hefir sést í Canada. Ein rauð kvíga seldist þar á uppboðinu fyrir $2,500. Hún er af stutthyrninga kyni, og hafði tekið fyrstu verðlaun á sýningum þar eystra. Kaupandinn var herra Thomas Johnson, frá Columbus, Ohio. Verðið er það hæsta, sem nokkurntíma hefir verið borgað fyrir kvígu í Canada.

— Seytján ára gamall piltur í Toledo í Bandaríkjunum hefir verið dæmdur í ævilangt fangelsi fyrir það, að hann í janúar í fyrra rotaði móður sína með hamri, til þess að geta náð af henni $57.00, sem hún hafði á sér, og hann langaði til að eiga.

$356,788.31

er Tekjuafgangur Roblin Stjórnarinnar fyrir árið sem leið

NÆR MILLÍÓN DOLLARS Í PENINGUM Í FYLKISSJÓÐI.

Hon. Hugh Armstrong flutti fjármálaræðuna á mánudagskveldið var. Hún sýnir hið fjárhagslega ástand fylkisins í ágætu lagi undir stjórn Hon. R. P. Roblins. — Lækkun á talþráðagjöldum lofað frá nýári sl. Ötiltekið hve mikil sú lækkun verður. — Meira um þetta mál í næsta blaði.

Ullarverksmiðja á Gimli

Herra E. Kern, eigandi Northwest Rug and Blanket Mill, Winnipeg, sem rekið hefir ullarverksmiðjustarf sl. 4 ár, er sem stendur að hugsa um, að flytja verkstæði sin niður að Gimli og setja sig þar niður, ef samningar takast við fólkið þar nyrðra. Herra Stefán Sigurðsson, kaupmaður að Hnausa, hefir í sl. 3 mánuði verið að telja þennan mann á að flytja þangað norður, og hefir þegar fengið hann til þess, að ferðast þangað og skoða Gimli bæ og gera sér grein fyrir ástandi öllu og framtíðar möguleikum þar. — Sjálfur hafði herra Sigurðsson skoðað verksmiðjurnar hér efra og leist svo vel á þær, að hann ágirntist að fá þær settar niður á Gimli. Svo er honum ant um þetta, að hann hefir boðið, að leggja til á eigin reikning land undir verkstæðin, ef ekki takist samningar við bæjarstjórnina á Gimli. Herra Kern kveðst hafa von um, að bæjarstjórnin á Gimli muni verða þess fús, að veita sér þau hlynnindi, þar sem hann sé fyrsti verksmiðjueigandinn, er fús sé til að flytja verkstæði sín þangað, og að hann geti séð sér fert, að rifa verkstæði sín hér niður og flytja þau ofan eftir. Það mundi verða hin bezta auglýsing fyrir Gimli bæ. — Hann býst við að geta haft stöðuga atvinnu fyrir 30 til 40 manns, til að byrja með.

Það, sem í hans augum er mesta aðdráttaraflið, er, að hann geti fengið þar eldivið með lítu móti og gott vatn, sem er nauðsynlegt til þess að vinna ullina. — Herra Kern vonar, að bæjarstjórnin á Gimli sjái sér fært, að undanþiggja stofnun sína skattgreiðslu um nokkurra ára tíma. Hann hefir rekið hér arðsamt starf, og segir, að flutningur verkstæða sinna til Gimli sé algerlega komið undir þeirri stefnu, sem bæjarstjórnin kunni að taka í málinu.

Kostnaðurinn við að rifa niður byggingarnar hér og flytja þær og vélarnar ofan eftir, og að koma öllu þar í vinnandi ástand, hlýtur að verða talsverður. Alt þetta vonar hann að bæjarstjórnin ihugi og það með, að bygging og starfsemi verkstæðisins þar yrði hin kröftugasta auglýsing fyrir ekki eingöngu Gimli bæ, heldur fyrir alt héraðið. Verkstæðin yrðu kölluð "The Gimli Woolen Mills". Það nafn er í sjálfu sér mikilsverð auglýsing. — Atvinnan, sem verkstæðin væntanlega veita, og iðnaðurinn sem þau kenna þeim, sem við þau vinna, er og mikilsvirði, auk þeirrar verzlunar, sem slík stofnun að sjálfsögðu flytur í fari sínu.

Oss skildist, að herra Kern mundi biðja um skatt undanþágu um nokkuð mörg ár, máske alt að 20, og ef til vill einhver önnur hlynnindi, sem létt gætu undir með starfi hans þar neðra, meðan hann væri að koma sér í það starf andi ástand, að verkstæði hans gætu gengið með fullum krafti árið um kring. Hann vonaði og, ef af samningum yrði, að fólk þar neðra vildi auka svo sauðfjárrækt sína, að það hefði talsverða ull til sölu árlega.

Svipur prestsins.

Blaðið London Despatch, dags. 3. jan. sl., flytur svipsögu, sem orðið hefir að allmiklu umtali þar í landi, með því að það er almennt viðurkent, að hún sé sönn. Þó enginn hins vegar geti gefið nokkra skýringu yfir hana.

Svo stóð á, að séra Astley í Austur-Redham á Englandi, ætlaði að ferðast til Algeriu, og fékk séra Robert Brock, prest í Lundúnum, til þess að þjóna brauðinu fyrir sig meðan hann væri í burtu.

Séra Brock segir söguna á þessa leið:

"Ég mætti Dr. Astley í fyrsta sinni í Lundúnum þann 9. desember sl., og átti hálfrar stundar tal við hann, áður en ég kom hingað til Redham. Svo frétti ég ekkert frá honum, þar til laugardaginn 26. desember. Þá fékk ég bréf frá séra Herbert Muril, enska prestinum í Algeriu, sem tilkynti mér, að Dr. Astley hefði meiðst í járnbrautarslysi þann 16. desember. Að kveldi þess sama dags, sem ég fékk bréfið, sat ég inn í borðstofunni. Þá kom frú Hartley þar inn. Hún var bústýra Dr. Astleys, og bað mig að koma með sér og horfa á Dr. Astley, og svo leiddi hún mig inn í bókhlöðuna. Ég leit út um gluggann, út á grasflötinn, og sá þá, hvar Dr. Astley stóð í prestsklæðum sínum upp við vegginn, sem myndar hlið borðstofunnar. Ég þekti strax, að það var Dr. Astley eins og ég hafði séð hann í Lundúnum, alskeggjaður. Ég nuddaði augun, til þess að vera viss um, að engin missýning gæti hér átt sér stað. Og svo horfði ég út aftur, og sá hann standa barna Hann horfði ekki í áttina til min, heldur var eins og í djúpri hugsun. Mrs. Hartley sá þessa sömu sýn. Vinnukonan í húsinu hafði komið inn í stofuna, og hún einnig sá og þekti Dr. Astley standa þarna. Við skildum ekki, hvers vegna hann stæði þarna og kæmi ekki inn. Ég gekk út til þess að bjóða hann velkominn. En þegar ég kom út, var hann horfinn. Klukkan var 4.45 eftir hádegi, þegar þetta gerðist".

Nokkrum dögum síðar sá frú Hartley þessa sömu sjón, og þegar hún kallaði á séra Brooks, þá sá hann það einnig. En þá var sýnin ekki eins glögg og hún hafði áður verið, en þó svo ljós, að þau þektu prestinn bæði.

Séra Brooks skrifaði þessa frétt til Algeriu, og fékk það svar, að einmitt á þeim tíma, 26. desember,, sem hann hefði séð svipinn í Lundúnum, þá hefði Dr. Astley legið fyrir dauðanum og meðvitundarlaus í Algeriu. Síðar fékk Dr. Astley bata, og komst heim til að þjóna brauði sinu.

Brezku blöðin, sem um þetta mál hafa rætt, viðurkenna, að sagan sé sönn, því að öll þau þrjú vitni, sem um hana hafa borið, eru í fylsta máta áreiðanleg, og þar sem þau öll sáu þetta í einu, þá efast blöðin ekki um, að sagan sé sönn. En hvernig á sýn þessari stendur, það vilja blöðin fá að vita, og enginn hefir enn getað leyst úr þeirri ráðgátu.

Athugið.

Kvenfélag Fyrsta lúterska safnaðar í Winnipeg auglýsir hér með að það er viljugt til að taka móti þeim íslenzku stúlkum, sem koma hér til bæjarins til dvalar, eða sem ekki eiga ættingja eða vini hér til að taka móti sér. Félagið vill leitast við að vera slíkum stúlkum hjálplegt og leiðbeinandi, t. d. að útvega þeim vinnu, sérstaklega vistir í góðum stöðum, útvega þeim heimili, þar sem þær geta dvalið, þegar þær eru ekki í vistum og einnig komið á þegar þær eru í vistum. Yfir höfuð vill félagið reyna að vera slíkum stúlkum til eins mikils gagns, eins og í þess valdi stendur.

Þær stúlkur, sem vilja sinna þessu, geri svo vel að skrifa einhverri af undirrituðum félagskonum og láti þær vita hve nær þeirra er von. Tekið verður á móti þeim á járnbrautarstöðvum, ef þær óska þess.

Mrs. ÁRNI EGGERTSSON,
120 Emily St.

Mrs. F. JÓNSSON,
668 McDermot Ave.

Mrs. A. F. REYKDAL,
555 Maryland St.

Á miðvikudagskveldið í næstu viku (24. þ.m.) verður fundur í félaginu, og flytur hr. P.M.Clemens þá erindi "Um frið".

Wall Plaster

Með því að venja sig á að brúka "**Empire**" tegundir af Hardwall og Wood Fibre Plaster er maður hár viss að fá beztu afleiðingar.

Vér búum til:

"Empire" Wood Fibre Plaster
"Empire" Cement Wall "
"Empire" Finish "
"Gold Dust" Finish "
"Gilt Edge" Plaster of Paris
og allar Gypsum vörurteg. undir. —

Eiðum vér að senda yður bækling vorn?

MANITOBA GYPSUM CO. LTD
STOFNAÐUR OG MILLUR Í
Winnipeg, - Man.

Heimskringla

Published every Thursday by The Heimskringla News & Publishing Co. Ltd

Verð blaðsins: í Canada og Bandar $2.00 um árið (fyrir fram borgað).
Sent til Íslands $2.00 (fyrir fram borgað af kaupendum blaðsins hér $1.50.)

B. L. BALDWINSON,
Editor & Manager

Office:
729 Sherbrooke Street, Winnipeg
P.O. BOX 3083. Talsími 3512.

Vestur-íslenzkur þjóðsæmdarmaður.

SKÚLI JOHNSON, nemandi við Wesley College í Winnipeg, er fyrsti Íslendingur til þess að hljóta Rhodes námsverðlaunin, að upphæð 900 pund sterling, eða rúmlega 16 þúsund krónur, til þess að geta fullkomnað nám sitt við Oxford háskólann á Englandi.

Þetta er sá mesti og eftirsóknarverðasti heiður, sem nokkrum nemanda getur hlotnast, og Skúli er fyrsti Íslendingurinn, sem öðlast hefir það hnoss.

Þeim, sem ei vita um,hver Skúli Johnson er, vildum vér benda á að lesa Heimskringlu, dags. 6 júní 1907. Í því blaði er mynd af honum og æfiágrip, og lýsing nokkur af námsskeiði hans hér í borg, og þeim námsverðlaunum, sem hann hefir árlega hlotið. En þess eins má geta hér, að hann er fæddur á Hlíð á Vatnsnesi í Húnavatnssýslu árið 1888. Hann er sonur Sveins óðalsbónda Jónssonar, er þar bjó, og konu hans Kristínar Þórðardóttur, frá Flatnefsstöðum á Vatnsnesi.

Þau hjón fluttu hingað vestur í júlí 1889 með piltinn, þá á fyrsta ári. Sveinn dó skömmu eftir að hann kom hingað vestur, en kona hans andaðist fyrir fáum vikum.

Skúli hefir alist upp hjá frænda sínum herra Jóni Thorsteinssyni, reiðhjólasala hér í bæ, sem fljótt sá, hvað í piltinum bjó, er hann tók að þroskast, og setti hann því til menta, með þeim árangri, sem nú er orðinn

Alt námsskeið Skúla hefir verið hið glæsilegasta frá upphafi fram á þennan dag, og það hefir verið viðurkent, að hann hafi skarað fram úr öllum nemendum, sem til þessa tíma hafa gengið háskólaveginn í Manitoba fylki. Við hvert próf hefir hann tekið hæstu verðlaun, sem skólinn hefir getað veitt nokkrum nemanda, og nú síðast um jólin, hlaut hann þær einu tvær gullmedalíur, sem skólinn veitti nemendum sínum, — aðrar fyrir beztu frumsamda ritgerð, og hina fyrir bezta frumsamið kvæði, eins og þá var getið um í þessu blaði.

Með því, að fæstum af lesendum þessa blaðs mun vera full-ljóst, hvernig sjóður sá er tilorðinn, sem verðlaun þessi eru veitt úr, eða hver þau skilyrði eru, sem námsmenn verða að fullnægja til þess að fá notið þeirra, þá skal hér gefið stutt yfirlit yfir hvorttveggja.

Maður er nefndur Cecil John Rhodes, Englendingur að ætt og uppruna. Hann naut á ungdómsárum sínum mentunar við Oxford háskólann á Englandi, en flutti eftir það til Suður-Afríku, og gat sig að gróðastarfi við gull og demants-námana þar syðra, og honum græddist þar auð fjár. Hann var mikilhæfur maður og hinn mesti föðurlandsvinur. Ekkert var í hans augum jafn fagurt og aðdáanlegt eins og hin brezka ríkisheild. Og öllum sínum miklu kröftum varði hann jafnt til þess að auðga sjálfan sig og til þess að auka afl og veldi brezku krúnunnar þar syðra. Segja margir, að honum sé það að þakka, að Bretar séu nú búnir að ná eignarhaldi á þeim hluta Suður Afríku, sem nú lýtur þeim. Rhodes gaf sig mikið að stjórnmálum, og var um eitt skeið formaður þeirrar stjórnar, sem stýrði fylki því þar syðra, sem ber nafn hans — Rhodesía.

Rhodes var maður talsvert metorðagjarn og festi á síðari árum æfi sinnar þann ásetning í huga sér, að búa svo um hnútana, að áhrifin af æfistarfi hans dæu ekki út með honum, heldur skyldu þau vera ævarandi, eins lengi eins og brezka veldið væri við lýði, og nafn hans þannig gert ódauðlegt í mannkynssögunni. Hann myndaði því sjóð mikinn, af miklum hluta af auði sínum, og skyldu vextirnir af því notast árlega til styrktar mikilhæfustu námsmönnum á Englandi og í brezku nýlendunum, í Bandaríkjunum og á Þýzkalandi. Og skyldi hver námsmaður fá 300 punda styrk á ári, um þriggja ára tíma, til þess að stunda fullnaðarnám við Oxford háskólann á Englandi, — sömu stofnunina, sem hann sjálfur hafði mentast við. Og svo margir skyldu njóta þessa þessa styrks, sem vextirnir af sjóðnum hrykkju til að menta. — Um 150 námsmenn njóta styrks þessa árlega.

Í erfðaskrá þeirri, sem herra Rhodes gerði skömmu áður en hann dó, er meðal annars þessi grein:

"Löngun mín er, að þeir nemendur, sem valdir verða til þess að njóta námslaunanna, séu ekki bókaormar eingöngu. Ég legg svo fyrir, að í vali námsmanns til þess að njóta námslaunanna, skuli tillit tekið til (1) Bókmentahæfileika hans og lærdómsþekkingar, (2) Tilhneigingar hans og hæfileika til þátt-töku í karlmannlegum íþróttum og útidyraleikjum, svo sem Cricket, fótbolta leikjum og þess háttar, (3) Manndómseðli hans, hreinskilni, hugrekki, skyldurækni, meðaumkun með og verndun þeirra veiku, góðgirni, ósérplægni og félagslyndi, og (4) Hvernig hann hefir á námsárunum

SKÚLI JOHNSON.

sýnt siðferðislegt þrek og eðlisfar til þess að leiða skólabræður sína, og taka þátt í kjörum þeirra, — því að þessir siðartöldu eiginleikar eru líklegir til þess á síðari árum að koma honum til þess, að meta það sem æðsta markmið, að gefa sig við og gegna þjóðlegum skyldustörfum. — Ég leyfi mér að benda þeim, sem kunna að verða settir til þess, að velja þá námsmenn, sem njóta skuli námslaunanna, á það, að ég álít, að hæfilegustu námsmennirnir ættu að sameina í eðli sínu þessi fjögur skilyrði í þeim hlutföllum, er hér skal greina: — Þrír tíundu, fyrir það fyrsta; tveir tíundu, fyrir annað; þrir tíundu, fyrir það þriðja, og tveir tíundu fyrir hið fjórða skilyrðið. Svo að samkvæmt minni skoðun, ef 200 stig væru nauðsynleg til þess að hljóta námslaun, þá yrðu þau í þessum hlutföllum: 60 fyrir hvert af fyrsta og þriðja skilyrðinu, og 40 fyrir hvort af öðru og fjórða skilyrðinu. (2) Stigatalan fyrir hin ýmsu skilyrði yrði veitt fráskilin hvort öðru á þennan hátt: (það er að segja) Stigin fyrir fyrsta skilyrðið samkvæmt prófum fyrir hvort um sig af öðru og þriðja skilyrði með atkvæðagreiðslu skólabræðra umsækjandans, og fyrir fjórða skilyrðið eftir tillögu skólastjóra þess skóla, sem umsækjandinn hefir stundað nám sitt við. (3) Stigasamtalið, — það er að segja, stigafjöldinn, sem hver umsækjandi hefir hlotið fyrir hvert sérstakt skilyrði, skyldu sendast svo fljótt, sem auðið er, til umsjáenda, eða þeirra annara, sem settir verða til að veita þeim móttöku, og munu þeir þá, með því að rannsaka stigatöluna, ákveða hver hljóta skuli námslaunin.

"Ekkert tillit skal tekið til þess hverrar þjóðar eða trúarskoðunar umsækjandinn er. Dómnefnd skal ráða, hver þir hljóta skuli námslaunin, eftir að hafa ráðfært sig, — ef þeim virðist það nauðsynlegt — við mentamálastjóra þess fylkis eða ríkis, sem umsækjandinn dvelur í.

"Þeir, sem hljóta námslaunin, skulu innan 7 mánaða, eða svo fljótt þar eftir, sem því verður viðkomið, taka sér aðsetur við Oxford háskólann, og skulu námslaunin verða þeim borganleg frá þeim tíma, sem þeir byrja aðsetur sitt þar".

Þetta er nokkurn veginn nákvæmur útdráttur úr erfðaskránni að því er snertir skilyrði til námslaunanna, og sýnir það, hve ljósa hugmynd herra Rhodes hefir gert sér um það, hvernig þeir menn ættu að vera, sem yrðu látnir njóta þeirra.

Í lýsingu sinni hefir hann nákvæmlega tilgreint öll þau beztu einkenni, sem hann hefir fundið í mannlegu eðli, og gert það að föstu skilyrði, að þau öll væru sameinuð í réttum hlutföllum hjá hverjum þeim manni, sem látinn yrði njóta launanna.

Skúli Johnson hefir uppfylt þessi skilyrði öll betur en nokkur annar keppinautur hans, eða svo hefir nefnd sú álitið, sem sett hefir verið hér í Manitoba til þess að veita þau. Nefndin samanstendur af þessum 5 mönnum: Dubuc þfirdómara, Myers dómara, Richards dómara, Chown læknir og D. M. Duncan háskólaritara.

Sjö menn sóttu á þessu ári um námsverðlaunin, en 4 þeirra voru svo langt frá, að geta mætt skilyrðunum, að um þá var ekki að ræða, og valið lá því milli þeirra C. G. Beeston, frá St. John háskólanum, W. F. Guild, frá Manitobaháskólanum, og Skúla Johnson, frá Wesley háskólanum. Annar keppinauta Skúla hefir útskrifast af háskólanum og hinn er á sínu síðasta námsári, en Skúli er á þriðja námsári sínu, og á því eftir hálft annað ár til þess að útskrifast. Það voru því langt frá fullar líkur til þess, að hann mundi bera sigur úr býtum að þessu sinni, — með því líka, að hann er að eins 20 ára gamall, en hinir talsvert eldri og þroskaðri, og hafa báðir reynst ágætir námsmenn. En vitnisburðir og námsstig Skúla voru svo yfirgnæfandi, fyrir þann tíma, sem hann hefir á skóla verið, og lyndiseinkunnir hans og eðlisfar alt eru þannig, að nefndin, sem er algerlega óhlutdræg, sá það réttast, að veita honum námslaunin. Og er það í fyrsta skifti, að nokkur þriðja árs námsmaður í þessu fylki hefir hlotið slíka viðurkenningu. Það er meira að segja vafasamt, hvort það hefir nokkurntíma áður komið fyrir, að nokkur þriðja árs námsmaður frá nokkrum skóla hafi hlotið slíka viðurkenningy.

Af þessu mega Vestur-Íslendingar hjartanlega gleðjast. Skúli hefir unnið þeim hinn mesta sóma og auglýst þá betur en flest eða nokkuð annað, sem fyrir hefir komið í sögu þeirra hér vestra, því að hann hefir á námsskeiði sínu sýnt, að þjóðflokkurinn hefir á að skipa mönnum, er teljast mega með því allra bezta, sem finst meðal heimsins stærstu og mannflestu þjóða.

Um leið og Heimskringla þess vegna finnur hvöt hjá sér til að samgleðjast honum yfir láni hans og að óska honum allrar hamingju á óstiginni æfibraut, — þá finnur blaðið einnig hvöt hjá sér til þess, að samgleðjast herra Jóni Thorsteinssyni, sem reynst hefir Skúla eins vel og nokkur faðir hefði getað reynst barni sínu, og ekkert hefir látið ógert og alt hefir lagt í sölurnar til þess að gera eins nýtan mann úr piltinum, eins og hæfileikar hans geta bezt gert hann.

Sjálfur hefir Skúli verið íslenzkum nemendum hin fegursta fyrirmynd, og vér efum ekki, að ýmsir þeirra muni á komandi árum taka sér hann til eftirbreytni, og að ekki þurfi mörg ár að líða, þar til fleiri ungir íslenzkir námsmenn fái notið námslauna úr sama sjóði. Vér höfum fulla sannfæringu fyrir því, að sú von rætist.

Að síðustu skal þess getið, vegna misskilnings, sem átt hefir sér stað hér í borginni, að Joseph Thorson, sonur herra Stefáns Thorson og þeirra hjóna, sótti ekki um námslaun þessi og ætlar sér ekki að gera það, fyr en hann útskrifast af háskólanum.

Rímur og kenningar.

Ekki fyrir löngu síðan hefir þýzk ur prófessor skrifað merkilega grein um íslenzkar rímur. Segist honum svo frá, að íslenzk tunga sé eitt hið fallegasta mál, sem nú sé talað í heiminum. Merkasti þáttur íslenzkra bókmenta séu rímurnar. Aðrar tungur eigi ekki til kenningamálið, /sem íslenzkan sé stórauðug í. Það geymist í rímunum, og er víða snildarlega fyrir komið. Svona lítur þessi fræðimaður á íslenzkar rímur.

Síðan Jónas Hallgrímsson skrifaði um rímnakveðskap Sigurðar Breiðfjörðs, hafa sumir Íslendingar ekki látið rímnakveðskapinn njóta sannmælis. En það eru einkum þeir menn, sem grunnsigldir eru í lærdómi og apa annara þjóða tízkur. Stöðugt hefir sá partur þjóðarinnar, sem er sann-íslenzkur haft mestu mætur á fallegum rímum. Margir kunna fleiri flokka af rímum utan að. Hér vestan hafs eru margir Íslendingar, sem kunna heilmikið í rímum og þykja þær skemtilegar.

Á seinustu árum hafa Austur-Íslendingar vaknað og viðurkent rímurnar. Er það orðinn einn liður í samkomu skemtun, að kveða rímur, og það í sjálfri Reykjavík, sem var þó lengi hunddönsk og óíslenzk. Rímnakveðskapurinn er sérkenni Íslendinga. Hann sprettur upp úr fornu háttunum. Fornskáldin rímuðu sáralitið, þó bregður því fyrir hjá Agli og örfáum öðrum skáldum. Íslendingar byrja að kveða rímur um 1300. En þegar kom fram í katólsku trúarbragðamyrkrin, rénaði þessi íslenzka list. Þá fór sálmakveðskapur að yfirgnæfa hana. Á átjándu og nítjándu öldum nær rímnakveðskapur sér í algleyming. Síðan hefir hann haldist við, þó að seinni part síðustu aldar væri hann ei í eins miklu fjöri og áður.

Þó margt megi setja út á rímna gerðina, þá stendur hún og hefir staðið öðrum íslenzkum bókmentum á sporði, sem samtímis hafa verið ritaðar. Rímurnar fylgja aldarandanum og samtíma máli, og mentun, sem aðrar bókmentir. — Það getur hver maður séð, sem ber skyn á íslenzkar bókmentir.

Ég hefi fengist dálítið við rímna kveðskap fjögur síðustu ár. Ég veit, að honum er ábótavant. Enginn er algjörr, og að öllu má finna. Ég hefi gert það í hjáverkum og á hlaupum. Aðallega fæst ég við hann til að sýna komandi kynslóðum, að það var maður uppi í Ameríku á þessum tíma, sem ekki var búinn að gleyma glitrandi gimsteinum íslenzkrar tungu. Það er: kenningamálinu og heitunum. Hvernig mér tekst að sýna heitin og kenningarnar, er annað mál. Samt veit ég, að sumir eru mér þakklátir fyrir það, sem hefir birst á prenti. Þeir meira að segja læra og kveða sumar vísur eftir mig, og hafa gaman af þeim. Þá er tilgangi mínum náð, ef ég get skemt eða glatt einhverja með því sem ég kveð eða rita. Hina varðar mig ekki um. Þeir þurfa ekki að lesa mín vegna. Þó einhverjir kveði upp þá dóma, að Eddukenningarnar séu bull, og þær eigi ekki við þenna tíma, þá sýna þeir sig, en ekki mig. Fyrstur manna skipaði herra T. O. Jónsson mér að þegja og hætta að kveða. Það væru Eddukenningar í kveðskap minum. Ég kærði mig kollóttan og hefi haldið áfram. Ég þekki T. O. Jónsson. Hann gekk um tíma á Wesley skólann, og hefir eflaust numið íslenzku hjá séra Fr. J. Bergmann. Rétt um sömu mundir og hann skipaði mér að hætta að kveða rímur, þá fer hann að birta kvæði í blöðum sjálfur, og hefir haldið því áfram á slitringi. Hann er allskynsamur, þó kvæði hans séu alls ekki listaverk. Nýlega ritaði hann í Breiðablik. Þar stælir hann af fremsta megni Eddustílinn. Honum tekst það vonum betur. Ætli ei geti farið svo, að hann sjái, að kenningarnar eru enginn óhroði í íslenzku máli, því maðurinn er óefað að hneigjast í meira lagi að því, sem íslenzkt er. Hann er einn með efnilegustu ungum rithöfundum, að því er íslenzkt mál snertir, sem skrifa hér í blöðin.

Fleiri hafa krukkað í mig fyrir rímnakveðskapinn. Þessi A. J. J. dæmdi mig bulldómi fyrir hann. "Ég tek nú lítið mark á merinni", setndur einhverstaðar, og svo segi ég um þann dóm. Hann hefir ferðast út um bygðir, að bjóða fólki söng fyrir peninga. Sumir svoleiðis umfarendur lasta rímnakveðskap, og vilja eyðileggja kvæðalist, og inn koma tómum söng. A.J.J. heldur, að með því verði skökurnar stærri, sem í pokann koma. Þó Einar Hjörleifsson rölti um tvær álfur til að tala út peninga, og Jón hér að gala út vasapeninga, þá standa rímurnar óhaggaðar, og í sama gildi.

Sölvi sál. Helgason rak sömu at vinnu — að kría sér út lífeyrir — á sínum tíma, en lagðist aldrei á rímnakveðskap. En hann var líka góður hagyrðingur, og það framar hinum, að hann vann með höfði og höndum, skrifaði skrautstafi, klipti rósir og fleira. — Hinir tala og gala.

Á Íslandi eru rímurnar viðurkendar hjá þjóðinni. Sést það bezt af því, að aldrei hafa verið prentaðir eins margir rímnaflokkar, sem síðasta ár. Hefir Skúli Thoroddsen gengið þar fyrstur og fremstur. Á hann heiður og þökk skilið fyrir það, að endurprenta gamlar rímur og safna nýjum. — Það sem ég veit bezt til, seljast rímurnar hér vestra vel, hjá þeim, sem unna íslenzkum bókmentum, og kunna að meta þær.

Óefað gæti Magnús Markússon ort vel rímur, ef hann tæki á því. Hann er einn lang-bezti rímarinn, og auðséð mjög létt um slétt rím. Sækir hann það til séra Hannesar á Rip, sem hefir, á sinni tíð, verið lista rímnaskáld. Magnús er frekar góður í kenningum, og það sem vantar þar, lærði hann á litlum tíma. Jónas Danielsson er líka góður rímari. Ef hann legði sig til og vandaði sig, þá gæti hann kveðið rímur. Hann er íslenzkur í anda og engin hérlenzku eftirherma. Eldri skáldin: Staphan G. Stephansson, Sigurður Ísfeld, Kr. Stefánsson og Sigurður Jóhannesson, eru vafalaust vel að sér í kenningum. En kenningamáli er ilt að koma að, svo vel fari, nema í rímnakveðskap.

Herra John Thorgeirsson í Utah hefir litillega minst á heiti og forn orð, og telur sig málfróðan. Hann ætti að rita meira þar um, enn hann hefir gert. Ég held að hann fari nokkuð nærri um margt í fornu máli. Það er þarft verk, að fræða menn um forn heiti og kenningar í skáldskaparmálinu. Mundu fleiri enn ég verða honum þakklátir fyrir það.

Íslenzk tunga geymir enn fjölda orða úr málum Norðurlanda, sem fyrir langa löngu eru týnd, og fæstir vita nokkuð um. Þau hafa týnst áður enn sagnaritun hófst. En fornskáldin héldu orðunum hvert fram af öðru. Þeim á íslenzkan orðgnótt sína að þakka. Það er algengt, að rekast á allra handa orðskripi og útlendan málblending, hjá sumum mönnum, sem kalla sig skáld og rithöfunda. Þeir nota einlægt sömu orðin, um hvað sem þeir rita. Og sumir eru vondir yfir því, að það skuli ekki allir gera. Það sé alþýðulegt, og liprasta málið. Engan varði um sparifót tungunnar. En sannleikurinn er sá, að sumir alþýðumenn, sem aldrei rita, eru málfróðari og mállærðari enn þessir forgyltu höfundar, sem ekki nenna að læra nema litinn hluta í móðurmáli sínu, og sumt af þessu litla, er skakt og bjagað.

Ég enda svo þessar línur með þeirri fullu vissu, að margir Íslendingar hér megin hnattar unna rímunum, og hlú að þeim ásamt móðurmáli sínu, sem skipar bráðum öndvegi allra mála, sem nú eru töluð.

K. Ásg. Benediktsson.

Lawrence Thorfinnsson.

Heimskringla hefir verið beðin að birta eftirfarandi grein úr blaði sem gefið er út í Cavalier N. Dak., viðvíkjandi láti Laurence Thorfinnssonar í jan. sl.:

"LAWRENCE THORFINNSON látinn. — Á laugardagskvöldið kl. 8 andaðist Lawrwnce, elzti sonur herra Þorláks Þorfinnssonar, eftir nokkurra vikna sjúkdómslegu. — Fjölskyldan flutti á síðasta ári utan af landi sínu inn í bæinn Munich, til þess að geta notið skólans þar yfir vetrarmánuðina. En Lawrence gat ekki notið hans sökum heilsubrests. Veikin snerist upp taugaveiki og heilabólgu, sem varð honum að bana 16 ára gömlum. — Lawrence var mesti skýrleikspiltur, og hafði ásett sér að ganga mentaveginn, en dauðinn þatt skjótan enda á þann ásetning.

"Félagið "Modern Woodmen of America", sem faðir hans tilheyrir, tóku að sér alla umsjón á útförinni, og hjálpuðu á annan hátt það, sem þeir gátu. Útfararminni var haldið í skólahúsinu á mánudagskvöldið, að viðstöddum flestum bæjarbúum. Séra Wilson og embættismenn félagsins lásu hina fögru útfararminningu félagsins og kórinn söng fagra og viðeigandi sálma. Á þriðjudagsmorguninn var líkið flutt til Mountain bæjar í Pembina County, til greftrunar og fylgdu því foreldrar hins látna, hr. Grimsson og séra Wilson.

"Fjölskyldan nýtur innilegrar hluttekningar allra meðborgara sinna í hennar miklu sorg."

Skrautmyndir

Mjög vandaðar, stórar og fagrar, af skáldkóngunum íslenzku, Hallgrími Péturssyni og Jónasi Hallgrímssyni, fást hjá undirskrifuðum, önnur á 35c en báðar á 60c. Agæt stofuprýði.

ATH. — Þessir hafa þegar tekið að sér útsölu á myndunum: —

Friðrik Sveinsson, 618 Agnes St., Winnipeg; Wm. Anderson, 1797 7th Ave. W, Vancouver, B.C.; S. Bárðarson, R. F. D. 1, Box 90, Blaine, Wash.; Sigurður Johnson, Bentry (og Upham), N. Dak. Jóh. H. Húnfjörð, Brown, Man, Os Thormodson, Pt. Robert, Wash J. G. Westdal, Minneota; Ólafur G. Isfeld, Kristnes, Sask.; S Pétursson, Árnes (og Nes), Man.; C. Christianson, Marshland, Man.; Sigurður Bjarnason, Big Quill (og Wynyard), Man; Konrad Sigtryggsson, Belmont, Man.

F. R. JOHNSON,
1419 W. 57th St., Seattle, Wash.

Sparið Línið Yðar.

Ef þér óskið ekki að fá þvottinn yðar rifinn og slitinn, þá sendið hann til þessarar fullkomnu stofnunar.

Nýtízku aðferðir, nýr vélaútbúnaður, en gamalt og æft verkafólk.

LITUN, HREINSUN OG PRESSUN SÉRLEGA VANDAÐ

Modern Laundry & Dye Works Co., Ltd.
307—315 Hargreve St.
WINNIPEG, MANITOBA
Phones: 2300 og 2301

Zimmerman's Lán Stofnun.
637 MAIN ST
TALSÍMI: 226

Stofnuð 1887
Áreiðanlegir brakúnar og skrautgripaverzlarar. Óút leistir pantar
Til Sölu

S. R. HUNTER & CO
Skraddarar,
189 Lombard Street

Búa til ný-móðins karlmannafatnaði eftir máli. — Efni og vinnubrögð afbeztu tegund, og alt ábyrgst að vera jafngildi þess bezta sem fáanlegt er í borginni. Verðið er við allra hæfi. —

S. R. Hunter & Co.
189 Lombard St.
Telephone 1395.

Land til sölu

hjá undirskrifuðum, umgirt með byggingum. Hross og gripir, 28 til 30 tons af heyi, heyvélar, sleði o. fl. Gott verð, góðir skilmálar. — Grípið tækifærið.

Þ. HJÁLMSSON,
tf. Otto P.O., Man.

KENNARA

vantar við Kristnes skóla (No 1267 N.W.T.) fyrir 7 mánuði, frá fyrsta apríl til fyrsta nóvember. Umsækjandi verður að hafa gildandi skírteini fyrir Saskatchewan, tiltaka kaupupphæð, segja til reynslu í kennarastörfum o.s.frv. Tilboð sendist til undirskrifaðs fyrir 15. marz 1909.

G. NARFASON,
11-3 Kristnes P.O., Sask.

KENNARA VANTAR

við Marshland skóla nr. 1278. — Kensla byrjar 1. apríl nk. og helzt til ársloka, að einjum mánuði frádregnum (ágúst), 8 mánaða kensla Umsækjendur tiltaki mentastig, reynslu og kaup, og snúi sér til undirritaðs fyrir 1. marz.

STEINI B. OLSON,
Post Master Marshland P.O., Man.

KENNARA

sem hefir 2. og 3. kennarastig, vantar við Norður-Stjörnu skóla No. 1226 næsta kensluttímabil, sex mánuði, frá 1. maí til 1. nóv. Tilboðum, sem tilgreina mentastig, kaup, sem óskað er eftir, verður veitt móttaka af undirrituðum til 15. marz næstkomandi.

Stony Hill, Man., 23. jan. 1909.
G. JOHNSON, Sec'y-Treas.

KENNARA VANTAR

til Laufas-Sch. Dist. No. 1211, til þriggja mánaða, frá 1. apríl (að honum meðtöldum). Umsækjendur sendi inn tilboð sín til undirritaðs fyrir 15. marz næstk., sem tiltaki mentastig og æfingu, ásamt kaupi, sem óskað er eftir.

Geysir, Man., 22. jan. 1909.
25-2 B. JÓHANNSSON.

Pósthús Box Heimskringlu er nú 3083, en ekki 116, eins og áður hefir verið. Viðskiftavinir eru því beðnir, að senda bréf til blaðsins í P.O. Box **3083**

Giftingaleyfisbréf

selur Kr. Ásg. Benediktsson
540 Simcoe st. Winnipeg.

Winnipeg Business College

Cor. Portage Ave and Fort St.

FÉKK FYRSTU VERÐLAUN Á SAINT LOUIS SÝNINGUNNI.

Dag og kveld-kensla. Leitið fullra upplýsinga og biðjið um vorn nýja pappírshnífókeypis. Vér kennum enska tungu.

M. E. MACKEY, Skrifari

MARKET HOTEL

146 PRINCESS ST. á móti markaðnum

P. O'CONNELL, eigandi, WINNIPEG

Beztu tegundir af vínföngum og vindum, aðhlynning góð, húsið endurbætt

JOHN DUFF

PLUMBER, GAS AND STEAM FITTER

Alt verk vel vandað, og verðið rétt

664 Notre Dame Ave. Phone 3815

Winnipeg

Strathcona Hotel

Horni Main og Rupert Str. Nýbygt og ágætt gistihús; Gest um veitt öll þægindi með sanngjarnasta verði. Frí keyrsla til og frá öllum járnbr. stöðvum. Beztu vín og vindlar; og herbergi og máltíðar ágætar.

McLaren Brothers

EIGENDUR

Hotel Pacific

219 Market Street Winnipeg | H. M Hicks Eigandi Manitoba

Telephone 1338

Ný-endurbætt og Ný-tízku hús fallaðstaði. Viðskifta yðar óskast virðingarfylst.

$1.25 a Dag

$1.50 A DAG

Bezta $1.50 gistihús í Winnipeg

BRUNSWICK HOTEL

Horni Main St. og Rupert Ave.

Besta borðhald; Hreint og Björt Herbergi; Fínustu Drykkir og Bestu Vindlar. Ókeypis Vagn mætir Öllum Traintestum. Reynið oss þegar þú ert á ferð.

Svar til Pine Valley fregnritans

Herra ritstjóri!

Viljið þér gera svo vel, að gefa eftirfylgjandi línum rúm í blaði yðar:

Í tileini af fréttagrein þeirri, er birtist í Heimskringlu 7. jan. sl. héðan frá Pine Valley, ætla ég að gamni mínu að gera fáeinar athugasemdir við hana, og um leið gefa almenningi kost á að vita, hver hinn merki höf. þeirrar greinar er — því honum gleymdist, að setja nafn sitt undir hana —, og sýna fram á, hve uppbyggilegt efni hennar er fyrir lesendur.

Höfundur greinarinnar er S. A. Anderson, járnvörukaupmaður og m. m. hér í Pine Valley, einn af hinum þremur, sem getið er um í áðurnefndri grein.

Ekki lítur út fyrir, að sjóndeildarhringur vinar mín(!!!) S.A.A. hafi verið sérlega víður síðustu dagana af gamla árinu, þar eð hann að eins sér þrjá menn í Pine Valley, sem honum finnast þess virði að minnast á, og svo það, sem hann hefir um þá að segja, — þessar háfleygu hugsanir, sem þar koma í ljós. Já, menn skyldu ætla, að ekki væri neinum heiglum hent, að geta sér svo andrík afkvæmi(!!!).

Fyrst getur höf. herra Péturs Pálmasonar, en fremur hefir hann lítið af þeim manni að segja. Þar næst minnist hann á Stefán Kristjánsson, og þar er hann kominn að efninu, að hálfu leyti, þó að mynd sú, sem hann þar leitast við að sýna, hafi, því miður, fengið á sig nokkuð annan blæ við ljósbirtuna, en höf. upprunalega ætlaðist til að hún hefði. En auðvitað hefir það farið svo af vangá, því að þar sem hann er að lýsa verzlunaraðferð St. Kr., þá er hann einnig að lýsa sinni og annara, því að víst líkar öllum, að selja vörur sínar, og fá munu dæmi þess, að slíkt hneykslí nokkurn mann.

Þá getur höf. herra Jóns Stefánssonar, og koma þar sannarlega í ljós vindbólur hræsninnar, sem þó springa áður enn þær fá festu. Hnýtir hann þar aftan í nokkrum púðurkerlingum, sem hann ætlaði að skjóta til St. Kr., en eldurinn komst ekki í þær, og sárnaði S.A.A. það mjög, því að maðurinn er ákafur og vill að alt gangi fljótt.

Síðast getur greinin um herra S. A. Anderson sjálfan, og hefir hún þá auðvitað fullnægt tilgangi sínum, því að svo mun flestum skiljast, sem sá partur greinarinnar eigi að vera auglýsing fyrir S. A. A. Og laglega var því fyrir komið, að þurfa ekkert að borga fyrir svo stóra og ágæta auglýsingu(!!!). Fáir munu þó hrifnir af verðgæðunum hjá S.A.A. Til dæmis: svaladrykkir, 10c hver. Sömu drykkir í Winnipeg: 3 fyrir 10 cents.

Vel er nú að verið!!!

S.A.A. getur þess, að hann eigi að eins einn óvin, og með því er hann efalaust að gefa til kynna, hve vinsæll hann sé. En hver þessi cini óvinur hans muni vera, verður, að líkindum, flestum ráðgáta, því að víst er Skrattinn ekki óvinur hans.

Dugnaðarmaður hinn mesti er S.A.A., eins og sjá má af sögusögn hans sjálfs, og byggingar nokkurar hefir hann reist hér, en hvar hann hefir "Livery Stable", veit ég ekki, og engiun í þessu bygðarlagi. Að vísu hefir hann fjós hér í Piney, en ekki er mér kunnugt um, að hann geymi í því aðrar skepnur, en nokkrar kýr eða kýrefni. Og grunur minn er sá, að ferðamönnum, sem hingað kynnu að koma, og þyrftu að kaupa sér keyrslu, myndi þykja þannig lagað "Livery" úthald fremur tilkomulítið, og heldur leita þangað, sem hestar eru fyrir, jafnvel þó að kvigur hafi orð á sér fyrir að vera fljótar að hlaupa.

Í Heimskringlu grein sinni segist höf. vera búinn að dvelja í þessari bygð í sex ár. En hvað sjáum við svo í Baldri 22. jan. sl.? Þar segist hann vera búinn að vera hér í átta ár, svo að ekki lítur út fyrir, að sannleiksástin þjái mann þennan.

Ég, sem þessar línur rita, hefi að eins verið hér í átta mánuði, og þekki S.A.A. fremur lítið, og vil sem minst kynnast honum, en eftir því, sem ég veit bezt, er maðurinn eins og fólk gerist flest: stór og fljótur. Það, sem kom honum meðal annars, til að rita áðurnefnda Heimskringlu grein, var, að ég byrjaði að selja járnvöru hér sl. haust, og fanst honum ég með því vera að reyna til að eyðileggja sína verzlun. Ske má og, að svo hafi verið í vissum skilningi, þar eð ég seldi mína harðvöru með lægra verði, en átt hefir sér stað hér að undanförnu, og varð þannig orsök í því, að S. A. A. varð einnig að lækka vöruverð sitt, sem hann einn hafði ráðið yfir frá því hann byrjaði verzlun sína.

Ég læt hér svo staðar numið, og vona að þessar fáu línur nægi til að sýna fram á mirsmiðar þær, er hin áminsta grein flutti.

Virðingarfýlst,

S. Kristjánsson.

Kafli úr bréfi frá Kyrrahafi

Dags. 26. jan. '09.

"Mikil ósköp eru það, sem rignir úr vestur-íslenzku þjóðinni af ljóða-leirburði nú á tímum. Það er næstum eins og orðið var í Húnavatnssýslu sinni hlúta nítjándu aldarinnar, þegar allir tóku til að yrkja. Ellegar sú andagift, drottinn minn góður! Ég hugsa stundum til þeirra Hannesar stutta og Simonar Dalaskálds. Og svo er hvötin, sem þetta blessaða fólk finnur hjá sér til að láta þetta andlausa rugl birtast. Í hverju einasta vikubláði er meira og minna af þessu steíjamvndaða ófðaglamri. — Ég vildi óska, að þú eða einhver annar góður maður vildir benda þessu fólki — sumu hverju — á það, að það er ekki kallaður nútíðar skáldskapur, að geta rimað, ef ekki sést nein frumleg hugsun í anda þess er kveður. Sú vægasta samlíking, sem ég get gefið sliku er, að það séu eins og íslenzk nátt-tröll, er þjóðtrúin hafði látið elaga uppi á einhverri heiðinni og við sólaruppras næsta morguns er orðið að steini.

Tökum til dæmis síðustu Hkr. þar voru ekki ferri en 5 kvæði, og sum löng. "Þrælar Vígaglúms" var vel orkt kvæði, en ætti frekar heima í tímariti en fréttablaði. En "Goðin" hans Jónasar, og "Brávallar mansöngurinn" hefðu mátt vera annarstaðar, en eitthvað svo lítið kjarnmeira í þeirra rúmi í blaðinu. En ég tel víst, að margir kaupendur blaðsins séu með mér í því, að þetta ljóðaríugl ætti að útilokast úr blöðunum, en í þeirra stað koma eitthvert kjarnmeira andans fóður".

DÁNARFREGN.

Þann 22. jan. sl. andaðist að heimili sínu, 134 Syndicate St., hér í Winnipeg, STEFÁN TEITSSON, 51 ára gamall, eftir eins sólarhrings þjáningar af hjartveiki.

Stefán sál. var fæddur á Straumi á Skógarströnd í Snæfellsnessýslu 22. janúar 1858. Fluttist þaðan að Ytra-Leiti í sömu sveit með foreldrum sínum, Teiti, syni Stefáns bónda á Straumi, og móður sinni, Guðbjörgu Guðmundsdóttur, — Magnússonar ríka á Hólmlátrum á Skógarströnd. Stefán sál misti föður sinn þegar á unga aldri. En 1876 fluttist hann með móður sinni og stjúpföður, Jóni Sigurðssyni frá Oddastöðum í Hnappadalssýslu, til Ameríku, þá 19 ára gamal. Fóru þau þá með mörgum fleiri til Nýja Íslands, og námu land í Mikley, þar sem nú heitir á Jónsnesi. Mun stjúpi hans hafa verið honum alt, sem góður faðir getur verið barni sínu. En því miður hlaut hann líka að missa hann, því um vorið 1878 druknaði Jón í Winnipeg vatni. Tók þá Stefán sál. við bústjórn móður sinnar og bjó með henni til dauðadags, og fórst það vel úr hendi sem alt annað, því hann var bæði fyrirhyggju og dugnaðar maður.

Sex ár munu þau hafa búið þá í Nýja Íslandi alls, og fluttu þá til Winnipeg og bjuggu hér jafnan síðan.

Stefán sál. var vel greindur maður, stiltur í lund og hæglátur, vinfastur og gláðlyndur í sinn hóp Hann var í orðsins fylsta skilningi sannur maður, og því réttnefndur valmenni af öllum þeim mörgu, sem hann þektu. Hann var hjálpsamur öllum þeim, sem bágra áttu en hann. Stefán sál. var ókvæntur. Systkini hans eru: Kristín Teitsdóttir, kona Bárðar Sigurðssonar hér í borg, og Jón Jónsson Teit, sem nú sér fyrir móður þeirra, sem komin er á nírædisaldur.

Það kostar minna en 4 cent á viku

að fá HEIMSKRINGLU heim til þín vikulega árið um kring. Það gerir engan mismun hvar í heiminum þú ert, — því HEIMSKRINGLA mun rata til þín. Þú hefir máske heyrt að "blindur er bóklaus maður", en ef þú mátt missa 4c. á viku fyrir HEIMSKRINGLU þá verður þú hvorugt. 4c. á viku eða $2 um árið. Skrifið eftir Hkr. nú þegar, til P. O. Box 3083 Winnipeg, Man.

Bókalisti

N. Ottenson's,—River Park, Winnipeg.

Áfengi og áhrif þess, í b.	0.10
Eggert Ólafsson (B.J.)	0.15
Gönguhrólfs rímur (B.G.)	0.20
Hugsunarfræði (E.B.)	0.15
Huldufólkssögur, í bandi	0.35(5)
Höfrungahlaup	0.15
Jón Ólafssonar Ljóðmæli í skrautbandi	0.60(3)
Kristinfræði	0.45(2)
Kvæði Hannesar Blöndal	0.15(2)
Málsgreinafræði	0.15
Mannkynssaga (P.M.), í b.	0.85(5)
Mestur í heimi, í b.	0.15
Passíusálmar, í skrautb.	0.50
Olnbogabarnið	0.15
Prestkosningin. Leikrit, eftir Þ. E., í b.	0.30
Ljóðabók M. Markússonar	0.50
Friðþjófs sönglög	0.50
Ritreglur (V. Á.), í b.	0.20
Sálmabók í vönduðu bandi	0.70
Sálmabók, í b.	0.55
Sextján æfintýri, í b.	0.35(3)
Siðfræði (H. H.), í b.	1.10
Stafsetningarorðbók, í b.	0.30(3)
Sundreglur, í b.	0.15
Útilegumannasögur, í b.	0.45
Útsvarið. Leikrit, í b.	0.35(2)
Verði ljós	0.15
Vestan hafs og austan. Þrjár sögur, eftir E. H., í b.	0.90
Víkingarnir á Hálogalandi eftir H. Ibsen	0.25
Þjóðsögur Ó. Davíðss., í b.	0.35(4)
Þorlákur helgi	0.15
Þrjátíu æfintýri, í b.	0.35(4)
Ofurefli, skálds. (E.H.), íb.	1.50
Tröllasögur, í b.	0.30(4)
Draugasögur, í b.	0.35(4)
Ölöf í Ási	0.45(3)
Smælingjar, 5 sögur (E.H.) í bandi	0.85
Sagan af Þiðrik konungi af Bern og köppum hans, í bandi (15)	2.25
Flateyjarbók, I.—III. bindi, í vönd. skrautb. (50)	8.25
Grágás, Staðarhólsbók, í skrautbandi (15)	3.00
Sturlunga, Part I. Útgefin í Khöfn af K. Kaalund í bandi (20)	4.50
Nýustu svenskar Musik Bækur, útg. í Stockholm:	
Svenska Skol-Qvartetten	0.60(5)
26te och 27de Tusendet Sv. Skol-Qvartetten	0.60(5)
Dam Kören	1.00(5)
Normal-Sangbok	0.50(5)

Tölurnar í svigum aftan við (og framan við þar sem póstgjald er meira en 9c) bókaverðið, merkja póstgjald það, sem fylgja verður pöntun utanbæjarmanna.

River Park, 18. jan. '09.

N. OTTENSON.

Það þarf að bíta.

Kæru landar, ef þið viljið fá vel skerptar sagirnar ykkar, þá komið þeim til mín, að 501 Beverly St. Líka skerpi ég skauta, skeggbnífa og allskonar eggjárn. — Alt fljótt og vel gert.

G. BERGÞÓRSSON,
501 Beverly St.

Woodbine Hotel

Stærsta Billiard Hall Norðvestanlandsins
Tíu Pool-borð.—Alskonar vín og vindlar.
Lennon & Hebb,
Eigendur

ROBLIN HOTEL

115 Adelaide St. - - Winnipeg.

Beztu $1.50 á-dag hús í Vestur Canada. Keyrsla ókeypis milli vagnstöðva og hússins á nóttu og degi. Aðhlynning hins bezta. Viðskifti Íslendinga óskast. William Ave. strætiskarið fer hjá húsinu.

O. ROY, eigandi.

SPONNÝTT HÓTEL
ALGERLEGA NÝTÍZKU

Hotel Majestic

John McDonald,
eigandi.

James St. West, Rétt vestan við Main St.
Winnipeg Telefón 4979

$1.50 á dag og þar yfir
Bandarikja-snið

Alt sem hér er um hönd haft er af beztu tegund. Reynið oss.

MIDLAND HOTEL

285 Market St. Phone 3491

Nýtt hús, nýr húsbúnaður Fullar byrgðir af allskonar vönduðustu drykkjum og vindlum í hressingarstofunni. Gisting einn dollar á dag og þar yfir.

W. G. GOULD :: FRED. D. PETERS,
Eigendur
WINNIPEG ::: ::: CANADA

Jimmy's HOTEL

Rétt á bak við Pósthúsið

Íslendingar ættu að reyna þetta gistihús. Í hressingarstofunni er sá eini íslenzki vínveitingamaður í Winnipeg.

James Thorpe,
eigandi
Fyrrum eigandi Jimmy's Restaurant

The Dominion Bank

NOTRE DAME Ave. BRANCH Cor. Nena St.

VÉR GEFUM SÉRSTAK AN GAUM AÐ SPARISJÓÐSDEILDINNI. —

VEXTIR BORGAÐIR AF INNLÖGUM.
HÖFUÐSTÓLL - - - $3,983,392.38
SPARISJÓÐUR - - $5,300,000.00
A. E. PIERCY, MANAGER.

hverntíma rynni sá dagur upp, að afi hennar og amma mættu barnabarni sínu án þess þau vissu af.

Frú Frank hafði séð Felicitas hjá girðingunni. — Hún stóð upp og kom nú ásamt syni sínum til hennar. Þau hálsuðu henni innilega, og málfærslumaðurinn lét í ljósi gleði sína yfir því, að fá bráðum að umgangast hana sem heimilismann. Því næst hófu þau langt samtal með sér. — Það var ekki fritt fyrir að hinn gáfaði snyrtimaður yrði ofurlítið feiminn gagnvart alvörugeinu, ungu stúlkunni, er leit svo rólega og ófeimnislega framan í hann, og sem valdi hugsunum sínum svo skýr og velviðeigandi orð. Þau töluðu lengi saman um hitt og þetta, og að lokum spurði frúin, hvernig Önnu litlu liði. Felicitas lyfti barninu upp og hélti glaðlega á hinar blómlegu kinnar þess, er áður fyr höfðu verið svo magrar og fölar. Þegar þau skilda, rétti gamla frúin Felicitas hendina, og sonur hennar rétti einnig hægri hönd sína yfir gerðið, og Felicitas lagði óhikað og hlýlega hönd sína í hans. — — Í sama bili var grindahliðinu lokið upp, og prófessorinn gekk inn í garðinn. Í nokkrar mínútur stóð hann sem negldur niður, tók svo dræmt ofan hattinn og heilsaði. — Felicitas sá, hvernig hann alt í einu kafroðnaði. — Málafærslumaðurinn ætlaði að kalla til hans, en hann snéri sér hvatlega til hliðar og gekk hinu magin heim að garðhúsinu.

"Nú, — þetta var þó svei mér ósvikin prófessorskveðja", mælti Frank brosandi við móður sína. — "Okkar góði Jóhannes hefir áreiðanlega einhvern ólánssaman aumingja undir uppskurði, og þá er hann er í þeim þönkum, þekkir hann ekki einu sinni sína beztu vini."

XXII.

TILSJÓNARMADURINN.

Það var ágætt skýli fyrir sól og vindi, — því það var farið að hvessa — undir myrkviðarrunnunum. Felicitas þurfti heldur ekki að óttast nein illileg augnatillit úr húsinu, — því hún sást ekki þaðan. Hún þekti andlit prófessorsins, orðið alt of vel til þess að vita ekki, að hann, þá er hann kom inn í garðinn, hafði verið reiður, en ekki neitt után við sig. Og hún hélt líka að hún gæti getið sér til, af hverju reiði hans stafaði. Hann heimtaði ótakmarkaða hlýðni í öllu því, er hann sem læknir fyrirskipaði, — og eftir því sem Rósa sagði, var hann vanur því, að skipunum hans væri hlýtt alt af tafarlaust. — Hann hafði oft bannað Felicitas að bera barnið, og síðast stranglega boðið henni, að gera það aldrei oftar. Og nú hafði hann sjálfur séð, hve lítið hún virti skipanir hans. — Hún gat í það mínsta ekki ímyndað sér, að önnur ástæða lægi fyrir því, hve augnaráð það, er hann sendi henni, var fult af undrun og reiði.

Felicitas settist á bekk undir stórri björk, er stóð ein sér, og greinarnar slúttu niður á allar hliðar og mynduðu laufskála yfir bekknum. — Í skjóli bjarkarinnar, fann hún heldur ekki til stormsins, — að eins skuliu grasstráin við og við, eins og drægu þau þungt andann, og bjarkarblöðin hristust ofurlítið. En mýllulækurinn, er hafði vaxið í rigningunni, rann straumharður framhjá, og reif upp moldina innanum kjarrið, er óx á bökkum hans.

Barnið skemti sér við, að rífa upp blóm á grasfletinum og færa þau síðan Felicitas, er varð að binda þau í blómvendi handa "prófessor frænda". — Hún hafði allan hugann við vinnu sína, og tók því ekkert eftir, að prófessorinn kom á milli runnanna og steindi beint til þeirra. Hún leit upp, þá er barnið rak upp gleðihljóð, en þá stóð hann við hlið hennar. Hún ætlaði að standa upp, en hann greip blíðlega um handlegg hennar og neyddi hana til að setjast niður aftur, og settist svo strax við hlið hennar.

Í fyrsta skifti tapaði hún sér í nærveru hans. — Nokkrum vikum áður mundi hún hafa hrint með fyrirlitningu hönd hans frá sér og farið strax í burtu, — en nú sat hún sem magnlaus við hlið hans, alveg eins og eitthvert töframagn héldi henni fastri. Henni gramdist það, að hann nú í seinni tíð hafði talað svo vinalega og hlýlega til hennar. — Hún óskaði þess öllu fremur, að geta fullvissað hann um, að hún hataði hann enn þá, og myndi fyrirlíta hann meðan hún lifði. — En nú, er hann sat við hlið hennar, hafði hún hvorki þrótt né þor til þess að segja honum það. Hún leit sem snöggvast hálf hræðslulega til hans. — Það var þá hvorki meira né minna, en hann væri illilegur. — Roðinn var horfinn, og Felicitas gramdist við sjálfa sig fyrir þá hugsun, að þrátt fyrir það, þó andlit hans væri ófrítt, þá var það karlmannlegt og henni fell það vel í geð.

Hann sat nokkrar mínútur við hlið hennar, án þess að rjúfa þögnina. — Hún fann það fremur en sæi, að hann horfði stöðugt á hana.

"Gerið þér það fyrir mig, Felicitas, að taka þetta andstyggilega höfuðfat ofan", mælti hann næstum glaðlega, og án þess að bíða eftir samþykki hennar, greip hann í hattinn, er var lélegur, mjög, og fleygði honum með fyrirlitningu til jarðar. — Sólargeisli, er áður hafði leikið um stráhattinn, féll nú á hið dökkjarpa hár hennar ungu stúlku, svo það glóði á það.

"Sjáum nú til! Nú get ég þó séð slæmu hugrenningarnar, er hyljast bak við þetta enni", mælti hann og brosti ofurlítið. — "Mér finst alt af óviðkunnanlegt, að heyja baráttu í myrkri. — Ég vil geta horft í augu mótstöðumanni mínum, og ég geng að því vísu, að hér" — hann benti á enni hennar — "eigi ég slæman mótstöðumann".

"Hver var meining hans með öllu þessu? Hann bjóst eflaust við, að hún svaraði, en hún þagði stöðugt, og hugsunarlaust batt hún saman öll blómin og grasstráin, er barnið ferði henni. — Hinar smáu hendur hennar, er ekki létu telja sig við það, sem hún einu sinni var byrjuð á, — höfðu töluvert mýkst og sléttast, — þann tíma, er hún sat við sóttarsæng barnsins. — Alt í einu greip hann hægri hönd hennar og vírti fyrir sér lófann. Höndin bar það með sér, að hún hafði vanist strangri vinnu. — Hin unga stúlka, er samkvæmt fyrirskipunum tilsjónarmanns sins var alin upp til þess að verða vinnukona, hafði prýðilega búið sig undir lífsstöðu sína.

Felicizas eldroðnaði, — þegar lófi manns er skoðaður, hefir það lík áhrif og ef andlitið er virt nákvæmlega fyrir sér. — En hún náði sér brátt, sneri sér rólega að honum, og leit framan í hann, — og hann slepti seinlega hönd hennar. — Svo strauk hann nokkrum sinnum hendinni um enni sér, eins og hann væri að hugsa sig um, hvað segja skyldi, og spurði svo alt í einu:

"Þér hafið haft gaman af að ganga á skóla? Þér hafið haft ánægju af bóklegum fræðum?"

"Já", mælti hún forviða. — Þetta var undarleg spurning, — svona alveg upp úr þurru. Nú, en hann

Andatrú.

— William T. Stead hefir gert það kunnugt á Englandi, að hann sé í daglegu sambandi við William son sinn, sem lézt fyrir nokkru. Gamli Stead lofar að auglýsa innan skams aðferð þá, sem hann hafi haft til þess, að ná þessu sambandi við þann framliðna, og hann lofar einnig því, sem meira er um vert, sem er, að sanna með ómótmælanlegum sönnunum, að hann hafi náð þessu sambandi við andaheiminn. — Margir menn hafa á liðnum árum gert tilraunir til þess, að sanna það fyrir vantrúaðri alþýðu, að hægt sé að tala við framliðna, og að framliðnir tali aftur við lifandi menn. En fram að þessum tíma hefir þeim ekki tekist að sannfæra heiminn um, að þetta sé annað en hugarburður. En gamli Stead lofar að sópa burtu öllum efasemdum, þegar hann opinberar leyndarmál sitt. — Sonur hans hefir sagt honum, að fólkið í öðrum heimi hafi eins mikla löngun til þess að ná sambandi við jarðarbúa, eins og vér höfum til að ná sambandi við þá. Hann heldur langar samræður við föður sinn um það, hvers hann hafi orðið var hinu megin, hvernig honum líði þar og hverjar vonir hann hafi um framtíð sína og ættmenna sinna. Mr. Stead getur þess að hann hafi lengi haft andatr, og að hann hafi orðið fyrir stóru efnalegu tjóni fyrir það, hafi bæði tapað mörgum fornvinum og atvinnu hagnaði. Menn hafi álitið hann vitstola, og forðast að eiga nokkur mök við hann. En nú kveðst hann hafa náð fullu endurgjaldi allra rauna sinna. — Spádómar andanna eru þær fregnir, sem herra Stead telur áreiðanlegastar. Þegar þeir spádómar rætast, þá er engin ástæða til að efa áreiðanleleika þeirra. Hann segir þessa sögu, sem dæmi: — "Það var hjá honum vinnukona, sem hét E.M. Stead gamla líkaði ekki alls kostar vel við hana, og ætlaði að segja henni upp vistinni. En þá fékk hann skeyti úr andansheimi, frá Júlíu. Hún bað hann að hafa þolinmæði við E.M., því að hún ætti ekki ár eftir ólifað. — Þetta var 15. janúar. Júlía sendi sömu ósk og tilkynningu í febrúar, marz, apríl og maí. En alt stóð óbreytt fyrir vinnukonunni.— En í júlímánuði vildi það til, að E.M. gleypti smánagla, og veiktist svo af því, að læknar töldu hana frá. Júlía sagði Stead að óttast hvergi, því stúlkan mundi komast til heilsu aftur, og það varð. En í ágúst, september, október og nóvember sendi Júlía sömu aðvörunina um lát stúlkunnar innan ársins. Í desember tók E.M. influenzu sýki, og hún lá fyrir dauðanum á gamlaárskveld. Eftir nýárið fór Stead að efast um áreiðanleik Júlíu, en hún sagði honum, að influenzu sýkin mundi ekki verða E. M. að bana, heldur dæi hún hastar loga. Þann 10. janúar sagði Júlía Stead, að hann mundi sjá vinnukonu sína lifandi á morgun í síðasta skiftið, og það stóð heima, því að daginn eftir greip hana óráð, hún henti sér út um gluggann á herbergi sínu og beið bráðan bana af því. — Blaðið New York Sun ávítar Stead harðlega fyrir þessa sögu, segir hann vera siðferðislega blindan. Vinnukona hans muni hafa komist að öllu spádómsrugli hans, og umhugsunin um það muni hafa gert hana vitstola, og hún endað líf sitt á þennan hátt af þeirri einu orsök.

— Skýrsla frá Washington segir, að útgjöld þjóðarinnar við forsetahaldið hafi á sl. ári orðið þannig:

Laun forsetans	50,000.00
Skriftofuþjóna laun	69,000.00
Ferðakostnaður forseta	25,000.00
Hvíta-húss haldið, ásamt hestum og vögnum —	35,000.00
Viðhald skrautgarðsins	9,000.00
Eldsneyti	6,000.00
Umsjón blómahússins	9,000.00
Viðgerð á því húsi	3,000.00
Prentun	2,000.00
Ljós fyrir húsið og garðinn	510.00
Ýmislegur auka tilkostnaður	25,000.00
Alls	$229,430.00

ÚT Í LUNDI.

Í dag hefi ég verið að ganga um grund,
og girntist að tylla mér niður.
Og nú skal ég setja mig svolitla stund,
um sólarlagsbilið í angandi lund, —
því hérna er himneskur friður.

Svo heyri ég ekki þann háværa glaum,
sem hristir öll bæjarins stræti,
og vekur mig árla af værasta draum
og veltir mér síðan sem kefli í straum
á daginn, með drepandi læti.

Því múgurinn geystur á ferðina fer
oft fyr en að ljómar af degi,
og langt fram á nætur sá iðandi er,
þó ekkert hann sjái til skemtunar sér,
þá gleymir hann göngunni eigi.

En hér er svo þögult í laufuðum lund,
og lífsgleði hverjum að vera,
sem þreyttur er orðinn að ganga um grund,
hér getur hann fengið að hvílast um stund.
— það ætla ég einnig að gera.

Hvað veröldin stundum er fögur og fríð,
þá fallega liggur á henni, —
sem töfrandi yngismær, brosandi blíð,
er býður oss faðminn, í viðmóti þýð,
með sakleysis svipinn á enni.

Þó sögð er hún mislynd og grettin og grá,
og ginni oss tíðum sem þussa.
Er meir henni sökin en mönnunum hjá,
og mundi hún alla tíð blekkja og þjá
sina elskandi aumingja skussa?

Við mislyndið hennar í millión ár,
ef mannkynið lifað nú hefur,
og ætíð kent henni um sin útrandi tár
og tregandi hjarta og brennandi sár,
þá von, er hún reynst hafi refur.

En veröldin blessuð svo virst hefir mér
ei völd sé að kveinstöfum manna.
En okkar mun sökin, því enn erum vér
sem ungbarn á palli, hvað nýbyrjað er
að tala, — það tíminn mun sanna.

En siðurinn blessuðu barnanna er
að brjóta og gráta og kveina,
og kenna hvert öðru það aflaga fer, —
en alt eins og krakkar það gert höfum vér
nær eitthvað vér urðum að reyna.

En börnin þau vaxa að vizku og dáð,
það víst gerir mannkynið líka,
þá aldrinum háa loks hefir það náð.
Hvað heimurinn verður þá, læt ég ósþáð,
— en alt boðar árgæzku ríka.

Því nú er rétt byrjuð sú umbóta öld,
sem ýtir því gamla úr vegi,
og framþróun mannsandans finnur ei kvöld,
unz fær hann útgrundað duld gæðanna fjöld
í jörðu og lofti og legi.

Það munu þeir geta, þó aldir og ár
líði enn þá í hálfskilningsleysi.
En skyldu þá hverfa hin titrandi tár
og tregandi hjörtu og brennandi sár —
úr kongshöll og kotungsins hreysi?

En mega þau hverfa í gleymskunnar geim,
og geta menn án þeirra verið?
Og mundu þeir ekki í harmlausum heim,
þá hugsa oft smátt um hinn andlega seim,
en þess meir um gullfugla gérið?

En máske að verði þá borið á borð
i sumt betra en trúmála ræður,
og mönnunum berist það almættisorð,
að allir vér séum á dauðlegri storð
i sannleika systur og bræður?

Við mentun og þekking vex mannúð og dáð
og margs konar listir og prýði,
og mannsandinn skygnist um loftið sem láð,
unz loksins að hefir 'ann sigrinum náð, —
þó milión ára enn líði.

En skyldi þá lýðurinn gevsa eins greitt
um göturnar sólbjartan daginn?
Og skyldi því menningin ekki fá eytt,
að iðjulaust fólkið af göngunni þreytt,
sem hálfvitar hoppi um bæinn?

En máske þeir líði með ljóshraða þá
um loftið, sem hræsvelgur bráður,
í flugvélum ljómandi fögrum að sjá. —
Það fornaldar sögurnar greina oss frá,
að galdranorn gert hafi áður.

Að ráða þá gátu, er heiglum ei hent,
hvað heims börnin þá muni gera.
Og hver umskiftin verða með vaxandi ment,
það verður oss nútíðar börnum ei kent. —
Þá læt ég það líka svo vera.

Nú hnígur í vestrinu himinsól fríð,
og hættir mig loksins að dreyma, —
en minnist þess klökkur, þá kvöldsólin blíð
með kveðjandi geislunum mintist við hlíð
og fannhvítu hnúkana heima.

Og fuglar á kvistunum kvaka hér dátt
og kveðja nú blessaða daginn,
og andvarinn leikur við laufskrúðið smátt
og litfögru smáblómin sofna nú brátt,
og grima er gengin i bæinn.

Ó, hér er margt fagurt, en fegri að sjá
var Fjallkonan gamla oft heima:
Í ljósgeisla baði, sem himindís há,
en hafinu titruðu sólstafir á.
— Því aldrei, ég aldrei skal gleyma!"

JÓNAS J. DANÍELSSON.

Þakkarávarp.

Heiðraði ritstjóri Hkr.

Viltu gera svo vel, og ljá eftirfylgjandi linum rúm í þinu heiðraða blaði:

Ég undirritaður votta hér með mína innilegustu þökk öllum þeim mönnum, er veittu mér drengilega og góða hjálp í sjúkdóms tilfelli minu siðastliðið sumar. Og tel ég þar fyrstan Mr. B. J. Matthews, sem gerði sér aukaferð með mig á gufubát sínum til Oak Point og keypti mér þaðan keyrslu til Reaburn, án nokkurs endurgjalds. — Sömuleiðis Jóhannes Johnson, J. K. Jónasson, St. Stephansson og A. Sveistrup, sem allir veittu góða hjálp við heyskapinn í fjarveru minni, einnig án endurgjalds.

Dog Creek, 1. febr. 1909.

Andrés Gislason.

Skrifið yður fyrir HEIMSKRINGLU svo að þér getið ætíð fylgst með aðal málum Íslendinga hér og heima.

DR. H. R. ROSS
C.P.R. meðala- og skurðlækuir.
Sjúkdómum kvenna og barna veitt sérstök umönnun.
WYNYARD, — SASK.

K-J-Ö-T.
"Ef það kemur frá Johnson, þá er það gott"
C. G. JOHNSON, Kjötsali,
301 Sherbrooke St. Talsimi 2681.

Russell A. Thompson and Co.,
Cor. Sargent & Maryland St.
Selja allskonar MATVÖRU af beztu tegund með lægsta verði. Sérstakt vöruúrval nú þessa viku. Vér óskum að Íslendingar vildu koma og skoða vörurnar. Hvergi betri né ódýrari.—
Munið staðinn:—
HORNI SARGENT AVE. OG MARYLAND ST.
PHONE 3112.

Með því að biðja æfinlega um "T.L. CIGAR," þá ertu viss að fá ágætan vindil.
T.L.
make me T.L. CIGAR
(UNION MADE)
Western Cigar Factory
Thomas Lee, eigandi Winnipeg

Redwood Lager og Extra Porter
Styrkið taugarnar með því að drekka eitt staup af öðrum hvorum þessum ágæta heimilis bjór, á undan hverri máltíð. — Reynið!!
EDWARD L. DREWRY Manufacturer & Importer Winnipeg, Canada.

Department of Agriculture and Immigration.
MANITOBA
Þetta fylki hefir 41,169,089 ekrur lands, 6,019,200 ekrur eru vötn, sem veita landinu raka til akuryrkjuþarfa. Þess vegna höfum vér jafnan nægan raka til uppskeru tryggingar.
Ennþá eru 25 miliónir ekrur óteknar, sem fá má með heimilisrétti eða kaupum.
Íbúatala árið 1901 var 255,211, nu er nún orðin 400,000 manns, hefir nálega tvöfaldast á 7 árum.
Íbúatala Winnipeg borgar árið 1901 var 42,240, en nú um 115 þúsundir, hefir meir en tvöfaldast á 7 árum.
Flutningstæki eru nú sem næst fullkomin, 3516 mílur járnbrauta eru í fylkinu, sem allar liggja út frá Winnipeg. Þrjár þverlandsbrauta lestir fara daglega frá Winnipeg, og innan fárra mánaða verða þær 5 talsins, þegar Grand Trunk Pacific og Canadian Northern bætast við.
Framför fylkisins er sjáanleg hvar sem litið er. Þér ættuð að taka þar bólfestu. Ekkert annað land getur sýnt sama vöxt á sama tímabili.
TIL FERDAMANNA:
Farið ekki framhjá Winnipeg, án þess að grensl ast um stjórnar og járnbrautarlönd til sölu, og útvega yður fullkomnar upplýsingar um heimilisréttarlönd og fjárgróða möguleika.
R. P. ROBLIN.
Stjórnarformaður og Akuryrkjumála Ráðgjafi.
Skrifið eftir upplýsingum til
Joseph Burke, 178 LOGAN AVE., WINNIPEG.
Jas Hartney, 77 YORK ST., TORONTO.

var ekki vanur að hafa miklar málalengingar, — þó hann að öðru leyti kynni vel að haga orðum sínum.

"Nú, jæja", mælti hann. "Þér munið án efa, hvað ég bað yður að ihuga eigi alls fyrir löngu?"

"Já, ég man það".

"Og þér eruð náttúrlega komnar að þeirri niðurstöðu, að það sé skylda konunnar, að rétta manninum hjálparhönd, þegar hann vill bæta fyrir fornan órétt. — Hann studdi hendina á hné sér, og horfði með miklu athygli í augu hennar.

"Ekki er ég nú svo viss um það", mælti hún staðfastlega, um leið og hún lagði hendurnar í kjöltu sér og horfði ófeimin í augu hans. "Fyrst verð ég að fá að vita, hvers konar sátt mér er boðin".

"Undanbrögð!" mælti hann lágt og varð alt í einu svipþungur. — Hann gleymdi, að hann hingað til hafði talað í hlýlegum róm, og mælti nú gremjulega: — "Þér þurfið ekki að verjast svona vel. Ég get fullvissað yður um það, að maður þarf ekki annað en lita svip yðar til þess að heimta ekkert kraftaverk af yður. — Hér er að eins um það að ræða, að þér — hvert svo sem leyndarmál yðar er — verðið eitt ár enn þá undir yfirráðum mínum, og brúkið þann tíma eingöngu til að læra. — Lofið mér að ljúka máli minu", mælti hann og hækkaði raustina, er hann sá, að hún ætlaði að grípa fram í, — "hugsið yður, að það sé ekki ég, sem bið yður þetta, heldur sé það að ósk og vilja föður míns, — að ég nú annast um æðri mentun yðar".

"Það er nú orðið alt of seint".

"Of seint, og þér eruð enn svo ungar".

"Þér misskiljið mig. — Ég meina að eins, að ég varð einu sinni sem hjálparlaust barn, er engann átti að, að þiggja ölmusu, — hvort sem mér féll það ljúft eða leitt, varð ég að taka öllu með þolinmæði. Nú er ég ekki lengur neinn hjálparþurfi. Ég get unnið,

og ég mun aldrei þiggja svo mikið sem einn skilding, hafi ég ekki unnið fyrir honum".

Prófessorinn beit sig í varirnar og hleypti brúnum. — "Ég bjóst við þessu", mælti hann kuldalega, því ég þekki orðið hinn óþrjótandi þráa yðar. — — Min uppástunga er nú þetta: Þér skuluð koma yður fyrir á góðum skóla, — ég lána yður þá peninga, er þér þurfið með, — og þér borgið mér svo peningana aftur, þegar þér eruð orðnar sjálfstæðar. — Ég þekki mentastofnun í Bonn og er húsræknir hjá forstöðukonunni, sem er í alla staði mjög virðingarverð þar væruð þér í góðum höndum", — við skildum þá ekki strax fyrir fult og alt. — Að 14 dögum liðnum er hvildartími minn á enda, ég fer ásamt frændkonu minni til Bonn. Þér ættuð náttúrlega að koma með okkur, Felicitas. — Ég bað yður nýlega, að vera nú einu sinni góðar og rólegar, — ég endurtek nú bæn mina. Hlýðið eigi ráðum þeim, er hefnigirnin hvislar að yður. — Gleymið því liðna og leyfið mér að bæta upp það, sem hér hefir verið vanrækt".

Henni var þungt um hjartarætur meðan hún hlýddi á orð hans, — rödd hans var svo aðlaðandi, alveg eins og þá, er hann talaði við hana um hugsjón sina. Nú var hann ekki í eins æstu skapi og þá, — en iðrunin skein út úr orðum hans, án þess að hann að neinu leyti bryti odd af oflæti sinu. — Þetta snart hana og bliðkaði hjarta hennar.

"Ef ég mætti sjálf ráða gerðum minum í framtiðinni, þá skyldi ég umsvifalaust og með glöðu geði taka boði yðar", mælti hún bliðlegar en hún nokkru sinni áður hafði talað til hans. — En ég er bundin, — sama dag og ég fer frá frú Heilwig, fer ég í nýja vist".

"Er það óumbreytanlegt?".

"Já. Loforð mitt er mér heilagt, og ég iðrast

þess heldur ekki, — þó aldrei nema það hafi óheillavænlegar afleiðingar fyrir mig".

Hann stóð hvatlega upp og gekk nokkur skref í burtu.

"Má maður ekki enn þá fá að vita, hvað þér ætlið fyrir yður?" sagði hann, án þess að snúa sér að henni.

"Ójú", mælti hún rólega. Frú Heilwig vissi það nú þegar, ef ég hefði getað fengið tækifæri til að segja henni það: Frú Frank hefir ráðið mig til sín fyrir lagsmeyju sína".

Þó eldingu hefði slegið niður fyrir fætur prófessorsins, hefði honum ekki brugðið meira en honum brá við síðustu orð hennar. Hann sneri sér skjótt við og kafroðnaði.

"Konan þarna?" spurði hann, sem vildi hann ekki trúa sínum eigin eyrum, — og hann benti á nágrannagarðinn. Hann gekk hratt til hennar aftur: "Nei, hugsið ekkert um það meira!" mælti hann skipandi og skorinort. Ég gef aldrei samþykki mitt til þess".

Hin unga stúlka stóð skyndilega á fætur. Blómin hrundu til jarðar. — "Samþykki yðar?" spurði hún drembilega. "Ég þarf þess ekki með. Að 14 dögum liðnum er ég frjáls og get farið hvert sem mig lystir".

"Nú er alt breytt frá því, sem áður var" mælti hann rólega. "Ég hefi meiri réttindi yfir yður, en þér hafið grun um, og það geta liðið ár áður en þeim er lokið, — og þá, — já, það er spursmál um, hvort ég sleppi yður, Felicitas".

"Við skulum sjá til", mælti hún kuldalega.

"Já, við skulum sjá til. — Í gær talaði ég lengi við Bohn læknir, sem var aldavinur föður míns. Við töluðum um yður, og með hverjum skilyrðum yður var komið fyrir hér. Og við komumst að þurrri niður-

urstöðu sem ég nú segi yður: Faðir minn lofaði, að veita yður umsjón, þangað til yðar eigin faðir kæmi aftur og krefðist yðar, eða að einhver góður og heiðarlegur maður gengi að eiga yður. — Faðir minn hefir skriflega tilnefnt mig til þess, að ganga í sinn stað, ef hann félli frá, og ég hefi fastlega ásett mér að neyta réttinda minna".

Nú tápaði hin unga stúlka alveg stillingu sinni.— "Guð hjálpi mér!" hrópaði hún og sló höndunum saman. "Tekur þá þessi áþján aldrei enda? Á enn þá að þröngva mér til að lifa eins ósjálfstæð og ég hefi lifað? Langa lengi hefir hugsunin um það, að ég yrði frí og frjáls, þá ég yrði átján ára, haldið mér uppréttri. Að eins hugsunin um það hefir gefið mér þolinmæði og kraft til að sýnast róleg, — þó ég í hjarta minu liði óumræðilegar kvalir. Nei, ég er ekki lengur eins þolinmóð og ég hefi verið, sem af virðingu fyrir vilja framliðins manns læt traðka mér undir fætur annara. — Ég vil það ekki! — Ég vil ekkert meira hafa saman að sælda við Heilwigs ættina. — Ég skal hvað svo sem það kostar slita þessa fyrirlitlegu fjötra af mér!"

Prófessorinn greip um báðar hendur hennar. — Hann hafði fölnað upp við síðustu orðin, sem hún sagði.

"Gætið þér skynseminnar, Felicitas", mælti hann stillilega, en með hljómlausri rödd. "Þér megið eigi verða þannig hamstola af reiði, alveg eins og lítill vanmátta fugl, sem lemur sig í hel í búri sínu, heldur en að sætta sig við örlög sín. — 'Fyrirlitlegu fjötra!' Getið þér enn þá ekki skilið, að þér særið mig ósegjanlega mikið með hinum hörðu og ónærgætnislegu orðum yðar? — Þér skuluð vera frjálsar, fullkomlega frjálsar með að hugsa og gera alt sem yður lystir, — að eins verðið þér verndaðar og vakað yfir yður eins og elskuðu barni. — — Felicitas!

Hitti naglann á höfuðið!

"Sannleikanum verður hver sárreiðastur". Oft hefir þessi málsháttur ásannast, en sjaldan átakanlegar en á Kristjáni Ásgeir í síðasta blaði. Eins og allir sjá, hreyfir hann ekki með einu orði við því málefni, sem til umræðu lá og grein mín áður fjallaði um, nfl. árásir hans á tvo merkustu rithöfunda Íslendinga. Hann lætur sér nægja, að staðhæfa, að greinin "Kvæði og skáldsögur" sé "hreinskilin og vel samin og langt fyrir ofan það, sem ég hefi skrifað". Þetta er alt og sumt. Hann þorir ekki einu sinni að meðganga, að hann hafi skrifað greinina, og ekki heldur neita því, veit sem er, að það þýðir ekkert, því ég horfði á, þegar hann var að skrifa greinar-háðungina.

Hann er drjúgur yfir því, að hann þori að skrifa undir nafni um Einar Hjörleifsson, þegar hann sé búinn að lesa "Ofurefli". Það getur verið, að hann þori það hér eftir, en í þetta sinn brast hetjuna Kristján Ásgeir kjark til þessa, og fyrir það er nú komið fyrir K.Á.B. eins og komið er. — Fyrir það, að hann sem grímuklæddur stigamaður ætlaði að gera tilraun til að myrða E.H. og J. T. sem rithöfunda, án þess að læra fram nokkrar ástæður, þorir hann nú ekki að hreyfa við efninu, — ekki koma nálægt því, — en í þess stað reynir hann að klóra í mig persónulega af öllu afli. Ekkert sýnir betur, en þetta, hvað nauðalélegan málstað Kristján Ásgeir hefir. Það hefir jafnan verið svo, og er svo enn, að þessa aðferð nota óvitrir menn og illgjarnir, þegar þeir sjá í hvaða ógöngur þeir eru komnir með málstaðinn. Skynsama menn, sem hendir sú slysni, að lenda í samskonar ógöngur, taka heldur þann kostinn að þegja, og er það óneitanlega hyggilegra.

Jafnvel þó ég ætti ekki að svara grein K.Á.B. einu orði, vegna þess að hún er ekkert annað en persónulegar árásir, þá ætla ég nú samt að gera það. Ég geri það af því, að þetta er í fyrsta sinni, sem ráðist hefir verið á mig persónulega, til að sýna Kristjáni Ásgeir, hvað haldgóðar árásir hans eru. Mig kitlar ekki undan þeim, auk heldur meira.

Nú skal ég taka ásakanir K. Á. B. í röð:

1) er sú, að ég sé afdankaður fregnriti "Free Press".

Í næst síðasta blaði skýrði ég frá, af hverju fréttirnar hættu að koma. Við það hefi ég engu að bæta. Það hefir reynst með öllu satt, sem ég þar gaf sem ástæðu, og ég hafði eftir ritstjóra "Free Press". Allar skandinavisku fréttirnar eru hættar að koma í blaðinu. Það var hvorki mér né "Free Press" að kenna, að íslenzku fréttirnar fylgdust ekki með síðasta mánuðinn, heldur Mr. Jones, eins og ég tók áður fram. Meðan ég hafði fréttirnar á hendi, fóru þær alveg sömu leið og meðan B.P. ritaði þær, — svo allar aðdróttanir K.Á.B. um það, að fréttir þessar hafi hætt að koma af því, að ritstj. "Free Press" hafi komist að því, hvað ég var "sprenglærður og einfaldur" eru bara hlægilegar. Sýna að eins "að nota flest í nauðum skal".

Alveg er sama að segja um það, að ég hafi ekki sjálfur skrifað fréttirnar á ensku, og ekki fengið lélegasta "skrobbkonu kaup" að launum. Ég safnaði fréttunum og sá um að þær kæmu, eins lengi og hægt var, og sé því ekki, að ég hafi brotið neitt mér til óhelgi, að því er þær snertir. Og síst hélt ég, að það yrði notað sem persónulegt vopn á mig, að ég lét mér svo ant um, að fréttir frá Íslandi kæmu, að ég réðist í að sjá um þær, þó að ég ekki gæti skrifað enska tungu, og yrði því að fá þær þýddar. Og aldrei hugsa ég, að þeir Mr. Baldwinson og Mr. Swanson, sem þýddu fréttirnar fyrir mig, fari að klaga áníðslu mína á þeim fyrir K.Á.B.

Ég efast um, að K.Á.B. hefði getað skrifað þessar fréttir á ensku, svo nokkur mynd hefði verið á, og er hann þó búinn að vera margfaldan árafjölda í þessu landi við mig, og þar á ofan Möðruvalla skóla student.

Mig undrar ekki, þó K. Á. B. skyldi nefna "skrobbkonu kaup". Hann ætti manna bezt að vita um, hvað skrobbkonur hafa í kaup hér í borg. En þess vildi ég óska, að allar skrobbkonur þessa bæjar, ekki hvað síst þó þær íslenzku, hefðu jafnmikið kaup fyrir jafnlitla vinnu, og ég hefi fengið fyrir að skrifa í "Free Press". Þær hefðu þá einhver ráð með, að afla viðurværis fyrir sig og börn sin — svo sæmilegt væri — þegar menn-irnir þeirra eyða hverju centi, sem þeim áskotnast fyrir brennivín, og hafa það fyrir aðalatvinnu, að sveima milli hótelanna hér í borginni, eins og vankaðir gemsar, snikjandi alt það áfengi, sem mögulegt er að fá, eða innibyrgja. Heldur, já, þúsund sinnum heldur, vildi ég vera skrobbkona með lélegu kaupi, en iðka þá atvinnu. — Ég veit, að Kristján Ásgeir verður hér á gagnstæðu máli.

2) ákæra K.Á.B. er sú, að ég hafi skrifað "ritdómssull" um Vafurloga, "ráðist" á Hannes Hafstein, "rifið í hælana" á Arnóri Árnasyni, "höggvið í" Sigurð Vilhjálmsson og S. B. Benedictsson, og "hlaupið" í sig.

Kristján Ásgeir hefir hvorki í þessari grein sinni eða nokkurstaðar annarstaðar hrakið með einu orði það, sem ég hefi sagt til þessara manna eða um athafnir þeirra Vilji hann gera það, þá er ég reiðu búinn til að verja minn málstað, en meðan svo er ekki, læt ég þetta hjal hans eins og vind um eyrun þjóta, rétt eins og það væru "ómerk ómagaorð".

3) ákæran er, að ég hafi skrifað grein í "Eimr." um "Nýtt stjórnarfyrirkomulag á Íslandi", og "sótt vitið í herra Skapta B. Brynjólfsson. Villurnar og rangherm séu mín, hitt Skapta". — "Skapti hafi ekki vitað um þetta fyr en löngu síðar", o.s.frv. Fúslega skal ég viðurkenna það, að hr. Skapti B. Brynjólfsson gaf mér margar upplýsingar um stjórnarfyrirkomulag Bandamanna, meðan ég var að skrifa þá grein, og er ég honum þakklátur fyrir. En satt að segja hugsaði ég, að erfitt yrði að níða mig persónulega fyrir það, þó ég leitaði mér upplýsinga hjá mér fróðari manni, um þau atriði, sem ég vissi ekki nægilega um, til þess að alt sem ég segði væri sem ábyggilegast og áreiðanlegast, en ekki hlaupið á hundavaði með það sem sagt var, eins og K. Á. B. hendir svo oft.

Þegar ég var suður í Dakota, kynntist ég dálitið stjórnarfyrirkomulagi Bandamanna, og geðjaðist svo vel að því, að ég ásetti mér að rita um það, og sýna fram á, hve gott væri fyrir Ísland að taka það upp. Þetta gerði ég eins og grein min ber með sér, en fékk upplýsingar hjá Skapta um ýmislegt, sem ég ekki vissi gerla um, og Skapti vissi vel til hvers ég fékk þessar upplýsingar, mér var það ekkert launungarmál.

Annars hugsa ég að auðsótt sé, að fá umsögn Skapta sjálfs um þetta, og eins, hve mikinn þátt hann eigi í ritgerðinni.

Þessi ákæra K.Á.B. er því heldur barnaleg. Veit hann ekki, að fjöldi af mönnum, sem rita, fá upplýsingar um einstök atriði hjá sér fróðari mönnum? Ætlast hann til, að mér hafi verið "innblásið" á yfirnáttúrlegan hátt, hvernig tilhagaði um stjórnarfyrirkomulag Bandamanna? Var nokkuð verra, þó ég fengi þær upplýsingar, sem mig vantaði, hjá herra Skapta B. Brynjólfssyni, heldur enn þó ég hefði fengið þær úr einhverri bók? Að ég fékk þær, og ritaði um þetta mál á þann hátt, sem ég gerði, sýnir það eitt, að ég lagði mig í framkróka til að afla mér áreiðanlegrar þekkingar á því, sem ég var að rita um, svo það gæti orðið að sem beztum notum:

"Villunum og rangfærslunum" skal ég svara, þegar K.Á.B. hefir eignast djörfung til að sýna þær með röksemdaleiðslu. Fyr ekki.

4) ákæran er sú, að ég hafi gengið undir nafninu Jón Kristjánsson á Íslandi. Ég hafi breytt um nafn. Þetta ætlast K.Á.B. til að riði mér að fullu. Milli linanna má lesa heilmiklar dylgjur um, að ég hafi gert það af miður góðum ástæðum. Nei, langt frá, Kristján Ásgeir!

Ég veit ekki til, að ég hafi nokkurntíma neitt það aðhafst, sem minstu agnar ögn geti kastað skugga á nafn mitt. Af nafn mitt í stað föður nafns, tók ég upp, skömmu eftir að ég kom í þetta land, að dæmi Íslendinga hér. Það er öll sú nafnbreyting, sem ég hefi gert, og ég veit ekki betur, heldur enn hver einasti maður á Íslandi, sem ég hafði nokkur kynni af, viti um þessa nafnbreytingu mína, svo ég get fullvissað K.Á.B., að hann þarf aldrei að standa í bréfaskriftum út af henni. Hann tefst ekki frá atvinnu sinni vegna þess.

Ef að ég er vítaverður fyrir að hafa breytt um nafn á þennan hátt og ástæða er til að hafa miður sæmilegar dylgjur um það, þá eru víst margir Vestur-Íslendingar í sömu sökinni. Mig minnir mörg að segja, að K.Á.B. hafi stundum skrifað sig "Snær Snæland", þegar hann hefir verið að slá um sig sem skáldsagnahöfundur, með öðrum eins meistarverkum(!!! og "Valinu" og "Holdsveikinni", sem kom í "Eimr." og dr. Valtýr gerði blaðlega skal ég viðurkenna það, eins og ástæða er til að hafa miður sæmilegar dylgjur um það, þá eru víst margir Vestur-Íslendingar í sömu sökinni. Mig minnir mörg að segja, að K.Á.B. hafi stundum skrifað sig "Snær Snæland", þegar hann hefir verið að slá um sig sem skáldsagnahöfundur, með öðrum eins meistarverkum(!!! og "Valinu" og "Holdsveikinni", sem kom í "Eimr." og dr. Valtýr gerði blaðlegri sortinni af verka- og alþýðumannastéttinni, væri hætt við að styðja að og viðhalda þeim af glöpum. Ef til dæmis einhver hópur hugsandi alþýðumanna ætlaði að koma að fulltrúa til bæjarkosninga eða þingkosninga, þá reyndist það ómögulegt. Þó alþýðumannastéttin þættist öll vilja ætla að fylgja sínum manni upphaflega, þá hlypi stór partur af hólmi undir eins og hinar svokölluðu hærri stéttir (auðvalds og höfðingja) væru búnar að útnefna sína menn, og færu umsvifalaust til fylgis við þá.

Þetta væri orsakirnar til þess, hve öll verkamanna eða alþýðumanna fulltrúaefni færi hraklegar farir í kosningum. þau væri þó oft fult eins miklum hæfileikum búin og hin.

Að fyrirlíta eða lítilsvirða sína eigin stétt, en líta upp til annara með auðmýkt og tilbeiðslu bæði í orði og verki, væri versta tegund af afglöpum, — það væri reglulegt þýlyndi.

Ræðum. kom með dæmissögur upp á þetta. Hann kvað sinni atvinnu svo háttað, að hann þyrfti að fara snemma á fætur á morgnana. Þegar hann bjó vestarlega í bænum, fór hann í vinnuna með strætisvögnunum. Um það leyti (frá því vagnarnir byrja að renna og fram til kl. 8), fóru engir með vögnunum aðrir en verkamenn. Þeir voru klæddir í sinn venjulega búnaðg, með sína matarfötu (Dinner Pail) í hendinni. Framan af þeim tíma er dimt, og því aldrei meiri þörf en þá, að kalla upp strætisnöfnin, sem brautamaðurinn (Conductor) er skyldur til að gera. En ræðum. sagði, að það hefði aldrei komið fyrir, að vagnmaðurinn hefði hait fyrir þessu, fyr en eftir kl. 8, þegar albjart var orðið, en þá fór "finna" fólkið að ferðast með vögnunum. — Verkamennirnir máttu fara of langt eða of skamt, — það gerði ekkert til.

Þrisvar sagðist ræðum. hafa sett sig út til að veita þessu nánar eftirtekt. Í stað þess að vera í sínum vinnufötum, bjó hann sig eins vel og hann gat, var nýkliptur, nýrakaður, í finustu loðskinnsyfirhöfn, með dýrindis loðskinnshúfu og vetlinga, flibba, mansettur og gullspanga gleraugu o. fl.

Þegar hann kemur að vagninum, sagðist hann hafa rigsað inn hjá vagnmanninum, án þess að veita honum minstu eftirtekt eða athygli, og inn í vagninn, settist þar niður og fór að lesa í blaði. Þetta var snemma morguns, og engir í vagninum nema verkamenn. Þegar vagnmaðurinn kom að taka fargjaldið, sagðist hann hafa þeytt centunum í hann með reigingi, og hélt svo áfram að lesa. Láthu seinna fer vagnmaðurinn að óskra upp strætanöfnin — Victor — Agnes — Maryland — Sherbrooke — Change for William — og þetta gekk við hvert stræti meðan hann var í vagninum. Og í öll þrjú skiftin fór þetta á sömu leið, og þó var sinn vagnmaðurinn í hvert skifti. — Fleiri dæmi kom ræðumaður með, er öll sýndu hið sama hugarfar: Ítilsvirðingu fyrir sinni eigin stétt, en undirlægjuhátt við hinar, — þýlyndi.

Þá benti ræðum. á það, hve mörgum alþýðumönnum hætti við að henda gaman að öfórum sinnar eigin stéttar manna, og hve miklu seinni þeir væru að fyrirgefa, ef þeim yrði eitthvað á, en mönnum af hinum svokölluðu hærri stéttum. Ræðumaður kom með dæmi þessu til sönnunar, af tveimur löndum, sem báðir lentu inn á hótel — sinn í hvort sinn — með manni (Íslendingi), sem alþektur er að því, að ala manninn í kringum hótelin, og á þeim. Báðir töpuðu öllum þeim peningum, sem þeir höfðu á sér, en hlógu svo hvor að annars óförum.

Þá sagði ræðum. að það væru afglöp, hvernig mál væru rædd hér vestra, all-oft. Undir eins væri hlaupið frá efninu og út í persónulegar skammir. — Hvernig pólitíkin væri rædd hér vestra, væri dágott sýnishorn. Flokkarnir reyndu af öllum mætti til að láta lita svo út, að tómir bófar og óþverra menn væru í mótflokknum, en einungis fyrirmyndarmenn og gæðablóð í sínum. Með þessu háttalagi væri hægt að blinda svo auðtrúa og óupplýst fólk, að það færi að trúa því, að þetta væri virkilega satt. Vitanlegt væri, að í báðum flokkum væru mikilhæfir og góðir menn, og í báðum misindismenn og óþokkar.

Sumt af því, sem ritað væri hér, væri langt fyrir neðan afglöp. Í svipinn kvaðst ræðum. muna eftir tveimur ritgerðum, sem til flokks þessa teldust. Nefnilega ritgerð neðan frá Gimli, er birtist í nokkrum blöðum af Hkr. í fyrra vor (eftir A.Ó.) og bæklingi, sem útbýtt hefði verið gefins hér í sumar með mynd ráðherra Íslands framan á.



STEFÁN TEITSSON.

Hann andaðist 22. jan. sl. hér í Winnipeg, — sjá fregn um lát hans á 3. síðu þessa blaðs. — Í Dánarfregn þessari hefir sú prentvilla orðið, að móðir Stefáns sál. er sögð Guðmundsdóttir, en átti að vera: Guðbrandsdóttir. Einnig er þar sagt að Stefán sál hafi verið "stiltur í lund og hægfara", en átt að vera: stiltur í lund og gætinn. — Þetta eru lesendur beðnir að leiðrétta.

síðu athugasemd við. Veit ég vel, að ýmsir frægir rithöfundar hafa gerfinafn — aðrir ekki — svo annaðhvort hefir K.Á.B. tekið dulnafnið til að apa eftir þeim, — og á þann hátt reyna að verða frægur, eða hann hefir skammast sín fyrir, að láta vitnast, að hann (K.Á.B.) væri höfundur að því, sem nafnið "Snær Snæland" stendur við. Sem betur fer, er K.Á.B. hættur að reyna til að verða skáld sagnahöfundur.

Óþarft ætti að vera, að fræða K. Á. B. — eða aðra — betur en þegar hefir gert verið um það, hvort "Jón Kristjánsson hafi orðið til í saltfiskssstökkunum í Vestmannaeyjum". Hefði ég "orðið til" þar eða annarstaðar, þá hefði ég ekki orðið til að draga hann á eyrunum nauðugan viljugan fram í dagsbirtuna, þegar hann var að vega að Jóni Trausta og Einari Hjörleifssyni. Þá hefði honum ekki sviðið eins hroðalega undan mér, eins og raun er á orðin. Þá hefði hann ekki haldið á eins "tæpum málum", ekki verið staddur á annari eins logandi hálku, eins og nú er á daginn komið. Og svo getur farið, að ég láti K.Á.B. vita, svona öðruhvoru, að ég ER TIL, ef hann ekki hættir að unga út öðru eins góðgæti og rimunum sínum og ferðasögunum.

5) og síðasta ákæran er sú, að ég hafi "sofið á hveitiakri suður í Dakota". Þetta er alveg satt. Ég hefi einu sinni verið í þreskingu — eitt haust — suður í Dakota, og þá lá ég á næturnar úti á hveitiakri, og getur vel skeð, að ég hafi legið þar einhverntíma á daginn, þegar ekki var hægt að vinna: hveiti of blautt til að þreskjast, vélin biluð eða eitthvað þviumlíkt. — En ég hugsaði, að það væri alveg eins heiðarlegt, að vera í þreskingarvinnu, og "sofa á akrinum", þegar ástæður eru til, eins og að stunda þá atvinnu, sem K. Á.B. hefir aðallega stundað nú um síðustu ár, og allir vita hver er.

Að síðustu vil ég taka það fram, — í eitt skifti fyrir öll — að,

"það litlu skifta læt ég mig,
þó last ég fái og níð"

hjá Kristjáni Ásgeir — eða hans líkum —, manni, sem fyrir löngu er sokkinn eins djúpt og mögulegt er ofan í hyldýpi áfengisnautnarinnar, og eins má búast við, að hugsi aldrei eina einustu hugsun, eða riti einn einasta staf með réttu ráði.

A. J. JOHNSON.

Afglöp

var nafnið á mjög snjöllum og eftirtektaverðum fyrirlestri, er hr. Stefán Thorson flutti á Menningar félagsfundi sl. miðvikudagskveld.

Fyrirlesari tók það fram í byrjun, að hann mundi nefna nöfn ýmsra manna í sambandi við mál sitt. Þetta gerði hann ekki vegna neins persónulegs kala, síður en svo. Sumir af þeim væru vinir sínir og kunningjar, og við þá alla væri sér meinlaust, en nöfnin nefndi hann vegna þess, að þeir væru meira og minna riðnir við þau afglöp, sem hann ætlaði að tala um.

Ræðumaðurinn byrjaði með því, að benda á, að stéttaskiftingin væri afglöp. Benti hann á, hve þá sýndi ræðum. fram á það, hve afglapalega væri ritað um kirkjumálin. Mikið af umræðunum um þau væri afglöp. Málið skýrðist nálega ekkert við þær umræður. Af hálfu íhaldsmanna hefðu þó ritað margir prestarnir: Séra Jón Bjarnason, séra Runólfur Marteinsson, séra Jóhann Bjarnason, séra R. Fjeldsted, séra B. B. Johnson og séra Kristinn Ólafsson, og Hj. Leó og W. H. Paulson, m.fl. Ritgerðir séra B. B. Jónssonar og Hjartar Leó væru í raun og veru þar helztu, er skýrðu þetta deilumál, af hálfu orþódoxiunnar. Hinar margar kæmu þar litið eða ekkert við. Allra síst þó ritgerð séra Jóh. Bjarnasonar. Grein hans um "nýju guðfræðina" hefði litið annað sýnt en fádæma vanþekkingu á því máli, en mikilmensku. Ræðum. kvað heldur ekki mikið að græða á því, sem birst hefði um þetta deilumál af hálfu hinna svokölluðu "hærri kritik" manna. Af því fengi fólkið dálitið að vita um bibliurannsóknirnar, en ekkert um "nýju guðfræðina" (R. J. Campbells). Hærri kritikar mennirnir íslenzku (hvorki austan hafs eða vestan) tilheyrðu alls ekki enn "nýju guðfræðinni". Þeir væru kannske á leiðinni til hennar, — geðjaðist vel að þeirri stefnu. En eins og nú stæði, væru þeir ekki komnir þangað með tærnar, sem hún hefði hælana. En þeir, sem væru að rumska, væru líklegri til að vakna, en hinir, sem steinsvæfu.

Ræðum. kvað kirkjulegu deiluna of mikið hafa gengið út á það sama og hjá kerlingunum, — "hvort það væri klipt eða skorið". Önnur sagði það væri "skorið", — hin sagði það lýgi, það væri "klipt".

Hvað litið almenningur vissi um þessi kirkjulegu deilumál, mætti bezt sjá af yfirlýsingu frá Tjaldbúðarsöfnuði, er nýlega hefði birst í blöðunum. Þetta alt væri svo sorglega ófugt, því í insta eðli sínu væri þó þessi mál alvarleg og þýðingarmikil. Ræðum. áleit nýju guðfræðina bera af þeirri gömlu eins og dagur og nótt.

Með afglöpum taldi ræðum. fornaldardýrkun Íslendinga. Hann neitaði því harðlega, að nútiðin stæði nokkuð að baki forntíðarinnar. — Frelsishugsjónir væri meiri nú en þá, og siðmenning og siðfágun á miklu hærra stigi nú, þrátt fyrir afglöpin.

Fornaldardýrkun áleit ræðum. að stæði fyrir framförum og menningu. Þeim, sem alt af litu áftur fyrir sig, væri hætt við að ganga út á hlið eins og krabba. Þeir veittu ekki eftirtekt því, sem fram undan væri, og væri því hætt við að steypast á höfuðið við fyrstu torfæruna. Fornaldardýrkun væri öfug framþróun.

Afglöp taldi ræðum. það, hve Winnipeg Íslendingar væru alt af margir heimilislitlir. Í raun og veru væri heimilin hjá mörgu fólki ekkert annað en það, sem á ensku er kallað 'Stopping Place" (gistihús. — Kvaðst hann í nokkrum tilfellum vita til, að konurnar færu á morgnana frá krökkunum í rúminu, og öllum heimilisverkum í óstandi, til að ná í "Bargain" hjá Eaton. Í það ferðalag færi hálfur dagurinn eða meira. Þær þyrftu að koma til kunningjakona sinna á leiðinni, o.s.frv. Börnin biðu með óþreyju heima, og ekkert væri til handa manninum að borða á matmálstíma. Þessu til sönnunar tilferði ræðum. dæmi. Í sumum tilfellum yrði konan að vera í burtu og skilja börnin ein eftir heima, þegar hún ein þyrfti að vinna fyrir bæði sér og börnunum, en húsbóndamyndin eyddi hverju centi, sem honum áskotnaðist, fyrir áfengi og annan munað, — kæmi ef til vill aldrei á heimilinu nema á næturnar, og þær ekki allar. En ræðum. kvaðst húsbændur ekki betri, heldur ómitt enn þá brotlegri í þessu tilfelli. Þar sem konan hefði alt á reglu, þar skorti bóndann oft reglu. Hann kæmi ekki einu sinni heim til að borða oft og tíðum.

Hegðan sumra heimilisfeðra hér gagnvart konum sinum, kvað fyrirlesarinn vera þannig að hann Hygðaðist sin fyrir, að lýsa henni í "Mixed Audience".

Alt þetta kæruleysi með heimilislífið væri tilfinnanleg afglöp. Af þeim sypu börnin seyðið. Hann tók það fram, að sem betur færi, ætti fjöldi íslenzkra heimila hér ekki hlut að máli.

Þegar hér var komið, kvaðst ræðum. eiga enn ótalið eitt af þeim afglöpum, sem hann ætlaði að tala um. Það feri alt af vaxandi og þróaðist svo ört, að furðu gegndi, þetta afglap væri skáldskaparleirburðurinn, sem fólkinu væri boðinn. Blöðin skriðu grá af þessum ófagnaði, — þessari fellilús. — Þessi leirburður væri komin inn í Sameininguna og Heimir, hvað þá annarstaðar. Séra Jón Bjarnason, sem manna bezt hefði barið á þennan "selshaus", hefði í síðasta hefti Sameiningarinnar orðið flatur fyrir þessum ófögnuði. Leirburður andlegs efnis ætti ekkert frekari rétt á sér en hinn.

Máli sínu til sönnunar tilferði ræðum. kvæði úr Heimir og Sameiningunni og gagnrýndi þau. Í hin blöðin væri alt af sömu leirburðarsmiðirnir að bulla. Sumir væru búnir að reka þá iðju milli 10 og 20 ár, og alt af væri þeim að fara aftur.*) Afleiðingin af þessu yrði sú, sem nýlega hefði verið tekið fram í ritgerð í Hkr., að þeir, sem gætu ort og verið skáld, hættu að láta til sín heyra. Og ekkert væri líklegra en að einmitt þetta yrði til þess, að Íslendingar vestan hafs fengju óhug og ítilsvirðingu fyrir móðurmáli sínu og íslenzkum bókmentum.

Afsökunin, sem færð væri fyrir þessum ljóða-austri, væri sú, að rangt væri að fela þessa menn frá að yrkja, því þeir gætu kannske staðið til bóta. Reynslan væri búin að sýna það gagnstæða í flestum tilfellum. En ef þessir ljóðabullarar hefðu fult "náttgaguð" sitt af þessu góðgæti, þá óskaði ræðum. þess að lokum, að þeir heltu úr því í hlandforina, en ekki í vatnsbólið.

Að síðustu benti ræðum. á, að eina ráðið til að bæta úr þessum afglöpum og öðrum væri það, að alt fólk reyndi af fremsta og ítrasta megni að hugsa, — vera hugsandi fólk. Þá mundu afglöpin smátt og smátt hverfa af mestu eða öllu leyti.

Á eftir fyrirlestrinum urðu allmiklar umræður. Ræðumenn allir kunnu hóf, þakkir fyrir erindið (sömuleiðis allir viðstaddir með þakklætis atkvæði), sem í fylsta máta er íhugunarvert, og snertir hvern einasta mann og konu, og voru nálega í hverju einasta atriði honum sammála.

Fjöldi fólks var viðstaddur.

Framangreindan útdrátt var mér falið að birta í Hkr., sem skrifara á áðurnefndum Menningarfélagsfundi.

A. J. JOHNSON.

* Allir þeir, er til máls tóku á eftir fyrirlestrinum og mintust á þetta atriði, voru sammála um hver væru þessi leiðustu leirskáld, sem í sífellu eru að yrkja í blöðin.

LEIÐBEININGAR--SKRÁ
YFIR ÁREIÐANLEGA VERZLUNARMENN Í WINNIPEG

MUSIC OG HLJÓÐFÆRI
CROSS, GOULDING & SKINNER, LTD.
323 Portage Ave. Talsími 4413

MASON & RISCH PIANO CO., LTD.
356 Main Stree Talsími 480
W. Alfred Albert, Íslenzkur umboðsmaður

WHALEY ROYCE & CO.
336 Main St. Phone 263
W. Alfred Albert, búðarþjónn.

BYGGINGA- og ELDIVIÐUR.
J. D. McARTHUR CO., LTD.
Byggingar og Eldiviður í heildsölu og smásölu. Sölust: Princess og Higgins Tals. 5060, 5061, 5062

MYNDASMIÐIR.
G. H. LLEWELLIN,
"Medallions" og Myndarammar
Starfstofa Horni Park St. og Logan Avenue

SKÓTAU Í HEILDSÖLU.
AMES HOLDEN, LIMITED.
Princess & McDermott. Winnipeg.

THOS. RYAN & CO.
Allskonar Skótau. 44 Princess St.

THE Wm. A. MARSH CO. WESTERN LTD.
Framleiðendur af Finu Skótaui. Talsími: 3710
88 Princess St. "High Merit" Marsh Skór

RAFMAGNSVÉLAR OG ÁHÖLD
JAMES STUART ELECTRIC CO.
324 Smith St. Talsímar: 3447 og 7802
Fullar byrgðir af alskonar vélum.

VÍNSÖLUMENN
GEO. VELIE.
Hef'dsölu Vínsali. 185, 187 Portage Ave. E.
Smá-sölu talsími 352. Stór-sölu talsími 408.

STOCKS & BONDS
W. SANFORD EVANS CO.
326 Nýja Grain Exchange Talsími 3696

ACCOUNTANTS & AUDITORS.
A. A. JACKSON,
Accountant and Auditor
Skrifst.—28 Merchants Bank. Tals.: 5780

OLÍA, HJÓLÁS-FEITI OG FL.
WINNIPEG OIL COMPANY, LTD.
Búa til Stein Olíu, Gasoline og hjólás-feiti
Talsími 1596 611 Ashdown Block

TIMBUR og BÚLÖND
THOS. OYSTED, 308 Kennedy Bldg.
Viður í vagnhlössum til notenda, búlönd til sölu.

PIPE & BOILER COVERING.
GREAT WEST PIPE COVERING CO.
132 Lombard Street.

VÍRGIRÐINGAR.
THE GREAT WEST WIRE FENCE CO., LTD.
Alskonar virgirðingar fyrir bændur og borgara.
76 Lombard St. Winnipeg.

ELDAVÉLAR O. FL.
McCLARY'S, Winnipeg.
Stærstu framleiðendur í Canada af Stóves, Steinvöru [Granitewares] og fl.

Fréttir úr bænum.

Þorrablótið verður fjölment í kveld — miðvikudag. Mesti fjöldi fólks úr ýmsum bygðum Manitoba og Norðvesturlandsins er hér í bænum til þess að blóta. Undirbúningur allur kvað vera vandaður og nákvæmar ráðstafanir gerðar fyrir góðri skemtun. — Helgi magri vonar og biður, að sem flestir verði viðstaddir.

Í sl. viku voru hér í bæ Halldór Stefánsson frá Selkirk og Ásbjörn Pálsson frá Geysir. Þeir komu vestan frá Turtle Lake, þar sem Stefán hefir stundað veiði í vetur, en hinn tekið móti henni og haft á hendi, að koma henni til markaðar. Alt var það hvítfiskur, sem veiddist, og afli ágætur hjá Íslendingum. Þetta er fyrsti veturinn, sem Íslendingar hafa stundað fiskveiði þar vestra. Halldór notaði og ferð þessa til þess, að festa sér heimilisland þar vestra, og ætlar að flytja alfarinn þangað á næsta vori. Hann segir meginið af öllu landi þar vestra vera sérlega vel fallið til hveitiræktar. Járnbraut á að byggja á næsta vori frá Brasaylor norður, og verður hún 10 mílur sunnan við vatnið. Enn er strjálbygt þar vestra, en talið áreiðanlegt, að öll fáanleg lönd verði upptekin þar á næsta vori. Óteljandi smá-veiðivötn eru þar þar norðuraf Turtle vatni, og landið á því svæði mjög björgulegt að öllu leyti og fagurt.

Herra B. Dalman, bæjarfulltrúi í Selkirk, var hér í borginni í sl. viku. Hann sagði, að bæjarstjórnin þar hefði selt skuldabréf bæjarins, að upphæð 150 þús. dollara, og að á komandi sumri yrði haldið áfram með vatnsleiðslukerfið. En bærinn verður samkvæmt óskum þeirra, sem keyptu skuldabréf bæjarins, að biðja fylkisþingið að leyfa, að selja megi skuldabréfin í 30 þúsund dollara upphæðum, svo að hægra verði að verzla með þau heldur enn ef öll upphæðin er í einu lagi. Skattar á sl. ári voru þar í bæ 22 mills á dollar.

Herra Friðrik Bjarnason, frá Wynyard, Sask., var hér í síðustu viku, áleiðis í kynnisför til Samsonar bróður sins, að Akra, N.D. Friðrik lét vel af liðan Íslendinga í Saskatchewan. Hann sagði járnbrautina frá Leslie til Wynyard vera svo fullgerða, að vagnar rynnu eftir henni tvisvar á viku, til Wynyard, og að sú braut yrði framlengd vestur á bóginn á komandi sumri. Framfarir eru talsverðar í bæjum þar vestra. — Í Wynyard eru nú 3 sölubúðir, sú fjórða í smiðum og fimta væntanleg. Þar er og hótel og greiðasöluhús. — Samferða Friðriki að vestan varð séra Runólfur Fjeldsted og kona hans.

Herra Ingólfur Jónsson, sem um sl. 8 ár hefir dvalið hér í landi, fór alfarinn til Íslands með konu sína og 3 börn þeirra hjóna, í þessari viku.

Mrs. Guðrún Goodman, frá Leslie P.O., Sask., er hér á ferð í kynnisför í bænum og til Jóns bróður sins, að Woodside, Man. Hún var fyrrum í Þingvalla nýlendu og á fjölda vina hér hvervetna. Mrs. Goodman lét vel af liðan fólks vestra og framförum þar yfirleitt.

Bæjarstjórnin biður um þær breytingar á löggildingarskrá Winnipeg borgar, að hér eftir verði laun bæjarfulltrúanna 500 dollars á ári, í stað 300 dollara nú; og að hver sá, sem sækir um sæti í bæjarstjórn, sé eigandi eitt þúsund dollara skuldlausra eigna, í stað 500 dollara nú. Einnig biður bæjarstjórnin þingið um leyfi til þess að mega byggja 50 þúsund dollara fangelsi fyrir þá, sem verða brotlegir við aukalög borgarinnar. — Ennfremur, að bæjarstjórnin megi byggja opinbera baðstöð strax og bæjarbúar hafa með atkvæðum samþykt að leggja fé til þess.

Dominion stjórnar þjónar hafa átt fund með sér hér í bænum, og samþykt að senda nefnd til Ottawa, til þess að biðja stjórnina um launahækkun, — samkvæmt til lögum þeirrar nefndar, sem stjórnin setti til þess að thuga ástand stjórnarþjónustunnar (Civil Service) og gera tillögur til breytinga og umbóta á henni.

Bæjarstjórnin með skynsamlegri fyrirhyggju hefir látið gera áætlanir um, hve mikið fé muni þurfa til þess að gera svo öfluga saurrennuskurði, að nægja megi borginni í framtiðinni, og er áætlaður kostnaður við það verk um 4½ miljón dollara.

Myndirnar af Jónasi Hallgrímssyni og Hallgrími Péturssyni, fást hjá Friðriki Sveinssyni, 618 Agnes St. Sendar hvert á land sem er.

Sú hugmynd, sem nýlega hefir vaknað hér í borg, að halda hér heimssýningu innan tveggja eða þriggja ára tíma, — hefir mætt almennum vinsældum. Sú uppástunga hefir verið gerð, að ríkisstjórnin sé beðin um svo mikið af bústöndum í Vestur-Canada, að selja megi þau fyrir rúma miljón dollara og nota svo þá peninga fyrir nauðsynlegan kostnað við sýninguna. Því er haldið fram, að sýningin yrði svo mikil auglýsing fyrir Norðvestur Canada, að stjórnin gæti réttlætt landgjöfina sem auglýsingastyrk. Enn þá er ekki hægt að segja, hvort þetta verður meira en umtal eitt. En yfirleitt eru íbúar Norðvesturlandsins með því, að sýningin verði haldin hér í borg eins fljótt og hægt er að koma því við.

Frá Churbridge voru hér á ferð í þessari viku: G. Árnason, Mr. og Mrs. Loptsson, Hjálmar Loptsson; Mr. og Mrs. Jóelsson, Jón Freysteinsson og systir hans, Miss Anna Helgason, Thorleifur og Andrés Andréssynir, og margir fleiri.

Frá Álptavatnsnýlendu voru hér á ferð meðal annara: Pétur Bjarnason, Björn Hördal, Valdimar Eiríksson, Jón Rafnkelsson, Jón Sigfússon, Guðmundur Breckman, Pétur Árnason, Sigurður Sigurðsson, og fleiri.

Úr Argyle nýlendu: Halldór Árnason, Mrs. Vilborg Sigurðsson, Mrs. Simonarson, Mrs. Sveinsson, Olgeir og Friðbjörn Friðrikssynir, Árni Sveinsson og Hjalti Anderson. Sá síðastnefndi er fulltrúi á stórstúkuþing Goodtemplara fyrir stúkuna Tilraun (No. 5) á Brú. — Margir fleiri komu að vestan, þar með A. T. Ísberg, frá Baldur.

Frá Glenboru kom John Gillis, on nokkrir fleiri.

Úr Pipestone bygð komu Bergvin Johnson og Guðmundur Davíðsson.

Herra Friðrik Sveinsson, Ólafur Eggertsson og ungfrú Rannveig Einarsson, sem verið hafa að skemta Argyle búum í síðustu viku, komu heim aftur á fimtudaginn var, og láta þau sérlega vel af framúrskarandi ágætum viðtökum, sem þeim voru veittar hvervetna í nýlendunni. Aðsókn á samkomur þeirra var allstaðar góð. En það óhapp vildi til, að myndavél hr. Sveinssonar bilaði, svo að hann gat ekki sýnt þær mörgu og fögru myndir (yfir 100 talsins), sem hann ætlaði að sýna. Og býst hann við, að gera ferð þangað vestur snemma í næsta mánuði til þess að sýna þessar myndir, og lofar hann að hafa þá svo búið um hnútana, að ekkert geta bruðist í vélinni.

Þessir þrímenningar ætla að halda til Nýja Íslands þann 22. þ.m., og sýna þar á 5 stöðum eða fleiri. — Sjá auglýsingu í þessu blaði.

Herra Gunnlaugur Gíslason frá Dongola, Bask., kom hingað til bæjarins ásamt konu sinni og 2 dætrum, til að heimsækja skyldfólk sitt hér í borginni, og vera á þorrablótinu. Mr. Gíslason sagði ekkert markvert að frétta að vestan.

Næsti fundur Menningarfélagsins verður haldinn næsta miðvikudags kveld, þann 24. þ.m., á venjulegum stað og tíma. Þá flytur herra P. Clemens fyrirlestur um "FRIÐ" Fólk festi þetta á minnið og fjölmenni. Vaknið til að hugsa, landar góðir! Að sækja fundi Menningarfélagsins er spor í áttina til þess. Allir boðnir og velkomnir kostnaðarlaust.

Þessir eiga bréf á skrifstofu Heimskringlu: —

Mrs. Sigurbjörg Pálsson.
Haraldur Olson.
Mrs. M. Bergthorson.
Miss Guðný Thorvaldsdóttir.
Miss Sveinbjörg Einarsson.
Jón Stefánsson (frá Narrows).

Eigendur vitji bréfanna sem allra fyrst.

Kæru bændur!

Ef ykkur langar til að eignast eftirfylgjandi Calendar, sem gefur góða hugmynd um það yfirnáttúrlega málverk, sem Sharplers Skilvindu félagið býður fritt meðan það endist, öllum sem óska þess, — þá skrifið umboðsmanni félagsins G. S. Guðmundsson, Framnes, Man., Can., og biðjið hann um þessa stofuprýði, ásamt sérstökum skilvindu verðlista fyrir febrúar og marz. Sendið 10c í silfri fyrir póstgjald og umbúðir. 11-3
SHARPLESS SEPERATOR CO.

Brúkaður Fatnaður
MESTA ÚRVAL ÆTÍÐ Á REIÐUM HÖNDUM. KOMIÐ VIÐ HJÁ OSS OG SKOÐIÐ FÖTIN.
THE
OXFORD
Brúkaðrafata fél.
Phone 6162.
532 NOTRE DAME AV.
Vér kaupum og seljum föt.

GÓÐ SKEMTUN.

Samkoma stúdentafélagsins á mánudagskveldið var, var vel þess virði, að á hana sé minst. Það er sú langbezta og fullkomnasta prógrams-samkoma, sem ég hefi verið á í bessari borg. Sérstaklega voru það ræður stúdentanna, er náðu tökum á mér. Þær voru hver annari betri, að heita mátti undantekningarlaust. Allar um há-alvarleg málefni, sem hver einasti maður og kona ætti að hugsa betur um en nú á sér stað, og allar sæmilega fluttar. Þó þóttu mér þau Mr. J. P. Pálsson, Mr. Baldur Jónsson og Miss Th. Jackson skara þar fram úr. — Það leynd sér ekki, að þarna var að tala hugsandi fólk, og mentað. — Mér datt í hug: Mikil afskapleg breyting til fullkomnunar væri það á mannkyninu, ef meginþorri þess hugsaði eins og þessir stúdentar. Þá væri gaman að lifa.

Ég hefi sterka löngun til að sýna útdrátt úr ræðunum, en það er tvent, sem aftrar mér frá þessu: að mig skortir rúm í blaðinu í þetta sinn, og eins hitt, að ég vona, að ræðurnar komi allar á prent. Slík kostafæða, sem þær eru, er ekki á boðstólum hversdagslega.

Mr. Jónas Jónasson vann medalíu fyrir bezt samda og bezt flutta ræðu, að dómi dómendanna (séra Fr. J. Bergmanns, W. H. Paulsonar og Stefáns Guttormssonar).

Næstum húsfyllir var. — Þetta félag ætti skilið, að fá troðfult hús í hvert sinn, sem það býður aðra eins samkomu. A.J.I.

James Flett & Co.
PLUMBERS
Leiða Gas- Vatns- og Hitapípur í hús yðar, fyrir sanngjarnt borgun. Verk vandað, fljótlega gert og ábyrgst.
572 Notre Dame Avenue
Telephone nr. okkar er 7380 eða 8539.

Stefán Johnson
Horni Sargent Ave. og Downing St.
HEFIR ÁVALT TIL SÖLU
Nýjar Áfir
Beztu í bænum. Ágætar til brönnur, 15c gallon

Samkomur í Nýja Íslandi.

Herra Ólafur Eggertsson og ungfrú Rannveig Einarsson leika 2 stutta leiki: —

"Veðmálið" og "Jólanóttina".

Á milli leikjanna sýnir hr. Friðrik Sveinsson litmyndir með ljósvél, — af helztu viðburðunum úr hinni frægu sögu "Ben Hur".

Samkomurnar verða haldnar sem fylgir:

GIMLI, 22. febr.
ÁRNESI, 23. febr.
HNAUSA, 24. febr.
ÁRDAL, 25. febr.
ICELANDIC RIVER, 26. febr.
Aftur á GIMLI 27. febr.
Í SELKIRK, 1. marz.

Byrja kl. 8 að kveldi. Inngangseyrir: Fullorðnir 35c, börn innan 12 ára 29c. — Unga fólkinu er heimilt, að slá upp í dans á eftir.

Stúdentafélagsfundur næsta laugardag á venjulegum stað og tíma.

I. O. F.

Stúkan ÍSAFOLD heldur sinn venjulega mánaðarfund á fimtudagskveldið kl. 8 þann 25. þ.m., yfir búð herra P. Andersons, að 676 Sargent Ave. — Áríðandi mál liggja fyrir fundinum.

Á eftir fundi verður Pedro-spil, sem félagsmenn geta skemt sér við og sá, sem vinnur í þeirri atlögu, mun ekki fara allslaus heim aftur. Allir félagsmenn ættu að mæta snemma á þessum fundi.

J. W. MAGNÚSSON,
ritari.

I. O. G. T.

Veitið athygli í næsta blaði auglýsingu frá samkomunefnd úr stúkunni Heklu.

C. O. F.

Meðlimir Court VÍNLAND No. 1146, C.O.F., eru hér með vinsamlega mintir á, að greiða tillög sin til undirritaðs fyrirfram fyrir hvern mánuð.

Þeir meðlimir, sem skulda téðu félagi, eru hér með alvarlega ámintir um, að borga skuldir sínar tafarlaust, annars mega þeir búast við, að missa félagsréttindi sin

B. MAGNÚSSON, F.S.
683 Beverly St., Winnipeg.
Heima frá kl. 6½—7¾ siðdegis.

A. S. BARDAL
Selur líkkistur og annast um útfarir. Allur útbúnaður sá bezti. Enfremur selur hann alskonar minnisvarða og legsteina.
121 Nena St Phone 306

S. F. Ólafsson
619 Agnes St selur Tamarac fyrir $5.50 og $5.75 gegn borgun út í hönd.
Telephone 78?2

McKenzie's UTSŒÐI.
FRÆIN SEM BERA NAFN MEÐ RENTU. ÞRUNGIN AF FYLSTA FRJÓMAGNI. VANDAÐ ÚRVAL. — BEZT FYRIR VESTURLANDIÐ.

Þegar vandlátustu og langflestu fræka upendur þessa góða Vesturlands heimta einhuga

McKenzie's Hreinu Fræ

Þá hafið þér vissu fyrir að verðleiki og gæði aðeins gætu áunnið svo einróma meðmæli.

Skrifið oss eftir stórri bók um allskonar fræ til að rækta garðávexti, blóm, korn og gras

ALLAR BETRI [illegible] VOR FRÆ. EF ÞÉR FÁIÐ ÞAÐ EKKI HJÁ KUAPMANNI IÐAR ÞÁ SKRIFIÐ OSS

INSIST ON McKENZIE'S — TAKE NO OTHER

A. E. McKENZIE Co. Ltd.
BRANDON, MAN. CALGARY, ALTA.
WESTERN CANADA'S GREATEST SEED HOUSE

Sendið Heimskringlu til vina yðar á Íslandi

JOHN ERZINGER
TÓBAKS-KAUPMAÐUR.
Erzinger's skorið reyktóbak $1.00 pundið
Hér fást allar nefntóbaks-tegundir. Óska eftir bréfbögum pöntunum.
McINTYRE BLK., Main St., Winnipeg
Heildsala og smá-sala.

KŒRU LANDAR

Við höfum hús og lóðir í öllum pörtum bæjarins með mjög sanngjörnu verði og borgunarskilmálum. Einnig ágæt lönd víðsvegar um fylkið í skiftum fyrir hús og lóðir í bænum.

Peningar lánaðir. Hús og munir teknir í eldsábyrgð.

Finnið okkur að máli.

Markusson & Friðfinnsson,
605 McIntyre Block Telephone 5648

DANS
Í LIBERAL CLUB HALL
[sem er andspænis W'peg leikhúsinu]
hvert þriðjudagskv. kl. 8½
ODDFELLOW'S HALL
hvert laugardagskv. kl. 8½
Maher's Orchestra
SPILAR
Aðgangur Karlm. 50c Konur Fritt
Komið og skemtið ykkur.

Arena Rink
Skautaskemtun á hverju kveldi. Ágætt Music.
JAMES BELL, eigandi.

F. Deluca
Verzlar með matvöru, aldini, smá-kökur, allskonar sætindi, mjólk og rjóma, sömul. tóbak og vindla. Óskar viðskifta Íslend. Heitt kaffi eða te á öllum tímum. Fón 7756
Tvær búðir:
587 Notre Dame og 714 Maryland St.

ÉG HEFI KEYPT ÚT KJÖTVERZLUN
herra Christjáns Oleson's á Notre Dame, og óska viðskifta allra þeirra sem áður verzluðu við hann. Gott kjöt og sanngjarnt verð.
A. E. COOPER,
692 Notre Dame Ave. Telefón 6906

BILDFELL & PAULSON
Union Bank 5th Floor, No. 520
selja hús og lóðir og annast þar að lútandi störf; útvegar peningalán o. fl.
Tel.: 2685

J. L. M. THOMSON, M.A., L.L.B.
LÖGFRÆÐINGUR. 255½ Portage Ave.

ARNI ANDERSON Íslenzkur lögmaður
Í félagi með
Hudson, Howell, Ormond & Marlatt
Barristers, Solicitors, etc.
Winnipeg, Man.
13-18 Merchants Bank Bldg. Phone 3621, 3622

BONNAR, HARTLEY & MANAHAN
Lögfræðingar og Landskjala Semjarar
Suite 7, Nanton Block, Winnipeg

Hubbard, Hannesson and Ross
LÖGFRÆÐINGAR
10 Bank of Hamilton Chambers
Tel. 378 Winnipeg

Th. JOHNSON
JEWELER
286 Main St. Talsími: 6606

Íslenzkur Tannsmiður,
Tennur festar í með Plötum eða Plötulausar. Og tennur eru dregnar sársaukalaust með Dr. Morriens sársaukalausu aðferð
Dr. W. Clarence — Tannlæknir.
Sigurður Davíðsson—Tannsmiður.
620½ Main St.
Phone 470 Horni Logan Ave.

HIN ÁRLEGA Tilhreinsunar-Sala
Alfatnaðir búnir til handa yður eftir máli, úr hvaða efni sem er í búðinni, fyrir aðeins
$25
Snið, efnisgæði, áferði og verk lag ábyrgst. Þessir fatnaðir þegar tilbúnir, eru $35—$40 virði. Nú er tíminn. —
Ef það kemur frá Clement's þá er það akkurat.
Geo. Clements & Son
Stofnað árið 1874
264 Portage Ave. Rétt hjá FreePress

Stefán Guttormsson,
Mælingamaður
663 AGNES STREET. WINNIPEG

Dr. G. J. Gislason,
Physician and Surgeon
Wellington Blk. - Grand Forks, N.Dak
Sérstakt athygli veitt AUGNA, EYRNA, KVERKA og NEF SJÚKDÓMUM

Drs. Ekern & Marsden,
Sérfræðislæknar í Eftirfylgjandi greinum: — Augnasjúkdómum, Eyrnasjúkdómum, Nasasjúkdóm um og Kverkasjúkdómum.
Í Platky Byggingunni í Bænum
Grand Forks, :: N. Dak.

Eldiviður
Þurt Tamarak $5.50
KORÐIÐ.
Vér óskum að þér reynið 1 kord.
J. G. Hargrave & Co.
334 MAIN ST
Phones:—431—432 og 2431

Boyd's Brauð.
Kostar yður minna á ári og er betra en nokkurt annað brauð í þessari borg. Brauð vor eru stór-ágæt og innihalda mestu saðsemdar eiginleika. Reynið eitt brauð.
Boyd's
Bakery Cor. Spence & Portage Ave
Phone 1030.

KOL OG VIDUR
Þur, beinharður eldiviður, — Poplar, Pine, og Tamarac með mjög sanngjörnu verði. — Nú sem stendur verið að afferma mörg vagnhlöss af BEZTA DAUPHIN TAMARAC. —
McElroy Bros.
Cor. Sherbrooke & Ellice
PHONE: 6612

W. R. FOWLER A. PIERCY.

Royal Optical Co.
327 Portage Ave. Talsími 7286.
Allar nútíðar aðferðir eru notaðar við augn skoðun hjá þeim, þar með hin nýja aðferð, Skuggs-skoðun, sem kjöreyðir öllum ágiskunum. —

Vér sækjum þvottinn og flytjum hann heim til yðar Verk ábyrgst, viðskifti áreiðanleg. Fljót skil Fullkomnustu vélar. Óska viðskifta yðar.
The EMPRESS LAUNDRY Co.
74-76 Aikins St Phone 1440

Laing Brothers
3 Búðir:
234-6-8 KING ST.
Talsími 1476, 5890, 5891
417 McMILLAN AVENUE
Talsími 5598
847 MAIN ST. — Tals: 3016
Bezta Hey $5 tonn. Kurlaðir hafrar, bran og shorts. Epli, appelsínur, kartepli og allar tegundir af aldini og garðávöxtum. ALLAR VÖRUR ÁBYRGSTAR AF BEZTU TEG.

LAND

Vér höfum nýlega fengið til sölu yfir 30 Section-fjórðunga, liggjandi að Oaklands braut C. N. R. félagsins. Verðið er frá $5.00 til $12.00 hver ekra. Ekkert af löndum þessum eru meir en 5 mílur frá járnbrautinni.

Skuli Hansson & Co.
Skrifst. Telefón 6476. Heimilis Telefón 2274

Heimskringla.

Alt landið

er ábyrgst að vera jarðyrkju land af bezta tegund, og fúst keypt með vægum afborgunar skilmálum. (N.B.—Lesið fyrripart þessarar augl. vinstramegin við Hkr. nafn.)

Frekari upplýsingar veita
Skuli Hansson & Co.
56 Tribune Building. Winnipeg.

XXIII. ÁR. WINNIPEG, MANITOBA, FIMTUDAGINN, 25. FEBRÚAR, 1909 NR. 22

Fregnsafn.

Markverðustu viðburðir hvaðanæfa.

— Michigan Lumber félagið í Detroit borg, eitt af öflugustu félögum, sem nokkurntíma hefir myndað verið í því ríki, með 1½ miljón dollara höfuðstól, — ætlar að láta fella skóga í British Columbia, og saga 2½ miljón fet af Pine, Spruce, Cedar og Hemlock við á rúmum 50 fermílum á Vancouver eyju. Vélaúthúnaður hefir þegar verið fluttur þangað vestur, og vinna við viðarhögg og sögun verður byrjuð strax á þessum vetri.

— Dominion Textile félagið hefir hætt starfi í léreptsgerðar verkstæði sínu í St. Henry bæ í Quebec fylki, og mistu 300 menn þar atvinnu. Eigendurnir segja svo lítið verk fyrirliggjandi, að engin tök séu á, að halda áfram. En ekki er talið ósennilegt, að verkstæðin kunni að taka til starfa á ný eftir nokkrar vikur.

— Stálfélagið mikla í Glace Bay í Nova Scotia hefir gert ráðstafanir til þess, að taka sjálft kol úr kolanámalöndum sínum þar í fylkinu. Kolafélagið hefir gert stálfélaginu tilboð um, að það skuli standa við samning sinn við það, að skaffa því kol um 100 ára tíma fyrir $1.24 hvert ton, eða að gera nýja samninga við félagið, með hverjum þeim kjörum, sem stálfélagið áliti sanngjörn.

— Eldur mikill varð í leikhúsi í Acapulco borg í Mexico þann 15. þ.m. Það var verið að leika, þegar eldsins varð vart. Fólkið varð æðisgengið og tróð hvert annað undir. Alls biðu 300 manns bana.

— Vábrestur varð í náma í Kína þann 9. þ.m. Urðu þá 125 menn innilokaðir í námanum, og voru þeir taldir af. En eftir 2. sólarhringa uppihaldslaust erfiði, tókst þeim að hafa sig út. Að eins fáir týndu lífi.

— Stórviðri mikil hafa verið á Spáni fyrri hluta þessa mánaðar. Mörg skip hafa rekist á meðfram ströndum landsins í blindbyljunum. Mörg skip einnig strandað og farist. Á landi hefir orðið mikið eignatjón. Stórtré hafa rifist upp með rótum, þök fokið af húsum og reykháfar, og ýmsar aðrar skemdir orðið.

— Eldur í Buffalo borg í Bandaríkjunum þann 10. þ.m. gerði 250 þúsund dollara eignatjón. Nokkrar beztu byggingar í verzlunarhluta borgarinnar brunnu. Stórhríð var og vindhæð mikil, svo ilt var að slökkva.

— Frumvarp til laga liggur fyrir þingi Þjóðverja, er veiti stjórninni heimild til þess, að leggja skatt á eignir keisarans og annara meðlima keisaralegu fjölskyldunnar, svo að sú fjölskylda borgi hér eftir til þjóðþarfa eins og aðrir borgarar ríkisins. Að undanförnu hefir keisaralega fjölskyldan verið undanþegin skattgreiðslu, en nú er viðbúið, að sú undanþága verði afnumin.

— Vinnuleysingi einn í Chatham bæ í Ontario fanst nýlega í herbergi sínu, þar sem hann hafði verið marga daga, án þess að hafa nokkra fæðu. Hann kvaðst ekki hafa getað fengið svo mikið að gera, að hann gæti keypt sér fæði, og var að fram kominn af hungri, þegar hann fanst. Hann var fluttur á spítala.

— Ítalskur prófessor að nafni Tomassia, hefir fundið upp nýja aðferð til þess að þekkja glæpamenn. En hún er sú, að taka myndir af handarbökum þeirra. Hann segir, að engir tveir menn hafi lik æðakerfi á höndunum, og að með því að bera myndirnar saman við hendurnar, megi þekkja menn, svo að ekki sé bægt um að villast. En prófessorinn annaðhvort gætir þess ekki, eða getur ekki um það, að þjófar þekkjast oft af því, að fingraför þeirra sjást á hlutunum, sem þeir hafa snert, og þegar þau svo eru algerlega samkynja fingrum þjófanna, þá er ekki um að villast. En enginn maður snertir á hlut með handarbaki sínu, og þess vegna getur þessi uppgötvun prófessorsins ekki haft neina verulega þýðingu í leit eftir glæpamönnum.

— Tveir bændur í Ontario fundust nýlega í snjóskafli, frosnir í hel. Þeir höfðu báðir verið dauðadruknir og vagninn, sem þeir keyrðu í, oltið um í skaflinum, en hvorugur mannanna hafi mátt til þess, að standa á fætur. Svo hafði fent yfir þá. Hesturinn var þó lifandi í aktýgjunum, þegar mennirnir fundust, — hann hafði ekki drukkið frá sér ráð og rænu.

— Indiáni einn í Brantford, Ont., andaðist þann 17. þ.m., — 115 ára gamall.

— Stálfélagið heimtar 4 miljón dollara skaðabætur frá kolafélaginu í Nova Scotia, en kolafélagið býður 2 miljónir, og önnur aðgengileg sátta tilboð. Óvíst að saman gangi, og líklegast verður kolafélagið að ganga að hverjum þeim kostum, sem stálfélagið setur því, þar sem það hefir unnið mál sitt í öllum atriðum.

— Rússneskir herforingjar í Vladivostock eru kærðir um, að hafa eytt í svalli hálfri miljón dollara af ríkisfé, þegar Bandaríkja herskipaflotinn var þar á höfninni fyrir nokkrum mánuðum. Fréttin segir, að þá hafi herforingjarnir rússnesku selt Bandaríkja herflotanum kol fyrir þessa upphæð. En í stað þess, að skila peningunum til stjórnarinnar, hafi þeir notað þá til veizluhalda og ýmiskonar þarfleysu, meðan Bandaríkjaflotinn stóð þar við. Foringjarnir hafa verið dæmdir í herrétti, en um hegninguna er ófrétt enþá.

— Sex Svíar og einn Norðmaður lágðu bana við klettasprengingu 108 milur norður af Nipegon í Ontario fylkinu, á vegstæði G.T.P. brautarinnar, þann 17. þ.m. Óvarkárni á meðferð sprengiefnisins er kent um þetta.

— Járnbrauta skýrslur Canadastjórnar sýna, að á sl. ári hefir 35½ miljón dollara verið varið til járnbrautalagninga hér í ríkinu, — þar af nálega 19 miljónir fyrir G. T. P. brautina.

— Nýlega er látinn í Ástraliu maður að nafni Burns, auðugur mjög. Í erfðaskrá sinni eftirskildi hann Toronto borg 580 þús. dollara, sem skal verja á þessa leið: 125 þúsund dollurum til að byggja hæli fyrir afvegaleiddar stúlkur, 5 þúsund dollurum til húsbúnaðar, og 450 þúsund dollarar skulu leggjast í stjóð og vextirnir af honum ganga til viðhalds og starískostnaðar stofnuninni. Ennfremur hefir þessi sami maður eftirskilið 25 þúsund dollara til herra S. Kidd í Toronto, sem fyrir nokkrum árum varð til þess, að benda afvega leiddri dóttur þessa látna manns á rétta braut, og gera úr henni heiðvirða konu. — Bygging þessa stúlknahælis verður byrjuð tafarlaust og hælið komið í vinnandi ástand innan 12 mánaða.

— Fimm þúsundir manna í Suður-Omaha borg gerðu á sunnudaginn var áhlaup á Grikki þá, sem þar búa í borginni. Svo stóð á, að griskur verkamaður hafði á föstudagskveldið skotið lögregluþjón þar í borginni. Þetta þoldu borgarbúar ekki, og réðust svo á vesalings Grikkjana strax á sunnudagsmorguninn. Á strætunum varð hinn harðasti bardagi með byssum og ýmsum öðrum vopnum sem hönd á festi. Margir særðust og nokkrir voru drepnir. Yfir 10 þúsundir manna gengu um götur borgarinnar ógnandi útlendingunum. Tilgangur borgarbúa er, að reka alla útlendinga úr borginni, eða að losast við þá á annan hátt.

— Snjór mikill hefir fallið á Rússlandi í þessum mánuði. Yfir 2 þúsund milur af járnbrautum hafa fent í kaf í suðvesturhluta ríkisins, og öll umferð eftir þeim brautum hefir hætt. Þúsundir manna vinna dag og nótt við að moka snjóinn af sporunum. Svo eru skaflarnir miklir, að mörg hús hafa fent í kaf. Frá Odessa borg koma þær fréttir, að yfir hundrað manna hafi látið lífið í stórhríðum á suðvestur Rússlandi á þremur dögum, frá 18. til 21. þ.m.

— Gufuskip frá Suður-Ameríku hrepti nýlega ofsaveður meðfram ströndum landsins þar. Það kom eldur upp í skipinu, og það hleypti til lands og strandaði. Um 200 manns voru um borð, og drukknuðu 50 af þeim.

— Grikkir í Suður-Omaha borg í Nebraska kæru til Grikkja konungs yfir meðferð þeirri, sem þeir hafa á sl. nokkrum dögum verið látnir sæta af hálfu borgarbúa þar. Þetta gerðist á mánudagskveldið var, meðan annað áhlaup var gert á Grikki þar í borginni. (Frá fyrra áhlaupinu er skýrt á öðrum stað hér í blaðinu). Einnig var kvörtun send til sendiherra Grikklands í Washington, honum sagt, að líf og eignir fjölda af samlöndum hans í Omaha borg væru í hættu, og hann beðinn að krefjast þess af Roosevelt forseta, að hann veitti þessum ofsóttu mönnum vernd Bandaríkjanna. Grikkir hafa einnig ákveðið, að krefjast skaðabóta af bænum, og jafníramt hafa þeir látið þess getið, að ranglátt sé að ofsækja og láta allan þjóðflokk þeirra bera ábyrgð á eins manns lögbroti. Skaðabótakrafan er fyrir eignaskemdir, og fyrir meiðsli á 50 mönnum, sem þeir urðu fyrir meðan á áhlaupi borgarbúa stóð. Allar verksmiðjur í Omaha borg hafa ákveðið, að reka alla griska verkamenn frá vinnu. — Það þykir markvert, að það var ung stúlka, sem var leiðtogi borgarlýðsins í þessum æsingum, en lögreglan kveðst ekki vita, hver hún hafi verið.

Laglegur skildingur.

Fyrsta árs reynsla af þjóðeign talsíma í Manitoba hefir verið sú, að inntektir á 11½ mánuði urðu $722,612.67
Útgjöld . . 342,611.57
Afgangur . $360,001.10

— Upprest varð í Kína um síðustu helgi meðal verkamanna í Canton héraðinu, sem voru að vinna við byggingu nýrra járnbrautar þar. Þeir þóttust fá ofllítil verkalaun. Hermenn voru sendir til að skakka leikinn, og sló þá í bardaga með þeim og verkamönnum. Um 25 verkamenn særðust og 3 hermenn létu lífið.

— Sex þúsund punda koparklumpur hefir fundist í Chittina héraðinu í Kopardal í Alaska. Það er sagt að vera hreinn málmur. Koparklumpur þessi verður fluttur til Seattle og settur á Alaska-Yukon sýninguna, sem þar á að halda.

— Indiánar í Norður-Ontario fylki hafa á sl. vetri þjáðst af kulda og sjúkdómum og hungri og klæðleysi. Fatnaður, meðul og matvæli hafa verið send til þeirra, en þörf á miklu meira. Þeir segja, að öll dýraveiði þar sé orðin litt möguleg, síðan tekið var til að leggja járnbrautir þangað norður. Það er nú verið að byggja Grand Trunk Pacific járnbrautina þar um landið, og Indiánar, sem til þessa tíma hafa treyst á veiðiskap til lífsviðurværis, svelta nú síðan dýrin flýðu undan mannabygðum og starfsemi járnbrautafélaganna.

— Kinastjórn hefir ákveðið, að koma upp herskipaflota, og hefir stofnað eina stjórnardeild til þess að annast það mál. Prins Su er sagt að verði foringi hennar.

— Flóð í Belgíu hafa gert undratjón þar í landi í þessum mánuði. Þorp og bær víðsvegar um landið hafa sem næst eyðilagst, eignir skemst og fénaður farist hrönnum saman. Margir hafa mist aleigu sína, fjöldi fólks dáið, og aðrir biða dauðans af hungri og vosbúð.

HEIMSKRINGLU og TVÆR skemtilegar sögur fá nýir kaup endur fyrir að eins **$2 00**.

Íslands fréttir.

Blaðið Lögrétta hefir um sl. nýár stækkað að stórum mun. Er nú orðið eins stórt og Ísafold, og að öllu hið myndarlegasta blað. Lögrétta kostar nú 4 krónur á Íslandi, en 5 kr. erlendis, eða sem næst $1.50 hér í Canada. —— Jón Magnússon, fyrrum skrístofustjóri er nú orðinn bæjarfógeti í Reykjavík frá nýári sl. —— Magnús B. Blöndal er hættur við ritstjórn blaðsins Reykjavík. Í háns stað kominn Jónas Guðlaugsson áður ritstjóri Valsins á Ísafirði. —— Fiskiskútur skemdust í stórviðri á Reykjavíkurhöfn um nýárasleytið, rákust á og brotnuðu, og sökk eitt skipið. —— Björn Pálsson, áður aðstoðar ritstjóri Lögbergs, er byrjaður að stunda nám við lagaskóla Reykjavíkur. —— Kristján Stefánsson, verzlunarmaður og bróðir Jóns ritstjóra, hvarf af Akureyri um jólaleytið, og haldið að hann hafi fyrirfarið sér. Hann var maður á bezta aldri, en hneigður til óreglu. —— Samson bóndi á Gjögri, lagði í janúar sl. leið sína yfir Trékyllisheiði, með son sinn 11 ára gamlan. Þeir hreptu stórhríð á heiðinni. Drengurinn fraus í hel, en faðirinn náði bygðum um kveldið, skaðfrosinn, fanst skríðandi niður við sjó og næstum blindur. —— Bráðkvaddur varð í Reykjavík Jón Jónasson, Helgasonar, fyrrum organista. Jón sál. var hér vestra fyrir nokkrum árum. —— Tvö sauðfjár kynbótabú hafa verið sett á stofn á sl. hausti, annað á Hreiðarstöðum í Norðurmúlasýslu, en hitt á Grímsstöðum í Mýrasýslu. —— Úti varð 8. des. sl. Ingimar Sigurðsson, búfræðingur á Akureyri, bróðir Sigurðar skólastjóra á Hólum í Hjaltadal. Var á leið frá Akureyri að Hólum, og varð úti í Héðinsskörðum. Hann hafði lært búfræði í Noregi og Svíþjóð. —— Skapti B. Brynjólfsson og kona hans komu til Reykjavíkur seint í janúar. Lögrétta segir Skapta vera lögfræðing frá Winnipeg og áður þingmann í Canada. —— Bátur fórst seint í janúar á leið frá Reykjavík upp á Kjalarnes, með 5 manns. Hvassviðrisrok skall á snögglega. Á bátnum voru Guðmundur Kolbeinsson á Esjubergi (lætur eftir sig konu og 9 börn), Árni Björnsson bóndi á Móum á Kjalarnesi á sjötugsaldri; tvær stúlkur, Sigurlína og Jónína, dætur Sigurðar sál. frá Saltvík, þær voru í kynnisferð til ættingja og vina sinna í Reykjavík, og Magnús Sveinsson, unglingspiltur af Seltjarnarnesi. —— Þýzkur botnvörpungur fórst seint í janúar, fram undan Kotvogi á Reykjanesi, í ofsaveðri. Skipið brotnaði mikið, en menn komust allir af. —— Landskjálfta varð vart á Akureyri annan í jólum, snöggur kippur, en skemðir engar. —— Þann 29. des. sl. fuku 2 kirkjur, báðar í Stóranúps prestakalli, þar sem séra Valdimar Briem þjónar. Veðrið var svo mikið, að enginn man því líkt áður. Svo segir Ísafold, dags. 9. jan.: Hólakirkja var bundin á 4 stöðum með sterkum járnböndum neðst niður í grunn, og stífur undir gólfinu á alla vegu út í grunninn. En það dugði ekki. Grunnurinn rótaðist um, þar sem járnböndin voru, og kirkjan tókst á loft og hentist í heilu lagi fram undir 20 faðma upp í miðja brekku fyrir ofan bæinn, sjálfsagt einum 4—5 álnum hærra en þar sem hún stóð. Þar klestist hún saman, og sat kyrr, nema kórinn, hann hafði slitnað frá og hélt áfram upp yfir balann. — Núpskirkja hafði tæzt mjög í sundur, hún lenti þó innan kirkjugarðs. Hreppshólakirkja var 3. ára gömul, og talin mjög vönduð. Núpskirkja eldri, en þó gott hús og stæðilegt. —— Fjórar hlöður fuku í Birtingaholti. Lambahlaða þar mikil og vönduð fór alveg í mél, bæði timbur og járn, svo að til einskis er nýtt. Stafirnir kubbuðust við veggbrúnirnar, svo að af tók alt, sem var fyrir ofan veggi. Þakið af lambhúsum, gróið og nokkuð frosið, fór nærri alt. Sést hefir, að margar hlöður eru horfnar í Árnessýslu, til dæmis á Gýgjarhóli, Drumboddsstöðum og Auðsholti, Eiríksbakka, Reykjum og Húsatóftum. Nýgerð brú, sterk og vönduð, á Langholtsósi tókst í loft upp og fauk í ósinn. Hún var 6 þúsund pund að þyngd. Grjótvarða á Hliðarfjalli, sem staðið hafði þar frá ómunatíð, fauk svo, að hún hvarf með öllu. Af Rangárvöllum hefir frézt um hlöðufok. Töluverðar skemdir á húsum eru sagðar af Kjalarnesi og úr Kjós. —— Reykjavíkur bær hefir veitt Lúðrafélaginu 620 ársstyrk, og gert Júlíus Halldórsson að heilbrigðisstjóra með 600 kr. launum. —— Í bréfi til Ingólfs úr Keldunverfi 17. des. sl. segir: Nú er alt að fara á kaf í fönn, og færð hin versta. Fór að brydda á harðindum seint í nóvember. Áður var veðrátta afbragðsgóð. Man ég varla eftir jafngóðu hausti, og aldrei, að saman hafi farið jafngott sumar og haust. Fénaður nú allur á gjöf. —— Fólksfjöldi í Reykjavík um nýár sl. var full 11 þúsund. — Húsbruni varð á Siglufirði á nýársdagskveld. Það var timburhús og bær, sem kaupmaður Jón Jóhannesson átti. Mikið brann þar af innanstokksmunum. Vátrygging 5½ þúsund kr.

Hlutabréf.

MOTHER LODE

"Mother Lode" — eða móður-æðin, er málmgefandi náma. Mikið kynstur af málmauðugu grjóti hefir verið tekið út og er tilbúið að sendast í mábræðslu stofnun.

Hlutir í þessari námu verða bráðlega til sölu á öllum Hlutabréfa-mörkuðum. Ég ræð yður til að kaupa "Mother Lode" á 50c hlutinn. Takmarkaður hlutabréfa-fjöldi er boðin.

W. STANLEY KING
STOCKS, BONDS AND INVESTMENTS
Phone 2344. 24 Aikins Building.
Ég les og skrifa íslenzku.

PURITY FLOUR

AÐ BAKA BEZTA BRAUÐ

er meira en vísindi og meira en list.

En það má gerast fljótlega og áreiðanlega með því að nota

PURITY FLOUR

Það er malað úr bezt völdu Vestur-Canada Hörðu Hveitikorni; er algerlega hreint og svo ilmandi kjarngott.

ALLIR ÍSLENZKIR KAUPMENN SELJA ÞAÐ

WESTERN CANADA FLOUR MILLS CO.,
LIMITED.
WINNIPEG, —— CANADA.

BYGGIÐ TRAUSTAR GIRÐINGAR FYRIR SVÍNIN YÐAR

IDEAL Vír-ofnar GIRÐINGAR

ÞÉR ÞARFNIST GIRÐINGA sem eru TRAUSTAR og STINNAR og alls ekki ÁRENNILEGAR fyrir svínin yðar. Þegar svínin yðar hafa einusinni ráðist á IDEAL girðingu, þá gera þau það ekki aftur. Þau reyna ekki að komast undir IDEAL girðingu. Sú girðing sem þér megið treysta, og sú sem þér ættuð áreiðanlega að velja er IDEAL. Járnbrautarfélögin kaupa IDEAL girðingar, af því að þær eru svo þungar og traustar. Búnar til úr No. 9 Stál Vír. Betri vír en á nokkurri annari girðingu. En IDEAL LÁSIN er aðal ástæðan til þess þér kaupið IDEAL girðingar. Engin lás jafnast við IDEAL lásinn; hann heldur fastar en öllir aðrir. Uppstrengd er IDEAL girðingin sérlega útlitsfögur. Sérhver lengd nákvæmlega mæld. Allir lásar settir rétt á. IDEAL er gert í fullkomnustu girðingarvélum og í beztu girðingargjörðar-verksmiðju. Með slíkum útbúnaði er IDEAL girðingin eðlileg afleiðing. Frekari upplýsing í vorum ókeypis bæklingi.

Umboðsmenn óskast til að selja þessar ágætu girðingar. IDEAL umboðsmenn græða mest fé af því að IDEAL girðingin hefir þyngd, sterkleika og endingu, sem gerir hana seljanlegasta. Skrifið eftir Gróða tilboði voru.

The Ideal Fence Co., Limited, Dept. H, Winnipeg, Man. Minnist á Hkr. þegar þér skrifið.

Wall Plaster

Með því að venja sig á að brúka **"Empire"** tegundir af Hardwall og Wood Fibre Plaster er maður hár viss að fá beztu afleiðingar.

Vér búum til:

"Empire" Wood Fibre Plaster
"Empire" Cement Wall "
"Empire" Finish "
"Gold Dust" Finish "
"Gilt Edge" Plaster of Paris
og allar Gypsum vöruuteg-undir. —

Eigum vér að senda yður bækling vorn?

MANITOBA GYPSUM CO. LTD
SKRIFSTOFUR OG MILLUR Í
Winnipeg, - Man.

Heimskringla

Published every Thursday by The Heimskringla News & Publishing Co. Ltd

Verð blaðsins í Canada og Bandar. $2.00 um árið (fyrir fram borgað). Sent til Íslands $2.40 (fyrir fram borgað af kaupendum blaðsins hérlendis $1.50.)

B. L. BALDWINSON, Editor & Manager

Office: 729 Sherbrooke Street, Winnipeg
P. O. BOX 3083. Talsími 3512.

Þorrablótið

eða danssamkoma sú, sem Helgi magri klúbburinn stofnaði til á Manitoba Hall hér í borginni þann 11. þ.m., var vel sótt af Íslendingum viðsvegar úr nýlendunum, og talsvert mörgum einnig héðan úr bænum, þótt margir hins vegar sætu heima, sem á liðnum árum hafa sótt þessar samkomur. Um 400 manns, eða rúmlega það, voru á samkomunni. En misjafnlega voru gestirnir ánægðir með hana, — eins og reyndar á öllum liðnum árum. En það, sem að þessu sinni hefir aðallega, og með réttu, verið að henni fundið, og gert hefir bæði menn og konur óánægða með "Þorrablótið", var það, hve algerlega óíslenzkt það var að öllu leyti. Svo kvað ramt að þessu, að ef forstöðumenn hefðu lagt alla krafta sína fram til þess að gera samkomuna svo algerlega óíslenzk, sem þeim var frekast mögulegt, þá hefði þeim ekki getað tekist það betur en raun varð á í þetta sinn. Því að alls ekkert var það á þessu Þorrablóti, sem á það benti, að samkoman væri íslenzk og haldin fyrir Íslendinga, nema málið. Menn töluðu þar íslenzku hver við annan, eða að minsta kosti eldri kynslóð gestanna. — Við því gat forstöðunefndin ekki spornað. — Að öðru leyti var alt framlagt af nefndarinnar hendi til þess að búa sem bezt undir skemtanir fyrir unga dansfólkið í Winnipeg, — og það eingöngu: Salurinn leiðbur með sérstöku tilliti til dansendanna, og réttirnir sniðnir eftir þeirra smekk.

En hvergi varð þess vart, að neitt annað hefði verið sérstaklega undirbúið fyrir íslenzkt fólk úr nýlendunum, en það, að veita aðgöngueyrir þess móttöku, og lofa því svo að horfa á, hvernig unga fólkið í Winnipeg færi að dansa.

Um réttina er það að segja, að matur var að vísu framborinn öllum gestunum, ungum og gömlum, án manngreinarálits eða þess, hvaðan þeir voru að komnir. En ef satt skal segja, þá var matur sá bæði lítill og illur, og með öllu óboðlegur fyrir $1.25. Það má óhætt fyllyrða, að víða hér í borg megi fá óviðjafnanlega betri máltíð fyrir þriðjung þess verðs, sem Helgi magri klúbburinn setti gestum sínum, sem inngöngugjald á þessa samkomu.

Þessar Þorrablóts samkomur voru stofnaðar hér í borg með byrjun ársins 1903. Tilgangurinn með stofnun þeirra, eins og hann var þá auglýstur, var sá, að veita hinum dreifðu Íslendingum í hinum ýmsu bygðum hér vestra kost á því, að koma hér saman einu sinni á vetri, til þess að kynnast hverjir öðrum, og sameiginlega að minnast hinna góðu forfeðra sinna, og þess alls, sem sérstaklega er einkenni íslenzks þjóðernis. Þetta átti að vera til stuðnings íslenzku þjóðerni vestanhafs, og styrkja þjóðernis hugmyndina með Vestur-Íslendingum yfirleitt.

Alt átti að vera ram-íslenzkt: Réttir, klæðnaður, ræður, kvæði, og yfirleitt áttu Þorrablót þessi að vera endurskin af anda og manndáð forfeðranna í þess beztu mynd. En aðal aðdráttaragnið þá var það, að allir gestir blótsins fengju snæðing alíslenzkra rétta. — Og svo var auglýst í Heimskringlu, dags. 22. janúar það ár, að tilhlutun Helga magra klúbbsins, að þann 29. sama mánaðar yrði Þorrablótið haldið í Alhambra Hall hér í borg, og að það yrði sú mikilfenglegasta átveizla, sem nokkru sinni hefði verið höfð hjá Vestur-Íslendingum. Í auglýsingunni segir meðal annars svo:

"Meðal annars verður þar hangið kjöt, magálar, rúllupilsur, súr svið og alt annað íslenzkt kjötmeti af beztu tegund. Sömuleiðis íslenzkur harðfiskur, laufabrauð, rúgbrauð, mysuostur, mjólkurostur, skyr og rjómi, rauðavin, og margt annað góðgæti".

Þar er og tekið fram, að ef samkoman hepnist vel það ár, þá megi fólk vænta þess, að á næsta ári bæti Helgi magri klúbburinn á matarlista sinn "súrum hval, selhreifum, æðareggjum, riklingi, fjallagrasa búðingi, morknum skyr hákarli, og máske fleira íslenzku sælgæti". — Af þessu er það sjáanlegt, að aðal áherzlan var á það lögð, að hæna fólkið að þorra blótinu með íslenzkum matarréttum. Og það tókst.

Um eða yfir 500 manns sóttu veizlu þessa. Þar var samankomið mikið fjölmenni úr flestum eða öllum íslenzkum bygðarlögum í Canada og Bandaríkjunum. Það var vonin um, að fá að bragða alíslenzkan mat, sem dró fólkið sam an á það Þorrablót. Þá kostaði inngangurinn 75 cents fyrir hvern fullorðinn mann.

Næsta ár (1904) var Þorrablótið haldið á sama degi og árið áður, 29. janúar. Þá bað klúbburinn karla að klæðast "eins og Gunnar á Hlíðarenda, er hann var á þingi í fyrsta sinni; en konur eins og Hallgerði (langbrók), þegar þau fundust þar og hann hóf bónorð sitt til hennar". Allir skyldu íklæðast bónorðs og trúlofunar brókum. — Þar er einnig fastlega skorað á konur, að klæðast íslenzkum búningi, til þess að samkoman fengi sem þjóðernislegastan blæ. Einnig er þar minst á hangikjöt, skyr og laufabrauð, — ekkert þá minst á morkin skyrhákarl eða súra selhreifa. Menn voru að því leyti látnir lifa í von um uppfylling á loforði klúbbsins frá fyrra ári. — Þess var og þá getið, að ekki væri unt, að lækka aðgöngugjaldið niður úr 75 centum fyrir hvern mann, vegna þess, hve Íslendingar ætu mikið, — sjá auglýsingu klúbbsins í Heimskringlu dags. 14. janúar 1904.

Næsta ár var Þorrablótið fært fram til 15. febrúar. Í auglýsingu klúbbsins þá, er ekkert um matinn talað.

Síðan hafa samkomur þessar verið haldnar árlega, og sú síðasta þann 17. þessa mánaðar, og hafa þær verið vel sóttar af alþýðu fólks vors yfirleitt.

En inngangseyrir eða aðgöngugjald að þeim, er nú orðið sem næst tvöfalt hærra en það var á fyrstu árum, meðan samkomurnar voru þolanlega góðar og ánægjulegar, — hefir hækkað úr 75 centum upp í $1.25 nú í ár. En Þorrablótunum fer stöðugt hnignandi. Þær samkomur verða eftir því verri, sem þær verða dýrari, — þar til að svo langt er gengið, að alls ekkert íslenzkt snið er orðið á þeim. Og ekki er annað sjáanlegt, en að þær séu hafðar að hreinu og beinu fjárplógsfyrirtæki, til þess að rýja grandalausan en góðviljaðan almúga af þeim fáu centum, sem hann fær nurlað saman í skammdeginu, án þess þó að nokkur viti, hvert gróðinn gengur, ef hann er nokkur. Og hann ætti sannarlega einhver að vera, með því ránsverði, sem fólki er nú sett til þess að horfa á Winnipeg-Íslendinga dansa. Því matinn teljum vér að litlu, eins og hann var á þessari síðustu samkomu. Íslenzks matar kendi þar einskis. Að vísu er oss sagt, að þar hafi verið hangikjöt. En hafi svo verið, þá hefir klúbbnum tekist svo kænlega að fela það eða hylja, að sárafáir af öllum gestafjöldanum gátu orðið þess varir. Nema ef hangið svínsleri ("Ham") á að teljast til þess réttar, sem alment gengur á íslenzku máli undir nafninu hangikjöt.

Sannleikurinn er, að framreiðsla matarins á þessu Þorrablóti, bæði að efni og vöxtum, var til skammar.

Borðum var svo háttað, að 8 manns sátu kringum hvert þeirra. Réttirnir á þeim voru þessir: — Kjöt á einum diski, 3 tegundir (reykt svínsleri, soðið stórgripakjöt og fuglakjöt), alt kalt, og fuglakjötið í rifnum smátætlum, dökkleitum, hörðum og sýnilega nokkurra daga gömlum, — líkast því, að levfum hefði verið safnað saman frá hótelum og öðrum matsöluhúsum, til þess að gæða gestunum á með sem allra minstum tilkostnaði. Brauð, smjörlaust, 2 tegundir, eða tvílitt, ekki alveg nýtt, og svo lítið af því, eins og kjötinu, fyrir 8 manns, að illa var einum bjóðandi, ef svangur væri. Til smekkbætis var illa súrt kálmeti, af allra lélegustu tegund (salad og blóðrófur). Volgt vatn var í flöskum á hverju borði, til þess að væta kverkarnar, og aldini voru þar tvenskonar: gallsúrar appelsínur og skemd soðepli (coking apples) af lélegustu tegund, og svo fátt af þessu hvorttveggja samantöldu, að ekki var eitt stykki fyrir hvern, er við borðin sátu. Molasykur var góður og kaffibrauð, þó lítið væri, og ísrjómi einnig; hann var það bezta á borðum. En kaffið afarslæmt, í litlum fingurbjargar bollum. Hefir víst verið "Postum" kaffi, gert úr brendum gulrófum og brendu maís korni, eða öðrum slíkum óþverra, svo þetta "kaffi" var algerlega ódrekkandi. Lemonaði var og, — í ganginum, sem vissi að danssalnum. — Með þessu er talinn allur maturinn, sem fram var borinn af hérlendum matsveinum, og ekki meira á hverju borði en svo, að vart hefði nægt einum sönnum íslenzkum matmanni, ef svangur hefði verið.

Nú þótt það sé vitanlegt, að margir borði kveldmat heima hjá sér, áður en þeir fara á þessar samkomur, þá eru þeir þó einnig margir, bæði innanbæjarmenn og aðkomugestir, sem ekki neyta kveldverðar áður enn þeir koma á Blótið, í þeirri óruggu trú, að þeir muni fá þar sæmilega framborna máltíð fyrir $1.25, — þrisvar til 5 sinnum hærra gjald, en hægt er að fá jafngóða eða betri máltíð fyrir annarstaðar hér í borg, — og fáir munu lá þeim það. Flestir munu líta svo á, að það, að mega horfa á unga fólkið dansa, sé auka-atriði, og að þessi gífurlegi inngangseyrir sé aðallega borgun fyrir ærlega útilátna máltíð af íslenzkum réttum. En aldrei hafa þeir, sem þannig hugsa, farið á eins hraparlega hálu hagfræðislegu hundavaði en þá, því að eins og áður er framtekið, fer matreiðslan stöðugt hrakversnandi, í réttum hlutfollum við vaxandi aðgöngugjald.

Ef Helgi magri klúbburinn hefði látið sér nokkuð ant um, að beita heiðarlegri íslenzkri hreinskilni við Íslendinga hér í landi, þá hefði hann átt að orða auglýsingu sína eða heimboð á þetta Þorrablót, á þessa leið:

VESTUR-ÍSLENZKIR BÆNDUR OG BÚALIÐ!

Komið nú á Þorrablót klúbbsins Helga magra. Matur verður þar magur, að efni og vöxtum, og alls ekki íslenzkur, því samkoman er ekki stofnuð fyrir yður. En fyrir $1.25 skuluð þér fá að standa undir þaki og horfa á Winnipeg Íslendinga dansa heila kveldvöku á olíubornu gólfi.

Hraðið því ferðum yðar á vagnstöðvarnar. Kaupið farbréf til Winnipeg og kostið uppihald yðar hér um nokkra daga, þar til yður veitist sú sæmd, að mega horfa á unga fólkið dansa. Að því búnu er yður frjálst að kaupa yður frabréf heim aftur, og hverfa héðan sem skjótast úr þessari siðfáguðu en syndum spiltu borg.

PÓSTSKRIFT: — Þó að klúbburinn Helgi magri sé ekki beinlínis stofnaður í þeim tilgangi, að vinna að útbreiðslu HEIMSKRINGLU, þá getum vér ekki þeirra orða bundist, að hvetja alla væntanlega Þorrablótsgesti til þess að koma við á skrifstofu blaðsins. Þeir, sem eru kaupendur Heimskringlu og ekki hafa borgað hana fyrirfram, geta þá goldið andvirði blaðsins. En hinir, sem ekki eru kaupendur, gerðu vel í, að kaupa blaðið og borga það.

Heimskringla hefir það sér til ágætis, að hún þorir að segja meiningu sína á málum þjóðar vorrar og öllum öðrum málum, hvað sem skoðunum eða óskum einstakra manna liður, og án tillits til afleiðinga.

Heimskringla er fólksins blað, vakandi yfir velferð þess, framfór og réttindum.

Kaupið því Heimskringlu!

Ritað að Kristnesi hinu vestra á Bræðramessu árið 1909.

ÞÓRUNN HYRNA
HELGI M. O. I.

Þess skal getið, sem gert er: — Undir borðum voru á þessu síðasta Þorrablóti fluttar 3 ræður, af þeim séra Fr. J. Bergmann (um Ísland), Baldur Sveinssyni, að stoðar ritstjóra Lögbergs (um Jón Sigurðsson, frelsishetjuna miklu) og Dr. B. J. Brandson (um Winnipeg borg). Allar voru þær liprar og hlutu lof áheyrenda. — Kvæði voru einnig sungin: "Til gestanna", eftir H. S. Blöndal (endurprentað), "Minni Íslands", eftir Þorst. þ. Þorsteinsson, langt kvæði og snildarlega hugsað og kveðið, "Minni Jóns Sigurðssonar", eftir Steingrím Thorsteinsson (gamalt), og "Minni Winnipeg borgar", eftir Þorst. þ. Þorsteinsson, einnig gott kvæði.

Annað prógram en það, sem fram fór undir borðum, var ekki á dagskrá. En kl. 1 eftir miðnætti gerðist kurr svo mikill í liði gestanna, að þeir tóku til sinna ráða, og skemtu sér með söng og ræðuhöldum á eigin spýtur, meðan unga fólkið dansaði, og gekk svo fram um hrið, unz menn héldu heim svangir, þyrstir og þreyttir, eftir 6 til 7 klukkustunda uppihaldslausar stöður eða umgang um húsið sér til afþreyingar.

Það var rangnefni, að kalla samkomu þessa Þorrablót. Hún hefði átt að nefnast það sem hún var: Miðsvetrar danssamkoma ungra Íslendinga í Winnipeg.

Trúmálin og deiluefnið.

Eftir
Lárus Guðmundsson.

Hverjir eiga að ráða úrslitum deilunni hér vestra? Eru ekki trúmálin almenningsmál? Hvers einasta einstaklings sannfæringarmál, hjartansmál, heitasta þrá og samband við föðurinn og gjafarann allra góðra hluta, geislabrautin eða Bifröstin, sem tengir vorar skammvinnu æfistundir hér við eilífa lífið og eilífu náðina eftir dauð ann hjá vorum himneska föður. — Þannig skil ég að trúin tilheyri hverjum manni. Getur þá nokkur trúaður maður, sem kominn er til vits og ára, og hefir næga skynsemi og manndóm í sinni eigin sál og meðvitund til þess að sjá og viðurkenna, að ábyrgðin hvílir á hans eigin trúargrundvelli, á hans eigin sálarsjón, — ábyrgðin fyrir hans — hvers eins — breytni og lífsstefnu, uppá hvers eigin reikning verður skrifað á dómsdegi, frammi fyrir augliti drottins vors og herra, náðin og syndakvittunin, eða dómsúrskurðurinn, hver sem hann kann að verða, en ekki nema að sárlítlum parti á ábyrgð leiðstoganna, prestanna, sem stríða nú og líða fyrir sína andlegu sauði,— getur þá nokkur maður staðið steinþegjandi hjá þessu háalvarlega deilumáli? Hangið við sakir vinsemda eða í virðingarskyni, eða af þráa, heigulskap og sjálfstæðisleysi. Nei, það er skylda, heilög skylda, eins og sakir standa nú í trúmáladeilu lútersku prestanna hér vestra, fyrir hvern einasta mann og konu, að gera grandgæfilega upp reikningana við sjálfa sig, gæta vandlega að hvar hann stend ur í tilliti til sinnar hjartanlegu trúarsannfæringgr, vera ákveðinn og óskiftur að fylgja þeim leiðtoganum að málum í stiðinu og stapp inu, sem er samkvæmt insta eðli og eftirlangan hans eða hennar helgustu og dýrmætustu hugsjóna. Sem færir frið og fullnæging inn í meðvitund vors trúarlega sambands við kærleiksríkan guð, og leiðir ljós og blessun inn í og yfir alt vort trúarlega sálarástand, ef svo mætti að orði komast.

Og svo, ef allur einstaklingafjöldinn, sem myndar söfnuði og heildir í hvívetna, stæðu þannig á þessum eigin sannfæringar og sjálfstæðis grundvelli í sínum trúarefnum, — eru þá ekki sjálfsögð úrslit deilunnar þeim megin, hjá almenningi, en ekki hjá prestunum, nema fyrir trúar og sannfæringarfylgi almennings?

Hvað annars hafa ptestafundir, harðar deilur og allur þessi gauragangur að þýða, sem er í því einu augnamiði, að ná séra F. J. Bergmann út úr kirkjufélaginu, og helzt af öllu, að hann í nafni drottins hætti gersamlega við allan prestskap, þar sem ekkert eða sárlítið tillit er tekið til trúarstefnu fólks vors hér? Séra B. B. Johnson, forseti kirkjufélagsins, spyr: Getur séra F.J.B. átt heima í kirkjufélaginu lengur? Hver á að svara þessari spurningu? Mitt álit er, að almenningur hafi jafnháan rétt til að svara því, hvort séra F. J. hættir við prestskap, ef hann er til þess fús, að þjóna í vingarði drott ins, eins og prestarnir hinir. En vitanlega, eftir grundvallar lagastaf, geta þeir rekið hann að nafninu til úr sínum hirðahóp. Á öðrum stað stendur hjá séra B.B.J.: "Það er búið að gera nógu mikið ilt". Vitanlega er þar átt við stefnubreytinguna í trúarflutningi séra F.J.B., og það sem af henni hefir leitt. Hver er svo þessi stefnubreyting, sem hefir gert svo mikið ilt? Það er "nýja guðfræðin. Og allur almenningur veit svona hér um bil, hvað sú breyting meinar. Og ætla ég ekkert að reyna að skýra það mál frekar. Enda gæti ég fyllilega búist við, að andstæðingar þessarar nýju guðfræðiskenningar hér vestra segðu, að slíkt væri ekki fyrir ólærða alþýðumenn, og í raun réttri ætti enginn sauður úr gamalli drottins hjörð lifandi vitund með það, að minnast á hana, nema ef vera skyldi til ills og bannfæringar. En sökum þess, að ég er mótfallinn því, bæði fyrir sjálfan mig og alla alþýðu, að einstakir menn, hvort heldur er í stjórnmálum þessa lands eða trúarbragðamálum, eigi megin part af fólki með húð og hári og allri þeirra sannfæring, og megi svo hnýta þeim hverjum aftan í annan, eins og gömlum húðarbykkjum, — svo eigi þeir gömlu og vísu og margreyndu, að tevma alla lestina, en strákarnir, sem eru að vinna sig uppi framann og frægðarsæti leiðtoganna, eigi að reka á eftir, og segja til, ef reiðingurinn raskast, svo ekki snarist alt um hrygg, — þá er það, að mér kemur til hugar, að segja álit mitt um það, hvernig þessi svokallaða "nýja guðfræði", sem ég vildi mega kalla mildari, blíðari og bjartari guðfræði, hefir náð rótum í hjörtum þjóðar vorrar, bæði hér vestra og heima á Íslandi.

Það er ekkert efamál um það, að þessi nýja stefna er búin að smáþroskast um langan aldur hjá þjóð vorri, og búin að ná föstum rótum. Sá maður, sem hefir gefið glöggar gætur að trúmálastefnu íslenzku bjóðarinnar síðastliðin 40 til 50 ár, hann getur nákvæmlega rakið upptök og áframhald hennar fram á þennan dag. Og ekkert nýmæli til farsældar vorri þjóð hefir skapast af góðugra stofni og átt jafn samvalda mestu ágætismenn þjóðarinnar sér til viðhalds og framþróunar.

Það var vor hágöfgi biskup og valmenni P. Pétursson, sem myndaði jarðveginn. Enginn rithöfundur meðal vor hefir lagt neitt svipað því annað eins landnám undir sig sem hann. Það mátti næstum segja, að hann ætti itak í hverju einasta mannshjarta í allri þjóðinni, og hann færði þangað inn ljós og yl. Aðferðin hans var eins og elskulegrar móður. Hann lagði mann upp að brjósti sínu, og sagð ist ekki sleppa manni fyrri en mgð ur væri kominn í skilning um, að guð væri góður og réttlátur og við mættum til að leggja af lestina og hegða okkur í öllu vel, svo að hann elskaði okkur. Jafnvel hver einasta smásaga, sem hann gaf út, hafði bætandi trúar og siðferðis áhrif á alla þjóðina. Alt, sem var kalt, gerði hann hlýtt, og alt, sem var hart, gerði hann mjúkt. Þannig undirbjó þessi ógleymanlegi maður alla sína þjóð fyrir nýja framför í trúarlegum skilningi. Enda hefir upp af þessum jarðvegi sprottið blómarikt og lifandi trúarlíf. Bókstafurinn og harðneskjan hafa orðið í lægra í lægra hlut, en fegurðin og kærleikurinn hafa tekið hásætið. Og þótt prestaköllum hafi fækkað á Íslandi, þá hefir trúarlíf þar verið í mikilli framför. Og þegar maður bendir á aðra eins menn eins og séra Valdimar Briem, sem á orð á hverri tungu og í hverju hjarta þjóðarinnar, og tekur öll börnin sér í fang, og kennir þeim sína yndislegu, litlu barnasálma, sem ekki eru minna meistaraverk en mörg hans önnur. Og svo prestaskólakennara séra Jón Helgason, séra H. Nielsson og biskupinn, sem nú er, þórhall Bjarnason, og lítum yfir starf þessara manna réttlátum augum, — þá segi ég, með mörgu fleiru, sem ég gæti bent á, að trúarlífið heima á Íslandi hefir aldrei staðið með fegri og gófugri blóma en nú. Það er umbætt, og umbótamenn þessa tíma hafa fegrað það og bætt.

Þegar vér snúum oss að trúmáladeilunni, eins og nú stendur hér meðal Vestur-Íslendinga innan lútersku kirkjunnar, þá berst alt að sama brunni. Nákvæmlega sprottið alt af sömu rót. Vér eigum umbótafrækornið sáð í hjörtu vor frá móðurkirkjunni á Íslandi, og höfum orðið helgaðir og hugfangnir af áhrifum þess manns, sem ég gat um, að ætti itak í hverju mannshjarta af allri ísl. þjóðinni. Allur fjöldinn af fólki voru hér, hefir þráð umbætur, — þráð fagran, mildan og kærleiksríkan kristindóm. Þráð, að mega strika yfir í hjarta sínu alt, sem er ljótt og ósamrýmanlegt góðum, kærleiksríkum guði.

Af þessum orsökum myndaðist Únitara söfnuður hér meðal vor vestra. Og í hreinasta og insta eðli sínu mætti með réttu kalla þá umbótamenn í trúarbragðalegu tilliti. En þeir áttu ekki því láni að fagna í upphafi, þegar þeim reið mest á, að eiga slíka leiðtoga sem voru nógu hæfir til að þekkja kröfu hjartans og þrá trúarinnar. Eða með öðrum orðum: þeir kunnu ekki að fara með efnið, sem þeim var á hendur falið, til þess það gæti borið viðtækan og blessunarríkan árangur. Þeirra kenning hefir öll verið of huggunarsnauð og stríði blandin, — vegna mótspyrnunnar sjálfsagt að nokkuru leyti. — Svo læt ég úttalað um það mál.

En ég sný mér að endingu, að leiðtoga nýju stefnunnar, séra Fr. J. Bergmann. Sjálfsagt geta Vestur-Íslendingar á engan bent að flestum kostum frægri og betri mann. Hann er búinn að vinna, og er líklegur til að vinna þjóðinni hér frægð og álit í gegn um verk sín og framkomu, svo lengi, sem vér fáum hans að njóta. Og í kennimannsstöðunni, sem prestur, hefir hann alla tíð verið talinn hér fremstur, sem aðlaðandi og ánægjulegur ræðumaður. Hann er enginn styrjaldarmaður, og hver maður, sem hefir glögt auga og næma tilfinning, getur séð, að þetta stríð, sem hafið er á móti honum, fær ákaflega mikið á hann, veiklar heilsu og getur stytt lífsstundir hans, ef hann er einn látinn bera alla byrðina. Það er enginn efi á því, að séra Friðrik hefir lengi barist með umbótahreyfingúna í huga og hjarta, áður enn hann kvað upp úr eins og nú er fram komið. Og því er miður, því þegar gengið er út í þannig lagað stríð, þá þarf sál og líkami að vera í fylsta fjöri og maðurinn með ólamað þrek. Það er viðramman reip að draga, þar sem er aðfagamall bókstafur og eldgamlar venjur og siðalærdómur. Því þrátt fyrir alla galla og allan ljótleik, sem nýrri tíma gófugur mannsandi getur ekki hýst í helgidómi sinnar sálar, þá verða samt ætið nógu margir til að halda með því og stríða fyrir það, og því fleiri, sem það gera, þess örðugra eiga nútiðar mannúðar og siðferðis hugsanir framgangs inn í meðvitund og hjörtu þjóðar vorrar.

Spá mín er sú, að þessi nýrri stefna í trúmálum verði ráðandi hjá allri íslenzku þjóðinni, — beri sigur úr býtum. Því er það rétt gert og sjálfsögð skylda fyrir hvern mann, sem er henni í hjarta sínu hlyntur, að skipa sér undir merki séra Friðriks J. Bergmanns.

Það er engin hætta á, að þessi umbótastefna deyi út, þó lífið yrði kvalið úr séra Friðriki, annar mundi rísa upp, eða umbótamenn hér verða sér í útvegum með annan leiðtoga. En það er rétt, að slá járnið, meðan það er heitt, — að fylgja þessum leiðtoga meðan kostur er til og vegur stendur opinn. Betri og gófugri mann eiga Vestur-Íslendingar ekki til. Og hann er þjóðflokki sínum til sæmdar, hvar sem nafns hans er getið.

Sparið Línið Yðar.

Ef þér óskið ekki að fá þvottinn yðar rifinn og slitinn, þá sendið hann til þessarar fullkomnu stofnunar.

Nýtízku aðferðir, nýr vélaútbúnaður, en gamalt og æft verkafólk.

LITUN, HREINSUN OG PRESSUN SÉRLEGA VANDAÐ

Modern Laundry & Dye Works Co., Ltd.
307—315 Hargrave St.
WINNIPEG, MANITOBA
Phones: 2300 og 2301

S. R. HUNTER & CO

Skraddarar,

189 Lombard Street

Búa til nýmóðins karlmannafatnaði eftir máli. — Efni og vinnubrögð afbezta tegund, og alt ábyrgst að vera jafngildi þess bezta sem fáanlegt er í borginni. Verðið er við allra hæfi. —

S. R. Hunter & Co.
189 Lombard St.
Telephone 1395.

Fréttabréf.

(Frá fréttaritara Hkr.).

MARKERVILLE, ALTA.
10. febr. 1909.

Eftir mánaðamótin síðustu skiftu um veðuráttu til lakara. Frosthátt og stormkuldi, en snjófall ekki mikið. Sleðafæri nú orðið gott, enda eru menn nú önnum kafnir að draga að sér skógarvið, hey, og timbur frá sögunarmyllum.

Herra Stephan G. Stephansson kom heim úr ferð sinni 6. þ.m. Hafði hann ferðast um flestar íslenzku bygðirnar í Manitoba og Dakota, og haft yfir 30 samkomur víðsvegar, víða vel sóttar.

Hið bezta lætur hann yfir viðtökum og líðan Íslendinga, og lýkur lofsorði á framkomu þeirra gagnvart sér. Hann er hress og glaður eftir ferðalagið, sem hann segir að hafi farið betur með sig, en hann gat búist við.

Við sveitungar hans erum glaðir yfir því, að sjá hann heim kominn heilan heilsu, og segjum hann hjartanlega velkominn.

Land til sölu

hjá undirskrifuðum, umgirt með byggingum. Hross og gripir, 28 til 30 tons af heyi, heyvélar, sleði o. fl. Gott verð, góðir skilmálar. — Gripið tækifærið.

Þ. HJÁLMSSON,
tf. Otto P.O., Man.

ROBLIN HOTEL

115 Adelaide St. - - Winnipeg.

Bezta $1.50 á-dag hús í Vestur-Canada. Keyrsla ókeypis milli vagnstöðva og hússins á nóttu og degi. Aðhlynning hins bezta. Viðskifti Íslendinga óskast. William Ave. strætiskarið fer hjá húsinu.

O. ROY, eigandi.

SPONNÝTT HÓTEL
ALGERLEGA NÝTÍZKU

Hotel Majestic

John McDonald,
eigandi.

James St. West, Rétt vestan við Main St.
Winnipeg Telefón 4979

$1.50 á dag og þar yfir
Bandaríkja-snið

Alt sem hér er um hönd haft er af beztu tegund. Reynið oss.

MIDLAND HOTEL

285 Market St. Phone 3491

Nýtt hús, nýr húsbúnaður Fullar byrgðir af allskonar vönduðustu drykkjum og vindlum í hressingar stofunni. Gisting einn dollar á dag og þar yfir.

W. G. GOULD :: FRED. D. PETERS,
Eigendur
WINNIPEG ::: ::: CANADA

Jimmy's HOTEL

Rétt á bak við Pósthúsið

Íslendingar ættu að reyna þetta gistihús. Í hressingarstofunni er sá eini íslenzki vínveitingamaður í Winnipeg.

James Thorpe,
eigandi
Fyrrum eigandi Jimmy's Restaurant

The Dominion Bank

NOTRE DAME Ave. BRANCH Cor. Nena St.

VÉR GEFUM SÉRSTAK AN GAUM AÐ SPARISJÓÐS-DEILDINNI. —

VEXTIR BORGAÐIR AF INNLÖGUM.

HÖFUÐSTÓLL - - - $3,983,392.38
SPARISJÓÐUR - - $8,300,000.00

A. E. PIERCY, MANAGER.

Réttilega eða óréttilega.

— EFTIR —
MRS. INGIBJÖRGU GOODMAN.

Í októberhefti Freyju 1908 á bls. 67 má sjá í einum ritstjórnarpistli hita en undur laglega yfirlýsingu, er hljóðar á þessa leið:

"Leiðtogar kirknanna rífast um smásálarleg trúaratriði og bita, sem hin kirkjulega starfsemi gefur af sér, en á meðan brjóta þeir, sem halda kirkjufélagsskapnum fjárhagslega uppi, svo hin almennustu siðferðislög, að úr hófi keyrir. Kirkjustólparnir og mannfélagsstytturnar hver af annari, eru sakaðir, réttilega eða óréttilega, um gífurleg siðferðisbrot, réttilega sumir, að minsta kosti. Nöfn þeirra eru á milli almenningstanna, og ótal stúlkum er fórnað á altari taumlausra girnda, og svo hverfa þær úr sögunni, eru sendar burtu til að bera einar ábyrgð á tveggja verknaði", o. s. frv.

Kirkjustólparnir og mannfélagsstytturnar eru sakaðir, réttilega eða óréttilega, um gífurleg siðferðisbrot.

Hversu vægur, sem maður vill vera í dómum, er ómögulegt að leggja út nema á einn veg fyrir Mrs. M.J.B. þessi orð: r é t t i l e g a e ð a ó r é t t i l e g a, rétt eins og höf. hafi hugsað: Ó, það gerir ekki svo mikið til, hvort þetta er satt eða ósatt. Ég skal nota mér átyllu þá, sem slúðurberarnir gefa mér, og sletta þessum lagði á karlþjóðina eins langt og hann nær.

Og þessum þrifalegu hnútum, sem hent hefir verið mann frá manni, frá tönn til tannar, og ver voru orðnar til reika, enn þó hundnagaðar hefðu verið, gripur Mrs. M.J.B. tveim höndum og hagnýtir sér þær eins vel og samvizkusamlega eins og upplag hennar að líkindum hefir leyft henni. Efni þeirra hefir henni sjálfsagt þótt vel nýtilegt, því það tekur hún til að teygja og toga, þar til það er orðið að lopa þeim, er hún spinnur og prjónar úr greinarstúf þann, er hún kallar "Ritstjórnarpistil". Og prýðisvel skartar hann á blaði því, er hún s e g i r að e i g i að vera málgagn kvenfrelsis og jafnréttis málanna okkar vestur-íslenzku kvenþjóðarinnar!!

En nokkuð mikið ber á lykkjuföllunum á prjónlesi hennar, því svo kveður ramt að, að jafnvel Mrs. M.J.B. sjálf rekur augun í stærstu glompurnar, nefnilega setn inguna þá arna: "réttilega eða óréttilega". Og víst er það munur, að kunna að halda laglega á málinu, því nú fer ritstýran að hypja í götin og gerir það svona:

"Réttilega sumir, að minsta kosti".

En hvernig ætli Mrs. M.J.B. gangi að sanna það, að þeir menn, er taldir eru að vera mannfélagsstyttur, og einnig þeir menn, er halda kirkjufélagsskapnum fjárhagslega uppi, — brjóti frekar hin almennustu siðferðislög en aðrir menn, og það svo fram úr hófi keyrir, segir ritstýran.

Það er nú hvorttveggja, að ég er ekki eins hámentuð í slúðursagnafræði, eins og út litur fyrir, að kona þessi sé, enda get ég sagt það eitt, að ég hefi ekki heyrt neitt það máli þessu viðvíkjandi, er gæti orðið til þess, að hjálpa mér til að sanna á mann þesta fram úr hófi keyrandi siðferðisbrot sem Mrs. M.J.B. blæs svo átakanlega þungt yfir.

En skyldi nú Mrs. M.J.B. vera viss um það, að hún hafi unnið göfugt verk með því, að senda þennan pistil frá sér, eins til reika og hann er? Skyldi hún vera v i s s um, að hún með honum hafi fært inn á heimili þessara manna meira ljós og yl, en þar ríkti áður? Eða gat hún verið a l i v e g v i s s um það, að sumar þær konur, sem borið hafa fult traust til trúmensku manna sinna, færu ekki að efa, þegar þær fóru að lesa greinarkorn þetta? Eða mundi ekki Mrs. M.J.B. telja sér það ólán, ef að hún með ógætni sinni í rithætti yrði til þess að leggja sverð milli þeirra hjóna, er áður hafa unnað hvort öðru hugástum?

Flestum Winnipeg Íslendingum mun það full-ljóst, hverjir helzt þeir menn eru, sem fjárhagslega halda kirkjufélagsskapnum uppi, og þá að líkindum er það engin ráðgáta til þeirra sjálfra eða konanna þeirra, hverjir það eru, sem eiga að hirða þessa kvenlegu staðhæfingu. Má þetta því heita nokkurn veginn eins persónulegt og þó nöfn þeirra hefðu verið auglýst.

En máske að Mrs. M.J.B. haldi, að blaðið hennar sé lítið eða e k k e r t lesið af kaupendum þess, eða ef það sé lesið, þá sé það ekki tekið það allra minsta til greina, og að fólk muni segja um það eins og málsháttur inn hljóðar: "Ómætt er ómagaorð". — Nei, ekki get ég haldið, að hún hugsi á þá leið, því a l l i r ritstjórar munu fyrst og fremst ætlast til, að blað þeirra sé lesið um leið og það hafi einhver áhrif í einhverja átt.

Kvenfrelsis og jafnréttis blað á Freyja að vera, en einkennilega flytur Mrs. M.J.B. þau mál. Karlþjóðina hættir henni undarlega mikið til að ofsækja. Það veit hún þó, að krafta þá, sem okkur kvenþjóðina hefir vantað, til þess að ná jafnrétti við karlmennina, hafa þeir haft og hafa enn í sínum hönd um. Og skyldi það vera hyggilegasta og réttasta aðferðin, til þess að fá karlþjóðina til að vinna með okkur, að við setjum okkur á nokkurskonar dómstóla og gagnrýnum þaðan hverja hreyfingu karlmannsins, og eins fljótt og við höldum, að við sjáum miður heilbrigðan blett á siðferði hans, þá sé um að gera að setjast þar að og berja hann og klípa, þar til við erum óruggrar vonar um, að hann hafi hlotið meira eða minna tjón á mannorði sínu? "Réttilega eða óréttilega", gerir nú náttúrlega ekkert til hvort heldur er(!!!).

Nei, ritstýra Freyju má r e i ð a sig á það, að ef við ekki fáum karlþjóðina til að vinna að jafnréttismálum okkar með því að strjúka þeim hlýlega um vangann, þá fáum við þá ekki frekar til þess með því að snoppunga þá, og það stundum og jafnvel oftast að ósekju.

Og enn segir Mrs. MJ.B.: "Ótal stúlkum er offrað á altari taumlausra girnda". — Þið vesalings — v e s a l i n g s ungu stúlkur, hér er þá ykkar vitnisburður þveginn og uppteygður! Víst hefir hjarta ykkar mátt fyllast gleði og þakklátssemi, þegar þið lásuð þessa fögru siðferðis viðurkenningu til ykkar frá jafnréttis og kvenfrelsishetjunni henni Mrs. M.J.B.

Hér er tæplega hægt að hugsa sér, að Mrs. M.J.B. sé að tala um skynsemi gæddar verur. Miklu er það líkara því, að hún sé að tala um skynlausar skepnur, eða jafnvel a l v e g d a u ð a hluti. Takið að eins eftir: Stúlkurnar eru t e k n a r og þ e i m er o f f r a ð á altari, o.s.frv.

Eitt af mörgu, sem mér fyrir mitt leyti finst mjög ranglátt af Mrs. M.J.B. er það, þegar hún er að óskapast yfir siðferði karls og konu, þá er það að eins karlmaðurinn, sem hún dæmir v æ g ð a r l a u s t. Kvenmanninn aumkvar hún (að ég held). Það er svo að sjá, sem hún áliti það helzt, að stúlkunni sé ekki um neitt að kenna. Hún er í augum Mrs. M.J.B. sýku saka, — rétt eins og konunni hafi ekki verið lánað neitt sér til varnar. Nei, ekki snefil af sjálfstæði eða viljakrafti til þess að vernda með sinn eigin sóma.

Úr því nú að Mrs. M.J.B. vill vera að gera sér endalaus áskiftí af þessu máli, þá væri henni (ég hugsa að margra áliti) miklu nær, að reyna að knýja fram hjá ungu kvenþjóðinni sem mest sjálfstæði, dugnað og djörfung, svo þær sjálfar gætu borið til sín verðskuldað traust til að mæta, ef til þyrfti að taka, hvort heldur væri óheiðarlegum árásum karlmanna eða öðrum ójöfnuði, svo að þær að endaðri viðureign þyrftu ekki að ganga af hólminum með meira eða minna skert mannorð.

Og enn segir höf.: "Svo hverfa þær úr sögunni (stúlkurnar), eru sendar burtu til þess að bera einar ábyrgð af tveggja verknaði".

Það er ég viss um, að það er ekki Mrs. M.J.B. ein, sem finnur sárt til þess, að hér er ódrengilyndi og heigulskapur karlmannanna á hæsta stigi, — að hafa hvorki mannúð né siðferðislegt þrek til þess að þora að mæta afleiðingum sinna eigin verka.

En ófeimin ætla ég að gera þá játningu mína, frammi fyrir þeim parti af hólminum, er kann að sjá línur þessar, að ekki ber ég það meira traust til kvenþjóðarinnar en karlleggsins, að hefðum við kvenþjóðin í þessu tilfelli sama tækifæri gagnvart karlmönnunum, sem þeir hafa gagnvart okkur, þá efast ég ekki hið allra minsta um það, að við mundum nota okkur það nokkuð á líkan hátt og þeir hafa gert. Því við vitum það öll, að það er svo rikt í eðli mannsins — jafnt karla og kvenna — að vilja hylja yfirsjónir sínar, og jafnvel stundum gripa til miður heiðarlegra örþrifsráða, til þess að geta falið skömm sína sem lengst, og þykir vel ganga, þegar menn geta klínt skömm sinni yfir á náungann.

Svo að endingu vil ég geta þess, að ekki væri það nema von, þó sumir þeirra, er lesa Freyju, og ekki þekkja til lífnaðarhátta okkar Íslendinga í Winnipeg borg, héldu, að hvergi á bygðu bóli væri annar eins ólifnaður meðal Vestur-Íslendinga, eins og einmitt hér í þessum bæ. En ég hugsa, þegar tekið er tillit til fjöldans, sem hér er saman kominn, þá sé mér óhætt að fullyrða, að Winnipeg Íslendingar þoli samanburð við landa sína hvar annarstaðar sem er, hvað siðferði og menningu snertir. Enda ætti svo að vera.

En ekki get ég gert að því, þó mér detti stundum í hug, þegar ég hefi lesið Freyju, þessi setning úr kvæðinu "Sveinn dúfa":

"Vildi feginn fást við alt,
en fór að öllu skakt."

Winnipeg, 12. febrúar 1909.

DÁNARFREGN.

Þann 15. febrúar 1908 lézt að heimili tengdasonar síns, 530 Jasper Ave., Winnipeg, gamalmennið HALLDÓR JÓNATANSSON, á 65. aldursári. Fæddur að Krossavíkurseli í Þistilfirði 16. júní 1843. Foreldrar hans, sem lengst af bjuggu á Flautafelli í sömu sveit, hétu Jónatan og Guðleif; hann var Þorkelsson, bónda á Nýjabæ í Kelduhverfi, og þriðju konu hans Guðrúnar Jónsdóttur; en Guðleif var Jónsdóttir, Halldórssonar í Keldunesi.

Fárra vikna gamall var Halldór sál. tekinn til fósturs af hinum góðkunnu hjónum, Eiriki bónda á Völlum í Þistilfirði og Sigríði konu hans, og var hjá þeim 2 ár; kom svo aftur til foreldra sinna, og var hjá þeim þar til þau dóu. Þá var hann 17 ára. Svo var hann á sama bæ 4 árin næstu. Fór svo þaðan til Stefáns Kristjánssonar á Kúðá, var þar eitt ár, fluttist svo með honum að Tóvegg í Kelduhverfi. Eftir það var hann á ýmsum stöðum, lengstum í Kelduhverfi eða Þistilfirði.

Kona hans var Kristín Jónsdóttir Ágústssonar, bónda á Hafursstöðum. Börn þeirra voru: Jóhannes, Guðleif og Agnes. Hann kom til Ameriku sumarið 1897, og var eftir það mest part hér í Winnipeg. Þar af kringum 6 ár hjá tengdasyni sínum Jóhannesi Kristóferssyni og Agnesi dóttur sinni.

Hann var jarðsunginn frá hinni Fyrstu lútersku kirkju, af séra Jóni Bjarnasyni, 17. febrúar.

Halldór sál. var í æsku mjög seinþroskaður, vegna langvarandi beinkramar, og bar þess sorglegar menjar alla æfi. Líkaminn hnýttur og samandreginn. Mun þó að öðru leyti hafa verið að eðlisfari friskur og vinnugefinn, og furðu miklu afkastað, eins heilsulitill og hann var. Hann var sibúinn að hjálpa öðrum, með ýmsu móti, og virtust mér honum það hin mesta ánægja, að geta komið svo fram, að öðrum mætti að liði verða.

Hann var trúmaður mikill, og bar sin þungbæru lífskjör til hins síðasta með sannkristins manns þreki og þolinmæði. Var mér, sem rita þessar línur, vel kunnugt um hans góða hugsunarhátt, og hve barnslega glaður og þakklátur hann varð við hvað eina, er honum var gott gert í orði eða verki.

Ritað eftir bón dætra Halldórs sál., 15. febr. 1909., af

S. M. L.

Hefir þú borgað Heimskringlu?

WINNIPEG Business College

Cor. Portage Ave and Fort St.

FÉKK FYRSTU VERÐLAUN Á SAINT LOUIS SÝNINGUNNI.

Dag og kveld-kensla. Leitið fullra upplýsinga og biðjið um vorn nýja pappírshnif ókeypis. Vér kennum enska tungu.

M. E. MACKEY, Skrifari

MARKET HOTEL

146 PRINCESS ST. á móti markaðnum
P. O'CONNELL, eigandi. WINNIPEG
Beztu tegundir af víni fönguum og vindl um. aðhlynning góð húsið endurbætt

JOHN DUFF

PLUMBER, GAS AND STEAM FITTER

Alt verk vel vandað, og verðið rétt

664 Notre Dame Ave. Phone 3815
Winnipeg

Strathcona Hotel

Horni Main og Rupert Str. Nýbygt og ágætt gistihús; Gest um veitt öll þægindi með sanngjarnasta verði. Frí keyrsla til og frá öllum járnbr. stöðvum. Beztu vín og vindlar; og herbergi og máltíðar ágætar.

McLaren Brothers

EIGENDUR

Hotel Pacific

219 Market Street Winnipeg | H. M. Hicks Eigandi Manitoba

Telephone 1338

Ný-endurbætt og Ný-tízku hús í alla staði. Viðskifta yðar óskast virðingarfylst.

$1.25 a Dag

$1.50 Á DAG
Bezta $1.50 gistihús í Winnipeg

BRUNSWICK HOTEL

Horni Main St. og Rupert Ave.

Besta borðhald; Hrein og Björt Herbergi; Fínustu Drykkir og Bestu Vindlar. Ókeypis Vagn mætir Öllum Trainestum. Reynið oss þegar þú ert á ferð.

þér skuluð nú sjá, hverja þýðingu það hefir, þegar ástin tekur í taumana og ræður gerðum vorum. — Að eins í þetta eina skifti vil ég neyta réttar míns, sem umsjónarmaður yðar. Leggið engar hindranir í veg fyrir mig, því það hefir enga þýðingu fyrir yður. — Ég vil ráða þessu máli til lykta og skal sjá um, að þér fáið yður lausa hjá frú Frank".

"Gerið það", mælti hún með skjálfandi röddu. — Hún var orðin fölsem nár. — "En ég ætla mér ekki að halda að mér höndum, og þér megið vera fullvissir um, að ég skal verjast meðan nokkur blóðdropi er eftir í mér!"

Aldrei á æfi sinni hafði hún komist í jafnmikla geðshræringu og nú. Ókendar raddir hófu sig alt í einu í hjarta hennar, og létu hana engan frið hafa. — Það var sem væru þær bergmál af huggunarorðum hans. Henni fanst sem þrumuský sveima yfir höfði sér. Og hún var viss um það, að ef hún átti að bera sigur úr býtum í þessari baráttu, þá varð hún umsvifalaust að slíta sig burt frá honum. — Nú þegar hafði hann orðið óskiljanlega mikið vald yfir henni Henni fanst, sem hvert hart orð, er hún mælti til hans, særði hjarta hennar sjálfrar.

Hingað til hafði hann haldið fast um hendur hennar, og á meðan hún talaði, horfði hann stöðugt í augu hennar, sem þó ekki nema rétt eitt augnablik lýstu tilfinningum þeim, er brutust um í huga hennar. — Hann hafði víst oft, sem læknir og mannþekkjari, lesið hugsanir og leyndarmál annara, — alt önnur en þau, er leyndu sér í hjarta hinnar hreinskilnu, saklausu ungu stúlku. — — "Þér getið ekkert", mælti hann alt í einu rólega og með gleðibragði. Ég sé glögt, — og hönd mín nær langt. — Ég sleppi ekki hendinni af yður, Felicitas. — — Hér í X.... læt ég yður undir engum kringumstæðum vera, og því síður fer ég án yðar til Bonn".

Garðshliðinu hafði verið lokið upp fyrir löngu síðan, án þess að þau veittu því nokkra eftirtekt. — Nú kom Rosa og sagði prófessornum, að frú Heilwig biði í baðhúsinu, og sömuleiðis hafði rikisstjórafrúin beðið hann innilega um að koma strax.

"Er hún veik?" spurði prófessorinn hörkulega, án þess að snúa sér við.

"Nei", mælti Rósa forviða. "En náðug frúin ætlar að fara að skenkja kaffið, sem hún hefir sjálf búið til, og hún vill að prófessorinn drekki það á meðan það er heitt. Frank málafærslumaður er líka kominn".

"Það er gott. Ég kem undir eins", sagði prófessorinn. Samt bjóst hann eigi til brottgöngu. — Líklega hefir hann vonað, að Rósa færi strax aftur, en það var öðru nær. Hún fór að tala við Önnu litlu, er var hálfgrátandi og klagaði yfir, að blómin voru öll skemd og fótum troðin. — Loksins gekk prófessorinn brott, auðsjáanlega í öllu skapi. "Þér verðið ekki lengi", kallaði hann til Felicitas. "Það er farið að hvessa, verður bráðum óveður. Komið því með barnið yfir í garðhúsið".

Hann hvarf á bak við viðarrunnana. En Felicitas gekk hvatlega að læknum. Henni fundust allar hugsanir sínar vera á ringulreið, og hún reyndi eftir mætti að stilla sig og ná aftur rósemi sinni, til þess svo að geta með skynsemi hugleitt sálarástand sitt. — — Hún átti þá enn þá langan tíma að lifa í sömu áþján og áður. Og ekki var alt þar með búið. — Það var ekki nóg, að henni var haldið ófrjálsri, heldur átti hún að lifa í nálægð hans, — heilt ár umgangast hann daglega, — og það var þó það hrædilegasta, er fyrir hana gat komið. Hún hafði þó sannarlega gert alt, sem í hennar valdi stóð til að fullvissa hann um, að hún hataði hann og væri ófáanleg til að sættast við hann. — Var það þá þess

vegna, að þannig lögð grimd var brúkuð við hana, að fjötra hana á þennan hátt? — Nei, þúsund sinnum heldur vildi hún vera í níu ár enn þá hjá frú Heilwig og þola harðýðgi hennar, en þó ekki væri nema einn mánuð í nálægð hans, er hafði svo takmarkalaust vald yfir henni. — Að eins rödd hans nægði til þess að trufla hugsanir hennar, er annars voru ávalt svo skýrar. Nú í seinni tíð talaði hann alt af til hennar svo blíðlega og innilega, að málrómur hans snerti hverja taug í hjarta hennar og lét það slá hraðara. — En það var víst gamla hatrið, er gerði alt þetta að verkum. Samt gat vel skeð, að hún yrði að lúta þessu valdi. Hugsjón hans, er hann nýlega skýrði henni frá, hafði gefið henni nægilegt umhugsunarefni. Nú fékk hún ráðning á þeirri gátu: — "Felicitas! Þér skuluð nú sjá, hverja þýðingu það hefir, þá er ástin tekur í taumana og ræður gerðum vorum!"

Eftir alt saman, þá var það tilgangur hans, — þrátt fyrir skorinorða yfirlýsingu hennar, að vilja ráða sjálf giftingu sinni, — að ráða, hverjum hún gæfi hönd sína og hjarta. Hún átti að ganga að eiga einhvern þann mann, er honum þóknaðist að velja handa henni. Með því var henni veitt ásjá og ráðið bót á órétti þeim, er hún hafði orðið að líða, og sem hann hafði kannast við! — Hjarta hennar skalf af reiði, er hún hugsaði um þetta. Óskop var það heimskulegt og frekjulegt. Gat hann þá þröngvað nokkrum til að elska hana? Sjálfur var hann ófarsæll í ástamálum, og hann ætlaði sér að vera ókvæntur alla æfi. Með þeirri yfirlýsingu hafði hann viðurkent réttindi hjartans. — Það réði framtíð hans. — Hún fastréð, að hann skyldi fá að sjá, að hún einnig vildi njóta sömu réttinda, — að hún léti ekki hafa sig á boðstólum, sem aðra vöru. — Hvers vegna fór hún ekki strax til frú Frank og leitaði

trausts og athvarfs hjá henni? — — Æ, það var litla gráa skrinið, er batt hana fastar við þetta ófagnaðarheimili, en nokkur mannlegur máttur hefði getað gert. Vegna þess varð hún að sýna staðfestu og þolinmæði til síðustu stundar.

XXIII.

REIÐARSLAGIÐ.

Hin unga stúlka vaknaði af hugsunum sínum við það, að Anna litla tók um handlegg hennar, og dró hana burt með sér. Vindurinn hvein í trjánum og þrengdi sér inn á milli runnanna, og blómin beygðu sig óttaslegin til jarðar. Við og við dróg fyrir sólu og skugga lagði yfir malarstiginn. Rósablöðin þyrluðust hátt upp í loftið, og meira að segja, steinstöplarnir virtust beygja sig með lotningu, álíka og gamlar hirðkonur.

En inni í húsinu var viðkunnanlegt og þægilegt. Felicitas settist á stól í framdyrunum með vinnu sína. Hurðin að stofunni og eldhúsinu stóð opin. — Maður gat naumast ímyndað sér neitt fegra, en ríkisstjórafrúna, sem önnum kafna húsmóðir. Til þess að hlífa fallega kjólnum sínum, hafði hún svuntu, alla skreytta með blúndum og bróderingum. Í hári sér bar hún rauða rós, er nýlega hafði verið slitin upp og látin þarna eins og ósjálfrátt, — en sem fór henni mjög svo vel. Niður undan kjólnum, er var festur saman með blómum, sáust hinir smáu fætur, er liðu léttilega til og frá. — Alt útlit hennar var unglegt og næstum barnslegt, — og hún flýtti sér við

Sælir nú, ókunnugur.

Í síðustu Hkr., sem út kom 18. þ.m., birtist nafnlaus bréfkafli frá einhverjum sérvitring vestur á Kyrrahafsströnd. Og ætla ég að biðja þig, Heimskringla mín, að bera honum þessar fáu línur til dægrastyttingar í staðinn.

Það er þessi gamla saga og vana legi harmagrátur, sem bergmálar í þessu umgetna bréfi, um blöðin hérna vestra, eins og vant er: Að þau séu alt af full af allra handa leirbulli og skáldskapargutli. Mér finst, að blöðin ættu miklu fremur lof skilið fyrir frjálslyndi sitt, að taka "gutlið", sem þessi vitringur kallar svo. — En það er sjaldnar fundið að því, þó að það sé rifist og skammast persónulega í blöðum og annarstaðar, af ýmsum mönnum, ár eftir ár. Þeir þora það ekki. Þeir halda kannske, að þeir fái ekki aðgang að þeim, ef þeir gerðu það, þó þeir findu hvöt hjá sér til að skammast við einhvern.

En ef satt skal segja, þá eru blöðin og hafa verið, svo heiðarlega frjálslynd, að gefa báðum málspörtum tækifæri til að láta sínar hugmyndir í ljós, án manngreinarálits, frá því fyrsta, og ættu menn að virða það við þau.

En kveðskapurinn hérna, hann á ekki upp á háborðið, af því það eru bara einstakir menn, sem fást við hann. Og sumir, eins og þessi fimbulfambi, vilja helzt bola þeim út úr blöðunum, svo þeir hafi pláss fyrir skammirnar sínar, þegar á liggur. — En ég álít nú, að því plássi, sem ég og Kristján Ásgeir höfum tekið upp í Hkr. nú nokkrum sinnum, og ýmsir aðrir hagyrðingar, sé alt eins vel varið undir ferhendurnar okkar, eins og þó það væri fylt með persónulegum hnifilyrðum og skammagreinum, á meðan þær (ferhendurnar) eru meinlausar, og láta alla í friði.

En ókunnugur minn, þarna vesturfrá, taktu ekki orð mín svo, að ég áliti, að "Til goðanna", eða "Goðin hans Jónasar", eins og þú kallar það, eða nokkuð annað eftir mig, hafi nokkurt nútíðar skáldlegt gildi. Þar skal meira til. — Enda líka hefi ég ekki verið að fálma neitt eftir neinum skáldatitli, þó ég hafi verið að yrkja þetta að gamni mínu og mér til dægrastyttingar, eins og hinn heiðraði ritstjóri Hkr. veit, að ég hefi sagt honum.

En að ólöstuðum öllum hagyrðingunum íslenzku hér vestra, þá eru víst teljandi þau kvæði, sem hafa verulega nútíðar skáldlegt gildi, nema kvæði eftir Dr. S. J. Jóhannesson. Og er það mjög eðlilegt, að svo sé, þegar maður athugar að hagyrðingarnir hérna eru alt ómentaðir menn, að undanteknum Dr. S. J. Jóhannessyni og Mr. Kr. Ásgeir Benediktssyni, — eftir því, sem ég veit bezt. — Svo það er í fylsta máta ranglátt, að ætlast til mikils af okkur í þeirri grein. Og ferhendurnar okkar Kr. Ásgeirs, eru ekkert verri enn margt annað af því tagi, sem þagað hefir verið um. Við getum þó hælt þeim fyrir það, að þær eru al-íslenzkur bragarháttur, og Eddu kenningarnar okkar eru íslenzkar, svo við stælum enga útlendinga.

Og meira, sérvitringur minn: — það álit, sem við Íslendingar höfum fengið bæði hér og heima, eigum við mest og bezt að þakka Eddunum, Fornsögunum og rímunum okkar. Og eins það, að við kunnum að tala íslenzka tungu þann dag í dag, en vorum ekki orðnir hádanskir áður en við komum hingað, bæði að máli og öðru, — eigum við líka þeim að þakka. En ég gizka á, að þessum Stranda vitring þyki ekki stórt varið í það.

Jæja, skepnan mín, þú mátt hafa þínar skoðanir mín vegna. — Og eins þar sem þú segir, að það sé engu líkara, heldur enn að Hannes stutti og Simon Dalaskáld séu komnir að bulla hér. — Þú ættir að vita dálitið betur, en nú lítur út fyrir, að þú vitir, áður en þú slærð um þig. Því ég ætla nú að hughreysta þig með því, að þó þú verðir tuttugu sinnum eldri enn Adam varð, og þú sért alt af að böglast við að yrkja, þá getur þú aldrei orkt eins fallega vísu og til er eftir gamla Simon Dalaskáld. Eða heldur þú ekki, að bæði ég og Kristján Ásgeir, sem þú ert að reyna að sverta, af því að þú hefir séð í blöðunum, að það hafa sumir verið að hnýta í hann, — þá vilt þú gera það líka ekki vantar göfuglyndið, það er síður en svo! — höfum ekki eins mikið frjálsræði til að bulla í blöðunum, nær sem við viljum, og við fáum aðgang að þeim, eins og þú og ýmsir aðrir? — Eða heldur þú, að við séum ekki orðnir nokkuð gamlir til að láta Kyrrahafs marbendil knésetja okkur? Við vilj um sem minst hafa með marbendla að gera, eða að minsta kosti ég.

Ég hefi ætlað, að sneiða mig hjá blaðadeilum og miklu rifrildi hér vestra, og mér hefir tekist það til þessa. En ég get varla þagað, þegar reynt er að vaða ofan í mig saklausan, af þeim manni, sem ég veit, að ég hefi aldrei neitt reynt til að sverta í augum almennings, og sem líklega þekkir mig að alt öðru en ótuktarskap. Ef þú ætlar þér, að vaða ofan í mig aftur, þá er betra fyrir þig, að taka af þér skóna, — því ég elska friðinn.

Jónas J. Danielsson.

Bréf til kunningja.

Góði vin! — Beztu þakkir fyrir bréfið þitt, meðtekið 26. þ.m. — Bréfið var ágætt; vel hugsað hvað vona-tímann snertir sérstaklega. Hann er og verður eina sælan í lífinu, þegar alt er athugað vandlega. Að vona er þarflegt, sjálfsagt, og hver, sem hefir glatað voninni, hefir glatað lífinu með. Því held ég fram, eins og þú.

Menn, sem hugsa nokkuð ærlegt, hafa heilbrigða skoðun um tilgang alls, eru sammála oft og tíðum, því verður ekki neitað.

Að heyra vel hugsað, er sannköllud hjálp fyrir þá, sem kaldir og kæringarlausir eru orðnir af ýmsum mótgangi vilja ekki gera góðverk, hafa deytt sínar góðu skoðanir og hugsanir, — hugsa að eins um hefnd. Þeir menn eru kallaðir bölsýnismenn, og eiga tilfinningar næmar mjög og viðkvæmar. Lífið er reynsluskóli sannkallaður. Tilgangur lífsins er smásaman lærður, en verður aldrei til fulls. Margt, sem skapað hefir verið, verðist koma í bága við afstöðu mannsins í lifanda lífi á margvíslegan og óskiljanlegan hátt. Kvart anir koma fram af tungunni í hvert sinn, þegar lífið er öðruvísi en hugsanirnar um það höfðu verið. Guði sjálfum er kent um það, en slíkt er rangt.

Eins og þú manst óefað, eru þetta aðalþættirnir í góða og lærdómsríka bréfinu þínu, hinu síðasta til mín, sem ég hefi minst á. Hvað ætti ég að skrifa þér í staðinn? Máske minnast á það, sem ljótt er hjá fólkinu, sumu af því. Slíkt hefir samt ilt eitt í för með sér, — þess hefir maður orðið var og verður daglega, eins og þú sjálfur veizt, hefir það líka oft orðið að tilætluðum notum. Enginn veit fyrr en reynt hefir .....

Nú er öldin önnur,
öfugt flestu snúið.
Nú er öldin önnur,
alt hið góða flúið.
Nú er öldin önnur,
æðsta hnossið rúið.
Nú er öldin önnur,
ekkert drottins hjúið.

Er ei öldin önnur, —
almenningur glingur?
Er ei öldin önnur,
æðsta þekking blekking?
o. s. frv.

Í byrjun þessarar aldar finst mér margt vera athugavert, og ætla ég að minnast á það helzta, sem ekkert leyfi hefir til að sitja að völdum.

I. Málæðisþekking. Á hvers manns vörum eru þessi orð; ég á þekkinguna, ég skil þetta betur en þú, þú þarft ekki að fræða mig, ég skil þetta vel, ég veit meira en þú. Og margt fleira heyrist þessu líkt allajafna. Þetta kalla ég málæðisþekkingu, sem er grein af vanans villu, sem fest hefir djúpar rætur.

II. Misskilningur. Menn lesa bundið og óbundið mál. Hugsa um það eftir á alt sem þeir geta. En ef skilningur þeirra fær ei gripið það, leyfa þeir sér að bannfæra verkin, voga sér að kalla þau rugl og vitleysu og fleira. En þeir ættu áður en þeir færu af stað að meðganga fyrir sjálfum sér í huganum, að þeir ekki skildu það, sem þeir hefðu lesið. Og íhuga þyrftu þeir vel, hvort þeir tréysta sér til að gera betur, líka viðurkenna, að til séu menn fyrir ofan þá. Og vita ættu þeir, að orð fá þeir á sig, ekkert minna en höfundarnir, fyrir sinn kjaptagang.

III. Sjálfsálit. Þegar vel unnið verk sést, hverju nafni sem nefnist, sem skilið ætti að fá lof undir öllum kringumstæðum, þá berast að eyrum margskonar frægðarsögur, stundum eintómur tilbúningur. Að krita liðugt, er hægðarleikur fyrir hvern, sem vill. Það er sannkallað rugl, rugl af verstu tegund, rugl til ills og bölvunar.

IV. Ósiðirnir. Þá, sem skaðlegastir eru, ætla ég að eins að minnast á: Að ganga hús úr húsi til að upphefja sjálfan sig en niðurlægja aðra, nefnilega, að ná sundtökunum sjálfir, hljóta lofið sjálfir. Að ráðast á menn, sem ekkert hafa til saka unnið, gera þá í vissum skilningi útlæga skógarmenn. Að fara nokkurskonar handahlaup eftir þvættingi annara til að fylla andstæðinga flokkinn og stofna sjálfum sér að vissu leyti í hættu. — Og þeir allir, sem starfa að því eru smáir og verða aldrei annað en smáir. Þeir allir eiga öfundina. Þeir allir hafa náungans kærleikann engan til. — Satt.

V. Heimting. Heyra má, hvar sem maður er staddur, líkt þessu: Ég á heimtingu á, að mér sé gerður greiði. Þó hinir sömu hafi kannske aldrei til hans unnið. Og þakklætið er vanalega viðkvæðin gömlu, þessi: Skyldi vera þakkandi fyrir það? Það var sjálfsagt, og ég átti annað eins skilið.

VI. Sannleikurinn. Hann er margoft kallaður lygi, tóm lygi. Grátleg villa, sem með vananum hefir þroskast. Argasta guðlast er slíkt óefað, — á meðal kristinna manna.

VII. Samkomulag. Það er að deyja út algerlega. Hver hendin er uppi á móti annari. Það virðist vera sjálfsögð skylda hvers og eins, að vera aldrei sammála. — Heiðarleg undantekning hvað viðvíkur vorri fósturjörð.

VIII. Kækir. Á mannfundum sjást einna bezt margskyns hlægilegir kækir, sem mörgum þykir mikið til koma og margir elska. Mestan þátt taka í þeim þeir Íslendingar, sem fæðst hafa hér vestanhafs, — eftir því hefi ég tekið vel. Líka láta þeir, sem hingað flytjast, ekki sitt eftir liggja, að fylla hópinn þann. Engin lýgi. Hægt væri að nafngreina marga, en það skal ei gert verða. — Að laga þessi lýti, er þarflegt og sjálfsagt. Því viðbjóðslegt hneyksli er framkoma þeirra persónu, sem virðist ei vita hvernig skuli ganga, standa, sitja eða vera. Til hennar er tekið eftir á, og verður hún þá að athlægi ógleymanlegu. Því er ekki hægt að hjálpa, — orð er haft á öllu, og alt gert fullkomið í meðferðinni.

Eina vísu lærði ég eftir mann, sem auðsjáanlega hatar kæki, og kallar þá "ljótu lýtin". Vísan er svona:

"Með þér fylgjast ljótu lýtin,
lítill svanni, töfra-friður:
Taktur leiður, tilgerð skrítin,
tepruskapur velgjustriður".

Höfundur vísunnar hefir veitt kækunum athygli, ekkert minna en ég. Það ber vísan með sér.

IX. Hugleysi. Sumir menn þora ei að birta nöfn sín undir ritgerðir sínar, sem þeir þó láta prenta, ef það snertir einhverja sérstaka eða eitthvað sérstakt. Það kemur sér oft illa, og margir verða æstir út af því, sem von er. Stundum sjást líka nöfn út í bláinn, til d.: "Þinn einlægur Karl — —". Þeir, sem gera þetta og líkt þessu, sjá auðvitað fyrir fram, að með því eina móti verða þeir látnir afskiftalausir, og er það rétt hugsað, fyrst þeir geta ei haldið munni.

X. Bæjarlýgin. Sár eins og þyrnir. Hún drepur mann lifandi. Hún er og verður sannur djöfull, — lýgin á við og dreif. Hjá mönnunum er engin spilling á við bæjarlýgina.

Margt, margt fleira líkt þessu, sem á hefir verið minst, er óupptalið enn, og verður látið í friði, svona fyrst um sinn.

Hefi ég tekið of djúpt í árina? Hefi ég kritað liðugt?

Þinn einl.,
A. St. Johnson.

DR. H. R. ROSS
C.P.R. meðala- og skurðlækir.
Sjúkdómum kvenna og barna veitt sérstök umönnun.
WYNYARD, — SASK.

K-J-Ö-T.
"Ef það kemur frá Johnson, þá er það gott"
C. G. JOHNSON, Kjötsali,
301 Sherbrooke St. Talsími 2681.

Russell A. Thompson and Co.,
Cor. Sargent & Maryland St.
Selja allskonar MATVÖRU af beztu tegund með lægsta verði. Sérstakt vöruúrval nú þessa viku. Vér óskum að Íslendingar vildu koma og skoða vörurnar. Hvergi betri né ódýrari.—
Munið staðinn:—
HORNI SARGENT AVE. OG MARYLAND ST.
PHONE 3112.

Með því að biðja sérlega um "T.L. CIGAR," þá ertu viss að fá ágætan vindil.
T.L.
smoke the T.L. CIGAR
(UNION MADE)
Western Cigar Factory
Thomas Lee, eigandi Winnipeg

Redwood Lager og Extra Porter
Styrkið taugarnar með því að drekka eitt staup af öðrum hvorum þessum ágæta heimilis bjór, á undan hverri máltíð. — Reynið !!
EDWARD L. DREWRY Manufacturer & Importer Winnipeg, Canada.

Department of Agriculture and Immigration.
MANITOBA
Þetta fylki hefir 41,169,089 ekrur lands, 6,019,200 ekrur eru vötn, sem veita landinu raka til akuryrkjuþarfa. Þess vegna höfum vér jafnan nægan raka til uppskeru tryggingar.
Ennþá eru 25 miliónir ekrur óteknar, sem fá má með heimilisrétti eða kaupum.
Íbúatala árið 1901 var 255,211, nu er nún orðin 400,000 manns, hefir nálega tvöfaldast á 7 árum.
Íbúatala Winnipeg borgar árið 1901 var 42,240, en nú um 115 þúsundir, hefir meir en tvöfaldast á 7 árum.
Flutningstæki eru nú sem næst fullkomin, 3516 mílur járnbrauta eru í fylkinu, sem allar liggja út frá Winnipeg. Þrjár þverlandsbrauta lestir fara daglega frá Winnipeg, og innan fárra mánaða verða þær 5 talsins, þegar Grand Trunk Pacific og Canadian Northern bætast við.
Framför fylkisins er sjáanleg hvar sem litið er. Þér ættuð að taka þar bólfestu. Ekkert annað land getur sýnt sama vöxt á sama tímabili.
TIL FERDAMANNA:
Farið ekki framhjá Winnipeg, án þess að grenslast um stjórnar og járnbrautarlönd til sölu, og útvega yður fullkomnar upplýsingar um heimilisréttarlönd og fjárgróða möguleika.
R. P. ROBLIN,
Stjórnarformaður og Akuryrkjumála Ráðgjafi.
Skrifið eftir upplýsingum til
Joseph Burke, 178 LOGAN AVE., WINNIPEG.
Jas Hartney, 77 YORK ST., TORONTO

verk sitt með álíka áhuga, eins og þegar barni er trúað fyrir einhverju, sem það vill leysa skyldurækinslega af hendi. Enginn ókunnugur, er hefði séð hana, hefði getað ímyndað sér, að hún væri ekkja og móðir.

Á meðan hún var fram í eldhúsinu, höfðu þau tekið tal með sér málafærslumaðurinn og frú Heilwig, — og snerist það að venju um erfðaskráCordulu frænku. Friðrika og Hinrik höfðu áður fullvissað Felicitas um, að gamla frúin hvorki hugsaði eða talaði um annað. Felicitas sá í svip andlit frúarinnar. Henni sýndist það vera óskugrátt og hafa elzt mikið nú í seinni tíð. Einnig talaði hún nú miklu hraðara, en áður hafði verið vani hennar, og í rödd hennar lýsti sér harmur og reiði, — þær tilfinningar, er rikastar voru í brjósti hennar.

Professorinn tók engan þátt í samtalinu, meira að segja, það leit helzt út fyrir, að hann veitti því enga eftirtekt. Hann gekk um gólf, með hendurnar krosslagðar fyrir aftan bak, í þungum hugsunum. — Að eins þá er hann gekk fyrir dyrnar, leit hann upp, og horfði vandlega á Felicitas, þar sem hún sat við vinnu sína.

"Hvað lengi sem ég lifi, mun ég aldrei geta sætt mig við það, Frank minn góður!" mælti frú Heilwig. — "Ef Heilwigsættin hefði ekki með sínum sveita innunnið sér peningana, þá væri alt öðru máli að gegna. En nú getur vel skeð, að einhver mannræfill sem ekki einu sinni á ætt sína að rekja til Hitschsprung ættarinnar, komi og sói á stuttum tíma ógrynni fjár, er heiðarlegt fólk hefir dregið saman. — Hversu mikla blessun hefði þó ekki getað af peningunum leitt, ef þeir hefðu verið í vorum höndum!"

"En, elsku frænka", sagði rikisstjórafrúin smeðjulega, um leið og hún kom inn úr dyrunum með kaffikönnuna og tók að hella í bollana, — "nú ertu aftur

búin að sökkva þér niður í óheillamál þetta, er auðsjáanlega spillir heilsu þinni. — Ég er viss um, að þú veikist. Hugsa þú til barna þinna og einnig til mín og reyndu okkar vegna að gleyma".

"Að gleyma!" hrópaði frú Heilwig fjúkandi reið. — "Aldrei! Sem betur fer, hefir maður þó stefnufestu og kjark, — sem yngri kynslóðina skortir nú orðið svo tilfinnanlega", — hún leit illilega til sonar sins, er gekk um gólf. — "Hinn skammarlegi óréttur; er við höfum orðið að líða, setur hvern einasta blóðdropa minn í hreyfingu. — Og ég bið þess aldrei bætur. — Hvernig kemur þér til hugar, að láta mig heyra aðra eins vitleysu? — Þú ert oft svo fjarskalega grunnhyggin, Adela".

Rikisstjórafrúin brá litum. Drættirnir í kring um munninn urðu hörkulegir, og bollinn, er hún í þessu rétti að frænku sinni, skalf í hönd hennar. — Samt stilti hún sig og lét sem ekkert væri.

"Þessa ofanigjöf á ég alls ekki skilið" mælti hún mjög blíðlega eftir augnabliks þögn. — "Enginn hefir tekið sér þetta svívirðilega athæfi nær en ég hefi gert. Það er ekki einasta, að mér gremjist tap það, er þú og frændur minir hafa orðið fyrir, — heldur er það alt of hörmulegt fyrir kvenhjartað að vera vitni til siðferðislegrar glötunar. — — Þarna hefir nú þessi gamla, fláráða kerling, sem helming æfi sinnar hefði hér uppi á loftinu, íhugað nákvæmlega, hvernig hún gæti bezt leikið á nánustu ættingja sína. — Hún yfirgaf þennan heim í ósátt við guð og menn, og með svo mikla syndabyrði, að himininn mun að eilífu lokast fyrir henni. — Það er hræðilegt. — Kæri Jóhannes, viltu ekki kaffi?

"Nei, þakk", mælti hann kuldalega, og hélt áfram að ganga um gólf.

Vinnan fell úr höndum Felicitas. Hún hlustaði eftir með athygli og náði tæpast andanum. — Hún

hafði að vísu oft heyrt Hinrik segja, að heimurinn dæmdi hart hina gömlu og einkennilegu einsetukonu, — en þetta var í fyrsta skifti, að hún sjálf heyrði henni niðrað. — Blóðið streymdi henni til höfuðs, og hvert orð skar hana í hjartað, sem hnífstunga. — Kvalir þær, er hún nú leið vegna hinnar framliðnu, voru miklu sárari en sorgin yfir dauða hennar.

"Mér er ekki kunnugt um, hvort gamla konan hefir haft syndabyrði að bera eða ekki", sagði málafærslumaðurinn. — "En eftir því, sem mér hefir verið sagt, getur enginn með sönnu borið henni neitt ilt. — Heimurinn tekur nú oft til þakka með, þó slúður sé ekki á rökum bygt. — Aftur á móti ber alt það, sem hún lætur eftir sig vott um, að hún hafi verið gædd óvanalega miklum hæfilegleikum".

Frú Heilwig hló hæðnislega, og sneri sér með mesta fyrirlitningarsvip frá málafærslumanninum.

"Kæri herra málafærslumaður, — það er nú einu sinni hlutverk yðar, að taka málstað annara og breyta verstu óbótamönnum í ljóssins engla, — einnig, að álíta þann saklausan, sem heimurinn með réttu áfellir. — Frá þessari hlið getur maður að eins skilið dóm yðar", mælti rikisstjórafrúin illhryssingslega. — "Ég þekki samt mann, sem þekti hana, og þér verðið að fyrirgefa, að ég tek meira mark á orðum hans en yðar. — — Pabbi þekti hana. — Hún var óvenjulega þrálynd, og bókstaflega lagði föður sinn í gröfina með þrákelkni sinni. — — Og hversu hún hefir látið sér ant um mannorð sitt, sýnir bezt hin svívirðilega vera hennar í Leipzig. — Þrátt fyrir hina ágætu hæfileleika hennar, eins og þér álítið, að hún hafi haft, — hefir hún komist á glapstigu, hræðilega glapstigu. Hún var frjálshyggjandi og guðníðingur".

Í þessari svipan spratt Felicitas upp og gekk að dyrunum. Hún var eldrauð í framan, og lyfti hægri hönd sinni ógnandi út í loftið. — Í þessum stellingum

liktist hún mest reisigyðju. — Rósrauðu varirnar er höfðu umhugsunar og óttalaust mælt fram hina hræðilegu ákæru, þögnuðu alt í einu við þessa sjón.

"Guðníðingur hefir hún aldrei verið", mælti hin unga stúlka, og kvað fast að orðum sínum. Hún horfði með leiftrandi augnaráði á rikisstjórafrúna. — "Já, hún var frjálshyggjandi, — hún athugaði verk guðs, án þess að óttast frelsi sálar sinnar, — án hræsnistrúar, — því hún vissi, að vegurinn til hans, er nátengdur hans dásemdarverkum. — Ósamræmið á milli bibliunnar og náttúruvísindanna varð henni aldrei að fótakefli. Þekking hennar átti ekki rót sína að rekja til bókstafstrúar, heldur til sköpunarverka guðs, — til hjarta sjálfrar hennar, og til hinnar himnesku gjafar, er gerir manninn ódauðlegan og sjálfstæðan í hugsunum sínum. — Hún gekk ekki í kirkju, eins og þúsundir annara manna, er í skrautklæðum ákalla guð. — En þá er kirkjuklukkurnar hringdu, þá stóð hún auðmjúk og beygði sig með lotningu fyrir hinum hæðsta. — Og ég efast um, að bænir yðar séu guði kærkomnari, er ákallið hann með sömu vörum og þér áfellið náunga yðar".

Málfærslumaðurinn hafði ósjálfrátt staðið upp. Hann greip hendinni um stólbrikina og horfði á hina hugrökku, ungu stúlku, eins og hann vildi ekki trúa sínum eigin augum og eyrum.

"Þekktuð þér þessa einkennilegu konu?" spurði hann og hélt niðri í sér andanum, þegar Felicitas þagnaði.

"Ég hefi daglega umgengist hana".

"Þetta eru ágætar fréttir", mælti rikisstjórafrúin háðslega, — eða það átti að vera háð, en unga ekkjan var nú ekki í því skapi, að hún gæti gefið orðum sínum eiginlegan hæðnisblæ. — Hún var föl og óróleg. — "Þér getið þá án efa sagt okkur margar fallegar sögur af fortíð þessarar heiðarlegu vinkonu yð-

Stigamenn.

Flestir þeir, sem komnir eru til vits og ára, hafa heyrt getið um stigamenn. Stigamenn í eiginlegri merkingu orðsins, eru flestir til í þeim löndum, sem ýtzt eru komin í siðmenningu. Heilir flokkar eru þar til af þeim. Þeir sitja í leynikymum nálægt þjóðvegunum, ráðast á ferðafólk og ræna það, þegar þeir sjá sér færi.

Ekki er svo að skilja, að lönd þau, sem standa hátt í siðmenningu, hafi komist með öllu hjá stigamönnum. Langt er frá því. Oft hefir þeirra orðið vart hér í Ameríku og Norðurálfunni. Þeir hafa rænt og stolið. Stundum ráðist ekki á minna, en heilar járnbrautalestir. Jafnvel okkar ættland, Ísland, hefir ekki komist hjá grimuklæddum stigamönnum. Ei er langt síðan talsvert varð vart við þá meðfram þjóðveginum skamt fyrir ofan Reykjavík, og eins milli Hafnarfjarðar og Reykjavíkur. — Síðuðu þjóðirnar reyna af fremsta megni, að hafa höndur í hári grimuklæddra stigamanna, reyna að uppræta þá með öllu. En þær ala upp kynstur samt af stigamönnum, og gera það ekki óafvitandi. Sumir af þeim stigamönnum eru engu siður hættulegir en þeir, sem áður er um getið. Iðja þeirra er líka að ræna og stela, ekki fjármunum, eins og hinir, — heldur í mörgum tilfellum mannorði. Þessir menn eru stigamenn í eiginlegri merkingu orðsins. Það eru mennirnir, sem rita um menn og málefni undir fölskum nöfnum. Allir slíkir menn eru ekkert annað en stigamenn, en fölsku nöfnin grima. En tekið skal það fram, að þeir eru mjög misjafnir. Einstöku af þeim eru alls ekki hættulegir, í fljótu bragði skoðað. Þeir meina ekkert ilt með því, að taka á sig grímuna, eða hlaupa í skuggann og tala þaðan. Þeir gera þetta einungis vegna þess, að þá skortir eitt af því nauðsynlega — nauðsynlegasta, þá skortir einurð, hreinskilni. — En afleiðingin af þessu er nákvæmlega sú sama, og afleiðingarnar af hinni svokölluðu hófdrykkju. Hófdrykkjan er viðurkend móðir ofdrykkjunnar, eins verða þessir grímumenn — þó ekki sé það ætlun þeirra — í raun og veru feður og fyrirmyndir hættulegu stigamannanna. Íslendingar, bæði austan hafs og vestan, eiga aragrúa af þessum grimuklæddu stigamönnum. Austur-Íslendingar þó líklega meira. Hér á eftir skal leitast við, að sýna fram á, að þörf er á, fyrir Íslendinga beggja megin hafsins, að uppræta þennan flokk. Ekki að eins þann hluta flokksins, sem er hættulegur, og meinar ilt, heldur einnig hinn.

I.

ÓILLGJARNIR STIGAMENN.

Svo kalla ég þann hluta dulklædda flokksins, sem ritar um eitt og annað, undir dularnöfnum, án þess að vilja gera nokkuð ilt af sér, — miklu fremur til þess að láta gott af sér leiða. Margar af þeim greinum, sem ritaðar eru af mönnum, sem tilheyra þessum flokki, eru prýðilega vel hugsaðar og ritaðar, svo til sæmdar er höfundunum. Að tilfæra mörg dæmi hér til sönnunar, yrði of langt mál. Að eins skal ég nefna tvö. — Í nokkrum blöðum af Ísafold birtist í sumar er leið, all-löng grein með fyrirsögninni "Vér gerum það aldrei!" Sú grein var meistaralega vel samin og vel hugsuð. — Í Heimskringlu er alt af smátt og smátt að birtast grein, sem heitir "Samtal um búskap". Um hana má segja alveg það sama, þó hún gangi út á annað. Báðar þessar greinar eru skrifaðar undir gerfinöfnum. Höfundarnir báðir í skuggann. En manni verður fyrir að spyrja: Af hverju eru menn, eins og þessir höf., að leika annan eins skripaleik og þann, að ganga grímuklæddir? Svarið hlýtur að vera — getur ekki verið annað — í þessu tilfelli: Mennina vantar einurð, þeir eru hálfsmeykir við dóm spjátrunganna og hlátur, — þeir eru feimnir.

Þessir menn gæta ekki að því, að einurðarleysi er skaðlegt einstaklingunum, en gallar einstaklinganna koma niður á þjóðfélaginu. Hreinskilni og einurð eru dygðir, sem of fáir kunna að meta. Það er þjóðfélagsmein. Og þessir höf., og aðrir þeirra líkar, eru að gera bæði sjálfum sér og öðrum rangt með því, að dylja nöfn sín. Þeir sjálfir eiga bæði heiður skilinn og öðrum er það til góðs eins, að fá að vita, hverjir eru eftirbreytnisverðir, að einu eða öðru leyti. En með því að fela sig, fá þeir ekki verðskuldað lof og orð þeirra gleymast fyr og er veitt minna athygli og eftirtekt.

Að öllu athuguðu, eru þessir menn að gera beinlínis rangt með því, að viðhafa þessa aðferð. Að kannast við orð sín hvar sem er, eykur djörfung og hreinskilni, sem er það hollasta og hreinasta það, sem nokkurt þjóðfélag getur laugað sig í, þó það sé stundum nokkuð — kalt.

Og reynslan er þegar búin að sýna, að þeir menn, sem hafa þessa tvo kosti, eru þegar alt kemur til alls, lang áhrifamestu mennirnir, og lang virðingarverðustu, — þrátt fyrir megnan andróður, og dýrkun fjölda fólks á þeirri aðferð, að taka á öllu með silkitungu eða silkihönskum. Taka svo á öllum málum, að sem allra fæstir styggist. Það er meira í móð vestan hafs en austan.

Nú í svipinn detta mér í hug 4 menn, tveir sinn hvoru megin hafsins, sem mikið hafa ritað, sem líklega er óhætt að fullyrða um, að aldrei hafa farið í skotið, hafi alt af óhikað og aðdráttarlaust talað um hvert mál sem var, án minsta tillits til, hvort þeir stygðu marga eða fáa, bara fóru eftir því sem þeirra eigin sannfæring bauð þeim, — voru hreinskilnir. Þessir menn eru: Guðm. Hannesson læknir, Guðm. Friðjónsson á Sandi, séra Jón Bjarnason og B. L. Baldwinson. Hver einasti ærlegur maður og kona hlýtur að bera virðingu fyrir hreinskilni þess ára manna, alveg eins fyrir það, þó hann eða hún sé á alveg gagnstæðu máli við þá, af því þeir segja það sem þeir meina.

Náttúrlega eru miklu fleiri menn beggjamegin hafsins, sem má segja alveg það sama um, eða líkt, og mundu ritstj. Ingólfs standa þar mjög framarlega, o.fl., o.fl.*)

Eins og áður er ávikið, er það sterk sannfæring mín, að allir þeir menn, sem tilheyra þeirri deildinni af stigamönnum, sem hér hefir verið talað um, væru að gera rangt, bæði gagnvart sjálfum sér og öðrum, og því ættu þeir eingöngu af eigin hvötum, að hætta við öll dularnöfn, og koma æfinlega fram undir réttum nöfnum. Það er þeim til virðingar og öðrum gott til eftirbreytni. — Mennirnir sjálfir, sem þessi deilda samanstendur af, ættu að uppræta hana, án stuðnings eða valdboðs annarstaðar frá.

(Niðurlag).

A. J. JOHNSON.

*) Af öllum skáldum standa þeir fremstir, hvað þetta snertir, Þorsteinn Erlingsson og Stephan G. Stephansson. Ýms yngri skáldanna eru nú sem óðast að fara að dæmi þeirra, — að vera hreinskilin.

A.J.J.

ATHS.— Um greinar þær "Samtal um búskap", sem staðið hafa í Heimskringlu mánaðarlega á sl. ári, og sem A.J.J. viðurkennir að séu prýðilega hugsaðar og ritaðar, er það að segja, að það er samkvæmt ósk minni, að höfundur þeirra hefir tekið sér gervinafn, og ástæður þær, sem ég hafði til þess að biðja hann að birta ekki nafn sitt að svo stöddu, voru mér algerlega fullnægjandi. Ég leit svo á, að það kæmi málefninu ekkert við, hvort kennarinn héti Pétur eða Páll, — að eins lagði ég áherzluna á, að útvega þann kennara, sem vaxinn væri verkinu, og það held ég að mér hafi tekist, því enginn hefir enn kvartað um, að ekki væri í greinum þeim algerlega rétt flutt mál. En margir hafa látið ánægju í ljósi yfir því, hve vel þær greinar væri samdar, og hve þrungnar þær væru af þarflegum fróðleik fyrir bændur. Og yfirleitt hefir sá dómur verið kveðinn upp yfir þeim, að þær séu með því langbezta og þarflegasta, sem nokkuru sinni hafi birst í blaðinu. Enginn má ætla, að höfundur búnaðargreinanna sé feiminn eða gjarn á það, að leika nokkurn skripaleik. Enginn Vestur-Íslendingur er einarðari en hann. Ég einn á sök á því, að hann skrifar undir gervinafni.

Í öðru lagi skal þess getið, að ég hefi ekki ætið ritað undir eigin nafni, og eina grein ("Hvernig Greenway varð Liberal") ritaði ég undir gervinafni — fyrir 10 árum.

B. L. Baldwinson.

Það þarf að bíta.

Kæru landar, ei þið viljið fá vel skerptar sagarnar ykkar, þá komið þeim til mín, að 501 Beverly St. Líka skerpi ég skauta, skeggbnífa og allskonar eggjárn. — Alt fljótt og vel gert.

G. BERGÞÓRSSON,
501 Beverly St.

Giftingaleyfisbréf

selur Kr. Ásg. Benediktsson
540 Simcoe st. Winnipeg.

Mannorðs stigamaðurinn.

Í síðasta blaði Heimskringlu birtist þessi A.J.J. enn þá eitt sinn á ritvellinum. Það er auðfundið, að sál þessa flökkumanns er illa haldin og "plöguð af illum anda". Einkenni sýkinnar eru þau sömu, sem hafa verið, sem sé: — framhleypni, dónaskapur og hroki. Hann kvartar undan, að ég hafi ei svarað fyrri framhleypni sinni nógu mikið. En ég svaraði þar öllu, sem ég þurfti. Ég afþakka, að vera lærisveinn hans og félagsnautur, og færði góðar og gildar ástæður, þar sem ég lýsti framkomu hans á ritvellinum, og sem fáir munu eftir breyta. A.J.J. veit það vel sjálfur, að það var af eigin ógætnum hvötum sprottið, að hann réðist á mig, sem stigamaður úr fyrirsátri.

Þessi síðasta óþverragrein A.J.J. sýnir áþreifanlega, að ég fór rétt með skriffinskusögu hans og karaktér einkenni. Hann getur ei annað en gengist við öllu, sem ég sýni með gildum rökum, að hann er sekur um. Framsetning, tilgangur og sókn eru á hinum lægstu stigum hjá höf. og koma heim við álit flestra, sem þekkja hann að fornu og nýju — austan hafs og vestan. Hann var siflakkandi heima, og sigjammandi og flakkandi hér hestra. Hann rennur hér upp á sögusjónarsviðinu í fatasölusögu, hjá S. Anderson. Fékk hann þau með undrum og ginningum fátiðum. — Síðan þekkja flestir umrenningssögu hans, og þykir ekkert meistarastykki. Þessa viku hefi ég fengið 5 bréf, úr ýmsum áttum, og öll meira og minna um A.J.J. Öll ganga þau í eina og sömu áttina eins og álitið á þessum grobbara.

Kafli úr einu bréfinu hljóðar svo: —

——— "6. febrúar '09.

"Kæri vinur!

"Ég sé þessi kjaftaskúmur (A.J.J.) heldur stöðugt áfram, að reka menn undir í blaðinu Heimskringlu. Mér þykir mikið, að eigendur blaðsins skuli ekki sjá sóma sinn og sauma fyrir kjaftinn á þessari veru, fyrst hann eða öllu heldur hún, slúðurkindin sú arna, ekki kann að skammast sín. Sjálfur hefi ég aldrei haft þá ánægju, að sjá framan kauðann, og veit því ekki, hvort hann er skapaður eins og aðrir menn flestir, eða ekki. En eftir rithætti hans að dæma, mætti vel ímynda sér, að hann væri vanskapaður eða afmyndaður bæði til sálar og líkama. Sé líkamans skapnaður hans áþekkur sálartetrinu, er full ástæða til að gera sér í hugarlund, að mannræfillinn hafi bæði horn og klaufir. Og sé svo, er engum orðum eyðandi við slíka vanskapninga. — — —".

Þess skal getið, að herra B. L. Baldwinson veit að ég fékk bréf þetta, og að útdrátturinn er réttur. Sem sagt frétti ég svo miklar sögur um A. J. J., að fornu og nýju, bæði munnlega og bréflega, að mér er nær að ofbjóða, þó er ég þeim þakklátur, sem fræða mig rétt í þessu efni sem öðru.

A.J.J. reynir að svívirða mig fyrir, að ganga á milli vinsöluhúsa, ég dvelji þar og sé sifullur. Þá skal ég segja fólki, hvað A.J.J. er kunnugt um það, og hvað hann er að launa nú:

Fyrir fáum árum bað þessi A.J.J. mig, að fylgja sér á nokkur hótel, þar sem ég væri kunnugur, og talá þar fyrir gjöfum. Þetta gerði ég í góðri meiningu. Þar sem A.J.J. áskotnaðist eitthvað, bauð hann mér og gefendunum drykki, og þágum við þá, — tvo eða þrjá. A.J.J. tók öl, sem ég. Þetta er alt sem A.J.J. veit af eigin reynd. — Hann hefir nú borgað mér með þeirri vöru, sem hann er auðugastur af og þrýtur hann aldrei.

Einn af merkari verzlunarmönnum í þessum bæ hefir sagt, að hann hafi gefið A.J.J. atvinnu um tíma, og hafi A.J.J. verið þá svo sólginn í bjór, að hann hafi ei tollað við verk, nema að fara eða senda eftir drykkjum út um bæ. — Nokkrir segja, að hann drekki alt hvað af tekur, en það læt ég mig engu varða, hvort A.J.J. er framhleypinn fullur eða ófullur.

Þar sem hann talar um stigamensku, ef ei er nafn undir greinum í blöðum, er svó endemislegt, að furðu gegnir. Maður, sem sjálfur hefir stútað sínu skírnarnafni og rænt öðru nafni. Samtíðin fylgir honum sem manni, sem dregur sitt rétta nafn á eftir sér í hengingaról, og fær aldrei losast við til fulls. Maður, sem kallar sig annars manns son, en hann er, og gefur þar með í skyn, að móðir sín hafi rangfeðrað sig. Ef þetta er ekki sú argasta stigamenska við móður sína, þá er hún hvergi til.

Ég er búinn að ginna þennan ræfil í gildruna, þá sem honum dugar héðan af. En ég er að safna til sögu Jóns Kristjánssonar stigamanns, og komi hún ekki smátt og smátt út, þá gef ég handritið Landsbókasafninu á Íslandi. Ætla ég ekki að halla þar sögnum annara né persónulegri þekkingu, en haf skilningu sem skýrasta og skarpasta á æviferli þessa stigamanns.

K. Ásg. Benediktsson.

Fréttabréf.

SPANISH FORK, UTAH.

15. febrúar 1909.

Herra ritstjóri!

Það er reyndar ekki mikið um tíðindi nú á dögum, utan að tíðarfarið er hálfstirt, svo að mörgum er farið að þykja nóg um. Sifeldir umhleypingar hafa gengið hér í síðasthliðna tvo mánuði, og er ekki aflettilegt enn. Heilsufar er samt þolanlegt, og líðan manna yfir höfuð heldur góð.

Löggjafarþing ríkisins var sett snemma í janúar, og situr það enn og starfar með sveittan skallann. — Eitt af helztu málum, sem þar eru á dagskrá, er bindindismálið, eða lagafrumvarp um afnám allra vínsöluhúsa hér í Utah. En hver enda lok þessa máls verða, er óvíst enn. Fólk hér hefir mjög margar og misjafnar skoðanir um það mál, eins og reyndar öll mál, sem á dagskrá koma. Vill mikill fjöldi fólks, sérstaklega kvenfólkið, að öll vínsöluhús séu upprætt, og algert bindindi tekið upp í staðinn. En svo eru líka margir, sem álíta það óráð, álíta það geri verzlunardeyfð og ýms önnur óþægindi og skaða fyrir þjóðfélagið í heild sinni. En eru ekki fjarri að gera breytingar og nokkuð strangari reglugerðir viðvíkjandi vínsölu, en þær, sem hafa átt sér stað að und anförnu.

Þann 5. þ.m. andaðist bóndinn Sverrir Jónsson, eitthvað rúmra 50 ára að aldri. Hann var fæddur og uppalinn í Vestmannaeyjum við Ísland, sonur Sveins Sverrissonar og Margrétar Jónsdóttur, hjóna í Túni. Hann lætur eftir sig ekkju, Guðrúnu Pálsdóttir, og einn son, Ingiberg að nafni, sem kunnugir segja, að eigi nú heima undir Eyjafjöllum á Íslandi.

Með vinsemd, þinn

E. H. Johnson.

Dánarfregn.

Þriðjudaginn 24. nóv. sl. andaðist að heimili Guðrúnar dóttur sinnar og tengdasonar ekkjan ÞORBJÖRG EIRÍKSDÓTTIR, 78 ára gömul. Jarðarför hennar fór fram frá Mountain kirkju laugardaginn 5. des. Séra Hans B. Thorgrimsen jarðsöng hana og flutti húskveðju og ræðu í kirkjunni.

Þorbjörg sál. var fædd 7. júní 1830 á Þorsteinsstöðum í Tungusveit í Skagafirði. Foreldrar hennar voru Eirikur Sveinsson, ættaður úr Skagafirði, og Guðrún Jónsdóttir, ættuð af Suðurlandi. Hún var systir Kristínar móður Benedikts Sveinssonar yfirdómara, og þeirra systkina. Þegar Þorbjörg var 6 ára, fluttist hún með foreldrum sínum að Viðirnesi í Hjaltadal. Þar dvaldi hún 36 ár. Þann 20. sept. giftist hún fyrri manni sínum, Símoni Kristjánssyni. Þau eignuðust 3 börn: son, Kristján að nafni, er dó ungur, og 2 dætur, Guðrúnu, konu Sveins Sveinssonar bónda við Mountain, og Kristjönu, ekkju Gísla Jónssonar, ættuðum úr Skagafirði. Býr hún með börnum sínum í Mountain bygð, N. Dak. — Símon Kristjánsson, fyrri maður Þorbjargar sál., andaðist 24. april 1863.

Þann 15. júní 1864 giftist Þorbjörg sál. í annað sinn Sveinbirni Jóhannssyni, ættuðum úr Skagafirði. Vorið 1868 fluttu þau búferlum frá Viðirnesi að Veðramóti í Gönguskörðum, og bjuggu þar 8 ár. Sumarið 1876 fluttust þau til Ameríku, og settust að í Nýja Íslandi. Sumarið 1879 fluttu þau þaðan suður til Dakota, og settust að í Mountain bygð, Pembina County, og dvöldu þar síðan til æfiloka.

Með seinni manni sínum eignaðist Þorbjörg sál. 5 börn, 4 drengi og eina stúlku. Dóu drengirnir allir ungir, en dóttirin, sem hét Sigurlaug, fædd 14. júlí 1869, ólst upp hjá foreldrum sínum, þar til hún giftist Guðmundi Guðmundssyni, bónda við Mountain. Hún andaðist 1895. — Sinni mann sinn misti Þorbjörg sál. 8. sept. 1889, og eftir það dvaldi hún hjá dætrum sínum.

Þorbjörg sál. var góð og ástrík eiginkona, beð og umhyggjusöm móðir. Rækti hún skyldur sínar og stjórnaði heimili sínu með hinni mestu prýði. Öll framkoma hennar bar vott um frábæra stillingu samfara glaðveru viðmóti við hvern sem hún kyntist. Hún var trúkona mikil, og hélt fast við hina hreinu og einföldu, kristilegu barnatrú, og fyrir kraft þeirrar trúar hélt hún sinni sömu rósemi, gláðværð og stillingu til síðustu stundar. Það var þessi trú, sem styrkti hana í hinu margfalda stríði lífsins, hinum marga og sára ástvina missir, og hinu langvarandi heilsuleysi sjálfrar sín. Hún var ætíð reiðubúin til að hjálpa öðrum, seðja hungraða, svala þyrstum og gleðja hrygga.

Barnabörnum sínum var hún sem ástrík móðir, leiðbeindi þeim til alls góðs, bæði með orðum og eftirdæmi.

Hennar er því sárt saknað bæði af ástvinum og vandamönnum, og öðrum, sem kyntust henni.

Blessuð sé hennar minning!

Einn af vinum hinnar látnu

LEIÐBEININGAR--SKRÁ
YFIR ÁREIÐANLEGA VERZLUNARMENN Í WINNIPEG

MUSIC OG HLJÓÐFÆRI

CROSS, GOULDING & SKINNER, LTD.
323 Portage Ave. Talsími 4413

MASON & RISCH PIANO CO., LTD.
356 Main Stree Talsími 480
W. Alfred Albert, Íslenzkur umboðsmaður

WHALEY ROYCE & CO.
356 Main St. Phone 263
W. Alfred Albert, búðarþjónn.

BYGGINGA- og ELDIVIÐUR.

J. D. McARTHUR CO., LTD.
Byggingar- og Eldiviður í heildsölu og smásölu.
Sölust: Princess og Higgins Tals. 5060, 5061, 5062

MYNDASMIÐIR.

G. H. LLEWELLIN,
"Medallions" og Myndarammar
Starfstofa Horni Park St. og Logan Avenue

SKÓTAU Í HEILDSÖLU.

AMES HOLDEN, LIMITED.
Princess & McDermott. Winnipeg.

THOS. RYAN & CO.
Alskonar Skótau. 44 Princess St.

THE Wm. A. MARSH CO. WESTERN LTD.
Framleiðendur af Finu Skótaui. Talsími: 3710
88 Princess St. "High Merit" Marsh Skór

RAFMAGNSVÉLAR OG ÁHÖLD

JAMES STUART ELECTRIC CO.
324 Smith St. Talsímar: 3447 og 7802
Fullar birgðir af alskonar vélum.

GOODYEAR ELECTRIC CO.
Kellogg's Talsímar og öll þarfnlut. áhöld
Talsími 3023. 56 Albert St.

BYGGINGA-EFNI.

JOHN GUNN & SONS
Talsími 1277 266 Jarvis Ave.
Höfum bezta Stein, Kalk, Cement, Sand o. fl.

BYGGINGAMEISTARAR.

J. H. G. RUSSELL
Byggingameistari.
í Silvester-Willson byggingunni. Tals: 1068

VÍNSÖLUMENN

GEO. VELIE,
Heildsölu Vínsali. 185, 187 Portage Ave. E.
Smá-sölu talsími 352. Stór-sölu talsími 681.

STOCKS & BONDS.

W. SANFORD EVANS CO.
326 Nýja Grain Exchange Talsími 2699

ACCOUNTANTS & AUDITORS.

A. A. JACKSON,
Accountant and Auditor
Skrifst.— 28 Merchants Bank. Tals.: 5701

OLÍA, HJÓLÁS-FEITI OG FL.

WINNIPEG OIL COMPANY, LTD.
Búa til Stein Oltu, Gasoline og hjólás-feiti
Talsími 1590 611 Ashdown Block

TIMBUR og BÚLOND

THOS. OYSTAD, 208 Kennedy Bldg.
Viður í vagnhlössum til notenda, búlönd til sölu.

PIPE & BOILER COVERING

GREAT WEST PIPE COVERING CO.
132 Lombard Street.

VÍRGIRÐINGAR.

THE GREAT WEST WIRE FENCE CO., LTD
Alskonar virgirðingar fyrir bændur og borgara.
76 Lombard St. Winnipeg.

ELDAVÉLAR O. FL.

McCLARY'S, Winnipeg.
Stærstu framleiðendur í Canada af Stóm., Steinvöru [Graniteware] og fl.

ÁLNAVARA Í HEILDSÖLU

R. J. WHITLA & CO., LIMITED
264 McDermott Ave Winnipeg
"King of the Road" OVERALLS.

KENNARA

vantar við Kristnes skóla (No. 1267 N.W.T.) fyrir 7 mánuði, frá fyrsta april til fyrsta nóvember. Umsækjandi verður að hafa gildandi skírteini fyrir Saskatchewan, tiltaka kaupupphæð, segja til reynslu í kennarastörfum o.s.frv. Tilboð sendist til undirskrifaðs fyrir 15. marz 1909.

G. NARFASON,
11-3 Kristnes P.O., Sask.

KENNARI.

Pine Creek skólahérað No. 1068 æskir eftir skólakennara fyrir þrjá mánuði, sem byrji 15. marz nk. — Hver, sem vildi sinna þessari auglýsingu, geri svo vel og sendi tilboð, sem taki fram mentastig, reynslu og kaup til

E. E. EINARSON,
Sec. Treas.
11-3 Pine Valley P.O., Man.

KENNARA

sem hefir 2. og 3. kennarastig, vantar við Norður-Stjörnu skóla No. 1226 næsta kenslutímabil, sex mánuði, frá 1. maí til 1. nóv. Tilboðum, sem tilgreina mentastig og kaup, sem óskað er eftir, verður veitt móttaka af undirrituðum til 15. marz næstkomandi.

Stony Hill, Man., 23. jan. 1909.
G. JOHNSON, Sec'y-Treas.

KENNARA VANTAR

til Laufas Sch. Dist. No. 1211, til þriggja mánaða, frá 1. april (að honum meðtöldum). Umsækjendur sendi inn tilboð sín til undirritaðs fyrir 15. marz næstk., sem tiltaki mentastig og aðferð, ásamt kaupi, sem óskað er eftir.

Geysir, Man., 22. jan. 1909.
25-2 B. JÓHANNSSON.

Skrautmyndir

Mjög vandaðar, stórar og fagrar af skáldkónganum íslenzku, Hallgrími Péturssyni og Jónasi Hallgrímssyni, fást hjá undirskrifuðum, önnur á 35c en báðar á 60c. Agæt stofuprýði.

ATH. — Þessir hafa þegar tekið að sér útsölu á myndunum:—

Friðrik Sveinsson, 618 Agnes St., Winnipeg; Wm. Anderson, 1797 7th Ave. W., Vancouver, B. C.; S. Bárðarson, R. F. D. 1, Box 90, Blaine, Wash.; Sigurður Johnson, Bantry (og Upham), N. Dak.; Jóh. H. Húnfjörð, Brown, Man.; O. S. Thormodson, Pt. Robert, Wash.; J. G. Westdal, Minneota; Olafur G. Isfeld, Kristnes, Sask.; S. Pétursson, Arnes (og Nes), Man.; C. Christianson, Marshland, Man.; Sigurður Bjarnason, Big Quill (og Wynyard), Man.; Konrad Sigtryggsson, Belmont, Man.

F. R. JOHNSON,
1419 W. 57th St., Seattle, Wash.

Pósthús Box Heimskringlu er nú 3083, en ekki 116, eins og áður hefir verið. Viðskiftavinir eru þvi beðnir, að senda bréf til blaðsins í P.O. Box **3083**

Athugið.

Kvenfélag Fyrsta lúterska safnaðar í Winnipeg auglýsir hér með að það er viljugt til að taka móti þeim íslenzkum stúlkum, sem koma hér til bæjarins til dvalar, en sem ekki eiga ættingja eða vini hér til að taka móti sér. Félagið vill leitast við að vera slíkum stúlkum hjálplegt og leiðbeinandi, t. d. að útvega þeim vinnu, sérstaklega vistir í góðum stöðum, útvega þeim heimili, þar sem þær geta dvalið, þegar þær eru ekki í vistum og einnig komið á þegar þær eru í vistum. Yfir höfuð vill félagið reyna að vera slíkum stúlkum til eins mikils gagns, eins og í þess valdi stendur.

Þær stúlkur, sem vilja sinna þessu, geri svo vel að skrifa einhverri af undirrituðum félagskonum og láti þær vita hve nær þeirra er von. Tekið verður á móti þeim á járnbrautarstöðvum, ef þær óska þess.

Mrs. ÁRNI EGGERTSSON,
120 Emily St.

Mrs. F. JÓNSSON,
668 McDermot Ave.

Mrs. A. F. REYKDAL,
555 Maryland St.

Kæru bændur!

Ef ykkur langar til að eignast eftirfylgjandi Calendar, sem gefur góða hugmynd um það yfirnáttúrlega málverk, sem Sharplers Skilvindu félagið býður frítt meðan það endist, öllum sem óska þess, — þá skrifið umboðsmanni félagsins G. S. Guðmundsson, Framnes, Man., Can., og biðjið hann um þessa stofuprýði, ásamt sérstökum skilvindu verðlista fyrir febrúar og marz. Sendið 10c í silfri fyrir póstgjald og umbúðir. 11-3

SHARPLESS SEPERATOR CO.

Woodbine Hotel

Stærsta Billiard Hall Norðvesturlandinu
Tíu Pool-borð.—Alskonar vín og vindlar.
Lennon & Hebb,
Eigendur.

Fréttir úr bænum.

Herra Skapti B. Brynjólfsson kom til Íslands (Reykjavík) seint í janúar. Ferðin milli Leith og Íslands segir hann að hafi gengið sæmilega vel. Skipið fékk afarslæmt veður í Íslandshafi, svo flestir farþegar voru veikir af sjósótt, og lágu til í svefnklefum sínum. — Skapti skrifar 5. febrúar, og segir sér líði mæta vel að öllu leyti. Heilsa skemtilegt og alúðlegt, og tíðarfarið ágætt. Snjór sést að eins í fjöllum. Engir vinir sínir hér þurfi því að bera kvíðboga fyrir því, að honum eða konu hans verði leiðast. Öll líkindi séu til þess, að þau uni hag sínum ágætlega meðan þau dvelji á Íslandi.

Herra G. A. Dalmann, í Minnesota, Minn., sem í fyrra seldi fataverzlun sína þar í bænum, hefir nú byrjað þar á Grocery verzlun.

Í tilkynningarbréfi sínu tekur hann það fram, að eftir 30 ára sambúð við sveitunga sína þar, hafi sér verið ómögulegt, að fá sig til, að skilja við héraðið, jafnvel ekki fyrir sæti í Senati Bandarikjanna, sem sér hafi þráfaldleqa verið boðið af pólitiskum vinum og meðhaldsmönnum.

Herra Dalmann er svo vel kynntur þar syðra, í heimabæ sínum og héraði, að hann ætti að mega vænta fjölda tryggra viðskiftavina, og það er ósk Heimskringlu, að hann fái þá sem flesta og sem bezta.

Herra Thorst. Thorsteinsson járnsmiður, frá Beresford, Man., var hér á þorrablótinu með konu sinni. — Sömuleiðis var hér herra Ingimar Magnússon, kaupmaður í Windhurst, Sask. — Báðir þessir herrar létu vel af líðan sinni og framtíðarhorfum.

Mrs. Valgerður Stephanson, frá Cavalier, kom hingað á þorrablótið, og til þess að finna hér þau Mr. og Mrs. Thorsteinsson frá Beresford, sem hér voru þá í bænum.

Herra Guðmundur S. Heidman, að Mountain í Norður Dakota, var hér á ferð í borginni í síðustu viku, í kynnisför til dóttur sinnar, sem á hér heima. Herra Heidman lét vel af líðan sinni og annara þar syðra.

Kvenfélag Tjaldbúðar safnaðar biður þess getið, að það ætli að halda skemtisamkomu í Tjaldbúðinni þann 6. marz nk. Þessa er get til þess, að aðrir ekki setji sama dag fyrir samkomur sínar.

Þeir Hallgrímur Jósefsson, Þorsteinn Laxdal, og Jón Búland, frá Laxdal og Mozart, Sask., voru nýlega hér á ferð. Þeir létu vel af árferði og heilsufari fólks þar vestra. Laxdal P.O. verður bráðlega lagt niður. Mozart kemur í þess stað, og er herra Þorsteinn Laxdal þar póstmeistari. Mozart er þorp nú í myndun þar vestra, og vona menn að þar verði bær nokkur með tímanum.

Capt. Christian Paulson kom um síðustu helgi utan af vatni, þar sem hann hefir stundað fiskveiði í vetur. Hann lætur dável af veiðinni þar nyrðra.

Allir boðnir og velkomnir á Minningarfélags fundinn í kveld (miðvikudag 24. þ.m.). Herra Páll M. Clemens flytur þar erindi Um frið. Frjálsar umræður á eftir.

Látinn er á Almenna spítalanum hér í borginni Walter Swan, efnilegur maður um tvítugs aldur. — Botnlangabólga varð honum að aldurtila.

Herra B. Anderson á Gimli var hér í bæ í þessari viku, að annast um sölu á hóteli sínu þar neðra. Verðið er 8 þúsund dollarar, og mælt, að margir séu um boðið. — Því hefir og verið fleygt fyrir, að hann muni hafa hug á, að setja sig niður við Hudsons flóann strax er járnbraut kemur þangað, og gerast hvalfangari og fleira.

Vopni-Sigurdson félagið auglýsir í þessu blaði SKÓFATNADARsölu, sem allir lesendur ættu að taka eftir. Þeir félagar hafa selt verzlunar stórhýsi sitt hið mikla á Ellice Ave., og ætla að hætta verzlun þann 1. maí nk.

Nú auglýsa þeir alt skótau sitt með afarlágu verði, því alt verður að seljast fyrir ákveðinn dag, og þeir sem fyrst koma, hafa úr mestu að velja. Heimskringla getur fullyrt, að þessi auglýsing er í einlægni gerð, — að skótauið alt verður selt með fæknamiklum afslætti frá vanalegu verði. Íslendingar ættu að gripa gæs þá meðan hún gefst, á horni Ellice Ave. og Langside St.

Dr. Móritz Halldórsson, frá Park River, N. Dakota, kom til borgarinnar í sl. viku, og dvaldi fram yfir helgina. Oss skilst, að hann muni hafa komið í "professional" erindum. Læknirinn var hinn kátásti og leit út sem sá, er býr við allsnægtir.

Þau hjónin Guðmundur og Engil ráð Ögmundsson, úr Quill Lake nýlendunni, voru hér í bænum nokkra daga, að finna skyldfólk, ásamt fleirum erindum. Með þeim fór héðan úr bæ Pétur Ívarsson Jónasson, sem dvelur þar vestra um óákveðinn tíma.

Frá Gimli voru hér í þessari viku þeir Kristján Guðmundsson og J. C. Christie, og frá Húsavík Thorvaldur Sveinsson, í erindum fyrir Kjarnaskóla héraðs. — Látinn er á Gimli Grímur Pétursson, úr Skagafirði, 98 ára gamall.

Íslenzka barnastúkan ÆSKAN, I.O.G.T., hafði kappleestur um silfurmedaliu þann 16. þ.m. Börnunum var skift í 2 flokka, yngri og eldri. Af eldri flokkunum vann med aluna Halldóra J. Friðfinnsson, en yngri, Hansina Hjaltalín. Samkoman fór prýðilega fram.

Þeir bræður Hallgrímur og Jón Sigurðssynir, synir Guttormis sál. Sigurðssonar, frá Kristnes, Sask., voru hér í borg um síðustu helgi. Þeir fóru í kynnisför til ættingja og vina í Norður Dakota, og voru á heimleið aftur.

Gleymið ekki Recital því, sem nemendur Jónasar Pálssonar hafa í Y.M.C.A. byggingunni á Portage Avenue í kveld fimtudag. Þar spila 22 nemendur, og herra Harold Redfern, bezti söngmaður í Vestur-Canada, syngur 2 sólós. — Skemtanin verður góð og inngangur ókeypis, en Collection verður tekin.

Recital Jónasar Pálssonar og nemenda hans í Selkirk á mánudagskveldið í fyrri viku, var sagt að vera það bezta, sem þar hefir verið haldið. Pearsons Hall var troðfult og allir voru hæst ánægðir með skemtanina.

Það ætti ekki að verða lakara hér í borg, því margir af nemendunum hér eru orðnir æfðir og góðir spilarar. — Fólk ætti að koma í tíma.

Sextán hundruð bindindisvinir gerðu aðsúg að fylkisstjórninni í þingsalnum á föstudaginn var, og báðu um, að vínsala á hótelum í fylkinu yrði aftekin með lögum. — Stjórnin lofaði, að íhuga vandlega beiðni þessa, en gaf að öðru leyti ekkert ákveðið svar.

ALLIR sem eru á fótum

KOMIÐ sem FYRST til okkar

$7000.00 virði af skófatnaði verður selt án tillits til verðs, því að vörurnar verða ALLAR að seljast fyrir 15. apríl þ. á. Það borgar sig að líta inn til okkar um þessar mundir. T. d.: Patent leður skór vanalega $4.50, $5.50 og $6.00 en fara nú á $3.55.

THE
Vopni-Sigurdson
LTD
Cor. ELLICE & LANGSIDE

SKEMTI-SAMKOMA

til arðs fyrir byggingarsjóðinn verður haldin undir umsjón stúkunnar HEKLU föstudagskveldið

26. Februar

í efri Goodtemplara salnum. Samkoman byrjar kl. 8.

PROGRAM.

1. Ávarp forseta.
2. Duet—E. Thorvaldsson og Daviðsson.
3. Recitation—R. Swanson.
4. Solo—O. Goodman.
5. SJÓNLEIKUR.
6. Quartette—Fjögur börn.
7. Ræða—Studart. G. O. Þorsteinsson.
8. Solo—Friðriksson.
9. Ræða—Studart. Sv. E. Björnsson.
10. Solo—S. Olson.
11. Upplestur—Þ. Þorsteinsson.
12. Recitation—S. Daviðsson.
13. Veitingar: Kaffi og sælgæti.
14. Samspil, og leikir fyrir alla.

Gerið svo vel, að sýna stúkunni Heklu þá velvild að fylla sahnn.

Lesendur eru beðnir að íhuga auglýsingu IDEAL Girðinga félags ins á fremstu síðu þessa blaðs, og að senda til félagsins eftir ókeypis bæklingum, er lýsa girðingunum með myndum og öllum tilbúningi þeirra.

Þessar girðingar eru tvímælalaust þær langbeztu, sem búnar eru til, og verða bændum lang ódýrastar, þegar til lengdar lætur, sökum sterkleika þeirra. Engar skepnur ráðast á þær. Með því að fá eina af bókunum og skoða myndirnar, geta menn gert sér ljósa hugmynd um útlit þeirra.

Kaupið IDEAL Girðingarnar.

VINNUKONA getur fengið þægilega vist hjá Mr. og Mrs. J. T. Bergmann, að 738 Toronto St. — Þær, sem vildu sinna þessu, gerðu vel í, að gera það sem allra fyrst.

Ef einhver íslenzkur skólakennari vildi tryggja sér skólakenslu fyrir stuttan tíma, þá ætti hann að lesa vandlega auglýsingu frá Pine Creek skólaheraði, sem er að finna á öðrum stað í blaðinu.

LEIÐRÉTTING.

Í kvæðinu "Úti í lundi" í síðustu Hkr. hefir misprentast í fjórtánda versi 3. línu, þannig: "að mönnunum berist það almættisorð", en á að vera: "að mönnunum læristþað almættisorð".

Þann 5. þ.m. setti Mrs. G. Búason (í fjarveru umboðsmanns sem var veikur) eftirfylgjandi meðlimi í embætti í stúkunni Heklu fyrir þennan ársfjórðung:

F.Æ.T.—Eggert Árnason.
Æ.T.—Ólaf Bjarnason.
V.T.—Guðb. Sigurðsson.
G.U.—Mrs. Guðrúnu Skaptason.
R.—Björn E. Björnsson.
A.R.—Gunnl. T. Johnson.
F.R.—B. M. Long.
G.—Karl Anderson.
K.—Hólmfríður Jóhannsson.
D.—Anna Sigurðsson.
A.D.—Sigurveig Christy.
V.—Guðjón Brown.
U.V.—Halldór Gíslason.

Gildir meðlimir stúkunnar eru nú 338.

Íslendingar í Winnipeg, dragið ykkur nú ekki í hlé að sinna stúkunum og vinna að bindindismálinu, því nú bendir alt á það, að vínsalarnir ætli ekki að draga sig í hlé, og þið vitið, hvorri hliðinni er hollara að fylgja.

FLUTTIR.

Vér óskum, að hinir íslenzku viðskiftavinir vorir minnist þess, að vér höfum flutt stóbúð vora frá 245 Notre Dame Ave. til 181 Bannatyne Ave., — austan Main strætis.

Wingold Stove Co.

James Flett & Co.
PLUMBERS

Leiða Gas- Vatns- og Hitapípur í hús yðar, fyrir sanngjarnan borgun. Verk vandað, fljótlega gert og ábyrgst.

572 Notre Dame Avenue
Telephone nr. okkar er 3380 eða 8539.

Þann 3. þ.m. setti umboðsmaður stúkunnar SKULD, A. J. Johnson þessa meðlimi í embætti fyrir yfirstandandi ársfjórðung:

F.Æ.T.—Guðm. M. Bjarnason.
Æ.T.—Ásbjörn Eggertssonj
V.T.— Margr. Hallson.
R.—R. Th. Newland.
A.R.—A. J. Johnson.
F.R.—Gunnl. Jóhannsson.
Gk.—Ásm. P. Jóhannsson.
Kap.—Ingibjörg Austdal.
Dr.—Jónína Johnson.
A.D.—Guðrún Jóhannsson.
V.—Th. Elisson.
U.V.—Björgvin Árnason.

Stúkan hefir nú 240 góða og gilda meðlimi. Eftir segjum ár, ættum við að hafa þessa meðlimatölu tvöfalda. Og til þeirra, sem neyta víns, vildi ég segja þetta: Að þeir mættu alveg eins verða Goodtemplarar nú strax, af frjálsum vilja, eins og að láta landslögin þröngva sér til að hætta, því langt verður ekki þangað til, eftir þeim bindindisáhuga að dæma, sem nú er vaknaður hjá öllum stéttum. R. Th. Newland.

Samkomur í Álptavatns-nýlendu.

Herra Ólafur Eggertsson og ungfrú Rannveig Einarsson leika 2 stutta leiki: —

"Veðmálið" og "Jólanóttina".

Á milli leikjanna sýnir hr. Friðrik Sveinsson litmyndir með ljósvél, — af helztu viðburðunum úr hinni frægu sögu "Ben Har".

Samkomurnar verða haldnar sem fylgir:

HÁLAND 3. marz.
MARKLAND 4. marz.
NORTH STAR 5. marz
LUNDAR 6 marz.

Byrja kl. 8 að kveldi. Inngangseyrir: Fullorðnir 35c, börn innan 12 ára 20c. — Unga fólkinu er heimilt, að slá upp í dans á eftir.

I. O. F.

Stúkan ÍSAFOLD heldur sinn venjulega mánaðarfund á fimtudagskveldið kl. 8 þann 25. þ.m., yfir búð herra P. Andersons, að 676 Sargent Ave. — Áríðandi mál liggja fyrir fundinum.

Á eftir fundi verður Pedro-spil, sem félagsmenn geta skemt sér við og sá, sem vinnur í þeirri atlögu, mun ekki fara allslaus heim aftur. Allir félagsmenn ættu að mæta snemma á þessum fundi.

J. W. MAGNÚSSON,
ritari.

A. S. BARDAL

Selur líkkistur og annast um útfarir. Allur útbúnaður sá bezti. Enfremur selur hann alskonar minnisvarða og legsteina.

121 Nena St. Phone 306

S. F. Ólafsson

619 Agnes St. selur Tamarac fyrir $5.50 og $5.75 gegn borgun út í hönd.

Telephone: 7812

McKenzie's UTSŒÐI.

FRÆIN, SEM BERA NAFN MEÐ RENTU. ÞRUNGIN AF FYLSTA FRJÓMAGNI, VANDAÐ ÚRVAL — BEZT FYRIR VESTUR LANDIÐ.

Þegar vandlátustu og langflestu frækaupendur þessa góða Vesturlands heimta einhuga

McKenzie's Hreinu Fræ

Þá hafið þér vissu fyrir að verðleiki og gæði aðeins gætu áunnið svo einróma meðmæli.

Skrifið oss eftir stórri bók um allskonar fræ til að rækta garðávexti, blóm, korn og gras

ALLAR BETRI VERZLANIR SELJA VOR FRÆ
EF ÞÉR FÁIÐ ÞAÐ EKKI HJÁ KAUPMANNI YÐAR, PÁ SKRIFIÐ OSS

GROWN FOR THE WEST. ADAPTED TO THE WEST.

A.E. McKENZIE CO. LTD
BRANDON MAN. CALGARY ALTA.
SEEDSMEN TO WESTERN CANADA

Sendið Heimskringlu til vina yðar á Íslandi

JOHN ERZINGER
TÓBAKS-KAUPMAÐUR.
Erzinger's skorið reyktóbak $1.00 pundið hér fást allar reftóbaks-tegundir. Óska eftir bréflegum pöntunum.
McINTYRE BLK., Main St., Winnipeg
Heildsala og smásala.

KŒRU LANDAR

Við höfum hús og lóðir í öllum pörtum bæjarins með mjög sanngjörnu verði og borgunarskilmálum. Einnig ágæt lönd viðsvegar um fylkið í skiftum fyrir hús og lóðir í bænum.

Peningar lánaðir. Hús og munir teknir í eldsábyrgð.

Finnið okkur að máli.

Markusson & Friðfinnsson,
605 McIntyre Block Telephone 5648

DANS
Í LIBERAL CLUB HALL
[sem er andspænis Wpeg leikhúsinu]
hvert þriðjudagskv. kl 8½
ODDFELLOW'S HALL
hvert laugardagskv. kl. 8½
Maher's Orchestra
SPILAR
Aðgangur Karlm 50c Konur Fritt
Komið og skemtið ykkur.

Arena Rink
Skautaskemtun á hverju kveldi. Ágætt Music.
JAMES BELL, eigandi.

F. Deluca
Verzlar með matvöru, aldini, smá-kökur, allskonar sætindi, mjólk og rjóma, sönnul. tóbak og vindla. Óskar viðskifta Íslend. Heitt kaffi eða te á öllum tímum. Fón 7756
Tvær búðir:
587 Notre Dame og 714 Maryland St.

ÉG HEFI KEYPT ÚT KJÖTVERZLUN
herra Christjáns Oleson's á Notre Dame, og óska viðskifta allra þeirra sem áður verzluðu við hann. Gott kjöt og sanngjarnt verð.
A. E. COOPER,
692 Notre Dame Ave. Telefón 6906

BILDFELL & PAULSON
Union Bank 5th Floor, No. 520
selja hús og lóðir og annast þar að lútandi störf; útvegar peningalán o. fl.
Tel.: 2685

J. L. M. THOMSON, M.A., L.L.B.
LÖGFRÆÐINGUR. 255½ Portage Ave.

ARNI ANDERSON Íslenzkur lögmaður
Í félagi með
Hudson, Howell, Ormond & Marlatt
Barristers, Solicitors, etc.
Winnipeg, Man.
13-18 Merchants Bank Bldg. Phone 3621, 3622

BONNAR, HARTLEY & MANAHAN
Lögfræðingar og Landskjala Semjarar
Suite 7, Nanton Block, Winnipeg

Hubbard, Hannesson and Ross
LÖGFRÆÐINGAR
10 Bank of Hamilton Chambers
Tel. 378 Winnipeg

Th. JOHNSON
JEWELER
286 Main St. Talsími: 6606

Íslenzkur Tannsmiður,
Tennur festar í með Plötum eða Plötulausar. Og tennur eru dregnar sársaukalaust með Dr. Mordens sársaukalausu aðferð
Dr. W. Clarence — Tannlæknir.
Sigurður Davíðsson—Tannsmiður.
620½ Main St.
Phone 470 Horni Logan Ave.

HIN ÁRLEGA Tilhreinsunar-Sala
Alfatnaðir búnir til handa yður eftir máli, úr hvaða efni sem er í búðinni, fyrir aðeins
$25
Snið, efnisgæði, áferði og verk lag ábyrgst. Þessir fatnaðir þegar tilbúnir, eru $35—$40 virði. Nú er tíminn. —
Ef það kemur frá Clement's þá er það akkurat.
Geo. Clements & Son
Stofnað árið 1874
264 Portage Ave. Rétt hjá Free Press

Stefán Guttormsson,
Mælingamaður
663 AGNES STREET. WINNIPEG.

Dr. G. J. Gislason,
Physician and Surgeon
Wellington Blk. - Grand Forks, N. Dak
Sjerstakt athygli veitt AUGNA, EYRNA, KVERKA og NEF SJÚKDÓMUM.

Drs. Ekern & Marsden,
Sérfræðislæknar í Eftirfylgjandi greinum: — Augnasjúkdómum, Eyrnasjúkdómum, Nasasjúkdómum og Kverkasjúkdómum.
Í Platky Byggingunni í Bænum
Grand Forks, N. Dak.

Eldiviður
Þurt Tamarak $5.50 KORÐIÐ.
Vér óskum að þér reynið 1 kord.
J. G. Hargrave & Co.
334 MAIN ST.
Phones:—431—432 og 2431

Boyd's Brauð.
BOYD'S BRAUÐ eru góð á hverjum degi. Þér meðtakið það aldrei öðruvísi. Vér notum aðeins beztu mjöltegundir og æðustu bakara, fullkomnustu nútíðar vélaútbúnað. Reynið brauð vor. Yður mun geðjast að þeim.
Boyd's
Bakery Cor. Spence & Portage Ave
Phone 1030.

KOL OG VIDUR
Þur, beinharður eldiviður, — Poplar, Pine, og Tamarac með mjög sanngjörnu verði. — Nú sem stendur verið að afferma mörg vagnhlöss af BEZTA DAUPHIN TAMARAC. —
McElroy Bros.
Cor. Sherbrooke & Ellice
PHONE: 6612

W. R. FOWLER A. PIERCY.

Royal Optical Co.
327 Portage Ave. Talsími 7286.
Allar nútíðar aðferðir eru hafðar við augn skoðun hjá þeim, þar meðhin nýja aðferð, Skuggaskoðun, sem gjöreyðir öllum ágiskunum. —

Vér sækjum þvottinn og flytjum hann heim til yðar. Verk ið ágætt, viðskifti áreiðanleg. Fljót skil. Fullkomnustu vélar. Óska viðskifta yðar.
The EMPRESS LAUNDRY Co.
74-76 Aikins St Phone 1440

Laing Brothers
3 Búðir:
234-6-8 KING ST.
417 McMILLAN AVENUE
847 MAIN ST. — Tals: 3016
Bezta Hey $5 tonn.
Kurlaðir hafrar, bran og shorts. Eppli, appelsínur, kartepli og allar tegundir af aldini og garðávöxtum. ALLAR VÖRUR ÁBYRGSTAR AF BEZTU TEG.

LAND

Vér höfum nýlega fengið til sölu rúm 30 Sverðinar-fjórðungs, liggjandi að Oakland brautar C. N. R. stöðvarinn. Verðið er frá $7.00 til $12.00 hver ekra. Ekkert af löndum þessum eru meir en 3 mílur frá járnbrautinni.

Skuli Hansson & Co.
Skrifst. Telefón 6476. Heimilis Telefón 2274

Heimskringla.

Alt landið

er ábyrgst að vera jarðyrkju land af bestu tegund, og fæst keypt með vægum afborgunar skilmálum. (N.B.—Lesið fyrripart þessarar augl. vinstramegin við Hkr. nafn.)

Frekari upplýsingar veita
Skuli Hansson & Co.
56 Tribune Building. Winnipeg.

XXIII. ÁR. WINNIPEG, MANITOBA, FIMTUDAGINN, 4. MARZ, 1909 NR. 23

HRAÐSKEYTI FRÁ ÍSLANDI:

Stjórnarskifti á Íslandi.

Að áliðnum degi á fimtudaginn var, þann 25. febr., barst Heimskringlu svo hljóðandi símskeyti frá Ísafold:

"Vantraust samþykt í neðri deild, 15:8. Ráðgjafinn "lausa. Andstæðingar tilnefnt Björn Jónsson".

Samstundis lét Heimskringla prenta svohljóðandi fregnmiða, sem þá strax um kveldið var borinn út um borgina:

Hraðskeyti frá Reykjavík í dag segir:

Vantrausts yfirlýsing samþykt í neðri deild með 15 atkvæðum móti 8.

Ráðgjafinn vikinn frá völdum.

Andstæðingar hafa tilnefnt Björn Jónsson, ritstjóra Ísafoldar, í ráðgjafa-stöðuna.

Það er óhætt að fullyrða, að fáir Íslendingar hér í borg hafi gengið svo til hvílu það kveld, að ekki vissu þeir um þessi tíðindi. Strax og kvisast tók út um bæinn, að skeyti væri komið að heiman, varð ös mikil á skrifstofum blaðanna Heimskringlu og Lögbergs, og ekki um annað talað, hvar sem menn mættust á götum úti, en stjórnarskiftin og nýja ráðgjafann. Kom þá greinilega í ljós sú skoðun, að menn töldu Björn Jónsson hafa allra manna mest til þess heiðurs unnið, og töldu hann vaxinn stöðunni.

Heimskringla símaði þessa fregn til Gimli þá um kveldið.

Annað hraðskeyti frá Ísafold, dags. 1. marz, til íslensku blaðann hér, segir: —

"Hafstein ráðherra veitt lausn frá embætti, og allir þingforsetarnir þrir — Björn Jónsson ritstjóri Ísafoldar, Hannes Þorsteinsson ritstjóri Þjóðólfs og Kristján Jónsson yfirdómari — kvaddir á konungsfund til viðtals um ástandið".

Samkvæmt skeyti þessu, er það nokkuð tvísýnt, hvort þingsetur haldi áfram. Meiri líkindi virðast oss til að þingi muni frestað, þar til forsetarnir koma heim aftur úr för þessari.

Fregnsafn.

Markverðustu viðburðir hvaðanæfa.

— Tveir menn létu lífið við árekstur tveggja C.P.R. lesta þann 23. f.m., nálægt Ingolf Station Ontario.

— Eldur í Estevan hér í fylkinu þann 23. f.m. eyðilagði Kelly hóteliið, og gerði 54 þús. dollara eignatjón.

— Lögregluþjónn að nafni Wilkins í Simcoe bæ í Ontario, hefir nýlega svarið það fyrir rétti, að lögregluliðið þar í bænum væri glæpamannaklikka í einkennisbúningi, og að lögreglustjórinn þar væri foringi þessa bófafélags, — að hann með mönnum sínum hafi gert ýms húsbrot og framið rán og þjófnað, og jafnvel brent upp hús þeirra er honum var í nöp við. Þessi maður sór, að hann hefði verið í lögregluliðinu, og að á meðan hann var þar hefði hann verið hjálparmaður í því að fremja þessa glæpi undir stjórn lögreglustjórans.

— Þrjú börn brunnu til bana í húsi foreldra sinna í Hoyt bæ í New Brunswick þann 23.febr. Foreldrarnir höfðu farið út um kveldið, þegar búið var að kveikja, og skilið börnin, 8, 4 og 2 ára gömul, eftir ein heima. Alt var brunnið til ösku, hús, börn og búslóð, þegar foreldrarnir komu heim aftur.

— Mælt er, að Dudley lávarður muni verða næsti landsstjóri í Canada. Hann er 43. ára gamall og Liberal. Hann var um 4. ára tímabil landsstjóri á Írlandi.

— Óþektur maður í Berlin á Þýzkalandi hefir í sl. 2 vikur leikið það bragð, að læðast að konum og stinga þær með rýting neðarlega í kviðinn. Um 10 eða 12 konur hafa orðið fyrir þessu, og hafa sumar dáið af sárum. En svo var þessi náungi kænn að koma sér undan, að hann náðist ekki fyr en þann 26. febr., þegar hann réðist að konu einni, sem svo var hörð af sér, að hún hélt í manninn og hljóðaði, þar til hjálp kom. Hann neitaði að láta uppi nafn sitt, en væntanlega fær hann verðskuldaða hegningu, — líflát.

— Taft, næsti Bandaríkja forseti, hefir tilkynt þjóðinni, að aukaþing verði kallað saman í Washington þann 15. þ.m., til þess að íhuga tollög ríkisins, og að gera þær breytingar á þeim, sem nauðsyn þyki bera til.

— "Taxicab" heitir mótorvagna tegund ein, sem nú er verið að sýna í Toronto borg, á vagnasýningu þar. Þessi vagn hefir það sér til ágætis, að hann brennir ekki nema einu galloni af gasolíni fyrir hverjar 20 mílur, sem hann rennur, og að hann getur runnið 4 þúsund mílur á góðum vegi. án þess að þurfa eins dollars virði af viðgerðum. Allur er vagn þessi sagður vandaður, en dýr.

— Brezka stjórnin hefir auglýst, að hún ætli að lögleiða það, að hvert skip, er flytji fólk frá brezkum höfnum, sé skyldugt til að hafa þráðlaus hraðskeyta tæki um borð. Svo er nú trúin orðin sterk á nytsemi þessa útbúnaðar, að í ráði er, að allar þjóðir geri öllum hafskipum sínum að skyldu, að hafa loftskeyta tæki.

— Ný lækning er sögð fundin við holdsveiki, og hún sem næst óbrigðul. Dr. William, í Bushire í Persíu auglýsti það nýlega á læknafundi þar, að hann hefði með aðdáanlega góðum árangri notað meðal það við holdsveiki sjúklinga sem Doveke læknir í Constantinópel á Tyrklandi hefði uppgötvað fyrir nokkrum tíma. Meðalið er innsprautunarlyf, og felur í sér meðal annara efna það sjúkdómsefni, sem tekið er úr holdsveikum sjúklingum. Dr. William segist á sl. 8 mánuðum hafa haft 5 sjúklinga undir þessari nýlyfs lækningu og kveðst á þeim tíma hafa lækna- að 2 algerlega, og 2 aðrir séu á bezta batavegi, og sá 5. sé einnig á góðum vegi til að ná heilsu. — Læknirinn kvaðst vera þess fullviss, að allir þessir sjúklingar yrðu albata.

— Lögreglustjórinn í Simcoe bæ í Ontario, sem getið er um á öðrum stað í blaðinu, að hafi notað lögregluþjóna þá, sem undir hann voru gefnir, til þess að ræna verzlunarhús bæjarmanna, og að leggja eld í sum hús þar í borginni, til þess að hefna sín á þeim, sem honum var illa við, og sem síðan gerði tilraun til að drepa einn af þessum lögregluþjónum, til þess að tryggja það, að hann ljóstaði ekki upp ódáðaverkum lögreglunnar, — hefir nú verið dæmdur í ævilangt fangelsi. Maður sá, sem myrða átti, raknaði við eftir það rothögg, sem hann fékk og komst svo til heilsu, að hann gat borið vitni móti húsbónda sínum.

— Bæjarstjórnin í Toronto hefir látið höfða mál móti öllum þeim sætindagerðar mönnum þar í borg sem nota vinanda í brjóstsykur. Margir þeirra hafa lagt í vana sinn, að láta brennivín í "Chocolate Drops", sem þeir tvo hafa selt almenningi til neyzlu. Mál hefir einnig höfðað mál móti sætindakaupmönnum borgarinnar fyrir að selja þennan brjóstsykur. En mjög er talið tvísýnt, hvort takast muni að hafa höndur í hári þessara manna, með því að ekki verði sannað, að svo mikill vínandi sé í sætindunum, að þeir sem neyta þeirra verði ölvaðir.

— Einhver kóleru sjúkdómur hefir legið í landi í St. Pétursborg á Rússlandi í sl. 5 mánuði, og hefir það verið mannskæð veiki. Mest hefir dáið þar á einum degi úr sýki þessari 444 manns, en alls hafa á 5 mánuðum látist rúmlega 10 þúsundir manna. Sýkin er sögð að vera í rénun.

— Fjörutíu og átta klukkustunda uppihaldslaus stórhríð varð á Frakklandi núna um mánaðamótin. Óveður þetta náði yfir alt landið, og var meira mannskaðaveður, en áður eru dæmi til þar í landi. Margt manna varð úti og lét lífið af kulda.

— Bændur í Claresholm héraðinu í Alberta byrjuðu vorplæging þann 27. febr. Veður hafði þar verið hlýtt og gott í 12 daga undanfarna.

— Stúlkur í Parísarborg á Frakklandi eru komnar í nýmóðins pils, sem er einkennilegt að



Síðasta atriði í síðasta þætti í "Beinadalnum" leikið á "Manitoba Theatre" af THYLE leikfélaginu.

því leyti, að þau líkjast mest tyrkneskum karlmannabuxum með víðum skálmum. Að vísu eru pilsin pils, en fremur mjó, og sterkur saumur niður í gegn um þau eftir miðjunni, svo að þar myndast skálmar. Þessi pils eru mesta metfé, og talið víst að þau verði innan lítils tíma í móð í flestum löndum.

— Raisuli, stigamaðurinn mikli í Morocco, hefir verið gerður fylkisstjóri yfir Débala fylki. Fyrir þessa upphefð varð hann svo þakklátur, að hann fór á fund soldáns og sór þess dýran eið, að lifa hér eftir sem frómur og heiðarlegur maður, leggja niður allan ránskap og sjá alla útlendinga í umdæmi sínu í friði.

— Nýfundnalands stjórn hefir nú lagt niður völd. Sir Edward Morris tekur við stjórnar taumunum.

— Alberta stjórnin hefir selt fylki það í ábyrgð fyrir 27½ miljón dollara, fyrir skuldabréf járnbrautarfélaga, sem ætla að byggja brautir þar um fylkið þvert og endilangt á komandi sumri og framvegis. Ábyrgðin er 13 þúsund dollara á mílu hverja.

— Neíndin, sem stjórn Breta setti fyrir nokkrum árum til þess að íhuga fátækramál landsins og orsökina til vaxandi fátæktar, — hefir lokið starfi sínu og gefið út mikla skýrslu um þessi mál. Bók sú er í stóru broti, 1200 bls. að stærð. Aðalkjarni neíndarálitsins felst í þeirri staðhæfingu neíndarinnar, að lífsskilyrði fólks í Lundúnum og öðrum stórborgum ríkisins séu þannig, að þau miði til þess, að fólkið úrættist, verði líkamlega, siðferðislega og andlega vanheilla en það var á fyrri árum. — Á síðasta ári varð að verja 70 miliónum dollara af opinberu fé til hjálpar fátæklingum þar í landi. — Fæðingar fara einnig fækkandi í landinu, — voru á sl. 3 mánuðum 24½ af þúsundi íbúanna, og er það 2½ af þúsundi færra en nokkru sinni áður.

— C. P. R. félagið hefir samið við Marconi um, að setja loftskeytatæki á öll skip þess, sem ganga á Kyrrahafi, og að hafa tækin af allra nýustu gerð, og svo öflug og áreiðanleg sem hægt er. Nú þegar er á leiðinni vestur á Kyrrahafsströnd hópur manna frá Englandi undir forustu sérfræðings til þess að útbúa C.P.R. skipin með þessum tækjum. Félagið áskilur, að tækin séu svo öflug, að fréttir frá þeim berist áreiðanlega ekki minna en 500 mílur og þaðan af lengra.

— Það slys vildi til nýlega á Frakklandi, að kona dó skyndilega af geðshræringu í Molier leikhúsinu í Lyons borg. Í leiknum var sýnt, hvernig saklaus maður var hafður fyrir rangri sök og var dæmdur til dauða. Við þetta komst konan, sem sat framarlega í leikhúsinu, í svo mikla geðshræringu, að hún stóð á fætur og hrópaði, að maður þessi væri saklaus, og féll síðan örend niður á gólfið.

— Voðamiklir mannskaðar og eignatjón hafa orðið í Saxony, í ríki þjóðverja, af völdum flóða, í lok febrúar mánaðar. Þúsundir ekra af landi eru vatni þaktar. — Járnbrauta starfsemi öll hefir hætt um tíma, skólar lokaðir víða í héruðunum, og margt manna hefir druknað í flóðum þessum. Áin Elba hefir flætt yfir bakka sína, og rutt af sér ísalögum, sem á henni voru, og skolað brúm af sér, og gert stórskemdir á eignum manna. Svo varð flóð þetta mikið að það gekk inn í konungshöllina þar og katólsku dómkirkjuna. — Í neðri hluta Leipzig borgar varð flóðið svo mikið, að bæjarþjónar voru önnum kafnir allan dainn, 24. febr. sl., að bjarga fólki frá drukknun. — Vatnsþró sú hin mikla, sem veitir íbúum Gotha-borgar neyzluvatn, fyltist svo, að vatnið þar óx um 900 þúsund metra á 24 klstundum, og þaðan streymdu út yfir barma þróarinnar og út um borgina 3 þúsund kúbík metrar af vatni á sekúndu. Hætta er á, að flóðgarðurinn springi af vatnsþunganum, og eyðileggi ýms smáþorp þar í grend. Vied áin hefir breytt farvegi sínum, og hefir ollað allmiklu líftjóni í 7 eða 8 bæjum þar í héraðinu.

— Fyrsta flugvél, sem gerð hefir verið í Canada, var sett af stað í Baddick bæ í Nova Scotia þann 23. febr. og reyndist vel. Sá heitir McCurdy, er gerði vélina og stýrði henni.

Á næsta fundi Menningarfélagsins, sem haldinn verður næsta miðvikudagskveld, 10. marz, flytur hr. Hallur Magnússon erindi um "FRJÁLSLYNDI. — Útdráttur úr fyrirlestri á síðasta fundi félagsins ("Um frið") gat ekki komið í þessu blaði vegna rúmleysis.

BYGGIÐ TRAUSTAR GIRÐINGAR FYRIR SVÍNIN YÐAR

IDEAL Vír-ofnar GIRÐINGAR

ÞÉR ÞARFNIST GIRÐINGA sem eru TRAUSTAR og STINNAR og alls ekki ÁRENNILEGAR fyrir svínin yðar. Þegar svínin yðar hafa einusinni ráðist á IDEAL girðingu, þá gera þau það ekki aftur. Þau reyna ekki að komast undir IDEAL girðingu. Sú girðing sem þér megið treysta, og sú sem þér ættuð áreiðanlega að velja er IDEAL. Járnbrautarfélögin kaupa IDEAL girðingar, af því að þær eru svo þungar og traustar. Búnar til úr No. 9 Stál Vír. Betri vír en á nokkurri annari girðingu. En IDEAL LÁSIN er aðal ástæðan til þess þér kaupið IDEAL girðingar. Engin lás jafnast við IDEAL lásinn; hann heldur fastar en allir aðrir. Uppstrengd er IDEAL girðingin sérlega útlitsfögur. Sérhver lengd nákvæmlega mæld. Allir lásar settir rétt á. IDEAL er gert í fullkomnustu girðingarvélum og í beztu girðingargjörðar-verksmiðju. Með slíkum útbúnaði er IDEAL girðingin eðlileg afleiðing. Frekari upplýsing í vorum ókeypis bæklingi.

Umboðsmenn óskast til að selja þessar ágætu girðingar. IDEAL umboðsmenn græða mest fé af því að IDEAL girðingin hefir þyngd, sterkleika og endingu, sem gerir hana seljanlegasta. Skrifið eftir Gróða tilboði voru.

The Ideal Fence Co., Limited, Dept. H, Winnipeg, Man. Minnist á Hkr. þegar þér skrifið.

Wall Plaster

Með því að venja sig á að brúka "**Empire**" tegundir af Hardwall og Wood Fibre Plaster er maður hár viss að fá beztu afleiðingar.

Vér búum til:

"Empire" Wood Fibre Plaster
"Empire" Cement Wall "
"Empire" Finish "
"Gold Dust" Finish "
"Gilt Edge" Plaster of Paris
og allar Gypsum vöruuteg-undir. —

Eigum vér að senda yður bækling vorn?

MANITOBA GYPSUM CO. LTD
SKRIFSTOFUR OG MILLUR Í
Winnipeg, - Man.

Heimskringla
Published every Thursday by The Heimskringla News & Publishing Co. Ltd

Verð blaðsins í Canada og Bandar $2.00 um árið (fyrir fram borgað).
Sent til Íslands $2.40 (fyrir fram borgað af kaupendum blaðsins kr$1.50.)

B. L. BALDWINSON,
Editor & Manager

Office:
729 Sherbrooke Street, Winnipeg
P.O. BOX 3083. Talsími 3512.

Narrows nefndin.

Þann 24. febr. sl. kom hingað til Winnipeg 9 manna nefnd frá Narrows og Scotch Bay við Manitobavatn — til þess að biðja Roblin stjórnina um framlenging á járnbrautinni frá Oak Point og Lundar norður að Narrows.

Í nefndinni voru þessir herrar:
Páll Kernested,
Sigurgeir Pétursson,
Geirfinnur Pétursson,
Stefán Ó. Eiríksson,
J. K. Jónasson,
Jóhannes Eiríksson.
John Blue og sonur hans og William Fraser.

Sex fyrsttöldu nefndarmennirnir allir frá Dog Creek, hinir frá Scotch Bay.

Eftirfarandi fundargerningur sýnir orsök til sendingu nefndarinnar inn hingað og erindi hennar:

"Árið 1909, laugardaginn þann 20. febrúar, var almennur fundur settur og haldinn í fundahúsi Narrows bygðar, eftir fundarboði frá herra Sigurgeir Péturssyni.

"Fundarstjóri var kosinn Sigurgeir Pétursson, en skrifari Guðmundur Jónsson. Á fundinum mætti allmikill hluti bygðarmanna.

Þessi mál voru tekin til umræðu:

I. FRAMRÆZLA MANITOBA-VATNS.

Eftir all-langar umræður var svohljóðandi tillaga samþykt í einu hljóði:

Fundurinn leyfir sér að skora alvarlega á Dominion stjórnina, að vinda bráðan bug að því, allra helzt á næsta sumri, að grafa fram Manitoba vatn, svo vatnsborð þess lækki að minsta kosti um 2 fet. Jafnframt felur fundurinn á hendur sendinefnd þeirri, sem kosin er hér í dag, að leita fylgis í þessu máli hjá Glen Campbell, sambandsþingmanni kjördæmisins, Sigtr. Jónassyni, fylkisþingmanni kjördæmisins og T. A. Burrows, fyrverandi sambandsþingmanni okkar. Sendinefndinni er falið, að skora á þessa menn alla, að veita þessu máli alt það fylgi, sem þeir geta, samkvæmt loforðum þeirra til kjósenda hér síðastliðið sumar.

Jafnframt samþykti fundurinn, að fela sendinefndinni að skrifa ávarp til stjórnarformanns Canada um að veita þessu máli fylgi sitt.

II. PÓSTMÁL.

Svohljóðandi tillaga var samþykt í einu hljóði:

Fundurinn lýsir stakri óánægju yfir aðal póstgöngunni frá Scotch Bay til Narrows, og skorar fastlega á póststjórnina, að koma tafarlaust í framkvæmd breytingu á póstgöngum á þessu svæði, samkvæmt tilboðum þeim, er póststjórnin gaf út í haust. Og sérstaklega vill fundurinn leggja áherzlu á það, að sambandinu við póstinn frá Minnewakan til Scotch Bay verði hagað þannig, að bréf og blöð þurfi ekki að liggja við Scotch Bay heila viku.

Fundurinn skorar á stjórnina, að gera þessar breytingar og viðbætur á auka-póstgöngunum frá Dog Creek:

(a) Að Siglunes pósthús verði fært til Jóns Matúsalemssonar í Section 24 Tp. 22 R. 10, og settur póstkassi fyrir ábyrgðarlaus bréf á Section 22 Tp. 20 R. 9 W.

(b) Að tveimur nýjum aukapóstum verði bætt við og tveimur pósthúsum, — öðru hjá Bjarna Helgasyni Sect. 23 Tp. 23 R.10 W., og gangi þangað aukapóstur frá Dog Creek. Annar aukapóstur gangi fr Dog Creek austur til Dog Lake, og sé pósthús sett hjá Stefáni Eiríkssyni Sect. 27 Tp. 23 R. 9. W.

III. JÁRNBRAUTAMÁL.

Í því máli var samþykt svoláandi tillaga:

Fundurinn skorar á sendinefndina, að reyna að fá Oak Point brautina framlengda þannig, að hún liggi fyrir vestan Dog Lake, eða sem haganleast fyrir bygðina sem hægt er.

IV. VEGAMÁL.

Fundurinn samþykti svohljóðandi tillögu:

Fundurinn felur sendinefndinni, að skora á fylkisstjórnina, að leggja svo riflegan styrk til vegagerðar í þessari bygð, sem hún sér sér fært, og skorar á fylkisþingmann þessa kjördæmis, að fylgja þessu máli sem fastast.

Fundurinn tjáir sig fúsan til að leggja fram vinnu ókeypis, að einhverjum hluta, móti fé því sem stjórnin veitir.

Fundurinn felur sendinefndinni, að skora á þingmann kjördæmisins, Sigtrygg Jónasson, að leita upplýsinga um, hvort ekki muni fáanlegt, úr þar til ætluðum sjóði, fé til að byggja veg gegnum Indian Reserve.

V. FISKIVEIÐAMÁL.

Þar að lútandi samþykt svoláandi tillaga:

Fundurinn skorar á fiskimálaráðgjafann í sambandsstjórninni, að sjá um, að ekki verði leyfð aftur sumarveiði í Manitoba vatni, og að sú breyting verði gerð á fiskiveiðalögunum, að byrja megi veiði 15. nóv. Ennfremur, að netafjöldi sá, er hver maður megi hafa, verði aukinn svo, að það verði tvöfalt við það, sem núgildandi lög leyfa, og að sem fyrst verði sett á stofn fiskiklak hér við Manitoba vatn.

VI. NEFNDARKOSNING.

Að síðustu var kosin 5 manna nefnd til að fara til Winnipeg og greiða fyrir framgangi framanskráðra málefna. Í hana voru þessir kosnir: Jóhannes Eiríksson, Sigurgeir Pétursson, Stefán Eiríksson, Páll Kernested og Jónas K. Jónasson.

Fleira kom ekki til umræðu, og var svo fundi slitið.

Sigurgeir Pétursson.
Guðm. Jónsson."

Í framræslumálinu lofaði herra Burrows nefndinni að sjá um, að maður verði sendur norður strax í vetur til þess að mæla út og ákveða, hvar heppilegast sé að grafa. Herra Burrows lét í ljósi mikinn áhuga fyrir þessu máli, og lofaði að fylgja því fast fram, að þetta framræzlumál hefði framgang eins fljótt og hægt væri að koma því við. Hann kvað ríkisstjórnina vera með loforðum skuld bundna til þess að gera á komandi sumri hafnbætur við Oak Point, Siglunes og Narrows. Í vændum er einnig að grafa fram Dog Creek, þó enn hafi ekki verið gefið beint loforð um það.

Í póstmálinu var nefndinni ráðið til þess, að beina kröfum sínum beint til póstmálastjórnarinnar í Ottawa. En bæði Post Office Inspector hér og herra Burrows lofuðu, að styðja málstað nefndarinnar og vinna að því, að umbeðnum umbótum yrði hraðað sem mest.

Í fiskimálinu lofaði herra Burrows að vinna að því af öllum mætti, að kröfum nefndarinnar yrði fullnægt, en gaf hins vegar ekki loforð um, að klakið yrði stofnsett á komandi sumri. Herra Jóhannes Eiríksson hafði samið ávarp á ensku til fiskimálaráðgjafans í Ottawa um þetta mál, og verður það sent austur tafarlaust.

Í járnbrautamálinu fékk nefndin það svar hjá Premier Roblin, að hann skyldi veita ábyrgð stjórnarinnar á skuldabréfum á nauðsynlegan milufjölda, og að 25 mílur skyldu byggðar strax á næsta sumri norður frá Lundar. Mr. McKenzie, sem er austur í Toronto, sendi það svar til herra Roblins meðan nefndin beið hér, að hann skyldi byggja járnbrautina 25 mílur norður frá Lundar og járnleggja hana alla strax á næsta sumri, ef Roblin stjórnin vildi gefa 13 þúsund dollara ábyrgð á hverja mílu, eins og Grand Trunk Pacific félagið fengi hjá Dominion, Saskatchewan og Alberta stjórnunum. Herra Roblin lofaði nefndinni, að hann skyldi veita þessa upphæð, og að hún mætti reiða sig á byggingu brautarinnar norður á næsta sumri. — Hann gat þess einnig, að nefnd þessari hefði orðið meira ágengt en nokkurri annari, sem til sín hefði komið í járnbrautaerindum. Ekki gat hann gefið neitt ákveðið svar um legu brautarinnar, en lofaði hins vegar, að gera það sem hann gæti til þess að fá brautina lagða norðvestur, svo að hún lægi sem hagfeldast fyrir Íslendinga við Narrows.

Í vegabótamálinu lofaði Hon. Rogers, að senda verkfræðing norður þangað strax og snjór færi af jörðu, til þess að athuga, hvað nauðsynlega þyrfti að gera, og hvar brýnust þörf væri á vegabótum. Hann lét vel yfir, að veita þau $800.00, sem nefndin bað um til vegabóta milli Indiána bygðarinnar norður að Narrows. En hins vegar lofaði hann engri ákveðinni upphæð, en að eins því, að gera það fyrir héraðið, sem efni deildarinnar leyfðu.

Yfirleitt má segja, að allir þeir, sem nefnd þessi átti erindi við, tóku henni mjög alúðlega og greiddu götu hennar eins og bezt varð á kosið.

Nefndin bar mál sín fram með prúðmensku, alvöru, röksemdalegu afli og einurð. Og það er vafalaust að miklu leyti framkomu sendimanna að þakka, að nefndinni varð svo mikið ágengt, sem raun varð á. — Það eitt út af fyrir sig, að stjórnarformaður Roblin lofaði að veita 3 þúsund dollars hærri ábyrgð á þessa framlenging, en hann hefir gert við nokkra aðra braut í fylkinu, sýnir bezt hve ant honum er um, að verða þessum landshluta að liði.

Heimskringla fullyrðir, að þessi nefnd hefir orðið sveitungum sínum að hinu mesta liði. Afleiðingin af starfi hennar er þegar orðin sú, að þeir verðskulda það af sveitungum sínum, að þeim sé riflega endurgoldinn allur kostnaður og timatöf við ferð þeirra hingað og starf hér.

Töglin eða hagldirnar.

Það er flestum mönnum svo varið, að þeim er eiginlegast og tamast að tala um þann atvinnuveg, sem þeir stunda, og það er líka hverjum manni skyldugt að reyna af fremsta megni að vernda og styðja sinn atvinnuveg með öllu réttu og samvizkusamlegu móti. Það er engin skynsöm skoðun á móti því, — það hefir frá byrjun hlotið verðskuldað álit allra réttsýnna og mentaðra manna. Ekki beinlínis fyrir það, að einhver lítill hluti hverrar þjóðar hafi haft lífsuppeldi sitt og skylduliðs sins af því, heldur fyrir það, hvaða rækt, vöðleitni, hugsanafestu og traust menn hafa borið til þess og sín eigin þreks og krafta. Því af manns eigin gildi til allra afkasta og framkvæmda er ekki örugt og ótvirætt, þá liggur atvinnuvegurinn aflvana og í örtröð, af hálfu þeirra, sem skyldugt er að styðja hann, og um leið að nokkru leyti lagður upp í hendur þeirra, sem gleggri skoðun hafa á peningagildi afurðanna, en þeir, sem framleiða, — vitanlega auðfélögum og fjárplógsmönnum til stórgróða og enn meira bolmagns til að fótumtroða og niðurníða rétt framleiðanda.

Heiðruðu íslenzku fiskimenn hér við Lake Winnipegosis, það er atvinnuvegur ykkar og minn, sem ég sérstaklega meina, og sem ég ætla að minnast á með að eins fáum orðum.

Það er gott, með öðru góðu, að vera duglegur að vinna, en það er samt ekki einhlýtt til að komast áfram efnalega. Hins ber okkur ekki síður að gæta, hvort að arðurinn af erfiði voru fellur að réttum hlutföllum okkar megin, eða þeirra, sem við skiltum við. Finst ykkur ekki vera kominn tími til að hugleiða þetta dálítið betur, en við höfum gert að undanförnu, ef við annars hugsum til, að hafa lífs uppeldi okkar af þessari atvinnugrein framvegis?

Eða eigum við að láta það afskiftalaust eitt árið enn, og gefa þar með auðfélögum og okrurum enn þá einu sinni handfylli sina úr hárinu á okkur, í reipi til að reyra enn fastara skuldabaggana á herðarnar á okkur?

Eins og við allir hljótum að muna og kannast við, þá höfum við ár eftir ár, þegar fundum okkar hefir borið saman, kvartað und an því, hvað þessi eða hin vertíðin við fiskiveiðina hefði orðið okkur arðlítil, og mest fyrir það, hve lágt verð hafi verið gefið fyrir fiskinn. En þrátt fyrir það, þó við höfum berlega séð, við lok hverrar vertíðar, að við höfum verið hálfir fyrir fé af hálfu stórkaupmannanna hér, þá höfum við samt ár frá ári, þögulir eins og sauðir, sem reknir eru til rúnings, látið það afskiftalaust, án þess að finna réttilega til nektarinnar, sem það hefir í för með sér. Þetta er því verra, sem við höfum, af fleiri ára undanfarandi reynslu vitað, að alt mundi bera að sama brunni, nema svo því að eins, að við sjálfir mönnuðum okkur upp og reistum skorður móti því.

Hallgerður Höskuldsdóttir passaði lagðinn sinn betur. Í lífsnauðsyn fékk ekki Gunnar svo mikið sem einn lepp úr höfuðreyfi hennar En við látum alls óátalið, þó hérlendir okrarar gangi að vild sinni í gærunni okkar, eins og kerilús í skrokk á horgemling. Í þessu hefir okkur hingað til svo hraparlega yfirsést, hvað okkar eigin hagsmuni snertir. Við getum ekki búist við meiru en hálfum hlut meðan við höfum hvorki töglin né hagldirnar.

Þessa yfirstandandi vetrarvertíð hafa um 40 Íslendingar stundað fiskveiði hér við Lake Winnipegosis. Telji maður hvern þjóðflokk sérstaklega, þá verðum við Íslendingar svo langflestir. Þess vegna hefi ég tekið okkur til umtals. Því miður hefi ég ekki neinar nákvæmar skýrslur yfir aflann undanfarandi ár, enda varðar það ekki svo mjög miklu, eins og nú stendur, — því liðin tíð og tækifæri fást ekki aftur. Og eins er um þessa vertíð, hún er þegar liðin. Með öllum sínum gæðum kallar hún nú bráðum upp með lokadaginn. Og þá koma nú viðskiftareikningarnir. Því miður verða þeir alt of fáir, sem með réttu geta klappað saman lófunum yfir arðinum, sem þeir bera frá naustum eftir þessa vertíð. Og hafa þó flestir aflað fremur vel, eftir því að dæma, hvað mörg járnbrautarhlöss af fiski hafa verið send héðan í vetur.

Það er því eins og ég sagði hér að framan, ekki algerlega undir því komið að vinna, heldur því, hvernig vinnan er borguð. Oft hefir verið ástæða til að kvarta undan því, en þó aldrei eins og nú. — Ég þarf ekki að lýsa því fyrir ykkur, landar minir hér við Winnipegosis, því þið vitið það eins vel og ég, — en öðrum löndum okkar, til dæmis við Winnipeg vatn og Manitoba vatn, sem stunda þessa atvinnu, ætla ég að lofa að sjá það svart á hvítu, við hvaða kjör við höfum að búa af hálfu fiskikaupmannanna.

Það er þá fyrst, að þrátt fyrir það, að við höfum gert okkar ítrasta til, að komast að einhverjum vissum samningum, hvað fiskverð og annað þar að lútandi áhrærir, áður enn við höfum lagt af stað í verið, þá hafa fiskikaupmennirnir æfinlega bitið okkur af sér með því, að þeir vissu sjálfir ekki minstu vitund um, hvaða verð þeir gætu borgað, og því, síður, hvað lengi þeir gætu keypt. Þess vegna hefir sú hefð komist á, að menn hafa haust eftir haust farið út í veiðiverin án allra bindandi loforða frá fiskikaupmönnum. — Þeim finst vissar, hvað þeirra afstöðu snertir, að kveða ekkert upp með fiskverðið fyrri en við erum búnir að leggja netin. Líklega í þeim tilgangi, að þá megum við nauðugir viljugir til með að taka öllum þeirra gerðum með þögn og undirgefni. Þessa yfirstandandi vertíð hefir fiskverðið verið sem hér segir: Hvítfiskur yfir 2 pd. að þyngd, slægður, 3¾c; hvítfiskur undir 2 pd. og 2 pd., slægður, 1¾; gedda, sem ekki vigtar yfir 3 pd., óslægð, 1½c, en vigti hún yfir 3 pd. óslægð, þá skal hún feld niður í 1c; slægð og höfuðlaus 1¾c; "pikkur" 3c, og sugfiskur ¾c. — Þarna er þá verðlistinn, eins og hann er glæsilegur. Aftur er alt, sem fiskimaðurinn þarfnast með uppsprengdu verði. Til dæmis: Net 25c dýrari en í fyrra; nr. 35 net $1.75 pundið; korkar og blý 6c paðið, ef keypt er; leiga, ef því er skilað aftur við vertíðarlok, $1.00 á hver 100 pör fyrir 4 mánaða brúkun.

Nú, þegar þessar línur eru skrifaðar, hefir ein fisksortin verið felld í verði, og önnur alls ekki keypt.

Þið getið nú, landar minir, sem stundið veiði við hin fiskivötnin hér í Manitoba, haft þetta til samanburðar. Og til þess vil ég mælast við ykkur, að þið gerðuð svo vel, og gæfuð okkur glögga skýrslu af fiskiverðinu hjá ykkur þessa síðustu vertíð.

Ég vík þá umtalsefninu aftur til okkar hér við Winnipegosis. Ég býst við því, að við komumst að raun um það núna um vertíðarlokin, eins og svo oft að undanförnu, að allur sá arður, sem við höfum af útivistinni verður auk netakostnaðar knapt skorið 1 ísuppeldi bara á meðan að vertíðin stóð yfir. Og má það gott heita, eftir því sem áhorfðist, þegar róið var frá nausti síðastliðið haust. Og þó höfum við aflað yfirkeitt með betra móti. Því teljum við okkur til hlutar þriðjunginn af fiski þeim, sem sendur hefir verið héðan í vetur, þá verður okkar hlutur um 20 járnbrautar vagnhlöss. — Það liggur ekki 1 til peninga upphæð í öllum þessum afla, drengir. Og ef við hættum nú á það svona eða kannske betur næstu vetrarvertíð, þá mætti nú stinga upp á því, hvort ekki væri reynandi fyrir okkur landana að mynda félag og útvega okkur sjálfir einhvern velþektan og áreiðanlegan mann til að kaupa af okkur fiskinn, og selja okkur útgerð, ef ske kynni, að við gætum þá komist að betri kjörum, en við höfum haft að búa við að undanförnu. Mér finst fyrir mitt leyti, að við 40 ættum að geta tekið á svo um munaði, ef við samlögum vit og krafta, svo við getum náð öðru hvoru töglunum eða högldunum. Og þó það kostaði okkur töluverða fyrirhöfn og ryskingar, þá erum við sannarlega búnir að vinna til þess með margra ára þögn.

Ritað í verstöðinni á Hunters' Island, Lake Winnipegosis, 8. febrúar 1909.

F. Hjálmarsson.

Filipía Hannesdóttir.

Dáin 12. september 1908

Kom þú blíða, bjarta
blóm úr æskulund,
hugur, mál og hjarta
helgi þessa stund.
Lágt við móður leiði
ljómar gengin braut,
sigursól í heiði
signir tár og þraut.

Ég skal byrja braginn
barn þar fyrst ég stóð,
vorið vermdi daginn
vonar- helgri glóð.
Hvar var hjálpin næsta
huggun, traust og skjól,
líkn og ljósið stærsta,
lífsins gleðisól?

Það var minnar móður
mjúka, hlýja skaut,
helgur sálar sjóður,
sigurvopn í þraut.
Ört þó árin streymi,
atvik, sæld og hrygð,
hljómar ofar heimi
heilög ást og dýgð.

Lít ég liðin árin,
langa farna braut,
gleði, sorg og sárin,
sigur, tap og þraut. —
Brosir myndin bjarta, —
bezta drottins gjöf, —
móður hönd og hjarta
helgar líf og gröf.

Glöð með glöðum várstu,
göfg og trygg á braut,
þreyttra byrði barstu,
blíð í hverri þraut.

Oft var örðugt sporið,
aldrei dimt í sál,
sama varma vorið,
viðkvæm lund og mál.

Höfðingsgeð og hjarta
hlýtt þú barst á jörð,
lengi ljós þitt bjarta
lýsti Skagafjörð.
Þar var starfið stærsta,
stundin sigurhlið,
manndómsmarkið hærsta,
missir, lán og stríð.

Hjá þér hlaut inn snauði
huggun marga stund,
hærra heimsins auði
hófst bú sál og mund.
Þeir, sem þerra tárin,
þjáðum létta raun,
fá við farin árin
fögur sigurlaun.

Börn og frændur falla
fram í bakkargjörð
fyrir ástúð alla —
árin þín á jörð,
fyrir andans auðinn
arf sem vísar leið,
þegar dapur dauðinn
dagsins endar skeið.

Hvíl! þín braut er búin. —
Burt með hrygð og tár!
Launað traust og trúin,
talið sérhvert ár.
Fögrum vinafundi
friðarsunna skín,
hlý að hinsta blundi
helgast minning þín.

M. MARKÚSSON.

Sparið Línið Yðar.

Ef þér óskið ekki að fá þvottinn yðar rifinn og slitinn, þá sendið hann til þessarar fullkomnu stofnunar.

Nýtízku aðferðir, nýr vélaútbúnaður, en gamalt og æft verkafólk.

LITUN, HREINSUN OG PRESSUN SÉRLEGA VANDAÐ

Modern Laundry & Dye Works Co., Ltd.
307—315 Hargrave St.
WINNIPEG, MANITOBA
Phones: 2300 og 2301

S. R. HUNTER & CO
Skraddarar,
189 Lombard Street

Búa til ný-móðins karlmannafatnaði eftir máli. — Efni og vinnubrögð afbezta tegund, og alt ábyrgst að vera jafngildi þess bezta sem fáanlegt er í borginni. Verðið er við allra hæfi. —

S. R. Hunter & Co.
189 Lombard St.
Telephone 1395.

Heimskringlu

bið ég að skila því til K.Á.B., að ég hafi skellihlegið að sápubólunum, sem hann hafi reynt að spúa á mig í síðasta blaði, — en þó aumkvað hann. Ennfremur, að ég biðji hann í öllum bænum, að halda áfram, og það af kappi, og fá eins marga Sigfúsa eins og mögulegt er, hverra synir sem eru, til að hjálpa sér. Nú verður að duga vel.

Og ekki að gleyma því, að fá eins mörg b r é í og mögulegt er til stuðnings, en bara gæta vel að e i n u, því, að birta ekki nöfn bréfhöfundanna. Það gæti verið afarhættulegt. Það er svo hætt við, að það kæmi í ljós, að þeir væri nr. 2 af K.Á.B. sjálfum. Og að því verður líka vel að gæta, að þeir komist ekki eins fj.... klaufalega að orði, og sá síðasti, að "ég haldi stöðugt áfram, að reka menn UNDIR" í Hkr. (þ.e. beri alt af hærra hlut). K.Á.B. verður að passa, að þeir geri ekki svoleiðis klaufastryk.

Bólurnar nenni ég ekki að vera að stinga í eða eltast við, hvorki nú né endrarnær, þær gera m é r ekkert. Ég legg deilumál okkar undir dóm almennings, og get g l a t t K.Á.B. með því, að ég er óhræddur við dómsúrskurðinn.

K.Á.B. má svo halda áfram, — áfram, á hvaða hátt, sem honum bezt þóknast. Síst víidi ég verða meinsmaður þess, að hann yrði f r æ g u r fyrir ritverk sin um mig, ef það væri mögulegt. Allir aðrir frægðarmöguleikar munu nú reyndir til þrautar.*)

A. J. J.

YFIRLÝSING. — Samkvæmt tilmælum herra A. J. Johnsons vottast hér með, að í þau hartnær þrjú ár, sem ég hefi haft dagleg kynni af honum, hefi ég aldrei séð hann undir áhrifum vins, og aldrei séð hann drekka vín eða öl.

Einnig hefi ég fundið hann stranglega áreiðanlegan í allri fjársýslu.

Winnipeg, 1. marz 1909.

B. L. Baldwinson.

*) Þess skal getið í sambandi við grein K.Á.B. í síðasta blaði, að fyrra árið, sem ég var hér í Íslendingadagsnefnd, átti ég sem aðrir nefndarmenn, að fá vindlakassa gefins á hótelum fyrir daginn. Þá var það, sem ég fékk K.Á.B. til fylgdar, af því ég vissi, að hann var kunnugur, og hélt að betur mundi ganga, að fá gjafir þessar fyrir kunnugan mann en ókunnugan. Reynslan varð sú, að K.Á.B. fékk 5 vindlakassa á milli 10 og 20 hótelum, sem við komum á. Sumstaðar var kýnningin á þann veg, að honum var vísað út, tómhentum. A.J.J.

WINNIPEG Business College
Cor. Portage Ave and Fort St.

FÉKK FYRSTU VERÐLAUN Á SAINT LOUIS SÝNINGUNNI.

Dag og kveld-kensla. Leitið fullra upplýsinga og biðjið um vorn nýja pappírshnif ókeypis. Vér kennum enska tungu.

M. E. MACKEY, Skrifari

MARKET HOTEL
146 PRINCESS ST. á móti markaðnum
P. O'CONNELL, eigandi. WINNIPEG
Beztu tegundir af vínföngum og vind um, aðhlynning góð. húsið endurbætt

JOHN DUFF
PLUMBER, GAS AND STEAM FITTER
Alt verk vel vandað, og verðið rétt
664 Notre Dame Ave. Phone 3815
Winnipeg

Strathcona Hotel

Horni Main og Rupert Str. Nýbygt og ágætt gistihús; Gest um veitt öll þægindi með sanngjarnasta verði. Frí keyrsla til og frá öllum járnbr. stöðvum. Beztu vín og vindlar; og herbergi og máltíðar ágætar.

McLaren Brothers
EIGENDUR

Hotel Pacific

219 Market Street Winnipeg | H. M. Hicks Eigandi Manitoba
Telephone 1338

Ný-endurbætt og Ný-tízku hús fyrir alla staði. Viðskifta yðar óskast virðingarfylst.

$1.25 a Dag

$1.50 Á DAG
Besta $1.50 gistihús í Winnipeg

BRUNSWICK HOTEL
Horni Main St. og Rupert Ave.

Besta borðhald; Hrein og Björt Herbergi; Finustu Drykkir og Bestu Vindlar. Ókeypis Vagn mætir Öllum Traintestum. Reynið oss þegar þú ert á ferð.

Stigamenn.

(Niðurlag frá síðasta blaði)

II.

ILLGJARNIR STIGAMENN.

Sá flokkurinn eða deildin er miklu fjölmennari, einkum þó aust an hafs. Við höfum orðið varir við þá líka, og rekur sjálfsagt minni til þess. Hér birtast þeir all oft í gegn um fréttapistla, og úr því verður svo endalaust og marklaust orðaskvaldur. Væri allir fréttapistlarnir, sem blöðin fá, skrifaðir undir nafni þess, sem ritar, þá mundi flest, ef ekki alt það, sem til ásteytingar eða rifildis verður, aldrei hafa verið skrifað. Sama er að segja um ýmsar greinar, sem blöðin birta. Má þar til nefna sem dæmi grein frá Foam Lake, sem birtist í fyrra, og "Kvæði og skáldsögur", sem birtist nýlega. Þannig lagaðar ritgerðir, ef ritgerðir skyldi kalla, birtast ekki nema undir dularnöfnum. Höf undarnir mundu skammast sín fyrir nöfn sín undir þeim, enda þó þeir hafi ef til vill lágan siðferðiskaraktér.

En þó Vestur-Íslendingar eigi talsverðan hóp af þessum stigamönnum, þá eiga þó Austur-Íslendingar enn fleiri. Þar er hópurinn stór, — því miður. Og það er ekki í neina launkofa að fara með það — því það er vitanlegt öllum — að í þeim hóp eru engu síður hámentaðir menn en alþýðumenn.

Ég veit ekki nokkurt blað landsins laust við stigamenn af þessari tegund. En játa verður það, að misskift er þeim á þau. Stjórnarblöðin, þó fá séu (4), hafa á síðustu tímum yfirgnæfandi fjölda við hin öll, og einnig yfirgnæfandi skaðsemismenn. Þetta sér maður, þegar öll blöðin eru lesin. Ég hefi safnað saman nálega hverju einasta eintaki af öllum blöðum landsins, meðan bardaginn stóð yfir í sumar um nefndarrúmvarpið (frá 12. mai til 10. sept.). Og ég hefi marglesið þau öll. Við þann lestur hefi ég veitt þessu nákvæma eftirtekt, og fullvissast um þá niðurstöðu, sem áður er greind Að sanna þetta hér með dæmum, tæki of mikið rúm, — en verði þessu neitað, skal ég sanna það. Sem að eins eitt dæmi — í þetta sinn — má nefna það, þegar einn stigamaðurinn í blaðinu Reykjavík, sagði berum orðum, að afskifti Vestur-Íslendinga af sjálfstæðismálinu, væri af því þeir sæu "glampa á mannsalsdollarana", er þeir fengju hjá Canadastjórn fyrir það að hleypa öllu í uppnám á Íslandi og ginna svo fólkið í burtu Fleiri lík dæmi mætti nefna. — Þá mætti minna á stigamennina, sem komið hafa fram til að ræna mannorði andatrúarmanna o.fl.

Blöð sjálfstæðismanna voru, því miður, ekki með öllu laus við stigamenn. Sum þó næstum alveg, t. d. þjóðviljinn og Norðurland; en grímumenn þeirra voru fæstir, jafnvel enginn beinlínis skaðlegur. En þeir hefðu alls ekki átt að vera til, — ekki einn einasti.

Það er bráðnauðsynlegt, að uppræta alla stigamenn, og grímumenn. Það er nauðsynlegt vegna siðmenningar og siðfágunar, nauðsynlegt vegna sannrar menningar og framfara. Stigamenskan er skálkaskjól óhlutvandra og illgjarnra manna. Að viðhalda henni í hvaða mynd sem er, er eitt hið versta afglap, sem nokkurt þjóðfélag getur hent. Það, sem menn þurfa að segja og vilja segja, eiga þeir að segja þar, sem allir sjá þá, hvort heldur það líkar betur eða ver. Aldrei að standa í skugganum með grímu. Menn, sem aldrei tala á þann hátt, eru aldrei óheiðarlegir mótstöðumenn, hvað sem þeir segja, við þá er hægt að eiga, — kappræða, ef þurfa þykir, og loka svo almenningsálitinu að fella dóminn. Að glíma við stigamenn, er aftur á móti alveg eins og sagnirnar segja að hafi verið að glíma við afturgöngur. Þegar búið er að ná handfestu á þeim, urðu þær að reyk, eða gufu, og voru jafnharðan komnir aftan að þeim, er við þá glímdi. Þetta gekk þangað til dagur rann. Eins er með stigamennina. Þeir verða til, og aldrei yfirunnir, fyrr en dagur skynseminnar og reglulegrar siðmenningar rennur upp. Þá eiga þeir aldrei afturkvæmt.

Eina einustu ástæðu hefi ég heyrt borna fram fyrir dularnöfnum. Hún er sú, ef menn sem hafa vont nafn (eru illa kyntir) hafi eitthvað að segja. En ég vil spyrja: Eru nokkur líkindi til, að þeir menn geti nokkuð hugsað eða sagt, sem er nokkurs virði? Ég held ekki.

HVERJIR GETA EYÐILAGT STIGAMENSKU?

Því er fljótsvarað, — það eru blaðamennirnir. Þeir eru mennirnir, sem hafa viðhaldið henni, lánað blöðin sín fyrir grímu, og þeir eru mennirnir, sem geta og ættu að dauðadæma alla stigamensku. — Þeir ættu að hafa samtök sín á meðal (í hvoru landi fyrir sig), og lögleiða aðflutningsbann á öllum stigamannagreinum í blöð sín, hvort heldur þær væri frá betri eða verri deildinni. Þeir, sem tilheyrðu fyrri deildinni, mundu strax koma fram undir eigin nöfnum, en hinir, sem tilheyrðu deild nr. 2, hvyrfu, og ættu að gera það.

Veturinn 1906 (12. nóv.) voru flestir blaðamenn á Íslandi samtaka um, að semja ávarp það, sem nefnt er vanalega "Blaðamannaávarpið". Ekki er ég í vafa um, að það er eitt hið hollarikasta ávarp, er nokkurntíma hefir verið samið á Íslandi. Það er hyrningarsteininn undir þeirri sterku sjálfstæðisþrá, sem nú hefir náð föstum tökum á þjóðinni. Nú ættu allir blaðamenn íslenzkir, beggja megin hafsins, að bindast samtökum og semja nýtt blaðamannaávarp, er taki skýrt fram að frá ákveðnum degi yrði öllum dulnefndum greinum neitað upptöku í blöðum. Fyrir þeim blaðamönnum sem vildu hér skerast úr leik, mundi fara líkt, þegar tímar liðu, og þeim, sem á Íslandi neituðu að skrifa undir blaðamannaávarpið 1906. Blöð þeirra yrðu að saurblöðum, fyrirlitin af bezta hluta þjóðarinnar. *)

Með nýju blaðmannaávarpi, er færi í þessa átt, væri stigið eitt það stærsta heillaspor, eins og 1906. Það mundi reynast íslenzka þjóðflokknum til hamingju og velferðar austan hafs og vestan.

A. J. JOHNSON.

*) Taka vil ég það fram, að langt er frá því, að ég áliti, að allir þeir, er fylgja Hafsteins stjórnunni að málum, tilheyri lakara hluta þjóðarinnar íslenzku, en mér kemur ekki annað til hugar, en fjöldi manna í þeim flokki fyrirliti aðra eins saurblaðamensku og er á stjórnarblöðum, einkum þó Reykjavík og Norðra. A.J.J.

$3 VIRÐI FYRIR $2

Örfá orð til þeirra sem EKKI kaupa blaðið Heimskringlu:

EF AÐ VÉR tækjum $3.00 upp úr vasa vorum og biðjum yður þá í skiftum fyrir $2.00 þá munduð þér fljótt taka boði voru. — Vér ætlum nú ekki að gera það, ekki beinlínis, en vér ætlum að gefa yður tækifæri, — sem þó ekki kemur oft fyrir. — að fá keypt $3.00 virði af LESMÁLI fyrir $2.00. — Ef að þér sendið oss $2.00 nú þegar, þá skulum vér senda yður Heimskringlu frá þessum tíma til 1. maí 1910, í 15 mánuði, ($2.50 virði), og sömuleiðis eina ríffandi skemtilega 50-centa sögubók í góðri kápu. — Og þá fáið þér $3.00 virði af lesmáli, og það fjölbreyttu, fyrir $2.00. — Þér, sem EKKI kaupið Heimskringlu, notið yður þetta tækifæri, — skrifið eða komið til vor í dag, Á MEÐAN ÞÉR MUNIÐ!

Heimskringla, P.O. Box 3083, Winnipeg, Man.

Það er alveg víst, að það borgar sig að auglýsa í Heimskringlu.

Fréttabréf.

MIKLEY, MAN.
16. febr. 1909.

Herra ritstjóri Heimskringlu!

Af því það er svo langt síðan nokkuð hefir sést héðan í blöðunum, langar mig til að biðja þig, að ljá þessum línum rúm í þinu heiðraða blaði.

Mér þykir leiðinlegt, að Mikley skuli vera eins og olnbogabarn, að hennar skuli ekki vera getið að neinu, fremur en hún sé engin til.

Það er þá fyrst að byrja á almennum fréttum. Hér hefir verið afbragðstíð í vetur, oftast hreinviðri og frost. Snjór fell hér talsverður í desember, en mjög lítill síðan. Frostið hefir stigið hér hæst 42 stig á F., en ekki var það nema einn dag. Fiskafli hefir verið hér í meðallagi; héðan munu vera farin til markaðar 30 tímæki þennan vetur, enda er nú fiskitíminn á enda, því hér er nálega fisklaust sem stendur, og kaupmenn farnir að láta illa við sumum sortum af fiskinum.

Líðan manna er hér með bezta móti. Heilsufar í bezta lagi, — að undanteknum nokkrum gamalmennum, sem elli er búin að koma á kné.

Þá er nú að minnast á félagslífið. Það mun eiga að heita í meðallagi, en ekkert þar yfir. Menn vinna hér þó saman í ýmsum félögum. Við höfum hér Lestrarfélag með 32 meðlimi. Það er orðið 14 ára gamalt, og hafa allir, sem í því eru, verið einhuga í, að gera það sem fullkomnast, enda höfum við nú allmikið af íslenzkum bókum, og fáeinar enskar. — Kvenfélag er hér einnig starfandi. Það er elzta félagið á eyjunni, og var það stofnað í þeim tilgangi, að hjálpa þeim, sem bágt ættu, bæði einstaklingum og ýmsum félagsskap, sem myndast kynni til til heilla fyrir bygðina, og mun það hafa haldið þeirri stefnu sinni.

Helztu framfarir hér eru nokkur hús, sem hafa verið bygð á síðustu árum.

Helgi Tómasson, póstafgreiðslumaður á Hecla P.O., hefir komið sér upp stóru og vönduðu húsi. Það er eitt með stærstu og beztu húsum, sem bygð hafa verið í Nýja Íslandi, enda veitir honum ekki af því, þar sem hann hefir hæði greiðasölu og póststörf á hendi.

Hér er ein sögunarmylla, sem þeir Tómsons feðgar eiga. Hún er búin að vera hér í tvö ár. Sagt er að þeir ætli að "taka út" 30 þúsundir af trjábolum þennan vetur. Svo láta bændur einnig sæga eitthvað af við fyrir sig.

Við höfum á orði að byggja hér samkomuhús næsta sumar, ef einahagur leyfir og samtökfást nægileg, svo við getum tekið á móti leikflokkum, sem kynnu að heimsækja okkur úr öðrum plássum í komandi tíð, og jafnframt til þess, að við getum haldið okkar eigin samkomur, án þess að verða að fá lánað hús, sem ætlað er til annarar brúkunar.

Margt mætti segja meira í fréttum, en ég læt þetta nægja í bráð. — Ég vona, að einhver færari mér skrifi héðan fréttir næst, og bæti með því upp fákænsku mina.

P. S. Jakobsson.

ROBLIN HOTEL
115 Adelaide St. - - Winnipeg.
Bezta $1.50 á-dag hús í Vestur-Canada. Keyrsla ókeypis milli vagnstöðva og hússins á nóttu og degi. Aðhlynning hins bezta. Viðskifti Íslendinga óskast. William Ave. strætiskarið fer hjá húsinu.
O. ROY, eigandi.

SPÓNNÝTT HÓTEL
ALGERLEGA NÝTÍZKU
Hotel Majestic
John McDonald, eigandi.
James St. West, Rétt vestan við Main St. Winnipeg Telefón 4979
$1.50 á dag og þar yfir
Bandaríkja-snið
Alt sem hér er um hönd haft er af beztu tegund. Reynið oss.

MIDLAND HOTEL
285 Market St. Phone 3491
Nýtt hús, nýr húsbúnaður Fullar byrgðir af allskonar vönduðustu drykkjum og vindlum í hressingarstofunni. Gisting einn dollar á dag og þar yfir.
W. G. GOULD :: FRED. D. PETERS, Eigendur
WINNIPEG ::: ::: CANADA

Jimmy's HOTEL
Rétt á bak við Pósthúsið
Íslendingar ættu að reyna þetta gistihús. Í hressingarstofunni er sá eini íslenzki vínveitingamaður í Winnipeg.
James Thorpe, eigandi
Fyrrum eigandi Jimmy's Restaurant

The Dominion Bank
NOTRE DAME Ave. BRANCH Cor. Nena St.
VÉR GEFUM SÉRSTAK AN GAUM AÐ SPARISJÓÐS DEILDINNI. —
VEXTIR BORGAÐIR AF INNLÖGUM.
HÖFUÐSTÓLL - - - $3,983,392.38
SPARISJÓÐUR - - $5,300,000.00
A. E. PIERCY, MANAGER.

ar", bætti hún við með uppgerðar ró og fitlaði við eina af teskeiðunum.

"Hin framliðna hefir aldrei nefnt á nafn við mig nein atriði úr æfisögu sinni", mælti Felicitas rólega. Hún þóttist vita, að nú mundi hræðilegt óveður bíða biði sín. Og nú reið á, að taka því með ró.

"Það var þó leiðinlegt", mælti ríkisstjórafrúin og hristi hæðnislega höfuðið. — Roðinn var nú aftur kominn í andlit hennar. — Ég get dáðst að leikarahæfileikum yðar, Carólina! Yður hefir tekist prýðilega vel, að leyna þessum samgöngum. — — Kæri Jóhannes, sérðu enn þá eftir, að þú hefir dæmt ranglega lyndiseinkunnir þessarar manneskju?"

Þegar Felicitas alt í einu stóð í dyrunum, hafði prófessorinn staðnæmst frá sér numinn af undrun. — Orðin streymdu viðstöðulaust af vörum hennar, — djörf, tregablandin, þrungin af áhuga og krafti. — Henvar skarpvitri, hugsjónariki andi var aldrei lengi að ráða við sig, hvað gera skyldi, og hún hafði bersýnilega ætt sig í því, að gera orðatiltæki sín áhrifamikil. — Síðustu spurningu ríkisstjórafrúarinnar var látið ósvarað. — — Prófessorinn horfði stöðugt á Felicitas, og brosti, er hann sá, að hún þrátt fyrir stillingu sína hrökk saman við hæðnisörvar þær, er beint var til hennar.

"Var þetta leyndarmál yðar?" spurði hann og sneri sér að Felicitas.

"Já", mælti hún og augu hennar leiftruðu. — — Það var undarlegt, — en við hljóðminn af rödd hans, fanst henni hún ekki mundi standa ein sins liðs í heiminum, — í hinni óhjásneiðanlegu baráttu.

"Þér ætluðuð yður að búa hjá gömlu frænku, og það var hamingja sú, er þér áttuð í vændum?" spurði hann enníremur.

"Já".

Ef ríkisstjórafrúin hefði ekki alt af horft á

"svikadrósina" á þrepskildinum, þá hefði hún mátt hræðast, hve augu og alt andlit prófessorsins ljómaði af ánægju. — Spurningar og svör höfðu rekið hvað annað og tekið svo stuttan tíma, að frú Heilwig var ekki búin að ná sér enn. Hún sat eins og myndastytta á stól sínum, prjónarnir höfðu fallið úr höndum hennar, og snjóhvítur hnykillinn valt án þess nokkur veitti því eftirtekt fram á mitt gólf.

"Þetta eru góðar upplýsingar fyrir mig", mælti málfærslumaðurinn, og færði sig nær Feficitas: "Þér þurfið samt ekki að óttast, að ég fari að hnýsast inn í nein leyndarmál gömlu konunnar. Það dettur mér ekki í hug. — En ef til vill getið þér gefið mér upplýsingar um það, sem hvergi finst, en sem gamla konan kvaðst láta eftir sig?"

Guð almáttugur! Átti þá að yfirheyra hana viðvíkjandi silfurgripunum, er hvergi fundust? Hún fann sjálf, hvernig líkami hennar skalf og að hún náfölnaði. — Hún leit óttafull til jarðar, og líktist að öllu leyti þeim, er vonda samvizku hafa.

"Af því ég elska sönglistina og hefi safnað gömlum handritum, þá hefi ég verið í töluverðri æsingu síðan erfðaskráin var lesin upp", mælti málfærslumaðurinn eftir stutta þögn. Hann undraðist mjög breytinguna, er varð á hinni ungu stúlku við spursmál hans. — "Í erfðaskránni er talað um handritasafn, eftir marga fræga ljóðlagasmiði. Við höfum árangurslaust leitað eftir því. Margir hafa fullyrt, að hin framliðna hafi ekki verið með öllum mjalla, og þetta, sem hún tilnefnir, sé að eins heilaspuni hennar. — Hafið þér nokkurntíma séð safn þetta hjá gömlu konunni?" — —

"Já", mælti Felicitas. Henni létti stórum, er samtalið snerist í þessa átt, en um leið reiddist hún, er hún heyrði gömlu vinkonu sinni borið á brýn brjálsemi. — "Ég hefi séð hvert blað", bætti hún við.

"Var það stórt safn?"

"Það voru ljóðlög eftir öll fræg tónskáld, er uppi voru síðastliðna öld".

"En þetta ljóðlagasafn eftir Bach? Ég ímynda mér, að það sé einhver misskilningur, — og þó er það nefnt oft í erfðaskránni. Munið þér hvað stóð á titilblaði bókarinnar?" spurði málfærslumaðurinn og horfði með nánu athygli á hana.

"Já, ég man það", mælti hin unga stúlka. "Hin framliðna hefir þar einnig haft rétt fyrir sér. — Það var ofurlítil sönglagabók, — Jóhann Sebastian Bach samdi lögin fyrir smábæinn X..., og þau voru sungin í gamla ráðhússalnum. Fyrirsögnin var þannig: — "Kænska yfirvaldanna. — Um fyrirskipanir ölgerðarinnar"."

"Það er ómögulegt!" hrópaði málfærslumaðurinn. Hann næstum hörfaði undan, svo forviða varð hann að heyra alt þetta. — "Þetta ljóðlagasafn, sem er nokkurskonar goðafræði fyrir sönglistina, — er það þá til enn?"

"Það var skrifað með eiginhendi Bach" mælti Felicitas enníremur. — "Hann hafði gefið það einhverjum Gotthelf von Hirschsprung, og hin framliðna hafði fengið það að erfðum".

"Þetta eru ómetanlegar upplýsingar, — og nú skora ég á yður, að segja mér hvar allar þessar bækur eru".

Hún fann, að nú hafði hún gengið helzt til of langt, — að þessi spurning var sker, er hún hlyti að stranda á. Hún hafði reiðst svo, þá er Cordulu frænku var borið á brýn vitfirring, að hún hafði að eins hugsað um, að hreinsa minningu hennar undan þeirri ákæru, — og henni hafði ekki komið til hugar, hverjar afleiðingarnar yrðu. Nú varð hún að svara spurninqunni. Átti hún að ljúga? Nei, það var ómögulegt!

"Eftir því, sem mér er frekast kunnugt, er bókin ekki lengur til", mælti hún í lægri róm en hún hafði hingað til talað í.

"Ekki lengur til? Þér meinið víst, að þær hafa ekki lengur sitt fulla gildi?"

Felicitas þagði. Hún óskaði sér margar milur í burtu frá hinum áhugasama rannsóknardómara.

"Eða?" spurði hann felmstraður. — "Eða getur það skeð, að það sé búið að eyðileggja safnið? Ef svo er, þá verðið þér að segja mér, hvernig það hefir viljað til".

Hún var í vandræðum. — Þarna sat frú Heilwig, og ef hún segði nú frá öllu saman, myndi hún valda henni hneysu. — Hversu oft hafði þó ekki helnigirnin hrevít sér í brjósti hennar. Hún hafði álitið, að það yrði sér ánægja, ef hún einhverntíma gæti hefnt sín á þessum hjartalausa kvalara sínum og séð hann líða. Nú var tækifærið komið. Hún gat kært frú Heilwig um brot, er stríddi móti lögunum. — — En hún hafði ekki þekt sjálfa sig rétt, — hún gat ekki hefnt sín. — — Hún leit rétt í svip til óvinar sins, — og augu, er líktust mest tigrisdýrs augum, mættu hennar. En það skelfdi hana ekki.

"Ég var ekki viðstödd, þegar safnið var eyðilagt, og get því engar upplýsingar gefið um það", mælti hún, svo einbeittlega og djarflega, að auðheyrt var, að það hafði enga þýðingu, að spyrja hana neins frekar. — En þetta varð henni dýrt spaug, — því nú skall óveðrið á, er vofði yfir höfði hennar. Frú Heilwig var staðin upp. Hún studdi báðum höndum á borðið, og djöfullegur eldur brann úr augum hennar.

"Ræfilsskepnan þín! Vogar þú þér að þyrma mér", mælti hún skjálfandi af heift. "Þú leyfir þér að ímynda þér, að ég þurfi að hylja gerðir minar fyrir heiminum, og þú þurfi að breiða yfir þær! —

Sorgarleikur,

sem gerist á Íslandi, eftir Charles Rann Kennedy, og kallast "The Winter Feast", var leikinn í New York síðastliðinn nóvember, eftir því sem Wm. Winter segir í "Notable Theatrical Incidents af the Dramatic Season in New York".

Efnið á að sýna, hverju lýgi og svik geta til vegar komið. Hversu lýgin, þótt sögð fyrir löngu síðan, getur truflað og eyðilagt líf hinna saklausu sem seku.

Leikurinn fer fram að Þorkelsstöðum við Ísafjörð (Thorkelstead, Icefirth), að heimili Þorkels (Thorkel) vikings, að kveldi dags, milli kl. 7 og 10, 14. okt. 1020.

Þorkell átti son, sem hét Valbrandur (Valbrand) og fósturson nefndan Björn (Bjorn). Valbrandur var skáld, en Björn bermaður, og báðir fella ástarhug til stúlku sem heitir Herdis (Herdisa), en hún elskar Björn. Þorkell gamli fylgir syni sínum að málum og vill að hann giftist Herdisi. Í því skyni fer hann í víking og tekur Björn með sér. En er Herdis sér, hversu tigulegur Björn er í herbún ingi sínum, sýnir hún honum ást sína opinberlega við burtför þeirra — og þó Björn beinlínis bæði hennar ekki, þá voru þau samt svo gott sem trúlofuð.

Meðan þeir Þorkell og Björn eru í víking, hverfur Björn af völdum Þorkels, og er heim kemur, lýgur hann að Herdísi, og segir að Björn hafi talað fyrirlitlega og skoplega um ást hennar, svo útfallið varð, að hún giftist Valbr.

Áður en þetta skeði, hafði Þorkell áunnið sér hatur óþokka nokkurs, Ófeigs (Ufeig) að nafni, með því að veita honum áverka á höfuðið og stungu í brjóst, svo hægri handleggurinn varð aflvana. Ófeigur, sem fyrst var vikingur, svo goði og síðast prestur "hvita Krists", hugði til hefnda.

Ófeigur komst að ósannsögli Þorkels, og eftir 20 ár fer hann á fund Þorkels og kveðst muni segja Herdísi hið sanna, nema hann (Þorkell) gefi samþykki sitt til giftingar sona sinna við hans kyn. Við það bregst Þorkell reiður, grípur sverð sitt og fer heim til Ófeigs og drepur þar sjö sonu prests.

Um þessar mundir kemur Björn heim aftur, og við það verður sundurlyndi á heimilinu, afbrýðissemi og hatur spinst milli fóstbræðranna. Og Herdis krefst afsökunar af Birni fyrir þau móðgunarskilaboð, er hann hefði sent sér með Þorkeli.

Í fjarveru sinni hafði Björn tekið sér kvenmann ("a red woman"), og eignast með henni son nefndan Ólaf. Ólafur þessi kom til Íslands og hann og dóttir þeirra Valbr. og Herdísar, mjög frið stúlka, er Svanhildur hét, urðu hugfangin hvort af öðru.

Endirinn á öllu þessu varð, að Valbrandur drap Björn, Ólafur framdi sjálfsmorð og Svanhildur fell dauð ofan á lík Ólafs. Valbr. varð svo óður út af öllu saman, og drekti sér, en Herdís dó af sorg. Þorkell gamli vikingur varð einn eftir til að njóta ávaxta lyga sinna.

Leikurinn er í fimm þáttum, og er í bundnu máli, og sýnist mér vera nokkuð ribbaldaleg hugvekja. Enda segir Mr. Winter: "Að öllu leyti var sorgarleikur Mr. Kennedy's vel leikinn, en væri hann styttri og ekki eins hræðilegur að manndrápum, þá mætti telja hann með því betra, sem nýlega hefir verið borið fram".

Þetta er lauslega þýtt úr "The Pacific Monthly".

Tíðarfar hér vestra er fremur stirt, stöðugir umhleypingar. — Þetta er einhver sá örðugasti vetur, sem komið hefir síðan ég flutti hingað fyrir átta árum síðan. — Annars líður Íslendingum hér fremur vel, og félagslíf er hið ákjósanlegasta, — messað í hverjum mánuði. Séra Jónas A. Sigurðsson prédikar fyrir okkur, og erum við Seattle Íslendingar næsta hepnir, að hafa annan eins snilling og prúðmenni hjá okkur eins og séra Jónas er. Hann er æfinlega reiðubúinn að hjálpa í hvívetna.

Svo má telja Goodtemplar stúkuna Ísland, lestrarfélagið Vestra og leikfélag Íslendinga í Seattle. Sérhvert þessara félaga ræktar sitt starf með mestu alúð, svo að sómi er að.

Þann 6. þ.m. var leikurinn Hermannaglettur leikinn í samkomusal Íslendinga í Ballard, fyrir fullu húsi, og þótti hin bezta skemtun. Þessi léku: Miss Grace Bjarnason, Skúli Bergman, Jón Eiríksson Vog, Jónatan Steinberg, Pétur Hallgrímsson, Ólafur Ólafsson og Sigurður Magnússon. Lék hver um sig prýðisvel, enda var það gert undir umsjón leiksnillingsins Sigurðar Magnússonar, sem er, eins og allir vita, sem þekkja hann, einhver sá fæsti allra Íslendinga í þeirri list. Þá lék og Orchestra O. J. Hallgrímssonar á undan og eftir, en Gunnar Matthíasson söng á milli þátta, svo unun var að hevra. Herra Matthíasson er óefað okkar langbezti baryton hér vestan hafs, og er mikið sagt, því margir eru velhæfir í Winnipeg og víðar. Hann er og í miklu afhaldi meðal innlendra í Seattle.

Olalla, Wash., 19. febr. '09.

H. Sigurður Helgason.

Fréttabréf.

BLAINE, WASH.
15. febr. 1909.

Veturinn hefir verið fremur kaldur, en í minna lagi rigningar. — Þann 4. jan. hleypti í hörkufrost, með stórviðri, sem hélst hátt á aðra viku. Þá féll snjór, sem lá rúma viku. Síðan óstöðug veðráttа fram að miðjum þessum mánuði, en nú er búist við vor veðráttu.

Herra Magnús Jónsson, fyrrum í Argyle bygð, nú búsettur í Blaine, hélt fyrirlestur hér um daginn "Um gildi lífsins", og hlust uðu allir á hann með athygli. En hvar fræið hefir fallið, veit ég ekki, en enginn efi er á því, að það var hæfilegt fyrir góðan jarðveg, — kemur máske upp af því eftir hæfilegan tíma, — þegar loftslagið hlýnar.

Það er svo ömurlega ástatt með oss hér á Ströndinni, að hver hugsar fyrir sig eingöngu, undantekningarlitið, og hlýtur margur að finna sárt til hins einkennilega galla á þjóðernis-viðhalds tilraunum vorum. Allir erum vér stoltir af því, að vera Íslendingar, en hver rorrar í sínu horni. Og þegar blöðin koma, kemur glampi í augun og höndin hrísar blaðið með meiri áfergju, en nokkurn annan hlut, sem að gæti borið.

Íslenzk kona, Ólöf Alexander, 45 ára gömul, kona Benjamins Alexander, dó að heimili sínu í Bellingham aðfaranótt 14. þ.m., eftir 16 ára veikindi. Var hún jarðsungin þann 14. þ,m, af séra Jónasi A. Sigurðssyni.

Óislenzk umhugsunarefni vor hér eru ýmisleg, svo sem nútiðar og framtiðar atvinnuvegir. Nokkrir landar stunda hér vinnu við þakspónsmyllurnar, og ekki ólíklegt, að nokkrir af unglingunum hafi hugsað sér, að taka þá tegund atvinnu, með því að hún er betur borguð en flest önnur vinna. En svo er nú annað upp á teningnum, þar sem búið er að finna upp og reyna vél, sem gerir helfing þeirrar vinnu. Vél þessi raðar spæninum (býr til bindin), neglir utan um þau og kastar á vagn, sem stendur á hentugum stað fyrir móttöku þeirra. Og er fullyrt af mismunandi fagmönnum, að vélin sé áreiðanleg. Vélin raðar 250,000 spónum á dag. Það er 6 manna verk. Kostnaðurinn verður kringum hálft cent á þúsundið, sem með handvinnu kostar frá 8½ til 11 cent á þúsundið. Þannig sparar vélin með þessum afköstum $500 á mánuði.

Búskapurinn er umhugsunarefni margra, og er aldinaræktin helzti liðurinn. Aldingarðarnir eru aðdáunarverðir hér á sumrin, og gefa mesta framtiðarvon.

Stjórnarskýrslur sýna, að á árinu 1908 voru í Washington ríkinu seld aldini svo nam $6,208,934.40. Af því voru epli seld upp á $3,379,965.40. Meðalverð eplanna var $1.40 kassinn, stórkaupsverð.

Land er óðum að hækka í verði. Og er ekki furða, þótt menn vilji fá nokkuð mikið fyrir ræktuðu ekrurnar sínar, þéttsettar aldintrjám, ef það hefir við rök að styðjast, sem ferðamaður hefir skrifað héðan úr ríkinu, að eplin seljist á $2.00 til $2.75 kassinn. Í einum aldingarðinum, segir hann, er nú verið að tína frá tólf til fimtán kassa af trénu, og trén eru að eins sjö ára gömul, — 80 tré á ekrunni, 15 kassar af trénu, $2.00 kassinn, gerir $2,400.00 af ekrunni. Þessi garður verður orðinn tvöfaldur við þetta að uppskerumagni eftir fimm ár hér frá, bætir hann við.

Þetta þykir máske öfgalegt, en ég trúi því betur en sumu öðru, sem álitið er, að ég ætti að trúa.

J. Hannesson.

YFIRLÝSING.

Ritstjóri Heimskringlu!

Viltu gera svo vel, að taka eftir farandi línur upp í blað þitt:

Mrs. Margrét Benediktsson hefir tekið leyfi hjá sjálfri sér til að setja vísu orta af mér í sjötta nr. Freyju. Þetta hefði nú máske verið fyrirgefanlegt, ef vísan hefði verið höfð rétt, því það þarf ekki nema eitt orð rangt til þess að hagga meiningu og slíta afleiðing frá orsök, og það hefði Mrs. Benediktsson átt að finna, sem er bæði skynsöm og skáldmælt kona. Og víst hefði það verið réttari aðferð af Mrs. M. B., að leita leyfis mins til að setja vísuna í Freyju.

Ef ég hefði ætlað að láta prenta vísuna, þá hefði ég sent hana til Heimskringlu, af þeirri einföldu ástæðu, að mér líkar það blað bezt af öllum íslenzkum blöðum hér vestan hafs.

Eftirfylgjandi vísa er ort um kosningaleytið í haust, er ég gekk fram hjá hóteli:

Hér er trylling öls við ós
inni, af fylliswínum.
Mörg því villu loga ljós
á leyni hillum þínum.

Mrs. Benediktsson hefir það: — "ótal villu loga ljós", sem er skakt.

Selkirk, 23. Febr. 1909.

Mrs. Nanna Anderson.

Úr Eddu.

Þú hræsnislausa, horína goðatrú
æ hreysti, frægð og manndáð unnir þú,
en slægð og pretti léstu aldrei líðast, —
og Loka sjálfan fékstu bundið síðast.

Já, hann nú liggur hörðum fjötrum í.
En hvaða gagn er mönnum samt í því,
þar enn þá ganga Lokar hlið við Loka
og Loka-ráðum sýnist áfram þoka?

Og Yggdrasils, hið alheims mikla tré,
það enn þá stendur, gamalt nú þó sé,
og alt af lifi Niðhöggur og nagi
að neðan rót þess, — bara hann ekki sagi.

Frá Urðarbrunni ganga gyðjur þrjár,
með gullifegra sitt og slegið hár,
að vökva tréð með vatni himinkláru, —
alt verður hvitt af þeirri helgu báru.

Þær ættu að vökva óspart niðri hér,
því undarlega margur dökkur er,
og gera okkur ofurlítið hvíta, —
því annars verður skrítið suma að lita.

Og Mímir, karlinn, ætti að senda oss, —
nei, ekki lítin, heldur stóran foss
úr sínum brunni. Það er þörf á honum,
því þurkasamt er oft á hásléttunum.

JÓNAS J. DANÍELSSON

DR. H. R. ROSS
C.P.R. meðala- og skurðlækuir.
Sjúkdómum kvenna og barna veitt sérstök umönnun.
WYNYARD, — SASK.

K-J-Ö-T.
"Ef það kemur frá Johnson, þá er það gott"
C. G. JOHNSON, Kjötsali,
301 Sherbrooke St. Talsími 2681.

Russell A. Thompson and Co.,
Cor. Sargent & Maryland St.
Selja allskonar MATVÖRU af beztu tegund með lægsta verði. Sérstakt vöruúrval nú þessa viku Vér óskum að Íslendingar vildu koma og skoða vörurnar. Hvergi betri né ódýrari.—
Munið staðinn:—
HORNI SARGENT AVE. OG MARYLAND ST.
PHONE 3112.

Með því að biðja sérlega um "T. L. CIGAR," þá ertu viss að fá ágætan vindil.
T.L.
Smoke the T. L. CIGAR
(UNION MADE)
Western Cigar Factory
Thomas Lee, eigandi Winnipeg

Redwood Lager og Extra Porter
Styrkið taugarnar með því að drekka eitt staup af öðrum hvorum þessum ágæta heimilis bjór, á undan hverri máltíð. — Reynið !!
EDWARD L. DREWRY Manufacturer & Importer Winnipeg, Canada.

Department of Agriculture and Immigration.
MANITOBA
Þetta fylki hefir 41,169,089 ekrur lands, 6,019,200 ekrur eru vötn, sem velta landinu raka til akuryrkjuþarfa. Þess vegna höfum vér jafnan nægan raka til uppskeru tryggingar.
Ennþá eru 25 miliónir ekrur óteknar, sem fá má með heimilisrétti eða kaupum.
Íbúatala árið 1901 var 255,211, nu er nún orðin 400,000 manns, hefir nálega tvöfaldast á 7 árum.
Íbúatala Winnipeg borgar árið 1901 var 42,240, en nú um 115 þúsundir, hefir meir en tvöfaldast á 7 árum.
Flutningstæki eru nú sem næst fullkomin, 3516 mílur járnbrauta eru í fylkinu, sem allar liggja út frá Winnipeg. Þrjár þverlandsbrauta lestir fara daglega frá Winnipeg, og innan fárra mánaða verða þær 5 talsins, þegar Grand Trunk Pacific og Canadian Northern bætast við.
Framför fylkisins er sjáanleg hvar sem litið er. Þér ættuð að taka þar bólfestu. Ekkert annað land getur sýnt sama vöxt á sama timabili.
TIL FERDAMANNA:
Farið ekki framhjá Winnipeg, án þess að grenslast um stjórn ar og járnbrautarlönd til sölu, og útvega yður fullkomnar upplýsingar um heimilisréttarlönd og fjárgróða möguleika.
R. P. ROBLIN.
Stjórnarformaður og Akuryrkjumála Ráðgjafi.
Skrifið eftir upplýsingum til
Joseph Burke, 178 LOGAN AVE., WINNIPEG.
Jas Hartney, 77 YORK ST., TORONTO.

Þú!" — hún sneri sér með fyrirlitningu við og leit drembilega og kuldalega á málfærslumanninn. — — "Eiginlega er ég nú vön að eins að standa guði reikningsskap gerða minna", bætti hún við, — "alt, sem ég geri, skeður í nafni hans og hans heilögu kirkju til vegsemdar og viðurhalds. En samt sem áður skuluð þér fá að vita, hvað orðið er af þessum dýrmætu bókum, — að eins af þeirri ástæðu, að þessi manneskja skal ekki eitt augnablik standa í þeirri trú, að ég standi í neinni skuld eða sé í vitorði með henni um nokkurn skapaðan hlut. — Hin framliðna, Cordula Heilwig var guðlaus — eiliflega töpuð sál. Sá, sem ber í bætifláka fyrir hana, sýnir að eins, að hann er jafn afvegaleiddur sjálfur. — Í staðinn fyrir, að biðja guð um náð og miskunn kæfði hún röddu samvizkunnar með veraldlegum söng, — gegnsósuðum af siðspillandi galgopaskap. Já, meira að segja, sjálfan sunnudaginn vanhelgaði hún mitt kyrláta heimili með hinu syndsamlega athæfi sínu. Þarna sat hún allan daginn fyrir framan þessar óhappaskræður, — og því meira, sem hún sókti sér niður í þær, því drambsamari og verri viðureignar varð hún. — Ég reyndi alt sem ég gat til að leiða hana á réttan veg, en ekkert dugði. Upp frá þeim tíma var það mín innilegasta ósk, að eyðileggja þessi mannaverk, sem guð á engan þátt í, og sem tæla sálirnar burtu frá hinum sanna frelsisvegi. — — Ég hefi því brent þessi blöð, Frank minn góður!"

Síðustu orðin mælti hún hátt og sem sigrihrósandi.

"Mamma!" hrópaði prófessorinn agndofa og gekk í áttina til hennar.

"Nú! nú! sonur minn", mælti hún og rétti enn betur úr sér, og bandaði með hendinni í áttina til hans. Þú ætlar víst að ávíta mig fyrir, að ég hafi rænt þig og Nathanael þessum dýrmæta arfi", bætti

hún við hæðnislega. — "Vertu alveg rólegur, — ég hefi fyrir löngu síðan ásett mér, að borga ykkur úr minum eigin sjóði þessa fáu dali, er bækurnar hafa kostað, — og þið hafið engan skaða á skiftunum".

"Þessa fáu dali!" endurtók málfærslumaðurinn skjálfandi af reiði. — "Frú Heilwig! Þér fáið þá ánægju, að mega borga sonum yðar fimm þúsund ríkisdali!"

"Fimm þúsund ríkisdali!" mælti frú Heilwig og rak upp kuldahlátur. — "það væri hlægilegt. — Þessi gömlu, mygluðu blöð! — Gerið þér sjálfan yður ekki hlægilegan, kæri Frank".

"Þessi gömlu, mygluðu blöð, þau verða yður dýrt spaug", mælti ungi maðurinn og reyndi að stilla sig sem bezt hann gat. — "Strax á morgun skal ég sýna yður skjal, þar sem hin framliðna hefir skrifað, hvers virði safnið sé, og það er fimm þúsund ríkisdalir, — að ljóðlagasafni Bachs undanskildu. — Þér hljótið að skilja það, frú Heilwig, að þér hafið stofnað yður í stóran vanda með því, að eyðileggja þessar ómetanlegu bækur. — Og viðvíkjandi Hirschsprung erfingjunum er ómögulegt að segja um, hvað af þessu getur leitt". Í reiði sinni sló hann hendinni á enni sér. — "Það er ótrúlegt", mælti hann. — "Jóhannes, — manstu eftir samtali okkar fyrir nokkrum vikum síðan? Þetta atvik er það bezta til að færa þér heim sanninn fyrir því, að ég hafði rétt fyrir mér".

Prófessorinn svaraði engu. Hann hafði gengið að glugganum og horfði út um hann. Það var því ómögulegt að sjá, hvort honum fell miður eða ekki, að heyra minst á sannanir þær, er vinur hans í reiði sinni slengdi honum í andlitið.

Eitt augnablik leit út fyrir, að frú Heilwig sæi, að hún hafði ekki farið hyggilega að ráði sínu, og mörg óþægindi myndu af þessu uppþoti leiða. Sjálf-

byrgingsskapurinn og þóttasvipurinn hvarf af andliti hennar, og hún reyndi, án þess henni tækist það, að viðhalda hæðnisbrosinu gamla. En hvernig átti hún að varast þetta, — að ímynda sér, að hún þyrfti nokkurntíma að iðrast gerða sinna. Alt, sem hún gerði, var gert guðsnafni til dýrðar. Það var því ómögulegt, að hið minsta smáatriði væri rangt. — Hún náði sér því brátt aftur.

"Ég vil minna yður á það, sem þér sjálfur sögðuð áðan, herra málfærslumaður", mælti hún kuldalega og drembilega. — "Fólk hefir rétt fyrir sér, er það álitur, að hin framliðna hafi ekki verið með öllu viti, — og mér veitist víst ekki erfitt, að koma með nægar sannanir fyrir því, að svo hafi verið. Hver getur sagt um það, hvort þessi blátt áfram hlægilega peninga upphæð sé ekki skrifuð niður í vitleysiskasti?"

"Ég!" hrópaði Felicitas fljótt og einarðlega, — rödd hennar skalf þó ofurlítið af geðshræringunni. — "Meðan mér er unt, skal ég verja hina framliðnu fyrir þessum árásum, frú Heilwig. — Ef til vill hefir enginn hugsað skarpara og skýrara en hún. Verið getur, að orð mín verði ekki tekin trúanleg. En ef yður tekst, að ónýta öll þau sannanagögn, er mæla með því, að hún hafi haft óskerta sálarkrafta, — mun ég leiða í ljós blaðahylkin, er bækurnar voru í. — Ég hefi varðveitt þau. — Innan á hverju hylki stendur, hvaða bók hafi í því verið og hvers virði hún var. Sömuleiðis er þar nákvæmlega tekið fram af hverjum þær hafi verið keyptar, og hve mikið var gefið fyrir þær".

"Sjáum til! — Ég hefi svei mér alið upp ágætt vitni á móti mér!" mælti frú Heilwig hörkulega. — "En nú skal ég rannsaka þetta betur. — Þú hefir þá vogað þér daglega í mörg ár, gð fara í kring um mig með makalausri ósvífni! — Þú borðaðir mitt

brauð á sama tíma sem þú smánaðir mig, þegar ég ekki sá til. — Þú hefðir þó orðið að ganga betlandi og snikjandi manna á milli, ef ég hefði ekki veitt þér húsaskjól. — Burt frá augunum á mér, ærulausa svikadrósin þín!"

Felicitas hreyfði sig ekki. Það sýndist eins og hún yrði hærri, er skömmunum rigndi yfir hana. — Andlit hennar var fölt sem nár, — en aldrei hafði það borið jafn ljósan vott um kjark og hugrekki hennar eins og einmitt nú.

"Að þér ásakið mig fyrir að blekkja yður, — það á ég skilið", mælti hún stillilega. "Af ásettu ráði hefi ég þagað, og mundi heldur hafa þolað misþyrmingar, en að ljósta þessu upp með einu orði. — Það er satt. — En að öðru leyti stóð ásetningur minn á veikum fæti. — Að eins eitt hlýlegt og innilegt orð af vörum yðar, frú Heilwig, myndi hafa kollvarpað honum, því mér var mjög á móti skapi, að þurfa að leyna gerðum mínum. — En syndsamlegt athæfi var það ekki. — Hver myndi kalla fyrstu samkomu kristinna manna því nafni, þá er þeir þrátt fyrir lög og bann komu leynilega saman? — Ég varð líka að frelsa sál mína". — Hún dróg þungt andann og horfði hvössum augum á frú Heilwig. — "Ég hefði verið sokkin niður í hið svartasta myrkur, ef ég hefði ekki fundið vernd og athvarf hjá hinni framliðnu. — Ég trúði ekki á hinn eilífa guð, sem refsigjarnan og óréttlátan dómara, — sem þolir helviti við hlið sér og ginnir börn sín til hins illa, — að eins til að reyna þau, og þar á eftir að hegna þeim. Þennan guð ákallið þér, frú Heilwig. — En hin framliðna kendi mér að þekkja hann, sem að eins er kærleikur, visdómur og náð, og sem ríkir yfir himin og jörð! — — Lönguninötil að læra, — lærdómsfýsnin var rótfest í hjarta mínu alt frá barnæsku, og þó þér, frú Heilwig, hefðuð svelt mig í hel, — þá hefði það ekki ver-

Starfsemi Góðtemplara.

Útrýming áfengra drykkja er eitt af stærstu áhugamálum góðra manna og kvenna á yfirstandandi tíma. Fjölda mörg félög, með mismunandi nöfnum, en sama takmarki, starfa af kappi miklu og áhuga að því, að takmarka veldi Bakkusar, og eyðileggja hann með öllu, þar sem því verður viðkomið. Láta þennan forna fjanda mannkynsins verða að nátt-trölli. Árlega vex óðfluga í öllum löndum tala þess fólks, sem berst fyrir þessu. Bindindishreyfingin fer eins og eldur í sinu, meðal allra þjóða. Sumstaðar er nú þegar komið að síðasta takmarkinu: algerðri útrýmingu áfengis, t. d. á Íslandi og Finnlandi. Við Íslendingar þekkjum aðallega eitt af þessum bindindisfélögum, Góðtemplara félagið. Í því félagi hafa Íslendingar starfað vel, bæði austan hafs og vestan. — Stórstúka Manitoba og Norðvesturlandsins hefir nú nýlega haldið sitt árlega þing hér í borginni. Alt bindindisfólk íslenzkt vest an hafs tilheyrir þeirri stórstúku, og Íslendingar hafa lengi átt sæti í framkvæmdarnefnd hennar.

Stórstúku þingið var sett þriðju dagskveldið þann 16. þ.m., að viðstöddum 200 manns, er flest voru erindrekar frá undirstúkum. Stórkanslari Mr. Low, frá Roland, Man., stýrði þinginu, í forföllum Stórtemplara séra Runólfs Marteinssonar á Gimli, er ekki gat mætt. Séra Runólfur sendi skýrslu til þingsins, um starfið á síðasta ári, og athuganir viðvíkjandi starfinu í framtíðinni. Hann minntist á löggjöf síðasta fylkisþings, er gefur sveitunum vald til að ráða, hvort vínsala skuli leyfð í sveitunum eða ekki, með meiri hluta atkvæða. Hann fann að þeim lögum, að beiðnin um, að atkvæðagreiðslan skuli fram fara, þarf samkvæmt þeim, að fara fyrir fund sveitanefndarinnar. Vildi láta hana að eins fara til sveitarskrifarans. Sveitanefndirnar héldu fundi mjög strjála á sumrin og haustin, og ef þær væru á móti vínsölubanni sjálfar, þá væri þeim innan handar að halda enga fundi, og stinga málinu þann veg undir stól.

Þessu ákvæði laganna ætti að breyta, svo sveitastjórnirnar gætu ekki á neinn hátt hindrað, að atkvæðagreiðslan færi fram, ef um hana væri beðið.

Skýrsla stórritara sýndi, að á árinu sem leið hafa verið stofnaðar 15 undirstúkur og ein umdæmisstúka. Undirstúkur eru nú 46 að tölu og meðlimir 1855. Unglingastúkur eru 7, með 382 meðlimum. Íslenzka unglingastúkan hér í Winnipeg er langstærst, hefir mikið á annað hundrað meðlimi, og vex óðum. Enda hefir hún haft ágæta fyrirliða, sem mjög hafa látið sér ant um vöxt hennar og viðgang, þær Mrs. Gróu Brynjólfsson, Mrs. Guðrúnu Skaptason, Mrs. Ásu Sveinsson, Mrs. Gróu Pálmason, Miss Þóru Johnson o.fl. Að kenna unglingunum strax að berjast fyrir útrýmingu áfengis, er einn hinn stærsti þáttur bindindis starfseminnar.

Stórstúkan hefir haft mann til að ferðast um og útbreiða regluna nú í sl. 3 mánuði. Hann hefir ferðast einkum um Alberta fylkið. — Þess utan sendi stórstúkan menn í ýmsar sveitir í haust til að tala fyrir vínsölubanni, áður en atkvæðagreiðslan fór fram, og hafði það góðan árangur. Atkvæðagreiðsla fór fram í 28 sveitum, og vínsölubannið fór í gegn í 9 af þeim. Allar þær sveitir, er höfðu haft vínsölubann áður og greiddu atkvæði um það aftur, voru eindregið með því áfram, utan ein (Kildonan), en þar réðu úrslitum áhrif frá Winnipeg búum, sem eiga þar eignir, og hafa þar því atkv. Mælt er, að 90 prósent af sveitarbúum sjálfum hafi verið með banninu. Nú eru 35 sveitir í Manitoba, sem hafa vínsölubann. Þeim fjölgar árlega um einn tug eða nálægt því.

Fjögur hundruð dollurum hefir stórstúkan varið til bindindis útbreiðslu á árinu, en í sjóði átti hún nú $189.00. Á árinu var stofnuð ríkis-stórstúka, er nær yfir alt Canadaveldi. Hún heldur næsta þing sitt í Winnipeg árið 1910.

Fulltrúi stórstúkunnar, er sendur var á Alheimsstúku þingið í Washington sl. sumar, Mrs. Guðrún Búason, gaf mjög fróðlega skýrslu um vöxt og ástand Góðtemplara reglunnar yfir heim allan um. Í Bahdaríkjunum eru 1224 undirstúkur með 50,297 meðlim. Innan reglunnar eru nú 34,684 unglingastúkur með 239,586 meðlimum. Í Canada 328 stúkur með 15,787 meðlimum. Á Englandi 2662 stúkur með 140,772 meðlimum. Í Evrópu (meginlandinu, Ísland talið þar með) 4016 stúkur með 260,099 meðlimum. Í Ástralíu 365 st. með 15,089 meðlimum. Í Asíu 120 stúkur með 5,371 meðlimum. Í Afríku 200 stúkur með 10,949 meðlimum. — Árlega vex tala stúkna um mörg hundruð, og meðlimafjöldi um marga tugi þúsunda.

Með merkilegri lagabreytingum, er fram komu á Alheimsstúkuþinginu, var sú, að stórstúkum væri heimilt, að búa til nýja siðbók. — Megn óánægja hefir orðið á síðari árum út af trúarbragðastagli því, sem er í þeim siðbókum, sem nú eru til. Sérstaklega voru það Svíar, sem hreyfðu þessu máli. Þeir hótuðu, að fara alveg úr sambandi við regluna, ef þeir fengju ekki siðbók, sem þeim líkaði. Nú hafa þeir samið uppkast að nýrri siðbók, þar sem trúarbragða atriði eru ekki nefnd á nafn. Engar biblíuklausur eða því um likt. — Framvegis verða siðbækurnar því tvær, að líkindum. Réttrúnaðarmenn brúka þá bók, sem nú er, en frjálstrúarmenn nýju bókina.

Síðasta daginn, sem stórstúkuþingið stóð yfir, sendi það nefnd manna og kvenna, ásamt öðrum bindindisfélögum hér í borginni, til viðtals við Manitobaþingið, til að bera þá beiðni fram við það, að samin væru lög, er bönnuðu að hafa "Bar rooms" í hótelum. — Sendinefndin frá félögunum var svo stór, að þinghúsið fyltist svo, að maður stóð við mann (nálega 1600 manns). Roblin stjórnarformaður og þingmenn allflestir, þar á meðal T. H. Johnson (Sigtryggur sást ekki) tóku á móti nefndinni í þingsalnum. Þrir karlmenn og einn kvenmaður fluttu ræður, af hálfu bindindismanna, en Roblin stjórnarformaður svaraði fyrir hönd stjórnarinnar og þingsins Svar hans var mjög óákveðið, og á huldu. Kvaðst hann sjálfur — og sama mundi vera um þingið — vilja verða við beiðni bindindismanna, ef fólkið vildi fylgja sér í því máli. Auðvitað getur hann og þingið varið sig með því, að ekki sé víst, hve stór hluti fólksins óski eftir takmörkun á vínsölu. — Þess vegna er afar-áríðandi, að bindindismenn krefjist þess sem fyrst, að almenn leynileg atkvæðagreiðsla fari fram um þetta, eins og gert var á Íslandi í haust. Þá sést hinn sanni vilji fólksins. Þá getur engin stjórn eða þing haft sér það til afsökunar, að ekki sé víst, hvoru megin fólkið sé í þessu máli. Þá verður þing og stjórn, að láta að vilja meiri hluta ans, nema því að eins að þjóðræðið sé brotið á bak aftur, en það mundi ekki líðast til lengdar. — Annars sýnist vera svo, að þingmenn hér í landi hafi annað fyrir markmið, með því að ná í þingsæti, en að vinna að iafnmiklu velferðarmáli og bindindismálið er. Stórgæzlumaður kosninga kvaðst hafa ritað öllum þingmönnum í Manitoba, Saskatchewan og Alberta, — þeir munu vera um 120, — og beðið þá um álit þeirra á tindindismálinu, ásamt því, að fylgja því fram á þingunum, en að eins tveir höfðu svarað. Tveir þingmenn af 120 virða embættismenn stórstúkunnar svars, — hinir ekki. Eitthvað þarf þetta að breytast, ef vel á að vera.

Embættismenn stórstúkunnar fyrir næsta ár voru kosnir þessir:

Stórtemplari Mr. C. Colvin, Winnipeg.

Stórkanslari G. G. Wilson, Ninga, Man.

Stórvaratemplar Mrs. Scott, Winnipeg (endurkosin).

Stórritari Mrs. Guðrún Búason, Winnipeg, endurkosin.

Stórgjaldkeri Mr. B. M. Long, Winnipeg.

Stórgæzlumaður kosninga Mr. A. S. Bardal, Winnipeg.

Stórkapelán Mrs. Cameron, Winnipeg.

Stórgæzlumaður Ungtemplara — Mrs. Guðrún Skaptason, Winnipeg (endurkosin).

Stórdróttseti Mr. M. Hagg, Winnipeg (endurkosinn).

Stórinnvörður Mr. Guðbrandur Árnason, frá Sask.

Umboðsmaður Alheims stúkunnar Mr. H. Hutchson, W'peg.

Stórgæzlumaður kapplestra (Contests) Mr. W. Holt, Winnipeg.

Mjög fjölmenn samkoma var haldin þinglokakveldið í Westminster kirkjunni á Notre Dame Ave. Prógrammið var söngur og kapplestrar. Gullmedaliuna fyrir kapplestur fékk þá Miss R. Swanson, dóttir Swansons málara. Ennfremur var útbýtt gjöfum, bæði frá stórstúkunni og einstökum mönnum, til þeirra unglingastúkna og unglinga, er bezt höfðu unnið á árinu.

Mr. Skapti B. Brynjólfsson, Mrs. G. Búason og Mrs. G. Skaptason höfðu fyrir ári síðan heitið verðlaunum, er væru frá $4.00—$5.00 virði, þeim ungum stúlkum, er kæmu með flesta meðlimi á árinu í barnastúkuna. Þessi verðlaun unnu þær Hanna Blöndal, Jónina Friðfinnsson og G. Johnson.

Stórstúkuþingið ákvað að gefa stórritara Mrs. G. Búason ritvél (Typewriter) í þakklætisskyni fyrir velunnið starf. Hún hefir nú í 8 ár verið stórritari, og leyst það starf snildarlega af hendi, svo vel, að fáir karlmenn mundu hafa gert það eins vel eða betur. Vonandi er að gefendurnir athugi, að Mrs. G. Búason er íslenzk, og gefi henni þá ritvél (Remington), sem ein allra ritvéla sinnir kröfum móðurmáls okkar, með því að hafa alla stafi þess, svo eins vel má rita með þeim á hreinni og góðri íslenzku og ensku. Þær ritvélar kosta nál. $125.00.

Þinginu var slitið á fimtudagskveldið 18. í.m.

(Meira).

A. J. JOHNSON.

Fréttabréf.

SEATTLE, WASH.
24. febrúar 1909.

Herra ritstjóri!

Í allra mesta flýti hripa ég þér fáar línur, en lofa bót og betrun um ítarlegra bréf bráðlega.

Tíðin hefir verið mikið fremur stirð. Síðan frostunum og snjókomunni lauk, hefir verið mikið um rigningu og storma. Raunar er það nú ekki nýnæmi, að rigni hér vestra um þetta leyti árs, en kalsinn hefir verið óvanalegur.

Atvinna hefir verið með betra móti, heilsufar einnig, og ekki man ég til, að neinn hafi látist af löndum síðan ég skrifaði síðast. — Jú, það er satt: Á jóladagskveld varð Íslendingur fyrir járnbrautarlest hér í Seattle, og beið bana af. Hann nefndi sig John Gunderson, en mun hafa heitið Guðjón Guðjónsson. Hann mun hafa þekt mjög fáa Íslendinga hér, og líklega engan, og fáir eða engir þekt hann aðrir en Jakob Bjarnason lögregluþjónn, sem sagði mér frá þessum manni. Hafði Bjarnason veitt honum eftirtekt í haust, og áleit hann mundu vera einn af hinum miður æskilegu borgurum, sem Seattle hefir svo mikið af, ekki sizt á vetrum, þar eð hann hélt sig mest á veitingahúsum og þar í kring, og svo vitist ytra útlit hans að öllu leyti benda til þess. Bjarnason tók hann því eitt sinn tali, og fékk þá að vita nafn hans og þjóðerni, án þess þó að Bjarnason léti uppi, hverrar þjóðar hann væri sjálfur. Kvaðst hann ættaður af Landinu í Rangárvallasýslu (Bakkalæk?), og eiga bróður, sem Magnús héti, og systur, sem væri gift kona við Faxaflóa. Hafði farið að heiman nálægt tvítugu með skipbrotsmönnum frá Hafnarfirði, og líklega þó huldu höfði. Dvaldi lengi í Kaliforníu, sem matreiðslumaður aðallega, fór síðan til Alaska, og stundaði sömu atvinnu. Kól þar á fótum og var síðan tekinn fastur, kærður fyrir einhver afbrot, en kvaðst hafa verið saklaus og enda aldrei sekur fundinn. En eftir það kvaðst hann aldrei hafa borið sitt barr. Á síðari árum kvaðst hann fleyta fram lífinu með því, að gera ýms viðvik hér og þar. — Á jóladaginn sá Bjarnason hann, og þá litið eitt við öl, og þegar svo frá slysi þessu var skýrt, sem vildi til um kveldið, þá fór Bjarnason og skoðaði líkið, og sá, að þar var maður hinn sami.

Goodtemplara stúkan Ísland dafnar vel og fjölgar meðlimum. Munu þeir nú nær 50.

Þá var leikinn hér sjónleikur 6. febr. Hann heitir "Hermanna glettur", og kannast margir við hann. (Þú horfðir á okkur leika hann í Winnipeg, man ég, veturinn 1902—3). Leikurinn þótti takast vel yfirleitt hér, er mér óhætt að fullyrða, held ég, þó mér sé skylt málið nokkuð. Til stendur, að við sýnum hann aftur þann 25. febr., og svo er í ráði, að sýna hann eitt kveld í Blaine, nálægt miðjum marz, í þeirri von, að Blaine-búar fjölmenni að sjá hann.

Það hefir verið býsna margbreytt innihaldið í Heimskringlu nú í seinni tíð, og margt hefi ég haft gaman af að lesa þar, en hörmulega vel sannar ritdeila þeirra Kristj. Á. Benediktssonar og A. J. Johnsons, hvað mönnum hættir undir eins við, að hlaupa í persónuleg meiðyrði, hvað lítið sem út af ber, og sem Stefán Thorson svo réttilega tekur fram í fyrirlestri sínum. En ég má nú ekki fjölyrða um þetta núna. — Það, sem áreiðanlega flestum hefir verið mest ánægja að lesa, er þó hinn glæsilegi námsferill Skúla Johnsons og allir hans yfirburðir. Það hlýtur hverjum sönnum Íslendingi að hlýna um hjarta, er les um Skúla eða heyrir, og óska honum allra heilla. Og sannarlega taka einnig margir undir hamingjuóskir til fóstra hans herra Thorsteinsons. — Eins og þeir mega varmenni heita, er þjóðflokki sínum vilja flest til smánar gera, eins verður þeim seint fullþakkað, sem auka sóma hans með afburða frammistöðu, eins og svo margir íslenzkir námsmenn gera hér vestra.

Sigurður Magnússon.

Leiðrétting.

7302 19th Ave. N.W., Ballard Sta.,
Seattle, Wash.,
16. febrúar 1909.

Heiðraði Mr. Baldwinson.

Í greininni "Kyrrahafs Íslendingar í vígamóð", sem prentuð er í Hkr. 4. þ.m., hefir aðallega í tveim stöðum nokkuð raskast meining mín í ensku ritgerðinni, sem gefinn er útdráttur úr. — — — —

1) Í áminstri grein, fyrstu setning þriðju málsgreinar ætti að vera: "að áhrif kvenna á umræður í þinginu mundu vart teljandi". Í enska bréfinu var setningin: "no doubt they have influenced the debates!", í beinni upptekning með háðsmerki.

2) Í sjöttu málsgrein hefir misprentast "íslenzk blöð", á að vera "Canadisk blöð". — Því það fræðir lítið hérlendu þjóðina um oss, sem vér ritum um oss sjálf á voru eigin máli.

3) Einnig finst mér rétt að geta þess, að það sem kom þessari hreyfing af stað hér var það, að "Seattle Times" prentaði óhróðursgreinina um Ísland upp eftir hinu enska tímariti, án nokkurra athugasemda, og án þess að tilnefna hvaðan hún væri runnin. Af því vér erum hér nokkuð fjölmennir, landarnir, fanst oss lítilmannlegt, að andmæla henni ekki. Vér vorum því ekki að yrðast við tímarit heima á Englandi, heldur eitt aðalblaðið í vorum eigin bæ.

Jakobína Johnson.

Æfimining.

Vigdísar Guðmundardóttir.

Fædd 29. des. 1834.
Dáin 17. des. 1908.

Vigdís sál. var dóttir Guðmundar Gissurssonar, vaktara í Reykjavík, og Ingibjargar Jónsdóttur. Þau hjón bjuggu á Grjótabæ í Reykjavík. Vigdís heitin ólst upp hjá foreldrum sínum, þar til hún var 19 ára, þá giftist hún Magnúsi Þorkelssyni. Þau bjuggu 18 ár á Grímsstöðum við Reykjavík, og síðar á Auðnum á Vatnsleysuströnd. Á 9. ári þeirra þar brann bærinn Auðnir, og brann Magnús í þeirri brennu til bana. Alls bjó Vigdís þar 10 ár. Þá flutti hún til Ameríku (1887), með 5 börnum sínum, og fóstursyni sínum. Bjó hún í Nýja Íslandi um nokkurra vetur, og flutti þaðan vestur í Shoal Lake nýlendu, og dó hjá Grími syni sínum að Ideal P. O.

Þeim hjónum varð 14 barna auðið, og eru 6 á lífi enn þá. Þau eru þessi: Grímur bóndi í Shoal Lake, þorkell sögunarmylnu eigandi í Keewatin, húsfrú Vigdís, kona Guðmundar Þórarinssonar, plasturmanns í Winnipeg, Guðrún kona Stefáns Sigurðssonar bónda, Árnes P.O., Ingibjörg kona Th. Johnstones, fiskimanns í Keewatin og Björn vélastjóri samastaðar. Börnin eru öll myndarleg og dugleg. Tveir fóstursynir Vigdísar sál. eru í þessu landi: Sigurður G. Magnússon, Winnipeg, og Joseph Zeller, Shoal Lake.

Vigdís var góð og göfug kona, höfðingi í lund heim að sækja og hjálpsöm við bágstadda menn.

Árin líða, öld og dagur,
Æska lífs og sældarhagur,
Gleði og sorgir enda fá.
Alt sem lifnar, lifi tapar,
Ljósið myrkri aldur skapar,
Lífsins hærsta landi á.

Ævi þín er liðin líka
Ljúfa móðir! elskuríka
Öllum, sem að þektu þig.
Góðlynd, blíð og göfug varstu,
Gleði og sorg sem hetja barstu
Hinsta fram á ævistig.

Móðir dýra! minning þína
Mér láti' guð í hjarta skína
Meðan sólin sendir yl.
Þitt dygðaríka dagfar lýsi,
Mér dag og nótt — á hálum ísi, —
Unz að heiminn eg við skil.

Eg finn þig aftur ljóss á landi,
þá losnar sál úr heims samblandi
Og endað er mitt æviskeið.
Á þína minning blessun breiða
Börnin þín! Og hug að leiða:
Þangað allra liggur leið.

(Undir nafni Vigdísar, dóttur hinn ar látnu konu).

Kr. Ásg. Benediktsson.

LEIÐBEININGAR--SKRÁ
YFIR ÁREIÐANLEGA VERZLUNARMENN Í WINNIPEG

MUSIC OG HLJÓÐFÆRI

CROSS, GOULDING & SKINNER, LTD.
323 Portage Ave. Talsími 4413

MASON & RISCH PIANO CO., LTD.
356 Main Stree Talsími 480
W. Alfred Albert, Íslenskur umboðsmaður

WHALEY ROYCE & CO.
356 Main St. Phone 263
W. Alfred Albert, búðarþjónn.

BYGGINGA- og ELDIVIÐUR.

J. D. McARTHUR CO., LTD.
Bygginga- og Eldiviður í heildsölu og smásölu.
Sólust: Princess og Higgins Tals. 5060, 5061, 5062

MYNDASMIÐIR.

G. H. LLEWELLIN,
"Medallions" og Myndarammar
Starfstofa Horni Park St. og Logan Avenue

SKÓTAU Í HEILDSÖLU.

AMES HOLDEN, LIMITED.
Princess & McDermott. Winnipeg.

THOS. RYAN & CO.
Allskonar Skótau. 44 Princess St.

THE Wm. A. MARSH CO. WESTERN LTD.
Framleiðendur af Finu Skótaui. Talsími: 3710
88 Princess St. "High Merit" Marsh Skór

RAFMAGNSVÉLAR OG ÁHÖLD

JAMES STUART ELECTRIC CO.
324 Smith St. Talsímar: 3447 og 7802
Fullar byrgðir af alskonar vélum.

GOODYEAR ELECTRIC CO.
Kellogg's Talsímar og öll þarafandi áhöld
talsími 3023. 56 Albert St.

RAFMAGNS AKKOKÐSMENN

MODERN ELECTRIC CO
412 Portage Ave Talsími: 5658
Viðgjörð og Vir-lagning — allskonar.

BYGGINGA-EFNI.

JOHN GUNN & SONS
Talsími 1277 266 Jarvis Ave.
Hófum bezta Ste'n, Kalk, Cement, Sand o. fl.

BYGGINGAMEISTARAR.

J. H. G. RUSSELL
Byggingameistari.
Í Silvester-Willson byggingunni. Tals: 1068

VÍNSÖLUMENN

GEO. VELIE
Heildsölu Vínsali. 185, 187 Portage Ave. E.
Smá-sölu talsími 352. Stór-sölu talsími 464.

STOCKS & BONDS

W. SANFORD EVANS CO.
326 Nýja Grain Exchange Talsími 3696

ACCOUNTANTS & AUDITORS

A. A. JACKSON,
Accountant and Auditor
Skrifst.—28 Merchants Bank. Tals.: 5702

OLÍA, HJÓLÁS-FEITI OG FL.

WINNIPEG OIL COMPANY, LTD.
Búa til Steinolíu, Gasoline og hjólás-áburð
Talsími 1590 611 Ashdown Block

TIMBUR og BULOND

THOS. OYSTAD, 208 Kennedy Bldg.
Viður í vagnhlössum til notenda, bálönd til sölu

PIPE & BOILER COVERING

GREAT WEST PIPE COVERING CO.
132 Lombard Street.

VÍRGIRÐINGAR.

THE GREAT WEST WIRE FENCE CO., LTD
Alskonar virgirðingar fyrir bændur og borgara.
— 76 Lombard St. Winnipeg.

ELDAVÉLAR O. FL.

McCLARY'S, Winnipeg.
Stærstu framleiðendur í Canada af Stóm,
Steinvöru (Granitewares) og fl.

ÁLNAVARA Í HEILDSÖLU

R. J. WHITLA & CO., LIMITED
264 McDermott Ave Winnipeg
"King of the Road" OVERALLS.

BILLIARD & POOL TABLES.

W. A. CARSON
P. O. Box 225 Room 4 1 Molson Banka.
Öll nauðsynleg áhöld. Eg gjöri við Pool-borð

NÁLAR.

JOHN RANTON
203 Hammond Block Talsími 4670
Sendið strax eftir Verðlista og Sýnishornum.

GASOLINE Vélar og Brunnborar

ONTARIO WIND ENGINE and PUMP CO. LTD.
301 Chamber St. Sími: 2988
Vindmillur — Pumpur — agætar Vélar.

— J. S. Armstrong, verkfræðingur í St. John borg í New Brunswick, hefir lagt fyrir verzlunarnefnd Montreal borgar tillögur sínar um aðferð til þess að renna járnbrautalestum yfir um St. Lawrence ána. Hann ræður frá, að brúin mikla, sem hrapaði í ána í fyrra, sé endurbygð, heldur séu gerð stálgöng undir ána. Hann vill láta byggja voðamikinn stálhólk, er liggi í árbotninum, 40 fet undir yfirborði vatnsins, og sem sé til beggja enda tengdur við stein og cement stöpla, er bygðir verði beggja megin árinnar. Í hólk þessum vill hann hafa 4 járnbrautaspor, 2 fyrir eimlestir og 2 fyrir strætisvagna, svo að umferð fólks og farangurs milli Quebec og Lewis bæjar geti orðið eins og á þurru landi. Svo hefir verzlunarnefndinni þótt uppástunga þessi mikilsverð, að hún hefir kallað almennan fund til að íhuga hana og skoða uppdrætti þá, sem herra Armstrong hefir gert af þessu verki, eins og hann hugsar sér að það verði gert.

Skrautmyndir

Mjög vandaðar, stórar og fagrar, af skáldkóngunum íslenzku, Hallgrími Péturssyni og Jónasi Hallgrímssyni, fást hjá undirskrifuðum, önnur á 35c en báðar á 60c. Agæt stofuprýði.

ATH. — Þessir hafa þegar tekið að sér útsölu á myndunum: —

Friðrik Sveinsson, 618 Agnes St., Winnipeg; Wm. Anderson, 1797 7th Ave. W., Vanconver, B. C.; S. Bárðarson, R. F. D. 1, Box 90, Blaine, Wash.; Sigurður Johnson, Bantry (og Upham), N. Dak. Jóh. H. Húnfjörð, Brown, Man. OSThormodson, Pt. Robert, Wash J. G. Westdal, Minneota; Olafur G. Isfeld, Kristnes, Sask.; S. Pétursson, Arnes (og Nes), Man.; C. Christianson, Marshland, Man.; Sigurður Bjarnason, Big Quill (og Wynyard), Man; Konrad Sigtryggsson, Belmont, Man.

F. R. JOHNSON,
1419 W. 57th St., Seattle, Wash.

YFIRLÝSING.

Að gefnu tilefni lýsi ég yfir því, að bréfkaflar héðan að vestan, sem birtast kunna, eða birst hafa, í íslenzku blöðunum, eru því að eins frá mér, að nafn mitt sé undir þeim.

Seattle, Wash., febr. 24, '09.
Sigurður Magnússon.

Land til sölu

hjá undirskrifuðum, umgirt með byggingum. Hross og gripir, 28 til 30 tons af heyi, heyvélar, sleði o. fl. Gott verð, góðir skilmálar. — Gripið tækifærið.

B. HJÁLMSSON,
tf. Otto P.O., Man.

KENNARA

vantar við Kristnes skóla (No 1267 N.W.T.) fyrir 7 mánuði, frá fyrsta april til fyrsta nóvember. Umsækjandi verður að hafa gildandi skirteini fyrir Saskatchewan, tiltaka kaupupphæð, segja til reynslu í kennarastörfum o.s.frv. Tilboð sendist til undirskrifaðs fyrir 15. marz 1909.

G. NARFASON,
11-3 Kristnes P.O., Sask.

KENNARI.

Pine Creek skólahérað No. 1360 æskir eftir skólakennara fyrir þrjá mánuði, sem byrji 15. marz nk. — Hver, sem vildi sinna þessari auglýsingu, geri svo vel og sendi tilboð, sem taki fram mentastig, reynslu og kaup til

E. E. EINARSON,
Sec. Treas.
11-3 Pine Valley P.O., Man.

KENNARA

sem hefir 2. og 3. kennarastig, vantar við Norður-Stjörnu skóla No. 1226 næsta kenslutimabil, sex mánuði, frá 1. mai til 1. nóv. Tilboðum, sem tilgreina mentastig og kaup, sem óskað er eftir, verður veitt móttaka af undirrituðum til 15. marz næstkomandi.

Stony Hill, Man., 23. jan. 1909.
G. JOHNSON, Sec'y-Treas.

KENNARA

sem hefir 2. kennarastig, vantar að Westside skóla No. 1244, kenslu timabil 8 mánuði, byrjar 1. april. Tilboðum, sem tilgreini mentastig og kaup, sem óskað er eftir, verður veitt móttaka af undirskrifuðum til 20. marz næstk.

TH. SIGURDSON,
18-3 Leslie, Sask.

James Flett & Co.
PLUMBERS

Leiða Gas- Vatns- og Hitapípur í hús yðar, fyrir sanngjarna borgun. Verk vandað, fljótlega gert og ábyrgst.

572 Notre Dame Avenue
Telephone nr. okkar er 3380 eða 8539.

Kæru bændur!

Ef ykkur langar til að eignast eftirfylgjandi Calendar, sem gefur góða hugmynd um það yfirnáttúrlega málverk, sem Sharplers Skilvindu félagið býður frítt meðan það endist, öllum sem óska þess, — þá skrifið umboðsmanni félagsins G. S. Guðmundsson, Framnes, Man., Can., og biðjið hann um þessa stofuprýði, ásamt sérstökum skilvindu verðlista fyrir febrúar og marz. Sendið 10c í silfri fyrir póstgjald og umbúðir. 11-3

SHARPLESS SEPERATOR CO.

Woodbine Hotel

Stærsta Billiard Hall Norðvesturlandinu
Tíu Pool-borð.—Alskonar vín og vindlar.
Lennon & Hebb,
Eigendur.

Fréttir úr bænum.

"Recital" það, sem nemendur Jónasar Pálssonar höfðu í Y.M.C.A. byggingunni á Portage Ave., að kvöldi þess 25. febrúar (á fimtudaginn var) var vel sótt, — húsið var sem næst fullskipað niðri, og algerlega fullskipað uppi. Yfir 20 nemendur spiluðu þar á Piano, og leystu yfirleitt verk sín vel af hendi, — sumir snildarlega. Flestir af nemendunum sýndu dálítla feimni, þegar þeir komu fram á leiksviðið, en því var svo hagað, að hver nemandi kom fram einn síns liðs, og spilaði sitt stykki, en jafnskjótt og hann fór, kom annar. Kennarinn sást aldrei með nemendunum, og hefir það eflaust vakið feimnina hjá þeim fáu, sem sýndu hana. En hún er sprott af óvana við að koma fram opinberlega, og hverfur þegar þeir fara að venjast að spila fyrir fjölmenni. Ýmsir voru klappaðir upp, er þeir voru búnir að spila, en að eins 4 eða 5 af þeim spiluðu í annað sinn. — Fjórir nemendur Jónasar, þeirra er búa í Selkirk, spiluðu á þessari samkomu, og leystu hlutverk sitt prýðilega af hendi. Þrir þeirra voru klappaðir upp aftur, og tveir af þeim spiluðu í annað sinn, þau ungfrú Kirkpatrick og St. Sölvason. — Margir söngfróðir menn og konur, sem á samkomu þessari voru, töldu hana á mesta máta ánægjulega, kváðu nemendur hafa sýnt staka listhæfni, og töldu það undravert, hve kennaranum hefði tekist vel að æfa þá og koma þeim langt áleiðis í þessari list.

Herra Jón Helgason, héðan úr borginni, er nýkominn heim úr tveggja mánaða ferð vestan úr Argyle. Hann biður Heimskringlu að flytja Halldóri Hjaltasyni og konu hans, að Brú P.O., kveðju sína, með þakklæti fyrir góða meðferð á sér og góða líðan meðan hann dvaldi á heimili þeirra.

Heimskringlu hefir borist bréf ráðgjafa fiskimála í Canada til herra Geo. H. Bradbury, þingmanns Selkirk kjördæmisins. Bréfið er dagsett 12. febr. sl. Í þessu bréfi segir ráðgjafinn, að bréf hr. Bradbury til sín, dags. 1. febr., um að setja á stofn fiskiklak í Mikley, eða fá klakið í Selkirk flutt þangað norður á eyjuna, — hafa verið íhugað. Hann segir, að þetta mál hafi áður verið lagt fyrir deild sína, og að þá hafi verið ákveðið, að bygging auka-fiskiklaka skyldi háð meðmælum fiskimála nefndarinnar, sem búist hafi verið við að gæti tekið til starfa á sl. sumri. Nú segir ráðgjafinn, að nefnd þessari hafi verið falið, að íhuga fiskiveiðamál Manitobafylkis, og að hún muni taka til starfa mjög bráðlega, og að henni sé sérstaklega falið, að ráða fram úr því, hvort heppilegt muni vera, að flytja fiskiklakið frá Selkirk á einhvern annan stað við vatnið, og hvar heppilegast muni að setja það niður, þar sem bezt séu fiskiveiða skilyrði.

Á næsta fundi Menningarfélagsins, sem haldinn verður næsta miðvikudagskveld, 10. marz, flytur hr. Hallur Magnússon erindi um "FRJÁLSLYNDI".

Herra Jón Sigfússon, frá Mary Hill var hér í bæ um síðustu helgi og lét vel af líðan landa vorra þar um slóðir.

Bændur og Búalið !

Þér wiljið allir fá góðar vörur með góðu verði, og ef það er rétt ályktað, þá skrifið strax í dag eftir verðlista til : —

P. J. THOMSON & CO.
678 Sargent Ave., Winnipeg, Man.

SKEMTISAMKOMA
í Tjaldbúðarkirkju
Miðvikudag
10. March, kl. 8 e.h.

PROGRAMME:

1. Piano Solo—Clara Haldorson.
2. Ræða—Skúli Johnson.
3. Violin Solo—Mr. Shean.
4. Cello Solo—Mr. Plum.
6. Upplestur—Salome Halldorson.
7. Violin Solo—Clara Oddson.
8. Recitation—Minnie Johnson.
9. Vocal Solo—Lulu Thorlakson.
10. Ræða—Séra Fr. J. Bergman.
11. Japanese Song—Lillie & Eva Potts.

Inngangur fyrir fullorðna 25 cents, og börn innan 12 ára 15 cts.

KVENFÉLAG
TJALDBÚÐARSAFN.

Til kaupenda Heimskringlu.

Þessir menn hafa tekið að sér umboðsstöðu fyrir Heimskringlu. Þeir taka á móti nýjum áskriftum að blaðinu, og veita móttöku andvirði þess frá kaupendum í þeirra bygðarlögum."

KRISTMUNDUR SÆMUNDSSON, að Gimli, fyrir Gimli og Nes P.O.

SIGURÐUR SIGURÐSSON, að Husawick, fyrir Husawick og Winnipeg Beach P. O.

RÖGNVALDUR S. VIDAL, að Hnausa, fyrir Hnausa, Geysir, Árdal og Framnes P.O.

FINNBOGI FINNBOGASON, að Arnes, fyrir Arnes P.O.

JÓN SIGVALDASON, að Icelandic River, fyrir þá bygð.

BJARNI STEFÁNSSON, að Hecla, fyrir Mikley.

G. ELÍAS GUÐMUNDSSON, að Bertdale, Sask., fyrir það bygðarlag.

JÓNAS J. HUNFJORD, Markerville, Alta., fyrir Alberta bygðina.

Kaupendur eru beðnir að beina borgunum sínum til þessara ofangreindu manna.

Fleiri verða auglýstir síðar.

Sjónleikur í Blaine.

"Hermanna-glettur" hinn alkunni og skemtilegi gamanleikur, verður sýndur í Blaine bæ í Washington um miðjan þennan mánuð. Herra Sigurður Magnússon, einn mesti snildarleikari íslenzkur vestanhafs, hefir undirbúið og stjórnar æfingunum. Blaine búar mega vænta góðrar skemtunar það kv., og allir þeirra, sem vetlingi geta valdið, ættu að sækja leikinn. — Það er nærri mikill kostnaður og tímatöf við það, að mynda leikfélag og æfa það, og einnig mikill kostnaður við ferðalag flokksins og flutning leiktilfæranna, — og meðal annars af þeirri ástæðu verðskuldar flokkurinn að leikurinn verði vel sóttur. Hann hefir verið vel leikinn annarstaðar, og við smekk áhorfendanna, eins og sýnt er í fregnbréfi frá Kyrrahafi á öðrum stað í þessu blaði. — Þess vegna mælir Heimskringla með því, að leikurinn verði vel sóttur í Blaine, Wash.

Stúkan ÍSLAND ætlar að halda Tombolu þann 11. þ.m. Lesið auglýsingu um það á öðrum stað.

Studentafjelags-fundur

Áriðandi er, að meðlimir Stúdentafélagsins fjölmenni á fund næsta laugardagskveld. Útnefning stjórnarnefndar fyrir næsta ár fer fram. Þar sem kosningin á næsta fundi þar á eftir fer eftir því, hverjir útnefningu hljóta, er alt eins nauðsynlegt að mæta á þessum fundi eins og á kjörfundinum sjálfum. — Óflug kappræða fer fram á fundinum.

SPURNING. — Ég sendi vöru til markaðar með manni, sem ég áleit merkan og ráðvandan í alla staði, og bið hann að afhenda hana þar sérstökum manni, sem ég tiltek. En í stað þess, þá tekur hann vöruna og leggur inn í sinn eigin reikning undir sínu nafni, og lætur mig ekki vita af fyrri enn löngu seinna, að ég fer að ganga á hann um, hverjum hann hafi afhent vöruna. Get ég ekki heimtað af honum það gjald, sem mig vantar fyrir vöruna, eða gefið hann undir réttvísina, ef hann vill ekki borga það. Fáfr.

SVAR. — Hér ræðir um beinan þjófnað. Maðurinn er glæpsamlega sekur, og ætti að sjá hag sinn í því, að semja svo við eiganda varningsins, að hann með því fríist við lögsókn. Ritstj.

A. R. G. T.
HLUTAVELTU Kaffiveitingar og "RALL"
Heldur stúkan Ísland nr. 15, fimtudagskveldið 11. marz, í samkomusal Unitara.
Aðgangur 25c.

HEIMSKRINGLU og TVÆR skemtilegar sögur fá nýir kaupendur fyrir að eins $2 00.

Brúkaður Fatnaður
MESTA ÚRVAL ÆTÍÐ Á REIÐUM HÖNDUM. KOMIÐ VIÐ HJÁ OSS OG SKOÐIÐ FÖTIN.
THE
OXFORD
Brúkaðrafata fél.
Phone 6162.
532 NOTRE DAME AV.
Vér kaupum og seljum föt.

Íslands fréttir.

Ísafold dagsett 6. febr. var afhent kaupendum hér í Winnipeg þann 24. febr., eftir 18 daga ferð. Óvanalega fljót ferð fyrir blaðasendingar. —— Ísafold sendi Heimskringlu simskeyti, dags. 25. febr., er hljóðar svo : "Vantraust samþykt í neðri deild, 15:8. Ráðgjafinn lausn. Andstæðingar tilnefnt Björn Jónsson". (Heimskringla lét strax prenta simskeytið og senda út um bæinn, og var það komið í höndur almennings í Winnipeg að kveldi þess sama dags (25. febr.) sem það var sent frá Íslandi). —— Snjóflóð í Önundarfirði í janúar braut nokkra ritsimastólpa. Aðrar skemdir urðu ekki. —— Bankavextir á Íslandi hafa lækkað úr 6 prósent niður í 5½ prósent. —— Guðmundur Scheving, læknir í Strandasýslu, er nýlega látinn af krabbameini í maganum. Hann var kominn hátt á fimtugsaldur. —— Bæjarstjórnin í Reykjavík hefir veitt Ólafi Ólafssyni, fyrverandi bæjarfulltrúa þar, 300 kr. árlegan ellistyrk, sem viðurkenningu fyrir langt starf í bæjarins þarfir. —— Sigfús Eymundsson bóksali er orðinn riddari af Dannebrog. —— Fundist hefir í Reykjavík þjófurinn, sem um síðustu jól stal tveimur vasaúrum (gull og silfur úrum) þar í bænum. Það er tvítugur piltur, Ingvi Guðmundsson járnsmiður. —— Nýtt björgunarskip, Geir að nafni er komið til Íslands, og á að hafa þar fasta stöð árið um kring. Það er talsvert stærra og öflugra en fyrra björgunarskipið og gefur von um, að verða að góðum notum. —— Einar Hjörleifsson hefir í umboði nefndar þeirrar, er stendur fyrir alþýðufræðslu, verið að ferðast um Suðurland og flytja fyrirlestra um fróðleg mál.

KOL FUNDIN Á ÍSLANDI.

Blaðið Ingólfur, dags. 24. febr., er kom hingað vestur 24. s.m., flytur meðal annars þessa grein um kolin í Dufansdal : —

Sigurður Jósúa, Íslendingur frá Vesturheimi, hefir gert að því gangskör mikla, að leita auðæfa í jörðu hér síðan hann kom heim til Íslands í fyrra. Hann varð fyrstur til þess, að koma rekspöl á rannsókn kolanáma á Vesturlandi, fyrst að Nip á Skarðsströnd og síðan í Dufansdal í Arnarfirði.

"Námufélag Íslands" hefir náð tangarhaldi á námunni í Dufansdal og látið brjótast inn í bergið um 110 fet. Kolalagið er um 20 fet á þykt, og eru góð kol um 12 fet hið neðra í laginu, en ofar eru þau lakari og grjótbornari. Kolalagið er í allbrattri fjallshlíð. Yzt eru þau lökust, hefir vatn síast gegn um þau úr grjótlögunum fyrir ofan, og gert þau steinkend, en þessa gætir því minna, er innar dregur. Verða kolin æ hreinni og harðari, sem lengra er grafið, enda er þrýstingurinn því meiri af þunga fjallsins. Þykir því mega vænta, að kolin verði bezt, úr því er kemur 150 fet inn undir hlíðina.

Kol þessi eru brúnkol, svipuð kolum þeim, sem víða hafa fundist hér á landi og nefnd eru surtarbrandur, en þó betri, enda hefir hvergi verið grafið jafnlangt eftir þeim. Yztu randirnar er lítið að marka, og er því sennilegt, að jafngóð kol kunni að vera á ýmsum stöðum, þar sem surtarbrandinum er nú lítill gaumur gefinn. — Kolin voru reynd á Vestu í vikunni sem leið, og þótti vélameistara þau hitamikil og gasauðug, en eldur orkar seinna á þau en önnur kol. Ekki er nú öðrum kolum brent á Bíldudal og þar í grend, en þessum.

Kolalagið í Dufansdal er mikið um sig. Kennir þess tveim megin í fjallöxl meir en míllu vegar.

Dufansdalur er við Forsfjörð, er skerst inn úr Arnarfirði. Forsfjörður er syðstur af Suðurfjörðunum. Hann er djúpur og skerjalaus og höfn hin bezta. Hafskipabryggju er auðvelt að gera rétt við námuna.

"Skomager, Bliv ved Din Læst."

Ég er byrjaður á minni gömlu handiðn, og væri mér einkar kært, að sjá sem flesta af minum íslenzku skiftavinum frá fyrri tíð, og marga fleiri, þegar þér þarfnist aðgerða á skóm. Skal yður óhætt að treysta á eins gott verk og útlits laglegt, sem framast er mögulegt, og enn betra en áður, því áhöld hefi ég nú öll ný og betri enn þá. Set á "Rubber"-hæla af beztu tegund. Byrgðir af reimum og skósvertu.

Virðingarfylst,
JÓN KETILSSON,
623 Sargent Avenue,
3t.e.o.w. N.W.Cor. Maryland St.

A. S. BARDAL
Selur líkkistur og annast um útfarir. Allur útbúnaður sá besti. Enfremur selur hann alskonar minnisvarða og legsteina.
121 Nena St. Phone 306

S. F. Ólafsson
619 Agnes St. selur Tamarac fyrir $5.50 og $5.75 gegn borgun út í hönd.
Telephone: 7812

McKenzie's UTSŒÐI.
FRÆIN SEM BERA NAFN MÉÐ RENTU. — ÞRUNGIN AF FYLSTA FRJÓMAGNI — VANDAÐ ÚRVAL. — BEZT FYRIR VESTURLANDIÐ —

Þegar vandlátustu og langflestu fræ kaupendur þessa góða Vesturlands heimta einhuga

McKenzie's Hreinu Fræ

Þá hafið þér vissu fyrir að verðleiki og gæði aðeins, gætu áunnið svo einróma meðmæli.

Skrifið oss eftir stórri bók um allskonar Fræ til að rækta garðavexti, blóm, korn og gras.

ALLAR BETRI VERZLANIR SELJA VOR FRÆ. EF ÞAÐ FÆST EKKI HJÁ KAUPMANNI YÐAR ÞÁ SKRIFIÐ OSS

INSIST ON McKENZIE'S — TAKE NO OTHER

A. E. McKENZIE Co. Ltd.
BRANDON, MAN. CALGARY, ALTA.
WESTERN CANADA'S GREATEST SEED HOUSE

Sendið Heimskringlu til vina yðar á Íslandi

JOHN ERZINGER
TÓBAKS-KAUPMAÐUR.
Erzinger's skorið reyktóbak $1.00 pundið
Hér fást allar neftóbaks-tegundir. Óska eftir bréflegum pöntunum.
McINTYRE BLK., Main St., Winnipeg
Heildsala og smásala.

KŒRU LANDAR

Við höfum hús og lóðir í öllum pörtum bæjarins með mjög sanngjörnu verði og borgunarskilmálum. Einnig ágæt lönd viðsvegar um fylkið í skiftum fyrir hús og lóðir í bænum.

Peningar lánaðir. Hús og munir teknir í eldsábyrgð.

Finnið okkur að máli.

Markusson & Fridfinnsson,
605 McIntyre Block Telephone 5648

DANS
Í LIBERAL CLUB HALL
(sem er andspænis W'peg leikhúsinu)
hvert þriðjudagskv. kl 8½
ODDFELLOW'S HALL
hvert laugardagskv. kl. 8½
Maher's Orchestra
SPILAR
Aðgangur Karlm 50c Konur Fritt
Komið og skemtið ykkur.

Arena Rink
Skautaskemtun á hverju kveldi. Ágætt Music.
JAMES BELL, eigandi.

F. Deluca
Verzlar með matvöru, aldini, smá-kökur, allskonar sætindi, mjólk og rjóma, sönnul. tóbak og vindla. Óskar viðskifta Íslend. Heitt kaffi eða te á öllum tímum. Fón 7756
Tvær búðir:
587 Notre Dame og 714 Maryland St.

ÉG HEFI KEYPT ÚT KJÖTVERZLUN
herra Christjáns Oleson's á Notre Dame, og óska viðskifta allra þeirra sem áður verzluðu við hann. Gott kjöt og sanngjarnt verð.
A. E. COOPER,
692 Notre Dame Ave. Telefón 6906

BILDFELL & PAULSON
Union Bank 5th Floor, No. 520
selja hús og lóðir og annast þar að lútandi störf; útvegar peningalán o. fl.
Tel.: 2685

J. L. M. THOMSON, M.A., L.L.B.
LÖGFRÆÐINGUR. 255½ Portage Ave.

ARNI ANDERSON Íslenzkur lögmaður
~ Í félagi með ~
Hudson, Howell, Ormond & Marlatt
Barristers, Solicitors, etc.
Winnipeg, Man.
13-18 Merchants Bank Bldg. Phone 3621, 3622

BONNAR, HARTLEY & MANAHAN
Lögfræðingar og Landskjala Semjarar
Suite 7, Nanton Block, Winnipeg

Hubbard, Hannesson and Ross
LÖGFRÆÐINGAR
10 Bank of Hamilton Chambers
Tel. 378 Winnipeg

Th. JOHNSON
JEWELER
286 Main St. Talsími: 6606

Íslenzkur Tannsmiður,
Tennur festar í með Plötum eða Plötulausar. Og tennur eru dregnar sársaukalaust með Dr. Mordens sársaukalausu aðferð
Dr. W. Clarence — Tannlæknir.
Sigurður Davidson—Tannsmiður.
620½ Main St.
Phone 470 Horni Logan Ave.

HIN ÁRLEGA Tilbreinsunar-Sala
Alfatnaðir búnir til handa yður eftir máli, úr hvaða efni sem er í búðinni, fyrir aðeins
$25
Snið, efnisgæði, áferði og verk lag ábyrgst. Þessir fatnaðir þegar tilbúnir, eru $35—$40 virði. Nú er tíminn. —
Ef það kemur frá Clement's þá er það akkúrat.
Geo. Clements & Son
Stofnað árið 1874
264 Portage Ave. Rétt hjá FreePress

Stefán Guttormsson,
Mælingamaður
663 AGNES STREET. WINNIPEG.

Dr. G. J. Gislason,
Physician and Surgeon
Wettington Blk, - Grand Forks, N.Dak
Sjerstakt athygli veitt AUGNA, EYRNA, KVERKA og NEF SJÚKLÓMUM.

Drs. Ekern & Marsden,
Sérfræðislæknar í Eftirfylgjandi greinum: — Augnasjúkdómum, Eyrnasjúkdómum, Nassasjúkdóm um og Kverkasjúkdómum. : : :
Í Platky Byggingunni í Bænum
Grand Forks, :: N. Dak.

Eldiviður
Þurt Tamarak $5.50
KORÐIÐ.
Vér óskum að þér reynið 1 kord.
J. G. Hargrave & Co.
334 MAIN ST.
Phones:—431—432 og 2431

Boyd's Brauð.
BOYD'S BRAUÐ eru góð á hverjum degi. Þér meðtakið það aldrei óðruvísi. Vér notum aðeins beztu mjöltegundir og æðustu bakara, fullkomnustu nútíðar vélaútbúnað. Reynið brauð vor. Yður mun geðjast að þeim.
Boyd's
Bakery Cor. Spence & Portage Ave
Phone 1030.

KOL OG VIDUR
Þur, beinharður eldiviður, — Poplar, Pine, og Tamarac með mjög sanngjörnu verði. — Nú sem stendur verið að afferma mörg vagnhlöss af BEZTA DAUPHIN TAMARAC. —
McElroy Bros.
Cor, Sherbrooke & Ellice
PHONE: 6612

W. R. FOWLER A. PIERCY.

Royal Optical Co.
327 Portage Ave. Talsími 7286.
Allar nútíðar aðferðir eru notaðar við augn skoðun hjá þeim, þar með hin nýja aðferð, Sjónarga-skoðun, sem gjöreyðir öllum ágiskunum. —

Vér sækjum þvottinn og flytjum hann heim til yðar. Verk ið ágætt, viðskifti greiðanleg. Fljót skil. Fullkomnustu vélar. Óska viðskifta yðar.
The EMPRESS LAUNDRY Co.
74-76 Aikins St. Phone 1440

Laing Brothers
3 Búðir:
234-6-8 KING ST. Talsími 4476, 5890, 5891
417 McMILLAN AVENUE Talsími 5598
847 MAIN ST. — Tals: 3016
Bezta Hey $5 tonn.
Kurlaðir hafrar, bran og shorts. Eppli, appelsínur, kartepli og allar tegundir af aldini og garðávöxtum. ALLAR VÖRUR ÁBYRGSTAR AF BEZTU TEG.

LAND

Vér höfum nýlega fengiið til sölu yfir 30 Soutönar-fjörðungum, liggjandi að Oak-lands brautinni C. N. R. félagsins. Verð-ið er frá $7.00 til $12.00 hver ekra. Ekkert af löndum þessum eru meir en 5 mílur frá járnbrautinni.

Skúli Hansson & Co.
Skrifst. Talsími 6476. Heimilis Talsími 2754

Heimskringla.

Alt landið

er áhyggst að vera jarðyrkju land af bezta tegund, og fæst keypt með vægum afborgunar skilmálum. (N.B.—Lesið fyrripart þessarar augl. vinstramegin við Hkr. nafn.)

Frekari upplýsingar veita
Skúli Hansson & Co.
56 Tribune Building. Winnipeg.

XXIII. ÁR. WINNIPEG, MANITOBA, FIMTUDAGINN, 11. MARZ, 1909 NR. 24

KJÖRKAUP

hjá Clemens, Árnason & Pálmason

fyrir þessa viku og einnig fyrir Mánudaginn í næstu viku:

Egg, alveg ný, tylftin á....	30c
Dairy smjör, pd. á	20c
3 pund af Ginger Snaps á	25c
3 pakkar af rúsínum.....	25c
Lipton's 40c Te á	25c
7-punda fata af Raspberry eða Strawberry Jam	45c
þurkaðar Peaches, pd. á	10c
4 pd. cooking Figs.....	25c
2 eins punds könnur af Baking Powder á	25c
Royal Crown sápukassi á	20c
Harðfiskur, pundið á....	20c
Hreint og gott Maple Sírróp í flöskum á.....	25c
Rio Kaffi, 20c pakki á ...	15c
3 könnur af "Old Dutch Cleanser [hreinsunarduft]	25c
3 könnur af Peas á.....	25c
3 könnur af Corn á.....	25c
Tomatoes, besta tegund, kannan á	10c
3 könnur af R. C. Lye á	25c
St. Charles Cream.. ...	10c
3 pakkar af Zest á.....	25c
2 könnur af Perum á....	25c
Plómur, kannan á	07c
Catsup, vanaverð 15c hver flaska, nú 2 fl á	25c

TALSÍMI 5343

Fregnsafn.

Markverðustu viðburðir hvaðanæfa.

— Ottawa stjórnin hefir ákveðið, að stofna sérstaka stjórnardeild, er hafi utanríkismál sérstaklega með höndum. Andstæðingar í þinginu telja þetta óþarfa, segja að Bandaríkin með nær 100 miliónir íbúa hafi enga slíka deild. — Landritarinn þar annist um öll þau mál, og sama ætti að vera hægt að komast af með hér í Canada. En Laurier stjórnin er ákveðin í, að mynda deildina.

— Úr fangelsi í hjónasæng fór nýlega ungfrú Norah McLaughlin, 19 ára gömul stúlka, nýkomin frá Írlandi til Ontario í Canada. Hún hafði verið handtekin fyrir eitthvert afbrot strax og hún kom til landsins. Efnaður Kínverji í Brantford bæ í Ontario, sem hafði séð stúlkuna og litist vel á hana, — bauð dómaranum að kvongast henni, svo hún þyrfti ekki að fara í fangelsi. Stúlkan þáði þetta, giftist honum samstundis, og fór svo heim með honum.

Taft tekinn við stjórn.

Það var mikið um dýrðir í Washington þann 4. þ.m., þegar William Howard Taft var formlega settur í embætti sem forseti Bandaríkjanna. Um 250 þúsundir manna og kvenna höfðu flykst inn í borgina undanfarna daga, með öllum járnbrautum, sem þangað liggja, og frá öllum pörtum Bandaríkjanna. Af þessum fjölda komu 60 þúsundir þann 3. marz. Það kveld var veizla mikil haldin í Hvíta húsinu í heiðursskyni við Taft forseta og frú hans. Aðallega voru þar að eins vildustu vinir og skyldmenni þeirra Roosevelts og Tafts. Á meðan veizlan stóð yfir, var hellirigning þar í borginni, en þúsundir gesta voru þó á gangi um strætin, að skoða alt það, sem þeir sáu þar nýstárlegt. Báðir forsetarnir sváfu í Hvíta húsinu um nóttina.

Að morgni þess fjórða marz var stórhríðar veður, svo að litið varð um skemtanir úti, og hin mikla fyrirhugaða skrúðganga um götur borgarinnar fórst að mestu leyti fyrir. Skömmu eftir hádegi var embættiseiðurinn tekinn af þeim Taft forseta og varaforseta Sherman, og fluttu þeir þá báðir stuttar ræður, og báðir hétu því, að fylgja afdráttarlaust fram loforðum sínum til kjósendanna, og sérstaklega að leggja áherzlu á, að láta járnbrautir og önnur flutninga félög, og yfirleitt öll iðnaðar og auð-félög, beygja sig undir og hlýða lögum Bandaríkjanna, — á líkan hátt og Roosevelt forseti hefði reynt að gera.

Forseti Taft auglýsti, að hann ætlaði að kalla saman aukaþing þann 15. þ. m. til þess að endurskoða toll-lögin.

Það slys vildi til á Canton ánni við Hong Kong í Kína, að steinoliulampi, sem kveikt hafði verið á, fell niður á blómabeð á skipi, svo að kviknaði í skipinu. Það brann niður að vatnsborði, og eitt þúsund Kinverjar mistu þar lífið. Svo hagaði til, að mikill fjöldi blómabáta lágu samhliða á ánni, allir bundir saman með járnkeðjum. Þegar kviknaði í bátnum, þá hljóp eldurinn í alla bátana, sem saman voru bundnir, svo að ekki varð losað um neinn þeirra, og fórst því hvert mannsbarn, sem á bátunum var, en það var um þúsund manns.

— Það ættu að vera gleðileg tíðindi fyrir ógiftar konur, að vita að bændur þeirra eru lagalega skyldugir til þess að borga þær skuldir, sem þær komast í áður en þær giftast. Með öðrum orðum — að mennirnir giftast ekki að eins þeim sjálfum, með öllum gögnum og gæðum, heldur einnig skuldum þeim, sem þær hafa komist í. Reyndar er enn þá ekki fengin alger vissa fyrir, að þetta sé svo, en mjög er líklegt, að það reynist svo. Mrs. Ester Stacy í Ottawa komst fyrir 5 árum í $17 dollara skuld fyrir jólagjafir, sem hún keypti af kaupmanni þar í borginni til þess að gefa kunningjum sínum. Hún hafði sama ósiðinn, sem alt of margir hafa á liðnum árum tamið sér, nefnilega, að gefa það sem þeir eiga ekki, geta ekki borgað fyrir, og ætla sér aldrei að borga fyrir. Kaupmaðurinn er búinn að ganga eftir skuldinni oftlega í þessi 5 ár, en svar konunnar er, að hún eigi ekkert til að borga með, bóndi sinn eigi alt, sem í búi þeirra er, og sig líka. — Nú hefir bóndanum verið stefnt til þess að borga þessa skuld. Dómarinn, sem rannsakaði málið, hefir frestað úrskurði.

— Nýlega er látinn í hervirki Bandamanna í Fort Sill í Oklahoma Indiána höfðinginn Geronimo. Hann var leiðtogi Apaches Indiánaflokksins, sem fyrir mörgum árum gerði miklar óspektir á ýmsum stöðum í Bandaríkjunum. Svo var flokkur þessi illur viðureignar, að Bandaríkja stjórnin gerði út herleiðangur á hendur honum, með þeirri ákveðnu fyrirskipun til herforingjans, að bæla flokkinn niður og koma til baka með höfðingja hans, dauðann eða lifandi. Þessi herdeild hóf leiðangangur sinn frá Omaha í janúar árið 1885, en það tók hana fullan tveggja ára tíma og yfir þrjú þúsund mílna ferðalag, að handsama þennan mann. Síðan hefir hann verið geymdur sem herfangi Banda ríkjanna, og hefir verið undir stöðugri gæzlu, þó honum hafi hinsvegar verið leyft talsvert frelsi. — Árið 1898 var honum leyft að ferðast til Washington, ásamt ýmsum meðhaldsmönnum hans, til þess að reyna að fá stjórnina til þess að gefa honum fult frelsi. En það var ófáanlegt. Hann var skoðaður of hættulegur óvinur til að vera laus, og síðan hefir hann verið í varðhaldinu, þar til 17. febr. sl. að hann lézt, 88 ára gamall.

— Svo er að sjá, sem drykkjuskapur kvenna sé að fara í vöxt í Bandaríkjunum. Á árinu sem leið voru 1869 konur þar í landi dæmdar fyrir óstjórnlega áfengisnautn. Þar af voru 1553 dæmdar í fangelsi, 18 voru sendar á betrunarhúsið í Sherborn og 229 voru sendar á lækningahæli. Af þessum konum voru 125 undir 25 ára aldri, 282 undir 30 ára og 744 undir 40 ára aldri.

— Ný innflutningalög eru komin fyrir Ottawa þingið, og verða vafalaust samþykt. Þau eru að miklu leyti sniðin eftir innflutningalögum Bandaríkjanna, og miða að því, að gera þrengra um inngöngu í Canada enn verið hefir.

— Frá Toledo borg í Ohio ríkinu kemur sú fregn, að þann 28. febrúar hafi loftskeyti verið send frá og móttekin á vagnlest, sem fór 70 mílur á klukkustund meðan verið var að senda skeytin og veita þeim móttöku, frá stöð, er var í 150 mílna fjarlægð. Sagt er, að þetta sé í fyrsta skifti, sem slík skeyti hafa verið send til og frá slíkum lestum, meðan þær voru á fleygingsferð, og að kostnaðurinn við þessar sendingar og móttöku skeytanna hafi kostað félag það, sem tilraunina gerði $6 á hverri mínútu meðan tilraunin stóð yfir. Margt manna var á lest þessari, þar á meðal ýmsir blaðamenn, sem horfðu á þessar tilraunir og nú votta það í blöðum sínum, að þær hafi tekist ágætlega, og að engin töf hafi verið á sendingu eða móttöku skeyta frá lestinni.

— Mesti fjöldi fólks á Íslandi mundi gleðjast við, að fá Heimskringlu senda heim til sín frá ættmennum sínum hér vestra. Blaðið sent vikulega héðan til Íslands kostar $2.00 um árið, fyrirfram borgað. — Vestur-Íslendingar geta ekki gert vinum sínum á Íslandi þægara verk, en að senda þeim Heimskringlu.

— Tuttugu og átta kvenfrelsiskonum á Englandi var fyrir fáum dögum varpað í fangelsi í London. Þær höfðu gert tvær tilraunir til þess, að þrengja sér inn í þingsal Breta, að kveldi þess 24. febrúar — þeim var sagt, að stjórnarformaðurinn, sem þær vildu finna, væri ekki í salnum, og að ekki væri til nokkurs að leita hans þar og reiddust þá konurnar og ætluðu að vaða fram hjá gæzlumönnum. En er þeir hindruðu göngu þeirra, tóku konur að berjast sem óðar væru, og leikslokin urðu, að lögreglan handtók áær og hnepti í fangelsi. Meðal þessara kvenna eru sumar helztu konur landsins, svo sem þær Lady Lytton, systir Lyttons lávarðar, og Daisy Salomon, dóttir fyrverandi stjórnarforseta í Cape nýlendunni, og Una Douglas, dóttir Viscounts Peel, og fleiri heldri konur.

Þetta skeði daginn eftir að konunum hafði verið vísað frá íbúðarhúsi stjórnar formannsins. En þangað reyndu þær að komast á hinn einkennilegasta hátt og sýnir það bezt, hve ráðagóðar konurnar eru, þegar þær leggja áhuga á, að koma málum sínum í framkvæmd. Þær fóru á "Express" skrifstofu, og kröfðust þess, að "Express" félagið flytti sig sem böggulsendingu til stjórnarformannsins. Félagið gat ekki neitað þessu. Löggildingarskrá þess heimtar, að það flytji þær sendingar, sem því berast, og sem ekki séu hættulegar fyrir líf eða heilsu þjóna þess eða almennings. Félagið tók því við konunum, vóg þær og tók við flutningsgjaldinu, útbjó svo löggild flutningsskjöl og fékk þau í hendur einkennisbúnum þjónum sínum, og sendu þá svo af stað með konurnar. Þegar kom að garðshliði stjórnarformannsins gat gæzlumaður þar ekki neitað að veita þeim móttöku, og lét því flutningsbjónana halda áfram upp að húsdyrunum. En er þar kom, neitaði aðstoðarmaður stjórnarformannsins, að veita "böggluum" viðtöku, og urðu því konur frá að hverfa við svo búið. Við þetta reiddust þær, og í þeirri æsingu var það, að þær herjuðu á þinghúsið í von um, að geta þar nálgast stjórnarformanninn. En í þess stað lentu þær í 60 daga fangelsi.

— Járnbrautaskýrslur stjórnararinnar sýna, að á árinu 1908 voru starfandi hér í Canada nálega 23 þúsund mílur af járnbrautum, sem höfðu kostað þjóðina 1240 miliónir dala. Á árinu hafði rúmum 500 mílum verið bætt við það, sem áður var, og svo er að sjá, sem sú viðbót hafi kostað rúmlega 67 miliónir dala. Skýrslurnar sýna, að Intercolonial brautin hefir kost að þjóðina $60,355 á hverja mílu, að jafnaði. Allur kostnaður allra járnbrauta í Canada er meira enn 60 þúsundir dala á mílu að jafnaði. — Yfir 300 miliónir manna voru fluttir með brautum þessum á sl. ári, en það var nálega tveimmiliónum fleiri en árið næst á undan. Um 63 miliónir tons af farangri og vörum, var flutt með brautunum á árinu. — Allar inntektir af starfsemi brautanna voru 147 miliónir dala, eða $6,389 á hverja mílu. Tilkostnaður varð rúmlega 107 miliónir dala. Gróðinn varð því sem næst 40 miliónir dala, eða rúmlega 3 prósent af öllum skuldabréfum, sem brautirnar bera. — Alls eru í Canada 87 sérstök járnbrautafélög, og af þeim voru 27, sem ekki gátu látið inntektir mæta útgjöldunum. Aukin flutningstæki allra járnbrautanna, voru nær því 4 miliónir dala virði umíram það sem var árið 1907. Brautirnar höfðu meðal annars bætt við nálega 116 þús. vöruflutningsvögnum og rúmlega 4 þúsund fólksflutningsvögnum. Eldsneytiskostnaður allra brautanna varð nálega 18 miliónir dala.

— Thomas Flynn í St. Thomas bæ í Ontario, var nýlega dæmdur í 3½ árs fangelsi fyrir fjölkvæni. Honum var farið að leiðast heimilislífið með konu sinni, og hann sagði henni, að hann ætlaði til Englands, sem gripahirðir. En í stað þess fór hann til Erindale bæjar, og kvongaðist þar gamalli unnustu sinni. Konan hans fyrri, sem hafði á höndum sér 4 börn þeirra hjóna, höfðaði mál móti honum fyrir tiltækið.

— Brezk fjármálablöð færa þá frétt, að á síðasta ári hafi Bretar lagt 150 miliónir dala í ýms iðnaðar fyrirtæki í Canada, að ótöldu afarmiklu fé, sem lánað var hingað vestur um stundarsakir.

— Snjófall mikið varð í Quebecfylki þann 4. þ.m. Járnbrautarlestir þar í fylkinu stöðvuðust marga klukkutíma, og komust ekkert áfram fyr en stórir hópar manna voru búnir að moka stærstu snjóskaflana af sporunum.&

"Vinaminni".

Nokkrir vinir Stephans G. Stephanssonar skálds gáfu honum þegar hann var á ferð hér í vetur, drykkjarhorn mikið, og fylgdi því $50.00 peningasjóður. Á barmi hornsins er öðrumegin greypt í silfurbaug með gotnesku letri: — "Vinaminni". Hinumegin er fangamark skáldsins, St. G. St., í rúnum. Neðar á horninu er norrænn skjöldur úr skygðu silfri, og á hann grafin þessi 5. vísa úr Sigurdrífumálum:

"Bjórr fær ik þér
Brynþings apaldr
Magni blandinn
Ok megintíri,

Fullr 's hann ljóða
Ok líknstafa,
Góðra galdra
Ok gaman rúna."

Andspænis skildinum eru norræn vopn og gunnfáni. Á baugnum, er heldur fætinum, er grafið "Winnipeg 1909". En aftast á stiklinum er silfurhólkur með stórum hún. Á hólkinum eru 9 silfurbaugar, og á hólkurinn að tákna með öllu saman hringinn "Draupnir".

Horn þetta er hið mesta listaverk og metfé, og var að öllu leyti smíðað eftir uppdrætti, er Þorst. Þorsteinsson gerði, af hr. G. Thomas, gull og úrsmið hér í bæ, og kostnaðurinn hjá Thomas varð ná lega 5 sinnum minni, en hérlendir menn vildu gera verkið fyrir, og auk þess var það betur gert hjá Thomas, þar sem hann skildi betur hugsjón þá, sem það á að tákna.

PURITY FLOUR

AÐ BAKA BEZTA BRAUÐ

er meira en vísindi og meira en list.

En það má gerast fljótlega og áreiðanlega með því að nota

PURITY FLOUR

Það er malað úr bezt völdu Vestur-Canada Hörðu Hveitikorni; er algerlega hreint og svo ilmandi kjarngott.

ALLIR ÍSLENZKIR KAUPMENN SELJA ÞAÐ

WESTERN CANADA FLOUR MILLS CO., LIMITED.
WINNIPEG, —— CANADA.

BYGGIÐ TRAUSTAR GIRÐINGAR FYRIR SVÍNIN YÐAR

IDEAL Vír-ofnar GIRÐINGAR

ÞÉR ÞARFNIST GIRÐINGA sem eru TRAUSTAR og STINNAR og alls ekki ÁRENNILEGAR fyrir svínin yðar. Þegar svínin yðar hafa einusinni ráðist á IDEAL girðingu, þá gera þau það ekki aftur. Þau reyna ekki að komast undir IDEAL girðingu. Sú girðing sem þér megið treysta, og sú sem þér ættuð áreiðanlega að velja er IDEAL. Járnbrautarfélögin kaupa IDEAL girðingar, af því að þær eru svo þungar og traustar. Búnar til úr No. 9 Stál Vír. Betri vír en á nokkurri annari girðingu. En IDEAL LÁSIN er aðal ástæðan til þess þér kaupið IDEAL girðingar. Engin lás jafnast við IDEAL lásinn; hann heldur fastar en allir aðrir. Uppstrengd er IDEAL girðingin sérlega útlitsfögur. Sérhver lengd nákvæmlega mæld. Allir lásar settir rétt á. IDEAL er gert í fullkomnustu girðingarvélum og í beztu girðingargjörðar-verksmiðju. Með slíkum útbúnaði er IDEAL girðingin eðlileg afleiðing. Frekari upplýsing í vorum ókeypis bæklingi.

Umboðsmenn óskast til að selja þessar ágætu girðingar. IDEAL umboðsmenn græða mest fé af því að IDEAL girðingin hefir þyngd, sterkleika og endingu, sem gerir hana seljanlegasta. Skrifið eftir Gróða tilboði voru.

The Ideal Fence Co., Limited, Dept. H, Winnipeg, Man. Minnist á Hkr. þegar þér skrifið.

Wall Plaster

Með því að venja sig á að brúka "**Empire**" tegundir af Hardwall og Wood Fibre Plaster er maður hár viss að fá beztu afleiðingar.

Vér búum til:

"Empire" Wood Fibre Plaster
"Empire" Cement Wall "
"Empire" Finish "
"Gold Dust" Finish "
"Gilt Edge" Plaster of Paris
og allar Gypsum vöruutegundir. —

Eigum vér að senda yður bækling vorn?

MANITOBA GYPSUM CO. LTD
SKRIFSTOFUR OG MILLUR Í
Winnipeg, - Man.

Heimskringla

Published every Thursday by The Heimskringla News & Publishing Co. Ltd

Verð blaðsins í Canada og Bandar $2.00 um árið (fyrir fram borgað). Sent til Íslands $2.40 (fyrir fram borgað af kaupendum blaðsins hérlendis $2.50.)

B. L. BALDWINSON, Editor & Manager

Office: 729 Sherbrooke Street, Winnipeg
P.O. BOX 3083. Talsími 3512.

Nýju talsíma gjöldin.

Talsíma gjöld hér í fylkinu eru nú lækkuð að nokkrum mun, einkanlega í privat fjölskylduhúsum í bæjum og sveitum.

Þjóðeign talþráða hefir nú verið í gildi um eins árs tíma, og afleiðingin af ársstarfinu er sú, að talsverður gróði hefir orðið af því. — Talþráðanefndin, sem í umboði stjórnarinnar hefir annast um alla starfsemi lútandi að talþráðakerfinu á árinu, hefir afhent stjórninni reikning yfir útgjöld og inntektir á árinu, eða öllu heldur yfir 11½ mánaða starf. Skýrslan sýnir að á þessu ári, hinu fyrsta undir þjóðstjórn, hafa útgjöldin orðið alls $356,111.57, en inntektirnar alls $722,612.67. — Fyrir hálfa mánuðinn, sem eftir var af árinu þegar skýrslurnar voru samdar, er áætlaður gróði $27,000.00, svo að ársinntektirnar mega teljast alls $749,612.67. Frá þessu verður að draga útgjöldin $356,111.57, og einnig vexti af kaupskuldabréfum talsíma kerfisins $161,000.00, eða alls $517.111.57. Þessa upphæð verður að draga frá tekjum ársins, og er þá tekjuafgangurinn $232,501..10.

Það verður ekki annað sagt, en að þetta sé viðunanlega góður hagnaður á fyrsta starfsárinu. Hann gefur ekki að eins von heldur fulla vissu um miklu stórfengilegri gróða á komandi árum.

Samkvæmt þessum fyrsta árs hagnaði, getur lækkun talsímagjaldanna hér í fylkinu ekki orðið svo mikil strax í stað, að þau verði að eins helfingur þess, er þau voru undir eign Bell félagsins. En samt er lækkunin mjög mikilsverð til að byrja með. Vafalaust hefði stjórnin kosið, að gera lækkunina strax nú enn þá meiri enn hún hefir séð sér fært að gera. En hún mun kjósa, að fara hér varlega, þar til enn þá fyllri reynd er á það komin, hver gróði verður af talsíma starfseminni á næsta ári, með vaxandi þráð-mílna og notenda fjölda.

Meðan Bell félagið átti talsímakerfið, voru gjöldin þannig, að privat fjölskylduhús urðu að borga $30.00 á ári, en nú — undir þjóðstjórn — borga þau $25.00 á ári, eða rúma $2.00 á mánuði. Þetta gildir í bæjum. En úti á landsbygðinni borga menn um $18.00 á ári, í stað $24.00 meðan Bell félag sat við stýrið. Hjá bændum í fylkinu er því afsláttur inn fullur fjórðungur við það, sem áður var.

"Business" talsímagjöld voru hér í borg áður $50.00 á ári, en nú er þeim gjöldum breytt svo, að þau eru $25.00 á ári og að auk 2c fyrir hvert skifti, sem notandi kallar einhvern til viðtals. Hve stór upphæð þetta kann að verða á ári, er að sjálfsögðu komið undir því, hve oft notandinn þarf að kalla menn til viðtals. Þau starfshús, sem sjaldan þurfa að kalla menn til viðtals, borga að sjálfsögðu talsvert minna framvegis, en þau hafa borgað að undanförnu. En hin, sem mjög oft þurfa að kalla menn til viðtals, borga tilsvarandi hærra aukagjald. Svo að í raun réttri borga menn fyrir talsímann nokkurn veginn eftir því, hve mikið þeir nota hann. Þannig, að hver sá starfsmaður, sem á 300 dögum ársins verður að kalla 5 sinnum til viðtals, hann verður að borga $30.00 aukagjald. Í slíkum tilfellum verður gjaldið á slíkum mönnum framvegis hærra, en það hefir verið að undanförnu. Við þetta er þó það að athuga, að "Business Phones" fást með sama gjaldi framvegis, sem þeir hafa verið hingað til, nefnilega $50.00 á ári, fyrir ótakmarkaða notkun. Svo að þeir, sem heldur vilja hafa síma sína undir núgildandi reglum og árgjaldi, heldur en að lúta nýju reglugerðinni, sem gengur í gildi 1. april næstk., eiga kost á, að gera það. Með öðrum orðum: Notendur "Business Telephones" eiga kost á að borga hér eftir $50.00 á ári eins og að undanförnu, eða að borga fast gjald $25 á ári, og 2c fyrir hvert viðtal, sem þeir sjálfir hefja. — Yfirleitt mun mega fullyrða, að engin lækkun, sem um sé getandi, sé gerð á "Business Phones", heldur sé niðurfærsla sú, sem gerð hefir verið, aðallega til hagsmuna fyrir alþýðu manna í privat fjölskylduhúsum og íbúðum, og fyrir landbændur. Og sú lækkun er vitanlega mikils virði nú þegar, og verð ur væntanlega meiri síðar, eftir því, sem talsímakerfið útbreiðist um fylkið og notendafjöldinn eykst og margfaldast.

Hve mikilli upphæð niðurfærslan kann að nema, verður ekki sagt að svo stöddu, og ekki fyr en þetta nýja fyrirkomulag hefir verið hér í gildi um eins árs tíma.

Verðmætur gasfundur

Þann 13. janúar sl. kom það fyrir, að verkamenn C.P.R. félagsins, sem um nokkurn undanfarinn tíma hafa verið að bora eftir olíu á svo nefndri "Boga eyju" í Alberta fylkinu, komu niður á svo mikið gas-gos, að það tók langt fram öllum vonum þeirra. Gasbrunnur þessi hefir verið skírður "Dýrðarbrunnur". Hann var grafinn undir umsjón W. R. Martin, sem hefir verið að kanna hérað þetta fyrir C. P. R. félagið, með því augnamiði, að komast eftir, hvort þar væri gas eða olía í jörðu. Herra Martin fann fyrsta vott um gas, þegar hann var búinn að bora 670 fet niður í jörðina. Þá fann hann svo mikinn gasstraum, að nam 1500 kúbic fetum á sólarhring. Þegar búið var að grafa niður 1080 fet, kom annar gasstraumur jafnmikill og sá fyrnefndi. Þetta var sama æðin, sem fylt hefir þá tvo gasbrunna, sem nú eru í Medicine Hat bæ. Þegar kom niður á 1525 feta dýpi, þá var straumurinn orðinn svo megn, að hann gaf 30,000 kúbic fet á sólarhring. En á 1884 feta dýpi gekk borinn gegn um tjörusandlag, sem jafnan finst þar, sem gasmagn er mikið í jörðu. Eftir það jókst gasstraumurinn og varð yfir 115,000 fet. Og á 1909 feta dýpi, þegar mennirnir urðu að hætta að bora af því þeir gátu ekki nógu fljótt náð til sín nægilega sterkum vélaútbúnaði, þá var gasstraumurinn orðinn svo megn, að nam 4,500,000 kúbic fetum á sólarhring. En það gefur sama hitamagn, hvert heldur er til framleiðslu ljósa eða afls, eins og 3200 tons af kolum, og getur framleitt 21,000 hestaafl á dag.

Þegar kveikt var á gasinu við brunnopið, þá skaut loganum meira en 80 fet í loft upp. Sá logi heldur áfram, þar til vélarnar koma, sem til þess þurfa að beizla gasstrauminn.

Þeir tveir gasbrunnar, sem bærinn Medicine Hat á og notar til lýsingar, hitunar og afls í bænum, gefa báðir til samans 3 miliónir kúbic fet á sólarhring. Þessi nýi brunnur er því fullum þriðjungi aflmeiri en báðir hinir brunnarnir til samans.

Það þykir alveg áreiðanlegt, að enn þá neðar í jörðunni sé meira gas, og að magn þess sé algerlega óþrjótandi. Það er reynsla jarðfræðinga, að hvar sem tjörusandlögin finnast djúpt í jörðu. þar er óþrjótandi gasmagn og oft einnig olía.

Í Californiu hafa gas og oliubrunnar verið notaðir um 20 ára tíma, og gefa einsmikinn afrakstur nú, eins og þeir hafa gefið á nokkru undangengnu ári. Í Armstrong héraðinu í því ríki eru brunnar, sem stöðugt hafa verið ausnir í sl. 25 ár, en gefa samt daglega um 60 milión fet af gasi fram á þennan dag.

Það er talið áreiðanlegt, af praktískum námafræðingum, að Alberta héraðið sé fullkomið igildi beztu héraða í Californiu til framleiðslu gas og oliu. Því að það er sannreynt, að hvar í heimi, sem gas hefir fundist í jörðu í tjörusandsteinslögum, þar hefir jafnan fundist gnægð af oliu, þegar neðar hefir verið borað. Það er því talið áreiðanlegt, að í Alberta héraðinu sé gnægð af oliu, allstaðar þar, sem gas hefir fundist í þessum lögum. Herra Martin er sannfærður um, að þegar hann fær vélaútbúnað til þess að bora niður 50 fet dýpra en hann er þegar kominn, þá finni hann hina eiginlegu oliuuppsprettu.

Með þessum fundi er þá fengið alt það efni, sem Alberta fylki þarf til ljósa, hitunar og afls. — Mælt er, að auðmenn viðsvegar um heim, sem jafnan hafa opin augu og skarpa sjón fyrir öllu því, er gefur von um mikil og varanleg auðsuppgrip, séu þegar farnir að rita eftir upplýsingum um héraðþetta og þennan mikla gas-fund. C.P.R. félagið efar ekki, að auðsafn muni bráðlega fljóta í stórstraumum inn í fylkið. Verkstæði sett á stofn og rafmagnsbrautir bygðar um það þvert og endilangt — því að þessi gas fundur tryggir ódýrt afl til knúnings verkvéla og annarar aflframleiðslu.

Alberta fylkið á áreiðanlega fagra framtíð fyrir sér, og er þó minst af því í ljós leitt, minst af þeim auðæfum, sem menn gera sér von um, að felist þar í skauti jarðar. Sennilegt er, að fundur þessi hafi og mikil og bráð áhrif á innflutning fólks í fylkið, bæði þeirra manna, sem hafa peningalegt afl, og ekki síður hinna, sem hafa áhuga á, að leita sér varanlegrar atvinnu og að leggja grundvöll fyrir heimili sin og afkomendur sína í náttúru auðugasta héraðinu, sem enn er þekt í canadiska Norðvesturlandinu.

Fregnin um þennan fund gefur Íslendingum tilefni til umhugsunar um það, hvort ekki muni hugsanlegt, að gas felist í jörðu á Íslandi. Fátækt er það land, en af engu þó fátækara en eldsneyti, eftir því, sem enn er þekt. En hugsanlegt er, að eldsneytis fátæktin þar sé að miklu leyti sprottin af framkvæmdarleysi þjóðarinnar til að leita eftir því. Það virðist ekki ólíklegt, að þar sem eru eldgos og hverir, þar kunni að vera gas undir, — að minsta kosti er þar hita í jörðu. Gæti þjóðin beizlað þann hita, þá ætti að mega hafa gagn af honum til ýmsra hluta. — Það væri áreiðanlega þarft verk af stjórn Íslands, ef hún gengist fyrir því, að fá þangað heim ærðan sérfræðing til þess að rannsaka þetta. Það mundi kosta talsvert fé. En allar þarfar framkvæmdir, kreljast fjárútláta, og það er einhvers virði að vita, hvað landið felur í sér. — Findist þar jarðgas, þá er fengin ævarandi auðsuppspretta, sem margborgaði tilkostnaðinn við að leita hennar og finna hana. En findist hún ekki, þá er þó fénu til leitarinnar varið í góðum tilgangi og að öllu leyti réttmæt útgjöld. Slíkra framkvæmda verður ekki vænst af einstaklingum eða félögum, vegna fjárskorts þeirra. En öllu þjóðfélaginu í heild sinni ætti ekki að vera ofvaxið, að gera áköfeðna og nokkurnveginn itarlega tilraun í þessa átt.

Það væri og verkefni fyrir 5 eða 6 unga Íslendinga, að koma hingað vestur til Ameriku, til þess að kynna sér námafræði og vélaútbúnað þann, sem notaður er við þess konar starfsemi. Vera mætti, að slíkir menn gætu síðar orðið ættjörð sinni að einhverju liði með fundi málma og annara auðæfa, ef þau eru þar til.

Ungu stúlkurnar í Winnipeg.

Lögregludómari Daly hélt ræðu á samkomu Kristilega Bindindis Kvenfélagsins (W.C.T.U.) í Grace kirkjunni, að kveldi 2. þ.m., sem vakið hefir talsverða eftirtekt meðal bæjarbúa af öllum stéttum.

Herra Daly talaði um uppeldi og framferði ungra stúlkna hér í borg. Meðal annars kvaðst hann ekki geta hugsað sér neitt viðbjóðslegra, en að sjá velbúnar stúlkur, dætur háttstandandi manna, hér í borg vera að tyggja "Gum" í strætisvögnunum, og reyna að vekja athygli karlmanna á sér. Þessar stúlkur kvað hann ekki vera af "óæðri" hluta borgaranna, heldur væru þær dætur auðugra fólksins í Fort Rouge. En gallinn væri sá, að mæður þeirra hugsuðu miklu meira um finan fatnað fyrir sig og dætur sínar, heldur en að ala þær upp siðsamlega.

"Ég vildi óska", sagði dómarinn, "að Eaton félagið vildi flytja inn í bæinn eitt vagnhlass af birkirenglum, svo að hægt yrði að kenna þessum ungu stúlkum, hvernig þær eiga að hegða sér. Ef þér vissuð, hvað ég hefi orðið að hlusta á, á siðastliðnum 30 dögum, í sambandi við málaferli viðvíkjandi 20 til 25 ungum stúlkum, frá 14 til 18 ára, sem hafa komið fyrir mig sem lögregludómara, og sem allar höfðu verið afvegaleiddar af því þær höfðu ekki notið réttrar tilsagnar, þó þær væru allar frá "góðum" heimilum, — þá munduð þér ekki undrast yfir því, sem ég segi. Þér munduð lita betur eftir dætrum yðar, ef þér þektuð hættuna. Þér munduð þá reyna að sýna þeim fram á, að þær væru á leið til glötunar, og telja þeim afturhvarf".

Herra Daly hélt því fram, að prestar ættu að prédika, að minsta kosti einu sinni á mánuði um þær skyldur, sem foreldrum ber að inna af hendi við börn sín. — Það væri gott og blessað, að halda uppi kirkjum og þess kyns stofnunum, en fyrsta sporið yrði að stíga á sjálfum heimilunum. Það þyrfti að gera heimilin unaðsrík, svo að börnin gætu fundið til þess, að þau væri bezti staðurinn í borginni. Hann kvaðst sjálfur þekkja margar stúlkur, sem hefðu verið hraktar frá heimilum sínum af mæðrum þeirra, sem alt af væru þrungnar af ólund og gerðu heimilin að stöðum tómlætis og leiðinda. Börn verða að hafa skemtanir, og það verður að fullnægja þeirri skemtanaþrá þeirra heima á heimilum þeirra, undir umsjón foreldranna. Hundruð barna hér í bæ hefðu ekki það heimilisatlæti, sem þau þyrftu og ættu að hafa í húsum efnafólksins. Það væri nauðsynlegt, að hafa leiksvæði og opinbera skemtistaði í öllum deildum borgarinnar. Mörg bæjarbörn vissu tæpast, hvernig ætti að leika sér. Það þyrfti að kenna þeim að leika sér, og rækta og annast um skrautblóm. Ef feður og mæður hér í borg vildu hafa samtök til þess, að lita almennilega eftir börnum sínum á heimilum þeirra, þá mundi mikil breyting til batnaðar koma á þennan bæ innan næstu 5 ára.

Ekki er þess getið, að Fort Rouge mæðurnar hafi klappað fyrir Daly, þegar hann endaði ræðu sína, en alment þykir hún orð í tíma talað.

Íslands fréttir.

(Eftir Ísafold dags. 17. febr.)

Alþingi sett 15. febrúar. Allir þingmenn viðstaddir. Séra Hálfdán prófastur Guðjónsson, fyrri þingmaður Húnvetninga, sté í stól inn og lagði út af Lúk. XI., 34.-35. — Kjörbréf voru þar næst skoðuð og öll tekin gild, nema Dr. Valtýs Guðmundssonar, sem var frestað til rannsóknar lögmætri 5 manna nefnd, er lauk starfi samdægurs, en kloínaði. Kristján Jónsson, Jón Magnússon og Lárus Bjarnason vildu telja Valtý kosinn, en Bjarni Jónsson og Skúli Thoroddsen voru móti, og það varð ofan á í sameinuðu þingi, að kosking hans væri ógild, með 21 atkv. móti 17. — Séra Björn Þorláksson frá Seyðisfirði, gagnsækjandi Dr. Valtýs, var kominn til Reykjavíkur, og skyldi sama nefnd ákveða um kosningu hans 18. febr.

Þá var gengið til kosninga þingforsetanna, sem féll þannig:

Í sameinuðu þingi Björn Jónsson, og til vara Skúli Thoroddsen. Skrifarar þar Sigurður Stefánsson og Eggert Pálsson.

Forsetar neðri deildar voru kosnir: Hannes Þorsteinsson og til vara Ólafur Briem og Sigurður Gunnarsson. Skrifarar þar kosnir: Jón Ólafsson og Bjarni frá Vogi.

Forseti kosinn í efri deild Kristján Jónsson, og til vara: Jens Pálsson og Sigurður Stefánsson. Skrifarar þar: Kristinn Danielsson og Steingrímur Jónsson.

Í efri deild eru þessir þjóðkjörnir þingmenn: Ari Jónsson, Gunnar Ólafsson, Jens Pálsson, Jósef Björnsson, Kristinn Daníelsson, Kristján Jónsson, Sigurður Hjörleifsson og Sigurður Stefánsson.

Minni hluta þingmenn (stjórnarliðar) skiluðu allir auðum kjörmiðum í embættismanna kosningunum, nema þar sem var hlutfallskosning, þ.e. á skrifurunum. Einn þeirra kaus þó Kristján Jónsson forseta í efri deild.

Þessir kosnir í fjárlaganefnd í neðri deild 17. febr.: Björn Jónsson (skrifari), Björn Sigfússon, Eggert Pálsson, Jón Jónsson frá Múla, Pétur Jónsson, Sigurður Sigurðsson og Skúli Thoroddsen (formaður).

Um kosningu Björns Þorlákssonar ákveður sameinað þing, hvort hann skuli teljast kosinn eða hvort ný kosning skuli fara þar fram. Ef ný kosning þarf fram að fara, þá verður það svo fljótt, sem lög leyfa frekast.

Skrifstofustjóri alþingis er Einar Hjörleifsson. Skrifarar hjá honum: Séra Hafsteinn Pétursson, Einar Þorkelsson og stúd. Vilh. Knudsen.

Ræðuritarar í neðri deild eru stúdentarnir Páll E. Ólason og Páll Sveinsson. En í efri deild kandidatarnir Guðm. T. Hallgrímsson og Björn Þórðarson.

Flokkstjórn sjálfstæðismanna skipa: Björn Jónsson (formaður), Sigurður Stefánsson (skrifari), Bjarni Jónsson frá Vogi, Sigurður Gunnarsson og Skúli Thoroddsen.

Búist er við, að "Bricklayers" hér í bænum muni heimta á komandi sumri 8 klukkustunda vinnutíma á dag, og 65c í kaup fyrir fyrir hverja klukkustund, í stað 9 klukkustunda dag með 60c kaupi á klukkustund eins og nú er.

Frá austri til vesturs.

RÆDA FLUTT Á MŒLSKUSAMKEPNIS-SAMKOMU ÍSL. STÚDENTAFÉLAGSINS. 18. FEBRÚAR S.L., AF Miss Th. S. JACKSON

Vér munum öll viðurkenna, að það hefir ávalt verið mikill munur á þeim hluta heimsins, sem vér nefnum þann austari og þess vestari. Mannkynssagan sannar, að hinaðarhættir og mennin austurþjóðanna hefir verið á alt annan hátt, en þeirra vestari. Það er alment álitið, að Grikkir hafi náð hærra mentastigi, en nokkrar aðrar fornþjóðir, bæði hvað bókmentir og listir snertir. Enn þann dag í dag eru mörg af grísku fornritunum álitin að vera markverðustu dýrgripirnir í bókmentaheiminum. Hin mikla frægð Aþenuborgar var ekki innifalin í herkænsku íbúa hennar, heldur í hinum andlega þroska þeirra og listaverkum.

En sá tími kom, að Grikkir urðu að lúta í lægra haldi fyrir hinum ómentuðu þjóðflokkum að vestan, sem ruddust inn í landið. Og um tíma leit svo út, sem siðmenning þeirra yrði afmáð og að engu í hinum mikla straumi þekkingarleysisins. Rómverjar, sem að miklu leyti voru ósiðaðir, komust til valda. En með tímanum fór menning Grikkja að hafa áhrif á þá. Það þótti hin mesta frægð, að vera vel að sér í grísku bókmentunum. Afleiðingarnar af því urðu, að með tímanum fóru Rómverjar að taka sér snið eftir Grikkjum. Þannig vann gríska þjóðin með menning sinni og listum sigur yfir sigurvinnurum sínum.

Rómaborg varð með tímanum bústaður menningar og lista, og hið traustasta virki hins mentaða heims. En jafnvel hún gat ekki staðist árásir hinna harðfengu íbúa vestur Evrópu. Þegar Rómaborg féll í hendur barbarisku þjóðflokkanna að vestan árið 410 eftir Krist, þá leit út fyrir, að öll siðmenning myndi kollvarpast. En það varð önnur reynd á. Fall Rómaborgar, í staðinn fyrir að verða hindrun fyrir útbreiðslu menningarinnar, varð einmitt stærsti punkturinn í, að breiða hana út um alla vestur Evrópu.

Þannig hafa vísindi og mentir ávalt komið frá austri til vesturs. Og þó oft hafi lítió svo út, sem öll siðmenning yrði afmáð og að engu, þá hefir hún samt rutt sér til rúms og orðið ofan á með tímanum. Hervald og auðæfi hafa oft um tíma reist þjóðir eða einstaklinga til mikilla valda, en hinir einu varanlegu kostir einnar þjóðar eru menning hennar og vísindi. Vér höfum mikið heyrt um menn, sem unnið hafa stórvirki, og jafnvel lagt undir sig heilar þjóðir, svo sem eins og Alexander mikli, Napoleon Bonaparte og fleiri; en þegar kemur til áhrifanna, sem þeir hafa haft á eftirkomandi kynslóðir, þá munu þeir ekki þola samanburð við Plato, Shakespeare og Lúter o. s. frv. Þessir siðarnefndu hafa með sínum andlegu hæfileikum náð því takmarki, sem hinir hreptu ekki. Vér getum svo bezt leyst úr öllum gátum yfirstandandi tímans, að vér athugum sögu þjóðanna á liðnum öldum; því andi mannsins er í sjálfu sér ekkert breyttur frá því í fornöld, heldur er það ástaða og ummál þjóðanna, sem er breytt.

Vér erum í mikilli þakklætisskuld við litlu grísku fylkin á ströndum Miðjarðarhafsins, þó þekking þeirra stæði í sínum mesta blóma fyrir tvö þúsund ár um, þá eigum vér þeim að þakka mörg af helztu listaverkum vorra tíma, og líka margar hinar göfugustu hugsanir og kenningar, sem hrífa mannssálina. Einnig Rómverjar, með sínum markverðu löggjöfum og siðum, lögðu grundvöllinn að hinni fullkomnari menning seinni tíma. Þannig breiddu þessar tvær þjóðir menning sína út um alla vestur Evrópu, og þann hluta Afríku og Asíu, sem þá var kunnur.

Vér spyrjum sjálf oss ef til vill hver sé afstaða þessarar heimsálfu í samanburði við sögu hins hluta heimsins. Vér munum sannfærast um, að hún er í mjög nánu sambandi við hana. Menning og framfarir þessa lands hafa haft uppruna sinn í austrinu. Framfarirnar hafa verið mjög hraðgjörar, þegar vér hugsum oss, að það eru að eins nokkur ár síðan ekki voru nema eyðisléttur og myrkvir skógar þar sem nú eru blómlegar borgir og bygðir. En þrátt fyrir það, þá vantar þetta vesturland mikið til að ná því framfarastigi, sem svo margir aðrir hlutar heimsins eru búnir að ná. En hugsunin, að þetta er svo, á ekki að koma oss til að hugfallast, heldur á meðvitundin um, að svo mikið er enn óunnið, að auka oss þrek og þrótt.

Það er sagt, að hvert sinn, sem einhver framgjarn ungur maður fór að leita ráða viðvíkjandi lífsstarfi sínu hjá frægu New York ritstjóranum Horace Greely, þá var svar hans ávalt: "Far þú vestur, ungi maður". Hann sá, að í hinu mikið til ónuna vesturlandi hafði ungi maðurinn tækifæri á að beita hæfilegleikum sínum sér og öðrum til gagns. Þar var vegurinn ekki ruddur af öðrum, unglingurinn þurfti algerlega að reiða sig á sjálfan sig, með því móti myndi hann verða sjálfstæður maður, og sá eiginlegleiki er fyrsta sporið í fullkomnun hvers einstaklings.

Eftir því, sem auðsuppsprettur þessa lands eru betur framleiddar, verður meiri auður í landinu. En með auðvaldinu kemur mikil ábyrgð. Það er ekki nóg að vera auðugur, heldur er líka nauðsynlegt, að brúka auðinn sem bezt sér og öðrum til nota. En svo að eins geta menn náð því fullkomnunarstigi, að ástin á hinu fagra og góða, sem lifið hefir að bjóða, verði þeim tilhneigingum yfirsterkari, sem miður fara.

Vér heyrum mikla kvörtun yfir því, hvað lítill sé tíminn; menn hafa engan tíma til að lesa bækur og því um líkt. En eins og máltækið segir, "mikið má ef gott vill", þá er ég sannfærð um, að hver sem hefir einlæga löngun á, að fullkomna sjálfan sig, mun finna marga stund, sem verja má til þess, og sá tími er ekki tapaður. Mér dettur ekki í hug, að halda því fram, að hver einstaklingur geti náð háu mentastigi, en ef hver og einn setur sér það markmið, að fullkomna sjálfan sig eins vel og ástæður og hæfilegleikar leyfa, þá er hann með því ekki að eins að vinna að sinni eigin hagsæld, heldur líka þjóðarinnar í heild sinni. Vér megum ekki láta hugfallast, þó áformum vorum liggi oft við skipbroti, því allar hinar markverðustu framfarir mannkynssögunnar sanna, að sigrinum er sjaldan náð fyr en menn eru oftsinnis búnir að bera ósigur. Þess vegna er ekki ráðlegt, að gefast upp, þó óvænlega horfist á í fyrstu. Það getur verið, að ummál vort sé að eins lítið, og vér höfum engin áhrif á hin yfirgripsmiklu mál í mannfélaginu. En vér getum öll á einhvern hátt látið aðra njóta góðs af tækifærum vorum, og þó í smáum stíl sé, stutt að því, að mannkynið nái fullkomnara stigi. Hugsunin, að þetta er svo, mun oft ef til vill létta hina daglegu byrði vora, og styrkja oss, þegar oss liggur við að hugfallast.

Sparið Línið Yðar.

Ef þér óskið ekki að fá þvottinn yðar rifinn og slitinn, þá sendið hann til þessarar fullkomnu stofnunar.

Nýtízku aðferðir, nýr vélaútbúnaður, en gamalt og æft verkafólk.

LITUN, HREINSUN OG PRESSUN SÉRLEGA VANDAÐ

Modern Laundry & Dye Works Co., Ltd.
307—313 Hargrave St.
WINNIPEG, MANITOBA
Phones: 2300 og 2301

S. R. HUNTER & CO

Skraddarar,

189 Lombard Street

Búa til ný-móðins karlmannafatnaði eftir máli. — Efni og vinnubrögð afbezta tegund, og alt ábyrgst að vera jafngildi þess bezta sem fáanlegt er í borginni. Verðið er við allra hæfi. —

S. R. Hunter & Co.
189 Lombard St.
Telephone 1395.

YFIRLÝSING.

Að gefnu tilefni lýsi ég yfir því, að bréfkaflar héðan að vestan, sem birtast kunna, eða birst hafa, í íslenzku blöðunum, eru því að eins frá mér, að nafn mitt sé undir þeim.

Seattle, Wash., febr. 24, '09.
Sigurður Magnússon.

Fá orð um ljóðagjörð Vestur-Íslendinga.

Það lítur út fyrir, að sumir af okkar vestur-íslenzku almúga andans tröllum séu að fá einhverja nýja andagift í sína blessuðu litlu heila, um það, að þeir séu orðnir allra mestu fagurfræðingar og heimspekingar. Já, þeir eru að fá hugmynd um það, að þeir geti nú dæmt um ljóðagerð þeirra, sem fást við ljóðasmíði hér vestanhafs. En ekki eru þeir allir svo einarðir eða sjálfstæðir, að þeir sjái sér fært, að láta nafnið sitt undir þessar ritsmíðar sínar. (Sjá "kaflann úr bréfi frá Kyrrahafi", í Hkr., sem út kom 18. febr. sl.).

Ég skal játa það, að það væri mjög mikið betra, ef blöðin færðu okkur meira af nytsömum ritgerðum, annaðhvort frumsömdum eða þýddum úr góðum blöðum og tímaritum. En ef blessaðir landarnir geta ekki farið betur af stað með sínar gagnlegu ritgerðir um ljóðabirting vestur-íslenzku blaðanna, en þeir hafa gert, þá veit ég ekki, hvaða mismunur er á því að fá ritgerðir, sem ekkert eru annað en tómir sleggjudómar, auðsjáanlega samdar í þeim tilgangi, að slá um sig, — eða á því að fá að sjá eitthvert ljóð, sem máske er að ýmsu leyti ófullkomið. Eg álít það að minsta kosti ekki eins skaðlegt, þó blöðin birti meinlaus ljóð, þó þau séu ekki að öllu fullkomin felt og smelt, heldur en þau birti aðra eins sleggjudóma, eins og þessi náungi við Kyrrahafið, og náunginn, sem skrifaði ritgerðina "Kvæði og skáldsögur. Það er sannast að segja, að meiri angurgapahátt hefi ég ekki séð eftir vestur-íslenzk an höfund. Að vísu er bót í máli, þegar svoleiðis staðleysis ritgerðir birtast, og höfundurinn ræðst að einhverjum sérstökum persónum, með sína fáránlegu sleggjudóma, að maður á það þá víst, að það verður flett ofan af hans andlegu nekt; svo að hann má sitja á síðan með sárt ennið út af fruntahlaupi sínu.

Mér virðist, að ef talað er af sanngirni, þá sé meiri hlutinn af því, sem landar hér skrifa í óbundnum stíl í blöðin, eins mikið léttmeti eins og meiri hlutinn af lélegu ljóðunum, sem blöðin eru að birta.

En svo er eitt, sem skilur á milli lélegu ritgerðanna og lélegu ljóðanna, að ljóðin eru flest öll meinlaus, en ritgerðirnar ekki. — Meginhluti ritgerðanna er blandað með hnútukóstum og ýmsum óþverra, sem verra er að lesa, heldur en þó það sé lélegt ljóð, ekki vel rímað, og fremur fátækt af skáldlegum hugsjóna tilþrifum, en sem að öðru leyti er algerlega meinlaust.

Hvaða gagn hefir maður t.d. af, að lesa önnur eins fréttabréf, eins og þau, sem nýlega hafa birst í Heimskringlu frá Pine Valley. Og svoleiðis mætti benda á mörg fréttabréfin, að þau væru betur aldrei að heiman send, úr því þau geta ekki verið öðruvísi, en annaðhvort óáreiðanleg í frásögninni, eða þá að eins samin í þeim tilgangi, að troða skóinn ofan af einhverjum.

Það var ekki tilgangur minn, að fara að skrifa neinn dóm um ljóðagerð Vestur-Íslendinga, " því ég skal fúslega játa það, að ég er ekki fær til þess. Og sannleikurinn er, að ég hefi ekki séð ritdóm eftir vestur-íslenzkan höfund, um ljóðmæli, hvorki sem hafa verið gefin út hér eða heima, að ég áliti, að það geti kallast ritdómur, — síðan þeir voru hér við ritstjórn Jón Ólafsson og Einar Hjörleifsson; nema ef vera skyldi einstaka ritdómur eftir séra Fr. J. Bergmann.

En það, sem allra helzt er að dómum þeirra hágöfugu ritdómara, sem fást við að dæma ljóð hér, er það, að þeir eru ósanngjarnir, — lítur út fyrir, að þeir fari að miklu eftir því, hver persónan er, sem í hlut á. Sjá dómana, til dæmis, um bók S.B.Benedictssonar og bók Magnúsar Markússonar. Þeir dómar eru báðir í hæsta máta ósanngjarnir. Annar höfundurinn er niddur niður fyrir allar hellur, en hinn hafinn upp fyrir öll ský. Ef að dómendurnir geta ekki samið sanngjarnari dóma um ljóðabækur en það, þá væri þeim sæmdar meira að þegja. Í bók S. B. B. eru margar góðar hugsanir, og hún er frí við að vera eftirherma og stæling af öðrum höfundum. Hún er full af hugsjónum og kenningum, sem aðrir íslenzkir höfundar hafa litið hróflað við. Það skal að vísu játað, að bókin er ekki eins og hún hefði átt að vera, eftir jafn skynsaman og vel lesinn mann. Því hæði eru í bókinni ljótar hugsanir, sem almenning hefði ekkert varðað um, og höfundurinn hefði átt að geyma heima hjá sjálfum sér. Og svo er sumstaðar of klunnalega að orði komist. Einnig munu ljóðasmiðir álíta, að rímið sé víða í lakara lagi. En S.B.B. má eiga hól skilið fyrir það, að hann hugsar fyrir sig sjálfan, en lætur ekki aðra gera það, og yfirleitt eru ljóð hans ekkert bergmál af annara bjöllum.

En aftur er hið gagnstæða að segja um ljóðagerð M.M. Það að vísu satt, að rím sé yfirleitt betra hjá honum en S.B.B. En aftur eru ljóð hans miklu snauðari að sjálfstæðum hugsunum. En hann er þýðari og reynir máske til að fága ljóð sín fremur enn S.B. B. eftir kunstarinnar reglum. En þau eru bergmál framliðinna og núlifandi höfunda, og þar af leiðandi miklu minna gagn að þeim, heldur enn ljóðum S.B.B., í tvennum skilningi: — vegna þess, að þau eru eftirhermu smíði, og annað: vegna þess, að þau eru svo dauðans snauð af nýjum hugsunum eða nýjum kenningum.

Það hafa ýmsir verið að narta í hælana á Jónasi Danielssyni. En mér er spurn, hvort maður mundi ekki hafa meira andans fóður upp úr ljóðum hans, heldur enn upp úr ljóðum M. Markússonar, ef hann gerði tiltölulega eins mikið að því að yrkja eins og M.M. Mér virðist að minsta kosti, af nokkrum þeim ljóðum, sem ég hefi lesið eftir hann, að það sé töluvert af hugsun hjá honum, að hann reyni að smíða eitthvað sjálfur, en láta ekki aðra gera það. Eg hefði gaman af að sjá, að höfundurinn hérna við Kyrrahafið, gæti gefið manni nokkurt betra efni, jafnvel þó í óbundnu máli væri, heldur en Jónas J. Daníelsson gerir í kvæðinu "Til goðanna", svo að ég bendi á sama kvæði.

Nei, sleggjudómarnir eru svo lausir í höfðum sumra, að þeir geta ekki ráðið við þá, annað en að láta þá rjúka út, sjálfum sér til smánar, en öðrum til ama.

Það eru ýmsir að finna að rímnakveðskap Kr. Á Benediktssonar, og það ekki að ástæðulausu, því yfirleitt er sá kveðskapur hans allra líkastur krakkatilraunum með að búa til ferskeyttar vísur. En þó tekur út yfir, þegar hann fer að bera sig að yrkja undir sönglagaformi. Það er allra svipaðast eins og verið sé að urga bitlausri sög í gegn um eikarborð, eða að það sé verið að raspa með grófum rasp í stálplötu. Hvorugt lætur vel í eyra, og betra að maður sé ekki veikur í höfðinu. —

Ég veit ekki, hvorum þeirra ætti að skipa ofar á bekk, sem ljóðhöfundum, honum eða A. St. Johnson. Mér finst að báða þessa höfunda vanti flest skilyrði til þess, að vera ljóðasmiðir. Að vísu má sjá það, að Kr.Á.B. á hjá sér meiri þekkingu á móðurmálinu, heldur enn A. St. Johnson, og þá held ég alt sé talið. — Eg held, að það væri nokkuð sanngjarnt, að farið væri fram á það, að þau þrjú: Kr. Á. Benediktsson, A. St. Johnson og R. J. Davíðsson, sem ég held að sé kona, þó hún skrifi sig "son", — hættu að birta ljóð sín í blöðunum, en gæfu heldur út bók öll í sameiningu, og létu hana heita "Þri-stirni".

Ef þessir þrir höfundar hyrfu úr ljóðadálkum vestur-íslenzku blaðanna, þá væri það góð tilhreinsun. En flesta aðra, sem hafa gefið ljóð í vestur-íslenzku blöðin, vildi ég biðja að hætta því ekki. Því ég er ekki búinn að sjá það, að við fengjum nokkuð annað betra í staðinn.

J. P. ÍSDAL.
Hillcrest P.O., Vancouver, B. C.

HÚN VANN.

Miss Cutting á heima í New York og Pittsfield, Mass. Faðir hennar er einn af ríkustu bankastjórum í New York, og hún á nóga peninga í sínu eigin nafni.

Miss Cutting er tilgerðarlaus og blátt áfram í allri hegðan sinni, en berhöfðuð hefir hún gengið í heilt ár, og orsökin er þessi:

Stúlkan er djörf, ung og efnileg, og hefir nýlega sameinað sig við félag, sem kallar sig "The Union Workers". Í þessum félagsskap lærði hún, að sönn lífsgleði er í því innifalin, að hjálpa öðrum, og að alt annað er kæti skammvinn og ósönn.

Fyrir liðugu ári síðan sat hún á tali við ríkan, ungan mann af heldri stétt, og bar margt á góma — þar á meðal, hversu gremjulegt það væri, hvað ríku stúlkurnar væru seinar til að láta á móti sér, til að hjálpa nauðstöddum. Og kvaðst hún í seinni tíð hafa verið að hugsa um, hvað ógurlega dýrir kvenhattarnir væru.

"Heyr á endemi", hlóg ungi pilturinn við, "Miss Cutting ætlar þó ekki að fara að ganga hattlaus!"

"Hver veit", sagði Miss Cutting með hægð.

"Ég set í pant þúsund dollara, að þú getur ekki staðið við það, og gengið hattlaus í heilt ár".

"Gerðu það skriflegt", sagði Miss Cutting, "ég skal skrifa undir og ég mun vinna".

Næsta ár gekk Miss Cutting berhöfðuð á meðal þeirra ríkustu og finustu í New York og Pittsfield, því í síðarnefnda staðnum er hún mánuð að sumrinu til. Miss Cutting vann, og ungi maðurinn hefir allareiðu sent henni ávísan upp á þúsund dali.

Hún lét sig litlu skifta, hvað fólk áleit um það, en hún hafði bætt þúsund dölum við þessi fimtíu þúsund, sem hún gefur til fátækra árlega. Þúsund dölunum var skift á milli ungrar stúlku (sem er blind og mállaus), fimm krypplinga á Bellevue sjúkrahúsinu og gamalmenna á fátækra húsinu.

Miss Cutting, sem er kölluð "Engillinn frá Pittsfield", segist hafa haft mikið meira gaman af, að gefa þetta eina þúsund, en hin fimmtíu þúsundin, þar eð það hefði kostað sig meira, og víst er það satt, að það eina, sem þú heldur á í þinni dauðu, köldu hendi í líkkistunni, er það, sem þú hefir gefið af hjarta. En til þess að andinn hlægi inni fyrir og gleðin velli upp frá hjartanu, þarf maður að gefa þar til sjálfselskan brennir sig, og tárin koma fram í augun. (Þýtt af V. 32-4).

HÓLAR, SASK.
27. febrúar 1909

Herra ritstj. Hkr.

Í Heimskringlu og Lögbergi 18. þ.m. er þess getið, að hinn mikli námspiltur Skúli Johnson sé fæddur árið 1888, og að hann hafi flutst með foreldrum sínum hingað vestur yfir haf ári síðar, 1889. Þetta mun ekki vera alveg rétt frá skýrt. — Þessu til skýringar vil ég geta þess, að ég undirritaður flutti vestur yfir haf árið 1887. Ári síðar, 1888, kom konan mín sál. með 4 börn okkar hingað vestur. Hún sagði mér, að þau hjónin Sveinn Jónsson og Kristín Sigurðardóttir, frá Hlíð á Vatnsnesi, hefðu verið með í ferðinni — Og kannaðist ég strax við hjón þessi, því ég kyntist þeim á Íslandi, þar eð þau voru úr sömu sveit, sem ég lifði í heima. Mig minnir, að hún segði mér, að Kristín sál. hefði haft barn á brjósti. Hún tók það fram, að þeim börnum, sem voru á brjósti, hefði farnast bezt á leiðinni.

Þar eð Skúli er fæddur á Íslandi, þá hlýtur hann að hafa verið barnið, sem var á brjósti yfir hafið. Konan mín sál. hafði líka barn á brjósti, Valdimar (nú Walter). Það lítur út fyrir, að þessir piltar hafi verið brjóstmylkingar á ferðinni hingað vestur og fæddir á sama árinu. Af því útlit er fyrir, að Mr. Johnson verði nafnkendur í framtíðinni, þá er leiðinlegra að tvísagnir séu um fæðingarár hans.

Vinsamlegast,
H. J. Líndal.

Það þarf að bíta.

Kæru landar, ef þið viljið fá vel skerptar sagirnar ykkar, þá komið þeim til mín, að 501 Beverly St. Líka skerpi ég skauta, skeggbnífa og allskonar eggjárn. — Alt fljótt og vel gert.

G. BERGÞÓRSSON,
501 Beverly St.

DR. H. R. ROSS
C.P.R. meðala- og skurðlækuir.
Sjúkdómum kvenna og barna veitt sérstök umönnun.
WYNYARD, — SASK.

K-J-Ö-T.
"Ef það kemur frá Johnson, þá er það gott"
C. G. JOHNSON, Kjötsali,
301 Sherbrooke St. Talsími 2681.

Russell A.— Thompson and Co.,
Cor. Sargent & Maryland St.
Selja allskonar MATVÖRU af beztu tegund með lægsta verði. Sérstakt vöruúrval nú þessa viku Vér óskum að Íslendingar vildu koma og skoða vörurnar. Hvergi betri né ódýrari.—
Munið staðinn:—
HORNI SARGENT AVE. OG MARYLAND ST.
PHONE 3112.

Með því að biðja sérlega um "T.L. CIGAR." þá ertu viss að fá ágætan vindil.
T.L.
T.L. CIGAR
(UNION MADE)
Western Cigar Factory
Thomas Lee, eigandi Winnipeg

Redwood Lager og Extra Porter
Styrkið taugarnar með því að drekka eitt staup af öðrum hvorum þessum ágæta heimilis bjór, á undan hverri máltíð. — Reynið !!
EDWARD L. DREWRY Manufacturer & Importer Winnipeg, Canada.

Department of Agriculture and Immigration.
MANITOBA
Þetta fylki hefir 41,169,089 ekrur lands, 6,019,200 ekrur eru vötn, sem veita landinu raka til akuryrkjuþarfa. Þess vegna höfum vér jafnan nægan raka til uppskeru tryggingar.
Ennþá eru 25 miljónir ekrur óteknar, sem fá má með heimilisrétti eða kaupum.
Íbúatala árið 1901 var 255,211, nu er nún orðin 400,000 manns, hefir nálega tvöfaldast á 7 árum.
Íbúatala Winnipeg borgar árið 1901 var 42,240, en nú um 115 þúsundir, hefir meir en tvöfaldast á 7 árum.
Flutningstæki eru nú sem næst fullkomin, 3516 mílur járnbrauta eru í fylkinu, sem allar liggja út frá Winnipeg. Þrjár þverlandsbrauta lestir fara daglega frá Winnipeg, og innan fárra mánaða verða þær 5 talsins, þegar Grand Trunk Pacific og Canadian Northern bætast við.
Framför fylkisins er sjáanleg hvar sem litið er. Þér ættuð að taka þar bólfestu. Ekkert annað land getur sýnt sama vöxt á sama timabili.
TIL FERDAMANNA:
Farið ekki framhjá Winnipeg, án þess að grenslast um stjórn ar og járnbrautarlönd til sölu, og útvega yður fullkomnar upplýsingar um heimilisréttarlönd og fjárgróða möguleika.
R. P. ROBLIN,
Stjórnarformaður og Akuryrkjumála Ráðgjafi.
Skrifið eftir upplýsingum til
Joseph Burke, 178 LOGAN AVE., WINNIPEG.
Jas Hartney, 77 YORK ST., TORONTO.

sjónir. Eigi alls fyrir löngu höfðu þau verið sem lifandi verur, — því hugsanir og verk þeirra hljómuðu hér. — Nú voru þau ekkert annað en veggjaþrýði, er litu jafn skeytingarlaust niður á hið daðursfulla andlit ríkisstjórafrúarinnar og hina ungu stúlku, er horfði á þau fljótandi í tárum.

Að öllu öðru leyti voru herbergin jafn viðkunnanleg, eins og þegar Cordula frænka réð þar húsum. Ekkert ryk var sjáanlegt á hljóðfærinu. Mörg ný blóð á viðvindlinum báru vott um, að honum liði vel, og hjá öðrum glugganum stóðu í fullum blóma pálminn og gúmmi-tréð, — uppáhaldsblóm gömlu jómfrúarinnar. — En við hinn gluggann var orðin breyting á: Í staðinn fyrir fallega saumaborðið, stóð þar nú skrifborð prófessorsins. — — Djúpur roði flaug yfir andlit Felicitas. — Hún stóð hér alveg eins og þjófur í herbergi hans. Hver vissi, hvaða skjöl lágu þarna á borðinu, sem enginn óviðkomandi mátti líta? Hann hafði skilið þau þarna eftir, fullviss um, að enginn kæmi hér inn, því hann bar lykilinn í vasa sínum. — Hún flýtti sér, döpur í bragði, að glerskápnum.

Þegar hún studdi á fjöðrina, hrökk leynihurðin upp. — Þarna voru allir gripirnir, er hvergi fundust, kaffi- og rjómakönnurnar, — teskeiðarnar, buadnar í röð og reglu, eins og þeir höfðu legið í mörg ár, — saman með silkibandi og gömlu skartgripirnir, — alt þarna. Og í einu horninu stóð askjan með úlnliðabandinu, og við hlið hennar litla, gráa skrínið, — alveg á sama stað og gamla konan hafði látið það í flýti nokkrum vikum áður. — Hún hafði auðsjáanlega ekki hreyft við því síðan.

Felicitas tók það upp með skjálfandi höndum. — Það var ekki létt. — Það átti að eyðileggja innihald þess, — en hvernig þá? Og hvað var það?

Hún tók varlega lokið af: — Bók í gömlu bandi lá í skrininu, og Felicitas sá strax, að öll blöðin voru þétt skrifuð.

Cordúla frænka! Það horfa tvö augu á leyndarmál þitt. Úr þeim hefir þú svo ótal mörgum sinnum lesið innilega ást og trúnaðartraust, — og ungt hjarta slær hratt, er það hugsar til þess, að eiga nú að þekkja leyndarmál þitt. — Hún hefir aldrei efast um þig, og er eins sannfærð um sakleysi þitt, eins og hún veit að sólin skín. — En hún vill vita, hvers vegna þú leiðst, — svo hún geti séð, hve mikið þú hefir lagt í sölurnar. — — Leyndarmál þitt skal deyja, — blöð þessi breytast í ösku, — og munnur sá, er alt frá barnæsku hefir tamið sér að þegja, mun halda því jafnvel leyndu og þú hefir gert.

Felicitas opnaði bókina. "Joseph von Hirschsprung, Studiasus philosophiæ", stóð á fyrstu blaðsíðunni, skrifað með fagurri karlmannshendi. Þetta var dagbók stúdentsins, er var sonur skóarans eðalborna, — og það var hans vegna, sem Cordúla átti að hafa flýtt fyrir dauða föður síns. — Höfundur bókarinnar hafði að eins ritað á aðra hverju blaðsíðu, en látið hina vera auða, án efa til að rita þar síðar athugasemdir. En nú voru þær þétt skrifaðar með hinni smágervu rithönd gömlu jómfrúarinnar.

Felicitas las upphaf bókarinnar. Djúpsæum, óviðjafnanlega fögrum hugsjónum var þar lýst með velvöldum og kjarnyrtum orðum, sem hlaut að hrífa huga hvers manns, er las. — Hann hefir vist verið óvanalega góðum hæfileikum gæddur, — þessi ungi skógarsonur, setningar hans báru svo ótvírætt vott um hugsanagnótt, skarpvitra dóma og eldheitt hjarta, fult innilegrar ástar. — Þess vegna elskaði Cordúla, dóttir hins drambláta kaupmanns, hann til dauðans. — Hún skrifaði: —

"Þú lokaðir augunum að eilífu, Joseph! og sást ekki, að ég kraup við dánarsæng þína, og bað guð

að varðveita þig fyrir mig. — Í óráðinu, er á þér var, kallaðir þú stöðugt á mig. Annað slagið var málrómur þinn fullur ástar og blíðu, heitt veifið þrunginn af reiði og gremju. Og þegar ég talaði til þín, þá horfðir þú ókunnuglega á mig og hrintir hönd minni frá þér.

"Þú skildir svo við þennan heim, að þú þóttist viss um, að ég hefði rofið eiða mína við þig. — Þá er alt var um garð gengið, og þeir höfðu borið þig í brott, þá fann ég bók þessa undir koddanum þínum. Hún skýrir mér frá, hve innilega heitt þú hefir elskað mig, — en þú hefir líka efast um mig, Joseph! — Í dauðans angist beið ég eftir að eins einu augnabliki, til þess að fullvissa þig um sakleysi mitt, — þá heldu hin hörðu örlög min mist sárasta broddinn. En árangurslaust! — Aðskilnaður að eilífu án þess tvær elskandi sálir nái að sættast! Það er ómögulegt að ímynda sér sárari kvöl, og þó ég hefði gert mig seka í hinum verstu ódáðaverkum, — þá hefði ekki verið mögulegt, að leggja á mig þyngri hegningu, en þessa voðalegu kvöl, er særir hjarta mitt nótt og dag, og gerir mig jafn eirðarlausa og flóttamanninn Kain.

"Hin hugstóra sál þín svífur nú áfram um óþekta, endalausa geima, — en ég ráfa hér enn þá á hinum fátæka, litla jarðarhnetti, og veit ekki einu sinni, hvort þér er unt að líta niður til min. — — — Ég þori ekki, að tala við neinn um harma mina, — vil heldur ekki gera það, — því gæti nokkur maður skilið til fulls, hve stór missir minn er? Enginn hefir þekt þig eins vel eins og ég, Jóseph! — En einu sinni verð ég þó að tala um það, — segja frá, hvernig alt þetta atvikaðist. — — Í þessa bók hefir þú skrifað hugsanir þínar, og þó þær lýsi þreki og kjarki, — þá líður þó samhliða þýður ástarblær, er vitnar um ódauðlega ást, — ást þína til mín, Jóseph! Þá er ég les orð þín, finst mér sem þú aftur sert í nálægð minni, — að ég heyri hljómfögru röddina þina. — — Ég vil svara þér á þessum sömu blöðum og hönd þín hefir hvílt á, og ég ætla að ímynda mér, að augu þín horfi á mig, og fylgi pennanum staf fyrir staf, — þangað til þú hefir fengið gátuna ráðna.

Manstu enn þá þegar hún litla Cordula Heilwig var að gá að hvítu uppáhalds hænunni sinni uppi á loftinu. Hún hafði flúið þangað undan veiðihundinum. — Þar var skuggsýnt, en í gegn um sprungu í skein sólin inn, og miljónir af rykkornum speigluðu sig þar. — Litla stúlkan gægðist í gegn um riluna. Hirschsprung nábúi var nýkominn heim af akri sínum með vagninn sinn, og hátt uppi á honum sat hinn gáskafulli, dökkhærði Jóseph, og horfði í gegn um opið á þakinu.

"'Lyftu mér upp', kallaði barnið í gegn um rifuna. Drengurinn stökk ofan og leit sjálfbyrgingslega í kring um sig. 'Lyftu mér upp', var kallað aftur. Þá heyrðist brak og brestir, og eitt borð úr veggnum fyrir framan litlu Cordulu féll inn á loftið með hávaða miklum. — Já, svona varstu, Jóseph! — Og ég er viss um, að síðar meir, hefði þér endst aldur til, hefðir þú rifið niður marga fánýta og heimskulega hleypidóma, alveg á sama hátt og þú tröðst í sundur vegginn, er var þér í vegi".

"Ég grét sáran af hræðslu, en þá varst þú svo blíður og góður við mig, og leiddir mig inn í litlu skósmiðsstofuna, er var svört af reyk. — Það var gert við loftvegginn aftur, en upp frá þessum degi gekk ég daglega yfir götuna og heimsótti þig. — En hvað vetrarkveldin urðu þá skemtileg! Stormurinn hamaðist úti, svo blómin í kringlótta glugganum skulfu í hvert skiti, sem vindgusa kom, — og páfagaukurinn, er annars var hugrakkur, hélt sér

WINNIPEG Business College
Cor. Portage Ave and Fort St.
FÉKK FYRSTU VERÐLAUN Á SAINT LOUIS SÝNINGUNNI.
Dag og kveld-kensla. Leitið fullra upplýsinga og biðjið um vorn nýja pappírshnif ókeypis. Vér kennum enska tungu.
M. E. MACKEY, Skrifari

MARKET HOTEL
146 PRINCESS ST. á móti markaðnum
P. O'CONNELL, eigandi, WINNIPEG
Beztu tegundir af vínföngum og vindum, aðhlynning góð, húsið endurbætt

JOHN DUFF
PLUMBER, GAS AND STEAM FITTER
Alt verk vel vandað, og verðið rétt
664 Notre Dame Ave. Phone 3815
Winnipeg

Strathcona Hotel
Horni Main og Rupert Str. Nýbygt og ágætt gistihús; Gest um veitt öll þægindi með sanngjarnasta verði. Frí keyrsla til og frá öllum járnbr. stöðvum. Beztu vín og vindlar; og herbergi og máltíðar ágætar.
McLaren Brothers
EIGENDUR

Hotel Pacific
219 Market Street | H M Hicks Eigandi
Winnipeg --- Manitoba
Telephone 1338
Ný-endurbætt og Ný-tízku hús í alla staði. Viðskifta yðar óskast virðingarfylst.
$1.25 a Dag

$1.50 Á DAG
Bezta $1.50 gistihús í Winnipeg
BRUNSWICK HOTEL
Horni Main St. og Rupert Ave.
Besta borðhald; Hrein og Björt Herbergi; Fínustu Drykkir og Bestu Vindlar. Ókeypis Vagn mætir Öllum Trainlestum. Reynið oss þegar þú ert á ferð.

ÁSTÆÐUR FYRIR GREIN MINNI TIL J. S. Thorarensen.

Flestum réttsýnum mönnum mun sanngjarnt þykja, að ég fái tækifæri til að greina ástæður fyrir greinarstúf með fyrirsögninni: — "Ávarp til fréttaritara Mountain"

Gegn þessari grein minni hefir nú skrifað hr. Jóh. S. Thorarensen, sem virðist vera í nánu skyldleika sambandi við "Fr. Mountain", og sumir héldu hann jafnvel föður að fregnbréfinu, ef hann ekki gegn um alla grein sína talaði um Fr. í þriðju persónu. En það er öllum ljóst orðið, að Jóh. þessi gerist talsmaður bréfsins, hvort sem hann er nú höfundurinn eða ekki.

Svarið til mín inniheldur aðallega tóman misskilning, þrunginn ósanngjörnum aðdróttunum út af tilefni greinar minnar, og skal ég því góðfúslega láta honum í té allar þær útskýringar, sem ég hygg að muni duga til þess að átta hann á, af hvaða hvötum "Ávarpið" er til orðið.

Fyrst skal það tekið fram, að hinn heiðraði talsmaður hefir opnað mér augun fyrir enn þá fleiri villum fregnbréfsins, en þeim, sem ég lauslega tók til umtals, og skal ég því um leið og ég árétta það, sem ég áður hefi fært gild rök að, taka eina þá allra stærstu með í reikninginn til yfirvegunar.

Það, út af fyrir sig, að ég hafi af gremjufullum huga skrifað grein mína, með þeim einbeitta ásetningi, að stofna blaðastælur, er helber heilaspuni, og vindhögg út í loftið. Það er af einlægri sannleiks þrá og siðferðisskyldu, sem ég álít hverjum manni eigi að vera samgróin til þess, að leiðrétta það, sem er ofhermt og ranglega meðfarið á einhvern hátt, og mun það almannarómur staðhæfa, að til þess hafi hver maður fult frelsi.

Nú hefi ég talið fyrstu og réttmætustu ástæðuna.

Sú önnur, að æfstýra þeim rótgróna vana, sem of mikið kveður að hjá all-mörgum, sem finna köllun hjá sér til að skrifa í opinber blöð, þ.e., láta ekki nafn sitt fylgja heldur skrifa í skúmaskoti, og ófáanlegir til að kannast við sitt eigið afkvæmi, þó á þá sé skorað.

Í þriðja lagi vildi ég sýna framá með nokkrum pennadráttum, og biðja alla að taka vel eftir þeim öflum, sem felast í samtökum bændalýðsins, þegar um nauðsynlegar hreyfingar er að ræða, til þess að brjóta á bak aftur kúgunar hugmynd, sem ríkir hjá einstökum mönnum, sem gera það að lífsstefnu sinni, að svæla undir sig síðasta eyrir viðskiftamannanna, til þess að fita með sjálfa sig, og ekki eingöngu það, heldur hlaða þúsundi ofan á þúsund.

Til þess að reisa rönd við þeim einokunar verzlunum, sem hér hafa staðið fóstum fótum í N. D. um fleiri áratugi, hafa nú bændur vaknað til meðvitundar um það, að mynda þyrfti hlutafélög þau, sem svo hafa bygt hinar velþektu bændabúðir. Þau umskifti í verzlunarsökum hafa síðan orðið á þá leið, að hundrað tækifæri eru nú fyrir eitt að fá niðursettar vörur árlega, og get ég því með góðri samvizku, og finn mig skyldan til að benda á þessa framfaraumbót, sem mörgum kann að verða til viðreisnar. Þar sem hinsvegar Fr. mitt í sínum dáleiðalu fagurmælum aðra búð, er með einlægnisfullu yfirskyni, að óska til lukku bændabúðinni á Mountain,

Til þess að sanna frekar hið gagnstæða, hvað ljúfmensku og siðferðisfágun Eliasar Thorwaldssonar er á háu stigi, sem þó Fr. gerir svo ákaflega mikið úr, skal eftirfylgjandi saga gefa dálitla hug mynd um, sem flýgur eins og eldur í sinu hér um allar bygðir. — Hún er þannig: Að Þorlákur Þorfinnsson, sem býr vestur á "fjöllum", varð fyrir þeirri mæðu, að missa barn í vetur. En af því svo óheppilega vildi til, að hann var ekki sömu trúarskoðana og hinir guðdómlegu hákirkjumenn, þá tók hann það ráð, til þess að vera sjálfum sér samkvæmur, að fá Únitariskan prest, séra Rögnvald Pétursson, norðan frá Winnipeg til að jarðsyngja drenginn. — En vegna þess, að enn er ekki nema ein kirkja í Mountain bæ, og hún eign hinna svokölluðu sanntrúuðu manna, þá varð ekki hjá því komist, að skríða að fótskör þeirra og biðja þá um guðshúsið til þess að framkvæma jarðarfarathöfnina í. En eftir sögn hefir E. Th. þar öll lyklaráð, og skákaði líka ósvífnislega í því hróksvaldi, að segja þvert nei, — sem kom því til leiðar, að samkomuhúsið varð ekki notað, og þá sýnilega komið í veg fyrir, að hvorki presturinn né hinn dáni saurguðu hið helga musteri hinna háttsettu guðsmanna. — Þykir þetta vítaverða tiltæki lýsa langt um meiri þröngsýni og siðferðisspillingu, sem það er ítrekað nú í annað sinn.

Talsmaður fregnbréfsins er að stritast við, að færa sönnur á það, að síðan "Food and Drugs Act" lögin öðluðust gildi, yrði Sears Roebuck félagið í Chicago að hætta matvöru og meðalasölu. Þetta er þá það eina, sem Fr. lítillega þorir að mótmæla, en þegar hann verður þess var, hvað aflvana hann er með allar röksemdir, þá krækir hann fingrunum einhversstaðar í grein mína, og slítur þaðan einstök atriði úr aðalsambandinu, og hengir þau á vogarstöng móti númeruðu innihaldi fregnbréfsins, og hrópar: Sjá, þar er engu mótmælt! En orðin deyja á vörum hans við allsherjarröddu lesendanna, svo segjandi: Grein þin, herra talsmaður, er ekkert annað en jórturtugga. Hér liggja báðar greinarnar fyrir framan oss, sem óþarfi var að endurprenta, — vér dæmum málið miklu sanngjarnara en þú, — "Food and Drugs" lögin voru samin í þeim tilgangi, að fyrirbyggja sviksamlegan tilbúning á vörum, en alls ekki að banna útsölu á þeim. Þess vegna hefir þetta Chicago félag sama rétt og öll önnur félög og verzlanir, að selja allar þær vörur, sem standast þessa rannsókn. Ég hefi í höndum meðalaglós, pöntuð frá Sears Roebuck & Co., með þessu ártituðu: "Guaranteed under the Food & Drugs Act, June 30, 1906".

Enda væri mesta fjarstæða að ímynda sér, að Bandarikjastjórnin, í þessu frelsisins landi, mundi útiloka eitt verzlunarfélag frá því, að selja sams konar varning og allir aðrir gera. Sjálft hefir félagið heimild til þess, að auglýsa það, sem því sýnist, og reynslan fyllilega sannar, að það stendur við.

Þá er ekki vanþörf á, að athuga lítið sitt sína þá stærstu hugsunarvillu, sem sögur fara af, sem er fjórða grein þyngdarafls ins í vogarstönginni hjá Fr. Þar stendur: — "En fyrir vöntun á samkepni í hveitikaupum, þá fengu bændur 16 til 17 centum minna fyrir hvert bushel, heldur enn markaðsverðið í Minneapolis". — Þetta hljóta ó-

Bókalisti
N. Ottenson's,—River Park, Winnipeg.

Áfengi og áhrif þess, í b.	0.10
Eggert Ólafsson (B.J.) ...	0.15
Gönguhrólfs rímur (B.G.)	0.20
Hugsunarfræði (E.B.)	0.15
Huldufólkssögur, í bandi...	0.35(5)
Höfrungahlaup	0.15
Jón Ólafssonar Ljóðmæli í skrautbandi	0.60(3)
Kristinfræði	0.45(2)
Kvæði Hannesar Blöndal	0.15(2)
Málsgreinafræði	0.15
Mannkynssaga (P.M.), í b.	0.85(5)
Mestur í heimi, í b.	0.15
Passiusálmar, í skrautb. ...	0.50
Olnbogabarnið	0.15
Prestkosningin. Leikrit, eftir Þ. E., í b.	0.30
Ljóðabók M. Markússonar	0.50
Friðþjófs sönglög	0.50
Ritreglur (V. Á.), í b. ...	0.20
Sálmabók, í b.	0.55
Seytján æfintýri, í b.	0.35(3)
Siðfræði (H. H.), í b.	1.10
Stafsetningarorðbók, í b.	0.30(3)
Sundreglur, í b.	0.15
Útilegumannasögur, í b. ...	0.45
Útsvarið. Leikrit, í b.	0.35(2)
Verði ljós	0.15
Vestan hafs og austan. Þrjár sögur, eftir E. H., í b.	0.90
Víkingarnir á Hálogalandi eftir H. Ibsen	0.25
Þjóðsögur Ó. Davíðss., í b.	0.35(4)
Þorlákur helgi	0.15
Þrjátíu æfintýri, í b.	0.35(4)
Ofurefli, skálds. (E.H.), ib.	1.50
Tröllasögur, í b.	0.30(4)
Draugasögur, í b.	0.35(4)
Ölöf í Ási	0.45(3)
Smælingjar, 5 sögur (E.H.) í bandi	0.85
Jómsvikinga og Knytlinga saga, útg. í Khöfn 1828 Í vönduðu bandi (aðeins fá eintök). Póstgj. 10c	2.00
Skemtisögur eftir Sigurð J. Jóhannesson 1907 ...	0.25
Kvæði eftir sama frá 1905	0.25
Ljóðmæli eftir sama. (Með mynd höfundarins) Frá 1897	0.25
Tólf sönglög eftir Jón Friðfinnsson	0.50
Grágás, Staðarhólsbók, í skrautbandi ... ... :15)	3.00
Sturlunga, Part I. Útgefin í Khöfn af K. Kaalund í bandi ... . (20)	4.50
Nýustu svenskar Musik Bækur, útg. í Stockholm:	
Svenska Skol-Qvartetten	...0.60(5)
26te och 27de Tusendet Sv. Skol-Qvartetten	0.60(5)
Dam Kören	1.00(5)
Normal-Sangbok	0.50(5)

Tölurnar í svigum aftan við (og framan við þar sem póstgjald er meira en 9c) bókaverðið, merkja póstgjald það, sem fylgja verður pöntun utanbæjarmanna.

River Park, 18. jan. '09.

N. OTTENSON.

kunnugir að skilja þessig, að ekki séu nema þeir tveir staðir, sem keppa um hveitið.

En nú vill svo vel til, að nærliggjandi Mountain bæ eru ajálísagt fimm kauptún hér um bil í 8 og 12 milna fjarlægð, sem hafa 5 og 6 kornhlöður. Á þessum stöðum selja bændur hveiti sitt, og verðmunurinn þar sem samkepnin er, reyndist 3 til 4 cent á bushel síðastliðið haust, sem kallaður var yfirpris. Með öðrum orðum: Hveiti selt á Gardar eða Mountain fyrir 91 cent, seldist til dæmis 4 centum meira í Crystal, en 3 centum yfir í Edinburgh, Union og Hensel. — Það geta verið skiftar skoðanir, hvort það borgar sig að fara 4 til 5 mílur lengra, til þess að fá þessi yfir-cent. Það fer eftir tímaspursmáli og kringumstæðum bænda með hestaútbúnað og fleira.

Og því ætti Fr. að geta glöggvað sig á, að ef bændur yfirleitt seldu hveiti sitt suður í Minneapolis, eitthvað nálægt 500 mílur héðan, mundi lítið verða eftir af þessum 16—17 centum (sem hann segir að þeir fái minna), þegar búið er að borga kostnaðinn við meðhöndlun þess. Og það er deginum ljósara, að þó kornhlaða væri bygð á ári hverju á Mountain, þá fengist aldrei sama verð og í Minneapolis.

Ég hengi þá þetta lítilræði min megin á vogarstöngina og bið lesendurna að bregða upp sjónauka til þess að sjá, hvað hallinn er margar gráður. En talsmanninn, Jóh. S. Thorarensen, bið ég að heilsa frá mér til fréttaritara Mountain, og vara hann við því, að borða ógætilega eplin af misskilningstrjánum í aldingörðum Edinborgar hjá Evu gömlu. Það getur, ef til vill, haft slæmar afleiðingar fyrir höfuðið.

Um leið og ég legg frá mér pennann, þá lýsi ég yfir því, að hversu margir talsmenn, sem kunna að fæðast og deyja í þessu fregnbréfsmáli, þá er mér einum að mæta. Það eru allar getsakir til annara óþarfar.

Helgi Sigurðsson.

— Universalist kirkjusöfnuðurinn í Atlanta í Georgia ríkinu hefir tekið upp það nýmæli, að hann hefir bygt sér leikhús í sambandi við kirkjuna, þar sem leikfólkið er alt úr söfnuðinum, og leikir þeir, sem leiknir eru, sérstaklega valdir af þar til settri nefnd safnaðarmanna. — Prestur safnaðarins mælir mjög með þessu fyrirtæki, og leikhúsið var bygt að hans tilhlutun. Sjálfur segir hann, að leikhúsin hafi yfirleitt betrandi áhrif á þjóðirnar, og þó að það komi fyrir, að sýndir séu stundum skaðlegir leikir, þá sé það engu síður satt, að sumar guðsþjónustur svo nefndar, hafi einnig ill áhrif, en ekki góð, á tilheyrendurna. Þess vegna vilji hann alt eins vel leikhúsin eins og kirkjurnar.

— Á fundi "Premier" námafélagsins í Afríku, sem haldinn var í Johannesburg á föstudaginn var, gat forsetinn þess, að gróði félagsins fram að þessum tíma væri orðinn 18½ miliónir dollara. Hann kvað gimsteinasölu félagsins hafa gengið ágætlega vel á síðasta ári.

ROBLIN HOTEL
115 Adelaide St. -- Winnipeg.
Besta $1.50 á-dag hús í Vestur-Canada. Keyrsla ókeypis milli vagnstöðva og hússins á nóttu og degi. Aðhlynning hins bezta. Viðskifti Íslendinga óskast. William Ave. strætiskarið fer hjá húsinu.
O. ROY, eigandi.

SPONNÝTT HÓTEL
ALGERLEGA NÝTÍZKU
Hotel Majestic
John McDonald, eigandi.
James St. West, Rétt vestan við Main St.
Winnipeg Telefón 4979
$1.50 á dag og þar yfir
Bandaríkja-snið
Alt sem hér er um hönd haft er af beztu tegund. Reynið oss.

MIDLAND HOTEL
285 Market St. Phone 3491
Nýtt hús, nýr húsbúnaður Fullar byrgðir af allskonar vönduðustu drykkjum og vindlum í hressingarstofunni. Gisting einn dollar á dag og þar yfir.
W. G. GOULD :: FRED. D. PETERS, Eigendur
WINNIPEG ::: ::: CANADA

Jimmy's HOTEL
Rétt á bak við Pósthúsið
Íslendingar ættu að reyna þetta gistihús. Í hressingarstofunni er sá eini íslenzki vínveitingamaður í Winnipeg.
James Thorpe, eigandi
Fyrrum eigandi Jimmy's Restaurant

The Dominion Bank
NOTRE DAME Ave. BRANCH Cor. Nena St.
VÉR GEFUM SÉRSTAK AN GAUM AÐ SPARISJÓDS-DEILDINNI. —
VEXTIR BORGAÐIR AF INNLÖGUM.
HÖFUÐSTOLL - - - $3,983,392.38
SPARISJÓÐUR - - $8,300,000.00
A. E. PIERCY, MANAGER.

ið hræðilegra en viðleitni yðar að kúga, — já, gersamlega drepa sál mina! — 'Smánað' yður, — það hefi ég aldrei gert, því ég hefi aldrei nefnt yður á nafn þar uppi á loftinu. — En áform yðar hefi ég eyðilagt, því gamla jómfrúin var kennari minn".

"Farðu frá augunum á mér!" hrópaði frú Heilwig, og benti um leið á dyrnar. Hún réði sér ekki lengur fyrir reiði.

"Ekki alveg strax, kæra frænka min", mælti ríkisstjórafrúin og greip um útréttan handlegginn á frú Heilwig. — "Þú vilt þó ekki fleygja jafngóðu tækifæri frá þér! — Herra málfærslumaður, þér hafið nú prýðilega rækt skyldu yðar, sem unnari tónfræðinnar. — Nú bið ég yður, að grenslast eftir með sama áhuga, hvar silfur og skrautgripir þeir eru, sem hvergi finnast. Hafi nokkur haft þar hönd í bagga með, þá er það hún, sem þarna stendur".

Málafærslumaðurinn gekk til hinnar ungu stúlku, er hélt sér með vinstri hendinni dauðahaldi í dyrahúminginn. Hann bauð henni hönd sina, hneigði sig fyrir henni og mælti vingjarnlega: "Leyfið þér mér að fara með yður til hennar móður minnar".

"Hér á hún að vera!" mælti prófessorinn hátt og snjalt. Hann hafði þagað hingað til, en stóð nú alt í einu hnarreistur við hlið Felicitas, greip um hönd hennar og hélt fast um hana.

Frank hörfaði ósjálfrátt undan. Þeir horfðu þegjandi hvor á annan eitt augnablik, og augnaráðið, er þeir sendu hvor öðrum, bar ekki vott um neinar vingjarnlegar tilfinningar.

"Ó, þetta er ágætt, — tveir riddarar undir eins, — það er þó svei mér töframynd", mælti ríkisstjórafrúin og rak upp hlátur. — Bolli datt á gólfið og fór í marga mola. — Ef öðruvisi hefði verið ástatt, hefði frú Heilwig harðlega ásakað hina ungu ekkju fyrir ógætni hennar, en nú stóð hún hreyfingarlaus af undrun og reiði.

"Það litur út fyrir, að ég í dag verði nokkuð oft að vitna til liðinna tíða", mælti málfærslumaðurinn mjög gremjulega eftir stutta þögn. —, "Þú hlýtur þó að muna það, Jóhannes, að í viðurvist minni hefir þú algerlega afsalað þér heimild þinni, og gefið mér fullan rétt til að rannsaka þetta mál".

"Ég tek ekki eitt einasta orð aftur af því, sem ég hefi sagt", mælti prófessorinn kuldalega. "Óskir þú upplýsinga um það, hvers vegna ég í þessu atriði er ósamkvæmur því, er ég hefi áður mælt, skal ég reiðubúinn að veita þér þær, — en að eins ekki hér".

Hann dróg Felicitas á brott með sér og leiddi hana út í garðinn.

"Farið nú til bæjarins, Felicitas", sagði hann, og stálgráu augun hans, er einu sinni voru svo kuldaleg, horfðu með óumræðilegri blíðu á andlit hennar. — "Þetta skal verða síðasta baráttan yðar, vesalings litla Fee! — Að eins eina nótt enn þá skuluð þér dvelja á heimili móður minnar. Á morgun rennur upp nýtt líf fyrir yður".

Hann dróg hönd hennar enn þá betur að sér. — Því næst slepti hann henni og gekk inn í húsið.

XXIV.

GRÁA SKRÍNIÐ.

Felicitas gekk hratt brott úr garðinum. — Prófessorinn hafði getið rangt til, — ekki einu sinni alt kveldið, og því síður nóttina ætlaði hún sér að

dvelja í gamla kaupmannshúsinu. Nú loksins var sá timi kominn, að hún gat komist til herbergja Cordulu frænku. Í trjáviðargöngunum mætti hún Friðriku, sem bar kveldmatinn út í garðinn. Það var því enginn heima í húsinu, nema Hinrik. — — Það brakaði í gömlu hinditrjánum, og stormurinn feykti hinni ungu stúlku áfram. — Enn þá gekk hún á fóstum grundvelli í skjóli trjánna. En hvernig skyldi ferðin ganga yfir gömlu og hrörlegu húsþökin?

Hinrik opnaði dyrnar, er hún kom heim. Felicitas gaf honum engan gaum, en flýtti sér inn í hjúaherbergið og tók lykilinn að ruslakompunni niður af veggnum.

"Hvað stendur til, Fee min?" spurði gamli maðurinn forviða.

"Ég vil veita þér æruna aftur, og mér frelsi mitt, — en gættu nú vel að, Hinrik", kallaði hún um leið og hún hljóp upp stigann.

"Þú stofnar þér víst ekki í nein vandræði með þessu? — Heyrðu, biddu við, Fee litla, — það er þó víst ekkert hættulegt!" — kallaði hann eftir henni. Hún sinti því ekkert, og hann gekk órólegur aftur á bak og áfram í ganginum.

Þá er Felicitas gekk eftir langa ganginum á efsta loftinu, heyrði hún storminn hvina yfir höfði sér. — Annað slagið liktist hljóðið þungum stunum, en hina stundina löngum, skerandi tónum. — Það brakaði í mæninum, og hvar sem sprunga var á milli þaksteinanna, þar gaus stormurinn inn. — Nú hékk stór og dimmur skýbólstur yfir húsinu. Fölleitur ljósbjarmi féll skáhalt yfir þakið, er hulið var blómskrúði. Likast villuljósi skein hann á glerhurðina, er viðvindillinn, sem stormurinn víða hafði brotið, hékk niður með, og sem einnig í ljósbjartunni tók á sig annan blæ.

Þegar hin unga stúlka leit út um þakgluggann, kom svo harður stormgustur á móti henni, að hún saup hveljur og hörfaði aftur á bak. — En hún var ekki lengi að hugsa sig um, hvað gera skyldi: Einu augnabliki síðar, stóð hún úti á þakinu. — Hver, sem hefði séð hana skríða út um gluggann náföla, en einbeitta og með varirnar klemdar fast saman, hefði hlotið að sannfærast um, að henni var fullkunnugt um það, að hún stofnaði sér í hættu, og að hún var reiðubúin til að leggja líf sitt í sölurnar, — ef hún að eins gæti leyst ætlunarverk sitt vel af hendi. — — Hvilikt undarlegt samband átti sér þó ekki stað í sálu hennar: Brennheitt hjarta, er gat hatað svo ákaflega, en um leið ráðsett og gætið!

Létt eins og fjöður hljóp hún yfir hrörlegu þaksteinana, án þess hana svimaði hið minsta. — Óvinur hennar, stormurinn gaf engin grið, — það brakaði í öllu umhverfis hana. Dyrnar á útbyggingunni þeyttust upp. Blómsturpottarnir steyptust um koll og brotnuðu. Og gömlu plankarnir undir fótum Felicitas nötruðu og skulfu. — Enn þá stóð hún á nágrannaþakinu, og hélt sér dauðaháldi í grindverkið umhverfis það.

Stormurinn hafði leyst hár hennar úr flétturunum, og þykku lokkarnir flögruðu um andlit hennar, eins og ætluðu þeir út í veður og vind, — en sjálf stóð hún sem bjargfastur klettur. Að eins eitt augnablik hvildi hún sig, — svo stökk hún yfir grindverkið og stóð nú á svölunum. — — Fyrir aftan hana hamaðist vindurinn jafnt og áður. Hún veitti honum nú enga eftirtekt, og því síður hugsaði hún um hinn hættufulla veg til baka. — — Hún stóð grafkyr með krosslagðar hendur í litla herberginu, er var alþakið fögrum viðvindli. — Nú sá hún það í hinsta sinni. Snjóhvítu andlitin á veggjunum, kannaðist hún vel við, — og þó komu þau henni ókunnuglega fyrir

Starfsemi Góðtemplara.

(Niðurlag).

Ekki verður annað með sanni sagt, en starfsemi Góðtemplara hafi mikið áunnist, og hún hafi haft heillavænlegar afleiðingar, bæði meðal okkar þjóðflokks hér vestra og annara. En því er heldur ekki hægt að neita, að miklu meira væri hægt að gera að því, að hrinda bindindismálinu áfram, EF allir þeir, sem telja sig Góðtemplara, gerðu skyldu sína. En því er miður, að mikið vantar á, að svo sé. Ekkert er hægt að framkvæma án peninga nú á dögum. Alheimsstúkan, Rikisstúkan og Stórstúkán þurfa allar á fé að halda til að útbreiða regluna, með ritum, blöðum og ræðum manna, sem fengnir eru til að ferðast í þarfir reglunnar (regluboðar). En fé vantar. Fyrir það verður minna ágengt en ella. Svo er fyrir mælt í lögum Góðtemplara, að einu sinni á ári skuli tekin samskot hjá öllu bindindisfólki, er tilheyrir reglunni. Ætlast er til, að hver meðlimur gefi að eins 10c. Hver stúka leggi í sjóð þenna jafn mörg 10c og meðlimir hennar eru margir. Með þessu fé á að útbreiða regluna. Enginn er svo fátækur, að ekki geti hann (eða hún) greitt þessa litlu upphæð, sem um er beðið, ef ekki vantaði vilja eða reglusemi. En safnast þegar saman kemur", og "margt smátt gerir eitt stórt". Mikið er hægt að gera að eins fyrir þetta fé. Því er verr, að mikill fjöldi bindindisfólks hugsar ekki út í þetta. Þessi samskot ganga mjög illa. Samskot þessi frá íslenzku stúkunum þremur hér í borginni ætti að nema $60—$70, en hafa í þetta sinn orðið rúmir $5.00, og sama er að segja um aðra þjóðflokka. Þetta má ekki svo ganga til lengdar. Bindindisfólkið er með þessu kæru- eða áhugaleysi, að tefja fyrir sínu eigin áhugamáli. Um þetta þarf hver einasti bindindismaður og kona að hugsa, og láta slikt aldrei fyrir koma oftar. Enginn, hvorki karl né kona, sem telur sig Góðtemplara, ætti að geta staðið sig við, að neita málefninu um jafnlitla hjálp og hér er um að ræða.

Annað, sem bindindismenn hér ættu að taka til rækilegrar íhugunar, er hvort ekki væri möguleg fyrir þá á einhvern hátt að tala til fólksins í gegn um blöð. Öll félög og trúarflokkar reyna af fremsta megni að útbreiða sitt málefni í gegn um blöð eða tímarit. Á þann hátt er hægast, að ná til fólksins, og ræða við það. — Þetta ætti ekki síður að vera nauðsynlegt fyrir Góðtemplara en önnur félög. Og "boðskap" þeirra ætti ekki að vera ver tekið, en annara félaga. Vafalaust hefir Austur-Íslendingum áunnist mikið í hinni glæsilegu bindindisstarfsemi þeirra með blaðinu Templar, sem þeir hafa haldið út í yfir 20 ár.

Fyrir það, að þeir hafa lagt á sig mikil fjárútgjöld, og unnið að bindindismálinu af kappi miklu og áhuga, með tungu, penna pappir og prentsvertu, hafa þeir nú borið jafn mikinn sigur út býtum og raun ber vitni um.

Hér á eftir eru sýndir að eins feitustu drættirnir í starfsemi þeirra, sem á ódauðlegt lof skilið allra bindindisvina.*)

* *

Hinn 10. jan. sl. voru 25 ár liðin frá því fyrsta íslenzka Góðtemplarastúkan var stofnuð á Akureyri, af Norðmanni, er hét Oli Lie. — Friðbjörn Steinsson bóksali þar, var einn af stofnendunum, og er því einn elzti bindindismaður á landinu. Hefir alla tíð starfað með miklum áhuga. Tuttugu og fimm ára afmælisins var minst með hátíðabrigðum víðsvegar um land alt, einkum í kaupstöðunum. — Fjöldi af ræðum og kvæðum var flutt við það tækifæri. Það er næstum yfirgangalegt, hvað Góðtemplurum hefir orðið ágengt á Íslandi, á ekki lengri tíma. Fyrir þeirra tilstilli var 1888 afnumin vínsala í staupatali, er mjög dróg úr drykkjuskap. Árið 1899 var sveita- og bæjar-félögum veitt atkvæði um, hvort áfengi skyldi selt í sveitum eða bæjum. Árið 1901 var öll áfengisgerð bönnuð í landinu. Árið 1907 keyptu Góðtemplarar í Reykjavík stærsta vigi Bakkusar í landinu, Hótel Ísland í Reykjavík fyrir 90,000 kr.

Fyrir dugnað og áhuga Góðtemplara var það, að þingið 1905 samþykti þingsályktunar tillögu um, að almenn leynileg atkvæðagreiðsla skyldi fara fram um algert aðflutningsbann 1908. Sú atkvæðagreiðsla fór fram eins og kunnugt er 10. sept. sl. Með banninu greiddu 4897 kjósendur atkv., en móti 3264. Ánægjulegt er til þess að vita, að langhreinasta sjálfstæðis kjördæmið, Norður Ísafjarðarsýsla (Skúla Thoroddsens), þar sem engin Danasleikja þorði að sýna sig, hafði langflesta fylgendur með banninu, 205, en að eins 27 á móti. Ísland er, eftir aldarfjórðungs baráttu, komið að síðasta takmarkinu. Ekkert er ógert, nema semja bannlögin, og þingið er nú þessa dagana að líkindum að gera það. Hér eftir þurfa bindindisvinir að eins að gæta þeirra laga. Karlmennirnir á Íslandi hafa gert alla löggjöfina viðvíkjandi útrýmingu áfengis, en kvenfólkið hjálpað til af öllum mætti. Jafnvel engin þjóð í heimi, nema Íslendingar, getur komist að takmarkinu með karlmannalöggjöf. Aðrar þjóðir komast það ekki fyr en kvenfólkið hefir fengið réttindi sín. En þá er björninn líka unninn. Og þá fyrst er mannkynið búið að brjóta stærsta ófrelsisfjöturinn, og um leið reka af höndum sér skæðasta óvininn.

Heill sé litlu þjóðinni "norður við heimsskaut" fyrir hvert spor, sem hún stigur áfram til s a n n r a r menningar!

A. J. JOHNSON.

*) Í grein þessari í síðasta blaði hefir gleymst að geta nafns Miss Sigríðar Peterson í sambandi við unglingastúkuna íslenzku. Ennfremur hefir fallið úr sú skýring, að B. M. Long hafi verið e n d u r k o s i n n, sem gjaldkeri stórstúkunnar. Á.J.J.

Friður.

Á síðasta fundi Menningarfélagsins, sem haldinn var í Únitarakirkjunni miðvikudagskveldið 24. febr., flutti herra P. M. Clemens fyrirlestur um "Frið". Kvaðst hann sjálfur hafa valið þetta efni af þeirri ástæðu, að sér findist það nú út yfir flest áhugamál mannfélagsins. Flest friðarmál alþýðunnar væru velkomin á öllum fundum og mannamótum hvar sem væri.

Orðið "friður" sagði hann að væri hroðalega misskilið af ýmsum. Ýmisleg hryðjuverk og blóðsúthellingar væri unnið til að stilla til friðar á ýmsum stöðum, en í raun og veru væri aldrei friður og fengist aldrei friður með því fyrirkomulagi. — Eina ráðið til að koma á friði væri, að útrýma ófriðar efninu, og það yrði einungis gert með heilbrigðri skynsemi, ánægju, jöfnuði og frelsi.

Allur ófriður stafar af hjátrú, eða því, sem maðurinn ekki skilur. — Rétt-trúnaður er sá stærsti sannleikur, sem skynsemin getur greint, — hitt er hjátrú, sem skynsemin nær eigi. Öll trú byggist á ágizkunum einum. Trúin á guð er getgáta, en trúin á kærleik og réttlæti eru sannleikur, og trúin á, að þau öfl búi í insta eðli náttúrunnar, er sönn, af því að menn skynja það. Trúin á, að allir séu bræður sýnir því bezt trúna á guð, og sú trú liggur til grundvallar fyrir öllum friði. Alt mannkynið býður tjón, ef einn partur þess liður. Vér karlmennirnir liðum tjón af því konum er ekki leyft að hafa jafnrétti við oss, og vér getum aldrei búist við fullkomnum friði, fyr en kvenfólk hefir fengið jafnan rétt við karlmanninn.

Hernaður deyfir tilfinningar manna fyrir böli annara. Börnin okkar læra að berja af því þau sjá börn nágrannans barin. Oss er kent, að í upphafi hafi guð skapað allar þjóðir af einu blóði, og á sú saga auðsjáanlega "að benda á bræðralag allra manna, en friðarkenningar lærðu mannanna ganga í aðra átt. Friðarpostularnir virðast hafa svarið fóstbræðralag við kristnu friðþægingarkenninguna, er byggist á blóðsúthelling og guðdómlegri slátrun. Friðurinn fylgir ekki kristninni, því kristnustu þjóðirnar eiga sífelt í stöðugum ófriði. Miliónir dollara eru árlega lagðar í herkostnað, fjöldi manna situr stöðugt með sveittan skallann, hugsandi og gruflandi um alls konar vélræði, til að geta með sem hægustu móti slátrað meðbræðrum sínum, og mikill hluti þjóðanna gefur sig fram í þjónustu til að berjast við bræður sína. Alt þetta gengur athugunarlaust framhjá friðarpostulunum — prestunum.

Erindi Krists gekk í aðra átt. Hann var ekki kominn til að efla þennan vopnaða eymdanna frið, heldur til að brýna fyrir mönnum bræðralagskenninguna. En þeim er naumast trúandi til að flytja frið, sem ekki elska frið innbyrðis, sem eru í sífeldu guðfræðislegu torfkasti hver til annars. Það er svo að sjá, að því meir, sem menn aðhyllast kenningar þeirra og kirkjur, því frekar verði þeir, s u m i r h v e r j i r, ófrómir, ofsafengnir, ófrjálslyndir, ósanngjarnir, hrekkvísir, ljúgvísir, saurlifir, slægir og óbeilir í allri umgengni og viðskiftum, enda eru þeir, sem fyrir utan standa, hinir svo nefndu "Kirkjufælningar", farnir að hafa á sér strangar gætur í öllum viðskiftum, og setja sér fyrir nokkurs konar leiðsagnarorð: — "Ef hann er í sofnuði, þá skaltu vara þig á honum".

Að vísu eru undantekningar frá þessari reglu og til frjálslyndir kirkjuflokkar, sem ekki trúa á neina guðlega slátrun, til friðþægingar fyrir misgerðir sínar, og enda margir menn, sem ekki trúa á neins konar slátrun, sem grundvallar skilyrði fyrir friði.

Trúin á, að guð stjórni heiminum, gerir menn ófrjálsa. Hún kennir foreldrunum, að hafa nokkurs konar guðlegan aga og vald yfir börnum sínum, og styður þá kenningu, að einn hafi rétt til að stjórna öðrum. En sú skoðun er með öllu röng, því "enginn er nógu góður til að stjórna nokkurum öðrum manni", eins og Abraham Lincoln sagði.

Hinn sanni grundvöllur til að byggja friðarkenninguna á, er jafn rétti, að allir standi jafnætis gagn vart náttúrunni, og að allir hafi sama eignarrétt á jörðunni, — að hver einstaklingur hafi fullan eignarrétt á því, sem hann ræktar og framleiðir með elju sinni og dugnaði. Landeigendur hafa tekið jörðina frá alþýðunni með ofbeldi. Jafnrétti allra til að nota landið, er eins auðskilið eins og réttur allra til að draga að sér andrúmsloftið. Séreign jarðar er því einungis órettlæti, sem stafar af gripdeild og yfirgangi. Rétturinn til að nota jörðina, er undirrót allra réttinda.

Sumir reyna að þagga niður þessar kröfur með mútugjöfum og auðvaldi, aðrir af vanþekkingu og sumir eru trúlausir á alt jafnrétti. Allir þessir flokkar eru óhæfir til, að taka þátt í starfinu, sem leiðir til friðar.

* *

ATHS. — Samkvæmt reglugerð félagsins hefir mér, sem skrifara þess, verið falið á hendur að birta í blaðinu Heimskringlu lauslegt yfirlit yfir efni það, sem felst í fyrirlestrum þeim, er fluttir eru á fundum félagsins. Svo sem auðvitað er, tapast ætíð nokkuð úr fyrirlestrum þessum, svo fólk, sem les útdrætti þessa í blaðinu, fær ekki full-ljósa hugmynd um alt, sem þar er flutt. Þeir, sem vilja því fræðast um fyrirlestra þessa, sem olt eru mjög mikils virði, ættu því að koma og hlýða á þá. Það kostar engan neitt, því allir eru velkomnir og öllum er veitt málfrelsi, ef þeir hafa einhverjar athugasemdir að gera. — Umræður um fyrirlestrana er e k k i ákvarðað að birta í blaðinu.

E. Arnason.

Fréttir.

— Kraftaverk er sagt að hafa verið gert í Norfolk bæ í Virginia þann 5. þ.m. Maður að nafni Goodman hafði kafnað í herbergi sínu af gasi, og hafði legið þannig nokkrar klukkustundir. Allir töldu hann dauðann, nema læknir einn þar í borg, sem búið hefir til nýja vél, sem hann nefnir "Respirator" Hann lét flytja Goodman á sjúkra hús, og gerði þar tilraunir við hann með vél sinni, með þeim ðrangri, að eftir 2½ klukkustunda vinnu, fór að færast líf í manninn, og er hann nú orðinn albata. — Þetta var í fyrsta sinni, sem læknirinn hafði átt kost á, að reyna vél sina, og er hann vel ánægður með árek hennar.

— Þess var getið hér í blaðinu fyrir nokkrum dögum, að sætindasölum í Toronto borg hefði verið stefnt fyrir að hafa vinanda í sjókóladi sætindum. En þá var óvíst hvernig mál það færi. Nú hafa 3 af mönnum þessum í Toronto verið sektaðir 50 dali hver, og hafa þeir borgað þær sektir.

— Húsfaðir einn í Toronto gaf 3 sonum sínum, sem allir eru undir 16 ára aldri, vindlinga (Cigarets). Það sannaðist fyrir rétti, að hann gerði þetta til að stríða konu sinni, móður drengjanna. Hann var dæmdur í 6 dala fjárútlát eða 30 daga fangelsi fyrir vikið.

— Nýlega er látinn í Bandaríkjunum "Baldwin hepni", áttræður að aldri. Hann lét eftir sig 25 miljón dala virði af eignum, sem skift er nú milli ekkju hans og 3. giftra dætra. Þessi maður hefir lengi verið orðlagður um alla Ameriku. Hann græddi fé aðallega á veðreiðum og alls konar veðmálum, tapaði stundum miliónum, en græddi meira.

— Landmælingamenn Dominion stjórnarinnar, sem í vetur hafa verið að mæla út landið norður að Hudsons flóa, og einnig flóann sjálfan, til þess að komast eftir, hvar hafnstaðir væru hentugastir og beztir, — hafa lokið því verki að nokkru leyti, og skýrsla þeirra hefir verið lögð fyrir þingið. Meðal annars er takið fram, að hafnstæði við Port Nelson sé miklu betra en við Fort Churchhill og að höfn sé þar opin að minsta kosti 2 mánuði af árinu lengur, enn við Fort Churchhill, sem er miklu norðar. Það sé og miklu kostnaðarminna, að byggja járnbraut til Port Nelson, heldur enn til Fort Churchhill, af því hún verði svo miklu styttri. Að hægt sé að gera góðan skipaskurð alla leið frá Winnipeg vatni eftir Nelson ánni norður í Hudsons flóann. Í skýrslu þessari er það tekið fram, að auk þess sem járnbraut frá Manitoba yrði frá 60 til 70 mílum styttri, ef hún lægi til Port Nelson, þá sé bygging hennar þangað svo auðveld, að mílukostnaðurinn yrði miklu minni, en ef hún væri lögð til Fort Churchhill. — Skýrslan tekur fram, að það eina, sem með réttu verði fært fram móti Port Nelson, sé örðugleikinn á því, að komast inn á höfnina þar frá hafinu. En þetta þurfi að athuga betur, áður en nokkuð verði með vissu ákveðið um það. Hin vegar er FortChurch hill svo sett, að þar er auðsiglt inn á höfnina, og hún býður skipum hið bezta skjól, þegar inn er komið, fyrir öllum veðrum. En hafnbætur allar og bryggjusmíði er óviðjafnanlega auðgerðara í Port Nelson.

— Skotar hafa bygt 3 öflug stálskip, til þess að stunda fiskiveiðar við Hudsons flóa og kynnast flóanum öllum, þar til járnbraut kemur þangað norður. Menn hafa verið fengnir frá Newfoundland til þess að stjórna og vinna á skipum þessum, og eru þeir nú komnir yfir til Skotlands til þess að taka við skipunum og fiskiútgerðinni. Tilgangur Skota með þessu fyrirtæki er sá, að vera við því búnir strax og braut nær til flóans, að setja tafarlaust skipalínu á þessa sjóleið og annast um mann og vöruflutninga milli flóans og Evrópu, fram og aftur.

Til kaupenda Heimskringlu.

Þessir menn hafa tekið að sér umboðsstöðu fyrir Heimskringlu. Þeir taka á móti nýjum áskriftum að blaðinu, og veita móttöku andvirði þess frá kaupendum í þeirra bygðarlögum.

KRISTMUNDUR SÆMUNDSSON, að Gimli, fyrir Gimli og Nes P.O.

SIGURÐUR SIGURÐSSON, að Husawick, fyrir Husawick og Winnipeg Beach P. O.

RÖGNVALDUR S. VIDAL, að Hnausa, fyrir Hnausa, Geysir, Árdal og Framnes P.O.

FINNBOGI FINNBOGASON, að Arnes, fyrir Arnes P.O.

JÓN SIGVALDASON, að Icelandic River, fyrir þá bygð.

BJARNI STEFÁNSSON, að Hecla, fyrir Mikley.

G. ELÍAS GUÐMUNDSSON, að Bertdale, Sask., fyrir það bygðarlag.

JÓNAS J. HUNFJORD, Markerville, Alta., fyrir Alberta bygðina.

Kaupendur eru beðnir að beina borgunum sínum til þessara ofangreindu manna.

Fleiri verða auglýstir síðar.

KENNARA

vantar fyrir Diana S. D. No. 1355 (Manitoba), frá 1. april næstk., eða að minsta kosti á tímabilinu til 1. maí, í 8 mánuði. Umsækjendur þurfa að hafa 2. eða 3. stigs kennaraskóla vottorð (Professional Certificate), og eru beðnir að greina frá æfingu sem kennari, og hvaða kaupi óskað er eftir. Sá umsækjandi, er ekki hefir stundað kennaraskólanám, sendi meðmæli frá tveimur (2) málsmetandi persónum, svo umsóknin verði tekin til greina.

MAGNUS TAIT,
Sec.Treas. Diana S. D
P.O. Box 145, Antler, Sask.

James Flett & Co.
PLUMBERS

Leiða Gas- Vatns- og Hitapípur í hús yðar, fyrir sanngj. borgun. Verk vandað, fljótlega gert og ábyrgst.

572 Notre Dame Avenue
Telephone nr. okkar er 3380 eða 8539.

LEIÐBEININGAR--SKRÁ
YFIR ÁREIÐANLEGA VERZLUNARMENN Í WINNIPEG

MUSIC OG HLJÓÐFÆRI

CROSS, GOULDING & SKINNER, LTD.
323 Portage Ave. Talsími 4413

MASON & RISCH PIANO CO., LTD.
356 Main Stree Talsími 480
W. Alfred Albert, Íslenzkur umboðsmaður

WHALEY ROYCE & CO.
356 Main St. Phone 263
W. Alfred Albert, bóðarþjónn.

BYGGINGA- og ELDIVIÐUR.

J. D. McARTHUR CO., LTD.
Byggingar- og Eldiviður í heildsölu og smásölu.
Sölust: Princess og Higgins Tals. 3060, 3061, 3062

MYNDASMIÐIR.

G. H. LLEWELLIN,
"Medallions" og Myndarammar
Starfstofa Horni Park St. og Logan Avenue

SKÓTAU Í HEILDSÖLU.

AMES HOLDEN, LIMITED.
Princess & McDermott. Winnipeg.

THOS. RYAN & CO.
Allskonar Skótau. 44 Princess St.

THE Wm. A. MARSH CO. WESTERN LTD.
Framleiðendur af Finu Skótaui. Talsími: 3710
86 Princess St. "High Merit" Marsh Skór

RAFMAGNSVÉLAR OG ÁHÖLD

JAMES STUART ELECTRIC CO.
324 Smith St. Talsímar: 9447 og 7802
Fullar byrgðir af alskonar vélum.

GOODYEAR ELECTRIC CO.
Kellogg's Talsímar og öll þarafleiðt. áhöld
Talsími 3023. 56 Albert St.

RAFMAGNS AKKOKÐSMENN

MODERN ELECTRIC CO
412 Portage Ave Talsími: 5658
Viðgjörð og Vir-lagning — allskonar.

BYGGINGA - EFNI.

JOHN GUNN & SONS
Talsími 1277 266 Jarvis Ave.
Höfum bezta Ste'n, Kalk, Cement, Sand o. fl.

THOMAS BLACK
Selur Járnvöru og Byggingaefni allskonar
76—82 Lombard St. Talsími 600

THE WINNIPEG SUPPLY CO., LTD.
298 Rietta St. Talsímar: 1936 & 2187
Kalk, Steinn, Cement, Sand og Möl

BYGGINGAMEISTARAR.

J. H. G. RUSSELL
Byggingameistari.
í Silvester-Willson bygginguni. Tals: 1068

PAUL M. CLEMENS
Bygginga - Meistari
454 Maryland St. Talsími: 5997

VÍNSÖLUMENN

GEO. VELIE,
Heildsölu Vínsali. 185, 187 Portage Ave. E.
Smá-sölu talsími 352. Stór-sölu talsími 464.

STOCKS & BONDS

W. SANFORD EVANS CO.
326 Nýja Grain Exchange Talsími 3698

ACCOUNTANTS & AUDITORS

A. A. JACKSON,
Accountant and Auditor
Skrifst.— 28 Merchants Bank. Tals.: 5702

OLÍA, HJÓLÁS-FEITI OG FL.

WINNIPEG OIL COMPANY, LTD.
Biðið til Stein Olíu, Gasoline og hjólás-áburð
Talsími 1590 611 Ashdown Block

TIMBUR og BULÖND

THOS. OYSTAD, 208 Kennedy Bldg.
Viður í vagnhlössum til notenda, bulönd til sölu

PIPE & BOILER COVERING

GREAT WEST PIPE COVERING CO.
132 Lombard Street.

VÍRGIRÐINGAR.

THE GREAT WEST WIRE FENCE CO., LTD
Alskonar virgirðingar fyrir bændur og borgara.
76 Lombard St. Winnipeg.

ELDAVÉLAR O. FL.

McCLARY'S, Winnipeg.
Stærstu framleiðendur í Canada af Stóm, Steinvöru [Graniteares] og fl.

ÁLNAVARA Í HEILDSÖLU.

R. J. WHITLA & CO., LIMITED
264 McDermott Ave Winnipeg
"King of the Road" OVERALLS.

BILLIARD & POOL TABLES.

W. A. CARSON
P. O. Box 225 Room 4 1 Molson Banka.
Öll nauðsynleg áhöld. Ég gjöri við Pool-borð

NÁLAR.

JOHN RANTON
203 Hammond Block Talsími 4670
Sendið strax eftir Verðlista og Sýnishornum.

GASOLINE Vélar og Brunnborar

ONTARIO WIND ENGINE and PUMP CO. LTD
301 Chamber St. Sími: 2688
Vindmillur — Pumpur.— ræmtar Vélar.

BLÓM OG SÖNGFUGLAR

JAMES BIRCH
442 Notre Dame Ave. Talsími 2638
BLÓM - allskonar. Söng fuglar o. fl.

BANKARAR, GUFUSKIPA AGENTR

ALLOWAY & CHAMPION
North End Branch: 667 Main street
Vér seljum Avisanir borganlegar á Íslandi

Athugið.

Kvenfélag Fyrsta lúterska safnaðar í Winnipeg auglýsir hér með að það er viljugt til að taka móti þeim íslenzkum stúlkum, sem koma hér til bæjarins til dvalar, en sem ekki eiga ættingja eða vini hér til að taka móti sér. Félagið vill leitast við að vera slikum stúlkum hjálplegt og leiðbeinandi, t. d. að útvega þeim vinnu, sérstaklega vistir í góðum stöðum, útvega þeim heimili, þar sem þær geta dvalið, þegar þær eru ekki í vistum og einnig komið á þegar þær eru í vistum. Yfir höfuð vill félagið reyna að vera slikum stúlkum til eins mikils gagns, eins og í þess valdi stendur.

Þær stúlkur, sem vilja sinna þessu, geri svo vel að skrifa einhverri af undirrituðum félagskonum og láti þær vita hve nær þeirra er von. Tekið verður á móti þeim á járnbrautarstöðvum, ef þær óska þess.

Mrs. ÁRNI EGGERTSSON,
120 Emily St.
Mrs. F. JÓNSSON,
668 McDermot Ave.
Mrs. A. F. REYKDAL,
555 Maryland St.

HEIMSKRINGLU og TVÆR skemtilegar sögur fá nýir kaupendur fyrir að eins $2.00

Skrautmyndir

Mjög vandaðar, stórar og fagrar, af skáldkóngunum íslenzku, Hallgrími Péturssyni og Jónasi Hallgrímssyni, fást hjá undirskrifuðum, önnur á 35c en báðar á 60c. Agæt stofuprýði.

ATH. — Þessir hafa þegar tekið að sér útsölu á myndunum: —

Friðrik Sveinsson, 618 Agnes St., Winnipeg; Wm. Anderson, 1797 7th Ave./W., Vancouver, B. C.; S. Bárðarson, R. F. D. 1, Box 90, Blaine, Wash.; Sigurður Johnson, Bantry (og Upham), N. Dak. Jóh. H. Húnfjörð, Brown, Man. OSThormodson, Pt. Robert, Wash J. G. Westdal, Minneota; Olafur G. Isfeld, Kristnes, Sask.; S. Pétursson, Arnes (og Nes), Man.; C. Christianson, Marshland, Man.; Sigurður Bjarnason, Big Quill (og Wynyard), Man; Konrad Sigtryggsson, Belmont, Man.

F. R. JOHNSON,
1419 W. 57th St., Seattle, Wash.

KENNARA

vantar við Kristnes skóla (No 1267 N.W.T.) fyrir 7 mánuði, frá fyrsta april til fyrsta nóvember. Umsækjandi verður að hafa gildandi skirteini fyrir Saskatchewan, tiltaka kaupupphæð, segja til reynslu i kennarastörfum o.s.frv. Tilboð sendist til undirskrifaðs fyrir 15. marz 1909.

G. NARFASON,
11-3 Kristnes P.O., Sask.

KENNARI.

Pine Creek skólahérað No. 1360 æskir eftir skólakennara fyrir þrjá mánuði, sem byrji 15. marz nk. — Hver, sem vildi sinna þessari auglýsingu, geri svo vel og sendi tilboð, sem táki fram mentastig, reynslu og kaup til

E. E. EINARSON,
Sec. Treas.
11-3 Pine Valley P.O., Man.

KENNARA

sem hefir 2. og 3. kennarastig, vantar við Norður-Stjörnu skóla No. 1226 næsta kenslutímabil, sex mánuði, frá 1. maí til 1. nóv. Tilboðum, sem tilgreina mentastig og kaup, sem óskað er eftir, verður veitt móttaka af undirrituðum til 15. marz næstkomandi.

Stony Hill, Man., 23. jan. 1909.
G. JOHNSON, Sec'y-Treas.

KENNARA

sem hefir 2. kennarastig, vantar að Westside skóla No. 1244, kenslu tímabil 8 mánuðir, byrjar 1. april. Tilboðum, sem tilgreini mentastig og kaup, sem óskað er eftir, verður veitt móttaka af undirskrifuðum til 20. marz næstk.

TH. SIGURDSON,
18-3 Leslie, Sask.

Kæru bændur!

Ef ykkur langar til að eignast eftirfylgjandi Calendar, sem gefur góða hugmynd um það yfirnáttúrlega málverk, sem Sharplers Skilvindu félagið býður fritt meðan það endist, öllum sem óska þess, — þá skrifið umboðsmanni félagsins G. S. Guðmundsson, Framnes, Man., Can., og biðjið hann um þessa stofuprýði, ásamt sérstökum skilvindu verðlista fyrir febrúar og marz. Sendið 10c í silfri fyrir póstgjald og umbúðir. 11-3

SHARPLESS SEPERATOR CO.

Woodbine Hotel
Stærsta Billiard Hall Norðvesturlandinu
Tíu Pool-borð.—Alskonar vín og vindlar.
Lennon & Hebb,
Eigendur.

Fréttir úr bænum.

Látinn er hér í borg að morgni sunnudagsins þess 7. þ.m. Ólafur Indriðason, frá Húsavík á Íslandi, 68 ára gamall. Hann hafði verið tæpur úr hér vestra. Konu sina missti hann fyrir nokkrum árum, og hefir síðan dvalið hjá börnum sínum, einkum þeim Óla V. og Sigtryggi, sem í sl. 20 ár hafa haft eldiviðarverzlun hér í bæ. — Ólafur sál. var einn af afbrigða Íslendingum að vexti og afli, og hvers manns hugljúfi er hann þektu. Hans verður minst síðar.

Á Almenna spítalanum hér í bæ andaðist að kveldi þess 3. þ. m. Stefán E. Björnsson, úr afleiðingu af taugaveiki, eftir 9 vikna legu á spítalanum. Stefán sál. var fyrir innan þrítugsaldur, mesti myndarmaður og drengur góður. Hann var starfandi Góðtemplar og sunnudagaskóla kennari í Tjaldbúðarkirkju.

Herra Oddur G. Akraness, frá Hrausa P.O., var á ferð hér í bæn um í síðustu viku, til þess að vitja um fósturdóttir sína, Láru Hallson, 18 ára gamla, sem fyrir nokkrum vikum var flutt hingað á St. Boniface sjúkrahúsið, og hefir legið þar mjög þungt haldin í taeringarsjúkdómi og brjósthimnubólgu. Segir hann líðan landa allgóða, en lakari miklu hjá útlendingum, — sem svo eru nefndir þar austra. Enda hafði Bifrastar sveitarráðið á síðasta fundi sínum, 25. f.m., ákveðið, að leiða athygli sambandsstjórnarinnar að ástæðum þeirra, og skora á hana að hjálpa þeim, líkt og hún gerði í fyrra við þá, sem búa vestur af Gimli. Veiði sagði hann hafa verið með betra móti úr Winnipegvatni í vetur, og verð á fiski með bezta móti. Færri höfðu stundað fiskiveiði enn að undanförnu, og munu margir hafa setið heima vegna þess, hve örðugt var að komast að samningum í haust með sölu á vetrarfiski. — Mislingar hafa verið að heita má í hverju húsi þar nyrðra. Á einu heimili í Hnausabygð lá 8 manns í einu rúmfastir í sótt þessari. En mannskæð er veikin ekki, og heldur í rénun. — Magnús Magnússon, fiskikaupmaður í Hnausa bygð, hefir sett upp heima hjá sér íshús, og fylt það af ís. Auk þess á hann is og frystihús þar syðst í Breiðuvíkinni. — Herra Akraness dvaldi hér nokkra daga, og hélt til hjá N. Ottenson bóksala í River Park. Hann hélt heimleiðis á laugardaginn var með lík fósturdóttur sinnar. Hún andaðist að morgni föstudagsins þess 5. þessa mánaðar.

Látinn er í Árdals bygð í Nýja Íslandi Gunnar bóndi Oddson, — nokkuð á fimtugsaldri.

Herra Halldór Ármann, frá Gardar P.O., N. Dak., kom til bæjarins í lok sl. viku. Hann kom frá Íslandi árið 1877, og dvaldi fyrstu 3 árin í Nova Scotia og síðar 2 ár í Winnipeg, en keypti land í Gardar bygð árið 1882, og hefir dvalið þar síðan, og uppihaldslaust stundað búskapinn og tæpast létt sér upp í öll þessi ár, þar til í fyrra að hann ferðaðist suður til Suður-Californiu, til þess að heimsækja 2 syni sina, sem þar hafa fest sér aldinaræktarlönd, í Imperial County, sem er syðst í California við landamæri Mexicoríkis. — Halldór kom norður hingað til að leita sér læknishjálpar við hevrnarleysi, sem í sl. 2 ár hefir verið að ágerast á honum. Hann býst við að dvelja hér norðurfrá um hálfsmánaðartíma, undir lækningu hjá Dr. Harvey Smith. — Einn af sonum Halldórs hefir fest sér land í Saskatchewan og dvelur nú á því. Halldór brá sér þangað vestur á sunnudaginn var, en býst við að verða kominn hingað aftur um næstu helgi.

Herra Jóhann Sigfússon frá Selkirk, var hér á ferð í þessari viku, og sagði góða líðan landa vorra í bæ sínum, þó lítið sé þar um atvinnu á vetrum. Hann segir nú sé verið að byggja eldspýtna verkstæðið fyrirhugaða. Vélar allar nú þegar komnar til Selkirk, og vonað, að verkstæðið geti hafið starf sitt nú með vorinu.

Herra Guðjón Erlendsson, frá Bluff Lake, Man., var hér á ferð ásamt konu sinni um síðustu helgi og lætur vel af líðan manna og tíðarfari þar nyrðra. Veturinn í betra lagi og heyfóng nægileg, og fiskafli ágætur framan af vetrinum, en daufur undanfarandi. Bluff búar eiga von á nýju pósthúsi, er heita skal Reykjavík. G. Erlendsson var að finna fylkisstjórnina og biðja hana um styrk til skóla, er Bluff búar hafa haldið að meira og minna leyti í sl. 3 vetur. Hann vonaði að fá góðar undirtektir.

Bæjarstjórnin hefir samið og samþykt reglugerð fyrir þvottahús bæjarins, sem allir er þann starfa reka, verða að fylgja. Hún á að ganga í gildi þann 1. júní næstk. Meira en hundrað kinversk þvottahús verða þá að hætta starfi, nema þau bæti um húsakynni sín, svo að þau fullnægi heilbrigðis ákvörðunum þessarar nýju reglugerðar. Að eins 11 af talsvert á annað hundrað þvottahúsum Kinverja, eru nú sem stendur svo útbúin, að þau geti fullnægt skilyrðunum.

BLUTAVELTU

Kaffiveitingar og 'Rall'

Heldur Stúkan ÍSLAND, nr. 15, A. R. G. T., í kveld, fimtudag 11. marz, — í Únítara salnum. —

AÐGANGUR 25c.

Munið eftir að fjölmenna á fund Menningarfélagsins í kveld (miðvikudag). Herra Hallur Magnússon flytur þar erindi um SJÁLFSTÆÐI (ekki "Frjálslyndi", eins og sagt var í síðasta blaði). — Forseti Menningarfélagsins biður að áminna fólk um, að koma í tíma á, því fundurinn verði settur stundvislega kl. 8.

Úr bréfi frá Blaine, Wash., 26. febr. 1909: — "Fréttir eru litlar héðan. Veturinn virðist vera hér á enda. Tíðarfarið á honum hefir verið frekar óhagstætt og kalt. — Atvinna hefir verið hér mjög lítil í sl. 3 mánuði, en samt virðist, að fólkinu liði framyfir vonir vel. Eftir mánaðamótin eiga allar þakspónsmyllur að byrja, og þær gefa talsvert mörgum atvinnu. Og yfir höfuð búast menn við góðum tíma á komandi sumri. — Hinn 23. þ.m. andaðist á sjúkrahúsi í Bellingham Charles Johnson, 11 ára sonar sonur Magnúsar Jónssonar (frá Fjalli). Þessi piltur var mjög efnilegt ungmenni, sem þar af leiðandi gaf góðar vonir um fagra og uppbyggilega framtíð fyrir hann. Það er því frekar átakanlegt fyrir skyldmenni hans, að sjá allar þær fögru vonir skyndilega hverfa. Hann var jarðaður hér í Blaine næsta dag að viðstöddu mörgu fólki, sem tók innilega hluttekningu í þessu sorgar-atriði. — Það er sárt, að missa burtu góð og efnileg ungmenni af framsóknarbrautinni hérnamegin. En það er þó enn þá átakanlegra, að sjá ungmenni, vel gefin af náttúrunnar hendi, þroskast einungis í nautnakröfum hins dýrslega eðlis, og þar af leiðandi sjá þau tapa meira og meira af þeirra andlega persónugildi, því á þeim er valt að byggja góða framtíðarvon.

Þann 4. febr. 1909 voru settir í embætti í stúkunni ÍSLAND No. 15 A.R.G.T., fyrir yfirstandandi ársfjórðung, af umboðsmanni stúkunnar H. Skaftfeld, þessir meðlimir: —

Æ.T.—Sigríður Swanson.
V.T.—Hlaðg. Kristjánsson.
R.—S. H. Skaftfeld.
F.R.—G. Goodmundsson.
Gk.—M. Skaftfeld.
G.U.T.—Þóra Johnson.
Kap.—S. Gíslason.
V.—J. Hafliðason.
Dr.—Ólga Skaftfeld.
A.Dr.—Guðný Stefánsson.

S. H. Skaftfeld, ritari.

Tombola

Kaffi og Skemtanir

Good Templar Stúkan Skuld heldur Tombólu í efri sal G. T. hússins, næsta miðvikudagskveld 17. Marz, kl 8., — til arðs fyrir byggingarsjóðinn. Til Tombólunnar verður vandað svo sem bezt má verða. Að vísu verða "drættirnir" ekki mjög margir, en eins og æfinlega, jafngóðir og vandir. Ennfremur verður framborið gott kaffi til hressingar, og að endingu YMSAR SKEMTANIR. —

Aðgangur 25c Byrjar kl. 8

Vér leyfum oss að leiða athygli að auglýsingu Magnúsar Tait í Antler, Sask., í þessu blaði. Hann aug lýsir eftir kennara við DIANA SKÓLA. Skólanefndinni þar er sérlega ant um, að geta fengið hæfan kennara svo fljótt, sem auðið er, helzt 1. apríl næstk. Skólinn býður 8 mánaða atvinnu. Skólinn er þægilegur og kaupið gott. Íslenzkir barnakennarar ættu að sinna þessu tilboði sem alira fyrst.

Munið eftir Tombólunni, sem st. ÍSLAND heldur í kveld (fimtudag) — Einn góður dráttur, einn góður kaffibolli með brauði og skemtanir, — alt fyrir 25 cent! Er það ekki ódýrt? — Í kveld er stundin að gleðja sig, á morgun getur það orðið of seint.

Herra J. Magnús Bjarnason skólakennari að Marshland, Man., kom til bæjarins í sl. viku til að leita sér lækningar við sjóndepru. Hann dvaldi hér 3—4 daga, og hvarf svo heimleiðis aftur. Hann taldi víst, að mánaðar uppihald mundi verða á kenslu þar á skóla sinum, meðan sjón hans er að styrkjast.

Svo er nú fjárhagsástand Winnipeg borgar orðið í miklu áliti á peningamarkaði Bretlands, að skuldabréf Winnipeg borgar hafa nýlega selst þar með fullu ákvæðisverði, eða jafnvel lítið yfir það, alt að ½ prósent.

Úr bréfum frá kaupendum Heimskringlu.

GARDAR, N.DAK.

3. marz '09.

" ....

Beztu þökk fyrir ksriftaræðuna, sem þú heldur í seinasta blaði yfir "Helga magra". Eftir því sem fregnir segja hér, er hann margsinnis búinn að verðskulda það. Og líklegt er, að hann hafi nú fylt mæli synda sinna.

Og ennfremur vil ég þakka "Gallagripina" hans Þorsteins og "Víga-Glúm". Það er ofurlítill hiti í öðru eins.

Mikið er nú ritað og rætt um trúmálin. Sumt af því er bara sykurvatn, en hitt ekkert betra til nautnar en drykkjarvatnið úr Rauðá. Hið eina, sem nokkuð kveður að, er greinin, sem Hkr. flutti eftir H.N. úr Skirni, "Um trúarjátningar". Hún er rituð af reglulegum rannsóknaranda og kærdómi, sem hæfur er til leiðbeiningar, ákveðinn og skýr, en ekkert fimbulfamb út í bláinn".

ALASKA.

5. febrúar 1909.

"Ég óska að blað þitt útbreiðist sem mest og verði sem frægast. Mér finst jafnan hver stundin löng, þegar það missir ferð, og kemur litið eitt á eftir réttum tíma.

MANITOBA.

2. marz 1909.

"Ef ég hefi, eða þegar ég hefi tækifæri, skal ég gera alt til þess að greiða götu Heimskringlu, þú og hún eigið það skilið. Manni dylst það ekki, að þú hefir hart á þig lagt blaðsins vegna, — fórnað tíma þínum og tækifærum í þess þarfir. Varið og sótt, oft með kappi, stundum með lægni. Þú hefir lagt þig fram í þarfir okkar V.-Íslendinga í frjálshugsanalegu, manndómslegu og fjárhaldslegu tilliti, — gegn um Heimskringlu. Ritgerðin um "Auðsafn Vestur-Íslendinga", er prýðis vel rituð, sanngjörn og skarplega hugsuð. Greinarnar "Samtal um búskap", er það bezta af því tagi, sem ég hefi lesið í íslenzkum blöðum. Höfundurinn eða ritarinn á þakkir skilið, ekki sist frá íslenzkum bændum, fyrir þær. Lengi lifi Heimskringla, ritstjóri hennar og stefna!

SASKATCHEWAN.

Janj 1909.

"Ég óska Heimskringlu góðs gengis og vaxandi kaupendatölu. Mér finst ég ekki mega án blaðsins vera. Það er fræðandi og skemtandi og skynsamlega ritað. Mér finst vér allir, íslenzkir bændur, ættum að hafa það. Í fæstum orðum sagt, álít ég Heimskringlu eins nauðsynlega hverjum Vestur-Íslendingi, ein og gróðrarskúrin er nauðsynleg hverjum þeim akri, sem ætlast er til að beri ávöxt".

BŒNDUR



Bændur sem langa til að fá sér reglulega góða og ódýra SKILVINDU, ættu sem fyrst að sjá eða skrifa umboðsmanni SHARPLES SKILVINDU Félagsins, (hins nafnfræga) G. S. GUÐMUNDSSYNI, FRAMNES, MAN., sem gefa mun allar þær upplýsingar er menn biðja um, því viðvíkjandi. —

Í einu orði er það sagt, að þessar vélar eru nafnkunnar fyrir að vera þær vönduðustu, ódýrustu, einföldustu og að öllu leyti þær þægilegustu skilvindur sem fáanlegar eru á Canadiska-markaðinum þann dag í dag. —

Meðfylgjandi skýrsla sýnir samkeppni-prófin, (contest), 1901 milli 3. félaga móti Sharples: —

LOSS IN SKIM MILK.

Sharple's Tubular 5/100

Alpha DeLaval	The Combine of Three	17½/100
United States		12½/100
Empire		45/100

Undirskrifað af dómendum: Robert Crickmone, Creamery Manager; A. W. Trow, Pres. Minn. Dairymens Ass'n.; E. J. Henry, Babcock Tester Expert

McKenzie's UTSŒÐI.

FRÆIN SEM BERA NAFN MEÐ RENTU. — ÞRUNGIN AF FYLSTA FRJÓMAGNI — VANDAÐ ÚRVAL. — BEZT FYRIR VESTURLANDIÐ —

Þegar vandlátustu og langflestu frækaupendur þessa góða Vesturlands heimta einhuga

McKenzie's Hreinu Fræ

Þá hafið þér vissu fyrir að verðleiki og gæði aðeins, gætu áunnið svo einróma meðmæli.

Skrifið oss eftir stórri bók um allskonar Fræ til að rækta garðavexti, blóm, korn og gras.

ÍLLAR EFTIRLÍKINGAR SELJA VORFRÆ. EF ÞAÐ ÆTTI EKKI HJÁ AUTMANNI ÞÉR ÁSKRIFIÐ OSS

INSIST ON McKENZIE'S — TAKE NO OTHER

A.E. McKENZIE Co. Ltd.

BRANDON, MAN. CALGARY, ALTA.

WESTERN CANADA'S GREATEST SEED HOUSE

SAFNAÐARFUNDUR

Næstk. sunnudag þann 14. þ.m. verður almennur safnaðarfundur haldinn í Únítara sölnuðinum að aflokinni messu. Mjög áríðandi málefni viðkomandi framtíðarstarfsemi safnaðarins liggur fyrir til umræðu. Allir safnaðarmenn eru ámintir um, að sækja fundinn.

J. B. SKAPTASON,
forseti.

JOHN ERZINGER

TÓBAKS-KAUPMAÐUR.
Erzinger's skorið reyktóbak $1.00 pundið
Hér fást allar nefntóbaks-tegundir. Óska eftir bréflegum pöntunum.
McINTYRE BLK., Main St., Winnipeg
Heildsala og smá sala.

S. F. Ólafsson

619 Agnes St. selur Tamarac fyrir $5.50 og $5.75 gegn borgun út í hönd.
Telephone: 7812

KŒRU LANDAR

Við höfum hús og lóðir í öllum pörtum bæjarins með mjög sanngjörnu verði og borgunarskilmálum. Einnig ágæt lönd viðsvegar um fylkið í skiftum fyrir hús og lóðir í bænum.

Peningar lánaðir. Hús og munir teknir í eldsábyrgð.

Finnið okkur að máli.

Markusson & Fridfinnsson,
605 McIntyre Block · Telephone 5648

DANS

Í LIBERAL CLUB HALL
[sem er andspænis W'peg leikhúsinu]
hvert þriðjudagskv. kl. 8½
ODDFELLOW'S HALL
hvert laugardagskv. kl. 8½
Maher's Orchestra
SPILAR
Aðgangur Karlm 50c Konur Fritt
Komið og skemtið ykkur.

Arena Rink

Skautaskemtun á hverju kveldi. Ágætt Music.
JAMES BELL, eigandi.

F. Deluca

Verzlar með matvöru, aldini, smá-kökur, allskonar sætindi, mjólk og rjóma, sönul. tóbak og vindla. Óskar viðskifta Íslend. Heitt kaffi eða te á öllum tímum. Fón 7756
Tvær búðir:
587 Notre Dame og 714 Maryland St.

BILDFELL & PAULSON

Union Bank 5th Floor, No. 520
selja hús og lóðir og annast þar að lútandi störf; útvegar peningalán o. fl.
Tel.: 2685

J. L. M. THOMSON, M.A., L.L.B.
LÖGFRÆÐINGUR. 255½ Portage Ave.

ARNI ANDERSON Íslenzkur lögmaður
Í félagi með
Hudson, Howell, Ormond & Marlatt
Barristers, Solicitors, etc.
Winnipeg, Man.
13-18 Merchants Bank Bldg. Phone 3621, 3622

BONNAR, HARTLEY & MANAHAN
Lögfræðingar og Landskjala Semjarar
Suite 7, Nanton Block, Winnipeg

Hubbard, Hannesson and Ross
LÖGFRÆÐINGAR
10 Bank of Hamilton Chambers
Tel. 378 Winnipeg

A. S. BARDAL
Selur líkkistur og annast um útfarir. Allur útbúnaður sá bezti. Enfremur selur hann alskonar minnisvarða og legsteina.
121 Nena St. Phone 306

Íslenzkur Tannsmiður,
Tennur festar í með Plötum eða Plötulausar. Og tennur eru dregnar sársaukalaust með Dr. Mordens sársaukalausu aðferð
Dr. W. Clarence — Tannlæknir.
Sigurður Davíðsson—Tannsmiður.
620½ Main St.
Phone 470 Horni Logan Ave.

Nýji Vor-fatnaðurinn þinn.

EF HANN KEMUR FRÁ CLEMENT'S — ÞÁ ER HANN RÉTTUR

Réttur að efni, réttur í sniði réttur í áferð og réttur í verði.

Vér höfum miklar byrgðir af fegurstu og beztu fataefnum. —

Geo. Clements & Son
Stofnað árið 1874
264 Portage Ave. Rétt hjá Free Press

Th. JOHNSON

JEWELER
286 Main St. Talsími: 6606

Stefán Guttormsson,
Mælingamaður
668 AGNES STREET. WINNIPEG.

Dr. G. J. Gislason,
Physician and Surgeon
Wellington Blk. - Grand Forks, N. Dak
Sjerstakt athygli veitt AUGNA, EYRNA, KVERKA og NEF SJÚKDÓMUM.

Drs. Ekern & Marsden,
Sérfræðislæknar í Eftirfylgjandi greinum: — Augnasjúkdómum, Eyrnasjúkdómum, Nessasjúkdómum og Kverkasjúkdómum.
Í Platky Byggingunni í Bænum
Grand Forks, N. Dak.

Eldiviður

Þurt Tamarak $5.50
KORÐIÐ.
Vér óskum að þér reynið 1 kord.

J. G. Hargrave & Co.
334 MAIN ST.
Phones:—431—432 og 2431

Boyd's Brauð.

Góð stór brauð af beztutegund. Það gefur yður meira næringarefni fyrir minni peninga heldur en þér fáið í nokkuru öðru bakarí í borginni. Seljum brauðið á 5c. Flytjum það daglega heim til yðar með minni kostnaði og betri brauð en þér búið til heima.

Boyd's

Bakery Cor. Spence & Portage Ave
Phone 1030.

KOL OG VIDUR

Þur, beinharður eldiviður, — Poplar, Pine, og Tamarac með mjög sanngjörnu verði. — Nú sem stendur verið að afferma mörg vagnhlöss af BEZTA DAUPHIN TAMARAC. —

McElroy Bros.
Cor. Sherbrooke & Ellice
PHONE: 6612

W. R. FOWLER A. PIERCY.

Royal Optical Co.
327 Portage Ave. Talsími 7286.
Allar nútíðar aðferðir eru notaðar við augn skoðun hjá þeim, þar með hin nýja aðferð, Skuggа-skoðun, sem gjöreyðir öllum ágiskunum. —

Laing Brothers
3 Búðir: 234-6-8 KING ST. Talsími 4476, 5890, 5891; 417 McMILLAN AVENUE Talsími 5568; 847 MAIN ST. — Tals: 3016

Hafrar, Hey, Strá,
COUNTRY SHORTS, BRAN, CORN, CORN CHOP, BYGG CHOP, HVEITI CHOP, OG GARÐAVEXTIR.
Vér höfum bezta úrval gripafóðurs í þessari borg; fljót afgreiðsla

LAND

Vér höfum nýlega fengið til sölu yfir 30 Section-fjórðunga, liggjandi að Oakland braut C. N. R. félaginu. Verðið er frá $7.00 til $12.00 hver ekra. Ekkert af löndum þessum eru meir en 5 mílur frá járnbrautinni.

Skuli Hansson & Co.
Skrifst. Telefón 8476. Heimilis Telefón 2774

Heimskringla.

Alt landið

er áhyrgst að vera jarðyrkju land af bezta tegund, og fæst keypt með vægum afborgunar skilmálum. (N.B.—Lesið fyrripart þessarar augl. vinstramegin við Hkr. nafn.)

Frekari upplýsingar veita

Skuli Hansson & Co.
56 Tribune Building. Winnipeg.

XXIII. ÁR. WINNIPEG, MANITOBA, FIMTUDAGINN, 18. MARZ, 1909 NR. 25

Fregnsafn.

Markverðustu viðburðir hvaðanæfa.

— Þann 28. febrúar sl. sendi Marconi loftskeyti frá loftskeytastöð sinni í Glace Bay í Nova Scotia til móttökustöðvarinnar í Eiffel turninum í Parísarborg á Frakklandi. Það er í fyrsta skifti, að loftskeyti hafa verið send beina leið frá Canada til Frakklands.

— Skýrslur um vinnulaun þeirra sem vinna í ullar og klæðagerðarverkstæðum á Englandi, sýna að laun verkamanna þar eru frá $4.87 til $6.08 á viku. Til eru hand verksmenn hér á landi, sem ekki mundi þykja þetta of há laun fyrir eins dags vinnu, í stað 6 daga á Englandi. Við athugun þessarar skýrslu verður það skiljanlégt, að brýn þörf sé á því þar í landi, að ríkið veiti gömlu fólki vikulegan ellistyrk. Mest furða er, að fólkið þar skuli með þessum launum geta orðið svo gamalt, að það þurfi að njóta ellistyrks.

— Hæzti réttur Alberta fylkisins hefir dæmt, að fylkið hafi rétt til þess, að leggja skatt á lönd C.P.R. félagsins þar í fylkinu, þó félagið hafi ekki fengið formleg eignarbréf frá stjórninni fyrir löndunum. Fylkið má, segir yfirdómarinn, leggja skatta á lönd þessi til viðhalds skólum og almennum umbótum í sveitum fylkisins. Dómarinn hélt því fram, að telja mætti löndin fullkomna eign félagsins frá þeim tíma, er stjórnarráð ríkisins hefði samþykt að veita því löndin. Óvíst er ennþá, hvað C.P.R. félagið gerir í þessu máli.

— Jósef M. Janer var í sl. viku dæmdur í 21 ára fangelsi í Baltimore. Ef hann lifir þá tímalengd, verður annað sakamál höfðað á móti honum strax og hann stígur fæti út úr fangelsinu. Fyrir rétti bar hann það fram, að hann hafi í sl. 2½ ár drukkið meira en 4 pt. af whiskey á dag að jafnaði, og að það þyrfti 3 potta af whiskey til þess að koma sér í "sober" ástand eftir að hann hefði orðið drukkinn. Hann kvaðst geta drukkið meira whiskey en nokkur annar maður á jarðríki, og bauð dómaranum að etja á móti sér hvaða drykkjumanni, sem hann vildi. Dómarinn svaraði með því, að senda hann í 21 ára fangelsi.

— Námamenn í Pennsylvania eru að ræða um, að hefja verkfall þar í kolanámunum. Þeir vilja fá kauphækkun. Þeir höfðu fjögra klukkutíma fund með námaeigendunum, en ekki varð af samningum. Námamenn sögðu námaeigendur nú þegar hafa 12 miliónir tonna af kolum umfram það, sem þeir þyrftu að nota, og vilja því heldur hefja verkfallið nú, en geyma það þar til meira er fyrirliggjandi. Námaeigendur vilja gera þriggja ára samning með sama kaupgjaldi og nú er. En námamenn hafa enn ekki svarað því. Mælt, að þeir ætli að ræða það á allsherjarþingi námamanna, sem halda á í lok þessa mánaðar. Svo er sagt, að fundurinn milli verkamanna og vinnuveitenda hafi verið róstusamur og legið við bardaga, þó ekki yrði af því.

— C.N.R. mælingamenn eru nú að mæla út járnbrautarstæði við Deer Horn, Man., í Tp. 22 austan Manitobavatns. Brunngraftarmenn sem þar hafa verið við vinnu, segjast hafa orðið varir við gulli blandna möl í brunnum þar norður frá. — Má vel vera, að þar sé gull í jörðu.

— Phobe Annie Wade, í Lynnborg í Massachusetts riki, sem fæddist 10. marz 1807, er enn við góða heilsu, þó hún sé orðin 102 ára gömul. Á síðasta afmælisdegi hennar, heimsóttu hana margir blaðamenn, og hún sagði þeim öllum sömu söguna, og bað þá að tilkynna kvenþjóðinni í Ameríku þann sannleika, að ef þær vildu verða langlífar og deyja sáttar við heiminn, þá skyldu þær forðast að gifta sig. Annað eða meira vildi hún ekki við þá tala.

— Bretar áætla, að 43½ milión dala sé nauðsynlegt til ellistyrksborgana þar í landi á þessu yfirstandandi ári, og í tilefni af auknu starfi við útbýting þessa fjár vaxi útgjöld stjórnarinnar um aðra eins upphæð. Á síðasta ári var launalisti allra stjórnarþjóna um 268½ milión dala, en nú er sú upphæð orðin 312 miliónir. Ellistyrkslög landsins leiða því af sér bein árleg útgjöld úr ríkissjóði er nema 87 miliónum dala.

$15,000

skaðabætur

heimta þeir Sigtr. Jónasson og Albert Johnson af Heimskringlu og ritstjóra hennar fyrir að hafa prentað 'Beinadalsmyndina' í blaðinu þann 4. þ. m.

Málin eru þrjú: Eitt fyrir hönd Sigtryggs, annað fyrir hönd Alberts og þriðja fyrir hönd Thyle Meat félagsins, og skaðabótakrafan í hverju máli er 5 þúsund dollars.

Í tilkynningarbréfinu um væntanlega málshöfðun, sem dagsett er 16. þ m, er þess getið, að málshefjendur líti svo á, að myndin sé til þess gerð, að draga ásjónur sínar fram fyrir íslenzkan almenning til athlægis og fyrirlitningar, og til að skemma þeirra "business."

Fyrir þetta biðja þeir um 15,000 dollara.

— Ungfrú María Russell í Chicago, sem myndaði og stóð fyrir mey-kvenna félaginu svo nefnda, sem hafði það markmið, að telja konur frá þeirri óhæfu að ganga í hjónaband, — braut sjálf bindindið á laugardaginn var með því að giftast á laun lækni þar í borg.

— Þann 22. febrúar sl. andaðist læknir einn í Toronto borg, að nafni Daniel Young. Í erfðaskrá sinni skipaði hann svo fyrir, að hjartað í sér skyldi fylt upp með myrru og olíu, soðið saman í þeim hlutföllum, að lögurinn yrði harður, þegar hann kólnaði, og skyldu æðir læknar sjá um þetta verk. Hann eftirlét nálega 14 þús. dala virði af eignum.

— Bandarikja stjórnin hefir tilkeið, að árslaun Tafts forseta skuli vera 75 þúsund dalir, auk annara auka upphæða, sem forsetanum eru ætlaðar til húshalds, og sem ásamt hinum föstu launum gera 100 þúsund dali árlega.

— Mál það, sem stjórn Bandarikjanna höfðaði fyrir 2 árum mót Standard Oil félaginu, og sem í undirrétti lyktaði svo, að félagið var dæmt í rúmlega 29 milión dala fjárútlát, — hefir í yfirrétti í Chicago þann 10. þ.m. fallið svo, að félagið er sýknað af öllum ákærum. Anderson dómari skipaði kviðdóminum, sem um mál þetta fjallaði að sýkna það að öllu leyti, og svo var gert.

— Asquith stjórnarformaður Breta gat þess nýlega í ræðu, er hann flutti í Lundúnum, að brezka þjóðin ætti í lánum og iðnaðarfyrirtækjum í hjálendum ríkisins og í útlöndum 3 miliónir punda, eða 54 þúsund miliónir króna. — Með þessu fé hefði þjóðin áunnið það, að hún nyti nú nægra og ódýrra lífsnauðsynja frá öllum heimsins löndum, bæði hvað fæðutegundir og fæðuefni snerti, og alls konar efnum til iðnaðar. Þessi fjárstofn væri sá grundvöllur, sem verkalýður Englands bygði lífstilveru sína á.

— Myndarlegt sakamál var nýlega höfðað á Rússlandi. Þar eru fyrir yfirdóminum í Moscow borg 384 manns kærðir um að vera félagar í þjófnaðar samsæri. Kæran segir, að aðalmarkmið félagsins hafi verið að stela vörum frá járnbrautum, og að á árunum 1905 til 1907 hafi félagi þessu tekist að stela 17 miliónum dala virði af ýmsum varningi frá að eins tveimur járnbrautafélögum. Meðal þessara ákærðu manna eru kaupmenn, embættismenn járnbrautanna og menn, er að eins hafa þjófnað að atvinnu. Við rannsóknina hefir það komið fram, að félagsmenn höfðu samband sín á milli um alt landið, og að flestar skipanir voru gerðar með hraðskeytum. Járnbrauta embættismennirnir skipuðu fyrir um, hvar hvenær og hverju stela skyldi, og hvar bezt væri að fela þýfið. En felustaðirnir voru vanalega stjórnar geymsluhús, og stjórnarþjónar voru hafðir til að taka á móti vörunum og geyma þær, þar til kaupmennirnir létu sækja þær. Það hefir og komist upp, að þrátt fyrir ítrekaðar kvartanir, þá gerði landsstjórnin alls ekkert til að stemma stigu þessa þjófafélags, þó henni væri þá kunnugt um tilveru þess.

— Innflutningur fólks til Canada hefir þegar byrjað öfluglega nú með vorinu. Yfir 12 hundruð innflytjendur frá Evrópu komu 12. þ. m. með skipinu "Empress of Ireland". Flest af þessu fólki ætlar að setjast að í Saskatchewan og Alberta fylkjum. Það er búist við afarmiklum innflutningi til Canada á þessu ári.

— Canada stjórnin hefir ákveðið að lána Grand Trunk Pacific félaginu 10 miliónir dala, eða að kaupa skuldabréf félagsins fyrir þá upphæð, svo það geti haldið áfram að byggja braut sína gegn um Vestur Canada sléttlendið tafarlaust, og alt vestur að hafi.

— Að ferðast í loftfari yfir Atlantshaf á tæpum 5 sólarhringum er áform Spánverja nokkurs að nafni Brucker. Hann hygst að leggja upp frá Spáni um 25. júlí næstk., og telur áreiðanlegt, að með þeim nýja útbúnaði, sem hann kveðst eiga ráð á, sé ferð þessi vel tiltækileg. Thomas S. Baldwin, einn af mestu loftsiglingafræðingum, segir áreiðanlegt, að með útbúnaði herra Bruckers megi hæglega fljúga yfir Atlantshafið á loftfari á þeim tíma, sem að framan er sagt.

— Til náms er nú á Harward háskólanum indverskur prins, sem á sínum tíma erfir ríki föður sins, og verður þá konungur yfir 3 miljónum manna. Hann er 19 vetra, góður námsmaður og vel virtur af skólabræðrum sínum.

— Snjófall mikið varð á Frakklandi þann 7. þ.m. Snjóskriður urðu á 2 stöðum, og einn maður beið bana af því. Járnbrautalestir urðu fastar í sköflum, og farþegjar urðu á einum stað að ganga 5 milur vegar í mestu ófærð, til að komast til bygða.

— Bóndi einn í Californíu hefir fundið 2 þúsund dala virði af gullklumpum, í blikkdós, sem grafin hafði verið í landi, er hann var að plægja til kartöflurækt. Fyrir 30 árum bjó gamall námamaður í smákofa á landi þessu. Hann þóttist vera auðugur en nágrannar hans trúðu honum ekki. Það er ætlað, að hann hafi grafið peninga í landi þessu, og að þessir 2 þúsund dalir séu að eins lítill hluti af fé því, er hann hafi þar falið. Nú eru menn svo hundruðum skiftir kappsamlega að leita á landinu í von um gullfund.

— Bæjarráðs kosningar í Kaupmannahöfn fóru fram 12. þ.m. Þá greiddu konur atkvæði í fyrsta sinni þar í landi, og er sagt, að fleiri af þeim hafi greitt atkvæði en karlmenn. Konur voru hinar ánægðustu yfir að hafa öðlast rétt þennan, sem þær hafa barist fyrir um sl. 25 ár.

— Nokkrir af ráðgjöfum Manitoba stjórnarinnar eru nú í Ottawa, að boði Dominion stjórnarinnar, til þess að ræða við hana um stækkun Manitoba fylkis, og reyna að ná samkómulagi í því máli.

— Tveggja centa fargjald í Missouri ríkinu hefir verið steindrepið með dómi. Járnbrautafélögin þar í ríkinu ætla nú strax að færa fargjöldin upp í 3 cents á miluna.

— Í ráði er, að öll þau járnbrautafélög, sem hafa endastöðvar sínar í Montreal, byggi þar sameiginlega vagnstöð, er kosta skuli 10 miliónir dala, eða meira. Verður þá stöð sú hin mesta sinnar tegundar í heimi.

— Einn af embættismönnum Leopolds Belgíu konungs, sem farið hafði afarilla með svertingja í Suður-Afríku, hefir verið dæmdur í 13 ára fangelsi í Brussels, Belgíu.

— Tólf manna hópur hefir nýlega lagt út frá Los Angeles borg í California, á skipi til Cocos eyjar til þess að leita uppi 17 miliónar dollara málmsjóð, sem sögur segja þar sé falinn á eynni. Ræningjar höfðu falið sjóðinn þar undir fjallshlíð einni. Síðan hefir skriða fallið yfir staðinn, og nú er talið, að hann sé 40 fet undir yfirborði jarðar. Auðmaður að nafni Desborough, er mælt að hafi uppdrátt af legu felustaðarins, og hann kostar þessa ferð af eigin efnum, í þeirri von, að sendimenn finni sjóðinn. Sami maður reyndi fyrir 12 árum, að finna sjóð þennan, en það mishepnaðist. Síðan hefir hann hvorki notið svefns né matar, að heita má, og hefir því á ný gert út þennan leiðangur. — Leitarmenn gera ráð fyrir, að vera 3—4 mánuði í túrnum.

Hvernig borgarráðið í Bellingham fór í fangelsi í Vancouver.

Það eru dálítið óviðkunnanleg viðbrigði fyrir þá, sem vanir eru að sitja í mestu heiðarsætum í sínum eigin heimaborgum og stjórna þar almennum málum, að láta hneppa sig í fangaklefa samstundis sem þeir stiga fæti í annan bæ. En svo er að sjá af blaðinu Bellingham Tribune, dags. 25. febr., að þetta hafi komið fyrir hóp af helztu borgurum Bellingham bæjar, þegar þeir heimsóttu Vancouver borg fyrir skömmum tíma. Þeir voru 13 saman, borgarstjórinn og 5 borgarráðsmenn og 4 aðrir embættismenn bæjarins og nokkrir kaupmenn. Hvert erindi þeirra var þangað norður, lætur blaðið ósagt, en þegar þeir stigu fæti á brezkan svörð, mætti þeim verzlunarmaður einn frá Seattle, og hugði að taka vel á móti löndum sínum. Hann bað þá fylgja sér til gistihúss þess, er hann hélt til á. En ekki var hópurinn fyrr kominn þangað, en nokkrir lögregluþjónar og spæjarar úr lögregluliðinu létu til sín taka. Þeir óðu upp að gestunum og kærðu þá um, að vera utanríkismenn með engan sýnilegan atvinnuveg til lífsuppeldis, og í fám orðum sagt, var þeim tilkynt, að þeir væru algerlega óþóknanlegir innflytjendur, og yrðu að koma tafarlaust á lögreglustöðvarnar. Þess ari tilkynningu fylgdu lögregluþjónarnir eftir með handafli og ýttu gestunum með hægð út úr dyrum veitingahússins, og fóru með þá inn í svartan fangavagn, sem þá var kominn þar nálægt dyrunum. Gestirnir skildu illa í þessum aðförum, og kváðust taldir heiðarlegir borgarar í heimahögum. En lögreglan gaf því engan gaum. Hún var þar komin til þess að gera skyldu sína, og hún fór með hópinn á lögreglustöðvarnar. Þegar þangað kom, var gestunum ýtt inn í herbergið til lögreglustjórans, sem tók þeim fálega og las upp þá kæru, að þeir væru álitnir óþóknanlegir borgarar, og að þeir mundu verða að dvelja þar á staðnum, þar til mál þeirra yrði itarlega rannsakað. — Borgarstjórinn og hinir gestirnir drógu þegar upp miklar viðjur bankaseðla og kváðust hafa nóg fyrir sig að leggja meðan þeir dveldu þar í borginni, enda væri ferðum þeirra heitið suður aftur hið bráðasta. En lögreglan lét daufheyrast, og það gekk í miklu þjarki þar á staðnum, að koma því í kring, að þessir náungar yrðu látnir lausir, svo að þeir þyrftu ekki að liggja þar á lögreglustöðinni yfir nóttina. En þegar þeim loks var leyft að fara, þá var fangavagninn horfinn, en í stað hans kominn skrautlegir sjálfhreyfivagnar. Og nú voru Bellingham gestirnir keyrðir aftur á gistihúsið, og þar slegið upp stórveizlu, og voru þá margir helztu borgarar þar til staðar til þess að sýna gestunum sæmd og velvild. Þessi veizla stóð fram á morgun, og svo fórust gestunum orð, að þeim hefði verið vel launað fyrir gamanið, sem haft var í frammi við þá strax og þeir komu til borgarinnar.

Bréf að Heimskringlu eiga:
Miss Sveinbjörg Einarsson.
Mrs. Jóna Gíslason.
Mrs. Sveinbjörn Gíslason.

Æfiminning.

Að morgni sunnudagsins 7. þ. m. andaðist að heimili Óla sonar sins hér í borg öldungurinn ÓLAFUR INDRIÐASON, eftir fárra daga hjartasjúkdóms þjáningar, 78 ára gamall.

Ólafur sál. var fæddur að Hjalla á Látraströnd þann 15. nóvember 1830. Foreldrar hans voru þau hjón Indriði Ólafsson, Ólafssonar á Dagverðareyri, sem drukknaði í Eyjafirði árið 1738, og Hólmfríðar Jónsdóttur, frá Stokkahlöðum í Eyjafirði. Ólafur sál. ólst upp hjá foreldrum sínum á Skeri til 7 ára aldurs, að hann fluttist með þeim norður að Garði í Aðal-Reykjadal í Suður-Þingeyjarsýslu, og dvaldi



ÓLAFUR INDRIÐASON.

þar hjá þeim þar til hann var 28 ára gamall.

Þegar hann var 24 ára kvongaðist hann ungfrú Margréti Jónasdóttur, Einarssonar frá Fagranesi í Reykjadal, og Ingibjargar Ólafsdóttur, er lengi bjuggu að Hólum í Laxárdal.

Frá Garði flutti Ólafur sál. að Ytra-Fjalli, og bjó þar 1 ár, þá Garði og bjó þar 2 ár, þá að Mýrarseli (hjáleigu frá Laxamýri í Reykjahverfi) og bjó þar 2 ár, þá að Árvegg í Kelduhverfi og bjó þar 1 eða 2 ár. Þaðan aftur að Mýrarseli og bjó þar eitt ár. Þaðan flutti hann á Húsavíkurbakka og bjó þar samfleytt 23 ár. Þaðan flutti hann til Ameríku.

Synir hans Óli og Tryggvi voru komnir hingað vestur 2 árum áður, og sendu heim fargjald fyrir foreldra sína og skyldulið þeirra.

Börn Ólafs sál. Indriðasonar og Margrétar konu hans eru þessi: — Óli Vilhjálmur, Sigtryggur Frímann, Ásgeir Edvald (látinn í Winnipeg árið 1885), Nanna Vilfríður (kona Óla Bjerring frá Húsavík), og Sigríður Una, ógift í Winnipeg. Margrét kona Ólafs sál. andaðist hér í bæ árið 1902.

Ólafur heitinn var efnalítill alla sína daga, en þau hjón voru góðgerðasöm og gestrisin og áttu marga kunningja austur og fram um sveitir, sem heimsóttu þau og gistu að heimili þeirra.

Ólafur sál. var mesti atgervismaður og karlmenni og hinn bezti drengur; sikátur, ræðinn, fróður og rétthermur í frásögnum, dverghagur á tré og járn og sjógarpur mikill. Hann var ljúfur í lund við alla og vinfastur og svo góður heimilisfaðir, að betri getur ekki.

Fyrir ári síðan fann hann til hjarta krankleika, lág þó ekki rúm fastur og batnaði aftur, en náði ekki fullri heilsu eftir það. Ég sá hann nokkrum dögum áður en hann dó. Hann sýndi mér þá bréf frá frænda sínum Jóhannesi Þorkelssyni, bónda á Syðra-Fjalli í Suður-Þingeyjarsýslu. Las ég það upphátt fyrir honum og B.L.Baldwinsyni. Töluðum við Ólafur margt um eldri tíma í Þingeyjarþingi. Þegar hann kvaddi, bað hann mig að minnast sín, því nú væri hann á förum úr þessu lífi, og mundum við ekki oftar sjást. Ég gaf þessu litinn gaum, vissi að það kæmi fyrir fyr eða síðar. En svo fór, sem hann sagði, og sýnir það, að hann hefir nákvæmlega vitað hvað heilsu sinni og líkamskröftum leið.

Við fráfall Ólafs Indriðasonar er einn af beztu og manndómsmestu Vestur-Íslendingum hniginn til moldar.

Séra Friðrik J. Bergmann söng yfir líkinu áður það var flutt í líkgeymslu hvelfinguna.

Með hlýjum endurminningum til þess látna.

K. Ásg. Benediktsson.

Heilræði til presta.

— Háskólaráðið í Chicago borg hefir nýlega tekið til umræðu framferði presta gagnvart konum í sóknuðum sinum. Dr. Bruce, einn af helztu prestum í New York borg, lagði fram á fundi þessum ítarreglur fyrir prestana, er hljóða á þessa leið:

1. Allir prestar ættu að kvongast snemma. Það er ekki gott fyrir unga presta að vera einsamlir. Þeir þurfa að njóta aðstoðar góðra kvenna í öllu starfi sínu.
2. Prestar ættu að beita ósveigjanlegri alvörugefni móti gjálífum og heimskum konum í sófnuðum þeirra.
3. Prestar ættu aldrei að hafa einta tal við konur í sófnuði sínum, heldur æfinlega að hafa þriðju persónu viðstadda, og koma á þann hátt í veg fyrir alla grunsemi.
4. Prestar mega ekki daðra við konur.
5. Prestar mega aldrei segja eða gera neitt það, sem gefur tilefni til grunsemdar um náin kynni þeirra við konur safnaðarins.

Skrifið yður fyrir HEIMSKRINGLU svo að þér getið ætíð fylgst með aðal málum Íslendinga hér og heima.

Wall Plaster

Með því að venja sig á að brúka **"Empire"** tegundir af Hardwall og Wood Fibre Plaster er maður hár viss að fá beztu afleiðingar.

Vér búum til:

"Empire" Wood Fibre Plaster
"Empire" Cement Wall "
"Empire" Finish "
"Gold Dust" Finish "
"Gilt Edge" Plaster of Paris
og allar Gypsum vörutegundir. —

Eigum vér að senda yður bækling vorn?

MANITOBA GYPSUM CO. LTD
SKRIFSTOFUR OG MILLUR Í
Winnipeg, - Man.

Heimskringla

Published every Thursday by The Heimskringla News & Publishing Co. Ltd

Verð blaðsins í Canada og Bandar $2.00 um árið (fyrir fram borgað).
Sent til Islands $2.00 (fyrir fram borgað af kaupendum blaðsins hérlendis $1.50)

B. L. BALDWINSON,
Editor & Manager

Office:
729 Sherbrooke Street, Winnipeg
P. O. BOX 3083. Talsími 3512.

Almenni spítalinn.

Skýrsla yfir starfsemi Almenna sjúkrahússins í Winnipeg á árinu 1908, er nýútkomin á prent, og er það heilmikil bók, rúmlega 100 bls. að stærð, og þrungin af fróðleik, sem, að ýmsu leyti er eftirtekta og íhugunarverður. Meðal annars er það, að veru-tímabil sjúklinganna fer lækkandi og dauðs föllum fækkandi. Þetta bendir á framför í læknisfræðinni, sem öllum góðum borgurum ætti að vera hjartfólgið ánægjuefni.

Hve umfangsmikið verksvið sjúkrahússins er orðið nú orðið, geta lesendur dæmt af því, að á sl. ári voru á sjúkrahúsinu 5,229 sjúklingar, og var hver þeirra þar að jafnaði 28½ daga, eða 3 vikur. Meðaltala sjúklinganna var rúmlega 293 á hverjum degi ársins. — Alls dóu á spítalanum á liðna árinu 329 manns, sem er 6.29 af hverju hundraði sjúklinganna, en það er lægri dauðsfallatala, enn á nokkru undangengnu ári.

Auk hinna framantöldu sjúklinga voru 3,345 manns, sem nutu hjúkrunar á spítalanum, þó þeir héldu þar ekki til, og 9,594 manns nutu þar ráðleggingar.

Alls hafa 92 Íslendingar notið hjúkrunar og lækninga á þessari stofnun á liðna árinu. Ef maður gerir ráð fyrir, að hver þeirra hafi verið þar að jafnaði eins lengi og aðrir sjúklingar, eða 20½ dag, þá eru það 1886 dagar. Tilkostnaður við hvern sjúkling mun vera að meðaltali á dag um $1.75, og hafa þá landar vorir notið þar sem næst 2200 dala virði af hjúkrun.

Sú spurning vaknar eðlilega, hvort vér höfum borgað jafngildi þessarar hjúkrunar til spítalans á sl. ári, eða hvort vér höfum enn þá einu sinni gert oss að opinberum gustukamönnum, og þrengt oss þar inn til þess að verða byrði á opinberu fé og þiggja af gjöfum góðugra mannvina, sem árlega gefa stórupphæðir til spítalans, í því skyni, að með því geti spítalinn staðist nokkuð af þeim kostnaði, sem hann af eðlilegum orsökum verður fyrir við hjúkrun allslausra útlendinga. En Íslendingar í landi þessu eru orðnir alt of gamlir og efnaðir til þess vissvitandi að gera sér leik að því, að fara á sveitina, þótt einstöku þeirra kunni að verða fyrir sjúkdómsáföllum.

Það er allsendis ósamboðið vaxandi efnahag, og ætti að vera ósamboðið vaxandi menning landa vorra hér, að leggja ekki meiri styrk til spítalans, en þeir hafa gert á sl. ári. Fólk þarf að láta sér skiljast, að það kostar árlega mikið fé, að viðhalda þessari nauðsynjastofnun, og að sem öðrum heiðarlegum borgurum þessa fylkis, þá beri þeim að leggja sinn tiltölulega skerf til viðhalds hennar.

Útgjöld sjúkrahússins á sl. ári voru $163,651.24, að ótöldum nokkrum þúsundum, sem varið var til umbóta á byggingunum og til að kaupa nauðsynlegan húsbúnað. Til dæmis kostar eldiviður og ljós og vatn til þessarar stofnunar nálega 30 þúsund dali á ári. Matvælin kostuðu á sl. ári hartnær 37 þús. dali, viðgerðir og viðhald húsa og húsbúnaðar 11 þúsund, vinnulaun 55½ þúsund dali, og aðrir útgjaldaliðir í sömu hlutföllum.

Með þessum uppihaldlausa árlega tilkostnaði er það ljóst, að einhverjir verða að leggja hart á sig, til þess að veita sjúkrahúsinu inntektir, svo að þeir sem sjúkir eru og þangað leita aðstoðar, geti fengið hjúkrun og heilsubót.

Af öllum þeim gjöfum, sem til spítalans hafa gengið á sl. ári, hafa þessir Íslendingar lagt til eftirtaldar upphæðir:

Dr. O. Björnsson $20, A. S. Bardal, B. L. Baldwinson, Árni Eggertsson, Marino Hannesson, Thos. H. Johnson; Mrs. Rebecca Johnson, Gísli Ólafsson, Olafsson & Sveinsson, J. G. Snydal, J. J. Vopni $10 hver. Mrs. B. Stephanson, Glenforsa, Man., $6.00, og J. Jónasson og J. Julius $5.00 hver. Alls. $136.00. Íslendingar í Argyle nýlendu, í Baldur og Glenboro hafa gefið $165.75.

Með öðrum orðum: Landar vorir hafa þegið á þriðja þúsund dollara virði frá spítalanum, en lagt til hans að eins rúmlega $300, að því er séð verður í skýrslunni. Að vísu má nú ætla, að nokkrir Íslendingar hér í bæ, að minsta kosti, hafi lagt nokkur cent í sjóð þann, er konur safna til styrktar spítalanum. En sú upphæð samanlögð mun vera svo lítil, að hún vart er teljandi, enda kemur hún hvergi fram, sem sérstaklega frá Íslendingum. Átján kirkjusöfnuðir hafa á árinu haft samskot fyrir spítalann. En enginn íslenzkur söfnuður hefir gert sig sekan í þá, nema máske Argyle menn, eða þeir í Glenboro og Baldur. Fjörutíu sveitafélög hafa sent peningagjafir til spítalans, en engin íslenzk sveit hefir verið í þeirri tölu.

Yfirleitt hafa landar vorir látið þessa stofnun svo afskiftalausa á þessu sl. ári, að það er þeim bein vanvirða, og má ekki svo til ganga framvegis, ef þeir eiga að fá haldið sóma sínum meðal hérlendra manna, því það fer engan veginn fram hja þeim, hvernig aðstaða vor er í þessu máli.

Þess má geta, að alþýða manna hér í borg tók sig til í fyrra og skaut saman rúmum 30 þúsundum dala til þessarar stofnunar, í stað 7 þúsunda næsta ár á undan.

Ennfremur skal þess getið, að einn bóndi í Argyle bygð, S. Árnason, ánafnaði spítalanum í erfðaskrá sinni $500.00, og voru þeir peningar afhentir spítalanum, ef vér munum rétt, á síðasta ári.

Argyle menn hafa gert skyldu sína og meira enn það. En Winnipeg Íslendingar sem þjóðflokkur, og íslenzku kirkjurnar og sveitirnar hafa dregist aftur úr öðrum góðum borgurum, hvað gjafir til spítalans snertir.

Til fróðleiks má geta þess, að fylkisstjórnin lagði til sjúkrahússins hartnær 38 þúsundir dala, en Dominion stjórnin að eins rúmlega 5 þúsundir. Winnipeg borg nálega 44 þúsundir, en allar sveitir fylkisins samanlagðar ekki full 1900 dali, og allar kirkjur til samans að eins 700 dali. Hins vegar borguðu sjúklingar sjálfir alls um 60 þúsund dali, eða rúmlega það. Aðallega voru það þeir, sem voru í sérstökum herbergjum, eða ekki í hinum almennu herbergjum sjúklinganna.

Þó að sjúkrahús þetta sé orðið ærið stórt, þá þarf enn þá miklu við það að bæta, svo að það sé fært um, að veita í öllum tilfellum móttöku þeim sjúklingum, er þangað leita. En til þess þarf ærinn peningasjóð. Það væri vel gert af löndum vorum, að hafa hugfast á þessu ári, að leggja myndarlega upphæð til sjúkrahússins.

Þessi stofnun verðskuldar eindreginn stuðning allra góðra borgara.

Íslenzkir dýralæknar.

Til hvers er að minnast þeirra, dýralæknanna. Þeir eru engir til vestan hafs, það er að segja: engir íslenzkir dýralæknar. Og verða aldrei til meðan íslenzkir bændur eru eins algerlega athugunarlausir um þörf þeirra og nytsemi, eins og þeir hafa verið að þessum tíma.

Um fullan þriðung aldar hafa landar vorir stundað landbúnað hér vestra, og margir þeirra hafa stundað griparækt nálega eingöngu. Hver einasti bóndi hefir átt og á vinnudýr og aðrar skepnur. Verðmætastar allra þeirra eru hestarnir, og færa bóndanum mestan arð með vinnu sinni. En vandfarið er með þá, svo að trygging sé fyrir, að þeir haldi jafnri heilsu og starfskröftum. Hestarnir eru og langdýrastir allra þeirra gripa, sem bóndinn þarf að hafa í búi sínu, — kosta frá 150 til 250 dali hver hestur., og enda stundum nokkru meira. Það tekur þess vegna bóndann tímakorn, að vinna fyrir því gripsverði, og þess vegna er það hin mesta nauðsyn, að svo sé með þá farið, að þeim sé í engu ofboðið, og að bóndinn hafi annaðhvort sjálfur næga þekkingu á eðli þeirra, til þess að geta haft þeirra sem mest og bezt not, eða hann eigi hægan aðgang að æfðum dýralækni, þegar hestarnir verða fyrir slysum eða veikindum. Og það sama má segja um kýr og allar aðrar skepnur í búi hans, að bóndanum er hin mesta nauðsyn á, að þekkja eðli þeirra út í æsar, og að geta gert sér ljósa grein fyrir orsökum til hinna ýmsu sjúkdóma, sem þær skepnur eru háðar, og að hafa þekkingu á, hvernig með þær skuli fara í þeim tilfellum.

En hvort sem bóndinn stundar jarðyrkju eða griparækt, þá hefir reynslan orðið sú, síðan þeir komu til þessa lands, að flestir þeirra hafa mist fleiri og færri skepnur árlega úr ýmsum kvillum og sjúkdómum, sem ætla má, að ekki hefði þurft að verða, ef næg þekking hefði verið fyrir hendi til þess að geta beitt viðeigandi lækningum, þegar tilfellin báru að höndum. Fyrir þessa vankunnáttu tapar íslenzki bændaflokkurinn stórfé árlega, og þess vegna er það undrunarvert, að enginn þeirra skuli ennþá hafa orðið til þess að koma sonum sínum til menta í þessari sérstöku fræðigrein, — dýralæknisfræðinni. Enginn hlutur væri þeim þó þarfari, en að eiga einn íslenzkan lærðan dýralæknir í hverri einustu íslenzkri bygð. Sumstaðar kann nú að vísu að vera svo til hagað, að þeir eigi kost á, að njóta hjálpar hérlendra dýralækna, og er það í sjálfu sér gott og blessað. En skemtilegra væri það samt, að vita það fé, sem íslenzkir bændur borga árlega til slíkra manna, renna í eigu einhvers Íslendings. Þjóðflokkur vor hefði þá beinlínis gagn af því. Hann ætti þá hvorttveggja í einu innan sinná vébanda, bæði þekkinguna og fé, sem hún gæfi af sér. Og aldrei verðum vér hér vestra það sem vér eigum að geta orðið og þurfum að verða, fyrr en vér teljum meðal fólks vors hér lærða menn í þessari og öllum öðrum greinum.

Þegar um tap það er að ræða, sem íslenzkir bændur verða árlega fyrir af gripamissi, þá gerum vér áætlunina á þessa leið: Þrjú þúsund bændur biða árlegt tap af gripamissir svo nemur 25 dölum á búanda. Það gerir 75 þúsund dali á ári, eða fulla miliión dala á 14 árum.

Að vísu er mjög örðugt, að gera áætlun um það, hve mikið tjón íslenzkir bændur biða árlega af skepnumissir, því að engar skýrslur eru til yfir það, og vér efum, ef nokkur íslenzkur bóndi í nokkru bygðarlagi hefir nokkurntíma gert sér far um, að veita því eftirtekt. En hvort sem áætlun þessi er of há eða of lág, þá mun öllum koma saman um, að árlegt tap bænda af völdum slysa og sjúkdóma á skepnum, er svo mikið, að það gefur næga ástæðu til þess, að þeir ættu að sjá hag sinn í því, að eiga æfða og lærða dýralækna í sínum flokki.

Vér höfum átt tal um þetta mál við hérlenda útlærða og langæfða dýralækna. Þeir segja tvímælalaust, að eftir þeirri þekkingu, sem þeir hafi á gripamissi bænda í þeim héruðum, sem þeir eru kunnugastir í, þá muni áætlun vor vera frekar of lág enn of há, og að eftir því, sem bændur í einni sveit hafi betur kynjaða gripi, eftir því verði að sjálfsögðu tap þeirra meira, af því að missir hvers góðs grips er meira tjón enn ef gripurinn er lakar kynjaður.

Hins vegar geta þeir þess, að í öllu Canada sé ekki til neinn verulega fullkominn dýralæknaskóli, svo að þeir komist í nokkurn samjöfnuð við þá skóla í Chicago í Bandaríkjunum, sem þeir segja ágæta. Að vísu sé til skóli í Toronto borg, og sé hann allgóður. Sömuleiðis sé talsverð kensla í þessa átt hér á Manitoba Búnaðarskólanum, en ekki þó svo, að menn nái þar fullnaðarprófi í dýralækningafræðinni.

Það má því ætla, að sá sem vildi stunda þetta nám til fullnaðar, yrði að fara til Chicago og dvelja þar 3 vetur. Mundi sá tilkostnaður nema frá 200 til 250 dölum á vetri, eða alls frá 600 til 750 dölum.

Margur bóndi er svo velstæður, að hann gæti sér að meinalitlu, að vér ekki segjum meinalausu, lagt efnilegum syni sínum þessa upphæð, og þó meira væri. Og víst gæti hann á engan hátt betur varið fé sínu til nota syni sínum og sveitarfélagi sínu, eða hverju öðru því þjóðfélagi, sem sonurinn kynni að dvelja með.

Nú með því, að þetta mál hefir ekki áður verið rætt í íslenzkum blöðum hér vestra, þá hefir Hkr. álitið rétt, að benda bændaflokknum íslenzka á nauðsynina á því, að hann íhugi þetta, og í þeirri von, að einhver þeirra verði til þess, að ganga hér á undan öðrum til eftirbreytni.

Það eru jafnvel til margir ungir menn einhleypir, sem hafa nægileg efni til þess, að stunda þetta 3. ára nám á eigin reikning.

Einhver ætti að verða til þess, að leggja þetta nám fyrir sig. Það er hið mesta nauðsynjastarf, gefur góðan arð þeim, sem að því vinna og er þjóðfélaginu til hins mesta hagnaðar í bráð og lengd.

Lærið dýralækningar!

Kirkjufélags-deilan.

Hérra ritstjóri!

Af og til birtast í blaði þínu fréttapistlar úr nýlendu þessari. Skýra þeir einkum frá verklegri framtakssemi og framförum bygðarinnar. Það væri því að bera í bakkafullan lækinn, að auka á það.

Hins er minna getið, hvort að menn fylgjast hér með í áhugamál um íslenzka þjóðflokksins. Eða hvort menn vanrækja hér allar andlegar hugleiðingar vegna líkamlegra erfiðismúna. En svo er þó virkilega ekki. Íslenzk og ensk blöð og tímarit kaupa menn og lesa meira og minna á hverju heimili, og ræða af alhug áhugamálin á samfundum. Hér eru og lestrarfélög og bóksölumenn, sem auðvelt er að leita til, svo alt af sé nóg að lesa. En þó margt sé rit.ið og rætt, verður þó alt af við samfundi fyrst og sjálfsagðast um talsefni: trúmála ágreiningur íslenzku prestanna. Eins og skiljanlegt er, getur slíkt ekki farið afveg framhjá alþýðunni.

Að vísu hafa ágreiningsatriðin til skamms tíma verið óljós og ó-ákveðin, frá alþýðlegu sjónarmiði, höfundum deilunnar annaðhvort viljandi eða ósjálfrátt. Annars ætti þeim, sem þjónum alþýðunnar og þaullærðum görpum, ekki að vera það ofvaxið, að hafa það vald á málinu, og þá lítillátu útlistun á reiðum höndum, sem er við alþýðu hæfi. Að öðrum kosti mega þeir búast við refsidómi alþýðunnar, þeim dómi, að persónulegar hvatir stýri gerðum þeirra, að deilueinið geti ekki verið sáluhjálpar atriði, úr því það ekki er auðveldlega skiljanlegt allri alþýðu.

Það er ekki ég einn, sem lít svo á, að ágreinings atriðin hafi verið óþarflega mikið á huldu. Vil ég þá biðja menn, að fletta upp á hinni ágætu ritgerð eftir forseta kirkjufélagsins séra Björn B. Jónsson, í nóvember blaði Sameiningarinnar þ.á. Í upphafi ritgerðar sinnar segir hann, að mál sé komið, að tala hispurslaust um ástandið. Að ágreiningurinn hafi lengi verið í aðsigi, og ágreiningsefnið æði þokukent. Þökk sé honum fyrir hreinskilnina. Þetta er næst því að vera talað frá alþýðunnar hjarta.

En ósjálfrátt kemur manni þá í hug: Hvernig geta prestarnir orðið svona reiðir og jafn lengi tögast á um litt skiljanlegt, þokukent efni? Eru þeir að þessu fyrir alþýðuna, sem þeim lukkast ekki að láta skilja sig? Eru þeir að kenna alþýðunni kurteisan ríthátt? Eða eru þeir að veita áburði á tímaritin, svo þau þrífist betur, — gangi betur út? Eitthvað gengur þeim til. Ekki er hugur þeirra á himnum, þegar þeir eru að brixla um drauga og afturgöngur og þjófsmörk.

Það má nærri geta, þegar einn allra mikilhæfasti gáfumaður, rithöfundur og kennimaður hér vestan hafs, er ofsóttur sem afvegaleiddur erindsreki guðs og þjónn Lúters'ku kirkjunnar, — þá hugsar og segir alþýða: Þetta getur raunar verið. Skýst þó skýr sé. En hvar eru ástæðurnar? Þennan mann metur alþýðan mikils, og henni er ekki sama, hvernig með hann er farið. Henni verður að vera ljóst, að það sé á ríkum ástæðum bygt. Það er ekki til neins, að reiðast og vonskast. Niðurstaðan grundvallast á alþýðunni, og þess vegna er það mjög áríðandi, að ágreinings atriðin séu dregin mjög ljóst fram, og ástæður allar ræddar með hógværð og stillingu, svo alþýðan sjái þess ljós merki, að aðvarandi og áminnandi kærleiksríkur bróðurhugur og sannleiksþrá stjórni penna höfundanna, en ekki refsigjarn, reiðisvalandi ofbeldishattur.

Það er hrópað með það, að séra Fr. J. Bergmann sé að haltra frá hinni lögákveðnu trúarstefnu kirkjufélagsins, og sé þegar farinn að vinna á móti kirkjufélaginu. Ekki situr Únitara liðið aðgerðalaust hjá. Það hefir blakkað og hlegið, og sagt opinberlega, að sr. Fr. J. Bergmann væri staddur á þeim vegamótum, sem sr. Páll Þorláksson hefði staðið á fyrir 30 árum. Hann á að vera skynsemistrúarmaður. Já, sé að verða reglulegur Únitar. Alt þetta hefir verið tint til. En, — hvar eru ástæðurnar? Á hverju byggist þetta?

Það er fyrst núna, í hinu áminsta hefti Sameiningarinnar, að alþýða sér ástæðurnar ljóst teknar fram af forseta kirkjufélagsins, fallega og frekjulaust. Og fyrir það mun hann ávinna sér ótal manna traust og hylli. Séra Björn B. Jónsson hefir áreiðanlega fylgst með í þessu máli frá upphafi. Hann dregur allar ástæður og orsakir saman og gefur þá opinberu skýringu, að ágreiningsatriðin séu þessi þrjú: 1) Innblástur heilagrar ritningar, 2) Gildi trúarjátninganna, og 3) Kenningarfrelsið.

Væru nú þessi ágreinings atriði á gildum rökum bygð, þá er ei að furða þó að sé fundið.

Þessi ágreiningsatriði verður alþýða að yfirvega nákvæmlega, — hvorttveggja í tilliti til grundvallarlaga kirkjufélagsins og í tilliti til rétt-trúnaðarins.

Það má búast við því, að þessi deilumál verði enn þá lengi rædd í tímaritunum. En einhvern enda verða þau að hafa. En sá endi er óhugsanlegur, nema alþýðan taki til sinna ráða. Hugsi málið og ræði það vandlega, og ákveði síðan niðurstöðuna. Að öðrum kosti væru öll þessi stóru högg slegin út í vindinn, og ranglátt að ætlast til, að fulltrúar alþýðunnar á kirkjuþingi geti ráðið málinu til lykta eins og almenningur ákysi.

Fyrsta ágreiningsatriðið er langstærsta og viðurhluta mesta spurs málið. En hinsvegar kemur það af sjálfu sér, að síðasta ágreiningsatriðið er óþarft í tilliti til séra Fr. J. Bergmanns. Þegar tveim hinum fyrri er svarað, þá er þar í fólgið það kennikgarfrelsi, sem sr. Friðrik hefir tekið sér, samkvæmt ályktun kirkjufélags forsetans, að ágreiningurinn sé jallur innifalinn í þessum tilgreindu atriðum.

Áhrærandi fyrsta ágreiningsatriðið, vitnar séra Björn B. Jónsson í 2. gr. grundvallarlaga kirkjufélagsins. En sú grein orðar hvergi innblásturs kenninguna, í þeirri merkingu, sem séra B.B.J. þýðir hana. Að með þeirri kenningu sé eingöngu meint, að guð hafi leiðbeint höfundum ritningarinnar til að segja satt frá öllu, jafnt illu sem góðu. Samkvæmt 2. gr. trúir kirkjufélagið því, að ritningin sé guðs opinberaða orð, o.s.frv. Í svari sínu til séra B.B.J. játar sr. Fr.J.Bj. að hann trúi þessu líka. Hver er þá mismunurinn?

Ég hefi ekki grundvallarlögin. En úr því sr. B.B.J. vitnar í 2. gr. þeirra, og tilfærir hana sem aðhald innblásturs kenningarinnar, og innblástyrinn er þar þó ekki orðaður, — þá er næst að halda, að í grundvallarlögunum sé ekki á hann minst. Það getur því að skilja, að sr. Fr.J.B. er ekki sekur við grundvallarlögin, þó hann trúi ekki innblásturskenningunni að öllu leyti. En þó grundvallarlögin nái ekki út yfir þetta atriði, þá getur það eigi að síður verið álíta mál, hvort sr. Fr.J.B. má haldast uppi átölulaust, sem kennimanni í evangelisk lútersku eirkjunni, að trúa því ekki, að ritningin sé öll innblásin. Þá vil ég taka mér í munn orð forseta kirkjufélggsins, að mál sé orðið að tala hispurslaust um málið. Það er ljóst fram tekið af séra Friðriki, að hann trúi því, að ritningin sé guðs opinberaða orð, og hin eina sanna og áreiðanlega regla fyrir trú manna, kenning og lífi. Að eins trúir hann því ekki, að ritin séu öll innblásin. En svo segir hann ennfremur, að Kristur sé sér eina reglan. Alt, sem hann segi, sé gott og gilt. Að alt, sem ritningin segi og standi í fullu samræmi við kenningu hans og anda, sé gott og gilt. Þannig hefir sr. Fr.J.B. játað trú sína. Það sýnist mér vera ómannúðlegt, að drótta því að honum, að þetta muni ekki vera hans sannfæring, eða hann muni einhverntíma hafa ritað eða sagt það, sem naumast geti samþýðst þessari játningu. Það er framtíðin, sem verður að leiða það í ljós, hvort hann gerir sér far um, að útbreiða nokkra aðra trúarskoðun.

Það er kunnugt, að margir mikilhæfustu gáfumennirnir í prestastéttinni heima á Íslandi hafa sömu skoðun á innblásturs kenningunni og sr. Fr.J.B. En skyldu þeir þá allir hinir íslenzku prestarnir hér vestan hafs trúa innblásturs kenningunni? Ég hefi smámsaman sannfærst um það, að margir alþýðumenn líta svo á, að það rýri gildi ritningarinnar, að halda því stranglega fram, að hún sé öll innblásin. Fjöldi manna vill ekki heyra það, að sumar frásagnir í gamlatestamentinu séu innblásnar af guði. Enda skilja margir annað og meira við innblásturinn en það, að rétt sé farið með. Mönnum hefir innræst sú skoðun, að guð innblásið orð eigi að hafa í sér innfalið guðs eiginlegleika, sérstaklega guðs alvizku, réttlæti og gæzku. En þetta geta menn ekki samrýmt ritningunni á stóku stað, og fá sig því ekki til að trúa því, að hún sé öll innblásin, nema þá í orði kveðnu, sem ekki er nein fyrirmynd. Og væri hægt, að þvinga menn til að hallast að þeirri skoðun, þá mundi það, að eins rýra gildi ritningarinnar í þeirra augum, að fá ekki að til-

Sparið Línið Yðar.

Ef þér óskið ekki að fá þvottinn yðar rifinn og slitinn, þá sendið hann til þessarar fullkomnu stofnunar.

Nýtízku aðferðir, nýr vélaútbúnaður, en gamalt og æft verkafólk.

LITUN, HREINSUN OG PRESSUN SÉRLEGA VANDAÐ

Modern Laundry & Dye Works Co., Ltd.
307—315 Hargrave St.
WINNIPEG, MANITOBA
Phones: 2300 og 2301

einka breyskleika mannanna óvið feldnustu ritningarstaðina.

Það er hægt að segja að alþýða hafi ekki vit á þessum málum, og mikið vantar á, að hún geti rökstutt skoðanir sínar með mörgum hinum hárfínu visindalegu sönnunum. En það getur þá heldur ekki haft skaðleg áhrif á alþýðu, að sr. Fr.J.B. eða einhver annar prestur breytir eitthvað svo lítið til um hárfínustu serimoníur elzta rétt-trúnaðarins, fyrir utan sjónderildarhring almennings. Og þá skoðun hefi ég, að það standi langt fjær anda Krists allur sá gauragangur, sem hefir af fáum prestum viðgengist gagnvart séra Fr.J.B. í þessari trúmálaþeldu, — heldur enn sú skoðun hans, að ritningin sé ekki öll innblásin.

Ég get í þetta sinn verið fáorður um hitt, ágreiningsatriðið, trúarjátningarnar. Þær eru mannaverk. Yfirlýsing guðhræddra spekinga um það, hvernig skilja beri ritninguna. Einnig þeir fundu til þess, að hún var misskilningi undirorpin. Enginn okkar neitar þó þeim Lúter og Melankton um rétt-trúnaðinn. Ef hinn heilagi, óskeikuli, innblásni guðsandi hvildi ótvírætt yfir allri ritningunni, svo hið breyska manneðli höfundanna hafði hvergi náð að halla réttu máli. Hvað kom þá höfundum trúarjátninganna til að ætla að gera betur? Séra Fr.J.B. segist bera lotningu fyrir trúarjátningunum. Að eins setja þær skör lægra enn ritninguna sjálfa.

Það er allri alþýðu vitanlegt, að þetta gerir kirkjufélagið líka. Ef sr. Fr.J.B. ríðar hér á röðinni, þá er að minsta kosti óvíst ennþá, hvort hann réttir við eða fellur. Í hverju sýna sig yfirsjónir hans í söfnuðinum? Er hann ekki einn af aðalstofnendum kirkjufélagsins? — Og hefir hann ekki þeim fremstu jafnt unnið að vexti þess og viðgangi síðan? Færði hann ekki kirkjufelaginu Tjaldbúðar söfnuðinn? Hefir hann ekki meir enn nokkur annar Íslendingur í þessu landi, gróðursett guðdómsþekkinguna í hjörtum allra yngri íslenzku prestanna vestan hafs? Er hann ekki frömuður fagnaðar og fróðleiks í hvívetna meðal Íslendinga og fyrir þeirra hönd?

Ég hefi nokkrum sinnum setið undir ræðum þessa manns, og er mér skylt að játa það, að ég hefi ekki orðið hans trúarbragða mismunar var, en sjaldan átt kost á, að heyra jafn andríka útlistun, sem veldur álíka áhrifum og ógleymanlegt málverk.

Hinn heiðraði forseti kirkjufélagsins hefir, að minsta kosti opinberlega, látið þessi deilumál afskiftalaus, þangað til nú að hann hógværlega skýrir málavextina fyrir alþýðu, sem getur ekki þýtt annað en það, að alþýðu beri að setja málið á sig, og láta til skarar skriða með það á næsta kirkjuþingi. Auðsjáanlega þarf alþýða líka að skilja þetta svo, og vera undir það búin, að binda þann enda á málið, sem henni þyk ir sanngjarnastur.

Annaðhvort er, að láta deilur þessar falla niður, og taka sr. Fr. J. B. í fulla sátt við kirkjufélagið, þrátt fyrir hans litla skoðanamun, — eða að segja skilið við hann. En svo má þó ekki vera samkvæmt minni skoðun, nema alþýða sjái sér fært, og hafi kjark til, að hegna að minsta kosti tveimur frökkustu mótstöðumönnum hans í prestastéttinni með sömu refsingu, fyrir opinbera óprestlega og ódrengilega framministöðu, þrasgirni, skammir og særingar.

Friðrik Guðmundsson.

Laxdal P.O., 20. febr. 1909.

ROBLIN HOTEL
115 Adelaide St. -- Winnipeg.
Besta $1.50 á-dag hús í Vestur-Canada. Keyrsla ókeypis milli vagnstöðva og hússins á nóttu og degi. Aðhlynning hins bezta. Viðskifti Íslendinga óskast. William Ave. strætiskarið fer hjá húsinu.
O. ROY, eigandi.

SPÓNNÝTT HÓTEL
ALGERLEGA NÝTÍZKU
Hotel Majestic
John McDonald, eigandi.
James St. West, Rétt vestan við Main St.
Winnipeg Telefón 4979
$1.50 á dag og þar yfir
Bandaríkja-snið
Alt sem hér er um hönd haft er af beztu tegund. Reynið oss.

MIDLAND HOTEL
285 Market St. Phone 3491
Nýtt hús, nýr húsbúnaður — Fullar byrgðir af allskonar vönduðustu drykkjum og vindlum í hressingar stofunni. Gisting einn dollar á dag og þar yfir.
W. G. GOULD :: FRED. D. PETERS, Eigendur
WINNIPEG ::: ::: CANADA

Jimmy's HOTEL
Rétt á bak við Pósthúsið
Íslendingar ættu að reyna þetta gistihús. Í hressingarstofunni er sá eini íslenzki vínveitingamaður í Winnipeg.
James Thorpe, eigandi
Fyrrum eigandi Jimmy's Restaurant

The Dominion Bank
NOTRE DAME Ave. BRANCH Cor. Nena St.
VÉR GEFUM SÉRSTAK AN GAUM AÐ SPARI-SJÓÐS-DEILDINNI. —
VEXTIR BORGAÐIR AF INNLÖGUM.
HÖFUÐSTOLL - - - $3,983,392.38
SPARISJÓÐUR - - $5,300,000.00
A. B. PIERCY, MANAGER.

Á tuttugu og fimm ára afmæli Góðtemlarafélagsins.

10. JANÚAR 1909.

Ræða G. BJÖRNSSONAR, landlæknis

Í dag eru 25 ár síðan þetta félag, Góðtemplarafélagið, var stofn að hér á landi. Það var stofnað í þeim tilgangi, að útrýma nautn áfengra drykkja.

Hvaða þörf var á því? Áfengisnautnin var engin nýlunda. Það er ævalangt síðan manneskjurnar fundu áfengisgerðina. Elztu þjóðir, sem sögur fara af, kunnu að gera vín úr vínberjum. Í ýmsum elztu söguritum, t.d. biblíunni, er jafnvel talað um ofdrykkju og áfengisböl. Engu að síður hefir mannkyninu fleygt áfram, og ýmsir merkustu menn heimsins hafa verið drykkjumenn.

Þið kunnið æfintýrið um gamla Nóa, að "þ ó t t hann drykki, þótt hann drykki, þá samt bar hann þris". Og sagan segir, að Alexander mikli hafði lagt undir sig allan heiminn, þegar hann var þrítugur. Þá dó hann í blóma lífsins. Hann dó af drykkjuskap. Hann andaðist í ölæði.

Hvers vegna er þá verið að amast við áfenginu, þessari vöggugjöf mannkynsins, úr því að mannkynið hefir dafnað svo vel þrátt fyrir áfengisnautnina?

Það er von, að áfengisvinirnir spyrji okkur þessari spurningu.

Einu sinni kom til mín drykkjumaður, gamall maður, altekinn af brennivínsgigt.

"Þykir yður gott brennivínið, Jón minn?"

"Ósköp gott, blessað; heldur vil ég deyja, en að vera án þess, meðan það er til", svaraði karlinn.

"En ef þér viljið fá nokkra bót á gigtinni, þá verðið þér að hætta að drekka brennivín".

Karlinn leit á mig vantrúaraugum: "Á, já, — sauðurinn!" — varð honum að orði.

"Heldur vil ég deyja, en vera án þess", sagði karlinn. Jafn kjarnyrta lýsingu á drykkjuskaparástríðunni hefi ég aldrei heyrt.

"Meðan það er til", — sagði hann. Ég skildi það svo, sem hann mundi þó sætta sig við að lifa án þess, ef hann sæi það aldrei.

Þ a ð er óhamingjan, að nú er svo mikið til af áfengi.

Frá því í öndverðu, fram eftir öllum öldum, var svo hart um drykkjuföngin, að allur þorri manna gat ekki fengið sér í staupinu, nema þá rétt á stórhátíðum. Vínið var höfðingjadrykkur. Það var ekki alþýðudrykkur. Allur hávaði mannkynsins hefir til skams tíma verið sama sem í bindindi. Hér á landi var til dæmis mjög lítið um áfengisnautn í fornöld. Vínber vaxa ekki í köldum löndum, og í heitu löndunum vaxa þau ekki á hverri þúfu. Vínföngin voru því af skornum skamti. Og aðrir áfengir drykkir (mjöð, öl) voru ekki víða kunnir, og hvergi mikið um þá.

En nú fyrir skömmu tók áfengisnautnin algerðum stakkaskiftum.

Ég segi "fyrir skömmu", því að ein öld af æfi mannkynsins er sem ein dagstund af æfi gamals manns.

Og það eru ekki nema rúmar 4 aldir síðan mannkynið fór að drekka.

Það var á 15. öld. Þá fundu menn aðferðir til að gera áfenga drykki úr ódýrum jarðargróðri, úr korni, og um sömu mundir komust menn á lagið, að afla sér hreins, óblandaðs áfengis (spiritus) Nú byltist alt um. Nú mátti gera áfenga drykki í öllum löndum, þar sem korn sprettur. Kornakrarnir urðu óþrjótandi áfengislind. Áfengir drykkir urðu nú svo algengir og svo ódýrir, að allir gátu náð í þá, hver auminginn gat fengið sér á flösku. Og þar að auki var þessi nýi drykkur miklu sterkari en vínin gömlu. Það fanst strax á bragðinu. Þetta nýja, óþrotlega vín hlaut nafnið b r e n n i v í n. Það er brent úr korni (eða kartöflum) og það brennir tunguna.

Nú skorti ekki lengur drykkjarföngin. Brennivínið flóði um alt. Allir fóru að drekka. Öll Norðurálfan fór á "rungandi túr".

Ég skal nefna eitt dæmi um tíðarandann í þá daga. Einu sinni seint á 16. öld var uppi merkur maður í Danmörku, sem sögur fara af, mesti sómamaður og reglumaður. Hann reit bók handa sonum sínum um það, hvernig þeir ættu að hegða sér. Minnist á drykkjuskap. En ekki segir hann: Varaðu þig á áfengum drykkjum. Hann segir: "Þegar þú, sonur minn, situr að sumbli og finnur að þú ert að verða út úr, þá skaltu læðast út, svo lítið beri á, stinga tveimur fingrum niður í kokið og æla. Þá getur þú farið inn aftur og haldið áfram að drekka".

Þetta gerðist skömmu eftir að Norðurálfu þjóðirnar komust á þennan heljar-brennivínstúr.

Þegar komið var fram um 1600, fóru timburmennirnir að geta vart við sig og samvizkubitið. Þá fór suma menn að óra fyrir því, að þessi nýbyrjaða gegndarlausa áfengisnautn mundi verða hvítu manneskjunum til falls og glötunar.

Þá hófst bindindisbaráttan.

Enginn veit aldur mannkynsins. En það er víst, að við eigum margar miliónir ára að baki okkur. Enginn eygir endalok mannlífsins. En það getur vel verið, að mannkynið sé enn á æskuskeiði, og eigi eftir að taka út mestan sinn þroska. Ef miðað er við þenn an háa aldur, þá má segja, að áfengisnautnin sé nýtilkomin. Og afskapleg hefir hún aldrei verið, fyr en þessar seinustu aldir, þessar seinustu stundir af æfi mannkynsins. Áður kom áfengisnautnin að litlu meini. Nú er hún orðin allsherjarböl, líklega hin mesta kynspillingarhætta, sem mannkynið hefir ratað í á öllu æfiskeiði sínu. Það er gamalkunnugt, að manneskjan getur skaðað sig á áfengum drykkjum, mist heilsuna og vitið, og stytt sér aldur. Nú vitum vér líka, að þróttmiklar ættir geta veslast upp af drykkjuskap og dáið út — þess eru ótal dæmi. Og mönnum er farið að skiljast, að þessi nýbyrjaða allsherjar áfengisnautn muni á komandi öldum smátt og smátt tortíma mörgum þjóðum, sem nú eru miklar og voldugar.

Þess vegna er það mál beztu manna og vitrustu, að áfengisnautnin sé mesta böl nútímans.

Og þess vegna er það líka ein hin göfugasta viðleitni góðra manna nú á dögum, að bæta úr þessu böli, frelsa mannkynið úr þessum háska.

Að því háleita marki keppa ótal félög víða um lönd, hvert í sínu landi.

En háleitust er hugsjón þess félagsins, sem hefir markað á skjöld sinn jarðarhnöttinn í heilu lagi og heitstrengt, að útrýma áfengisbölinu í öllum ríkjum veraldar.

Þetta göfuga félag, þetta mikla alheimsfélag, það er okkar félag, það er Independent Order of Good Templars.

Í dag höldum við 25 ára afmæli þessa félags hér á landi. Hér er það orðið 25 ára gamalt. En

"Vor hugsjón varð til fyrir hálfri öld,
sem himinsend skjaldmær, er gengur að verki
með leiftur í augum og skygðan skjöld".

Það bar til einn dag árið 1857 í Utica, litlum bæ í Vesturheimi, nálægt New York, að fáeinir alþýðumenn mæltu sér mót í þröngu kvistherbergi á fjórða lofti í gömlum kumbalda. Á þeim fundi var stofnað í kyrþey bindindisfélag það, sem nú er að verða frægast bindindisfélag í heimi. Þar og þá fæddist Góðtemplarafélagið. Þar kom hún til, þessi háleita hugsjón um alheimsfélag til að útrýma áfengisbölinu.

Fyrst framan af var þetta félag lítið og í hvarfi, eins og ftjóangi í jörðu, sem ekki er orðinn það, að hann nái upp úr moldinni.

En nú er svo komið, að Goodtemplarar-reglan hefir tekið allan jarðarhnöttinn upp í fangið. Hún hefir reist bú í öllum heimsálfum. Og hvar sem hún heldur alheimsstefnur sínar, hástúkuþingin, þá er henni allstaðar fagnað með virktum, og hver þjóðhöfðingi býður hana velkomna og árnar henni allra heilla.

Þessu lík er saga Good-templarreglunnar hér á landi: Mjór vísir en mikill árangur.

Ole Lee er maður nefndur, norskur alþýðumaður. Hann stofnaði fyrstu Good-templarstúkuna hér á landi, stúkuna "Ísafold" nr. 1. Það gerðist á Akureyri 10. jan. 1884.

Elzta stúkan hér í Reykjavík, "Verðandi", var stofnuð ári síðar, 3. júlí 1885, í leikfimishúsi barnaskólans, þar sem við nú fáum póst bögglana okkar. Hér fjölgaði stúkunum fljótt. Þær höfðust fyrst við í borgarasalnum, þá í leikfimishúsinu. En 1887 var þetta hús reist, sem við stöndum í, og það hefir síðan verið höfuðból félagsins hér á landi. Félagið var fátækt, og það þótti djarft, að ráðast í þessa húsgerð. Stúkan "Einingin" var huguðust, það var henni að þakka

Félagið dafnaði fljótt. Á tveimur fyrstu árunum voru stofnaðar 12 undirstúkur. Þær lutu erlendri (norskri) stórstúku í fyrstu, en 1885 var stofnuð stórstúka hér í Reykjavík. Þar með var fengin heimastjórn, sjálfstjórn. Nú var félagið ekki öðrum háð, en hástúkunni, alheimsstjórn Goodtemplarreglunnar.

Vöxt og viðgang reglunnar hér á

(Framh. á 4. bls.)

TIL EDDU.

Ég ann þér heitt, það ei er fals né tál,
þú ódauðlega, fagra guða mál.
Þinn andi er hreinn, sem aftanblærinn þíði,
þitt orðaval hin mesta snild og prýði.

Þín speki er djúp, sem hrannar heimur blár,
— en hafið aldrei þverr um jarðar ár.
og endað heldur ekki snild þín getur,
þú ert og verður það, sem listin metur.

Og andagift þín auðgar líf og sál
og æðstu speki flytja Hávamál.
En því er ver, að þeim of margur gleymir,
en þrótt og vizku hvert eitt orð þar geymir.

Og Völuspá, hin djúpa vizkulind,
þú verður æ sem speki fyrirmynd,
og aldrei þorna, en áfram stöðugt renna
til andans nota og háan vísdóm kenna.

Þú lyftir mannsins anda í hæðir hátt,
svo hafa orð þín sterkan töframátt,
svo langar hann að líða yfir heiminn
með ljóssins hraða vítt um himingeiminn.

Þú mikla snild, sem mannaverk þó ert, —
hve margir skyldu nú fá betur gert? —
Þú spjalda á máli ert full af andans auði,
þar er ei þessi sálarlífsins dauði.

Þín helga saga og himinfögru ljóð
nú heimsfræg eru, og betri en gull í sjóð.
Þú feðra vorra ert arfur oss til handa,
þeim eignarrétti megum vér ei granda.

Þú samin varst á okkar eigið mál,
vér eigum þig, sem part af vorri sál.
Þig ætti að þrykkja alla gullnu letri,
því engin þjóð á goðafræði betri.

JÓNAS J. DANÍELSSON.

Á beztu heimilum
hvar sem er í Ameríku, þar munið þér finna HEIMSKRINGLU lesna. Hún er eins fróðleg og skemtileg eins og nokkuð annað íslenzkt fréttablað í Canada

MARKET HOTEL
146 PRINCESS ST. Á móti markaðnum
P. O'CONNELL, eigandi, WINNIPEG
Beztu tegundir af vínföngum og vindl um, aðhlynning góð, húsið endurbætt

JOHN DUFF
PLUMBER, GAS AND STEAM FITTER
Alt verk vel vandað, og verðið rétt
664 Notre Dame Ave. Phone 3815
Winnipeg

Strathcona Hotel
Horni Main og Rupert Str. Nýbygt og ágætt gistihús; Gest um veitt öll þægindi með sanngjarnasta verði. Frí keyrsla til og frá öllum járnbr. stöðvum. Beztu vín og vindlar; og herbergi og máltíðar ágætar.
McLaren Brothers
EIGENDUR

Hotel Pacific
219 Market Street Winnipeg | H. M. Hicks Eigandi Manitoba
Telephone 1338
Ný-endurbætt og Ný-tízku hús í alla staði. Viðskifta yðar óskast virðingarfylst.
$1.25 a Dag

$1.50 Á DAG
Besta $1.50 gistihús í Winnipeg
BRUNSWICK HOTEL
Horni Main St. og Rupert Ave.
Besta borðhald; Hvein og Björt Herbergi; Fínustu Drykkir og Bestu Vindlar. Ókeypis Vagn mætir Öllum Trains lestum. Reynið oss þegar þú ert á ferð.

dauðahaldi í stálþræðina í búri sínu. — Á stóra ofninum sauð á kaffikatlinum. Hin virðulega móðir þín sat við rokkinn sinn og spann hör, og faðir þinn sat þar hjá á stól og barði léttilega skósólana, — með því innvann hann sér og sínum daglegt brauð.

Mér finst sem sjái ég enn þá hans göfuga en þunglyndislega andlit, þegar hann var að tala um liðnar tíðir. — Þá hafði Hirschsprung ættin verið voldug og fræg, karlmennirnir höfðu verið svo hugrakkir og hraustir, og unnið óteljandi hreystiverk. Mig hrylti við, að heyra um allar þær blóðsúthellingar. — Mér þótti miklu meira gaman að heyra um riddarann, er elskaði hina ungu konu sína svo heitt, að hann lét smíða tvo armbauga, og var ástavísa greypt í miðju þeirra, — helmingur vísunnar á hvorn hring. Annan hringinn bar hann sjálfur, en hinn hin hjartkæra kona hans. Og þá er hann særður til dauða féll til jarðar í bardaga, þá kom þar að fégjarn hermaður, er vildi ræna hann hinum dýrmæta menjagrip, en hin deyjandi hetja krepti vinstri hendina utan um hringinn, og slepti ekki, þó hinn bæði limlesti hann og hjyggi hendina af. En þá komu félagar hans að og drápu ræningjann. — Armbaugurinn var síðan geymdur af afkomendum hans, sem dýrmætur helgidómur, þangað til Sviarnir komu. — Hvað þú hataðir þá, Jóseph! Það átti að vera þeim að kenna, að Hirschsprung ættin varð fátæk og tvistraðist. — Það var óskemtileg saga, og ég vildi sem sjaldnast heyra hana, þó ekki væri nema af þeirri einu ástæðu, að faðir þinn í hvert skifti, er hann talaði um þetta, mælti: — 'Sjá þú til, Jóseph, ef þessi óhamingja hefði ekki komið fyrir, þá gætir þú nú lært og orðið mikill maður, — en eins og sakir standa nú, verður þú að gera þig ánægðan með, að reka sömu iðn og ég'. — Æ, það mátti nú virða

þessa sögu fyrir sér frá alt öðru sjónarmiði, en gamli maðurinn áleit.

"Hirschsprung ættin hélt sér fast við páfatrúna, þegar aðrir aðalsmenn hringinn í kring aðhyltust hinn nýja sið. Af fastheldni við trú sína, drógu þeir sig í hlé, og lifðu mjög einmanaiegu lífi. Gamli Adrian von Hirschsprung, er var ákafur páfatrúarmaður, gerði sig þó ekki ánægðan með það. Hann vildi ekki þúa meðal trúvillinga, og þess vegna seldi hann allar eignir sínar, og bjóst til að hverfa í brott úr hinum ástkæru átthögum sínum í Thuringen. — Að eins húsið á torginu var óselt. Fyrir allar eignir sínar hafði hann fengið 60 þúsund ríkisdali í skiru gulli, og synir hans tveir stigu nú á hestbak og bjuggust til að leita nýrra heimkynna í góðu og katólsku landi. Þá bar það við, að Gústaf Adólf, konungur Svíanna, fór með her sinn, 21 þús. manns, gegn um Thuringen, og hélt einn dag kyrru fyrir í smábænum X. Það var 22. október 1632. — Sveit hans tók sér aðsetur í húsum bæjarbúa, og í stóra aðalsmanna húsinu á torginu, voru margir svenskir riddarar saman komnir. — Gamli Adrian von Hirschsprung fyltist reiði og gremju, og lenti í allhörðum orðadeilum milli hans og hermannanna, er sátu ölvaðir við vindrykkju úti í garðinum, — og af því leiddi hinn hræðilega atburð: Einn hermannanna lagði hann í gegn með sverði sínu, og hinn gamli trúarofstækismaður féll niður á steinstéttina með útrétta arma, án þess að gefa neitt hljóð frá sér, hann dó samstundis. En hermennirnir, viti sínu fjær af víni og reiði, hlupu um alt húsið og mölvuðu alt er fyrir varð. — Og svo, þegar svnirnir komu heim aftur, þá var búið að jarða gamla manninn fyrir löngu síðan í frúarkirkjunni hér, og þeir leituðu að arfhluta sínum, en fundu hann ekki. Hinir 60 þúsund ríkisdalir voru horfnir. Sviarnir höfðu tekið þá á

brott með sér. Allir kassar og kistur stóð opið og tómt, og það, sem í þeim hafði verið var á víð og dreif út um gólfið, fótumtroðið. Ættarskjölin voru einnig horfin, og fanst ekki af þeim eitt einasta blað. — Þannig skýrði faðir þinn, Jóseph, frá þessu. — Síðan var húsið selt fyrir gjafverð borgaranum Heilwig. — Synir Adrians skiftu peningunum á milli sín, Lutz, sá eldri, fór eitthvað út í bláinn, og menn hafa ekkert frétt af honum síðan. En hinn henti frá sér sverðinu, — og afkomendur hans, niðjar þeirra manna, er eitt sinn höfðu barist móti Serkjum og sem vegna hreysti sinnar og hugrekkis voru í miklum metum hafðir við hirð keisarans, — þeir tóku af og práð í hönd sér.

"En það gerðir þú ekki, Jóseph. Alveg eins og fallegu hárlokkarnir þínir hringuðu sig frjálslega um enni þér, þannig hóf andi þinn sig yfir hinn þrönga sjóndeildarhring þinna nánustu forfeðra. Þú gekst þinn eigin veg, þó að þú vissir, að hann yrði harður og þyrnum stráður, — að örbirgðin gengi við hlið þér, — þú sást að eins hámarkið. En hið háleita og fagra takmark, er þú hafðir sett þér, og kjarkur þinn og hugrekki þitt urðu engu í þakherberginu. Andinn flúði af því líkaminn leið hungur. — Almáttugi guð, eitt af þínum fegurstu og fullkomnustu börnum lét lífið vegna matarskorts!

"Hverjum skyldi hafa komið til hugar, að þú myndir hverfa svo skjótt í gleymskunnar djúp, er heyrði þig með fjöri og eldheitum áhuga lýsa hinum djörfu og djúpvitru hugsunum þínum! Eða þegar þú settist við hljóðlærið, og hin undurfögru lög þín hljómuðu um herbergið. Hljóðlærið var lítið og laklegt, og stóð í dimmasta horninu á herberginu. Tónar þess voru óþýðir, en hugvit og snilli þín gerði þá hljómfagra. Stundum hljómuðu þeir eins og óveður og stormur hvini, og svo á eftir lýstu þeir

brosandi himni yfir jörðinni í allri sinni dýrð. — Manstu eftir, hvernig þinn góði faðir launaði þér, þegar hann var ánægður með þig? Með hátíðlegum svip lauk hann upp litlum eldgömlum skáp, tók þaðan nótnaheftí og gaf þér. Það var sönghefti, samið af Johan Sebastian Bach. Bach sjálfur hafði gefið afa föður þíns það, og það var varðveitt í ættinni eins og hver annar ættargripur. — Þegar þú varst dáinn, fundust hvorki hjá þér skildingar né einn einasti matarbiti. — En sönglög Bachs, sem þú vissir þó að voru verðmæt mjög, láu á borðinu hjá þér, og skrifað utan á þau til mín.

"Hér á hinni blaðsíðunni stendur, beint á móti þar sem ég er að skrifa: 'Mín inndæla bjarthærða Cordúla, kom yfir um til mín í dag í hvítum kjól!' — Það var á fermingardaginn minn, Jóseph! Móðir mín, er var mjög siðavönd, hafði sagt, að það yrði nú í síðasta sinn að ég heimsækti þig. — Frá þessum degi var ég álitin uppkomin og rík kaupmannsdóttir, og þótti ekki sæma, að ég væri í neinum kunningsskap við skógaradrenginn. Foreldrar þínir voru ekki inni, er ég sagði þér frá þessu. Þú fölnaðmjög. — 'Nú, farðu þá!' sagðir þú og stappaðir harkalega niður í gólfið, en málrómur þinn skalf og ég sá tár blika í augum þér. — Ég fór ekki, og án þess eiginlega að vita af því, tókum við skjálfandi höndum saman. — Það var byrjunin að okkar sælu, ódauðlegu ást, Jóseph!

"Hefði ég nokkurntíma átt að geta gleymt því, eftir að ég í fleiri ár hafði sett mig upp á móti foreldrum mínum, sem með bæði góðu og illu reyndu að koma í veg fyrir samdrátt okkar, — og svo alt í einu af eigin hvötum að rjúfa eiða mína. — Þér voru valin hin verstu nöfn, — þú varst nefndur betlari, vesall skógarason, er legði það eitt fyrir sig, er ekkert gæfi af sér. Þau hótuðu, að útskúfa mér og

TUTTUGU OG FIMM ÁRA AFMÆLI GÓÐTEMPLARA.

Framh. frá 2. bls.

landi má marka af þeim tölum, sem ég ætla nú að nefna:

Ártal.	Fullorðnir. Stúkur.	Fullorðnir. Félagar.	Unglingar. Stúk.	Unglingar. Félagar
1884	1	30		
1889	17	996	9	406
1899	56	3167	16	800
1909	101	6000	37	1900

Tölurnar bera ljósan vott um gengi þessa félagsskapar, og þó hefir þ a ð ekki verið aðalstarf Góðtemplara, að stofna nýjar stúkur.

Aðalmarkið allra Góðtemplara, allstaðar í heiminum, það er að útrýma smátt og smátt allri áfengisnautn og koma á lagabanni gegn tilbúningi, sölu og aðflutningi áfengra drykkja.

Við höfum öll lofað að keppa að þessu marki. Allir Góðtemplarar lofa því.

En það er óhætt að segja, að hvergi í heiminum hefir Góðtemplurum orðið eins vel ágengt, eins og h é r á landi.

Því er þessi afmælisdagur sannnefnd fagnaðarhátíð.

Fyrsti stórsigurinn, það voru lögin 10. febr. 1888. Þau voru kraftaverk, eins og þá horfði við. Þið, sem eruð miðaldra, hljótið að muna verzlunarbúðirnar í þá daga, mannaröðina við búðarborðin og látlaus staupakaup og staupagjafir. Þessi lög bönnuðu hvorttveggja, staupakaupin og staupagjafirnar. Mjög fáið trúðu því, að bannið mundi gagna. Þeir voru miklu fleiri, sem vantreystu því banni þá, en þeir eru nú, sem vantreysta aðflutningsbanninu. — Við vitum, að staupabannið kom að fullu gagni, og það mun aðflutningsbannið líka gera. Þessi sömu lög bönnuðu að selja áfengi í hendur unglingum, innan 16 ára, bönnuðu áfengissölu í sveitaverzlunum, og veittu bæjarstjórnum og sveitastjórnum atkvæði um það, hvort veitingamenn mættu selja áfengi.

Í stað þessara laga komu svo lögin 11. nóv. 1899. Þau fara skrefi lengra, veita héraðsstjórnum atkvæði um alla áfengisverzlun, en um veitingaleyfi hafa allir kosningarbærir menn atkvæði á almennum fundi í hverju bæjar eða sveitarfélagi. Þau eru enn í gildi og hafa valdið því, að áfengissölustöðunum hefir stórum fækkað.

Þá komu lögin 12. jan. 1901; þau banna alla áfengisgerð hér í landi.

Undir aldamótin var gengi Góðtemplara orðið svo mikið, að þá var farið að ráðgera vinsölubann. En þegar eftir aldamótin var strikkað á klónum og sett upp í, beina steinu á aðflutningsbann.

Árið 1905 var svo langt komið, að þá afréð alþingi, að selja þjóðinni sjálfdæmi um það, hvort lögleiða skyldi aðflutningsbann.

Um þær mundir var mikill kurr í bindindismönnum yfir því, að áfengi var selt í lögleysu í lyfjabúðum og á fólksflutningaskipum.

Árið 1906 girti landlæknir fyrir alla ónauðsynlega áfengissölu í lyfjabúðunum með fyrirskipan til lyfsala — það var eitt af fyrstu landlæknisverkum minum —. Og árið 1907 voru lög sett á alþingi til að girða fyrir áfengissölu á fólksflutningaskipum.

Alt þetta er Goodtemplarreglunni að þakka.

Þið vitið, hve hér er fljótt að breytast veður í lofti: Í dag norðan myrkviðurs-hríð, á morgun sólskin og sunnanþeyr.

Tuttugu og fimm ár eru sem ein dagstund í æfi þjóðarinnar, en á þessum stundarfresti hefir Goodtemplarreglunni auðnast hér á landi, að breyta ilsku manna við bindindið í hlýasta vináttuþel.

Fyrir 25 árum var það talin smán, að vera fylliswín — það var nú eins og á dögum Mósesar. En fyrir 25 árum var það talin álíka mikil smán hér í Reykjavík að verg Góðtemplar, að gunga í æfilangt bindindi. Hámark dygðarinnar var þá — að drekka, geta verið með, neita ekki einu glasi eða tveimur, eða fleirum, ef svo bar undir, en drekka sig ekki átakanlega ölvaðan, ekki nema hálfan, ekki fullan, nema þá við einstök afarhátíðleg tækifæri. Þetta var kallað að drekka í hófi. Engir voru eins upp með sér í þá daga eins og þessir reglumenn, sem ekki voru í reglunni, en þurftu þó aldrei að fara með fingurna ofan í kokið. Þeir litu með fyrirlitningu á þá, sem höfðu lofað, að bragða aldrei vín. Þeir horfðu meðaumkvunaraugum á drykkjumennina, þá sem vöktu hneykslí. Þeir brostu hæðnisbrosi, ef þeir sáu drukkinn Góðtemplar. Þeir þóttust sjálfir þræða eina rétta veginn, gullinn meðalveg.

Þau eru liðin þessi 25 ár, og nú er öðruvísi umhorfs. Nú er það talinn sómi og dygð, að vera í bindindi. Nú er það talin hneisa, að drekka svo mikið, að á manni sjái. Nú játa allir, svo að segja, að ungum mönnum beri að vera í bindindi. Nú er svo komið, að mikill meiri hluti þjóðarinnar er sannfærður um, að hollast muni, að banna með lögum aðflutning áfengra drykkja.

Þessi stórkostlegu sinnaskifti þjóðarinnar, þau eru fegursti arðurinn af 25 ára starfi Goodtemplar reglunnar. Þau eru miklu meira verð en öll lagasetningin, sem ég nefndi áðan. Þau eru undirstaða aðflutningsbannsins.

En það getur verið, að einhver komi og segi, að þetta sé alt vitleysa, og færi til sins máls, að það sé drukkið eins mikið nú og fyrir 25 árum.

Því verður ekki neitað. Áfengisnautnin er álíka mikil og hún var, þegar Goodtemplar-reglan fæddist. Þjóðin drekkur jafnmikið og áður. Hún fer betur með það. Það er allur munurinn.

Er þetta ekki sorglegt?

Ber þetta ekki vott um, að við höfum unnið fyrir gíg?

Sannar það ekki, að öll okkar barátta hafi orðið til einskis?

Mér er sem ég sjái alvörublæ færast yfir andlit ykkar, sem orð mín heyrið.

Það var ekki ætlun mín að vekja hrygð í hugum ykkar á þessum hátíðisdegi.

En ég verð að segja það, sem satt er — og veit að þið viljið ekki heyra annað.

Og þessi er sannleikurinn: þrátt fyrir alt erfiði og strit Góðtemplara er áfengisnautnin enn engu minni en hún var fyrir 25 árum.

Þið skuluð þó ekki láta þetta hryggja ykkur til lengdar.

Það er ekki svo sorglegt, sem okkur sýnist í fljótu bragði.

Því fer fjarri, að við höfum unnið fyrir gíg.

Við vitum, að lífnaðarhættir þjóðarinnar hafa breyzt afarmikið á undanförnum aldarfjórðungi.

Fólkið hefir þyrpst úr sveitunum í kaupstaðina. Samgöngur á sjó og landi hafa aukist stórkostlega, innanlands og við önnur lönd þess vegna er það efalaust rétt tilgáta, að áfengisnautn þjóðarinnar mundi hafa aukist að mjög miklum mun, ef Góðtemplar reglunnar hefði ekki notið við.

Verið þess fullviss, að í kveld rennir margur maður þakklátum hug til reglunnar fyrir það, að hún hefir bjargað honum frá drykkjuskapar háskanum. Og margar, margar eru konurnar hér á landi, það er efalaust, sem í dag blessa þetta félag, þakka því hamíngju sína, þakka því líf og heilsu föðurs eða manns eða sonar. — Læknislistinni fleygir áfram, — einna glegst sér alþýða manna þá miklu björg, sem læknar geta nú veitt með hnífskurðum sínum. Vitið fyrir víst, að undanfarin 25 ár hefir Goodtemplarreglan bjargað fleiri mannslífum, en allir læknishnífarnir. Vitið fyrir víst, að undanfarin 25 ár hefir Goodtemplarreglan gagnað siðferði þjóðarinnar meir en allar prédikanir prestanna.

Í öllum siðuðum löndum er nú vöknuð hræðsla við áfengið. Allar þjóðir, öll löggjafarþing, allir stjórnvitringar telja áfengisbölið eitt hið alvarlegasta íhugunarefni vorra tíma.

Við Íslendingar erum orðnir forustuþjóð í þessari siðabót. Fyrir þá sök erum við líka að verða heimsfræg þjóð.

Og alt þetta er Goodtemplarreglunni að þakka.

Við lifum á félagsskaparöld, á samvinnutimum.

En síðan landið bygðist hefir enginn félagsskapur orðið þjóðinni til annara eins heilla og þetta félag.

Þjóðin hefir líka veitt Goodtemplar-reglunni loforð fyrir veglegri afmælisgjöf. Hún veitti það í haust, 10. sept., loforð um algert aðflutningsbann.

Gjöfin er ekki komin. Alþingi á að færa okkur hana, áður en þetta ár er á enda. Það má til. Það getur ekki annað. Ekkert þjóðmál hefir nú jafn-öflugan þjóðarvilja við að styðjast, eins og þetta mál, aðflutningsbannið. — Þingið seldi þjóðinni sjálfdæmi 1905. Nú hefir þjóðin kveðið upp dóminn. Þeim dómi verður þingið að hlíta tafarlaust. Ella er það ekki þjóðlegt þing.

En Goodtemlar-reglan — hún mun lifa engu að síður, því að það er ekki minni vandi, að gæta fengins fjár en afla þess.

Og þess óskum við nú af heilum hug, að Goodtemplar-reglan hér á landi verði þjóðinni til jafn-mikillar hamingju hér eftir sem hingað til.

Við óskum þess, að þeir, sem lifa 10. jan. 1934, geti sagt: Á 25 árum tókst Goodtemplar-reglunni að útrýma allri áfengisnautn hér á landi. Þá, árið 1909, var lögleitt aðflutningsbann. Síðan hefir reglan vakað yfir þessum dýrmætu lögum og verndað æskulýðinn fyrir þeim hættum, sem stafa af áfengisnautn annara þjóða. Og síðan hefir þjóðin tekið meiri þrifum, en nokkru sinni fyr á einum aldarfjórðungi.

Hamingjan gefi, að þetta megi alt rætast.

Hamingjan fylgi þessu félagi.
Heill Goodtemplar-reglunni!
Heill! Heill! Heill!

Það kostar minna en 4 cent á viku

að fá HEIMSKRINGLU heim til þín vikulega árið um kring. Það gerir engan mismun hvar í heiminum þú ert, — þ v í HEIMSKRINGLA mun rata til þín. Þú hefir máske heyrt að "blindur er bóklaus maður", en ef þú mátt missa 4c. á viku fyrir HEIMSKRINGLU þá verður þú hvorugt. 4c. á viku eða $2 um árið. Skrifið eftir Hkr. nú þegar, til P. O. Box 3083 Winnipeg, Man.

Fréttir.

— Nýlega hafa fundist í Mexico fornleyfar af risavöxnum mönnum og neðanjarðar hibýlum þeirra, við svo nefnt Tehuantepec eiði. Íbúð þessi hin mikla fanst neðanjarðar, þó fregnin ekki tiltaki, hve djúpt var grafið til að finna hana. Í íbúð þessari hafa að þessum tíma fundist 14 afarstór herbergi, mjög haglega gerð og ríkmannlega skreytt. Húsbúnaður allur þar vandaður og bendir til, að þar hafi verið bústaður auðmanna. Steinbekkirnir í herbergjunum eru haglega úthöggnir, og sumir þeirra eru málaðir. Höfuð af ljónum, tigrisdýrum og Indiána höfðingjum hafa fundist höggvin í stein, og hékk þetta á veggjum herbergjanna, ásamt úthöggnum höfðum ýmsra annara dýra. Málaðir steindiskar og margir aðrir markverðir húsmunir hafa og fundist í herbergjum þessum. Þar hafa og fund ist lík fjögra manna. Þau eru nú í "múmíu" ástandi. Öll eru þau af afarstórum mönnum, sem eru alls ólíkir nokkrum Indiánum, sem nú þekkjast eða sögur fara af í Mexico. Mikið hefir og fundist af gulliblönduðum málmi í þessum herbergjum og umhverfis þau. Allur er fundur þessi í hæsta máta merkilegur, og leitarmenn telja áreiðanlegt, að margt fémætt felist þar í jörðu. Leitinni er haldið áfram.

— Bandaríkja stjórnin hefir unnið mál sitt móti sykur einveldinu í Bandaríkjunum. Félagið var dæmt til að borga $134,116.03, — alt sem stjórnin krafðist.

DR. H. R. ROSS

C.P.R. meðala- og skurðlækir.
Sjúkdómum kvenna og barna veitt sérstök umönnun.

WYNYARD, — SASK.

K-J-Ö-T.

"Ef það kemur frá Johnson, þá er það gott"

C. G. JOHNSON, Kjötsali,
301 Sherbrooke St. Talsími 2681.

Russell A. Thompson and Co.,

Cor. Sargent & Maryland St.

Selja allskonar MATVÖRU af beztu tegund með lægsta verði. Sérstakt vöruúrval nú þessa viku. Vér óskum að Íslendingar vildu koma og skoða vörurnar. Hvergi betri né ódýrari.—

Munið staðinn:—
HORNI SARGENT AVE. OG MARYLAND ST.
PHONE 3112.

Með því að biðja sérlega um "T.L. CIGAR," þá ertu viss að fá ágætan vindil.

T.L.

T.L. CIGAR
(UNION MADE)
Western Cigar Factory
Thomas Lee, eigandi Winnipeg

Redwood Lager og Extra Porter

Styrkið taugarnar með því að drekka eitt staup af öðrum hvorum þessum ágæta heimilis bjór, á undan hverri máltíð. — Reynið!!

EDWARD L. DREWRY Manufacturer & Importer Winnipeg, Canada.

Department of Agriculture and Immigration.

MANITOBA

Þetta fylki hefir 41,169,089 ekrur lands, 6,019,200 ekrur eru vötn, sem veita landinu raka til akuryrkjuþarfa. Þess vegna höfum vér jafnan nægan raka til uppskeru tryggingar.

Ennþá eru 25 miliónir ekrur óteknar, sem fá má með heimilisrétti eða kaupum.

Íbúatala árið 1901 var 255,211, nu er nún orðin 400,000 manns, hefir nálega tvöfaldast á 7 árum.

Íbúatala Winnipeg borgar árið 1901 var 42,240, en nú um 115 þúsundir, hefir meir en tvöfaldast á 7 árum.

Flutningstæki eru nú sem næst fullkomin, 3516 mílur járnbrauta eru í fylkinu, sem allar liggja út frá Winnipeg. Þrjár þverlandsbrauta lestir fara daglega frá Winnipeg, og innan fárra mánaða verða þær 5 talsins, þegar Grand Trunk Pacific og Canadian Northern bætast við.

Framför fylkisins er sjáanleg hvar sem litið er. Þér ætuð að taka þar bólfestu. Ekkert annað land getur sýnt sama vöxt á sama tímabili.

TIL FERDAMANNA:

Farið ekki framhjá Winnipeg, án þess að grenslast um stjórnar og járnbrautarlönd til sölu, og útvega yður fullkomnar upplýsingar um heimilisréttarlönd og fjárgróða möguleika.

R. P. ROBLIN.
Stjórnarformaður og Akuryrkjumála-ráðgjafi.

Skrifið eftir upplýsingum til
Joseph Burke, 178 LOGAN AVE., WINNIPEG.
Jas. Hartney, 77 YORK ST., TORONTO.

gera mig afflausa. — — En ég stóðst þetta alt saman, — það var hægðarleikur, því þú stóðst við hlið mér. En svo þegar foreldrar þínir dóu og þú fórst til Leipzig, þá runnu upp hræðilegir tímar fyrir mér. — Þá kom alt í einu einn góðan veðurdag óþektur gestur á heimili föður míns. Það var ungur maður, hár og grannur, fölur í andliti og kinnfiskasoginn. Hárið, dökkleitt og þunt, var greitt niður með kinnunum, og slælegu drættirnir í kring um munninn gerðu hann ógeðslegan mjög. Það er til tvenskonar sjón, Jóseph, og önnur er eðlishvöt sú, er liggur í hverju óspiltu mannshjarta. — Ég þóttist strax vita, að samhliða þessum manni kom óhamingjan á heimili okkar. — En faðir minn hafði alt annað áhit á þessum Páli Heilwig. — Hann var nákominn frændi okkar, og faðir hans var frægur maður og í góðu embætti. Þess vegna áleit faðir minn sér virðing sýnda með heimsókn hans. — En hvað hann var leikinn í, að hneiga sig auðmjúklega, og orðin, hræsnisfull og smjaðursleg, streymdu viðstöðulaust af munni hans.

"Þú veist, að þessi óþokki vogaði sér að tala um ást við mig. Þú veist líka, að ég vísaði honum á bug með reiði og fyrirlitningu. Hann var nógu mikill níðingur til að leita aðstoðar föður míns, er óskaði mjög, að þessi ráðahagur tækist. Og nú runnu upp hörmulegar tíðir. Bréf þín fékk ég ekki. Ég fann þau ásamt mínum bréfum til þín í skrifborði föður míns, þá er hann var dáinn. — Ég var ófrjáls, sem fangi, en enginn gat samt haldið mér inni í stofunni, þegar óþokkinn kom inn, — þá flýtti ég mér eins og ætti ég lífið að leysa eftir endilöngu húsinu, — og heillavættir þínir hjálpuðu mér, svo ég fann nóga felustaði, þar sem ég þurfti ekki að óttast þessa ofsóknara mína.

"Skyldi það hafa verið bending frá einhverri ó-

sýnilegri ættmóður þinni, er lét mig koma auga á gullpening, er lá rétt við fætur mér? — Stykki úr múrveggnum í hænsnagarðinum hafði hrunið, og seinni part dagsins höfðu nokkrir verkamenn rifið niður kringum það, sem áður var fallið. — Ég sat hjá rústunum, og var að hugsa um þá tíma, þá er garðurinn hafði hlaðinn verið. — Alt í einu sá ég gull liggja við fætur mér, og inni á milli steinanna glóði á ótal gullpeninga. Án efa hefir meira hrunið af veggnum, eftir að mennirnir gengu burtu. Steinmolarnir lágu hver ofan á öðrum, og inni í veggnum sást á ferkantaða trékistu, var gat á einum gaflinum og þaðan streymdi gullið út.

"Jóseph! — Ég hafði ekki skilið bendingu ættmóður þinnar.. — Ég sótti föður minn, og óþokkinn kom á eftir okkur. — Þeir tóku kistuna fyrirhafnarlaust úr veggnum, og luku upp með lykli, er stóð í lásnum. — Það voru þá ekki svensku mennirnir, Jóseph, er tóku gullið! — — Þarna lágu armbaugarnir báðir, 60 þúsund ríkisdalir og öll Hirschsprung ættarskjölin í góðri reglu. — Gamli Adrian hafði verið búinn að fela þetta alt saman áður en Svíarnir komu. — Ég var viti mínu fjær af gleði. "Faðir minn", hrópaði ég, "nú er Jóseph ekki lengur fátækur betlari!"

"Mér finst, sem ég sjái hann enn þá standa fyrir framan mig. — Þú veizt, hversu hann var óþýður og alvörugefinn. Hvert gamanyrði dó á vörum þess, er kom í nálægð hans, — en þrátt fyrir það bar allur svipur hans vott um réttlæti, og enginn var meira virtur í öllum bænum en hann. Nú stóð hann álútur og rótaði til í gullinu, — — það var undarlegt og kuldalegt, augnaráðið, er hann sendi mér: — "Skógaradrengurinn", mælti hann. "Hvað kemur þetta honum við?"

"Þetta er arfur hans, faðir minn". Ég hélt á erfðaskrá gamla Adríans og benti á nafnið Hirschsprung.

"Ó, hve hræðilegar svipbreytingar urðu á hinu alvarlega andliti hans!

"'Ertu vitlaus!" öskraði hann, um leið og hann greip um handlegg mér og hristi mig óþyrmilega. — "Ég á þetta hús ásamt öllu, sem því er tilheyrandi, — og mér þætti gaman að sjá þann mann, er gæti tekið svo mikið sem einn einasta skilding frá mér!"

"'Þú hefir alveg rétt fyrir þér, frændi" greip Páll Heilw'g fram í í sínum blíðasta róm, — "en áður fyrri átti afi minn þetta hús og alt, sem því fylgdi".

"Mikið rétt, Páll, — ég mun ekki hafa neitt á móti kröfu þinni, mælti faðir minn. — Síðan báru þeir kistuna inn í húsið. — Enginn vissi um þetta rán, nema ég, — og síðustu geislar kveldsólgrinnar, er var að hniga til viðar, til þess svo að renna upp í annari heimsálfu, og ef til vill sjá þar hamingjusamara andlit en mitt. En ég ráfaði eirðarlaus til og frá, og hvert sem ég leit, sá ég að eins glæpi og endalaust myrkur.

Sama kveldið heyrði ég, að Páll Heilwig krafðist og fékk útlátið 20 þúsundir af gullinu, og annan armbauginn.

"Getur þú ekki ímyndað þér, hversu mikið ég leið á meðan þú áleist mig eiðrofa, falska og léttúðuga? — Alein varð ég að stríða á móti báðum ofsóknurum mínum. Móðir mín, sem þrátt fyrir vandlæti sitt var mjög réttlát, — hún var dáin.

"Og einasti bróðirinn, sem ég átti, hann var langt í burtu í ókunnum löndum. Það var því ekki eingöngu ástin okkar á milli, er ég átti við að stríða, — ég átti líka að þegja, þegja svo þú og

heimurinn fengju engan grun um þetta. Mér fanst ég ekki með nokkru móti geta það. — Sló hjarta þitt aldrei hratt um það leyti! Hvísluðu ekki einhverjar raddir að þér, hve illa mér liði, og hve staðföst ég væri, þó faðir minn oftar en einu sinni í reiði sinni reiddi upp handlegginn til að fleygja mér til jarðar.

"Ég hafði geymt erfðaskrá gamla Adríans, án þess þeir vissu af, og eitt kveld, er Páll Heilw;g spurði mig hæðnislega, hvernig ég ætlaði mér að færa sönnur á mál mitt, þá vitnaði ég til erfðaskrárinnar. Þá varð hinn hræðilegi atburður: Þann sama dag hafði faðir minn haft gestaboð mikið. hann var rauður og þrútinn í andliti, því hann hafði drukkið töluvert. Þegar hann heyrði orð mín, réðist hann á mig, og kreisti mig svo óþyrmilega, að ég rak upp hljóð af sársauka. Hann spurði mig um leið og hann nísti tönnum, hvort sæmd hans og æra hefði ekkert gildi í mínum augum. Hann var ekki búinn að tala út, þegar hann hrinti mér aftur á bak. Andlit hans varð alt í einu helblátt. Hann greip með báðum höndum um háls sér, — og hann, þessi stóri og tigulegi maður, féll til jarðar.

"Hann var ekki dáinn, þegar við lyftum honum upp, og hann var með fullri skynsemi, því hann horfði stöðugt á mig með ógnandi augnaráði. — — Og þá — þá lét ég undan, Jóseph, — þá er læknirinn eitt augnablik gekk út úr herberginu, tók ég erfðaskrána og brendi hana. Ég gat ekki horft á föður minn, en ég lofaði honum að ég skyldi þegja, — að aldrei skyldi fyrir mína tilhlutun falla blettur á minningu hans. — — Hversu Páll Heilwig glotti djöfullega, er hann heyrði eið minn! — Jóseph! Ég gerði þetta, — ég trygði ættingjum minum arfinn, sem stolinn var frá þér um sömu mundir og skorturinn fleygði þér á sóttarsængina!"

S. R. HUNTER & CO
Skraddarar,
189 Lombard Stree

Búa til ný-móðins karlmannafatnaði eftir máli. — Efni og vinnubrögð afbezta tegund, og alt ábyrgst að vera jafngildi þess bezta sem fáanlegt er í borginni. Verðið er við allra hæfi. —

S. R. Hunter & Co.
189 Lombard St.
Telephone 1395.

Skrautmyndir

Mjög vandaðar, stórar og fagrar, af skáldkóngunum íslenzku, Hallgrími Péturssyni og Jónasi Hallgrímssyni, fást hjá undirskrifuðum, önnur á 35c en báðar á 60c. Agæt stofuprýði.

ATH. — Þessir hafa þegar tekið að sér útsölu á myndunum: —

Friðrik Sveinsson, 618 Agnes St., Winnipeg; Wm. Anderson, 1797 7th Ave. W., Vancouver, B.C.; S. Bárðarson, R. F. D. 1, Box 90, Blaine, Wash.; Sigurður Johnson, Bentry (og Upham), N. Dak. Jóh. H. Húnfjörð, Brown, Man. O. S. Thormodson, Pt. Robert, Wash. J. G. Westdal, Minneota; Ólafur G. Isfeld, Kristnes, Sask.; S. Pétursson, Arnes (og Nes), Man.; C. Christianson, Marshland, Man.; Sigurður Bjarnason, Big Quill (og Wynyard), Man.; Konrad Sigtryggsson, Belmont, Man.

F. R. JOHNSON,
1419 W. 57th St., Seattle, Wash.

EINAR HJÖRLEIFSSON:

Ofurefli,

skáldsaga, gefin út í Reykjavík 1908. Bókin er um 10 arkir á stærð. Telur 380 blaðsíður. Brotið er litið, og bókin akaflega þykk. Líkist meira í sniðum að hún væri gefin út 1608 enn 1908. Pappirinn er þykkur, og ekki ósvipaður þerri pappir, en sterkur. Letur er stórt og gisið. Þó bókin sýnist þykk, þá er hún ekki lengi lesin. Frágangur er allgóður. Málið víðast lipurt alþýðumál, og ekki vandað. Blöðsvröði eru mörg og ekki viðkunnanleg. Sé málið sýnishorn á daglega málinu í Reykjavík, þá þarfnast það umbóta. Óvíða er hægt að sjá, að íslenzk tunga græði málegúrð á þessari bók. Safnaðarnefndarmenn kallar höfundurinn "móhrauka", og á víst að sýna fornyrt mál með þessu. Þessi samliking er óviðkunnanleg og smekklitil. Að málinu mætti finna á sumum stöðum. En höfundurinn virðist vera að sýna klunnaskap og þekkingarleysi Reykvíkinga á kærsta stigi. Hann lætur yfirdómarann, sem er gamall maður, og einn hinn lærðasti höfðingi þar, bjóða dómkirkjuprestinum "glas af víni". Þetta er líkara Winnipegíslenzku, enn máli gamals og lærðs höfðingja í Reykjavík. Staup af víni eða vínstaup, mun vera algengara í kaupstöðum á Íslandi, enn "glas af víni". Málið, sem höf. notar, þegar hann skýrir frá slúðursögaburðinum og safnaðarfundinum í Reykjavík, er nær því að vera skrílmál enn siðaðra manna tal. En höfundurinn þarf að beita málinu á þessa leið, til þess að sverta mótstöðumenn sína, sem trúastast. Dregur þessi aðferð ljóð á skáldskapinn, hafi hann annars átt að vera nokkur í sögunni.

Tilgangur sögunnar er auðsæilega sá, að ryðja nýrri trúarsteinum og andatrú glæsibraut, inn í hugskot þjóðarinnar. Ungi dómkirkjupresturinn er merkisberi í þeirri fylkingu. En á hina hliðina er tilgangur sögunnar, að sýna rifbaldahátt, ofríki, fjárdrátt, kvenna far, drykkjuskap og mentunarleysi andstæðinga flokks höfundarins, á verstu og lægstu slóðum í Reykjavíkur bæ. Fer höfundurinn svo hranalega og flokksstækislega að því, að honum digna eggjar, og sverð og skjöldur falla úr mundum hans aflvana til jarðar.

Höfundurinn lætur allar persónurnar í sögunni vera að einhverju leyti örkumlaðar, kryplaðar, haltar og afskræmdar. Dómkirkjupresturinn er eina persónan, sem ekki eru talin léti á. Auðvitað er presturinn höfundurinn sjálfur, sem kominn er hálærður frá Ameríku, og mestu menningarlöndum heims. Hann kemur til að leiða þjóðina, einkum íbúa Reykjavíkur, í allan sannleika. Þorbjörn Ólafsson, kaupmaður í Reykjavík og safnaðarnefndar oddviti, er versta líkingin af móttstöðuflokk höfundarins. Hann útvegar prestinum dómkirkjukallið með dugnaði og erfiðismunum, tekur mæta vel á móti honum, og sýnist gera manninn lega. En presturinn fær strax ýmigust á honum, og öllu í Reykjavík. Hann er bindindismaður, en kaupmaður hefir vín á borðum, og virðist neyta þess í hófi, ásamt meiri hluta borðsgesta sinna. Þorbjörn kann ekki að matast, hann atar matnum í skegg sér, og sullar honum yfir borðið. Húsbúnaður og myndir hera prestinum strax þær sannanir, að kaupmaður er rikur og fjárdráttarmaður, trúhræsnari, kvennamaður og alt ilt. En þó ræður hann mestu í höfuðstað landsins. Og allir, sem fylgja Þorbirni, eru ræflar og drykkjurútar, slúðurkerlingar og drykkjudrós ir. Þetta er sýnishornið af meiri hluta og ráðandi fólki í Reykjavík. Heldur kærleiksrikt og prestlega dæmt. Fyrstu nóttina dreymir prestinn svo ljótan og viðbjóðslegan draum, að naumast getur nokk um góðan mann dreymt annað eins. Afarhrædda sakamenn, eða drykkjumenn á lægri stigum, í "delíri", gæti dreymt annað eins. Þorbjörn var með langan hnif í hendinni, og hnifurinn og handleggurinn lengdist, og Þorbjörn rak hnifinn og handlegginn í gegn um alt, sem fyrir var, og svo át hann alt, menn og skepnur, dautt og lifandi. Þessi sálársjón sýnist hafa litið skáldskapargildi. Enda byggir höf. þarna á Andarímum, þar sem Andramöðir bruddi Marvin með herklæðum og öllu.

Eftir þennan draum snerist prestinn móti Þorbirni, og tók til að ryðja braut nýrri trúarsteinu og andatrúarstefnu. Hann skilti sér af öllu, kom engu til leiðar, en afladi sér fjandskapar Þorbjarnar og hans liðs. Heldur hann áfram, þar til hann hnigur að velli, með slæm um orðstýr og litilli karlmensku. Hefir að eins komið því í verk, að trúlofast dóttur yfirdómarans, af því hún fór sjálf til hans og bauð honum sig.

Það sýnist, að presturinn hafi viljað einstaklega fátækum aumingjum vel, eins og hann sýndi á Grímsa. En afskiftasemi og framhleypni yfirgnæfa starfsemi hans í þá átt. Hann virðist í hvorugan fótinn geta stigið, svo alt það bezta, sem honum er á hug, hrapi ekki til grunna. Sjá liknarstofnunarfélagið, Sigurlaugarmálið, kenningar aðferðina, og svo framvegis.

En hvar er þá skáldskapargildi sögunnar, sem sum blöð hafa talað svo mikið um? Ekki er það í veðurlýsingunum, því þar í Rvík er aldrei annað en mýgandi rigningar, og forin og óþverrinn spýtist upp um fólk á götunum, — eða brunafrost, eða iðulausar isastórhriðar. Sjá Sigurlaugar bylinn. — Skáldlegir sýnast persónur sögunnar ekki vera. Sigurlaug er sýnd sem frið stúlka, enn þá þarf höf. að bendla hana við Þorbjörn, til að fá nógu mikið mál í svertuna á hann. Hún er drykkfeld og sofnar í snjósköflunum á götunni. Það er ekki skáldlegt, þó presturinn drasli henni inn í herbergi hjá sér. Það er blátt áfram aulalegt, að hugsa sér prestinn svo vanhygginn. Það er ekkert skáldlegt kringum samdrykkjur þeirra Þorbjarnar og Sigurlaugar, eða samdrykkjur Sigurlaugar, Ásgríms og dönsku búðarlokunnar. Það er ekkert skáldlegt, þó Ragnhildur krossleggi fætur, Sigga gráti og Ólafur margfróði hlaupi með lygasögur um bæinn. Ef nokkurt skáldmæti er í sögunni, þá væri helzt að nefna lýsinguna á samtali og hugsunum þeirra prests og Grímsa, þá prestur situr hjá Grímsa, þegar hann er í dauðastriðinu.

Því er miður, að sagan Ofurefli hefir auðsjáanlega revnst höfundinum ofurefli. Hann lætur persónulega óvild fara með sig í gönur. Hvað mikið sem hún er lofuð af vildarmönnum höfundarins, eða mönnum, sem ekkert vit hafa á skáldsögum, þá verður þessi saga aldrei framtiðar skáldsaga Íslendinga. En þessi saga á sér sjálf sögu, sem hún er orðin þekt fyrir, og fylgir henni á meðan hún verður með lýðum. Hún er tvíseld austan og vestan hafs. Fyrst fékk höfundurinn vinnumannskaup hjá landssjóðnum á Íslandi. Fór þá með handritið á meðal Vestur-Íslendinga, og seldi þeim áheyrn að köflum úr henni. Svo kaupa Austur- og Vestur-Íslendingar söguna sem bók. Höfundurinn er vegginn kaupmaður, og engu síður fjárglöggur enn Þorbjörn kaupmaður. Sagan er því kynjalegur kostagripur, sem gaman er að eiga. Það er vonandi, að hún seljist vel hér í Vesturheimi. Hér er sögufrjósa land, og sögurugls land, og hér er alt selt, og alt keypt.

K. Ásg. Benediktsson.

Rödd úr skóginum.

Lengi hefi ég þagað og lesið og hlustað á ræður öldunganna í musteri menningarinnar, sem eru blöð og tímarit Vestur-Íslendinga. Margt er þar lærdómsríkt, en ekki er þar alt eins og það ætti að vera. Og liggur mér stundum við að álíta, að sumir telji sig öldunga, þótt þeir ekki séu það, og að þá vanti tilfinnanlega þekking á skyldum þeim, sem á þeim hvila sem taka að sér að fræða fólkið og skemta því.

Ég ætla að sleppa deilum þeim, sem oft risa út af fréttagreinum. Þær eru oftast neðan við alla kritik. Ekki ætla ég heldur að rita um deilurnar innan kirkjufélagsins, að öðru leyti en því, „ég álít það gleðileg tákn timanna, að séra Friðrik hefir hlýtt röddu sannleikans, og hneigst að hinum frjálsa kristindómi, er leggur aðaláherzluna á kærleikskenning Jesú Krists, en hafnar hinum bindandi múrvegg trúarjátninga og bókstafs, er mestum hryðjuverkum og hræsni hefir valdið í sögunni. Ef ast ég ekki um, að allir fylgi honum, sem unna frjálsri hugsun og sannri gölfgi. Breiðablik er eitt bezta timaritið, er við höfum. Sameiningin er að sönnu merkilegt rit í sinni röð, en ef hennar kenning væri fylgt í verki, þá ættum við enn að hafa þræla, formæla óvinum vorum og grýta þá í hel, er reyna að telja oss á, að tigna annan guð en þann, er ritningin lýsir. Og margt fleira mætti fram telja, til að sýna, hve fjarstætt það er, að ætlast til, að ritningin skuli vera mælisnúran fyrir trú manna, kenning og lifi. Án þessarar trúar, hafa þó hinir hreinhjörtuðustu menn lifað og starfað: Confúsius, Sókrates, Búddha, Markús Árelius. Er sorglegt til þess að vita, að svo mætur maður, sem séra Jón Bjarnason er, skuli halda svo fast við hið úrelta kreddukerfi.

Blaðið Baldur er gott og sjálfstætt blað, þótt litið sé. Freyja batnar með hverju ári, og ættu konur að styrkja hana betur en enn er orðið. Þó vildi ég mælast til, að ritstýran vandaði betur íslenzkuna. Þótt hennar íslenzka sé alt eins góð og hjá mörgum öðrum hér vestan hafs, þá vildi ég, að það væri betra mál hjá henni en öðrum. Því það, sem Freyja flytur, á fyrir sér að geymast.

Þá kem ég að því, sem aðallega kom mér á stað, og það er ritdeilan út af greininni "Kvæði og skáldskapur". Í þeirri ritgerð var réttilega drepið á, hve ákaflega tamt hinum nýju skáldsagna höfundum er, að láta sögur sínar snú ast um hið afar-óviðfeldna umtalsefni: lauslætið og þar af leiðandi hörmungar andlega og líkamlega. Og kveður svo ramt að þessu, að maður varla getur lesið sögurnar ógrátandi. En af því, að maður vill helzt komast hjá því, að gráta og að lifa og kveljast með upphugsuðum ólánsmönnum, þá vill maður helzt ekki lesa slíkt, eftir að maður hefir eitt sinn lesið það. Ég hefi reynslu fyrir mér í því, að hin velkveðnu sorgakvæði Kristjáns skálds hafa kveikt þunglyndi hjá mörgum manni, sem annars hefði minna orðið. Eins hygg ég sé um þessar snjöllu lýsingar á eymd og sálarkvölum ólánsmannanna íslenzku, verði til að draga niður en ekki upp. Vér eigum meira en nóg af sárum hörmum, þótt eigi sé verið að ýfa það og brúka skáldgáfuna til að margfalda það og ýkja.

Ég held Guðda í sögunni af Vitlausu Gunnu sé sjaldgæfur karaktér, og eins aðal-persónan Vitlausa Gunna.

Í Heiðarbýlinu er varla nema tvar eða þrjár ærlegar persónur í heilli sveit. Og þar með eru mannlýsingarnar svo leiðinlegar og ógeðslegar, að öfgum sætir: Þeir slettast áfram með hálf-lokuðum augum og eru bognir og læpulegir, en alt þetta mun eiga að vera til að sýna lesaranum, hve alt sé í samræmi: limaburður, andlit og lundarfar. Þær eru nógu ljósar, — alt er lifandi fyrir lesaranum. Hann sér gömlu Stellu með prjónana ganga heim að Heiðahvammi, með gula andlitið og lævislegu augun, en yfir öllu hvilir skuggi hræsninnar og litilmenskan. Og þó gölfugum manni sé lýst, eins og Agli, þá er alt í kring klaki og fannfergisdrungi. Og kring um hina góðu sál Höllu, sem kvelst af sökn uði og óviðráðanlegum forlögum, er hatur, tilfinningarleysi og hið gamla allstaðar nálæga: slúður og rógur og illgirni. Innan um alt þetta verður maður að svífa, kveljast og reiðast, í öllum þessum nýrri sögum. En ég segi með greinar höfundinum í Hkr.: Það er orðið helzt of mikið af þessu, það er efamál að þetta bæti þjóðina. — Ég skal játa, að eitt sinn hélt ég, að þetta væri hin rétta aðferð til að bæta það, sem aflaga fer, og víst eru þetta þarfar hugvekjur og gott fyrir þjóðina, að sjá sig svona í spegli, en hættan er sú, að margir snúi sér frá og láti spegilinn eiga sig. En um þetta er þarit að ræða með stilling og rökum, en þjóta eigi úti persónulegar skammir og æsingar, eins og þeir hafa gert K. Á. B. og Á. J. Johnson. Þess hátt ar aðferð eyðileggur og niðurlægir, í staðinn fyrir að hefja og fræða. Þarna var byrjað á mentandi umræðuefni, en svo óðara eyðilagt með ofstopa og hroka. — Vér Vestur-Íslendingar hrósum oss af því, að hafa hér aðgang að öllum mögulegum menningarmeðulum og fyrirmyndum í öllum greinum, en hver eru áhrifin? Hvar sýnum vér það í ræðu og riti? Hugsið um það! Þá fyrst er vér lærum að ræða mismunandi skoðanir með rökum og hógværð, sýnum vér menning vora. Það er eins og mjög fáir skilji það enn, að það er ekki nóg að rita eitthvað, það verður að vera fróðleikur og vit í því, sem ritað er.

Vér ættum að vera komnir svo langt að sjá, að þessar persónulegu æsingar og áreitni, er að eins til minkunar þeim er ritar. Í ræðu og riti ættu ekki að sjást annað en röksemdir almenns efnis. Í skáldskap ætti mest að bera á gölfgi, fegurð og von, von um sigur hins góða, sigur sannleikans yfir lýginni. Skáldskapurinn á að vera hvetjandi, lyftandi, laðandi. Og þótt menn ekki fari út í allar öfgar hins rómantiska skáldskapar, þá dylst mér ekki, að oss vantar Gröndal með gáskann og fjörið, innan um reiðarþrumur og brimlöðrandi ljóshaf, og oss vantar Jón Thoroddsen með sinar gölfugu sálir, þótt hann um leið brigði upp skýrum myndum af falsi og hræsni. Hann lét oss hlægja svo hjartanlega á milli þess, er hann með bitru háði sýndi hið illa. Og það hygg ég, þótt Einar Hjörleifsson riti gott mál, að ekki komist hann í hálfkvisti við Jón Thoroddsen í því efni.

Ég veit mér verður bent á, að Stephan G. Stephansson og Þorsteinn Erlingsson hafi þrumur og eldingar á tungu sinni, og Matthias von og birtu, og það er satt. En þeir eru farnir að eldast, og því þarf að æskja þess, að hinir uppvaxandi hneigðist eigi of mjög að hinum dökku hliðum lífsins, heldur reyni að kveikja ljós og líf og von. Og ritstjórarnir hafa hlutverk að inna: að leyfa eigi of miklu af óhroða og þýðingarlausum áreitingum aðgöngu í blöðin.

Jóhannes Sigurðsson.

MAGNAÐUR DRAGUR

hefir tekið sér aðsetur í kirkjuturni nálægt bænum Rugby í Indiana. Flestir bæjarbúar hafa orðið hans varir, og sumir jafnvel séð hann augliti til auglitis. En ekki hefir þeim þótt árennilegt, að kljást við hann, og þeir, sem það hafa reynt, hafa orðið frá að hverfa og sagt sínar farir ekki sléttar.

Þessa magnaða draugs varð fyrst vart 20. febrúar sl. á þann hátt, að menn sáu afarstórt ljós og skært í turni á kirkju einni í útjaðri Rugby bæjar. Margir, sem þetta sáu, reyndu að telja sér og öðrum trú um, að þetta skæra ljós væri tunglskin á blikkþakinu á turninum. En þessi skýring varð ónóg, þegar ljósið sást jafnt þau kveldin, sem ekkert tunglskin var. Þá héldu menn, að þetta væri endurskin af ljósum úr húsum þar í grend, en slík húsljós lýsa ekki upp heila kirkjuturna. Enda höfðu menn aldrei vitað til slíks áður. Nú tóku bæjarbúar til sinna ráða. Hópur af hugprúðustu mönnum bæjarins tóku sig saman um, að rannsaka þetta ítarlega, en konur þeirra aftóku með öllu, að þeir legðu út í þá lífshættu. En samt lögðu tveir feðgar af stað, með nokkra hughrausta fylgdarmenn, út til kirkjunnar, og biðu þar þangað til dimma tók. Sást þá ljósið í turninum eins og fyrri kveldin. Það ýmist kom eða fór eins og það vildi leika feluleik við komumenn. Þeir voru komnir að kirkjudyrunum og ætluðu inn í kirkjuna, en þá kom hvítklædd vofa fyrir kirkjuhornið og réðist beint á mennina. Félst þeim þá hugur og flýði hvor þeirra svo sem fætur leyfðu frá kirkjunni og heim í Rugby bæ. Síðan neita þeir algerlega að endurnýja atlöguna, en hafa leitað á náðir félags þess í New York borg, sem hefir það að starfi, að rannsaka dularfull fyrirbrigði, og beðið það um ráðning þessarar gátu.

LEIÐBEININGAR--SKRÁ
YFIR ÁREIÐANLEGA VERZLUNARMENN Í WINNIPEG

MUSIC OG HLJÓÐFÆRI
CROSS, GOULDING & SKINNER, LTD. 323 Portage Ave. Talsími 4413
MASON & RISCH PIANO CO., LTD. 356 Main Stree Talsími 480 W. Alfred Albert, Íslenzkur umboðsmaður
WHALEY ROYCE & CO. 356 Main St. Phone 263 W. Alfred Albert, báðarþjónn.

BYGGINGA- og ELDIVIÐUR.
J. D. McARTHUR CO., LTD. Byggingar- og Eldiviður í heildsölu og smásölu. Sölust: Princess og Higgins Tals. 5060, 5061, 5062

MYNDASMIÐIR.
G. H. LLEWELLIN, "Medallions" og Myndarammar Starfstofa Horni Park St. og Logan Avenue

SKÓTAU Í HEILDSÖLU.
AMES HOLDEN, LIMITED. Princess & McDermott, Winnipeg.
THOS. RYAN & CO. Allskonar Skótau. 44 Princess St.
THE Wm. A. MARSH CO. WESTERN LTD. Framleiðendur af Finu Skótaui. Talsimi: 3710 88 Princess St. "High Merit" Marsh Skór

RAFMAGNSVÉLAR OG ÁHÖLD
JAMES STUART ELECTRIC CO. 224 Smith St. Talsimar: 341 og 1802 Fullar byrgðir af alskonar vélum.
GOODYEAR ELECTRIC CO. Kellogg's Talsimar og öll þarafandi áhöld talsimi 3023. 56 Albert St.

RAFMAGNS AKKOKÐSMENN
MODERN ELECTRIC CO 412 Portage Ave Talsimi: 5658 Viðgjörð og Vir-lagning — allskonar.

BYGGINGA-EFNI.
JOHN GUNN & SONS Talsimi 1277 266 Jarvis Ave. Höfum bezta Stein, Kalk, Cement, Sand o. fl.
THOMAS BLACK Selur Járnvöru og Bygginga-efni allskonar 76-82 Lombard St. Talsimi 600
THE WINNIPEG SUPPLY CO., LTD. 298 Rietta St. Talsimar: 1966 & 2187 Kalk, Steinn, Cement, Sand og Mól

BYGGINGAMEISTARAR.
J. H. G. RUSSELL Byggingameistari. í Silvester-Willson byggingunni. Tals: 1068
PAUL M. CLEMENS Byggingar Meistari, 445 Maryland St. Skrifst.: Argyle Bldg., Garry st. Talsimi 5997

BRAS- og RUBBER-STIMPLAR
MANITOBA STENCIL & STAMP WORKS 421 Main St. Talsimi 1880 P. O. Box 244. Búum til allskonar Stimpla úr málmi og tógleðri

VÍNSÖLUMENN
GEO. VELIE. Heildsala Vínsali. 195, 197 Portage Ave. E. Smá-sölu talsimi 352. Stór-sölu talsimi 464.

STOCKS & BONDS
W. SANFORD EVANS CO. 326 Nýja Grain Exchange Talsimi 3696

ACCOUNTANTS & AUDITORS
A. A. JACKSON, Accountant and Auditor Skrifst.—28 Merchants Bank. Tals.: 5702

OLÍA, HJÓLÁS-FEITI OG FL.
WINNIPEG OIL COMPANY, LTD. Búa til Stein Oltu, Gasoline og hjólás-áburð Talsimi 1590 611 Ashdown Block

TIMBUR og BULOND
THOS. OYSTAD, 208 Kennedy Bldg Viður í vagnhlössum til notenda, bulönd til sölu

PIPE & BOILER COVERING
GREAT WEST PIPE COVERING CO. 132 Lombard Street.

VÍRGIRÐINGAR.
THE GREAT WEST WIRE FENCE CO., LTD Alskonar virgirðingar fyrir bændur og borgara. 76 Lombard St. Winnipeg.

ELDAVÉLAR O. FL.
McCLARY'S, Winnipeg. Stærsta framleiðendur í Canada af Stóm, Steinvöru [Graniteware] og fl.

ÁLNAVARA Í HEILDSÖLU
R. J. WHITLA & CO., LIMITED 264 McDermott Ave Winnipeg "King of the Road" OVERALLS.

BILLIARD & POOL TABLES.
W. A. CARSON P. O. Box 225 Room 4 1 Molson Banka. Öll nauðsynleg áhöld. Ég gjöri við Pool-borð

NALAR.
JOHN KANTON 203 Hammond Block Talsimi 4670 Sendið strax eftir Verðlista og Sýnishornum.

GASOLINE Vélar og Brunnborar
ONTARIO WIND ENGINE and PUMP CO. LTD 304 Chamber St. Simi: 2588 Vindmillur — Pumpur — ágætar Vélar.

BLÓM OG SÖNGFUGLAR
JAMES BIRCH 142 Notre Dame Ave. Talsimi 2638 BLÓM - allskonar. Sönglar fuglar o. fl.

BANKARAR.GUFUSKIFA AGENTR
ALLOWAY & CHAMPION North End Branch: 651 Main street Vér seljum Avisanir borgunarlegar á Íslandi

LÆKNA OG SPITALAÁHÖLD
CHANDLER & FISHER, LIMITED Læknis og Dýralækna áhöld, og hospitala áhöld 185 Lombard St., Winnipeg, Man.

— Charles William, 37 ára gamall, bað nýlega lögregluna í Chicago, að koma sér til Bridgeville bæjar, svo að hann fengi að deyja þar. Hann kvaðst vera veikur og peningalaus. Maðurinn hafði mist annan fótinn, og gekk áður á tréfæti, en hann kvaðst hafa pantsett fótinn í Winnipeg borg fyrir $5.00, og keypt sér hækjur fyrir 1 dollar, en vín fyrir hina 4 dollarana. En nú kvaðst hann vera svo að fram kominn, að hann mundi bráðlega deyja, og þess vegna væri hann nú til með, að ganga í bindindi.

Þakkarávarp

Hjartans þakklæti mitt vil ég hér með færa öllum þeim, sem á einn eða annan hátt hafa liðsint mér í minum löngu veikindum. — Peninga hafa gefið mér: Kvenfél. Tjaldbúðarsafn. $12, Kvenfélagið "Gleym mér ei" $32, safnað af Miss E. Thorlacius $30, safnað og gefið af Mrs. S. B. Brynjólfsson $25, G. Bergman $10, Djáknanefnd Tjaldbúðarsafn. $5, Mrs. Benson $7, Mr. B. Danielsson $3, Miss G. Sigurðsson $2, Mrs. Astr. Johnson $2, Miss Þ. Anderson $2.50, Miss Þ. Ólafsson $1, Mr. H. Johns $1, Miss Ingibj. Jóhannesson $1, Miss Anna Goodman $1. Ennfremur hafa þau hjónin Mr. og Mrs. Halldór Sigurðsson og Mr. og Mrs. Ö. Bildfell reynst mér mjög vel, ég dvaldi langan tíma á heimilum þeirra. Dr. Brandson hefir og hjálpað mér mjög svo vel, og gefið mér nálega öll þau laun, sem honum bar sem lækni minum. Öllu þessu velgerðafólki mínu bið ég guð að launa, þá þeim liggur mest á.

Winnipeg, í marz 1909.

Sveinólina Gislason.

* * *

Velgerðafólki systur minnar í hennar erfiðu kringumstæðum, færi ég einnig mitt hjartans þakklæti.

Elizabet Gislason.

KENNARA

sem hefir 2. kennarastig, vantar að Westside skóla No. 1244, kenslu tímabil 8 mánuðir, byrjar 1. april. Tilboðum, sem tilgreini mentastig og kaup, sem óskað er eftir, verður veitt móttaka af undirskrifuðum til 20. marz næstk.

TH. SIGURDSON,
18-3 Leslie, Sask.

Woodbine Hotel
Stærsta Billiard Hall Norðvesturlandinu
Tíu Pool-borð.—Alskonar vín og vindlar
Lennon & Hebb,
Eigendur.

Til kaupenda Heimskringlu.

Þessir menn hafa tekið að sér umboðsstöðu fyrir Heimskringlu. Þeir taka á móti nýjum áskriftum að blaðinu, og veita móttöku andvirði þess frá kaupendum í þeirra bygðarlögum.

KRISTMUNDUR SÆMUNDSSON, að Gimli, fyrir Gimli og Nes P.O.

SIGURÐUR SIGURÐSSON, að Husawick, fyrir Husawick og Winnipeg Beach P. O.

RÖGNVALDUR S. VIDAL, að Hnausa, fyrir Hnausa, Geysir, Árdal og Framnes P.O.

FINNBOGI FINNBOGASON, að Arnes, fyrir Arnes P.O.

JÓN SIGVALDASON, að Icelandic River, fyrir þá bygð.

BJARNI STEFÁNSSON, að Hecla, fyrir Mikley.

G. ELÍAS GUDMUNDSSON, að Bertdale, Sask., fyrir það bygðarlag.

JÓNAS J. HUNFJÖRÐ, Markerville, Alta., fyrir Alberta bygðina.

Kaupendur eru beðnir að beina borgunum sinum til þessara ofangreindu manna.

Fleiri verða auglýstir síðar.

KENNARA

vantar fyrir Diana S. D. No. 1355 (Manitoba), frá 1. april næstk., eða að minsta kosti á tímabilinu til 1. mai, í 8 mánuði. Umsækjendur þurfa að hafa 2. eða 3. stigs kennaraskóla vottorð (Professional Certificate), og eru beðnir að greina frá æfingu sem kennari, og hvaða kaupi óskað er eftir. Sá umsækjandi, er ekki hefir stundað kennaraskólanám, sendi meðmæli frá tveimur (2) málsmetandi persónum, svo umsóknin verði tekin til greina.

MAGNUS TAIT,
Sec.Treas. Diana S. D.
P.O. Box 145, Antler, Sask.

James Flett & Co.
PLUMBERS
Leiða Gas- Vatns- og Hitapípur í hús yðar, fyrir sanngj. borgun. Verk vandað, fljótlega gert og ábyrgst.
572 Notre Dame Avenue
Telephone nr. okkar er 3380 eða 8539.

Fréttir úr bænum.

Þeir herrar Tobias Finnbogason frá Selkirk og Aleck Frederickson frá Daysville, Sask., voru hér á ferð í sl. viku. Þeir stunduðu báðir fiskiveiði við Turtle vatn í Saskatchewan á síðasta vetri, 60 mílur norðvestur af Battleford. Þessir menn hafa báðir tekið sér heimilisréttarlönd 10 mílur vegar suður frá vatninu. Íslendingar hafa þegar tekið sér 17 heimilisréttarlönd þar vestra, og segja þau vera efalaust eins góð og nokkur önnur lönd í öllu Vestur Canada veldi, og landslagið fagurt að sama skapi: smáhálsar, lágir og nær 4 milna breiðir, og grunnir dalir á milli. Eftir dölunum renna lækir, sem gefa gott og nægilegt vatn fyrir gripi og heimilisþarfir. Brunnar eru þar grafnir frá 8 til 12 fet, og fæst þá gnægð af bezta vatni. Annars eru lönd þar fremur þur og ágæt til akuryrkju. Skógur er yfirleitt lítill, en þó nægur til eldiviðar, og mörg lönd algerlega skóglaus, svo að það má plægja þau tafarlaust hornanna á milli. C.P.R. félagið á aðra hvora Section á öllu þessu svæði, og seljast þau lönd nú fyrir 12 dali ekran og þar yfir. — Þeir félagar telja engan efa á, að land þar tvöfaldist í verði innan fárra ára. Járnbraut er væntanleg um hérað þetta nú á komandi sumri, og verður þá góður markaður sem næst við hvers manns dyr. — Nokkuð er enn þá ótekið af ágætum heimilisréttarlöndum í þessu héraði, og ættu Íslendingar að reyna að ná í þau sem allra fyrst. — Svo má heita, að þar megi fá næga atvinnu sumar og vetur, og fer hún alt af sívaxandi eftir því, sem landið byggist. — Herra Finnbogason kveðst fús að gefa ítarleg landnáms og nokkurn veginn nákvæmar upplýsingar hverjum, sem æski þess, og hið sama býðst herra Frederickson til að gera, ef menn skrifa honum til Daysville, Sask. Hann hefir verið þar árlangt, og er landinu vel kunnugur. — Hér er að ræða um "landsmál", sem Íslendingar ættu að íhuga.

Ungbarn fraus á höndum hér í bæ á þriðjudaginn í síðustu viku. Þá var frost við zeró mark. Móðir barnsins hafði það í kerru, sem hún skildi eftir utan við búðardyr Eaton félagsins, meðan hún fór inn í búðina. En þar var hún 2½ klukkustund án þess að hugsa um barnið í kerrunni. Þegar hún loksins kom út, þá var barnið nær dauða en lifi af kulda, og frosið eins og að framan er sagt. — Slíkar mæður þurfa að fá minnisstæða lexíu frá laganna hendi, og börnin að vera tekin úr umsjá þeirra. — Dýraverndunarfélag þessa bæjar hefir tekið að sér að íhuga þetta tilfelli og að koma á veg fyrir ef unt er, að slíkt geti aftur komið fyrir hér í bænum.

Herra S. J. Hliðdal, frá Árdal, Man., var hér í bæ í sl. viku. — Hann segir, að C.P.R. félagið hafi nýlega keypt land þar nyrðra fyrir vagnstöð, og að nú sé trygging fyrir, að brautin komi þangað norður á næsta sumri. Félagið keypti 160 ekra land Mrs. Ólafsonar og 20 ekrur af S. G. Guðmundssyni, póstmeistara í Árdal. Félagið kvað ætla að byggja vagnstöð sína norðan við Fljótið, á landi því er það keypti af Mrs. Ragnheiði Ólafsson. — Frá Geysirbygð kom og herra Tómas Björnsson, með veikan hálfbróður sinn, herra Jón Th. Jónsson, bónda þar í bygðinni. — Búist er við, að hann verði að ganga undir uppskurð hér á spitalanum. Samtímis kom og hingað Guðrún, kona Kristjáns Bessasonar, bónda í Geysir bygð, til uppskurðar.

Herra Hallur Ó Hallsson, frá Narrows P.O., kom til bæjarins um síðustu helgi í landtöku og verzlunar erindum. Hann segir lönd útmæld og opnuð til heimilistöku fyrir norðan Narrows, og byggur hann að taka þar land og reisa á því timburhús nú strax í vor. Lönd eru sögð þar góð. Hin fyrirhugaða járnbraut á að liggja þar um héraðið. Tveir menn voru nýlega á ferðinni þar nyrðra, að velja 30 sectionir, og sögðust koma með 16 fjölskyldur í apríl, og setja þær þar niður. Þeir sögðust hafa fyrirhugað að plægja 300 ekrur þar á komandi sumri, og láta hið bezta yfir landkostum þar nyrðra.

Nokkur blöð af "Lögréttu" nýkomin segja meðal annars þessar fréttir: — Ásgrímur Magnússon, bóndi í Geldingaholti í Skagafjarðarsýslu, gaf Seiluhreppi í haust sem leið eitt þúsund krónur, með þeim skilmála, að þær skuli vera á vöxtum í Sölnunarsjóði, þar til þær séu orðnar ein milíón krónur, en þá á að verja vöxtunum til búnaðar framfara í hreppnum. — Stúlka varð úti á Laugarbóli í Ögurhreppi, í miðjum janúar. Hún hét Jakobína Jónsdóttir. Hún viltist á leið úr fjósi, sem var um 40 faðma veg frá bæjarvegg. — Ágæt aflabrögð í Vestmannaeyjum. Mótorbátar voru í byrjun febrúar búnir að fá 3 þúsund fiska, þeir, er bezt öfluðu. Góður afli einnig á Ísafirði. — Enskan botnvörpung rak upp á kletta austan við Reykjavikurhöfn 27. jan. sl. Steinarnir standa gegn um skipsbotninn.

Þeir Björn Guttormsson og Sigurjón Sveinsson, Húsavíkur P.O., voru hér á ferð næstliðna daga. — Þeir eru fiskimenn, og hafa stundað fiskiveiðar syðst í Winnipegvatni, við Rauðárósana, síðastliðin 4 til 6 ár. Í vetur hafa þeir aflað vel (geddu, aborra og styrju), og eru ekki hættir enn þá. Í seinni tíð hefir styrjuveiðin látið þeim. Þær vega frá 30 til 80 pund, og er söluverð 13c pd., en 88c er verð á styrjuhrognunum. Menn þessir eru ötulir fiskimenn og sækja veiðiskap fast.

Næsti fundur Menningarfélagsins verður haldinn í Únitara kirkjunni miðvikudagskveldið 24. þ. m. — Á þeim fundi flytur herra Hannes Pétursson fyrirlestur um "PRACTICAL EDUCATION. — Allir velkomnir. — Fyrirlesturinn verður á íslenzku.

Í síðustu viku vár hér á ferð hr. Gísli Sigmundsson, Geysir P.O., Nýja Íslandi, sonar sonur Gunnars heitins Gíslasonar, hins alþekta fræðimanns. Hr. Gísli var hér í þeim erindum, að kaupa hesta af Simpson hestakaupmanni. Hafði loforð fyrir 8 hestum, en þótti þeir ekki eins vænir og honum hafði verið skýrt frá þeim. Gísli hefir áður keypt og selt hesta, og þekkir þá verzlun vel. Hann er ötull og duglegur maður og stundar atvinnu til lands og vatns, og reynist drengur góður í hvívetna, að sögn þeirra, sem þekkja hann bezt.

Í síðustu viku var herra Brandur Johnson, Pembina, N. Dakota, staddur hér í bænum. Hann kvað C.N.R. félagið vera að mæla út brúarstæði yfir Pembina ána þessa dagana, og horfur næsta sumar í þeim bæ allgóðar.

Nýlega brann íbúðarhús herra Finns Finnssonar málara í Geysirbygð. Sjálfur var hann ekki heima en skógarhöggsmenn héldu þar til. Hús og munir eitthvað vátrygt.

Herra Finnbogi Finnbogason, úr Árnesbygð, sem var hér á þorrablótinu, og fór þá suður til Norður Dakota í kynnisför til kunningja sinna þar syðra, kom hingað til bæjarins að sunnan í síðustu viku. Hann kvaðst hafa unað hag sínum vel þar syðra. Viðtökurnar hefðu verið ágætar, — allir hefðu tekið sér sem bezta bróður. Hann bað Heimskringlu að bera Dakota búum beztu kveðju og innilegustu þakkir fyrir gestrisnina.

Þeir herrar B. Byron og Matthías Þórðarson, frá Selkirk, voru hér á ferð í sl. viku. Þeir vörðust allra frétta.

ÍSLANDS Myndasýning.

Friðrik Sveinsson málari verður í Argyle bygð með ÍSLANDSMYNDA SÝNINGU á þessum stöðum og dögum:

GLENBORO, 22 marz.
ARGYLE HALL, 23. marz.
BRÚ, 24. marz.
BALDUR, 25. marz.

Auk íslenzku myndanna verða margar aðrar sýndar af merkum stöðum viðsvegar um heim.

Gert ráð fyrir dansi á eftir.
Inngangseyrir 25c. Börn 15c.

N.B.— Þeir sem sóktu samkomu Fr. Sv. og Ó. Eggertss. 8. febrúar í Glenboro hafa þar frían aðgang. —

Tombola
Kaffi og Skemtanir

Good Templar Stúkan Skuld heldur Tombólu í efri sal G. T. hússins, I KVELD, miðvikudag 17. Marz, kl 8., — til arðs fyrir byggingarsjóðinn. Til Tombólunnar verður vandað svo sem bezt má verða. Að vísu verða "drættirnir" ekki mjög margir, en eins og æfinlega, jafngóðir og vandir. Ennfremur verður framborið gott kaffi til hressingar, og að endingu ÝMSAR SKEMTANIR. —

Aðgangur 25c Byrjar kl. 8.

Brúkaður Fatnaður

MESTA ÚRVAL ÆTÍÐ Á REIÐUM HÖNDUM. KOMIÐ VIÐ HJÁ OSS OG SKOÐIÐ FÖTIN.

THE OXFORD

Brúkaðrafata fél.
Phone 6162.
532 NOTRE DAME AV.
Vér kaupum og seljum föt.

Stefán Johnson
Horni Sargent Ave. og Downing St.
HEFIR ÁVALT TIL SÖLU
Nýjar Áfir
Bestu í bænum. Ágætar til bökunar. 15c gallon

BŒNDUR



Bændur sem langa til að fá sér reglulega góða og ódýra SKILVINDU, ættu sem fyrst að sjá eða skrifa umboðsmanni SHARPLES SKILVINDU Félagsins, (hins nafnfræga) G. S. GUÐMUNDSSYNI, FRAMNES, MAN., sem gefa mun allar þær upplýsingar er menn biðja um, því viðvíkjandi. —

Í einu orði er það sagt, að þessar vélar eru nafnkunnar fyrir að vera þær vönduðustu, ódýrustu, einföldustu og að öllu leyti þær þægilegustu skilvindur sem fáanlegar eru á Canadiska-markaðinum þann dag í dag. —

Meðfylgjandi skýrsla sýnir samkeppni-prófin, (contest), 1901 milli 3. félaga móti Sharples: —

LOSS IN SKIM MILK.

Sharple's Tubular 5/100

Alpha DeLaval	The Combine of Three	17½/100
United States		12½/100
Empire		45/100

Undirskrifað af dómendum:
Robert Crickmone, Creamery Manager
A. W. Trow, Pres. Minn. Dairymens Ass'n.
E. J. Henry, Babcock Tester Expert

Fréttir nær og fjær.

VÍKINGAR unnu silfurbikarinn í Hockey kappleiknum móti I. A. C. í Winnipeg skautaskálanum á fimtudagskveldið var.

William Jennings Bryan, hinn alkunni mælskumaður Bandaríkjanna, er ráðinn til að flytja tvo fyrirlestra í Central Congregational kirkjunni þann 4. og 5. maí nk. — Má þá búast við góðum ræðum, góðri aðsókn og góðu aðgöngugjaldi.

C.P.R. félagið er nú þegar búið að gera þær umbætur á braut sinni og flutningstækjum, að það vonar að geta bráðlega látið lestir sínar renna frá Atlantshafi til Kyrrahafs á 72 klukkustundum, eða sem næst með 40 milna hraða á klukku stund.

Allar byggingar og sýningartæki í "Happyland" var í síðustu viku selt fyrir 50 þúsund dali. Hinir nýju eigendur ætla að umbæta alt sýningar og skemtisviðið og starfrækja það hér á komandi sumri.

Þeir herrar Lindal Hallgrímsson og Ormur Sigurðsson hér í borg hafa myndað félagsskap og taka nú að sér alls konar múrsteins og vegglims-lagningu (Bricklaying and Plastering). Skrifstofa þeirra er að 548 Agnes St. Talsími 6961.

LEIÐRÉTTING. — Misritast hefir í útdrætti úr fyrirlestri hr. P. M. Clemens "Um frið": "Trúin á, að guð stjórni heiminum, gerir menn ófrjálsa", — á að vera: — Trúin sú, að sumir menn séu af guðs náð útvaldir til þess að stjórna öðrum mönnum, gerir menn ófrjálsa.

Ein af fræðibókum Cycle Hatcher Company í New York riki, sem nýlega er útkomin, getur þess að þar í ríkinu hafi nýlega verið selt 5 hænsungar, 4 hænur og 1 hani fyrir 7½ þúsund dali. Ennfremur, að boðið hafi verið 50 þús. dalir í eina hænu þar í ríkinu, og því boði neitað. Aðalverðlagið segir félagið ekki liggja í öðrum yfirburðagæðum fugla þessara en því, að geta framleitt hana af "Orphington" kyni, sem séu snjóhvítir að lit og haldi þeim lit óbreyttum eftir að þeir séu ársgamlir. Félagið lét unga út þúsund fuglum af þessari tegund sl. ár, og fékk einungis einn hana, er fullnægði þessum litarskilyrðum, það er því skiljanlegt, að það er fágæti fuglanna og kostnaðurinn við framleiðslu þeirra, sem skapar verðið. — Félagið getur þess í þessari nýju bók, að það hafi nokkura hana, sem séu þúsund dollara virði hver.

Ársfundur Stúdentafél.

verður haldinn í fundarsal félagsins næstkomandi laugardagskveld kl. 8. Áríðandi, að allir meðlimir mæti og taki þátt í kosningu embættismanna fyrir næsta ár.

Ræða Guðmundar Björnssonar landlæknis á 25 ára afmæli Góðtemplar reglunnar á Íslandi, sem prentuð er í þessu blaði, er tekin upp eftir Lögréttu dags. 13. jan.

McKenzie's UTSŒÐI.

FRÆIN SEM BERA NAFN MEÐ RENTU. — ÞRUNGIN AF FYLSTA FRJÓMAGNI — VANDAÐ ÚRVAL. — BEZT FYRIR VESTURLANDIÐ —

Þegar vandlátustu og langflestu fræ kaupendur þessa góða Vesturlands heimta einhuga

McKenzie's Hreinu Fræ

Þá hafið þér vissu fyrir að verðleiki og gæði aðeins, gætu áunnið svo einróma meðmæli.

Skrifið oss eftir stórri bók um allskonar Fræ til að rækta garðsvexti, blóm, korn og gras.

ALLAR ÆTTI VERZLANIR SELJA VORFRÆ. EF ÞAÐ EI ÆTI EKKI HJÁ KAUPMANNI YÐAR ÁTTU AÐ SKRIFIÐ OSS

INSIST ON McKENZIE'S — TAKE NO OTHER

A. E. McKENZIE Co. Ltd.
BRANDON, MAN. CALGARY, ALTA.
WESTERN CANADA'S GREATEST SEED HOUSE

ALLIR ÞEIR, sem ætla að ferðast til Íslands, ættu að hafa tal af mér. Ég sel ódýrari farbréf, og betri þægindi en aðrir geta gert. Skilti peningum fyrir hæsta verð, (í krónum), og sem útbo gaulegt er í öllum fjórðungum Íslands. —

A. J. JOHNSON,
P.O.Box 3083. 460 Victor St

"Skomager, Bliv ved Din Læst."

Ég er byrjaður á minni gömlu handiðn, og væri mér einkar kært, að sjá sem flesta af minum íslenzku skiftavinum frá fyrri tíð, og marga fleiri, þegar þér þarfnist aðgerða á skóm. Skal yður óhætt að treysta á eins gott verk og útlits laglegt, sem framast er mögulegt, og enn betra en áður, því áhöld hefi ég nú öll ný og betri enn þá. Set á "Rubber"-hæla af beztu tegund. Byrgðir af reimum og skósvertu.

Virðingarfýlst,
JÓN KETILSSON,
623 Sargent Avenue,
3t,e.o.w. N.W.Cor. Maryland St.

Sendið Heimskringlu til vina yðar á Íslandi

JOHN ERZINGER
TÓBAKS-KAUPMAÐUR.
Erzinger's skorið reyktóbak $1.00 pundið
Hér fást allar neftóbaks-tegundir. Óska eftir bréflegum pöntunum.
McINTYRE BLK., Main St., Winnipeg
Heildsala og smá-sala.

S. F. Ólafsson
619 Agnes St. selur Tamarac fyrir $5.50 og $5.75 gegn borgun út í hönd.
Telephone: 7812

Arena Rink
Skautaskemtun á hverju kveldi. Ágætt Music.
JAMES BELL, eigandi.

F. Deluca
Verzlar með matvöru, aldini, smá-kökur, allskonar sætindi, mjólk og rjóma, sönnul. tóbak og vindla. Óskar viðskifta Íslend. Heitt kaffi eða te á öllum tímum. Fón 7756
Tvær búðir:
587 Notre Dame og 714 Maryland St.

BILDFELL & PAULSON
Union Bank 5th Floor, No. 520
selja hús og lóðir og annast þar að lútandi störf; útvegar peningalán o. fl.
Tel.: 2685

J. L. M. THOMSON, M.A., L.L.B.
LÖGFRÆÐINGUR. 285½ Portage Ave.

ARNI ANDERSON Íslenzkur lögmaður
Í félagi með
Hudson, Howell, Ormond & Marlatt
Barristers, Solicitors, etc.
Winnipeg, Man.
13-18 Merchants Bank Bldg. Phone 3621, 3622

BONNAR, HARTLEY & MANAHAN
Lögfræðingar og Landskjala Semjarar
Suite 7, Nanton Block, Winnipeg

Hubbard, Hannesson and Ross
LÖGFRÆÐINGAR
10 Bank of Hamilton Chambers
Tel. 378 Winnipeg

A. S. BARDAL
Selur líkkistur og annast um útfarir. Allur útbúnaður sá bezti. Enfremur selur hann alskonar minnisvarða og legsteina.
121 Nena St. Phone 306

Íslenzkur Tannsmiður,
Tennur festar í með Plötum eða Plötulausar. Og tennur eru dregnar sársaukalaust með Dr. Mordens sársaukalausu aðferð
Dr. W. Clarence — Tannlæknir.
Sigurður Davíðson — Tannsmiður.
620½ Main St.
Phone 470 Horni Logan Ave.

Nýji Vor-fatnaðurinn þinn.

EF HANN KEMUR FRÁ CLEMENT'S — ÞÁ ER HANN RÉTTUR

Réttur að efni, réttur í sniði réttur í áferð og réttur í verði.

Vér höfum miklar byrgðir af fegurstu og beztu fataefnum. —

Geo. Clements & Son
Stofnað árið 1874
264 Portage Ave. Rétt hjá FreePress

Th. JOHNSON
JEWELER
286 Main St. Talsími: 6606

Stefán Guttormsson,
Mælingamaður
663 AGNES STREET. WINNIPEG.

Dr. G. J. Gislason,
Physician and Surgeon
Wellington Blk. - Grand Forks, N. Dak
Sérstakt athygli veitt AUGNA, EYRNA, KVERKA og NEFSJÚKDÓMUM.

Drs. Ekern & Marsden,
Sérfræðislæknar í Eftirfylgjandi greinum: Augnasjúkdómum, Eyrnasjúkdómum, Nasasjúkdómum og Kverkasjúkdómum.
Í Platky Byggingunni í Bænum
Grand Forks, N. Dak.

Eldiviður
Þurt Tamarak $5.50 KORÐIÐ.
Vér óskum að þér reynið 1 korð.
J. G. Hargrave & Co.
334 MAIN ST.
Phones: — 431 — 432 og 2431

Boyd's Brauð.
Góð stór brauð af beztutegund. Það gefur yður meira næringarefni fyrir minni peninga heldur en þér fáið í nokkuru öðru bakarí í borginni. Seljum brauðið á 5c. Flytjum það daglega heim til yðar með minni kostnaði og betri brauð en þér búið til heima.
Boyd's
Bakery Cor. Spence & Portage Ave
Phone 1030.

KOL OG VIDUR
Þur, beinharður eldiviður, — Poplar, Pine, og Tamarac með mjög sanngjörnu verði. — Nú sem stendur verið að afferma mörg vagnhlöss af BEZTA DAUPHIN TAMARAC. —
McElroy Bros.
Cor. Sherbrooke & Ellice
PHONE: 6612

W. R. FOWLER A. PIERCY.

Royal Optical Co.
327 Portage Ave. Talsími 7286.
Allar nútíðar aðferðir eru notaðar við augn skoðun hjá þeim, þar með hin nýja aðferð, Skugga-skoðun, sem gjöreyðir öllum ágiskunum. —

Laing Brothers
3 Búðir:
234-6-8 KING ST. Talsími 4426, 5890, 5891
417 McMILLAN AVENUE Talsími 5598
847 MAIN ST. — Tals: 3016

Hafrar, Hey, Strá,
COUNTRY SHORTS, BRAN, CORN, CORN CHOP, BYGG CHOP, HVEITI CHOP, OG GARÐAVEXTIR.
Vér höfum bezta úrval gripafóðurs í þessari borg; fljót afhending

LAND

Vér höfum nýlega fengið til sölu yfir 30 Section-fjórðunga, liggjandi að Oaklands braut C. N. R. félagsins. Verðið er frá $7.00 til $12.00 hver ekra. Ekkert af löndum þessum eru meir en 5 mílur frá járnbrautinni.

Skuli Hansson & Co.
Skrifst. Telefón 6476. Heimilis Telefón 2274

Heimskringla.

Alt landið

er áhyggst að vera jarðyrkju land af bestu tegund, og fæst keypt með vægum afborgunar skilmálum. (N.B.—Lesið fyrripart þessarar augl. vinstramegin við Hkr. nafn.)

Frekari upplýsingar veita
Skuli Hansson & Co.
56 Tribune Building. Winnipeg.

XXIII. ÁR. WINNIPEG, MANITOBA, FIMTUDAGINN, 25. MARZ, 1909 NR. 26

Fregnsafn.

Markverðustu viðburðir hvaðanæfa.

— Ritsíma þjónar í Parísarborg gerðu verkfall laugardaginn 13. þ. m. Bæði ritsímar og talsímar þar í landi eru þjóðeign. Stjórnin var skjót til ráða: Hún setti tafarlaust hermenn til að vernda hverja ritsímastöð, og gerði svo verkamönnum þann kost, að halda áfram starfi sínu skilmálalaust eða að þeir yrðu tafarlaust sviftir atvinnu, og fengju ekki framar vinnu við það starf á Frakklandi. Allir þjónarnir byrjuðu að vinna aftur, nema 40, sem tafarlaust voru svift ir atvinnu.

— Count Zeppelin reyndi flugvél sína hina nýju þann 11. þ.m. Þá flaug hann yfir Constance vatn á þúsund metra hæð, og svo segja blöðin, að hann hafi gert betra flug, en nokkur annar maður hafi áður gert.

— Þýzkalands keisari hefir gefið út þá keisaralegu skipun til herforingja sinna þar í landi, að þeir megi ekki reykja vindla eða vindlinga í samsætum þar sem konur eru til staðar, ekki í heimahúsum, við hirðina, á gistihúsum eða mat söluhúsum eða fundahúsum. Ekki heldur má nokkur reykja í göngunum í keisaralegu höllinni, eða í garðinum umhverfis höllina. Þessi skipun snertir herforingja bæði í land- og sjóhernum. Bann þetta er konum hið mesta fagnaðarefni.

— Taft forseti sendi fyrsta boðskap sinn til þingsins í Washington þann 17. þ.m. Skjal það er óvanalega fáort. Aðalinnihald þess er þess efnis, að nauðsynlegt sé, að breyta toll-löggjöf Bandaríkjanna, svo hún svari betur þörfum landsins, enn nú á sér stað. Forsetinn segir nauðsynlegar breytingar á ýmsum innflutningstollum. Þeir séu of lágir undir Dingley-lögunum, og að tollinntektir og aðrar inntektir Bandaríkjanna nægi ekki til, að mæta útgjöldum landsins. Það er því nauðsynlegt, að þetta aukaþing íhugi tollmálið rækilega, og geri þær umbætur á toll-löggjöfinni, sem nauðsynlegar séu til þess að auka inntektir landssjóðs. — Samkvæmt þessu erindi forsetans verða verndartollar Bandaríkjanna að líkindum hækkaðir að miklum mun frá því, sem nú er.

— Rússneska stjórnin hefir gert stórblaðið "Russ" í Pétursborg upptækt, fyrir það, að blaðið nýlega flutti ritgerð eftir Tolstoy um "Kristindóminn og dauðahegninguna". Stjórninni þótti ritgerðin svo andvíg hinni einu sönnu kirkju þar í landi, að hún tók fyrir alla útgáfu blaðsins, og lagði undir eign ríkisins öll prentáhöldin.

— Við borgarstjórnar kosningar í Kaupmannahöfn voru 7 konur kosnar í bæjarstjórnina þar, af 42 bæjarráðsmönnum alls. Út til sveita voru 7 konur af hverjum 100 fulltrúum kosnar í sveita og smábæja stjórnir.

— Ópium nautn er eitt af þeim málum, sem brezka stjórnin hefir látið íhuga af þar til settri nefnd í þinginu. Nefndin hefir lokið starfi þessu og gefið út skýrslu um þá niðurstöðu, sem hún hefir komist að. Aðalstarf nefndarinnar var að íhuga opium nautn Suður-Afríkumanna, og í því sambandi leitaði hún frétta af mörgum læknum, og þeim öðrum, sem hafa kynt sér afleiðingar þessa lýs. Nefndin segir meðal annars í skýrslu sinni: — "Að undanskildum þeim læknum, sem eru stranglega andstæðir allri ópium nautn, þá er það alment álit læknastéttarinnar, að hófleg ópium-nautn sé að mestu leyti óskaðleg. Flest þau tilfelli, sem hafa illar afleiðingar, orsakast af ofnautn lýsins, þegar menn reykja það með sömu áfergju og alræmdir drykkjurútar svelgja í sig áfeng vín. — Nefndin sýnir fram á, að þeir námamenn þar í landi, sem reykja ópium í hófi, vinni jafnlanga tíma og afkasti eins miklu verki, eins og hinir, sem ekki neyta lýsins, þess vegna kemst nefndin að þeirri niðurstöðu að nautn ópium sé í eðli sínu svo skaðlaus, að ekki sé ástæða fyrir löggjafarvaldið, að gera neitt til þess, að stemma henni stigu. — Mjög er það álitið tvísýnt, að niðurstaða þessarar nefndar sé rétt, og svo mikið er víst, að Kínastjórn, sem allra stjórna ætti að vera kunnugast um skaðsemi þessa lýs, hefir þegar gert strangar lagalegar ákvarðanir til þess, að útrýma úr ríki sínu allri ópium nautn, innan 9 ára frá síðastliðnu nýári að telja.

— Blaðið "London Leader" getur þess, að síðan aðskilnaður ríkis og kirkju var lögleiddur á Frakklandi, sé það ekki lengur nauðsynlegt, að prestar skíri ungbörn, heldur geti nú verslega valdið gert það. Fyrsta barnaskírn, sem þannig fór fram, var gerð í Ivryborg, úthverfi við Paris. Borgarstjórinn skírði þar í borgarráðhúsinu. — Borgarstjórinn, sem er Sósialisti, hafði fyrir nokkrum tíma auglýst, að hann ætlaði að hafa opinberar ungbarnaskírnar samkomur í borg arráðhúsinu á hverjum sunnudegi. Fyrsta daginn eftir að auglýsing þessi var gerð, komu 12 mæður með börn sín til skírnar, og svara menn voru með þeim öllum. Skírn in fór vel fram. Ekki er þess getið, að borgarstjórinn hafi ausið börnin vatni eða á nokkurn annan hátt bleytt í þeim, en hann lét skírnarvottana lofa því hátíðlega, að ganga börnunum í foreldra stað, ef þess þyrfti við, og að ala þau upp eins vel og undir sömu trúar og siðgæðis skilyrðum, sem þeir mundu gera við sín eigin börn. Að svo mæltu lét hann taka samskot, og gaf hverju barni bankabók með 5 frankum innleggi, og skyldi sú upphæð vera á vöxtum þangað til þau næðu myndugs aldri. — Þetta sáu þeir, sem viðstaddir voru, að var þverófug aðferð við það, sem prestarnir höfðu haft. Þeir tóku gjald fyrir að skíra en gáfu börnunum ekkert. Þessi borgarstjóri skírði börnin endurgjaldslaust, og sá um, að hvert þeirra fengi peningafúlgu til að ávaxtast til myndugsaldurs barnanna.

— Ottawa stjórnin hefir ákveðið að endurbyggja brúna miklu yfir St. Lawrence ána hjá Quebecborg. En ekki verður það efni notað í þessa nýju brú, eða nokkuð af því, sem gekk til þeirrar brúar, er féll í ána fyrir tveimur árum. Verkfræðingar segja það til einskis nýtt. Stjórnin hefir veitt 150 þúsundir dollara til undirbúnings þessa mikla mannvirkis, — til þess að gera uppdrætti og útreikninga. Þrir verkfærðingar hafa verið fengnir til að hafa starf þetta með höndum. Það eru þeir Vantelet í Montreal, Fitzmaurice í Lundúnum á Englandi og Mojeska í Chicago. Hver þeirra fær eitt þúsund dali á mánuði í laun, án þess að vera skyldir til að verja öllum tíma sínum við starfið. Stjórnin býst við, að uppdrættirnir verði fullgerðir á næsta hausti. — Þess var og getið í þinginu, að þessir menn hefðu algerlega óbundnar hendur, til þess að ráða sér alla þá hjálp, sem þeir þyrftu, og að þeir hefðu nú þegar fengið sér 16 hjálparmenn, sem hver um sig hefði $500.00 í laun um mánuðinn. Ráðgjafinn kvaðst hafa valið þessa þrjá menn, sem þá beztu mannvirkjafræðinga, sem völ væri á í öllum heimi, og að þeir hefðu alla umsjón á verkinu, án nokkurra afskifta deildarinnar, og með þeim skilmálum, sem þeir sjálfir settu. Eftir að öllum undirbúningi væri lokið, yrðu laun þessara þriggja manna færð niður í $500 á mánuði fyrir hvern þeirra meðan á sjálfu brúarsmíðinu stæði. Brúin á að vera talsvert hærri yfir vatns flöt, heldur en hin fyrri, og aðaleða mið-brúar lengjan 600 fet milli stólpa.

— Ottawa stjórnin auglýsir, að hún hafi ákveðið, að semja við mentamáladeildir allra fylkja í Canada, að láta kenna skólabörnum heræfingar jafnt öðrum líkams æfingum. Líkindi eru til, að öllum piltum, sem komnir eru svo til aldurs, að þeir séu komnir upp í hærri bekki skólanna, verði kent að skjóta af rifflum.

— Fundur var nýlega haldinn í Lundúnum, af félagi því, sem þar stendur fyrir að koma í veg fyrir, að fólk sé jarðsett lifandi. Dr. A. F. Jenking frá Baltimore var á fundinum og hélt þar ræðu. Hann kvaðst hafa frétt, tveimur dögum áður en hann fór frá Bandaríkjunum, að sárt hljóð hefði heyrst úr líkkistu, sem verið var að láta inn í líkbrensluofn. En kistan hafði verið svo sett, að ekki var möguleg, að stöðva ferð hennar inn í ofninn. Annar ræðumaður kvaðst vita af yfir 150 tilfellum, þar sem fólk hefði verið jarðsett lifandi. — Þetta hefði verið sannað með vott orðum lækna. Einnig kvaðst annn vita af öðrum 200 tilfellum, þar sem fólk hefði á sjálfum grafarbakkanum verið frelsað frá lifandi greftrun. Fundurinn skoraði fastlega á stjórnir þjóðanna, að gera ráðstafanir til þess, að slík tilfelli gætu ekki komið fyrir framvegis.

— Torontoborg með 300 þúsund íbúum, var 75 ára gömul þann 6. þ.m., frá því hún fékk bæjarlöggildingu. Þá blöktu fánar á öllum stöngum í borginni.

— Borgarstjórinn í Lundúnum hefir gengist fyrir því með nokkrum öðrum málsmetandi mönnum, að kalla til almenns fundar í ráðhúsi borgarinnar, til þess að hafa saman 250 þúsund dala sjóð, til þess að útbreiða þar í landi þakkingu á hómópata lækningum.

— Dr. Prófl. Krause í Berlín á Þýzkalandi hefir nýlega gert uppskurð á 35 ára gamalli konu, sem er að því leyti markverður, að enginn slíkur hefir áður verið gerður. En það var að opna höfuðskelina á konunni og taka þaðan æxli, sem hafði myndast 3 þuml. inn í heilabúinu. Þetta æxli var á stærð við lítið hænuegg. Svo tókst uppskurður þessi vel, að konan er sögð á góðum batavegi.

— Námaskýrslur Canada sýna, að á síðasta ári hefir 41,655,936 dala virði af málmtegundum verið tekið úr landi í Canada. Og þess utan aðrar náma-afurðir fyrir rúmlega 33½ milión dollara, og einnig ýms byggingaefni, svo sem cement, sandur, steinn og leirtegundir, sem nema stórri verðupphæð. — Alls gáfu námar ríkisins af sér $87,323,849.00. Verð eftirtaldra málma var: —

Silfur	12,000,000
Gull	9,559,274
Kopar	8,500,885
járn	1,664,302
Blý	1,920,487
Nickel	8,231,538

— Kolafélagið í Nova Scotia hefir boðið stálfélaginu að borga því 2½ milión dollara skaðabætur, með þeim skildaga, að samvinna takist með félögunum framvegis, og að samningar þeir, sem áður voru í gildi séu endurnýjaðir þannig, að kolafélagið selji stálfélaginu öll þau kol, sem það þarf að nota um 100 ára tíma. Enn er alls óvíst, hvort stálfélagið gengur að þessu boði, vegna þess að það heimtar miklu hærri skaðabætur, — sem kolafélagið að vísu kveðst viljugt til að borga síðar, eftir samkomulagi, þegar félögin séu búin að jafna með sér öll ágreinings atriði.

— Brezka stjórnin, sem var andvíg því, þegar hún tók við völdum, að auka skattbyrði væri lögð á landsbúa til herútgjalda, hefir nú algerlega breytt um stefnu, og afráðið að smíða 2 öflug herskip á móti hverju einu, sem þjóðverjar láti smíða fyrir sig. Svo er að sjá á fréttum úr öllum Evrópublöðum, að brezka þjóðin hafi snöggleg vaknað til meðvitundar um nauðsyn þess, að efla herflota Breta að miklum mun, og að auka einnig landherinn talsvert frá því sem nú er. Að öðrum kosti geti svo farið, að þjóðverjar verði Bretum yfirsterkari, með því að þeir hafa yfirleitt öflugri skotvopn en Bretar.

— Nýlega lézt á Englandi Burton lávarður. Hann eftirlét 5 miljónir dala virði af eignum. Í erfðaskrá sinni skipaði hann svo fyrir, að hjartað skyldi tekið úr líkama sínum og sérstaklega slegið utan um það, og það svo látið í sömu kistu og líkami sinn. Einnig lagði hann svo fyrir, að mænan í hryggnum skyldi slitin, og skyldi alt þetta gert af æfðum lækni.

— Blaðið Winnipeg Free Press, dags. 22. þ.m., segir hermáladeild Canada hafa fengið tilkynningu um, að vera við öllu búna, því að stríð milli Breta og Þjóðverja sé á næstu grösum. Nýja Sjáland hefir að líkindum fengið sams konar tilkynningu, því að stjórnin þar sendi samdægurs skeyti til Englands um að hún sé við því búin, að borga að fullu fyrir eitt öflugt herskip, — og tvö herskip, ef nauðsyn beri til. — Stjórnmálamenn Breta telja víst, að ekki verði komist hjá ófriði við Þjóðverja, og að það geti komið fyrir á hverri stundu. En enn sem komið er veit alþýða manna enga orsök til slíks ófriðar því það er ekki vitanlegt, að þjóðirnar greini mikillega á um nokkurt mál. — Helzt virðist hugsun sú efst á baugi, að Þjóðverjar virðist ráðnir í því, að reyna afl sitt við Breta, án þess nokkuð annað enn þjóðarmetnaður liggi þar til grundvallar.

— Skipið Muritania fór nýlega yfir Atlantshaf á 4 dögum 18 kl.-stundum, eða að jafnaði 21.61 mílu á klukkustund. Þetta er fljótasta ferð, sem enn hefir farin verið yfir Atlantshaf.

— Frá Afganistan, sem er ein af lendum Breta á Indlandi, kemur sú fregn. að 12 hundruð manna hafi verið handteknir, kærðir um að hafa myndað samsæri til að ráða af dögum æðsta stjórnarhöfðingja þar og alla ættmenn hans. Fyrir þetta tiltæki kvað samsærismönnum vera hegnt þannig, að heilum hópum þeirra er troðið inn í fallbyssuhlaup og fallbyssunni svo hleypt af. Um afdrif þessara manna þarf ekki að tala.

— Almennar fylkiskosningar fóru fram í Alberta á mánudaginn var, og vann "Liberal" stjórnin með svo miklum meiri hluta, að hún er algerlega einráð þar vestra. Hún hefir 34 fylgismenn í þinginu, en Conservativar að eins 3.

— Koparbræðslu stofnunin í British Columbia hættir starfi í lok þessa mánaðar, og missa 400 manns atvinnu við það. Ástæðan er, að framboð kopars er meira en eftirspurnin, og söluverð málmsins því lækkað svo mjög, að framleiðslan borgar sig ekki. Engin líkindi eru til þess, að bræðslustofnun þessi taki bráðlega til starís aftur.

— Átta ára gömlum pilti var fyrir nokkru stolið af skóla einum í Cleveland í Ohio. Þjófarnir heimtuðu 10 þúsund dali fyrir að skila barninu aftur heim til föðurhúsa. Féð var borgað og piltinum skilað. — Mælt er, að þar í ríkinu verði barnarán gert að dauðasök. En lífstíðar fangelsi liggur nú við þeim glæp þar í ríkinu.

— Nýlega hafa 7 loftsiglingamenn farið í einu loftfari upp frá Los Angeles borg í Californiu. Loftfarið hrepti vonskuveður í Sierra fjöllunum, og með því ekkert hefir frézt til manna þessara síðan á laugardaginn var, er ætlað að þeir hafi orðið úti í fjöllunum. Sagt er, að í veðri þessu hafi lagt tveggja feta djúpan snjó á fjallatindana. Mannanna hefir verið leitað í full 5 dægur, án þess þeir hafi fundist. Leitinni er haldið áfram, og varðmenn með öfluga sjónauka eru settir á ýmsa fjallatinda til að athuga, hvort nokkuð sjáist til ferða þessara loftfara. Hópar manna hafa gert leiðangur um öll fjöllin til að leita fyrst að vestanverðu, og ef það reynist árangurslaust, þá að austanverðu. Með þessu móti er vonað, að þeir finnist bráðlega, ef þá hefir ekki fent í kaf.

— Kvikasilfur hefir fundist fyrir norðan Saskatchewan ána, nálægt Lost River. Félag hefir verið sett á stofn til þess að komast eftir, hvort nægilegt sé þar af þessum málmi til þess að borga vinnukostnaðinn við að ná honum úr jörðu. Nokkrar námalóðir hafa þegar verið teknar á þessum stað.

— Ungfrú Claire de Serval, frænka Dr. Tanners, þess er fyrir mörgum árum fastaði fullan 3. vikna tíma, heldur fram sömu kenningu og frændi hennar gerði: Að sveltan sé ekki að eins heilsubætir, heldur miði einnig til þess, að fólk haldi lengur ungdómsútliti sínu. Til þess að sýna trú sína á þessa kenningu, hefir kona þessi lagt sig undir rannsóknir, sem gerðar hafa verið í keisaralega sjúkrahúsinu í Berlín. Konan var látin í glerklefa, þar sem hægt var að gæta hennar dag og nótt. Hún var þar í fulla 10 sólarhringa, án þess að bragða nokkuð, þurt eða vott. Þegar hún sté út úr klefanum, var hún við sæmilega heilsu, en hafði létzt nokkuð. Hún lifir síðan á "Mineral" vatni, og lætur þess getið, að hún ætli næst að halda áfram sveltunni í 20 daga lengur. Hún fullyrti við læknana, að hún hefði engra óþægindakent af hungri eða þorsta, og að hún hefði aldrei fundið til höfuðverkjar eða hitasóttar. Hún kvaðst hafa vanið sig á að svelta til þess með því að lækna höfuðverk, sem áður þjáði hana. Prófessor Dr. Krause, sem stóð fyrir þessari tilraun, telur hana hafa mikla vísindalega þýðingu. Stúlkan léttist um 13 pund á þeim 10 sólarhringum, sem hún var í klefanum.

"BEINADALS"-MÁLIÐ

Ennþá er það ekki komið fyrir rétt. En mikið og alvarlegt athygli hefir það vakið síðan fréttirnar um það bárust út með síðasta blaði Heimskringlu.

Herra R. A. Bonnar, einn allra snjallasti lögfræðingur í Vestur-Canada, hefir tekið að sér vörn Heimskringlu og ritstjóra hennar.

Vestur-Íslendingar eru hér með mintir á, að nú er viðeigandi, að allir frjáls-hugsandi og sannleikselskandi menn og konur gerist áskrifendur að Heimskringlu. Blaðið þarf ákveðinn og eindreginn stuðning allra þeirra, sem unna frjálsri umsögn um þau mál, sem þjóðflokk vorn varða, því að svo framarlega, sem það verður ofan á, að blöð vor verði svo múlbundin, að þau ekki þori að flytja þær fregnir, sem hægt er að sanna að sé fólki voru til hagnaðar að fá að vita um, þá mega þau alt eins vel hætta að vera til, þau eru þá orðin verra en þýðingarlaus.

Heimskringla ætlar ekki að óreyndu að láta múlbindast á þann hátt. En málfrelsismáttur blaðsins er undir því kominn, að það hafi eindreginn stuðning fólksins, þegar á það er ráðist.

Kaupið og borgið Heimskringlu

Vér þurfum ekki árlega að umbæta

MAGNET



SKILVINDUNA, því frá upphafi hefir lítil breyting orðið á samsetning MAGNET vélarinnar, af því að uppfinnarinn af þekkingu annara skilvindna á undanförnum 20 árum gat gert MAGNET vélina fullkomna, svo að engu þurfti að breyta.

Þær umbætur, sem gerðar hafa verið á MAGNET, svo sem Brake, umbætt "Ball race", o.s.frv. getur orðið sett og er sett á hverja vél, sem nú er í brúki. — Vinnureynsla MAGNET vélarinnar hefir sýnt, að hún er rétt smíðuð, og að breytingar eru ónauðsynlegar til þess að MAGNET sé í fremstu röð, hvað skilnað á mjólk snertir, óslitandi endingu og hættuleysi í meðferð. Henni er léttsnúið, hún fljóthreinsuð, drjúg og vinsæl.

Skrifið (á íslenzku) eftir einni til ókeypis heimaprófs og sannærist.

The Petrie Mfg. Co., Limited
WINNIPEG
HAMILTON. ST. JOHN. REGINA. CALGARY.

PURITY FLOUR

AÐ BAKA BEZTA BRAUÐ

er meira en vísindi og meira en list.

En það má gerast fljótlega og áreiðanlega með því að nota

PURITY FLOUR

Það er malað úr bezt völdu Vestur-Canada Hörðu Hveitikorni; er algerlega hreint og svo ilmandi kjarngott.

ALLIR ÍSLENZKIR KAUPMENN SELJA ÞAÐ

WESTERN CANADA FLOUR MILLS CO.,
LIMITED.
WINNIPEG, —— CANADA.

Wall Plaster

Með því að venja sig á að brúka "**Empire**" tegundir af Hardwall og Wood Fibre Plaster er maður hár viss að fá beztu afleiðingar.

Vér búum til:

"Empire" Wood Fibre Plaster
"Empire" Cement Wall "
"Empire" Finish "
"Gold Dust" Finish "
"Gilt Edge" Plaster of Paris
og allar Gypsum vöruutegundir. —

Eiqum vér að senda yður bækling vorn?

MANITOBA GYPSUM CO. LTD
SKRIFSTOFUR OG MILLUR Í
Winnipeg, - Man.

Heimskringla

Published every Thursday by The Heimskringla News & Publishing Co. Ltd

Verð blaðsins í Canada og Bandar $2.00 um árið (fyrir fram borgað). Sent til Íslands $2.40 (fyrir fram borgað af kaupendum blaðsins hérlendis $2.50.)

B. L. BALDWINSON, Editor & Manager

Office: 729 Sherbrooke Street, Winnipeg
P. O. BOX 3083. Talsími 3512.

Um Ísland í ensku blaði

Blaðið CHICAGO DAILY TRIBUNE, eitt elzta og merkasta blað borgarinnar, flutti þann 13. þ.m. svolátandi grein um Ísland:

"Friðrik konungur virðist vera í alvarlegri hættu, að tapa hluta af ríki sínu, því að Ísland er ákveðið í því, að losa um sambandið við Danmörku, og ákveðið einnig í því, að endurreisa fyrri daga lýðstjórn, sem þar stóð í blóma á gullöld landsins.

"Ísland hefir með stjórnarskránni frá 1874 öðlast nálega ótakmarkað stjórnfrelsi, með löggefandi alþingi í landinu, sem hefir 40 þingmenn, af hverjum 34 eru þjóðkjörnir og 6 konungkjörnir.

"Ráðherra Íslands er útnefndur af konungi og hefir aðsetur sitt í Reykjavík, höfuðborg landsins. — Hann ber ábyrgð á stjórnarfari landsins og er sjálfur formaður stjórnarinnar. Hannes Hafstein hefir haft þessa stöðu um nokkur liðin ár. Stefna hans hefir verið, að viðhalda sambandinu við Danmörku. En nú hefir hann orðið að segja af sér fyrir mótspyrnu þings og þjóðar, og alþingi hefir tilnefnt Björn Jónsson, ákveðinn lýðstjórnarmann og leiðtoga aðskilnaðarflokksins, sem ekki vill svo mikið sem hlusta á ríkja-samband við Dani, en heimta fyrri tíðar lýðstjórn. Þetta virðist vitanlega vera móðgun mót konungnum, og það er eftir að vita, hvort hann fer að dæmi Óskars Svíkonungs, er hann gaf Noregi friðsamlegt fararleyfi, eða hvort hann sendir herafla til Íslands til þess að tryggja veldi sitt þar, og bæla niður alla þjóðlega frelsislöngun.

"Þó að Ísland sé afskekt og út frá almennum brautum amerikanskra ferðamanna, þá hefir það þó sögulegt samband við Ameriku sem gerir núverandi afstöðu þess að íhugunarefni hérlendra manna.

"Það voru Íslendingar, sem fyrstir fundu Ameriku, sem fyrir þúsund árum höfðu blómlegar bygðir hvervetna með fram strönd um New England ríkjanna, alt suður að Langeyju, og til Íslands varð Columbus að fara, til þess að leita sér upplýsinga um hinn nýja heim, áður en hann legði upp í landaleita ferð sína. Hann dvaldi þar nokkra mánuði, og rannsakaði gömul skjöl í þingeyrarklaustri, sem lutu að fundi Vínlands á tíundu öldinni, og bygðum Íslendinga þar, á ströndum Massachusetts ríkis. Það var sú þekking, sem hann fékk úr þessum skjölum, sem gerði Amerikufund hans síðar mögulegan. Þess ber einnig að geta, að frá Íslandi hafa komið bæði til Bandaríkjanna og Canada sumir hinna þörfustu og duglegustu innflytjenda.

"Ágreiningur Íslands við Danmörku, er líkur ágreiningi Englands og Írlands, fremur þjóðmegunarlegur en stjórnarfarslegur. — Svo lengi, sem Íslendingar voru frjálsir að því, að reka verzlun sína óhindraðir, hvar sem þeir vildu, þá stóð land þeirra með miklum blóma. Þeir höfðu mikla verzlun við Bretland og Þýzkaland og það var að miklu leyti þessari velsæld að þakka, bygðri á frjálsri verzlun og ótakmörkuðum samgöngum við aðrar þjóðir, að landið varð þekt sem miðstöð lærdóms og bókmenta fyrir siðabótina, eins og sýnt er með miðaldabókmentum þeirra, sem eru til fram á þennan dag, og taldar mikilsverðar af fræðimönnum.

"Þegar Danir náðu yfirráðum á Íslandi, þá bundust þeir þeim samningi, að vernda sjálfstæði landsins og frjálsverzlun þess, sem það hafði unað við fram að þeim tíma. En eins og svo oft hefir átt sér stað annarsstaðar, voru samningar þessir ekki haldnir, og Danir eyðilögðu smámsaman alt það verzlunarfrelsi, sem landinu var heitið við sameiningu ríkjanna. — Danir brutu á bak aftur alla verzlun Íslendinga við önnur lönd og sérstaklega við Bretland, og inn-leiddu danska einokun í þess stað, til hagsmuna fyrir danska þegna. Og ekki nóg með þetta, heldur lögðu þeir þunga skattbyrði á Íslendinga, án þess að veita þeim nokkur tilsvarandi hlynnindi.

Undir þessum ókjörum varð öll verzlun og iðnaður landsins svo lamað, að þjóðin sem næst glataði allri lífslöngun. Hungursneyð og drepsóttir ásóttu menn og skepnur, og sem næst gereyddu þjóðinni á átjándu öldinni. Svo varð þá eymd þjóðarinnar voðaleg, að í byrjun nítjándu aldarinnar var það gert að alvarlegu íhugunarefni, að flytja alt fólk af landinu til þess að firra það hungursdauða."

Grein þessi er frumsamin af hérlendum mentamanni í Chicagoborg, og er með því réttasta, sem um Íslandsmál hefir ritað verið í ameríkönskum blöðum. Að eins er það rangt eða misskilið, að þjóðræðisflokkur Íslands vilji ekki annað en lýðveldisstofnun, því að allir Íslendingar vita, að hann hefir aldrei farið fram á, að slíta persónulegu konungs sambandi, þó það geti orðið ofan á síðar meir, ef allar kröfur flokksins eru að vettugi virtar. Ritstj.

Fjárgróða-vísindi.

Það hefir vitnast um NÝTT fjárglæfrabragð Laurier stjórnarinnar nú við rannsókn þingnefndar á þessu þingi. Svo er að sjá, sem stjórnin hafi samið við "Dussault, Lemieux og félaga", að skafa út botninn á St. John höfninni, og að láta nokkuð af leirnum, sem upp var skafinn, á ákveðinn stað til uppfyllingar til hafnbóta. Verðið fyrir þetta starf var ákveðið 75c fyrir hvert yard, sem botnskafan tók úr hafnarbotninum, og að auk 32c fyrir hvert yard, sem flutt væri á ákveðna staðinn til uppfyllingar, eða alls $1.07 fyrir hvert yard, sem væri lyft upp úr hafnbotninum og notað til uppfyllingar.

En svo kom það fram við nefndarrannsóknina, að stjórnin, sem sjálf á botnsköfur, gerði mikið af þessu verki með sínum eigin verkfærum og mönnum, og fékk hjá þeim, er hún hafði samið við um að gera verkið, 15 cents fyrir hv. yard, er stjórnarbátarnir og botnsköfurnar lyftu, hvort sem það var notað til uppfyllingar eða ekki — Með öðrum orðum: Contractor þessi borgaði stjórninni frá $125 til $150 fyrir hvern dag, sem bátarnir unnu, en stjórnin borgaði honum frá $750.00 til $1,000.00 á dag fyrir verkið, sem hún lét sjálf gera með botnsköfum ríkisins og á ríkisins kostnað. Þetta hafði gengið svona á árunum 1904, 1905, 1906, 1907 og 1908.

Með þessu er sýnt og sannað, að stjórnin hafði borgað manni þessum milli 80 og 90 þúsund dollara fyrir alls ekki neitt.

Vissulega er það gróðavegur, að vera "Liberal".

Nokkur orð um Ofurefli

Um enga bók munu Vestur-Íslendingar hafa meira hugsað, árið sem leið, en "Ofurefli" Einars Hjörleifssonar. Þeir höfðu lengi þráð þá bók. Höf. hafði áður lesið ýmsa kafla sögunnar í áheyrn þeirra, og þeim, sem þá heyrðu, mun flestum hafa leikið forvitni á, að heyra söguna alla. Nú hafa að líkindum flestir þeir lesið bókina hér vestra, sem ætluðu sér að gera það, og flestir munu þeir nú fyrir löngu komnir að einhverri niðurstöðu um gildi hennar, og að dómi flestra þeirra mun sagan vera ein hin bezta — eða þá hin allra bezta, — sem nokkurt íslenzkt skáld hefir ritað á seinni öldum.

Þeir, sem sögu þessa lesa og kunna nokkurt skyn á skáldsagnaritun, munu allir vera samdóma um það, að hún sé vel rituð. Hún er svo vel rituð og svo vendilega frá hverri setningu gengið, að varla sést þar nokkur smágalli á frásögninni. Málið er svo fagurt, að það eitt ætti að nægja til þess, að hver maður, sem ann góðri íslenzku, hafi unað af að lesa söguna. En engu síður er meðferð efnisins. Öllu því, er sagan á að lýsa, er ágætlega lýst. Efnið, sem söguþráðurinn er spunninn úr, er veigamikið, en atburðir eru þar allir smáir. — Einar hefir aldrei skapað stóra atburði í sögum sínum. Honum lætur miklu betur að lýsa hugsunum manna en líkamlegum stórfum. Hugstríð manna er þungamiðjan í flestum sögum skáldanna, og það láta þau vanalega lýsa sér bezt í orðum manna og athöfnum, en Einar kann manna bezt að láta eintal sálarinnar lýsa því, og hendir það þó sjaldan, sem mörgum öðrum skáldum hættir við, að verða mærðarfullur um of. Mærðarlaust er að vísu ekki alt, sem gerist í prédikunarsál prestsins í "Ofurefli", og fátt er um nýjar hugsjónir í ástar-draumórum Ragnhildar o. s. frv., en sá fegurðarblær er þar sem annarstaðar á frásögninni, að varla getur neinn fundið til leiðinda við lesturinn.

Öllum persónum sögunnar er ágætlega lýst. Fáeinar — þær sem minst koma við söguna — eru fremur óglöggar, af því svo lítið er af þeim að segja, en allar helztu söguhetjurnar eru svo vel sýndar, að þær geta staðið manni fífandi fyrir hugskotssjónum. Þar er næstum undantekningarlaust svo vel gengið frá, að hvert einasta orð og atvik og hver einasta hugsun er í svo réttu samræmi við gervi hvers einstaklings, að manni finst sem það einmitt eigi þar heima. Þar sem hetjur sögunnar koma þannig fram í sönnum og réttum myndum, þá hlýtur sagan sjálf að vera sönn og rétt mynd af mannlífinu, og það mun verða flestra manna dómur um "Ofurefli".

Hér er óþarft að benda á neitt sérstakt þessu til sönnunar, sagan sýnir það bezt sjálf. En sé nokkuð sérstakt tilgreint, þá ætti að sjálfsögðu bezt við, að benda á aðalpersónu sögunnar, prestinn.

Presturinn er fyrst og fremst hjartagóður maður; hann má ekkert aumt sjá. Nýstiginn á land rekst hann á Hrólf hrip fullan og meiddan í rennunni, aumkvast yfir manninn, reynir að tosa honum upp úr rennunni, en verður frá að hverfa, og veit þá ekki hvað til bragðs skuli taka, annað en það, að standa yfir honum þangað til "einhvernveginn hefir verið séð fyrir manninum". — Hið fyrsta, sem verður á vegi hans er "ofurefli". Þetta litla atvik er ágæt bending í áttina til þess sem á eftir kemur.

Bezt lýsir sér hjartagæzka hans í afskiftum hans af Grímsa. Hann vill ekkert láta ógert til að liðsinna þeim aumingja, og gerir alt sem honum hugkvæmist. Hann heldur í höndina á honum og talar við hann blíðlega. En — "Hvernig stendur á því, að þó að ég hefði verið þarna allan daginn, hefði mér fráleitt nokkurntíma dottið í hug, að gera það sem þér gerðuð?" segir hann við Ragnhildi á heimleiðinni frá Grímsa. — Betur gat hann naumast að orði komist um sitt eigið úrræðaleysi.

Og hann vildi öllum gera gott. Gaf að sögn hverjum, sem til hans kom og bar sig aumlega, og afleiðingarnar urðu auðvitað þær, að óhlutvandir menn notuðu sér gjafmildi hans. Hann vildi alt af gera einhver góðverk; en honum kom það aldrei til hugar, hver vandi það er, að vinna góðverk svo að þau verði fremur til góðs en ills.

Kærleikurinn var honum fyrir öllu öðru, og hann elskaði sannleikann og réttlætið og alt það góða og hreina í hugarfari og breytni mannanna. Hann var svo frjálslyndur í trúarskoðunum, að hann tók málstað kaþólskunnar og líkaði ekki miður, þó sóknarbörn hans teldu hann andatrúarmann. Skoðanir hans komu að ýmsu leyti í bága við hina fornu lútersku þjóðkirkjunnar í Reykjavík. Hann sá þar margt, sem umbóta þyrfti. Hann var svo samvizkusamur, að hann vildi ekki víkja þverfet frá sannfæringu sinni, og með því að hann var kallaður til að þjóna dómkirkjuembætti Reykjavíkur, þá varð það að sjálfsögðu sannfæring hans, að hann sviki köllun sína, ef hann kæmi ekki trú og siðferði Reykvíkinga í rétt horf. — Svo hóf hann baráttuna, og í þeirri baráttu er aðalatriðið viðureign hans við þann mann, sem mest hafði völdin í Reykjavík, Þorbjörn kaupmann Ólafsson, samvizkulausan ribbalda, en óbilandi dugnaðarmann, sem hefir marga þá yfirburði, er veita foringja vald yfir mönnum, en svífst einskis til að koma sínum vilja fram, og er því að sjálfsögðu leiðtogi alls hins illa. — Prestur leggur út í þessa baráttu, án þess að gera sér nokkra grein fyrir því, hvað gera skuli til þess að málefni hans beri sigur úr bítum í sókn eða vörn. Hann ráðfærir sig ekki við nokkurn lifandi mann, tekur engan mann sér til aðstoðar og vill einskis manns ráð þýðast. Þeir, sem eru honum hlyntir, vita ekki hvað hann vill aðhafast, og eru alveg forustulausir. Fjandmenn hans standa í péttskipaðri fylkingu undir forustu öflugs leiðtoga og eru aldrei ráðþrota. Það er ekki vanséð, hvernig leikurinn muni fara.

Öll viðskifti prests við fjandmenn hans verða honum sjálfum til ógagns, hann kann engin tök á þeim, og verður því sjálfur oftast undir. Til dæmis mætti benda á samtal hans við Þorbjörn, er hann vill koma Sigurlaugu úr vistinni. Hann vissi vel, hver maður Þorbjörn var og þekti skap hans, og vist var það ekki áform hans, að byrja þessa málaleitun við Þorbjörn með því að reita hann til reiði. En í fyrstu orðunum, sem hann talar, minnist hann á skólanefndarfundinn, aðal-þykkjuefni þorbjarnar, og gerir það með þeirri þakklætis hógværð, sem var Þorbirni hin versta storkun. Því næst minnist hann á Öndvegi og bendir á skammagreinir þær, sem hann vissi að Þorbjörn átti upptök að; þegar hann svo loks er kominn að efninu um Sigurlaugu, þá verður honum þetta að orði:

"Getið þér eigi hugsað yður neinn óvilhallari ráðgjafa í þessu máli en yður sjálfan?"

Hver maður, sem þekti skap Þorbjarnar, hefði mátt ganga að því vísu, að svona löguð spurning hefði engan annan árangur en þann, að æsa reiði hans. Það tókst líka mætavel, eins og sagan sýnir.

Svipað þessu fer prestinum oftast í viðskiftum við mótstöðumenn sína. Öll hans góðu áform, allar hans viturlegu hugsanir og öll hans kærleiksríka hógværð, kemur að litlu haldi eða engu í þeim viðskiftum, af því að hann er gjörsneiddur þeim andlegu yfirburðum, sem ná valdi yfir hugum annara manna, og hann hefir ekkert lag á því, að sigra mótþróanna í mannssálinni.

Eina skiftið, sem hann bar hærri hluta, var í fyrstu atlögunni, þegar hann fékk því afstýrt, að kennaraefni andstæðinganna fengi embættið. En þá voru þeir óviðbúnir og hann kom þeim í opna skjöldu, og þegar þeir voru búnir að átta sig, þá var ekki bætt við því, að hann ætti oftar slíkum sigri að fagna.

Í hvert sinn sem hann byrjar á einhverju, þá er hann ótrauður til stórræða. Honum finst sér allir vegir færir, telur sjálfum sér trú um, að hann sé ofurhugi og veit með vissu að hann hefir góðan málstað. Svo þegar mótspyrnan eykst og skrillinn ærist og fjandmennirnir hafa hann að skotspæni, þá lætur hann minna á sér bera, dregur sig í hlé og fer að brjóta heilann um það, hvað menn geti verið vondir, um róginn og lygina og allar þær ofsóknir, sem hann verði fyrir.

En eitt var það, sem honum datt aldrei í hug.

Honum datt það aldrei í hug, að hann mundi skorta sjálfan einmitt þá hæfileika suma, sem mest reið á í baráttu fyrir þeim stórmálum, er hann beittist fyrir. Hann sér ekki hve ófær hann er til að berjast; hve úrræðalaus hann er þegar einhvern vanda ber að höndum, og hve honum er það ofvaxið að afla sér þess fylgis, sem til þess þarf að ráða bót á rótgrónum meinsemdum mannfélagsins.

Þeir menn, sem þannig eru gerðir, reisa sér ávalt hurðarás um öxl, ef þeir vilja standa í stórræðum. Það getur átt sér stað, að þeir læri af reynslunni að þekkja sjálfa sig, og annaðhvort hætti þá að fást við það, sem þeir sjá að sér er ofvaxið, eða þeir taka stakkaskiftum og hervæðast af nýju, haldbetri hlífum, berjast sem hetjur og sigra að lokum. En það ber sjaldan við; vanalega eru þeir sömu mennirnir frá upphafi til enda, og það er presturinn í "Ofurefli". Hann er öldungis sami maðurinn í sögulok eins og hann var í byrjun. Hann er albúinn að halda áfram sömu baráttunni með sömu aðferðinni, sem hann hefir áður haft. Hann hefir enga hugmynd um, að sér hafi verið nokkurs áfátt; er auðsjáanlega sannfærður um, að hann hafi farið rétt að öllu og gert alt sem honum bar að gera, í þeirri viðureign, sem nú var á enda.

"Þetta er byrjunin", segir hann. Og flestir lesendur munu verða yfirdómaranum samdóma um það, að þessi byrjun sé sama sem mála lyktir; ekki þó sérstaklega í Reykjavík, heldur hvarvetna á bygðu bóli, þar sem þessi prestur vildi gangast fyrir algerðum umbótum þjóðfélagsins.

Það er vissulega ekki vandalaust verk, að rita sögu þess manns svo vel fari, en höf. hefir leyst það verk af hendi með mikilli snild.

En þó er sagan að efni til ekki geðfeld.

Því mönnum fellur aldrei vel í geð að sjá góðan mann verða undir í baráttu fyrir góðu málefni, allra síst ef hann er sjálfur óafvitandi valdur að óförum sínum.

Og í "Ofurefli" á presturinn sjálfur sök á því að hann verður undir, miklu meiri en Þorbjörn kaupmaður með allan skrílinn.

Þ.

Á Gnýpukletti.

Gaktu' ei út á Gnýpuklett,
geigvænleg þar dunar alda,
hátt sig tevgir hrönnin grett,
hnúum lemur bergið kalda.

Öldur löðrið upp við hlein
undarlegum svipum blanda,
glittir þar í blásin bein
bræðra þinna, sem hér stranda.

Hafgúan við háan klett
hræðist ekki brim né voða,
vingjarnleg og vaxtar nett
vaggar sér í hryggjum boða.

Hún í mundum hörpu ber,
hýrum augum til þín rennir,
sína ást hún ætlar þér,
eldinn, sem til skaða brennir.

Berðu saman sól við ský,
svo er hún í flokki meyja,
finst þér hennar faðmi í
feginn vildir lifa' og deyja.

En þér vonin illa brást,
ef þú hana flettir klæðum:
vofa engin verri sást,
vafin björtum silkislæðum.

Þegar listahöndin hög
hennar fer um kigjustrengi,
sigra flesta svoddan lög,
svæfa fast og óma lengi.

Hreyfast þau um hvelið blátt,
hljóma neðst að sævar grunni,
eins og hún við hörpuslátt
hafi vald á náttúrunni.

Seiður býr í söngnum þeim,
samt af blekking þeirri skaptur:
veita kunni sæld og seim
sædrotningar töfrakraftur.

Það er fals, sem þekkja mátt,
þessi ormur nagar hjarta,
og þeim sérhvern andardrátt
eitrað getur naðran svarta.

Stattu ekki yzt á brún,
í þig máske nornin togar,
margan dreng og hraustan hún
hér í djúpið niður sogar.

Ef þú villist vegum á,
velur þann, sem hagar miður,
hana böl þitt hlægir þá,
horfin ró og sálarfriður.

Lengi hún það leikur spil,
lokkar menn til sinna funda.
Snúðu heldur húsa til,
hér er ekki vært að blunda.

Ei þér ráðin ögri tvenn,
upp til bverða liggur gata,
glóir ljós í gluggum enn,
gott er þangað heim að rata.

S. S. ÍSFELD

VORGEISLAR.

Hvað er þig að dreyma
um helkuldans heima,
sem hretviðrin þjá?
Og sástu' ekki skuggann,
sem skaust fyrir gluggann
og skygði þig á?
Þar hörfaði Vetur,
hann varist ei getur,
og vöknar um brá.

Svo enn er hann fallinn
úr konungsstjórn karlinn,
og köld er hans gröf.
Hann Vorgiðjan hrekur,
og völdin nú tekur
um víðbláins höf.
Hún ljósgeislum bendir,
og sumrinu sendir
þá sveina að gjöf.

Þeir renna sér niður
um skafla og skriður,
frá skýjanna stól;
í litklæðum glansa,
og léttfættir dansa
um lautir og hól.
Og vermandi daginn
þú berð inn í bæinn,
ó, blessaða sól!

S. S. ÍSFELD

Skrifið yður fyrir HEIMSKRINGLU svo að þér getið ætíð fylgst með aðal málum Íslendinga hér og heima.

Sparið Línið Yðar.

Ef þér óskið ekki að fá þvottinn yðar rifinn og slitinn, þá sendið hann til þessarar fullkomnu stofnunar.

Nýtízku aðferðir, nýr vélaútbúnaður, en gamalt og æft verkafólk.

LITUN, HREINSUN OG PRESSUN SÉRLEGA VANDAÐ

Modern Laundry & Dye Works Co., Ltd.
307—315 Hargrave St.
WINNIPEG, MANITOBA
Phones: 2300 og 2301

Íslands fréttir.

Kosningar í Seyðisfjarðar kjördæmi fóru fram þann 9. þ.m. Um úrslitin ekki frétt enn þá. Þeir sr. Björn Þorláksson og Dr. Valtý Guðmundsson keptu þar aftur um kosningu.

Landsbúskapurinn á árinu 1908 hefir gengið svo, að inntektirnar urðu 300 þúsund krónur fram yfir áætlun. En þó varð 260 þúsund króna tekjuhalli á árinu, að mestu fyrir tilkostnað við móttöku konungs og manna hans. Aðaltekjugreinarnar urðu:

	Áætlaðar tekjur	Tekjur urðu
Lausafjár- og ábúðarskattur	53,000	55,000
Húsaskattur	10,000	13,300
Tekjuskattur	18,000	25,500
Aukatekjur	45,000	60,100
Vitagjöld	13,000	18,300
Útfl.gjald af fiski og lýsi	100,000	181,300
Aðfl.gjald af áfengum drykkjum	165,000	194,000
Tóbakstollur	140,000	153,000
Kaffi og sykur tollur	330,000	369,180
Aðfl.gjald af tegrasi og fleiru	11,500	19,000
Póstferðatekjur	60,000	100,000
Tekjur af símum landsins	43,000	63,000
Fiskiveiða sektarfé	10,000	25,000
Viðlagasj.tekjur	57,500	73,000

Kostnaður landssjóðs vegna vitabyggingar varð á sl. ári 33,000 kr. og vegna kennaraskólans 33,000 krónur.

Um annað dómkirkjuprests embættið í Reykjavík sækja þessir prestar: — Bjarni Hjaltsted, Bjarni Jónsson, Hafsteinn Pétursson, Ólafur Ólafsson (Fríkirkjuprestur), Pétur Jónsson, Richard Torfason og Skúli Skúlason.

Góður þingmaður.

UPHAM, N. D.
4. marz 1909.

Háttvirti herra ritstjóri.

Héðan er fátt að frétta. Veturinn er nú bráðum liðinn, og sakna menn hans lítt, því fremur hefir hann mátt heita þungur í skauti, — mjög harðar frostskorpur og fannkomur miklar. Heilsufar manna heldur gott yfirleitt. Samkvæmislífið all-dauft, sökum óblíðr ar veðuráttu og ógreiðrar yfirferðar.

Vegna þess, að það er venja þín, herra ritstjóri, að láta þitt heiðraða blað Heimskringlu halda á lofti frægð og heiðri Vestur-Íslendinga og sleppir engu tækifæri í þeim efnum, er þér er kunnugt um — þá vil ég geta þess, að við hér násveitungar erum upp með okkur af því, að einn sveitungi okkar G. Friman hlaut þann heiður á næstliðnu hausti, að vera valinn til þingmensku við síðustu kosningar fyrir þetta kjördæmi, og er hann nýkominn af þinginu nú.

Mjög er vafasamt, hvort nokkur Íslendingur hefir setið á þessu þingi með skýrari greind og dýpri hyggindum, en herra Friman. Og er enginn efi á því, að hann ávinnur sér traust og tiltrú samverkamanna sinna á þingbekkjunum, eins og allra þeirra, sem honum kynnast. Og er það mjög gleðilegt fyrir okkar fámenna þjóðflokk í þessu landi, að þeir menn komist að opinberum störfum, sem með ágætum hæfilegleikum og prúðmannlegri framkomu, geta vakið athygli hérlendra manna á íslenzku þjóðinni. Z.

Úr bréfi að heiman.

Húsusa, Man., 14. marz. '09.

Herra ritstj., B. L. Baldwinson.

Ég hefi ekki lagt það í vana minn, að senda til birtingar í blöðin "privat" bréf frá kunningjum mínum, en í þetta skifti ætla ég að senda útdrátt úr "privat" bréfi frá Íslandi til mín, dags. 3. f.m. — Ég þekki bréfritarann að því, að vera hálfvelgjulausan og standa við það, sem hann segir, í fáum orðum: að vera áreiðanlegan. — Bréfið kemur víða við í áhugamál okkar Vestur-Íslendinga og leiðir í ljós eitt og annað, sem okkur almennt var ókunnugt um, um leið og ég hugsa það vel þegið af þeim Borgfirðingum, sem eru hér vestra Auk þess get ég ekki betur séð, en það standi ekki neitt að baki ýmsu, sem birzt hefir í blöðunum okkar. Þetta er ástæðan fyrir tiltæki mínu.

Þinn einl.

O. G. AKRANESS.

* * *

Bréf þeéta er dagsett 3. febr. '09.

"— — — Margt hefir borið við síðan ég reit þér seinast, og geta blöðin um það helzta. — Ég tel mér heiður að hafa fylgt þjóðræðismönnum í stjórnfræðinni, og hafa með stórum sigri stuðlað að því, að háyfirdómari Kristján Jónsson var með miklum atkvæðamun kosinn, og losna við keppinautinn Björn í Gröf, sem nú er orðinn alveg á bandi stjórnarinnar, enda haft fyrir þá marga arðvænlega snúninga við sendiferðir og flutning á ritsímastaurum o.fl., og síðast gerður að "krossbera". — Já, nú eru ekki nema nokkrir dagar til þings. Ráðherrann, sem fór til konungs, til skrafs og ráðagerðar, lætur auðvitað ekki uppi fyrr en þar að kemur, hvort frekara frelsi er fáanlegt, sem varla þarf að búast við. — Þjóðræðisflokkurinn útnefnir sem ráðgjafaefni Björn ritstjóra Ísafoldar, og Hannes ritstj. Þjóðólfs, ef breyting verður, sem er all-liklegt, og tel ég óefað gamla Björn hafa mikla yfirburði; Kristján dómstjóri Jónsson auðvitað að öllu samanlögðu þeirra allra-fremstur, en hann mun ekki gefa kost á sér eða fáanlegur, og Skúli víst ekki vel hraustur. — Búast má við harðri atrennu á þinginu í vetur. — Varðskipið Íslands Falk komið, en varla kemur til að hermenn þess verði "á verði", eins og í Kópavogi til forna.

"Þig langaði til að vita hverjir væru "nefndarmenn" um þessar mundir í Borgarfirði, og skal þeirra getið eftir því er ég veit:

"Í Ytri Akraneshr.: — hreppstjóri Jóhann Björnsson frá Bakkakoti, oddviti Björn Jónsson búfræðingur, sýsluneíndarm. Sveinn verzlunarstj. Guðmundsson. — Í Innri Akraneshr.: hreppstjóri Oddgeir Otteson, oddviti Kristján, sonur Sigurðar Halldórs sonar, er var í Fjósakoti, Oddgeir einnig sýsluneíndarm. Leirár og Melahr.: hreppstj. Ólafur á Geldingaá, oddviti var Torfi sál. Sivertsen, sýsluneíndarm. Böðvar Sigurðsson í Vogatungu. Skilamannahr.: hreppstjóri Sigurður í Lambhaga, er var á Elinarhöfða, oddviti Gísli Gíslason í Lambhaga (frá Stóra-Botni). — Andakýl: hreppstj. og oddviti Hjörtur Snorrason, var á Hvanneyri. Skorradal: hreppstjóri Bjarni Pétursson á Grund, oddviti Guðm. Guðmundsson á Indriðastöðum (frá Sólmundarhöfða). — Lundarreykjadal: hreppstjóri Árni á Oddastöðum, oddviti Viglús Pétursson á Gullberastöðum (bróðir Bjarna á Grund). — Reykholtsdal: hreppstjóri Ingólfur snikkari (síðan Hannes dó í Deildartungu), oddviti Einar Magnússon á Steindórsstöðum. — Hálsasveit: hreppstj. Jón Magnússon á Stóra-Ási (bróðir Einars), oddviti Nikulás Gíslason á Augastöðum. — Lengra kann ég ekki utan að.

"Það má telja prestunum yfirleitt til hróss, að þeir eru nær undantekningarlaust fylgjandi hinum öfluga meiri hluta í stjórnmálum. Ekki get ég annað, úr því ég minnist á prestana, en lýst óánægju minni yfir því, að þeir vesturheimsku, sem eru vel mentaðir, skuli ekki fylgjast allir að, og "vanvirða" fyrir þá, sem vilja bægja séra Friðrik Bergmann frá skólanum. Séra Fr. Bergmann er stór-mentaður, og maður að meiri, að hann er frjálslyndari í trúarefnum en margir stéttarbræður hans þar vestra; furðar mig á, að þeir skuli geta borið á borð þessar gömlu kenningar, sem eru farnar að verða "úreltar", sumar hverjar. Biskup Þórhalli og Lector Jón Helgason fylgja nýrri kenningunni, sem án efa verður ofan á. — — — — — Trúardeilur með ofsa, er skuggi löngu liðins tíma. — — — — — Nú er lagaskólinn byrjaður í Reykjavík með 8 nemendum, þar af einn kominn frá Ameríku, sonur Páls Ólafssonar skálds. Mikið er, og meira verð ur af lögfræðingunum og sannarlega of mikið fyrir Frón að ala, því fæstra þeirra laun eru fátæklega áætlæd; þeir fá meira en Agur bað um: afskamtað uppeldi.

"Mótorbátar 4, vel vandaðir, eru eign (skipa) Skagabúa og fjölgar óðum. Allir eru þeir yfirbygðir. Er næsta ólíkt að fara með þeim og flóabátnum "Ingólfi", eða vera "lagður í bleyti", eins og oft átti sér stað fyrr í Reykhólaferðum.

"Ákveðið er, að gaslýsing komist á í Reykjavík, og vatnsleiðsla í húsin verður fullgerð í vor. Áætlað útgjöld höfuðstaðarins yfirst. ár 80,000 kr., og fer sá gjaldliður stórkostlega hækkandi við þetta menningarstig."

FRÉTTABRÉF.

SOUTH BEND, WASH.
14. marz 1909.

Herra ritstjóri: —

Ég bið þig að gera svo vel, að taka þennan litla fréttapistil í þitt frjálslynda blað, sem ég álít sé á einn veg líkt og blessuð sólin, sem skin jafnt yfir réttláta og rangláta, ríka og fátæka, fáfróða og vitringa. Og er það mjög gleðilegt fyrir okkur Vestur-Íslendinga, að eiga kost á að lesa það fréttablað á okkar dýrmæta móðurmáli, sem taka má til sín þetta dýrmæta orð: "það er enn meira rúm".

Ég hefi nú um langan tíma lesið Lögberg, og einnig hefi ég séð Breiðablik, og er að vísu sitt hvort málefni í hvoru þeirra. Einnig hefi ég lítillega athugað Sameininguna, og eru þessi 3 síðustu viku og mánaðarblöð öll þrungin af þessu gamla þröngsýnis og ofmetnaðar myrkri. Þar er að eins rúm fyrir fáa af öllum fjöldanum, og þó erum vér, alt mannkynið, sama sem einn líkami og einn andi, fæddir allir á einn og sama veg, með meðfæddri löngun til að njóta lífsins gæða á sem frjálsastan hátt til heimsins endadægurs, sem enginn fær umflúið. Og hvers vegna er þá þessi mismunandi hugsunarháttur mannkynsins: að vér, margir af oss, tökum með þakklæti móti öllum lífsins sólargeislum, sem að oss streyma, og höfum enn meira rúm, — en hins vegar eru nokkrir af oss, sem ekki hafa rúm nema fyrir takmarkaðar ar mannasetningar, innluktar í gluggalausum hibýlum heimskunnar?

Þú mikla lífsins náðarsól! Skín þú nú svo skært á alt mannkynið, í heild sinni, að heimsku myrkrið verði að hverfa, og innsiglið brotni, svo lífsins bókin opnist jafnt fyrir öllum og að allir fái heilbrigða sjón á tilgangi lífstilveruunar, sem aldrei enda tekur, sem var og verður! — Þú, kæri lesari, fyrirgefur bróður þínum sína eigin hugsun.

Þá er nú til máls að taka með fréttirnar. Þær verða fáar og smáar. Við erum hér svo fáir Íslendingarnir, og því ber svo lítið á okkur, nema þá sjaldan B. G. Backmann sendir frá sér fræðandi andatrúfræði og lífsfræði, sem ég fæ ekki séð, að heilbrigð skynjan geti haft mikið á móti, að undantekinni andasjónfræði E.H.í myrkrinu á nóttum, því svo eru fáir grunnhygnir, að trúa þessu myrkra gaufi. En hins vegar virðist mér, að allir, sem vilja bera kristið nafn, verði að viðurkenna, að þeir séu andatrúarmenn, eða svo kenna prestarnir sjálfir, að guð sé andi eða ósýnileg vera.

Þá vil ég minnast á tíðarfarið hér í kring um South Bend. Það hefir verið óvanalega kalsasamt, sérstaklega fyrri hluta janúar. Þá gerði snjóstorm með talsverðu frosti, og segja gamlir menn, að fyrir 20 árum hafi viðrað líkt og þetta, og stóð þá snjór í 9 daga, og tók svo upp. Svo voru austankuldarigningar mest af tímanum fram í fyrstu viku þessa mánaðar, að nú er skift um til vanalegrar vorblíðu.

Ilt kvef gekk hér víða seint í febrúar, en enginn dó af því, og velliðan er hér almenn og góðæri hefir mátt heita hér, og þó eru tímar nú að batna, svo almennt eru daglaun hækkuð um 25c á dag og er þá kaupið fyrir algenga vinnu $2.00, og fyrir suma smiði alt að $3.50 á dag.

Allmjög ber hér á óánægju meðal ýmsra manna með stjórnarfarið. Þykjast þeir kenna of mikillar einokunar í yfirráðum, og er það einn af verstu þjóðargöllum, og hefir illar afleiðingar, ef ekki er við gert. Það fer ætíð betur, að allur fjöldi alþýðunnar aðhyllist eitthvert ákveðið stjórnar fyrirkomulag, hvort heldur það er lýðstjórn eða konungsstjórn. En mér virðist það vera að verða það gagnstæða hér. Og kann ég ekki þessa sögu lengri.

G. J. Austfjörð.

YFIRLÝSING.

Af því það er regla margra félaga, að gefa fjarverandi fólki kost á, að gerast félagar þeirra, og af því, að reynslan hefir sýnt, að slíkt fyrirkomulag getur verið báðum málsaðilum og málefnum þeim er slík félög vinna fyrir, ómetanlegur styrkur, og af því að svo getur ástaðið, að hlutaðeigandi einstaklingar hafi ekki tækifæri til að hafa þess konar félagsskap nær sér, þó þeir fegnir vildu, og starfskraftar þeirra í þessa átt koma því ekki að notum, hefir "Hið fyrsta íslenzka kvenfrelsis kvenfélag í Ameríku" komist að þeirri niðurstöðu, að bjóða hér með öllum konum og stúlkum, sem þannig eru settar, að ganga í félag sitt með sömu skilyrðum og þeim konum, sem heima eiga í Winnipeg. Skilyrðin eru aðallega þau: að umsækjandi riti nafn sitt undir grundvallarlög félagsins, sem eru aðallega innifalin í þessari málsgrein':

— Að félagið vinni á heiðarlegan hátt að jafnrétti kvenna og karla í stjórnmálum og öllum málum, er velferð lands og lýðs byggist á.

Og með því, að borga ársgjald sitt.

En með því, að þær konur, sem búa úti á landi, geta ekki notið félagsins, eins og þær, sem í bænum eru, hefir félagið ákveðið, að GEFA þeim "Progress", mánaðarrit og aðal málgagn Hinna sameinuðu kvenréttindafélaga í Bandaríkjunum (N.A.W.S.A.), treystandi því, að slíkt verði til að vekja áhuga kvenna, glæða vináttu, marg falda samvinnukraftana og greiða götu kvenréttindamálsins í hvívetna.

Eftir frekari upplýsingum má rita hverri sem er af eftirfylgjandi konum: —

Guðrúnu Pétursson, 706 Simcoe St.
Helgu Björnsson, 665 Alverston St.
Hlaðgerði Kristjánsson, 533 Agnes St.
Thoru Johnson, 770 Simcoe St.
M. J. Benedictsson, 536 Maryland St., Winnipeg.

Í umboði félagsins.
Virðingarfylst.

STJÓRNARNEFNDIN.

SPURNING: — Heiðraði ritstj. Hkr. Geturðu gert svo vel, að gefa mér upplýsingu um, hvar klaufin er á þessum frönsku pilsum, sem getið var um í blaðinu nýlega. Forvitinn.

SVAR: — Leitið og munuð þér finna. Ritstj.

KAUPIÐ af þeim og verzlið við þá sem auglýsa starfsemi sína í Heimskringlu og þá fáið þér *betri* vörur með *betra* vörði og *betur* útilátnar.....

Það þarf að bíta.

Kæru landar, ef þið viljið fá vel skerptar sagirnar ykkar, þá komið þeim til mín, að 501 Beverly St. Líka skerpi ég skauta, skeggháfa og allskonar eggjárn. — Alt fljótt og vel gert.

G. BERGÞÓRSSON,
501 Beverly St.

DR. H. R. ROSS
C.P.R. meðala- og skurðlækir.
Sjúkdómum kvenna og barna veitt sérstök umönnun.
WYNYARD, — SASK.

K-J-Ö-T.
"Ef það kemur frá Johnson, þá er það gott"
C. G. JOHNSON, Kjötsali,
301 Sherbrooke St. Talsími 2631.

Russell A. Thompson and Co.,
Cor. Sargent & Maryland St.
Selja allskonar MATVÖRU af beztu tegund með lægsta verði. Sérstakt vöruúrval nú þessa viku. Vér óskum að Íslendingar vildu koma og skoða vörurnar. Hvergi betri né ódýrari.—
Munið staðinn:—
HORNI SARGENT AVE. OG MARYLAND ST.
PHONE 3112.

Með því að biðja sérlega um "T.L. CIGAR," þá ertu viss að fá ágætan vindil.
T.L.
Make mine T.L. CIGAR
(UNION MADE)
Western Cigar Factory
Thomas Lee, eigandi Winnipeg

Redwood Lager og Extra Porter
Styrkið taugarnar með því að drekka eitt staup af öðrum hvorum þessum ágæta heimilis bjór, á undan hverri máltíð. — Reynið !!
EDWARD L. DREWRY Manufacturer & Importer Winnipeg, Canada.

Department of Agriculture and Immigration.
MANITOBA
Þetta fylki hefir 41,169,089 ekrur lands, 6,019,200 ekrur eru vötn, sem veita landinu raka til akuryrkjuþarfa. Þess vegna höfum vér jafnan nægan raka til uppskeru tryggingar.
Ennþá eru 25 miliónir ekrur óteknar, sem fá má með heimilisrétti eða kaupum.
Íbúatala árið 1901 var 255,211, nu er nún orðin 400,000 manns, hefir nálega tvöfaldast á 7 árum.
Íbúatala Winnipeg borgar árið 1901 var 42,240, en nú um 115 þúsundir, hefir meir en tvöfaldast á 7 árum.
Flutningstæki eru nú sem næst fullkomin, 3516 mílur járnbrauta eru í fylkinu, sem allar liggja út frá Winnipeg. Þrjár þverlandsbrauta lestir fara daglega frá Winnipeg, og innan fárra mánaða verða þær 5 talsins, þegar Grand Trunk Pacific og Canadian Northern bætast við.
Framför fylkisins er sjáanleg hvar sem litið er. Þér ættuð að taka þar bólfestu. Ekkert annað land getur sýnt sama vöxt á sama tímabili.
TIL FERDAMANNA:
Farið ekki framhjá Winnipeg, án þess að grenslast um stjórnar og járnbrautarlönd til sölu, og útvega yður fullkomnar upplýsingar um heimilisréttarlönd og fjárgróða möguleika.
R. P. ROBLIN.
Stjórnarformaður og Akuryrkjumála Ráðgjafi.
Skrifið eftir upplýsingum til
Joseph Burke, 178 LOGAN AVE., WINNIPEG.
Jas. Hartney, 77 YORK ST., TORONTO.

sitt, eftir fáein kvalafull augnablik niðri á steinstéttinni? — Æðislega horfði hún niður í útbygginguna: Fótatakið staðnæmdist ekki við glerhurðina, eins og hún hafði þó hálfvegis gert sér von um, heldur hélt það áfram þrátt fyrir óveðrið út á svalirnar. Og nú sást hver það var. Það var prófessorinn. Hafði hann heyrt fótatak hennar? En nú sneri hann frá henni. Verið gat að hann færi inn aftur, án þess að taka eftir henni. En þá kom stormurinn, óvinur hennar, og neyddi hana til að lita við, og þá sá hann strax stúlkuna, er hélt sér dauðahaldi um vindskeiðarnar. Hár hennar og klæði fuku til og frá um hana, og hann sá náfölt andlitið með óútmálanlegri örvænting horfa á sig.

Eitt augnablik var sem blóðið stansaði í æðum hennar, við að sjá skelfinguna í augnaráði hans, en svo streymdi það alt til höfuðsins og rændi hana allri skynsemi.

"Já, hérna stendur þjófurinn. Sækið lögregluna! Sækið frú Heilwig!" hrópaði hún til hans og hló kuldahlátur. Svo slepti hún vinstri hendinni af vindskeiðinni og greiddi hárið frá andliti sér.

"Í guðsnafni haldið yður fast, annars er úti um yður!" æpti prófessorinn.

"Gott ef það væri um garð gengið", sagði hún.

Hann tók ekkert eftir skotinu, þar sem Felicitas hafði komist upp á þakið. — Í einni svipan hafði hann rutt jurtapottunum úr vegi, og stóð nú alt í einu við hlið hennar. Með ómótstæðilegu afli faðmaði hann hana að sér, og dró hana svo ofan í útbygginguna. Dyrnar féllu með braki miklu aftur á eftir þeim. — — —

Kraftar hennar voru nú þrotnir. Hana svimaði og hún vissi ekkert af, að hinn ímyndaði mótstöðumaður hennar studdi hana. Augu hennar voru lok-

uð, og hún sá því ekki, hve hugsandi hann horfði á hana. — "Felicitas", hvíslaði hann svo blítt og í bænarróm.

Hún hrökk við, og sá strax hættuna, er yfir henni vofði. Öll sú gremja og reiði, er í mörg ár hafði búið í hjarta hennar, fekk enn þá einu sinni vald yfir henni. — —. Hún reif sig lausa, djúpa hrukkan kom á milli augnanna, og svipurinn varð trylllingslegur.

"Því snertið þér við úrþvættinu!" hrópaði hún. — Hún hafði staðið hnakkakert fyrir framan hann, en svo varð hún alt í einu niðurlút. Hún huldi andlitið í höndum sér, og sagði önuglega: — "Nú, yfirheyrið mig þá!. Þér skuluð verða ánægður með svör mín!"

Hann tók blíðlega um hönd hennar.

"Um fram alt, verið þér rólegar, Felicitas", sagði hann í sama blíða málrómnum, sem hafði hrært hjarta hennar þegar hún sat hjá honum við sóttarsæng barnsins. "Hættið þessum stjórnlausa mótþróa, sem þér hvenær sem yður býðst tækifæri reynið að særa mig með. — Lítið þér í kring um yður: Hérna hafið þér leikið yður, þegar þér voruð barn. Hér hefir einsetukonan, sem þér í dag hafið hád svo mikla baráttu fyrir, veitt yður vernd, fræðslu og aðstoð og ástúð. — Hvað svo sem þér hafið verið að gera hér, þá veit ég að það hefir ekki verið neitt ljótt eða órétt. Þér eruð stórlátar, stygglyndar og þrálátar, og þessir gallar koma yður oft til að sýna hörku og ósanngirni, — en þér fremjið ekkert óheiðarlegt, — það er ég viss um, Felicitas. — Ég veit ekkert, hvernig stóð á því, að mér fanst endilega, sem ég myndi finna yður hér, og ég styrktist í þeirri trú, þegar ég sá, hve vandræðalegur Hinrik varð, er ég spurði hann eftir yður, og hve hræðslulega hann gaut augunum að tröppunum. — — "Talið þér",

bætti hann við og hækkaði róminn, er hann sá, að hún vildi taka til máls. "Að vísu ætla ég mér að yfirheyra yður, — og mér finst ég hafa rétt til þess, eftir að ég í stormi og óveðri hefi sótt grenitréð mitt".

Hann dró hana lengra inn í herbergið. Það var eins og það væri of bjart fyrir hann í útbygginguni, og hann kysi heldur hálfrökkrið í daglegu stofunni. — Felicitas fann, hvernig hendur hans skulfu ofurlitið er hann hélt utan um hendur hennar. — Þau stóðu alveg á sama blettinum, þar sem hún áður hafði átt í svo mikilli baráttu við sjálfa sig um það, hvort hún ætti að særa hann í hjartastað og eyðileggja hamingju hans. — — Hún beygði höfuðið, alveg eins og hún vissi sig seka í einhverri óhæfu, og þorði ekki að horfa í augu hans, sem vanalega voru svo alvarleg, en nú lýstu svo innilegri ástúð.

"Setjum svo, að þér hefðuð hrapað, Felicitas", mælti hann og fór hrollur um hann við tilhugsunina um það. "Á ég að segja yður, hve mjög þér hafið skelft mig með þessu æðislega tiltæki yðar? — Þér kjósið heldur, að stofna yður í dauðans hættu, en bera málefni yðar undir dómgreind annara. Eða finst yður ekki eitt augnablik fult af ósegjanlegri kvöl og angist megni að bæta fyrir margra ára órétt?"

Hann beið óþolinmóður eftir svari, en Felicitas þagði og var enn niðurlútari.

"Það er engu líkara, en þér séuð orðnar að steini við þessa sífeldu umhugsun", mælti hann önugur eftir langa þögn, en rödd hans lýsti vonleysi. — "Það er alveg eins og yður geti ómögulega skilist það, að nú er alt breytt frá því, sem áður var". — Hann hafði slept hönd hennar, — en greip nú aftur hægri hönd hennar og þrýsti henni með ákafa að brjósti sér. — "Felicitas! Þér sögðuð nýlega, að þér hefð-

uð elskað móður yðar heitt. Hún kallaði yður Fee. Ég veit, að allir, sem elska yður, nefna yður þessu nafni, og þess vegna vil ég líka segja: Fee, — ég vil sættast!"

"Ég kenni nú ekki neinnar reiði lengur", mælti hún í lágum róm.

"Þar með er mikið sagt", mælti hann, "og meira en ég gerði mér vonir um, en samt er langt frá því að ég geri mig ánægðan með það. — Hvað stoðar það, þó við sættumst, ef við svo skiljum og sjáum aldrei hvort annað? Hvað stoðar það mig, þó ég viti, að þér eruð eigi lengur reiðar við mig, ef ég ekki á hverri stundu get fullvissað mig um, að svo sé. — Þegar tvær persónur, sem hafa verið jafn aðskildar og við höfum verið, sættast, tilheyra þær hvor annari. — Ekki einnar mílu fjarlægð þoli ég á milli okkar í framtíðinni. — — Þér verðið að koma með mér, Fee!"

"Mér væri það mjög á móti skapi, að verða að hýrast á einhverri mentastofnuninni. Ég mundi aldrei geta sætt mig við það", mælti hún hvatlega.

Hann brosti ofurlítið.

"Mér kemur ekki til hugar, að heimta það af yður. ..... Þetta með skólann var bara neyðarúrræði. Mér sjálfum liði þá engu betur. — Það kæmi ef til vill oft fyrir, að það liðu einn eða tveir dagar, án þess ég fengi að sjá yður, og þá stæði heill hópur annara lærimeyja kring um okkur, og hlustuðu eftir hverju orði. Eða forstöðukonan sæti hjá og leyfði mér ekki einu sinni að þrýsta þessari litlu hendi. — Nei, ég verð alt af að slá framan í þetta kæra og stórláta andlit. Ég verð að vera fullviss um það, að þegar ég að afloknum störfum mínum kem heim, þá biðjir Fee mín eftir mér og hugsar um mig, — og ég vil á mínu eigin heimili, í hinum rólegu og við-

ROBLIN HOTEL
115 Adelaide St. - - Winnipeg.
Besta $1.50 á-dag hús í Vestur-Canada. Keyrsla ókeypis milli vagnstöðva og hússins á nóttu og degi. Aðhlynning hins bezta. Viðskifti Íslendinga óskast. William Ave. strætiskarið fer hjá húsinu.
O. ROY, eigandi.

SPONNÝTT HÓTEL
ALGERLEGA NÝTÍZKU
Hotel Majestic
John McDonald,
eigandi.
James St. West, Rétt vestan við Main St.
Winnipeg Telefón 4979
$1.50 á dag og þar yfir
Bandaríkja-snið
Alt sem hér er um hönd haft er af beztu tegund. Reynið oss.

MIDLAND HOTEL
285 Market St. Phone 3491
Nýtt hús, nýr húsbúnaður Fullar byrgðir af allskonar vönduðustu drykkjum og vindlum í hressingarstofunni. Gisting einn dollar á dag og þar yfir.
W. G. GOULD :: FRED. D. PETERS,
Eigendur
WINNIPEG ::: ::: CANADA

Ágæt meðul.
Ég hefi kynst og pantað áður meðul við nef, kverka- og andkafa sjúkdómum hjá Royal Remedy Co. Þau fá bezta vitnisburð. Þeir, sem senda mér sjúkdómslýsingu, og $4.00 fyrirfram, fá meðulin send heim til sín kostnaðarlaust hvar sem er í Canada. Eins og mörgum er kunnugt, hefi ég fengist töluvert mikið við meðalasölu stundum, og þekki "patent" meðul vel. Þessi meðul eru ekta góð meðul, og fólk má treysta þeim, ef það kaupir þau í tæka tíð.
K. Ásg. Benediktsson.
540 Simcoe St., Winnipeg.

The Dominion Bank
NOTRE DAME Ave. BRANCH Cor. Nena St.
VÉR GEFUM SÉRSTAK AN GAUM AÐ SPARISJÓÐS-DEILDINNI. —
VEXTIR BORGAÐIR AF INNLÖGUM.
HÖFUÐSTOLL - - - $3,983,392.38
SPARISJÓÐUR - - $5,300,000.00
A. E. PIERCY, MANAGER.

Sannleikanum verður hver sárreiðastur.

Ég sé í Heimskringlu, sem út kom 25. febr. sl., að Jónas Daníelsson hefir stokkið upp fokvondur út af bréfkafla frá mér, er birtist í blaðinu þá rétt áður. Bréfkaflinn fjallaði um ljóðagerð þá meðal Vestur-Íslendinga, er vikublöðin hafa birt um undanfarinn tíma, og sem dæmi þess andlega atgervis, er meiri hluti þessara blaðaskálda sýna nú á tímum, tilnefndi ég tvær rímur eftir þá fóstbræðurna Kr. Ásgeir og Jónas, er þá höfðu birst í næsta blaði á undan. Í tilefni af þessu ritar Mr. J. Daníelsson alllanga grein, hvar í hann fer mörgum fögrum orðum um frjálslyndi ritstjóranna, — hvað þeir séu auðsveipir við þessa andlega sjúku ljóðahöfunda: Aldrei segi þeir nei, hvaða bull sem á boðstólum sé, með meiru.

Mér hefir aldrei komið til hugar, að álasa ritstjórunum fyrir breytni þeirra í þessu máli. Ég er svo "mérvitur", að ég skil verðiunarhlið málsins of vel til þess. En ég er líka svo "mérvitur", að með því, að þeir eru að mörgu leyti neyddir til að taka í blöðin þessa marg-áminstu ljóðagerð, til þess að fæla ekki algerlega frá sér suma af þessum andlega voluðu vesalingum, þá eru þeir sér óafvitandi að veikja traust það og til trú þá hjá mörgum kaupendum blaðanna, sem þeim er svo afarnauðsynleg.

Grein mín hafði ekkert annað til meðferðar en það, sem meiri hluti kaupendanna vildi sagt hafa, að svona mikið af ljóðagerð í smá vöxnum vikublöðum, ætti ekki að eiga sér stað. Að ég tók til dæmis þessar tvær áminstu rímur, var ekki af því, að þær væru það eina, er að mætti finna, eða sem blöðin gætu án verið.

Þá snýr ég mér að þér, Jónas minn, með þeim ásetningi, að tala dálitið við þig um greinina þína. Þú kallar mig "sérvitring", af því að ég fór að finna að ljóðagerð þinni, sem þú þó í næstu málsgrein viðurkennir, að sé bull og komist ekki nærri því, að geta heitið nútíðar skáldskapur. Ég er dálitið upp með mér af uppnefninu — því sökum þess, að ég er "mérvitur", þá er það (vitið) mín eigin eign, og ég hefi ekki hnuplað því úr frakkalafi neins þess, er ég hélt að væri mér meiri.

En svo skilst mér á grein þinni, að þú sért að tala við alt annan mann en ég er. Um það bera vitni slettur þær, er þú klínir í greinina. Þér hefði verið mun betra, að ræða betur málefnið, sem fyrir lá, heldur enn að fara að kasta hnútum í persónuna, sem þú áttir orðastað við, áður en þú vissir gerla hver hún var. Við vorum ekki utan litið málkunnugir í Winnipeg, en þó hafðir þú svo mikil kynni af mér, að þú heyrðir mig víst aldrei brúka dönsk orð í tali minu, því ég hefi aldrei það mál kunnað, og þar af leiðandi hefi ég aldrei flaggað með neinu af því, og hefir þess vegna það skeyti þitt fokið af réttri leið og lent einhversstaðar í geimnum.

Þú berð mér einnig á brýn, að ég muni heldur vilja skammir enn ljóð, og muni því vera svona vond ur af því ég komi ekki að skömmunum minum fyrir ljóðunum þínum. Hefir þú nokkra ástæðu til að hugsa svona? Hefi ég verið það skamma hylki, það þú veist til? Hvenær hefir þú séð aðfinningar um það frá mér eða öðrum, að blöðin flyttu of litið af skömmum? Er það ekki skortur á velsæmis tilfinningu að hugsa svona?

Ekki þykir mér þú heldur rista djúpt í skáldskapar þekkingunni, þar sem þú segir, að víst séu teljandi þau kvæði eftir Vestur-Íslendinga, sem hafi verulegt skáldlegt gildi, að undanteknum Dr. Sig. Júl. Jóhannessyni, og Kr. Ásgeir, sem þér þykir ofur-eðlilegt, þar sem þú telur þá einu mentuðu mennina hér vestra, sem yrki. — "Fleira er matur enn feitt kjöt", segir málsháttúrinn, og fleira er mentun, en það sem á skólum fæst. Er ekki Stephan G. Stephanson sjálfmentaður maður, og hafa ekki ljóðin hans fengið viðurkenningu hjá beztu skáldunum heima á Fróni, fyrir að vera djúphugsuð og skáldleg? Sama má segja um Kristinn Stefánsson. Þau kvæði, sem eftir hann hafa birst, hafa ver ið þrungin djúpsærri hugsun. — Þriðja manninn verð ég að nefna til sögunnar, sem er ungi hagyrðingurinn Þorsteinn Þ. Þorsteinsson. Þar er efni í gott skáld að minni hyggju. En tilfellið er þetta, að þeir, sem bezt yrkja, finna minsta hvöt hjá sér til að halda því á lofti.

Þú segir, að ferhendurnar ykkar Kr. Á. séu ekki verri enn margt annað, sem blöðin birti, og Eddukenningarnar séu þó al-íslenzkar. Vera má, að svo sé. En manstu ekki eftir því, að það þóttu lökustu rímnaskáldin á Fróni, sem brúkuðu mest af Eddu-hnoðinu? Taktu Gönguhrólfs rímur eftir Bólu-Hjálmar, eða allan þann rímnafjölda, sem til er, eftir Magnús sál. Jónsson. Þessir menn báðir voru svo ríkir af orðum, að þeir þurftu ekki að brúka Edduna í hverri vísu. Þeir að eins brúkuðu hana, þar sem þeir ekki gátu án hennar verið. Sama er að segja um Sigurð Breiðfjörð. Þessir menn og margir fleiri brúkuðu ekki Edduna, nema þar sem hún átti við, og þar sem þeir gátu ekki hjá því komist. Þessir þrír menn voru líka allir skáld eins vel og þeir voru rímarar. Hver hefir kveðið betur um siglingar undir rímnalagi, en bæði Hjálmar og Magnús? Hver hefir kveðið betur um ástir undir rímnalagi enn Sigurður Breiðfjörð? Mér vitanlega engir.

Þú berð mér á brýn, að ég sé að slá um mig, og aldrei muni ég geta búið til eins góða vísu, eins og eina, er Símon Dalaskáld hafi orkt. Getur vel verið. Þú átt víst þar við vísuna, sem hann orkti um Bólu-Hjálmar, eftir að Hjálmar hafði velt sér yfir hann í kvæðinu því arna: "Hrafnsunginn hennar Grýlu". Ég minnist ekki að hafa séð betri vísu eftir Símon, og hefi ég þó margt af hans ljóðum lesið.

Ég hefi aldrei gert neina kröfu til þess, að vera kallaður hagyrðingur, og því síður fundið neina hvöt hjá mér að láta stefjamyndir minar birtast í blöðunum. En þó set ég hér sýnishorn af því, hvernig ég bý til skothendu (því svo heitir bragarhátturinn, sem vísan eftir Símon gengur undir), og legg ég það undir dóm þeirra, er skyn bera á, hvort hún ekki stendur jafnfætis skothendunni hans Símonar, eða jafnvel skothendunum í "Fóstbræðra rímum": —

Þagnar fram úr þröngri vör
þulins ferju setur.
En hans fúni Frosta-knör
flotið varla getur.

Uppnefninu, sem þú hnýtir á mig í síðari hluta greinar þinnar, skifti ég mér ekkert af. En laglegra hefði verið, að þú hefðir haft nafnið rétt, úr því þú fórst að brúka það, þar sem þú fyllilega gefur í skyn, að þú sért nokkuð góður í íslenzkunni. En svo mun það ekki geta mikið til, fólk mun ekki almennt taka eftir svo litlum galla á svo velsamdri ritgerð!!! En hitt væri meira vert, að við nú á tuttugustu öldinni værum komnir á það menningarstig, að geta rætt málefni hver við annan, án þess að krydda það með persónulegum meiðyrðum.

Og skil ég svo við þig, Jónas minn, með þeim fasta ásetningi, að láta þetta verða í fyrsta og síðasta sinnið, sem ég tala um skáldskap við þig í blöðunum, því ég álít þeim tíma og því rúmi sé varið til ónýtis.

Ritað á Point Roberts í marzmánuði 1909.

Jón Jónsson.

Trúmálafundir,

Þó almenningur væri eigi svo heppinn, að fá að sjá ársskýrslu kirkjufélagsins lúterska, sem lögð var fram á þinginu í Selkirk á síðasta sumri, var ég (rétt nýlega) svo heppinn, að ná í gerðabók þess félags. — Meðal annars sé ég umkvörtun forseta um fækkandi trúmálafundi, sem hann kennir mest áhugaleysi almennings, eða að "leikmenn vilji draga sig í hlé". Og er það ekki að orsakalausu að minni hyggju, þó svo væri.

Vanalega hefir þótt nauðsynlegt, að fjölmenna prestum og lærlingum á slíka fundi, til að drepa í fæðingunni þær setningar, sem leikmenn hafa ætlað að bera fram, — líklega af hræðslu fyrir, að þær yrðu í einhverju mótsríðandi viðteknum vana. — Það, sem þeir hafa sagt, hefir verið "fásinna og barnaskapur", og þeir með þessum prestlegu setningum gerðir tor tryggilegir fyrir þeim, sem álita alt gott, "sem hann faðir" segir. Svo það er engin ástæða til að halda, að leikmenn fjölmenni, eða láti til sín heyra á slíkum fundum.

Fyrir mörgum árum síðan var ég staddur á einum trúmálafundi, þar sem umtalsefnið var: "Hvað er að vera kristinn maður?". Þar var fjölment og margt rætt lengi dags. En að öllu búnu á fundinum sýndust menn ekki komnir neitt nær vissunni um spursmálið! — Það var ekki tekið nokkurt tillit til efasemda, né sannfæringar leikmanna, sem voru grunaðir um, að trúa ekki allri bibliunni! Það var (vægast sagt) "fásinna og barnaskapur", sem þeir sögðu.

Einn leikmanna sagði: "Sá, sem ástundar af öllu hjarta, að laga hugarfar sitt og líferni eftir guðs og Jesú boðorðum, og Jesú heilaga dæmi, sá er kristinn". — Það var ekki hægt að gera góðan róm að þessu svari, því framsögumaður trúði ekki landafræði bibliunnar (og máske fleiru) eins og þeir réttrúuðu ætluðust til.

Nei, það er ekki orsakalaust, að leikmenn draga sig í hlé á trúmálafundunum. Þó þeir kæmu þar með sín hjartfólgnustu mál til úrlausnar, eru þeir (í staðinn fyrir leiðbeiningu) gerðir hlægilegir, og bent á þá sem "óferjandi og óalandi öllum bjargráðum". Þetta virðist vera sú kristilega (!!!) framkoma rétt-trúnaðarmanna á trúmálafundum, — rökfærsla og leiðbeining sýnist ófáanleg. Skyldu þeir ekki eiga þá vöru til?

Um trúmál og trú nú á dögum má segja líkt og séra Bjarni Sveinsson sagði fyrir 30—40 árum síðan í Prestsbakka bragnum, sem hann orkti um "Þing og kirkju":

"Að trúa í blindni, í blindni að hlýða,
að bera vel krossinn og leysa sin gjöld,
að þola að svelta, biðja og bíða
— er boðið á þessari leirgerðaröld".

Hér sést, að B. Sveinsson hefir ekki unnað andlegu "þrælahaldi". Er ekki orðið mál að afnema það, — eða hafa menn ekki rétt til, að afnema andlegt þrælahald eins og borgaralegt þrælahald? Það var þó guðs boð bibliunnar. Og vér eigum að trúa henni allri!!

J. E.

ÚR BRÉFI FRÁ MARKLAND.

10. Marz 1909.

"Vel hefir það tekist að velja söguna í Heimskringlu núna, hún þykir ágæt, af því hún sýnir svo lýðslega andlegu hræsnina.

"Leiðinlegt þykir þetta privat hnotabit á milli K.Á.B. og A.J.J. Báðir eru vel ritfærir menn. K.Á.B. hefir oft skrifað í Hkr., bæði fróðlegt og skemtilegt. Nú ættu þessir menn að hætta deilum og sættast, og halda svo áfram störfum sinum í bróðerni.

"Ekki þykir mér að skáldin eigi upp á hábordið hjá Stefáni Thorsyni. Það væri fróðlegt að vita, hverjir það eru, sem Stefán kallar leirskáld. Eða eru allir það, sem hafa látið ljóð sín í blaðið? Það er óliklegt, að Stefán meini það. Ætli það sé ekki réttara álit, að sumir hafi gert vel, aðrir miður, en enginn af þeim umræddu eigi það skilið, að kallast leirskáld. Ef allir væru jafnir, þá væri ekkert til samanburðar. Og svo verða misjafnir manna dómar um það, hvað sé vel eða illa orkt. Það verður seinunnið verk fyrir andstæðinga skáldanna, hvort heldur það eru prestar, prestasynir eða vinir, að leggja heftiplástur á munn þeirra.

"Mikið hefir þessi Ingbjörg Goodman tekið sér nærri greinina, sem hún talar um í Freyju. Hún virðist vera reið í meira lagi. En eftir því, sem ég skil báðar, er munurinn þessi: Margrét er opinská og hreinskilin og segir afdráttarlaust sína meiningu í hverju máli sem hún talar um, og við hvern sem hún talar. Hún ætlast til, að leiðandi maðurinn sé sterkari enn hinn, sem hann leiðir. Hún tekur ætíð svari þess minna máttar, á sama hátt og Sigurður Júl. Jóhannesson gerði meðan hann ritaði og fleiri mannvinir gera. Hún vill hreinsa mannfélagssárin, og græða þau svo, en Ingibjörg virðist vilja leggja gillinplástur yfir alt saman.

Á beztu heimilum
hvar sem er í Ameríku, þar munið þér finna HEIMSKRINGLU lesna. Hún er eins fróðleg og skemtileg eins og nokkuð annað íslenzkt fréttablað í Canada

MARKET HOTEL
146 PRINCESS ST. á móti markaðnum
P. O'CONNELL, eigandi, WINNIPEG
Beztu tegundir af vínföngum og vindl um, aðhlynning góð, húsið endurbætt

JOHN DUFF
PLUMBER, GAS AND STEAM FITTER
Alt verk vel vandað, og verðið rétt
664 Notre Dame Ave. Phone 3815
Winnipeg

Strathcona Hotel
Horni Main og Rupert Str. Nýbygt ogágætt gistihús; Gest um veitt öll þægindi með sanngjarnasta verði. Frí keyrsla til og frá öllum járnbr. stöðvum. Beztu vín og vindlar; og herbergi og máltíðar ágætar.
McLaren Brothers
EIGENDUR

Hotel Pacific
219 Market Street Winnipeg | H. M. Hicks Eigandi Manitoba
Telephone 1338
Nýendurbætt og Nýtízku hús fallaðri staði. Viðskifta yðar óskast virðingarfylst.
$1.25 a Dag

$1.50 Á DAG
Besta $1.50 gistihús í Winnipeg
BRUNSWICK HOTEL
Horni Main St. og Rupert Ave.
Besta borðhald; Hrein og Björt Herbergi; Fínustu Drykkir og Bestu Vindlar. Ókeypis Vagn mætir Öllum Traintestum. Reynið oss þegar þú ert á ferð.

XXV.

FRJÁLS, EN ÞÓ FANGI.

Felicitas lét bókina aftur. Hún var svo örmagna, að hún gat ekki lesið meira. Úti fyrir hamaðist stormurinn og óveðrið, svo að gluggarnir nötruðu. — En hvað var það á móti stormum þeim, er hamast höfðu í brjóstum þeirra manna, er bókin fjallaði um?

Cordúla frænka! Þú hefir verið kvalin og krossfest. Þeir, sem nutu hins stolna fjár, — þeir hreyktu sér hátt, og gortuðu af sæmd og réttsýni ættar sinnar. Þeir útskúfuðu þér, sem værir þú ætleri, og heimurinn í blindni staðfesti þann dóm. — — Bannfærð og rægð við guð og menn stóðst þú ofar þeim öllum saman, og aldrei með einu orði opinberaðir þú leyndarmál þitt. Þú baðst þeim ekki bölbæna, er í blindni áfeltu þig. Oft og mörgum sinnum þáðu þeir viðurværi sitt frá þér, og gripu án þess að vita af hina frelsandi hönd þína í neyð sinni. — Þín göfuga sál gekk sinn eigin veg, og hið blíða, rólega bros, er í elli þinni lék um varir þér og gerði andlit þitt svo yndislegt, — það var sigur sá, er hinn hugstóri andi þinn hafði áunnið sér.

Mikið dæmalaust úrþvætti er almenningsálitið. Það er ekkert að reiða sig á það, og þó léyfir það sér, að að gripa að ósekju inn í forlög einstakra manna. — Það eru til heilar ættir, sem þó liðin séu fleiri ár, líða vegna misgerða eins einasta ættingja sins, er heimurinn hefir bannfært og felt harðan dóm

yfir. — Og það eru líka til ættir, sem án minstu fyrirhafnar njóta almenningsálits, af því þær þykjast hafa fengið að erfðum sæmdir og virðingar. Hversu mörg niðingsverk hefir ekki almenningsálitið á samvizku sinni! Og hversu oft hefir einstaklingurinn ekki grátið beiskum tárum út af því, að heimurinn í blindni hefir sparkað í hann?

Heilwigs ættin var ein af þeim, sem álitin var allrar virðingar verð. Hefði einhver vogað sér, að benda á eina myndina af ættmennum Heilwigs ættarinnar í myndaherberginu, og sagt: 'Þessi var þjófur', — þá mundi sá hinn sami strax hafa orðið fyrir steinkasti heimsins. Þó hafði einn af þessari ætt ræntt umkomulausan skógarason arfi hans. Þessi heiðursmaður hafði dáið með þjófnað á samvizku sinni, og niðjar hans stærðu sig af hinni gömlu kaupmannaætt, og auðæfum þeim, er hún með dugnaði og sparsemi hafði aflað. — Ef hann vissi þetta! — Ef hann læsi þessa bók, — hann, sem lagði óskir sínar og vonir í sölurnar fyrir helgar erfðakenningar. Hann, sem svo lengi hafði álitið það sem sjálfsagt, að hvort heldur var, dygðir eða illverk, sæmd eða ódrengskapur, — þá kæmi það fram á sjálfri ættinni, en ekki fáum einstaklingum, sem heyrðu henni til.

Ósjálfrátt hóf Felicitas sigrihrósandi upp hægri hönd sína, er hélt utan um bókina, og augu hennar leiftruðu. Hvað hindraði hana frá, að láta bókina þarna á skrifborðið? — Svo kemur hann inn, og án þess að gruna nokkuð, sest hann makindalega í hægindastólinn. Hann er sokkinn niður í mikilsverðar vísindalegar hugsanir. Hann gripur pennann og ætlar að halda áfram með ritverk sitt. En þá rekur hann augun í litið skrin, sem hann hefir ekki séð áður. Hann tekur lokið af, — gripur bókina og les, — les þangað til hann hnigur aftur á bak fölur sem nár, og stálgráu augun missa fjör sitt, þá er þau

hafa lesið þetta hræðilega leyndarmál. — Þá er stórlæti hans brotið á bak aftur. Í laumi ber hann byrði sviðirðingarinnar. — Mun hann njóta arfs sins? Arfurinn er stolið fé. Hvenær sem hann liti nafn sitt stæði honum honum lifandi fyrir hugskotssjónum að á því hvildi blettur, ljótur blettur. — Já, hann væri brotinn á bak aftur, og lífsgleði hins drambláta manns eyðilögð.

Bókin og skrinið féll úr höndum Felicitas og hún fór að gráta: — Nei, þúsund sinnum heldur vildi hún deyja, enn valda honum annarar eins sorgar! — Þó hafði hún hér í þessu sama herbergi fyrir fáum vikum síðan sagt: "Mér stæði alveg á sama, þó sorg og ógæfa yrðu hlutskifti hans, og þó ég gæti stutt að hamingju hans, skyldi ég ekki hreyfa minn minsta fingur til þess". — Var það gamla hatrið, er fylti augu hennar tárum, og brjóst hennar óumræðilegri kvöl, við hugsunina um það, að hann yrði að líða? Var hin sælufulla tilfinning, er fylti hjarta hennar, þá er hún í huga sér leit hann karlmannlegan og djarflegan, — fyrirlitning? Eða var það innri ánægja sú, er hún fann, þá er hún sá að hún gat haldið hlífðarskildi yfir honum, verndað hann frá hræðilegu óláni? Átti þessi tilfinning nokkuð skylt við viðbjóðslega hefnigirni? Hatur, fyrirlitning og hefnd, — alt þetta var horfið úr hjarta hennar. — — Vei henni! Hún hafði mist stjórn yfir sjálfri sér. Hún hrökk aftur á bak og huldi andlitið í höndum sér. — Þetta leyndardómsfulla sundurlyndi, er ríkti í hjarta hennar, varð henni nú alt í einu ljóst. En það var ekki fagur ljósgeisli, er sýndi henni ókunn æfintýralönd, heldur var það björt elding, er lýsti eins í svip, og sýndi henni opið hyldýpi við fætur hennar. — — — — —

Burt, — burt!! Hér var nú ekkert meira að

gera. Að eins einu sinni þurfti hún að fara yfir þökin, og svo að hverfa á brott af Heilwigs heimilinu. — Þá var hún frjáls. Hún ætlaði sér að flýja og koma aldrei aftur.

Hún tók bókina upp og stakk henni í vasa sinn. En hvað var þetta? Hún þorði varla að draga andann: Í framdyrunum var hurð skelt, og hún heyrði, að hröðum skrefum var gengið að daglegu stofunni. Hún flýtti sér fram í útbygginguna, og reif glerhurðina upp. Stormurinn blés í fangið á henni og stórir regndropar féllu framan í hana. — — Hún leit hálf æðislega yfir þökin. Þann veg gat hún ekki farið, því þá hlaut hún að sjást. Eina ráðið var að fela sig strax.

Á milli veggjarins í útbyggingunni og jurtapottanna, var ofurlitið autt bil. Þangað flýði Felicitas, og greip í angist sinni fast um vindskeiðarnar meðfram mæninum. — — Nú stóð hún langt fyrir ofan útbygginguna. Stormurinn hristi hana, eins og hann vildi ekki hætta, fyr en hann hefði kastað henni niður á götuna, sem gapti við henni eins og ginandi undirdjúp. Á himninum þutu óveðursskýin til og frá. — Var enginn verndarengill til, er héldi verndarvæng sínum yfir hinni ungu stúlku, er barðist þarna móti skelfilegum dauðdaga?

Hver skyldi það vera, sem nú kemur inn á svalirnar. Frammi fyrir honum er hún brennimerkt sem þjófur. Allir munu álíta þetta innbrot, því hún hafði farið inn í lokuð herbergi. Það var búið að áfella hana fyrir, að hún væri við silfurþjófnaðinn riðin. Nú var komið upp um hana. Það fór þá svo, að hún yfirgaf ekki frjáls Heilwig heimilið. Hún yrði flæmd í burtu með vansæmd, og eins og Cordula frænka yrði hún með þögn og þolinmæði að bera smán og niðurlægingu. — — Var það svo hræðilegt, þó hún lofaði storminum að ráða og endaði líf

— Nýjustu skýrslur Frakklands sýna, að vínnautn fer minkandi þar í landi, og meira þó í bæjum og borgum heldur enn úti á landsbygðinni.

— Mál er risið í Vancouver út af John J. Harrison, sem fyrirfór sér þar í borg og eftirskildi 150 þús. dala virði af fasteignum. — Hann hafði komist undir áhrif manns að nafni C. A. Varey, sem er formaður og aðallæknir Christian Science félagsins í Vancouver. Varey hafði verið að lækna Harrison, og var búinn að telja honum trú um, að hann gerði réttast í að gefa Christian Science félaginu allar eignir sínar eftir sinn dag. Svo er að sjá, sem Harrison hafi ekki verið viljugur að gera þetta, en var hins vegar kominn svo undir áhrif Vareys, að hann gat ekki hrist þau af sér. Hann hafði sagt lögreglustjóra borgarinnar frá öllu þessu, og kvartað undan þeim áhrifum, sem Varey beitti gagnvart sér. Daginn eftir fyrirfór Harrison sér, og við rannsókn þá, sem fram fór eftir dauðsfallið, kom það í ljós, að hann muni hafa tekið þetta til bragðs til þess að komast undan áhrifum Vareys, og því, að þurfa að gefa Christian Science sófnuðinum allar eigur sínar. Það er almenn skoðun, að Varey hafi verið óbeinlínis orsök í láti þessa manns, og að mál verði höfðað móti honum, þótt hinsvegar lítil líkindi séu til þess, að hann verði fundinn sekur, eða látinn sæta nokkurri ábyrgð af þessu tiltæki.

KENNARA

vantar fyrir Diana S. D. No. 1355 (Manitoba), frá 1. april næstk., eða að minsta kosti á tímabilinu til 1. maí, í 8 mánuði. Umsækjendur þurfa að hafa 2. eða 3. stigs kennaraskóla vottorð (Professional Certificate), og eru beðnir að greina frá æfingu sem kennari, og hvaða kaupi óskað er eftir. Sá umsækjandi, er ekki hefir stundað kennaraskólanám, sendi meðmæli frá tveimur (2) málsmetandi persónum, svo umsóknin verði tekin til greina.

MAGNUS TAIT,
Sec.Treas. Diana S. D
P.O. Box 145, Antler, Sask.

S. R. HUNTER & CO
Skraddarar,
189 Lombard Stree
Búa til ný-móðins karlmannafatnaði eftir máli. — Efni og vinnubrögð afbeztu tegund, og alt ábyrgst að vera jafngildi þess bezta sem fáanlegt er í borginni. Verðið er við allra hæfi. —

S. R. Hunter & Co.
189 Lombard St.
Telephone 1395.

Skrautmyndir

Mjög vandaðar, stórar og fagrar, af skáldkónguunum íslenzku, Hallgrími Péturssyni og Jónasi Hallgrímssyni, fást hjá undirskrifuðum, önnur á 35c en báðar á 60c. Agæt stofuprýði.

ATH. — Þessir hafa þegar tekið að sér útsölu á myndunum : —

Friðrik Sveinsson, 618 Agnes St., Winnipeg; Wm. Anderson, 1797 7th Ave. W., Vancouver, B. C.; S. Bárðarson, R. F. D. 1, Box 90, Blaine, Wash.; Sigurður Johnson, Bentry (og Upham), N. Dak. Jóh. H. Húnfjörð, Brown, Man. OSThormodson, Pt. Robert, Wash J. G. Westdal, Minneota; Olafur G. Isfeld, Kristnes, Sask.; S. Pétursson, Arnes (og Nes), Man.; C. Christianson, Marshland, Man.; Sigurður Bjarnason, Big Quill (og Wynyard), Man ; Konrad Sigtryggsson, Belmont, Man.

F. R. JOHNSON,
1419 W 57th St., Seattle, Wash.

James Flett & Co.
PLUMBERS
Leiða Gas- Vatns- og Hitapípur í hús yðar, fyrir sanngjarnt verð. Verk vandað, fljótlega gert og ábyrgst.
572 Notre Dame Avenue
Telephone nr. okkar er 3380, eða 8530.

Woodbine Hotel
Stærsta Billiard Hall Norðvesturlandinu
Tíu Pool-borð.—Alskonar vín og vindlar
Lennon & Hebb,
Eigendur.

Vínaminni.

TIL —

Stephans G. Stephanssonar

Frá Þorsteini Þ. Þorsteinssyni.

I.

Fear not the tyrants will rule forever,
Or the priests of the evil faith;
They stand on the brink of that raging river
Whose Waves they have tainted with death,
It is fed from the depth of a thousand dells.
Around them it foams and rages and swells;
And their words and their sceptres I floating see
Like the wrecks, on the surge of eternity.

— — To a blighting faith and a cause of crime
They have bound them slaves in youthly time,
And they will curse my name and thee
Because we fearless are and free.

— *Shelley.*

MONTGOMERY! true, the common lot
Of mortals lies in Lethe's wave:
Yet some shall never be forgot —
Some shall exist beyond the grave.

— — Then do not say the common lot
Of all lies deep in Lethe's wave;
Some few who ne'er will be forgot,
Shall burst the bondage of the grave.

— *Byron.*

STEFÁN minn góður! lifið vort í ljóði —
ljósið í vestri meir en þrjátigu ár!
Mannvitsins námi Islendings í óði,
orðgnótta og nýrra mynda djúpur sjár!
Frumblómin þín á frumbýlinga árum
festu sér rót í margri nýtri sál,
þau þurfa ei dögg frá vanans vælu-tárum,
vaxa þau bezt við tendrað andans bál.

Hugspekismyndir hæstu frelsissjóna —
heiðblámans ljóskvik fjarrst á sólarbraut, —
óþektar nótur heillra og hálfra tóna
hreifst þú og lagðir mjúkt í Óðs þíns skaut.
Greyptir þú, skáld, í gullið söngva þinna
gimsteina landsins, sem þú heitast anst.
Alt þú oss gafst, sem andinn mátti vinna —
alt, sem þú bezt í lífi þínu fanst.

Mun nú ei vestræn menning vilja gjalda
mæringi fóstriðr: vöggu- og æskuljóð?
Mun þökkin geymd til ókominna alda
óbornum niðjum? Slíkt er venja góð!
Mun heimskan altaf viti sönnu verja
vöðin, sem liggja beint til almennings?
Mun altaf verða ein vor þjóðlífsferja,
alla sem flytur beint til kyrkjuþings?

Svari því hver í sínum eigin huga —
svipþung er von mín, drungi í hverri spá.
Sannreyndin stingur sárt sem eiturfluga,
sviðinn er þeirra, er vilja hið rétta sjá.—
Samt á vort frelsi framtíð ævarandi —
Fjallanna mögur! þar er hástóll þinn.
Geisli þíns orðs: þinn ungi, sterki andi
á þar á geymslu mestan ljóma sinn.

Þökk sé þér, skáld, þú fjallasvanur fríði!
fögnuður vor er lífi í þinni sál.
Þökk sé þér bóndi, bygðar þinnar prýði,
bókvitið þitt er dulspakt reynslu-mál.
Þökk æðsta skáld vort austan hafs og vestan!
óhræddir ristum vér á sögusþjöld:
ljóðin þín eiga kyngi-kraftinn mestan
kvæðanna þeirra, er semur snælenzk öld.

II.

Bjór færik þér,
brynþings apaldr,
magni blandinn
ok megintíri,
fullr 's hann ljóða
ok líknstafa,
góðra galdra
ok gamanrúna.

— — Allar váru af skafnar,
þærs váru á ristnar,
ok hverfðar við enn helga mjöð,
ok sendar á víða vega;
Þær ro með ásum,
þær ro með alfum,
sumar með vísum vönum,
sumar hafa menskir menn.

Þat eru bókránar,
þat eru bjargrúnar,
ok allar ölrúnar
ok mætar meginrúnar,
hveims kná óviltar
ok óspiltar
sér at heillum hafa,
njóttu ef namt,
unz rjúfask regin.

— *Sigrdrífumál.*

Velkominn, velfarinn,
vinr mætr,
heiman frá ok heim!
"Vinaminni"
vær með þökk sendum —
Bragafull þíns blóma!

Vel ferr víkingi
veig at kneifa,
horn sitt hönd of spenna.
Á bárum vína björtum
barm ok vör láta
kyssask úrgum kossi.

Saman at sumbli
sátum vær hýrir
es Aftan Dag deyddi.
Glaðsrúnar ristum
ok ramma stafi.
Þá vas oss hlátr í huga.

Þá vas líf ljúfum
leiftri skærra,
Kveldhóf kærra myrgni.
Golli glæstara,
golli mætara
sérhvert orð frá Seva.

Þaðan 's munfögr
minning risin —
sitr á Sevatindum.
Utsýni auðigt
ok andans víðfeðmi
bjart mót henni brosir.

Heill þín innganga,
heill þín útganga
í "hreiðri" hárra sala!
Geislar góðvina
gremi eyði
ævidaga alla,

Ginnheilög regin
ok goð vár öll
sigr-rún þér risti,
á baki ok brjósti,
í borg ok í sveit,
höfum á ok himni.

Gleðr þat oss Stephán,
es oss grönnum þínum
softnar ljós fyr sjónum,
Sökkvabekk þú sitr
með Ságu ok Óðni
eilífð Íslendinga.

Sjálfstæði.

Útdráttur úr fyrirlestri fluttum á síðasta Menningarfélagsfundi af hr. Halli Magnússyni.

Eitt af því allra bezta, sem hver einstaklingur, hver þjóð og hvert þjóðfélag getur haft fyrir sig að bera í straumiðu þessa lífs og baráttunni fyrir tilveru sinni, er S j á l f s t æ ð i, bæði andlegt og efnalegt. Margir þeir, sem hafa andlegt og líkamlegt atgervi, frá náttúrunnar hendi, ná aldrei nægilegri fullkomnun til þess að geta kallast sjálfstæðir menn í réttum skilningi. Þeim er líkt varið og veðurvita á húsburst, sem blaktir og snýst fyrir blænum af hvaða átt sem hann blæs, en hefir hvorki vald eða vilja.

Þessir menn hafa verið og eru alt of margar í þjóðflokki vorum. Það er ekki nóg fyrir ferðamanninn að vita um áttirnar eingöngu, hann verður líka að gera sér grein fyrir, í hvaða átt skuli stefna, svo ratað verði rétt yfir hinar klungróttu leiðir mannlífsins. Allir vita, að brautirnar eru margar, sumar ógreiðfærar, og það sérstaklega þær brautir, sem liggja upp á við til s j á l f s t æ ð i s, m a n n d ó m s og m e n n i n g a r. En þær, sem liggja niðurávið, að árfarvegum andlegrar og líkamlegrar spillingar, eru ætíð greiðfærari, og því miður hefir mörgum þótt létt undanhaldið.

Menn ættu að hafa það hugfast, að velja sér það markmið í lífinu, að verða sjálfstæðir menn í orðsins fylsta skilningi, — efnalega sjálfstæðir, hafa gætur á, að sóa ekki fé sínu út í fáfengilegri tilbreytni til fæðis og klæðis, eins og óteljandi grúi fólks að öllum jafnaði gerir. Það er ekki leiðin til sjálfstæðis, ekki meðal til þess að verða sjálfum sér og mannfélaginu til sem mestrar uppbyggingar. — Það er leiðin ofan í móti, ofan að áðurnefndum árfarvegum.

Allur sá munaðar varningur, sem unninn er í heiminum árlega, til spillingar heilsu og lífnaðarháttum manna, kostar mannkynið óútreiknanlega fjárupphæð. Og þó mörgum veitist að visu atvinna við slíka framleiðslu, þá vinnur það aldrei upp þann skaða, sem heildin er að líða við notkun vörunnar. Fyrir hégómagirni og glyslöngun fólks, er örbyrgð og efnalegt sjálfstæði á því hryllilega stigi, sem daglegu dæmin sýna.

Þegar tekið er tillit til hinnar voðalegu örgyrgðar á aðra hliðina og auðlegðarinnar á hina, þá virðist alt benda til þess, að betra væri, að enginn miliónaeigandi væri til, en að því skapi fleiri sjálfstæðir einstaklingar á meðal þjóðanna. Ekki þó svo að skilja, að miliónaeigandinn þurfi að vera efnalega ósjálfstæður maður, en hann heyrir ekki undir þann lið, sem átt er við með efnalegu sjálfstæði. Hann er annað og meira, — hann er okurvald það, sem þúsundir manna stynja undir árlega ; hann brýtur verkalýðinn undir sig, lætur hann draga fram lífið á vesælan hátt, gefur honum einn pening fyrir tíu, en rakar saman auðæfum með verkum hinna starfandi manna í heiminum.

En löggjafarvald þjóðanna hefir komið því þannig fyrir, að slíkt er ekki kallaður þjófnaður, — það er kallað einstaklingsfrelsi, — frelsi, sem öllum er heimilt að nota, sem vilja, og vit hafa á, að færa sér það í nyt, — vitandi þó, að með þessu ótakmarkaða frelsi er verið að skerða réttindi fjölda manna, því aldrei geta allir orðið miliónaeigendur.

Hvernig svo sumir hinna stórauðugu manna verja auði sínum, er almenningi full-ljóst. Því til skýringar þarf ekki annað en að benda á lífnaðarhætti sumra auðmannakona og barna í Bandaríkjunum og á Englandi. — Þar er ótakmarkað frelsi í þessu tilliti orð ið eitt af hinum stærstu mannfélagsmeinum, hin réttmætasta réttlætis tilfinning fótum troðin.

En hverjar eru svo orsakirnar til þessa óholla fyrirkomulags meðal vor? Sumir segja, að það sé stjórninni að kenna, að hún beri ekki heill lands og þjóðar fyrir brjósti, eins og vera ætti, heldur hugsi að eins um, að auðga sjálfa sig og einstaka menn. En það, að stjórnin er eins og hún er, er ósjálfstæði fjöldans að kenna, samtakaleysi og stefnuleysi verkalýðsins, sem getur, ef hann beitir valdi sínu réttilega, ráðið öllum kosningarlegum úrslitum, og látið þá eina sitja löggjafarþing þjóðanna, sem hann veit að eru einlægir og trúir mannréttindamenn.

En þegar kjósa skal menn á þing þessi, þá er venjulega sundrung og óeining á allra hæstu stigi. Fleiri hundruð manna eru þá leidd af auðvaldinu, með auðvirðilegum mútugjöfum, til að styðja þá menn til valda, er orðið geti auðvaldinu liðhollir. Efnalega sjálfstæðir verðum vér að vera, svo vér ekki þurfum að selja sannfæringu vora og réttindi, þegar kosningar fara fram.

Það, sem hér er átt við með efnalegu sjálfstæði er það, að sem flestir einstaklingar geti séð sómasamlega fyrir sér og sínum, eignast hæfilegan ellistyrk og stutt að helztu og göfugustu málum þjóðar sinnar. Og því marki geta áreiðanlega fleiri náð en hafa gert, ef hugur fylgir máli.

Mér er sama, hvort sá maður er neíndur grútur eða nirfill, sem forðast allar þær ónauðsynlegu kröfur til lífsins, er samtíð hans hefir að bjóða, en reynir aftur á móti að koma ærlega fram og sómasamlega í viðskiftalífinu, eftir því, sem kraftar hans leyfa. Hann er, hvað sem öllum palladómum líður, að vinna þjóð sinni og mannfélaginu í heild sinni meira gagn með dæmi sínu og framkomu en stór hópur manna, sem eru óhóssamir og glysfengir og rembast við, að hanga í tízkunni, en finna þess utan orðum sínum og athöfnum sjaldan eða aldrei neinn stað.

En svo eru til þeir menn meðal allra þjóða, sem eru sannkallaðir grútar eða nirflar. Þeir menn hafa þá skoðun, að það sé fyrsta skilyrðið til þess að geta orðið efnalega sjálfstæður, að draga sig algerlega út úr öllu félagslífi og ganga afskiftalaust framhjá nema að eins því, sem snertir þeirra eigin persónu. Slíkur hugsunarháttur er drepandi og ætti að upprætast með öllu. Menn með slíkum hugsunarhætti verða aldrei neinum til uppbyggingar, þeir koma aldrei ær lega fram í viðskiftum, fyrir nurlarafýsn sina, sem blindar þá fyrir öllu því fegursta og háleitasta, sem lífið hefir að bjóða. Þeir setjast út í horn og horfa í gaupnir sér, þegar aðrir taka þátt í saklausri glaðværð, sem kostar litla peninga, en eru hollar og lífgandi fyrir sálina og vekja bróðurlegan kærleikshug meðal allra.

Þarna eru þá menn, sem eru efnalega sjálfstæðir, en valda þó óþrifum meðal almennings, vegna þess þeir eru andlega óheilbrigðir og ósjálfstæðir. Þess vegna verður andlegt og efnalegt sjálfstæði sem oftast að fylgjast að.

Það má að vísu segja, að þetta viti allir, en hversu margt er það ekki, sem við vitum og skiljum, og hefir þó aldrei orðið að liði sökum doðasóttar þeirrar, sem hvílt hefir yfir hugsunarhætti almennings lengst framan úr öldum, alt frá þeim tíma, er klerkar og kirkjuvald blés kerlingareldi trúarinnar í augu manna, svo að þeir urðu andlega starblindir, og hafa ætíð verið að nugga sér um sjónir síðan, — alt fram í byrjun síðustu aldar, að nokkur óskaþörn þjóðarinnar greiddu svo fyrir almenningi, að hann sá daginn og veginn framundan á ný.

Og þó er hinn andlegi þroski vor ekki á hærra stigi enn þann dag í dag en svo, að fjöldi manna safnast nú saman og hlustar með andakt á kenningar þeirra presta, sem segja : — "Vér eigum ekki að vinna fyrir þeim mat, sem aldrei upp. Kristur sjálfur sagði, vér eigum ekki að vinna fyrir þeim mat, sem gengur upp. Vér eigum að öinna fyrir þeim mat, sem aldrei þrýtur, fyrir föðri sálarinnar".

Að Kristur hafi nokkru sinni flutt aðra eins kenningu og þetta, læt ég ósagt, en ótrúlegt er, að svo hafi verið, þar eð hann neytti sjálfur matar og vissi, að menn gátu ekki án hans lifað, til að vinna fyrir sínu sálarfóðri. Mér dettur ekki í hug að ætla, að prest urinn, sem fyrir skemstu lagði út af þessum orðum, hafi ætlast til, að menn hættu að vinna fyrir líkamlegri fæðu sinni og reyndu að lifa á tómri sálarfæðu. En ef að slíkar kenningar festa nokkrar rætur, þá vekja þær áhugaleysi fyrir verklegum framkvæmdum og nytsömum rannsóknum þessa lífs.

Ef við lítum að eins á þann litla hluta þjóðar vorrar, sem er í þessum bæ, þá sjáum vér sundrung og óeining í öllu félagslífi voru hér, en einhuga og sjálfstæðir þurfum vér að vera, til þess að áhrif vor geti orðið sem mest og bezt í öllu því, sem er nytsamt og fagurt og miðar til þess, að gera öllum lífið sem ánægjulegast.

Mér hefir oft dottið í hug, að vér Íslendingar hér hefðum átt fyrir löngu að vera búnir að mynda félag í því skyni, að tryggja löndum vorum hér atvinnu árið um kring. Félagsskapur með því augnamiði myndi hafa orðið oss að betri notum og borið betri ávöxt í þjóðlífi voru hér vestra, en margur sá félagsskapur, sem menn hafa hingað til óþreyttir veitt sitt fylgi.

Að endingu vil ég óska þess, að við Íslendingar gætum sem flestir orðið andlega og efnalega sjálfstæðir menn og sjálfstæðar konur.

E. J. Árnason,
(skrifari Menningarfélagsins.

LEIÐBEININGAR--SKRÁ
YFIR ÁREIÐANLEGA VERZLUNARMENN Í WINNIPEG

MUSIC OG HLJÓÐFÆRI
CROSS, GOULDING & SKINNER, LTD. 323 Portage Ave. Talsími 4413
MASON & RISCH PIANO CO., LTD. 356 Main Stree Talsími 480 W. Alfred Albert, Íslenzkur umboðsmaður
WHALEY ROYCE & CO. 356 Main St. Phone 263 W. Alfred Albert, búðarþjónn.

BYGGINGA- og ELDIVIÐUR.
J. D. McARTHUR CO., LTD. Byggingar- og Eldiviður í heildsölu og smásölu. Sölust: Princess og Higgins Tals. 5060, 5061, 5062

MYNDASMIÐIR.
G. H. LLEWELLIN, "Medallions" og Myndarammar Starfstofa Horni Park St. og Logan Avenue

SKÓTAU Í HEILDSÖLU.
AMES HOLDEN, LIMITED. Princess & McDermott. Winnipeg.
THOS. RYAN & CO. Allskonar Skótau. 44 Princess St.
THE Wm. A. MARSH CO. WESTERN LTD. Framleiðendur af Finu Skótaui. Talsími: 3710 88 Princess St. "High Merit" Marsh Skór

RAFMAGNSVÉLAR OG ÁHÖLD
JAMES STUART ELECTRIC CO. 324 Smith St. Talsímar: 3447 og 7802 Fullar byrgðir af alskonar vélum.
GOODYEAR ELECTRIC CO. Kellogg's Talsímar og öll þarafiút. áhöld Talsími 3023. 56 Albert St.

RAFMAGNS AKKOKÐSMENN
MODERN ELECTRIC CO 412 Portage Ave Talsími: 5658 Viðgjörð og Vír-lagning — allskonar.

BYGGINGA - EFNI.
JOHN GUNN & SONS Talsími 1277 266 Jarvis Ave. Höfum bezta Ste'n, Kalk, Cement, Sand o. fl.
THOMAS BLACK Selur Járnvöru og Bygginga-efni allskonar 76—82 Lombard St. Talsími 600
THE WINNIPEG SUPPLY CO., LTD. 298 Rietta St. Talsímar: 1936 & 2187 Kalk, Steinn, Cement, Sand og Möl

BYGGINGAMEISTARAR.
J. H. G. RUSSELL Byggingameistari. í Silrester-Willson byggingunni. Tals: 1068
PAUL M. CLEMENS Bygginga- Meistari, 445 Maryland St. Skrifst.: Argyle Bldg., Garry st. Talsími 8997

BRAS- og RUBBER STIMPLAR
MANITOBA STENCIL & STAMP WORKS 421 Main St. Talsími 1880 P. O. Box 244. Búum til allskonar Stimpla úr málmi og togleðri

VÍNSÖLUMENN
GEO. VELIE. Heildsölu Vínsali. 185, 187 Portage Ave. E. Smá-sölu talsími 352. Stór-sölu talsími 464.

STOCKS & BONDS
W. SANFORD EVANS CO. 326 Nýja Grain Exchange Talsími 3696

ACCOUNTANTS & AUDITORS
A. A. JACKSON, Accountant and Auditor Skrifst.— 28 Merchants Bank. Tals.: 5702

OLÍA, HJÓLÁS-FEITI OG FL.
WINNIPEG OIL COMPANY, LTD. Búa til Stein Olíu, Gasoline og hjólás-áburð Talsími 1590 681 Ashdown Block

TIMBUR og BÚLÖND
THOS. OYSTAD, 308 Kennedy Bldg. Viður í vagnhlössum til notenda, búlönd til sölu

PIPE & BOILER COVERING
GREAT WEST PIPE COVERING CO. 132 Lombard Street.

VÍRGIRÐINGAR.
THE GREAT WEST WIRE FENCE CO., LTD Alskonar virgirðingar fyrir bændur og borgara. 76 Lombard St. Winnipeg.

ELDAVÉLAR O. FL.
McCLARY'S, Winnipeg. Stærstu framleiðendur í Canada af Stóm, Steinvöru [Graniteware] og fl.

ÁLNAVARA Í HEILDSÖLU
R. J. WHITLA & CO., LIMITED 264 McDermott Ave Winnipeg "King of the Road" OVERALLS,

BILLIARD & POOL TABLES.
W. A. CARSON P. O. Box 225 Room 4 1 Molson Banka. Öll nauðsynleg áhöld. Eg gjöri við Pool-borð

NÁLAR.
JOHN RANTON 203 Hammond Block Talsími 4670 Sendið strax eftir Verðlista og Sýnishornum.

GASOLINE Vélar og Brunnborar
ONTARIO WIND ENGINE and PUMP CO. LTD 301 Chamber st. Sími: 2188 Vindmillur — Pumpur — Agætar Vélar.

BLÓM OG SÖNGFUGLAR
JAMES BIRCH 442 Notre Dame Ave. Talsími 2638 BLÓM - allskonar. Söng fuglar o. fl.

BANKARAR, GUFUSKIPA AGENTR
ALLOWAY & CHAMPION North End Branch: 667 Main street Vér seljum Avísanir borganlegar á Islandi

LÆKNA OG SPÍTALAAHÖLD
CHANDLER & FISHER, LIMITED Lækna og Dýralækna áhöld, og hospítala áhöld 185 Lombard St., Winnipeg, Man.

Fréttir úr bænum.

Alheimssýning í Winnipeg árið 1912 er fastákveðin. Nefnd sú, sem undanfarinn tíma hefir verið að íhuga öll skilyrði og tæki þess, að halda hér alheimssýningu árið 1912, hefir sent menn til ýmsra borga í Bandarikjunum, til þess að grenslast eftir um kostnað við slikt sýningarhald, og líkindi til þess, að það geti borgað sig. Þeir menn hafa lokið starfi sínu, og afleiðingin af skýrslu þeirra er sú, að nefndin á fundi, sem haldinn var á miðvikudaginn í sl. viku, 17. þ.m., samþykti, að halda áfram að vinna að því, að slik sýning verði haldin hér árið 1912. Ræður allra, er á fundi þessum töluðu, lutu að því, að þetta fyrirtæki væri vel framkvæmanlegt, og að það mundi hafa heillavænleg áhrif á framför Vestur-Canada.

Skaðabótamál það, sem verkveitendur Plumbers höfðuðu í fyrra móti "Plumbers Union", og sem dæmt var í undirrétti þannig, að verkamannafélagið var skyldað til að borga verkveitendum 25 þúsund dali í skaðabætur, — hefir nú verið dæmt í áfrýjunardóminum, og undirréttardómurinn staðfestur. Einnig, að verkamannafélagið hefði engan rétt til, að setja gæslumenn eða njósnara umhverfis þær verksmiðjur, sem verkfall hefði verið gert á.

Öllum, sem vottuðu okkur hluttekning við dauðsfall og jarðarför okkar kæru fósturdóttur, Oddnýjar Láru Hallson, sem andaðist á St. Boniface sjúkrahúsinu í Winnipeg 5. þ.m., og var jarðsungin 10. þ.m. í grafreit Breiðuvikursafnaðar, — erum við innilega þakklát.

Hnausa, Man., 11. marz 1909.

Mr. og Mrs. O. G. Akraness

Herra Bergthor K. Johnson, í Fort Rouge, biður þess getið, að heimili hans sé nú að 470 Jessie Avenue. Þeir, sem erindi eiga við hann, geri svo vel að muna þetta.

Úr bréfi frá Dawson City, dags. 1. marz 1909. "— — Það eru fáar fréttir héðan. Það hefir verið mjög lítil vinna hér í samanburði við 2 síðustu vetur. Og miklu hefir verið hér mannfleira í vetur, heldur enn í fleiri undanfarin ár. Þetta hefir verið mjög kaldur vetur. Frostið milli 60 og 70 stig fyrir neðan zero talsvert á annan mánuð, að heita má stöðugt, að undanteknum fáum dögum".

Nú er hætt allri tollheimtu af Broadway brúnni. Mælt að St. Boniface bær hafi keypt hana fyrir 59 þús. dali, af privat félagi, sem áður átti hana og tók tvéggja centa gjald af hverjum einstaklingi sem um hana fór. St. Boniface bæjarstjórnin hefir afnumið tollheimtuna.

Rausnarlegt heimboð var það, er A. J. Johnson fékk í sl. viku, frá einum merkasta landa hér vestan hafs, herra C. H. Thordarson, rafurmagnsfræðingi í Chicago. Mr. Thordarson bauð hr. Johnson ekki að eins heim til sín í Chicago og dvelja hjá sér eins lengi og hann vildi til að skoða hina miklu borg, heldur einnig að ferðast til Toronto og Niagara fossins, — og það alt á sinn kostnað frá því hr. Johnson fór frá heimili sínu og þangað til hann kemur aftur. — Hr. Johnson lagði af stað í þetta virðulega heimboð á föstudaginn var, og býst ekki við að koma fyr en um miðja næstu viku. — Heimboð þetta mun vera einstakt í sinni röð meðal Vestur-Íslendinga, og er eftirtektavert, ekki hvað sist fyrir það, að þessir tveir menn hafa aldrei sést, og engin kynni haft hvor af öðrum, utan það sem Mr. Thordarson hefir þekt Mr. Johnson í gegn um Hkr.

Samkvæmi því, sem átti að hafa í Good Templara salnum á laugardagskv. 27. þ.m., verður frestað um viku, eða til 3. april. Mr. Brown getur ekki komið til bæjarins fyrr enn í næstu viku. — Þeir, sem eru búnir að kaupa aðgöngumiða, geta brúkað þá 3.apr.

Herra Hannes Pétursson flytur fyrirlestur um "Practical Education" á Menningarfélags fundinum í kveld (miðvikudag). Aðgangur ókeypis, allir velkomnir.

Einn af þjónum Eaton félagsins hér í bæ beið bana í lyftivél í búðinni á mánudaginn var. Hann hét Hugh Kennedy, var 24 ára gamall og ókvæntur.

LEIÐRÉTTING. — Herra Friðrik Bjarnason, frá Wynyard, Sask. biður Heimskringlu að geta þess, að síðasti liðurinn í fregnum þeim, sem eftir honum eru hafðar í 21. tbl. Heimskringlu, dags. 18. febr. al., sé alls ekki eftir honum hafður. Þetta játast hér með. Í téðri grein er þess getið, að samferða honum að vestan hafi orðið séra Runólfur Fjeldsted og kona. Orðinu "hans" er hér of aukið, því að presturinn er ekki kvongaður. En konan, sem átt var við, og sem vér ekki vissum nafn á, þegar fregnin var rituð, er Mrs. Guðrún Goodman, frá Leslie, og sem getið er um í sérstakri smágrein í þessu sama Heimskringlu blaði. — Á þeirri yfirsjón, sem þjónum Heimskringlu varð í sambandi við téða fréttagrein, eru allir hlutaðeigendur beðnir velvirðingar.

Ungbarn fanst á ísnum á Rauðá hér í borginni í síðustu viku. Það var vafið í mjölsekk og harðfrosið er það fanst. Enn hefir lögreglan ekki orðið vísari hver valdur er að þessum útburði.

Svo virðist eftir fréttum frá Ottawa, sem ráðgjafar Manitobastjórnarinnar séu ásáttir með þá stækkun Manitoba fylkis, sem ákveðin var á síðasta Dominionþingi, og sem gerir fylki þetta 4 sinnum stærra en það nú er.

Stúdentafélagið heldur fund í samkomusal sínum undir Tjaldbúðarkirkju, kl. 8 næstkomandi laugardagskveld. Þetta verður síðasti fundur félagsins á vetrinum, og má því búast við fjörugri skemtiskrá. Meðlimir félagsins eru beðnir að fjölmenna. Einnig er öllum Íslendingum, er nám stunda hér í bænum, virðingarfylst boðið að sækja fundinn.

Dáin

FJÓLA, 7½ mánaða gömul, dóttir Mr. og Mrs. W. G. Johnson, St. James. Andaðist 8. þessa mán. Jarðarförin fór fram 9. sama mán. að viðstöddum nokkrum vinum foreldranna. Rev. Kirkpatrick talaði nokkur huggunarorð til foreldranna við það tækifæri.

Þeir herrar Jóhann G. Stefánsson, frá Mimir, Sask., og John Sanders, frá Selkirk, komu að vestan um síðustu helgi. Jóhann hefir haft fiskiveiðamenn norður á Trout vatni í vetur, og lætur vel af vertíðararðinum. Hann hefir sent fisk sinn allan inn hingað, og er nú kominn til að sækja dalina. Járnbraut er komin til Wynyard fyrir 8 vikum, og nú eru bændur þar sem óðast að senda hveiti sitt til markaðar með járnbrautinni. Jóhann hafði hálft vagnhlass eftir sl. sumar, og vonar að geta fylt 2 vagna að hausti, ef alt gengur þolanlega.

Ársfundur Stúdentafélagsins var haldinn síðastliðinn laugardag. — Embættismenn voru kosnir til næsta árs: — Heiðursforseti séra Jón Bjarnason, forseti Baldur Olson, varaforseti ungfrú Margrét Paulson, annar varaforseti ungfrú Sigr. Brandson, féhirðir Jón Stefánsson, skrifari Sveinn E. Björnsson.

Hafið vönduð hljóðfæri í húsum yðar.

Sökum þess að ég hefi orðið þess var all víða á meðal lánda minna, bæði hér í bæ og víðar, að þeir hafa í mörgum tilfellum borgað hærra verð fyrir léleg hljóðfæri heldur en þeir hefðu getað fengið traust og vönduð hljóðfæri fyrir,—þá hefi ég ásett mér að reyna að verða löndum mínum að liði í þessu efni.

Þorri manna hefir mjög lítið látið sig skifta, hverjar hljóðfærategundir væru traustastar, hljóðfegurstar og ódýrastar. Enda hefir það verið vel notað.

JÓNAS PÁLSSON,
söngfræðingur.
460 Victor St. *Talsími: 6803.*

LEIÐRÉTTINGAR biðst á 4 villum í dánarfregn Ólafs sál. Indriðasonar í síðasta blaði:

1. Faðir hans var Indriði Ólafsson, Ólafssonar, Oddssonar á Dagverðareyri, sem druknaði í Eyjafirði.
2. Hann ólst upp til 7 ára aldurs á Hjalla á Látrströnd.
3. Hólmfríður, móðir Ólafs sál. var Jónasdóttir Einarssonar frá Stokkahlöðum.
4. Ásgeir sál. dó í Winnipeg árið 1888, en ekki 1889, eins og stóð í dánarfregninni.

Þetta eru lesendur beðnir að athuga.

HÉR ER BOÐSKAPUR

NÚ ERUM VÉR TILBÚNIR

að sýna og selja vort nýja Skótau fyrir komandi árstíð.

Byrgir vorar af vor skótaui fyrir karla konur og börn, er vafalaust þar beztu sem nokk urntíma hafa séðst í þessari borg. Allar tegundir — allt leður — á öllu verði.

Ryan-Devlin Shoe Co
494 MAIN ST. PHONE 770.

Kvenfélag Tjaldbúðar safnaðar heldur opinn fund í kirkjunni næsta mánudagskveld, 29. marz kl. 8. Á skemtiskrá verða 10 vönduð stykki — Kaffi selt á eftir niðri í salnum. — Frí inngangur og allir velkomnir.

Bandalag Tjaldbúðar safnaðar ætlar að halda skemtisamkomu á Sumardaginn fyrsta (í næsta mánuði). Nánar auglýst síðar.

Mr. Kristján Ólafsson, umboðsmaður fyrir The New York Life Insurance Co., hefir í dag afhent mér fulla greiðslu á lífsábyrgðarskirteini Stefáns sál bróður míns (Policy 6015451).

Ég vil jafnframt geta þess, að upphæðin var greidd án nokkurar fyrirhafnar eða kostnaðar af minni hálfu.

Winnipeg, 23. marz 1909.

B. E. Björnson.

TILKYNNING. — Með því að það hefir bórist út um Winnipegborg, að ég hafi verið rekinn úr Goodtemplara stúkunni Skuld, þá tilkynnist hér með, að sá orðasveimur er ekki á réttum rökum bygður. Ég sagði mig sjálfkrafa úr stúkunni á síðasta fundi í febrúarmánuði. *B. FINNSON.*

FRÉTTIR.

— Maður í Gretna bæ í Manitoba seldi í síðustu viku 14 þús. bush. af hveiti fyrir 14 þús. dali, borgað í peningum út í hönd. — Það borgar sig, að stunda hveitirækt í Canada!.

— Mælt er, að gamli James J. Hill hugsi ekki til, að leiða járnbraut sína inn til Winnipeg á þessu sumri, eða byrja á byggingu endastöðva hennar.

— Prófessor Hallopeao í Paris sýndi nýlega á læknafundi 27 ára gamlan mann, sem fyrir 18 mánuðum var gersamlega hárlaus á höfði, en hefir nú fengið þykt hár, sem komið hafði við X-geisla og raf-lækningar.

JOHN ERZINGER
TÓBAKS-KAUPMAÐUR.
Erzinger's skorið reyktóbak $1.00 pundið
Hér fást allar neftóbaks-tegundir. Óska eftir bréfleguin pöntunum.
McINTYRE BLK., Main St., Winnipeg
Heil-sala og smá-sala.

S. F. Ólafsson
619 Agnes St. selur Tamarac fyrir $5.50 og $5.75 gegn borgun út í hönd.
Telephone: 7812

ÓKEYPIS! ÓKEYPIS!

Önnur "MAGNET" Rjóma-skilvindu Verðlauna keppni fyrir hreinlegasta bréfaskrift.

50 Verðlaun fyrir Pilta og Stúlkur innan 15
ára að aldri og sem dvelja á Bændabýlum í Canada.

Kappið endar 15 Mai. Verðlaun veitt 1 Júní 1909 Vér óskum upplýsinga er þér getið hæglega veitt. Klippið úr eiðuformið ritið nafn yðar og heimilisfang þar á og sendið oss. Eiðublað verður þá sent yður til að fylla út, ásamt með keppireglum. Hvert skrifandi barn getur unnið verðlaun.

50 ágætir $1.00 Vasahnífar,
með perlu skafti, af beztu tegund verða gefnir 50 riturum hreinlegust rituðum og bezt stíluðum bréfum um nábúa þeirra sem hafa kýr en enga Rjóma Skilvindu. Í fyrstu keppninni lofuðum vér **20** verðlaunum en fengum svo mörg góð bréf að vér gáfum **47** verðlaun. Kappið endar 15. Mai. 1909. Verðlaunaunum úrbýtt af Mr. A. B. PETRIE 1. Júní 1909.

"MAGNET COUPON" Í ANNARI VERÐLAUNA-KEPNI
THE PETRIE MANUFACTURING CO., LTD., Winnipeg, Man.
xxx Gerið svo vel að senda mér eiðublað og kappreglur.
Nafn _____
P. O. _____
Township _____

The PETRIE Mfg. Co., Limited,
Hamilton, Winnipeg, St. John, N.B., Regina, Vancouver, Calgary
(Þér megið skrifa á íslenzku).

McKenzie's UTSŒÐI.

FRÆIN SEM BERA NAFN MEÐ RENTU. — ÞRUNGIN AF FYLSTA FRJÓMAGNI — VANDAÐ ÚRVAL. — BEZT FYRIR VESTURLANDIÐ —

Þegar vandlátustu og langflestu fræ kaupendur þessa góða Vesturlands heimta einhuga

McKenzie's Hreinu Fræ

Þá hafið þér vissu fyrir að verðleiki og gæði aðeins, gætu áunnið svo einróma meðmæli.

Skrifið oss eftir stórri bók um allskonar Fræ til að rækta garðávexti, blóm, korn og gras.

ALLAR BETRI VERZLANIR SELJA VOR FRÆ. EF ÞAÐ FÆST EKKI HJÁ KAUFMANNI ÝÐAR ÞÁ SKRIFIÐ OSS

INSIST ON McKENZIE'S — TAKE NO OTHER

A. E. McKENZIE Co. Ltd.
BRANDON, MAN. CALGARY, ALTA.
WESTERN CANADA'S GREATEST SEED HOUSE

BŒNDUR

Bændur sem langa til að fá sér reglulega góða og ódýra SKILVINDU, ættu sem fyrst að sjá eða skrifa umboðsmanni SHARPLES SKILVINDU Félagsins, (hins nafnfræga) G. S. GUÐMUNDSSYNI, FRAMNES, MAN., sem gefa mun allar þær upplýsingar er menn biðja um, því viðvíkjandi. —

Í einu orði er það sagt, að þessar vélar eru nafnkunnar fyrir að vera þær vönduðustu, ódýrustu, einföldustu og að öllu leyti þær þægilegustu skilvindur sem fáanlegar eru á Canadiska-markaðinum þann dag í dag. —

Meðfylgjandi skýrsla sýnir samkeppni-próf, (contest), 1901 milli 3. félaga móti Sharples: —

LOSS IN SKIM MILK.

Sharple's Tubular		5/100
Alpha DeLaval...	The	17½/100
United States....	Combine	12½/100
Empire.....	of Three	45/100

Undirskrifað af dómendum: Robert Crickmone, Creamery Manager; A. W. Trow, Pres. Minn. Dairymens Ass'n.; E. J. Henry, Babcock Tester Expert

Sendið Heimskringlu til vina yðar á Íslandi.

Arena Rink
Skautaskemtun á hverju kveldi. Ágætt Music.
JAMES BELL, eigandi.

F. Deluca
Verzlar með matvöru, aldini, smá-kökur, allskonar sætindi, mjólk og rjóma, sömul. tóbak og vindla. Óskar viðskifta Íslend. Heitt kaffi eða te á öllum tímum. Fón 7756
Tvær búðir:
587 Notre Dame og 714 Maryland St.

BILDFELL & PAULSON
Union Bank 5th Floor, No. 520
selja hús og lóðir og annast þar að lútandi störf; útvegar peningalán o. fl.
Tel.: 2685

J. L. M. THOMSON, M.A., L.L.B.
LÖGFRŒÐINGUR. 255½ Portage Ave.

ARNI ANDERSON Íslenzkur lögmaður
Í félagi með
Hudson, Howell, Ormond & Marlatt
Barristers, Solicitors, etc.
Winnipeg, Man.
13-18 Merchants Bank Bldg. Phone 3621, 3622

BONNAR, HARTLEY & MANAHAN
Lögfræðingar og Landskjala Semjarar
Suite 7, Nanton Block, Winnipeg

Hubbard, Hannesson and Ross
LÖGFRÆÐINGAR
10 Bank of Hamilton Chambers
Tel. 378 Winnipeg

A. S. BARDAL
Selur líkkistur og annast um útfarir. Allur útbúnaður sá bezti. Enfremur selur hann alskonar minnisvarða og legsteina.
121 Nena St. Phone 306

Íslenzkur Tannsmiður,
Tennur festar í með Plötum eða Plötulausar. Og tennur eru dregnar sársaukalaust með Dr. Mordens sársaukalausu aðferð
Dr. W. Clarence — Tannlæknir.
Sigurður Davidson—Tannsmiður.
620½ Main St.
Phone 470 Horni Logan Ave.

Nýji Vor-fatnaðurinn þinn.
EF HANN KEMUR FRÁ CLEMENT'S — ÞÁ ER HANN RÉTTUR.
Réttur að efni, réttur í sniði réttur í áferð og réttur í verði.
Vér höfum miklar byrgðir af fegurstu og beztu fataefnum. —
Geo. Clements & Son
Stofnað árið 1874
264 Portage Ave. Rétt hjá Free Press

Th. JOHNSON
JEWELER
286 Main St. Talsími: 6606

Stefán Guttormsson,
Mælingamaður
663 AGNES STREET. WINNIPEG.

Dr. G. J. Gislason,
Physician and Surgeon
Weltington Blk, - Grand Forks, N. Dak
Sjerstakt athygli veitt AUGNA, EYRNA, KVERKA og NEF SJÚKDÓMUM.

Drs. Ekern & Marsden,
Sérfræðislæknar í Efturfylgjandi greinum: — Augnasjúkdómum, Eyrnasjúkdómum, Nasasjúkdómum og Kverkasjúkdómum.
Í Platky Byggingunni í Bænum
Grand Forks, :: N. Dak.

Eldiviður
Þurt Tamarak $5.50 KORÐIÐ.
Vér óskum að þér reynið 1 kord.
J. G. Hargrave & Co.
334 MAIN ST.
Phones:—431—432 og 2431

Boyd's Brauð.
Góð stór brauð af beztutegund. Það gefur yður meira næringarefni fyrir minni peninga heldur en þér fáið í nokkuru öðru bakarí í borginni. Seljum brauðið á 5c. Flytjum það daglega heim til yðar með minni kostnaði og betri brauð en þér búið til heima.
Boyd's
Bakery Cor. Spence & Portage Ave
Phone 1030.

KOL OG VIDUR
Þur, beinharður eldiviður, — Poplar, Pine, og Tamarac með mjög sanngjörnu verði. — Nú sem stendur verið að afferma mörg vagnhlöss af BEZTA DAUPHIN TAMARAC. —
McElroy Bros.
Cor. Sherbrooke & Ellice
PHONE: 6612

W. R. FOWLER A. PIERCY.

Royal Optical Co.
327 Portage Ave. Talsími 7286.
Allar nútíðar aðferðir eru notaðar við augn-skoðun hjá þeim, þar með hin nýja aðferð, Skuggа-skoðun, sem gjöreyðir öllum ágiskunum. —

Laing Brothers
3 Búðir: 234-6-8 KING ST. Talsími 4476, 5800, 5891; 417 McMILLAN AVENUE Talsími 5508; 847 MAIN ST. — Tals: 3016

Hafrar, Hey, Strá,
COUNTRY SHORTS, BRAN, CORN, CORN CHOP, BYGG CHOP, HVEITI CHOP, OG GARÐAVEXTIR.
Vér höfum bezta úrval gripafóðurs í þessari borg; fljót afhending

LAND

Vér höfum nýlega fengið til sölu yfir 30 Suðlönsar-fjörðungs. liggjandi að Oaklands brant C. N. R. línuna. Verðið er frá $5.00 til $12.00 hver ekra. Ekkert af löndum þessum eru meir en 5 mílur frá járnbrautinni.

Skuli Hansson & Co.
Skrifs. Telefón 6476. Heimilis Telefón 2274

Heimskringla.

Alt landið

er áhyggst að vera jarðyrkju land af bestu tegund, og fæst keypt með vægum afborgunar skilmálum. (N.B.—Lesið fyrripart þessarar augl. viðstraumegin við Hkr. nafn.)

Frekari upplýsingar veita

Skuli Hansson & Co.
56 Tribune Building. Winnipeg.

XXIII. ÁR. WINNIPEG, MANITOBA, FIMTUDAGINN, 1. APRÍL, 1909 NR. 27

Fregnsafn.

Markverðustu viðburðir hvaðanæfa.

Prófessor Frederick Starr á Chicago háskólanum, heldur því fast fram, að Roosevelt forseti muni ekki koma lifandi úr ferð sinni um Afríku. Hann hefir staðhæft þetta áður, og gefur sem ástæðu það, að Roosevelt sé svo hniginn að aldri, kominn yfir fimtugt, að hann komist ekki hjá sveinsýkinni, sem liggur þar í landi og sem hljóti að leiða hann til bana. Prófl. Starr kveðst sjálfur hafa ferðast yfir 22 þúsundir mílna veg þar í landi, og vera gagnkunnugur, hverþig þar til hagar. Þá aðra ástæðu gefur Prófl. Starr fyrir þessu áliti sínu, að það sé vitanlegt, að margir deyi af reiði þar syðra. Hann segir Roosevelt vera of skapstóran til þess að þola loftslagið þar syðra. — Prófessor Starr farast orð á þessa leið: — "Herra Roosevelt er yfir 50 ára gamall, og það mælir á móti því, að hann ferðist inn í hitabeltið. Enginn maður, sem fer þangað í fyrsta sinn eftir fimtugs aldur getur vonað að koma þaðan lifandi. Svefnsýkin mundi drepa hann. — Þeir, sem hafa ferðast um það svæði, vita vel, að fólk deyr þar af reiði. Væri Roosevelt yngri maður, þá væri öðru máli að gegna, en hann er of skapmikill til þess, að fara inn í hitabeltið. Í því loftslagi deyr fólk af því, að fá reiðiköst. Það kalla innbyggendur "Temper". Ef Roosevelt vildi láta sér nægja, að fara frá Mombassa upp að stórvötnunum, þá væri honum engin hætta búin. Hann findi þar næg dýr til veiða, og öllu mætti haga svo vel til, að engin ástæða þyrfti að vera, að óttast reiðiköst. En eftir að hann fer frá stórvötnunum og upp með Nilá, þá er alt í ólagi, og alt geng ur öfugt við það, sem menn vilja láta vera, — mest af tímanum, — svo að maður er alt af í illu skapi. Og herra Roosevelt þolir það ekki.

— Í síðasta blaði var getið um, að 8 ára gömlum dreng í Cleveland í Bandaríkjunum hefði verið rænt fyrir skömmu, og að ræningjarnir hefðu fengið 10 þús. dali fyrir að skila honum aftur. Tveim dögum eftir, að drengurinn var kominn heim til foreldra sinna, náðust ræningjarnir. Það var maður að nafni Boyle og kona hans. Þau höfðu verið að drekka á veitingahúsi, og menn veittu því eftirtekt, að þau höfðu óvenjulega mikil skildingaráð. Húseigandinn gerði lögreglunni aðvart, og bæði voru handtekin úti á stræti. Konan gafst upp skilmálalaust, en maðurinn reyndi að flýja og það varð að skjóta á hann til að ná honum. Í pilsum konunnar fundust saumaðir $9,848.50, sem hún viðurkendi að væri hluti af lausnarfénu. Hún kvaðst hafa upphugsað og útbúið alt, sem að drengráninu hefði lotið, og sér einni væri um að kenna.

— Þjófar í Moscow á Rússlandi náðu fyrir nokkrum dögum kistu, sem Princessa Skakoffsky átti, og í voru geymdir 112½ þús. dollara (225 þúsund rúblur) í peningum, og auk þess mikið af verðmætum skjölum. Þeir eru ófundnir enn.

— Til Victoria, B.C., kom þann 23. marz 3 punda þungur gullklumpur, sem fundist hafði í Atlin héraðinu í Yukon. Hann er metinn 600 dala virði.

— Þann 26. marz var nokkrum háttstandandi kvenfrelsis konum hleypt út úr Halloway fangelsinu á Englandi, eftir mánaðarveru þar fyrir áhlaup, sem þeir gerðu á þinghúsið.

— Margir útlendingar, sem unnið hafa í kolanámum í Pennsylvania, eru nú sem óðast að yfirgefa það hérað og hverfa heim til föðurlanda sinna. Þeir óttast, að verkfall muni verða þar syðra, og að þá sé betra að vera fjarverandi þannig gekk til árið 1902, þegar 2500 námamenn fluttu burt úr sama héraðinu og héldu til Evrópu. Annars er almennt litið svo á, að ágreiningsmálin þar syðra jafnist að þessu sinni, án þess að til verkfalls komi.

— Þrjár konur hafa verið fundnar sekar fyrir dómstóli í Havana fyrir að hafa myrt hvítt ungbarn, til þess að geta notað blóð þess og hjarta til lækninga. Þessar konur hafa verið dæmdar til dauða, og aðrar 4 konur, sem voru í vitorði með þeim, hafa verið dæmdar í frá 14 til 20 ára fangavist.

— Paderewski, pianóspilarinn mikli, fékk gigt í fingurna þegar hann var í New York, svo hann gat ekki spilað. Þá kom til hans kona, Grace O'Connell að nafni, með sex hungangsflugur, og bauð honum að láta flugurnar stinga hann í fingurna. En hann neitaði boðinu. Sagt er, að slíkar flugur séu nú notaðar við spítala þar í borg, til þess með stungum sínum að lækna gigtveika sjúklinga.

Athugið.

Herra Stefán G. Bjarnason, nemandi við Wesley skólann, hefir tekið að sér umboð fyrir Heimskringlu í Álptavatns og Grunnavatns nýlendum. — Vinir Heimskringlu eru vinsamlegast beðnir, að veita honum góðar viðtökur og greiða fyrir erindum hans svo sem þeir bezt geta.

— Margir bændur umhverfis McLeod í Alberta byrjuðu sáning 22. marz. — Það er ekki amalegt veðr ið hjá þeim þar vestra!

— Þess var getið í Ottawa þinguinu í sl. viku, að Strathcona lávarður hefði boðið Canadastjórn að gefa 10 þús. dollara á ári til þess að efla líkamsæfingar og vopnaburð í barnaskólum ríkisins. Í bréfi sínu segir Strathcona lávarður, að sér sé ant um að stuðla til þess, að Canadisk ungmenni eigi kost á, að æfa sig í þessu, með því að hin fyrsta skylda frjálsra borgara sé sú, að geta varið land sitt, ef á það sé leitað. Hann óskaði, að stúlkum jafnt sem piltum séu kendar líkamsæfingar. Hann tók og fram í bréfi þessu, að eins fljótt og hann fengi tilkynningu um, að stjórnin hefði gert ráðstafanir til þess að koma þessu í framkvæmd, þá skuli hann senda 250 þúsund dali til þess að byrja verkið. Leiðtogar beggja flokka í þinginu þökkuðu gjöf þessa, og fóru mörgum fögrum orðum um nauðsyn líkamsæfinga fyrir ungmenni landsins.

— Konur á Englandi, 243,782 talsins, hafa undirritað bænarskrá og sent til brezku stjórnarinnar. Bænarskráin skorar á stjórnina, að veita konum þar í landi EKKI jafnrétti við karlmenn í landsmálum. Bænarskrá þessi var lesin upp í þinginu og orsakaði mikinn hlátur. Frumvarp hafði nokkrum dögum áður verið borið fram í þinginu um, að veita konum jafnrétti, og var það rætt nokkuð. En þegar þessi stóra bænarskrá kom, þá var frumvarpið lagt til hliðar, og nú talið líklegt, að við kvenfrelsismálinu verði ekki hreyft framar á yfirstandandi þingi.

— Fimmtíu þúsundir manna á Írlandi, sem búnir voru að fá ellistyrk, hafa nú tapað honum fyrir það, að þeir gátu ekki sannað aldur sinn. Einn maður varð æfareiður við þenna styrkmissir. Hann kvaðst hafa unnið mestan sinn aldur í ýmsum fangelsum ríkisins fyrir engu nema lélegu fæði, og áleit það því skyldu stjórnarinnar, að sjá um sig á elliárum sínum.

— Fimmtíu þjónar strætisbrauta félagsins í Mexico borg hafa verið kærðir fyrir, að hafa haft samtök til að láta búa til 15 þús. dala virði af strætisbrauta "tickets", sem þeir höfðu selt borgarbúum og notuð höfðu verið á vögnunum. Rannsókn, sem hafin var í þessu máli, sýndi að þessi kæra var á rökum bygð.

— Peningalegt tap í Bandaríkjunum af völdum húsbruna á árinu 1907 er talið 215 miliónir dala. Þar brunnu alls 165,250 byggingar, og 1450 manns týndu lífi, en 5650 manns meiddust. Skýrslan segir, að í Bandaríkjunum sé árlegt eignatjón af völdum elda svo sem svarar einu þúsundi mílna löngu stræti þéttbygðu góðum húsum beggja megin. Hér eru ótaldir skógaeldar og náma, að eins hústap og virðing þeirra er tekið í reikninginn. Og alt þetta feikna fjár og manntjón orsakast mestmegnis af kæruleysi íbúanna. Þessi skýrsla er gefin út að tilhlutun Bandaríkja stjórnar, og má því teljast áreiðanleg.

A Booth fiskiverzlunar félagið hefir verið endurreist.

Félag þetta, sem upprúnalega byrjaði með litlum efnum, en óx og þroskaðist þar til það var orðið aðal fiski-einveldið í Ameríku, með hundrað útibúum í Bandaríkjunum og Canada, — varð gjaldþrota í fyrra, eins og fólk mun reka minni til, og leiddi til þess, að sakamál fyrir vanspilun og fjárdrátt var höfðað móti W. Vernon Booth og Frederick R. Robbins.

Félagið hefir nú verið endurreist með tilhjálp einnar konu.

Mrs. P. A. Valentine, systir W. Vernon Booth, var fyrrum gift P. D. Armour yngri, syni Armours, mikla kjötniðursuðu kongsins í Bandaríkjunum, en gekk síðar að eiga P. A. Valentine, vellauðugan mann í Chicago. Þessi kona hefir lagt fram eina milión dala í peningum, til þess að borga hluta af þeim skuldum, sem bróðir hennar hafði steypt félaginu í, og til þess hægt yrði að endurreisa félagið.

Félagið var því formlega endurreist þann 28. marz. Málinu verður samt haldið áfram gegn þeim Booth og Robbins. En félagið er nú komið í það horf, að það heldur áfram fiskkaupa og öðru verzlunarstarfi sínu eins og ekkert hefði í skorist.

Vér teljum, að þetta sé íslenzkum fiskimönnum mikið gleðiefni.

— Nokkrir borgarar í Sídney í Ástralíu hafa skotið saman 165 þúsund dölum upp í kostnað við herskipasmíðar til hjálpar Bretum. Þetta var gefið af 4 mönnum, Borgarstjórinn þar hefir kallað saman almennan fund til þess að ræða um og gera ráðstafanir til þess, að hafa saman tíu miliónir dala með opinberum samskotum þar í landi, sem gangi til herskipa bygginga. Líkindi eru til þess, að þessi samskot fáist saman, og fær þá England 2 skip frá Ástralíu, með því að stjórnin þar hefir loofað að leggja til eitt vigskip. — Canadastjórn hefir og látið þess getið, að Canada muni ekki verða á eftir öðrum lýðlendum Breta með hjálp til þeirra, ef á þurfi að halda. En hins vegar sé engin ástæða til að hraða því máli, og að bezt sé að láta stjórn Breta segja til, hvers kyns hjálpar hún óski.

— Fjögur börn, 2., 3., 5 og 7 ára gömul, brunnu til bana í húsi foreldra sinna í West Shefford bæ í Quebec fylki á föstudaginn var. Faðirinn var ekki heima og móðirin fór út að finna nágranna sína.

— Nicola Tesla hefir nýlega upphugsað og búið til hreyfivél, sem hefir svo mikið afl, að hún getur knúð stór hafskip 50 mílur á klukkustund. Vél þessi hefir verið ítarlega reynd í Bandaríkjunum, og hefir reynst svo vel, að enginn efi leikur á, að hún getur gert alt, sem Tesla gerir kröfu til.

— Mælt er, að þeir sem á sl. vetri hafa verið að mæla út vegstæði fyrir Hudsons flóa brautina fyrirhuguðu, hafi fundið gull og aðra málma norður í óbygðum; en ekkert ákveðið hafa þeir viljað segja um það. Þeir skýra væntanlega nákvæmlega frá þessu í skýrslu sinni til stjórnarinnar, þó ef til vill ekki nógu snemma til þess að skýrslan verði lög fyrir þetta þing.

— Fyrir skömmu hafa 3 Malayfylki í Mið-Afríku, að stærð 15,000 fermílur, gengið á hönd Bretum. Landsvæði þetta er sagt að vera afar-auðugt, og svo fagurt, að hvergi á bygðu bóli geti að líta fegurra. Loftslagið er gott og frjósemi jarðvegsins undra mikil, — einna líkast því, sem er á Suður-Frakklandi. Brezkir þjóðhöfðingjar, sem nýlega hafa ferðast um þetta svæði, segja korn og aldinaakra hafa blasað við þeim, svo langt á allar hliðar, sem augað eygði, þar sem þeir fóru um landið. Landsvæðið er þéttbygt, en fólkið á lágu menningarstigi, þó það stundi jarðyrkju. Allir ganga þar naktir og eru mannætur. Íbúatalan á þessum 15,000 fermílum er talin hálf milión manna. — Bretar ætla bráðlega að senda hóp visindamanna þangað til athugana

— Undirforingi Shackleton í flota Breta hefir um nokkurn undanfarinn tíma verið að leita að Suðurpólnum. Hann er nýlega búinn að finna blettinn, þó hann kæmist ekki nær en svo, að hann skorti 97 mílur til að ná þangað. Hann hefir komist nær enn nokkur annar maður, sem á undan honum hefir gert tilraun til að nálgast pólinn. Lengst komst hópur þessi á 88.28 min. norðurbreiddar stig og vesturlengdar stig austur 162. Þar syðra er fjöllótt land, og sum fjöllin há, um 14 þús. fet. Yfir 100 fjöll fundust, sem áður voru óþekt. Kol og málmar fundust þar einnig. Mestur kuldi þar svðra var 40 stig fyrir neðan zero, en 50 stig á fjöllum uppi. Þá frusu menn á höndum og fótum. Þeir skoðuðu þar eldfjall mikið, og upp úr gýg þess gaus reykur og brennisteinsgas 2 þúsund fet í loft upp. Sléttlendið umhverfis pólinn er sagt að vera 11 þúsund fet yfir sjávarmál. Shackleton telur það víst, að ekki séu fjöll heldur hátt sléttlendi kring um pólinn sjálfan, þó ekki kæmist hann þangað sökum ófærðar og vegna þess, að hestar þeir, sem í ferðinni voru, gáfust upp, svo að ferðamennirnir gátu ekki ekið með sér nægum matvælum og öðrum útbúnaði, til þess að komast alla leið þangað. Á fjöllum var færðin svo ill, að einn dag komst hópurinn að eins 600 yards áleiðis.

— Count Zeppelin á Þýzkalandi sigldi nýlega á sínu nýja loftfari með 26 manns umborð yfir 150 mílna langan veg á 4 klukkustundum. Loftfar þetta er hið stærsta, sem tilbúið hefir verið, og er 445 feta langt og 49½ fet á breidd. Í því eru 3 rafmagnsvélar, og geta þær knúð loftfarið áfram 50 mílur á klukkustund. Á skipi þessu eru öflug skriðljós og loftskeytatæki. Skipið fullgert kostaði yfir 100,000 dali.

— Mrs. Pierre Lorillard í New York, 49 ára gömul kona eins af auðmönnum borgarinnar, er látin. Þau hjón höfðu verið í veizlu fram á nótt, og voru fyrir skömmu komin heim, þegar konan fanst kl. 8 um morguninn örend á baðstofugólfinu, í öllu sínu gimsteinaskrauti. Hún hafði kafnað af gasi. Talið víst, að hún hafi fyrirfarið sér á þennan hátt.

— Tveir Ítalir, sem dæmdir hafa verið til lífláts í New Brunswick, fyrir að drepa umferðarsala þar í héraðinu, hafa játað sig vera skipaða af félögum sínum til að vinna glæpinn. Þeir segja Ítala þar hafa stofnað félag í þeim tilgangi, að ræna og stela, og hvenær sem þörf sé, að víkja einhverjum úr vegi, til þess að geta framkvæmt fyrirætlanir félagsins, þá séu kosnir menn með hlutkesti til að koma því óðáðaverki í framkvæmd. Í þetta skifti kom upp hlutur manna þessara. Það er talið víst, að líflátsdómi mannanna verði breytt í fangelsi, svo að þeir geti borið vitni mót félögum sínum, sem þeir hafa komið upp um, og sem eru nú í varðhaldi.

Íslands fréttir.

Til ráðherra Íslands sendi konungur svohljóðandi skeyti síðasta febrúar: "Lausnarbeiðni veitt, þótt mér falli það illa. Bið yður gegna embættinu, þar til eftirmaður er skipaður. Og eru forsetar Alþingis, þeir herrar Björn ritstjóri Jónsson, Kristján háyfirdómari Jónsson og Hannes ritstjóri Þorsteinsson, beðnir að koma hingað sem fyrst og ræða við mig um ástandið". — Svo er að sjá á Ísafold, að þingforsetar hafi farið utan 20. eða 21. marz. Vildu þeir láta fresta þingfundum meðan þeir væru að heiman, en Hannes ráðgjafi neitaði, og verður því þingi haldið áfram. Forsetarnir búast við að vera 3 vikur í burtu, og að mæta í þinginu áður því sé slitið. — Þegar Hannes ráðgjafi sagði af sér embætti, skoraði hann á andstæðinga flokk sinn, að tilnefna ráðgjafaefni. Hafði þá flokkurinn fund til þess, og fóru þar fram 3 atkvæðagreiðslur, á þessa leið:

1. Björn Jónsson 9 atkv.
   Kristján Jónsson 6 atkv.
   Skúli Thoroddsen 6 atkv.
   Hannes Þorsteinsson 3 atkv.
   Þá gekk Kr. Jónsson úr leik.
2. Björn Jónsson 15 atkv.
   Skúli Thoroddsen 8 atkv.
   Hannes Þorsteinsson 1 atkv.
3. Björn Jónsson 15 atkv.
   Skúli Thoroddsen 7 atkv.

Eftir, það kom flokksmönnum saman um, að gera tilnefningu Björns Jónssonar í einu hljóði, og var það gert. Sjálfur var hann ekki á fundinum. —— Námalög Íslands frá síðasta þingi talin óframkvæmanleg og óhafandi. Ný námalög eru lögð fyrir þetta þing til samþykktar. —— Frumvarp til laga um skyldu vátrygging íslenzkra sjómanna er fyrir þingi. Iðgjald er 15 aurar á viku á vetrinum, og 10 aurar á sumrum, er tekst af hlut eða kaupi sjómanna. Auk þess leggur útgerðarmaður frá sjálfum sér helfing móts við skipverja alla. Vátryggingin er 100 kr. á ári til erfingja 4 ár hin næstu eftir frá fall hans. Reynist vátryggingarsjóður of lítill, bætir landssjóður það upp með 12 þúsund króna meðlagi á ári mest. —— Bænarskrár frá þúsundum kvenna hvervetna af landinu streyma til þings ins, biðjandi um jafnrétti við karlmenn, og margar konur biðja einnig þingið að samþykkja vínbannslög. Frumvarp þess efnis bar Björn Jónsson fram í þingi 27. febr. og mælti vel fyrir því. —— Yfir 60 fjárbænir hafa alþingi borist, að eins ein frá Ameríku (frá A. J. Johnson) um 7½ þús. kr. styrk til eflingar innflutningi fólks frá Ameríku til Íslands. —— Margir biðja um styrk til náms í ýmsum greinum, svo sem rafmagnsfræði, dráttlist og mótun, málaralist og fl. þesshættar, er kent sé erlendis. Aðrir biðja um styrk til heimanáms og heimaskóla stofnana, kvennaskóla, leikfimisskóla, iðnskóla og hússtjórnarskóla. — Bænir þessar bera það með sér, að mentunarfýsnin er sterk í ungmennum Íslands, og að nú vilja margir læra ýmsar þarfar iðngrein ir og "tekniskar" greinir utanlands, sem að góðu haldi mega koma á Íslandi, en ekki verða lærð ar þar. —— Þingið hefir sett nefnd til að íhuga, hvernig bezt verði greitt fram úr hinum almennu peninga vandræðum í landinu. —— Séra Haraldi Níelssyni synjað um kennara embætti við prestaskólann. Eiríkur Briem á að hljóta það.

Fyrirspurn.

Svo er mál með vexti, að velmegandi bóndi hér í sveitinni keypti fyrir fjórum árum pallvog (Fairbanks) af syni mínum, sem er farandsali fyrir verzlunarfélag nokkurt í Toronto. Var vog þessi seld með þriggja ára borgunarfresti, og gaf bóndi "Nótu" til tryggingar kaupum þessum. Rétt eftir að kaupin voru afgerð, kom bóndi með vogina til min og bað mig að geyma hana litinn, ótiltekinn tíma, og játti ég því, tók á móti voginni og hefir hún verið hjá mér síðan. Bóndi borgaði ekki vogina fyr en í haust, að honum var stefnt fyrir rétt. En nú síðan málið féll á hann og hann búinn að borga vogina fullu verði, hefi ég beðið hann að taka vogina til sín úr mínum húsum, en hann hefir skorast undan og gefið í skyn, að hann mundi ekki hirða um hana framar. Hvernig á ég nú að fara að í þessu efni? Ég hefi mjög takmörkuð húsakynni, en vil ekki gjarnan fleygja voginni út, því hún er óskemd enn og að öllu sem ný. Hvað á ég að hafa pallvog þessa lengi í greinarleysi þessu? Er það ósanngjarnt, að ég fái $0.50 þóknun fyrir hvert ár — fjögur ár —, sem hún hefir staðið hjá mér, — $2.00 alls?

Benóni Guðmundsson.

SVAR. — Greiðasti vegur er að flytja vogina heim til eigandans og afhenda honum hana þar, að öðrum kosti getur þú auglýst, að þú seljir hana fyrir geymslugjaldi. En gera þarftu það lögformlega. 50c á ári í geymslugjald mundi enginn dómari álíta ósanngjarna kröfu. Ritstj.

HORFIÐ ÁFRAM, GRIPABÆNDUR!

Stansið og íhugið hve góð MAGNET Rjómaskilvindan er. Aðrir skilvindusalar verða árlega að auglýsa nýjar vélar, vegna smíðagalla í þeim, en sem áður voru auglýstar fullkomnar. En MAGNET endist altaf aðgerðarlaust, hún er rétt samsett á traustum fæti, hefir bein tföll eins og notuð eru á gufu- og þreskivélum; stór skál studda beggja vegna, getur ekki raskast; skiljarinn í einu stykki; gerir fullkomin aðskilnað; hefir gler harða kúlu í 'race drive'. Vélin er auð hreinsuð, létt snúið, (börn snúa henni), öll stykki sterk og traust. MAGNET notendur hæðast að árlegum nafnbreytingum á öðrum vélum og aðgerðar kostnaði. Ástæðan fyrir mismuninum er auðfundin: — MAGNET fyrirmyndarvélin er 40 gallóna stærð, allir partar nógu stór ir og traustir fyrir 100 gall. stærð. Aðrar vélar eru gerðar svo veikar og léttar að þær verði sem ódýrastar og þola ekki áreynsluna. Þær vélar seljast lágu verði. En eru þær ódýrar? Eru þær góðar? Ef svo, hversvegna þurfa þær árlegra umbóta? Magnet þolir brúkun og endist. Getið þér verið án hennar? Bæklingur og ókeypis próf fæst ef þú sendir línu til



The Petrie Mfg. Co., Limited
WINNIPEG
HAMILTON. ST. JOHN. REGINA. CALGARY.

HEIMSKRINGLU og TVÆR skemtilegar sögur fá nýir kaup. endur fyrir að eins $2.00.

Wall Plaster

Með því að venja sig á að brúka "**Empire**" tegundir af Hardwall og Wood Fibre Plaster er maður hár viss að fá beztu afleiðingar.

Vér búum til:

"Empire" Wood Fibre Plaster
"Empire" Cement Wall "
"Empire" Finish "
"Gold Dust" Finish "
"Gilt Edge" Plaster of Paris
og allar Gypsum vöruuteg-undir. —

Eigum vér að senda yður bækling vorn?

MANITOBA GYPSUM CO. LTD
SKRIFSTOFUR OG MILLUR I
Winnipeg, - Man.

Heimskringla
Published every Thursday by The
Heimskringla News & Publishing Co. Ltd

Verð blaðsins í Canada og Bandaríkjunum $2.00 um árið (fyrir fram borgað).
Sent til Íslands $2.10 (fyrir fram borgað af kaupendum blaðsins hér $1.50.)

B. L. BALDWINSON,
Editor & Manager

Office:
729 Sherbrooke Street, Winnipeg
P.O. BOX 3083. Talsími 3512.

Járnbrautin að Íslendingafljóti.

Bradbury þingmaður tók sér tíma þann 10. þ.m. til þess að spyrja Ottawa stjórnina um ýmislegt, sem ráðgert hefir verið að gera hér í fylkinu, en ennþá er ógert.

Meðal annars kvað hannOttawa stjórnina hafa í fyrra samþykt styrkveitingu til C. P. R. félagsins fyrir járnbrautar lagningu frá Gimli bæ norður að Riverton við Íslendingafljót, 25 mílur vegar. Hann vildi fá að vita, undir hvaða skilyrðum sú fjárveiting hefði gerð verið, og hve langan frest félagið hefði til þess að byggja brautina. Hann kvað íbúum héraðsins vera þar mesta nauðsyn á þessari braut, þess vegna vildi hann vita, hvort þessi styrkveiting ætti að vera svona að eins á pappírnum, eða hvort það væri tilgangurinn, að byggja braut þessa, og ef svo væri, hvenær íbúarnir mættu vænta þess að hún yrði fullgerð. Íbúunum hefði svo árum skifti verið lofað braut þessari, og í kosningunum hefði þessi styrkveiting verið notuð sem atkvæða vogstöng fyrir stjórnarliðina. Þess vegna bað hann ráðgjafann að segja sér, hvort stjórnin ætlaði að biðja C. P. R. félagið að leggja þessa járnbraut.

Graham ráðgjafi sagði styrkveitingu þessa vera lög, og svo lengi, sem félagið uppfylti lögin, þá hefði stjórnin ekkert afskiftavald. Félagið hefði í löggildingarskrá sinni ákveðinn tíma til þess að byrja á lagningu brautarinnar og ljúka við hana, og þingið þyrfti ekki að endurnýja það byggingaleyfi, og þegar það leyfi sé útrunnið, þá sé líka styrkveitingin útrunnin. Félagið sé skyldugt til, að leggja brautina innan ákveðins tíma; — ef það geri það ekki, og ef það bæði svo um endurnýjun styrkveitingarinnar, þá þurfi þingið ekki að endurnýja hana.

Herra Bradbury spurði þá, hve langt yrði þar til félagið þyrfti að biðja um endurnýjun þessarar styrkveitingar. Það kvaðst ráðgjafinn ekki muna, en Bradbury gæti sjálfur leitað í lögum frá síðasta þingi að þeim upplýsingum.

Herra Bradbury hefir gert skyldu sína í sambandi við þetta mál, og hefir í stuttu máli fengið sama sem ekkert svar, annað en það, að ef félagið ekki leggi brautina norður að Riverton innan þess tíma, sem styrkveitingin er bundin við, þá þurfi þingið ekki að end ernýja hana. Með öðrum orðum sagt: — að þá yrði brautin ekki bygð.

Bradbury ræddi næst um járnbrautina frá Teulon norður í Árdalsbygð. Sú braut væri bygð norður að Russell vatni, en það væri fólki norður við Íslendingafljót hin mesta nauðsyn, að sú braut yrði bygð norður þangað tafarlaust. Ráðgjafinn kvað félagið vera að byggja braut þessa undir löggildingar samningum þess.

Herra Bradbury mintist á önnur nauðsynjaverk, svo sem hafnbætur við Winnipeg Beach. Hann kvartaði undan að það fé, sem í síðasta árs útgjaldalið stjórnarinnar hefði verið ætlað til hafnbóta á þessum stað, væri ekki í þessa árs útgjaldalið, og vildi fá að vita, hvort það hefði í fyrra verið sett þar til að hafa áhrif á kosningarnar, en svo kipt út að þeim afstöðnum.

Út af þessu urðu allmiklar deilur milli hans og Pugsley ráðgjafa, og lét Bradbury hvergi hlut sinn. Kvaðst hafa skyldu að rækja gagnvart kjósendum sínum.

Herra Bradbury talaði og um brúna yfir Rauðá hjá St. Andrews strengjunum, og skoraði á stjórnina, að leggja til 100 þúsund dollara til þess brúin gæti orðið fullgerð til almennra afnota, — eða hverja þá upphæð, sem nauðsynleg kynni að vera til þess að brúin geti orðið til almennra nota.

Herra Bradbury hefir áður sýnt það síðan hann kom til Ottawa, að hann hefir hagsmuni kjósenda sinna efst á baugi, og að hann lætur ekkert tækifæri ónotað til þess að minna stjórnina á þarfir fólksins hér vestra, og skyldu hennar að sinna þeim þörfum.

En ekki verður sagt, að tilraunum hans hafi verið vingjarnlega tekið, og efamál er, hve mikið honum kann að verða ágengt. En langverst allra svaranna, sem honum hafa veitt verið af stjórninni, er svar Grahams járnbrauta ráðgjafa í sambandi við brautina frá Gimli norður, — þegar hann sagði eins og stendur í þingtíðindunum (bls. 3049): — "Parliament, in its wisdom, may not renew it".

Það er ekki ólíkt því, að þetta svar sé dauðadómur Laurierstjórnarinnar yfir þessari braut. En sá dauðadómur er ekki Bradbury að kenna. Hann hefir sýnt fram á þörf brautarinnar. En hann hefði mátt ganga fetí lengra, og það hefði íslenzkur þingmaður vafalaust gert. Hann hefði mátt minna stjórnina á, að Íslendingar norður við Fljótið og víða meðfram ströndum vatnsins þar sem brautin mundi liggja um, eru fyrstu Norðurálfu innflytjendur, sem tóku sér bólfestu í Vestur-Canada, — búnir að bíða þarna í heilan þriðjung aldar í þeirri von, að réttmætum þörfum þeirra verði einhverntíma sint. Allir aðrir menn hafa fengið járnbrautar samgöngur við umhverfið. En Rivertonbúar eru enn þá útundan, og mega nú lifa í nokkurnveginn fullri vissu um, að sá styrkur, sem C.P.R. félaginu hefir verið lögtryggður til brautarlagningar þangað norður, verði af þinginu ("í þess víðdómi") afnumin.

Þann 25. marz kvartaði herra Bradbury undan því, að ráðgjafi fiskimála hefði ekki svarað bréfi sínu til hans, dags. 19. s.m., þar sem hann hafði beðið ráðgjafann, að tilnefna einhvern Íslending úr Gimli sveit, til þess að starfa í nefnd þeirri, sem stjórnin hafði sett til þess að íhuga fiskimál Canada. Herra Bradbury kvaðst óska, að Íslendingi yrði bætt við í nefnd þessa, og hann valinn úr þeirri sveit, sem mest tjón hefði beðið við það, að Winnipeg vatn hefði verið tæmt af fiski.

Ráðgjafinn svaraði því einu, að hann hefði ekki lesið bréf herra Bradbury's. Annað svar fékk hann ekki.

Þetta meðal annars sýnir, að hr. Bradbury hefir það hugfast, og leggur alt kapp á, að verða kjördæmi sínu að því liði, sem hann frekast getur. Það verður því ekki honum að kenna, ef ekki verður einhver Íslendingur í fiskimálanefndinni.

SAMTAL UM BÚSKAP

Eftir ORRA

X.

KETILL: Hér hefir þú þá hesta þína. Þeir eru stærri og föngulegri hestar ykkar hér í landi en þeir, sem vér höfum á Íslandi.

ATLI: Já, þeir eru það snögt um, enda útkrefur vinna þeirra hér stóran vöxt og sterka vöðva. En hinir litlu, enn þó iturvöxnu, harðgerðu, þolgóðu, þrautseigu, lundþýðu íslenzku hestar eru Íslandi beztir allra. Við þekkjum margan íslenzkan fola líkan folanum hans Páls, er hann kveður um eina af fögru vísunum sínum:

"Léttum fótum lemur frón,
lýstur grjótið sundur,
upp á móti eins og ljón
æðir fljót sem tundur".

Fjöll og klungur, straumharðar ár og elfur Íslands, útkrefja fótlipra, fjöruga og bolna hesta, og þá hafa Íslendingar, og að þeim ættu þeir að hlúa sem bezt, viðhalda en ei að breyta hinu fornnorræna íslenzka eðli. — En hér væru þeir okkur ónógir. Hér þurfum við þunga, sterka og stöðuga jálka, til að draga akuryrkjuvélar vorar. — En þó eru hér margir, er því halda fram, að bezt sé að hestarnir séu fjörugir og fljótgengir, þannig gangi vinnan bezt En ef vér rökleiðum það, komumst vér að því gagnstæða. Og ef vér virðum fyrir okkur akuryrkjuvinnulag þjóðverja, sem eru viðurkendir beztir akuryrkjumenn, þá sjáum við þá aldrei fara hart með hesta á akri, en þeir vinna jafnt og hnykkjalaust. Þeir standa ekki í akurendum helming af timanum, — að eins svo lengi, að hesturinn kasti mæði. Þjóðverjar kunna að vinna, og þeir kunna að fara svo með hesta sína, að þeir séu ómeiddir, þ. e. ósárir. Sá, sem hefir vinnuhestinn sinn sáran og meiddan, ætti að vera dreginn fyrir lög og dóm og sæta hegningu! — Auðvitað getur komið fyrir, að hestur stikni undir kraga eða hlaupi upp á honum kúla. En þá er að gera við því, og það strax, bera á hann græðandi smyrsl, eða neyta annara bragða, er við duga. Við kveinkum okkur, þegar af okkur tekur, — stiknum á skrokknum. Hestar hafa sömu tilfinningu sem vér, og þeir hafa rétt til hjúkrunar, sem vér. — Vér erum bara eitt af dýrunum og höfum að mörgu leyti sameiginlegar tilfinningar öðrum dýraflokkum. — Þegar vér veitum hestunum nákvæma eftirtekt, komumst vér að ýmsum eðliseinkunnum, sem okkur eru duldar án glöggrar íhugunar. — Fyrst af öllu sjáum vér, að hestar hafa mæmar tilfinningar mót öllu, er við hörund þeirra kemur, einnig að þeir eru tilfinninganæmir, hvað hugsanir snertir, það er skarphugsandi. Tökum til dæmis, að maður sé að sá akur og hafi byrjað við austurjaðar og sáð frá honum inn í miðju akursins, en svo einhverra orsaka vegna farið í vesturjaðar og sáð þaðan austur. Setjum, svo, að dagar líði þar til maður mætir austan sáningunni, þá samt sem áður sjá og þekkja hestarnir gamla hjólfarið eins vel og maðurinn, sem vinnunni stýrir, og stundum jafnvel betur. Það er enginn vani, það er vit, skynsemi, íhugunargáfa. Hestarnir vita hvað vinnunni líður. Þegar við erum búnir með plæginguna á haustin, verða þeir kátir og fjörugir. Sama með hvern annan liðakur vinnunnar, en þau merki sýna ekki nema óþvingaðir hestar, þeir einir, sem vel er með farið, — þeir, sem mennirnir eru góðir við, hafa nóg fóður, góða hirðing og vinaleg atlot, er klappað og strokið og talað við. — G. Th. lætur Skúla segja við sörla:

"Sörli minn, þig hef ég ungan alið
og aldrei valið nema bezta fóður,
nú er líf mitt fótum þínum falið.
nú er líf mitt fórum þínum falið.
Forðaðu mér nú undan, klárinn góður.

Sörli skildi, fór á kostum yfir hraunið, forðaði lífi Skúla, en lét sitt eigið, — sprakk af mæði. — Þess eru mörg dæmin, að hestar hafa bjargað lífi eiganda síns. — Hér í landi var hestamaður einn, annálaður, er gerði það að iðju, að taka hesta til tamningar. Hann tamdi hesta hverjum manni betur. Þessi maður átti merhryssi eitt, er annálað var fyrir listakosti. Þar í nágrenninu var annar maður, er átti ungan hest ótaminn og óviðráðanlegan, grimman við menn og skepnur. Þessum hesti var komið til tamningar til hestamannsins. Við fyrstu tamningar tilraun réðist hesturinn með grimd á manninn, en svo vildi til, að hryssan var þar nærstödd. Og þegar hún sá aðfarir hestsins, réðst hún móti honum, og forðaði lífi eiganda síns og vinar. — En þeir hestar aftur á móti, sem illri meðferð sæta, verða drumbslegir og kæringarlausir, hugsana sljóir og ill-lyndir, sinna engu utan því, er böðull þeirra þröngvar þeim til, — verða bara lifandi vinnuvél. Ekki svo að skilja, að maður eigi að láta hlut sinn fyrir hestinum. Þvert á móti, maðurinn verður að hafa yfirhöndina, beita hörku, þegar þörf krefur, láta hann hlýða viðstöðulaust, hirta hann með fullu ráði, en ei hringvitlaus af reiði. Þegar maður hefir fengið hestinn til að hlýða, og hann er kyrður eftir kviðuna, þá að sýna honum vinaratlot. Þannig kemst hesturinn í skilning um, að honum sé eigi ætlað meira en hann fái orkað. — Sæti hesturinn góðu atlæti, vinnur hann fyrir okkur með glöðu geði, og á morgna, þegar maður kemur til þeirra, bjóða þeir manni "góðan daginn", og þá verður maður ætíð að taka undir við þá með einhverju vinarorði! — Ég ætla að segja þér dálítið skritna sögu, er úti á Íslandi gerðist milli manns og merar: — B. hafði það til siðs, að berja merina um höfuðið með svipunni. Eitt sinn var B. á leið til kaupstaðar, og mætir mönnum, er úr kaupstaðnum komu. Þegar þeir mætast, bjóða þeir B. brennivín. Honum þótti sopinn góður og seilist á móti flöskunni. Merin verður þess vör, að B. lýtur áfram, og hyggur víst, að hann muni berja sig að vana. Hún kippir því upp höfði, svo hnakki hennar smellur á munn B. Báðar varir sprungu og blóðbogi stóð úr vitum hans. Það fyrsta, er hann mælti, var: "Hald ið þið að ég geti étið, piltar?" — En hann hefir víst ekki verið að hugsa um það, hvort merinni óhægðist átið af völdum hans! — Undir vissum atvikum getur það verið óhjákvæmilegt, að berja hest, svo sem fyrir ýmsa hrekki. En varast skyldi maður að berja hest í nauð, t. d. undir þungum átökum eða lúa. Eitt högg getur þá orsakað stöðu, að hesturinn hætti framhaldstilraunum sínum. Hesturinn hugsar sem svo: — þú, fantur, því slærþú mig? Högg þitt kom af stað hugarhreyfingum í mér, svo taugar mínar mistu hreyfiaflið. Óbarinn hefði ég náð ferðatakmörkum, en nú get ég það ekki. — Hjá þeim, er framast þekkja eðlið, sæta hestar betri meðferð, og allir geta þekt eðlið nokkuð, ef þeir vilja. Taki maður vel eftir svip hestsins og augnaráði, getur maður að mestu leyti lesið hugsanir hans, gleði, hryggð og sýki spegla sig þar, og samkvæmt þeim merkjum, er vér lesum úr svip hans, verður hirðingu að vera háttað. Reyndu að ávinna þér velvild hestsins, svo að hann treysti þér, kumri til þín, stingi að þér snoppunni.

"Vel þér hesta væna í lest,
ven þá bezt, sem getur".

Mikils er um vert, að eiga fallega hesta, því fallegur hestur er oftast kostum búinn. En þó er mest um vert, að hesturinn sé vel taminn, því vel tömdum hesti veitist vinnan léttari en þeim illa tamda, — rétt eins og manninum, er vel kann vinnuna, fellur hún léttar, en hinum, er ei kann. Það útkrefur langan tíma og nákvæma umönnun að temja hesta svo vel sé Unglingar (með nákvæmu tilliti þeirra eldri) eru oft beztir til að temja hesta.

Nú skulum við virða fyrir okkur dags meðferð á hesti í vinnu: þú verður að fara á fætur og gefa hestinum ekki seinna en kl. 5.30), kemba hann og busta, leggja á aktýgin, brynna honum og vera kominn til vinnu kl. 7. Hestinum er ætluð 10 kl.tíma vinna, og honum er ætlað að plægja eina ekru á dag, 4 þml. djúpt. — Sé hesturinn sveittur, þegar þú kemur með hann heim til miðdags, máttu ekki sleppa honum í vatn, en þó er þér óhætt, að lofa honum að væta kverkar sínar, sem kallað er, en alls ekki meira. Sé hann ákaflega sveittur, er bezt að baða hann, brjóst hans og bóga, úr köldu vatni, áður enn þú gefur honum hafrana, taka af honum kragann; bezt að taka aktýgin alveg af. — Þegar þú byrjar vinnuna að morgninum og eftir miðdag, áttu að fara hægt af stað með hann, því setjir þú hann í fullan gang strax, áttu á hættu, að hann fái kveisu. Eftir hálfan tíma, er þér óhætt að herða á honum, þar til þú hefir hann í fullum gangi. Á kveldin, þegar þú hefir sprett af honum, áttu að baða hann úr köldu vatni um brjóst og bóga, sleppa honum síðan út og lofa honum að velta sér, bezt að hann hafi mold eða sand til að velta sér í. Hann þarf að fá fínt ryk niður í hörundið, — það losar upp væringuna. Að kveldinu verðurðu að gefa honum svo mikið af heyi, að hann hafi nóg að maula yfir nóttina. Í kassahorninu hans er bezt að hafa gnægð af salti. Básinn hans verðurðu að hafa rúmgóðan og mjúkan, húsið bjart og loftgott. Að hófunum verðurðu vel að gæta, — halda þeim hæfilega stórum, og járna þegar þörf gerist.

KETILL: Hvaða hesta litur er hér beztur?

ATLI: Þeirri spurningu er ógreitt að svara, því svo eru margar meiningar um það, sem menn. En eitt er víst, að gráu hestarnir þola betur hita og flugur en þeir dökku. Ég hefi oft orðið þess var, að þegar froðað hefir á dökka hestinum, hefir sá grái verið að eins sveittur. Ennfremur: Sá dökki hefir verið hamslaus af flugnavargi, en sá grái varla lýst fæti. Og er slíkt ei lítils virði bæði fyrir skepnuna og manninn. En það er dálítið erfiðara, að halda þeim gráa hreinum á bás, en þeim dökka, því saurinn er auðsærri á þeim gráa.

KETILL: Hvað tekur þú til bragðs, ef hestur þinn fær kveisu?

ATLI: Fyrst af öllu tek ég hann og beizla, hefi nokkuð langt band á beizlinu, leiði hann út og læt hann hlaupa í kring um mig, þar til kveisu tappinn losnar. Að lofa honum að liggja um kyrt, getur ollað bráðum dauða. En linist kveisan ekki við hreyfinguna innan hálfs klukkutíma, verður að neyta meðala. Svo að segja óbrigðult meðal við kveisu, sé það í tíma brúkað, er að taka einn bolla af salti, baka það yfir eldi, þar til það er gulbrúnt orðið, láta það svo leysast upp í einum potti af hreinu vatni, og hella svo þessum lög niður í hestinn. Sú inntaka hrífur oftast að fullu á fáum mínútum. En þess skal vel gætt, að hesturinn nái ei að leggjast. Og svo eru ýms önnur meðul, svo sem 2—3 únzur af "Laudanum" í potti af linoliu. Hafi maður handbært brennivín og heitt vatn, er inntaka af því betri en ekkert. Stundum kemur það fyrir, að eina þrautaráðið, er að gera hnífstungu í huppinn, en það er ei gert fyr en á seinustu forvöðum. Stunguna gerir maður milli aftasta rifs og hérhnúfu, 6 þuml. fyrir neðan hrygg. En slíkt er að eins þeirra færi að gera, sem hafa séð það áður gert, eða hafa góðar lækningabækur.

KETILL: Hvað gerir þú við gigt í hestum?

ATLI: Mér hefir gefist vel hita meðalið tincture of aconite. Það er látið á tungu hestsins, 30—40 dropar einu sinni á dag. En heppilegra hygg ég muni vera, að gefa 10 dropa þrisvar á dag. Með því hefi ég læknað gamlan hest, sem var yfirkominn af gigt. En gætilega er bezt að fara með þetta meðal, því það er ákaflega sterkt eitur.

KETILL: Hvað tekur þú til bragðs, þegar hestar þínir fá kvef?

ATLI: Þá tek ég 3 únzur af "Sulphate of Copper" og eina únzu af "Powdered Gentian", og blanda því saman í 12 deildir, og gef eina deild í höfrum að morgni, aðra að kveldi. Sé kvefið svo ilt, að gröftur renni úr nösum, er bráðnauðsynlegt, að bæta það sem fyrst, því sé það trassað, getur það snúist upp í ólæknandi sjúkdóm.

KETILL: Hvað orsakar yfirlið eða flog á hestum?

ATLI: Ill meðferð. Höfuðið bundið of hátt upp og keyrðir í ofhita. Ein af þrælslegustu meðferðum á hestum, er að binda þá stutt upp, keyra höfuðið svo hátt, að hesturinn missi alt vald á höfði og makka. Að láta hann hlaupa í þess háttar skorðum eða vinna, gengur vitfirring næst. Hvernig mundi okkur líða, ef höfuð vor væru bundin aftur og okkur þröngvað til að vinna í þeim skorðum? Ætli við mundum ei gnauða? Óþvingaður höfuðburður hests á hlaupum er: Hnakki í við hærri en herðakambur. En í þungum drætti, ber hann höfuð lítið eitt lægra en herðakamb og teygir úr makka. Þar af sjáum við, að eðli hans er þvingað og brotið, þá hann er bundinn upp. — Bezta ráð við þessum flogum og yfirliðum er blóðtaka á hnakka, láta blæða þar til máttleysis verður vart, og síðan að gefa tincture of aconite, láta 10—15 dropa á tungu hestsins þrisvar á dag.

KETILL: Hvað gerir þú, ef hestur þinn fær heilabólgu af hita?

ATLI: Það fyrsta, er ég mundi gera, væri að spretta af honum og svo að hella yfir hann köldu vatni, sem frekast yfir hnakkann og hálsinn, nudda hann svo allan með striga, eða annari snarpri dulu, og baða hann svo á ný. En bezta meðal er sagt að sé quinine, 25—60 grains er sprautað inn undir húðina. Það er meðalið, sem þeir brúka á Austur-Indlandi. — Þá hygg ég nú, Ketill félagi, að sé tími til kominn fyrir okkur, að ganga til náða og fara að sofa.

KETILL: Eitt er þó enn, er ég vil spyrja þig um, og það er um þennan rakka, sem hér er hjá okkur, og sem alt af hefir fylgt okkur svo vinalegur. Af hvaða kyni er hann?

ATLI: Rakkinn er af skozku hjarðhunda kyni, ætið viljugur, glaðlyndur og góður heima að hitta. Fyrir þess háttar hunda höfum við bændur brúk, en ekki mannskæða varga. Það er satt, sem Robert Ingersoll segir, eða ætti að vera satt, að menningin sé nú komin á það stig, að fólk þarfnist ekki blóðhunda, með eldrauð augu og gapandi kjaft, til að varða veg að heimilunum. Við eigum að fara vel með hundinn, láta hann liggja úti í fjósum, eða þá í skýli sér, — aldrei að hafa hann inni í húsum vorum. En við eigum að vera góðir við hann og hjúkra honum.

Talsverðan snjó lagði hér í síðustu viku, en kuldar engir, og væntanlega tekur snjóinn upp aftur bráðlega, og má þá búast við byrjun sumarveðurs.

$500.00 dali hefir Canadiska Kvenfélagið hér í borg sent til Ottawa, sem sitt tillag í herskipasjóð þann, sem Canada ætlar að senda Bretum.

ALLIR ÞEIR, sem ætla að ferðast til Íslands, ættu að hafa tal af mér. Ég sel ódýrari farbréf, og betri þægindi en aðrir geta gert. Skifti peningum fyrir hæstu verð, (í krónum), og sem útborganlegt er í öllum fjórðungum Íslands. —

A. J. JOHNSON,
P.O.Box 3083. 460 Victor St

Sparið Línið Yðar.

Ef þér óskið ekki að fá þvottinn yðar rifinn og slitinn, þá sendið hann til þessarar fullkomnu stofnunar.

Nýtízku aðferðir, nýr vélaútbúnaður, en gamalt og æft verkafólk.

LITUN, HREINSUN OG PRESSUN SÉRLEGA VANDAÐ

Modern Laundry & Dye Works Co., Ltd.
307—315 Hargrave St.
WINNIPEG, MANITOBA
Phones: 2300 og 2301

Vilborg Guðmundsdóttir Johnson.

Látin er að heimili sínu hér í borg sunnudaginn 28. marz sl. húsfrú VILBORG GUÐMUNDSDÓTTIR JOHNSON (ekkja eftir Jón sál. Jónsson frá Hjarðarfelli í Hnappadalssýslu á Íslandi), 65 ára gömul. Banamein hennar var krabbi í maganum, og hafði hún

Vilborg Guðmundsdóttir Johnson.

þjáðst af þeim sjúkdómi meira og minna í allan vetur, en sérstaklega í sl. 2 mánuði.

Þau hjón komu hingað vestur frá Íslandi árið 1883, og hafa dvalið hér í borginni síðan. Mann sinn misti hin látna fyrir rúmu ári síðan, og var hans þá nákvæmlega getið hér í blaðinu.

Þau hjón eftirskilja 8 mannvænleg börn hér í bæ, uppkomin og öll í hjónabandi, nema Alexander, sem er yngstur (21 ára). Fósturdóttir 11 ára er og eftirskilin.

Vilborg sál. var ástrík móðir barna sinna, sem nú sárt sakna hennar ásamt fósturdóttirinni, sem hún elskaði eins og sín eigin börn. Hún var einmuna guðhrædd kona og ástúðleg. Enda bar hún sjúkdómsþjáningar sínar með stöku þolgæði.

Á öllu sínu æfiskeiði var hún glaðlynd og hugrökk og vonsterk um ókomna tíð, hvort sem lífsatvikin gengu með henni eða móti, og ætíð var hún við því búin, að bæta og græða alt það, sem öðrum gekk til ama, eftir því sem kraftar hennar frekast leyfðu.

Heima á ættjörðinni bjó hún við svo væn efni, að hún átti hægt með að þjóna gjafmildi sinni og hjálparfýsn, enda mýkti hún þá harma margra þurfalinga, og naut ástar þeirra og virðingar sveitunganna. Hér vestra áttu þau hjón á fyrstu árum örðugt uppdráttar með sinn mikla barnahóp, þá á unga aldri. En svo var Vilborg sál. stjórnsöm, að alt það, sem bóndi hennar sál. færði í búið, óx svo í umsjá hennar, með blessun drottins, að þau liðu aldrei skort, og höfðu gnægtir á síðari árum.

Síðustu árin var það síður barnanna allra, að heimsækja móður sína á sunnudögum, og veitti hún þeim þá af sinni miklu meðfæddu rausn. En þau að sínu leyti önnuðust um, að gera elliár hennar eins unaðsrík eins og þeim var frekast unt, alt þar til dauðans engill hreif hana úr heimi þessum.

Jarðarförin fór fram 30. marz, með húskveðju frá heimili hinnar látnu (að 390 Agnes St.) og síðar með ræðu í Tjaldbúðinni, fluttri af séra Fr. J. Bergmann, því hans söfnuði tilheyrði fjölskyldan, og studdi hin látna hann rækilega meðan aldur entist.

Blessuð veri minning hennar!!

DR. H. R. ROSS

C.P.R. meðala- og ekurðlækuir. Sjúkdómum kvenna og barna veitt sérstök umönnun.

WYNYARD, — SASK.

K-J-Ö-T.

"Ef það kemur frá Johnson, þá er það gott"

C. G. JOHNSON, Kjötsali,
301 Sherbrooke St. Talsími 2631.

Russell A. Thompson and Co.,

Cor. Sargent & Maryland St.

Selja allskonar MATVÖRU af beztu tegund með lægsta verði. Sérstakt vöruúrval nú þessa viku. Vér óskum að Islendingar vildu koma og skoða vörurnar. Hvergi betri né ódýrari.—

Munið staðinn:—
HORNI SARGENT AVE. OG MARYLAND ST.
PHONE 3112.

Með því að biðja sérlega um "T.L. CIGAR," þá ertu viss að fá ágætan vindil.

T.L.

T.L. CIGAR (UNION MADE)

Western Cigar Factory
Thomas Lee, eigandi Winnipeg

Redwood Lager og Extra Porter

Styrkið taugarnar með því að drekka eitt staup af öðrum hvorum þessum ágæta heimilis bjór, á undan hverri máltíð. — Reynið !!

EDWARD L. DREWRY Manufacturer & Importer Winnipeg, Canada.

Department of Agriculture and Immigration.

MANITOBA

Þetta fylki hefir 41,169,089 ekrur lands, 6,019,200 ekrur eru vötn, sem veita landinu raka til akuryrkjuþarfa. Þess vegna höfum vér jafnan nægan raka til uppskeru tryggingar.

Ennþá eru 25 miljónir ekrur óteknar, sem fá má með heimilisrétti eða kaupum.

Íbúatala árið 1901 var 255,211, nu er nún orðin 400,000 manns, hefir nálega tvöfaldast á 7 árum.

Íbúatala Winnipeg borgar árið 1901 var 42,240, en nú um 115 þúsundir, hefir meir en tvöfaldast á 7 árum.

Flutningstæki eru nú sem næst fullkomin, 3516 mílur járnbrauta eru í fylkinu, sem allar liggja út frá Winnipeg. Þrjár þverlandsbrautir lestir fara daglega frá Winnipeg, og innan fárra mánaða verða þær 5 talsins, þegar Grand Trunk Pacific og Canadian Northern bætast við.

Framför fylkisins er sjáanleg hvar sem litið er. Þér ættuð að taka þar bólfestu. Ekkert annað land getur sýnt sama vöxt á sama tímabili.

TIL FERDAMANNA:

Farið ekki framhjá Winnipeg, án þess að grenslast um stjórnar og járnbrautarlönd til sölu, og útvega yður fullkomnar upplýsingar um heimilisréttarlönd og fjárgróða möguleika.

R. P. ROBLIN,
Stjórnarformaður og Akuryrkjumála-Ráðgjafi.

Skrifið eftir upplýsingum til
Joseph Burke, 178 LOGAN AVE., WINNIPEG. Jas. Hartney, 77 YORK ST., TORONTO.

"Geðsþekt er gulli betri"

Ég ætla nú, Jón minn, að vera eins stuttorður og góðyrtur við þig og mér er frekast unt, svo ég ýfi ekki skapsmuni þína mikið, — framyfir það, sem ég hefi óbeinlínis orðið til að gera. Friður sé með þér. — Ég er mjög ánægður yfir því, að hafa getað leitt fram í dagsbirtuna skúmaskots höfundinn að Kyrrahafsbréfinu gamla, þó að litið annað sé unnið við það, en að ég kenni það þá ekki neinum sæklausum manni. Og ég er þér þakklátur fyrir það, Jón minn.

Þú gefur mér fullkomlega í skyn í þessu ritsmíði þínu til mín, er birtist í Heimskringlu 25. marz, að þú hafir verið að tala um fleiri andlega volaða vesalinga, sem þú kallar svo, í þessu Kyrrahafsbréfi þínu, en mig og Mr. Kr. Á. Benediktsson. Vel er að verið. Ertu ekki upp með þér af því, að rita óhróðursgreinar um saklausa menn í fréttablöð, og þora svo ekki, að láta nafnið þitt sjást undir þeim? Finst þér nú ekki sjálfum, að það lýsi töluverðum skorti á mannúðar og velsæmis tilfinningu hjá þeim, sem gera slíkt? — Ég hefði varla trúað því á þig, Jón minn. Eða heldur þú ekki, að sumir af þessum andlega voluðu vesalingum, sem þú nefnir svo, hafi ekki eins mikla ástæðu til að kalla þig sjálfan slíku nafni, ef þeir vildu gera svo litið úr sér? — En hvað viðvíkur þessari verzlunarþekking þinni, þá má hún min vegna vera eins víðtæk og þú álítur sjálfur að hún sé. En mér virðist undarlegt, ef hún er meiri hjá þér enn ritstjóra Heimskringlu, — svo þú sért fær um, að auka nokkuru við hans þekkingu í þeim efnum. Hann hefir hingað til haft nægileg hyggindi til að sjá, hvað blaði sínu er fyrir beztu, það frekast ég veit, án þess að sækja þá vitsmuni til annara.

Þú segist einungis hafa sagt það í þessu Kyrrahafsbréfi, sem meiri hluti kaupenda Heimskringlu vildi sagt hafa. Mér þykir þú vera orðinn heldur en ekki fróður, ef þú veizt, hvað allur fjöldi kaupenda blaðsins hugsar, sem eru dreifðir um alla Norður-Ameríku og víðar. Þér kemur víst fátt á óvart eftir þessu. "Miklir menn erum við, Hrólfur minn". En hvort ljóðmæli í fréttablöðum séu nokkru verri en margt annað, sem þau hafa meðferðis, ætla ég ekkert að segja um. Þú ættir að vita það eins og sumt fleira.

Það hefir fokið í þig við mig út úr því, að ég skyldi vera svo djarfur, að kalla mann, sem ég ekki vissi hver var, sérvitring. Þú hefðir ekki átt að stökkva upp á nef þitt af svo fallegu nafni. Hvað er það annað en sérvizkuháttur, að fara að eltast við smákvæði og meinlausar vísur, til að gagnrýna þær, er birtast í blöðunum einstöku sinnum? Þú munt sjaldan sjá vitra menn gera slíkt. Eða hvað var sérstakt að setja út á Goða-braginn? Það hefir mörgum, sem hafa eins gott vit á skáldskap eins og mér virðist þú hafa, þótt hann dágóður; og því til frekari sönnunar, þá bendi ég þér á ritgerð, sem birtist í Hkr. ekki alls fyrir löngu, eftir Mr. Jón Ísdal, sem er maður mjög vel lesinn og hefir gott vit á skáldskap. — Kallar þú það Eddu-kenningar, þó ég nefndi goðin með sínu persónulega nafni? Ef svo er, þá mætti eins vel kalla það Biblíu-kenningu, þegar við erum nefndir á nafn, þar eð okkar beggja nöfn eru tekin úr þeirri helgu bók. — "Farðu heim, og lestu betur.

Þú setur ofan í við mig fyrir það, að ég skyldi hafa hugsað, að annar maður enn þú væri höfundur Kyrrahafsbréfsins. Ég skal ekki gera það aftur, Jón minn. Ég hélt satt að segja, að það væri maður, sem vit hefði á, að dæma um skáldskap. En þó ekki sá, sem ég ímynda mér að þú haldir ég hafi meint, nefnil. Mr. Sigurð Jóhannsson. Nei, Jón minn. Ég hefi þekt hann í yfir 30 ár, og vissi, að hann er skynsamari, mannúðarfyllri og betri drengur en svo, að láta óhróðursgrein um meðbræður sína birtast í almennu fréttablaði. það þurfa að vera dálitið öðru visi lyndir menn, enn Mr. S. Jóhannsson er, sem gera slíkt.

Þú segir, að ég hafi borið þér á brýn, að þér mundi líka betur, að lesa skammagrein í blöðunum en ljóðmæli. Ég ætla að svara þessu nokkuð stuttaralega. það kannske verði til þess, að kenna þér að dylja ekki nafnið þitt í annað sinn.

Þú heldur ég ég risti ekki djúpt í skáldskapar þekkingu, þar sem ég segi, að það séu víst teljandi þau vestur-íslenzk kvæði, sem hafi nútíðar skáldlegt gildi. Ég ætla að standa við það, þangað til að þú ert búinn að sannfæra mig um, að þau séu ekki teljandi.

Um rímnaskáldskapinn gamla ætla ég ekki að fara mörgum orðum. Þú segir, að Sigurður Breiðfjörð, Magnús á Laugum og gamli Hjálmar hafi ekki brúkað Eddu, nema þar sem hún átti við. Þetta er dálitið spaugilegt. Hafa hin gömlu skáldin brúkað hana þar sem hún átti ekki við?

Þér auðsjáanlega gremst við mig, að ég skyldi segja, að þú mundir aldrei geta gjört eins góða vísu og Símon Dalaskáld. Ég tek það ekki til baka fyrir þetta sýnishorn þitt í Heimskringlu. Þú verður að gera dálitið betur áður. Þú kallar það "skothendu". Já, Jón minn, satt er það, skothent er það, — þó bragarháttur við vísuna sé reyndar það, sem bragfróðir menn mundu kalla "ferskeytt". En þetta kalla menn hringhendu:

Þitt er ónýtt Austra-far
út á Sónarflóa.
Hortitts tóna hrannirnar
hættu Jón að róa.

En veiztu það, að "þulur" er vísindamaður eða fræðimaður? — Þú hefir tvær samkynja Eddukenningar í hverri hendingunni eftir aðra, nefnilega "þulins-ferju" og "Frosta-knör". Það gætu vitt fáir trúað, að vísan væri eftir þann mann, sem þekkir hugsanir flestra kaupenda Heimskringlu. Og þú segir satt, að Símon gæti varla leikið það eftir þér, að búa til svona vísu.

Ég ætla að senda þér fáeinar vísur, Jón minn, til gamans, og biðja þig að gagnrýna þær. Ég gerði þær einu sinni um ferðina hans "Kandy Jóns" heitins út á Boðnarflóann. Þær eru svona:

Setur Nonni Frostafar
fram úr nausti þagnar
út á Boðnar öldurnar,
aflabrögðum fagnar.

Álitsfögur ei er gnoð,
illa skæld og snúin;
ekkert stýri, engin voð,
áralaus og fúin.

Samt þó leggur Ödreyrs á
öldur vesalingur.
Hljóða bárur hreyfir þá
Heiftar útsynningur.

Færi rennir fordildar,
fljótt og hart það skekur,
ekki neitt þó verður var.
Veðrið herða tekur.

Orgar á borðum aldan stríð,
í austri Nonni stendur;
gríðarveðurs hörkuhríð
hristi andans lendur.

Undan rekur Austra-knör
Arnardrits á skerið.
Engin meiri fýluför
farin hefir verið.

Erið lítil urðu not
að hans fyrsta róður.
Reyndu ei að fara á flot
framar, Jón minn góður.

Jæja, Jón minn, við skulum láta þetta gott heita, og hætta nú þessu óþarfa jagi, sem er öðrum til leiðinda, en sjálfum okkur til lítils heiðurs. Elskaðu friðinn.

Jónas J. Danielsson.

Skrifið yður fyrir HEIMSKRINGLU svo að þér getið ætíð fylgst með aðal málum Íslendinga hér og heima.

Þakkarávarp.

Hér með finn ég mér ljúft og skylt opinberlega að votta öllum vinum og löndum mitt alúðarfylsta þakklæti fyrir þeirra kærleiksríku hluttekningu í sorg minni við fráfall mannsins míns sálaða, Sverris Jónssonar, hvers dánarfregn áður hefir birt verið í Hkr. Þar sýndu landar sem oftar sanna þjóðrækni í því, að fjölmenna og þannig heiðra jarðarför með nærveru sinni. Og einnig þeir menn og konur, sem hafa huggað mig og glatt bæði í orðum og verkum. — Sérstaklega vil ég nefna þau göfuglyndu heiðurshjón Jón Jónsson og konu hans, sem opnuðu sitt hús fyrir mig, og hafa á allan hátt reynst mér sem elskuverðustu foreldrar. Einnig hin ágætu lipurmenni Finnbogi Björnsson og Vigfús Guðmundsson, sem alt hafa gert í orði og verki til að styrkja mig og gleðja, — langtum meira, en ég gat vonast eftir. — Þess vegna bið ég gjafarann allra góðra hluta, að blessa nefnda mannvini, og ef þeirra hlutfall yrði að mæta einhverjum erfiðleikum eða sorg, að þeim mætti veitast vinir eins og þeir hafa reynst mér. Ég er fátæk, og get ekki efnalega endurgoldið, en treysti guði að hann blessi og endurgjaldi þeim, sem hafa huggað mig og glatt í raunum minum.

Spanish Fork, Utah, 20. marz '09
Guðrún Pálsdóttir.

Bókalisti
N. Ottenson's,—River Park, Winnipeg.

Áfangi og ábrif þess, í b.	0.10
Eggert Ólafsson (B.J.) ...	0.15
Gönguhrólfs rímur (B.G.)	0.20
Hugsunarfræði (E.B.)	0.15
Huldufólkssögur, í bandi...	0.35(5)
Höfrungahlaup	0.15
Jón Ólafssonar Ljóðmæli í skrautbandi	0.66(3)
Kristinfræði	0.45(5)
Kvæði Hannesar Blöndal	0.15(2)
Málsgreinafræði	0.15
Mannkynssaga (P.M.), í b.	0.85(5)
Mestur í heimi, í b.	0.15
Passíusálmar, í skrautb. ...	0.50
Olnbogabarnið	0.15
Prestkosningin. Leikrit, eftir þ. E., í b.	0.30
Ljóðabók M. Markússonar	0.50
Friðþjófs sönglög	0.50
Ritreglur (V. Á.), í b. ...	0.20
Sálmabók, í b.	0.55
Seytján æfintýri, í b.	0.35(3)
Siðfræði (H. H.), í b.	1.10
Stafsetningarorðbók, í b.	0.30(3)
Sundreglur, í b.	0.15
Útilegumannasögur, í b. ...	0.45
Útsvarið. Leikrit, í b.	0.35(2)
Verði ljós	0.15
Vestan hafs og austan. Þrjár sögur, eftir E. H., í b.	0.90
Víkingarnir á Hálogalandi eftir H. Ibsen	0.25
Þjóðsögur Ó. Davíðss., í b.	0.35(4)
Þorlákur helgi	0.15
Þrjátíu æfintýri, í b.	0.35(4)
Ofurefli, skálds. (E.H.), íb.	1.50
Tröllasögur, í b.	0.30(4)
Draugasögur, í b.	0.35(4)
Álögð í Ási	0.45(3)
Smælingjar, 5 sögur (E.H.) í bandi	0.85
Jómsvíkinga og Knytlinga saga, útg. í Khöfn 1828 í vönduðu bandi (aðeins fá eintök). Póstgj. 10c	2.00
Skemtisögur eftir Sigurð J. Jóhannesson 1907 ...	0.25
Kvæði eftir sama frá 1905	0.25
Ljóðmæli eftir sama. (Með mynd höfundarins) Frá 1897	0.25
Tólf sönglög eftir Jón Friðfinnsson	0.50
Grágás, Staðarhólsbók, í skrautbandi ... ... :15)	3.00
Sturlunga, Part I. Útgefin í Khöfn af K. Kaalund í bandi ... . (20)	4.50
Nýustu svenskar Musik Bækur, útg. í Stockholm:	
Svenska Skol-Qvartetten	...0.60(5)
26te och 27de Tusendet Sv. Skol-Qvartetten	0.60(5)
Dam Kören	1.00(5)
Normal-Sangbok ....,	0.50(5)

Tölurnar í svigum aftan við (og framan við þar sem póstgjald er meira en 9c) bókaverðið, merkja póstgjald það, sem fylgja verður pöntun utanbæjarmanna.

River Park, 18. jan. '09.

N. OTTENSON.

orð hans, — og þó vildi hún vera staðföst einmitt hans vegna.

Ef þér gætuð lifað með mér í einveru, — vildi ég með glöðu geði fylgja yður hvert sem væri", mælti hún, og greip um hurðarhúninn, eins og hann væri hennar síðasta athvarf. — "Þér megið samt ekki halda, að ég hræðist dóma heimsins, — heimurinn dæmir oftast í blindni og án allrar skynsemi, — en úr því ég á annað borð þarf að lifa á meðal mannanna, — þá kvíði ég fyrir því illa í sjálfum yður. — Í heiminum þykir mikið varið í gott ætterni, og ég veit, að þér eruð þar alveg á sömu skoðun. Þér metið mikils ættgöfgi yðar, — þó þér í svipinn látið annað ganga fyrir. En þegar þér aftur farið að umgangast fólk af háum stigum, mun fyr eða síðar sú hugsun ryðja sér til rúms hjá yður, að þér hafið lagt mikið í sölurnar mín vegna".

"Með öðrum orðum: — þá verð ég annaðhvort að yfirgefa stöðu mína og búsetja mig einhversstaðar úti á eyðimörku, eða komast eftir einhverjum blett eða öðru því, er slái skugga á minningu ættar minnar, — vilji ég fá að njóta yðar", mælti hann gremjulega.

Felicitas kafroðnaði, og ósjálfrátt þreifaði hún í vasa sinn, þar sem skrinið var í öruggri geymslu.

Prófessorinn gekk í æstu skapi fram og aftur um gólfið.

Hið óbeygjanalega skaplyndi yðar hefir oft valdið mér mikilla óþæginda", mælti hann með sömu gremjunni, um leið og hann staðnæmdist fyrir framan hana. Mér finst sem það sé aðlaðandi, en um leið gremst mér það. En nú, þegar þér kastið ást minni fyrir fætur mér, og dæmið sjálfa yður til fórnar, sem er einskisvirði, — þá finst mér sem ég verði viti minu fjær af gremju og reiði, — ég gæti fótumtroðið það. — En ég þykist viss um, að mér verður

ekki meira ágengt við yður að þessu sinni. — — Nei, það dettur mér ekki í hug. — — En að þér segist elska mig, — það er mér sama og órjúfanlegur eiður, — þér bregðist mér aldrei, Felicitas?"

"Nei", mælti hún, og eflaust á móti vilja hennar brá ástarblossa fyrir í augum hennar.

Prófessorinn lagði höndina á höfuð hennar, og beygði það hægt á bak aftur. Hann horfði í augu hennar, og gremja, sorg og ástríða skein úr augnaráði hans. Hann hristi höfuðið og stundi þungan, þegar hann næstum lokaði augunum og kreisti varirnar fast saman.

"Jæja, farið þá", mælti hann loks þreytulega. — Ég gef samþykki mitt til aðskilnaðar um stundarsakir, með því skilyrði, að ég fái að sjá yður oft og við skrifum hvort öðru við og við."

Hún ávítaði sjálfa sig fyrir, að hún sem vott um samþykki sitt rétti honum hendina. En henni fanst hún ekki geta neitað honum um þessa bæn. — Hann sneri sér hvatlega við, og hún gekk út í framherbergið.

XXVI.

ÖRLÖGIN TAKA Í TAUMANA.

Þar rétti hún í þögulli örvæntingu hendurnar til himins. Hún hafði liðið svo óumræðilegar kvalir síðustu minúturnar, að aldrei á æfi hennar hafði hið unga, marghrjáða hjarta hennar liðið annað eins.

Í eins konar leiðslu tók hún skrínið úr vasa sínum. Innihald þess gat í einu vetfangi rifið niður vegginn, er stóð á milli hennar og þess manns, er hún elskaði. Það vóg þungt á móti ætterni hennar.

— Kom freistarinn enn þá einu sinni til hennar? — Nei, Cordula frænka, vilja þínum skal verða fullnægt, — þó þessi bók réttlæti og sýkni þig af allri ákæru. — — Og hann, — tímiðn læknar hann. Sorgir þær sem sjálfsafneitun eru samfara, gölga sálina. En að vera í vitorði með glæp, lítilsvirðir og lamar þrek sérhvers heiðarlegs manns. — — Nú þegar skal þessi litla, örlagaþrungna bók verða að ösku. Felicitas leit enn þá einu sinni til dyranna, þar sem hún heyrði prófessorinn ganga um gólf. Því næst gekk hún hljóðlega ofan tröppurnar, er lágu að máluðu hurðinni, og lauk henni hægt upp.

Ferðamanninum, sem alt í einu sér höggorm við fætur sér, getur ekki brugðið meira við en Felicitas, þegar hún kom út í ganginn: Hönd, sem væri hún af járni ger, greip alt í einu um hönd hennar, er hún hélt utan um skrinið með, og þétt við andlit sitt sá hún glitta í grænleit, leiftrandi augu, — það voru nú reyndar blíðlegu dúfuaugun ríkisstjóra frúarinnar.

Þessi fallega kona hafði þessa stundina lagt til hliðar alla kvenlega blíðu og auðmýkt. Það var næstum ótrúlegt, að þessar fögru, hvítu hendur, sem svo oft undir guðsþjónustu og bænagerð höfðu í auðmýkt spent greipar, — gætu haldið jafnfast, og svipurinn á þessu engilblíða, baruslega andliti var svo illúðlegur og grimmur, að það varð alveg óþekkjanlegt.

"Þetta var ágætt, mín kæra, stórláta Karólína! Það ber svei mér vel í veiði, að ég skuli mæta yður, þegar þér eruð að læðast í burtu með gimsteinaskrínið", mælti hún og hló lágan hæðnishlátur. Hún greip einnig með vinstri höndinni um handlegg Felicitas, þá er hún reyndi að rífa sig lausa. — "Gerið svo vel, að halda nokkur augnablik enn þá á skrininu. Mér er engin þægð í, að þér sleppið því strax. Að eins ofurlitla þolinmæði. Ég verð að hafa vitni

að því, — að ég hafi staðið þjófinn að verkinu. — Jóhannes, Jóhannes!"

Málrómur hennar var harður og skerandi. Hún hafði líka skilið fallegu röddina eftir eins og hitt.

"Í guðsnafni sleppið mér, náðuga frú!" bað Felicitas í dauðans angist, og reyndi á ný að forða sér.

"Þó allur heimurinn stæði mér til boða, slepti ég yður ekki! Hann skal fá að sjá, hvers konar manneskja það er, sem hann í dag setti við hlið sér. — Það var dáindis laglegt að heyra það: "Hér eigið þér að vera". Þér hafið víst álitið yður við takmarkið, — ærulausa daðursrófan yðar. — En ég er hér enn þá".

Hún kallaði aftur.

Það var óþarfi. Prófessorinn kom ofan stigann og staðnæmdist í dyrunum. Um sama leyti kom Hinrik inn um hinar dyrnar.

"Nú! Svo þú varst uppi, Jóhannes", sagði ríkisstjórafrúin, — "ég hélt að þú værir niðri. Þessi aðdáanlegri eru hæfileikar þessarar loddaradóttur, er hún svo að segja fyrir augunum á þér rænir þig arfinum eftir frænku þína sálugu".

"Ertu orðin vitlaus, Adela?" sagði prófessorinn, um leið og hann flýtti sér frá hurðinni, þar sem hann hafði staðið og virt þær forviða fyrir sér.

"Alls ekki", mælti hún háðslega. "Þú skalt ekki halda, kæri frændi, að ég sé að fremja neitt ofbeldisverk, þó ég þvert á móti vilja minum komi fram sem lögregluþjónn. En Frank málafærslumaður neitaði mér svo þverlega um aðstoð sína til að hafa uppi á silfurþjófnum. — Þú sjálfur tókst þetta saklausa barn undir vernd þína. Hvað annað átti ég þá að gera, en tefla upp á eigin spítur? Sérðu þessa fimm fingur hér, — þeir halda fast um skrinið, er hún hefir tekið uppi á loftinu? Það er ekki hægt að bera á móti því. Og nú skulum við sjá, hversu

Á beztu heimilum

hvar sem er í Ameríku, þar munið þér finna HEIMSKRINGLU lesna. Hún er eins fróðleg og skemtileg eins og nokkuð annað íslenzkt fréttablað í Canada

MARKET HOTEL

146 PRINCESS ST. á móti markaðnum

P. O'CONNELL, eigandi, WINNIPEG

Beztu tegundir af vínföngum og vindum, aðhlynning góð, húsið endurbætt

JOHN DUFF

PLUMBER, GAS AND STEAM FITTER

Alt verk vel vandað, og verðið rétt

664 Notre Dame Ave. Phone 3815

Winnipeg

Strathcona Hotel

Horni Main og Rupert Str. Nýbygt og ágætt gistihús; Gest um veitt öll þægindi með sanngjarnasta verði. Frí keyrsla til og frá öllum járnbr. stöðvum. Beztu vín og vindlar; og herbergi og máltíðar ágætar.

McLaren Brothers

EIGENDUR

Hotel Pacific

219 Market Street. | H. M. Hicks, Eigandi

Winnipeg - - - Manitoba

Telephone 1338

Ný-endurbætt og Ný-tízku hús í alla staði. Viðskifta yðar óskast virðingarfylst.

$1.25 a Dag



$1.50 Á DAG

Bezta $1.50 gistihús í Winnipeg

BRUNSWICK HOTEL

Horni Main St. og Rupert Ave.

Besta borðhald; Hrein og Björt Herbergi; Vinustu Drykkir og Bestu Vindlar. Ókeypis Vagn mætir Öllum Trainlestum. Reynið oss þegar þú ert á ferð.

Friðarspjall.

Einkennilegt er friðarspjall það, sem Heimskringla flytur þann 11. þ.m. það virðist að vera bein árás á guðstrú og kristindóm. þar er meðal annars kveðið svo að orði: "Öll trú byggist á ágizkunum einum. Trúin á guð er getgáta". Og þessi mikilvæga staðhæfin er svo áréttuð með óþvegnum áburði á kirkjukenningar, kirkjumeðlimi og presta.

Að öll trú byggist á ágizkunum einum saman, er haldlaus staðhæfing. Slík trú, ef trú skal nefna, er að eins hjátrú. Sízt verður slíkt með sönnu sagt um trúna á guð. Sönn guðstrú byggist á reynslu og er fullvissa. Svo langt er níðan að örugg vissa var fengin fyrir trú á guð, að sem næst þrir tigir alda eru liðnir síðan kveðið var upp með þá staðhæfing, er stendur stöðug þann dag í dag og mun ekki haggast til daganna enda, að sá maður, sem í hjarta sínu neitar tilveru guðs, er maður fávís (heimskingi). Þetta er ekkert undur, því guð hefir ekki látið sjálfan sig "án vitnisburðar", og enginn maður hefir nokkra gilda "afsökun" fyrir fávizku sinni í þeim efnum. Satt er það, að eiginleg trú er sannfæring um það, sem ekki verður séð með berum augum. En sönn trú er ávalt sannfæring en engin ágizkun.

Það er margs konar sannreynd til, sem skynsemin nær eigi að. Og það, sem skynsemi eins manns höndlar, grípur ekki skynsemi annars, því mennirnir eru misjöfnum skilnings hæfileikum gæddir. Stærð fræðin er ljóst dæmi þessa. Hinar óskeikulu reglur hennar og lög standa stöðug eins fyrir því, þótt fáir séu þeir, sem fá skilið þau eða lært. Hinum heiðraða höfundi téðrar greinar er full-ljóst, að eitt atriði tilheyrandi þeirri grein, sem hann hefir sérstaklega lagt stund á, er með öllu ósamrýmanlegt skynsemi lærðustu manna enn sem komið er. Ég á við þann hluta ljósfræðinnar, er gagnsýni (perspective) nefnist. Óraskanleg stend ur sú sannreynd, að jafnhliða línur mætast í óendanlegri fjarlægð. — Þvermál jarðbrautarinnar er sem næst 180 miliónir mílna (enskra). Það er eigi svo lítil fjarlægð. Væri nú sjónpípum, láréttum og algerlega samsíða svo ekki munaði hársbreidd, beint út í himingeiminn frá andstæðum hliðum þessarar víðu brautar, þá mætti halda, að fyrir báðar sjónpípurnar gæti aldrei borið sama hlutinn í senn, og að nokkru leyti er það svo. Innan vébanda sólkerfis vors gæti aldrei hið sama borið fyrir auga beggja rannsakaranna. Vel gæti svo farið, að plánetuna Marz bæri fyrir aðra sjónpípuna og Júpíter fyrir hina. En Marz gæti aldrei borið fyrir báðar í senn, og Júpíter gæti aldrei liðið fyrir báðar í einu. Ekki gæti heldur sömu smástirnin borið fyrir báðar sjónpípurnar í senn. Þetta liggur í augum uppi vegna þess, að sjónpípurnar liggja samsíða.

En nú kemur það óskiljanlega. Úti í geimnum óendanlega í ótakmarkaðri fjarlægð mundu sjónpípurnar beina hinum jafnhliða sjónlínum sínum nákvæmlega á sömu stjörnuna. Og þótt báðum sjónpípunum væri svo snúið í gagnstæða átt, án þess að hagga legu þeirra, þá mundi það sama verða ofan á. Hinar jafnhliða sjónlínur mundu heitast áskvæmt á sömu stjörnuna, sem óhugsjandi sannreynd fyrir því, að samhliða línur mætast í óendanlegri fjarlægð.

Jafnstöðugt og ómótmælanlegt stendur þó lögmál stærðfræðinnar, að samhliða línur geta aldrei mætzt, hversu sem þær eru framlengdar.

Hvar stendur skynsemin gagnvart slíkri sannreynd? þess má vænta, að sú tíð renni upp, að skynsemin fái gripið orsök þessarar dularfullu sannreyndar, en enn sem komið er, er hún gersamlega ráðþrota (eftir því, sem ég bezt veit) með að skýra orsök þá. Og þetta er að eins ein af hinum dularfullu ráðgátum tilverunnar.

Þegar þetta er athugað gaumgæfilega, getur þá nokkrum blandast hugur um það, að guðstrúin verður ekki með réttu sögð getgáta, þótt skynsemin fái eigi fært sönnur á tilveru guðs eða skýrt alla hans leyndardóma, sem standa í vegi fyrir því, að líkamlega sinnaður maður fái höndlað örugga sannfæring á tilveru hans. Guðstrúin er sannreynd. Hún hefir verið sannreynd milióna manna, sem lagstir eru í gröfina og hafa látið eftir sig kröftuga vitnisburði því til staðfestingar. Hún er enn sannreynd milióna manna, sem reiðubúnir eru að leggja fram vott orð sín. Hún er sannreynd þess, er þetta ritar, og sá hinn sami hefir leitast við, að draga fram ný óhrekjanleg rök fyrir tilveru guðs, og mun eigi gefast upp við fyrstu tilraun. Að þessu sinni er eigi rúm til að hreyfa slíku, með því líka, að þótt setja megi fram ómótmælanleg rök fyrir tilveru guðs, verður hann eigi þar með sýndur öðrum. Guð sjálfur hefir áskilið sér þann rétt, að opinbera sig fyrir mannanna börnum. Hver, sem því girnist að sjá guð, skyldi biðja með bljúgum barnshug um hreint hjarta, og hann mun öðlast fyrirheitið: — "Hjartahreinir munu guð sjá."

Þá er það mishermi nefndrar greinar, að kristindóminum beri að vera eftirgefanlegur og umburðarlyndur í öllum greinum. — Samkvæmt eðli sínu getur hann ekki verið það, því tilgangur hans er að rífa niður hið gamla og óhæfa og byggja upp annað nýtt. Og sjálfur höfundur hans sagðist ekki vera kominn til að senda frið á jörðu, heldur hlyti að standa ófriður af komu sinni. Og þetta ætti þeim öllum að vera ljóst, sem trú hafa á framþróun. Alt lífið er gjörvöll barátta, og hvernig er þá hugsanlegt, að hið dýrslega eðli mannsins verði afnumið án harðrar baráttu milli þess og andans. Þess vegna á líka andinn í sífeldri baráttu við holdið, eins og kristindómurinn að orði kemst. Kristindóms herjendur geta því ekki látið berast fyrir mótgangshriðum öfugra lífsstefna og deyðandi krafta, ef þeir eiga að geta kallast trúir þjónar; heldur hljóta þeir að halda uppi sönnum kristilegum vopnum, og geta ekki tekið tillit til þess, þótt þau kunni að koma hart niður á mörgum. Í sannri kristilegri baráttu er ekki um annað en líf eða dauða að tefla.

Þá kem ég að hin síðasta atriði, er ég vildi gera nokkrar athuganir við. Það eru þessi orð: "Trúin á, að guð stjórni heiminum, gerir menn ófrjálsa". Svo menn eiga þá alls ekki að trúa því, að guð stjórni heiminum. Þetta sýnist því undarlegra, er greinarhöfundurinn gerir þó ráð fyrir trú á guð. En hvað þýðir þá tilvera guðs, ef hann stjórnar ekki heiminum? — Misskilningur er það, að trúin á guðlega forsjón geri menn ófrjálsa. Satt er það, að sú trú gerir mann inn undirgefinn guðs forsjón. En undirgefni er engan veginn sama og ófrelsi. Það er ófrelsi að vera neyddur til að gera eitthvað móti fúsum vilja. En það sem maður gerir með fúsum vilja, þótt neyddur sé, er fullkomið frelsi. Og það er til það afl í þessum heimi þessum, er dregur manninn nauðugan viljugan undir sín yfirráð og lætur hann þjóna sér af fullum vilja. Það afl er ást eða kærleikur. Þegar höfundur greinarstúfsins var fangaður af ástarafli konu sinnar, gerðist hann undirgefinn. Þó mundi hann ekki hafa viljað kannast við það, að hann hefði þá gerst "ófrjáls" maður, heldur mundi hann hafa staðhæft, að hún hefði með ást sinni breytt lund hans með öllu. Eigingirnin, sem áður hafði verið ríkjandi í honum, hefði snúist upp í umhyggju fyrir velferð hennar. En frjáls væri hann algerlega, og sín fylsta sæla væri sú, að bera hana á örmum sér, og sjá henni líða vel. Þann veg er eðli ástarinnar, og mun það flestum ljósara en svo að þörf sé á að útskýra það frekar. Þar sem ástin bindur þar er frelsi.

Eins er því háttað með kærleikann. Sérhver sá maður, sem verður fangaður af guðlegum kærleika, verður undirgefinn guðlegri forsjá og gerist þjónn hennar. En hann er engu að síður frelsingi, því hann þjónar guði af fúsum vilja, af því að það er hans stærsta blessun, að fá að gera vilja þess, sem hann elskar. Þegar slíkum manni er borið á brýn, að hann sé þræll, þá verður svar hans á sömu leið og áður er tekið fram. Hann neitar slíku fastlega og staðhæfir, að lund sín hafi breyzt og vilji sinn sé allur annar. Eigingirnin er hlaupin á dyr. Öll þjónusta hins sanntrúaða er helguð hinum bágstöddu. Sú göfuga trú, að guð stjórni smáu og stóru í heiminum gerir menn sannfrjálsa í fylsta skilningi.

S. Vigfússon.

* *

P.S. — Eftir að búið var að setja ofanritaða grein, var mér bent á leiðréttingu við síðasta atriðið, er hún fjallar um. Í stað orðanna: "Trúin á, að guð stjórni heiminum, gerir menn ófrjálsa", átti að koma: "Trúin sú, að sumir menn séu af guðs náð útvaldir til þess að stjórna öðrum mönnum, gerir menn ófrjálsa".

Velvildar bið ég á því, að mér sást yfir leiðrétting þessa, en ekki er munurinn mjög mikill er grandskoðað er. Þegar gengið er út frá því, að guð stjórnar heiminum, þá leiðir af sjálfu sér, að hann hljóti að hafa hönd í bagga — ef svo mætti að orði komast — með stjórnarfari mannanna. Og hvernig ætti hann að stjórna því, nema í gegn um mennina, eins og hann notar alla skepnuna frá hinni lægstu til hinnar hæstu í gegn um alla framþróunina, til þess að framkvæma ráð sitt.

Páll postuli segir skýlaust (og hans orð vega mikið): "Engin valdstétt er til nema frá guði, og þær, sem til eru, þær eru skipaðar af guði". Og þar sem þær eru skipaðar af guði, þá eru þær jafnframt kjörnar eða útvaldar af náð, því enginn fær sagt: Ég verðskuldaði það. En trú á góða stjórn, nauðsynlega og blessunarríka, skipaða af guði, afrekar undirgefni, en ekki ófrelsi, og skirskota ég í því efni til síðasta hluta greinar minnar.

S. V.

Hugsun.

Eftir að hafa lesið ritgerðina "Trúmálin og deiluefnið" eftir Lárus Guðmundsson, í Heimskringlu frá 25. febr. sl., datt mér í hug að spyrja, hvort nú ætti að fara að leika sorgarleikinn, sem áður var fyrir nær nítján hundruð árum, og hafa séra Fr. J. Bermann fyrir aðalpersónu? Lík er aðferðin og þá hjá prestunum. Þeir hrópa hátt í Sameiningunni, að hann sé dauða sekur, nefnilega hljóti að yfirgefa kirkjufélagslegt starf, og þannig deyja því félagi. Hann hefir upp-æst lýðinn með frjálsari kenningu en hann mátti, alt frá Kyrrahafi og hingað; og svo Breiðablik gagnstríðandi Sameiningunni, — alveg stóryrðalaust. Fyrir þessar sakir verður hann að deyja vorum kirkjulega félagsskap, segja prestarnir í Sameiningunni. Ætli þeir krossfesti hann eins og Kristur var krossfestur fyrir sitt nýa boðorð og blessuðu kenningu: Faðir, fyrirgef þeim, þeir vita ekki, hvað þeir gera" frekar enn Gyðinga prestarnir forðum. Svo sýnist heimsvitneskjan vera enn og verður framvegis, til þess tíma, að einn og sérhver gáir að því góða, guðlega í sjálfum sér og auðgar það, — gerir engan hlut í hugsunarleysi eða bráðræði, gefur sét andartaks ráðrúm að spyrja sjálfan sig: Er þetta rétt? Og hafa ávalt í huga boðorðið góða: Elskið hver annan.

J. E.

Það kostar minna en 4 cent á viku

að fá HEIMSKRINGLU heim til þín vikulega árið um kring. Það gerir engan mismun hvar í heiminum þú ert, — því HEIMSKRINGLA mun rata til þín. Þú hefir máske heyrt að "blindur er bóklaus maður", en ef þú mátt missa 4c. á viku fyrir HEIMSKRINGLU þá verður þú hvorugt. 4c. á viku eða $2 um árið. Skrifið eftir Hkr. nú þegar, til P. O. Box 3083 Winnipeg, Man.

ROBLIN HOTEL

115 Adelaide St. Winnipeg

Borða $1.50 á dag hús í Vestur-Canada. Keyrsla ókeypis milli vagnstöðva og hússins þá óttu og dag. Aðhlynning hins bezta. Viðskiptum Íslendinga óskast. William Ave. strætisvagnar fer hjá húsinu

O. ROY, eigandi.

SPÓNNÝTT HÓTEL

ALGERLEGA NÝTÍZKU

Hotel Majestic

John McDonald, eigandi.

James St. West, Rétt vestan við Main St. Winnipeg Telefón 4979

$1.50 á dag og þar yfir

Bandaríkja-snið

Alt sem hér er um hönd haft er af beztu tegund. Reynið oss.

MIDLAND HOTEL

285 Market St. Phone 3491

Nýtt hús, nýr húsbúnaður Fullar byrgðir af allskonar vönduðustu drykkjum og vindlum í hressingar stofunni. Gisting einn dollar á dag og þar yfir.

W. G. GOULD :: FRED. D. PETERS, Eigendur

WINNIPEG ::: ::: CANADA

Ágæt meðul.

Ég hefi kynst og pantað áður meðul við nef, kverka- og andkafa sjúkdómum hjá Royal Remedy Co. Þau fá bezta vitnisburð. Þeir, sem senda mér sjúkdómslýsingu, og $4.00 fyrirfram, fá meðulin send heim til sín kostnaðarlaust hvar sem er í Canada. Eins og mörgum er kunnugt, hefi ég fengist töluvert mikið við meðalasölu stundum, og þekki "patent" meðul vel. Þessi meðul eru 'ekta' góð meðul, og fólk má treysta þeim, ef það kaupir þau í tæka tíð.

K. Ásg. Benediktsson.

540 Simcoe St., Winnipeg.

The Dominion Bank

NOTRE DAME Ave. BRANCH Cor. Nena St.

VÉR GEFUM SÉRSTAK AN GAUM AÐ SPARISJÓÐS-DEILDINNI. —

VEXTIR BORGAÐIR AF INNLÖGUM.

HÖFUÐSTOLL - - - $3,983,392.38

SPARISJÓÐUR - - $5,300,000.00

A. E. PIERCY, MANAGER.

kunnanlegu kveldtímum, mega segja: Fee, syngdu eitt lag. — En þetta getur ekki orðið, fyr en þér eruð orðnar konan mín!"

Felicitas rak upp hljóð og reyndi að slita sig lausa, — en hann hélt henni fastri og dró hana enn nær sér.

"Skelfir þessi hugsun yður, Felicitas? mælti hann hrærður. — "Ég ætla að vona, að yður hafi að eins orðið hverft við, en þetta þýði ekki neitt verra. Það er eðlilegt, að langur tími líði áður en þér verðið það fyrir mig, er ég þrái svo mjög. — Skaplyndi yðar breytist ekki svo fljótt, að hinn hataði óvinur verði í einni svipan að elskuðum ástvini. En ég vil með kærleika og umönnun ávinna mér ást yðar. Og ég vil biða, þó mér falli það þungt, — þangað til þér einhverntíma af eigin hvötum segið við mig: — Ég vil, Jóhannes. — — Ég veit, hve mörg undrunarverk eiga sér stað í mannlegu hjarta. — Ég ferðaðist í burt til þess að flýja sjálfan mig og innri baráttu þá, er ég átti í, — og þá fullkomnaðist fyrst undrunarverkið. Þráin rak alla baráttu og efasemdir á flótta. — Ég fann, að það, sem ég barðist mest á móti, myndi verða hamingja mín. — Fee! Mitt á meðal allskonar slaðurs og daðurs-kvenna, sá ég í anda einmanalegu, tápmiklu stúlkuna. Hún fylgdi mér, hvar sem ég fór. Hún heyrði mér til, eins og hún væri partur af sjálfum mér. — Ég sá, að ég gat ekki slitið mig frá henni, með öðru móti en að eyðileggja sjálfan mig um leið. — — Getið þér ekki enn þá sagt eitt einasta orð mér til hughreystingar, Felicitas?"

Felicitas hafði nú smám saman dregið til sín hönd sína. Gat það skeð, að hann veitti ekki eftirtekt breytingu þeirri, sem á henni varð meðan hann talaði? Hún horfði stöðugt til jarðar, kreisti hend-

urnar fast hvora utan um aðra, og auðséð var að hún leið óþolandi kvalir.

"Þér óskið huggunar frá mér", mælti hún loksins í hálfum hljóðum. "Að eins fyrir einum klukkutíma síðan sögðuð þér við mig: 'Þetta skal vera síðasta baratta yðar', og nú kastið þér mér út í þá hörðustu baráttu, sem mannssálin getur átt í. — — Hvað er að stríða móti óvinum sínum á við það, að stríða á móti sínum eigin óskum?" — Hún rétti frá sér höndurnar og kastaði eins og í örvæntingu höfðinu á bak aftur. — "Ég skil ekki með hverju ég hefi unnið til, að guð skyldi vekja þessa óhamingjusömu ást í hjarta mínu".

"Fee!"

Prófessorinn breiddi faðminn út á móti henni, og ætlaði að þrýsta henni að brjósti sér, — en hún bandaði hendinni á móti. Samt lék ánægjubros um andlit hennar. "Já, ég elska yður, — það megið þér vita", mælti hún með sorgblandaðri gleði. Ég vildi nú þegar mega segja: 'Ég vil, Jóhannes'. — En þau orð tala ég aldrei".

Hann hrökk aftur á bak og andlit hans varð náfölt. Hann þekti þessa tápmiklu, einbeittu stúlku orðið alt of vel til þess að vita ekki, að eftir þessi orð var hún honum töpuð.

"Þér flúðuð frá X.... Hvers vegna?" mælti hún enn fremur og kvað fast að orðunum, — hún rétti úr sér og horfði einarðlega í augu hans, er virtust vera búin að missa alt fjör. — "Ég get sagt yður það: Ást til mín var brot á móti ætt yðar, hún kollvarpaði skoðunum yðar, sem þér svo lengi höfðuð haldið fast við. Þess vegna vilduð þér rifa hana burtu, sem hvert annað illgresi. — Að ferðin náði tilgangi sínum, er ekki yður að þakka. Þér urðuð að lúta því sama valdi, sem þröngvar mér til að elska yður — þvert á móti vilja mínum. — það

hefir víst hlotið að kosta yður harða baráttu, þangað til allir hinir dramblátu verzlunarherrar hliðruðu til fyrir hinu fyrirlitlega loddarabarni. — Mér er ómögulegt að trúa því, að ég skipi nokkurntíma þann sess. — Fyrir fáum vikum síðan sögðuð þér, að stéttamunur í hjónabandinu hefndi sín æfinlega, og þessa skoðun hafið þér víst lengi haft, — guð veit hve fjöldamörg ár, — hún getur eigi hafa horfið með öllu á sex vikum, að eins breyzt dálítið. Og þó svo væri, að hún hefði orðið að víkja fyrir öðru, — hvernig er þá hægt að láta mig gleyma orðum þeim, er þér létuð yður um munn fara?

"Hún þagnaði nú um stund. Prófessorinn hélt hægri höndinni fyrir augu sér, og kvaladrættir komu í kring um munnvikin. Nu lét hann hendina síga og sagði með hljómlausri rödd. — "Ég hefi liðna tímann á móti mér, — en þér hafið samt rangt fyrir yður, Felicitas! — Ó, guð, hvernig á ég að fullvissa yður um það?"

"Hvað ytri ástæður snertir, þá hefir ekkert breyzt", mælti hún. — "Ætt yðar hefir að engu leyti tapað áliti sínu, — og því síður hefir mín fyrirlitlega ætt hækkað í tigninni. — Það hlýtur því að vera ég sjálf, sem hefi komið þessu til leiðar. — Því væri það nú alveg samvizkulaust og illa gert af mér, að nota þetta augnablik, er þér með erfiðismunum kæfið niður gründvallarskoðanir yðar, og hlustið að eins eftir rödd hjarta yðar. — Er það ekki satt? — Ég spyr yður upp á æru og samvizku: Þykir yður ekki mjög mikilsvert um gölfgi forfeðra yðar, — og hvernig hefir yður nokkurn tíma komið til hugar, að þessir ættfeður, er allir hafa fengið gott gjaforð, myndu gefa það eftir, að einn niðji þeirra giftist þannig niður fyrir sig?"

"Felicitas! Þér segist elska mig og þó kveljið þér mig þannig!" mælti hann með ákefð.

Hún hafði stöðugt horft á hann. Nú gat hún ekki annað en kent í brjósti um hann, er hún sá, hve innileg ástúð skein úr þessum köldu, harðlegu augum. — Hún tók með báðum höndum utan um hægri hönd hans.

"Þegar þér áðan lýstuð fyrir mér framtíð minni, ef ég yrði konan yðar, — þá leið ég meira en ég gæti með orðum lýst. Flestar aðrar myndu eflaust í mínum sporum, gleyma því liðna og grípa feginshendi þessa óvæntu hamingju. En ég er nú svo skapi farin, að ég get það ekki. — Ég myndi alt af óttast, að þér yðruðust eftir vali yðar og hræðsla mín myndi standa alt okkar líf á milli okkar, sem breiður veggur. — Hvenær sem þér hleyptuð brúnum eða væruð í illu skapi, myndi ég halda, að nú væri komið að því, að þér iðruðust eftir að hafa gengið að eiga mig, og þér álituð mig standa í vegi fyrir hamingju yðar. — Ég myndi eflaust gera yður ólarsælan með tortrygni minni, sem mér væri þó ómögulegt að kæfa niður.

"Þetta er hræðileg hefnd", mælti hann dapur í bragði. En ég vil með gleði taka ábyrgðina á mínar herðar. Ég skal þola tortrygni yðar án þess að mögla, hversu sárt sem mér fellur það. — Einhverntíma skiljum við ef til vill hvort annað, Felicitas! — Ég skal útbúa yður heimili, þar sem þessar slæmu ímyndanir yðar ná ekki að festa rætur. — Auðvitað mun það oft koma fyrir, að ég komi heim í misjöfnu skapi. Það fylgir stöðu minni. En svo er þá Fee mín hjá mér og sléttar hrukkurnar og bætir skapið. — Getið þér fengið yður til þess, að fótumtroða ást yðar, og gera þann mann óhamingjusaman, sem þér þó megnið að veita þá fullkomnustu sælu, sem til er í þessum heimi?"

Felicitas hafði smámsaman fært sig að dyrunum. Henni fanst siðferðisþrek sitt vera að bugast við

Borgaralegar skyldur

Ræða flutt á mánaðarsamkepnis-samkomu íslenzka Stúdentafélagsins 15. febrúar sl., af —

Miss SALOME HALLDÓRSSON.

Þegar þið heyrið, að efnið sem ég hefi kosið mér, er "Borgaralegar skyldur", mun ykkur líklegast detta í hug, að ég muni ætla að fara að leggja niður lífsreglur fyrir fólki. En mér dettur það ekki í hug, því ég veit, að sá, sem tekur sér það verk fyrir hendur, verður að hafa meiri lífsreynslu og betri skilning á lífinu en ég. Ég hefi kosið þetta málefni af því, að það er svo almennt, — af því að það nær yfir alla þá, sem hér eru inni. Vér höfum öll vorar borgaralegu skyldur að rækja. Ég ætla að eins að skýra frá, hverjar mér finst sumar af þeim vera.

Flestir, sem vinna sér eitthvað til heiðurs, hafa verið hvattir áfram af einhverjum ytri áhrifum; svo er það oft með oss Íslendinga. Við sjáum ekki eftir, að gera alt, sem í okkar valdi stendur, til að vera íslenzku þjóðinni til sóma. Og þegar einhver af löndum vorum sýnir einhverja mikla hæfileika með því að skara fram úr hérlendum mönnum, þá finnum við hjá oss svo mikla sómatilfinning, og förum mörgum fögrum orðum um það, að hann sé Íslendingur. Föðurlandsástin hefir tekið svona djúpa rót í hjörtum vorum, — máske dýpri fyrir það, hvað flokkur vor er fámennur og land vort smátt. Ísland á líka skilið, að vér elskum það, því það er fósturland vort og hefir alið upp þjóð vora. En nú erum við komin hingað til Canada, og Candiska þjóðin hefir tekið vel á móti oss. Hún hefir útvegað oss lönd að búa á, lög að venjast við, skóla til að mentast á, og nægileg tækifæri til að komast áfram í lífinu. Er Canada þá ekki búin að vinna sér tilkall til einhvers hluta af vorri föðurlandsást? Jú, vissulega, því við erum orðin borgarar landsins. (Ég tala fyrir hönd þeirra, sem hafa atkvæðisrétt). Canada hefir gefið oss borgararétt, og krefst þess, að hver maður 'ræki skyldur sínar sem Canadiskur borgari.

Hverjar eru þá þessar skyldur? Það mun eigi fyrst um sinn verða af oss krafið, að ganga í stríð til að verja land vort, — svo þjóðrækni vor verður ekki eftir því dæmd, hvað miklar stríðshetjur vér erum, eins og forðum. En margt annað liggur oss fyrir höndum. Canadiska þjóðin er ung, — rétt á því reki, að hún er að berjast fyrir, að vinna sér viðurkenningu meðal fremstu þjóða heimsins. Lán hennar er alt undir þegnum hennar komið. Þess vegna er það svo áríðandi, að vér séum öll betjur í hinu daglega lífi voru, og sýnum það með skyldurækni, í hvaða verkahring er vér höfum verið skipuð.

Hér í Vesturlandinu eru til afarstór svæði af óyrktu landi, er bíða eftir plógskera jarðyrkjumannsins. Fjöldi af gull-, silfur-, kopar-, kola- og öðrum námum, er bíða eftir reku námamannsins; — feyki-stór skógarbelti, er bíða eftir exi skógarmannsins; vötn, full af fiskum, og skógar, krökir af dýrum, er gefa af sér nægilegt viðurværi fyrir veiðimanninn; bæjir og lönd eiga eftir að byggjast. Í þessa og aðra verkahringa skipar Canada þegnum sínum. Þegar verk þessi eru unnin, er hún orðin með auðugustu þjóðum heimsins. En látum oss vona, að hún verði ekki fræg að eins fyrir ríkidæmi sitt.

Auðurinn er góður, — ef honum er varið rétt. Það er dálítil saga í enskum bókmentum er segir frá álfkonu, er var mjög örlát við fátæka; en hvert sinn, sem gjafapening hennar var eytt í óþarfa, breyttist hann samstundis í leir. Þessi litla saga geymir í sér mikla meiningu, er á hér vel við. Ef auðnum er eytt í óhóf, er hann bráðum orðinn að engu; sé honum varið til að efla framfarir og framleiða mentun, skilur hann eftir sig ódauðlegan minnisvarða. — Því þetta er það, sem gerir eina þjóð mikla: mentunin, siðferðið, listirnar. Þess vegna ætti oss eigi að forfallast, ef vér viljum vera nytsamir borgarar, að leggja stöðugt rækt við greinar þessar, eigi síður en að rækta slétturnar, höggva skógana, og grafa námana.

Eftir því er maður góður borgari, eftir því sem maður gerir meira úr lífi sínu, og notar fleiri af tækifærum sínum. Til þess þarf að efla göfugan og víðsýnan hugsunarhátt, — maður má ekki vera eigingjarn, og útiloka úr lífi sínu alt, nema það, sem manni er sjálfum næst. Maður lær fyrst góðan skilning á lífinu með því, að komast í samband við aðra menn, aðrar þjóðir, aðrar aldir. Við þetta öðlast maður frjálslegar og víðsýnar skoðanir, og nýtur lífsins betur, heldur enn ef maður væri alveg óupplýstur, og getur orðið þjóðinni meira til sóma. Alt þetta er innifalið í mentuninni. Þess vegna er það mjög áríðandi, að halda henni fram af dáð og dug.

Vér könnumst þá við, að meira sé varið í æðra líf eins ríkis, en efnisleg fjárráð þess. Eftir því er þýðingarmeira, að rækta hag landsins í skilningslegu en fjárlegu tilliti, — að menta unga fólkið, en að afla sér auðs og fjár. Eftir þessu að dæma, liggur þá mesta ábyrgðin á þeim, er skipaðir eru í þann verkahring, að afla upp og menta hina nýju kynslóð. Allar framfarir í landinu í framtíðinni, eru undir því komnar, hve mikla menn og miklar konur vér gerum úr unga fólkinu, sem nú er að vaxa upp. Hér á meðal vor geta verið hugvitsmenn, er eiga til í sér, að geta orðið skáld, heimspekingar, vísindamenn, og því um líkt, og geta orðið þjóð sinni til mikils sóma. En það er ekki nóg að eins að hafa gáfur í þessar áttir. — Það er ekki sopið kálið, þótt í ausuna sé komið, segir máltækið. Það þarf að leggja hart á sig, til þess að leiða þessar gáfur út á réttan veg. Ef lítið verður úr tækifærum eins manns, er það vanalega vegna þess, að eitthvað hefir farið á mis í uppeldi hans. — Heimilið og skólinn, ef unnið er í sameining, hafa í þessu landi það vald í höndum sér, að geta myndað forlög eftirkomandi kynslóða. Það stendur í þeirra valdi, að gera úr unga fólkinu fyrirmyndar borgara eða ónytjunga.

Því miður er það fátt af fólki þessu, sem skilur, hvað mikil ábyrgð hvílir á því. Þeir, sem skilja þetta, og reyna að uppfylla skyldur sínar, munu ætíð hafa í huga, að menta börnin, sem bezt þeir geta. Þeir munu aldrei láta þau heyra minst á lærdóm nema með virðing, til að gefa þeim að skilja frá því fyrsta, hvað hann hefir mikla þýðingu. Þeir munu hvetja börnin áfram í hverju því, sem þau taka fyrir sig, en ekki sjá eftir að þau leggi hart á sig. Og að síðustu, þeir munu kenna börnunum sanna föðurlandsást; — ekki þá, sem er innifalin að eins í því, að syngja sem hæst "God save the King", og "The Maple Leaf Forever", heldur í því, að heiðra land sitt af hug og sál, og allar þess stofnanir, og láta sig fá löngun til að vinna eitthvað í hag þess. Ef allir foreldrar væru fyrirmyndar foreldrar, og allir kennarar fyrirmyndar kennarar, hve blómleg mundi verða hver eftirkomandi kynslóð, hve fögur framtíð landsins!

Að síðustu ætla ég að minnast á eitt starf enn, sem virðist ef til vill vera í nánara sambandi við borgaralegar skyldur, enn það sem ég hefi verið að tala um. Það er oft sagt, að flestir af göllunum eða ófullkomleiklum einnar þjóðar eigi sér rót í stjórnmálum hennar. Vissulega er þetta satt; en hvað þýðir alþýðu-stjórn fyrir oss, nema að öll stjórnmál eru svo að segja í höndum alþýðunnar? Þess vegna hefi ég talað fyrst um einstaklinginn, — mér finst hver einstaklingur eigi að gera það landinu sínu í hag, að fullkomna sig sem bezt hann getur; en með því er hann orðinn þess heldur fær til, að taka ötulan þátt í stjórnmálum. Það er beinlínis skylda hans, að rannsaka vel mál landsins, og dæma um þau skynsamlega. Hagsmunir ríkisins eiga að vera hagsmunir hvers einstaklings, er tilheyrir því. Það eru sumir, sem þykjast af því, að þeir séu ekki að skifta sér af pólitík. Það, að vanrækja skyldur sínar, virðist vera lítið til að þykjast af. Edmund Burke segir: — "Sá, sem sefur við varðstað sinn, vanrækir skyldur sínar engu síður en sá, sem strýkur til óvinanna". Þeir, sem bezt eru hæfir til að taka þátt í stjórnmálum, mega alls eigi draga sig í hlé, heldur láta land sitt njóta hæfileleika sinna, sem það með sínum mentastofnunum hefir hjálpað til að leiða fram og styrkja.

Af hverju orsakast afbökuð stjórn? Af hverju eru eigi ávalt kosnir færustu mennirnir, sem leiðandi menn? Hvers vegna komast eigi allar göfugar hreyfingar í gegn? Það er af því, að það eru of margir, sem láta sér standa á sama um land sitt og málefni þess. Það er af því, að það eru margir, sem ekki hafa leitt fram það bezta, sem þeir eiga til. Í einu orði sagt, það er af því, að það eru of margir, sem hafa vanrækt sínar borgaralegu skyldur.

S. R. HUNTER & CO
Skraddarar,
189 Lombard Stree
Búa til ný-móðins karlmannafatnaði eftir máli. — Efni og vinnubrögð afbeztu tegund, og alt ábyrgst að vera jafngildi þess bezta sem fáanlegt er í borginni. Verðið er við allra hæfi. —
S. R. Hunter & Co.
189 Lombard St.
Telephone 1395.

Skrautmyndir

Mjög vandaðar, stórar og fagrar, af skáldkónginum íslenzku, Hallgrími Péturssyni og Jónasi Hallgrímssyni, fást hjá undirskrifuðum, önnur á 35c en báðar á 60c. Agæt stofuprýði.

ATH. — Þessir hafa þegar tekið að sér útsölu á myndunum: —

Friðrik Sveinsson, 618 Agnes St., Winnipeg; Wm. Anderson, 1797 7th Ave. W., Vancouver, B. C.; S. Bárðarson, R. F. D. 1, Box 90, Blaine, Wash.; Sigurður Johnson, Bantry (og Upham), N. Dak. Jóh. H. Húnfjörð, Brown. Man. O. S. Thormodson, Pt. Robert, Wash. J. G. Westdal, Minneota; Ólafur G. Isfeld, Kristnes, Sask.; S. Pétursson, Arnes (og Nes), Man.; C. Christianson, Marshland, Man.; Sigurður Bjarnason, Big Quill (og Wynyard), Man; Konrad Sigtryggsson, Belmont, Man.

F. R. JOHNSON,
1419 W. 57th St., Seattle, Wash.

Sparsemi.

Rosebery lávarður, fyr stjórnarformaður á Englandi, hefir nýlega haldið ræðu í Edinborg á Skotlandi um sparsemi. Hann byrjaði með því, að neita málshættinum "að fátækir hafi ekkert að spara". Hann skýrði frá, að fátækt fólk á Englandi, Skotlandi og einnig í Ameríku ætti talsvert fé á bönkum, sem það hefir dregið saman með sparsemi. Margt af þessu fólki hefði lægri laun en það, sem aldrei ætti neitt til, af því það kynni ekki að fara með efni sín, eða verkalaun. Það eyddi æfinlega öllu, sem því áskotnaðist, hvort sem það væri mikið eða lítið, og hvort sem þess væri þörf eða ekki. Lávarðurinn kvað velmegun og hamingju einstaklingsins vera lang mest komna undir sparsemi. Sá einstaklingur, sem kynni að spara, kynni að fara með efni sín, kynni að neita sér um alt það, sem mögulegt er að vera án, og hleypti sér aldrei út í neitt það, er tvísýnt væri um, að hann gæti klofið fram úr, — hann væri á réttri leið, og væri líklegur til að verða þjóðfélagsstytta.

Velgengni þjóðfélagsins væri undir því komin, hvort einstaklingarnir væru sparsamir. Lávarðurinn kvað þær þjóðir vera fremstar, sem sýnt gætu flesta einstaklinga, er hefðu þennan mjög svo mikilsvarðandi kost til að bera. Á Skotlandi hefir sparsemi aldrei verið eins mikil og á 18. öldinni. Þjóðin var þá fátæk, og áleit sparsemina eina hina fremstu af öllum dygðum. Hún gerði meira en tala þetta, því hún sýndi það í breytninni.

Það er ekki að eins í fjárhagslegu tilliti, sem sparsemin hefir heillavænlegar afleiðingar, hún hefir einnig áhrif á hugsunarhátt mannanna yfirleitt. Á meðan Skotland var fátækt og fátækrahælin þektust ekki, þá hjálpuðu menn hverjir öðrum að eins meðan þörf gerðist, án endurgjalds, en á þeim dögum var það álitin hin mesta lítilsvirðing og smán, að vera upp á aðra kominn, og enginn Skoti þáði nokkra hjálp af óviðkomandi manni. Þessi stefna gerir einstaklinginn sjálfstæðan, og eykur hjá honum sjálfstæðisþrána, ásamt trausti og virðingu fyrir sjálfum sér. Þessi stefna eykur einnig álit og traust annara manna. Skotar unnu baki brotnu og lifðu sem nú á dögum mundi kallað gleðisnauðu lífi, en þeir hafa gefið niðjum sínum í arf sjálfstæði og sjálfstraust, og grundvallað velmegun þá, sem nú er á Skotlandi. Sjálfstæði í fjárhagslegu tilliti má telja undirstöðu alls frelsis og sjálfstæðis. Alt fresli er einskisvirði og fellur um koll, ef fjárhagslegt sjálfstæði vantar.

Lávarðurinn segir, að það sé engu ónauðsynlegra að spara og fara vel með ýmsa þá muni og áhöld, sem menn nota, en peninga, til dæmis vatn, ljós, o.s.frv. Hann segir það afarnauðsynlegt, að börnum sé innrætt, að forðast allan hégóma og tildur. Að forðast og hafa viðbjóð á öllu slíku, er fyrsta stigið til sparsemi og sjálfstæðis. Því er eins gott og jafnvel miklu betra fyrir börnin, að hafa lært þetta, en þó þau ættu talsverða fúlgu í sparibönkum.

Hver sú þjóð, sem er sparsöm — eyðir engu til óþarfa — hún er sú þjóð, sem hefir bezt skilyrði til að veita móttöku öllum sönnum framförum og siðmenningu. Hún er sú þjóð, sem bezt þekkir sitt hlutverk, og er "helgast afl í heim". Stærsta stórveldi heimsins getur hnignað svo, að það liðist alt í sundur, ef sparsemin á ekki rúm efst í huga einstaklinganna. En smáþjóð getur orðið voldug þjóð, ef hún missir aldrei sjónar á þessari dygð.

Merkileg, íhugunarverð og sönn eru þau, þessi orð Rosebery lávarðar, og hefðu margir gott af því, að íhuga þau og breyta eftir þeim, ekki síður við Íslendingar en aðrir.

A. J. J.

Áhrif hljómleika á dýrin.

Alveg nýlega fékk vísindamaður nokkur leyfi hjá umsjónarmanni dýragarðsins í Lunhúnum á Englandi, til að fara með Grammofón inn í garðinn og láta hann spila ýms lög fyrir dýrin, til þess að sjá, hver áhrif hljómleikarnir hefði á hvert dýr fyrir sig. Fyrst kom hann að búri, þar sem gamall api átti heima. Þegar hljóðfærið byrjaði að spila lag eftir Caruso kom apinn ofan úr tré, og virti undrandi fyrir sér hljóðfærið, en á sama augnabliki gekk maður fram hjá, og rétti apanum appelsínu, og þá dofnaði allur áhugi hans fyrir hljómleikunum. Hann labbaði í hægðum sínum inst inn í búrið og fór að gæða sér á ávextinum.

Næst fór vísindamaðurinn með hljóðfærið að búri, sem margir smáapar voru í. Þeir fengu að heyra "Overture to Zampa". Þeir urðu mjög hrifnir og ánægjan skein út úr augum þeirra. Að síðustu fóru þeir að hoppa og dansa, og góluðu af öllum kröftum. En þegar grammafóninn spilaði alvarlegra lag, þá settust litlu aparnir allir í grindur búrsins, skældu sig ánægjulega og ranghvolfdu augunum, og yfir höfuð litu svo út, sem þeir þættust hafa mjög mikið vit á músíkkinni.

Af því svo sýndist, sem þeir hefðu mikla gleði af hljómleikunum, voru 3 lög spiluð fyrir þá aukreitis, og að lokum "Pikolo-solo," er þeir reyndu að yfirgnæfa með öskri, en tókst þó ekki.

Næst voru sæljónin heimsótt. Strax og þau heyrðu hljómleikana hættu þau sínu vanalega rápi um búrið, og hlustuðu alveg forviða. Þegar þau heyrðu grammofóninn hlægja, tóku þau að geyja alveg eins og þau vildu hlægja með, og var mjög kátbroslegt að heyra til þeirra.

Þessu næst var komið til ljónsins. Það staðnæmdist og horfði óþliðu augnaráði á hljóðfærið, þegar fyrstu tónarnir heyrðust. En smásaman fengu tónarnir meiri og meiri velþóknun hjá hans hátign. Reynt var að setja "plötu" inn í grammófóninn með ljónsöskri, en það tókst ekki, að láta ljónið þekkja raust sína. Það tók að ganga um hýbýli sín í hægðum sín um.

Tveir tígrishvolpar sýndu mikinn áhuga fyrir söng Pattis, og lagið "Home, sweet home" kom þeim til að murra ánægjulega.

Úlfaldinn varð ákaflega hræddur og hljóp í felur.

Fillinn var sá eini af dýrunum, sem hljómleikarnir sýndust hafa minst áhrif á. "Jampa Overture" hvað þá annað, reyndist ómögulegur til að hafa minstu áhrif á hann. Hann þumbaðist áfram, leit hvorki til hægri né vinstri, eins og ekkert væri um að vera.

A. J. J.

Það er alveg víst, að Það borgar sig að auglýsa í Heimskringlu.

LEIÐBEININGAR--SKRÁ
YFIR ÁREIÐANLEGA VERZLUNARMENN Í WINNIPEG

MUSIC OG HLJÓÐFÆRI
CROSS, GOULDING & SKINNER, LTD. 323 Portage Ave. Talsími 4413
MASON & RISCH PIANO CO., LTD. 356 Main Stree Talsími 480 W. Alfred Albert, Íslenzkur umboðsmaður
WHALEY ROYCE & CO. 356 Main St. Phone 263 W. Alfred Albert, búðarþjónn.

BYGGINGA- og ELDIVIÐUR.
J. D. McARTHUR CO., LTD. Bygginga- og Eldiviður í heildsölu og smásölu. Sölust: Princess og Higgins Tals. 5060, 5061, 5062

MYNDASMIÐIR.
G. H. LLEWELLIN, "Medallions" og Myndarammar Starfstofa Horni Park St. og Logan Avenue

SKÓTAU Í HEILDSÖLU.
AMES HOLDEN, LIMITED. Princess & McDermott. Winnipeg.
THOS. RYAN & CO. Allskonar Skótau. 44 Princess St.
THE Wm. A. MARSH CO. WESTERN LTD. Framleiðendur af Finu Skótaui. Talsími: 2710 88 Princess St. "High Merit" Marsh Skór

RAFMAGNSVÉLAR OG ÁHÖLD
JAMES STUART ELECTRIC CO. 324 Smith St. Talsímar: 3417 og 7802 Fullar birgðir af alskonar vélum.
GOODYEAR ELECTRIC CO. Kellogg's Talsímar og öll þarfnæst. áhöld Talsími 3023. 36 Albert St.

RAFMAGNS AKKOKÐSMENN
MODERN ELECTRIC CO 412 Portage Ave Talsími: 5658 Viðgjörð og Vir-lagning — allskonar.

BYGGINGA - EFNI.
JOHN GUNN & SONS Talsími 1277 266 Jarvis Ave. Höfum bezta Stein, Kalk, Cement, Sand o. fl.
THOMAS BLACK Selur Járnvöru og Bygginga-efni allskonar 76—82 Lombard St. Talsími 600
THE WINNIPEG SUPPLY CO., LTD. 298 Rietta St. Talsímar: 1956 & 2187 Kalk, Steinn, Cement, Sand og Mól

BYGGINGAMEISTARAR.
J. H. G. RUSSELL Byggingameistari. í Silvester-Willson byggingunni. Tals: 1068
PAUL M. CLEMENS Bygginga - Meistari, 445 Maryland St. Skrifst.: Argyle Bldg., Garry st. Talsími 8997

BRAS- og RUBBER-STIMPLAR
MANITOBA STENCIL & STAMP WORKS 421 Main St. Talsími 1880 P. O. Box 244. Búum til allskonar Stimpla úr málmi og togleðri

VÍNSÖLUMENN
GEO. VELIE Heildsala Vínsali. 195, 197 Portage Ave. E. Smá-sölu talsími 352. Stór-sölu talsími 681.

STOCKS & BONDS
W. SANFORD EVANS CO. 326 Nýja Grain Exchange Talsími 3696

ACCOUNTANTS & AUDITORS
A. A. JACKSON, Accountant and Auditor Skrifst.— 23 Merchants Bank. Tals.: 5702

OLÍA, HJÓLÁS-FEITI OG FL.
WINNIPEG OIL COMPANY, LTD. Búa til Stein Olíu, Gasoline og hjólás-áburð Talsími 1590 611 Ashdown Block

TIMBUR og BÚLÖND
THOS. GYSTAD, 208 Kennedy Bldg. Viður í vagnhlössum til notenda, búlönd til sölu

PIPE & BOILER COVERING
GREAT WEST PIPE COVERING CO. 132 Lombard Street.

VÍRGIRÐINGAR.
THE GREAT WEST WIRE FENCE CO., LTD Alskonar virgirðingar fyrir bændur og borgara. 76 Lombard St. Winnipeg.

ELDAVÉLAR O. FL.
McCLARY'S, Winnipeg. Stærsta framleiðendur í Canada af Stóm, Steinvöru (Graniteares) og fl.

ÁLNAVARA Í HEILDSÖLU
R. J. WHITLA & CO., LIMITED 264 McDermott Ave Winnipeg "King of the Road" OVERALLS.

BILLIARD & POOL TABLES.
W. A. CARSON P. O. Box 225 Room 4 4 Molson Banka. Öll nauðsynleg áhöld. Ég gjöri við Pool-borð

NÁLAR.
JOHN HANTON 203 Hammond Block Talsími 4620 Sendið strax eftir Verðlista og Sýnishornum.

GASOLINE Vélar og Brunnborar
ONTARIO WIND ENGINE and PUMP CO. LTD 301 Chamber St. Sími: 2688 Vindmillur -- Pumpur — Agætar Vélar.

BLÓM OG SÖNGFUGLAR
JAMES BIRCH 442 Notre Dame Ave. Talsími 2638 BLÓM - allskonar. Söng fuglar o. fl.

BANKARAR, GUFUSKIPA AGENTR
ALLOWAY & CHAMPION North End Branch: 667 Main street Vér seljum Avísanir borganlegar á Íslandi

LÆKNA OG SPÍTALAÁHÖLD
CHANDLER & FISHER, LIMITED Lækna og Dýralækna áhöld, og hospitala áhöld 185 Lombard St., Winnipeg, Man.

"Bill Miner."

Eins og kunnugt er slapp (eða var slept) hinn nafntogaði stigamaður "Bill Miner" úr fangahúsinu í New Westminster, B.C., hinn 8. marz 1907, og hefir ekki síðan til hans spurst.

En á meðan hann var í haldi, kom til hans prestur að nafni A. B. E. Owens, og átti tal við hann, og segir presturinn, að ræningjanum hafi farist orð á þessa leið:

"Ég álít það enga synd, að ræna ríkisfélög. Það er ekki glæpur, ekki synd. Ekki heldur lýsir það siðferðislegri spillingu eða lyndiseinkunnum á lágu stigi, heldur þvert á móti. Og ég álít það skyldu mína, að taka skildinga frá þeim ríku, og færa yfir til þeirra fátæku. Ég hefi líka mörgum bágstöddum hjálpað og losað hann úr klóm hinna ríku, þegar honum hefir mest á legið. Margar ábýlisjarðir og mörg hús og lóðir hafa verið leyst úr veði með peningum þeim, sem ég hefi rænt frá ríkis- og einokunar félögum.

"Ég er það sem ég er, og ég hefi gert það, sem ég hefi gert. En ég skammast mín hvorki fyrir guði né mönnum."

Það er talið víst, að Miner muni aldrei verða settur í varðhald héðan af, því hann á vini á hverju strái, sem fúsir eru til að skýla honum. Hann er nú hniginn að aldri, 68 ára gamall, og ætti því ekki að þurfa aftur í svaðilferðir, því karl mun vera allvel fjáður.

William Pinkerton, hinn víðfrægi spæjari, sagði fyrir 2 árum síðan, að hann væri einhver sá merkilegasti ræningi, sem uppi hefði verið. Framúrskarandi hugaður og slunginn, sem aldrei hefði unnið víg, og væri svo vinsæll, að honum væri hjálpað úr hverju fangelsi.

Pinkerton sagði líka, að Bill Miner hafði verið sá fyrsti, sem komið hefði með orðin "hands up" Áður var það siður stigamanna að segja: "Hold your hands up". — haldið uppi höndunum. En Bill þótti þetta of mikill orðafjöldi, og stytti það í "Hands up", — hendur upp.

Líka sagði Pinkerton að Miner hefði verið fyrsti maður, sem kallaði það að "lyfta" peningum, þegar hann var að ræna auðfélög.

S.J.A.

— Fjórtán ára gömlum pilti í Pittsburg, Penn., var stolið 26. f. m. þjófarnir heimtuðu 15 þúsund dali fyrir að skila honum aftur.

Það þarf að bíta.

Kæru landar, ef þið viljið fá vel skerptar sagirnar ykkar, þá komið þeim til mín, að 501 Beverly St. Líka skerpi ég skauta, skeggbnífa og allskonar eggjárn. — Alt fljótt og vel gert.

G. BERGÞÓRSSON,
501 Beverly St.

— Þjóðverjar hafa gert áætlun um tekjuhalla landsins frá þessum tíma til 1913 — á næstu 4 árum — og telja hann 500 miliónir dala. Stjórnarformaðurinn er ráðþrota með að sjá fjárhag landsins borgið vegna þess mikla herútbúnaðar, sem þjóðverjar hafa með höndum um þessar mundir.

"Skomager, Bliv ved Din Læst."

Ég er byrjaður á minni gömlu handiðn, og væri mér einkar kært að sjá sem flesta af mínum íslenzku skiftavinum frá fyrri tíð, og marga fleiri, þegar þér þarfnist aðgerða á skóm. Skal yður óhætt að treysta á eins gott verk og útlits laglegt, sem framast er mögulegt, og enn betra en áður, því áhöld hefi ég nú öll ný og betri enn þá. Set á "Rubber"-hæla af beztu tegund. Byrgðir af reimum og skósvertu.

Virðingarfylst,
JÓN KETILSSON,
623 Sargent Avenue,
3t,e.o.w. N.W.Cor. Maryland St.

Stefán Johnson
Horni Sargent Ave. og Downing St.
HEFIR ÁVALT TIL SÖLU
Nýjar Áfir
Bestu í bænum. Agætar til bökunar. 15c gallon

James Flett & Co.
PLUMBERS
Leiða Gas- Vatns- og Hitapípur í hús yðar, fyrir sanngj. borgun. Verk vandað, fljótlega gert og ábyrgst.
572 Notre Dame Avenue
Telephone nr. okkar er 3380 eða 3539.

Woodbine Hotel
Stærsta Billiard Hall Norðvesturlandinu
Tíu Pool-borð.—Alskonar vín og vindlar.
Lennon & Hebb,
Eigendur.

Fréttir úr bænum.

Canadian Club í Winnipeg hefir gert þá samþykt, og sent hana til lögsögumanna beggja pólitisku flokkanna í Ottawa þinginu, að Canada ætti sem allra fyrst að leggja til á sinn kostnað að minsta kosti eitt öflugt herskip, til viðbótar við herskipaflota Bretlands. — Það mun mega fullyrða, að allir aðrir Canadian Clubs hér í landi taki í þenna sama streng, og að Canada kosti hraðlega byggingu eins eða tveggja öflugra herskipa. En þess væri ósk andi, að Canada ætti sjálft skipin, þegar þau eru fullgerð, og ráði yfir þeim að öllu leyti.

Herra Pétur Nikulásson, gripakaupmaður frá Kristnes, Sask., var hér á ferð í sl. viku. Engar nýrnagar sagði hann úr sinni bygð.

Í ráði er, að stækka Queens Hotel hér í borg að miklum mun á þessu sumri, bæta 3 loftum ofan á núverandi byggingu, og lengja hvísið um 12 fet frá grunni og upp.

Þorsteinn Sigurðsson, trésmiður frá Sauðárkrók, á bréf hjá herra John Gillis, að 658 Sherbrooke St. hér í borg.

Herra Á. S. Bardal, útfararstjóri hér í borg, hefir stofnað útfarar útibú í Gimli bæ. Hann var þar neðra í síðustu viku, að koma vörum sínum þar fyrir, og kveðst hann nú hafa alt tilbúið, "hvenær sem kallið komi". Herra Elis G. Thomsen verður umsjónarmaður þessarar verzlunar þar neðra. Svo var að heyra á tali herra Bardals, að nú eigi Gimlibúar og aðrir Nýíslendingar kost á, að geta fengið alt það, er að útförum lýtur, með því að snúa sér til herra Thomsen.

Herra Bjarni Skaftfeld, frá Wheatland P.O., Man., sem hér hefir dvalið um tíma í vetur hjá systkinum sínum, fór aftur á land sitt í þessari viku. Hann og tveir bræður keyptu section af landi þar ytra og rækta það. Á sl. ári hafði hann hartnær 6½ þúsund bushel af hveiti og yfir 2 þúsund bushel af höfrum, eða alls 8½ þús. bush. af kornmat, — en vegna þurka náði hveitið ekki vexti, og frost gerðu einnig nokkrar skemdir. En verðið varð 78c bush. að jafnaði. Herra Skaftfeld vonar að hafa um 400 ekrur undir sáningu á þessu ári.

Herra Páll M. Clemens biður þess getið, að lesendur megi ekki halda sér ábyrgðarfullum fyrir prentuðum útdrætti úr fyrirlestri, sem hann hélt nýlega á Menningarfélagsfundi hér í borg. Sá útdráttur yottar að eins skilning ritarans á því, sem talað var. Hr. Clemens segir útdráttinn eins og hann birtist í Heimskringlu réttan í mörgum en villandi í sumum atriðum, og telur sig ekki bera ábyrgð á honum, heldur að eins á því, sem hann talaði.

Hangikjöt

fyrirtaks gott, fæst nú hjá Eggertsson & Hinrikson, kjötsölum, 693 Wellington Ave. Phone 3827.

Vill herra Ástfinnur Freeman Magnússon, skósmiður, láta mig vita, hvar hann er niður kominn? Ef ekki hann, þá einhver annar, sem veit um núverandi verustað hans.

Winnipeg, 25. marz 1909.
Freeman Bjarnason,
Adr.: 678 Sherbrooke Street.

Þau Mr. og Mrs. J. T. Bergman, að 738 Toronto St., urðu fyrir þeirri sorg, að missa þann 29. marz 10 vikna gamlan son þeirra.

Pilturinn var hinn efnilegasti, en þó fremur óhraustur, og krampakög urðu honum að bana.

TILBOÐ

Hér með auglýsist, að byggja á nýtt skólahús í Big Point skólahéraðinu, No. 962. Stærð 32x24. Veggir þrefaldir, þiljaðir innan. Hvelfing yfir.

Stringrunnur 18x12. Múrsteinsstrompur 16 fetá hár.

Weggir tvímálist að utan. Alt efni til á staðnum.

Húsið verður að vera fullgert að öllu leyti ekki seinna en 31. júlí 1909.

Skriflegt tilboð um húsbyggingu þessa sendist undirrituðum fyrir 1. maí 1909.

Wild Oak P.O., Man.,
18. marz 1909.
INGIM. ÓLAFSSON,
Sec'y-Treas B.P.D.

Kven-skór $2.50 til $3.00

Vorir ÞRIGGJA DOLLARA OG FIMTÍU CENTA og ÞRIGGJA DOLLARA Kvenskór opna jafnan augun á þeim konum, sem ekki hafa áður séð það óviðjafnanlega Skó Kjörverð, sem vér bjóðum á þessu vori.

Þessir skór eru alt eins útlitsgóðir og dýrari tegundirnar.

Ryan-Devlin Shoe Co
494 MAIN ST. PHONE 770.

BRÉFKAFLI.

Herra ritstj. Heimskringlu.

Ger svo vel, að birta eftirfarandi bréfkafla í þinu heiðraða bl.:

Mrs. W. Michael, frá Marshalltown, U.S.A., kom hingað til borgarinnar fyrir nokkrum tíma, til að finna foreldra sína, Mr. og Mrs. Thorláksson, að 871 Preston Ave. Mrs. Michael, áður Clara Thorláksson, var um nokkur ár hér í bænum, en giftist hr. Michael fyrir hálfóðru ári, og fluttu þau hjón þá suður til Bandaríkja.

Að kveldi þess 16. marz söfnuðust saman fleiri tigir af vinumMrs Miachael, til að kveðja hana, og færðu henni vinagjafir í þakklætisskyni við hana fyrir umliðna tíð.

Hún sjálf og foreldrar hennar eru mjög þakklát heimsóknarfólkinu fyrir hlýjan vinahug, og biðja blaðið Heimskringlu að flytja þeim þakkir sínar.

Þau Michael hjónin flytja nú þegar vestur til Oklahoma, þar sem herra W. Michael er ráðinn ráðsmaður fyrir steinolíu félag.

Herra Th. Thorláksson, faðir Mrs. Michael, sem lengi hefir stund að landsölu hér í borg, vonast eftir, að þau hjón flytji bráðum alfarin til Canada, í þeim mikla innflutningsstraumi, sem væntanlegur er í nálægri framtíð frá Bandaríkjunum norður til Canada, og að Canada verði heimkynni þeirra í framtíðinni.

Herra Th. Thorláksson hefir búið í Selkirk og Winnipeg um nokkur ár, og stundað fasteignasölu. Hann er samt enn þá Bandaríkjamaður, en býst við, að gerast bráðlega brezkur þegn, og eyða dögum sínum í Canada. Hann er óháður í stjórnmálum hér, og segist hafa lengið nokkrar hnútur fyrir, að fylgja hvorugum flokknum í Canada að svo komnu. Hann tók mikinn þátt í stjórnmálum í N. Dakota ríki, sem Repúblíkan. Nú mun hann hneigjast hér eins mikið að frjálslyndisstefnu Conservativa, eins og yfirskynsstefnu Laurierstjórnarinnar.

Með besztu óskum til Thorsteins Thorlákssonar frá Tjörnum í S.-Þingeyjarsýslu.

Þingeyingur.

ATHS. — Bréfkafli þessi átti að hafa komið í síðasta blaði, en varð af vangá út undan, og eru hlutaðeigendur beðnir velvirðingar á þeirri yfirsjón. Ritstj.

Herra Magnús J. Borgfjörd, frá Holar P.O., Sask., var hér í borg í síðustu viku. Hann kom hingað í erindum við Winnipeg Fire Insurance Co., og önnur peninga lánfélög hér. Herra Borgfjörd hefir um nokkur liðin ár haft eldsábyrgðarstörf á hendi í bygð sinni þar vestra, en í þessari ferð sinni er hann að semja um, að taka að sér landsölu, lífsábyrgðastörf og peningalán. Hann hefir landsöluumboð frá C.N.R., C.P.R. og Hudsonsflóa félögunum, og öðrum privat félögum, og getur því selt sveitungum sínum og öðrum nálega hver þau löND í héraðinu, sem þeir óska. Hann er einnig nú við því búinn, að veita peningalán mót sanngjarnri tryggingu og lágum vöxtum. — Mr. Borgfjörd hefir afbragðsgóð meðmælabréf frá ýmsum velþektum starfsmönnum og félögum í Vestur-Canada, sem verandi ötull og áreiðanlegur í öllum viðskiftum. Landar vorir ættu að líta við Magnúsi, þegar hann kemur heim úr þessari ferð og fá skildingalán hjá honum.

Mrs. Sólveig Johnson, konaCapt. John Johnsonar á Gimli, var hér á ferð í þessari viku, áleiðis vestur að Kyrrahafi, að finna son sinn Magnús í Blaine, Wash., og ýmsa aðra kunningja þar vestra. Mrs. Johnson bjóst við að verða rúman mánaðartíma í þessari ferð.

Forstöðumenn Magnet rjómaskilvindu félagsins.

Eftir langa og heppilega verzlunar reynslu byrjaði herra A. B. Petrie fyrir 11 árum að búa til MAGNET rjómaskilvinduna í Austur-Canada. En aukning starfseminnar hefir knúð félag hans til þess, að setja 5 verkstæði á stofn. Verksmiðjurnar eru í Hamilton í Ontario og búa til yfir 50 MAGNET rjómaskilvindur á dag.

Félagið býr til að eins Canadiskar vélar með "Square Gear" fyrirkomulaginu, og skálina studda að ofan og neðan.



A. B. PETRIE.

Áður en félagið tók sér bólfestu hér í Norðvesturlandinu fyrir 2 árum, keypti það húseignir í öllum fylkjunum, sem sýnir tilgang þess, að staðnæmast þar, og er það skilvindu kaupendum trygging fyrir sanngjörnum viðskiftum.



T. S. PETRIE.

Herra Petrie hefir rétt nýlega ferðast um Vesturlandið, og setti þá á stofn skrifstofu og söluhús í Calgary, undir stjórn hr. C. M. Petrie, eins stjórnanda félagsins Auk Petrie Mfg. Co., Ltd., hefir herra A. B. Petrie hagsmuni í ýmsum öðrum stofnunum, svo sem Guelp og Ontario Investment og Savings félaginu, sem hann er formaður fyrir.

Einnig er herra T. S. Petrie, sem áður stjórnaði félaginu í Austur-Canada, en sér nú um hagsmuni þess hér vestra, með aðsetri í Winnipeg.

Herra T. S. Petrie hefir verið vestra í 2 ár, dvalið í Winnipeg til að koma skipulagi á félagið hér vestra. Þekking hans á gripa- og mjólkur-búskap tryggir kaupendum MAGNET rjómaskilvindunnar fullkomna viðskifta sanngirni.

McKenzie's UTSŒÐI.

FRŒIN SEM BERA NAFN MEÐ RENTU. ÞRUNGIN AF FYLSTA FRJÓMAGNI. — VANDAÐ ÚRVAL. — BEZT FYRIR VESTURLANDIÐ.—

Þegar vandlátustu og langflestu frækaupendur þessagóða Vesturlands heimta einhuga

McKenzie's Hreinu Frœ

Þá hafið þér vissu fyrir að verðleiki og gæði aðeins, gætu áunnið svo einróma meðmæli. Skrifið oss eftir stórri bók um allskonar Fræ til að rækta garðávexti, blóm, korn og gras. —

ALLAR BETRI VERZLANIR SELJA VOR FRÆ. EF ÞAÐ FŒST EKKI HJÁ KAUPMANNI YÐAR ÞÁ SKRIFIÐ OSS

A. E. McKENZIE CO., LTD.
BRANDON, MAN. OG CALGARY, ALTA.
VESTURLANDSINS MESTU OG BEZTU FRÆSALAR.

Brúkaður Fatnaður

MESTA ÚRVAL ÆTÍÐ Á REIÐUM HÖNDUM. KOMIÐ VIÐ HJÁ OSS OG SKOÐIÐ FÖTIN.

THE
OXFORD
Brúkaðrafata fél.
Phone 6162.
532 NOTRE DAME AV.
Vér kaupum og seljum föt.

MYNDA-SÝNINGAR

Herra Friðrik Sveinsson, málari, sýnir um 100 myndir frá Íslandi, og margar að auki af merkustu stöðum viðsvegar um heim, með "Calcium" ljósvél, á eftirtöldum stöðum: —

Thingvalla skóla, 2. apríl.
Lögbergs nýlendu 3. apríl.
Leslie, Sask., 6. apríl.
Akra skóla 7. apríl.
Gardar skóla 8. apríl.
Wynyard 9. apríl.

Byrjar kl. 8. e.h. Inngangur: Fullorðnir 25c, börn innan 12 ára 15c
Dans á eftir.

Jónas Pálsson,

SÖNGFRÆÐINGUR.
Útvegar vönduð og ódýr hljóðfæri.
460 Victor St. Talsími 6803.

— Kona á Rússlandi, að nafni Popova, hefir verið handtekin, kærð um að hafa myrt 3 hundruð karlmenn á sl. 30 árum. Svo er að sjá, sem kona þessi hafi lagt það fyrir sig, að losa konur í héraði sínu við þá eiginmenn þeirra, sem ekki lifðu og létu eins og konurnar vildu vera láta, með því að byrla þeim eitur. Fyrir þennan greiða hafði hún sett lágt gjald, og gengið svo röggsamlega að verki með eitrið. En svo fór að lokum, að ein af skjólstæðingum hennar fékk samvizkubit út af aðförum þessum, og kom öllu upp. Meðgekk þá kerling allar ákæruna-ar, en réttlætti sig með því, að hún hefði unnið þarft verk með því að losa konurnar við böðla þeirra. Hún kvaðst aldrei hafa drepið konu. Þegar þessi fregn varð hljóðbær, gerðu menn aðsúg að konunni og vildu brenna hana á báli, en lögreglu og herlið komu henni lífs undan og hneptu hana í fangelsi.

BŒNDUR

Bændur sem langa til að fá sér reglulega góða og ódýra SKILVINDU, ættusem fyrst að sjá eða skrifa umboðsmanni SHARPLES SKILVINDU Fèlagsins, (hins nafnfræga) G. S. GUÐMUNDSSYNI, FRAMNES, MAN., sem gefa mun allar þær upplýsingar er menn biðja um, því viðvíkjandi. —

Í einu orði er það sagt, að þessar vélar eru nafnkunnar fyrir að vera þær vönduðustu, ódýrustu, einföldustu og að öllu leyti þær þægilegustu skilvindur sem fáanlegar eru á Canadiska-markaðinum þann dag í dag. —

Meðfylgjandi skýrsla sýnir samkeppni-prófin, (contest), 1901 milli 3. félaga móti Sharples: —

LOSS IN SKIM MILK.

Sharple's Tubular 5/100
Alpha DeLaval.... United States.... Empire ..... } The Combine of Three } ....17¾/100 ....12¾/100 .....45/100

Undirskrifað af dómendum: Robert Crickmone, Creamery Manager; A. W. Trow, Pres. Minn. Dairymens Ass'n.; E. J. Henry, Babcock Tester Expert

Sendið Heimskringlu til vina yðar á Íslandi

S. F. Ólafsson

619 Agnes St. selur Tamarac fyrir $5.50 og $5.75 gegn borgun út í hönd.
Telephone: 7812

F. Deluca

Verzlar með matvöru, aldini, smá-kökur, allskonar sætindi, mjólk og rjóma, sönnl. tóbak og vindla. Óskar viðskifta Íslend. Heitt kaffi eða te á öllum tímum. Fón 7756
Tvær búðir:
587 Notre Dame og 714 Maryland St.

BILDFELL & PAULSON

Union Bank 5th Floor, No. 520
selja hús og lóðir og annast þar að lútandi störf; útvegar peningalán o. fl.
Tel.: 2685

J. L. M. THOMSON, M.A., L.L.B.
LÖGFRŒÐINGUR. 255½ Portage Ave.

ARNI ANDERSON

Íslenzkur lögmaðr
~~ Í félagi með ~~
Hudson, Howell, Ormond & Marlatt
Barristers, Solicitors, etc.
Winnipeg, Man.
13-18 Merchants Bank Bldg. Phone 3621, 3622

BONNAR, HARTLEY & MANAHAN

Lögfræðingar og Landskjala Semjarar
Suite 7, Nanton Block, Winnipeg

Hubbard, Hannesson and Ross

LÖGFRÆÐINGAR
10 Bank of Hamilton Chambers
Tel. 378 Winnipeg

A. S. BARDAL

Selur líkkistur og annast um útfarir. Allur útbúnaður sá bezti. Enfremur selur hann alskonar minnisvarða og legsteina.
121 Nena St. Phone 306

Íslenzkur Tannsmiður,

Tennur festar í með Plötum eða Plötulausar. Og tennur eru dregnar sársaukalaust með Dr. Mordens sársaukalausu aðferð
Dr. W. Clarence — Tannlæknir.
Sigurður Davidson—Tannsmiður.
620½ Main St.
Phone 470 Horni Logan Ave.

Nýji Vor-fatnaðurinn þinn.

EF HANN KEMUR FRÁ CLEMENT'S —
ÞÁ ER HANN RÉTTUR.

Réttur að efni, réttur í sniði réttur í áferð og réttur í verði.

Vér höfum miklar byrgðir af fegurstu og beztu fataefnum. —

Geo. Clements & Son
Stofnað árið 1874
264 Portage Ave. Rétt hjá Free Press

Th. JOHNSON

JEWELER
286 Main St. Talsími: 6606

JOHN ERZINGER

TÓBAKS-KAUPMAÐUR.
Erzinger's skorið reyktóbak $1.00 pundið
Hér fást allar neftóbaks-tegundir. Óska eftir bréflegum pöntunum.
McINTYRE BLK., Main St., Winnipeg
Heildsala og smásala.

Dr. G. J. Gislason,

Physician and Surgeon
Wellington Blk. - Grand Forks, N. Dak
Sjerstakt athygli veitt AUGNA, EYRNA, KVERKA og NEF SJÚKDÓMUM.

Drs. Ekern & Marsden,

Sérfræðislæknar í Eftirfylgjandi greinum: — Augnasjúkdómum, Eyrnasjúkdómum, Nasasjúkdóm um og Kverkasjúkdómum.
Í Platky Byggingunni í Bænum
Grand Forks, :: N. Dak.

Eldiviður

Þurt Tamarak $5.50
KORÐIÐ.
Vér óskum að þér reynið 1 kord.

J. G. Hargrave & Co.
334 MAIN ST.
Phones:—431—432 og 2431

Boyd's Brauð.

Brauð vor eru gerð í hreinu og heilbrigðislegu umbættu bakarfi. —

Þau eru ágætlega bökuð og altaf ný, lètt ogsaðsöm. Biðjið verslarann yðar um BOYD'S Mjólkur Brauð.

Boyd's

Bakery Cor. Spence & Portage Ave
Phone 1030.

KOL OG VIDUR

Þur, beinharður eldiviður, — Poplar, Pine, og Tamarac með mjög sanngjörnu verði. — Nú sem stendur verið að afferma mörg vagnhlöss af BEZTA DAUPHIN TAMARAC. —

McElroy Bros.
Cor. Sherbrooke & Ellice
PHONE: 6612

W. R. FOWLER A. PIERCY.

Royal Optical Co.

327 Portage Ave. Talsími 7286.
Allar nútíðar aðferðir eru notaðar við augn-skoðun hjá þeim, þar með hin nýja aðferð, Skugga-skoðun, sem gjöreyðir öllum ágiskunum. —

Laing Brothers

3 Búðir:
234-6-8 KING ST. Talsími 4476, 5890, 5891
417 McMILLAN AVENUE Talsími 5598
847 MAIN ST. — Tals: 3016

Hafrar, Hey, Strá,

COUNTRY SHORTS, BRAN, CORN, CORN CHOP, BYGG CHOP, HVEITI CHOP, OG GARÐÁVEXTIR.
Vér höfum bezta úrval gripafóðurs í þessari borg; fljót afhending

LAND

Vér höfum nýlega fengið til sölu yfir 30 Section-fjórðunga, liggjandi að Oakland braut C. N. R. félagsins. Verð-ið er frá $7.00 til $12.00 hver ekra. Ekkert af löndum þessum eru meir en 5 mílur frá járnbrautinni.

Skuli Hansson & Co.
Skrifst. Talsími 6476. Heimilis Talsími 2274

Heimskringla.

Alt landið

er ábyrgst að vera jarðyrkju land af bestu tegund, og fæst keypt með vægum afborgunar skilmálum. (N.B.—Lesið fyrripart þessarar augl. viðstraumsegin við Hkr. nafn.)

Frekari upplýsingar veita

Skuli Hansson & Co.
56 Tribune Building. Winnipeg.

XXIII. ÁR. WINNIPEG, MANITOBA, FIMTUDAGINN, 8. APRÍL, 1909 NR. 28

Vorið er komið

og eftir hverri götu og fyrir hvert horn þeyt ast allir á reiðhjóli. Flestir á hinu gamla og góða BRANTFORD hjóli

Einusinni enn læt ég þann boðskap útganga, að ég sel þessi ágætu reiðhjól. Kaupið ekki fyr en þér hafið fundið eða skrifað mér.

¶ Utanbæjar fólk! Skrifið eftir bæklingi er sýnir yður sjónin, mismunandi stærðir og gerð. Sönnuleiðis getið þér pantað alla hjólparta frá mér. Borgun fylgi pöntunum. Skrifið til

West End Bicycle Shop,
JON THORSTEINSSON, eigandi.
477 PORTAGE AVE. Winnipeg, Man.

Fregnsafn.

Markverðustu viðburðir hvaðanæfa.

Próf. Greef í Berlín á Þýzkalandi auglýsir, að hann hafi uppgötvað frumögn þá, sem myndar ský á augum manna og blindar þá Hann heldur því fram, að sýki þessi sé smittandi á uppvaxtarskeiðinu.

— Nýlega er fundin í Chicago kona, sem rænt var úr foreldrahúsum fyrir 25 árum, þegar hún var á barnsaldri. Foreldrar hennar lögðu mikið í sölurnar til þess að hafa upp á henni, en margra ára leit varð árangurslaus. En þann 26. marz sl. fundu lögregluþjónar í Chicago konu þessa í suðurparti borgarinnar. Hún er nú gift og líður vel. Systir hennar býr í Montreal, og það var að tilhlutuni hennar, að konan fanst.

— Víst er talið, að 70 þúsundir manna frá Bandaríkjunum muni flytja inn í Vesturfylki Canada á þessu yfirstandandi ári. Innflutningastraumurinn er þegar orðinn mikill, bæði frá Bandaríkjunum og Evrópu. Hvert skip, sem að austan kemur, er hlaðið fólki, sem ætlar að taka sér land hér. Og margir flytja einnig hingað vestur úr austari fylkjum ríkisins.

— Þann 29. marz gaf Marconi þá yfirlýsingu, að hann hefði þann mánuð verið í stöðugu loftskeytasambandi við Parisarborg áFrakklandi, frá loftskeytastöð sinni í Port Morien í Cape Breton, Canada. Þrjú þúsund mílur vegar aðskilur þessa staði. Marconi þykir nú sýnt, að loftskeytasendingatæki sín séu svo fullkomin, að á þau megi treysta, hvar sem er í heiminum, og að innan fárra ára verði hann búinn að fullgera svo stöðvar sínar, að hann geti sent frétt umhverfis hnöttinn á fáum sekúndum.

— Ottawa stjórnin hefir rekið úr embætti nær 30 af þjónum sjó- og fiskimáladeildarinnar. Alt voru það yfirmenn, sem við rannsókn Cassels dómara höfðu orðið sannir að sök um mútuþágur og annan óleyfilegan fjárdrátt. Ýmsir þingmenn fóru fram á, að langt um fleiri væru tafarlaust reknir fyrir sömu sakir, en stjórnin taldi það óþarft.

— Maður frá Buffalo í New York ríki var nýlega dæmdur í 2. ára fangavist í Toronto borg fyrir að sýna þar og selja lauslætis póstspjöld.

— Nýr gullfundur er sagður í Klondyke, í stað sem nefnist Dome Margir hyggja, að þar séu upptök alls þess gulls, sem fundist hefir í því héraði. Stórar og auðugar málmæðar hafa fundist þar í klettum, sem á sumum stöðum hafa sýnt 500 dollara virði af gulli í hverju grjót-tonni. Félag frá Dawson City hefir þegar sett sig þar niður, og lætur tafarlaust vinna náma þessa.

ÍSLENZKI CONSERVATIVE KLÚBBURINN

Heldur sinn síðasta vetrarfund á mánudagskveldið kemur 12. þ m., í samkomusal Únítara. Þar verða ræðuhöld og aðrar skemtanir. Einnig verður verðlaunum útbýtt þeim sem unnið hafa í "Vist" og "Pedro" kappspilum á vetrinum.

Ætlast er til, að allir meðlimir Klúbbsins, ásamt öðrum vinum hans, komi sér og öðrum til skemtunar, og reykji vindil.

Samkoman byrjar klukkan 8.

— Bardagi við örn var háður í St. Charles, Ill., í sl. marz. Peter Johnson, bóndi þar í grend, átti þriggja ára gamlan son, stóran og feitan, sem vóg 37 pund. Faðirinn var að vinna, en drengurinn var að leika sér þar í grend. Tók hann þá alt í einu eftir því, að afarstór örn var að flögra yfir barninu, og alt í einu dembdi örinn sér ofan á það, og reyndi að lyfta því upp. En með því að drengurinn var þungur, átti örninn erfitt með að lyfta honum upp. Faðirinn var þangað kominn á augabragði og réðst móti fuglinum. Í 2 klukkutíma varð hann að verjast árásum fuglsins, og gat varið barnið fyrir meiðslum, en sjálfur var hann þá búinn að fá mörg sár af völdum arnarins. Svo endaði viðureign þeirra, að bóndi fékk handsamað fuglinn lifandi og komið honum í búr. Örninn er 12 fet milli yztu vængbrodda, er vængirnir eru útþandir. Johnson telur feng þennan mikils virði, þó hann yrði að berjast hart og lengi fyrir honum.

— Fyrrum forseti Roosevelt kom til Lundúna þann 29. marz. Hann ferðaðist með skipinu Hamburg. Á leiðinni gerði ítalskur farþegi að nafni Guiseppe Tosti áhlaup á Roosevelt, en skipverjar handsömuðu manninn og settu í járn.

— Loftskeyta áhöld verða hér eftir höfð á öllum skipum, sem sigla hér um stórvötnin, og loftskeytastöðvar verða settar upp í Chicago, Detroit, McKenzie og á öðrum stöðum meðfram ströndum vatnanna. Má af þessu marka, hve ómissandi það þykir nú, að hafa slík tæki, ekki að eins á hafskipum, heldur einnig á skipum er sigla um innanlands vötn.

— Fimm hundruð vínsöluhús í Michigan ríki urðu að hætta starfi þann 5. þ.m., samkvæmt atkvæðagreiðslu (Local Option) kjósendanna um það mál. Atkvæðin voru tekin í 27 héruðum, og þar af greiddu 14 með því, að afnema öll vínsöluleyfi. Bindindisvinir höfðu frá 300 til 1000 fleirtölu atkvæða í hverju af þessum 14 héruðum. — Bindindismenn lögðu mikið kapp á að vinna Washtena héraðið. Þar er Michigan háskólinn og Ann Arbor bær. En í því héraði eru aðallega þýzkir bændur, og þeim þykir bjórinn góður. Þar er mesti flöldi vínsöluhúsa. Bjórvinir höfðu þar 826 fleirtölu atkvæða. Í Jackson County eru 80 vínsöluhús og 2 ölgerðarhús. Þar er talið víst að vínbannsmenn hafi unnið sigur eftir harðan bardaga.

— Bandaríkja stjórnin hefir höfðað mál móti Standard Oil félaginu, og kom það fyrir rétt í St. Louis þann 5. þ.m. Ákæran er, að Standard félagið sé einokunarfélag og að starfsemi þess miði til að takmarka samkepni. Frank Kellogg, sækjandi málsins fyrir hönd stjórnarinnar, sagði félagið hafa náð svo föstum lagatökum í Michigan ríkinu, að þjóðin væri ekki óhult fyrir þeim afleiðingum, sem í framtíðinni kynnu af því að hlotnast, og að það hefði aldrei lækkað verð á steinolíu í nokkru ríki í Bandaríkjunum. Hann tók og fram, að ef dómstólarnir kynnu að dæma félaginu í vil, þá yrði stjórnin neydd til þess, að gera þau lagaákvæði, sem dygðu, til þess að hafa umsjón með starfsemi þessa félags.

— Ottawa stjórnin hefir ákveðið að hækka laun allra lægst-launuðu póstþjónanna, svo sem svarar 50c á dag að jafnaði, þannig, að þjónar í "A" flokki fái $1.75 á dag, í "B" flokki $2.00, í "C" flokki $2.25 í "D" flokki $2.50 og "E" flokki $2.75 á dag. Héreftir byrja menn með minst $500 á ári, og fá svo árlega launaviðbót.

— Nýlega hafa 50 gamlir þjónar á Intercolonial járnbrautinni í Halifax verið sviftir atvinnu. Svo stóð á, að stjórnin hafði lagt það í vald Liberal félagsins þar í borginni, að ákveða, hverjir skyldu halda atvinnu við þjóðbrautina. Það var ætlast til þess, að þeir, sem vildu komast að atvinnu við þá braut, sendu nöfn sín til Liberal klúbbsins, til þess að fá meðmæli hans. En þeim, sem höfðu fasta vinnu við brautina, datt ekki í hug, að þeir þyrftu að senda nöfn sín til klúbbsins og skeyttu því ekki um það. En afleiðingin varð sú, að svo margir þeirra eins og að framan er sagt voru sviftir atvinnunni, en hinir, sem klúbburinn hafði mælt með, fengu stöðurnar.

— George krónprins í Serviu hefir með bréfi til stjórnarformannsins, afsalað sér öllum rétti til konungserfða þar i landi. En hann jafnframt hefir hann boðið, að þjóna landinu sem hermaður, eða í hverjum öðrum verkahring, sem hann geti orðið því að liði, jafnvel þó það væri að gefa líf sitt fyrir landið. Konungur og stjórnin samþyktu afsalið, og gerðu yngri bróðirinn Alexander að ríkiserfingja.

— Dr. Frankfurter í Minneapolis hefir fundið nýja aðferð til að undirbúa við til pappírsgerðar, svo að hægt verði að gera margfalt meiri pappír úr einu korði af við en hægt hefir verið til þessa tíma. Hugvitsmaður þessi kveðst úr einu korði af Norway Pine, sem kostaði $7.50, hafa fengið $41.00 virði af terpentínu, og $39.00 virði af trjákvoðu, eða alls $80.00 úr einum feðmingi viðar. Uppgötvun þessi ætti að fyrirbyggja verðhækkun á pappír framvegis.

— Kapphlaup mikið var háð í New York borg þann 4. þ.m., á kapphlaupasvæði einu þar. Vegalengdin var 26 mílur og 386 yards. Þar keptu nokkrir af frægustu hlaupamönnum heimsins. Þar voru þeir Longboat, Durando, Maloney og Hayes. Allir þessir menn hafa verið hámarksmenn hver á sínum tíma, og eru viðurkendir mestir núlifandi hlaupagarpar heimsins. Þar kom og áður óþektur maður, að nafni Henry St. Yves. Hann er þjónn á greiðasöluhúsi þar í borginni, litill vexti og svo leggjastuttur, að hann varð að taka það í tveimur skrefum, sem hinir tóku í einu. En hann ver sterklega vaxinn og bringsbalírnar kúptar. Engum datt í hug, að hann ætti nokkurt erindi í þann kappleik, og allir hlóu dátt að honum og mest þó keppinautar hans í hlaupinu. En svo fór þó, að hann komst alllangt á undan þeim öllum, og virt ist vera einn ólúinn að enduðu skeiðinu, eins og þegar hann hóf kapphlaupið. Svo kom mikill mannfjöldi til að horfa á kapphlaup þetta, að áður hefir aldrei komið saman í Ameríku jafnmikill mannfjöldi til þess að horfa á kapphlaup. Alls voru þar saman komnar um 30 þúsundir manna. Kapphlaupið byrjaði kl. 2.30, og var þá rigning. Þegar þeir höfðu hlaupið nokkra hringi, þá sagði Yves, að of hægt væri hlaupið fyrir sig, og tók hann þá að þokast fram fyrir hina, og var þá mjög mikið hlegið að honum. Durando, Longboat og Shrubb töldu þennan náunga ekki þess virði, að halda í við hann, svona strax í byrjun, — hann mundi fljótt þreytast. En svo fór, að hvenær, sem þeir hertu á hlaupunum, þá herti Frakkinn á sér líka, og sýndi hinum, að þeir yrðu að gera mikið betur, ef þeir vildu ná í sig. Þegar 8 mílum var lokið, þá fóru hlaupamenn að látá sér skiljast, að það var ekki við lambið að leika sér, þar sem Yves var, og þeir fóru að hlaupa alt sem þeir gátu, en einatt var Frakkinn að þokast fjær þeim, þar til hann hafði hlaupið 22 mílur, þá var hann kominn mílu á undan þeim, sem nestur var. Sumir hinna hættu þá kapphlaupinu, en Yves vann eins og að framan er sagt, og hafði hlaupið skeiðið á styttri tíma, en nokkur annar maður hefir áður gert hér í Ameríku, nefnil. 2 klukkustundum, 40 mínútum og 50 sekúndám. Yves er 21 ára gamall, og er 5 fet 4 þuml. á hæð og 126 pund á þyngd.

— Tveggja ára gamalt barn í Southey, Sask., ráfaði út á spor C.P.R. félagsins þar þann 4. þ.m., varð fyrir vagnlest og beið bana af. Barnið hafði verið lagt í rúmið sitt um kveldið, en hafði seinna farið upp úr rúminu og komist út úr húsinu, án þess nokkur tæki eftir því, þar til það fanst örent á járnbrautarsporinu.

— Nýlega hefir kona ein í Toronto samið ritgerð um stefnu þá, sem Canada ætti að hafa í varnarmálum sínum, ef ófrið bæri að höndum. Aðallega er ritgerðin um sjómálastefnu landsins. Ýmsir höfðu ritað um mál þetta fyrir verðlaunum, en konan var talin að hafa mælt af mestu viti, djúphygni og þekkingu.

— Kvenfrelsis konur hafa á ný þann 30. marz gert áhlaup á þinghús Breta. Þær börðu þar lögreglu þjóna með hnefum og regnhlífum, og rifu suma með neglunum. Níu af þeim voru hneptar í fangelsi. — Þær hafa ritað Balfour, leiðtoga andstæðinga flokksins í þinginu, og krafist að fá að vita, hvort hann væri með eða móti kvenfrelsinu. Hann svaraði mjög virðulega, en áður en hann gæti ákveðið stefnu sína í því máli vildi hann fá upplýsingar um: —

1. Hvort fleirtala kvenna í landinu væri með kvenfrelsi, og
2. Hvort lögin, eins og þeim er nú framfylgt, séu óréttlátari gagnvart konum en körlum.

OGILVIE'S Royal Household Flour

Til BRAUÐ-GERÐA — Til KÖKU-GERÐAR

Gefur æfinlega fullnæging

— Can. Northern járnbrautarfél. hefir ákveðið að byggja bráðlega braut frá Winnipeg til Duluth. Og verður líklega byrjað á því verki á þessu komandi sumri.

Hendingar

I.
ÞÁ OG NÚ.

Áður ríkti einlæg trú,
Athvarf var í þrautum,
hún á skýli naumast nú,
nema á vetrarbrautum.

Undir hennar frosna feld,
flokkur saínast slóða;
varan meira virt og seld
verður þá til gróða.

II.
PÓLITÍK.

Komi dalir diskinn á,
dúsan verður sogin;
reikningshallan réttir þá
refur úr greni smoginn.

III.
MÖRKIN.

Sauðamörkum svo skal haga,
saman vínstri hlust að reyra,
en selja verndargripinn góða
gamalt núll á hægra eyra.

IV.
EIKIN.

Hin gamla drotning, göfga eik,
nú grúfir lágt að velli,
og eftir margan orraleik
er ekki kyn hún félli.

Hún hefir oft í stormi stritt
um stranga daga og nætur,
en nú er laufið fölnað frítt,
og fúnar hennar rætur.

En greinamikil hrísla há,
svo hauðri bætist skaðinn,
sig reisir hennar éústum frá,
og rótum nær í staðinn.

V.
RÉTT STEFNA.

Lyftu því upp, sem lofsvert er,
lastaðu hitt, sem miður fer,
þú ef vilt þjóðina siða.
Þá eru störf og hugsun hrein,
hálfvelgjan er það versta mein,
sem haltrar til beggja hliða.

VI.
TÓBAKSPÍPAN.

Lífið þegar leiðist mér,
lukkuvonir dvína,
tek ég strax og totta hér
tóbakspípu mína.

Þetta fögnuð ljúfan lér,
lyndistaugar hlýna;
ímyndunar gegn um gler
geislar margir skína.

VII.
KROSS OG NAFN.

Þenktu ekki' að þokast hátt,
þú, sem launin borga mátt.
Þegar virt er verka safn
verðlistinn er kross og nafn.

S. S. ÍSFELD

HEIMSKRINGLU og TVÆR skemtilegar sögur fá nýir kaup. endur fyrir að eins $2.00.

Heiðruðu Bændur!

Sendið rjóman yðar til okkar. Hjá okkur fáið þér rétta og góða vigt og rétta prófmæling.

Við borgum með "Express" ávísunum þann 15. og síðasta dag hvers mánaðar.

Vér borgum flutningskostnað (með "express") og leggjum könnurnar til.

Reynið viðskifti við oss.

THE
Carson Hygienic Dairy Co., Limited
WINNIPEG

Vill herra Ástfinnur Freeman Magnússon, skósmiður, láta mig vita, hvar hann er niður kominn? Ef ekki hann, þá einhver annar, sem veit um núverandi verustað hans.

Winnipeg, 25. marz 1909.
Freeman Bjarnason,
Adr.: 678 Sherbrooke Street.

Wall Plaster

Með því að venja sig á að brúka "Empire" tegundir af Hardwall og Wood Fibre Plaster er maður hár viss að fá beztu afleiðingar.

Vér búum til:

"Empire" Wood Fibre Plaster
"Empire" Cement Wall "
"Empire" Finish "
"Gold Dust" Finish "
"Gilt Edge" Plaster of Paris
og allar Gypsum vöruuteg-undir. —

Eiqum vér að senda yður bækling vorn?

MANITOBA GYPSUM CO. LTD
SKRIFSTOFUR OG MILLUR I
Winnipeg, - Man.

PURITY FLOUR

AD BAKA BEZTA BRAUD

er meira en vísindi og meira en list.

En það má gerast fljótlega og áreiðanlega með því að nota

PURITY FLOUR

Það er malað úr bezt völdu Vestur-Canada Hörðu Hveitikorni; er algerlega hreint og svo ilmandi kjarngott.

ALLIR ÍSLENZKIR KAUPMENN SELJA ÞAÐ

WESTERN CANADA FLOUR MILLS CO., LIMITED.
WINNIPEG, —— CANADA.

Heimskringla

Published every Thursday by The Heimskringla News & Publishing Co. Ltd

Verð blaðsins í Canada og Bandar $2.00 um árið (fyrir fram borgað).
Sent til Íslands $2.60 (fyrir fram borgað af kaupendum blaðsins hérlendis $2.50.)

B. L. BALDWINSON,
Editor & Manager

Office:
729 Sherbrooke Street, Winnipeg
P.O. BOX 3083. Talsími 3512.

Réttindi Manitoba-fylkis fótum troðin.

Það hefir um langan tíma verið máltæki hér vestra, að Manitoba væri "frímerkis-fylkið", að lögun þess og stærð væri þannig, að það væri eins og frímerki á uppdrætti Canada-veldis, — svo lítil og óveruleg er stærð þess í samanburði við hin önnur fylki veldisins.

Sérstaklega bar á þessu, þegar Saskatchewan og Alberta fylkin voru formlega mynduð. Þá kom það greinilega í ljós, hve lítið Manitoba fylki var í samanburði við hin nýju fylki og British Columbia að vestan og Ontario og Quebec fylkin að austan.

Þá var það, að stjórnin í Manitoba fór að gera ítarlegar tilraunir til þess, að fá takmörk fylkisins færð út, svo að stærð þess kæmist í samræmi við Saskatchewan og Alberta fylkin, eða því sem næst. Yfirlýsingar frá Manitoba þinginu um þessa ósk fylkisbúa, voru samþyktar í einu hljóði hvað eftir annað. Hér var ekki um neitt flokksmál að ræða, heldur var það einhuga ósk allra fylkisbúa, að vér mættum fá að njóta sömu réttinda og hin önnur fylki veldisins, bæði að því er snertir stærð, eigna umráð og ríkisfúlgu. En ekkert af þessu hefir fylkið fengið til þessa. Það er algerlega á valdi Ottawa stjórnarinnar, að veita þetta eða að neita að veita það. Og hún hefir stöðugt og óaflátanlega neitað oss jafnréttarins við hin önnur fylki sambandsins.

Þó komst svo langt á síðasta Dominion þingi í fyrra, að samþykt var frumvarp til laga um stækkun fylkisins norður og norðaustur að Hudsons flóa. Með þessari stækkun yrði fylkið fullum tveim þriðju þörtum stærra enn það nú er.

Grundvallarlög Canada veldis skipa svo fyrir, að stækkun fylkja getur því að eins öðlast gildi, að það sé með samþykki þeirra fylkja sem hlut eiga að máli. Og er þetta atriði í löggjöfinni einkar áríðandi og þýðingarmikið, því að þau atvik geta legið að stækkuninni, að hún sé heíndargjöf, nema með svofeldu móti, að henni fylgi þau önnur hlunnindi, er geri fylkjunum mögulegt að hafa gagn af henni. Því að það liggur í augum uppi, að eins og fé er nauðsynlegt að stjórna fylkjunum í þeirra núverandi stærð, eins er og tilsvarandi aukin fjárfúlga nauðsynleg til þess að stjórna þeim hlutanum, sem við er bætt, ef sú stækkun á að verða að nokkrum verulegum notum.

Að því er snertir stækkun Manitoba fylkis sérstaklega, þá hefir Roblin stjórnin jafnan haldið fram því, að við Manitoba, eins og fylkið er nú, ætti að auka öllu því landssvæði vestan Ontario fylkis, sem gengið hefir undir nafninu Keewatin hérað, og að fylkið ætti að ná jafnlangt norður eins og Saskatchewan og Alberta, og fela innan sinna takmarka alla strandlengju Hudsons flóans, frá fyrirhuguðu takmörkunum og alt suður að takmörkum Ontario fylkis. En samkvæmt stækkun þeirri, sem Laurier stjórnin þykist fús til að veita, þá vantar mikið á, að Manitoba fylki fái alt það land, sem hr. Roblin og ráðgjafar hans telja rétt vera.

Nú lá það næst fyrir, eftir að Dominion þingið hafði samþykt að stækka fylki þetta, að leita samkomulags við fylkisstjórnina um þau önnur atriði, sem að sjálfsögðu eru stækkuninni samfara. Og samkvæmt þessari samningsleitunarskyldu, gerði Sir Wilfrid Manitoba stjórninni þau boð fyrir nokkrum vikum, að hún skyldi koma á fund sinn í Ottawa til skrafs og ráðagerða, og samkv. því tilboði fóru þeir Campbell dómsmálstjóri og Rogers ráðgjafi opinberra verka þangað austur til þess að reyna að komast að viðunanlegum kjörum í sambandi við stækkun fylkisins.

Þessir herrar eru nýlega komnir úr austanferð sinni, og segja sinar farir ekki sléttar. Þeir urðu fyrst að dvelja þar í höfuðstaðnum nokkra daga áður en þeir kæmust að samtali við Sir Wilfrid. En þegar þeir mættust loks á fundi, þá gat ekki orðið af samningum.

Svo er mál vakið, að fylkin, sem mynda Canada-veldi, eru í tvennskonar sambandi við ríkisstjórnina.

Vesturfylkin hafa ekki umráð yfir landeign sinni, heldur er henni stjórnað af ríkisstjórninni, en fylkjunum goldin árleg viss peningaupphæð til uppbótar. Austurfylkin hinsvegar hafa öll yfirráð landeigna sinna, og stjórna þeim eftir eigin geðþótta.

Nú sögðu Manitoba ráðgjafarnir við Sir Wilfrid, að þótt þeir álitu stækkun Manitoba fylkis, eins og hún er fyrirhuguð, algerlega ósanngjarna, þar sem þeir teldu fylkið hafa réttmæta kröfu til miklu meira lands, en stækkunarlagafrumvarpið fer fram á, þá væru þeir samt fúsir til þess fyrir fylkisins hönd, að ganga að stækkuninni, eins og Sir Wilfrid hefði ákveðið hana, — ef fylkið að öðru leyti fengi að njóta jafnréttis við hin önnur fylki í sambandinu. — Þeir báðu um, að annaðhvort yrði Manitoba fylki gert jafnhátt undir höfði eins og Ontario og Quebec, með því að fá full umráð eigin landa sinna, eða að Manitoba fengi að njóta sömu réttinda og Vesturfylkin, Saskatchewan og Alberta, með því að fá jafna árlega peningafúlgu frá ríkinu, ef það fengi ekki umráð landanna. En við hvorugt þetta var komandi hjá Sir Wilfrid Laurier. Hann neitaði algerlega, að veita Manitoba jafnrétti við Ontario og Quebec fylkin, með því að gefa fylkinu yfirráð yfir löndum þess, — og hann þverneitaði einnig, að gera þetta fylki jafnt Saskatchewan og Alberta, með því að auka fjártillagið svo, að þetta fylki fengi tilsvarandi upphæð, eins og þau hafa, til þess að standast stjórnarkostnaðinn er hið viðbætta svæði hefði í för með sér.

Það er að vísu svo að sjá á fregnum að austan, að Sir Wilfrid hafi ekki algerlega neitað, að taka einhverntíma síðar til íhugunar beiðni fylkisráðgjafanna um aukinn fjárstyrk, en að svo stöddu var ekki við það komandi, að gera neina samninga um þetta atriði. Svo að ráðgjafarnir urðu að hverfa heim aftur, án þess að komast að nokkurri annari niðurstöðu en þeirri, að ekkert geti orðið af stækkun þessa fylkis að svo stöddu, með neinu öðru móti en því, að Manitoba sé gerð réttlægri í fylkjasambandinu en nokkurt hinna fylkjanna. Að þeim kostum gátu Manitoba ráðgjafarnir auðvitað ekki gengið, — það hefði verið að bregðast trausti og beztu hagsmunum fylkisbúa. Enda hafa fylkisbúar fúlla tryggingu fyrir því, að hvenær sem Conservative-flokkurinn kemst að völdum í Ottawa, þá verður Manitoba fylki látið njóta þess réttar í fullum mæli, sem því ber, á móts við hin fylkin.

Það er talið nokkurn veginn áreiðanlegt, að ástæða Ottawastjórnarinnar fyrir því, að gera stækkunar skilyrðin svo óaðgengileg að þau geti ekki orðið þegin, sé sú, að henni sé ant um að ekki verði af stækkuninni, til þess að tvískifta skólafyrirkomulagið verði ekki afnumið í viðbætta hlutanum, — því öllum er það ljóst, að núverandi Ottawastjórn heldur eindregið taum katólskra manna í mentamálum fylkjanna hvað tvískifting skólanna snertir.

Að brúa hafið.

Norðmenn í Bandaríkjunum eru ákaflega miklir ættjarðarvinir. — Blöð þeirra senda heita strauma ættjarðarástar út til lesenda sinna vikulega. Þau hafa þegar "brúað hafið" að miklu leyti, — þ. e.: bundið hugi Norðmanna austan hafs og vestan traustum vináttu og samúðarböndum. Vikulega flytja þau langa bréfkafla og ritgerðir heiman af ættjörðinni, og vikulega flytja þau fjölda bréfa (undir nöfnum) frá Norðmönnum viðsvegar í Bandaríkjunum, er hafa inni að halda eldheitan áhuga fyrir Noregi, gamla föðurlandinu, og þess áhuga og velferðarmálum.

En Norðmönnum þykir þessi "brú yfir hafið" ekki nógu ramger. Þeir vilja brúa það enn þá betur. Brúa það svo ramlega, að brúin geti aldrei bilað. — Árið 1914, 17. maí, eru liðin 100 ár síðan Norðmenn lýstu því yfir á Eiðsvelli, að Noregur væri sérstakt ríki. Norðmenn í Bandaríkjunum eru nú þegar farnir að rita og ræða um það, á hvaða hátt þeir geti minst þessa stórviðburðar í sögu ættlandsins. Þá vilja þeir, og ætla sér, að smíða sterkasta strenginn í "brúna yfir hafið". Þeir ætla að safna afarstórum sjóði, og leggja hann til einhvers stórfyrirtækis, sem þeir svo ætla að gefa Noregi á hundrað ára afmælishátíðinni. Fjölda margar tillögur hafa um það komið — og koma væntanlega fleiri — hver gjöfin skuli verða. Og svo stórfengleg á hún að verða að hún geymi nafn Norðmanna vestan hafs meðan Noregur er til.

En þetta þykir þeim ekki nóg. Þeir vilja treysta aðalstrenginn í "brúnni yfir hafið" með mörgum smærri strengjum og böndum, svo brúin verði sem allra stöðugust og traustust. Þessi hugsun kemur greinilega fram hjá Norðmanni, er á heima vestur í California, í bréfi sem hann fyrir fáum dögum ritar í eitt norska blaðið: —

"Ég hefi alt af haft þá skoðun, að eitthvað þyrfti að gera til þess, að leiðbeina fólki, er héðan fer til Noregs, til að setjast þar að. Nú er, sem betur fer, búið að setja á stofn leiðbeiningar skrifstofu í Kristianiu, er hefir hepnast vel sem af er, og ég vona að hún verði til góðs, bæði fyrir Noreg og fólk vort hér, sem heim flytur í framtíðinni.

"En það þarf að gera meira en leiðbeina þeim, sem af sjálfshvöt vilja fara heim. Það þarf að vekja áhuga hjá fólki fyrir, að fara heim og búsetja sig heima.

"Einu sinni á ári skýra blöðin frá, hve mikið fé er sent heim til Noregs árlega. Fjárupphæðin er stór, en hún gæti þó verið miklu stærri. Flestir innflytjendur flytja sig hingað með þeim ásetningi, að innvinna sér peninga, og fjöldi af þeim ætlar sér að flytja heim aftur, og njóta fjárs sins á ættjörðu sinni. Það gerðu forfeður vorir *) þegar þeir voru búnir að afla sér fjár og frama. Hið fyrra, nefnilega að afla fjár, hepnast oft að meira eða minna leyti, en því er ver, að það vill oft gleymast, að hverfa heim aftur, ekki hvað síst í seinni tíð. Menn lifa sig inn í líf Ameríkumanna, af því ekki er vakinn nógu mikill áhugi fyrir því, að leggja fé sitt í norska banka og norsk fyrirtæki. Þá er ekki nema eðlilegt, að Amerikanskir bankar, lífsábyrgðarfélög og ýms gróðafyrirtæki laði huga manna til sín. En þessi orð ritningarinnar: "þar sem fé yðar er, þar eru einnig yðar hjörtu", ásannast mjög oft. Á síðustu tímum hafa Norskir bankar auglýst sig í Norsk-Amerikum blöðum, en þó bankarnir séu áreiðanlegir, þá er það ekki nóg, að laða menn að þeim. Auglýsing, er dregur athygli fólks að sér, verður að vera greinileg og skýra frá, hve margar krónur fáist fyrir dollarinn, hve háir vextir séu gefnir, hvernig hægast sé að senda peninga heim, og tafla yfir, hve mikið viss upphæð, t. d. $50—$100, gefi af sér í 10 til 20 ár, o. s. frv.

"Þó auglýsingar Norsku bankanna séu ekki greinilegar, þá eiga þeir þó heiður skildan fyrir að hafa stigið spor í rétta átt. En það mætti og ætti að vera meira. Hvar eru lífsábyrgðir, eldsvoða og sjóvoða ábyrgðir okkar? Þær ættu að vera í Noregi. Sviar hafa lífsábyrgðar og eldsvoða ábyrgðar félög á Kyrrahafsströndinni. Það ætti að auglýsa norskar eignir í blöðum okkar, einnig hluti í ýmsum fyrirtækjum, svo sem skipum, o.fl., o.fl. Það er enginn efi á því, að ef fólk hér legði fé sitt, er það hefir aflögu, í norskar eignir og fyrirtæki, þá mundi það miklu fremur fara heim aftur.

"Einnig mundi það hafa mikinn árangur, að gufuskipalína kæmi á milli landanna, er væri eign Norðmanna báðu megin hafsins. Og gleðilegt er til þess að vita, að útlit er nú fyrir, að þetta fyrirtæki komist á bráðlega.

Enn dettur mér eitt í hug: — Hér í Ameríku finnast þúsundir af Norðmönnum, er hafa ráð á, að fara heim skemtiferðir, ekki að eins einu sinni á æfinni, heldur miklu oftar. Væri ekki hægt, að vekja enn meiri áhuga en nú er fyrir því ferðalagi? Eins og við vitum, eru Amerikumenn sjálfir innflytjendur, innan sins eigin lands, og nú þegar þeir dreifast út um landið, þá halda menn oft í eystri ríkjunum "Home Week", til að vekja áhuga og laða menn að átthögum sínum, á hentugasta tíma ársins, og þá er gert alt sem mögulegt er til að gera ferðina sem skemtilegasta og ánægjulegasta. Hví skyldu Norðmenn ekki gera eins! Við höfum 17. maí og 7. júní, á miðju vori, og þeir dagar eru svo nálægir, að það ætti að uppörfa menn. Hér er íhugunarefni fyrir Norðmenn og Norðmannafélagið".

*) Það sama getum við Íslendingar sagt.

Ég hefi birt alt þetta bréf, af því mér finst það svo líkt því, sem ég gæti imyndað mér að góður Vestur-Íslendingur mundi hugsa og skrifa, þegar hann hefði Ísland í huga.

Það er gleðilegt tákn tímanna, að nú skuli það vera greinilega komið í ljós, að Austur og Vestur Íslendingar eru að vinna að því sama og Norðmenn, "að brúa hafið", Atlantshafið, bæði í eiginlegri og óeiginlegri merkingu.

Bezt hefir verið unnið að þessu af beggja hálfu hin síðustu ár, aldrei þó eins vel og hið síðasta (1908). Hin drengilega framkoma og hluttaka Vestur-Íslendinga síðastliðið sumar í sjálfstæðis baráttu Íslands, var af þeirra hálfu gildur þáttur í þann streng, sem halda á uppi "brúnni yfir hafið". Bókmentir og blöð Austur Íslendinga, einnig velvildarhugur þeirra til Vestur-Íslendinga á síðari tímum, eru veigamestu þættirnir af þeirra hálfu. Simskeytin, sem nú orðið fara á milli Austur og Vestur Íslendinga, um þeirra helgasta áhugamál (sjálfstæðismálið) — styrkja samúð þeirra og vináttu. Treysta þættina í strengnum í "brúnni yfir hafið".

En mætti ekki gera þetta enn betur? Mætti ekki gera "brúna yfir Atlantshafið" svo öfluga, að hún gæti aldrei bilað, hvað sem ágengi? Ætti ekki allir Austur og Vestur Íslendingar að keppa að því af fremsta megni?

Herra J. P. Pálsson, læknaskólastúdent, flutti nýlega ágæta ræðu á Stúdentafélagssamkomu um þetta efni, "Að brúa hafið" milli Austur og Vestur Íslendinga. Laða hugi þeirra um öll velferðarmál saman í eitt. Bindast vináttuböndum. Hans tillaga, ef ég man rétt, var þessi: Heppilegt fyrir Austur Íslendinga, að beina huga námsmanna sinna til háskólanna hér, í staðinn fyrir Danmörku. Vestur-Íslendingar, eða auðmenn meðal þeirra, bygðu hér stóra og skrautlega steinbyggingu með 2 turnum. Á stönginni á öðrum tlakti Brezki fáninn, en Íslenzki fáninn væri hafinn í hún á hinum, og teygði úr sér í Manitoba sólskininu. Þessi bygging stæði á fallegum stað, með blómgarði í kring, og væri samkomustaður allra íslenzkra stúdenta. Þar væri veggirnir þaktir með myndum merkra manna íslenzkra, skálda, stjórnmálamanna, listamanna, vísindamanna o.fl. Þar væri glæddur áhugi fyrir h r e i n u íslenzku máli, og öllum íslenzkum velferðarmálum. Þar væri eins gott íslenzkt bókasafn og mögulegt væri að fá, og þar væri aldrei talað orð á öðru máli enn í s l e n z k u. Umsjón og viðhald byggingarinnar hefði með höndum vestur-ísl. auðmenn, sem væru sestir í helgan stein hér í borginni. Á þennan hátt vildi ræðumaður "brúa hafið" milli Austur og Vestur Íslendinga.

Sjálfsagt mætti koma með marg ar tillögur um það, á hvaða hátt væri bezt að "brúa hafið", og þær góðar. Væri ekki sumar eða jafnvel flestar af tillögum Norðmannsins heppilegar? Fjöldi af Vestur-Íslendingum hefir á liðnum árum verið gintur til að leggja stórar fjárupphæðir í ýms fjárglæfra fyrirtæki, náma, landkaup, verzlun, o. fl., sem reynst hafa "fraud" frá upphafi, og þeir því tapað öllu því fé, sem þeir hafa í þetta lagt.

Nú eru fundnir námar á Íslandi, gullnámar og kolanámar. Væri ekki eins heppilegt fyrir Vestur-Íslendinga, að kaupa hluti í þeim námum, eða öðrum íslenzkum fyrirtækjum?. Þó þeir töpuðu því fé, sem þeir legðu til þessa, — eins og hér hefir oft átt sér stað — en sem ekki eru líkindi til, eftir síðustu fréttum af námum á Íslandi, þá væri þeir þó að hjálpa til, að komast eftir, hvort huldir fjársjóðir væri til í ættjörð þeirra, og er ólíkt að verja fé til þess, enn láta það lenda í höndum nokkurra fjárglæframanna.

Eins og nú standa sakir, vantar Ísland tilfinnanlegast þetta þrent: — meira fjármagn, meiri þekkingu og fleira fólk, til þess að geta til fulls notað auðsuppsprettur landsins, bæði til lands og sjávar.

Alt, sem Vestur-Íslendingar gera til að bæta úr þessu, ásamt því, að styðja Austur-Íslendinga í orði og verki til að ná fullu frelsi sínu og sjálfstæði, er af þeirra hálfu öflugur og óbilugur strengur í velferðar, samúðar og bræðralagsbrúna, sem Á að liggja yfir hafið.

A. J. JOHNSON.

Það er alveg víst, að Það borgar sig að auglýsa í Heimskringlu.

Til Heimskringlu.

Ég tek eftir því í Heimskringlu af 20. febr. þessa árs, að herra Kr. Ásg. Benediktsson heldur því fram, að ég hafi staðið "á bak við" ritgerð þá, er út kom í Eimreiðinni síðastl. sumar, um stjórnarskipun á Íslandi með amerísku sniði, eftir A. J. Johnson, og að Mr. A. J. J. hafi leynt mig því, að hann ætlaði að nota þér upplýsingar, sem hann fékk hjá mér, á þann hátt sem hann gerði.

Þettað er rangt. Hið sanna er, að Mr. A.J.J. kom heim til mín og sagðist vera að, eða ætla að semja ritgerð um stjórnarskipun á Íslandi, sem væri sniðin eftir því, sem tiðkaðist í Bandaríkjunum, og óskaði eftir upplýsingum því viðvíkjandi. Ég svaraði þeim spurningum, sem hann lagði fyrir mig. Ég skrifaði ekki einn staf í ritgerðina né heldur sá ég nokkurn part af henni fyrr en ég las hana í Eimreiðinni.

Reykjavík, 16. marz 1909.

S. B. Brynjólfsson.

"Practical Education."

Útdráttur úr fyrirlestri eftir herra Hannes Pétursson, fluttum á síðasta Menningarfélagsfundi, miðvikudagskveldið 24. þ.m.

"Practical Education". — Mér datt í hug, að velja þetta máleíni til umræðu af því, að það hefir aldrei fyrr verið rætt á Menningarfélagsfundi, en þó hafið þið öll hugsað um það meira og minna. Þið hafið hugsað um það, er þið hafið verið að bollaleggja um framtíð vina og skyldmenna. Þið hafið ítarlega yfirvegað það, er þið hugsið um ykkar eigin framtíðarhorfur, þó ég sleppi öllum æskudraumum, sem okkur öll hefir dreymt, en sem, því miður, aldrei urðu neitt annað en draumar.

Ég vil reyna að útskýra fyrir fólki, áður en lengra er farið, hvað mér finst "Practical Education" þýða. Það mætti segja, að það sé öll sú skemtun, allar þær upplýsingar, sem á einhvern hátt létta baráttuna fyrir tilverunni. En til að taka það ekki í svo víðtækum skilningi, þá vil ég gjarna taka það sem: sérmentun einstaklings, sem er viðurkend hjálp í samkepninni ("A special training of acknowledged, definite commercial value").

Það er einstaka sannleikur svo alment viðurkendur, að það þarf ekki að sanna hann. Þar á meðal má nefna: að allir þurfi að éta, það er í allra eðli, að láta sér líða sem bezt, það hafa flestir löngun til, að ráða yfir einhverju meiru en sjálfum sér. Þetta er undirstaða allrar samkepni. Þær þjóðir, sem hafa skilið þetta bezt, hafa náð mestum ráðum og völdum í heiminum. Það er "commercialismus", sem hefir brotið undir sig heiminn og heldur honum nú í járnklóm sínum. Við megum ekki búa okkur til töfraheim og telja okkur svo trú um, að hann sé virkilegur. Við megum heldur ekki búa til engla úr fólkinu, því það eru þess eiginleikar, sem hafa gert núverandi ástand, og þó vér jafnvel hugsum, að það mætti gjarnan vera betra en það er, þá sjáum vér þó, ef vér lítum yfir söguna, að það hefir aldrei verið betra, aldrei nærri eins gott og einmitt nú. Er þá ekki nokkuð réttlátt, að draga þá ályktun, að einmitt þessi stefna, sem nú ríkir, sé sú bezta, sem enn þá hefir komist til valda? Það er einmitt verið að taka meira og meira tillit til vilja almennings, vilja fjöldans. ... Hafa ekki flestar framfarir í heiminum átt rót sína að rekja til verzlunar? Hafa ekki flest landnám og landaleitir verið hafnar í þarfir verzlunarinnar? Hafa ekki flestar uppfindingar og umbætur í samgönguheiminum átt sömu upptökin? Í hvaða tilgangi hafa menn lagt út á ókunn höf, til að leita landa eða leiða til áðurfundinna landa? Í hvaða tilgangi hefir eyðimörkunum verið breytt í blómlegar bygðir, klettarnir klofnir og fljótin brúuð? Þið vitið það öll, — alt í þarfir verzlunarinnar. Og hvaða áhrif hefir þetta svo á hugsunarhátt þjóðanna? Afleiðingin hefir alt af orðið sú, að siðir, hínaðarhættir, hugsjónir og trú, hafa blandast saman og myndað nýja heild, sem hefir að einhverju verið fullkomnari enn áður. Með öðrum orðum, fólk hefir lært að lifa betur enn áður, af því að sjá, hvernig aðrir lifðu.

Og nú er mesta verzlunarþjóð heimsins, enska þjóðin, voldugasta þjóð heimsins. Engum mun þó detta í hug að fullyrða, að sú þjóð standi á hærra stigi "intellectually", en sigur þeirrar þjóðar er mest í því innifalinn, að þar hafa fleiri að jafnaði lært og skilið sterkustu hvatir til lífsins, hjá einstaklingunum; skilið, að þetta er ekki andaheimur, sem skáldlegar draumsjónir geti breytt í paradís; skilið, að bardagi lífsins er um matinn, um afurðir jarðarinnar.

Það, sem við verðum þá fyrst að íhuga er það, að almenningur á fjarska annríkt, má ekki vera að því, hvernig ástandið á jörðunni yrði eftir 1—2 þúsund ár, ef okkar hugmyndir kæmust til valda, og lætur sér enda mjög litlu skifta um það. Fyrsta spursmálið er fyrir flestum, þegar öllu er á botninn hvolft, að láta sér og sínum líða sem bezt, að græða fé og hafa sem allra minst fyrir því.

Við verðum að taka heiminn eins og hann er. Við erum sáralítill partur af honum, en hann ekki lítill partur af oss. Fyrstu skilyrðin verða því ætíð þau, að safna fé, ná völdum efnalega og andlega, svo þú getir komið fram fyrir fólkið og sagt við það: Þið getið ekki skoðað mig sem eina ögn, ég er sterkari enn þið! Það veit þú segir satt, það vill gjarnan læra af þér, af því það hefir löngun til að verða eins. Aftur á móti, ef það veit, að þú hefir þroskaðri sál, en alment gerist, en efnalegt sjálfstæði vantar, þá verða það nokkuð margir, er hlusta á þig, sem hugsa: Biddu hægur, kunningi, þangað til þig fer að svengja, — skyldi þá ekki ögn minka vindurinn í þér! Það kann að láta vel í sumra eyrum, að útskamma "commercialism" og hampa einhverju "ideal" framan í fólk, sem hvergi er til virkileika, en það er naumast sanngjarnt að búast við, að aðrir séu betri enn þú sjálfur, og muni geta lifað eftir þeim lífsreglum, sem þú getur ekki haldið.

Ef vér girnumst "Practical" mentun, þá verðum vér fyrst og fremst að læra að hugsa fyrir okkur sjálf, að forðast að vera eins og endurskin af annara hugsunum. Vér þurfum að reyna að glæða neistann, sem brennur í okkar eigin sál, hversu lítill og daufur, sem hann kann að vera. Þar næst þurfum við að læra eitthvert starf, læra það vel, helzt betur en nokkur annar hefir nokkurntíma kunnað það. Það gerir minst til, hvert það starf er, ef vér kunnum það vel, betur en aðrir, þá fáum vér æfinlega góð, eða að minsta kosti lífvænleg laun fyrir það.

En munið eftir því, að þaðstraf má ekki vera þannig, að þú þurfir að selja þínar eigin skoðanir fyrir launin. Neitum ætíð því starfi, hversu há laun, sem standa til boða, því það veikir sálarþrek vort og gerir oss að minni mönnum, og verður því á endanum til óhagnaðar.

Þar næst verðum vér að gæta þess, að vera aldrei iðjulaus. Iðjuleysi drepur líkama og sál. Iðjuleysi er óþarft í þessu landi. Ef aðrir bjóða þér ekki vinnuna, þá skapaðu hana handa þér. Það er svo ótalmargt, sem þarf að gerast, að það er ómögulegt, að þú sjáir ekki eitthvað af því. Ef það er þarflegt, þá koma launin æfinlega að sjálfsögðu. Komi sá tími, að vér ekki getum fengið atvinnu við það starf, sem vér kunnum bezt, þá tökum hvað annað, er býðst í millitíðinni. Vér erum aldrei of fín eða mentuð fyrir neina vinnu, nema þá einu, sem vér þurfum að selja samvizkuna fyrir.

En hvað eru þá beztu meðulin til að afla sér "practical" mentunar, sem geti orðið styrkur í framfara baráttunni, í stríðinu fyrir tilverunni?

(Niðurlag næst).

Sparið Línið Yðar.

Ef þér óskið ekki að fá þvottinn yðar rifinn og slitinn, þá sendið hann til þessarar fullkomnu stofnunar.

Nýtízku aðferðir, nýr vélaútbúnaður, en gamalt og æft verkafólk.

LITUN, HREINSUN OG PRESSUN SÉRLEGA VANDAÐ

Modern Laundry & Dye Works Co., Ltd.
307—315 Hargrave St.
WINNIPEG, MANITOBA
Phones: 2300 og 2301

Svar til Mrs. Goodman.

Heiðraði ritstjóri Hkr.

Viltu gera svo vel, að taka af mér fáeinar línur til birtingar í blaði þínu. Ég hefi aldrei áður eytt rúmi í dálkum blaðanna, og máske geri aldrei oftar enn í þetta eina skifti.

Orsökin til þess, að ég bið um pláss nú, er sú, að mig langar til, að láta Ingibjörgu Goodman vita, að það er til kvenfólk, sem skamm ast sín fyrir greinina, sem hún skrifaði í Heimskringlu 25. febrúar sl., — kvenfólk, sem óskar af heilum hug, að hún hefði aldrei látið annað eins í opinbert blað.

Ingibjörg Goodman á auðvitað með, að auglýsa tilfinningar sínar gagnvart karlmönnum. En hún á ekki með, að draga aðrar konur og stúlkur inn í það mál. Hún má vera viss um, að það verða fáar, sem ásælast nokkurn part af þeim heiðri, sem hún fær fyrir svona löguð ritverk.

Ég hefi ekki heyrt neinn karlmann minnast á þessa Ingibjargar grein svo, að hann hafi ekki hlegið háðslega eða fyrirlitlega um leið, og máske kastað fram setningu um leið, sem ekki lýsti meira en svona rétt tilhlýðilegri virðingu fyrir höfundi greinarinnar. Enda býst ég ekki við, að nokkur karlmaður vildi láta hugsa sig það ómenni, að hann hefði farið til Ingibjargar Goodman og beðið hana að halda hlífisskildi fyrir karlmönnum. — Ég er hrædd um, að þetta hafi orðið hlaup og lítil kaup.

Konur hefi ég heyrt vera ergilegar út af þessari grein. Og óþarfi mun það þykja af Ingibjörgu, að sletta óþverra að Mrs. M. J. Benedictsson. Ein kona sagði, að hún vonaði, að það væri ekki til margt kvenfólk, sem hefði svo auðvirðilega lágan hugsunarhátt, að það tæki á sig ómak og fyrirhöfn til þess, að kasta steinum að Mrs. M. J. B.., fyrir alla hennar baráttu fyrir því, að bæta kjör kvenna. — Auðvitað stendur Mrs. M. J. B. jafnrétt fyrir öðru eins og þessi Ingibjargar grein er, en manni getur ekki annað en gramist, að svona hugsandi kvenfólk skuli ekki — ja, vægast sagt — geta þagað.

Svo læt ég hér við nema staðar, en vona að Ingibjörg Goodman hætti við svo búið. Nóg er komið.

(25. marz 1909).

Jónína Samúelsson.

YFIRLÝSING.

Af því það er regla margra félaga, að gefa fjarverandi fólki kost á, að gerast félagar þeirra, og af því, að reynslan hefir sýnt, að slíkt fyrirkomulag getur verið báðum málsaðilum og málefnum þeim er slík félög vinna fyrir, ómetanlegur styrkur, og af því að svo getur ástaðið, að hlutaðeigandi einstaklingar hafi ekki tækifæri til að hafa þess konar félagsskap nær sér, þó þeir fegnir vildu, og starfskraftar þeirra í þessa átt koma því ekki að notum, hefir "Hið fyrsta íslenzka kvenfrelsis kvenfélag í Ameríku" komist að þeirri niðurstöðu, að bjóða hér með öllum konum og stúlkum, sem þannig eru settar, að ganga í félag sitt með sömu skilyrðum og þeim konum, sem heima eiga í Winnipeg. Skilyrðin eru aðallega þau: að umsækjandi riti nafn sitt undir grundvallarlög félagsins, sem eru aðallega innifalin í þessari málsgrein:

— Að félagið vinni á heiðarlegan hátt að jafnrétti kvenna og karla í stjórnmálum og öllum málum, er velferð lands og lýðs byggist á.

Og með því, að borga ársgjald sitt.

En með því, að þær konur, sem búa úti á landi, geta ekki notið félagsins, eins og þær, sem í bænum eru, hefir félagið ákveðið, að GEFA þeim "Progress", mánaðarrit og aðal málgagn Hinna sameinuðu kvenréttindafélaga í Bandaríkjunum (N.A.W.S.A.), treystandi því, að slíkt verði til að vekja áhuga kvenna, glæða vináttu, marg falda samvinnukraftana og greiða götu kvenréttindamálsins í hvívetna.

Eftir frekari upplýsingum má rita hverri sem er af eftirfylgjandi konum: —

Guðrúnu Pétursson, 706 Simcoe St.

Helgu Björnsson, 665 Alverston St.

Hlaðgerði Kristjánsson, 533 Agnes St.

Thoru Johnson, 770 Simcoe St.

M. J. Benedictsson, 536 Maryland St., Winnipeg.

Í umboði félagsins.
Virðingarfylst.

STJÓRNARNEFNDIN.

Sakramentið.

Ef þér étið ekki hold mannsins sonar og drekkið ekki hans blóð, hafið þér ekki lífið í yður. — Jóh. 6—53.

Guð segir í biblíunni: "blóðið er líf alls holds" (Lev. 17—11—14, Gen. 9—4). Og allir, sem vilja vita, vita að lífið er í blóðinu. Og vil ég því með guðs náð bera saman syndafallið og endurfæðinguna. — Hinn fyrri og síðari Adam, "því eins og allir deyja í Adam, eins munu og allir lífgast í Kristi".— Kor. 15—22.

Eftir að guð hafði skapað vora fyrstu foreldra, voru þau guðsbörn án syndar, og þau áttu að hlýða fullkomnuninni. Þau áttu fullkomlega gott, og guð var þeim algóður faðir. Að hlýða honum var það eina rétta. Hann var "vegurinn, sannleikurinn og lífið". Þeim var að eins bannað það illa, og þau þurftu ekki að skilja það góða. Faðir þeirra var sannorður. Það mátti trúa honum fyrir öllu. En svo kom hinn vondi andi djöfullinn. Hann þekti það illa, og hann bauð þeim ávöxt þess illa, og þau hlýddu og féllu, og þau urðu vör við sína nekt. Adam var nakinn sonur guðs. Hann var ekki lengur fullkominn sonur. Hann átti að hlýða alföðurnum. Hann hafði tvo feður. Hann hafði hlýtt báðum. Hann (maður og kona eru eitt) hafði neytt af þeim trjám, sem guð sagði honum, og einnig af því tré, sem djöfullinn lokkaði þau til að neyta af. Guð var því enn faðir þeirra í vissum skilningi, en Adam var ekki sonur. Hann var nakinn. Hann hafði óhlýðnast. Nú skilja allir, að þeir, sem ekki vita að þeir fylgi djöflinum þegar þeir syndga eða hafna Kristi í trú og sannleika, þeir eru sem hinn fyrri Adam, — naktir synir. Þeir hafa tvo feður, þar til Kristur býðst þeim í trú, en eftir það að eins einn, djöfulinn. Þeir hafna þá föðurnum í Jesú Kristi, og útvelja hið illa. Því við syndina hafa þeir ekki losnað. En ef þeir nú útvelja hið góða og hafna því illa, meðtaka þeir Jesúm Krist, og í honum öðlast á ný Al-föðurinn. Svo undir lögmálinu hafa menn tvo feður, guð og djöfulinn. "Þegar boðorðið (þú skalt ekki, o.s.frv.) kom, lifnaði syndin við". — Róm. 7—9.

Hinn fyrri Adam dó í andanum, en vissi ekki betur, því hann syndgaði í sannleika, en vissi ekki um nektina fyrri en nektin kom. Hann dó einnig í holdinu (lifið er í blóðinu), en lifði þó, jafnvel þó hann væri í sannleika guði dáinn, og við allir í erfðasyndinni. Því erfðasyndin lifir í oss öllum, þar til við meðtökum Krist. Og það er þess vegna, að lifið í Kristi er, að deyja með honum í holdinu, til þess að lifna og lifa með honum í andanum.

Hinn síðari Adam, Jesús Kristur, hinn sanni sonur, uppfylti lögmálið í sínum líkama, og deyddi óhlýðni hins fyrri Adams á krossinum. Hann og faðirinn voru eitt í líkamanum og andanum. Fullkomin hlýðni, fullkomið líkama offur "cancelleraði" bannið, sem hin fyrri óhlýðni hafði fætt í þennan heim.

Og sá, sem fylgir Kristi, verður því að deyða holdið; krossfesta það, svo að hann megi lifa andanum í Kristi og uppskera lífs ávöxt til eilífs lífs. Sá, sem ekki fylgir Kristi, hlýðir holdinu, erfðasyndinni og djöflinum sem föður. Hann uppsker það, er hann sáir: eilífan dauða í andanum.

Guð setti svein á hinn fyrri Adam og skapaði Evu, hans unnustu, úr hans síðu, af hans holdi og blóði. Hún var hans eigin, hans elskulega, hans líf, og þau voru nakin og skömmuðust sín ekki. — Faðirinn var enn einn. En nú kom hinn annar faðir, djöfullinn. Hann vildi kenna líka, og þau hlýddu honum líka. "En þrællinn er ekki ávalt í húsinu, sonurinn verður þar ætið", — Jóh. 8—35. Það er: Jesús Kristur hlýddi guði á hverri mínútu, og átti því að eins einn föður. — Nú átti Adam tvo feður og hafði meðtekið nekt djöfulsins, því hann er nakinn andi, og var Adam því nakinn sonur guðs, eins og Únitarar, o.s.frv. Þau höfðu óhlýðnast eða hlýtt báðum. Upp frá þessu fossaði erfðasyndin í gégn um alt mannkynið í blóðinu. Allir höfðu dáið í hinum fyrsta Adam, og erum því getnir í synd, naktir synir guðs, með tvo feður, þar til vér útveljum eða höfnum Jesúm Krist eða djöflinum.

En í fylling tímans kemur hinn síðari Adam, drottinn sjálfur, af himni og veitir oss endurfæðinguna í blóði sínu á krossinum, gefur oss lífið út úr sinni eigin síðu: — "Út rann blóð og vatn". Þessi síðasti hjartastingur var hin síðasta athöfn krossfestingarinnar. — Alt var fullkomnað. Undirstaða kristilegrar kirkju, hin þrjú vitni: vatnið, blóðið og andinn, voru komin (eða lofuð) ofan á jörðina. Hin andlega, himneska Eva var að endurfæðast. Kristur hafði keypt kristilega kirkju með sínu holdi og blóði. Hin andlega Eva var að fæðast sem hans unnusta, úr hans síðu, hold af hans holdi, blóð af hans blóði. Sakleysið hafði orðið synd fyrir okkur, — "með sótt skaltu börn þín fæða", "og í sínu holdi afmáð boðorða lögmálið, sem var í setningum, svo hann ummyndaði þá tvo í einn nýjan mann í sjálfum sér", Ef. 2—15. — "Ég sá borgina helgu, þá nýju Jerúsalem (Evu) stíga niður af himni frá guði, búna sem brúði, er skartar fyrir manni sínum", Opin. B. 21—2.

Hér sjáum við eins glögt og nokkur þarf að sjá, hinn fyrri Adam og hans brúði, og þar næst hinn síðari Adam (Krist) og hans brúði. Kristileg kirkja er því Jesú Krists hold og blóð, hans unnusta, hans Eva. Þá er hann var upprisinn, át hann fisk og hunang, og reis upp með andlegum, óforgengilegum líkama, og á þeim líkama eru allir kristnir limir eða greinar. Auðvitað getur engin verið Eva eða unnusta Jesú Krists, sem ekki hefir þennan andlega líkama, sem ekki hefir klæðin: — Krists hold og blóð.

En nú vita allir, að guð er hreinn, heilagur, ógurlegur andi, sem ekki má synd sjá. Og ekki breytir guð eðli sínu, þó menn vilji ekki klæðast Kristi, verða hans Eva. Ef að friðþægingin hefir því eigi átt sér stað, þegar maðurinn uppris, þá uppris sá hinn sami sem nakinn andi, eins og djöfullinn, og guðs bræði brennur á móti hans nekt að eilífu, því ekki hefir guð breytt eðli sínu, þótt þú sért nakinn. — Af þessu liggur í augum uppi, hvað lífsnauðsynlegt er, að hafa Jesúm Krist í trú og meðtaka sakramentið í hans minningu.

Þeir, sem þetta lesa og hafna Jesúm Krist í trú, bera sína syndanekt að eilífu hvað mig snertir.

Winnipeg, 29. marz 1909.

S. Sigvaldason.

Til kaupenda Heimskringlu.

Þessir menn hafa tekið að sér umboðsstöðu fyrir Heimskringlu. Þeir taka á móti nýjum áskriftum að blaðinu, og veita móttöku andvirði þess frá kaupendum í þeirra bygðarlögum.

KRISTMUNDUR SÆMUNDSSON, að Gimli, fyrir Gimli og Nes P.O.

SIGURÐUR SIGURÐSSON, að Husawick, fyrir Husawick og Winnipeg Beach P. O.

RÖGNVALDUR S. VIDAL, að Hnausa, fyrir Hnausa, Geysir, Árdal og Framnes P.O.

FINNBOGI FINNBOGASON, að Arnes, fyrir Arnes P.O.

JÓN SIGVALDASON, að Icelandic River, fyrir þá bygð.

BJARNI STEFÁNSSON, að Hecla, fyrir Mikley.

G. ELÍAS GUÐMUNDSSON, að Bertdale, Sask., fyrir það bygðarlag.

JÓNAS J. HUNFJORÐ, Markerville, Alta., fyrir Alberta bygðina.

Kaupendur eru beðnir að beina borgunum sínum til þessara ofangreindu manna.

Fleiri verða auglýstir síðar.

KAUPIÐ af þeim og verzlið við þá sem auglýsa starfsemi sína í Heimskringlu og þá fáið þér *betri* vörur með *betra* verði og *betur* útilátnar.....

Heimskringlu og tvær skemtilegar sögur fá nýjir kaupendur fyrir TVO DALI.

Russell A. Thompson and Co.,
Cor. Sargent & Maryland St.
Selja allskonar MATVÖRU af beztu tegund með lægsta verði. Sérstakt vöruúrval nú þessa viku. Vér óskum að Íslendingar vildu koma og skoða vörurnar. Hvergi betri né ódýrari.—
Munið staðinn:—
HORNI SARGENT AVE. OG MARYLAND ST.
PHONE 3112.

Með því að biðja sérlega um "T.L. CIGAR," þá ertu viss að fá ágætan vindil
T.L. CIGAR
(UNION MADE)
T.L.
Western Cigar Factory
Thomas Lee, eigandi Winnipeg

Redwood Lager og Extra Porter
Styrkið taugarnar með því að drekka eitt staup af öðrum hvorum þessum ágæta heimilis bjór, á undan hverri máltíð. — Reynið !!
EDWARD L. DREWRY Manufacturer & Importer Winnipeg, Canada.

Department of Agriculture and Immigration.

MANITOBA

Þetta fylki hefir 41,169,089 ekrur lands, 6,019,200 ekrur eru vötn, sem veita landinu raka til akuryrkjuþarfa. Þess vegna höfum vér jafnan nægan raka til uppskeru tryggingar.

Ennþá eru 25 miliónir ekrur óteknar, sem fá má með heimilisrétti eða kaupum.

Íbúatala árið 1901 var 255,211, nu er nún orðin 400,000 manns, hefir nálega tvöfaldast á 7 árum.

Íbúatala Winnipeg borgar árið 1901 var 42,240, en nú um 115 þúsundir, hefir meir en tvöfaldast á 7 árum.

Flutningstæki eru nú sem næst fullkomin, 3516 mílur járnbrauta eru í fylkinu, sem allar liggja út frá Winnipeg. Þrjár þverlandsbrautir lestir fara daglega frá Winnipeg, og innan fárra mánaða verða þær 5 talsins, þegar Grand Trunk Pacific og Canadian Northern bætast við.

Framför fylkisins er sjáanleg hvar sem litið er. Þér ættuð að taka þar bólfestu. Ekkert annað land getur sýnt sama vöxt á sama tímabili.

TIL FERDAMANNA:

Farið ekki framhjá Winnipeg, án þess að grenslast um stjórnar og járnbrautarlönd til sölu, og útvega yður fullkomnar upplýsingar um heimilisréttarlönd og fjárgróða möguleika.

R. P. ROBLIN,
Stjórnarformaður og Akuryrkjumála Ráðgjafi.
Skrifið eftir upplýsingum til
Joseph Burke, 178 LOGAN AVE., WINNIPEG. Jas. Hartney, 77 YORK ST., TORONTO.

"Já, víst, náðuga frú", svaraði hann ofur rólega. — "Bara ef þér fáið herra prófessornum bókina, þá skal ég strax víkja úr vegi".

"Hinrik!" hrópaði Felicitas og hljóp til hans og hristi handlegg hans. — "Nei, það stoðar ekkert, Fee mín!" mælti hann hlæjandi og stóðst prýðilega allar tilraunir hennar, að koma honum í burtu. — "Ég er ekki eins vitlaus og þú heldur, — þú vilt af góðsemi þinni gera axarskapt, en það þoli ég ekki".

"Láttu frúna fara", skipaði prófessorinn alvarlega. "En ég læt þig vita, Adela, að ég vel þann eina rétta veg til að ná eigu minni. Engan getur undrað það, þó ég áliti að bókin skýri frá leyndum fjármunum, — ef til vill hvar gripir frænku minnar sálugu eru niður komnir —"

"Nei, nei", greip Felicitas fram í.

"Ég ræð mínum eigin hugsunum um það", — mælti hann harðlega. — "Bæði þér og Hinrik skuluð fyrir rétti bera vitni um það, að þessi kona hefir með leynd viljað krækja til sín ef til vill álitlegri fjárupphæð, er heyrir ætt minni til".

Ríkisstjórafrúin hrökk við eins og höggormur hefði bitið hana. Hún leit leiftrandi augum til ofsóknara sins, — og í eins komar æði þreif hún bókina upp úr vasa sínum, og kastaði henni með hæðnishlátri fyrir fætur hans.

"Þarna er hún, sérvitringurinn þinn!" hrópaði hún skjálfandi af reiði. — "Ég óska þér til hamingju með hana. Berðu með sæmd skömm þá, er hún skýrir þér frá".

Síðan þaut hún eftir ganginum og ofan stigann, og skelti harkalega hurðinni aftur á eftir sér.

Prófessorinn horfði á eftir henni með hæðni og fyrirlitningu í svip sínum. Því næst leit hann sem snöggvast á bókina, er hann hafði tekið upp. — Felicitas horfði angistarfull á, hvernig hann blaðaði í

henni og þá og þegar gat rekið augun í leyndarmálið, er hún vildi fyrir engan mun að hann sæi. — Hann var hugsi. Orð ríkisstjóra frúarinnar höfðu alls eigi skelft hann, því hann hafði verið fullviss um, að þetta uppistand mundi enda þannig. En nú var eftir að vita í hverju skömmin var fólgin. — Alt í einu leit hann upp og horfði framan í Felicitas. — Hversu mikil áhrif höfðu þó ekki hin biðjandi, dökku augu á hinn alvörugefna mann. Það var eins og mjúk hönd stryki yfir enni hans, svo hrukkurnar hurfu og ofurlitið bros færðist yfir andlit hans.

"Nú vil ég einnig yfirheyra yður", mælti hann. — "Þér hafið skammarlega dregið mig á tálar. Meðan þér standið uppi hjá mér og látið meiningu yðar í ljósi með svoddan hreinskilni, að ég hefði þorað að sverja, að hvert orð er þér sögðuð væri sannleikur, — þá berið þér á yður leyndarmál, sem kastar blett á ætt mína. — Hvað á ég að hugsa um yður, Fee? — Þér getið að eins bætt fyrir óhreinskilni yðar með því, að segja mér nú satt og rétt frá öllu, sem ég spyr yður um".

"Ég vil segja yður alt, sem ég má segja, — en svo bið ég yður, — ég bið yður svo innilega, að fá mér bókina aftur".

"Er það mín stórláta, þrálynda, óbeygjanlega Fee, sem getur beðið svona blítt?"

Þegar prófessorinn mælti þessi orð, læddist Hinrik í burtu. Hann var svo forviða yfir því, sem hann hafði séð og heyrt, að hann settist í neðstu tröppuna, sat þar lengi og var hugsi. Hann greip við og við í gráa hárið sitt, til þess að vita, hvort höfuðið sæti á sínum gamla stað.

"Þér fóruð inn í herbergi frændkonu minnar sáluðu í þeim eina tilgangi að sækja þessa bók?" — spurði prófessorinn Felicitas, þegar þau voru orðin ein,

"Já".

"Hvaða leið fóruð þér? — Ég kom að öllum hurðum harðlæstum".

"Ég gekk eftir þakinu", mælti hún hikandi.

"Þér meinið víst eftir svölunum?"

"Nei", mælti hún hnuggin, "þangað liggur enginn vegur. — Ég steig út um kvistgluggann og gekk svo yfir þökin".

"Í þessu ofsaroki?" spurði hann og fölnaði. — "Felicitas, það er full ástæða til að óttast yður, þá er þér viljið framkvæma vilja yðar".

"Ég hafði um ekkert annað að velja".

"Því vilduð þér endilega ná í bókina?"

"Ég áleit, að ég hefði erít hana eftir Cordulu frænku. Hún hafði sagt við mig, að litla gráa skrínið — ég vissi ekkert, hvert innihald þess var — yrði að deyja á undan sér. — Dauða hennar bar bráðan að, — og ég þóttist viss um, að skrínið væri til. — Það stóð í sama leyniskápnum, þar sem allir silfurgripirnir eru. — Ég gat ekki sagt til þeirra, nema þá um leið að koma skríninu í hendur óviðkomandi fólks".

"Veslings, veslings barn, yður hefir hlotið að liða mjög illa, — og nú er öll yðar hetjulega sjálfsafneitun til ónýtis, — því bókin er komin í óviðkomandi höndur".

"Ó, nei, nei! Þér gefið mér hana aftur!" — bað hún angistarfull.

"Felicitas!" mælti hann alvarlega og skipandi. "Nú verðið þér enn þá að svara tveimur spurningum, — og segja satt: Er yður kunnugt innihald bókarinnar?"

"Að sumu leyti, — ég hefi í dag lesið hana".

"Og kastar það skugga á minningu hinnar gömlu vinkonu yðar?"

Hún þagði. — Ef til vildi fékk hann henni bókina aftur, ef hún játaði þessu, — þá gat hún eyðilagt hana. En þá flekkaði hún líka minningu gömlu Cordulu, og staðfesti orðasveim manna.

Yður sæmir ekki, að hafa í frammi nein undanbrögð, — þó tilgangur yðar sé ef til vill góður", mælti hann hastur. — "Segið annaðhvort já eða nei".

"Nei".

"Ég átti von á því", mælti hann lágt. — "Verið nú skynsamar", bætti hann við, "og sættið yður við þó ég lesi bókina".

Hún fölnaði, en bað hann ekki lengur. "Gerið það, ef yður finst það sæma yður. Þér lesið leyndarmál, sem yður er ekki ætlað að vita. Þá er þér opnið þessa bók, eyðileggið þér þá fórn, er heilt mannslíf hefir verið lagt í sölurnar fyrir".

"Þér berjist vel, Felicitas", mælti hann rólega. Og hefði ég ekki heyrt orð þau, er frændkona mín í bræði sinni hreytti í mig, þá hefði ég fengið yður þessa leyndardómsfullu bók aftur óséða. En nú vil ég og verð að vita, hvers konar svívirðing það er, sem hvilir á ætt minni, — og hafi vesalings einsetukonan getað varðveitt það, þá ætti ég einnig að hafa krafta til þess. — Ég er í tvöföldum skilningi neydd ur til að rannsaka þetta. Ættingjar mínir við Rín eru auðsjáanlega við þetta riðnir, — ef til vill samsekir um eitthvert ódáðaverk. — Þó þér þegið, og lítið niður fyrir yður, sé ég að tilgáta mín er rétt. Frændkonu minni var eflaust kunnugt um þetta ættarhneyksli, og þess vegna hefir henni orðið bilt við, að sjá það skrifað í gamla bók. — Ég skal jafna reikningana við þessa hræsnara! — Verið nú hughraustar, Fee!" mælti hann blíðlega og strauk hendinni um höfuð hennar. "Ég get ekki breytt öðru vísi. — — Og þó þér að launum lofuðust til að verða mín, — þá yrði ég samt að segja nei".

ROBLIN HOTEL
115 Adelalde St. Winnipeg
Bezta $1.50-á-dag hús í Vestur-Canada. Keyrsla ókeypis milli vagnstöðva og hússins á nóttu og degi. Aðhlynning hins bezta. Viðskiptí Íslendinga óskast. William Ave. strætiskarið fer hjá húsinu
O. ROY, eigandi.

SPÓNNÝTT HÓTEL
ALGERLEGA NÝTÍZKU
Hotel Majestic
John McDonald,
eigandi.
James St. West, Rétt vestan við Main St.
Winnipeg Telefón 4979
$1.50 á dag og þar yfir
Bandaríkja-snið
Alt sem hér er um hönd haft er af beztu tegund. Reynið oss.

MIDLAND HOTEL
285 Market St. Phone 3191
Nýtt hús, nýr húsbúnaður Fullar byrgðir af allskonar vönduðustu drykkjum og vindlum í hressingar stofunni. Gisting einn dollar á dag og þar yfir.
W. G. GOULD :: FRED. D. PETERS,
Eigendur
WINNIPEG ::: ::: CANADA

Ágæt meðul.
Ég hefi kynst og pantað áður meðul við nef, kverka- og andkala sjúkdómum hjá Royal Remedy Co. Þau fá bezta vitnisburð. Þeir, sem senda mér sjúkdómslýsingu, og $4.00 fyrirfram, fá meðulin send heim til sín kostnaðarlaust hvar sem er í Canada. Eins og mörgum er kunnugt, hefi ég fengist töluvert mikið við meðalasölu stundum, og þekki "patent" meðul vel. Þessi meðul eru 'ekta' góð meðul, og fólk má treysta þeim, ef það kaupir þau í tæka tíð.
K. Ásg. Benediktsson.
549 Simcoe St., Winnipeg.

The Dominion Bank
NOTRE DAME Ave. BRANCH Cor. Nena St.
VÉR GEFUM SÉRSTAK AN GAUM AÐ SPARISJÓDS-DEILDINNI. —
VEXTIR BORGAÐIR AF INNLÖGUM.
HÖFUDSTOLL - - - $3,983,392.38
SPARISJÓÐUR - - $5,300,000.00
A. E. PIERCY, MANAGER.

Jón Bjarnason

andaðist að heimili sínu nálægt Akra, N. D., þann 15. des. 1908. Hann var fæddur á Múla við Vatnsnesfjall í Húnavatnssýslu 17. júní 1842. Foreldrar hans voru þau hjónin Bjarni Jónsson og Kristín Guðbrandsdóttir.

Ungur fluttist hann með foreldrum sínum að Sauðadalsá á Vatnsnesi, og dvaldi þar meiri part tíma þess, er hann var á Íslandi. Um tvítugs aldur misti hann föður sinn, og var eftir það aðstoð móður sinnar, þar til hún andaðist 1872.

Árið 1873 kvongaðist hann eftirlifandi ekkju, Elínborgu Bjarnason, dóttur Bjarna Sigurðssonar og Náttfríðar Markúsdóttir, konu hans, að Hlíð á Vatnsnesi. Þau hjón Jón og Elínborg eignuðust 5 börn, fjóra drengi og eina stúlku. Þrír drengirnir dóu í æsku, en tvö þeirra eru á lífi: Friðrik, kaupmaður í Hensel, N. Dak., og Kristín, ekkja Ingimundar Levi Guðmundssonar, Akra, N. Dak. — Tvö fósturbörn tóku þau hjón, bæði á öðru ári og ólu upp og veittu umönnun, sem þeirra eigin væru, til fullorðins aldurs. Þau eru: Valdimar Valdimarsson, Pálsson, nú til heimilis nálægt Fairland P.O., Sask, og Elizabeth Jónasdóttir, Samson, enn til heimilis hjá fóstru sinni.

Til Ameríku fluttist Jón sál. ásamt konu sinni og börnum árið 1883. Hann festi sér bújörð nálægt Akra, N. Dak., hvar hann dvaldi til dánardægurs. Heimili þeirra hjóna var sönn fyrirmynd að guðrækni og góðgerðasemi, iðjusemi og góðum siðum.

Haustið 1902 sýktist Jón sál. snögglega af slagi, og var þá ekki útlit, fyrir mannasjónum, að bati væri mögulegur. En fyrir frábæra hjúkrun og umhyggju konu hans og barna og tengdasonar (sem var þá enn á lífi), fékk hann eftir langa og þvingandi sjúkdómslegu þá heilsubót, að hann hafði fótaferð og litlar þjáningar, þar til í marz 1908, að hann veiktist á ný, og lá rúmfastur þar til hann andaðist. Á því síðasta sjúkdómstíma bili hafði hann oft sárar þjáningar, sem hann bar með frábærri kristilegri stilling og rósemi til enda.

Jón sál. var að eðlisfari fáorður og fáskiltinn og friðelskandi. Hann var prúðmenni, ástríkur og umhyggjusamur eiginmaður og faðir, ráðvandur, ráðhollur og mjög trygglyndur; fróður, ræðinn og lipurt spaugandi, þegar hann átti tal við kunningja sína. Yndi hafði hann af fögrum skáldskap, og var sjálfur laglega hagorður, en hreyfði því eigi, nema þegar hann átti tal við sína beztu kunningja.

Jón sál. var ekki viðþektur maður, en valinkunnur í héraði sínu. Allir þeir, sem kyntust honum, gátu gert sér ljósa grein fyrir, að hann var sannur maður. Maður, sem er ekki eitt í dag og annað á morgun, heldur trúfastur vinur, búinn að rétta þeim hjálparhönd, sem strýddu við erfið lífskjör. Staðfastur vinur, sem ekki lét smávirsjónir vina sinna, né tal óhlutvandra breyta hugarþeli sínu.

Hans er sárt saknað af vandamönnum og vinum. Hann var jarðsunginn í grafreit Vidalíns safnaðar, af séra H. B. Thorgrímsen, að viðstöddum fjölda fólks.

Blessuð sé minning hans.

Vinir hins látna.

BRÉF TIL

Edmonton Íslendinga.

Kæru vinir og vinur!!

Kæra þökk fyrir samverutímann. Mig hefði langað til að skrifa ykkur öllum persónulega, en það er óhugsandi, að reyna að finna efni í svo mörg bréf, svo ég bið Heimskringlu, að flytja ykkur nokkur orð frá mér. Ég hefði átt að vera búin að því fyrir löngu, en frostið hefir hamlað og fleira. Frostið hefir leitað mjög inn í vetur. Ég hefi haft nóg að gera, að halda uppi vörn gegn því, — janúar allur ein óslitin frostaskorpa, að undanteknum 3—4 dögum. En nú er gott veður, mér er nærri of heitt. — "Undarlegt sambland af frosti og fúna".

Þá er nú ferðasagan, — hún verður stutt og laggóð. Ég tók farmiða til Red Deer, eins og ákvarðað var, og dvaldi þar í viku meðal landa minna, sem tóku mér með alúð. Þar er bezta fólk og sannir Íslendingar heim að sækja. Hafi þeir hjartans þökk fyrir vinarþelið. Svo hélt ég til Innisfail, kom þar á hentugum tíma, á mánudag eftir nón. Þá voru margir bygðarmenn þar staddir. Ég kom mér vel við einn þeirra, Gunnar Jóhannsson. Hann keyrði mig alla leið heim, og var það þó úr leið fyrir hann. Við hreptum storm til Markerville, svo við vorum nær blind, er þangað kom, því götur voru þurrar mjög. Þá var farið að kvelda. Enginn þekti mig. Mun ég þá hafa verið all-torkennileg með alt moldrykið í andlitinu, — ekki ólík Jökla-Tobbu, margsólbrendri flökkukerlingu heima á Íslandi. Það var orðið nær aldimt, er við komum heim.

Af okkur hér og plássi þessu er fljótt að segja. Veðurlag mjög svipað og hjá ykkur: "Venus rennir hýrum hvörmum himni bláum frá", — þó það kunni að bera út af því, að himininn sé blár. — Ég veiti því ekki mikla eftirtekt, ég fer ekki spor að kalla má. — Ég heyri hér mikið um samkomur talað, svo veit ég ekki meira. Mest mun að þeim kveða meðal Góðtemplara. Myndi það ekki kosta minni tíma og peninga, að vera sjálfstæður? Í félagi þessu mun vera eins margt kvenfólk og karlar. Hvað mun það vera að gera þar? Mun það vera að flýja undan árásum Bakkusar? Ekki líklegt. Piltar góðir, því látið þið fara með ykkur eins og óvita? Látið þessi bindindisfélög ekki þurfa að vera til. Þau vinna upp öll sín gæði. Látið fólkið ekki þurfa að segja: "Það verður að gera við því sem er, að menn verða aldrei sjálfstæðir". Bjóðið bæði bindindisfélögunum og vínsöluhúsunum byrginn. Gangið fram hjá þeim með reigingi og stolti. Verið sjálfstæðir! Á hvaða merg standa bindindisfélögin? Á ykkar merg. Þau eru getin og fædd af ykkar ósjálfstæði. Er þetta ekki satt, vinir mínir? Þið gætuð keypt ykkur skó á fótinn eða hatt á höfuðið eða annað þarflegt fyrir þá peninga, sem þið fleygið út í þessi félög, — já, fyrir það, sem þið kaupið böndin, sem binda hendur ykkar og fætur. — Þurfið þið þessara banda? Ég segi nei, ekki ef þið gættuð ykkar. Það er þó leiðinlegt, að hafa þrælsótta Reynið að vera menn, — frjálsir menn. Það er skemtilegra og kostar minna. Lofið þið vínsölumönnum að skæla yfir sjálfstæði ykkar og skiftavinamissir. — Ég býst nú við, að ég verði sek skógarkona fyrir þessa prédikun. Gerir ekkert til. Mér fellur lengi vel, að fara einförum. Tímanum, sem þið eyðið í gagnslitið og gagnlaust þvaður á fundum, getið þið varið til lesturs eða uppbyggilegra hugleiðinga, eða þá líkamlegra starfa.

Þið þarna í Edmonton fylgist með, — lesið blöðin Heimskringlu og Lögberg að minsta kosti. Þar hefir margt borið á góma, sem við er að búast síðan í september í haust. Austanrok í Heimskringlu nú í seinni tíð. Mollurnar geta orðið óhollar, valdið sansa dofa. Rosar geta orðið þreytandi, ekki sízt ef þeir koma lengi úr sömu átt. — Kr. Ásgeir og A. J. Johnson eru vígir vel, þó Kr. betur. Hann hefði staðið betur að vígi, hefði hann ekki átt greinina góðu, sem bardaginn reis út af. Sízt datt mér í hug, að slík bellidemba mundi koma yfir okkar ljóðasmiði úr þeirri átt. En öllum má ofbjóða. Ekki er ég samdóma Kr., um sögur Einars Hjörleifssonar. Þær eru að mínu áliti viðkunnanlegri nú í seinni tíð. Þær sýna, að Einar er farinn að gefa konum meiri gaum, skoða þær með stærri augum, í bjartara og stærra og fegurra ljósi. Áður fanst naumast nýt kona í sögum hans. Þó hann nefni hlutina sínu rétta nafni, gerir lítið til. Fullhraustum karlmönnum ætti ekki að verða óglatt af því. Af hverju viðhelst veraldar sneypan? Er ekki tilvera manna aðal máttarstoðin, hvort heldur þeir eru skil eða óskilgetnir, — það gerir minst. Það er varmenska fornaldar, sem orsakar helzt ógleði, eða öllu heldur viðbjóð og gremju. En það er verst, að þurfa daglega að umgangast slíka fornaldar aumingja. Þeir eru sorglega margir. Mun ekki lestur bibliunnar orsaka velgju þeim, sem veilir eru? Enginn er þar tepruskapur viðhafður. — Þá er nú andatrúin, ef trú skyldi kalla. Það kastar tólfunum, þegar dauðir menn færast í aukana, og farið er að gera holdskurði á þeim. Hvað skyldi næst verða? Og þetta þóttist maðurinn sjá, sem farið er að nefna til forustu á Fróni. (Nú hefir þeim tekist, að hrinda Hafsteini, skamma stund. Litlu verður Vöggur feginn, væntir mig). — Þegar ég les allar þessar draugasögur, finst mér ég vera komin aftur fyrir margar aldir. — Ekki er það rétt hjá Arnóri mínum Árnasyni, að það séu trúleysingjar í þessum andatrúarflokki. Það samstemdi illa þeirri skoðun. Það eru einmitt guðstrúar kennendur og fylgjendur, sem vænta mátti, sem fylla þann flokk. Það er óþarfur leikur, að vekja upp drauga trú á Íslandi, og gera trúgjarnt fólk, sem enn mun finnast þar, svo hrætt, að það þori ekki um þvert hús að ganga. Þetta álít ég hneyksli, og ekkert betra fyrir það þótt það sé komið frá öðrum löndum.

Mjög rignir nú hnútum að okkar ljóðasmiðum. Aldrei munu þeir hafa orðið fyrir sliku á liðnum öldum. Þetta er ný frelsisöld, og hér er frjálst land kallað. Mér finst það vera meira í orði en á borði, enn sem komið er. Eitthvert gól hefir nú borist til okkar úr Kyrrahafs þokunni, — bréfkafli í Heimskringlu. Höfundur sá segir að Húnvetningar hafi eitt sinn allir farið að yrkja. Hann treystir því, að hann verði ekki látinn sverja þetta. Það hefir þó verið heiðarleg undantekning, þar sem höfundur bréfkaflans á hlut að máli. Það væri Húnvetningum eng in vanvirða, að kunna að yrkja, jafnvel þó eitthvað í því kunni að vera leir. Eða finst mönnum leirinn vera dýrmætari í óbundnu máli? Það sýnir þó hagleik, að geta hnoðað leirinn og gert úr honum myndir. — Hafið þið ekki gaman af rímunum hans Kr. Ásgeirs? Ég hefi það. Þær minna mig á Sigurð Breiðfjörð, uppáhald kvenna lifandi og dauður. — Ég heyrði konu segja: — "Það segi ég satt, — ég vildi heldur faðma hann Sigurð dauðann, en kyssa hann Simon lifandi!" Nokkuð mikið sagt. Rímurnar hans stytta marga annars langa kvöldvöku í sveitum uppi. Engin ástæða til að amast við þeim. Ég vona, að Kr. Ásgeir ljúki við Drotningarrímur sínar.

Já, síðast en ekki sízt, verð ég að drepa á "Afglöpin" hans Thorsons. Hann er sjálfur afglapi. — Hann fór fram hjá afglöpum þeim, sem mest kveður að í heimi þessum og skaðlegust eru. Það eru svik og prettir, tál, í ýmsum myndum. Mun honum hafa fundist þetta vera fyrir ofan eða neðan afglöp? Eða þá ekki í sínum verkahring að minnast á það? Annars er hægt að telja upp önnur afglöp á hverju kveldi í heilan mánuð. — Heimurinn er ríkastur af afglöum.

Alla jafnvel afglöpin
einhverntíma henda.
Afglapar á afglöpin
afglöpunum benda.

Með óskum beztu til ykkar allra.

Ykkar einlæg,

R. J. DAVÍDSON.

Það kostar minna en 4 cent á viku
að fá HEIMSKRINGLU heim til þín vikulega árið um kring. Það gerir engan mismun hvar í heiminum þú ert, — því HEIMSKRINGLA mun rata til þín. Þú hefir máske heyrt að "blindur er bóklaus maður", en ef þú mátt missa 4c. á viku fyrir HEIMSKRINGLU þá verður þú hvorugt. 4c. á viku eða $2 um árið. Skrifið eftir Hkr. nú þegar, til P. O. Box 3083 Winnipeg, Man.

Á beztu heimilum
hvar sem er í Ameríku, þar munið þér finna HEIMSKRINGLU lesna. Hún er eins fróðleg og skemtileg eins og nokkuð annað íslenzkt fréttablað í Canada

MARKET HOTEL
146 PRINCESS ST. á móti markaðnum
P. O'CONNELL, eigandi, WINNIPEG
Beztu tegundir af vínföngum og vindl um, aðhlynning góð, húsið endurbætt

JOHN DUFF
PLUMBER, GAS AND STEAM FITTER
Alt verk vel vandað, og verðið rétt
664 Notre Dame Ave. Winnipeg Phone 3815

Strathcona Hotel
Horni Main og Rupert Str. Nýbygt og ágætt gistihús; Gest um veitt öll þægindi með sanngjarnasta verði. Frí keyrsla til og frá öllum járnbr. stöðvum. Beztu vín og vindlar; og herbergi og máltíðar ágætar.
McLaren Brothers
EIGENDUR

Hotel Pacific
219 Market Street, Winnipeg | H. M. Hicks, Eigandi Manitoba
Telephone 1338
Ný-endurbætt og Ný-tízku hús í alla staði. Viðskifta yðar óskast virðingarfylst.
$1.25 a Dag

$1.50 Á DAG
Besta $1.50 gistihús í Winnipeg
BRUNSWICK HOTEL
Horni Main St. og Rupert Ave.
Besta borðhald; Hrein og Björt Herbergi; Fínustu Drykkir og Bestu Vindlar. Ókeypis Vagn mætir Öllum Trainlestum. Reynið oss þegar þú ert á ferð.

miklu hún hefir ætlað sér að koma undan að þessu sinni".

Í einni svipan reif hún skrínið af Felicitas. — Hin unga stúlka rak upp hljóð, og þreif angistarfull eftir skrininu, en ríkisstjórafrúin fór skellihlæjandi lengra fram í ganginn, og lyfti þar lokinu af því.

"Bara bók", tautaði hún undrandi. Skrínið og lokið fell úr höndum hennar og hún hristi bókina með ákefð. Það hlaut þó að vera peningaseðlar eða önnur verðmæt skjöl í henni. — Nei, bókin hafði ekkert þess konar að geyma.

Á meðan hafði Felicitas náð sér aftur. Hún gekk til frúarinnar og krafðist með alvöru bókarinnar. En hún reyndi að sýnast róleg, en samt lýsti rödd hennar þeirri geðshræringu, sem hún var í.

"Nú, — svo þér haldið, að ég sleppi við yður bókinni!" mælti ríkisstjórafrúin háðslega og sneri að henni bakinu um leið og hún þrýsti bókinni fast að brjósti sér. — Nei, þér eruð auðsjáanlega alt of óttafullar til þess að hér sé að eins um lítilfjörlegan hégóma að ræða", mælti hún og leit um öxl sér með óumræðilega mikilli fyrirlitningu til hinnar ungu stúlku. — "Það býr eitthvað undir öllu þessu. Látum okkur nú rannsaka það, góða mín".

Hún fletti bókinni aftur í sundur. — Nei þar fundust engir peningar. Á gulnuðum blöðum sá hún ekki annað en fallega skrifuð orð. En þó hnífi hefði verið stungið í hjarta hennar, hefði henni ekki brugðið meira við, en henni brá við að lesa orðin á blaðsíðu þeirri, er hún fyrst leit á. Hið blómlega andlit varð náfölt, hún greip hendinni fyrir augu sér, og eitt augnablik leit helzt út fyrir, að hún myndi hníga niður.

En hún hafði alla æfi ælt sig í, að hafa stjórn á sjálfri sér, þegar aðrir sæu til. Hún kunni að lita með auðmýkt og lotningu til himins, þó hjarta henn-

ar væri fult hatri og reiði. Hún gat látið sýnast sem hún með andakt hlustaði á ræðu prestsins, þó hún hefði allan hugann við nýjan kjól, sem hún ætlaði sér að eignast. — Hún talaði af harmi miklum um alt syndsamlegt í fari sumra manna, hve fólk lærði lítið í bibliunni, og hve ófyrirgefanlegt það væri. En sjálf las hún franskar klámsögur, en eins og gefur að skilja í laumi.

Henni hafði sjaldan orðið ráðafátt um dagana. Hinir ótrúlega miklu hæfileikar hennar til að haga sér eftir því, hvað bezt átti við í það og það skiftið, höfðu aldrei brugðist henni. — Og nú náði hún sér strax eftir fáar sekúndur. Hún lokaði bókinni, og lét í ljósi með ofurlítlu hrosi, að hún áliti sig hafa verið dregna á tálar.

"Þetta er þá eftir alt saman að eins gömul einskisverð bók", mælti hún við prófessorinn um leið og hún eins og hálf utan við sig stakk bókinni í vasa sinn. — "Mér finst það nokkuð skrítið af yður, Karólína, að koma af stað öllum þessum gauragangi út af engu".

"Er þetta henni að kenna?" spurði prófessorinn og færði sig nær, skjálfandi af reiði. "Ég hélt það hefðir verið þú, er kallaðir á mig, til þess að geta í votta viðurvist sakfelt þessa ungu stúlku fyrir þjófnað. Viltu gera svo vel, að taka á augabragði aftur hin skammarlegu orð þín!"

"Þú sérð að ég á svipinn er ekki fær um —"

"Á augabragði!" hrópaði hann. — "Þú tekur orð þín aftur, og biður hana fyrirgefningar í viðurvist okkar Hinriks!"

"Nú, — með mestu ánægju, Jóhannes. Það er ekki nema kristileg skylda, að kannast við, ef maður gerir öðrum rangt til, og bæta fyrir það. — Bezta Karólína mín! Fyrirgefið hafi ég gert yður rangt til!"

"Og nú færðu henni bókina aftur", mælti prófessorinn í sama óþýða, skipandi rómnum.

"Bókina?" mælti hún með mesta sakleysissvip. "Kæri Jóhannes, — Karólína á hana ekki".

"Hver hefir sagt þér það?"

"Ég hefi séð nafnið hennar gömlu Cordulu á henni. — Ef nokkur finst eigandi hennar, þá ert það þú, þar eð hún arfleiddi þig að öllum bókum og búshlutum sínum. — — En bókin er þér einskisvirði. — Það lítur helzt út fyrir, að í henni sé gömul kvæði. Mundi þér þykja nokkuð varið í annan eins hégóma? En ég elska allar þessar gömlu bækur. Mér er bókin mikilsvirði, þó hún sé ekki fegurri útlits en hún er. Þess vegna bið ég yður að gefa mér hana".

"Getur verið eg geri það, þegar ég er sjálfur búinn að lesa hana", mælti hann kuldalega, og rétti út hendina til að grípa bókina.

"Mér þætti miklu meira varið í hana, ef þú gæfir mér hana óséða af þér", mælti hún blíðlega. — "Á ég að trúa því, að þú sért svo niskur, að þú tímir ekki að að gefa mér þennan eina hlut, sem ég á æfi minni hefi beðið þig um?"

"Mér er alveg sama, hvað þú heldur um það, svaraði hann stuttlega, og æðarnar á enni hans þrútnuðu. — "En ég kreíst bókarinnar. — Þú kemur mér nokkuð grunsamlega fyrir sjónir. — Afrit af gömlum hégóma kvæðum geta ekki gert þig náföla að hræðslu".

Um leið og hann mælti þessi orð, gekk hann í veg fyrir hana. — Hún leit flóttalega eftir ganginum, og ætlaði að stökkva burtu nær sem hún gæti, — en prófessorinn greip um handlegg hennar og hélt fast.

Felicitas skalf af hræðslu. — Ef prófessorinn næði nú í bókina!. Það var nógu leiðinlegt, að vita hana í höndum hinnar vondu konu. Samt þóttist hún vita, að hjá henni yrði hún jafnvel geymd og sér,

og myndi strax um kveldið verða að ösku. Þess vegna reyndi hún að hjálpa henni til að flýja.

"Herra prófessor. Lofið náðugu frúnni að fara" bað hún eins rólega og henni var unt. Þér munuð fljótt komast að raun um, að bókin er að engu leyti verðmæt".

Í fyrsta sinni leit prófessorinn tortrygnislega til hennar. — Hún kafroðnaði og leit niður fyrir sig.

"Svo þér látið svo lítið, að biðja", mælti hann hastur. — "Þá er hér um að ræða meira enn lítilfjörlegan hégóma. Ég sé líka, að það er satt, sem frændkona mín sagði áðan, að þér eruð mjög hræðslu legar. Ég spyr yður upp á æru og samvizku: — Hvað hefir bókin inni að halda?"

Felicitas vissi eigi, hverju svara skyldi. Hún reyndi að tala, en kom engu orði upp.

"Reynið eigi, að hafa nein undanbrögð", mælti hann brosandi við hana, — en um leið herti hann á takinu um handlegg ríkisstjóra frúarinnar, — því hún reyndi hvað eftir annað að rífa sig lausa. "Þér getið verið harðar og miskunarlausar og hræðilega hreinskilnar, — en þér getið ekki logið. — Bókin inniheldur engin kvæði, heldur eitthvert leyndarmál, sem ég má ómögulega fá vitneskju um. — Viltu nú gera svo vel, Adela, og fá mér bókina, sem þú sjálf hefir sagt að ég ætti?"

"Gerðu við mig, hvað þú vilt, en bókina færð þú aldrei", sagði ríkisstjórafrúin djarflega. Hún hafði lagt niður alla auðmýkt, og reyndi enn þá einu sinni að rífa sig lausa, enda tókst það, og flúði hún sem sveit vopnaðra manna væri á eftir henni að dyrunum. En þar stóð Hinrik með útbreidda arma og varnaði henni útgöngu. Hún hrökk aftur á bak. — "Farðu úr vegi, þorparinn þinn!" æpti hún og stappaði í gólfið.

Svar til Mrs. Goodman.

Heiðraði ritstjóri Hkr.

Viltu gera svo vel, að taka af mér fáeinar línur til birtingar í blaði þínu. Ég hefi aldrei áður eytt rúmi í dálkum blaðanna, og máske geri aldrei oftar enn í þetta eina skifti.

Orsökin til þess, að ég bið um pláss nú, er sú, að mig langar til, að láta Ingibjörgu Goodman vita, að það er til kvenfólk, sem skamm ast sín fyrir greinina, sem hún skrifaði í Heimskringlu 25. febrúar sl., — kvenfólk, sem óskar af heilum hug, að hún hefði aldrei látið annað eins í opinbert blað.

Ingibjörg Goodman á auðvitað með, að auglýsa tilfinningar sínar gagnvart karlmönnum. En hún á ekki með, að draga aðrar konur og stúlkur inn í það mál. Hún má vera viss um, að það verða fáar, sem ásælast nokkurn part af þeim heiðri, sem hún fær fyrir svona löguð ritverk.

Ég hefi ekki heyrt neinn karlmann minnast á þessa Ingibjargar grein svo, að hann hafi ekki hlegið háðslega eða fyrirlitlega um leið, og máske kastað fram setningu um leið, sem ekki lýsti meira en svona rétt tilhlýðilegri virðingu fyrir höfundi greinarinnar. Enda býst ég ekki við, að nokkur karlmaður vildi láta hugsa sig það ómenni, að hann hefði farið til Ingibjargar Goodman og beðið hana að halda hlífisskildi fyrir karlmönnum. — Ég er hrædd um, að þetta hafi orðið hlaup og lítil kaup.

Konur hefi ég heyrt vera ergilegar út af þessari grein. Og óþarfi mun það þykja af Ingibjörgu, að sletta óþverra að Mrs. M. J. Benedictsson. Ein kona sagði, að hún vonaði, að það væri ekki til margt kvenfólk, sem hefði svo auðvirðilega lágan hugsunarhátt, að það tæki á sig ómak og fyrirhöfn til þess, að kasta steinum að Mrs. M. J. B.., fyrir alla hennar baráttu fyrir því, að bæta kjör kvenna. — Auðvitað stendur Mrs. M. J. B. jafnrétt fyrir öðru eins og þessi Ingibjargar grein er, en manni getur ekki annað en gramist, að svona hugsandi kvenfólk skuli ekki — ja, vægast sagt — geta þagað.

Svo læt ég hér við nema staðar, en vona að Ingibjörg Goodman hætti við svo búið. Nóg er komið.

(25. marz 1909).

Jónína Samúelsson.

YFIRLÝSING.

Af því það er regla margra félaga, að gefa fjarverandi fólki kost á, að gerast félagar þeirra, og af því, að reynslan hefir sýnt, að slíkt fyrirkomulag getur verið báðum málsaðilum og málefnum þeim er slík félög vinna fyrir, ómetanlegur styrkur, og af því að svo getur ástaðið, að hlutaðeigandi einstaklingar hafi ekki tækifæri til að hafa þess konar félagsskap nær sér, þó þeir fegnir vildu, og starfskraftar þeirra í þessa átt koma því ekki að notum, hefir "Hið fyrsta íslenzka kvenfrelsis kvenfélag í Ameríku" komist að þeirri niðurstöðu, að bjóða hér með öllum konum og stúlkum, sem þannig eru settar, að ganga í félag sitt með sömu skilyrðum og þeim konum, sem heima eiga í Winnipeg. Skilyrðin eru aðallega þau: að umsækjandi riti nafn sitt undir grundvallarlög félagsins, sem eru aðallega innifalin í þessari málsgrein:

— Að félagið vinni á heiðarlegan hátt að jafnrétti kvenna og karla í stjórnmálum og öllum málum, er velferð lands og lýðs byggist á.

Og með því, að borga ársgjald sitt.

En með því, að þær konur, sem búa úti á landi, geta ekki notið félagsins, eins og þær, sem í bænum eru, hefir félagið ákveðið, að GEFA þeim "Progress", mánaðarrit og aðal málgagn Hinna sameinuðu kvenréttindafélaga í Bandaríkjunum (N.A.W.S.A.), treystandi því, að slíkt verði til að vekja áhuga kvenna, glæða vináttu, marg falda samvinnukraftana og greiða götu kvenréttindamálsins í hvívetna.

Eftir frekari upplýsingum má rita hverri sem er af eftirfylgjandi konum: —

Guðrúnu Pétursson, 706 Simcoe St.

Helgu Björnsson, 665 Alverston St.

Hlaðgerði Kristjánsson, 533 Agnes St.

Thoru Johnson, 770 Simcoe St.

M. J. Benedictsson, 536 Maryland St., Winnipeg.

Í umboði félagsins.
Virðingarfylst.

STJÓRNARNEFNDIN.

Sakramentið.

Ef þér étið ekki hold mannsins sonar og drekkið ekki hans blóð, hafið þér ekki lífið í yður. — Jóh. 6—53.

Guð segir í bibliunni: "blóðið er líf alls holds" (Lev. 17—11—14, Gen. 9—4). Og allir, sem vilja vita, vita að lífið er í blóðinu. Og vil ég því með guðs náð bera saman syndafallið og endurfæðinguna. — Hinn fyrri og síðari Adam, "því eins og allir deyja í Adam, eins munu og allir lífgast í Kristi".— Kor. 15—22.

Eftir að guð hafði skapað vora fyrstu foreldra, voru þau guðsbörn án syndar, og þau áttu að hlýða fullkomnuninni. Þau áttu fullkomlega gott, og guð var þeim algóður faðir. Að hlýða honum var það eina rétta. Hann var "vegurinn, sannleikurinn og lífið". Þeim var að eins bannað það illa, og þau þurftu ekki að skilja það góða. Faðir þeirra var sannorður. Það mátti trúa honum fyrir öllu. En svo kom hinn vondi andi djöfullinn. Hann þekti það illa, og hann bauð þeim ávöxt þess illa, og þau hlýddu og féllu, og þau urðu vör við sína nekt. Adam var nakinn sonur guðs. Hann var ekki lengur fullkominn sonur. Hann átti að hlýða alföðurnum. Hann hafði tvo feður. Hann hafði hlýtt báðum. Hann (maður og kona eru eitt) hafði neytt af þeim trjám, sem guð sagði honum, og einnig af því tré, sem djöfullinn lokkaði þau til að neyta af. Guð var því enn faðir þeirra í vissum skilningi, en Adam var ekki sonur. Hann var nakinn. Hann hafði óhlýðnast. Nú skilja allir, að þeir, sem ekki vita að þeir fylgi djöflinum þegar þeir syndga eða hafna Kristi í trú og sannleika, þeir eru sem hinn fyrri Adam, — naktir synir. Þeir hafa tvo feður, þar til Kristur býðst þeim í trú, en eftir það að eins einn, djöfulinn. Þeir hafna þá föðurnum í Jesú Kristi, og útvelja hið illa. Því við syndina hafa þeir ekki losnað. En ef þeir nú útvelja hið góða og hafna því illa, meðtaka þeir Jesúm Krist, og í honum öðlast á ný Al-föðurinn. Svo undir lögmálinu hafa menn tvo feður, guð og djöfulinn. "Þegar boðorðið (þú skalt ekki, o.s.frv.) kom, lifnaði syndin við". — Róm. 7—9.

Hinn fyrri Adam dó í andanum, en vissi ekki betur, því hann syndgaði í sannleika, en vissi ekki um nektina fyrri en nektin kom. Hann dó einnig í holdinu (lífið er í blóðinu), en lifði þó, jafnvel þó hann væri í sannleika guði dáinn, og við allir í erfðasyndinni. Því erfðasyndin lifir í oss öllum, þar til við meðtökum Krist. Og það er þess vegna, að lífið í Kristi er, að deyja með honum í holdinu, til þess að lifna og lifa með honum í andanum.

Hinn síðari Adam, Jesús Kristur, hinn sanni sonur, uppfylti lögmálið í sínum líkama, og deyddi óhlýðni hins fyrri Adams á krossinum. Hann og faðirinn voru eitt í líkamanum og andanum. Fullkomin hlýðni, fullkomið líkama offur "cancelleraði" bannið, sem hin fyrri óhlýðni hafði fætt í þennan heim.

Og sá, sem fylgir Kristi, verður því að deyða holdið; krossfesta það, svo að hann megi lifa andanum í Kristi og uppskera lífs ávöxt til eilífs lífs. Sá, sem ekki fylgir Kristi, hlýðir holdinu, erfðasyndinni og djöflinum sem föður. Hann uppsker það, er hann sáir: eilífan dauða í andanum.

Guð setti svefn á hinn fyrri Adam og skapaði Evu, hans unnustu, úr hans síðu, af hans holdi og blóði. Hún var hans eigin, hans elskulega, hans líf, og þau voru nakin og skömmuðust sín ekki. — Faðirinn var enn einn. En nú kom hinn annar faðir, djöfullinn. Hann vildi kenna líka, og þau hlýddu honum líka. "En þrællinn er ekki ávalt í húsinu, sonurinn verður þar ætíð", — Jóh. 8—35. Það er: Jesús Kristur hlýddi guði á hverri mínútu, og átti því að eins einn föður. — Nú átti Adam tvo feður og hafði meðtekið nekt djöfulsins, því hann er nakinn andi, og var Adam því nakinn sonur guðs, eins og Únitarar, o.s.frv. þau höfðu óhlýðnast eða hlýtt báðum. Upp frá þessu fossaði erfðasyndin í gégn um alt mannkynið í blóðinu. Allir höfðu dáið í hinum fyrsta Adam, og erum því getnir í synd, naktir synir guðs, með tvo feður, þar til vér útveljum eða höfnum Jesúm Krist eða djöflinum.

En í fylling tímans kemur hinn síðari Adam, drottinn sjálfur, af himni og veitir oss endurfæðinguna í blóði sínu á krossinum, gefur oss lífið út úr sinni eigin síðu: — "Út rann blóð og vatn". Þessi síðasti hjartastingur var hin síðasta athöfn krossfestingarinnar. — Alt var fullkomnað. Undirstaða kristilegrar kirkju, hin þrjú vitni: vatnið, blóðið og andinn, voru komin (eða lofuð) ofan á jörðina. Hin andlega, himneska Eva var að endurfæðast. Kristur hafði keypt kristilega kirkju með sínu holdi og blóði. Hin andlega Eva var að fæðast sem hans unnusta, úr hans síðu, hold af hans holdi, blóð af hans blóði. Sakleysið hafði orðið synd fyrir okkur, — "með sótt skaltu börn þín fæða", "og í sínu holdi afmáð boðorða lögmálið, sem var í setningum, svo hann ummyndaði þá tvo í einn nýjan mann í sjálfum sér", Ef. 2—15. — "Ég sá borgina helgu, þá nýju Jerúsalem (Evu) stiga niður af himni frá guði, búna sem brúði, er skartar fyrir manni sínum", Opin. B. 21—2.

Hér sjáum við eins glögt og nokkur þarf að sjá, hinn fyrri Adam og hans brúði, og þar næst hinn síðari Adam (Krist) og hans brúði. Kristileg kirkja er því Jesú Krists hold og blóð, hans unnusta, hans Eva. Þá er hann var upprisinn, át hann fisk og hunang, og reis upp með andlegum, óforgengilegum líkama, og á þeim líkama eru allir kristnir limir eða greinar. Auðvitað getur engin verið Eva eða unnusta Jesú Krists, sem ekki hefir þennan andlega líkama, sem ekki hefir klæðin: — Krists hold og blóð.

En nú vita allir, að guð er hreinn, heilagur, ógurlegur andi, sem ekki má synd sjá. Og ekki breytir guð eðli sínu, þó menn vilji ekki klæðast Kristi, verða hans Eva. Ef að friðþægingin hefir því eigi átt sér stað, þegar maðurinn uppris, þá uppris sá hinn sami sem nakinn andi, eins og djöfullinn, og guðs bræði brennur á móti hans nekt að eilífu, því ekki hefir guð breytt eðli sínu, þótt þú sért nakinn. — Af þessu liggur í augum uppi, hvað lífsnauðsynlegt er, að hafa Jesúm Krist í trú og meðtaka sakramentið í hans minningu.

Þeir, sem þetta lesa og hafna Jesúm Krist í trú, bera sína syndanekt að eilífu hvað mig snertir.

Winnipeg, 29. marz 1909.

S. Sigvaldason.

Til kaupenda Heimskringlu.

Þessir menn hafa tekið að sér umboðsstöðu fyrir Heimskringlu. Þeir taka á móti nýjum áskriftum að blaðinu, og veita móttöku andvirði þess frá kaupendum í þeirra bygðarlögum.

KRISTMUNDUR SÆMUNDSSON, að Gimli, fyrir Gimli og Nes P.O.

SIGURÐUR SIGURÐSSON, að Husawick, fyrir Husawick og Winnipeg Beach P. O.

RÖGNVALDUR S. VIDAL, að Hnausa, fyrir Hnausa, Geysir, Árdal og Framnes P.O.

FINNBOGI FINNBOGASON, að Arnes, fyrir Arnes P.O.

JÓN SIGVALDASON, að Icelandic River, fyrir þá bygð.

BJARNI STEFÁNSSON, að Hecla, fyrir Mikley.

G. ELÍAS GUÐMUNDSSON, að Bertdale, Sask., fyrir það bygðarlag.

JÓNAS J. HUNFJORÐ, Markerville, Alta., fyrir Alberta bygðina.

Kaupendur eru beðnir að beina borgunum sínum til þessara ofangreindu manna.

Fleiri verða auglýstir síðar.

KAUPIÐ af þeim og verzlið við þá sem auglýsa starfsemi sína í Heimskringlu og þá fáið þér *betri* vörur með *betra* vörði og *betur* útilátnar.....

Heimskringlu og tvær skemtilegar sögur fá nýjir kaupendur fyrir TVO DALI.

Russell A. Thompson and Co.,
Cor. Sargent & Maryland St.
Selja allskonar MATVÖRU af beztu tegund með lægsta verði. Sérstakt vöruúrval nú þessa viku. Vér óskum að Íslendingar vildu koma og skoða vörurnar. Hvergi betri né ódýrari.—
Munið staðinn:—
HORNI SARGENT AVE. OG MARYLAND ST.
PHONE 3112.

Með því að biðja sérlega um "T.L. CIGAR," þá ertu viss að fá ágætan vindil.
T.L.
(UNION MADE)
Western Cigar Factory
Thomas Lee, eigandi Winnipeg

Redwood Lager og Extra Porter
Styrkið taugarnar með því að drekka eitt staup af öðrum hvorum þessum ágæta heimilis bjór, á undan hverri máltíð. — Reynið !!
EDWARD L. DREWRY Manufacturer & Importer Winnipeg, Canada.

Department of Agriculture and Immigration.

MANITOBA

Þetta fylki hefir 41,169,089 ekrur lands, 6,019,200 ekrur eru vötn, sem veita landinu raka til akuryrkjuþarfa. Þess vegna höfum vér jafnan nægan raka til uppskeru tryggingar.

Ennþá eru 25 miliónir ekrur óteknar, sem fá má með heimilisrétti eða kaupum.

Íbúatala árið 1901 var 255,211, nu er nún orðin 400,000 manns, hefir nálega tvöfaldast á 7 árum.

Íbúatala Winnipeg borgar árið 1901 var 42,240, en nú um 115 þúsundir, hefir meir en tvöfaldast á 7 árum.

Flutningstæki eru nú sem næst fullkomin, 3516 mílur járnbrauta eru í fylkinu, sem allar liggja út frá Winnipeg. Þrjár þverlandsbrauta lestir fara daglega frá Winnipeg, og innan fárra mánaða verða þær 5 talsins, þegar Grand Trunk Pacific og Canadian Northern bætast við.

Framför fylkisins er sjáanleg hvar sem lítið er. Þér ættuð að taka þar bólfestu. Ekkert annað land getur sýnt sama vöxt á sama tímabili.

TIL FERDAMANNA:

Farið ekki framhjá Winnipeg, án þess að grenslast um stjórnar og járnbrautarlönd til sölu, og útvega yður fullkomnar upplýsingar um heimilisréttarlönd og fjárgróða möguleika.

R. P. ROBLIN,
Stjórnarformaður og Akuryrkjumála Ráðgjafi.
Skrifið eftir upplýsingum til
Joseph Burke, 178 LOGAN AVE., WINNIPEG. Jas Hartney, 77 YORK ST., TORONTO.

"Já, víst, náðuga frú", svaraði hann ofur rólega. — "Bara ef þér fáið herra prófessornum bókina, þá skal ég strax víkja úr vegi".

"Hinrik!" hrópaði Felicitas og hljóp til hans og hristi handlegg hans. — "Nei, það stoðar ekkert, Fee mín!" mælti hann hlæjandi og stóðst prýðilega allar tilraunir hennar, að koma honum í burtu. — "Ég er ekki eins vitlaus og þú heldur, — þú vilt af góðsemi þinni gera axarskapt, en það þoli ég ekki".

"Láttu frúna fara", skipaði prófessorinn alvarlega. "En ég læt þig vita, Adela, að ég vel þann eina rétta veg til að ná eigu minni. Engan getur undrað það, þó ég áliti að bókin skýri frá leyndum fjármunum, — ef til vill hvar gripir frænku minnar sálugu eru niður komnir —"

"Nei, nei", greip Felicitas fram í.

"Ég ræð mínum eigin hugsunum um það", — mælti hann harðlega. — "Bæði þér og Hinrik skuluð fyrir rétti bera vitni um það, að þessi kona hefir með leynd viljað krækja til sín ef til vill álitlegri fjárupphæð, er heyrir ætt minni til".

Ríkisstjórafrúin hrökk við eins og höggormur hefði bitið hana. Hún leit leiftrandi augum til ofsóknara síns, — og í eins konar æði þreif hún bókina upp úr vasa sínum, og kastaði henni með hæðnishlátri fyrir fætur hans.

"Þarna er hún, sérvitringurinn þinn!" hrópaði hún skjálfandi af reiði. — "Ég óska þér til hamingju með hana. Berðu með sæmd skömm þá, er hún skýrir þér frá".

Síðan þaut hún eftir ganginum og ofan stigann, og skelti harkalega hurðinni aftur á eftir sér.

Prófessorinn horfði á eftir henni með hæðni og fyrirlitningu í svip sínum. Því næst leit hann sem snöggvast á bókina, er hann hafði tekið upp. — Felicitas horfði angistarfull á, hvernig hann blaðaði í

henni og þá og þegar gat rekið augun í leyndarmálið, er hún vildi fyrir engan mun að hann sæi. — Hann var hugsi. Orð ríkisstjóra frúarinnar höfðu alls eigi skelft hann, því hann hafði verið fullviss um, að þetta uppistand mundi enda þannig. En nú var eftir að vita í hverju skömmin var fólgin. — Alt í einu leit hann upp og horfði framan í Felicitas. — Hversu mikil áhrif höfðu þó ekki hin biðjandi, dökku augu á hinn alvörugefna mann. Það var eins og mjúk hönd stryki yfir enni hans, svo hrukkurnar hurfu og ofurlítið bros færðist yfir andlit hans.

"Nú vil ég einnig yfirheyra yður", mælti hann. — "Þér hafið skammarlega dregið mig á tálar. Meðan þér standið uppi hjá mér og látið meiningu yðar í ljósi með svoddan hreinskilni, að ég hefði þorað að sverja, að hvert orð er þér sögðuð væri sannleikur, — þá berið þér á yður leyndarmál, sem kastar blett á ætt mína. — Hvað á ég að hugsa um yður, Fee? — Þér getið að eins bætt fyrir óhreinskilni yðar með því, að segja mér nú satt og rétt frá öllu, sem ég spyr yður um".

"Ég vil segja yður alt, sem ég má segja, — en svo bið ég yður, — ég bið yður svo innilega, að fá mér bókina aftur".

"Er það mín stórláta, þrálynda, óbeygjanlega Fee, sem getur beðið svona blítt?"

Þegar prófessorinn mælti þessi orð, læddist Hinrik í burtu. Hann var svo forviða yfir því, sem hann hafði séð og heyrt, að hann settist í neðstu tröppuna, sat þar lengi og var hugsi. Hann greip við og við í gráa hárið sitt, til þess að vita, hvort höfuðið sæti á sínum gamla stað.

"Þér fóruð inn í herbergi frændkonu minnar sáluðu í þeim eina tilgangi að sækja þessa bók?" — spurði prófessorinn Felicitas, þegar þau voru orðin ein.

"Já".

"Hvaða leið fóruð þér? — Ég kom að öllum hurðum harðlæstum".

"Ég gekk eftir þakinu", mælti hún hikandi.

"Þér meinið víst eftir svölunum?"

"Nei", mælti hún hnuggin, "þangað liggur enginn vegur. — Ég steig út um kvistgluggann og gekk svo yfir þökin".

"Í þessu ofsaroki?" spurði hann og fölnaði. — "Felicitas, það er full ástæða til að óttast yður, þá er þér viljið framkvæma vilja yðar".

"Ég hafði um ekkert annað að velja".

"Því vilduð þér endilega ná í bókina?"

"Ég áleit, að ég hefði erft hana eftir Cordulu frænku. Hún hafði sagt við mig, að litla gráa skrínið — ég vissi ekkert, hvert inníhald þess var — yrði að deyja á undan sér. — Dauða hennar bar bráðan að, — og ég þóttist viss um, að skrínið væri til. — Það stóð í sama leyniskápnum, þar sem allir silfurgripirnir eru. — Ég gat ekki sagt til þeirra, nema þá um leið að koma skrininu í hendur óviðkomandi fólks".

"Veslings, veslings barn, yður hefir hlotið að líða mjög illa, — og nú er öll yðar hetjulega sjálfsafneitun til ónýtis, — því bókin er komin í óviðkomandi höndur".

"Ó, nei, nei! Þér gefið mér hana aftur!" — bað hún angistarfull.

"Felicitas!" mælti hann alvarlega og skipandi. "Nú verðið þér enn þá að svara tveimur spurningum, — og segja satt: Er yður kunnugt innihald bókarinnar?"

"Að sumu leyti, — ég hefi í dag lesið hana".

"Og kastar það skugga á minningu hinnar gömlu vinkonu yðar?"

Hún þagði. — Ef til vildi fékk hann henni bókina aftur, ef hún játaði þessu, — þá gat hún eyðilagt hana. En þá flekkaði hún líka minningu gömlu Cordulu, og staðfesti orðasveim manna.

Yður sæmir ekki, að hafa í frammi nein undanbrögð, — þó tilgangur yðar sé ef til vill góður", mælti hann hastur. — "Segið annaðhvort já eða nei".

"Nei".

"Ég átti von á því", mælti hann lágt. — "Verið nú skynsamar", bætti hann við, "og sættið yður við þó ég lesi bókina".

Hún fölnaði, en bað hann ekki lengur. "Gerið það, ef yður finst það sæma yður. Þér lesið leyndarmál, sem yður er ekki ætlað að vita. Þá er þér opnið þessa bók, eyðileggið þér þá fórn, er heilt mannslíf hefir verið lagt í sölurnar fyrir".

— "Þér berjist vel, Felicitas", mælti hann rólega. Og hefði ég ekki heyrt orð þau, er frændkona mín í bræði sinni hreytti í mig, þá hefði ég fengið yður þessa leyndardómsfullu bók aftur óséða. En nú vil ég og verð að vita, hvers konar svívirðing það er, sem hvílir á ætt minni, — og hafi vesalings einsetukonan getað varðveitt það, þá ætti ég einnig að hafa krafta til þess. — Ég er í tvöföldum skilningi neyddur til að rannsaka þetta. Ættingjar mínir við Rín eru auðsjáanlega við þetta riðnir, — ef til vill samsekir um eitthvert ódáðaverk. — Þó þér þegið, og lítið niður fyrir yður, sé ég að tilgáta mín er rétt. Frændkonu minni var ellaust kunnugt um þetta ættarheyksli, og þess vegna hefir henni orðið bilt við, að sjá það skrifað í gamla bók. — Ég skal jafna reikningana við þessa hræsnara! — Verið nú hughraustar, Fee!" mælti hann blíðlega og strauk hendinni um höfuð hennar. "Ég get ekki brevtt öðru vísi. — — Og þó þér að launum lofuðust til að verða mín, — þá yrði ég samt að segja nei".



Skemtun fyrir börnin.

Hún fæst með reiðhjólagjöf. Það lèttir og flýtir fyrir ferðalögum til bæjar, á pósthúsið, í búðina, eftir stykki í bindarann, eða til hvers annars er þörf gerist, — sem annars yrði að fara á hesti. Hugsið um þetta og kaupið beztu reiðhjól sem til eru:

CLEVELAND, BRANTFORD,
MASSEY, RAMBLER, PERFECT

Skrifið eftir upplýsingum.

Canada Cycle & Motor Co., Ltd., Winnipeg.
147 PRINCESS STREET. Heimsins Beztu Reiðhjóla-smiðir.

TILBOÐ

Hér með auglýsist, að byggja á nýtt skólahús í Big Point skólahéraðinu, No. 962. Stærð 32x24. Veggir þreialdir, þiljaðir innan. Hvelfing yfir. Vegghæð hússins er 12 fet og sperruraftar 16 fet.

Steingrunnur undir öllu húsinu, og undir því miðju eftir endilöngu. Allur á grunnurinn að vera 18 þumlunga þykkur og 12 þuml. hár.

Múrsteinsstrompur 16 feta hár.

Veggir tvímálist að utan. Alt efni til á staðnum.

Húsið verður að vera fullgert að öllu leyti ekki seinna en 31. júlí 1909.

Skriflegt tilboð um húsbyggingu þessa sendist undirrituðum fyrir 1. maí 1909.

Wild Oak P.O., Man.,
18. marz 1909.

INGIM. ÓLAFSSON,
Sec'y-Treas B.P.D.

C. O. F.

Court VÍNLAND, No. 1146, C. O. F., heldur fund í kvöld (fimtudagskveld 8. apríl), í Goodtemplara salnum á venjulegum tíma. Félagsmenn eru hér með mintir á, að koma, og greiða gjöld sín, þeir sem ekki hafa gert það nú þegar. Því eins og allir vita, en ýmsir virðast gleyma, er það, að greiða gjöld sín á réttum tíma eða fyrri, aðal skilyrðið fyrir því, að lífs og heilsu-ábyrgð hvers eins sé í gildi.

K. STEFANSSON, ritari.

FÁHEYRT TILBOÐ

Þann 12. þ.m. byrja ég að gefa þeim, sem það vilja, eina Coupon, sem gildir 50 cents hver með hverju eins dollars virði, sem keypt verður fyrir peninga hér í búðinni, og gef þær á þennan hátt meðan 3000 af þeim endast, alls $1500.00 virði: —

Þann 15. nóvember næstkomandi — sem er 20 ára afmæli mitt hér við verzlun — byrja ég að innleysa þessar Coupons með vörum, 50 cent hverja, ef þá fylgir hverri Coupon eins dollars verzlun fyrir peninga. Þessi viðskifti fást á öllum vörum hér í búðinni, nema sykri. Alment verð gildir á öllum vörum. Verkafólk og náin skyldmenni mín geta ekki fengið Coupons. Enginn, sem fær Coupons, má selja þær eða gefa til annara. Enginn einn fær innleyst meira enn 100 Coupons, eða 50 dollara virði. Engar Coupons verða innleystar eftir 31. desember næstkomandi.

Með kærri þökk fyrir 20 ára viðskifti.

S. Thorwaldson,
AKRA N. Dak., 2. apríl, '09

Veiði tími.

"Deer" má veiða frá 1. til 15. desember ár hvert. "Grouse", "Prairie Chicken" og "Partridge" frá 1. til 20. október. "Wild Duck" frá 1. september til 30. nóvember. Til frekari upplýsinga viðvíkjandi dýraveiðum sjá aukagreinar a., b., c., d., e., f., g., h. og i. í 3. grein veiðilaganna. — Um fuglaveiðar sjá aukagreinar a., b., c., d. og e. í 7. grein nefndra laga.

Aukagrein "e." krefst þess, að allir, sem heimilisfastir eru í bæjum og borgum, og sem óska að veiða dýr eða fugla, sem verndaðir eru með lögum, verði að kaupa veiðileyfi, sem kostar einn dollar.

Utanhéraðsmenn verða að fá veiðileyfi frá akururkju og innflutningsdeildinni til þess að mega skjóta, drepa meiða eða eyðileggja hvert það dýr eða fugl, sem nefnt er í veiðilögunum (sjá 24. og 25. greinar), ef þeir vilja komast hjá málsókn fyrir óleyfilegar veiðar.

Hver sá íbúi þessa fylkis, sem fylgir eða hjálpar utanhéraðsmanni til veiða án leyfis, verður á litinn jafnsekur um lagabrot, og látinn sæta hegningu. — Sérhver lögregluþjónn og dýraverndari skal skyldur að sjá um, að veiðilögum þessum sé framfylgt.

S. R. HUNTER & CO
Skraddarar,
189 Lombard Street

Búa til ný-móðins karlmannafatnaði eftir máli. — Efni og vinnubrögð afbeztu tegund, og alt ábyrgst að vera jafngildi þess bezta sem fáanlegt er í borginni. Verðið er við allra hæfi. —

S. R. Hunter & Co.
189 Lombard St.
Telephone 1395.

Skrautmyndir

Mjög vandaðar, stórar og fagrar, af skáldkónugunum íslenzku, Hallgrími Péturssyni og Jónasi Hallgrímssyni, fást hjá undirskrifuðum, önnur á 35c en báðar á 60c. Agæt stofuprýði.

ATH. — Þessir hafa þegar tekið að sér útsölu á myndunum: —

Friðrik Sveinsson, 618 Agnes St., Winnipeg; Wm. Anderson, 1797 7th Ave. W., Vancouver, B. C.; S. Bárðarson, R. F. D. 1, Box 90, Blaine, Wash.; Sigurður Johnson, Bantry (og Upham), N. Dak. Jóh. H. Húnfjörð, Brown. Man. OSThormodson, Pt.Robert, Wash J. G. Westdal, Minneota; Olafur G. Isfeld, Kristnes, Sask.; S.Pétursson, Arnes (og Nes), Man.; C.Christianson, Marshland, Man.; Sigurður Bjarnason, Big Quill (og Wynyard), Man; Konrad Sigtryggsson, Belmont, Man.

F. R. JOHNSON,
1419 W. 57th St., Seattle, Wash.

Það þarf að bíta.

Kæru landar, ef þið viljið fá vel skerptar sagirnar ykkar, þá komið þeim til mín, að 501 Beverly St. Líka skerpi ég skauta, skeggbnífa og allskonar eggjárn. — Alt fljótt og vel gert.

G. BERGÞÓRSSON,
501 Beverly St.

James Flett & Co.
PLUMBERS

Leiða Gas- Vatns- og Hitapípur í hús yðar, fyrir sanngjarnt verð. Verk vandað, fljótlega gert og ábyrgst.

572 Notre Dame Avenue
Telephone nr. okkar er 3380 eða 8539.

Woodbine Hotel
Stærsta Billiard Hall Norðvesturlandinu
Tíu Pool-borð.—Alskonar vín og vindlar
Lennon & Hebb,
Eigendur.

LAUSAVÍSUR

til skáldsins

J. Magnúsar Bjarnasonar

Ortar þá ég hafði lesið síðari hlutann af skáldsögu hans "Brasiliufararnir".

1. Í Suðurálfu bygð og bú,
Bragna ást og fljóða,
Meistarlega málar þú, —
Á málinu okkar góða.

2. Bókmentanna brosir vor,
Baðað hugar eldi.
Leiptra á hveli listaspor
Í ljóða og sagna veldi.

3. Rökkurdrungi er rénaður,
Roðar glóð á skýjum.
Ég sem fjaður fénaður
Fagna degi nýjum.

4. Skilnings gófug hugsjón há
Heima undir lagði,
Eins og elfar fjötrum frá
Sér fleygja á augabragði.

5. Sumar kemur, kalin rós
Köldum ris und fönnum.
Þú skalt eigið láta ljós
Lýsa fyrir mönnum.

6. Náttúrunnar stálkalt stríð
Styrkir sáðin falin,
Annars mundu ei blómin blíð
Brosa um hlíð og dalinn.

7. Drottins skóp oss ljós og lit,—
lýsti alla heima.
Hygðu ei að heilbrigt vit
Harðlæst megir geyma.

8. Ljósin tendrast lífs um geym,
Leiðir myrkra dvína.
Alskínandi okkar heim
Öðrum hnöttum sýna.

9. Stöndum fast í stílaröst,
Með stálin blá í mundum,
Þó heimurinn að oss hnútuköst
hefji í leyni stundum.

10. Ei þó bjóðist auraval,
Sem yfir margir hlakka,
Karlmannlega kvista skal
Krókódíl og rakka.

K. Ásg. Benediktsson.

Trúmála-deilan.

Í Sameiningunni 24. árg., No.1 (marz), hefir séra Runólfur Marteinsson ritað fagra og skáldlega grein, sem að nokkru leyti á að vera svar upp á ritgerð mína, sem birtist í Hkr. fyrir skemstu með nafninu: "Trúmálin og deiluefnið".

Ég álít, að tilgangi mínum með þeirri áminstu grein sé náð, sem aðallega var sá, að vekja alþýðuflokk vorn til alvarlegrar umhugsunar á þessari hörðu deilu, sem hér yfirstendur. Enda hafa nú fleiri en ég tekið opinberlega til máls í þessu máli. Og minn heiðraði vinur séra R.M. viðurkennir með sterkum og fögrum orðum, að deilan sé og eigi að vera jafnmikið áhuga og hjartansmál almennings, eins og nokkurra einstakra manna. Þetta þótti mér nú gott að fá að sjá í Sameiningunni, því þrátt fyrir allan frelsisglamrandann, sem hér á sér stað, þá munu margir hafa veigrað sér við að blanda sér út í þessa deilu, vegna þess — á undan öllu öðru — að þeir héldu, að þeir mættu ekki um málið fjalla, — það væri séreign prestanna.

Ég lagði alla áherzluna á það í grein minni, að menn væru ákvarðaðir og óskeikulir í sinni trúarskoðun, og það verður aldrei of oft brýnt fyrir neinum trúuðum manni, að vera allur, þar sem hann er. — Ég hefi engan beðið, að fylgja séra F. J. Bergmann að málum í trúarbaráttunni, sem yfir stendur, nema þá eina — menn og konur — sem fyrir hjartans sannfæring fylgja og aðhyllast hans kenningu. Alt annað en hjartans sannfæring í þessu efni, er tvöfalt tál. Tál fyrir séra F.J.B. að treysta nokkurn hlut á fylgi hálfvelgjuskaparins í sinni hjörð; og tál og sálartjón fyrir hvern einstakling, að vera hvergi ákveðinn í sinni trúarskoðun.

Sökum þess, að meðalhófið er svo undur vandratað, þá getur skeð, að ég hafi farið sumstaðar full-langt í grein minni, þegar alt er lagt á hárfína vog. En þó mun gallinn sá meiri, að ég hafi farið í vissum atriðum of skamt. Þar af leiðandi kemur það, að mér finst séra R.M. hálfpartinn misskilja mig, eða jafnvel draga heldur mikið úr minni grein í tekjudálkinn sín megin. Sama gæti ég ofurvel gert við ritgerð hans, sem hér liggur til grundvallar. Hann segir: "Vefurinn þeirra er fallegur, en það geta fundist á honum gloppur, ef vandlega er leitað. Uppistaðan er kærleikur, en fyrirvafið er jafnaðarmenska". Þetta er þá efnið, sem nýja kenningin (vantrúarmenn allir) heldur dauða haldi á, og vefur úr sínar sæluvonir eftir dauðann, hjá vorum himneska föður. Nákvæmlega sama uppistaðan og fyrirvafið, sem mikli meistarinn Jesús Kristur ól úr til fyrirmyndar og hjálpræðis öllum mönnum á sinni hervistartíð. En það að "gloppur" komi oft og iðulega á voðina hjá breyzk um og ófullkomnum mönnum, er ekkert nýtt eða undravert. Það eru einmitt þær, "gloppurnar", á trúarvefnum, sem valda öllum ágreiningnum, og hafa sífelt valdið, alt fram á þennan dag. Það eru götin og lykkjuföllin, sem úir og grúir af í vorri heilögu bók, bibliunni, og víða annarstaðar, sem að oss er haldið sem heilögum sannindum. Það er þetta, sem umbótamennirnir eru að reyna að rifa saman, af þeirri ástæðu, að hjartans sannfæring þeirra er sú, að guð almáttugur á himnum hafi aldrei gert neitt nema gott og fullkomið. En allar "gloppur" og öll glappaskot séu hugarsmíð ófullkominna manna.

Annað atriði í grein séra R.M., sem sérstaklega til mín kemur, og er all-þungt á metunum, er þannig lagað, að ég er næstum krafinn til að draga skýrt strik á milli trúarstefnu séra F.J.B. og Únitara trúar. Satt að segja, þá hvorki vil ég eða get gert neitt slíkt. Og það er varla sanngirni í þessari kröfu, hvað mig áhrærir. Væri ég í kennimannsstöðu, þá væri dálitið öðru máli að gegna. En ég segi þetta: Hvað ótal-margar trúarskoðanir eru ekki til í heiminum, sem öllum er haldið í full-trausti, og hafa gildandi sannfæringarkraft fyrir þúsundir og miliónir manna, sem þær dýrka og aðhyllast?

Ég veit, að minn heiðraði vinur séra R. M. heldur því fram, að ekki sé til nema að eins ein braut eða gata að dyrum himnaríkis. En ég get ekki og mun aldrei samþykkja það. Vegir liggja þangað frá öllum höfuðáttum heims, og öllum áttum þar á milli. Allir trú aðir menn eiga áttavitann í sínum helgustu hjartans tilfinningum. Og sumir fara eftir strykinu frá austri, en aðrir frá vestri, o.s.frv., en allir lenda að lokinni ferð að sama takmarkinu við náðardyr drottins vors og herra. Með öðrum orðum: Sumir treysta engu á sjálfs sins dygð og framferði, en heimta heilan skara af englum og helgum mönnum til fylgis og aðstoðar sér, og rangla svo, að því trausti fengnu eins og hugsunarlausar skepnur í allri þvögunni, frá vöggunni til grafarinnar. — Aðrir geta ekki hugsað neinn veg réttan til sælu himnaríkis annan enn þann, sem liggur í gegn um þá heiðinglegu hugsjón, að blóðfórn verði að friða og réttlæta alt við kærleiksríkan og algóðan guð á himnum, svo vér náum þar inn að ganga. — Þeir þriðju segja, að beinasti og hreinasti vegurinn sé sá, að treysta einum og sönnum kærleiksríkum guði, og sleppa aldrei af honum augunum. Látá ábyrgðina hvíla með mestum þunga á manns eigin herðum, og vanda svo líferni sitt fyrir guði og mönnum, að brestir og misfellur verði sem allra fæstar. Og til þess sé, ef til vill, kærleikur og jafnaðarmenska, einn þátturinn á milli hugsunar og framkvæmdar.

Þannig mætti halda áfram mikið lengur. Því hvað sem nú réttast er, og beinast og bezt, þá er sannleikurinn sá, að saman við alt er komið svo mikið af skáldskaparhugmyndum — mörgum ljómandi fögrum — að ég get ekki líkt trúarleið vorri til himnaríkis, eða vissunni um þangaðkomu vora við neitt líkara en það, að nokkur af frægustu skáldum heimsins færu nú að yrkja um vorið. Blessað vorið, sem er dagsbrún alsæld og gróðri, lífi og gleði, sem sumarið ber í skauti sínu. Öll þessi skáld skyldu nú gera framúrskarandi vel. Orð og hugmyndir væru ljómandi fagrar, og guði vorum væri gefin dýrðin og vegsemdin fyrir alt viðhald og tilhögun. Samt væru kvæðin að orðum og búning hvert öðru ólíkt. En list og íþrótt svo, að varla yrði á milli dæmt, hvort bezt væri. Þarna er rétta lýsingin frá minni hlið á trúarskoðununum, sem menn aðhyllast. Alt er náskylt hvað öðru, og alt lendir að lokum á sama áfangastað, hjá guði almáttugum, og hann einn er fær um að dæma, hvað réttast er.

Ég er ekki fáanlegur til þess, að hallmæla nokkrum manni, eða litilsvirða hann sökum hans trúarskoðana, og á engan hátt vil ég ræna eða særa hans trúarhelgidóm. Allir standa þar með sama rétti í mínum augum. Og ég tek það hér fram, að engin partiska eða löngun eftir að fara út í þann bardaga, er hér yfir stendur, réði hugsunum mínum í fyrri ritgerð minni. Ég líklega læt hér staðar nema, en tek það samt enn þá fram, að allir, sem standa þessari deilu — sem flestir eru — langtum nær en ég þarf að standa, vildu alvarlega athuga málið. Vera umfram alt ákveðnir í því, sem þeir aðhyllast og hjartans löngun þeirra og þrá er að berjast fyrir, á hvora hliðina sem er.

Það er margt fleira, sem ég hefði tekið til svars og íhugunar úr ritgerð séra R.M., ef ég hefði verulega ætlað mér að beita mér fyrir málið í fylstu alvöru. En ég ætla að sjá, hverju fram fer.

Lárus Guðmundsson.

LEIÐBEININGAR--SKRÁ
YFIR ÁREIÐANLEGA VERZLUNARMENN Í WINNIPEG

MUSIC OG HLJÓÐFÆRI

CROSS, GOULDING & SKINNER, LTD.
323 Portage Ave. Talsími 4413

MASON & RISCH PIANO CO., LTD.
356 Main Stree Talsími 480
W. Alfred Albert, Íslenzkur umboðsmaður

WHALEY ROYCE & CO.
356 Main St. Phone 263
W. Alfred Albert, búðarþjónn.

BYGGINGA- og ELDIVIÐUR.

J. D. McARTHUR CO., LTD.
Byggingar- og Eldiviður í heildsölu og smásölu.
Sölust: Princess og Higgins Tals. 3060, 5061, 5062

MYNDASMIÐIR.

G. H. LLEWELLIN,
"Medallions" og Myndarammar
Starfstofa Horni Park St. og Logan Avenue

SKÓTAU Í HEILDSÖLU.

AMES HOLDEN, LIMITED.
Princess & McDermott. Winnipeg.

THOS. RYAN & CO.
Allskonar Skótau. 44 Princess St.

THE Wm. A. MARSH CO. WESTERN LTD.
Framleiðendur af Finu Skótau. Talsími: 3710
88 Princess St. "High Merit" Marsh Skór

RAFMAGNSVÉLAR OG ÁHÖLD

JAMES STUART ELECTRIC CO.
324 Smith St. Talsímar: 3447 og 7802
Fullar byrgðir af alskonar vélum.

GOODYEAR ELECTRIC CO.
Kellogg's Talsímar og öll þarafölt, áhöld
Talsími 3023. 56 Albert St.

RAFMAGNS AKKOKÐSMENN

MODERN ELECTRIC CO
412 Portage Ave Talsími: 5658
Viðgjörð og Vír-lagning — allskonar.

BYGGINGA - EFNI.

JOHN GUNN & SONS
Talsími 1277 266 Jarvis Ave.
Höfum bezta Stein, Kalk, Cement, Sand o. fl.

THOMAS BLACK
Selur Járnvöru og Byggingaefni allskonar
76—82 Lombard St. Talsími 600

THE WINNIPEG SUPPLY CO., LTD.
298 Rietta St. Talsímar: 1936 & 2187
Kalk, Steinn, Cement, Sand og Möl

BYGGINGAMEISTARAR.

J. H. G. RUSSELL
Byggingameistari.
í Silvester-Willson byggingunni. Tals: 1068

PAUL M. CLEMENS
Byggingar - Meistari, 445 Maryland St.
Skrifst.: Argyle Bldg., Garry st. Talsími 5997

BRAS- og RUBBER-STIMPLAR

MANITOBA STENCIL & STAMP WORKS
421 Main St. Talsími 1880 P. O. Box 244.
Búum til allskonar Stimpla úr málmi og togleðri

VÍNSÖLUMENN

GEO. VELIE,
Heildsölu Vínsali. 185, 187 Portage Ave. E.
Smá-sölu talsími 352. Stór-sölu talsími 681.

STOCKS & BONDS

W. SANFORD EVANS CO.
326 Nýja Grain Exchange Talsími 3696

ACCOUNTANTS & AUDITORS

A. A. JACKSON,
Accountant and Auditor
Skrifst.—28 Merchants Bank. Tals.: 5702

OLÍA, HJÓLÁS-FEITI OG FL.

WINNIPEG OIL COMPANY, LTD.
Búa til Stein Olíu, Gasoline og hjólás-ábiræð
Talsími 1590 611 Ashdown Block

TIMBUR og BÚLÖND

THOS. OYSTAD, 208 Kennedy Bldg.
Viður í vagnhlössum til notenda, búlönd til sölu

PIPE & BOILER COVERING

GREAT WEST PIPE COVERING CO.
132 Lombard Street.

VÍRGIRÐINGAR.

THE GREAT WEST WIRE FENCE CO., LTD
Alskonar virgirðingar fyrir bændur og borgara.
76 Lombard St. Winnipeg.

ELDAVÉLAR O. FL.

McCLARY'S, Winnipeg.
Stærstu framleiðendur í Canada af Stóm, Steinvöru (Granitewares) og fl.

ÁLNAVARA Í HEILDSÖLU.

R. J. WHITLA & CO., LIMITED
264 McDermott Ave Winnipeg
"King of the Road" OVERALLS.

BILLIARD & POOL TABLES.

W. A. CARSON
P. O. Box 225 Room 4 í Nelson Banka.
Öll nauðsynleg áhöld. Ég gjöri við Pool-borð

NÁLAR.

JOHN RANTON
203 Hammond Block Talsími 4639
Sendið strax eftir Verðlista og Sýnishornum.

GASOLINE Vélar og Brunnborar

ONTARIO WIND ENGINE and PUMP CO. LTD
301 Chamber St. Sími: 2265
Vindmillur — Pumpur — agætar Vélar.

BLÓM OG SÖNGFUGLAR

JAMES BIRCH
442 Notre Dame Ave. Talsími 2638
BLÓM — allskonar. Söng fuglar o. fl.

BANKARAR, GUFUSKIPA AGENTR.

ALLOWAY & CHAMPION
North End Branch: 667 Main street
Vér seljum Avísanir borganlegar á Íslandi

LÆKNA OG SPITALAAHÖLD

CHANDLER & FISHER, LIMITED
Lækna og Dýralækna áhöld, og hospítala áhöld
185 Lombard St., Winnipeg. Man.

Til Kr. Ásg. Benediktssonar.

Sæll Kristján Ásgeir: —

Ritdómur þinn í síðasta blaði Heimskringlu um "Ofurefli" E.H. er að mínu áliti sá langbezti af þeim fáu, sem borist hafa í blöðunum austan hafs og vestan. Hefði hann mátt vera miklu lengri, og enn dýpra í árina tekið sumstaðar. Dómur þinn er auðsjáanlega ritaður af viti og þekkingu á skáldsögum og bók þessari. En þeir eru fáir hér vestra, er kunna að dæma um skáldskap eða sögur.

Þinn einl. Íslendingur.

23. marz 1909 A.A.

Vilborg Guðmundsdóttir, Johnson.

Þú móðir ert mér horfin —
af mannlífs hálu strönd,
með örmum fæ ei faðmað,
því forlaganna bönd
þig hrifu á burtu héðan
með harðneskjunnar vönd,
vér trúum samt að sértu
í sælu drottins hönd.

Þín hönd var styrk að stríða
í stormum lífs á braut.
Þú kunnir eigi að kvíða,
þótt kæmist oft í þraut.
Þér alt af fanst það unun,
að efla kærleiks braut,
og margsinnis að minnast
á máttugt föður skaut.

Úr stormum lífs er liðin,
sem lærðir fósturmál.
Með ástarorðum hlýjum,
þú efldir líf og sál.
Það bros á vörum barstu,
sem börn þín fundu ei tál,
því ástkær, einlæg varstu. —
Þín inndæl lifir sál!

W. G. Johnson

Stærri New York.

Bæjarstjórnin þar hefir ákveðið að verja 500 miliónum dala til umbóta í borginni, eins ört og hægt er að fullgera fyrirhuguð störf. Tilgangur borgarstjórnarinnar er, að verja öllu þessu feikna fé aðallega til bættra samgöngufæra í borginni, og til þess enn betur að tengja New York borg við Brooklyn og Manhattan. Samkvæmt yfirlýsingu borgarráðsins, sem út var gefin þann 20. marz, þá hefir mikið af þeirri vinnu þegar verið byrjað, sem þetta fé á að ganga til. Meðal annars á að gera neðanjarðargöng á Lexington Avenue og norður í norðurjaðar borgarinnar, og tengjast þar öðrum neðanjarðargöngum, sem þegar eru fullgerð. Verða þá krossmynduð neðanjarðargöng undir aðal verzlunarhluta borgarinnar, en það er talinn þéttbygðasti hlutinn, sem til er í allri Ameriku. Í göngum þessum verða fjórar sporbrautir til fólks og vöruflutninga, og að auki gangtraðir fyrir fólk. Sporbrautir eiga og að leggjast meðfram Manhattan vatnsbakkanum, til fólks og vöruflutninga frá og til allra skipa er þangað ganga og járnbrautastöðva borgarinnar. Áttatíu miliónir dala eru áætlaðar til þess að gera gangtraðir neðanjarðar um alla borgina, þar sem mest er umferðin. Neðanjarðargöng á og að gera yfir til Brooklyn og Coney eyjar. Fyrir það verk, sem þegar er búið að semja um á þessum göngum, hefir bæjarstjórnin áætlað 16 miliónir dala, og önnur jarðgöng á að gera frá Fjórðu Ave. til Coney eyjar. Brýr nokkrar á og að gera, sem ætlað er að kosti 35 miliónir dala, og síðast en ekki síst, eru göng mikil undir ána, en kostnaður við það óákveðinn.

Samvizkubit ásótti nýlega Joseph Brown til heimilis á Selkirk Ave. hér í borginni. Hann lá á sjúkrahúsi í Guelph, Ontario, fyrir 27 árum. En meðan hann var þar, tók hann eitt "Pie" umfram það, sem honum var skamtað, og át það. Þetta atvik hefir svo slegið samvizku mannsins, að hann hefir rétt nýlega ritað ráðskonu spítalans bréf og játað þessa synd sína, og sent spítalanum 10 cents, sem fullnaðarborgun fyrir "Pie"-ið. En það tók hann 27 ár, að ráða það við sig að borga þessi 10 cents.

ALDREI VERÐUR GERÐ STERKARI VÉL EN MAGNET RJÓMA-SKILVINDAN.



ALLIR PARTAR, frá rjómaskrúfunni að vélfætinum, eru eins traust lega gerðir eins og menn og efni geta gert. Hvergi hefir verið dregið úr traustleika nokkurs hlutar til þess að geta kept við ódýru vélarnar. Þvert á móti er vor vél þannig, að hún aðskilur betur, er fljótar hreinsuð og léttari að snúa og endingarbetri en nokkur önnur vél í heimi.

MAGNET endist mannsaldur og þarf minni aðgerðar en aðrar vélar

Skálin er stór, studd frá báðum hliðum (MAGNET patent). Eitt stykkið gerir aðskilnaðinn og siar allan óhroða frá rjóma og mjólk. 'Brake' stöðvar vélina á 8 sekundum. MAGNET aðskilur hvar sem hún er sett, á gólf eða jörð. Engin þörf á verkfærum eða 'level' til að setja MAGNET upp. Þeir, sem eiga auðhreinsuðu MAGNET vélina hafa 12 daga verksparnað á ári. — Sendið oss póstspjald og vér skulum sýna að MAGNET vinnur eins og vér lýsum því.

The Petrie Mfg. Co., Limited
WINNIPEG
HAMILTON. ST. JOHN. REGINA. CALGARY.

Fréttir úr bænum.

Blaðið Winnipeg Telegram getur þess þann 1. april, að íslenzku þingforsetarnir þrir hafi átt tal við Danakonung í höll hans þann 30. marz. Hafði þá Kristján Jónsson yfirdómari sagt konungi, að 99 af hverju 100 Íslendinga væru andvígir aðskilnaði. Þeir óskuðu framhaldandi sambandi við konung, en kreféust jafnframt, að hafa fullveldi í öllum þeim málum, sem Ísland varðaði sérstaklega þess vegna hefði þjóðin neitað að samþykkja frumvarp það, sem millilandanefndin hefði komið sér saman um. Hann kvað það einróma ósk íslenzku þjóðarinnar, að fá fullveldi allra sinna mála, og að ekkert annað væri henni þóknanlegt. — Í umræðum við blaðamenn höfðu þingforsetarnir látið þess getið, að þeir byggjust ekki við að af samkomulagi mundi verða að þessu sinni.

Heimskringla hefir fengið eftirrit af bréfi, sem ráðgjafi sjó- og fiskimála í Ottawa hefir ritað hr. Geo. H. Bradbury, þingmanni Selkirk kjördæmisins, þar sem ráðgjafinn lofar, að láta byggja vita á bryggjunni í Gimli bæ. En það tekur ráðgjafinn fram í sama bréfi að beiðni herra Bradbury um, að vitar verði settir upp í Selkirk, Hnausa og í Gull Harbor í Mikley geti ekki orðið tekin til greina.

Gimlibúar mega því búast við ljósi á bryggjunni þar bráðlega, og á herra Bradbury þakkir skyldar fyrir það, hve röggsamlega hann gengur að því, að fá umbætur gerðar í kjördæmi sínu.

Herra Þórður Bjarnason, frá Selkirk, sem ferðaðist til Álptavatnsnýlendunnar og dvaldi þar vikutíma nú fyrir skömmu, kom þaðan að vestan um síðustu helgi. Þórður lætur sérlega vel af þeim einkar hlýju viðtökum, sem hann mætti þar hvervétna meðal Íslendinga, og hefir beðið Heimskringlu, að færa þeim, einum og öllum, sinar alúðarfýlstu þakkir. Hann nefnir sérstaklega þá herra Jón Sigurðsson á Geysir, Guðm. Guðmundsson á Borgum og Magnús Bjarnason að Cold Springs. Hjá hinum síðastnefnda mætti hann mestum velgerðum, enda hafði aðsetur hjá honum meðan hann dvaldi þar í bygð. Þórður kom hér á skrifstofuna, þegar hann fór vestur, en sökum anna urðu viðræður þá of stuttar til þess að þeirra væri getið.

Til bæjarins kom fyrra þriðjudag Mrs. Ása Kristjánsson, kona Arngrims Kristjánssonar, að Thingvalla, Sask. Hún er hér að leita sér lækninga við innvortis sjúkdómi, sem hún hefir þjáðst af í nokkur undanfarin ár. Hún fór á Almenna spítalann á föstudaginn var til áppskurðar, undir umsjón Dr. Brandssonar. Hún gekk undir uppskurð á laugardaginn var, og er nú á góðum batavegi.

Þann 29. marz sl. gaf sér Jón Bjarnason saman í hjónaband þau herra Gustav Anderson, frá Maidstone, Sask., og ungfrú Margrétu Björnsson, héðan úr bænum. Brúðkaupið fór fram að heimili þeirra Mr. og Mrs. Sveins Pálmasonar, að 677 Agnes St. Brúðhjónin héldu vestur á heimilisréttarland brúðgumans þann 31. marz. Heimskringla árnar brúðhjónunum allra heilla.

Þeir herra Joseph Walters, frá Gardar, og Jónas Hall, frá Edinburgh, N. D., voru hér í kynnisför í sl. viku, og létu vel af ástandi landa vorra þar syðra.

Phippen dómari hér í borg hefir sagt af sér dómara embættinu, og ætlar í þess stað að stunda lögmannsstörf eins og hann áður gerði. Sagt að hann sé ráðinn í þjónustu þeirra McKenzie og Mann

Herra J. K. Johnson, frá Mikley, var hér á ferð í sl. viku. Hann hafði ferðast vestur að Manitobavatni, og var um leið að veita móttöku lífsábyrgð eftir Ásgeir bróður sinn, er lézt á sl. hausti. Herra Johnson segir líðan góða þar nyrðra. Mislingar hölðu gert vart við sig á einstaka heimili þar, en voru vægir. Fiskiafli á sl. vetri hafði verið með langbezta móti, svo að útgerðin borgaði sig vel fyrir þá, sem fiskuðu við Mikley.

Allir íslenzkir Conservatives eru ámintir um, að sækja síðustu vetrarsamkomu Conservative klúbbsins klukkan 8 á mánudagskveldið kemur. Sjá auglýsingu á 1. bls.

Loftsiglingafélag — það fyrsta í Canada — var myndað hér í Winnipeg þann 1. april, og gengu tuttugu og fimm menn strax í félagið.

Herra A. J. Johnson kom heim aftur á laugardaginn var úr ferð sinni til Minneapolis, St. Paul, Chicago, Toronto og Niagara Falls. — Væntanlega ritar hann bráðlega um ferð sína og það sem fyrir augun bar á þessari leið.

Nýtt blað, nefnt "Tuttugasta öldin", eru einhverjir Íslendingar farnir að gefa út hér í borg. Ekki láta þeir nafns sins getið. Blaðið er lítið og að mestu auglýsingar.

Næsti fundur Menningarfélagsins verður haldinn miðvikudagskveldið þann 14. þ.m. Þá flytur herra A. J. Johnson erindi. Efni: TVEIR SUMARGAUKAR. — Fjölmennið og komið í tíma.

Herra Jóhannes Ólafsson, frá Gimli, var hér á ferð í sl. viku, áleiðis vestur til Mimir, Sask., til að taka sér þar heimilisréttarland. Hann býst við að verða þar um næstu 6 mánuði, fyrst um sinn, og máske áfram, með því að tveir sýnir hans eru þar vestra, sem báðir hafa þar eigin bújarðir.

Þeir Pétur Magnússon og Sigurður Th. Kristjánsson frá Gimli voru hér á ferð í síðustu viku. Þeir létu vel af líðan Gimlibúa. Hr. Magnússon var að kaupa múrstein, kalk og sement og steinsteypuvél, að steypa húsaefni, og hefir það alt til sölu í sumar á Gimli, og óskar eftir verki og viðskiftum á Gimli og grendinni.

Íslendingar í Norður Dakota eru beðnir að lesa auglýsingu herra S. Thorwaldsonar, að Akra, N. D., í þessu blaði. Hann ætlar að halda upp á tvítugs verzlunarafmæli sitt á þann hátt, sem konungar gerðu í gamla daga, að leysa gesti sína úr garði með góðum gjöfum. — Íslendingar ættu að finna Thorwaldson og nota sér gjafmildi hans

Herra Stefán G. Guðmundsson, póstmeistari að Árdal, var hér á ferð í þessari viku, til að sækja skildinga til C.P.R. félagsins fyrir land, sem hann seldi því til járnbrautaþarfa.

Húsasmiðum í Winnipeg er bent á, að lesa tilboð það, sem auglýst er í þessu blaði um skólahússsmíði á Big Point við Manitobavatn. Einhverjir þeirra ættu að gera tilboð í það hússmíði. Borgun er vís.

HANGID KJÖT hafa þeir Eggertson og Hinriksson, kjötsalar á horni Wellington og Victor stræta. — Þeir, sem vildu minnast páskahátíðarinnar á sunnudaginn kemur með sverasta hangikjötsáti, ættu að finna þá félaga og fá hjá þeim ærlegan bita. Kjötið er ágætt og ódýrt, en borgist út í hönd.

Herra H. Kristjánsson, frá Stonewall var í bænum þessa viku Hann selur hér búsafurðir, svo sem smjör, egg og garðávexti. — Hann tók um leið 2 lönd vestur í Shoal Lake, og ætlar að flytja þangað næsta sumar.

SPURNING. — Á tekur að sér, að leigja húseign fyrir Ç., og á að fá 5 prósent af leigunni. A. leigir nú húseign þessa um nokkur ár, en sleppir burt mönnum, án þess þeir hafi borgað 2 til 3 mánaða húsaleigu. Hver á að líða skaðann? Forvitinn.

SVAR. — Húseigandinn, að sjálfsögðu. Ritstj.

Hr. Hermann F. Bjerring kom til bæjarins nýlega frá Narrows, þar sem hann hefir verið um 6 mánuði við fiskiveiðar. Hann fer fljótlega til baka, og biður fólk að skrifa addressu sína í sumar að Narrows P.O., Man.

Herra Carl F. Lindal, sem hefir verið 2 ár lögregluþjónn í þessum bæ, hætti því starfi 1. þ.m., og fer alfarinn vestur í Shoal Lake. — Hann er Íslendingum hér að góðu kunnur, og hefir komið sér mæta vel í stöðu sinni, verið einn röskasti og áreiðanlegasti lögregluþjónn í bænum. Hann hefir tekið um 200 menn fasta, en engan Íslending hefir hann þurft að taka á götum þessa bæjar.

Kvenfélagið GLEYM MÉR EI ætlar að hafa danssamkomu í borðstofunni á Fort Rouge Hotel á Sumardaginn fyrsta, kl. 8 að kveldinu. Veitingar verða þar fríar og kvenfélagið vonar, að íslenzkir dansendur í þessum bæ fjölmenni á þessa samkomu. Aðgangur er 25c fyrir hvern, óg ágóðanum verður varið til styrktar fátæklingum. "Gleym mér ei" félagið verðskuldar, að samkoma þess verði vel sótt. Fátæklingarnir hafa hag af því.

Herra Sam. Johnson, frá Portage la Prairie, var hér á ferð í þessari viku. Hann hefir dvalið þar síðastliðin 10 ár. Hann hefir þar skemtibáta útgerð á sumrum, en stundar fiskiveiðar á veturna í Manitobavatni. Í þessum áðurnefnda bæ er að eins einn annar Íslendingur, Páll Nordal, sem vinnur á járnbraut. Um 80 manns hafa unnið að því í vetur, að stýfla Assiniboine ána, og veita henni í vor inn í bátatjörnina, sem á að verða 3 mílur á lengd og ½ á breidd. Um 7000 íbúar eru í Portage la Prairie.

Byggingaviður hefir hækkað talsvert í verði hér í borg í sl. mánuði. Kjöt hefir einnig hækkað.

Í orði er, að ný talsímastöð verði bráðlega bygð á Sherbrooke St. hér í borg, milli Portage og Ellice Ave.

Kven-skór $2.50 til $3.00

Vorir ÞRIGGJA DOLLARA OG FIMTÍU CENTA og ÞRIGGJA DOLLARA Kvenskór opna jafnan augun á þeim konum, sem ekki hafa áður séð það óviðjafnanlega Skó Kjörverð, sem vér bjóðum á þessu vori.

Þessir skór eru alt eins útlitsgóðir og dýrari tegundirnar.

Ryan-Devlin Shoe Co
494 MAIN ST. PHONE 770.

Allsherjar fundur

Íslenzkra Timbursmiða í Winnipeg verður haldinn í Goodtemplarasalnum, McGee St. og Sargent Ave., þriðjudaginn þann 13. þessa mánaðar kl. 8 að kveldi.

Nokkrir ræðumenn ávarpa fundinn. Ræðurnar verða um máleini, sem timbursmiði þessa bæjar sérstaklega varðar. — Sérhver vinnandi timbursmiður ætti að gera sitt ítrasta til, að vera viðstaddur á þessum fundi.

C. J. Harding,
Organizer.

DR. H. R. ROSS
C.P.R. meðala- og skurðlækuir.
Sjúkdómum kvenna og barna veitt sérstök umönnun.
WYNYARD, — SASK.

Jónas Pálsson,
SÖNGFRÆÐINGUR,
Útvegar vönduð og ódýr hljóðfæri.
460 Victor St. Talsími 6803.

Nýji Vor-fatnaðurinn þinn.

EF HANN KEMUR FRÁ CLEMENT'S — ÞÁ ER HANN RÉTTUR

Réttur að efni, réttur í sniði réttur í áferð og réttur í verði.

Vér höfum miklar byrgðir af fegurstu og beztu fataefnum. —

Geo. Clements & Son
Stofnað árið 1874
264 Portage Ave. Rétt hjá FreePress

Th. JOHNSON
JEWELER
286 Main St. Talsími: 6606

JOHN ERZINGER
TÓBAKS-KAUPMAÐUR.
Erzinger's skorið reyktóbak $1.00 pundið
Hér fást allar neftóbaks-tegundir. Óska eftir bréfum pöntunum.
McINTYRE BLK., Main St., Winnipeg
Heildsala og smásala.

Dr. G. J. Gislason,
Physician and Surgeon
Wellington Blk, - Grand Forks, N.Dak
Sjerstakt athygli veitt AUGNA, EYRNA, KVERKA og NEF SJÚKDÓMUM.

Drs. Ekern & Marsden,
Sérfræðislæknar í Efturfylgjandi greinum: — Augnasjúkdómum, Eyrnasjúkdómum, Nasasjúkdóm um og Kverkasjúkdómum.
Í Platky Byggingunni í Bænum
Grand Forks, :: N. Dak.

Eldiviður
Þurt Tamarak $5.50
KORÐIÐ.
Vér óskum að þér reynið 1 kord.
J. G. Hargrave & Co.
334 MAIN ST.
Phones:—431—432 og 2431

S. F. Ólafsson
619 Agnes St. selur Tamarac fyrir $5.50 og $5.75 gegn borgun út í hönd.
Telephone: 7812

F. Deluca
Verzlar með matvöru, aldini, smá-kökur, allskonar sætindi, mjólk og rjóma, sönul. tóbak og vindla. Óskar viðskifta Íslend. Heitt kaffi eða te á öllum tímum. Fón 7756
Tvær búðir:
587 Notre Dame og 714 Maryland St.

Boyd's Brauð.
Brauð vor eru stór, full þyngd, létt, sæt og vel bökuð; þau eru gerð úr bezta Vestur-Canada hveiti og er saðsamasta brauð sem selt er í Winnipeg. Biðjið matsalann um þau eða símið til vor. Vér keirum þau daglega heim til kaupenda. —
Boyd's
Bakery Cor. Spence & Portage Ave
Phone 1030.

BILDFELL & PAULSON
Union Bank 5th Floor, No. 520
selja hús og lóðir og annast þar að lútandi störf; útvegar peningalán o. fl.
Tel.: 2685

J. L. M. THOMSON, M.A., L.L.B.
LÖGFRÆÐINGUR. 255½ Portage Ave.

ARNI ANDERSON Íslenzkur lögmaðr
Í félagi með
Hudson, Howell, Ormond & Marlatt
Barristers, Solicitors, etc.
Winnipeg, Man.
13-18 Merchants Bank Bldg. Phone 3621, 3622

BONNAR, HARTLEY & MANAHAN
Lögfræðingar og Landskjala Semjarar
Suite 7, Nanton Block, Winnipeg

Hubbard, Hannesson and Ross
LÖGFRÆÐINGAR
10 Bank of Hamilton Chambers
Tel. 378 Winnipeg

A. S. BARDAL
Selur líkkistur og annast um útfarir. Allur útbúnaður sá bezti. Enfremur selur hann alskonar minnisvarða og legsteina.
121 Nena St. Phone 306

Íslenzkur Tannsmiður,
Tennur festar í með Plötum eða Plötulausar. Og tennur eru dregnar sársaukalaust með Dr. Mordens sársaukalausu aðferð
Dr. W. Clarence — Tannlæknir.
Sigurður Davíðson—Tannsmiður.
620½ Main St.
Phone 470 Horni Logan Ave.

KOL OG VIDUR
Þur, beinharður eldiviður, — Poplar, Pine, og Tamarac með mjög sanngjörnu verði. — Nú sem stendur verið að afferma mörg vagnhlöss af BEZTA DAUPHIN TAMARAC. —
McElroy Bros.
Cor. Sherbrooke & Ellice
PHONE: 6612

W. R. FOWLER A. PIERCY.

Royal Optical Co.
327 Portage Ave. Talsími 7286.
Allar nútíðar aðferðir eru notaðar við augn-skoðun hjá þeim, þar með hin nýja aðferð, Skugga-skoðun, sem gjöreyðir öllum ágiskunum. —

Laing Brothers
3 Búðir:
234-6-8 KING ST. Talsími 4476, 5860, 5891
417 McMILLAN AVENUE Talsími 5598
847 MAIN ST. — Tala: 3016

Hafrar, Hey, Strá,
COUNTRY SHORTS, BRAN, CORN, CORN CHOP, BYGG CHOP, HVEITI CHOP, OG GARÐÁVEXTIR.
Vér höfum bezta úrval gripafóðurs í þessari borg; fljót afgreiðsla

PIANO RECITAL

haldur Mr. S. K. HALL með lærisveinum sínum, í Good Templara húsinu, Mánudagskveldið

12. Apríl, 1909.

Mrs. S. K. Hall syngur nokkur lög.

PROGRAMME

1 Piano Duet ..... Semiramis ..... Rossini
Miss Edith Oxenham. Harold Allbutt.
2 Two Pianos.... Sonata in C. 3rd movement .... Mozart—Grieg
1st Piano Miss Frederickson. 2nd Piano S. K. Hall.
3 Chansonette ..... Wittich
Miss Louise Oliver.
4 Scarf Dance ..... Chaminade
Miss Ella Campbell.
5 German Dance ..... No. III ..... Beethoven—Siess
Miss Laura Blöndal.
6 Soprano Solo ..... The Secret ..... Woodman
Mrs. S. K. Hall.
7 Nocturne ..... Batiste
Harold Allbutt.
8 Barcarolle, Op 85 ..... Nevin
Miss Roony Thorarinson
9 4th Barcarolle ..... Godard
Miss Edith Oxenham.
10 Two Pianos — Sonata in G. 1st movement. Mozart—Grieg
1st Piano Miss Emma Johanneson 2nd Piano S. K. Hall
11 Birds Greeting .....
Miss Laura Blöndal
12 Country Dance ..... No. III ..... Beethoven — Siess
Miss Emma Johanneson.
13 Caprice, op. 180 ..... Lack
Harold Allbutt.
14 Mazurka ..... Lange
Miss Edith Oxenham.
15 Soprano Solo ..... Slumber Song ..... Gounod
Mrs. S. K. Hall.
16 Two Pianos.... Fautosie Le Huguenots.... Meyerbeer — Voss
1st Piano Miss Jenny Olafson. 2nd Piano S. K. Hall.

McKenzie's UTSŒÐI.

FRŒIN SEM BERA NAFN MEÐ RENTU. ÞRUNGIN AF FYLSTA FRJÓMAGNI. — VANDAÐ ÚRVAL. — BEZT FYRIR VESTURLANDIÐ.—

Þegar vandlátustu og langflestu frækaupendur þessagóða Vesturlands heimta einhuga

McKenzie's Hreinu Frœ

Þá hafið þér vissu fyrir að verðleiki og gæði aðeins, gætu áunnið svo einróma meðmæli. Skrifið oss eftir stórri bók um allskonar Fræ til að rækta garðávexti, blóm, korn og gras. —

ALLAR BETRI VERZLANIR SELJA VOR FRÆ. EF ÞAÐ FÆST EKKI HJÁ KAUPMANNI YÐAR ÞÁ SKRIFIÐ OSS

A. E. McKENZIE CO., LTD.
BRANDON, MAN. OG CALGARY, ALTA.
VESTURLANDSINS MESTU OG BEZTU FRÆSALAR.

LAND

Vér höfum nýlega fengið til sölu yfir 30 fleytiskóg-fjórðungs. Liggjandi að Oakland brautar C. N. R. félaginu. Verðið er frá $5.00 til $12.00 hver ekra. Ekkert af löndum þessum eru meir en 5 mílur frá járnbrautinni.

Skuli Hansson & Co.

Skrifst. Telefón 8476. Heimilis Telefón 2774

Heimskringla.

Alt landið

er ábyrgst að vera jarðyrkju land af bestu tegund, og fæst keypt með vægum afborgunar skilmálum. (N.B.—Lesið fyrripart þessarar augl. viðstraumegin við Hkr. nafn.)

Frekari upplýsingar veita

Skuli Hansson & Co.

56 Tribune Building. Winnipeg.

XXIII. ÁR. WINNIPEG, MANITOBA, FIMTUDAGINN, 15. APRÍL, 1909 NR. 29

Vorið er komið

og eftir hverri götu og fyrir hvert horn þeytast allir á reiðhjóli. Flestir á hinu gamla og góða BRANTFORD hjóli

Einusinni enn læt ég þann boðskap útganga, að ég sel þessi ágætu reiðhjól. Kaupið ekki fyr en þér hafið fundið eða skrifað mér.

Utanbæjar fólk! Skrifið eftir bæklingi er sýnir yður hjólin, mismunandi stærðir og gerð. Só nauðsýnlegt getið þér pantað alla hjólparta frá mér. Borgun fylgi pöntunum. Skrifið til

West End Bicycle Shop,

JON THORSTEINSSON, eigandi.

477 PORTAGE AVE. Winnipeg, Man.

Fregnsafn.

Markverðustu viðburðir hvaðanæfa.

Kerruhjóla hattar kvenna á Svisslandi eru með lögum gerðir útlagir. Konur þar í landi hafa tekið upp þann sið, að brúka afar barðastóra hatta. Stjórnin þar í landi hefir séð þann kost vænstan, að takmarka stærð kvenhattanna með lögum. Hver sú kona, sem hefir barðastærri hatt en svo, að hann sé 30 þuml. að þvermáli, fær ekki að ferðast með járnbrautum landsins í almennum fólksflutningsvögnum, heldur verða þær að afhenda brautaþjónunum hatta sína, svo þeir verði fluttir á vöruflutningsvögnum, en konurnar verða þá sjálfar að vera berhöfðaðar í fólksflutninga vögnunum. Að öðrum kosti verða þær að hafast við í farangursvögnum hjá "kerruhjóla" höttunum sínum.

— Sir Wilfrid Laurier ætlar að ferðast til Englands að afstöðnu þingi til þess að ræða við stjórn Breta um hverja varnar aðferð Canada eigi að viðhafa til þess að verjast árásum og jafnframt til þess, að geta hjálpað Engalndi, ef til óríðar kæmi við eitthvert stórveldi heimsins. Búist er við, að 3 eða 4 af ráðgjöfum Lauriers muni fylgjast með honum til Englands.

— New South Wales og Victoria í Ástralíu hafa boðið Englandi, að gefa því eitt öflugt vigskip af beztu tegund. Ætlað er, að Ástralíu fylkin öll muni gefa 4 eða máske 5 vígskip til Englands. þau eiga öll að vera af traustustu gerð og kosta sem næst 10 miliónir dala hvert skip.

— Hvirfilvindur æddi yfir hluta af Bandaríkjunum þann 7. þ.m., og gerði mikið eignatjón og nokkurt manntjón. Mest varð tjónið í Mississippi, Arkansas, Tennessee og Kentucky ríkjunum. Í Tennessee létu tólf eða þrettán manns líf sitt og margir meiddust. þar féll vagnstöð Illinois Central brautarinnar til grunna. Margar kirkjur og skólahús ýmist hrundu eða stórskemdust.

— Great Northern járnbrautarfélagið hefir fastákveðið, að sagt er, að leggja braut sína til Winnipeg í sumar og hafa því verki lokið í haust, svo brautin geti tekið til starfa milli Winnipeg og Duluth í byrjun september næstk. — Járnbrautarstöðin á að byggjast á Paulin St., og tveir "Subways" verða bygðir á Nena og Isabel strætum, til þess að sporin geti legið á jafnsléttu um borgina.

— Merkilegt atvik kom fyrir í Frankfort á Þýzkalandi. Maður einn hafði tapað hundi sínum, og grunaði að honum hefði verið stolið. Hann kvartaði um þetta fyrir lögreglunni. Nokkru síðar fann lögregluþjónn hund, sem lýsingin stóð heima við. Maðurinn, sem hundurinn var með, kvaðst lengi hafa átt þennan seppa. Lögregluþjónninn var ekki ánægður með þetta, og fór með mann og hund á næstu telefón stöð, og náði þar sambandi við þann, er hundinum hafði tapað, og fékk hann til að tala til hundsins gegn um fóninn. Við það sýndi hundurinn öll einkenni þess, að hann þekti málróm eiganda sins. Varð þá hinn náunginn forviða yfir skynsemi hundsins og meðgekk strax að hafa stolið honum.

T. Eaton félagið ætlar að byggja 12 lyíta verksmiðju í Toronto borg fyrir $250,000.

— Bell Telefón félagið ætlar að byggja nýja talþráðastöð í Toronto borg, sem á að kosta 220 þúsund dali.

— Foster dómari í New York hefir auglýst, að hann gefi ekki samþykki sitt til þess, að glæpamenn kvongist. Það var þann 8. þ. m., að 20 ára gamall maður, að nafni Albert E. Johnson ætlaði að kvongast. Foster dómari lét tafarlaust kalla pilt þennan fyrir rétt, og sagði honum þar með berum orðum, að hann hefði oft verið handtekinn af lögreglunni fyrir þjófnað, og að fyrir 3 árum hefði dómarinn látið hann sleppa frá þjófnaðarákæru með því að fresta dóminum. Hann kvaðst þess albúinn, að dæma hann strax í langa fangavist, ef hann hætti ekki við það áform sitt að kvongast, því að hann gæti ekki liðið að vita glæpamenn unga út afkvæmum, sem á sínum tíma að sjálfsögðu einnig yrðu glæpamenn.

— þann 1. þ.m. var fáni Bandaríkjanna dreginn niður á eyjunni Cuba, og Bandaríkjastjórn lét þá af allri umsjá með Cubamönnum, sem nú eru sjálfstæðir og sjálfstjórnandi. Stjórnarskiftin voru gerð með mikilli viðhöfn á sama tíma um alla eyjuna. Cuba er því nú sjálfstætt lýðveldi.

— Theodor Roosevelt var nokkurar klukkustundir í Naples þann 5. þ.m., og hlaut þar mestu virðingar viðtökur. Þýzkalandskeisari og drotning hans sendi honum þangað mestu kynstur af skrautblómum. Keisarinn sendi einnig heillaóskir sínar til Roosevelts, og vonaði að fá að sjá hann í Berlín, þegar hann kæmi úr veiðför sinni. Roosevelt lofaði að heimsækja keisarann, þegar hann kæmi til baka, og að segja honum frá, hvernig hvítir menn geti búið og barist í Afríku.

— Í Montreal borg var eitt mál nýlega 47 daga samfleytt, að undanteknum sunnudögum og öðrum helgidögum, fyrir rétti þar. Félag í Chicago kraðdist 130 þúsund dala af kanadiskum manni í Quebecfylki fyrir byggingavinnu, sem það hafði gert fyrir hann í bæ einum í Quebec fylki. Félagið fékk að lokum dóm fyrir rúmum 17 þúsundum, en sagt er, að málskostnaður þess muni éta upp fé, sem því var dæmt. Svo langdregið mál hefir ekki komið fyrir þar í fylkinu um 25 ára tíma.

— Hveitiræktar skýrslur Canada sýna, að Alberta fylki er frjósamasta fylkið í Canada. Meðal uppskera yfir alt fylkið á sl. ári var 33 bushel hveitis og 49 bush. hafrar af ekrunni. High River héraðið er í Alberta fylki. Þaðan var ekki sent nokkurt hveitikorn fyrir 5 árum, en nú er meira hveiti flutt þaðan, en úr nokkru öðru héraði í Canada, og sýnir það ljóst, hve óðfluga landið þar byggist upp. Á sl. ári voru 315 þúsund ekrur þar undir ræktun. Einn bóndi fékk þar 3570 bushel af hausthveiti úr 60 ekrum, eða 59½ bushel af ekru að jafnaði Annar bóndi þar hefir í sl. 4 ár ræktað 41 ekru spildu, og fengið úr henni $4,376.50 virði, eða $106.25 úr hverri ekru að jafnaði. — það borgar sig að búa í þessu fylki!

— Innflutningur fólks úr Bandaríkjunum til Manitoba og Vesturfylkjanna, er búist við að verði mjög mikill á þessu ári, — áætlað, að Bandaríkjamenn muni flytja með sér inn í Canada, í fénaði, verkfærum og peningum, 100 milión dala virði, eða að jafnaði 2. milión dala virði á viku hverri árið um kring. Með þessu áframhaldi verður Vestur Canada bráðlega auðugt að fólki og eignum.

— Frakkar hafa tekið ástfóstri við nýja tegund lostætis. Þeir éta nú skriðdýr og snáka og þykir góður matur. Skýrslusemjari einn í París segir, að þar séu árlega seldir til átu 5 þúsund algengir lizards og 8 þúsund Salamanders. Lizards kosta sama og smáfugl, hér um bil 60 cents, ef þeir eru ungir, en gamlir fást fyrir 10 cts. Snákar kosta eins mikið og kalkúnar, og ungir krókódílar eru metnir jafnt og kálfar, nema ef þeir eru mjög ungir, þá kosta þeir geypiverð, enda er litið um þá, — máske svo sem 100 á ári. Um 30 þús. froskafætur eru árlega seldir þar í borginni með lágu verði. En sniglar frá Borgundy héraðinu eru seldir í miliónatali á öllum greiðasöluhúsum í Paris.

Einn af ráðgjöfum Lauriers sakaður um stórkostlegan fjárdrátt

Rannsóknarnefnd sú í New Brunswick, sem verið hefir að íhuga fjármála ástand Central járnbrautarfélagsins þar í fylkinu, hefir gert þeim herrum Tweedie fylkisstjóra þar og Pugsley, ráðgjafa Lauriers, þann ólukku grikk, að kæra þá um, að hafa dregið undir sig yfir 134 þúsund dollara af fé félagsins, eða fé, sem átti að ganga í þarfir félagsins. Með þessum herrum var og McAviti ákærður, sá maður, sem fékk 36 þúsund dala dúsu afrakstur í sambandi við dýpkun St. Johns hafnar, og sem skýrt var frá hér í blaðinu um síðustu ríkiskosningar. Nefndin fer hörðum orðum um þessa þremenninga. Segir að þeir hafi hampað á milli sín milión dollara peningasjóði af eignum brautarfélagsins, án þess að nokkur sýnileg stjórn hafi á því verið, og af upphæð þessari geti þeir enga grein gert fyrir 134 þúsundum dollara.

Þetta hefir vakið hina mestu eftirtekt í Ottawa, og reyndar um alt Canada veldi. Laurier hefir sent eftir Tweedie fylkisstjóra og átt tal við hann í Montreal. Búist við, að hann verði að segja af sér og Pugsley líka.

Íslands fréttir.

FRÁ ALÞINGI.

Mesti fjöldi af þingmannafrv. hafa verið lögð fyrir þingið, og þingsályktunar tillögur. (Stjórnin lagði að eins 19 frv. fyrir þingið, flest ómerkileg, utan um stofnun háskóla. Búið að drepa nokkur af þeim strax).

Mörg þingmannafrumvörpin eru mjög mikilsvarðandi og merkileg. Með þeim þýðingarmestu er frv. um aðflutningsbann áfengis, í 22. greinum. Aðal flutningsmaður þess er Björn Jónsson ritstjóri, en með honum flytja þeir frv.: Björn Kristjánsson, Sigurður Gunnarsson, Eggert Pálsson og Stefán í Fagraskógi. Fyrsta umræða í n. d. varð afarhörð. H. Hafstein varði Bakkus ákaflega, og vildi með engu móti tapa honum úr landinu. Ennfremur töluðu máli hans Jón frá Múla og dr. J. Þorkelsson, hann þó langlinast. Margir töluðu með bannlögunum. B.J. þó einna skörulegast

Forsetar alþingis lögðu af stað á konungsfund 21. marz, og gerðu ráð fyrir, að koma til Íslands 11. þ.m. (apríl). Viðstaðan í Khöfn hefir því orðið að eins 5 dagar.

Skúli Thoroddsen ber fram frv. um, að alt kvenfólk á landinu hafi sama rétt til kjörgengis og kosninga í sveita og bæjarmálum eins og kvenfólk í Reykjavík og Hafnarfirði hefir nú (jafnrétti). Björn Jónsson hefir hreyft því og lýst því yfir í þinginu, sem vilja sinn, að ákvæði um, að kvenfólk hafi jafnrétti við karlmenn í öllum pólitiskum málum (kjörgengi og kosningarrétt) skuli tekin upp í stjórnarskrána.

Séra Sigurður í Vigur flytur frv. um, að lögaldurs takmarkið, bæði karla og kvenna, sé flutt niður í 21 ár úr 25.

Bjarni frá Vogi og dr. Jón Þorkelsson flytja þingsályktunar tillögur um, að skora á stjórnina að undirbúa frv. fyrir næsta þing, er afnemi öll eftirlaun á Íslandi.

Benedikt Sveinsson og Jón Ólafsson flytja frv. er áskilur landssj. endurkaupsrétt á seldum þjóðjörðum, ef þær ganga úr sjálfsáðúð innan 20 ára frá því landssjóður seldi þær.

Dr. Jón Þorkelsson flytur frv. um stofnun hæstaréttar á Íslandi. Landsyfirrétturinn þá lagður niður. Dómendur í hæstarétti ætlast til að séu 5.

Sig. Sigurðsson og Þorl. Jónss. flytja frv. um kornforðabúr. Sýslu nefndum er heimilað, að gera samþyktir, fyrir einn hrepp eða fleiri innan sýslu, viðvíkjandi kornforðabúrum til skepnufóðurs.

Jón á Hvanná og (Jón í Múla?) bera fram þingsályktunar tillögu um, að skora á stjórnina, að leggja fyrir næsta þing frv. um aðskilnað ríkis og kirkju.

Þingmenn Reykvíkinga vilja gera þá breytingu á kosningalögunum, að kjördagur sé færður frá 10. sept. til 10. okt.

Um eiða og drengskaparorð flytja þeir Benedikt Sveinsson og dr. Jón Þorkelsson frv. í n. deild. Frumvarpið fer fram á, að þeir, sem opinberlega teljist til einhvers kristins trúarfélags skuli vinna eið að framburði sínum með þessum orðum: — "það segi ég guði, að framburður minn fyrir dómi hér í dag, er að öllu leyti fullum sannleika samkvæmur. Guð sé mér hollur, sem ég satt segi, gramur ef ég lýg". — þeir, sem eigi teljast til neins kristins trúarfélags, skulu staðfesta skýrslu sína með því, að leggja þar við sæmd sína og dreng skap. Og sé þeim eiður stafaður á þvilíkan hátt: "Svo skýt ég máli mínu til sæmdar minnar og samvizku, og svo vil ég sjálfur framast sanninda aðnjótandi verða, af öðrum mönnum, sem ég fer með fullan sannleik um það, er nú hafi ég flutt og fram borið. Þetta vitni ber ég fyrir engra manna skyld, heldur sökum rétt máls og sanninda. Njóti ég svo drengskapar míns og mannorðs, sem ég satt segi. Niðingur ef ég lýg". — Eiðvinning og viðlagning drengskaparvottorðs hafa að öllu sama gildi að lögum. Á þeim er sami ábyrgðarhluti að lögum.

Svo er að sjá á þjóðviljanum, að útnefning á ráðherraefni hafi ekki gengið fyrir sig alveg hljóðalaust. Blaðið gefur í skyn, að talsvert kapp hafi verið haft í frammi til að láta Björn Jónsson verða fyrir útnefningunni. Við fyrstu prófkosningu fékk B.J. 9 atkv., Kr. J. 6 og Skúli 6 og Hannes Þorst. 3. Kr. J. bað þá afsökunar. Síðari prófkosning fór svo, að B.J. hlaut 15 atkv., Skúli 8 og H.Þ. 1. Þá varð talsverður ágreiningur um það, hvort benda skyldi konungi á að eins einn, eða benda á tvo, og láta hann velja á milli. Hefði það þá orðið þeir Björn og Skúli. En fylgendur Björns höfðu það fram, að að eins skyldi bent á einn, og varð þá úr, að B.J. var að síðustu útnefndur í einu hljóði. Landvarnarmenn vildu hafa Skúla fyrir ráðherra. — Ekki er laust við, að gremja sjáist á þjóðviljanum yfir þessu, og er slikt ekki óeðlilegt, úr því að Skúli Thoroddsen afsakaði sig ekki frá að taka embættið.

Jón Ólafsson flytur frumvarp um verzlunarbækur. Það gerir kaupmönnum öllum að skyldu, að skrá öll sín viðskifti í löggiltar verzlunarbækur.

Séra Sigurður í Vigur skorar á stjórnina, að stofna gagnfræðaskóla á Ísafirði, — leggja frv. um það fyrir næsta þing. — Sami vill flytja bókasafn Vesturamtsins frá Stykkishólmi til Ísafjarðar.

Stefán kennari skorar á stjórnina, að skipa 5 manna nefnd, er annist um, að samdar verði og útgefnar hentugar skólabækur í þeim fræðigreinum, sem kendar eru á hinum æðri mentaskólum landsins.

Dr. Jón Þorkelsson flytur þingsályktunar tillögu um, að skipa 5 manna nefnd til að gera tillögu um allsherjar kjördæmaskipun á landinu.

Þetta ágrip er að eins af allra merkilegustu frumvörpum og þings ályktunar tillögum.

ALMENNAR FRÉTTIR.

Aðalfundur Búnaðarfélags Íslands var haldinn í Reykjavík 13. febr. Til ræktunar fyrirtækja hafði verið varði á árinu 23,443 kr. 34 au. — Þingmannskosning fór fram á Seyðisfirði 9. f.m., og var séra BJÖRN ÞORLÁKSSON kosinn með 67 atkv. Dr. Valtýr fékk 54 atkve. (Ekki hefir frv. sæla aukist fylgi þar, og þó var Valtýr að gramsa í kjördæminu fyrir og um kosninguna, en séra Björn sat graf kyr suður í Reykjavík). — Báturinn fórst í Keflavík 9. febr. þar drukknuðu 7 manns. — Hjúkrunarfélag Rvíkur hélt ársfund sinn 11. f.m. Tekjur félagsins á árinu voru 2,446 kr., en útgjöld 1,930 kr. Í sjóði á félagið nú 5564 kr. þrjár hjúkrunarkonur höfðu stundað 69 sjúklinga á 65 heimilum í samtals 768 daga og 20 nætur. En vökukonan vakað yfir 20 sjúkum á 17 heimilum í alls 169 nætur. Stjórn félagsins endurkosin: Séra Jón H. lector, Hannes Thorsteinsson, cand. jur. og Sighvatur Bjarnason bankabókari. Í fundarlok flutti Þórður Sveinsson spítalalæknir ágæta tölu um móðursýki. — Nýtt blað er farið að koma út á Ísafirði, sem heitir "Dagur". Ritstjóri er Guðm. Guðmundsson skáld. (Óefað er það sjálfstæðisblað, því G.G. er sterkur sjálfstæðismaður, eins og kunnugt er af kvæðum hans síðastl. sumar). — Strandasýsla er veitt Halldóri Júliussyni cand jur. (frá Klömbrum), bæjarfógeta fulltrúa í Rvík. — Fyrsta kennara embættið við prestaskólann veitt Eiríki Briem, áður heimspekiskennara við þann skóla. Séra Haraldi Nielssyni, sem settur var í embættið, bolað frá, þó vítanlegt sé, að hann er miklu lærðari guðfræðingur, og í raun og veru sjálfkjörinn í embættið. Lectorinn séra Jón Helgason, hafði mjög lagt með honum, en það stoðaði ekki. Hafsteinn varð að ráða. Veiting þessi mælist afarilla fyrir. — Settur sýslum. í Vestmannaeyjum er cand. jur. Björn Þórðarson, frá Móum. Umsóknarfrestur um það embætti er að eins til 15. marz. (H.H. þarf að flýta sér, að veita skósveinum sínum öll embætti, sem laus eru, áður en hann er alveg frá völdum). — Jarðskjálftakippir er sagt að hafi fundist í efri sveitum Árnessýslu 23., 26. og 27. f.m. — Fjóra auðmjúka þjóna sína hefir H.H. nýlega gert að "krossberum", —riddara af dbr. Það eru þeir Pétur Gauti, Árni á Skútustöðum, Guðjón Guðlaugsson fyrrum þingmaður í Salthólmavík, og séra Kjartan í Holti. — Próf í læknisfræði við háskólann hefir tekið Valdímar Erlendsson með 1. eink. — Mjög margir sækja um 2. embætti við dómkirkjuna ekki færri en 10. Meðal þeirra eru séra Skúli í Odda, séra Haraldur Nielsson, séra Richard Torfason og séra Hafsteinn Pétursson. Séra Ólafur fríkirkjuprestur hefir afturkallað umsókn sína. — Vigfús bóndi Guðmundsson í Haga í Eystrihrepp hefir keypt tvo þriðju hluta Engeyjar af Bjarna trésmið Jónssyni fyrir 32 þúsund kr. Bjarni tók jörðina Haga fyrir 9,000 kr. — Um Vestmannaeyjasýslu (laun 2,000 kr.) sækja: hinn setti sýslumaður þar Björn Þórðarson (frá Móum), Matthías Hafstein uppgjafa sýslumaður, Páll V. Bjarnason sýslumaður Skagfirðinga, og kandidatarnir Bjarni Jónsson (frá Unnarholti), Bjarni Þorláksson, Karl Einarsson, Lárus A. Fjeldsted, Sigurjón Markússon og Magnús Sigurðsson. — Bærinn Tjarnarhorn í Svarfaðardal brann mestallur 3. f.m., og var alt óvátrygt. Bóndinn þar Sófonías Jóhannsson skemdist dálítið á höndum og fótum við brunann. — Prestkosning er nýlega um garð gengin í Staðarhólsþingum, og hlaut séra Sveinn Guðmundsson verzlunarmaður á Skarðstöð kosningu. Hann var áður prestur í Goðdölum. — Fyrra hluta málfræðisprófs við Khafnarháskóla hefir tekið Gunnar Egilsson. Aðalnámsgreinin er enska. — Aðalfundur Íslendingafélagsins í Khöfn var haldinn nýlega. Stjórn in var endurkosin. — Embættispróf í læknisfræði hafa tekið á læknaskólanum í Reykjavík: — Magnús Pétursson frá Gunnsteinsstöðum og Guðm. Guðfinnsson, með 1. einkunn, og Gunnl. Þorsteinsson (frá Vík í Mýrdal) með 2. einkunn betri.

OGILVIE'S

Royal Household Flour

Til BRAUÐ-GERÐA

Til KÖKU-GERÐAR

Gefur æfinlega fullnæging

Heiðruðu Bœndur!

Sendið rjóman yðar til okkar. Hjá okkur fáið þér rétta og góða vigt og rétta próf-mæling.

Við borgum með "Express" ávísunum þann 15. og síðasta dag hvers mánaðar.

Vèr borgum flutningskostnað (með "express") og leggjum könnurnar til.

Reynið viðskifti við oss.

THE

Carson Hygienic Dairy Co., Limited

WINNIPEG

Wall Plaster

Með því að venja sig á að brúka "**Empire**" tegundir af Hardwall og Wood Fibre Plaster er maður hár viss að fá beztu afleiðingar.

Vér búum til:

"Empire" Wood Fibre Plaster
"Empire" Cement Wall "
"Empire" Finish "
"Gold Dust" Finish "
"Gilt Edge" Plaster of Paris

og allar Gypsum vörutegundir. —

Eigum vér að senda yður bækling vorn?

MANITOBA GYPSUM CO. LTD

SKRIFSTOFUR OG MILLUR I

Winnipeg, - Man.

Heimskringla

Published every Thursday by The Heimskringla News & Publishing Co. Ltd

Verð blaðsins í Canada og Bandar $2.00 um árið (fyrir fram borgað).
Sent til Íslands $2.00 (fyrir fram borgað af kaupendum blaðsins hér $1.50.)

B. L. BALDWINSON,
Editor & Manager

Office:
729 Sherbrooke Street, Winnipeg
P. O. BOX 3083. Talsími 3512.

Yak-dýrið.

Ernest Thompson Seton, dýravinurinn mikli, ritar grein í febrúar hefti tímaritsins "Country Life in America" (Sveitalíf í Ameríku) um Yak-dýrið, eiginlegleika þess og nytsemi.

Herra Seton segir, að Yak-dýrið, sem öðru nafni nefnist Ullaruxinn, sé upprunnið í Asíu. Dýrið er á stærð við vanalega nautgripi, — karlkynið frá 5 til 6 feta hátt, og vigtar frá 1000 til 1200 pund, en sumir segja þyngd þess vera miklu meiri. Í vexti er dýrið svipað vana legu nauti, en þó töluverð bunga á framhryggnum upp af bógunum, og gefur það dýrinu kraftlegt og mikilfenglegt útlit. Hárið er langt, á efri hluta skrokksins er það um 4 þumlunga á lengd, og þéttara en á venjulegum nautgripum. En á hálsinum neðanverðum, bógunum og kviðnum frá neðanverðum síðum lengist hárið svo, að það nær dregst við jörðu, og halinn er svo hári þakinn, að hann er dýrinu þyngslabyrði. Af þessari miklu hárgun leiðir það, að dýrið þolir allan kulda, sem nokkurt dýr getur lifað í, og það er óhult fyrir árásum annara dýra, svo sem úlfa, af því klær þeirra og tennur ná ekki inn úr háridýrsins. Haglendi þess er á hinum hrjóstrugu hásjallabungum í Tibet héraðinu, sem oftlega eru snævi þaktar. Sum af fjöllum þessum rísa 20,000 fet yfir sjávarmál. En dýrið heldur sig þar efst uppi, engu síður en neðar í hlíðunum. Ýmsir ætla, að það hafist við hærra yfir sjávarmál en nokkurt annað dýr. Reynslan sýnir, að dýr þetta þrífst alt ein vel við sjávarsíðu, eins og uppi í hálendinu. Og eins hefir reynslan sannað, að dýrið þrífst vel í hverju landi, sem það hefir verið flutt til og alið í. Langt, gróft gras er því eðlilegust fóðurtegund, en reynslan hefir líka sýnt, að því getur vel notast hver sú fóðurtegund, sem vanalegir nautgripir þrífast á, og að það getur lifað og safnað holdum á hvers kyns rusli og rudda, sem ekki væri talið bjóðandi vanalegum nautgripum.

Herra Thompson Seton hefir farið þess á leit við Candastjórn, að hún fái nokkurn hóp af þessum dýrum hingað til Canada, til þess að þau fjölgi hér og komi í staðinn fyrir vísunda hjarðirnar miklu, sem nú eru sem næst eyddar af sléttlendi Norður-Ameríku.

Herra Seton segir dýrið vera gæft í lund, meinlaust og vel temjanlegt, svo að það geti orðið eins vel vanið og önnur húsdýr. Það megi blandast með naurgripum og framleiðist þá nýtt kyn, hraust og arðberandi. Helzt vill herra Seton láta setja dýr þessi niður á ýmsar stöðvar í norðvestur Canada, þar sem enn eru óbygðir, svo að þau tímgist þar og framleiði innan fárra ára stórar hjarðir, og að lokum þeki alt norðurlandið alt að ishafi.

Svo hefir Canada stjórninni litist vel á þetta mál, að hún hefir kvatt herra Thompson Seton til þess að annast um að útvega og láta flytja hingað til Canada nokkur af dýrum þessum. Einnig á hann að afla sér nákvæmra upplýsinga um lífsháttu þessa dýrs og alt eðli þess, og hverskyns viðbúnað það þurfi að hafa. Honum hefir þegar tekist, að útvega nokkur dýr, sem Duke of Bedford á Englandi hefir gefið Canada. Þau verða send á fyrirmyndarbú stjórnarinnar hjá Ottawa. Bætt verður við tölu þeirra svo ört sem hægt er að fá flutt dýrin hingað, og tilgangurinn er, að senda nokkur þeirra á hvert hinna þjóðlegu fyrirmyndarbúa í Canada og svo síðar, þegar búið er að kynnast eðli þeirra og háttum, þá að setja smáhjarðir af þeim út um ýmsa staði ríkisins, þar sem þau geta gengið sjálfala og óáreitt af mönnum. Með þessu móti er ætlað, að takast megi, að ala upp stórhjarðir, er með tímanum geti orðið mikil auðlegð fyrir þetta ríki.

Vér sjáum ekki betur, en að hér sé að ræða um málefni, sem stjórn Íslands mætti taka til íhugunar. Því að ef dýr þetta er að eðlisfari og lífnaðarháttum eins og herra Thompson Seton lýsir því, þá ætti það að þrífast sjálfala, hvar sem væri milli fjalls og fjöru á Íslandi. Herra Seton segir það uni sér allstaðar í fjallahliðum, giljum og klettum, og sé eins fótvíst að klifra eins og geitur, að það sé eins meinlaust og auðtamið eins og hver önnur húsdýr, og að það geti þrifist á fóðri, sem öðrum skepnum sé ekki bjóðandi. Afréttarlöndin á Íslandi ættu að vera hreinasta paradís fyrir þessi dýr þau tímgast eins ört eins og önnur húsdýr og þurfa engrar umhyggju, því að þau krafsa ofan af fyrir sér að vetrarlagi, og þola alla kulda, sem koma fyrir á vetrum á Íslandi. Ef hvert dýr gefur 700 til 750 pund af kjöti, þá er þar fæðu uppgrip, sem landsmönnum gæti komið vel, þegar tímar væru svo liðnir, að hundruð slíkra dýra veiddust árlega. Hvernig ullin eða hárið af dýri þessu er til fatagerðar, sést ekki á greininni. En ætla má, að það sé til einhverra hluta notanlegt, og gæti svo farið, að þar af yrði vænleg tekjugrein fyrir landið. Dýr þessi gætu og þrifist eins og útigangshestar í fjörunum umhverfis alt Ísland, lifað á sjávarþangi og þara og öðru sliku góðgæti, sem þar fellist til.

Látið Yak-dýrið auðga Ísland.

CHICAGOFÖR MÍN!!!

eða með viðfeldari orðum

Ferðasöguágrip til Chicago, Toronto og Niagarafossins

Motto:

Bráðum er ég einn af þeim
Andans frægu ljónum,
Sem að vaða' um Vesturheim
Með vorum stóru Jónum.

TIL ST. PAUL.

Lesari góður! Ég veit ekki, hvort það er rétt gert af mér, að fara að bjóða þér að ferðast með mér — í anda — til Chicago, Toronto og Niagara. Vel getur svo farið, að þú verðir kallaður "flakkari" eftir ferðalagið. Fyrirmyndarmennirnir(!!!) eru orðnir siðavandir nú á þessum framfaratímum. En hvað um það. Ef þú ert til með að leggja af stað í herrans nafni og fjörutíu, þá verðurðu að láta alt "hanagal" eins og vind um eyrun þjóta. Jæja, ekki meira um þetta. Fylgdu mér eftir, því nú ætla ég að taka næsta strætisvagn niður á C.N.R. járnbrautarstöðina, og legg af stað með lestinni, sem fer suður til St. Paul kl. 5.20 e.m. Áfanginn til St. Paul er tæpar 500 mílur, og þangað á ég að koma kl. 7 og nokkrar mínútur í fyrramálið.

Þegar ég kom upp í vagninn á járnbrautarstöðinni, rambaði ég með tösku mína þangað sem ég sá autt sæti. Litlu eftir ég settist niður og um það leyti, sem lestin brunaði af stað, varð mér litið yfir í sætið, sem var við hliðina á mínu, og ég nagaði sjálfan mig í handarbökin fyrir að hafa valið það sæti, sem ég sat nú í, mér leist svona dæmalaust vel, eða hitt þó heldur, á manninn, sem sat í næsta sæti við mig til vinstri handar. Maður þessi var sá stærsti, gildasti og um leið sá óskyggilegasti maður, sem ég hefi séð á æfi minni. Hann var á að gizka á sextugs aldri, grár fyrir hærum, með allmikið yfirskegg, en neðri vörin á karlinum var svo afskaplega stórkostleg, og slútti svo langt fram, að það var eins og hún væri reiðubúin til að gleypa þá efri með "húð og hári". Hendurnar voru eins og kálfskrof stórar. Karlinn sofjaði, og hann lygndi aftur augunum, svo að eins sást í hvituna öðru hvoru, og þá var þessi risi ægilegur. Mér datt í hug, að þarna væri virkilega glæpamaður. Mig langaði til í fyrstu að hafa sætaskifti, en um það var ekki að tala, öll sæti voru upptekin; en þegar á leið sá ég ekki eftir því, þó sú ætlun mín hefði ekki tekist. Forvitni mín á karlinum óx með hverri mínútu, ég hafði ekki augun af honum, meðan hann var undir áhrifum svefnmóksins. Eftir nokkuð langan tíma vaknaði karl við það, að barn, sem kona hélt á í næsta sæti fyrir framan hann, fór að gráta. Hann fór að gæla við það og gera við það tæpitungu. Mér fór að lítast betur á hann. Ég hélt á "Ofurefli" E.H. í hendinni, ætlaði að fara að lesa í því. Karl veitti bókinni eftirtekt, ég held vegna þess, að honum þótti hún svo einkennileg í laginu, og biður mig að lofa sér að sjá hana. Ég gerði það. Þegar hann hafði virt bókina fyrir sér og litið á lesmálið, spyr hann mig, hvort ég sé Norðmaður eða Dani. Ég kvað afdráttarlaust nei við því. Íslendingur! Og þú ert Íslendingur!' Frá landinu, sem er að reka áfengið alveg í burtu með aðflutningsbanni. Ég sagði það vera, og svaraði spurningum hans um hvað langt væri síðan ég hefði verið þar, 4 ár. Hann sagðist fylgjast með bindindis hreyfingunni um heim allan, eins vel og sér væri mögulegt, en engir væru aðrir eins fyrirmyndar og dugnaðarmenn og Íslendingar, að því er þá hreyfingu snerti. Lofaði hann þá mjög fyrir það. Hann spurði mig, hvort ég kynni ekki esperanto, kvaðst hafa heyrt, að margir Íslendingar lærðu það mál og hefðu mætur á því. Sagðist hann kunna það, og þekkja nokkra Íslendinga af afspurn í gegn um það. Ég sagði sem var, að málið kynni ég ekki, en rétt væri það, að margir Íslendingar hefðu mætur á því, einkum íslenzkir Góðtemplarar, þá spurði hann mig margs um Ísland, náttúru þess og fleira. Hvort sólin settist það aldrei á sumrin. Hvort mikið væri af fossum, hverum og stöðuvötnum í landinu, o.fl., o.fl. Eftir tveggja klukkutíma samtal um Ísland, varð karlinn — sem sagðist vera Skoti að uppruna, en nú um langan tíma bóndi í Minnesota — að fara af lestinni, og þá var mér farið að falla hann eins vel í geð, eins og mér sýndist hann óálitlegur og athugunarverður í fyrstu.

Þegar fram á nóttina kom, fór smátt og smátt að færast svefnmók yfir þann strjáling af fólki, sem eftir var í vögnunum. Sumir hrutu, aðrir nudduðu stýrurnar úr augunum og voru stöðugt að bylta sér. Fólkinu, sem svaf, voru vagnstjórarnir öðru hvoru að gera ónæði, heimta að sjá "ticket", "ticket", og svo innflutninga og tollþjónar við "línuna" að spyrja: "Hvert ætlar þú?" "Hvar áttu heima?" Og tollþjónarnir: "Hvað er í töskunni þinni?" Allar þessar spurningar gera manni hálf gramt í geði. En um þær þýðir ekki að fást. Bezt að svara þeim öllum kurteislega. Þær eru tilorðnar vegna landslaga, sem öllum er skylt að beygja sig fyrir.

VIÐSTAÐAN Í ST. PAUL.

Klukkan 7.45 kom ég til St. Paul. Þá var að eins einn maður eftir í vagninum, sem ég var í, af því fólki, sem lagði af stað frá Winnipeg.

Í St. Paul ætlaði ég mér að stansa þann dag, eða til kl. 7.20 um kveldið, þá átti lest að leggja af stað þaðan til Chicago, er átti að fara gegn um La Crosse, Milwaukee og marga fleiri bæi. Í St. Paul vissi ég af einum landa, herra Chr. Richter. Nú var að leita hann uppi. Ég vissi, hvar hann hafði skrifstofu sína, og komst þangað klakklaust með leiðsögn lögregluþjóna og blaðadrengja. — Þeir síðarnefndu voru þó enn betri leiðsögumenn, ég tala nú ekki um, ef stungið var í lófann á þeim 10 eða 25 centum.

Herra Chr. Richter er góður landi heim að sækja. Hann var í annríki á skrifstofu sinni, þegar ég hitti hann fyrst, en sagðist hafa tíma til að hitta mig og spjalla saman í næði eftir kl. 1. Á mínútunni kl. 1 sagðist hann skyldi mæta mér í setustofunni á Ryan hóteli, sem væri hér skamt frá. Það stóð líka eins og stafur á bók. Ég gekk dálítið um, og þegar klukkuna vantaði 2 mínútur í eitt, fór ég inn á hinn tiltekna stað, og eftir 2 mínútur var Richter kominn. Eftir það skildi hann ekki við mig, fyr en ég fór með lestinni um kveldið. Sýndi hann mér margar stærstu og merkilegustu byggingarnar, þar á meðal þinghúsið (Capitol), sem er afarskrautleg bygging, og kostaði 5 miliónir dollara. Það er langskrautlegasta þinghúsbygging í Bandaríkjunum, bygð úr marmara. Sumara marmara súlurnar eru frá Grikklandi og Ítalíu, og kostuðu meira enn beztu bújarðir. Hvelfingarnar og veggirnir í hinum stóru og rúmgóðu þingsölum, eru skreyttar afar fallegum málverkum, sögulegum, bæði úr veraldarsögunni og sögu Bandamanna Margar af þessum myndum kostuðu svo skiftir þúsundum dala. — Þetta var á laugardegi, sem ég skoðaði þinghúsið. Þingfundir eru ekki haldnir á laugardögum. Marg ir þingmenn fara þá heim til sín, og koma aftur á sunnudagskveld. Við fórum í gegnum báða þingsalina (efri og neðri málstofuna). — Þar sátu nokkrir þingmenn á við og dreif og voru að blaða í skjölum sínum.

Í þinghúsinu hefir ríkisstjórinn skrifstofur, svo og aðrir embættismenn ríkisins, dómstólar þess, o.s. frv. Einn maður var þar, er hafði að eins þann starfa á hendi, að sýna fólki húsið hátt og lágt, og útskýra eitt og annað því viðvíkjandi. Niðri í kjallaranum var veitingastofa með þýzku sniði. Þar mátti fá mjög ódýrt kaffi, óáfenga drykki, aldini o.fl. Víða voru veggirnir prýddir myndum af mikilmennum Bandamanna, einkum forsetanna, og málmplötur voru hingað og þangað, og á þær letruð ýms merkileg orð og setningar, eftir forsetana og ríkisstjórana. Tvær setningar sá ég þar eftir Roosevelt. — Minnesotamenn eru sem von er stoltir af því, að eiga veglegustu þinghúsbygginguna í hinu volduga lýðveldi.

Ein af þeim stórbyggingum, sem herra Richter sýndi mér, var bygging verzlunarmanna félagsins. Hún er hæsta bygging í borginni, milli 10 og 20 hæðir ("tasíur"). Þar eru afarstórir lestrarsalir, borðsalir, reykingasalir o.fl. Meðlimir verzlunarfélagsins geta eytt þar öllum stundum, sem þeir vilja, lesið og ritað, og — sofið, ef þeim sýnist svo. Konur félagsmanna hafa sömu réttindi. Herra Richter bauð mér kveldverð í þessari bygging, en hvað á borðum var, treysti ég mér ekki til að lýsa, þó ég vildi, því ég er enginn matarfræðingur, en mér smakkaðist það ágæta vel. Negrar gengu um allan beina. Að lokinni máltíðinni voru okkur bornar smáskálar með góðum botnhyl af köldu vatni í. Þar átti maður að baða fingurnar eftir erfiðið og óhreinindin, sem þær hefðu orðið fyrir við máltíðina. — Ekki er þó þetta gert vegna þess, að ekki sé hægt að þvo sér í byggingunni. Nei, síður en svo. Stór þvotta herbergi voru þar bæði fyrir karlmenn og kvenfólk, og maður þar til staðar til að bursta mann frá hvirfli til ilja. Þar eru einnig vissir þjónar til að taka við og geyma yfirhafnir manna og höfuðföt, og númera þeir það alt niður.

Við herra Richter fórum upp á þak á byggingunni, og þaðan sést vel yfir meginhluta borgarinnar, sem stendur báðu megin við Mississippi ána. Báðir hlutar borgarinnar standa í afliðandi brekkum, sem halla niður að ánni. Þinghúsið stendur efst í brekkunni norðan megin. Þrjár eða fleiri brýr eru yfir ána milli borgarhlutanna; ein þeirra er að eins göngu og keyrslu brú, hún er afarhá. Fólk, sem ætlar að fyrirfara sér, fer upp á hana þar sem hún er hæst, og steypir sér ofan í fljótið. Allmargt kvað gera þetta árlega.

St. Paul er mjög falleg og hreinleg borg. Fólksfjöldi er þar 225 þúsundir. Verzlun er þar mikil og ýmsir auðugir framkvæmdamenn eiga þar heimili, t.d. J. J. Hill, járnbrautakongurinn alkunni.

Herra Richter lét mjög vel af líðan sinni þar. Kvaðst hafa ánægju af að sjá landa og tala við þá. En nú megum við ekki lesari góður, vera lengur að rabba við hann. Við verðum að kveðja hann með þakklæti fyrir góða skemtun og íslenzka gestrisni og alúð og leggja tafarlaust af stað áleiðis til Chicago. Næst skulum við virða þá borg dálítið fyrir okkur.

"Practical Education."

(Niðurlag frá síðasta blaði)

Skólarnir, hvaða nafni sem nefnast, eiga að stefna að því takmarki, frá fyrstu lexíunni, sem kend er í barnaskólanum til fullkomnasta háskólans í landinu. Og margir reyna að þræða þann veg, að meira eða minna leyti, en árangurinn verður oft annar en skyldi, og kemur það til af ýmsum ástæðum, og ætla ég að reyna að benda á fáeinar af þeim.

Mörgum foreldrum finst, að af þau láta börnin sín fara reglulega á barnaskólann, þá sé skyldum þeirra lokið. Þau reyna aldrei að komast að, hvað þau læra, eða hvernig þau læra, eða hvort þau læra nokkurn skapaðan hlut.

Við skulum nú taka dæmi af meðalgáfuðu barni, sem lærir lexíurnar sínar og skilur sumt af þeim en sumt ekki, en lærir aldrei að hugsa óðruvísi enn gegnum aðra, kann nokkrar hugsanir, sem aðrir hafa hugsað, en bætir þar engu við. Þetta barn verður svo að full tíða manni, sem búinn er að ganga gegn um allá mylluna, barnaskólann, sunnudaga skólann og við skulum segja "HighSchool" og er nú orðið kennari. Er þessi maður líklegur til að kenna börnunum að hafa sjálfstæðar skoðanir? Það, sem hann aldrei kom auga á sjálfur. En einmitt svona er fjöldi af barnaskólakennurunum nú í dag. Og ef til vill finst likt, þó til hærri skólanna sé leitað. Það eru hjól, sem hafa verið smíðuð eftir sama mótinu og snúast um líkan möndul, — ekkert meira.

En svo eru til miklu hörmulegri dæmi en þetta. Þið hafið án efa öll komist í kynni við menn, sem eru búnir að eyða mörgum árum á hærri skólum landsins, en eru ekki hæfilegir til nokkurra skapaðra hluta, ónýtir til erfiðisvinnu, of latir eða þykjast of fínir til þess, kunna ekkert handverk, enga iðn og eiga ekkert andlegt forðabúr. Hafið þið nokkurntíma hugsað um, hvaða meináta það er, sem sogið hefir allan mannskap úr þessum vesalingum? Haldið þið virkilega, að náttúran hafi svift þá öllum mögulegleikum til að geta gert eitthvað til gagns? Er það ekki átumein, sem er að naga hjartarætur þjóðfélagsins, sem við lifum í? Er ekki tilgangur skólanna alt of oft misskilinn?

Er það ekki sorglegt, að sjá unga fólkið eyða tíma sínum á hærri skólum þessa lands, hvort það er nú Wesley College, eða einhver annar skóli, og koma svo þaðan mentaðra fólk sjálfsagt, en hvaða lífsstefnu hefir það lært? Hefir það sjálfstæðar hugsanir? Hefir það köllun í lífinu? Skilur það félagslíf þjóðarinnar. Skilur það stjórnarfar landsins betur? Skilur það viðskiftalíf þjóðarinnar? Ég þekki einn kennaranna við Wesley skólann, sem ekki gat skrifað rétt út banka-ávísun, og var hann þó kennari í "Mathematic" þar. Annan, sem ekki treysti sér til að skrifa út erfðaskráar afsöl un, og svo eru fleiri dæmi. Þó hefi ég heyrt því haldið fram, á ísl. stúdentafélagsfundi, að kennararnir við Wesley væru þeir spekingar, sem engir kæmust í samjöfnuð við, og það mótmælalaust. Virðist það ekki benda á ofurlítla þröngsýni, andlega kyrking, eða þá, að nú væri efnin farin að harðna í mótinu og taka sér lögun eftir því? Ég er hræddur um, að fólk gleymi því alt of oft, að Wesley College er Methódista prestaskóli fyrst og fremst og æfinlega. Methódistakirkjan hefir bygt hann og heldur honum við í því augnamiði, að hann styrki hana af fremsta megni. Þar er varast að kenna nemendum nokkuð það, sem geti gert þá sjálfstæða í þeim skilningi, því þá væri hætt við, að þeir töpuðust úr kvíunum, og þá væri unn ið fyrir gíg með þeim nefskatti, sem árlega er lagður á alla Methódista söfnuði í Manitoba og Norðvesturlandinu til viðhalds þessum skóla.

Það væri mjög ranglátt að segja, að ekki hafi komið sjálfstæð ir menn og konur frá þessum skóla, en það eru undantekningar, og spursmálið er: hefir það lært það þar? Eru það ekki utanaðkomandi áhrif, sem ekki hefir verið hægt að útiloka frá djúpsæjum, gruflandi sálum.

Það er annar skóli hér í bæ, sem er stofnsettur fyrir alla, án tillits til trúarbragða, og sem mér finst að Íslendingar hafi gefið oflítinn gaum. Það er Agricultural College. Það er kannske ekki eins fínt, að læra að búa til smjör og osta, eins og læra latneskar beygingar eða gríska stafrófið, en töluvert gagnlegra mun það þó fyrir fjöldann.

Fötin og fingurnar verða kannske óhreinni á því, að læra að þekkja gróðrarefni jarðarinnar, jurtir, korntegundir, gripi, hesta, o.s.frv., áreynslan meiri að læra að hugsa og rannsaka fyrir sjálfan sig. Gallinn virðist vera sá, að það sé ekki eins fínt, það virðist ekki vera eins háfleygt í úttali. — Það er svo leiðinleg tilhugsun fyrir skólafólkið fína, að vera bara alþýðufólk, að læra það, sem alþýðan þarf að kunna, en kann ekki, það er svo lágt, svo dónalegt, svo ófínt. Hitt virðist gera minna til, hvort lærdómur þeirra verður nokkurntíma nokkrum að liði.

Það er annars ekkert undarlegt, þó skólamentuðu fólki sé í nöp við alþýðuna. Skáldin, þessar afarstóru sálir, ganga þar á undan með góðu eftirdæmi. Má þar fremstan nefna meðal ensku þjóðárinnar Lord Byron, meðal Skandinava Henrik Ibsen og meðal Íslendinga Gest Pálsson. Allir þessir menn fyrirlitu og jafnvel hötuðu alþýðuna af öllu hjarta. Má vera, að sálarlíf þeirra hafi verið á svo háu stigi, að þegar þeir litu niður til okkar alþýðumannanna, hafi þeim virst við vera eins og óþæg og illa vanin börn. Kannske ljósgeislarnir hafi líka tekið á sig annan blæ uppi á hátindinum hjá þeim? En léttara finst mér það hefði verið fyrir marga, að læra af lífi þeirra en fyrirlitning. En sumir þessir uppblásnu skólabelgir, sem ekkert annað sjá, eins og þess ir menn, hafa munað þetta: að fyrirlíta alþýðuna. Vér getum ekki annað en aumkvað þá fyrir það, því það er glögt merki þess, að mannskapurinn hefir sýkst af andlegri tæring.

Piltar og stúlkur ættu ekki að ganga á skóla með því augnamiði, að verða "fín", að álíta sig ofar almenningnum og ætlast til að geta haft lítið og létt verk. Það er hroðalegur misskilningur á mentun. Ef mentun er til nokkurs, þá er hún til þess, að styrkja kraftana oq opna nýja vegi til að nota þá. Erfiðisvinna er ekki fyrir neðan nokkurn mann eða konu, það er mannskaparmerki, að vera eins óhræddur við að brúka hendur sem heila.

Það er aldrei of oft tekið fram, að mentunin er ekki til þess að gera stofustáss úr þeim, sem hennar njóta, en þetta brennur þó alt af við hjá okkur Íslendingum, og er glöggust sönnun fyrir því, hve fáir stunda nám við það, er þurfti nokkuð að reyna á líkamskrafta við. Það virðast fleiri kjósa, að eyða æfi sinni á loftillum "officum", og það fyrir mjög lágt kaup, heldur en verða sveitum sínum til styrktar og um leið efla sinn eigin mannskap og meðvitundina um að vera frjáls, af því það er hægt að vera finna til fara á skrifstofunum — það þarf minna sjálfstæði til að vera undirtylla, heldur enn vera sjálfs sín ráðandi.

Allmargt fólk hér í bæ sækir vísdóm sinn á hin svo nefndu "Business Colleges". Þeir skólar eru allir eign einstakra manna og gróðafyrirtæki, enda í flestum tilfellum meira hugsað um, hvað margir dollarar koma inn, en hvað mikill vísdómur fer út. Þrátt fyrir það geta skólar þessir orðið að miklu liði, fyrir þá, sem reyna og vilja fá tilsögn í einhverri sérstakri grein, og helzt fyrir þá, er vilja læra meira um atvinnu sína en þeirra daglegu störf geta kent þeim, það er hinn réttil tilgangur þeirra.

En hitt, að fara þangað án nokkurs augnamiðs, bara til þess að geta orðið "fín-mann", og ætlast til að verða orðinn útlærður "office-maður" eftir 6—10 mánaða dvöl þar, það er misskilningur og vitleysa. Margt fólk, sem þá sækir, ætti að réttu lagi að vera í barnaskóla, en það álítur það sem of lítilfjörlegt og lágt fyrir sig, að vera í barnaskólum.

Þetta á náttúrlega ekki við alt fólk, sem gengur á þessa skóla, en það á við hugsunarháttinn, sem ríkir almennt um þá. Það eru til unglingar, sem hafa trassað að læra á barnaskólunum, en drífa sig svo á þessa skóla og eru þar kannske einn til tvo vetur, og koma svo þaðan engu betur settir enn þegar þeir fóru þangað, nema hvað þeir álíta, að þeir séu nú orðnir mentað fólk.

Reynsla þjóðanna hefir sannað oss, að "Practical Education" sé það, sem hjálpar einstaklingnum í bardaganum fyrir tilverunni, en er samt heillarikt fyrir fjöldann.

Eggert J. Árnason,
skrifari Menningarfél.

— St. Yves, franski pilturinn, sem nýlega vann 25 mílna hlaupið í New York, og lagði að velli í einni svipan 5 eða 6 fljótustu hlaupagarpa heimsins, hefir á ný unnið 20 mílna kapphlaup í Providence, R.I. Kapphlaupið var háð 10. þ.m. Hann hljóp skeiðið á 2 kl.stundum 2 mín. og 2 sek. — Á laugardagskveldið kemur á hann að hlaupa 15 mílur í New York borg, móti Alfred Shrubb, enska hlaupagarpinum.

Bréf að Heimskringlu eiga: —
Mrs. J. P. Bjarnason,
Mrs. Sveinbjörg Einarsson.
Mr. Lárus Sigurjónsson (frá Íslandi).
Mr. Guðmundur Magnússon (frá Íslandi).

Sparið Línið Yðar.

Ef þér óskið ekki að fá þvottinn yðar rifinn og slitinn, þá sendið hann til þessarar fullkomnu stofnunar.

Nýtízku aðferðir, nýr vélaútbúnaður, en gamalt og æft verkafólk.

LITUN, HREINSUN OG PRESSUN SÉRLEGA VANDAÐ

Modern Laundry & Dye Works Co., Ltd.
307—315 Hargrave St.
WINNIPEG, MANITOBA
Phones: 2300 og 2301

Á beztu heimilum

hvar sem er í Ameríku, þar munið þér finna HEIMSKRINGLU lesna. Hún er eins fróðleg og skemtileg eins og nokkuð annað íslenzkt fréttablað í Canada

MARKET HOTEL
146 PRINCESS ST. á móti markaðnum
P. O'CONNELL, eigandi, WINNIPEG
Beztu tegundir af vínföngum og vindum, aðhlynning góð, húsið endurbætt

JOHN DUFF
PLUMBER, GAS AND STEAM FITTER
Alt verk vel vandað, og verðið rétt
664 Notre Dame Ave. Phone 3815
Winnipeg

Strathcona Hotel
Horni Main og Rupert Str. Nýbygt og ágætt gistihús; Gest um veitt öll þægindi með sanngjarnasta verði. Frí keyrsla til og frá öllum járnbr. stöðvum. Beztu vín og vindlar; og herbergi og máltíðar ágætar.

McLaren Brothers
EIGENDUR

Hotel Pacific
219 Market Street, Winnipeg | H. M. Hicks, Eigandi Manitoba
Telephone 1338
Ný-endurbætt og Ný-tízku hús í alla staði. Viðskifta yðar óskast virðingarfylst.
$1.25 a Dag

$1.50 Á DAG
Bezta $1.50 gistihús í Winnipeg
BRUNSWICK HOTEL
Horni Main St. og Rupert Ave.
Bezta borðhald; Hrein og Björt Herbergi; Fínustu Drykkir og Bestu Vindlar. Ókeypis Vagn mætir Öllum Traintestum. Reynið oss þegar þú ert á ferð.

Skyldi "sök bíta sekan", eða hvað?

— EFTIR —
MRS. INGIBJÖRGU GOODMAN.

Þeir, sem tekið hafa eftir greininni "Réttilega eða óréttilega", er birtist í Hkr. 25. febr. 1909, hafa máske gaman af að sjá, hve mynd arlega ritstýrunni hefir tekist, að verja mál sitt (! ! !). Skulu þeir þá fletta upp á bls. 183 í febrúarhefti Freyju. Þar stendur lítil grein með fyrirsögninni: "Gullin hennar Ingibjargar.

Þó ég bendi lesendum blaðanna á grein þessa, þá er það ekki meining mín að svara henni. Nei, ég ætla ekki einu sinni að gera við hana athugasemd. Ég er svo heppin, að hún er eitt af þessum mörgu nútíðar rirverkum, er ekki þurfa svars. Hún kveður sinn dóm upp yfir sér sjálf, og læt ég ritstýru Freyju vita það, að ég er með öllu ófáanleg til þess að fara í persónulegt illyrðakast við hana. En svo margsinnis guðvelkomið er ritstýrunni að punta vesalings litlu Freyju sína upp með eins miklum ósönnum, ærukrenkjandi aðdróttunum, eins og henni sjálfri finst bezt við eiga. Ég skal þóknast henni fyrir það með því, að haldá áfram að kaupa Freyju og borga hana, eins og ég hefi gert frá því fyrsta, að Freyja varð til og þar til að þessi árgangur verður á enda, sem nú er að troðast í gegnum veröldina með öllum sínum meðfæddu harmkvælum.

Og því meira, sem Mrs. Benedictsson sendir mér af góðgæti líkrar tegundar og hún gaf mér í síðustu Freyju, því betra fyrir mig; þess meiri talandi vottur þess, að hún hefir fundið, að greinin "Réttilega eða óréttilega" hafði við of mikinn sannleika að styðjast til þess að hún treysti sér til, að mótmæla henni, — og líklega er ljótt að geta þess til, að hér "bíti sök sekan".

Í þessa árs hefti Freyju eru tveir bréfkaflar, er stílaðir eru til ritstýrunnar, — annar frá Dr. Sig. Júl. Jóhannessyni, hinn frá skáldinu J. Magnúsi Bjarnasyni, hvar í þeir lýsa ánægju sinni yfir kvenfrelsis og jafnréttismálum Freyju. Svo gerir ritstýran athugasemd á þessa leið: —

"Bæði þessi bréf eru rituð löngu eftir að grein sú kom út í Freyju, er Mrs. I. Goodman finnur ástæðu til að rita á móti í Hor. 25. febr. sl. — fyrra bréfið stílað 11. febr. og hið síðara 12. s.m. Einkennilegt, að tveir karlmenn, og það mestu rithöfundar og skáld Vestur Íslendinga, skyldu ekki sjá það, sem hún sá", o.s.frv.

Engum manni er erfitt að sjá meinlokuna í athugasemd þessari.

Báðir þessir menn lifa mörg hundruð mílur frá Winnipeg bæ, og vita því harla lítið um það, hvað af því eru ósannar slúðursögur, er Freyja færir þeim, og hvað ekki. Og einmitt af því, að menn þessir eru ærlegir og góðir drengir, því erfiðara er fyrir þá að geta ímynd að sér, að ritstýra Freyju geri sig seka í því, að draga að sér slúðursögur af verstu tegund og setja þær í blað sitt. Á ég að trúa því, að þessir menn gætu unnað Freyju fyrir slíkar fréttir, ef þeir vissu, hve lítið sannleiksgildi þær hafa?

Eða mundi vinur minn Dr. Sig. Júl. Jóhannesson vera til með að lýsa því yfir, að hann unni Freyju (eins og hann kemst að orði í bréf kaflanum til ritstýrunnar), — já, unni henni sérstaklega fyrir laglegu greinina, er ritstýran sendi mér með fyrirsögninni: "Gullin hennar Ingibjargar"? — þá væri þekking hans á mér fyrir þann tíma, er hann rentaði hjá okkur hjónum, annan veg vaxin en ég hélt hana vera.

Skáldið J. Magnús Bjarnason kemst svo að orði í sínum bréfkafla til ritstýrunnar: "Hver einasta kona ætti að kaupa Freyju og borga hana reglulega", o.s.frv. — Skáldið J. M. Bjarnason þekki ég ekki persónulega, en ritverkum hans hefi ég fylgt öllum nákvæmlega eftir, og þau segja mér, að maður þessi sé góður maður og sanngjarn. Frá mörgum hans ritverkum leggur kærleiksríkan yl og birtu, er skilur eftir hjá manni meira traust og trú á því göfuga og góða í heiminum, en maður hefir máske áður haft.

Getur J.M.B. fundist þetta rétt, að við konurnar eigum að kaupa og borga Freyju reglulega, en við megum ekki segja eitt einasta orð á móti henni, hversu illa, sem okkur fellur hún? Verði okkur það á, segir Mrs. Benedictsson að það séu árásir, er stjórnist af fjandskap öfundsjúkra óvina (sbr. þessa árs febr. hefti Freyju, bls. 183). — Já, svo mörg eru þessi Margrétar orð.

En hverjir skyldu annars hafa meiri rétt til að segja álit sitt á Freyju, en einmitt við konurnar? Fyrst og fremst á Freyja að vera kvenfrelsis og jafnréttis blað, og svo eru það við konurnar, er kaupum hana og borgum. Það sýnist því ekki benda á mikla frelsis eða jafnréttis tilfinningu hjá ritstýrunni, ef hún vill ekki gera okkur jafnhátt undir höfði og aðrir ritstjórar gera kaupendum blaða sinna, — nefnilega, að lofa okkur að segja álit okkar á blaðinu, án þess að hún hreyti að okkur persónulegum óþverra illyrðum.

Ég get ekki gert að því, þó mig langi til þess, að þetta eina ísl. kvenblað, sem við eigum hér fyrir vestan hafa, sé smekklegt, snyrtilegt og ofurlítið þrifalegt til fara, því á sama tíma getur það verið einart, djarflegt og hreinskilið. Mér líkar ekki að það séu hengdar á það óþrifadruslur, er liggur við að kenni þefs af, ef í nærveru er!

Það má vel vera, að þetta sé bara eintómur hégómaskapur af mér. En það er hégómaskapur, sem ég kæri mig ekki, vil ekki verða laus við.

Svo bið ég lesendur að virða frá gang lína þessara á betri veg. Þær eru regluleg hjáverk, og því í meiri molum en ég vildi láta þær vera.

Winnipeg, 8. apríl 1909.

Nokkur orð til Jónínu Samúelsson.

Rétt þegar ég er að enda við línur þær, er birtast hér að framan, berst mér í hendur Hkr. 8.apr. með allra myndarlegasta greinarstúf frá Jónínu Samúelsson, með fyrirsögninni: "Svar til Mrs.Goodman".

Jæja, min kæra Jónína! Þú ert að reyna að telja sjálfri þér og öðrum trú um, að með ávarpi þínu til mín sért þú að svara gr. "Réttilega eða óréttilega".

Þar feilar þér stórlega. Úr þeirri grein tekur þú ekki eina einustu setningu til yfirvegunar, auk heldur, að þú hrekir þar eitt einasta orð. Og hvernig getur þá grein þín verið "svar" upp á áðurnefnda grein? Þar sem líka ávarp þitt er mestmegnis það, sem þú hefir tínt upp eftir hina og þessa, og túlkar það svo yfir til almennings.

Þú segir til dæmis: "Ég hefi ekki heyrt neinn karlmann minnast á þessa Ingibjargar grein, svo hann hafi ekki hlegið háðslega". — "Konu hefi ég heyrt vera ergilega út af þessari grein". Og enn fremur: "Ein kona sagði", o.s. frv.

Það eru annars ótrúlega margir uppi enn þá af niðjum gömlu Gróu á leiti, og allir sýnast hafa tekið sömu hæfileikana að arfi eftir kerlingarsauðinn.

Ljómandi var það fallega hugsað af þér, að lofa mér að vita, að það væru til konur, sem skömmuðust sín fyrir grein mína. Reyndar var það nú óþarfa ómak og fyrirhöfn, því ég er fyrir löngu búin að verða þess vör, að heimurinn á heilmikið af meira og minna illkvitnum flónum, er horfa á flest, er fyrir þá ber, í gegnum gler útatað af rangsleitni og misskilningi.

Svo segir þú: "Ingibjörg Goodman á auðvitað með, að auglýsa tilfinningar sínar gagnvart karlmönnunum, en hún á ekki með, að draga aðrar konur og stúlkur inn í það mál".

Heyrðu, mín ljúfa!! Heldur þú nú ekki, að það séu fleiri konur en ég, er unna föðurnum og syninum jafnt hugástum eins og móðurinni og dótturinni? Heldur þú ekki, að það séu fleiri konur og stúlkur enn ég, er verði að viðurkenna það, að í æðum þeirra renni blóðið jafnt til skyldunnar í karllegg sem kvenlegg? Og munu það ekki vera flestar stúlkur, er einhverntíma fyr eða síðar á æfinni fyrirhitta þann vin úr hópi karl anna, er þær kjósi sér til samfylgdar í gegn um þann part af æfinni, sem ófarinn er? Og mundu þær þá með köldu blóði geta liðið, að bornar væru á hann sakir svipaðar þeim, er Margrét Benedictsson ber á kirkjustólpana og mannfélagsstyttur nar í ritstjórnarpistli þeim, er ég tók til íhugunar í greininni "Réttilega og óréttilega"? Og sérðu ekki, hve ónáttúrlegt og ljótt það er, að þessir tveir kynþættir, sem hvorugur má missast, ef að tilvera heimsins á að halda áfram, séu sífelt að ráðast hvor á annan og gera hinum sem mest til skapraunar og svívirðingar, sem mögulegt er?

Og svo ég bæti nú ennþá gráu ofan á svart, þá sný ég ekki til baka með þá sannfæringu mína, að svo álít ég eðlisfar karls og konu svipað, að ekki treysti ég mér til, að draga þar mannshár á milli. Og það er margra álit, er mér eru hygnari, að það sé meira afstaða þessara tveggja parta í heiminum, er geri framkomu þeirra stundum ólíka, heldur enn að upphaflega hafi verið skift svo ójafnt og ólíkt á milli þeirra.

Og fyrir þessa skoðun mína, hversu ókvenleg, sem hún kann að þykja, skal ég aldrei bera beygt höfuð eða bleika kinn, því í gegnum hana hefi ég aldrei neitt ljótt eða óheiðarlegt unnið og vona að ég geri aldrei.

En svo var þetta atriði ekki aðalefni eða þráður greinarinnar "Oéttilega eða óréttilega".

Heldur var ég að gera tilraun til þess, að sýna ritstýru Freyju fram á, að með því að gerast óréttlát í garð karlmanna, væri hún að spilla fyrir sinu eigin máleini — kvenfrelsinu. Þetta veit ég, að allir hafa skilið, sem vildu skilja það, og ekki hafa óslökkvandi þrá til þess, að skekkja og skjæla alt sem þeir fara með, og leggja alt út á versta veg, er þeir lesa og heyra.

Þú segir mér, Jónína mín, að piltarnir hlægi háðslega og fyrirlitlega, þegar þeir minnist á grein mina. Þetta eru nú ljótu fréttirnar! Því eins og þær vita báðar, Maggie og Freyja litla (þó þær hafi nú ekki sagt það neinum!!!) — þá er mér svo undur meinlitið við piltagreyin, svo að þú getur því nærri, Jónína mín góð, hvernig mér muni líða nú á dögum!!!

Nærgætin og góð manneskja hlýt ur þú víst að vera, Jónína mín, þar sem þú ert að amstrast yfir því, að þú sért hrædd um, að ég taki lítið kaup fyrir grein mina. — Sízt af öllum ættir þú að vera að setja slíkt fyrir þig, eftir það að þú ert búin að leggja annað eins á þig fyrir mig í borguharskyni fyrir verk mín, eins og sjá má á þessu þinu stóra ritverki. Fyrst, að smala öllu saman, sem hún og hann og þessi og hinn sögðu um grein mina, og svo öll þau óútreiknanlegu ógrynni, er þú hefir orðið að leggja til úr þínu andlega forðabúri. Alt útlit fyrir, að það hafi verið eins mikið og þér hefir verið mögulegt að spara. Það væri því reglulega ljótt af mér, ef að ég væri ekki hæst ánægð með verðlaunin frá þér. Því það dylst mér ekki, að hér hefir verið á litlum efnum að taka.

Svo að endingu langar mig til, að biðja þig bónar. Hún er þetta: Að þegar þú ferð að rita næst, þá reyndu að hafa það af þínu eigin, en vertu ekki að lepja saman það, sem að hún Gunna, Gvendur eða hún Gróa sögðu. Og í öllum kraftanna bænum, ritaðu aldrei aftur um ekki neitt.

Winnipeg, 9. apríl 1909.

Mrs. Ingibjörg Goodman

Athugið.

Herra Stefán G. Bjarnason, nemandi við Wesley skólann, hefir tekið að sér umboð fyrir Heimskringlu í Álptavatns og Grunnavatns nýlendum. — Vinir Heimskringlu eru vinsamlegast beðnir, að veita honum góðar viðtökur og greiða fyrir erindum hans svo sem þeir bezt geta.

Brúkið blek.

Svo margir eru nú teknir upp á því, að senda Heimskringlu bréf og greinar ritaðar með ritblýi, og sem í mörgum tilfellum er sem næst ólæsilegt, þegar það kemur hér á skrifstofuna, að ég finn mig neyddan til að mælast til þess, að þeir sem senda bréf eða ritgerðir til birtingar í blaðinu, vildu skrifa MEÐ BLEKI, svo að það verði nægilega skýrt til aflesturs fyrir stílsetjara blaðsins og aðra, sem um það þurfa að fjalla.

B. L. BALDWINSON.

ROBLIN HOTEL
115 Adelaide St. Winnipeg
Besta $1.50 á-dag hús í Vestur-Canada. Keyrsla ókeypis milli vagnstöðva og hússins á nóttu og degi. Aðhlynning hins bezta. Viðskifti Íslendinga óskast. William Ave. strætiskarið fer hjá húsinu
O. ROY, eigandi.

SPÓNNÝTT HÓTEL
ALGERLEGA NÝTÍZKU
Hotel Majestic
John McDonald, eigandi.
James St. West, Rétt vestan við Main St.
Winnipeg Telefón 4979
$1.50 á dag og þar yfir
Bandaríkja-snið
Alt sem hér er um hönd haft er af beztu tegund. Reynið oss.

MIDLAND HOTEL
285 Market St. Phone 3491
Nýtt hús, nýr húsbúnaður Fullar byrgðir af allskonar vönduðustu drykkjum og vindlum í hressingar stofunni. Gisting einn dollar á dag og þar yfir.
W. G. GOULD :: FRED. D. PETERS, Eigendur
WINNIPEG ::: ::: CANADA

Ágæt meðul.

Ég hefi kynst og pantað áður meðul við nef, kverka- og andkafa sjúkdómum hjá Royal Remedy Co. Þau fá bezta vitnisburð, þeir, sem senda mér sjúkdómslýsingu, og $4.00 fyrirfram, fá meðulin send heim til sín kostnaðarlaust hvar sem er í Canada. Eins og mörgum er kunnugt, hefi ég fengist töluvert mikið við meðalasölu stundum, og þekki "patent" meðul vel. Þessi meðul eru 'ekta' góð meðul, og fólk má treysta þeim, ef það kaupir þau í tæka tíð.

K.Ásg.Benediktsson.
540 Simcoe St., Winnipeg.

The Dominion Bank
NOTRE DAME Ave. BRANCH Cor. Nena St.
VÉR GEFUM SÉRSTAK AN GAUM AÐ SPARI-SJÓÐS-DEILDINNI. —
VEXTIR BORGAÐIR AF INNLÖGUM.
HÖFUÐSTOLL - - - $3,983,392.38
SPARISJÓÐUR - - $5,300,000.00
A. E. PIERCY, MANAGER.

"Ég verð aldrei róleg", mælti hún raunalega, — því með óvarkárni minni hefi ég gert yður ólánsaman".

"Þér munuð finna ró", mælti hann alvarlega og með áherzlu, "þegar yður lærist að skilja, að ást yðar hjálpar mér til að bera sérhverja þá byrði, er lífið leggur mér á herðar".

Hann þrýsti því næst hönd hennar og gekk svo inn í herbergi sitt. En Felicitas þrýsti eldheitu enninu að glugganum og horfði ofan í garðinn, þar sem regnið féll í stórum dropum niður á steinstéttina, og með svo mikilli ákefð, eins og nú riði á að þvo í burtu blóð hins gamla Adrian von Hirschsprung, — og einnig þann smánarblett, er loddi við Heilwigsnafnið.

XXVII.

MÓÐIR OG SONUR.

Einum klukkutíma síðar gekk prófessorinn inn í herbergi móður sinnar. Hann var ofurlítið fölari en hann átti að sér, en aldrei hafði kjarkur og þrek, er einkendi svo mjög framkomu hans, komið betur í ljós en einmitt nú.

Frú Heilwig sat við gluggann hjá uppáhaldsblómi sínu, og krjónaði í ákafa. Hver lykkja myndaði tröppu í stiga, er bar hana til himins, — því skildingarnir, er fengust fyrir sokkinn er hún var að prjóna, áttu að renna í kristniboðssjóðinn.

Prófessorinn lagði opna bók á borðið fyrir framan móður sína.

"Ég verð að tala við þig um þýðingarmikið atriði, móðir mín, — en fyrst verður þú að lesa þessa bók", mælti hann.

Hún lagði forviða frá sér prjóna sína, setti upp gleraugu og tók við bókinni. — "Sjáum til, það er þá hrafnasparkið hennar gömlu Cordulu", mælti hún, en fór samt að lesa.

Prófessorinn gekk um gólf, hélt vinstri hendinni fyrir aftan bak, en strauk skegg sitt með þeirri hægri.

"Ég fæ ekki skilið, af hverju þú heldur að ég hafi skemtun af þessari barnalegu ástarsögu skóaradrengsins. — Hvernig dettur þér í hug, að færa mér þessa eldgömlu bók, er spillir loftinu í herberginu með myglulyktinni, er af henni leggur?" mælti hún eftir að hafa lesið tvær blaðsíður.

"Lestu áfram, móðir!" mælti hann óþolinmóðlega. "Þú munt fljótt gleyma myglulyktinni, þá er þú heyrir þau skæmu tíðindi, er bókin hefir inni að halda".

Með auðsjáanlegri óánægju, tók hún aftur að lesa, og las nokkrar blaðsíður, — en smámsaman fór hún að veita lestrinum meiri eftirtekt en áður. Djúpur roði færðist yfir kinnar þennar, og hún sneri með æ meiri og meiri ákafa blöðunum við. — — þó undarlegt megi virðast, lýstu svipbreytingarnar í andliti hennar hvorki ótta né skelfingu, og þegar fram í sótti hæðni. Að lokum lagði hún bókina í kjöltu sér.

"Þetta er merkileg saga. Hverjum skyldi hafa komið þetta til hugar? Hin hávirðulega og heiðarlega Heilwigs ætt!" Hún skelti saman höndunum, og málrómur hennar lýsti hatri, öfundsýki og illvilja. — "Svo peningarnir, sem kammerráðsfrúin hún tengdamóðir mín þóttist svo mikil af, — voru þá stolið fé! Já, þvílíkt! Hún klæddist í flauel og silki, hélt stórveizlur, og kampavínið flaut í lækjum

eftir gólfinu. Og sníkjugestirnir kölluðu hana í staðinn fagra og skarpvitra konu. — Og ég, — ég varð að ganga um beina. Við hlið þessarar léttúðugu og glysgjörnu konu, veitti enginn hinni fátæku ungu stúlku eftirtekt, sem var þeim öllum þó miklu framar í dygð og guðsótta. — Í þann tíma beit ég oft tönnunum saman í reiði, og það til guðs míns að hann vildi reisa þessari gjálífis skepnu. Hann hafði þá þegar felt dóminn. Hversu dásamlegir eru ekki hans vegir! — það voru stolnir peningar, sem þau svo skammarlega jusu á báðar hendur. — Sálir þeirra eru án efa að eilífu glataðar!"

Prófessorinn stóð hreyfingarlaus á miðju gólfi. Hann undraðist svo stórlega, hvernig móðir hans tók þessum tíðindum, að hann fyrst í stað vissi eigi hverju svara skyldi.

"Ég fæ ekki skilið, hvers vegna þú áfellir ömmu mína, þó hún, án þess að hafa hugmynd um, að peningarnir væru stolið fé, nyti þeirra", mælti hann önuglega eftir stutta þögn. — "En svo eru þá okkar sálir einnig glataðar, því við höfum alt fram á þennan dag notið rentanna. — Nú, en úr því þú lítur þannig á þetta mál, þá verður þú samdóma mér um það, að sjálfsagt sé sem fyrst að afmá þennan smánarblett af ætt vorri og borga til hinna réttu eigenda hvern einaðta skilding".

Hingað til hafði frú Heilwig þrátt fyrir undrun sína haldið stillingu sinni, en nú stökk hún á fætur.

"Borga!" endurtók hún, eins og hún vildi ekki trúa sínum eigin eyrum. — "Hverjum þá?"

"Nú, — það segir sig sjálft, — náttúrlega til Hirschsprung erfingjanna".

"Hvað segirðu? Borga þeim letingjum og slæpingjum, er fyrst verða til að gefa sig fram, — að borga þeim jafnmikla peninga upphæð og Heilwigs-

ættin hélt eftir — fjörutíu þúsund ríkisdali — eftir að Páll Heilwig — —".

"Já, eftir að Páll Heilwig, þessi réttláti og trúi drottins þjónn, erfingi eilífs lífs, hafði rifið til sín tuttugu þúsund ríkisdali", greip prófessorinn skjálfandi af reiði fram í fyrir móður sinni. — "Móðir!! Þú álítur, að amma mín hafi farið til helvítis, af því hún án þess að vita það naut stolinna fjármuna, — en hverja hegningu á sá maður skilið, sem af djöfullegri ilsku og ágirnd stelur ærnu fé?"

"Já, það er auðvitað, — hann hefir rétt í svip látið fallast í freistinganna snöru", mælti hún og lét sér hvergi bregða. — "Hann hefir þá verið ungur og léttúðarfullur, ekki búinn að finna hinn rétta veg. — Sá vondi velur ávalt hinar göfugustu og beztu sálir til þess að tæla þær frá guði; — en Heilwig hefir séð sig um hönd, og skrifað stendur, að englar guðs muni gleðjast yfir einum syndugum, er bætir ráð sitt. — Hann ver nú kröftum sínum í þarfir hinnar heilögu trúar, án þess að þreytast. Í höndum hans eru peningarnir orðnir heilagir, og engin synd loðir lengur við þá, — því hann ver þeim guði til dýrðar og vegsemdar".

"Ég sé, að við Lúterstrúarmenn eigum líka Jesúíta meðal vor", mælti prófessorinn og hló hæðnislega og biturt.

"Hvað snertir peningana sem fallið hafa í okkar skaut, þá er alveg eins með þá", mælti frú Heilwig innfremur, án þess að gugna hið minsta. "Gættu nú að og íhugaðu, hvernig guðs hönd bersýnilega stjórnar öllum gerðum vorum: — ef við værum ranglega að peningunum komin, myndu þeir ekki bera jafn blessunarríka ávexti. — Við — þú, sonur minn og ég — höfum með guðrækni og áhuga fyrir málum heilagrar kirkju, breytt í blessun því fé, sem fyr meir var ranglega fengið".

Ofurefli.

Það er sitt hvað, að lesa skáldsögur, sem gerast heima á ættjörðinni, eða hinar, sem gerast í ókunnum löndum.

Þegar ég les skáldsögu frá landi, sem ég þekki ekki af sjón og raun, er ég alveg á valdi rithöfundarins. Engar sérstakar endurminningar trufla lesturinn. Eg er kominn inn í nýjan heim. Alt er þar nýtt, nátt úran, mennirnir, lífskjörin. Skáldið á hægan leik, því ég hefi ekkert til samanburðar annað en almennar hugmyndir um manneðli og náttúruna. Sé ekkert, sem vekur tortrygni, ekkert sem bendir á fjar stæður, tek ég við öllu með trúarinnar augum. Og því betur lær meðferð efnisins, ritlist höfundarins að njóta sín. Eg er ekki sjálfur við söguna riðinn, nema að því leyti, sem hún megnar að gagntaka huga minn.

Öðru máli gegnir um skáldsögurnar að heiman. Vér lesum þær flestir með alt öðrum hætti. Þær mæta hjá oss ótal endurminningum, ótal skoðunum, ótal óskum um það, hvernig persónur sögunnar komi fram. Metnaður fyrir hönd þjóðarinnar í heild sinni, löngun til að sjá hana frá sérstakri hlið, metnaður fyrir hönd sérstakra stétta, sérstakra stofnana, skoðana, hreyfinga, áhugamála, situr þar á varðbergi. Sagan er oss nærgöngul. Vér erum ekki óvilhallir dómarar, því til vor er leikurinn gerður.

Ef til vill er það þess vegna, að mörg góð skáld hafa í fyrstu átt örðugt með, að verða spámenn í föðurlandi sínu. Þeir koma svo oft við kaunin. Þeir neyða lesendur til að hugsa og líta í kring um sig, — og það er synd, sem er erfitt að fyrirgefa.

Mér flaug þetta í hug, þegar ég var að lesa Ofurefli. Eg fann það sérstaklega í veizlunni hjá Þorbirni kaupmanni. Eg var óánægður með sóknarnefndarmennina — Jón Sigurðsson og Finn, og fyrst og fremst Þorbjörn sjálfan. Mér fanst það skömm fyrir höfuðstaðstaðinn, að hafa þennan erkidurg og dóna og þessar vesölu rolur fyrir sóknarnefnd, og mér fanst þeir varla saman berandi við þá menn, sem ég mintist að hefðu ver ið í sóknarnefnd höfuðstaðarins, þegar ég þekti til, — ég fór að rifja þá upp í huga mér! Það bætti reyndar nokkuð úr skák, að mér varð undir eins hlýtt í þeli til Steingríms.

Og svo las ég áfram.

Ein myndin eftir aðra. Allar lifandi. Og alt af þyrptust endurminningarnar að. Nýjar og nýjar spurningar. Hverjum var hann líkur, þessi prestur? Hver var svona gáfaður, og góður jafnframt? Hver gat verið yfirdómarinn? Sá var ekki mál-haltur, þótt hann væri haltur. Undarlega skemtilegur og djúphyggina. Eða Ragnheiður? Mér fanst ég kannast við hana. Hverri var hún lík af ungu stúlkunum heima? Hver af annari komu þær í huga mér og brostu gletnislega: Er það ég? Er það ég? — En það var engin þeirra. Og samt var það einhver þeirra — ofurlitið breytt.

Svo rankaði ég við mér. Ég var ekki að lesa sögu Reykjavíkur. Ég var að lesa skáld-sögu úr Reykjavík. Og það er sitt hvað. Söguritarinn segir: Svona var það. Söguskáldið segir óbeinlínis: Svona gat það verið. Hér var ekki um það að tefla, hvort sóknarnefndin í Reykjavík hefir nokkurn tíma verið skipuð alveg sams konar mönnum og Þorbirni, eða Jóni Sigurðssyni, eða Finni. Það skiftir minstu máli. Hitt er aðalatriði: Gat slíkur maður, sem Þorbjörn kaupmaður, verið til í Reykjavík, og ef svo var, gat hann þá komist þar í sóknarnefnd og látið kjósa þá Finn og Jón með sér?

Eg held það væri ógætilegt að neita því. Mér finst sagan ekki ósennileg. Eg held hún hefði getað gerst í Reykjavík, öll, frá upphafi til enda.

Hitt er víst, að hún hefir ekki gerst þar. Hvað merkir það þá, að hún hefði getað gerst þar?

Það merkir þetta: Ef vér hugsum oss aðalmenn sögunnar þreyta kapp í Reykjavík, þá mundu endalokin verða svipuð því, sem sagan sýnir. Að slíkt hafi aldrei orðið, kemur þá blátt áfram af því, að einmitt tveimur slíkum mönnum hefir aldrei leut þar saman um ein. mitt svona lagað mál.

Skáldsagan er eins konar taflraun. Skáldið velur sér í upphafi þessa menn, þessi peð, og fær þeim stað á taflborðinu. Svo athugar hann, hve marga leiki þarf til þess að annar komist í mát.

Þegar ég nú renni huganum yfir persónurnar í sögunni, sé ég þær allar skýrt fyrir hugskotsaugum. Hver þeirra lifir sínu einkennilega lífi. Þær setjast að í huganum meðal endurminninga um menn og konur, sem ég hefi sjálfur kynst. Ég tel þær með, þegar ég á að gera upp reikninginn og segja, hvernig mennirnir séu. Þetta er einkenni góðra skáldsagna. Þær auka lífsreynslu lesandans, og skýra hana. — Að vísu átti ég lengi erfitt með að kannast við Þorbjörn. Mér fanst hann meiri "vatnsstigvélasál" en ég gat minst í svipinn, en þegar ég leitaði vel, fanst mér ég kannast við hann líka, þótt hann sé ekki á hverju strái, — sem betur fer.

Ritsnild Einars Hjörleifssonar er frábær. Orðin ná jafnan því taki á hugsuninni, sem þeim er ætlað. Aldrei of eða van. Og alt af langar mig meir og meir til að sjá leikrit frá hans hendi. Hann hefir einmitt það vald yfir samtalinu, sem fyrst og fremst þarf til þess, að geta samið leikrit. Í Ofurefli hefir hann jafnframt neytt þess, að hann er ræðusnillingur. Ræðu Þorgríms yfirdómara semur enginn nema sá, sem sjálfur kann ræðumannstökin á áheyrendum.

En sagan er ekki að eins merkileg og minnisstæð fyrir það, hve skýrt skáldið leiðir oss persónurnar fyrir sjónir, heldur og fyrir hitt, hvað þær eru, hvað fram fer í sálum þeirra.

Sagan hefði vel mátt heita: "Lærisveinn Krists kemur til Reykjavíkur". Einkennilegt efni! Betri prófstein er ekki unt að bera á hvaða mannfélag sem er, en einmitt þennan: Hvernig farnast þeim, sem ætlar sér að lifa þar eftir kenningu Krists, vera guðs megin, sannleikans megin, réttlætisins megin, kærleikans meg in? Vera "frjáls maður". Mannfélag, sem þyldi nokkrum manni slíkt ofsóknarlaust, væri sjálft komið langt á leið fullkomnunarinnar. Það yrði að vera gagnsýrt af mannúð, af kærleika, því kærleikanum einum er það gefið, að tortryggja engan. Kærleikurinn er fyrsta skilyrðið til að skilja alt og alla, fyrsta skilyrðið til að komast að sannleikanum:

Ti den har aldrig levet,
som klog paa det er blevet
han ei først havde kær.

En sannleikurinn verður ekki fundinn í eitt skifti fyrir öll. Það verður alt af að uppgötva hann af nýju, því hann tekur sér nýja mynd í hverri einustu mannssál. Enginn er að öllu öðrum líkur. Frá því sjónarmiði eru allir menn undantekningar. En vér getum ekki verið fullkomlega réttlátir við aðra menn fyr en vér skiljum þá til fulls. Svo einföld er þessi kenning. Þar leiðir hvað af öðru.

Og þó er þetta hugumstærsta kenningin, sem nokkurntíma hefir verið flutt í heiminum. Sá, sem ætlar að lifa eftir henni, verður að ganga í berhögg við skilningsleysið og lýgina, sem sprettur af kærleiksleysinu, og við ranglætið, sem sprettur af skilningsleysinu. Af honum er heimtað, að hann skilji þá, sem hann hafi eitthvað saman við að sælda, og skilji þá jafnvel betur, en þeir skilja sjálfa sig. "Það, sem þér viljið að menn irnir geri yður, það skuluð þér og þeim gera". Til þess þarf tvent: að skilja, hvernig á stendur fyrir öðrum, og vita, hvers maður mundi sjálfur óska í þeirra sporum. En það verður hver að segja sér sjálfur. Öll ábyrgðin er lögð á herðar einstaklingnum. Hann er sjálfur æðsti dómarinn, og hann verður sjálfur að fullnægja dómnum. En þá má hann ekki fara að því, þótt aðrir liti öðru vísi á. Hann verður að vera frjáls maður".

Eftir þessari kenningu ætlar presturinn sér að lifa í Reykjavík: Engan þarf að furða, þótt það gangi ekki baráttulaust, eða þótt hann vrði í minni hluta á safnaðarfundinum. Svo mundi víðar hafa farið. En jafnumhugsunarvert er efnið fyrir því. Og það, sem gerir lestur skáldsögunnar svo laðandi, er einmitt það, að presturinn er engin fjarstæða. Vér getum vel búist við, að fá slíkan mann mitt á meðal vor, áður en varir. Og ég vona, að einhver Ragnhildur verði þá til að standa við hlið hans í baráttunni. Þess mun hann þurfa.

Kristur þurfti þess ekki. En hann kemur víst aldrei til Reykjavíkur.

París, 28. nóv. 1908.

Guðm. Finnbogason

— Eftir Ísafold.

Leiðbeining til utanbæjarmanna.

Til ritstj. Heimskringlu.

Gerið svo vel, og ljáið eftirfarandi línum rúm í yðar heiðraða blaði.

Fyrir nokkrum árum síðan komu 2 eða 3 Íslendíngar til Winnipeg norðan frá vatni. Þeir skrásettu sig á einu hótelinu norður í Aðalstræti um kveldið. Þar næst keyptu þeir matseðla fyrir kveldverð. Á leiðinni inn í snæðingssalinn er vinsölustofan. Þeim hugkvæmdist, að fá sér "einn gráan" áður enn þeir snæddu. Þegar inn í vinsölustofuna kom, sáu þeir þar ungan mann, sem var litt stætt, og voru 3 eða 4 hérlendir menn að toga hann út úr hótelinu. Einn af þeim aðkomnu bað þessa menn að fara hægt að við þenna drukna mann, og fylgdi þeim eftir út fyrir dyrnar. Vildi sjá um, að þeir meiddu hann ekki og vita, hvort hann mundi vera sjálfbjarga, að komast burtu frá þeim þá út kom. Aðkomumaður veit þá ekki fyrr til, enn hann er sleginn í andlitið af einum þessum þorpara, og gerði hann það yfir öxlina á öðrum félaga sínum. Maðurinn átti sér einskis háttar von, og gat því eigi áttað sig á, hver höggið greiddi, fyr enn um of seinan. Þá voru óþokkar þessir hlaupnir burtu. — Slegni maðurinn fór þá til hóteleigandans og tjáði honum málavexti, en hann vildi engan gaum gefa þessu. Fóru þá Íslendingarnir þaðan, og þáðu hvorki mat né gistingu.

Til leiðbeiningar fyrir Íslendinga utan bæjar og innan, þá er eina ráðið í svona kringumstæðum, að ná í lögregluþjón tafarlaust, og gera honum málavexti kunna eftir föngum, og láta hann krefja hóteleigandann til upplýsinga um þorparana. Þeim er oft illa við að gera það, en ef lögreglan skerst í leikinn í tíma, þora þeir ekki annað enn gefa sakadólginn upp, því annars iþyngir yfirhylming þeim, og hæpið að þeir fái vinsöluleyfi framvegis, ef þeir vilja hylja seka bófa í fórum sínum. Þetta er sagt Íslendingum til leiðbeiningar yfirleitt, sem fyrir smán og barsmíði verða. Auðvitað er kunnugum mönnum, sem búa í þessum bæ, auðvelt að forðast svona skráveifur. Þeir ættu að þekkja heiðvirð hótel hér, ef þeir finna köllun hjá sér til að heimsækja þau. En öðru máli er að gegna um utanbæjarmenn. Yfir það heila tekið eru hótel sunnan við James Ave. góð hótel og slarklítil, en í norðurparti bæjarins eru yfir það heila tekið slarkara staðir, sem betra er að vera var um sig á.

Í þessum bæ vinnur að eins einn Íslendingur í vinsölustofu í hóteli, og hefir gert það um langan tíma. Hann heitir Thomas Fraser, og er á Jimmy's Hotel. Hann er Íslendingur í húð og hár, og lætur ekki misbjóða löndum sínum, sem hann heimsækja, og kunna að hegða sér sem menn.

Aðkomandi landar ættu að kjósa sér verustaði á hótelum í suðurparti bæjarins, því þar eru þeir örruggari enn í norðurpartinum. Bærinn fer stækkandi og þar af leiðandi fjölgar misjöfnum sauðum í mörgu fé, og ættu því menn að gæta allrar varkárni í hótela vali. Þau hótel, sem blaðið Heimskringla auglýsir fyrir, eru alt áreiðanlegir gististiðstaðir, og sumir þeir allra beztu, sem til eru í Winnipeg.

Þetta er að eins ritað til leiðbeiningar, og til þess að vekja eftirtekt á, að það er ekki að öllu hættulaust, að dvelja á hverri drykkjustofu, sem er á markaðinum í þessum bæ.

Winnipeg-maður.

ATHS. — Þegar ókunnugur maður kemur í bæinn, ætti hann að láta það vera sitt fyrsta verk, — ef hann ætlar að gista á hóteli —, að biðja fyrsta lögregluþjón, sem hann sér, um upplýsingar á hvaða hótelum sé gistandi. Allir lögreglu þjónar gefa þær upplýsingar fljótt og vel. Ritstj.

KAUPID af þeim og verzlið við þá sem auglýsa starfsemi sína í Heimskringlu og þá fáið þér betri vörur með betra vörði og betur útilátnar.....

Heimskringlu og tvær skemtilegar sögur fá nýjir kaupendur fyrir TVO DALI.

Russell A. Thompson and Co.,
Cor. Sargent & Maryland St.
Selja allskonar MATVÖRU af beztu tegund með lægsta verði. Sérstakt vöruúrval nú þessa viku. Vér óskum að Íslendingar vildu koma og skoða vörurnar. Hvergi betri né ódýrari.—
Munið staðinn:—
HORNI SARGENT AVE. OG MARYLAND ST.
PHONE 3112.

Með því að biðja sérhvern um "T.L. CIGAR," þá ertu viss að fá ágætan vindil.
T.L.
T.L. CIGAR
(UNION MADE)
Western Cigar Factory
Thomas Lee, eigandi Winnipeg

Redwood Lager og Extra Porter
Styrkið taugarnar með því að drekka eitt staup af öðrum hvorum þessum ágæta heimilis bjór, á undan hverri máltíð. — Reynið !!
EDWARD L. DREWRY Manufacturer & Importer Winnipeg, Canada.

Department of Agriculture and Immigration.

MANITOBA

Þetta fylki hefir 41,169,089 ekrur lands, 6,019,200 ekrur eru vötn, sem veita landinu raka til akuryrkjuþarfa. Þess vegna höfum vér jafnan nægan raka til uppskeru tryggingar.

Ennþá eru 25 miljónir ekrur óteknar, sem fá má með heimilisrétti eða kaupum.

Íbúatala árið 1901 var 255,211, nu er nún orðin 400,000 manns, hefir nálega tvöfaldast á 7 árum.

Íbúatala Winnipeg borgar árið 1901 var 42,240, en nú um 115 þúsundir, hefir meir en tvöfaldast á 7 árum.

Flutningstæki eru nú sem næst fullkomin, 3516 mílur járnbrauta eru í fylkinu, sem allar liggja út frá Winnipeg. Þrjár þverlandsbrauta lestir fara daglega frá Winnipeg, og innan fárra mánaða verða þær 5 talsins, þegar Grand Trunk Pacific og Canadian Northern bætast við.

Framför fylkisins er sjáanleg hvar sem litið er. Þér ættuð að taka þar bólfestu. Ekkert annað land getur sýnt sama vöxt á sama tímabili.

TIL FERDAMANNA:

Farið ekki framhjá Winnipeg, án þess að grenslast um stjórnar og járnbrautarlönd til sölu, og útvega yður fullkomnar upplýsingar um heimilisréttarlönd og fjárgróða möguleika.

R. P. ROBLIN,
Stjórnarformaður og Akuryrkjumála Ráðgjafi.
Skrifið eftir upplýsingum til
Joseph Burke, 178 LOGAN AVE., WINNIPEG.
Jas. Hartney, 77 YORK ST., TORONTO.

"Ég ætla að biðja þig, móðir mín, að telja mig ekki hér með", mælti prófessorinn. Honum ofbauð, hvernig móðir hans leit á þetta mál, og hann greip um hið eldheita enni sér eins og hann kendi mikið til sársauka.

Það var ekki sérlega ástúðlegt augnaráðið, er móðirin sendi syni syni sínum áður en hún tók til máls á ný. — — "Við erum ekki skyldug til þess, að fleygja þannig jafnmikilli peninga upphæð út í bláinn, sem við annars, mundum leggja fram til eflingar heilögu málefni", mælti hún. "Svo yrði peningunum náttúrlega strax eytt í jarðneskan hégóma, — og að eins af þeirri ástæðu vil ég af öllum kröftum setja mig upp á móti því, að farið verði að kryfja til mergjar þessa eldgömlu sögu. Svo er nú líka annað: Með því myndir þú setja smánarblett á minningu eins af forfeðrum þínum".

"Hann hefir sjálfur sett blett á nafn sitt og okkur líka", sagði prófessorinn stuttur í spuna, — "en [illegible] gætum að minsta kosti frelsað sæmd okkar með [illegible] sýna, að við fyrirlítum hræsni og ódrengskap", bætti prófessorinn við.

Frú Heilwig rétti nú úr sér og gekk drembilega nær syni sínum. — "Gott og vel. Setjum svo, að ég léti þig ráða í þessu ólagnaðarmáli", mælti hún kuldalega, — "við borguðum út þessa fjörutíu þúsund ríkisdali, — þá héldum við eftir af eigum okkar að eins svo miklu, að við gætum lifað af því öðrum óháð. Við skulum samt ganga út frá því. En hvernig heldur þú að færi fyrir okkur, ef erfingjarnir kreðust renta og rentu renta?"

"Ég ímynda mér, að þeir hefðu engan rétt til þess, — en þó svo yrði, þá verðum við að muna eftir þessum orðum: "Feðranna misgerðir munu koma fram á börnunum í þriðja og fjórða lið".

"Ég er ekki fædd Heilwig, — gleymdu því ekki, gleymdu því ekki! greip móðir hans harðneskjulega fram í. — "Á mínu nafni, er ég bar þegar ég kom á heimili þetta, hvildi enginn blettur. Faðir minn var aðalsættar, og í alla staði virðingarverður maður. — Skömmin kemur mér því ekkert við, — og mér kemur ekki til hugar, að fara að leggja fram ærna peninga til að þvo í burtu þennan blett. — Ímyndar þú þér, að ég í elli minni eigi að liða skort fyrir annara yfirsjónir?"

"Að liða skort! Þegar þú átt son, sem getur séð fyrir þér. Eða heldur þú ekki, móðir mín, að ég með þekkingu minni sé fær um, að láta þér liða vel í ellinni?

"Þakka þér fyrir, sonur minn!" mælti frú Heilwig kuldalega, — "en ég kýs heldur að lifa af mínu eigin fé og vera minn eigin herra. — Ég hata ósjálfstæði! Síðan faðir þinn dó, hefi ég ekki þekt annan vilja enn guðs og minn, — og þar við skal sitja! Látum okkur nú ekki stríða lengur um keisarans skegg. — Ég segi það í eitt skifti fyrir öll, að ég álít alla þessa sögu bara vitleysu og heilaspuna úr gjegguðu kerlingunni uppi á loftinu. Ekkert í heiminum skal fá mig til að trúa því, að viðburðir þeir, sem skýrt er frá, hafi nokkurntíma átt sér stað".

Í þessu var hurðinni lokið hægt upp, og ríkisstjórafrúin gekk inn. Hin fagra kona hafði grátið, — ekki neinum uppgerðartárum, því augun voru þrútin og kinnarnar eldrauðar, — harmur og reiði höfðu í þetta skifti fengið yfirhöndina. Þó hafði hún gert alt sem hún gat til að sýnast sem sakleysislegust. Yfir hárið, er var orðið úfið, hafði hún látið hvítt kniplingaslör, og var sem andlit hennar yrði við það enn þá unglegra og slæi yfir það nokkurskonar geisladýrð. Það var auðséð, að hún með hvítu slæðunni reyndi að sýnast sem barnalegust, —

sem hún nú um langan undanfarinn tíma hafði líka tamið sér mjög.

Hún hrökk við, er hún sá bókina liggja á borðinu, — og eins og ósjálfrátt færði hún sig nær prófessornum, og rétti honum feimnislega hendina, án þess að líta upp. Hann lét, sem hann sæi það ekki.

"Fyrirgefðu mér, Jóhannes!" mælti hún biðjandi. "Æ, ég varð svo reið, að ég vissi ekki, hvað ég gerði. Ég skammast mín fyrir það, og ég skil ekkert í, hvers vegna ég reiddist svona, eins og ég er þó bæði róleg og blíðlynd. — En það er alt þessari ótætissögu að kenna. Hugsaðu til þess, Jóhannes. — Þessi andstyggilega bók setur smánarblett á föður minn. — Ég vildi hlífa þér við þessum hræðilegu fréttum. — Ég get ekki að því gert, — en ég þykist fullviss um, að Karólína hafi lagt sig í líma til að ná þessari bók, — til þess að gera okkur sem mest ilt, áður enn hún yfirgefur heimilið".

"Gættu að, hvað þú segir", mælti hann, svo bistur, að hún skelfdist og þagnaði undir eins. — "Ég vil fyrirgefa þér með einu skilyrði", bætti hann við, eftir nokkra þögn og reyndi að yera eins rólegur, eins og honum var unt".

Hún leit spyrjandi til hans.

"Þú verður að skýra mér satt og rétt frá, hvernig þú hefir komist að leyndarmáli þessu, og draga ekkert undan".

Fyrst þagði hún, en svo tók hún til máls, og var döpur mjög: "Þegar faðir minn lá þungt haldinn fyrir eigi löngu síðan, og eins og þér er kunnugt, héldum við að hann mundi deyja, — bað hann mig að taka nokkur skjöl, er hann geymdi í skrifborði sínu, og brenna þau að honum ásjáandi. Það voru ættarskjöl Hirschsprunganna. — Hann hefir víst geymt þau eins og annan kjörgrip. — Hvört heldur nú var, að hann óttaðist dauðann eða þráði að tala

um þessa atburði við einhverja manneskju, — eitt er víst, að hann trúði mér fyrir þessu — — —"

"Og gaf þér úlnliðshringinn", greip prófessorinn fram í fyrir henni bistur mjög.

Hún játti því og leit auðmjúkt og biðjandi til hans.

"Heldur þú, eftir að hafa heyrt þessa skýringu, sögu þessa sem heilaspuna geggjaðrar konu?" spurði prófessorinn og vék sér að móður sinni.

"Svo mikið er víst, að þessi manneskja — hún benti skjálfandi af reiði á ríkisstjórafrúna — af einfeldni og fávísi ýkir alt það, sem áður var búið að skýra mér frá. En þarna kemur hégómaskapurinn bezt í ljós. Fjandinn lætur manneskjuna ekki í friði, fyr en hún er búin að skreyta sig með hinum fáséða dýrgrip. Því allir veita honum eftirtekt og dáðst að honum og fallega handleggnum líka!"

Ríkisstjórafrúin gleymdi um stundarsakir, að leika yðrandi syndara, og leit illilega til frændkonu sinnar, sem svo vægðarlaust lagði til hennar þar sem hún var veikust fyrir.

"Ég vil ekki eyða fleiri orðum að því, hvers vegna þú, Adela, er við hvert tækifæri hefir talað svo fagurlega um hið góða hjartalag og sakleysi þitt, getur fengið af þér að skreyta þig með stolnum grip", mælti prófessorinn rólega, þó auðséð væri, að hann réði sér tæpast fyrir reiði. — "Ég ætla nú að láta þig sjálfa dæma, hvor hegningarverðari sé: — fátæk móðir, sem stelur brauði handa hungruðum börnum sínum, eða skartkonan, sem lifir í alls konar munaði, en af barnalegri skrautlöngun er í vitorði með þjófnum. — En að þú skyldir geta verið svo blygðunarlaus, að láta hringinn með jafnmiklu stærilæti, um únlið saklausrar stúlku, er hafði frelsað barn þitt. Þú sagðir þá, að hringurinn væri þér mjög dýrmætur, — en fyrir lífgjöf Önnu litlu vildir



Skammastu þín ekki

fyrir gamla reiðhjólið yðar? Því ekki að fá yður nýtt og ágætt reiðhjól eins og BRANTFORD eða BLUE FLYER? Þau hafa "Cussion Frame," "Coaster Brake," "Hygienic" handföng og allar nýjustu umbætur sem bezta hjól hafa. Þau hjól eru ódýrust sem endast lengst og reynast bezt.

Canada Cycle & Motor Co., Ltd., Winnipeg.
147 PRINCESS STREET. Heimsins Bezta Reiðhjóla-smiðir.

TILBOÐ

Hér með auglýsist, að byggja á nýtt skólahús í Big Point skólahéraðinu, No. 962. Stærð 32x24. Veggir þrefaldir, þiljaðir innan. Hvelfing yfir. Vegghæð hússins er 12 fet og sperruraftar 16 fet.

Steingrunnur undir öllu húsinu, og undir því miðju eftir endilöngu. Allur á grunnurinn að vera 18 þumlunga þykkur og 12 þuml. hár.

Múrsteinsstrompur 16 feta hár.

Veggir tvímálist að utan. Alt efni til á staðnum.

Húsið verður að vera fullgert að öllu leyti ekki seinna en 31. júlí 1909.

Skriflegt tilboð um húsbyggingu þessa sendist undirrituðum fyrir 1. mai 1909.

Wild Oak P.O., Man.,
18. marz 1909.

INGIM. ÓLAFSSON,
Sec'y-Treas B.P.D.

S. R. HUNTER & CO

Skraddarar,

189 Lombard Street

Búa til ný-móðins karlmannafatnaði eftir máli.— Efni og vinnubrögð afbeztu tegund, og alt ábyrgst að vera jafngildi þess bezta sem fáanlegt er í borginni. Verðið er við allra hæfi. —

S. R. Hunter & Co.
189 Lombard St.
Telephone 1395.

Stefán Johnson
Horni Sargent Ave. og Downing St.
HEFIR ÁVALT TIL SÖLU
Nýjar Áfir
Bestu í bænum. Ágætar til borðunar. 15c gallon

2 Bækur Gefins

FÁ NÝJIR KAUPENDUR AÐ HEIMSKRINGLU SEM BORGA $2.00 FYRIRFRAM, OG ÞESSUM BÓKUM ÚR AÐ VELJA :—

Mr. Potter frá Texas
Aðalheiður
Svipurinn Hennar
Hvammverjarnir
Konuhefnd
Lajla
Robert Manton.

Alt góðar sögur og sumar ágætar, efnismiklar, fróðlegar og spennandi. Nú er tíminn að gerast kaupendur Hkr. Það eru aðeins fá eintök eftir af sumum bókunum.

Heimskringla
P.O. Box 3083, Winnipeg

Fréttabréf.

SEATTLE, WASH.,

6. april 1909.

Það er fremur lítið hér um stórtíðindi, og þess vegna er það með hálfum huga, að ég sendi þér fáeinar línur, því ég er hræddur um, að ég kunni að hneyksla gamlan kunningja minn, Jónas Danielsson, og hina aðra, sem amast við fréttabréfa köflum. (Ætla líkl. að það leyfi þeim minna rúm fyrir skáldskapinn?). En eins og ég hefi áður tekið fram, álít ég gott og rétt, að blöðin birti slíka kafla (hvað svo sem mínum liður), einkum frá hinum fjölmennari Íslendingabygðum, því oft fá menn þar fregnir, sem þeim þykir vænt um, og myndu annars alls ekki fá. Tel ég víst, að alment mundi meiri eft irsjá, ef slíkir fréttakaflar hættu að koma, en þótt ofurlítið minna birtist af skáldskap, nema þá að undanteknum snillingunum, svo sem Steph. G. Stephánss., Þorst. þ. Þorsteinss. og fáeinum öðrum; þar verður seint talað um, að "bera í bakkafullan lækinn". — Ég get annars ekki stilt mig um, að geta þess hér, hvílíkt afbragðsskáld ég álít að Þorst. þ. Þorsteinsson sé að verða. Tel ég hann hiklaust annað bezta skáld vestan hafs, þó nokkurir aðrir séu snjallir vel. — Annars skal ég taka fram, að það, sem ég hefi séð eftir Jónas Danielsson, er langt frá því, að vera af lakasta tagi, í m í n u m augum. Mér finst það þvert á móti í fremri röð af öllum þeim ljóðasæg sem hér birtist á prenti. — En sleppum því.

Eins og ég tók fram áðan, er lítið um stór-tíðindi. Alt er hér á ferð og flugi út af Alaska-Yukon-Pacific sýningunni, sem hér skal haldin frá júníbyrjun til miðs september. Á sýningarsvæðinu er unnið af hinu mesta kappi alla daga, og jafnvel dag og nótt, svo alt verði komið í sem bezt lag fyrir 1. júní. Þá er og lagt alt kapp á, að prýða bæinn og koma öllu í sem bezt horf. Vinna er mikil og allvel borguð, en telja má víst, að hátt verð muni verða á öllu, jafnt nauðsynjum sem óþarfa. — Tíðin er mikið fremur köld alt af, eftir því, sem hér gerist, og kvillasamt hefir verið hér mjög svo og er enn, aðallega ilt kvef. —

Héðan leggur á stað til Íslands á laugardaginn 10. þ.m., Gunnar Matthísson (Jochumssonar skálds) í kynnisför til frænda og vina. Fyrst heldur hann til Argyle, og verður kona hans þar eftir hjá föð ur sínum (Árna Sveinssyni) með barn þeirra hjóna. Síðan ætlar hr. Matthiasson að halda til New York, og taka sér far með "Baltic", sem er eitt skip White Star línunnar, til Liverpool; þaðan til Grimsby og síðan til Esbjærg á Jótlandi, og svo áfram yfir þvera Danmörku til Kaupmannahafnar. Þar hygst hann að dvelja um tíma og þar eru systur hans, 2 eða 3, við nám. Á Íslandi mun hann ætla sér, að halda samsöngva með systur sinni, Elínu, sem nú er einna vinsælust söngkona þar, en sjálfur er Matthias söngmaður með afbrigðum. Tel ég víst, að hann eigi mikilli ánægju, áliti og vinsældum að fagna bar heima, og þess munu allir óska honum hér, því auk sinna ágætu hæfileika, er hann drengur hinn bezti. Matthias hefir verið "Plaster-Contractor" hin síðustu ár, og farnast prýðilega. Samsæti var þeim hjónum haldið hér í gærkveldi, til að kveðja þau, og stóð félagið Vestri fyrir því.

Með "Hermannagletturnar" héld um við norður til Blaine og Point Roberts seint í f.m. Lékum 2 kv. í Blaine, en eitt á Point Roberts. Leikurinn var allvel sóttur í Blaine fyrra kveldið, en miður hið síðara, og voru það vonbrigði, því þá hafði herra Gunnar Matthiasson bæzt við í hópinn og lét heyra sinn ágæta söng, auk þess, sem H. S. Helgason, tónskáld, var með okkur allan tímann, og lék á hljóðfæri og söng, en hann er flestum Íslendingum fremri í þeirri ment. Fleiri góðum söngkröftum höfðum við þar einnig á að skipa.— Gestrisni mættum við þar góðri, og þó einkum og sérstaklega hjá þeim, er við gerðum mestan átroðning, svo sem kaupmönnunum, Frímann Sigfússon og Casper tengdaföður hans og Andrés Danielsson. Vil ég með línum þessum færa þeim mitt bezta þakklæti og félaga minna.— Ýmsir aðrir sýndu okkur þar alla greiðvikni, kurteisi og aðstoð, og kunnum við þeim hinar beztu þakkir, en of langt að telja nöfn þeirra allra.

Frá Blaine héldum við til Point Roberts, og var þar tekið forkunnar vel á móti okkur. Hafði ég áður heyrt getið gestrisni landa á Hróbjartar tanga, en þó voru viðtökurnar langt fram yfir það, er við höfðum frekast vænst eftir. Í fáum orðum: Íslendingar þar báru okkur á höndum sér, frá því við stigum á land og þar til við fórum á skipsfjöl aftur. Það leit út fyrir, að þeim findist það helzt ama að, að við gætum ekki gert þeim nógu mikið ónæði og ómak. — Annara þjóða menn, sem við kyntumst þar, voru sömuleiðis mjög alúðlegir og prúðmannlegir við okkár, og sóttu margir þeirra leikinn og létu hið bezta yfir, bæði leik og söng. Óskuðu þeir, jafnt Íslendingum, að við kæmum hið bráðasta aftur. — Samkomuhús þeirra á Point Roberts er fremur lítið, en troðfult var það líka um kveldið. Flest okkar dvaldi þar í 2 daga, en sum okkar í 4, og ávalt í hinu bezta yfirlæti. Við, sem lengur töfðum, komum víst til flestra landa, sem þar eiga heimili, en of langt að nefna nöfn þeirra allra. Við þökkum þeim öllum hlartanlega fyrir alt og alt, og gleymum seint þessari ferð okkar.

Prýðilega leizt mér á Point Roberts. Þar er ljómandi fallegt, og velmegun virtist þar almenn. Og eitt er víst, og það er, að ég hefi hvergi komið þar sem a l l i r virtust jafn ánægðir með hag sinn og jafn bjartsýnir á framtíðina. Líklega getur enginn Íslendingur þar talist verulega auðugur, en flestir eða nær allir, hafa komið þar fótum fyrir sig, og sumir meira enn það. Ýmsir þeirra hafa bætt lönd sín mjög mikið, en þó var sem nýtt fjör og áhugi lýsti sér í tali þeirra og hugsunarhætti nú, er þeir hafa fengið vissu fyrir eignarrétti á löndunum, og fyrir því, að fá að njóta ávaxtanna af starfi sínu. Lönd eru þar nokkur til sölu enn þá með gæða verði, og er það innileg ósk Íslendinga þar, að þau lendi í höndum samlanda sinna, góðra félagsmanna og dugandi drengja, fremur en annara þjóða manna.

Atvinna var mjög að lífna í Blaine og á Point Roberts, enda en nú búist við góðu fiski-ári, og undirbúningur því mikill.

Áður en ég hætti við þessa ferðasögu, má ég til með að geta eins manns, sem slóst í förina í Blaine, og fylgdi okkur síðan, og átti hann ekki hvað minstan þátt í, að gera ferðina skemtilega. Það var Gunnlaugur (Geo.) Peterson, lögmaður frá Pembina, og er hann þar "Clerk of the District Court". Hann hefir ferðast hér um Strönd-ina mánaðartíma, en dvalið þó lengst hér í Seattle. Er hann sérlega viðfeldið prúðmenni og skemtilegur. Hann fór þessa för samkv. læknisráði, og kveðst hann hafa haft mjög gott af henni. Hann heldur heim á leið í kveld.

Á Point Roberts hitti ég, meðal annara, 2 menn, sem ég hafði þó nokkrum sinnum séð greinar og kvæði eftir í Hkr., en aldrei séð persónulega. Það voru þeir Jón Jónsson (áður í Winnipeg) og sigurður Jóhannsson (frá Keewatin). Báðir eru þeir greindir menn vel og skemtilegir, en þó hver á sinn hátt nokkuð svo. Var mér ánægja að hitta þá.

Rausnarlegt var heimboð herra C. H. Thordarsons til Á. J. Johnsons, ekki verður því neitað. Hefir herra Thordarson auðsjáanlega orðið hrifinn af ritgerðum og skoð unum Johnsons. Herra Johnson er spursmálslaust prýðilega pennafær og ég var talsvert hrifinn af honum, er hann lét fyrst á sér bera. En heldur finst mér honum fara aftur, og er það ekki að furða. Það er engin von til, að menn, sem láta alla skapaða hluti til sín taka, geti ritað jafnvel og jafn hugðnæmt um ö l l efni, nema þeir séu hreinustu "náttúrunnar viðundur". — Vonandi að herra Johnson hafi margt að segja af ferðinni.

Sigurður Magnússon.

Jóhannes Jósefsson erlendis.

Hann fór við fjórða mann til útlanda nokkru fyrir jól í vetur, til að sýna íslenzkar glímur, og vekja á þeim athygli útlendinga.

Þeir hafa dvalið á Englandi þann tíma og sýnt glímur á leikhúsum þar. Mjög vel er látið yfir þeim í enskum blöðum, lýst ítarlega sumum þeirra. J.J. hefir getið sér góðan orðstýr. Hann hefir átt íslenzka glímu við eina hinn fræknasta glímumann Breta, M'Inerney, heljarmann bæði á vöxt og að burðum, 80 pundum þyngri en Jóhannes. Sá skoraði hann á hólm, og skyldi fella sig á 10 min. Á 10 mínútum lá hann. Þá bauð kappinn honum út í grísk-rómverska glímu, og skyldu glíma í 15 mínútur. Henni lauk svo, að hvorugur féll. Loks skorar Jóhannes á hann og bauðst til að fella hann á hálfum klukkutíma, en hinn baðst undan. — Það er tekið til þess í enskum blöðum, er á þetta minnast, hve Jóhannes hafi glímt af frábærum fimleik og afli í íslenskri glímu, og þykir glíman falleg.

Yurio Tani heitir nafntogaður glímukappi japanskur. Þeim hefir Jóhannes boðið í eina bröndótta, og þótt fleiri væri: sem sé íslenzka, japanska og grísk-rómverska glímu. Ekki frétt af þeirri viðureign enn.

Þá hefir J.J. glímt við Hallwood miðþungamann brezkan, mesta afarmenni, og feldi hann á 11¾ mín. Og við enn fleiri hefir hann glímt kappana, og hvervetna borið hærri hlut. Ensk blöð segja Jóhannes Jósefsson líklegan til að verða heimskappa í glímuflokki meðalþungra manna. — (Eftir Ísafold 20. marz).

Fyrirspurnir.

Hvaða orð er heppilegt til að tákna hóp af mönnum, sem koma þar með gauragangi, sem auglýstur hefir verið almennur skemtifundur, og illum látum lemja utan samkomusalinn, koma síðan inn með hávaða svo miklum, að engri stjórn verður á komið, þótt bæði forseti fundarins og aðrir reyni að stilla til friðar? Og eyðileggja þar með algerlega prógram fundarins. Er ekki orðið skrill heppilegt og rétt yfir slíka náunga?! Hafa þeir ekki verðuglega áunnið sér þetta heiti með framkomu sinni? Lýsir ekki slík framkoma hugsunarhætti á töluvert lágu stigi?

Fáfróður spyrjandi.

SVAR. — Ruddar eða rostamenni eru rétt lýsingarorð til að tákna þá, sem beita öðru eins framferði og höf. spurningarinnar lýsir. Enginn vafi er á því, að slíkt framferði lýsir óþroskaðri hugsun og skorti á sjálfsvirðingu. Hinsvegar er vafasamt, hvort orðið "skrill" er ekki of sterkt, þótt hinsvegar framferði það, sem lýst er í spurningunni gangi skrílsæði næst. Ritstj.

SPURNING. — Hver er þýðing orðsins "hvaðanæfa"? F.

SV. — "Úr öllum áttum". Á ensku er það þýtt þannig: "From every side, or quarter". Ritstj.

SPURNING TIL R. J. DAVIDSON.

Viltu segja mér í hverju "vígfimi K.Á.B. kemur fram í deilumálinu milli hans og Á. J. Johnsons? Er það álit þitt sem skálds(!!!) og að sjálfsögðu siðbætandi konu, að bezt vígfimi sé í því fólgin, að hlaupa frá efninu og út í persónulegar óhróðurssögur, sem detta um koll undir eins og við þeim er hreyft? Rósa!! Ég vona, að þó þú þurfir kannske tíma til að "koma þér vel við" karlmennina, þá samt hafirðu tíma til að svara þessu. — Forvitinn.

Kveðja til J. D.

Oft má á máli þekkja
manninn hver helzt hann er.
H.P.

Er þín döpur andans sjón,
að sem mátt ei gera.
Skanderast við skömmótt flón
skal ég láta vera. J.J.

James Flett & Co.
PLUMBERS

Leiða Gas- Vatns- og Hitapípur í hús yðar, fyrir sanngj. borgun. Verk vandað, fljótlega gert og ábyrgst.

572 Notre Dame Avenue
Telephone nr. okkar er 3380 eða 8539.

Woodbine Hotel
Stærsta Billiard Hall Norðvesturlandinu
Tíu Pool-borð.—Alskonar vín og vindlar
Lennon & Hebb,
Eigendur.

Það borgar sig AÐ SKIFTA VIÐ ÞESSA VERZLUNARMENN.

LEIÐBEININGAR--SKRÁ
YFIR ÁREIÐANLEGA VERZLUNARMENN Í WINNIPEG

MUSIC OG HLJÓÐFÆRI

CROSS, GOULDING & SKINNER, LTD.
323 Portage Ave. Talsími 4413

MASON & RISCH PIANO CO., LTD.
356 Main Street Talsími 4 5 0
W. Alfred Albert, Íslenzkur umboðsmaður

WHALEY ROYCE & CO.
356 Main St. Phone 263
W. Alfred Albert, báðarþjónn.

BYGGINGA- og ELDIVIÐUR.

J. D. McARTHUR CO., LTD.
Bygginga- og Eldiviður í heildsölu og smásölu.
Sölustæði: Princess og Higgins Tals. 5060, 5061, 5062

MYNDASMIÐIR.

G. H. LLEWELLIN,
"Medallions" og Myndarammar
Starfstofa Horni Park St. og Logan Avenue

SKÓTAU Í HEILDSÖLU.

AMES HOLDEN, LIMITED.
Princess & McDermott. Winnipeg.

THOS. RYAN & CO.
Allskonar Skótau. 44 Princess St.

THE Wm. A. MARSH CO. WESTERN LTD.
Framleiðendur af Finu Skótaui. Talsími: 3710
88 Princess St. "High Merit" Marsh Skór

RAFMAGNSVÉLAR OG ÁHÖLD

JAMES STUART ELECTRIC CO.
324 Smith St. Talsímar: 3447 og 7802
Fullar byrgðir af alskonar vélum.

GOODYEAR ELECTRIC CO.
Kellogg's Talsímar og öll þarfnæluð áhöld
Talsími 3023. 56 Albert St.

RAFMAGNS AKKOKÐSMENN

MODERN ELECTRIC CO
412 Portage Ave Talsími: 5658
Viðgjörð og Vír-lagning — allskonar.

BYGGINGA-EFNI.

JOHN GUNN & SONS
Talsími 1277 266 Jarvis Ave.
Höfum besta Stein, Kalk, Cement, Sand o. fl.

THOMAS BLACK
Selur Járnvöru og Bygginga-efni allskonar
76—82 Lombard St. Talsími 600

THE WINNIPEG SUPPLY CO., LTD.
298 Rietta St. Talsímar: 1596 & 7187
Kalk, steinn, Cement, Sand og Möl

BYGGINGAMEISTARAR.

J. H. G. RUSSELL
Byggingameistari.
í Silvester-Willson byggingunni. Tals: 1068

PAUL M. CLEMENS
Bygginga-Meistari, 445 Maryland St.
Skrifst.: Argyle Bldg., Garry st. Talsími 8997

BRAS- og RUBBER-STIMPLAR

MANITOBA STENCIL & STAMP WORKS
421 Main St. Talsími 1880. P. O. Box 244.
Búum til allskonar Stimpla úr málmi og togleðri

VÍNSÖLUMENN

GEO. VELIE,
Heildsölu Vínsali. 185, 187 Portage Ave. E.
Smá-sölu talsími 352. Stór-sölu talsími 681.

STOCKS & BONDS

W. SANFORD EVANS CO.
326 Nýja Grain Exchange Talsími 3698

ACCOUNTANTS & AUDITORS

A. A. JACKSON,
Accountant and Auditor
Skrifst.— 28 Merchants Bank. Tals.: 5702

OLÍA, HJÓLÁS-FEITI OG FL.

WINNIPEG OIL COMPANY, LTD.
Búa til Stein Olíu, Gasoline og hjólás-feiti
Talsími 1590 621 Ashdown Block

TIMBUR og BÚLÖND

THOS. OYSTAD, 208 Kennedy Bldg.
Viður í vagnhlössum til notenda, búlönd til sölu

PIPE & BOILER COVERING

GREAT WEST PIPE COVERING CO.
132 Lombard Street.

VÍRGIRÐINGAR.

THE GREAT WEST WIRE FENCE CO., LTD
Alskonar virgirðingar fyrir bændur og borgara.
76 Lombard St. Winnipeg.

ELDAVÉLAR O. FL.

McCLARY'S, Winnipeg.
Stærstu framleiðendur í Canada af Stóm, Steinvöru [Graniteware] og fl.

ÁLNAVARA Í HEILDSÖLU

R. J. WHITLA & CO., LIMITED
264 McDermott Ave Winnipeg
"King of the Road" OVERALLS.

BILLIARD & POOL TABLES.

W. A. CARSON
P. O. Box 225 Room 4 1 Nelson Block
Öll nauðsynleg áhöld. Ég gjöri við Pool-borð

NÁLAR.

JOHN RANTON
203 Hammond Block Talsími 4639
Sendið strax eftir Verðlista og Sýnishornum.

GASOLINE-Vélar og Brunnborar

ONTARIO WIND ENGINE and PUMP CO. LTD.
301 Chamber St. Sími: 2985
Vindmillur — Pumpur — Agætar Vélar.

BLÓM OG SÖNGFUGLAR

JAMES BIRCH
442 Notre Dame Ave. Talsími 2623
BLÓM - allskonar. Söng fuglar o. fl.

BANKARAR, GUFUSKIPA AGENTR.

ALLOWAY & CHAMPION
North End Branch: 667 Main street
Vér seljum Avísanir borganlegar á Íslandi

LÆKNA OG SPÍTALAAHÖLD

CHANDLER & FISHER, LIMITED.
Lækna og Dýralækna áhöld, og hospitala áhöld
185 Lombard St., Winnipeg, Man.

Jóhanna Ketilsdóttir, Finnbogason.

Þessi snildarlega orktu eftirmæli sem birtust í Lögb fyrir skömmu síðan, hefir Hkr. verið beðin að endurprenta, með því að það hefir þótt vera skemt í meðferðinni hjá því blaði. Af vangá höfðu 4 erindi fallið úr án v tundar höf, sem þó ekki var Lögb. sök, og birtest þeir kvæðið hér í heild sinni. J. K.

Sólarlag fylgir
sólar upprás,
sem endir upphafi.
Því dýrlegri dagur
því dimmri nótt
skipar öndvegi á eftir.

Finnum við ei
fyr en missum,
að við átt höfum.
Húmið mann
minnir á birtu
heldur enn sýnileg sól.

Minningar tendra
í myrkrum ljós
sorgar altari á,
Af þeim gefst
í geisla líki
huggun syrgjandi sálum

Arfurinn bezti
eftirlátinn
vinum og vandamönnum,
til hagsmuna
og til huggunar, —
það er mjallhrein minning

Uppsprettan
allra ljósa
þessa heims og himins,
þeirra, er verma
og veg lýsa,
hún er kærleikur kölluð.

Að uppörfa
til umbóta,
öllum gott gera,
að allir alt
fyrir alla vinni, —
það er kærleikans kvöð.

Heill þeim, sem hefir
helgað sitt líf
hinum mesta í heimi,
og vildi frá fáu
fullgerðu heldur
en mörgu hálfgerðu
hverfa.

Harmdauði er enginn
nema hafi kveikt
ást í annars brjósti.
Því fleiri, sem syrgja
af sannfæring,
því sannari maður er syrgður

Undirorpin
eilífri gleymsku
eða nagandi nað
er landeyðan,
sem lætur sín
aldrei að góðu getið.

Er á hveli
hverfanda
höfundur hálfra verka,
en ekki hinn,
sem hefir unnið
verk sitt til enda vel.

Lítt skal letra
til lofs þeim, sem er
sjálfur sitt lof er lifir.
Alt, sem er lært
af liðinni æfi
göfugs manns, skal geymast.

Hollra minninga
hornsteinar
eru í undirstöðum,
og á þeim
sín afreksverk
reisir komandi kynslóð.

Lífs og liðnir
eru leiðarstjörnur
góðir menn og göfgir.
Á þann hátt
er ódauðleiki
manni mögulegur.

Því skal huggast,
þó harla þungt
sé að sjá þér á bak;
góða systir,
þó sértu liðin,
hér er enn þinn andi.

Er hann og var
og verða mun
mitt á meðal vor,
þér sé þökk
á þökk ofan
fyrir alt og alt.

Guttormur J. Guttormsson.

Magnet Rjómaskilvindan er auðhreinsuð, og þessvegna ætíð hrein.



Það þarf aðeins 5 mínútur til að hreinsa hana eftir aðskilnað. Þessvegna det ur engum vinnanda fhug að láta hana standa daglanga stund óhreinsaða. Þessvegna er Magnet smjör ætíð bragðgott og af beztu tegund.

Það má hreinsa MAGNET vélina á einum þriðja þess tíma sem þarf til að hreinsa aðrar vélar, af því fleytirinn er í einu lagi.

Tímasparnaður er minst 20 mínútur á dag eða 12 dagar á ári.

Hver óskar að vinna 12 daga á ári ævilangt, þegar hann getur spar að það með því að kaupa MAGNET

Hvað eru fárra dollara útlát í fyrstu í samanburði við hæga hreinsun, léttan snúning og ágætt smjör.

Það verður aldrei smíðuð ending ar betri Skilvinda en MAGNET.

Póstspjald færir yður lýsingarbækling. Skrifið strax.

The Petrie Mfg. Co., Limited
WINNIPEG
HAMILTON. ST. JOHN. REGINA. CALGARY.

Fréttir úr bænum.

Piano "Recital" það, sem Prof. S. M. Hall hafði með nemendum sínum í Goodtemplara húsinu á mánudagskvéldið var, var svo vel sótt, aðallega af Íslendingum, að ekki að eins var hvert sæti skipað, heldur varð og hópur manna og kvenna að standa, hvar sem drepið varð niður fæti innan veggja hússins. Níu af nemendum herra Hall komu fram, sumir tvisvar og einn þrisvar. Sextán stykki voru á prógraminu, og af þeim spilaði Miss Oxenham fyrsta, níunda og elleíta stykkið, fremur vel. Sú stúlka er komin vel á veg og gefur von um, að verða góður spilari. Sama má segja um Harold Albutt, ungan pilt, sem spilaði tvisvar sinnum. Litla Louise Oliver spilaði eitt létt stykki, fremur seint en viðfeldið og með tilfinningu; hún verðskuldaði meira lófaklapp enn hún fékk. Laura Blöndal spilaði tvisvar og var gerður góður ur rómur að því. Ungfrú Emma Jóhannesson spilaði "Sonata in G" með kennara sinum, og síðar eitt stykki einsömul. Hún var langsamlega bezti spilarinn af nemendunum og hlaut verðugt lófaklapp áheyrenda. Miss Olafsson spilaði síðasta stykkið með herra Hall og fórst það vel. Hún hefir fengið talsverða æfingu.

Mrs. S. K. Hall söng tvívegis á samkomunni, með sömu snild og fyrr um, en þó nokkuð raddminni nú en þá, eða svo virtist það þeim sem framarlega sátu í húsinu. Það er hreinasta unun, að hlusta á söng þeirrar konu, enda varð hún í síðara skiftið að endurtaka söng sinn fyrir þrábeiðni tilheyrendanna

Eftir venju hefir verið mjög mikið um söngsamkomur hér í borginni um og fyrir páskana, einkum í innlendu kirkjunum.

Munið eftir fundi Menningarfélagsins í kveld (miðvikud.). Hr. Af J. Johnson flytur erindi um "Tvo sumargauka". Hverjir eru þeir? Allir boðnir og velkomnir.

Skemtisamkoma

verður haldin í Tjaldbúðarkirkju á Sumardaginn fyrsta 22. aprtl, undir umsjón kvenfélags safnaðarins, kl. 8 síðd.

Skemti-skrá.

1. Piano einsöngur
2. Ræða séra Fr. J. Bergman
3. Söngur: Nokkrar ungar stúlkur.
4. Ræða: Kr. Austmann
5. Samsöngur: Miss L. Thorlakson og Mr. A. Johnson
6. Upplestur: Miss Austmann.
7. Einsöngur: Minnie Johns.
8. Ræða: B. Björnson
9. Einsöngur: A. Johnson
10. Ræða: S Vigfússon.
11. Upplestur: Pálmi Sigurðs.

Að skemti-skránni lokinni fara fram rausnarlegar veitingar í sunnudaga-skólasalnum. Engin aðgangur seldur.

Frjáls samskot tekin

Gefið hestverð.

Landi vor Jón Finnbogason á Simcoe St. hér í borginni hefir orðið fyrir því slysi, að missa 2 hesta á sl. 2 árum. Jón hefir haft ofan af fyrir sér með keyrslu. Hann er hniginn á efra aldur, en er fús til vinnu og sýnir alla heiðarlega viðleitni til að bjarga sér. Hann er nú efnalaus og hjálparþurfi, og með því, að nauðurinn verðskuldar, að honum sé hjálpað, þá mælir Heimskringla með því, að Íslendingar hér í borg vildu með samskotum styrkja hann svo sem einu hestverði svarar. Ef margir leggja saman í þann sjóð, þá þurfa upphæðir frá hverjum einum ekki að vera stórar. Þeir, sem vildu hjálpa Jóni, geta sent tillög sín til Heims kringlu.

Fremur segir lögreglan að útlendingar í norðurbænum hafi látið illa á páskadaginn. Það hefir verið venju fremur kyrlátt hjá því fólki í nokkrar undanfarnar vikur, og margir héldu eða vonuðu, að fólk þetta væri að ganga í endurnýungu lífdaganna. En á páskadaginn lét það sitt "ljós svo skina", að allan efa tók af um það, að sá gamli Adam býr enn með fólkinu þar nyrðra. Það varð þá ljóst, að fastan hefir staðið yfir um undangengnar vikur, og að samkvæmt trú þess fólks, verður það að hegða sér eins vel og það hefir bezt vit á alla föstuna. En páskadagurinn leysti það úr föstuánauðinni og frelsaði það frá holdsins krossfesting. Það hafði búið sig undir þessa lausnarhátíð, páskana, með því að draga að sér allskonar vínföng og bjórtegundir á flöskum og kútum og smátunnum, og á þessu saup það óspart á hátíðinni, þar til allir virtust vera orðnir ölóðir og óskrandi reiðir. Barsmíð og áflog, limlestingar og húsbrot var hátíðagleði þess, og tóku konur jafnt sem karlar þátt í þessu. Bjórkútum var hent gegnum glugga og dyr, og alt brotið, sem fyrir varð. Margir börðust í einu hér og hvar á götunum í norðurbænum, einkum á Magnússar götu og þar í grend. Menn lágu hér og hvar ósjálfbjarga, sumir á gangtröðunum, aðrir í rennusteinunum, sumir skaðmeiddir, aðrir ómeiddir, en allir blindfullir. Lögreglan hafði ekki við, að koma þeim særðu og sjúku á óhulta staði, og um leið að skakka leikinn þar sem barist var, og að koma óróaseggjunum í fangelsi. — Mesti fjöldi þessara náunga hefir verið dreginn fyrir dóm, sumir sektaðir nokkra dali, en aðrir hneptir í fangelsi um lengri sima.

Þeir herrar Stephan Christie og Sigurður Landi, frá Argyle, voru hér á ferð í sl. viku.

Þann 10. þ.m. gaf séra Fr. Bergmann saman í hjónaband, að 1294 Downing st. hér í borg, þau herra Þórarinn Stefánsson og ungfrú Marju Kolbeinsdóttir, bæði til heimilis hér í borg.

Safnaðarfundur

í Únítara söfnuðinum verður haldinn sunnudagskveldið þann 18.apríl í kirkjunni eftir messu. Aðal tilefni fundarins er að samþykkja tillögu til löggildingar á kirkjueign safnaðarins, samkvæmt ákvæðum fylkislaganna um landeignir kirkna ("The Church Land Act").

Winnipeg, 12. apríl 1909

J. B. SKAPTASON,
forseti safnaðarins.

Þann 13. þ.m. andaðist í Cypress sveit, nálægt Glenboro, Guðmundur Björnsson Heidman, 21 ára að aldri. Hann hafði verið heilsutæpur um mörg ár undanfarin og legið rúmfastur síðastliðið ár.

Hin velþekta Minneapolis Symphony Orchestra, sem spilaði hér á Walker leikhúsinu í fyrra, undir stjórn Mr. Oberhoffer, er væntanleg hingað til borgarinnar þann 19. þ.m., og spila þeir á Walker í þrjá daga, 19., 20. og 21. Í fylgd með þeim verða tvær stúlkur, frægar söngkonur frá New York, og tveir sólóistar frá Chicago. — Vafalaust verður þetta einhver sú allra fullkomnasta "music" samkoma, sem fólki hér gefst tækifæri að hlusta á á árinu.

Herra J. Magnús Bjarnason, frá Marshland, Man., kom til bæjarins á mánudaginn var til augnalækninga í annað sinn. Hann hefir í sl. 2 mánuði verið svo þjáður af augnveiki, að hann hefir hvorki getað lesið né skrifað. Og með því að daglega streyma til hans bréf úr öllum áttum, sem hann hefir ekki átt kost á að svara, þá biður hann Heimskringlu að geta þess að um óákveðinn tíma megi þeir, sem rita honum, ekki vænta svars upp á bréf sín.

Tveggja þumlunga snjófall varð hér aðfaranótt síðasta laugardags, en hann tók brátt upp aftur. Síðan kalsaveður með frosthörku á nóttum.

Síðasti vetrarfundur Íslenzka Conservative Klúbbsins var haldinn á mánudagskvéldið var. Var þá útbýtt verðlaunum til þeirra, sem unnið höfðu í kappspilum yfir veturinn, og hlutu þau þessir:

Fyrir "Pedro"-spil: —
1. Ásm. P. Jóhannsson.
2. Albert J. Goodman.

Fyrir Vist-spil: —
1. Jóh. Gottskálksson.
2. Albert J. Goodman.

Herra Albert J. Goodman gaf og verðlaun fyrir spilamensku, sem framfór þetta kveld. Þau hlaut hr. Finnur Stefánsson.

Umsjónarkonur barnastúkunnar ÆSKAN biðja hér með foreldra drengjanna, sem fengu að láni fyrir nokkrum tíma "Indian Clubs", að sjá um, að þeim sé skilað á næsta fundi stúkunnar á laugardaginn kemur. Stúkan er að æfa drengina fyrir samkomu, sem bráð lega á að halda, og þarf því nauðsynlega að hafa þessa "Clubs".

Tapast hefir:

PENINGABUDDA, með $1.70 í, tapaðist á laugardaginn fyrir páska á Victor st. frá Sargent av. og suður fyrir Ellis. Ráðvandur finnandi skili á skrifstofu Hkr. gegn fundarlaunum.

"MINK SCARF" tapaðist í Good Templar Hall mánudagskv. 12. þ.m. — Finnandi er góðfúslega beðinn að skila því til 694 Victor Street.

Lesið auglýsingu um samkomuna í Tjaldbúðinni á Sumardaginn fyrsta, 22. þ.m. Aðgangur er ókeypis, en samskot verða tekin.

Brúkaður Fatnaður

MESTA ÚRVAL ÆTÍÐ Á REIÐUM HÖNDUM. KOMIÐ VIÐ HJÁ OSS OG SKOÐIÐ FÖTIN.

THE **OXFORD**

Brúkaðrafata fél.
Phone 6162.
532 NOTRE DAME AV.
Vér kaupum og seljum föt.

Spurningar og Svör.

Herra ritstjóri!

Viltu gera svo vel og svara eftirfarandi spurningum:

1. Er mér skylt, að borga mánaðargjald til skóla fyrir börn min, þar ég lifi innan takmarka skólahéraðsins, er húsmenskumaður og borga húsaleigu, en er ekki virtur fyrir landi eða lausafé þar ég hefi hvorugt.
2. Er það formlegt hjá skrifara skólahéraðsins, að tilkynna mér með privat bréfi, að ég skuldi til skóla ákveðna upphæð, án þess að gefa hreinan reikning? Fáfróður.

SVAR. — Skólalög Manitobafylkis skipa svo fyrir, að þeir, sem ekki borgi skatt til skólahéraðanna en eiga börn, sem gangi á skólana, skuli skyldir til að borga skólahéraðinu fyrir kenslu þeirra. — Líklega mundi óhlutdrægur dóm ari líta svo á, að borgunarkrafan til spyrjandans sé formleg og fullgildandi, þar sem hún er skriflega gerð, þótt í privat bréfi sé. En svo má ætla, að skrifari skólahéraðsins muni fús til, að skrifa út formlegan sundurliðaðan reikning, ef þess verður krafist. Ritstj.

Ritstjóri Heimskringlu.

Viltu gera svo vel, að svara eftirfarandi spurningum:

1. Var nokkurt skólaþing haldið í Winnipeg dagana 23. og 24. marz sl.?
2. Er ekki vanalegt, að allir skóla stjórar mæti þar, eða séu boðn ir til þess?
3. Hver er ástæðan, að ekki nema einn skólastjóri í stórri sveit veit af þessu þingi?

SVAR. — 1. Hið árlega þing skólanefndamanna var haldið hér í borg 23. og 24. marz sl.

2. a) Tilkynning um þessi fundahöld var auglýst í dagblöðum þessa bæjar. Hvort bréfleg tilkynning var send til nokkurra eða allra skólanefndarmanna, vitum vér ekki. — b) Vanalegt er, að allir skólanefndarmenn, sem geta komið því við, sæki fundi þessa.
3. Síðustu spurningunni getum vér ekki svarað. Ritstj.

HEIMSKRINGLU og TVÆR skemtilegar sögur fá nýir kaup. endur fyrir að eins $2 00

FJÖLSKYLDU SKÓBÚÐ

Vér höfum fjölskyldu skóbúð sem veitir beztu skótegundir fyrir hvern lim fjölskyldunnar. Það er óþarfi að fara úr þessari búð með nokkra þá skó sem þér "haldið að muni duga", því að vér höfum skó fyrir alla fætur sem vér —

Vitum að passar þeim!

Vér óskum að mega sanna verð vort með því að sýna yður skóna, —svo segjum vér, að þegar faðir, móðir, systir, bróðir eða ungbarnið vanta þá skó, sem beztir eru eftir verðinu, þá komi þau

í Fjölskyldu skóbúðina

Ryan-Devlin Shoe Co
494 MAIN ST. PHONE 770.

HANDBÓK

yfir útlistun stjörnuspádóma; eða áhrif stjarnanna á mannlegt eðli

heitir ofurlitið rit nýútkomið. Þýtt úr ensku. 76 blaðsíður. Verð 25 cents. Útgefandi Frímann Bjarnason, prentari. Ritið segir frá áhrifum vissra pláneta á ásigkomulag mannsins, sem eru mismunandi eftir því undir hvaða sólmerki maðurinn er fæddur. Höf. segir, að stjörnuspádómur kenni, hvernig vér getum aukið vel megun vora, heilsu og hamingju, og að gott sé fyrir hvern einstakling, að lesa ekki eingöngu um merki og lyndiseinkenni sjálfs sín, heldur einnig vina sinna. Í riti þessu finnist endalaus uppspretta til upplýsinga og skemtana. Það er til sölu hjá íslenzku bóksölunum hér vestra, og í bókaverzlun Ólafs S. Thorgeirssonar, 678 Sherbrooke St., Winnipeg, sem hefir aðal útsölu ritsins. Góð sölulaun gefin.

W. R. FOWLER A. PIERCY.

Royal Optical Co.
327 Portage Ave. Talsími 7286.
Allar nútíðar aðferðir eru notaðar við augn-skoðun hjá þeim, þar með hin nýja aðferð, Skugga-skoðun, sem gjöreyðir öllum ágiskunum. —

Jónas Pálsson,
SÖNGFRÆÐINGUR.
Útvegar vönduð og óðýr hljóðfæri.
460 Victor St. Talsími 6803.

F. Deluca
Verzlar með matvöru, aldini, smá-kökur, allskonar sætindi, mjólk og rjóma, sömul. tóbak og vindla. Óskar viðskifta Íslend. Heitt kaffi eða te á öllum tímum. Fón 7756
Tvær búðir:
587 Notre Dame og 714 Maryland St.

BILDFELL & PAULSON
Union Bank 5th Floor, No. 520
selja hús og lóðir og annast þar að lútandi störf; útvegar peningalán o. fl.
Tel.: 2685

J. L. M. THOMSON, M.A., L.L.B.
LÖGFRÆÐINGUR. 255½ Portage Ave.

ARNI ANDERSON Íslenzkur lögmaðr
Í félagi með
Hudson, Howell, Ormond & Marlatt
Barristers, Solicitors, etc.
Winnipeg, Man.
13-18 Merchants Bank Bldg. Phone 3621, 3622

BONNAR, HARTLEY & MANAHAN
Lögfræðingar og Landskjala Semjarar
Suite 7, Nanton Block, Winnipeg

Hubbard, Hannesson and Ross
LÖGFRÆÐINGAR
10 Bank of Hamilton Chambers
Tel. 378 Winnipeg

A. S. BARDAL
Selur líkkistur og annast um útfarir. Allur útbúnaður sá bezti. Enfremur selur hann alskonar minnisvarða og legsteina.
121 Nena St. Phone 306

Nýji Vor-fatnaðurinn þinn.

EF HANN KEMUR FRÁ CLEMENT'S — ÞÁ ER HANN RÉTTUR.

Réttur að efni, réttur í sniði réttur í áferð og réttur í verði.

Vér höfum miklar byrgðir af fegurstu og beztu fataefnum. —

Geo. Clements & Son
Stofnað árið 1874
264 Portage Ave. Rétt hjá Free Press

Th. JOHNSON
JEWELER
286 Main St. Talsími: 6606

JOHN ERZINGER
TÓBAKS-KAUPMAÐUR.
Erzinger's skorið reyktóbak $1.00 pundið
Hér fást allar neftóbaks-tegundir. Óska eftir bréflegum pöntunum.
McINTYRE BLK., Main St., Winnipeg
Heildsala og smásala.

Dr. G. J. Gislason,
Physician and Surgeon
Weltington Blk. - Grand Forks, N.Dak
Sjerstakt athygli veitt AUGNA, EYRNA, KVERKA og NEF SJÚKDÓMUM.

Drs. Ekern & Marsden,
Sérfræðislæknar í Efturfylgjandi greinum: — Augnasjúkdómum, Eyrnasjúkdómum, Nasasjúkdóm um og kverkasjúkdómum.
Í Platky Byggingunni í Bænum
Grand Forks, N. Dak.

S. F. Ólafsson
619 Agnes St. selur Tamarac fyrir $5.50 og $5.75 gegn borgun út í hönd.
Telephone: 7812

DR. H. R. ROSS
C.P.R. meðala- og skurðlækuir.
Sjúkdómum kvenna og barna veitt sérstök umönnun.
WYNYARD, — SASK.

Boyd's Brauð.

Brauð vor eru stór, full þyngd, létt, sæt og vel böknð; þau eru gerð úr bezta Vestur-Canada hveiti og er saðsamasta brauð sem selt er í Winnipeg. Biðjið matsalann um þau eða símið til vor. Vér keirum þau daglega heim til kaupenda. —

Boyd's

Bakery Cor. Spence & Portage Ave
Phone 1030.

Íslenzkur Tannsmiður,
Tennur festar í með Plötum eða Plötulausar. Og tennur eru dregnar sársaukalaust með Dr. Mordens sársaukalausu aðferð
Dr. W. Clarence — Tannlæknir.
Sigurður Davidson—Tannsmiður.
620½ Main St.
Phone 470 Horni Logan Ave.

KOL OG VIDUR

Þur, beinharður eldiviður, — Poplar, Pine, og Tamarac með mjög sanngjörnu verði. — Nú sem stendur verið að afferma mörg vagnhlöss af BEZTA DAUPHIN TAMARAC. —

McElroy Bros.
Cor. Sherbrooke & Ellice
PHONE: 6612

McKenzie's UTSŒÐI.

FRÆIN SEM BERA NAFN MEÐ RENTU. ÞRUNGIN AF FYLSTA FRJÓMAGNI. — VANDAÐ ÚRVAL. — BEZT FYRIR VESTURLANDIÐ.—

Þegar vandlátustu og langflestu fræ kaupendur þessagóða Vesturlands heimta einhuga

McKenzie's Hreinu Fræ

Þá hafið þér vissu fyrir að verðleiki og gæði aðeins, gætu áunnið svo einróma meðmæli. Skrifið oss eftir stórri bók um allskonar Fræ til að rækta garðávexti, blóm, korn og gras. —

ALLAR BETRI VERZLANIR SELJA VOR FRÆ. EF ÞAÐ FÆST EKKI HJÁ KAUPMANNI YÐAR ÞÁ SKRIFIÐ OSS

A. E. McKENZIE CO., LTD.
BRANDON, MAN. OG CALGARY, ALTA.
VESTURLANDSINS MESTU OG BEZTU FRÆSALAR.

Laing Brothers
3 Búðir:
234-6-8 KING ST. Talsími 4478, 5990, 5891
417 McMILLAN AVENUE Talsími 5596
847 MAIN ST. — Tals: 3016

Hafrar, Hey, Strá,
COUNTRY SHORTS, BRAN, CORN, CORN CHOP, BYGG CHOP, HVEITI CHOP, OG GARÐÁVEXTIR.
Vér höfum bezta úrval gripafóðurs í þessari borg; fljót afhending

LAND

Vér höfum nýlega fengið til sölu yfir 30 fleetiðnar-fjórðunga, liggjandi að Oaklands braut C. N. R. félaginu. Verð-ið er frá $7.00 til $12.00 hver ekra. Ekkert af löndum þessum eru meir en 5 mílur frá járnbrautinni.

Skuli Hansson & Co.
Skrifst. Telefón 6476. Heimilis Telefón 2274

Heimskringla.

Alt landið

er ábyrgst að vera jarðyrkju land af bestu tegund, og fæst keypt með vægum afborgunar skilmálum. (N.B.—Lesið fyrripart þessarar augl. vinstramegin við Hkr. nafn.)

Frekari upplýsingar veita

Skuli Hansson & Co.
36 Tribune Building. Winnipeg.

XXIII. ÁR. WINNIPEG, MANITOBA, FIMTUDAGINN, 22 APRÍL, 1909 NR. 30

Vorið er komið

og eftir hverri götu og fyrir hvert horn þeytast allir á reiðhjóli. Flestir á hinu gamla og góða BRANTFORD hjóli.

Einusinni enn læt ég þann boðskap útganga, að ég sel þessi ágætu reiðhjól. Kaupið ekki fyr en þér hafið fundið eða skrifað mér.

¶ Utanbæjar fólk! Skrifið eftir bæklingi er sýnir yður hjólin, mismunandi stærðir og gerð. Sömuleiðis getið þér pantað alla hjólparta frá mér. Borgun fylgi pöntunum. Skrifið til

West End Bicycle Shop,
JON THORSTEINSSON, eigandi.
477 PORTAGE AVE. Winnipeg, Man.

Fregnsafn.

Markverðustu viðburðir hvaðanæfa.

— Nýlega kom til Los Angeles í California málmleitarmaður einn, sem um sl. 15 ára tíma hefir verið fráskilinn öllum mannabygðum. — Það fyrsta, sem hann spurði um, er hann kom til borgarinnar, var hvernig Victoriu drotningu liði. Hann hafði ekki heyrt um andlát hennar, og aldrei heyrt getið um Roosevelt forseta. Fregnin getur ekki um, hvar maður þessi hafi verið í öll þessi ár.

— Nýlega hafa þær fregnir borist af landa vorum Vilhjálmi Stefánssyni, og þeim öðrum vísindamönnum, sem mannfræðifélagið hefir um síðastliðin nokkur ár gert út norður í óbygðir til þess að kynnast háttum manna þar, — að þeir voru á norðasta skaga Alaska þann 15. okt. sl. Þá var vetur að ganga í garð, og þeir voru í bjargarskorti, en bjuggust við, að geta veitt sér nægan forða að vetrinum. Síðan hefir ekki frézt frá þeim.

— Emma Goldman, kven-anarkistinn nafnfrægi í Bandaríkjunum, var þann 12. þ. m. svift borgarréttindum þar. Það komst upp, að eiginmaður hennar hafði fengið borgarabréf sitt þar með brögðum, og stjórnin, sem í mörg ár hefir haft ilt auga á Emmu, var fljót á sér, að svifta bónda hennar borgararéttindum, og þá að sjálfsögðu konu hans með honum. Einn af spæjurum stjórnarinnar komst að því, að maður þessi hafði fengið borgarabréf sitt, þegar hann var 19 ára gamall, og eftir að eins tveggja ára veru hér í landi. Þetta var árið 1884. Þessum manni giftist Emma árið 1887, og varð þá borgari með honum. Hún kom til Bandaríkjanna fyrir 25 árum með foreldrum sínum og systkinum, og þegar hún var 18 ára gömul, giftist hún manni þessum, sem þá var 26 ára gamall. En þau hafa ekki sést, því síður búið saman, í sl. 14 ár, en hún er þó ekki löglega skilin við hann. Í sl. 4 ár hefir hún búið með manni, sem eitt sinn var dæmdur í 10 ára fangavist fyrir morðtilraun, og útenti þann tíma í fangelsi. Stjórnin vill gera hana landræka, og mun reyna að vísa þeim hjónum burtu úr landinu.

— Gullfundur mikill er nýgerður í Mexico, á 22 þúsund ekra svæði í Oaxaca ríkinu, meðfram VeruCrus og Pacific brautinni. Þetta gull er í sandi. Það hefir verið rannsakað við Kansas háskólann og talið hreinasta gull, sem þar hefir sést. Þessi gullfundur er talinn sá merkasti, sem sögur fara af í Mexicoríki.

— Castro, fyrrum forseti í Venezuela, sem um nokkurn tíma hefir verið til lækninga í Evrópu, á ekki upp á háborðið hjá stórþjóðum heimsins. Hann er gerður útlagi í heimalandi sínu, og fangelsi eða 1,flát bíður hans þar, ef hann kemur þangað. Sem stendur er hann í Martinique eyjunum, sem eru eign Frakka, en þaðan verður hann að hraða ferðum, því Frakkar vilja hvergi hafa hann í lendum sínum, og sama er um Breta, Hollendinga og Bandamenn, Columbiu og Panama ríkin. Þessar þjóðir allar hafa gert Castro landrækan, og svo er að sjá, sem hann hafi hvergi höfði sínu að halla.

— Alfons Ahrens hefir verið tekinn fastur í Hamburg kærður um, að hafa haft flokk sjómanna til þess, að sökkva skipum úti á rúm sjó, til þess að hann gæti fengið ábyrgðarfé það, sem á skipunum var. Sagt að þrjú skip hafi þegar orðið fyrir þessu, og að á fjórða skipinu hafi einn af skipverjum orðið uppvís að því, að hafa gert tilraun til að fylla skip sitt af sjó svo það sykki.

Carnegie gamli hefir á ný gefið 200 þúsund dollara til Hamilton háskólans í Utica borg í NewYork ríki, er skuli heita Elihu Root friðarsjóður, og er gjöfin gerð í virðingarskyni fyrir starf hr. Root í þarfir alþjóðafriðar.

— Óspektir hafa á ný orðið á Tyrklandi. Þann 13. þ.m. gengu þrjár herdeildir heim að höll soldáns og heimtuðu, að allir stjórnarráðgjafarnir legðu niður embætti sín, sérstaklega þó hermálaráðgjafinn og stjórnarformaðurinn. Soldán lét tafarlaust undan og allir ráðherrarnir sögðu af sér. — Tildrögin til þessa uppþots voru þau, að ráðherrarnir voru farnir að sveigja stjórnarathafnirnar í þá átt, sem þær voru í á meðan einveldi soldáns var í hæzta gengi, og maður sá, sem var fyrir uppreistinni í fyrra, var ekki farinn að fá hugsjónum sínum framgengt. Ráðgjafarnir, sem tóku við, þegar stjórnarskráin var gefin, voru farnir að verða of mjög undir áhrifum soldáns. Svo var og nefnd sú, sem sett var af flokki Ungtyrkjanna, skipuð nokkrum mönnum, sem við stjórnarskiftin létust vera með um bótamönnum, en sem nú er sýnt að hafi verið verkfæri í hendi soldáns til þess að sveigja stjórnarfarið í gamla horfið. Í þessari sömu nefnd eru og ýmsir menn, sem útlagar höfðu verið gerðir á fyrri árum fyrir frelsishugsjónir sínar, og sem horfið höfðu til föðurlandsins, þegar stjórnarbyltingin varð í fyrra. Nokkrir þessara manna reyndust of eftirlátssamir við soldáninn. Þjóðin fann, að hið nýfengna frelsi mundi verða skamlíft í landinu, ef herinn léti ekki til sín taka. Sá, sem nú stóð fyrir umbótaflokknum, hét Ahmed Risa. Hann var áður útlagi, en kom aftur til Tyrklands eftir stjórnarskift, in í fyrra. Hann er nú formaður í þinginu og hefir mikil áhrif. Soldáninn gaf honum margar vinagjafir, þegar hann kom heim úr útlegðinni. Þessi maður átti fjölda vina í gömlu stjórninni, sem virðast hafa haft áhrif á hann eftir heimkomuna. Svo að þó soldán væri búinn að missa einveldi sitt í orði kveðnu, þá var þó þessi litli hópur manna búinn að koma stjórnarfarinu í gamla horfið að miklu leyti, og að sumu leyti orðið verra, en áður var. Eins og sést á því, að ritstjóri einn, sem hafði fundið að gerðum nýju stjórnarinnar, var myrtur á laun, að tilhlutun stjórnar-ráðgjafanna, að sagt er. Sá hét Hassan Fehmi, og öðrum tveim mönnum hafði verið rutt úr vegi á leynilegan hátt. Þessi tilfelli orsökuðu klofning í liði framsóknarmanna, en sa flokkurinn varð yfirsterkari, sem nú hefir látið til skarar skríða vegna þess, að hann hafði fylgi hersins, og það var sá styrkur, sem gert hefir honum mögulegt, að koma stjórnarskiftum á.

— Herra D. Tate, aðstoðar lögfræðingur fyrir Grand Trunk Pacific félagið, er nýlega kominn úr ferðalagi til Prince Rupert á Kyrrahafsströndinni. Herra Tate segir G. T. P. félagið og B. C. stjórnina ætla í samlögum að selja 24 hundruð bygginga- og verzlunarlóðir þar í bænum á komandi sumri. Yfir þúsund manns eru nú búsettir í Prince Rupert bæ. Margt af því er ungt, nýlega gift fólk, sem hefir sest að á löndum, sem það vonar að fá eignarbréf fyrir innan skams tíma, með því að bæði brautarfélagið og British Columbia stjórnin eru að íhuga tilkall þessa fólks til lóðanna, og er búist við, að allri sanngirni verði beitt við það, þegar salan fer fram. Bæði stjórnin og félagið viðurkenna, að þetta fólk, sem þegar er búsett vestra, ætti að njóta sérstakra hlynninda umfram þá, sem hér eftir kunna að byggja þar eða kaupa bæjarlóðir. Íbúar bæjarins eru sagðir valið fólk. Engin vinsala er þar í bænum, með því að John Houston sem þar gefur út 2 blöð, hefir barist móti því, að vínsala komist þar á, og íbúarnir fylgja honum fast að máli, og dómsmálastjórinn í British Columbia hefir látið þess getið, að hann sé meðmæltur vínbanni þar í bænum, og sama er að segja um brautarfélagið, að það er andstætt vínsölu í bænum. Stór hópur manna hefir þar stöðuga atvinnu, að prýða bæjarstæðið, leggja gangtraðir og grafa saur rennuskurði, og félagið og fylkisstjórnin eru að íhuga ráð til að útvega bænum varanlegt vatnsból. Tuttugu og sex hundr. menn með hesta eru að byggja brautina rétt austan við bæinn, og alt bendir til að Prince Rupert verði mikill og mannmargur bær innan skamms.

— Síðustu skýrslur umboðsmanna yfir heimilisréttarlöndum í Canada sýna, að enn þá eru ótekin 195,731 heimilisréttarlönd í Manitoba, Saskatchewan og Alberta. Þar af eru 18 þúsund heimilisréttarlönd í Manitoba, að mestu þakin timbri, að undanteknum þeim löndum, sem liggja vestr arlega í Duck fjöllunum, þau eru skóglaus, en liggja langt frá járnbraut. Í Saskatchewan fylki eru ennþá ótekin rúmlega 106 þúsund heimilisréttarlönd, að mestu skóglaus og hæf til hveitiræktar. Þó er nokkur skógur á löndum þeim, sem liggja í Battleford og Prince Albert héruðunum. Í Alberta fylki eru rúmlega 71 þúsund heimilisréttarlönd ennþá ótekin. Mikill hluti þeirra er hæfur til hveitiræktar. Í Red Deer héraðinu eru 9½ þúsund heimilisréttarlönd enn þá ótekin, sem jafnt eru hæf til gripaeldis og hveitiræktar. Í Edmonton héraðinu eru 26½ þúsund lönd ótekin. Þau liggja mestmegnis vestan Edmonton borgar, upp undir rætur Klettafjallanna, og norður að Athabasca Landing. Allur landflæki þessi er mældur, og getur því hver sem vill tekið þar land.

— Til Canada komu nýlega 180 vel efnaðir Bretar, til þess að byrja búskap hér í V:sturfylkjunum. Þeir sögðu harðærið heima fyrir fara stöðugt vaxandi, og sögðu marga efnaða Breta mundu bráðlega koma á eftir sér til þess að taka lönd hér vestra.

— Brezkur fræðimaður hefir nýlega sýnt fram á, að þar sem uppvaxandi menn og konur í Bandaríkjunum séu yfirleitt stærri enn foreldrar þeirra, þá sé brezka fólkið stöðugt að minka, einkanlega verkalýðurinn. Hann segir, að auðmannaflokkurinn sé að fækka að mönnum, en stækka líkamlega, en að miðlungsflokkurinn standi í stað að stærð og fjölda, verkafólkið aukist að tölu, en minki líkamlega. Sama ástand segir hann að sé í öllum löndum Evrópu. Maður þessi segir, að Skotar séu hæztir allra þjóða í Evrópu (meðalhæð 5 fet og 8 þuml.). Næstir þeim séu Skandinavar og Bretar (5 fet og 6 þuml.), þá þjóðverjar og Frakkar og Ítalir. En í Nilárdalnum segir hann að fólkið sé jafnstórt í dag og það var fyrir þúsund árum. — Minsta fólkið á Bretlandi segir hann að sé í Yorkshire og Lancashire. Líklega er þessi rýrnun líkamans komin til af of litlu fæði og erfiðum lífskjörum.

— Ung kona í New York réð sér bana með eitri fyrir skömmu, af því hún gat ekki verið eins vel búin eins og auðuga fólkið, sem hún sá á gangi eftir Fimtu götu þar í borginni. Hjónin höfðu verið gift í 4 mánuði. Þau voru á gangi sér til skemtunar í borginni og konunni leizt vel á skrautbúnað auðuga fólksins. Þegar þau komu heim til sín um kveldið, var konan óánægð, og hún fór að bera föt sín saman við það, sem hún sá á Fimtu götu. En bóndi hennar var ekki nógu auðugur til þess, að geta veitt henni slíkan búning. Út af þessu varð þeim hjónum sundurorða, og konan komst í mikla geðshræring. Bóndi hennar gekk frá henni og fór að hátta. Hann vaknaði brátt við vein hennar, og hafði hún þá tekið eitur, og sagðist hafa gert það til að koma í veg fyrir, að þau rifust oftar. Hún dó samstundis.

— Þrír þjóðverjar lentu nýlega á loftfari í bænum Santany á Frakklandi, um 90 mílur suðvestur frá Parísarborg. Frakkar tóku þá strax fasta fyrir að vera njósnara úr her þjóðverja. Í loftfarinu fundu þeir myndatöku vélar og alls konar upprátta vélar. Þetta var alt eyðilagt ásamt sjálfu loftfarinu, en mennirnir sendir heim aftur allslausir.

— Öll hollenzka þjóðin bíður með óþreyju eftir fæðingu fyrsta barns Hollands drotningar. Ýmsar borgir landsins hafa þegar sent drotningunni verðmætar gjafir til ófædda ríkiserfingjans. Hague-borg gefur dýrindisvöggu, og er hún uppbúin af sömu mönnunum, sem bjuggu til brúðarföt drotningarinnar. Leenwarden borg gefur silfurbúna dagbók til þess að rita í æfisögu barnsins, ein blaðsíða er ætluð fyrir hvern dag. Rotterdamborg gefur borðbúnað úr silfri, — disk, hníf, skeið, gaffal og eggjabolla. Amsterdam borg gefur fataskáp og þvottaáhöld. Drouthe-borg gefur feikna-mikinn silfurdisk með skjaldarmerki fylkisins, og settan gömlum, verðmætum gull og silfur peningum. Timburmsiðir í Zaandam borg gefa barns rólu. Konur í Breda borg gefa "undragjöf", enn enginn fær að vita, hvers konar gjöf það er. Hollendingar í Lundúnum hafa útbúið á sinn kostnað eitt barnaherbergi á spítala þar, í minningu um þennan ófædda erfingja. Ein borg í Zeeland fylki gefur silfurmetaskálar, til þess að vigta barnið á þegar það fæðist. Margar sveitir gefa klukkur. Nýlendur Hollendinga í Austur-Indlandi og Guiana ætla og að gefa dýrmætar gjafir. Svo er og búist við, að ýmsar af stórþjóðunum muni senda þessum erfingja stórgjafir strax og vissa er fyrir því, að hann sé kominn í heim þennan með fullu fjöri. Allar eru gjafir þær, sem drotningunni hafa borist, svo vandaðar sem mannlegt listfengi og hyggjuvit framast hefir getað gert þær, og allar eru þær mjög verðmætar.

— Selveiðaskip frá Nýfundnalandi, með 30 manna áhöfn, er talið tapað. Frá því hefir ekkert frézt í langan tíma, og skip hefir verið gert út til þess að leita að því.

— Vélagerðar félag í Bandaríkjunum hefir afráðið, að byggja tafarlaust stórfengilegt velagerðarverkstæði í Moscow borg á Rússlandi. Rússar hafa háa tollvernd á öllum vélum, sem hægt er að búa til þar í landi, en þær vélar, sem ekki er hægt að smíða í landinu, eru tollfríar. En stjórnin þar gerði nýlega þá yfirlýsingu, að hægt væri að smíða í landinu vélar af öllum tegundum, og að hér eftir yrðu því allar vélar, sem fluttar væru inn í landið, látnar koma undir hátolla-löggjöfina. Það er til þess, að komast hjá að borga þennan háa toll, að Bandaríkjafélagið hefir afráðið að láta smíða vélarnar þar í landi.

— Frakkar sendu nýlega prófessor einn til Suður-Ameríku til þess að reyna að komast fyrir orsakir til krabbameinsemda. Hann gerði athuganir sínar í Uraquay og Argentina ríkjunum, og komst að þeirri niðurstöðu, að sá undrasægur af fólki, sem þar í landi þjáist af krabbameinsemdum í maganum, fái veikina af fiskáti. Hann álítur, að vissar fisktegundir hafi í sér fólgnar frumagnir krabbans, og fólk fái þær í magann með því að éta fiskinn.

Eldur kom upp í Empire hótelinu í Swan River á sunnudaginn 11. þ.m. Gerði talsvert eignatjón og brendi til bana einn gest hússins, ungan mann, sem var á ferð að flytja á heimil sréttarland sitt þar í héraðinu.

— Fyrsta skip á þessu vori kom til Port Arthur frá Duluth þann 12. þ.m. Skipgöngur eftir stórvötnunum mega því teljast byrjaðar.

— Þrír bræður, að nafni Saxon, sýndu nýlega krafta sína í New York borg. Þeir gera kröfu til, að vera sterkustu menn í heimi. Þeir eru í þjónustu Ringling Circus, og sýna þar aflrauna íþróttir, er margir hafa verið vantrúaðir á, að gætu verið virkilegar. Þeir sýndu nú þessar íþróttir í Madison garðinum í New York, í viðurvist nokkurra lækna, leikfimiskennara og blaðamanna. Arthur heitir elzti bróðirinn. Hann byrjaði með því, að smeygja 100 pd. þungum járnhring ofan á höfuðið á sér. Svo lýfti hann 150 punda þungum járnhring upp yfir höfuðið á sér, með annari hendi. Tók svo annan hring jafnþungan með hinni hendinni, og lýfti honum einnig upp yfir höfuð sér. með öðrum orðum: hann járnháttaði 300 pund, og hafði þó 100 punda þunga á höfðinu. Næst lagðist hann á bakið og hélt uppi á fótum sér planka, er á sátu svo margir menn, að þyngd þeirra var alls 2219 pund, og á sama tíma hélt hann í höndum sér 312 punda þungum járnstykkjum, og sátu báðir bræður hans sinn á hvoru stykki, og, héldu á þunga, sem nam 649 pundum. Þannig hélt maður þessi á lofti í einu, liggjandi á bakinu, á fjórða þúsund punda þunga.

— Edward Brokridge, sem andaðist í St. Thomas bæ í Ontario fyrir fáum dögum, eftirlét 13 þús. dala til þess að annast um gamalmenni bæjarins. Ellihæli er þar í bænum, og var því falið, að annast um féð. Hæli þessu er aðallega haldið uppi af gjöfum bæjarbúa.

— Franskir og þýzkir auðmenn hver um annan þveran eru nú að bjóða verðlaun fyrir bezt gerðar flugvélar, heima smíðaðar. Þjóðverjar sigla nú í loftvélum um þvert og endilangt land sitt, og Frakkar fóru í sl. viku á einu slíku fari nær 600 mílur, hvíldareða uppihaldlaust. — Stórþjóðunum er alvara með, að fullkomna flugvélar til mann- og vöru-flutninga og hernaðar.

Hefir þú borgað Heimskringlu?

OGILVIE'S
Royal Household Flour

Til BRAUÐ-GERÐA — OGILVIE'S ROYAL HOUSEHOLD — Til KÖKU-GERÐAR

Gefur æfinlega fullnæging

Gefið Hestverð

Í samskotasjóð Jóns Finnbogasonar hafa Heimskringlu borist þessar upphæðir:

Oli V. Ólafsson	$5.00
Kristinn Stefánsson ...	5.00
Jónas G. Dalmann	3.00
Mrs. Lovísa Benson ...	1.25
Ónefndur	1.00
Samtals ...	$15.25

Heiðruðu Bændur!

Sendið rjóman yðar til okkar. Hjá okkur fáið þér rétta og góða vigt og rétta prót-mæling.

Við borgum með "Express" ávísunum þann 15. og síðasta dag hvers mánaðar.

Vér borgum flutningskostnað (með "express") og leggjum könnunar til.

Reynið viðskifti við oss.

THE
Carson Hygienic Dairy Co., Limited
WINNIPEG

PURITY FLOUR

AD BAKA BEZTA BRAUD

er meira en vísindi og meira en list.

En það má gerast fljótlega og áreiðanlega með því að nota

PURITY FLOUR

Það er malað úr bezt völdu Vestur-Canada Hörðu Hveitikorni; er algerlega hreint og svo ilmandi kjarngott.

ALLIR ÍSLENZKIR KAUPMENN SELJA ÞAÐ

WESTERN CANADA FLOUR MILLS CO.,
LIMITED.
WINNIPEG, —— CANADA.

Wall Plaster

Með því að venja sig á að brúka "Empire" tegundir af Hardwall og Wood Fibre Plaster er maður hár viss að fá beztu afleiðingar.

Vér búum til:

"Empire" Wood Fibre Plaster
"Empire" Cement Wall "
"Empire" Finish "
"Gold Dust" Finish "
"Gilt Edge" Plaster of Paris
og allar Gypsum vörutegundir. —

Eigum vér að senda yður bækling vorn?

MANITOBA GYPSUM CO. LTD
SKRIFSTOFUR OG MILLUR I
Winnipeg, - Man.

Heimskringla

Published every Thursday by The Heimskringla News & Publishing Co. Ltd

Verð blaðsins í Canada og Bandar $2.00 um árið (fyrir fram borgað).
Sent til Islands $2.40 (fyrir fram borgað af kaupendum blaðsins hérlendis $1.50.)

B. L. BALDWINSON,
Editor & Manager

Office:
729 Sherbrooke Street, Winnipeg
P.O. BOX 3083. Talsími 3512.

Svar Laurier-stjórnarinnar.

Einn bóndi norður við Manitoba vatn hefir beðið Heimskringlu, að skýra lesendum frá undirtektum Laurier stjórnarinnar viðvíkjandi ítrekuðum óskum íbúanna við Manitoba vatn um lækkun vatnsins. Glen Campbell, þingmaður kjördæmisins, lagði nýlega í þinginu eftirfylgjandi spurningar fyrir stjórnina:

1. Did the government send an engineer last fall to Fairford district, on Lake Manitoba, to enquire into the feasibility of lowering Lake Manitoba?
2. If so, what was his report of the feasibility, of the probable location of channel, and of the probable cost?
3. Does the government propose to go on with this work in whole or in part this year?
4. Has the government or any of the ministers received any petition from the settlers in that locality asking for such work to be undertaken?

Hon. Wm. Pygsley (Minister of Public Works):

1. Yes.
2. and 3. Resident engineer reports that, to afford permanent relief from high water, it will be necessary to incur considerable expenditure in increasing the outlet of Lake Manitoba, and also in erecting controlling works to regulate the flow and maintain the level of the Lake at a constant elevation. To obtain an estimate of the cost of such a scheme would necessitate the carrying out of extensive surveys and investigations, which have not yet been made, at both the Fairford river and the Waterhen river. I am not satisfied that this is a work which should be undertaken by the federal government.
4. Yes.

Þessar spurningar og svör eru í íslenzkri þýðingu þannig:

1. Sendi stjórnin á síðasta hausti verkfræðing til Fairford héraðsins við Manitoba vatn með þeim tilgangi, að íhuga möguleika til þess að lækka Manitoba vatn?
2. Ef svo, hver var ályktun hans um framkvæmanlegleikann, um líklega legu skurðarins og vænt anlegan kostnað?
3. Ætlar stjórnin að láta vinna þetta verk að öllu leyti eða að parti á þessu ári?
4. Hefir stjórnin eða nokkur ráðgjafanna meðtekið bænarskrá frá íbúum héraðs þessa um að þetta verk sé gert?

Wm. Pugsley, ráðgjafi opinberra verka, svaraði spurningunum á þessa leið:

1. Já.
2. og 3. Héraðs-verkfræðingurinn skýrir frá því, að til þess að lækka vatnið til frambúðar, verði nauðsynlegt, að leggja talsvert fé í það, að auka útfallið úr Manitoba vatni, og að byggja takmörkunarstöð til þess að takmarka útrás vatnsins og viðhalda jafnri vatnshæð. Til þess að geta fengið áætlun um tilkostnað við þetta fyrirtæki, þá yrði nauðsynlegt að gera yfirgripsmiklar mælingar og rannsóknir, sem enn þá hafa ekki verið gerðar, hvorki við Fairford ána né við Waterhen ána. Ég er ekki sann færður um, að þetta sé verk, sem ríkisstjórninni beri að gera.
4. Yes.

Þetta eru svör ráðgjafans eins og hann bar þau fram í þinginu. Vér höfum prentað spurningarnar og svörin bæði á enskn og íslenzku til þess að lesendur Heimskringlu geti því betur áttað sig á þeim.

Bóndanum, sem ritar til vor um þetta mál, þykir þessi svör næsta kynleg, og engan veginn sanngjörn eða vingjarnleg í garð íbúanna þar nyrðra. Meðal annars segir þessi bóndi: —

"Málefnið, sem svörin fjalla um, er svo alvarlegt og fjölda mörgum lífsspursmál, að ég veit, að þeir hafa áhuga á, að kynnast svörum ráðgjafans. Mér skilst ekki betur, en að með þessum svörum sínum, sé ráðgjafinn að reyna að koma mönnum í skilning um, að þetta sé verk, sem ekki sé í verkahring sambandsstjórnarinnar að láta gera. En hverjum ber þá að gera það? Hefir ekki ríkisstjórnin fullveldi yfir öllum skipgengum vötnum í Canada?". — Jú, vissulega. Fylkin hafa ekkert vald yfir þeim, og Manitobastjórnin yrði að fá sérstaka löggjöf samda og samþykta af Ottawa þinginu, til þess að mega grýnna vatnið í Manitoba vatni. Ekkert fylki í kanadiska sambandinu hefir nein umráð yfir því, sem nefnt er "Navigable Waters", hvort sem það eru ár eða vötn, heldur er það alt í umsjá og undir yfirráðum Ottawastjórnarinnar. Hún annast um allar hafnbætur, og yfir höfuð hefir á hendi alla stjórn á vatnavegum landsins.

Það er því algerlega ljóst, að Ottawa stjórnin, og enginn annar, hefir ráð á því, að gera þær umbætur á Manitoba vatni, sem um hefir verið beðið. Framræzla landa hins vegar er fylkismál, og þótt það sé ekki beinlinis sagt í svörum herra Pugsleys, þá er það ekki ólíkleg tilgáta, að hann hafi haft það í huga í sambandi við þetta mál, að lækkun vatnsins mundi hafa þau áhrif, að þurka upp landið umhverfis það, og með því fengi bæði fylkið í heild sinni og sérstaklega íbúarnir í þessu héraði hlynnindi, sem þeir að réttu lagi ættu að borga fyrir, án þess að ríkisfé væri lagt fram til þess. En smá er hugsun sú, og ekki göfugmannleg eða frjálslyndisleg.

Hins vegar geta íbúarnir með réttu haldið því fram, að þó þeir væru við því búnir, að kosta sjálfir framræzlu landa sinna; þá er sú framræzla ómöguleg meðan vatnið er eins hátt og það nú er. Því að þó skurðir séu gerðir í löndin, þá fær vatnið ekki framrás gegn um þá, meðan svo hátt er í Manitoba vatni, að það flæðir yfir löndin.

Íbúarnir, sem um mörg ár undanfarin hafa dvalið meðfram Manitoba vatni, vita manna bezt, að lækkun Manitoba vatns er fyrsta skilyrðið til þess, að löndin séu ábyggileg til frambúðar, og að þau verði ræktanleg. Þeir vita líka, að það er eingöngu í verkahring Dominion stjórnarinnar en ekki fylkisins, að gera nauðsynlega lækkun á Manitoba vatni, — þó herra Pugsley hafi ekki þózt vera sannfærður um það.

Íbúarnir eiga réttmæta heimtingu á, að Laurier stjórnin geri skyldu sína í þessu vatnslækkunar máli. Þegar það er gert, munu íbúarnir sjá um framræzlu landa sinna.

Lög um bögglasending

með pósti, ná ei samþykki löggjafa

Hvað ætlið þið nú til bragðs að taka?

Ein af aðalgreinum kosningasnerrunnar á síðastliðnu hausti á vörum þingmanna efnanna var: — "Bændum þarf að heimila með lögum rétt til að senda böggla með pósti, og vér ætlum að veita þeim þann rétt".

En hverjar urðu efndir á því loforði? Engar, — að eins pólitisk svik. Nú segja þeir okkur, að pósböggla-sendingar mundu eyðileggja eða stórhnekkja verzlun í öllum smábæjum, því með þeim mundu viðskifti bænda við pósthúsin ("Mail Order Houses") aukast um skör fram. Þannig er hagur vor bænda fyrir borð borinn!

Aftur spyrjum vér: Hvað ætlið þér til bragðs að taka? — Þrjú "Express" félög nota alt sitt bolmagn til að ríða á svig þetta nauðsynjamál bænda. Heimakaupmennirnir skrifa á "svarta listann" nöfn allra, er við "póstorðu-húsin" skifta, — neita þeim viðskifta, ef leitað er.

Smábæja víkublöðin, sem verzlunarmenn treysta svo mikið á, að gylli og blási um ágæti heimaverzlunarinnar, eru þrælbundin kaupmönnum og óvinir bænda, sem neita bændum um þann rétt, að verzla hvar þeim bezt þóknast. Eiga bændur að vera fráskildir þeim rétti, að njóta fulls hagnaðar af starfa sínum?

Þegar kaupmönnum fjölgar um helming í einum bæ, en bændaflokkurinn heldur sömu tölu og áður, virðist rétt metið, að bændur beri tvöfalda byrði. Þegar bændur lesa vöruskrár "póstorðu"-húsanna og sjá þar af, að þeir borgi heimakaupmanninum 25 til 50 prósent hærra fyrir vöruna, en þeir ættu að gera, mun enginn sanngjarn maður lá þeim þótt þeir gnauði. En þegar þeir gnauða, setja kaupmenn viku-blaða ritstjórana á stað, og láta þá þyrla út þeim dómi, að bændur séu svo skyni skroppnir, að þeir geti ekki séð við sviksemi manna. Mundi það álitast rétt, að bændur létu hlut sinn fyrir óráðvöndum og eigingjörnum okrurum, að þeir eigi verzli þar, er þeim gezt bezt að? Yfirleitt hafa bændur betri dómgreind til brunns að bera á málum og mönnum, enn nokkur annar flokkur mannfélagsins. Heimakaupmaðurinn borgar bóndanum aldrei meira fyrir landvöruna, en hann getur sent eftir henni fyrir. Kaupmaðurinn gerir kaup sín þar, sem honum vegnar bezt. Því neitar hann bóndanum um það jafnrétti?

Smábæirnir eru ekki heppilegt sölutorg fyrir afurðir bóndans; á þeim vetvangi er verðinu þrýst svo lágt, að stórborgaverðið gefi kaupmanni góðan arð. Smábæjakaupmenn gefa því engan gaum, hvort bændur fá réttmætan arð erfiðis sins. Það er að eins um að gera, að kaupmaðurinn hljóti góðan ávöxt. Hugsun kaupmanna er sú, að bændur séu skyldugir til, að láta þá blómstra og baða í rósum. — Hinn bezti vegur er þessi: — Bændur, skiftið við kaupmanninn að hóflegum kjörum. Þið megið ekki vera þrælbundnir vilja þeirra. Þeir eiga enga heimtingu á verzlun ykkar. Hlúið að ykkur sjálfum, stundið hagsmuni yðar. Krefjist laga, er heimila bögglaflutning með pósti. Þröngviðlöggjöfunum til hlýðni. — Þá mun enginn spyrja: Hvað ætlið þið til bragðs að taka?

J. H. Haynes, Carroll Co., Ind.
(Þýtt úr "Successful Farming")

Fyrrum forseti Roosevelt og póstmálaráðgjafi hans voru eindregið með því, að koma á bögglsendingum með pósti, en auðvald og verzlunarmenn vinna ósleitilega á móti þeim hagræðum bænda, — láta smáblaða ritstjórana þeyta upp því voða-ryki, að slík lög mundu verða til niðurdreps heimaverzlunina. Það lítur svo út, sem þar haldi vörð á öllum fjármála framfaratilraunum bændaflokksins. Virðist svo, sem þeir skoði bændaflokkinn sér óæðri flokk, mörgum tröppum neðar í menningar stiganum. En sé grannskoðað, verður það upp á teningnum, að bændaflokkurinn er öllum öðrum flokkum framar að sálar og líkams þroska. Til þess er sönnun óræk, að margir, er eigi hafa getað framfleytt sér sem bændur, hafa gerst verzlunarmenn og farnast vel. Það sýnir, að bændastaðan útheimtar meira and legt atgerfi en aðrar stöður. Það er lítill vandi, að standa í búð og stika varning, eða sitja á stól og skrifa reikningsdálka í bækur. En hitt er meiri vandi, að semja svo við náttúruna, að vel sé, slikt er að eins þeirra, sem snillimenn eru, svo sem Grettir kvað. —Bændurnir, börn náttúrunnar, hafa ætíð reynst harðir í horn að taka. Einarður og harðorður þótti Ólafi Þorgnýr. Svo er og enn. Þeir, sem ætla sér að svínbeygja bóndann, stofna sér í hættu þá, að lenda í stálörmum heljarafls.

Óhindraðir verzla bændur ætíð þar, er þeim bezt gegnir, hvort sem það er við heimakaupmanninn eða póstorðuhúsin. En sjái þeir svikanet dregið að fórum sér, stökkva þeir ætíð yfir. — Það er vanhyggju merki kaupmanna og blaðamanna, að bregða bændum um vitskort, slikt egnir djúpskygni bóndans og grimmir skap hans. — Hlúið að bændastéttinni, en leggið ei tálmanir í veg hennar!

3.—4.

CHICAGOFÖR MÍN!!!

eða með viðfeldnari orðum

Ferðasöguágrip til Chicago, Toronto og Niagarafossins

CHICAGO-BORG.

Frá því ég spjallaði við þig síðast, lesari góður, hefi ég farið næsta áfangann, 500 mílur, og er nú kominn á Union járnbrautarstöðina í Chicago.

Það fyrsta, sem fyrir augun ber, er afarmikill fólksfjöldi, sem fer í straumum að og frá stöðinni, sem ekki er að undra, því margir tugir járnbrautarlesta fara og koma á þessa járnbrautarstöð daglega.

Chicago er önnur stærsta borg í Ameríku, og telur nú 2 miliónir 225 þúsund íbúa, og nálægt 75 þús. bætast við árlega. Hún er langviðáttumesta borg í Ameríku. Lengd borgarinnar er 26 mílur meðfram Michigan vatninu, en breidd hennar er 14½ míla. Stræti borgarinnar eru samanlögð 4227 mílur á lengd. Borgin þarf 437 mil. gal. vatns á dag. Það er tekið úr Michigan vatninu. Úti í vatninu, hér um bil 3 mílur frá landi, eru byggingar (6—7) meðfram borginni. Þar er vélaútbúnaður, sem þrýstir vatninu inn í afar miklar pípur, sem svo liggja undir vatninu og inna að borginni. En uppi á ströndinni eru önnur hús, og annar vélaútbúnaður, sem tekur við vatninu úr þessum aðalpípum og þrýstir því inn í vatnsæð borgarinnar. Vatnið er tekið svona utarlega, svo það sé vel hreint. Öllu óhreininda-vatni er veitt með skurðum miklum (Canals) suðvestur úr borginni. 36 mílur frá henni er búinn til foss í þeim skurði, og þar eru rafaflsvélar og alt rafurmagn frá þeim er leitt inn til borgarinnar. Borgin á alt vatnsverkið. Það hefir kostað margar miliónir dala. Þrjú hundruð alþýðuskólar eru í borginni, og 19 hærri skólar, þar á meðal hinn alkunni Chicago háskóli, sem er auðugastur háskóli í heimi, á 20 miliónir dala í sjóði. Honum hefir Rockefeller oft gefið stórfé, síðast 4 miliónir dala í einu. Auk þess eru í borginni mörg hundruð privat skólar og aðrar fræðslustofnanir. Í borginni eru 1,077 kirkjur. Þær tilheyra fjölda mörgum (16) trúarflokkum. Þrettán hundruð og fimtíu mílur af upphækkuðum járn brautum er í borginni. Þær renna 30—40 fet yfir strætunum, — frá miðstöð í miðjum bænum — í allar áttir. Þegar með þeim er farið, þarf maður að ganga upp og niður háa stiga, sem liggja niður á strætin á hverri stöð. Þessar lestir flytja 1 mil. 354 þús. af fólki til jafnaðar á degi hverjum. Fargjald með þeim er að eins 5 cent. Sama fargjald er með strætisvögnum, hvað langt, sem farið er. Skemtigarðar (Parks) borgarinnar eru margir, stórir og afar fallegir. Til samans taka þeir yfir 3,191 ekrur af landi. Fjölda margir af þeim eru nefndir eftir forsetunum, t. d. Lincoln Park, Washington Park, o.s.frv. Viða innanum skemtigarðana eru smávötn og lækir. Fólk skemtir sér þar á smábátum á sumrin.

Útgjöld borgarinnar árið 1907 voru 44½ milión dala, og í þarfir hennar unnu þá 21,617 manns, þar með taldir 6000 skólakennarar.

Viðhald skemtigarðanna og umsjón kostar árlega um og yfir 2 miliónir dala.

Í Chicago eru 100 bankar, dagleg verzlun þeirra allra er um 35 milir dala að meðaltali.

Þar er stærsta smásölubúð í heimi, og er hún kend við milióna-mæring, sem stofnsetti hana, Marshall Field. Venjulega vinna í búð þessari 7,500 manns, en fyrir hátíðar um 10,000.

Í þrjár af helztu skrifstofum borgarinnar koma daglega yfir 5,500 manns í hverja, á þeim tíma, sem þær eru opnar.

Lengsta stræti borgarinnar er 22 mílur á lengd og næsta yfir 21 míla.

Í Chicago borg eru framleiddar og tilbúnar allskonar vörur árlega fyrir eina bilión dollara, í 8,159 verksmiðjum. Sumar þessar verksmiðjur framleiða og búa til vörur fyrir 100 miliónir dala hver, og hafa 13 þúsund manns í vinnu. — Mörg hundruð verksmiðjur framleiða vörur fyrir frá 25 þúsund til 5 miliónir.

Fjölda mörg heildsöluhús selja vörur fyrir 25 miliónir dala á ári. Sum fyrir þá upphæð tvöfalda. Inntektir þósthússins voru 1908 nálægt 16 miliónum og tollhússins 8½ miliónum dala.

Skattar af skattskyldum eignum í borginni námu 1906 28½ milión.

Hæsta húsnúmer í norðurhluta borgarinnar er 7,600, í suðurhluta 13,800, í austurhluta 4,000 og í vesturhluta 7,200.

Fimm hundruð hótel eru í borginni. Sum eru með Evrópu sniði, önnur með Amerikusniði. Nokkur hafa hvorttveggja. Gisting á þeim kostar frá 50c til $5 á dag.

Fólk af 42 þjóðflokkum er í Chicago. Það talar 40 mismunandi tungumál. Blöð eru gefin út á 10 tungumálum, en guðsþjónustur fara fram á 20. Mikill meiri hluti — eða nálega alt — talar og skilur ensku, auk síns móðurmáls. Fólksfjöldinn, sem talar þessi mál, er frá hálfri tylft (6) upp í ½ milión. Þjóðverjar eru fjölmennastir ½ milión, 180 þúsund Írar, 125 þús. Pólverjar, 100 þús. Svíar, 41 þús. Canadamenn, 50 þús. Norðmenn, 20 þús. Danir, o.s.frv. Íslendingar eru taldir að vera með þeim allra fæstu, álíka margir og Japanar, fyrir innan 100. Chicago er önnur stærst bæheimsk borg í heimi, þriðja sænsk, þriðja norsk, fjórða pólsk og fimta þýzk. Útlendingar eru allir til samans taldir að vera 1 milión, dálítið minna enn helmingur af öllum borgarbúum.

Þar eru 5 járnbrautarstöðvar, og á þær koma og frá þeim fara 1400 járnbrautarlestir daglega, að samanlögðu. Á eina þessara stöðva koma og fara 400 lestir, er flytja daglega að og frá 50 þúsund ferðamenn. Nú er verið að byggja þar eina stærstu járnbrautarstöð í heimi. Hún (að eins byggingin) á að kosta margar miliónir dollara. Frá henni eiga að geta farið og á hana komið 250 þúsund ferðamenn daglega samanlagt.

Fjörutíu og fimm lögreglustöðvar eru í borginni, og lögregluþjónar 4,300, fyrir utan yfirmenn og leynibjóna. Útgjöld við löggæzluna árlega eru 5 miliónir 750 þúsund dalir.

Í eldliði borgarinnar eru 2,000 manns. Því er skift í 151 deild. Útgjöld við það eru 5 mil. 300 þús. dala árlega. Hús og vörur brenna að jafnaði árlega fyrir 4 miliónir dala.

Árið 1907 kostaði 668 þús. dala, að hreinsa stræti borgarinnar.

Í pósthúsinu vinna 5,828 manns.

Leikhús og hljómleikasalir eru svo mörgum tugum skiftir, einnig mörg listasöfn, dýrasöfn, blómahús o.s.frv.

Konsúlar frá 33 ríkjum eiga þar heimili.

Í fólksflestu byggingunni, sem tekur yfir heila ferhyrnings 'block', lifa 2,172 manneskjur. Hún er bygð eingöngu fyrir heimili.

Þetta framantalda er að eins lítið hrafl af helzta fróðleik um borg þessa, sem er að verða ein með risavöxnustu borgum heimsins. En af því má sjá, að mikið hefir verið aðhafst á þeim 78 árum, sem liðin eru síðan að borgin fyrst myndaðist, eða réttara sagt á 37 árum, því borgin brann að mestu 1871. Þá hafði borgin 300 þús. íbúa, og þriðjungur þeirra varð heimilislaus. Skaðinn við brunann varð 200 miliónir.

VIDSTADAN Í CHICAGO.

Meðan ég dvaldi í Chicago. var ég hjá velgerðamanni minum, hr. C. H. Thordarson og konu hans, sem fóru eins með mig eins og ég væri sonur eða bróðir. Thordarson keptist við, að sýna mér alt það stórkostlegasta, og eftirtektaverðasta, sem hægt var að skoða í borginni.

Það vár á sunnudag, sem ég kom til borgarinnar. Þann dag gekk ég austur að vatninu, sem er skamt frá heimili Thordarsons, og skoðaði eina af vélastöðvunum, sem þrýsta vatninu inn í borgina. Þar er afarmikill vélaútbúnaður, sem allur gengur fyrir rafurmagni. Einnig skoðaði ég þann dag allmikið af nágrenni Mr. Thordarsons. Þar lifa á mjög stóru svæði alt í kring einungis auðmenn. Miliónamæringarnir lifa næst vatninu. Þeir búa í marmarahöllum, sem eru með alls konar byggingalagi. Í götunni, sem þeir búa aðallega í, má sjá hús með afar einkennilegu og óliku byggingarsniði, bæði fornu og nýju, Norðurálfu, Austurálfu og Vesturálfu. Í einni af þessum maramarahöllum lifir dóttir Rockefellers og maður hennar, er heitir McCormick, sem hveitislattuvélarnar eru kendar við, er mjög eru útbreiddar víða. Fjölskyldan er að eins þau hjónin og tvö börn, en um 60 þjóna hafa þau til að snúast í kring um sig og hreinsa höllina. Af þessu má marka nokkuð, hvað þetta fólk fer sparlega með peninga. Gamli Rockefeller fer jafn aðarlega til dóttur sinnar, þegar hann hverfur skyndilega úr New York eins og stundum kemur fyrir.

Á afarstóru svæði á allar hliðar við heimili hr. Thordarsons eru ein ungis ríkra manna heimili. Þeir búa í 'blockum', sem eru venjulega 3 hæðir auk kjallara. Í sumum lifa margir. Þeim er skift í svo og svo mörg heimili, sem að öllu eru út af fyrir sig. Fyrir framan þessar "blokkir" eru breiðir grasgeirar og trjám plantað eftir þeim miðjum. Götur og gangstéttir eru breiðar og alt steinlagt. Þar er enginn borgarskarkali að neinu leyti, og því líkast, sem maður væri kominn á friðsamt og háveðalaust sveitaheimili.

Hr. Hhordarson og nágrönnum hans þykir bærinn ekki hirða nægilega vel strætin í kring um eignir þeirra, og því hafa þeir myndað félag með sér og leggja á sig aukagjald (25 hver), er að eins sé varið til hreinsunar og annara um bóta á því svæði, sem þeir búa á. Á sumrin, þegar þurkar ganga, eru strætin vætt þrisvar á dag, með jöfnu millibili. Þeir hafa ennfremur sérstakan mann til að hirða um grasblettina og trén á þeim. Á vorin halda þeir fund með sér, til að kjósa framkvæmdarnefnd m.fl. Ég var eitt kveldið staddur á þeim fundi. Þar voru piltar samankomnir, sem voru í heldur góðum holdum, og sýnilega báru engan kvíðboga fyrir því, að ekki væri hægt að framkvæma alt það, er þeim kom til hugar að ætti eða þyrfti að framkvæma.

'Block' Th. er bygð fyrir 3 árum, úr brendum múrsteini. Hún stendur á hornlóð og kostaði um 75 þús. dali. Í henni eru 12 íbúðir og í hverri frá 7—9 herbergi af mismunandi stærð. Öll er hún hituð upp með gufuhitun og alt eldað við gas. Í kjallaranum eru þvottaáhöld fyrir hverja fjölskyldu og þerriplass og geymsluherbergi. Alhr gangarnir, bæði uppi og niðri eru lagðir marmaraplötum á veggjunum. Leigan á hverri íbúð kostar frá $35—$65 um mánuðinn. Alt er það stórefnað eða ríkt fólk, sem leigir þessar íbúðir. Mörgu af því þykir fyrirhafnar og áhyggjuminna að leigja, heldur enn að eiga hús sjálft. Svo sækist þaðlíka eftir, að lifa í þessum hluta borgarinnar, þar sem bæði er heilnæmt loft og kyrð.

Ef íbúð losnar, þá eru 10 fyrir einn, að sækja um, að fá hana leigða.

Herra Thordarson hefir prýðilega fallegt heimili í einni íbúðinni á fyrsta gólfi. Ég ætla ekki að fara að lýsa því neitt nákvæmlega, það álit ég óþarft. En hitt verð ég að segja, að ég varð undrandi yfir tvennu á því: Hvað húsbóndinn átti mikið og fallegt islenzkt bókasafn og fylgdist vel með íslenzkum málum og bókmentum, og þá ekki síður, hvað hjónin bæði töluðu vel islenzka tungu, og vera þó búin að dvelja einvörðungu meðal annara þjóða yfir 20 ár, og konu bæði unglingar frá Íslandi. Þau töluðu betri og hreinni íslenzku, enn ég hefi heyrt hávaðann af eldra fólki hér í Winnipeg tala. Eftir að ég fór að kynnast þeim og tala við þau, komst ég fljótt að því, að þau eru meiri Íslandsvinir og áhugasamari um velferð þess og velferðarmál, heldur enn nokkur Vestur-Ísl., sem ég hefi átt tal við áður. Þetta var mér mest ánægju og gleðiefni í ferðinni. Þegar við öll áttum tal saman í einu, þá var hugurinn æfinlega kominn til Íslands, og talið hneigðist um framtíð þess. Á henni hafði Thordarson svo mikla trú — og hann sagði hana bygða á nákvæmum athugunum — að hann sagði það sitt hugboð, að Ísland ætti glæsilegri framtíð í vændum, enn jafnvel nokkur Íslendingur gerði sér í hugarlund.

Á mánudagsmorguninn fór ég að skoða verksmiðju hans. Hún er í suðvesturparti borgarinnar, 7—8 mílur frá heimilinu. Hann hefir í vinnu nær 50 manns ár og dag í gegn. Mest karlmenn, nokkrar stúlkur og unglinga, og þarf að borga því í kaup hátt á þriðja þúsund dali á mánuði. Verksmiðjunni er skift í margar deildir, er hver hefir ákveðin verk að vinna, og er einn maður yfir hverri deild. Auk þess hefir herra Thordarson þar tilraunastofu, og þar heldur hann all-oftast til sjálfur, og er að gera ýmsar rafmagnstilraunir og uppfindingar. Hann sýndi mér fjölda margar tilraunir, sem mér væri ómögulegt að lýsa, og sízt nema í afarlöngu máli.

Annars ætla ég í þetta sinn ekki að skrifa neitt nákvæmlega um verksmiðju Thordarsons, eða þá hluti, sem hún býr til. Það getur ekki rúmast í ferðasögubroti, og verður því að bíða betri tíðar, — gæti þá skeð, að myndir gætu fylgt með. (Meira).

Á. J. JOHNSON.

Sparið Línið Yðar.

Ef þér óskið ekki að fá þvottinn yðar rifinn og slitinn, þá sendið hann til þessarar fullkomnu stofnunar.

Nýtízku aðferðir, nýr vélaútbúnaður, en gamalt og æft verkafólk.

LITUN, HREINSUN OG PRESSUN SÉRLEGA VANDAÐ

Modern Laundry & Dye Works Co., Ltd.
307—315 Hargrave St.
WINNIPEG, MANITOBA
Phones: 2300 og 2301

S. R. HUNTER & CO
Skraddarar,
189 Lombard Street

Búa til ný-móðins karlmannafatnaði eftir máli. — Efni og vinnubrögð afbeztu tegund, og alt ábyrgst að vera jafngildi þess bezta sem fáanlegt er í borginni. Verðið er við allra hæfi. —

S. R. Hunter & Co.
189 Lombard St.
Telephone 1395.

ROBLIN HOTEL

115 Adelaide St. Winnipeg

Bezta $1.50 á-dag hús í Vestur-Canada. Keyrsla ókeypis milli vagnstöðva og hússins'á nóttu og degi. Aðhlynninig hins bezta. Viðskifti Íslendinga óskast. William Ave. strætiskarið fer hjá húsinu

O. ROY, eigandi.

SPÓNNÝTT HÓTEL

ALGERLEGA NÝTÍZKU

Hotel Majestic

John McDonald,
eigandi.

James St. West, Rétt vestan við Main St.
Winnipeg Telefón 4979

$1.50 á dag og þar yfir
Bandaríkja-snið

Alt sem hér er um hönd haft er af beztu tegund. Reynið oss.

MIDLAND HOTEL

285 Market St. Phone 3491

Nýtt hús, nýr húsbúnaður Fullar byrgðir af allskonar vönduðustu drykkjum og vindlum í hressingar stofunni. Gisting einn dollar á dag og þar yfir.

W. G. GOULD :: FRED. D. PETERS,
Eigendur
WINNIPEG ::: ::: CANADA

Ágæt meðul.

Ég hefi kynst og pantað áður meðul við nef, kverka- og andkafa sjúkdómum hjá Royal Remedy Co. Þau fá bezta vitnisburð. Þeir, sem senda mér sjúkdómslýsingu, og $4.00 fyrirfram, fá meðulin send heim til sín kostnaðarlaust hvar sem er í Canada. Eins og mörgum er kunnugt, hefi ég fengist töluvert mikið við meðalasölu stundum, og þekki "patent" meðul vel. Þessi meðul eru 'ekta' góð meðul, og fólk má treysta þeim, ef það kaupir þau í tæka tíð.

K.Ásg.Benediktsson.
540 Simcoe St., Winnipeg.

The Dominion Bank

NOTRE DAME Ave. BRANCH Cor. Nena St.

VÉR GEFUM SÉRSTAK AN GAUM AÐ SPARISJÓÐS-DEILDINNI. —

VEXTIR BORGAÐIR AF INNLÖGUM.
HÖFUÐSTOLL - - - $3,983,392.38
SPARISJÓÐUR - - $5,300,000.00
A. E. PIERCY, MANAGER.

Æfimining
Eyólfs Guðmundssonar

Fæddur, 9. janúar 1834. Dáinn, 3. sept. 1907.

Það hefir dregizt lengur en ég hefði ákosið, að minnast opinberlega á föður minn heitinn, en til þess eru ýmsar orsakir. Það hefir enga þýðingu, að fjölyrða um þær, en hitt vil ég segja, að ekkert hefði mér ljúfara verið, en að vera þess umkominn, að mega heiðra minningu hans með fáeinum penna dráttum. Þeir, sem vita hvað fátækt og frumbýlingsskapur er, ásamt samhliða flutningum fram og til baka um óra-leiðir, get ég að verða muni nærgætnastir um ástæður þær, er ég hefi til ritstarfa. Samt skal ég nú minnast hans, er nú er genginn veg allrar veraldar, míns elskulega föður, fáeinum orðum.

Eyjólfur faðir minn var fæddur að Hólmum í Reyðarfirði í Suður-Múlasýslu, hinn 9. janúar 1834. Faðir hans var Guðmundur prestur Bjarnason bónda Halldórssonar í Sviðholti í Álftanesi suður. Við Bjarna er kend Sviðholtsætt. Hann var 6 fet og 6 þml. á hæð og bar hann af flestum mönnum að kröftum og karlmensku. Móðir séra Guðmundar afa míns var Valgerður dóttir Helga hins sterka Ingimundarsonar, en móðir Valgerðar var Ragnheiður, dóttir Ólafs Hólabrita, er var hjá Steini biskupi. —Móðir föður míns var Halldóra Eggertsdóttir prófasts Guðmundssonar í Reykholti, en móðir Halldóru var Guðrún dóttir Boga í Hrappsey. Frá honum eru miklar ættir komnar.

Þeim séra Guðmundi og Halldóru konu hans varð 5 barna auðið, og dó eitt þeirra á barnsaldri. Þessi náðu fullorðins aldri: Eggert, Valgerður, Guðrún og Eyjólfur faðir minn. Faðir minn var á 5. ári, þegar hann misti föður sinn, en vorið eftir kom séra Benedikt Eggertsson frá Lundi austur að Hólmum og sókti 3 börnin: Valgerði, Guðrúnu og Eyjólf föður minn, sem þá var á 6. ári, og var hann þá látinn ríða í hnakk, og spentar ólar yfir lærin, svo að hann dytti eigi af baki, þó að hart væri riðið. Þannig sat hann bundinn í beran hnakk og reið alla leið: 24 þingmannaleiðir, suður að Lundi í Borgarfirði. Árið eftir flutti móðir hans suður að Lundi líka, og voru þau þar öll þrjú ár. Halldóra móðir hans var þann tíma allan ráðskona hjá séra Benedikt bróður sínum, því hann var þá enn eigi kvæntur. Þegar faðir minn var níu ára gamall, fluttist móðir hans með hann burtu frá bróður sínum, að Gullberastöðum, til Jóns bónda Þórðarsonar, hann var auðugur maður að fé. Næsta ár giftist hún Rögnvaldi syni Jóns bónda; fóru þau svo, Rögnvaldur stjúpi föður míns og Halldóra móðir hans, að búa, tveim árum eftir að þau giftust, á Hvammi í Skorradal, jörð er þau höfðu keypt. Þar bjuggu þau 10 ár og eignuðust eina dóttur, er Guðríður hét, þarna ólst faðir minn upp í Hvammi hjá móður sinni og stjúpa. Átti hann stundum gott og stundum líka misjafna daga. Lagði stjúpi hans nokkuð hart að honum með vinnu og fékk drengurinn oft eigi nægan svefn. Samt náði hann góðum þroska og átti betra úr því, að hann varð 16 ára.

Á þeim tímum var drykkjuskapur mikill á Íslandi, og var áfengi allstaðar á boðstólum, alla leið frá búðarborðum höfuðstaðarins til lægstu moldar-býla í afdölum landsins. Með því nú, að faðir minn átti til drykkjumanna að telja í ætt sinni og að hann var örgeðja að eðlisfari, þá hneigðist hann til vinnautnar þegar á unga aldri, en drakk aldrei frá sér vit eða mátt, og var aldrei áreitinn við aðra menn, en ekki þoldi hann ójöfnuð af öðrum. Og þegar hann var tvítugur, var hann fullger að afli og vexti, og hafði mikið gamaan af glímum og aflraunum, og bar jafnan hærra hlut. Það var hvorttveggja, að hann var rammur að afli, enda vantaði hann eigi metnaðinn. Hann var jafnan glaður í viðmóti og flestum vel við hann, er honum voru handgengnastir. Ætið var hann reiðubúinn að jafna hlut þeirra, er minni máttar voru.



EYÓLFUR GUÐMUNDSSON.

Haustið 1860 andaðist Rögnvaldur stjúpi föður míns. Var faðir minn þá trúlofaður Yngveldi Svein bjarnardóttur. Hún var dóttir Sveinbjarnar Árnasonar á Oddsstöðum og Guðlaugar Kristjánsdóttur frá Skógarkoti. Yngveldur var talin kvenna fríðust í Borgarfirði, gáfuð vel og kvenkostur hinn bezti. Sama haustið og stjúpi Eyólfs föður míns andaðist, andaðist einnig Sveinbjörn faðir Yngveldar. Vorið eftir, 1861, flutti faðir minn að Fitjum. Þá jörð hafði hann keypt, og byrjaði búskap þar með Yngveldi móður minni, sem þá var heitmey hans. Móðir hans fylgdi með þeim þangað. Haustið eftir, hinn 18. sept. 1861, giftust þau Eyólfur og Yngveldur, foreldrar mínir, og var móðir mín þá hálfs nitjánda árs gömul. Á Fitjum bjuggu þau 7 ár. Á því tímabili eignuðust þau 3 börn: Guðfinnu, Benedikt og Eggert Sveinbjörn. Þá seldi hann Fitjar og flutti að Bakkakoti og bjó þar fjögur ár. Þar fæddist Guðmundur bróðir minn. Þessi 11 ár, er foreldrar mínir bjuggu frammi í Skorradal, búnaðist þeim vel, eftir það fór heldur að ganga af þeim. Nú tók Halldóra móðir föður míns fast að eldast. Óskaði hún þá, að sonur sinn flytti að Hvammi, eignarjörð hennar, því hún þráði að deyja þar, og gerði faðir minn það að vilja hennar, og þar andaðist hún 1873, og var hún þá á þriðja ári hins áttunda tugar. Í Hvammi bjuggu foreldrar mínir fjögur ár; þar fæddist ég og Guðrún. Í Hvammi bygði faðir minn upp allan bæinn og önnur hús þar, og olli það honum mikils kostnaðar, sem nærri má geta. Auk þess var jörðin afar-erfið og vinnufólksfrek, en mörgum fyrir að sjá, svo bættist þar á ofan það, að móðir mín misti heilsuna. Var því engin furða, þó að efni þeirra gengi nú fremur til rýrðar. Frá Hvammi flutti faðir minn að Gullberastaðaseli, og þar sáladist móðir mín, hinn 10. sept. 1877. Stóð faðir minn þá einn uppi með allan hópinn, 6 að tölu, hvert öðru yngra. Félst honum mikið um missi móður minnar. En það sýndi sig þá sem oftar, hve vel hann var látinn. Tóku mágar hans og vinir af honum yngstu börnin til fósturs.

Eftir það brá faðir minn búi og hann að vegghleðslu víðsvegar um Borgarfjörð, því hann var orðlagður byggingamaður, enda hafði hann bygt upp flesta þá bæi, er hann hafði búið á. Og þegar fram í sókti, lagði hann með flestum börnum sínum. Á vetrum var hann iðulega í langferðum ýmsra áriðandi erinda, því hann var manna bezt til þess kjörinn fyrir flestra hluta sakir, og var honum oft borgað vel fyrir; enda hafði hann jafnan nóg fyrir sig og sína að bera. Fjórum árum síðar gerðist hann ráðsmaður hjá ekkju nokkuri, er Rannveig hét og var þorsteinsdóttir.

Hann gekk að eiga Rannveigu, en þau lifðu ekki lengi saman. Var hann jafnan lausamaður eftir það.

Seinast á Íslandi dvaldi hann hjá Guðfinnu dóttur sinni og systur minni vestur í Breiðafjarðardölum, og þaðan fluttist hann til Ameríku sumarið 1901, og tók Guðmundur sonur hans á móti honum í borginni Winnipeg í Manitoba fylkinu í Canada, og átti faðir minn mörgum vinum, er hann hafði þekt heima, þar að fagna í borginni, er gerðu honum heimboð og leiðbeindu honum. Eftir þriggja vikna dvöl hjá syni sínum í Winnipeg, fór hann út í Argyle-bygð í Manitoba til Jóns mágs sinsSveinbjarnarsonar, og undi vel hag sínum þar. Ári síðar komum við systurnar tvær, Guðrún og ég, vestur hingað, að tilhlutun föður okkar. Árið 1905 giftist ég Jóni Einarssyni, ættuðum af norður Íslandi. Fór svo faðir minn með okkur hjónunum til Nýja Íslands 1906, til þess að nema heimilisréttarlönd í hinni svo nefndu Árdalsbygð. Þar nam hann land undir sínu nafni og Jón maður minn annað, en urðu frá þeim að hverfa aftur á næsta ári vegna bleytu og óárunar þar. Um það bil, er við hjónin og faðir minn vorum ferðbúin að hverfa frá Nýja Íslandi aftur til Argyle-bygðar, fór faðir minn að heimsækja vin sinn þar í bygðinni. Hann koma aldrei til baka úr þeirri ferð. Hann varð bráðkvaddur þar á milli húsa hinn 3. sept. 1907. Var hann oftar en einu sinni búinn að gefa í skyn, að skyndilegt myndi verða með viðskilnað sinn, því hann hafði fundið til bilunar á hjartanu. Hann hvílir í grafreit þeim, er Árdælir höfðu mælt út og myndað í rjóðri einu, þar inni í friði frumskóganna, þar sem jafnvel lauf espitrjánna nær eigi til að bærast fyrir hinum minsta andblævi. Þar hvíla hinar jarðnesku leyfar hans í friði eilífðarinnar og frumskóganna. Friður sé með þeim.

Við börn hans lifum hann fjögur: Guðmundur, Aðalheiður og Guðrún, öll í Manitoba, Canada, og ein systir heima í Breiðafjarðardölum á Íslandi, Guðfinna að nafni, og er hún gift Þorsteini Þorvarðarsyni frá Leikskálum.

Í uppvexti naut faðir minn ekki mikillar bóklegrar fræðslu, en skýr var hann og skarpur vel. Snemma mun hann þó hafa lagt stund á, að lesa fornsögur vorar. Honum var farið eins og mörgum góðum dreng meðal þjóðar vorrar, að glæða anda sinn sjálfur og afla sér fræðslu með því, að lesa allar þær bækur, er hann fýsti og hafði föng á að ná í, enda var hann fróður og vel að sér um margt; einkum lagði hann stund á sagna og lögfræði, og kom hvorttveggja honum líka einatt að góðu haldi í lífinu. Það mátti svo að orði kveða um föður minn heitinn, að hann væri innblásinn hetjuanda þeim, er ríkti í lífi þjóðarinnar á hinni frægu gullöld hennar.

Oft átti hann í málum, er hann ýmist sókti eða varði, bæði fyrir sig og aðra, og var jafnan hinn sigursælasti; átti hann þó oft við ramman reip að draga.

Faðir minn var mikill vexti, hár og herðimikill og hinn höfðinglegasti í sjón og raun. Hann var vinfastur, trúlyndur og drengur hinn bezti, elskaður og virtur af öllum, er þektu hann bezt og honum voru handgengnastir. Sívakandi var hann yfir velferð okkar barnanna, er vorum á fóstri hjá vinum hans eftir að móður okkar misti við. Til dæmis að taka, skal ég látið þess getið, að þrátt fyrir það, að vinir hans kröfðust ekki meðgjafar með okkur börnunum, hafði hann þó borgað með okkur fram til þess tíma, er við vorum öll nærri uppkomin, kr. 2,500.00, er hann hafði unnið á eigin handafla sinn, og er það ljóst dæmi þess, hvílíkur atorkumaður hann var. Hann hafði unnað móður minni eins heitt og maður ann konu, og verið henni hinn ástríkasti eiginmaður og okkur börnunum ætið umhyggjusamur og elskulegur faðir. Það var drenglyndið, velsæmistilfinningin og hetjuandinn, ásamt óruggu trausti á handleiðslu drottins, er knúði hann til dáða á hinum torsókta æfiferli, og bar hann fram til sigurs í baráttu lífsins, því hann var trúmaður.

Blessuð sé minning hans!

Ofanritaða æfiminning bið ég hina heiðruðu ritstjóra blaðanna Ísafoldar og Austra allra virðingarfylst, að taka upp í áminst blöð þeirra,

Aðalheiður Eyólfsdóttir.

ATHS. — Stutt æfiminning þessa látna manns stóð í Lögbergi fyrir ári síðan, og var þess þar getið, að heiður sá, er hann hefði fengið, hefði verið sá, að vera grafinn í óvígðri mold og í órækt-arengi mannfélagsins. Þessi staðhæfing var ranghermi og hefði ekki átt að birtast.

Vinir þess látna.

Á beztu heimilum

hvar sem er í Ameríku, þar munið þér finna HEIMSKRINGLU lesna. Hún er eins fróðleg og skemtileg eins og nokkuð annað íslenzkt fréttablað í Canada

MARKET HOTEL

146 PRINCESS ST. á móti markaðnum
P. O'CONNELL, eigandi, WINNIPEG
Beztu tegundir af vínföngum og vindl um, aðhlynning góð, húsið endurbætt

JOHN DUFF

PLUMBER, GAS AND STEAM FITTER
Alt verk vel vandað, og verðið rétt
664 Notre Dame Ave. Phone 3815
Winnipeg

Strathcona Hotel

Horni Main og Rupert Str. Nýbygt og ágætt gistihús; Gest um veitt öll þægindi með sanngjarnasta verði. Frí keyrsla til og frá öllum járnbr. stöðvum. Beztu vín og vindlar; og herbergi og máltíðar ágætar.

McLaren Brothers
EIGENDUR

Hotel Pacific

219 Market Street, Winnipeg | H. M. Hicks, Eigandi - - - Manitoba
Telephone 1338

Ný-endurbætt og Ný-tízku hús í alla [illegible] viðingarfylst.

$1.25 a Dag

$1.50 Á DAG
Besta $1.50 gistihús í Winnipeg

BRUNSWICK HOTEL

Horni Main St. og Rupert Ave.

Besta borðhald; Hrein og Björt Herbergi; Fínustu Drykkir og Bestu Vindlar. Ókeypis Vagn mætir Öllum Trainlestum. Reynið oss þegar þú ert á ferð.

þú láta alt það bezta, er þú ættir í eigu þinni. — Sömuleiðis, þegar talað var um ætterni hinnar ungu stúlku, — vogaðir þú þér að benda á ætt þína, sem heiðarlega og flekklausa, og tileinka þér allar þær dygðir, er ættgöfgi fylgja. En hana og hennar ætt áleist þú úrhrak mannkynsins, — og þó var þér kunn ugt brot föður þíns. — Það er svívirðilegt, og ekki hægt að dæma slíkt athæfi nógu hart".

Ríkisstjórafrúin lokaði augunum og reikaði. Hún greip höndunum um borðið til að detta ekki.

"Nú, að sumu leyti hefir þú alveg rétt fyrir þér, Jóhannes", sagði frú Heilwig og hristi ríkisstjórafrúna til, svo hún liði ekki í ómegin. Hún hafði óbeit á allri veiklun og yfirliðum. — "Að sumu leyti hefir þú rétt fyrir þér", endurtók hún, "en helzt til harðorður ertu. Takmarkalaus heimska var það, — en samt máttu ekki gleyma, hverja stöðu Adela skipar í mannfélaginu. — — Taktu það ekki illa upp fyrir mér, en dæmið um fátæku konuna var æði vitlaust. Það er sitt hvað, þó tekið sé óskilafé, er enginn finst eigandi að, eða stolið með ásetningi frá öðrum. En þarna heyrir maður eina af þessum andstyggilegu nýmóðins hugmyndum, — þar sem verið er að jafna saman almúganum, og þeim, sem hærra eru settir. Það undrar mig mest, að heyra þig tala þannig. — Svo er það líka skammarleg ósvífni, að líkja henni Karólínu við konu af háum stigum, — annari eins skepnu".

"Ég sagði það út í garðinum í kveld, og ég segi það aftur, móðir mín, að ég ætla mér ekki lengur að þola, að virðingu hinnar ungu stúlku sé á nokkurn hátt misboðið", sagði prófessorinn, sótrauður í framan af reiði.

"Ó, ofurlitið meiri stillingu, sonur minn, ef ég má biðja þig þess. Þú ert að tala við hana móður þína", mælti hún drembilega, um leið og hún færði

sig nær honum, og virti hann fyrir sér með nístandi köldu augnaráði. — — "Þú leikur ágætan riddara fyrir þessa ímynduðu prinsessu, — ég verð líklega líka að fara að beygja mig í auðmýkt fyrir henni!"

"Að vissu leyti, móðir mín", svaraði hann ofurrólega háðsyrðum móður sinnar, og leit fast í augu henni. — "Þú leyfir þér ekki annað en sýna henni virðingu, — því hún verður konan mín!"

Og nú skeði það óheyrða: — Hið gamla kaupmannshús stóð óhaggað eftir þessa yfirlýsingu! — Jörðin opnaðist ekki til að svelgja hinn litla bæ ásamt þeim spiltasta af allri Heilwigs ættinni. — — Gamla frúin hafði þó haldið það alveg sjálfsagt! — Prófessorinn stóð þarna einbeittur og óskelfdur, alveg eins og sá, er veit hvað hann ætlar sér, og sem krampi, reiði og tár kvenna hafa ekki meiri áhrif á en bylgjur hafsins á bjargfastan klett.

Frú Heilwig hafði hörfað aftur á bak og stóð sem steini lostin, — en ríkisstjórafrúin vaknaði af dvala og rak upp skellihlátur. Slörið var dottið af höfði hennar, lokkarnir féllu allir í óreiðu um enni og kinnar og rósin, sem hún um daginn hafði skreytt sig með, hékk nú fölnuð líkust höggormi niður á enni hennar.

Þarna sérðu nú allan þinn háttlofaða vísdóm, frænka", sagði hún. Nú hrósa ég sigri. Hver var það, sem margbað þig að gifta Karólínu í brott, áður enn Jóhannes kæmi heim? Mér fanst, þegar ég leit hana í fyrsta sinni, að hvíslað væri að mér, að hún yrði okkur öllum til ógæfu. Bú þú nú einnig að óláni því, er þú sjálf hefir steypt þér í. — En ég fer á augabragði til Bonn og segi prófessorsfrúnum þar, af hvaða tagi unga frúin er, sem næst bætist við í hóp þeirra".

Að svo mæltu þaut hún út úr dyrunum. Meðan

á þessu stóð, hafði gamla frúin náð sér aftur, og brynjað sig með drambi og ímynduðum tiguleik.

"Ég hefi bersýnilega ekki skilið þig áðan, Jóhannes", mælti hún ofur rólega.

"Svo? Ekki það! Ég skal þá endurtaka það", svaraði hann kuldalega. "Ég ætla að giftast Felicitas d'Orlowsky!"

"Þú vogar að lýsa þessu yfir í nærveru minni!"

"Í stað þess að svara þessu, vil ég spyrja þig að einu: Myndir þú nú vilja gefa mér samþykki þitt til að kvongast Adelu?"

"Án efa, — hún er gott gjaforð. — Það er mín innilegasta ósk".

Prófessorinn varð sótrauður í framan, og hann beit tönnunum saman til að hefta reiðiyrði þau, er brutust fram á vörir hans. — "Með þessari játningu hefir þú glatað rétti þínum til þess að fá að ráða með mér hinu þýðingarmesta málefni lífs míns", sagði hann stillilega. — "Þú lætur þig engu skifta, þó hún í húð og hár sé hræsnari og siðgæðislaus og spilt, sem myndi gera mér lífið leitt. Þú sætir hér róleg í hinu reisulega húsi þínu, og létir þér nægja, að geta sagt um þinn fjarverandi son: "Hann hefir fengið gott gjaforð". — Vegna þessarar takmarkalausu eigingirni, segi ég þér í eitt skifti fyrir öll, að ég vil njóta haminguinnar, og hennar nýt ég að eins í sambandi við vesalings foreldralausa barnið, sem við einu sinni fyrirlitum og sýndum svo miskunnarlausu hörku".

Frú Heilwig hló hátt og hæðnislega.

"Ég vil enn þá ekki mæla hið versta", hrópaði hún skjálfandi af heift. En gleymdu því ekki, að blessun föðursins tryggir heimilisfriðinn, en bölvun móðurinnar eyðileggur hann!"

"Þorir þú að fullyrða, að blessun þín megni að gera Adelu gallalausa? Því síður verða bölbænir

að áhrínsorðum, þegar saklaus á í hlut. — Þú mælir þær ekki, móðir mín! Guð heyrir þær ekki, og að eins þér sjálfri yrðu þær til bölvunar, og gerðu þér ellina einmanalega og gleðisnauða".

"Hvað kæri ég mig um það? Ég þekki að eins tvent, sem mér er ekki sama um, — sem er minn mælikvarði: — æra og skömm! — Þú skalt verða að hlýða mér í krafti sonarskyldunnar, og ég særi þig að afturkalla hina vitleysislegu yfirlýsingu, sem þú gerðir áðan".

"Aldrei! Það verður þú að sætta þig við," móðir", mælti hann, og gekk svo út úr herberginu. — Hún stóð eftir með útrétta handleggi, líkust líkneskju. — Skyldu hinar blóðlausu varir hafa mælt fram bölvunarorðin? Prófessorinn heyrði engin orðaskil. — Og þó hún aldrei nema hefði gert það, hefðu þau dáið út án nokkurra áhrifa. Því guð kærleikans gefur ekki þeim vondu og hefnigjörnu jafn hræðilegt vopn í hendur. — — —

Það var komið undir kveld. Veður var orðið stilt og hætt að rigna, — samt þutu óveðursskýin enn þá til og frá á loftinu með miklum hraða, alveg eins og væru þau reið yfir því, að hafa verið rifin hvert frá öðru, og vildu reyna að sameina aftur krafta sína, til þess svo að hefja aftur nýjan leik. —

Inni í húsinu heyrðist hávaði og læti. Ferðakistur voru dregnar fram og aftur og hurðum skelt. — Allir höfðu nóg að gera. Það var verið að útbúa alt fyrir langferð, og sú, sem ætlaði á brott, kom aldrei aftur. — — "Svona fór það þá, — gleymdu mér ei blómin áorkuðu þá engu", tautaði Hinrik hjartans ánægður um leið og hann bar stóra ferðakistu út úr húsinu.

En það var þögult og hljótt í einni bakbyggingunni. Við einn bogagluggann sat Felicitas róleg en mjög fölt. Eldhúslampinn stóð á borðinu, og við

Ágrip af Ferða-áætlun
Gufuskipanna milli LEITH og ÍSLANDS 1909.

I. Skip hins sameinaða Gufuskipafélags.

a) FRÁ LEITH TIL ÍSLANDS.

Vesta: 22 apríl, í Rvík 28. apríl (beina leið).
Ceres: 5. maí, í Rvík 21. maí (austur og norður um land).
Laura: 25. maí, í Rvík 31. maí (beina leið).
Vesta: 12. júní, í Rvík 29. júní (austur og norður um land).
Ceres: 17. júní, í Rvík 23. júní (beina leið).
Laura: 8. júlí, í Rvík 14. júlí (beina leið).
Ceres: 20. júlí, í Rvík 26. júlí (beina leið).
Vesta: 31. júlí. í Rvík 11. ágúst (austur og norður um land).
Laura: 14. ágúst, í Rvík 20. ágúst (beina leið).
Ceres: 24. ágúst, í Rvík 3. sept. (austur og norður um land).
Vesta: 7. sept., í Rvík 13. sept. (beina leið).
Laura: 25. sept., í Rvík 1. okt. (beina leið).
Ceres: 30. sept., í Rvík 12. okt. (austur og norður um land).
Vesta 14. okt., í Rvík 20. okt. (beina leið).
Laura: 4. nóv., í Rvík 10. nóv. (beina leið).
Vesta: 20. nóv., í Rvík 8. des. (til Seyðisfjarðar, þaðan til Rvíkur).

b) FRÁ REYKJAVÍK TIL LEITH.

Vesta: 1. maí, í Leith 15. maí (vestur, norður og austur um land).
Ceres: 24. maí, í Leith 31. maí (beina leið).
Laura: 12. júní, í Leith 18. júní (beina leið).
Vesta: 3. júlí, í Leith 17. júlí (vestur, norður og austur um land).
Ceres: 27. júní, í Leith 3. júlí (beina leið).
Laura: 26. júlí, í Leith 31. júlí (beina leið).
Ceres: 31. júlí, í Leith 6. ágúst (beina leið).
Vesta: 14. ágús, í Leith 20. ág. (beina leið).
Laura: 24. ág., í Leith 10. sep. (vestur, norður og austur um land).
Cerses: 7. sept., í Leith 13. sept. (beina leið).
Vesta: 21. sept., í Leith 27. sept. (beina leið).
Laura: 13. okt., í Leith 19. okt. (beina leið).
Ceres: 16. okt., í Leith 2. nóv. (vestur, norður og austur um land).
Vesta: 4. nóv., í Leith 10. nóv. (beina leið).
Laura: 15. nóv., í Leith 2.des. (vestur, norður og austur um land).
Vesta: 12. des., í Leith 28. des. (til Seyðisfjarðar að eins).

II. Skip Thore-félagsins.

a) FRÁ LEITH TIL ÍSLANDS.

Pervie 24. apríl, í Rvík 2. maí (beina leið).
Sterling: 7. maí, í Rvík 12. maí (beina leið).
Ingólfur: 13 maí, á Skrók 21. maí (austur og norður um land).
Pervie: 15. maí, í Rvík 23. maí (beina leið).
Pervie: 6. júní, í Rvík 13. júní (beina leið).
Sterling: 11. júní, í Rvík 15. júní (beina leið).
Ingólfur: 15. júní, á Skrók 26. júní (austur og norður um land).
Sterling: 10. júlí, í Rvík 14. júlí (beina leið).
Ingólfur: 18. júlí, á Skr. 26. júlí (austur og norður um land).
Sterling: 9. ágúst, í Rvík 13. ág. (beina leið).
Ingólfur: 20. ág., á Skrók 5. sept. (austur og norður um land).
Sterling: 7. sept., í Rvík 14. sept. (til Austfjarða).
Kong Helgi: 5. okt., á Skrók 13. okt. (beina leið austan um land).
Sterling: 8. okt., í Rvík 14. okt. (beina leið).
Ingólfur: 10. okt., í Rvík 20. okt. (til Austfjarða).
[illegible] í Rvík 20. okt. (beina leið).
[illegible] Rvík 12. nóv- (beina leið).
[illegible] á Skrók 8. des. (austur um land).
Sterling: 7. des., í Rvík 13. des. (beina leið).

b) FRÁ ÍSLANDI TIL LEITH.

Pervie: Frá Reykjavík 27. maí (beina leið).
Ingólfur: Frá Sauðárkrók 26. júní (til Seyðisfjarðar).
Sterling: Frá Reykjavík 22. júlí (beina leið).
Sterling: Frá Reykjavík 20. ágúst (beina leið).
Ingólfur: Frá Sauðárkrók 9. sept. (austur um land).
Sterling: Frá Reykjavík 21. sept. (beina leið).
Kong Helgi: Frá Sauðárkr. 16.okt (austur um land).
Ingólfur: Frá Sauðárkrók 28. okt. (austur um land).
Mjölnir: Frá Reykjavík 1. nóv. (beina leið).
Sterling: Frá Reykjavík 19. nóv. (beina leið).
Mjölnir: Frá Sauðárkrók 10. des. (austur um land).

ATHUGASEMD. — Skip beggja fél. koma við í Vestmannaeyjum, Hafnarfirði og Akranesi í hverri ferð, ef því verður viðkomið. Skipin, sem fara beina leið til Reykjavíkur frá Leith, fara fleet frá Reykjavík til Vesturlandsins (Ísafjarðar). — Fargjald milli Íslands og útlanda er á skipum Sameinaða félagsins: á 1. farrými 65 kr. (báðar leiðir 115 kr.), á 2. farrými 45 kr. (báðar leiðir 80 kr.). Fæði á dag á 1. farrými 4 kr., á 2. farrými 2 kr. Hálfu minna fyrir börn. —Fargjald og fæði er að mun lægra á skipum Thore félagsins.

GEYMIÐ ÞESSA ÁÆTLUN. — Fólk, sem vill veita þessum ferðaáætlunum eftirtekt, ætti aðklippa þær út úr blaðinu og geyma þær, því blaðið hefir ekki rúm til að flytja þær nema í eitt skifti.

Fréttabréf.

POINT ROBERTS, WASH.
6. apríl 1909.

Hérra ritstjóri.

Það er orðinn svo langur tími síðan að Heimskringla hefir flutt lesendum sínum eitt einasta orð héðan af þessum tanga, sem frétt-ir kallast, að landar vorir austan fjallanna hefðu ástæðu til að halda að við værum að detta úr sögunni en sem þó aldeilis ekki er tilfellið. Við erum þvert á móti að færast í ásmegin og byrja nýtt líf í sögu Bandamanna, sem orsakast af því, að við nú eftir 15 ára íslenzka þrautsegju og þolinmæði erum að fá eignarrétt á dálítlum bletti í útnorður horninu á búgarði "Uncle Sam's", sem við höfum í óleyfi á setið. En hann þó auðsjáanlega ekki gefið okkur að sök, þar sem hann hefir nú ákvarðað, að láta okkur njóta ávaxta ðju vorrar um ókomna tíð. Og megum við taka okkur í munn orð ritningarinnar og segja: "Við höfum barist hinni góðu baráttu og sigurinn öðlast". Þetta er óefað sá allra þýðingarmesti atburður, sem komið hefir fyrir hér síðan fyrstu Íslendingar settust hér að.

Almennar fréttir eru mjög fáar, sem ég get sett í þennan pistil, — vegna þess, hvað við erum einangraðir frá viðburða heiminum. Löndum líður þolanlega vel, það ég frekast veit, enda þótt að síðastliðinn vetur væri einn sá allra lakasti, sem komið hefir yfir þetta svæði um langan tíma. Og má sem dæmi geta þess, að hið mikla Columbia fljót varð manngengt hér um bil 150 mílur frá mynni þess, og kvað það ekki hafa komið fyrir síðan árið 1883, að fróðra manna sögn. — Þó hefir verið meira fjör í félagslífi þennan vetur enn nokkurn annan síðan ég kom, þrátt fyrir óhlíðu náttúrunnar. — Við Íslendingar höfum haldið uppi fundum í lestrarfélagi voru einu sinni á mánuði hverjum. Svo var myndað allsherjar bókmentalegt félag (Literary Club) fyrir tilstilli skólakennara okkar, og hefir sá félagsskapur haldið fundi tvisvar í mánuði. Auðvitað hafa hinir eldri Íslendingar litinn þátt tekið í fund arstörfum þeim, en yngra fólkið hefir haft af þeim fundum mikið gagn. Svo tóku sig til nokkrar konur í lestrarfélaginu íslenzka og komu á samkomu til arðs fyrir það, er þeim hepnaðist ákjósanlega, og skiluðu þær félaginu $20, sem hreinum ágóða.

Fyrst ég er nú að rita um félagslíf og skemtanir, þá má ég ei gleyma þeirri skemtun, sem óefað var sú allra bezta, sem við höfðum á vetrinum, sem var, að í sl. mánuði kom hér til okkar íslenzkur leikaraflokkur frá Ballard, Wash. og lék hér "Hermannagletturnar" fyrir nær því fullu húsi, bæði af íslenzkum og annara þjóða fólki. Og luku allir upp sama munni með það, að það hefði verið snildarlega af hendi leyst. — Herra Gunnlaugur Peterson, lögmaður frá Pembina, N. D., hafði slegist í förina, þar hann var þá staddur í Ballard á skemtiferð um Ströndina, og skýrði hann efni leiksins fyrir hérlenda fólkinu, áður en byrjað var, og kvaðst það hafa haft nær því full not þess er fram fór. Svo hafði flokkurinn með sér tvo þessa miklu söngmenn sína, nfl. þá Sigurð H. Helgason og Gunnar Matthíasson, er sungu og spiluðu undan og eftir og á milli þátta, og var réttnefnd unun á að hlýða. Allur var flokkurinn skipaður ungu og myndarlegu fólki, er skildi eftir hjá okkur hlýjar endurminningar með sinni prúðmannlegu framkomu.

Ekki má gleyma að geta þess, að á sl. ári bættust við þennan litla hóp okkar hér 3 íslenzkar fjölskyldur, sem eru Jóhann Sigurðsson (kom frá Blaine, áður í Selkirk, með allstóra fjölskyldu), Sigurður Jóhannsson frá Keewatin með konu og fósturbarn, og Jón Breiðfjörð frá Mountain, N. D., sömuleiðis með konu og eitt barn. Þeir tveir fyrnefndu hafa keypt sér smáhýsi, er þeir búa í, en sá síðasttaldi er leiguliði.

Engar stórsóttir hafa komið upp hjá okkur s'ðan ég ritaði síðast, en þó var kvefveiki og landfarsótt að stinga sér niður sl. vetur, og mistu þau hjónin herra Eiríkur Árnason og kona hans stúlku á öðru ári úr þeirri veiki samfara tanntöku.

Ég man nú ekki eftir fleiru frétt-næmu í svipinn, og læt því hér við sitja að sinni. En hafi ég gleymt einhverju, sem mér þyki þess virði, að almenningur fái vitneskju um, þá er ég vís til, að senda þér það síðar. Með beztu þökkum fyrir rúm það, er þú hefir léð mér í hinu heiðraða blaði þínu, er ég þinn

John Johnson.

Ljósmóðirin í vondu skapi.

Enginn ætti að takast á hendur, að semja ritgerðir í vondu skapi. Það getur orðið óheilnæmt. Allra helzt, þegar þeir vita ekki um það sem þeir eru að ræða, sem ég dirfist að segja um nokkrar setningar í grein ljósmóðir Halldóru Olson, er birtist í febrúar útgáfu Freyju, bls. 168.

Grein hennar byrjar á því, að hún gerir góðverk á sjúkri konu, og um leið lýsir hún yfir, að hún sé í vondu skapi. Máske af því leiði, að hún brúkar ósanngjarnt dæmi, þá hún minnist á þröngsýni kvenna, og líkir því við þröngsýni páfans.

Setningar þær úr grein H.O., er ég helzt minnist á, hljóða á þessa leið: — "Hví skyldum við konur vera undantekning? Þröngsýni kvenna í þeim efnum minnir mig á þröngsýni páfans, sem gerir sitt ítrasta til að hamla fólki frá að lesa blöð og tímarit, enda eru hér hópar af katólsku fólki, sem hvorki kunna að lesa eða skrifa nafnið sitt. Að vísu er margt af katólsku fólski uppöldu í Bandaríkjunum vel að sér, en það er ekki páfanum að þakka".

En getur H.O. sagt, hver þessi þröngsýni páfans er? Getur hún sannað, að páfinn geri sitt ítrasta til, að hamla fólki frá að lesa blöð og tímarit? þar eð vér vitum, að fólkstala rómversk katólskrar kirkju er fleiri enn allra annara kristinna trúflokka til sam ans, ætti hverjum einum augljóst að vera, að fleiri tímarit og bækur eru gefin út af katólskum stofnunum enn mótmælendum. Vitanlega er það misjafnt og mismunandi í ýmsum löndum.

Hvernig getur þá nokkur skynber karl eða kona verið svo blindað, að halda því fram, að rómverska katólska kirkjan reyni að hamla mentun í neinum hlutföllum — að undanteknum lestri á "vondum, siðspillandi bókum", er alls ekki eiga það til í sér, að auðga mannsandann að neinu góðu.

Ég þekki einnig fjölda velmentaðra katólskra kvenna, er unna kvenfrelsinu, engu síður en rithöfundar Freyju. Ég endurtek velmentaðra. Enginn trúflokkur heimsins er jafnvel mentaður sem katólskir. Margir prótestantar hafa viðurkent, að unglingar þeir, er koma frá katólskum mentastofnunum, séu betur upplýstir og siðfágaðri, enn frá nokkrum öðrum skólum.

H.O. segir: "enda eru hér hóplar af katólsku fólki, sem ekki kunna að lesa eða skrifa nafnið sitt". Það er auðheyrt á orðum þessum, að henni finst vankunnátta þessi vera páfanum að kenna. En hverjum mun vera að kenna, að margt af eldra fólki meðal prótestanta kunna ei að lesa né skrifa?

Að kasta steini á trúflokk þann, sem bygður er á hinum sterkasta grundvelli allra annara trúflokka heimsins, er ekki viðeigandi fyrir velmentaða heiðarkonu.

Laufey Thorwald.

Það er alveg víst, að Það borgar sig að auglýsa í Heimskringlu.

Með því að biðja sérstaklega um "T.L. CIGAR," þá ertu viss að fá ágætan vindil.

T.L. CIGAR

(UNION MADE)

T.L.

Western Cigar Factory
Thomas Lee, eigandi Winnipeg

Redwood Lager og Extra Porter

Styrkið taugarnar með því að drekka eitt staup af öðrum hvorum þessum ágæta heimilis bjór, á undan hverri máltíð. — Reynið !!

EDWARD L. DREWRY Manufacturer & Importer Winnipeg, Canada.

Department of Agriculture and Immigration.

MANITOBA

Þetta fylki hefir 41,169,089 ekrur lands, 6,019,200 ekrur eru vötn, sem veita landinu raka til akuryrkjuþarfa. Þess vegna höfum vér jafnan nægan raka til uppskeru tryggingar.

Ennþá eru 25 miliónir ekrur óteknar, sem fá má með heimilisrétti eða kaupum.

Íbúatala árið 1901 var 255,211, nu er nún orðin 400,000 manns, hefir nálega tvöfaldast á 7 árum.

Íbúatala Winnipeg borgar árið 1901 var 42,240, en nú um 115 þúsundir, hefir meir en tvöfaldast á 7 árum.

Flutningstæki eru nú sem næst fullkomin, 3516 mílur járnbrauta eru í fylkinu, sem allar liggja út frá Winnipeg. Þrjár þverlandsbrauta lestir fara daglega frá Winnipeg, og innan fárra mánaða verða þær 5 talsins, þegar Grand Trunk Pacific og Canadian Northern bætast við.

Framför fylkisins er sjáanleg hvar sem litið er. Þér ættuð að taka þar bólfestu. Ekkert annað land getur sýnt sama vöxt á sama tímabili.

TIL FERDAMANNA:

Farið ekki framhjá Winnipeg, án þess að grenslast um stjórn ar og járnbrautarlönd til sölu, og útvega yður fullkomnar upplýsingar um heimilisréttarlönd og fjárgróða möguleika.

R. P. ROBLIN,
Stjórnarformaður og Akuryrkjumála Ráðgjafi.

Skrifið eftir upplýsingum til

Joseph Burke, 178 LOGAN AVE., WINNIPEG.
Jas Hartney, 77 YORK ST., TORONTO.

klið hans litla kistan með barnafötunum hennar. — Frú Heilwig var aftur tekin að prjóna sokkinn sinn, en hafði skipað svo fyrir, að Felicitas fengi alt sitt loddaraskart, svo hún hefði enga ástæðu til, að dvelja yfir nóttina á heimilinu. —— Felicitas hélt á litla innsiglinu með skjaldarmerki Hirschsprunganna, — þegar prófessorinn lagði andlit sitt við rúðuna.

"Komið þér, Felicitas! þér skuluð ekki vera eina mínútu lengur á heimili þessu, sem er gagnsýrt af glæpum og ótæmandi eigingirni", mælti hann í allmikilli geðshræringu. — "Skiljið alt þetta eftir, — Hinrik skal færa yður það strax í fyrramálið".

Hún fleygði yfir sig sjali og gekk fram í dyrnar. Þar mætti hún prófessornum, er tók fast um hönd hennar og leiddi hana eftir strætinu, þangað til þau komu að húsi frú Frank. Þar hringdi hann.

"Ég kem hér með unga stúlku til yðar og bið yður um, að lofa henni að vera", mælti hann við gömlu konuna, er tók vingjarnlega en hálf undrandi á móti þeim, í daglegu stofunni. Prófessorinn greip um hönd hennar og lagði hönd hinnar ungu stúlku í hana. — "Ég bið yður fyrir mikið, frú", mælti hann með áherzlu: "þér verðið að geyma og vernda Felicitas, sem væri hún dóttir yðar, þangað til ég hrefst hennar aftur".

XXVIII.

MIRSCHSPRUNGARNIR.

Hin unga stúlka hafði að eins gengið eftir strætinu og yfir tvo dyraþrepskildi, — en hvilik breyting var þó ekki orðin á högum hennar, bæði hvað ytra

og innra ástand snerti, við þessi fáu spor. — Hið gamla, reisulega kaupmannshús, ásamt áþján þeirri, er hún svo lengi hafði búið við, var að baki. — Á hinu nýja heimili hennar var allstaðar viðkunnanlegt og bjart. Hvergi varð hún vör við hina skuggalegu vandlætingasemi, sem líkust ránfugli flögraði til og frá um heimili Heilwigs ættarinnar, og reyndi að hremma sérhverja mannssál, er hætti sér í greipar hans. — Hér var ástúðlegt og glaðlegt heimilislíf, — lifandi áhugi fyrir öllu því, er gófugt var og fagurt, og heilbrigðar og frjálsar lífsskoðanir. — Felicitas fanst, að nú væri hún heima hjá sér. Frankshjónin tóku strax ástfóstri við hana, — og með tregablandinni ánægju hlustaði hún eftir, þegar hún heyrði sig nefnda þeim gælunöfnum, sem gamla Cordula hafði gefið henni.

Þannig var nú högum hennar háttað, — en í hvaða ásigkomulagi sálar ástand hennar var, þorði hún sjálf tæpast að athuga. — Um kveldið, þegar prófessorinn hafði boðið henni að koma með sér, — hafði hún hlýtt, — skilið alt sitt eftir, og í dyrunum tekið í hönd hans og farið með honum, án þess að vita, hvert hann ætlaði sér. Og þó hann hefði leitt hana lengra, þá hefði hún mótmælalaust fylgst með honum, hvert sem hann vildi. — Skaplyndi hennar var einkennilegt: þrátt fyrir hinar frjálslyndu hugsjónir, þrátt fyrir það, þó hinn hugumstóri andi hennar krefðist frjálsræðis og sjálfstæðis, vildi hún að allar gerðir sínar stæðu á föstum grundvelli. — Ástamál og hinar innilegu bænir prófessorsins höfðu gert henni heitt um hjartarætur, — en það var langt frá því, að það kollvarpaði ásetningi hennar. Það varð að neyta annara bragða til að vinna hana, — og það hafði hann gert, án þess að vita af: — þegar hann neitaði að fá henni bókina, hafði hann sagt: "Ég get ekki breytt öðruvísi, og þó þér að launum

lofuðust til að verða mín, yrði ég samt að segja nei". — þrátt fyrir angistina og kvalirnar, er þá ríktu í hjarta hennar, hafði hún þó glaðst ósegjanlega mikið við þessi orð. Hinn djarflegi, einbeitti ásetningur hans, er lét eigi bugast, þó dýrustu laun væru í boði, hafði leyst úr spurningunni. — Nú bar hún traust til hans, en án þess gat hún ekki hugsað til að lifa í samfélagi við hann.

Prófessorinn kom daglega til Franks. Hann var nú enn nú enn þá alvarlegri og þungbúnari enn nokkuru sinni áður.— Það var margt, sem amaði að. — Honum var varla viðvært á heimili móður sinnar. Allar geðshræringarnar, er hún hafði komist í, höfðu að lokum orðið henni yfirsterkari. — Hún varð veik og gat ekki klæðst. Samt sem áður vildi hún ekki sjá son sinn. Böhn læknir var sóttur til hennar. — Prófessorinn gat samt ekki farið á brott. ... Hann hafði sagt Frank málafærslumanni alt ættarleyndarmálið, — og fengið honum það í hendur. Einnig hafði hann sagt honum, að hann ætlaði sér að bæta fyrir fornan órétt. Vinur hans réði honum frá því, og kvað hann frá lögfræðislegu sjónarmiði ekki vera skyldugan til þess. En prófessorinn spurði þá alt af, hvort hann áliti sig vera vel að þessum peningum kominn. Því gat málafærslumaðurinn ekki játað. Annars var hann á sama máli og frú Heilwig, þó skoðanamunur væri, að hér væri verið að striða um keisarans skegg. Hann hafði nefnilega enga trú á, að Hirschsprung erfingjarnir væru til. — Samt áleit hann, að ekki mætti þyrma guðsbarninu við Rín, — hinum hávirðulega Páli Heilwig. Og þess vegna var skorað á þennan óþreytandi herrans þjón, að borga að fullu hina 20.000 ríkisdali, er hann ranglega hafði undir sig dregið fyrir löngu síðan. — — Hinn guðhræddi maður svaraði rólega með sinni vanalegu mærð, að það væri að vísu satt, að hann

hefði fengið þessa peninga hjá frænda sínum. Kvaðst hann hafa borgað með þeim gamlar ættarskuldir, því Heilwigs ættin hefði féflett föður sinn. — Hvaðan frændi hans hefði fengið peningana, kvaðst hann ekkert hafa vitað, enda stæði sér það alveg á sama. Það kæmi honum ekkert við. Peningarnir væru nú í góðum höndum. Hann áliti sig alls ekki sem eiganda þeirra, heldur væri hann ráðsmaður guðs og verði vöxtunum af fénu í þarfir heilagrar kirkju. — Kvaðst hann mundi verja málstað sinn til hins ítrasta, og þyrði óhræddur að leggja hann fyrir lög og dóm. — — —

Álíka var svar Nathanaels, stúdentsins. Hann sagði sér stæði alveg á sama, þó einhver forfaðir hans, er væri fyrir löngu orðinn að mold, hefði fyrir mörgum árum síðan unnið sér til saka, — sér dytti ekki í hug, að fara að bæta fyrir annara syndir, og enginn þyrfti að vænta þess, að hann léti einn einasta pening af arfi sínum til þeirra mála. Kvaðst hann eins og Páll Heilwig glaður leggja málið fyrir rétt, og bætti því við, að hann hlakkaði til, þegar Hirschsprung erfingjarnir færu að leggja á bankann málskostnaðinn, og sinn sérvitri bróðir sæi hið hávirðulega nafn sitt mæta sneypu og skömm.

"Það er um ekkert annað að gera fyrir mig, en taka allan arf minn og það sem ég hefi dregið saman — til að borga þessa skuld með, ef ég vil ekki vera hræsnari og í vitorði með þjófnaði", mælti prófessorinn biturt um leið og hann fleygði bréfum þessum á borðið, — sönnununum fyrir óráðvendni Heilwigs ættarinnar.

Loksins var þá hvíldartíminn á enda. — Frú Heilwig var komin á fætur, en vildi ekki sjá son sinn áður en hann færi, nema með því skilyrði, að hann skoðaði söguna um Hirschsprungs erfingjana eins og hverja aðra vitleysu, — og hætti við, að



Skammastu þín ekki

fyrir gamla reiðhjólið yðar? Því ekki að fá yður nýtt og ágætt reiðhjól eins og BRANTFORD eða BLUE FLYER? Þau hafa "Cussion Frame," "Coaster Brake," "Hygienic" handföng og allar nýjustu umbætur sem beztu hjól hafa. Þau hjól eru ódýrust sem endast lengst og reynast bezt.

Canada Cycle & Motor Co., Ltd., Winnipeg.
147 PRINCESS STREET. Heimsins Beztu Reiðhjóla-smiðir.

Enn um Ofurefli.

Þegar dæmt er um nýútkomnu skáldsöguna "Ofurefli", eftir Einar Hjörleifsson, sannast málshátturinn, að "Sínum augum lítur hver á silfrið". Það er líka mjög eðlilegt, að allir syngi ekki með sama rómi. Fyrst og fremst þurfa menn að gera sér grein fyrir því, hvert ætlunarverk skáldsagna ætti helzt að vera. Flestum hugsandi mönnum mun bera sáman um það, að þær ættu að vera ekki einungis skemtandi, heldur stefna líka í þá átt, að lyfta hugsunarhætti manna á hærra og fullkomnara stig, og leitast við, að hafa betrandi og göfgandi áhrif á þjóðina í heild sinni. Aðferðin til að ná þessu takmarki getur verið margvísleg. Ekki má sneiða hjá því, að gera það hlægilegt, sem skopfegt virðist vera. Og jafnframt þarf að draga allan ódrengskap hlífðarlaust fram í dagsbirtuna, hverju nafni sem nefnist. Enganveginn mætti það þó vera sýrt af opinberu flokksofstæki og óvild til vissra manna. En umfram alt verður það að setjast í öndvegissætið, sem gott er og eftirbreytnisvert. Þjóðin þarf að sjá sig sjálfa í sínum eigin spegli. Lýsingar á kostum og göllum manna ættu að liggja sem næst því, sem getur átt við þann stað og tíma, sem sagan fer fram á, en auknar og prýddar með skáldlegri fegurð. Óvíst er þó, að skáldinu sjálfu sé nauðsynlegt, að taka nokkurt tillit til þessara skilyrða. Sögufökn alþýðu er svo mikil, að þær eru orðnar að nauðsynja verzlunarvöru. Þegar ný saga kemur á markaðinn, verða æfinlega einhverjir til, sem þykjast sjá háleitustu hugsjónir í hverju orði og atviki. Ekkert missmíði. Alt eintóm speki. Afleiðingin verður stundum sú, að menn eyða tíma og peningum sér til skaða, í lestur ónytsamra bóka.

Ósjafnir eru dómarnir um "Ofurefli". Sumir álíta víst, að það sé bezta sagan, sem rituð hefir verið á íslenzkri tungu. En ómögulega get ég séð, að svo muni vera. Hún er óvíða tiltakanlega frumleg eða frábrugðin eldri sögum, að efni til. Aðalpersóna sögunnar, presturinn, séra Þorvaldur, er enginn fyrirmyndarmaður, heldur einn af þessum fjölda mörgu meðalmönnum, sem vilja vel, en vinst lítið. Ekki hvetur hún löngun lesandans til góðra fyrirtækja eða glæðir trúna á sigur réttlætis og sannleika. Þegar presturinn kemur til Reykjavíkur, var "þekking hans sem lá í köglum", búin að draga sig saman í fasta trú, og engin ver endurbóta hreyfing er vökn uð í sál hans. Hvað það er, sem honum liggur þyngst á hjarta, verður ekki glögt séð á sögunni. Eitthvað mun það þó vera viðvíkjandi trúarlærdómum. Í samtali sínu við Steingrím, vigsludags morguninn, mælir hann fram með þeirri grein katólskunnar, sem náskyldust er andatrúnni, og felst í sambandinu við framliðna menn, og fyrirbænum þeirra, sem hér hafa lifað "heilögu" líferni. Í vígsluræðunni leggur hann mesta áherzlu á kærleikann, og svo minnist hann á nokkrar syndir mannanna. Þetta er nú ekkert nýtt, en alveg hið sama, sem ótal prestar hafa áður prédikað. Allar sortir af umbótamönnum taka sannleikann og kærleikann sér í munn. En þá verður manni að spyrja eftir því, hvort framkoman í verki samsvari kenningunni. Enginn getur sakað prestinn um ósamkvæmni í orðum og athöfnum. Aðhlynning hans og umhyggjusemi fyrir Grímsa skakka löpp er mjög góðmannleg, og leira bendir í sömu átt.

Draumur prestsins, fyrstu nóttina, sem hann var í Reykjavík, er frumlegt smíði, en lítið af skáldlegri fegurð hefir hann sér til ágætis. Og leiðinleg eru kveldin, sem Þorbjörn er að kenna Sigurlaugu að drekka vín. Lík hugmynd hafði áður birst í "Pilti og stúlku", en betur sögð. Þar á að tæla unga og góða stúlku út í spilling og ógæfu, en drenglyndir og dugandi menn bjarga henni í tíma, úr greipum loddarans. Yfir höfuð hefði Sigurlaugar kaflinn allur mátt missast úr sögunni. Hann gagnar ekki til neins, nema til að sverta andstæðinga prestsins sem mest, og sýna hve afaróheppilega honum sjálfum takast flestar umbóta tilraunir.

Lífið í Reykjavík málar höfundurinn með svo svörtum litum, að það líkist mest æfintýrasögum. — "Rógur" og "Lygi", heimska, og trúarhræsni lærðast þar í "þokúnni" í svo ægilegri mynd, að undrum sætir. Og hver trúir svo öllum þeim ósköpum? Margt getur verið óhreint í höfuðstað landsins, en hvað trúna snertir, er sannreyndin sú, að frjálstrúarskoðun er fyrir löngu síðan vöknuð í Reykjavík, sem ekki lætur sér nægja rannsóknarlausa "barnatrú" en leitast við að þokast nær fullkomnari sannleika. Hún er komin inn í prestaskólann, og þaðan runnin út um landið til þjóðarinnar heima og Íslendinga vestan hafs.

Á fundinum í Reykjavík er ræða yfirdómarans kraftmikil og kjarngóð, enda er hann og Þorbjörn einkennilegustu og máske merkustu menn sögunnar, sinn upp á hvern máta. Aftur á móti verður presturinn þar að engu. Hann hættir við öll sín góðu áform, gefst upp og leggur á flótta. Seint hefði síðabót Lúters unnist, ef hann hefði reynst jafn-huglítill og kveifarlegur í starfi sínu, og hafði hann þó við meira ofurefli að etja, en Þorbjörn kaupmann.

Þótt mér virðist "Ofurefli" ekkert meistarastykki vera, ber sagan öll vott um mikla skáldgáfu höfundarins, og margt er þar vel og skemtilega sagt. En samt finst mér E.H. hafa listfengari verið í sumum fyrri sögum sínum, þó fáorðari séu. Ég vænti þess, að söguskáldið eigi eftir að bæta við æfisögu prestsins, og láti hann þá vinna mikið og þarft verk, þar sem gott málefni ber að lokum sigur úr býtum. Að öðrum kosti kalla ég, að "Botninn sé eftir suður í Borgarfirði.

Bjarki.

Þorbjörg Sveinsdóttir

LJÓSMÓÐIR.

Minningarrit.

Hið íslenzka Kvenfélag gaf út. Rvík 1908. Ísafoldarprentsmiðja.

Íslenzkt mikilmenni! Íslenzkt kven-mikilmenni er það, sem minningarrit þetta bregður fyrir okkur mynd af. Þorbjörg Sveinsdóttir bar sannarlega það nafn með réttu, að heita mikilmenni. Hún er fyrsti kvenskörungurinn, sem birtist á sviði íslenzks þjóðlífs á æskutímabili þess. Hún er fyrsti merkisberi og brautryðjandi íslenzkra kvenna. Öllu íslenzku kvenfólki er óhætt; að taka hana til fyrirmyndar. Hún hafði flesta eða alla kosti þá til að bera, sem eina konu geta prýtt: Hugrekki, djörfung, hjartagæzku, réttlætistilfinning og mannúð í fylsta skilningi. Þ.S. hataði hræsni, skynhelgi og yfirdrepsskap. Hún þorði hispurslaust að segja, að "þýið væri þý", ef henni fanst þörf á, að segja það, sem ekki ósjaldan kom fyrir. Þann þrælahlekk vanans, að kvenfólk skyldi ekki taka þátt í opinberum málum, braut hún í smámola.

Í minningarritinu segir:

"Um það leyti, sem Þorbjörg settist að í Reykjavík, voru tímar fjörs og djúpra hreyfinga á Íslandi. Það mátti heita, að með degi hverjum væri að rofa fyrir nýrri tíð.

"Í alda langan steindofa voru að færast fjörkippir vonar, móður atorkunnar. Jón Sigurðsson stóð í fullum krafti hins veglega manndóms sins fyrir "jafnréttis" máli þjóðar sinnar. Andi hans, eins gæðinn og hann var djarfur, hreyf með sér það af hinni lifandi kynslóð, sem á legg var komið, kvenfólk jafnt og karla. Enn þá voru þó þeir dagar á Íslandi, að það þótti ekki eiga við, að konur legðu orð í belg til allsherjarmála. Það þótti aldeilis "ópassandi", að kvenfólk væri að blanda sér í "opinber" mál, þegar búverk og bygða-slaður gæfi því meir en nóg að hugsa og skrafa um. Það vissi "jú" ekkert upp eða niður í "opinberum" málum.

"Þessari skoðun héldu hinar eldri konur fram af enda meiri mælsku en karlaliðið, og mun margan núlifandi mann, marga konu enn á lífi, reka minni til þess hvað sú mælska var oft smurð réttlátri gremju.

"Þorbjörg reis snemma öndverð gegn vanaskoðuninni, og fór að leggja orð í með, þá er rætt var um landsmál þau, er efst voru á dagskrá þjóðarinnar. Hún las kost gæfilega rit og ræður Jóns Sigurðssonar, þegar hvildir frá skyldu störfum leyfðu. Af bróður sínum Benedikt (Sveinssyni), sem hún unni hugástum, nam hún margan fróðleik, og þáði margar skýringar um málin. Með þessu móti afladi hún sér glöggs skilnings á aðalatriðum þeirra. Þegar svo var komið, var tunga Þorbjargar ekki bundin lengur. — — — Mælska hennar frægði málstað Jóns Sigurðssonar eins víst og hún ófrægði frammistöðu andstæðinga hans, og lagði hún margt eitt beiskjuorð í þeirra garð; urðu fyrir þeim skeytum einkum hinir kon ungkjörnu menn á þingi. Þorbjörg sást litt fyrir til hvorrar handar hún vóg. Var því eigi að undra, þótt mælska hennar árnaði henni óvinsælda meðal þeirra, er hún lék harðast. — — — En það virtu að minsta kosti sumir við hana, og vel flestir ef til vill, að hún var jafn ódeig, jafn berorð upp í opið geð þeirra, eins og fyrir aftan bakið á þeim".

Þannig er lýst djörfung Þ.S. og hreinskilni, og er það sjálfsagt ekki um skör fram.

Ísland elskaði Þ.S. afarheitt. — "Hún elskaði það svo heitt", segir Þórh. Bjarnason biskup í líkræðu eftir hana, "að öllum varð að hitna um hjartaræturnar, er hún snart þá strengi. — — Föðurlandsást hennar kom fram einslega og opinberlega í þeim búningi orðanna, og með þeim rómi, að enginn gleymir, sem heyrt hefir. — — Seinustu orðin þau heyrði ég hana mæla í þessu húsi (hennar eigin húsi), þá þrotin að kröftum og heilsu. Við gátum saman manns, sem væri að vinna gott og þarft verk. Og fyrir henni snerist hugsunin upp í blessun og fyrirbæn. Orðin voru þau: "Guð blessi hvern þann mann, sem gerir eitthvað fyrir aumingja Ísland".

"Alt lífsstarf Þ.S. var helgað því, sem hún áleit gott og göfugt" segir Minningarritið. "Hið merkasta verk hennar í þessa átt var stofnun 'Hins 'slenzka kvenfélags'. Tilgangi félagsins lýsir hún þannig: "að hann sé sérstaklega, að réttindi kvenna á Íslandi verði aukin", og sé ennfremur "til að efla menningu þeirra með samtökum og félagsskap". — Þessum samtökum til þess að fá rétt sinn aukinn, skulu konur Íslands láta samfara verða samtök í því, að efla menningu sína". Göfug hugsun!

Þorbjörg Sveinsdóttir braut fleiri enn einn hlekk vanans, — óvanans, — hún braut marga af þeim. Það eru afleiðingar þess, að hún var í fylsta skilningi sannleikselskandi, kærleiksrík, hugsandi kona.

Hún braut vanann með þeirri ráðstöfun sinni, að engir kransar eða blómsveigar skyldu lagðir á kistu sína, "en mæltist jafnframt til, að vinir sínir, er hefðu í hyggju, að gefa blómsveiga á kistu sína, gæfu í þeirra stað fé nokkurt, er lagt yrði í sjóð til styrktar fátækum sængurkonum í Reykjavík". Svo vinsæl var Þ.S., að fé það, sem gefið var í stað blómsveiganna, nam 5—600 kr. Um þessa merkilegu ráðstöfun Þ. S. farast Þórhalla biskup þannig orð: "Það var svo einkennilega líkt henni þetta, sem síðast er til vor komið í huga hennar. Hún gerir ráðstöfun til að brjóta tízku siðinn við útför sína í dag. Eftir óskum hennar og bæn snúast nú virðingar og kærleiksmerkin við útför hennar upp í líknarstarfsemi, sem með vaxandi krafti á að geta staðið um ókomnar aldir í félagi voru, einmitt til styrktar þeim konum, er hún vann mest og bezt fyrir á æfinni. Það er hin síðasta kærleiksveðja hennar til vor, og er oss skylt að taka þeirri kveðju vel. Kærleiksminningin er dýðrlegasti kransinn á hinni blómlausu kistu, og sá krans visnar ekki".

Nei, hann visnar ekki, hann er alt af að blómgast. Kærleiks- og líknar blómsveiga sjóðurinn er alt af að stækka, er orðinn hálft annað þúsund kr., og vonandi er, að íslenzkt fólk, kvenfólk þó einkum, geri sér að skyldu að kaupa þetta rit, — myndina af þessari stórmerkilegu konu. Allir, sem ritið kaupa, "stækka blómsveig hennar, og græða þannig blóm á berum mel".

Hvort eru nú meiri líkindi til, að blómsveiga peningarnir beri ávöxt samkvæmt ráðstöfun Þ.S., eða væri þeir fúnir og orðnir að engu í Reykjavíkur kirkjugarði? Um það ætti fólk að hugsa.

Íslenzka kvenfélagið á stórar þakkir skyldar fyrir þetta rit. — Ekkert getur verið hollara ísl. kvenfólki, en lesa lýsingu af þessari fyrirmyndarkonu. Við þann lestur vona ég, að margar, margar konur reyni að feta í hennar fót spor, reyni af fremsta megni að láta 20. öldina eiga margar Þorbjargir, þá hefir Íslenzka kvenfélagið ekki unnið fyrir gig. Á.J.J.

Óeirðir á Tyrklandi.

— Sú fregn kemur frá Tyrklandi, að söldáninn hafi lagt niður völdin og flúið, — enginn veit hvert. Margir af þjónum hans hafa og flúið úr höllinni. Uppreistarflokkurinn hefir sett eld í Adana borg, og drap um 4 þúsund manns þar. Margar borgir og bæir hafa orðið fyrir áhlaupum uppreistarmanna, og Móhammeðstrúarmenn hafa ráðist á kristna menn með báli og brandi og gersvtt þeim og eignum þeirra, á sumum stöðum. Herdeildir hafa umkringt höfuðborg landsins Konstantinópel, þar með herdeildir frá Makedóníu. Vagnlestir hafa verið teknar herskildi, og Ungtyrkjarnir ráða yfir öllum járnbrautum, sem liggja til Evrópu. Ungtyrkjar hafa haldið þing mikið, og þar fastákveðið, að hengja söldáninn, ef þeir nái honum lifandi. Þeir hafa komist að því, að áhlaup það, sem gert var á Ungtyrkja flokkinn á þriðjudaginn 13. þ.m., var gert að undirlagi soldáns, og að í liði hans bördust sonur hans og margir embættismenn við hirðina, ásamt stórum hópi af spæjurum og geldingum, sem eru í þjónustu soldáns. Sagt er, að kristið fólk í Konstantinópel sé í engri hættu statt, enda er það vel vopnað og við búið, að verjast árásum. Rússnesk og brezk herskip eru úti fyrir sundinu til þess að hafa gætur á, hvað á landi gerist. Herdeildir Búlgaríu eru á landamærum Tyrklands, við búnar að vaða inn í landið, hvenær sem kallið kemur frá Ungtyrkjum. Hérforingi þeirra deilda hefir sent skeyti til sendiherra stór þjóðanna í Konstantínópel, og sagt þeim, að þeir hafi ekkert að óttast. En fram hjá stjórn Tyrkja hafa þau skeyti farið. Svo lítur út sem nú sé það ljóst, að stórþjóðirnar séu undir niðri með Ungtyrkjum, og láti sér vel líka fall soldáns og stjórnar hans. — Vænt anlega gerist eitthvað fréttnæmt þar í landi innan fárra daga.

HANDRIT. — Þeir, sem senda blaðinu handrit, sem eiga að prentast, eru beðnir að hafa þau í litlu broti, helzt 8 bl., ef mögulegt er. Fyrir stílsetjarann er miklu óþægilegra, að setja af stórum blöðum enn hitlum, og þess utan rúmar vélin ekki blöð, sem eru í mjög stóru broti.

Fréttabréf.

Sinclair, 19. april 1909.

Heiðraði ritst. Heimskringlu.

Héðan er frekar fátt í fréttum. Veturinn var hér góður, ætið greiðfærir vegir og aldrei vond hríð. Það, sem af er vorinu, hefir verið frekar kalt. Þó var vorvinna byrjuð hér á ökrum í sl. viku, svo sem herfing, plæging og sáning.

Þann 14. þ.m. andaðist að heimili sínu hér í bygðinni húsfreyjan Margrét Halldórsdóttir, kona Bergvins Jónssonar, eftir langa legu. Fædd á Skútum á Þelamörk á Íslandi. Margrét sál. var jörðuð hér á Sinclair þann 17. þ.m., af séra Friðriki Hallgrímssyni, að viðstöddu nær öllu bygðarfólki og fjölda af Enskum. Þetta fólk á alt skilið þakklæti fyrir innilega hluttekningu.

Þar eð flestir ættingjar hinnar látnu konu eru á Íslandi, aðallega Norðurlandi, þá er blaðið Norðurland vinsamlega beðið að taka þessa dánarfregn til birtingar

A. Johnson.

Til J. J.

"Hallgríms sálma höndlað gat,
Hugurinn vondu spádi".—S.B.

Ég hefi kveðið þrótt úr þér —
það er snildar merkið, —
fagrar þakkir flyttu mér
fyrir kraftaverkið.
Hafðu spakra hölda sið:
Hættu nið að laga,
Lifðu svo í fögrum friði
fram til ellidaga

J.D

Y.W.C.A "Tag"-dagur 1. maí næstk.

Ungra kvenna kristilega félagið í Winnipeg ætla að halda "Tag"-dag laugardaginn 1. maí. Félagið vill fá saman 25 þúsund dollara þann dag, með því að selja "tags" fyrir gangandi fólk og "rósettur" fyrir hesta, og flögg fyrir mótorvagna. Félagið vill gera þennan dag minnisstæðan í sögu Winnipeg borgar, og gera hann að vinadegi. Forstöðukonur þessa nýmælis óska, að geta flutt í sína nýju byggingu skuldlausa, þegar hún verður opnuð 1. júni næstk., og með því móti vona þær, að geta gert starf sitt sjálfstætt. Byggingin nær frá Sargent Ave. til Ellice St. og er til afnota öllum ungum konum, með því að þær borgi félagsgjald $1.00 á ári. Meðlimirnir eiga aðgang að opinberu herbergjunum og bókhlöðunni, og með því að borga lágt aukagjald, eiga þær aðgang að hatta og fatagerðarnáminu og að ensku, frönsku og söngfræði námi, o.m.fl. En vinsælasta deildin verður húsháldsdeildin og líkamsæfinga deildin, — því að hver ung kona, sem ætlar sér að verða húsmóðir, vill að sjálfsögðu fá þekkingu á matartilbúningi eins og hann er bezt kendur, og jafnframt temja sér þær líkamsæfingar, sem bæta heilsu þeirra og gera þær liðugri og fegurri í öllum hreyfingum.

Þær þúsundir ungra kvenna, sem eru hér á greiðasöluhúsum, burtu frá foreldrum sínum, eiga aðgang að þessari byggingu og geta varið þar frístundum sínum sér til uppbyggingar og skemtunar. — Aðalstefna félagsins er, að koma stúlkum undir kristileg og siðbætandi áhrif.

Þær 65 þúsundir dala, sem gefnar voru á sl. ári til þessa hús, komu frá 7 þúsundum manna. Félagið er sannfært um, að margir eru ennþá eftir, sem ekki hafa átt kost á, að hjálpa áfram þessu fyrirtæki. Þess vegna verður öllum veitt tækifæri til þess að gefa eitthvað þenna "Tag"-dag, laugardaginn 1. maí næstk. Það er vonandi, að karlmenn Winnipeg borgar gefi örlátlega, til þess að konurnar geti flutt í skuldlaust hús sitt, þegar þær flytjá í það þann 1. júní næstkomandi.

Það borgar sig AÐ SKIFTA VIÐ ÞESSA VERZLUNARMENN.

LEIÐBEININGAR--SKRÁ
YFIR ÁREIÐANLEGA VERZLUNARMENN Í WINNIPEG

MUSIC OG HLJÓÐFÆRI

CROSS, GOULDING & SKINNER, LTD.
323 Portage Ave. Talsími 4413

MASON & RISCH PIANO CO., LTD.
356 Main Stree Talsími 480
W. Alfred Albert, Íslenzkur umboðsmaður

WHALEY ROYCE & CO.
356 Main St. Phone 263
W. Alfred Albert, búðarþjónn.

BYGGINGA- og ELDIVIÐUR.

J. D. McARTHUR CO., LTD.
Bygginga- og Eldiviður í heildsölu og smásölu.
Sölust: Princess og Higgins Tals. 5060. 5061. 5062

MYNDASMIÐIR.

G. H. LLEWELLIN.
"Medallions" og Myndarammar
Starfstofa Horni Park St. og Logan Avenue

SKÓTAU Í HEILDSÖLU.

AMES HOLDEN, LIMITED.
Princess & McDermott. Winnipeg.

THOS. RYAN & CO.
Allskonar Skótau. 44 Princess St.

THE Wm. A. MARSH CO. WESTERN LTD.
Framleiðendur af Fitu Skótaui. Talsími: 3710
88 Princess St. "High Merit" Marsh Skór

RAFMAGNSVÉLAR OG ÁHÖLD

JAMES STUART ELECTRIC CO.
324 Smith St. Talsímar: 3447 og 7802
Fullar byrgðir af alskonar vélum.

GOODYEAR ELECTRIC CO.
Kellogg's Talsímar og öll þarafiát. áhöld
talsími 3023. 56 Albert St.

RAFMAGNS AKKOKÐSMENN

MODERN ELECTRIC CO
412 Portage Ave Talsími: 5658
Viðgjörð og Vír-lagning — allskonar.

BYGGINGA - EFNI.

JOHN GUNN & SONS
Talsími 1277 296 Jarvis Ave.
Höfum bezta Stein, Kalk, Cement, Sand o. fl.

THOMAS BLACK
Selur Járnvöru og Bygginga-efni allskonar
76—82 Lombard St. Talsími 600

THE WINNIPEG SUPPLY CO., LTD.
298 Rietta St. Talsímar: 1936 & 2187
Kalk, Steinn, Cement, Sand og Mól

BYGGINGAMEISTARAR.

J. H. G. RUSSELL
Byggingameistari.
í Silvester-Willson byggingunni. Tals: 1068

PAUL M. CLEMENS
Bygginga - Meistari, 445 Maryland St.
Skrifst.: Argyle Bldg., Garry st. Talsími 5997

BRAS- og RUBBER-STIMPLAR

MANITOBA STENCIL & STAMP WORKS
421 Main St. Talsími 1880. P. O. Box 244.
Búum til allskonar Stimpla úr málmi og togleðri

VÍNSÖLUMENN

GEO. VELIE.
Hef'dsölu Vínsali. 185, 187 Portage Ave. E.
Smá-sölu talsími 352. Stór-sölu talsími 464.

STOCKS & BONDS

W. SANFORD EVANS CO.
326 Nýja Grain Exchange Talsími 3696

ACCOUNTANTS & AUDITORS

A. A. JACKSON,
Accountant and Auditor
Skrifst.—28 Merchants Bank. Tals.: 5702

OLÍA, HJÓLÁS-FEITI OG FL.

WINNIPEG OIL COMPANY, LTD.
Búa til Stein Olíu, Gasoline og hjólás-áburð
Talsími 1590 611 Ashdown Block

TIMBUR og BÚLOND

THOS. OYSTAD, 308 Kennedy Bldg.
Viður í vagnhlössum til notenda, búlönd til sölu

PIPE & BOILER COVERING

GREAT WEST PIPE COVERING CO.
132 Lombard Street.

VÍRGIRÐINGAR.

THE GREAT WEST WIRE FENCE CO., LTD.
Allskonar virgirðingar fyrir bændur og borgara.
76 Lombard St. Winnipeg.

ELDAVÉLAR O. FL.

McCLARY'S, Winnipeg.
Stærstu framleiðendur í Canada af Stóm, Steinvöru (Granitewares) og fl.

ÁLNAVARA Í HEILDSÖLU

R. J. WHITLA & CO., LIMITED
264 McDermott Ave Winnipeg
"King of the Road" OVERALLS.

BILLIARD & POOL TABLES.

W. A. CARSON
P. O. Box 225 Room 4 1 Molson Bankar
Öll nauðsynleg áhöld. Ég gjöri við Pool-borð

NALAR.

JOHN RANTON
203 Hammond Block Talsími 4670
Sendið strax eftir Verðlista og Sýnishornum

GASOLINE Vélar og Brunnborar

ONTARIO WIND ENGINE and PUMP CO. LTD.
301 Chamber St. Sími: 2988
Vindmillur — Pumpur — Agætar Vélar.

BLÓM OG SÖNGFUGLAR

JAMES BIRCH
442 Notre Dame Ave. Talsími 2638
BLÓM - allskonar. Söng fuglar o. fl.

BANKARAR, GUFUSKIPA AGENTR.

ALLOWAY & CHAMPION
North End Branch: 667 Main Street
Vér seljum Avísanir borganlegar á Íslandi

LÆKNA OG SPITALAAHÖLD

CHANDLER & FISHER, LIMITED
Lækna og Dýralækna áhöld, og hospitala áhöld
185 Lombard St., Winnipeg, Man.

James Flett & Co.
PLUMBERS

Leiða Gas- Vatns- og Hita-pípur í hús yðar, fyrir sanngj. í borgun. Verk vandað, fljótlega gert og ábyrgst.

572 Notre Dame Avenue
Telephone nr. okkar er 3380 eða 8536

Woodbine Hotel

Stærsta Billiard Hall Norðvesturlandinu
Tíu Pool-borð.—Alskonar vín og vindlar
Lennon & Hebb,
Eigendur

Russell A. Thompson and Co.,

Cor. Sargent & Maryland St.

Selja allskonar MATVÖRU af beztu tegund með lægsta verði. Sérstakt vöruúrval nú þessa viku. Vér óskum að Íslendingar vildu koma og skoða vörurnar. Hvergi betri né ódýrari.—

Munið staðinn:—
HORNI SARGENT AVE. OG MARYLAND ST.
PHONE 3112.

"Ætíð við Starfið" er MAGNET Rjómaskilvindan. Hversvegna?



Vegna þess, að hún er sterklega gerð og traust, hefir "square gears", stóra skál, og fleytir í einu stykki, hæghreinsuð, tvístuðningur skálarinnar, (ver eiðingu), Magnet 'brake' stöðvar skálina á átta sekúndum án skemda. Börn vinna með Magnet sem sýnir að hún er vel gerð, létt snúin og rykkjalaus.

"Canadian Machinery" segir: — "Eitt atriði í Magnet vélinni er hið einkennilega 'patented brake' Það er stál ræma umhverfis skálina og stöðvar vélina fljótt með litlum þrýstingi. Þetta er ágæt 'brake' og gerir skilvinduna fullkomna."

Það er ánægjulegt að eiga áreiðanlega vél. Yður þarf ekki að undra þó vér segjum að hún sé "ætíð við starfið", — tvisvar á dag í 50 ár. —

Spyrjið þá sem eiga Magnet, þeir munu segja að hún bregðist aldrei

The Petrie Mfg. Co., Limited
WINNIPEG
HAMILTON. ST. JOHN. REGINA. CALGARY.

Fréttir úr bænum.

"Minneapolis Symphony Orchestra, sem hér hefir spilað allan fyrripart þessarar viku, og talin er hinn bezti hljóðfæraflokkur í Ameríku, hefir haft góða aðsókn hér í borg. Landi vor Hjörtur Lárusson, söngfræðingur í Minneapolis, spilar í flokki þessum nú eins og á fyrra, og er ráðinn með honum á ferð flokksins um Bandaríkin á þessu vori. Flokkurinn er ráðinn til að spila yfir 6 vikna tíma í Norður og Suður Dakota, Minnesota, Iowa, Illinois, Missouri, Kansas og Nebraska, á tímabilinu frá 17. apríl til 30. maí. Flokkurinn byrjaði ferð þessa með þriggja daga spili hér í borginni, og heldur héðan suður til þess að spila í helztu borgum í ofantöldum ríkjum. — Það er ánægjulegt, að vita af Íslendingi í þessum frægu hljómleikaflokki, og sýnir það, hve mikils hann er metinn sem spilari, því að engir komast í flokk þennan, nema þeir, sem lengst hafa komist í söngfræði og hljóðfæraslætti. — Hjörtur kom hér á skrifstofuna, og var auðséð á honum, að hann líður við allsnægtir þar syðra.

Látinn er hér í borginni þann 16. þ.m. Martin O'Donohue, fyrrum hótelseigandi í Selkirk, 40 ára að aldri. Hann var um eitt skeið fylkisþingmaður fyrir Kildonan og St. Andrews. Hann var vinsæll maður. Berklaveiki varð banamein hans.

Herra Gunnar Matthiasson (Jochumssonar, skálds), frá Akureyri, kom til Winnipeg í sl. viku, með konu sina og barn, frá heimili þeirra hjóna í Seattle borg. Hann hélt áleiðis á fimtudaginn var, en konan dvelur hjá föður sínum herra Árna Sveinssyni í Argyle nýlendu meðan bóndi hennar er í Evrópuferð sinni. Gunnar ætlast við, að koma vestur hingað í October næstk.

Herra Helgi Sveinsson var hér á ferð í síðustu viku. Hann er prófessorinn vélafræðingur bæði í Bandaríkjunum og Canada, og sá eini Íslendingur, sem kunnugt er um, að er útskrifaður í þeirri grein í tveimur ríkjum. Hann kom ungur til þessa lands. Dvaldi fyrst á Nýja Íslandi, þar næst í Selkirk í 10 ár, — átti þar gufubát, sem hann hélt úti á Winnipeg vatni. Hann giftist í Selkirk, misti þar konu sína, og fór suður til Bandaríkjanna. Varð erindisreki fyrir hið mannkunna félag "The American Advance Threshing Machinery Co." Fór fyrir það til Spánar, dvaldi um stund í Buenos Ayres, sem er syðsti hafnarbær að austanverðu í Suður-Ameríku. Var 8 mánuði þar ferðaðist síðan víða um Bandaríkin. Kom til Manitoba í haust er leið, og hefir dvalið hér síðan. — Hann hafði frá mörgu að segja.

Nýdáinn er að Lundar P.O. í Alptavatns bygð unglingspiltur 14 ára gamall, systursonur Páls Reykdals. Pilturinn andaðist á sunnudaginn var þann 18. þ.m., og varð lífhimnubólga honum að bana.

Herra Helgi Pálsson, frá Otto P. O., var hér á ferð eftir helgina. Hann varðist allra tíðinda, utan að tíðin væri köld þar nyrðra engu síður en hér.

Herra Jóhannes Kristmundsson Benson, Árdal, var hér í bænum fyrir skömmu síðan. Hann var verkstjóri fyrir Thomson & Jackson, sem hjuggu timbur á Mikley í vetur. Þeir hjuggu þar 40,000 tré og áætlar hann að þau geri 1½ milión ferhyrningsfet, þegar búið er að saga þau og efna niður í húsavið. Viðartegundirnar eru rauð fura og barrviður, sem þeir hjuggu, og er eyjan rík af þeim viðartegundum. Hann heldur áfram vinnu fyrir áðurnefnt félag.

Þeir herra Guðmundur Jónsson og Hermann Nordal, sem í sl. 5 ár hafa dvalið hér í borg og að mestu unnið hjá bóksala H. S. Bardal, fluttu héðan úr bænum í síðustu viku vestur í Saskatchewan, til að setjast þar að á heimilisréttarlöndum, sem þeir hafa fest sér þar. Menn þessir eru drengir góðir og nýlendan hefir bæði hag og sóma af komu þeirra þangað.

Verð á brauðum í þessum bæ hefir hækkað um eitt cent á hverju brauði, vegna hækkandi verðs á hveiti. Hveiti er nú orðið nokkuð á annan dollar í Austurfylkjunum hvert bushel, og lítil líkindi til, að það lækki á þessu sumri.

Þau hjón Guðmundur Jónsson, póstmeistari á Stoney Hill, og Kristín kona hans, urðu fyrir því mótlæti þann 12. þ.m., að missa yngri son sinn, Kristján Ólaf Stefán, 15 mánaða gamlan, úr brjóstþyngslum.

Herra Gunnar J. Goodmundsson að 702 Simcoe St. hér í borg, hefir tekið að sér innköllunar umboð fyrir Heimskringlu í Winnipegborg. Íslendingar eru beðnir að taka erindi hans góðgjarnlega, svo honum verði vel ágengt.

Á mánudagskveldið 10. mai heldur Harpa, I.O.G.T., skemtisamkomu í Goodtemplara húsinu, til arðs fyrir piano sjóð sinn. Nánari auglýsing síðar.

SKÓR FYRIR VORIÐ

Allir í verðlidinni þurfa VOR-SKÓ; og SKÓR fyrir alla veröldina, — eða heil mikinn hluta af henni, — eru hér með þessa vors nýjasta sniði. Þessi bað er stór-rik af Vor-skóm er safnað hefir verið saman úr öllum áttum fyrir menn, konur og unglinga til vor brúkunar.

Allskonar Skór Fyrir Alla

er vor mottó, og hann sannar sig best á þessum margbreyttu vor-byrgðum, sem nú eru til sýnis í búð vorri. Skór fást hér frá 50c uppí $7.00. Og skór fyrir alla.

Ryan-Devlin Shoe Co
494 MAIN ST PHONE 770.

Landi vor, Jón Finnbogason á Simcoe St. hér í borginni, hefir orðið fyrir því slysi, að missa 2 hesta á sl. 2 árum. Jón hefir haft ofan af fyrir sér með keyrslu. Hann er hniginn á efra aldur, en er fús til vinnu og sýnir alla heiðarlega viðleitni til að bjarga sér. Hann er nú efnalaus og hjálparþurfi, og með því að maðurinn verðskuldar, að honum sé hjálpað, þá mælir Heimskringla með því, að Íslendingar hér í borg vildu með samskotum styrkja hann svo sem einu hestverði svarar. Ef margir leggja saman í þann sjóð, þá þurfa upphæðir frá hverjum einum ekki að vera stórar. Þeir, sem vildu hjálpa Jóni, geta sent tillög sín til Heims kringlu.

Meðlimir stúkunnar Ísafold, I.O.F., eru beðnir að muna eftir fundi stúkunnar í kveld (fimtud. 22. þ. m.), sem haldinn verður á venjulegum stað og tíma. Á fundinum verður að kjósa erindsreka til hástúkuþings, sem haldið verður í Portage la Prairie í næsta mánuði. Og fleiri mál, sem alla varða, verða þar til umræðu.

St "Skuld" er að undirbúa Samkomu er haldin verður 3. Maí n. k.

Ég hreinsa!

pappir í húsum, hvít og litþvæ, og geri allskonar málverk með smekkvísi. Enginn annar í Winnipeg hreinsar gamlan veggpappir og gerir sem nýjan. Sendið póstspjald til

S. SIGVALDASON,
448 Young St.

KENNARA

vantar að Harvard skóla (No. 2026), fyrir 6 mánuði, frá fyrsta júni til fyrsta desember. Umsækjandi verður að hafa gildandi skírteini fyrir Saskatchewan, tiltaka kaupupphæð, segja til reynslu í kennarastörfum, o.s.frv. Tilboð sendist til undirskrifaðs fyrir þann 15. maí 1909.

JAMES WILCOX,
Sec'y Treas.
Wynyard, Sask.

KENNARA

vantar fyrir Gardar School District No. 1590, til að kenna í 6 mánuði, frá 1. mai til 1. nóv. þ.á. — Tilboðum, sem tilgreini mentastig og kaup, sem óskað er eftir, verður veitt móttaka af undirskrifuðum.

W. BARNETT.
Laxdal P.O., Sask.

Skemtisamkoma

Miðvikud. 28. þ. m.

Ræður, Söngur, Tableaux, Kaffiveitingar

Únitara söfnuðurinn heldur samkomu MIÐVIKUDAGSKV. 28. þ. m., og verður til þeirrar samkomu vandað eftir beztu föngum. Verður þar til skemtunar ýmislegt, sem ekki er alment boðið hér á samkomum, en bæði þykir unun og nautn að horfa á, þegar það tekst vel. En það eru TABLEAUX, — myndir úr hornum heimi og úr heimi hugans, sem bregða fyrir eins og draumsýnum. Þess konar sýningar skilja oft meira eftir hjá áhorfendum en langar ræður, eða sjónleikar, sé sýningarnar góðar. Hvort þær sýningar eru það, er sýndar verða á samkomu þessari, skal ekkert um sagt, en reynt verður að hafa þær eins góðar og allur útbúnaður leyfir. Sýningarnar eru þessar:

1. Einvíg Gunnlaugs Ormstungu og Skáld-Hrafns (á Alþingi) í 4 sýningum.
2. Freyja. Gyðjumyndin norræna í einni sýningu.
3. "Ljósið kemur langt og mjótt" í 2 sýningum. (Vísan kveðin með tvísöngslagi bak við tjöld in meðan sýningin fer fram.
4. Einvíg Gunnlaugs Ormstungu og Skáld-Hrafns (í Noregi), í sex sýningum, þar sem þeir falla báðir.
5. "Álfakongurinn", í 8 sýningum, út af hinu alkunna kvæði Göthes. Kvæðið sungið meðan sýningunum fer fram.
6. Hringur konungur og Friðþjófur í skóginum (Freistingin), í 5 sýningum. Sungin kvæði úr Friðþjófssljóðum.
7. Vonin: Úr kvæði Dr. Grims Thomsens, í 5 sýningum. Gamall maður, er sér í sviphyllingum myndir frá yngri árum, en yfir honum hvílir skuggi dauðans með brugðnu sverði.

Á milli sumra þessara sýninga koma ræður og söngvar. Ennfremur verður hver sýning skýrð fyrir áhorfendum, áður en hún er sýnd, svo allir fái notið þeirra sem bezt. Þar næst verða kaffiveitingar áður en samkomunni er slitið. — Ræðumenn auglýstir í næsta blaði.

Samkoman verður haldin í Únitarasalnum miðvikudagskveldið 28. apríl. Byrjar kl. 8. Fólk beðið að koma í tíma. Inngangur 25 cents.

Lesendunum er bent á auglýsingu herra Sigurðar Sigvaldasonar í þessu blaði. Hann býður meðal annars að vinna eitt það verk, sem oss er ekki kunnugt um, að aðrir hafi áður gert hér í borg. En það er, að gera þann pappír á veggjum í húsum manna hreinan, sem farinn er að óhreinkast. Það ætti að vera talsverður hagnaður, að nota þetta tilboð, og það mega lesendur vita, að Sigurður vinnur hvert það verk samvizkusamlega, sem hann gengur að.

Dans

Nokkrir ungir piltar ætla að hafa dans í Goodtemplara salnum þriðjudagskveldið í næstu viku (27. þ.m.). Byrjar klukkan hálfníu. Aðgöngumiðar fyrir parið 50c

Skemtisamkoma

Íslenzki Social klúbburinn heldur skemtisamkomu þann 29. april (fimtudag), kl. 8 síðdegis, í efri Goodtemplara salnum. Allir íslenzkir háskólanemendur hér í borginni eru boðnir. Námsmeyjarnar eru sérstaklega boðnar og velkomnar. Boðsbréf verður sent til allra, sem búist er við að taki þátt í samkomunni. Meðlimir klúbbsins eru vinsamlega beðnir að fjölmenna.

Veitingar verða gefnar.

NEFNDIN.

Til Timburþurfa

Allir þeir, sem eru að hugsa um að byggja á þessu sumri, ættu að skoða viðartegundir hjá McDonald and Dure, timbursölum, nafnkunnum hér í bænum áður enn þeir byggja. Viðartegundir þeirra, einkum hinar ódýrari, eru óvanalega góðar. Þeir ábyrgjast að gera viðskiftavini sína ánægða, og hafa til þess ráðið herra Sveinbjörn Árnason, timbursmið hér í borg. Finnið hann að 503 Beverly Street. 6-5

Auglýsing

Ég undirskrifuð læt hér með alla á Brú P.O. vita það, að enginn þurfi að vitja min í því tilefni, að verða ljósmóðir lengur, vegna ýmislegra elli-lasleika, sem ég þarf ekki að skýra frá.

Vinsamlegast,
Valgerður Björnsdóttir
Brú P.O. i 16. april 1909.

Á Oak Point

Ég undirritaður tilkynni hérmeð að ég byrja að starfa að Skó- og Aktýgjagerð og viðgerð á Oak Point þann 26. þ.m. Þeir, sem þurfa að láta vinna að þessu, finni mig þar.

STEFÁN JOHNSON.

W. R. FOWLER A. PIERCY.

Royal Optical Co.
327 Portage Ave. Talsími 7286.
Allar nútíðar aðferðir eru notaðar við augn-skoðun hjá þeim, þar með hin nýja aðferð, Skugga-skoðun, sem gjöreyðir öllum ágiskunum. —

Jónas Pálsson,
SÖNGFRÆÐINGUR.
Útvegar vönduð og ódýr hljóðfæri.
460 Victor St. Talsími 6803.

F. Deluca
Verzlar með matvöru, aldini, smá-kökur, alskonar sætindi, mjólk og rjóma, sönul. tóbak og vindla. Óskar viðskifta Íslend. Heitt kaffi eða te á öllum tímum. Fón 7756
Tvær búðir:
587 Notre Dame og 714 Maryland St.

BILDFELL & PAULSON
Union Bank 5th Floor, No. 520
selja hús og lóðir og annast þar að lútandi störf; útvegar peningalán o. fl.
Tel.: 2685

J. L. M. THOMSON, M.A., L.L.B.
LÖGFRÆÐINGUR. 255½ Portage Ave.

ARNI ANDERSON Íslenzkur lögmaður
Í félagi með
Hudson, Howell, Ormond & Marlatt
Barristers, Solicitors, etc.
Winnipeg, Man.
13-18 Merchants Bank Bldg. Phone 3621, 3622

BONNAR, HARTLEY & MANAHAN
Lögfræðingar og Landskjala Semjarar
Suite 7, Nanton Block, Winnipeg

Hubbard, Hannesson and Ross
LÖGFRÆÐINGAR
10 Bank of Hamilton Chambers,
Tel. 378 Winnipeg

A. S. BARDAL
Selur líkkistur og annast um útfarir. Allur útbúnaður sá bezti. Enfremur selur hann alskonar minnisvarða og legsteina.
121 Nena St. Phone 306

Nýji Vor-fatnaðurinn þinn.

EF HANN KEMUR FRÁ CLEMENT'S —
ÞÁ ER HANN RÉTTUR.

Réttur að efni, réttur í sniði réttur í áferð og réttur í verði.

Vér höfum miklar byrgðir af fegurstu og beztu fataefnum. —

Geo. Clements & Son
Stofnað árið 1874
264 Portage Ave. Rétt hjá FreePress

Th. JOHNSON
JEWELER
286 Main St. Talsími: 6606

JOHN ERZINGER
TÓBAKS-KAUPMAÐUR.
Erzinger's skorið reyktóbak $1.00 pundið
Hér fást allar neftóbaks-tegundir. Óska eftir bréflegum pöntunum.
McINTYRE BLK., Main St., Winnipeg
Heildsala og smásala.

Dr. G. J. Gislason,
Physician and Surgeon
Weltington Blk, - Grand Forks, N.Dak
Sjerstakt athygli veitt AUGNA, EYRNA, KVERKA og NEF SJÚKDÓMUM.

Drs. Ekern & Marsden,
Sérfræðislæknar í Efturfylgjandi greinum: — Augnasjúkdómum, Eyrnasjúkdómum, Nasasjúkdómum og Kverkasjúkdómum. : :
Í Platky Byggingunni í Bænum
Grand Forks, :: N. Dak.

S. F. Ólafsson
619 Agnes St. selur Tamarac fyrir $5.50 og $5.75 gegn borgun út í hönd.
Telephone: 7812

DR. H. R. ROSS
C.P.R. meðala- og skurðlækuir.
Sjúkdómum kvenna og barna veitt sérstök umönnun.
WYNYARD, — SASK.

Boyd's Brauð.

Gott brauð, og nóg af því, ættu allir að borða, ungir og gamlir. Brauð vor eru létt, bragðgóð og hægmelt. Hvort brauð pund að vigt, og gæðin hin sömu. Biðjið verslarann um það eða látið keyrsluvagn vorn koma heim til yðar.

Boyd's

Bakery Cor. Spence & Portage Ave
Phone 1030.

Íslenzkur Tannsmiður,
Tennur festar í með Plötum eða Plötulausar. Og tennur eru dregnar sársaukalaust með Dr. Mordens sársaukalausu aðferð
Dr. W. Clarence — Tannlæknir.
Sigurður Davidson—Tannsmiður.
620½ Main St.
Phone 470 Horni Logan Ave.

KOL OG VIDUR

Þur, beinharður eldiviður, — Poplar, Pine, og Tamarac með mjög sanngjörnu verði. — Nú sem stendur verið að afferma mörg vagnhlöss af BEZTA DAUPHIN TAMARAC. —

McElroy Bros.
Cor. Sherbrooke & Ellice
PHONE: 6612

Nýtt Piano

ŒTTUÐ ÞÉR AÐ KAUPA TAFARLAUST OG SPARA YÐUR MEÐ ÞVÍ Í ÞAÐ MINSTA EÍTT HUNDRAÐ DOLLARS

Cross, Goulding & Skinner, Ltd.

Vilja selja allar sínar hljóðfærabyrgðir fyrir 1. Maí næstkomandi og bjóða því alveg óheyrð kjörkaup. Vér nefnum þetta

Tilbreytinga og Endurskipunar Sölu

VÉR SELJUM HIN ÁGÆTUSTU HLJÓÐFÆRI, SVO SEM

New Scale Williams, Ennis & Co.
Krydner Appollo Player Pianos,
Weber (New York), Doherty.

Vér bjóðum hina aðgengilegustu borgunarskilmála
Enginn maður ætti að sleppa þessari kjörkaupasölu

Cross, Goulding & Skinner
323 Portage Ave. 5 dyr austuraf Hargrave St.

Laing Brothers
3 Búðir: 234-6-8 KING ST. Talsími 4476, 5890, 5891
417 McMILLAN AVENUE Talsími 5598
847 MAIN ST. — Tals: 3016

Hafrar, Hey, Strá,
COUNTRY SHORTS, BRAN, CORN, CORN CHOP, BYGG CHOP, HVEITI CHOP, OG GARÐAVEXTIR.
Vér höfum besta úrval gripafóðurs í þessari borg; fljót afhending

LAND

Vér höfum nýlega fengið til sölu yfir 30 Section-fjórðunga, liggjandi að Oakland-braut C. N. R. félagsins. Verðið er frá $7.00 til $12.00 hver ekra. Ekkert af löndum þessum eru meir en 5 mílur frá járnbrautinni.

Skuli Hansson & Co.
Skrifst. Talsími 6476. Heimilis Talsími 2274

Heimskringla.

Alt landið

er ábyrgst að vera jarðyrkju land af bestu tegund, og fæst keypt með vægum afborgunar skilmálum. (N.B.—Lesið fyrripart þessarar augl. vinstramegin við Hkr. nafn.)

Frekari upplýsingar veita
Skuli Hansson & Co.
56 Tribune Building. Winnipeg.

XXIII. ÁR. WINNIPEG, MANITOBA, FIMTUDAGINN, 29 APRÍL, 1909 NR. 31.

Vorið er komið

og eftir hverri götu og fyrir hvert horn þeytast allir á reiðhjóli. Flestir á hinu gamla og góða BRANTFORD hjóli

Einusinni enn læt ég þann boðskap útganga, að ég sel þessi ágætu reiðhjól. Kaupið ekki fyr en þér hafið fundið eða skrifað mér.

¶ Utanbæjar fólk! Skrifið eftir bæklingi er sýnir ýmar hjólin, mismunandi stærðir og gerð. Sömuleiðis getið þér pantað alla hjólparta frá mér. Borgun fylgi pöntunum. Skrifið til

West End Bicycle Shop,
JON THORSTEINSSON, eigandi.
477 PORTAGE AVE. Winnipeg, Man.

Fregnsafn.

Markverðustu viðburðir hvaðanæfa.

"Danska vikublaðið "Familie Journal", sem er að eins frétta- og fróðleiks blað, og tilheyrir ekki neinum pólitiskum flokki, — segir það vera vilja meiri hluta dönsku þjóðarinnar, að ef sambandið milli Íslands og Danmerkur geti ekki verið friðsamlegt og að vilja Íslendinga, þá sé langbezt, að gefa Ísland alveg laust, og það á friðsamlegan hátt. Blaðið flytur mynd af H. Hafstein, fyrverandi ráðherra, og getur þess, að hann hafi ekki á neinn hátt stjórnað svo, að fullnægt væri hinum frjálslyndu Íslendingum á sagnaeyjunni.

— Laurier stjórnin hefir látið þess getið í ræðu, sem 2 af ráðgjöfum hennar hafa flutt á fundi í Montreal borg, að stjórnin ætli sér hvorki að gefa peninga né skip til Bretlands, enn að hún ætli sér að byggja nokkur skip til strandvarna hér, til að byrja með, og að síðar meir, þegar stjórnin taki að sér að viggirða Halifax og Esquimalt, þá muni hún leggja til, að byrjað verði á herskipasmíðum — Annars ætla tveir af ráðgjöfum stjórnarinnar að ferðast til Englands, og að vinna að þessu samkvæmt samkomulagi við stjórn Breta.

— Mál hefir um nokkurn tíma staðið yfir gegn 7 bæjarráðsmönnum í Montreal. Því hefir lyktað svo, að þeir hafa allir verið gerðir borgararéttindalausir um lengri tíma fyrir óformlega meðhöndlun á fé borgarinnar, — þó ekki persónulegan fjárdrátt.

— Hvirfilvindur í Cleveland í Bandaríkjunum gerði þann 21. þ. m. mikið mann og eignatjón. Ofsa veður þetta skall á eins og þruma úr heiðskýru lofti, laust eftir hádegi, með ofsaregni og hagléli, og svo svæsnum vindi, að mörg hús feyktust um og mölbrotnuðu, en ramger þök af stórhýsum fuku langar leiðir. Talsíma og ritsíma staurar brotnuðu og vírar slitnuðu. Þessi voðabylur varði í 5 mínútur. 20 manns létu lífið og aðrir 20 eru fyrir dauðans dyrum. Eignatjón varð hálf milión dollars. Turn fauk þar af einni kirkju, og varð piltur undir honum og dó. Mesti fjöldi manna varð fyrir meiðslum. Sextíu menn í einni verksmiðju meiddust allir. Eitt hús lyftist í heilu líki af jörðunni, og kom niður í 50 feta fjarlægð á réttum grunni.

— Íbúatala Brandon bæjar er nú talin 11,746, með nær 9 milión dala skattskyldum fasteignum. Íbúatala Winnipeg borgar er sögð að minsta kosti 122,500.

— Skipið "Mauretania", eign Cunard félagsins, fór nýlega yfir Atlantshaf frá New York til Liverpool. Það náði ferðhraða á parti af þeirri leið, sem nam 29 mílur á klukkustund. Ekkert skip hefir áður náð svo miklum hraða, sem næst 30 mílur á klukkustund, — eins og hraðskreið gufulest fer á landi.

— Koparnámi hefir fundist meðfram Grand Trunk Pacific brautinni, hjá Portage Lake í Ontario. Námi þessi er sagður sérlega verðmætur, og koparinn í honum mjög hreinn og af beztu tegund.

— Saskatchewan stjórnin hefir keypt eignir Bell Telefón félagsins þar í fylkinu fyrir 367½ þús. dali.

— Bæjarstjórnin í Montreal ónýtti nýlega 25 þúsund könnur af niðursoðnu bjóti, sem sendar höfðu verið frá Chicago til Toronto, og þaðan sent til Halifax, en þeir sem þar áttu að taka við því, neituðu að þiggja sendinguna, og var það þá selt lágu verði til Montreal kaupmanna. En lögreglan komst að þessu og tók kjötið og brendi það. Kjötið var gamalt, svo að sumar könnurnar voru gatryðgaðar, og kjötið óætt. Eigendurnir voru lögsóttir.

— Svo mikla óánægju hefir tilboð það vakið, sem stjórnarform. Ástralíu gerði Bretum, að landið skyldi gefa þeim tvö öflug vígskip, — að við uppreist liggur. Sagt er að stjórnar ráðgjafarnir hafi komið sér saman um, að segja allir af sér, ef þingið samþykkir gjöfina.

— Jarðskjálfti varð í Portúgal á laugardaginn var, sá mesti, sem þar hefir orðið í landi. Í bæjunum Beneveite, Samosa og Santo Estevan létust 50 manns og margir særðust. Jarðskjálftinn varaði 5 mínútur. Konungur fór þegar að vitja um þá, sem höfðu orðið fyrir tjóni af völdum jarðskjálftans, 250 mílur frá höfuðborginni Lisbon. Konungur lét þegar senda fólki þessu nægileg matvæli til bráðabyrgðar, svo og 2 þúsund ullarvoðir og þúsund tjöld. Stjórnin gaf tafarlaust 100 þúsund dollara til bráðabyrgða, og vagnlestir voru sendar til þess að flytja þá særðu á spitalann.

— Brezkur þjóðhöfðingi gat þess nýlega í ræðu, sem hann hélt í Lundúnaborg, að hann hefði nýlega kynst manni, sem hefði haft hálsbindi úr kanadiskri trjákvoðu. Hann taldi víst, að þess yrði ekki langt að bíða, að almennur fatnaður yrði búinn til úr sama efni.

— Svo mikill ísruðningur varð í Niagara ánni í síðustu viku, að til vandræða horfði. Áin var að ryðja sig, og ísruðningurinn var orðinn 6 mílna langur og 80 feta hár, en gat þó ekki brotist fram, svo að bærinn Niagara með þúsundum íbúa og miliónum dollara virði í fasteignum var í mestu hættu. — Bandaríkjastjórnin gerði tilraun til þess að sprengja upp ísinn þann 21. þ.m., með 100 pundum af dynamit, en það tókst ekki. En tveim dögum síðar losnaði þó svo um stífluna, að menn hafa von um, að engar skemdir hljótist af.

— Í orði er, að þýzku gufuskipafélögin tvö, "North German Lloyd" og "Hamburg American", sameini skipastól sinn og tilheyrandi eignir, sem eru 115 milión dala virði, undir eina stjórn.

— Richard C. Hughes, yfirkennari við Ripon háskólann í Wisconsin ríkinu, hefir hætt við háskólakenslu og byrjað búskap, á áveitulandi í Idaho ríki. Hann hefir stýrt skólanum um 6 ára tíma, og aukið aðsókn að honum, svo að hún er nú tvöföld við það, sem áður var, og einnig aukið inntektir skólans af gjafafé, svo að þær hafa tvöfaldast á þessu tímabili. Laun herra Hughes voru 4 þús. dollars á ári. En svo var hann sannfærður um, að búskapur mundi borga sig betur, að hann lagði embættið niður og fór á landið.

— Stjórnin í Saskatchewan ætlar að byggja háskóla í Saskatoon bæ þar í fylkinu, og á kensla að byrja þar á komandi hausti, þó að sjálf skólabyggingin verði ekki fullger fyr enn árið 1910. Sérstök deild hefir verið sett við skóla þennan til þess að kenna akuryrkju, og alt það annað, sem að landbúnaði lýtur. Þessi deild (búnaðardeildin) á að taka til starfa seint á næsta ári. — Þetta er hin þarfasta deild, og er vonandi, að íslenzkir bændur og bændaefni reyni að nota hana til þess, að afla sér aukinnar búfræðislegrar þekkingar. Margir nemendur þaðan úr fylkinu hafa á sl. 2 vetrum gengið á Búnaðarskóla Manitobafylkis í Winnipeg.

— Hæstiréttur Bandaríkjanna feldi fyrir skömmu dóm í máli því, sem Texas ríki höfðaði móti Waters-Pierce olíufélaginu fyrir brot móti verzlunar og flutninga löggjöf ríkisins. Félagið var dæmt til að borga ríkinu nær tveggja milión dollara sekt, og var það tafarlaust borgað í peningum.

— Stórþjóðirnar hafa viðurkent Búlgaríu, sem sjálfstætt ríki.

— Stjórnin í Alberta fylki er að láta gera tilraunir með kornrækt á þurka landsvæðinu í Albertafylki, og hefir ein "section" af landi verið valin til að gera þessar tilraunir á. Próf. Cambell á að sjá um þetta verk. Tilgangurinn er að sýna fylkisbúum, hvernig bezt megi rækta hveiti og aðrar korntegundir á löndum, sem svo eru rakalaus, að þau hafa til þessa tíma verið talin ónýt til ábúðar. Í Suður-Alberta eru vatnsveitingar taldar algerlega nauðsynlegt skilyrði til þess, að kornyrkja geti borgað sig þar. En að veita vatni þar á, er mjög kostnaðarsamt og próf. Cambell kveðst þekkja aðferð til að rækta þar hveiti, án vatnsveitinga tilkostnaðar.

Tyrkland í uppnámi.

Eftir harðan tveggja daga bardaga tóku Ungtyrkjar höfuðborgina Konstantinópel, og féllu þar 2 þúsund manna og mörg þúsund særðust. Sigurvegararnir umkringdu síðan höll soldáns og foringi þeirra heimtaði, að lífvörður soldáns gæfist upp, ella yrði höllin skotin í rústir. Lífvörðurinn lagði þá niður vopn, og herforingi Uungtyrkjanna gekk þá á tal við soldán, og gerði honum þá kosti, að sagt er, að hann að nafninu héldi tign sinni, en væri algerlega valdalaus. En jafnframt krafðist hann þess: — 1) að höllin og hervirki soldánsins, sem rúmar 20 þúsundir hermanna, skuli tafarlaust rifin niður til grunna; — 2) eitt hundrað hermenn skulu daglega vera á verði kringum bústað soldáns, en um þá skal skilt daglega, svo að enginn maður verði framvegis undir áhrifum soldáns lengur enn einn sólarhring í einu; — 3) soldáninn skal borga af sínu eigin fé herkostnað þann, sem Salonica herdeildin hefir orðið fyrir við leiðangurinn móti honum, og þar að auki skal hann gefa í ríkissjóðinn 250 miliónir dollara af sínum privat eignum, sem að mestu leyti er fé á vöxtum í útlöndum; — allir ráðgjafar hans skulu tafarlaust segja af sér embættum, og þeir taka við, sem Ungtyrkjar tilnefna. — Þessi liður hefir nú þegar verið framkvæmdur, og breytingin staðfest af þinginu. Níu þúsundir hermanna og aðrir borgarar hafa verið handteknir og margir dæmdir til dauða. Ungtyrkjar hafa 150 þúsundir vígra manna, og fara að öllu gætilega, en vinna einbeittlega að því, að koma öllum áformum sínum fram.

Þjóðverjar, Rússar, Bandaríkjamenn og Bretar hafa sent herskip þangað, til þess að líta eftir hagsmunum borgara þeirra þjóða, sem búsettar eru á Tyrklandi.

Allra síðustu fréttir segja, að þingið á Tyrklandi hafi samþykt, að víkja soldáni algerlega frá völd um, og að Ungtyrkja félagið hafi á leynifundi ákveðið, að taka soldán af lífi, með því að engin trygging geti fengist fyrir varanlegum friði í landinu meðan hann sé á lífi. Þetta á að hafa gerst þann 26. þ.m. Sama fregn segir og að yfir 10 þúsund kristnir menn hafi verið drepnir í bæjunum Hadim, Aleppo, Latakia, Dortyal og Antioch. Móhammeðstrúar menn eru hinir óðustu, og ásækja kristið fólk, hvar sem þeir geta. Mælt að þeir hafi kveikt í Hadim og öðrum bæjum, þar sem kristnir menn hafa helzt aðsetur.

Nýr Soldán.

Rétt þegar blað vort er að fara í pressu, berst sú fregn um heim allan, að Ungtyrkjar hafi tekið völdin af Tyrkjasoldáni, og sett í hans stað til valda Móhammeð Resched, elzta bróður soldánsins. Hann var formlega settur í embættið kl. 2½ e.h. þann 27. þ.m. Nýji soldáninn er 65 ára gamall og hefir í síðastliðinn mannsaldur verið svo gott sem fangi í höll bróður sins.

Íslendingur hlýtur sæmdar - námsverðlaun.

"Scholarship" $150.00, og "Fellowship" $400.00 hefir herra Þorbergur Þorvaldson fengið við Harvard háskólann í Bandaríkjunum, við prófin þar í þessum mánuði. Ráðsmenn skólans segja þetta ágæta frammistöðu, þar sem jafnmikil samkepni sé eins og er á Harvard háskólanum.

Heiður sé Þorbergi!

Fréttir fjær og nær.

Minneapolis Symphony Orchestra spilaði í síðasta skifti — í þetta sinn — á Walker leikhúsinu á miðvikudagskveldið var. Það kveld söng söngflokkur, 200 manns, hið fræga tónverk Edv. Griegs, er heit ir "Ólafur Tryggvason", orðin eru eftir Björnstjerne Björnsson. Hljóð færaflokkurinn, 50 manns, spilaði undir. Verk þetta er 71 bls. í afarstóru 4-bl. broti, og fyrir löngu orðið heimsfrægt. Smíðarlega vel var það af hendi leyst, eins og öll önnur stykki, er voru á prógraminu. Það er ekkert efamál, að hljómleika og söngsamkomur þær, sem þessi flokkur hefir, er þær langfullkomnustu, sem völ er á í þessari borg, og stjórn Mr. Oberhoffers er hreinasta snild. — Svo mikil aðsókn var að leikhúsinu í öll skiftin, að ekkert einasta sæti var autt.

I.O.G.T. Söngflokkurinn.

Að tilhlutun frú Nönnu Benson var Gísla Goodman, söngstjóra, færður vandaður hljóðmálssproti (Taktstok) að gjöf, af söngflokki íslenzkra Góðtemplara, þegar söng æfingu var lokið á þriðjudagskveld ið 20. apríl sl. Er sprotinn gersemi á sina vísu, smíðaður úr íbenviði og gulli búinn. Á hann er grafið: "G. Goodman — Frá I. O. G. T. söngflokknum".

Kaffi með brauði var drukkið um kvéldið og sáu góðkvendi flokksins um veitingar.

Tónsprotinn er lítill þakklætisvottur frá söngflokknum til Gísla, fyrir alla þá umhyggju og fyrirhöfn, sem hann hefir látið honum í té af fúsu geði og endurgjaldslaust.

Í flokknum munu nú vera nær 40 menn og konur, og rúm fyrir fleiri enn. — Rétt er að geta þess hér, að aðgang í flokkinn geta menn átt, þótt eigi séu þeir Templarar, ef þeir eru söngmenn góðir og söngstjóra lýst vel á þá.

Æfingar eru haldnar á þriðjudagskveldi viku hverrar í neðri sal G.T. byggingarinnar, og byrja kl.8

Söngvari.

Byggingarleyfi fyrir rúmlega eina miljón dollara voru tekin út í Winnipeg borg í marzmánuði sl. Í sama mánuði árið áður voru bygg ingaleyfi hér veitt fyrir að eins 140 þúsund dollara. — Winnipeg sýnir í þessu tilliti mesta framför af 15 helztu borgum í Canada.

Íslands fréttir.

FRÁ ALÞINGI.

Alveg nýkomin Ísafold segir þessar fréttir frá alþingi: — Í þær þrjár nefndir, í stórmálum þingsins, er Björn Jónsson átti sæti í (fjárlagan., aðflutningsbannsn. og sambandslagan.) voru kosnir í stað hans, þegar hann fór á konungsfund: Björn Kristjánss. í fjárlagan., séra Björn Þorláksson í aðflutningsbannsn. og Ben. Sveinsson í sambandslagan.

Nefndin í aðflutningsbannsmálinu klofnaði í þrent. Stærsti hlutinn, séra Björn (framsögum.), Björn Kristjánss., séra Sigurður í Stykkishólmi og Stefán í Fagraskógi, leggja fast með að banniðverði samþykt. Jón frá Múla og Jón frá Hvanná vilja fella það, en dr. Jón Þorkelsson vill gerbreyta því. Þriðja umræða í n.d. stóð yfir í 6 kl.tíma. Síðan gengið til atkv. Tillögur meiri hlutans flestar samþyktar, og tillögur hinna því flestar feldar. Allar tillögur Jónanna feldar. Frumvarpið SAMÞYKT af neðri deild með 16 atkv. gegn 6. Atkvæðagreiðslan stóð yfir í 2 kl.stundir, svo margar voru tillögur og breytingartillögur.

Nefnd var skipuð í þingsályktunartillögu Jóns á Hvanná, um aðskilnað ríkis og kirkju. Í henni eru: Jón á Hvanná, HálfdanGuðjónss., Jón Ólafss., Jóh. Jóhannesson og Sigurður Sigurðsson.

Háskólamálið. Frv. um stofnun háskóla hefir verið samþykt í efri deild. Í neðri deild voru þessir skipaðir í nefnd til að fjalla um það: — Bjarni frá Vogi, Eggert Pálsson, Jón Magnússon, Jón Þorkelsson og Skúli Thoroddsen.

Nefnd í frv. um, að íslenzkar kenslubækur skuli samdar fyrir allar [illegible] mentastofnanir landsins — [illegible] til, að bækurnar skuli same[illegible] vel vönduðu íslenzku máli, og þ[illegible]m allra fyrst.

Ráðgjafa eftirlaun. Frv. um, að þau skuli vera 2000 kr. og ekki hærri, og ekki lengur veitt enn jafnmörg ár sem hann hefir verið ráðherra, var felt í efri deild með jöfnum atkv. Frv. hafði verið samþ. í neðri deild.

Önnur umræða um fjárlögin stóð yfir í heila viku.

Lög frá alþingi: — Um kennara skólann í Rvík. Hér eftir skal kensla þýja fyrsta vetrardag, en vera lokið hinn síðasta.

ÁÐRAR FRÉTTIR

Björn Jónsson var skipaður ráðherra 30. marz. Fyrsta apríl simaði hann til Íslands og fól Klemenz Jónssyni landritara að gegna ráðherrastörfum í fjarveru sinni,— til 11. apríl. Sama dag gerði hann þær breytingar á stjórnarráðinu, að Eggert Briem, sem áður var skrifstofustjóri í 3. deild (fjárm.) er nú skipaður skrifstofustj. í 1. deild (dómsmála), en Indriði Einarsson er settur skrifstofustj. í 3. deild. (Deild sú, er Hafstein skapaði fyrir hann, þá er hann tók við, er því að líkindum lögð niður, og er það vel, því þar sparst 2.500 kr. árlega).

Neergaard yfirráðgjafi Dana vill ekki veita neinar verulegar breytingar á sambandslaga uppkastinu. (Þeir (Danir) þurfa fyrst að heyra kröfur alþingis, og ganga svo að eða frá.

Knud Berlin heldur áfram að rita um, að andstæðingar sambandslagafrv. hafi í sumu haft alveg rétt fyrir sér um ákvæði frv. og þýðingarskekkju á íslenzka text anum. Ragnar Lundborg, sænski ritstjórinn, kominn á sama mál. Er nú með öllu fráhverfur frv.

Blaðið "Lögrétta" frá 30. marz flytur svolátandi skeyti frá Höfn: — "Björn Jónsson" segir í blaðinu "Politiken": 'Danahatur er ekki til á Íslandi. Greinar Ísafoldar (er hafa verið þess kyns) eru eftir ung an fauta. Mér þykir vænt um Danmörku og er tengdur þar ætternisböndum. Danskur læknir hefir bjargað lífi mínu. Ég er álitinn (á Íslandi?) mjög vinveittur því sem danskt er. Ég hefi barist móti ýmugusti gegn Danmörku. Innan flokks míns eru tveir skilnaðarmenn, en skilnaðartal þeirra álitur flokkurinn loftkastala. Í íslenzkum blöðum er nú ekki óvingjarnlegt orð um Danmörku'.". — Ísafold frá 3. apríl segir þetta skeyti, ásamt 3 öðrum símskeytum um ráðherrann nýja, er rignt hafi frá Höfn til stjórnar blaðanna gömlu, og þau svo útbreytt, — vera einberan þvætting, hvert öðru vitlausara. — (Færi betur að svo væri. Því ef satt væri, er skeytið í alla staði heimilegt. Þá er röksemd ir koma fram, væri ef til vill ástæða að tala um þetta frekar).

Prestkosning í 2. embætti við dómkirkjuna í Rvík átti að fara fram 3. þ.m., sama daginn sem síð asta blaðið er gefið út.

OGILVIE'S
Royal Household Flour

Til BRAUÐ-GERÐA — Til KÖKU-GERÐAR

Gefur æfinlega fullnæging

Heiðruðu Bœndur!

Sendið rjóma yðar til okkar. Hjá okkur fáið þér rétta og góða vigt og rétta próf-mæling.

Við borgum með "Express" ávísunum þann 15. og síðasta dag hvers mánaðar.

Vér borgum flutningskostnað (með "express") og leggjum könnurnar til.

Reynið viðskifti við oss.

THE
Carson Hygienic Dairy Co., Limited
WINNIPEG

Wall Plaster

Með því að venja sig á að brúka **"Empire"** tegundir af Hardwall og Wood Fibre Plaster er maður hár viss að fá beztu afleiðingar.

Vér búum til:

"Empire" Wood Fibre Plaster
"Empire" Cement Wall "
"Empire" Finish "
"Gold Dust" Finish "
"Gilt Edge" Plaster of Paris
og allar Gypsum vöruuteg-undir. —

Eigum vér að senda yður bækling vorn?

MANITOBA GYPSUM CO. LTD
SKRIFSTOFUR OG MILLUR I
Winnipeg, - Man.

Heimskringla

Published every Thursday by The Heimskringla News & Publishing Co. Ltd

Verð blaðsins í Canada og Bandar $2.00 um árið (fyrir fram borgað).
Sent til Íslands $2.40 (fyrir fram borgað af kaupendum blaðsins hérlendis $1.50.)

B. L. BALDWINSON,
Editor & Manager

Office:
729 Sherbrooke Street, Winnipeg
P. O. BOX 3083. Talsími 3512.

Um íslenzka bankastofnun.

Grein sú um bankastofnun, sem birt er á öðrum stað í þessu bl., er þess verð, að vera athuguð. Þó höf. láti nafns sins ekki getið, þá mega lesendur vita, að hún er eftir ungan Íslending, sem talsvert hefir litast um í heimsins löndum. Hann er af bændafólki kominn, er bóndason, og ann af alhuga velferðarmálum bændastéttar mannfélagsins — eins og grein hans ber ljóslega með sér. Aðferðin, sem hann vill láta leiðandi Íslendinga hér beita, til þess að hlynna að bændastéttinni, eða öllu heldur til þess að auka tölu hennar með því, að örfa daglaunamenn í bæjum og borgum til þess að festa sér búlönd og setjast að á þeim, er þess eðlis, að hún þarf að hugsast grandgæfilega áður enn hægt er að ákveða með nokkrum gildandi rök um, hvort hún er framkvæmanleg. En það getur hún því að eins kallast, að nokkurn vegin vissa sé fyrir því, að hún verði að tilætluðum notum, eða geti unnið það afrek, sem henni er ætlað að vinna.

Höfundurinn mælist til þess, í privat bréfi, sem hann ritar með greininni, að Hkr. leggi liðsyrði tillögu hans um bankastofnunina og það væri blaðinu að sjálfsögðu bæði ljúft og skylt að gera, ef það gæti samvizkusamlega sannfært sig eða almenning um það, að hug myndin væri eins framkvæmanleg eins og hún gæti orðið lántakendum nytsöm, ef hún væri komin á stofn.

En það er aðallega tvent í sambandi við þetta mál, sem fyrst af öllu þarf að athuga.

Geta leiðandi Íslendingar stofnað "allsherjar-félag" meðal landa sinna hér vestra í bankastofnunaraugnamiði? Og hafa landar vorir ráð á svo miklu fé, sem nauðsynlegt væri, til þess að koma upp svo öflugri peningaláns stofnun, að hún mægði þörfunum, umfram það, sem hérlendir bankar gera? Og enn mætti spyrja, hvort það sé alveg áreiðanlegt, að vér eigum nokkra menn í vorum hópi, sem vaxnir eru því, að veita slíkri peningaverzlunarstofnun forstöðu, — með nokkurri tryggingu þess, að þeir gætu látið hana svara tilkostnaði, — þar sem það er sjáanlega tilgangur höfundarins, að íslenzki bankinn veitti fátækum mönnum greiðari aðgang að sjóði sínum, heldur enn hérlendir bankar eru fúsir að gera. Því að það yrði aðallega að vera markmið bankans, ef hann ætti að fullnægja hugsjón höfundarins.

Það er sannfæring þessa blaðs, að Vestur-Íslendingar mundu reynast tregir til, að leggja fé sitt til að stofna slíkan banka, þótt þeir kynnu með allsherjar samtökum, að geta haft saman nægilegt fjármagn til þess að mynda álitlega höfuðstóls upphæð, — þá má telja það nokkurn veginn áreiðanlegt, að þeir fengjust ekki til að hafa sarntökin.

Í fyrsta lagi má gera ráð fyrir, að Bandaríkja Íslendingar létu sig þetta mál litlu eða engu skifta, og yrðu því Íslendingar í Canada að annast það einvörðungu. Þetta er líka mjög svo eðlilegt, þar sem landnám Íslendinga er nú gert nálega eingöngu í vesturfylkjum Canada. En ástandið í þessu landi hefir um nokkur ár verið svo, og er enn þá svo, að hygnir einstaklingar — sá flokkurinn, sem vænta má, að hafi nokkur peningaráð — geta með eigin atorku og umsjá ávaxtað fé sitt stórum betur, en með því, að leggja það í stofnun, sem vægast talað gæfi mjög óvissan gróða í aðra hönd, og gæti enda orðið alt eins líklegt til að lenda í tapi samkvæmt líknarsteínu þeirri, sem höf. vill láta ráða þar.

Saga Vestur-Íslendinga í síðastliðinn fjórðung aldar hefir sýnt, að það er ekki eingöngu fátæktar eða efnaleysis vegna, að ekki fleiri daglaunamenn hafa tekið sér heimilisréttarlönd og byrjað búskap, en raun hefir á orðið. Á meðan hér var gnægð frægustu akuryrkjulanda opin til heimilisréttar, nálega hvervetna í þessu fylki, og enda í grend við sjálfa Winnipegborg, — þá voru landar vorir afar seinir á sér til landtöku, og var þeim þó óspart bent á hana, sem framtíðar auðnuveg. Íslenzku tilöðin hafa frá upphafi vega sinna — svo að segja upphaldslaust — eggjað Íslendinga til landtöku. En það hefir haft harla litinn árangur þeir háfa alt of margir kunnað einkar vel við sig í daglauna vinnunni, og hafa ekki haft áræði til að breyta um stöðu sína. Margir þeirra hefðu fyrir löngu getað verið orðnir landbændur, ef þeir hefðu viljað það, því að þær einu landtökuskýrslur, sem teknar hafa verið meðal Íslendinga í Canada, sýndu, að meðal stofnfé hvers íslenzks búanda, sem komnir voru á búlönd á árunum 1890—1891, var rúmlega eitt hundrað dollars. Með því stofnfé komust landar vorir áfram til vegs og gengis á löndum sínum, — og þó seigt gengi á fyrstu árunum, þá smárýmkaðist um efnahaginn, þar til þeir komust í sjálfstæð efni og meira enn það. Alt var komið undir atorku og hyggindum landnemanna. Þeir, sem voru duglegastir og búhygnastir, þokuðust smámsaman fram úr hinum, sem ekki voru jafnokar þeirra í þessum kostum.

Landnámssaga Vestur Íslendinga sýnir einnig, að lánveitingar til þess að byrja búskap hafa ekki gefist vel. — Þetta var reynt við þá, sem bygðu upp Þingvalla nýlenduna fyrir 17 eða 18 árum. — Hver landnemi fékk þá um 400 dollara lán gegn veði í heimilisréttarlandinu, með leyfi Dominionstjórnarinnar, — því að án hennar leyfis getur enginn veðsett heimilisréttarland sitt. En afleiðingin af þessum lántökum varð sú, að flestir þeirra, sem lánin tóku, töpuðu öllu sínu og löndunum með, og yfirgáfu nýlenduna. Vaxtagreiðsla af lánum þessum reyndist nýbyggjunum alt of örðug byrði á frumbýlingsárunum, og þeim fanst þeir ekki geta risið undir henni og kusu því heldur, að yfirgefa alt en að búa undir því fargi, sem vaxta greiðslan lagði á lántakendur.

Við ljós þessarar reynslu, sem Íslendingar hafa þegar fengið í þessu efni, þá teljum vér harla óliklegt, að landar vorir mundu fúsir til þess, að leggja fé í nýstárlegt þann kafyrirtæki, sem um lað væri aðallega til þess, að gefa fé sínu til að lána fátækum landnemum, umfram það, sem hérlendar bankastofnanir mundu vilja gera.

Sú athugun höfundarins, að betra sé fyrir bóndann, að eiga 320 heldur enn að eins 160 ekrur lands til ábúðar, er að öllu leyti rétt. En hins vegar ber þess að gæta, að vel má komast áfram og safna fé á 160 ekrum, sé landið annars byggilegt og hyggilega sé á því búið. Þetta sannast með því dæmi meðal annars, að í fyrra fór til Íslands einn vestur-íslenzkur bóndi, sem fyrir 20 árum byrjaði efnalaus búskap á heimilisréttarlandi, og græddi svo fé á því, að hann fór héðan með efni, sem tryggja honum áhyggjulaust lífsuppeldi, það sem eftir kann að vera æfinnar. Líklega er óhætt að fullyrða, að vanalegir bankavextir af eignum þessa bónda meira enn fullnægi öllum lífsþörfum hans, þó hann haldi sig að höfðingja sið. — Og alt þetta er arður af einu heimilisréttarlandi. — Sama má segja um fjölda af íslenzkum bændum hér vestra, að eins í stærri stíl.

Það virðist því auðsætt, að það er ekki aðallega komið undir stærð ábúðarlandsins, heldur miklu fremur undir því, hve mikla atorku og verkhygni ábúandinn lætur í té við búskapinn, hve vel honum farnast, það hefir og of mjög brunnið við að undanförnu, að landar vorir hafa ekki sókst eftir arðmestu löndunum, eða þeim, sem mest væri hægt að hafa upp úr með sæmilegri atorku og starfsframkvæmd. Miklu fremur hafa þeir valið þau lönd, sem framfleyta megi gripum á, án þess að þau útheimti of mikla fyrirhöfn eða framkvæmd. Vitanlegt er að bóndinn þarf að eiga tvo eða fleiri af slíkum löndum, svo vel sé. En þau eru flest svo, að bankar mundu tregir til, að lána mikið út á þau.

Heimskringla fær ekki séð, að banki, sem væri eign Íslendinga, gæti í lánveitingum sínum eða tryggingar skilyrðum vikið langt frá því, sem aðrir bankar telja nauðsynlegt til þess að starfsemi þeirra borgi sig. Hitt skal fúslega játað, að ef þessi hugmynd höf. væri framkvæmanleg, þannig, að hún yrði öllum lántakendum að tilætluðum notum, og gæfi um leið hluteigendum bankans sanngjarnan arð af hlutafé sínu, þá væri hún þjóðflokki vorum bæði gagn og sómi. En upphæðin, sem höf. vill láta lána hverjum lántakanda, frá 12 til 15 hundruð dollars, mundi reynast örðug byrði öllum nema þeim, sem sjálfir yæru atorkumenn, og hefðu tekið sér vel valin lönd til ábúðar, og væru þar að auki gæddir lundarfari skilvísinnar. En einmitt þessi flokkur manna væri sízt líklegur til þess, að þurfa láns með eða vilja þiggja lán, nema undir sérstökum kringumstæðum. Þeir mundu heldur kjósa, að komast áfram af eigin ramleik, þó litið miðaði áfram fyrst í stað, en að binda sig lánum, sem daglega dragi af vinnuarði þeirra 30c, eða þar um bil, — $1500 með 8 prósent vöxtum, er $120 um árið eða 30c á dag.

Það yrði nauðsynlegt, að leggja nokkuð háa vexti á lánin undir undir því fyrirkomulagi, sem höf. getur um, nefnilega því, að eftirlitsmaður sé hafður til þess, að líta eftir meðferð fjárins. Sá maður mundi, með launum og ferðakostnaði, éta upp ekki all-litinn hluta af vöxtunum af þeim lánsupphæðum, sem slíkur banki væri líklegur til að geta veitt. Sama gilti, hvort bankinn hefði einn umboðs og eftirlitsmann í hverri sveit, eða hann hefði umferðarumboðsmann.

En að fráskildu öllu því, sem hér hefir verið á vikið, þá má telja víst, að Íslendingar fengjust ekki til, að leggja fé sitt í slíka stofnun að svo komnu, og þó þeir kynnu að vera fáanlegir til þess, þá er vafasamt, að vér höfum þeim mönnum á að skipa í stjórnina, er vissa væri fyrir, að leystu verkið æskilega af hendi. Íslendingar eru búnir að eiga talsvert við félagsmyndanir síðan þeir komu vestur um haf, og þær hafa gefist þeim misjafnlega. Þau félögin hafa staðið bezt, þar sem minstur var höfuðstóll, en hin miður, sem byrjuð voru með stórum peninga útlátum úr eigu einstakra manna.

Það er hætt við, að bankinn yrði bráðdauður með því fyrirkomulagi, sem höf. hugsar sér.

Prentun á þingræðum

Hörð rimma hefir orðið á þingi út af því, að þeir Björn Jónsson og Bjarni frá Vogi fara fram á þá breytingu á þingsköpunum, að hætt sé að prenta umræður þingmanna, nema meiri hluti samþykki það í hvert sinn. Telja þeir ræður þingmanna eins og þær eru nú óáreiðanlegar, með því þeir breyti þeim löngu eftir að þær eru fluttar, og ræðurnar ekki hraðritaðar upphaflega. Almenningur fái ávi f a l s k a mynd af framkomu þingmanna gegn um þær.

Þetta fyrirkomulag, að hætta að prenta ræðurnar, er áætlað að spari þjóðinni milli 10—15 þúsund krónur árlega.

Jón Ólafsson er stranglega mótmæltur þessari breytingu, og flytur hann sem minnihluta nefndarmaður, í nefnd, sem sett var til að íhuga þetta mál, langt erindi móti breytingunni. Hann álítur, að þingið verði "pukursþing, sem engan ætti sinn líka meðal frjálsra þjóða heimsins".

Mál þetta er mjög mikið álitamál, og virðist svo sem báðir málspartar hafi allmikið til sins máls. Björn og Bjarni færa sínum málstað það til stuðnings, meðal annars, að þingræðurnar séu mjög litið lesnar. En mun það ekki með fram stafa af því, að fólk áliti þær óáreiðanlegar? Jón segir þann mann ekki geta fylgst með þingmálum, sem ekki les þingtíðindin, og er það rétt.

Að hætta að prenta þingræður meðan blöðin eru ekki þess megnug, að hafa hraðritara á þingi, er taki niður orðrréttar ræður þingmanna, og atkvæðagreiðslur, er mjög ísjárvert, jafnvel þó fé sparist með því. Að eins í gegnum þingtíðindin á þjóðin kost á, að kynnast framkomu fulltrúa sinna, eins og hún hefir verið, — eða sem allra næst því —, og er því naumast rétt, að svifta hana tíðindunum. En mikla og gagngerða breytingu þyrfti og ætti að gera á þeim frá því sem nú er. Þá, að allar ræðurnar væru hraðritaðar, af hraðriturum, strax í þinginu, og þingmönnum alls ekki leyft að breyta þeim að neinu leyti að efni, að eins hafa orðaskifti, ef þess væri þörf, sem að engu leyti breytti efninu, — færa þær í liprari búning að orðalagi. Ennfremur, að þær væri gefnar út strax, t.d. vikulega, og sendar strax út til lesturs. Með því fyrirkomulagi mundi áhugi fólks vakna fyrir lestr þeirra, enda ætti hvert þing að láta sér ant um, að þau yrðu útbreídd og lesin.

Ef þingræðurnar væru hraðritaðar, og þjóðinni gæfist kostur á að sjá þær e i n s og þær voru fluttar, ásamt atkvæðagreiðslu um málin, þá eru þingtíðindin þau rit, er þjóðin má einna síst missa, þó þau kosti allmikla peninga.

Á. J. J.

ÞORSTEINN Þ. ÞORSTEINSSON:

Tíu liðleskjur.

I.

HÁLFKVEÐIN VÍSA.

Sætust er von, sem út í ljósið langar
og langt í burt fær morgunroðann hilt.—
Mýkst klappa hendur, mildast snertast vangar
á meðan stutt er samferð — þrá ei fylt.

II.

SAMRÆMI.

Bjartast skín rós þá daggir bikar deigja,
sem dýrðleg opnar morgunsólar unn. —
Ljúfastar eru votar varir meyja,
þá viðkvæmt opnar Sjöfn hinn rauða munn.

III.

TIL NAFNA MÍNS.

Fagnaðarhót og fagurt mæla í eyra,
er flestum þægra en leita í vasa sinn.
Þessvegna segja þúsund krónur meira
en þúsund hundruð orð, um skáldskap þinn.

IV.

HLUTTEKNINGARLEYSI.

Dimstar af öllu eru jólanætur
þeim alsleysing, sem byggir kot við höll. —
Sárast er angur einmanans, sem grætur,
þá alt í kringum glymja flyss og sköll.

V.

"FJARST Í EILÍFÐAR ÚTSÆ
VAKIR EYLENDAN MÍN".

Fögur er jörðin, fögur sól og stjarna,
en fegri er himinn sálu trúandans.
Fegurst af öllu í geði góðra barna
rís geislamyndin þeirra eigin lands.

VI.

HEIMSPEKI SYNDARINNAR.

Fyrir syndafallið: Engan veginn munið þið deyja, heldur veit guð það, að á hverjum degi sem þið etið þar af (ávöxtum Skilningstrénu), þá munu augu ykkar opnast, og þið munið verða eins og guð og þekkja gott og ilt.
Sannmæli Hogyormsins.

Eftir syndafallið: Sjá! maðurinn er orðinn sem einn af oss, svo hann þekkir gott og ilt.
Viðurkenning Drottins.

Syndirnar allar, sem oss villa og græta
eru' sannri breytni og þekking reglugjörð.—
Satan er kraftur guðs að glæða og bæta
alt göfugt sem er til á vorri jörð.

VII.

EINS DAUÐI ER ANNARS LÍF.

Dauðinn er fylling lífs, en ekki endir,
þótt eindir lífsins hyrfu og vitund manns —
byrjanda í ið auða rúm hann sendir,
sem erfir, bætir gjörðir flytjandans.

VIII.

Á MENNINGARFÉLAGSFUNDI.

Hagfræði í búnaði: *Gjöld* — Nytsöm mentun. *Tekjur* — Daglegt brauð, og skildingar fyrir afganginn.

Menning vor öll ef Mammons safn ei eykur
er mæld og talin; léttvæg fundin — dæmd.
Matur og aurar: lífsins æðsti leikur,
er listin sjálf, og öðlast það: vor sæmd.

IX.

?

(Dittó)

Svínið, það átti að syngja, en — fór að rýta.
Sýnd var nauti rós, þá — fór það strax að bita.

Finst þér ei hröfnum svanatónar sæma,
og soltnum vörgum hæfa andleg blóm,
rètt sem þeim skussum skáldsins verk að dæma,
sem skilja ei fegurð, efni, mál né hljóm?

X.

MINNISSÝN ÆSKUÁSTARINNAR.

Hvar er sú sveit með útsýn eilíf-heiða —
sem æfiperla á minnishringinn sett?
Fyrst þars vér kystumst — sórum æskueiða
í ást, sem þekti ei nokkurn svartan blett.

Sparið Línið Yðar.

Ef þér óskið ekki að fá þvottinn yðar rifinn og slitinn, þá sendið hann til þessarar fullkomnu stofnunar.

Nýtízku aðferðir, nýr vélaútbúnaður, en gamalt og æft verkafólk.

LITUN, HREINSUN OG PRESSUN SÉRLEGA VANDAÐ

Modern Laundry & Dye Works Co., Ltd.
307—315 Hargrave St.
WINNIPEG, MANITOBA
Phones: 2300 og 2301

Fréttabréf.

Herra ritstjóri Heimskringlu.

Hinu áttunda löggjafarþingi Utah ríkis var slitið að kveldi hins 20. f.m., kl. 11.30, eftir 8 daga þingsetu, — átta dögum lengur en lög hér ákveða. Urðu þingmenn að sitja þessa átta daga kauplaust, til þess að klára það, sem fyrir þinginu lá, þegar hinn ákveðni tími var útrunninn. Var það kallað svo, að seinasti dagurinn hefði verið 90 klukkustundir, og fyrir það dagsverk fengu þeir sitt vana kaup, $4.00 um daginn.

Á þingi þessu gerðust lítil stórtíðindi. Atkvæðamesta málið, sem tók upp lengstan tímann, var laga frumvarp um algert bindindi hér í Utah. Komst það eftir stimpingar miklar í gegn um neðri málstofuna, þar sem það fæddist, en þegar það kom upp í efri bygðina, var alveg gert út af við það. — Öðru frumvarpi til, um bindindi, sem ákvað mikið strangar reglugerðir, var því næst hleypt af stokkunum, og komst það eftir langt þjark og þref í gegn um báðar málstofurnar, rétt í þinglokin, en þegar það kom til ríkisstjórans neitaði hann að staðfesta það með undirskrift sinni. Svo lauk þessu máli, og svona stendur það nú. Við getum fengið okkur í staupinu fyrir það vissa í tvö ár enn. En þá er talið víst, að algert bindindi komist á, því margir eru gramir, og sumir æstir yfir gerðum þingsins og ríkisstjórans fyrir meðhöndlun þeirra á jafn alvarlegu og þýðingarmiklu máli.

Af 148 frumvörpum, sem komust lífs af í gegn um báðar málstofurnar, hefir ríkisstjórinn allareiðu staðfest 81, en 67 eru enn eftir, hvaða forlög, sem fyrir þeim kunna að liggja, — það veit víst enginn með neinni vissu.

Þingið veitti eða lofaði miklum peningum til ýmsra umbóta í áttina til framfara, á næstu tveimur árum. Hið mesta var $75,000 til A. Y. P. sýningarinnar í Seattle á komandi sumri, og er ákveðið að þetta ríki hafi þar stóra byggingu og að 25., 26. og 27. ágúst verði settir til síðu, sem Utah dagar á sýningunni. Þingið veitti líka 2 miliónir dollara til að byggja State Capitol byggingu í Salt Lake City.

Tíðarfar hefir verið kalt og umhleypingasamt á þessu vori, en nú er þó töluvert farið að hlýna, og útlit yfirleitt heldur gott.

Flestir eru nú í miklum önnum við vorvinnustörf, og heilsufarið er bærilegt.

Hinn 13. þ.m. lézt að heimili sínu hér í bænum bóndinn Jón Björnsson Westmann. Hann var 64 ára að aldri, ættaður af Hornströndum á Íslandi. Banamein hans var áköf lungnabólga. Hann eftirlætur ekkju, Rósu Eyjólfsdóttur Guðmundssonar, frá Eyjabakka í Húnavatnssýslu, og fimm börn, sum fullorðin, en hin hálffullorðin.

Þinn með vinsemd,

E. H. Johnson.

KENNARA

vantar að Harvard skóla (No. 2026), fyrir 6 mánuði, frá fyrsta júní til fyrsta desember. Umsækjandi verður að hafa gildandi skírteini fyrir Saskatchewan, tiltaka kaupupphæð, segja til reynslu í kennarastörfum, o.s.frv. Tilboð sendist til undirskrifaðs fyrir þann 15. maí 1909.

JAMES WILCOX,
Sec'y Treas.,
Wynyard, Sask.

ROBLIN HOTEL

115 Adelaide St. Winnipeg

Bezta $1.50 á-dag hús í Vestur-Canada. Keyrsla ókeypis milli vagnstöðva og hússins á nóttu og degi. Aðhlynning hins bezta. Viðskifti Íslendinga óskast. William Ave. strætiskarið fer hjá húsinu

O. ROY, eigandi.

SPÓNNÝTT HÓTEL

ALGERLEGA NÝTÍZKU

Hotel Majestic

John McDonald,
eigandi.

James St. West, Rétt vestan við Main St.
Winnipeg Telefón 4979.

$1.50 á dag og þar yfir

Bandaríkja-snið

Alt sem hér er um hönd haft er af beztu tegund. Reynið oss.

MIDLAND HOTEL

285 Market St. Phone 3491

Nýtt hús, nýr húsbúnaður Fullar byrgðir af allskonar vönduðustu drykkjum og vindlum í hressingar stofunni. Gisting einn dollar á dag og þar yfir.

W. G. GOULD :: FRED. D. PETERS,
Eigendur
WINNIPEG ::: ::: CANADA

Ágæt meðul.

Ég hefi kynst og pantað áður meðul við nef, kverka- og andkala sjúkdómum hjá Royal Remedy Co. Þau fá bezta vitnisburð. Þeir, sem senda mér sjúkdómslýsingu, og $4.00 fyrirfram, fá meðulin send heim til sín kostnaðarlaust hvar sem er í Canada. Eins og mörgum er kunnugt, hefi ég lengst töluvert mikið við meðalasölu stundum, og þekki "patent" meðul vel. Þessi meðul eru 'ekta' góð meðul, og fólk má treysta þeim, ef það kaupir þau í tæka tíð.

K. Ásg. Benediktsson.
540 Simcoe St., Winnipeg.

The Dominion Bank

NOTRE DAME Ave. BRANCH Cor. Nena St.

VÉR GEFUM SÉRSTAK AN GAUM AÐ SPARISJÓÐS-DEILDINNI.—

VEXTIR BORGAÐIR AF INNLÖGUM.

HÖFUÐSTOLL - - - $3,983,392.38
SPARISJÓÐUR - - $5,300,000.00

A. E. PIERCY, MANAGER.

CHICAGOFÖR MÍN!!!

eða með viðfeldnari orðum

Ferðasöguágrip til Chicago, Toronto og Niagarafossins

Það allra stórkostlegasta, sem ég sá í Chicago, voru stálverksmiðjur Illinois stálfélagsins. Þær standa við suðurenda Michigan vatnsins og taka yfir 800 ekrur, eða sem svarar fimm 160 ekru bújörðum.

Það er afarervitt fyrir ferðamenn, að fá að skoða þessar verksmiðjur, og með öllu ómögulegt, nema maður njóti annara. Svo var og um mig. Thordarson þekti yfirmenn félagsins, sem voru á skrifstofum inni í borginni, og gat því fengið skriflegt leyfi hjá forseta félagsins, að fara með mig og láta sýna mér verksmiðjurnar. Vegalengdin er 10—12 mílur úr miðborginni, og fórum við það með járnbraut.

Þegar þangað kom, var einn af lögreglumönnum félagsins fenginn okkur til fylgdar, en áður við fórum inn fyrir hliðið á girðingunum, sem eru umhverfis, þurftum við að rita nöfn okkar undir skuldbindingu um það, að þó við yrðum fyrir slysum inni í verksmiðjunni, þá væri það ekki á ábyrgð félagsins.

Mér fór ekki að lítast á blikuna, og er ég þó ekki tiltakanlega lífhræddur, ekki sízt fyrir það, að ég hafði nýlega frétt, að nokkrir af verkamönnum hefðu orðið fyrir slysum. En nú dugði ekki — úr því svona langt var komið — að vera deigur við hann d..... þann arna", eins og karlinn sagði.

Fyrst fórum við að pottinum, sem bræðir járnið og hreinsar það frá sandi og grjóti, og öðrum efnum, sem eru samanvið það. Úr honum mætti skamta í marga aska, því hann er heldur gerðarlegur ummáls. Eftir að járnið er bráðið og síað frá öðrum efnum, rennur það eins og lítill lækur í gegn um stórar pípur, og ofan í ílát. Þar eru sett í það ýms efni, sem gera það að verkum, að það verður að stáli, þegar það er soðið að nýju. Eftir það eru þessi ílát, sem eru afarstór, flutt með rafurmagns lyftivélum (sem ná yfir þvera bygginguna uppi undir þaki, og eru ekki ólíkar brúm að sjá. Þær renna frá enda til enda í byggingunni) — þangað, sem járninu er breytt í stál. Þegar sjóðheitu járninu er helt í pottinn, sem það er soðið í, þegar það verður að stáli, þá er varnað að nokkuð fari niður, með loftþrýstingi, sem leiddur er í gegn um afarmiklar pípur. Að eins nokkrir dropar falla niður meðan skift er um ílát, og er það líkast til að sjá neistaflugi miklu.

Síðan er járnið soðið, og stendur loginn þá langt upp úr byggingunni. Um nótt er þetta til að sjá, sem alt standi í björtu báli. Meðan það er að breytast í stál, er loginn að smáhvítna, og er hann prófaður af sérfræðingum við rafurmagnsljós, sem þeir hafa fyrir framan sig, en sem ber í logann. Þeir karlar hafa vissar prósentur af því, sem brætt er daglega, og laun þeirra eru stundum $65.00 á dag.

Eftir að járnið er orðið að stáli, er því helt í mót, og látið storkna í þeim, þegar það *er* storkið, eru mótin tekin utan af því, og þá verður eftir eldrauður stálstöpull, sem er hér um bil 2 fet á hvern kant, en 2½ alin á hæð. Lyftivélin er síðan látin spenna stálgreipum sínum utan um hann og flytja hann þangað, sem á að teygja dálitið úr snáðanum. Þar er hann lagður á stálkefli, sem róla honum fram og aftur í gegnum vélar, sem taka heldur ómjúklega á honum um leið og hann fer í gegn um þær, og eru á dálitilli stundu búin að teygja svo úr honum, að lengdin er orðin 50—60 fet. Þá er þessi lengja látin halda áfram á keflum, þangað til að hún kemur að öðr, um vélum, og í þeim verður hún annaðhvort að járnbrautarteini, eða breiðum og þunnum stálplötum, sem gufukatlar eru smíðaðir úr.

Þegar járnbrautarteininn eða platan er komin það langt út úr síðustu vélinni, að tilætluð lengd er komin á stykkin, þá detta á þau hnífar, sem skera stálið í sund ur eins og það væri nýr hleypiostur, en allmiklum loga lýstur upp á því augnabliki. Þegar stykkin eru búin að fá sína tilætluðu lögun, halda rólunar-keflin áfram með þau, á þann stað, sem þeim er ætlað að kólna á.

Verksmiðjan býr til járnbrautarteina á 30 mílur á dag, eða 60 mílur á sólarhring, auk alls annars. Hún er stærst járnbrautarteina verksmiðja í heimi. Mörg hundruð manna vinna við hana nótt og dag, og þó gera mennirnir ekkert annað eins og gefur að skilja, en að eins að stýra hinum miklu og afar margbreyttu vélum. Félag þetta er eitt af stálfélögunum, sem auðmaðurinn Carnegie er aðalhluthafi í. Það á afarmikla og ríka járnnáma í Minnesota, og flytur málminn frá námunum á skipum, eftir stórvötnunum, og eru þau skip frá 8—10 þúsund smá lestir að stærð.

Við vorum á fimta klukkutíma að fara í gegn um verksmiðjurnar. Þegar við fórum nálægt þessum glóandi járnstykkjum, þá ætlaði hitinn að verða óbærilegur; og þá ekki síður, þegar við komum að sjálfu "vitinu", en svo kalla ég eldgýg afarmikinn, sem er á einum stað ofan í gólfinu. Í honum eru stálstöplarnir hitaðir að nýju, ef þeir verða of kaldir, áður en þeir fara í gegn um togunarvélarnar, en í gegn um þær verða þeir að fara glóandi. Lok var yfir eldgýgnum, sem ekki var opnað nema þegar úr honum var tekið, eða í hann látið, en svo steð á, að það var gert þegar við vorum staddir þar mjög nálægt.

Ég hugsaði að væri helv. nokkursstaðar til, þá væri það hér, en mennirnir sýndust ekki hræðast það minstu vitund. Rólegir og áhyggjulausir voru þeir að sjá hver við sitt verk. Betur að þeir, sem eru í "gamla staðnum", eða eiga eftir að koma þangað, væri eins rólegir og áhyggjulausir við störf sín þar!!! Eftir að við höfðum farið í gegn um alla verksmiðjuna, kvöddum við lögregluþjóninn, sem fylgdi okkur, með mestu virktum, og ég skoðaði hann sem nokkurskonar verndarengil minn á þessari glæfraför í gegn um þetta jarðneska víti, sem ég geri ráð fyrir að verði — þrátt fyrir alt og alt — það fyrsta og síðasta, sem ég kem í, þessa heims og annars.

Annað stórkostlegt, sem ég skoðaði, voru rafaflsstöðvar Chicago rafaflsfélagsins, sem framleiða alt ljós og afl fyrir borgina. Thordarson var góðkunningi skrifara félagsins, og gat því að eins vegna þess fengið leyfi að fara með mig í gegn um vélahúsin. Í einni byggingunni eru 8 vélar í röð er hver hefir 15 þúsund hesta afl. Nú er félagið að smíða nýja byggingu. Í henni eiga að vera margar vélar (6—8), af allra nýustu og fullkomnustu gerð. Að eins tvær voru farnar að vinna, og hefir hvor 24 þúsund hesta afl. Þær eru aflmestu rafvélar, sem enn hafa verið smíðaðar í heimi. Þær eru miklu einfaldari enn þær gömlu. Uppfyndingar nútímans ganga allar út á það, að hafa allar vélar sem einfaldastar og óbrotnastar, en þó margfalt aflmeiri og fullkomnari en áður. Hávaðinn í véla húsunum var ákaflega mikill. Það heyrðist ekki mannsins mál. Mörg um tugum tonna (smálesta) af kolum eyða aflstöðvarnar á dag, en þó þarf enginn maður að snerta með litlafingri sínum á kolum. Alt er gert með vélaútbúnaði sem varla er mögulegt að lýsa. Ihntektir félagsins eru nál. 25 þús. dollarar á dag árið í kring.

Fjölda margar stórbyggingar skoðaði ég, svo sem pósthúsið og borgarráðhúsið, bókhlöður, verzlunarsamkunduhúsið (Board of Trade) o.fl. Alt eru þetta afarstórarstórar og skrautlegar byggingar, allar settar marmara að innan, og allskonar skrauti, kosta hver um sig frá 5—10 mil. dollara. Í pósthúsinu eru dómsalir. Í einum þeirra er Landis dómari, sá er dæmdi John D. Rockefeller eða Standard Oil félagið í 29 mil. dollara sektina, fyrir rúmu ári síðan. Mér var forvitni á, að sjá þennan mann, sem dæmt hafði hæstu sekt sem enn hefir verið dæmd á jarðríki, og fór ég því inn í dómsalinn. Þar var margt af fólki, og málaflutningsmenn voru þar að sækja og verja og yfirheyra fjölda af fólki, bæði körlum og konum. — Sjálfur sat Landis dómari fyrir innan dómgrindurnar, og hlustaði á sókn og vörn. Hann er fullorðinn maður, á að giska á sextugsaldri, og farinn að hærast allmikið. Stillilegur að sjá, en lítur út fyrir að vera einbeittur og þéttur fyrir, enda hefir hann reynstRockefeller "þrándur í Götu", og á ef til vill eftir að verða það betur áður enn lýkur.

A.J.J.

VINAR KVEDJA.

Skynsemis trésins nú ræktaðu rót,
rógberum máttu ei trúa.
Láttu' ekki böðulinn binda þinn fót
eða blóðið úr æðunum sjúga.

Þá hretviðrin lemja, ver harður sem bjarg,
þótt harmur í brjóstið sig læsi,
og þú heyrir í loftinu hræfuglagarg
og höggormar framundan hvæsi.

Þig má ekki undra þó mörg deyi von,
og margur sé tældur og hrjáður:
Hér skundar nú Loki okkar Laufeyjarson,
enn lymskari og magnaðri en áður

R. J. Davíðsson.

ÞAKKARÁVARP.

Við undirrituð hjón getum ekki látið hjálíða annað en með þakklætis tilfinningum að geta þess, að þegar við þann 18. febr. sl. urðum fyrir því sorglega tjóni, að íbúðarhús okkar brann til ösku, ásamt miklu af innanhússmunum, sem óvátrygðir voru, — þá urðu margir góðir menn og konur til þess að taka þátt í skaða okkar hjóna með fjársamskotum. Fyrst og fremst var það herra Guðmundur Benjamínsson og kona hans, sem auðsýndu okkur hjálp sína á ýmsan hátt, og kvenfélagið "Eining" gaf okkur $5. Herra Jóh. Kristmundsson, sem þá vann út í Mikley, gekst þar fyrir fjársamskotum, að upphæð $39.75, sem hann afhenti okkur ásamt lista yfir nöfn gefendanna. En þó við ekki auglýsum nöfn þeirra mörgu gefenda fyrir lesendum blaðsins, þá er þó hinn hlýi bróðurkærleikur hvers eins og allra þeirra augljós fyrir altsjáandi auga guðs, sem á sinum tíma launar öllum með uppskeru eftir því, sem þeir hafa sáð.

Okkur bresta orð til að lýsa þakklæti okkar, en biðjum gjafarann alls góðs að launa þessum áminstu bræðrum og systrum með blessun sinni, á þann hátt, sem hann sér þeim bezt henta.

Árdal P.O., 19. apr. 1909.

Mrs. R. Þorsteinsson.
Mr. Jón Þorsteinsson.

2 Bækur Gefins

FÁ NÝJIR KAUPENDUR AÐ HEIMSKRINGLU SEM BORGA $2.00 FYRIRFRAM, OG ÞESSUM BÓKUM ÚR AÐ VELJA:—

Mr. Potter frá Texas
Aðalheiður
Svipurinn Hennar
Hvammverjarnir
Konuhefnd
Lajla
Robert Manton.

Alt góðar sögur og sumar ágætar, efnismiklar, fróðlegar og spennandi. Nú er tíminn að gerast kaupendur Hkr. Það eru aðeins fá eintök eftir af sumum bókunum.

Heimskringla
P.O. Box 3083, Winnipeg

KAUPIÐ af þeim og verzlið við þá sem auglýsa starfsemi sína í Heimskringlu og þá fáið þér *betri* vörur með *betra* verði og *betur* útilátnar.....

Á beztu heimilum

hvar sem er í Ameríku, þar munið þér finna HEIMSKRINGLU lesna. Hún er eins fróðleg og skemtileg eins og nokkuð annað íslenzkt fréttablað í Canada

MARKET HOTEL

146 PRINCESS ST. á móti markaðnum
P. O'CONNELL, eigandi. WINNIPEG
Beztu tegundir af vínföngum og vindl um, aðhlynning góð, húsið endurbætt

JOHN DUFF

PLUMBER, GAS AND STEAM FITTER

Alt verk vel vandað, og verðið rétt

664 Notre Dame Ave. Phone 3815
Winnipeg

Strathcona Hotel

Horni Main og Rupert Str.
Nýbygt og ágætt gistihús; Gest um veitt öll þægindi með sanngjarnasta verði. Frí keyrsla til og frá öllum járnbr. stöðvum. Beztu vín og vindlar; og herbergi og máltíðar ágætar.

McLaren Brothers
EIGENDUR

Hotel Pacific

219 Market Street. Winnipeg | H. M. Hicks, Eigandi Manitoba

Telephone 1338

Ný-endurbætt og Ný-tízku hús í alla staði. Viðskifta yðar óskast virðingarfylst.

$1.25 a Dag

$1.50 Á DAG
Bezta $1.50 gistihús í Winnipeg

BRUNSWICK HOTEL

Horni Main St. og Rupert Ave.

Besta borðhald; Hrein og Björt Herbergi; Fínustu Drykkir og Bestu Vindlar. Ókeypis Vagn mætir Öllum Traínlestum. Reynið oss þegar þú ert á ferð.

kvongast Felicitas. — Það eitt var nóg til að aðskilja móður og son.

Hugarástandi Felicitas er tæpast unt að lýsa um þessar mundir. Þann tíma, er hún dvaldi á Franks heimilinu, sat hún ávalt síðari hluta dagsins við gluggann, og horfði í laumi eftir strætinu. Hjartað sló ótt og titt. — Loksins kom hann fyrir hornið, — hinn djarflegi, karlmannlegi maður með mikla skeggið. — Í hvert skifti þurfti hin unga stúlka að taka á allri sinni sjálfsafneitun, til að stilla sig um, að hlaupa ekki alla leið út á götuna á móti honum. — Svo kom hann nær. Hann leit hvorki til hægri né vinstri, og heilsaði ekki þeim, er fram hjá gengu. — Hann horfði stöðugt á gluggann, þar sem unga stúkan sat við vinnu sína. Loksins þorði hún að líta upp og augu þeirra mættust. — Ó, hvað lifið átti þó mikið af unaði og sælu, — sem hana hafði ekki einu sinni dreymt um. — Að vísu nefndi prófessorinn aldrei á nafn ást sína. — Felicitas hefði mátt halda, að hann væri hættur að hugsa um hana, ef hún hefði ekki lesið hið mótsetta úr augum hans. Hin stálgráu augu fylgdu henni ávalt hvert sem hún fór, — þau leiftruðu, þegar hún kom inn, eða ef hún leit upp frá vinnu sinni og til hans. Hún vissi því, að enn þá var hún hans Fee, er átti að bíða hans og hugsa um hann, og með þeirri fullvissu tók hún á móti honum í hvert skifti, þegar hann kom. — Þessi unga stúlka, sem hafði verið svo óvægin, sem hafði látið í ljósi svo mikið hatur og fyrirlitningu og verið svo fráhrindandi, — hana grunaði nú ekki, hve viðmótsþýð og unaðsleg öll framganga hennar var. — Alt hið harða og óþýða í skapi hennar hafði orðið að víkja fyrir hinni auðmjúku og innilegu kvenást.

Og á morgun rann upp sá dagur, þá er hún árangurslaust mátti bíða við gluggann. Í hinum langþráðu tímum síðari part dagsins, var hann kom-

inn langt í burtu, og ótal mörg andlit stóðu í milli hans og hennar. — Það gat vel skeð, að heilt ár liði þangað til hún fengi að sjá hann aftur. Hvernig skyldi henni liða allan þann tíma? Felicitas horfði með óhygð inn í auðann, endalausan geim.

Daginn áður en prófessorinn lagði af stað, sat Franks fólkið og Felicitas við matborðið. Þá kom þjónustustúlkan inn og rétti málafærslumanninum nafnspjald. Hann fleygði því strax á borðið, stóð undrandi upp og gekk út úr stofunni. — Á spjaldinu stóð: — "Luty von Hirschsprung, riddari og óðalsherra frá Kiel". — — — Úti fyrir heyrðist karlmannsrödd, er með yfirlæti, en á ágætri þýzku talaði við málafærslumanninn. Því næst gengu þeir til herbergis hans.

Á meðan gömlu hjónin töluðu um þennan óvænta atburð fram og aftur, — því öllum kom á óvart, að nokkur Hirschsprung erfingi skyldi vera til, — sat Felicitas þögul en í ákafri geðshræringu. — Vesalings trúðleikara dóttirin, er alt af hafði staðið ein, sem engan ættingja sinn þekti, — var nú alt í einu undir sama þaki og einhver óþektur frændi hennar. — Var það afi hennar eða móðurbróðir? Hafði hin alvarlega, kalda rödd, sem smaug henni í gegn um merg og bein, mælt fram formælingarorðin yfir ættlera Hirschsprung ættarinnar?

Hinn ókunni maður bar sama nafn og forfaðir hans, er hafði horfið í burt úr Thuringen, — þetta fáheyrða, næstum úrelta nafn, bar sig vel, næstum stærilætislega, þar sem það stóð á hinu litla spjaldi. — Fólk þykir gaman að, að halda á lofti þessum gömlu nöfnum frá fyrri öldum. Þau leiða fram fyrir hugskotssjónir vorar brynjaða riddara og stórmenni, — þó það samrýmist ekki vel nýtízkubúningi vorra tíma. — — Þessi ættkvísl fann óefað mikið til sín. — Það lá í augum uppi, að loddaradótturinni

liðist það ekki óhegnt, að telja sig í ætt við óðalsherrann. — Hugsunin um það, að hann vildi ekki kannast við hana, æsti upp skapsmuni Felicitas, svo henni fanst blóðið þjóta um æðar sér, og hún kreisti varirnar fast saman, eins og hún ætlaði að gæta sín fyrir, að ekkert bráðræðisorð brytist af vörum hennar. — Samt ásetti hún sér, hvað svo sem það kostaði, að fá að sjá þennan mann áður enn hann færi burtu.

Strax eftir að ókunni maðurinn kom, hafði málafærslumaðurinn gert orð eftir prófessornum. Samtal þeirra varði hátt á þriðja klukkutíma. Meðan á því stóð, heyrði Felicitas prófessorinn ganga jafnt og þétt um gólf, — og hún sá í anda, hvernig vísindamaðurinn strauk skegg sitt að vanda, og með tignarsvip bauð aðalsmanninum gull til þess að afmá blettinn, sem hvildi á ætt hans.

Frank hafði beðið móður sína að hafa til kaffi þegar þeir væru búnir, og ætlaði hann þá að koma niður í daglegu stofuna með gesti sína. — Felicitas undirbjó alt sem þurfti, og meðan hún var frammi í eldhúsinu, heyrði hún þá koma ofan stigann. Hún tapaði næstum kjarkinum, þegar hún sá ókunna manninn ganga hægt við hlið prófessorsins í forstofunni, niðursokkinn í viðræðu þeirra. Hann var mjög hár en grannur maður, glæsimenni mikið, en öll framganga hans bar vott um yfirlæti og sjálfsþótta. — Það gat ómögulega verið afi hennar, því hann var svo unglegur, ef dæma mátti eftir hinu dökka, stuttklipta hári á höfði hans, sem var mjög lítið, — Hann laut nú brosandi að prófessornum, — en það leit út fyrir, að hann hefði fremur tamið sér að skipa og beita strangleika en sýna velvilja og alúðlegt viðmót.

Felicitas lagði skjálfandi hár sitt og gekk svo inn í stofuna, eftir að þjónustustúlkan var búin að

bera kaffið inn. Karlmennirnir stóðu allir við gluggann og sneru að henni bakinu. Hávaðalaust hélti hún í bollana, tók svo bakkann og bauð ókunna manninum kaffi. — Hann sneri sér hvatlega við, er hann heyrði málróm hennar, en hann hrökk við, sem hefði höggormur bitið hann, þá er hann leit andlit hennar.

"Meta!" hrópaði hann.

"Meta von Hirschsprung var móðir mín", sagði hin unga stúlka rólega, — en hún setti samt bakkann frá sér, því hann tók að skjálfa í höndum hennar.

"Móðir yðar! Ég vissi ekki til, að hún ætti barn á lífi", sagði herra von Hirschsprung í hálfum hljóðum, og reyndi að ná sér aftur.

Felicitas hló biturt, í og með að sinni eigin óvarkárni, þar sem hún þvert á móti vilja sínum og ásetningi gaf til kynna ætt sína í viðurvist þessa manns. — Enga ást né meðaumkvun var að heyra á orðum hans, að eins undrun. Hún sá í hendi sér, að nú yrði hún að þola margvíslega lítillægingu. Hún ásetti sér samt, að bera það alt eins og manni sæmdi í viðurvist þessa fólks, er stóð mállaust af undrun í kring um þau, og beið með óþreyju eftir, hvernig þetta mundi enda.

Smámsaman hvarf undrun herra von Hirschsprung, en í stað þess varð hann nú mjög vandræðalegur. Hann strauk hendinni um enni sér og sagði seinlega: — "Já, alveg rétt. Í litla bænum X..... var það, að hefndin hitti hina ólánssömu, — hræðileg, en því er nú ver og miður, réttlát hefnd.

Þegar hann hafði mælt fram þessi orð, hafði hann algerlega náð sér aftur. Hann rétti úr sér, og sagði glaðlega og kurteislega til þeirra, er viðstaddir voru: — "Ó, fyrirgefið mér, ef ég hefi í svipinn gleymt því, að ég var ekki einn hér. En ég hélt, að þetta mál væri dautt og grafið fyrir löngu síðan,

Stofnið banka!

Ritstj. Heimskringlu.

Það er öllum Íslendingum kunnugt, að það er forleður vorir vildu öðlast með útflutningi þeirra frá Noregi til Íslands, var að flýja yfirgang Haraldar konungs og setjast að í því landi, sem þeir gætu reist óðul fyrir sig og afkomendur sína, þar sem þeir gætu haldið metorðum sínum og eignum og verið óáreittir fyrir ásælni og yfirgangi konungsvaldsins. Þetta gátu þeir og gerðu með því að flytja til Íslands og byggja þar upp óðul sín að nýju.

En nú hafa þeir að nýju flutt enn þá lengra vestur, — til Ameríku. Ástæðurnar fyrir þeim flutningum munu vera nokkuð aðrar. Sumir fara til að leita sér mentunar, en flestir munu fara til að leita haminginjunnar. Það er að segja: til að safna peningum til elliáranna, og fyrir afkomendur sína, og til þess jafnframt, að hafa betri lífskjör.

En hvernig fer þeim svo, er hingað koma. Allir eru þeir jafnsnauðir, að heita má, bæði að fé og þekkingu, og allir eru þeir framandi í þessu landi, ekki að eins til að byrja með, heldur einnig að meira og minna leyti gegnum alt lífið. Og ég spyr: Hvað verður úr öllum framtíðarvonum þeirra hér? Því er vandi að svara, því að spurning þessi nær til allra þeirra, er hingað koma, og vér vitum, að hver einstaklingur hefir haft sín sérstöku afdrif, undir þess um lífsskilyrðabreytingum, sem þeir verða að þola, þegar þeir fara frá Íslandi til Canada eða Bandaríkjanna. Fyrir flestum þeirra mun byrjunin hafa verið all erfið. Alt of mörgum mun reynast baráttan fyrir aura-sófnuninni nokkuð hörð og óaðgengileg, þótt margir hafi gegn um langt stríð safnað sér nokkurrar framtíðarfúlgu.

Enginn efi finst mér leika á því, að landbúnaðurinn muni vera það, sem Íslendingar ættu að stunda hér. En það er einmitt það, sem ég vildi tala um, því fyrir þeirri atvinnugrein ber ég mestan áhuga. Það er sannreynt, að þegar landneminn hefir náð sér í 2 landskvarta, þá getur hann með ræktun þeirra lifað áhyggjulitlu lífi, verið sinn eigin herra og haft trygga framtíð, og ókvíðinn gengginn gengið móti ellinni, því landið hans getur veitt honum ellistyrkinn.

Ég veit það, að Íslendingar eru margir góðir námsmenn, og að margir þeirra geta þannig með lærdómi skapað sér stöður, ýmist sem sjálfstæðir eða sem þjónar og trygt sér þannig nokkurn veginn örugga framtíð.

En svo eru þeir, sem enn eru ótaldir. Það eru verkamennirnir, sem vinna daglega slitvinnu fyrir misjöfnu kaupi. Það eru þessir menn aðallega, sem ég er kominn til að skrifa um og fyrir. Það eru þeir, sem slafa hjá öðrum fyrir misjafnt kaup, og þeir, sem ekki hafa máske neitta að gera nema hálft árið. Það eru þeir, sem eiga á borð með hvítu slöfunum, sem ég vildi koma til hjálpar með þeirri áskorun til hinna leiðandi Íslendinga, að þeir stofnuðu eitt allsherjar Íslendingafélag til þess að vernda landa vora frá því, að lenda í þeirra tölu, og eins til þess að hjálpa þeim, sem vilja hjálpa sér sjálfir. Það er: fátækum bændum, sem langar til að fjölga gripum, gera jarðabætur, svo sem ryðja land, þurka það, koma á garðrækt eða því um líkt.

Hjálparmeðal þetta er bankastofnun, sem líkust þeirri, er Danir kalla "Laan Foreningen". Það er peningastofnun, sem kom fram í landi alþýðu velmegunarinnar, Frakklandi, og hefir allstaðar gefist vel. Innleiðið áhrif þessarar peningastofnunar í þjóðflokk ykkar, ekki síður en að fara á skóla. Það mun líka auka velmegun og þar af leiðandi menningu meðal Íslendinga hér. Það mun jafna efna haginn, og á þann hátt styðja að jafnlyndi, jafnrétti og jafnvægi.

Fyrir nokkrum árum las ég grein í blaðinu "Vort Land". Sú grein hét "Hvítu slafarnir", þ. e. um hvíta þrælahaldið á Englandi. Greinin var skýrt og afar sanngjarnlega skrifuð. Auðvitað er þetta í öllum löndum, þó alt af beri mest á því, þar sem auðurinn er mestur. Svona verður þetta í borgum Canada með tímanum. En verið þá búnir að hjálpa löndunum til að ná í stórar landeignir, því þar kaupa þeir sér líftryggingu og ekki eingöngu sjálfum sér heldur og afkomendum sínum.

Allir Íslendingar eru hingað komnir til að vinna sér hér framtíð á einhvern hátt, peningalega eða mentalega. Hjálpið þeim, sem fátækari eru, til að öðlast þá beztu, frjálsustu og skemtilegustu stöðu, sem menn alment geta valið sér, þá stöðu, sem Íslandsbörnum hefir orðið jafnmest úr hér í álfu. Meiningin er ekki, að þeir fái stór-upphæðir, heldur hitt, að þeir fái svo mikið, að þeir nái í 2 heimilisréttarlönd, og svo til að kaupa verkfæri og gripi. Vanaleg upphæð yrði frá 500 til 1200 dalir, eftir efnum og lánstrausti lántakenda, og ekki ætti að lána nokkrum manni hærri upphæð enn 1500 dali. Hæst upphæð í Danmörku er 8 þúsund krónur.

Eins og áður er ávikið, þá er það hugmyndin, að einn berjist fyrir alla og allir fyrir einn. Svo þetta verður eitt félag til eflingar andlegri og efnalegri velferð þjóðar vorrar hér. Bygðunum verður skift niður í deildir, og einn maður svo settur til, að líta eftir efnahag og meðferð lauanna, fyrir hverja sveit.

Ég bið svo að lesið sé vinsamlega í mál og meiningu.

HUGINN.

Andi hafsins.

SKÝRING.

Hin gamla saga sögð og kunn
þann sanna viðburð geymir,
þá "Hafgola" frá yztu unn
til efstu jökla streymir.
Hún festir blund. En "Fjallablær"
hann fær að morgni völdin.
Við nafna skiftin — faðminn fær
á fold — en hún á kvöldin.

Nær flýgur hafsins andi ör,
þá opnast dagar ljósir,
hann þúsund rasta flýtir för
að faðma jökul rósir.
Og þarna bindast brúðarpör:
hann, brúðguminn frá pólnum,
og hún blóma frið og fjör
í forna jökulstólnum.

Á meðan falla festarlög
við faðminn nætur bjarta,
þar innar heyrast æðaslög,
sem orna jökulhjarta.
Í samhug bindast sól og nótt,
þær salinn brúðar tjalda
með himinskæðum. Geisla gnótt
þeim gyltan kögur falda.

Þar vantar ekki sætan söng
á svana vötnum bláum;
sér fugla raddir ryðja göng,
sem rof í skýjum háum.
Til lífs þar hringir "Líkaböng",
með lofgjörð, sem vér þráum,
og nú ei framar rám né röng,
þar reist á tungum smáum.

Þá út er runnið óttuskeið,
fer alt að rísa' á fætur,
og andinn burtu leggur leið
frá leik við jökulrætur.
Hann kyssir rós við brúðarbeð
þar borna erfa stólinn:
"Við ekki skiljum, eg fer með
að yztu rönd við pólinn."

"Ef flyzt þú, rós, á kalda hvel,
þinn kynþátt broddar stinga!
Svo reisir sorgir járnköld él,
að löklar kaldir springa.
Sit heil á fríðum fjallastól
við fótskör snæfðra vinda.
Ég stöðva loftsins storma hjól
og stilli báru linda. —

Hér niður sanda dala drög
þá drep ég vængjum mínum,
þar sem bænda höndin hög
er heft á verkum sínum.
Ég þarf að koma á kviaból
og kæla vanga smalans.
Ég þarf að fljúga hól af hól
og hreyfa sóley balans.

Ég strýk um barm með bjarta kinn
og ber því dýrð og máttinn.
Til þess, sem líður, lít ég inn
og létti andardráttinn.
Um leið ég kyssi krans á gröf
ég kveð í móður eyra:
Þitt barn er engill. Guðs er gjöf!
þinn græddu hjarta dreyra.

Af morgungeislum gref ég mynd
í gull á fjalla brúnum,
og kasta henni í lagar lind,
og leik við segl á húnum.
Og svo renn ég undan sól,
þar yfir bjarnar feldinn.
Í fangi hlýju fram á pól
ég flýg með jökla eldinn".

Kom himin blær! Frá hafsins pól
mér hermdu ljósar sögur!'
"Nei, spekin það alt framtíð fól,
sem felst við Huldar gjögur.
Á helbrú sól og segulafl
ei sigra djúpin nauða,
þar hefir hetjan treyst á tafl
og teflt um líf og dauða".

Hvar helzt sem andinn fram hjá fer
í fjalla mildri kælu.
Þá barnið spyr,— mín undrun er,
hvað eg er gripin sælu!
Er ekki þetta andi guðs! —
í árdags hlýja blænum?
Er ekki þetta andi guðs! —
frá yztu rönd á sænum?

Sigurjón Bergvinsson.

Bókalisti

N. Ottenson's,—River Park, Winnipeg.

Áfangi og áhrif þess, í b.	0.10
Eggert Ólafsson (B.J.) ...	0.15
Gönguhrólfs rímur (B.G.)	0.20
Hugsunarfræði (E.B.)	0.15
Huldufólkssögur, í bandi...	0.35(5)
Höfrungahlaup	0.15
Jón Ólafssonar Ljóðmæli í skrautbandi	0.60(3)
Kristinfræði	0.45(2)
Kvæði Hannesar Blöndal	0.15(2)
Málsgreinafræði	0.15
Mannkynssaga (P.M.), í b.	0.85(5)
Mestur í heimi, í b.	0.15
Passíusálmar, í skrautb. ...	0.50
Olnbogabarnið	0.15
Prestkosningin. Leikrit, eftir þ. E., í b.	0.30
Ljóðabók M. Markússonar	0.50
Friðþjófs sönglög	0.50
Ritreglur (V. Á.), í b. ...	0.20
Sálmabók, í b.	0.55
Seytján æfintýri, í b.	0.35(3)
Siðfræði (H. H.), í b.	1.10
Stafsetningarorðbók, í b.	0.30(3)
Sundreglur, í b.	0.15
Útilegumannasögur, í b. ...	0.45
Útsvarið. Leikrit, í b.	0.35(2)
Verði ljós	0.15
Vestan hafs og austan. þrjár sögur, eftir E. H., í b.	0.90
Víkingarnir á Hálogalandi eftir H. Ibsen	0.25
Þjóðsögur Ó. Davíðss., í b.	0.35(4)
Þorlákur helgi	0.15
Þrjátíu æfintýri, í b.	0.35(4)
Ofurefli, skálds. (E.H.), íb.	1.50
Tröllasögur, í b.	0.30(4)
Draugasögur, í b.	0.35(4)
Ölöf í Ási	0.45(3)
Smælingjar, 5 sögur (E.H.) í bandi	0.85
Jómsvikinga og Knytlinga saga, útg. í Khöfn 1828 Í vönduðu bandi (aðeins fá eintök). Póstgj. 10c	2.00
Skemtisögur eftir Sigurð J. Jóhannesson 1907 ...	0.25
Kvæði eftir sama frá 1905	0.25
Ljóðmæli eftir sama. (Með mynd höfundarins) Frá 1897	0.25
Tólf sönglög eftir Jón Friðfinnsson	0.50
Grágás, Staðarhólsbók, í skrautbandi ... ... :15)	3.00
Sturlunga, Part I. Útgefin í Khöfn af K. Kaalund í bandi ... . (20)	4.50
Nýustu svenskar Musik Bækur, útg. í Stockholm:	
Svenska Skol-Qvartetten	...0.60(5)
26te och 27de Tusendet Sv. Skol-Qvartetten	0.60(5)
Dam Kören	1.00(5)
Normal-Sangbok	0.50(5)

Tölurnar í svigum aftan við (og framan við þar sem póstgjald er meira en 9c) bókaverðið, merkja póstgjald það, sem fylgja verður pöntun utanbæjarmanna.

N. OTTENSON.

Veiði tími.

"Deer" má veiða frá 1. til 15. desember ár hvert. "Grouse", "Prairie Chicken" og "Partridge" frá 1. til 20. október. "Wild Duck" frá 1. september til 30. nóvember. Til frekari upplýsinga viðvíkjandi dýraveiðum sjá aukagreinar a., b., c., d., e., f., g., h. og i í 3. grein veiðilaganna. — Um fuglaveiðar sjá aukagreinar a., b., c., d. og e. í 7. grein nefndra laga.

Aukagrein "e." kreíst þess, að allir, sem heimilisfastir eru í bæjum og borgum, og sem óska að veiða dýr eða fugla, sem verndaðir eru með lögum, verði að kaupa veiðileyfi, sem kostar einn dollar.

Utanhéraðsmenn verða að fá veiðileyfi frá akururkju og innflutningsdeildinni til þess að mega skjóta, drepa meiða eða eyðileggja hvert það dýr eða fugl, sem nefnt er í veiðilögunum (sjá 24. og 25. greinar), ef þeir vilja komast hjá málsókn fyrir óleyfilegar veiðar.

Hver sá íbúi þessa fylkis, sem fylgir eða hjálpar utanhéraðsmanni til veiða án leyfis, verður á litinn jafnsekur um lagabrot, og látinn sæta hegningu. — Sérhver lögregluþjónn og dýraverndari skal skyldur að sjá um, að veiðilögum þessum sé framfylgt.

Það er alveg víst, að það borgar sig að auglýsa í Heimskringlu.

Með því að biðja sérlega um "T.L. CIGAR," þá ertu viss að fá ágætan vindil.

T.L. CIGAR

(UNION MADE)

T.L.

Western Cigar Factory
Thomas Lee, eigandi Winnipeg

Redwood Lager og Extra Porter

Styrkið taugarnar með því að drekka eitt staup af öðrum hvorum þessum ágæta heimilis bjór, á undan hverri máltíð. — Reynið!!

EDWARD L. DREWRY Manufacturer & Importer Winnipeg, Canada.

Department of Agriculture and Immigration.

MANITOBA

Þetta fylki hefir 41,169,089 ekrur lands, 6,019,200 ekrur eru vötn, sem veita landinu raka til akuryrkjuþarfa. Þess vegna höfum vér jafnan nægan raka til uppskeru tryggingar.

Ennþá eru 25 miliónir ekrur óteknar, sem fá má með heimilisrétti eða kaupum.

Íbúatala árið 1901 var 255,211, nu er nún orðin 400,000 manns, hefir nálega tvöfaldast á 7 árum.

Íbúatala Winnipeg borgar árið 1901 var 42,240, en nú um 115 þúsundir, hefir meir en tvöfaldast á 7 árum.

Flutningstæki eru nú sem næst fullkomin, 3516 mílur járnbrauta eru í fylkinu, sem allar liggja út frá Winnipeg. Þrjár þverlandsbrauta lestir fara daglega frá Winnipeg, og innan fárra mánaða verða þær 5 talsins, þegar Grand Trunk Pacific og Canadian Northern bætast við.

Framför fylkisins er sjáanleg hvar sem lítið er. Þér ættuð að taka þar bólfestu. Ekkert annað land getur sýnt sama vöxt á sama tímabili.

TIL FERDAMANNA:

Farið ekki framhjá Winnipeg, án þess að grenslast um stjórn ar og járnbrautarlönd til sölu, og útvega yður fullkomnar upplýsingar um heimilisréttarlönd og fjárgróða möguleika.

R. P. ROBLIN,
Stjórnarformaður og Akuryrkjumála Ráðgjafi.

Skrifið eftir upplýsingum til

Joseph Burke, 178 LOGAN AVE., WINNIPEG.
Jas Hartney, 77 YORK ST., TORONTO.

Nú sé ég alt í einu óvænta eftirmynd. — — Þér eruð þá dóttir d'Orlowsky trúðleikara", mælti hann ennfremur og sneri sér að Felicitas, og gerði sér sýnilega far um, að vera hinn vingjarnlegasti.

"Já", mælti hún þurlega, og stóð hnarreist rétt fyrir framan hann. Þá er þau stóðu þannig hvort hjá öðru, sást greinilega, að ættarmótið var hið sama á báðum. Það sem mest bar á hinum göfuga svip beggja var dramb, þó það væri nokkuð á sinn hátt hjá hvoru um sig.

"Faðir yðar hefir skilið yður hér eftir, þegar kona hans dó." Þér eruð víst aldar upp í X...?" — spurði hann forviða yfir tilburðum stúlkunnar.

"Já".

"Hann hefir náttúrlega ekki lengi getað séð fyrir yður? Ef ég man rétt, eru víst ein 8—9 ár síðan hann dó í Hamborg úr taugaveiki".

"Ég hefi ekki frétt lát hans fyr en nú", sagði Felicitas skjálfandi. Krampadrættir komu kring um munnvikin, og augu hennar fyltust tárum, — þó hún þrátt fyrir sorgarfregnina findi til innri ánægju. — Frú Heilwig hafði æðioft sagt henni, að faðir hennar flæktist land úr landi, sem fátækur betlari, án þess að kæra sig hið minsta um, þó aðrir yrðu að ala barn hans upp honum að kostnaðarlausu.

"Mér fellur illa, að hafa orðið til þess, að færa yður þessa sorgarfregn", sagði herra von Hirschsprung, og hristi höfuðið meðaumkvunarlega. Við lát hans mistuð þér eina skyldmennið, er þér áttuð á lífi, eftir dauða móður yðar. Það var sú tíð, að ég leitaði mér upplýsinga viðvíkjandi ætt þessa manns, — hann hafði alt frá barnæsku verið einmana og á enga ættingja. — — Það er leiðinlegt, en nú eigið þér engin skyldmenni á lífi — —".

"Má maður spyrja herra von Hirschsprung hvaða sambandi móðir þessarar stúlku hafi staðið í

við ætt hans?" spurði frú Frank hrygg og reið yfir hve miskunarlaust hann fyrirmunaði hinni ungu stúlku, að gera nokkra kröfu til aðalsættar sinnar.

Hann roðnaði. — Eins og roðinn fer vel á kinnum sakleysingjans, þannig er hann viðbjóðslegur, ef hann færist yfir kinnar drambláts manns, er auðsjáanlega á í stríði við sjálfan sig, hvort hann eigi að skýra frá því eða ekki, sem honum er niðurlæging í.

"Hún var einu sinni systir mín", mælti hann lágt, og lagði áherzlu á orðið: "einu sinni". — Af vissum ástæðum hefi ég sem minst viljað tala um þetta mál", mælti hann með áherzlu eftir nokkura þögn, — "en úr því svona er komið, er ég nauðbeygður til að gefa upplýsingar, þó ég þar af leiðandi verði álitinn ónærgætinn. — — Ég verð að gefa þessari stúlku upplýsingar um móður hennar, sem ég þó gjarnan hefði viljað hlífa henni við að heyra. — — Madama d'Orlowsky tilheyrði ekki lengur ætt vorri, eftir að hún hafði gefið Pólverjanum hönd sína. — Í ættarskjölum vorum stendur eigi, eins og þó er vana legt, hverjum þessi stúlka hafi verið gift. — Þá er hún yfirgaf heimili vort fyrir fult og alt, dró faðir minn með eigin hendi stryk yfir nafn hennar, og það var þúsund sinnum sárara fyrir hann, en þó hann hefði orðið að setja kross við það, sem merki þess, að hún væri dáin. Síðan hefir nafnið Meta von Hirschsprung aldrei heyrst. Engir vinir okkar, og ekkert af þjónustufólkinu, hafa nokkru sinni þorað að nefna það. — Börn mín vita ekki, að þau hafa átt föðursystur. — Hún varð gerð arflaus, — henni var útskúfað, og hún var sem dauð fyrir okkur löngu áður en hún dó hinum hræðilega dauða".

Hann þagnaði. Frú Frank hafði á meðan hann lét dæluna ganga, lagt handlegginn utan um Felicitas og þrýst henni að sér með móðurlegri umhyggju. — Og þarna stóð prólessorinn. Hann mælti ekki

orð, en horfði stöðugt á stúlkuna, sem var föl sem nár, og sem enn þá varð að líða vegna hinnar heittelskuðu dánu móður. — Nú varð löng og leiðinleg þögn, — og í henni fólst óánægja og áfellisdómur. Herra von Hirschsprung fann það líka, því stamandi og með skjálfandi rödd bætti hann við: —

"Verið þér vissar um, að mér fellur mjög illa, að valda yður hrygðar, — mér finst sjálfum ég koma ódrengilega fram, — en guð minn góður, hvernig ætti maður að skýra öðruvísi frá þessu? — Ég vildi svo gjarnan hjálpa yður. Í hvaða stöðu eruð þér hér á þessu göfuga heimili?"

"Hún er hér sem innilega kær dóttir mín", svaraði frú Frank fyrir hönd Felicitas, og leit hvatskeytlega framan í aðalsmanninn.

"Nú, — sjáið þér til, þá eruð þér næsta haminginjusamar", mælti hann við Felicitas, um leið og hann hneigði sig djúpt fyrir frúnni. — "Því er nú ver og miður, að ég get ekki kept við hina göfugu vinkonu yðar. Ég gæti ekki tekið yður sem dóttur á heimili mitt, þó ekki væri nema af þeirri einu ástæðu, að þér berið nafnið d'Orlowsky, því það eitt er nægilegt til þess, að foreldrar mínir, sem enn eru á lífi, mundu ekki vilja yður augum lita".

"Hvernig vikur því við, að afinn og amman vilja deyja án þess að sjá barnabarn sitt? Því get ég ekki trúað!" mælti gamla konan stygglega.

"Mín kæra frú", mælti herra von Hirschsprung og brosti kuldalega, — "virðing og sæmd ættarinnar er Hirschsprungunum fyrir mestu, — ástin verður að sitja skör lægra. Ég er í fylsta máta samþykkur skoðunum forfeðra minna, og myndi breyta alveg eins, ef einhver dætra minna gleymdi sér þannig".

"Gott og vel, — látum karlmennina dæma um þetta eins og þeir vilja", mælti frúin einbeitt. — En

amman, hjarta hennar væri úr steini, ef hún frétti um þetta barn og — — —

"Hún myndi verða síðust til að fyrirgefa", greip hann fram í. — Móðir mín er af gömlum greifaættum komin, og ber fáheyrða umhyggju fyrir ágæti og frama ættar vorrar. — "Að visu getið þér, ef þér viljið, göfuga frú, reynt að tala máli skjólstæðings yðar", bætti hann við dálitið hæðnislega. "Þér megið vera vissar um, að ég skal ekki verða yður mótfallinn, heldur þvert á móti hjálpa yður eftir því sem mér er unt".

"Gerið það fyrir mig, að tala ekki meira um þetta mál", mælti Felicitas óþolinmóðlega, — hún reif sig úr fangi frúarinnar og greip um leið fast um hönd hennar. — "Þér megið vera þess fullviss, herra minn", bætti hún við mjög rólega eftir nokkra þögn, — "að mér mun aldrei koma til hugar, að krefjast réttinda þeirra, er móðir mín eitt sinn átti tilkall til. Hún afsalaði sér þeim vegna ástar sinnar, og eftir því, sem yður hefir sagst frá, hefir hún margfaldlega unnið við það. — — Ég hefi alist upp í þeirri trú, að ég sé einmana í heiminum, — og þess vegna segi ég líka: Ég á engan afa, enga ömmu!"

"Þetta lætur ekki sem bezt í eyrum", mælti hann hálf-vandræðalega og ypti öxlum. — "En eins og sakir standa, álít ég bezt, að þér haldið fast við þessa skoðun yðar. — Að öðru leyti vildi ég gjarnan hjálpa yður eftir því, sem í mínu valdi stendur, — og ég er viss um, að mér tekst að fá föður minn til að ánafna yður árlegan lífeyrir".

"Þakk yður fyrir", mælti hún með ákafa. — "Ég sagði rétt áðan, að ég ætti hvorki afa né ömmu, — og hvernig getið þér ímyndað yður, að ég þiggi ölmusu af ókunnu fólki?"

Hann roðnaði aftur, — en nú var það af sneypu og skömm. Hefir það óefað verið í fyrsta skifti, að



Cleveland, Perfect, Massey, Rambler, BRANTFORD, IMPERIAL.

Betri hjól en þessi, eru ekki til. Þau er bóin til í Canadizku verkstæði fyrir Canada fólk, af Canadizkum verkmönnum. Vér höfum alla parta fyrir þessi hjól hvenær sem þau bila. Þetta er athugunarvert þegar þér ætlið að kaupa reiðhjól. Ef engin í bygð yðar starfar fyrir oss, þá skrifið oss eftir verðlista.

Canada Cycle & Motor Co., Ltd., Winnipeg.
147 PRINCESS STREET. Heimsins Bestu Reiðhjóla-smiðir.

Fréttabréf.

GLENBORO, MAN.
21. april 1909.

Herra ritstj. Heimskringlu.

Það er langt síðan Hkr. hefir verið send lína héðan að vestan, og ætla ég nú að biðja mér hljóðs og segja fáein orð, og drepa á það helzta, sem við ber hjá okkur áður en sumarið kemur og annirnar. — Tíðarfarið hefir verið gott í vetur, þar til april byrjaði. April hefir verið með kaldasta móti, og snjókoma töluverð. Sáning getur ekki heitið að hafi byrjað enn, þó stöku menn hafi byrjað að vinna á ökrum þessa síðustu daga. Verzlun og viðskiftalíf hefir verið hér með fjörugasta móti árið sem leið, enda er óhætt að fullyrða, að þetta ár var það allra bezta, sem yfir þessi nærliggjandi hérað hefir komið. Flest bændavara er í háu verði. Verð á hveiti er nálægt $1.10 hush., höfrum 35—40c, byggi 40—50c, kartöflum 50—65c. Hey egg og smjör er líka í háu verði, nautgripir eru í fremur lágu verði, nema feitir sláturgripir eru í góðu verði frá 3½—4c pundið á fæti. Svín eru í háu verði, 6—6½ pd. á fæti. Kaupgjald er hátt hjá bændum: vönum, duglegum mönnum er borgað 25 til 30 dollars um mánuðinn fyrir 7—8 mánaða vinnu

Útlit er fyrir að verði með meira móti um byggingavinnu í Glenboro í sumar, en margir verða um þá vinnu. C.P.R. félagið ætlar að byggja nýjar járnbrautarstöðvar, og heyrst hefir að 2 kornhlöður verði reistar, auk annara bygginga. Þá ætlar Roblin stjórnin að auka talþráðakerfi sitt hér að stór um mun, og verður töluverð vinna við það. Í ráði er, að bygð verði lína um bygð Íslendinga norðaustur af Glenboro. Talþræðir munu vera komnir nú á flest heimili í Argylebygð. Eru það ekki lítil þægindi, og hver sá maður, sem getur fengið þessi þægindi fyrir $20.00 á ári, ætti ekki að skoða huga sinn um það.

Nokkuð fjör hefir verið í félagslífi meðal landa hér í vetur. Í Glenboro hefir lestrarfélagið stöðugt haft skemtifundi einu sinni í viku hverri. Kappræður, upplestur, söngur og dans voru aðalskemtamirnar á fundum þessum. Fundirnir, sem voru ávalt vel sóttir, fóru oftast vel og siðsamlega fram — en þó kom fyrir, að sumir drengirnir, sem fjörugastir virtust og meira voru gefnir fyrir dans heldur enn kappræður um alvarleg spursmál, gerðust nokkuð hávaðasamir og spiltu fundarhöldunum. Það skal tekið fram, og mig langar til að skjóta því að drengjunum, að það er skoðað af öllum réttsýnum mönnum brot á reglum kurteisinnar, að trufla fundarhöld með hávaða og óskynsamlegum gauragangi, því þó dansinn sé saklaus og falleg, og ef til vill nauðsynleg skemtun fyrir unga fólkið til þess að létta sér upp við og við, þá er það samt mín skoðun, að dansinn sé ekki uppbyggilegri heldur enn kappræður eða hver önnur þvílík skemtun, sem kurteislega er um hönd höfð. Og sú aðferð að reyna að reyna að bæla niður slíkar skemtanir með hávaða og ólátum, lýsi ókurteisi á hæsta stigi, hugsunarhætti á fremur lágu stigi og skorti á sjálfsvirðingu.

Auk þessara skemtifunda hafa Íslendingar haldið nokkrar arðberandi samkomur í Glenboro í vetur, sem hafa verið félagsskap Íslendinga bæði til sóma og gagns. Í gærkveldi höfðu Íslendingar samkomu á I.O.O.F. Hall, ágæta samkomu og fjölsótta; hennar verður minst nánar á öðrum stað.

Íslenzkum sunnudagaskóla er stöðugt haldið uppi í Glenboro, og séra Fr. Hallgrímsson, prestur Argyle safnaðanna, messar í samkomuhúsi Íslendinga þar einusinni á hverjum mánuði. Séra Friðrik er lipur og góður prestur og vinsæll af öllum þorra fólks. Í vetur var stofnað unglingafélag í bygð Íslendinga í Cypress sveitinni, sem nefnist Æskan. Hafði það skemtifundi eins oft og fóng voru á, og tóku allir, sem nokkuð gátu, þátt í þeim skemtunum með kappræðum og upplestri og söng. Fundir þessir voru æfinlega fjörugir og skemtilegir og fóru vel fram og kurteislega. Tilgangur félagsins er, að venja unglingana við að koma fram opinberlega, æfa ræðuhöld, söng o.fl. Hugmyndin er að stofna sunnudagaskóla með vorinu. Vonandi, að félag þetta dafni vel og komi mörgu góðu til leiðar.

Þann 17. marz sl. var haldin samkoma á Skálholt Hall til arðs fyrir Íslenzka lestrarfélagið í Cypress sveit. Lukkaðist hún heldur vel, þegar tekið er tillit til þess hve bygðin er fámenn. Allmargt fólk frá Glenboro sótti þessa samkomu. Glenboro fólkið á þakkir skyldar fyrir, hve rækilega það hefir sótt Hóla-samkomurnar ávalt í liðinni tíð, jafnlanga leið, 11 milur.

Mér datt í hug, þegar ég las kvæðið í síðasta Lögbergi "Manitoba Legislators", að litlu verður Vöggur feginn. Ég er alveg hissa, að ritstjóri Lögbergs, gáfaður og mentaður maður, skuli ekki fyrirverða sig fyrir, að bjóða lesendum sínum annað eins dómadags rugl og þetta sálmtetur, sem auðsjáanlega einhver "Liberal" fylgifiskur inn hefir hnoðað saman meira af vilja enn mætti. Það er slæmt, þegar menn láta beint flokksfylgi leiða sig svona heflega í gönur. Hvar er nú fegurðarsmekkurinn eða dómgreindin? Hvort er nú Lögberg farið að breiða sína náðarvængi yfir leirskáldin? Það er framfór þó lítil sé(!!!).

Þessi bréfkafli er nú orðinn lengri, en ég ætlaðist til, og er því heppilegast að hætta. Á morgun er sumardagurinn fyrsti, og á því vel við, að ég óski lesendum Hkr. gleðilegs sumars.

G. Johnson.

Legíónir af rottum.

Fyrir nokkrum dögum barst sú fregn hingað til Winnipeg, að legónit af rottum væru á leið norður um Manitoba, og kæmu að sunnan — Hvaðan þær hafa lagt upp, eða hvert ferðinni er heitið, vita menn ekki, en í síðustu viku voru þær komnar norður fyrir Morris bæ, og þá á hraðri ferð og stefndu í áttina til Winnipeg.

Rottur þessar leggjast á alt, sem ætilegt er, hvar sem þær fara um, svo að engu er óhætt, sem fyrir þeim verður, og svo eru tenn ur þeirra beittar, að þær geta nagað sundur blýpípur, sem vatn er leitt um í húsum manna. Ekkert hús er óhult fyrir þeim, þótt þær leggist helzt þar á, sem mest er æti, svo sem í kornhlöður og gripahús bænda, og í korngeymslubúr og mölunarmyllur, og í heildsöluhús ýmiskonar.

Fylkisstjórnin hefir verið kvödd til að gera alt sem í hennar valdi stendur til þess að útrýma þessum ófögnuði úr fylkinu, og ýmsir bæir og borgir hafa þegar gert ýmsar ráðstafanir til þess að verjast árásum þessara óboðnu gesta.

Að full alvara sé í þessu máli má meðal annars marka af því, að einn af bæjarráðsmönnum í Morris bæ hér í fylkinu kom hingað í síðustu viku til þess að ráðgast um leiðangur á hendur rottunum við bæjarstjórnina í Winnipeg. Hann kvað varg þennan orðinn skæðan í Morris bæ, og taldi víst, að hann mundi ásækja Winnipeg á þessu sumri. Hann kvað bæjarstjórnina í Morris hafa tekið mál þetta til íhugunar, og hafa komist að þeirri niðurstöðu, að engin ein sveit gæti ráðið bót á þessari plágu. Bændur í Morrsis og umhverfis bænn veiddu frá 8 til 30 rottur á dag, þær væru grimmúðugar og hinar skaðvænlegustu skepnur. — Borgarstjóri Evans kvaðst fús til, að kalla saman sendimenn úr ýmsum sveitum í Manitoba til þess að íhuga, hver varnarráð væru tiltækilegust. En þar til sá fundur gæti orðið, kvaðst hann skyldi leita allra upplýsinga um varnir gegn rottum, frá þeim borgum og sveitum í Bandaríkjunum, sem átt þeim málum kunnug. Þær upplýsingar gætu orðið að liði, þegar sendimenn úr sveitunum í Manitoba hefðu í ófriði við rottur, og væru toba kæmu hér á fund til þess að ákveða, hvernig haga skyldi leiðangrinum gegn þessari landplágu.

Hér í bænum mun í lengstu lög vera hægt að halda þessum rottum burtu úr húsum manna, með því að hafa "Screens" fyrir kjallara gluggum og dyr lokaðar, að svo miklu leyti, sem því verður við komið. En komist rottur í hús fn, þá verður að egna fyrir þær með eitri.

Edward Payson-Weston

Öll landsins blöð ræða nú mjög um þessar mundir kapphlaup þau hin miklu, sem kend eru við nafnið "Marathon". Þau eru 25 milur og 385 yards. Ýmsir halda fram því, að slík hlaup séu hverjum manni ofraun að hlaupa, — alla þá vegalengd í fleng og svo hratt, sem fætur leyfa, — það sé í hæsta máta heilsuspillandi. Enda eru þeir margir, sem þátt taka í slíkum hlaupum, sem falla niður máttvana, og geta hvorki hreyft legg né lið, og eru bornir af skeiðvellinum af vinum þeirra, svo þeir séu ekki fyrir þeim sem þróttmeiri eru.

En meðan blöðin dáðst að sigur vegurunum í þessum löngu hlaupum, þá gleyma þau einum manni, sem fyrir fjórðungi aldar var talinn einn af mestu göngugörpum heimsins, og var nafnfrægur mjög um þær mundir, og sem enn þann dag í dag heldur uppi kappgöngum sínum, um þvert og endilangt þetta land.

Þessi maður er Edward Payson, sem einmitt nú, þegar þetta er skrifað, er á einni slíkri göngu yfir þvera Ameriku frá New York til San Francisco, og fer með 45 til 50 milna hraða á dag, þó að dagleiðirnar séu að nokkru leyti háðar veðrum og færð. Yfir vetrartímann og í vorbleytunum er 45 milna dagleið álitin full-löng fyrir gamlan mann, en í þurviðri og góðu gangfæri eru dagleiðir Paysons alla jafna um 50 milur og þar yfir, þó hann sé nú orðinn 71 ára gamall.

Payson hefir frá unga aldri verið göngugarpur. Það eru nú liðin 40 ár síðan maður þessi dró athygli Amerikumanna að langferðum sínum. Þá hóf hann göngu frá Portland í Maine til Chicago. Það eru taldar 1326 milur, og þá leið gekk hann á 26 dögum, 22 klukkustundum og 40 mínútum. Þetta var hin fyrsta langganga hans, og síðan hefir hann hvildarlitið verið í langferðum fótgangandi, og náð hámarki á ýmsum vegalengdum. — Þetta eru ekki eingöngu skemtigöngur, heldur hefir maðurinn trú á því, að hann sé fæddur til þess, að vera á síðeldum göngum, og öll hans hugsun snýst um þetta eina — það og ekkert annað. Það er trú hans, að göngurnar séu eigi að eins hressandi fyrir hold og blóð, heldur séu þær allra meina bót. Hann segir, að þær séu öllum hollar nema fótbrotnum mönnum.

Það var eitt sinn, er hann hafði lagt upp í 5,000 mílna göngutúr, að hann fékk einhverja meinsemd í ganga um 200 milur af leiðinni. — fótinn, þegar hann var búinn að Fóturinn stokkbólgnaði allur upp að hné, og vinir Paysons réðu honum frá, að ganga lengra. En við það var ekki komandi. Hann sagði, að gangan og áreynslan væri hinum sjúka fæti nauðsynleg og sú sanna lækning við bólgunni, — og svo hélt hann áfram. Bólgan minkaði smámsaman, og þegar 5 þúsund mílna túrinn var á enda, hafði hann náð fullri heilsu.

Einmitt núna er Payson á einni sinni löngu göngu, og er líklega einhversstaðar í sjálfu New York ríkinu. Tveir eða þrir af kunningjum hans fylgja honum eftir í mótorvagni. Svo er vanalega nokkur hópur manna, sem gengur með honum spöl og spöl og talar við hann. Sumir ganga með honum 10 mílna leið. Aðrir fylgja honum á reiðhjólum heilar dagleiðir. Svo hann er alt af í margmenni, því menn hafa þörvitni á að kynnast honum. Margmenni er víða saman komið meðfram veginum, sem vissa er fyrir, að hann fari um. Payson verður því víða að tefja til að taka í hendur kunningjanna. En þær tafir eru stuttar, og flestir verða þeir að hlaupa við fót til að ná tali af honum. Þessir hinir gömlu kunningjar hans eru menn og konur, sem hann hefir aldrei á æfi sinni séð, en sem muna eftir að hafa séð hann á fyrstu göngu hans fyrir 42 árum. Þá voru kunningjarnir menn og konur á unga aldri, en nú er það gamalt fólk með börn sín, og stundum barnabörn í fanginu, sem það lætur heilsa honum með handabandi.

Þar sem hann stansar til máltíða eða gistinga, verður hann að mæta og heilsa miklum fjölda af fólki, sem minnist að hafa séð hann á hinni fyrstu lang-göngu hans í nóvember 1867. Heill mansaldur hefir liðið síðan, og enn þá er þessi göngugarpur við sömu iðju, — nú orðinn hvítur fyrir hærum, kominn á grafarbakkann af elli, en samt á langri kappgöngu, og sem hann vonar að gera á styttri tíma heldur enn þá fyrstu í tiltölu við vegalengd.

Það, sem sérstaklega kom Payson til þess að takast á hendur þessa síðustu langgöngu sína, var sú staðhæfing prófessors Osler, að mönnum færi að fara aftur eftir 40 ára aldur. Hinn gamli göngugarpur vildi sýna heiminum, að göngu-æfingar geti haldið mönnum ungum langt fram á elli-árin, og að hver sá, sem sæmilega gætir heilsu sinnar og forðast að neyta áfengis, geti haldið fullum starfsþrótti til hárrar elli. Hann heldur því sterklega fram, að sú heilsu. samlegasta líkamsæfing, sem nokkur maður geti fengið, sé að ganga.

Skömmu eftir að hann hafði gert sína miklu göngu til Chicago, náði hann hámarki í 100 milna göngu, sem hann gerði á 22 kl.-stundum og 39 minútum, og tveim árum síðar gekk hann sömu vegalengd — hundrað milur — á 23 kl.-stundum og 30 mínútum. Árið 1875 gekk hann 115 milur á 23 kl.-stundum og 40 minútum. Þá hafði frægð hans borist til Englands, og honum var boðið þangað yfir um til að reyna við enska göngumenn. Hann tók því boði, og árið 1879 fór hann til Englands, og var einn af 4, sem keptu um Astley-beltið mikla. Hann vann það með því að ganga 550 milur á 141 kl.stund og 44 minútum. En svo segir hann sjálfur frá, að hann hafi unnið hið frægasta verk sitt árið 1884, með því að ganga 5 þúsund milur á 160 dögum, að sunnudögum undanskildum, sem hann hvildist. Það gerði 50 milna dagleið í meira en 5 mánuði samfleytt. Árið 1886 keptu þeir Payson og Dan O'-Leary í langgöngu einni. Dan var mesti göngugarpur, en þó fór svo, að Payson komst 200 milur fram fyrir hann á 5 vikna tíma, og þá hafði hann gengið 2500 milur í einum spretti. Árið 1893 gekk Payson frá New York til Albany, 160 milur, á 60 kl.stundum. Og í fyrra gekk hann frá Portland til Chicago á styttri tíma, svo nam 41 kl.-stundum, heldur enn á fyrstu ferð hans yfir sama veg 40 árum áður.

Síðustu fréttir, sem blöðin hafa af yfirstandandi langgöngu Paysons, er að hann sé við beztu heilsu og talsvert langt á undán áætlun. Líkindi eru því til þess, að þessi maður, sem nú er á áttræðis aldri, muni fullgera göngu sína yfir þvera Ameriku, frá hafi til hafs, á styttri tíma en nokkur annar maður hefir gengið jafnlanga leið.

Edward Payson-Weston er vinsæll mjög af alþýðu landsins, bæði ungum og gömlum. Þjóðin er farin að trúa því, að göngu-æfingar séu, eins og hann segir, það allra heilsusamlegasta lífslyf, sem þekt er til þessa.

MUNIÐ, að allir sem verða á samkomu st. Skuld 3. maí hafa frían aðgang að dansskemtun, er nokkrir piltar halda þar á eftir.

Nefndin.

S. R. HUNTER & CO
Skraddarar,
189 Lombard Street
Búa til ný-móðins karlmannafatnaði eftir máli. — Efni og vinnubrögð afbeztu tegund, og alt ábyrgst að vera jafngildi þess bezta sem fáanlegt er í borginni. Verðið er við allra hæfi. —
S. R. Hunter & Co.
189 Lombard St.
Telephone 1395.

Það borgar sig AÐ SKIFTA VIÐ ÞESSA VERZLUNARMENN.

LEIÐBEININGAR--SKRÁ
YFIR ÁREIÐANLEGA VERZLUNARMENN Í WINNIPEG

MUSIC OG HLJÓÐFÆRI
CROSS, GOULDING & SKINNER, LTD. 323 Portage Ave. Talsími 4413
MASON & RISCH PIANO CO., LTD. 356 Main Stree Talsími 480 W. Alfred Albert, Íslenzkur umboðsmaður
WHALEY ROYCE & CO. 356 Main St. Phone 263 W. Alfred Albert, bókarhjálpa.

BYGGINGA- og ELDIVIÐUR.
J. D. McARTHUR CO., LTD. Byggingar- og Eldiviður í heildsölu og smásölu. Sölust: Princess og Higgins Tals. 5060, 5061, 5062

MYNDASMIÐIR.
G. H. LLEWELLIN. "Medallions" og Myndarammar Starfstofa Horni Park St. og Logan Avenue

SKÓTAU Í HEILDSÖLU.
AMES HOLDEN, LIMITED. Princess & McDermott. Winnipeg.
THOS. RYAN & CO. Allskonar Skótau. 44 Princess St.
THE Wm. A. MARSH CO. WESTERN LTD. Framleiðendur af Fínu Skótaui. Talsími: 3710 88 Princess St. "High Merit" Marsh Skór

RAFMAGNSVÉLAR OG ÁHÖLD
JAMES STUART ELECTRIC CO. 324 Smith St. Talsímar: 3447 og 7802 Fullar birgðir af alskonar vélum
GOODYEAR ELECTRIC CO. Kellogg's Talsímar og öll þarafönt. áhöld talsími 3023. 86 Albert St.

RAFMAGNS AKKOKÐSMENN
MODERN ELECTRIC CO 412 Portage Ave Talsími: 5658 Viðgjörð og Vir-lagning — allskonar.

BYGGINGA - EFNI.
JOHN GUNN & SONS Talsími 1277 266 Jarvis Ave. Hófum bezta Stein, Kalk, Cement, Sand o. fl.
THOMAS BLACK Selur Járnvöru og Bygginga-efni allskonar 76—82 Lombard St. Talsími 600
THE WINNIPEG SUPPLY CO., LTD. 298 Rietta St. Talsímar: 1936 & 2187 Kalk, Steinn, Cement, Sand og Möl

BYGGINGAMEISTARAR.
J. H. G. RUSSELL Byggingameistari. Í Silvester-Willson byggingunni. Tals.: 1068
PAUL M. CLEMENS Bygginga Meistari, 443 Maryland St. Skrifst.: Argyle Bldg., Garry st. Talsími 5997

BRAS- og RUBBER STIMPLAR
MANITOBA STENCIL & STAMP WORKS 421 Main St. Talsími 1880. P. O. Box 244. Búum til allskonar Stimpla úr málmi og togleðri

VÍNSÖLUMENN
GEO. VELIE. Heildsölu Vínsali. 185, 187 Portage Ave. Sma-sölu talsími 352. Stór-sölu talsími 461.

STOCKS & BONDS
W. SANFORD EVANS CO. 326 Nýja Grain Exchange Talsími 3699

ACCOUNTANTS & AUDITORS
A. A. JACKSON, Accountant and Auditor Skrifst.—28 Merchants Bank. Tals.: 5762

OLÍA, HJÓLÁS-FEITI OG FL.
WINNIPEG OIL COMPANY, LTD. Búa til Stein Olíu, Gasoline og hjólás-feiti Talsími 1590 611 Ashdown Block

TIMBUR og BÚLOND
THOS. OYSTAD, 308 Kennedy Bldg. Viður í vagnhlössum til notenda, búlönd til sölu

PIPE & BOILER COVERING
GREAT WEST PIPE COVERING CO. 132 Lombard Street.

VÍRGIRÐINGAR.
THE GREAT WEST WIRE FENCE CO., LTD. Alskonar vírgirðingar fyrir bændur og borgara. 76 Lombard St. Winnipeg.

ELDAVÉLAR O. FL.
McCLARY'S, Winnipeg. Stærstu framleiðendur í Canada af Steinvöru (Granitewares) og fl.

ÁLNAVARA Í HEILDSÖLU
R. J. WHITLA & CO., LIMITED 264 McDermott Ave Winnipeg "King of the Road" OVERALLS.

BILLIARD & POOL TABLES.
W. A. CARSON P. O. Box 225 Room 4 í Mofson Block Öll nauðsynleg áhöld. Ég gjöri við Pool borð.

NALAR.
JOHN RANTON 203 Hammond Block Talsími 4659 Sendið strax eftir Verðlista og sýnishornum.

GASOLINE Vélar og Brunnborar
ONTARIO WIND ENGINE and PUMP CO. LTD. 301 Chamber St. Sími: 2988. Vindmillur — Pumpur — Agætar Vélar.

BLÓM OG SÖNGFUGLAR
JAMES BIRCH 442 Notre Dame Ave. Talsími 2689 BLÓM — allskonar. Söng fuglar o. fl.

BANKARAR, GUFUSKIPA AGENTR
ALLOWAY & CHAMPION North End Branch: 667 Main street Vér seljum Avísanir borganlegar á Íslandi

LÆKNA OG SPÍTALAÁHÖLD
CHANDLER & FISHER, LIMITED Lækna og hjúkrunar áhöld, og hospítala áhöld 185 Lombard St., Winnipeg, Man.

Fréttir.

— Prófessor W. H. Pickering, einn af kennurum Harvard háskólans, gerir þá tillögu, að sett sé á stofn rafmagnsstöð, er kosti 10 miliónir dollara, og að þaðan sé beint rafskeytum til stjörnunnar Marz um 33 milión milur vegar frá jörðunni. Með svo öflugum loftskeytatækjum hyggur prof. Pickering að hægt sé að ná sambandi við stjörnuna, og að þá muni Marz-búar svara, ef þeir séu nokkrir til eða séu skynjandi verur á annað borð.

— Rússneska stjórnin hefir gert öflugar tilraunir til þess að fá frá Bandaríkjunum bóndagarm, að nafni Pourean, sem hún kærir um, að hafa í heimalandi sínu, áður enn hann flýði til Bandaríkjanna, framið fjölda glæpa í sambandi við bænda uppreistina þar í landi í hitt eð fyrra. Sakirnar, sem á hann eru bornar, eru 4 morð, húsbrennur margar og rán. Mál þetta hefir verið rannsakað í Bandaríkjunum, og ákærur Rússastjórnar reynst sannar. En Bandaríkjastjórn neitar að gefa manninn á vald Rússastjórnar af þeirri ástæðu, að Pourean hafi tilheyrt uppreistarflokknum, og að glæpir þeir, sem hann hafi framið, hafi verið gerðir meðan stóð á uppreistinni og í sambandi við hana, og hafi því verið afsakanlegir að nokkru leyti. Við þennan úrskurð hefir flóttamönnum frá Rússlandi orðið mun hughægra en áður.

— Kona er nefnd Eva Fay, hugleari mikill. Hún heldur samkomur í Ontario og svarar þar spurningum áheyrenda og leysir úr ýms um vandamálum. Meðal annars var hún spurð, hvar skambyssa sú væri, sem Miss Kinrade í Hamilton hafði verið skotin með fyrir fáum mánuðum síðan. Það morðmál er eitt hið stærsta og örðugasta viðfangs, sem dómsmáladeildin í því fylki hefir haft með höndum um langan tíma, og hin ítarlegasta rannsókn í því leiddi ekki í ljós, hver sekur var um það morð. Lögreglan leitaði nákvæmlega að þessari skambyssu en fann hana hvergi. Kona þessi var því nú á einni samkomu hennar, spurð að, hvar byssan væri, og svaraði hún því tafarlaust. Hún sagði, að byssan væri falin undir gangtröð þar í bænum, og lýsti blettinum svo nákvæmlega, að lögreglan fór að leita og fann skambyssu þar. Hitt vita þeir ekki, hvort það er hin rétta byssa eða ekki. En byssan ber það með sér, að hún hefir ekki legið þar lengi, og grunar marga, að það sé ekki sama byssan, sem morðið var framið með, en getan hins vegar hvorki sannað né afsannað um það.

Mælt er að í ráði sé að auka einu lofti ofan á nýju járnbrautarstöðina við Broadway. Canadian Northern eigendurnir láta þess getið, að þeir ætli að verja einni miljón dala á hverjum mánuði á yfirstandandi ári til þess að bæta járnbrautakerfi sitt. Félagið ætlar að leggja 400 milur af sporum, og láta smíða 3 milión dala virði af alls konar vögnum til manna og vöruflutninga. Þar í verða 2 þúsund hveitiflutningsvagnar. Þetta félag hefir 3 landmælingahópa í British Columbia, og ætlar að leggja járnbraut þar um fylkið, svo fljótt, sem því verður við komið.

James Flett & Co.
PLUMBERS
Leiða Gas- Vatns- og Hita-pípur í hús yðar, fyrir sanngjarnan borgun. Verk vandað, fljótlegagert og ábyrgst.
572 Notre Dame Avenue
Telephone nr. okkar er 3380 eða 8539.

Woodbine Hotel
Stærsta Billiard Hall Norðvestarlandanna
Tíu Pool-borð.—Alskonar vín og vindlar.
Lennon & Hebb,
Eigendur.

Russell A. Thompson and Co.,
Cor. Sargent & Maryland St.
Selja allskonar MATVÖRU af beztu tegund með lægsta verði. Sérstakt vörunúrval nú þessa viku. Vér óskum að Íslendingar vildu koma og skoða vörurnar. Hvergi betri né ódýrari.—
Munið staðinn:—
HORNI SARGENT AVE. OG MARYLAND ST.
PHONE 3112.

"Ætíð við Starfið" er MAGNET Rjómaskilvindan. Hversvegna?



Vegna þess, að hún er sterklega gerð og traust, hefir "square gears", stóra skál, og fleytir í einu stykki, hæghreinsuð, tvístuðningur skálarinnar, (ver eiðingu), Magnet 'brake' stöðvar skálina á átta sekúndum án skemda. Börn vinna með Magnet sem sýnir að hún er vel gerð, létt snúin og rykkjalaus.

"Canadian Machinery" segir: — "Ettt atriði í Magnet vélinni er hið einkennilega 'patented brake' Það er stál ræma umhverfis skálina og stöðvar véliua fljótt með litlum þrýstingi. Þetta er ágæt 'brake' og gerir skilvinduna fullkomna."

Það er ánægjulegt að eiga áreiðanlega vél. Yður þarf ekki að undra þó vér segjum að hún sé "ætíð við starfið", — tvisvar á dag í 50 ár. —

Spyrjið þá sem eiga Magnet, þeir munu segja að hún bregðist aldrei

The Petrie Mfg. Co., Limited
WINNIPEG
HAMILTON. ST. JOHN. REGINA. CALGARY.

Fréttir úr bænum.

Herra Mathúsalem Ólason, bóndi á Hensel bygð í North Dakota, sem fór í kynnisför til ættingja og vina á Íslandi fyrir rúmu ári síðan, eftir 32. ára dvöl hér vestra,— kom aftur hingað til bæjarins á sumardaginn fyrsta. Hann dvaldi lengst af í Múlasýslum á þessari ferð sinni, því að þar eru skyldmenni hans. Herra Mathúsalem lét vel af tíðarfari heima, kvað síðasta sumar hafa verið afbragðsgott, hvað tíðarfar snerti, svo að ekki einn baggi af heyi skemdist þar um sveitir af völdum veðurs. Veturinn var einnig í betra lagi.— Um líðan almennings í þeim sveitum, sem hann kyntist helzt í þessari ferð, gaf hann það álit, að hún mundi engu betri enn þá er hann dvaldi á Íslandi fyrrum, og að fólk væri þar almennt nokkuð skuldugt, og peninga vandræði talsverð, sem stafa af því, að bankarnir hafa að mestu hætt útlánum á síðari árum. Fiskiafli austanlands mjög lítill á síðastliðnu sumri, svo að útgerðarmenn þar urðu yfirleitt í tapi. Sjór þar er nú mest sóttur á mótorbátum. En úthald þeirra báta er svo kostnaðarsamt, að vel þarí að aflast, svo að nokkur ágóði verði. Vel lætur Mathúsalem af gestrisni Íslendinga og alúðlegum viðtökum, hvar sem hann fór, — langt umfram það, er hann hafði getað gert sér von um áður enn hann lagði upp í þessa ferð, og varð því ferðin öll hin ánægjulegasta. — Með Mathúsalem komu að heiman Óli Guðnason, bróðursonur hans, og kona hans. Þau ætla til foreldra Óla, sem búa að Árbakka P.O. hér suður í fylkinu. — Herra Mathúsalem Ólason fór suður á mánudaginn var.

Herra Björn Ólafsson kom vestan frá Seattle í síðustu viku. Hann hefir dvalið þar ár, en foreldrar hans eru norður við Íslendingafljót. Hann kom til að finna þau, og býst við að fara fljótlega aftur suður í Bandaríki. Honum leist vel á sig vestur við haf, einkum í Victoria. Hann segir næga vinnu í Seattle í vetur. Þar er verið að búa undir alheimssýningu, sem byrjar 1. júní næstkomandi og stendur til 16. október í haust. — Lítið sá hann af Íslendingum þar vestra, nema frændfólk hans í Vancouver (Mr. Eyjólf Oddson og hans familiu) og hr. Ísak Johnson, timburmeistara í Vancouver. Lætur hann vel af líðan þessa fólks.

Herra Ólafsson kvangaðist hér í borg þann 24. þ.m. ungfrú Þuríði Jónasson, frá Íslendingafljóti. Þau hjónin héldu samdægurs norður þangað til foreldrs sinna. Þau búast við að dvelja þar um tíma.

Fimtudagskveldið 29. april, kl. 8 stundvíst flytur séra C. W. Gordon fyrirlestur í Norwegian Lutheran Mission Church, horninu á Simcoe St. og Livinia Ave. Umtalsefni: "Hlutdeild útlendinga í myndun Canada-veldis". Allir velkomnir.

Fyrsta rotta var drepin hér í borginni á laugardaginn var. Hún var 17 þumlunga löng frá snoppu til öftustu rófuhára. Von á miliónum af sömu tegund hingað í sumar. Passið húsin!

Fargjald nú auglýst með Great Northern járnbrautinni frá Winnipeg vestur að hafi fyrir 25 dollara um óákveðinn tíma.

GÓÐ HERBERGI TIL LEIGU að 575 Home Street.

Herra Friðrik Guðmundsson, frá Mozart, Sask., kom hingað í borgina í síðustu viku. Heilsufar og vellíðan góð í hans bygðarlagi. Frostasamur vetur enn ekki snjóamikill. Gripir í góðu standi og heybyrgðir nógar. Fáir bændur byrjaðir að sá kring um Wynyard. Félagslíf fjörugt. Fimm lúterskir sölnuðir þar. Þjónandi prestur Runólfur Fjeldsted. Þar eru tvær Góðtemplara stúkur. Hr. Friðrik Guðmundsson (frá Syðra-Lóni á Langanesi) hefir verið þar nær 3 ár, og lýst vel á framtíðarhorfur Íslendinga og annara þar vestur-frá. Þar er langstærsta íslenzka nýlendan í Norður-Ameriku, og er áreiðanlega framtíðarland Vestur-Íslendinga hér í Canada.

Að morgni þess 27. þ.m. urðu þau hjón herra Jón Ólafsson, fóðursali, og kona hans Sigríður, að 770 Simcoe St., fyrir þeirri sorg, að missa 11 ára gamlan son sinn, Albert, eftir 4 mánaða sjúkdómslegu í kirtlaveiki. Pilturinn var hinn efnilegasti.

Nýlega hefir herra Guðm. E. Sólmundsson á Gimli keypt Gimli hótel af herra Baldwin Anderson, og er byrjaður að stjórna því. Mrs. B. Anderson sér um greiðasölu og innanhúss umsjón. Hún er alþekt að dugnaði og myndarskap og beztu breytni við gesti og aðkomumenn. Hr. B. Anderson verður aðstoðarmaður hins nýja eiganda innan húss og utan fyrst um sinn. Pósturinn, sem kevrir um Nýja Ísland, heldur til á hótelinu og er þar ætíð til staðar samkvæmt ferðaáætlun. Alt þetta fólk er að góðu þekt, og má búast við hinum beztu viðskiftum frá þess hálfu. Herra Guðm. E. Sólmundsson æskir eftir viðskiftum þeirra, sem að Gimli koma, og þar dvelja.

Lesendur eru fastlega ámintir um, að sækja skemtisamkomu Únitara safnaðarins í kveld (miðvikudag, 28. april). — Sýningarnar (Tableaux), sem auglýst er að þar eigi fram að fara, verða óefað ágætar, því að vel hefir verið vandað til þeirra. Skemtunin verður meira en þess virði, sem inngangurinn kostar, en þar að auki fá menn ókeypis kaffiveitingar í ofanlag. — Komið allir með kvartinn, og komið í tíma, — með konurnar og unnusturnar og systurnar, og njótið góðrar skemtunar.

Kuldinn í Winnipeg síðan 20. þ. m. hefir verið nistandi og með fannkomu slitringi á köflum. — Frostharka mikil þessa viku, svo að fá dæmi eru um þennan tíma árs. Sáning bænda út um fylkið seinkar mjög vegna kulda.

Að undanförnu var hr. Björn Mathews frá Narrows hér á ferð. Hann er sögunarmylnu eigandi þar norður frá. Hann fór suður til St. Paul og Minneapolis í verzlunarerindum. Með honum var hér í bæ Mr. R. Smith, sem er meðeigandi og hefir viðarsölu á Oak Point. — Hr. B. Mathews hefir látið höggva sögunartimbur í vetur, sem nemur hálfri miliión feta. Aðal skriístofa hans er að Siglunes P.O.

Aðfaranótt sumardagsins fyrsta gerði hér talsvert snjófall með hörku frosti. Sumarið heilsaði því kuldalega.

Herra G. Thomas, gull- og úrsmiður, hefir byrjað gullstássverzlun í skóbúð herra Jóns Ketilssonar á Sargent Ave. Herra C. Ingaldsson, úrsmiður, hefir umsjón yfir þessari verzlun, og vonar hann jafnt og herra G. Thomas, að mæta sem flestum Íslendingum í þessari nýju búð.

Lesendur eru beðnir að athuga, í sambandi við auglýsingu hr. Sigurðar Sigvaldasonar í síðasta og þessu blaði — um málverk og veggpappirs hreinsun — að heimili hans er að 418 Young St., en ekki 448, eins og stóð í síðasta blaði. Munið eftir, að heimili hans er 418 Young St., hjá hr. Bárði Sigurðssyni.

Ung kona nýlega gift fanst dauð í húsi sínu hér í borginni, rétt vestan við Happyland, að kveldi sumardagsins fyrsta. Áverkar á höfði hennar og hálsi benda til þess, að hún hafi verið myrt, þó hugsanlegt sé, að svo hafi ekki verið.

TilVancouver fóru héðan á þriðju daginn var herra GuðmundurBergþórsson, kona hans og 2 börn þeirra hjóna. Einnig fór frá Selkirk herra Sigurður Þórðarson með fjölskyldu sína. — Einnig fer Páll Mýrdal og kona að nafni Rósa héðan úr bæ. Þetta fólk ætlar að setjast að í Vancouver fyrst um sinn.

Ogilvie hveitimölunar félagaið ætlar að byggja 300 þúsund bush. korngeymsluhlöðu hér í borginni í sumar.

Föstudagskveldið kemur 30. þ. m. ætla bræður í stúkunni Heklu að hafa sérstakan skemtifund í stúkunni. Þeir óska, að allir meðlimir Heklu verði þar, sem möguleg geta, og láti það ekki bregðast, og aðrir meðlimir eru einnig velkomnir. Barnastúkunni Æskan hefir verið boðið.

Herra Thorsteinn Jóhannsson, að Mary Hill P.O., heldur þann 6. mai næstkomandi uppboð á landi sínu og búslóð allri, gripum, húsbúnaði og verkfærum. Landið er 160 ekrur, nálægt skóla og talið gott land.

Herra Þorsteinn Þorkelsson, kaupmaður á Oak Point, ætlar að selja á opinberu uppboði alla gripi sína og annan varning þann 13. mai næstkomandi. Þar í eru 14 hestar og um 70 nautgripir, alt góðar skepnur. Þar verða og seldar matvörur og aðrar nauðsynjar.

Herra Brandur Johnson, frá Pembina var hér á ferð í þessari viku, til þess að fá bót á augnasjúkdómi, sem hann hefir fundið til. Hann hélt suður aftur eftir 3. daga dvöl hér.

Miss Ellen Johnson fór í dag austur til Gravenhurst í Ontario, og býst við að dvelja þar um 6 mánaða tíma.

Gleymið ekki danssamkomunni, sem Íslenzki Social Club heldur í efri Goodtamplara salnum í kveld (fimtudag). Forstöðumennirnir ábyrgjast góða "music" og ánægjulega skemtun. Allir háskólanemendur, sem neíndin hefir ekki haft tíma eða hentugleika á að senda boðsbréf, eru vinsamlega boðnir á þessa samkomu ókeypis.

JUST A MINUTE

Lang tilkomumesta skemtisamkoma, sem Íslendingum hér í bæ hefir verið boðin síðan þetta land bygðist, verður haldin 3. mai í efri G. T. salnum, kl. 8 að kveldi, undir umsjón st. Skuld, I.O.G.T.

Í staðinn fyrir þetta vanalega registur af nöfnum á prógrammi, þá lætur nefndin duga, að geta þess, að þar halda ræður hámentaðir menn og konur, er aldrei áður hafa fengist á prógram.

ÞAR VERÐUR sungið eins og englar væru eða betur.

ÞAR VERÐA flutt frumort kvæði eftir kraftaskáld.

ÞAR VERÐA sagðar betri "skrýtlur", en áður hafa heyrst í mannheimum.

ÞAR VERÐUR spiluð betri "musik", en áður hefir heyrst.

ÞAR VERÐA boðnir upp kassar" búnir til af fallegri stúlkum en menn hafa áður séð í einum hóp.

ÞAR VERÐUR kaffi og allskonar lostæti veitt öllum.

ÞAR VERÐUR gengið í fylkingum þannig, að æfinlega verða saman piltur og stúlka.

En klukkan 11, þá byrjar nú fyrst "Balliið". Þá tekur ný nefnd við salnum og býður öllum í "dans" án endurgjalds, — þeir eru engar nánasir piltarnir þeir.

Komið í tíma til að ná góðum sætum. Nefndin.

Brúkaður Fatnaður
MESTA ÚRVAL ÆTÍÐ Á REIÐUM HÖNDUM. KOMIÐ VIÐ HJÁ OSS OG SKOÐIÐ FÖTIN.
THE
OXFORD
Brúkaðrafata fél.
Phone 6162.
532 NOTRE DAME AV.
Vér kaupum og seljum föt.

Safnaðarfundur

Samkvæmt ályktun síðasta safn aðarfundar, verður safnaðarfundur haldinn í Únitara söfnuðinum næstkomandi sunnudagskveld (2. maí) í kirkjunni eftir messu. — Fundurinn er sérstaklega boðaður til þess að taka endilega ákvörðun um prestþjónustu

Winnipeg, 26. april 1909.
J. B. SKAPTASON,
forseti.

GLEYMIÐ EKKI skemtisamkomunni 3. mai, er stúkan Skuld auglýsir hér í blaðinu á öðrum stað. Að hugsa sér það, — aðgangur að eins 25 cents! — það væri gjafverð á því öllu fyrir $1.00

Nefndin.

Hver sem veit hvar Pétur Björnsson, áður að Hillesden P.O., Sask., er niður kominn, er vinsam legast beðinn að tilkynna það með bréfspjaldi til Hkr. eða Sigurðar Thordarsonar, Vancouver P.O., B.C.

Herra Jón Jónsson, smiður, biður þess getið, að hann sé nú flutt ur með smiðju sina frá 770 Simcoe St. til 790 Notre Dame Ave. Þeir, sem vildu fá sagir skerptar eða aðgerðir á bollum og öðrum húsgögnum, vitji hans að 790 Notre Dame Avenue.

Skemtisamkoma

Miðvikud. 28. þ. m.

Ræður. Söngur, Tableaux, Kaffiveitingar

Únitara söfnuðurinn heldur samkomu MIDVIKUDAGSKV. 28. þ. m., og verður til þeirrar samkomu vandað eftir beztu föngum. Verður þar til skemtunar ýmislegt, sem ekki er almennt boðið hér á samkomum, en bæði þykir unun og nautn að horfa á, þegar það tekst vel. En það eru TABLEAUX, — myndir úr hofinum heimi og úr heimi hugans, sem bregða fyrir eins og draumsýnum. Þess konar sýningar skilja oft meira eftir hjá áhorfendum en langar ræður, eða sjónleikar, sé sýningarnar góðar. Hvort þær sýningar eru það, er sýndar verða á samkomu þessari, skal ekkert um sagt, en reynt verður að hafa þær eins góðar og allur útbúnaður leyfir. Sýningarnar eru þessar:

1. Einvíg Gunnlaugs Ormstungu og Skáld-Hrafns (á Alþingi) í 4 sýningum.
2. Freyja. Gyðjumyndin norræna í einni sýningu.
3. "Ljósið kemur langt og mjótt" í 2 sýningum. (Visan kveðin með tvisöngslagi bak við tjöld in meðan sýningin fer fram.
4. Einvíg Gunnlaugs Ormstungu og Skáld-Hrafns (í Noregi), í sex sýningum, þar sem þeir falla báðir.
5. "Álfakongurinn", í 8 sýningum, út af hinu alkunna kvæði Göthes. Kvæðið sungið meðan sýningunum fer fram.
6. Hringur konungur og Friðþjófur í skóginum (Freistingin), í 5 sýningum. Sungin kvæði úr Friðþjófssljóðum.
7. Vonin: Úr kvæði Dr. Grims Thomsens, í 5 sýningum. Gamall maður, er sér í sviphyllingum myndir frá yngri árum, en yfir honum hvílir skuggi dauðans með brugðnu sverði.

Á milli sumra þessara sýninga koma ræður og söngvar. Ennfremur verður hver sýning skýrð fyrir áhorfendum, áður en hún er sýnd, svo allir fái notið þeirra sem bezt. Þar næst verða kaffiveitingar áður en samkomunni er slitið. — Ræðumenn auglýstir í næsta blaði.

Samkoman verður haldin í Únitarasalnum miðvikudagskveldið 28. apríl. Byrjar kl. 8. Fólk beðið að koma í tíma. Inngangur 25 cents.

Þurfið þér Skó

Skó fyrir borgargötur eða landvegi, fyrir Golf, Tennis, siglingar, eða reiðtúra.

Vér verslum með allar mögulegar skótegundir sem þér þarfnist. Það, sem ekki fæst í þessari skóbúð, er ekki þess virði að eiga. Og það, sem hér er, er af beztu tegund fáanlegri; að sniði, efni, lögun og endingu, — alt með sanngjörnu verði. Heimsækjið oss einusinni.

Ryan-Devlin Shoe Co
494 MAIN ST. PHONE 770.

Ég hreinsa!

pappir í húsum, hvít og litþvæ, og geri allskonar málverk með smekkvísi. Enginn annar í Winnipeg hreinsar gamlan veggpappir og gerir sem nýjan. Sendið póstspjald til

S. SIGVALDASON,
418 Young St.

Herra Gunnar J. Goodmundsson að 792 Simcoe St. hér í borg, hefir tekið að sér innköllunar umboð fyrir Heimskringlu í Winnipegborg. Íslendingar eru beðnir að taka erindi hans góðgjarnlega, svo honum verði vel ágengt.

Til Timburþurfa

Allir þeir, sem eru að hugsa um að byggja á þessu sumri, ættu að skoða viðartegundir hjá McDonald and Dure, timbursölum, nafnkunnum hér í bænum áður enn þeir byggja. Viðartegundir þeirra, einkum hinar ódýrari, eru óvanalega góðar. Þeir ábyrgjast að gera viðskiftavini sína ánægða, og hafa til þess ráðið herra Sveinbjörn Árnason, timbursmið hér í borg. Finnið hann að 503 Beverly Street. 6-5

Gefið Hestverð

Í samskotasjóð Jóns Finnbogasonar hafa Heimskringlu borist þessar upphæðir:

S. F. Ólafsson	$5.00
S. O. Bjerring	3.00
Helgi Jónsson	2.00
Mrs. Rebekka Johnson	1.00
Mrs. Jóhanna Thorkelss.	1.00
Soffonías Thorkelsson ...	1.00
Samtals ...	$13.00
Áður auglýst	15.25
Alls móttekið	$28.25

HEIMSKRINGLU og TVÆR skemtilegar sögur fá nýir kaup endur fyrir að eins $2 00

F. Deluca
Verzlar með matvöru, aldini, smá-kökur, allskonar sætindi, mjólk og rjóma, sönul. tóbak og vindla. Óskar viðskifta Íslend. Heitt kaffi eða te á öllum tímum. Fón 7756
Tvær búðir:
587 Notre Dame og 714 Maryland St.

BILDFELL & PAULSON
Union Bank 5th Floor, No. 520
selja hús og lóðir og annast þar að lútandi störf; útvegar peningalán o. fl.
Tel.: 2685

J. L. M. THOMSON, M.A., L.L.B.
LÖGFRÆÐINGUR. 255½ Portage Ave.

ARNI ANDERSON Íslenzkur lögmaðr
Í félagi með
Hudson, Howell, Ormond & Marlatt
Barristers, Solicitors, etc.
Winnipeg, Man.
13-18 Merchants Bank Bldg. Phone 3621, 3622

BONNAR, HARTLEY & MANAHAN
Lögfræðingar og Landskjala Semjarar
Suite 7, Nanton Block, Winnipeg

Hubbard, Hannesson and Ross
LÖGFRÆÐINGAR
10 Bank of Hamilton Chambers
Tel. 378 Winnipeg

A. S. BARDAL
Selur líkkistur og annast um útfarir. Allur úthúnaður sá bezti. Enfremur selur hann alskonar minnisvarða og legsteina.
121 Nena St. Phone 306

Nýji Vor-fatnaðurinn þinn.

EF HANN KEMUR FRÁ CLEMENT'S — ÞÁ ER HANN RÉTTUR.

Réttur að efni, réttur í sniði réttur í áferð og réttur í verði.

Vér höfum miklar byrgðir af fegurstu og beztu fataefnum. —

Geo. Clements & Son
Stofnað árið 1874
264 Portage Ave. Rétt hjá Free Press

Th. JOHNSON
JEWELER
286 Main St. Talsími: 6606

JOHN ERZINGER
TÓBAKS-KAUPMAÐUR.
Erzinger's skorið reyktóbak $1.00 pundið
Hér fást allar neftóbaks-tegundir. Óska eftir bréflegum pöntunum.
McINTYRE BLK., Main St., Winnipeg
Heildsala og smásala.

Dr. G. J. Gislason,
Physician and Surgeon
Weltington Blk, - Grand Forks, N.Dak
Sjerstakt athygli veitt AUGNA, EYRNA, KVERKA og NEF SJÚKDÓMUM.

Drs. Ekern & Marsden,
Sérfræðislæknar í Efturfylgjandi greinum: — Augnasjúkdómum, Eyrnasjúkdómum, Nasasjúkdóm um og Kverkasjúkdómum.
Í Platky Byggingunni í Bænum
Grand Forks, :: N. Dak.

S. F. Ólafsson
619 Agnes St. selur Tamarac fyrir $5.50 og $5.75 gegn borgun út í hönd.
Telephone: 7812

DR. H. R. ROSS
C.P.R. meðala- og skurðlækuir.
Sjúkdómum kvenna og barna veitt sérstök umönnun.
WYNYARD, — SASK.

Boyd's Brauð.

Gott brauð, og nóg af því, ættu allir að borða, ungir og gamlir. Brauð vor eru létt, bragðgóð og hægmelt. Hvort brauð pund að vigt, og gæðin hin sömu. Biðjið verslarann um það eða látið keyrsluvagn vorn koma heim til yðar.

Boyd's

Bakery Cor. Spence & Portage Ave
Phone 1030.

Íslenzkur Tannsmiður,
Tennur festar í með Plötum eða Plötulausar. Og tennur eru dregnar sársaukalaust með Dr. Mordens sársaukalausu aðferð
Dr. W. Clarence — Tannlæknir.
Sigurður Davidson—Tannsmiður.
620½ Main St.
Phone 470 Horni Logan Ave.

W. R. FOWLER A. PIERCY.

Royal Optical Co.
327 Portage Ave. Talsími 7286.
Allar nútíðar aðferðir eru notaðar við augn-skoðun hjá þeim, þar með hin nýja aðferð, Skugga-skoðun, sem gjöreyðir öllum ágiskunum. —

Jónas Pálsson,
SÖNGFRÆÐINGUR.
Utvegar vönduð og ódýr hljóðfæri.
460 Victor St. Talsími 6803.

Laing Brothers
3 Búðir:
234-6-8 KING ST. Talsími 4476, 5890, 5891
417 McMILLAN AVENUE Talsími 5598
847 MAIN ST. — Tals: 3016

Hafrar, Hey, Strá,
COUNTRY SHORTS, BRAN, CORN, CORN CHOP, BYGG CHOP, HVEITI CHOP, OG GARÐAVEXTIR.
Vér höfum bezta úrval gripafóðurs í þessari borg; fljót afhending

LAND

Vér höfum nýlega fengið til sölu yfir 30 Section-fjórðungsa, liggjandi að Oaklands-braut C. N. R. félagsins. Verð þar frá $7.00 til $12.00 hver ekra. Ekkert af landum þessum eru meir en 5 mílur frá járnbrautinni.

Skuli Hansson & Co.
Skrifst. Telefón 6476. Hei

Heimskringla.

Alt landið

er áhyggst að vera jarðyrkju landið af bestu tegund, og fæst keypt með vægum afborgunar skilmálum. (N.B.—Lesið fyrripart þessarar augl. vinstramegin við Hkr. nafn.)

Frekari upplýsingar veita
Skuli Hansson & Co.
56 Tribune Building. Winnipeg.

XXIII. ÁR. WINNIPEG, MANITOBA, FIMTUDAGINN, 6. MAÍ, 1909 NR. 32

Vorið er komið

og eftir hverri götu og fyrir hvert horn þeytast allir á reiðhjóli. Flestir á hinu gamla og góða BRANTFORD hjóli

Einusinni enn læt ég þann boðskap útganga, að ég sel þessi ágætu reiðhjól. Kaupið ekki fyr en þér hafið fundið eða skrifað mér.

* Utanbæjar fólk! Skrifið eftir bæklingi er sýnir yður hjólin, mismunandi standir og verð. Sömuleiðis getið þér pantað alla hjólparta frá mér. Borgun fylgi pöntunum. Skrifið til

West End Bicycle Shop,
JON THORSTEINSSON, eigandi.
477 PORTAGE AVE. Winnipeg, Man

Fregnsafn.

Markverðustu viðburðir hvaðanæfa.

Samningar hafa verið gerðir um að leggja járnbraut yfir Andesfjöllin milli Arica borgar í Chili til La Pas borgar í Boliviu. Braut sú á að leggjast yfir fjöll, sem eru 12 þúsund fet yfir sjávarmál. Hún verður yfir 300 mílur á lengd, og á að kosta 15 miliónir dala. — Brezkt félag hefir tekið að sér að byggja brautina, og hefir þegar sent menn til þess að standa fyrir verkinu. Þeir eiga að hafa 3 þús. menn í vinnu. Brautin á að verða fullger innan 4 ára.

— Maður datt fyrir skömmu niður af 34. lofti í Metropolitan Life Insurance byggingunni miklu í New York, sem nú er í smíðum. Hvert bein í líkama hans brotnaði við fallið.

— Í New York borg á að byggja marg-ibúðarhýsi fyrir privat fjölskyldur. Það á að hafa á 3. þúsund herbergi og rúma 1225 manns og kosta 3 miliónir dollara. Húsið verður 300 feta langt, 200 feta breitt og 150 feta hátt. Rúmmál hússins verður 1750000 teningsfet, eða 50 þúsund teningsfet á hverju lofti. Sex þúsund tons af stáli verða í húsi þessu, og 7 milión múrsteinar. Til þess að hita húsið þægilega fyrir þá, sem í því búa, er ætlað að þurfi 1080 tons af kolum á hverjum mánuði, eða um 86 tons á dag.

— Það vildi til í Chatham, að fátæklingur skreið þar inn um glugga á barnaskólahúsi, til þess að fá sér skýli yfir nóttina. Þegar kennarinn kom um morgunin eftir til þess að opna skólann og hita hann upp, fann hann flækinginn sofandi þar og dável hlýtt í húsinu. Flækingurinn hafði sem sé brent hverri einustu skólabók, sem þar hafði verið skilin eftir daginn áður, og einnig þeim öðrum lausum kensluáhöldum, sem brunnið gátu. Hann vaknaði við komu kennarans og komst undan án þess að honum yrði náð.

— Sendinefnd skozkra bænda, sem heimsótti og ferðaðist um Canada á síðasta ári, hefir rétt nýlega gefið út skýrslu um ferð sína og athuganir, sem hún gerði hér vestra. Skýrslan er nákvæm lýsing á búskapar ástandinu hér, og lætur vel af landskostum. — Nefndin segir akuryrkju og framleiðslumöguleika hér vera óútreiknanlega. Hins vegar er nefndin þeirrar skoðunar, að menn skyldu ekki byrja hér búskap fyr en þeir séu búnir að öðlast talsverða þekkingu á landinu og loftslagi þess, og helzt að hafa fengið prakt iska þekkingu gegn um vinnumensku hjá bændum.

— Eitt hundrað kristni-trúboðar voru brendir inni í kirkju í Rocilies bæ í Litlu-Asíu í sl. viku. Mohammeðstrúar menn ganga í flokkum þar um landið með báli og brandi, og myrða kristna menn, hvar sem þeir komast höndunum undir, og leggja eld í hús þeirra og aðrar eignir, með þeim ásetningi, að gereyða kristinni trú þar eystra. Fregnin segir, að trúboðarnir hafi orðið vel við dauða sínum, hafi sungið sálma meðan kirkjan var að brenna og beðið fyrir óvinum sínum. En úti fyrir var herskari vopnaðra manna, til þess að sjá um, að enginn kæmist lífs af þeirra er inni voru. Konur jafnt sem karlar voru í hópi trúboðanna. Trúboða konur hafa og verið myrtar í Hadim borg. — Kristið fólk, sem undan hefir komist, hefir flúið heimili sín í ýmsum borgum í Litlu-Asíu undan ofsóknum Mohammeðstrúar manna.

— Ungtyrkir hafa samþykt að halda gamla soldáninum í lífstíðar varðhaldi, en leyfa honum að hafa hjá sér 11 af konum hans. En allar eignir hans hafa þeir tekið lögtaki (fastar og lausar) og lagt undir ríkið. — Annars eru yfirvöldin í höfuðborg Tyrklands hrædd um, að uppreist verði gerð út um landið móti nýju stjórninni, og að tilraunir verði gerðar til þess, að frelsa gamla soldáninn og endurreisa hann í tign hans, og er þá búist við almennu borgarastríði um land alt.

— Þjóðskuld Breta á yfirstandandi fjárhagsári er 3775 miliónir dala. Það er rúmlega 40 miliónum minna en á síðasta fjárhagsári.

— Bænarskrá, undirrituð af tíu þúsund bændum í Vestur-Canada, hefir verið send til Ottawa. Þeir biðja Dominion stjórnina að gera kornhlöður Vesturlandsins að þjóðeign, og að setja umsjónarmann á Englandi, er hafi eftirlit með því, að hveitið komist þar á markað í því ástandi, sem það fer frá bændunum hér vestra. Eða með öðrum orðum, að milliliðs kaupmönnum sé ekki leyft að blanda það með lakari hvetitegundum, í eigin hagnaðar skyni og á kostnað framleiðendanna í Vestur-Canada.

— Hollands drotning hefir fært þjóðinni ríkiserfingja, — stúlkubarn.

— Fyrrum stjórnarformaður Bond í Nýfundnalandi hefir átt í svo miklum erjum við kjósendur sína í núverandi kosninga baráttu þar, að þeir fleygðu honum út í sjó í síðustu viku. Hann var að ferðast með gufubát og ætlaði að lenda við bryggju eina, til þess að hafa fund á land með kjósendum. Mannfjöldi mikill var á bryggjunni og bannaði herra Bond að stiga á land, en hann hlýddi því ekki. Þeir tóku hann því og hentu honum 15 fet niður í sjóinn. En hann náðist strax og sakaði ekki.

— Brezkir járnbrauta eigendur hafa pantað 5 þús. tons af stáljárnbrautateinum frá félagi einu í Nova Scotia, sem býr þá til. Mælt er, að þetta sé fyrsta pöntun frá Englandi til þessa félags.

Björn Jónsson, ráðherra Íslands

Björn Jónsson er sonur Jóns bónda Jónssonar í Djúpadal í Barðastrandarsýslu. Hann er fæddur 8. október 1846. Í Reykjavíkur mentaskóla kom hann 1862 og útskrifaðist þaðan með hæsta vitnisburði 1869. Síðan sigldi hann til háskólans í Kaupmannahöfn, og las lög í nokkur ár, en tók aldrei burtfararpróf, með því að hugur hans hneigðist allur að blaðamensku. Árið 1874 stofnaði hann blaðið Ísafold, er hann hefir verið ritstjóri að síðan, og smástækkað, mest þó um 1908. Í þau 34 ár, sem hann hefir verið ritstjóri hefir hann tekið mikinn og öflugan þátt í stjórnmálum, en þó eigi gefið kost á sér til þingsetu, utan í eitt skifti (1879), þangað til í haust, að hann bauð sig fram í Barðastrandarsýslu, og vann þingsætið með 204 atkv. mun fram yfir keppinaut sinn, sýslumanninn þar. —

Á flokksfundi sjálfstæðismanna 24. febr. sl. var hann útnefndur í einu hljóði til að taka við ráðherra embættinu af H. Hafstein, og af konungi var hann skipaður ráðherra 30. marz sl.

Heimskringla óskar, að störfum hans fylgi heill fyrir land og lýð

Thorbergur Thorvaldsson



Það hlýtur að vera Vestur-Íslendingum yfirleitt hin ánægjulegasta frétt, sem getið var um í síðasta blaði, að hinn ágæti námsmaður, sem sýndur er með myndinni hér að ofan, hefir á ný unnið sér frægð og Vestur-Íslendingum sóma, með því að ávinna sér við síðustu vorpróf Harvard háskólans í Bandaríkjunum tvenn stór náms-verðlaun, að upphæð $550.

Thorbergur er fyrsti Íslendingurinn, svo oss sé kunnugt, sem gengið hefir undir próf við skóla þennan. Hann útskrifaðist frá Wesley College í Winnipeg árið 1907, með bezta vitnisburði, og fékk þá silfur-verðlaunapening. Áður hafði hann unnið ýms verðlaun við skólann, þar á meðal gull-medalíu fylkisstjórans, og það á því árinu, sem hann vegna örðugra kringumstæða ekki gat sint náminu, nema nokkurn hluta af kenslutímabilinu.

Eftir að Thorbergur útskrifaðist af Wesley College, vann hann eitt ár við Manitoba háskólann, sem aðstoðarmaður Prof. Parkers í náttúruvísinda deildinni. Að því loknu fór hann á sl. hausti austur til Harvard háskólans, sem talinn er einn hinn ágætasti háskóli í Ameríku. — Áður hafði Þorvaldur sál. bróðir Thorbergs, stundað þar nám, en hann tók sýki nokkru eftir að hann kom þangað og andaðist þar áður en hann gæti tekið próf. Thorbergur er því, að því er oss er kunnugt, fyrsti Íslendingurinn, sem þar hefir gengið undir próf.

Nemenda fjöldi við þennan mikla skóla er mikill, 4 til 5 þús. manns. Samkepnin er þar því mikil, og það útheimtir afburða hæfileika, að ná þar verðlaunum við prófin. En Thorbergur hefir sýnt þeim þar eystra, að Íslendingar eru fullkomið ígildi beztu námsmanna annara þjóða. Hann hefir í fylsta máti haldið þar uppi frægð íslenzkra námsmanna og Íslendinga í heild sinni, og unnið þjóðflokki sínum með því álit meðal hérlendu þjóðarinnar.

En eins og þessi framkoma hans er þjóðflokki vorum í heild sinni mikið ánægjuefni, eins hlýtur það að vera foreldrum hans í Árnesbygð, og öðrum skyldmennum, einlægt gleðiefni, hve vel honum hefir farnast í samkepninni við skörpustu gáfu- og lærdómsmenn allra þjóða, sem þennan mikla háskóla sækja.

Thorbergur ætlar sér að halda námi áfram þar eystra á næsta ári fyrst um sinn.

—Voðalegur vind-, snjó- og haglstormur æddi yfir hluta af Bandaríkjunum þann 29. f.m., og gerði mikið manntjón og eigna. Þetta mikla óveður, sem tók yfir spildunna milli Kletta- og Allegheny-fjallanna, gerði skemdir miklar í Michigan og þó sérstaklega í Tennessee ríkjunum. Þetta óveður er með þeim verstu, sem komið hafa, og gereyddi heilum héruðum, drap um 200 manna og gerði tveggja milión dollara eignatjón. Hundrað manns er mælt að farist hafi af völdum veðurs þessa í Michigan og Illinois ríkjum. Í Missouri og Kansas urðu og skemdir miklar, og einnig í Oklahoma, Ohio, Indiana og Pennsylvania ríkjunum. Í Chicago dóu 7 manns af völdum óveðursins. Í Mississippi dalnum fórust 100 manns og margir meiddust, og segir ein frétt þá sérðu vera yfir 2 þús. að tölu. Mest líftjón varð þó í Arkansas. Í Caldobæ létust 18 manns og 6 í Alton. Bylurinn var svo harður, að mörg hús fuku, alt lauslegt fauk og eyðilagðist og akrar bænda ónýttust á stórum svæðum. Snjófall varð mikið í Texas-ríki; á sumum stöðum varð haglfallið 10 þumlunga á jafnsléttu og haglkornin voru afskaplega stór. Í Alabama ríkinu var veðrið voðalegt og margir létu þar lífið. Fjöldi hrossa og nautgripa fórust af því, að verða undir trjám, sem veðrið sleit upp með rótum. — Snjór féll og mikill víða, einkum í Norður Dakota. Þó engar skemdir að frétta þaðan. Í Ontario og Quebec fylkjunum varð og mikið snjófall, og einnig sumstaðar í Manitoba og Vesturfylkjunum, með vetrarhörkum, eins og væri hávetur.

— Þjóðverjar hafa ákveðið, að byggja á þessu ári 7 vígskip af traustustu gerð, í stað 4, sem áður var um samið. — Bretar verða að herða sig, ef þeir eiga að gera mikið betur.

— Charles William í Evansville, Indiana, 18 ára gamall, hefir fundið nýtt, öflugt skrengiefni, og einnig fundið aðferð til að kveikja í því. Hann sýndi þetta á heimili sínu þann 29. apríl. Hann hafði búið um sprengiefnið úti á landi, 3 mílur frá bænum, en studdi að eins á litinn hnapp heima í húsi sínu og kveikti samstundis í sprengiefninu með loftstraumi. Þá varð hristingur svo mikill, að húsin í bænum skulfu. Hann segir, að þetta nýja sprengiefni sé 40 sinnum sterkara, en dynamit, og að með loftskeytatæki því, sem hann hafi búið til, geti hann gert sprengingar í hundruð milna fjarlægð. — Hann kveðst vera að gera samninga við Bandaríkjastjórn, að selja henni þessa uppfyndingu sína. — Hann setti 3 únzur af sprengiefni þessu í trédrumb úti á landi, og fór svo heim til að kveikja í því, eins og að framan er sagt.

Góð samkoma

í fylsta skilningi var samkoma sú, er safnaðarnefnd Únítara hélt í samkomusal sínum sl. miðvikudagskveld. Sýningarnar allar voru ágætar og mjög breytilegar að efni, og gáfu því fylstu ástæðu til ihugunar. Ódrenglyndið kom fram og var sýnt í einvígi þeirra Gunnlaugs Ormstungu og Skáld-Hrafns, þar sem Hrafn svikur Gunnlaug, þegar hann sýnir það drenglyndisbragð, að sækja honum vatns í hjálmi sínum. Drenglyndið var aftur á móti sýnt í atriði úr Friðþjófssögu, þar sem Hringur konungur sefur í örmum Friðþjófs, er því átti kost á lífi hans, en rödd drenglyndisins hvísladi að honum, að fremja ekki níðingsverk og hún varð freistingunni yfirsterkari.

Þá er sýningin úr kvæðinu 'Vonin' eftir Dr. Grím Thomsen mjög góð. Gamall maður, er gengið hefir skólaveginn íslenzka, — og brallað margt á yngri árum við víf og vín — er að dauða kominn, og dauðinn svartur og ógurlegur stendur á bak við hann og er að brýna sigðina. Á þessum síðustu augnablikum lífs sins, hverfur hugur gamla mannsins til yngri áranna, — til kærastanna sinna, sem voru margar, til drykkjubræðranna o. fl. Þessar hugarsýnir mannsins koma fram í persónum á bak við hann, körlum og konum, en dauðinn heldur áfram að brýna. — Í síðustu sýningunni er dauðinn kominn alveg að baki hans, og stendur yfir honum með brugðnu sverði, reiðubúinn að taka lífið, en gyðjurnar, trúin og vonin, standa sitt til hvorrar handar með krossmark og akkeri í höndunum.

Enn mætti nefna "Álfakonginn", eftir þýzka skáldið Göthe, þar sem faðir er á ferð með drenginn sinn í frosti og kulda, kominn að dauða, og barnið er farið að sjá ofsjónir, — álfakong og álfameyjar, er því finst að vilji taka sig. Þetta sést alt í sýningunni.

Auk þess var sýnd "Venus", gyðjumyndin suðræna, er Albert Thorvaldsen hjó í marmara, og "Ljósið kemur langt og mjótt", — gömul kona í íslenzkum búningi, sem er að koma eftir göngunum úr eldhúsinu: "Halla kerling fetar fljótt framaneftir göngum".

Séra Rögnvaldur Pétursson skýrði allar sýningarnar prýðisvel, en A. J. Johnson og Gísli Johnson sungu kvæðin á bak við tjöldin (A.J.J. "Álfakonginn", G.J. öll hin 3).

Auk þessa var á prógraminu ræður, söngur og upplestur, er alt tókst prýðilega.

Vér erum ekki í efa um, að þetta var sú allra fullkomnasta samkoma, sem haldin hefir verið af Íslendingum í þessum bæ, enda var húsið svo fult, að ekki var hægt að koma einum manni meira í það, hvorki til að sitja eða standa.

Að síðustu fékk fólkið ókeypis kaffi.

Vér álítum sjálfsagt, að endurtaka samkomuna, og erum þess fullvissir, að húsfyllir verður í annað sinn.

OGILVIE'S
Royal Household Flour

Til BRAUÐ-GERÐA

Til KÖKU-GERÐAR

Gefur æfinlega fullnæging

PURITY FLOUR

AÐ BAKA BEZTA BRAUÐ

er meira en vísindi og meira en list.

En það má gerast fljótlega og áreiðanlega með því að nota

PURITY FLOUR

Það er malað úr bezt völdu Vestur-Canada Hörðu Hveitikorni; er algerlega hreint og svo ilmandi kjarngott.

ALLIR ÍSLENZKIR KAUPMENN SELJA ÞAÐ

WESTERN CANADA FLOUR MILLS CO.,
LIMITED.
WINNIPEG, —— CANADA.

Wall Plaster

Með því að venja sig á að brúka "**Empire**" tegundir af Hardwall og Wood Fibre Plaster er maður hár viss að fá beztu afleiðingar.

Vér búum til:

"Empire" Wood Fibre Plaster
"Empire" Cement Wall "
"Empire" Finish "
"Gold Dust" Finish "
"Gilt Edge" Plaster of Paris
og allar Gypsum vörutegundir. —

Eigum vér að senda yður bækling vorn?

MANITOBA GYPSUM CO. LTD
SKRIFSTOFUR OG MILLUR I
Winnipeg, - Man.

Heimskringla

Published every Thursday by The Heimskringla News & Publishing Co. Ltd

Verð blaðsins í Canada og Bandar $2.00 um árið (fyrir fram borgað). Sent til Íslands $2.40 (fyrir fram borgað af kaupendum blaðsins hér $1.50.)

B. L. BALDWINSON,
Editor & Manager

Office:
729 Sherbrooke Street, Winnipeg
P. O. BOX 3083. Talsími 3512.

Þjóðeign gufuskipa.

Svo er að sjá á Íslands blöðum, að Thore gufuskipafélagið hafi gert íslenzku þjóðinni tilboð um, að ganga í félag við sig um eign þeirra skipa, sem félagið á nú og hefir starfrækt um nokkur ár, bæði til strandferða umhverfis landið og til millilandaferða. — Tilboði félagsins er þannig háttað, að það býður íslenzku þjóðinni að kaupa hluti í félaginu fyrir hálfa milión kr., móti 350 þús. kr. hlutum, sem félagið ætlar að eiga. Með þessu tilboði er landinu gerður kostur á, að eignast ráðandi hlutamagn í félagi þessu, og að hafa ráðandi afl í stjórn þess. Með öðrum orðum: alþingi er boðið að gera skipastóllinn allan að þjóðeign og að starfrækja hann eins og fulltrúum þjóðarinnar þykir bezt henta, til varan legs hagnaðar landsbúum.

Herra Sveinn Björnsson, sonur Björns Jónssonar Íslandsráðherra, er umboðsmaður Thore félagsins, og hefir lagt tilboð þetta fram fyrir þingið og stjórnina til íhugunar og ályktunar.

Aðal atriði tilboðsins eru þessi:

Hluthafar Thore félggsins taka hluti fyrir 350 þús. kr., landssjóður fyrir 500 þús. kr. Hlutir landssjóðs verða forréttinda hlutir, og landssjóður á kauprétt í hinum hlutunum.

Landssjóður fær meiri hluta í stjórn félagsins, með ráðherra Íslands í formanns sæti.

Félagið tekur 600 þús. kr. skuldabréfa lán með fyrsta veðrétti í skipum félagsins.

Fénu verður varið sem hér segir: — Kr. 850,000 er áætlað að þurfa muni til að kaupa skip Thore félagsins, sem nú eru, með þeirri breytingu, að skift verði á Kong Helge og Pervie fyrir skip eins og Sterling.

Skip Thore félagsins má taka í félagið eftir virðingu.

Kr. 500,000 verður varið til þess að kaupa nýtt skip á við Sterling og 3 ný strandferðaskip.

Eftir eru 50 þús. kr. í rekstursfé.

Skip hins nýja félags verða þá þessi: 3 skip eins og Sterling, Ingólfur, aukaskip og 3 strandferðaskip. Það eru alls 8 skip. Tvö skipin eiga að vera með kælirúmi eins og Sterling.

Strandferðaskipin eiga að hafa 150 smálestarúm, rúm fyrir 20—30 farþega á 1. farrými og 50 á 2. farrými. Hraði 9 mílur.

Áætlað er, að skipastóll þessi muni geta annast þessar ferðir:

11 ferðir milli Rvíkur og útlanda.
8 ferðir milli útlanda og Rvíkur og vesturlandsins.
9 ferðir milli útlanda og Norður og Austurlands.
5 ferðir frá útlöndum og kringum um land.
5 ferðir aukaskipsins.
16 strandferðir, fram og aftur.

Í 22 millilanda ferðum á Reykjavík að vera fyrsti viðkomustaður á Íslandi. Með því eiga að fást reglulegar samgöngur við útlönd hér um bil einu sinni á hálfum mánuði.

Gert er ráð fyrir, að tillagið úr landssjóði verði 60 þús. kr. og úr ríkissjóði 40 þús. kr. á ári, eins og nú.

Sveinn Björnsson, umboðsmaður Thore félagsins, ritar um þetta í Ísafold dags. 14. marz sl., til skýringar atriðum tilboðsins. Telur hann það því til gildis, að með því að kaupa skip félagsins, geti Íslendingar gert samgöngurnar hagfeldari eftir þörfum, og að þær verði í höndum sjálfra landsmanna. Að með því, að skipastóllinn sé keyptur samkvæmt mati óvilhallra manna, sé trygging fengin fyrir því, að landssjóður þurfi ekki að borga meira en jafngildi þess verðmætis er landið fær,— og að með því að hlutir Íslands í félaginu verði forréttindahlutir, þá geti landið ráðið allri tilhögun með ferðir skipanna og annan starfsrekstur, — yfir höfuð haft á bendi alla stjórn félagsins.

Blaðið Lögrétta, dags. 10. og 17. marz, tekur óþyrmilega í tilboð þetta. Segir það isjárvert, að landssjóður þurfi að steypa sér í skuldir til þess að geta sint þessu, að líklegt sé, að starfið borgi sig ekki, að Íslendingar séu of félausir til þess að ráðast í svo umsvifamikið og kostbært fyrirtæki; að umboðsmaðurinn muni græða stór fé á sölunni, ef þingmenn verði svo grunnhygnir, að ganga að tilboðinu, að hann hafi laumast aftan að þjóðinni með tilboðið, og að kaupin, ef þau verði gerð, séu fjörráð við landið. Lögrétta beldur fram því, að skipaeign sú, sem ætlast er til að landssjóðsfélagið kaupi fyrir 850 þús. kr., sé í raun réttri ekki nema 400 þús. króna virði, og að núverandi hluthafar Thorefélagsins ætli sér því að græða á landssjóði Íslands 450 þús. kr.

Vér hér fyrir vestan hafið — í fjarlægðinni, getum ekki talist færir um, að dæma um gildi tilboðsins eða andmælanna, sem komið hafa fram á móti því. En svo mik ið virðist ljóst, að tilboðið sé gert af hlýhug til Íslands, enda er fram setning tilboðsins og skýringarnar við það, af hendi umboðsmannsins ólíkt einlæglegri og kurteisari en andmæli andstæðinga blaðanna, sem virðast leggja mesta áherzlu á, að ófrægja umboðsmanninn, og að hártoga tilboðs atriðin, jafnframt því, sem þau drótta eigingirni og prettvísi að frambjóðendum.

Það tvent virðist auðsætt í tilboði þessu, er ekki lýsi eigingirni eða prettvísi Thore félagsins: 1) að það býður að selja allan skipastólinn með því verði, sem óvilhallir matsmenn telji rétt vera; — 2) að þeir bjóða Íslandi fleirtölu hluta í landssjóðs félaginu, er tryggi landsmönnum öll yfirráð í félaginu. Hluthafar Thore félagsins telja sig fúsa til þess, að lúta ráðum Íslendinga í starfrækslu nýja félagsins, og eru fúsir að leggja 350 þús. kr. af eigin fé sínu undir yfirráð landsmanna, eða selja Íslendingum alla hluteign sína í Thorefélaginu, ef þess er óskað. — Sanngjarnara tilboð frá þeirra hálfu er ekki hugsanlegt.

Tilboðið felur ennfremur í sér það, að ekki megi greiða Thorefélags hluthöfunum nokkurn arð af hlutum þeirra í landssjóðsfélaginu, fyr enn landssjóður hefir fengið 4 prósent af því fé, sem hann leggur í fyrirtækið. Og ennfremur er það skýrt tekið fram, "að skyldi svo fara, að tap yrði á félaginu, verður engu eytt af fé landssjóðs fyrr en búið er að eyða þeim 350 þús. krónum, sem hinir hluthafarnir leggja í félagið". — Það er örðugt að gera sér hugmynd um frjálsmannlegra tilboð en þetta er, svo að óþarft virðist að væna hluthafa Thore félagsins um eigingirni í sambandi við það, — þar sem þeir bjóða ekki að eins að leggja 350 þús. kr. af eigin eignum í hend ur landsmanna til umráða, heldur einnig að tapa öllu því fé, ef svo ber undir, áður enn landssjóði sé leyft að tapa svo miklu sem eins eyris virði af landsfénu.

Vér skulum fúslega játa, að vér höfum aldrei fyr heyrt getið um neina félagsmyndun, þar sem annar málsaðili friviljuglega bauð og ákvarðaði með löggildingarskránni að fyrirgera öllum rétti til nokkurs ágóða af starfsemi félagsins, fyrr enn hinn hluthafinn hafi fengið sæmilega vexti af sínum höfuðstól, og að þola sjálfur alt það tap, er félagið kynni einhverra orsaka vegna að verða fyrir, — svo langt sem hans eign í félaginu hrykki, áður en hinum félaganum yrði leyft að tapa eins eyris virði af eign sinni í félaginu. Það vottar hvergi fyrir eigingirni í sliku tilboði, og Thore félagið mundi tæpast gera slikt tilboð, ef það þættist ekki sjá það ljóst, að sæmilegur hagnaður muni verða af starfsemi félagsins. Enda býður félagið, að leggja bækur sínar og starfsskýrslur undir yfirlit Íslendinga, svo þeir geti nákvæmlega séð, hvert einstakt atriði í útgjöldum og inntektum félagsins í sl. 4 til 5 ár, og kynt sér nákvæmlega alt starf þess og hagnað af starfsemnni.

Úr þessum atriðum gera blöðin Lögrétta og Reykjavík, eða þeir, sem undir dularnafni hafa í þau ritað, alls ekki neitt, og sýnir það bezt, hve einhliða og ósanngjörn þau eru í umræðum þessa máls.

Í vorum augum bendir tilboð þetta til þess, að Thore félagið vilji leggja alt það sem það á í félaginu í sölurnar til þess að örfa Íslendinga til þess að taka að sér á eigin reikning samgöngur á sjó, innanlands og við umheiminn. Og vér fáum ekki betur séð, — hvort sem Ísland gengur að tilboðinu eða ekki, — en að því beri siðferðisleg skylda til, að meta það sem stafandi af hlýhug og einskæru bróðurþeli Thore félagsins til Íslands og Íslendinga. Það er því engin furða þó umboðsmaður félagsins taki það fram í skýringum sínum við tilboðið, að þess geti orðið langt að bíða, að Íslendingum veitist jafngott tilboð og þetta

Mótbárur þær, sem fram hafa komið í Lögréttu og Reykjavík — bæði andstæð núverandi stjórn landsins — eru sumar hverjar frem ur léttvægar. Svo sem það, að Thore félagið muni hafa tapað á starfi sínu á liðnum árum, og sé því ant um, að losast við skip sín og koma þeim yfir í eigu landssjóðs, til þess að Ísland skuli bíða fjárhagslegt tjón við það. Á tilboðinu verður þó ekki séð, að þessi grunsemi sé á rökum bygð.

"Að það hafi verið farið aftan að þjóðinni með tilboðið. Sé það að fara "aftan að" þjóðinni, að leggja tilboðið fyrir þing og stjórn með ákvæði um, að ráðherrann skuli vera formaður félagsnefndarinnar og landsstjórnin hafi öll yfirráð í stjórn félagsins, þá væri fróð legt að vita, hvað blöð þessi telja "fram-hluta" þjóðarinnar.

Að Ísland sé þess ekki megnugt, að ráðast í hálfrar milión króna útlát til þessa fyrirtækis, lýsir að vorri hyggju miklu vantrausti og barlómsanda. Það eru til 4 eða 5 Vestur-Íslendingar, sem hver um sig gæti annast um hálfrar milión króna útgjöld, og þá ætti allri íslenzku þjóðinni ekki að vera það ofvaxið. Enda er upphæð sú litlu meiri enn nemur fé því, er hún rétt nýlega eyddi til þess að fagna konungi sínum, er hann heimsótti landið. Annaðhvort er um það, að íslenzku blöðin hafa á liðnum árum gert alt of mikið úr velsældinni þar heima og framfaraumbótum, eða að þjóðin öll er vel fær um, að ráðast í þann kostnað, sem nauðsynlegur er til þess að gerast hluthafi í þessu félagi með þeim skildaga, sem tilboðið felur í sér.

Þannig virðist oss héðan úr fjarlægðinni, að þessi hlið málsins standa, og að þær mótbárur, sem enn þá hafa hingað borist móti til boðinu séu frekar bygðar á pólitiskum grundvelli, en að þær styðj ist við sanngirnis eða vitsmuna röksemdir.

Hitt getur verið álitamál, og vert að ihuga rækilega, hvort þau skip Thore félagsins, sem boðin eru, séu svo gerð, að þau svari nútíðar og framtíðarþörfum landsins. Að vísu eru þau talin í fyrsta flokki almennra verzlunarskipa, en nokkuð gömul eru sum þeirra orðin, og að líkindum hafa þau ekki ganghraða, sem æskilegur þykir, þegar stundir líða. Þau skip, sem ganga meðfram ströndum landsins, ekki síður en hin, sem eru í hafferðum landa á milli, þurfa að vera traustlega bygð og með öflugar og ábyggilegar gangvélar. — Níu mílna hraði er alt of lítill, — jafnvel fyrir strandferðaskipin, svo framarlega, sem tíminn er nokkurs virði. Hraðinn mætti ekki vera minni enn 12 til 15 mílur enskar á klukkustund, og til þess hann fáist, þurfa skipin að vera trust og vélar öflugar. Vitanlega mundu þau þá krefjast meira eldsneytis, en það ætti að borga sig, ef nóg er fyrir skipin að gera. — Þessi atriði og því um lík ætlum vér þeim þar heima að ákveða fyrir sjálfa sig. Þeir eru færir um það, og þekkja bezt sínar eigin þarfir.

Annars er oss sagt, að millilanda skip Thore félagsins hafi nær 14 mílna hraða, og að skipið Sterling sé hraðskreiðasta skip í Íslands förum nú.

Því hefir verið haldið fram, að hjá öðrum þjóðum séu það einstaklingar, sem annist um millilanda verzlunar samgöngur, og að þess vegna sé ekki ástæða fyrir Ísland, að taka slikt að sér á landsins kostnað. Þessi ástæða gæti verið gild, ef Ísland ætti einhverja þá borgara, sem hefðu efni og ærði til þess, að halda uppi slikum samgöngum. En það er ólíklegt, að þau blöð muni halda því fram, að einstakir menn með þjóðinni séu færir efnalega til þess að hafa þær framkvæmdir, með höndum, sem hin sömu blöð telja allri þjóðinni í heild sinni ofvaxið að ráðast í. Og þar sem það er nú áreiðanlegt, að einstakir borgarar Íslands hafa ekki efni á, að halda úti þeim skipastól til verzlunar og samgangna, sem þjóðin þarfnast, þá virðist liggja næst fyrir, að stjórn landsins taki það að sér — á reikning landsins. Enda er nú hagfræði þjóðanna, að snúast í þá áttina, að öll þjóðleg nauðsynjafyrirtæki séu þjóðeign og starfrækt á kostnað þjóðarinnar. Og Íslandi er eins nauðsynlegt, að eiga sjálfr ráð á sínum eigin samgöngufærum við umheiminn, eins og einstaklingnum er nauðsynlegt andrúmsloftið til lífs-viðurværis.

Í umræðum um þetta mál segir blaðið Ísafold, að með því að taka boði Thore félagsins fái Ísland "fullkomin umráð yfir öllum samgöngum sínum, utanlands og innan. — — Með þessu er og stórt spor stigið í sjálfstæðisáttina, — fyrsta verulega verklega sporið í þá átt. Spor þetta verður stigið með tiltölulega litlum kostnaði frá landsins hálfu, og litilli eða engri áhættu. Þetta verður fyrsta sporið til þess að koma upp íslenzkum skipaflota í verulegum mæli. Það er sjálfsagt, að nýju skipin öll, að minsta kosti verða skrásett á Íslandi. Það er og sjálfsagt, að íslenzkir sjómenn gangi fyrir öllum störfum á skipum félagsins, að öðru jöfnu, og þegar svo er komið og til er orðið nægilegt mannval tómra Íslendinga á öll skipin, þá verður það gert. Þetta hlýtur að lypta íslenzku sjómannastéttinni hærra en hún er nú sett, og skapa smátt og smátt íslenzka sjómannastétt, sem standi sjómannastéttum annara þjóða fullkomlega á sporði að kunnáttu og atorku til sjómensku".

Ein af mótbárum hinna framangreindu blaða, sem andvíg eru tilboðinu, er sú, að Sameinaða gufuskipafélagið muni reynast landssjóðsfélaginu of sterkur keppinautur. En bæði er það, að í samkepni við Thorefélagið hefir það ekki reynst svo öflugur keppinautur, að Thore félagið hafi ekki haft all-vænan hag af starfi sínu, þó það hafi rekið sjóferðir í smærri stíl og með minni efnum en verða mundi, ef landssjóður Íslands gerð ist félagi þess; — og svo má ekki ætla íslenzku þjóðinni minni hygni en svo, að hún mundi með lögglöf sinni geta séð hag síns eigin félags vel borgið, — og íslenzkum borgurum ekki minni föðurlandsrækt enn svo, að þeir létu landssjóðsfélagið sitja fyrir viðskiftum sínum, hvenær sem því yrði við komið, með jöfnum kostum öðrum.

Eitt er það enn, sem Íslandi ynn ist með þjóðeign skipastóls. Það yrði frjálst að verzla í hverju landi sem bezta byði kosti, án þess að vera bundið við verzlun við Dani eingöngu. Þetta atriði út af fyrir sig, mundi gefa landinu lyftivog til samninga við Dani um styrk til félagsins úr ríkissjóði móti tryggingu um, að Danir fengju sæmilegan hluta af verzlun Íslands meðan félagið nyti styrksins. Að undanförnu hefir verzlun Íslands, og er enn, að mestu leyti verið við Danmörku. Enn ef landsmenn ættu sinn eigin skipastól, þá gætu þeir valið um, á hvaða markaði þeir keyptu og seldu. Þá gætu þeir sjálfir flutt afurðir landsins hvert á land þar sem mest fengist fyrir þær, og keypt nauðsynjar sínar þar, sem þær væru beztar og ódýrastar. Ísland gerir svo mikla verzlun árlega við útlönd, að Danir mundu fúsir til þess, að auka árstillag sitt til landssjóðs félagsins talsvert mikið umfram það, sem þeir hafa veitt Thore félaginu, ef þeir með því gætu trygt sér verzlun landsmanna framvegis.

Íslendingar þurfa að eiga verzlunar skipastól, — hvort sem þeir ganga að tilboði Thore félagsins eða ekki. Minnisvarði Hafsteinsstjórnartímabilsins er hraðskeyta fregnsambandið á Íslandi og til útlanda. — Minnisvarði núverandi stjórnar á og þarf að vera engu óveglegri, og þann minnisvarða getur þessi stjórn reist sér með því, að koma upp öflugum skipastól, með tíðum samgöngum við umheiminn og hina ýmsu hluta landsins. Íslandi er engin vorkunn að gera þetta, þótt það kosti talsvert meira fé, en því nemur, sem áætlað er í tilboði Thore félagsins.

Fjárheimtu-nýmæli Breta.

Núverandi fjármálastjóri Breta, Hon. David Lloyd-George, hélt fjármálaræðu sína í brezka þinginu þann 29. april al. Hann talaði í 4½ klukkutíma, og svo segja fréttir, að þingmenn allir hafi setið steinþegjandi allan tímann undir ræðunni, og að henni endaðri hafi ekki orðið neitt lófaklapp, eins og vant sé að vera við slik tækifæri. Ástæðan fyrir þessu var sú, að fjármálastjórinn framsetti svo mik ilfenglegar hugmyndir og ákvarðanir um framtíðar framkvæmdir stjórnarinnar, til hagsbóta landslýð öllum, að þingmenn stóðu á öndinni af ótta fyrir afleiðingunum, sem verða kynnu af þessum fyrirhuguðu breytingum.

Stjórn Breta hafði yfir 16 milión dala tekjuhalla á síðasta fjárhagsári, og það er í verkahring fjármálastjórans, ekki að eins að bæta upp þennan tekjuhalla með auknum inntektum, heldur einnig að hafa saman svo miklu meira fé að nægi til að koma í framkvæmd öllum þeim umbótum, sem fjármálastjórinn gerir ráð fyrir.

Margar af þeim umbótum, sem fyrirhugaðar eru, eru sniðnar eftir því, sem viðgengst hjá þjóðverjum, og enda einnig hjá Frökkum. Meðal annars áformar stjórnin að leggja 100 þúsund pund sterling til þess, að stofna vinnuveitinga-deild, þar sem safnað sé öllum upplýsingum um atvinnumál, og öllum útveguð atvinna, sem hægt er, hvar sem er í ríkinu, hvort sem það eru algengir verkamenn eða handiðnamenn. Í sambandi við þetta á að stofna ábyrgðardeild mót vinnuleysi. Þetta áform er yfirgripsmikið og nær til allra atvinnuleysingja í landinu. Þá er og ætlast til, að þjóðin verji 200 þúsund punda sterling til skógræktar, og til að styrkja þá bændur, sem hafa að eins litla landskika til ábúðar.

Fjármálaráðgjafinn býst við, að auka inntektir ríkisins með því, að leggja á aukinn inntektaskatt á þá, sem hafa yfir 5 þúsund pund sterling í inntektir á ári. Skattur er og lagður á náma-iðnað og afrakstur af námum, og á óræktað land í sveitum. Hér er sýnilega lögð byrði á þá auðmenn, sem eiga óræktuð landssvæði, sem þeir nota til dýraveiða, útreiða og annara skemtana. Hugsun stjórnarinnar er sýnilega sú, að orta landeigendur til þess að láta rækta landið. Einnig á að leggja skatt á ófengna náma-auðlegð í löndum, sem fela í sér málma og aðra auðlegð, en eru ekki unnin eða starfrækt. Skattur af dánarbúum og fjárhyggju-starfsemi (Speculation) er og hækkaður. Hér er auðsjáan'ega átt við það, er menn kaupa og selja hver af öðrum í orði á kaupmanna-sölumótum, svo sem korntegundir, baðmull og aðrar slikar vörur til fæðu og iðnaðar. Viss skattur er lagður á hvert sterlingsvirði, sem þannig er verzlað með. Skattur á whiskey er og aukinn um þriðjung við það, sem nú er, og tollur á tóbaki settur 16 cents á pund hvert. Skattur af mótor-vögnum er hækkaður. Te og sykur er látið vera eins og það var áður, með því að það eru lífsnauðsynjar taldar.

Verst láta verð- og skuldabréfastofnanir yfir skattinum, sem fyrirhugað er að leggja á þær, þar sem þær verða að borga skatt af allri ársverzlun sinni. Þær óttast, að sölutorgið færist við það frá Lundúnum yfir til Parísar, og að það hnekki viðskiftalífi Englands.

Bruggarar og mótorvagna smiðir kvarta og mjög undan auknu sköttunum er á þá á að leggja, og sama er að segja um alla, sem á þennan hátt er íþyngt með aukinni skattbyrði. Enda eru skattálögu áætlanir þessar þær stórfeldustu og þýðingarmestu, sem nokkur stjórn þar í landi hefir komið upp með í sl. 20 ár.

Verkamannaflokkurinn virðist sá eini af íbúum landsins, sem er ánægður með þessa tilhögun.

Blöð landsins yfirleitt ræða mál þetta með stillingu, þótt einstöku þeirra séu nokkuð æst og telji nýmæli fjármálaráðgjafans "svæsnasta Sósialismus", — "Ofsóknir gegn þeim auðugu", — "að ræna þá ríku", — og annað því um likt. — Blaðið "Times" segir, að aldrei áður hafi verið farið eins langt í jafnaðarmensku áttina og nú sé gengið, og mun það næst sanni.— Þeir auðugu bera byrðina aðallega eða nálega eingöngu. Þeir eru færastir til þess, þola það bezt og finna minst til útgjaldanna. Stefnan er, að láta þá bera sinn tiltölulega hluta eftir efnum og ástæðum, af byrði þjóðarinnar, og eins til þess, að bæta um þá sjóðþurð, sem orðið hefir á síðasta og fyrri árum.

Það er og sýnilega stefna stjórnarinnar, að knýja auðmenn landsins til þess að nota landeignir sínar betur en verið hefir, og að stuðla að því, að skattar í ríkissjóð af þeim löndum verði svo háir, að eigendur þeirra sjái það ráð vænst, að láta vinna og rækta löndin. Við það skapast atvinna í landinu fyrir mörg þúsund manna, sem eykur framleiðslu og auðæfi þjóðarinnar að sama skapi, og þá að sjálfsögðu einnig auðæfi sjálfra landeigendanna. — Að leggja skatt á náma-auðlegð þá, sem enn er í iðrum jarðar, er gert í sama augnamiði og til sömu afleiðinga.

Íslands fréttir.

FRÁ ALÞINGI.

Frumvarp um almenn viðskiftalög flytur atvinnu, og verzlunardeildin. Það er í 71 gr. og er að mestu þýðing á lögum, sem nýlega eru komin út á Norðurlöndum; og sömdu þau lögfróðir menn með hliðsjón af samskyns lögum á Þýzkalandi.

Þeir sex þingm. er greiddu atkv. móti aðflutningsbanninu í neðri deild voru: H. Hafstein, Jóh. Jóhannesson, Jón Jónsson frá Múla, Pétur á Gautlöndum, Jón frá Hvanná og dr. Jón Þorkelsson.

Þinghlé var í rúma viku um páskana. Þingið átti að taka til starfa að nýju á þriðja í páskum. Þá hafa forsetarnir og nýi ráðherrann verið komnir heim, að öllum likindum.

Björn Kristjánsson og Jón Ólafsson flytja þingsályktunar tillögu um, að alþingi veiti samþykki sitt til, að stjórnin leigi héraðslækninum í Rvík 1000 ferálna lóð á Arnarhólstúninu, og árlegt afgjald sé 10 au. af feralin. Leigutíminn sé ekki lengri enn 99 ár. Ennfremur, að Verzlunarskóli Íslands fái 1200 ferálna lóð af sama túni, undir skólahús, með sömu skilmálum.

ADRAR FRÉTTIR.

Prestkosning í 2. embætti við dómkirkjuna í Rvík fór fram 3. f. m., og hlaut kosningu séra Haraldur Nielsson með 439 atkv., eða riflegum helming allra greiddra atkvæða. Séra Bjarni Hjaltested aðstoðarprestur fékk 200 atkvæði, Bjarni Jónsson cand. theol. á Ísafirði 106, séra Richard Torfason 55, séra Skúli í Odda 30, séra Guðm. Einarsson í Ólafsvík 12, séra Hafsteinn Pétursson 2 og cand. theol. Haukur Gíslason 2.

Tæpur fjórði hluti atkvæðisbærra manna notaði kosningarrétt sinn þið þessa kosningu.

Bæjarstjóri í Hafnarfirði er kjörinn hinn nýji sýslumaður þar, Magnús Jónsson, áður í Vestmannaeyjum.

Bæjarfógeta fulltrúi í Rvík í stað Júliusar Halldórssonar er orðinn Sigurjón Markússon (Bjarnasonar, skólastjóra).

Húsbrunar hafa orðið á húsi Helga Björnssonar í Bakkagerði í Borgarfirði (eldurinn þar slöktur), og á húsi Brynjólfs Sigurðssonar ljósmyndara á Seyðisfirði. Alt var vátrygt í báðum stöðum.

Bókasafnshúsið nýja í Rvík er nú fullbúið, og söfnin tekin til starfa í því. Það er mikil bygging og falleg.

Fiskafli góður í Keflavík og annarstaðar á Suðurnesjum. Sömuleiðis hafa þilskipin og botnvörpungarnir aflað vel. Einnig ágætur afli í Vestmannaeyjum.

Öll sameignar kaupfélög og slátrunarfélög landsins eru að hugsa um að ganga í samband. Fundur um stofnun þessa allsherjarfélags var nýlega haldinn í Rvík, og mættu á honum fulltrúar frá 14 sameignar og slátrunarfélögum víðsvegar um land alt. Þar á meðal voru margir þingmenn.

Maður að nafni Einar Guðmundsson í Rvík, dó af lofteitrun, er stafaði frá steinolíuvél, er logað hafði á fram eftir nóttinni. Kona hans og annað heimilisfólk veiktist mjög hættulega.

Dáin eru nýlega: Árni Jóhannesson bókbindari í Rvík, María Jónsdóttir móðir Pálma kennara Pálssonar, og Guðrún Brynjólfsdóttir kona Jóns Jónssonar útvegsbónda á Seltjarnarnesi.

Um Desjamýrar prestakall hafa ekki aðrir sótt en séra Einar Jónsson í Kirkjubæ í Hróarstungu.

Veðrátta er mjög góð. Veðurskýrslan sýnir hita í Rvík alla daga na frá 29. marz til 6. april.

Niðurjöfnun útsvara er nýlokið í Rvík. Alls jafnað niður 88 þús. 380 kr. Hæst útsvar hafa Thomsens verzlun og Edinborgar verzlun (2000 kr. hvor), Brydesverzlun, Duus og P. J. Thorsteinsson (1600 kr.) og danska olíufélagið 1400 kr.

— Stjórnin í Austurríki hefir keypt 6 loftbáta til afnota í hernaði. Verksmiðja verður einnig sett á stofn þar til að smíða allskonar loftför.

Sparið Línið Yðar.

Ef þér óskið ekki að fá þvottinn yðar rifinn og slitinn, þá sendið hann til þessarar fullkomnu stofnunar.

Nýtízku aðferðir, nýr vélaútbúnaður, en gamalt og æft verkafólk.

LITUN, HREINSUN OG PRESSUN SÉRLEGA VANDAÐ

Modern Laundry & Dye Works Co., Ltd.
307—315 Hargrave St.
WINNIPEG, MANITOBA
Phones: 2300 og 2301

ROBLIN HOTEL
115 Adelaide St. Winnipeg
Bezta $1.50 á-dag hús í Vestur-Canada. Keyrsla ókeypis milli vagnstöðva og hússins á nóttu og degi. Aðhlynninig hins bezta. Viðskifti Íslendinga óskast. William Ave strætisvagnar fer hjá húsinu
O. ROY, eigandi.

SPÓNNÝTT HÓTEL
ALGERLEGA NÝTÍZKU
Hotel Majestic
John McDonald, eigandi.
James St. West, Rétt vestan við Main St.
Winnipeg Telefón 4979
$1.50 á dag og þar yfir
Bandaríkja-snið
Alt sem hér er um hönd haft er af beztu tegund. Reynið oss.

MIDLAND HOTEL
285 Market St. Phone 3491
Nýtt hús, nýr húsbúnaður Fullar byrgðir af allskonar vönduðustu drykkjum og vindlum í hressingarstofunni. Gisting einn dollar á dag og þar yfir.
W. G. GOULD :: FRED. D. PETERS, Eigendur
WINNIPEG ::: ::: CANADA

Skrifið yður fyrir HEIMSKRINGLU svo að þér getið ætíð fylgst með aðal málum Íslendinga hér og heima.

James Flett & Co.
PLUMBERS
Leiða Gas- Vatns- og Hitapípur í hús yðar, fyrir sanngj. borgun. Verk vandað, fljótlega gert og ábyrgst.
572 Notre Dame Avenue
Telephone nr. okkar er 3380 eða 8539.

Gullneminn í Klondyke.

Ég þekki af reynslu tímans tafl,
tilburðanna hafið.
Það alt með sínum skarpa skafl,
ær Skuld á svip minn grafið.

Með hetju elding hugurinn
hlekki bræðir nauða.
Það er sagt, að svanurinn
syngi bezt í dauða.

Klondyke mína hvessir sjón,
krafta beinum gefur.
Að treysta afli líkt og ljón
lífsins dómur krefur.

Heróp berst um heljarslóð,
hörgul Klondyk fjalla:
að sækja fram í svelnis móð,
og sigra, eður falla.

Lífið hefir langa töf,
letrið sést á steinum.
Margur fyrir gull fékk gröf,
sem gömlum skýlir beinum.

Með fé í pyngjum fundust tveir 1)
fallnir af sárum nauða.
Helja svipýrð lék um leir,
ei leit á gullið rauða.

Piskruðu andvörp: — Gjafir !!
Gjald !
Gull fyrir líf má velja !
Auðurinn hefir ónýtt vald!!
Ansaði drotning Helja.

Af breka glóðum barst út nafn,
borguð fengist glíma.
Annað dæmi sagna safn
segir frá þeim tíma.

Þrumdi fall í grýttum gnúp,
gnötraði veldi fanna.
Hengja sprakk og heljar hjúp
huldi flokk einn manna. 2)

Aðrir komast alla leið
yfir fallinn valinn.
Þyrnispor á skapa skeið
skulu aldrei talin.

Á eyðimörk er harðlæst hurð,
hefir sú gull á baki.

1) Á hinum fyrstu gull-leitar árum í Klondyke fundust tveir menn dauðir með fullar töskur af gulli.

2) Fjörutíu og tveir menn fórust í snjóflóði í Klondyke.

Veltum grjóti ! Veltum urð !!
Veltum Grettistaki !!

Högg frá höggi bergmál ber
bergs á hvelídu gjótum.
Lífæð fjallsins opnuð er
inst að hjartarótum.

Er missir gullsins svona sár?
Sjáðu hvar það rennur !!
Fimbul klakinn fellir tár
þá fyrsti eldur brennur !!

Það sést enn, sem þektist fyr,
þú ert maki tveggja.
Lemur fjallsins læstu dyr, —
létt er í höndum sleggja.

Það skella fleiri á skálaþil
enn Skjaldvör, flagð og Glámur,
Verður margur vættur til
að verla gullsins námur.

Frosta og Þvíta búum bál, 3)
þeir branda eggjar deyfa.
Gildir enn hið gamla mál,
gjörningum þeir dreifa.

Það skal fyr en rökkur rís
rist á jarðar hvelju.
Við bjartan loga, berg og ís
Baldur gráta úr helju. 4)

Á virki logar: Stál og steinn
strekum sindra neistum.
Bergið klýfur fagur fleinn
fyrir hamri reistum.
Tölum fátt um táraflóð,
það tafli raskað getur.
Oft er heitust Heklu-glóð,
þá harðastur er vetur.

Veitt af náð er þyngsta þraut
og þrek, sem að skal spyrna.
Lífið finni frægðarbraut
falda bak við þyrna.

Sigurjón Bergvinsson.

3) Dvergarnir Frosti og Þviti, eður klakinn og steinninn, liggja á gullinu. Eldur er kveiktur til að bræða klakann frá gullsandinum.

4) Þar sem gull er grafið úr jörðu, þar er Baldur grátinn úr helju, — átrúnaðargoð þessarar aldar.

Fréttabréf.

(Frá fréttaritara Hkr.).

MARKERVILLE, ALTA.
29. marz 1909.

Tíðarfarið er hér enn kalt og vetrarlegt. Í þessum mánuði hefir fallið talsverður snjór, sem enn er óleystur. Nú um nokkurn undanfarinn tíma hafa verið kyrviðri, frostlaust um daga en frost á nóttum. Snjór hefir að eins sigið en ekki svo, að skepnur hafi haga, og ekkert verulegt útlit fyrir fljót umskiíti til betra. En svo þykir bændum ekkert að, þó snjórinn liggi enn. Það er trú þeirra sumra, samfara reynslu, að því seinna sem vorar, því betur vori. Hér hefir reynslan sýnt, að oft þegar snjóinn leysir snemma, verða vorin köld og kastasöm, sem hefir vond áhrif bæði á fénað og jarðargróður.

Yfir höfuð má segja, að heilsa og heilbrigði hafi verið hér alment yfir, þótt einstöku hættulegir sjúkdómar hafi átt sér stað hér og þar.

Þann 22. þ.m. andaðist eftir nýafstaðinn barnsburð MargrétGíslaðóttir, kona Björn Björnssonar, bónda við Markerville, sem búið hafði þar nærfelt 20 ár. Jarðarför hennar fór fram frá lútersku kirkjunni í Markerville þann 25. þ.m. í grafreit Alberta safnaðar. Séra P. Hjálmsson jarðsöng hana, að viðstöddu fjölmenni.

Margrét sálugg var 33. ára gömul. Hafði lifað 19 ár í hjónabandi með manni sínum. Hún var 10 barna móðir, af hverjum 8 lifa. — Margrét sáluga var myndarleg og greind kona, og var að maklegleikum virt og velmetin af öllum, sem þektu hana. Hún var góð og umhyggjusöm eiginkona og móðir, sem með dugnaði og skyldurækni lét sér ant um velferð heimilis sins, enda mun leitun á samhentari hjónum, sem bezt sést af því, að sjálfstæðara heimili en þeirra mun trauðla finnast í þessari bygð — Stór eftirsjá er því að fráfalli þessarar konu, sem kölluð var hér á um hádegi æfinnar, — sár og tilfinnanlegur missir fyrir eiginmann hennar, og blessuð litlu börnin þeirra.

Samkoma var haldin í Fensala Hall, Markerville, þann 12. þ.m., að tilhlutun nokkurra góðvina skáldsins herra St. G. Stephanssonar. C. Christinsson, forseti, setti samkomuna. Séra P. Hjálmsson flutti tölu um Stefán og ljóðagerð hans. Þar næst talaði herra Stephansson til fólksins, áheyrilega og skemtilega, sem hann á vanda til. Þakkaði mönnum fyrir, að hafa sýnt sér þá velvild, að hlusta á sig, sagði það helzta af ferðum sínum, og mintist með fáum orðum á ljóðagerð sína. Því næst bauðst hann til að lesa upp nokkur þau kvæði, er hann hafði lesið upp á samkomum austurfrá, og var því tekið með fögnuði og lófaklappi. Hið bezta voru kvæðin flutt, og var gerður að þeim hinn bezti rómur. Hann tók það fram, að þeir, sem fyrir samkomunni stóðu, hefðu þá nýskeð fært sér að vinagjöf vandaðan, verðmikinn legubekk, og þakkaði fyrir. Að síðustu ávarpaði skáldið tilheyrendurna hlýjum kveðjuorðum, og bauð þeim "góða nótt". — Því næst flutti S. Johnson (frá Víðimýri), skáldinu, lipurt og laglegt kvæði. — Tvö kvæði skáldsins voru sungin á samkomunni, þessi: Alberta minni ("Þú fagra sveit í fjalla-arm"), og Íslands minni ("Gamla Ísland, ættland mitt"). Samkoman var enduð með því, að syngja "Eldgamla Ísafold" og "God Save Our King".

Skömmu áður hafði Mr. Stephansson fengið að gjöf í vinsemdar- og virðingarskyni frá nokkrum mönnum í Winnipeg drykkjarhorn all-mikið, fagurlega búið og mjög verðmætt. Íslenzku blöðin hafa nú fært mynd og lýsingu af horninu, og fer ég því eigi fleiri orðum um það. Horninu fylgdu kvæði til skáldsins, sem eflaust mega teljast með því bezta í vestur-íslenzkum skáldskap.

Fylkisstjórnin í Alberta vann í kosningunum 22. þ. m. með miklum meiri hluta atkvæða.

Það er til nýmæla hér í fylkinu, að fjöldi af alþýðuskólum verða enn ekki opnaðir fyrir vöntun á kennurum.

Verzlun ætla að stunda framvegis í félagi þeir herrar Jón Benediktsson og Guðmundur Stephansson (skálds). Jón hefir um mörg ár rekið verzlun á Markerville, í félagi við Ólaf bróður sinn, sem andaðist á sl. hausti.

Mikið er talað um járnbrautarlagningu hér víðsvegar um Alberta. Ein sögn er sú, að byggja eigi járnbraut út frá C.P.R. vestur um, frá Red Deer til Rocky Mountain House innan skams, og mun til þess nokkur ástæða, því verið hafa mælingamenn við braut arstæðismælingu hér í nánd við Íslendinga bygð, en svo kann enginn að segja hvar hún kann að verða lögð, þótt líkur séu til, að hún liggi norðanvert við bygðina.

Herra Ásmundur Christiansson, Markerville, hefir fyrir stuttu byrjað á bókaverzlun og bakarii.

ATHS. — Grein þessi er rituð 30. marz sl., en hefir að eins nýlega borist blaðinu, og gat því ekki komið í því fyr en nú.

Ritstj.

Fréttabréf.

SWAN RIVER, MAN.
23. april 1909.

Herra ritstj. Hkr.

Það er ekki ofsögum sagt, að þagmælskan sé sagna fár, og sitji hver heima sem kominn er. Enda sést það bezt á því, að hér reynir enginn, þótt fremri séu enn ég, að láta eftir sig sjást línur héðan úr Swan River. Enda má nokkuð til sanns vegar færa, að héðan sé fátt til frásagnar, og því sé eigi þörf, að eyða tíma né sálarþreki til einskis, að láta heiminn vita, að við hjörum á skarinu; ætti þó hverjum einum að vera innan hand ar að gera, — annars máttu því búast við, að við séum gengnir fyrir ætternisstapa. Ég ætla nú að verða svo biræfinn að láta þig vita, að við séum tórandi, af náð og miskunsemi, en mest unnað gef ég dalbúum eftir.

Svo ég masi eitthvað af fákænsku minni, þá hafa nú engir dáið, fátt eitt fæðst, en stór hlunnindi hafa ekki borist okkur í hendur. En fremur vill það verða, að hallist á klökkunum eftir breytingum lofts og lagar. Seinni part síðastl. sumars og hausts var hér þurkatíð, fyrir því heynýting góð, en uppskera meira og minna skemd. Sáning gekk seint sl. vor, bæði vegna þess, hvað voraði seint, og svo voru akrar litt undir sáningu búnir frá haustinu áður. Þar af leiddi, að akrar urðu seinir til að móðna áður enn frostin komu. Þó munu flestir hafa fengið þolanlegt verð fyrir hveitið, frá 50c og upp í 80c bush. Hafrar munu nú vera 50c og bygg eitthvað nálægt því. Kartöflur munu víða hafa sem næst eyðilagst, — $1.00 bush. nú.

Veturinn í vetur var góður fram yfir jól. Síðan hefir hann verið fremur harður og langsamur ætlar hann að verða okkur, því enn í dag er 10 þumlunga snjór og sífelt frost og kuldar, og lítur því báglega út, ef ekki kemur bráður bati, því allir eru að verða uppiskroppa með hey. Eftir þessu gengur vorvinna seint, sem er aðalgallinn hér.

Nú er að verða alt upptekið af stjórnarlöndum hér nærindis. Hér er í ráði, að ræsa fram landið í sumar með stjórnarskurðum á milli ánna Wood og Swan, út og suður, austur og vestur. Það er verið að undirbúa rjómabús verkstæði í Swan bænum, og á það að taka til starfa 1. maí. Svo er bærinn í ráðabruggi með að stýfla ána, til að nota vatnið í henni til rafurmagns framleiðslu og fleira fyrir bæinn.

Það brann annað hótelið í bænum sl. sunnudagsmorgun. Einn maður brann inni, en allir aðrir komust nauðulega út, og varð engu bjargað. En um eldsupptökin veit ég ekki greinilega.

Ég hefi frétt, að einar persónur hér séu gengnar inn í hjúskaparlífið, og það sé Jón minn á greinirii.

Svo mörg eru þessi orð.

E. J. Breiðfjörð.

Á beztu heimilum
hvar sem er í Ameríku, þar munið þér finna HEIMSKRINGLU lesna. Hún er eins fróðleg og skemtileg eins og nokkuð annað íslenzkt fréttablað í Canada

MARKET HOTEL
146 PRINCESS ST. á móti markaðnum
P. O'CONNELL, eigandi, WINNIPEG
Beztu tegundir af vínföngum og vindl um, aðhlynning góð, húsið endurbætt

JOHN DUFF
PLUMBER, GAS AND STEAM FITTER
Alt verk vel vandað, og verðið rétt
664 Notre Dame Ave. Phone 3815
Winnipeg

Strathcona Hotel
Horni Main og Rupert Str. Nýbygt og ágætt gistihús; Gest um veitt öll þægindi með sanngjarnasta verði. Frí keyrsla til og frá öllum járnbr. stöðvum. Beztu vín og vindlar; og herbergi og máltíðar ágætar.
McLaren Brothers
EIGENDUR

Hotel Pacific
219 Market Street, Winnipeg | H. M. Hicks, Eigandi Manitoba
Telephone 1338
Ný-endurbætt og Ný-tízku hús í alla staði. Viðskifta yðar óskast virðingarfylst.
$1.25 a Dag

$1.50 Á DAG
Besta $1.50 gistihús í Winnipeg
BRUNSWICK HOTEL
Horni Main St. og Rupert Ave.
Besta borðhald; Hrein og Björt Herbergi; Fínustu Drykkir og Bestu Vindlar. Ókeypis Vagnmatur Öllum Traintestum. Reynið oss þegar þú ert á ferð.

hann bar kinnroða fyrir orð sín. — Í vandræðum sínum tók hann hatt sinn, og enginn bað hann að dvelja lengur. Í hálfum hljóðum tautaði hann eitthvað um erindi sitt, og rétti svo — eins og hann alt í einu hefði orðið snortinn af náttúruhvöt — Felicitas hendina. En hún lét eins og hún sæi það ekki, og hneigði sig að eins djúpt og kurteislega fyrir honum. — — Hún var hörð niðurlægingin, er hinn drambláti herra von Hirschsprung varð að þola af loddarabarninu. Hann hörfaði forviða aftur á bak, — ypti öxlum og hneigði sig svo án alls stærilætis fyrir fólkinu, gekk síðan út úr stofunni, — málafærslumaðurinn fylgdi honum eftir.

Þegar hurðin lokaðist á eftir honum, fól Felicitas andlitið í höndum sér.

"Fee !" kallaði prófessorinn og breiddi út faðminn á móti henni. — Hún leit upp og hljóp í fang hans, lagði handleggina um háls honum, og þrýsti höfðinu fast að brjósti hans. — — Hinn ungi, vilti fugl gafst nú upp fyrir fult og alt, og gerði ekki lengur minstu tilraun til að fljúga brott. — Það var svo sælt, að hvíla sig í sterkum örmum, eftir að hafa hrakist einmana í óveðri og næstum beðið dauða.

Þegar frú Frank sá þetta, gerði hún manni sínum, er brosti ánægjulega, bendingu og svo gengu þau bæði þegjandi út úr stofunni.

"Ég vil, Jóhannes !" mælti Felicitas og leit framan í hann tárvotum augum.

"Loksins !" sagði hann og þrýsti henni enn betur að sér. — Eftir að hafa sagt þessi orð, heyrði hún honum til. — Með innilegri ástúð virti hann fyrir sér andlit hennar, sem nú var eitt ánægjubros.

"Dag eftir dag hefi ég beðið eftir og þráð að heyra þessi orð", mælti hann ennfremur. — "Guði sé lof að þau voru nú sögð af frjálsum vilja, — annars

hefði ég verið neyddur til, að endurnýja bónorð mitt, og ég er viss um, að þá hefðu þau ekki látið mér eins vel í eyrum og þau gera nú. — Slæma Fee ! þurfti ég að liða jaín-þungbærar þrautir, áður en þú hafðir afráðið að gera mig hamingjusaman?

"Nei", mælti hún einbeittlega og vatt sér úr fangi hans. "Þó breyting hafi orðið á högum yðar, þá var það ekki það, er sigraði mig. — Þegar þér neituðuð að fá mér bókina aftur, þá vaknaði í hjarta mínu traust til yðar".

"Og þegar mér var orðið kunnugt um leyndarmálið", greip hann fram í og þrýsti henni aftur að brjósti sér, — "þá varð ég að játa, að þú, þrátt fyrir alla þína hörku og stífni, berð í brjósti þínu hina sönnu, sælufullu kvenást. Þú vildir heldur liða sjálf en vita mig líða. — Við hefðum bæði orðið að tæma beiskan bikar. — — Drag ei sjálfa þig á tálar í tilliti til framtíðarvona þinna. — Ég hefi mist móður mína. Traust mitt til mannanna hefir minkað að mun, — og — — einnig verður að tala um það: — Nú sem stendur á ég næstum ekkert til nema þekkingu mína".

"Ó, hvað ég er glöð yfir, að mega þá standa við hlið yðar", mælti hún og lagði höndina létt á varir hans. — "Ég þori ekki að gera mér von um, að geta bætt yður upp alt það, sem þér hafið mist, en alt sem auðmjúk kona getur gert til að breiða gleði yfir líf göfugs manns, — þá skal það vissulega verða gert".

"Og hve nær ætla þessar stórlátu varir að lítillækka sig til að þúa mig?" spurði hann og brosti framan í hana.

Hún kafroðnaði.

"Jóhannes ! Vertu ekki lengi í burtu frá mér", hvísladi hún biðjandi í eyra hans.

"Hefir þér komið til hugar, að ég ætlaði í brott

án þín?" sagði hann brosandi. — "Þú áttir ekki að fá vitneskju um það fyr en í kveld. En úr því nú býðst svo gott tækifæri, þá er bezt að skýra þér frá, að á morgun klukkan átta fórum við til Bonn, ásamt frú Frank. Hin góða, gamla frú hefir leikið ofurlítið á þig, barnið mitt. Ferðakisturnar hafa staðið tilbúnar uppi á lofti síðan í gær, og ég hefi með aðstoð hennar sjálfur valið ofurlítinn ferðahatt handa þér. — — — Þú verður svo einn mánuð hjá frú von Berg, sem heitmey mín, og svo tekur ung kona sér aðsetur við hlið hins ægilega prófessors, sem kemur heim öskuvondur og með hrukkur á enni"

Hr. von Hirschsprung og faðir hans voru hinir einu löglegu erfingjar. Þeim var afhent fé það, er gamla jómfrúin hafði ánafnað þeim, — og þeir lýstu því yfir, að Heilwigs ættin hefði að fullu bætt þeim fornan órétt, eftir að prófessorinn hafði með sínum eigin peningum tvöfaldað hina 30 þúsund ríkisdali.

Fyrir söngla gahéfti Bachs, sem frú Heilwig hafði brent, varð hún að borga þúsund ríkisdali. Féll henni það afarilla, en hún gerði það þó, eftir að vinir hennar höfðu fullvissað hana um, að ef hún léti málið fara fyrir dómstólana, yrði hún dæmd til að borga miklu meira.

Morguninn, er leggja átti af stað, stóðu þeir við gluggann í stofu frú Frank. málafærslumaðurinn og prófessorinn. Hinn síðarneíndi var að bíða eftir samferðakonum sínum. — "Því skyldi ég neita því", sagði málafærslumaðurinn og roðnaði um leið, — "að ég ann þér eigi Felicitas. Strax og ég leit hana, fann ég hve óvanalega miklum hæfileikum hún er gædd, — og það liður eflaust langur tími áður en ég fæ gleymt. — — En ér vet huggað mig við það,

að þig hefir hún gert að nýjum manni, og fært siðferðislegum réttindum manna nýjan vin. — — Það mátti til sanns vegar færa skoðanir mínar, er ég lét í ljósi við þig eigi alls fyrir löngu. — Fyrirgefðu mér hinn beiska sannleika. — En hin mikillláta Heilwigs ætt var hlaðin þungri sekt gagnvart ættingjum hins litilsvirta loddarabarns. — — Guð minn góður ! — Þarna stendur einn, og lítur með þótta niður á hinn, — og heimurinn, blindur og hugsunarlaus, hefir ekki hugmynd um, að hinar hátt-lofuðu kenningar þeirra væru rotnar og á sandi bygðar, og að frelsis- og menningarstrauma þarf til að ryðja þeim úr vegi, — því þar voru sprotnar af drambi, miskunarleysi og fleiri álíka löstum.

"Þú segir satt. Ég hlýði með ró á rökleiðslur þínar", mælti prófessorinn alvarlega. — — "Ég fór villur vegar, en leið min var líka grýtt og þyrnum stráð. — Unn mér þess vegna líka þeirra launa, sem ég hefi orðið að vinna svo hart fyrir".

Prófessorinn hafði látið hina ungu konu sína taka þátt í samkvæmislífinu í Bonn. Henni er allstaðar tekið með ástúð og aðdáun, þrátt fyrir baknag ríkisstjórafrúarinnar. — Hugsjón prófessorsins hafði ræsts: Felicitas tekst alt af með blíðu og þýðu viðmóti, að slétta hrukkurnar, er læknisstarf hans setur á enni honum. — Og þegar hann á kveldin að afloknu dagsverki segir biðjandi: "Fee, eitt lag !" — þá hljómar strax um viðkunnanlega og skemtilega herbergið hans, hennar ágæta "alt"-rödd, sem einu sinni rak hann brott af heimili móður hans, og út í Thuringen skógana, — sem hann svo flúði frá, af því að hún með ómótstæðilegu afli dró hann að hinu yndislega loddarabarni.

Fundargjörð.

Árið 1909 laugardaginn 17. apríl var almennur fundur haldinn að Siglunes skóla, eftir fundarboði frá J. M. Mathews, G. Hávarðssyni og Jóni Jónssyni. Á fundinum mætti meiri hluti bænda úr skólahéraðinu, og all margir úr Narrows skólahéraði.

Fundarstjóri var kosinn Jóhannes Eiríksson, en skrifari Guðm. Jónsson.

Þessi mál voru tekin til umræðu:

1. Sveitarstjórnar-mál Í því máli var borin upp svohljóðandi tillaga frá Jóni Jónssyni frá Sleðbrjót;

Þar eð bændur við Scotch Bay hafa leyft sér að innlima Sigluness-, Narrows- og Dog Creek-bygðir í nýtt sveitarstjórnarhérað, að hlutaðeigendum fornspurðum, — leyfir fundurinn sér að mótmæla þannig löguðu sveitarstjórnarfyrirkomulagi, og skorar á stjórnarformann fylkisins, hr. R. P. Roblin, að samþykkja ekki að townships 22, 23 og 24, Range 7., 8., 9. og 10. verði tekið inn í sveitarstjórnar umdæmi Scotch Bay. Ástæður fundarins fyrir því eru þessar:

a) Þessar bygðir eru algerlega sundurskildar af "Sou Sonse" Indian Reserve, sem mundi valda miklum óþægindum.

b) Hagsmunir bænda og atvinnuvegir eru að mörgu leyti ekki hinir sömu í þessum bygðum og við Scotch Bay. Samvinna milli þessara tveggja bygðarlaga mundi því ekki heppileg fyrir framkvæmdir og framfarir sveitarfélagsins í heild sinni.

c) Bændur í Sigluness-, Narrows- og Dog Creek-bygðum hafa í hyggju að biðja um, að hér verði löggilt sér stakt sveitarfélag, er nái yfir Townships 22., 23., 24. og 25., Range 7., 8., 9. og 10, eða ef til vill lengra austur, eftir samkomulagi. En um sveitarstjórn vill fundurinn ekki biðja fyr en full vissa er fengin fyrir því, að lækkað verði í Manitobavatni, og að lögð verði járnbraut hingað norður, svo til hagsmuna sé fyrir bygðina; því fundurinn álítur, að undir framkvæmdum þessara mála sé það komið, hvort hér verður framtiðarbygð. En fundurinn væntir, að útséð verði um þau mál að 2 árum liðnum.

Fundarstjóra var falið, að rita formanni fylkisstjórnarinnar um þetta mál.

2. Heimilisréttarskyldur. — Svohljóðandi tillaga samþykt, frá Jóni Jónssyni:

Fundurinn skorar á sambandsstjórnina, að gefa landnemum í þessum bygðarlögum minst 3. ára frest, framyfir það, sem ákveðið er í lögum frá 1. sept. síðastl., til að uppfylla skyldur þær, er settar eru fyrir eignarrétti á löndum. Því fundurinn álítur, að á þeim tíma verði fullséð, hvort lækkað verður í Manitoba vatni, og greitt fyrir samgöngum og flutningum hingað með hagkvæmri brautarlagningu. Því verði hvorki lækkað í vatninu né lögð hingað járnbraut, telur fundurinn ekki borga sig — og á sumum stöðum ekki hægt vegna vatnsflóða —, að rækta lönd hér. Verða menn því neyddir til, að leita sér landa á öðrum stöðum, sem sé þannig í bygð komið, að bæði fylkisstjórn og sambandsstjórn telji það borga sig, að styðja íbúa þess til framfara og framkvæmda, ef með þarf. En um leið vill fundurinn láta þess getið, að hann álítur að lönd hér séu þess fullkomlega verð, að stjórnendur fylkis og ríkis styðji að ræktun þeirra.

Fundarstjóra var falið á hendur, að skrifa formanni sambandsstjórnarinnar um mál þetta.

3. Landamerkjamál. Svo hljóðandi tillaga samþykt frá Guðm. Jónssyni:

Fundurinn skorar á sambandsstjórnina, að láta á næsta sumri mæla að nýju lönd í Townships 22., 23. og 24 — Range 9. og 10. því bæði eru línur horfnar, hælar brunnir og tapaðir, svo mjög er erfitt, og sumstaðar ómögulegt, að finna hin réttu takmörk landanna.

Forseta var falið, að skrifa sambandsstjórninni um þetta mál.

Fleira kom ekki til umræðu, og var svo fundi slitið.

JOH. ERICKSON,
fundarstj.

GUDM. JÓNSSON,
skrifari.

"þóttust menn, en voru ekki" "Vildu vera, en gátu ekki"

Þetta datt mér í hug, þegar ég las í Lögbergi 8. f.m. ritgerð eftir J. H. Líndal, Sask., með fyrirsögn "Séra F. J. Bergmann gagnvart hinu íslenzka ev. lút. kirkjufélagi". Það verður álitamál, hvort séra F. J. Bergmann stendur gagnvart kirkjufélaginu eða það gagnvart honum.

Þegar í byrjun getur herra Líndal þess, að deilunni hafi hann fylgt að eins að hálfu leyti, lesið Breiðablik og Sameininguna — stöku sinnum.

Margur hefði viljað kynna sér málið betur, áður hann lagði út í það, að dæma í því, en þess þurfti ekki herra Líndal,—nógu mikið var nú lesið; og leggur hann svo á stað út á ritvöllinn, og segir: — "Þegar vér leikmenn, sem stöndum fyrir utan kirkjufélagið, lítum á deilu þessa, eins og hún hefir birst í áðurnefndum ritum, getum vér dæmt um hana frá tveimur grundvallar atriðum". Og grundvallar atriðin eru svo tvær spurningar, sem herra Líndal segir þó, að séra Björn B. Johnson hafi svo greinilega svarað í nóvemb. Sameiningunni. Slik grundvallar atriði hans (herra Lindals, ef hann telur sig í fleirtölu þeirra, ef hann hefir fullmakt að tala fyrir alla þá, er fyrir utan kirkjufj. standa, sem er hreint ómögulegt), — þau eru léleg. Á hinu furðar mig ekki, þó hann geti skilið á tvo vegu, — það getur hver óvitlaus maður gert, sem hefir nógu sterka tilhneigingu til að snúa út úr og rangfæra. — Hitt tekur hygnari menn, að tala og rita skipulega, og færa góð rök fyrir sínu máli. En þess verður maður ekki víða var hjá þeim, sem mest hafa haft að segja gagnvart séra F. J. Bergmann upp á síðkastið, — og er það sjálfsagt af þeim ástæðum, að þeir geta það ekki, annars hefðu þeir að líkindum verið búnir að því. Svo hefði það átt að vera. En ég býst við, að það verði erfitt fyrir þá að gera það svo vel fari, og hefði þá betur verið minna ritað og færra talað. — T. d. gæti séra Jóhann Bjarnason sannað, að í Tjaldbúðarsöfnuði séu tómir heimskingar? (Svo hefir hann ritað um hann undanteknigarlaust í heildinni). — Nei, það var fljótfærnislegt af prestinum. Hann var ekki búinn að skoða nógu mörg höfuð í þeim söfnuði til að gera þann úrskurð.

Ég ætlaði ekki með línum þessum, að taka ritgerð herra Líndals lið fyrir lið, enda eru þeir nokkuð sundurlausir, og leitt vera að elta þá saman. En á einum stað segir hann: "Það sýnist, að séra F. J. Bergmann gangi eins langt og nokkur íslenzkur guðfræðingur með ev. lút. nafni hafi gengið, í tilliti að færa rök að því, að alt gamlatestamentið, jafnvel öll hin viðurkenda biblía, sé í fylsta skilningi manna verk, manna, sem ekki voru fullkomnari enn menn gerast nú á tímum". Þar veit herra Líndal (ef hann annars veit nokkuð) að hann er á móti betri vitund að fara með bein ósannindi. Það hefir séra F. J. Bergmann aldrei talað, og ekkert líkt því. Hitt hefir hann oft tekið fram, að hann trúi ekki, að hvert einasta orð í bibliunni sé innblásið af guði, né í hans nafni ritað þar. Og ég er alveg viss um, að þegar hinir prestarnir hugsa um það alt í rólegheitum og rannsaka sín eigin hjörtu og sinn eigin skilning á því máli, þá trúa þeir því ekki heldur, ekki nokkur þeirra, þó þeir vilji ekki viðurkenna það.

Áður enn herra Líndal leggur út á ritvöllinn aftur, sem ekki er líklegt að verði, þar Lögberg afbað meira af svo góðu, vildi ég benda honum á, að reyna að fá nú að láni það sem hann hefir ekki náð til af Breiðablikum og Sameiningunni, lesa hvorttveggja vel, taka samanburð af báðum þeim ritum; og væri ekki úr vegi fyrir hann að fá lánuð líka Áramótin frá sl. kirkjuþingi, og vita hvort hann sér þar (í Áramótunum og Sameiningunni) ekkert ólúterskara né ókristilegra en það, sem hann hefir enn lesið eftir séra F.J.B. Finni hann ekkert þar nema gott og guði þóknanlegt, þá sýnist mér ekki þurfa að leggja mikið á sig til að kallast kristinn.

Svo hefi ég oft hugsað um alla þá áfellisdóma, sem meðbræður séra F.J.B. hafa verið að senda honum mánaðarlega nú nærri heilt ár, að betur sannaðist ekki þar málsháttur inn, "sér grefur gröf þó grafi.

Mér dettur ósjálfrátt í hug það, sem einn af prestum vorum talaði á opinberri samkomu fyrir nokkru síðan, um strák, sem væri í hverjum manni, og hvað mismunandi vald hver og einn hefði á sínum strák. Já, það er þó satt. Sumir hafa svo góðar gætur á sínum strák, að aldrei verður hans vart. Aðrir láta honum lausan tauminn. Og eðlilega hafa þeir minst vald á sínum strák, sem minst hafa vald á sjálfum sér í ræðum og ritum.

1. maí 1909. Ó....

Fréttabréf.

WINNIPEGOSES,
26. apríl 1909.

Herra ritstj. Heimskringlu.

Viltu gera svo vel, að lofa Hkr. þinni, að ganga með eftirfylgjandi línur fyrir mig við tækifæri. Ég kemst nú svona að orði, án þess að athuga, hvort blessuðum stúlkunum líkar það. Það er nú orðið eina tilfluktið mitt, þar sem sú "kringlótta" á hlut að máli.

Héðan er fátt að frétta utan stöðug harðindi, og í dag er stórhríð, sem skall á með afturbirtingu í morgun. Allar skepnur hafa verið á heyjum upp að þessum tíma, því þó sviað hafi einstaka dag og snjór sigið, þá hafa verið brunafrost um nætur, og sífeldir umhleypingar með snjóbyljum. En það er bót í máli, að allflestir munu hafa næg hey, þó eitthvað kunni að dragast enn, að tíð breyt ist til batnaðar.

Áin (Mossey River) var orðin laus úr klakaböndum vetrarins um páskahelgina. En á sumardagsmorguninn fyrsta var hún lögð, svo hundar fóru yfir hana fullum fetum. Hún hefir verið að sýna sumrinu, hvernig hún var búin meðan hún dvaldi í vistinni hjá bróðir þess.

Nú er verið að brúa áðurnefnda á hér rétt við bæinn. Farelley Bros. frá Winnipeg hafa tekið að sér að gera verkið, sem var hafið snemma í síðastliðnum marz, og er gizkað á, að því verði lokið um miðjan mai næstkomandi. Brúin liggur á 3 stöplum sínum við hvern bakka og einum í miðið, 80 feta haf milli stöpla, en 12 fet frá vatnsfleti upp að brú. Unp af brúnni til beggja hliða eru skástoðir, um 14 fet á hæð, og járnslár á milli. Öll brúin ofan við stöpla er úr rauðleitri furu, en stöplar úr tamraki, fyltir með grjóti. Fimm tons af járni fóru í byggínguna.

Alment er herra Glen. Campbell þakkað það, að þetta verk var hafið og stjórnin veitti peninga til þess.

Sagt er, að stjórnin leggi fram peninga til brúarbyggingar yfir Fork River. Það kvað eiga að vera stálbrú.

Nú erum við Íslendingarnir, sem búsettir erum hér í Winnipegoses í þann veginn að koma okkur upp samkomuhúsi, að stærð 20x40 fet. Samskot til þessa fyrirtækis hafa gengið mjög vel. Líka hafa hérlendir menn verið því talsvert liðveittir. Íslendingar þeir, sem eru búsettir í Red Deer Point, hafa sýnt það í verkinu með því að færa okkur peninga upphæðir að gjöf, að þeir væru fyrirtækinu hlyntir, og kunnum við þeim innilegar þakkir fyrir drenglyndið. Viðurinn til byggingarinngr hefir verið keyptur og fluttur þangað, sem húsið á að standa, en verkið biður betri tíðar.

Lítið hefi ég orðið þess áskynja, að lyfst hafi brúnin á mér eða löndum mínum við það, sem stóð í Hkr. um daginn, að Booth félagið hefði verið reist við aftur, og ómögulega get ég verið þér samdóma í því, að það sé gleðieíni fyrir okkur fiskimennina, að alræmt fjárglæfrafélag rísi upp á ráns-skottleggina aftur til að taka til starfa í líka átt og það hefir alið aldur sinn í, svo árum skifti.

Einnig stóð nokkru áður í Hkr. að sama félag hefði mútað svo miliónum dollara skifti, til að drepa alla samkepni í fiskverzlun, og nú til skams tíma hefir yfirmaður þess staðið undir rannsókn af réttvísinnar hálfu fyrir sviksamlega frammistöðu.

Nei, herra ritstjóri, þetta er ekki það, sem við æskjum eftir. — Við viljum samkepni í allri verzlun, og við erum að búa okkur undir, að sýna það í verkinu næsta haust áður enn við leggjum á stað út í fiskiveiðina, með því að vera þá búnir að tryggja okkur einhvern ráðvandan og duglegan mann til fiskkaupa, sem vill og getur att kappi við þá fisk-kaupmenn, sem hér eru, og hafa leikið sér að því eins og tafli, að féfletta okkur. — Ég vildi mælast til þess, að Íslendingar þeir, sem keypt hafa fisk við Lake Manitoba og víðar, vildu gera svo vel og eiga við okkur bréfaviðskifti.

Finnbogi Hjálmarsson.

Hefir þú borgað Heimskringlu?

Með því að biðja ætíunlega um "T.L. CIGAR," þá ertu viss að fá ágætan vindil.

smoke the T.L. CIGAR

T.L.

(UNION MADE)

Western Cigar Factory
Thomas Lee, eigandi Winnipeg

Redwood Lager og Extra Porter

Styrkið taugarnar með því að drekka eitt staup af öðrum hvorum þessum ágæta heimilis bjór, á undan hverri máltíð. — Reynið !!

EDWARD L. DREWRY Manufacturer & Importer Winnipeg, Canada.

Department of Agriculture and Immigration.

MANITOBA

Þetta fylki hefir 41,169,089 ekrur lands, 6,019,200 ekrur eru vötn, sem veita landinu raka til akuryrkjuþarfa. Þess vegna höfum vér jafnan nægan raka til uppskeru tryggingar.

Ennþá eru 25 miliónir ekrur óteknar, sem fá má með heimilisrétti eða kaupum.

Íbúatala árið 1901 var 255,211, nu er nún orðin 400,000 manns, hefir nálega tvöfaldast á 7 árum.

Íbúatala Winnipeg borgar árið 1901 var 42,240, en nú um 115 þúsundir, hefir meir en tvöfaldast á 7 árum.

Flutningstæki eru nú sem næst fullkomin, 3516 mílur járnbrauta eru í fylkinu, sem allar liggja út frá Winnipeg. Þrjár þverlandsbrauta lestir fara daglega frá Winnipeg, og innan fárra mánaða verða þær 5 talsins, þegar Grand Trunk Pacific og Canadian Northern bætast við.

Framför fylkisins er sjáanleg hvar sem litið er. Þér ættuð að taka þar bólfestu. Ekkert annað land getur sýnt sama vöxt á sama tímabili.

TIL FERDAMANNA:

Farið ekki framhjá Winnipeg, án þess að grenslast um stjórn ar og járnbrautarlönd til sölu, og útvega yður fullkomnar upplýsingar um heimilisréttarlönd og fjárgróða möguleika.

R. P. ROBLIN,
Stjórnarformaður og Akuryrkjumála-Ráðgjafi.

Skrifið eftir upplýsingum til
Joseph Burke, 178 LOGAN AVE., WINNIPEG.
Jas. Hartney, 77 YORK ST., TORONTO.

Hann hefir látið flytja alla húsmuni Cordulu gömlu til Bonn. —. Hljóðfæriið, ásamt viðvindlinum, skreyta nú herbergi Felicitas, — og í gamla leynisskápnum geymir unga húsmóðirin alla hina dýrmætu ættargripi. En litla, gráa skrinið, ásamt innihaldi þess, var brent sama daginn og Hirschsprungunum var útborgaður arfur þeirra. — Skuldabókin er eyðilögð. — Órétturinn bættur að svo miklu leyti, sem í mannavaldi stendur, — og andi Cordulu frænku getur í friði haldið áfram hinu háfleyga flugi, sem hann hafði þegar byrjað hér á jörð.

Hinrik býr í Bonn hjá ungu hjónunum. Hann nýtur mikillar virðingar og liður ágætlega vel. — Stundum mætir hann rikisstjórafrúnni, sem nú klæðist óleimin í flauel og silki eftir nýustu tízku, — lítur hún þá alt af undan, og lætur sem hún aldrei á æfi sinni hafi séð gamla, góðmannlega andlitið hans. Þá hlær Hinrik, og tautar við sjálfan sig: "Gleymdu mér ei blómin hjálpduð þá ekki mikið, náðuga frú".

Hin fagra kona getur nú samt ekki lengur skreytt sig með gull-únliðshringnum. — Faðir hennar hefir skilað honum í hendur Hirschsprunganna, með þeim ummælum, að af tilviljun og misgáningi hafi hringurinn komist í vörzlur hans. — — Samkomulagið á milli feðginanna er nú ekki sem bezt. — Hann getur ekki fyrirgefið henni það, að hún skyldi játa hlutdeild hans í þjófnaðarmálinu. — — Hún hefir fyrir löngu síðan lagt niður guðræknisgrímuna og hógværðina, er hún svo lengi hafði skreytt sig með. Samt tekur hún enn þá mikinn þátt í trúmálum, og lætur þjónustufólk sitt annast Önnu litlu, er fölnar æ meir og meir og verður áður enn langt um liður dauðans herfang. ——— Og hann, réttrúarmaðurinn við Rín. — — Hegningin hittir hann varla hér á jörð. Alt, sem honum kann að ganga á móti, álítur hann að guð sendi til að reyna með því trú hans.

— Þess vegna gefum við hann á vald almenningsálitsins. — Hin harðasta refsing, er hræsnarinn verður að þola, er sú, að grímán sé í allra augsýn af honum rifin.

Frú Heilwig situr eins og áður hjá Asklepitasblóminu sínu. — Mótlætið hefir að lokum heimsótt hana. Hún hefir mist báða syni sína. Jóhannesi útskúfaði hún, og einn góðan veðurdag fékk hún þau tíðindi, að Nathanael hefði fallið í einvígi, og látið eftir sig miklar skuldir og flekkað mannorð. ——— Hinir járnhörðu andlitsdrættir hennar voru nú orðnir dauflegri, — og flestum sýnist, að höfuð hennar, er hún áður fyr bar hátt og dremblega, nú oft hnýga þreytulega niður á brjóstið. ——— Prófessorinn hefir nýlega látið hana vita, að sér hafi fæðst erfingi.

Síðan hefir legið í prjónakörfu hennar, er áður hafði inni að halda að eins bláa og hvíta gröfa bandhnikla, — rósrautt band. Frú Heilwig prjónar úr því, — þegar fáir sjá til, og Friðrika segist þora að sverja, að það sé alls ekki ætlað til kristniboðsins, heldur séu það gullfallegir barnasokkar. — — — Hvort þeir eru ætlaðir yngsta syni Heilwigs ættarinnar, vitum við ekki. — — En mannseðlinu til sæmdar er það sagt: Að engin sál sé svo þverúðarfull, að hún eigi ekki einn viðkvæman streng. Hann er að vísu oft hulinn, og kemur ekki í ljós, nema ytri kringumstæður slái á hann. — — Ef til vill er ömmu-ástin hreinfegursti strengurinn í hjarta hinnar gömlu konu, — og þegar alt í einu er komið við hann, dreifir hann máske frá sér yl og blíðu, sem bræðir klakann og kuldann, er áður hefir ríkt í hugskoti hennar.

Við skulum vona það, lesari góður.

(ENDIR)

Ávarp til Heimskringlu.

Frá mannkærleiks-hæðum,
með hugljúfum gæðum,
þú lítur á ófrelsis ömurlegt hjarn.
Þú málfrelsi gefur
og mundum umvefur
með einlægum hlýleik hvert einasta barn.

Tak málstað hins hrjáða,
hins hrelda og smáða,
þá sigur þú vinnur við sérhverja þraut.
Glæð þú ið háa,
en hrek burt ið lága.
Já, hræsni og ódrengskap rek þú á braut.

Þú dáð skalt framleiða
og deilunum eyða,
þær draga burt siðmenning, virðingu og frægð.
Lát gott af þér leiða
um brautina breiða,
með bjartsýni, fegurð og þekkingar nægð.

Jóhanna S. Thorwald.

Kveðja.

Mín huggun er mér fjarri, því huggast ei ég læt,
í húmi tómleiks döpru ég kviðin sit og grræt.

Þótt vorskrúð fagurt rísi mót varm-lýsandi sól
á vegi minum get ég ei nokkurt fundið skjól.

Því sólargeislinn eyðir ei svellalagi því,
sem sest hefir að langvistum hjarta minu í.

Hver náttskuggi mér ögrar sem nátthjúpur minn,
því nistingskaldan anda úr dimmunni ég finn.

Mér hlátrar eru uppgerð og helstunur kífs,
sem hrikti í þrælsins viðjum og stálfjötrum lífs.

En tár mitt er min sannreyndar sorgarperla skær,
mitt saknaðarblóm, sem á hjarninu grær.

Því horfið er mitt yndi, í auðn min vonarlönd;
á úfinn bölsæ stari ég af dimmri hrygðarströnd.

Ég lifi ei dag þann aftur, sem lifði ég í gær; —
svo liður burt hver minning að nótt, sem aftanblær.

Samt mælir til þín þráin og minnist blítt við þig.
Ég man það alla daga, hve vel þú kystir mig.

Í tónum minna söngva þig trygt og mjúkt ég fel.
Í tárum mynd þín speglast.—Farvel! Farvel! Farvel!

HUGRÚN.



Cleveland Massey Brantford
Imperial Perfect Rambler

Ef þér kaupið reiðhjól, þá sjáið um að fá eitt af þessum ofantöldu. Eigi eru betri búin til, og allar viðgerðir fást í Winnipeg. Vér höfum altaf sömu hjólin,—þessi ofantöldu,—og gerð í vorum eigin verksmiðjum. Spyrjið hjólsalann í bœ yðar, en ef vér höfum ekki umboðsmann þar, þá skrifið beint til vor eftir verðlista.

Canada Cycle & Motor Co., Ltd., Winnipeg.
147 PRINCESS STREET. Heimsins Beztu Reiðhjóla-smiðir.

S. R. HUNTER & CO
Skraddarar,
189 Lombard Street

Búa til ný-móðins karlmannafatnaði eftir máli.— Efni og vinnubrögð afbeztu tegund, og alt ábyrgst að vera jafngildi þess bezta sem fáanlegt er í borginni. Verðið er við allra hæfi. —

S. R. Hunter & Co.
189 Lombard St.
Telephone 1395.

The Dominion Bank
NOTRE DAME Ave. BRANCH Cor. Nena St.

VÉR GEFUM SÉRSTAK AN GAUM AÐ SPARISJÓÐS-DEILDINNI. —

VEXTIR BORGAÐIR AF INNLÖGUM.
HÖFUÐSTOLL - - - $3,983,392.38
SPARISJÓÐUR - - - $5,300,000.00
A. E. PIERCY, MANAGER.

Ætlið þér að flytja?

Hafið þér í huga að kaupa yður GAS RANGE fyrir nýja heimilið yðar? Gas-stóar deildin er til að þjóna Gas-notendum, og GAS ÁHÖLDIN eru vorar helstu söluvörur. Vér bjóðum yður að koma og tala um þetta við oss.

Gas Stove Dept. Winnipeg Electric Ry. Co.
322 MAIN ST. TALS. 2522

R. A. THOMSON AND CO.
Cor. Sargent & Maryland St.

Selja allskonar MATVÖRU af beztu tegund með lægsta verði. Sérstakt vörunúrval nú þessa viku. Vér óskum að Íslendingar vildu koma og skoða vörurnar. Hvergi betri né ódýrari.—

Munið staðinn:—
HORNI SARGENT AVE. OG MARYLAND ST.
PHONE 3112.

KOL OG VIDUR

Þur, beinharður eldiviður, — Poplar, Pine, og Tamarac með mjög sanngjörnu verði. — Nú sem stendur verið að afferma mörg vagnhlöss af BEZTA DAUPHIN TAMARAC. —

McElroy Bros.
Cor. Sherbrooke & Ellice
PHONE: 6612

Woodbine Hotel
Stærsta Billiard Hall í Norðvesturlandinu
Tíu Pool-borð.—Alskonar vín og vindlar
Lennon & Hebb,
Eigendur.

CHICAGOFÖR MÍN!!!

eða með viðfeldnari orðum

Ferðasöguágrip til Chicago, Toronto og Niagarafossins

"DAILY NEWS"

Svo heitir eitt stærsta blað borgarinnar. Ég fór hátt og lágt gegn um prentsmiðju og skrifstofu þess. Það kemur út þrisvar á dag: morgnana, miðjan daginn og kveldin, 30—50 blaðsíður í hvert sinn, í álíka stóru broti og blaðið "Telegram" hér í borginni. Af hverri útgáfu er prentað 300 þúsund eintök, og stendur 3 tíma yfir að prenta þau, því vélarnar prenta 100 þúsund eintök á klukku stund hverri.

Pappírinn er í kjallaranum á afarstórum keflum, einn faðm í þver mál. Þeim er ekið inn í vélarnar eftir járnteinaspori, þegar vélarnar hafa tekið við keflunum, vefst pappírinn af þeim í gegn um og upp eftir allri byggingunni, loft af lofti, og maður veit ekkert meira, fyr en blaðið kemur fullprentað, utanskorið og brotið eins og það á að vera, ofan í kjallarann aftur. Þar taka menn á móti því, og henda því í kassa, sem lyftivélarnar þjóta svo af stað með og út á götu. Þar taka við því þeir þjónar, sem bera það út. Þetta gerist alt á einu augnabliki. Við blað þetta vinna stöðugt 7—8 hundruð manna.

KNÆPURNAR.

Úr því ég fór til Chicago mátti ég ekki með neinu móti fara þaðan aftur, án þess að skoða þær og kynnast lífinu á þeim, eftir því sem föng voru á, þrátt fyrir það, þó ég ekki vildi þiggja neitt af þeirra aðal-vöru: áfenginu. Th. spurði mig, hvað þeir vinir mínir (!!!) í Winnipeg, er í blöðunum hefðu verið að reyna að gera mig tortryggilegan fyrir fylliri, — mundu halda, ef þeir vissu, að ég hefði verið inni á knæpum í Chicago. Ég hélt, að mér stæði á sama um nart þeirra, það gerði mér ekkert. Allir, sem þektu mig, vissu hvað mikill áfengismaður og áfengisvinur ég væri.

Knæpurnar eru afar-þéttar, og víst fremur vel sóttar, að því er mér virtist, en stóran þátt í aðsókninni held ég að það eigi, að matarborð afar-stórt er í hverri, æfinlega fult með alls konar mat, bæði heitum og köldum: brauði, ostum, pilsum, kjöti o.fl., og má hver maður eða kona sem vill ganga þar í endurgjaldslaust.

Eins og geíur að skilja, notar fátækt fólk sér þetta mjög mikið. Ég sá bæði karlmenn og kvenfólk vera að borða af þessum borðum, fleira miklu þó af karlmönnum. Taka þeir þá venjulega glas af öli (bjór) með, er kostar 5c. Aðallega sýndist mér drukkinn bjór á þessum knæpum, og tóku menn þá alloftast brauðsneið og eitthvað ofan á henni með. Á öllum þeim knæpum, sem ég kom á, voru alls konar bindindisdrykkir og sumt fólk sá ég taka þá í stað öls. Þrátt fyrir allar knæpurnar, gæti ég lagt eið út á, að ég sæi í Chicago drukkinn mann, og Th. sagði mér, að það kæmi mjög sjaldan fyrir. En mikið er drukkið fyrir það, og afskaplega miklum peningum eytt fyrir áfengi, en menn drekka í hófi. Á kveldin, eftir að vinnu var lokið, var stundum fjöldi fólks að spila inn á knæpunum, og sat hver flokkur í kring um sitt borð með ölglasið. Þó var alt friðsamlegt og hávaðalaust.

Bindindishreyfing er sterk í borginni, eins og allstaðar í Bandaríkjunum, og hefir hún sín góðu áhrif þar sem annarstaðar; og sjálfsagt kemur að því, að álengið verður takmarkað, eða rekið á burt, þar sem annarstaðar. Því þó drukkið sé í hófi, þá er áfengisneyzlan samt skaðleg, eyðileggur fjármuni og tíma.

Til eru sumstaðar í borginni heilar deildir, sem bannað hafa með atkvæðagreiðslu alla áfengissölu innan sinna takmarka, og stöðugt er þeim að fjölga. Má af því marka, hvað bindindishreyfingin er sterk. Atkvæðagreiðsla um þetta er tekin þegar kosningar fara fram.

FÁTÆKRA OG BARNAHEIMILIN.

Ég skoðaði uppeldisstofnun fyrir fátæklinga og eitt barnaheimili í einum útjaðri borgarinnar, þar sem fátækt fólk lifir. Á uppeldisstofnuninni, sem aðallega er ætluð börnum, sem eru komin á skólaár, eru alls konar skólar, þar sem börnin geta lært allar mögulegar fræðigreinar. Auk þess er piltum kendar þar ýmsar iðnaðargreinar, trésmíði o.fl., en stúlkum saumaskapur og matreiðsla, ásamt öðru Leikhús er þar og söngsalur, "Billiard" og leikfimisstofur fyrir pilta og stúlkur o.fl. Börn fátæklinga geta notið alls þessa, án endurgjalds. Stofnuninni er haldið uppi með gjöfum. — Í sambandi við þessa stofnun er afarstórt þvottahús. Þar er stúlkunum kent að þvo, strauа o.s.frv. Auk þess mega fátækar konur koma þangað með þvott sinn, vera þar allan daginn, ef þær þurfa með, og nota öll áhöldin, sem eru af fullkomnustu gerð — þvottavindur, strauáhöld o.fl. — fyrir að eins 20c á dag. — Margar konur voru þar við þvott, þegar ég kom þangað. Þerripláss geta þær og fengið, og geta því farið með allan þvott sinn þurran heim að kveldi. Þurkað er með vélum, sem hreyfast af rafurmagni. Allir þeir unglingar, sem þarna mannast og mentast, og verða að nýtum mönnum og konum mundu verða að götuskríl, ef þessar stofnanir væru ekki til, en þær eru margar í borginni. Mesti sægur af unglingum voru bæði inni í byggingunni og fyrir utan hana, og var ólíkt að sjá þá eða unglingana, sem ég sá í hópum á strætunum í Glasgow á Skotlandi, þegar ég kom vestur.

Næst skoðaði ég barnaheimili, sem var skamt frá. Í kringum það var stór garður, mjög vel girtur. Í honum voru börn frá 4—8 ára að leikum, undir gæzlu og umsjón kvenna. Stundum taka þær heila hópinn og fara með hann út í skemtigarðana, eða á aðra skemtistaði. Þegar ég fór í gegn um Lincoln Park, sá ég eina með milli 10 og 20 börn með sér, sem eltu hana og gengdu í öllu fyrirskipunum hennar. Inni í byggingunni voru aftur yngri börn. Við komum á barnaheimilið litlu eftir miðdegismatmálstíma. En það er venja, að ungu börnin sofi 1—2 tíma eftir að þau hafa matast. Svo við sáum þau öll sofandi í tveimur sölum, er stóðu hvor við hliðina á öðrum. Í öðrum voru 3. og 4. ára börn, en í hinum yngri. Lítil rúm voru í mörgum röðum eftir sölunum endilöngum, og í hverju lá barn. Það var ánægjuleg sjón að sjá, hvað þessum litlu, fátæku smælingjum leið vel, á meðan mæður þeirra voru við vinnu sína. En flest þessi börn eru þarna að eins á daginn, er komið þar fyrir meðan mæður þeirra eru við vinnu á einhverri vinnustofunni. En það amar ekki að þeim. Fjöldi af þaulvönum barnfóstrum eru þarna stöðugt á ferli í kringum þau, og líta eftir, að þeim líði vel, og frægur barnalæknir á þar heimili, og er til staðar, hvenær sem eitthvert þeirra verður veikt. Þau börnin, sem geta borðað sjálf, eru látin borða við stórt borð í sal, og eru þau látin bera á borð sjálf, leggja diskana, hnífana, gafflana, og skeiðarnar á borðið, o.s.frv. Líka eru þau vanin við, að hreinsa upp eins fljótt og mögulegt er. — Yngri börnunum, er aftur gefið að borða, þeim, sem eru á fyrsta ári, mest mjólk eins og gefur að skilja. Okkur var sýnt inn í mjólkurhúsið. Þar var mátulegur kuldi, svo mjólkin ekki skemdist, en hún var þar í glösum, af mismunandi stærðum, eftir því, hvað börnin voru gömul. Öllum yngri börnum var gefin mjólk þrisvar á dag, einn skamtur í senn úr einu glasinu. — Að koma börnum fyrir á þessu heimili kostar að eins 10c fyrir hvert um daginn, en 15c, ef tvö eru af sama heimilinu, og er það ekki mikið fyrir fæði og umsjón alla.

Víða í borginni eru þannig löguð heimili, og eru þau kostuð af opinberum samskotum.

Árið 1908 voru útgjöld þessa barnaheimilis 67 þús. dalir.

PENINGAGEYMSLUHÓLFID

Í kjallaranum undir einum bankanum skoðaði ég afarmerkilegt og ramgert peningageymsluhólf. Breiðir gangar með stigum liggja niður að því af fyrsta gólfi. Alt er þar lagt marmara, og alt lýst upp með rafurmagnsljósum. Þegar niður er komið, sér maður kringlótt gat inn í vegginn, afarstórt. Það eru dyrnar á hólfinu. Í miðjum dyrum eru járngrindur, og 2 lögreglumenn við þær, annar fyr ir utan, hinn fyrir innan. Inni í hólfinu sjálfu eru 6 þúsund og 7 hundruð hólf (Box), sem leigð eru út til að geyma í peninga og verð mæt skjöl um lengri eða skemri tíma. Einnig geymir margt fólk í þeim gullstáss og ýmsa skrautmuni, svo að það geti ekki farist í eldi eða jarðskjálíta. Fólk vaknaði til umhugsunar um þetta eftir eldinn í Baltimore og jarðskjálftann í San Francisco. Hólfin eru misstór, og eru lík að sjá og pósthólf í pósthúsi. Leigan á hverju kostar frá $3.00 og upp um árið. — Að hverju hólfi ganga 2 lyklar, og er ómögulegt að komast í þau nema þeir séu báðir brúkaðir. Leigjandinn hefir sjálfur annan lykilinn en lögreglþjónn hinn. Lögreglþjónn verður því æfinlega að vera með í hvert sinn, og hólf er opnað eða því lokað. Á sérstökum stað eru geymd smá koffort, töskur, loðskinnavara, málverk o.fl. Hólfið er eldtraust, hvað sem á gengur. — Hurðin fyrir því, sem fellur út að veggnum öðrumegin, þegar opið er, vegur 46 þús. pund, eða 23 smálestir (ton), en hjarirnar vega 4 þús. pd. (2 smálestir). Hurðin er opnuð og henni lokað með rafafli. Eftir að hún hefir fallið í dyrnar, er hreyfð í henni lítil fjöður, og þá hlaupa út úr henni 25 stálteinar (á gildleika við mannshandlegg) í holur, sem gerðar eru fyrir þá í dyraumbúningnum alt í kring Dyraumbúningurinn er allur úr stáli og steini eins og hurðin, og hann vegur 33 smálestir (66 þús. pund). — Umhverfis hólfið er stór salur, og út frá honum á allar hliðar herbergi, sem eru ætluð til að útbúa í skjöl, o.s.frv., ennfremur stór lestrarsalur. Vandlega er gætt að hverjum einasta manni, sem inn í peningahólfið fer, af lögreglumönnum, því ekki væri holt að fá þangað inn morðingja eða þjófa með sprengikúlur eða skambyssur. — Ekki þarf að kvarta yfir loftleysi, þó þetta sé langt niður í jörðunni. Hreint, ferskt loft leikur þar jafnan um mann. Það er tekið uppi á þaki á byggingunni, sem er afarhá, og þrýst með vélaútbúnaði inn í stórar pípur, sem leiða það alla leið niður. — Ég geri ráð fyrir, að þeim manni væri vel borgið efnalega, sem ætti alt það, sem í peningageymsluhólfinu er. En hvað sú upphæð er há að jafnaði, er öllum hulin ráðgáta.

(Meira).

DÁNARFREGN.

Þann 7. apríl 1909 andaðist að heimili foreldra sinna, að Kjarná í Geysir bygð Nýja Íslandi, JÓN PÁLSSON, 26 ára að aldri. Foreldrar hans eru hin góðkunnu hjón Páll Jónsson og Sigríður Lárusdóttir, sem lengi hafa búið á nefndu heimili. Á fyrsta árinu 1883, fluttist Jón sálugi til Ameríku ásamt foreldrum sínum, sem settust strax að við Íslendingafljót, þar sem þau hafa búið síðan.

Jón sál. var jafnan til heimilis hjá foreldrunum. Fyrir rúmum 6 árum fékk hann einkennilega rýrnunarsýki í annan handlegginn og hendina, sem að þrátt fyrir tilraunir ýmsra lækna endaði með því, að hendin var tekin af honum.

Án efa hefir það hlotið að vekja eftirtekt margra, að sjá hversu kappsamlega og fimlega honum tókst að æfa þá hendina, sem hann hafði eftir, við ýms þau störf, sem aðrir ekki geta unnið án beggja handa. Og ekki voru það minni undur, hversu miklu og þungu verki hann afkastaði á þennan hátt, svo að mörgum með báðar hendur mundi hafa þótt nóg ætlunarverk.

Eftir rúm þrjú ár byrjaði samkynja veiki í öðrum fætinum, sem að þrátt fyrir margbreyttar og kostbærar lækninga tilraunir leiddu hann eftir rúma tveggja ára vaxandi veiklun til bana.

Jón sál. var einn af þeim, sem ekki kállaði hátt eða tildraði sér á hina háu tinda mannvirðinganna Hann lét sig einu gilda um þetta stóra heimsálit, að eins að vera ráðvandur á allan hátt, og að hafa fulla sjálfsmeðvitund, að hafa á engra hluta gert, — lét hann sér nægja í því.

En engum, sem nákvæmlega þektu Jón sál., gat dulist, að hann átti háa og göfuga lífssteínu sem hann fylgdi flestum betur. Hann vas reglumaður í fyrstu röð, og neytti einskis óþarfa. Hann andmælti harðlega allri óreglu, einkum við jafningja sína.

Einum félagsskap áleit hann sig algerlega háðan: sinni eigin familiu. Að efla hag og velliðan þess félags af öllum kröftum sínum og með öllum þeim hyggindum, sem hann átti, áleit hann sína helgu skyldu, og það gat engum dulist, sem til þektu, að hann uppfylti þá skyldu meðan nokkur kraftur entist betur enn fjöldanum tekst.

Yfir sinn langa sjúkdómstíma sýndi hann frábært þrek til lífs og sálar. Það virtist vera föst ákvörðun hans, að dylja sem mest sínar vaxandi þungu þrautir, til þess að of þreyta ekki hina sártlíðandi ástvini sína, sem með svo frábærri alúð, nákvæmni og umhyggju hjúkruðu honum til endadægurs. Og þegar skynsemi hans og annara höfðu kveðið upp þann dóm, að enginn tímanlegur bati væri hugsanlegur, brá hann sér að engu. Sama þolgæði, hugarró og mannúð entust til síðustu stundar. Dauðinn virtist honum jafnkærkominn, sem hver önnur kjör, sem menn jafnvel sækjast eftir hér í tímanum.

Að fylla sæti hans í mannfélaginu, er sá einn fær um, sem er í sannleika góður maður, og yrði lífsregla hans að almennri reglu, er það sönn menning.

Vinur hins látna.

Gimli Hótel

G. E. SÓLMUNDSSON
eigandi

Óskar viðskifta Íslendinga sem heimsækja Gimli-bæ. — Þar er beini beztur í mat og drykkjarföngum, og aðbúð gesta svo góð sem frekast er hægt að gera hana. Hótelið er við vagnstöðina. Gistið að Gimli-Hótel.

KENNARA

vantar að Harvard skóla (No. 2026), fyrir 6 mánuði, frá fyrsta júní til fyrsta desember. Umsækjandi verður að hafa gildandi skírteini fyrir Saskatchewan, tíltaka kaupupphæð, segja til reynslu í kennarastörfum, o.s.frv. Tilboð sendist til undirskrifaðs fyrir þann 15. maí 1909.

JAMES WILCOX,
Sec'y Treas.
Wynyard, Sask.

Það borgar sig AÐ SKIFTA VIÐ ÞESSA VERZLUNARMENN.

LEIÐBEININGAR--SKRÁ
YFIR ÁREIÐANLEGA VERZLUNARMENN Í WINNIPEG

MUSIC OG HLJÓÐFÆRI
CROSS, GOULDING & SKINNER, LTD. 323 Portage Ave. Talsími 4413
MASON & RISCH PIANO CO., LTD. 356 Main Stree Talsími 480 W. Alfred Albert, Íslenzkur umboðsmaður
WHALEY ROYCE & CO. 356 Main St. Phone 263 W. Alfred Albert, bráðarþjónn.

BYGGINGA- og ELDIVIÐUR.
J. D. McARTHUR CO., LTD. Byggingas- og Eldiviður í heildsölu og smá-sölu. Sólust: Princess og Higgins Tals. 5060, 5061, 5062

MYNDASMIÐIR.
G. H. LLEWELLIN, "Medallions" og Myndarammar Starfstofa Horni Park St. og Logan Avenue

SKÓTAU Í HEILDSÖLU.
AMES HOLDEN, LIMITED. Princess & McDermott. Winnipeg.
THOS. RYAN & CO. Allskonar Skótau. 44 Princess St.
THE Wm. A. MARSH CO. WESTERN LTD. Framleiðendur af Finu Skótaui. Talsími: 3710 88 Princess St. "High Merit" Marsh Skór

RAFMAGNSVÉLAR OG ÁHÖLD
JAMES STUART ELECTRIC CO. 324 Smith St. Talsímar: 5447 og 7802 Fullar byrgðir af alskonar vélum.
GOODYEAR ELECTRIC CO. Kellogg's Talsímar og öll þarafiát. áhöld Talsími 3023. 56 Albert St.

RAFMAGNS AKKOKÐSMENN
MODERN ELECTRIC CO 412 Portage Ave Talsími: 5658 Viðgjörð og Vir-lagning — allskonar.

BYGGINGA - EFNI.
JOHN GUNN & SONS Talsími 1277 266 Jarvis Ave. Höfum bezta Stein, Kalk, Cement, Sand o. fl.
THOMAS BLACK Selur Járnvöru og Byggingaefni allskonar 76—82 Lombard St. Talsími 600
THE WINNIPEG SUPPLY CO., LTD. 298 Rietta St. Talsímar: 1936 & 2187 Kalk, Steinn, Cement, Sand og Mól

BYGGINGAMEISTARAR.
J. H. G. RUSSELL Byggingameistari. Í Silvester-Willson byggingunni. Tals: 1068
PAUL M. CLEMENS Bygginga-Meistari, 443 Maryland St. Skrifst.: Argyle Bldg., Garry st. Talsími 5997

BRAS- og RUBBER-STIMPLAR
MANITOBA STENCIL & STAMP WORKS 421 Main St. Talsími 1880. P. O. Box 244. Búum til allskonar Stimpla úr málmi og togleðri

VÍNSÖLUMENN
GEO. VELIE, Heildsölu Vínsali. 185, 187 Portage Ave. E. Smá-sölu talsími 352. Stór-sölu talsími 464.

STOCKS & BONDS
W. SANFORD EVANS CO. 326 Nýja Grain Exchange Talsími 3696

ACCOUNTANTS & AUDITORS
A. A. JACKSON, Accountant and Auditor Skrifst.—28 Merchants Bank. Tals.: 5702

OLÍA, HJÓLÁS-FEITI OG FL.
WINNIPEG OIL COMPANY, LTD. Búa til Stein Olíu, Gasoline og hjólás-áburð Talsími 1590 611 Ashdown Block

TIMBUR og BÚLOND
THOS. OYSTAD, 208 Kennedy Bldg. Viður í vagnhlössum til notenda, búlönd til sölu

PIPE & BOILER COVERING
GREAT WEST PIPE COVERING CO. 132 Lombard Street.

VÍRGIRÐINGAR.
THE GREAT WEST WIRE FENCE CO., LTD Alskonar virgirðingar fyrir bændur og borgara. 76 Lombard St. Winnipeg.

ELDAVÉLAR O. FL.
McCLARY'S, Winnipeg. Stærstu framleiðendur í Canada af Stóm, Steinvöru [Graniteware] og fl.

ÁLNAVARA Í HEILDSÖLU
R. J. WHITLA & CO., LIMITED 264 McDermott Ave Winnipeg "King of the Road" OVERALLS.

BILLIARD & POOL TABLES.
W. A. CARSON P. O. Box 225 Room 4 i Molson Banka. Öll nauðsynleg áhöld. Ég gjöri við Pool-borð

NÁLAR.
JOHN RANTON 203 Hammond Block Talsími 4670 Sendið strax eftir Verðlista og Sýnishornum.

GASOLINE Vélar og Brunnborar
ONTARIO WIND ENGINE and PUMP CO. LTD 303 Chamber St. Sími: 2368 Vindmillur — Pumpur — Agætar Vélar.

BLÓM OG SÖNGFUGLAR
JAMES BIRCH 442 Notre Dame Ave. Talsími 2638 BLÓM - allskonar. Sönglugar o. fl.

BANKARAR.GUFUSKIPA AGENTR
ALLOWAY & CHAMPION North End Branch: 667 Main street Vér seljum Avísanir borganlegar á Íslandi

LÆKNA OG SPITALAAHÖLD
CHANDLER & FISHER, LIMITED Lækna og Dýralækna áhöld, og hospítala áhöld 185 Lombard St., Winnipeg, Man.

Uppboðs sala
á Oak Point

93 nautgripir, 14 hross

verða seld við opinbert uppboð þann ÞRETTÁNDA (13.) MAÍ, að heimili herra Thorst. Thorkelssonar, 2 milur frá Oak Point.

Meðal gripanna eru 20 mjólkurkýr, með kálfum á fæti, 4-ára gam alt vanið uxapar, 6 feitir þriggja ára gamlir stirar, 5 þriggja ára kvígur, 16 tveggja ára stirar, 20 tveggja ára kvígur, 14 ársgamlir stirar, 8 ársgamlar kvígur, og eitt tveggja ára fullkynjað naut.

Ennfremur: eitt par brúkunarhestar, grár og jarpur, 6 og 9 ára (3 þús. punda þungir); eitt hross, brúnt, 6 ára (1500 pd.); ein bleik meri, 9 ára (1500 pd.); einn jarpur hestur, 9 ára (1250 pd.); einn grár vekringur, 7 ára, ágætur keyrsluhestur; einn ljósjarpur keyrsluhestur, 6 ára; 3 tveggja ára folöld; ein tveggja ára brún meri; eitt ársgamalt folald; ein brún keyrslumeri; 17 ára góður brautarhestur.

Ennfremur: 1 Deering sláttuvél, nýleg; 1 Deering raksursvél; 2 keyrsluvagnar; 1 léttvagn; 1 ný uxa-aktýgi; 3 sett af tvöföldum hesta-aktýgjum, og ýmsir búshlutir til bændavinnu.

Ennfremur: 100 tons af heyi; 1 gylta með hvolpum; 4 geltir; 4 kalkúnar; 7 þús. fet af Spruce Timberi, heflað og óheflað; 500 eikar girðinga staurar; 1 búðarvog; 6 sýningar skápar; 1 fullkomið 'Set' af smjörgerðaráhöldum; skófatnaður; loðkápur; álnavara, og matvæli.

Vagnlest fer frá C. N. R. vagnstöðvunum kl. 8.20 að morgni 12. maí. Fer aftur frá Oak Point 14. maí.

Þeir, sem kaupa fyrir $20.00 eða minna, borgi við hamarshögg; umliðun á hærri upphæðum til 1. nóv., og með trygðum borgunarskuldbindingum, 5 prósent afsláttur af hverjum dollar, sem borgaður er strax í peningum af upphæðum, sem umliðun veitist á.

Salan byrjar kl. 1 e.h. Máltíð veitt.

BEN WALTON,
uppboðshaldari.

MAGNET vélin er 50 ár frá Sorphaugnum.

Þegar þér veljið Rjómaskilvindu, þá gætið nákvæmlega að lögun hinna ýmsu véla. Þér munuð komast að því að þær eru, með einni undantekningu, of veikar til þess að endast varanlega, því nálega allar vélarnar eru gerðar ódýrar og veikar. Stykkin í þeim eru gerð veik og smá og hafa svokallað "worm gear drive", sem vélfræðingar segja ótækt fyrir hraðsnúnings-vélar eins og Rjómaskilvindur. Þessar veiku vélar má kaupa fyrir nálega hvað sem boðið er í þær. En eru samt dýrar hvað sem þær kosta,—af því þær eru OF NÆRRI SORPHAUGNUM.



MAGNET ER 50 ÁR FRÁ SORPHAUGNUM, því hún er gerð meðfullkomnustu "square gears" í traustri umgjörð með sterka stálskál tví-studda; hæghreinsaða, og bezta "brake" sem stöðvar vélina á 8 sekúndum án skaða. Alt er svo vel útbúið að barn getur unnið með MAGNET vélinni. Athugið alt þetta og þér munið kjósa Magnet vélina, þó hún sé vitund dýrari en aðrar vélar. Munið! að 11 ára reynsla hefir sannað vél vora auðhreinsaða, lètt snúna og aðskilar ágætlega. Ritið eftir bæklingi sem lýsir allri gerð MAGNET vélinnar.

The Petrie Mfg. Co., Limited
WINNIPEG
HAMILTON. ST. JOHN. REGINA. CALGARY.

"McLEAN HÚSIÐ"

Mesta Music-Búð í Winnipeg

Hér eru seld hin heimsfrægu Heintzman & Co. Pianó, sem lengi hafa verið uppáhalds hljóðfæri heimsins beztu hljóðfæraleikara, þegar þeir hafa komið til Canada Vér höfum hljóðfæri sem vér getum ábyrgst að gefa fullnægju í öllum tilfellum.

"McLean Húsið" er alþekt nafn um alt Vesturlandið fyrir hreinskilni og sanngirni í öllum viðskiftum. Vér ábyrgjumst öll hljóðfæri sem vér seljum að vera algerlega eins og vér lýsum þeim.

Komið og Skoðið Pianó byrgðir vorar. Vèr höfum Pianó sem eiga við allra hæfi. Auk vorra miklu byrgða af nýjum Pianós, höfum vèr einnig nokkur brúkuð Pianós og Orgel—sum þeirra nær því ný — sem vér höfum tekið í skiftum fyrir Heintzman & Co Pianó. Vér seljum þessi brúkuðu hljóðfæri með feikna lágu verði. —

J. J. H. McLean & Co LIMITED.

508 Main St. Talsími 808

ÚTIBÚ Í BRANDON OG PORTAGE LA PRAIRIE.

Fréttir úr bænum.

Að Mary Hill P.O. voru þann 25. april gefin saman í hjónaband herra Guðjón Jónsson Ólson og ungfrú Ólafía Johnson, að heimili herra Þorsteins Jóhannessonar. — Ennfremur voru gefin saman í hjónaband hér í Únitarakirkjunni þann 27. f.m. herra Hafsteinn Sigurður Johnson, frá Cavalier, N. D., og ungfrú Guðný Bjarnadóttir Árnason, frá Pembina. Hr. Johnson er systursonur Skapta B. Brynjólfssonar, en brúðurin systurdóttir B. F. Walters, fyrrum ritstjóra Heimskringlu.— Séra Rögnvaldur Pétursson gaf hvorttveggju hjónin saman.

Samkoma sú, sem únitara söfnuðurinn hélt þann 28. april sl., verður endurtekin samkvæmt ósk ýmsra, er þar voru staddir, miðvikudagskveldið þann 12. þ. m. — Allar sömu sýningarnar verða sýndar, en nýjum, söngvum o.fl. bætt við, ennfremur upplestur. — Kaffiveitingar ókeypis. — Þeir, sem keypt höfðu aðgöngumiða, en gátu ekki notað þá síðast, eiga kost á að nota þá nú. — Allir segja, að samkoman hafi verið góð og er vonast til, að hún takist ekki ver aftur.

Þessa ritgerðir koma í næsta blaði:

1. Grein "Til ritstjóra Lögbergs" frá herra W. Manton (andatrúarmiðli hér í borg).
2. Ritdómur um "Höllu" og "Heiðarbýlið", frá herra J. H. Lindal í Saskatchewan fylki.
3. Útdráttur úr fyrirlestrinum "Tveir sumargaukar", er hr. A. J. Johnson flutti á Menningarfélagsfundi í sl. mánuði.
4. "Til Mrs. Ingibjargar Goodman", frá Jónínu Samúelsson.

Rúnaleysis vegna gátu þessar greinar ekki komið í þessu blaði.

"Tag"-dagur "Ungra kristilegra kvenna félagsins", sem þær héldu hér 1. þ.m., hafði þann árangur, að þær fengu inn í samskotum í borginni nær $10,300. Mælt er, að prívat gjafir einstakra manna muni auka upphæð þessa að miklum mun.

Sigurður Guðlögsson, sem sl. vetur hefir dvalið hjá sonar-börnum sínum í Blaine á Kyrrahafshafsströnd, kom þaðan að vestan þann 6. april sl. Hann ætlar að dvelja hér við vinnu, þótt hann sé nú kominn yfir sjötugt. En svo kunni hann vel við tiðarfarið og útsýnið vestra, að hann býst við að hverfa vestur aftur með næsta vetri.

"Mæðrafélagið" hér í borg hefir stofnað barnageymsluhæli að 303 Flora Ave. þar geta mæður, sem þurfa að "ganga út í vinnu" skilið börn sín eftir kl. 7 á morgnana og tekið þau aftur kl. 6 á kveldin eða seinna. Fyrir þessa pössun og fæði barnanna tekur félagið 25c á dag fyrir eitt barn, en 15c fyrir hvert, ef fleiri eru frá sömu móður. Börn frá fæðingu til 8 ára aldurs eru tekin til umönnunar.

Hjón eru sögð að vera í Nýja Íslandi að nafni Gísli Árnason og Margrét Sigurðardóttir. Þessi hjón eru vinsamlegast beðin að senda áritun sína til Miss Sigríðar Johnson, 724 Victor St., Winnipeg.

Í hraðskeyti frá London á Englandi, dagsettu 30. f.m., eru íslenzkir kjósendur og alþingi Íslendinga mjög lofað fyrir ákveðna og drengilega stefnu og aðferð í því, að útrýma öllu áfengi úr landinu með aðflutningsbanni. Þar er sagt, að Íslendingar séu ekki með neitt kák í þessu máli, aðferð þeirra sé í fylsta máta fullkomin.

Barnastúkan ÆSKAN hefir ákveðið að hafa Tombolu þann 18. þessa mánaðar. Nánar auglýst í næsta blaði.

Skemtisamkoma

Miðvikud. 12. þ. m.

Ræður, Söngur, Tableaux, Kaffiveitingar

Únitara söfnuðurinn heldur samkomu MIÐVIKUDAGSKV. 12. þ. m., og verður til þeirrar samkomu vandað ekki síður en áður. Verður þar til skemtunar ýmislegt, sem ekki er alment boðið hér á samkomum, en bæði þykir unun og nautn að horfa á, þegar það tekst vel. En það eru TABLEAUX, — myndir úr hornum heimi og úr heimi hugans, sem bregða fyrir eins og draumsýnum. Þess konar sýningar skilja oft meira eftir hjá áhorfendum en langar ræður, eða sjónleikar, sé sýningarnar góðar. Hvort þær sýningar eru það, er sýndar verða á samkomu þessari, skal ekkert um sagt, en reynt verður að hafa þær eins góðar og allur útbúnaður leyfir. Sýningarnar eru þessar:

1. Einvíg Gunnlaugs Ormstungu og Skáld-Hrafns (á Alþingi) í 4 sýningum.
2. Venus. Gyðjumyndin suðræna í einni sýningu.
3. "Ljósið kemur langt og mjótt" í 2 sýningum. (Vísan kveðin með tvísöngslagi bak við tjöld in meðan sýningin fer fram.
4. Einvíg Gunnlaugs Ormstungu og Skáld-Hrafns (í Noregi), í sex sýningum, þar sem þeir falla báðir.
5. "Álfakongurinn", í 8 sýningum, út af hinu alkunna kvæði Göthes. Kvæðið sungið meðan sýningunum fer fram.
6. Hringur konungur og Friðþjófur í skóginum (Freistingin), í 5 sýningum. Sungin kvæði úr Friðþjófsljóðum.
7. Vonin: Úr kvæði Dr. Grims Thomsens, í 5 sýningum. Gamall maður, er sér í sviphyllingum myndir frá yngri árum, en yfir honum hvílir skuggi dauðans með brugðnu sverði.

Á milli sumra þessara sýninga koma ræður og söngvar. Ennfremur verður hver sýning skýrð fyrir áhorfendum, áður en hún er sýnd, svo allir fái notið þeirra sem bezt. Þar næst verða kaffiveitingar áður en samkomunni er slitið.

Samkoman verður haldin í Únitara salnum miðvikudagskveldið 12. maí. Byrjar kl. 5. Fólk beðið að koma í tíma. Inngangur 25 cents.

Samkoma sú, sem "Harpa" heldur 10. maí verður einhver sú myndarlegasta samkoma, sem haldin hefir verið á meðal Íslendinga í þessum bæ á þessu ári. Á samkomunni skemtir fólk, sem er Íslendingum alveg ókunnugt, en sem hefir mikið orð á sér meðal hérlends fólks fyrir hæfileika. — Sömuleiðis verður þar kappræða milli tveggja kona um það mál, sem alla Íslendinga varðar. Veitingar verða veittar ókeypis. Munið eftir að fjölmenna á samkomu þessa.

Íslendingadagsfundur

verður haldinn í neðri sal Goodtemplara hússins fimtudagskveldið 20. þ.m., kl. 8, til þess að kjósa nýja nefnd til að standa fyrir Íslendingadags hátíðahaldi hér í Winnipeg 2. ágúst næstk. Fólk er beðið að fjölmenna á fund þennan.

Sömuleiðis er núverandi nefnd beðin að mæta á skrifstofu Heimskringlu mánudagskveldið 17. þ.m. kl. 8, til að útbúa reikningsskil fyrir fundinn.

W'peg, 3. maí 1909.

— B. L. BALDWINSON.

Skemtisamkoma og Veitingar

í Goodtemplara salnum, undir umsjón Hörpu I.O.G.T.

Mánudagskv. 10. maí

1. Piano Solo—Miss Guðný Johnson.
2. Solo—Mrs. W. S. Cameron.
3. Recitation—Miss K. Bergmann
4. Óákveðið.
5. Violin Solo—Miss Clara Oddson.
6. Choir—Nokkrar stúlkur.
7. Kappræða—Miss I. Björnsson og Mrs. C. Dalmann. Kappræðuefni: Ákvarðað, að það sé til hindrunar framförum Íslendinga í þessu landi, að viðhalda íslenzkri tungu.
8. Violin Solo—Mr. Wilde.
9. Solo—Mr. Douglas Durkin.
10. Recitation—Miss R. Swanson.
11. Solo—Mrs. Robinson.
12. Óákveðið.
13. Corenet Solo—C. Anderson.
14. Veitingar.

Samkoman byrjar kl. 8. — Inngangur 25 cents.

Glenboro, 30. april 1909.

Herra ritstj. Heimskringlu.

Herfileg villa hefir slæðst með greininni minni, sem birtist í Hkr. 29. april sl.: Undir greininni er prentað nafnið "G. Johnson", í staðinn fyrir mitt nafn, eins og stóð í handritinu. Vil ég því biðja hinn háttvirta ritstjóra Heimskringlu, að leiðrétta þessa villu í næsta blaði. Það skal og líka tekið fram, að gefnu tilefni, að ég á hvert einasta orð í téðu bréfi og er ábyrgðarfullur fyrir öllu, sem þar var sagt. Og hr. Guðm. Johnson í Glenboro, eða nokkur annar, á þar engan hlut að máli.

Með vinsemd,

G. J. OLESON.

Fundur Menningarfélagsins í kveld (miðvikud. 5. maí) ætti að verða vel sóttur, þar verður fluttur fyrirlestur um "Jafnaðarmensku". Fyrirlesarinn er nafnkunnur ræðumaður og hefir víða farið, og um nokkurn tíma farið fyrirlestraferðir um landið í þarfir Sósialista flokksins. Hann heitir W. H. Stebbings og umræðuefni hans er: "Modern Socialism, what it is and what it stands for". — Öllum er velkomið að koma og leggja fram spurningar til ræðumanns. Inngangur ókeypis.

Helgi Freeman Helgason, West Miniota, B.C., var hér á ferð í síðustu viku, að finna gamla kunningja. Hann lætur allvel af líðan þar vestra. Hann vinnur þar á verksmiðju, sem býr til strætapípur.

Jónas Pálsson, söngfræðingur, er að undirbúa RECITAL í Y.M.C.A. byggingunni á Portage Ave., sem hann heldur þar innan fárra vikna. Dagurinn verður auglýstur síðar. Til þeirrar samkomu verður vandað svo vel, sem frekast er unt.

BAZAR

Kvenfélag Únitara safnaðarins hefir ákvarðað að hafa BAZAR þann 19. maí. Bazarinn verður haldinn í samkomusal Únitara. — Þar verða margir þarflegir og eigulegir hlutir á boðstólum með svo sanngjörnu verði, að hvergi er hægt að kaupa ódýrar. Það er því vonandi, að fólk kaupi þar fremur enn í búðunum þá hluti, sem hvert heimili þarfnast daglega.

Ágætt kaffi með brauði verður selt hverjum sem óskar.

Í kvæðinu "Gullneminn í Klondyke", sem prentað er á 3. bls., hefir misprentast í 15. vísu 'verla' fyrir verja.

Nýlega lézt hér í borg Þórhallur Sigvaldason, timbursmiður, eftir langvarandi hrjóstveiki, og var jarðsunginn af séra Fr. J. Bergmann þann 3. þ.m. — Þórhallur sál. lætur eftir sig ekkju og 3 börn Hann hafði búið mörg ár hér í borg, og var jafnan talinn með beztu drengjum meðal landa vorra hér.

Næsta þriðjudagskveld, þann 11. þ.m. verður fundur haldinn í Menningar félaginu á venjulegum stað. Þar flytur Dr. Ólafur Stephensen fyrirlestur um hina nýrri stefnu heilsufræðinnar. — Allir boðnir og velkomnir. — Umræður á eftir.

Kvenfélag Tjaldbúðar safnaðar hefir ákveðið, að hafa sinn venjulega vor BAZAR dagana 26. og 27. maí, í sunnudagaskólasal kirkjunnar. Þar verður margur hlutur eigulegur og með mjög sanngjörnu verði. Allir menn og konur, sem unna því máli, sem félagið vinnur að, eru vinsamlegast beðnir að muna eftir dögunum og koma og hjálpa konunum, eins og það hefir gert oft fyrri, þegar félagið er að vinna. Kirkjan verður opin kl. 2 til 10 að kveldi. Gott kaffi og brauð verður selt allan tímann þeim sem koma.

Í þakkarávarpi í síðastá blaði frá hjónunum Jóni Thorsteinssyni og konu hans í Árdal, Man., er sagt, að Guðmundur Benjamínsson og kona hans hafi sýnt þeim hjónum hjálp sína á ýmsan hátt. Þetta átti að vera Kristmundur Benjamínsson. Og eru lesendur beðnir að athuga þetta.

Fimmtíu manna nefnd sú frá Winnipeg, sem nú er að ferðast um Vestur-Canada til þess að ávinna hluttöku bæja og sveita í heimssýninguni fyrirhuguðu, sem haldast á hér í borginni að 3 árum liðnum, — hefir hvervetna mætt hinum beztu viðtökum. Stjórnin í Saskatchewan hefir lofað riflegum styrk til sýningarinnar, og yfirleitt hafa íbúar Vesturlandsins tekið nefndinni vel, og hvatt til þess, að sýningin verði haldin.

Skór fyrir skynsamar fœtur!

Vorir nýju Skór eru fullkomnir, —þeir beztu sem nokkurstaðar eru gerðir á nokkru verði. —

VORIR $5.00 SKÓR

Patent Colt og Gun Metal Vici, ljósir eða dökk-rauðir, hneptir, reimaðir eða Blutcher.

Skoðið þessa $5.00 karlm. Skó.

Ryan-Devlin Shoe Co
494 MAIN ST. PHONE 770.

SÁ, sem tók (í leyfisleysi) Brantford reiðhjólið frá búðarglugganum að 637 Sargent ave. á föstudaginn var, — geri svo vel að skila því þangað aftur, sem allra fyrst, án frekari aðvörunar.

GÓÐA ATVINNU,

vel borgaða, getur duglegur Íslendingur fengið með því að snúa sér til Winnipeg Amateur Photo Supply Co., 255½ Portage Avenue, Winnipeg. 13-5

Veðurátta hefir verið svo köld alla síðustu viku, að næst gengur vetrarhörkum, en hefir breyzt til batnaðar síðan um helgi.

VANTAR—Góðan dreng, 14—16 ára, sem getur mjólkað kýr og keyrt út mjólk. Gott kaup borgað. Þeir, sem vilja sinna þessu, ættu að sjá G. J. Goodmundsson, 702 Simcoe Street.

GÓÐ HERBERGI TIL LEIGU, að 575 Home Street.

ALLIR ÞEIR, sem ætla að ferðast til Íslands, ættu að hafa tal af mér. Ég sel ódýrari farbréf, og betri þægindi en aðrir geta gert. Skifti peningum fyrir hæsta verð, (í krónum), og sem útbo ganlegt er í öllum fjórðungum Íslands. —

A. J. JOHNSON,
P.O.Box 3083. 460 Victor St

Til Timburþurfa

Allir þeir, sem eru að hugsa um að byggja á þessu sumri, ættu að skoða viðartegundir hjá McDonald and Dure, timbursölum, nafnkunnum hér í bænum áður enn þeir byggja. Viðartegundir þeirra, einkum hinar ódýrari, eru óvanalega góðar. Þeir ábyrgjast að gera viðskiftavini sína ánægða, og hafa til þess ráðið herra Sveinbjörn Árnason, timbursmið hér í borg. Finnið hann að 503 Beverly Street. 6-5

F. Deluca

Verzlar með matvöru, aldini, smá-kökur, allskonar sætindi, mjólk og rjóma, sömul. tóbak og vindla. Óskar viðskifta Íslend. Heitt kaffi eða te á öllum tímum. Fón 7756

Tvær búðir:
587 Notre Dame og 714 Maryland St.

BILDFELL & PAULSON
Union Bank 5th Floor, No. 520
selja hús og lóðir og annast þar að lútandi störf; útvegar peningalán o. fl.
Tel.: 2685

J. L. M. THOMSON, M.A., L.L.B.
LÖGFRÆÐINGUR. 255½ Portage Ave.

ARNI ANDERSON Íslenzkur lögmaðr
í félagi með
Hudson, Howell, Ormond & Marlatt
Barristers, Solicitors, etc.
Winnipeg, Man.
13-18 Merchants Bank Bldg. Phone 3621, 3622

BONNAR, HARTLEY & MANAHAN
Lögfræðingar og Landskjala Semjarar
Suite 7, Nanton Block, Winnipeg

Hubbard, Hannesson and Ross
LÖGFRÆÐINGAR
10 Bank of Hamilton Chambers
Tel. 378 Winnipeg

A. S. BARDAL
Selur líkkistur og annast um útfarir. Allur útbúnaður sá bezti. Enfremur selur hann alskonar minnisvarða og legsteina.
121 Nena St. Phone 306

Nýji Vor-fatnaðurinn þinn.

EF HANN KEMUR FRÁ CLEMENT'S — ÞÁ ER HANN RÉTTUR.

Réttur að efni, réttur í sniði réttur í áferð og réttur í verði.

Vér höfum miklar byrgðir af fegurstu og beztu fataefnum. —

Geo. Clements & Son
Stofnað árið 1874
264 Portage Ave. Rétt hjá Free Press

Th. JOHNSON
JEWELER
286 Main St. Talsími: 6606

JOHN ERZINGER
TÓBAKS-KAUPMAÐUR.
Erzinger's skorið reyktóbak $1.00 pundið
Hér fást allar neftóbaks-tegundir. Óska eftir bréflegum pöntunum.
McINTYRE BLK., Main St., Winnipeg
Heildsala og smásala.

Dr. G. J. Gislason,
Physician and Surgeon
Wellington Blk, - Grand Forks, N.Dak
Sjerstakt athygli veitt AUGNA, EYRNA, KVERKA og NEF SJÚKDÓMUM.

Drs. Ekern & Marsden,
Sérfræðislæknar í Efturfylgjandi greinum: — Augnasjúkdómum, Eyrnasjúkdómum, Nasasjúkdómum og Kverkasjúkdómum. : : :
Í Platky Byggingunni í Bænum
Grand Forks, :: N. Dak.

S. F. Ólafsson
619 Agnes St. selur Tamarac fyrir $5.50 og $5.75 gegn borgun út í hönd.
Telephone: 7812

DR. H. R. ROSS
C.P.R. meðala- og skurðlækir.
Sjúkdómum kvenna og barna veitt sérstök umönnun.
WYNYARD, — SASK.

Boyd's Brauð.

Gott brauð, og nóg af því, ættu allir að borða, ungir og gamlir. Brauð vor eru létt, bragðgóð og hœgmelt. Hvort brauð pund að vigt, og gæðin hin sömu. Biðjið verslarann um það eða látið keyrsluvagn vorn koma heim til yðar.

Boyd's

Bakery Cor. Spence & Portage Ave
Phone 1030.

Íslenzkur Tannsmiður,
Tennur festar í með Plötum eða Plötulausar. Og tennur eru dregnar sársaukalaust með Dr. Mordens sársaukalausu aðferð
Dr. W. Clarence — Tannlæknir.
Sigurður Davidson—Tannsmiður.
620½ Main St.
Phone 470 Horni Logan Ave.

W. R. FOWLER A. PIERCY.

Royal Optical Co.
327 Portage Ave. Talsími 7286.
Allar nútíðar aðferðir eru notaðar við augn-skoðun hjá þeim, þar með hin nýja aðferð, Skuggа-skoðun, sem gjöreyðir öllum ágiskunum. —

Jónas Pálsson,
SÖNGFRÆÐINGUR.
Utvegar vönduð og ódýr hljóðfæri.
460 Victor St. Talsími 6803.

Laing Brothers
3 Búðir:
234-6-8 KING ST. Talsími 1476, 5890, 5891
417 McMILLAN AVENUE Talsími 2598
847 MAIN ST. — Tals: 3016

Hafrar, Hey, Strá,
COUNTRY SHORTS, BRAN, CORN, CORN CHOP, BYGG CHOP, HVEITI CHOP, OG GARÐÁVEXTIR.
Vér höfum bezta úrval gripafóðurs í þessari borg; fljót afhending

LAND

Vér höfum nýlega fengið til sölu yfir 30 fjórðungs-fjórðungs. liggjandi að Oakland braut C. N. R. félagsins. Verðið er frá $7.00 til $12.00 hver ekra. Ekkert af löndum þessum eru meir en 5 mílur frá járnbrautinni.

Skuli Hansson & Co.
Skrifst. Talsíma 6478. Heimilis Talsíma 2274

Heimskringla.

Alt landið

er ábyrgst að vera jarðyrkju land af beztu tegund, og fæst keypt með vægum afborgunar skilmálum. (N.B.—Lesið fyrripart þessarar augl. vinstramegin við Hkr. nafn.)

Frekari upplýsingar veita
Skuli Hansson & Co.
56 Tribune Building. Winnipeg.

XXIII. ÁR. WINNIPEG, MANITOBA, FIMTUDAGINN, 13. MAÍ, 1909 NR. 33

Vorið er komið

og eftir hverri götu og fyrir hvert horn þeytast allir á reiðhjóli. Flestir á hinu gamla og góða BRANTFORD hjóli

Einúsinni enn læt ég þann boðskap útgangs, að ég sel þessi ágætu reiðhjól. Kaupið ekki fyr en þér hafið fundið eða skrifað mér.

¶ Utanbæjar fólk! Skrifið eftir bæklingi er sýnir yfir hjólin, mismunandi stærðir og gerð. Sömuleiðis getið þér pantað alla hjólparta frá mér. Borgun fylgi pöntunum. Skrifið til

West End Bicycle Shop,
JON THORSTEINSSON, eigandi.
477 PORTAGE AVE. Winnipeg, Man

Fregnsafn.

Markverðustu viðburðir hvaðanæfa.

Hon. Joseph Martin, sem fyrrum var ráðherra í Greenway ráða neytinu hér í Manitoba, og síðar um skamma stund forsætisráðherra í British Columbia, en flutti þaðan til Engalnds fyrir skömmu, — sótti nýlega um þingsæti í Stratford-on-Avon kjördæminu, — undir merkjum Asquith stjórnarinnar. Kosningin fór fram 5. þ.m., og varð Martin illa undir. Þingmannsefni Conservativa hafði 2600 atkvæði umfram hann.

— Gamall skröggur einn í Vancouver, hoginn af elli, var nýlega dæmdur í 18 mánaða fangelsi fyrir fjölkvæni. Hann giftist konu í Vancouver fyrir skömmu, en átti þó konu á nú í Portage la Prairie.

— John Marsh, frá Winnipeg, vann 26 milnakapphlaup í Toronto um síðustu helgi, á 2 klukkustundum, 39 mínútum og 47 sekúndám. Hann hljóp þessa vegalengd á styttri tíma, en nokkur annar maður hefir áður gert í Ameriku, og að eins einn maður hefir áður hlaupið jafnlanga leið í heimi hér á styttri tíma, svo nam rúmlega tveimur mínútum. Það var Henry Siret í London á Englandi.

— Fregn frá London á Englandi, dags 1. þ.m. segir Íslendinga enga hálfhuga menn, að annaðhvort láti þeir ógert eða í fullum mæli. Þeir hafi nú með miklum atkvæðamun samþykt í þinginu algert vínbann um alt land, í hverri mynd sem er. Einnig banni vínbannsfrumvarpið innflutning og sölu áfengis í kökum eða sætindum eða sjókóladi. Ennfremur, að vínbyrgðir skipa, sem til landsins komi, verði að vera undir lás, meðan skipin séu á höfnum á Íslandi, og ekki megi opna þær hyrzlur nema af þar til settu yfirvaldi, um leið og skipin léttu akkerum. Þetta þykir brezkum blöðum sumum vel að verið, og segja Íslendinga ekki vera neina hálfverkamenn.

— Sú fregn kemur frá Asíu, að Móhammeðstrúar menn hafi myrt að minsta kosti 10 þúsund manns þar í landi á síðustu nokkrum vikum, og sumar fregnir segja, að þeir hafi drepið alt að 25 þúsundir manna. Sjö þorp hafa verið algerlega eyðilögð, svo að þar er ekkert eftir nema rústir brendra húsa og hrúgur af mannabeinum. Tyrkir hafi einnig gert mikla verzlun í því, að selja ungar Armeníu stúlkur fyrir hesta og nýtízku skotvopn. Fregn þessi er sögð algerlega áreiðanleg.

— Boston búar hafa ákveðið, að halda heimsýningu í borg sinni árið 1920, — að 11 árum liðnum. Þá verða liðin 300 ár frá því er Pilagrimarnir gengu þar á land, og lögðu grundvöll að hinu mikla amerikanska lýðveldi. Boston búar ætla sér rúman 10 ára undirbúning til þess að halda þá mestu heimssýningu, sem heimurinn hefir séð, í því tilefni að heiðra minningu þess litla flokks manna, sem lenti þar við ströndina árið 1620, og í minningu þess, að afkomendur þessara manna stofnuðu í Bandaríkjunum hið fyrsta lýðveldi í heimi.

— Nýlega hafa 4 menn verið teknir fastir í Duluth, Minn., kærðir um rán, morð og að hræða fé út úr fólki með hótunum. Lögreglan segir þá vera meðlimi "Svarthandarfélagsins", sem er samsafn af svæsnustu glæpamönnum allra landa, og hefir það fyrir markmið, að afla sér fjár ýmist með hótunum eða manndrápum. Félag þetta hefir verið hér í landi um nokkur ár, og virðist hafa deildir nálega í hverri borg. En þó aðallega í hinum smærri borgum, þar sem búist er við, að löggæzlan sé ekki alveg eins vakandi og í stórborgunum. Umboðsmenn yfirvaldanna hafa komist að því, að þetta félag hafi starfandi meðlimi í flestum bæjum í Minnesota, og meðfram landamerkjalínu Canada og Bandaríkjanna.

— Járnbrautarnefnd Canadaríkis hefir úrskurðað, að Independent telefón félögin megi leggja þræði sína og talæri inn í járnbrautastöðvar hér í ríkinu, án nokkurs tillits til samninga, sem járnbrautarfélögin kunni að hafa gert við önnur telefón félög. — Þetta er spor í rétta átt og afnemur þá samninga, sem Bell félagið hefir að undanförnu haft við járnbrautafélögin í Canada, að hafa einveldi á fregnsambandi með talþráðum við vagnstöðvar þeirra.

— Sléttueldar í Swift Current héraðinu í byrjun þessa mánaðar, gerðu mikið eignatjón. Sunnarlega í héraðinu er mælt að heilt Township hafi brunnið. Eitt barn brann til bana, ein fjölskylda skaðaðist af eldi, svo að hvert mannsbarn er í hættu af sárum, og einn gamall maður fínst ekki. Haldið að hann hafi farist í eldinum.

— Yfir 500 vínsöluhús, og 10 ölgerðarhús í Michigan ríki urðu að hætta starfi 2. þ.m., í 19 héruðum þar í ríkinu, sem greiddu "þur" atkvæði við síðustu vínbannskosningar. Það eru 83 "Counties" í ríkinu, — þar af eru nú 30 "þur", en 53 "vot". Bindindismenn lofa góðu um, að "þurka" þau öll upp áður enn langt líður.

— Þýzkur herforingi hefir ferðast í mótorvagni yfir þvera Afríku, 5625 mílur vegar á 670 dögum. — Hann lagði upp í ferð þessa 10. ág. 1907, og hefir rétt nýlega lokið ferðinni. Vagn hans var tilbúinn sérstaklega fyrir þessa ferð. Ferðin var byrjuð frá Dares-Salaam í Austur-Afríku og endaði í Swakopmund. Ferðin gekk skrykkjótt, og oft komst maður þessi í mestu lífshættu, enda var hann lengstum einn síns liðs. Það kom og fyrir, að vagn hans gerði verkfall með köflum. En hann var talsvert vel að sér í vagnasmíði, og gat jafnan gert við vagnina, ef eitthvað bilaði. Lakast átti hann með, að tryggja sér nægar olíu byrgðir og varð oft, að bíða tímum saman eftir byrgðum þess eldsneytis.

— Málverk eitt var nýlega selt á Englandi fyrir 330 þús. dollara.

— Sanatorium fyrir tæringarveika sjúklinga, sem áformað er að byggja hér í fylkinu, er auglýst að verði fullgert í október næstk. Stofnun þessi verður bygð hjá Ninette Station í fögrum landshluta og verður að öllu leyti gerð í nýtízku sniði fyrir berklaveikt fólk.

— Japar hafa tekið upp það nýmæli, að senda herskip sin norður í Bæringssjó til þess að vernda réttindi selveiðaskipa sinna þar, og sjá um, að þau séu ekki beitt óréttí af öðrum þjóðum. Selveiðaskip Japana eru að fjölga með ári hverju, og þau skip hafa stundum verið kærð fyrir ólöglegar veiðar, og tekin til fanga. Stjórn Japana ætlar sér, að líta eftir hagsmunum þessara borgara sinna framvegis.

— Bóndi einn í Manitoba biður Heimskringlu að segja sér, hvar hægt sé að kaupa úlfadráps-hunda og með hvaða verði þeir fáist keyptir. Segir hann að svo sé mikil úlfamergð í bygð sinni, að vart sé hægt að hafa þar nokkrar aðrar skepnur enn hesta og nautgripi — Vildi einhver, sem kunnugur er þessu máli, gera svo vel að gefa upplýsingar um þetta?

— Prestkona ein í Harni á Tyrklandi, ritar þaðan þann 5. þ.m. á þessa leið: "Allir karlmenn hér í grend hafa verið drepnir, — aðeins kvenfólk og drengir innan 10 ára eru eftirskildir. Kirkjurnar og húsin hafa verið rænd og flest brend. Við höfum hvorki fatnað né matvæli og verðum að lifa á grasi eins og skepnur. Tyrkir neyða ungar konur til að taka trú sína, og sumar þeirra hafa verið teknar og fluttar héðan burtu. Yfirvöldin hafa reynt að handsama suma þá, sem drepið hafa kristna menn, en það hefir hlevpt endurnýjaðri æsingu í Móhammeðstrúar menn".

— Sögunarmylla North Pacific Lumber félagsins í Barnet, B.C., brann til ösku þann 6. þ.m. Skaði 350 þús. dollara. Þetta var talin hin bezta stofnun sinnar tegundar í Vestur-Canada.

— Brezk blöð auglýsa, að fastráðið sé að Grey lávarður, landstjóri yfir Canada, hafi það embætti á hendi þar til í desember 1910, og láta þau vel yfir þeirri ákvörðun. Grey lávarður hefir reynst duglegur landstjóri, og er viðurkendur einn allra mesti hæfileikamaður, sem nokkru sinni hefir skipað það embætti í Canada.

— Gull hefir fundist meðfram Can. Northern brautinni, 40 mílur austur frá Fort Francis. Þar voru unnir námar fyrir nokkrum árum en borgaði ekki tilkostnað. En gamall málmleitandi taldi þá víst, að þar um slóðir væri fólgið meira gull enn þá fanst og hefir síðan haldið uppi leitum með þeim árangri, að fundur hans er nú stór mikils virði. Mælt að um $200.00 gulls sé í hverju tonni grjótsins. Félag hefir þegar verið myndað til að vinna náma þennan.

— Tyrkir drápu 22 Armeníupresta í Marash þann 30. apríl. Þeir höfðu flúið í kirkju eina og voru brendir þar inni. Þeir dóu eint og hetjur með sálmasöng og bænum um, að óvinum sínum mætti fyrirgefast.

— Bandaríkjastjórn ætlar innan fárra daga að senda herskip yfir til Tyrklands til þess að líta eftir ástandinu þar. Að minsta kosti 2 skip verða send til þess að rannsaka ástandið í Armeníu, og að finna ákveðna ástæðu fyrir ofsóknunum gegn kristnu fólki þar, og til að komast fyrir um hug núverandi soldáns til kristinna manna, og hvort hann ætlar sér að vernda líf þeirra og eignir framvegis, — og hvort hann hefir í hyggju að bæta fyrir þá, sem þegar hafa fallið fyrir ofsóknum þegna hans. Það er opinbert, að Bandaríkjastjórn ætlar sér að hafa sendiherra þar í landi, og að minsta kosti 3 herskip þar til taks, ef á þarf að halda. Áætlað er, að Bandaríkin hafa í hyggju, að hafa stöðugan flota í Miðjarðarhafinu til þess að vernda þegna sína á Tyrklandi. — Þessi verða í daglegu loftskeytasambandi við Washington. — Að líkindum leiðir þetta spor til þess, að stórþjóðirnar líta nákvæmar eftir Tyrkjum hér eftir enn hingað til, og vernda Armeníumenn fyrir ofsóknum þeirra.

— Sykur einveldið í Bandaríkjunum hefir borgað Bandaríkjastjórn rétt nýskeð $2,135,000, sem viðurkenningu þess, að það hafi í starfi sínu haft þessa upphæð ranglega af stjórninni. Þessi upphæð er ætluð til að mæta til að mæta þeim sektum, sem félagið telur sig skulda stjórninni fyrir þau brot, sem hún hefir sannað á félagið. Stjórnin heldur því fram, að félagið hafi haft af ríkinu 7 miliónir dala í tollum, þó hún hafi ekki getað sannað það fullkomlega. — Stjórnin tók við þessum rúmlega 2 miliónum, en jafnframt hefir hún höfðað 7 ný mál á hendur félaginu og stjórnendum þess, til þess fá borgaða alla þá upphæð, sem hún telur ríkið eiga hjá félaginu.

— Mál hefir verið höfðað í Montreal móti ýmsum hótel eigendum, fórir ólöglega vínsölu. Einn þessara manna sór, að hann hefði viku eftir viku borgað þeim lögregluþjónum peninga, sem settir voru til að gæta að því, að hótelin brytu ekki lögin. Hann mútaði þeim til þess, að þeir þegðu um að hann seldi áfengi alla aunnudaga eins og aðra daga. Þjónarnir hafa verið reknir frá starfi sínu.

— Þrjú börn 8, 6 og 4 ára gömul brunnu til bana á heimili sínu - Sackville bæ í New Brunswick þ. 4. þ.m. Foreldrarnir voru bæði úti að skemta sér það kveld. — Kostgangari, sem var í húsinu, vaknaði um nóttina við brunann, en gat að eins bjargað einu barninu, hin 3 brunnu.

— Bandaríkjastjórnin hefir nýlega sýnt, hve stranglega hún ætlast til að innflutningalögunum sé hlýtt. Fyrir mánuði lét hún senda ungbarn til Evrópu, sem nýlega var komið til landsins, af því það hafði veiki, sem læknar töldu sóttnæma. Foreldrar barnsins voru búsett í Philadelphia og voru viðbúin að veita barninu móttöku og annast það. Fyrir nokkrum mánuðum komu hjón þangað til lands með 2 ára gamalt piltbarn, sem hafði hringorm á höfðinu. Barnið var sett í sóttvörð og flutt á Ellis eyjar sjúkrahúsið. Móðir þess hefir annast það þar og gefið með því $23 á mánuði, en síðasta mánuðinn gat hún ekki borgað stjórninni meðgjöfina. Samstundis var skipun gefin, að senda barnið heim aftur til föðurlands sins. Læknar sögðu, að það þyríti tveggja ára tíma til að lækna þennan sjúkdóm í barninu. Ýmsir mannvinir buðu þá stjórninni að borga allan kostn að, sem leiddi af sjúkdómi barnsins, og að annast allan tilkostnað við það þar til það væri algerlega læknað. Tilboð þetta var sent til Washington, en stjórnin gaf það svar, að innflutningalögin gætu ekki orðið sett til síðu af neinum meðaumkvunar ástæðum, og að barnið vrði tafarlaust að flytjast heim aftur, jafnvel þó að yrði að slíta það frá móðurinni.

— Stjórnin í Ontario hefir fengið 20 milión dollara tilboð í námalönd, sem fylkið á í Cobalt héraðinu, — á annað þúsund ekrur. Land þetta er hið svo nefnda Gillies Limit, og liggur áfast við hin beztu námalönd Cobalt héraðsins. Líklegt er, að stjórnin taki tilboðí þessu, enda fengi þá fylkið lagleg an skilding, sem nota mætti til unabóta í almennings þarfir.

— Kolanáma eigendur í Pennsylvania og verkamenn þeirra hafa gert vinnusamning til 3. ára. — Verkfall verður því ekki gert þar á því tímabili.

— Roosevelt forseti skaut 3 ljón þann 1. mai, og sonur hans eitt ljón, á Man hæðunum í Austur-Afríku. Hann hefir með sér um 20 æða ljónaveiðara, og þeir hóa saman dýrunum á ákveðin svæði, þar sem Roosevelt er fyrir með byssu sína. Hann lætur vel af ferð sinni og fengsvonum enn sem komið er.

— Hinn nýji soldán Tyrklands var formlega krýndur í Konstantínópel þann 10. þ.m., í viðurvist mesta mannfjölda, en engum kristnum manni var leyft að vera þar viðstöddum. Hann nefnist Mehmed fimti, og er fyrsti soldán með blá augu og ljóst hár, sem setið hefir þar að völdum í 400 ár. Hann er skegglaus og sá fyrsti af sinni ætt, sem þannig gengur. — Krýningar athöfnin var fólgin í því, að sverð var girt á hann af æðsta spámanni þjóðkirkjunnar, og síðan kysti soldánínn möttul kirkjuföðursins. Athöfnin stóð yfir að eins fáar mínútur.

Íslands fréttir.

Sigfús Einarsson söngfræðingur ritar í Nýtt Kirkjublað um söngmentun organista á Íslandi, þykir lítið til hennar koma. Segir organsláttinn og sönginn víða í kirkjum þar heima vera stökustu ómynd, og fremur hafa farið versnandi á síðari árum. Hann vill koma á formlegum söng- og organsláttarkensluskóla í landinu með opinberum burtfararprófum, m. fl.

Húsbruni varð í Reykjavík á páskadagsnótt. Þá brann húseign Samúels trésmiðs Jónssonar til kaldra kola. Elín Jónsdóttir, fullaldra kona varð inni í eldinum og beið þar bana.

Þjóðvilinn vandar um við ráðherra Björn Jónsson, hve óorðvar hann hafi verið í viðræðum sínum við Dani. Þykir hann hafa mildast allmjög við návist þeirra, í samanburði við það, sem hann hélt fram í Ísafold áður, og að hann hafi gefið Dönum að skilja, að Íslendingar myndu þoka frá kröfum sínum, eða látið í ljósi von um það. Til þessa segir blaðið hvorki Björn ráðherra né nokkurn annan hafa minstu heimild af hálfu sjálfstæðisflokksins á alþingi.

Frá nýári til marzloka aflaði "Jón Forseti" 111 þús. fiskjar, og "Marz" botnvörpungur 81 þús. og seldi þess utan nýjan fisk fyrir 3 þús. kr.

Á sýningu í Noregi hlaut kaupmaður Th. Thorsteinsson heiðurspening úr gulli fyrir vandaða verkun á saltfiski.

Tíðarfar ágætt á Íslandi til 20. apríl, að því sem síðustu blöð það an herma frá.

TIL SÉRA JÓNS.

Séra Þórhallur biskup ritar í Nýtt Kirkjublað svolátandi grein:

"Vinur minn og bróðir séra Jón Bjarnason, mælir margt orð í garð vor austanmanna, til andmæla og áfellis, sem oss finst þá sumt af of litlum skilningi talað.

"Nýtt Kirkjublað á eitthvað í flestum blöðum Sam., og eiga vil ég gjarna orðastað við séra Jón, virði hann og elska meðan lifi, þó að stundum renni mér í skap við hann. Ljúfast er mér, að láta skoðanir og kenningar koma fram eðlilega ósjálfrátt í öllum tillögum og afskiftum hins lifaða lífs, og tel svo þýðingarlítið að leggja þær á vogarskálir orðastælunnar. Lýsi þeim hver og skýri þær, skoðanirnar, frá sínu sjónarmiði, og njóti svo hver af, sem notið fær. Rétt kann þó að vera í viðlögum, að leggja út í beina sókn og vörn þrætumálanna, þó eigi væri annars vegna en fyrir kurteisis sakir við einstaka mætismenn.

"Að þessu sinni vildi ég að eins segja eitt vinar og varnaðarorð til séra Jóns, sem ég tala ekki einungis í minu nafni, heldur í nafni allra íslenzkra presta og hinnar íslenzku kirkju hér heima. Oss finst það og skilst af Sam., að það muni ef til vill vera í aðsigi að hrinda burt úr kirkjufélaginu þeim manni, sem vér teljum annan mesta yfirburðamanninn þar, og hefir nú mestan samhug vorn allra ritandi manna fyrir vestan haf. Oss er alveg óskiljanlegt, að sakir séu nokkrar til þess. Hans sjálfs vegna mæli ég þetta ekki. Hans vegur mundi vaxa við það. En mér finst afleiðingin hlyti að verða sú, að kirkjufélagið vestra klofnaði í tvent og stórveiklaðist, að fjöldi af íslenzku fólki vestra yrði fyrir utan kirkjulegan félagsskap, að minsta kosti íslenzkan, og þar væri þjóðerninu þá enn miklu hætt ara. Og hér heima mundi það vekja almennan harm og óhug. Þessum vinarorðum beini ég einmitt til séra Jóns, af því ég veit, hve mikið hann má sín. Ég bið séra Jón í nafni 20 ára bróðurlegrar vináttu, og enn lengri kynningar, og í nafni fornvina hans hér hér heima að taka þessum orðum, eins og þau eru töluð, af einlægum kærleikshuga til kirkjufélags landa vorra í Ameríku."

Íslendingadagsfundur

verður haldinn í neðri sal Goodtemplara hússins fimtudagskveldið 20. þ.m., kl. 8, til þess að kjósa nýja nefnd til að standa fyrir Íslendingadags hátíðahaldi hér í Winnipeg 2. ágúst næstk. Fólk er beðið að fjölmenna á fund þennan.

Sömuleiðis er núverandi nefnd beðin að mæta á skrifstofu Heimskringlu mánudagskveldið 17. þ.m. kl. 8, til að útbúa reikningsskil fyrir fundinn.

W'peg, 3. maí 1909.
B. L. BALDWINSON.

OGILVIE'S
Royal Household Flour

Til BRAUÐ-GERÐA

Til KÖKU-GERÐAR

Gefur æfinlega fullnæging

Í barnastúkunni Æskan voru þessir embættismenn settir í embætti þann 1. maí:

F.Æ.T.—Jóhanna Blöndal.
Æ.T.—Guðný Johnson.
V.T.—Guðrún Jóhannsson.
R.—Jónína Johnson.
A.R.—Ingibjörg Ólafsson.
F.R.—Kristiana Nelson.
G.—Hansina Hjaltalín.
&K.—Norma Thorbergsson.
D.—Olga Árnason.
A.D.—Guðrún Johnson.
V.—Björn Björnsson.
Ú.V.—Haraldur Johnson.
Meðlímatala stúkunnar er 169.

Gefið Hestverð

Í samskotasjóð Jóns Finnbogasonar hafa Heimskringlu borist þessar upphæðir:

Kristinn Guðmundsson	$1.00
Eggert Jóhannsson ...	2.00
Stephan Thorson	2.00
Christian Paulson	1.00
Ónefnd stúlka	1.00
Ólafsson & Sveinsson...	25.00
Alls	$32.00
Áður auglýst ...	28.25
Samtals	$60.25

Heimskringla er við því búin, að taka á móti meiri gjöfum í þennan sjóð. Það er hreinasta ómynd, að gera ekki samskotin svo stór, að þau nemi hestverði, og svo eru margir Íslendingar hér í borg, að ekki þarf mikið frá hverjum, ef samtök væru góð. — Maðurinn er þurfandi og verðugur. Sendið því dalina í sjóðinn sem fyrst.

Biblía $1.60

Íslenzka biblían nýja er nýkomin hingað vestur, og fæst hjá bóksala N. Ottensen, River Park, og kostar $1.60 þar. Kaupendur utanbæjar borgi póstgjald héðan til sín aukreitis, sem er 32c.

Wall Plaster

Með því að venja sig á að brúka "**Empire**" tegundir af Hardwall og Wood Fibre Plaster er maður hár viss að fá beztu afleiðingar.

Vér búum til:

"Empire" Wood Fibre Plaster
"Empire" Cement Wall "
"Empire" Finish "
"Gold Dust" Finish "
"Gilt Edge" Plaster of Paris
og allar Gypsum vöruutegundir.

Eiqum vér að senda yður bækling vorn?

MANITOBA GYPSUM CO. LTD
SKRIFSTOFUR OG MILLUR Í
Winnipeg, - Man.

SÍMSKEYTI.... „Rvík, 12. maí '09. Heimskringla, W'peg. Sjálfstæðisflokkur Alþingis vottar Vestur-Íslendingum alúðarfylsta þakklæti fyrir ásthlýja samúð þeirra í sjálfstæðisbaráttu vorri. Björn Kristjánsson, flokksform'.

Heimskringla

Published every Thursday by The Heimskringla News & Publishing Co. Ltd

Verð blaðsins í Canada og Bandar $2.00 um árið (fyrir fram borgað). Sent til Íslands $2.40 (fyrir fram borgað af kaupendum blaðsins hér $1.50.)

B. L. BALDWINSON,
Editor & Manager

Office:
729 Sherbrooke Street, Winnipeg
P.O. BOX 3083. Talsími 3512.

Auðmenn kvarta sáran.

— það er ilt í auðmönnum Breta um þessar mundir. Þeir eru farnir að átta sig á þýðingu fjármálaræðunnar siðustu. Samkvæmt henni er það ákvörðun stjórnarinnar, að skatta þá 8 prósent af ársinntektum þeirra, og láta þá borga ríkinu $200 fyrir hvern mótorvagn, sem þeir eiga, einnig tvöfalt gjald fyrir alla "Stock Exchange verzlun og hækkandi skatt á allar landeignir þeirra, og að auki 20 prósent verðhækkun á eign unum. Og svo þegar þeir deyja, þá kemur ríkið enn og heimtar þrefaldan skatt af öllum dánarbúum þeirra, sem til samans getur orðið alt að 27 prósent. Fyrst er 15 prósent dánarskattur, þá 10 prósent af öllum upphæðum, sem þeir gefa í erfðaskrám sinum, — til nánustu skyldmenna, — og svo 2 prósent af öllu þeim eignum, sem lagðar eru undir staðiesting dómstólanna.

Andmælendur laganna segja, að undir þessum nýju lögum sé ríkinu mögulegt, að leggja eignarhald á 54 prósent af þeim dánarbúum, sem eru 1 milión punda eða þar yfir. Og þar sem stjórnin heimtar, að alt það fé, sem ríkinu ber af slikum dánarbúum, sé borgað í peningum, þá geti enginn með vissu vitað, hve mikið af eignunum gangi í ríkissjóðinn, því að vel geti það komið fyrir, að selja verði eignirnar með miklum afslætti, frá því verði, sem á þær verði sett til skattgreiðslu, — auk alls þess kostnaðar, sem gengur til að borga lögfræðisleg störf í því sambandi.

Auðmenn eru farnir að hafa í hótunum, að selja sem mest af eignum sinum í lifanda lifi, til þess að dánarbúin verði ekki rúð miskunarlaust af stjórninni að þeim látnum. Hertoginn yfir Norfolk hefir gengið á vaðið með þetta og selt nokkuð af sinum dýrustu málverkum til Bandarikja manna, síðan fjármálaræðan var flutt, til þess að koma í veg fyrir, að þau yrðu seld síðar með afslætti til að fullnægja ránkröfum ríkisins.

Auðmennirnir hóta einnig, að hækka tafarlaust leiguna af landeignum sinum, og hætta að gera umbætur á þeim, sem hækki þær í verði. Það er og talið víst, að auðmenn leggi fé sitt meira hér eftir enn hingað til í Bandarikjaiðnaðar stofnanir, og láti það ganga undir nöfnum fátækra ættmenna sinna þar.

Þá eru ölgerðarmenn og vínbruggarar ekki í betra skapi. — Nýja stefnan kemur heldur enn ekki við þá. Þeir verða að borga aukatoll, sem nemur 15 cents á hverja whiskey-flösku. Þetta segja þeir að muni hafa þau áhrif, að miklu minna verði drukkið eftir enn áður, og það telja þeir atvinnuvegi sinum hið mesta mein. Þeim telst svo til, að Midland hótelliðið í bænum Manchester, sem er eitt bezta sinnar tegundar þar í landi, muni verða að borga til ríkisins 22 þús. dollara á ári af sölugróða sinum.

Það er og áhyggjuefni járnbr.-félaganna, að þau verði að loka vínsölustofunum á mörgum vagnstöðvum sinum, af því að salan geti ekki borgað tilkostnað undir nýju lögunum.

Eitt mótorvagna flutningsfélag í London verður undir þessum lögum að borga ríkinu 185 þúsund lögum að borga stjórninni 185 þús. dollars á ári. Það félag kveðst verða að hætta öllu starfi, ef ekki fáist viðunanleg lækkun hinna fyrirhuguðu skatta.

Yfirleitt er það skoðun manna á Englandi, að nýja stefnan sé langt spor í áttina til þess, að innleiða verndartolla í landinu. Það er viðurkent, að beinir skattar séu nú orðnir eins þungir eins og þjóðin getur borið, og þar sem stjórnin fullyrðir, að árleg útgjöld ríkisins hljóti að fara stórum vaxandi, bæði til þess að hafa upp það 78 milión dollara tekjutap, sem varð á siðasta fjárhagsári, og til þess að koma í veg fyrir aðra eins sjóð þurð á komandi árum, og ennfremur til þess, að geta staðið straum af vaxandi útgjöldum til herskipasmiða og annars hernútbúnaðar, sem einatt fer vaxandi, þar til að þjóðfélagið stynur undir þunga þeirrar byrði, — þá verði óumflýjanlegt, að taka næst til þeirra ráða, að auka verzlunartollana, sem þá að sjálfsögðu verða að leggjast á innfluttar vörur, og einu gildi um nafn tollanna, hvort þeir séu kallaðir verndar eða innflutningstollar. Byrðin verði sú sama og hún er, — virkileikinn, sem þjóðin verði að mæta.

Það er talið víst, að með löggjöf þessari muni stjórnin á Englandi tapa völdum við næstu kosningar, hvenær sem þær verða.

Stjórnfrelsi Tyrkja.

Fyrir skömmu kom til Torontoborgar herra Joseph Aziz, kaupmaður þar í borg, eftir 10 mánaða ferðalag um Tyrkland, Egyptaland og Asiu. Í viðræðu við blaðamenn sagði hann, að trúarofstæki væri aðal undirrót allra óeirðanna, ofsóknanna og manndrápanna, sem þar í löndum eru svo tíð. Hann lét í ljósi það álit, sem raunar þorri manna í öllum siðuðum löndum hefir lengi haldið fram, að stórþjóðirnar ættu að leggja saman til þess að vernda borgara sina þar eystra, og að uppreistum og blóðsúthellingum muni ekki linna fyrr enn þær komi sér saman um, að skerast í leikinn.

Tyrkir gera það að fastákveðinni og ófrávikjanlegri trúarlegri lífsreglu, að ofsækja jafnt kristna menn og Gyðinga. Ofsóknir á hend ur þeim eru gerðar á allan upphugsanlegan hátt, og þeim er beitt ósleitilega, hvar og hvenær sem því verður við komið. Þeim er ofþyngt með óbærilegum sköttum og fjárútlátum, undir öllu hugsanlegu yfirskyni, og þeir verða að múta embættismönnum Tyrkjasoldáns, til þess að geta með nokkru móti komist áfram þar í landi. Þeir eru réttlausir fyrir dómstólunum þar, og þegar þeir lenda í málaferlum, þá er þeim sett alt 5—6 sinnum dýrara enn Tyrkjunum.

"Þegar ég var í Jaffa á sl. ári, þá kom það fyrir, að einhver Gyðingur gerði eitthvað, sem Tyrkjum ekki líkaði. Samstundis réðust þeir á Gyðingana og drápu 35 af þeim í hefndarskyni, og þannig gengur það alt af öðru hvoru".

"Í Tyrklandi er Gyðingahatrið óstjórnlegt, og sama er með kristið fólk, að allir hata það. Ég bað mann á götunni, að selja mér tóbak, sem hann var að bjóða, en hann bölvaði mér sárt, sagði mig vera kristinn hund, sem ekki ætti skilið að lifa, og neitaði að selja mér vörur sinar. Gamla stjórnin vildi enga aðra trú vita í landinu, en Móhammeðstrúna. Hún fann, að hún var að tapa völdum, og tók því það ráð, að æsa landslýðinn upp á móti kristnu fólki. Umboðsmenn hennar sögðu alþýðunni, að þeir kristnu kæmu með járnbrautir og mótorvagna inn í landið, og þeir mundu bráðlega ná þar öllum yfirráðum, ef þeim væri ekki veitt öflugt viðnám. Með þessu var hin óupplýsta alþýða æst upp, þar til hún réði sér ekki fyrir blóðþorsta.

"Ungtyrkja hreyfingin hófst fyrir 33 árum. Mabha Pasha náði áhrifum á soldáninum, sem þá var sviftur völdum og Abdul Aziz settur soldán. Hann lofaði stjórnarskrá og þingræði og veitti hvort tveggja. En þingræðið var aftur aftekið eftir 3 mánuði, og Mabha sendur til Arabíu og þar líflátinn. Fylgendur hans mynduðu þá félag það, sem Ungtyrkir nefnist, og það var ekki fyr en í júlí sl., að hið sanna nafn þess var opinberað, sem er "Sameiningar og framfarafélagið", og sem bygt er á líkum grundvelli og Frimúrarafélagið. Nafn þess hefði jafnvel þá ekki orðið uppskátt, ef óeirðirnar í Macedoniu hefðu ekki neytt Ungtyrkjana til að taka alvarlega til starfa. Það var ekki tilgangur þeirra, að hefjast handa fyr en á þessu eða næsta ári, og þá hefðu þeir verið betur undir búnir. En þeir komust ekki hjá, að hefja upp reist þá strax, og þeim hefir farist vel fram að þessum tíma. — Soldáninn lofaði á siðasta ári, að veita þjóðinni stjórnarskrá og þingræði, og að láta að óskum Ungtyrkjanna, og síðan hefir hann verið að missa áhrif sín í landinu, af því að Ungtyrkjar tóku stjórnina í sinar hendur. Þegar soldáninn sá, að hann var að missa alt váld yfir þjóðinni, tók hann til að múta herforingjunum og hermönnunum, og kveikti þannig uppreist. móti Ungtyrkjum, sem endaði með, að stjórn þeirra féll.

En manndráp þau hin miklu, sem nýlega hafa orðið þar í landi, voru gerð að undirlagi soldánsins. Þau áttu að færa Evrópuþjóðunum heim sanninn um það, að Ungtyrkjar gætu ekki ráðið við neitt, og væru ófærir til að stjórna ríkinu. Soldáninn gerði út menn til þess að prédika það fyrir lýðnum, að Móhammeðstrúin væri dauðadæmd um allan ókominn aldur, — nema allir kristnir menn væru af dögum ráðnir. Hann, sem verndari trúarinnar, skoraði því á alla þegna sina, að hefjast handa móti vantrúarmönnunum, — þeim hinum kristnu. Þetta voru upptök blóðbaðsins.

Tyrkland verður aldrei gott eða friðsælt land til íbúðar fyr en hin ýmsu fylki þess fá þingbundna stjórn, eins og á sér stað hér í Canada.

Mörg tungumál eru töluð áTyrklandi, en það eru lög þar, að enginn geti náð þar stjórnarstöðu, — nema hann tali tyrknesku.

Soldáninn hefir verið sérstaklega bitur móti Ungtyrkjum, sem höfðu sent umboðsmenn sina til Lundúna og Parisar til þess að tryggja sér vináttu Breta og Frakka í frelsisbaráttu sinni móti einveldi soldánsins".

Þannig farast herra Aziz orð, og mun hann í öllum atriðum hafa höggvið nær því sanna. Það, sem hann segir um mútugjafir soldánsins til hermannanna, er áreiðanlega satt. Ýmsar blaðafregnir hafa skýrt frá því, að þegar Ungtyrkjarnir unnu 2 eða 3 hervigin í Conatantinópel og þar í grend, að meðtöldu varnarliði soldáns, þá fundu þeir stórar peninga upphæðir, bæði á herforingjunum og jafnvel á óbreyttum liðsmönnum. Á sumum liðsmönnum fundust 6—7 hundruð punda og sumt voru brezk gull-pund. En yfirmennirnir höfðu sumir á sér yfir 2 þús. pd., hver maður. Ungtyrkjum þótti óefað, að alt þetta væri mútufé frá soldáni og slóu eign sinni á það. Þeir, sem höfðu mesta peninga á sér, voru flestir menn, sem á liðnum timym höfðu fylgt Ungtyrkjum að málum, en fundust í varnarliði soldáns, þegar til stórkastanna kom, og með launin í vösunum. Nokkrir þessara náunga voru þegar líflátnir og hinum varpað í fangelsi, þar til mál þeirra verði frekar rannsökuð.

Hve miklum peningum Ungtyrkjar hafa náð frá soldáni sjálfum, er enn ófrétt, en líklega hefir það verið laglegur skildingur.

Svo er að sjá eftir síðustu fréttum, að Tyrkir séu allvel ánægðir með hina nýju stjórn Ungtyrkjanna og nýja soldáninn.

Ljótar fregnir frá Tyrklandi.

Séra Herbert Adams Gibbons frá Hartford, Conn., trúboði í Tyrklandi fyrir Amerikanska trúboða félagið, — ritar frá Mersina á Tyrklandi þann 27. april (um hádegi) á þessa leið:

"Þó hér séu 3 herskip, þá er ástandið alt eins voðalegt og það hefir nokkurn tíma verið. Svo virðist, sem hér séu samtök til að eyðileggja kristið og Armeniufólk. Herópið er allstaðar: Tyrkland fyrir Tyrki og dauði til allra trúvillinga!

"Ég efast um, að útlendingar væru hér óhultir ef það væri ekki fyrir herskipin, sem hér eru, og sem viðbúin eru að setja herdeildir sinar hér á land á hverju augnabliki.

"Hingað komu 2 deildir tyrkneskra hermanna á laugardaginn var og lentu hér. Héraðsstjórnin vissi ekkert um komu þeirra, og viðurkennir ekki soldán. Flestir hermennirnir fóru til Adana bæjar, þar sem alt var orðið kyrlátt. Þar byrjuðu þeir að endurnýja manndrápin, og í gærdag brendu þeir upp þær fáu sölubúðir Armeniumanna, sem eftir voru í bænum, og eftir það brendu þeir upp húsin sem eftir stóðu í hinum armeniska hluta borgarinnar.

"Nýtt skelfingar tímabil hófst hér í gærdag eftir miðjan dag, þegar stóra Georgian skólahúsið, þar sem 2 þúsund Armeniumenn höfðu tekið sér skýli, og sem jafnframt var notað fyrir sjúkrahús, var brent. Hundruð manna fórust þar í eldinum, og í bruna annara húsa, eða voru skotnir, þegar þeir reyndu að flýja úr loganum, sem hermennirnir höfðu kveikt og umkringdu svo húsið til þess að verja öllum undankomu.

Stór amerikönsk kirkja var einnig algerlega eyðilögð, og sömuleiðis franskur skóli fyrir drengi, og í morgun var kveikt í franska stúlkna skólanum. Hann er settur nálægt amerikanska skólanum, sem einnig er í mikilli hættu að verða brendur. Í amerikanska skólanum eru margar stúlkur og konur, sem hafa flúið þangað undan ofsóknunum, ásamt mörgum trúboðum. — Adana er nú eyðilögð borg. Jarðskjálfti hefði ekki getað gert þar jafn mikið tjón. Mannfallið hefir orðið þar voðalegt, sérstaklega meðal karlþjóðarinnar. — En um tölu hinna föllnu, er ómögulegt að segja að svo stöddu.

"Járnbrauta lestagangur milli Adana og Mersina hefir verið reglulegur sl. 3 daga, undir umsjón herliðsins. Og allir Armeniu karlmenn, sem flúið hafa til Mersina frá Adana, eru tafarlaust sendir til baka til Adana, til þess að verða þar skotnir eða sveltir í hel. Fólkið er hjálparlaust og hlýtur alt að deyja þar, — annaðhvort hungursdauða eða fyrir byssukúlum og hnífstungum. — Heimili okkar er verndarlaust. Ástandið er voðalegt. Göturnar eru fyltar dauðramanna búkum og þeirra, sem eru að deyja. Ég fæ engin orð til að lýsa því. Hafið einhver ráð til að hjálpa okkur".

CHICAGOFÖR MÍN!!!

eða með viðfeldnari orðum

Ferðasöguágrip til Chicago, Toronto og Niagarafossins

MONTGOMERY TURNINN.

Hæsti turn í Chicago borg er á byggingu verzlunarfélagsins Montgomery & Ward. Hann er 400 fet á hæð. Lyftivél fer upp turninn, af efsta lofti byggingarinnar, sem eingöngu er til þess, að flytja fólk upp og niður, sem er að lita yfir borgina úr turninum. Stöðugur fólksstraumur er þar frá morgni til kvelds. Allir geta fengið að fara upp í turninn án nokkurs endurgjalds, svo "liberal" er verzlunarfélagið. Daginn, sem ég kom þangað upp, var bjart og heiðskirt veður, en erfitt var að sjá yfir borgina þrátt fyrir það, vegna þess að svo þykkur reykjarmökkur er yfir henni. Reykurinn heldur til hér um bil 500 fet uppi í loftinu Nú er Chicago búar farnir að hafa á orði að byggja byggingar, sem nái upp úr reyknum. Þær yrðu um 600 fet á hæð, eða þriðjungi hærri enn turninn. Þegar maður er kominn upp í turninn, sýnist fólkið niðri á götunni líkast til að sjá og það væri smákvikindi Umhverfis sjónarsvæði turnsins eru afarháar og gildar járngrindur, svo enginn gæti steypt sér niður af þeirri "musterisburst" þó hann vildi.

LINCOLN PARK

var sá eini af skemtigörðunum, sem ég skoðaði. Hann er einn með stærstu og fallegustu skemtigörðum borgarinnar (452 ekrur), liggur meðfram Michigan vatninu, norðan við og meðfram milióna eigenda heimiliunum. Garðurinn er miklu lengri enn hann er breiður. Við vorum á þriðja klukkutima að ganga eftir honum, þar með talin viðstaða til að skoða eitt og annað. Í miðjum garðinum er afar stórt og skrautlegt blómahús. Í því eru 900 mismunandi tegundir af skrautblómum, stórum, 100 mismunandi tegundir af burkni, 200 tegundir af "óeiginlegum" plöntum, og mesti fjöldi af rósum og smáum blómum. Í það heila vex í garðinum hálf milión af mismunandi blómategundum, stórum og smáum, og eru þau úr öllum heimsins álfum. Pálmarnir sumir og Banana trén eru stórvaxin.

Dýrasafn er í garðinum, er hefir 1400 sýnishorn af dýrum, skriðdýrum og fuglum. Fugategundirnar eru um 500, en ferfættu dýrin um 900. Þar á meðal eru ljón, tigrisdýr, apar, fílar, ísbirnir, o.fl., o.fl. Fugla og dýrategundirnar eru frá flestum löndum heimsins.

Hingað og þangað um garðinn eru grafnir breiðir og djúpir skurðir og tjarnir. Þar getur fólk skemt sér á sumrin á smærri og stærri bátum. Bátsleiga kostar 25 cents fyrir klukkustundina. Eftir sumum skurðunum fara gasólin og smáir gufubátar. Skógabelti eru um garðinn hingað og þangað, og akbrautir, bæði fyrir hesta og sjálfhreyfivagna.

Standmynd afarstór er í garðinum af Abraham Lincoln. Þegar hún var afhjúpuð, komst hvitt fólk ekki nálægt fyrir svertingjunum, er allir stóðu þétt umhverfis myndina tárfellandi, með afarmikilli lotningu fyrir likneskinu af "frelsara" sinum.

Ennfremur eru í garðinum stand myndir af þessum mikilmennum, m.fl.: Robert Cavalier de La Salle, Hans Christian Andérson, "The Signal of Piece" (Indíánamynd), Grant hershöfðingja og forseta, "The Ottawa Indian Group", "The Council", "The Indian Village", "Arrival of Settlers", "The Dance" (alt Indíánamyndir), Benjamin Franklin, Garibalde, Linné (sænski náttúru fræðingurinn), Shakespeare, Schiller og Beethoven. Allar eru þessar standmyndir sérlega vel vandaðar, úr bronze eða marmara, og hafa kostað of fjár hver um sig. —

Fallegri tilkomumeiri og breytilegri skemtigarð en Lincoln Park, er varla mögulegt að hugsa sér.

MIDDAGSVERÐURINN Í VERZLUNARMANNAFÉLAGINU.

Thordarson sagði, að ekki mætti ég fara svo úr borginni, að ég kæmi ekki á samfund verzlunarmannafélagsins, og borðaði með því miðdag, þó það kostaði mig vikulengri tíma. Í verzlunarmanna félagi Chicago borgar er hátt á annað þúsund manns. Eru það verksmiðjueigendur og miklir verzlunarmenn, margir af þeim eru miliónarar. Á miðvikudögum hefir félagið fund með sér í stórum og skrautlegum sal í einu finasta hótelinu í miðborginni, og þá borða þeir miðdegisverð þar um leið í sameiningu. Máltiðin kostaði $1.25 fyrir hvern mann. Th. er sá eini Íslendingur, sem tilheyrir félaginu. Það kostar skildinga. Hver meðlimur getur tekið með sér kunningja sinn á fund félagsins. Miðvikudaginn, sem Th. tók mig með sér, voru um 200 manns á fundi. Eftir máltiðina er haft prógram: ræður um landsins gagn og nauðsynjar, og eru fengnir til þess ágætir ræðumenn viðsvegar að. Í þetta sinn talaði þar maður sunnan úr ríkjum, er Roosevelt hafði í fyrra skipað í nefnd til að athuga landbúnaðinn. Hann flutti fróðlega og skörulega ræðu um landbúnað, og hvatti mjög til þess, að fólk stundaði hann í stað þess að hverfa inn í borgirnar. Um leið og forsetinn gerði manninn kunnugan, gat hann þess, að 800 blöð væru búin að panta að fá að flytja ræðuna, þá um kveldið.

Siðan talaði borgarbúi um framför Chicago borgar og hvað þyrfti að gera til þess að hún yrði fyrirmyndarborg. Fyrst af öllu þyrfti hún sjálfstjórn (Home Rule), þ. e. a. s. vera óþvinguð af löggjöf Illinois ríkisins.

Fjórir hraðritarar tóku hvert orð niður í ræðunum, og þær birtust í öllum stærri blöðum borgarinnar um kveldið.

Ekkert vín eða öl var mönnum borið, en heldur tók manni að "súrna í augum" af vindlareyk, þegar á leið.

Salurinn, sem setið var í, var alsettur speglum á öllum veggjum, að eins örmjóar marmaraplötur á milli, og 250 ljós loguðu í honum auk dagsbirtunnar um hádegisbilð. Félagið er að hugsa um, að byggja afarmikla og skrautlega byggingu á þessu sumri, að eins til afnota fyrir sig.

LANDARNIR.

Ég hitti að eins tvo Íslendinga í Chicago, auk Thordarsons og konu hans og sona, og eins Íslendings, er vinnur hjá honum á verkstæðinu, hr. Guðm. Bjarnasonar, frá Reykjavik, — en það voru þeir Ágúst Bjarnason og dr. Benedikt Einarsson. Hr. Bjarnason er Eyfirðingur og á líkum aldri og Baldwinson ritstjóri, því hann sagðist oft hafa farið í eina "bröndótta" við hann, þegar báðir voru strákar í Reykjavik. Bjarnason var lengi í Milwaukee, um eða yfir 20 ár, en flutti til Chicago fyrir 5 árum, og verzlar þar með nýlenduvöru. — Hann var kátur og skemtilegur, talaði vel íslenzku og lét mjög vel af liðan sinni.

Dr. Benedikt Einarsson er þingeyingur að ætt og uppruna, og er búinn að dvelja í borginni mjög lengi. Við Th. sátum að spjalla við hann eitt kveldið í 3 klukkutíma. Hann er mjög spaugsamur og fyndinn í samræðu, en ekki getur hann talað íslenzku, en hann skilur hana vel og kaupir íslenzk blöð heiman af Íslandi (Ísafold o. fl.) og bækur, einkum ljóðabækur. Hann var mjög hrifinn af því er hann hafði séð af skáldskap fjallaskáldsins Stephans G. Stephanssonar; einnig af Þorsteini Erlingssyni. Sama var að segja um Thordarson. Mér fanst hann hafa mestar mætur á þessum tveimur af öllum íslenzkum skáldum. Dr. Einarsson það mig að senda sér sem allra fyrst alt sem ég gæti og nú væri til á prenti eftir St. G. St., og svo bókina hans, þegar hún kæmi út.

Dr. Einarsson hefir þrisvar farið til Íslands skemtiferðir, síðast árið 1903. Hann hefir mikið orð á sér sem læknir og þar af leiðandi mikið að starfa, og er talinn að vera stóreinaður maður.

(Niðurlag).

Sparið Línið Yðar.

Ef þér óskið ekki að fá þvottinn yðar rifinn og slitinn, þá sendið hann til þessarar fullkomnu stofnunar.

Nýtízku aðferðir, nýr vélaútbúnaður, en gamalt og æft verkafólk.

LITUN, HREINSUN OG PRESSUN SÉRLEGA VANDAÐ

Modern Laundry & Dye Works Co., Ltd.
307—315 Hargrave St.
WINNIPEG, MANITOBA
Phones: 2300 og 2301

Kveðju-ávarp

konungs til hins nýja Íslands ráðgjafa, Björn Jónssonar, á fyrsta fundi í ríkisráði hans 1. april 1909, hljóðar svo:

"Áður enn umræðurnar hefjast í dag í ríkisráðinu, finst mér ég þurfa að biðja íslenzka ráðgjafann vorn hinn nýja að vera hjartanlega velkominn. Að visu hafa öldurnar risið hátt á Íslandi við alþingiskosningarnar, og þá komið ummæli fram, sem kunna að hafa verið misskilin frá báðum hliðum. En það er sannfæring min, sú er viðtal mitt við yðar hágöfgi hefir staðfest, að öldurnar muni lægja og misskilningurinn hjaðna, sem upp hefir risið, svo að það muni verða athugað með meiri gætni, hvernig sambandinu verði nú sem bezt komið í það horf, er blessunarríkast verði Íslandi og Danmörku. Til þess er ég jafnframt viss um, að yðar hágöfgi muni vilja gera alt, sem yður er unt. Með þeim orðum bið ég yður að vera hjartanlega velkominn í ríkisráð mitt."

Oliver Skóhlífin.

(THE OLIVER SHOE GUARD).

Landi vor, herra John Oliver, í Westbourne, Manitoba, hefir fundið upp og látið smiða stál-skóhlíf þá, sem hér er sýnd á skómynd-inni.

Hlíf þessi er aðallega ætluð þeim til nota, sem vinna með spaða og að öðru því starfi, sem eyðir skónum í holiljunum, rétt framan við hælana.

Hlíf þessi, sem gerð er úr þunnu plötustáli, er létt og lipur og fer svo vel á skónum, að maður veit ekki af henni, — skórnir jafn voðfeldir með henni sem án hennar, en hún þó svo sett, að fóturinn lýist ekki þegar hún er á skónum.

Að menn hafi álit á þessari uppfyndingu, má meðal annars marka af því, að skógerðar verkstæða eigendur hafa pantað hjá herra Oliver, að mega láta farandsala sína hafa hlíf þessa til sölu ásamt skóm þeirra. Þessir menn og aðrir, sem þekkingu hafa á slikum málum, segja hiklaust, að salan fyrir hlíf þessa takmarkist eingöngu af notkunarþörf verkamanna hér í landi og annarstaðar, þar sem hún verður til sölu.

Herra Oliver hefir látið búa til og keypt sjálfur vélaútbúnað til þess að smiða hlíf þessa í þúsunda tali, og hefir samið við Taggart Iron Works hér í borginni, að búa þær til. Hann ætlast til, að hlíf hans verði til sölu í hverri skóbúð í landinu innan skams tíma, með því að hann lætur smiða hana bæði í Bandaríkjunum og í Canada Hann hefir þegar fengið fyrirspurnir um hana frá Englandi.

Hlífin er þarfasta þing fyrir alla, er vinna á járnbrautum og í rimlastigum, svo sem byggingamenn og málara, og þá, sem vinna við lagningu telefón og telegraf þráða.

Allir íslenzkir kaupmenn ættu að hafa hana til sölu í búðum sinum. Hlífin verður ódýr, en óslítandi.

ROBLIN HOTEL
115 Adelaide St. Winnipeg
Bezta $1.50 á-dag hús í Vestur-Canada. Keyrsla ókeypis milli vagnstöðva og hússins'á nóttu og degi. Aðhlynninig hins bezta. Viðskifti Íslendinga óskast. William Ave strætiskarið fer hjá húsinu
O. ROY, eigandi.

SPONNÝTT HÓTEL
ALGERLEGA NÝTÍZKU
Hotel Majestic
John McDonald,
eigandi.
James St. West, Rétt vestan við Main St.
Winnipeg Telefón 4979
$1.50 á dag og þar yfir
Bandaríkja-snið
Alt sem hér er um hönd haft er af beztu tegund. Reynið oss.

MIDLAND HOTEL
285 Market St. Phone 3491
Nýtt hús, nýr húsbúnaður Fullar byrgðir af allskonar vönduðustu drykkjum og vindlum í hressingarstofunni. Gisting einn dollar á dag og þar yfir.
W. G. GOULD :: FRED. D. PETERS,
Eigendur
WINNIPEG ::: ::: CANADA

Skrifið yðar fyrir HEIMSKRINGLU svo að þér getið ætíð fylgst með aðal málum Íslendinga hér og heima.

James Flett & Co.
PLUMBERS
Leiða Gas- Vatns- og Hitapípur í hús yðar, fyrir sanngjarnan borgun. Verk vandað, fljótlega gert og ábyrgst.
572 Notre Dame Avenue
Telephone nr. okkar er 3380 eða 8539.

'Halla' og 'Heiðarbýlið'

Skáldsögur, eftir Jón Trausta. Reykjavík 1906—8.

Mjög líklegt er, að mælt verði, að það sé eftir ár og dag, að minnast nú á sögurit þessi, þar sem að Halla var prentuð fyrir 2 árum síðan, og "Heiðarbýlið" síðastliðið ár.

Sá, sem ritar línur þessar, er fyrst og fremst búsettur í heldur afskektu héraði, þess utan hafir hann mjög takmarkaðan tíma til bókalesturs, og óhægð við að ná sér í nýjar íslenzkar bækur.

Bæði af því, að hann hafði áður lesið smásögur eftir Jón Trausta, og líka það, að hann sá í blöðunum mikið látið af honum sem skáldsagna höfundi, fýsti hann að kaupa "Höllu" og lesa með íhugun nokkurri.

Hann bjóst við að sjá þar myndir, — myndir, sem hann mundi þekkja frá fyrri tímum æfi sinnar, myndir úr lífi veruleikans. Hann bjóst við meiru: Af því hann sá í blöðunum svo mikið látið af þessum málara mannlífsins, bjóst hann við að sjá ljómandi fallegar myndir, með eðlilegum og svipmiklum dráttum. Myndir, sem lýstu hinu margbreytilega sálarlífi mannanna.

Hvort þetta urðu vonbrigði, sést bezt á því, sem hér á eftir fylgir: —

Halla, aðal söguhetjan, er í byrjun sögunnar leidd fram á sjónarsviðið með fremur eðlilegum mynddráttum, eftir atvikum.

Hún á hvorki foreldra né systkini, einstæðingur, ný sloppin yfir unglinga árin, — stödd á hinni lægstu tröppu í mannfélagsstiganum, — hjú, verkahjú með sárlitlum launum, sem einskis annars átti úrkosta. Það, sem kom beint frá skapara allra hluta til hennar, var fagurt. Hún var fríð ásýndum og limuð vel. Mennirnir höfðu sárlitið gert til þess að fullkomna hina guðdómlegu mynd í þessu fagra konugerfi. Alveg mentunarlaus, eða því sem næst, eins og gjarnan á sér stað um einstæðinga á lægsta stigi mannfélagsins.

Eðlilega fann hún samt til þess, að hún hafði í því tilliti — fríð ásýndum og limuð vel — yfirburði fram yfir stallsystur sínar. Sömuleiðis lætur höfundurinn hana hafa gaman af, að feika með tilfinningar þeirra pilta, sem að voru hrifnir af þessum yfirburðum hennar. Þar kemur fram skortur á mentun og siðferðislegum þroska.

Enginn skólakennari, enginn fyrirlesari, enginn siðferðislega sálarfræðandi bók hafði leitt hana inn á sjónarsvið hvaðan hún gat hleypidómslaust og göfuglega horft yfir hið margbreytilega sálarlíf mannanna. — Nei, hún var alin upp við auðvirðilega palladóma, hégiljur og fánýtilegt hjal.

Þannig var nú þessi snotra, umkomulausa stúlka undirbúin fyrir lífið.

Þar næst kemur önnur aðal persóna sögunnar fram, séra Halldór. Við fæðinguna stendur hann mikið hærra í mannfélagsstiganum heldur enn Halla. Þar af leiðandi er borin mikil umhyggja fyrir honum strax frá barnæsku. Venst hann því á, að bera enga umhyggju fyrir framför sinni og menningu sjálfur, — aðrir gera alt í því efni. Svo langt kemst þetta, að hann sýnist hirða lítt um það, hvert að fyrirskipað verk er vel eða illa af hendi int. Mentunin er honum dauður bókstafur. Hugsunarlaus þula. Þannig undirbúinn tekur hann prestvígslu, — leggur af embættiseiðinn, og gerist andlegur leiðtogi hinnar uppvaxandi kynslóðar.

Það er bert, að höf. Höllu setur sér sem markmið, að mála með hinum svörtustu litum og andstyggilegustu dráttum það, sem hann kallar fúið í kirkjunni á Íslandi. Þetta málverk setur hann fram á sjónarsviðið með myndinni af séra Halldóri.

Ég ætla ekki að taka þá drætti í myndinni af séra Halldóri til um ræðu, þar sem hann umgengst þessa stöðu, prestsembættið, af því hann sér sig ekki færan um að vinna fyrir sér sem sjálfstæður maður með öðru móti.

Góður árangur af marga ára mentun (!!!).

Ekki heldur vil ég fara mörgum orðum um hræsnina, sem er hulin undir presthempunni. Heldur vil ég taka þá drætti úr mynd þessari sem höf. virðist að hafa lagt sig mest niður við, sem sé: hina innri persónulegu lyndiseinkunn prestsins. Hann hefir nýlega aflagt prestaeiðinn, sem ásamt fleiru uppáleggur honum sem skyldustarf, að beina hugsjónum hinna ungu og óreyndu inn á brautir kærleikans, — kærleikans til guðs og manna.

Hann er eiginmaður ungrar, óreyndrar og saklausrar konu, sem elskar hann og treystir honum. Hann hefir hátíðlega lofað við altari drottins, að elska þessa konu, sem sitt eigið líf, og reynast henni trúfastur vinur alla þeirra lífdaga.

Á fyrsta missiri virðist sem að séra Halldór sé búinn að gleyma þessum eiðum og loforðum. — Trauðla er hægt að tilfæra sem nokkurn hluta af uppfyllingu prestaeiðsins, þ.e.: upplýsa hina fáfróðu, leiða þá fyrir guðs orð í allan sannleika, — trú, guðsótta og kærleika til mannanna, þegar hann hóf starf sitt gagnvart Höllu

Honum var vel ljóst, að Halla var ómentuð, sérstaklega eins og áður er ávikið, var óþroskuð í siðferðislegri menningu. Enginn og ekkert hafði bent henni á þær brautir. — Ég vil spyrja söguhöfundinn: Því lætur hann ekki Höllu vera dóttur gömlu prestshjónanna, vel uppalda og mentaða stúlku, sem af foreldrunum hafði verið leiðbeint inn á brautir siðmenningar og göfugra hugsána og þannig siðferðislega þroskuð og gáfuð kona?

Höf. er að leitast við að sýna, að séra H. hafi verið hrifinn af Höllu. Hreyfiafl tilfinninga hans hafi verið hrein elska. Hvílík fjarstæða! Það var sjálfselska, baneitruð sjálfselska, fullnæging fýsna á háu stigi. Honum var vel ljóst um skyldur þær, sem að hvíldu á honum gagnvart konu sinni, sem elskaði og treysti honum í einfeldni og sakleysi.

Þennan leik hefði séra H. ekki vogað sér að leika við konu, sem, eins og áður er ávikið, stóð mikið ofar Höllu í mannfélaginu, mentuð, siðferðislega þroskuð og sjálfstæð. Hann "legst á þann garðinn sem lægstur er", eins og því miður of oft á sér stað í mannlífinu, — ósjálfstæðan lítilmagna, og virð ir hans persónulegu réttindi að vettugi.

Svo kemur nú þungamiðjan í öllu þessu viðburðakerfi: skilnaður séra Halldórs og Höllu, um nóttina, við sjóðandi hverinn bakvið túnið á prestssetrinu. Myndin, sem þar er máluð af prestinum, er hin viðbjóðslegasta,—kjarklaus, þreklaus, fullur örvæntingar undir þunga afleiðinga þeirra, sem eðlilega fylgdu verknaði hans, sem framinn var í blindri sjálfselsku, fullnægjandi ástriðum sínum, og sem hirti alls ekkert um það, þó að þetta kostaði alla tímanlega velferð hins saklausa og varnarlausa lítilmagna.

Myndin af Höllu þarna við kverinn um nóttina væri allgóð, ef að sá galli væri ekki á henni, að hún á hvergi heima í mannlífinu að öllu leyti, — síst í sveitalífi á Íslandi. Hvernig gat það verið, að Halla kólnaði ekki þegar strax í þeli til prestsins, þegar hún sannfærðist um það, hvað hann hafði verið ósvifinn? Þegar hún sté fyrsta sporið, gat henni ekki hugsast, að hann væri kvongaður maður. Hún var einföld og fölskvalaus í hjarta, en ósjálfstæð í ályktunum? Hvernig gat hún tekið upp á sig einsömul alla ábyrgð af verkum þeim, sem hann með ósvífni og yfirtroðslu á hennar réttindum var í sannleika valdur að?

Það mætti kannske rekja til viðburða frá ýmsum tímum úr þjóðlífi Íslendinga eitthvað svipað þessu. En ekki í einu einasta tilfelli gat konan gert þetta. Hún var gersamlega aflavana og eyðilögð; aðrir gerðu alt. Hún hefir oft verið leidd til fangavistar eins og mállaus kind. Halla gat ekki gengið inn í lífstíðar fangavist með Ólafi af sínum eigin krafti, — aðrir urðu að reka hana inn í slíka prísund.

Hvað Halla á að vera sívakandi með að fyrirbyggja allan grun um félagsskap hennar og prestsins! Slíkt er gagnstætt þeim rétta hugsunarhætti í sveitalífi á Íslandi. Þjóðarandinn þar dæmir ekki eins strangt um óskilgetnað barna eins og tildæmis hér á landi. Þetta á líklega að vera sprottið af því, að hún elskar prestinn svo heitt, að hún vill verja hann öllum lýtum.

Konan, sem var áður háð mannlegum breyskleika, sem sé: að leika sér með tilfinningar annara, er nú orðin guðlegur engill, fullur elsku og umburðarlyndis. Hún hryggist samt ekki með misþóknun yfir spillingu í eðlisfari prestsins.

Heigulskapar og örvæntingarvíman er svifin af prestinum. Heitstrenging Höllu verður honum lífsins lyf. Nú er hún máttug drotning, hann vesalmenni. Áður hafði hann alt hennar ráð í hendi sinni. Hann er búinn að kveðja hana í síðasta sinni, treystandi á mátt hennar og viljakraft.

Þá kemur nú höf. með aðalprinsipið, sem liggur til grundvallar í öllu þessu málverki hans.

Presturinn fer að hamast á kirkjunni, eða öllu heldur reglum þeim, sem þar eru fyrirskipaðar. "Hvað hún (kirkjan) sé miskunarlaus harðstjóri, haldandi við gömlum og úreltum kreddum langt fram úr öldum, getnar á menningarlausum og siðspillandi tímum, vitanlega því óhafandi nú á þessum endurbættu menningartímum nútíðarinnar (!!!)

Sérstaklega vakir fyrir honum afskifti kirkjunnar með einkamál manna (prestanna). Hér hafði hann óhrekjandi dæmi: Brot hans var í raun og veru ekki mikið, — ef brot skyldi kalla. "Og í samanburði við þá hegningu, sem við því lá, var það hverfandi". (Sjá "Halla", bls. 175).

Brot hans var ekki mikið, o. s. frv.: Presturinn álítur það ekki mikið brot á móti jafnréttis lögmáli mannanna, að taka unga, saklausa og í innsta eðli skírlifa stúlku til óleyfilegrar ástar, sem hann vissi að gat eyðilagt hana alla hennar æfitíð!!

Menn mundu mæla, að sá væri varmenni, sem að réðist á lítilmagnann og misþyrmdi honum svo, að hann bæri þess menjar alla sína æfi. Piltar þessir ráðast ekki á hinn sjálfstæða,— þeir vita, að það er þýðingarlaust. Heldur ráðast þeir á ósjálfstæðan lítilmagna, þar sem þeir vita að þeir geta haft alt hans ráð í sinni hendi.

Þetta atriði í mannlífinu var kannske ekki nægilega útskýrt í þjóðlífinu á Íslandi. Enda of víða vanræmið hjá þjóðunum.

Presturinn segir fyrir munn höf.: ..... "Þá svaf þó ínst í hugskoti flestra manna hugsjón um aðra kirkjuskipun; frjálslegri, göfugri og mannúðlegri, sem stæði á eigin fótum, gædd áhuga og trausti, sem kirkjan á dögum postulanna". — ("Halla", bls. 177).

Frjálslegri, göfugri og mannúðlegri, sem kirkjan á dögum postullanna. — Hvernig var kirkjan á dögum postullanna með einkamál presta?

Páll postuli segir í pistlinum til Tímóteusar: — "Það er áreiðanlegt orð, að ef einhver girnist biskupsembætti, þá girnist hann ágætt (veglegt) verk. Þess vegna á biskup (kennifaðir) að vera ólastanlegur, einnar konu eiginmaður, árvakur, hófsamur, siðprúður, gestrisinn, vel fallinn til að kenna", o.s.frv.

Prestinum finst, að kirkjan sé óhæfur harðstjóri, þar sem hún vill ekki leyfa honum, sem kenniföður í söfnuði sínum, að lifa í frillulífi. Telja má víst — eftir hinu spilta manneðli að dæma — að prestur þessi hefði haldið áfram frillulífnaði við Höllu, þar sem hann var húinn að ná svo miklu valdi yfir henni, ef að lögin hefðu ekki hindrað það.

Það er athugunarvert, hvað íslenzkir skáldsagna höfundar — helzt á síðari tímum — gera sér mikið far um að útmála prestana á Íslandi með sem allra svörtustum litum. Það er efamál, hvort að nokkur hluti þjóðarinnar er jafn svartur og saurugur, sem prestarnir eru hjá þessum rithöfundum. Og svo kirkjan, hvað hún á að vera full af rangsleitni og harðstjórn! Alveg óhæf eins og áhrif hennar koma fram. Þessi flugrit eru alveg drepandi fyrir kirkjulífið hjá hverri þjóð. Enginn kirkjumaður sést starfandi, eða kemur fram sem göfugt mikilmenni, leiðbeinandi hinni uppvaxandi kynslóð inn á brautir mannúðar, jafnréttis og kristilegs kærleika, sem að framleiðir blessun í öllum félagsmálum.

"Ofurefli" E.H. á líklega að vera undantekning frá þessu. Þar er leiddur fram prestur með göfugum hugsjónum og hákristilegur í anda. Hann á að vísu að vera ungur og óreyndur á starfsviði mannfélagsins. Þrátt fyrir það hefði hann vel mátt sýna meiri framsýni, og því áorkað einhverju í umbótaáttina. Saga sú sýnist mörgum leikmönnum hér gagnsýrð af einhliða skoðunum.

Um "Heiðarbýlið" er lítið að segja. Það er eðlilegt framhald af því, sem áður var skeð. Samt má geta þess, að höf. er mjög fundvís, að tína saman alt úrhrak þjóðarinnar.

Sanngjarnt er að viðurkenna það að lýsingar á náttúru landsins og jafnvel öllu útliti mannanna er mjög vel dregið fram í "Höllu" og "Heiðarbýlinu", sem lýsir skáldskapar hæfileika höf. En hugsanagangur í mannssálunum er sumstaðar óeðlilegur og jafnvel rangur. Þar ráða fyrir sérhliða skoðanir á þjóðlífinu.

Hólar P.O., Sask., 15. apr. '09.
J. H. LINDAL.

Strathcona Hotel
Horni Main og Rupert Str. Nýbygt og ágætt gistihús; Gest um veitt öll þægindi með sanngjarnasta verði. Frí keyrsla til og frá öllum járnbr. stöðvum. Beztu vín og vindlar; og herbergi og máltíðar ágætar.
McLaren Brothers
EIGENDUR

Hotel Pacific
219 Market Street, Winnipeg | *H. M. Hicks, Eigandi Manitoba*
Telephone 1338
Ný-endurbætt og Ný-tízku hús í alla staði. Viðskifta yðar óskast virðingarfylst.
$1.25 a Dag

$1.50 Á DAG
Bezta $1.50 gistihús í Winnipeg
BRUNSWICK HOTEL
Horni Main St. og Rupert Ave.
Besta borðhald; Hrein og Björt Herbergi; Fínustu Drykkir og Bestu Vindlar. Ókeypis Vagn mætir Öllum Trainlestum. Reynið oss þegar þú ert á ferð.

LÁRA.

FORMÁLI.

Lokaði viðhafnarvagninn.

Það var hér um bil einni stundu fyrir miðnætti, að hraðlestin frá Vestur-Englandi rann á brautarstöðina í Glasgow.

Á miðstöðvunum var næg ljósbirta, og á stöðvarpallinum höfðu burðarmennirnir raðað sér til þess að taka á móti farangri ferðamanna og bera hann þangað, sem beðið yrði um.

Járnbrautarvagnarnir virtust vera álika margir og vant var, en mitt á meðal þeirra var viðhafnarvagn nokkur.

Það var sjáanlegt, að ljós voru í vagni þessum, en blæjur voru fyrir gluggunum, og þegar lestin stóð kyr voru blæjurnar ekki hreyfðar og dyrnar ekki

opnaðar, — með öðrum orðum, það benti ekkert á það, að nokkur maður væri í vagninum.

Þegar ferðafólkið úr hinum vögnunum var búið að taka og láta taka farangur sinn, þá voru enn eftir tvö koffort og ferðapoki á pallinum.

Í þessu bili kom lestarstjórinn og vökumaðurinn þangað.

"Hvað er þetta?" sagði hinn síðarnefndi. "Hver á þennan farangur?"

Einn af burðarmönnunum kom þangað, laut niður og las nafnið á ferðapokanum.

"Hvað er þetta, eru eigendurnir farnir án þess að taka farangur sinn?" sagði lestarstjórinn og gekk að viðhafnarvagninum.

Hann var sjáanlega alveg hissa, og sneri sér vandræðalegur að vökumanninum.

"Ég hefi ekki orðið þeirra var síðan við fórum frá Preston", sagði hann. "Það var karlmaður og kvenmaður, og hún óvanalega fríð stúlka. Ég áleit þau vera á brúðkaupsferð. Í Preston kom karlmaðurinn að glugganum, og bað mig að útvega sér eina flösku af kognaki. Síðan veit ég ekkert um hann".

Lestarstjórinn barði ofurhægt á gluggann, en ekkert svar kom.

Svo barði hann aftur dálítið harðara, og þegar enn kom ekkert svar, þá lauk hann upp dyrunum og gekk inn.

Í fyrstunni sáu þeir ekkert og litu þó í kringum sig.

"Hvað er orðið af þeim?" sagði lestarstjórinn.

Vökumaðurinn gekk nú lengra inn í vagninn, og þar bar fyrir augu hans viðbjóðslega sýn, sem þó jafnframt gerði honum hughægra.

Maðurinn, sem vökumaðurinn sá, var á bezta aldri og klæddur í nýtízku ferðafót, en lá nú endi-

langur á legubekk í því horni vagnsins, sem fjærst var dyrunum. Andlit hans, sem var með rauðum blettum, og tóm flaska sem lá á gólfinu, bar glöggan vott um, hvers konar svefn þetta var. Vökumaðurinn benti lestarstjóranum á manninn.

"Já, þetta er maðurinn, sem leigði þennan vagn. Það lítur út fyrir, að hann hafi drukkið of mikið. En hvar er konan?"

Vökumaðurinn leit í kring um sig, en sá ekkert.

Lestarstjórinn gekk nú til mannsins, sem svaf, tók í öxl honum og hristi hann duglega. Drykkjumaðurinn settist upp, opnaði augun og starði á lestarstjórann.

"Hvað er að?" spurði hann með hásri rödd, því hann var enn ekki búinn að sofa úr sér vínið. "Er þetta Glasgow?"

"Já", svaraði lestarstjórinn nokkuð óblítt, "það er sú borg, en ég vil fá að vita, hvað orðið er af ungu stúlkunni, sem var með þér".

Þegar lestarstjórinn var að sleppa síðasta orðinu, heyrðu þeir óviðfeldna stunu innan úr búningsklefanum, sem var við aðra hlið vagnsins.

Þeir litu þangað, sem þeir heyrðu stununa, og sömuleiðis drukni maðurinn og heyrðu þá aðra stununa til. Hann virtist nú alt í einu verða ódrukkinn.

"Já, það er mjög sorgleg saga", sagði hann og stóð upp hjálparlaust, raust hans var nokkuð hás, en þó greinileg. Hún hefir, að nokkru leyti hálftruflað mig, eins og þið sjáið. Geðshræringin, sem vesalings konan mín hefir orðið fyrir, er meiri en taugar hennar hafa þolað. Ég er hræddur um, að hún sé orðin brjáluð".

1. KAPÍTULI.

Einkennilegt óhapp.

Það var óvanalega mikil hreyfing í Haughton þorpinu. Íbúar þess gengu um strætin með þann svip, sem gaf til kynna, að þeir byggi yfir dularfullri þekkingu. Þegar þeir mættust, litu þeir hvor til annars og hristu höfuðin, eða þeir söfnuðust saman í smáhópa og hvísluðust á um eitthvað sín á milli. Þetta var síðari hluta heits septemberdags, svo hann dró úr vinnulönguninni líka.

Smátt og smátt færðust hóparnir að gestgjafahúsinu "Pólstjarnan", og gengu karlmennirnir þangað inn og upp á loft og inn í stórt herbergi, sem nefnt var "leiksvið".

Klukkan var orðin hálfþrjú. Dómnefndin var komin, en dómarinn kom fimm mínútum seinna. Hann var alvarlegur á svip, en þó ekki þungbúinn.

Þegar dómarinn var búinn að taka eið af dómnefndinni, fór hann með þessum 12 mönnum, sem nefndina skipuðu, ofan og út til að skoða líkið. Meðan þeir voru að því, komu tveir dökk-klæddir menn inn í salinn; þeir gengu að borði, sem var beint á móti borði því, er dómnefndin átti að sitja við. Þar settust þeir og biðu komu hennar.

Þeir þurftu ekki að bíða lengi. Lítilfjörleg rannsókn saddi forvitni þessara 12 manna. Í einu úthýsi gestgjafahússins lá lík af manni, sem bæjarbúar þektu strax. Það var lík James Burlston, sem í mörg ár hafði verið skytta hjá Sir Arthur Redleigh

Til Mrs. I. Goodman

Ég ætla að senda þér að eins fáar línur í seinasta sinni, Ingibjörg mín. Því mér finst greinar þínar bæði til Mrs. Benedictsson og til mín lýsa því, að þú munir þurfa of mikið pláss í Heimskringlu, ef þú átt að geta svalað geði þínu til fulls. En mér finst Heimskringla of gott blað til þess að eyða miklu plássi í henni fyrir ann að eins og greinar þínar hafa verið. Því manni getur ekki ahnað en dottið í hug, þegar maður les þær, að þú hafir svo mikið að segja, að þú hljótir að gefa sjálfri þér of lítinn tíma til að hugsa um, á hvaða rökum staðhæfingar þínar eru bygðar. En við skulum nú taka ofurlitla stund til að hugsa um atriðið, sem ósköpin eru risin út af.

Þér nefnilega finst, að Mrs. Benedictsson tala of illa í garð karlmanna. En góða mín, "alt er hreinum hreint". Þeir, sem góðir eru, taka það aldrei að sér, þó þeir heyri talað um óþokkamenni, því þeir finna og vita, að það er ekki til þeirra talað.

Svo segir þú í greinni til mín: "Heldur þú ekki, að það séu fleiri konur en ég, sem unna föðurnum, syninum", o.s.frv. Því er fljótsvarað. Ég hefi aldrei efast um, að svo sé, og aldrei hefi ég heyrt Mrs. Benediktsson brigsla konum um ástleysi né artarleysi. En það er ekki það, sem um er rætt. Það eru líka fáar konur, sem ímynda sér, ef þær heyra illa talað um einhverja, að það sé sjálfsagt talað til þeirra manna, sem þeim séu kærastir og mestir. Ég segi, fáar konur, en ég sé í Heimskringlu að það eru til undantekningar.

Þú segir ennfremur, að þú álítir engan mun á eðlisfari karla og kvenna. En við skulum nú taka til dæmis alla þá karlmenn, sem yfirgefa börn sín og mæður þeirra, skifta sér ekkert af, hvað um þau verður, eða hvort þeim líður vel eða illa. Skyldi þér ekki ganga illa, Ingibjörg mín, að finna jafnmargar stúlkur, sem kasta áfkvæmum sínum til föðursins, og vilja svo hvorugt sjá eða heyra framar?

Eitt er enn, sem þú sagðir í fallegu greininni þinni, að ef kvenfólk hefði sömu tök á karlmönnum, o. s. frv. Getur þú hugsað þér nokkura konu svo, að hún vildi (ef hún gæti) svívirða karlmann og drepa hann svo á eftir? Það eru of mörg dæmi til, að karlmenn hafa aðhafst slíkt gagnvart kvenfólki, og eitt ný-afstaðið þarna í Winnipeg. Eða hefir þú ekki heyrt getið um níðingsverkið, sem unnið var á Mrs. James? Varla getur þú kallað það slúðursögur úr Freyju

Ég ætla svo ekki að segja fleira, svo nú er þér óhætt, að segja hvað þú vilt, því verður líklega ekki svarað. Ég ætla að minsta kosti ekki að gera það, og ég er líka farin að ímynda mér, að Mrs. Benedictsson ætli ekki að svara grein þinni. Vonandi er samt, að hún hugsi ekki eins og málsháttur-inn kennir: "Svo skal leiðan forsmá, að ansa honum engu".

Vinsamlegast,

Jónína Samúelsson.

Til ritstjóra Lögbergs.

Háttvirti herra.

Fyrir skömmu síðan birtist grein nokkur í blaði yðar með fyrirsögninni "Djöfulæði og andatrú" sem þér höfðuð úr tímaritinu The Independent.

Við þessa grein, sem andatrúarmaður (Spiritualist) og meðlimur "Sálarfræðis rannsókna félagsins", langaði mig til að gera nokkrar athugasemdir.

Fyrst vildi ég ráðleggja hinum heiðraða greinarhöfundi, að rita um eitthvað, sem honum er kunnugra um enn samband við framliðna, sem hann virðist sérlega ófróður um.

Vér trúum því, að samband við framliðna sé mögulegt, eða réttara sagt, vitum í gegn um reynslu vora, að það er mögulegt.

Í öðru lagi, þá er það samband við framliðna, sem vér höldum fram, ekki samband við illa anda, sem gætu haft skaðleg áhrif, heldur reynum vér af fremsta megni, að kenna mönnum að vara sig á þess háttar sambandi og koma í veg fyrir það.

Í þriðja lagi, þurfum vér alls ekki, að sækja nokkur dæmi eða fyrirburði til katólskra biskupa, klerka eða nunna, því vér höfum nóg af dæmum og viðburðum mitt á meðal vor hér í Winnipeg.

Á hverju kveldi höfum vér dæmi þess, að andar framliðinna tala á þeim tungum, sem miðlarnir ekki skilja.

Vér höfum vini meðal hinna framliðnu, sem koma aftur til vor til að láta gott af sér leiða, t. d. lækna sjúka. Um það höfum vér nóg af vitnisburðum og dæmum, bæði meðal Íslendinga og innlendra í þessum bæ.

Vér höfum sunnudags kveldsamkomur vorar að 1016 Banning St., og bjóðum öllum þangað, sem fræðast vilja.

Til frekari upplýsingar er ég reiðubúinn að kappræða "Spiritualism" við hvern sem er, opinberlega.

Yðar einlægur,

W. MANTON.

Athugasemd við fréttabréf

Herra ritstj. Hkr.

Ekki dettur mér í hug, að fara skamma þig fyrir hana Heimskringlu þína, — enda mundi það ekki mælast vel fyrir, þar sem hún er nú að fá almenna viðurkenningu fyrir að vera langbezta blaðið, sem gefið er út á íslenzku máli hér vestan hafs.

En það var annað, sem ég ætlaði að segja. Mér líkar mjög illa, að sjá í fréttagreinum aðra eins pistla og þennan: —

"Ég hefi frétt, að einar persónur hér séu gengnar í hjúskaparlífið og það sé Jón minn á Greinirfi".

Þetta er í fregnbréfi frá Swan River og birtist í Hkr. 6. f. m.

Það er skemtilegt, að fá fréttir af Íslendingum, sem viðast frá, en leiðinlegt að sjá annað eins og þetta frá fregnrita blaðsins, hver sem hann er. Það ætti að vera hægt, að geta um hjónabönd, án þess að flétta glósum inn í þær fréttir. Persónulegt hnútukast á allstaðar illa við, en hvergi ver en þegar því er beitt í sambandi við giftingar. Slíkt getur ekki verið nokkrum manni til skemtunar eða fróðleiks, heldur þvert á móti. — Það væri því óskandi, að sérhver fréttaritari hefði ávalt hugfast, að skrifa að eins það, sem einhverjum að minsta kosti væri annaðhvort til skemtunar eða fróðleiks, og helzt hvorttveggja. Þegar getið er um giftingar, á það bezt við, að brúðhjónin séu bæði nefnd fullu nafni, svo að lesendur fái áttað sig á hver þau eru. Annars er fréttin þýðingarlaus.

Vinur Heimskringlu.

ATHS. — Höf. hefir rétt að mæla. Giftingar atriðið í áminstu fregnbréfi var ekki að gætt fyr en of seint, — annars hefði það verið dregið út úr bréfinu. Ritstj.

FORELDRAR VORIR

Þegar ég las í Heimskringlu 8. apríl grein hr. S. Sigvaldasonar, með fyrirsögninni "Sakramentið", þá datt mér margt í hug. Og þar á meðal það, sem Björn Gunnlaugsson segir, um fall vorra fyrstu foreldra, í sínu markverða kvæði í Njólu. Og sýnist mér skoð un Björns miklu sennilegri, heldur enn skoðun Sigvaldasonar.

Hinn síðari álítur, að Alfaðirinn Adam hafi eftir fallið orðið af föðurnum fjanda og að öllu leyti glataður. En Gunnlaugssen segir:

"Við alheimsstjórnun ekkert slys
við Adams fallið skeði,
heldur einmitt aldeilis
áframhald þar réði.

Ef Adams hefði og Efu dygð
engin reynsla metið,
heimskan jöfn á hyggju bygð
hefði fólgin setið.

Svo hún yrði sén við ljós
Sendast reynslan átti.
Þar af kunni karl og drós
kynnast leið hvað mátti".

Af því Sigvaldason kemur með svo margar ályktanir, þá ætla ég að koma með eina, og það er, að það, sem Páll postuli sagði, þegar hann bar saman Krist og Adam, hafi máske verið "Kristur er hinn annar Adam, því eins og Adam er höfundur hins dauðlega lífs allra, svo er Kristur höfundur hins eilífa lífsins". Kristur sjálfur segir á einum stað: "Hver, sem fyrirlítur föður eða móður, er mín ekki verðugur", og álít ég, að Adam og Efa kæmu undir þá reglu. Orsökin fyrir því er sennilega þessi, og ætti að vera auðséð af hverri einustu réttsýnisfullri og skynsamri manneskju, að ef t. d.: foreldrar Sigvaldasonar hefðu aldr ei komið saman, þá hefði S. Sigvaldason aldrei til orðið. Það gátu enginn maður og kona nema þau ein veitt honum tilveru. Og svo alla leið til baka, hreint til Adams og Efu. Og þar af leiðandi hefðu þau ekki verið þau fyrstu, maður og kona á þessum hnetti, þá hefði enginn af öllum mönnum og kvinnum, sem hafa til verið á hnetti þessum, eru nú til á honum eða verða nokkurn tíma til á honum, — getað orðið til. Þar af ætti að vera augljóst fyrir öllum, að næst guði eigum vér öll foreldrum vorum að þakka tilveru vora.

John Thorgeirsson.

Thistle, Utah.

Framför Blaine-bœjar

Einhver hefir sent Hkr. "Landtakenda" útgáfu af blaðinu Blaine Journal, sem út kom í sl. aprílmánuði. Blað þetta er í stóru broti, 44 bls. að stærð og þrungið nákvæmri lýsingu á kostum landsins þar vestra, loftlagi, atvinnuvegum, framleiðslu möguleikum og framtíðarhörfum öllum. Myndir eru sýndar af ýmsum leiðandi mönnum, einnig af húsum og verzlunarbúðum, og áhöldum, sem lúta að timburgerð, laxveiði og aldinarækt, o.fl. — þar kennir nokkurra Íslendinga. Til dæmis er þar mynd af húsum þeirra F. K. Sigfússonar og Andrew Danielssonar. Þar er og mynd af matsölubúð þeirra Danielsson & Runolfsson.

Meðal sterkra manna þar vestra eru taldir 3 synir Hans Hanssonar, sem eitt sinn bjó í Selkirk, og sem nú teljast meðal frumherja Íslendinga í Blaine. Piltarnir eru nær 200 pd. að þyngd hver, með krafta í kögglum. Þeir tilheyra "Tug of War" félagi Blaine-búa, sem nú er talið að bera af öllum slíkum félögum þar á Ströndinni.

Blaðið getur um verzlanir þeirra Danielsson & Runólfsson og E. Olafsson & J. A. Magnússon, og lætur vel af báðum þeim verzlunum. — Vera má, að fleiri landa sé þar getið, þótt ekki höfum vér við fljótt yfirlit orðið þeirra varir.

Margt annað skemtilegt og fróðlegt er í þessu blaði, og öll er útgáfan hin myndarlegasta. — þar eru auglýstar bæjarlóðir og íbúðarhús í beztu stöðum bæjarins, og með verði, sem má teljast hlægilega lítið, miðað við það, sem viðgengst hér í Winnipeg, — svo sem t. d. 9 herbergja hús með útbyggingum og 50x130 feta lóð settri aldinatrjám, — alt fyrir þúsund dali; og lönd fyrir 15 til 30 dali ekran í grend við bæinn. Góðar bæjarlóðir frá $35 til $125 hver.

Bakkusi hnignar.

Eftir "Framtíðinni."

Nýlega hefir fyrverandi forseti Harvard háskólans, öldungurinn dr. Elliot, gerst algerður vínbindindis-maður, ekki vegna þess, að honum nú á elliárum væri hætta búin af nautn víns, heldur til þess að gefa gott eftirdæmi og hjálpa áfram vínbannshreyfingunni —vera með, að gefa henni byr í seglin. — Því hefir hann ekki gert það fyr? — Já, hann skilur málið betur nú en áður. Okkur er þannig varið, mönnunum. Við þurfum misjafnlega langan tíma til þess að átta okkur.

Hið sama og hann hefir William Taft, hinn nýkosni forseti Bandaríkjanna, gert. Í veizlu, sem haldin var honum til heiðurs í einu Suður-ríkjanna, hvolfdi hann staupi sínu og lýsti yfir því, að upp frá því bragðaði hann ekki áfengi.

Hina sömu yfirlýsingu hefir Vilhjálmur Þýzkalandskeisari líka gert. Og þegar hann, þjóðhöfðinginn á sjálfu höfuðbóli Bakkusar, rekur Bakkus úr húsum sínum, þá bendir það býsna sterklega til þess, að valdi hans sé farið að hnigna. Fáir munu gráta það.

En það, sem þjóðhöfðingjarnir nú óðum eru farnir að sjá, það var Abraham Lincoln nú fyrir meira enn hálfri öld búinn að skilja. Hann neytti hvorki áfengis né tóbaks. Áleit hvorttveggja skað legt. Og þegar á hann er litið, þá virðist vera hægt fyrir unglingana að komast áfram og verða að mönnum án víns og tóbaks; því eins og við sjáum, varð ofurlitill maður úr drengnum Abraham, þó hann væri strangur bindindismaður.

Stjórnmálamennirnir ísl., sem nú berjast mest móti aðflutningsbanninu, ættu að taka þessi stórmenni sér til fyrirmyndar, og afneita Bakkusi. Vegur þeirra mundi stækka við það, í stað þess að hann minkar, þegar þeir ljá sig sem talsmenn fyrir einn skæðasta óvin landsins. A.J.J.

MARKET HOTEL
146 PRINCESS ST. á móti markaðnum
P. O'CONNELL, eigandi, WINNIPEG
Beztu tegundir af vínföngum og vindl am, aðhlynning góð. húsið endurbætt

JOHN DUFF
PLUMBER, GAS AND STEAM FITTER
Alt verk vel vandað, og verðið rétt
664 Notre Dame Ave. Phone 3815
Winnipeg

Það er alveg víst, að það borgar sig að auglýsa í Heimskringlu.

Með því að biðja sérlega um "T.L. CIGAR," þá ertu viss að fá ágætan vindil.
smoke the T.L. CIGAR
(UNION MADE)
T.L.
Western Cigar Factory
Thomas Lee, eigandi Winnipeg

Redwood Lager og Extra Porter
Styrkið taugarnar með því að drekka eitt staup af öðrum hvorum þessum ágæta heimilis bjór, á undan hverri máltíð. — Reynið !!
EDWARD L. DREWRY Manufacturer & Importer Winnipeg, Canada.

Department of Agriculture and Immigration.
MANITOBA
Þetta fylki hefir 41,169,089 ekrur lands, 6,019,200 ekrur eru vötn, sem veita landinu raka til akuryrkjuþarfa. Þess vegna höfum vér jafnan nægan raka til uppskeru tryggingar.
Ennþá eru 25 miliónir ekrur óteknar, sem fá má með heimilisrétti eða kaupum.
Íbúatala árið 1901 var 255,211, nu er nún orðin 400,000 manns, hefir nálega tvöfaldast á 7 árum.
Íbúatala Winnipeg borgar árið 1901 var 42,240, en nú um 115 þúsundir, hefir meir en tvöfaldast á 7 árum.
Flutningstæki eru nú sem næst fullkomin, 3516 mílur járnbrauta eru í fylkinu, sem allar liggja út frá Winnipeg. Þrjár þverlandsbrauta lestir fara daglega frá Winnipeg, og innan fárra mánaða verða þær 5 talsins, þegar Grand Trunk Pacific og Canadian Northern bætast við.
Framför fylkisins er sjáanleg hvar sem litið er. Þér ættuð að taka þar bólfestu. Ekkert annað land getur sýnt sama vöxt á sama tímabili.
TIL FERDAMANNA:
Farið ekki framhjá Winnipeg, án þess að grenslast um stjórn ar og járnbrautarlönd til sölu, og útvega yður fullkomnar upplýsingar um heimilisréttarlönd og fjárgróða möguleika.
R. P. ROBLIN,
Stjórnarformaður og Akuryrkjumála Ráðgjafi.
Skrifið eftir upplýsingum til
Joseph Burke, 178 LOGAN AVE., WINNIPEG. Jas Hartney, 77 YORK ST., TORONTO.

á Haughton Court, Stolneshire. Hann hafði mist lífið, sem þjónn þessa manns fyrir fáum dögum, og annar þeirra, sem leið í salnum til að gera grein fyrir, hvernig óhappið orsakaðist, var Sir Arthur sjálfur.

Dauði manns þessa hafði orsakast af skoti í hnakkann úr haglabyssu, og sáust sum af höglunum í kring um sárið. Það, sem nú þurfti að komast eftir, var það, hvernig það skeði, að skotið lenti í manni þessum. Undir eins og dómarinn var seztur, byrjaði yfirheyrsla aðalvitnanna.

Á sama augnabliki kom fyrir tilviljun, sem gerði alla, sem viðstaddir voru, alveg hissa.

Menn sáu jóreyk nálgast á Fatheringham brautinni, og bráðla heyrðist jódynur og vagnskrölt. Svo sást myndarlegur vagn með tveimur ljósjörpum hestum fyrir aka að dyrum Pólstjörnunnar. Þjónn í einkennishúningi stökk niður úr sæti sínu og opnaði vagndyrnar fyrir miðaldra manni, sem sté út úr vagninum og gekk inn í gestgjafahúsið.

Fólkið þekti strax, að þetta var jarlinn Fatheringham, og vakti það ekki litla undrun. Hvers vegna kom hann þangað? Hann var ekki vinur Sir Arthurs, og í raun réttri heldur ekki annara. Hann var auðvitað ættingi herra Grosse, en Grosse kom þetta málefni ekki við, nema að því leyti, að hann var viðstaddur, þegar slysið átti sér stað. Jarlinn var þess utan drambsamur og afskiftalaus um aðra, og lét sjaldan sjá sig, en nú kom hann samt. Hverninið átti að skilja þetta?

Jarlinn gekk beina leið upp í salinn. Það var nýbyrjað að yfirheyra Sir Arthur, þegar jarlinn kom inn, og þegar Sir Arthur sá jarlinn, brá hann lit og þagnaði um stund.

Það var ekki að sjá, að jarlinn tæki eftir þessu. Hann hneigði sig lítið eitt fyrir dómaranum, sem

stóð upp til hálfs, þegar jarlinn var kominn inn, og settist svo á stól, sem lögregluþjónninn kom með handa honum. Hann setti gildan, gamaldags göngustaf, sem hann hélt á, milli knjánna, lagði báðar hönd ur sínar ofan á handfangið og hökuna þar á ofan. Þannig sat hann með hálflokuð augu.

Sir Arthur var nú búinn að jafna sig eftir undrun sína, og hélt áfram með skýringu þá, sem hann var byrjaður á. Hann hafði auðsjáanlega ekki búist við þessum áheyrenda. Hinir mennirnir, sem viðstaddir voru, voru annaðhvort vinir hans eða að einhverju leyti háðir honum, því hann var ríkur maður og þar af leiðandi valdamikill. Þó að Sir Arthur væri í talsverðri geðshræringu, undraði það engan, því að það var fyrir hans hendi, að hin áðurnefnda skytta fell. Hann hafði boðið nágranna sinum, hr. Grosse frá Broad, að vera með sér í veiðiför þann 4. sept. Skyttan framliðna var með þeim eins og vant var, og þess utan ungur piltur að nafni Martin, sem átti að bera sumt af farangri þeirra. — Svo hélt Sir Arthur áfram skýrslu sinni á þessa leið:

"Það var fátt um fugla, svo hr. Grosse stakk upp á því, að skyttan gengi inn í undirskóginn, til að vita, hvort þar væri ekki fleira af þeim. Hann fór líka í áttina þangað, en þegar hann var kominn 30—40 álnir frá þeim, vildi óhappið til, en hvernig það atvikaðist, get ég ekki sagt. Ég man að eins eftir því, að ég miðaði byssunni, til þess að vera viðbúinn að skjóta fyrsta fuglinn sem sæist, og þá hefi ég máske verið óaðgætinn með gikkinn. Án þess ég vissi af, hljóp skotið úr öðru hlaupi byssunnar, og ég heyrði hr. Grosse segja: 'Þarna hittir þú Burlston'. Ég leit þangað, og sá hann liggja endilangan á jörðunni".

Þetta var alt, sem hægt var að skýra frá, þessu tilfelli viðvíkjandi, nema það, að sent var eftir lækni,

sem kom innan stundar, en hann gat ekkert annað gert eða sagt en það, að skyttan væri dauð.

Sir Arthur lét nú í ljósi, hve sárt sér félli þessi óhappa tilviljun, og kvaðst ætla að sjá um, að ekkja hans liði enga nauð. Hafi nokkur í hópnum hugsað sem svo: — "Þessir mikillátu herrar álíta það ekkert gera, að skjóta þjóna sína eins og skepnur, ef þeir að eins borga fyrir það", þá geymdi hann þessa skoðun hjá sjálfum sér, að minsta kosti þangað til hann kom út í hóp kunningja sinna. Almennasta skoðunin var innifalin í þessum orðum Steercros dómara:

"Ég þakka þér, Sir Arthur, fyrir yfirlýsingu þína og ég er viss um, að dómnefndin er þér einnig þakklát. Enginn hefði getað gert meira en þú hefir gert, og þú mátt vera viss um hluttekningu allra rétthugsandi manna".

Lágt samsinnis-muldur fylgdi á eftir ræðu þessari, og var svo kallað á næsta vitni.

"William Sketchover Grosse!"

Hr. Grosse, roskinn maður með dálítið grátt hár og hvasseygður í meira lagi, stóð upp og gaf vitnisburð sinn með kaldri rósemi, gagnstætt því sem Sir Arthur hafði gert, en vitnisburður hans var samhljóða hins, svo áheyrendurnir voru farnir að geispa og geta sér til nær þetta endaði. Það var ekki að furða, þó jarl Fatheringham liti út fyrir að sofa.

Nú kom drengurinn, Martin. Vitnisburður hans var nokkuð ósamanhangandi, en þó í aðalatriðunum eins og hinna. Hann hafði heyrt Grosse segja, að það hlyti að vera fuglar í undirskóginum, "og svo sagði hann skyttunni að fara á undan og reka þá út úr honum, svo heyrði ég skot og leit í kringum mig, þá sá ég skyttuna liggja á jörðunni, eins og hann hefði verið skotinn, , og þá kallar hr. Grosse: Þú hefir hitt hann!".

"Já, og hvað svo?" spurði dómarinn.

"Hann var skotinn", sagði drengurinn.

"En hvað gerðir þú, þegar þú sást hann detta?"

"Ég hljóp til hans".

"Og þá fanstu að lífið var sloknað?"

"Nei, ég fann ekkert líf, hann var alveg dauður".

"Jæ-ja, það var nú það, sem ég meinti. Og hinir, hvað gerðu þeir?"

"Þeir hlupu líka til hans, og Sir Arthur sýndist vera mjög hræddur, en hr. Grosse segir við hann: 'Hvernig gaztu verið svona klaufalegur, Redleigh?' og þá svarar hann: 'Hvað — það varst —"

"Nú — jæja, það er gott", flýtti dómarinn sér að segja, "við kærum okkur ekki um, að heyra meira. Hve langt var hann kominn, þegar hann datt?"

Pilturinn leit í kringum sig og svaraði: "Ámóta langt og yfir að glugganum þarna".

Dómarinn leit þangað og sá að það var kringum 9 álnir að glugganum.

"Nú, það er dálítil ósamkvæmni viðvíkjandi vegarlengdinni, en ég sé ekki að það hafi neina þýðingu fyrir málefnið", sagði dómarinn til dómnefndarmannanna.

Nú var lokið yfirheyrslu Martins og kallað á læknirinn.

2. KAPÍTULI.

Spurningin.

Síðan jarl Fatheringham kom inn í dómsalinn, hafði hann að eins einu sinni litið upp, og það var þegar drengurinn mintist á gluggann, þá leit hann



Cleveland Massey Brantford
Imperial Perfect Rambler

Ef þér kaupið reiðhjól, þá sjáið um að fá eitt af þessum ofantöldu. Eigi eru betri búin til, og allar viðgerðir fást í Winnipeg. Vér höfum altaf sömu hjólin,— þessi ofantöldu,— og gerð í vorum eigin verksmiðjum. Spyrjið hjólsalann í bœ yðar, en ef vér höfum ekki umboðsmann þar, þá skrifið beint til vor eftir verðlista.

Canada Cycle & Motor Co., Ltd., Winnipeg.
147 PRINCESS STREET. Heimsins Beztu Reiðhjóla-smiðir.

S. R. HUNTER & CO

Skraddarar,
189 Lombard Street

Búa til ný-móðins karlmannafatnaði eftir máli. — Efni og vinnubrögð afbeztu tegund, og alt ábyrgst að vera jafngildi þess bezta sem fáanlegt er í borginni. Verðið er við allra hæfi. —

S. R. Hunter & Co.
189 Lombard St.
Telephone 1395.

The Dominion Bank
NOTRE DAME Ave. BRANCH Cor. Nena St.

VÉR GEFUM SÉRSTAK AN GAUM AÐ SPARISJÓÐS-DEILDINNI. —

VEXTIR BORGAÐIR AF INNLÖGUM.
HÖFUÐSTOLL - - - $3,983,392.38
SPARISJÓÐUR - - $5,300,000.00
A. E. PIERCY, MANAGER.

Gimli Hótel
G. E. SÓLMUNDSSON
eigandi

Óskar viðskifta Íslendinga sem heimsækja Gimli-bæ. — Þar er beini beztur í mat og drykkjarföngum, og aðbúð gesta svo góð sem frekast er hægt að gera hana. Hótelið er við vagnstöðina.
Gistið að Gimli-Hótel.

R. A. THOMSON AND CO.
Cor. Sargent & Maryland St.

Selja allskonar MATVÖRU af beztu tegund með lægsta verði. Sérstakt vörurúrval nú þessa viku. Vér óskum að Íslendingar vildu koma og skoða vörurnar. Hvergi betri né ódýrari. —

Munið staðinn:—
HORNI SARGENT AVE. OG MARYLAND ST.
PHONE 3112.

KOL OG VIDUR

Þur, beinharður eldiviður, — Poplar, Pine, og Tamarac með mjög sanngjörnu verði. — Nú sem stendur verið að afferma mörg vagnhlöss af BEZTA DAUPHIN TAMARAC. —

McElroy Bros.
Cor. Sherbrooke & Ellice
PHONE: 6612

Woodbine Hotel
Stærsta Billiard Hall í Norðvesturlandinu
Tíu Pool-borð.—Alskonar vín og vindlar
Lennon & Hebb,
Eigendur.

"Tveir Sumargaukar"

hét umræðuefnið á síðasta Menningarfélagsfundi í apríl. Hr. söngkennari A. J. Johnson, er flutti erindi, hóf mál sitt með því að minnast á vorkomuna. Alt færi nú að risa úr dvala eftir vetrardeyfðina. Á Íslandi sagði hann að væri enn meiri gleði yfir sumarkomunni enn hér. Sumarið væri þar skemtilegra að öllu leyti og sólargangurinn lengri. Fyrstu sumarboðendurnir þar væru fuglarnir. Þaðan var gömul alþýðutrú, og hún byggð á staðreynd, að litlir fuglar, er á alþýðumáli væri nefndir "sumargaukar", væri áreiðanleguštu vorboðendurnir. Þeir væru nefndir ýmsum nöfnum, t.d. vizkugaukar, unaðsgaukar, sælugaukar, vesælgaukar, o.s.frv., eftir því í hvaða átt maður heyrði til þeirra fyrst.

Rædum. benti þar næst á, að Íslendingar ættu vorkomu í öðrum skilningi. Þá vorkomu nefndi hann "þjóðlífs-vorkomu". Hún hefði byrjað laust fyrir aldamótin 1800. Alla þá, er boðað hefðu þá vorkomu, vildi rædum. nefna "sumargauka". Benti hann á, að upphaflega hefðu þessir vorboðendur verið fáir; en stöðugt hefði þeim fjölg að, og væri að fjölga.

Nú væri þeir orðnir fjöldamargir sem þetur færi. Nú væri líka farið að boða "sumarið". Þessir "sumargaukar" hefðu boðað, og væru að boða, auðugra og fullkomnara þjóðlíf, auðugra af siðlágum, hreinskilni, skilvísi, áreiðanleheitum, steinufestu, og síðast en ekki síst, af kærleika og mannúð.

Rædum. kvaðst ætla að tala um tvo af þessum vorboðendum, er nú væru á lífi; sagnaskáldin E. Hjörleifsson og Jón Trausta (Guðm. Magnúss.). Í afstöðu frá okkur V.-Íslendingum væru þeir í norðaustri, og því væru þeir vizku- og unaðsgaukar. Sögum þessara skálda sagði hann hefði verið yfirleitt vel tekið, af þeim, mönnum, er um þær hefðu ritað, og vit hefði á að ræða um skáldsögur. Benti rædum. sérstaklega á ritdómana um "Ofurefli" E.H. Séra Matth. J., G. Finnbogason, Bjarni frá Vogi, séra F.J.Bergmann, dr. Jón Stefánsson o.fl., hefðu lofað bókina; en einn dulnefndur náungi austanhafs, og nokkrir af sömu tegund vestanhafs, hefði lastað hana. Sumir af þessum síðarnefndu kæmust í beina mótsögn við sjálfa sig, eins og t.d. sá, er segir að "séra Þorv. sé ekki fyrirmyndarmaður", en viðurkennir þó, að hann hafi hugsað og viljað vel, og breytt eftir öllum sínum kenningum.

Álíka ranghverfa væri hjá þeim, er væru að fetta fingur út í málið hjá E.H. Þær hártoganir lýstu að eins dómgreind og hugarþeli þeirra er það gerðu. Rædum. benti á, að í sumum tilfellum hefði báðir þessir menn, hvor í sínu lagi, orðið fyrir ónotum og ósanngjörnum dómum, sökum pólitiskra skoðana þeirra. Benti hann á sem átakanlegt dæmi, að einn ritdómari í vetur hefði sagt, að engin sagnaskáld ísl. hefði haft persónulýsingar sínar íslenzkar nema Jón Thoroddsen og Jón Trausti. Persónulýsingar hinna gætu eins vel verið japanskar eða kínverskar og íslenzkar. — Eftir því ætti lýsing t.d. á Sveinbirni og Guðríði í "Litla Hvammi" að geta verið lýsing á japönskum persónum eins og íslenzkum.

Guðm. Magnússon sagði hann að hefði byrjað að skrifa undir nafni fyrst, en verið úthrópaður, en er Jón Trausti fór að skrifa, hafi fólk staðið á öndinni af löngun til að fá að vita, hver þessi J. Trausti væri. Kvæði hans sagði hann að, steindu helzt að því, að taka svari lítilmagnans, sem troðinn væri undir af þeim hærri og stærri, og því til sönnunar las hann kvæðið "Steinkudys". Sumar sögur J.T. bentu í sömu átt, t. d. "Tvær systur" og fleiri. Rædumaður kvaðst nýlega hafa talað um "Höllu", og sagt álit sitt um hana, og enginn hefði enn mótmælt því. "Halla" kendi fólki að varast fljótfærni í ástamálum. Hin mesta fjarstæða væri að álíta, að "Halla" væri siðspillingarsaga, — eins og sumir vildu halda fram, — en hún sýndi ljóslega, hve það væri hættulegt, en þó afar-algengt meðal íslenzkra skólasveina, að vera í "stöðugu ástabralli", og verða svo út úr því, oft og einatt, að giftast einhverri, sem þeir hafa verið að "dingla" með, ef þeir þyrðu ekki vegna aðstandenda stúlkunnar, að kasta henni aftur fyrir sig, með eitt eða fleiri börn á handleggnum. Einnig sagði hann að sagan sýndi, hvernig kirkjan með, lagaákvæði sínu — því að gera presta sína ræka fyrir siðferðisbrot — neyddi menn til að fremja ódrengskap. Reynslan hefði sýnt, að þeim hefði ekki síður verið hætt við falli enn öðrum, því vafasamt væri, að nokkur stétt manna á Íslandi hefði oftar brotið siðalögmálið enn prestar og prestlingar, í samanburði við fólksfjölda. En kirkjuboðið hefði hert á þeim eins og séra Halldóri, að reynast ódrengur, og þora ekki að kannast við sínar eigin athafnir, heldur skella allri skuldinni og skömminni á hinn málspartinn. Að því hefði lagaboðið dyggilega stutt, en ekki því, að gera þá siðferðisbetri.

Þessu næst athugaði rædumaður "Leysingu", og áleit hana einkarþarfa hugvekju til þjóðarinnar. — Sviksemi og ótrygð í verzlunarsökum sagði hann að væri stærsti og hættulegasti þjóðlöstur Íslendinga, bæði austan hafs og vestan.

Lás hann tvo kafla úr "Leysingu" máli sínu til sönnunar. Annan, þar sem kaupfélagsmenn, á fundinum eftir brunann, þykjast allir ætla að standa sem einn maður, að rétta félagið við; en hinn þar sem Þorbjörn og kaupfélagsforstöðumennirnir eru að ná inn skuldum, í réttunum um haustið. Þá lýsingu sagði hann hárrétta á verzlunar-skilsemi Íslendinga, — fjölda margra. Að stökkva úr einum stað í annan frá skuldum, lofa öllu fögru um greiðslu, en svíkja svo. Austur-Íslendingar hefðu nú um all-langan tíma verið að grafa gröf að viðskiftalífi sínu. Til þessa hefði bæði land og sjáfarbóndi kepst við að sv-kja vörur sínar, ullina, með skit og sandi og fiskinn með skemdum fiski (trollarafiski). Alt verið álitið fullgott í kaupmanninn. Um það, hvert álit að slíkar vörur mundu fá á markaðnum í útlöndum, hefði eigi verið hugsað. Þessi aðferð, ásamt smákaupmönnunum, sem á síðustu tímum hefðu þotið upp í kringum landið eins og gorkúlur á mykjuhaug, sagði hann að væri að fara með álit og traust íslenzkrar verzlunar í útlöndum. Áreiðanlegir kaupmenn og verzlunarmenn væri látnir gjalda hinna. Rædum. sagði, að sem betur færi væri fjöldi fólks á Íslandi vaknaður til umhugsunar um þessa hættu, en bezt hefðu menn vaknað síðan "Leysing" kom út.

Vestanhafs væri líkt að segja. Eigi all-sjaldan stykki fólk hér frá skuldum vestur að hafi, eða eitthvað í burtu, og heiðarlegt fólk, sem lifði í þeim húsum, sem þetta fólk hafði lifað í áður, ætti jafnvel á hættu, að tapa eignum sínum. Hér mundu vera til heimili, er hefðu alt upp á það finasta inni hjá sér, en borguðu ekki mánuð eftir mánuð það sem fólk þyrfti að éta. Rædum. spurði hvort vanþörf væri á, að benda á þetta með skáldsögu. Það væri megintilgangur í "Leysingu".

Rædum. kvaðst ætla að minnast á eitt atriði meira í "Leysingu". Það væri ekki verzlun í beinum skilningi, en samt væri það verzlun, eða orðið að verzlun. Sú verzlun héti "Dannebrogskrossa-verzlun". Báðir þessir höfundar, E.H. og J.T., hæddu þessa verzlun og það að maklegleikum. Hún væri þjóðarpest. Áður fyr hefði heldri bændur landsins gengið hálfan aldur sinn sjúkir af "krossasótt", eins og Sigurður í Vogabúðum. — Nú á síðustu árum hefði sótt þessi — bæði í bændum og öðrum — verið furðanlega fljótt læknuð. — Íslenzka stjórnin hefði verið læknirinn, en í flestum tilfellum hefði lækningin kostað pólitiskan skriðdýrshátt". Fáir, ef nokkrir, hefði flatmagað sig betur fyrir valdhöfunum, en "Dannebrogs krossberarnir". "Krossa-húmbúggið" sagði rædum. að þyrfti að gera svo fyrirlitlegt og hlægilegt í augum þjóðarinnar, að hver ærlegur Íslendingur skammaðist sín fyrir að bera "kross", og þeir, er þá hefðu nú, yrðu neyddir til að skila þeim aftur, — yrði að athlægi að öðrum kosti. Sögur Einars Hjörleifssonar sagði rædum., að allar bentu áfram í áttina til menningar og framfara. Vitnaði hann því til sönnunar í "Brúna", "Fluguna" og "Ofurefli", ásamt fleiri af ritum E. H.

Sögur hans "Austanhafs og vestan" kvaðst hann ekki ætla að tala um. Þær hefði hlotið almenningslof, enda ætti það skilið, því hvar væri snildarlegar lýst sálarlífi manna enn í "Örðugasta hjallanum"? Hvar betur ágirndinni og vopnum hennar enn í "Litla Hvammi"? Og hvar betur hvikleyndinu og trygðrofunum enn í "Vonum"?

"Ofurefli" sagði hann að væri frá sínu sjónarmiði stórmerkileg bók, full af sönnum lýsingum á þjóðlífi Íslendinga, og einnig af kenningum um, hvernig það eigi að vera. Enginn hefði betur en E. H. dregið upp mynd af því, hvernig "þjóðlífssumar" íslenzkrar þjóðar eigi að vera. Um fram alt ætti það að vera kærleiksríkt og mannúðarfult. Það væri rauði þráðurinn gegn um "Ofurefli".

Rædum. neitaði því harðlega, að E.H. ætti við vissar ákveðnar persónur austanhafs eða vestan með persónunum í "Ofurefli", eins og heyrst hefði að sumir hér ætluðu, t.d. við pólitiska mótstöðumenn sína austanhafs, eða prestana hér vestanhafs. Með persónum sínum ætti hann við hin ýmsu öfl í þjóðlífinu íslenzka, þau og ekkert annað. En það sagði hann, að ekki væri hægt að gera við, þó einhverjum findist t.d. blaðið "Öndvegi" vera líkt sumum ísl. blöðunum, eða Þorbjörn minna á ýmsa af hinum leiðandi mönnum á Íslandi, sem reynslan væri búin að sýna og sanna, að létu kné fylgja kviði, til að reyna að fá vilja sínum framgengt, hvaða meðul sem þyrfti að brúka. Og ennfremur þó mönnum dytti í hug ýmsir "launritstjórar og stigamenn" íslenzku blaðanna, þegar þeir læsu um Ásgrím Bjarnason.

Rædum. kvað ekki vanþörf á, að draga fram í dagsljósið sumt af því ljóta, sem fram er dregið í "Ofurefli", og reyna til að taka alþjóð fá skömm og viðurstygð á því, t.d. róg og lýgi. Hann sagði þessi hjón vera mitt á meðal okkar. Við yrðum nærri daglega vör við þau í einhverri mynd. Við sæjum menn snúa sannleikanum í lýgi vísvitandi, að eins til ófrægðar þeim, er í hlut ætti. Þá væri ekki vanþörf á, að koma við kjaftasögurnar, þessar ágizkunarsögur, sem verða að fullyrðingum í meðferðinni, hjá "Ólafi margfróða" og "Gróu á Leiti". Við ættum enn langt of marga "Ólafi og Gróur". Þá hélt rædum., að við ættum ekki svo fáa "Jóna Sigurðssyni" og "Finna Jónssyni", sem skriðu flatir í duftinu eins og ánamaðkar fyrir ráðríkum ribböldum og valdhöfum. Þá ættum við báðu megin hafsins.

Rædum. spurði, hvort óviðeigandi væri að benda á alt þetta. Hann sagðist álíta það eitthvert þarfasta verk, er nokkur maður gæti gert fyrir þjóð sína, ekki hvað síst, þegar henni um leið væri bent inn á þær brautir, sem miðuðu í rétta átt, og hún ætti að ganga.

Rædum. hélt því fast fram, að þegar meginkenningar þessara 2. skálda — áreiðanlegleiki í verzlunarsökum og umhugsun um "efnalegt sjálfstæði" (hjá J.T.) og kærleiks og mannúðarhugsunin (hjá E.H.) væri búnar að festa rætur hjá íslenzkri alþjóð, þá væri komið "sumar" í íslenzku þjóðlífi. Síðast gerði rædum. þá staðhæfingu, að þessir tveir höfundar ynnu íslenzku þjóðinni meira gagn enn allir prestar Íslands, sem nú eru uppi, og þó þeim vestur-ísl. væri bætt ofan á. Þeir væri, að sínu áliti miklu meiri og sannari sumarboðendur lifandi þjóðlífs, og miklu líklegri til að hafa fljótari og heillavænlegri áhrif. Þar sem þessi væri skoðun sín, þá kvaðst hann með mikilli ánægju geta tekið undir þessi orð dr. Jóns Stefánssonar: "Íslandi er gagn og sómi að eiga tvo slíka rithöfunda".

Fyrirlesara var þakkað fyrir erindið með því að allir stóðu á fætur.

Nokkrar umræður urðu á eftir, og komu þar fram misjafnar skoðanir um, hvort þessir tveir rithöfundar væru helztu sumarboðendur í íslenzku þjóðlífi.

Fundurinn var vel sóttur.

S. THORSON.

HEIMSKRINGLU og TVÆR skemtilegar sögur fá nýir kaup, endur fyrir að eins $2.00.

Það borgar sig AÐ SKIFTA VIÐ ÞESSA VERZLUNARMENN.

LEIÐBEININGAR--SKRÁ
YFIR ÁREIÐANLEGA VERZLUNARMENN Í WINNIPEG

MUSIC OG HLJÓÐFÆRI

CROSS, GOULDING & SKINNER, LTD.
323 Portage Ave. Talsími 4413

MASON & RISCH PIANO CO., LTD.
356 Main Stree Talsími 480
W. Alfred Albert, Íslenzkur umboðsmaður

WHALEY ROYCE & CO.
356 Main St. Phone 263
W. Alfred Albert, búðarþjónn.

BYGGINGA- og ELDIVIÐUR.

J. D. McARTHUR CO., LTD.
Bygginga- og Eldiviður í heildsölu og smásölu.
Sölust: Princess og Higgins Tals. 5060, 5061, 5062

MYNDASMIÐIR.

G. H. LLEWELLIN,
"Medallions" og Myndarammar
Starfstofa Horni Park St. og Logan Avenue

SKÓTAU Í HEILDSÖLU.

AMES HOLDEN, LIMITED.
Princess & McDermott. Winnipeg.

THOS. RYAN & CO.
Allskonar Skótau. 44 Princess St.

THE Wm. A. MARSH CO. WESTERN LTD.
Framleiðendur af Finu Skótaui. Talsími: 3710
88 Princess St. "High Merit" Marsh Skór

RAFMAGNSVÉLAR OG ÁHÖLD

JAMES STUART ELECTRIC CO.
324 Smith St. Talsímar: 3447 og 7802
Fullar byrgðir af alskonar vélum.

GOODYEAR ELECTRIC CO.
Kellogg's Talsímar og öll þarðlútt. áhöld
talsími 3023. 86 Albert St.

RAFMAGNS AKKOKÐSMENN

MODERN ELECTRIC CO
412 Portage Ave Talsími: 5658
Viðgjörð og Vir-lagning — allskonar.

BYGGINGA-EFNI.

JOHN GUNN & SONS
Talsími 1277 266 Jarvis Ave.
Höfum bezta Stein, Kalk, Cement, Sand o. fl.

THOMAS BLACK
Selur Járnvöru og Bygginga-efni allskonar
76—82 Lombard St. Talsími 600

THE WINNIPEG SUPPLY CO., LTD.
298 Kietta St. Talsímar: 1936 & 2187
Kalk, Steinn, Cement, Sand og Möl

BYGGINGAMEISTARAR.

J. H. G. RUSSELL
Byggingameistari.
í Silvester-Willson byggingunni. Tals: 1068

PAUL M. CLEMENS
Bygginga-Meistari. 443 Maryland St.
Skrifst.: Argyle Bldg., Garry st. Talsími 5997

BRAS- og RUBBER-STIMPLAR

MANITOBA STENCIL & STAMP WORKS
421 Main St. Talsími 1880. P. O. Box 744.
Búum til allskonar Stimpla úr málmi og togleðri

VÍNSÖLUMENN

GEO. VELIE,
Heildsölu Vínsali. 185, 187 Portage Ave. E.
Smá-sölu talsími 352. Stór-sölu talsími 464.

STOCKS & BONDS

W. SANFORD EVANS CO.
326 Nýja Grain Exchange Talsími 3696

ACCOUNTANTS & AUDITORS

A. A. JACKSON,
Accountant and Auditor
Skrifst.—28 Merchants Bank. Tals.: 5702

OLÍA, HJÓLÁS-FEITI OG FL.

WINNIPEG OIL COMPANY, LTD.
Búa til Stein Olíu, Gasoline og hjólás-áburð
Talsími 1590 611 Ashdown Block

TIMBUR og BÚLOND

THOS. OYSTAD, 308 Kennedy Bldg.
Viður í vagnhlössum til notenda, búlönd til sölu

PIPE & BOILER COVERING

GREAT WEST PIPE COVERING CO.
132 Lombard Street.

VÍRGIRÐINGAR.

THE GREAT WEST WIRE FENCE CO., LTD
Alskonar virgirðingar fyrir bændur og borgara.
76 Lombard St. Winnipeg.

ELDAVÉLAR O. FL.

McCLARY'S, Winnipeg.
Stærstu framleiðendur í Canada af Stóm, Steinvöru [Granitewares] og fl.

ÁLNAVARA Í HEILDSÖLU

R. J. WHITLA & CO., LIMITED
264 McDermott Ave Winnipeg
"King of the Road" OVERALLS.

BILLIARD & POOL TABLES.

W. A. CARSON
P. O. Box 225 Room 4 í Molson Banka.
Öll nauðsynleg áhöld. Ég gjöri við Pool-borð

NÁLAR.

JOHN RANTON
203 Hammond Block Talsími 4670
Sendið strax eftir Verðlista og Sýnishornum.

GASOLINE Vélar og Brunnborar

ONTARIO WIND ENGINE and PUMP CO. LTD
301 Chamber St. Sími: 2968
Vindmillur — Pumpur — agætar Vélar.

BLÓM OG SÖNGFUGLAR

JAMES BIRCH
442 Notre Dame Ave. Talsími 2638
BLÓM - allskonar. Söng fuglar o. fl.

BANKARAR, GUFUSKIPA AGENTR

ALLOWAY & CHAMPION
North End Branch: 667 Main street
Vér seljum Avísanir borganlegar á Íslandi

LÆKNA OG SPITALAÁHÖLD

CHANDLER & FISHER, LIMITED
Lækna og Dýralækna áhöld, og hospitala áhöld
185 Lombard St., Winnipeg, Man.

Fréttabréf.

SEATTLE, WASH.
29. apríl 1909.

.... Ég hefi víst ekki haft alvog rétt fyrir mér, þar sem ég gat þess í síðasta bréfi minu, að Jónas J. Danielsson amaðist við fréttabréfum. Hann mun að eins hafa átt við staðlausar, persónulegar árásir á aðra. — Er ekki nema sjálfsagt, að biðja hann afsökunar á því, er ég kann að hafa of mælt.

Alveg nýlega varð séra Jónas A. Sigurðsson og kona hans fyrir þeirri stóru sorg, að sjá á bak elzta barni sínu, næstum 5 ára gömlum dreng. Hann hét Jónas Ólafur Jakob, og var framúrskarandi efnilegur, að öllu leyti. Banameinið var svæsin lungnabólga, og hafði hann að eins verið sjúkur í einn sólarhring. — Allir hér samhryggjast þeim hjónum hjartanlega.

Brjálaður varð hér nýlega roskin kvenmaður, Guðrún Grímsdóttir að nafni, og hefir hún verið flutt á geðveikra hæli.

Íslendingadag er áformað að halda hér, að forfallalausu 2. ág. næstk., og virðist það vel til fundið, þar sem búast má við fjölda aðkomandi Íslendinga hér, viðsvegar að, vegna sýningarinnar.

Nýkominn er hingað til bæjarins herra Jón Reykdal með konu sína og son þeirra. Þau komu frá Wynyard P.O., Sask., og munu alflutt hingað á ströndina, en ekki hafa afráðið enn, hvar þau taki sér bólfestu.

Sigurður Magnússon.

DÁNARFREGN.

Hinn 12. jan. sl. andaðist eftir stutta legu að Hekla P.O., Ont., PÁLL SNÆBJARNARSON. Banamein hans var innvortis veiki. — Hann var fæddur 27. okt. 1820; Foreldrar hans voru Snæbjörn Snæbjarnarson, prests að Grímstungu í Vatnsdal, og Kolfinna Bjarnadóttir, Steindórssonar, frá Þórormstungu í sömu sveit.

Páll sál. ólst upp hjá foreldrum sínum, þar til hann var um tvítugt að hann fór til vandalausra. Árið 1851 gekk hann að eiga Ingiríði Ólafsdóttir frá Eiðsstöðum í Húnavatnssýslu. Þau byrjuðu bú að Flögu í Vatnsdal. Í hjónabandi voru þau 19 ár, að hann misti konu sína. Þeim varð 10 barna auðið. Af þeim dóu 2 drengir í æsku og stúlka um tvítugt. Tvær stúlkur eru giftar á Íslandi. Tveir synir eru hér: Benedikt (giftur, lifir við Manitobavatn) og Guðm. (ógiftur). Þrjár systur eru hér í landi: Guðrún (gift Friðrik Kristjánssyni frá Papey, er í Minneota, Minn.), Jórunn (gift Jakobi Einarssyni) og Sólveig (gift Gísla Einarssyni), báðar í Ontario.

Páll sál. flutti frá Böðvarshólum í Húnavatnssýslu árið 1887. — Hann hafði dvalið þar um nokkur ár hjá Guðmundi Björnssyni og Sigurbjörgu dóttur sinni. Þá hingað kom, fór hann til Bjarna bróður sins, er um mörg ár hafði búið við Hekla P.O., Ont., og var hjá honum þar til Bjarni dó fjórum árum síðar. Fór hann þá til Jakobs og Jórunnar og dvaldi hjá þeim það sem eftir var æfinnar.

Páll sál. var þrekmikill bæði til sálar og líkama. Hann var vel hag ur bæði á tré og járn og atkvæða vefari, reglusamur og prúðmenni í allri framkomu. Hann var vel gáfaður og lesinnn í bókum, glaðlyndur og skemtinn; sérlega orðheppinn í viðræðu, og hefir það fylgt sumum í föðurætt hans um langan tíma.

Síðari hluta æfinnar lagði hann mikla stund á lestur guðfræðisbóka. Hann hélt fast við þá trú, er hann hafði numið í æsku, og hafði óbilaða sannfæringu fyrir friðþægingar-lærdómi lút. trúar, og eftir því sem hann fann að lífsafl sitt lamaðist, þráði hann þá uppfylling, er vér dauðlegir menn vonum, fyrir kraft trúarinnar, að biði vor á sælunnar landi.

Börn hans bera söknuðinn með þakklátri endurminningu um ástúð þá og umhyggju, er hann í öllu tilliti sýndi þeim meðan til vanst, og frændur og vinir minnast hans með virðingu. B.

Úr bréfi frá Mountain, N.D., 30. apríl 1909: "Þung kvefveiki gerir víða vart við sig hér í bygðinni, enda er hér hin versta tíð, sem ég man eftir um þetta leyti árs. — Fyrst mjög mikið frost og kuldar, og naumast komið verulega hlýr dagur á vorinu, og nú í 3 daga verið dimmveðurs hríð, þó út yfir taki í dag, svo nú er kominn töluverður snjór. Nokkru var búið að sá hér af hveiti, en allmargir þó, sem ekki voru byrjaðir að sá, heldur höfðu notað þessar smástundir, sem unnið varð sökum frosta, til þess að herfa".

MAGNET vélin er 50 ár frá Sorphaugnum.

Þegar þér veljið Rjómaskilvindu, þá gætið nákvæmlega aðlögun hinna ýmsu véla. Þér munuð komast að því að þær eru, með einni undantekningu, of veikar til þess að endast varanlega, því nákvæmlega allar vélarnar eru gerðar ódýrar og veikar. Stykkin í þeim eru gerð veik og smá og hafa svokallað "worm gear drive", sem vélfræðingar segja ótækt fyrir hraðsnúninga-vélar eins og Rjómaskilvindur. Þessar veiku vélar má kaupa fyrir nálega hvað sem boðið er í þær. En eru samt dýrar hvað sem þær kosta,—af því þær eru OF NÆRRI SORPHAUGNUM.



MAGNET ER 50 ÁR FRÁ SORPHAUGNUM, því hún er gerð meðfullkomnustu "square gears" í traustri umgjörð með sterka stálskál tví-studda; hæghreinsaða, og bezta "brake" sem stöðvar vélina á 8 sekúndum án skaða. Alt er svo vel útbúið að barn getur unnið með MAGNET vélinni. Athugið alt þetta og þér munið kjósa Magnet vélina, þó hún sé vitund dýrari en aðrar vélar. Munið! að 11 ára reynsla hefir sannað vél vora auðhreinsaða, létt snúna og aðskilar á gætlega. Ritið eftir bæklingi sem lýsir allri gerð MAGNET vélinnar.

The Petrie Mfg. Co., Limited
WINNIPEG
HAMILTON. ST. JOHN. REGINA, CALGARY.

"McLEAN HÚSIÐ"

Mesta Music-Búð í Winnipeg

Hér eru seld hin heimsfrægu Heintzman & Co. Píanó, sem lengi hafa verið uppáhalds hljóðfæri heimsins beztu hljóðfæraleikara, þegar þeir hafa komið til Canada Vér höfum hljóðfæri sem vér getum ábyrgst að gefa fullnægju í öllum tilfellum.

"McLean Húsið" er alþekt nafn um alt Vesturlandið fyrir hreinskilni og sanngirni í öllum viðskiftum. Vér ábyrgjumst öll hljóðfæri sem vér seljum að vera algerlega eins og vér lýsum þeim.

Komið og Skoðið Píanó byrgðir vorar. Vér höfum Píanó sem eiga við allra hæfi. Auk vorra miklu byrgða af nýjum Píanós, höfum vér einnig nokkur brúkuð Píanós og Orgel—sum þeirra nær því ný — sem vér höfum tekið í skiftum fyrir Heintzman & Co Píanó. Vér seljum þessi brúkuðu hljóðfæri með feikna lágu verði. —

J. J. H. McLean & Co LIMITED.

528 Main St. Talsími 808

ÚTIBÚ Í BRANDON OG PORTAGE LA PRAIRIE.

Fréttir úr bænum.

Til bæjarins kom á mánudaginn var herra G. J. Guttormsson, frá Otto P.O., Man. Herra Guttormsson hefir fyrir nokkrum tíma fengið snögglega bilun í eina af augnataugunum, svo að hann varð alt í einu alllaus öðru megin í andlitinu, svo að hann gat ekki lokað auganu. Þessi sjúkdómur er af læknum talinn hættulegur og ekki annara meðfæri enn æðra sérfræðinga að lækna hann. Herra Guttormsson fór þá tafarlaust suður til Grand Forks, til að finna Dr. G. J. Gislason, sem nú er talinn fræknasti læknir í Dakota og Minnesota ríkjum í öllum eyrna-, augna-, nef- og háls-sjúkdómum. Undir hans hendi var G.J.G. rúmar tvær vikur og kom til baka þaðan al-læknaður á mánudaginn var, eins og áður var sagt. G.J.G. lætur sérlega vel af framkomu Dr. Gislasonar og læknis hæfileikum hans. Aðallega var lækningin gerð með rafmagni. Herra Guttormsson biður Heimskringlu að færa Dr.Gislasyni sitt innilegasta þakklæti, ekki einúngis fyrir hans ljúfmannlegu framkomu og alúðar umönnun, heldur miklu fremur fyrir þá dreng lund, sem hann sýndi í því, að setja svo lágt verð fyrir verk sitt, að hann telur það sama sem ekkert.

Herra Jón Clemens, sem verið hefir suður í La Crosse, Wis., hjá séra Jóni syni sínum í vetur, kom þaðan að sunnan í síðustu viku, og býst við að dvelja hér í sumar. Á leiðinni hingað heimsótti hann kunningja sína í Minneapolis og Dakota, og hafði stutta dvöl hjá þeim, sérstaklega Guðmundi Jónssyni á Mountain, N. D., og Steffani Pálssyni í Minneapolis.

Til Íslands fór þann 12. þ. m. herra Helgi Jonasson, frá Norwood til að ráðstafa arfi sem honum féllst eftir Jón bróðir hans látinn.

Á mánudaginn var andaðist á almenna spitalanum hér í borg húsfrú Ragnheiður Jónsdóttir Skaftfell, eiginkona herra Jóns Skaftfells, Contractors hér í bæ. Hún var 53. ára gömul, fædd 17. ágúst 1856. Hún hafði verið krampaveik í sl. 3 ár, en fékk botnlangabólgu fyrir nokkrum síðan, og hefir síðan verið á sjúkrahúsinu. Uppskurðurinn varð árangurslaus, og veikin breyttist að síðustu svo, að ekki varð lífsvænt. Þau hjón hafa dvalið hér í landi um 20 ára tíma og farnast vel. — Heimili þeirra er að 656 Beverly St. Jarðarförin fór fram frá fyrstu lút. kirkjunni í gærdag.

Í kveld

(miðvikudag 12. þ.m.) verður samkoma Únitara, sem haldin var 28. apríl, endurtekin. Flestir, sem þá samkomu sóttu, segja það hafi verið einhver bezta samkoma, sem Íslendingar hér hafi haft, og í þetta skifti verður engu síður til hennar vandað. Fólk ætti því að fjölmenna og sýna þannig að það metur það sem vel er gert.

Samkoman byrjar kl. 8.

Tveir Íslendingar útskrifuðust af Manitoba læknaskólanum hér í borginni í sl. viku. Þeir eru: Jóhannes Pálsson, frá Geysir bygð í Nýja Íslandi, og Magnús Hjaltason, héðan úr borginni. Jóhannes mun ætla að starfa í Nýja Íslandi norðanverðu fyrst um sinn, en Magnús sest að á Oak Point. — verður talsverður hægðarauki fyrir fólk þar vestra, að eiga þar aðgang að lærðum lækni og lyfjabúð, sem Magnús ætlar að hafa þar vestra.

Barnastúkan Æskan auglýsir í blaðinu, að hún ætli að hafa samkomu þann 18. þ.m., Vér mælum hið bezta með þessari samkomu og biðjum fullorðna fólkið að muna eftir því, að gleðja börnin með nærveru sinni.

Brúkaður Fatnaður

MESTA ÚRVAL ÆTÍÐ Á REIÐUM HÖNDUM. KOMIÐ VIÐ HJÁ OSS OG SKOÐIÐ FÖTIN.

THE OXFORD

Brúkaðrafata fél.
Phone 6162.
532 NOTRE DAME AV.
Vér kaupum og seljum föt.

Hér í bænum voru í þessari viku Pétur Bjarnason og G. J. Guttormsson, frá Otto; Jóh. Halldórsson, frá Oak Point; Páll Reykdal, frá Lundar · Magnús Hinriksson, frá Churchbridge; J. Einarsson, Lögberg P.O.; H. G. Sigurðsson, Kristnes; Grímur Magnússon, Ideal; Sveinn Thorvaldsson, Icelandic River; J. G. Christie, P. Tergesen og Jóh. Sigurðsson, Gimli, og fleiri.

Herra Benedikt Rafnkelsson, Clarkleigh, biður þess getið, að frá þeim 17. þ.m. verði hann við búinn að selja sveitungum sínum, og hverjum öðrum, sem þess óska, allar tegundir af skótaui með mjög sanngjörnu verði, hvort heldur í stórum stíl eða smáum.

Hinn mikli mælskumaður Wilham Jennings Bryan, foringi Demókrata flokksins í Bandarikjunum, talaði í Central Congregational kirkjunni hér í borginni tvö kveld í vikunni sem leið. Afarmikil aðsókn var að hlusta á hann, og kostaði þó hvert sæti $1—2. Vér hlýddum á mál herra Bryans fyrra kveldið. Þá var umræðuefnið "The Prince of Peace". Hann talaði í klukkustund og sagðist vel. Maðurinn er mælskur með afbrigðum, og mjög tilkomumikill á ræðupalli, stór og gildur, og röddin sterk en fögur. En það sem mest er um vert er það, að hann ber með sér að vera góður maður, og tala hvert orð af sannfæringu.

Skemtisamkoma

Miðvikud. 12. þ. m.

Ræður, Söngur, Tableaux, Kaffiveitingar

Únitara söfnuðurinn heldur samkomu MIÐVIKUDAGSKV. 12. þ. m., og verður til þeirrar samkomu vandað ekki síður en áður. Verður þar til skemtunar ýmislegt, sem ekki er alment boðið hér á samkomum, en bæði þykir unun og nautn að horfa á, þegar það tekst vel. En það eru TABLEAUX, — myndir úr hörinum heimi og úr heimi hugans, sem bregða fyrir eins og draumsýnum. Þess konar sýningar skilja oft meira eftir hjá áhorfendum en langar ræður, eða sjónleikar, sé sýningarnar góðar. Hvort þær sýningar eru það, er sýndar verða á samkomu þessari, skal ekkert um sagt, en reynt verður að hafa þær eins góðar og allur útbúnaður leyfir. Sýningarnar eru þessar:

1. Einvíg Gunnlaugs Ormstungu og Skáld-Hrafns (á Alþingi) í 4 sýningum.
2. Venus. Gyðjumyndin suðræna í einni sýningu.
3. "Ljósið kemur langt og mjótt" í 2 sýningum. (Vísan kveðin með tvísöngslagi bak við tjöld in meðan sýningin fer fram.
4. Einvíg Gunnlaugs Ormstungu og Skáld-Hrafns (í Noregi), í sex sýningum, þar sem þeir falla báðir.
5. "Álfakongurinn", í 8 sýningum, út af hinu alkunna kvæði Göthes. Kvæðið sungið meðan sýningunum fer fram.
6. Hringur konungur og Friðþjófur í skóginum (Freistingin), í 5 sýningum. Sungin kvæði úr Friðþjófsljóðum.
7. Vonin: Úr kvæði Dr. Grims Thomsens, í 5 sýningum. Gamall maður, er sér í sviphyllingum myndir frá yngri árum, en yfir honum hvilir skuggi dauðans með brugðnu sverði.

Á milli sumra þessara sýninga koma ræður og söngvar. Ennfremur verður hver sýning skýrð fyrir áhorfendum, áður en hún er sýnd, svo allir fái notið þeirra sem bezt. Þar næst verða kaffiveitingar áður en samkomunni er slitið.

Samkoman verður haldin í Únitara salnum miðvikudagskveldið 12. maí. Byrjar kl. 8. Fólk beðið að koma í tíma. Inngangur 25 cents.

Herra Tobías Finnbogason frá Selkirk kom hingað til bæjarins um síðustu helgi. Hann kvartaði undan því, að hann hefði engan frið haft fyrir fyrirspurnum um Daysville héraðið í Saskatchewan síðan Heimskringla gat þess fyrir nokkrum vikum, að hann og fleiri landar hefðu fest þar heimilisréttarlönd, um leið og landskostum þar var nokkurn veginn nákvæmlega lýst. Tobías kvaðst vikulega hafa orðið að svara mörgum bréfum, sem sér hefðu borist með fyrirspurnum um hérað þetta. Hann kvaðst áður enga hugmynd hafa haft um það, hve Heimskringla væri viðlesin.

Tombólu og Skemtisamkomu

heldur Ungtemplara stúkan Æskan þriðjudagskveldið kemur

18. maí, kl. 7.30

neðri sal Goodtemplara hússins. Ágætir drættir verða þar á boðstólum, svo sem útsaumaðir dúkar eftir litlu stúlkurnar, og ættu sem flestir að reyna lukkuna með því að kaupa sér drátt og reyna að ná í þá.

Svo er líka mjög vel vandað prógram í kaupbæti:

Samsöngur—Söngfl. Æskunnar.
Tvísöngur—Björn Blöndal og Haraldur Johnson.
Piano-spil—Guðný Johnson.
Brúðu-söngur — Margar litlar stúlkur.
Solo—Jóhanna Blöndal.
Indian Club Swinging—Nokkrir drengir.
Fjórsöngur—Ólöf og May Thorlaksson og Antonia og Einarina Thorarinsson.
Solo—Guðný Johnson.
Upplestur—Thora Johnson.
Tvísöngur—Enskir.
Samsöngur—Söngfl. Æskunnar.

Inngangseyrir og dráttur 25c.

Telefón herra G. Johnsons, kaupmanns að North. West Hall er númer 2590.

Herra Krákur Jónsson í Selkirk kom á skrifstofu Heimskringlu um síðustu helgi. Hann gat þess, að hann hefði sett upp skóviðgerðar verkstæði þar í bænum, og hefir sem stendur verkstæði sitt á Dufferin Ave., en býst við að færa það innan skams tíma niður á Main St. Krákur hefir verið í Nýja Íslandi á sl. vetri, og sagði þar alsnjóa, þegar hann fór þaðan síðasta vetrardag.

Allar Goodtemplara stúkurnar hafa ákveðið að halda sitt árlega Picnic í Gimli bæ mánudaginn 21. júní næstk. Nánar auglýst síðar.

Bakarar í Winnipeg hafa á fundi þann 6. þ. m. samþykt að selja brauð sín hér eftir á 6c í stað 5c að undanförnu. Jafnframt láta þeir þess getið, að líkindi séu til, að brauðverðið hér í borg hækki enn meira síðar.

Herra Guðbert Jochumsson kom til bæjarins fá Argyle bygð í sl. viku. Hann hefir dvalið þar vestra í vetur hjá kunningjum sínum, og lætur vel af veru sinni þar. Hann bað Heimskringlu að bera þeim þakkir fyrir samveruna. Hann fór héðan til Kenora í Ontario og ætlar að vinna þar í sumar.

Sektir liggja við, að ríða reiðhjólum eftir gangtröðum borgarinnar. Strætin eru ætluð til þess. Forðist sektirnar.

BAZAR

Kvenfélag Únitara safnaðarins hefir ákvarðað að hafa BAZAR þann 19. maí. Bazarinn verður haldinn í samkomusal Únitara. — Þar verða margir þarflegir og eigulegir hlutir á boðstólum með svo sanngjörnu verði, að hvergi er hægt að kaupa ódýrar. Það er því vonandi, að fólk kaupi þar fremur enn í búðunum þá hluti, sem hvert heimili þarfnast daglega.

Ágætt kaffi með brauði verður selt hverjum sem óskar.

Ætlið þér að flytja?

Hafið þér í huga að kaupa yður GAS RANGE fyrir nýja heimilið yðar? Gas-stóar deildin er til að þjóna Gas-notendum, og GAS ÁHÖLDIN eru vorar helstu söluvörur. Vér bjóðum yður að koma og tala um þetta við oss.

Gas Stove Dept. Winnipeg Electric Ry. Co.
322 MAIN ST. TALS. 2522

Yður til Þénustu

Þessi Skóbúð er ætlið þénustu reiðubúin til að sýna yður bestu Skótegundir með ánægjuð nu verði. Vorar nýju Skótegundir fyrir kvenfólk og karlfólk gefa þægindi og áferð,—sem ekki fæst annarstaðar.

SKÓR FYRIR KARLMENN Frá $1.50 til $8.00
SKÓR FYRIR KVENFÓLK Frá $1.50 til $6.00

Ryan-Devlin Shoe Co
494 MAIN ST. PHONE 770.

Þeir herrar, landi vor Árni Anderson lögfræðingur og W. L. Garland, hafa bundist félagsskap og sett lögfræði-skrifstofu sína að nr. 35 Merchants Bank Building, Main St., hér í borg. Þeir félagar auglýsa í þessu blaði. Herra Anderson, sem dvalið hefir hér í borg síðan hann á ungum barnsaldri fluttist hingað með foreldrum sínum, er Íslendingum að góðu einu kunnur, og vonar að mega njóta atvinnu frá þeim, þegar þeir þurfa að láta vinna lögfræðisleg störf. Heimskringla mælir hið bezta með þeim félögum.

Strætisvagna félagið hér í borg selur gas til eldsneytis og gasstór til matreiðslu. Það auglýsir stór sínar í þessu blaði, og þær fást hvergi betri hér í borginni né ódýrari þegar til lengdar lætur, því jafnan er það lang-endingarbezt og vinnur bezt verk sinnar köllunar, sem vandaðast er að fráágangi, eins og gasstór þessa félags eru.—Gas er og lang-þægilegasta og ódýrasta matreiðslu eldsneyti, sem hægt er að nota í húsum manna á sumrum. Það gerir lítið sem engan hita í húsunum, og er fljótara til hitunar enn annað eldsneyti. — Íslendingar, sem hafa tækifæri til að hafa gas í húsum sínum, ættu að kaupa gasstór hjá gas-deild strætisvagna félagsins, að 322Main St., og minnast um leið á Heimskringlu. Það getur borgað sig fyrir þá í afslætti frá vanaverði.

Bréf að Heimskringlu eiga: —
Lárus Guðmundsson
Guðmundur Magnússon
Stefán Skagfjörð
Sölvi Sölvason (frá móður sinni á Bildudal við Arnarfjörð).

GÓÐ HERBERGI TIL LEIGU, að 575 Home Street.

GÓÐA ATVINNU,
vel borgaða, getur duglegur Íslendingur fengið með því að snúa sér til Winnipeg Amateur Photo Supply Co., 256½ Portage Avenue, Winnipeg. 13-5

F. Deluca
Verzlar með matvöru, aldini, smá-kökur, allskonar sætindi, mjólk og rjóma, sömul. tóbak og vindla. Óskar viðskifta Íslend. Heitt kaffi eða te á öllum tímum. Fón 7756
Tvær búðir:
587 Notre Dame og 714 Maryland St.

BILDFELL & PAULSON
Union Bank 5th Floor, No. 520
selja hús og lóðir og annast þar að lútandi störf; útvegar peningalán o. fl.
Tel.: 2685

J. L. M. THOMSON, M.A., L.L.B.
LÖGFRÆÐINGUR. 255½ Portage Ave.

ANDERSON & GARLAND
LÖGFRÆÐINGAR
35 Merchants Bank Bldg. Phone: 1561

BONNAR, HARTLEY & MANAHAN
Lögfræðingar og Landskjala Semjarar
Suite 7, Nanton Block, Winnipeg

Hubbard, Hannesson and Ross
LÖGFRÆÐINGAR
10 Bank of Hamilton Chambers
Tel. 378 Winnipeg

A. S. BARDAL
Selur líkkistur og annast um útfarir. Allur útbúnaður sá bezti. Enfremur selur hann al.skonar minnisvarða og legsteina.
121 Nena St. Phone 306

Nýji Vor-fatnaðurinn þinn.

EF HANN KEMUR FRÁ CLEMENT'S — ÞÁ ER HANN RÉTTUR.

Réttur að efni, réttur í sniði réttur í áferð og réttur í verði.

Vér höfum miklar byrgðir af fegurstu og beztu fataefnum. —

Geo. Clements & Son
Stofnað árið 1874
264 Portage Ave. Rétt hjá FreePress

Th. JOHNSON
JEWELER
286 Main St. Talsími: 6606

JOHN ERZINGER
TÓBAKS-KAUPMAÐUR.
Erzinger's skorið reyktóbak $1.00 pundið
Hér fást allar neftóbaks-tegundir. Óska eftir bréflegum pöntunum.
McINTYRE BLK., Main St., Winnipeg
Heildsala og smásala.

Dr. G. J. Gislason,
Physician and Surgeon
Wettington Blk, - Grand Forks, N.Dak
Sjerstakt athygli veitt AUGNA, EYRNA, KVERKA og NEF SJÚKDÓMUM.

Drs. Ekern & Marsden,
Sérfræðislæknar í Efturfylgandi greinum: — Augnasjúkdómum, Eyrnasjúkdómum, Nassjúkdóm um og Kverkasjúkdómum.
Í Platky Byggingunni í Bænum
Grand Forks, :: N. Dak.

S. F. Ólafsson
619 Agnes St. selur Tamarac fyrir $5.50 og $5.75 gegn borgun út í hönd.
Telephone: 7812

DR. H. R. ROSS
C.P.R. meðala- og skurðlækuir.
Sjúkdómum kvenna og barna veitt sérstök umönnun.
WYNYARD, — SASK.

Boyd's Brauð.
Gott brauð, og nóg af því, ættu allir að borða, ungir og gamlir. Brauð vor eru létt, bragðgóð og hægmelt. Hvort brauð pund að vigt, og gæðin hin sömu. Biðjið verslarann um það eða látið keyrsluvagn vorn koma heim til yðar.
Boyd's
Bakery Cor. Spence & Portage Ave
Phone 1030.

Íslenzkur Tannsmiður,
Tennur festar í með Plötum eða Plötulausar. Og tennur eru dregnar sársaukalaust með Dr. Mordens sársaukalausu aðferð
Dr. W. Clarence — Tannlæknir.
Sigurður Davíðson—Tannsmiður.
620½ Main St.
Phone 470 Horni Logan Ave.

W. R. FOWLER A. PIERCY.

Royal Optical Co.
327 Portage Ave. Talsími 7286.
Allar nútíðar aðferðir eru notaðar við augn-skoðun hjá þeim, þar með hin nýja aðferð, Skugga-skoðun, sem gjöreyðir öllum ágiskunum. —

Jónas Pálsson,
SÖNGFRÆÐINGUR.
Utvegar vönduð og ódýr hljóðfæri.
460 Victor St. Talsími 6803.

Laing Brothers
3 Búðir:
234-6-8 KING ST. Talsími 4476, 5890, 5891
417 McMILLAN AVENUE Talsími 5596
647 MAIN ST. — Tals: 3016

Hafrar, Hey, Strá,
COUNTRY SHORTS, BRAN, CORN, CORN CHOP, BYGG CHOP, HVEITI CHOP, OG GARÐÁVEXTIR.
Vér höfum bezta úrval gripafóðurs í þessari borg; fljót afhending

LAND

Vér höfum nýlega fengið til sölu yfir 30 Section-fjórðunga, liggjandi að Oakland brautinni C. N. R. félagsins. Verðið er frá $7.00 til $12.00 hver ekra. Ekkert af löndum þessum eru meir en 5 mílur frá járnbrautinni.

Skuli Hansson & Co.
Skrifst. Telefón 6476. Heimilis Telefón 2274

Heimskringla.

Alt landið

er ábyrgst að vera jarðyrkju land af bestu tegund, og fæst keypt með vægum afborgunar skilmálum. (N.B.—Lesið fyrirpart þessarar augl. vinstramegin við Hkr. nafn.)

Frekari upplýsingar veita
Skuli Hansson & Co.
56 Tribune Building. Winnipeg.

XXIII. ÁR. WINNIPEG, MANITOBA, FIMTUDAGINN, 20. MAÍ, 1909 NR. 34

Vorið er komið

og eftir hverri götu og fyrir hvert horn þeytast allir á reiðhjóli. Flestir á hinu gamla og góða BRANTFORD hjóli

Einusinni enn læt ég þann boðskap útganga, að ég sel þessi ágætu reiðhjól. Kaupið ekki fyr en þér hafið fundið eða skrifað mér.

¶ Utanbæjar fólk! Skrifið eftir bæklingi er sýnir yður hjólin, mismunandi stærðir og gerð. Sömuleiðis getið þér pantað alla hjólparta frá mér. Borgun fylgi pöntunum. Skrifið til

West End Bicycle Shop,
JON THORSTEINSSON, eigandi.
477 PORTAGE AVE. Winnipeg, Man

Fregnsafn.

Markverðustu viðburðir hvaðanæfa.

"The Plexus" heitir blað eitt, sem gefið er út af læknadeild háskólans í Illinois ríkinu (í Chicago) Landi vor Ólafur Olson frá Duluth hefir umsjón á útgáfu þess og ritar sjálfur talsvert í blaðið, mest í óbundnu máli, en þó stöku sinnum í bundnu. Ólafur er sonur þeirra hjóna Sigurgeirs Olson og Halldóru konu hans í Duluth, og mun hann ganga á skóla þennan og hafa útgáfu blaðsins í hjáverkum. Hann ritar þýðlega og á vönduðu máli, hefir sýnilega haft talsverða æfingu við ritstörf. Einhver hefir sent Hkr. eintak af blaði þessu, sem hér með kvittast fyrir.

— Einhverjir náungar réðust á Great Northern gufulest nálægt Spokane, Wash., á sunnudagsmorguninn var, skömmu eftir miðnætti og neyddu lestastjórann og vélstjórann til að stöðva lestina meðan þeir stálu úr henni 20 þús. dollars í peningum.

— Frétt frá Nairobi í Austur-Afríku þann 10. þ. m. segir, að Roosevelt hafi þann dag skotið villinaut mikið (Rhinoceros), sem ætlaði að ráðast á hann, og var að eins 14 skref frá honum, þegar hann kom byssunni fyrir sig. Dýrið féll samstundis dautt til jarðar. Sama fregn segir, að Roosevelt sé þegar búinn að skjóta 15 mismunandi villidýra tegundir, síðan hann kom til Austur-Afríku.

— Col. Noland frá Kentucky, sem nýlega ferðaðist til "landsins helga", kom þaðan með mörg þús. gallons af vatni úr ánni Jórdan. Tilgangur mannsins var, að selja vatnið í New York borg, en þegar þangað kom, fékk hann enga kaup ur að vatninu, og þegar hann bauð að gefa það, fekst enginn til að þyggja. Þrjú þúsund galónum af vatninu var því helt í saurrennurnar þar í borginni þann 10. þ.m. og það, sem eftir er í geymsluhúsinu, á að fara sömu leið. Maðurinn tapar því stórfé á vatnskaupum sínum, — alt fyrir vaxandi vantrú fólksins á krafti Jórdanvatnsins, sem stafar af vaxandi vitsmunum og þekkingu.

— Einn af fulltrúum Bændafélagsins á Skotlandi, sem nýlega ferðuðust um Canada, til að athuga landskosti og ástand alt hér, hefir nýlega keypt 5600 ekrur af landi í Suður-Alberta, fyrir 70,000 dollara. Hann lætur plægja 2000 ekrur strax á þessu sumri, og sá hveiti í þær í næstkomandi ágústmánuði. Búist er við, að af þessum landkaupum muni leiða fleiri slík kaup meðal auðmanna á Skotlandi.

— Ungtyrkja stjórnin á Tyrklandi er að safna 30 þús. manna her, til þess að bæla niður árásir þær, sem gerast nú daglega í Adana héraðinu. Mælt er, að stjórn Tyrkja hafi lofað stórveldunum há tíðlega, að vernda líf og eignir kristinna manna framvegis bæði í Armeníu oq annarstaðar á Tyrklandi. Þessar framkvæmdir stjórnarinnar virðast vera bein afleiðing af þeim afskiftum, sem Bandaríkja stjórnin hefir fastráðið að hafa af óeirðunum þar.

— Ungur piltur í Toronto, Wilfred Morrison, sem syngur þar í kirkjusöngflokk, söng nýlega á opinberri samkomu í New York borg — og svo fanst áheyrendunum mik ið til söngsins koma, að félag eitt hefir boðið honum 500 dollara um vikuna til þess að ferðast um Ameríku og Ástralíu og syngja á samkomum. Samningarnir gilda um 12 mánaða tíma, og er líklegt að piltur inn taki boðinu.

— Frá Washington berast þær fregnir, að Bandaríkja stjórn hafi í kyrþey látið útbúa herflokk með því augnamiði, að senda hann til Cuba. Mælt er, að stjórnin þar hafi sýnt sig óhæfa til að stjórna eyjunni, og muni því Bandamenn verða að skerast í leikinn, þar til fjármálum eyjunnar er komið í gott horf.

— Jarðskjálftar á Formosa eyju um miðjan þennan mánuð hafa gert mikið eignatjón og manna. Mörg þorp eyðilögðust og mesti fjöldi fólks misti líf sitt. Jarðskjálftinn stóð yfir í 3 mínútur.

— Prestafundur var nýlega haldinn í Guelph, Ont., til þess að ræða um stærð kvenhatta, og gera samtök til þess að fá kvenfólk til að taka af sér hatta í kirkj unni. Síðan var mál þetta rætt af stólnum í öllum kirkjum bæjarins, en konurnar neituðu að verða við tilmælunum, og við það situr.

— Stjórnar breyting sú, sem út leit fyrir að verða myndi á Rússlandi, verður ekki að svo stöddu. Keisarinn hefir getað samið svo um við Stolypin forsætisráðherra, að hann haldi áfram forustunni. — Keisarinn hafði neitað, að samþykkja með undirskrift sinni þær embættaveitingar í herþjónustunni sem stjórnarráðið hafði komið sér saman um. Þetta leiddi til þess, að stjórnarráðið vildi segja af sér og láta ganga til nýrra kosninga. En keisarinn neitaði að samþykkja uppsögn ráðgjafanna, og skipaði þeim að halda embættinu, og það varð að samningum. Keisarinn heimtaði rétt til þess, að hafa einræði í embættaveitingum, og svo er að sjá, sem vilji hans hafi orðið ráðandi að öllu leyti.

— Þau Mr. og Mrs. Boyle, sem fyrir nokkrum vikum stálu 12 ára gömlum dreng, Willie Whitla að nafni, og fengu 10 þús. dollara til að láta hann lausan aftur, hafa verið dæmd fyrir glæp sinn, — maðurinn í æfilangt fangelsi, en konan í 20 ára fangelsi.

Hjónin bæði hafa reynt að fyrirfara sér síðan dómur féll. Boyle hafði 2 skegghnífa, sem báðir voru teknir af honum áður en hann gat framið sjálfsmorðið.

— Rafmagns sýning var nýlega haldin í Omaha, Neb. Á sýningarsviðinu voru 4 þúsund lampar, sem kveikt var á og látnir brenna í 4 klukkustundir, með loft-raföldum, sem sendar voru í þá frá loftskeytastöð í 5 mílna fjarlægð. — Þetta er talið að vera í fyrsta skifti, sem kveikt hefir verið á slíkum lömpum, og þeir látnir brenna með þessari nýju aðferð, sem er uppfynding Dr. Frederick Milners, loftskeyta sérfræðings í þjónustu Union Pacific járnbrautarfélagsins.

— Póstmálastjórinn brezki Henniker Heaton lýsti því nýlega yfir á fundi í Lundúnum, að hann vissi um nýja hraðskeyta sendinga aðferð með þráðum, sem gerðu það mögulegt, að senda 6 þúsund orð á klukkustund. Hann kvaðst vona, að innan fárra mánaða mætti takast, að senda hraðskeyti um allan heim fyrir 2 cents orðið.

— það má heita sögulegur viðburður, að vagnlest ein í Colorado varð föst í snjóskafli þann 7. þ.m. Skaflinn var þúsund feta langur. Lestin hefir verið þar 2—3 daga. Verði ekki bráðlega hægt að ná henni úr skaflinum, þá verður póstur inn tekinn úr henni og fluttur á sleðum til næstu járnbrauta, þar sem lestagangur er reglulegur.

— Jarðskjálfti varð í Reggo á Ítalíu þann 9. þ. m., svo að hús féllu til grunna. Íbúarnir urðu óttaslegnir og þutu úr bænum út á land, en sneru við von bráðar, er þeir sáu hve skaðinn varð lítill og kippirnir hættu.

— Tvö verzlunarfélög urðu nýlega gjaldþrota í Montreal. Annað félagið skuldaði $90,000, en átti $10,000 eignir. Hitt skuldaði $38,000, en átti $7,000 eignir, og hafði verið starfandi að eins rúmt ár.— Bæði þessi félög unnu að fatagerð.

— Sprenging í náma í Albany, N. Y., varð þann 12. þ.m. 35 mönnum að bana. Svo var sprengi aflið mikið, að tætlur úr mönnunum köstuðust yfir 500 yards vegar. Hendur, fætur, handleggir og höfuðpartar fundust víðsvegar eftir að slysið vildi til. Sprengingin hafði átt að fara fram kl. 5 e.h., og var mörgum boðið að vera viðstöddum, en klukkan 2 kviknaði í sprengiefninu fyrirvaralaust, þegar að eins verkamenn voru viðstaddir

— Þingnefnd sú, sem Tyrkir hafa sett til þess að komast fyrir um allar eignir gamla söldánsins, hefir komist að því, að hann átti 10 miljónir dollara á þýzkum bönkum, og einnig margar miljónir á bönkum á Englandi og í Bandaríkjunum. Mælt er, að Bretar hafi neitað, að afhenda þetta fé í hendur Ungtyrkjum. Stjórn Tyrkja hefir enn þá ekki afráðið, hvernig hún á að fara að því, að ná öllum þessum eignum soldánsins undir yfirráð þess opinbera.

— Þingnefnd Breta, sem um nokkurn undanfarinn tíma hefir verið að rannsaka kjötframleiðsluástand ríkisins, og gera sér grein fyrir þeim orsökum, sem kjötverð byggist á á Bretlandseyjum, hefir í skýrslu sinni, sem út var gefin í byrjun þessa mánaðar, gert nokkurnveginn ljósa grein fyrir þeirri niðurstöðu, sem hún hefir komist að í málinu síðan hún byrjaði starf sitt árið 1908. Hún kveðst hafa yfirheyrt ýms vitni úr öllum heimsins löndum, þar sem nokkuð verulega kveði að gripurækt, og þess utan sent út sérstaka menn til þess að athuga mál þetta frá öllum hliðum. Meðal vitnanna voru eigendur kjötniðursuðu verkstæða í Bandaríkjunum, sem stranglega neituðu, að nokkur einokun ætti sér stað. Þessu trúir nefndin ekki. Hún hyggur engan efa á því, að Armour, Morris, Swift og Hammond félögin hafi samband, bæði að því er snertir kaupverð á lifandi peningi og verð á kjötinu niðursoðnu, og að þessi 4 félög, sem stærst eru sinnar tegundar í heimi, hafi nokkurn veginn fult vald yfir markaðnum bæði í Bandaríkjunum og á Englandi. — Nefndin telur líklegt, að þessi félög séu að ná valdi yfir Argentina markaðnum, og að mikil líkindi séu til þess, að Smithfield markaðurinn — aðal gripamarkaður Breta, muni brátt komast undir áhrif einveldis þessa, ef ekki sé alvarlega við því spornað bráðlega. Jafnframt játar nefndin, að hún hafi ekki getað aflað neinna sannana, er sýni afskifti þessa samsteypufélags af brezka markaðnum, en telur samt víst, að þau áhrif séu virkileg.

Herra N. Ottenson í River Park biður þess getið, að telefón númer sitt sé nú: Fort Rouge 684.

Leiðrétting.

Thorvaldur Thorvaldsson: Innritast við Harvard University (Lawrence Scientific School) okt. 1902. Tekur miðsvetrarpróf þann vetur með beztu einkunn. Útskrifast vorið 1903 "Magna Cum Laude", með beztu prófseinkunn, sem B. Sc. Haustið 1903 innritast í "Graduate School" háskólans og lauk fyrra prófi (miðsvetrarprófi) í Jan. 1904, sem er fyrri hluti "Magisters" prófs.

Rögnvaldur Pétursson: Innritast í "Graduate School" Harvard háskólans haustið 1902 og lauk miðsvetrarprófi í jan. 1903 og vorprófi í júní 1903.

Vilhjálmur Stefánsson: Innritast við Harvard guðfræðisskólann haustið 1903, lauk þar miðsvetrar og vorprófi með góðri einkunn. Haustið 1904 fer hann inn í mannfræðisdeild háskólans (Antropological Institute) og er þar fasta nemandi þar til vorið 1906. Þar mun hann og lokið hafa nokkrum prófum.

Athugasemdir þessar eru gerðar sem leiðréttingar við umgetningu ritstjórans um verðlauna veitingu herra Thorbergs Thorvaldssonar. En þess skal getið, að þau ummæli ritstjórans eru rétt, að enginn Íslendingur hefir getið sér betri lofstýr enn sem komið er þar eystra við háskólann en Thorbergur Thorvaldsson, og hann er fyrsti Íslendingurinn, er hlotið hefir verðlaun fyrir ágætis frammistöðu við Harvard. R. P.

Fréttir úr bænum.

Allir góðir Íslendingar, konur og karlar, ættu að sækja fundinn, sem haldinn verður í Good Templara salnum efri í kveld (fimtudag) til að kjósa Íslendingadagsnefnd fyrir hátíðahaldið 2. ágúst í ár.

Dr. Sig. Júl. Jóhannesson kom til borgarinnar frá Leslie, Sask., á þriðjudaginn var, til þess að vera hér við jarðarför systur sinnar, sem lézt hér á sjúkrahúsinu í sl. viku, og verður jarðsungin í dag (fimtudag).

Í Fyrstu íslenzku únítara kirkjunni hér í bænum voru fermdar á sunnudaginn var þessar stúlkur:

Jóhanna Björnsdóttir Blöndal,
Helga Árnadóttir Borgfjörð,
Guðrún Þorbjörg Björnsson
Björg Elízabet Björnsson.

Þann 24. apríl lézt í föðurhúsum að Narrows P.O., Man., Leonard sonur Páls Kérnesteds, bónda þar, eftir 3 mánaða lasleika. Hann var 13 ára og 7 mánaða gamall, og hinn gervilegasti til sálar og líkama.

Mundið eftir Tombólunni og Dansinum, sem unga fólkið í stúkunni Heklu ætlar að halda 31. maí

Stjórn Wesley skólans hefir auglýst, að eftirleiðis verði kenslustörfum bætt við séra Friðrik J. Bergmann, þannig, að hann verði kennari í svensku ásamt með íslenzku við þann skóla.

Mrs. Anna Johnson, sem í október sl. fór héðan úr bænum vestur til Wynyard, Sask., til að dvelja þar hjá Jóni Westdal bróður sinum, kom aftur þaðan þann 14. þ. m. Mrs. Johnson lætur ágætlega af veru sinni þar vestra, þykir bygðin fögur og fólk viðfeldið. — Framfarir miklar í bygðinni hvarvetna. Nú er verið að byggja þrjú skólahús í grend við Wynyard, og mörg stór hús hafa verið bygð í Wynyard í vetur og vor.— Einna lakast þykir henni, að vínsöluleyfi hefir fengist fyrir hótel þar í bænum. Segir hún að hætt sé við, að það verði misbrúkað, og vonar að vínbann komist á þar í bygð síðar og telur það mikla framför fyrir hvert hérað, að útrýma því eitri. — Mrs. Johnson biður Hkr. að flytja bygðarbúum kæra kveðju og þökk fyrir góðar viðtökur.

Tólf-lofta byggingin, sem byggja á við Queens Hotel hér í borg, og sem á að kosta 250 þús. dollara, á að byggjast af félaginu Carter, Halls & Aldinger. Byggingin verður 160 feta há frá gangtröð. Síðar á að bæta 3 loftum ofan á húsið, svo það verður þá 15 hæðir.

OGILVIE'S
Royal Household Flour

Til BRAUÐ-GERÐA

Til KÖKU-GERÐAR

Gefur æfinlega fullnæging

Heimili Jónasar Danníelssonar er að 511 Beverly St.

Í síðustu viku lézt hér á Almenna spítalanum Þórdís Þorkelsdóttir Finnsson, eiginkona Jóns Finnssonar, að Marsh land P.O., Man. Hún hafði gengið hér undir uppskurð við innvortissjúkdómi. Þetta er þriðja eða fjórða konan, sem látist hefir á spítalanum eftir uppskurði nú á fáum dögum. — Annars hefir dauð inn á þessu vori höggvið óvenjulega stórt skarð í hóp landa vorra hér í bæ og í nýlendunum.

Úr bréfi frá Blaine, Wash., dags. 10. þ.m.: "Héðan ekkert markvert að frétta. Tíðarfarið hefir verið frekar kalt hér í vor, en þó ekki svo, að jarðarávöxtur eða aldini hafi skemst til muna, en grasspretta hefir verið seinker vegna þurka og kulda. En nú höfum við fengið góðar regnskúrir, svo ég tel víst, að öllum jarðarávöxtum fleygi fram hér eftir. Síðan þakspónamyllurnar byrjuðu hér aftur, hefir verið talsverð atvinna fyrir verkamenn. En það eru líka nógu margir um hana. Fólki líður yfir höfuð þolanlega vel, og flestir munu búast við góðri framtíð".

Þann 11. þ.m. varð hr. Stefán Sigurðsson, sem um undanfarinn tíma hefir dvalið í W. Selkirk, fyrir því slysi að handleggsbrotna. Hann var að lyfta upp glugga á húsi nokkru á Símcoe st., en í ógáti hafði hann ekki látið spítu undir hann svo glugginn fell niður á handleggginn rétt fyrir ofan úlnliðinn.

Leiðréttingar biðst á prentvillu í grein Jóninu Samúelsson í síðasta blaði. Þar stóð: "sem eru þeim kærastir og mestir", átti að vera: kærastir og næstir.

I. O. G. T.

Þann 7. þ.m. setti umboðsmaður Kristján Stefánsson eftirfylgjandi meðlimi í embætti í stúkunni HEKLU fyrir hinn nýbyrjaða ársfjórðung:

F.Æ.T.—Ólafur Bjarnason.
Æ.T.—Bjarni Magnússon.
V.T.—Guðbjörg Sigurðsson.
G.U.—Guðrún Skaptason.
R.—Björnúlfur Thorlacius
A.R.—Sumarliði Matthews.
F.R.—B. M. Long.
G.—Pálmi M. Sigurðsson.
K.—Agnes Jónsdóttir.
D.—Ragnheiður Anderson.
A.D.—Rósa Nordal.
V.—Óskar Gottskálksson.
Ú.V.—Eggert Árnason.

Vestur-Íslendingar ættu nú sem einn maður, að stiga í fótspor frænda sinna heima á gamla Fróni með því að leggja sinn skerf til útrýmingar áfengum drykkjum. Með því vinna þeir landinu, sem fæðir þá og klæðir, ómetanlegt gagn, og hlúa þá auðvitað nákvæmlega að sinni eigin framtíðar velferð.

Fyrir ársfjórðunginn frá 1. maí til 1. aug. setti hr. Ólafur S. Thorgeirsson, umboðsmaður stúkunnar SKULD, þessa menn og konur í embætti þann 5. þ.m.:

F.Æ.T.—Ásbj. Eggertsson.
Æ.T.—A. S. Bardal.
V.T.—Miss M. Gunnarsson.
R.—R. Th. Newland (endurk.).
A.R.—A. P. Jóhannsson.
F.R.—G. Jóhannsson (endurk.).
Gk.—Magnús Johnson, contr.
Kap.—Mrs. Guðrún Jóhannsson,
D.—Miss Guðrún Oddson.
A.D.—Miss Sigríður Þórðarson.
V.—Jónas Sveinsson.
Ú.V.—Magnús Johnson (yngri).
G.U. þetta ár er Mrs. Jóna Björnsson.

Stúkunni gengur vel, og er eins vel vakandi fyrir málefnum sínum eins og nokkru sinni áður. R.Th.

Þann 6. maí setti umboðsmaður stúkunnar ÍSLAND, hr. H. Skaftfeld, þessa meðlimi í embætti fyrir yfirstandandi ársfjórðung:

Æ. T.—Mrs. Sigríður Swanson.
V.T.—H. Kristjánsson.
R.—J. Hafliðason.
F.R.—G. J. Goodmundsson.
G.—M. Skaftfeld.
Kap.—Miss V. Friðriksson.
D.—Miss Sigríður Jóhannesson.
V. S. Sigurðsson.
A.R.—S. Skaftfeld.
A.D.—Mrs. Olga Skaftfeld.

Gefið Hestverð

Í samskotasjóð Jóns Finnbogasonar hafa Heimskringlu borist þessar upphæðir:

Magnús Björnsson ...	$5.00
Mr. og Mrs. Ólafur Bjarnason	5.00
Árni Sveinbjörnsson Belcourt P. O.	5.00
Sigríður Ólafsdóttir ...	1.00
Samtals	16.00
Áður auglýst ...	60.25
Alls innkomið ...	$76.25

Heimskringla er við því búin, að taka á móti meiri gjöfum í þeunan sjóð. Það er hreinasta ómynd, að gera ekki samskotin svo stór, að þau nemi hestverði, og svo eru margir Íslendingar hér í borg, að ekki þarf mikið frá hverjum, ef samtök væru góð. — Maðurinn er þurfandi og verðugur. Sendið því dalina í sjóðinn sem fyrst.

PURITY FLOUR

AÐ BAKA BEZTA BRAUÐ
er meira en vísindi og meira en list.

En það má gerast fljótlega og áreiðanlega með því að nota

PURITY FLOUR

Það er malað úr bezt völdu Vestur-Canada Hörðu Hveitikorni; er algerlega hreint og svo ilmandi kjarngott.

ALLIR ÍSLENZKIR KAUPMENN SELJA ÞAÐ

WESTERN CANADA FLOUR MILLS CO.,
LIMITED.
WINNIPEG, — CANADA.

Wall Plaster

Með því að venja sig á að brúka **"Empire"** tegundir af Hardwall og Wood Fibre Plaster er maður hár viss að fá beztu afleiðingar.

Vér búum til:

"Empire" Wood Fibre Plaster
"Empire" Cement Wall "
"Empire" Finish "
"Gold Dust" Finish "
"Gilt Edge" Plaster of Paris
og allar Gypsum vöruuteg-undir. —

Eiqum vér að senda yður bækling vorn?

MANITOBA GYPSUM CO. LTD
SKRIFSTOFUR OG MILLUR I
Winnipeg, - Man.

Heimskringla

Published every Thursday by The Heimskringla News & Publishing Co. Ltd

Verð blaðsins í Canada og Bandar $2.00 um árið (fyrir fram borgað). Sent til Íslands $2.40 (fyrir fram borgað af kaupendum blaðsins hérlendis $1.50.)

B. L. BALDWINSON,
Editor & Manager

Office:
729 Sherbrooke Street, Winnipeg
P.O. BOX 3083. Talsími 3512.

Manitoba háskólaprófin

Þau eru nýafstaðin, og segja svipaða sögu af afreki landa vorra eins og á liðnum tímum.

Þeir Skúli Johnson og Joseph Thorson eru efstir á lista. Þeir hafa báðir lokið þriðja árs námi og orðið jafnir. Hvor þeirra hefir hlotið A1 einkunn í öllum námsgreinum, og fengið $125 náms verðlaun hvor. Þessir nemendur eru þeir einu, af nær 120 sem stóðust prófin, sem hafa hlotið A1 einkunn í öllum námsgreinum.

Walter Lindal hefir lokið annars-árs námi með 1B einkunn og $60 námsverðlaunum fyrir ensku, latínu, heimspeki og sögu, og sæmdarviðurkenningu fyrir reiknings-nám.

Baldur Johnson hefir og lokið annars árs námi með 1B einkunn, og $20 námsverðlaun fyrir íslenzku.

Jónas H. Jónasson hefir lokið fyrsta árs námi með 1B einkunn og $20 námsverðlaunum fyrir íslenzku og sæmdar viðurkenningu fyrir sögu nám.

Fyrsta árs prófi í almennum mentagreinum luku: Björn Hjálmarsson með 2. einkunn, Hallgrímur Johnson með 3. einkunn, Ethel L. Middal með 2. einkunn og Gordon A. Paulson með 2. einkunn.

Þriðja árs prófi í náttúruvísindum lauk Baldur Olson með 1B einkunn.

Þriðja árs námi í þýzku og frönsku luku þær Salome Halldórsson og Thorstena S. Jackson, báðar með 2. einkunn.

John Christopherson lauk fjórða árs prófi í frönsku og þýzku með 2. einkunn.

Ágúst Blöndal lauk fyrsta árs læknaskólaprófi með 1B einkunn, og Stefán Stefánsson annars árs læknaprófi með 2. einkunn.

Jón Stefánsson lauk þriðja árs læknaprófi með 1B einkunn.

Magnús Hjaltason og Jóh. P. Pálsson útskrifuðust úr læknaskólanum, eins og getið var um í síðasta blaði, með 2. og 1B einkunn.

Um fiskimálin.

Ríkisþingmaður Geo. H. Bradbury hefir lagt sig allan fram síðan hann komst á þingið í Ottawa, til þess að vekja athygli Laurier-stjórnarinnar á því ólagi, sem verið hefir og er á fiskimálum Manitoba fylkis, og á hann einlæga þökk skilið allra fiskimanna fyrir þá frammistöðu, og það án tillits til þess, hvort hann fær eða fær ekki þar bætur ráðnar á ástandinu, sem hann óskar eftir.

Til dæmis, bað hann stjórnina um, að skipa einhvern Íslending helzt úr Gimli sveit, og sem fiskimenn þar útnefndu. En þeirri kröfu var ekki sinnt að neinu. Í stað þess voru þeir D. F. Reid, fiskikaupmaður í Selkirk, og T. L. Metcalf, lögmaður í Winnipeg, skipaðir til að rannsaka fiskimála-ástandið hér í fylkinu, og senda stjórninni skýrslu um það. Þessir herrar hafa haft nokkra fundi, einkum í Selkirk, og tekið þar vitnaleiðslu í málinu; og nú síðast hafa þeir haft fund í Gimli bæ, og leita álits Íslendinga þar.

Á þeim fundi komu fram E. Einarsson, G. E. Sólmundsson, W. B. Arason, Jóhannes Sigurðsson, Stephan Sigurðsson, Jóhann Stefánsson o.fl. — Öllum þessum mönnum bar saman um það, að fiskiklakið í Selkirk bæ, eins og því hefir til þessa tíma verið stjórnað sé algerlega gagnslaust og að eins til að baka ríkinu útgjöld. Öllum kom þeim saman um, að væri fiskiklakið sett á hæfilegan stað við Winnipeg vatn, þá gæti það orðið að notum til þess að auka fisk í vatninu. Engin þessara vitna hafði nokkurn tíma orðið var nokkurra hagsmuna af Selkirk klakinu, eða vitað til þess, að það hefði haft nokkur áhrif til þess að auka hvítfisk í Winnipeg vatni. Og öllum kom þeim saman um, að bezt mundi slíkt klak sett á Mikley, með því, að þaðan væri skamt að fara til að fá hrogn (ekki yfir 12 mílur vegar, norður á vatnið).

Séra Jóhann P. Sólmundsson, skrifari fiskimannafélagsins þar nyrðra, talaði síðastur manna á fundinum. Hann hélt fram því, að Bandaríkja auðmagn væri bein orsök þess, að hvítfisksveiði væri gengin til þurðar í Winnipeg-vatni. Hann vildi láta leyfa fiskimönnum að hafa lengri net, en lögin leyfðu þeim nú, og einnig kanadiskum fiskifélögum, sem kynnu að veiða norðarlega á vatninu, þar sem enn þá er talsverður fiskur. En hann andmælti því, að Bandaríkjafélögum væri leyft að tæma vatnið, undir því yfirskyni, að það væru kanadisk félög. — Allir vildu og menn þessir láta breyta lögunum, svo að netin mættu vera lítið eitt möskvastærri en þau nú eru.

Sama daginn, sem Gimli búar ræddu mál þessi við rannsóknarnefndina, flutti herra Bradbury mikla ræðu í Ottawa þinginu, og sýndi fram á, hvernig Bandaríkjafélögum hefir verið leyft að tæma Winnipeg vatn að fiski, með því að veiða svo mikið, að þau hafa árlega sent miliónir punda fiskjar til Bandaríkjanna til sölu þar. — Hann kvað Íslendinga og aðra íbúa Manitoba fylkis hafa um mörg liðin ár kvartað undan þessu, en árangurslaust. Hann kvað þetta amerikanska einveldi vera orðið svo öflugt hér nyrðra, að það gæti brotið lögin eins og því þóknaðist og fengið stjórnina til að breyta þeim eins og bezt gegndi fyrir hagsmuni þess. En nú þegar búið væri að tæma Winnipeg og Manitoba vötnin, þá væri einveldið sett á í Saskatchewan, til að tæma vötnin þar.

Herra Bradbury kvartaði einnig undan gagnsleysi fiskiklakanna hér vestra, fyrir vanþekkingu þeirra, sem látnir væru stjórna þeim. — Hann kvað F. W. Coleclough sál. hafa verið hæfan mann meðan hann hefði stjórnað klakinu í Selkirk. En einmitt af því, að hann hefði reynt að gegna skyldu sinni samvizkusamlega, þá hefðu yfirmenn hans í fiskimáladeild stjórnarinnar, gert honum lífið svo leitt að hann hefði neyðst til að yfirgefa embættið. Þá hefði í hans stað verið settur maður, sem unnið hefði í járnvörubúð og alls enga þekkingu hefði haft á fiskiklaki, og enn minni þekkingu á fiski, svo að efasamt væri, hvort hann hefði þekt hvítfisk frá Tullippia. Fiskimáladeildin hefði ekkert tillit tekið til þess, í vali fiskiklaksstjóranna, hvort þeir væru þekkingarlega vaxnir starfi sínu eða ekki. Þess vegna hefðu öll útgjöldin við þau orðið verri enn þýðingarlaus, — ekkert nema einbert tap fyrir landið. Hann hélt því fram, að það ætti að vera fiskiklak í Mikley, eins og íbúarnir þar bæðu um; en í stað þess hefði stjórnin sett klak norður við Berens á, þar sem Bandaríkja félagið hefði viljað hafa það.

Þar næst sýndi ræðumaður fram á, að yfir 90 prósent af öllum fiski sem fæst úr vötnum í Saskatchewan fylki, fer til Bandaríkjanna, en sá markaður hefði þau áhrif, að gera vöruna dýrari hér heima fyrir. Þá sýndi hann og fram á, hvernig styrjuveiðin væri gengin til þurðar í Vestur-Canada, og vildi láta með lögum banna útflutning hennar og hrognanna, og að Lac du Bonnett sé sett til síðu eingöngu fyrir kanadiska markaðinn, — en það er talið mesta styrju-veiðivatn í Vestur-Canada.

Öll var ræða herra Bradbury þrungin áhuga fyrir velferð þeirra, sem stunda fiskiveiðar hér í fylkinu, og svo segja fréttir frá Ottawa, að hann hafi öfluglega talað máli Íslendinga í kjördæmi sínu í sambandi við fiskiveiðamálið.

Herra Brodeur, ráðgjafi fiskimála, svaraði stuttlega, og kvað skýrslur þær, sem deild sinni hefði borist, sýna, að engin þurð hefði orðið á veiði í vötnum í Manitoba, og ræður þá að líkindum, að ekki sé mikilla umbóta að vænta úr þeirri átt.

Hafnarför ísl. þingforsetanna.

Það væri rangt að dyljast þess, eða þræta fyrir það, að hún hefði tekist miður en skyldi, — svo ekki séu brúkuð þyngri orð, sem hún þó verðskuldar.

Lausmælgi tveggja þeirra (Bj. J. ráðherra og Kr. Jónss. dómstjóra) við Dani, hlýtur fyrst og fremst að valda sárri gremju meðal fjölda af þeirra fylgismönnum; — og í annan stað er alls ekki ólíklegt, að hún geti orðið valdandi þess, að Danir þverskallist enn meir og lengur við hinum réttmætu sjálfstæðiskröfum Íslendinga, en orðið hefði, ef þeir hefðu verið orðvarari og einbeittari.

Enginn mun hafa búist við því, að þeir fengju í förinni neinar veru legar breytingar á innlimunarfrv. alræmda, sem enginn fæst nú til að verja nema feður þess og blindir flokksmenn þeirra. Við því var ekki að búast. Reynslan er búin að sýna, að Danir hafa þurft lengri tíma en 4—5 daga, að verða við kröfum Íslendinga, — en hún hefir líka sýnt, að þó þeir hafi þverneitað upphaflega, þá hafa þeir þó í hverju einasta tilfelli látið undan að lokum. Það er því síður enn svo, að nokkurri loku sé fyrir það skotið, að Íslendingar fái ekki sinni skoðun framgengt í sjálfstæðismálinu, og það mjög bráðlega. Að eins þurfa þeir að vera nógu einbeittir og kröfuharðir, og gæta vel að því, að skemma ekki fyrir sér með fleipri og fagurgala. En á þá gætni hefir brostið eigi all-lítið hjá áðurnefndum tveimur forsetum.

Á blöðunum er svo að sjá, sem þeir hafi orðið dáleiddir af dönskum blaðasnápum. Þeir hafa, blátt áfram sagt, stungið þeim í vasa sinn, og er slíkt ekki vansalaust fyrir helztu stjórnmálamenn heillar þjóðar.

Sumt af því, sem þeir hafa frætt þá á, mundi ekki nokkrum stjórnmálamanni neinnar þjóðar hafa til hugar komið, að láta út úr sér, — enda mun það ekki venja hinna merkari og meiri stjórnmálamanna þjóðanna, að láta fregnrita blaða fá sínar instu hugsanir, þegar um mikilsverð stjórnarstörf er að ræða.

Svo eru sumar af þeim hugsunum eigi all-lítið einkennilegar, og koma víst ekki nálægt sannleikanum, svo sem t.d., að "ekki séu til tíu lýðveldismenn á Íslandi", eða að 99 af hverjum 100 landsbúum séu á móti skilnaði, eins og Kr. J. fræddi konung á, og símritað var svo út um allan heim. Þá er harla óviðfeldið að sjá, að menn, sem eru fyrir hönd þjóðar sinnar staddir fyrir framan aðra þjóð, að krefjast frelsis hennar og sjálfstæðis, af þeirri sömu, — vera að barma sér yfir fátækt, og líkja þeim saman á þann hátt, að kalla Danmörku "höfuðból en Ísland þurrabúðarheimili". Slík samlíking er hneyxli, undir kringumstæðunum, auk þess sem hún hefir við ekkert að styðjast, og er síður en svo vaxin til þess, að herða á eftir Dönum á nokkurn hátt.

Þá er það ekki til að herða á Dönum, þegar það er borið í þá, að þinglokkur meiri hlutans hlægi að þeim tveimur eða þremur skilnaðarmönnum, er á þingi sitja, og þegar skilnaðar hugsunin er nefnd "loftkastalar" og "hugarburður".

Mundi það hafa verið hyggilegt fyrir Norðmenn 1905, að þylja svona lagað í eyru Svía, þegar hæst stóð á deilunni milli þeirra? Þeim hefir líklega ekki þótt það, í það minsta gerðu þeir það ekki.

Það er einmitt skilnaðar hugmyndinni, sem hefði þurft að halda að Dönum, og Á að halda að þeim, ef þeir ekki vilja verða við réttmætum kröfum Íslendinga, í stað þess að barma sér frammi fyrir þeim um fátækt og vesaldóm, og gera þessa hugmynd, og þá menn, er henni fylgja, hlægilega.

Vestur-Íslendiggar hafa orðið fyrir vonbrigðum af hinum nýja ráðherra, og hljóta að véra mjög óánægðir með hann í sambandi við ummæli hans um skilnaðarhugsjónina, er hann frammi fyrir Dönum hefir gert lítið úr og óvirt. Því eins og alkunnugt er, byggðust afskifti þeirra af sjálfstæðismáli Íslands síðastliðið sumar á þessu tvennu: — 1. að vara Íslendinga við frumvarpi millilandanefndarinnar, er þeir strax sáu að var rammger innlimunarkví, — og 2., og þar næst, — að hvetja Íslendinga til að halda skilnaðarhugsjóninni hátt. Nálega allar þeirra samþyktir hnigu að þessu. Stefnu þeirra er því af hinum nýja ráðherra gert lágt undir höfði, en líklega er svo ekki af sjálfstæðisflokknum sem heild, eftir hraðskeyti því að dæma, er hann sendi í síðustu viku, og sem við hljótum að taka eins og það er talað, — sem þakklætis og vinarkveðju.

Enn má geta þess, að í meira lagi er óviðfeldið að sjá B.J. neita ýmsum greinum í blaði sínu, og reyna að kenna þær öðrum; — og þá ekki síður, að hann skuli stöðugt, bæði á Íslandi og í Khöfn, vera að bera það út, að hann hafi neyðst til að taka ráðherra embættið, þó öllum sé vitanlegt, að Skúli Thoroddsen baðst alls ekki undan kosningu, og að í sjálfstæðisflokknum var smalað fyrir hann (B.J.), og ennfremur, að atkvæðagreiðslan við útnefninguna sýnir, að hann hefir sjálfur greitt sér atkvæði, eins í þeirri kosningu eins og í forsetakosningunni í sameinuðu þingi, er gerði það að verkum að hann varð forseti.*).

Alt þetta er mjög óviðfeldið að sjá, af manni, sem er að taka við æðsta embætti landsins. Því ekki að koma allstaðar hreint til dyranna? Þess verður að krefjast af hverjum stjórnmálamanni, og eigi þó sist af þeim, sem efst eru settir, og eiga að vera fyrirmynd annara.

Eftir að hafa yfirvegað allan þann fréttaburð, er forsetarnir*)—einkum þó ráðherrann — hafa þulið í danska blaðamenn, verður manni fyrir að spyrja: Hvað varð aði þá um alt þetta? Gátu forsetarnir ekki komið fram með kröfur sínar og flokks sins, að eins fyrir konung og ráðuneytið danska? Þaðan gátu svo blöðin fengið þær. Ef sú aðferð hefði verið höfð, þá hefði að líkindum minna verið blaðrað um það, sem Dönum kom ekkert við að vita, — og beinlínis var hættulegt að láta þá vita um, allra helzt eins og það var framsett, og sem í ofanálag er langt frá því að vera sannleikanum samkvæmt í mörgum atriðum.

Gremju og óþökk eiga þeir skilið og hljóta að fá fyrir orðmælgina hjá öllum réttsýnum mönnum, hvort heldur þeir eru þeirra fylgismenn eða ekki. Hún getur skaðað það mál, sem er þeirra sjálfra áhugamál og allra þeirra fylgjenda — sjálfstæðismálið.

Það er því eigi að undra, þó mönnum renni í skap yfir þessari aðferð, og eigi hvað sist Skúla Thoroddsen, — manninum, sem einn núlifandi íslenzkra stjórnmálamanna hefir sýnt, að hann þorir að standa frammi fyrir Dönum upprettur og horfa framan í þá augliti til auglitis, og hefði því vegna þess undir öllum kringumstæðum átt fyrstur allra að verða ráðherra.

Skúli Thoroddsen hefir þegar skrifað tvær greinar í blað sitt og vítt aðferð forsetanna (einkum B. J.) með gætnum orðum, en þó með fullri einurð. Í fyrri greininni heldur hann því fram, sem og er rétt, að nú hefði verið þörf á, að talað væri djarfmannlega við konunginn og stjórnmálamenn Dana". Ennfremur, að það sé "einmitt hræðslan við það, að skilnaðarmönnum hér á landi fjölgi drjúgum", er á undan öllu öðru "geti orðið til þess, að glöggva skilning Dana á sjálfstæðiskröfum vorum, og gera þá ljúfari til að unna oss jafnréttis þess, sem vér krefjumst og eigum fylsta tilkall til".

Síðari greinin fer hér á eftir orðrétt. Hún er þörf hugvekja til forsetanna, sýnilega sögð af einurð og einlægni, ásamt áhuga fyrir afdrifum sjálfstæðismálsins, — en ekki af hatri og illgirni, eins og flest það, er blöðin Lögrétta og Reykjavík hafa að flytja þessu viðvíkjandi af sínu eigin.

Þjóðvilja-greinin er á þessa leið:

ENN UM "FORSETA-UTANFÖRINA."

Förin betur ófarin.

Í síðasta nr. Þjóðviljans gátum vér þess, að utanför forsetanna hefði verið algerlega árangurslaus, að því er til sambandsmálsins kemur.

Vér gátum þess þá og jafnframt, sem skylda vor, sem blaðamanns bauð oss, að nýi ráðherrann hefði verið í meira lagi óorðvar í viðtali sínu við ýmsa danska blaðamenn.

Úrklippur úr eigi alfáum dönskum blöðum, sem oss hafa borist, sýna — þrátt fyrir sýnilegar ýkjur og ranghermi, í sumum viðtalsgreinunum, og þrátt fyrir mótmæli ráðherra, að því er til sumra atriðanna kemur —, að blað vort hefir eigi farið vilt vegar.

Á hinn bóginn létum vér í síðasta nr. blaðs vors þá von í ljósi, að ráðherra vor hefði verið orðvarari í viðtali sínu við stjórnmálamenn Dana; en því miður hefir þar og skort eigi all-lítið á svo einarða, ákveðna, hreinskilna, og þó um leið hyggilega framkomu sem þörf var á.

Að því er til viðtals forsetanna við Neergaard, danska forsætisráðherrann kemur, hefir Ritzau-hraðskeytaskrifstofa sent dönskum blöðum orðrétta skýrslu, sem þeir hafa samið í sameiningu, og undirskrifað.*)

Af skýrslu þessari sést, að þó að forsetarnir hafi í samtali þessu skýrt frá því, að meiri hluti alþingis óskaði konungssambands eingöngu, hafa þeir þó í niðurlagi téðrar skýrslu kveðið svo að orði:

"þar á móti voru í ljósi látnar, bæði af hálfu alþingisforsetanna og forsætisráðherrans góðar vonir um, að síðar meir mætti takast, að finna leið til þess, að nálægja skoðanirnar hverja annari, með tilhliðrunarsemi á báða bóga, svo að af samningunum yrði verklegur árangur, er miðaði til þess, að festa og efla gott samkomulag milli landanna".

Hér er því slegið fram — sbr. orðið "síðar" —, að ekki liggi neitt á, og fer því fjarri, að slíkt geti talist heppilegur erindisrekstur, eða ýti undir Dani, að hraða sér að sinna kröfum Íslendinga.

Ennfremur hefir nýi ráðherrann með ofangreindum ummælum — sbr. orðin "með tilhliðrunarsemi á báða bóga" — þegar gefið Dönum undir fótinn, að Íslendingar myndu þoka frá kröfum sínum, eða látið í ljósi von sína um það, að svo verði, eins og krafa Íslendinga um konungssamband eitt væri eingöngu haldið fram af leikaraskap, eða rétt til málamynda.

Allir sjá, hve afar-óhyggilegt slík ummæli voru, því að geta má nærri, að Danir — eins og þeirra skoðun á málinu er háttað — fari eigi að verða við kröfum Íslendinga að svo stöddu, þegar slíku er varpað fram, og undirritað af nýja ráðherranum, trúnaðarmanni meiri hlutans á alþingi.

Ritstjóri Þjóðólfs, sem var svo heppinn, að setja eigi nafn sitt undir ofangreinda skýrslu, er eitthvað að reyna að bera í bætifláka fyrir samferðamenn sína í síðasta nr. blaðs sins, lætur sem niðurlags orðin séu að eins "sjálfsögð kurteisi", en getur þess þó jafnframt, að um niðurlagsorðin í skýrslunni hafi Neergaard einmitt verið annast.

En getur nokkrum blandast hug ur um, hvers vegna svo var? — Hann sá, sem var, að hér var um aðal-atriðið að ræða.

Öllum er ljóst, hvaða skilning danskir blaðlesendur hljóta að leggja í niðurlagsorðin í skýrslunni — rúsínuna í endanum.

Íslendingar þoka til, og alt getur beðið!

Annan skilning fá þeir eigi í þau lagt, telja þau mælt af einlægni, sem von er.

Ummæli þessi eru því síst til þess fallin, að ýta undir það, að almenningsálitið í Danmörku snúist oss í vil, heldur eru þau þvert á móti betra svefnþorn, en nokkuð annað.

Danska blaðið "Politiken" birtir og ofangreinda skýrslu eða yfirlýsingu undir fyrirsögninni "málið legst á hylluna", og í sambandi við hana verða að skiljast þau um mæli í dönskum blöðum, að stjórn skipulagið haldist óbreytt eftirleiðis.

En til þess að gefa slíka yfirlýsingu um væntanlega tilhliðrunarsemi af hálfu Íslendinga, að því er til sambandsmálsins kemur, sem og um það, að vér þolum biðina, hefir hvorki núverandi ráðherra, né nokkur annar, haft minstu heimild af hálfu sjálfstæðisflokksins á alþingi.

Slík aðferð, sem beitt hefir verið í þessu efni, er því alls eigi fegrandi á neinn hátt, enda óhætt að fullyrða, að mikill meiri hluti þjóðarinnar hefir vænst alt annarar framkomu af hálfu nýja ráðherrans, en raun hefir á orðið.

Ég geri nú ráð fyrir, að ýmsir miður góðgjarnir náungar hlakki yfir því, að nú séu fylgismenn þessara manna farnir að finna að gerðum þeirra og orðum. En heldur er slíkt óviturlegt, og ekki samboðið neinum nema staurblindum flokksaíglöpum.

Því það er bein skylda allra heiðvirðra og ærlegra manna, að finna að og víta það, sem miður fer, jafnt hjá sínum eigin flokksmönnum og öðrum, bæði til þess, að vara þá við falli framvegis, og eins til hins, að aðrir, er síðar koma fram, vari sig á þeim skerjum, er áður hefir verið strandað á.

Að verja í líf og blóð orð eða gerðir flokks sins, eða flokksmanna sinna, hvað sem aðhafst er, er sá auvirðilegasti skriðdýrs háttur, sem til er, og ætti að vera dauðadæmdur í hverju einasta siðuðu þjóðfélagi.

Að sjálfsögðu er það innileg ósk allra góðra Íslendinga austan hafs og vestan, að hinn nýi ráðherra bæti sem fyrst og sem bezt fyrir þessa orðmælgi sína með stjórnarráðstöfunum, er miða landi og þjóð til gengis og blessunar.

Með því einu móti getur hann bætt fyrir yfirsjónina.

Engu öðru.

A. J. Johnson.

*) B.J. fékk 12 atkv., Skúli Th. 11, og séra Sigurður Gunnarsson 1. (Þjóðviljinn 31. marz 1909).

*) Hannes Þorsteinsson er undanskilinn, eftir honum hefir ekki frézt neinn fagurgali eða fréttaburður. Á.J.J.

*) Einn forsetanna, Hannes, ritstjóri Þorsteinsson, skrifaði þó eigi undir, var fjarverandi, er það var gert, og vissi eigi, fyr en eftir á, um niðurlagsorðin í henni.

Fréttabréf.

MINNEOTA, MINN.
9. maí 1909.

Dauðsfill. — Þann 4. p.m. dó hér Sveinn J. Holm, bóndi í Norðurbygð, maður mjög vel látinn og einn af beztu bændum hér um slóðir, 43. ára að aldri. Hann var sonur Jóhannesar Sveinssonar frá Kóreksstöðum í Hjaltastaðaþinghá.

Þann 5. þ.m. dó Gunnlaugur Pétursson, bóndi frá Hákonarstöðum á Jökuldal, — fyrsti íslenzki landnemi hér í Minnesota; Íslendingum að góðu kunnur.

Ennfremur dó í Minneota 5. þ. m. séra Kleven, prestur Norðmanna, valinkunnur maður hjá öllum er þektu. Hann varð bráðkvaddur.

Tíðarfar hefir verið ákaflega stirt hér í vor, frost og hret iðulega. Þar fyrir hafa vorannir tafist mjög fyrir bændum. Svo má kalla, að varla sé sauðgróður kominn enn.

S. M. S. Askdal.

Sparið Líniið Yðar.

Ef þér óskið ekki að fá þvottinn yðar rifinn og slitinn, þá sendið hann til þessarar fullkomnu stofnunar.

Nýtízku aðferðir, nýr vélaútbúnaður, en gamalt og æft verkafólk.

LITUN, HREINSUN OG PRESSUN SÉRLEGA VANDAÐ

Modern Laundry & Dye Works Co., Ltd.
307—315 Hargrave St.
WINNIPEG, MANITOBA
Phones: 2300 og 2301

S. R. HUNTER & CO
Skraddarar,
189 Lombard Street

Búa til ný-móðins karlmannafatnaði eftir máli. — Efni og vinnubrögð afbeztu tegund, og alt ábyrgst að vera jafngildi þess bezta sem fáanlegt er í borginni. Verðið er við allra hæfi. —

S. R. Hunter & Co.
189 Lombard St.
Telephone 1395.

The Dominion Bank
NOTRE DAME Ave. BRANCH Cor. Nena St.

VÉR GEFUM SÉRSTAK AN GAUM AÐ SPARISJÓÐS-DEILDINNI. —

VEXTIR BORGAÐIR AF INNLÖGUM.
HÖFUÐSTOLL - - - $3,983,392.38
SPARISJÓÐUR - - $8,300,000.00
A. E. PIERCY, MANAGER.

R. A. THOMSON AND CO.
Cor. Sargent & Maryland St.

Selja allskonar MATVÖRU af beztu tegund með lægsta verði. Sérstakt vöruúrval nú þessa viku. Vér óskum að Íslendingar vildu koma og skoða vörurnar. Hvergi betri né ódýrari. —

Munið staðinn;—
HORNI SARGENT AVE. OG MARYLAND ST.
PHONE 3112.



" WATERLOO "

Dominion Bicycle Championship fór fram í ofannefndum bæ 1. Júlí sl. Þar unnu hjól vor allar kappreiðar. Fred R. McCarthy á Cushion Frame hjóli var fyrstur í ½ og 1 ml. kappreið.

Blue Flyer hjólin unnu allar hinar kappreiðirnar. Svo voru hjól vor langt á undan að engin önnur hjól komust nálægt þeim "Blue Flyer" og "Cushion Frame". Vér smíðum þessi hjól:— Massey, Silver Ribbon, Cleveland, Perfect, Brantford, Rambler, Imperial og Blue Flyer, — og ábyrgjumst hvert einasta hjól. —

Canada Cycle & Motor Co., Ltd., Winnipeg.
147 PRINCESS STREET. Heimsins Bezta Reiðhjóla-smiðir.

Redwood Lager og Extra Porter

Styrkið taugarnar með því að drekka eitt staup af öðrum hvorum þessum ágæta heimilis bjór, á undan hverri máltíð. — Reynið !!

EDWARD L. DREWRY Manufacturer & Importer Winnipeg, Canada.

F. Deluca

Verzlar með matvöru, aldini, smá-kökur, allskonar sætindi, mjólk og rjóma, sömul. tóbak og vindla. Óskar viðskifta Íslend. Heitt kaffi eða te á öllum tímum. Fón 7756

Tvær búðir:
587 Notre Dame og 714 Maryland St.

JOHN DUFF
PLUMBER, GAS AND STEAM FITTER
Alt verk vel vandað, og verðið rétt
664 Notre Dame Ave. Phone 3815
Winnipeg

$1.50 Á DAG
Besta $1.50 gistihús í Winnipeg

BRUNSWICK HOTEL
Horni Main St. og Rupert Ave.

Besta borðhald; Hrein og Björt Herbergi; Finustu Drykkir og Bestu Vindlar. Ókeypis Vagn mætir Öllum Trainlestum. Reynið oss þegar þú ert á ferð.

DR. H. R. ROSS
C.P.R. meðala- og skurðlækuir.
Sjúkdómum kvenna og barna veitt sérstök umönnun.
WYNYARD, — SASK.

Rannveig Ólöf Stefánsdóttir

andaðist hér á Almenna spitalanum þann 16. þ.m., eftir mánaðarlegu. Hún hafði verið tæringarveik í meira enn heilt ár. Hún var 21. árs gömul.

Rannveig sál. var dóttir Stefáns Jónssonar, óðalsbónda á Skinnalóni í Presthólahreppi í Norður-Þingeyjarsýslu. Hún fluttist hingað vestur árið 1904, ásamt bróður sínum Jóni Stefánssyni, sem hefir aðsetur hér í Winnipeg. Rannveig sál. var sérlega vönduð stúlka og vel látin af öllum er kyntust henni.

Hún var jarðsungin af séra Fr. J. Bergmann, sem fyrst hélt ræðu í Tjaldbúðarkirkju og svo aftur úti í grafreitnum.

Þakklæti vottast hér með þeim hjónum Mr. og Mrs. N. Ottenson í River Park og Mr. og Mrs. Jóhannes Magnússon, að 567 Simcoe St. Sömuleiðis kvenfélagi Tjaldbúðarsafnaðar fyrir ástúðlega umönnun þeirrar látnu, þegar þörfin var brýnust í sjúkdómsstríði hennar.

Blöðin Þjóðólfur og Norðurland eru beðin að geta láts þessarar stúlku.

— Fjallkonan dags 3. apríl getur þess, að hjón ein í Bolungarvík við Ísafjarðardjúp hafi í bræði sinni hengt dóttur sína fyrir það, að hún hafði tekið eitthvað smávegis út í reikning föður sins. — Blaðið segir líklegt, að sagan sé orðum aukin, þó ekki beri það á móti, að lent hafi í handalögmáli með henni og foreldrunum, og dauði hennar því slys eða óviljaverk.

— Félag eitt í Kilkenny á Írlandi gerir kröfu til þess, að borga auglýsinga riturum sínum betra kaup, en nokkurt annað félag í heimi, það kveðst hafa í þjónustu sinni einn mann, sem ekki geri annað en skrifa auglýsingar. Fyrir það verk segist það borga honum 500 pund sterling á viku, sem er sama sem $2,435, eða því sem næst, eða $126,620 á ári. — Félagið hefir skrifað þetta í grein, sem það ritaði blaði einu í Lundúnum, sem hafði getið þess, að bezt launaði auglýsingaritari væri maður einn á Englandi, sem hefði 400 pund um vikuna. Írska félagið þoldi ekki þessa missögn og ritaði því þessa leiðréttingu.

— Kosningar í Nýfundnalandi eru nýafstaðnar og hefir Morrisflokkurinn unnið þar stóran sigur, og Bond stjórnin þar með úr sögunni.

Skrásetning kjósenda

Skrásetning kjósenda í Gimli kjördæmi fer fram dagana frá 25. maí til 12. júní, á hér með töldum stöðum:

Í VESTURHLUTANUM.

25. maí—að Pleasant Home P.O.
26. maí—hjá Bradko Yzernk, Sec. 16-18-3 austur.
27. maí—að St. Adelard P.O.
28. maí—hjá Gesti Sigurðssyni, Sec. 22-19-2 vestur.
29. maí—hjá Pétri Bjarnasyni, Sec. 2-20-3 vestur.
31. maí—að Vestfold P.O.
1. júní—að Seamo Hall, Seamo.
2. júní—að Lundar Hall, Lundar.
3. júní—hjá E. C. Hawkins, Sec. 28-21-6 vestur.
5. júní—hjá Kristjáni Eirikssyni, Sec. 18-22-7 vestur, Dog Lake.
7. júní—hjá Páli Kernested, Sec. 12-24-10 vestur.
11. júní—Hudsons Bay Store, Fairford.
12. júní—Gypsumville Mill, Gypsumville.

Í AUSTURHLUTANUM.

17. maí—Albert Thiðriksson, Sec. 28-18-4 austur.
18. maí—á skrifstofu G. Magnússonar, Gimli.
19. maí—hjá George Babitski, Sec. 16-59-3 austur.
20. maí—hjá Ísleifi Helgasyni, Sec. 32-20-4 austur.
21. maí—Michael Gottfred, Sec. 28-20-2 austur.
22. maí—hjá Kristjáni Sigvaldasyni, Sec. 21-22-4 austur.
25. maí—hjá S. G. Nordal, Section 23-22-3 austur.
26. maí—hjá Jóni Jónssyni, yngra, Sec. 30-22-2 austur.
27. maí—í Bændafélagshúsinu, Icelandic River.
28. maí—hjá Bjarna Stefánssyni, Mikley.
29. maí—hjá L. C. Rogers, Fisher River.

COURT OF REVISION verður haldið á bæjarskrifstofunni á Gimli 22. júní, og að Lundar Hall 29. júní.

Allir þeir, sem ekki eru á kjörskrá, ættu að sjá um, að nöfn sín séu sett á skrána. Það er miklu umfangsminna, að gera það meðan skrásetningin fer fram, en að þurfa að ferðast langar leiðir seinna til þess að koma nafni sínu á kjörskrá við "Court of Revision".

LEIÐBEININGAR--SKRÁ
YFIR ÁREIÐANLEGA VERZLUNARMENN Í WINNIPEG

MUSIC OG HLJÓÐFÆRI
CROSS, GOULDING & SKINNER, LTD. 323 Portage Ave. Talsími 4413
MASON & RISCH PIANO CO., LTD. 356 Main Stree Talsími 480 W. Alfred Albert, Íslenzkur umboðsmaður
WHALEY ROYCE & CO. 356 Main St. Phone 263 W. Alfred Albert, bóðarþjónn.

BYGGINGA- og ELDIVIÐUR.
J. D. McARTHUR CO., LTD. Bygginga- og Eldiviður í heildsölu og smásölu. Sölust: Princess og Higgins Tals. 5060, 5061, 5062

MYNDASMIÐIR.
G. H. LLEWELLIN, "Medallions" og Myndaramma Starfstofa Horni Park St. og Logan Avenue

SKÓTAU Í HEILDSÖLU.
AMES HOLDEN, LIMITED. Princess & McDermott. Winnipeg.
THOS. RYAN & CO. Allskonar Skótau. 44 Princess St.
THE Wm. A. MARSH CO. WESTERN LTD. Framleiðendur af Finu Skótaui. Talsími: 3710 88 Princess St. "High Merit" Marsh Skór

RAFMAGNSVÉLAR OG ÁHÖLD
JAMES STUART ELECTRIC CO. 324 Smith St. Talsímar: 3447 og 7802 Fullar byrgðir af alskonar vélum.
GOODYEAR ELECTRIC CO. Kellogg's Talsímar og öll þarðsínt áhöld talsími 3022. 56 Albert St.

RAFMAGNS AKKOKÐSMENN
MODERN ELECTRIC CO 412 Portage Ave Talsími: 5658 Viðgjörð og Vir-lagning —allskonar.

BYGGINGA - EFNI.
JOHN GUNN & SONS Talsími 1277 266 Jarvis Ave. Höfum bezta Stein, Kalk, Cement, Sand o. fl.
THOMAS BLACK Selur Járnvöru og Bygginga-efni allskonar 76—82 Lombard St. Talsími 600
THE WINNIPEG SUPPLY CO., LTD. 296 Rietta St. Talsímar: 1936 & 2187 Kalk, Steinn, Cement, Sand og Möl

BYGGINGAMEISTARAR.
J. H. G. RUSSELL Byggingameistari. Í Silvester-Willson byggingunni. Tals: 1068
PAUL M. CLEMENS Bygginga - Meistari, 443 Maryland St. Skrifst.: Argyle Bldg., Garry st. Talsími 8997

BRAS- og RUBBER-STIMPLAR
MANITOBA STENCIL & STAMP WORKS 421 Main St. Talsími 1880. P. O. Box 244. Búum til allskonar Stimpla úr málmi og togleðri

VÍNSÖLUMENN
GEO. VELIE Heildsölu Vínsali. 185, 187 Portage Ave. E. Smá-sölu talsími 352. Stór-sölu talsími 464.

STOCKS & BONDS
W. SANFORD EVANS CO. 326 Nýja Grain Exchange Talsími 3696

ACCOUNTANTS & AUDITORS
A. A. JACKSON, Accountant and Auditor Skrifst.—28 Merchants Bank. Tals.: 5702

OLÍA, HJÓLÁSFEITI OG FL.
WINNIPEG OIL COMPANY, LTD. Bða til Stein Olíu, Gasoline og hjóláss-áburð Talsími 1590 611 Ashdown Block

TIMBUR og BÚLOND
THOS. OYSTAD, 208 Kennedy Bldg. Viður í vagnhlössum til notenda, búlönd til sölu

PIPE & BOILER COVERING
GREAT WEST PIPE COVERING CO. 132 Lombard Street,

VÍRGIRÐINGAR.
THE GREAT WEST WIRE FENCE CO., LTD Alskonar virgirðingar fyrir bændur og borgara. 76 Lombard St. Winnipeg.

ELDAVÉLAR O. FL.
McCLARY'S, Winnipeg. Stærstu framleiðendur í Canada af Stóm, Steinvöru [Granitewares] og fl.

ÁLNAVARA Í HEILDSÖLU
R. J. WHITLA & CO., LIMITED 264 McDermott Ave Winnipeg "King of the Road" OVERALLS.

BILLIARD & POOL TABLES.
W. A. CARSON P. O. Box 225 Room 4 1 Molson Banka. Öll nauðsynleg áhöld. Ég gjöri við Pool-borð

NÁLAR.
JOHN RANTON 203 Hammond Block Talsími 4670 Sendið strax eftir Verðlista og Sýnishornum.

GASOLINE-Vélar og Brunnborar
ONTARIO WIND ENGINE and PUMP CO. LTD 301 Chamber St. Sími: 2988 Vindmillur — Pumpur — Agætar Vélar.

BLÓM OG SÖNGFUGLAR
JAMES BIRCH 442 Notre Dame Ave. Talsími 2638 BLÓM - allskonar. Söng fuglar o. fl.

BANKARAR, GUFUSKIPA AGENTR
ALLOWAY & CHAMPION North End Branch: 667 Main street Vér seljum Ávisanir borganlegar á Íslandi

LÆKNA OG SPÍTALAÁHÖLD
CHANDLER & FISHER, LIMITED Lækna og Dýralækna áhöld, og hospítala áhöld 185 Lombard St., Winnipeg, Man.

ROBLIN HOTEL
115 Adelaide St. Winnipeg

Bezta $1.50 á-dag hús í Vestur-Canada. Keyrsla ókeypis milli vagnstöðva og hússins á nóttu og degi. Aðhlynninig hins bezta. Viðskifti Íslendinga óskast. William Ave strætiskarið fer hjá húsinu

O. ROY, eigandi.

SPÓNNÝTT HÓTEL
ALGERLEGA NÝTÍZKU

Hotel Majestic

John McDonald,
eigandi.
James St. West, Rétt vestan við Main St.
Winnipeg Telefón 4979

$1.50 á dag og þar yfir
Bandaríkja-snið

Alt sem hér er um hönd haft er af beztu tegund. Reynið oss.

MIDLAND HOTEL
285 Market St. Phone 3491

Nýtt hús, nýr húsbúnaður Fullar byrgðir af allskonar vönduðustu drykkjum og vindlum í hressingar stofunni. Gisting einn dollar á dag og þar yfir.

W. G. GOULD :: FRED. D. PETERS,
Eigendur
WINNIPEG ::: ::: CANADA

MARKET HOTEL
146 PRINCESS ST. á móti markaðnum
P. O'CONNELL, eigandi, WINNIPEG
Beztu tegundir af vínföngum og vindl um, aðhlynning góð, húsið endurbætt

James Flett & Co.
PLUMBERS
Leiða Gas- Vatns- og Hitapípur í hús yðar, fyrir sanngjarnan borgun. Verk vandað, fljótlega gert og ábyrgst.
572 Notre Dame Avenue
Telephone nr. okkar er 3380 eða 8539.

Hotel Pacific
219 Market Street. Winnipeg | *H. M. Hicks, Eigandi Manitoba*
Telephone 1338

Ný-endurbætt og Ný-tízku hús í alla staði. Viðskifta yðar óskast virðingarfylst.

$1.25 a Dag

Strathcona Hotel

Horni Main og Rupert Str. Nýbygt og ágætt gistihús; Gest um veitt öll þægindi með sanngjarnasta verði. Frí keyrsla til og frá öllum járnbr. stöðvum. Beztu vín og vindlar; og herbergi og máltíðar ágætar.

McLaren Brothers
EIGENDUR

Gimli Hótel
G. E. SÓLMUNDSSON
eigandi
Óskar viðskifta Íslendinga sem heimsækja Gimli-bæ. — Þar er beini beztur í mat og drykkjarföngum, og aðbúð gesta svo góð sem frekast er hægt að gera hana. Hótelið er við vagnstöðina.
Gistið að Gimli-Hótel.

Með því að biðja æfinlega um "T.L. CIGAR," þá ertu viss að fá ágætan vindil.

T.L.

Smoke the T.L. CIGAR
(UNION MADE)
Western Cigar Factory
Thomas Lee, eigandi Winnipeg

Woodbine Hotel
Stærsta Billiard Hall í Norðvesturlandinu, Tíu Pool-borð.—Alskonar vín og vindlar.
Lennon & Hebb,
Eigendur.

upp og mældi vegalengdina með hugsaninni, en svo laut hann niður aftur, og hreyfði sig alls ekki þegar nafn læknisins var nefnt. Læknirinn hafði ekkert að segja nema það, að maðurinn hefði dáið undir eins og skotið lenti í honum.

Þegar læknirinn var kominn að því að enda ræðu sína, hreyfði jarlinn sig í annað sinn, eftir að hann kom inn. Það vakti all-mikla undrun, þegar þeir sáu hann taka upp vasabók og skrifa nokkrar línur í flýtir. Allir horfðu á þann, þegar hann stakk blýantinum í vasann, reif blaðið úr bókinni, braut það saman og rétti dómaranum, þegar læknirinn þagnaði. Honum varð auðsjáanlega nokkuð bilt við, en las það þó með óánægjusvip, og þegar hann var búinn, sneri hann sér að lækninum og sagði:

"Ennþá er ein spurning, læknir. Viltu ekki gera svo vel og segja mér, hve langt skyttan var komin, þegar skotið lenti í henni?"

"Velkomið", svaraði læknirinn strax, "eftir ásigkomulagi sársins hefir hann verið á að gizka 6 skref frá byssuhlaupinu".

"Þökk fyrir", sagði dómarinn, "ég sé nú raunar ekki að þessi spurning hafi neina þýðingu, en þar eð mismunandi skoðanir eru um fjarlægðina, þá er þó réttast að fá hana ákveðna. Þú heldur þá að það sé ekki rétt, sem tvö af vitnunum báru, að fjarlægðin hafi verið 30 álnir?"

"Áreiðanlega. Í svo mikilli fjarlægð hefðu höglin dreift sér meira, og skotið tæpast verið drepandi".

"Þakka þér fyrir, þetta er nóg".

Þegar búið var að yfirheyra öll vitnin sneri dómarinn sér að dómneíndinni og byrjaði ræðu sína.

"Herrar mínir, þetta virðist mjög einföld tilviljun, og allar orsakirnar eru ykkur nú kunnar. — Sir Arthur Redleigh, valinkunnur heiðursmaður, sem

nýtur virðingar allra, sem þekkja hann, fór á fuglaveiðar þann 4. september, ásamt með hr. Grosse, sem er jafn kunnur sem heiðursmaður. Hinn framliðni, sem unnið hefir í mörg ár hjá Sir Arthur, og notið virðingar hans og vináttu, fór með þeim eins og hann var vanur, sömuleiðis drengurinn Martin, um hvers gáfnahæfileika er bezt sem minst að tala".

Þannig rausaði dómarinn, unz hann kom að því atviki, að skyttunni var sagt að fara á undan, þá sagði hann:

"Auðvitað fór hann á undan, — bar hann með sér byssu? — Já, hann hélt á sinni byssu, herrar mínir, sinni eigin eign. Á, var hún gjöf frá þér Sir? Já, herrar mínir, byssan sem hann hélt á, var gjöf frá húsbónda hans, og er því sönnun þess, hve gott samkomulag þeirra var, — samkomulag, sem er svo almennt í þessu landi milli hjúa og húsbænda, og sem aðrar þjóðir öfunda okkur af".

Nú þagnaði ræðumaðurinn til að hlusta á samþyktarmuldrið í áheyrendunum, sem síðasta setningin vakti.

"Þey, herrar mínir", sagði hann — þó ekki fyr en allir voru þagnaðir — "minnist þess, í hverju skyni við erum komnir hingað. Það, sem ég ætlaði að segja, var, að hinn framliðni gekk á að gizka 6 skref áfram,— og er sú vegarlengd bygð á því, sem doktorinn sagði — en þá hljóp skotið úr byssunni, eins og áður er sagt. Nú eruð þið beðnir að skera úr því, hvort þetta óhappaskot olli dauðanum eða ekki — en eins og þið vitið, getur ekki verið um aðra dauðaorsök að ræða.— Sir Arthur hefir sjálfur sagt, að skotið, sem varð manninum að bana, hafi hlaupið úr sinni byssu, án þess hann viti, hvernig það atvikaðist. Ef þið því getið, samkvæmt samvizku ykkar, lýst því yfir, að maðurinn hafi "dáið af slysum", skal ég með ánægju skrifa það í dómarabókina".

Dómneíndin gaf strax þennan úrskurð, sem mælst var til, og eftir að dómarinn hafði hvíslað fáeinum orðum að formanni neíndarinnar, bætti hann því við, að ekki væri nokkur ástæða til að ásaka Sir Arthur á nokkurn hátt, annan eins heiðursmann, og þar eð formaðurinn var slátrari og hafði all-mikil viðskifti við Haughton Court, má treysta því, að hann talaði af alvöru.

En jarlinn? Hvað skyldi hann hafa hugsað um dómneíndar úrskurðinn?

Án þess að hreyfa sig, beið hann loka réttarhaldsins, og þegar aðrir bjuggust til burtferðar, stóð hann einnig upp, hneigði sig ofurlitið fyrir dómaranum í kveðjuskyni, sneri sér svo við og gekk til dyranna.

Fólkið vék til hliðar fyrir lávarðinum, en enginn var svo djarfur að heilsa honum, nema Mr. Grosse, hann gekk í veg fyrir hann og rétti honum hendina um leið og hann tautaði eitthvað.

Jarlinn leit við honum og kinkaði kolli, eins og hann vildi segja: — "Ég sé þig, en það er mér ekkert gleðiefni".

Svo fór hann út.

"Nú sérðu það sjálfur, að hann lætur sem við séum ókunnugir, þó ég sé nánasti frændi hans".

Jarlinn gekk að vagni sínum og upp í hann, skipaði ökumanni að haldaa af stað, og svo hvarf vagninn jafn skyndilega og hann var kominn, en fólkið þurfti nú að koma með ýmsar getgátur um komu þessa mikla manns.

3. KAPÍTULI.

Jarl Fatheringham.

Fatheringham bærinn var fagur og sögufrægur, hann var ofurlítið nær Haughton heldur enn hinu þorpinu, sem eigandinn kendi sig við. Það er að segja, það hafði verið þorp þangað til fyrir 20 árum síðan, en nú var það baðstaður með öllu því skrauti og þægindum, sem þar til heyra. Undir eins og jarlinn var kominn heim, gekk hann inn í bókhlöðu sína, settist við skrifborð sitt og skrifaði langt bréf, sem endaði þannig:

"Sendu strax boð til lögreglunjósnaranna, eða farðu þangað sjálfur, ef þú mátt vera að því, og náðu í bezta njósnarann, sem til er. Láttu hann koma hingað, en hann verður að vera dulbúinn. — Hann verður að koma strax og þarf engan tilkostnað að spara, því ég skal fá honum nóga peninga".

Hann lokaði bréfinu, hringdi klukkunni, og áður enn liðnar voru 15 mínútur var það á leið til lögmanns hans í Lundúnum.

Án þess að ætla okkur að rannsaka hina huldu kima í hugsun jarlsins, skulum við nú athuga, hver hann er og hvað fólk segir um hann. Hann var barnlaus ekkjumaður. Kona hans var dáin fyrir svo löngum tíma, að sorgin yfir missi hennar hlaut að vera farin að réna. Samt hafði aldrei heyrst, að hann hefði hugsað um, að gifta sig aftur, þrátt

Vér Höfum Aðeins Eitt Járn í Eldinum

Það er, að bóa til MAGNET Rjómaskilvindur, og það tekur upp allan vora tíma. Þessvegna er skilvinda vor þannig gerð, að vér getum ábyrgst hana að vera úr besta efni, af bestu gerð og endingarbezta. MAGNET er gerð til þess að aðskilja hreinlega. Vélin sannar það daglega.



Stjórn Nova Scotia fylkis,
Skrifstofa Akuryrkju-deildar,
Halifax, N. S., Sept. 13., 1904.
The Petrie Mfg. Co., Ltd.
Hamilton, Ont.

Kæru herrar.—Vér höfum notað Magnet skilvinduna yðar sumarlangt, með umferðar smjörgerðarskóla vorum og höfðum hana altaf í bráki og bráðum hans einnig á fyrirmyndarbúi voru í Truro. Það gleður mig að geta vottað, að hún fullnægði algerlega kröfum vorum, og ég hefi engar kvartanir heyrt um hana hvar sem hún hefir verið notuð. Yðar einlægur,
(Undirskr.) B. W. CHIPMAN,
ritari Akuryrkjudeildar.

Að endingu hefir MAGNET vélin engan jafningja. Öll stykki eru sterk og nægilega traust til að endast æfilangt. Ekkert stykki er svikið Hver vél er eins traust eins og veikasta stykkið í henni. Magnet hefir engin veik stykki, öll eru sterk og endingargóð.

Vér óskum að allir væntanl. viðskiftavinir skoði MAGNET vélina og sannfæri sig um að lýsing vor á henni sé rétt.

The Petrie Mfg. Co., Limited
WINNIPEG
HAMILTON. ST. JOHN. REGINA. CALGARY.

Hið gamla félag
Heintzman & Co.
PIANO

Uppáhalds hljóðfæri heimsfrægustu hljómfræðinga sem komið hafa til Canada. Friedheim, Hyllested, Burmeister, Albani, og aðrir merkir hljómfræðingar hafa mikillega hælt Heintzman & Co. Pianó. Burmeister sagðist "aldrei hafa spilað á Pianó sem betur hefði fullnægt kröfum sínum þegar hann hefði haft opinberar samkomur". Albani sagði: "Það er betra en nokkurt annað Pianó sem ég hefi notað". Sannarlega er það Pianó gott sem þannig fullnægir vándlætiskröfum heimsfrægra hljóðfæra leikenda, og verðskuldar að vera keypt af Canadabúum

J. J. H. McLean & Co LIMITED.

528 Main St. Talsími 808
ÚTIBÚ Í BRANDON OG PORTAGE LA PRAIRIE.

Íslendingadagsfundur

verður haldin í Good Templars Hall, (neðri salnum), á fimtudagskveldið í þessari viku, 20. þ m., kl. 8. Íslendingar eru beðnir að sækja þennan fund vel, og vanda til kosningu nefndar þeirrar sem þar á að kjósa til að standa fyrir þjóðminningarhátíð hér í borg, 2. ágúst í sumar.

Fréttir úr bænum.

Að fregnsambandið milli Austur- og Vestur-Íslendinga sé orðið sann gjarnlega viðunanlegt, má sjá af því, að hraðskeyti það, sem sent var frá Íslandi til Heimskringlu og Lögbergs þann 12. þ.m., var afhent hér á skrifstofuna kl. 10.20 f. h., og eftir klstund, eða kl. 11.25 var það prentað í Heimskringlu, og blaðið komið út um borgina í hendur sumra kaupenda fyrir kl.12.

Dr. G. J. Gíslason, frá Grand Forks, N. Dak., kom hingað til bæjarins á laugardagskveldið var, 15. þ.m. Hann dvaldi fram á mánudag og heimsótti nokkra kunningja og vini hér í bænum. Hann á mjög annríkt og sækir mikið að honum, enda er hann nú þegar búinn að fá á sig almenningsorð þar syðra, sem einhver bezti læknir ríkisins.

Jarðskjálfti segja blöðin að orðið hafi hér í borg og víða í Manitoba. En svo var hann lítill hér í borginni, að fáir urðu hans varir. Jarðskjálftinn átti að hafa verið kl. 10.17 á laugardagskveldið var. Helzt fundu þeir kippinn, sem bjuggu á efri loftum í stórhýsum, og á C.P.R. hraðskeytastöðvunum höfðu sendivélarnar hætt starfi meðan kippurinn stóð yfir.

Séra Rögnvaldur Pétursson fer á föstudaginn kemur suður á ársþing Ameriska Únitara félagsins, sem haldast á í Boston, Mass., í þessum mánuði. Séra Rögnvaldur og hr. Thorbergur Thorvaldsson, sem nú dvelur austur þar, mæta á þinginu sem fulltrúar Únitarasafnaðarins hér í bænum.

Síðasta fimtudagskveld andaðist hér í borginni Miss Guðbjörg Jóhannesson, alsystir Dr. Sig. Júl. Jóhannessonar, eftir allanga legu og uppskurð á Almenna spítalanum. Hún var heilsutæp um mörg undanfarin ár, og búin að ganga fleirum sinnum undir uppskurð við innvortis meinsemdum. Hún var góð stúlka og mjög vel látin af þeim, er hana þektu, eins og hún átti kyn til. Hún verður jarðsungin í dag (fimtudag) kl. 2 e.h. frá heimili hr. Jóns Ólafssonar, 770 Simcoe Street.

Blaðið "Grand Forks Tribune", dags. 13. maí, segir: "Í dag fundu nábúar J. Bensons hann sitjandi í námalotskofa nálægt Olga. Maðurinn hafði whiskey-flösku öðrumegín við sig, en nýju bibliuna íslenzku opna á borðinu fyrir framan sig. Hann var liðið lík og hafði framið sjálfsmorð með því að skjóta sig í höfuðið. Benson var einasta aðstoð foreldra sinna, sem eru komin hátt á áttræðisaldur, og konu og 5 ungbarna".

Ekkjan E. M. Sigurðardóttir í Pembina, N.D., á bréf á skrifstofu Heimskringlu. Bréfið er frá Jóni Jónssyni í Finnstungu. Bréfið hefir verið opnað af samneindri konu, þar í bæ, en var ekki til hennar, og hún sendi það hingað til umgetningar.

Á sunnudagskveldið kemur verður lesin ræða í Únitara kirkjunni eftir hinn fræga prest í "Borgar-Musterinu" í Lundúnum, séra R. J. Campbell, sem talinn er helzti forvígismaður hinnar svokölluðu "nýju guðfræði". Ræðan verður flutt á íslenzku. Byrjar kl. 7.

Frá Reykjavík kom 13. þ.m. Ragnheiður Vigfúsdóttir, ekkja, og 2 synir hennar, Jón Kristján og Jón, Jónssynir, og ennfremur Jón Stefán Magnússon, bróðir Mrs. H. Sigurjónsson, Alverstone St. hér í borg. — Fólk þetta sagði gott tíðarfar á Íslandi og afla góðan, einkum á botnvörpunga skipum. Eitthvað af fólki hélt það mundi koma vestur á þessu sumri.

"Hin nýja stefna heilsufræðinnar" heitir langur og fróðlegur fyrirlestur, sem Dr. Ólafur Stephensen flutti á Menningarfélags fundi hér í borg þann 11. þ.m. Fyrirlesturinn verður birtur í þessu blaði, og átti að byrja í þessu númeri, en vegna þess, að annar prentarinn veiktist, gat þetta blað ekki orðið nema 4 bls., svo ekki var rúm til að byrja á fyrirlestrinum, en hann kemur í næsta og fylgjandi blöðum.

Blaðið Minneota Mascot segir, að Albert Guðmundsson bóndi í Minneota, Minn., hafi skotið sig til bana þann 12. þ.m. — Hann hafði verið sinnisveikur um nokkurn undanfarinn tíma. Hann var 44 ára gamall, og eftirlætur ekkju og 4 börn.

Dagblöðin hér í borginni gátu þess nýlega, að Guðjón Ísleifsson, að Lundar P.O., Man., hefði ráðið sér bana um síðustu helgi. Hann var kominn hátt á sjötugs aldur.

BAZAR

Kvenfélag Únitara safnaðarins hefir ákvarðað að hafa BAZAR þann 19. maí. Bazarinn verður haldinn í samkomusal Únitara. — Þar verða margir þarflegir og eigulegir hlutir á boðstólum með svo sanngjörnu verði, að hvergi er hægt að kaupa ódýrar. Það er því vonandi, að fólk kaupi þar fremur enn í búðunum þá hluti, sem hvert heimili þarfnast daglega.

Ágætt kaffi með brauði verður selt hverjum sem óskar.

TOMBOLA og DANS

verður haldin í efri Good Templara salnum 31. maí undir umsjón nokkurra ungra stúlkna og pilta. Ágóðinn verður gefinn til stúkunnar Heklu.

Vér lofum góðum dráttum og 3—4 klukkutíma dansi með sérlega góðu fyrirspili. Nefndin.

Mó-rauðir Skór Eru "Það".

Þeir köldustu, hreinustu og vöðfeldustu hitaveðurs-skór eru Móleðrar — "Tans".

Þeir eru reglulegir fótsælendur.

Nú, þegar fólkið þarf Móleðra, þá höfum vér þá í öllum nýjum litum og vaðnlegri og góðri áferð og með sanngjörnu verði.

Kven Móleðrar, hátt eða lágir..... **$3.00 til $5.00**
Karlm. Móleðrar, hátt eða lágir..... **$4.50 til $7.00**

Ryan-Devlin Shoe Co
494 MAIN ST. PHONE 770.

Boyd's Brauð.

Bezta brauð er ódýrast.
Boyd's brauð eru gerð úr bezta mjöli af beztu bökurum með nýtísku rafmagnsvélum. Engin hönd snertir brauð vor frá því mjölið er tekið úr sekknum þar til brauðin koma úr ofninum, vel bökuð, full vigt.

Boyd's

Bakery Cor. Spence & Portage Ave
Phone 1080.

Íslenzkur Tannsmiður,

Tennur festar í með Plötum eða Plötulausar. Og tennur eru dregnar sársaukalaust með Dr. Mordens sársaukalausu aðferð

Dr. W. Clarence — Tannlæknir.
Sigurður Davidson—Tannsmiður.

620½ Main St.
Phone 470 Horni Logan Ave.

BILDFELL & PAULSON
Union Bank 5th Floor, No. 520
selja hús og lóðir og annast þar að lútandi störf; útvegar peningalán o. fl.
Tel.: 2685

J. L. M. THOMSON, M.A., L.L.B.
LÖGFRÆÐINGUR. 255½ Portage Ave.

ANDERSON & GARLAND
LÖGFRÆÐINGAR
35 Merchants Bank Bldg. Phone: 1561

BONNAR, HARTLEY & MANAHAN
Lögfræðingar og Landskjala Semjarar
Suite 7, Nanton Block, Winnipeg

Hubbard, Hannesson and Ross
LÖGFRÆÐINGAR
10 Bank of Hamilton Chambers
Tel. 378 Winnipeg

A. S. BARDAL
Selur líkkistur og annast um útfarir. Allur útbúnaður sá bezti. Enfremur selur hann alskonar minnisvarða og legsteina.
121 Nena St. Phone 306

Ætlið þér að flytja?

Hafið þér í huga að kaupa yður GAS RANGE fyrir nýja heimilið yðar?
Gas-stóar deildin er til að þjóna Gasnotendum, og GAS ÁHÖLDIN eru vorar helstu söluvörur. Vér bjóðum yður að koma og tala um þetta við oss.

Gas Stove Dept. Winnipeg Electric Ry. Co.
322 MAIN ST. TALS. 2522

Nýji Vor-fatnaðurinn þinn.

EF HANN KEMUR FRÁ CLEMENT'S — ÞÁ ER HANN RÉTTUR.

Réttur að efni, réttur í sniði réttur í áferð og réttur í verði.

Vér höfum miklar byrgðir af fegurstu og beztu fataefnum. —

Geo. Clements & Son
Stofnað árið 1874
264 Portage Ave. Rétt hjá Free Press

Th. JOHNSON
JEWELER
286 Main St. Talsími: 6606

JOHN ERZINGER
TÓBAKS-KAUPMAÐUR.
Erzinger's skorið reyktóbak $1.00 pundið
Hér fást allar neftóbaks-tegundir. Óska eftir bréflegum pöntunum.
McINTYRE BLK., Main St., Winnipeg
Heildsala og smásala.

Dr. G. J. Gislason,
Physician and Surgeon
Wettington Blk, - Grand Forks, N. Dak
Sjerstakt athygli veitt AUGNA, EYRNA, KVERKA og NEF SJÚKDÓMUM.

Drs. Ekern & Marsden,
Sérfræðislæknar í Eftirfylgjandi greinum: — Augnasjúkdómum, Eyrnasjúkdómum, Nasasjúkdóm um og Kverkasjúkdómum.
Í Platky Byggingunni í Bænum
Grand Forks, :: N. Dak.

S. F. Ólafsson
619 Agnes St. selur Tamarac fyrir $5.50 og $5.75 gegn borgun út í hönd.
Telephone: 7812

Jónas Pálsson,
SÖNGFRÆÐINGUR,
Útvegar vönduð og ódýr hljóðfæri.
460 Victor St. Talsími 6803.

W. R. FOWLER A. PIERCY.

Royal Optical Co.
327 Portage Ave. Talsími 7286.
Allar nútíðar aðferðir eru notaðar við augn-skoðun hjá þeim, þar með hin nýja aðferð, Skugga-skoðun, sem gjöreyðir öllum ágiskunum. —

Laing Brothers
3 Búðir: 234-6-8 KING ST. Talsími 4476, 5690, 5691
417 McMILLAN AVENUE Talsími 5598
847 MAIN ST. — Tals: 3016

Hafrar, Hey, Strá,
COUNTRY SHORTS, BRAN, CORN, CORN CHOP, BYGG CHOP, HVEITI CHOP, OG GARÐAVEXTIR.
Vér höfum bezta úrval gripafóðurs í þessari borg; fljót afhending

fyrir það, að hann hafði tekið mikinn þátt í samkvæmislífinu þangað til fyrir 3 árum, og fleiri enn ein fögur stúlka hafði vakið athygli hans. En á þessu tímabili misti hann einkason sinn og erfingja, lávarð East, og menn héldu að það væri hrygðin yfir missi hans, sem kom Fatheringham lávarði til að snúa baki við heiminum. Atvikin til þess, að sonur hans dó, voru einnig mjög leiðinleg. Þegar hann var fullvaxinn, gerðist hann hinn mesti slarkari, svo að þegar hann kom heim, 22 ára gamall, var hann eyðilagður bæði á sál og líkama og þjáður af ýmsum sjúkdómum, sem drógu hann til dauða. Enda bar dauðann svo brátt að, að læknirinn gat að eins verið til staðar til að horfa á síðasta bardaga lífs hans, án þess að geta notað nokkur lyf. Þegar lávarður East var dáinn, heimsótti hr. Grosse jarlinn til að votta honum samhrygð sína, en um leið minti hann jarlinn á, að nú væri hann nánasti erfinginn, bæði að eignunum og jarlsnafninu. Þessu reiddist jarlinn svo mjög, að hann stóð upp úr sæti sínu og gekk út úr herberginu, sem þeir sátu í, og hefir frá þeirri stundu aldrei virt hr. Grosse viðlits, og því síður viðtals.

Þessi atvik gleymdust samt furðu fljótt af því að önnur stærri bar þá að höndum, sem sýndu, að jarlinn var orðinn mannhatari. Eitt þeirra var ósátt hans við hertogann frá Instaple. Það stóð þannig á, að jarlinn hafði heimild til að skipa prest í Turfesókn, en í þeirri sókn stóð atkvæðamesta höll hertogans, Stolneshire. Þegar embættið losnaði, skipaði jarlinn evangeliskan prest í það, en hertoginn var meðlimur biskupakirkjunnar. Hertoganum brá í brún í fyrsta skifti, er hann var við messu hjá þessum nýja presti, og af því hann var óvanur því, að láta sinn hlut, lét hann strax byggja litla kirkju á landi sinu, og fékk biskupakirkju prest til að messa

í henni, jafnframt og hann lét prest þenna halda bænasamkomur í nágrenninu, til þess að leiða fólk að sinni kirkjuskoðan. En jarl Fatheringham vildi heldur ekki þola neinn ágang, fékk sér því nokkra evangeliska presta til að vinna á móti hinum, og sérhver prestur, sem hans trúarstefnu fylgdi, var ávalt velkominn á heimili hans. Hann furðaði því ekki á því, þegar þjónn hans, tveim dögum eftir réttarhaldið í Pólstjörnunni, kom inn til hans með heimsóknarmiða og þessi orð letruð á: "A. Copingstone, prestur, meðlimur hins evangeliska félags á Englandi". Jarlinn var tæplega búinn að borða morgunmatinn, vildi samt ekki láta prestinn bíða, stóð upp frá borðinu og gekk inn í næsta herbergi, þangað, sem prestinum hafði verið boðið inn. Hann var lítill vexti, herðabreiður, fjörlegur og ákveðinn á svip að sjá, með svart hár og skegg, hálflokuð augu og seinmæltur. Þegar jarlinn lauk upp dyrunum, stóð hann fjörlega upp af stólnum.

"Settu þig niður, herra", sagði jarlinn. "Þig langar til að tala við mig?"

"Já, það er líklega lávarður Fatheringham, sem mér veitist sá heiður að tala við?" sagði hinn.

Jarlinn hneigði sig, sem þýddi játun.

"Þá ætla ég strax að segja þér að nafn mitt er Wright, og að ég er njósnarinn, sem þú hefir gert boð eftir. Hér eru meðmæli frá hr. Sidebottom".

Um leið og hann sagði þetta seinmæltur mjög, rétti hann jarlinum bréf, sem hann opnaði og las:

"Lávarður. Þegar ég var búinn að lesa bréf þitt, fór ég strax að leita fyrir mér með njósnara, og var svo lánsamur, að geta fengið þenna bréfbera, sem er einn af þeim hygnustu og duglegustu njósnurum, sem hér eru til. Ég er og verð þinn auðmjúkur þjónn. W. J. Sidebottom".

Þegar jarlinn hafði lesið bréf þetta, leit hann með rannsakandi augum á mann þenna.

"Ó, nú skil ég", sagði hann, "ég gerði það að skilyrði, að þú kæmir í dulargerfi, og það hefirðu líka gert, og ég finn ástæðu til að hrósa búningi þínum. En þegar ég veit nú hver þú ert, þá er þér óhætt að tala með þínum eigin róm".

Herra A. Copingstone brosti og sagði:

"Ég hefi engan eðlilegan róm, hann er horfinn. Í minni stöðu verða menn oft fyrir skyndilegum atvikum, sem geta truflað fyrirætlanir þeirra, og því álít ég það heppilegast, að geta ávalt verið eða komið fram, sem annar maður en maður er. Jafnvel þegar ég sef, er ég að vissu leyti leikandi. Ég á heldur ekkert ákveðið nafn. Á lögreglustöðinni heiti ég hr. Wright, þar sem ég bý núna, heiti ég Brown, og þar, sem ég bjó næst áður, hét ég Wilkinson. Ég vel mér ávalt algeng nöfn, svo mér verði ekki bilt við, þó ég heyri þau nefnd. Ég hefi langa skrá af nöfnum, og sérstakan klæðnað, sem tilheyrir hverju nafni. En ég þreyti þig með þessu rugli".

"Nei, alls ekki, það sem þú hefir sagt mér, þykir mér bæði gagn og gaman í að heyra", svaraði jarlinn, sem var mjög ánægður yfir því að hafa fengið slíkan mann sér til aðstoðar.

Njósnarinn hneigði sig. Velvild áheyranda hans jók honum djörfung til að halda áfram.

"Ég hefi oft verið Copingstone áður. Ég hét Copingstone, þegar ég náði hinum alkunna Flerning — þú hefir máske heyrt getið um það mál — gjaldkeranum við héraðsbankann, sem strauk með 30 þús. pund til Pestle í Suður-Ástralíu".

Lávarður Fatheringham hristi höfuðið.

"Nú, jæja, það er líka nokkuð langt síðan. Eina leiðbeiningin, sem ég hafði, var óglögg lýsing af útliti hans, og að hann var vanur hér heima að sækja messur í baptista kirkju. Ég lagði af stað til Ástralíu — við höfðum ástæðu til að ætla að hann hefði farið þangað — og byrjaði þar að prédika, sem trúboði baptista kirkjufélagsins. Ég fór frá bæ til bæjar og prédikaði í öllum baptista kirkjum, en í hverja prédikun fléttaði ég setningar viðvíkjandi ostrokumanninum. Nú, ég kom þá líka til Pestle og prédikaði þar á hverjum morgni og hverju kveldi í stærstu baptista kirkjunni. Kveld nokkurt, þegar ég mintist á strokumanninn eins og vant var, sá ég að maður nokkur í instu stólunum hagaði sér svo einkennilega. Undir eins og ræðu minni var lokið, skauzt ég út um dyrnar á skriðhúsinu og hljóp að framdyrunum. Ég kom þangað líka mátulega, því pilturinn var þá að læðast út, en ég tók hann þar og lét flytja hann í fangelsi".

"Nú, og fanst þeim, þeim þarna inn í borginni, sem eru yfirboðarar þínir, þessi aðferð vel viðeigandi?" spurði lávarður Fatheringham, sem gramdist þessi háttsemi ofurlítið kirkjunnar vegna.

"Nei, það var fjarri því, lávarður, þeir fundu margt að henni. En samt sem áður, þegar úr einhverjum vandræðum er að ráða, þá senda þeir boð eftir mér. Þegar þín beiðni kom, sneru þeir sér fyrst að mér, þeim kom ekki til hugar, að senda eitthvert flón, sem gert hefði hávaða svo mikinn, að fuglinn hefði flogið".

LAND

Vér höfum ufinga fengið til sölu yfir 30 Section-fjórðunga, liggjandi að Oakbandsbraut C. N. R. félagsins. Verðið er frá $7.00 til $12.00 hver ekra. Ekkert af löndum þessum eru meir en 5 mílur frá járnbrautinni.

Skuli Hansson & Co.
Skrifst. Telefón 6476. Heimilis Telefón 2274

Heimskringla.

Alt landið

er ábyrgst að vera jarðyrkju land af bestu tegund, og fæst keypt með vægum afborgunar skilmálum. (N.B.—Lesið fyrripart þessarar augl. vinstramegin við Hkr. nafn.)

Frekari upplýsingar veita
Skuli Hansson & Co.
56 Tribune Building. Winnipeg.

XXIII. ÁR. WINNIPEG, MANITOBA, FIMTUDAGINN, 27. MAÍ, 1909 NR. 35

Komið til Mín!

og skoðið hjá mér hin margreyndu og alkunnu BRANTFORD reiðhjól.

Þau eru langbeztu reiðhjól sem fást hér í Canada, — og líklega þó víðar sé leitað. Ekki þurfið þér að óttast skilmálana; þeir munu koma heim við hvers manns vasabuddu. Komið til mín með gömlu reiðhjólin til aðgerðar.

West End Bicycle Shop,
JON THORSTEINSSON, eigandi.
477 PORTAGE AVE. Winnipeg, Man

Fregnsafn.

Markverðustu viðburðir hvaðanæfa.

— Nýlega er látinn á Englandi George Meredith, eitt af helztu skáldum og bókmentamönnum Breta. Það er almenn ósk brezku þjóðarinnar, að hann verði jarðsettur í Westminster Abbey í Lundúnum, eins og flestir mestu menn þjóðarinnar. En prestur þeirrar kirkju neitar algerlega að leyfa honum rúm þar, af þeirri ástæðu, að hann hafi verið frjálshugsandi maður, og eigi því ekki að grafst í "vígðri mold".

— Íbúar San Francisco borgar hafa varið rúmlega 213 þús. dollars í málsóknir móti fjárglæframönnum í bæjarstjórninni og öðrum embættismönnum borgarinnar. Málsókmr þessar hafa staðið yfir í sl. 3 ár, og eru enn þá ekki búnar. Öllu þessu fé hefir verið varið til að hreinsa til í borgarráðinu og hafa höndur í hári ótrúrra og óráðvandra þjóna hins opinbera.

— Innflutningur til Canada það sem af er þessu ári er með mesta móti. Um 500 innflytjendur fara gegn um Montreal á hverjum degi, er flestir ætla að setjast að í vestur Canada. Margt að þessu fólki hefir talsverð efni, til dæmis kom hópur af brezkum innflytjendum í sl. viku, um 197, sem höfðu samtals 60 þús. dollara til að byrja hér búskap með.

— Hon. Charles Mickle, sem í sl. 20 ár hefir verið fylkisþingmaður fyrir Birtle kjördæmið í Manitoba og var um eitt skeið fylkisritari í Greenway ráðaneytinu, — hefir auglýst það fyrir kjósendum sínum, að hann sæki ekki um kosningu framvegis. Því hefir verið fleygt fyrir, að í ráði sé að gera hann að dómara í fylkinu. Hann er góður drengur og réttsýnn og vel hæfur fyrir dómarastöðu.

— Félag hefir nýlega myndast til þess að leita auðæfa á sjávarbotni. Það hefir fengið einkaleyfi hjá Spánarstjórn til þess að leita í botninum á Vigo vík frá þessum tíma til ársins 1915, með því að selja stjórninni í hendur fimta hluta þess fjár, sem það kann að finna í víkinni. — Svo er máli varið, að árið 1702, þegar Spánarveldi var í mestum blóma, hafði það nær 9 miliónir punda inntektir á ári af starfsemi þegna sinna á Vestur-Indlandi. Það hafði haft þessar ársinntektir um all-langan undanfarinn tíma. En árið 1702 fluttu Spánverjar þriggja ára gróða sinn í Vestur-Indium heim til Vigo. Skipin, sem fluttu þessa auðlegð, höfðu fylgd spænskra herskipa. Sagan segir, að á þessum skipum hafi verið 28 miliónir pd. sterling í gulli og silfri. En Bretar og Hollendingar vissu af ferðinni og auðlegðinni, sem var á skipum þessum og höfðu fyrirsát. Sló þá í bardaga þar í víkinni, er skipin komu af hafi után. En til þess að auðurinn ekki gengi í hendur óvinanna, sem höfðu betur í bardaganum, þá söktu Spánverjar öllum auðnum þar á víkinni. Af þessari 28 milión punda sterling fúlgu, er sagt að náð hafi verið 3 miliónum punda, og að enn sé eftir í víkinni 24½ milión punda, eða nákvæmlega £24,651,323. En auk alls þessa var á skipunum mikið af dýrmætum steinum, sem meira en mundi borga margra ára vinnu við að ná þeim úr sjávarbotni, af því að verðmæti þeirra er talið nálega eins mikið og alls málmsins. Félagið, sem nú hefir fengið leyfi til að leita þessara auðæfa, gerir sér góðar vonir um, að finna þau, — hefir ef til vill nú þegar fengið vissu fyrir hvar þau liggja á mararbotni. Félagsstjórinn er ítalskur, Dr. Carlos L'Iberti. Hann byggir fundvon sína á uppfundningu nokkurri, sem annar Ítali hefir gert, að nafni Giuseppe Pino. Sú uppfynding er kíkir, sem hægt er að nota undir vatni, og sem hægt er að sjá í nákvæmlega alt, sem er á mararbotni á 6 þús. feta svæði út frá sér í allar áttir.

— Brezka stjórnin hefir lagt fyrir þingið frumvarp til laga um stofnun hjálpræðisstöðva þar í landi, til þess að útvega atvinnu þeim, sem atvinnulausir eru. Hugmyndin er að stofna 220 skrifstofur víðsvegar um landið, sem hafi það starf, að halda uppi nákvæmri eftirspurn um atvinnu og skýrslum um atvinnumarkaðinn, svo jafnan sé hægt að senda atvinnuleysingja þangað, sem þeir geta fengið atvinnu. Áætlaður kostnaður við þetta er ein milión dollarar á ári í næstu 10 ár, og $850,000 á ári þar eftir. Annað frv. fjallar um atvinnuleysisábyrgð svo atvinnulaust fólk geti fengið lífsuppeldi, þegar atvinnu brestur.

— Brezk blöð eru farin að finna til þess í hvert horf sækir með áfengisnautn þar í landi. Síðan sú breyting komst á vínsölulögin þar að börnum er ekki leyft að koma inn í vínsölustofur, þá hafa kærulausir foreldrar tekið upp á því, að binda börn sín við staura þá, sem ætlaðir eru til þess að binda hesta við. Þarna eru börnin látin standa tímum saman, meðan foreldrar þeirra sitja að sumbli inn á drykkjukránum og eyða þar þeim fáu skildingum er ættu að ganga til að seðja með hungur barnanna. Útlendir ferðamenn, sem ferðast hafa um England síðan breyting var gerð á vínsölulögunum, hafa skýrt frá ýmsu, sem fyrir þá hefir borðið í þessu sambandi. Til dæmis: — 1) Margar fjölskyldur höfðu farið út með börn sín á ákveðinn skemtistað á annan í páskum, en er á daginn leið, gerði þéttings rigningu, svo fólkið hélt heimleiðis. Á leiðinni varð það að ganga fram hjá vínsöluhúsi, og samstundis urðu allir þyrstir, konur og karlar. En börnin máttu ekki koma inn í drykkjustofuna. Foreldrarnir tóku því það til bragðs, að fá tvo flækinga, sem bar þæð að, til þess að passa börnin úti í rigningunni meðan þau fóru inn til að fá sér í staupinu og orna sér. Þarna sat fólkið inni hátt á annan klukkutíma og kom svo loks út ölvað og margt í illu skapi, en börnin höfðu staðið úti allan þann tíma hungruð og holdvot í umsjá flækinganna. — 2) Vegfarandi tók eitt kveld eftir því, að litið stúlkubarn var bundið við staur nálægt vínsöluhúsi nokkru. Hann komst að því, að barnið hafði verið þarna fulla 2 klukkutíma, meðan faðirinn var igni að seðja þorsta sinn. Barnið var farið að skjálfa af kulda, og var þar áð auki, eins og geta má nærri, bæði þreytt og svangt. En faðirinn hugsaði eingöngu um sjálfan sig. Barnið sagðist ekki rata heim til sín, þó það yrði leyst og yrði því að bíða þangað til faðirinn kæmi út og færi heim. — 3) Í einum stað sá vegfarandi veitingamanninn vera að gera það miskunarverk, að tæma vatnstrog, sem ætlað var gripum að drekka úr, fylla það með strái til þess að mæðurnar gætu lagt ungbörn sín í þetta flet, meðan þær gengju inn í veitingahúsið til að fá sér bjór eða vín. Hann segir að margar hafi notað sér þetta vegfyndi veitingamannsins.

Það er siður á Englandi, að járnvirskörfur eru festar á staura til þess að í þær sé látið rusl, sem ekki má vera á götunum, svo sem pappír og þess háttar. Í einu sliku hylki sá einn ferðamaðurinn ungbarn. Honum varð starsýnt á barnið, og brátt komu fleiri þar að og staðnæmdust fyrir forvitnis sakir. Alt í einu kom slompfullur kvenmaður út úr hóteli þar í grend og skammaði áhorfendur fyrir, að vera að skifta sér af því, sem þeim kæmi ekkert við. Hún kvaðst eiga barnið og hafa vakandi auga á því frá glugga drykkju stofunnar. Síðan fór hún aftur inn í hótellið að drekka meira, en lét krakkann dúsa í ruslakörfunni.

— Mál hefir verið höfðað móti hinu svo nefnda Tolman lánfélagi. Tolman þessi er sagt að eigi aðsetur í New York, en engin sönnun er fyrir því, að sá maður sé til. Félagið hefir haft lánsstofnanir í ýmsum pörtum Canada, þar með í Winnipeg borg. Vextir þeir, sem félagið hefir tekið af lánum sínum, eru svo gífurlegir, að lögreglan hef ir skorist í leikinn. Nær 60 kærur eru á móti þessu félagi. Konur hafa haft aðal umsjón yfir lánunum á hinum ýmsu útibúum. Fyrir rétti hefir sannast, að félagið hefir tekið þessa vexti: Af $10 láni í 4 mánuði $8, af 18 dollara láni í 3 mánuði $6 og af $100 láni í 3 mánuði $33.20. Og öll lán félagsins voru veitt með svipuðum vildarkjörum, og alt af fengust nógir viðskiftavinir til að ganga að þess um kostum. — Það mun mega fullyrða, að félagið verði að hætta starfi og starísfólki þess hegnt fyrir verzlun þessa.

— James Sharpe og kona hans, sem í fyrra hófu göngu sína um Canada alt vestur að Yorkton undir nöfnunum "Adam guð" og "Eva", -- hafa nýlega verið kærð í Kansas City fyrir morð. Lögreglan þar syðra kunni ekki við að sjá þau ganga nakin um götur borgarinnar, en þó alvopnuð, og börn þeirra einnig vopnuð. En Sharpe brást illa við afskiftum lögreglunnar og skaut 2 eða 3 lögregluþjóna. Málið er enn ekki endað, en hjónin bæði sönnuð að sök.

— Þann 14. þ.m. voru þráðlaus talskeyti send milli Parísar og Melun, 35 mílur vegar. Sjómálaráðgjafinn var í París, en í Melun var einn af sjóliðsforingjum Frakka. Þeir töluðu lengi saman yfir þessa vegalengd gegn um loftið, og er sagt, að svo vel hafi heyrst samtalið eins og ef viðræðendur hefðu staðið hver hjá öðrum.

— Tveir menn frá Winnipeg hafa nýlega ferðast um Peace River héraðið, og segja það geyma undraverð auðæfi. Þeir fundu gull á nokkrum stöðum ofanjarðar og og harðkol víða í giljum og mikið af ágætu Ashphaltum og einnig votta fyrir olíu á ýmsum stöðum. Þeir lágu vel af landi þar vestra, og hvetja þangað bráðlega aftur til aðsetur.

— Snjófall mikið hefir orðið í Suður-Alberta í síðustu viku. Sauðburður stóð þá yfir, og er talið víst, að hjarðeigendur hafi tapað mesta fjölda lamba og kálfa og enda fullorðnum nautgripum og sauðfé vegna snjóa og kulda. Hjarðmenn þar hafa lítil húsakynni fyrir fé sitt, og sumir tapa því miklu, þegar slík óhöpp verða.

— Pilar Osorio, dóttir þýzks læknis og spanskrar konu, hefir nýlega spilað á piano í Bluthner Hall í Lundúnum fyrir mesta mannfjölda. Þessi litla stúlka er enn þá ekki fullra 4 ára gömul, en spilaði þó þung lög eftir frægu höfunda, svo sem Mendelssohns "Lpring Song", Haydn's "Gipsey Rondo" og fleiri slík stykki. Hálfbróðir þessarar stúlku er Pepito Arriola, ungur drengur, sem hefir einnig sýnt svo mikla sönghæfileika, að frægir tónfræðingar segja að hann muni verða jafningi Mozarts, þegar hann nái meiri aldri og þroska. Hann var og á þessari samkomu til að hlusta á systur sína spila.

— Abdul Hamid, hinn afdankaði soldán Tyrkja, seldi þann 21. þ.m. 5½ milión dollara virði af tyrkneskum skulda og hlutabréfum í hendur stjórnarinnar, eftir að hafa haft öll hugsanleg brögð í frammi til að komast hjá því. — Stjórnin hefir góða von um, að henni muni síðar takast, að ná frá honum þeim mörgu miliónum, er hann á á bönkum í útlöndum.

— Carnegie gamli hafir farið á fund Ítalíu konungs, en enginn veit erindið eða hvað þeim hefir farið á milli.

— Bandaríkjastjórn auglýsir, að útgjöld ríkisins á komandi fjárhagsári verði 1070½ milliónir dollara. Það eru hærri útgjöld en á nokkru undangengnu ári.

Vormenn.

Tileinkað "Ungmennafélögum Íslands".

Vormenn Íslands! — Yðar bíða
eyðiflákar, heiðalönd.
Komið grænum skógi' að skrýða
skriður berar, sendna strönd!
Huldar landsins verndarvættir
vonarglaðar stiga dans,
eins og mjúkir hrynji hættir,
heilsa börnum vorhugans.

Ungra krafta' og gáfna glæðing,
göfgi, í hugsun, verki, list,
íslenzk þjóðar endurfæðing,
Ísland frjálst— og það sem fyrst!
— Þetta' er helgum rúnum ritað,
röskva sveit á skjöldinn þinn!
Fegra merki geislum glitað
getur ekki himninn.

Hér er þunga þraut að vinna, —
þú átt leikinn æsku-her!
Sjálfsagt munt þú síðar finna
svalan blása móti þér.
En úr því að þinn er vakinn
þróttur, vilji, megin trú,
verðurðu, ekki' af velli hrakinn,—
vísum sigri hrósar þú.

Farðu um móðurmálið höndum
mjúkum bæði' í ræðu' og söng!!
Fjallkonunnar láttu löndum
lýsa gullna ennisspöng!
Frjáls og djarfur stattu' í stafni,
stýrðu beint og sveigðu' ei af,
svo þeir kenni', að konga jafni
knerri þínum sigli' í haf!

Láttu aldrei fánann falla!
fram til heiðurs stigið er.
Hver sem vill má hrópa' og kalla
hæðnis orð að baki þér.
Seinna' á þínum herðum hvíla
heill og forráð þessa lands,
þegar grónar grafir skýla
gráum hærum nútimans.

— — — — —

Vormenn Íslands, vorsins boðar,
vel sé yður, frjálsu menn!
Morgunn skóga' og rósir roðar,
rækt og trygð, er græðir senn.
Notið, vinir, vorsins stundir,
verjið tíma' og kröftum rétt,
búið sólskært sumar undir
sérhvern hug og gróðrarblett!!

Guðm. Guðmundsson.

— Þjóðviljinn.

— Nýlega er látinn í Bandaríkjunum H. H. Rogers, annar stærsti eigandinn í Standard olíu félaginu. Fyrir nokkrum vikum skifti hann 16 miliónum dollara upp á milli fjögra barna sinna, og voru þessar fjórar miliónir, sem hvert barn fékk, í hluta- veðskulda-bréfum og peningum.

— Hinn nýi Tyrkjasoldán skrifaði hann 22. þ.m. undir líflátsdóm 35 manna, sem sannað hafði verið að tóku þátt í áhlaupunum á Armeníumenn og drápi kristinna manna. Það virðist ljóst, að þessi nýi soldán ætli sér að vernda jafnt alla þegna í ríki sínu, án tillits til trúarbragða þeirra. Hann undirritaði og margar aðrar skipanir um þungar hegningar fyrir ýmsa aðra glæpi.

— Auðæfi mikil eru fundin í sorphaug í Cornwall á Englandi. Sir William Ramsey kveðst hafa rannsakað haug þann hinn mikla, sem er við Cornish námana í Corn wall á Englandi, og segir að í hverju tonni af málmblendingsruslinu, sem er í haugnum, sé $2.500 af Radium, og að í þessum stóra haug felist miliónir dollara virði af málmi. Sir Wm. Ramsey kveðst hafa rannsakað þennan málmblending og fengið ¼ gramm af Radium úr hverju tonni.

— Póstþjónar á Frakklandi gerðu verkfall mikið í síðustu viku, en stjórnin fylti jafnóðum stöður þeirra. Þegar verkfallsmenn sáu sitt óvænna, reyndu þeir að fá verkamenn alment til að gera einnig verkfall, en þegar það tókst ekki, urðu róstur miklar á götunum í París og öðrum bæjum Hús voru brotin og búðir ræntar, og þær skemdir gerðar á byggingum og öðrum mannvirkjum ríkisins, sem verkfallsmenn gátu áorkað. Lögreglan og herlið tók marga til fanga.

— Einkennilegur dómur var nýlega feldur í skaðabótamáli, sem svertingi einn í New York höfðaði móti manni, sem hafði látið handtaka svertingjann og kærði hann um peningastuld. Svertinginn var sýknaður fyrir dómi. Hann höfðaði þá mál gegn sækjanda fyrir karakter spell. En dómarinn vísaði málinu frá, sagði að svertingjar hefðu ekki sama tilkall til réttar eins og hvítir menn hefðu, því velsæmis tilfinningjar svertingja væru ekki eins næmar og hvítra manna.

— Fyrir þúsund dala veðmál henti maður sér út af brú í New York ríki, 130 fet niður í vatn. Hann var að mestu óskemdur eftir fallið, en var tekinn fastur, — kærður um að hafa gert tilraun til sjálfsmorðs, og sá er hvatti hann til áhættunnar með því að veðja við hann, var einnig sóttur að lögum fyrir áeggjanina.

OGILVIE'S
Royal Household Flour

Til BRAUÐ-GERÐA

Til KÖKU-GERÐAR

Gefur æfinlega fullnæging

HVAÐ ER NÝJAST Í FRÉTTUM?

Það, að alveg nýlega eru komin út póstspjöld, — fyrstu póstspjöldin, sem prentuð eru á íslenzku fyrir vestan haf, gefin út af Íslendingi og prentuð af Íslendingi, — með myndum á af 12 merkum Íslendingum lífs og liðnum. Allar eru myndirnar innan í nýja íslenzka flagginu, flagginu, sem þjóðin okkar hefir heitið að berjast undir, til sjálfstæðis, frægðar og frama á ókomnum tímum. Enn er ótalið það, er gefur þessum nýju póstspjöldum mest gildi, og sérstaklega fyrir það eru þau merkileg, en það er, að neðan við hverja mynd eru einkunnarorð eftir þann mann, er myndin er af. Frá 2—5 einkunnarorð eru eftir hvern mann, svo hver og einn getur valið úr hvaða einkunnarorð, sem hann vill. Þessi póstspjöld, — sem eru þau fyrstu sinnar tegundar — gera því meira en flytja kveðju eða orðsendingar milli fólks, því þau flytja með einkunnarorðunum sannleiksást, ættjarðarást, sjálfstæðis lögeggjan, djörfung og ást og virðingu fyrir öllu sönnu, fögru og góðu, eða með öðrum orðum: margar af háleitustu hugsjónum þessara manna.

Landar góðir! Hér eftir skulum við ekki láta bréfspjöldin okkar að eins flytja orðsending og kveðjur á milli okkar, heldur einnig láta þau sá frækornum þess ofangreinda í huga vorn. Það mun bera blessunarríka ávexti. Höfum ákveðin markmið með öllu, sem við gerum. Látum ekkert tækifæri ónotað til að glæða og efla alt sem gott er og fagurt.

Póstspjöldin kosta að eins 5 cents hvert.

Ennfremur er nýútkomið spjald, sem er 11x14 in. að stærð, með mynd af öllum þessum 12 mönnum á. Á því er mynd foringjans fræga, Jóns Sigurðssonar, innan í flagginu í miðju, en myndir hinna út frá á allar hliðar. Einkunnarorð eru einnig þar neðanundir hverri mynd. Þessi spjöld eru sérstaklega ætluð til að láta í umgerð. Þau kosta 50 cents.

Útsölumenn hér í borginni eru aðallega: H. S. Bardal bóksali, G. Thomas, í gullstássbúð sinni á Sargent Ave., og J. Jónasson, aldinasali í Fort Rouge.

Ennfremur getur fólk snúið sér munnlega eða bréflega (eða með því að kalla upp telefón númerin 3512 og 6803) til útgefandans A. J. Johnson's, 470 Victor st.

Útsölumenn í öllum íslenzkum bygðarlögum vestan hafs verða auglýstir í næsta blaði.

Sparið Línið Yðar.

Ef þér óskið ekki að fá þvottinn yðar rifinn og slitinn, þá sendið hann til þessarar fullkomnu stofnunar.

Nýtízku aðferðir, nýr vélaútbúnaður, en gamalt og æft verkafólk.

LITUN, HREINSUN OG PRESSUN SÉRLEGA VANDAÐ

Modern Laundry & Dye Works Co., Ltd.
307—315 Hargrave St.
WINNIPEG, MANITOBA
Phones: 2300 og 2301

VÍSUR.

(Vorharðindi).

Veðragaldurs veina óp,
Vakni Baldur sólar, —
Norðri baldinn neyðarhróp
Nistingskaldur gólar.

Stjörnubanda stillir hár
Stöðvi grand að morgni,
Að sínum vanda sólin klár
Sveipi land og orni.

K. Ásg. Benediktsson.

Telefón herra G. Johnsons, kaupmanns að North West Hall er númer 2590.

Herra N. Ottenson í River Park biður þess getið, að telefón númer sitt sé nú: Fort Rouge 684.

Wall Plaster

Með því að venja sig á, að brúka **"Empire"** tegundir af Hardwall og Wood Fibre Plaster er maður hár viss að fá beztu afleiðingar.

Vér búum til:

"Empire" Wood Fibre Plaster
"Empire" Cement Wall "
"Empire" Finish "
"Gold Dust" Finish "
"Gilt Edge" Plaster of Paris
og allar Gypsum vöruutegundir. —

Eiqum vér að senda yður bækling vorn?

MANITOBA CYPSUM CO. LTD
SKRIFSTOFUR OG MILLUR Í
Winnipeg, - Man.

Heimskringla
Published every Thursday by The
Heimskringla News & Publishing Co. Ltd

Verð blaðsins í Canada og Bandar $2.00 um árið (fyrir fram borgað).
Sent til Íslands $2.40 (fyrir fram borgað af kaupendum blaðsins hér $1.50.)

B. L. BALDWINSON,
Editor & Manager

Office:
729 Sherbrooke Street, Winnipeg
P.O. BOX 3083. Talsími 3512.

Orðbragðið.

Svo hét grein, sem Heimskringla flutti fyrir nokkrum árum, í þeim tilgangi, að benda Íslendingum á ósæmilegt orðbragð, sem alt of margir af vorum þá uppvaxandi ungu mönnum voru farnir að temja sér, og margir smádrengir tóku eftir þeim. Landar voru voru þá varaðir við þessum ósið, og þeim bent á, hvað illar afleiðingar hann hlyti að hafa fyrir framtíðar velferð þeirra, sem slíkt orðbragð legðu í vana sinn. Það var tekið fram, að af því lærðu börnin málið, að það væri fyrir þeim haft, með því að hin unga kynslóð myndar hegðun sína eftir þeim fyrirmyndum, sem henni eru settar, og það er alt af eldra fólkið, sem setur þær fyrirmyndir, og ber alla siðferðislegu ábyrgðina á því, hvernig þær eru.

Síðan hefir Íslendingum farið mjög mikið fram í þessu efni. Þeir hafa mannast í rétta átt, og mun það að miklu leyti að þakka því, hvernig börnin eru vanin á alþýðu skólunum, en þar er þeim að sjálfsögðu kent að vanda siðgæði sitt og framkomu alla, svo sem eðli þeirra frekast leyfir. Mest mun þó bera á framför þessari í bæjunum og í þeim sveitum, sem fjölmennastar eru orðnar og elztar, — þar sem þjóðfélagsskipulagið er búið að ná nokkurnveginn fullri myndun og alþýðuskólar eru komnir á traustan grundvöll, svo að þeir starfi þann lögákveðna 10 mánaða tíma á hverju ári. Í slíkum sveitum eru börnin að miklu leyti undir umsjón kennaranna, þar sem þau læra siðþrýði jafnhliða mentagreinum þeim hinum algengu, sem þar eru kendar. En það leiðir af sjálfu sér, að eftir því sem ungmennið nær meiri mentalegum þroska, eftir því lærist því betur að vanda alt siðferði sitt, þar með talið orðbragðið, enda er það viðurkent að vera hinn sanni spegill sálarlífsins og siðfágunar einstaklingsins. Gamli málsháttur inn að "oft megi af máli þekkja manninn hver helzt hann er", er sannur og áreiðanlegur. Allir, sem nokkra lífsreynslu hafa, hafa tekið eftir því, að á þeim heimilum þar sem alment velsæmi og háttprýði er ríkjandi meðal eldra fólksins, þar eru börnin siðsöm, háttprúð í látbragði og framgangsmáta öllum, og kurteis í viðræðu. Þau varast að hafa ljótt orðbragð um hönd, eða að gera nokkuð það annað, sem ekki er fyrir þeim haft, og sem þau vita, að eldra fólkinu er til ama. En þetta áðurnefnda orðtæki, að þekkja megi menn af máli þeirra, er ekki nægilega yfirgripsmikið, og segir ekki nema hálfan sannleikann. Því að þegar um börn og unglinga er að ræða, þá fær maður heyrt á máli þeirra ekki að eins það, hver þau eru, heldur einnig hvers kyns uppeldi þau hafa fengið, og hvernig siðfágun og heimilisbrag þau hafa alist upp við, og sem hafa kent þeim mál og siði. Barnsmálið er sem bók, er lýsir uppeldi þess og heimilisháttum. Af framkomu barnanna fær maður séð, hvort þeir, sem þau hafa haft sambúð við, eru siðfágað fólk eða mentunarlaus ruddamenni. Börnin eru endurskin heimilislífsins út á við, því einatt fylgir það mentunarleysinu, að málið verður ófágað og hrottalegt. Þetta gildir ekki að eins um íslenzka hlutann af þessu þjóðfélagi, heldur gildir það um öll þjóðfélög um víða veröld, og engu síður um alþýðu þessa lands, — hina "innfæddu" — en útlendingana, sem hingað flytja til bólfestu.

Blaðið "Savannah News" í Bandaríkjunum flutti nýlega svolátandi grein:

"Það er hryggilegur sannleiki, að blótsyrði eru mjög að fara í vöxt meðal drengja. Það er ekkert óvanalegt að heyra þar sem hópur smásveina er saman kominn, hvort heldur það er úti á götu, eða á opinberum skemtistöðum og leikvöllum, — að heyra þá bölva og ragna og klæmast, eins og þeir væru al-harðnaðir og gegnumsýrðir glæpa-ruddar. Þetta ástand er óþolandi. Frá hverjum, sem slíkt orðbragð kemur, er það hrylllilegt, en sérstaklega þegar börn og unglingar eiga hlut að máli. Af öllum heimskulegum og ljótum siðvenjum eru blótsyrði og ruddalegur talsháttur það ljótasta og viðbjóðslegasta. Siðsamleg framsetning máls í viðræðum er miklu áhrifameiri, þegar fúkyrðin er algerlega útilokuð. Í sannleika talað, þá hefir málið miklu minna gildi fyrir áheyrendur, ef það er tvinnað ljótum orðum, eða með því, að leggja guðs nafn við hégóma, — og þetta gildir jafnt, hvort talað er satt eða ósatt. — Viðbjóðsleg orðatiltæki og samlikingar eru aldrei sannfærandi, en eru ætið viðbjóðsleg öllum, nema ruddum þeim er beita þeim. Blótsyrði og ljótt orðbragð meðal fullorðinna manna eru að fara minkandi, að minsta kosti á öllum opinberum stöðum, og meðal allra þeirra, sem gera kröfu til heiðarlegs siðferðis og nokkurar mentunar. En eftir því, sem þetta fer rénandi hjá fullorðna fólkinu, eftir því virðist það aukast meðal barna og unglinga, sem virðast álíta það mikilmenskuvott, að hafa sem ljótast orðbragð og reykja vindlinga (Cigarettur)".

Af grein þessari er það ljóst, að það eru fleiri enn Heimskringla, sem finna hvað að er, og þykir full þörf að hafa orð á því.

Einn sérlega heiðvirður bóndi íslenzkur hefir kvartað undan illu orðbragði meðal unglinga í sínu bygðarlagi, og mælst til þess, að Heimskringla gerði það að umtalsefni, og það er meira enn velkomið, að blaðið verði við tilmæli um hans. En jafnframt vildum vér benda á, að blaðagreinar um efni þetta eru ekki einhlýtt lækningalyf. Hitt kynni að hafa meiri og varanlegri áhrif, að þeir af innansveitabændum, ásamt skólakennaranum og öðrum, sem finna til þessa ósiðferðis, vildu stofna til fundahalda í sveit sinni til þess að ræða um þetta mál. Það mætti vel hafa 2—3 slíka fundi, og einnig mætti hafa samtök til þess að undirbúa og hafa vísan ræðumann eða konu til þess á hverri einustu samkomu, sem haldin kann að verða innan sveitarinnar, að taka mál þetta til íhugunar, þar til bót er ráðin á orðbragðinu.

Í þeim íhugunarræðum mætti benda blótseggjunum á ýmislegt vekjandi, svo sem það, að blótsyrðin og ruddalegt mál sé bein afleiðing af vits og þekkingarskorti, og skorti á sómatilfinningu og sjálfsvirðingu þeirra, sem þannig tala, — að orðbragð þeirra sé móðgandi fyrir velsæmistilfinningar hins siðfágaðra hluta bygðarbúa; — að það sé börnum og ungingum til ills eftirdæmis; — að þeir setji blett á sveit sína í hugum manna út á við, og að þeir séu til vansæmdar ekki að eins sveitarfélagi sínu, heldur einnig öllum vestur-íslenzka þjóðflokkinum; — að þeir séu þeim bein vanvirða, sem hafa alið þá upp og þeir hafi sambúð við, og að á þá sé bent með fyrirlitningu, sem viðbjóðsleg þrotaflök. Að ekki eingöngu sé þeirra eigin persónulegt velsæmi í veði, heldur sé framtíð þeirra í veði með því að þeir geti ekki vonast eftir, að komast í nokkrar heiðarlegar stöður eða atvinnuvegi í annara þjónustu, nema með því eina móti, að þeir leggi blótsósiðinn algerlega niður.

Væri þannig talað við unglingana, ekki með þykkju eða illindum, heldur með vingjarnlegu viðmóti en í fullri alvöru, þá ætti það á tveggja til þriggja ára fresti að geta borið heillarikan ávöxt, ekki einungis á unglingana, heldur einnig á þá fullorðnu, sem hlut kynnu að eiga að máli, og sem verið hafa fyrirmyndir þeirra yngri í þessu efni. Því það er algerlega áreiðanlegt, að börn og unglingar læra blótsyrðin frá þeim eldri, og einmitt af því, að eldra eða fullorðna fólkið ber alla siðferðisábyrgðina af þessu ástandi, þess vegna ber því að hefjast handa til þess að fá ósið þennan afmáðan.

Það má og ætla, að hver sá maður, hvort hann er ungur eða gamall, sem í einlægni og með alvöru er bent á að bæta ráð sitt í því, að vanda orðbragðið sem bezt, muni taka þeim bendingum vel og reyna af alefli að afmá ósiðinn úr fari sinu, svo framarlega sem hann er gæddur nokkurri tilfinningu fyrir sóma sínum. Þeir, sem ekki hafa þá tilfinningu, geta verið undanþegnir öllum átölum. Þeir geta ekki borið ábyrgð gerða sinna, — en vonandi eru þeir fáir í hverju bygðarlagi.

— Skipið "Mauretania" fór nýlega yfir Atlantshaf á 4 dögum 16 kl.stundum og 53 mínútum. Það er fljótasta ferð, sem nokkru sinni hefir farin verið milli Englands og Ameríku, og jafngildir nálega 26 mílna hraða á klukkustund, að jafnaði.

Hin nýja stefna heilsufræðinnar.

Fyrirlestur flutur á Menningarfélagsfundi þriðjudagskv. 11. Maí 1909, af

Dr. O. Stephensen.

Herra forseti, háttvirtu tilheyrendur, konur og menn!

Með hinni "nýju stefnu heilsufræðinnar" meina ég þær breytingar, sem á hafa orðið í skoðun manna á eðli og meðferð sjúkdómanna síðastliðin 35 ár.

En til þess fyllilega að geta sannfærst um, eða skilið til fulls eina þeirra, þá lang yfirgrips- og þýðingarmestu, er alveg nauðsynlegt, að rifja upp lítið eitt fram í tímanum atvik það, er knýr þessa stefnu fram. Það er eins í þessu máli, eins og með flesta aðra merkisviðburði í sögunni, að ástæðuna er ekki æfinlega að finna eingöngu í þeim tíma, er viðburðirnir fara fram á, heldur oft og einatt í tíma undangenginna alda. Ég vil því leyfa mér með örfáum orðum, að skýra yður frá ástæðunum, sem næstar okkur liggja í tímanum, og hafa mesta þýðingu.

I.
INNGANGUR.

Áður á dögum þektu menn ekki orsakir sjúkdómanna, og því var það, er sjúkdóma bar að höndum, eða drepsóttir geysuðu yfir löndin og strá-deyddu fólkið, að mönnum varð að standa sem þrumu lostnum og spyrja, hvað veldur þessu? En af því svarið gafst ekki greiðlega, fór eins og oft vill verða, er sút og sorg ber að höndum, að leitað var hugfróunar í skauti trúarinnar, og jafnvel komist á þá skoðun, að sjúkdómar og drepsóttir væru sendar að vilja skaparans til ógnunar og typtingar mönnum fyrir misgerðir þeirra.

Engu síður verður sú skoðun, er tímar framliða, mannlegum anda ófullnægjandi eftir því sem hann þroskast, og því er næst leitað á náðir heimspekinnar, sem upp frá því, eða alt frá dögum heimspekinganna fræguPlatons og Aristotelesar, er hin ókrýnda drotning allra heilsufræðisskoðana, er framkomu á tímabili fornaldarinnar og fram á miðaldir. En beri maður læknisfræðina saman við aðrar listir, er það auðsætt, að henni hefir þokað hægt fram, hægar en þeim; enda er það von, þar sem hún er svo fastbundin við reynslu-sannleikann, — og hann fer fet fyrir fet — og er nú fyrir skömmu farinn að geta skýrt dálítið lögmál náttúrunnar og lífsins. Myndskurðir og málverkagerð komust í fornöld á hæsta stig, en mannskurðir og lækningar voru skamt á veg komnar, á öðru var ekki vön, því að þótt forneldin ætti skarpvitra lækna, eins og t. d. Hippocrates og Galen og fleiri, sem rendu grun í margt, var vísindunum svo lítið vaxinn fiskur um hrygg, að þau gátu engu valdið, ekkert sannað, eða látið sér að kenningu verða.

Allir mannskurðir voru hættulegir, jafnvel hroðalegir á þeim dögum. Uppskurðar herbergin líktust fremur sláturhúsum en sjúkrahúsum, og af því menn þektu ekki blóðrás mannlegs líkama nógu vel, þá veitti oft örðugt að stöðva hana, og stundum blæddi sjúklingunum út í höndum læknanna; svo tekið var til þeirra ráða, að skera með glóandi hnífum til að sviða fyrir sárið með, og má geta nærri, hver kvöl það hefir verið fyrir sjúklinginn. Að gerast sáralæknir á þeim dögum, var ekki fýsilegt, því öll sárgræðsla var á mjög svo lágu stigi, en það var að tefla á tvær hættur, ef skorið var í hörundið.

Nú er öldin önnur, nú geta menn skorið stór mein burtu, án þess að blóðdropi missist að heita má, og án þess að sjúklingurinn finni til minstu vitund (með því að deyfa), en jafnframt verið viss um að geta grætt sárið, — já, jafnvel komið í veg fyrir sóttnæm veikindi, að minsta kosti dregið úr dauðamagni þeirra. En að svo er, má þakka því, að á meðan þjóðmálagarparnir hrifu menn hvellum rómi til kapphlaupa um frelsi og framfarir, en hersnillingarnir skipa sem vigvænlegast fyrir til manndrápa og láta sem ófriðlegast, — hafa nokkrir menn leitað og leitað, en jafnframt haft lágt um sig, að ráði til að deyfa eggjar dauðans í drepsóttum og eiturmeinum, verja til þess öllum stundum alla æfi og láta oft lífið í baráttu fyrir lífi annara.

Heilbrigðisfræðin, eða það, að afstýra sjúkdómunum, má með sanni segja að slái fegurstum bjarma á sögu nítjándu aldarinnar. Almennar heilbrigðisreglur höfðu jafnvel tíðkast hjá Egyptum og í Móses lögum má sjá, að gerðar hafa verið þýðingarmiklar ráðstafanir í þá átt. Eins og orðtakið "heilbrigð sál í hraustum líkama" — sem upprunalega er grískt — bendir til, hafa Grikkir í því, sem öðru fleiru, haft augun opin fyrir því, hvað líkamsæfingar voru nauðsynlegar til að viðhalda góðri heilsu, enda voru þær í hávegum hafðar hjá þeim. Einnig Rómverjar voru til forna lengra á veg komnir, hvað almennum böðum og vatnsleiðslu viðvék, en vér erum yfirleitt enn þann dag í dag.

Nútíma heilsufræði hefir langt um stærra verksvið en þá var, sem eins mikið er komið undir því að komast fyrir af hverju sjúkdómarnir stafi, eins og hinu, undir hvaða kringumstæðum og einkennum þeir koma í ljós.

Dr. Jenner, sem fann aðferðina til að afstýra bólunni á 18. öldinni, ber heiðurinn fyrir, að hafa grundvallað þá þekking með bólusetningunni, og þeir Capt. Cook og Sir Gilbert Blaun, hvernig komið var í veg fyrir að menn fengju skyrbjúg.

En mikilvægustu tímamótin í sögu heilsufræðinnar verða þegar frönskum vísindamanni tekst að kippa fótunum undan lífskviknunar kenningunni (Generatio Equivoca, eða Spontanous Generation) og öllum fyrri tíma getgátum um eðli og orsakir sjúkdómanna, en opnar vísindunum jafnframt nýjan heim til rannsóknar með tilstilli smásjárinnar (Microscop).

Frá alda öðli hefir menn mjög deilt á um það, hvort lif geti kviknað án frækorna eða eggja. — "Hver líkami sem vöknar og hver votur sem þornar, framleiðir kvikindi", segir Aristoteles, lærðasti spekingur fornaldarinnar. Virgil, skáldið latneska, sem jafnframt var náttúrufræðingur, hafði fundið að býflugur kviknuðu í rotnum innyflum ungneyta. Bezt þótti þó segja til stuðnings lífskviknuninni Van Helmont nokkrum, frægum gullgerðarmanni við hirð Lúðvíks konungs 14, Frakkakonungs, sem var uppi um miðja 18. öldina. — Hann gaf svofallandi ráð til þess, að veiða sem mest af músum, sem þá voru uppáhaldsdýr hirðarinnar (skinnið var sem sé haft til hanskagerðar): "Tak skitna skyrtu og troð henni í kyrnu með korni í, eftir 21 dag koma svo mýs". Mýslur koma fullorðnar í heiminn, sagði Van Helmont gamli, og þurfa ekki annað en að koma saman til að aukast og margfaldast. Þarna voru staðhæfingar 3 merkra vísindamanna úá mismunandi tímabilum fornaldar- og miðaldanna, sem áhangendur lífskviknunarinnar báru fyrir sig, en þrátt fyrir það, hafði hún aldrei verið fyllilega sönnuð, og sumir efuðust og fóru vísindalega að blóta á laun. Þannig fann Jesúíta klerkurinn Kirker 1771, sem fyrstur varð til að rannsaka með ofurófullkominni smásjá (Microscop), "mjög smáa lifandi orma í keti, mjólk og osti", en þeir höfðu náttúrlega kviknað af sjálfum sér, eða svo héldu menn þó í óvissu, samkvæmt skoðun lífskviknunarinnar. En lítið eftir miðja 19. öld þóttist efnafræðingurinn mikli, Pouchet, sanna frammi fyrir vísindafélaginu franska í Paris, að lífskviknunin væri enginn hugarburður, heldur ætti sér stað í raun og veru, og færði til sönnun, sem hér yrði bæði of strembin og torskilin í ljótu bragði að til færa.

Þetta var stórkostlegur sigur fyrir lífskviknunina og áhangendur hennar og nafn Pouchet var á hvers manns vörum. En fyrir vísindin og framþróun þeirra hefði það orðið heljar und, ef ekki á sama tíma hefði verið uppi í föðurlandi Pouchet sjálfs maður, sem ekki að eins græddi sárið, með því að rifa niður og hrekja allar sannanir Pouchet, en jafnframt byggja vísindunum upp aftur göfuga og háleita fræði, sem ekki hafði náð fram að ganga fyrir moðreik eldri útjaskaðra skoðana. Þessi maður var Louis Pasteur, fæddur á Frakklandi 27. des. 1822. Það má óhikað kalla hann mesta velgerðamann lifandi og komandi kynslóða Hann opnar fyrstur augu manna fyrir því, að í sjúkdómum berjist maður við óvin, sem ekki sjáist með berum augum, en sem sjáist í smásjá, sem stækki fleiri hundruð sinnum. Það séu lifandi smáverur, sem sveimi um í loftinu; ef þær komist inn í líkama vorn og blóð, geti sumar hverjar þeirra valdið sjúkdómum og jafnvel dauða. Lífskviknanin væri markleysa, "því að alt yrði til af sér, líku", "l i f a n d i". Með öðrum orðum, ekkert líf gæti kviknað eða komið í heiminn foreldralaust.

Veslings gamli Kirker, hver veit nema eitthvað í líka átt hafi vakað fyrir honum; en hafi svo verið, varð hann að láta sér lynda, að vera grafinn með hugsjónum sínum. Þessi smákvikindi hafa verið kölluð einu nafni "Bakteriur"; en sóttkveikjur hafa þær af þeim verið kallaðar á voru máli, er sóttum eð sýki valda. Síðan Pasteur gerði opinskáa kenning sína, sem var 1861, og kölluð er "bakteriufræði", hefir hver ágætismaðurinn í þeirri fræði tekið við af öðrum. Og tiltölulega skömmu eftir fundust sóttkveikjur taugaveikinnar, holdsveikinnar og miltisbrandsins. En mest um vert var þó, þegar Próf. Robert Koch í Berlin árið 1882 fann sóttkveikju tæringarinnar og hennar fylgi-sjúkdóma, og árið 1884 sóttkveikjuna fyrir Asíu kólerunni.

Síðan hafa ótal vísindamenn starfað óaflátanlega í þarfir bakteriufræðinnar, og auðnast að færa heiminum heim sannanir fyrir orsökum lungnabólgu, illkynjaðri hálsbólgu (Diptheria), stífkrampa, kveísótt (Influenza) og svartadauða (Buhonic Plague), fyrir utan sjúkdóma í kindum, hestum og öðrum dýrum.

II.
BAKTERÍURNAR OG ÁHRIF ÞEIRRA.

Vér höfum nú lítilsháttar athugað tildrögin til, hvernig fræði sú, er bakteriufræði nefnist, hefir smáþróast. Nú liggur beinast við, að taka til íhugunar, hvað vér vitum með vissu viðvíkjandi þessum smá versningum, og er þá fyrsta spurningin, sem liggur fyrir sú: Hverjar eru þær í raun og veru? Frá almennu sjónarmiði innibinda orðin "germs", "microbes", "bacteria" og "bacilla" oftsinnis í sér eitthvað líkt og þær væru ósýnileg, afskræmisleg, ormkend kvikindi, óvinir mannkynsins, og sem alla jafna sætu á svikráðum með að komast inn í líkama vorn, og koma þar til leiðar sjúkdómum og dauða. En frá vísindalegu sjónarmiði, þá eru þær smærstar allra lifandi versninga, sem enn eru kunnar. Þær eru ekki dýr, heldur heyra jurtarikinu til, hafa ákveðna myndun, en eru mismunandi í laginu. Að byggingu samanstanda þær af hlaupkendu efni, sem kallast "protoplasm", en utan um það er hýsna sterk, vel mynduð himna, tiltölulega hörð, ekki ólík viðartrefjum hjá trénu.

Þótt lögun bakteríunnar sé mjög einföld, geta þó margar þeirra komið fram í ólíkum myndum. — Sumar eru kúlumyndaðar, eða því sem næst (á vísindamáli: Cocci), aðrar eru líkar stuttum keflum (Bacteria), eða eins og prik, bein eða dálítið bogin (Bacille). Svo eru margar þráðmyndaðar og þá oft snúnar eins og gormur, meira eða minna teygður (spirilla). Hinar styztu eru að eins myndaðar af einni frumlu (Celle), en hinar lengri af nokkrum frumlum, sem eru áfastar á endanum. Kúlumynduðu bakeríurnar eru þær minstu, og sumar hverjar ekki meira enn einn 150,000 partur úr þumlungi að þvermáli. Margar þeirra hreyfast, eins og virðast synda í vökvum og snúast oft hart um sjálfa sig. Líkt og hjá mörgum frumdýrum, hafa þær bífhár á endunum, en ekki er auðvelt að skera úr, hvað sé aftur eða fram á þeim. Þessar einkennilegu hreyfingar hjá þeim gáfu í fyrstu tilefni til, að menn héldu að þær væru dýr. Sumar bakteríur gefa frá sér hlaupkent efni og hjúpa sig þá margar saman í hlaup þetta (Zooglon). Annars hafa þær engin sérstök líffæri, en taka fæðuna í gegn um alt yfirborð sitt.

Tímgunin eða fjölgunin verður annaðhvort þannig: 1. með skiftingu, eða frjókorn myndast. Það verður á þennan hátt:

1. Skifting. — Að einstaklingurinn (einstök bakteria) dettur í sundur í tvo hluti, er báðir verða að nýjum einstaklingum, er svo aftur verður að tveimur, og svo koll af kolli. Stundum geta þó nokkrir hangið saman og myndað keðjur. Þannig hefir oft einn einstaklingur framleitt á stuttum tíma, einkum þegar öll lífsskilyrði (næring, hiti o.s.frv.) eru í góðu lagi, svo ótölulegan grúa, að talist hefir svo til, að með því að skiftast einusinni á klukkutíma, mundi tala þeirra að 24 kl.stundum liðnum vera orðin 17 miliónir, og héldi skiftingunni áfram að sama skapi til loka þriðja dags, myndi talan vera orðin ótölulegar billiónir, eða sem svaraði að vigt 7 þúsund og 500 tonnum.

2. Að frjókorn myndast, einkum þegar lífsskilyrðin verða erfið. — Þessi frjókorn eru mjög smá og létt. (Mönnum hefir talist svo til, að af sumum tegundum fari eitt þúsund miliónir í milligramið).* — Svo þau geta hæglega borist langar leiðir í loftinu. Frjókornin geta legið lengi líkt og fræ, án þess að spira, ef lífsskilyrðin eru erfið, en verði þau hentug, spíra þau, og myndast þá af þeim nýjar bakteríur, sem svo tímgast á ný eins og áður er sagt.

En sem betur fer, lætur náttúran af einskærri umhyggju fyrir velferð mannanna, slíka æxlun aldrei eiga sér stað, og beitir þá ýmsum meðulum til að afstýra því, — en aðalorsökin mun þó vera sú, að bakteríurnar skortir nægileg næringarskilyrði.

Svo má heita, að bakteríurnar séu dreifðar hvar sem er í allri náttúrunni. Þær lifa í loftinu, sem við öndum að okkur, vatninu og mjólkinni, sem við drekkum, utan og innan í mönnum og skepnum og niður í jörðunni alt að niu fetum. En því hafa menn fengið fulla vissu fyrir, að mjög hátt yfir jörðu, eða á jöklum uppi, haldast þær ekki við og mjög lítið í ishöfunum, eða úti á reginhöfum.

Skilyrðin fyrir æxlun þeirra og tilveru eru margvíslegum ástæðum bundin. Að eins fá af aðalskilyrðunum eru: raki, loft, fæða (þ.e. næring), mátulegt gráðutal og birta. Allar bakteríur verða að lifa í raka, annars drepast þær fyr eða síðar. Hvað lengi þær geti lifað án raka, kemur alt undir, hvað líseig sú bakteríu tegund er, sem verður að lifa undir þessum skilyrðum. Án raka getur engin þeirra tímgast. Aftur á móti virðist loftið ekki vera bráðnauðsynlegt fyrir allar þeirra. Fyrir sumar er það allsendis nauðsynlegt, og þær nefnast Arobes. Aftur fyrir aðrar er það beint skaðlegt, og þær nefnast Anerobes, en fyrir fleiri part þeirra hefir það svo sem enga þýðingu.

Margar þeirra, eða all-flestar, lifa á dauðum dýraleifum og jurtaefnum. Þó eru nokkrar, sem að eins fá lifað af lifandi fæðu, og nokkrum nægir að eins málmsölt og kölnunarefnið úr loftinu. Hið lægsta mælistig, er þær geta tímgast á, er við frystipunkt vatnsins, og hæðsta hitastig er 170 stig Fahrenheit. En jafn þægilegastur hiti fyrir þær all-flestar er á milli 60—104 stiga F. Við 98 st.F. tímgast þær bakeríur bezt, sem valda sjúkdómum. Ljós eða dagsbirtan virðist hafa litla þýðingu fyrir þær all-flestar. En í sólargeislanum drepast þær allar, hverrar tegundar sem eru.

Íhugun á æfi og köllun þessara smáplantna, hlýtur að vekja undrun og aðdáun í huga sérhvers, er athugar þær kostgæfilega. Það er vissulega undrunarfult til þess að vita, að þessar smáu plöntutegundir skuli á þeirra stutta æfiskeiði, sem að eins varir fáa kl.tíma eða dag, geta framkvæmt þau afreksverk, sem hinn allra fróðasti efnafræðingur nútimans stæði yfir ráðalaus, þó hann fengi svo og svo mörg ár til umhugsunar. Það er á þeirra valdi, hvort bóndinn fær góða eða vonda uppskeru. Það eru þær, sem gefa mjólkurbúunum bezta smjör og ost, og það eru þær, sem að miklu leyti fríja vatnið í ám og stöðuvötnum við skaðleg efni, svo það verður drekkandi fyrir menn og skepnur. Með öðrum orðum, — menn verða vel að gæta þess, að það eru að eins fáar tegundir úr öllum þeim mikla aragrúa, sem til er af bakteríum, sem valda sjúkdómum. Allar aðrar vinna að velferð mannkynsins, á svo margvíslegan hátt, að ekki verður tölu ákomið.

Engu síður er það undravert, að innan í róthnúðnum hjá maís og baunum skuli haldast við bakteria, sem hefir það aðal hlutverk að leysa sundur málmsölt, er innihalda kölnunarefni, og aðrar með því, að upptaka í sig sjálfar kölnunarefnið úr loftinu, til þess að gefa það svo aftur jurtunum til næringar, svo þær geti sprottið frjósamlega, en án kölnunarefnisins gætu þær ekki frjógast, hvað vel sem að jarðvegnum hefði verið hlúð.

Það má vel vera, að ekki að eins maís og baunir, heldur alt jurtarikið, plöntur og tré, eigi tilveru sína þessum smá-vesningum að þakka, en úr því ríki aftur á móti veitist mönnum og dýrum lífsuppeldi sitt.

Af ofangreindu má sannfærast um, að ef gert væri út af við bakteriur þær, sem gefa frá sér kölnunarefni, mundi alt líf á hnetti vorum líða undir lok. Og verði manni svo fyrir, að líta aftur í tímann, þá er ómögulegt annað en verða hrifinn af skoðun eins merks vísindamanns, sem sagði, að það væri sín skoðun, að það allra fyrsta líf, sem myndast hefði á jörðunni, væru þessar yndislegu plöntu myndanir, sem að eins þörfnuðust kölnunarefnisins úr loftinu eður þá málmsölt til að geta lifað og tímgast.

(Framhald).

HEIMSKRINGLU og TVÆR skemtilegar sögur fá nýir kaup-endur fyrir að eins $2.00.

Strathcona Hotel

Horni Main og Rupert Str. Nýbygt og ágætt gistihús; Gest um veitt öll þægindi með sanngjarnasta verði. Frí keyrsla til og frá öllum járnbr. stöðvum. Beztu vín og vindlar; og herbergi og máltíðar ágætar.

McLaren Brothers
EIGENDUR

Hotel Pacific

219 Market Street, Winnipeg | H. M. Hicks, Eigandi, Manitoba
Telephone 1338

Ný-endurbætt og Ný-tízku hús fallaðali. Viðskifta yðar óskast virðingarfylst.

$1.25 a Dag

$1.50 Á DAG
Besta $1.50 gistihús í Winnipeg

BRUNSWICK HOTEL
Horni Main St. og Rupert Ave.

Besta borðhald; Hrein og Björt Herbergi; Finnustu Drykkir og Bestu Vindlar. Ókeypis Vagn mætir Öllum Trainlestum. Reynið oss þegar þú ert á ferð.

Skrifið yður fyrir HEIMSKRINGLU svo að þér getið ætíð fylgst með aðal málum Íslendinga hér og heima.

Svör:

Margir kunningjar mínir, menn og konur, hafa skrifað mér og talað við mig um það, hvort ég sé hættur að yrkja vísur og rímur, því er fjarri. Það þurfa meira en 2—4 landhlauparar að blaðra til þess að ég haldi ekki stefnu og þekkingu. En hitt er annað mál, að ég kæri mig litt um, að verða samferða þeim á ritvellinum. Hér eru bráðabyrgðarsvör fyrir einn og alla:

1. Þó að svekki hana og hund
   Heiðölfs snekkjur görvar,
   Hef ég ekki lyst í lund
   Ljóðs að hlekkja örvar.

2. Fræðaspjalla funi glóð
   Fornum mjalla vinum.
   Eldheit gjalli Edduljóð
   Oddi snjalla og hinum.

3. Íslands lýði allstaðar
   Óðs við smíði hlýnar.
   Sitjið íðil-siðprúðar
   Systur bliðar mínar.

4. Ég Dvalins knörinn dreg á flot
   Úr dísavörum ljóða,
   þá brosa kjör og blíð atlot
   Björt á vörum þjóða.

5. Greppa skrúðinn gullfagur
   Gylli búðir stefja.
   Máls á súð ei margorður
   Má að Úði tefja.

6. Mærðarstrengir mega slag
   Máls á engi róma,
   Ef valið fengi vísnalag
   Vifi og dreng að hljóma.

7. Orðin fríu ávalt kýs
   yðar hlýja sinni
   Sunnu Día sala dís
   Signi og vígi minni.

K. Ásg. Benediktsson.

Að eyðileggja úlfinn.

KEEWATIN, ONT.
16. maí 1909.

Herra ritstjóri!

Í 33. tbl. Hkr. las ég, að bóndi einn í Manitoba biður um upplýsingu, hvar hann getið fengið keypta "úlfdráps-hunda".

Ég álít, að það sé skylda okkar veiðimanna, að gefa þær upplýsingar, eða segja okkar álit um, hver sé bezta aðferð til að eyðileggja þennan varg. Að kaupa hunda til þess álít ég ekki heppilegast, nema með því móti, að heila sveitin hefði þá eða annarhver bóndi hefði tvo hunda, og yrði það all-kostnaðarsamt.

Bezta aðferðin er að bændur fengju fylkisstjórnina til að hækka toll til höfuðs úlfinum, svo að aðeðir veiðimenn fengjust til að gefa sig við að drepa þá. Bezta aðferðin og heppilegasta hefir veiðimönnum reynst "trapping". Til þess eru hafðir nokkurs konar bogar (söx), en auðvitað tekur mikla æfingu og aðgæslu, ásamt ástundun til þess að það hepnist.

Eitur er oft brúkað, og hepnast stundum, en ég vil segja af 16 ára þekking við veiðiskap, að "Traps" séu beztar.

Fyrir 4 árum síðan var höfuðtollur á úlfinn hér í Ontario tíu dollarar. Svo steig hann upp í fimmtán, og hefir það haldist. Úlfar hafa mikið fækkað en veiðimönnum fjölgað. Nú hefir fylkisstjórnin hækkað höfuðtollinn á úlfum upp í tuttugu og fimm dollara, eftir nýjum fréttum að dæma, og er það gert til þess, að halda veiðimönnum við verkið, að eyðileggja varginn, en ekki af því, að úlfum sé að fjölga. Eins og gefur að skilja gæti engin stjórn borgsvo háan toll, ef hún sæi ekki, að úlfurinn væri að eyðileggjast.

Úlfdrápshundar, ef rétt tegund er fengin (Irish Wolf Hounds, sem hafa reynst vel), eru dýrir, frá $25 upp í $75 og $100 hundurinn, og fást hjá Rockwood Kennels, Lexington, Ky., U.S.A., þeir eru viðurkendir að hafa gott hundakyn. Svo eru til aðrir, svo sem hjá R. F. Johnson, Assumption, Ill., og Hillside Kennels, Enosburg Falls, Vt., einnig hjá Cannel Clulo í Toronto, Ont.

Upplýsingar um "Trapping", tóur eða úlfa getur hver fengið hjá mér fyrir eins dollars þóknun. — Ég ábyrgist mína aðferð ef mínum ráðleggingum er rétt fylgt.

Með virðing,
B. Magnússon.

Fréttabréf.

GLENBORO, MAN.
5. maí 1909.

Þann 16. marz sl. urðu þau hjónin Tryggvi Ólafsson og Berglaug Guðmundsdóttir, Skálholt P. O., fyrir því mótlæti, að missa yngstu dóttur sína Ástþrúði, góða og efnilega stúlku á 17. ári. Hún hafði legið rúmföst um nokkra mánuði, og var lengi búin að vera heilsulasin. Banamein hennar var tæring. Hún var jörðuð í Glenborografreitnum þann 21. s.m. Herra Pétur Pálsson flutti húskveðju, en séra Friðrik Hallgrímsson flutti líkræðuna og jós hina látnu moldu

Þann 13 apríl dó að heimili foreldra sinna í Cypress sveitinni Guðmundur Björnsson Heidman, eftir margra ára heilsuleysi. Rúmfastur lá hann allan síðastliðinn vetur. Hann var tæpra 22 ára, þegar hann dó. — Guðmundur sál. var fæddur á Ármótaseli á Jökuldalsheiði í Norðurmúlasýslu á Íslandi. Hann ólst upp með foreldrum sínum, Birni Sigurðssyni Heidman og Guðrúnu Hallgrímsdóttir, fluttist með þeim til Vesturheims árið 1903. Settust þau að í Cypress sveitinni, og hefir hann dvalið þar hjá þeim ávalt síðan. Þegar Guðmundur sál. var á 11. ári kendi hann fyrst veiki þeirrar, er síðar leiddi hann til bana, sem var spilling í beininu og snerist upp í beintæringu.

Undraverða stillingu sýndi hann allan þann tíma, sem hann átti við heilsuleysi að stríða, og óbilandi von hafði hann til hins síðasta um að hann fengi bót meina sinna. — Hann var bezti drengur, hjartagóður og hugljúfi þeirra, sem þektu hann. Hann var ötull og sívinnandi, hvenær sem kraftar hans leyfðu. Það mátti segja um hann, að starfsviljinn hjá honum væri ótakmarkaður.

Jarðarförin fór fram frá heimili foreldranna þann 15. apríl, að viðstöddum flestum bygðarmönnum. Hann var jarðaður í grafreit Cypress Íslendinga.

Þessa síðari dánarfregn er hinn háttvirti ritstjóri Austra vinsamlegast beðinn að birta í sínu heiðraða blaði.

G. J. OLESON.

Hvað mun seinna verða?

Ég var nýlega á gangi hér í borg, og stansaði ég í skugga "Bergs", til að kasta af mér mæðinni. Ég heyrði ganginn í prentvélinni, og stundum fanst mér ég heyra urgið í penna ritstjórans, og þóttist ég þá þess fullviss, að nú væri hann að semja grein um "Gamla landið; — enn kannske það hafi bara verið hugarburður.

Ekki hafði ég staðið þarna lengi, áður enn ég heyrði tvo menn heilsast hinu megin við hornið á byggingunni. Ég heyrði á málróminum, að þetta voru ungmenni, og talsháttur inn sagði mér, að þeir mundu hafa uppalist hér í landi. Ég var í þann veginn að fara af stað, þegar annar þeirra sagði eitthvað, sem vakti svo forvitni mína, að ég ásetti mér að heyra, hvernig þeir töluðu. Samtal þeirra fylgir svo rétt sem ég man:

"Howdy, Jack!; Give me good news".

"Got none; nema þú hafir ekki heyrt um dansinn?"

"Search me! When and where?"

"G. T., miðvikudagskveldið, 8.30 sharp".

"You don't say!" Ég hélt allir dansar væru búnir for the season"

"Well sport, you can bet your last penny I'll be there".

"Well, you needn't brag, so will I".

"Nokkuð meira enn bara dans?"

"Yep: spoons".

"Þú ert að verða fyndinn, Jack"

"As you please; ég vildi ég væri það".

"Well, þetta dugar ekki, I've got to go".

"Where to?"

"Eaton's; — en þú?"

"Nowhere. Ég er að ganga mér til heilsubótar, býst ég við, — manufacturing appetite, you know".

"Well, you might as well come along then".

"I'm game for anything".

Svo héldu þeir af stað.

Ég leit upp, þegar þeir voru komnir framhjá mér, og get ég með sanni sagt, að ég sárkendi til í sálunni.

Voru þetta samlandar mínir?"

Já, vissulega. Þetta eru þeir, sem eiga að geyma tungu vora. — En hvaða mál ætli börn þeirra tali?

Menn ættu að minsta kosti að temja sér, að tala bara aðra tunguna í senn, og ómengaða.

Jón Sagði.

Enn um trúmál.

Í Hkr. 6. þ.m. stendur grein með stórri yfirskrift, en neðan undir stendur að eins eitt "o" eða núll. Þessi grein á að vera svar móti annari grein, sem birtist í Lögbergi 8 f.m.

Mér kemur ekki til hugar, að fara að svara núllinu eða þessari huldu veru. Erfitt er að segja, hvort það er heldur karl eða kona — Heigulskapur er það, sérstaklega þegar persónulega er ritað, að hafa ekki hug til að setja nafn sitt undir.

Sökum þess, að huldu-veran heir ekki viljað skilja það, sem ég meinti með áðurnefndri grein, vil ég enn taka það hér fram, — sérstaklega vegna þeirra, sem kynnu að eins að lesa hennar grein, sem rangfærir alt í minni grein — hvað helzt vakti fyrir mér, þegar ég ritaði hana. Það nefnilega: að framkoma séra F. J. Bergmanns gagnvart kirkjufélaginu, verður oss — sumum að minsta kosti — jafnvel að hneyksli. Í Breiðablikum sýnist hann vera að berjast á móti embættisbræðrum sínum þannig, að afmá þá merkjalínu, sem þeir vilja halda við á millum núverandi skoðana hans á trúmálum og grundvallarlaga kirkjufélagsins.

Þeir munu segja, að séra Fr. J. Bergmann hafi breytt skoðunum sínum á trúmálum frá því sem framkom áður, þegar hann var einn af forvigismönnum félagsins.

Mér dettur ekki í hug, að færa prestinum það til ámælis, þó hann hafi breytt skoðun sinni, þar sem hann við nákvæma íhugun hefir fundið þessa skoðun sér hugðnæmari. Engin alfullkomin lögbók er til, sem getur tekið af öll tvímæli um skýringar á ýmsum atriðum í trúarlífi mannanna. Það sýna hin mörgu og mismunandi kirkjufélög. Hafa því beztu og vitrustu menn á ýmsum tímum verið að skýra sannleikann, sem að þóknaðist höfundi lífsins og tilverunnar.

En það gengur næst að hneyksla mig, að séra Fr. J. Bergmann vill ekki kannast við, að hann hafi opinberlega breytt skoðun sinni á trúmálum frá því, sem áður kom fram, og álítur því, að hann haldi óbreytt við grundvallarlög kirkjufélagsins, sem hann var einn af frömuðum að koma hér í framkvæmd.

Þar sem að séra Fr. J. Bergmann er hámentaður maður, og þess utan mörgum góðum hæfileikum gæddur, var mjög líklegt, að þeir — sem eru kannske nokkuð margir í hópi Vestur-Íslendinga, sem aðhyllast þá skoðun í trúmálum, sem hann heldur fram í Breiðablikum, hann er ekki höfundur þeirrar skoðunar, en hann er fyrstur til að útbreiða hana meðal Vestur-Íslendinga, — mundu hafa sameinað sig og kosið hann fyrir merkisbera. En slíkt er óhugsandi, það er sama sem að ganga inn í kirkjufélagið, þó samt óhappaleg krókaleið.

Það er mein mikið, að séra Fr. J. Bergmann, þrátt fyrir sína miklu hæfilegleika getur ekki skoðast sem fullnægjandi kirkjulegur leiðtogi meðal landa sinna hér.

Ég vil biðja hinn heiðraða ritstjóra Hkr., að ljá línum þessum rúm í blaðinu, og er þar með úttalað um þetta mál frá minni hálfu.

Hólar P.O., Sask., 14. maí 1909.

J. H. Líndal.

ALLIR ÞEIR, sem ætla að ferðast til Íslands, ættu að hafa tal af mér. Ég sel ódýrari farbréf, og betri þægindi en aðrir geta gert. Skifti peningum fyrir hæsta verð, (í krónum), og sem útborganlegt er í öllum fjórðungum Íslands. —

A. J. JOHNSON,
P.O.Box 3083. 460 Victor St

ROBLIN HOTEL
115 Adelaide St. Winnipeg

Bezta $1.50 á dag hús í Vestur-Canada. Keyrsla ókeypis milli vagnstöðva og hússins á nóttu og degi. Aðhlynning hins bezta. Viðskifti Íslendinga óskast. William Ave strætiskarið fer hjá húsinu

O. ROY, eigandi.

SPÓNNÝTT HÓTEL
ALGERLEGA NÝTÍZKU

Hotel Majestic

John McDonald,
eigandi.
James St. West, Rétt vestan við Main St.
Winnipeg Telefón 4979

$1.50 á dag og þar yfir
Bandaríkja-snið

Alt sem hér er um hönd haft er af beztu tegund. Reynið oss.

MIDLAND HOTEL
285 Market St. Phone 3491

Nýtt hús, nýr húsbúnaður Fullar byrgðir af allskonar vönduðustu drykkjum og vindlum í hressingar stofunni. Gisting einn dollar á dag og þar yfir.

W. G. GOULD :: FRED. D. PETERS,
Eigendur
WINNIPEG ::: ::: CANADA

MARKET HOTEL
146 PRINCESS ST. Á móti markaðnum
P. O'CONNELL, eigandi, WINNIPEG
Beztu tegundir af vínföngum og vindlum, aðhlynning góð, húsið endurbætt

James Flett & Co.
PLUMBERS

Leiða Gas- Vatns- og Hitapípur í hús yðar, fyrir sanngj. borgun. Verk vandað, fljótlega gert og ábyrgst.

572 Notre Dame Avenue
Telephone nr. okkar er 3380 eða 8539.

Gimli Hótel
G. E. SÓLMUNDSSON
eigandi

Óskar viðskifta Íslendinga sem heimsækja Gimli-bæ. — Þar er beini beztur í mat og drykkjarföngum, og aðbúð gesta svo góð sem frekast er hægt að gera hana. Hótelið er við vagnstöðina. Gistið að Gimli-Hótel.

Woodbine Hotel
Stærsta Billiard Hall í Norðvesturlandinu
Tíu Pool-borð.—Alskonar vín og vindlar.
Lennon & Hebb,
Eigendur.

4. KAPÍTULI.

Þung ásökun.

"Og nú er ég hér", bætti njósnarinn við. "Það eru líklega kringumstæðurnar að Haughton slysinu, sem þú vilt fá nánari þekkingu á?"

"Já, einmitt. Ég ætlast til, að þú ramsakir það mál til hlýtar. Mér stendur á sama, þó það taki þig eitt ár, ef þess þarf, og ég vil engan kostnað spara; ég gef þér alveg ótakmarkaða heimild".

Copingstone varð glaður yfir síðustu orðunum, en sagði þó:

"Ég get skilið það, að þú búist við talsverðum kostnaði, en fólk hefir svo mismunandi skoðanir um "ótakmarkaða heimild", að mér þætti vænna um, að þú nefndir einhverja upphæð —"

"Nú greip jarlinn fram í:

"Hvað álítur þú að "ótakmörkuð upphæð" þýði, hr. Wright?"

"Nú — ég álít, að þú, háttvirti herra, munir vilja eyða alt að — fimm þúsund pundum".

"Ég er albúinn að eyða alt að fimm þúsund pundum", svaraði jarlinn, "og ef þér lánast, sem ég vona, að komast að réttri niðurstöðu í þessu máleini, þá skaltu aldrei áður hafa unnið fyrir betra kaupi".

Njósnarinn varð himinglaður af orðum þessum, hneigði sig djúpt í þakklætisskyni, og kom svo með fjölda af spurningum viðvíkjandi gátu þeirri, sem hann átti að ráða.

"Allar leiðbeiningar, sem þú getur veitt mér, tigni herra", sagði hann, "eru mér mikils virði, því eftir blöðunum að dæma, sýnist málið óbrotið og einfalt. Hvað er það sérstaklega, sem þú efast um, herra?"

Jarlinn hugsaði stundarkorn og sagði svo:

"Ég held, að dómurinn sé rangur, að dauði mannsins hafi ekki orsakast af slysum".

Njósnarinn hleypti brúnum og beit á jaxlinn.

"Er það þá skoðun þín, tigni herra, að hér sé að ræða um manndráp, — að Sir Arthur hafi í fyllirii skotið manninn?"

"Skoðun mín er ákveðnari en það", sagði lávarðurinn og horfði fast á spyrjandann.

"Morð —?"

"Já, vísvitandi morð".

Nú varð dálitil þögn, af því samræðurnar snerust í þessa átt. Njósnarinn var raunar ekki alveg óviðbúinn þessari ásökun, en varð þó nokkuð hverft við, af því hún var svo ákveðin. Samt áttaði hann sig fljótt.

"Og — hefir þú ástæðu fyrir þessum grun?"

"Enga aðra ástæðu en þau augljósu ósannindi viðvíkjandi fjarlægðinni, milli mannsins, sem skaut, og þess, sem drepinn var, er komu í ljós við yfirheyrsluna".

Hvað þá? — Já, afsakaðu, herra, en það eru efalaust aðrar ástæður, sem þú byggir ásökun þína á?"

"Nei, það eru engar aðrar ástæður, ég veit ekkert annað eða meira heldur enn þú að líkum ert búinn að lesa í fregnunum um réttarhaldið".

Njósnarinn varð svo hissa, að hann datt aftur á bak ofan á stólinn.

"Já, en, herra minn, við slíkt málefni hefi ég enn ekki fengist. Það verður þó eitthvað að vera, sem

kemur þér til að ala þennan grun. Taki maður fyrstu spurninguna, sem liggur fyrir í máli eins og þessu, — hver var orsökin til þessa glæps, sé það á annað borð glæpur? Barúnar gera sér það ekki að vana, að skjóta veiðimenn sína orsakalaust".

Nú var það lávarður Fatheringham, sem varð utan við sig.

"Ég get ekki sagt þér það", svaraði hann. "Ég veit ekki hvaða ástæðu Redleigh hefir haft til að skjóta mann þennan. Þær eða þá orsök verður þú að finna. Hefði ég vitað það, þá hefði ég krafist þess við yfirheyrsluna, að hann væri settur í varðhald".

Njósnarinn horfði all-órólegur á jarlinn. Það var sjáanlegt, að hér var um fleiri enn eitt leyndarmál að ræða. Án þess að spyrja beinlínis um ástæðuna til þess, að jarlinn fór að skifta sér af þessu máli, fór hann að leita annara upplýsinga.

"Jæja, lávarður, það starf, sem þú hefir ætlað mér að fullkomna, verður all-erfitt, en ég skal gera það sem ég get í því efni. Þú heldur þá, án þess að geta bent á nokkra ástæðu, að hér sé um morð að ræða, og þú vilt að ég finni orsökina, eitt eða annað dularfult samband milli Sir Arthur og Burlston, sem hefir leitt til glæpsins".

Jarlinn hneigði sig játandi.

"Nú — þú veizt væntanlega ekki, hvort húsfrú Burlston er falleg kona?"

Jarlinn gat ekki varist brosi, en stundi svo þungan.

"Nei, það er hún ekki. Ég þekti hana fyrir fáum árum. Það var hún, sem stundaði son minn í banalegu hans".

"Á", — sagði njósnarinn rólega. Þagði svo og hugsaði dálitla stund. "En hinn maðurinn, herra Grosse, geturðu ekkert sagt mér um hann?"

"Hann er náfrændi minn", svaraði jarlinn, "og erfingi að fasteign minni og nafnbót, síðan sonur minn dó, eins og hann var svo vænn að minna mig á einu sinni, en síðan höfum við ekkert átt saman að sælda".

"Er hann sannorður maður?"

Jarlinn ypti öxlum.

"Það held ég hann sé. Lygarar eru vanalega viðmótsliprir. Hann nýtur bæði virðingar og álits hér í grendinni. Redleigh er þar á móti að eins fyllisvín".

Það gat engum dulist gremjan, sem lá í rómnum þegar hann talaði síðustu orðin.

"Þú heldur máske, að hr. Grosse hafi verið táldreginn af Sir Arthur?"

"Ef til vill, þó mér finnist það undarlegt að þeir voru samdóma um fjarlægðina". Svo sagði jarlinn honum frá réttarhaldinu.

"Já, ég skil það", sagði njósnarinn, "þess minni, sem fjarlægðin var, því meiri líkur eru til, að það hafi verið morð. En drengurinn?"

"Ó, hann er svo heimskur, að hann getur enga upplýsingu gefið".

"En setjum nú svo, að hr. Grosse hafi séð að þetta var morð, heldurðu þá að vinátta hans til Sir Arthur hafi komið honum til að dylja sannleikann?"

"Ég hygg, að milli þeirra eigi sér engin vinátta stað, og hingað til hafa þeir ekki verið samrýndir. Grosse á dóttur, fallega stúlku — en hvaða þýðingu hefir það? Redleigh er giftur". Jarlinn stundi aftur og lét brún siga.

Njósnarinn hlustaði.

"Ó, hann er giftur? Þekkirðu nokkuð til konu hans?"

Það var auðséð, að jarlinum féll ekki þessi spurning.

Bendingar frá Kyrrahafsströnd

Bráðum verður kirkjuþing, að vestur-íslenzkri siðvenju. Það eru sjálfsagt deildar meiningar um, hver endalok þetta næstkomandi muni hafa eftir líkum að dæma, er skeð hafa að undanförnu, og því er líklegt, að margan langi til að fá að sjá ágrip af þingræðum og ályktunum útkoma í blöðunum. Ég vona til að Heimskringla skýri frá því rétt og án hlutdrægni eins og það fellur og framkemur. Menn af Íslandi vita, að þar sem hræ var, þá sönnuðust þar utan að ernir og ránfuglar og kærðu sig litt um jöfnuð. Þar tók hver það sem náði, og afláð réði úrslitunum, en ekki réttvísi né náungans kærleiki.

Ernir eru stærstu ránfuglar á Íslandi. Þeir hafa og að sjálfsögðu verið líka stórir og rángefnir á Gyðingalandi til forna, því annars hefði ekki mesitarinn tekið þá fram til samlíkingar, ef honum hefði ekki fundist þeir vera nokkurs konar afbrigði fuglanna, á sinn máta líkt og prestar og stjórnmálamenn eru afbrigði í mannfélögunum og fremri að völdum og mentun. En hvað kemur þetta kirkjuþinginu við, sem ég byrjaði að tala um? Já, það er nú ef til vill nokkurs konar axarskaft í sambandi við kirkjuþingið. En alt þetta, bæði kirkjuþing og ernir og hræ hafa snortið hug minn í einni bendu, þegar ég hefi verið að lesa um samlélagsskap starfs og félags bræðranna, er ritað hafa í Sameininguna og Breiðablik á þessu nú útliðandi ári, síðan kirkjuþing var síðast haldið. Rithöfundar Sam. hafa verið að smáfjölga og fylkja liði sínu utan um þetta uppgjafa hræ, sem þeir nefna "gömlu guðfræði", eins og ernir og ránfuglar utan að dauðu hræi. Ritstjóri Breiðablika vill auðvitað hafa sama rétt og hinir til þess, sem honum finst heilnæmt og gott, en hinir vilja ekki lofa honum að velja úr. Þeir álíta "alla skepnuna góða, sé hún með þakklæti meðtekin". Þarna af ris því óánægja og ágreiningur á meðal sömu strafsbræðra og fleiri, sem hópa sig í kring um hræ sitt, og vilja ekki lofa séra Friðriki, að vera í samneyti með sér, nema hann gefist óvandæddur eins og þeir. En það getur hann ekki látið eftir þeim, af því hann þekkir svo vel, að sér er sumthvað óholt það er þeir bera honum. Hræ þetta er "gamla guðfræðin", andleg og náttúrleg sameiginlega, sama og við segjum "bókstafur og andi". Líkamsgervið, sem andinn hefir búið í, sama og við nefnum "bókstaf", eru eldgamlar mannasetningar, er þeir segja séra Fr. að nefna og trúa að séu guðinnblásnar, jafnt og andinn. Því þorir hann ekki að játa, finst það ekki vera við sitt hæfi né hugmynd. Þessi hringur utan um gamla hræið ásetur sér, að verja aðskilnað sálar og anda frá líkamlegum umbúðum, og á sama máta verja örum aðgang, er á vill tilbiðja jafnt líkamsgervið (bókstafinn) sem andann (sjálft lífið). Þessi gamli gervisbelgur er nú allareiðu frá sumra sjón tómur orðinn, og að út af honum hefir gengið sálin og andinn (ódauðlega lífið), sem nú er að endurklæðast dýrðlegri búning, er þessir sömu menn nefna "nýja guðfræði", hver að er sama og "guðinnblásinn kjarni ritningarinnar". Það er hann, sem séra F. J. B. — og allir trúhneigðir, frjálshugsandi menn — ekki vilja missa. Fái hann að neyta með þeim lífs og ljóss, er stöðugt innflóir frá drotni, "lífs og ljóss uppsprettunni", þá er hans tilgangi svarað. Annað samneyti af dauðum efnum lætur hann sig engu skifta. En þessir gömlu Ernir með sín umrennandi tungl, einblína á þennan útslitna átrúnað löngu liðins tíma er þá tilsvaraði hetur enn nú þörf fáfróðra efnishyggjumanna. Nú er upprunnin önnur öld, öld friðar og réttvísis, öld elsku og umburðarlyndis, öld sálar og anda, — hin gullna öld.

Það hefir í Hkr. verið bent til alþýðunnar, að taka til máls, og láta í ljósi álit sitt um þetta fyrsta ágreiningsmáleíni prestanna — um hvort séra F.J.B. væri frjáls að renna laus innan kirkjufélagsins, og sumthvað því viðvíkjandi að meiningu. Reyndar er þetta í rétta átt bent, væri alþýðan frjáls og þess megandi, að láta til sín heyra. En þetta er hægar sagt en gert, því hún á ekki neinn frjálsan skeiðvöll. Hún á ekkert rúm í blöðunum, og því síður neitt sérstakt málgagn, og alt hennar frelsi er á náð og miskunn hennar yfirdrotna, presta og stjórna, sem hún eltir, og blaðaeigenda og ritstjóra. En það eru sönnuðirnir, sem kjósa kirkjuþingsfulltrúana, sem opinberað geta álit sitt gegn um sína fulltrúa. Þeir ættu að hafa samkomur og samræður um, hvað þeirra fulltrúar eigi að gera á kirkjuþing. Og enginn fulltrúi ætti þar að koma, án þess að vita hvað hann á þangað að gera. Þar í felst of mikið einræði fulltráans, að fara að heiman, sem blindur fyrir málefnum safnaðar sins og spinna svo ályktanir allar á þingi samkvæmar sinni tilfinning þar, og annars hluta þingheims. Þar í felst algert þingræði, en ekki safnaða eða þjóðarræði, og slíkt þingræði er æfinlega eitthvað óhagkvæmt til réttvísra ályktana til heilla og velferðarmála almennra. Fulltrúarnir á þingi eru þjónar þeirra, sem þá hafa þangað kosið, samkvæmt velferð safnaða sinna, án einstakra hagsmuna þar af. Sérstaklega skora ég því á alla þingsfulltrúa á næsta kirkjuþingi, að vita sinna safnaða vilja í málefni séra Friðriks og kirkjufélagsins. Almenningur þarf þar að ráða og á honum hvíla afleiðingar, hverjar sem verða, heiður eða vanvirða.

Það er ekki nema sanngjarnt, þó alþýðan vilji trúa prestum sínum til að sjá það bezta og vera andlegum starfskröftum kunnugri en hinir undirokuðu, sem leiðast í villunnar myrkri af þeim — í meiri hluta — sem hálfblindum og alblindum fyrir sönnu andlegu ljósi. Alþýðan stendur þeim ekki framar í mentalegu tilliti, en hún á til í eigin brjósti kærleikans tilfinningar, sem guð hefir gefið henni fyrir leiðarljós, þegar leiðtoganna ímyndunarljós fullnægja ekki þörfinni, og þetta kærleikans ljós er það ljós, sem öllum þarf að lýsa, og öllum lýsir, er það aðhyllast.

Áður fyrr hrópaði lýðurinn með yfirtakandi hrópi höfuðpresta sinna "Lak burt þennan og gef oss Barrabas". Enn þá er reynt, að viðhalda sama hrópinu. Kristur er enn þá krossfestur, sama og við segjum: réttvísin er enn þá bundin og ófrjáls, en óréttvísin (Barrabas) og ofurvaldið rennur laus að miklum meiri hluta. Þessa tima hróp lýðsins, með fáa presta í miklum minni hluta í fylkingarbroddi, hrópar nú: Takið burtu Barrabas, en gef oss Krist, lifandi ókrossfestan! Og þetta hróp dvinar ekki fyr en sú bæn er veitt. Hvað það kostar, er ekki um spurt, það skyldi vera vor allra hróp, og meira enn það, — hjartanleg sannfæring lika í framkvæmd færð.

"Nú er höfðingja þessa heims útvarpað", segir friðarboðinn. — Þessa heims þjónar slétta yfir sín niðingsverk með þessari setning og fleirum úr orðinu, sem hafa ytri og innri þýðingar, andlega og heimslega þýðing. Ég skil vel þýðing þeirra á þess kyns setningum, samkvæma þeirra anda, sem alt lífs og líkamlegt framfæri vilja af öðrum þiggja, sem sjálfskyldugt án mikillar eigin fyrirhafnar, og gerast dramblátir af. En hin öllum sjáanlega, augljósa andlega þýðing er, að "dýrið" — er þá var sært af sverði réttvísinnar, Kristi, og táknar þessa heims höfðingja — var í lausn Barrabasar (táknmynd óréttvísinnar) veitt algert frjálsræði. En Kristur, tákn réttvísinnar, krossfestur. Þessa heims þjónar segja því ekki vísvitandi ósatt, þegar þeir segjast trúa á krossfestan Krist. En fyrir að einblína á heimslegan búning orðsins, þá sjá þeir ekki þá réttu þýðingu, og hún líka þeim sem heimslegum ógeðfeld, á sama máta og þeirra þýðing er hinum meira andlegu ógeðfeld. Um þetta gamla heimsþýðingar-hræ, fylkja sér nú vorir leiðtogar. Þeir andmæla nýrri hugsun, nýrri guðfræði, nýrri fram sókn andlegleikans, er á ensku nefnist Spiritualism. Ég veit, að þeir hafa gild rök til að andmæla sumu, og öllu óheiðvirðu í þesskonar leitun og tilraunum. En alt hið æðsta og bezta er ómetanlegt, og þar er Kristur vort fyrirmyndarljós. Vér öll þurfum að glæða í oss andlega sjón og heyrn, því án hennar getum vér ekki orðið andlega praktiskir, og þar af leiðandi getum ekki orðið andlega sjálfstæðir; en ef vér náum andlegu sjálfstæði, þá viljum uér ekki selja það fyrir neina veraldar auðlegð né metorð. En nú sem stendur er erfitt að ná því, — ekki fyrir þröngan veg þar að, héldur fyrir það, að það eru ljón í öllum myndum á veginum, sem freista og tefja fyrir, svo allrar varúðar þarf að gæta. Vér verðum áreiðanlega að liða kross og hörmungar á leið inn til guðsríkis í einni eða annari ófyrirsjáanlegri mynd.

Þegar kennimennirnir gerast stöðu vaxnir, þá er hún þeirra yndi og unaður. Þá kæra þeir sig ekki, að brjótast um í heimslegum áhyggjum og auðssamhrúgun hinna tilfinningarlausu blóðsuga. Þeir hafa annað betra og ánægjusamara að skemta sér við, sem er að skoða og ráða þá óendanlegu lífsins gátu og guðs dýrð. Holdshyggjumaðurinn kann ekki að skynja hver unun það er, að komast til svo neindrar yfirvitundar, að geta séð og skoðað alheimsins dásemdarverk oo ómælanleik, er sérstakir menn andlegleikans hafa náð, og þar af leiðandi tileiningar við guð. — "Þar sem hræið er, þangað munu ernirnir safnast", er skýr táknmynd framdregin fyrir nútíðar kennimenn, og alla, að gefa gaum að, þar sem mikill meiri hluti, er állítur sig á leið til guðsríkis, hefst ekki að í andlegum efnum, og einblínir á heiminn og hans lystingar. Þá, þegar þessir menn, sem leiða lýðinn, þegja og hafast ekkert gott að né gagnlegt, í réttum andlegum skilningi, — þá, þegar þessir þegja, þá taka steinarnir til að hrópa. Þá taka hinir fáfróðu að yfirvega og prófa, og þeim er þá af guðdóminum sýnt hið innra ljós orðsins, guðinnblásið, og það ljós gefur þeim birtu að sjá, hvert tilbeiðslugoðið er, sem þeirra leiðendur tilbiðja, — að það er "bókstafurinn", sem "andinn" lifir í, en sem þeir ekki sjá, af því þeir hafa of mjög helgað sig því heimslega, og nú af því gegnsýrðir. Bókstafurinn er því hræið, sem "ernirnir" safnast að, og einblína á og tilbiðja, svo guðs ríki — sama og réttlætis og friðar ríkið, sem Jesús Kristur grundvallaði, uppbyggist af, og táknar hans síðari tilkomu hér á jörðu — kemur að þessum mönnum óvörum, þegar alt er orðið undirbúið, og byggingin vel á veg komin. — Hinn guðlegi kraftur er sístarfandi þar sem hann er meðtekinn og við urkendur án manngreinaráhits eða metorða.

Viðvíkjandi séra Friðriki álít ég bezt við eiga, að gefa hans dómendum sama heilræði og kona Pilatusar sendi manni sínum. Þeir þekkja hvað það var, en eru máske eins og Pilatus of mjög ofurseldir stjórnarvaldi og gamla Barrabasi, að þeir geti ekki án blygðunar fyrir heiminum séð sér fært, að þyggja heilræðið. En þá vona ég að alþýðan hugleiði það og hrópi ekki upp með þeim krossfestingar herópið sinna höfuðpresta.

Séra Friðrik stefnir nú að réttri átt, og lærir sig áfram, óhindraður, úr þessu. Svo gera og allir, sem skilja Krist rétt og byggja á honum.

Látum oss öll í gleði og eindrægni andans flytjast áfram inn í hreinan allsherjar framvöxt, þar til vér sameinumst guði og hreppum uppljómað ástand.

B. G. Backman.

Þakklæti.

Hér með vottast, að ég hefi meðtekið frá herra Kristjáni Ólafssyni að fullu þá lífsábyrgðar upphæð, sem sonur minn (nú látinn) var í hjá New York Life lífsábyrgðarfélaginu. Hann var í eitt þúsund dollara lífsábyrgð undir skírteini nr. 3402357. Hann hafði verið í félaginu að eins fá ár, og ekkert borgað í iðgjöld síðan í marzmánuði 1906, en hafði þó fengið $50.00 lán frá félaginu út á lífsábyrgð sína og ekki borgað það lán. En að honum látnum borgaði félagið mér $950.00, sem ásamt láninu til sonar míns sál. fullgerir þúsundið. Fyrir þennan velgerning félagsins, sem ég þakka milligöngu umboðsmanns þess, herra Kristjáns Ólafssonar, þakka ég hér með.

Af minni reynslu get ég borið það, að Íslendingar, sem halda ábyrgðum í þessu félagi, mega vænta þess, að vel og vingjarnlega verði við þá breytt af félagsins hendi.

Hecla P.O., 22. apríl 1909.

Hildur K. Johnson.

†

Rannveig Ólöf Stefánsdóttir.

Fædd í april 1888
Dáin 16. maí 1909

Nú ertu hnigin í sælan svefn,
lundblíða, ljúfa drós,
líkast sem fölni rós.

hlæjandi gekstu heli mót,
tvíllaust ei tapast vann
traust þitt á frelsarann.

Lífið er eins og aldan hvik,
fljúgandi feigðarspil,
sem fis í hvirfilbyl.

Ókunna komstu óraleið
foreldrahúsum frá
fjarlægan heim að sjá.

Systkini, vini og venzlafólk
kvaddir þú heima hraust,
hugglöð og óttalaust.

Fylgdi þér einn úr föðurgarð
ungur og óhlífinn
elskandi bróðir þinn.

Framtíðar brosti fögur sól,
ugðuð því ekkert grand,
er þið hér tókuð land.

Alt sýndist vera blitt og bjart,
fólkið var frjálst að sjá,
félluð ekki tár af brá.

Full voru liðin 4 ár
algleymsis út í straum, —
en hvað það liktist draum.

Fljótlega syrta fór þá að.
Láta' yfir lífsins bók
lýðanna kongur tók.

Hér á ég enn þá, herrann kvað,
mannheima akri á
engilhreint blóm að sjá.

Veraldar læt ei aðköst ill
mæða' um það napri pin,
nú tek það heim til min.

Svo mælti himnasjóli hár,
sný ei þeim snöggva dóm.
Snart hann svo meyjablóm.

Fölnaði lífsins farfinn hreinn
vetfangi einu í,
á augun féll dauðans ský.

Sálin með englum svifin burt
gistir nú guðs í höll,
gleymd er því mæða öll.

Saklausa, kæra vífa val!
Blessað þitt bros mér skin.
Blessuð sé minning þin.

Veri svo þetta litla ljóð,
Rannveig, við raunir kvitt,
rós ein á leiðið þitt.

Vinkona hinnar látinu.

Winnipeg, 17. maí 1909.

— Fjórir drengir brunnu til bana í húsi einu í Toronto borg þann 20. þ.m. Móðirin með 5 börnum var uppi á lofti, en bónd-inn fjarverandi. Lampi á borðinu niðri sprakk, og kviknaði svo fljótt við það í húsinu, að konan komst ekki ofan. Hún greip yngsta barnið og henti sér með það út um gluggann, og frelsaði þannig sig og ungbarnið, en fjórir drengir, frá 2 til 7 ára, fórust.

Department of Agriculture and Immigration.

MANITOBA

Þetta fylki hefir 41,169,089 ekrur lands; 6,019,200 ekrur eru vötn, sem veita landinu raka til akuryrkjuþarfa. Þess vegna höfum vér jafnan nægan raka til uppskeru tryggingar.

Ennþá eru 25 miliónir ekrur óteknar, sem fá má með heimilisrétti eða kaupum.

Íbúatala árið 1901 var 255,211, nu er hún orðin 400,000 manns, hefir nálega tvöfaldast á 7 árum.

Íbúatala Winnipeg borgar árið 1901 var 42,240, en nú um 115 þúsundir, hefir meir en tvöfaldast á 7 árum.

Flutningstæki eru nú sem næst fullkomin, 3516 mílur járnbrauta eru í fylkinu, sem allar liggja út frá Winnipeg. Þrjár þverlandsbrauta lestir fara daglega frá Winnipeg, og innan fárra mánaða verða þær 5 talsins, þegar Grand Trunk Pacific og Canadian Northern bætast við.

Framför fylkisins er sjáanleg hvar sem litið er. Þér ættuð að taka þar bólfestu. Ekkert annað land getur sýnt sama vöxt á sama tímabili.

TIL FERDAMANNA:

Farið ekki framhjá Winnipeg, án þess að grenslast um stjórnar og járnbrautarlönd til sölu, og útvega yður fullkomnar upplýsingar um heimilisréttarlönd og fjárgróða möguleika.

R. P. ROBLIN,
Stjórnarformaður og Akuryrkjumála-Ráðgjafi.

Skrifið eftir upplýsingum til

Joseph Burke. 178 LOGAN AVE., WINNIPEG.
Jas. Hartney 77 YORK ST., TORONTO.

"Hún er á geðveikrahæli", sagði hann styttingslega. En að öðru leyti eru margir hér í grendinni, sem geta frætt þig meira um hegðun Sir Arthurs en ég".

Þetta var bending til njósnarans, að hætta að spyrja, enda mintist hann ekki framar á Sir Redleigh eða konu hans, en um leið og hann stóð upp, sagði hann:

"Lávarður, með þeim efnum, sem ég hefi nú fyrir hendi, skal ég reyna að rannsaka þetta atvik til hlýtar. En ég verð jafníramt að minnast á það, að þú hefir að vissu leyti bundið hendur minar, með því að dylja mig þeirrar ástæðu, sem hvetur þig til að láta rannsaka þetta. Ég væri flón, og alveg óhæfur til að framkvæma þetta starf, sem þú hefir falið mér á hendur, ef ég sæi ekki, að þú hefir ástæður, og þær sterkar, til að hefja þessa rannsókn, og ef ég þekti þessar ástæður, myndu þær hjálpa mér eitthvað, og ef mér hepnast ekki rannsóknin, þá er það að nokkru leyti þér að kenna".

Jarlinn hlustaði á þetta með óþolinmæði.

"Ég get ekki orðið við bón þinni, herra. Tilefni þess, að ég réði þig til þessa starfa, verður að vera leynt, en ég get fullvissað þig um það, að þó þú þektir þessa hvöt, myndir þú engu nær. En ég skal segja þér eitt, sem þú verður að halda leyndu, og það er, að ég hata Sir Arthur, af þeim ástæðum, sem hann þekkir, og ekkert eiga skylt við þetta máleíni. Ég áliti það góðverk, ef mér lánaðist að sviftu hann frelsinu með laganna aðstoð. Nú veiztu alt, sem ég get sagt".

Þegar lávarðurinn talaði síðustu orðin, var mál rómur hans harður og nötrandi af geðshræringu. Njósnarinn sá, að hann mátti ekki lengra fara í

spurningum sínum, kvaddi því og fór. Þegar jarlinn var orðinn einn, hné hann niður á stólinn og byrgði andlit sitt með höndunum.

5. KAPÍTULI.

Úr dagbók A. Copingstones.

Loksins hefi ég þá fengið máleíni að glíma við, sem ég er í vandræðum með. Síðan ég varð njósnari, hefi ég engu kynst, sem líkist þessu. Af því að ég held að það verði áhugavert, ætla ég að skrifa í dagbók mína allar framkvæmdir minar og framfarir því viðvíkjandi, og það því fremur, sem ég verð að gefa lávarði Fatheringham glögga skýrslu yfir störf mín, í staðinn fyrir kaup mitt, sem á að verða ríkulegt. Þegar Haughton-sökin varð kunn í London, kom mér ekki til hugar, að ég yrði við hana riðinn. Okkur fanst þessi tilviljun svo einföld, að um hana þyrfti ekki að hugsa, og því varð ég svo hissa, þegar ég fékk skipun um, að fara strax til Fatheringham í dularbúningi. Ég þekti jarlinn af umtali, og var því ekki lengi að átta mig á því, hvern dularbúning ég átti að nota, en ég verð að viðurkenna það, að mig furðaði stórum það sem hann sagði mér. Því meir, sem ég hugsa um, hvaða ástæður Sir Arthur hafi haft til að deyða skyttuna sína, sem unnið hafði hjá honum í mörg ár og var vinur hans, því óljósari verða mér þær. En það er þó enn meiri gáta, hvað Fatheringham lávarði gengur til að skifta sér af þessu. Hvaða samband getur verið milli hans og Sir Arthur, sem hvetur hann til að

vilja eyða þúsundum punda, til að sanna að hann sé morðingi? Þetta langar mig til að þekkja, en get ekki að svo komnu.

Ég hefi íhugað þetta máleíni ítarlega, síðan ég talaði við jarlinn, og komist að þeirri niðurstöðu, að ég hafi þrjár staðreyndir að halda mér að. Í fyrsta lagi, að Sir Arthur hafi viðurkent að hann hafi skotið manninn. Í öðru lagi, að hann var í félagi með hr. Grosse, þegar þetta skeði, náfrænda jarlsins, en ekki kunningja. Í þriðja lagi, að herra Grosse var honum samdóma um, að skotfærið hefði verið 30 álnir, en ekki 6, þegar hann var skotinn.

En svo er eitt atriði enn, sem getur haft mikla þýðingu og líka enga, það, að húsfrú Burlstone var hjúkrunarkona jarlssonarins í banalegu hans. Ég efast um, að nokkur njósnari hafi nokkru sinni byrjað á jafn erfiðu hlutverki jafn áhaldalaus.

En, nú er að skýra frá störfum mínum: Þegar ég yfirgaf Fatheringham lávarð, fór ég beina leið til Haughton, til að fá mér upplýsingar um þann mann, sem grunaður var um morð. Að ég lézt vera prestur, fanst mér eiga vel við, og ætlaði að láta það lita svo út, sem ég vildi stofna til evangelisks fundar í umboði Fatheringhams lávarðar. Ég komst að því, að presturinn var evangeliskrar skoðunar og fór því á fund hans. Mr. Brown — það var nafn hans — var gamall maður, grannur og hrörlegur, en viðfeldinn og þægilegur. Þegar ég var búinn að segja honum frá fyrirætlun minni með fundinn, bætti ég við:

"Ég vonast eftir, að njóta aðstoðar þinnar sem sóknarprests".

"Já, áreiðanlega, — þó það væri ekki nema til að veita Fatheringham lávarði virðingu mina, mundi ég koma".

"Þá gerirðu máske svo vel og segja mér nöfn

sjálfseignarbændanna hér í kring, sem hugsandi er að fáist til að koma".

"Velkomið. Fyrst er nú hr. Grosse, frændi jarlsins. Ég efast ekki um, að hann komi".

"Hr. Grosse", sagði ég og lézt ekkert vita. "Ó, það er maðurinn, sem var til staðar, þegar skyttan var deydd".

Presturinn hneigði sig en sagði ekkert.

"Það er harla undarlegur viðburður það", sagði ég, ákveðinn í því, að fá hann til að tala. "Hverskonar maður er þessi hr. Grosse? Er hann styrktar maður kirkjunnar og safnaðarins?"

"Já, hann er einn af leiðandi mönnunum hér í sókninni. Hinir aðalsmennirnir hér í kring eru flestir trúlitlir".

"Ég skil. Það er líklega ekki til neins, að fara til Sir Arthurs, þess manns, sem deyddi skyttuna?"

"Nei, það held ég ekki — nei, hreint ekki".

"Mér er sagt, að hann drekki mikið — er það ekki?"

"Sir Arthur er tengdasonur minn", sagði presturinn sorgbitinn mjög.

Auðvitað kom ég með sæg af afsökunum, en fann jafníramt, að gagnslaust mundi vera að leita fleiri upplýsinga þarna, svo kvaddi ég og fór. Oftast nær getur maður fengið beztar upplýsingar hjá sóknarprestinum um aðalsmenn og auðmenn í hans héraði, — en bregðist hann, er hyggilegast að fara til gestgjafans. Ég fór beina leið til Pólstjörnunnar, en af því að ég var prestur þessa stundina, tjáði ekki að ég færi þangað til að drekka. Ég bað um að finna gestgjafann, og lézt ætla að leigja leiksalinn til fundarhalds. Það var strax velkomið, og samræður okkar urðu brátt óþvingaðar, hann var málgefinn og hreinskilinn, og fékk ég því margt að vita hjá honum.



" WATERLOO "

Dominion Bicycle Championship fór fram í ofannefndum bæ 1. Júlí sl. Þar unnu hjól vor allar kappreiðar. Fred R. McCarthy á Cushion Frame hjóli var fyrstur í ½ og 1 ml. kappreið.

Blue Flyer hjólin unnu allar hinar kappreiðirnar. Svo voru hjól vor langt á undan að engin önnur hjól komust nálægt þeim "Blue Flyer" og "Cushion Frame". Vér smíðum þessi hjól:— Massey, Silver Ribbon, Cleveland, Perfect, Brantford, Rambler, Imperial og Blue Flyer, — og ábyrgjumst hvert einasta hjól. —

Canada Cycle & Motor Co., Ltd., Winnipeg.
147 PRINCESS STREET. Heimsins Bestu Reiðhjóla-smiðir.

Með því að biðja sérstaklega um "T.L. CIGAR," þá ertu viss að fá ágætan vindil.

make mine T.L. CIGAR

(UNION MADE)

T.L.

Western Cigar Factory
Thomas Lee, eigandi Winnipeg

Redwood Lager og Extra Porter

Styrkið taugarnar með því að drekka eitt staup af öðrum hvorum þessum ágæta heimilis bjór, á undan hverri máltíð. — Reynið !!

EDWARD L. DREWRY Manufacturer & Importer Winnipeg, Canada.

CHICAGOFÖR MÍN!!!

eða með viðfeldnari orðum

Ferðasöguágrip til Chicago, Toronto og Niagarafossins

(Niðurlag).

Í TORONTO.

Milli Chicago og Toronto er álika áfangi og milli St. Paul og Chicago, 500 mílur. Þá leið fór ég með Grand Trunk járnbrautinni, sem er lang-fljótust og lang-fullkomnust að öllu leyti af þeim brautum frá 4 félögum, sem ég fór með. Lestin fór þessa leið um 40 mílur á klukkustundinni. Á járnbr.stöðvum í Toronto mætti mér Miss Sigrún Baldwinson, ritstjóra, sem dvelur þar við piano og söngfræðisnám hjá Mr. Frank S. Welsman, kennara Jónasar Pálssonar. Miss Baldwinson er eini Íslendingurinn í Toronto. Hún sýndi mér borgina, og ýmsar helztu og merki legustu byggingar þar. Annað kveldið, sem ég var þar, fórum við að hlusta á Symphony Orchestra, er Mr. Welsman stjórnaði. Í flokkn um voru yfir 60 manns, karlmenn og kvenfólk, er spilaði mjög vel, þó tæplega eins vel og Minneapolis flokkurinn, enda er þess varla von, því hann er miklu yngri. Mr. Welsman tók við stjórn hans sl. haust, og blöðin sögðu, að flokknum hefði aldrei farið eins vel fram og síðan. — Þar spilaði einnig ungur Rússi, 17 ára, að nafni Micha Elman, sem er að verða heimsfrægur fiðlinisti. List hans gerði áheyrendurna svo hrifna, að hann var klappaður fram nær 20 sinnum, en hann spilaði ekki nema þrisvar umfram það ákveðna. Mr. Elman byrjaði að spila 5 ára gamall, og spilaði þá alt eftir eyranu. Lítlu síðar fór hann í "músik" skóla í Odessa, og síðar í St. Pétursborg. Árið 1905 byrjaði hann að ferðast um, þá 13 ára. Nú hefir hann spilað í öllum stærstu borgum heimsins, Berlin, London, New York, Paris o.fl., og allstaðar hlótið lof fyrir list sína. — Stærsta "músik" húsið í Toronto, Massey Hall, var troðfult þetta kveld.

Annað kveldið, sem ég var þar, fórum við í leikhús, en þriðja kveldið, sem var sunnudagskveld, í stærstu kirkjuna, sem við vissum af, og heitir "Sherburn Street Methodist Church": það er afarmikil og vegleg kirkja, og í henni geysimikið pipuorgan. Mér virtist kirkjan titra af hljöðöldunni, þegar því var beitt með fullum krafti. Í söngflokknum voru 30 manns og í hverri rödd voru til valdir sólóistar, karlar og konur. Tvö lög, vandasöm, og fögur, annað eftir Pflenger og hitt eftir Dr. Roberts, voru sungin, og í þeim skiftist á sóló og dúet og kór. Söngurinn í þessari kirkju er sá bezti söngur, sem ég hefi heyrt á æfi minni. — Tveir prestar eru við kirkjuna,— annar (séra Brown) las bibliutextana o.s.frv., en hinn (séra George Jackson) flutti ræðu og talaði um "Responsibility" (ábyrgð), og sagðist prýðilega vel. Séra Jackson er sami maðurinn og uppþotið varð út af í Methódista kirkjudeildinni, vegna frjálslyndis hans, og sem getið er um í síðasta hefti Breiðablika.

Á sunnudagsmorguninn fór ég einn í eina hina stærstu katólsku kirkjuna í borginni. Þar komst ég nærri í vandræði með sjálfan mig. Fólkið var á annari hverri mínútu að krossa sig og signa og knékrjúpa. Ég stóð og horfði á það undrandi, og það á mig, af því ég tók ekki þátt í þessum leik með því. Þjónarnir, sem aðstoðuðu prestinn, voru stöðugt að hneigja sig fyrir aftan hann og falla á kné með kertaljós í höndunum. Mér datt í hug: Mikill skelfilegur barnaleikur, — sjónleikur! Og þetta er fullorðið skynsamt, — nei, siðað fólk, að leika á hverjum helgidegi árið í kring. En mótmælendur eru litlu betri. Hveitiflísa og vínsopa athöfnin, sem verið er að mæla með, sem nauðsynlegu "sáluhjálpar atriði", er alveg sami barnaleikurinn. Hvorugir geta áfelt aðra, — alt er sama tóbakið. Hvað skyldi ártalið verða, þegar allir þessir leikir eru horfnir úr sögunni? — Kirkjan var afarskrautleg og prýdd með alls konar myndum, bibliumyndum. Þar á meðal var mynd af "djöflinum". Ekkert orgel var í kirkjunni og all ur söngur fremur litilfjörlegur. — Ekki gleymdu þeir katólsku, að reyna að ná í peninga af fólkinu, því þrisvar var samskota leitað meðan á messunni stóð.

Ég varð satt að segja þeirri stund feginn, þegar ég slapp út úr kirkjunni þeirri.

TORONTO-BORG.

er mjög falleg og snotur borg. Hún stendur við Ontario vatnið sunnarlega að vestanverðu. Vatnið er eins og haf til að sjá. Geysistór gufuskip lágu við bryggjurnar. Það voru vatnaskipin. Vatnvar autt það langt er maður sá, en skipaferðir um það voru ekki byrjaðar. — Margar fallegar byggingar eru í borginni, en fáar mjög háar eða stórkostlegar. Þó er þar hæsta bygging í Canada, Traders' Bank, hann er 15 hæðir.

Merkastar og skrautlegastar byggingar eru: Toronto University, Þinghúsið, borgarráðshúsið, Victoria University o.fl., o.fl. — Fjölda margar kirkjur eru í borginni, og sumar afar fallegar byggingar.

Í borginni eru 25 bankar, 7 dagblöð, og koma sum út tvisvar á dag, 4 stór bókasöfn, er hafa 5 úti bú, 13 leikhús (stór), og margir stórir og fullkomnir skólar.

Sendiherrar frá 18 ríkjum eiga þar aðsetur.

Skemti og skrautgarðar eru þar margir, bæði niður við vatnið og uppi í borginni. Aðal verzlunarstrætið í borginni heitir Yonge Street. Þar hefir Eaton félagið mikla búð, og við hliðina á henni er keppinautur þess Mr. Simpson.

Torontoborg er eins sú allra fallegasta og hreinlegasta borg, sem ég hefi komið í, og mjög auðratað er um hana, en mikið af sinni fegurð á hún vatninu að þakka.

NIAGARA-FOSSARNIR.

Frá Toronto suður til fossanna eru nálægt 150 mílur. Járnbrautar lestin rennur þá leið með fram Ontario vatninu, og í gegnum bæinn Hamilton. Allstaðar á þeirri leið er landslagið mjög fallegt,hæðir skógi vaxnar, og sér yfir til vatnsins. Í Hamilton þótti mér einnig mjög fallegt. Sá bær stendur á og utan í háum hólum og hæðum, en á milli þeirra renna lækir. Landslagið þar minti mig á Fljótshlíðina fögru. Hamilton er mikill iðnaðarbær.

Báðumegin við Niagaraána er bær, er heitir samneínt fossunum (Niagara Falls), en norður hlutinn er í Canada, en sá syðri í Bandaríkjunum. Hvor hluti hefir því sína bæjarstjórn út af fyrir sig, og allmikill munur er á þeim að ýmsu leyti. Til dæmis er alt mikið dýrara Canada megin, sumt helmingi dýrara. Fossarnir eru spölkorn fyrir sunnan bæinn, en á milli bæjarhlutanna og nokkuð langt fyrir neðan fossana eru 4 stálbrýr yfir ána (3 fastabrýr og 1 hengibrú), afarmiklar og ramgervar, og er stutt á milli þeirra. Eftir tveimur fara járnbrautir, en eftir hinum strætisvagnar og keyrandi og gangandi fólk. Tollgæslu og innflytjendagæslu hafa bæði ríkin við enda brúnna. Þar er maður yfirheyrður og rannsakaður nákvæmlega.

Hvernig ég fór að skoða fossana ætla ég ekki að lýsa, — ekki hvað sist af því, að ég sá eftir á, að ég fór rangt að því, vegna ókunnugleika, og fyrir það þurfti ég miklu meiri tíma enn ella. En þeim, er vildi skoða þá, vildi ég ráðleggja, að fara af lestinni Canada megin, hvort heldur þeir koma að norðan eða sunnan, ganga svo suður með ánni þeim megin, eins langt og hægt er að komast, en það sýnir stígur, sem er tilbúinn. Þegar maður er kominn hann á enda, þá blasa báðir fossarnir við, alveg fyrir framan mann, og er sú sjón bæði fögur og tignarleg. Þegar búið er að skoða fossana frá þessari hlið, er bezt að ganga til baka að brúnni, sem næst er fossinum, og fara yfir hana og dálítið upp á landið Bandaríkja megin, spyrja sig þar fyrir um brúna, sem liggur yfir þann hluta fljótsins, sem Bandaríkja fossinn er í, út á eyjuna (Goat Island), sem klýfur fljótið, og er á milli fossanna. — Þegar út í hana er komið, gengur maður eftir stígum, sem eftir eynni liggja, en gæta verður að, að hafa ána æfinlega á hægri hönd Á þeim vegi hingað og þangað liggja haglega búnar steintröppur alveg niður að fossum, með háu og sterku handriði í kring. Sunnan við Goat Island og rétt fyrir ofan Canada fossinn, eru 3 smáeyjar í fljótinu, sem nefndar eru "Three Sister Islands". Út í þær eru brýr af Goat Island. Allar eyjarnar eru skógi vaxnar og afarfallegar. Þegar búið er að ganga kringum stóru eyjuna, kemur maður að sömu brúnni aftur og maður fór yfir út á hana, og gengur maður þá inn í Bandaríkja bæinn. Á þennan hátt getur maður skoðað fossana fyrir ekkert og skoðað þá vel og í næði. En annars er hægt að fá bók keypta fyrir 25c hvar sem er, og heitir "Burk's Guide Book", og í henni eru leiðbeiningar um, hvernig hægt er að skoða fossana fyrir 15c, 25c, 35c, 50c, $1.00, $1.50 og $3.10, en þá er maður ekki eins frjáls. Forðast skyldi fólk þá menn, sem stöðugt eru að bjóða keyrslu. Það eru náungar, sem ekki eru eftir öðru en að ná í peninga.

Eins og kunnugt er, eru fossarnir í Niagara ánni, er rennur úr Erie vatninu og norður í Ontario vatnið. Er það afarmikil elfa. Áður enn hún klofnar við Goat Island er hún rúm míla á breidd. Nokkrir hávaðar eru skamt fyrir ofan fossana, en báðir falla þeir þráðbeint niður. Þeir eru 150—160 fet á hæð, en báðir afarbreiðir og fagrir. Bandaríkja fossinn er nærri þráðbeinn, en Canada fossinn er eins og hestskeifa í lögun. Í honum er afarmikið vatnsmegn, mest inst í skeifunni. Bandaríkja menn eiga allar eyjarnar og rönd af Canada fossinum, því landamerkin eru í miðju fljótinu, en sú kvíslin, sem liggur Canada megin, er miklu breiðari og þrisvar sinnum vatnsmeiri. Canada menn eiga því miklu meira vatnsafl.

Sex afarmiklar aflstöðvar eru þar, er hafa leyfi til að nota 1 miljón og 200 þús.hesta-afl. Stofnfé þeirra er um 40 miljónir dala.

Vatnið, sem notað er til aflins, er veitt úr ánni með því að hlaða steingarða út í hana nokkuð fyrir ofan fossana, og inn í pípur, sem taka við því og það rennur eftir í gegn um jörðina, og þangað til það er látið falla ofan í vélarnar. Það vatn kemur svo út neðan til í árbökkunum, langt fyrir neðan fossana og myndar afarharðan streng, sem stendur þvert yfir ána.

Þrjú hundruð og sextíu verksmiðjur eru í bænum, sumar afarstórar, er nota afl sitt alt frá frá vélastöðvunum. Auk þess er alt það rafurmagn, er bærinn þarí að brúka til ljósa og annars, frá þeim, og borgirnar Toronto og Buffalo eru lýstar upp að öllu leyti frá þeim.

Niagara fossarnir eru taldir að vera stærstu fossar í heimi, og eru það vafalaust. En satt að segja fanst mér þeir ekki eins stórkostlegir og ég hafði búist við. — Ég held að Gullfoss hafi eins mikið vatnsafl og Canada fossinn t.d., og hann er miklu hærri og stórfenglegri. En sjálfsagt hefir enginn foss á Íslandi eins mikið afl og þessir báðir til samans. Úr Gullfossi, Goðafossi, Dettifossi og fleiri stærstu fossum á Íslandi, væri óhætt að taka nokkur þúsund hesta öfl, án þess þeir töpuðu fegurð sinni.

Við fossana dvaldi ég tvo hálfa daga. Ég skrásetti mig þar ekki á neinu hóteli, eins og í Toronto, vegna þess ég vildi hafa tímann óbundinn að öllu leyti. Ég borðaði á matsöluhúsum, að eins þegar mér sýndist, en um nóttina gisti ég hjá gamalli ekkju, sem ég sá að auglýsti svefnherbergi til leigu. Hún sagðist vera búin að vera í þessu sama húsi í 45 ár, og sagðist hafa hýst mörg þúsund ferðamenn frá öllum löndum heimsins, en engan Íslending fyr en mig, og því bað hún mig að taka það skýrt fram í gestabók sinni, að ég væri Íslendingur, og varð ég fúslega við þeirri beiðni. Hún spurði mig margs um Ísland, og fræddi ég hana um það, þar á meðal um fossana þar. Ég hafði með mér mynd af Gullfossi, og sýndi henni, og hún sagði sér þætti hann svo fallegur og tilkomumikill, að Niagara kæmist ekki í samjöfnuð við hann. Ég gaf henni myndina, og þótti henni sérlega vænt um það. Ég vildi ekki vera minni en ýmsir Sviar, Norðmenn og Danir, er höfðu gist hjá henni, og gefið henni myndir af landslagi og ýmsu öðru í sínum löndum.

Bærinn hefir 40 þúsund íbúa. — Heilsuhæli eru þar í grend, sem álitin eru að vera einhver þau allra beztu í Ameriku. Loftslagið, á milli vatnanna og meðfram Niagara, er mjög heilnæmt.

Í bænum skoðaði ég meðal annars afarmikið safn, sem heitir "Niagara Falls Museum". Þar eru allskonar dýr, uppstoppuð, alt frá þeim stærstu, sem þekkjast, og til þeirra smærstu, — bæði villt og tamin. Ennfremur sjávardýr allskonar, fuglategundir, pöddur og önnur skorkvikindi. Lákkistur með hálflúnum líkum í voru þar meðal annars, — fullorðinna og barna. Á neðsta gólfi var afarmikill trjábolur, holur að innan, 2—3 faðmar í þvermál. Hann var þakinn að innan af nafnspjöldum þeirra ferða manna, er höfðu skoðað safnið. — Ég leitaði yfir klukkutíma að íslenzku nafni, en fann ekkert. Vel gátu þó íslenzk nöfn verið þar, því víða voru spjöldin hvert utan yfir öðru.

Á fimta og efsta gólfi í byggingunni voru myndakassar, með allskonar myndum í frá öllum löndum heimsins, nema Íslandi. Maður sá myndirnar í gegn um stækkunargler, er var í kassanum, og gat skiit um þær með því að snúa litilli sveif. Flestar voru myndirnar landslagsmyndir og af borgum og byggingum.

Á veggjum meðfram stigunum voru myndir úr "þræla"- og "Frelsis"-stríðum Bandamanna og einnig úr "Spænska" stríðinu. Að eins 25c kostaði að skoða safnið, og eins lengi mátti ég vera inni og ég vildi. Ýmislegt fleira skoðaði ég, sem ég nenni ekki að telja upp.

HEIMLEIÐIN.

Frá Niagara fór ég aftur til Toronto, og var þar í 2 daga. Þaðan fór ég sömu leið og ég kom til Chicago, og dvaldi þar í 3½ dag á heimleiðinni. Sumt af því, er ég skoðaði í Toronto og Chicago, og ég hefi lýst, skoðaði ég þá. Frá Chicago til Winnipeg fór ég einnig sömu leið og ég kom, í gegn um St. Paul og Minneapolis. Þar stansaði ég í hálfan annan dag. Sú borg er álika stór og Toronto, hefir 300 þús. íbúa, og er að mörgu leyti falleg, þó ekki eins falleg og St. Paul.

Jæja, lesari góður! Þá hefi ég sagt þér frá ýmsu því helzta, er fyrir augu og eyru bar á ferðalaginu. Þú fyriegefur hvað ég er lengi búinn að rabba við þig. Ég þakka þér fyrir samfylgdina á þessu hugarflugi. — Og vertu nú sæll!

Á. J. JOHNSON.

— Hundrað og fimtíu lyfsalar í Montreal hafa verið lögsóttir fyrir óleyfilega "Cocaine" sölu, og eru 700 kærur á móti þeim.

LEIÐBEININGAR--SKRÁ

YFIR ÁREIÐANLEGA VERZLUNARMENN Í WINNIPEG

MUSIC OG HLJÓÐFÆRI

CROSS, GOULDING & SKINNER, LTD. 323 Portage Ave. Talsími 4413

MASON & RISCH PIANO CO., LTD. 356 Main Stree Talsími 480 W. Alfred Albert, Íslenzkur umboðsmaður

WHALEY ROYCE & CO. 356 Main St. Phone 263 W. Alfred Albert, búðarþjónn.

BYGGINGA- og ELDIVIÐUR.

J. D. McARTHUR CO., LTD. Bygginga- og Eldiviður í heildsölu og smásölu. Sölust: Princess og Higgins Tals. 5060, 5061, 5062

MYNDASMIÐIR.

G. H. LLEWELLIN, "Medallions" og Myndarammar Starfstofa Horni Park St. og Logan Avenue

SKÓTAU Í HEILDSÖLU.

AMES HOLDEN, LIMITED. Princess & McDermott. Winnipeg.

THOS. RYAN & CO. Allskonar Skótau. 44 Princess St.

THE Wm. A. MARSH CO. WESTERN LTD. Framleiðendur af Finu Skótaui. Talsími: 3710 88 Princess St. "High Merit" Marsh Skór

RAFMAGNSVÉLAR OG ÁHÖLD

JAMES STUART ELECTRIC CO. 324 Smith St. Talsímar: 3447 og 7802 Fullar byrgðir af alskonar vélum.

GOODYEAR ELECTRIC CO. Kellogg's Talsímar og öll þaraðlút. áhöld talsími 3023. 86 Albert St.

RAFMAGNS AKKOKÐSMENN

MODERN ELECTRIC CO 412 Portage Ave Talsími: 5658 Viðgjörð og Vír-lagning — allskonar.

BYGGINGA - EFNI.

JOHN GUNN & SONS Talsími 1277 266 Jarvis Ave. Höfum bezta Stein, Kalk, Cement, Sand o. fl.

THOMAS BLACK Selur Járnvöru og Bygginga-efni allskonar 76—82 Lombard St. Talsími 600

THE WINNIPEG SUPPLY CO., LTD. 298 Rietta St. Talsímar: 1936 & 2187 Kalk, Steinn, Cement, Sand og Mól

BYGGINGAMEISTARAR.

J. H. G. RUSSELL Byggingameistari. í Silvester-Willson byggingunni. Tals: 1068

PAUL M. CLEMENS Bygginga-Meistari, 443 Maryland St. Skrifst.: Argyle Bldg., Garry st. Talsími 5997

BRAS- og RUBBER-STIMPLAR

MANITOBA STENCIL & STAMP WORKS 421 Main St. Talsími 1880. P. O. Box 244. Búum til allskonar Stimpla úr málmi og togleðri

VÍNSÖLUMENN

GEO. VELIE, Hel'dsölu Vínsali. 185, 187 Portage Ave. E. Smá-sölu talsími 352. Stór-sölu talsími 464.

STOCKS & BONDS

W. SANFORD EVANS CO. 326 Nýja Grain Exchange Talsími 3696

ACCOUNTANTS & AUDITORS

A. A. JACKSON, Accountant and Auditor Skrifst.— 28 Merchants Bank. Tals.: 5702

OLÍA, HJÓLÁS-FEITI OG FL.

WINNIPEG OIL COMPANY, LTD. Bíða til Stein Olíu, Gasoline og hjólás-áburð Talsími 1590 611 Ashdown Block

TIMBUR og BÚLOND

THOS. OYSTAD, 208 Kennedy Bldg. Viður í vagnhlössum til notenda, búlönd til sölu

PIPE & BOILER COVERING

GREAT WEST PIPE COVERING CO. 132 Lombard Street.

VÍRGIRÐINGAR.

THE GREAT WEST WIRE FENCE CO., LTD Alskonar virgirðingar fyrir bændur og borgara. 76 Lombard St. Winnipeg.

ELDAVÉLAR O. FL.

McCLARY'S, Winnipeg. Stærstu-framleiðendur í Canada af Stóm, Steinvöru [Granitewares] og fl.

ÁLNAVARA Í HEILDSÖLU

R. J. WHITLA & CO., LIMITED 264 McDermott Ave Winnipeg "King of the Road" OVERALLS.

BILLIARD & POOL TABLES.

W. A. CARSON P. O. Box 225 Room 4 1 Molson Banka. Öll nauðsynleg áhöld. Ég gjöri við Pool-borð

NÁLAR.

JOHN RANTON 203 Hammond Block Talsími 4670 Sendið strax eftir Verðlista og Sýnishornum.

GASOLINE Vélar og Brunnborar

ONTARIO WIND ENGINE and PUMP CO. LTD 301 Chamber St. Sími: 2988 Vindmillur -- Pumpur -- Agætar Vélar.

BLÓM OG SÖNGFUGLAR

JAMES BIRCH 442 Notre Dame Ave. Talsími 2638 BLÓM - allskonar. Söng fuglar o. fl.

BANKARAR,GUFUSKIPA AGENTR

ALLOWAY & CHAMPION North End Branch: 667 Main street Vér seljum Avísanir borganlegar á Íslandi

LÆKNA OG SPITALAAHÖLD

CHANDLER & FISHER, LIMITED Lækna og Dýralækna áhöld, og hospítala áhöld 185 Lombard St., Winnipeg, Man.

S. R. HUNTER & CO

Skraddarar,

189 Lombard Street

Búa til ný-móðins karlmannafatnaði eftir máli.— Efni og vinnubrögð afbeztu tegund, og alt ábyrgst að vera jafngildi þess bezta sem fáanlegt er í borginni. Verðið er við allra hæfi. —

S. R. Hunter & Co.

189 Lombard St.
Telephone 1395.

The Dominion Bank

NOTRE DAME Ave. BRANCH Cor. Nena St.

VÉR GEFUM SÉRSTAK AN GAUM AÐ SPARISJÓÐS-DEILDINNI. —

VEXTIR BORGAÐIR AF INNLÖGUM.

HÖFUÐSTOLL - - - $3,983,392.38
SPARISJÓÐUR - - $5,300,000.00

A. E. PIERCY, MANAGER.

R. A. THOMSON AND CO.

Cor. Sargent & Maryland St.

Selja allskonar MATVÖRU af beztu tegund með lægsta verði. Sérstakt vöruúrval nú þessa viku. Vér óskum að Íslendingar vildu koma og skoða vörurnar. Hvergi betri né ódýrari.—

Munið staðinn:—
HORNI SARGENT AVE. OG MARYLAND ST.
PHONE 3112.

F. Deluca

Verzlar með matvöru, aldini, smá-kökur, allskonar sætindi, mjólk og rjóma, sönnl. tóbak og vindla. Óskar viðskifta Íslend. Heitt kaffi eða te á öllum tímum. Fón 7756

Tvær búðir:
587 Notre Dame og 714 Maryland St.

DR. H. R. ROSS

C.P.R. meðala- og skurðlækuir. Sjúkdómum kvenna og barna veitt sérstök umönnun.

WYNYARD, — SASK.

JOHN DUFF

PLUMBER, GAS AND STEAM FITTER

Alt verk vel vandað, og verðið rétt

664 Notre Dame Ave. Phone 3815
Winnipeg

KOL OG VIDUR

Þur, beinharður eldiviður, — Poplar, Pine, og Tamarac með mjög sanngjörnu verði. — Nú sem stendur verið að afferma mörg vagnhlöss af BEZTA DAUPHIN TAMARAC. —

McElroy Bros.

Cor. Sherbrooke & Ellice
PHONE: 6612

Vér Höfum Aðeins Eitt Járn í Eldinum

Það er, að bóa til MAGNET Rjómaskilvindur, og það tekur upp allan vora tíma. Þessvegna er skilvinda vor þannig gerð, að vér getum ábyrgst hana að vera úr besta efni, af bestu gerð og endingarbezta. MAGNET er gerð til þess að aðskilja hreinlega. Vélin sannar það daglega.

Stjóra Nova Scotia-fylkis,
Skrifstofa Akuryrkju-deildar,
Halifax, N. S., Sept. 13., 1904.
The Petrie Mfg. Co., Ltd.
Hamilton, Ont.

Kæru herrar.—Vér höfum notað Magnet skilvinduna yðar samarlagt með umferðar mjólkurgerðarvélum vorum og höfðum hana altaf í bruki og brúkuðum hana einnig á fyrirmyndarbúi voru í Truro. Það gleðir mig að geta vottað, að hún fullnægði algerlega kröfum vorum, og ég hefi engar kvartanir heyrt um hana hvar sem hún hefir verið notuð. Yðar einlægur,
(Undirskr) B. W. CHIPMAN,
ritari akuryrkjudeildar.



Að endingu hefir MAGNET vélin engan jafningja. Öll stykki eru sterk og nægilega traust til að endast æfilangt. Ekkert stykki er svikið Hver vél er eins traust eins og veikasta stykkið í henni. Magnet hefir engin veik stykki, öll eru sterk og endingargóð.

Vér óskum að allir væntanl. viðskiftavinir skoði MAGNET vélina og sannfæri sig um að lýsing vor á henni sé rétt.

The Petrie Mfg. Co., Limited
WINNIPEG
HAMILTON. ST. JOHN. REGINA. CALGARY.

Hið gamla félag
Heintzman & Co.
PIANO

Uppáhalds hljóðfæri heimsfrægustu hljómfræðinga sem komið hafa til Canada. Friedheim, Hyllested, Burmeister, Albani, og aðrir merkir hljómfræðingar hafa mikillega hælt Heintzman & Co. Pianó. Burmeister sagðist "aldrei hafa spilað á Pianó sem betur hefði fullnægt kröfum sínum þegar hann hefði haft opinberar samkomur". Albani sagði: "Það er betra en nokkurt annað Pianó sem ég hefi notað". Sannarlega er það Pianó gott sem þannig fullnægir vandlætiskröfum heimsfrægra hljóðfæra leikenda, og verðskuldar að vera keypt af Canadabúum

J. J. H. McLean & Co LIMITED.

528 Main St. Talsími 808
ÚTIBÚ Í BRANDON OG PORTAGE LA PRAIRIE.

Fréttir úr bænum.

Íslendingadagsnefnd var kosin á almennum fundi í Goodtemplarahúsinu á fimtudagskveldið var. — Fundurinn var alvel sóttur, og sýnilega vaxandi áhugi manna, að taka þátt í Íslendingadagshaldinu með því að gefa kost á sér til þess að starfa í nefndinni. Um 20 manns voru í vali, og af þeim hlutu þessir kosningu:

Magnús Pétursson, 64 atkv.
P. S. Pálsson, 58 atkv.
Thordur Johnson, 57 atkv.
Sigfús Anderson, 52 atkv.
Jón Thorsteinsson, 51 atkv.
Jóh. Gottskálksson, 49 atkv.
Victor Anderson, 45 atkv.
Ólafur Thorgeirsson, 45 atkv.
Stefán Thorson, 45 atkv.

Séra Rögnvaldur Pétursson var einnig í vali og hlaut 55 atkvæði, en með því að 3 menn voru kosnir með 45 atkvæðum hver, og 10 menn þannig kosnir í nefndina, þá bað séra Rögnvaldur fundinn, að veita sér lausn, til þess að ekki yrðu nema 9 menn í nefndinni, eins og fundurinn áður hafði samþykt að hafa, og það veitti fundurinn honum. Svo að þeir 9 framantöldu mynda þessa árs Íslendingadagsnefnd.

Áður en gengið var til kosninga, voru lesnir upp reikningar yfir hátíðahaldið í fyrra, og sýndu þeir, að útgjöldin höfðu orðið tæpum $10.00 meiri enn inntektirnar, og að í sjóði voru nokkuð yfir $200. Reikningar þessir höfðu verið yfirskoðaðir af 3 mönnum og vottaðir réttir, og voru samþyktir af fundinum.

Nýja nefndin er vel valin. Hún er skipuð ötulum og þó gætnum mönnum, sem flestir eða allir hafa áður, starfað í Íslendingadagsnefndum, og leyst starf sitt vel af hendi. Þetta tryggir það, að vel muni verða vandað til hátíðahaldsins í ár, og að landar vorir megi vænta góðrar skemtunar 2. ágúst í sumar.

Herra Þorsteinn Þorkelsson, kaupmaður á Oak Point, var hér í borg í síðustu viku með konu sína og dóttur. Hann keypti hér 3 járnbrautar vagnhlöss af ýmsiskonar verzlunarvörum, og hann bað Heimskringlu að flytja sveitungum sínum og öllum öðrum þá gleðifregn, að hann hafi hér eftir fullar birgðir af alls konar verzlunarvörur í tveimur verzlunum, bæði í búð sinni á Oak Point og einnig heima á búgarði sínum.— Hann selur og hér eftir mjöl og gripafóður í heildsölu og smásölu. Hann hefir einnig tekið að sér sölu á alls konar landbúnaðar verkfærum og tekur jafnt gripi sem peninga, sem borgun fyrir þau. — Lesendur sjá af þessu, að Þorkelsson er ekki hættur að verzla. — Hann sigur á, þó hægt fari, piltur sá.

Herra Kristján Kristjánsson, trésmiður, að 457 Sherbrooke st. hér í borg, hefir fundið upp og látið búa til, að fengnu einkaleyfi, hinn svo nefnda "Christ Window Screen Button". Það er hnappur eða hespa; sem fest er á virnetglugga og læsir þeim að innanverðu. Hluturinn er þarflegur. — Hans verður síðar getið.

Mál hefir verið höfðað móti hr. R. A. C. Manning, umsækjanda um borgarstjórastöðuna við síðustu kosningar í bænum. Krafan var fyrir yfir $100 fyrir keyrslu-hesta kosningardaginn. Myers dómari sagði slíka leigu á hestum til að keyra kjósendur vera ólöglega, og því bæri ekki að borga skuldina.

Munið eftir að fara á Tombólu-na og Dansinn, sem unga fólkið heldur mánudagskveldið 31. maí, til ágóða fyrir st. Heklu. Með því styrkið þið gott málefni og skemtið ykkur sérlega vel um leið.

Herra J. G. Christie frá Gimli, var hér á ferð um síðustu helgi.

Brúkaður Fatnaður

MESTA ÚRVAL ÆTÍÐ Á REIÐUM HÖNDUM. KOMIÐ VIÐ HJÁ OSS OG SKOÐIÐ FÖTIN.

THE
OXFORD

Brúkaðrafata fél.
Phone 6162.
532 NOTRE DAME AV.
Vér kaupum og seljum föt.

Í sambandi við lát Guðjóns Íslejíssonar, að Lundar P.O., sem sem getið var um í síðasta blaði, skal þess getið, að hann var 76 ára að aldri og mjög farinn að tapa sjón og heyrn, og mun það, að áliti kunnugra manna, hafa valdið tiltæki hans, því að hann bjó að öllu öðru leyti við bezta kost á heimili sínu.

Einn af vinum Hkr. hefir bent á þá villu í síðasta blaði, að McArthur byggingin á Portage ave. ætti að vera 15 tasíur á hæð. — Grunnurinn er bygður til þess að bera 22 tasíur, og sú hæð hússins er fyrirhuguð síðar, og verður það þá langsamlega hæsta stórhýsi, sem enn hefir verið bygt í Canada. — Sömuleiðis er oss bent á, að vagnstöðvarnar miklu á suður Main st., gegnt Broadway, sem nú eru í smíðum fyrir C.N. og G.T. P. járnbrautirnar, eigi síðar að verða 10 tasíur á hæð, þó ekki verði í bráðina bygt hærra en 3—4 tasíur ofan á grunninn.

Í Wild Oak bygð lézt á fimtudaginn var, 20. þ.m., bóndinn Björn Benedictsson, Björnssonar, úr Þingeyjarsýslu. Björn sál. hafði dvalið hér í landi yfir 20 ár, og var síðar um eitt skeið í Winnipeg og síðar í Glenboro í Argyle bygð. Í Wild Oak bygð hafði hann búið í sl. 12 eða 13 ár. Hann var 63. ára gamall og eftirskilur ekkju og 10 börn.

MENNINGARFÉLAGS fundur verður haldinn í kveld (miðvikudag). Aðal verkefni fundarins er að kjósa stjórnarnefnd fyrir næsta ár. Auk þess verður eitthvert umræðuefni, og er öllum velkomið að taka þátt í umræðum um það. — Komið, og komið í tíma.

Íslendingar, sem ætla sér að fara margar ferðir milli Wpeg og Gimli, ættu að færa sér í nyt hið niðursetta fargjald C. P. R. félagsins. Menn fá 10 farmiða fyrir $9.00

Skemtanir voru miklar og marg breyttar hér í borg á mánudaginn var, og mikið var brúkað af flugeldum, og meiddust þá sumir. Einn misti fingur, annar brant á sér nefið, þriðji sprengdi sundur á sér vöðvann á annari hendi, og ýmsir aðrir urðu fyrir meiðslum, — alt í minningu og til virðingar Victoriu sál. Bretadrotningar.

Strætsbrauta félagið í Winnipeg hefir sent til nefndar þeirrar, sem hefir umsjón með undirbúningi fyrir Heimssýninguna fyrirhuguðu hér í borg, — ávísun fyrir sjö þúsund dollars, sem félagið ætlast til að verði notað til undirbúningsþarfa.

Séra Einar Vigfússon kom til bæjarins á mánudaginn var, frá Clarkleigh, Man. — Sveinn Jónsson, fóstursonur hans, kvongaðist 15. þ.m. Júlíönu dóttur herra Jóns Sigfússonar, að Clarkleigh, og fóru þau hjón, ásamt séra Einari, vestur í Saskatchewan í gærdag. Þau búast við, að setjast að á landi séra Einars að Kristnes P. O., Sask.

Ef þú ert meðlimur í stúkunni Ísafold nr. 1048, þá er það bráðnauðsynlegt að þú sækir fund í kveld, fimtudag 27. maí, — í fundarsalnum yfir búðinni hans P. S. Anderson's á Sargent Ave. — Komdu í tíma, kl. 8.

Kvenfélag Tjaldbúðar safnaðar heldur Bazar á miðvikudag og fimtudag í þessari viku. Þar verður fjöldi eigulegra og verðmætra hluta, sem seldir verða með afarlágu verði. Kvenfélagið vonar, að Íslendingar sæki vel þennan Bazar og búi sig út með skildinga til þess að geta trygt sér kjörkaupin.

TOMBOLA og DANS

verður haldinn í efri Goodtamplara salnum mánudagskveldið 31. maí. Unga fólkið, sem fyrir samkomunni stendur, mun kappkosta, að láta alt fara sem snyrtilegast fram. Ágóðinn verður gefinn til stúkunnar Heklu. Inngangur, dráttur og 4 kl.tíma dans fyrir að eins 25 cent. Tombólan byrjar stundvíslega kl. 8. Nefndin.

Rafmagns Straujárn

ÁREIÐANLEG ÓEYÐANLEG

Veita HITA án ósku, sóts, lyktar eða loga. Hitanum er beitt á verkið en ekki um alt herbergið.
Sparar allan gang milli stóarinnar og straubordsins.
Selt og samtengt af —

Gas Stove Dept. Winnipeg Electric Ry. Co.
322 MAIN ST. TALS. 2522

Veitið athygli!

Tableaux, Kaffiveitingar o.fl. skemtanir.

Föstudagskveldið 28. þ. m. verður

Stór Skemtisamkoma

haldin í Goodtemplarahúsinu (efri sal), undir umsjón Heklu, nr. 33, I.O.G.T. Til skemtunar verður meðal annars þetta:

1. Ávarp forseta.
2. Einvígi Gunnlaugs Ormstungu og Skáld Hrafns I. (Eftirmynd af einvígi þeirra á alþingi, í 4 sýningum).
3. Piano Solo—Miss Solveig Johnson.
4. Einvígi Gunnlaugs og Hrafns II. (Í Noregi, þar sem báðir féllu, í 8 sýningum).
5. Piano Solo—
6. Upplestur—Kristiana Nielson.
7. Álfakongurinn. (Myndir úr kvæði eftir þýzka skáldið Göthe, í 8 sýningum. Kvæðið sungið bak við tjöldin).
8. Ræða (skemtanir Ísl. í Winnipeg, kostir þeirra og ókostir)—Miss G. M. Kristjánsson.
9. Skozkur gamansöngur—William W. Provan (Barytone Soloist).
10. Hringur konungur ("Freistingin", úr Friðþjófssögu, í 5 sýningum. Kvæðið sungið bak við tjöldin).
11. Upplestur—Miss Ásta Austman.
12. Fiólin Solo—Miss Clara Oddson.
13. Undir Linditrjánum. (Samtal eftir þýzka skáldið Schiller).
14. Upplestur—Magnús Magnússon.
15. Trú, Von og Kærleikur. (Sýningar úr kvæði M. Jochumss)
16. Kaffiveitingar.

Það mun óhætt að fullyrða, að samkoma þessi verði ein sú bezta, sem haldin hefir verið hjá Íslendingum hér í borg. Sýningarnar hafa áður verið sýndar og hvarvetna verið lofaðar mjög. Hitt prógramið sjá allir að er vel valið, og viljum vér t.d. benda á skozka sönginn, sem er vel 25c virði að heyra. — Hr. Gísli Jónsson syngur fyrir sýningunum, og er óhætt að mælá með honum.— Kaffið vita allir hvernig er.

Samkoman byrjar stundvíslega kl. 8. Inngangur 25c

Komið í tíma og komið í hópum!

Fallegir SKÓR

Vorir Nýju Oxfords

eru hinir smekklegustu skór sem á kvennafætur hafa komið. Allar skógerðar hagleikir eru samankomnir í þessum skóm.
Þeir eru gerðir úr gljáleðri, Vici, Mólleðri, Choclate, Bronze, o. fl. þ. h.

Verð frá $4.00, $4.50 til $5.00

Ryan-Devlin Shoe Co
494 MAIN ST. PHONE 770.

DANCE PROGRAMME

fyrir samkomu unga fólksins, sem fer fram í efri Goodtemplarasalnum mánudagskveldið 31. maí:

1. Waltz. — 2. Two Step. — 3. Schottiche. — 4. Waltz. — 5. Three Step. — 6. Minuet. — 7. Two Step. — 8. Aurora Waltz.—9. Four Step. — 10. Mazurka. — 11. Waltz.— 12. Social Two Step. — Schottiche. — 14. Newport Waltz. — 15. Three Step. — 16. Mazurka. — 17. Waltz. —18. Two Step. — 19. Four Step. — 20. Aurora Waltz. — 21. Social Two Step. — 22. Minuet. — Og að endingu: 'Home, Sweet Home'.

Byrjar á slaginu kl. 10 og stend ur yfir til kl. 2.

TALLMAN'S ORCHESTRA spilar fyrir dansinum.

Unga fólkið ætti að nota tækifærið, þar eð þetta verður seinasti dansinn meðal Íslendinga fyrir sumarhitana. Nefndin.

Kvæði það til Ungmennafélags Íslands, sem prentað er á öðrum stað hér í blaðinu, hefir þótt svo fagurt, að tveir Íslendingar hér í borginni, þeir hr. Jón Friðfinnsson og A. J. Johnson, hafa nú þegar — áður en kvæðið er birt — samið lög við það. Höfundarnir munu ætla að senda lögin heim bráðlega, svo æskulýður Íslands geti sem fyrst sungið þessa gullfögru herhvöt, sem honum er tileinkuð.

VORVÍSA.

Vorið blíða vermir lýð,
vengi prýða blómin fríð.
Hverfur kvíði og hugarstríð.
Hygg ég bíði oss sældartíð.

S. J. A.

Dr. Magnús Hjaltason hefir tekið sér bólfestu að heimili hr. Jóns Sigfússonar að Clarkleigh P.O., og verður þar viðbúin með meðul að sinna þörfum fólks þar vestra.

Sektir liggja við, að ríða reiðhjólum eftir gangtröðum borgarinnar. Strætin eru ætluð til þess. Forðist sektirnar.

Tilkynnirg.

Vildi sá, sem nýlega óskaði eftir upplýsingum um, hvar fá mætti úlfdrápshunda, gera svo vel að skrifa Jóni G. Nordal, Wild Oak P.O., Man. Hann hefir slíka hunda sem hann er fús til að selja.

Ritstj. Hkr.

S. F. Ólafsson
619 Agnes St. selur Tamarac fyrir $5.50 og $5.75 gegn borgun út í hönd.
Telephone: 7812

Jónas Pálsson,
SÖNGFRÆÐINGUR.
Útvegar vönduð og ódýr hljóðfæri.
460 Victor St. Talsími 6803.

Íslenzkur Tannsmiður,
Tennur festar í með Plötum eða Plötulausar. Og tennur eru dregnar sársaukalaust með Dr. Mordens sársaukalausu aðferð
Dr. W. Clarence — Tannlæknir.
Sigurður Davidson—Tannsmiður.
620½ Main St.
Phone 470 Horni Logan Ave.

A. S. BARDAL
Selur líkkistur og annast um útfarir. Allur útbúnaður sá bezti. Enfremur selur hann alskonar minnisvarða og legsteina.
121 Nena St. Phone 306

Laing Brothers
3 Búðir: 234-6-8 KING ST. Talsími 4476, 5890, 5891
417 McMILLAN AVENUE Talsími 5598
847 MAIN ST. — Tals: 3016

Hafrar, Hey, Strá,
COUNTRY SHORTS, BRAN, CORN, CORN CHOP, BYGG CHOP, HVEITI CHOP, OG GARÐAVEXTIR.
Vér höfum bezta úrval gripafóðurs í þessari borg; fljót afhending

Nýji Vor-fatnaðurinn þinn.
EF HANN KEMUR FRÁ CLEMENTS — ÞÁ ER HANN RÉTTUR.
Réttur að efni, réttur í sniði réttur í áferð og réttur í verði.
Vér höfum miklar byrgðir af fegurstu og beztu fataefnum. —
Geo. Clements & Son
Stofnað árið 1874
264 Portage Ave. Rétt hjá Free Press

Th. JOHNSON
JEWELER
286 Main St. Talsími: 6606

JOHN ERZINGER
TÓBAKS-KAUPMAÐUR.
Erzinger's skorið reyktóbak $1.00 pundið
Hér fást allar neftóbaks-tegundir. Óska eftir bréflegum pöntunum.
McINTYRE BLK., Main St., Winnipeg
Heildsala og smásala.

Dr. G. J. Gislason,
Physician and Surgeon
Weltington Blk, - Grand Forks, N.Dak
Sjerstakt athygli veitt AUGNA, EYRNA, KVERKA og NEF SJÚKDÓMUM.

Drs. Ekern & Marsden,
Sérfræðislæknar í Eftirfylgjandi greinum: — Augnasjúkdómum, Eyrnasjúkdómum, Nasasjúkdóm um og Kverkasjúkdómum. : :
Í Platky Byggingunni í Bænum
Grand Forks, :: N. Dak.

BILDFELL & PAULSON
Union Bank 5th Floor, No. 520
selja hús og lóðir og annast þar að lútandi störf; útvegar peningalán o. fl.
Tel.: 2685

J. L. M. THOMSON, M.A., L.L.B.
LÖGFRÆÐINGUR. 255½ Portage Ave.

ANDERSON & GARLAND
LÖGFRÆÐINGAR
35 Merchants Bank Bldg. Phone: 1561

BONNAR, HARTLEY & MANAHAN
Lögfræðingar og Landskjala Semjarar
Suite 7, Nanton Block, Winnipeg

Hubbard, Hannesson and Ross
LÖGFRÆÐINGAR
10 Bank of Hamilton Chambers
Tel. 378 Winnipeg

Boyd's Brauð.
Bezta brauð er ódýrast.
Boyd's brauð eru gerð úr bezta mjöli af beztu bökurum með nýtísku rafmagnsvélum. Engin hönd snertir brauð vor frá því mjölið er tekið úr sekknum þar til brauðin koma úr ofninum, vel bökuð, full vigt.
Boyd's
Bakery Cor. Spence & Portage Ave
Phone 1030.

W. R. FOWLER A. PIERCY.

Royal Optical Co.
327 Portage Ave. Talsími 7286.
Allar nútíðar aðferðir eru notaðar við augn-skoðun hjá þeim, þar með hin nýja aðferð, Skugga-skoðun, sem gjöreyðir öllum ágiskunum. —

LAND

Vér höfum nýlega fengið til sölu yfir 30 Section-fjórðunga, liggjandi að Oaklands braut C. N. R. félaginu. Verð-ið er frá $7.00 til $12.00 hver ekra. Ekkert af löndum þessum eru meir en 5 mílur frá járnbrautinni.

Skuli Hansson & Co.
Skrifst. Telefón 6476. Heimilis Telefón 2274

Heimskringla.

Alt landið

er áhyggst að vera jarðyrkju land af bestu tegund, og fæst keypt með vægum afborgunar skilmálum. (N.B.—Lesið fyrripart þessarar augl. vinstramegin við Hkr. nafn.)

Frekari upplýsingar veita
Skuli Hansson & Co.
56 Tribune Building. Winnipeg.

XXIII. ÁR. WINNIPEG, MANITOBA, FIMTUDAGINN, 3. JÚNÍ, 1909 NR. 36

Komið til Mín!

og skoðið hjá mér hin margreyndu og alkunnu BRANTFORD reiðhjól.

Þau eru langbeztu reiðhjól sem fást hér í Canada, — og líklega þó víðar sé leitað. Ekki þurfið þér að óttast skilmálana; þeir munu koma heim við hvers manns vasabuddu. Komið til mín með gömlu reiðhjólin til aðgerðar.

West End Bicycle Shop,
JON THORSTEINSSON, eigandi.
477 PORTAGE AVE. Winnipeg, Man

Fregnsafn.

Markverðustu viðburðir hvaðanæfa.

— P. Byrnes, skósmiður, keypti fyrir 15 árum byggingarlóð á horni inu á Jasper og McDougall strætum í Vancouver borg fyrir 375 dollara. Hann seldi 50 fet af lóð þessari fyrir nokkrum tíma fyrir $800, og nú seldi hann hinn hluta lóðarinnar, 34 feta breiðan (hornlóðina) fyrir 49 þús. dollara. Dominion bankinn keypti lóðina og ætlar að byggja þar.

— Þann 30. apríl sl. strandaði stórt gufuskip að nafni Columbia við Alaska skagann. 194 manns voru á skipinu og allir fórust, — nema að eins 19 manns, sem komust af. Skipið brann niður að vatnsborði.

— Jarðskjálfta varð vart í ríkjunum Iowa, Illinois, Michigan og Wisconsin að morgni 26. maí sl., en lítinn skaða gerðu þeir, annan en að brjóta rúður í gluggum og leirtau í húsum manna, einkanlega í útjöðrum Chicago borgar. Einnig er sagt að nokkrar gamlar byggingar hafi fallið, en um manntjón er ekki getið.

— Norskur sjómaður er sagt að hafi fríviljuglega skýrt skipstjóra sínum frá því, að hann hafi hjálpað Mrs. Gunness, sem olli svo miklu umtali í öllum blöðum þessa lands fyrir ári síðan, — til þess að drepa 4 karlmenn heima á heimili hennar, og að hann hafi eftir það sjálfur drepið Mrs. Gunness. Hún dó þannig, að heimili hennar brann, og aska hennar og barnanna fanst í rústum hússins. — Fréttin segir ekki, hvort maður þessi, sem nú er í Noregi, meðkenni að hafa einnig myrt börnin og lagt eld í húsið. Maðurinn er ólitinn að vera með fullu ráði, og eru læknar nú að rannsaka hann, meðan lögreglan er að rekja lífsferil hans þau ár sem hann var í Bandaríkjunum.

— Prince Rupert bæjarlóðir voru í síðustu viku seldar við opinbert uppboð í Vancouver borg, og gengu vel út og með góðu verði. Mælt að ein hornlóð hafi verið keypt á 16 þús. dollara, og að alls hafi verð hinna seldu lóða numið nær 560 þús. dollara.

— Fjármálaráðgjafinn á Ítalíu hefir í fjármálaræðu sinni í sl. viku tilkynt þjóðinni, að stjórnin ætli sér að leggja nýja skatta á landsbúa, sérstaklega á ógifta, fulltíða karlmenn og ekkjur og barnlaus hjón, og býst við að hafa 3 milión dollara árlegan hag af þessu tiltæki.

— Hitar miklir hafa gengið á Ítalíu í þessum mánuði. Svo urðu þeir miklir í Rómaborg, að nokkrar manneskjur mistu ráðið og fyrirfóru sér. Í páfahöllinni hefir og verið svo heitt, að páfinn hefir neitað að veita nokkrum gesti viðtal um óákveðinn tíma.

— Lögreglan í Odessa borg hand tók 192 baptista trúar menn og konur, sem safnast höfðu saman uppi á fjalltoppi í grend við borgina. Fólk þetta er kært fyrir að hafa haft þar ólöglegar samkomur

— Feikna regnfall á Indlandi — 26 þuml. í sumum stöðum á vikutíma, með óvanalega miklum þrumuveðrum, hafa gert feiknatjón þar í landi og marga skipskaða.

— Hon. C. J. Mickle hefir verið gerður að dómara hér í fylkinu.

— Fellibylur æddi yfir hluta af Norður Dakota, Texas og Oklahoma á sunnudaginn var, og gerði mikið mann og eigna tjón. Í Langdon, N.D., létu 4 menn lífið, en 20 meiddust, og 30 íbúðarhús er sagt að hafi fallið til grunna. Eignatjón þar er metið 150 þús. dollars. — Í Ypsilante, N. D., létu 3 konur lífið og ýmsir sérðust hættulega, og talið víst, að 2 af þeim muni deyja. Þar eyðilagðist vagnstöð Northern Pacific félagsins. — Í Jamestown yrðu 4 manns fyrir meiðslum, og einn í Steele bæ, — elding sló hann til bana. Í Lakota gerði og elding talsverðan skaða og einnig í Wahpeton. Af öðrum slysum hefir ekki frézt frá Norður Dakota. En meiri urðu skemdir og anntjón í hinum ríkjunum. Í Texas urðu mestar skemdir í bænum Zephyr. Þar féll til grunna næstu fyrri einasta hús, og það, sem eldingin ekki sló niður, það eyðilagði eldur, því að við fall húsanna í bylnum mikla kviknaði í mörgum þeirra, og eldurinn læsti sig um alt, sem brunnið gat í bænum. Helfingur allra bæjarbúa mistu lífsitt, en flestir hinna eftirlifandi sérðust meira og minna. Þetta er að eins smábær með 250 til 300 íbúum, og svo segir fréttin, að nær 150 manna hafi dáið strax og bylurinn skall á, snemma á sunnudagsmorguninn. Voðalegt haglél gerði á undan bylnum, svo að fólkið vaknaði og fór að klæðast, en þá skall fellibylurinn á í einu vetfangi, svo fólkið lenti í rústunum, þegar húsin féllu. Hjálp ar vagnlestir voru strax sendar til bæjarins frá Brownwood bæ, og víðar að. Í Temple bæ yrðu og miklar skemdir, 25 manns fórust þar, margir meiddust og mörg hús brunnu.

— James Sharpe, sem ferðaðist í fyrra hér um vesturlandið með fjölskyldu sína og aðra áhangendur undir nafninu Adam Guð, hefir í Kansas borg á laugardaginn var verið dæmdur í 25 ára fangelsi fyrir að hafa skotið tvo lögregluþjóna til bana. Enn þá er málið móti konu hans ekki full-rannsakað fyrir réttinum, en líklegt er, að henni verði sýnd meiri vægð, því að hún mun að eins hafa fylgt manni sínum, og máske nauðug.

— Sex manns druknuðu af 3 bátum á höfninni við Boston borg á sunnudaginn var. Höfnin var þakin smábátum, þegar bylur skall á, með 40 mílna hraða á kl.-stund. Mörgum bátum hvolfdi, en allir komust líís af nema þessir umgetnu 6 menn.

— Jarðskjálftar á suður Grikklandi á mánudaginn var gerðu feikna mikið eignatjón, — lagði marga bæi í rústir. Hve margir hafi beðið bana er enn ófrétt.

— Hinn afdankaði Tyrkjasoldán hefir nýlega selt landsstjórninni þar í hendur alt það fé, sem hann átti á vöxtum og í geymslu á Þýzkalandi. Hve miklu það nam, er ekki getið. Hins vegar heldur hann enn þá ráðum yfir því fé, sem hann á í vörzlum Breta.

— Hon. P. H. Roy, fyrrum þingforseti í Quebec og varaforseti mikils banka þar eystra, hefir sekur fundist um megnan fjárdrátt og falskan skýrslusamning um ástand bankans. Fyrir þetta var hann dæmdur í 5 ára fangelsi, og vinnur nú við að brjóta þar stein, tíu klukkustundir á dag.

Fagnaðarhátíð

Hér með er öllum íslenzkum Góðtemplurum hér í borg, og ennfremur þeim konum og körlum utan reglunnar, er gleðjast yfir hinum stóra sigri, er bindindismálið vann á ættjörð okkar Íslandi þann 1. maí sl., er alþingi greiddi fullnaðar atkvæði um aðflutningsbanns lögin, og samþykti þau með 18:6 í neðri deild og 8:5 í efri deild, — boðið að koma á allsherjar fagnaðarhátíð, er ísl. Góðtemplara stúkurnar hér standa fyrir, og haldin verður í Góðtemplara húsinu (efri salnum)

þriðjudagskv. 8. júní

og byrjar kl. 8 að kveldi. Á prógrami verður meðal annars:

Ávarp forseta—Hr. B. M. Long.
Söngur— Söngflokkur Góðtemplara (undir stjórn hr. Gísla Goodmans).
Ræða: Minni Góðtemplarareglunnar á Íslandi (hr. Bjarni Magnússon).
Söngur—Söngfl. Góðtemplara.
Ræða: Minni alþingis (hr. A. J. Johnson).
Söngur— Söngfl. Góðtemplara.
Ræða: Minni Íslands (hr. Hjálmar Gíslason).
Solo—hr. A. J. Johnson.
Eldgamla Ísafold (allir eiga þá að syngja.

Á eftir prógraminu má fólk skemta sér um stund í salnum. — Munið daginn og tímann. Allir, sem fagna bannlögunum, boðnir og velkomnir.

Forstöðunefndin

Hófsemdar-drykkja.

Charles W. Eliot, L.L.D., forseti Harvard háskólans talar um hófsemdardrykkjuna á þessa leið:

Ég hefi alla æfi mína verið það, sem kallað er hófdrykkjumaður. Það er að segja, ég hefi neytt víns og bjórs einstöku sinnum, þó aldrei að staðaldri, og ég hefi aldrei persónulega fundið til neinna illra áhrifa af bjór eða víni. Jafnan hefi ég kannast við bibliu málsháttinn, að "vín gleðji mannsins hjarta",— á því er enginn efi. En hinsvegar er það vafamál, hvort það er nauðsynlegt, að mannshjartað sé glatt á þann hátt. Iðugleg íhugun hefir sannfært mig um, að áfengisnautn miðar til stundar glaðværðar, gerir menn káta og hávaðasama. En efasemdin um gagnsemi þeirrar glaðværðar hefir aukist í huga mínum með vaxandi árum.

Nýjustu athuganir í lífærafræði og lyfjafræði benda sterklega til þess, að jafnvel hófleg nautn áfengis sé ónauðsynleg. Reynslan hefir sannfært menn um, að vínið orkar ekki einu því afreki, sem það var notað til, og menn hafa því algerlega hætt við notkun þess til þeirra hluta. Reynsla er fengin fyrir því, að áfengi gerir menn óhæfa til að þola kulda, hita, þreytu eða mikla áreynslu. Það var eitt sinn álitið nauðsynlegt, að sjómenn og hermenn fengju daglega ákveðinn skamt af áfengi, til þess að þeir þyldu betur vinnu sína. En nú er sú breyting orðin á, að vín hefir verið aftekið í hernum fyrir mörgum árum, og er heidur ekki veitt á velstjórnuðum verzlunarskipum. Afleiðingin af þessari stefnu hefir sýnt, að vosbúðarlíf siglingamanna var í engu bætt með hófsamri vinnautn, heldur þvert á móti. Enginn skipstjóri á hafskipi notar nú vín til þess að styrkja sig til að þola stöður og kulda og vosbúð á skipunum. Í þess stað drekkur hann heitt tevatn, kaffi eða limonaði, til þess að halda sér vakandi, en hann neytir aldrei víns til styrktar í illviðrum.

Eins er það um mikla andlega áreynslu. Það var lengi ríkjandi sú skoðun, að enginn gæti gengt embættisstörfum stjórnar formannsins á Englandi, að vera í þinghúsinu lengi fram eftir á hverju kveldi og á skrifstofu sinni í Downing Street margar klukkustundir á dag, nema hann neytti áfengis, — eina eða tvær flöskur af portvíni á dag. Margir frægir menn hafa gegnt jafn örðugum störfum undir þessum skilyrðum. En nú er þessi venja algerlega afnumin. Það er viðurkent, að áfengi örfar ekki hugsanalíf manna, með jafnvel hófsamri nautn, né gerir menn færari til þess að þola betur andlega áreynslu. Þvert á móti er það reynsla þeirra manna, að áfengi sljófgi hugsunarafliið, og ef þeir hafa vanið sig á, að vera undir áhrifum áfengis, þá hættir þeim við að kæfa þau með ofnautn kaffi eða tevatns. Þeir, sem leggja á sig mikið andlegt erfiði og neyta áfengis, tevatns og kaffis, eru að brenna lífsþráð sinn á báðum endum.

Ég hefi sjálfur tekið eftir mjög mikilli breytingu á skoðun manna á nauðsyn örfandi drykkja til viðhalds andlegum þrótti. Þýzkir og ameríkanskir sálarfræðingar hafa gefið gagnlegar upplýsingar um þetta efni, og afleiðing þeirra upplýsinga er öllum auðsæ, og benda allar í eina átt. Til dæmis hafa ánrif áfengis á þá menn, sem vinna við reikning og að leggja saman langa dálka af tölum, verið nákvæmlega athuguð. Drekki maðurinn hófsamlega vín einn dag, þá hefir það sannast, að hann leggur ekki tölurnar eins vel saman næsta dag á eftir, eins og ef hann hefði ekki neytt víns daginn áður. Tilraunir í þessa átt hafa verið gerðar á svo miklum fjölda manna að algerlega áreiðanleg vissa er fengin í þessu efni.

Önnur eftirtektaverð tilraun hefir verið gerð, sem nefnd er "tíma-andverkun". Með því er átt við þá tímalengd, sem verður milli þess, sem maður heyrir hvell eða sér glampa, og þar til maður getur snert einhvern hlut með útréttum handlegg. Augað eða eyrað nær teiknunum og flytur þau til heilans, og viljinn setur handleggs og fingrataugarnar í hreyfingu, til þess að snerta ákveðna hlutinn. Þessi tímalengd er mismunandi hjá fólki, og það hefir verið sýnt, að á þeim, sem neyta áfengis, jafnvel í hófsömum mæli, liður lengstur tími frá því teiknið er gefið, þar til hluturinn er snertur. Vínið sljófgar vöðvaflið, og áhrifin vara svo skiftir klukkustundum og dögum.

Fyrir nokkrum árum veittist mér kostur á, að athuga þessa tíma-andverkun á einum velþektum hnefaleikara. Hann hafði samið um, að berjast á ákveðnum degi í borg einni spölkorn frá Boston. Dagurinn hafði verið ákveðinn, en bardagamaðurinn hafði verið á langvarandi fyllitúr. Aðstoðarmaður hans gat ekkert ráðið við hann. Hann hafði verið um langan tíma undir áhrifum áfengis. Það var farið með hann til Cambridge og "tíma-andverkun" hans mæld þar. Hún reyndist sein. Þessi maður hafði jafnan verið frægur fyrir snarleik augans og hnefans. Kapp-bardagamaður þarf að vera fljótur að sjá og slá, og hann verður að sjá á tilburðum hnefans á andstæðingi sínum, hvar hann ætlar honum að lenda, og hann verður snarlega að beita handlegg sínum til þess að slá af sér komandi högg. Sein "tíma-andverkun" gerir sigurvinningu ómögulega í hnefaleik eða kapphlaupi. "Tíma-andverkun" manna hefir verið nákvæmlega mæld í hundruðum tilfella, og það er enginn vafi á, að áfengi hefir ill áhrif, hversu hóflega sem þess er neytt. Og þetta þýðir, að hófdrykkjan minkar starfsmagn handverksmanna, eða með öðrum orðum, gerir þá óhæfa til þess að inna af hendi eins mikið dagsverk og þeir geta án vínsins.

Benjamín Franklin tók snemma eftir þessu atriði. Þegar hann fór fyrst að vinna á ungdómsárum sínum í enskri prentstofu. Hann drakk ekki bjór, og komst að því, að hann gat komist fram fyrir samverkamenn sína í prentstofunni, sem bjórsins neyttu, og hann þakkaði þetta bindindi sínu.

Ég segi þess vegna, að framför læknisfræðinnar, sem að miklu leyti hefir orðið fyrir tilraunir, sem gerðar hafa verið á mönnum og dýrum, hefir fullvissað mig um, að jafnvel hófleg vínnautn sé ónauðsynleg og jafnvel skaðleg, af því hún veiklar taugakerfið og hin andlegu öfl mannsins. Stundi maðurinn andlega atvinnu, og ef hann annast um starf sitt, sem hann hefir ánægju af og sem hvetur hann til þess að beita sínum beztu kröftum, svo að hann þarfnist fullra nota allra sinna skilningslegu hæfileika, — þá mun hann óhjákvæmilega komast að raun um hin svæfandi áhrif áfengis.

OGILVIE'S
Royal Household Flour

Til BRAUÐ-GERÐA

Til KÖKU-GERÐAR

Gefur æfinlega fullnæging

KAUPIÐ af þeim og verzlið við þá sem auglýsa starfsemi sína í Heimskringlu og þá fáið þér *betri* vörur með *betra* vörði og *betur* útilátnar.....

LAUSNAR - TILBOÐ

Hér með tilkynnist hlutaðeigendum, að ég undirritaður keypti við opinbert uppboð, sem nýlega var haldið í Gimli bæ, eftirfylgjandi byggingalóðir, innan takmarka bæjarins, sem þá voru seldar fyrir óborguðum sköttum: —

Lóðir No. 34, 35, 36, 37, 38, 91, 92, 93, 94, 100, 101, 103, 104, 113, 114, 117, 118, 119, 120, 25, 26, 27, 28. Allar í Block No. 1.,

Ennfremur lóðir No. 3, 4, 5, 6, 11, 12, 13, 14, 15, 23, 25, 26, 48 97, 102, 103, 104, 119, 120, 122, 123, 124, 125, 126, 132, 133, 134, 135, 136, 141, 142. Allar í Block No. 2.

Ennfremur lóðir No. 3, 4, 5, 6, 7, 8, 17, 18, 19, 20, 25, 26, 27, 28, 37, 38, 39, 42, 46, 99, 108, 137, 138, Allar í Block No. 3.

Ennfremur lóðir No. 27, 48, 128, 129, 130. Allar í Block No. 4.

Ennfremur lóðir No. 11, 12, 101, 102, 109. Allar í Block No. 5.

Ennfremur lóðir No. 61, 62, 63, 78, 79, 80. Allar í Block No. 6.

Ennfremur lóðir No. 66, 67, 137, 138, 139, 140. Allar í Block No.7.

Allar þessar ofantöldu byggingalóðir í Gimli bæjarstæðinu keypti ég á áðurgreindu uppboði, og með því ég tel það áreiðanlegt, að eigendur nefndra lóða vilji ekki tapa þeim, og að það sé eingöngu af íhugunarleysi, að þeir hafa ekki gætt þess að borga skattana í tæka tíð, til þess að koma í veg fyrir, að lóðirnar yrðu seldar, — þá geri ég hér með eigendum téðra lóða það tilboð, að þeir geti fengið lóðir sínar aftur nú þegar, með þv- að semja við mig um þær, — jafnvel þó þeir hafi ekki fé til að borga áfallnar skuldir. Ennfremur er ég fús til þess, að lána þeim byggingaefni, sem kynnu að vilja byggja á lóðum sínum, ef þeir vilja semja um það við mig. Mér er ant um, að eigendur lóðanna ekki að eins fái haldið þeim sem eign sinni, heldur einnig að þeir geti gert sér þær að arðaerandi eign með því að þeir byggi eða láti byggja á þeim. Enginn þeirra þarf að fráfælast þetta tilboð af þeirri ástæðu, að hann skorti fé til framkvæmdanna, því ég er fús til að lána þeim það, sem þeir þurfa með því að þeir semji við mig um það.

...Hins vegar læt ég þess hér jafnframt getið, að þeir, sem ekki sinna þessu tilboði mínu að leysa lóðir sínar undan skattsölunni nú bráðlega, mega búast við að verða síðar að borga allan löglega áfallinn kostnað, að meðtöldum lögákveðnum vöxtum af skuldinni, eða að tapa lóðum sínum.

Gimli, 27. maí 1909.

STEPHAN SIGURÐSSON

ATHS. — Það hefði verið eins rétt af herra Stephani Sigurðssyni að nefna tilboð sitt "Rausnar-tilboð" eins og "Lausnar-tilboð", því svo er tilboð hans rausnarlegt sem mest má verða, og ekki minnumst vér þess, að hafa áður vitað þá, sem keypt hafa lönd á skattsölu uppboðum, leggja á sig ómak og tilkostnað til þess að leita uppi eigendur landanna til þess að gera þeim slíkt tilboð. Að vísu eiga lóðaeigendurnir lagarétt til þess að innleysa lóðir sínar, hvenær sem þeir vilja innan tveggja ára frá söludegi, með því að borga allan áfallinn kostnað og 10 prósent af þeirri upphæð, sem lóðirnar hafa verið seldar fyrir. En kostnaðarminst er að innleysa þær sem allra fyrst, og úr því að hægt er að gera það án fjárútláta, að eins með því að semja við herra Sigurðsson, þá ættu eigendurnir sem allra fyrst að sæta tilboði hans. Ritstj.

PURITY FLOUR

AÐ BAKA BEZTA BRAUÐ
er meira en vísindi og meira en list.

En það má gerast fljótlega og áreiðanlega með því að nota

PURITY FLOUR

Það er malað úr bezt völdu Vestur-Canada Hörðu Hveitikorni; er algerlega hreint og svo ilmandi kjarngott.

ALLIR ÍSLENZKIR KAUPMENN SELJA ÞAÐ

WESTERN CANADA FLOUR MILLS CO.,
LIMITED.
WINNIPEG, —— CANADA.

Wall Plaster

Með því að venja sig á að brúka **"Empire"** tegundir af Hardwall og Wood Fibre Plaster er maður hár viss að fá beztu afleiðingar.

Vér búum til:

"Empire" Wood Fibre Plaster
"Empire" Cement Wall "
"Empire" Finish "
"Gold Dust" Finish "
"Gilt Edge" Plaster of Paris
og allar Gypsum vöruutegundir. —

Eigum vér að senda yður bækling vorn?

MANITOBA GYPSUM CO. LTD
SKRIFSTOFUR OG MILLUR I
Winnipeg, - Man.

Heimskringla

Published every Thursday by The Heimskringla News & Publishing Co. Ltd

Verð blaðsins í Canada og Bandar $2.00 um árið (fyrir fram borgað). Sent til Íslands $2.00 (fyrir fram borgað af kaupendum blaðsins hér $1.50.)

B. L. BALDWINSON,
Editor & Manager

Office:
729 Sherbrooke Street, Winnipeg
P.O. BOX 3083. Talsími 3512.

Um hluttöku Íslendinga í W'peg-sýningunni.

Hann er ekki all-óhyggilegur íslenzki málsháttur inn sem segir: "Ekki er ráð, nema í tíma sé tekið". Mun þar hrýndur sá sannleiki, að þess betur, sem eitt mál sé íhugað, þess meiri líkur séu til þess, að íhugunin verði bygð á betri rökum, og að niðurstaðan, sem þannig fæst, verði sem næst því sem réttast er. Þess vegna hugkvæmist Heimskringlu sú spurning í sambandi við Heimssýningu þá, sem hér er fyrirhuguð árið 1912, hvort vér Íslendingar eigum að sjást þar í þjóðernislegri merkingu.

Það mun verða ætlast til þess að vér, sem borgarar, gerum vora skyldu, engu síður en aðrir borgarbúar, til þess að sýningin, ef hún verður haldin, takist að öllu leyti svo vel, sem frekast eru föng til. Og er það í alla staði eðlilegt, með því að hjá því getur ekki farið, að áhrifin af sýningunni verði ekki að eins Winnipeg borg heldur einnig öllu norðvestur Canada að miklu liði á þann hátt að auka álit á landinu, auka innflutning fólks í landið, og auka verð fasteigna að miklum mun. Og þar sem vér Íslendingar erum búnir að dvelja fullan aldarfjórðung í landinu, þá ættum vér að finna oss skylt, að taka vorn þátt í þessum framkvæmdum.

Það skal strax tekið fram, að til þess að þátt-taka vor í þessari sýningu, ef hún kemst á, sem miklar líkur eru til að verði, geti orðið sanngjarnlega myndarleg og þjóðflokki vorum hér og íslenzku þjóðerni til verðugs sóma, verðum vér að hafa samtök, bæði til þess að sjá um verkið, og einnig til þess að sjá um sönnun þess fjár, sem nauðsynlegt verður til að koma þessu í framkvæmd. En tilkostnaðurinn verður þeim mun meiri, sem vér gerum þátttöku vora myndarlegri.

Líkiega verða deildar skoðanir um það, hvernig Íslendingar sem þjóðflokkur fái tekið virðulegan þátt í sýningunni.

Heimskringla leggur það til þessa máls, að á sýningarsviðinu sé sýndur íslenzkur bóndabær, eins og þeir er beztir gerast heima, og með íslenzkum húsbúnaði, eftir því sem föng verða til. Stafnþilin ættu að vera 5 talsins: fyrir stofu, bæjardyr baðstofu, vinnuskála, skemmu og smiðju.

Í stofunni yrðu almenn húsgögn, borð og stólar, komóða, skattol og rúm í veggjum, — fyrir gesti.

Í baðstofunni mættu rúmin fyrir heimilisfólkið vera meðfram veggjum, og hvert upp af öðru, ef svo virðist bezt fara, með sérstöku stafgólfi í endanum fyrir hjónin. — Þetta mætti búa út svo að vel færi, líkt eins og í svefnvögnum á járnbrautum, því að í raun réttri er lag þeirra og rúma-útbúnaður beinlínis eftirmynd af íslenzkri baðstofu. Annaðhvort yrði í þeirri baðstofu að hafa sérstakt stafgólf fyrir vefstól og önnur tóvinnuverkfæri, eða að byggja sérstakan vinnuskála í bænum fyrir þá hluti. Í skemmunni mætti geyma íslenzk reiðtýgi, íslenzkan mat o. fl. þ. h., og í smiðjunni hefilbekk og önnur trésmiðaáhöld öðru megin, en járnsmiðju og járnsmíaáhöld hinu megin. — Bæjarveggina yrði að gera úr grjóti og torfi, og torfþekja bæinn, svo að sem næst líktist því, sem heima er á vönduðum bæjum. Ef afmarkað landsvæði leyfði, þá ætti við að hafa sérstakt hús fyrir íslenzka hesta, hrúta, ær og geitur.

Í þessum bæ mætti sýna auk íslenzkra vinnubragða afurðir landsins, svo sem lýsi, ull, æðardún, saltfisk, egg allskonar og fuglategundir, síld, lax, silung, smjör, tólg, ost, sél og selskinn, tóu og fleira þess háttar. Einnig íslenzk reiðtýgi, svipur, skíði, broddstaf o. fl. Ennfremur silfurberg, kol og aðra málma, ef fundist hafa, veiðarfæri, vefnaðarvörur og prjónles, þjóðbúning, íslenzkar bækur og blöð, og hvað annað, sem hjálpað gæti hérlendu fólki til að fá réttan skilning á Íslandi, atvinnuvegum þess og afurðum.

Réttast væri, ef því yrði viðkomið, að hafa tóvinnuvélarnar og vefstólinn stöðugt starfandi í þá 3 eða 6 mánuði, sem sýningin kynni að standa yfir. Veitingar á íslenzkum mat mundi og mega hafa í skemmunni og í stofu bæjarins, og gæti það hjálpað til að bera hluta af kostnaðinum, — en þó ekki nema að litlu leyti, því að slíkri sýningu verður ekki komið á fót, nema með talsvert miklum tilkostnaði, sjálfsagt talsvert yfir 5 eða máske alt að 10 þús. dollars, ef alt ætti að vera í sem myndarlegustum stíl. En enginn þarf að efa, að þetta veitti þjóðflokki vorum og föðurlandi mikla eftirtekt meðal allra landsbúa, og það er sannfæring Heimskringlu, að hérlend blöð mundu líta svo á, að sú sýning væri hvorutveggja til sóma

Hve mikið af tilkostnaðinum kynni að vera hægt að hafa upp með seldum munum, er ekki hægt að gizka á með nokkurri vissu um að það sé nærri lagi. Ef til þess kæmi, að landar vorir hugsuðu sér að taka nokkurn þjóðlegan þátt í sýningunni, þá yrðu þeir að bindast samtökum með fjárframlögum, og setja formlega framkvæmdarnefnd á stofn, sem tæki málið til íhugunar, og gerði sér grein fyrir inntekta möguleikunum sem sú þátt-taka krefðist.

Vera má og, að mönnum sýnist einhver önnur þátt-taka heppilegri heldur enn sú, sem hér er getið um, og látum vér það gott heita. En óneitanlega ætti það vel við, að Vestur-Íslendingar notuðu að einhverju leyti það tækifæri, sem þessi fyrirhugaða sýning veitir þeim til þess að auglýsa sig og landið sitt á einhvern viðeigandi hátt, og svo, að bæði það og þeir megi vera vel sæmdir af.

Það þarf tæplega að efa, að margir heima á Íslandi mundu fúslega hjálpa til, að útvega oss þar þá hluti, sem þaðan þyrftu að fást, og með sanngjörnu verði.

Að sýningunni afstaðinni mætti svo gera hvort heldur sem mönnum þætti betra, að farga öllum hlutunum fyrir það verð, sem feng ist fyrir þá, eða halda þeim sem byrjun að íslenzku gripasafni, sem svo mætti auka og bæta á komandi árum, til skemtunar og fróðleiks afkomendunum íslenzku hér vestra, og sem minnismerki um fæðingar og æskustöðvar forfeðra þeirra.

Væntanlega verður sagt, að enn sé alt of snemt að ræða um þessa hluti, og má það satt vera að nokkru leyti. En oss hefir þótt rétt, að vekja máls á þessu, svo löndum vorum gefist kostur á, að íhuga hugmyndina og að láta í ljós skoðun sína á henni, ef þeim þykir hún þess verð.

Hin nýja stefna heilsufræðinnar.

Fyrirlestur fluttur á Menningarfélagsfundi þriðjudagskv. 11. Maí 1909, af

Dr. O. Stephensen.

(Framh.).

En hvað heilsufræðinni viðkemur, þá eru það mestmegnis þær af þeim, er sjúkdómum valda, er mest athygli hefir verið veitt innan vébanda læknisfræðinnar. Munurinn frá því, sem áður var, er aðallega sá, að nú vita menn með vissu, að allir nærir sjúkdómar stafa frá einhverri af þessum lifandi smá-verum, sóttkveikjum, sem setjast að í líkamanum, og að hver sóttkveikja veldur sérstök um sjúkdómi, en þeir einir fá sóttina, sem sóttkveikjan kemst í. — Það, sem hér fer á eftir, er aðallega upptalning á sjúkdómum þeim, sem menn vita með vissu, að sumar af þessum smá-plöntum valda, ef þær komast inn í líkamann og tímgast þar. Hvaða leið hver einstök fari til að komast þangað, hverju fram fari í líkamanum, meðan á sjúkdómnum standi, og að síðustu, hvernig farið er að draga úr skaðvæninu og lækna veikina með efni, sem mynd ast hefir í blóði manns eða dýrs, sem nýlega hefir batnað samskonar smittveiki.

M i l t i s b r a n d u r (Bacille Antrax). Sóttkveikjan fanst 1871 af Pollander & Davine. Hún kemst inn í líkamann annaðhvort gegnum rispur í húðinni, innöndun gerilsins í lungun, eða við að renna niður einhverju, sem bakterían felst í.

H o l d s v e i k i (Bacille Leprose). Hana fann Hansen, danskur maður, árið 1879. Það er mjög efasamt, hvort hún tímgast annarsstaðar en í líkamanum. Það er haldið, að hún komist inn í líkamann gegn um rispur í húðinni, en hún er mjög hæg-smittandi, þrátt fyrir það, þó almenningur í þessu landi haldi að hún sé bráð-smittandi. Áður fyr meir var því haldið fram á Íslandi, að hún væri arfgeng, en ekki smittandi, en sú breyting er nú orðin á, að heilsufræðin er nú komin á þá skoðun, að enginn sjúkdómur sé beint arfgengur, heldur felist einhver sú veiklun í sumum ættum, að vissum bakterium sé auðveldara að setjast þar að, og valdi þeim sjúkdómi, sem af henni leiði, og svo er því varið með holdsveikina, að hún er smittandi, þó seinfara sé.

T æ r i n g (Tuberculosis). Allar tegundir þessa sjúkdóms, þar á meðal lungnatæringin, koma af sóttkveikju, sem mjög líkist holdsveikis sóttkveikjunni. Hana fann Prót. Koch, eins og ég gat um áðan, árið 1882, og nefndi hana 'Bacile Tuberculoses'. Smittunin fer fram af því, að andað er að sér uppþornuðum hráka eða sáravessa tæringarveiks manns, ellegar drukkin er mjólk úr tæringarveikri kú, eða étið kjöt af sýktum grip.

T a u g a v e i k i n (Typhoid Fever). Sjúkdómur, sem að eins kemur fyrir í mönnum. Sóttkveikjuna fann Dr. Eberts 1880, sem veldur þessum sjúkdómi. Hún berst aðallega inn í líkamann með vatni og mjólk, er vér neytum, og kemur frá sýktum stöðum. Að henni sé inn andað, kemur mjög sjaldan fyrir.

I l l k y n j u ð h á l s b ó l g a. (Diptheria). Sjúkdóm þennan fá að eins mennirnir (þ.e. mannkynið). Þeim sjúkdómi veldur sóttkveikja, sem fundin var af þeim Klebs & Lefféler, og nefnd er annaðhvort þeirra nafni eða "Bacille Diptheria". Smittunin á sér stað annaðhvort við að anda að sér sóttkveikjunni, eða felst í mat eða drykk.

K ó l e r a kemur að eins fyrir hjá mannkyninu. Aðal heimkynni hennar eru bakkar Ganges fljótsins á Indlandi, og þar auðnaðist Prót. Koch að finna orsakir veikinnar árið 1884. Fólkið smittast af vatninu upphaflega, og samveru við þann, sem sýktur er.

S t í f k r a m p i (Tetannus). — Hann geta fengið menn, hestar og hundar. Nafn sóttkveikjunnar er 'Bacille Tetannus, og er hún mest bráðdrepandi af öllum sóttkveikjum, er nú eru þektar. Inn í líkamann kemst hún gegn um sár. Hún fanst árið 1886 af Nicoleiw.

L a n d f a r s ó t t (Influenza, La Grippe). Henni veldur einhver sú minsta sóttkveikja, sem þekt er. Hana fann Canon & Phæffer 1892. Slím uppþornað úr nefi og lungnapípum þeirra, sem sýktir eru, og berst um í loftinu, veldur því að menn fá veikina, með því að anda því að sér.

L u n g n a b ó l g a. Stafar af sóttkveikju, sem tímgast í smáum keðjum. Hún kemst inn í líkamann við innöndun. Þessa sóttkveikju er að finna í munnvatni 5. hverrs heilbrigðs manns. Árið 1887 sannaði Dr. Frankel, að hún orsakaði lungnabólguna.

S v a r t i d a u ð i (Bubonic Plague). Sóttkveikju þá fundu þeir Kitasado og Jersin, japanskir læknar, árið 1894 í mörgum svartadauða dauðsföllum, og sönnuðu að hún orsakaði veikina. Hún leggur leið sína inn í líkamann gegn um sár í húðinni, eða fyrir flóabit, sem haldist hafa við á sjúkum rottum, en þær eru taldar að vera einhver aðal-ástæðan fyrir útbreiðslu þessa hrædilega sjúkdóms.

G u l a v e j k i n (Yellow Fever). Menn eru ekki enn sem komið er á eitt sáttir um, hvað veldur þeirri veiki.

Þessir eru helztu smittsömu sjúkdómarnir, sem auðnast hefir enn þá að finna sóttkveikjur fyrir. En þó undarlegt megi heita, þá hefir enn þá ekki auðnast að finna sóttkveikjur t.d. bólunnar, skarlatssóttar, mislinga né vatnsfælni, sem þó mega kallast ímynd allrar smittunar. Aðal-orsökin til þess mun vera, að sóttkveikjurnar eru svo smáar, að ofvaxið er að sjá þær með þeim smásjám, er menn enn þá eiga völ á að brúka.

Þegar taldir voru upp sjúkdómarnir, er sóttkveikjur valda, var litið eitt drepið á, hverja leið hver einstök sóttkveikja oftast nær legði til að komast inn í líkama vorn, — sumar eina eða fleiri. En nú skal litillega minst á þær varnir, sem líkamanum eru settar af náttúrunni til að standa á móti árásum þeirra. Sömuleiðis hverju fram fari, ef þær nái að hreiðra sig í líkamanum, og hver endirinn verði.

Húðin utan á líkamanum er öll hulin hornkendri himnu. Sé hún ósköðuð komast bakteríurnar ekki í gegn um hana, en þær geta fljótt fest sig í holdinu, ef þessi horn himna er sprungin eða núin af. — Slímhúð líkamans vantar þessa hornkendu himnu, enda eiga bakteríurnar nokkru hægra viðfangs að komast í gegn um hana, jafnvel þó þær mæti þar ýmsum tálmunum, sem náttúran setur henni einnig til varnar. Sem dæmi má nefna, að hárin innan í nefholinu eru nokkurs konar sáld, sem ryk og bakteríur í loftinu, er vér öndum að oss, festast við og komast ekki framhjá. Auðvitað fara margar framhjá þessu ófullkomna sáldi, en margar festast í sliminu í nefinu, barkanum og lungnapípunum, en þar er holdið klætt ósýnilegum hárum, sem hreyfast sí og æ, og flytja aftur upp og út svo smáa hluti, sem þau geta valdið, en bakeríurnar eru ekki stærri enn svo. Aftur á móti hefir maginn sér það til varnar, ef bakteríurnar berast þangað í mat eða drykk, sem oft ber við, að sýrurnar í magasafanum gera út af við margar þeirra.

Þrátt fyrir þessi varnarmeðul, vill það oft til, að þær komast inn í holdið, og byrjar þá barátta á milli bakteríanna og cellanna, sem holdið mynda. Í þeirri viðureign kennir margra grasa, og veitir ýmsum betur, stundum cellunum, annað veifið bakteríunum. Í þessari baráttu er það sjálfur lífskraftúrinn, sem er aðal-vopnið. Það verður bezt séð á því, að hvort heldur sem er, að allur líkaminn deyr, eða þá partur hans, þá fyrst kemst rotnunin í algleyming. Meðan cellurnar eru lifandi, varna þær vexti og tímgun bakeríanna, og gefa jafnvel frá sér efni, sem eru óholl eða jafnvel banvæn þeim. Á líkan hátt er þessu varið með blóðið. Þess vegna er það, að þegar lífskraftúrinn er lamaður af einni eða annari orsök, að þá er mönnum mjög hætt við ýmsumveikindum. Oft og einatt finnast dauðar bakteríur innan í cellunum, oftar þó í hvítu blóðkornunum, sem hafa þyrpst þar að hvaðanæfa, er bakteríu hefir náð að komast inn. Það er skoðun margra, að þau komi líkamanum til varnar eins og þegar her er sendur gegn óeirðarseggjum eða aðvífandi óvinum. — "Átcellur" hafa þessi hvítu blóðkorn verið kölluð, af því þau éta bókstaflega bakeríurnar. En það vill líka oft verða svo, að þau geta ekki melt fæðuna, og verða því bakteríunum óbeinlínis að bráð með því að deyja sjálfar, og því er ósannað, hve mikil hjálp líkamanum er af þessari vörn.

Fari svo, að bakeríunum takist, að vinna bug á sellunum, sem hægt er að segja að myndi yzta varnargarð líkamans ásamt húðinni og slímhimnunum, leitast þær við, að komast inn í blóðið, en verður samt þröskuldur á leið þeirra, sem eru eitlarnir, er mynda innri varnargarð líkamans.

Það hafa sjálfsagt margir yðar veitt því eftirtekt, að eitlar bólgna í handarkrikum og nára, ef fingur eða fætur hafa særst, eða undir kjálkabörðunum, ef menn fá hálsbólgu. Eitlarnir eru nokkurs konar sáld, sem hleypa ekki öðru enn vökva gegn um sig. Þessi bólga í eitlunum, er vottur þess, að ígerðar-bakteríu hefir komist í þá, og verða þeir oft að gjalda þess, að þeir eru þannig settir á vörð í þarfir líkamans, með því að það greiðir í þeim og ekki verður meira úr veikinni, eða þá hitt, að þeir hjaðna niður, bólgan dreifist, en það er vottur þess, að bakteríurnar hafa beðið ósigur.

Með þessu móti er margri árásinni bægt á braut og styrjöldin er á enda, en oft á hitt líka sér stað, að bakteríurnar komist framhjá þessum innri varnarvirkjum, eða grafa sig í gegn um þau, þá er þeim auðvelt að komast inn í blóðið, og því næst um allan líkamann. En þrátt fyrir það þarf vörnin ekki að gefast upp, því að mannsblóðið er skaðvænt ýmsum bakteríum, dregur úr mætti þeirra eða jafnvel drepur þær til fulls.

Þær varnir, sem blóðið veitir, geta verið mjög mismunandi. Sum ar sóttir sigra líkamann oftast. Í öðrum verður hann svo að segja æfinlega að lúta í lægra haldi. — Það er svo að segja æfinlega banvænt, ef miltisbrands bakteríur komast í blóðið, blóðið veitir þá enga vörn.

Það getur verið mismunandi, hvernig bakteríur tímgast, eftir að þær hafa náð fullri fótfestu í blóðinu. Sumar dreifast um allan líkamann jafnt, en aftur á móti aðrar halda sér að eins á vissum stað í gegn um gjörvallan sjúkdóminn, eins og t.d. á sér stað í stífkrampa.

Ef vér nú veitum því athygli, hvernig sjúkling þeim líður, er smittast hefir, þá kemur það í ljós, að frá þeim tíma að smittunin hefir orðið, þar til sjúkdómseinkennin koma í ljós, hefir staðið hið harða stríð milli sóttkveikjanna, sem eru að reyna að þrengja sér inn, og veisellanna og átsellanna, þ. e.: hvítu blóðlíkamanna á aðra hönd, sem eru að reyna að reka sóttkveikjurnar til baka. Á þeim tíma hefir sjúklingurinn verið lítið eitt öðru vísi enn hann á að sér, en eftir að sóttkveikjunum hefir tekist að tímgast í blóðinu, gefa þær frá sér eitur sitt ótrúlega fljótt, sem veldur miklum breytingum mjög ljóslega um allan líkamann. Sjúklingurinn verður alvarlega veikur, og smittunareinkenni koma nú greinilega í ljós, — svo sem matarólyst, höfuðverkur, hitaveiki, verkir og drættir um allan líkamann. Sjúklingurinn örmagnast og jafnvel missir meðvitundina.

Það ræður að líkindum, að átsellurnar láti ekki síður til sín taka í blóðinu, hinu eiginlega heimkynni þeirra, en í holdinu, enda reynast not þeirra engu síður ótvírætt í blóðinu, því nú þeysast fram heilir herskarar af þeim, til að hjálpa þeim sellum, sem hafa haldið uppi vörninni, og reyna að uppéta óvinina. Jafnvel miltið sendir út legiónir af hvítum blóðkornum, til að taka þátt í bardaganum, en máske verður alt þetta strit til einskis, svo sjúkdómurinn verður að hafa sinn gang, og endar annaðhvort með bata eða dauða.

Hvað veldur því þá, að sjúklingnum getur batnað, þegar allar varnir líkamans virðast vera þrotnar og bakteríurnar hafa unnið sigur? Aðal-mótstöðuafl blóðsins virðist vera fólgið í blóðvatninu, og víst er um það, að blóðvatn úr manni, sem lifað hefir af sjúkdóm, sem bakteríur í blóði hans hafa valdið, getur að jafnaði bæði varið hann og aðra fyrir þeim hinum sama sjúkdómi eftir á. Á hvern hátt þessi vörn blóðvatnsins komi fram, er mönnum enn að mestu leyti óljóst. Líkindi eru til, að það hafi að geyma efni, sem ýmist alt af eru til taks, ýmist myndast um leið og bakteríurnar komast inn í blóðið, og sem ýmist geta eytt bakteríunum sjálfum, ýmist sameinað þeim skaðvæn efni, sem þær mynda, þannig, að þær missa sína skaðvænu eiginleiika.

Það er á þessum mikilvægu atriðum, sem blóðvatnslækningarnar byggjast, og það er til þeirra, sem mænir hugur hvers einasta hugsandi læknis, með þeirri sáru þrá, að fyrir tilstyrk þeirra verði hægt, þegar aldir renna, að afstýra hverjum einum einasta sjúkdómi, sem stafar af sóttkveikjum, og jafnvel útrýma eða örmagna alla þá sjúkdóma, svo að þeirra gæti lítið eða ekkert, líkt og nú á sér stað með bólunа.

Þessi nútimans lækning hefir einkum og sérílagi gefist vel við barnaveiki. Notkun og meðferð þess meðals, er í stuttu máli þessi: Barnaveikis bakterían er ræktuð í vökva, sem hún þrífst vel í; og þegar bakteríurnar hafa náð góðum þroska, er vökvanum spýtt inn undir húðina á geitfé eða hestum (hestar hafa reynst beztir). Dýrið verður nokkuð veikt á eftir en réttir þó við aftur. Síðan er innspýtingin endurtekin, og verður dýrinu þá enn þá minna meint af því, og að síðustu hefir það engin áhrif á það. Í blóði dýrsins hefir þá safnast fyrir eitureíni, sem deifir verkanir bakteríunnar. Þegar svo er komið — en það verður ekki á skemri tíma en 2—3 mánuðum — er dýrinu opnuð æð, blóðvatnið skilið frá blóðtreðjunum og blóðögnunum og því svo spýtt undir hörund sjúklingsins. Í blóði sjúklingsins mætir eitureíni það, sem er í blóðvatni þessu, eitureíni því, sem stafar frá æxlun og vexti barnaveikis bakteríunnar hjá sjúklingnum, og veikir það nú eiturverkanir þess, án þess það sjálft geri neinn skaða.

Þeir margvíslegu kvillar, sem einu nafni eru kallaðir innkuls, eru að öllum líkindum bakteríu sjúkdómar. Meðan ekkert ber út af, festa bakteríurnar, er valda þeim, ekki rætur, en verði maður fyrir ofkælingu, verður línan á vörnum, og þær eru þegar til taks. Það er margsannað, að menn verða miklu fremur fyrir þess konar innkulsi, ef þeir eru nýstaðnir upp úr legu, eða skortir næringu, eða bera harm í huga.

En því má ekki gleyma, að þótt náttúran sjálf leggi líkamanum til þessar margvíslegu, vænlegu varnir, þá eru það ekki allir líkamir, sem verjast jafnvel, þegar á herðir Engum gefst betra tækifæri enn lækninum, að koast að raun um þessi sannindi. Honum einum getur fyllilega skilist, að það skiftir miklu, hvernig líkaminn er undir þá vörn búinn, en þó umfram alt til að geta sigrast á veikinni. — Hraustur, vel hirtur líkami er margfalt líklegri, aannaðhvort til að afstýra veiki eða sigrast á henni, heldur enn lamaður, hvort heldur veiklunin stafar frá sjúkdómi eða illri meðferð.

(Niðurlag).

Sparið Línið Yðar.

Ef þér óskið ekki að fá þvottinn yðar rifinn og slitinn, þá sendið hann til þessarar fullkomnu stofnunar.

Nýtízku aðferðir, nýr vélaútbúnaður, en gamalt og æft verkafólk.

LITUN, HREINSUN OG PRESSUN SÉRLEGA VANDAÐ

Modern Laundry & Dye Works Co., Ltd.
307—315 Hargrave St.
WINNIPEG, MANITOBA
Phones: 2300 og 2301

Orðsending til ritstjóra "Lögbergs".

Í síðasta blaði Lögbergs hefir ritstjórinn með nokkrum ónotaorðum minst á póstspjöld þau, er ég hefi nýlega gefið út og sendi blaðinu. Mér kom þetta ekkert á óvart úr þeirri átt. Þaðan er ekki annars að vænta, ef sá, er hlut á að máli, tilheyrir ekki "hjörðinni", sem blaðþynkan hefir fyrir sitt eina markmið, að klappa á vangann og strjúka aftan og framan.

Um einkunnarorðin á spjöldunum segir ritstj.: "Sum virðast illa valin, t.d. eftir Einar Benediktsson. Þar átti auðvitað að vitna til einhvers úr Fána-kvæði hans". — Ójá. Það er líka gert, Eða hvaðan skyldi þetta erindi vera úr "Meðan sumarsólir bræða", ef ekki Fána-kvæðinu? En það er á fjöldamörgum spjöldum, sem mynd E.B. er á.

Ég tugði ekki upp sömu einkunnarorðin á öll spjöldin, eins og ritstjórinn hefði auðvitað gert, eftir allri hans upptuggu í Lögb. að dæma, heldur tók frá 2—5 einkunnarorð eftir hvern mann, og skifti þeim niður á þá upphæð, er ég lét prenta af hverjum einum. Það er því ekki til ofmikils mælst, þó ég mælist til þess, að ritstj. kyngi þessum ummælum sínum í næsta blaði. Einnig ætti hann þá að benda á þau önnur einkunnarorð, sem hann gefur í skyn að séu illa valin, og benda á önnur betri, eða að öðrum kosti éta ofan í sig báðar setningarnar.

"Verstar" segir hann að séu myndir Guðm. Guðmundssonar og Guðm. Hannessonar. Ef ritstjórinn hefði nokkurt vit á, að dæma um, hvað "verst" er eða ekki, þá hefði hann ekki tilfært mynd G.G., því hún er eins góð og nokkur hinna. Um mynd G.H. er öðru máli að gegna, sem kemur til af vissum ástæðum. Ég gat enga mynd fengið af honum, nema úr Óðni, en þar var hann með hatt á höfðinu, en það þoldi myndin ekki, af því hún er lítil, og tók ég því það ráð, að láta góðan málara og "engravers" taka hattinn af, en ómögulegt var að ná í burtu með öllu skugganum, sem af honum kom á augabrýnar. Vegna þess er mynd G.H. ekki eins góð og hinna.

Annars stendur mér á sama, hvað ritstjórinn, — þessi hlutdrægnis, heigulskapar og höfuðsóttar skepna, — segir um þetta eða annað mér viðkomandi. Hans sýnilegi tilgangur, að spilla fyrir sölu póstspjaldanna, hygg ég að muni ekki takast.

A. J. JOHNSON.

Gefið Hestverð

Landi vor, Jón Finnbogason á Simcoe St. hér í borginni, hefir orðið fyrir því slysi, að missa 2 hesta á sl. 2 árum. Jón hefir haft ofan af fyrir sér með keyrslu. Hann er hniginn á efra aldur, en er fús til vinnu og sýnir alla heiðarlega viðleitni til að bjarga sér. Hann er nú efnalaus og hjálparþurfi, og með því að maðurinn verðskuldar, að honum sé hjálpað, þá mælir Heimskringla með því, að Íslendingar hér í borg vildu með samskotum styrkja hann svo sem einu hestverði svarar. Ef margir leggja saman í þann sjóð, þá þurfa upphæðir frá hverjum einum ekki að vera stórar. Þeir, sem vildu hjálpa Jóni, geta sent tillög sín til Heimskringlu.

ROBLIN HOTEL
115 Adelaide St. Winnipeg
Bezta $1.50 á-dag hús í Vestur-Canada. Keyrsla ókeypis milli vagnstöðva og hússins'á nóttu og degi. Aðhlynninig hins bezta. Viðskifti Íslendinga óskast. William Ave strætiskarið fer hjá húsinu
O. ROY, eigandi.

SPÓNNÝTT HÓTEL
ALGERLEGA NÝTÍZKU
Hotel Majestic
John McDonald,
eigandi.
James St. West, Rétt vestan við Main St.
Winnipeg Telefón 4979
$1.50 á dag og þar yfir
Bandaríkja-snið
Alt sem hér er um hönd haft er af beztu tegund. Reynið oss.

MIDLAND HOTEL
285 Market St. Phone 3491
Nýtt hús, nýr húsbúnaður Fullar byrgðir af allskonar vönduðustu drykkjum og vindlum í hressingar stofunni. Gisting einn dollar á dag og þar yfir.
W. G. GOULD :: FRED. D. PETERS,
Eigendur
WINNIPEG ::: ::: CANADA

MARKET HOTEL
146 PRINCESS ST. á móti markaðnum
P. O'CONNELL, eigandi, WINNIPEG
Bestu tegundir af vínföngum og vindlum, aðhlynning góð, húsið endurbætt

James Flett & Co.
PLUMBERS
Leiða Gas- Vatns- og Hitapípur í hús yðar, fyrir sanngj. borgun. Verk vandað, fljótlega gert og ábyrgst.
572 Notre Dame Avenue
Telephone nr. okkar er 3380 eða 8539.

Gimli Hótel
G. E. SÓLMUNDSSON
eigandi
Óskar viðskifta Íslendinga sem heimsækja Gimli-bæ. — Þar er beini beztur í mat og drykkjarföngum, og aðbúð gesta svo góð sem frekast er hægt að gera hana. Hótelið er við vagnstöðina. Gistið að Gimli-Hótel.

Woodbine Hotel
Stærsta Billiard Hall í Norðvesturlandinu
Tíu Pool-borð.—Álskonar vín og vindlar.
Lennon & Hebb,
Eigendur.

Únítarar meðal Vestur-Íslendinga.

Mig hefir lengi furðað á því, að engin íslenzk kirkjublöð skuli nokkru sinni hafa þorað að minnast á Únítarakirkjuflokkinn meðal landa vorra vestan hafs. Skyldi það nú hafa verið mikið ódæði, að segja oss hér heima satt og rétt frá sögu þessa trúflokks? Auðvitað skilur vora kirkju og þeirra æðimikið — í orði kveðnu, það er að segja, hvað trúarjátningarnar snertir. Flokkurinn er og mjög fámennur, hvað snertir fast safnaðarskipulag, en hitt er öllum lýðum ljóst, að trúarskoðanir Únítara eru afar-almennar og víðar en í öðru hvoru húsi. Stefnan, sem þeir fylgja, er stefna allra kristinna háskóla nú á dögum og allra, eða því nær allra frjálslyndra skynsemdarmanna, — eins fyrir það, þótt viðkomendur hafi aldrei heyrt Únítara nefnda. — Kirkja Únítara í Winnipeg heyrir, eins og öll Kanada, Englandi til, og því hafa enskir Únítarar fyrstir rétt þeim hjálparhönd. Nýlega stóð vel samin grein í höfuðblaði Únítara í Lundúnum um landa vora vestan hafs, eftir ungan prest, sem hið auðuga brezka Únítarafélag sendi vestur. Segir hann, að hin frjálslegri skoðun kristinna fræða muni betur eiga við Íslendinga, en flestallar aðrar þjóðir, en kaldir séu þeir og kærulitlir. Hafi þeir komið frá strjálbygðu landi og torsóttu, þar sem kirkjuagi hafi nær enginn verið né kirkjulíf, en hver lifað og dáið upp á sína trú, en síður kirkjunnar eða prests ins, enda orðið að vera kominn meir upp á eigin hjálp en annara. Slíkt geri menn ófélagslega, en hins vegar sér nóga og skynsama. "Þeir eru fæddir Únítarar", segir hann. Það að ekki fylgi miklu fleiri merki hins "dogmulausa" kristindóms, segir hann komi af öðrum ástæðum en trúarlegum ("líkt og hér", bætir hann við). Hann segir að í Winnipeg sé all-myndarleg lútersk kirkja undir forstöðu duglegs kennimanns hinna eldri skoðana; en býst við, að sinn flokkur muni þó bráðum verða ofan á þar vestra. "Nú er kominn til þeirra efnilegur kennimaður, lærður og duglegur, og væntum vér mikils af honum".

Eins og margir vita hafa fjórir eða fimm íslenzkir Únítaraprestar starfað meðal landa vorra í Winnipeg, fyrst Björn sál. Pétursson (d. 1893), þá séra Magnús Skaftason í all-mörg ár, og nú hin síðustu ár hafa þjónað í þeim flokki þeir séra Sólmundsson og séra Rögnvaldur Pétursson, er báðir hafa gengið á háskóla þar vestra. En hvort all-mikið hefir að þessum kennimönnum kveðið, er mér ekki vel kunnugt um. Enda er miklu meiri vandi, að skapa gott safnaðarlíf og viðhalda því í frjálsum en bundnum söfnuðum, og er það nú í svo hámentuðum trúarflokki, sem Únítarar eru, — flokki, sem flestir þeir skörungar hafa fylgt, sem Amerikumenn kalla að hafi verið "ljós og augu ríkisins", og borið hafa á herðum sér hið ágætasta í siðmenningu manna þar vestra. Únítarar hafa verið 7 eða 8 ríkisforsetar þeirra; W. E. Channing, Theódor Parker, Emerson, Wendell Philips, skáldin Poe, Longfellow, Bryant, Holmes o.fl.

Allir, sem kynna sér helztu trúarfræðibækur Únítara, hljóta að finna, séu þeir óheilladir af kreddum, að þeir standa miklu nær trú og kenningu postulanna, en nokkurir aðrir eldri kirkjuflokkar. — Þrenningarlærdóminum hafna þeir sakir hans heiðna uppruna, svo og eins friðþægingu Krists eins og hún var skilin á miðöldunum og æ síðan hefir verið kend. Persónu Krists hafa þeir og fremur til fyrirmyndar en átrúnaðar, álíka og Páll postuli gerði. Með öðrum orðum, þeir prédika Krist mjög á sama hátt og postular hans gerðu, en bæta ekki helgivef erfðakenninganna við. Að öðru leyti binda þeir ekki samvizkur manna við trúargreinir, heldur heimta kristið líferni, og kærleiksríkan félagsskap. Þeir fylgja frjálslega öllum framförum, hvað frelsi og þekkingu snertir, og leggja hina mestu áherzlu á uppeldis og siðferðismál. Fyrir þá skuld hefir flokkurinn náð miklu meira áliti en samsvari nokkrum öðrum trúarflokki. Því er eins varið á Englandi, þar sem þó flokkurinn á enn í vök að verjast gagnvart trúarhleypidómum annara kristinna manna, sem skemra eru komnir. Er full ástæða fyrir oss hér heima, að óska löndum vorum, sem einlægir Únítarar eru, til heilla og blessunar, — eins fyrir það, þótt flestir hér heima eigi langt í land til þess, að vera færir um eða verðir þess að fylla með réttu þann flokk. Til þess þarf aðra prestastétt, en vér höfum, og miklu mentaðri alþýðu. Fræði og fyrirkomulag Lúthers er oss nóg, ef vér kynnum að laga það eftir framförum tímanna.

M. J.

(Norðurland).

Dísa litla.

[Hún var dóttir þeirra hjóna Svövu og Björns Lindal, að Markland, Man. Hún andaðist á níunda aldursári, eftir fimm ára sjúkdómslegu. Hún var af læknum talin ólækknandi, enda urðu allar lækninga tilraunir árangurslausar. — Engir geta gert sér hugmynd um mótlæti foreldranna — eymd hennar — nema þeir, sem sáu hana. Hún hafði ráð og rænu alt fram í andlátið, mælti aldrei æðruorð, en beið róleg dauða síns. — Hún er ógleymanleg öllum, sem sáu hana.]

ELSKAÐA BARN, — hvers áttir þú að gjalda
auminginn saklaus? — píslarmynd þín er
brend í mitt hjarta. Hvað má þessu valda?
Hefir því verið svarað fyrir þér?
Elskaða barn, — hvort lifir þú nú látið?
Lifandi eins og dáið varstu grátið.

Þú hefir samt sem ljós á vegum lifað, —
læknaðir augu mörg, sem voru blind.
Lesa þau alt, sem líf þitt hefir skrifað
ljómandi stöfum. Það er fyrirmynd. —
Þú hefir kent að þola böl og stríða,
þú hefir sýnt, hvað aðrir mega líða.

Veikum í skjóli vandalausra manna
verður hver stundin löng og döpur nótt.
Sælt er að deyja' í faðmi foreldranna.
Friður sé með þér, sofðu vært og rótt!
Þegar hjá okkur alt er skýjað harmi
ofar og sunnar rennur vonarbjarmi.

Guttormur J. Guttormsson.

SKÁLD.

Í blaðinu Heimir standa kveðlingar og greinir til lofs og viðurkenningar skáldinu St. G. Stephánssyni, og er það vel, því að mikilmenni er hann bæði sem skáld og sjálfmentaður maður. En ekki felst ég á dóm þess, sem kallar hann "mesta skáld þeirra, sem nú kveða íslenzk ljóð". Í brag list sinni tel ég Stefán meðal mann og meir ekki. Hann kveður aldrei ljúflingsljóð, sem minna á Jónas, eða Sigrúnarljóð, sem minna á Bjarna, eða harms- og hetju-ljóð, sem minna á Egil eða Völsungakviður. Lípurð þeirra Páls Ól., Þ. Erl. eða Guðm.Guðm. er honum óhandbær, — svo ég nefni hin yngri skáld. Hann hefir ekki heilbrigði né manndómsbrag H. Hafsteins, né andríkisofsa Ein. Bened. Hann á ekki hversdagshugsjónaauð Guðm. Magnússonar. Honum svipar mest til Guðmundar á Sandi, því eins og kvæði Stefáns bergmála til vor líf Ameríku-Íslendingsins, eins er skáldbróðir hans hér bergmál sinna "heimahaga". Stefán vantar það, sem Englendingar segja að einkenni öll stærstu skáld: eld tilfinninganna í kveðskapnum. En annað einkenni stórskáldsins hefir hann. Það er frumleiki, frum leika og auð andans á hann í orðfæri sem efni. Yfirleitt finst mér hann vera kaldur, stirður og strembinn. En samt er hann stórmerkur Íslendingur og þjóðargersemi sem skáld. En það var meira sem ég þurfti að segja!! Hefir nokkur af oss, sem enn drögum andann í "þvísa ljósi", eldinn lífið, hinn vekjandi, endurskapandi lífsneista handa þjóð vorri? "Mér er sem í eyra hljómi": — "Hvað yrkið þið og blaðrið? til hvers, ef ykkur vantar hinn eilífa neista? ef enginn þorir eða kann að kveða, sem góður maður og réttvís? Hvorki þú sjálfur né aðrir hafa kveðið hristing inn í hlustir ykkar fólks síðan þið unglingarnir, þú og Björnsi Sveinbjörnsson, kváðuð saman versið "Ó, guð vors lands". Þá fell aftur tónninn. Og hver vekur hann nú?"

En máske þetta hafi verið misheyrn eða blekkingar "andanna"?

Hvað mundi vanta?

Oss vantar trú, — ekki slitna kirkju- eða kreddu-trú, heldur trú á köllun vora og lífið, al-lífið, trú á tímann, sem vér lifum á, en umfram alt trú á guðdóminn og oss sem hans samverkamenn.

Matth. Jochumson.

(Norðurland).

2 Bækur Gefins

FÁ NÝJIR KAUPENDUR AÐ HEIMSKRINGLU SEM BORGA $2.00 FYRIRFRAM, OG ÞESSUM BÓKUM ÚR AÐ VELJA:—

Mr. Potter frá Texas
Aðalheiður
Svipurinn Hennar
Hvammverjarnir
Konuhefnd
Lajla
Robert Manton.

Alt góðar sögur og sumar ágætar, efnismiklar, fróðlegar og spennandi. Nú er tíminn að gerast kaupendur Hkr. Það eru aðeins fá eintök eftir af sumum bókunum.

Heimskringla
P.O. Box 3083, Winnipeg

Herra Jón Jónsson, smiður, biður þess getið, að hann sé nú flutt ur með smiðju sína frá 770 Simcoe St. til 790 Notre Dame Ave. þeir, sem vildu fá sagir skerptar eða aðgerðir á botélum og öðrum húsgögnum, vitji hans að 790 Notre Dame Avenue.

Vill herra Ástfinnur Freeman Magnússon, skósmiður, láta mig vita, hvar hann er niður kominn? Ef ekki hann, þá einhver annar, sem veit um núverandi verustað hans.

Freeman Bjarnason,
Adr.: 678 Sherbrooke Street.

HEIMSKRINGLU og TVÆR skemtilegar sögur fá nýir kaupendur fyrir að eins $2 00.

Strathcona Hotel
Horni Main og Rupert Str. Nýbygt og ágætt gistihús; Gest um veitt öll þægindi með sanngjarnasta verði. Frí keyrsla til og frá öllum járnbr. stöðvum. Beztu vín og vindlar; og herbergi og máltíðar ágætar.
McLaren Brothers
EIGENDUR

Hotel Pacific
219 Market Street, Winnipeg | H. M. Hicks, Eigandi Manitoba
Telephone 1338
Nýr-endurbætt og Nýtízku hús í alla staði. Viðskifta yðar óskast virðingarfylst.
$1.25 a Dag

$1.50 Á DAG
Besta $1.50 gistihús í Winnipeg
BRUNSWICK HOTEL
Horni Main St. og Rupert Ave.
Besta borðhald; Hrein og Björt Herbergi; Fínustu Drykkir og Bestu Vindlar. Ókeypis Vagn mætir Öllum Trainlestum. Reynið oss þegar þú ert á ferð.

Skrifið yður fyrir HEIMSKRINGLU svo að þér getið ætíð fylgst með aðal málum Íslendinga hér og heima.

LÁRA 27

6. KAPÍTULI.

Lafði Redleigh.

"Já, herra", svaraði hann einni spurningu minni. "Það er viðbjóðsleg saga, því verður ekki neitað. Það getur verið gott fyrir þessa herra að segja, að það hafi verið tilviljun, en það eru mismunandi tegundir af óvarkárni, og þegar maður fer á veiðar í því ásigkomulagi, að hann getur ekki miðað byssu, og ekki gætt þess, að skotið hlaupi ekki úr henni, ef maður gengur fram hjá, — þá er slík óvarkárni naumast leyfileg. Hefði nú skyttan drepið herramann í sömu kringumstæðum, þá hefði máske heyrst meira um þetta talað. Heyrðu, góða", þessum orðum vék hann að feitri konu, sem inn kom, "farðu og náðu portvínsflösku og opnaðu hana. Þú hefir líklega ekkert á móti því, herra prestur, að væta varirnar ofurlitið".

Presturinn kvaðst ekki neita því.

"Það er rétt, herra, þannig á það að vera. Ég er annars aldrei vanur að drekka svona snemma dags, það er regla mín, en í þetta sinn verð ég að breyta út af henni, og sé ekkert rangt við það".

Ég hrósaði þessari reglusemi hans, og kvaðst vilja taka hann til fyrirmyndar, sneri mér svo aftur að sama umtalsefninu og sagði:

"Já, en hefir Sir Arthur ekki átt í svo miklu stríði með konu sína, að hann hafi þess vegna leitað huggunar hjá flöskunni?"

Veitingamaðurinn hristi höfuðið.

28 SÖGUSAFN HEIMSKRINGLU

"Nei, herra, í sannleika sagt, er það alls ekki henni að kenna, hann var farinn,að drekka löngu áður en hann sá hana. Vínnautnin liggur í eðli mannsins, hún er honum meðfædd"

Hann helti nú aftur í staup sitt og tæmdi það, helti svo í bæði staupin og bauð mér annað.

"Þökk fyrir", sagði ég og dreypti á víninu. Ég hefi líklega gleymt að geta þess, að við sátum í daglegu stofunni hjónanna.

"Ég ætla að sýna þér, herra", að ég er ekki hræddur við mitt eigið vín", sagði hann, tæmdi staupið og fylti það í fjórða sinn.

Ég sá, að mér var hentugast að spyrja strax um það, sem ég vildi fá að vita, og sagði því:

"Ég hefi ekkert heyrt um þessa giftingu. Þú varst að segja mér, að hún væri á geðveikra spítala. Þekkirðu nokkuð nánar til þessa?"

"Hvort ég þekki þau? Já, ég held, herra, að sá maður, sem bjó til veizlukostinn hljóti að þekkja þau dálitið. Já, það var nú leiðinleg saga. Mig furðar, að þú skulir ekkert hafa heyrt um þetta. Hún var ljómandi falleg stúlka — prestdóttirin. Hún var fallegasta stúlkan í öllu landinu. Það var mikið talað um hana og East lávarð, en það mun hafa verið tilgangslaust, enda þótt svo liti út, sem hún gæti fengið hvern, sem hún vildi. En Sir Arthur var ríkastur, og svo tók hún hann, en það mun ekki hafa verið að hennar vilja. Séra Brown hefir alt af verið bláfátækur, en sonur hans komst í einhverjar kröggur á háskólanum, svo það átti að senda hann beina leið til Ástraliu, en Sir Arthur bauðst til að borga allar skuldir hans hér, og gefa honum þúsund pund að auki, til að byrja með þar, ef hann fengi stúlkuna í staðinn. Svo faðirinn og bróðirinn gátu fengið hana til að játast Sir Arthur".

LÁRA 29

"Henni hefir þá ekki þótt vænt um Sir Arthur?"

"Nei, bæði lunderni hans og hinar vondu venjur voru henni viðbjóðslegar, enda vildi engin stúlka sjá hann, löngu áður en hann giftist".

"Hvernig stóð á því, að hún misti vitið?"

Það er nú það hörmulegasta við þetta. Faðir hennar gifti þau, og svo átu þau brúðkaupsmorgunverðinn, og að því búnu fóru þau með járnbrautarlestinni til Skotlands, en strax næsta morgunn fær presturinn símskeyti um, að koma á eftir þeim. — Næsta fréttin sagði, að hin fagra Lára Brown væri orðin bandvitlaus, svo að það þurfti að binda hana".

Mig hrylti við, að heyra þessa voðalegu sögu, en ekki gat ég séð, að hún stæði í neinu sambandi við það leyndarmál, sem mér var falið á hendur að uppgötva, en samt sem áður hugsaði ég allmikið um þessa ógæfusömu konu.

"Hefirðu ekki heyrt neitt um hana síðan?"

"Nei. Það var látið heita svo, að þessi brjálsemi væri ættgeng, þó ég viti ekki til, að neinn af þeirri ætt hafi verið brjáladur. Hún var látin á eitthvert geðveikrahæli á Skotlandi. Presturinn kom heim aftur fölur og niðurlútur, og ég held hann verði aldrei jafngóður. Sir Arthur huggaði sig við flöskuna eins og hann var vanur. Má ég ekki bjóða þér eitt staup enn?"

"Nei, þakka þér fyrir, ekki núna. Er langt síðan þetta átti sér stað?"

"Hér um bil 3 ár, það var um sama leyti og lávarður East dó. Já, herra, mér þykir þetta leitt Sir Arthurs vegna, en við því verður ekki gert, hann er hóflaus drykkjumaður".

Ég hafði nú að sönnu fengið ýmislegt að heyra

30 SÖGUSAFN HEIMSKRINGLU

um Sir Arthur og lundareinkenni hans, en ekkert sem gat frætt mig um á hvaða ástæðum óvinátta jarlsins til hans bygðist. Nú sneri ég mér samt að öðru og sagði:

"Þektirðu manninn, sem var skotinn?"

Burlston. Já, ég kyntist honum við og við, hann mun hafa verið ruddamenni, en svo drakk líka kona hans svo um munaði. Burlston barði hana fyrir það, oft og tíðum, svo hún vildi skilja við hann, en það var hr. Grosse, sem skilnaðinn átti að gera, og hann sætti þau; hefir líklega haldið, að Sir Arthur mundi líka ver að þau skildu".

"Eru þeir svo góðir vinir?"

"Nei, ekki held ég það. Grosse er virðingarverður maður, svo hann getur naumast haft álit á slíkum manni, sem Sir Arthur er".

Við stóðum nú báðir upp.

"Nú verð ég að fara af stað", sagði ég, "ég þarf víðar við að koma, og nú fer að líða undir hádegi. Var Burlston ættaður úr þessari bygð?"

"Nei, hann hefir að eins verið hér 4 ár. Ég held að hann hafi komið frá Norfolk, þegar hann réðist til Sir Arthur. Viltu ekki ofurlitið tár enn þá?"

"Nei, þakka þér fyrir, ég get ekki drukkið meira, en ég skal biðja þig að hafa tilbúinn miðdagsverð handa mér kl. 2, þegar ég kem aftur. En heyrðu, geturðu ekki látið aka mér um nágrennið hérna, til þeirra, sem ég þarf að finna, ég er vegunum alveg ókunnugur?"

Deilur höfðingja Vestur Íslendinga,

eða, "margs verður maður vís þá hjúin deila".

Þegar maður virðir fyrir sér vörn séra Fr.J.B. mót stéttarbræðrum hans hér vestra, dettur manni ósjálfrátt í hug vísan hans

Af sér höggin slingur sló hann,
slysum öllum varnaði.
Mistar-plöggin Högna hjó hann
hreint gjörvöll að skyrtunni.

Snildarlegri ritvörn hefir enginn Íslendingur fært fram fyrir máli sínu en séra Fr.J.B.: Stilling skorðum bundin, þótt beittur hafi verið ókvæðisorðum, röksemdir ólöggar og grunnræddar, rithátturlipur og þiður, samboðinn vit- og snillimenni. Stig af stigi hefir virðing hans vaxið bæði austan hafs og vestan síðan hann klæddist hildarklæðum, og er slíkt eigi annað en eðlileg afleiðing hans mörgu og góðu hæfileika. Hann er fyrst af öllu vitmaður, lipurmenni,fræðimaður, kennari og prestur með afburðum. Sem vitmaður og fræðimaður brýtur hann ei bág við kröfur tímans, og sökum snillimensku og kennara hæfileika hafast fjöldinn að honum. Hann fylgir því hámarki Krists, að prédika að guð sé góður, að í míns föðurhúsi séu margar vistarverur. — Eftir því, sem ég skil hann, hefir hann líka skoðun á gæzku guðs, sem spekingurinn með barnshjartað, er hann orti:

"Ó, sú hugsun ill og sljó,
að ætla föður hæða
með ástundun en alúð þó
olnboga börn sér fæða".

Höfundur þessarar vísu gat eigi séð samband á milli algæzku guðs og viðhalds hans á eilífum kvalastað til handa meiri hluta mannkynsins; eigi heldur samband alvizkunnar og almættisins við ofsafull grimdarkröst.

Tuttugustu aldar menn eru tregir að trúa öðru en því, að guð sé góður, almáttkur, allstaðar nálægur, óumbreytanlegur. Þeir neita kenningunni um hinn grimmúðuga Gyðinga guð, sem í bræði sinni brendi upp Sódóma og Gómorra, og sem skipaði Jósúa að þyrma engu, ekki einu sinni brjóst mylkingunum, er brosandi teiguðu brjóstamjólk mæðranna. Guð hlýtur að vera öllum jafnt guð, þar eð hann er höfundur alls, en að almætti hans leiði alla til fullkomnunar með mismunandi stigbreytingum, er sennilegt. Fanturinn kemst ekki til alsælu svo létt, sem hinn góði maður, en með áreynslu og betrun nær hann sælu.

Kenningaraðferð og stefna hinna vestur-íslenzku presta, andmælenda séra F.J.B., er svo langt á eftir nútíð, að hún er óvinsæl orðin svo til vandræða horfir þeim sjálfum (prestunum). Þess mun ei langt að bíða, að þunnskipaðar verði safnaðar fylkingar þeirra, ef þeir breyta ekki stefnu. Yfirgangur þeirra og ofsi hefir þegar keyrt úr hófi, og ofsóknir þeirra á hendur séra Fr.J.B. hafa opnað augu manna, og það margra, er áður sváfu, svo nú dylst engum, hvað undir klæði býr. Mennirnir, sem almenningur elur til að prédika trú og siðgæði, beita stéttarbróður sinn leyndum og opinberum ókvæðisorðum, og svo virðist, sem allar klær séu hafðar í frammi honum til falls. Hver er grunnrótin fyrir því? Eru það mismunandi útskýringar trúaratriða? — Eða er það drotnunargirni, öfund og flátskapur? 2—8.

"Álfalandið" í Canada

Ég hefi ferðast um víða veröld og séð mikið af fegurð hennar, en aldrei neitt, er jafnist við þá fegurð, sem er í hinum óþekta hluta Canada, 25 mílur austur af Smith Landing, við Great Slave ána. Þar getið þér ferðast í austurátt heilan dag, án þess að komast út yfir "Álfalandið". Landið er óbygt og verður að líkindum aldrei bygt sökum þess að það er ófrjótt og því ekki hentugt til akuryrkju. Landið skiftist í smáfjöll, hálsa, mela og standbjörg, sem gráta móti þér þegar þú grætur, en hlægja, þegar þú hlærð, það er bergmála hvers konar hljóð er þú lætur til þín heyra. Hið fegursta við svæði þetta er það, að á bak við hvert fjall er fagurt, silfurtært stöðuvatn, mörg hundruð fet á dýpt, við standbjörgin og full af fiski. Vötnin, sem þú sérð bak við hvert einasta fjall, háls eða mel eru dýrðleg, og á sumrin eru þau þakin miliónum af fuglum. Þar getið þér, Canada Íslendingar, séð þann hóp og heyrt þann fagra söng, sem þér saknið svo mjög síðan þér fóruð af Íslandi. Þar getið þér dreymt þá fagurdrauma, sem íslenzka sólskinið vekur í hugum ættjarðarvina. Hér fáið þér séð gyðjur guðanna í hinni daufu dagsbirtu næturinnar. Þar dvelur þögn, er þúsund aldir rjúfa með fyrstu birtu sólarinnar. Þar er fegurð svo mikil, að að eins skáldsins hugsjón fær lýst henni.

Að vetrinum til, þegar öll fugladýrðin er flogin til suðurheima, eru fjöll þessi, hálsar og melar þakin Cariboo dýrum, sem koma að norðaustan frá eyðimörkunum til að fá skjól og fæðu yfir veturinn. Dýr þessi eru aðal-lífsbjörg Indiána, og á sl. vetri var svo hart í ári, að Indiánar líðu eingöngu á kjöti þessara dýra. Snjór og kuldi var yfirgengilegur, og dóu Indiánar víða af illu viðurværi. Fáein ár munu kveðja þann flokk manna, svo að það litla, sem eftir verður, mun hverfa inn í hvíta blóðið.

Vestur af Smith's Landing er landslagið svo ólíkt, að það er sem í öðrum heimi. Þar er skógbelti frá 5 til 15 mílur á breidd, og þar við tekur slétta, sem er 10 mílur á breidd og um 300 mílur á lengd, frá suðri til norðurs. Hún hefir einhverntíma verið vatni hulin. Svo er þar mikið salt í jörðu, að vatnið í öllum ám og lækjum er ódrekkandi vegna seltu. Sumstaðar má moka upp saltinu, sem sandi á sjávarströnd. Á þessum sléttum tímgast "Wood Buffalos" Ég sá þar eina hjörð (um 70 í hópi) í vetur, og komst svo nálægt einu af nautunum, að ég gat hent steini í það. Þessir Wood Buffalos eru svo stórir gripir, að það er sem tvævetrungs nautkálfur standi hjá stórum uxa, þá maður ber þessa Wood Buffalos saman við Prairie Buffalos.

Stjórnin borgaði mér $20 fyrir hvern úlf, sem ég drap á því svæði í vetur, og hefir nú bætt $10 við það gjald, til þess að sem flestir gefi sig í, að verja nautin fyrir úlfunum. Maður þarf eins árs reynslu til þess að verða æfður veiðimaður og kunna að verja sig fyrir úlfunum, þegar þeir hópa sig saman á vorin. Þennan tíma ársins eru þeir sjaldan fleiri enn 8 í hóp. — Kuldinn er það, sem drepur flesta, því ef maður kann ekki að kveikja elda í hvaða kulda sem er, og búa við þá nótt eftir nótt, með að eins tré fyrir skjól, — kunni maður ekki þetta, er betra fyrir mann að sitja heima í siðuðu landi.

Indiánar í þessu héraði eru flestir óþokkar, svikarar og falsarar, og álíta það höfuðskömm, ef þeir ljúga ekki að hvítum mönnum hve nær sem þeir hafa tækifæri til þess. Þeir eru háðskir, heimskir og hugdegir. Geti hvíti maðurinn ekki ferðast eins hratt og þeir á þrúgum, þá skilja þeir hann eftir og veltast um í hlátri meðan þeir bíða komu hans. Það hefir enginn Indiáni þrótt til að hlaupa á við vel æfðan hvítan mann. Þeir fóru að eins 30 mílur á dag, og ég hljóp þá oft af mér, sem svaraði 10 mílur, og komst jafnvel 50 mílur, vegurinn var góður (hundasleða brautin).

Ævintýri þau, sem ég komst í á þessum vetri, voru svo mörg og margvísleg, og sum þeirra beinn lífsháski, að það yrði of löng saga að segja. En bergmálið, söngurinn í Álfalandinu og vængjabað gyðjanna, er svifu í logni næturkyrðarinnar, eiga eftir að endurtakast í hugskoti margrar íslenzkrar sálar, þegar járnbraut legst gegn um mela þá og mýrar, sem aðskilur nútíðar mannabygð frá hinni norðrænu fegurð Canada, — og fegurð þess er eigi ýkt, það sannfærist þér um, er þér sjáið heimkynni goðanna.

Ferðamaður.

Til Íslendinga í Alberta.

MARKERVILLE, ALTA.
19. maí 1909.

Herra ritstj. Heimskringlu.

Hvert íslenzkt heimili í Alberta hefir þá ánægju, að fá og lesa Heimskringlu einu sinni í viku. Svo ég mælist til þess, að þú látir þau sjá eftirfylgjandi línur.

Ég dvaldi að eins skamma stund meðal landa minna í Alberta, og er ég þegar búinn að fá það góða álit á þeim, að þeir standi framar en landar þeirra í nokkurri annari bygð. Þeir klæðast nýjum búningi með hverju nýju ári, andlegum sem líkamlegum, eins og hin fögru Klettafjöll, er blasa á móti þeim í vestri, — nú með sinn fagra hvíta vetrarfald, þá með sínar skrúðgrænu, skógiprýddu hlíðar, spengdar silfurspöngum blátærra lækja. Þeir sá því sæði, sem ber góðan ávöxt, og sá ávöxtur er hæg og rósöm framför. Sálir þeirra eru sem sól í hádegisstað. Þeir hafa yfirunnið alla örðugleika frumbýlingslífsins. Kjarkleysi er óþekt meðal þeirra. Velsæld hvers einstaklings er fólgin í verkum hans. Fjörið, sem bærist í æðunum að morgni hvers dags, deyr aldrei en sigrar alt. — Gleði er þeim af guði gefin og göfuglyndi, er sjaldan bregst. Þeir hrinda frá sér gömlum vana, og leggja sig fram til þess, að afla sér frjálsra skoðana, byggðum á heilbrigðu viti, skoðana, sem gefa af sér góða ávexti þeim, sem gæddir eru konunglegri hugprýði og víkinglegu þreki. Þeir skilja, að takmark lífsins er að auðga andann, og þeir starfa í samræmi við það hugtak sitt. Lífsstefna þeirra má segja að felist í þessum einkunnarorðum: "Ég verð, ég skal, ég get". Jafnvægið í lunderni prýðir hvers manns framkomu. Í samræðum forðast þeir alla málahlöndun, svo að ekki heyrist enskum orðum slett inn í íslenzkt samtal. Móðurmálið mæla þeir hreint og óbjagað.

Ég hafði þá ánægju, að vera staddur á einni af þeirra stóru skemtisamkomum og dansi. Engan fann ég þar, sem neytti víns, og varð ég því að fela pelann minn, svo enginn yrði hans var.

Blessuð sé bygðin og búin, sem kveikt hafa nýja lífsgleði og sómaþrá í brjósti ferðamannsins.

O. S.

Fréttabréf.

MARKERVILLE.
1. maí 1909.

(Frá fréttaritara Hkr.).

Þó að veturinn sé liðinn og vorið komið, þá er útlitið alt annað en álitlegt. Síðastliðinn mánuður var svo kaldur, frostamikill og stormasamur, að ekki hefir komið kaldari apr-l í næstl. 20 ár hér í Alberta. Víða eru enn snjóleyfar frá vetrinum, næturfrost fram úr hófi og kuldi og stormur flesta daga. Allir þeir, sem hafa hey, gefa enn öllum fénaði, því gróður er alls enginn. Heyskortur er orðinn sumstaðar, en ekki almeht.

Vegna þessarar erfiðu tíðar gengur akurvinna seinna en æskilegt væri. Svo seinkar það sáningu, að víða hér var mikið óplægt af ökrum í haust, en til skams tíma hefir ekki verið plægjandi á sumúm stöðum fyrir frosti' að eins fáir enn byrjaðir að sá.

Vond kvefsýki (Influenza) hefir gengið hér mjög alment nú um tíma, en nú heldur í rénun.

Á sumardagskveldið fyrsta (22.) og 24. apríl sl. var í Fensala Hall, Markerville, leikin "Nýjársnóttin", nýja leikritið eftir Indriða Einarsson, leikritaskáld, að tilhlutun lestrarfélagsins "Iðunn". Aðsókn var allgóð bæði kveldin. Yfirleitt mun fólki hafa þótt leikendunum takast vel, þegar þess er gætt, að leikurinn er erfiður viðfangs, tekur mikið húsrúm og gott málverk, sem ekki gat verið neitt líkt því, sem við átti. Annars held ég að fólki finnist ekki mjög mikið um þennan leik, sízt fyrst um sinn, og má þó vel vera, að "Nýjársnóttin" sé einn sá bezt samdi leikur, sem við eigum á íslenzku máli. En menn þurfa að venjast honum til að skilja hann. Séu kringumstæður til að fullnægja málverkunum í "Nýjársnóttinni", þá er það óefað það fegursta, sem sýnt hefir verið á íslenzku leiksviði. — Leikstjóranum og leikendunum ber heiður og þökk fyrir starf sitt og framkomu við leik þennan.

Herra Guðmundur Stephanson, skálds, er fluttur til Markerville ásamt konu og börnum, og sezt þar að. Vér óskum honum til hags og hamingju. Heyrzt hefir, að hann ætli að ganga í félag með herra J. Benedictsson, verzlunarmanni á Markerville.

Innan skams á að byrja á skóla húss byggingu á Markerville, sem kosti tólf til fimtán hundruð dali.

Smjör (Creamery Butter) hefir fallið í verði hér í Alberta; orsökin er tálin að vera mikill innflutningur smjörs frá Ástralíu.

Séð hefi ég eitt eða tvö númer af "20. öldinni". Kennir þar ýmissa grasa strax í byrjun. Hún gefur fyrirheit og eftir þeim að ráða mætti ske, að á síðan yrði sagt um hana: "Ekki mun hún friði valda, heldur styrjöldum".

— Alferd Wilson nokkur lagði upp frá heimili sínu á laugardaginn var í ferð umhverfis hnöttinn. Hann fer fótgangandi, nema þar sem höf banna. Hann má ekki þiggja keyrslu með járnbraut eða á nokkurn annan hátt, en að eins nota báta og skip til að komast yfir vötn og höf. Hann verður að ganga og má aldrei hafa með sér þyngri flutning en 26 pund. Í hverjum bæ eða borg verður hann að láta lögregluna merkja með áritun sinni, hvenær hann kom þar og fór þaðan. Hann verður að ganga 5 mílur á klukkustund, og 50 mílur á dag. Ef hann heldur þessa samninga og kemur aftur til Toronto innan 3. ára og 5 mánaða, þá fær hann borgaðan allan ferðakostnað sinn, og að auki $1700 í peningum. Fyrsti áfanginn verður frá Toronto til San Francisco.

Með því að biðja sérfinlega um "T.L. CIGAR," þá ertu viss að fá ágætan vindil.

T.L. CIGAR

T.L.

(UNION MADE)

Western Cigar Factory
Thomas Lee, eigandi Winnipeg

Redwood Lager og Extra Porter

Styrkið taugarnar með því að drekka eitt staup af öðrum hvorum þessum ágæta heimilis bjór, á undan hverri máltíð, — Reynið !!

EDWARD L. DREWRY Manufacturer & Importer Winnipeg, Canada.

Department of Agriculture and Immigration.

MANITOBA

Þetta fylki hefir 41,169,089 ekrur lands, 6,019,200 ekrur eru vötn, sem veita landinu raka til akuryrkjuþarfa. Þess vegna höfum vér jafnan nægan raka til uppskeru tryggingar.

Ennþá eru 25 miliónir ekrur óteknar, sem fá má með heimilisrétti eða kaupum.

Íbúatala árið 1901 var 255,211, nú er hún orðin 400,000 manns, hefir nálega tvöfaldast á 7 árum.

Íbúatala Winnipeg borgar árið 1901 var 42,240, en nú um 115 þúsundir, hefir meir en tvöfaldast á 7 árum.

Flutningstæki eru nú sem næst fullkomin, 3516 mílur járnbrauta eru í fylkinu, sem allar liggja út frá Winnipeg. Þrjár þverlandsbrauta lestir fara daglega frá Winnipeg, og innan fárra mánaða verða þær 5 talsins, þegar Grand Trunk Pacific og Canadian Northern bætast við.

Framför fylkisins er sjáanleg hvar sem litið er. Þér ættuð að taka þar bólfestu. Ekkert annað land getur sýnt sama vöxt á sama tímabili.

TIL FERDAMANNA:

Farið ekki framhjá Winnipeg, án þess að grenslast um stjórnar og járnbrautarlönd til sölu, og útvega yður fullkomnar upplýsingar um heimilisréttarlönd og fjárgróða möguleika.

R. P. ROBLIN,
Stjórnarformaður og Akuryrkjumála Ráðgjafi.

Skrifið eftir upplýsingum til

Joseph Burke, 178 LOGAN AVE., WINNIPEG.
Jas. Hartney, 77 YORK ST., TORONTO.

7. KAPÍTULI.

Dálítill ættar-ágreiningur.

Meðan verið var að beita hestunum fyrir vagninn, var ég að hugsa um, hvernig ég skyldi haga mér, og komst þá að þeirri niðurstöðu, að réttast mundi að finna Sir Arthur sjálfan, en vildi þá áður kynnast kunningja hans, hr. Grosse, þar eð ég áleit hugsanlegt, að hann kynni að geta gefið mér gleggri upplýsingar um vin sinn en nokkur annar. Auk þess ríkti sú hugsun hjá mér, að hr. Grosse stæði í sambandi við hatrið, sem jarlinn bar til Sir Arthurs, á einn eða annan hátt. Að minsta kosti var herra Grosse einn þeirra manna, sem bezt gat lýst atvikunum við dauða Burlstons, ef hann vildi. Ef það hefði verið annað en óhappaskot, hlaut hann að vita það. Þegar vagninn var tilbúinn, bað ég að aka mér til hr. Grosse. Að liðnum 20 mínútum komum við þangað. Ég rétti nafnseðil minn að þjóni nokkurum, sem stóð við dyrnar, og hann fylgdi mér strax inn í herbergi það, sem húsbóndi hans var í. Um leið og hann opnaði dyrnar, heyrði ég þessi orð töluð í hörkulegum róm: "Þannig vil ég hafa það, og ef þú vogar að vera óhlýðin —"

Þegar dyrnar voru opnaðar, þagnaði sá, sem talaði, en ég var búinn að heyra svo mikið, að hér var einhver ættar-ágreiningur. Það voru að eins tvær persónur í herberginu. Við annan endann á stóru borði stóð hár maður, dimmur ásýndum og hörku-

legur. Það var auðvitað hr. Grosse sjálfur. Gagnvart honum stóð einhver sú fegursta stúlka, sem ég hefi séð, hún sneri andlitinu að mér, og var svo sakleysisleg einsog hún væri að eins 8 ára, en hefir líklega verið hér um bil 18 ára. Hún grét hástöfum, eins og sorg hennar væri óviðráðanleg, og gat ekki hætt því, þó ég kæmi inn. Samt brá hún vasaklútnum fyrir augun og þaut fram hjá mér og út. Hr. Grosse leit til þjóns síns alt annað en blíðlega, og hann var ekki mikið blíðari, þegar hann leit á mig, samt bauð hann mér að setjast, nokkurnveginn þægilega. Ég sagði honum hver ég var, og hvað ég hefði áformað að gera, sömuleiðis að séra Brown hefði tjáð mér, að hann væri einn þeirra manna, sem ég mætti vonast aðstoðar af. Á meðan ég talaði, sá ég að hann var að reyna að dylja reiði sína, og þegar ég hætti, sagðist hann koma á fundinn.

"Ég vona, að Fatheringham lávarður verði fundarstjóri", sagði ég.

"Einmitt það. Það þykir mér vænt um, hann er frændi minn, eins og þú máske veizt".

Ég kvaðst hafa heyrt það, og bætti svo við: — "Máske þú viljir vera svo góður að stuðla að því, að helztu fjölskyldurnar hérna í grendinni verði fáanlegar til að hjálpa okkur, til dæmis Sir Arthur".

Hann lyfti brúnum og leit tortrygnislega á mig, svo ég varð hálfhræddur um, að hann mundi geta sér til um ástæðuna, sem kom mér til að heimsækja hann. En hann leit strax af mér aftur, svipurinn varð blíðari og hann svaraði: "Sir Arthur er einn þeirra manna, sem sízt af öllum mun koma á slíkan fund. Hvers vegna datt þér hann í hug?"

"Mér datt í hug, að þú þektir hann, því ég hefi séð nöfn ykkar í sambandi í blöðunum".

Honum varð dálítið bilt við, en svaraði þó: — "Þú munt eiga við yfirheyrsluna og dóminn í málinu um skyttuna, en ég get fullvissað þig um, að við eigum ekkert saman að sælda, og að mér þykir leitt, að nafn mitt skuli nefnt í sambandi við hans".

Hann talaði með talsverðri ákefð, og virtist vilja losna við allan félagsskap Sir Arthurs. Ég festi þetta í minni, og vogaði svo að snúa mér að efninu aftur með því að segja: "Ég skil svo vel tilfinningar þínar, herra, en vona þó að dómurinn hafi verið sanngjarn, og að ekkert missætti hafi átt sér stað á milli skyttunnar og hans".

"Nei, alls ekki. Mér þætti leitt, ef einhver héldi það. Sir Arthur er ekki virðingarverður frá minu sjónarmiði, en ég er þó sannfærður um, að hann hefir ekki talað ósannindi frammi fyrir dómaranum".

Hann sýndi nú eins mikinn ákafa í, að verja Sir Arthur, eins og hann áður gerði í því, að sannfæra mig um, að þeir væru engir vinir. Ég hneigði mig til merkis um, að ég væri ánægður með skýringu hans, og sagði svo rólega: En, herra Grosse, þekkirðu ekkju hans nokkuð?"

Ég varð hissa af áhrifum þessara orða. Hann hafði að sönnu verið órólegur meðan á samtalinu stóð, en þessi orð virtust fullvissa hann um, að hér væri hætta á ferðum. Hann leit ilskulega til mín, stóð upp og svaraði:

"Afsakaðu, en ég vil helzt vera laus við að tala um það, sem þessu máli kemur við. Eins og ég hefi sagt, þá var þetta óhappaskot að eins af tilviljun, og mér þykir leitt að verða fyrir ótímabærri forvitni og fjasi um þetta efni. Ég vona, að þú hafir ánægju af fundarhaldinu".

Þetta var sama sem að segja, að samræður okk-

ar væru á enda, svo ég var tilneyddur að fara. Þegar ég kom út að vagninum, sagði ég ökumanninum að halda beina leið til gestgjafahússins, því ég var hræddur um, að einhver kynni að hlusta á orð mín, en undir eins og við vorum komnir út úr skógarbeltinu, sem umkringdi heimili hr. Grosse, sagði ég honum að aka með mig til Haughton Court".

Haughton Court var mjög fagurt höfðingjasetur. Auðvitað ekki eins stórt, gamalt og myndarlegt eins og Fatheringham Tower, en álitlegt heimili samt. Mig furðaði ekki, að séra Brown hafði eggjað dóttur sína á, að verða húsmóðir þar, enda þótt hún ætti að giftast drykkjumanni. Við ókum eftir fögrum lindiviðargöngum heim að bústaðnum. Alt var kyrt og rólegt og enginn maður úti. Mér kom strax til hugar, að einhver tilviljun hefði komið fyrir, og þótti harla leitt, ef fórnardýrið mitt hefði nú sloppið út úr höndum mínum mér að óvörum. Ég greip í dyrabjölluna og hringdi. Ég beið langa stund svo að enginn kom, og á meðan óx hræðsla mín. Svo hringdi ég aftur.

Nú voru dyrnar opnaðar af tötraklæddum vinnumanni. Hann leit forvitnislega á klæðnað minn.

"Er Sir Arthur heima?" spurði ég.

"Nei, herra", svaraði hann frekjulega.

"Nær kemur hann heim aftur?"

"Það verður langt þangað til hann kemur, af því hann fór til Skotlands".

Til Skotlands. Þar sem menn héldu að geðveikrahælið væri, sem lafði Redleigh, konan hans, var geymd á. Hvað átti þetta að þýða?

Cleveland Imperial **Massey Perfect** **Brantford Rambler**

Engin þörf að keyra með lúin hest til bæjar, þegar drengurinn mundi með ánægju fara á hjóli. Gætið að tímatapi og hestanöðslu við það, að útvega ekki piltum reiðhjól,— það sem yrði yður erfiði, yrði þeim bara skemtun. — Spyrjið börnin hvað þau vildu heldur en reiðhjól.—Það veitir þeim meiri ánægju og yður hagsmuna, en flest annað er þér kaupið. — Kaupið piltinum reiðhjól!

Canada Cycle & Motor Co., Ltd., Winnipeg.
147 PRINCESS STREET. Heimsins Bestu Reiðhjóla-smiðir.

Hversvegna enda hjónabönd illa í Ameríku?

Um þetta merkilega og tiðrædda efni hefir frú ein ritað ekki alls fyr ir löngu í timaritið Atlantic Monthly, og með því að sú grein hefir vakið ærna eftirtekt, og fer í aðra stefnu en vanalegt er, þá kann lesendum vorum að þykja gaman að sjá ágrip af henni.

Enginn getur neitað því í alvöru að mjög mörg hjónabönd eru ófarsæl, eða hafa að eins lausatök á lukkunni, ef svo mætti að orði komast. Vafalaust er það líka, að það er tiðara nú á dögum heldur en fyrir mannsaldri, að hjónabönd fara illa. Það er fullkomlega staðreynt, að skilnaðarbölið hefir vaxið með hverri ártiund í Bandafylkjunum hér í Ameriku, miklu meira en fjölgun íbúanna nemur. Það er ennfremur tölum talið, að þetta böl vex miklu hraðara hér í landi, heldur en í Evrópu. Þetta kann að vera að sumu leyti því að kenna, að skilnaðar dómstólar eru hér fleiri; tvö þúsund dómstólar hér í landi hafa vald til að veita hjóna skilnað, á Englandi finst að eins einn slikur, á Þýzkalandi 28, á Frakklandi 79.

Nú með því að miklu stórkostlegri breyting hefir orðið á kjörum kvenfólksins og stöðu í þjóðfélaginu heldur en karlmannanna, um siðustu 50 ár, þá er ef til vill tilefni til, að kenna því um þetta óttvaxandi þjóðfélagsmein, að minsta kosti að nokkru leyti. Og þó djarft virðist, og sé, það skal játað, þá skal gengið út frá því sem vísu í þessu ritkorni og byggja eftirfarandi hugleiðingar á því.

Sumir vilja halda því fram, að það sé ekki mikið leggjandi upp úr hjónaskilnaðar tölunum, og færa það til, að nú á dögum sé öllu á loft haldið, en engu stungið undir stól. Þeir taka til dæmis, að í fornöld hafi til verið alt eins margir sjúkdómar eins og nú á dögum, en það skilji, að nú kunni menn betur að greina þá í sundur og þekkja þá, og því virðist þeir vera fleiri, þó þeir séu það ekki í rauninni. Alt eins sé því varið með ógæfu í hjónabandinu. Hún sé ekki meiri eða tiðari nú að tiltölu heldur en áður, heldur brjótist hún út í hjónaskilnaði frekar nú en fyrmeir, og verði þannig heyrum kunn. Þeir, sem halda fram sjálfræði einstaklingsins, uppástanda, að það sé timi til kominn, að fólk sýni þá mentun og manndáð, að slita hjónabandsfjötturinn, þegar þvingunar kennir af honum, en þeir gleyma því, að "það er einskisvert, hvort hverjum einstökum, karli eða konu, líður betur í eða utan hjónabands, heldur verður það, hvort hjónaskilnaðir fara í vöxt, að dæmast eftir því, hver áhrif það hefir á heimilið, sveitar- og þjóðfélagið". Gæfa eða siðferði hvers einstaks kemur þar ekki til greina.

Dæminu um sjúkdómana má líka fylgja lengra. Mundi ekki mega minna á það, að sú skoðun er að styrkjast meðal hinna allrafremstu lækna, að stéttarhræður þeirra séu yfirleitt of gjarnir á að beita hnífnum til að lækna líkamlegar meinsemdir, og að einmitt hinu sama er að gegna um andleg mein. Vægari meðul, gætni í lifernisháttum og skynsamleg tilhögun daglegs lífs hefir vitanlega forðað mörgum sjúkling frá uppskurðarborðinu. Eða má ekki svo að orði kveða, að aðeins eitt undrameðal sé til nú á dögum —: það að forðast og fyrirbyggja sjúkdómana. Að því takmarki stefna vissulega allar vísindagreinir, öll viðleitni til umbóta í þegnfélaginu og öll heimspekiskerfi, — alt réttir út hendurnar til að létta böl mannanna.

Eftir þennan inngang tekur frúin til við kvenfólkið og segir, að þrennir gallar þess valdi mestu um vöxt skilnaðarbölsins:

1. Að kvenfólkið gætir þess ekki, að hlutverk þess í veröldinni er að viðhalda hjónabandinu.
2. Að kvenfólkið er að verða sjálfráðara, alla tið meir og meir.
3. Að það sé farið að týna því niður, að veita, og kann nú varla annað en þiggja ástir.

Elskar nú ekki framar, heldur vill láta elska sig.

Hjónabandið er konunnar ákvörðun í heiminum — fyrir hana gert, hennar vegna á komið, og það er hennar ætlunarverk að halda því við. Frá hvaða sjónarmiði, sem á er litið, likamlegu, andlegu, þegnfélagslegu eða siðferðislegu sjónarmiði, þá er hjónabandið kvenmannsins ákvörðunarverk í starfi heimsins. Og sú kona, sem finnur þetta ekki og beitir sér ekki á það, hún ber skilnaðarmeinið í sér frá upphafi.

Að vísu elur hver karlmaður von í brjósti um sælu í hjónabandi, og margar af dýrustu og sterkustu tilfinningum hans eru þar við tengdar. En alt um það er hann ekki hjónabandsins höfundur, heldur hefir hann sterkari hug á verksviði sínu utan hjónabandsins. Þó að ljúfar sæluvonir séu frá hans hlið bundnar við hjúskapinn, þá er hjónabandið honum ekki nauðsynlegt til stundunar áhugamála og lífsstarfa. Það er honum inndæll draumur, sem hann á ekki stórmikið undir, hvort rætist eða rætist ekki.

En sú kona, sem ætlar sér að láta sér hjónabandið í léttu rúmi liggja, og smeygir sér undan þeirri veglegu skyldu, sem hjúskapurinn leggur henni á herðar, hún mun fá að reyna, hve sáralitið finst þar fyrir utan af lífsstörfum, sem hún getur snúið sér að með heilum hug. Hví skyldi ekki segja eins og er, að konur hafa aldrei leyst af hendi eins þýðingarmikið starf á neinu öðru sviði, frá því heimurinn varð til. Hennar kvenedli, með því sem það leggur henni á herðar, að hún hefir háleita stöðu, stórmerkilega og alvég sérstaka í sköpunarverkinu, — og þó sýnist hún vilja róa að því öllum árum, að steypa sér úr þeirri tignarstöðu.

Um karlmennina er það að segja að þeir hafa verið og eru enn, eins og menningunni er nú háttað, einir um að brjóta straum fyrir og vinna (work) í veröldinni, vinna fyrir lífsuppeldi sínu og sinna, byggja heimilin, berjast og halda uppi þegnfélagsskyldum. Þeir hafa verið einir um þetta, og alt skrafið um kvenfólksins framkvæmdir í þá áttina er einber hégómi!

Hvað sem seinna kann að verða, þá hefir það verið svo hingað til, að enginn kvenmaður hefir stofnað ný trúarbrögð, ekki fundið neina vísindalega nýjung, sem teljandi sé, enga heimspekilega vísindagrein, né nokkurn lögmálsþátt þjóðfélagsskipunar. Ekki hefir kvenfólkið heldur látið verulega til sin taka í þeim hlutum, sem þó virðist vera meir við þess hæfi, svo sem málara og bildhöggvaralist, nótnaskáldskap eða bókaskrifi. Og þó að konan í seinni tíð hafi gert litillega tilraun til að vinna fyrir sér sjálf, sem ekki er nema fallegt og uppörvunar vert, þá hefir það enga þýðingu fyrir aðra en hana sjálfa; hennar ætlunarverk, utan hjónabands, eru bundin við hana sjálfa og eru skjótunnin og skammæ.

Skáldunum má kenna um mikið af þeim stórmensku útbrotum kvenfólksins, sem nú gengur yfir, en vísindamennirnir eru farnir að jafna þá gúla aftur, ef svo mætti að orði komast. — Þar næst vitnar höf. til ummæla vísindamanna um misjafna hæfileika karla og kvenna, sem hún segist tilfæra til þess að draga dálitið úr hinu fánalega dálæti, sem nú gangi á með kvenfólkið, sérstaklega í Ameriku. Af því dálæti þykist hún vita að stafi meðal annars gikksleg eigingirni þess, sem valdi mikið til hinu hneykslanlega losi hjónabandsins í því landi. "Hver, sem hingað kemur ókunnugur, er hissa á því, hvað kvenfólkið lætur mikið á sér bera, og að karlmennirnir skuli láta því haldast uppi að ganga sér svo upp yfir höfuð".

Um það, hvernig konan eigi að haga sér eftir giftinguna, segir hún:

"Sú kona, sem giftist af ást, og er svo vel gefin (eða gæfusöm), að blekkja ekki þær vonir, sem maðurinn gerði sér um hana fyrir giftinguna, hún mun taka meiri andlegum þroska á þann hátt, heldur en henni hefði hlotnast með nokkru öðru móti. Hún þarf ekki að setja sér hærra mark að keppa eftir, heldur en vonir bóndagarmsins, en meinið kann að reynast, að þær eru stundum nokkuð háar. En hvað um það, þá er það lífsstarf hennar, að troða ekki undir fótum þá háu hugmynd, sem hann getur gert sér um hana. Bæði verða að brjóta odd af oflæti sínu og lagfæra sig hvort eftir öðru, þegar til sambúðarinnar kemur, og er það konunnar hlutverk, að sjá um, að virðing haldist og vinátta, þegar bríminn er runninn af, svo að hægt sé að umbera yfirsjónir og veikleika; að venja sig á að slá undan og sjá í gegn um fingur misfeliur, sem ekki ganga fram úr hófi; að hún hafi til að bera móðurlega löngun til að vera manninum til yndis, eftirlætis og uppörvunar, og umfram alt, láta sér með einlægni umhugað um, að drepa ósamlyndis tilhneiginguna (sem ætíð er til staðar) í upphafi, löngu áður en til hennar þarf að skera með hnífnum. Hún á að láta sér minkun þykja, að hugsa eins og blökkukonan, sem hljóp frá bóndanum, og svaraði þessu, þegar hún var spurð hvað hefði komið til:

"O, ég var náttúrlega farin að verða leið á honum".

En því er nú miður, að þessi ástæða, þó þussaleg sé, mun eiga við ótrúlega mikinn fjölda hjónaskilnaðar, sem urðu á því herrans ári 1908, hér í þessu landi.

(Niðurlag).

Einkennilegt

og hálf óviðfeldið er það, af ritstýru íslenzka kvennablaðsins hér vestra, að minnast ekki á, hvernig kvenfrelsismálinu gengur á Íslandi, eins og í öðrum löndum, því þar (á Íslandi) gengur því betur áleiðis, en jafnvel nokkurstaðar annarstaðar.

Ég bjóst við, að hún í maínúmeri blaðs sins mundi geta þessa, þar sem nú fyrir hálfum mánuði eða meira er komin hingað vestur fregn um það, að frumvarp Skúla Thoroddsens um, að alt kvenfólk hafi jafnrétti við karlmenn í öllum sveita og bæjamálefnum, hefir verið samþykt af þinginu. Frv. eins og hann kom fyrst fram með, fór fram á, að vinnuhjú hefðu kjörgengi og kosningarrétt jafnt við aðra, og það samþykti neðri deild, en efri deild gerði þá breytingu, að vinnufólk hefði ekki kjörgengi, að eins kosningarrétt. Skúli er mjög óánægður yfir þessari breytingu efri deildar, og er hann því líklegur til að kippa þessum fleyg út úr frumvarpinu á næsta þingi. En þrátt fyrir þetta er frv. stór sigur fyrir kvenréttindamálið.

Þá mætti ennfremur geta þess í sambandi við kvenréttindamálið á Íslandi, að nýji ráðherrann Björn Jónsson, hefir í þinginu tjáð sig mjög hlyntan málinu, og getið þess þar, að hann telji sjálfsagt, að ákvæði um, að kvenfólk hafi jafnrétti við karlmenn í öllum pólitiskum málum verði tekið upp í stjórnarskrána næst þegar breytingar verða gerðar á henni, sem hlýtur að verða á nálægum tíma.

Í frv. því um breytingar á stjórn arskránni, er frv. ráðherra H. Hafstein lagði fyrir þingið, var ekki gert ráð fyrir því, að jafnréttisákvæðið væri tekið upp í stjórnarskrána, heldur að eins heimilað, að réttindin mætti veita þeim með sérstökum lögum, einhverntíma, og þá helzt eftir aldurstakmörkum, líklega ekki fyr en þær væru 40 ára, sbr. kosningalögin til efri deildar eftir sama frv.

Allir sjá, hvílíkur munur það er, að fá ákvæðið tekið upp í stjórnarskrána, og látið vera þar við hlið ákvæðisins um karlmenn, eða að eiga von á því einhverntíma, ef þinginu sýndist að veita það með "sérstökum lögum".

Skúli Thoroddsen, sem hefir um langan tíma verið frömuður jafnréttis karla og kvenna á þingi, er og eindregið með því, að stjórnarskráin sýni jafnréttis ákvæðið svart á hvítu.

Ég vona, að ritstýru Freyju, sem kvenfrelsiskonu, sé eins ljúft að geta um gang málsins og sigur þess á Íslandi, þó forgöngumennirnir fyrir því á þingi þar heiti Skúli Thoroddsen og Björn Jónsson, eins og þó þeir hétu eitthvað annað.

A. J. Johnson.

Spurningar og Svör.

Herra ritstjóri. Ég á ekkert land, en fáeina gripi (7—8). Er sanngjant eða lögmætt, að leggja jafnhátt skattgjald á mig eins og fasteignamenn, sem eiga nálægt 100 gripum? Eða eftir hvaða reglum ber að leggja á skólagjöld í Manitobafylki, þar sem engin sveitarstjórn er komin á?

SVAR. — Það er á valdi sveitarstjórnarinnar, hvernig hún leggur skatta á. En ef gjaldanda finst hann vera órétti beittur, getur hann sent skrifleg andmæli til sveitarstjórnarinnar, og krafist þess, að mál hans sé rannsakað við "Court of Revision, sem hefir fullnaðar úrskurð í slíkum málum.

Ritstj.

Hafa Indiánar lagalegan rétt til að veiða dýr á landi og í vötnum hér í Manitoba, utan við sitt "Reserve"? Ef ekki, hvernig verðnr þá bezt komið í veg fyrir, að þeir geri slíkt?

SVAR. — Indiánar hafa engan sérrétt til veiða utan "Reserve" þeirra. Fyrir utan þau takmörk eru þeir háðir sömu lögum og aðrir borgarar, og má því lögsækja þá fyrir yfirtroðslur við lögin eins og hverja aðra.

Ritstj.

Úr ýmsum áttum.

Ein hin dýrasta tegund lodfelda er úr "astrakan" eða "persian lamb" svonefndu. Þau skinn koma frá einu landi Rússa í Miðasíu, fyr ir austan Kaspía haf.

Nafnið "astrakan" er dregið af hafnarbæ með því nafni við Kaspía hafið, þaðan sem skinnin flytjast, en þau eru af lömbum þess fjárkyns, sem kent er við Bokara. Það fé er í meðallagi stórt, hefir langa rófu, feita, og ullin á því er grá og mjög grófgerð. En lömbin eru kolsvört, þegar þau fæðast, snögg og hrokkin á lagðinn. Þessi litur og háralag stendur stutta stund. Eftir fimm daga hverfur svarti gljáinn, lagðurinn lengist og sléttist úr hrukkunum, og því eru öll lömbin drepin innan fárra nátta, nema rétt þau, sem eru nauðsynleg til viðhalds og undaneldis. — Bandaríkjastjórn er að reyna að útvega sér nokkrar af þessum kindum til að ala upp hér í álfu, og stofna þar með arðsamaan atvinnuveg.

Þess má geta, að margt af því, sem kallað er "astrakan" og "persian lamb" í loðskinnabúðunum, hefir aldrei til Asíu komið. Sumt af því, að minsta kosti, er komið norðan af Íslandi, af ungviði, sem annaðhvort krummi eða Kári hafa orðið að fjörlesti.

Ritstjóri nokkur í New York segir svo frá, að hann hafði 3 í heimili: sjálfan sig, konu sina heilsulausa og tvituga dóttur. Hann hafði vinnukonu til að elda matinn og gera húsverkin, fyrst írska, þá þýzka, þá ungverska og loks eina frá Finnlandi. Hún skildi ekki eitt orð í ensku, svo að hann varð að garga framan í hana eins og hani til þess að láta hana skilja, að hann vildi fá egg í morgunmat. Loksins fór sú finska sömu leiðina og allar hinar, sem verið höfðu á undan henni, og nú varð eitthvað til bragðs að taka.

Hann býður þá dóttur sinni, sem hafði litið annað gert frá því hún var barn, en að ganga á skóla og læra til mannsins, að verða vinnukona hjá sér með þessum kostum:

Í fyrsta lagi átti hún að fá vinnukonu kaup, 5 dollars um vikuna. Í annan stað reiknaði hann út, hvað útgjöldin til heimilisþarfa hefðu verið mikil að meðaltali um mánuðinn, seinustu 6 mánuðina; þá upphæð fékk hann henni í hendur, og ef nokkuð gengi af, þá átti hún að eiga það. Og ennfremur lét hann það sama gilda um útgjöld til ljósa og eldsneytis. Stúlkan gekk að þessu, bæði vegna skildinganna og ekki síður vegna þess, að faðir hennar ýtti undir hana, með því að hann áleit hún hefði gott af því, að reyna sig og kynnast fleiru en bóknáminu.

Hún var nýkomin úr skóla og hafði alla tíð vanist nógum fristunum, og því varð henni erfið nýja staðan, en hún lét sig ekki fyrsta kastið og gengdi henni í 3 mánuði. Þvottinn gat hún ekki þvegið, en það höfðu hinar vinnukonurnar gert. Fyrir það borgaði hún $2.25 um vikuna. Eftir 6 vikur gafst hún upp á diskaþvottinum, fékk telpu til að koma og gera það á hverjum degi og borgaði henni $1.25 um vikuna. En hún fór sparlegar með en hinar vinnukonurnar, bæði mat og kol og vatn og gas, og hafði eftir 13 vikur í hreinan gróða fyrir utan kaupið, rúma 29 dollara. En samt varð henni það sama og öllum hinum: Hún fór úr vistinni og á hússtjórnarskóla, í því skyni helzt að læra þar — að stjórna vinnukonu!!

LEIÐBEININGAR--SKRÁ
YFIR ÁREIÐANLEGA VERZLUNARMENN Í WINNIPEG

MUSIC OG HLJÓÐFÆRI

CROSS, GOULDING & SKINNER, LTD. 323 Portage Ave. Talsími 4413

MASON & RISCH PIANO CO., LTD. 356 Main Stree Talsími 480 W. Alfred Albert, Íslenzkur umboðsmaður

WHALEY ROYCE & CO. 356 Main St. Phone 263 W. Alfred Albert, bóðarþjónn.

BYGGINGA- og ELDIVIÐUR.

J. D. McARTHUR CO., LTD. Byggingar- og Eldiviður í heildsölu og smá-sölu. Sölust: Princess og Higgins Tals. 5060, 5061, 5062

MYNDASMIÐIR.

G. H. LLEWELLIN. "Medallions" og Myndarammar Starfstofa Horni Park St. og Logan Avenue

SKÓTAU Í HEILDSÖLU.

AMES HOLDEN, LIMITED. Princess & McDermott. Winnipeg.

THOS. RYAN & CO. Allskonar Skótau. 44 Princess St.

THE Wm. A. MARSH CO. WESTERN LTD. Framleiðendur af Finu Skótaui. Talsími: 3710 88 Princess St. "High Merit." Marsh Skór

RAFMAGNSVÉLAR OG ÁHÖLD

JAMES STUART ELECTRIC CO. 324 Smith St. Talsimar: 3447 og 7802 Fullar byrgðir af alskonar vélum.

GOODYEAR ELECTRIC CO. Kellogg's Talsimar og öll þaraðlút. áhöld talsími 3023. 56 Albert St.

RAFMAGNS AKKOKÐSMENN

MODERN ELECTRIC CO 412 Portage Ave Talsími: 5658 Viðgjörð og Vir-lagning — allskonar.

BYGGINGA - EFNI.

JOHN GUNN & SONS Talsími 1277 296 Jarvis Ave. Höfum bezta Stein, Kalk, Cement, Sand o. fl.

THOMAS BLACK Selur Járnvöru og Byggingaefni allskonar 76—82 Lombard St. Talsími 600

THE WINNIPEG SUPPLY CO., LTD. 298 Rietta St. Talsimar: 1936 & 2187 Kalk, Steinn, Cement, Sand og Möl

BYGGINGAMEISTARAR.

J. H. G. RUSSELL Byggingameistari. Í Silvester-Willson bygginguni. Tals: 1068

PAUL M. CLEMENS Bygginga - Meistari: 443 Maryland St. Skrifst.: Argyle Bldg., Garry st. Talsími 5997

BRAS- og RUBBER-STIMPLAR

MANITOBA STENCIL & STAMP WORKS 421 Main St. Talsími 1880. P. O. Box 244. Búum til allskonar Stimpla úr málmi og togleðri

VÍNSÖLUMENN

GEO. VELIE, Heildsölu Vínsali. 185, 187 Portage Ave. E. Smá-sölu talsími 352. Stór-sölu talsími 464.

STOCKS & BONDS

W. SANFORD EVANS CO. 326 Nýja Grain Exchange Talsími 3696

ACCOUNTANTS & AUDITORS

A. A. JACKSON, Accountant and Auditor Skrifst.— 28 Merchants Bank. Tals.: 5702

OLÍA, HJÓLÁS-FEITI OG FL.

WINNIPEG OIL COMPANY, LTD. Búa til Stein Olíu, Gasoline og hjólás-áburð Talsími 1590 611 Ashdown Block

TIMBUR og BÚLÖND

THOS. OYSTAD, 208 Kennedy Bldg. Viður í vagnhlössum til notenda, búlönd til sölu

PIPE & BOILER COVERING

GREAT WEST PIPE COVERING CO. 132 Lombard Street.

VÍRGIRÐINGAR.

THE GREAT WEST WIRE FENCE CO., LTD Alskonar virgirðingar fyrir bændur og borgara. 76 Lombard St, Winnipeg.

ELDAVÉLAR O. FL.

McCLARY'S, Winnipeg. Stærstu framleiðendur í Canada af Stóm, Steinvöru [Granitewares] og fl.

ÁLNAVARA Í HEILDSÖLU

R. J. WHITLA & CO., LIMITED 264 McDermott Ave Winnipeg "King of the Road" OVERALLS.

BILLIARD & POOL TABLES.

W. A. CARSON P. O. Box 225 Room 4 i Molson Banka. Öll nauðsynleg áhöld. Ég gjöri við Pool-borð

NÁLAR.

JOHN RANTON 203 Hammond Block Talsími 4670 Sendið strax eftir Verðlista og Sýnishornum.

GASOLINE-Vèlar og Brunnborar

ONTARIO WIND ENGINE and PUMP CO. LTD 301 Chamber St. Simi: 2988 Vindmillur -- Pumpur -- Agætar Vélar.

BLÓM OG SÖNGFUGLAR

JAMES BIRCH 442 Notre Dame Ave. Talsími 2638 BLÓM - allskonar. Söng fuglar o. fl.

BANKARAR, GUFUSKIPA AGENTR

ALLOWAY & CHAMPION North End Branch: 667 Main street Vér seljum Avísanir borganlegar á Íslandi

LÆKNA OG SPÍTALAÁHÖLD

CHANDLER & FISHER, LIMITED Lækna og Dýralækna áhöld, og hospítala áhöld 185 Lombard St., Winnipeg, Man.

R. A. THOMSON AND CO.

Cor. Sargent & Maryland St.

Selja allskonar MATVÖRU af beztu tegund með lægsta verði. Sérstakt vöruúrval nú þessa viku. Vér óskum að Islendingar vildu koma og skoða vörurnar. Hvergi betri né ódýrari.—

Munið staðinn:—
HORNI SARGENT AVE. OG MARYLAND ST.
PHONE 3112.

F. Deluca

Verzlar með matvöru, aldini, smá-kökur, allskonar sætindi, mjólk og rjóma, sönul. tóbak og vindla. Óskar viðskifta Íslend. Heitt kaffi eða te á öllum timum. Fón 7756

Tvær búðir:
587 Notre Dame og 714 Maryland St.

S. R. HUNTER & CO
Skraddarar,
189 Lombard Street

Búa til ný-móðins karlmannafatnaði eftir máli.— Efni og vinnubrögð afbeztu tegund, og alt ábyrgst að vera jafngildi þess bezta sem fáanlegt er í borginni. Verðið er við allra hæfi. —

S. R. Hunter & Co.
189 Lombard St.
Telephone 1395.

DR. H. R. ROSS

C.P.R. meðala- og skurðlækuir. Sjúkdómum kvenna og barna veitt sérstök umönnun.

WYNYARD, — SASK.

JOHN DUFF
PLUMBER, GAS AND STEAM FITTER
Alt verk vel vandað, og verðið rétt.
664 Notre Dame Ave. Phone 3815
Winnipeg

The Dominion Bank
NOTRE DAME Ave. BRANCH Cor. Nena St.

VÉR GEFUM SÉRSTAK AN GAUM AÐ SPARISJÓÐS-DEILDINNI. —

VEXTIR BORGAÐIR AF INNLÖGUM.
HÖFUÐSTOLL - - - $3,983,392.38
SPARISJÓÐUR - - $5,300,000.00
A. E. PIERCY, MANAGER.

KOL OG VIDUR

Þur, beinharður eldiviður, — Poplar, Pine, og Tamarac með mjög sanngjörnu verði. — Nú sem stendur verið að afferma mörg vagnhlöss af BEZTA DAUPHIN TAMARAC. —

McElroy Bros.
Cor. Sherbrooke & Ellice
PHONE: 6612

Vér Höfum Aðeins Eitt Járn í Eldinum

Það er, að bóa til MAGNET Rjómaskilvindur, og það tekur upp allan vora tíma. Þessvegna er skilvinda vor þannig gerð, að vér getum ábyrgst hana að vera úr besta efni, af bestu gerð og endingarbezta. MAGNET er gerð til þess að aðskilja hreinlega. Vélin sannar það daglega.

Stjóru Nova Scotia fylkis,
Skrifstofa Akuryrkju-deildar,
Halifax, N. S., Sept. 13., 1904.
The Petrie Mfg. Co., Ltd.
Hamilton, Ont.

Kæru herrar.—Vér höfum notað Magnet skilvinduna yðar sumarlangt með umferðar smjörgerðarskóla vorum og höfum hana altaf í bruki og brúkuðum hana einnig á fyrirmyndarbúi voru í Truro. Það gleðar mig að geta vottað, að hún fullnægði algerlega kröfum vorum, og ég hefi engar kvartanir heyrt um hana hvar sem hún hefir verið notuð. Yðar einlægur,
(Undirskr) B. W. CHIPMAN,
ritari Akuryrkjudeildar.



Að endingu hefir MAGNET vélin engan jafningja. Öll stykki eru sterk og nægilega traust til að endast ævilangt. Ekkert stykki er svikið Hver vél er eins traust eins og veik asta stykkið í henni. Magnet hefir engin veik stykki, öll eru sterk og endingargóð.

Vér óskum að allir væntanl. viðskiftavinir skoði MAGNET vélina og sannfæri sig um að lýsing vor á henni sé rétt.

The Petrie Mfg. Co., Limited
WINNIPEG
HAMILTON. ST. JOHN. REGINA. CALGARY.

McLEAN HÚSID

Mesta Music-Búð Winnipegborgar

Alþýðan metur heiðarleg verzlunar-viðskifti og ósvikna verzlunar-vöru. Þetta er ástæðan fyrir því, hve feykilega mikið verzlun vor hefir vaxið. Þeir, sem kaupa Pianó eða Orgel af oss, segja vinum sínum hve þægilegt sé að skifta við oss, og svo koma þeir einnig og kaupa af oss. Vér ábyrgjumst hvert einasta hljóð færi sem vér seljum, að vera alveg eins og vér segjum, og með því að vér höfum aðeins vönduðustu hljóðfæri, þá getið þér reitt yður á hvert það Pianó eða Orgel sem af oss er keypt. Vér erum einka umboðsmenn fyrir gamla fél., Heintzman & Co Pianó.

Vér höfum nokkur brúkuð Pianó og Orgel sem vér ætlum að selja þeim fyrstu sem koma, — með ofurlágu verði. —

J. J. H. McLean & Co LIMITED.

528 Main St. Talsími 808
ÚTIBÚ Í BRANDON OG PORTAGE LA PRAIRIE.

Fréttir úr bænum.

Íslendingadágsnefndin hefir kosið sér embættismenn og skipað sér niður í nefndir, þannig:

Forseti Th. Johnson, gullsmiður.
Skrifari Magnús Pétursson.
Féhirðir Ólafur S. Thorgeirsson, prentari.

Prógramsnefnd: — Ólafur Thorgeirsson, P. S. Pálsson, Victor Anderson og Jón Thorsteinsson.

Garðnefnd: — Th. Johnson og Sigfús Anderson.

"Sports"-nefnd:—P. S. Pálsson, Victor Anderson, Sigfús Anderson, Magnús Pétursson, Th. Johnson, Jóhannes Gottskálksson og Jón Thorsteinsson.

Herra Stefán Thorson, sem kosinn var í nefndina, bað sig undanþeginn starfi af þeirri ástæðu fyrst að hann var ekki á fundinum og var kosinn án vilja hans og vitundar, og í öðru lagi vegna þess, að annríki bannaði honum nokkur aukastörf. — Þetta sýnir, hve varhugavert það er, að kjósa menn í slíka nefnd, án þess þeir séu viðstaddir á kosningafundinum og gefi kost á sér í nefndina. Hin formlega kosna Íslendingadagsnefnd er því skipuð að eins 8 mönnum í þetta sinn.

Á miðvikudaginn í síðustu viku (þann 26. b.m.) lézt í Kenora bæ í Ontario Guðbert Jockumsson, daglaunamaður. Hann flutti hingað vestur með konu sína og börn þeirra fyrir 22 árum, og hefir síðan dvalið hér í borg. Hann var hálf-fimtugur að aldri, og eftirskilur ekkju og uppkomin börn, þar á meðal eina dóttur gifta. — Guðbert sálugi hafði verið á gangi á járnbrautarspori og vagnlest á ferð slegið hann um, svo hann lifði að eins ½ klukkustund eftir tilfellið.

Hann var jarðsunginn hér í borg á föstudaginn var. Hr. Egill Stephenson, tengdasonur þess látna, sótti líkið austur og flutti hingað. Jarðarförin fór fram frá heimili þess látna, þar sem húskveðja var haldin og síðan ræða í kirkjunni. Margt manna var viðstatt jarðarförina.

Herra G. Johnson, kaupmaður í Northwest Hall, á horni Ross Ave. og Isabel St., biður þess getið, að telefón númer hans er 2190. Lesendur eru beðnir að muna þetta.

Póstspjöldin

nýju, íslenzku, sem lýst var í síðasta blaði, ásamt spjaldinu, þar sem allir tólf mennirnir eru á, eru til sölu hjá: — H. S. Bardal, Winnipeg; í gullstáss sölubúð G. Thomasar á Sargent ave. og Jónasi Jónassyni aldinasala í Fort Rouge; ennfremur hjá Jóni Ólafssyni, Brú P.O.; Hannesi Kristjánssyni, Gimli, Dr. Sig. Júl. Jóhannessyni, Leslie; Magnúsi Bjarnasyni Mountain; Jóni Jónssyni, Svold, N. D.; Ásmundi Christiansson, Markerville; Þorgeiri Símonarsyni Blaine; Gunnari Gunnarssyni, Pembina, N. D.,; Páll Magnússon, kaupm. í Selkirk.

Útsölumenn, sem væntanlega bætast við í öðrum íslenzkum bygðum, verða auglýstir í næsta blaði.

Tveir íslenzkir piltar af Wesley College, þeir E. L. Jóhannsson, sonur Eggerts Jóhannssonar, fyrrum ritstjóra Heimskringlu, og G. O. Thorsteinsson, frá Markland, Man., fara í þessari viku vestur til íslenzku nýlendunnar í Alberta til þess að kenna þar á skóla í sumar og haust.

Frézt hefir, að brunnið hafi fjós hjá herra Páli Kjernested við Narrows, núna í vikunni sem leið; ófrétt enn, hvort gripir hafi brunnið inni. Fregn þessi barst með Indiána hingað til bæjarins.

Herra Konráð F. Dalman, hljóðfæraleikari, fór um síðustu helgi alfarinn héðan suður til Minneapolis. Hann verður framvegis meðlimur í Minneapolis Symphony Orchestra, sem Emil Oberhoffer stýrir og hér spilaði í borginni fyrir fáum vikum. Einnig verður hr. Dalman í Oberhoffer's Brass Band þar í borg.

Alaska Yukon sýningin mikla var opnuð í Seattle, Wash., kl. 2 e.h. þann 1. þ.m., í viðurvist 100 þús. sýningargesta. Taft forseti setti allan vélaúthúnað á stað með því að hreyfa rafmagnshnapp. — Farið frá Winnipeg til Seattle og heim aftur kostar 50 dollars (báðar leiðir), og geta ferðamenn kosið um brautir, svo að þeir fari með einni braut vestur og annari austur, hvort þeir vilja heldur Canada eða Bandaríkja megin, og með viðstöðu-hlunnindum hvar á leiðinni, sem þeir óska.

James W. Wood stórkaupmaður í Ottawa hefir ákveðið, að byggja stóra verksmiðju hér í borginni, er veiti 500 manns stöðuga atvinnu við að framleiða bygginga og mannvirkjaáhöld. Óvíst enn, hvort byrjað verði á verkinu í sumar. Þó herra Wood, sem var hér í bænum í síðustu viku, teldi líklegt að svo yrði.

Séra Oddur V. Gíslason kom frá Duluth til Winnipeg á laugardaginn var. Hann embættar í Westbourne, Man., á sunnudaginn kemur (6. þ.m.), að öllu forfallalausu. Séra Oddur hefir á sl. vetri stundað handlækninganám við handlækninga háskólann í Chicago, og útskrifaðist þaðan þann 8. apríl sl. með ágætis einkunn, sem "Dr. of Mechano-Therapy", á 73. afmælisdegi sínum.

Séra Oddur notar viðeigandi titringsvélar við handlækningar sínar, og beitir ýmist "Sweedish Massage" aðferðinni eða "The Chicago" eða "The Emmanuel" aðferð við sjúklinga sína, eftir því sem bezt á við sjúkdómana.

Hann býst við að dvelja hér í borginni um tíma, þegar hann kemur úr ferð sinni til Manitobavatns, og verður þá að finna að 710 Ross ave.

Góðtemplarar og aðrir, er samfagna sigri bindindismálsins á Íslandi, ættu að leggja ríkt á minnið fagnaðarhátíðina, sem auglýst er hér í blaðinu. Vér teljum víst, að mikill meiri hluti fólks vors hér fagni bannlögunum, sem eru jafnvel hin heillavænlegustu lög, er nokkurntíma hafa verið samþykt á alþingi Íslendinga. — Húsið ætti vissulega að verða svo fult, að ekkert sæti væri autt.

Í greininni "Deilur höfðingja Vestur-Íslendinga", sem prentuð er í þessu blaði, hefir fallið úr í byrjun greinarinnar (í nokkrum blöðum) orðið "Gísla". Þar átti að standa: "— dettur manni ósjálfrátt í hug vísan hans Gísla:

Herra Jón Hólm, gullsmiður að 770 Simcoe St., biður þess getið, að hann selji löndum sínum gull- og silíur-muni og gigtarbelti. — Belti þessi eru óbrigðul við gigt, ef þau eru notuð samkvæmt fyrirskipunum Jóns. Kosta að eins dollar og kvart.

Reiðhjóla eigendur eru mintir á, að einhverjir náungar reka reiðhjólastuld af miklu kappi í Vestur-Winnipeg um þessar mundir. Bezt er því að gæta vel að hjólum sínum.

Ógifta fólkið í Skuld býður öllum íslenzkum Goodtemplurum til heimilis í Winnipeg heim til sín í kveld (miðvikudag).

T. Eaton félagið hefir nýlega látið bæta nýrri tasíu — þeirri sjöundu — ofan á búð sína á Portage Ave hér í borg. Félagið er nú að láta byggja loftskeytastöð á þakinu á búð sinni, til þess að formaður félagsins geti alt af vitað, hvað gerist, þó hann sé austur í Toronto eða öðrum pörtum Ontario fylkis.

Í vikunni sem leið kom herra Herman Johnson frá St. Adelard P.O., Man til bæjarins. Hann var í landtöku erindum. Hann segir þurkasamt og gróður litinn þar vestra enn þá. Á leiðinni frá Oak Point til Winnipeg áleit hann hveitisprettu í álitlegu ástandi, — víða 2. þuml. hátt nú þegar.

Mrs. Ingibjörg Goodman fór í síðustu viku suður til Gardar, N. D., að finna foreldra sína þar. — Móðir hennar, Mrs. Anna Ólafsson liggur sjúk þar syðra, og þarfnast hjúkrunar dóttur sinnar.

Byggingaviður og skóleður hefir hvorttveggja hækkað í verði um fimtung á sl. fáum dögum.

Fallegir Oxford skór

sem gæjast fram undan fögru sumarpilsi, er virkilega skemtileg og viðeigandi sjón.

Vér getum gert hvaða konu sem er til hæfis,

já, og ánægða

með vora nýju Oxford Skó. Þetta eru þeir bestu skór sem hægt er að bóa til.

Verð: frá $2.00 til $6.00.

Ryan-Devlin Shoe Co
494 MAIN ST. PHONE 770.

Herra Jónas Jónasson, aldinasali í Fort Rouge, leggur af stað í þessari viku vestur til Seattle á sýninguna þar, og til annara staða á Kyrrahafsströndinni. — Jónas verðskuldar, að Kyrrahafsbúar taki vel á móti honum og láti honum ekki leiðast vestra.

Á laugardaginn var lögðu fyrstu fiskibátar á þessu vori af stað frá Selkirk norður á Winnipeg vatn. En í gar fór aðalflotinn, 18 guiubátar, norður. Fáeinir enn ófarnir.

Katólsku prestarnir í St. Boniface hafa pantað "Seismograph", eða vél, sem mælir jarðskjálfta, og verður það þá sú eina vél þeirrar tegundar, sem til er í Vestur-Canada. Að eins ein slík vél önnur er til í ríkinu, — við Toronto háskólann.

Í næsta blaði verður auglýsing frá herra Martell, myndasmið á Portage avenue. Íslendingar eru beðnir að veita henni eftirtekt. Sá maður tekur góðar myndir, og sel, ur þær talsvert ódýrar en flestir eða allir aðrir myndasmiðir í þessum bæ.

Hversvegna kaupið þér ekki
Chicago Jewel GAS RANGE
og hafið svalt í eldhúsinu í heitu veðri? Vér gerum alt auðvelt. Ef þér kaupið GAS RANGE af oss, þá tengjum þíurnar við hana kostnaðarlaust, og seljum stóna með þægilegum mánaðar afborgunum. Heimsækjið í

Gas Stove Dept. Winnipeg Electric Ry. Co.
322 MAIN ST. TALS. 2522

Fyrirlestur.

"LÍFSSKODAN". — svo heitir fyrirlestur saminn af herra Magnúsi Jónssyni í Blaine, Wash., og nú nýprentaður í prentsmiðju O. S. Thorgeirssonar hér í borg. — Bæklingur þessi er rúmar 20 bls. af þéttprentuðu lesmáli. Höfundurinn flutti erindi þetta á samkomu Íslendinga í Blaine seint í Janúar sl., og svo þótti mikið til þess koma, að ýmsir lögðu fast að höfundinum að láta prenta það.

Fyrirlestur þessi er þrunginn hugsun; efnið er alt í einu: heimspekilegt, sálarfræðislegt og sósialistiskt, eða hagfræðislegt. Höf. hefir lag á, að koma svo orðum að skoðunum sínum, að aðrir fái skilið hann nokkurn veginn nákvæmlega rétt. Hann lýsir allnákvæmlega skoðun sinni á hringrás lífsins, jurta, dýra og manna, og fylgir þar nákvæmlega kenningum merkustu heimspekinga nútíma. Aðalkjarni þeirrar skoðunar er, að mannsins ákvörðun sé sífeld framþróun til fullkomnunar, þar til að lokum hann nái því hámarki, að hverfa algerlega inn í alheimsafllið og samlagast sjálfum guði, og verða óaðgreinanlegur hluti hans. Þessi skoðun um aðdrif mannkynsins er jafn viðfeldin og hugðnæm eins og hún er fögur og göfug.

Nokkuð öðru máli er að gegna um hagfræðishugsjónir höfundarins, svo sem þá skoðun, að takmarka borgaralegan rétt manna við þekkingu þeirra. Sú hugsun er í eðli sínu svo "akademisk", að það gæti verið bæði gagn og gaman, að hafa hana kapprædda. En að fráteknu því, hvort hún sé rétt í eðli sínu, þá hyggjum vér hana algerlega óframkvæmanlega.

Fyrirlesturinn er gagnleg hugvekja, hvetjandi til umhugsunar og örfandi til framþróunar og fullkomnunar í þekkingu og kærleika. Sú kenning höfundarins, að ungir menn og konur ættu öll að skapa sér markmið og keppa að því, er hárrétt og þyrfti að greypast í vilja hvers einstaklings. Bókin ætti að vera í eigu hvers einasta Vestur-Íslendings. Hún kostar 15c, og fæst hjá höfundinum og herra H. S. Bardal, bóksala.

Chris. Window Button



Hér sést gluggahespa sú, sem landi vor Kristján Kristjánsson hefir fundið upp og smíða látið, og sem nýlega var getið um hér í blaðinu.

Talsvert mikið hefir þegar selst af snerli þessum, og enginn efi leikur á, að hann muni seljast vel í landi hér. Herra Kristjánsson ætlar bráðlega að taka út einkaleyfi í Bandaríkjunum og láta smíða gluggasnerilinn þar.

Að talsvert mikið þyki varið í þessa uppfyndingu sýnir hér með fylgjandi bréf frá æðum mannvirkjafræðingi: —

"K. Kristjánsson, Esq.

Kæri herra. — Ég hefi skoðað sneril þann, sem þér hafið gera látið, til þess að festa á vírnets- og aðra ytriglugga, og ég segi skilyrðislaust, að það sé sú bezta uppfynding, sem ég hefi séð, til þess að festa með vírnets- og aðra ytriglugga.

Beztu meðmæli, sem hægt er að veita þessari uppfyndingu yðar eru þau, hve auðvelt er að festa alla ytriglugga með snerlinum, og hve fljótlegt er, að taka gluggana frá aftur, þegar þess er þörf.

Yðar einlægur,
HERBERT B. RUGH,
Architect".

Tilkynning.

Ég undirskrifaður hefi verið beðinn að geta þess, að herra Jacob J. Johnasson, að Wild Oak, P.O., hafi til sölu nokkra fyrirtaks úlfadráps hunda, með vægum skilmálum. Ég vil því mælast til þess, að sá sem kynni aðvilja kaupa fullkynjaða "Bash Wolf Hounds", nefnilega af "Bull-dog" kyni, snúi sér persónulega eða bréflega til herra Jónassonar.

Virðingarfýlst,
E. Anderson,
663 Agnes St., Winnipeg, Man.

KENNARA

vantar fyrir Thor skólahérað, No. 1430, í Argyle. Kenslutími að byrja 1. júlí og varir til ársloka. Umsækjandi geri svo vel að tiltaka kaup og mentastig. Tilboðum veitt móttaka til 20. júní.

Edvald Olason,
Sec'y-Treas,
Brú P.O., Man.

Sendið Heimskringlu til vina yðar á Íslandi

Stefán Johnson
Horni Sargent Ave. og Downing St.
HEFIR ÁVALT TIL SÖLU
Nýjar Áfir
Beztu í bænum. Ágætar til bökunar. 15c gallon

S. F. Ólafsson
619 Agnes St. selur Tamarac fyrir $5.50 og $5.75 gegn borgun út í hönd.
Telephone: 7812

Jónas Pálsson,
SÖNGFRÆÐINGUR.
Útvegar vönduð og ódýr hljóðfæri.
460 Victor St. Talsími 6803.

Íslenzkur Tannsmiður,
Tennur festar í með Plötum eða Plötulausar. Og tennur eru dregnar sársaukalaust með Dr. Mordens sársaukalausu aðferð
Dr. W. Clarence — Tannlæknir.
Sigurður Davidson—Tannsmiður.
620½ Main St.
Phone 470 Horni Logan Ave.

A. S. BARDAL
Selur líkkistur og annast um útfarir. Allur útbúnaður sá bezti. Enfremur selur hann alskonar minnisvarða og legsteina.
121 Nena St. Phone 306

Laing Brothers
3 Búðir: 234-6-8 KING ST. Talsími 4476, 5890, 5891
417 McMILLAN AVENUE Talsími 5508
847 MAIN ST. — Tals: 3016

Hafrar, Hey, Strá,
COUNTRY SHORTS, BRAN, CORN, CORN CHOP, BYGG CHOP, HVEITI CHOP, OG GARÐAVEXTIR.
Vér höfum bezta úrval gripafóðurs í þessari borg; fljót afhending

Nýji Vor-fatnaðurinn þinn.
EF HANN KEMUR FRÁ CLEMENT'S — ÞÁ ER HANN RÉTTUR.
Réttur að efni, réttur í sniði réttur í áferð og réttur í verði.
Vér höfum miklar byrgðir af fegurstu og beztu fataefnum. —
Geo. Clements & Son
Stofnað árið 1874
264 Portage Ave. Rétt hjá FreePress

Th. JOHNSON
JEWELER
286 Main St. Talsími: 6606

JOHN ERZINGER
TÓBAKS-KAUPMAÐUR.
Erzinger's skorið reyktóbak $1.00 pundið
Hér fást allar neftóbaks-tegundir. Óska eftir bréflegum pöntunum.
McINTYRE BLK., Main St., Winnipeg
Heildsala og smásala.

Dr. G. J. Gislason,
Physician and Surgeon
Wellington Blk. - Grand Forks, N. Dak
Sjerstakt athygli veitt AUGNA, EYRNA, KVERKA og NEF SJÚKDÓMUM.

Drs. Ekern & Marsden,
Sérfræðislæknar í Eftirfylgjandi greinum: — Augnasjúkdómum, Eyrnasjúkdómum, Nasasjúkdómum og Kverkasjúkdómum.
Í Platky Byggingunni í Bænum
Grand Forks, :: N. Dak.

BILDFELL & PAULSON
Union Bank 5th Floor, No. 520
selja hús og lóðir og annast þar að lútandi störf; útvegar peningalán o. fl.
Tel.: 2685

J. L. M. THOMSON, M.A., L.L.B.
LÖGFRÆÐINGUR. 255½ Portage Ave.

ANDERSON & GARLAND
LÖGFRÆÐINGAR
35 Merchants Bank Bldg. Phone: 1561

BONNAR, HARTLEY & MANAHAN
Lögfræðingar og Landskjala Semjarar
Suite 7, Nanton Block, Winnipeg

Hubbard, Hannesson and Ross
LÖGFRÆÐINGAR
10 Bank of Hamilton Chambers
Tel. 378 Winnipeg

Boyd's Brauð.
Brauð vor ættu að vera á borðum yðar. Þér megið ekki hætta á tvísýnar fæðutegundir Það bezta aðeins skyldi étast. Gott brauð og nóg af því ættu allir að borða. Brauð vor eru hægmelt, svo að allir semreyna þau, gerast stöðugir kaupendur. Öll brauð keyrð heim.
Boyd's
Bakery Cor. Spence & Portage Ave
Phone 1030.

W. R. FOWLER A. PIERCY.

Royal Optical Co.
327 Portage Ave. Talsími 7286.
Allar nútíðar aðferðir eru notaðar við augn-skoðun hjá þeim, þar með hin nýja aðferð, Skugga-skoðun, sem gjöreyðir öllum ágiskunum. —

LAND

Vér höfum nýlega fengið til sölu yfir 30 Section-fjórðunga, liggjandi að Oaklands braut C. N. R. félaginu. Verðið er frá $7.00 til $12.00 hver ekra. Ekkert af löndum þessum eru meir en 5 mílur frá járnbrautinni.

Skúli Hansson & Co.
Skrifst. Telefón 6476. Heimilis Telefón 2274

Heimskringla.

Alt landið

er ábyrgst að vera jarðyrkju land af bestu tegund, og fæst keypt með vægum afborgunar skilmálum. (N.B.—Lesið fyrripart þessarar augl. vinstramegin við Hkr. nafn.)

Frekari upplýsingar veita
Skúli Hansson & Co.
36 Tribune Building. Winnipeg.

XXIII. ÁR. WINNIPEG, MANITOBA, FIMTUDAGINN, 10. JÚNÍ, 1909 NR. 37

Hér er tækifærið

Hér er tækifæri fyrir yður að spara peninga á matvörukaupum. — Allar vörur vorar eru af beztu tegund, — eins og allir vita sem verzla við oss.— Hér eru sérstök kjörkaup fyrir föstudag og laugardag í þessari viku og mánudag í næstu viku :—

Strawberries, vanal. 20c kannan, 2 könnur fyrir	25c
Pine Apples, 2 könnur fyrir	25c
Pears, 2 könnur fyrir	25c
Peas, 3 " "	25c
Corn, 3 " "	25c
Lemon Biscuits, 3 pund fyrir	25c
Sveskjur, 4 pund fyrir	25c
Soda Biscuits, vanal. 25c, en nú	18c
Ketchup, vanal. 10c, selst nú á	07c
Haframjöl, vanal. 25c pakkinn, en nú	20c
Nýjar karteplur 7 pund fyrir	25c
Rhubarb, 8 pund fyrir	25c
Góð egg, dúsínið fyrir	22½
Agætt Te, vanal. 40c pundið, en fæst nú fyrir	25c
Ostur, góður, 1 pund fyrir	17c
Jam glós, vanal. 25c, en nú	18c
Bakara brauð hvert	05c
Bezta Creamery Smjör, — vér fáum það nýtt daglega handa yður. — pundið	25c
Ágætt heima tilbúið smjör, pundið	20c
Vér höfum fengið byrgðir af bezta drykkjar Safti sem gerir ágæta sumar svaladrykki, flöskur á 20c og	35c

Gjörið svo vel að senda pantanir svo tímanlega sem þér getið, svo að þér fáið vörurnar heim til yðar samdægurs, —

CLEMENS, ÁRNASON & PÁLMASON
Phone: Main 5343. 678—682 Sargent Ave.

Fregnsafn.

Markverðustu viðburðir hvaðanæfa.

— Dr. F. Gowlands Hopkins hefir nýlega gert þá staðhæfingu á fundi konunglega vísindafélagsins í London, að hollasta fæða fyrir mann væri mannakjöt. Það væri hverju dýri eðlilegast, að éta eigið kyn sitt. Þó vildi hann ekki beinlínis ábyrgjast, að sú mjólkurkýr, sem iðulega væri alin á kjötsteikum með sósu og kálmeti til smekkbætis, mundi fyrir það halda betri heilsu eða gefa betri mjólk, en ef hún væri alin á góðri töðu.

— Nýlega hefir Count Zeppelin á Þýzkalandi farið í loftfari sínu hinu mikla með 8 aðra menn nær 9 hundruð mílna langan veg. En á þeirri leið rak skipið sig á stórtré í skógi, svo það varð að stansa til aðgerðar. Svo er að sjá á öllu, sem um það er sagt, að loftfar þetta sé svo vel útbúið, að það geti farið óemdanlega langan veg í loftinu, og verið upp frá jörðu eins lengi og stjórnandinn óskar þess. Skipinu má og stýra eftir vild, án tillits til vindstöðu.

— Sextán stúlkur frá Englandi komu til Montreal í sl. viku, til að gifta sig mönnum, sem komnir voru á undan þeim hingað vestur. Tvær þeirra gengu í hjónabandið í "All Saints" kirkjunni þar í borg strax og þær stigu af skipsfjöl.

— Fjörutíu konur í Chatham bæ í Canada hafa um nokkurn undanfarinn tíma lagt það í vana sinn, að kaupa fataefni sín og einstöku aðrar nauðsynjar í Detroit bæ, sem er Bandaríkja megin landamæranna. Þetta var gert með mestu leynd. En einhvern veginn vék því svo við, að sérhver af konum þessum átti einhvern vin, sem þær höfðu sagt frá verzlan sinni, og hve mikinn hag þær hefðu af henni, og vinirnir höfðu svo sagt tollheimtumönnum stjórnarinnar frá þessu. Þeir rituðu tafarlaust konum þessum og krófðust tolls af öllu sem þær hefðu keypt, og konurnar borguðu orðalaust til þess að komast hjá málsókn. En jafnframt hafa þær komist að því, að það er ekki frjáls verzlun hér í Canada.

— Ungtyrkja stjórnin hefir sýnt mikla rögg af sér síðan hún tók við völdum. Hún hefir rekið 27 þúsund manns úr embættum, og gert eignir sumra þeirra upptækar. Í þeim flokki eru ýmsir menn, sem um langan tíma hafa gengt æðstu embættum landsins og safnað auð fjár. Þessir náungar eru nú ekki að eins sviftir embættum og þeim virðingarmerkjum, er þeir höfðu sæmdir verið, heldur eru þeir einnig rúðir inn að skyrtunni, — eignir þeirra teknar frá þeim með valdi.

— W. L. McKenzie King var 3. þ.m. gerður að ráherra í ráðaneyti Lauriers, sem atvinnumála ráðgjafi ríkisins. Hann hefir um nokkur liðin ár annast um mál þessi fyrir stjórnina án þess að hafa sæti í ráðaneytinu.

— Panama ríkið ráðgerir að halda heimssýningu árið 1915. Þá er búist við, að Panama skurðurinn verði opnaður til almennra umferða.

— Eitt þúsund blaðaeigendur og ritstjórar eru um þessar mundir á allsherjar þingi í Lundúnum. Meðal þeirra eru um 60 menn frá lýðlendum Breta. Þar af tveir héðan frá Winnipeg. Tilgangurinn mun vera sá, að fá samtökum komið á meðal allra blaða í brezka veldinu, til þess að brýna fyrir borgurum ríkisins þá skyldu, að vera viðbúnir sameiginlegri vörn, ef til ófriðar kemur með Bretum og öðrum þjóðum. Rosebery lávarður hélt ræðu mikla á fundinum þann 5. þ.m., og mælitist til þess, að lýðlendurnar legðu allan kraft á, að hjálpa áfram sjóflotamálinu, svo að Bretar geti varist móti hverju því afli, sem á móti kynni að vera, ef ófrið bæri að höndum.

— Svisslendingar hafa stofnað loftsiglinga línur þar um land. — Ein af línum þessum á að fara milli Lucerne og Friedrichshafen. Loftbátaferðirnar eiga að verða daglegar og til fólksflutninga. Loftbátarnir verða gerðir í sama sniði að Zeppelin loftförin, og á hvert þeirra að rúma 15 til 20 manns. Ein slík loftbátalína er að eins 30 mílur vegar, og loftförin eiga að farа þráðbeint, hvernig sem vindur blæs. Sérstakir skemti-loftbátar verða og smíðaðir og eiga að hefja ferðir viðsvegar í júlí. Þeir eru helzt ætlaðir ferðamönnum. — Á þennan hátt hyggja Svisslendingar að sýna ferðamönnum land sitt og búast við að græða vel á því.

— Smáhatta konur á Englandi hafa haldið fundi víðsvegar um landið, og þar ályktað að fara fram á, að fá samin lög, er banni konum að brúka stóra hatta í kirkjum og á leikhúsum og á öðrum mannfundum, af því þeir hylji alla útsjón fyrir öðru fólki. Stórhattasýkin hjá konum í Evrópu er svo mjög að fara í vöxt, að jafnvel konurnar sjálfar eru farnar að hefjast samtaka til þess að fá það bannfært með lögum.

— Nýlega hefir fundist á sjávarbotni brezka herskipið "Condor", sem strandaði við vesturströnd Vancouver eyju árið 1901 og sökk. Ýmsir hlutir úr skipinu hafa nýlega rekið upp þar á ströndina, og við nánari rannsókn hefir sést votta fyrir sjálfum skipsskrokknum um 1½ mílu frá ströndinni. Þetta skip lagði út frá Esquimalt 3. des. 1901, og ætlaði til Honolulu, en fórst á leiðinni með 140 mönnum. Um það leyti voru margra daga ofsa vindstormar, og í því óveðri fórst skipið.

— Prófl. Metchnikoff í St. Pétursborg auglýsir, að Dr. Boret á Þýzkalandi hafi komist að þeirri niðurstöðu í krabbameins rannsóknum sínum fyrir skömmu, að sjúkdómurinn myndist af utanaðkomandi áhrifum, og að hann hafi fundið geril þann, sem sé til staðar í fyrstu bólgunni í holdinu, sem menn verða varir við, þegar sjúkdómurinn er að myndast. Hann hyggur, að þess verði ekki langt að bíða, að menn geti læknað sjúkdóm þennan án skurða, og að lækn isfræðin sé komin á það stig, að innan tiltölulega skams tíma verði meðaf mannsæfi 120 ár, og að mestan þann tíma fái menn haldið nálega fullum vinnukröftum.

— Prófl. Karl Pearson á Englandi gerir þá grein fyrir fækkun fæðinga á Englandi, að miklu minna verðmæti sé nú í börnum landsins enn hafi verið fyrir 60 árum. Þá var það alment að börn voru látin fara að vinna, þegar þau voru 6 ára gömul, til þess að styrkja foreldra sína, og þá áttu mæður að meðaltali 5 börn á hverjum 10 árum. En á sl. hálfri öld hefir vinnulöggjöf landsins tekið þeim breytingum, að börn mega ekki fara að vinna fyr en þau hafa náð vissu aldursskeiði, en verða í þess stað að mennast á kostnað foreldranna á uppvaxtarárunum. Þetta eykur útgjöld foreldranna, en minkar um leið inntektir þeirra og afleiðingin er, að nú eiga mæður landsins að jafnaði eitt barn á hverjum 10 árum. Þessa stórkostlegu fækkun fæðinga kennir hann vinnulöggjöfinni, og segir, að innan fárra ára, ef þessu heldur fram, verði England eins og Frakkland í því, að fæðingarnar mæti ekki dauðsföllunum hjá þjóðinni.

— Saga er sögð af Taft Bandaríkja forseta. Hann var á ferð, og gisti hjá gömlum vini sínum, sem bjó í heldur hörlegu húsi. Þegar forsetinn gekk um gólf þar í stofunni, þá hristist alt húsið, því maðurinn er 260 punda þungur. Um kveldið var honum vísað til rekkju, og skömmu síðar heyrði húsráðandi dynk mikinn frá herbergi hans. Hann fór þegar inn til Tafts og sá þá, að rúmið hafði ekki þolað þunga forsetans og brotnað niður, svo forsetinn lá endilangur á gólfinu. Húsráðandi spurði hvort hann hefði meitt sig við fallið, og hvort hann gæti á nokkurn hátt orðið gesti sínum að liði. — Taft svaraði : "Ég held ég sé enn þá ekki meiddur til muna. En ef þú skyldir ekki finna mig hérna í fyrramálið, þá geturðu leitað mín í kjallaranum".

— Bandaríkjastjórnin hefir áformað að láta bólusetja alla hermenn ríkisins til varnar við taugaveiki. Tilraunir í þessa átt hafa farið fram í Omaha borg í Nebraska, og eru sagðar að hafa tekist svo vel, að álitið er æskilegt að bólusetja alla hermenn.

— Sextíu þúsundir manna, sem vinna fyrir Carnegie stálfélagið í Bandaríkjunum verða að ganga í vinnbindindi, eða tapa atvinnu ella. Svo stóð á, að H. C. Frick, formaður stálfélagsins í Pittsburg, sá fyrir fáum dögum einn af verkamönnum félagsins, gamlan, gráhærðan öldung, koma til vinnunnar undir áhrifum víns. Frick lét þegar senda manninn heim til sín í kerru. Síðan steindi hann á fund sinn öllum járn og stálverkstæða eigendum þar í grendinni, og afleiðingin af þeim fundi varð sú, að enginn maður fær hér eftir atvinnu í neinu því járn eða stálgerðar verkstæði, sem þessir menn ráða yfir, nema þeir vinni fyrst vinbindindiseið, eða undirriti hátíðlegt loforð um, að bragða ekki vín eða bjór meðan þeir eru í þjónustu félaganna. Það var ennfremur ákveðið, að þær 60 þúsundir manna sem nú vinna á þessum verkstæðum, vröu tafarlaust að undirrita bindindisloforð eða að öðrum kosti yrðu þeir sviftir atvinnu.

— Strætisbrauta verkfallið mikla sem staðið hefir yfir í Philadelphia og sem valdið hefir miklum óeirðum, hefir verið til lykta leit á þann hátt, að verkamenn hafa áunnið það tvent í einu, að fá styttri vinnutíma og kauphækkun, svo nemur einu centi á kl.stund.

— Ottawa stjórnin, sem fyrir nokkrum tíma síðan hækkaði verkalaun allra stjórnarþjóna, hefir nú látið það boð út ganga, að allir þjónar hennar á skrifstofunum í Ottawa verði að vinna lengri tíma en áður hefir verið venja. — Þeir eiga að byrja klukkan 9 á morgnana og vinna til klukkan 6 á kveldin.

— Bæjarlóðir í Prince Rupert hafa þegar verið seldar fyrir meira en eina milión dollara. Dýrasta byggingalóðin, sem hefir verið seld þar, hljóp á 16 þús. dollara. — Thorsch bræðurnir frá Vínarborg í Austurríki hafa keypt allra manna mest af lóðum í bæjarstæðinu, einkanlega í hinum fyrirhugaða verzlunarhluta. Kínverji einn keypti og margar lóðir í íbúðarhluta bæjarins. Uppboð á lóðum í bæjarstæðinu verða haldin í ýmsum borgum í Canada, þar með hér í Winnipeg í júlí eða ágúst næstk. Þá verður væntanlegum kaupendum gerður kostur á, að ná sér í hússtæði þar vestur við hafið.

— Í byrjun þessa mánaðar hafa miklir sléttu og skógaeldar gevsað yfir landið meðfram Canadaian Northern brautinni á hundrað mílna svæði milli Crooket River og Bowsman og norður undir Pas. Um 75 þús. dollara virði af eignum er sagt að hafi eyðilagst, en líftjón hefir ekki orðið. Sömuleiðis er mælt, að eldar miklir hafi brent mikinn hluta skógarins milli Icelandic River og Fisher River, sérstaklega í norðurhluta þeirrar spildu. — Herra Jón Sigvaldason, sem settur var til þess að leiðrétta atkvæðaskrárnar í austurhluta Gimli kjördæmisins, gat ekki komist nema hálfa leið milli Icelandic River og Fisher River fyrir eldi og reyk, varð því að snúa þar aftur með hesta og fylgdarmann.

— Mál hefir um nokkurn tíma staðið yfir í Toronto borg móti prófessor J. E. Matthews, guðfræðiskennara við McMaster háskólann þar í borg. Séra Dr. Elmore Harris og Hon. S. H. Blake, einn hinn mesti lögspekingur í Canada, höfðu kært prófessorinn fyrir heiðinglegar kenningar á prestaskólanum, sögðu hann kenna "hærri kritik" og þar með afmynda allan réttan skilning á guðsorði, Háskólaráðið hafði kæru þessa til íhugunar um nokkurn tíma, og sýknaði prófessor Mathews algerlega af yantrúarkærunum. Í sýknunarskjali sínu segir háskólaráðið meðal annars : — "McMaster háskólinn viðurkennir frjálsræði, framför og rannsókn. Skólinn verður að viðtaka sannleikann með fögnuði, hvaðan sem hann kemur, og má ekki gera sig sekan í því, að hefta frjálsa rannsókn. Skólinn er kristileg mentastofnun undir stjórn baptista. Steína hans er frjáls og fullkomin rannsókn, ekki að eins í vísindum, heldur einnig í bibliulegum fræðum. Hann heldur fast við þá sögulegu steínu sína, að viðurkenna persónulegt frjálsræði og ábyrgð, og neitar að binda nokkurn eða vera sjálfur bundinn við nokkura mannlega trúarjátningu, neitandi sögulegu trúarjátninga gildi, en haldandi fast við guðsorð eingöngu, sem hinn eina sanna mælikvarða fyrir trú og framferði. Baptistar hafa jafnan verið reiðubúnir til þess að veita öllum guðfræðisnemendum hið fylsta frjálsræði, sem samrýmanlegt er við hollustu við grundvallar atriði kristindómsins".

OGILVIE'S
Royal Household Flour

Til BRAUÐ-GERÐA

Til KÖKU-GERÐAR

Gefur æfinlega fullnæging

Frá Gardar, N.D.

Herra ritstjóri!

Úr þessu bygðarlagi heyrist sjaldan í yðar heiðraða blaði, og er því ekki úr vegi, að senda yður fáeinar línur héðan.

Það er þá fyrst, að um margra ára skeið hafa uppskeruhorfur ekki verið eins góðar eins og þær eru nú hér í Gardarbygð, þrátt fyrir kalda veðráttu lengi framan af. — Svo það má segja, að nú brosir hugur flestra við komandi auðsæld á næsta hausti, því allir eiga von á góðri uppskeru.

Heilsufar manna er ágætt. Hefir því Móritz læknir Halldórsson sjaldnar verið hér á ferð en skyldi, því ætíð hjálpar hann sínum sjúklingum mun fyr enn aðrir læknar, og svo er hann allra manna fyrstur að efla allan góðan félagsskap. Enda sýnir Gardarbygð það í ýmsu, þó aldrei sé annað en altaristaflan hér í kirkjunni á Gardar, sem herra læknirinn gaf fyrir nokkurum árum, og sem er mjög svo merkilegt danskt listaverk. Enda hefir hann stutt söfnuðinn af ráði og dáð, ekki síst meðan séra Friðriks naut við.

Nú eru nýafstaðnar kirkjuþingskosningar hér hjá okkur, og sjaldan hafa menn séð eins fjölmennan safnaðarfund á Gardar, þrátt fyrir vonda vegi og kalsaveður. Frézt hafði það um bygðina, þótt ekki færi það í hámælum, að herra kirkjufélagsforsetinn hefði skrifað einum velmetnum frænda sínum og skorað á hann að styðja þá til kirkjuþingsfarar, sem yrðu honum ljúfir og leiðitamir. Enníremur höfðu ýmsir séð íslenzka ritstjórann frá Edinburg hér á ferð rétt fyrir fundinn, að sumir héldu í mjög grunsamlegum erindum, því vorir góðu safnaðarbræður í Edinburg eru kunnir að öllu öðru en góðu frjálslyndi og félagsskap. En samt kom enginn af þeim á fundinn, — hafa líklega ekki kent sig nógu sterka, því Jón lögmaður er nú ekki lengur þar til að veita þeim styrk og áræði. En hvað um það, okkar menn náðu kosningu með yfir 50 atkv. hver. Þessir hlutu kosningu : John Johnson, Sigurður Sigurðsson, E. H. Bergmann og Gamaliel Thorleifsson, — allir gamlir og góðir kirkjuþingsmenn. En vinir prests og forseta höfðu að eins fá atkvæði. Sýnir þetta ljóslega, að það er bezt, að láta okkur hér í söfnuðinum ráða okkar eigin málum. Enda sýndi meiri hlutinn það ljóslega, að engin smalamenska hafði átt sér stað, eða nokkrum áhrifum beitt utan að. Í fundarlok gerði herra Jónas Hall þannig lagaða uppástungu : Að ef kirkjuþingið ræki séra Friðrik úr kirkjufélaginu, eða á annan hátt misbyði honum, skyldu kirkjuþingsfulltrúar Gardar safnaðar víkja þegar af þingi. — Þessi uppástunga hafði nærri eindregið fylgi fundarins, og ekki síst hinna nýkjörnu fulltrúa. Uppástungan var samþykt með öllum atkv. á móti 7 atkvæðum.

Þann 1. júní lagði herra Jón S. Bergmann á stað héðan til Alaska, þar sem hann hefir dvalið að mestu undanfarin 10 ár. Hann kom hingað í haust sem leið til að sjá vini og ættingja. En rétt áður en hann lagði af stað gifti hann elztu dóttur sína Önnu herra Sigurði Sigurðssyni. Lögðu hin nýgiftu hjón samstundis af stað til Seattle á sýninguna þar. Sigurður Sigurðsson er einn af beztu drengjum þessarar bygðar. Hann var um mörg ár "County Commissioner" hér í Pembina Co. Hann er búhöldur mikill og hefir ætíð eflt allan góðan félagsskap af ráði og dáð, enda kippir honum í kyníð, því hann er systursonur Einars heitins Ásmundarsonar alþm. frá Nesi, einhvers vitrasta manns, sem var í þá daga á Norðurlandi.

Að endingu óska ég svo Heimskringlu og ritstjóra hennar gæfu og gengis.

Gestur.

Giftingaleyfisbréf
selur Kr. Ásg. Benediktsson
540 Simcoe st. Winnipeg.

Wall Plaster

Með því að venja sig á að brúka **"Empire"** tegundir af Hardwall og Wood Fibre Plaster er maður hár viss að fá beztu afleiðingar.

Vér búum til :

"Empire" Wood Fibre Plaster
"Empire" Cement Wall "
"Empire" Finish "
"Gold Dust" Finish "
"Gilt Edge" Plaster of Paris
og allar Gypsum vöruteg-undir. —

Eigum vér að senda yður bækling vorn ?

MANITOBA GYPSUM CO. LTD
SKRIFSTOFUR OG MILLUR I
Winnipeg, - Man.

Komið til Mín!

og skoðið hjá mér hin margreyndu og alkunnu BRANTFORD reiðhjól.

Þau eru langbeztu reiðhjól sem fást hér í Canada, — og líklega þó víðar sé leitað. Ekki þurfið þér að óttast skilmálana; þeir munu koma heim við hvers manns vasabuddu. Komið til mín með gömlu reiðhjólin til aðgerðar.

West End Bicycle Shop,
JON THORSTEINSSON, eigandi.
477 PORTAGE AVE. Winnipeg, Man

Heimskringla

Published every Thursday by The Heimskringla News & Publishing Co. Ltd

Verð blaðsins í Canada og Bandar $2.00 um árið (fyrir fram borgað).
Sent til Íslands $2.00 (fyrir fram borgað af kaupendum blaðsins hérlendis $1.50.)

B. L. BALDWINSON,
Editor & Manager

Office:
729 Sherbrooke Street, Winnipeg
P.O. BOX 3083. Talsími 3512.

Ríkisþingmaður Gimlimanna.

Það væri ranglátt að segja, að herra Geo. H. Bradbury, ríkisþingmaður Gimlimanna, væri lióleskja í þinginu, því enginn getur unnið betur enn hann gerir, að tala máli kjósenda sinna þar, og að krefjast þeirra umbóta fyrir þeirra hönd, sem að hans dæmi miða kjördæminu til hagsmuna.

Síðasta ræðan, sem hann hélt í þinginu þann 13. maí sl. tekur yfir 25 þéttprentaða dálka í þingtíðindunum, og er saga fiskiveiðamálsins í Manitoba. Hve mikið hefir veiðst á hverju ári síðan árið 1890, hve mikið hefir verið flutt út úr fylkinu af þeirri veiði og afleiðingarnar fyrir fylkisbúa af þeimútflutningi. Hvers eign útgerðarfélögin hafi verið, og hvernig þau hafi grætt á þessum atvinnuvegi. Íslendingar eru nefndir í þessu sambandi og sterk áhersla lögð á, að stjórnin byggi fiskiklak í Mikley og yfir það sé settur maður, sem hafi fullkomna þekkingu á fiskiklaki og sé að öllu leyti starfinu vaxinn.

Í þessu blaði er ekki rúm fyrir þýðingu af ræðunni í heild sinni, en sumir kaflar hennar eru svo fróðlegir, að þeirra verður að minnast hér.

Ræðumaðurinn tók það fram, að fiskiveiða atvinnuvegurinn í Manitoba væri einkar áríðandi miklum fjölda manna þar, og að margir af kjósendunum í kjördæmi hans stunduðu þann atvinnuveg nálega eingöngu. Þess vegna væri sérskylt, að róa að því öllum árum, að þær umbætur fengjust, sem verða mættu mönnum þessum til varanlegs hagnaðar, og einnig sökum þess, að fyrir samtök Bandaríkjamanna, sem að mestu hefðu umráð yfir þessum atvinnuvegi, þá væri fiskverðið hér í fylkinu orðið nálega tvöfalt við það, sem það ætti að vera. Fyrir 18 árum hefði það verið í almæli, að hvergi í heimi væri önnur eins hvít fiskveiði eins og í stórvötnunum í Manitoba, og að næg veiði mundi fást úr vötnum þeim um allan ókominn tíma. Íslendingar hefðu tekið sér þar bólfestu árið 1874, af þeirri ástæðu, að þar væri sjáanlegur framtíðar fiskiatvinnuvegur, enda hefði þá verið gnægð hvítfiskjar í öllu suðurvatninu. Þetta hefði veitt þeim nóg ekki að eins til heimilisþarfa, heldur einnig til sölu, svo að mætt hefði eftirspurn fylkisbúa. Íslendingar hefðu vonað, að eiga hér vísan arðvænlegan atvinnuveg. En til ógæfu þessum inn flytjendum og öðrum fylkisbúum, þá hefðu öflin, sem áður hefðu eyðilagt fiskiveiðarnar í vötnum Ontario-fylkis, fljótlega gert sér ljóst, hver auðsuppspretta væri í Manitoba vötnunum, svo að árið 1881, þegar járnbraut var lögð hingað vestur, svo að greiðar samgöngur fengjust við umheiminn, þá tóku þessi sömu öfl að starfa hér vestra að þeirri eyðileggingu, sem þau hafa nú sem næst fullkomnað. Herra D. J. Reid og herra Clark frá Collingwood voru fyrstu fiskiveiðamenn hér vestra. Það ár byrjuðu þeir að fiska í suðurvatninu og fengu gnægð fiskjar. Árið 1895 veiddu þeir með gufubát, og fengu 150 tons af hvítfiski. Þetta var byrjun útflutnings á hvítfiski frá Manitoba. Strax og sá fiskur kom á Chicago markaðinn, voru auðmenn Bandaríkjanna fljótir að sjá, hve góð fiskistöð væri hér vestra, og árið eftir var hið svonefnda "Manitoba Fish Company" stofnað. Þetta var í sannleika Bandaríkja félag, því Bandamenn áttu 96 prósent af öllum eignum félagsins. Þetta félag byrjaði í stórum stíl. Það hafði 4 gufubáta og frystihús við Saskatchewan ána og á Swamp eyju. Á 2 árum um tók félag þetta, ásamt með Reid og Clark félaginu, frá 12 til 15 hundruð tons af fiski úr Winnipeg vatni, og sendu það til Chicago og annara borga í Bandaríkjunum. Fiskurinn var hreinsaður og frystur strax, og hann kom úr vatninu og geymdur í frystihúsum til vetrarins, og þá sendur út úr fylkinu. Þá vóg fiskurinn að jafnaði 4½ til 6 pund hver. En þeir, sem veiddu fiskinn, aðallega Íslendingar, fengu frá Bandaríkjafélaginu að eins 1½c fyrir hvern fisk. Þegar ég segi yður, að þessi sami fiskur seldist á Bandaríkja markaðnum fyrir 10 til 12 cents hvert pund, þá sjáið þér hvern undragróða þessi Bandaríkja félög fengu.

Herra Bradbury gerir ekki nákvæmari útreikning í ræðu sinni en hér er tilfærður, en til skýringar löndum vorum má geta þess, að fyrir þann fisk, sem þeir veiddu á umgetnu ári og fengu borgaðan með $7,800.00 — fengu Bandaríkjafélögin 260 þús. dollars, eða með öðrum orðum: Íslendingarnir, sem veiddu fiskinn, fengu 3c, en félögin, sem endurseldu hann, fengu 97c. Verðmunurinn lá í þekkingarmun. Þeir, sem höfðu mesta þekkingu, fengu mesta peninga.

Árið 1880 var þegar farið að bóla á því, að eyðilegging veiðinnar í vatninu væri möguleg, og var þá fiskimáladeild stjórnarinnar tilkynt um minkun fiskjarins, og sendi hún þá herra Wilmot til að athuga ástandið, og samdi hann skýrslu um það. Í þeirri skýrslu sýndi hann, að íbúum fylkisins, að Indiánum meðtöldum, bæri saman um, að fiskur í suður Winnipegvatni væri að ganga til þurðar, og að það sé afleiðing af fiskiað ferð hinna amerikönsku fiskifélaga, og að ef félögunum væri leyft að halda áfram fiskiveiða aðferð sinni, þá mundi vatnið tæmast með tímanum. En stjórnin tók ekki umkvartanirnar til greina, og félögin héldu áfram að auka útbúnað sinn ár frá ári, og veiðin óx að sama skapi frá 1890 og fram að árinu 1900, var hvítfiskveiðin frá 2 til 3½ milión punda á ári, og frá árinu 1900 fram til 1907, var hún frá 4 til 7 milión punda á ári. Síðasta árið 1907, þó að eins 2 miliónir punda. Þetta er að eins úr Winnipeg vatni. Útflutningur hvítfisks úr fylkinu, hefir verið í sl. 10 ár frá 3½ til rúmlega 9 miliónir punda á ári. Alls hafa Bandaríkjafélögin á sl. 17 árum tekið úr Winnipeg vatni 68 milión pund af hvítfiski, og úr öllu fylkinu hafa þau flutt út 84 miliónir punda á sama tímabili.

Auk þessa framantalda hafa þessi félög veitt og flutt út úr fylkinu nálega 5¼ milión punda af styrju. Sumar styrjur, sem fengist hafa úr Winnipeg vatni, hafa verið 125 punda þungar, og voru taldar að vera 70 ára gamlar. En nú er styrjuveiðin í þessu fylki nálega eyðilögð.

Herra Bradbury tók það fram, að framangreindar tölur sýndu hvergi nærri allan þann fisk, sem Bandaríkjafélögin eyddu úr vötnum fylkisins, með því að þau hefðu stundum alt að 60 milur af netum í vötnunum, og að þegar stormasamt væri á vötnunum, einkum í september, þá væri ekki netjanna vitjað svo dögum skifti, og sum þeirra slitnuðu upp og týndust, eða rækju upp á öðrum stöðum, full af rotnuðum fiski. Þannig væri árlega svo hundruðum tonna skifti af þessum ágæta fiski eyðilagt og vatnið eitrað af yldu hins dauða og rotna fiskjar. Stjórnirnar í Ottawa, hver fram af annari, hafa verið óláanlegar til þess, að sinna að nokkru leyti kröfum fylkisbúa um, að takmarka starfsemi Bandaríkja félaganna, af því að einatt hafa setið menn í Ottawa þinginu, í báðum flokkum þar, sem hafa verið hluthafar í þessum Bandaríkjafélögum; og áhrif þeirra á fiskimálaráðgjafana hafa verið sterkari, en áhrifin frá fiskimönnunum í Manitoba.

Það hefir og hjálpað þessum félögum, að í toll-lögum Bandaríkjanna, sem leggja ¼c á hvert fiskpund, sem þangað er flutt frá Canada, er jafnframt tekið fram, að sá fiskur, sem hér er veiddur í Bandaríkjanet, eða þau net, sem eru eign Bandaríkjafélaga, skuli vera tollfri inn í Bandaríkin. Og af þessu er það komið, að Bandaríkjafélögin hafa náð algerðu einveldi á fiskiveiðinni og fiskiverzluninni hér nyrðra, svo að þau félög, sem stofnuð voru af Canadamönnum, hafa orðið að selja eignir sínar til Bandaríkjafélaganna, sérstaklega Booth fiskifélagsins, sem nú hefir einveldi á fiskiveiði og verzlun í Canada. Í fiskiveiðalögum Canadaríkis er tekið fram, að engan hvítfisk megi veiða í vötnum í Manitoba, sem sé minna en 2 pd. að þyngd. En herra Bradbury hélt því fram í þinginu, að meðalþyngd þess fiskjar, sem félögin taka á síðari árum úr Winnipeg vatni sé minni en lögin ákveða. Ræðumaður kvað embættismann stjórnarinnar, herra Young í Selkirk, halda því fram, að fiskur í Winnipeg vatni væri ekki að að ganga til þurðar. En þó væri það öllum vitanlegt, að síðan árið 1900 hefðu félögin stöðugt verið að færa stöðvar sínar norður á bóginn, þar til nú að þau fiskuðu 270 milum norðar en þau hefðu gert fyrir 15 eða 18 árum síðan. Þetta taldi hann fulla sönnun þess, að fiskurinn væri að ganga til þurðar, því að annars mundu félögin ekki leika sér að því, að hafa veiðistöðvar sínar norður í norðurenda Winnipeg vatns, og flytja fiskinn þaðan að norðan 270 Milur, ef hann væri ekki genginn til þurðar innar í vatninu, þar sem ígnægð fékst af honum á fyrri árum.

Herra Bradbury sýndi fram á, að þegar stjórnin hefði sent fyrstu rannsóknarnefndina til að rannsaka ástand þessa atvinnuvegs þar vestra, með þeim fyrirmælum, að leita framburðar sem flestra fiskimanna, þá hefði þeim hinum sömu fiskimönnum, sem höfðu borið það fyrir nefndinni, að fiskurinn væri að minka í vatninu, — verið neitað um atvinnu hjá fiskifélögunum, af því þeir hefðu borið vitni móti hagsmunum félaganna, nema þeir vildu skrifa undir vottorð, sem gekk í gagnstæða átt við það, sem þeir höfðu áður borið. Núverandi rannsóknarnefnd, sem hefir verið að halda vitnaleiðslu í Winnipeg og Selkirk, hefir ekki kallað fram einn einasta mann á hvorugum þessum stað, sem hafði hagsmuni fylkisbúa fyrir brjósti. Og fiskikaupmaður Guest sór, að Northern fiskifélagið sé eingöngu kanadisk eign. En sannleikurinn er, að þetta félag tilheyrir "Buckeye" fiskifélaginu, og það félag er undir yfirráðum Booth einveldisfélagsins í Chicago.

Að þessu öllu athuguðu lagði ræðumaður hart að stjórninni, að gera ráðstafanir til þess að vernda fiskinn í vötnum fylkisins til hagsbóta fyrir fylkisbúa, en hindra það að amerikanskir auðkýfingar gæti haft auðlegð Canadaveldis að féþúfu. Hann kvað það áreiðanlegt, að allir þeir, sem búa umhverfis Winnipeg vatn veiði ekki eins mikinn fisk á ári eins og fiskifélögin veiða á einum degi meðan vertíðin stendur yfir. Ræðumaður sýndi með dæmum, hvernig stjórnin leyfði utanríkismönnum að tæma vötn fylkisins til hagsmuna fyrir sjálfa sig, en á sama tíma bannaði eigin borgurum sínum, að veiða sér til matar á sumum tímum ársins. Hann skoraði á stjórnina, að breyta svo fiskiveiðalögunum, að gömlu íbúarnir fái veitt sér til til matar. Hann ítrekaði og þá kröfu sína, að fiskiklak verði bygt í Mikley, og að stjórnin taki að sér að afnema þau rangindi, sem fylkisbúar hafa orðið, að búa undir frá fyrstu tímum fiskiveiðanna í Manitoba vötnum fram á þennan dag.

Ræða þessi, sem er afar löng, er sérlega góð og þrungin öflugum röksemdum. Þar er sögð öll saga fiskiveiðamálsins í Vestur-Canada, og ljóslega sýnt fram á, hvað að er, og hvernig bót verði á því ráðin.

Herra Bradbury hefir þegar á þessari fyrstu þingsetu sýnt það, að hann ber hag kjósenda sinna fyrir brjósti, og vill gera alt, sem í hans valdi stendur þeim í hag.

Hin nýja stefna heilsufræðinnar.

Fyrirlestur flutur á Menningarfélagsfundi þriðjudagskv. 11. Maí 1909, af

Dr. O. Stephensen.

(Niðurlag).

-III.

NÝJA STEFNAN Í MEÐFERD INNVORTISSJÚKDÓMA.

Á nítjándu öldinni hafa orðið stórvægilegar breytingar í meðferð innvortissjúkdóma, sem svo neínast, er leitt hefir til stefnu þeirrar, er kallar sig "hina nýju stefnu í heilsufræðinni". Gamla stefnan, bæði sú alópathiska og hómópathiska, byggir alt sitt traust á plástrum og pillum, ef svo mætti að orði komast. Við hverju sjúkdóms einkenni þóttust menn hafa fleiri eða færri meðul, er samsett voru af ekki færri en alt upp í hundrað mismunandi meðalasortum, sem svo var hrúgað í sjúklinginn, en lítið tillit til þess tekið, hvort þau slitu hann sundur í uppköstum eða ekki, eða þá vatnsdaufar mixtúrur, er gerðu hvorki til né frá. — Aðal-einkenni hinnar nýju stefnu, er grunduð trú á nokkrum velreyndum (fáum) meðulum, en lítil eða engin á þeim hinum mörgu, sem enn þá eru í brúki, og eru að þjóta upp eftir auglýsinga skrumi meðalaheildsöluhúsanna.

Sjálfsagður meðala-austur, það er að segja, að viðhafa meðul í hverju einu sjúkdómstilfelli, er nú ekki lengur álitið, sem ein af helgustu skyldum læknisins. Eins og gefur að skilja, að þegar hugmynd in um eðli sjúkdómanna gagngerlega breyttist, þá að sama skapi hlaut breyting að verða í meðferð þeirra. Ef til vill hafa þær breytingar hvergi komið betur í ljós, en í meðferð þeirri sem nú er almennt viðhöfð við lækning hitasóttar (Fever), — segjum til dæmis almenna taugaveiki. Um fyrsta fjórð ung liðinnar aldar, var sjúklingunum tekið blóð, þeir voru brendir, hreinsaðir og látnir æla alt hvað aftók. Líkaminn var þvingaður með kvikasilfri, antimon og öðrum meðala samsetningi, til að vinna bug á hinum einstöku einkennum, er komu í ljós á mismunandi stigi sjúkdómsins. Fram að miðbiki aldarinnar, átti sér stað sama aðferð, að eins lítið eitt mismunandi í hinum ýmsu löndum. En eftir 1850 fór að draga úr blóðtökunum, og ýmsar tilraunir, sem Parisar-, Vínar- og Berlínar-skólarnir gerðu, fóru að draga úr álíti því, sem menn höfðu á því, að taugaveiki yrði læknuð með meðulum eingöngu. En á síðasta fjórðungi aldarinnar hafa athugulir læknar sannfærst um, að taugaveiki læknaðist ekki með meðulum eingöngu, heldur væri það undir hjúkrun, mataræði og böðum komið, hver árangur yrði af lækningunni. Með öðrum orðum: að það væri fremur komið undir dómgreind læknisins, samfara nákvæmri, árvakri og reglubundinni aðhjúkrun á sjúklingnum, heldur enn nokkru öðru.

Því er miður, að alþýðu hefir enn þá ekki verið gert þetta atriði nógu ljóst, og meðul verða því oft að ráðleggjast að mörgum lækninum nauðugum, að eins til að friða aðstandendur sjúklingsins. En út yfir tekur þó, að enn þá finnast í tölu læknanna sjálfra þau andleg nátt,tröll, sem svo eru dögð uppi í fræðinni, að þeim finst sjálfsagt, að viðhafa meðala inntökur á vissra kl.tíma fresti.

Stríðið, sem risið hefir út af því, hvort læknarnir eigi að brúka allar þessar mörgu meðala-sortir, sem þeir vita lítið um, hvaða áhrif hafi, og gefa þær inn sjúklingum, sem þeir vita enn þá síður hver áhrif þau hafi fyrir líkamann, — hefir enn þá ekki verið á enda kljáð. Sérstaklega eru það tvö atriði, sem mæla á móti mikilli og margs konar meðalabrúkun, en það er, hvernig ágætustu læknar í París, Berlín og Vín, og hér í álfu í Boston, hafa tekið í það mál, sem allir eru fylgjendur hinnar nýju stefnu; en umfram alt hin lærdómsríka niðurstaða, sem menn hafa komist að fyrir tilstilli hómópathíunnar, m.fl., að þrátt fyrir hina miklu útþynningu meðalanna hjá þeim, sem auðvitað getur engan skaðað, en því síður læknað, — hefir ekki tekist að sanna, að dauðsföll hjá þeim væru nokkurn hlut fleiri, enn hjá þeim, sem sig kalla alópatha. Með því að taka þetta alt til greina, hefir myndast eins og nýr flokkur innan læknisfræðinnar, sem lítið lætur sér ant um hómópathana en enn þá minna um alópathana, eins og þeir eru svo margir þann dag í dag. Nýstefnu menn gera sér alt far um, að rannsaka kostgæfilega og vísindalega jafnt gömul sem ný meðul. Það virðist líka tilhlýðilegra, að læknirinn viti vel, hvernig hann eigi að brúka þau fáu góðu meðul, sem hver og einn þarí að brúka, svo sem eins og quinine, járn, jod, kvikasilfur, ópium, digitalis, o.fl., heldur enn að viðhafa margar meðala sortir, sem enn þá ekki er feng in full vissa fyrir, hverjar verkanir hafi. En efnafræðinni eru engin tak mörk sett, og þess vegna getum vér þegar minst von um varir, átt von á, að hún láti af sér leiða eins þýðingarmikil meðul og þau, sem nú bezt reynast. Það ætti ekki að vera gripið úr lausu lofti að ímynda sér, að til að mynda í jurtaríkinu innifælist örvggis meðul við hverjum einstökum sjúkdómi, sem fyrir kemur, er jafnaðist á við til dæmis quinine í Malaria Fever.

Fátt einkennir fremur nýju stefnuna en tilraunir hennar við að afstýra og meðhöndla ýmsa sjúkdóma, eins og áður var gert endur fyrir löngu með líkams æfingum, böðum og nuggun (massage), og kölluð er náttúru-stefnan. Og aldrei á neinu tímabili heilsufræðinnar hefir jafnt af öllum verið viðurkend sú hin mikla þýðing, sem hagfelt mataræði hefir, bæði í meðferð sjúkdóma og til að afstýra þeim. Tökum til dæmis hið almenna meltingarleysi á fólki í þessu landi, er í all-flestum tilfellum á rót sína að rekja til óhagstæðrar og illa tilbúinnar fæðu, sem svo er neytt í alt of miklum flýti. Það er ekki þýðingarminsta "lexizn fyrir lífið", sem fólk ætti vel að setja á sig til að gæta vel heilsunnar, að sjóða mátulega hverja fæðutegund, eftir þeim skilyrðum, sem meltingin setur hverjum og einum, og neyta hennar kostgæfilega (þ.e.: tyggja vel).

Ég skal taka til dæmis, hvað mér hefir fundist olla mest meltingarleysi hjá ungum stúlkum, — það, hve mikils þær neyta margar af sætindum, milli máltíða, og svo hitt, hversu mikils er neytt, — sérstaklega á sumrin í hitunum — af þessari efnablöndu í lyfjabúðum og aldinabúðum, sem sagðir eru að vera gosvatnsdrykkir og seldir eru með nafninu "isrjóma sódi". — Óhöllari drykkur fyrir líkamann og magann á heitum sumardegi getur varla hugsast.

Ég tók það fram áðan, að það hjálpaði mikið til að lama meltinguna, að borða fljótt og tyggja illa, rifa í sig fæðuna. Sérstaklega er þetta hættulegt námsmönnum, skrifstofumönnum og þeim, sem andlegum störfum hafa að gegna og ekki geta haft nægilega líkamshreyfingu Margir, sem efast um réttmæti orðtaksins "heimur versnandi fer", bera fyrir, máli sínu til sönnunar, að stríðin séu að leggjast niður, á meðal "finni" þjóðanna svokölluðu, það séu bara "dónarnir", sem drepa hverjir aðra. En læknarnir í þessum "finu" löndum hafa komist á aðra skoðun. Þeir halda fram, að einmitt þessar þjóðir standi í sífeldu stríði, og í því falli fleiri enn gerðu fyrir sverðseggjunum til forna og hjá "barbara" þjóðunum. En stríðið er við magann, ofátið og ofdrykkjuna

Sem betur fer, mun öllum skynberandi mönnum vera farið að skiljast, að ofnautn áfengis er heilsunni skaðleg. Þó munu þeir býsna margir vera, sem svo lita á það mál, að fjórir eða fimm drykkir af Whisky á dag, eða jafnvel fleiri, geri þá færari til að gegna stórfum sínum, það herði þá upp og geri þá "cute". En það á sér ekki heldur ósjaldan stað um þá menn, að þegar líður fram á fyrripart fimta aldurstugarins, einmitt þegar lífsstarf þeirra er í sem mestum blóma og alt virðist leika þeim í lyndi, bæði við opinber eða eigin störf, að Bakkus leggur fram stóran reikning til lúkningar, sem fólginn er í ýmsum sjúkdómum, í æðum, lífrinni eða nýrunum, eða þá jafnvel gersamlegri heilsubilun. — Það skal þó tekið fram, að af tvennu illu hafa hinar mismunandi öl og malttegundir, sem bjór kallast einu nafni, ekki eins skaðleg áhrif í för með sér fyrir hjartað, lífrina og magann, eins og þær, sem sterkari eru, til dæmis whisky eða brennivín. Alt um það, þótt fólk sé vaknað til meðvitundar um nauðsyn hófsemdar, hvað vinnautn snertir, heldur áfram hin sama ofnautn í mataræði. Sannleikurinn er sá, að menn borða almennt alt of mikið, og að læknar eru nú sem óðast að sannfærast um, að margir þeir sjúkdómar, er þeir áður héldu að stöfuðu frá ofnautn áfengis, svo sem sjúkdómar í æðum, nýrum (Bright Disease) eigi alt eins oft rót sína að rekja til ofmikillar nautnar í fæðu, — ofáts.

Ég gat þess áðan, að bæði Grikkir og Rómverjar hefðu fyrr á öldum haft líkamsæfingar í miklum metum, en þeir litu öðrum augum á gagnsemi þeirra en nú gerist. Hjá þeim voru þær mestmegnis viðhafðar með því einu augnamiði, að herða líkamann og gera vöðvana stæltari, svo þeir reyndust fræknari og þolnari á orustuvellinum, og liðlegri í öllum hreyfingum, en minna til heilsubóta. Heilsufræði nútímans tekur alt þetta til greina, en sérstaklega er þó tilgangurinn sá með þeim, að veita líkamanum aukna næring og hjálpa einu og sérverju líffæri til að losast við ýms skaðleg efni, er í gegn um þau þurfa að ganga, og yrðu skaðleg líkamanum, ef þau settust þar að, — en jafnframt til að hvíla heilann hjá þeim mönnum, sem andlegum störfum hafa að gegna, og geta ekki haft nægilega líkamshreyfing. Það er álit margra lækna, að mörgum sjúkdómum, sem stafa af máttleysi í innýflunum, mætti afstýra hjá þeim, er miklar kyrsetur hafa, ef lögð væri meiri rækt við líkamsæfingar, sem, stjórnað væri á reglubundinn og hagkvæman hátt. Ekki að tala um flesta þá sjúkdóma, sem koma fyrir í lungunum, og hætta er við, að setjist þar að fyrir lengri tíma.

Hjólreiðar og skautaferðir, sem mikið eru tíðkaðar hér á yfirstandandi tíma, geta eflaust komið í veg fyrir margan illan kvilla hjá miðaldra fólki. En þegar farið er að temja sér þær, fyrir metnaðar, muna eða peninga sakir, eins og nú er óðum að fara í vöxt hjá hinni uppvaxandi kynslóð, — þá tapa þær heilbrigðisgildi sínu og geta orðið hlátt áfram heilsuspillandi á margvíslegan hátt. Fólk, sem kom ið er fram undir fimtugt, ætti ekki að viðhafa miklar hjólreiðar, því þegar kemur fram á þann aldur, getur það haft hættu í för með sér fyrir hjartað og æðarnar.

Vatnið er ekki nóg notað. Menn

NIÐURLAG Á BLS. 5

Sparið Línið Yðar.

Ef þér óskið ekki að fá þvottinn yðar rifinn og slitinn, þá sendið hann til þessarar fullkomnu stofnunar.

Nýtízku aðferðir, nýr vélaútbúnaður, en gamalt og æft verkafólk.

LITUN, HREINSUN OG PRESSUN SÉRLEGA VANDAÐ

Modern Laundry & Dye Works Co., Ltd.
307—315 Hargrave St.
WINNIPEG, MANITOBA
Phones: 2300 og 2301

Fermdir

af séra Bjarna Thorarínssyni vorið 1909:

a) MARSHLAND.

Piltar:

1. Páll Pálsson Árnason.
2. Helgi Guðmundsson.
3. Guðmundur Kristinn Grímsson
4. Pétur Björnsson Anderson.
5. Kjartan Júlíus Gunnarsson.
6. Hávarður Eliasson.

Stúlkur:

1. Ólafía Pálsdóttir Árnason.
2. Una Jakobína Gunnarsdóttir.
3. Magnúsína Guðrún Jónsdóttir.
4. Ingibjörg Guðmundína Ásmundsdóttir.

b) WILD OAK.

Piltar:

1. Valdimar Erlendsson.
2. Kristján Thorberg Sigurðsson.
3. Einar Viktor Guðmundsson.
4. Þorsteinn Guðmundur Bjarnason.
5. Guðmann Sigfússon.
6. Hernit Guðmundur Jakobsson.
7. Valdimar Davíðsson.

Stúlkur:

1. Ragnheiður Clöf Bjarnadóttir.
2. Jóna Guðbjörg Albertsdóttir.

ATHS.—Börnunum er öllum ráð að eftir hlutkesti.

Bjarni Thorarinsson.

Tilkynning
TIL
ÍSLENDINGA

Í Næstu 30 Daga

seljum vér "*CABINET*" *LJÓSMYNDIR* í stórum fögrum og upphleiftum umbúðum, — vanalega verðið er $12.00, — fyrir aðeins

$7.00 Dúsínið,

og eina STÓRA LJÓSMYND 16x20 þumlunga ókeypis. Als $22.00 virði fyrir $7.00.

Takið nú eftir:

Þeir fyrstu 10 Viðskiftavinir sem klippa þessa auglýsingu út úr Heimskringlu, og færa oss hana á myndatöku-stofu vora ásamt með pöntun um 1 dúsín ljósmynda, skulu fá ókeypis fagra gylta eða svarta gullrenda umgjörð utan um stóru myndina.—Vanaverð á þeim umgjörðum er $3.00. En vér gefum þær nú alveg ókeypis.

Þetta tilboð er áreiðanlegt, og vér gerum það af því, að vér óskum eftir viðskiftum yðar og vitum, að þegar þér hafið einusinni látið oss taka mynd af yður, þá sannfærisi þér á að myndir vorar eru þær beztu í borginni. Vér ábyrgjumst að gera yður ánægða eða skila peningum yðar aftur.

Þetta tilboð gildir eingöngu í myndastofu vorri á Portage Avenue. —

Wm. A. MARTEL,
MYNDASMIÐUR.
255½ PORTAGE AVE.

HEIMSKRINGLU og TVÆR skemtilegar sögur fá nýir kaup. endur fyrir að eins $2.00.

Strathcona Hotel

Horni Main og Rupert Str. Nýbygt og ágætt gistihús; Gest um veitt öll þægindi með sanngjarnasta verði. Frí keyrsla til og frá öllum járnbr. stöðvum. Beztu vín og vindlar; og herbergi og máltíðar ágætar.

McLaren Brothers
EIGENDUR

Hotel Pacific

219 Market Street. | H. M. Hicks, Eigandi
Winnipeg - - - Manitoba
Telephone 1338

Ný-endurbætt og Ný-tízku hús fyrir alla staði. Viðskifta yðar óskast virðingarfylst.

$1.25 a Dag

$1.50 Á DAG
Bezta $1.50 gistihús í Winnipeg

BRUNSWICK HOTEL
Horni Main St. og Rupert Ave.

Besta borðhald; Hrein og Björt Herbergi; Finustu Drykkir og Bestu Vindlar. Ókeypis Vagn mætir Öllum Trainlestum. Reynið oss þegar þú ert á ferð.

Skrifið yður fyrir HEIMSKRINGLU svo að þér getið ætíð fylgst með aðal málum Íslendinga hér og heima.

Takið af skarið.

Líf og heilbrigði vorrar líkamlegu velferðar heimtar ljós, þarfnast allrar þeirrar birtu, sem föng eru á. Ekki er þörfin minni í andlegum skilningi. Eða því er þá vort andlega ljós, trúarinnar ljós, ljósið, sem lýsir upp vorn óumræðilega fagra og unaðsríka ímyndunarheim hjá vorum algóða himneska föður, eftir þreytu og stríð þessa lífs, — látið týra á skarinu? Alt af á sama skarinu. Öllum bannað, að snerta við því, af þeirri ástæðu, að sjálfur Jehóva gaf sinni útvöldu þjóð þetta ljós, sem enginn skyldi um aldaraðir við snerta. — Samt er nú andlega þörfin orðin þessi: Meiri birtu, meira ljós! Ljós, sem rekur burt og eyðir allri drotnunargirni, reiði og heipt, ráni og þjófnaði, kvölum og illverkum, fjölkvæni og frillulífi, og öllu, sem ljótt er og saurugt, — en sem var þó sett í óraskanlegt samband við ljósið, sem í upphafi átti að vera óraskanleg leiðarstjarna og lögmál mannanna til eilífrar velferðar þessa og annars heims. Menn eru almennt farnir að sjá og finna sáran til þess, að alt þetta kola og köfnunarefni í heilögu orði og boðum drottins, til trúarstyrkingar og velferðar sálum manna, sé drepandi pest, sem hver heilvita og heilbrigð sál forðast, og engum kemur til hugar að ætla, að fingur drottins eða fyrirskipanir hans hafi ritað. Alt eru mannaverk, sem nú eru orðin rúmlega 1800 ára gömul, því byrjað var að rita gamlatestamentið 444 árum fyrir Krists daga, og við það lokið 73 árum eftir Krist, og má geta nærri, að þar hefir margur um fjallað í þrjár aldir, undir mismunandi stjórn og aldarfari. Og svo eftir alt saman var á nokkurskonar stórþingi gert að lögum, hvað væri "kanoniskt" af bókasafninu, — nefnilega algildur sannleiki, og hvað ekki, og voru þær, sem vafi lék á, nefndar "apogriphiskar"!

Þetta hefi ég fyrir formála, sökum þess, að hér í trúmáladeilunni er öll þungamiðjan sú, að engu má við hagga. Ekkert má nútiðar gófugur og frjáls andi og mannvit athuga eða leiðrétta, — alt skal standa óbreytt og óhagganlegt á þessu gamla bjargi, sem löggilt var fyrir 18 til 19 hundruð árum síðan. Enginn má taka af skarið, þó hálfrökkur sé í trúarlífi og helgustu sálartilfinningum hans, af kolinu, sem skemmir birtuna og skyggir fyrir fegurðina. Sá er varg ur í véum, þræll og illmenni, þjófur og ræningi, — "afmarkar drottinshjörð", — sem hefir manndóm og sjálfstæði til að tendra ljósið. Til að sýna manni guð í sínu rétta, hreina ljósi, sannan guð, sanna og hreina kristni, sem gefur mönnunum frið og fulltingi, sem gerir mennina betri menn, sem framkallar alt það bezta, sem til er í mannedlinu; sem gerir menninia að sönnum guðsbörnum, sem alla tíð þrá að mega halla höfði sínu að hjarta drottins vors og herra, eins og börn að brjósti elskulegrar móður.

Takið af skarið Vestur-Íslendingar! — Ég dró svo að segja úr hverjum pennadrætti, þegar ég ritaði um trúmálin hér sl. vetur. Ég ætlaði öðrum að fara á stað, og berjast af dugnaði með séra F. J. Bergmann, sem hefir staðið að heita má aleinn uppi á móti illvigri ásókn fjölda margra. Það er hvorki meira eða minna en þetta: Að slíkt er grátleg skömm og svívirða allra Vestur-Íslendinga, að geta með köldu blóði horft á jafnmörg vopn standa á einum þeirra allra bezta og mikilhæfasta manni, sem þeir eru svo lánsamir að eiga til í sínum hóp. — Þetta verður að taka enda!!

Það var svívirðilega með séra F.J.B. farið á kirkjuþinginu í fyrra og hver hriðin eftir aðra hefir að honum dunið síðan. — Nú er bráðum komið að öðru kirkjuþingi, þar sem eftir öllu undangengnu að dæma mætti búast við, að sú ramma Synoda kveði upp útskúfunar og dauðadóm séra Friðriks. Menn ættu nú að vera betur undirbúnir, og hafa allareiðu haft nægan tíma til að átta sig á málefninu. — Hér er tveimur skyldum að gegna: Það er fyrst trúarskyldan, sem knýr alla menn og konur, sem aðhyllast meira ljós, háleitan og hreinan kristindóm, fagra guðsmynd, göfugar hugsjónir og kærleiksríkt líferni, til að fylgja séra F.J.B. eindregið að málum. Síðari skyldan er manndóms eða drenglyndis skyldan, fyrir hvern þann mann, sem með réttu vill eiga fyrir einkunn sína æru, dug og sjálfstæði, — hann er skyldugur til að standa hlið við hlið séra F. J.B. og bera af honum hvert blak, sem að honum verður hreitt.

"Stór sár þurfa mikla græðslu". Það verður að koma bein, óbrotin og hlífðarlaus krafa, frá öllum sem fylgja séra F.J.B. að málum, og hún er þessi: Kirkjufélagið verður að viðurkenna trúarstefnu og alla starfsemi séra F.J.B. í þjónustu kirkjunnar hátíðlega og hjartanlega góða og gilda, og í nafni kirkjuþingsins biðja afsökunar á öllum undanförnum deilum og ofsóknum. Ef þetta ekki getur gengið í gegn, er óumflýjanlegt, að kirkjufélagsskapurinn hér vestra klofni í sundur, og er það mjög illa farið.

Það er ekki til neins, að skella við þessu skolleyrunum, eða virða þessa mína hreinskilni að vettugi. Ég þori vel að segja, og gera nákvæman reikning fyrir því, hvernig sakir standa í þessu máli, — í trúmála baráttu lútersku kirkjunnar hér meðal Íslendinga. Það mun verða þannig: Að eftir allar þessar róstur verða tveir fimtupartar, sem þora að standa með séra F. J.B., ef í alvöruna snýst. Aðrir tveir fimtu partar eru í hjarta sínu hlyntir stefnu hans og kenningu, en hafa ekki dug og þor að viðurkenna það, og hanga svo með mótstöðuflokknum í hálfgerðu rænuleysi, en smátínast í burtu. Síðasti parturinn, einn fimti, er ákveðinn á móti séra F.J.B., og heldur áfram að gala gamla söngínn, þar til alt verður smátt og smátt að steinrunnum nátt-tröllum úti á þekju yfirstandandi tíma.

Væri ég beðinn um ástæður fyrir þessum útreikningi mínum, mundi ég fyrst benda á, að hér í Winnipeg, þar sem mestur kraftur er í mótstöðu gegn séra F.J.B. og rammasta íhald eldri trúarskoðana, — er fjöldi af 20 ára gömlum og þar yfir beztu stuðningsmönnum séra Jóns Bjarnasonar gersamlega fráhverfir honum orðnir. Og þetta eru menn, sem bæði í orði og á borði báru byrði og velferð safnaðarins með heiðri og sóma, voru máttarstoðir safnaðar hans. Ég er líka kunnugur töluvert hugsun margra í þessu máli út um ýmsar af nýlendunum. Ég tala hér eða öllu heldur rita, öldungis óháður. Ég get ekki þolað, að gott málefni sé fótum troðið, og vor allra fremsti prestur og mesti ágætismaður úr vorum flokki, sé sífelt höggvinn og særður á hólminum — einn, þar til hann verður að hníga, og þá yrði skömmin óþolandi fyrir Vestur-Íslendinga, að hafa horft á þann leik afskiftalaust. Gætið að skyldunum, trúarskyldunni og manndómsskyldunni. Takið af skarið!!

Lárus Guðmundsson.

Póstspjöld A.J.J.

Slysalega hefir A. J. Johnson tekist í seinasta blaði Heimskringlu, er hann ræðst á ritstjóra Lögbergs og hrakyrðir hann vegna þeirra ummæla, sem blaðið flutti um póstspjöld hans. Hann sér hlutdrægni og fjandskap ritstjórans stara á sig úr hverri línu, og get ég varla varist hlátri yfir þeim heilaspuna, því að ritstjóri Lögbergs á ekki einn staf í greininni, heldur hefi ég samið hana, án þess að ráðgast hið minsta um það við ritstjórann.

En af því að A.J.J. hefir slitið orð og orð út úr ummælum minum um póstspjöldin, vil ég birta þau orðrétt, svo að menn geti séð, hvort þau hafi við rök að styðjast eða ekki.

Þau voru á þessa leið:

"Einkunnarorð fylgja hverri mynd, eftir menn þá, sem myndin er af. Sum virðast illa valin; t. d. eftir Einar Benediktsson. Þar átti auðvitað að vitna til einhvers í Fána-kvæði hans. Myndirnar eru flestar góðar. Verstar af þeim Guðmundi Guðmundssyni og Guðmundi Hannessyni. Óprýði er það á þessum myndum, að vals-myndar-hefðan er þar í einu horninu — gul(!) að lit. Spjöld þessi fást hjá H. S. Bardal — seljast vafalaust vel. Enn fremur verða állar þessar myndir prentaðar á eitt stórt spjald".

Mér kom ekki til hugar, að spilla fyrir sölu myndanna, eins og menn geta séð, og þóttist ekki fara með annað en sannleika.

Enn sem fyrri tel ég "sum einkunnarorðin illa valin". — Á póstspjaldinu, sem Lögberg fékk, var þessi vísa við mynd Einars Benediktssonar:

"Gef mér stríð og styrk að vinna
Stjarna drotning ósk minna.
Ég vil hafa hærra spil
Hætta því sem eg á til.
— — — —
Alls má freista — eitt eg vil
Upp með taflið, eg á leikinn!"

Ég kannast ekki við, að þetta sé úr Fána-kvæðinu. Hitt gat ég ekki vitað, að vísur væru úr því á sumum spjöldunum, því að ég hafði ekki séð nema þetta eina spjald þá. Mér finst lang-eðlilegast að velja að eins ein einkunnarorð eftir hvern mann, og fæ ekki séð, að það beri vott um mikið gáfnaflug, að tína saman mörg einkunnarorð handa sama manni. Þess má geta í sambandi við ofangreinda vísu, að hún er ranglega staðsett á póstspjaldinu, svo að rímið raskast.

Þessi vísuorð eru við mynd Jónasar Hallgrímssonar:

"Veit þá engi að eyjan hvíta
á sér enn vór, ef fólkið þorir"

Það er heimildarlaust að slíta þessa vísu sundur eins og hér er gert, vegna þess, að tvö næstu vísuorð eru beint framhald af þessum.

Ég hlýt að telja "verstar" myndirnar af G.H. og G.G., hvort sem A.J.J. segir ég hafi vit á því eða ekki. Það þarf ekki að fjölyrða um mynd G.H. A.J.J. hefir sjálfur lýst þeirri hæðilegu meðferð, sem hún hefir sætt. Um hina myndina er það að segja, að það er versta mynd, sem ég hefi séð að G.G., nauða-sviplaus og ólík skáldinu.

Það kann satt að vera, að ég hafi farið óþarflega hörðum orðum um valsmyndina. En satt að segja hefi ég aldrei getað dáðst að þessari svokölluðu valsmynd, sem Alberti gaf Íslendingum í staðinn fyrir flatta þorskinn. Myndina gerði danskur málari, eftir gömlum, íslenzkum valsham(!), svo að engan þarf að undra, þó að hún sé hin herfilegasta, enda ber hún sér bezt vitni sjálf, hvar sem hún sést. En um gula litinn er það að segja, að ég hefi aldrei séð gula vali, og efast stórlega um, að þeir séu til.

Þetta vona ég að nægi til þess, að sýna og sanna, að ummæli mín um margnefnd póstspjöld eru algerlega réttmæt.

BALDUR SVEINSSON,
meðritstjóri Lögbergs.

2 Bækur Gefins

FÁ NÝJIR KAUPENDUR AÐ HEIMSKRINGLU SEM BORGA $2.00 FYRIRFRAM, OG ÞESSUM BÓKUM ÚR AÐ VELJA:—

Mr. Potter frá Texas
Aðalheiður
Svipurinn Hennar
Hvammverjarnir
Konuhefnd
Lajla
Robert Manton.

Alt góðar sögur og sumar ágætar, efnismiklar, fróðlegar og spennandi. Nú er tíminn að gerast kaupendur Hkr. Það eru aðeins fá eintök eftir af sumum bókunum.

Heimskringla
P.O. Box 3083, Winnipeg

ROBLIN HOTEL
115 Adelaide St. Winnipeg

Bezta $1.50 á-dag hús í Vestur-Canada. Keyrsla ókeypis milli vagnstöðva og hússins á nóttu og degi. Aðhlynning hins bezta. Viðskifti Íslendinga óskast. William Ave strætiskarið fer hjá húsinu

O. ROY, eigandi.

SPÓNNÝTT HÓTEL
ALGERLEGA NÝTÍZKU

Hotel Majestic

John McDonald,
eigandi.
James St. West, Rétt vestan við Main St.
Winnipeg Telefón 4979

$1.50 á dag og þar yfir
Bandaríkja-snið

Alt sem hér er um hönd haft er af beztu tegund. Reynið oss.

MIDLAND HOTEL
285 Market St. Phone 3491

Nýtt hús, nýr húsbúnaður Fullar byrgðir af allskonar vönduðustu drykkjum og vindlum í hressingar stofunni. Gisting einn dollar á dag og þar yfir.

W. G. GOULD :: FRED. D. PETERS,
Eigendur
WINNIPEG ::: ::: CANADA

MARKET HOTEL
146 PRINCESS ST. á móti markaðnum
P. O'CONNELL, eigandi, WINNIPEG
Beztu tegundir af vínföngum og vindl um, aðhlynning góð, húsið endurbætt

James Flett & Co.
PLUMBERS

Leiða Gas- Vatns- og Hita-pípur í hús yðar, fyrir sanngj. borgun. Verk vandað, fljótlega gert og ábyrgst.

572 Notre Dame Avenue
Telephone nr. okkar er 3380 eða 8539.

Gimli Hótel

G. E. SÓLMUNDSSON
eigandi

Óskar viðskifta Íslendinga sem heimsækja Gimli-bæ. — Þar er beini beztur í mat og drykkjarföngum, og aðbúð gesta svo góð sem frekast er hægt að gera hana. Hótelið er við vagnstöðina. Gistið að Gimli-Hótel.

Woodbine Hotel
Stærsta Billiard Hall í Norðvesturlandinu
Tíu Pool-borð.—Alskonar vín og vindlar.
Lennon & Hebb,
Eigendur.

8. KAPÍTULI.

Skyndiferð.

Síðast í dagbók minni er frásögnin um heimferð mína að Haughton Court. Ég viðurkenni, að mér varð talsvert bilt við það, þrátt fyrir alla mína reynslu, að Sir Arthur, markmið rannsóknar minnar og útvalið fórnarlamb, skyldi vera farinn til Skotlands tveim dögum eftir réttarhaldið, sem hann var svo mikið riðinn við. Auðvitað grunaði mig strax, að hann hefði farið að vitja vesalings konunnar sinnar, og sagði þess vegna við þjón hans: "Skotlands? Veiztu í hvern hluta Skotlands Sir Arthur ætlaði?"

"Nei, það get ég ekki sagt þér, herra. (Ég lagði nokkra skildinga í lófa hans). Það er að segja, við vitum að sönnu, hvert hann er vanur að fara (aftur fáeina skildinga). Kæra þökk, herra, það er til Kongs Stuart Hótel, Stirling".

"Til að vitja um lafði Redleigh?"

"Já, það höldum við, herra. Hann er vanur að fara þangað nokkrum sinnum á ári hverju síðan hann giftist".

"Er langt síðan hann fór?"

"Alveg nýfarinn. Það er naumast hálf stund síðan. Ef þú ferð til Stolne, þá muntu ná honum áður enn hann fer þaðan".

Ég þakkaði manninum og ók strax af stað, ákveðinn í því, að fara að ráðum hans. Ökumaður var hnugginn yfir ábyrgð þeirri, sem á honum hvildi

viðvíkjandi vagninum og hestunum, en þegar ég rétti að honum laglegan skilding með mynd drotningarinnar annarsvegar, þá gleymdi hann ábyrgðinni alveg, og ók nú með miklum hraða í áttina til bæjarins, sem lá hér um bil hálfa aðra mílu frá Haughton Court. Ég þarf varla að geta þess, að ég hafði ekki í hyggju, að ávarpa Sir Arthur á stöðvarpallinum. Áform mitt var, að verða honum samferða til Stirling, og fara svo á eftir honum til sinnisveikrahælis þess, þar sem konan hans var. Ég hafði engan beinan tilgang til þess annan en þann, að kynna mér, hvar þetta hæli var, ef ég þyrfti seinna að fara þangað. Auk þess áleit ég, að á járnbrautarlestinni gæfist mér færi á, að kynnast Sir Arthur og lundareinkunnum hans, sem annars mundi erfiðleikum bundið. Ég var svo lánsamur, að hafa nóga peninga á mér. Lögmaður Fatheringham jarls fékk mér næga peninga áður en ég fór frá London. En mér datt nú í hug, að búningur minn mundi ekki hentugur, ef ég vildi kynnast Sir Arthur, þar eð hann mundi forðast alt prestlegt. Ég hafði engan tíma til að kaupa neitt í Stolne, en á leiðinni þangað skrifaði ég simrit til skólabróður míns og vinar á lögreglustöðinni, hr. Verinder, og bað hann að senda mér veiðimannabúning til aðalbrautarstöðvanna í Glasgow. Ég áleit, að hann mundi koma þangað eins snemma og við, þar eð við stöldruðum við í Stolne.

Við komum nægilega snemma til St. Johns stöðinnar. Á brautarpallinum stóð barúninn, sem ökumaðurinn þekti og benti mér á. Ég borgaði honum fyrir vagninn og dagverðinn, sem ég fékk ekki tíma til að neyta, sendi simritið mitt og flýtti mér svo inn í fyrstu ráðar reykingaklefa á eftir Sir Arthur, um leið og lestin rann af stað. Hann var hvergi nærri eins útlitsljótur eins og ég hafði búist

við. Hefði ég ekki heyrt eins mikið um hann, þá hefði ég ekki álitið hann verri enn aðra sveita-aðalsmenn, sem hafa meiri tíma enn störf, og meiri efni enn heila. Hann leit til mín gremjulega, þegar ég kom þjótandi inn á eftir honum. Ég lét sem ég hefði tekið hreyfingu höfuðs hans sem heilsun, hneigði mig glaðlega og sagði:

"Ó, það mátti ekki tæpara standa. En það hefði nú raunar verið óþægilegt, ef ég hefði ekki náð lestinni, því ég þarf að vera í Glasgow í kveld".

"Á, þarftu þess?" svaraði hann styttingslega, og var sjáanlega gramur yfir því, að þurfa að verða mér samferða svo langt.

"Nú, er nokkuð nýtt í blöðunum í dag?" spurði ég vingjarnlega, þegar ég sá að hann tók upp blað til að lesa.

"Nei", tautaði hann, "ekki neitt, sem er þess vert að lesa það".

"Engar nýungar um málaferlin, sem átt hafa sér stað hér í nágrenninu, og sem svo mikill vindur hefir staðið af, — 'Haughton sorgarleikurinn' held ég það sé kallað".

"Nei, herra, hvað ætti líka að segja um þau?" svaraði hann, og var nú ögn kurteisari. Ég fann, að nú varð að skriða til skara, og sagði þess vegna: "Ég bið þig að afsaka, herra, en af því ég hefi ekkert blað séð í morgun, og er hrifinn af þeim málaferlum, langaði mig til að vita, hvort minst væri á þau eða ekki".

Loks var eins og hann rankaði við sér. Hann var kurteisari þegar hann sagði: "Enga afsökunarbeiðni, herra, ég mun hafa verið stirður í viðmóti, mér líður illa þennan dag, og langar eimlestaferðir eiga illa við mig", og til þess að sýna að hann þurfti hressingu, tók hann upp konjaksflösku.

Áður en hann saup á henni var hann þó svo kurteis, að bjóða mér bragð, en ég svaraði honum með því, að taka samskonar flösku upp úr vasa mínum, og ég sá að virðing hans fyrir mér óx að minsta kosti um 50 af hundraði. Svo supum við hvor á sinni flösku.

Ég vissi vel af hvaða ástæðum hann saup á þessum hjartastyrkjandi dropum, og var við því búinn að byrja á leiknum, þegar hann sneri sér að mér og sagði:

"Sagðist þú vera hrifinn af Haughton viðburðinum, herra?"

"Já", svaraði ég. Meðan hann var að búa sig til að tala, var ég búinn að ákveða mína stefnu. "Ég stend í sambandi við kirkjulegan félagsskap, sem lávarður Fatheringham er einn helzti maðurinn í, og mig furðaði stórum að sjá í blöðunum, að hann hafði verið þar viðstaddur. Hvaða erindi átti hann þangað?"

"Um það máttu spyrja. Hvaða erindi ætli hann hafi átt þangað annað en að sjá óvin sinn í vandræðum".

"Óvin? Ó, þú meinar Sir Arthur Redleigh. Er hann þá óvinur Fatheringham lávarðar?"

"Að minsta kosti er lávarðurinn óvinur hans, að því er sagt er", bætti hann við þegar hann tók eftir því að orð hans lýstu allmikilli þekkingu á málefninu.

"Hvaða orsök er til þess?" spurði ég.

"Það veit ég ekki", svaraði hann önuglega.

"Nú, Fatheringham fékk þó ekki mikið fyrir ómakið. Dómneindin sýknaði Sir Arthur Redleigh algerlega".

Næstu tvær klukkustundirnar töluðum við ekkert saman, sem nokkra þýðingu hafði, en þegar þær

Samkoman að Narrows

Hún var haldin að Siglunes skólahúsi þann 22. april sl. (sumardaginn fyrsta), og til þess stofnuð, að kveðja skólakennarann, hr. Jóhannes Eiríksson, sem þar hefir gegnt kennarastörfum um 6 mánaða tímabil. Samkoman var talsvert fjölmenn. Öll skólabörnin, um 20 talsins, voru viðstödd. Þau byrjuðu prógrammið með því að syngja: "Ó, hve fögur er æskunnar stund". Næst flutti hr. J. K. Jónasson, samkvæmt tilmælum formanns skólanefndarinnar, svohljóðandi ávarp:

"Eftir íslenzku tímatali er veturinn liðinn og kemur aldrei aftur. Hann flutti oss í skauti sínu frost og kulda, en eftirskilur nú eingöngu endurminningar um sig og þau. Eins og eðlilegt er, hljóta endurminningarnar um frostið og kuldann, að vera dálitið kaldar. Það er svo margt, sem maður verður að þola og liða fyrir óbliðu náttúrunnar, og þess vegna er oss það fagnaðarefni, þegar veturinn er liðinn, því að þá kemur blessað vorið og færir manni nýtt líf og yl, og þá lifna blessuð blómin, og öll náttúran fagnar sumrinu, sem þá er í nánd.

"Já, veturinn hefir kvatt oss og vér fögnum öll yfir því. En nú er líka einn vinur okkar og bróðir að kveðja okkur, og það þykir okkur ekki fagnaðarefni. En þó er sú bót í máli þar, að ég vona hann yfirgefi okkur ekki algerlega, eins og veturinn, heldur hverfi hingað til vor aftur, til þess að fræða börnin okkar og leiðbeina þeim í öllu því, sem gott er og þeim er fyrir beztu. Því að þessi vinur okkar er, eins og ég býst við að við öll skiljum, herra Jóhannes Eiríksson, sem verið hefir hjá okkur þennan liðna vetur, og nú hefir útent sinn umsamda kenslutíma, og aflokið því verki, sem honum var trúað fyrir. Starf sitt hefir hann rækt af mestu alúð og trúmensku. En þó hann sé nú að fara frá okkur um stundarsakir (ég vona það sé að eins um stund), þá eigum við þó eftir hlýjar og góðar endurminningar um veru hans hér. Því ekki er það einungis, að hann hafi uppfrætt börn vor af mestu alúð og prýði, heldur einnig leiðbeint þeim í öllu því, sem nauð synlegt er til þess, að þau geti orðið sjálfum sér og öðrum til gagns og góðs á vegferðum lífsins. Einnig hefir hann á allan hátt leitast við, að leiðbeina okkur sjálfum og starfað að og stutt okkur í velferðarmálum okkar með ráði og dáð. Og hygg ég dæmin ekki mörg að skólakennari, sem ráðinn er að eins fyrir stuttan tíma til þess að kenna börnum, hafi lagt jafnmikið í sölurnar og um leið borið gæfu til þess, að verða jafnmikill og góður leiðtogi í skólahéraðinu, eins og þessi nú burtfarandi vinur okkar Jóhannes Eiríksson. Því það má næstum með sanni segja, að hver maður og kona í héraðinu hafi fús verið að breyta og gera eftir hans óskum, og sýnir það sig bezt í því, hve miklu góðu hann hefir til leiðar komið, bæði með því, hve mikinn og góðan þátt hann hefir átt í því, að jafna og slétta yfir öll ágreiningsmál héraðsins, og svo með því, að draga saman fé til styrktar skólamálum okkar.

Háttvirti vinur vor, Jóhannes Eiríksson! Vér foreldrar og börn, sem notið höfum leiðsögu þinnar á vetrinum liðna, komum hér sam an í kveld til þess með þakklæti að minnast alls þess góða, er þú hefir fyrir oss gert. Við foreldrar, sem berum framtíðarvelferð barna okkar fyrir brjóstum okkar, tjáum þér vort innilegasta þakklæti fyrir veruna þína hér hjá okkur. Þökkum þér fyrir börnin okkar, fyrir það, hve þú hefir lagt mikla alúð og rækt við að kenna þeim og fyrir það, hve þú hefir verið þeim góður. Vera má, að nokkrum finnist þú hafa verið þeim of góður, eða ekki nægilega strangur lærimeistari.

"Við vitum það vel, að börnin okkar þarfnast aga og umvönduna.. Það er þeim sjálfum fyrir beztu, að þau læri að hlýða og hegða sér vel til orða og athafna. En við vitum það einnig, að öll framkoma þín við börnin var af góðvilja gerð, og vér óskum, að þau megi framvegis fá að njóta fræðslu þinnar, ef þess er kostur.

"Og börnin, þau koma hingað í kveld til þess að kveðja þig, og þakka þér fyrir allar ánægju- og gleðistundirnar, sem þau hafa verið hjá þér á skólanum, og fyrir það, hve alúðlegur og góður þú hefir verið við þau.

"Börnin óska, að þú vildir vera svo góður, að koma hingað norður aftur, og kenna þeim meira, — kenna þeim og innræta hjá þeim góðar og göfugar hugsjónir, kenna þeim að koma svo fram á öllum stöðum og stundum lífs síns, og sú framkoma megi verða jafnt þeim sjálfum sem öðrum til gagns og sóma.

"Já þau árna þér allra heilla, óska og vona að þér liði jafnan sem bezt, og að þú vildir ávalt muna litla vinahópinn, sem þú átt hér nyrðra, þó þú sjálfur sért í fjarska. Og þau hafa beðið mig að afhenda þér þessa litlu en velmeintu vinargjöf (gull-lindarpenna), sem þau biðja þig að þiggja sem þakklætis og viðurkenningarvott fyrir alt og alt.

Þá talaði Jón Jónsson frá Sleðbrjót nokkur orð fyrir hönd skólanefndarinnar, og þakkaði herra Eiríkssyni fyrir starf hans alt þar nyrðra. Herra Eiríksson svaraði með lipurri ræðu.

Eftir þetta fóru fram ýmsar skemtanir, sem enduðu með ókeypis veitingum og dansi fram á morgun.

Að tryggja veldi Páfans

Fyrir meira enn 5 árum, eða skömmu eftir að núverandi páfi kom til valda, þá gaf hann út and mæla skjal gegn afskiftum stórveldanna af kosningu páfans. Í þessu sambandi má minnast þess, að við kosningu núverandi páfa, er það almenn skoðun, að Austurríki hafi beitt áhrifum sínum til þess, að aftra Rampolla kardinála — sem þá var talinn gagnsækjandi núverandi páfa — frá því að ná kosningu, og það bygði þau áhrif sín á þeim afskiftarétti, sem páfinn með þessu bréfi sínu andmælir. Þetta bannbréf páfans hefir nýskeð orðið opinbert með því, að það hefir verið birt í þriðja bindi af fyrirskipunum Piusar tíunda, ásamt með nýju lagaboði um páfakosningar. Í þessu bannbréfi, sem birt er í "The Catholic Standard and Times" í Philadelphia, dags. 3. april — segir páfinn: —

"Þegar vér, óverðugir eins og vér erum, tökum við Stóli Péturs, þá töldum vér það hina brýnustu skyldu vors postúllega verkahrings, að sjá fyrir því, að lífsmagn kirkjunnar skyldi vottast með algerðu frjálsræði, með því, að lyfta af henni öllum utanaðkomandi afskiftum, eins og hinn helgi stofnandi hennar ætlaðist til að væri og eins og hennar háleita erindi krefst að sé. Páfinn staðhæfir, að páfaveldið hafi aldrei samþykt afskiftarétt stórþjóðanna af páfakosningum, og að fyrirrennarar hans í páfastólnum hafi ætíð gert sitt ýtrasta til þess, að útiloka afskifti verslegra valdhafa frá málum kirkjunnar. Þetta segir hann að berlega sjáist í grundvallarlögum Páls fjórða, Gregory fimtánda, Klements ellefta og Piusar tíunda.

Síðan segir hann: — "Reynslan hefir sýnt, að spor þau, sem að útiloka afskifti þjóðanna af páfakosningunum, hafa ekki orðið að tilætluðum notum, og með tilliti til breyttra kringumstæða nú á tímum, þá eru aðþrengjandi afskifti verslegra valda, að verða daglega ástæðulausari, og byggjast hvorki á sanngirni né réttlæti.

"Hvar fyrir vér, samkvæmt því postullega valdi, sem oss er veitt og fétandi í fótspor fyrirrennara vorra, eftir að hafa nákvæmlega yfirvegað með gagngerðri þekkingu og af vorum eigin hvötum,— algerlega fyrirdæmum afskifti vers legra valda, jafnvel þegar þau koma fram sem ósk eða eftirlangan, eða sem miðlunarbænir eða málamiðlun, eða á nokkurn annan hátt, og úrskurðum, að það sé engum lagalega heimilt, jafnvel ekki æðstu stjórnendum þjóðanna, undir nokkru yfirskyni, að hafa afskifti, beinlínis eða óbeinlínis, af því háalvarlega starfi, að kjósa rómverskan páfa.

Þess vegna, samkvæmt hinni heilögu hlýðnisskyldu, og undir hótun guðlegs dóms og útskúfunar kirkjunnar, sem á sérstakan hátt er falin komandi páfa til framkvæmdar, — bönnum vér hér með öllum kardinálum hinnar rómversk katólsku kirkju og einnig skrifara hins helga kardinála sambands, og öllum öðrum, sem taka þátt í páfakosningu, jafnvel undir óskar eða beiðniformi, heimild til þess, að bera fram neikvæði, eða að gera það kunnugt á nokkurn hátt, hinu helga kardinála sambandi, hvorki sém félagsheild né heldur nokkrum einstökum kardinála, hvorki skriflega né munnlega, hvorki beinlínis eða með því, að gefa það í skyn, eða óbeinlínis með annara hjálp. Og það er vor vilji, að þetta bann sé látið ná til allra þeirra afskifta tegunda, sem að framan eru talin, með hverjum hin verslegu völd, hverrar tegundar eða gráðu, sem þau kunna að vera, reyna að þrengja afskiftum sínum inn í kosningu páfans.

Að síðustu hvetjum vér eð ákafa, með sömu orðum, sem fyrirrennarar vorir hafa gert, að við páfakosningar taki þeir alls ekkert tillit til óska eða bæna verslegra höfðingja, eða annara veraldlegra íhugunarefna, heldur eingöngu hafi fyrir hugskotssjónum sínum dýrð guðs og hagsmuni kirkjunnar, og greiði atkvæði sín með honum, sem þeir, með drottins náð, álíta bezt fallinn til þess ávaxtarsamlega og þarflega að stjórna guðsríki á jörðunni.

Það er vor vilji einnig, að þetta bréf, ásamt með öðrum samkynja íhugunarefnum, sé lesið í viðurvist allra við fyrstu samfundi safn aðanna, sem haldnir eru að siðvenju eftir andlát páfans. Einnig, að á kardinála fundum, þegar einhver er tignaður með kardinálaembætti, ásamt með eiðstaf þeim, sem tekinn er og bindur hann við að halda trúarlegar siðvenjur, sé og einnig lesin þessi löggjöf, — þrátt fyrir alt annað, sem krefst athyglis eða íhugunar.

Lát þess vegna engan mann rjúfa eða dirfast að andmæla þessu voru hindrunar ákvæði, skipun, yfirlýsing, viðvörun, viljaboði, áminningu, hvatningu, fyrirmælum. En ef einhver dirfist að gera það, þá viti hann, að hann ávinnur sér reiði almáttugs guðs og postula hans, sánkti Péturs og Páls.

Þannig hljóðar myndugleikabréf páfans til sauða sinna. Að eins hann og æðstu valdsmenn kirkjunnar mega hafa nokkur afskifti af eða áhrif á páfakosninguna, og svo strangt er þetta þann, að enginn utan hinna útvöldu mega svo mikið sem láta í ljósi nokkra ósk, beiðni eða álit um neitt, er að því lýtur, sem kirkju þá, er þeir tilheyra, varðar mestu. Myndugleika bréf þetta er í sumum atriðum, að því er einvaldslega kirkjustjórn snertir, svo einkennilega áþekt ýmsu því, sem Vestur-Íslendingar hafa átt kost á að lesa á sínu eigin máli, að Heimskringla taldi það rétt, að birta bannbréfið lesendum til íhugunar og fróðleiks.

Sölvi Sölvason.

Er það flestra örugg von
er að því nokkuð hyggja,
að Sölvi muni Sölvason
sálnageiminn byggja.

Sá aldrei mikinn átti seim,
örvalundur skýri;
í þennan falska fæddist heim
að Fremri-Löngumýri.

Veröldin hans vængi skar
og véla kynti brennu.
Umtalssjúkur aldrei var
í orðaknarar sennu.

Veitti ei auðnan vinahót,
hann veltist lífs á bárum.
Gamansamur gaf hann sjót
Gunnlaðar af tárum.

Með heiglum aldrei fanst í för,
á fúkyrðunum tróð hann.
Hans hjarta mörg þó hitti ör
hnípinn aldrei stóð hann.

Almenningsins álit skók
orða bitrum skjóma. —
Lesum allir okkar bók
áður en fellum dóma.

Ragnh. J. Davíðsson.

Hefir þú borgað Heimskringlu?

Sparsemi.

Sparsemi ætti hver og einn að gera sér að föstum og órjúfanlegum vana, álíka og draga upp úrið sitt eða klæða sig og hátta. Hver sem ætlar sér að venja sig á það, ætti að hafa hugfast þessi þrjú meginatriði:

Í fyrsta lagi a ð b y r j a. Við höfum flestöll byrjað á því einhverntíma, en mörg ekki komist lengra, því miður, og fundist, að þar með væri alt unnið.

Annað er, að h a l d a þ v í á f r a m, og leggja fyrir, ekki að eins það, sem kann að detta í mann í það og það skiftið, heldur sömu upphæð í sama mund, svo framarlega, sem maður vinnur fyrir kaupi, eða hefir reglubundnar tekjur.

Þriðja er að hætta e k k i, þó að nokkuð safnist fyrir. Sá, sem hefir sparað í eitt eða tvö ár, er viss með að eiga peninga á banka eftir þann tíma. Honum hættir til að miða þarfir sínar, ekki við tekjurnar eingöngu, heldur einnig líka við það, sem hann á afgangs. Sá, sem á 300 dali á banka og sér 50 dala hlut, sem hann langar til að eignast, þó hann þurfi hans ekki beinlínis við, ef sá hinn sami þyrfti ekki annað en sækja andvirðið í bankann, þá mundi hann fremur snara því út, heldur en ef hann þyrfti fyrst að vinna fyrir því.

Þess vegna skyldi hver og einn, sem vill komast áfram, hafa þetta þrent hugfast: a ð byrja að leggja fyrir, a ð gera sér það að stöðugri reglu, og a ð hætta því ekki, þó nokkuð verði ágengt.

Með því að biðja sérlega um "T.L. CIGAR," þá ertu viss að fá ágætan vindil.

T.L. CIGAR

T.L.

(UNION MADE)

Western Cigar Factory
Thomas Lee, eigandi Winnipeg

Redwood Lager
og Extra Porter

Styrkið taugarnar með því að drekka eitt staup af öðrum hvorum þessum ágæta heimilis bjór, á undan hverri máltíð. — Reynið !!

EDWARD L. DREWRY Manufacturer & Importer Winnipeg, Canada.

Department of Agriculture and Immigration.

MANITOBA

Þetta fylki hefir 41,169,089 ekrur lands, 6,019,200 ekrur eru vötn, sem veita landinu raka til akuryrkjuþarfa. Þess vegna höfum vér jafnan nægan raka til uppskeru tryggingar.

Ennþá eru 25 miliónir ekrur óteknar, sem fá má með heimilisrétti eða kaupum.

Íbúatala árið 1901 var 255,211, nu er nún orðin 400,000 manns, hefir nálega tvöfaldast á 7 árum.

Íbúatala Winnipeg borgar árið 1901 var 42,240, en nú um 115 þúsundir, hefir meir en tvöfaldast á 7 árum.

Flutningstæki eru nú sem næst fullkomin, 3516 mílur járnbrauta eru í fylkinu, sem allar liggja út frá Winnipeg. Þrjár þverlandsbrauta lestir fara daglega frá Winnipeg, og innan fárra mánaða verða þær 5 talsins, þegar Grand Trunk Pacific og Canadian Northern bætast við.

Framför fylkisins er sjáanleg hvar sem litið er. Þér ættuð að taka þar bólfestu. Ekkert annað land getur sýnt sama vöxt á sama tímabili.

TIL FERDAMANNA:

Farið ekki framhjá Winnipeg, án þess að grenslast um stjórn ar og járnbrautarlönd til sölu, og útvega yður fullkomnar upplýsingar um heimilisréttarlönd og fjárgróða möguleika.

R. P. ROBLIN,
Stjórnarformaður og Akuryrkjumála Ráðgjafi.

Skrifið eftir upplýsingum til

Joseph Burke, 178 LOGAN AVE., WINNIPEG.
Jas. Hartney 77 YORK ST., TORONTO.

voru liðnar, komum við til Bristol, og þaðan áttum við að fara með hraðlestinni norður á leið. Barninn notaði þar tækifærið til að losna við mig, og til þess hann hefði ekki ástæðu til að ímynda sér að ég væri að elta hann, lét ég hann eiga sig. Við komum til Glasgów seint um kveldið, og þar sá ég hann stíga inn í léttivagn og segja ökumanni að flytja sig til hótels nokkurs, sem var í nánd við brautarstöðina. Ég fann böggulinn með fatnaðinum í, sem beið mín, eins og mig hafði grunað. Svo lékk ég mér annan léttingsvagn og bað ökumanninn að fara í hægðum sínum um fámennustu götur bæjarins. Tilgangur minn var auðvitað sá, að skifta um föt. Þegar ég var orðinn enskur veiðimaður, lét ég aftur aka til aðalgatnanna og keypti mér ýmislegt fleira, er ég þurfti til ferðarinnar. Undrun ökumannsins, þegar ég sté út úr vagninum í nýjum fatnaði og með nýtt hár, var ekkert smávaxin. Seinast lét ég hann aka mér að hótelinu, sem Sir Redleigh hafði farið inn í, og bað um herbergi fyrir nóttina. Svo gekk ég ofan í borðsalinn og spurði með hárri röddu — auðvitað ekki Copingstone röddinni:

"Borðþjónn, nær fer fyrsta eimlest af stað til Stirling á morgun?"

Ég leit í kring um mig og kom auga á vin minn, sem sat þar við borð og var að lesa ferðaáætlunina. Hann hafði heyrt til mín og leit upp, en þjónninn svaraði:

"Þessi herra hefir ferðaáætlunina eins og stendur, strax og hann er búinn með hana, skal ég færa þér hana".

"Ég er búinn með hana", sagði Sir Arthur mjög kurteislega, og svo rétti þjónninn mér hana.

"Ég gekk nær og þakkaði honum. "Tilfellið er, að ég hefi mjög leiðinlegt verk með höndum", sagði

ég, "og langar til að losna við það sem fyrst. Systir konu minnar er orðin brjáluð af trúarflækju íhugunum, og mig langar til að koma henni fyrir á góðum stað, þar sem vel fer um hana, sem fyrst. Mér hefir verið vísað á slíkan stað í Stirling, hjá læknínum — lækninum — ja, hvað heitir hann nú aftur?"

Þetta gat Sir Arthur ekki þolað. Þar eð við ætluðum til sama plássins, fanst honum það líta undarlega út, ef hann þegði yfir því, sem hann vissi, og segir því önugur nokkuð: "Það er ekkert einkahæli fyrir sinnisveika í Stirling, svo ég viti, en í mílu fjarkegð þaðan er eitt í Auchertown —"

"Já, það er þar", sagði ég, "ég hélt það væri í útjaðrinum á Stirling. Það var Sir William Clark, vinur minn, sem vísaði mér á það. Þekkirðu nafn eigandans?"

"Já, hann heitir dr. Raebell", svaraði hann dauflega. "Ég á líka vin á hans stofnun, sem ég ætla að heimsækja".

"Á, það fer vel á því; máske við getum orðið samferða. Með hvaða lest fer þú?"

Hann sagði mér nær lestin færi, og svo snerist samtalið um önnur efni. Ég mintist ekkert á Haughton sorgarleikinn, því ég vildi gera hann rólegan, en það var ekki hægt, hann var í djúpum hugsunum og svaraði stundum engu því sem ég sagði, eða þá að svar hans átti ekki við. Loks mintist ég lauslega á, hvern hann ætlaði að heimsækja hjá dr. Raebell, en því tók hann mjög illa, og skömmu síðar fór hann til herbergis síns, til þess að skrifa nokkur sendibréf, sagði hann.

9. KAPÍTULI.

Sinnisveikrahælið.

Morguninn eftir fundumst við þegar borðað var, og ókum svo í sama vagni á eimreiðarstöðina. — Stirling er ekki langt frá Glasgow, svo við komum þangað bráðlega, og leigðum þar vagn til að flytja okkur til Auchertown, sem er lítið þorp inn á milli fjallanna, hér um bil 2 mílur frá Stirling. Á leiðinni fjasaði ég óhikað um mágkonu mína og orsökina til veiki hennar, en mér hepnaðist ekki að fá neitt fræðandi svar hjá samferðamanni mínum, sem varð æ daufari og meir hugsandi eftir því sem við nálguðumst hælið. Loks komum við að sterkum dyrum í háum múrvegg. Þar stigum við ofan úr vagninum og var síðan hleypt inn. Það var auðséð, að dyravörður þekti samferðamann minn. Þegar við vorum komnir inn fyrir múrvegginn, var staðurinn mjög viðfeldinn. Það var stór og myndarlegur skemtigarður utan um sjúkrahælið, sem stóð í honum miðjum, fagurt og smekklegt til að sjá. Það líktist ekki að neinu leyti fangelsi, eins og mönnum hættir við að ímynda sér um sinnisveikra hæli. Við gengum fram hjá nokkrum sjúklingum, sem voru að hreyfa sig um garðinn, og í því við komum að dyrunum, kom sjálfur eigandinn út. Dr. Raebel var þrekinn maður og feitur, með langt yfirskegg, skölljótt höfuð og stöðugt bros um munninn, — hann var af þeirri tegund manna, sem alt af eru vingjarnlegir. Hann heilsaði Sir Arthur mjög innilega, og mér

sömuleiðis, svo bauð hann okkur inn í skrifstofu sína sem var lítið herbergi með smekklega skreyttum veggjum. Ennfremur var þar smálíkneski af dreng, sem lét örn sitja á knjám sínum og drekka úr skál, sem hann hélt á, í skálinni virtist vera mjólk. — Læknirinn sá, að ég hosjfði á þetta listasmíði, sneri sér því að mér og sagði:

"Ó, ég sé að þú horfir á þetta líkneski, sem auðvitað er stæling, en ekki frumsmíði, að kaupa það leyfðu eíni mín ekki. Þú sérð sjálfsagt frumhugsunina í þessu listasmíði, hinn óbundni örn á að njóta huggunar af velvild fangavarðar sins meðan hann er í fangelsinu. Þetta er ímynd þess reglukerfis, sem hér gildir".

Þetta vakti eftirtekt mína, því þá vissi ég ekki það, sem ég hefi síðan fengið að vita, að það var hugmynd myndasmiðsins, að það var örnin, sem veiddi drenginn, en drengurinn ekki örnina. Sir Arthur var í meira lagi óróleguur. Loks sagði hann:

"Læknir, mig langar til að tala við þig undir fjögur augu, ef þú hefir tíma".

"Já, gjarnan, góði herra. Ég skal kalla á aðstoðarmann minn, og biðja hann að fara með vini þínum um húsið og sýna honum það.

Sir Arthur áleit nauðsynlegt að koma með athugasemd þessa: "Ég er ekki svo heppinn að þekkja þennan herra. Við áttum báðir erindi hingað og því urðum við samferða".

"Já", flýtti ég mér að segja. "Ég á frændkonu, sem mér hefir verið ráðlagt að koma hér fyrir, og þess vegna þætti mér vænt um, að mega skoða stofnuninа. Nafn mitt er Tracey-Cooke".

Læknirinn varð mjög blíður á svip, þegar hann heyrði þetta, og þegar aðstoðarmaður hans kom, fól hann honum á hendur að sýna mér og segja mér frá stofnuninni. Ég hefði viljað gefa hundrað pund fyr-

Cleveland Imperial **Massey Perfect** **Brantford Rambler**

Engin þörf að keyra með lúin hes til bæjar, þegar drengurinn mundi með ánægju fara á hjóli. Gætið að tímatapi og hestanöðslu við það, að útvega ekki piltum reiðhjól,— það sem yrði yður erfiði, yrði þeim bara skemtun. — Spyrjið börnin hvað þau vildu heldur en reiðhjól.—Það veitir þeim meiri ánægju og yður hagsmuna, en flest annað er þér kaupið. — Kaupið piltinum reiðhjól!

Canada Cycle & Motor Co., Ltd., Winnipeg.
147 PRINCESS STREET. Heimsins Bestu Reiðhjóla-smiðir.

Hin nýja stefna heilsufræðinnar.

FRAMHALD FRÁ BLS. 2

þvo sig alt of lítið innan með vatni. Það getur aldrei gert nema gott, sérstaklega á morgnana á fastandi maga. Það styrkir og herðir öll innýflin. Hver maður, sem lifir af kjarngóðri fæðu, ætti að minsta kosti að drekka 2 potta eða meira á hverjum degi. Sundið, þessi forna, göfuga íþrótt forfeðra vorra, er nú kvað vera, sem betur fer, sem óðast að riðja sér til rúms aftur á hinni fornu ættjörð vorri, virðist alveg vera lögð á hilluna hjá flestum ungum uppvaxandi mönnum hjá þjóðflokki vorum hér vestan hafs. — En það verð ég að segja, að engri íþróttalist veit ég af, sem ég heldur vildi kjósa fyrir unga, uppvaxandi landa mína, en einmitt sundið. Íslenzkar taugar þurfa að vekjast og stælast, og þá er ekkert betra enn kuldinn, ef hann ekki kemst of langt inn í líkamann, og helst þar ekki of lengi.

Vatnsböðin hafa afarmikla þýðingu, í meðferð þeirra sjúkdóma, sem mikil hitaveiki fylgir. Þau reynast þar einu óbrigðulu meðulin, sem hægt er að hafa vald á hitanum með, enda hafa þau að mestu leyti útrýmt fyrri tíðar hita-meðulum. Það hefir og lengi verið á vitund manna, að í sjónum feldust ýms þau efni, sem heillavænleg áhrif hefðu fyrir líkamann, enda eru sjóböðin viðurkend þau allra beztu, sérstaklega steypiböðin, í öllum taugasjúkdóm um (Nervous Diseases).

"Mehr Lícht!" (meira ljós!) voru andlátsorð Göthes, þýzka skáldkonungsins fræga, sem dó 1832. Hafi það verið ljós líkamlegra augna, sem fyrir honum vakti, þá hefir hann verið bænheyrður, því bæði er það, að fyrir 10 árum fann Roentgen, þýzkur háskólakennari, nýjan geisla, langt um sterkari enn alla aðra geisla, sem þekst höfðu og þekkjast enn, sem hefir haft mikla þýðingu fyrir handlækningar, því með honum er hægt að sjá alla framandi harða hluti, t.d. byssukúlur, sem felast í líkamanum einnig og beinbrot, sem hefir lent í ólagi, af því þau hafa ekki sest vel saman. Og hitt, að sólarljósið auðnaðist landa vorum Níels heitnum Finsen að aðskilja, og nota svo hina einstöku, mismunandi geisla þess, eða áhrif þeirra, til að útrýma og gera út af við ýmsar skaðlegar sóttkveikjur í holdi og hörundi, — til dæmis "Lupus Vulgaris".

Einnig sálina hefir verið reynt að höndla í þarfir heilsufræðinnar, með því sem Hypnotism (dáleiðsla) kallast,eða því er nefnir sig "Christian Science", af því það er dálitið finna og gangi betur í almenning, að sumir segja. Ég hefi ekki nægilega kynt mér þau málefni, en margt virðist benda í þá átt, að alt sé það sama tóbakið — að eins "Mental Suggestion", sem kölluð er. En það hefir líka lengi verið viðurkent, að "trúin flytti fjöll", og er þá ekki rétt af þeim, að vera með of miklar getsakir í þeirra garð, er halda fram þessari kenning, sem engar tilraunir hafa gert í þá átt, eða kynt sér hana kostgæfilega, en jafnframt verður mönnum að fyrirgefast, þó þeim sumum hverjum þyki hún nokkuð strembin.

Háttvirti forseti, heiðruðu tilheyrendur!!

Það hefir aldrei þótt við lambið að leika sér, hvort heldur hefir verið að rita eða flytja mikið um læknisdóma á voru kæra móðurmáli. Því að þó að það í mörgum öðrum fræðigreinum geti "legið lipurt og létt á kostum hreinum", þá er það ekki enn sem komið er nógu auðugt af lækna-nýyrðum, sökum þess, að fræðin eru svo tiltölulega ung í landinu, — að það geti náð fyllilega öllum þeim hugtökum, sem í hinu alheimslega máli læknanna felst.

Ég get því vel gert mér grein fyrir þeim hinum megnu píslum, sem sumir hverjir yðar, er næmt eyra hafið fyrir fögru máli, hafið orðið að líða meðan á þessum upplestri stóð, og dettur mér þá í hug vísa í því sambandi eftir Hannes Hafstein, sem hljóðar svo:

Dýraverndan dygðarika
drógar verndar þú.
Sýn hér þína líknsemd líka,
láttu hætta nú.

Og svo bið ég yður öll velvirðingar.

Ferðasaga.

Stærsta borg í heimi.

I.

Árið 2009, í desember, var ég staddur í höfuðborg Ameríku, eða sem jafnvel mætti segja: — höfuðborg heimsins. En hún er Winnipeg í Kanada. Undarlega bar vöxt og viðgang þessarar borgar að höndum. Á einum hundrað árum hefir fólkstal í borginni aukist nær því 77 sinnum. Íbúatalan var þar árið 2009 rúm hálf áttunda milión. Hún er höfuðborgin á meginlandi Ameríku, og hefir skeiðað að vexti og uppgangi fram úr öllum stórborgum heimsins. Árið 1909 var fólkstala þar um 110 til 120,000, að öllu til tíndu. Fyrsta heimssýningin var haldin þar árið 1912. Þá var fólkstalan um 360,000. Hún hafði þrefaldast á 3 árum. Frá 1912—1918 stóð hún nokkurn vegin í stað. Árið 1912 tók Konservative flokkurinn í Kanada ríki við stjórnartaumunum. Árið 1918 var sá flokkur búinn að tengja Winnipeg við Hudsons flóann, og skipaleið opnuð þaðan til Norðurálfunnar.

Liberal stjórnarflokkurinn hafði marglofað að byggja þessa braut norður að flóanum, en sveik þjóðina allajafna um það fyrirtæki. Stöfuðu svikin af óhemjulegri fjáreyðslu úr ríkissjóði og stórvaxandi þjóðskuld. Þar af urðu venjulegar afleiðingar: vantraust og ótrú á lánstrausti þjóðarinnar.

Sá stjórnarflokkur lét að vísu starfa að mælingum á vegstæðum undir þá braut, að minsta kosti á spottum hér og þar. Hann lét líka ryðja saman nokkrum moldarhnausum og aka mold og sandi í hjólbörum hér og þar, og nefndi það brautargrunn. En tilgangur þeirrar stjórnar var aldrei sá, að byggja nefnda braut. Hann var að eins til málamyndar og blekkingar við þjóðina. Árangurinn var: stór fjártöp, sökkvandi gjaldþrot og vanvirða á þjóðina í Kanada. Stjórnin svalg peningana í sig sjálfa, og leyfarnar gaf hún fylgifiskum og flokkslegátum sínum. Því var það, þegar Konservative flokkurinn kom til valda 1912, var þetta fyrirtæki ekki meira virði en glerbrot úti á öskuhaug. Frárekin stjórn hafði haft þetta Hudson flóa járnbrautarbrask fyrir glæsibeitu á trúgirni almennings, og var búin að ginna hana á von utan vits, með alls konar pírumpárí og vammalátum. Þjóðin stóð höndum uppi ráðþrota í hamragljúfrum fjárglæfra og stjórnarsvika. Þá tók hinn nýkosni stjórnarflokkur Konservativa strax til óspiltra málanna. Hann átti við marga stóra örðugleika að etja. Þau ár var árferði tæplega í meðallagi Peningamarkaður daufur öll verzlun afar ísjárverð og nasknýtin. Þjóðin stóð uppi í höku í töpuðu lánstrausti, og náði hvergi til botns í þjóðskuldasúpunni. Lánstraust hennar var eitt hið herfilegasta, hvar sem leitað var. Eftir þriggja ára ríkisstjórn Konservative flokksins (1915), fóru kröggurnar ögn að lagast. Árferði fór batnandi ár frá ári. Verzlunarfjör gerði hvervetna vart við sig. "Vex hugur þá vel gengur", segir fornt orðatiltæki, og sannaðist það á þjóðinni á þeim tímum. Hagur ríkisins fók algerðum stakkaskiftum, og velliðan ríkti í landinu, eftir því sem næst verður komist í þjóðhagsskýrslum þeirra ára.

Þá gerði Konservative flokkurinn mjög hyggilega og happasæla ráðstöfun og samninga á fjárláni til að byggja hina margumtöluðu og almennt þráðu járnbraut norður að Hudson Bay. Stjórnin lét brautina vera þjóðareign. Á fyrsta ári reyndist hún til stórframfara og arðberandi fyrirtæki, og varð þegar afar vinsæl hjá alþýðu í Vesturlandinu. Þá, árið 1918, réðst Konservative stjórnin í hin stórfrægu mannvirki, að gera hafskipaleið á milli Winnipeg bæjar og Hudsons flóans. Stóð það mannvirki yfir til arsins 1925, eða jafnlengi og "Sjö ára stríðið" forðum daga. — Þar eftir gengu stærstu hafskip daglega inn að og út frá borginni Winnipeg á sumrum. Hún var þá orðin hafnarbær, nærri því í miðdepli á meginlandi Norður-Ameríku. Frá þeim tíma hefir Winnipeg verið aðal slagæð allra meginverzlunar viðskifta milli Ameríku og Norðurálfunnar. Strax rann borgin fram sem fífill í túni. Og fylgdi þeim uppgangi hinn mesti og hollasti menningarbragur, sem hver stórborg þarf að bera, til þess að ná festu í sessi tímanna. Borgin stækkaði svo óðfluga þrjá fjórðu parta síðustu aldar, að þar að komast engin dæmi áður þekt í veraldarsögunni.

Liverpool á Englandi er aðalhafnarbær í Evrópu, gagnvart Winnipeg á meginlandi Vesturheims. Þar næst er Glasgow á Skotlandi. Millistöðva hafnarbær er Reykjavík á Íslandi. Sú borg er lítið afvega, af beinustu skipaleið frá Winnipeg til Bretlands. Reykjavík hefir tekið örskreiðum framförum síðan þessi Winnipeg, Hudson Bay & Liverpool skipalínur hófust. Reykjavík taldi 2009 um 500,000 íbúa. Hún hefir sem sagt margfaldast 50 sinnum á síðustu 100 árum. Fólkstalan í Winnipeg hefir margfaldast 77 sinnum, en fólkstalan í öllu ríkinu hefir ekki margfaldast nema 15 sinnum á sama tíma.

Í II. kafla verður ýmsu fornsögulegu lýst í Winnipeg. Aðallega því, sem lýtur að Íslendingasögu þar, frá 1899—1909. Sumir kaflar í þessari ferðasögu eru einkennilegir og fróðlegir, sérdeilis fyrir fólk, sem nú lifir, en býst við að deyja og verða að sagnöndum í hinu lífinu. Einnig getur höfundurinn um nokkrar afturgöngur af Íslandi, sem endur fyrir löngu laumuðust í farangri íslenzkra innflytjenda, og gerðu á ýmsan hátt vart við sig vestan hafs, einkum á sérstökum stöðum í bænum Winnipeg, sem þá var.

Í ritmál færir:

K. Ásg. Benediktsson.

TÍL

Margrétar J. Húnfjörð.

Út af láti dóttur hennar Hólmfríðar, sem lézt árið 1908.

Veit ég þín móður sorg er sár,
dóttir svo góð varð gröf að sæta,
gjafvaxta fljóð nú dauða' að mæta,
falla í hljóði trega tár.

Hópinn í kæra er komið skarð,
elskaða mærin moldum hulin;
myrkur er bær og gleði dulin.
Heimili fjær hún hniga varð,

Sem var svo blíð og ljúf í lund, —
ætíð svo þýð og þekk í huga;
þolgóð alt stríð að yfirbuga
sérhverja tíð við móður mund.

Þegar á grundu gréru blóm,
og þegar lundin lifið þráði, —
liðin var stund, sem gæfu spáði, —
hné hún í blund við dauðans dóm.

Sárt hefir skorist þanki þinn,
heim var hún borin bleik á fjölum; — —
bernsku á vori lífs frá, kvölum
steig hún sitt spor í eilífð inn.

Hugga þig nú í harmi má
vitundin sú, sem von þér gefur:
vorið í snúist eilífð
hefur,
Friðu — og þú munt þetta sjá.

Ó. T. Johnson.

24. maí 1909.

Úr ýmsum áttum.

Úr bréfi frá Steinbach, Man., 31. maí 1909: — "Engar fréttir héðan nema inndæl tíð og framtíðar útlit alt hið ánægjulegasta. Hátt verð á hveiti, $1.15 bush. Svo hátt hefir það aldrei fyr orðið í þessari bygð. — Marga hér fýsir að vita, hvernig reiðir af milli Íslands og Danmerkur, og finst mál til komið, að það sé klárað. Um erindislok íslenzku forsetanna og framkomu þeirra ytra hefi ég verið fáorður, eins og von var, í garð þjóðar minnar, og finst það ekki berandi á borð fyrir annara þjóða menn. Mér dylst ekki, að sú framkoma var hreinasta hneyksli, svo sem það, sem haft er eftir forsetunum, að 99 af hundraði hverju landsmanna væru andvígir skilnaðar hugmyndinni. Hver hafði heimild til þess, að gera slíka staðhæfingu fyrir hönd Íslendinga? Ég hygg, að Kristján Jónsson yfirdómari hafi engan dómararétt haft í því máli. Hinsvegar eru líkur til þess, að meðal Vestur-Íslendinga séu 99 af hundraði hverju, sem óska aðskilnaðar Íslands og Danmerkur. — Það var illa farið, að Skúli var ekki kvaddur á konungsfund. Sá maður hefir sýnt það með framkomu sinni, að hann lætur ekki danska kögursveina blása sverðið úr hendi sér.—Magnús Johnson".

— Á fjölmennum fundi námaeigenda í Kenora, Ont., þann 1. þ.m., skýrði herra Thurber frá nýrri gulltekju aðferð, sem hann hefir fundið upp, og sem svo er nákvæm að með henni má ná öllu gulli, sem hægt er að ná, án þess að nokkuð af því missist í meðferðinni, og þessu til sönnunar kvaðst hann hafa prófað aðferð sína með því, að ná með henni svo miklu gulli úr málmblendingi þeim, sem áður var búið að yfirfara og taka alt gull úr, að því er séð varð, — að verkið við endurhreinsunina hafi borgað sig vel. Meðmæli sín með nýju aðferðinni byggir hann á þessum atriðum:

1. Að ekkert af gullinu tapist við uppgufun, þegar það er hreinsað við eldshita úr grjótinu.
2. Að hann nái meira gulli úr alls konar málmblendingi með aðferð sinni, heldur enn fáist með nokkurri annari aðferð.
3. Að hann geti með aðferð sinni náð gulli úr grjóti, sem gull náist ekki úr með nokkurri annari aðferð.
4. Að kostnaðurinn við gulltekjuna úr tonni grjóts sé $6 með nýju aðferðinni, og sé það langt um minna en með nokkurri annari aðferð.
5. Að úr því málmgrjóti, sem gefi af sér 1 til 1½ dollar gulls úr tonni með gömlu aðferðinni, geti hann með nýju aðferðinni náð frá 10 til 17 dollars virði af gulli úr tonninu.

KENNARA

vantar fyrir Thor skólahérað, No. 1430, í Argyle. Kenslutími að byrja 1. júlí og varir til ársloka. Umsækjandi geri svo vel að tiltaka kaup og mentastig. Tilboðum veitt móttaka til 20. júní.

Edvald Olason,
Sec'y-Treas,
Brú P.O., Man.

— Gamli James J. Hill var nýlega á Seattle sýningunni. Hann var spurður um skoðun hans á framtíðarverði hveitis hér í landi, og hvert sú saga væri sönn, að James A. Patton, hveitikaupmaðurinn nafnkunni, væri orsök í vaxandi verði hveitis. Hill gamli svaraði á þessa leið: — "Það er rangt að segja, að herra Patten hafi náð yfirráðum á hveiti markaðnum hér í landi. Hann greip að eins það tækifæri, sem honum var lagt upp í hendurnar. Það eru ekki nema fá ár liðin síðan sú áætlun var gerð, að notkun hveitis hér í landi væri 6 bushel á mann að jafnaði. En nú segja fróðir menn, að hveitieyðslan sé 7 bushel á mann á ári hverju í Bandaríkjunum. Manntalið, sem tekið verður árið 1910, mun sýna, að Bandaríkin hafa 90 miliónir íbúa, sem þýðir það, að vér þurfum til heimanota 630 miliónir bushela héreftir. En vér framleiðum ekki nema 650 miliónir bushela á ári, og höfum því ekki til útflutnings meira en 20 miliónir bushela, í stað þess að á liðnum árum höfum vér getað selt til útlanda 120 miliónir bushela á ári. Af þessu er það ljóst, að vér þurfum sjálfir, að nota alt það hveiti, sem vér framleiðum, til þess að fæða vort eigið fólk. — Innan 5 ára verður hveiti frá austur Washington sent austur til að fæða fólkið í austur og mið-vestur fylkjunum. Og þegar vér athugum þessi mál, þá er vert að minnast þess, að á síðasta ári var slátrað einni milión gripa færra enn árið á undan. Þegar bændurnir í Iowa, Minnesota og Nebraska geta fengið 65 cents fyrir hvert bushel af mais-korni heima í héraði, þá má búast við að þeir selji alla kornvöru sína".

Segið til þeirra.

Hver, sem veit um núverandi heimilisfang Helga Ísakssonar, sem flutti hingað vestur frá Akureyri fyrir 2 árum, og Ólínu Tjörfadóttur, ættaðri úr Eyrarsveit í Snæfellsnessýslu á Íslandi (gift dönskum manni, Oskar Sveistrup), — er vinsamlega beðinn að gefa upplýsingar um það á skrifstofu þessa blaðs, sem allra fyrst.

Herra Jón Hólm, gullsmiður að 770 Simcoe St., biður þess getið, að hann selji löndum sínum gull- og silfur-muni og gigtarbelti. — Belti þessi eru óbrigðul við gigt, ef þau eru notuð samkvæmt fyrirskipunum Jóns. Kosta að eins dollar og kvart.

LEIÐBEININGAR--SKRÁ
YFIR ÁREIÐANLEGA VERZLUNARMENN Í WINNIPEG

MUSIC OG HLJÓÐFÆRI

CROSS, GOULDING & SKINNER, LTD.
323 Portage Ave. Talsími 4413

MASON & RISCH PIANO CO., LTD.
356 Main Stree Talsími 480
W. Alfred Albert, Íslenzkur umboðsmaður

WHALEY ROYCE & CO.
356 Main St. Phone 263
W. Alfred Albert, bóðarþjónn.

BYGGINGA- og ELDIVIÐUR.

J. D. McARTHUR CO., LTD.
Bygginga- og Eldiviður í heildsölu og smásölu.
Sólust: Princess og Higgins Tals. 5060, 5061, 5062

MYNDASMIÐIR.

G. H. LLEWELLIN,
"Medallions" og Myndarammar
Starfstofa Horni Park St. og Logan Avenue

SKÓTAU Í HEILDSÖLU.

AMES HOLDEN, LIMITED.
Princess & McDermott. Winnipeg.

THOS. RYAN & CO.
Allskonar Skótau. 44 Princess St.

THE Wm. A. MARSH CO. WESTERN LTD.
Framleiðendur af Fínu Skótaui. Talsími: 3710
88 Princess St. "High Merit" Marsh Skór

RAFMAGNSVÉLAR OG ÁHÖLD

JAMES STUART ELECTRIC CO.
324 Smith St. Talsímar: 3447 og 7802
Fullar byrgðir af alskonar vélum.

GOODYEAR ELECTRIC CO.
Kellogg's Talsímar og öll þarafölut. áhöld
talsími 3023. 56 Albert St.

RAFMAGNS ÁKKOKÐSMENN

MODERN ELECTRIC CO
412 Portage Ave Talsími: 3658
Viðgjörð og Vir-lagning — allskonar.

BYGGINGA-EFNI.

JOHN GUNN & SONS
Talsími 1277 266 Jarvis Ave.
Höfum bezta Stein, Kalk, Cement, Sand o. fl.

THOMAS BLACK
Selur Járnvöru og Bygginga-efni allskonar
76—82 Lombard St. Talsími 600

THE WINNIPEG SUPPLY CO., LTD.
298 Rietta St. Talsímar: 1936 & 2187
Kalk, Steinn, Cement, Sand og Möl

BYGGINGAMEISTARAR.

J. H. G. RUSSELL
Byggingameistari.
Í Silvester-Willson byggingunni. Tals: 1068

PAUL M. CLEMENS
Bygginga-Meistari, 443 Maryland St.
Skrifst.: Argyle Bldg., Garry st. Talsími 5997

BRAS- og RUBBER-STIMPLAR

MANITOBA STENCIL & STAMP WORKS
421 Main St. Talsími 1880. P. O. Box 244.
Búum til allskonar Stimpla úr málmi og togleðri

VÍNSÖLUMENN

GEO. VELIE
Hef'dsölu Vínsali. 185, 187 Portage Ave. E.
Smá-sölu talsími 852. Stór-sölu talsími 464.

STOCKS & BONDS

W. SANFORD EVANS CO.
326 Nýja Grain Exchange Talsími 3696

ACCOUNTANTS & AUDITORS

A. A. JACKSON,
Accountant and Auditor
Skrifst.—28 Merchants Bank. Tals.: 5702

OLÍA, HJÓLÁS-FEITI OG FL.

WINNIPEG OIL COMPANY, LTD.
Búa til Stein Olíu, Gasoline og hjóláss-áburð
Talsími 1590 611 Ashdown Block

TIMBUR og BÚLOND

THOS. OYSTAD, 308 Kennedy Bldg.
Viður í vagnhlössum til notenda, búlönd til sölu

PIPE & BOILER COVERING

GREAT WEST PIPE COVERING CO.
132 Lombard Street.

VÍRGIRÐINGAR.

THE GREAT WEST WIRE FENCE CO., LTD
Alskonar vírgirðingar fyrir bændur og borgara.
76 Lombard St. Winnipeg.

ELDAVÉLAR O. FL.

McCLARY'S, Winnipeg.
Stærstu framleiðendur í Canada af Stóm, Steinvöru [Granitewares] og fl.

ÁLNAVARA Í HEILDSÖLU

R. J. WHITLA & CO., LIMITED
264 McDermott Ave Winnipeg
"King of the Road" OVERALLS.

BILLIARD & POOL TABLES.

W. A. CARSON
P. O. Box 225 Room 4 i Molson Banka.
Öll nauðsynleg áhöld. Ég gjöri við Pool-borð

NÁLAR.

JOHN RANTON
203 Hammond Block Talsími 4679
Sendið strax eftir Verðlista og Sýnishornum.

GASOLINE Vélar og Brunnborar

ONTARIO WIND ENGINE and PUMP CO. LTD
301 Chamber St. Sími: 2988
Vindmillur — Pumpur — Agætar Vélar.

BLÓM OG SÖNGFUGLAR

JAMES BIRCH
442 Notre Dame Ave. Talsími 2638
BLÓM - allskonar. Söng fuglar o. fl.

BANKARAR, GUFUSKIPA AGENTR

ALLOWAY & CHAMPION
North End Branch: 667 Main street
Vér seljum Avísanir borganlegar á Íslandi

LÆKNA OG SPÍTALAÁHÖLD

CHANDLER & FISHER, LIMITED
Lækna og Dýralækna áhöld, og hospítala áhöld
185 Lombard St., Winnipeg, Man.

R. A. THOMSON AND CO.

Cor. Sargent & Maryland St.

Selja allskonar MATVÖRU af beztu tegund með lægsta verði. Sérstakt vöruúrval nú þessa viku Vér óskum að Íslendingar vildu koma og skoða vörurnar. Hvergi betri né ódýrari.—

Munið staðinn:—
HORNI SARGENT AVE. OG MARYLAND ST.
PHONE 3112.

F. Deluca

Verzlar með matvörn, aldini, smá-kökur, allskonar sætindi, mjólk og rjóma, sönnul. tóbak og vindla. Óskar viðskifta Íslend. Heitt kaffi eða te á öllum tímum. Fón 7756

Tvær búðir:
587 Notre Dame og 714 Maryland St.

DR. H. R. ROSS

C.P.R. meðala- og skurðlækuir.
Sjúkdómum kvenna og barna veitt sérstök umönnun.
WYNYARD, — SASK.

S. R. HUNTER & CO
Skraddarar,
189 Lombard Street

Búa til ný-móðins karlmannafatnaði eftir máli.— Efni og vinnubrögð afbeztu tegund, og alt ábyrgst að vera jafngildi þess bezta sem fáanlegt er í borginni. Verðið er við allra hæfi. —

S. R. Hunter & Co.
189 Lombard St.
Telephone 1395.

JOHN DUFF
PLUMBER, GAS AND STEAM FITTER
Alt verk vel vandað, og verðið rétt
664 Notre Dame Ave. Phone 3815
Winnipeg

The Dominion Bank
NOTRE DAME Ave. BRANCH Cor. Nena St.

VÉR GEFUM SÉRSTAK AN GAUM AÐ SPARISJÓÐS-DEILDINNI. —

VEXTIR BORGAÐIR AF INNLÖGUM.
HÖFUÐSTOLL - - - $3,983,392.38
SPARISJÓÐUR - - $8,300,000.00
A. E. PIERCY, MANAGER.

KOL OG VIDUR

Þur, beinharður eldiviður, — Poplar, Pine, og Tamarac með mjög sanngjörnu verði. — Nú sem stendur verið að afferma mörg vagnhlöss af BEZTA DAUPHIN TAMARAC. —

McElroy Bros.
Cor. Sherbrooke & Ellice
PHONE: 6612

Vitið þér það



Að MAGNET Rjómaskilvinda með ein-stykkja fleytirnum, aðskilur fullkomlega alla smjörfitu úr mjólk inni. Miðflótta-afl var tyrst notað til aðskilnaðar mjólkur-fitunnar í holri kúlu. En það varð fljótt séð að þessi útbúnaður fullnægði ekki. Og þá stukku skilvindumenn langt skref og gerðu fleytir úr mörgum stykkum. Það var hart að fella svo mörg stykki saman og ómögulegt að halda þeim hreinum. MAGNET skilv. hefir ENGIN þessi óþægindi Hefir komið í veg fyrir þau þannig: 1. Með því að hafa stálskálina lægri en á öðrum vélum, og mjórri og studda að ofan og neðan. — (Magnet patent.) 2 Í henni hreyfist skálin með 'spur' eða 'square gear' afli. Það afl er traust og vélin rennur svo stöðug að aðskilnaðurinn verður algjör og rjómi inn ágætur, 3 Með lang-skálum og 'square gear' aflinu í traustri umgjörð var ómögulegt að gera einstykkisfleytir, sem aðskildi alla smjörfituna úr mjólkinni. Hann gerði meira: hann aðskildi sjúkdóms - gerla og annan óhroða og veitir þannig alveg hreina framleiðslu. 4. 11 ára dagleg notkun hefir sýnt að Magnet eyðist ekki, og aðskilur eins vel nú eins og þegar vélin var fyrst seld. 5. Einstykkis-fleytirinn er auðhreinsaður á ¼ þeim tíma sem tek úr að hreinsa aðra fleytira. 5. Magnet stöðvarinn umkringir skálina og stöðvar vélina á 8 mínútum án skemdar. H. A Shaw, Smjörgerðar kennari í Moosomin, Sask., segir: "Jeg hefi prófað MAGNET grandgæfilega, og fundið hana beztu rjómaskilvindu sem ég hefi þekt. Hún aðskilur vel hvar sem hún er sett.

The Petrie Mfg. Co., Limited
WINNIPEG
HAMILTON. ST. JOHN. REGINA. CALGARY.

McLEAN HÚSID

Mesta Music-Búð Winnipegborgar

Alþýðan metur heiðarleg verzlunar-viðskifti og ósvikna verzlunar-vöru. Þetta er ástæðan fyrir því, hve feykilega mikið verzlun vor hefir vaxið. Þeir, sem kaupa Píanó eða Orgel af oss, segja vinum sínum hve þægilegt sé að skifta við oss, og svo koma þeir einnig og kaupa af oss. Vér ábyrgjumst hvert einasta hljóð færi sem vér seljum, að vera alveg eins og vér segjum, og með því að vér höfum aðeins vönduðustu hljóðfæri, þá getið þér reitt yður á hvert það Píanó eða Orgel sem af oss er keypt. Vér erum einka umboðsmenn fyrir gamla fél., Heintzman & Co Píanó.

Vér höfum nokkur brúkuð Píanó og Orgel sem vér ætlum að selja þeim fyrstu sem koma, — með ofurlágu verði. —

J. J. H. McLean & Co LIMITED.

528 Main St. Talsími 808
ÚTIBÚ Í BRANDON OG PORTAGE LA PRAIRIE.

Fréttir úr bænum.

Frá Íslandi komu til Winnipeg á fimtudaginn var; Mrs. Laxdal, kona herra Grims Laxdal í Wadena, Sask., með 6 börn þeirra hjóna. Sömuleiðis ekkjan Marja Kristjánsdóttir úr Ólafsdal í Eyjafjarðarsýslu, með 7 börn sín. Hún fór til bróður sín, herra Sigfúsar R. Ísfelds, sem býr að Wynyard, Sask. Þetta fólk fór héðan vestur á föstudaginn var. Einnig kom með konum þessum Ragnheiður Davíðsdóttir frá Veigastöðum við Eyjafjörð, með kjördóttur sína 12 ára gamla. Ragnheiður er hálfsystir þeirra kaupmannanna Stefáns og Jóhannesar Sigurðssona í Nýja Íslandi. Hún fór þangað ofan eftir á laugardaginn var.

Í fréttum sagði fólk þetta ekki annað en mestu veðurblíðu á Íslandi alt sl. ár og það sem af er þessu ári. En ekkert fjör í atvinnuvegum og peningaþröng.

Herra Jónas Pálsson, söngfræðingur, hefir PIANO RECITAL með nemendum sínum í Y.M.C.A. byggingunni miðvikudagskveldið þ. 23. þ.m. Nánar auglýst síðar.

Söngflokkur Únitara safnaðarins færði söngkennara sínum herra A. J. Johnson að gjöf dýran og vandaðan göngustaf á sunnudaginn var — í síðasta sinn, er Mr. Johnson spilaði. — Á stafinn er letrað: "Með beztu þökkum, til A.J.Johnson, frá Únitarasöngflokknum í W'peg, 6.6, 1909". — Herra Johnson hefir verið organisti við Únitarakirkjuna síðan hann kom í þessa borg fyrir 3 árum.

Á laugardagskveldið var lézt í Nýja Íslandi John Rockman.

Herra Sveinn Thorwaldsson, kaupmaður við Íslendingafljót, fór í gærdag héðan suður og austur um Bandaríki. Hann leggur leið um Minneapolis, St. Paul, Chicago, New York, Boston og aðrar borgir þar eystra. En kemur til baka gegn um Montreal, Toronto, Port Arthur og Fort William. Hann býst við að verða 5—6 vikur í þessari ferð.

Herra Sveinn Björnsson, að 703 Victor St., Wesley skóla nemandi, var á mánudaginn var skorinn upp á Almenna spitalanum hér, við botnlangabólgu. Holdskurður þessi tókst vel, og vonast til, að sjúklingurinn komist á fætur aftur í lok þessa mánaðar.

Mrs. Ólöf Bjarnason, að 278 Nassau St., Fort Rouge, fór í gær dag alfarin til dóttur sinnar, Mrs. P. J. Graeber í Buffalo, N.Y. Mrs. Bjarnason hefir dvalið hér í borg í sl. 17 ár, og á þeim tíma eignast marga kunningja og vini hér. Hún biður Heimskringlu að færa þeim öllum kæra kveðju sína, og innilegt þakklæti öllum þeim, sem henni hafa verið vel síðan hún kom hingað vestur.

Útsölumenn

póstspjaldanna íslenzku, sem mest er talað um nú um þessar mundir, eru auk þeirra, er auglýstir voru í síðasta blaði: Hannes Kristjánsson, Gimli; H. J. Halldórsson kaupm., Wynyard; Guðni Eggertsson, Tantallon; Mrs. V. Sigurðsson, Upham, N.D.; Thorir Björnsson, Duluth; E. G. Guðmundsson, Hensel; Kr. Sigurðsson, Otto; G. Árnason, Brown, Man.; P.Guðmundsson, Marv Hill, Man.; H. S. Bjarnason, Antler, Man.

Brúkaður Fatnaður

MESTA ÚRVAL ÆTÍÐ Á REIÐUM HÖNDUM. KOMIÐ VIÐ HJ. OSS OG SKOÐIÐ FÖTIN.

THE
OXFORD

Brúkaðrafata fél.
Phone 6162.
532 NOTRE DAME AV.
Vér kaupum og seljum föt.

Piano Recital

héldu nemendur ungfrú Louise Thorlakson í Goodtemplara húsinu á mánudagskveldið var fyrir fullu húsi áheyrenda. Tíu af nemendum ungfrú Thorlakson tóku þátt í þessari æfingu, — þær Inga Thorlakson, Esther Thorlakson, Grace Thorlakson, Louisa Thordarson, Guðrún Johnson, Guðný Johnson, Dora Johnson, Jóhanna Blöndal, Ólafía Swanson og Kristín Bergmann, — alt ungar stúlkur, sumar barnungar. En allar sýndu þær, að þær höfðu haft góða tilsögn, enda er ungfrú Thorlakson talin með beztu pianospilurum hér í borg og góður kennari. — Svo voru áheyrendurnir ánægðir með framkomu nemendanna, að þeir vildu með lófaklappi sínu fá þá alla til að spila í annað sinn. En það fékst ekki, því að Norðmenn höfðu auglýst skemtisamkomu í salnum það sama kveld, og því vildi ungfrú Thorlakson hraða pró grammi sínu sem mest hún gat.— Herra H. Thorolfsson söng tvisvar og varð að endurtaka söng sinn í síðara skiftið. Honum hefir skotið vel fram í sönglistinni á 3—4 sl. árum, og var unun að hlusta á hann. — Síðast spilaði ungfrú Louisa Thorlakson og Mrs. E. Semple, "Dauðradansinn" eftir St. Saens, og var það að vonum langfullkomnasta stykkið á prógrammínu. Mundu hérlendir musik dómendur hafa talið það "Artistic rendition", eða listlega þýðingu á tilgangi höfundarins.

Þeir bræðurnir Jón og Benedikt Magnússynir, frá Dog Creek, voru staddir hér í bæ nýlega, Benedikt í landtöku erindum. Þeir segja mjög þéttbýlt að verða þar ytra, og búendur þar verði að breyta til, — hætta við griparækt og snúa sér að akuryrkju í framtíðinni. Árferði og sprettuútlit all-gott þar norður frá.

Ég bý til uppdrætti

FYRIR LÆGSTA VERÐ

Ég geri og sel uppdrætti af "Cottage" með 5 herbergjum, sýni stafn og hlið og gólf, fyrir $3.00.

Tvíloftuð hús með 7 herbergjum, sýni stafn og hlið, tvö gólf og kjallara, fyrir $5.00.

P. M. CLEMENS,
443 Maryland St. — Sími 5997
Eða: Argyle Building.— Sími 8114.

Clemens, Árnason & Pálmason biðja þess getið, að þessa viku alla og byrjun næstu viku selja þeir STRAWBERRIES ódýrara en áður hefir þekst hér í borg eða hægt er að fá annarstaðar. Allir þeir, sem vildu sjóða þessi ber niður til hausts og vetrar, ættu tafarlaust að finna þá félaga og fá sér ber.

Þér þurfið heitt vatn

Þér þurfið það fljótt og hreint. En þér viljið ekki hafa alt húsið hitað.

Þér ættuð að láta oss tengja

Lion Gas Water Heater

við eldastóna yðar, og vér ábyrgjumst að þér verðið ánægðir.

Gas Stove Dept. Winnipeg Electric Ry. Co.
322 MAIN ST. TALS. 2522

Það kostar Manitoba stjórnina 50 þúsund dollars á ári að bæta skemdir, sem verða á telefón vírum fylkisins af völdum eldinga. Ein elding ónýtti 70 telefónþræði hér í borginni í sl. viku.

Gott Reiðhjól

fæst keypt fyrir hálfvirði, ef menn gripa tækifærið og snúa sér strax til S. A. Johnsons, prentara á Heimskringlu.

Munið eftir!

hinni árlegu skemtiferð íslenzkra Goodtemplara til Gimli mánudaginn 21. þ. m. (júní).

Neíndin, sem stendur fyrir þessari ferð, hefir ekkert sparað til, að ferðin verði sú skemtilegasta og fjölmennasta, sem farin verður af Winnipeg Íslendingum þetta sumar. Þar verða ræður fluttar af ágætum ræðumönnum, og ýmsir leikir (Sports), mjög fullkomið og há verðlaun gefin þeim sem vinna. Þar á meðal knattleikur milli kvenfólksins frá Winnipeg og Gimli. — Auk þessa skemtir hinn ágæti hornleikaraflokkur á Gimli (The Gimli Band) við og við allan daginn. — Á Gimli er ágætt tækifæri til að lauga sig eða synda í vatninu, jafnt fyrir konur sem karla, þar eð búið er að fullgera þar tvö hús til svoleiðis nota, og eru þau ætluð sitt fyrir hvorn kynflokk, og eru sundföt þar til reiðu fyrir mjög lága borgun. Heitt vatn getur hver og einn fengið eftir þörfum í skemtigarðinum á Gimli, og mun það koma sér vel fyrir þá, sem flytja mat með sér, því engan kostnað hefir það sérstakan í för með sér.

Íslendingar, sem nú dvelja í sumarbústöðum sínum við Winnipegvatn, sem og þeir, sem þar eru búsettir að öllu leyti, eiga hér kost á, að sjá og tala við vini sína, sem í ferðinni taka þátt, og ættu þeir að nota tækifærið og vera staddir á Gimli téðan dag sér til skemtunar og fróðleiks.

Fargjald frá Winnipeg fyrir fullorðna $1.35, fyrir börn yngri en 12 ára 75c. Fargjald frá Selkirk fyrir fullorðna $1.00, fyrir börn 50c. — Í fargjaldinu er innifalinn aðgangur að skemtigarðinum og öllum þeim skemtunum, sem um hönd verða hafðar, sem og skrautlegum einkennisborða til að bera á sér við þetta hátíðlega tækifæri. — Járnbrautarlestin fer á stað frá C. P. R. járnbrautarstöðinni kl. 8.30 að morgni. Aðgöngumiðar fást keyptir hjá nefndinni og á járnbrautarstöðinni klukkutíma áður en lagt verður af stað.

Munið eftir deginum 21. þ.m. og hagnýtið hann ykkur til ánægju og uppbyggingar með því að taka þátt í förinni.

Nefndin (B.).

Hafið þið lesið

auglýsinguna hans MARTEL'S myndasmiðs á Portage Ave., sem prentuð er á ritstjórnarsíðu þessa blaðs. Hann býður kostaboð, sem ekki gefast nema einstöku sinnum. Og boðið er gert eins aðgengilegt eins og það er í þeim tilgangi, að komast að því, hvort Heimskringla sé lesin eða nokkur fari eftir því, sem í henni stendur.

Herra Martel býr til góðar myndir, og stóra myndin, sem hann býður í umgerð ásamt með 12 "Cabinet" myndum, er meira virði einsömul, heldur enn hann biður um fyrir allar myndirnar til samans.

Vér höfum skoðað sýnishorn bæði af myndunum og römmunum, og getum mælt með þeim. — Landar vorir ættu að nota þetta tilboð hans og reyna að verða í tölu þeirra fyrstu, sem til hans koma eftir að þessi auglýsing birtist. Gleymið ekki, að taka Heimskringlu með yður. Þér hafið hagnað af því í viðskiftum við herra Martel að No. 255½ Portage Ave.

Box Social

Þriðjudagskveld næstkomandi,15. þ.m., verður "Box Social" í fundarsal Tjaldbúðar safnaðar undir umsjón djáknaneíndarinnar. Neíndin vonast eftir, að þar komi margir, bæði til að kaupa "Box" og aðrir til að kaupa sér bolla af kaffi, eða disk af Ice Cream, sem hvorttveggja verður til sölu á staðnum. Allir, sem kaupa "Box", fá bolla af kaffi eða disk af Ice Cream frítt. Byrjar kl. 8. Inngangur ókeypis fyrir alla. Komið og fjölmennið. — Ágóðanum varið veikum til hjálpar.

Giftingar.

Þann 21. maí sl. gaf séra Fr. J. Bergmann saman í hjónaband þau herra Jón Bjarnason Palmer og ungfrú Stefaníu Gestsdóttir Oddleifsson, að heimili sínu hér í bæ.

Þann 1., júní gaf sami prestur í hjónaband herra Hall Jónsson Hallsson og ungfrú Ólöfu Gísladóttir Ólafsson, að heimili foreldra brúðgumans hér í borg.

Þann 7. júní gaf sami prestur í hjónaband herra Ola Olson, frá Narrows P.O., Man., og ungfrú Kristínu Henry hér í borg, að heimili herra Hreiðars Skaftfelds, að 666 Maryland st.

Heimskringla óskar til lukku.

Vér drögum Viðskifti.

Þessi skóbúð dregur viðskifti með yfirburða lágu verði og ágæti skófatnaðarins. Sá maður eða kona sem leitar að beztum skóm sem kaupanlegir eru fyrir mjög sanngjarnt verð, MUN FINNA ÞÁ HÉR.

Það besta fyrir verðið er ætíð hér og

þannig drögum vér viðskifti.

Ryan-Devlin Shoe Co
494 MAIN ST PHONE 770.

Þeir herrar, Jóhann Kristján Johnson og Th. Brynjólfsson, frá Hecla P.O., Man., voru hér á ferð í síðustu viku, ráðnir hjá Northern fiskifélaginu til þess að vinna við fiskiveiðar á Winnipeg vatni í sumar eða fram í miðjan ágúst. Þeir lögðu út frá Selkirk á fimtudaginn var.

Nokkrir borgarar frá Grand Forks, N. D., komu hingað á gufuskipi á mánudagskveldið var, — höfðu ferðast eftir Rauðá alla leið frá Grand Forks til Winnipeg, og er það í fyrsta skifti á sl. 28 árum að slík ferð hefir verið farin. Fyr á dögum, áður en járnbrautir voru lagðar hingað vestur, voru mann og vöruflutningar algengir eftir Rauðá, en lögðust niður, er járnbrautirnar komu. En sú hugsun hefir vaknað á ný, að enn megi nota Rauðá til flutninga, og er ferð þessi gerð til þess, að vekja áhuga fyrir því máli, með að sýna að áin sé enn þá skipgeng.

Eftirfarandi bréf frá herra J. H. G. Russell, byggingameistara hér í borg, og talin með þeim allra beztu í borginni, sýnir hvernig hann metur gluggalás herra Kristjáns Kristjánssonar hér í borginni. Mynd af þessum gluggalás var prentuð í síðasta blaði. Bréfið er svona: —

"Kristján Kristjánsson, Esq.,
Winnipeg.

Kæri herra. Ég hefi skoðað gluggalás yðar, sem þér hafi fengið einkaleyfi fyrir, og álít hann vera bezta hlut á markaðnum til þess að festa með vir og útiglugga Að lásinn er að innan tryggir gluggana frá afskiftum að utan og gerir mjög þægilegt að setja gluggana á eða taka þá frá, hvenær sem er.

Yðar einlægur,
J. H. G. RUSSELL,
byggingameistar.

Herra G. Johnson, kaupmaður í Northwest Hall, á horni Ross Ave. og Isabel St., biður þess getið, að telefón númer hans er 2190. Lesendur eru beðnir að muna þetta.

Sendið Heimskringlu til vina yðar á Íslandi

Stefán Johnson
Horni Sargent Ave. og Downing St.
HEFIR ÁVALT TIL SÖLU
Nýjar Áfir
Beztu í bænum, ágætar til bökunar. 15c gallon

S. F. Ólafsson
619 Agnes St. selur Tamarac fyrir $5.50 og $5.75 gegn borgun út í hönd.
Telephone: 7812

Jónas Pálsson,
SÖNGFRÆÐINGUR.
Útvegar vönduð og ódýr hljóðfæri.
460 Victor St. Talsími 6803.

Íslenzkur Tannsmiður,
Tennur festar í með Plötum eða Plötulausar. Og tennur eru dregnar sársaukalaust með Dr.Mordens sársaukalausu aðferð
Dr. W. Clarence — Tannlæknir.
Sigurður Davidson—Tannsmiður.
620½ Main St.
Phone 470 Horni Logan Ave.

A. S. BARDAL
Selur líkkistur og annast um útfarir. Allur útbúnaður sá bezti. Enfremur selur hann alskonar minnisvarða og legsteina.
121 Nena St. Phone 306

Laing Brothers
3 Búðir:
234-6-8 KING ST. Talsími 4476, 5890, 5891
417 McMILLAN AVENUE Talsími 5598
847 MAIN ST. — Tals: 3016

Hafrar, Hey, Strá,
COUNTRY SHORTS, BRAN, CORN, CORN CHOP, BYGG CHOP, HVEITI CHOP, OG GARÐAVEXTIR.
Vér höfum bezta úrval gripafóðurs í þessari borg; fljót afhending

Nýji Vor-fatnaðurinn þinn.
EF HANN KEMUR FRÁ CLEMENTS — ÞÁ ER HANN RÉTTUR
Réttur að efni, réttur í sniði réttur í áferð og réttur í verði.
Vér höfum miklar byrgðir af fegurstu og beztu fataefnum. —
Geo. Clements & Son
Stofnað árið 1874
264 Portage Ave. Rétt hjá FreePress

Th. JOHNSON
JEWELER
286 Main St. Talsími: 6606

JOHN ERZINGER
TÓBAKS-KAUPMAÐUR.
Erzinger's skorið reyktóbak $1.00 pundið
Hér fást allar neftóbaks-tegundir. Óska eftir bréflegum pöntunum.
McINTYRE BLK., Main St., Winnipeg
Heildsala og smásala.

Dr. G. J. Gislason,
Physician and Surgeon
Weltington Blk. - Grand Forks, N.Dak
Sjerstakt athygli veitt AUGNA, EYRNA, KVERKA og NEF SJÚKDÓMUM.

Drs. Ekern & Marsden,
Sérfræðislæknar í Efturfylgjandi greinum: — Augnasjúkdómum, Eyrnasjúkdómum, Nasasjúkdómum og Kverkasjúkdómum. : :
Í Platky Byggingunni í Bænum
Grand Forks, :: N. Dak.

BILDFELL & PAULSON
Union Bank 5th Floor, No. 520
selja hús og lóðir og annast þar að lútandi störf; útvegar peningalán o. fl.
Tel.: 2685

J. L. M. THOMSON, M.A., L.L.B.
LÖGFRÆÐINGUR. 255½ Portage Ave.

ANDERSON & GARLAND
LÖGFRÆÐINGAR
35 Merchants Bank Bldg. Phone: 1561

BONNAR, HARTLEY & MANAHAN
Lögfræðingar og Landskjala Semjarar
Suite 7, Nanton Block, Winnipeg

Hubbard, Hannesson and Ross
LÖGFRÆÐINGAR
10 Bank of Hamilton Chambers
Tel. 378 Winnipeg

Boyd's Brauð.
Brauð vor ættu að vera á borðum yðar. Þér megið ekki hætta á týsýnar fæðutegundir Það bezta aðeins skyldi étast. Gott brauð og nóg af því ættu allir að borða. Brauð vor eru hægmelt, svo að allir semreyna þau, gerast stöðugir kaupendur. Öll brauð keyrð heim.
Boyd's
Bakery Cor. Spence & Portage Ave
Phone 1080.

W. R. FOWLER A. PIERCY.
Royal Optical Co.
327 Portage Ave. Talsími 7286.
Allar nútíðar aðferðir eru notaðar við augn-skoðun hjá þeim, þar með hin nýja aðferð, Skugga-skoðun, sem gjöreyðir öllum ágiskunum. —

LESIÐ NÚ!

Vér bjóðum um mánaðartíma hin bestu ekrukaup, sem nokkurntíma hafa boðin verið. Landið er á Main St., norðan bæjarins, liggur að C.P.R. og rafmagnsbrautunum. Selt í spildum eftir óskum kaupendanna, ein ekra eða meira. Verð frá $200 ekran og yfir, með aðgengilegum skilmálum.

[Framhald hinumegin við Hkr. nafnið]

Heimskringla.

Kjörkaup

þessi eru þau mestu, er nokkru sinni hafa verið boðin, og af því að ekrufjöldinn er takmarkaður, þá ættuð þér að kaupa strax. — Landið er hentugt til garðræktar, gripa eða fuglaræktar.

Skúli Hansson & Co.

Skrifst. Telefón 6476. Heimilis Telefón 2274

XXII. ÁR. WINNIPEG, MANITOBA, FIMTUDAGINN, 11. JÚNÍ, 1908 NR. 37

HÚSMÆÐUR!

Sendið okkur $2.50 í peningum og vér skulum senda yður eftirfylgjandi "orðu". Með því sparið þér 50c. Þau komu sér altaf vel, — og ekki sízt nú þegar hart er í ári. Þér eigið þau sjálfar, þér hafið innunnið þau með því að vera hyggnar húsmæður.

8 pd. malaður sykur	50
7 " mola sykur	50
4½ pd. gr. kaffi.	50
4 pund hrísgrjónum	25
1 pakki af sápu.....	25
1 pd. góðu borðsmjöri	25
4 pakkar Jelly dufti	25
1 kn. Baking Powder	25
1 kassi Sodas	25
Samtals	$3.00

Þessi afsláttur gildir dagana 10., 11., 12. og 13. þ. m.

Nokkrar vörutegundir með óvanalega lágu verði, eru auglýstar aðeins í glugganum hjá oss. Þér ættuð að sjá þær.

Clemens, Arnason & Palmason

The Cash Grocery House,

Cor. Sargent & Victor. Talsími 5346

Fregnsafn

Markverðustu viðburðir hvaðanæfa.

Franskur maður í Pilot Mound varð nýlega brjáladur og skaut sig í síðuna, greip síðan sveðju mikla og skar hartu hluta af tungunni. Hann var fluttur á spítala og er hættulega veikur, svo að tvísýnt er um líf hans.

— Nýlega viltist maður í skógunum í Algoma héraðinu í Vestur-Ontario, og hafðist þar við í 16 daga, þar til hann að lokum fann mannabygðir. Það vildi honum til lífs, að hann hafði með sér veiðarfæri og gat því veitt sér til matar, en svo var hann orðinn skólaus eftir tíu daga göngu í skóginum, að hann varð að rifa buxurnar sínar í sundur til þess að vefja þeim um fæturnar, svo hann gæti gengið.

— Læknir einn á Finnlandi hefir gert þá uppgötvun, að þar sem mestur sé áhuginn fyrir jafnrétti kvenna við karla, þar beri mest á vaxandi vitfirringu með þjóðinni. Hann heldur því fram, að þar sem kvenfrelsishreyfingin sé sterkust, þar hafi konur mesta óbeit á hjúskaparlífi og heimilisstörfum, og tekur til dæmis Vurmes sveitina, þar sem fólkinu hefir fjölgað úr 11,888 til 12,137 árið 1906. Þar fjölgaði vitfirringum úr 29 upp í 67 á sama tímabili. — Bretar nota þessa skýrslu óspart til þess að sýna þjóð sinni, hver ógnarhætta vofi yfir heiminum, ef konum sé leyft jafnrétti við karlmenn. Þeim telst svo til, að um það leyti, sem allar konur séu búnar að fá jafnrétti sitt viðurkent, þá muni allir verða orðnir vitlausir.

— Óþokkastryk var það, sem tyrkneskur maður framdi nýlega í Parísarborg. Hann var fátækur námsmaður og hafði komið til kunningja síns þar, sem tók hann í hús sitt og ól hann þar og fór með hann sem bróður sinn. En þá greip manninn það brjálandæði, að hann drap systur húsbónda sins og son hennar. Hann meðgekk glæpinn, en færði fram þá afsökun, að hann hefði verið undir áleiðslu áhrifum læknis þar í borginni, sem oft hefði dáleitt sig.

— Kona ein í Ontario, sem ekki gat komið sér saman við bónda sinn, stefndi honum fyrir lífsuppeldi eftir að hafa skilið við hann að borði og sæng. Konan var fátæk og hafði engan lögmann. Dómarinn byrjaði málið með því, að skylda bóndann til þess að skaffa konu sinni lögmann, svo að hún gæti sótt málið á móti honum. Bóndinn varð að borga $65 fyrirfram til lögmannsins, samkvæmt ákveði dómarans.

— Látinn er á Englandi Sir Redvers Buller, einn af herforingjum Breta í Búastríðinu. Hæfileglei ka maður mikill. Hann varð 70 ára.

— Nýlega voru dæmdir til dauða á Rússlandi, 11 karlmenn og 3 konur, sem gert höfðu sig seka í, að ráðast á póstvagna á Solkolajarnbrautinni, sprengja þá upp með dynamit, drepa tvo rússneska hermenn og særa tíu menn aðra, ræna öllum peningum, sem voru í vögnunum, og afhenda þá til fyrirliða uppreistarflokksins á Rússlandi.

— Þessa árs hveiti, sem orðið er tveggja feta hátt, er á sýningu í bænum McLeod, Alberta. Það var tekið af 35 ekru búgarði, 8 milur norður frá bænum. Svipuð sýnishorn hafa verið tekin af löndum nokkrar milur austur frá bænum, og er sagt, að hveiti þetta verði slegið í júlí, ef ekki kómi óhöpp fyrir.

— Vinnuleysingjar í Lundúnum hafa haft stórfundi til þess að andmæla innflutnings takmörkun í lögum Canada. Nokkrir menn, sem verkamannafélögin höfðu sent til Canada, höfðu verðið sendir til baka, ekki taldir hæfir borgarar. Út af þessu spratt sú óánægja, er leiddi til fundarhaldanna. Samþykt var, að leggja mál þetta fyrir brezku stjórnina og biðja hana, að beita áhrifum sínum til þess að fá þær breytingar gerðar á innflutningslögum Canada, sem fundirnir óskuðu eftir. Það var ákeðið fram, að félag það, sem stendur fyrir útflutningunum, hefir á þessu ári sent út 130 menn í stað 3 þúsund manna á sama tímabili í fyrra.

— W. H. Bradenburg í Minneapolis hefir höfðað mál þar í ríkinu gegn Stewart & Mathew félaginu hér í Winnipeg og vill fá $150 þús. borgun fyrir sölu á löndum í Saskatchewan fylkinu. Minneapolis félagið áttí að fá $1.50 fyrir hverja ekru, er það seldi. En Winnipeg félagið þrjóskaðist við að borga.

— Manitoba stjórnin hefir ákveðið, að verja hálfri milíón dollara á þessu ári til talþráða hér í fylkinu til þess að leggja langvega línur, fullgera stöðvar sínar hér í fylkinu, og annað, sem lýtur að því, að fullkomna fylkiskerfið, svo sem tíma og eini leyfa.

— Lögreglan í Lisbon í Portúgal náði nýlega ungum manni, sem tilheyrði félagi Anarkista þar í landi, og meðgekk hann að vera einn af nefnd þeirri, sem félagið hefði falið það vandaverk, að drepa Alfonso Spánarkonung og drotningu hans á brúðkaups og afmælisdegi þeirra það átti að gerast með sprengikúlum.

Kosningaúrslit.

Almennar kosningar fóru fram í Ontario og Quebec fylkjum á mánudaginn var, og lyktuðu svo að Conservative stjórnin í Ontario vann með langt um meiri hluta á þingi, en hún hafði á síðasta kjörtímabili, — græddi 17 sæti við þessar kosningar. Stjórnin hefir nú 87 flokksmenn á þingi, Liberalar að eins 18 og 1 óháður. Fleirtala stjórnarinnar því nú 68 til 70 manns. Áður hafði hún að eins 42 atkvæði umfram í þingi.

Blaðið Free Press segir að Conservativar hafi "sópað" Ontariofylki, og að menn þeirra hafi hvervetna haft mikla yfirburði.

Í Toronto borg voru allir 8 þingmennirnir Conservative kosnir með svo miklum meiri hluta atkvæða að nam alla leið frá hálfu þriðja til hálfs fimta þusund fleirtölu.

Í Quebec fylki vann Liberalstjórnin, sem um mörg ár hefir setið þar að völdum, en með miklu minni mismun en áður var. Áður hafði hún 64 umfram í þinginu, en nú að eins 39.

Alls hefir Conservative flokkurinn í þessum tveimur fylkjum grætt við þessar kosningar um 28 þingmenn samtals.

— Kona ein í Toronto hefir höfðað mál móti föður sínum til þess að fá hann dæmdan til að greiða sér $8,912.25, fyrir það að hafa stundað konu hans — móður sína — í ellefu ára sjúkdómslegu hennar, og fyrir meðul, sem dóttirin kveðst hafa orðið að borga. Dóttirin er gift og faðir hennar hefir gert tilkall til þess, að eiga húsið, sem hún og bóndi hennar búa í. — Málið er nú fyrir rétti.

— Hinn nú sögufrægi Capt. Dreyfus, núverandi hermálastjóri hins franska lýðveldis, var tvisvar skot inn í handleggínn þar sem hann var á stræti úti með forseta lýðveldisins við þjóðlega hátíðarathöfn. Sá, er glæp þennan framdi, var strax tekinn. Dreyfus er talinn vel læknandi, en ofstækishatrið gegn honum er sagt að aukast með degi hverjum.

— Svo er ákveðið, að Gústaf Svíakonungur eigi á ferð sinni í Kaupmannahöfn, að leggja hornsteininn undir svenska kirkjuna, sem á að byggja þar í borginni.

— Í Spokane, Wash., á að halda sýningu á garðávöxtum, og hefir stjórn nefndrar sýningar ákveðið þúsund dollara verðlaun þeim, sem getur sýnt stærsta og bezta eplið í veröldinni. Sýningin á að haldast í desemberunánuði næstk.

— Ekkjan J. L. E. Janecke í Baltimore er óþolinmóð í ekkjustandinu. Hún misti mann sinn á miðvikudaginn og átti að jarða hann á föstudaginn. En á fimtudag tók ekkjan út gáfingaleyfisbréf til þess að eiga sjötugan karl að nafni G. F. Peters, og byrjaði sama dag að undirbúa veizluna. Nokkrir vinir manns hennar komu til hennar og spurðu hana að, hvort hún vildi ekki bíða eina viku og sýndu henni fram á fljótfærni hennar í þessu. Henni var um og ó, en samt gátu þeir talað svo um fyrir henni, að hún beið. Hún hefir gáfst 4 sinnum áður og er þetta 1 5. sinni, sem hún sest á brúðarbekkinn. Janecke sál. hafði verið í herliðinu þýzka gegn Dönum árið 1864, Austurríki 1866 og Frakklandi 1870. Fyrir herkænsku sína hafði hann fengið 5 verðlaun.

— Palo Nikolaus, sem var handtekinn fyrir 2 vikum síðan í borginni Bari á Ítalíu, hefir játað sig vera Anarkista, sem hafi verið til þess kjörinn að drepa háttmetinn konunglegan embættismann, sem von sé á með Þýzkalandskeisara á ferð hans til Korfu. En menn eru hræddir um, að keisarinn hafi átt að verða fyrir atlögu morðingjans en ekki embættismaðurinn.

— Konungshjónin í Svíþjóð eru um þessar mundir í kynnisför á Þýzkalandi, og voru í heimboði hjá Þýzkalandskeisara, þar sem bæði konungur og keisari létu í ljósi, að þeir vonuðust eftir, að vináttu milli ríkjanna mætti haldast fratnvegis eins og átt hefir sér stað undanförnu.

— Morð var nýlega framið í Methódista kirkju í Oakfield, Wis., er Mrs. Elizier H. Orvis var skotin til bana, þegar hún var að fara inn í kirkjuna til þess að heilsa prestinum. Sá, sem það gerði, heitir Grant Poole. Ástæðan fyrir þessu tiltæki sínu sagði hann að væri sú, að hann hefði ekki fengið að eiga dóttur hennar, og að sér hefði verið synjað um, að koma í hús hennar til þess að ná tali af stúlkunni, sem hann var ástfangin í.

— Þungvrtar ræður hafa á ný orðið á þingi Breta út af væntanlegum fundi þeirra Edwards konungs og Rússakeisara. Þegar stj. bað þingið að samþykkja fjárveitingu til þeirrar ferðar, kom sú breytingar tillaga fram, að konungi yrðu ekki veitt nema 100 pd. sterling til fararinnar, en það var sama sem að gera enga veitingu. Verkamanna og Nationalista flokkarnir slógu sér saman í þessu efni, kváðust ekki hafa á móti, að konungi væri leyft, að heimsækja frændur sína og skyldmenni, en þá óhæfu, að hann færi á fund Rússakeisara, töldu þeir óþolandi. En stjórnin kvaðst bera fulla ábyrgð á, að hafa kvatt konung til fararinnar, af því að reynsla væri fengin fyrir því, að allar utanríkisferðir hans hefðu hagsmunalega þýðingu fyrir brezka veldið.

— Kosninga foringjar Bryans segja, að hann hafi nú vísa 609 málsvara, sem áreiðanlegt sé, að greiði atkvæði með útnefningu hans. En alls þurfa 672 málsvarar að fylgja honum.

— Frá Nýfundnalandi kemur sú frétt, að Dr. Wilfred Grenfell, sem um nokkurn tíma hefir unnið að lækninga og líknarstörfum meðal íbúa á Labrador strönd, hafi nýlega komist í lífsháska á þann hátt, að margir hungraðir hundar réðust á hann og ætluðu að gera sér máltíð af honum. En læknirinum var illa við að verða að hundi fæðu, og varð því með knif í hendi að há uppihaldslausan bardaga við þá í 40 kl.stundir. Læknirinn var að ferðast milli bygða í lækninga erindum, og varð þess vis á leiðinni, að hann var a ísleka, er laus var orðinn við land. Svo er að sjá, sem hundar hans hafi einnig skynjað, hvað um var að vera, og orðið svo óðir, að þeir réðust á húsbónda sinn, með þeim afleiðingum, sem að framan er sagt. Kuldinn var tíu gráður fyrir neðan zero. Læknirnum varð að síðustu bjargað úr landi, þá að fram komnum.

— Sú fregn berst frá Ottawa, að Canadian Northern járnbrautarfélagið, sem verið hefir að byggja braut áleiðis til Hudsons flóans, eigi að fullgera það verk, og að ríkisstjórnin ætli að veita félaginu ákveðinn styrk með því að ábyrgjast skuldabréf þess fyrir 488 milur, sem enn er eftir að byggja til Fort Churchhill, og að gefa félaginu þess utan ríflegan peningastyrk. Fyrir þetta fær stjórnin umráð yfir far- og flutningsgjöldum, og rétt til þess, að veita öllum járnbrautarfélögum, sem henni þóknast, umferðarleyfi yfir brautina. Með þessu verður greiður aðgangur veittur að 100 milión ekrum lands, sem nú eru óbygðar.

— Spánv. ætla að byggja nýjan herskipaflota, vitund skárri en þann, sem Bandarík.amenn léku sér að og gleyptu svo fyrir nokkrum árum. Stjórnin hefir sett 36 miliónir dollara í fjárlög sín, til þess að smíða skipin. Enn er óvíst hvort skipin verða gerð á Spáni, á Þýzkalandi eða á Englandi.

Betur satt væri

Frumvarp til laga um stækkun Manitoba verður þessa viku lagt fyrir Ottawa þingið. Hugmyndin er, að framlengja fylkið norður með því, að færa austurtakmörk þess norður að Churchhill ánni, og svo eftir þeirri á alt til hafs. Verður þá fylkið sem næst þrisvar sinnum stærra en það nú er.

Brantford Perfect | Massey Imperial | Cleveland Rambler

Engin þörf, að keyra með lóinn best til bæjar, þegar drengurinn mundi með ánægju fara það á hjóli.

Gætið að tímatapi og hestaniðslu við það, að útvega ekki piltum eða stúlkum reiðhjól — það, sem væri yður erfiði, er þeim bara skemtun.

Spyrjið börnin, hvað þau vildu heldur en reiðhjól. Það veitir þeim meiri ánægju og yður hagsmuna, en flest annað, er þér kaupið.

CANADA CYCLE & MOTOR COMPANY, LIMITED, WINNIPEG

Heimsins beztu hjólasmiðir

147 PRINCESS ST. - - - - WINNIPEG, MAN.

— Katólskir menn í Minneapolis eru að byggja dómkirkju á Hennepin Avenue, sem á að kosta 750 þúsund dollara.

— Allan Line skipið "Carthaginian", sem kom til Halifax á föstudaginn var, hafði meðferðis tvo franska sjómenn, sem það hafði fundið í smábát úti á reginhafi og nær dauða en lífi af hungri, þorsta og þreytu. Þeir höfðu á einhvern hátt orðið viðskila við skip sitt, og voru búnir að hafast við í litla bátnum allskausir í 5½ sólarhring, þegar skipið fann þá. Mennirnir voru báðir meðvitundarlausir og handleggir og fætur sárir og bólgnir af kulda og vosbúð.

— Svíar hafa sett í fjárlög sín 12 þúsund króna styrkveitingu til tveggja manna, til þess þeir fái rekið sildveiðar við strendur Íslands á þessu sumri.

— Skotar hafa lagt heimastjórnar frumvarp fyrir þing Breta. Þeir krefjast þess, að Skotar hafi sérstakt þjóðþing, og hafi einir umráð allra sinna sérstöku landsmála. Mótspyrna varð allmikil í þinginu gegn þessu, en þó var samþykt með 257 atkv. móti 102, að láta frumvarpið ganga til annarar umræðu.

— Hamlin þingmaður frá Missouri hefir uppgötvað nýja aðferð til þess að koma kjósendum sínum í skilning um þá fjáruppheð, sem þing Bandaríkjanna hefir að þessu sinni samþykt til útgjalda. Í staðinn fyrir, að nefna það í dollurum, telur hann það í tonnatali, eins og alment er gert um grjót, sand og kol og aðra þunga vöru. Hann kvaðst hafa fengið þá upplýsingu í fjármáladeildinni, að 13 tuttugu dollara gullpeningar væru tæpt 1 pund að þyngd, og að ton af gulli væri 540 þúsund dollara virði. — Samkvæmt þessu kvað hann þau þúsund milióna útgjöld, sem þingið hefði samþykt, vera 1851 ton á þyngd, af gullpeningum. Honum taldist svo til, að væri gulli þessu hlaðið í vagna til flutnings, þannig, að eitt tonn væri í hverjum vagni, og vagnarnir svo settir í röð með 22 feta millibili, þá yrði lestin 7½ mílur á lengd. Með öðrum orðum, að það væri nægilegur þungi á 92½ algenga járnbrautaflutningsvagna, sem hver bæri 20 tonna þunga gulls. Eða ef það væri flutt af mönnum, og hver bæri 150 pund á bakinu, þá þyrfti 24,063 menn til að bera þá fjáruppheð, sem þing Bandaríkjanna hefði samþykt til útgjalda á þessu fjárhagsári.

— Þúsundir manna umverfis Lisbon þola hungursneyð um þetta leyti. Sagt, að margir hafi orðið að þola hungur svo dögum skifti, hafa ekki haft annað en "olives" að borða.

ÍSLANDS FRÉTTIR.

Gufuskipið Hólar losnaði úr Hornafjarðarós, og er nú komið til Eskifjarðar óskemt. —— Fiskiafli hefir verið með bezta móti sunnanlands á vetrarvertíðinni, hæst 3 þúsund á skip. Einn vélabátur í Vestmannaeyjum hefir fengið 24 þúsund, flestir aðrir frá 12 til 20 þúsund. —— Guðjón Guðmundsson búfræðingur, ráðanautur hjá Búnaðarfélagi Íslands, varð bráðkvaddur 13. maí, 36 ára gamall. Hann var vel að sér í búnaðarmálum, áhugamaður mikill, skynsamur vel, og ötull og einbeittur um alt er hann lét sig skifta, og er mikill mannskaði að fráfalli hans. —— Gufubáturinn Reykjavikin sökk í sl. mánuði nálægt Skógarnesi í Hnappadalssýslu. Báturinn átti að fara milli hafna á Breiðafirði og Faxaflóa í sumar og var byrjaður á þeim ferðum. Margt farþegja var með honum, er hann sökk, en allir björguðust ásamt skipshöfn, en mikið týndist af farangri manna. —— David Östlund fór 7. maí frá Íslandi, sem fulltrúi stórstúku Íslands til alheimsstúkuþings Goodtemplara, sem haldið er í Washington í Bandarikjunum frá 3. til 10. þ.m. Hans er von til Reykjavíkur aftur 24. þ.m. —— Heimastjórnarflokkurinn hefir á fundi, sem haldinn var í Reykjavík þann 18. maí sl., samþykt að vera ánægður með ákveði millilandanefndarinnar. En landvarnarflokkurinn hefir sömuleiðis haldið fund sem lýsir óánægju yfir aðgerðum nefndarinnar. Á vesturlandi er og megn óánægja yfir störfum nefndarinnar. Austri telur sig með Skúla Thoroddsen, og á málafundur að haldast á austurlandi innan skams. Ísafold og Þjóðólfur hafa bæði lýst óánægju sinni yfir úrslitum nefndarstarfsins.

NÝTT NÝTÍZKU

THE QUEENS

Vinsælasta og þægilegasta Gisti-hótel í Winnipeg

Bandaríkja-snið
Frí keyrsla.

MONTGOMERY BROS.,
EIGENDUR

BJART MIÐSTÖÐVA

Wall Plaster

Með því að venja sig á að brúka **"Empire"** tegundir af Hardwall og Wood Fibre Plaster er maður hár viss að fá beztu afleiðingar.

Vér búum til:

"Empire" Wood Fibre Plaster
"Empire" Cement Wall "
"Empire" Finish "
"Gold Dust" Finish "
"Gilt Edge" Plaster of Paris
og allar Gypsum vöruuteg-undir. —

Eigum vér að senda yður bækling vorn?

MANITOBA GYPSUM CO. LTD
SKRIFSTOFUR OG MILLUR I
Winnipeg, - Man.

HEIMSKRINGLA
Published every Thursday by
The Heimskringla News & Publishing Co.

Verð blaðsins í Canada og Bandar. $2.00 um árið (fyrir fram borgað).
Sent til Islands $2.00 (fyrir fram borgað af kaupendum blaðsins hér $1.50.)

B. L. BALDWINSON,
Editor & Manager

Office:
729 Sherbrooke Street, Winnipeg
P.O. BOX 116. 'Phone 3512.

Sambandsmálið

Fimtudaginn þann 14. maí var frumvarp meiri hluta millilandanefndarinnar símritað á íslenzku til blaðamannafélagsins, og er það prentað í Ingólfi, sem út kom sunnudaginn þann 17. maí, og er á þessa leið:

"Uppkast að lögum um ríkréttarsamband Danmerkur og Íslands.

1. Ísland er frjálst og sjálfstætt land, er eigi verður af hendi látið. það er í sambandi við Danmörku um einn og sama konung og þau mál, er báðir aðilar hafa orðið ásáttir um, að telja sameiginleg í lögum þessum. Danmörk og Ísland eru því í ríkjasambandi, er nefnist Veldi Danakonungs. Í heiti konungs komi eftir orðið Danmerkur: og Íslands.

2. Skipun sú, er gildir í Danmörku um ríkiserfðir, rétt konungs til að hafa stjórn á hendi í öðrum löndum, trúarbrögð konungs, myndugleika hans og um ríkisstjórn, er konungur er ófullveðja, sjúkur eða fjarstaddur, svo og um það, er konungdómurinn er laus og enginn ríkisarfi til, skal einnig gilda að því er til Íslands kemur.

3. Þessi eru sameiginleg mál Danmerkur og Íslands:

a. Konungsmata, borðfé ættmanna konungs og önnur gjöld til konungsættarinnar.

b. Utanríkismálefni; enginn þjóðasamningur, er snertir Ísland sérstaklega, skal þó gilda fyrir Ísland, nema rétt stjórnarvöld íslenzk samþykki.

c. Hervarnir á sjó og landi ásamt gunnfána, sbr. þó 57. gr. stjórnarskr. 5. jan. 1874.

d. Gæzla fiskiveiðaréttar þegnanna að óskertum rétti Íslands til að auka eftirlit með fiskiveiðum við Ísland eftir samkomulagi við Danmörk.

e. Fæðingarréttur. Löggjafarvald hvors lands um sig getur þó veitt fæðingarrétt með lögum, og nær hann þá til beggja landa.

f. Peningasláttu.

g. Hæstiréttur. Þegar gerð verður breyting á dómskipun landsins, getur löggjafarvald Íslands þó sett á stofn innanlands æðsta dómstól í íslenzkum málum. Meðan sú breyting eigi er gerð, skal þess gætt, er sæti losnar í hæstarétti, að skipaður sé þar maður, er hafi sérþekking á íslenzkri löggjöf og kunnugur sé íslenzkum högum.

h. Kaupfáninn út á við.

8. Öðrum málefnum, sem taka bæði til Danmerkur og Íslands, svo sem póstsambandið og ritsímabandið milli landanna, ráða dönsk og íslenzk stjórnarvöld í sameiningu. Sé um löggjafarmál að ræða, þá gera löggjafarvald beggja landa út um málið.

5. Danir og Íslendingar á Íslandi og Íslendingar og Danir í Danmörku njóta fulls jafnréttis þó skulu forréttindi íslenzkra námsmanna til hlunninda við Kaupmannahafnar háskóla óbreytt. Svo skulu og heimilisfastir Íslendingar á Íslandi her eftir sem hingað til vera undanþegnir herþjónustu á sjó og landi. Um fiskiveiðar í landhelgi við (strendur) Danmerkur og Íslands skulu Danir og Íslendingar jafn réttháir meðan 4. atriði 3. greinar er í gildi

6. Þangað til öðruvisi verður ákveðið með lögum, er ríkisþing og alþingi setja og konungur staðfestir, fara dönsk stjórnarvöld einnig fyrir hönd Íslands með mál þau, sem eru sameiginleg samkvæmt 3. gr., að öðru leyti ræður hvort landið að fullu öllum sínum málum.

7. Meðan Ísland tekur engan þátt í meðferð hinna sameiginlegu mála, tekur það heldur ekki þátt í kostnaði við þau. Þó leggur Ísland fé á konungsborð og til borðfjár konungsættmenna hlutfallslega eftir tekjum Danmerkur og Íslands. Framlög þessi skulu ákveðin fyrirfram um tíu ár í senn með konungs úrskurði, er forsætisráðherra Dana og ráðherra Íslands undirskrifi. Ríkissjóður Danmerkur greiðir landssjóði Íslands eitt skifti fyrir öll 1 milj. 500,000 kr., og eru þá jafnframt öll skuldaskiftá, sem verið hafa að undanförnu milli Danmerkur og Íslands, fullkomlega á enda kljáð.

8. Nú ris ágreiningur um það, hvort málefni séu sameiginleg eða eigi, og skulu þá stjórnir beggja landanna reyna að jafna það með sér. Takist það eigi, skal leggja málið í gerð til fullnaðar úrslita. Gerðardóminn skipa fjórir menn, er konungur kveður til, tvo eftir tillögu ríkisþingsins (sinn úr hvorri deild) og tvo eftir tillögu alþingis. Gerðarmennirnir velja sjálfir oddamann. Verði gerðarmenn ekki á eitt sáttir um kosningu oddamannsins, er dómsforseti hæstaréttar sjálfkjörinn oddamaður.

9. Ríkisþing og alþingi getur hvort um sig krafist endurskoðunar á lögum þessum þegar liðin eru 25 ár frá því lögin gengu í gildi. Leiði endurskoðunin ekki til nýs sáttmála mun þriggja ára frá því, er endurskoðunar var krafist, má heimta endurskoðun af nýju á sama hátt og áður að fimm árum liðnum frá því nefndur þriggja ára frestur er á enda. Nú tekst ekki að koma á samkomulagi meðal löggjafarvalda beggja landa innan tveggja ara frá því endurskoðunar var krafist í annað sinn, ákveður konungur þá með tveggja ára fyrirvara, eftir tillögu um það frá ríkisþingi eða alþingi, að sambandinu um sameiginleg mál, þau er ræðir um í stafl. d. e. f. og h. í 3. gr., skuli vera slitið að nokkru eða öllu leyti.

Í ritstjórnargrein um frumvarp þetta, segir Ingólfur meðal annars, að undirtektir þjóðarinnar séu allar einum rómi þær, að ekki sé neitt viðlit, að sætta sig við það, að landsmenn segi allir einum rómi, að þetta frumvarp millilandanefndarinnar sé með öllu óhafandi, og að ef Danir séu ráðnir í, að unna ekki Íslandi annars jafnréttis við sig, en þess sem frumvarpið býður, þá sé hreinn og algerður skilnaður við Danmörku einu úrræðin fyrir Íslendinga nú, svo framarlega, sem þeir ætli sér að eiga sjálfir landið og að ráða atvinnu sinni og þjóðarhögum, nokkurnveginn eftir þörf þeirra og nauðsyn, en ekki eftir vilja og hagsmunum Dana.

Þetta segir blaðið alla hafa séð þegar í fyrstu, af því innlimunarákvæði frumvarpsins sé svo aðdáanlega bert, að þar sé ekki tuska á til að skýla neinu, og tjóðurbandið við Danmörku svo vafalaust, að hver maður í landinu geti séð það og preifað á því.

Fyrstir allra á Íslandi, að kveða niður frumvarp þetta var þjóðmálafélagið á Seyðisfirði, sem hiklaust kvað upp þann úrskurð, að það væri "BEIN ÁRÁS GEGN FRELSIS BARÁTTU ÞJÓÐARINNAR. KONUNGS SAMBAND EITT ÓFÁANLEGT, SKILNAÐUR ÞVÍ SJÁLFSAGÐUR". Landvarnarfélagið í Reykjavík kveður upp einróma sama dóminn. Enginn er í vafa um, hvað nú er fyrir höndum. Nefndar frumvarpið talið gersamlegt rothögg á sjálfstjórnarvonir landsmanna. Þar væri um það að tefla, að allra dómi, að selja af hendi þau landsréttindi, sem sjálft frumvarpið byggir á og Danir hafi viðurkent, að Íslendingar eigi enn óskert eftir gamla sáttmálann. "Og verðum við nú þeim mun vesælli, en allir okkar feður, að Danir fái það nú hjá oss viljugum, sem þeir urðu að kúga með byssum og hermönnum út úr þeim feðrum okkar, sem varnarlausastir voru og bágstaddastir á verstu hörmungaröldunum" segir Ingólfur

Stórgallana á frumvarpinu telur blaðið þessa:

1. Íslendingar innlimaðir óuppsegjanlega dönsku valdi í utanríkismálum og hermálum.

2. Dönum á Íslandi heimilt jafnréttti við Íslendinga, óuppsegjanlega, og öllum þegnum hins danska ríkis heimilaður fiskiveiðaréttur í landhelgi Íslands um 30 til 40 ára bil.

3. "Dannebrog" jafnlengi lögleist verzlunarflagg út á við.

4. Háyfirdómari hæstaréttar Danmerkur gerður oddamaður, ef ágreiningur ris milli alþingis og ríkisþings.

Það þykir og blaðinu athugavert:

að Íslendingar greiða hlutfallslega konungi og konungsætt, og

að Danir eru losaðir við útgjöld til 'slenzku skrifstofunnar.

Við athugun þessa frumvarps, kemur Heimskringlu málið svo fyr ir sjónir, að ýmislegt sé þar athugavert fleira en það, sem Ingólfur hefir tilfært.

Í fyrstu grein frumvarpsins er það tekið fram, að Ísland sé frjálst og sjálfstætt land, er eigi verði af hendi látið. Vér fáum ekki séð, í hverju frelsi og sjálfstæði landsins er fólgið, stjórnarfarslega, ef það er á valdi nokkurar erlendrar þjóðar að ákveða nokkuð um það með lögum, hvort það verður eða verður ekki af hendi látið. Og af hvers hendi ætti það að látast, nema sjálfra Íslendinga, ef landið er frjálst og sjálfstætt? — Þetta ákvæði bendir ótvíræðlega til þess, að Danir telji sig hafa algerðan eignarrétt yfir Íslandi, — annars gætu þeir ekki með þessu frumvarpi leyft sér að ákveða nokkuð um það, hvað um landið skal verða í framtiðinni. Og meðan Danir gera slíkt eignar og umráða tilkall með tilliti til Íslands, fáum vér ekki séð, að það geti heitið frjálst og sjálfstætt land.

Þriðja greinin staðfestir og þetta band, þar sem hervarnir og utanríkismál eru sameiginleg, að Íslandi nauðugu.

Fimti liður sömu greinar kveður á um sameiginlegan fæðingar og "Naturalization" rétt fyrir bæði löndin, og lengra verður ekki komist í ófrelsi og ósjálfstæði landsins. Oss skilst svo, sem Danir gætu undir þessum lið gert tyrkneska menn að íslenzkum borgurum, hvenær sem þeim virðist ástæða til þess, að Íslendingum alveg fornspurðum.

"Kaupfáninn út á við" rýir Ísland öllum þjóðréttindum gagnvart umheiminum.

Fjórða grein svíftir og Íslendinga öllum ráðum í póst- og ritsíma málunum, ef ágreiningur verður. Því þar er svo umbúið í frumvarpinu, að Danir skuli jafnan hafa fleirtölu manna í öllum þeim gerðardómum, sem settir kunna að verða til þess að leggja fullnaðarúrskurð á slík ágreiningsmál milli Dana og Íslendinga.

Svo ramlega er nú um hnútana búið, að Íslendingar eiga ekki að hafa vald til þess, að hafa neitt eftirlit með gæzlu á fiskiveiðarétti þegnanna, nema eftir samkomulagi við Danmörku. Ef þetta er samkvæmt þeim rétti, sem frjáls og sjálfstæð þjóð ætti að mega tileinka sér, þá er skilningur Vestur-Íslendinga á frelsi og sjálfstæði nokkur annar en virðist að hafa vakað fyrir þeim nefndarmönnum, er undirrituðu frumvarps uppkastið.

Yfirleitt virðist oss við fljóta íhugun frumvarpsins allur kjarni þess lúta að því, að fyrirbyggja frelsi og sjálfstæði Íslands framvegis.

Heimskringla fullyrðir, að Vestur-Íslendingar fylgi einróma Skúla Thoroddsen í þessu máli, og að eina stefnan, sem þjóðin geti tekið eins og nú horfir við sé hreinn og beinn undandráttarlaus og alger aðskilnaður við Danaveldi.

Smá pistlar

ÚR FYRIRLESTRAR FERÐ JÁRUSAR GUÐMUNDSSONAR.

IV.

NÝJA ÍSLAND. — Um bygðir þar hefi ég áður skrifað fyrir tveimur árum síðan, og eftir því, sem ég komst næst og leit eftir, þá hefir sáralítil nýbreytni átt sér þar stað síðan, nema sú, að járnbrautin er nú löngu fullger að Gimli, og sýnist hafa nóg að flytja, og vera bygðinni til hagnaðar og uppörvunar. Annað stóratriði og fremur óviðfeldin nýlunda er það, að helmingur, eða allur syðri hluti Nýja Íslands er genginn úr greipum Íslendinga, að kalla má. Galiciu karlarnir og kerlingarnar hafa stungið öllu undir skinnúlpurnar sínar. Þeim þykir þetta hálf leiðinlegt gömlu frumbyggjunum, og ég svo sem lái þeim það ekki. En ungu mennirnir kæra sig kollótta, þeim er sama í hverri Keflavíkinni að róið er, ef jafnvel fiskast í báðum, og hlutinn er hægt að draga út í góðum og gildum dollurum, og mega svo vera frjáls og frí sem fugl á kvisti grænum meðan sjóðurinn endist. Ekki er þessu nú samt þannig varið, að Gallarnir hafi gleypt Íslendinga með húð og hári og allar eignir þeirra þar neðra. Nei, langt frá því. Mismunandi eru sögurnar um upphaf þessa stóra máls. En eftir því, sem ég hefi komist næst, og sannast mun vera, þá reis málið af þrætu milli flokkanna. Og þannig var því háttað, að Gallarnir héldu því fram, að loðnan ætti að snúa inn á skinnúlpunum, en landinn sagði, að hún ætti að snúa út. Svo var þráttað um þetta fram og aftur, og leitað upp lýsinga og úrskurðar allra vitrustu manna, sem nokkurn tíma hefðu séð eða íklæðst skinnbjálfa. En sitt sagði hver, og Sigtryggur stóð alveg ráðalaus, og þótti nú mörgum súrt í broti, að Baldwin var úr sögunni, og því óáæanlegur úrskurður hans. En við svo búið mátti ekki sitja aðgerðalaust. Svo var það ráð tekið, að flokkarnir útvöldu sína vitrustu menn, til þess að flytja málið undir úrskurð Manitoba stjórnarinnar, og þar við átti að sitja. En þar eru nú engir þorskar, er úrskurða ástæðulaust í vandamálum. Því treystu líka málsaðilar. Og nú eftir að þeir stóru herrar höfðu íklæðst sínum þangmannasmussum og sett hárkollur á sína vitru skalla, þá spyrja þeir Gallana, hverjar ástæður þeir færi fyrir því, að hárin eigi að snúa inn á skinnúlpunni. En þeir sögðu, að menn væru langt um sleipari og rennilegri við skógarhögg og alla jarðyrkju, ef loðnan sneri inn. En eins og þeir háttvirtu herrar vissu, þá væri kuldinn mikill og þeir nauðbeygðir að brúka úlpur sínar við vinnuna, og seint mundi Gimli hérað verða að algrænum kornökrum, ef aldrei væri gert þar handtak allan þennan langa vetur, sem hér ætti sér stað. — "Svo þið eruð þá jarðyrkjumenn, Gallarnir?" sagði innflutningaráðgjafinn. — "Já", sögðu Gallarnir, "og kerlingarnar okkar líka, og við erum skógarhöggsmenn miklir og eigum fjór- og fimmfalda eldiviðarhlaða meðfram allri Gimli brautinni, og hún hefir ekki undan að flytja fyrir okkur". — "All right", sagði ráðgjafinn og kinkaði ánægjulega sínum vitra kolli. — Síðan snéru ráðherrarnir sér að landanum, sem kosinn var framsögumaður, og sögðu: "Hvaða ástæður færið þer, háttvirtu gömlu bændur, fyrir því, að hárin eigi að snúa út á skinnúlpunum?" — "Til þess eru þær ástæður, herrar mínir, að fyrst og fremst er það móðins og flestir meiri háttar menn halda þeim vana, og annað er það, að vér þekkjum enga lifandi skepnu, sem guð hefir skapað, sem hárin snúa inná nema Galiciu bjálfana. Þar af drögum vér þá ályktun, að hárin eða loðnan standi meir og betur á móti frosti og vindi, ef hárin snúa út. Og vér, sem verðum að standa mikinn part af þessum grimmu Manitoba vetrum úti á vatni við fiskiveiðar, erum nauðbeygðir til að verja oss kali og skemdum, og það köllum vér, allrar virðingarfylst réttthverfuna, þeg ar hárin snúa út, og því höfum vér réttthverfu málsins okkar megin, en Gallarnir ranghverfuna". — "Þið eruð þá fiskimenn, háttvirtu Íslendingar", sagði ráðgjafinn. — "Já, sögðu landarnir allir í einu hljóði. — "Það er nú gott með öðru góðu", sagði ráðgjafinn, en ekki kinkaði hann sínum vitra kolli, bara sneri sér mjög stilt og gætilega til hinna ráðgjafanna og sagði: "Hvað sýnist yður, herrar mínir, að hægt sé að úrskurða í þessu stóra vandamáli?" — Nú varð löng, afskaplega löng og þreytandi þögn. Ráðgjafarnir voru rétt komnir að því að springa af hugsana umbrotum í þarra vitru kollum, og svitinn kom út á hinum höfðinglegu ennum þeirra, augun tindruðu eldsnör, og varirnar klemdust saman. Enginn vildi verða fyrstur til máls. — Það var hetjan, sannkallaða hetjan og mikilmennið mesta, sem Manitoba á nú, stjórnarformaðurinn sjálfur, er rauf þessa dauðaþögn, sem var nærri búin að gera út af við alla, sem viðstaddir voru, og segir á þessa leið: "Mikilsvirtu sendinefndir og háttvirtu starfsbræður, sú er skylda vor og köllun á meðan vér höfum þann heiður að stjórna og starfa að velferð Manitoba fylkis og hagsmunum allrar alþýðu, að líta á hvert mál frá sanngjarnri hlið. Nú er það tilgangur vor, og miklu þar til kostað, að fá þetta fagra fylki uppbygt af nýtum drengjum og duglegum mönnum, sem hafa orku og áhuga á því, að grafa þau hin miklu auðæfi upp, sem falin liggja í þeim frjóla jarðvegi, sem hér er. Því eru það nýtustu mennirnir fyr ir oss, sem að jarðyrkjunni vinna, og nýtastir bæði sjálfum sér og þjóðfélagsheildinni allri. Og þar sem nú Gallarnir hafa bæði sýnt það, og sannað, að þeir eru jarðyrkjumenn, þá úrskurða ég þeim málið og mestan heiðurinn, og set þá sem fyrirmynd og leiðtoga þeirra, sem styttra eru á leið komnir í ræktun landanna þar í kring, — því hver heilvita maður getur séð, að slíkt gerir engan mun, hvort hárin snúa út eða inn á skinnúlpum þeirra. Úrskurðurinn byggist eingöngu á dugnaði þeirra". — Allir ráðgjafarnir sögðu amen. (Meira).

það þrífst ekki sem mér list ekki.

Þegar ég sá Sigtrygg Ágústsson fyrst, þá var ég hissa, að íslenzka þjóðin skyldi eiga svo ljótan mann í eigu sinni, og nú þegar maður hefir lesið ritgerðir hans í Heimskringlu, að meðtaldri þessari 275 þumlunga löngu ritgerð hans um íslenzku Goodtemplara stúkurnar í Winnipeg, þá sjá allir hvernig innri maður hans lítur út, og dettur mér þá í hug, að lengi getur vont versnað.

Þessari næstum endalausu árás hans á íslenzku Goodtemplara stúkurnar, er í rauninni ekki vert að svara, af því hún er ekkert nema heiðnargrautur, soðinn af ó menni og með illgirni kynt undir. Hann er reiður, aumingja maðurinn, af því að hafa verið rekinn hér úr tveimur stúkum, eftir fárra mánaða dvöl í báðum, og er það einsdæmi, að stúkurnar hafi orðið að breyta þannig við nokkurn með lim á jafnstuttum tíma.

Það blandast því engum hugur um það, hvað maðurinn hefir meint með þessari dellu sinni í Heimskringlu um íslenzku Goodtemplara stúkurnar, — ekkert nema heiðni, og af því hann hefir treyst sannleikanum illa, þá hefir hann verið óspar á ósannindum alt í gegn um greinina. Ég skal til dæmis fara fáeinum orðum um eitt ósanninda atriðið í greininni hans, af því það kemur mér persónulega dálítið við.

Það er viðvíkjandi samskotunum til Goodtemplarahússins. Sigtryggur Ágústsson segir, að minni hlutsamskotanna hafi komið frá meðlimunum, og að stúkurnar hafi sýnt vanþakklæti til gefendanna. Hvorutveggja þetta eru vísvitandi ósannindi, sögð af eintómum strákakap.

Fyrir tveimur árum, þegar stúkurnar afréðu að láta byrja á Good templarahúsinu, þá voru þær svo klitlar, að þær sáu vel að þær gátu ekki komið verkinu áfram með þeim peningum, sem þær höfðu. Það var því samþykt í stúkunum, að leita almennra samskota, og til þess kosin nefnd manna, að hafa þann starfa á hendi. Ég lenti í nefndinni frá stúk unni Heklu, og af því ég var kosinn skrifari og féhirðir samskotanna, þá varð það líka mitt verk, að gefa skýrslur til stúkunnar, og þegar ég hefi gert það, þá hefi ég lesið upp öll nöfn gefendanna og upphæðir, og síðan tilfært hvað mikið félagar hafa gefið og hvað mikið utan stúku fólk, og nú standa listarnir þannig, að af öllu því, sem safnað hefir verið í stúkunni Heklu, þá er sjöundi hver dollar frá utan stúku fólki. (Ekkert nálægt Sigtryggs sögn).

Sama er um hitt atriðið, — vanþakklætið. Ég hefi verið heyrnarvottur að því á fundum stúknanna, að gefendunum hefir verið einlæglega þakkað fyrir þá miklu hjálp, sem þeir hafa veitt Goodtemplurum til þess að koma upp þessu veglega húsi. Stúkurnar hefðu ekki getað þakkað það betur en þær hafa gert, nema þá að þakka fyrir gjafirnar í blöðunum. Enda hefir verið talað um, að gera það, þegar samskotanefndin skilar af sér til fulls og alls, sem er búist við að verði næsta haust.

Svona er öll þessi áminsta grein Sigtryggs Ágústssonar, ein óslitin ósanninda-della, og því rúmi sannarlega illa varið í blaði, sem tekið er upp með öðrum eins þvættingi, ekki sízt þegar það eru margir dálkar í mörgum blöðum.

Meira ætla ég ekki að skrifa um þetta að sinni. Ég hefi nú bent lesendum blaðsins á ástæðuna fyrir því, að S.Á. skrifaði þessa árás á stúkurnar, og eins líka hvað ógvandur hann hefir verið að vopnum.

B. M. LONG

Á Giftingardegi

Charles B. Sampley og Láru V. Grímson.

7. JÚNÍ, 1908.

Ó, hve inndælt er líf
um sumar með söngfuglahljóm
og sólskin og litfögur blóm,
og alt, sem er inndælast til.
Í lífsins ljósvakans dans
hvert lifandi frækorn ber krans,
og heildin er hljómþrungið spil,
Ó, hve inndælt það líf.

Ó, hve inndælt er líf,
í júní, á jarðlífsins braut,
þegar jurtirnar klæðast í skraut,
og sólin í suðrinu skín.
Og rúm fyllist raddfögrum klið,
og rós segir fiðrildinu við:
já æfilangt ást mín er þín,
Ó, þá er inndælt hans líf!

Ó, hve inndælt er líf,
þegar ástvinir eiga sér fund
í ilmríkum, blómskrýddum lund,
með sumar í hjarta og sál.
Eins og aflið í árstraumsins foss,
er elskenda töfrandi koss,
þetta eldheita æskulífsbál!
Ó, hve inndælt það líf!

Ó, hve inndælt er líf,
þegar öll verða ámæli rengd
og ástin er sannleiknum tengd,
og samvizkan segir þau eitt,
— Að elskast er alvöruspil,
og ekkert í veröld er til,
sem getur þeim guðslögum
breytt.
Ó, hve inndælt það líf!

Ó, hve inndælt er líf,
ykkar útsjón og anda í dag,
þá ómar brúðsöngvalag
og við altarið vinnið þið eið
af ást, sem er ódauðleg þrá, LLL
er opinbert segið þið: Já, —
að fylgjast á framtiðarleið.
Ó, hve inndælt það líf!

Ó, hve inndælt er líf,
að hlusta á hljóðfærasöng,
þegar haustnóttin kemur svo löng,
af fögnuð' þín sál verður full,
— sem purpura plantan á grein, —
þú veizt perlan er íslenzk
— og hrein
og ást hennar æðri en gull.
Ó, hve inndælt það líf!

Ó, hve inndælt er líf,
við sumarsins sólbliða skaut,
oss sýnist alt logandi skraut,
ef hjartað á himneskan frið
Ó, brúðhjón, kyndið kærleiksins bál!!
Með kveðinu segi ég: Skál
ykkar nöfnum í níunda lið!!
Ó, hve inndælt það líf!

Ó, hve inndælt er líf,
líf þú CHARLES og LÁRA í frið,
að loðsverðum hjónabands síð,
og haldið þann heilaga eið.
í hug þínum hún verði rós!
Í hjarta' hennar þú verðir ljós!!
Fylgi guð ykkur farsældarleið,
að eilífu, alt ykkar líf!

Þ.K.K.

— Nýlega hefir lögreglan í Paris fundið þjófaskóla í Toulouse borg, sem að öllu leyti er útbúinn eftir nýmóðins tízku og beztu vinnutækjum. Ungur húsgagnasmiður, 22 ára gamall, veitir skólanum forstöðu. Skólahúsið var áður not að til guðsþjónustugerða, en síðan breytt í skóla þennan. Í honum eru ýmsar deildir: Vasaþjófadeild, búðarþjófadeild, innbrotsþjófadeild, ránsdeild, deild sem kennir að sprengja upp peningaskápa o. fl. Öll handtök voru sýnd og nýjustu verkfæri, sem þessari "profession" tilheyra. Hver deild var undir umsjón sérstaks "professors" sem sjálfur hafði útskrifast af skóla þessum. Á skólanum voru svínshorn af allskonar peningaskápum og vegghólfum með öflugustu skrám, sem tilbúnar eru, og nemendunum var kent, að opna hverja skrá með litlli fyrirhöfn og á stuttum tíma. Nemendur urðu daglega að hafa verklegar æfingar úti í borginni og flytja þýfið á skólann, til að sýna framfór sína. En þeir, sem voru í ráns og innbrotsdeildunum, gerðu allar sínar æfingar á nóttunni undir aðfóum leiðtogum, sem skólinn lagði til. Þeir áttu að byrja á, að brjótast inn í og stela úr familiuhúsum, og þegar nægileg æfing var fengin í því, voru skrifstofur, járnbrautaskrifstofur og bankar teknir fyrir. Þessi skólasveit hafði slegið ótta yfir Toulouse borgar búa í langan undanfarinn tíma, þar til lögreglan uppgötvaði skóla þennan og tilgang hans.

Hlaupa-drengir fást á svipstundu ef kallað er á

Phone 4862

WESTERN MESSENGER SERVICE,

336½ Smith St. - Winnipeg

Virðingarfylst óska Viðskifta yðar.

Auglýsinga-Skiltum Dreytt og Fest Upp.

A. J. Huckell, ráðsmaður.

JOHN DUFF

PLUMBER, GAS AND STEAM FITTER

Alt verk vel vandað, og verðið rétt

662 Notre Dame Ave. Phone 3815

Winnipeg

KJÖT.

"Ef það kemur frá Johnson, þá er það gott"

C. G. JOHNSON, Kjötsali,

Langside og Ellice Fón 2631

Giftingaleyfisbrjef

selur Kr. Ásg. Benediktsson,

477 Beverley St. Winnipeg.

WINNIPEG Business College

FÉKK FYRSTU VERÐLAUN Á SAINT LOUIS SÝNINGUNNI.

Cor. Portage Ave and Fort St.

Kennir Bókhald, Vélritun, Símritun, Býr undir Stjórnbjónustu o. fl. Kveld og dag kensla. Sérstök tilsögn veitt einstaklega. Starfshögunar-skrá frí.

DR. A. EKERN

Sérfræðingur í Augna-, Nef-, Eyrna- og Holdssjúkdómum.

Grand Forks, N. Dak.

Sendið Heimskringlu til vina yðar á Íslandi.

Cancer Cure.

R. D. EVANS, sem fann upp hið víðfræga lyf til lækninga

krabbameinum

óskar að allir sem nú þjást af krabbameinum, skrifi sér. 2. daga notkun meðalsins, læknar útvortis eða innvortis krabbamein. Skrifið strax til R. D. Evans, Brandon, Man. 27-8-8

A. S. BARDAL

Selur líkkistur og annast um útfarir. Allur útbúnaður sá bezti. Enfremur selur hann alskonar minnisvarða og legsteina.

121 Nena St. Phone 306

Bóas Arnbjörnson

Hinn 28. marz sl. lézt á einu sjúkrahúsinu í Salt Lake City bóndinn Bóas Arnbjörnsson, til heimilis hér í Spanish Fork. Fór hann á sjúkrahús þetta 10 dögum áður en hann lézt, til þess að leita sér lækninga við einhverskonar innvortis meinsemd, sem hann hafði fundið til meira og minna nokkra undanfarna mánuði. En þegar hér var komið sögunni, snerist veikin upp í skæða lungnabólgu, sem leiddi hann til bana eftir 10 daga dvöl á sjúkrahúsinu.

Bóas sál. var fæddur á Íslandi 7. ágúst 1857, og því tæpra 51 ára að aldri þegar hann dó. Hann var sonur Arnbjarnar bónda Sigmunds sonar og Guðnýjar Erlendsdóttur, hjóna á Þorvaldsstöðum í Breiðdal í Suðurmúlasýslu, og þar var



BÓAS ARNBJÖRNSON.

hann fæddur. En uppalinn og fóstr aður hjá Guðmundi gullsmið Sigmundssyni, föðurbróðir sínum, bónda í Geitadal í sömu sveit, og þar dvaldi hann fram yfir fermingaraldur. Eftir það fór hann að Borg í sömu sveit, og dvaldi þar um nokkur ár hjá öðrum frænda sínum, Jóni Guðmundssyni að nafni. Árið 1883, í júlí mánuði, fluttist Bóas til Ameríku og settist fyrst að í Pembina, N. Dak. Þaðan flutti hann til Helena, Montana, og síðast til Spanish Fork, Utah, og hefir búið þar ávalt síðan.

Um haustið 1885 gekk hann að eiga ungfrú Bjarnlaugu Eyjólfsdóttir, Guðmundssonar, frá Eyjabakka í Hvamshreppi í Húnavatns sýslu, og eignuðust þau hjón 7 börn, og eru nú 6 af þeim á lífi, fjórar stúlkur og tveir piltar. Hið elzta 21 árs en það yngsta 10 ára.

Við fráfall Bóasar, á bezta aldri, beið vor fámenni íslenzki þjóðflokkur tjón mikið, því hann var einn í tölu vorra "merkustu manna", dugandis maður til allra vinnu og smiður allgóður, fremur vel greindur, og vel að sér í bóklegum fræðum. Búhöldur í góðu meðallagi, og bezti húsfaðir. Er hans því sárt saknað, ekki einasta af ekkju hans og börnum, — heldur öllum, er af honum höfðu viðkynningu, bæði nær og fjær.

Bóas sál. var meðlimur í bræðrafélaginu "Knights of the Maccabees of the World", og hafði þar lífsábyrgð upp á $1,000. Stóð félag þetta fyrir útför hans, og sá um hana að öllu leyti, og fór hún fram frá heimili hins látna og lútersku kirkjunni, í viðurvist mesta fjölmennis þ. 30. f.m. Héldu tveir prestar ræður yfir moldum hans í kirkjunni, en þrir af félögum hans töluðu við gröfina.

Lífsábyrgðina, $1,000, borgaði umboðsmaður félagsins ekkjunni að fullu þann 20. þ.m.

Sp. Fork, Utah, 25. apr. '08.

E. H. Johnson.

Spurningar og Svör.

Ritstj. Hkr. Gerið svo vel, að svara eftirfylgjandi spurningum í blaði yðar:

1. Getur sá maður verið póstafgreiðslumaður, sem hefir komið eignum sínum undir nafn konu sinnar, til þess að frijast við að borga áfallnar skuldir, sem honum bar að borga?

2. Getur sá maður verið póstafgreiðslumaður, sem að einhverju leyti hefir ærukrenkjandi umsjónarstörf?

3. Hefir nokkur póstafgreiðslumaður heimild til þess, að afsegja að gefa kvitteringu, þegar hann registrerar bréf, nema með því móti, að hann fái að vita frá hverjum bréfið er? Fáfróður.

Svar: Vér hyggjum, að öllum þssum spurningum beri að svara játandi. Póstafgreiðslu maðurinn getur hafa gefið póstmáladeildinni tryggingu fyrir embættisfærslu sinni, þó hann sé persónulega eignalaus maður, og póstmáladeildina varðar ekkert um það, af hverjum ástæðum hann er eignalaus. — Póstafgreiðslumaður getur haft eða hafa haft blekt mannorð, en samt fullnægt embætti sínu sem póstafgreiðslumaður óaðfinnanlega. — Póstafgreiðslumaður hefir fylstu embættisskyldu til að víta, frá hverjum þau bréf eru, sem hann "registerar", og að neita að kvittera fyrir þau, ef upplýsing um sendanda bréfsins er ekki veitt honum. Hann verður að bóka svarið um það, í hvers nafni bréfið er sent. Slik upplýsing ætti að vera hverjum sendanda útlátalaus og póstafgreiðslumaðurinn á alla heimtingu á henni.

Ritstj.

1. Hvernig eru uppþurkunarlög Manitoba fylkis?

2. Geta partar af einu sveitarfélagi gengið undir þau?

3. Hvað þurfa menn að borga mikið á ári, og hve mörg ár hækkar skatturinn á löndunum við að fá þau þurkuð upp?

4. Hve langan tíma tekur að þurka löndin? Fáfróður.

Svar: Stjórnarráð fylkisins hefir vald til þess, að mynda framræsluhéruð hvar og hvenær sem það er álitið nauðsynlegt og til almennra hagsbóta. Áður en nokkurt slíkt hérað er myndað, skal stjórnin láta hæfan landmælingaverkfræðing mæla lönd þau, sem ætlast er til, að myndi héraðið, með þeim ásetningi, að komast ná kvæmlega eftir, hvað verkið muni kosta, og hvort sá kostnaður samsvari þeim umbótum, sem við það fáist. Verkfræðingur sá, sem löndin mælir, skal leggja fyrir ráðgjafa opinberra verka skýrslu yfir það, hver lönd skuli tekin inn í héraðið, hve mikil hagsbót hverju slíku sérstöku landi verði að verkinu, og hver upphæð skuli reiknast hverju sérstöku landi til skuldar, og hve mikið skuli árlega leggjast á hvert land, og til hve margra ára, þar til borgað er að fullu fyrir verkið.

Að fenginni skýrslu verkfræðingsins, skal opinberra verka ráðgjafinn láta gera nákvæma uppdrætti yfir og áætlanir um kostnað við framræslu héraðsins. Þetta skal hann leggja fyrir alt stjórnarráðið sem svo ákvarðar, hvort halda skuli áfram að vinna verkið. Eftir að ákveðið hefir verið að gera framræsluna, er það auglýst, og þar auglýst, hver lönd verði innan héraðsins, og hve mikla fjáruppphæð þurfi að leggja á hvert land á ári og til hve margra ára. Ef íbúar innan þessa héraðs hafa ekki á móti því, að verkið sé unnið, þá er haldið áfram með fyrirtækið. En ef eigendur helfings allra þeirra landa innan þessa ákveðna héraðs hafa á móti því, að haldið sé áfram að vinna verkið, þá fellur málið þar með.

Þetta er aðal kjarni laganna.

Borgunar tímabilið getur verið 15 eða 20 eða 25 ár, eftir því sem um semur, því að í myndun slíkra héraða fer stjórnin sem næst eftir auglýstum vilja þeirra manna, sem hlut eiga að máli, og sem verða að borga í árlegum sköttum: það sem verkið kostar. Ekki heldur er stjórnin vön, að mynda slík héruð fyrri en hún hefir fengið formlega tilkynningu íbúanna um, að það sé vilji þeirra, að lá lönd sin ræst fram.

Af þessu er það auðráðið, að hluti af einni löggiltri sveit getur verið innan framræzluhéraðs, þó annar partur sömu sveitar sé það ekki. Upphæðin, sem á hvert land legst og árlegir skattar, eru komnir undir því, hve mikið verkið kostar. Þessir árlegu framræzluskattar geta verið frá 10c til 1 dollar á ekru eftir ástæðum. Upphæðin er ótakmörkuð að öðru leyti en því, að stjórnin leyfir ekki myndun slíkra héraða, nema hún sé sannfærð um, að umbót sú, er á löndunum verður, meira en svari tilkostnaðinum við að þurka þau.

Ritstj.

50 Prócent Afsláttur.

50 prócent afsláttur verður gefin á öllum skrautgerðum sumar Kvenkjóladúkum frá þesssum tíma og þar til 3. Júlí n. k. — Vér höfum mikið úrval af þessum vörum.

Schweitzer Brothers

CAVALIER, N. DAK.

F. Deluca

Verslar með matvöru, aldini, smá-kökur, alskonar sætindi, mjólk og rjóma, sönnl. tóbak og vindla. Óskar viðskifta Íslend. Heitt kaffi eða te á öllum tímum. Fón 7756

Tvær búðir:

587 Notre Dame og 714 Maryland St.

The Dominion Bank

NOTRE DAME Ave. BRANCH Cor. Nena St.

Vér seljum peningaávisanir borganlegar á Íslandi og öðrum lönd.

Allskonar bankastörf af hendi leyst

SPARISJÓDS-DEILDIN

tekur $1.00 innlag og yfir og gefur hæstu gildandi vexti, sem leggjast við innstæðufé 4 sinnum á ári, 30. júní, 30. sept. 31. desembr og 31. march.

Til fullkomnustu tryggingar Vátryggið fasteignir yðar hjá The

St. Paul Fire & Marine Ins. Co.

Eignir félags, eru yfir 5 milijón dollars. Skaðabætur borgaðar af San Francisco eldinum 1½ mill. SKULI HANSSON & CO., 35 Tribune Bldg., Phone 6476, eru sérstakir umboðsmenn.

E. S. Miller Limited

Aðal umboðsmenn

PHONE 2088 219 McINTYRE BLK.

HEIMSKRINGLU og TVÆR skemtilegar sögur fá nýir kaupendur fyrir að eins **$2.00.**

Department of Agriculture and Immigration.

MANITOBA

Þetta fylki hefir 41,169,089 ekrur lands, 6,019,200 ekrur eru vötn, sem veita landinu raka til akuryrkjuþarfa. Þess vegna höfum vér jafnan nægan raka til uppskeru tryggingar.

Ennþá eru 25 miliónir ekrur óteknar, sem fá má með heimilisrétti eða kaupum.

Íbúatala árið 1901 var 255,211, nú er hún orðin 400,000 manns, hefir nálega tvöfaldast á 7 árum.

Íbúatala Winnipeg borgar árið 1901 var 42,240, en nú um 115 þúsundir, hefir meir en tvöfaldast á 7 árum.

Flutningstæki eru nú sem næst fullkomin, 3516 mílur járnbrauta eru í fylkinu, sem allar liggja út frá Winnipeg. Þrjár þverlandsbrauta lestir fara daglega frá Winnipeg, og innan fárra mánaða verða þær 5 talsins, þegar Grand Trunk Pacific og Canadian Northern bætast við.

Framför fylkisins er sjáanleg hvar sem litið er. Þér ættuð að taka þar bólfestu. Ekkert annað land getur sýnt sama vöxt á sama tímabili.

TIL FERDAMANNA:

Farið ekki framhjá Winnipeg, án þess að grenslast um stjórnar og járnbrautarlönd til sölu, og útvega yður fullkomnar upplýsingar um heimilisréttarlönd og fjárgróða möguleika.

R. P. ROBLIN,

Stjórnarformaður og Akuryrkjumála-Ráðgjafi.

Skrifið eftir upplýsingum til

Joseph Burke. 178 LOGAN AVE., WINNIPEG.

Jas. Hartney 77 YORK ST., TORONTO.

T. L.

Heitir sá vindill sem allir reykja. "Hversvegna?". af því hann er það besta sem menn geta reykt. Íslendingar! munið eftir að biðja um **T. L.**

(UNION MADE)

Western Cigar Factory

Thomas Lee, eigandi Winnipeg

Redwood Lager og Extra Porter

Styrkið taugarnar með því að drekka eitt staup af öðrum hvorum þessum ágæta heimilis bjór, á undan hverri máltíð. — Reynið !!

EDWARD L. DREWRY Manufacturer & Importer Winnipeg, Canada.

"Syngdu, kæra Aðalheiður, ef þú ert ekki of þreytt", sagði lávarðurinn.

"Mér þykir leiðinlegt, að neita þér, Allan, en mér er ómögulegt að syngja í kveld".

Honum sýndist glitra tár í augum hennar, og málrómur hennar lýsti hrygð. Hana langaði svo til að snúa sér að honum og segja: "Allan, elskaðu mig. Þú ert maðurinn minn. Láttu hana ekki komast upp á milli okkar, — ekki taka þig frá mér. Vertu góður við mig, vertu mér trúr; því ég elska þig svo heitt!" Orðin brunnu á vörum hennar. Það var svo sárt, að geta ekki sagt það við hann. Aðrar konur gátu talað við menn sina um sorgir sinar. Hún gat það ekki. Hún varð að þegja og reyna að brosa, þótt hjarta hennar væri nær við að bresta Hún varð að bera alt þetta ein.

Hertogainnan gaf sig ekki fyrir þetta, heldur sneri sér nú að lávarðinum:

"Þér verðið ekki jafn harðbrjósta komið og syngið með mér".

"Hver gæti neitað þessari bón?" sagði hann og stóð brosandi upp og gekk á eftir henni að hljóðfærinu.

"Ég skal finna nóturnar", sagði Lady Aðalheiður, og gekk til þeirra. Allan tímann meðan þau sungu, stóð hún á milli þeirra.

"Hún skal ekki geta fengið honum bréfið í kveld" hugsaði hún. En henni féll samt mjög illa, að verða að gæta hennar svona nákvæmlega.

Einu sinni enn þá frelsaði hún mann sinn frá freistingunni. Bréfið var enn þá í höndum hertogainnunnar. Hún sneri sér nú að lávarðinum, hrósaði honum fyrir söng hans og sagði síðan:

"Viljið þér tefla skák við mig, Caren, ég á hja yður síðan síðast?"

"Já, með ánægju".

Nú vissi Aðalheiður ekki hvað gera skyldi. Hún ásetti sér samt, að gefast ekki upp fyr en í fulla hnefana.

"Ef þér haldið að hertoganum leiðist", sagði hún við hertogainnuna, "þá skal ég gjarnan koma í yðar stað".

En hertogainnan hló háan hæðnishlátur. "Nei, þökk fyrir, Lady Aðalheiður. Maðurinn minn hefir blöð sín og saknar mín ekkert".

Caren lávarður skildi ekkert, hvað þeir áttu við. Því var hertogainnan eins og sigri hrósandi, en kona hans svo niðurbeygð og hrygg? Hann skildi ekkert í því.

Nú tapaði Lady Aðalheiður allri von. Hún hafði gert alt sem hún gat. Þó hún neytti allrar skynsemi sinnar, þolinmæði og góðvilja, þá gat hún ekki hjálpað. Hún gat ekki gert uppistand í hinum skrautlega gestasal. Hún gat ekki sagt við mann sinn: "Spilaðu ekki við hana. Hún vill fá þér bréf, sem hún hefir skrifað til þín".

Hertogainnan hefði strax neitað því, og maður hennar hefði ekki að eins reiðst henni, heldur álitið hana afbrýðissama og illa uppalda.

Hún gat ekki sagt við hertogainnuna: "Þér haldið á bréfi í hendi yðar sem þér ætlið svo að afhenda manni mínum, strax og þér fáið tækifæri til þess. En ég vil standa við hlið yðar, svo þér getið ekki fengið honum það, og með því komið honum til að drýgja stórsynd".

Í samkvæmislífinu verður stranglega að fara eftir siðareglunum, þótt að hjörtun bresti við það.

Nú var öll árvekni og þolinmæði hennar til einkis. Hún sá þau ganga yfir salinn, þangað sem spilaborðið stóð.

Hún settist niður í algerðri örvæntingu. Hún gat ekki haft augun af þeim, og eftir litinn tíma, sá hún hertogainnuna leggja bréfið í hönd lávarðarins.

Henni fanst alt hringsnúast fyrir augum sér, en hún náði sér brátt aftur og stundi þungan. Svo gekk hún að glugganum og horfði út. Hin hræðilega óhamingja, sem hún svo lengi hafði kviðið fyrir, var nú fallin yfir hana.

LIX. KAPÍTULI.

Loksins var kveldið á enda. Lady Aðalheiður vissi tæpast, hvernig það hafði liðið. Hún næstum hræddist sjálfa sig. Hún fann því betur, hve heitt hún elskaði mann sinn, sem ástríðan og óttinn að missa hann kvaldi hana meira.

Hún hafði ekki haft augun af þeim alt kveldið, og henni veittist sú ánægja, að sjá, að það var langt frá, að hann liti glaðlega út. Þvert á móti, hún las út úr andliti hans óánægju og undrun.

Hertogainnan talaði mjög alvarlega við hann. Stundum lék bros um andlit hennar, en svo varð hún aftur alvarleg.

Lady Aðalheiður vissi varla sitt rjúkandi ráð Stundum ásetti hún sér, að ganga til þeirra, taka um hönd manns sins og segja: "Kom með mér, Allan, hún vill draga þig niður í skömm og svívirðingu". En svo sá hún, að hún gat ekki gert það.

"Ég held að ég missi vitið, ef ég sit hér öllu lengur", sagði hún við sjálfa sig.

Svo stóð hún upp og reyndi að hressa sig upp eftir því sem hún gat. Hún skemti gestum sinum.

Öllum virtist hún vera ánægð, en henni sjálfri fanst hún vera eins og í draumi.

Það var að eins einn, sem skildi hana, og það var kafteinn Randolph. Hann þurfti að eins að horfa á hana til að sjá, hvernig henni leið, miklu betur en þó hún hefði sagt honum það, og — ástæðuna fyrir því. Hann ásetti sér, hvað sem það kostaði, að slita samtali lávarðarins og hertogainnunnar, því hann gat ekki séð Lady Aðalheiði svona hrygga til lengdar, þó hún reyndi að hylja það fyrir gestum sinum. Hann gekk sem ekkert væri yfir salinn, þangað sem þau sátu lávarðurinn og hertogainnan, og spurði þau, hvernig spilið gengi, og gerði þannig enda á samtali þeirra. Lady Aðalheiður blessaði hann í hjarta sínu fyrir það, en hertogainnan leit til hans hatursfullu augnaráði.

Það leit helzt út fyrir, að Caren lávarði stæði alveg á sama, þó hann kæmi. Og kafteinninn lét sem hann tæki ekki eftir augnaráði hertogainnunnar. Hann vissi, að hann gerði vel í, að slita samtali þeirra. Þegar taflið var á enda, bað hann hertogainnuna um, að mega tefla við hana, en hún neitaði því mjög drembilega. Þá bauðst hann til að sýna þeim spilagaldra, sem hann væri nýbúinn að læra. Lávarðurinn kvað sig langa til að sjá þá, svo hertogainnan varð að gera sig ánægða með, þó hann sýndi þá, en hún sat þegjandi allan tímann og lét enga ánægju í ljósi. Rétt strax kom svo Lady Kan til þeirra, svo nú var úti með alt samtal milli hertogainnunnar og lávarðarins. Hún huggaði sig samt við það, að það gerði ekkert til. Henni væri sigurinn vis. Lávarðurinn myndi ekki neita því, sem hún hafði beðið hann um í bréfinu.

Loksins stóð hún upp og gekk í burtu. Hún kvaðst þurfa að vita, hvernig manni sínum liði. Hún bauð Caren góða nótt með handabandi, og sagði

Strathcona Hotel

Horni Main og Rupert Str. Nýbygt og ágætt gistihús; Gest um veitt öll þægindi með sanngjarnasta verði. Frí keyrsla til og frá öllum járnbr. stöðvum. Beztu vín og vindlar; og herbergi og máltíðar ágætar.

McLaren Brothers
EIGENDUR

Hotel Pacific

219 Market Street | H. M. Hicks Eigandi
Winnipeg - - - Manitoba

Telephone 1335

Ný-endurbætt og Ný-tízku hús í alla staði. Viðskifta yðar óskast virðingarfylst.

$1.25 a Dag

HOTEL SUTHERLAND
Corner Main and Sutherland Ave.

Gisting kostar $1.00 og $1.50 á dag. Ég tók við stjórn þess húss 1. Jan. '08, og virðingarfylst óska viðskifta Islendinga nær og fjær Komið, Sjáið og Reynið.

C. F. Bunnell,
eigandi. Telefón 348

$1.50 Á DAG
Bezta $1.50 gistihús í Winnipeg

BRUNSWICK HOTEL
Horni Main St. og Rupert Ave.

Besta borðhald; Hrein og Björt Herbergi; Fínustu Drykkir og Bestu Vindlar. Ókeypis Vagn mætir Öllum Trainlestum. Reynið oss þegar þú ert á ferð.

MARKET HOTEL
146 PRINCESS ST. á móti markaðnum
P. O'CONNELL, eigandi, WINNIPEG
Beztu tegundir af vínföngum og vindlum, aðhlynning góð, húsið endurbætt

Agrip af sögu

Kvenréttindahreyfingarinnar

Eftir
BRÍET BJARNHÉÐINSDÓTTUR.
(Sktmir).

(Framh. frá nr. 35).

Ekki hafa hrezkar konur stjórnarfarsleg réttindi, þótt nokkrum sinnum hafi frumvörp um það efni verið flutt í neðri málstofu þingsins. Í fyrsta sinni flutti John Stuart Mill frumvarp um jafnrétti karla og kvenna og almennan pólitískan kosningarrétt bæði til handa körlum og konum. Það var 1866. Margsinnis hefir þetta mál síðan verið borið þar upp, en jafnan felt. Flestir hafa heyrt getið um aðfarir ýmsra kvenfrelsiskvenna á síðustu tveimur árum á Englandi, í því skyni, að koma málum sínum fram. En fæstum er það ljóst, hví þær voru neyddar til þess. Frumvörp voru borin upp á þinginu um þetta mál, en hreptu engan byr. Sendinefndir voru gerðar út á fund ráðaneytisforsetans; þær fengu ekki áheyrn. Alt var gert til að gera konur hlægilegar og málstað þeirra. Þá var það, að þær tóku til sinna ráða. Þær mótmæltu aðförum þingsins og neituðu að gjalda skatta, úr því þær hefðu engin atkvæði um, hvernig þeir væru lagðir á. Þær voru settar í fangelsi. Þegar þær sluppu út þaðan, héldu þær mótmælafund í sjálfu anddyri neðri málstofunnar. Þær voru teknar af lögreglunni, settar í járn og farið með þær í fangelsunum eins og glæpamenn. En nú fóru að berast illar sögur af meðferð þeirra. Það þoldi ekki hin frjálslynda brezka þjóð. Nú fengu þær og málstaður þeirra hvarvetna örugga talsmenn og áhangendur; víðsvegar þutu upp ný félög. Fundir voru haldnir 1—2 á viku, bæði úti og inni. Gjafir streymdu inn í samband kjörréttar-landfélagsins. Æðri og lægri konur fylgjast nú að málum. 1900 lýstu 350 af þingmönnum neðri málstofunnar og 5 af stjórnarfulltrúunum yfir því, að þeir væru meðmæltir kjörrétti kvenna, og tóku hann upp á stefnuskrá sína. 28 félög karla og kvenna með 840,000 félögum lýstu því opinberlega yfir, að þau væru þessum málum fylgjandi og áskorun var send til þingsins, með undirskriftum 257,000 kvenna, um pólitískan kjörrétt til handa konum. Sjálfur ráðaneytisforsetinn tekur nú þessum málum vel, svo alt virðist benda til, að sá tími sé í nánd, að enskar konur fái full stjórnarfarsleg réttindi.

Mön. Þar hafa konur lengst haft ýms réttindi og verið mikils metnar. Árið 1880 fengu allar húseigandi konur pólitískan kosningarrétt. Og 1892 fengu allar konur, sem gjalda skatt, sömu réttindi.

Ítalía, sem um langan aldur var vagga allrar menningar heimsins og hefir enn þá að geyma þau auðæfi listanna, sem allar þjóðir dást að, veitti líka dætrum sínum snemma á öldum mjög mikil stjórnarfarsleg og borgaraleg réttindi. Margar konur þeirra tíma urðu frægar fyrir lærdóm og vísindi. Það lítur þó út fyrir, að italskar konur hafi um hríð mist þessi réttindi. Á 12. og 13. öld hafa þær þó enn aðgang að háskólum. En 1377 gaf háskólastjórnin í Bologna út yfirlýsingu um bann gegn því, að konur fengju þar inntöku, "af því að djöfullinn hefði tælt konuna til syndar, og konan væri þannig upphaf alls ills í heiminum".

Nú er aftur risin mjög mikil kvenréttindahreyfing á Italiu. Í Róm eru allir flokkar henni meðmælt. — Þegar ítölsk kona giftist, missir hún allan erfðarétt, en þó getur hún fengið hann aftur, ef hún verður ekkja. Giftist ítölsk kona útlendingi, missir hún þjóðernisrétt sinn, og hins vegar öðlast útlend kona, sem giftist ítölskum manni, italskan þjóðernisrétt. Konan er skyld að fylgja manni sínum hvert á land og jafnvel í hverja heimsálfu sem hann vill.

Árið 1888 fengu italskar konur með lögum rétt til að sitja í tátækrastjórnum og í verzlunarráðinu. Þær máttu hafa sérstakar undirskriftstofur, en hærra gátu þær ekki komist. Konur eru þar kennarar bæði við alþýðuskóla og æðri skóla og prófessorar við háskólana. Nú er verið almennt að hækka laun kvenna við alþýðuskólana. Sömuleiðis eru konur við verzlanir, spítala osfrv.

Árið 1904 sendi kennararáðið í Róm áskorun um pólitískan kosningarrétt kvenna til þingsins; það samþykti þingsályktun í málinu, er var því mjög hlíðholl. — Kvenréttindafélög rísa þar upp í öllum helztu borgum, og allir Suður-Italir sýnast að vera málinu hlynt ir. Jafnvel klerkaflokkurinn hefir tjáð sig því meðmæltan. Ýmsir prófessorar skýra lögin þannig, að italskar konur hafi enn þá full pólitísk réttindi. Margir þingmanna ljá því og fylgi sitt. Á Norður Italiu er kvenréttindamálið flokksmál, og fylgja því jafnaðarmenn og aðrir framfaramenn á þingi.

Austurríki. Þar halda konur því fram, að þær krefjist einungis þess réttar, sem þær hafi verið sviftar. Fyrir nokkrum áratugum voru það lög, að allar konur, sem voru jarðeigandi eða verzlunar umboðsmenn hefðu pólitískan kosningarrétt. Þessum rétti voru þær sviftar með lögum 1905, er veittu karlmönnum almennan kosningarrétt. Þessi lög banna útlendingum, námamönnum og konum allan pólitískan félagsskap og fundahöld. Þetta hefir vakið mikla óánægju og "agitation" fyrir réttindum kvenna. Konur hafa tekið höndum saman við jafnaðarmenn og flutu þeir á síðasta þingi frumvarp um almennan kosningarrétt handa öllum körlum og konum, 21 árs og þar yfir, með þeirri varatillögu, að allir, jafnt karlar sem konur, er væru 30 ára og hefðu dvalið 3 ár í ríkinu fengju almennan kosningarrétt.

Ungverjaland. Þar eru kvenréttindafélög óðum að komast á fót. Árið 1903 var flutt í þinginu frumvarp um almennan kosningarrétt. Konur gerðu samtök við frjálslyndari flokkinn, og frumvarpið átti að gilda bæði fyrir konur og karla. Alt var gert til að tryggja sér almenningsálitið og fylgi blaðanna. En smámsaman dofnaði áhugi karlmannanna á, að halda málinu til streitu, og að lokum strykuðu þeir konurnar út úr frumvarpinu, þegar þær höfðu unnið með alt sem unnið varð karlmönnunum til gagns að því sinni. Við þetta hefir áhugi kvenna aukist, og þær hafa gert alt sem í þeirra valdi stóð til að vekja almennan áhuga á þessu máli, með fyrirlestrum, fundahöldum flugritum, blaðagreinum osfrv.

Holland. Hollenzkar konur höfðu kosningarrétt í öllum sveita og safnaðarmálum fram að 1887, er þau réttindi voru afnumin. Nú hafa þær aðgang að skólum eins og karlmenn og ýmsum neíndum, en engan kosningarrétt. Kvenréttindafélög eru að myndast þar, fyrir forgöngu dr. Alettu Jakobs, en fremur lítið hafa þau aðhafst enn. Þó hefir sendinefnd þeirra fengið áheyrn hjá drotningu Wilhelminu og hún heitið konum sinni aðstoð. Þeim til styrktar ætlar Allsherjarkjörréttarfélagið að halda næsta stórfund sinn í Amsterdam í júní 1908, og vænta menn góðs árangurs af því hollenzkum konum til handa.

Þýzkaland. Þar eru réttindi kvenna á mjög mismunandi stigi. Í sumum ríkjunum, t. d. Prússlandi, mega konur ekki einu sinni stofna félög né halda fundi um opinber mál. Kvenréttindi og kosningarrétt má ekki nefna á nafn. Í Bæheimi hafa konur haft kosningarrétt og kjörgengi í safnaðar- og sveitamálum síðan 1364, með umboðsmönnum. Það er að segja, þær hafa orðið að gefa karlmanni umboð til að kjósa fyrir sig. Einungis í Prag var þessum lögum breytt 1858, þannig, að ákveðið var einskorðað við "karlkyns borgara". Í sumum þýzku ríkjunum hafa konur rétt til að kjósa sjálfar. Kosningalögin í Bæheimi frá 1861, veita öllum kjósendum bæði kosningarrétt og kjörgengi í sveitamálum. Í Prag urðu þá allar skattskyldar konur kosningabærar og kjörgengar. Þessi réttindi hafa þó til skamms tíma verið lítið notuð. En nú eru öflug kosningarréttarfélög að rísa upp til að vekja áhuga og útbreiða þekkingu á þessu máli. Aðalfélagið heldur til í Hamborg og reynir þaðan að hafa áhrif á prússneskar konur, og almenningsálitið þar. Stórmerk kona, dr. jur. Anita Augsburg, er forstöðukona kosningarréttar landsfélags þýzkra kvenna; hefir hún skorað á öll kvenfélög ríkisins, að taka höndum saman og stofna kvenréttindafélög í hverri borg, halda hvervetna opinbera fundi, og yfir höfuð láta einskis ófreistað til að hafa áhrif á almenningsálitið, blöðin, löggjafarvaldið og — konurnar sjálfar, til þess að búa í haginn fyrir góð og greið úrslit á baráttunni fyrir stjórnarfarslegum réttindum kvenna.

Sviss. Þar eru líka félög komin á fót til þess að vinna að kosningarréttarmálum kvenna. Þau hafa nú byrjað á, að vinna menn til að setja kosningarrétt kvenna í sveitamálum, kirkju- og skólamálum á stefnuskrá sína. Síðan þau tóku til starfa, hefir áhugi aukist á kvenfrelsismálum og félagar bæt ast við daglega. Margir karlmenn taka þátt í þessum félagsskap.

Frakkland. Það var ekki fyr en í sumar sem leið, að franskar konur sáu lítils háttar árangur af baráttu sinni fyrir kvenréttindunum. Síðan 1890 hafa þær við og við komið frumvarpi um eignarrétt og frjáls umráð kvenna yfir vinnulaunum og atvinnu sinni inn á þingið, en það jafnóðum verið felt eða svæft. Loks tókst að fá það samþykt í öldungadeildinni 13. júní síðastliðinn. Daginn eftir gengu fjölda margar konur í skrúðgöngu til hallar forsetans, og þaðan til þinghússins til að tala fyrir pólitískum kosningarrétti kvenna. Forsetinn var ekki við, en Jaures talaði við þær í hans stað, og hét að hrinda málum þeirra áleiðis. Sömuleiðis tóku þingmenn þeim vel. Þær luku erindi sínu í friði og spekt, enginn hreyfði hönd né fót til að reka þær á dyr, eins og Englendingar gerðu við sínar konur.

Rússland. Hver getur minst Rússlands og pólitiska ástandsins þar, án þess að honum hatni um hjartaræturnar? Ég hefi fyrir mer skýrslu kvenna frá stórfundinum í Kaupmannahöfn 1906, um hvern þátt rússneskar konur tóku í baráttu þings og þjóðar fyrir frelsi sínu árið 1905, og hvernig þeim málum öllum var traðkað. Sú skýrsla er því miður lengri en svo, að hún verði hér rakin að fullu. Helztu atriði hennar eru þessi:

Rússneskar konur hafa árum saman átt við sömu kjör að búa og karlmenn: þær hafa verið jafn réttháar (eða réttara sagt, jafn réttlausar) og þeir. Þessi jafna aðstaða hefir gert þær að stallsystrum þeirra. Fjöldi kvenna hefir lagt lán, eignir og líf í sölurnar í baráttunni fyrir velferð þjóðarinnar. Konur hafa staðið þar við hlið manna sinna, og því var það eðlilegt, að nú, þá er kvenfrelsishreyfingin hefir náð til þeirra, og þær hafa stofnað fyrsta kvenréttindafélag sitt í Moskva (í maí 1905), "Rússneska sambandið til verndunar kvenréttindum", — að þá yrði fyrsta spurningin þessi: Eigum við að fást við málefni kvenna eingöngu, eða eigum við jafnframt að berjast fyrir réttindum þjóðarinnar í heild sinni? Hið síðarnefnda var samþykt með miklum meiri hluta. Fyrsta grein félagslaganna tekur skýrt fram þennan tvöfalda tilgang félagsins.

(Niðurl. næst).

Skrifið yður fyrir Heimskringlu, svo að þér getið ætíð fylgst með málum Íslendinga hér og heima.

Heimskringla þarf að fá 300 nýja kaupendur á þessu ári Hún óskar þessvegna að allir góðir menn og konur vildu gerast kaupendur þess sem allra fyrst. Nýjir kaupendur sem borga fyrirfram, fá 2 sögur gefins, og 5 sögur úr að velja. Hvað sýnist yður? Hkr. þakkar kaupendum sínum innilega fyrir liðin viðskifti, og vonar að geta þóknast þeim í framtíðinni eins og á liðinni tíð — og betur.

Hinir áreiðanlegustu — og þar með hinir vinsælustu — verzlunarmenn auglýsa í Heimskringlu.

The Criterion Hotel
McDermott Ave.

Nýtt, vandað gistihús með ágæt herbergi, vönduðustu drykkjir og fínustu vindlar.

Vinsælt meðal Íslendinga. Er beint á móti Tribune byggingunni á McDermott Avenue.

MORICE NOKES
EIGANDI

Woodbine Hotel
Stærsta Billiard Hall í Norðvesturlandinu
Tíu Pool-borð.—Alskonar vín og vindlar.
Lennon & Hebb,
Eigendur.

SPÓNNÝTT HÓTEL
ALGERLEGA NÝTÍZKU
Hotel Majestic

John McDonald,
eigandi.
James St. West, Rétt vestan við Main St.
Winnipeg Telefón 4979

$1.50 á dag og þar yfir
Bandaríkja-snið

Alt sem hér er um hönd haft er af beztu tegund. Reynið oss.

MIDLAND HOTEL
255 Market St. Phone 3491

Nýtt hús, nýr húsbúnaður Fullar byrgðir af alskonar vönduðustu drykkjum og vindlum í hressingar stofunni. Gisting einn dollar á dag og þar yfir.

W. G. GOULD :: FRED. D. PETERS,
Eigendur
WINNIPEG ::: ::: CANADA

Jimmy's HOTEL

Sem er rètt á bak við Póthúsið, — og þar sem alt er af beztu tegund. Íslendingar ættu að reyna þetta gistihús.

James Thorpe,
eigandi.
Fyrverandi eigandi Jimmy's Restaurant á Portage Ave.

"Þessi penni væri ekki vel fallinn til að skrifa með honum undir dauðadóm, eða finst yður það?" spurði hertogainnan um leið og hún tók utan um pennann.

"Því dettur yður þetta í hug?"

"Ég veit ekki. Það getur skeð, að ég skrifi einhverntíma undir eitthvað þess konar".

"Ég vona ekki. Mig hryllir við öllu þess konar jafnvel þó í spaugi sé".

Hertogainnan hló hátt. Hún ætlaði sér að skrifa Caren lávarði nokkrar línur, og biðja hann að tiltaka, hvenær hún gæti hitt hann einan. Henni fanst það reglulega smellið, að skrifa bréfið með penna konu hans.

"Það er það sama, sem kveða upp dauðadóm yfir henni", hugsaði hún brosandi með sjálfri sér. "Ef mér hepnast áform mín, þá er það það eina, sem hún getur gert, að hugga hertogann".

"Þér eruð í undarlegu skapi núna hertogainna", sagði Lady Aðalheiður um leið og hun stóð upp frá borðinu, til þess að hin gæti sest þar.

Hertogainnan settist niður og skrifaði í flýti nokkrar línur. Svo braut hún bréfið saman, en bað hvorki um umslag eða skrifaði neitt utan á það.

Lady Aðalheiði datt nú alt í einu í hug, að einhver innan húss ætti að fá bréfið. Gat vel verið, að það væri maðurinn hennar, sem var ætlað það. Einasta hugsunin um það, kom hjarta hennar til að slá hratt.

"Ég ætla að fara að senda bréfin mín í póstinn. Viljið þér ekki senda yðar um leið?" sagði Aðalheiður.

"Nei", mælti hertogainnan seinlega, "ég ætla að geyma það til morguns.

Nú þóttist Aðalheiður viss um, að hafa getið rétt til, og einnig að lávarðurinn ætti að fá bréfið.

Henni fanst hún vera stungin í hjartað, og afbrýðissemin kvaldi hana voðalega. Hún varð gagntekin af sorg, því hann var þó maðurinn hennar, sem hún elskaði svo heitt. Hversu hræðilegt var það ekki, að þessi fagra kona hafði skrifað til hans, og fól nu bréfið í hinni hvítu, demanta skreyttu hendi sinni? Og hún gat ekki með nokkru móti hindrað, að hann fengi það. Hún gat ekkert gert, því hann elskaði hana ekki. Hvað skyldi innihald bréfsins vera? Lady Aðalheiður var bæði skynsöm og gat olt rétt til hlutanna.

Hún hefir skrifað honum og beðið hann að tala við sig í einrúmi", hugsaði hún, og hún gat rétt til. Blóðið hjóp fram í kinnar hennar, og hjarta hennar ætlaði að springa af harmi. Það var fyrir sig, þó hann nú ekki elskaði hana, en það var hræðilegt, að láta draga hann frá sér á þennan hátt.

"Það eina, sem mér er bægt að gera", hugsaði hún með sér, "er að láta hana ekki fá tækifæri, til að afhenda honum bréfið. Annað get ég ekki gert".

"Æ, henni var svo þungt um hjartaræturnar. Hún elskaði hann svo heitt. Því vildi hin fagra, vonda og annars manns kona taka hann frá henni?"

"Ef hún hefði látið hann í friði, þá hefði hann lært að elska mig". — Hún ásetti sér fastlega, að láta hana ekkert tækifæri fá, til þess að koma bréfinu til hans. Hún ætlaði sér að vera við hlið hennar alt kveldið, og næði hún í bréfið, ætlaði hún að eyðileggja það. Maður hennar skyldi aldrei fá það.

LVIII. KAPÍTULI.

Því ertu svona alvörugefin, Aðalheiður?" spurði Caren lávarður um leið og hann settist við hlið konu sinnar. "Ég held ég hafi aldrei séð þig eins áhyggjufulla og í kveld".

Hún reyndi að brosa, og hann sá, hve erfitt hún átti með það.

Hershöfðinginn ber mjög mikla umhyggju fyrir þér. Hann hefir spurt mig svo rækilega um, hvers vegna þú sért ekki eins glöð og vanalega, og hann horfir á mig alveg eins og hann halda, að það sé mér að kenna".

Hann hjóst við, að hún mundi hlægja að þéssu, en hún roðnaði við og leit rólega framan í hann.

"Ég vona þó, að hann hafi ekki verið reiður", hann gat ekki annað en hlegið.

sagði hún alveg blátt áfram, en svo alvarlega, að

"Ekkert skil ég í því, Aðalheiður, að það er eins og þið móðir mín séuð hræddar við hershöfðingjann".

Hann tók eftir hræðslunni, sem brá fyrir í andliti hennar, þó hún reyndi að hylja það.

"Hver segir það?" spurði hún. "Ég fyrir mitt leyti er ekkert hrædd við hann".

"Getur þú horft beint í augu mér og sagt, að hershöfðinginn sé engin orsök í, hve alvarleg þu ert?" sagði lávarðurinn.

"Já, það get ég með góðri samvizku", sagði hún, og úr augum hennar skein hreinskilni og sannleikur.

"Ég trúi þér", sagði hann. "Hefir þú nokkru sinni á æfi þanni talað ósatt orð, Aðalheiður".

"Nei, en ég hefi ekki breytt rétt", sagði hún fljótlega.

Hann sá, að hún iðraðist eftir að hafa sagt þetta.

"Því trúi ég varla", sagði hann. "Þú ert bæði hreinskilin og góð. Hvernig hefðir þú átt að breyta ranglega?"

Andlitinu hans var alt öðruvísi en vant var, — háll biðjandi — háll skipandi. Henni lét hann svo vel í eyrum, en kom henni þó í vandræði.

"Ég hefi gefið fólki ástæðu til að trúa því um mig, sem ekki er satt. Allan, nú talaði ég meira en ég vildi sagt hafa. Þú mátt ekki spyrja mig neins fleira, því þá veit ég ekki, hverju svara skal. Þú verður að hlífa mér við því.

"Ég vil gera eins og þú vilt", sagði hann. En hann skildi ekkert í tali hennar. Hvenær hafði hún gefið ástæðu til, að henni væri gert rangt til? Var það í sambandi við giftingu þeirra? Hann langaði mjög til, að fá svar upp á þessa spurningu, en þó vildi hann ekki spyrja hana þess, er hann sá, hve henni fóll það illa.

Nú kom hertogainnan, öll angandi í ilmvatni, og sagði: "Þér eruð alt af svo góð, Lady Aðalheiður, að maður er alt af óhræddur að biðja yður bónar".

"Ég geri það, ef ég get".

"Ég þóttist vita. Syngið nú fyrir okkur. Lady Kan segir, að hún hafi ekki eins gaman af neinum söng eins og yðar. Viljið þér gera þetta fyrir okkur?"

Hún vill setjast hjá manni mínum og fá honum bréfið, hugsaði Aðalheiður með sér, en það skal henni ekki takast.

Hún neitaði að syngja, og hertogainnan sá, að ekkert þýddi að leggja meira að henni. Lávarðurinn leit forviða á hana. Það var svo nýtt fyrir henni, að neita því, sem gat glatt aðra.

Hálf-íslenzkur leikur

á Walker Theatre.

(Niðurlag.)

Jason fleygdist á Mön og bjó hjá þeim bræðrum Greebu. Adam og kona hans voru skilin og var sú sökin, að hann tók Sunlocks til uppfósturs. Hann bjó með Greebu í Governörshúsinu, en konu sinni hafði hann gefið óðul sín, og ljó hún þar með sonum sínum. Karl var stórgjöfull en fátækur. Nokkru seinna komst hann í ónáð við auðmann á Skotlandi, er keypt hafði ógoldna kirkjuskatta og leiddi af því, að honum var vikið úr embætti. Þegar upp voru gerðir reikningar kom í ljós, að karl átti ekki í afgangi nema fáein pund sterling. Hvarf hann þá heim á óðul sín hin fornu í þeirri von, að kona sín væri búin að gleyma miskliðinni. En hún rak hann á dyr með hrakyrðum, og lögðu synir hans orð í belg. Hélt hann burt þaðan elliboginn og aljslaus og Greeba með honum enn, því hún neitaði að verða eftir, þó hún ætti kost á því. Jason var fyrir löngu ástfanginn í Greebu, og vildi nú gjarnan hjálpa. Adam gerði hann að trúnaðarmanni í nauðum sínum. Hann kvaðst ætla til Íslands til Sunlocks, og þyrfti að stelast burt svo Greeba vissi ekki af, en bað Jason að fara með hana daginn eftir heim til bræðra hennar. Svo fór karl, en Jason sagði Greebu söguna um morguninn eftir. Móðir Greebu dó sama sumarið, og skiftu þá bræðurnir eignunum milli sín, en létu Greebu ekkert hafa. Hún var hjá þeim, er hlotnaðist heimajörðin og átti illa daga, svo illa, að hún loks lét tilleiðast, að veita Jason von um jáyrði upp á hans margendurteknu bæn. Þó var ekki svo að skilja, að hún hefði lofast honum, því hjarta hennar var geymt hjá Sunlocks, en sem aldrei hafði skrifað henni annað en blátt áfram fréttir af sjálfum sér, og það sjaldan. En daginn eftir að Jason fékk það, sem honum virtist von, færði hann henni bréf mikið frá Reykjavík. Bréfið var frá Sunlocks, eftir 4 ára dvöl á Íslandi. Hann var þá orðinn forseti hins annars íslenzka lýðveldis, og nú bað hann Greebu að koma til sín, án allrar minstu tafar. Hún var í vanda. Skyldan og ástin börðust um forgangsrétt, og ástin mátti betur. Hún hræddist ákaflyndi og ofsa Jasons, en er til kom, var hann auðmjúkur eins og lamb. Hún kvaddi hann með tárum og kysti hann, móti vilja hans, í fyrsta og síðasta skiftið. Hún fór til Íslands, en hann varð eftir, og frá þeirri stundu dauður heiminum, sem nýtur meðborgari.

Hefndarhugurinn vaknaði hjá Jason aftur. Greeba fór burt að þeim bræðrum óafvitandi, en gleymdi bréfinu. Þeir bræður fundu það og sýndu Jason. Þá lifnaði hatursneistinn. Tafarlaust tók hann sér far til Reykjavíkur og þótti þar undraverður gestur, því löngu áður héldu allir hann dauðann, enda legsteinn með nafni hans á kominn í kirkjugarðinn. Lík hafði fundist rekið í Engey, er allir sögðu vera lík Jasons.

Nú var að finna forsetann, sem Jason þekti ekki, þó hann sæi. Dag eftir dag kom hann þar að, er forsetans var von, en alt af ofseint. Sunlocks var kominn og farinn. Á tilsettum degi fór fram brúðkaup Sunlocks og Greebu. Var þá ætlun Jasons, að vega bróður sinn fyrir altarinu, en er inn kom í dómkirkjuna, störðu í augu honum 10 laga boðorð Mósesar, prentuð á altaristöfluna. Festi hann augun á þessum orðum: "Þú skalt ekki mann vega", og gat ekki slitið þau þaðan. Hann þoldi ekki mátið. Hann flúði út. Hann beið úti fyrir dyrunum og ætlaði að vega að honum, er hann kæmi út, en um leið og brúðhjónin komu í dyrnar, féll hann niður meðvitundarlaus. Ekki varð af hefndum í það skiftið. Tvo daga lá hann í óráði, en á þriðja degi komst hann á fætur, þó veikur væri. Veizlan stóð enn yfir og þangað fór Jason og tókst um síðir að finna Greebu einsamla. Hún varð hrædd. Hann heimtaði Sunlocks. Hún sagði hann væri kominn burt að leita föður sins, sem varð skipbrota á Austfjörðum. Hann ætlaði þá út og í því kom henni í hug, hvað erindið væri. Hún hljóp í dyrnar og varði honum útgöngu, nema hann fóttræði sig. Hún bað hann að hætta við fyrirtæki sitt, en það kvað hann ómögulegt. Þá hrópaði hún um hjálp, og Jason var handtekinn, kærður fyrir að hóta forsetanum líflátí. Á stjórnarárum sínum hafði Jörundur gert Krisuvíkur námana að starfssviði sakamanna, og varð sá eindir á, að Jason var dæmdur til 6 mánaða þrælkunar í brennisteinsnámunum. Sunlocks kom heim í þessu úr leit sinni eftir Adam, leit sem ekki varð til neins vegna óveðra, er hindruðu siglingar norður með landi. Ætlaði hann þegar næsta dag að leggja af stað aftur og fara landveg. En er heim kom mættu honum þar hinir 6 bræður Greebu. Þegar þeir vissu, að hann var forseti, vildu þeir gjarnan sættast við systur sína, því forseti lýðveldis hefir æfinlega ráð á loðnu beini til að kroppa, og hví skyldu þá ekki magar hans ná í eitt eða tvö slík? Þeir veðsettu eignir sínar, þangað til þeir fengu upp réttan hluta hennar af arfinum, um 600 pund. Einn þeirra var kjörinn til fararinnar með peningana, en enginn trúði öðrum fyrir þeim, og í launi bjuggu allir 6 sig til Íslands ferðar, til þess að passa hvor annan. Komst það upp ásamt fleiru, er þeir allar hittust á þiljum skipsins. Greeba tók þeim þurlega, tók peningana, bauð þeim borgun fyrir ferðina, en er þeir neituðu, rak hún þá á dyr og bannaði þeim að koma fyrir sín augu framar, ekki vegna misgerða við sig, heldur við föður þeirra. Þeir hugðu nú að hefna, ekki síður en Jason, og er Sunlocks kom heim, fóru þeir á fund hans og sögðu honum margt annað en satt var um þau Jason og Greebu. Og Sunlocks gekk í gildruna. Hann trúði, og það styrkti hann í þeirri trú, að þegar hann kveldinu áður hafði ritað undir lausnarskjal Jasons, því það var hans fyrsta verk er heim kom, hafði Greeba grátbeðið hann, að láta þann mann ekki lausann. Af því réði hann, að heldur en mega ekki njóta hans, vildi hún halda honum fangnum, þar sem hún sæi hann aldrei, því sér hefði hún gifst að eins vegna stöðunnar. Til eng frekari sönnunar, hafði hann í höndum frá bræðrum hennar byrjun á bréfi frá Greebu til Jasons, þegar hún var að kveðja hann, bréfi, sem hún aldrei ritaði til fulls og sendi þess vegna aldrei. Á augnablikinu umhverfðist Sunlocks svo, að hann vildi hvorki heyra Greebu né sjá. Ekki nóg með það. Hann kallaði saman alþingi samdægurs og því var slitið. Það kom saman að kveldi dags, og án þess að gefa nokkrar verulegar útskýringar, sagði hann af sér forseta embætti inu. Undir þinghúsinu var kjallari mikill og inn í hann hafði verið ekið fjölda mesta af ámum utan af skipi á höfninni, og gengu þeir bræður Greebu knálegast fram í því. Þegar sem hæst stóðu ræður í þingsalnum út af þessari kynlegu stefnubreyting Sunlocks, ruddust alvopnaðir danskir hermenn upp úr kjallaranum, tóku Sunlocks fastan, luktu öllum dyrum og sögðu alla viðstadda vera fanga hans hátignar, konungs Dana. Var þar kominn Jörundur hundadagakonungur, og tók þannig fyrir kverkarnar á hinu endurreysta lýðveldi. Var nú alment álitið, að Sunlocks hefði þannig svikið landið í hendur Dana, og snérust nú þeir á móti honum, er áður unnu honum mest.

Fáum dögum síðar var Sunlocks kominn í Krisuvíkur námana, til æfilangrar setu. Hittist svo á, er hann kom þar, að hann mætti Adam, er þá kom að austan, og þektust þeir, en gátu ekkert talað saman, því verðirnir ráku lest hinna nýju þræla. Settist þá Adam að og tjaldaði. Seint um kveldið var komið að tjalddyrum hans og beðið um skýli næturlangt fyrir ókunna konu. Var þar Greeba komin, og varð þar í senn bæði fagnaðar og sorgarfundur. Hún sagði honum alla söguna. Hann hélt áfram til Reykjavíkur í þeirri von, að útvega Sunlocks lausn, en Greeba fékk vinnu sem þjónustukona á sjúkrahúsi. Var hún þar til þess henni fæddist sveinbarn, en var þá rekin burt með hrakyrðum og smán. Á því tímabili öllu hafði hún aldrei séð Sunlocks.

Við stjórnarbyltinguna voru allir fangar hins fallna lýðveldis látnir lausir, nema Jason. Hann varð eftir í ógáti, og engin leiðréttingar von, því nú voru allir fangaverðir danskir. Í þessum stað sá hann Sunlocks í fyrsta skiftí, en vissi ekki hver hann var, en strax fékk hann ósjálfráða ást á honum og auðsýndi það í öllu, hve sárt hann tók til hans. Fyrir sérstaka óhlýðni við reglurnar voru þeir að lyktum dæmdir til að vera samlokur, þ. e. a. s., þeir voru fjötraðir saman með járnhlekkjum á höndum og fótum og skyldu vinna þannig. Var það hin hræðilegasta hegning, en fyrir þá var það að vissu leyti fagnaðar boðskapur. Einu sinni voru þeir sendir til að opna nýja brennisteinsæð, uppi í fjallshliðinni. Er þeir höfðu grafið um stund, spýttist inn brennisteinsleðja og leir og sló Sunlocks blindan, en alt vall og sauð undir fótum þeirra. Jason hafði neitað að snerta þetta verk, nema hann mætti fyrst skilja Sunlocks við sig, en það fékst ekki. Þegar þannig var komið, ærðist Jason, sleit af sér hlekkina eins og fífukvek, tók Sunlocks í fang sér meðvitundarlausan, og hljóp haljandi í áttina til varðanna, er urðu svo hræddir, að þeir sleptu byssunum og flýðu.

Jason bar Sunlocks og stefndi burt frá námunum, eitthvað burt. Gekk hann þannig og bar þessa byrði hvíldarlaust og næringarlaust í 36 klukkustundir. Þá kom hann á þingvöll og þar sat þá alþingi og þar lagði hann niður sinn fárveika blinda bróður. Hann vissi ekki enn þá, hver blindi maðurinn var, en hann frétti það þegar Greeba ruddist gegn um mannþröngina og kastaði sér grátandi ofan á Sunlocks, þar sem hann lá meðvitundarlaus á vellinum. Þessi maður, sem hann hafði léð drengilegt lið frá því fyrst þeir kyntust, sem hann unni eins og bróður og sem hann hafði sveitzt blóði til að bjarga úr djöflahöndum, þessi maður var þá Sunlocks, hálfbróðirinn, sem hafði ræst hann föður, ræst hann móður, ræst hann brúðurinni, og sem hann hafði svarið að deyða. Veslings Jason fékk þarna að heyja dauðlegt stríð við sjálfan sig. Ást og hatur börðust í brjósti hans, og — ástin mátti betur, bróðurástin í hreinni, skýlausri mynd. Jason var dæmdur sýkn saka og maður frjáls, en Sunlocks var fluttur fangi til Reykjavíkur. Hann var landráðamaður, og þó allir á þingi vildu gefa honum lausn og Ireland, einkum af því maðurinn var fárveikur og að virtist nær dauða en lífi, fékk Hundadagakongurinn því ráðið, að fangelsið beið hans.

Skömmu síðar var Sunlocks fluttur norður í Grímsey, vegna þess, hve vinsæll hann var á Suðurlandi, en Jörundur sjálfur óvinsæll. Hann þorði ekki að hafa hann syðra. Enginn á eynni hafði tök á, að taka á móti slíkum gesti og géyma mánuðum, ef til vill árum saman. Að lokum var honum komið fyrir hjá prestinum, séra Sigfúsi gamla, er fyrrum var gerður útlagi af meginlandi Íslands fyrir að gefa þau Orra og Rakeli í hjónaband. Prestur var konulaus, en hafði um dagana spanderað allri sinni ást upp á flöskuna, eða það sem í henni var. Hann var þess vegna ráðalaus, vegna kvenmannsleysis, en þá vildi svo vel til að fátæk ekkja með ungt barn kom til eyjarinnar frá Húsavík og var í atvinnuleit. Prestur réði hana þegar fyrir vinnukonu. Þessi ekkja var Greeba með son sinn ársgamlan, litla Mikael Sunlocks. Hún var staðráðin í, að líða súrt eins og sætt með manni sínum og með því sanna, ef sá tími kæmi nokkurntíma að hún gæti opinberað sig, að hún hefði ekki gifst honum vegna stöðunnar. Tvö ár liðu, svo að ekkert bar til tíðinda, en þá var litli Sunlocks orðinn nærri 3 ára, og fór þess vegna um öll bæjarhúsin. Kyntist hann þá hinum blinda manni, og urðu þeir mestu mátar, og varð Sunlocks hissa á því, að hann talaði ensku ekki síður en íslenzkuna. En meira frétti hann ekki; litli maðurinn vissi, að hann hét Mikael, en svo ekki heldur meira. Um þetta leyti datt Greebu í hug, að hún hafði heyrt getið um lyfsala á Húsavík, er oft hafði læknað blindu, er stafaði af slysum við brennisteinsnámana í Þingeyjarsýslu. Tafarlaust lét hún senda eftir honum að skoða blindan mann í Grímsey, en boðin komu til hans, að hann áleit, frá Adam Fairbrother í Lundúnum. Á meðan á þessu stóð réði Greeba það af samtali prests og Sunlocks, að hann var kominn nokkuð nærri því, að fá ást á ekkjunni, — á henni sjálfri og orðinn mildari í dómi um konu, sem hann ekki nefndi. Svo kom lyfsalinn og skoðaði augu Sunlocks. Greeba var fengin til að halda á kertinu, því dimt var í herberginu. Frá því á þingvelli, þegar hann var meðvitundarlaus, hafði Greeba aldrei komið svona nærri manni sínum, enda titraði hún af geðshræringu svo mjög, að hún gat naumast haldið ljósinu. Úrskurður lyfsalans var, að ekkert væri sjáanlegt því til fyrirstöðu, að hann fengi sjónina aftur. Var það fagnaðarefni fyrir alla, og drógu þeir ekki dulur á það Sunlocks eða prestur, en Greeba, sem þó fagnaði innilegar en þeir, hún sagði ekkert fyr en hún var komin í herbergi sitt og var einsömul hjá syni sínum. Þar mátti hún opna hjarta sitt og svala sér með gleðitárum.

Á þessu tímabili hafði Sunlocks oftar en einu sinni ritað Adam og sérstaklega spurt eftir Greebu og Jason, sem hann frétti hver var, á meðan hann var í fangelsi í Reykjavík. Adam hafði líka skrifað Sunlocks oftar en einu sinni, en ekkert bréf kom til skila. Jörundur karlinn sá um það.

Fáum dögum eftir, að lyfsalinn gladdi alla á prestssetrinu með von um augnalækning Sunlocks, komu þau boð frá Jörundi, að sterkur lás skyldi settur á herbergisdyr Sunlocks. Áður var þang að komið danskt herskip, er lá úti á víkinni, og skyldi fangavörðurinn gefa því teikn úr landi á ákveðnum tímum dags og nætur, að fanginn væri vís. Það vissu allir á eyjunni, hvað þetta alt þýddi. Sunlocks var dauðasekur. Mátti nú búast við skipunina að skjóta hann á hverri stundu, undirbúningslaust.

Lausnin var nærri.

Einu sinni heyrði Greeba ókunnan mann tala við litla Mikael frammi í bæjardyrum. Hún þekti málrómínn og varð hverft við. Jason rauði var kominn. Henni lá við falli, er hún sá hann, en hann hljóp til hennar og hvísladi að henni, að hafa ekki hátt, en bað hana um viðtal í leyni. Hún veitti það, og sagði hann henni þá, að hann væri kominn til að leysa bróður sinn úr fangelsi, að það yrði gert nóttina næstu á eftir og að hún yrði þá að vera al-tilbúin með litla Mikael. Niður í fjörunni biði þeirra Shetlenzk snekkja, er færi með þá burt.

Af því Jason gaf Greebu ekki í skyn, hvað lausnin ætti að kosta, veittist honum létt að vinna hana yfir á sitt mál. Þá var séra Sigfús eftir. Jason sagði honum, að kona Sunlocks væri við andlátið í Húsavík, og væri látlaust að biðja Sunlocks um fyrirgefning. Væri því mannúðarverk, að loka henni að heyra þá fyrirgefning frá hans eigin vörum, áður en hún gæfi upp andann. Hann kvaðst vera hér kominn til að leggja fram sinn skerf í þessu máli, með því, að sitja í fangelsinu í stað bróður sins, á meðan hann brigði sér til Húsavíkur.

"Vitið þér, hvað þér segið, maður?" spurði prestur.

"Vel veit ég það, — kom hingað til að segja það".

"En vitið þér, að hermennirnir koma þegar minst varir til að taka bróður yðar af lífi?"

"Veit ég það! Þekkja þeir hann að sjón?"

"Það gera þeir ekki, svo ég viti", svaraði presstur.

"Ja, hver er þá yðar hætta?" spurði Jason.

Séra Sigfús sagðist hafa verið að hugsa um hann (Jason) en ekki um sig. Þó varð sá endirinn, að prestur gekk að mannakaupunum, og að auki leyfði hann Jason að fara einsömlum inn í fanga-klefann.

Þegar þangað kom, sagði Jason Sunlocks alt aðra sögu en þá, er hann hafði sagt presti. Nú var það Adam gamli, sem ekki gat dáið, nema hann einu sinni enn fengi að sjá Mikael Sunlocks. Það var hér, að Jason fékk öflugasta mótspyrnu, þegar Sunlocks frétti, að fararleyfið fékkst ekki nema með því, að Jason væri pantur. Þó fór svo um síðir, að Jason hafði sitt fram.

Fyrripart nætur var tunglsljós, en tveimur stundum fyrir dagrenningu gekk tunglið undir. Stundin var komin. Jason leiddi Sunlocks til dyra og sagði honum, að þó hann hefði fulla sjón, þá sæi hann ekki faðmlengd frá sér. "En hérna", sagði hann, "er kona, sem vísar þér veg", og lagði hönd hans í hönd Greebu".

"Ratar hún veginn?" spurði Sunlocks.

"Já, hún sér veginn framundan fyrir ykkur bæði, og hvað sem eftir fer, máttu ekki sleppa hendi hennar. Sleptu henni aldrei aftur!"

Sunlocks kysti bróður sinn og gekk út í myrkrið með brjóstið fult af söknuði og sorg. Það var logn, og beið Jason úti til þess hann heyrði óskýrt áraglam. Þá vissi hann að sigurinn var unninn.

Adam gamli gerði alt sem hann mátti til að fá Sunlock lausan. Hann þreytti við Jörund, hann reyndi við Danastjórn, og að síðustu við stjórnina á Englandi, af því Sunlocks var brezkur þegn. En alt kom til einkis. Að síðustu fór hann til Nelsons gamla, sem þá var búinn að höndla allan sjóflota Dana, og spurði, hvort hann einnig hefði herskipið frá Grímsey. Nelson hafði það ekki, en sendi þegar skip eftir því og með því fór Adam. Þetta vissi Jason og átti von á því á hverju augnabliki er hann kom til Grímseyjar, og því var um að gera, að koma þeim Sunlocks og Greebu þangað áður en það réðist á herskipið danska.

Sjálfur fór hann norður með tveimur dönskum mönnum, sem fluttu skipun um, að taka Sunlocks af lífi tafarlaust. Voru þeir á herskipinu danska, er Jason fór að bjarga bróður sínum. Rétt á eftir þeim fór Jörundur sjálfur til að afturkalla þessa skipun sína. Varð hræddur, er hann frétti um herskip Breta.

Daginn eftir að Sunlocks losnaði var séra Sigfúsi boðið að framleiða fangann til aftöku um sólarupprás næsta morgun.

Séra Sigfús var frá sér numinn, en Jason rólegur. Ógæfunornir höfðu elt hann alla æfi, en nú loksins hafði hann von um að sigra.

Það var heiðríkt veður, er sól rann úr ægi. Gekk þá prestur fram á völlinn og Jason með honum. Hermennirnir snöruðu byssunum í sigti og hleyptu af. Jason féll örendur. Þannig hefndi hann sín. Hann elti bróður sinn til Manar, til að ráða hann af dögum. Hann elti hann frá Mön til Íslands í sama tilgangi, og þetta varð efdirinn. Hann keypti honum lausn með lífi sínu. Betur getur enginn.

Í sömu andránni reið af fallbyssuskot, svo að tók undir í allri eynni. Brezkur brynderki kom í ljós, og njósnarskip Hundadagakongsins gafst upp án tilraunar að verjast.

Í þessu kom líka Jörundur sjálfur í land, en hann kom óseint Fyrir fótum sér sá hann — ekki óvin sinn, er hann hafði elt með stjórnlausu hatri, heldur dóttursonsinn, sem aldrei hafði gert honum mein.

Lítlu síðar kom Adam gamli í land til að fregna um Jason. Hann dvaldi ekki lengi, er hann sá, hvernig komið var, en hvarf aftur til skipsins sorgfullur og þó undireins svo glaður, og sigldi af stað til Manar með afturfundin börn sín og ástvini, sameinaða aftur til að skilja ekki framar.

E. Jóh.

Bækur til sölu.

hjá N. OTTENSON, River Park:

Flateyjarbók (í 3 bindum), í vönduðu bandi $8.00 (50c)

Saga Þiðriks konungs af Bern, í bandi $2.25 (20c)

Sönglögin úr Friðþjófi 0.50 (5c)

Tölurnar í svóga fyrir aftan meina póstgjald fyrir þær bækur, er þurfa að sendast út úr bænum.

GIFTING.

Sunnudaginn þann 7. júní kl. 9 árdegis voru gefin saman í hjónaband í Bellingham, Wash., af séra J.M.Wilson í Presbyteriana kirkjunni þar í bænum, — þau hr. Charles B. Sampley og ungfrú Lára V. Grímsson. Sama dag lögðu ungu hjónin af stað í skemtiferð til Vancouver, Victoria og víðar um ströndina. Þau gerðu ráð fyrir, að verða komin heim aftur til Bellingham 1. júli, þar sem heimili þeirra verður framvegis.

Herra C. B. Sampley er ungur og efnilegur Ameríkani, og lögfræðingur að nafnbót. Hann útskrifaðist frá lagadeild við háskóla í Valparaiso, Ind., árið 1906. En er ættaður frá Bethany, Ill., í Bandaríkjunum.

Ungfrú L. V. Grímsson, sem nú er orðin Mrs. C. B. Sampley, er alíslenzk að ætt. Hún var álitin af öllum, sem hana sáu og þektu, ein sú fallegasta og myndarlegasta stúlka íslenzk, sem þeir höfðu séð hér fyrir vestan Atlantshaf (og samsinni ég því hjartanlega, og hefi ég þó marga fallega séð!).

Foreldrar hennar eru þau herra Lárus K. Grímsson og Þorbjörg kona hans, og búa þau í Bellingham. Þau fluttu hingað fyrir 6 árum, frá Pembina, N.D.

Miss Grímsson var þegar á unga aldri mjög hneigð fyrir hljóðfæraslátt og söng, og hefir með tilstyrk foreldra sinna lært að spila bæði á pianó og fiólín, og hefir nú í sl. 2 ár veitt nokkrum ungmennum þar í nágrenninu tilsögn bæði á pianó og fiólín. Hún hefir einnig spilað á samkomum fyrir ýms félög í bænum og tilheyrt aðal-Orchestra bæjarins í sl. 2 ár.

Heimili foreldra hennar er samanlega íslenzkt að gestrisni og alúðlegheitum, og ekki stóð á henni, að leggja sinn skerf til að skemta gestunum með söng og hljóðfæraslætti. Enda á hún marga vini og kunningja hér á Ströndinni og víðar, og munu margir lengi minnast þeirra gleðistunda, sem þeim voru veittar ókeypis á heimili foreldra hennar, með hennar aðstoð og prúðmannlegu framkomu.

Við hjónin, ásamt hinum mörgu kunningjum hinna ungu hjóna, óskum þeim til gleði og hamingju í framtíðinni.

Vancouver, B.C., 8. júní 1908.

Þ. K. Kristjánsson.

Winnipeg Syningin

11. til 17. júlí 1908

Flokkur fullorðinna uxa á Winnipeg sýningunni 1907.

ÓVIÐJAFNANLEG GRIPA OG HVEITI SÝNING

Stórfenglegasta veðreiðaskrá, sem verið hefir í Vestur-Canada.

INNES HEIMSFRÆGI HLJÓMLEIKA-FLOKKUR

frá Chicago og 91. Háleudinga Band

Mikil hornleikenda samkepni. Öllum heimi boðin þátttaka.

SÉRSTAKLEGA FAGRAR SÝNINGAR fyrir framan "Grand Stand".

Stórfengileg Heræfinga Sýning

FÖGUR FLUGELDA SÝNING,

FYRSTA LANDBÚNAÐAR-VÉLA MÓTOR SAMKEPNI Í AMERÍKU.

A. W. BELL, ráðsmaður. A. K. ANDREWS, forseti.

Winnipeg Fréttir

Nýlega fanst maður í Assiniboine ánni, við River Park. Hann hafði horfið héðan úr bænum fyrir nokkuru, og gátu menn ekki vitað, hvað af honum hafði orðið, fyr en nú, að hann rak upp úr ánni. — Annar maður hengdi sig hér í sl. viku, og þriðji skar sig á háls meðan unnusta hans beið með boðsgestunum eftir að hann kæmi til að kvongast sér. Þegar fólkinu var farið að leiðast fjarvera hins væntanlega brúðguma, var farið að leita hans, og þá komst sjálfsmorðið upp. Í bréfi, sem hann eftirskildi, kvaðst hann hafa tekið til þessa úrræðis af þeirri sannfæringu sinni, að unnusta sin væri alt of góð handa sér.

Fólk er beðið að muna, að öllum, hverra skoðana sem þeir eru, er velkomið að vera viðstaddir við setning Únítara kirkjuþingsins á föstudagsinn kemur (12. þ.m.) kl. 2 eftir hád. í Únítarakirkjunni. — Einnig er öllum boðið, að hlusta á fyrirlestra þá, sem flutir verða á föstudags og laugardagskveldin, — sem auglýstir eru í þingboðsauglýsingu Únítara á öðrum stað í þessu blaði, — og taka þátt í umræðum þeim, sem á eftir kunna að fara fram.

Á sunnudagskveldið kl. 8 heldur Únítarasöfnuðurinn gestum þingsins samsæti. Er til þess mælst, að sem flestir safnaðarmenn verði þar viðstaddir, því að sjálfsögðu er þeim öllum boðið.

Herra þorst. þ. þorsteinsson skáld kom til bæjarins í sl. viku, frá Vancouver, þar sem hann hefir dvalið síðan í fyrra sumar. Hann lét allvel af tíðinni vestra og atvinnu, nú síðan vorið byrjaði. En félagslíf með Íslendingum þótti honum helzt til lítið, og vart gat hann felt sig við æfikjörin þar vestra, — kom því til baka hingað.

Eldur kom upp í sláturs og niðursuðuhúsi þeirra Gordon, Ironsides & Fares á Logan Ave., á fimtudaginn var, og gerði um 25 þúsund dollara eignatjón. Eldurinn átti upptök sín í kælingarklefanum. Full ábyrgð var á húsi og eignum, svo að tap félagsins verður ekki stórvægilegt. Húsið verður bygt upp að nýju tafarlaust.

Jón Einarsson, bóndi í Foam Lake bygð, kom til bæjarins í sl. viku, og dvelur hér nokkra daga. Hann segir útlit gott þar vestra. Þurviðri hefir þar verið í vor, svo að bændur óska eftir regnskúr. Lönd eru óðum að hækka þar í verði og eftirspurn eftir þeim mikil. En heimilisréttarlönd öll upptekin innan íslenzku bygðarinnar.

Í síðasta Lögbergi er þess getið, að N. Ottenson, umsjónarmaður í River Park, hafi fundið lík það, er fanst í skóginum um ¼ mílu frá River Park. Þetta er ranghermt. Það var Mr. Ingólfur Jónsson, einn af mönnum þeim, er vinna fyr ir Mr. Ottenson, er líkið fann fyrst. Mr. Ottenson hefir enga grípi til umsjónar í garðinum, en töluvert af viltum dýrum, og í tilefni af því, að eitt af þeim slapp út, svo að hann ásamt með þremur af mönnum þeim, er fyrir hann vinna í dýragarðinum, var að leita að því, — fanst þetta lík, sem annars máske að hefði dregist, þar eð það lá í þéttum skógi fjarri öllum húsum og umferð manna.

Eldur í sláturs og kjötniðursuðu húsi þeirra J. Y. Griffin & Co. hér í bænum, á sunnudaginn var, gerði 75 þús. dollara eignatap

Svar frá herra Sveini Sveinssyni til herra Björns Thorvardsonar kemur í næsta blaði, — gat ekki komið nú vegna rúmleysis.

Íslendingadagurinn.

TILBOÐUM um prentun á 2500 prógrams og 2500 aðgöngumiðum fyrir Íslendingadaginn 1908, verður veitt móttaka af undirrituðum skrifara nefndarinnar, fyrir 29. júní. Prógrams blaðsíðan verður 8½x5 þuml að stærð Pappir og frágangur sami og á síðasta ári; kápan litprentuð.

Tilboð sendist í lokuðum umslögum, sem verða opnuð á nefndarfundi þann 29. þ.m.

P. S. PÁLSSON, ritari,
535 Agnes St.

Winnipeg, 8. júní 1908.

Íslendingadagurinn

verður haldinn hátíðlegur í River Park þann 3. ágúst næstk. (2. er á sunnudag). Nefndin lætur sér ant um, að vanda sem mest til dagsins, bæði hvað snertir ræður og kvæði. Sömuleiðis verður reynt eftir föngum, að hafa sem mest og fjölbreytilegast "Sports", svo að sem allra flestir geti tekið þátt í þróttunum. Má meðal annars þar til nefna: Kapphlaup stutt og löng, sund, glímur, aflraun á kaðli, hjólreiðar, alls konar stökk o. fl.

Nefndin hefir einnig samþykt, að hafa knattleik (Base Ball), og eru þeir, sem taka vilja þátt í því, vinsamlega beðnir, að senda umsókn til skrifara nefndarinnar P. S. Pálssonar, 535 Agnes St., fyrir 1. júlí næstk.

Góð verðlaun verða gefin sigurvinnurunum.

Það má óhætt fullyrða, að núverandi Íslendingadags nefnd lætur ekkert ógert til þess, að vanda sem bezt til þjóðhátíðarhaldsins hér í Winnipeg þann 3. ágúst nk., og að gera skemtiskrá dagsins enn þá fjölskrúðugri en á undanförnum árum. Hæfir ræðumenn verða fengnir til þess að fræða áheyrendur, og kvæðin, sem öll verða ort sérstaklega fyrir þetta hátíðahald, verða ígildi þeirra, sem áður hafa bezt verið kveðin fyrir þjóðhátíðar samkomur vorar.

Íþróttamennirnir íslenzku veita þessu hátíðahaldi meiri áhuga, en nokkru sinni fyr, og leggja alt kapp á, að gera þann hluta skemti skrárinnar fjörmeiri og fullkomnari og ánægjulegri en á nokkru undangengnu ári. Til dæmis má nefna, að 3 knattleika félög hafa þegar tekið að æfa íþrótt sína, og ætla að keppa um sigurlaun á hátíðinni. Þessi félög eru öll hér í bænum. En utanbæjar félögum er einnig boðið að keppa hér, og vonar nefndin, að einhver slík félög gefi sig fram til þátttöku. Sund og glímur eru og íslenzkir menn nú sem óðast að æfa, með þeim ásetningi, að sýna íþróttir sínar á Íslendingadeginum í River Park í ár. Hjólreiðarmenn eru fyrir löngu teknir að æfa sig, og há- og langstökk menn sömuleiðis.

Unga fólkið hefir fastlega ásett sér, að koma svo fram á þessari hátíð, að það geti orðið þjóð vorri til varanlegs sóma, og öllum gestum dagsins til ánægju.

Verðlaun þau, sem nefndin veitir í ár, verða eins góð og efni dagsins og inntekta vonir frekast geta gert þau.

Prógrammið verður auglýst eins fljótt og hægt er.

The Dominion SECOND HAND STORE

Ágætur brúkaður fatnaður og húsmunir. Ísl. töluð.
555 Sargent Ave. Winnipeg

Dakota Íslendingar!

Friðrik Sveinsson og A. J. Johnson, frá Winnipeg, sýna yfir

hundrað skuggamyndir frá Íslandi

og fjölda af myndum viðsvegar um heim, á eftirtöldum stöðum og dögum:

Gardar, föstud. 19. júní.
Mountain, Langard. 20. júní.
Hallson, mánud. 22. júní. m
Akra, þriðjud. 23. júní.
Pembina, miðvikud. 24. júní.

Byrjar á öllum stöðunum kl. 8 síðdegis.

Málaðar myndir. af Íslandi

verða einnig sýndar.

Myndasýning þessi hlaut almannalof sl. vetur.

Fólki er guðvelkomið, að hreyfa í sér blóðið með dansi, þegar sýningunni er lokið.

Inngangur kostar 25c.

"Moonlight Excursion"

Kvenfélagið "Gleym'mér ei" hefir MOONLIGHT EXCURSION á gufubátnum Alexandra frá Lombard street FÖSTUDAGINN

19. þ.m. kl. 8.

Band Music og Dans verður á bátnum. Aðgangur kostar 25c. — Kvenfélagið óskar, að Íslendingar sæki vel þessa skemtun.

ÞINGBOÐ.

Hér með tilkynnist hlutaðeigendum, að FJÓRÐA ÞING HINS ÚNÍTARISKA KIRKJUFÉLAGS ÍSLENDINGA Í VESTURHEIMI verður sett í íslenzku Únítara kirkjunni í Winnipeg FÖSTUDAGINN þann

12. Júní, kl. 2. e. hád.

Í sambandi við ofangreint þing verða fluttir þessir

FYRIRLESTRAR:

FÖSTUDAGSKVELDIÐ 12. júní kl. 8 — "Conformity": Séra Rögnv. Pétursson.

LAUGARDAGSKVELDIÐ 13. júní kl. 8 — "Pragmatism": Guðm. Árnason, B.D.

Allir velkomnir. Umræður á eftir og öllum leyfilegt að taka til máls.

SUNNUDAGINN 14. júní kl. 2 e. h. — Guðsþjónustugerð: Ræðuna flytur hr. Albert Kristjánsson, guðfræðisnemandi, frá Meadville.

Í umboði stjórnarnefndarinnar.

S. B. BRYNJÓLFSSON,
Varaforseti.

Þann 30. apríl sl. gaf séra Robert C. Johnston í Winnipeg saman í hjónaband þau herra Murdock Smith og ungfrú Margrétu Helgason, bæði til heimilis í West Selkirk. Að afloknini vígslunni héldu brúðhjónin í leiðangur vestur til Edmonton í Albertá og annara staða í Vestur-Canada. — Þau hjón eru nýlega komin heim aftur og hafa tekið sér framtíðarheimili í Selkirk bæ.

Lesendur eru beðnir að sækja vel Concert Goodtemplara í húsi þeirra á mánudagskveldið kemur. Stúkurnar Hekla og Skuld hafa lagt saman að vanda til prógrammsins, eins og sjá má á auglýsingu í þessu blaði. — Kostar lítið að sjá og heyra.

Borgarstjóri Ashdown hefir í blöðum bæjarins auglýst aðvörun til foreldra, að halda börnum sínum af strætunum, svo að þau verði ekki undir vögnum og hestum.

Á mánudagsmorguninn þ. 8. þ. m. komu þeir Guðm. Árnason, Albert E. Kristjánsson og Sigurjón Jónsson, guðfræðisnemendur, austan frá Meadville prestaskólanum í Pennsylvania.

Þeir tveir síðarnefndu hafa nú hálfnað námsskeið sitt við þann skóla, en hr. Guðm. Árnason útskrifaðist þaðan þann 4. sl. Allir gera þeir ráð fyrir, að starfa að únítarískum kirkjumálum á þessu sumri.

Það er eitthvað, sem allar konur varðar, í auglýsingu þeirra CLEMENS, ÁRNASON og PÁLMASON á 1. bls.

Þessir eiga bréf að Hkr.:
M. Bergthorson.
Guðbjörg Jónasson.
Sveinbjörg Sigurðsson.
Sölvi Sölvason.
Jessie C. Davídson.
Kr. Bardarson.
Jón Sæmundsson.
Vigdís Magnússon.

Eigendur vitji bréfa þessara tafarlaust.

GOTT HÚSPLÁSS, mjög ódýrt, geta hjón einhleyp, eða með eitt barn, — eða einhleypt fólk, — fengið með því að snúa sér til A. J. Johnson's, 689 Alverstone st.

CONCERT

undir umsjón fulltrúanefnda stúknanna Heklu og Skuldar verður haldinn í Goodtemplara húsinu mánudagskveldið 15. júní næstk.

PROGRAMME.

1. Ávarp forseta.
2. Piano Duet—Misses Thomas og Thorlaksson.
3. West Winnipeg Band.
4. Duet—Pálsson og Johnson.
5. West Winnipeg Band.
6. Íslenzkar glímur—Nokkrir ungir piltar.
7. Piano Duet—Misses Thomas og Thorlaksson.
8. Ræða—Guðm. Árnason.
9. West Winnipeg Band.
10. Duet—D. Jónasson og Miss Oliver.
11. West Winnipeg Band.

Byrjar kl. 8 síðdegis. Aðgangur 35c fyrir fullorðna, en 25c fyrir börn innan 12 ára.

Gleymið ekki deginum:

15. JUNI næstk.

Söngsamkomur

hins íslenzka söngfélags verða haldnar í Fyrstu lútersku kirkju í Winnipeg 25. og 26. júní þ.á., kl. 8½ s'ðdegis.

ÆFING VERÐUR KL. 10 ÁRDEGIS þ. 25. Í KIRKJUNNI.

Nauðsynlegt er, að alt söngfólk sé þar kl. 10.

SÖNGFÉLAGSÞING VERÐUR KL. 10 ÁRDEGIS þ. 26.

Hver flokkur verður þá að hafa til tvo erindsreka.

Á söngskránni eru 12 kórsöngvar — tvísöngvar "Frithjof og Björn", og úr "Gluntarne" efter Wennerberg, einnig úr sköpunarverki Haydens. — Mrs. Hall syngur. Miss L. Thorlaksson leikur á piano, sömuleiðis Miss G. Arason frá Mountain, N. Dak. Dr. Schanche, ágætur tenor, syngur solo. Mr. Dalman leikur á cello. Þeir dr. Schanche og séra H. B. Thorgrímsen syngja tvísöngvana "Frithjof og Björn" og "Gluntarne", og Mrs. Hall og séra Hans tvísönginn úr sköpunarsögunni. — Mr. Jónas Pálsson spilar piano solo og Steingr. Hall orgel solo.

Inngangur 50 cent.

Nákvæmari söngskrá verður birt síðar.

Til söngfólksins.

Verið á staðnum kl. 10 árdegis þann 25. til þess að æfa.

Hafið til — hver flokkur fyrir sig — tvo erindsreka á þingið kl. 10 árd. þann 26.

Söfnuðirnir í Winnipeg — Fyrsti lúterski og Tjaldbúð — ætla góðfúslega að sjá öllu söngfólki fyrir heimili á meðan á sönghátíðinni stendur.

Þegar farið er að heiman, er nauðsynlegt að fá hjá "depot-agent" kvittunarseðil, til þess að fá afslátt heim aftur. Slíkan seðil þarf að fá í hvert skifti, ef þarf að kaupa fárseðil oftar en einu sinni á leiðinni.

LEIÐRÉTTING.

Í bréfi því eftir herra Björn Thorvardsson, sem birt var í síðasta blaði, hafa orðið þessar villur, sem ritstjóra blaðsins er einum um að kenna:

1. "inntöku manna í hana", — átti að vera "einstöku manna í þeirra stúku".
2. "konur stúkunnar", — átti að vera "systur stúkurnar".
3. "allra stærstu —", átti að vera "allra smæstu brotlegu afglöpum stúkunnar".
4. "nema setningu", — átti að vera "nema eina smásetningu"
5. "margar og réttlátar —" átti að vera "margir heiðarlegir og réttlátir menn og konur".

Þetta eru lesendur beðnir að athuga og lesa í málið.

Í tilefni af áminstri grein herra Björns Thorvardssonar hefir fjármálaritari Skuldar, hr. Gunnlaugur Jóhannsson, beðið oss að geta þess, að úrsagnarbréfin, sem félaginu voru send af B.Th. voru harla þýðingarlítil, af þeirri ástæðu, að hann stóð í skuld við stúkuna frá 1. mai og yfirsást að senda ársfjórðungsgjald sitt með úrsögninni.

GOTT ORGEL fæst keypt fyrir minna en hálfvirði. A. J. Johnson, 689 Alverstone st., vísar á.

Sýningin.

Winnipeg sýningin, sem haldin verður frá 11. til 17. júlí næstk., verður sú bezta, sem haldin hefir verið. Þátttökubeiðnir, sem þegar hafa borist nefndinni, benda á, að hið auglýsta prógram sé við hæfi alþýðu, og að sýningin muni heppnast vel.

Akuryrkjuvéla mótor samkeppnin, sú fyrsta, sem nokkru sinni hefir haldin verið í þessu landi, verður hin þýðingarmesta fyrir alla bænda stéttina í Vestur-Canada.

Mótorvélar frá Canada, Bandaríkjunum og Evrópu hefja kappraun í góðri frjómold í sýningargarðinum, og veitir þannig bændum tækifæri til að dæma um framför þessarar aðferðar í jarðrækt, og undir kringumstæðum, sem gelur von um, að algerlega breyti landbúnaðar aðferðinni á sléttlendinu.

Gripasýningin verður fjölbreyttari en nokkru sinni fyr. Verðlaunalistanum hefir verið breytt svo, að verðlaun hafa verið hækkuð í ýmsum tilfellum, samkvæmt tilgangi sýningarinnar að hlynna að gripa og jarðrækt í Vestur Canada. — Verðmætar medaliur og önnur verðlaun í öllum gripadeildum, svo sem Clydesdales, Percherons, Shorthorns o. fl., hjálpa til að gera þessa þá beztu bændasýningu.

Kappreiðaskráin er betri en á nokkru undangengnu ári í Vestur-Canada. Meiri áherzla hefir verið lögð á hana og meiri peningum varið til hennar, en áður, svo að hún geti orðið gestunum sem ánægjulegust.

Þeim til ánægju, sem elska musik, sérstaklega hornleika hljóma, verður höfð sú stórfeldasta 'Band' samkeppni, sem verið hefir í Canadaveldi. Þátttakan verður frá hornleikendaflokkum úr öllum hlutum landsins.

Heimsfrægi Innes hornleikendaflokkurinn frá Chicago, sem er einn með frægustu hljóðfæraflokkum í heimi, spilar á sýningunni alla vikuna.

Ásamt þessum fræga flokki verður þar einnig "91. Highlanders Band" og "Iowa State Band", — tveir mestu spilaflokkar í þessari álfu.

Með þessari miklu flokka samkeppni, hinu undraverða "Tattoo" og "Umsátur Saragossa" og meðfylgjandi flugeldum, — þá verður Winnipeg sýningin 11. til 17. júli sú fullkomnasta og eftirsóknarverðasta, sem haldin hefir verið í Vestur-Canada.

Antonio De Landro
SKÓSMIÐUR
Hörni Maryland og Wellington st.
(á bakvið 714, aldinabúðina)

ATHUGIÐ

Fram til 3. Júlí n. k. seljum vér með 25 prócent afslætti allar tegundir af Skó taui, ásamt með drengja og karlmanna fatnaði.

Schweitzer BROS
CAVALIER, N. DAK.

DOBSON and JACKSON
Byggingamenn
Sýnið oss uppdrætti yðar og áætlanir og fáið verðáætlanir vorar.
370 Colony Street
Winnipeg

Jónas Pálsson
PIANO KENNARI
729 Sherbrooke St. Winnipeg.

G. M. Bjarnason
Málar, leggur pappfr og gerir "Kalsomining. Óskar viðskifta Íslendinga.
672 AGNES ST. TELEFÓN 6954

ARNI ANDERSON Íslenzkur lögmaður
Í félagi með
Hudson, Howell, Ormond & Marlatt
Barristers, Solicitors, etc.
Winnipeg, Man.
13-18 Merchants Bank Bldg. Phone 3621, 3622

C. INGALDSON
Gerir við úr, klukkur og alt gullstáss. Úr klukkur hringir og allskonar gullvara til sölu. Alt verk fljótt og vel gert.
147 ISABEL ST.
Fáeinar dyr norður frá William Ave.

J. G. Snydal, L. D. S.
ÍSL. TANNLÆKNIR
COR. MAIN & BANNATYNE
DUFFIN BLOCK PHONE 5802

HANNESSON & WHITE
LÖGFRÆÐINGAR
Room: 12 Bank of Hamilton
Telefón: 4715

BILDFELL & PAULSON
Union Bank 5th Floor, No. 520
selja hús og lóðir og annast þar að lútandi störf; útvegar peningalán o. fl.
Tel.: 2685

BONNAR, HARTLEY & MANAHAN
Lögfræðingar og Landskjala Semjarar
Suite 7, Nanton Block, Winnipeg

Hver þvær og Hreinsar Fötin ydar?
Hversvegna að fara í Kína-kompurnar þegar þér eigið kost á að fá verkið gert betur, og alt eins ódýrt, í beztu og heilsusamlegustu þvottastofnun, þar sem aðeins hvítt vinnufólk er haft og öll hreinustu efni notuð. Vér óskum viðskifta ydar.
The North-West Laundry Comp'y Ltd.
Hreinsarar og Litarar
COR. MAIN & YORK FÓN 5178

Boyd's Brauð
Brauð er kjarni lífsins; þess vegna er árríðandi að það brauð sem þér neytið, sé ómengað, vel gert og rétt bakað. Brauðin sem vér bökum eru úr bezta hveiti, vel hnoðuð og bökuð ágætlega. Reynið að panta það með Talsíma 1030.
Boyd's
Bakery Cor. Spence & Portage Ave
Phone 1030.

Stefán Guttormsson,
Mælingamaður
668 AGNES STREET. WINNIPEG.
20-8-8

Íslenzkur Kjötsali
Hvergi fæst betra né ódýrara KJÖT en hjá honum,—og þú munt sannfærast um að svo er, ef þú aðeins kaupir af honum í eitt sinn. Allar tegundir. Óskar að Isl. heimsækji sig
CHRISTIAN OLESON,
666 Notre Dame Ave. Telefón 6906

Viðvíkjandi Hafið tal af

Sjúkdómum Sérfræðingum vorum
Royal Optical Co.
Rétt á móti Eaton's búðinni.
327 Portage Ave.
Winnipeg.
12-9-8

EKRU-LÓÐIR

2. til 3 ekru spildur við rafmagns brautina, 5 mílur frá borginni, — aðeins 10 mínútna ferð á sporvagninum, og mælborin kaupsvæði alla leiðina. Verð $200 ekran og þar yfir. Aðeins einn-fimtipartur borgist strax, hitt á fjórum árlegum afborgunum.—

Skúli Hansson & Co.

Skrifst. Telefón 6476. Heimilis Telefón 2274

Heimskringla.

VÉR HÖFUM

næga skildinga

til að lána yður mót tryggingu í bújörðum og borgar-fasteignum. Seljum lífsábyrgðir og eldsábyrgðir. Kaupum sölusamninga og veðskuldabréf.

Frekari upplýsingar veita

Skúli Hansson & Co.

56 Tribune Building. Winnipeg.

XXIII. ÁR. WINNIPEG, MANITOBA, FIMTUDAGINN, 17. JÚNÍ, 1909 NR. 38

Komið til Mín!

og skoðið hjá mér hin margreyndu og alkunnu BRANTFORD reiðhjól.

Þau eru langbeztu reiðhjól sem fást hér í Canada, — og líklega þó víðar sé leitað. Ekki þurfið þér að óttast skilmálana; þeir munu koma heim við hvers manns vasabuddu. Komið til mín með gömlu reiðhjólin til aðgerðar.

West End Bicycle Shop,

JON THORSTEINSSON, eigandi.

477 PORTAGE AVE. Winnipeg, Man

Fregnsafn.

Markverðustu viðburðir hvaðanæfa.

— Það óhapp vildi til, að eldur kom upp í skrifstofu Pugsleys, ráðgjafa opinberra verka í Ottawa, í síðustu viku. Ráðgjafinn hafði brugðið sér út úr skrifstofunni, sem fljótast inn í næsta herbergi, en skrifstofuþjónarnir fundu brunalyktina og sáu að ýms skjöl á skrifborði ráðgjafans stóðu í björtu báli. Það er sagt, að öll skjöl í skrifborðsskúffunum hafi brunnið. Hefir máske kviknað í öllum skúffunum í einu um það leyti, sem ráðgjafinn smeygði sér út úr skrifstofunni inn í næsta herbergi. — Mælt er, að skrifpúltið og stólar þar inni hafi brunnið, og að það sé 200 dollara virði, auk skjalanna, sem ráðgjafinn segir að hafi verið verðmæt og áríðandi. Enginn veit, hvernig eldurinn kviknaði, en sumir geta þess til, að rafmagnsvírar hafi orsakað það. Hitt vita allir, að skjölin eru brunnin, en um innihald þeirra vita menn ekki. Það fréttist máske síðar.

— Murad Bay, blaðeigandi og ritstjóri í Konstantinópel, hefir verið dæmdur í æfilangt fangelsi fyrir samsæri í uppreistinni, sem gerð var móti Ungtyrkjum í Tyrklandi, og sem endaði með afsetninu soldánsins.

— Miðill hluti af bænum Pesque Isle í Maine ríki brann til ösku þann 7. þ.m. Skaðinn metinn 200 þúsund dollara. Eitt þúsund manns eru þar nú húsviltir.

— Sprengiefni sprakk í byggingu í New York þann 8. þ.m., og hristi húsið svo mjög, að þau 9 hundruð manns, sem bjuggu á efri loftum hússins þutu út á stræti til að forða lífi sínu. Brátt sást eldur úr hverjum glugga á efri loftunum. Fólkið hafði því bjargast í tíma.

— Ný dráttvél hefir verið gerð fyrir Northern Pacific félagið. Hún er ætluð til vöruflutninga og er nefnd "Torpedo motor". Hún fer hæglega 60 mílur á klukkustund, og getur farið 75 mílur, ef þörf gerist. Í ráði er, að félagið láti smíða fleiri slíkar vélar innan skams tíma, og má ætla, að önnur brautafélög geri hið sama.

— Tilraun var gerð til þess, að ná gamla soldáninum úr varðhaldinu frá Ungtyrkjum þann 11. þ.m. En einhver hafði komist að því ráðabruggi svo snemma, að stjórn in gat sent lið til að mæta áhlaupum á staðinn. Bardaginn stóð yfir í nokkrar klukkustundir, og féll margt manna á báðar hliðar, en svo lauk, að áhlaupsmenn urðu að flýja soldánslausir. Ef til vill verður þetta tilræði til þess, að soldán verði líflátinn til þess ekkert umstang þurfi við hann að hafa framvegis.

— Hermálastjóri Frakklands hefir áformað, að verja á næstu 10 árum 600 miliónum dollara til herskipasmíða. Fjórtán öflug vígskip á að byggja nú tafarlaust, eða svo fljótt, sem því verður komið við. Hermálastjórinn hefir ákveðið, að Frakkland megi ekki eiga minna en 45 öflug herskip, til þess að verja ríkið, ef þörf gerist.

— Það er vatn á myllu hveitikaupmanna í Bandaríkjunum um þessar mundir. Gufuskipa-flutninga félögin, sem flytja milli Evrópu og New York, flytja nú hveiti yfir hafið fyrir það verð, sem kostar að ferma það í skipin í New York og afferma það aftur á Englandi. Skip þau, sem ganga út frá Montreal, vilja ekki keppa um hveiti-flutninginn með þessum kjörum, og heldur enn að lækka ákveðið flutningsgjald sitt, og hafa því algerlega neitað að flytja hveitið, en fermt skip sín í þess stað með vatni, til þess að fá kjölfestu í þau. Það er ekki búist við, að þetta ástand vari lengi, enda er lítið um hveitiflutninga austur yfir Atlantshaf um þessar mundir. Mest af hveitinu úr New York kornhlöðunum er um þessar mundir flutt til baka vestur í þau ríkin, sem það kom frá. Svo mikið var selt úr þeim ríkjum á síðasta hausti, að þurð er orðin þar á þeirri matvöru.

— Kona ein í Cincinnati tók einkennilegan sjúkdóm þann 11. þ.m. Hún byrjaði þá að hnerra og gat ekki hætt því. Læknar voru sóttir og gáfu henni sveinmeðal, en jafnskjótt sem hún vaknaði tók hún til að hnerra, og þetta gekk á annan sólarhring, þar til hún var orðin svo máttfarin, að henni var ekki hugað líf, er síðast fréttist.

— Að láta sekta sig fyrir að hnerra er ekki ánægjulegt, en það er gert á sumum verkstæðum á Bretlandi. Konunglega neindin, er nýlega var sett þar til að íhuga ástandið í atvinnulegu tilliti þar í landi, hefir fengið gildar og áður óþektar sannanir fyrir því, að ýmsir vinnuveitendur þar beita allskonar ósanngirni og harðneskju við vinnufólk sitt. Í baðmullar verkstæðunum var það venja, að vefarinn varð að borga fullu verði allan strangann, sem hann var að vefa, ef hin allra minsta skemd varð á honum nokkursstaðar. En af því hann fékk þá dúkana með heildsöluverði verksmiðjunnar, gat hann vanalega komið þeim út aftur einhverntíma sér að skaðlitlu. Oft kemur það þó fyrir, að þegar skemd verður á dúki, þá missir vefarinn heillar viku kaup fyrir það, þegar verð dúkanna er jafngildi vikulaunanna, og þá peninga fær hann ekki, hve mikið sem honum liggur á þeim, fyr en hann getur selt dúkinn. En sérstaklega eru það "stykkja" eða "akkorðs"-vinnendur, sem sæta verða mestri ósanngirni. Margir þeirra verða að kaupa fullu verði hvert það stykki, sem vinnuveitendur geta nokkuð fundið að. Ein stúlka í Bristol borg fékk 12 buxur til að sauma, en hún hafði saumað vasana skakt á þær, og hún var nevdd til að kaupa allar buxurnar fullu verði, sem nam meiru enn mánaðarlaunum hennar. Kona ein saumaði 12 tylftir af hálskrögum, en af því að vinnuveitandinn gat fundið eitthvað að saumaskapnum þá varð konan að kaupa alla krag ana, og verð þeirra gleypti upp tveggja vikna vinnulaun hennar.— Margt annað þessu líkt var algengt þar á fjölda verkstæða um alt landið. Það var og sannað fyrir neindinni, að í flestum tilfellum eru húsakynni verkalýðsins afar léleg, leigan há og fæðið ilt og lítið, og þeir, sem verða að leigja sér herbergi, verða að sæta ýmsum ójöfnuði frá hendi húsráðenda, svo sem það, að engar myndir mega hanga á veggjum herbergjanna. Allir verða að vera komnir út úr svefnherbergjum sínum klukkan 8 á morgnana. Engin blóm mega vera í vatnsglösum inni í herbergjunum. Öll ljós verða að vera slökt ekki síðar en klukkan 11 á kveldin, og enginn má hafa kertaljós eða eldspýtur inni í herbergi sínu. Hver, sem vanrækir að snúa gasinu af í svefnherbergi sínu, borgar 25c sekt fyrir hvert slíkt brot. Þeir sem vinna á verkstæðunum og tala við vinnufólkið í annari deild þess verkstæðis enn þeirri, sem þeir sjálfir vinna í, verða að sæta sektum, sem dregnar eru af kaupi þeirra. Þeir, sem vinna í búðum og skrifa reikninga, verða að borga 12 cents fyrir hvert reikningsfeil. Í einu verkstæði voru stúlkur sektaðar fyrir að hnerra. — Argara prælahald en þetta er, mun tæpast hægt að finna í nokkuru landi.

—Rannsóknarnefnd á Frakklandi hefir komist að því, að glæpamenn, sem dæmdir hafa verið þar í fangelsi, geta fengið sig lausa fyrir peningagjald til sérstakra manna, sem áhrif hafa hjá stjórninni.

— C. P. R. félagið hefir nýlega látið gera sérstakan útsýnisvagn, semætlaður er gestum félagsins, er þeir ferðast með brautum þess. — Vagn þessi kostaði 18 þús. dollara. Ýms þægindi eru í vagni þess um, svo sem bókhlaða, borðstofa, reykingasalur og 2 svefnherbergi. Húsgögn öll eru hin finustu og dýrustu. Vagninn er gerður úr mahogany við og skreyttur filabeini hingað og þangað. Félagið hefir pantað 13 slíka vagna.

— Abner Smith, fyrrum bankastjóri og dómari í Cook County, Ill., hefir nýlega í Chicagoborg verið dæmdur í langa fangelsisvist í Joliet fangelsinu. Þegar hann kom í fangelsið, mætti hann ýmsum glæpaseggjum, sem hann sjálfur hafði dæmt til fangavistar. Dómarinn var settur í einangrunarklefa, sem ætlaðir eru eingöngu þeim, sem óþægastir eru í fangelsinu. Enn þá hefir ekki verið ákveðið, hvað hann verður látina starfa með hann er þar. Hann var dæmdur fyrir fjárdrátt og svikseemi.

— Gull og silfur hefir fundist í jörðu nokkrar mílur suður frá bænum Paynton í Sask. Það var kona þar í bænum, sem fyrst fann málminn, sem er í grjóti og möl. Svo má heita, að hvert mannsbarn í bænum hafi látið mæla sér út námalóð. Sýnishorn af málmblendingnum hefir reynst að geyma $992.14 í tonni grjóts af gulli og $6.00 af silfri, eða sem næst þúsund dollara virði af málmi í tonninu. — Mölin hefir og verið hreinsuð og gefið $26.10 úr tonni. — Paynton er stöð á CanadianNorthern járnbrautinni, 34 mílur vegar vestur af North Battleford. Landið er hæðótt og hrjóstrugt, en sagt að vera þrungið gulli.

— Hálf section af landi nálægt Portage la Prairie var í sl. viku seld Bandaríkjamanni fyrir $13,440, eða 42 dollara ekran að jafnaði.

— Alþjóðafundur kvenna er þessa vikuna haldinn í Toronto borg. — Þær dvöldu fyrst 3 daga í Montreal og voru í sífeldum veizlufagnaði. Countess Aberdeen var í tölu þessara kvenna, og hélt ræðu í veizlu þeirri, sem McGill háskólinn í Montreal hélt konum þessum, sem eru nær 50 talsins. — Umtalsefni fundarins er óákveðið,en væntanlega verða þar rædd öll þau mál, sem konur sérstaklega varða, og þau önnur, sem að þeirra áliti miða til þjóðþrifa.

— Jarðskjálftar urðu á Frakklandi þann 13. þ.m. Mest kvað að þeim í Toulon héraðinu, og er sagt að mörg þorp þar hafi orðið fyrir skemdum. Sagt að 54 manns hafi mist lífið og yfir hundrað orðið fyrir meiðslum. Í St. Carmat bæ búa 1200 manns, þar féll hvert hús til grunna. Alls er talið að 5 þorp hafi eyðilagst af völdum jarðskjálftans.

— Maður í Regina bæ var um helgina sektaður $50.00 fyrir að halda danssamkomu með 75c aðgöngugjaldi og ókeypis bjór.

Íslands fréttir.

AÐFLUTNINGSBANNIÐ

Þann 1. maí samþykti alþingislög um aðflutningsbann á engra drykkja með 18 atkv. gegn 6 (í neðri deild). Með banninu greiddu atkvæði: Bjarni Jónsson frá Vogi, Jón Ólafsson, Björn Jónsson, Björn Kristjánsson, Björn Sigfússon, Björn Þorláksson, Eggert Pálsson, Einar Jónsson, Hálfdán Guðjónsson, Jón Magnússon, Jón Sigurðsson, Jón Þorkelsson, Magnús Blöndal, Sigurður Gunnarsson, Sigurður Sigurðsson, Skúli Thoroddsen, Stefán Stefánsson, Þorleifur Jónsson. — Móti banninu greiddu þessir atkvæði: Hannes Hafstein, Jóhannes Jóhannesson, Jón Jónsson frá Múla, Jón Jónsson frá Hvanná, Ólafur Briem og Pétur Jónsson. — Benedikt Sveinsson var fjarstaddur.

Innflutningur áfengis í landið aftekst árið 1912. En samkvæmt breytingum, sem gerðar voru í efri deild, og sem neðri deildin samþykti til að flýta fyrir málinu, þá má halda áfram vínsölu í landinu þar til árið 1915, eða um næsta 6 ára tímabil. Mun þetta gert til þess, að þeir sem eiga birgðir víns árið 1912, þegar aðflutningsbannið gengur í gildi, skuli eiga kost á, að verða af með þær, og eru þeim ætluð 3 ár til þess að tæma kjallarana en fylla svallarana. Enginn má veita leyfi til vínsölu eða endurnýja eldri leyfi frá þeim degi, er lögin verða staðfest.

Ekki voru lög þessi fyr samþykt í þinginu en vissir menn í Reykjavík stofnuðu félag til þess að fá þau ónýtt, og að viðhalda vínsölu á Íslandi. Frumkvöðull þess félags er Hannes Hafstein, og með honum eru skrifstofustjórar, yfirdómarar, læknar, læknaskólakennarar, prestaskólakennarar, málaflutningsmenn, stúdentar, kaupmenn og fleiri. Yfirleitt virðist það vera menta- og lærdómsmanna flokkur Íslands, sem gengst fyrir þessum félagsskap.

LANDSBANKINN.

Ráherra Íslands hefir skipað þá Indriða Einarsson, Karl Einarsson júrista og Ólaf Danielsson til að rannsaka hag landsbankans, — aðgæta seðlafúlgu hans og aðgæta og gera sér grein fyrir gildi þeirra skuldbindinga, víxla og skuldabréfa, sem bankinn hefir í höndum, hvort viðlagasjóður bankans og varasjóður sparisjóðsins er trygður að lögum og sannreyna, hvort sjóður bankans er fyrir hendi, og aðgæta hverjar og hve miklar skuldbindingarnar eru, sem bankinn er í við þá, sem fé eiga hjá bankanum eða í vörzlum hans.

Í þingræðunum um þetta mál kom fram, að reikningar landsbankans, sem árlega eiga að úrskurðast og kvittast af ráðherra, hafa aldrei verið sendir ráðherra 5 síðustu árin, og því aldrei verið úrskurðaðir né kvittaðir, sem lög skipa fyrir um, og einnig, að þrátt fyrir ákvæði í reglugerð bankans, hafði bankastjórnin eigi haldið neina gerðabók, svo að ekki varð vitað, hvort útlán hefðu verið gerð samkvæmt lögum.

SVIK OG ÞJÓFNAÐUR.

Sjóðþurðir eru að komast upp hjá 2 eða 3 póstafgreiðslumönnum á Íslandi, en það þýðir ekkert annað en það, að þjófnaður hefir komist upp um þá. Carl Jóh. Lilliendahl, póstafgreiðslumaður í Vopnafirði, komst í 3—4 þúsund króna sjóðþurð í vetur, og Guðni Eyjólfsson í Reykjavík hefir komist í fullra 7 þúsund króna sjóðþurð við póstmáladeild Íslands. Hann játar drengilega á sig þá sök, að hann hafi æft þjófnað í sl. 5—6 ár. Síðan á nýári sl. hafði hann náð í 2 þús. kr., án þess að vinna fyrir þeim. Póststjórinn hefir trúað honum svo vel, að hann rannsakaði aldrei reikningsskil hans í 10 eða 11 ár sl., eða þá að pilturinn gerði aldrei reikningsskil á þessu tímabili.

Einar Jónsson, vinnandi við trésmiða félagið "Völundur", hefir stolið 2 þúsund kr. í peningum úr fjárhirzlu félagsins. Hann hafði komist yfir lykla að peningaskápnum, og smíðaði lykla eftir þeim. Síðast var hann staðinn að verki af þar til settum njósnurum.

ALMENNAR FRÉTTIR.

Eldur hafa orðið á prestssetrinu Barði í Fljótum, brann þar íbúðarhús með öllum innanstokksmunum til ösku. Á Esjubergi á Kjalarnesi brunnu bæjarhús til kaldra kola 2. maí, hafði kviknað í þekju frá ofnpípu, innanstokksmunum varð bjargað. Á þessum bæ bjó ekkja Guðmundar Kolbeinssonar, sem druknaði í vetur sem leið.

Nýlega náði Björn sýslumaður Þórðarson 7 skipstjórum af botnvörpungum, sem voru við veiðar í landhelgi við Vestmannaeyjar, og sektaði þá alla. Áttundi skipstjórinn slapp. Hann hafði ógnað sýslumanni og bannað honum uppgöngu á skip sitt.

Þann 3. maí gerði ofsaveður fyrir sunnan land. Vestmannaeyingar voru á sjó, og náðu 3 vélabátar ekki lendingu, sukku 2 þeirra, en skipshöfnunum varð bjargað. En þriðji báturinn komst til Eyrarbakka eftir tveggja sólarhringa hrakning.

Látinn er í Reykjavík 11. maí Sveinn trésmiður Jónsson úr Stykkishólmi.

Dagleg loftskeyti berast frakkneska herskipinu, sem hefir strandgæzlu við Ísland, beint frá Berlin. Allar fréttir, sem til Íslands koma með þræði, og miklu fleiri, berast skipinu á þennan hátt.

Hannes Hafstein skipaði sjálfan sig í stjórn Landsbankans um 5 ára tíma með 2 þúsund kr. árslaunum og hlutdeild í gróða bankans, og með vaxandi árslaunum, svo nemur 250 kr. á ári. Í þetta embætti skipaði hann sjálfan sig fáum dögum áður en hann varð að víkja úr ráðherra stöðunni.

Stórhríð með hörkufrosti gerði á Íslandi þann 19. maí. Hafði verið inndælt veður fram að þeim að þeim tíma í allan vetur.

Fagnaðarsamkoman

er íslenzku stúkurnar héldu þann 8. þ.m., til að minnast á viðeigandi hátt aðflutningsbannslaganna, er alþingi samþykti 1. maí sl., fór vel fram og var vel sótt.

Fundarstjóri B. M. Long setti fundinn með viðeigandi inngangsorðum. Fyrir minni G. T. reglunnar á Íslandi talaði B. Magnússon, fyrir minni alþingis A. J. Johnson og fyrir minni Íslands H. Gíslason.

Þá söng söngflokkur Goodtemplara, undir stjórn herra Gísla Goodmanns, 3 lög og tókst mjög vel. Í flokknum eru um 40 manns, þar á meðal nokkrir, er hafa talsverða sönglega þekkingu. Þetta er í fyrsta sinn, er flokkurinn syngur opinberlega, og sýndi hr. Goodman, að hann er vel fær um þetta starf og hefir æft flokkinn prýðilega. Ég er viss um, að þeir sem voru á samkomunni og dálítið vit hafa á söng, munu ekki sitja heima næst, þegar tækifæri býðst að heyra til flokksins. Bezt þótti mér og fleirum takast með 'Stríðsbænina' eftir Otto Lindblað, enda óskuðu áheyrendurnir eftir, að það væri endurtekið.

Þá söng herra A. J. Johnson sóló, hið snildarfallega lag eftir Sigfús Einarsson "Að lögbergi", líklega bezta lag, er Íslendingur hefir búið til. Hr. Jónas Pálsson spilaði fyrir, og var unun að hlusta á það. Hr. Johnson hefir fallegri rödd og syngur með meiri tilfinningu, en aðrir Íslendingar hér fyrir vestan, sem þó hafa fengið gott álit.

Mrs. Carolina Dalman flutti frumort kvæði eftir sig og ort fyrir þetta tækifæri.

Ræðurnar voru allar óaðfinnanlegar, enda gerður að þeim góður rómur, og vonast ég til, að þeim, sem ekki voru á samkomunni, en eru þessu máli hlynntir er samkoman var stofnuð fyrir, gefist kostur á, að sjá þær á prenti síðar. Þær eru allar þess virði, að minu áliti.

Nefndin, sem stóð fyrir samsætinu, sendi símskeyti heim til Íslands á mánudagsmorguninn (7. júní). Þann dag var stórstúkuþing Íslands sett. Einnig sendi nefndin heim ávarp líks efnis og símskeytið, en nokkru ítarlegra, og var það lesið upp á samkomunni.

R. Th. Newland,
skrifari fundarins.

Herra Jón Hólm, gullsmiður að 770 Simcoe St., biður þess getið, að hann selji löndum sínum gull- og silfur-muni og gigtarbelti. — Belti þessi eru óbrigðul við gigt, ef þau eru notuð samkvæmt fyrirskipunum Jóns. Kosta að eins dollar og kvart.

PURITY FLOUR

AÐ BAKA BEZTA BRAUÐ

er meira en vísindi og meira en list.

En það má gerast fljótlega og áreiðanlega með því að nota

PURITY FLOUR

Það er malað úr bezt völdu Vestur-Canada Hörðu Hveitikorni; er algerlega hreint og svo ilmandi kjarngott.

ALLIR ÍSLENZKIR KAUPMENN SELJA ÞAÐ

WESTERN CANADA FLOUR MILLS CO.,
LIMITED.

WINNIPEG, —— CANADA.

OGILVIE'S

Royal Household Flour

Til BRAUÐ-GERÐA

Til KÖKU-GERÐAR

Gefur æfinlega fullnæging

Giftingaleyfisbréf

selur Kr. Ásg. Benediktsson

540 Simcoe st. Winnipeg.

Wall Plaster

Með því að venja sig á að brúka **"Empire"** tegundir af Hardwall og Wood Fibre Plaster er maður hár viss að fá beztu afleiðingar.

Vér búum til:

"Empire" Wood Fibre Plaster
"Empire" Cement Wall "
"Empire" Finish "
"Gold Dust" Finish "
"Gilt Edge" Plaster of Paris
og allar Gypsum vöruuteg-undir. —

Eiqum vér að senda yður bækling vorn?

MANITOBA GYPSUM CO. LTD

SKRIFSTOFUR OG MILLUR I

Winnipeg, - Man.

Heimskringla
Published every Thursday by The Heimskringla News & Publishing Co. Ltd

Verð blaðsins í Canada og Bandar $2.00 um árið (fyrir fram borgað).
Sent til Íslands $2.40 (fyrir fram borgað af kaupendum blaðsins hérlendis $1.50.)

B. L. BALDWINSON,
Editor & Manager

Office:
729 Sherbrooke Street, Winnipeg
P.O. BOX 3083. Talsími 3512.

Kirkjuþingið Lúterska.

Það verður sett hér í borg innan fárra daga, og situr væntanlega vikutíma, eins og venja hefir verið til á liðnum árum. Hver mál kunna að komast á dagskrá á þessu þingi, er ekki hægt að segja fyrirfram, en það hefir legið á meðvitund landa vorra hvervetna, bæði hér vestan hafs og heima á Íslandi, að eitt af aðal umræðuefnum þessa þings muni verða hin trúarlega og kennimannlega afstaða séra Friðriks Bergmanns gagnvart grundvallarlaga ákvæðum kirkjufélagsins, og margir eru þeir, sem ala eða hafa alið þann grun, að þær umræður muni enda með því, að þingið afsegji að viðurkenna séra Friðrik Bergmann lengur sem andlegan starfsbróður. Með öðrum orðum: Að það muni með opinberri atkvæðagreiðslu geri hann rækan úr kirkjufélaginu.

Séra Friðrik Bergmann hefir eins og kunnugt er svo árum skiftir hallast að hinni nýrri, frjálsu guðfræðistefnu og neitað að binda sig við þann skilning á bibliunni, sem eldri tíma guðfræðingar hafa haldið fram. Í þessu hefir hann fylgst með þeim breytingum, sem orðið hafa í þessum efnum á Íslandi í þjóðkirkjunni þar, sem víða í öðrum löndum á síðastliðnum 15 til 20 árum. Og nú á yfirstandandi tíma stendur hann nákvæmlega á sama trúarlegum grundvelli eins og biskup Íslands og aðrir leiðandi klerkar þar heima. Með öðrum orðum: Séra Friðrik hefir fylgst með þeirri trúarlegu framsókn, sem orðið hefir í íslenzku þjóðkirkjunni, og flytur kenningar í fullu samræmi við hana, eða eins og hún og prestar hennar. Hann hefir neitað, að svæfa skilning sinn og kæfa, neitað að viðurkenna það sem guðinnblásinn og óyggjandi sannleika, sem hver meðalgreindur maður fær með gildum rökum sýnt, að alls ekki getur verið sannleikur, jafnvel þó það standi í bibliunni. En þessi breyting, sem orðið hefir á skilningi hinna bibliulegu sagna, hefir væntanlega ekki náð til allra Íslendinga, og ekki til allra safnaðarlima kirkjunnar, hvorki hér né eystra.

Því ætla má, að ýmsir séu þeir á Íslandi, einkum meðal eldri kynslóðarinnar, sem láta sér fátt um finnast hin trúarlegu nýmæli, þó engin opinber yfirlýsing hafi gerð verið þar heima móti þeim. Sama er að segja um landa vora hér vestra, að heilstór hópur þeirra kýs að halda við þann skilning trúarlegu atriðanna, sem þeim var innrættur á ungdómsárum þeirra. Þeim finst eins og það sé að hafa trúarleg hamaskifti, ef nokkur ljósglóra kemst að ihugun trúmálanna, sem að nokkru breyti því, sem þeir hafa alist upp við. Þeir sjá enga gilda ástæðu til nokkurrar nýbreytni í trúarefnum, og hafa sennilega ekki orkað því, að leggja á sig það ómak, að bera saman mismuninn á því, sem var, og hinu, sem nú er að verða, eða þegar er orðið hjá fjölda hinna göfugustu og lærðustu manna með Íslendingum og öðrum þjóðum. Orðin "hærri kritik" lætur þeim illa í eyrum, og þeir finna það ekki í samvizkum sínum, að hún, að svo miklu leyti, sem þeir bera nokkurt skyn á hana, hafi nokkurn rétt á sér eða flytji þeim nokkur gildari sáluhjálpar sannindi, en þau, sem þeim voru innrætt í æsku, eða að hún færi þá einu hænufeti nær því náðartakmarki, sem þeir vona að ná við burtför þeirra úr þessum heimi.

Hins vegar eru þeir margir meðal þeirra, er þannig hugsa, sem vel geta liðið hina nýju stefnu eða skilning þann á trúaratriðunum, sem hin nýrri guðfræði bindur sig við, og þeir finna ekki gilda ástæðu til þess, að amast við þeim skilningi, eða gera sér far um, að ofsækja þá, sem halda honum fram, sem göfugri, háleitari og réttmætari en hinum gamla skilningi. Enda er sú ástæða, að mætustu og lærðustu guðfræðingar meðal íslenzku þjóðarinnar aðhyllast þennan nýja skilning, í sjálfu sér næg til þess að alþýða manna rannsaki hann með gaumgæfni og virðingu.

Ef dæma skyldi um málsástæður milli kirkjufélagsins og séra Friðriks Bergmanns, eftir þeim rökum, sem fram hafa komið í Sameiningunni, málgagni krikjufélagsins, á aðra hlið, og í Breiðablikum, málgagni frjálshyggjenda, á hina, þá verða tæplega deildar skoðanir á því, að séra Friðrik heldur hinum röksemdalega velli ósærður. Hann hefir þráfaldlega sýnt þess ljós merki í blaði sínu og þeirra, sem eiga það með honum, að ekki megi skilja bibliuna bókstaflega, og að efni hennar sé víða svo vaxið, að ekki tjái að viðtaka það, sem virkilegan sannleika eða leiðarvísir fyrir trú manna og hegðun. Að í raun réttri sé bók sú fornaldarsaga Gyðinga þjóðarinnar eða öllu heldur ósamstæð brot úr þeirri sögu, — samsafn ýmsra handrita eftir óupplýsta og í sumum tilfellum alls óþekta höfunda. Að þó menn þessir hafi ritað eftir því, sem þekking þeirra bezt leyfði, þá séu lýsingarnar þar á guði almáttugum og ýmsu því, sem hann á að hafa sagt og gert og skipað öðrum að segja og gera, svo viðbjóðslega ljótar í eðli sínu, og fjarstæðar öllu því, sem heilbrigðir vitsmunir og ósýkt imyndunarafl nútíðar mentamanna getur samrýmt við speki og algæzku guðs, að ekki megi leggja trúnað á þær sem algildan sannleika. Slíkar lýsingar og skrásetningar um ýmsa viðburði, séu eingöngu álit höfundanna, og því alls ekki ábyggilegt sem óskeikulum sannleika. Að þeir, sem samið hafi handrit þau, sem myndi bibliuheildina, hafi verið breyskir menn og ófullkomnir, ir, eða ekki svo alfullkomnir, að ætla megi að þeim hafi ekki getað skjátlað í ritum sínum, eins og algengt er nú á dögum, jafnvel þar sem lærðustu og djúpsæustu fræðimenn eiga hlut að máli. Og loks, að bibliuheildin, eins og hún er nú til orðin, hafi verið viðtekin á prestaþingi eða þingi kennimannanna í fornöld, með fundarsamþykt og eftir nokkurra daga háværar og bituryrtar umræður, því að úr mörgum handritum var að velja, sem öll voru jafn ábyggileg, hvað innblástur og áreiðanleleik snerti, — og þó að þing það veldi með atkvæðagreiðslu þau rit, sem nú mynda bibliuna, og með atkvæðum slægi því föstu, að þau skyldu skoðast innblásin, þá var atkvæðamunurinn svo lítill, að hann gaf þess enga tryggingu, að bessi rit væru nokkuð ábyggilegri, en hin, sem hafnað var. Að alt þetta bendi á, að ekki sé örugt að kenna það, að bókin öll sé bókstaflega innblásin af guði eða óskeikull leiðarvísir fyrir trú og hegðun manna, eða til sáluhjálpar.

Þetta virðist vera skoðun séra Friðriks, eftir því, sem enn er framkomið, og vér sjáum ekki betur, en að hann hafi rökstutt hana svo ljóslega og greinilega í blaði sínu Breiðablikum, að menn verði að minsta kosti að bera virðingu fyrir þeim röksemdum, ekki sízt þar sem mikill hluti þeirra er dreginn einmitt út úr sjálfri bibliunni.

Í þessu hefir séra Friðrik sýnt af sér móti hinum kirkjufélagsprestunum, og einstöku þankaþunnum áhangendum þeirra, að hann getur ekki fengið sig til þess, að misbjóða svo viti sínu og samvizku, að viðurkenna það alt rétt og óskeikult, sem sjálft bar í sér sannanir fyrir því gagnstæða. Hann neitar að viðurkenna réttan eða réttmætan gamla skilninginn á bókstaflegum innblæstri, og á þessari sök verður að byggjast útskúfun hans úr kirkjufélaginu, ef honum verður vikið úr því.

En þess ber að gæta, að séra Friðrik stendur ekki einn uppi hér vestra með trúarskoðanir þær, sem hann prédikar. Það eru hér margir menn, sem höfðu þær löngu áður en hann lét þeirra getið. Þeir menn allir fylgja honum því nú að málum með miklum fjölda annara skoðanabræðra. Ekki heldur eru þeir menn og konur, sem aðhyllast skoðanir séra Friðriks neitt utanveltu fólk við kristna söfnuði. Langflest er það einmitt í sjálfum kirkjufélagssöfnuðunum; og að því er snertir blaðið Breiðablik, sem stofnað var til stuðnings hinni æðri guðfræði, þá eru hluthafar þess blaðs undantekningarlaust allir úr söfnuðum kirkjufélagssafnaðanna, og nokkrir meðal þeirra helztu eru góðir og gildir meðlimir Fyrsta lúterska safnaðarins í Winnipeg. Þetta hefir frá því að blaðið var endurreist verið á vitund allra, sem nokkuð hafa fylgst með trúmála ágreiningnum hér vestra, og þess vegna hefir mörgum manni þótt það stór-undravert, að séra Jón Bjarnason, sem telja verður aðal forvígismann gömlu, úreltu innblásturs og bókstafstrúar stefnunnar, skuli ekki fyrir löngu hafa rekið þá menn úr sínum eigin söfnuði, sem honum hlýtur með vissu að vera kunnugt um, að hafa með talsverðum fjárframlögum og persónulegri starfsemi unnið að því, að halda úti málgagni, til þess að berja niður eigin trúmálastefnu hans, sem vaxandi upplýsing íslenzkrar alþýðu er lengur hætt að geta liðið. Það eru einatt hægust heimatökin, og það virðist eðlilegur gangur málsins, að fyrst hefði verið gengið að þessum náungum og þeim sópað út úr söfnuði séra Jóns. Meðan þeir eru þar, þá er það ríki sjálfu sér sundurþykt, og samkvæmt kenningu hinnar helgu bókar, fær ekki staðið. Það er engin meiri ástæða til að amast við séra Friðriki í kirkjufélaginu, heldur enn hinum umgetnu mönnum — skoðanabræðrum hans — í söfnuði séra Jóns Bjarnasonar, og öðrum söfnuðum kirkjufélagsins. Og það því síður, sem engin sönnun er enn þá framkomin fyrir því, að það séu ekki einmitt þessir umgetnu safnaðarmenn, sem í raun réttri eiga upptökin að öllum ágreiningnum, og að það sé fyrir þeirra áeggjan og styrktartilboð, að séra Friðrik hefir gerst forvígismaður hinnar nýju stefnu í trúmálunum.

Að Vestur-Íslendingar séu allmjög tvískiftir á þessu ágreiningsmáli, það er á allra vitund, og svo hafa nýafstaðnar kosningar til þessa kirkjuþings farið í söfnuðunum, að tvísýnt er, hvor stefnan hefir fleiri fylgjendur innan sjálfs kirkjufélagsins, og alls óvíst, hvor hliðin verður ofan á í þinginu. Eftir núverandi útliti að dæma, þá virðist svo, sem kosnir fulltrúar safnaðanna í þinginu, verði í fleirtölu með séra Friðriki J. Bergmann. Prestarnir hins vegar verða væntanlega flestir fylgjandi gömlu stefnunni, en þeir náungar "representera" engan í þinginu nema sjálfa sig, þó lög félagsins veiti þeim fullan atkvæðisrétt í öllum málum.

Frá Norður Dakota eiga sæti í þinginu nær 20 kjörnir fulltrúar. Langflestir þeirra eru fylgjandi séra Friðrik, og sumir þeirra að minsta kosti hafa fengið skipanir um,að ganga af þingi, ef séra Friðrik verði þar beittur nokkrum ójöfnuði, en það þýðir ekkert annað en það, að þeir söfnuðir ganga tafarlaust úr kirkjufélaginu. Eftir núverandi útliti er ekki annað sjáanlegt, en að Norður Dakota söfnuðirnir nálega eindregið segi skilið við félagið, ef nokkurri ósanngirni verður beitt við séra Friðrik. — Kosningarnar í Saskatchewan sýna, að söfnuðirnir í því fylki muni vera í meiri hluta með séra Friðriki. Argyle bygðin verður tvískift, og Alberta verður frjálstrúar megin. Winnipeg verður tvískift, þannig, að Fyrsti lúterski söfnuðurinn og Tjaldbúðarsöfnuður togast á, annar með gömlu stefnunni, stefnu hinnar lægri guðfræði, en hinn með nýju stefnunni, — hinni æðri guðfræði. Nýja Íslands bygðirnar er búsist við að fylgi gömlu stefnunni.

Að öllu þessu athuguðu, er ekki annað sjáanlegt, en að jafnvægi verði nokkurt með fulltrúum í þinginu, og þó meira með séra Friðrik, að prestunum fráskildum. En þeir, eins og áður er tekið fram, eru ekki málsvarar þjóðviljans, og að öllu leyti ómyndugir; réttur þeirra í þinginu er hlynninda eða einkaleyfis réttur. Gamla stefnan getur ekki borið sigur úr býtum í þinginu með nokkru öðru móti en að prestarnir taki sig saman um það, í trássi við vilja fólksins, að kljúfa safnaðafólk Vestur-Íslendinga í tvær andvígar deildir. Hvort þeir hafa djörfung til að taka þá stefnu, er enn þá alls óvíst. Það er að vísu ljóst, að þeir hlífa ekki séra Friðriki af neinum bróðurlegum eða kristilegum velvilja til hans. (Hitt er trúlegt, að þeir meti sjálfsvernd sína svo mikils, að þeir veigri sér við, að hreyfa við honum á þinginu.

En það er algerlega óhætt að fullyrða það, að ef séra Friðriki verður útskúfað úr kirkjufélaginu á þessu eða nokkru öðru kirkjuþingi, þá klofnar kirkjufélagið í tvo flokka. Við slíkan klofning getur ekkert gagnlegt unnist, heldur verður það upphaf á löngu striði og ströngu, og sem ekki getur endað nema á einn veg, þann, að með vaxandi mentun og menning fólks vors hér vestra, hlýtur sá flokkur að eflast mest, sem bezt fylgir nútíðar skoðununum, og sem fús er til þess, að fylgjast með framfaraskrefum samtíðar sinnar, jafnt í trúarlegum sem öðrum málum. Hinum hlýtur að fækka ár frá ári, sem kjósa að rigskorða sínar trúarlegu skoðanir við 2 þúsund ára gamlar, úreltar kreddur, sem þeir sjálfir ekki fá varið með nokkrum vitsmunalegum rökum, og sem hver ómentaður almúgamaður, ef hann annars hugsar nokkuð, getur hrakið með ómótmælanlega gildum rökum.

Það liggur ríkt í meðvitund Vestur-Íslendinga, að sannleiksinnblástur bibliunnar sé hugarburður, getinn í fáfræði og viðhaldið í ígrundunarleysi. Þess vegna á gamla stefnan enga varanlega framtíð meðal fólks vors, af því hún gengur í berhögg við bæði vit þess og þekkingu.

Kirkjufélagið ætti að fara gætilega í þessu burtrekstrarmáli séra Friðriks. Félagið hefir hvorki það afl né álit nú, sem það hafði fyrir 10 árum. Íslenzk alþýða er farin að mentast, svo að henni er farið að verða gjarnt til að hugsa fyrir sig sjálf, og að fylgja sinni eigin trúarlegu leiðsögn. Það er ekkert það í allri bibliunni, spjaldanna á milli, sem hver meðalgreindur almúgamaður ekki getur skilið alt eins glögglega og lærðustu guðfræðingar. Kirkjufélagið hefir sýnt það frá upphafi vega sinna, að það hefir ekki átt vald á meiri hugsun eða framsýni, en hinir, sem fyrir utan það hafa staðið, og það eru þrír fjórðu hlutar allra Íslendinga vestan hafs. Í skólamálinu hefir það gengið á glapstigum, alt frá byrjun þess máls. Það þurfti 12 ára tíma til að sannfærast á því, að stefnan, sem Heimskringla tók í því máli strax í byrjun var sú eina skynsamlega og mögulega stefna undir kringumstæðum þjóðflokksins. — og svo fór að lokum, að félagið varð að taka þá stefnu óbreytta, með því að fá settan kennara við hérlendan háskóla. — En tæpast var það fyr búið að koma stefnu þeirri í framkvæmd og kenslan komin á fastan fót og íslenzkir nemendur teknir að fjölmenna á skólann, með stórmiklum sóma fyrir alla Vestur-Íslendinga, þar sem þeir með framkomu sinni hafa sýnt, að þeir eru í fremstu röð beztu nemenda, sem nokkurn tíma hafa stundað nám í Vestur-Canada, ef ekki í öllu Canadaveldi, — heldur enn félagið, eða vissir forkólfar þess, fengu þá óheillaflugu, eða létust fá hana í höfuðið, að skólinn væri ein allsherjar vantrúarstofnun, sem ekki væri styrkjandi, og þess vegna samþykti síðasta kirkjuþing, að slíta öllu sambandi við skólann og að hætta að styrkja íslenzku kennara embættið þar. Þetta var að margra áliti óhappa tilræði af félaginu, en skólanum hefir það orðið til góðs og uppörfunar íslenzkum ungmennum, að ganga á skólann. Því svo brá við, þegar það var hljóðbært orðið, að kirkjufélagið íslenzka, lúterska hefði slitið öllu sambandi við skólann, að íslenzkum nemendum fjölgaði þar svo, að þeir urðu á síðastliðnum vetri 45 talsins, eða 10 fleiri en nokkurntíma hafði áður verið.

Ýmsir kirkjufélagsprestar fóru á því þingi fjemur óvirðulegum orðum um skólann, sérstaklega fyrir vántrúnaðar eða "hærri kritikar" heiðindóminn, sem þar væri ríkjandi. En merkilegt er það, að sá presturinn, sem einna mest mælti móti þeirri stofnun og gerði yfirlýsta skoðun sína í því efni að ástæðu til þess að greiða atkvæði sitt með uppsögn kirkjufélagsins frá öllum afskiftum við skólann,— hefir sjálfur látið son sinn ganga á þann skóla á síðastliðnum vetri, og hafi hann blessaður gert það. Það getur orðið og verður vafalaust piltinum að góðu, ef honum verður framvegis leyft að njóta fræðslu við jafn ágæta mentastofnun eins og Wesley College vitanlega er. En hins vegar verður það ekki dulið, við ljós þess, sem síðan er framkomið, að andmæli prestsins á þinginu hafi verið einber skripaleikur, gerður móti betri vitund og instu hjartans sannfæringu.

Ýmsir höfðu það á meðvitund sinni, að þetta spor kirkjufélagsins væri stigið af yfirskini einu og með þeim illa dulda ásetningi, að bola séra Friðrik frá skólanum. En því brást þar bogalistin. Séra Friðrik situr þar nú fastara í sessi, en nokkru sinni fyr. Kenslufögum hefir verið bætt við það starf, sem hann áður hafði. Hann hefir sýnt, að hann var að engu leyti kominn upp á náðir kirkjufélagsins, og það af þeirri gildu ástæðu, að það hafði ekki á valdi sínu, að geta svift hann hans yfirburða meðfæddu og menta hæfileikum. En á þeim hæfileikum stendur embætti hans við skólann.

Kirkjufélagið verður að sjá og læra að skilja, að það á ekki meðal presta sinna nokkurn jafnoka séra Friðriks. Það er félaginu hin mesta sæmd, að geta talið slíkan mann í hópi presta sinna, og það tapar meiru en það rennir grun í nú, ef það beitir hann nokkrum ójöfnuði á íhöndfarandi kirkjuþingi. Augu allra Vestur-Íslendinga standa fast á gerðum hinna kjörnu fulltrúa í þessu máli, og öll kirkjuvöld Íslands munu veita því nákvæma eftirtekt, sem þar gerist, og ekki láta alveg afskiftalaust, hver endir þar á verður.

Með bróðurlegri samvinnu við séra Friðrik getur kirkjufélagið vaxið og dafnað og haldið virðingu og tiltrú mikils fjölda landa vorra hér vestra. Án hans getur það engu þessu haldið til lengdar, og það munu sumir af prestum þess sjá, þó þeir finni ekki ástæðu til að hafa hátt um það. Þeir hljóta að sjá og vita, að ef séra Friðrik verður að hrekjast úr félaginu fyrir þeirra tilverknað, þá gliðnar alt félagið sundur. Ýmsir helztu söfnuðurnir ganga tafarlaust úr félaginu og hinir klofna. Enginn prestanna getur grætt álit eða virðingu við það nema sá þeirra, sem ofsóttur verður, — séra Friðrik J. Bergmann.

Enn sem komið er, virðist sigurinn í viðureigninni vera séra Friðriks megin, og hvernig sem félagið snýr sér í þessu máli á næsta kirkjuþingi eða síðar, þá getur ekki hjá því farið, að sá sigur verði þeim mun meiri og glæsilegri og þjóðflokki vorum gagnlegri, sem það etur lengur kappi við ofjarl sinn.

Ofjarlinn er vaxandi skilningsþroski íslenzkrar alþýðu og með því vaxandi skoðana og trúarlegt sjálfstæði.

Leiðrétting.

Minneota, Minn., 12. júní 1909.

Mr. B. L. Baldwinson, ristjóri Heimskringlu, Winnipeg, Man.

Háttvirti herra!

Blað yðar frá 10. þ.m. hefir meðferðis grein nokkra frá Gardar, N. Dak., þar sem flutt er sú "frétt", að ég hafi álymskufullan hátt gert tilraun til að hafa áhrif á kosninu erindsreka Gardar-safnaðar á kirkjuþing.

Með því að ekki er nokkur minsta hæfa eða flugufótur fyrir fregn þessari: ég hefi hvorki beinlínis eða óbeinlínis, munnlega eða bréflega, fyrir milligöngu annars manns eða á nokkurn annan hátt haft afskifti af kosningunum, né látið mér slíkt til hugar koma, — þá krefst ég þess af yður, herra ritstjóri, samkvæmt algildandi heimild, sem hver maður hefir til að krefja fréttablöð leiðréttingar á ranghermi um sig, að þér leiðréttið í næsta blaði Heimskringlu ummæli blaðsins, þau er standa í áðurnefndri fréttagrein frá Gardar, og afturkallið dylgjur þær um afskifti mín af kosningu kirkjuþingsmanna. Sem ábyrgðarmaður blaðsins eruð þér skyldugur til að leiðrétta frettir, sem blaðið flytur, þegar þess er krafist af viðkomanda, ella sanna þær að öðrum kosti. Ég ber það traust til drenglyndis yðar, að þér fúslega verðið við kröfu þessari.

Virðingarfylst,

Björn B. Jónsson.

ATHS. — Leiðréttingar þær frá séra Birni B. Jónssyni og herra Jónasi Hall um ranghermi í fregnbréfi frá Gardar, N. Dak., sem nýlega stóð hér í blaðinu, flytur Heimskringla með ánægju, og það án nokkurs tillits til þess, hvor málsaðili segir sannast frá. Heimskringla, sem slík, hefir ekkert að afturkalla eða leiðrétta í þessu máli. Blaðið hefir engar dylgjur flutt um séra Björn B. Jónsson, eða nokkurn annan. En andmæli hans móti því, sem rangt kann að hafa verið í Dakota-bréfinu, er blaðinu skylt og ljúft að flytja.

Ritstj.

LEIÐRÉTTING VIÐ FRÉTTABRÉF.

Það var ranghermi í safnaðarmálafréttum Gardar fregnritans, sem ókunnugleik hans er sjálfsagt að kenna.

Edinborgar menn eiga ekkert ámæli skilið þeirra manna, sem séra Friðrik og hans stefnu eru hlyntir, sízt ritstjórinn. Eggert er þar með en ekki á móti, og vann ekkert fyrir hvoruga hliðina á undan fulltrúa kosningum. Að öðru leyti hvað frjálslyndi og félagsskap snertir, eru þeir hvorki betri né verri en annað fólk.

Orð Joseph Walters tek ég trúanleg fyrir því, að séra Björn frændi hans hafi aldrei skrifað honum neitt viðvíkjandi þessum kosningum. Honum gat ekkert gengið til að leyna því, ef svo hefði verið.

Tillögu minni er rétt sagt frá, að öðru en því, að þar var ekkert gert fyrir því, að séra Friðrik yrði "misboðið". Mér datt ekki í hug, að til þess kæmi.

Það ætti ekki að spilla fyrir neinu máli, að segja satt og rétt frá því, sem gert er, en tilbúnar og rangfærðar húsgangssögur gera engu máli gagn. Allra sízt ættu frjálslyndir menn að beita þeim sem vopni gegn andstæðingum sínum.

Jónas Hall.

Gefið Hestverð

Í samskotasjóð Jóns Finnbogasonar hafa Heimskringlu borist þessar upphæðir:

Jónas Danielsson	$1.00
Fátækur landi	1.00
Samtals	$2.00
Áður auglýst	76.25
Alls innkomið	$78.25

Heimskringla er við því búin, að taka á móti meiri gjöfum í þennan sjóð. Það er hreinasta ómynd, að gera ekki samskotin svo stór, að þau nemi hestverði, og svo eru margir Íslendingar hér í borg, að ekki þarf mikið frá hverjum, ef samtök væru góð. — Maðurinn er þurfandi og verðugur. Sendið því dalina í sjóðinn sem fyrst.

Sparið Línið Yðar.

Ef þér óskið ekki að fá þvottinn yðar rifinn og slitinn, þá sendið hann til þessarar fullkomnu stofnunar.

Nýtízku aðferðir, nýr vélaútbúnaður, en gamalt og æft verkafólk.

LITUN, HREINSUN OG PRESSUN SÉRLEGA VANDAÐ

Modern Laundry & Dye Works Co., Ltd.
307—315 Hargrave St.
WINNIPEG, MANITOBA
Phones: 2300 og 2301

Eftir þessu Hafið Þér Beðið.

$22.00 fyrir $7.00

Eitt mesta kostaboð, sem nokkur myndasmiður hefir nokkurn tíma gert:

EITT DÚSIN CABINET MYNDIR, í upphleyptum, hvítum umgerðum, 7½x11 þuml., og ein stór (16x20 þuml.) mynd af yður sjálf- GEFIN FRÍTT hverjum, sem kaupir eitt dúsin myndir.

Myndir vorar eru ágætlega gerðar, og vér ábyrgjumst að fullnægja yður, eða borga yður peningana til baka. Enginn annar myndasmiður í bænum gefur yður sömu ábyrgð og eins fagurlega gerðar myndir með niðursettu verði.

Brúðhjón

og vinir þeirra ættu að koma og skoða myndastofu vora og kostaboð. Sérhver brúður fær sérstaka gjöf með myndunum. Komið og sjáið oss. Vér höfum ánægju af að sýna yður myndasafn vort

ÞETTA TILBOÐ GILDIR AÐEINS Í MYNDASTOFU VORRI Á PORTAGE AVENUE.

Wm. A. MARTEL,
MYNDASMIÐUR.
255½ PORTAGE AVE.

ROBLIN HOTEL
115 Adelaide St. Winnipeg
Bezta $1.50 á-dag hús í Vestur-Canada. Keyrsla ókeypis milli vagnstöðva og hússins á nóttu og degi. Aðhlynnig hins bezta. Viðskifti Íslendinga óskast. William Ave strætiskarið fer hjá húsinu
O. ROY, eigandi.

MARKET HOTEL
146 PRINCESS ST. á móti markaðnum
P. O'CONNELL, eigandi, WINNIPEG
Beztu tegundir af vínföngum og vindl um, aðhlynning góð, húsið endurbætt

Gimli Hótel
G. E. SÓLMUNDSSON
eigandi
Óskar viðskifta Íslendinga sem heimsækja Gimli-bæ. — Þar er beini beztur í mat og drykkjarföngum, og aðbúð gesta svo góð sem frekast er hægt að gera hana. Hótelið er við vagnstöðina.
Gistið að Gimli-Hótel.

Woodbine Hotel
Stærsta Billiard Hall í Norðvesturlandinu
Tíu Pool-borð.—Alskonar vín og vindlar
Lennon & Hebb,
Eigendur.

JOHN DUFF
PLUMBER, GAS AND STEAM FITTER
Alt verk vel vandað, og verðið rétt
664 Notre Dame Ave. Phone 3815
Winnipeg

2 Bækur Gefins

FÁ NÝJIR KAUPENDUR AÐ HEIMSKRINGLU SEM BORGA $2.00 FYRIRFRAM, OG ÞESSUM BÓKUM ÚR AÐ VELJA :—

Mr. Potter frá Texas
Aðalheiður
Svipurinn Hennar
Hvammverjarnir
Konuhefnd
Lajla
Robert Manton.

Alt góðar sögur og sumar ágætar, efnismiklar, fróðlegar og spennandi. Nú er tíminn að gerast kaupendur Hkr. Það eru aðeins fá eintök eftir af sumum bóknunum.

Heimskringla
P.O. Box 3083, Winnipeg

Ljóða-Dómvél.

Með þeim virðingarverða áhuga fyrir velferð komandi kynslóða, sem jafnan einkennir sanna mannvini og vísindalega hugsandi menn, hefir einn blaðstjóri, að nafni Valdimar Kaempffert uppgötvað aðferð til hægðarauka fyrir sig og stéttarbræður sína í ritstjórnarstöðunni, til þess þeir geti með ákveðinni vissu dæmt um gildi ljóðskáldskapar.

Hann vill láta dæma ljóðagerð með véla-afli, og telur þessari hugsjón sinni það sérstaklega til gildis, að hún veiti ekki eingöngu nútíðarmönnum ákveðna vissu fyrir hinu sanna gildi hinna ýmsu ljóða, sem skáldin hafa framleitt og eru að framleiða, heldur einnig, að vélin veiti ákveðna vissu fyrir því hvernig komandi kynslóðir muni um ljóðin dæma. Herra Kaempffert viðurkennir, að vél sín hafi þau áhrif, að bægja þeim mönnum frá atvinnu, sem nú hafast við á því, að skrifa ritdóma um ljóðagerð.

Þessi ritgerð herra Kaempffert birtist í blaðinu "The Bang", dagsett 5. apríl. Það er blað, sem ritstjórafélag New York borgar gefur út sjálfu sér til fróðleiks og uppbyggingar. Hann tekur það fram, að úr því hægt hafi verið að búa til verkfæri til þess að mæla afl gufuvéla, þá ætti að vera eins auð velt, að finna upp verkfæri til þess að dæma um gildi ljóða, án þess að verða að binda sig við mannlegar ágizkanir um það. "Víkið manninum frá", segir hann, "og setjið vél í stað hans, og þá er engin ástæða til þess, að ekki sé hægt að mæla áhrif ljóða".

Verkfæri það, sem hann hugsar sér að nota til þessa starfa, nefnir hann "plethysmograph", sem máske mætti nefna á íslenzku "blóðþrýstingarvél". Verkfæri þetta er til þess gert, að mæla nákvæmlega blóðhraðann í æðum manna. Ástæðan fyrir notkun þessa verkfæris til að dæma um ljóðagerð, eða öllu heldur um áhrif ljóða á lesendurna, er bygð á þeirri sálarfræðislegu kenningu, að mannlegar tilfinningar séu svo nátengdar blóðhraðanum í líkömum manna, að þau séu hvort öðru fylgjandi. Þegar blóðþrýstings mælirinn er lagður á mann, þá mætir hann mismun blóðþrýstingsins í æðunum á handleggjum manna, og jafnframt skrásetur hann ástandið með ritblýi á þar til gerðan sívalning, sem gengur með klukkuverki. Þegar maðurinn er í sínu eðlilega ástandi, þá myndar ritblýið nálega lárétta, öldudregna línu, en hver alda eða bugða á línunni, merkir hjartaslag mannsins. Óþægilegar tilfinningar orsaka það, að línan hallast niður á við, og tilkynnir með því blóðminkun í æðunum í handlegg mannsins. En viðfeldnar eða þægilegar tilfinningar eða hugarástand, hefir gagnstæðar verkanir. Til þess nú, að nota verkfæri þetta til þess að dæma um áhrif ljóða, vill höfundur greinarinnar láta gera "framburðarstofu" (Elocution Laboratory), með þægindastóli og málvél, sem gerð sé svo nákvæmlega, sem frekast er mögulegt. Það herbergi vill hann láta vera gluggalaust og algerlega dimt. Í stofu þeirri sé maður, sem gæddur er þeim hæfileikum, að hafa þýðan málróm. Hann ber fram kvæði í vélina og heldur því áfram, þar til hæfilegur framburður kvæðisins er fenginn. Að þessu fengnu byrjar hið eiginlega próf um gildi eða áhrif ljóðanna. Frá því greinir höf. á þessa leið: Ég fer út á götu og býð vegfarendum að koma inn, og gefa sig undir ljóðaprófið, allir eru jafn velkomnir til þess starfa, — hvort sem það er háskólakennari eða skrifstofuþjónn, eða handverksmaður eða algengur ómentaður verkamaður, eða konur, hverrar stéttar sem eru, — allir eru velkomnir til þess að leggja fram sinn hluta til kvæðadómsins. Ég fer með honum inn í prófstofuna óupplýstu, og set hann þar í stól. Hér er hann í sinu rétta eðlisásigkomulagi. Veggirnir eru berir og myndalausir, og ekkert það ber fyrir augun, sem æsir hugarjafnvægið. Nú set ég blóðþrýstingarmælirinn á handlegg mannsins, og set svo málvélina í hreyfingu, og eftir fáein augnablik flytur hún með sætmjúkum rómi fram kvæði það, sem ég vil fá dæmt. Mælirinn skrásetur hlutdrægnislaust geðshræringar dómandans meðan hann situr þarna í stólnum og hlustar á kvæðið úr vélinni. Með nákvæmlega sömu aðferð get ég lagt kvæði mitt undir dóm 5 þúsund karla og kvenna í mismunandi lífsstöðum og með mismunandi gáfnafari $og mentun. Og af þeim 5 þúsund bugðulínum, sem ritblýið hefir dregið á dóm-sívalninginn, sem áður var getið, get ég ráðið það með ákveðinni vissu, hver áhrif kvæðið hefir yfirleitt haft á áheyrendur þess. Og meira að segja, það er hægt, að stemma málvélina og dóm-sívalninginn svo vel saman, að hægt sé að gera sér grein fyrir, hver orð og setningar það sérstaklega eru í kvæðinu, er mest áhrif hafa haft á tilheyrendurna, og hvers kyns áhrif það eru. Með þessu móti er þá einnig hægt að segja, hverjir hlutar kvæðisins þurfa umbóta.

Séu ljóð min svo þrungin veiklaðri viðkvæmni, að þau hafi helzt áhrif á ástsjúkar konur, krásetur mælirinn ekt álit á ljóðum minum eins og blóðþrýstingurinn í æðum hennar hefir sýnt. En hinsvegar getur það komið fyrir, að tilfinninganæmur og smekkvís lærdómsmaður verði fyrir svo illum áhrifum af kvæðinu, að það mótsetji áhrif ástsjúku stúlkunnar. Á þennan hátt getur það viljað til, að skoðun eins manns ónýti eða vegi upp á móti skoðun annars manns. En mælirinn sýnir að lokum áreiðanlega hið sanna álit fjöldans á kvæðinu.

Með þessari aðferð má og bera saman eins mörg kvæði eins og vera vill, og nákvæmlega sjá, hvert þeirra er vinsælast eða hefir bezt áhrif á alþýðu manna, og með því má án efa ákveða, hvert af hinum mörgu skáldum það er, sem næmast eða mest snertir hjartastrengi þjóðarinnar eða flestra manna og kvenna hennar.

En höfundur þessarar ritgerðar um ljóða-dómvélina, ætlar henni að starfa enn þá meira þrekvirki, er verða megi komandi kynslóðum til sannrar uppbyggingar og frija þær samtimis við að eyða verðmætum tíma til lesturs fánýtra ljóða. Vélin á sem sé að kveða upp lífs eða dauðadóm yfir öllum kvæðum, sem blöðum berast til birtingar, svo að eingöngu þau, sem þola próf mælisins, fái lifað. Höf. segir: — "Það er ekki óhugsandi, að sá tími komi, sem hvert blaðaútgáfufélag hafi sína eigin ljóðadómvélastofu. Þegar blaði berast kvæði, þá réttir ritstjórinn það til dómsvélar stjórans, og biður hann að rannsaka það, og láta sig svo fá bugðulínurnar til yfirlits eins fljótt og hann fái því viðkomið. Vélstjórinn setur kvæðið í málvélina, og lætur hana svo bera það fram fyrir 10 eða fleiri sérstökum prófdómendum, sem til þess starfa eru hafðir í fasta þjónustu blaðs, ins, á sama hátt og prentarar og aðrir þjónar blaðsins. Að þessu loknu leggur vélstjórinn skýrslu sína um gildi kvæðisins fram fyrir ritstjórann. Hafi kvæðið staðist próf, þá er það tekið í blaðið, en sé það léttvægt fundið, samkvæmt skrásetning mælisins, þá er höfundi þess tilkynt með einkar virðu lega orðuðu bréfi, að undir prófi blóðþrýstings mælisins hafi kvæði hans náð 20 hesta-afls áhrifum, en að þar sem stefna blaðsins sé sú, að flytja engin ljóð, er ekki nái að minsta kosti 30 hesta-afls blóðþrýstingi, þá gæti það ekki orðið birt í blaðinu.

Nú er það á allra vitund, að það er komið undir áliti því, sem hinn lesandi hluti þjóðfélagsins fær á einu kvæði, hvort það lifir með þjóðinni eða verður snöggleg bráðkvatt. Það er einnig á allra vitund, að hinn lesandi hluti hvers þjóðfélags eru menn og konur af öllum stéttum þess, og sem í flestum tilfellum gera enga kröfu til þess, að hafa óskeikula bókmentalega þekkingu eða smekk. Fólk þetta segir: — "Ég veit ekki um, hvað gott er eða ilt í ljóðagerð, en ég veit, hvað á við minn smekk". Það er þessi mikli hópur manna og kvenna í hverju þjóðfélagi, sem — þó það sem einstaklingar geti ekki dæmt með óyggjandi réttsýni um eitt kvæði — er samt í heild sinni eini óskeikuli dómarinn um gildi þess, og sem með dómi sínum heldur kjarnmestu ljóðunum lifandi á vörum þjóðarinnar öld fram af öld, en lætur önnur ljóð deyja bráðum dauða. Blóðþrýstings mælirinn rannsakar geðshræringar þessa fólks, sem veit, hvað bezt á við smekk þess, en getur ekki lýst áliti sínu á ljóðunum á annan hátt, en með skrásetning mælisins.

Með vél þessari er þjóðfélaginu gefinn kostur á, að skrásetja og segja álit sitt á gildi ljóða. Skrásetning þessi eða atkvæðagreiðsla er vísindalega nákvæm og áreiðanleg. Með þeirri atkvæðagreiðslu er skáldinu gert mögulegt að vita með vissu, löngu áður en hann deyr, hver áhrif ljóð hans muni hafa á komandi kynslóðir og hvern mæli frægðar hann muni hljóta fyrir ljóðagerð sína. Meðal lærdómsmanna hafa ritdómar svipuð áhrif fyrir gildi ljóða eins og vesælir ræðumenn hafa á almennar kosningar. Dómar þeirra geta haft áhrif á fáeinar manneskjur, en að lokum þá liggja aðaláhrifin hjá þeim, "sem vita hvað á við sinn smekk". Undir þeirra dómi er frægð eða ófrægð skáldsins komin. Vegna þess, að blóðþrýstingarmælirinn tekur tillit til tilfinninga þeirra, þá stemmir hann við álit nútíðar og framtíðar.

Þegar um það er að ræða, að rannsaka á þennan hátt hið mikla safn enskra ljóða, þá er starf það óútmálanlega umfangsmikið. En hver sá gamall miliónaeigandi, sem ekki vildi deyja ríkur, en vildi þó láta nafns sins að nokkuru getið eftir að hann er skilinn við þennan heim, gæti áunnið sér varanlegt minnismerki með því, að gefa eigur sínar til þeirrar stofnunar, sem hefði það starf, að rannsaka gildi ljóða og annara ritverka, án tilhlutunar nokkurra ritdómenda, og þar sem gildi ljóða gæti verið ákveðið með áreiðanlegum og vísindalegum tilfærum. Það segir sig sjálft, að vél þessa mætti einnig nota til þess að dæma um gildi sönglaga og áhrif þeirra á mannkynið.

Með því að ritgerð þessi felur í sér nýja hugsjón, sem vér vitum ekki til að áður hafi komið fram í heiminum, hefir Heimskringlu þótt rétt, að birta lesendum sínum hana í íslenzkri þýðingu. Greinin er tekin úr "Literary Digest", dags. 17. apríl 1909. Vér vonum, að hún verði lesin með ánægju og íhugun. Íslendingar hafa það orð að vera skáldflesta þjóð heimsins, miðað við mannfjölda, og jafnvel Vestur-Íslendingar senda drjúgan skerf ljóða til blaða sinna hér. Til þess því að gera ritstjórum íslenzku blaðanna hæga vörn gegn árásum þeirra, sem þráfaldlega eru að finna að þeim ljóðum, sem í blöðunum birtast, þá væri viðeigandi, að ljóðaprófstofnun væri komið upp hér vestra til þess að hægt yrði að mæla gildi þeirra ljóða, sem íslenzku blöðunum berast vikulega, og til þess einnig, ef nauðsyn þætti til vera, að dæma um gildi og röksemdamagn sjálfra ritdómanna um þessa ljóðagerð.

Hugsanlegt er, að mælirinn, eða ljóðaskilvindan, eins og vel virðist mega nefna vélina, úrskurðaði sum ljóð að hafa færri hestafla þunga af frumlegum hugsjónum, formlegu rími eða þarflegum leiðbeiningum til lesendanna, heldur enn álitið yrði nægilegt til þess þau næðu að birtast á prenti, og yrði þá slíkum ljóðum umsvífalaust hleypt niður í undanrenningarskálina og kastað út. En eingöngu rjómakvæðin yrðu birt í blöðunum, lesendunum til fróðleiks og unaðar. Með slíkri skilvindu mætti spara mörgum lesanda þau leiðindi og gremju, sem þeir verða að þola við ljóðalesturinn, og hinum tíma þann, sem þeir verja til langra rit- og sleggjudóma um ljóð þau sem birt eru, og sem einnig olla mörgum lesendum þau leiðindi og gremju, sem mæti þeirra og rökfærsluskort.

Það virðist ljóst, að Heimskringla að minsta kosti þurfti endilega að eiga eina öfluga ljóðaskilvindu, þó að þeirri eign hlyti hinsvegar að fylgja það, að margur ætti um sárt að binda, þegar hún væri tekin til starfa. Hin blöðin geta sagt fyrir sig.

Segið til þeirra.

Hver, sem veit um núverandi heimilisfang Helga Ísakssonar, sem flutti hingað vestur frá Akureyri fyrir 2 árum, og Ólínu Tjörfadóttur, ættaðri úr Eyrarsveit í Snæfellsnessýslu á Íslandi (gift dönskum manni, Oskar Sveistrup), — er vinsamlega beðinn að gefa upplýsingar um það á skrifstofu þessa blaðs, sem allra fyrst.

R. A. THOMSON AND CO.
Cor. Sargent & Maryland St.
Selja allskonar MATVÖRU af beztu tegund með lægsta verði. Sérstakt vöruúrval nú þessa viku. Vér óskum að Íslendingar vildu koma og skoða vörurnar. Hvergi betri né ódýrari.—
Munið staðinn:—
HORNI SARGENT AVE. OG MARYLAND ST.
PHONE 3112.

F. Deluca
Verzlar með matvöru, aldini, smá-kökur, allskonar sætindi, mjólk og rjóma, sönnul. tóbak og vindla. Óskar viðskifta Íslend. Heitt kaffi eða te á öllum tímum. Fón 7756
Tvær búðir:
587 Notre Dame og 714 Maryland St.

DR. H. R. ROSS
C.P.R. meðala- og skurðlækir.
Sjúkdómum kvenna og barna veitt sérstök umönnun.
WYNYARD, — SASK.

S. R. HUNTER & CO
Skraddarar,
189 Lombard Street
Búa til ný-móðins karlmannafatnaði eftir máli.— Efni og vinnubrögð afbeztu tegund, og alt ábyrgst að vera jafngildi þess bezta sem fáanlegt er í borginni. Verðið er við allra hæfi. —
S. R. Hunter & Co.
189 Lombard St.
Telephone 1395.

The Dominion Bank
NOTRE DAME Ave. BRANCH Cor. Nena St.
VÉR GEFUM SÉRSTAK AN GAUM AÐ SPARISJÓÐS-DEILDINNI. —
VEXTIR BORGAÐIR AF INNLÖGUM.
HÖFUÐSTOLL - - - $3,983,392.38
SPARISJÓÐUR - - $5,300,000.00
A. E. PIERCY, MANAGER.

Stefán Johnson
Horni Sargent Ave. og Downing St.
HEFIR ÁVALT TIL SÖLU
Nýjar Áfir
Beztu í bænum, ágætar til bökunar. 15c gallon

HEIMSKRINGLU og TVÆR skemtilegar sögur fá nýir kaupendur fyrir að eins $2.00.

ir að mega leggja eyrað við lykilgatið og hlusta á samtal læknisins og Sir Arthurs, en eins og á stóð var það ómögulegt, og fór ég því í þess stað að spyrja félaga minn:

"Hvernig líður konu vinar min?"

"Ó, þú ert vinur herra Robins", sagði hann. "Henni líður eins og vant er. Það er annars nokkuð einkennilegt með hana". — Hr. Robins. Ég gat varla dulið undrun mína yfir því, að barúninn hafði látið konu sína hingað undir fölsku nafni. Hvað átti það að þýða? Það gat auðvitað orsakast af því, að vilja vera laus við mælgi náungans. En mér var nú svo gjarnt til að álita þess konar brögð í sambandi við glæpi.

"Já", sagði ég. "Varstu hér þegar hún kom?"

"Nei, ég kom árið eftir. En ég get skilið, að engin breyting hefir átt sér stað henni viðvíkjandi síðan".

"Þú þekkir líklega atvikin að veiki hennar?"

"Ég veit, að hún varð brjáluð á giftingardegi sínum, það er alt. Um orsökina til þess, veit ég ekki — og það einkennilegasta er, að hún hefir og hefir haft ágæta líkamlega heilsu. Orsökin hlýtur því að vera af geðshræringu".

"Einhver sterk áhrif á sálina líklega".

"Já, eitthvað þesslegt. Það er annars markvert, að það ber aldrei á brjálsemi hennar nema þegar hún sér mann sinn. Þá verður hún strax bandóð. Þú hefir líklega heyrt, að hún þykist vera María mey?"

"Já, það mun ég hafa heyrt", svaraði ég, þó þetta væri í fyrsta sinni að ég heyrði það nefnt. — "Er nokkuð á móti því, að ég fái að sjá hana áður en Robins kemur til hennar?"

"Nei, alls ekkert. Það er einmitt kvennadeildin,

sem við komum nú að, og við munum finna hana einhversstaðar".

"Ég ætla ekki að lýsa herbergjunum í kvennadeildinni, sem voru tíu, að ég held. Svo komum við í daglegu stofuna, og þar sá ég það, sem ég aldrei gleymi. Í lágum stól við gluggann sat sú fegursta kona, sem ég hefi séð og fæ að sjá. Mér er ekki unt að lýsa þeirri fegurð, því ég hefi ekkert til að jafna henni við. Hárið var dökt, augun dökk, svipurinn hreinn, hörundsliturinn bjartur og viðfeldinn. Mig furðaði nú ekki lengur, þótt æskulýðurinn í Stolneshire hefði dáðst að fegurð hennar.

Hún sat undir litilli 3—4 ára gamalli, bláeygðri stúlku, og var að kenna henni að draga perlur upp á þráð, til þess að búa til hringi úr þeim. Mér varð svo bilt við, að ég stóð grafkyr og horfði á hana. Dr. Graham, aðstoðarlæknirinn, skildi hvað að mér amaði og hvíslaði að mér: "Á maður að trúa því, að þessi kona sé brjáluð?"

"Nei, hún líkist fremur gyðju", svaraði ég. — "Hver á þetta barn?"

"Garðyrkjumaðurinn. Móðir þess dó í fyrra, og síðan hefir það ávalt verið hjá frú Robin. Hún vill ekkert hafa saman að sælda við hina sjúklingana, og nú er þetta barn henni til skemtunar".

Meðan á samtali okkar stóð, tók Lára (sem ég nefni svo fyrst um sinn) eftir okkur, og hneigði sig vingjarnlega fyrir unga lækninum.

"Viltu tala við hana?" hvíslaði hann.

"Nei, nei", svaraði ég, því ég treysti mér ekki til þess.

Við héldum svo áfram og fórum seinast ofan í garðinn. Þegar við komum heim að húsinu aftur, var dr. Raebell þar einsamall.

"Herra Robin er farinn", sagði hann. "Hann átti mjög annríkt, og því lét ég flytja hann í mín-

um eigin vagni til Stirling. Hann bað þig að afsaka sig, herra".

"Ó, það gerir ekkert til. Hann lítur út fyrir að vera mjög þægilegur maður".

"Já. Ó, heyrðu, Graham. Viltu ekki fara upp og vita, hvert þú getur ekki eitthvað hlynt að konunni hans. Hann fór upp að sjá hana, og þá varð hún brjáluð aftur, eins og vant er".

Aðstoðarlæknirinn varð mjög hnugginn og flýtti sér út og upp.

"Þetta er sorglegt", sagði ég. "Þegar ég sá hana, virtist hún heilbrigð og róleg".

"Ó, þá eru bara sjónvillur. Nei, treystu aldrei slíkum sjúklingum, Tracy-Cooke minn. Ég geri það ekki. Þessi kona er hættulega veik, já, svo veik, að hún getur dáið, þegar minst von um varir. Nú, hvernig leizt þér á þessa stofnun?"

"Ágætlega, svo það er nú undir þínum skilyrðum komið, hvort ég kem hingað með mágkonu mína eða ekki. Ég get ekki varist því, að segja þér, að þessi kona hafði mikil áhrif á mig, svo ég á bágt með að trúa því, að hún hafi orðið brjáluð á jafn skömmum tíma og síðan er liðinn".

Læknirinn brosti meðaumkvunarlega að þessum orðum. "Já, mig furðar alls ekki, að þér finnist það undarlegt, en það er hægðarleikur fyrir mig, að sanna þér það, og sértu ekki hræddur við að sjá voðasýnir, þá komdu með mér".

Ég tók glaðlega þessu tilboði og fór með læknum upp á loft, en nú fórum við aðra leið, og gengum í gegn um þrennar dyr, þar sem hurðirnar voru fóðraðar með afar þykkum ullardúkum, unz við komum inn í herbergi, þar sem veggirnir voru allir fóðraðir margföldum dúkum. Á gólfinu þar lá þessi fagra kona og æpti afar hátt, fötin voru öll rifin í pjötlur utan af henni, og síða, fallega hárið féll niður á herðar; öðru hvoru kastaði hún því aftur með hreyfingu höfuðsins eins og trylt ljónynja. Hún var nefnilega klædd í spennistakk. Ég sneri mér sem fljótast við og fór út úr herberginu. "Já, ég býst við, að hún verði svona í allan dag", sagði læknirinn, "en á morgun verður hún eins glöð og róleg eins og þegar þú sást hana fyrst".

"Já, en fyrst hún verður að eins brjáluð, þegar hún sér manninn sinn, því er hún þá ekki látin fara á einhvern afvikin stað, þar sem hún þarf aldrei að sjá hann?"

"Við höfum boðið henni það, bæði ég og maður hennar, en, hún vill ekki héðan fara".

"Ég ók burt frá Auchertown, og fór suður á leið með eimlestinni, en alt af glumdi þessi setning í eyrum mínum: "Hún vill ekki héðan fara".

---

10. KAPÍTULI.

Nýja skyttan.

Það voru liðnir nokkrir dagar. Sir Arthur sat við skrifborðið sitt, og var að skrifa auglýsingu, sem átti að prentast í Stolneshire Morning News. Hann hafði aldrei verið vel ritfær maður, svo að þetta starf var honum nærri því of vaxið, enda var hann ekki búinn með meira en þetta:

"ÓSKAST STRAX. Á sveitaheimili, æfð skytta, hjá herramanni, sem er vanur að temja hunda, þar sem tveir aðstoðarmenn eru. Laun —"

Barúninn mjakaði sér til á stólnum og beit í pennaskaftið all-órólegur, meðan hann var að lesa

Auður soldánsins er fundinn.

Nefnd sú, sem stjórn Tyrkja setti til þess að rannsaka höll soldáns, í þeim tilgangi að leita að huldum fjársjóðum og öðrum eignum, hefir lokið því starfi fyrir nokkru síðan. Einn blaðamaður í Konstantinópel hefir ritað blaðinu "London Standard" á þessa leið, um það sem nefndinni varð ágengt í þessu efni:

Nefndin rannsakaði fyrst privatherbergi soldáns. Í svefnherbergi hans fann hún litið og ljótt rúm, sem varla hefði verið talið boðlegt á annarsflokks gistihúsi. Þess er getið til, að soldáninn muni hafa álitið sig óhultari, ef hann hefði svona fátæklegt umhverfis sig. Ekkert fémætt var þar inni. En í næstu herbergjum fundust tveir peningaskápar. Í öðrum þeirra voru alls konar verðmæt skjöl, svo sem eignarbréf fyrir fasteignum, hlutabréf í ýmsum stofnunum og peninga innleggs viðurkenningar frá ýmsum bönkum og peningastofnunum, flestum útlendum. Um verðmæti þessara skjala er ekki getið, sagt að enn þá sé ekki búið að reikna það saman. Í hinum peningaskápnum voru 5 hólf, sem flest voru fylt skrautmunum og gimsteinum, flestum óslipuðum og um gerðarlausum, en sérlega verðmætum.

Ofurlítil gömul og slitin handtaska fanst í einu horninu á þessu herbergi. Í henni var rúmlega hálf milión dollara virði í bankaseðlum. Það er talið áreiðanlegt, að soldáninn hafi ætlað að hafa tösku þessa til taks og hafa hana með sér, ef hann kynni að þurfa að skjótast undan fljótlega. Bænagerða perlubeltið hans fanst liggjandi á legubekk í einu herberginu. Í því voru 9 sérlega verðmætar perlur, sem ætlað er að séu rúmlega 200 þús. dollara virði. Líklega hefði hann óskað, að geta haft belti þetta með sér, ef burtför hans hefði ekki borið svo bráðan að. Annað herbergi var útbúið sem verkstæði. Þar var hefilbekkur og alls konar ágæt smíðaverkfæri, því soldán var bæði góður timbursmiður og vélfræðingur. Þar var og rennibekkur og margt annað, sem laut að sínu smíði.

Í þessu sama herbergi fanst og mikið af peningum. Í tveimur smá kössum voru 1¼ milión dollara í peningum. Og í kommóðu, sem stóð í þessu sama herbergi, voru margir silkipokar, sem höfðu að geyma rúmlega hálfa milión dollara í skildingum.

Í öðru herbergi, sem nefnt er "steinherbergið", voru 3 öflugir peningaskápar, sem nefndarmenn gátu ekki opnað með nokkrum ráðum, og vonar nefndin að þar sé mikill auður saman kominn.

Í herbergjum kvenna var alt á tjá og tundri, sem sýndi, að þau höfðu verið yfirgefin í mesta flýti. Þar fundust ýmsar töskur með skrautgripum og gull- og silfurpeningum. — Í öllum herbergjunum fundust miklar byrgðir af vindlingum og alls kyns tóbaki í skrautílátum. Þar voru speglar og alls kyns skrautmunir, allir settir gulli og gimsteinum.

Alt sem fanst var nákvæmlega skoðað og skrásett af nefndinni og síðan sent í traustum umbúðum undir herverði til hermálaráðherrans, til geymslu.

Enn þá er óvíst, hvað stjórnin ætlar sér að gera við auðæfi soldánsins, en ætlað er, að þau eða verð þeirra verði lagt í ríkisfjárhirzluna.

Það er álitið, að enn muni finnast leynihólf í höll soldáns, þar sem mikill auður sé saman kominn, en rannsóknarnefndin hefir enn þá ekki getað fundið þau. Einnig er sagt, að í vatninu, sem er innan hallargarðsins, eða umhverfis það, séu falin mikil auðæfi, einkum gullstangir og máske einnig gimsteinar.

Það þykist nefndin algerlega viss um, að enn sé ekki fundinn nema litill hluti þess auðs, sem hinn afdankaði soldán hafi samandregið, og hún hefir áformað að láta ekkert ógert til þess að finna alt, sem hulið kann að vera í höllinni eða undir henni, eða innan hallargarðsins, hvar sem það er. Síðar, þegar búið er að grandleita og finna það alt, sem fundist getur, verður nákvæmar skýrt frá öllu þessu.

Öflug fjárhirzla.

Tryggan geymslubústað hefir First National Bank í New York fyrir fé sitt, enda er þar nokkuð að geyma, því að bankinn hefir jafnan í vörzlum sínum kring um 400 miliónir dollara í verðbréfum og peningum, þar með talið stofnfé, 25 miliónir dollara.

Peningaskaápurinn, sem alt þetta er geymt í, er skrautlaus að utan. Hann stendur í miðjum salnum þar sem dagleg viðskifti fara fram og blasir við öllum, sem inn koma. Hann er 15 fet á hæð, 25 fet á breidd og 30 feta langur. Þyngdin er 300 tons, og veggirnir eru sagðir svo traustir, að skothrið mundi ekki vinna á þeim, jafnvel frá þeim skæðustu morðtólum, sem nú tíðkast.

Instí veggurinn er úr stálplötum 5 þumlunga þykkum, eins og í traustustu herskipum. Næst þeim er steypturr steinveggur, eitt fet á þykt; þá þumlungsþykt stálhvolf, ekki sett saman úr plötum, heldur steypt í heilu líki; þar næst er lag af rafmagnsþráðum, hálfan þuml. á þykt, og er rafmagnið leitt til þeirra frá 12 aflstöðvum, svo að víst sé, að nóg sé í þráðunum, þó einhver af stöðvunum hætti í bili. Utanum þetta alt er annað stálhvolf, þumlungsþykt, og síðan járn grindur utanum alt saman.

Í gólfinu á þessu skáps-bákni er vipa, 14 þumlunga víð og göt á með vissum millibilum; hún stendur í sambandi við gufupípur og hanar á víðsvegar um húsið; ef varðmaður skyldi verða var við, að einhver væri að fást við skápinn, þá þyrfti hann ekki annað, en snúa einhverjum þessara hana, og þá standa sjóðheitir gufustrókar hvervetna upp úr skápgólfinu.

Þetta þótti þeim nú samt ekki nóg. Til þess að vera vissir um, að ekki yrði komizt upp um banka gólfið í skápnum, þá var hann hafður á stoðum, svo að næturvörður gat gengið undir hann, en speglar eru á stoðunum, þannig fyrir komið, að sjá má alt í kring um sig, ef litið er í einn spegilinn. Fjöldi rafljósa brenna undir skápnum bæði dag og nótt.

Enn er þessi feikna fjárhirzla öðrum frábrugðin að því leyti til, að hún er tvíloftuð. Járnstigi liggur upp á efra loftið, álíka og í hverju öðru húsi; en loftið er úr gleri.

Ýmsar aðrar nýungar hefir þessi mikli banki tekið upp. Til dæmis er það, að íbúðarherbergi eru í bankahúsinu handa þeim starfsmönnum, sem þurfa að vinna fram eftir kveldinu. Þar er og eldhús stórt og borðsalir, því að vinnumenn bankans fá sér þar hádegisbita á daginn, en þeir eru 400 að tölu. Sérstakar stofur finnast og þar handa stjórnendum bankans til að matast í, fagna gestum í; svo og baðhús, o.s.frv. Trjágarður og blómabeð eru á þakinu, þar finst og leikvöllur, — en peningahirzlan þykir þó furðanlegust af öllu.

Anarkistar — guðleysingjar.

Allsherjar þing Anarkista var háð þann 1. þ.m. í Leipzig borg á Þýzkalandi. Þar var fjölmenni mikið samankomið. Aðal afrek þingsins var yfirlýsing um það, að trúarlegt safnaðalíf væri andstætt grundvallar atriðum Anarkista stefnunnar, og þingið skoraði á alla Anarkista, sem kynnu að tilheyra einhverjum söfnuðum eða guðstrúarfélögum, að segja sig þegar úr slíkum félagsskap, og að slíta öllu sambandi við hann. — Þetta var samþykt í einu hljóði.

Þingið samþykti einnig, að skora á Anarkista, að fjölmenna á þing þeirra, sem haldast á í Lundúnum árið 1910.

Félagslegt sjálfsmorð.

Ég hefi lesið svo mörg bréf frá ókvæntum mönnum, kvartandi undan því að þeir séu í þessu ástandi, að mig langar til þess að fara nokkrum orðum um það mál, og skal það þá strax í upphafi tekið fram, að það eru ekki fleiri en eitt tilfelli af hverju einu hundraði, þar sem einlífi karlmanna er afsakanlegt.

Í hinum 99 tilfellunum er einlífi baslaranna ekkert annað en ásett ragmenska félagslegt sjálfsmorð. Gamall baslari er skrítin skepna. Hann er "hvorki fiskur eða fugl", en nokkurskonar gagnslaus getnaður. Á vissu tímabili æfinnar eða svo lengi sem sanngjörn von er til þess, að hann kunni að taka sér konu, getur hann siglt um sjóa mannlífsins illindalítið frá annara hálfu. En eftir því, sem árin líða, og sú sannfæring verður rótgróin í meðvitund umheimsins, að hann sé fastákveðinn í því, að kvongast aldrei, þá fer hann að verða hvers manns níðingur, og nágrannar hans og aðrir, sem til hans þekkja, fara að hafa leynilegan viðbjóð á honum. Þá verður hann skapillur, uppstökkur, argur og dutlungafullur. Hann er í vegi fyrir öllum, og allir eru honum til armæðu. Hann er lifandi og talandi vottur þess eðlis, sem í honum býr, sem er annaðtveggja að hann er of eigingjarn eða of auðvirðilegur til þess að vera maður. Stúlkurnar hæðast að honum, og giftar konur líta áhann með blandinni meðaumkvun og fyrirlitningu. Hann litar yfirskegg sitt, greiðir hár sitt fram fyrir eyrun, forðast allan vindsúg og þolir ekki nærvru barna með þeirra saklausu leikjum og glaðværð. Hann fer á leikhúsið einn sins liðs, býður aldrei nokkrum þangað með sér, ef það kemur fyrir, að hann hafi ofurlítil skildingaráð, því að nízka og eiginirni eru undirstaða ágirndarinnar og nurlunarháttarins. En hann er eins nízkur á fé sínu eins og hið óvirðulega nurlunareðli hans gerir honum frekast mögulegt að vera.

Þessir menn hafa engar þær ástæður fyrir baslara ástandi sínu, sem gamlar meykerlingar geta fært fyrir kjörum sínum og kringumstæðum. Það má um baslarann segja: "Getur enn vill ekki", þar sem hins vegar um gömlu meykerlingarnar má segja: "Vildu, en gátu ekki". — Þjóðfélagið er nokkurskonar einveldis andmælandi. Sú aumkvunarlegasta mynd af skepnulegum einstæðingsskap, sem ég hefi nokkurntíma litið, eru sumir gjallharðir baslarar, sem eru að reyna til þess að búa einsamlir en geta ekki hjálparlaust búið til brauðköku eða saumað hnapp í fötin sín.

Þegar skapari heimsins var að raða niður verkum sínum, þá var það vissulega ekki tilgangur hans, að það skyldu vera til gjallharðir eða steinrunnir baslarar, eða uppþornaðar og skorpnar meykerlingar. Hann byrjaði með því, að para kynin saman í aldingarðinum Eden, og jafnan síðan hefir hann haldið uppi jafnvægi kynanna. — Svo að þegar þér sjáið mann, sem ekki vill beygja sig undir "rifaðgerðina", þá sjáið þér mann, sem er ekki einasta að svíkja af sjálfum sér konu, heldur einnig er hann að svíkja bónda af einhverri Evu. Hann svíkst undan einu af grundvallar ákvæðum skaparans.

Einlífið er einmanalegt ferðalag yfir lífsins eyðisanda, þar sem eingöngu vaxa þyrnirunnar, og ekki er annað til svölunar en kalkkent vatnsgrugg. Berið saman gamlan baslara við fjölskylduföðurinn, sem á hálfa tylft barna, sem öll umkringja hann og ólmast upp um hann. Munurinn á þeim tveimur mönnum er eins og á skrælnuðum, blaðalausum og maðksmognum trédrumbi og hinni tignarlegu, laufskrýddu eik, þar sem hún stendur í fullum lífsblóma til yndis og þarfa mannanna börnum.

Ofanprentuð grein er tekin úr Montreal blaði, og hér prentuð í íslenzkri þýðingu samkvæmt tilmælum mannvinar eins.

— Taki þeir sneið, sem eiga.

Giftra kvenna 10 laga Boðorð.

1. Þú skalt ekki gerast orsök til fyrsta sundurlyndis, en ef það er óumflýjanlegt, þá skaltu verja málstað þinn duglega. — Að vinna sigur í fyrstu orustunni, getur leitt til þess, að bóndi þinn beri meiri virðingu fyrir þér framvegis.
2. Þú skalt hafa hugfast, að þú hefir kvongast manni en ekki guði. Þess vegna, lát þig ekki undra bresti hans.
3. Þú skalt ekki einatt nauða á bónda þínum með peninga, — reyndu heldur að komast af með það, sem hann leggur þér til.
4. Ef þú hyggur bónda þinn tilfinningarlausan, þá mundu, að hann hefir maga, og að með því sífeldlega að seðja hann með veltilbúnum mat, þá megi þér um síðir takast að snerta hjartastrengi hans.
5. Einstöku sinnum, en ekki of oft, skaltu láta hann hafa síðasta orðið. Það gleður hann, en skaðar þig ekki.
6. Þú skalt lesa öll dagblöðin og tímaritin, — ekki eingöngu sögurnar og greinar og fréttir um hneyksli, sem koma fyrir heldra fólkið. Það mun auka bónda þínum ánægju, að komast að því, að hann geti einstöku sinnum talað um almenn málefni við konuna sína.
7. Þú skalt ekki vera frekjuleg við bónda þinn, — jafnvel ekki þeg ar þér sinnast. Gleymdu því ekki, að sú var tíðin, að þú áleizt hann vera litið minna en hálf-guð.
8. Þú skalt við og við viðurkenna að bóndi þinn viti nokkuð meira enn þú, og viðurkenna, að þú sért ekki óskeikul í öllum greinum.
9. Sé bóndi þinn hæfileikamaður, þá skalt þú vera vinur hans. En sé hann það ekki, þá skalt þú vera honum bæði vinur og ráðgjafi.
10. Þú skalt virða skyldmenni bónda þíns, sérstaklega móðir hans. Mundu, að hún elskaði hann löngu áður, en þú gerðir það.

Þessi boðorð eru samin af Carmen Sylva, Roumaníu drotningu.

Með því að biðja sérlega um "T.L. CIGAR," þá ertu viss að fá ágætan vindil

make mine T.L. CIGAR

T.L.

(UNION MADE)

Western Cigar Factory
Thomas Lee, eigandi Winnipeg

Redwood Lager og Extra Porter

Styrkið taugarnar með því að drekka eitt staup af öðrum hvorum þessum ágæta heimilis bjór, á undan hverri máltíð. — Reynið !!

EDWARD L. DREWRY Manufacturer & Importer Winnipeg, Canada.

Department of Agriculture and Immigration.

MANITOBA

Þetta fylki hefir 41,169,089 ekrur lands, 6,019,200 ekrur eru vötn, sem veita landinu raka til akuryrkjuþarfa. Þess vegna höfum vér jafnan nægan raka til uppskeru tryggingar.

Ennþá eru 25 miliónir ekrur óteknar, sem fá má með heimilisrétti eða kaupum.

Íbúatala árið 1901 var 255,211, nu er hún orðin 400,000 manns, hefir nálega tvöfaldast á 7 árum.

Íbúatala Winnipeg borgar árið 1901 var 42,240, en nú um 115 þúsundir, hefir meir en tvöfaldast á 7 árum.

Flutningstæki eru nú sem næst fullkomin, 3516 mílur járnbrauta eru í fylkinu, sem allar liggja út frá Winnipeg. Þrjár þverlandsbrauta lestir fara daglega frá Winnipeg, og innan fárra mánaða verða þær 5 talsins, þegar Grand Trunk Pacific og Canadian Northern bætast við.

Framför fylkisins er sjáanleg hvar sem litið er. Þér ættuð að taka þar bólfestu. Ekkert annað land getur sýnt sama vöxt á sama tímabili.

TIL FERDAMANNA:

Farið ekki framhjá Winnipeg, án þess að grenslast um stjórnar og járnbrautarlönd til sölu, og útvega yður fullkomnar upplýsingar um heimilisréttarlönd og fjárgróða möguleika.

R. P. ROBLIN,
Stjórnarformaður og Akuryrkjumála Ráðgjafi.

Skrifið eftir upplýsingum til

Joseph Burke, 178 LOGAN AVE., WINNIPEG.
Jas. Hartney, 77 YORK ST., TORONTO.

þessa auglýsingu sína, þegar þjónn kom inn og sagði honum, að maður að nafni Smith, langaði til að tala við hann. Sir Arthur, sem ekki gramdist neitt, þó hann væri tafinn við þetta starf, sagði þjóninum að láta manninn koma inn.

"Nú — hvað vilt þú?" spurði barúninn, þegar maðurinn var kominn inn fyrir dyrnar.

Sem svar, kom gesturinn með langa sögu um það, að hann væri nýkominn heim frá Nýja Sjálandi, þar sem hann hefði unnið að ýmsu, einkum þó landbúnaði, en þar eð hann hefði verið vinnulaus um langan tíma, þá hefði hann komið heim til Englands. Sir Arthur hlustaði rólegur á hann unz hann hætti, og rannsakaði hann með augum sínum á meðan hann talaði. Árangurinn af þeirri rannsókn hefir hlotið að vera góður fyrir manninn, því þegar hann þagnaði, sagði hann:

"Nú — og nú viltu líklega, að ég finni eitthvað handa þér að gera, — er það ekki?"

"Jú, herra, mér var sagt í Haughton, að skyttan þín væri farin, og þá hugsaði ég með sjálfum mér: Það getur engan skaða gert, þó ég spyrji mig fyrir um stöðuna".

Sir Arthur þótti vænt um, hve vægilega hann mintist á dauða Burlstons, og svaraði:

"Setjum nú svo, að ég vildi taka þig, að hverju á ég þá að halda mér? Hefirðu nokkur meðmæli? Er nokkur maður hér á Englandi, sem þekkir þig?"

"Nei, ekki ein sála", svaraði Smith mjög frjálslega. "Allir kunningjar mínir eru annaðhvort dauðir, eða yfir í Nýja Sjálandi, og fólkið í héraðinu, þar sem ég er fæddur, þekti mig ekki, þegar ég kom aftur. En ég hefi raunar vitnisburði hérna frá Auckland, og ég get vísað þér til bændanna Farraway, sem ég var hjá, þeir stunda kvikfjárrækt.

Barúninn ypti öxlum, tók samt við skjölunum og leit á þau.

"Það þarf 3 mánuði til þess að bréf komist þangað, og jafnlangan tíma fyrir svar hingað, en ég þarf mann í stöðuna strax".

"Reyndu mig þá, herra, þú getur haft mig þangað til þú færð annan betri. Ef þér líkar ekki við mig, geturðu rekið mig í burt, þegar þér sýnist".

Barúninn hugsaði sig um stundarkorn, en niðurstaðan varð, að hann réði Smith til sín, og bað hann að koma daginn eftir.

Herra Smith kom á ákveðnum tíma kl. 10. Sir Arthur var ekki kominn á fætur, svo nýja skyttan notaði tímann til að kynnast vinnufólkinu. Hann var sér í lagi alúðlegur við ekkju hinnar framliðnu skyttu, sem enn þá átti heima úti í skóginum þar sem maður hennar bjó með henni. Hann spurði vinnufólkið nákvæmlega um hana, og fékk meðal annars að vita, að hann sjálfur myndi eiga að vera hjá henni, en varð ekkert öfundsverður af því. Það reyndist rétt; þegar barúninn kom loksins á fætur, sagði hann nýju skyttunni sinni, að heimili hans yrði hjá ekkju Burlstons, hún hefði lofað að matreiða fyrir hann og þjóna honum, þann tíma sem hann yrði hjá sér. Hann bauðst til að fylgja Smith til ekkjunnar, og fóru þeir báðir þangað. Húsið sýndist vera bygt í því skyni, að það liti vel út að utan fyrir þá, sem fram hjá færi, fremur en að það væri notalegt fyrir íbúana. Búsmunirnir í daglegu stofunni voru góðir, en hún var óhrein og alt á tjá og tundri, hvað innan um annað. Dúkurinn á borðinu var allur með matarklessum, og leyfarnar frá morgunverðinum stóðu enn á því, þó klukkan væri orðin ellefu. Eins var útlitið í eldhúsinu, áhöldin lágu á víð og dreif, og þar var margt, sem ekki átti að vera þar. Eftir þessu tók Smith strax, og gat sér

til, að ekkjan væri annaðhvort drykkfeld eða þá yfirbuguð af sorg.

Ekkjan virtist vera lítilmótleg kona, á að gizka 40 ára. Andlitsdrættir hennar sýndu, að það var ekki aldurinn eingöngu, sem hafði aflagað þá, og hárið var grárra en búast mátti við. Þegar hún heilsaði Smith og bauð hann velkominn, var hún alúðleg og brosandi. Sir Arthur yfirgaf þau strax, og Smith fór undir eins að gera sig þægilegan frammi fyrir ekkjunni. Hann mintist á, hve sorglegt það hefði verið fyrir hana, að missa manninn sinn, og hve mjög hann kendi í brjósti um hana. Hún tók þessu með kulda og tautaði eitthvað, sem hann ekki skildi. Þegar hann hætti, sagði hún:

"Komdu nú með mér upp á loft og sjáðu svefnherbergið þitt. Það er nú í ólagi enn þá, en ég skal taka til í því á meðan miðdagsverðurinn er að sjóða. Er ekki mátulegt, að þú borðir kl. 1?"

"Herra Smith samþykti þetta og yfirgaf svo húsið. Meðan hann var að skoða landslagið þar í nándinni, fann hann drenginn, sem yfirheyrður hafði verið, sagði honum að nú væri hann orðinn skytta, og svo snérist samtalið að látnu skyttunni.

"Hvernig stóð á því, að þér skyldi skjátla með fjarlægðina?" sagði Smith, sem leit út fyrir að væri yfirheyrslunni kunnugur.

"Það var ekki mér, sem skjátlaði", svaraði Martin, "enda sagði læknirinn, að ég hefði rétt fyrir mér".

"Hvernig stóð þá á því, að báðir höfðingjarnir sögðu það mörgum sinnum lengra?"

"Það veit ég ekki, og það kemur mér ekki við".

"Er þessi hr. Grosse fús á að gefa vikakaup?"

"Ekki get ég hrósað því. Hann hefir aldrei gefið mér neitt, enda hefi ég aldrei fylgst með honum nema í þetta sinn".

Smith lézt verða alveg hissa.

"Er hann þá ekki oft á veiðum með Sir Arthur?"

"Nei. Þetta var í fyrsta og síðasta skifti í þessi tvö ár, sem ég er búinn að vera hér".

"Eru þeir þá ekki góðir vinir?"

"Nei, þeir eru ekki vinir, að svo miklu leyti sem ég veit. Raunar eru þeir farnir að finnast æði oft, svo við héldum að húsbóndinn væri farinn að draga sig eftir ungfrú Evu, en hún er nú raunar heitbundin hinum unga herra Haworthy, hins vegar við Fatheringham".

"Einmitt — hvað er langt síðan?"

"Ég get ekki sagt með vissu, hvað langt er síðan, en það er orðið nokkuð langt".

Herra Smith var hugsandi, yfirgaf þennan unga aðstoðarmann sinn og fór heim að skógarhúsinu.

Klukkan var orðin eitt, þegar hann kom þangað, og því gekk hann strax inn og spurði um dagverðinn. Ekkjan var all-önug við hann, og sagði að maturinn yrði ekki tilbúinn fyr en að 20 mínútum liðnum. Flestir menn hefðu orðið ergilegir yfir þessum drætti, en hafi ekkjan búist við slíku af Smith, þá skjátlaði henni. Enginn gat verið blíðari og ánægðari en hann var á svipinn, þegar hann settist og tók upp pípuna sína.

"Ég vona að þú bannir mér ekki að reykja hérna?" sagði hann kurteislega.

"Nei, meðan þú situr þarna, máttu reykja eins og þú vilt", svaraði hún kuldalega.

En Smith hafði sjáanlega ásett sér, að reiðast ekki af neinu. Hann var svo glaður og kátur, að ekkjan gat ekki annað en orðið blíðari, og þegar hann svo bauð henni aðstoð sína við að bera á borð og vildi endilega sækja vatnið fyrir hana, þá varð hún loksins vingjarnleg við hann. Svo settust þau að borðinu, hann skar steikina fyrir hana og sá um,



Þegar hrossin eru öll vinnandi á landi þínu og þó þarft í skyndi að fá eitthvað úr bænum, HVAÐ ER ÞÁ TIL RÁÐA? Væri þá ekki betra að hafa reiðhjól, svo að eitt barnið gæti skroppið eftir hlutunum? Reiðjól mundi ekki aðeins veita ánægju, heldur mundi það fljótlega borga fyrir sig með hestasparnaði. —

Skrifið eftir upplýsingum þessu viðvíkjandi til —

Canada Cycle & Motor Co., Ltd., Winnipeg.
147 PRINCESS STREET. Heimsins Bestu Reiðhjóla-smiðir.

Ásbyrgi.

1. Standbjörgin og stuðlaföll
Stilla hljóm í eyra.
Draumljúft er í dvergahöll
Dísa söng að heyra.

2. Aldinn kring um Ása sal
Óbeit þróast hvergi.
Skáldgyðjunnar skemtihjal
Skelfur fram úr bergi.

3. Tilþrif eyða trega og harm,
Tendra fjör og yndi.
Kliðinn fugla og kindajarm
Klettarnir óma í skyndi.

4. Morgun- rennur sól úr sjá,
Sveipar fjöll og strendur.
Huldukonan hamri á
Í hásætinu stendur.

5. Lofar daginn björt á brún,
Blossar ægi-funi.
Eins um bæ og blómguð tún
Blið ánægja uni.

6. Himinkát um hulduvé
Hljóð úr blundi rakna;
Skógar, blómin, fuglar, fé
Flýta sér að vakna.

7. Silfrar hamrasal á ný
Sólargeisla úði.
Grös og merkur glansa í
Guðvefnaðarskrúði.

8. Luktir hamrar lengja þó
Ljóss og myrkur fundi,
Skáka löngum skugga á mó,
Skóga, urð og grundir.

9. Skarlats klædd í skýluhjúp,
Skuldar njólu lotning,
Faðmar björgin, fjall og gnúp
Forsælunnar drotning.

10. Sigrað hefir sunna flest
Svalbrýnd hamra bólin,
Hádegið þá hefir sest
Hærsta dags á stólinn.

11. Geislar mjóir gægjast kring,
Gengur sól í vestur.
Háum inst í hamrahring
Hlýri er myrkra sestur.

12. Áður enn deildi stað og stund
Stórvit vorra tíða.
Lét í æsku Alvalds mund
Eldinn björgin smíða.

13. Töframáttur! Tignarmynd!
Tegld í Alviss höndum,
Fyrr enn kvíknar synd af synd
Suður í Júðalöndum.

14. Fljúga má um fold og sjó
Á frelsisvængjum þöndum:
Aldafaðir Ísland bjó
Öllum betur löndum.

K. Ásg. Benediktsson.

Fréttabréf.

SPANISH FORK, UTAH.

10. júní 1909.

Herra ritstj. Hkr.

Með helztu fréttum hér í voru bygðarlagi, mætti telja það, að tíðin er inndæl. Það skifti algerlega um tíðarfarið um sl. mánaðamót, því vorið var bæði kalt og votviðrasamt, en nú er kominn nógur hiti og þurkar. Útlit með alla uppskeru mjög gott, nema á heyi, það er fyrstu uppskeru af því. Það verður að öllum líkindum talsvert rýrara, en vanalega gerist og olla því kuldar og helzt ofmikil væta. En seinni uppskera bætir það upp, ef hitar koma ekki of miklir.

Heilsufar má kalla í bezta lagi.

Tímar hafa verið heldur góðir hér í bæ, bæði hvað verzlun og atvinnu áhrærir. Hey hefir selst frá 16—20 dollara tonnið, og hveiti er komið upp í $1.35 bush, og næstum öll nauðsynjavara hefir stigið upp meira og minna. Hér hefir verið í vor og er enn heilmikið bygginga-"boom", bæði á íbúðarhúsum og fleiru. Líka er bæjarstjórnin að láta búa til gangtraðir úr steinsteypu á aðalgötu bæjarins, og á sú umbót að ná yfir 14 "blokkir" fyrir það vissa, og ef til vill meira. Líka er fullyrt, að bærinn verði raflýstur á þessu sumri, og ætla bæjarbúar að leigja rafaflið hjá stjórn Bandaríkja, frá rafaflsstöð þeirri, sem stjórnin lét byggja í fyrra, fjórar mílur fyrir ofan bæinn, og höfð er aðallega til þess, að grafa vatnsgöng 3½ mílu á lengd í gegn um fjall eitt 20 mílur í austur héðan, — sem vér höfum áður um getið. Rafaflsstöð þessi er bæði mikil og merkileg, og álitin að vera ein sú mesta í Vesturríkjunum. Stóð bygging á henni yfir í tvö ár, með ærnum kostnaði og tók hún fyrst til starfa sl. janúar. Hún hefir reynst ágætlega. Má því ganga að því sem vissu, að notkun hennar reynist bæjarbúumvel, og verði kostnaðarminna en að framleiða rafafl á aðra vísu.

Hjá löndum vorum hér í bæ ber nú ekki rétt mikið til tíðinda, — þeim líður öllum bærilega og eru við all-góða heilsu. Þeir halda vel uppi sínum enda með byggingar og aðrar framfarir, og eru einlægt fúsir að þokast upp á við í efnalegu tilliti. Heyrt hefi ég því líka fleygt fyrir, að einhverjir af þeim muni ætla í lystitúr, — líklega "merkismennirnir" alþektu — vestur að Kyrrahafi á Alaska-Yukon sýninguna, sem þar á að haldast í sumar, og opnuð var hinn 1. þ. m. Seinna skýrum vér frá þessu betur, og nefnum þá sem fara.

Sorglegt slys vildi til hér 2. þ. m.: Níu ára gamall drengur, Þorbjörn að nafni, sonur Sigurðar og Jóhönnu Johnson, var skotinn til bana af öðrum dreng á líkum aldri sem Þorsteinn heitir, sonur Guðmundar Þorsteinssonar. Það vildi þannig til, að nokkrir drengir, flestir af íslenzkum ættum, fóru á fuglaveiðar, og höfðu 2—3 smábyssur með sér, að skotið lenti í dreng þennan, og var það álitið algert óviljaverk.

Þinn með vinsemd,

E. H. Johnson.

Spurningar og Svör.

1. Hefir ekki fátækur fjölskyldumaður, sem býr á landi sínu suður í Bandaríkjum, rétt til að búa á landi sínu þar, þó hann hafi fest sér heimilisréttarland í Canada? Er ekki nóg, að hann búi einn mánuð á árinu í Canada? Getur hann ekki með því haldið landinu?

2. Veldur það mönnum nokkurar ábyrgðar, að "prófa upp" land sitt í Canada, svona lagað, þó að heimilið sé suður í Bandaríkjum? Varðar það við lög, að "prófa upp", og selja svo landið í Canada?

3. Hafa menn rétt til, að skrifa persónu fyrir landi í Canada, sem er í mörg hundruð mílna fjarlægð, og ef til vill sér aldrei landið? — Er hægt að fá eignarheimild á landi undir þessum kringumstæðum?

Fáfróður.

SVÖR. — 1. Maður hefir rétt til að innvinna sér eignarrétt á landi í Canada, þó hann sé búsettur í Bandaríkjunum, en hann verður að dvelja uppihaldslaust á heimilisréttarlandinu fulla 6 mánuði af hverju ári í 3 ár, og að gera lögákveðnar umbætur á því. Stjórnin lætur sig engu skifta, hvar hann er þann tímann, sem hann þarf ekki að dvelja á heimilisréttarlandinu. Af þessu er það auðsætt, að það er ekki nóg, að landtakandi dvelji að eins einn mánuð á ári á heimilisréttarlandi sínu. En hann kynni þó að geta haldið landinu með því að gera umbætur á því og rækta það. En eignarbréf gæti hann ekki fengið.

2. Það veldur mönnum ábyrgðar, að komast yfir eignarbréf hjá stjórninni fyrir heimilisréttarlöndum, sem skylduverkin hafa ekki verið unnin á eða þau skilyrði uppfylt, sem landtökulögin heimta, af því að þau bréf eru ekki veitt, nema eftir að 3 menn eru búnir að eiðfesta þann samhljóða framburð, að ákveðnar vinnuskyldur hafi verið gerðar á landinu og ábúð landtakanda fullnægt. Komist það upp, að mennirnir hafi svarið ranga eiða, þá tekur stjórnin landið af landtakanda, og meinsærismennirnir geta orðið settir í fangelsi. Hver maður hefir rétt til að selja það land, sem hann hefir fengið eignarbréf fyrir. En sé eignarréttur inn sviksamlega fenginn, þá má ógilda söluna.

3. Enginn hefir rétt til þess að skrifa persónu fyrir landi, nema eftir skriflegri beiðni þeirrar persónu, og sú persóna verður að gera allar skyldur á landinu, áður enn hún fær eignarbréf (Patent) fyrir því.

Ritstj.

Brúðhjónaminni

— TIL —

Freemanns Bjarnasonar

— OG —

Jóninu S. Hermannsson

GIFT 10. JÚNÍ 1909.

Þótt lífið sé oss leiðsladraumur,
Loga-vakinn reynslu straumur,
Sem endar svona hér og þar,
Þá lýsa geislar góðum mönnum
Á gæfuvegi björtum, sönnum,
Að skýra mannlífs skyldurnar.

Því ást og dygð í allra hjörtum
Endurskina, vonum björtum,
Lífsins sælan æðsta er.
Elskan sigrar sorg og þrautir,
Sýnir dýpstu mannlífsbrautir
Og leiðarljós, sem aldrei þver.

Og helgar skyldur hjónabandsins
Hjörtu prýði konu og mannsins
Ófarna um ævibraut.
Unun vaxi, ástir dafni,
Alt þau starfi í drottins nafni,
Samhuga í sæld og þraut.

Og hamingju og heillir finni
Hjónin ungu á lífsleiðinni,
Sem höndum bindast hér í kvöld
Hugur trúr og helgur vilji
Hjónabandsins kærleik skilji.
Þeim safnist lífsins sigurgjöld!

Kr. Ásg. Benediktsson.

Heimili þessara hjóna er að 508 Toronto St., Winnipeg.

Ber símakerfið sig?

(Kafli úr þingræðu Sk. Th. á alþingi 1909): —

"—— Háttv. þm. Suður-Þingeyinga gat þess, að það væri óviðeigandi, að telja eftir styrkveitingar til arðberandi fyrirtækja, og meðal þeirra taldi hann símana.

Ég skal taka það fram, að það er ekki rétt, að slá því fram, að símarnir beri sig. — Símakerfið ber sig alls ekki, eins og nú stendur. Það bakar landinu árlegan kostnað, sem nemur mun meira en tekjurnar, og á ég þó eigi við fjárframlög til nýrra landsímalagninga, en að eins við fóst ársútgjöld. — Að liklegt sé, að seinna komi betri tímar, hvað það snertir, er annað mál.

Ef litið er í fjárlagafrumvarpið, þá sést, að fyrra árið eru útgjöldin til reksturskostnaðar simanna áætlaðar 56,150 kr. en síðara árið 57,150 kr. En við þessar upphæðir verður að bæta tillaginu til 'Mikla norræna ritsímafélagsins': 35 þús. króna árlega.

Enn má og bæta við 20 þús. kr. árlega, sem vöxtum (4 prósent) af hálfri milión kr. láni, er tekið var til símalagninga — að því er minni hluta þingflokkurinn nú vill halda fram —, þótt ekki kæmi það beinlínis fram, þegar lánsheimildin var veitt.

Eftir fjáraukalögunum 1908 til 1909 er gert ráð fyrir, að varið verði til símalagninga, að því er mér hefir talist 238,815 kr., og nema árlegir vextir (4 prósent) af þeirri upphæð um 9,500 kr. árlega, sem þá bætast við fyrgreindar fjár upphæðir.

Útgjöldin við rekstur símanna, og tillagið til 'Mikla norræna ritsímafélagsins', ásamt vöxtum, sem fyr greinir, nema því á fjárhagstímabilinu 242,300 kr., en tekjurnar eru áætlaðar að eins 155,000 kr. — Brestur þá 87,300 kr. til þess, að tekjurnar vegi móti kostn aðinum.

Ef hinn háttv. þm. Suður-Þingeyinga ætlaði sér að ráðast í slík fyrirtæki fyrir sjálfan sig, þá myndi hann hugsa sig um, er hann sæi tekjur og gjöld koma eins út eins og hér er sýnt.

Hann myndi þá fara varlega út í þær sakir, að fjölga símum, og að minsta kosti eigi hrapa að því, nema þar sem þörfin væri því brýnni, enda þótt líkur væru til, að fyrirtækið yrði einhverntíma arðvænt.

Honum myndi þykja ráðlegra, að hrapa ekki að því, að bæta við útgjöldin, er fyrirtækið borgaði sig betur en þetta.

Mér finst rétt, að þetta komi fram í umræðunum, ekki sízt þar sem nýlega hefir birst í blaðinu skýrsla um þetta efni, skýrsla frá símastjóranum, því að eftir henni að dæma, mætti ætla, að fyrirtækið væri feykilega arðvænt, svo að töluverðar tekjur væru árlega umfram kostnaðinn.

En þessi reikningur er mjög einhliða og villandi, eins og nú hefir sýnt verið ....."

(Þjóðviljinn).

Lög afgreidd frá alþingi

Alþingi var slitið 8. maí eftir langa þingsetu. Það samþykti 53 lagafrumvörp, 14 stjórnarfrumv. og 39 þingmannafrumvörp.

Þessi stjórnarfrumvörp voru samþykt:

1. Um samband Íslands og Danmerkur.
2. Fjárlög fyrir árið 1910—1911.
3. Fjáraukalög fyrir árin 1908 og 1909.
4. Fjáraukalög fyrir árin 1906 og 1907.
5. Um samþykt á landsreikningum fyrir árin 1906 og 1907.
6. Um bráðbirgðarhækkun á aðflutningsgjaldi.
7. Um styrktarsjóð handa barnakennurum.
8. Um stofnun hásoóla.
9. Um laun háskólakennara.
10. um breytingu á lögum um laun sóknarpresta.
11. Um almennan ellistyrk.
12. Um fiskimat.
13. Um meðferð skóga og kjarrs, friðun á lyngi og fleira.
14. Um stofnun vátryggingarfélags fyrir fiskiskip.

Þessi þingmannafrumvörp hafa orðið að lögum:

1. Námalög.
2. Breyting á kosningarlögum til alþingis.
3. Breyting á lögum um lýsingar á undan borgaralegum hjónaböndum.
4. Um aðflutningsbann á áfengi.
5. Um lífsábyrgð fyrir sjómenn á íslenzkum skipum.
6. Um breyting á lögum um fræðslu barna.
7. Um 2 vígslu-biskupa.
8. Um fiskiveiðar á opnum bátum.
9. Um fiskiveiðar í Vestmannaeyjum.
10. Um kornforðabúr til skepnufóðurs.
11. Um skipun læknahéraða.
12. Um kosningarétt og kjörgengi í málum kaupstaða og hreppafélaga.
13. Um breyting á kennaraskólalögum.
14. Um innflutning á útlendu kvikfé.
15. Um námsskeið verzlunarmanna.
16. Um girðingar.
17. Um breyting á lögum um hagfræðisskýrslur.
18. Um friðun silungs í vötnum.
19. Um breyting á lögum um bann gegn botnvörpuveiðum.
20. Um stækkun verzlunarlóðarinnar í Ísafjarðar kaupstað.
21. Um sérstaka dómþinghá í Keflavíkurhreppi.
22. Um breyting á lögum um skipun læknahéraða.
23. Um sölu þjóðjarðarinnar Kjarna í Eyjafirði.
24. Um, að leggja jörðina Naust undir Akureyrar kaupstað.
25. Um stofnun slökkviliðs í Hafnarfirði.
26. Um bæjarstjórn í Hafnarfirði.
27. Um heimild fyrir veðdeild Landsbankans, að gefa út 3. flokks bankaávaxtabréf.
28. Um breyting á lögum um skipun læknahéraða.
29. Um breyting á lögum um aðgreining holdsveikra frá öðrum mönnum, og flutning þeirra á opinbera spítala.
30. Um gagnfræðaskólann á Akureyri.
31. Um löggilding verzlunarstaða.
32. Um eignanáms heimild fyrir bæjarstjórn Ísafjarðar kaupstaðar á lóð undir skólahússbygging.
33. Um verzlunarbækur.
34. Um innheimtu og meðferð á kirkjufé.
35. Um breyting á lögum um stofnun Landsbanka.
36. Um löggilding Dalavíkur.
37. Um heimild fyrir landsstjórnina, að kaupa bankaávaxtabréf Landsbankans.
38. Um sóknargjöld.

Um 50 frumvörp féllu í þinginu, þar á meðal frumvarpið um kaup á skipum Thorefélagsins.

LEIÐBEININGAR--SKRÁ
YFIR ÁREIÐANLEGA VERZLUNARMENN Í WINNIPEG

MUSIC OG HLJÓÐFÆRI

CROSS, GOULDING & SKINNER, LTD.
323 Portage Ave. Talsími 4413

MASON & RISCH PIANO CO., LTD.
356 Main Stree Talsími 480
W. Alfred Albert, Íslenzkur umboðsmaður

WHALEY ROYCE & CO.
356 Main St. Phone 263
W. Alfred Albert, bóðarþjónn.

BYGGINGA- og ELDIVIÐUR.

J. D. McARTHUR CO., LTD.
Bygginga- og Eldiviður í heildsölu og smásölu.
Sölust: Princess og Higgins Tals. 5060, 5061, 5062

MYNDASMIÐIR.

G. H. LLEWELLIN,
"Medallions" og Myndarammar
Starfstofa Horni Park St. og Logan Avenue

SKÓTAU Í HEILDSÖLU.

AMES HOLDEN, LIMITED.
Princess & McDermott. Winnipeg.

THOS. RYAN & CO.
Alskonar Skótau. 44 Princess St.

THE Wm. A. MARSH CO. WESTERN LTD.
Framleiðendur af Finu Skótaui. Talsími: 3710
88 Princess St. "High Merit" Marsh Skór

RAFMAGNSVÉLAR OG ÁHÖLD

JAMES STUART ELECTRIC CO.
324 Smith St. Talsímar: 8447 og 7802
Fullar byrgðir af alskonar vélum.

GOODYEAR ELECTRIC CO.
Kellogg's Talsímar og öll þarfaáhöld
talsími 3023. 56 Albert St.

RAFMAGNS AKKOKÐSMENN

MODERN ELECTRIC CO
412 Portage Ave Talsími: 5658
Viðgjörð og Vir-lagning — allskonar.

BYGGINGA - EFNI.

JOHN GUNN & SONS
Talsími 1277 266 Jarvis Ave.
Höfum bezta Stein, Kalk, Cement, Sand o. fl.

THOMAS BLACK
Selur Járnvöru og Bygginga-efni allskonar
76—82 Lombard St. Talsími 600

THE WINNIPEG SUPPLY CO., LTD.
298 Rietta St. Talsímar: 1936 & 2187
Kalk, Steinn, Cement, Sand og Mól

BYGGINGAMEISTARAR.

J. H. G. RUSSELL
Byggingameistari.
í Silvester-Willson bygginguni. Tals: 1068

PAUL M. CLEMENS
Bygginga - Meistari, 443 Maryland St.
Skrifst.: Argyle Bldg., Garry st. Talsími 5997

BRAS- og RUBBER-STIMPLAR

MANITOBA STENCIL & STAMP WORKS
421 Main St. Talsími 1880, P. O. Box 244.
Búum til allskonar Stimpla úr málmi og togleðri

VÍNSÖLUMENN

GEO. VELIE,
Hef'dsölu Vínsali. 185, 187 Portage Ave. E.
Smá-sölu talsími 352. Stór-sölu talsími 404.

STOCKS & BONDS

W. SANFORD EVANS CO.
326 Nýja Grain Exchange Talsími 3696

ACCOUNTANTS & AUDITORS

A. A. JACKSON,
Accountant and Auditor
Skrifst.—28 Merchants Bank. Talo.: 5702

OLÍA, HJÓLÁS-FEITI OG FL.

WINNIPEG OIL COMPANY, LTD.
Búa til Stein Olíu, Gasoline og hjólás-áburð
Talsími 1590 611 Ashdown Block

TIMBUR og BÚLÖND

THOS. OYSTAD, 208 Kennedy Bldg.
Viður í vagnhlössum til notenda, búlönd til sölu

PIPE & BOILER COVERING

GREAT WEST PIPE COVERING CO.
132 Lombard Street.

VÍRGIRÐINGAR.

THE GREAT WEST WIRE FENCE CO., LTD
Alskonar virgirðingar fyrir bændur og borgarn.
76 Lombard St. Winnipeg.

ELDAVÉLAR O. FL.

McCLARY'S, Winnipeg.
Stærstu framleiðendur í Canada af Stóm,
Steinvöru [Graniteware] og fl.

ÁLNAVARA Í HEILDSÖLU.

R. J. WHITLA & CO., LIMITED
264 McDermott Ave Winnipeg
"King of the Road" OVERALLS.

BILLIARD & POOL TABLES.

W. A. CARSON
P. O. Box 225 Room 4 1 Molson Banka.
Öll nauðsynleg áhöld. Ég gjöri við Pool-borð

NÁLAR.

JOHN KANTON
203 Hammond Block Talsími 4659
Sendið strax eftir Verðlista og Sýnishornum.

GASOLINE Vélar og Brunnborar

ONTARIO WIND ENGINE and PUMP CO. LTD
301 Chamber St. Sími: 2988
Vindmillur -- Pumpur — Agætar Vélar.

BLÓM OG SÖNGFUGLAR

JAMES BIRCH
442 Notre Dame Ave. Talsími 2638
BLÓM - allskonar. Söng.fuglar o. fl.

BANKARAR, GUFUSKIPA AGENTR

ALLOWAY & CHAMPION
North End Branch: 667 Main street
Vér seljum Avisanir borganlegar á Íslandí

LÆKNA OG SPITALAÁHÖLD

CHANDLER & FISHER, LIMITED
Lækna og Dýralækna áhöld, og hospítala áhöld
185 Lombard St., Winnipeg, Man.

Nýjar bækur.

Safn til sögu Íslands og isl. bókmenta í b., III. bindi og það sem út er komið af því fjórða. (53c) $9.45
Íslendingasaga eftir B. Melsted I. bindi í bandi, og það sem út er komið af 2. b. (25c) 2.85
Lýsing Íslands eftir Þ. Thoroddsen í bandi (16c) 1.90
Fernir fornislenzkir rímnaflokkar, er Finnur Jónsson gaf út, í bandi .... (5c) 0.85
Alþingisstaður hinn forni eftir Sig. Guðm.son, í b. (4c) 0.90
Um kristnitökuna árið 1000, eftir B. M. Ólsen (6c) 0.90
Sýslumannaæfir eftir Boga Benediktsson, I. og II. b. innbundið .... (55c) 8.10
Íslenzk fornbréfasafn, 7 bindi innb., 3 h. af 8. b. ($1.70) 27.80
Biskupasögur, II. b. innb. (42c) 5.15
Landfræðissaga Íslands eftir Þ. Th., 4 bindi innb. (55c) 7.57
Rithöfundatal á Íslandi 1400—1882, eftir J.B., í b. (7c) 1.00
Upphaf allsherjarríkis á Íslandi eftir K. Maurer, í b. (7c) 1.15
Auðfræði, e. A. Ólsen, í b. (6c) 1.10
Presta og prófastatal á Íslandi 1869, í bandi .... (9c) 1.25
B. Thorarinsson Ljóðmæli, með mynd, í bandi 1.50
Bókmentasaga Íslendinga eftir Finn Jónsson, í b. (12c) 1.80
Norðurlandasaga eftir P. Melsted, í bandi .... (8c) 1.50

Tölurnar í svigum tákna burðargjald, er sendist með pöntunum.

Um leið og ég nú auglýsi þessar bækur, sem ég nú nýlega hefi fengið frá Bókmentafélaginu í Kaupmannahöfn, skal þess hér með getið, að þær eru allar í vönduðu bandi. Það er ekki maskínu band, heldur handbundið, og vel vandað að öllu leyti. Það af þessum bókum, sem enn þá ekki eru alveg útkomnar, til dæmis Sýslumannaæfir, Fornbréfasafnið, Safn til sögu Íslands, þegar hvert bindi er búið, þá skal ég útvega kaupendunum tilbúinn kjöl á þau bindi frá bókbindaranum, sem hefir bundið inn þessar bækur, ef beðið er um.

Ég legg ekkert á bandið. Það kostar mig 65c á allar af stærri bókunum, og kaupendur fá það fyrir það sama. Hér mundi slíkt band kosta $1.50 til $2.00 á bókina

Einnig læt ég þá, sem pantað hafa hjá mér sögu Þiðriks af Bern vita, að það verður ekki langt þar til hún kemur, í það minsta fáein eintök.

Einnig á ég von á nokkrum eintökum af Flateyjarbók í bandi.

N. OTTENSON,
River Park, Winnipeg, Man.

Rottu-eitur.

Rottu-hræðslan, sem fyrir fáum vikum gagntók íbúa þessa fylkis (Manitoba), er í rénun. Óbrigðult varnarlyf er nú fundið við rottunum, ef þær skyldu dirfast að heimsækja höfuðborg þessa fylkis. Meðalið heitir Nomor. Winnipeg-maður einn, sem nú er í London á Englandi hefir ritað hingað vestur, og sent með bréfi sínu bækling, sem lýsir þessu Nomorlyfi og verkunum þess á rotturnar. Bréfritarinn heldur því fram, að lyf þetta sé alveg óbrigðult meðal til að drepa rotturnar, en þó saklaust flestum öðrum skepnum og mönnum. Vöruhúsin miklu við lendingar bryggjurnar í London borg, þar sem miliónir af þessum varg höfðu tekið sér hólfestu, voru algerlega hreinsuð af rottum á 8 sólarhringum, með þessu lyfi. Læknanefnd borgarinnar tók að sér að rannsaka þetta efni, og vottaði að rannsókninni lokinni, að engin hætta gæti stafað af því, svo að stjórnin samþykti að það mætti flytjast með pósti hvert sem vildi. — Svo segir blaðið Standard, að lyf þetta drepi fýrst flærnar, sem jafnan setjist á rotturnar, og síðan rotturnar sjálfar. Um mál þetta var rætt á þingi Breta, og sú upplýsing gefin þar, að stjórnir ýmsra landa hefðu viðurkent þetta efni, sem algerlega óbrigðult rottu-eitur, og samt skaðlaust öllum mönnum. — Í bæklingnum er sagt, að "Nomer" drepi rottur, mýs, cockroaches, veggjalýs, beetles, moths, og undir öllum kringumstæðum gereyði þeim, — holdi, blóði og beinum, án þess að orsaka nokkra óþægilega lykt. Svo er þetta lyf aðlaðandi fyrir rotturnar, að þær drepa hvorar aðra í ákafanum til að ná í það. Hundar og kettir vilja það ekki, og ef það kæmi fyrir, að það færi ofan í menn, þá selja þeir því tafarlaust upp, og það gerir þeim að öðru leyti ekkert mein.

Herra G. Johnson, kaupmaður í Northwest Hall, á horni Ross Ave. og Isabel St., biður þess getið, að telefón númer hans er 2190. Lesendur eru beðnir að muna þetta.

KENNARA

vantar fyrir Thor skólahérað, No. 1430, í Argyle. Kenslutíma að byrja 1. júlí og varir til ársloka. Umsækjandi geri svo vel að tiltaka kaup og mentastig. Tilboðum veitt móttaka til 20. júní.

Edvald Olason,
Sec'y-Treas,
Brú P.O., Man.

Vitið þér það



Að MAGNET Rjómaskilvinda með ein-stykkja fleytirnum, aðskilur fullkomlega alla smjörfitu úr mjólk inni? Miðflótta-afl var tyrst notað til aðskilnaðar mjólkur-fitunnar í holri kúlu. En það varð fljótt séð að þessi útbúnaður fullnægði ekki. Og þá stukku skilvindumenn langt skref og gerðu fleytir úr mörgum stykkum. Það var hart að fella svo mörg stykki saman og ómögulegt að hakla þeim hreinum. MAGNET skilv. hefir ENGIN þessi óþægindi Hefir komið í veg fyrir þau þannig:

1. Með því að hafa stálskálina lægri en á öðrum vélum, og mjórri og studda að ofan og neðan. — (Magnet patent.) 2. Í henni hreyfist skálin með 'spur' eða 'square gear' afli. Það afl er traust og vélin rennur svo stöðugt að aðskilnaðurinn verður algjör og rjómi inn ágætur. 3. Með lang skálum og 'square gear' aflinu í traustri umgjörð var ómögulegt að gera einstykkisfleytir, sem aðskildi alla smjörfituna úr mjólkinni. Hann gerði meira: hann aðskildi sjúkdóms - gerla og annan óhroða og veitir þannig alveg hreina framleiðslu. 4. 11 ára dagleg notkun hefir sýnt að Magnet eyðist ekki, og aðskilur eins vel nú eins og þegar vélin var fyrst seld. 5. Enstykkis-fleytirinn er auðhreinsaður á ¼ þeim tíma sem tek ur að hreinsa aðra fleytira. 5. Magnet stöðvarinn umkringir skálina og stöðvar vélina á 8 mínútum án skemdar. H. A Shaw, Smjörgerðar kennari í Moosomin, Sask., segir: "Jeg hefi prófað MAGNET grandgæfilega, og fundið hana beztu rjómaskilvindu sem ég hefi þekt. Hún aðskilur vel hvar sem hún er sett.

The Petrie Mfg. Co., Limited
WINNIPEG
HAMILTON. ST. JOHN. REGINA. CALGARY.

McLEAN HÚSID

Mesta Music-Búð Winnipegborgar

Alþýðan metur heiðarleg verzlunar-viðskifti og ósvikna verzlunar-vöru. Þetta er ástæðan fyrir því, hve feykilega mikið verzlun vor hefir vaxið. Þeir, sem kaupa Pianó eða Orgel af oss, segja vinum sínum hve þægilegt sé að skifta við oss, og svo koma þeir einnig og kaupa af oss. Vér ábyrgjumst hvert einasta hljóð færi sem vér seljum, að vera alveg eins og vèr segjum, og með því að vér höfum aðeins vönduðustu hljóðfæri, þá getið þér reitt yður á hvert það Pianó eða Orgel sem af oss er keypt. Vér erum einka umboðsmenn fyrir gamla fél., Heintzman & Co Pianó.

Vér höfum nokkur brúkuð Pianó og Orgel sem vèr ætlum að selja þeim fyrstu sem koma, — með ofurlágu verði. —

J. J. H. McLean & Co LIMITED.

528 Main St. Talsími 808

ÚTIBÚ Í BRANDON OG PORTAGE LA PRAIRIE.

Fréttir úr bænum.

Hafið Free Press, dags 11. þ.m. getur þess, að herra Charles Thorson, sonur herra Stefáns Thorsonar, að 243 Edmonton St. hér í borginni, hafi kveldið áður bjargað 14 ára gömlum pilti, Williard Fox, frá druknun í Assiniboineánni, rétt sunnan við Happyland. Pilturinn var með öðrum drengjum að baða sig þar í ánni. En hafði ekki kunnað að synda, og fór of langt út í ána til þess að honum væri stætt. Hann hrópaði til félaga sinna um hjálp, þegar hann var að sökkva, en þeir sintu því engu. Er honum skaut upp, hrópaði hann á ný til þeirra, en þeir hugðu hann vera að gera að gamni sinu, og létu hann hjálparlausan. Hann sökk í annað sinn, en skaut upp aftur, en þegar hann var að sökkva í þriðja sinn, bar Thorson þar að, og steypti hann sér þegar í ána, og svam þangað sem hann sá piltinn fara niður. Stakk sér þá til botns og náði honum og kom honum að landi sem næst algerlega meðvitundarlausum. — það er af öllum viðurkent, að pilturinn hefði ekki komið lifs upp aftur, heldur druknað þarna í ánni, ef Thorson hefði ekki á þeirri stundu bjargað honum.

Þykir þetta vel gert af Thorson, og lætur Free Press vel yfir hugrekki hans. — Thorson hefir sýnt það við þetta tilfelli, að hann er til fleira fær en að búa til 15 þús. dollara "Beinadals"-myndir, pilturr sá.

Lesendur eru mintir á skemtiferð Goodtemplara til Gimli á mánudaginn kemur, þann 21. þ.m. Félagið hefir vandað til þeirrar ferðar svo sem það hefir bezt getað, og ráðstafað skemtilegu prógrami á Gimli. Kostnaðurinn við ferðina hefir verið settur svo lítill, sem frekast hefir verið mögulegt, og félagið vonar og óskar, að Íslendingar fjölmenni í hóp þeirra á mánudaginn kemur. — Heimskringla mælir með því, að allir þeir, sem kost eiga á, að taka sér frístund þann dag, fylgist með Templurum á ferð þeirra til Gimli, — þeir fá ekki aðra betri skemtun né ódýrari í annan tíma fram að Íslendingadagi.

Nýlega var stofnað hér í bænum "Ungmennafélag Fyrsta Únitara safnaðarins í Winnipeg". Tilgangur félagsins er, að starfa að málum Únitara, og efla félagslyndi meðal unga fólksins. Félagið hélt fyrstu samkomu sína (Social) þann 9. þ. m., eins og getið er um á öðrum stað í þessu blaði. Meðlimir félagsins ætla að skemta sér við ýmsa úti-leiki í sumar, svo sem "Tennis" og "Croquet", að minsta kosti tvö kvöld í viku, og eru þegar byrjaðir á að leika "Tennis" á Simcoe St. rétt fyrir sunnan Wellington Ave. — Í kveld (miðvikudag) heldur félagið starfs og prógramsfund í samkomusal Únitara, byrjar kl. 8. Allir félagsmenn ámintir um að koma.

Rafmagns Straujárn

ÞRJÁR BEZTU TEGUNDIR ÚR AÐ VELJA. Verð $4.50. Þér þurfið ekki að strauja í yfir-hituðu eldhúsi ef þér notið Rafmagns straujárn. Járnin eru jafnan hrein og ekki þarf að ganga fram og til baka. Símið: Main 2322 eða komið til

Gas Stove Dept. Winnipeg Electric Ry. Co.
322 MAIN ST. TALS. 2322

Herra Pétur G. Magnús, frá Chicago, var hér á ferð í síðustu viku, á skemtiferð að finna kunningja sína meðal Íslendinga í Vestur Canada. Herra Magnus er sonur herra Torfa Magnússonar, fyrrum gestgjafa að "Geysir" í Reykjavík, og fluttist til Chicago með foreldrum sínum árið 1887, og hefir dvalið þar síðan. Hann virðist hafa þroskast sæmilega þar syðra, því maðurinn er talsvert á sjöunda fet á hæð og þrekinn að sama skapi, friður sýnum og söngmaður ágætur. — Herra Magnus var svo góður að koma á Ungmennafélags samkomu í samkomusal Únitara, og syngja þar 3 söngva, og höfðu áheyrendur mestu unun af því. — Hann fór héðan vestur til Argyle að heimsækja Arasons fjölskylduna þar, og bjóst hann við að dvelja þar í bygðinni 2—3 vikna tíma.

Charles F. Hornfeck, kaupmaður á búgarði hjá Oak Bluff hér í fylkinu, hefir verið tekinn og kærður um að hafa myrt Mrs. James hér í borginni fyrir nokkrum vikum. Engin sönnun er enn komin fram fyrir því, að maður þessi sé sekur.

Herra A. J. Johnson, sem hefir dvalið hér í borginni um sl. 3 ár, fór á föstudaginn var með konu sína og son þeirra hjóna alfarinn suður til Chicago. Honum bauðst staða á skrifstofu herra H. C. Thordarsonar, rafmagnsfræðings þar í borg, og þáði hann það boð. Herra Johnson er hæfileikamaður góður, skýr, hreinn og beinn og framgjarn. Hann hefir komið sér mæta vel hér í borg og eignast fjölda tryggra vina. — Öll þau félög, sem hann tilheyrði hér, sýndu honum sæmd og vinahót, og honum voru haldin mörg samsæti hér í borg áður hann fór suður.— það mun óhætt að fullyrða, að enginn Vestur-Íslendingur hafi á jafnstuttum tíma látið meira til sín taka í ræðu og riti og gefið sig meira við málum landa vorra hér enn herra A. J. Johnson.

Til leiðbeiningar þeim mörgu, sem hafa bréfaviðskifti við herra A. J. Johnson, skal þess getið, að áritun hans er 153—158 S. Jefferson St., Chicago, Ill., U.S.A.

Piano Recital

hafa nemendur Jónasar Pálssonar í Y.M.C.A. byggingunni á Portage Avenue næsta miðvikudagskveld 23. þ.m. kl. 8. Að eins þeir af nemendunum, sem lengst eru á veg komnir, koma fram á þessu prógrami, og er svo til ætlast, að Íslendingum og öðrum music vinum gefist þar kostur á að hlusta á, hve æfðir nemendur geta spilað af mikilli list á piano hljóðfærið.

Til stuðnings þessum nemendum spilar ungfrú Clara Oddson á fiðlin og þess utan syngja þau frú E. Rosen og herra Pétur Magnus frá Chicago. Herra P. Magnus er afbragðs söngmaður, og með því að hann er Íslendingur og að það er ekki víst, að landar vorir eigi í annað skifti kost á að hlusta á söng hans, þá er vonandi, að þeir noti þetta eina tækifæri sem þeir hafa til að koma og hlusta á hann Inngangur er öllum frjáls og án nokkurs endurgjalds, og samkoman verður betri, en landar vorir eiga völ á, að sækja sér að kostnaðarlausu á nokkrum öðrum stað eða tíma.

Hér er prógrammið:

1. Polish Dance ..... *X. Scharwenka*
   Mr. STEVE SOLVASON
2. Valse Arabesque ..... *Lack*
   Miss RUTH KIRKPATRICK
3. a) Love Song ..... *Gurlit*
   b) Consolation ..... *Mendelssohn*
   Miss BENA THORGEIRSON
4. Violin Solo .....
   Miss CLARA ODDSON
5. Valse in E flat ..... *Durand*
   Miss RUNA NORDAL
6. Funeral March ..... *Chopin*
   Miss CAROLINA THORGEIRSON
7. a) Sonata in C ..... *Haydn*
   b) Spring Song ..... *Mendelssohn*
   Miss HRÓDNÝ FINNSON
8. Vocal Solo .....
   Mrs. E. ROSEN
9. Seconde Valse ..... *Godard*
   Miss LILLIE SOLVASON
10. Sonata op 14 No 2 ..... *Beethoven*
    Miss JOHANNA OLSON
11. Guirlandes op. 107 No. 11 ..... *Godard*
    Mr. STEVE SOLVASON
12. Polonaise op 40 No. 1 ..... *Chopin*
    Miss RUTH KIRKPATRICK
13. Vocal Solo .....
    Mr. PÉTUR G. MAGNÚS

Af þessu prógrammi getur fólk ráðið, að það muni borga sig að hlusta á það, þegar það kostar ekkert, og líklega verður þó prógrammið miklu lengra en hér er auglýst, því ætla má, að ýmsir verði kallaðir til að koma fram í annað sinn. Búist er við, að margir frá Selkirk sæki samkomu þessa. Landar vorir hér í borg ættu því að koma í tíma, svo þeir nái í góð sæti, því salurinn verður áreiðanlega troðfullur.

Skór til Útivistar

Máske þér hafið fengið sérstök útivistarfót og sumarhatt? En gleymt skónum? Eða ætlið þér máske að láta yður lynda með gömlu skóna yðar, þegar þér hafið fengið allt hitt nýtt?

Vejtið fótum yðar að njóta ánægju af útivist yðar.

Hvítir dúkskór fyrir kvenfólk $1.50 til $3.50
Hvítir dúkskór fyrir karlmenn $1.75 til $3.00

Ryan-Devlin Shoe Co
494 MAIN ST. PHONE 770.

Victor Anderson prentari og Frank bróðir hans hafa myndað nýtt prentfélag, sem þeir nefna "THE ANDERSON CO.". Þeir hafa keypt öll áhöld Gísla prentara Jónssonar, og reka iðn sína framvegis á sama stað og Gísli gerði. Þeir bræður eru æfðir prentarar og lofa góðu verki. Sjá auglýsingu þeirra á fiðrum stað í blaðinu.

Þann 1. þ.m. lézt að heimili sínu í Duluth í Minnesota húsfrú Jónína Guðbjörg McDonald, eftir 5 vikna hjartasjúkdómslegu, 46 ára gömul. Hún hafði dvalið 30 ár þar í borg, og giftist fyrir 20 árum. — Hún eftirlætur einn son uppkominn og í góðri stöðu þar syðra. — Hin látna var dóttir herra Stefáns Jónssonar og konu hans að Hecla P.O., Man.

Að kveldi þess 20. maí gifti sig í Saskatoon, Sask., herra Jón V. Deildal og Miss Ella Winnifred Griffith, í húsi Mr. og Mrs. King, að mörgu fólki viðstöddu, sem var veitt ríkulega. — Björg systir Jóns vinnur á skrifstofu þar í bænum. Lilja systir þeirra spilaði giftingar "march-inn". En síðar um kveldið lögðu brúðhjónin af stað með C. P. R. lestinni til Seattle, og búast við að koma til baka síðari hluta júní mánaðar.

Úr bréfi frá Hecla P.O., dags. 3. júní 1909. "Nú er komið sumar veður, að heita má. En ekki fór ísinn frá okkur fyr en þann 1. þ. þ.m. Enda notuðu þá fiskifélögin færið að komast út, því nú mega þau fiska, en við, sem verðum að hafa okkar lífsuppeldi úr vatninu, verðum að sitja í landi, því Laurier stjórnin bannar okkur að fiska. Hún veit, að við erum fátækir og umkomulitlir, og þurfum þess vegna lítils með.

"Þann 24. maí var haldin skemtisamkoma (Picnic) á vatnsbakkanum fyrir sunnan hús Helga Tómassonar, að tilhlutun nokkurra kvenfélagskvenna. Mikla ánægju höfðu menn af fundi þessum. Þar voru veitingar og ýmsar skemtanir og íþróttakapp. Veður var hið inndælasta, og létu allir hið bezta yfir þessu móti. — Má þetta með réttu nefnast gleðilegur vottur um framför hér hjá okkur, og er vonandi, að eyjarbúar hafi marga slíka skemtifundi framvegis".

Á föstudaginn var komu hingað til bæjarins herra Árni Johnson og Matthildur kona hans frá Hensel, N.D., og dóttir þeirra, kona Brynjólfs Johnsonar, Mountain, N. D. Þau hjónin Árni og Matthildur fóru daginn eftir áleiðis í kynnisför til tengdafólks síns, að Kristnes P.O., Sask. En Mrs. Johnson fór ekki lengra en hingað. Hún fer suður aftur í vikunni.

Herra Hannes J. Lindal, viðarkaupmaður í Leslie, Sask., er staddur hér í bænum þessa viku. Hann segir góða líðan fólks þar vestra, og sprettu-horfur á ökrum og engjum góðar.

Herra Jóhannes Egilsson, frá Otto, Man., var hér á ferð í sl. viku. Hann bjóst við að dvelja í Selkirk bæ um tíma.

Óræktað skógland hjá Swan Lake hér í fylkinu var selt við uppboð í sl. viku. — 17 kvartar voru seldir fyrir 18 dollara ekruna.

Herra Þorgrímur Pétursson, frá Narrows P.O., man., kom til bæjarins í sl. viku. Hann ætlar að vinna hjá Íslendingum í nýlendunni suður frá Morden í sumar.

Hver, sem vita kynni um heimilisfang Ágústs Benediktssonar, er kom hingað til lands fyrir 5 eða 6 árum frá Akureyri, er vinsamlega beðinn að tilkynna það á skrifstofu Heimskringlu. Frændfólk hans á Íslandi langar að komast í bréfaviðskifti við hann.

Hotel hefir verið bygt á Oak Point og vínsöluleyfi veitt þar. Vagnlestir eiga að ganga þangað vestur daglega að kveldinu, og koma þaðan aftur að morgni.

Fæði og húsnæði á Gimli.

Þeir, sem æskja eftir fæði og húsnæði á Gimli eftir 1. júlí næstkomandi, snúi sér sem allra fyrst til Mrs. Eugenia Olson, P.O. Box 95, Gimli, Man.

Innflutningadeildin hér í borginni áætlar, að á þessu ári muni 75 þús. manns frá Bandaríkjunum taka sér bólfestu í Vestur-Canada.

MUNIÐ EFTIR

Skemtiferð Goodtemplara

TIL GIMLI

Á Mánudaginn kemur

(21. þ.m.).

Klukkan 8.30 árdegis verður lagt af stað frá C.P.R. stöðinni. Af þessari skemtiferð ætti enginn að missa. Prógrammið það vandaðasta og "Sports", sem vert er að keppa um. "The Gimli Band" mætir fólkinu á járnbrautarstöðinni, og spilar við og við allan daginn. Allir þeir, sem ekki fara með mat með sér, geta fengið nógan og góðan mat á Gimli, sem Goodtemplarar þar standa fyrir að selja. Tickets fyrir máltíðum verða seld á leiðinni. — Gefið sérstakar gætur að knattleiknum milli Gimli og Winnipeg stúlknanna (Ladies' Base Ball). — Áríðandi er að koma nógu snemma til C.P.R. járnbrautarstöðvanna.

Farseðlar fyrir ferðina eru til sölu hjá meðlimum skemtiferðarnefndarinnar, sem eru: Ásb. Eggertsson, S. Björnsson, Ólafur Bjarnason, séra Rögnv. Pétursson, Teitur Thomas, A. S. Bardal, Gunnlaugur Jóhannsson, Mrs. S. Swanson og H. Skaftfeld, — og einnig á járnbrautarstöðinni einum klukkutíma áður en lestin fer af stað.

SPÓNNÝTT PRENT FÉLAG

UNDIRRITAÐIR hafa keypt prent áhöld herra Gísla Jónssonar og halda áfram prentstarfi á sama stað, á suð-austur horni Sargent og Sherbrooke St. — Við áhöldin verðurbætt svo að vér getum tekið að oss allskonar prentun, og leyst hana af hendi fljótt og fullkomna

THE ANDERSON COMPANY

S. F. Ólafsson
619 Agnes St. selur Tamarac fyrir $5.50 og $5.75 gegn borgun út í hönd.
Telephone: 7812

Jónas Pálsson,
SÖNGFRÆÐINGUR.
Útvegar vönduð og ódýr hljóðfæri.
460 Victor St. Talsími 6803.

Íslenzkur Tannsmiður,
Tennur festar í með Plötum eða Plötulausar. Og tennur eru áreynar sársaukalaust með Dr. Mordens sársaukalausu aðferð
Dr. W. Clarence — Tannlæknir.
Sigurður Davíðsson—Tannsmiður.
620½ Main St.
Phone 470 Horni Logan Ave.

A. S. BARDAL
Selur líkkistur og annast um útfarir. Allur útbúnaður sá bezti. Enfremur selur hann alskonar minnisvarða og legsteina.
121 Nena St. Phone 306

Nýji Vor-fatnaðurinn þinn.
EF HANN KEMUR FRÁ CLEMENTS —
ÞÁ ER HANN RÉTTUR.
Réttur að efni, réttur í sniði réttur í áferð og réttur í verði.
Vér höfum miklar byrgðir af fegurstu og beztu fataefnum. —
Geo. Clements & Son
Stofnað árið 1874
264 Portage Ave. Rétt hjá FreePress

Th. JOHNSON
JEWELER
286 Main St. Talsími: 6606

JOHN ERZINGER
TÓBAKS-KAUPMAÐUR.
Erzinger's skorið reyktóbak $1.00 pundið
Hér fást allar neftóbaks-tegundir. Óska eftir bréflegum pöntunum.
McINTYRE BLK., Main St., Winnipeg
Heildsala og smásala.

Dr. G. J. Gislason,
Physician and Surgeon
Weltington Blk. - Grand Forks, N.Dak
Sjerstakt athygli veitt AUGNA, EYRNA, KVERKA og NEF SJÚKDÓMUM.

Drs. Ekern & Marsden,
Sérfræðislæknar í Eftirfylgjandi greinum: — Augnasjúkdómum, Eyrnasjúkdómum, Nassasjúkdómum og Kverkasjúkdómum. : : :
Í Platky Byggingunni í Bænum
Grand Forks, :: N. Dak.

BILDFELL & PAULSON
Union Bank 5th Floor, No. 520
selja hús og lóðir og annast þar að lútandi störf; útvegar peningalán o. fl.
Tel.: 2685

J. L. M. THOMSON, M.A., L.L.B.
LÖGFRÆÐINGUR. 255½ Portage Ave.

ANDERSON & GARLAND
LÖGFRÆÐINGAR
35 Merchants Bank Bldg. Phone: 1561

BONNAR, HARTLEY & MANAHAN
Lögfræðingar og Landskjala Semjarar
Suite 7, Nanton Block, Winnipeg

Hubbard, Hannesson and Ross
LÖGFRÆÐINGAR
10 Bank of Hamilton Chambers
Tel. 378 Winnipeg

Boyd's Brauð.
Brauð vor ættu að vera á borðum yðar. Þér megið ekki hætta á tvísýnar fæðutegundir Það bezta aðeins skyldi étast. Gott brauð og nóg af því ættu allir að borða. Brauð vor eru hægmelt, svo að allir semreyna þau, gerast stöðugir kaupendur. Öll brauð keyrð heim.
Boyd's
Bakery Cor. Spence & Portage Ave
Phone 1030.

W. R. FOWLER A. PIERCY.

Royal Optical Co.
327 Portage Ave. Talsími 7286.
Allar nútíðar aðferðir eru notaðar við augn-skoðun hjá þeim, þar með hin nýja aðferð, Skugga-skoðun, sem gjöreyðir öllum ágiskunum. —

Laing Brothers
3 Búðir:
234-6-8 KING ST. Talsími 4476, 5890, 5891
417 McMILLAN AVENUE Talsími 5598
847 MAIN ST. — Tals: 3016

Hafrar, Hey, Strá,
COUNTRY SHORTS, BRAN, CORN, CORN CHOP, BYGG CHOP, HVEITI CHOP, OG GARÐAVEXTIR.
Vér höfum bezta úrval gripafóðurs í þessari borg; fljót afhending

EKRU-LOÐIR

Á til 3 ekru spildur við rafmagns brautina, 5 mílur frá borginni, — aðeins 10 mínútna ferð á sporvagninum, og mölborin keyrsluvegur alla leið. Verð $200 ekran og þar yfir. Aðeins einn fimtipartur borgist strax, hitt á fjórum árlegum afborgunum.—

Skuli Hansson & Co.

Skrifst. Telefón 6476. Heimilis Telefón 2274

Heimskringla.

VÉR HÖFUM

næga skildinga

til að lána yður mót tryggingu í bújörðum og borgar-fasteignum. Seljum lífsábyrgðir og eldsábyrgðir. Kaupum sölusamninga o g veðskuldabréf.

Frekari upplýsingar veita

Skuli Hansson & Co.

56 Tribune Building. Winnipeg.

XXIII. ÁR. WINNIPEG, MANITOBA, FIMTUDAGINN, 24. JÚNÍ, 1909 NR. 39

Komið til Mín!

og skoðið hjá mér hin margreyndu og alkunnu BRANTFORD reiðhjól.

Þau eru langbeztu reiðhjól sem fást hér í Canada, — og líklega þó víðar sé leitað. Ekki þurfið þér að óttast skilmálana; þeir munu koma heim við hvers manns vasabuddu. Komið til mín með gömlu reiðhjólin til aðgerðar.

West End Bicycle Shop,

JON THORSTEINSSON, eigandi.

477 PORTAGE AVE. Winnipeg, Man

Fregnsafn.

Markverðustu viðburðir hvaðanæfa.

— Uppþot varð á þingi Breta í síðustu viku. Það var verið að ræða um fyrirhugaða komu Rússakeisara þangað til lands. Þá stóð upp einn sósialisti, og kvaðst vona, að keisarinn fengi það, sem hann verðskuldaði, þegar hann kæmi á brezka grund. Forseti ávítti hann fyrir ræðuna, og kvað hana vera bókstaflega eggjan til lýðsins að myrða keisarann. Hinn svaraði með því, að segja, að keisarinn væri ekkert annað en morðvargur.

— Saga er sögð af 10 ára gömlum pilti í Vinarborg, sem talinn er að vera hálfviti, en hefir þó svo gott minni, að vísindamenn undrast yfir því. Til þess að sýna almenningi þessa einkennilegu gáfu piltsins, var tilraun gerð á honum á fundi fræðimanna þar í borginni fyrir nokkrum tíma, og ýmsar spurningar lagðar fyrir hann, og svaraði hann þeim reiprennandi og umhugsunarlaust, og reyndust öll svörin rétt. Hann sagði til dæmis, hvað sá vikudagur héti, sem bæri upp á vissan mánaðardag á sl. 10 árum, eða eins langt fram í tímann og spyrjendur óskuðu að vita, — alt fram að 2000 og aftur að árinu 1000, en utan þessara tímatakmarka gat hann eigi svarað. Þegar hann var spurður að því, hvernig stæði á að hann gæti svar að svo rétt um alla daga milli áranna 1000 og 2000, þá kvaðst hann hafa stúderað þann kafla tímatalsins. En læknarnir á vitfirringaspítala, sem piltinum er á, kvað hann aldrei líta þar í neina bók. Vísindamenn eru ráðþrota að skilja í þessari minnisgáfu piltsins.

— Hvers vegna Englendingar eru að verða óhæfir til hernaðar, var leitt í ljós í ræðu, sem bysk-upinn yfir Lundúnum flutti nýlega, þar sem hann sýndi fram á mismuninn, sem væri á hinum fátæku og ríku þar í borginni. Hann sýndi fram á, að við æfingarskóla drengja þar í borginni mætti sjá, hver undra munur væri á vexti og þroska þeirra drengja, er væru af ríkum foreldrum komnir og hinna, sem eldust upp við allsleysi. Þeir síðarnefndu væru smáir vexti og þróttlausir, og þannig yrðu þeir þegar þeir næðu fullum þroska, og þetta væru mennirnir, sem ætlast væri til að verðu hið brezka ríki á sjó og landi, ef til kæmi. En í þessum mönnum gæti landinu ekki verið nein framtíðarvernd. Byskupinn benti á, að í Canada væru Bretar hafðir að háði og spotti fyrir vesalmensku, og að þeir ættu örðugt með, að fá þar nokkursstaðar vinnu, og ef að þessu héldi áfram, þá mundi ríkishollusta verða skammlíf þar í landi. Á Englandi kvaðst hann hafa tekið eftir því, að beztu efnismennirnir væru eyðilagðir með vinnautn. Þeir lærðu það, sem fyrir þeim væri haft, og skoluðu burtu allri sinni mánndáð með áfengis oldrykkju. Þetta kvað hann vera þjóðarmeinið mesta og hin mesta vanvirða og tjón fyrir þjóðina. Af þessu leiddi fátækt alþýðuanar, og hún væri meiri og voðalegri enn almennt væri orð á gert. Hann kvað einn af prestum sínum hafa sagt sér, að ein fjölskylda í Nottingham héraðinu hefði að eins $1.25 inntektir á viku. Það væri kaup drengs. En af því þyrfti $1 í húsaleigu, og heila fjölskyldan yrði því að draga fram lífið á 25 centum á vikú. Hann kvað litlar líkur til þess, að piltur þessi fengi miklar mætur á kirkjum landsins, eða guði þeim, sem þar væri prédikaður, meðan fjölskyldan væri í þessu ástandi. Með slíkri örgirð væri ómögulegt að ala upp hrausta þjóð, sem gæti átt varanlega framtíð í vændum.

— Nýlega er látinn í Parísarborg auðugur kaupmaður að nafni Chauchard, ókvæntur. Hann eftirskildi fátæklingum borgarinnar 400 þús. dollara og verkamönnum sínum 600 þús. dollara. Blaðstjóra einum eftirskildi hann málverk sín, myndastyttur og skrautmuni, sem talið er 4 milión dollara virði. — Hann gaf ýmsum mannúðar og góðgerðastofnunum stórar fjárupphæðir og einum vísindamanni gaf hann 3 miliónir dollara.

— Þjóðskuld Breta var þann 31. marz 3,776 miliónir dollara.

— Nefnd hefir verið kosin í London til þess að íhuga möguleika á að fá lækkað gjald fyrir hafþráða orðsendingar innan brezka veldisins, svo að hvert orð, sem sent er, verði ekki yfir 2 cents. Nefndin á að leggja fram skýrslu um starf sitt þann 25. þ.m.

— Eldur kom upp í stórhýsi einu í New York borg 15. þ.m. og brendi það til ösku. Þrjú hundruð manna bjuggu í húsinu og komust allir lífs af, en eignatjónið varð ½ milión dollara.

— Lagafrumvarp kom í sl. viku kom fram í Bandaríkja Senatinu um, að veita Filipseyja mönnum sjálfstjórn að 16 árum liðnum. Senator Stone frá Missouri bar fram þessa tillögu og mælti með henni. Hann gat þess, að Bandaríkja og Evrópu auðmenn séu þegar búnir að ná yfirráðum á nær þrem fjórðu af öllum auðsuppsprettum eyja þessara, bæði námum, timbri, vatnsafli og öðrum auðæfum, og að innan 4. ára muni eyjarskeggjar verða orðnir rúðir af öllum auðæfum sínum, ef ekki væri við því spornað. Uppástungan var feld með 44 gegn 21 atkvæðum.

— Það gerast smáar dauðasakir svertingjanna í suður Bandaríkjunum. Í Greenville bæ í Missouri ríkinu vildi það til fyrir nokkrum dögum, að frá telefónstöðinni kom langlínu kall til dóttur Lamptons byskups. Hún heitir Gertrude. Þegar kallið kom, var hún bara nefnd Gertrude Lampton. Byskupinn kvartaði undan þessu og kraðst þess, að hún væri nefnd Miss Gertrude eða Miss Lampton. Hann minti á, að þjónar á talsímastöðvum væru þjónar hins opinbera og ættu að sýna öllum skiftavinum jafna virðingu án tillits til litar eða þjóðernis. Strax og þetta varð hljóðbært um borgina, fóru ýmsir ribbaldar að hafa í heitingum, og liði var safnað til þess að hengja byskupinn, fyrir enga aðra sök en þá, að hann mæltist til þess, að dóttur sinni væri sýnd sams konar kurteisi og öðrum konum bæjarins. Margir heiðarlegir og málsmetandi menn tóku sig saman um að verja byskupinn, og þeim tókst það. En svo fóru þó leikar, að hann varð að flýja úr borginni með alla fjölskyldu sína, til þess að forða lífinu. — Byskupinn og fjölskylda hans voru svertingjar.

— Hjónaskilnaðarmál er fyrir dómstóli í bænum Atlanta, Ga., í Bandaríkjunum. Húsfrú Emma Neal Douglas sækir um skilnað frá manni sínum, A. E. Lee Douglas, og færir til saka fáheyrða nísku bónda síns. Douglas þessi er verzlunarmaður þar í borginni, og er talinn að eiga hálfa milión dollara virði í föstum og lausum eignum. En kona hans, sem nú sækir um skilnað, á einnig í sínu eigin nafni 300 þúsund dollara virði af eignum og peningum, því hún er dóttir T. B. Neal, eins auðugasta borgara í Atlanta borg. Þau hjón hafa verið gift síðan árið 1892. Fyrir réttinum segir konan, að bóndi sinn hafi fyrst byrjað á að sýna nízku sína, þegar þau voru á giftingartúrnum. Þá lét hann hana borga fyrir hverja máltíð, og neyddi hana til þess að jafna þá reikninga á hverjum mánuði. Aldrei gaf hann þjónum neina vasapeninga eða nokkra þóknun fyrir umönnun þeirra fyrir þeim hjónum, svo hún varð að borga þjónunum af sínu eigin fé. Enn fremur lét hann hana borga allan kostnað við uppihald þeirra gesta, sem komu að finna hana, og engum gesti mátti hún bjóða á heimili þeirra hjóna, nema með skriflegu leyfi bónda hennar. Hann kvartaði um það við hana, þegar vinnufólk þeirra fékk nokkuð annað að éta en brauð, og hann leyfði að eins að hafa eitt ljós í húsinu, hvernig sem á stóð. Bóndi hennar sá um eignir konu sinnar, og hafði fyrir það 5 þúsund dollara á ári í ómakslaun. En hann heimtaði þó, að hún þess utan borgaði sér árleg laun. Eitt af fylgiskjölum málsins, sem konan lagði fram í réttinn með kæru sinni, er samningur, sem Douglas vildi láta konu sína undirrita. Þar er nákvæmlega tekið fram, hvernig þau hjón skuli hegða sér gagnvart hvort öðru. Eitt atriðið í þeim samningi er það, ef þau verði ósátt út af einhverju atriði, þá skuli sá málsaðilinn, sem leiti sætta, opinberlega biðja fyrirgefningar og þola að láta kyssa sig eitt hundrað kossa. Konan segir, að bóndi sinn hafi einu sinni hegnt sér með þessum kossalátum, svo að hún hafi veikst af því.

— Prófessor George B. Foster, kennari við háskólann í Chicago og prestur í baptista kirkjunni hefir verið kærður um vantrúarkenningar í bók, sem hann hefir nýlega ritað um "Verksvið trúarinnar". — Séra Johnson Mayers ákærði hann á prestaþingi baptista, sem haldið var þar í borg. Hann krafðist þess, að prófessorinn væri rekinn frá embætti við skólann og og prestleyfi tekið af honum. Eftir 4 klukkustunda bitrar umræður samþykti þingið með 37 atkvæðum gegn 14, að ekkert væri athugavert við kenningar eða hegðun prófessors Fosters. En ákærandinn var nefndur ýmsum óprestlegum nöfnum. Hundrað prestar sóttu þetta þing.

— Þau lög gengu í gildi í Washington ríkinu þann 10. þ.m., að þar sem brúðurin er undir 45 ára aldri verða brúhjónaefnin að sýna heilbrigðisvottorð frá lækni til þess að geta orðið gefin saman í hjónaband. Fyrsta daginn eftir að lögin gengu í gildi, komu 10 pör til presta í Seattle borg., öll með læknisvottorð. En tvö pör komu vottorðslaus, og var þeim synjað giftingar. Kvæðust þá mennirnir mundu skreppa með stúlkur sínar norður til British Columbia og kvongast þeim þar.

— Jarðfræðingar Bandarikjanna segja hiklaust, að framvegis muni þjóðin fá ljós, hita og afl úr mótekju héruðum landsins. Það er álit þeirra, að mórinn í mótekju héruðunum í landinu megi teljast 3.00 tonnið, og að mótekja ríkjanna sé í minsta lagi 38 bilión dollara virði. En það eru meiri auðæfi heldur en felast í landeignum, skuldabréfum, verkfærum og byggingum bænda í Bandaríkjunum. Mest eru mótekju-héruðin í austurhluta Dakota ríkjanna, Minnesota, Wisconsin, Michigan, norðurhluta Iowa, Illinois, Indiana, Ohio, New York, New Jersey, Virginia, North og South Carolina og Florida. Tilgangurinn er, að byrja á framleiðslu ljóss, afls og hita úr þessum mótekjuhéruðum.

— Kona ein andaðist nýlega í New York. Hún var ekkja eftir mann, sem átti stórt gólfdúkagerðar verkstæði. Konan var talin 8 milión dollara virði. Í erfðaskrá sinni ánafnaði hún eitt þúsund dollara hverjum þeim verkamanni, karli og konu, sem unnið hefðu í verksmiðjunni um 20 ára tíma. — 350 manns fengu sitt þúsundið hver.

— Kenneth Murray, 44 ára, drap sig á vindrykkju í Annapolis bæ í Nova Scotia, 10. þ.m. Hann dó afar kvalafullum dauða eftir að hafa drukkið nokkur dúsin flöskur af sterku rommi, whiskey og 'gin' og öðrum áfengum drykkjum. — Hann hafði verið á fyllitúr í nokkra daga og drukkið yfir 50 flöskur af víni, þar af 12 flöskur af "Bay" rommi. Hann eftirskilur ekkju og nokkur ung börn.

Íslendingadagurinn

Nefndin, sem kosin var til að veita þjóðhátíð vorri forstöðu þetta ár, hefir starfað ötullega að því máli og allmiklu afrekað nú þegar. Þjóðhátíðin verður haldin í River Park, eins og undanfarin ár, og er það óefað, þegar á alt er litið, langbezti staðurinn, sem völ er á.

Ræðumenn og skáld eru þegar fengnir til að mæla og kveða fyrir minnum, og verða nöfn þeirra auglýst síðar.

Verðlaun öll fyrir íþróttir eru þegar ákveðin, og þegar sú skrá verður birt, munu menn sjá, að nefndin hefir þar eigi flipt við neglur sér, og mun óhætt að fullyrða, að enginn annar sérstakur þjóðflokkur hér gefur jafnhá og margbreytt verðlaun fyrir þjóðlegar íþróttir sín á meðal, á samskonar gleðifundum.

Aflraun á kaðli verður, eins og áður, milli kvæntra manna og ókvæntra, og verða forstjórar fyrir hverja hlið auglýstir síðar.

Í þetta skifti býður nefndin þrenn verðlaun, $25, $15 og $10 — alls $50 — fyrir 10 mílna kapphlaup. Er ætlast til, að þeir, sem taka þátt í því, mætist allir á vissum stað og tíma, líklega að morgninum, hér inni í bænum, og hlaupi eftir vissum strætum suður í River Park og endi þar hlaupið. Óskar nefndin, að sem allra flestir taki þátt í þessu, svo að sem mest á beri, enda er fyrir góðum verðlaunum að vinna. Hjólreiðamenn verða látnir fylgja þeim sem hlaupa, alla leiðina.

Svo eru íslenzkir íþróttamenn mintir á það, að nú er aftur að keppa um hinn ágæta verðlaunabikar, er þeir Clemens, Árnason og Pálmason gáfu í fyrra, og sem hr. K. Backman vann þá. Það er að vísu ekki peningar í vasann, en hin mesta virðing, að verða þar fremstur yfirleitt.

TINDASTÓLL, ALTA.
14. júní 1909.

Ritstjóri Heimskringlu.

Heiðraði fornkunningi. — Það er orðið langt síðan ég hripaði þér línu, því ýmislegt annað lætur mér betur en ritstörf. En ég get ekki á mér setið nema að þakka þér fyrir frjálslyndi Heimskringlu í öllum málum, er varða Íslendinga austan hafs og vestan, en þó sérstaklega í trúmálaþrætum V.-Íslendinga. Ég lít alt bjartari augum á það mál, heldur enn hr. Lárus Guðmundsson virðist gera. Mér finst Íslendingar hér vestan hafs vera svo langt á leið komnir í siðmenningu, mentun, frjálsræði og göfuglyndi, og þeirra aðalstefna sé meiri framför, meiri rannsókn, eins í biblíulegum fræðum, sem öðrum fræðigreinum, — að ég á bágt með að trúa öðru en að kirkjuþingsfulltrúarnir, allir í einingu, breyti svo grundvallarlögum kirkjufélagsins, að þau leyfi frjálsræði í biblíulegum fræðum, sem öðrum fræðigreinum, og geri séra Friðrik J. Bergmann að kirkjufélags forseta, og fylgi þannig móðurkirkjunni á Íslandi í skoðununum, eins og lög standa til, og hafi fyrir einkunnarorð:

"Vér hóp skulum halda,
sem tryggum bræðrum ber".

Ekki að eins vér Vestur-Íslendingar, heldur Austur- og Vestur-Íslendingar.

"Vér mótmælum allir", sagði frelsishetjan Jón Sigurðsson. Eins segjum vér, kirkjufélagsfulltrúarnir, fyrir hönd safnaðanna: Vér mótmælum allir stefnu prestanna og hinni úreltu stefnu kirkjufélagsins, en viljum hafa séra Friðrik J. Bergmann fyrir kirkjufélagsforseta, frelsishetjuna Vestur-Íslendinga, sem neitar að vera bundinn sem tarfur á bás, eða að binda aðra við sögulegar trúarjátningar og mannasetningar.

Þetta er mín skoðun á meiri hluta Vestur-Íslendinga, og þetta verður að koma fram, ef ekki á þessu þingi, þá í nálægri framtíð. Það sýnir Garðar-söfnuður, sem gengur á vaðið. Hinir koma á eftir. J. B.

OGILVIE'S

Royal Household Flour

Til Brauð og Köku Gerðar

Gefur Ævinlega Fullnæging

EINA MYLLAN Í WINNIPEG.—LÁTIÐ HEIMAIÐNAÐ SITJA FYRIR VIÐSKIFTUM YÐAR.

Vorprófin.

Prófin í undirbúningsdeildum til innritunar í Manitoba háskólann voru auglýst í síðustu viku.

Þeir Íslendingar, sem útskrifuðust úr undirbúningsdeildunum, eru: J. Árnason, K. J. Austman og A. L. Jóhannsson. Þeir byrja því fjögra ára háskólanám sitt á komandi hausti.

Þeir, sem útskrifuðust úr fyrsta árs bekk undirbúnings deildanna, voru: J. Einarsson, A. Magnússon, John Thorarinsson, Anna Hannesson og hohn Nordal.

Eftirfylgjandi teljast og útskrifaðir úr fyrsta árs bekk með því að taka próf í eftirtöldum fögum: Í sögu S. Stefánsson, í rúmmálsfræði og bókstafareikningi E. J. Helgason.

Þessir stóðust próf í nefndum fögum: Hallgrímur Johnson í reikningi, Jón Árnason í sögu og R. S. Bergman í þýzku.

Þessir útskrifast úr undirbúningsdeildunum, ef þeir þola próf í eftirtöldum fögum:

S. E. Björnsson í enskum bókmentum, S. J. Sigfússon í enskum bókmentum, M. Kristjánsson í stil, Paul Bardal, Sig. Bardal, M. Kristjánsson og G. O. Thorsteinsson, allir í þýzkri málfræði, og Hallgrímur Johnson í latneskum bókmentum.

Fundar-yfirlýsing

Ár 1909, hinn 15. dag júnímánaðar var fundur haldinn í Sólheimasöfnuði á heimili Friðriks Guðmundssonar. Fundarstjóri var kosinn Friðrik Guðmundsson og skrifari Páll Tómasson.

Meðal annara mála var rætt um, hvort söfnuðurinn ætti að beiðast inngöngu í kirkjufélagið á kirkjuþingi því, sem nú væri auglýst 24. þ.m. Og eftir talsverðar umræður var samþykt svofeld fundarályktun:

"Fundurinn lítur svo á, að sameiginlegur félagsskapur með öllum íslenzkum, réttkristnum lúterskum söfnuðum sé lífsnauðsynjamál, en að núverandi ástand kirkjufélagsins hendi meira til sundrungar, en ákjósanlegrar, kristilegrar samvinnu, og þar af leiðandi, að hinum lofsverða tilgangi með slíkum félagsskap, verði ekki náð, meðan svo standa sakir.

"Hinsvegar vill fundurinn taka það sameiginlegt álit sitt fram, að hin svo nefnda nýja guðfræði sé ekki annað en eðlileg afleiðing og útlistun hins eldra rétt-trúnaðar, þegar ofstæki, staðlausar ófræingar og getsakir fær engu í spilt.

"Af framangreindum ástæðum sér söfnuðurinn sér ekki fært að ganga í kirkjufélagið að svo stöddu, en óskar jafnframt og vonar, að þetta kirkjuþing sé skipað þeim mönnum, sem með viti og djörfung ráði þessum málum til heppilegrar niðurstöðu fyrir framtíð kirkjufélagsins, svo allir íslenzkir söfnuðir finni sér huggun, vernd og traust í skjóli þess á ótal ókomnum árum".

FRIDRIK GUDMUNDSSON,
fundarstjóri.

PÁLL TÓMASSON,
skrifari.

SPURNING. — Við grófum skurð gegn um flá og settum hann í kýl, á að gizka 40 faðma langan, norðanverðu á vegastæði, og gáfum sveitinni þessa vinnu. En nábúi vor, sem átti land sunnan við vegstæðið, gróf skurð með allri hliðinni og setti hann í okkar skurð þvert yfir vegstæðið. — Er hann ekki skyldugur að brúa hann sjálfur, eða á sveitin með aðl eggja til þess fé af sveitarfé norðanbúa?

Gjaldandi.

SVAR. — Sunnanbúi er skyldur, að bæta á eigin kostnað þær skemdir, sem hann gerði á vegstæðinu með því að grafa það í sundur. En hins vegar hefir sveitarstjórnin vald til þess, að láta brúa yfir skurðinn á vegstæðinu, og að borga þann kostnað af fé sveitarinnar, og er þá sú upphæð bein gjöf til þess manns, sem gróf vegstæðið í sundur, og sem sjálfur hefði orðið að borga brúarkostnaðinn, ef sveitin hefði ekki borgað það fyrir hann. Fyrir það veglyndi er sveitarstjórnin ekki brotleg að lögum. Ritstj.

— Átta sólarhringa stórrigningar í Panama ríkinu hafa gert talsvert tjón. Heil héruð eru þar þakin vatni, og allar stórelfur hafa flætt yfir bakka sína. Engar skemdir hafa þó orðið á skipskurðinum mikla, sem Bandaríkjamenn eru að grafa þar.

— Montreal borg hefir yfir 7000 vínsöluhús. Hvert þeirra borgar til bæjarins eitt þúsund dollara á ári. Borgarstjórnin þar tekur því inn yfir 7 miliónir dollara árlega fyrir vínleyfi, og hyggur að sú tekjugrein muni heldur fara hækkandi framvegis.

Giftingaleyfisbréf

selur Kr. Ásg. Benediktsson
540 Simcoe st. Winnipeg.

Wall Plaster

Með því að venja sig á að brúka **"Empire"** tegundir af Hardwall og Wood Fibre Plaster er maður hár viss að fá beztu afleiðingar.

Vér búum til:

"Empire" Wood Fibre Plaster
"Empire" Cement Wall "
"Empire" Finish "
"Gold Dust" Finish "
"Gilt Edge" Plaster of Paris
og allar Gypsum vöruuteg-undir. —

Eigum vér að senda yður bækling vorn?

MANITOBA GYPSUM CO. LTD

SKRIFSTOFUR OG MILLUR I

Winnipeg, - Man.

Heimskringla

Published every Thursday by The Heimskringla News & Publishing Co. Ltd

Verð blaðsins í Canada og Bandar $2.00 um árið (fyrir fram borgað). Sent til Íslands $2.00 (fyrir fram borgað af kaupendum blaðsins hérlendis $1.50.)

B. L. BALDWINSON
Editor & Manager

Office:
729 Sherbrooke Street, Winnipeg
P.O. BOX 3083. Talsími 3512.

Sambandslögin nýju.

Á síðasta þingfundi sameinaðs alþingis, 8. maí, las forseti sameinaðs þings (Sk. Th.) upp yfirlitsskrá yfir þau mál, er alþingi hafði fjallað um. Að lokum fórust honum orð á þessa leið:

"Þó að ýms þeirra mála, er alþingi hefir samþykt til fullnaðar á þessu þingi, sem nú er á enda, séu að vísu eigi þýðingarmikil, fremur en vant er að vera, þegar litið er á allan málaflöddann, sem alþingi afgreiðir, þá eru þó sum þeirra þess eðlis, að þau hljóta að hafa mikla þýðingu fyrir þjóð vora á ókomnum tímum, svo sem háskólalögin og aðflutningsbannslögin.

"Bæði þessi lög munu verða þess valdandi, að alþingis verður lengi minst, þar sem hinum fyrneindu er ætlað að efla og glæða vísindi hjá þjóð vorri, en hinum siðarneindu, að auka siðgæði og afstýra böli og ófarnaði, er áfengisnautninni er samfara.

En sérstaklega eru það þó ein lög, er alþingi hefir samþykt að þessu sinni, SAMBANDSLÖGIN, er geyma munu nafn alþingis 1909 langt fram eftir öldum, þar sem það er nú í fyrsta skifti síðan landið glataði frelsi sínu, árið 1262, að sjálfstæðiskröfur þjóðarinnar hafa komið fram í skýrri og ákveðinni mynd, í svo fullum mæli sem nútíðarhugsjónir þjóðarinnar krefjast.

"Hvað mál þetta snertir, vitum vér að vísu, að því miður verður að líkindum þröskuldur í vegi þess, er til Danmerkur kemur, en vér vonum þó, að það, að alþingi hefir nú skýrt lýst óskum og kröfum þjóðarinnar, svo sem menn telja þær réttmætar, eftir sögulegum og lagalegum rökum, og sem siðferðiskröfurnar, hvað sem öðru líður, ómótmælanlegá sýna öllum, að rétt er, leiði til góðs og hrindi málinu drjúgum áleiðis.

"En þótt árangurinn af starfi þingsins í þessu máli verði lítill í bráð, þá er og líf þjóðanna langt, og í sambandsmálinu skulum vér treysta því, að sá tími komi, er hún fær þeim kröfum sínum framgengt, sem alþingi nú hefir samþykt, ef hún að eins sýnir þrek og þraurseigju.

Látum oss alla treysta því, að jafnvel sú barátta, sem þjóðin þarf að heyja, til þess að ná takmarkinu, getur orðið og verður henni óefað til góðs, kennir henni að meta sig sjálfa, og reyna á krafta sína, til allra góðra framkvæmda".

(Þjóðviljinn).

Heimskringla álítur vel við eiga, að prenta hér að fullu sambandslög þau, er alþingisforsetinn talar um hér að ofan. þau eru þannig:

LÖG UM SAMBAND DANMERKUR OG ÍSLANDS

1. grein.

Ísland er frjálst og fullvalda ríki í sambandi við Danmörku um einn og sama konung og þau mál, er dönsk stjórnarvöld fara með í umboði Íslands samkvæmt sáttmála þessum.

Í heiti konungs komi eftir orðið: "Danmerkur, orðin: "og Íslands".

2. grein.

Skipun sú, er nú gildir í Danmörku um rikiserfðir, trúarbrögð konungs, myndugleika hans og um rikisstjórn, er konungur er sjúkur eða fjarverandi, skal einnig gilda að því er til Íslands kemur. Sé konungur fullveðja, gilda einnig hin sömu ákvæði og nú í Danmörku, þangað til löggjafarvald Íslands gerir þar um aðra skipan.

3. grein.

Þessi eru sambandsmál Danmerkur og Íslands:

1. Konungsmata, borðfé ættmenna konungs og önnur gjöld til konungsættarinnar.
2. Utanríkismálefni. Enginn þjóðarsamningur, er snertir íslenzk mál, skal gilda fyrir Ísland, nema rétt stjórnarvöld íslenzk eigi þátt í og leggi samþykki til.
3. Gæzla fiskiveiða í landhelgi Íslands, að óskertum rétti Íslands til að auka hana. Meðan Danir annast strandvarnirnar njóta þeir jafnréttis við Íslendinga að því er til fiskiveiða í landhelgi Íslands kemur, nema um annað endurgjald semji.
4. peningaslátta.
5. Hæstiréttur, þangað til löggjafarvald Íslands setur á stofn æðsta dómstól í landinu sjálfu. Meðan sú breyting er eigi gerð, skal þess gætt, er sæti losnar í hæstarétti, að skipaður sé þar maður, er hafi sérþekkingu á íslenzkri löggjöf og kunnugur sé íslenzkum högum.

4. grein.

Danir, heimilisfastir á Íslandi, skulu njóta jafnréttis við Íslendinga, og Íslendingar, heimilisfastir í Danmörku, jafnréttis við Dani.

Þó skulu forréttindi íslenzkra námsmanna til hlunninda við Kaupmannahafnar háskóla óbreytt nema réttum stjórnarvöldum beggja ríkjanna semji um aðra skipan á því efni.

5. grein.

Í umboði Íslands fara dönsk stjórnarvöld með mál þau, er talin eru í 3. gr., unz uppsögn ler fram af annari hvorri hálfu, samkvæmt fyrirmælum 7. gr. Að öðru leyti ræður hvort landið að fullu öllum sínum málum.

6. grein.

Meðan Ísland tekur ekki frekari þátt í meðferð sambandsmálanna en um getur í 3. gr., tekur það heldur ekki þátt í kostnaði við þau, nema hvað Ísland leggur fé á konungsborð og til borðfjár konungsættmenna hlutfallslega eftir tekjum Danmerkur og Íslands. Framlög þessi skulu ákveðin fyrir fram um 10 ár í senn með konungsúrskurði, er forsætisráðherra Dana og ráðherra Íslands undirskrifa.

Ríkissjóður Danmerkur greiðir ríkissjóði Íslands eitt skifti fyrir öll 1,500,000 kr., og eru þá jafnframt öll skuldaskifti, sem verið hafa að undanförnu milli Danmerkur og Íslands, fullkomlega á enda kljáð.

7. grein.

Með eins árs fyrirvara getur ríkisþing Dana og alþingi hvort um sig sagt upp sáttmála þessum að nokkru leyti eða öllu, þá er 25 ár eru liðin frá því, er hann gekk í gildi. Ákvæði sáttmálans um konungs-samband, sem og um borðfé til konungs og konungsættmenna, verður þó eigi sagt upp.

8. grein.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Minni Íslands.

EFTIR
HJÁLMAR GÍSLASON.

Flutt á fagnaðarsamkomunni er G. T. stúkurnar héldu, 8. júní 1909.

Heiðruðu tilheyrendur, konur og menn!

Ég hefi tekist þann vanda á hendur, að minnast fósturjarðarinnar hér í kveld, vanda, sem ég veit vel að ég er ekki vaxinn. En það gengur oft svona, að maður fyrir þægð og meinleysi tekst ýmislegt á hendur, sem maður er ekki fær um að geta svo í lagi fari. Við höfðum séð þess getið í blöðunum ekki alls fyrir löngu, að það væri ekki nema fyrir sérfræðinga, að mæla fyrir minni. Ég er ekki sérfræðingur í þeirri grein, hefi aldrei fyr mælt fyrir minni hvorki manns eða moldar. Þið megið því ekki taka hart á mér, þó ykkur finnist vansmíði eða ósnið á erindinu.

Það, sem hefir dregið okkur sam an á þennan stað, er sameiginleg gleði okkar yfir því, að vínbann er nú lögleitt á Íslandi. Við bindindismenn vonumst eftir, að þessi vínbannslög verði fósturjörð vorri til meiri blessunar, en nokkur lög, sem áður hafa verið afgreidd af alþingi. Mundum við hafa safnast hingað til að halda fagnaðarhátíð, þó bindindismálið hefði unnið sams konar sigur einhverssstaðar annarsstaðar? Við hefðum sannarlega mátt gera það sem bindindismenn, sem Goodtemplarar, því sigurinn frá bindindislegu sjónarmiði gat verið stærri, ef um stærri þjóð hefði verið að gera. En mig grunar, að ef sigurinn ekki hefði verið íslenzkur, mundum við hafa setið kyr á skákinni, og farið hvergi. Hvers vegna? Vegna þess, að við erum meira íslenzkir bindindismenn, heldur enn blátt áfram bindindismenn. Okkur eru íslenzk bindindismál skyldari en almenn bindindismál, af því við erum Íslendingar. Af því við erum Íslendingar rennur okkur blóðið til skyldunnar. Af því við erum Íslendingar, gleðjumst við af hverju því, sem við álítum Íslandi til heilla og hamingju. En hryggjumst af hverju því, sem við álítum Íslandi til tjóns og óheilla. Með öðrum orðum: það að vera Íslendingur, er að elska Ísland, sem föðurland sitt Sá, sem ekkert land elskar, hann á ekkert föðurland. Ég ætla ekki að fara neitt út í þá sálma, hvort maður er skyldugur til að elska föðurland sitt eða ekki. Ekkert að minnast á það, hvort við erum skyldug til að vera Íslendingar eða ekki. Því hvað sem skyldunni líður, þá erum við Íslendingar, getum ekkert að því gert. Ættjarðarástin er greipt inn í huga og sálarlíf flestra manna. Eða réttar sagt: ættjarðarástin er partur af manni sjálfum, hvort sem maður veit af því eða ekki. Við eigum flest einhverjar hugljúfar endurminningar frá æskustöðvunum, frá bernskudögunum, meðan lífsáhyggjurnar og sorgir þyngdu ekki á hugum vorum. Meðan gleðin var óblandin og barnsleg. Meðan vonafleyið bar okkur óhult yfir útsæ framtíðarinnar, og hafði ekki neitt af boðum eða blindskerjum að segja, en traust á lífinu, hamingjunni, mönnunum, guði, og bjartsýni æskunnar blésu byr í seglin. Lífið hefir svo leikið oss á ýmsa vegu. "Margir finna fennt í skjólin fagran kring um bernskuhólinn". En við eigum flest einhvern bernskuhól, einhvern sólskinsblett hlýrra endurminninga í hugskoti voru, sem bundinn er við æskustöðvarnar, föðurlandið, samþjóð, fólkið, þjóðernið, tunguna. Allir, sem eitthvað eiga af þessu tagi, eiga einhvern snefil ættjarðarástar. Við þurfum ekki lengi að leita í verkum skáldanna okkar, til að finna, að safn þeirra er mikið og fagurt, og bönd þau, sem þannig binda þau við ættjörðina eiga sér djúpar rætur í sálarlífi þeirra. Ég ætla að eins að minna á vísuna þá arna úr kvæðinu "Sólskrikjan", eftir Þ. E.:

"Sú rödd var svo fögur, svo hljúfáf og hrein,
sem hljómaði til mín frá dálítlum runni.
Hún sat þar um nætur og söng þar á grein
svo sólfögur ljóð um svo margt sem ég unni,
kvöld eftir kvöld söng hún ástarljóð ein.
Ó! ef þú vissir hve mikið hún kunni.

Ef þetta er ekki bergmál hreinnar, innilegrar, djúprar ættjarðarástar, þá hefi ég aldrei heyrt slikt bergmál. Sólskrikjan á engin orð, en samt sýngur hún "sólfögur ljóð um svo margt sem ég unni". — vegna þess, að rödd hennar er rödd frá minninga heiminum. Við hana er tengt svo margt barnslegt og fagurt. Hún berst að eyra eins og sjálfkrafa bergmál sólbjartra æskudaga, sem við eigum enn þá inst í hugskoti voru. Það er til önnur tegund ættjarðarástar meðal okkar Íslendinga, sem gætir mikið í íslenzkum skáldskap. Það er sú ættjarðarást: að elska landið fyrir sögu þess og frægð forfeðra vorra. En þar vantar svo oft tilfinninguna, hún líkist svo oft heilagleik þess manns, sem gengur út á stræti til að signa sig. Okkur Íslendingum er svo eiginlegt að elska íslenzka náttúru, og sameiginleg ást skapar sameiginlegar vonir og dregur okkur saman.

Hverjar eru nú vonir okkar um framtíð Íslands? Þær eru auðvitað dálitið mismunandi eftir því, hvað hverjum fyrir sig er hugleiknast. Einn hugsar um pólitiskt frelsi og sjálfstæði; annar um verklegar framfarir; þriðji ef til vill um trúarlíf, o. s. frv.

Margir vona, að Ísland verði með tímanum auðugt og fjölment land. Sú von er vissulega fögur, og margar líkur til, að hún rætist. Mannsandinn er alt af að leggja undir sig fleiri og fleiri lönd í heimi möguleikanna. Alt af opnast nýir og greiðari vegir til þeirra hluta, sem til lífsframfærslu og lífsþægínda eru nauðsynlegir; svo ómögulegt er að giska neitt á hve langt kemst að lokum. Mín helgasta von um framtíð Íslands, er ekki von um krónufjölda eða höfðafjölda. Þó hvorutveggja sé gott undir hæfilegum kringumstæðum. Þegar ég heyri sagt frá auðlegð einhverrar þjóðar, þá vaknar strax hjá mér sú spurning, hvort þessi auðlegð sé þjóðinni í heild sinni til blessunar. Eða hvort hún sé brúkuð til að hneppa einn hluta þjóðarinnar í þrældóm strits og örbirgðar, en leggja annan hluta hennar í vöggu ónytjungsskapar, iðjuleysis, óhófs og siðleysis. Og þegar talað er um höfðafjöldann, þá kemur spurningin um menningarstigið. Eru t. d. Kínverjar fremsta þjóð heimsins, eins og þeir eru fjölmennastir? — Mín helgasta von um framtíð Íslands er sú: Að íslenzka þjóðin, þrátt fyrir það þó hún verði smæsta þjóð heimsins, þá standi hún þó hverri þjóð jafnfætis, hvað þroska mannvits og siðgæðis snertir.

Ég veit ég þarf ekki að taka það fram, hve þýðingarmikið það er í þessu tilliti, að þjóðin hafi stjórnarfarslegt frelsi og sjálfstæði. Þrælinn vinnur að eins eftir því, sem húsbóndinn rekur hann áfram, hæfileikar hans koma ekki til greina nema að litlu leyti. Farsæld hans er undir brjóstgæðum húsbóndans komin. Sjálfur er hann ekki neitt. Alveg eins er með þjóð, sem er í ánauð, hún getur ekki notið hæfileika sinna, og framtíð sína á hún algerlega undir þeirri þjóð, sem stjórnar. Ég vona, að Íslendingar fái fullkomið sjálfstæði áður en langt líður. Jafnvel þó að mínú áliti þeir standi nú ver að vígi en að undanförnu. Og ég vona þegar þeir hafa öðlast það, þá muni litla þjóðin norður við heimsskautsbauginn stiga hvert sporið af öðru til heilla og framfara, og stundum verða á undan grannþjóðunum, eins og hún hefir í þetta sinn orðið hvað vínbannið snertir. Ég trúi því fastlega, að Ísland beri í skauti sínu margfalda möguleika til efnalegrar velgengni þeirra, sem á því búa, við það, sem menn enn þá færa sér í nyt, og ég veit, að með tímanum læra menn að nota þá. En spurningin er þessi: Mun íslenzka þjóðin bera gæfu til að njóta þessara möguleika, þessara lífsskilyrða sjálf, eða munu þeir lenda í höndum einstaklinga, sem síðar skamta henni úr hnefa.

Ég gat þess hér að framan, að við værum hér í kvöld til þess að fagna yfir sigri bindindismálsins á fósturjörð vorri. Ég veit við fögnum því öll, hvert á sinn hátt. Margir hafa aðallega fyrir augum féð, sem útlendir vínsölumenn hafa hrifið úr vösum Íslendinga, því það fé hefir oft verið tekið þaðan, sem síst skyldi. Ég hefi ekki við hendi neinar skýrslur, sem gefið gætu hugmynd um, hve mikið það fé er. Enda er það ekki aðal atriðið fyrir mínum augum. Efst í huga mínum er fólkið sjálft, sem áfengisnautnin hefir eyðilagt. Það eru hæfileikarnir og menningin, sem drukknað hafa í áfengisflóðinu. Það eru vonirnar, sem að engu hafa orðið fyrir áhrif þess. Það eru tárin, sem þess vegna hafa fallið. Það eru tilfinningarnar sem það hefir meitt. Það eru kærleiksböndin, sem það hefir slitið. Það eru íslenzku heimilin, sem það hefir eyðilagt. Við skulum hugsa okkur ungan mann og konu, sem taka saman höndum, og leggja út í það, sem nefnt er hjúskapur. Við skulum ekki hugsa okkur konuna neitt betri en þið kvenfólkið eruð yfirleitt, og manninn ekki neitt verri en við erum yfirleitt. Við getum hugsað okkur, að maðurinn hafi verið drykkjumaður, sem hefir lofað konunni sinni að hætta að drekka, eða við hugsum okkur hann sem hófsemdarmann, sem engin hætta er á, að verði nokkurntíma drykkjumaður. Við skulum fylgja þessum hjónum í hugarinum fram eftir lífsleiðinni. Við vitum öll, að þau eiga sér framtíðarvonir, þau hafa bygt sér marga loftkastala, þau hafa margvísleg áform fyrir framtíðina. Þau leggja á stað bjartsýn og vongóð, beita kröftum sínum og hæfileikum í baráttunni. En baráttan verður oft harðari, örðugleikarnir fleiri, en í fyrstu var ráð fyrir gert. Maðurinn fer að finna til þreytu. Hafi hann verið drykkjumaður, þá fer freistingin til vinnautnar að gægjast fram, hann þarf ekki að vera verri maður en ég og þú, þó honum verði það á, að rjúfa heit sitt einu sinni, hann ætlar ekki að gera það oftar. En eftir að það er einu sinni rofið, er hætt við að það verði oftar. Og svo getur farið, að maðurinn sé orðinn drykkjumaður áður en hann veit af. Möguleikarnir á því, að framtíðarvonirnar rætist verða færri og færri. Einn loftkastalinn hrynur eftir annan. Framtíðarheimilið verður fátæklegra með hverju árinu. Kringumstæðurnar til að gefa börnunum gott uppeldi verða verri. Konan þarf ekki að vera kjarkminni en það eruð, þó henni fallist hugur og framkvæmdaraflið lamist. Hún þarf ekki að vera óstöðulausari en þið eruð, þó hún gráti, þegar hún sér framtíðarvonirnar verða að engu og manninn, sem hún elskar, bregðast trausti sínu. Hún þarf ekki að vera verri en þið, þó hún verði skapstygg, þegar alt gengur öðru vísi en átt hefði að vera, og svo verður afleiðingin oft sú, að úlfúð og kalí læðast inn á heimilið í stað ástar og eindrægni. Maðurinn á í stríði við sjálfan sig. Hann langar til að snúa aftur. Hann sér álit sitt og virðingu þverra, framtíðina eyðilagða, heimilisfriðinn farinn. En ástriðan sleppir ekki tökum á honum. Viljakrafturinn lamast, sjálfsvirðingin þverrar, og að síðustu leggur hann árar í bát. Þið segið ef til vill, að þetta séu bindindisöfgar, en ef þið hafið ekki séð eða heyrt neitt þessu líkt, þá hafið þið ekki litið vel í kring um ykkur. Setjum nú svo, að þessi hjón hefðu verið alin upp í landi, þar sem ekkert áfengi er til, engin áfengis ástriða þekt. Eru ekki líkur til, að framtíð þeirra hefði orðið bjartari? Ég fagna vínbannslögunum vegna þess, að ég er sannfærður um, að árangurinn verður sá fyrir íslenzku þjóðina, eftir að lögin ganga í gildi. Munu fleiri vonir rætast; fleiri hæfileikar fá að njóta sin; fleiri hamingjusöm heimili rísa upp. En færri tár falla; færri gröfugar tilfinningar verða fótum troðnar; færri kærleiksbönd slitin; færri heit rofin. Það er því gleðilegt, að hugsa til þess, að íslenzka þjóðin skyldi verða fyrsta þjóðin, sem eignast slik lög.

Áður en ég skil við þetta mál, ætla ég að minnast fám orðum á framtíð íslenzks þjóðernis hér í álfu. Við, sem komin erum að heiman, berum það mál fyrir brjósti. Okkur geðjast illa að hugsa til þess, að íslenzk tunga liði hér undir lok. Málið, sem okkur finst "allri rödd fegra". Okkur fellur þungt að hugsa til þess, að eftirkomendur okkar elski ekki það, sem við elskum: Föðurlandið okkar, tunguna okkar, siðina okkar, þjóðerni okkar. Ég hefi ekki trú á því, að íslenzk tunga og þjóðerni eigi langa framtíð fyrir hendi hér. Og ástæðan er þetta, sem ég hefi sagt hér að framan um ættjarðarástina. Fólk, sem hér elst upp, elskar ekki Ísland á sama hátt og við, sem þar erum uppalin, getur ekki gert það, því bernskuminningarnar eru sterkasti þáttur ættjarðarástarinnar. Sumir geta elskað landið og þjóðina gegn um bókmentir, listir og sögu, en sú ættjarðarást verður aldrei almenningseign. Tungan er sterkasti þáttur þjóðernisins. En mun ekki framtíð íslenzkrar tungu hér vera lýst nærri sanni í þessari vísu eftir þ. þ. þ.:

"Á götunum, skólunum, alstaðar eins
var enskan hið ríkjandi mál,
sem hjó niður íslenzka hugsun og orð,
og hertók svo barnanna sál".

Ég veit, að margir líta öðruvísi á þetta, eru bjartsýnari en ég í þessu. En ef nú íslenzkt þjóðerni á sér skamma framtíð hér í landi, ættum við þá ekki að gleyma því sem fyrst, renna sem fyrst inn í ensku-kanadisku þjóðina? Nei, mér finst við ættum ekki að gera það. Ef við elskum Ísland, íslenzkt þjóðerni og tungu, þá eigum við að leggja við það alla þá rækt, sem við getum. Sýna því allan þann sóma, sem við getum. Það er engin skömm að vera Íslendingur. Eins og Ísland á tilkomumikla, fagra náttúru, þá á íslenzk þjóð sér fræga sögu, listir, bókmentir, bæði að fornu og nýju, og fagrar dygðir. Við ættum að vinna landi voru allan þann sóma, sem við getum. Við ættum að standa saman sem Íslendingar, og einkenna okkur með drengilegri hluttöku í þeim málum, sem miða til gagns og framfara. Það er hinn bezti minnisvarði, sem við getum reist okkur.

Forfeðrum vorum var ætið ant um það, að falla við góðan orðstir, vildu heldur falla með heiðri en lifa við smán. Við ættum að hugsa eins, þó við sjáum fram á, að íslenzkt þjóðerni lifi hér ekki til langframa, þá lifi það sér til sóma. Við ættum að láta okkur ant um, að hvar sem við komum fram sem Íslendingar, þá komum við fram þjóð vorri til sóma. Við stöndum hér saman og vinnum að ýmsum málum, sem Íslendingar. En við hirðum ekki að merkja okkur þessi störf okkar, eins og skyldi. Íslenzkir Goodtemplarar hafa til dæmis bygt þetta veglega hús, sem við erum í. En þess sést aldrei getið sem íslenzka Goodtemplara hússins, heldur Good Templars Hall. Ég hefði viljað sjá skýru letri skráð yfir dyrum þessa húss, að það væri íslenzkt, Íslenzka G. T. húsið, eða því um líkt. Sama er um kirkjurnar, þær heita enskum nöfnum. Ef við ekki eigum að einkenna okkur með því, að taka drengilegan þátt í því, sem til heilla og framfara heyrir, með hverju eigum við þá að gera það. Ef til vill með því, að fara einu sinni á ári út í Park og glíma þar og því um líkt, eða með því að koma saman einu sinni á vetri til að borða skyr og hangikjöt. Ég er ekki með þessu að gera lítið úr Íslendingadeginum eða þorrablótinu, ég hefi ekkert á móti þeim, heldur þvert á móti; en framkvæmdir nytsamra verka eru fegurri og betri minnisvarði yfir íslenzkt þjóðerni.

Ég get ekki látið hjá líða, að minnast á eitt atriði viðvíkjandi Íslendingadeginum, þessum eina degi ársins, sem helgaður er minningu lands vors og þjóðar. Það er atriði í starfsaðferð þeirra, sem hafa á hendi undirbúning hátíðahaldsins. Það er atriði, sem almenningi hefir ekki verið kunnugt um, en það gægðist fram í dagsbirtuna í ritdeilum tveggja manna síðastliðinn vetur. Nefnilega það, að sendir hafa verið menn til að safna gjöfum meðal útlendinga til hátíðahaldsins. Það hefir verið gengið á milli knæpanna og beðist ölmusu. Svo ég ekki brúki harðara orð. En ég segi ykkur í einlægni: ég álít þetta smán fyrir okkur. Ef við getum ekki minst landsins okkar sjálf hjálparlaust, þá skulum við láta það alveg vera. Ég er stoltari fyrir land mitt, þjóðerni, og sjálfan mig heldur enn svo, að ég vilji fyrir nokkurs útlends manns dyr ganga og snikja vindil eða annað til minningar um föðurland mitt, og ég vona, að slikt komi ekki fyrir oftar. En að við minnumst Íslands ætíð eins og sannir menn, sannir Íslendingar. Þökk sé hverjum sem það gerir. Hverjum manni eða konu, sem lyftir merki Íslands með einhverju þarflegu verki, hverjum íslenzkum námsmanni eða listamanni, sem með framkomu sinni, list og hæfileikum eykur orðstir þess.

Lifi íslenzkar listir og bókmentir. Lifi íslenzk tunga. Lifi hinar fornu dygðir Íslendinga, dáð og drengskapur. Lifi ættarmót íslenzkrar náttúru hjá íslenzku fólki, því það eru ættarmót fegurðar og gröfugleika.

Lifi Ísland!!

Sparið Línið Yðar.

Ef þér óskið ekki að fá þvottinn yðar rifinn og slitinn, þá sendið hann til þessarar fullkomnu stofnunar.

Nýtízku aðferðir, nýr vélaútbúnaður, en gamalt og æft verkafólk.

LITUN, HREINSUN OG PRESSUN SÉRLEGA VANDAÐ

Modern Laundry & Dye Works Co., Ltd.
307—315 Hargrave St.
WINNIPEG, MANITOBA
Phones: 2300 og 2301

Þrjú Stór Kjörkaup
Á
Dominion Daginn.

TILBOÐ Nr. 1.
$10.00 fyrir $2.50
1 dúsín AUTO Myndir, í fögrum upphleiptum umgjörðum og svo ein stór mynd (11x14 puml.) gefins frítt með hverju dúsíni. —

TILBOÐ Nr. 2.
$11.00 fyrir $2.75
1 dúsín VICTOR Cabinet Myndir og ein stór mynd (11x14 þuml.) — alt fyrir $2.75. Þetta eru óvanalega góð kjörkaup. —

TILBOÐ Nr. 3.
$22.00 fyrir $7.00
1 dúsín alveg Sérstakar Cabinet myndir, $7.00 dúsínið, í fallegum upphleypt um umgjörðum. Hver sem kaupir þessar myndir fær ókeypis fagra lífs-stærðar ljósmynd 16x20 þuml. Og hver sem kaupir eitt dúsín af 3. tilboðs myndunum á Dominion daginn, [1. júlí] fær ókeypis giltan eða gull- og svartrendan Ramma, — $3.00 virði. Náið í einn.—

ÞETTA TILBOÐ GILDIR AÐEINS Í MYNDASTOFU VORRI Á PORTAGE AVENUE.

Wm. A. MARTEL,
MYNDASMIÐUR.
255½ PORTAGE AVE.
Phone: Main 7764

Lög um áðflutningsbann og áfengi.

1. gr.—Engan áfengan drykk má flytja til Íslands til annara nota en þeirra, sem getið er um í 2. grein, og farið sé með eftir reglum þeim, sem settar eru í lögum þessum. En það er áfengur drykkur eftir lögum þessum, sem í er meira en 2¼ prósent af vínanda (alkóhóli) að rúmmáli. Duft, kökur og annað, er þau efni eru í, sem sundur má leysa í vökva, og í sér hafa fólgið slíkt áfengi, skal fara með sem áfengan drykk.

2. gr.—Heimilt skal stjórnanda eða eiganda iðnaðarfyrirtækis, efna rannsóknarstofu, náttúrugripasafna eða annara þvílíkra stofnana, að flytja frá útlöndum vínanda eða annað áfengi til iðnþarfa og verklegra nota í stofnuninni. Svo skal og heimilt að flytja til landsins vínanda, sem ætlaður er til eldsneytis. Lyfsölum og héraðslæknum skal og heimilt að flytja til landsins vínanda þann og annað áfengi, sem þeim er skylt að hafa til læknisdóma samkvæmt hinni almennu lyfjaskrá. Enn skal smáskamtalæknunum heimilt, að flytja frá útlöndum smáskamtalyf með vínanda í, ef pöntun þeirra fylgja meðmæli hlutaðeigandi lögreglustjóra og sóknarprests. Að lokum skal próföstum þjóðkirkjunnar og forstöðumönnum annara kirkjudeilda heimilt að láta flytja frá útlöndum messuvín, er nauðsynlegt sé til altarisgöngu, þó í því sé meira af vínanda en 2¼ prósent.

3. gr.—Alt áfengi, sem flutt er til landsins frá útlöndum samkvæmt lögum þessum, skal fyrst flytja á land í Reykjavík. Þar skal landsstjórnin skipa sérstakan umsjónarmann áfengiskaupa, og hefir hann á hendi umsjón og eftirlit með áfengiskaupunum, svo sem nánar er fyrirmælt í lögum þessum.

Umsjónarmaður hefir að launum 600 kr. á ári, er greiðast úr landssjóði. Svo fær hann og borgun fyrir húsrúm undir áfengisbyrgðir, vinnulaun handa verkamönnum til aðstoðar og burðargjald bréfa. Ennfremur fær hann endurgjald fyrir efni þau, er með þarf til þess að gera áfengi óhæft til drykkjar.

4. gr.—Nú hefir maður heimild til áfengisflutnings frá útlöndum eftir lögum þessum; og vill hann neyta þessarar heimildar sinnar, og skal hann þá í tæka tíð segja umsjónarmanni áfengiskaupa til um það, hvers konar áfengi og hve mikið hann vill fá og frá hverju verzlunarhúsi, svo og með hverri ferð frá útlöndum. Hann skal og skýra honum frá um leið, til hvers hann ætli að nota áfengið. Svo skal og fylgja beiðninni borgun fyrir flutning til Reykjavíkur og uppskipun þar. Umsjónarmaður sendir þá pöntunina því verzlunarhúsi eða þeim vínsölumanni, sem hún er stíluð til, og beiðist þess, að áfengið sé sent til sín. Skal umsjónarmaður, þegar áfengið kemur til hans frá útlöndum, tryggja sér með rannsókn, að áfengissendingin sé eigi önnur eða meiri en um var beðið. Nú reynist áfengið annað eða meira en um var beðið og skal umsjónarmaður þá endursenda sendanda það tafarlaust, ef annað er en um var beðið, eða það sem umfram reynist, enda er skipstjóra, sem flutti, eða útgerðar manni skips, skylt að taka við því án borgunar á farmgjaldi. Að því búnu skal hann eftir fyrirsögn efnafræðings landsins, sem skyldur er að láta honum aðstoð sína í té, blanda það áfengi, er til iðnaðarfyrirtækja eða eldsneytis er ætlað, þeim efnum, er gera það óhæft til drykkjar, án þess það þó missi notagildi sitt til þess, sem það er ætlað. Því næst skal umsjónarmaður merkja áfengið með embættisinnsigli sínu og segja eiganda til. Eiganda skal þá heimilt að vitja þess, en gjalda skal hann þá um leið kostnað þann, er af blönduninni hefir leitt.

Nú líða svo 12 mánuðir frá tilkynningu umsjónarmanns áfengiskaupa um aðflutning áfengis, að sá hirðir ekki áfengið, er pantað hefir, né lýsir heldur yfir þeirri ósk, að áfengið sé á hans kostnað endursent seljanda, og er þá áfengið með umbúðum eign landssjóðs. Allan ógreiddan kostnað, er leitt hefir af aðflutningnum, má þá taka lögtaki hjá þeim, er áfengið hafa pantað, samkvæmt lögum 16. desember 1885.

Umsjónarmaður ber enga ábyrgð á greiðslu andvirðis fyrir það áfengi, sem aðflutt er.

5. gr.—Skylt er hverjum skipstjóra, er frá útlöndum kemur, að tilkynna lögreglustjóra um leið og hann sýnir skipsskjölin, hvort hann hafi nokkurt áfengi til flutnings fyrir aðra menn, og þá hve mikið. Hann skal og skýra frá, hvort og hve mikið áfengi hann hafi meðferðis sem skipsforða, en óheimilt skal honum, meðan hann er í landhelgi við Ísland, að veita eða selja eða á annan hátt láta af hendi nokkuð af því áfengi, er til skipsforða er ætlað, til annara manna en þeirra, sem eru lögskráðir skipverjar.

Skipstjóri er sekur við lög þessi, ef hann brýtur það, sem nú var mælt.

Nú hefir skipstjóri meðferðis áfengi frá útlöndum, sem ekki er ætlað til skipsforða og ekki á að fara til umsjónarmanns áfengiskaupa, og skal lögreglustjóri þá á hinni fyrstu höfn, er skipið kemur til, setja embættisinnsigli sitt á hin aðfluttu áfengisílát og ábyrgist skipstjóri, að innsiglin séu ekki brotin eða úr ílátunum tekið fyr en skipið er farið alfarið burt af landinu, enda gangi lögreglustjóri úr skugga um það, áður en skip lætur úr síðustu höfn, að innsigli séu heil og ekkert hafi verið tekið úr ílátunum.

6. gr.—Nú strandar skip hér við land og hefir meðferðis áfengi til umsjónarmanns áfengiskaupa eða frá honum, og skal hreppstjóri í forföllum lögreglustjóra þá þegar taka áfengisílátin til varðveizlu og gæta þess, að ekki sé í þau farið. Hann skýrir þegar í stað lögreglustjóra frá, en lögreglustjóri setur embættisinnsigli sitt fyrir ílátin og kemur þeim til geymslu á óhultum stað. Áfengi þetta má lögreglustjóri ekki selja, eða á annan hátt láta af hendi til annara manna, en skýra skal hann með fyrstu ferð réttum eiganda frá björgun áfengisins. Kjósi hann innan 12 mánaða að það sé sent sér á sinn kostnað, skal það gert; ella sé það eign landssjóðs.

Sé um skipsforða að ræða, fer um meðferð áfengis og tilkynning til skipseiganda svo sem fyrir er mælt í grein þessari hér að framan, nema það hafi verið gert óhæft til drykkjar undir umsjón lögreglustjóra, eða eigandi hafi látið flytja það úr landi innan 12 mánaða.

Nú er ókunnugt um eiganda strandgóss, og skal þá áfengið eign landssjóðs, ef eigandi hefir ekki sagt til sín áður en hinn lögskipaði auglýsingafrestur er útrunninn.

7. gr.—Engan áfengan drykk má flytja um landið annan en þann, sem annaðhvort er merktur embættisinnsigli umsjónarmanns áfengiskaupa, svo sem fyrir er mælt í 4. gr. laga þessara, eða þá þann drykk, sem um getur í 6. og 11. grein og farið er með eftir fyrirmælum þeirra greina, nema læknislyf sé úr lyfjabúð eða frá lækni.

8. gr.—Öllum, sem samkvæmt lögum þessum hafa heimild til innflutnings á áfengi, er óheimilt að veita það, gefa, selja eða láta af hendi, nema það sé áður gert óhæft til drykkjar.

Þó mega lyfsalar og héraðslæknar selja mönnum áfenga drykki eftir lyfseðli löggiltra lækna, en þó ekki oftar en einu sinni eftir sama lyfseðli. Um sölu lyfja þeirra, er áfengi er í, setur landlæknir reglur því til trygginga, að áfeng lyf verði eigi höfð til neyzlu, heldur eingöngu til lækninga.

9. gr.—Veitingamenn og vínsölumenn þeir, sem leyfi hafa til vínsölu hér á landi, samkvæmt lögum nr. 26, 11. nóv. 1899, um verzlun og veitingar áfengra drykkja, mega, eftir 1. jan. 1915, ekkert selja hér á landi af áfengisbirgðum þeim, er þeir þá hafa, gefa, veita eða láta af hendi til annara manna. Skulu lögreglustjórar hver í sínu umdæmi þá þegar skyldir til að rannsaka áfengisbirgðirnar, og innsigla þær. Áður en 12 mánuðir eru liðnir, skulu eigendur áfengisins skyldir til að flytja birgðirnar eða láta flytja þær burt af landi, og skulu lögreglustjórar hafa nákvæmt eftirlit með að það sé gert. En alt það áfengi, sem þá er ekki útflutt skal vera eign landssjóðs.

Frá þeim degi, er lög þessi verða staðfest, má ekkert leyfi til vínsölu né vínveitinga veita hér á landi, né endurnýja eldri leyfi.

10. gr.—Um leið og ákvæði 1. greinar um bann gegn aðflutningi áfengis hingað til lands ganga í gildi, skulu lögreglustjórar rannsaka áfengisbirgðir þeirra manna, sem vínsöluleyfi eða vínveitingaleyfi hafa. Jafnframt skulu þeir semja nákvæma skýrslu yfir áfengisbirgðirnar og merkja öll áfengisílát glöggu heimildarmerki á þann hátt, er stjórnarráðið skipar fyrir um.

Þessi rannsókn áfengisbirgða skal endurtekin á 6 mánaða fresti meðan vínsölumenn og vínveitingamenn halda söluheimild innanlands og skulu þá jafnframt ónýtt heimildarmerkin á þeim ílátum, sem tæmd eru.

11. gr.—Þær áfengisbirgðir, sem einstakir menn kunna að hafa í vörzlum sínum 1. janúar 1915, er ekki skylt að flytja burt úr landinu, en eigendur þeirra skulu skyldir, að gefa lögreglustjóra vottorð, að viðlögðum drengskap, um hverjar og hve miklar birgðir þeir hafi. Slík vottorð skal síðan gefa, um hver áramót, um hverjar og hve miklar birgðir séu óeyddar, unz birgðirnar eru þrotnar.

Áfengi það, er hér ræðir um, má aldrei flytja burt af heimili eiganda, nema hann flytji sjálfur búferlum, eða það sé gert áður óhæft til drykkjar.

12. gr.—Nú er maður grunaður um óleyfilegan aðflutning, eða óleyfilega sölu eða veitingu áfengis, og má þá gera heimilisrannsókn hjá honum eftir dómsúrskurði, ef það er talið nauðsynlegt til þess að komast fyrir málið.

Komi það í ljós við heimilisrannsóknina, að áfengi sé í vörzlum þess manns, er rannsókn fer fram hjá, skal hann skyldur til að skýra frá því, hvernig standi á birgðunum. Geri hann það ekki, skal hann teljast sekur um brot gegn 1. gr.

13. gr.—Nú sést maður ölvaður og skal þá heimilt að leiða hann fyrir dómara. Skal hann skyldur til að skýra frá, á hvern hátt hann hefir ölvaður orðið, og þá hvernig og hjá hverjum hann hefir fengið áfengið.

14. gr.—Brot gegn 1. gr. laga þessara varða í fyrsta sinn sektum frá 200—1000 kr.

Brot í annað sinn varðar sektum frá 500—2000 kr.

Brjóti nokkur oftar gegn ákvæðum þessarar greinar, varðar það sektum frá 1000—5000 kr.

Fjárnám fyrir sekt á hendur skipstjóra má gera í skipi hans.

Jafnan skal hið ólöglega aðflutta áfengi verða eign landssjóðs.

15. gr.—Nú sannast það á skipstjóra, að hann skýrir lögreglustjóra rangt frá um áfengi það, er hann hefir meðferðis, og skal hann þá sekur um 200—1000 kr., ef ekki liggur þyngri hegning við samkvæmt lögum, og má gera fjárnám fyrir sektunum í skipi hans.

Brot gegn þeim ákvæðum í lögum þessum, er óheimila að veita, gefa, selja eða á annan hátt láta af hendi áfengi til annara mánna, varða sektum 50—500 kr., ef ekki liggur þyngri hegning við að lögum. Ef brotið er ítrekað, varðar það sektum frá 100—1000 kr.

Sama hegning liggur og við því, ef lyfsali lætur áfengi af hendi án skriflegrar læknisforskriftar, eða oftar en einu sinni eftir sama læknisseðli.

16. gr.—Brot gegn 7. gr. laga þessara varða sektum 50—1000 kr. og skal hið flutta áfengi ásamt ílátum verða eign landssjóðs.

17. gr.—Nú verður læknir sannur að sök um að hafa látið af hendi læknisseðil um áfengi í þeim tilgangi, að það verði notað óðruvísi en sem læknislyf, og skal hann þá í fyrsta sinn sekur um 100—1000 kr., og skal sektin tvöfaldast sé brotið endurtekið. Verði læknir sannur að sök um slíkt oftar en tvisvar, má svifta hann læknisleyfi um stundarsakir, eða að öllu, ef miklar sakir eru.

18. gr.—Allar sektir eftir lögum þessum renna í landssjóð.

19. gr.—Með brot gegn lögum þessum skal fara sem almenn lögreglumál.

20. gr. Sveitarstjórnum og lögreglustjórum er sérstaklega skylt að sjá um, að lögum þessum sé hlýtt.

21. gr.—Lög þessi skal prenta á íslenzku, dönsku, þýzku, ensku og frönsku og svo mörg eintök að nægi til að senda dönskum verzlunarfulltrúum í öðrum löndum.

22. gr.—Með lögum þessum eru numin úr gildi þau ákvæði laga nr. 26, 11. nóv. 1899 og önnur lagaákvæði, er koma í bága við lög þessi.

23. gr.—Að svo miklu leyti, sem ekki er öðru vísi ákveðið í lögum þessum, koma þau til framkvæmdar 1. jan. 1912.

ROBLIN HOTEL
115 Adelaide St. Winnipeg
Bezta $1.50 á-dag hús í Vestur-Canada. Keyrsla ókeypis milli vagnstöðva og hússins'á nóttu og degi. Áhlynninig hins bezta. Viðskifti Íslendinga óskast. William Ave strætiskarið fer hjá húsinu
O. ROY, eigandi.

Gimli Hótel
G. E. SÓLMUNDSSON
eigandi
Óskar viðskifta Íslendinga sem heimsækja Gimli-bæ. — Þar er beini beztur í mat og drykkjarföngum, og aðbúð gesta svo góð sem frekast er hægt að gera hana. Hótelið er við vagnstöðina.
Gistið að Gimli-Hótel.

2 Bækur Gefins
FÁ NÝJIR KAUPENDUR AÐ HEIMSKRINGLU SEM BORGA $2.00 FYRIRFRAM, OG ÞESSUM BÓKUM ÚR AÐ VELJA :—
Mr. Potter frá Texas
Aðalheiður
Svipurinn Hennar
Hvammverjarnir
Konuhefnd
Lajla
Robert Manton.
Alt góðar sögur og sumar ágætar, efnismiklar, fróðlegar og spennandi. Nú er tíminn að gerast kaupendur Hkr. Það eru aðeins fá eintök eftir af sumum bókunum.
Heimskringla
P.O. Box 3083, Winnipeg

R. A. THOMSON AND CO.
Cor. Sargent & Maryland St.
Selja allskonar MATVÖRU af beztu tegund með lægsta verði. Sérstakt vörurval nú þessa viku. Vér óskum að Íslendingar vildu koma og skoða vörurnar. Hvergi betri né ódýrari.—
Munið staðinn:—
HORNI SARGENT AVE. OG MARYLAND ST.
PHONE 3112.

F. Deluca
Verzlar með matvöru, aldini, smá-kökur, allskonar sætindi, mjólk og rjóma, sömul. tóbak og vindla. Óskar viðskifta Íslend. Heitt kaffi eða te á öllum tímum. Fón 7756
Tvær búðir:
587 Notre Dame og 714 Maryland St.

DR. H. R. ROSS
C.P.R. meðala- og skurðlækuir. Sjúkdómum kvenna og barna veitt sérstök umönnun.
WYNYARD, — SASK.

S. R. HUNTER & CO
Skraddarar,
189 Lombard Street
Búa til ný-móðins karlmannafatnaði eftir máli.— Efni og vinnubrögð afbeztu tegund, og alt ábyrgst að vera jafngildi þess bezta sem fáanlegt er í borginni. Verðið er við allra hæfi.—
S. R. Hunter & Co.
189 Lombard St.
Telephone 1395.

The Dominion Bank
NOTRE DAME Ave. BRANCH Cor. Nena St.
VÉR GEFUM SÉRSTAK AN GAUM AÐ SPARISJÓDS-DEILDINNI.—
VEXTIR BORGAÐIR AF INNLÖGUM.
HÖFUÐSTOLL - - - $3,983,392.38
SPARISJÓÐUR - - - $5,300,000.00
A. E. PIERCY, MANAGER.

Stefán Johnson
Horni Sargent Ave. og Downing St.
HEFIR ÁVALT TIL SÖLU
Nýjar Áfir
Beztu í bænum. Ágætar til bökunar. 15c gallon

HEIMSKRINGLU og TVÆR skemtilegar sögur fá nýir kaupendur fyrir að eins $2.00.

að hún fengi það bezta af henni, og þegar þar við bættist, að hann borðaði helmingi minna en hún, þá fór hana að gruna ýmislegt og fagrar vonir kviknuðu í huga hennar. Áður en máltíðinni var lokið, voru þau orðin alúðarvinir. Þetta ánægjulegá ásigkomulag var innsiglað með því, að hún tók flösku út úr skápnum með tæru víni á, og þá vogaði Smith sér að segja:

"Maðurinn þinn var víst ekki af þeim elskulegustu eiginmönnum, hefir mér verið sagt?"

Þarna kom hann að því efni, sem henni líkaði. Hún svaraði strax: "Nei, elskulegustu, — fjarri því, — hann var ruddalegur hrotti, — það er rétt lýsing af honum. Ef mér findist ekki, að ég hefði þekt þig í mörg ár, herra Smith", — nú hneigði Smith sig og brosti innilega, eins og honum þætti óviðjafnanlega vænt um þessa tilfinningu hennar, — "þá myndi ég ekki minnast á slíkt við þig. Vinnufólkið á heimilinu talar mjög mikið um þetta, en það eru einfeldningar, sem ég vil ekkert eiga saman við að sælda. Þú þar á móti berð það með þér, að þú ert göfugmenni, það get ég séð með hálfu auga".

"Og ég er viss um, að enginn þarf hálft auga til þess, að sjá að þú ert áreiðanlega heldri kona", sagði Smith.

Ekkjan þakkaði honum með mildu brosi.

"Ó", sagði hún, "það voru einu sinni þeir tímar að margir sögðu þetta um mig, og ég veit í rauninni ekki, hvað hamlar mér frá að fara héðan. Ég fyndi eflaust einhvern, sem vildi taka á móti mér. Og ekki ætti það að vera af peningaskorti, að mér yrði vísað á burt".

"Auðvitað ekki", sagði vinur hennar, "Sir Arthur er neyddur til að greiða þér myndarlegan styrk".

Hún hristi höfuðið.

"Ó, ég býst ekki við miklu af honum, enda þótt hann lofaði mér helmingnum af því, sem Burlston átti að fá í kaup. En ég á til allrar lukku aðra vini, og hefði það ekki verið vegna þessa mannasna, sem ég átti, þá væri ég fyrir löngu komin langt í burtu, þangað sem mér hefði liðið betur".

"Já, en ég geri mér nú þá von, að þú verðir kyr hér hjá mér, frú Burlston".

Nú varð þögn dálitla stund, en svo segir Smith kæruleysislega: "Þú mintist á annan vin, sem þú treystir betur en Sir Arthur?"

"Á — gerði ég það?" sagði Katrín hugsandi. En svo þaut hún alt í einu upp af stólnum, gersamlega umbreytt, og sagði með hásri röddu: "Nei, það gerði ég alls ekki, því það er leyndarmál mitt". Síðan sneri hún sér frá Smith og fór að taka af borðinu.

Nýja skyttan tók sér ekki nærri þessa köldu gusu Hann stóð upp og fór út til að stunda sín störf, þegar hann var kominn góðan kipp frá húsinu, tautaði hann lágt: "Nú—svo það er þitt leyndarmál".

11. KAPÍTULI.

Leyndarmál Katrínar.

Smith kom aftur heim undir kveldverðartímann, en þá var Katrín nærri því í jafn vondu skapi og um miðjan daginn, svo hann varð að byrja aftur að dekra við hana, enda gekk það fljótara fyrir sig nú að vekja hjá henni ofurlitla blíðu og ánægju. Fyrst sættist hún við sjálfa sig og síðan við hann. Eftir

því sem á leið kveldið, urðu þau betri vinir. Flaskan, sem áður var minst á, ásamt smjaðrinu, gátu í sameiningu komið henni til að véra ofurlitið skrafhreifnari. Sérstaklega hneigðist talið að höfðingjunum, sem heima áttu þar í grendinni, og þó einkum, að Sir Arthur og vinum hans. Einnig mintust þau á lafði Redleigh, og staðfesti Katrín allar þær sagnir, sem Smith hafði um hana heyrt. Hún bætti því við, að séra Brown, faðir lafðinnar, væri ánægður með alla hans ráðstöfun í þessu hryggilega tilfelli, og að þeir væru enn þá vinir.

"Mér var sagt þarna heima, að bráðum væri von á öðru brúðkaupi hér í grendinni", sagði Smith þessu næst. "Fólkið sagði, að ungfrú Eva Grosse og hr. Haworthy væru heitbundin".

Katrínu þótti gaman að heyra þetta.

"Er það mögulegt?" sagði hún. "Ég hefi ekki heyrt það fyrri".

"Ja, ég veit ekki annað en það sem mér er sagt. Er það satt, að hún sé fallegasta stúlkan í þessari bygð, síðan lafði Redleigh fór?"

"Máske — ég þekki hana lítið".

"Er hr. Grosse ekkjumaður?"

"Nei, en frú Grosse er veik og liggur alt af í rúminu".

"Einmitt það. Það lítur ekki út fyrir, að hr. Grosse sé vel kyntur í þessari bygð".

"Ég veit ekkert um það, og mér kemur það heldur ekki við". Þetta var sagt á þann hátt, að Smith skildi, að hún vildi ekki um þetta tala.

Smith sat þögull nokkra stund, leit svo fast á Katrínu og sagði: "Þekkirðu Fatheringham jarl?"

Þeim varð báðum bilt við, — henni að heyra þetta nafn nefnt, og honum af því að sjá, hvaða áhrif það hafði á hana.

"Við hvað áttu?" sagði hún hátt og ilskulega,

augun skutu eldingum og hún titraði: "Hvernig dirfist þú að spyrja mig um þetta?"

Vinur hennar flýtti sér að koma með afsökun. "Fyrirgefðu — fyrirgefðu. Ég þekki hann ekkert, mér hefir bara verið sagt, að hann sé helzti maðurinn í þessari bygð. Mig grunaði alls ekki, að þér félli illa við hann".

Það var eins og steini væri létt af ekkjunni, hún varð undir eins blíðari og sagði: "Ég get ekki liðið hann, og þoli ekki að heyra nafn hans nefnt. Ef þú vilt, að við séum vinir, þá bið ég þig að nefna það ekki oftar".

"Ég skal gæta mín, að gera það ekki, og iðrast eftir, að ég gerði það", sagði Smith.

"Ég hefi einu sinni verið þar hjúkrunarkona", sagði Katrín, sem datt í hug, að réttara væri að gefa skýringu fyrir framkomu sinni. "Það var þegar sonur hans dó — lávarður East, meina ég — og síðan get ég ekki heyrt það nafn nefnt, því í fyrsta lagi var lávarðurinn alt annað en sanngjarn við mig".

"Ólukku þorparinn".

"Það varð nú líka síðasta vistin, sem ég fór í. Stuttu síðar giftist ég Burlston og við fluttum hingað". Ekkjan þagnaði nú dálitla stund, en svo bætti hún við, líklega af því, að henni hefir þótt skýring þessi ófullkomin: "En ég ætla að biðja þig um fram alt, að segja ekkert um þetta og minnast ekki á það oftar við mig. Ekki máttu heldur segja vinnufólkinu, að við höfum talað um þetta okkar á milli. Ég þoli ekki stríðið í því".

Smith lofaði henni að minnast aldrei á þetta við nokkurn mann, hvorki hana sjálfa eða aðra. Hann fór nú að tala um annað, og sagði henni ýmsar smásögur af dvöl sinni í Nýja Sjálandi. Þannig leið tíminn, unz kominn var háttatími. —

Næstu dagana eftir þetta flæktist Smith hér og

Handlækningar.

Háttvirti hr. ritstj. Hkr.

Á þessari 20. öld eru nýungarnar svo miklar og margvíslegar, að hávaðinn manna veit lítið og máske ekkert um margt af því, sem framfer, nema þá að frásögn og útskýring þeirra manna, sem stundum vita ekki hvað þeir eru að tala um, eða vilja máske ekki láta vita, hverjir hagsmunir eru við nýungina, svo þeir geti viðhaldið því gamla, misserinu lengur, eða grætt nokkra dollara áður en aðrir þekkja hana, — frámunalega hjáleit. Aftur eru þeir, sem þenja út alla anga vits og slægðar, hrekkja og hroka, til að drepa niður alla nýung að óreyndu. Og sumir útmála ýmsar nýungar 20. aldarinnar eins og leyndardómsfull fyrirbrigði, sem háð væru huldum kröftum eða einhverjum stórveldum innan í hnettinum eða á hafsins djúpbotni, eða þá hinum öslökkvandi eldgýg, svo sem eldgosinu í Martinique, sem drap 40 þúsund manns; stórflóðinu, sem sópaði Galveston burtu og drap 20 þús. manns; og loks jarðskjálftunum, sem eins og Octopus teygja anga sína, ekki að eins til Lissabon eins og 1755, heldur um allan hinn kunna heim, þar sem þeir höfðu orðið svo ákafir í Winnipeg, að flöskur höfðu hrokkið úr palli á einhverjum "saloon", eða glas nærri því farið um koll í "barinu". Já, þvílík ósköp! það er siður en ekki spaug'við slíkt að fást.

Margir eru orðnir svo hrekkjaðir á úrlausn nýunganna, þeirra, sem náð hafa upp fyrir sjóndeildarhringinn, t.a.m. prentlistina, gufuvélina, gufuskipin, eimreiðarnar, telegrafinn, þann víðáusa, automo bilin, loftvélarnar, og Edison með hans ávöxtum, að nú eru flestir hættir að bannsyngja það, — og meira: Hahnemann sálugi, höfundur hómópathiunnar, er nú orðinn "stórkraftur" í heiminum, hvernig sem honum líður að öðru leyti. Ekki ómögulegt, að hann sé "Preses Doctorum" hinumegin.

Það stendur svo á fyrir mér, herra ritstjóri, að ég komst úr skóla, varð "Candidatus", sem hér er nefnt á ensku "Graduate", þ. e., ég útskrifaðist frá þeim fyrsta, fremsta og hæðsta læknaskóla í heiminum, þeirra lækninga, sem ég hefi sérstaklega stundað í rúm fjörutíu ár. Nafn skólans, háskólans, er: "AMERICAN COLLEGE OF MECHANO-THERAPY", chartered by the state of Illinois. — Lækninga aðferðin, sem þessi skóli kennir, er kölluð M e c h a n o - T h e r a p y, og læknirinn, "blessaður doktórinn", er kallaður "M e c h a n o t h e r a p i s t" "sérenúhvað". — Þetta alt er nú fyrir fjöldanum líkt og Flammarion í marz, svo ég vil leyfa mér, að biðja yður, herra ritstjóri, að flytja þessar frumskýringar mínar íslenzkri alþýðu, svo menn geti haft nokkra hugmynd um, hvað eina fyrir sig. Ég treysti velvilja yðar og mun verða stuttorður, í sannfæringunni um, að þekking manna, á þessum skóla, þessari lækninga aðferð, sem þar er kend, og þeim læknum eða doktorum, sem þessa læknis aðferð við hafa, verður innan skams eins kunn og skilin í Canada, eins og hún er um allan hinn gamla heim og Bandaríkin, — Europu, Asíu, Afríku og Ameríku!!

"The American College of Mechano-Therapy" í Chicago, kennir "Mechano-Therapy", sem einnig mætti nefna "Mano"- eða "Keiro"-Therapy, og á íslenzku "handlækninga-aðferð, og kennir á verklegan og vísindalegan hátt, og hefir því láni að fagna, að "verkið lofar meistarann". — Skóla þessum stjórnar Professor W. C. Schulze, M.D., og höfundur hans, einhver hinn lærðasti Doctor þessarar 20. aldar.

En, hvað er "Mechano-Therapy"?

"M.-T." er: Lækning líffæra og líffæra hreyfinga, án lyfja eða skurðar, náttúrleg lækning, lækning samkvæm lögmáli náttúrunnar; þekking að lækna sjúkleika mannsins með þeim meðulum, sem höfundur myndunar mannsins hefir tilætlast og manninum er meðfædd; þekking að styrkja, lækna og stjórna blóðrás mannlegs líkama, sem er aðal skilyrðið fyrir góðri heilsu; þekking að hreyfa svo taugar, vöðva, kirtla, æðar, liðamót og limi mannlegs líkama, að hvert líffæri vinni hæfilega, að tilætluðum starfa; þ e k k i n g, að lækna sjúkdóma líkamans með "hand-hreyfingum" (Manual Manipulation) eða vélum (Vibro-electrical).

Mechano-Therapy á skilt við Osteopathy, en er á langt um hærra stigi, vísindalega, því hún er hin fullkomasta (up-to-date) aðferð, að lækna sjúkdóma á náttúrlegan hátt, — hún er þekking á Anatomy, Physiology, Psychology og Vitaology, — allri líffræði. — M.-T. er lækning með hæfileikum höndum, heilbrigðri skynsemi og viðeigandi lærdómi, "án lyfja og hnífs"; þekking og notkun náttúrlegra meðala: lofts, ljóss, hita, vatns, hreyfingar, fæðu og matarhæfis.

"Mechano-Therapist? Hvað þýðir það? það táknar persónuna, hvort að er karl eða kona, sem með handhreyfingum og náttúrlegum meðulum læknar sjúkdóma mannlegs líkama, en ekki lyfjum lyfjabúða eða skurð-fræði.

Doctor M.-T. viðhefur að eins náttúrleg meðul, sem eru: vísindaleg sameining og samvinna hugsunar, lofts, ljóss, hita, vatns og hreyfinga.

Mechano-Therapist er læknir, sáralæknir (Chirurgus), sem ekki blóðgar, sem ekki læknar fingurmein með því að skera fingurinn burtu, heldur með því, að lina kvalirnar í meininu, ná burtu óhollnustu efninu, orsökinni, hreinsa og græða meinið.

D.M.T. hefir þekking á, og æfing í, að knýja líkamafærin til að lækna líffærin með mannsins eigin kröftum, hæfilegleikum og réttindum, t.a.m. með öðru fleiru: loft, hiti, kuldi, ljós, vatn, klaki, eldur, líkamaæfing, hvíld, svefn, vaka, áreynsla, fæða og matarhæfi.

Ef einhverjir væru, sem langaði til að fá áreiðanlegar upplýsingar um "The A. C. of M.-T.", lækningar, kenslu, skólanám o. þ. l., þá ættu þeir að skrifa skólastjórninni, The Faculty of the A. C. of M.-T., 120—122 Randolph Street, Chicago, Ill., U.S.A., og er það áreiðanlegt, að þeim verður svarað.

Sömuleiðis get ég frætt þá, sem frá vilja, ef mér er skrifað og 2c póstmerki fylgir, að

710 Ross Ave., Winnipeg.

Oddur V. G i s l a s o n,
prestur og læknir.

Nýjar bækur.

Safn til sögu Íslands og ísl. bókmenta í b., III. bindi og það sem út er komið af því fjórða. (53c) $9.45
Íslendingasaga eftir B. Melsted I. bindi í bandi, og það sem út er komið af 2. b. (25c) 2.85
Lýsing Íslands eftir Þ. Thoroddsen í bandi (16c) 1.90
Fernir forníslenzkir rímnaflokkar, er Finnur Jónsson gaf út, í bandi .... (5c) 0.85
Alþingisstaður hinn forni eftir Sig. Guðm.son, í b. (4c) 0.90
Um kristnitökuna árið 1000, eftir B. M. Ólsen (6c) 0.90
Sýslumannaæfir eftir Boga Benediktsson, I. og II. b. innbundið .... (55c) 8.10
Íslenzk fornbréfasafn, 7 bindi innb., 3 h. af 8. b. ($1.70) 27.80
Biskupasögur, II. b.innb.(42c) 5.15
Landfræðissaga Íslands eftir Þ. Th., 4 bindi innb. (55c) 7.75
Rithöfundatal á Íslandi 1400—1682, eftir J.B., í b. (7c) 1.00
Upphaf allsherjarríkis á Íslandi eftir K.Maurer, í b. (7c) 1.15
Auðfræði, e. A. Ól., í b. (6c) 1.10
Presta og prófastatal á Íslandi 1869, í bandi .... (9c) 1.25
B. Thorarinsson ljóðmæli, með mynd, í bandi 1.50
Bókmentasaga Íslendinga eftir Finn Jónsson, í b. (12c) 1.80
Norðurlandasaga eftir P. Melsted, í bandi .... (8c) 1.50

Tölurnar í svigum tákna burðargjald, er sendist með pöntunum.

Um leið og ég nú auglýsi þessar bækur, sem ég nú nýlega hefi fengið frá Bókmentafélaginu í Kaupmannahöfn, skal þess hér með getið, að þær eru allar í vönduðu bandi. það er ekki maskínu band, heldur handbundið, og vel vandað öllu leyti. það af þessum bókum, sem enn þá ekki eru alveg útkomnar, til dæmis Sýslumannaæfir, Fornbréfasafnið, Safn til sögu Íslands, þegar hvert bindi er búið, þá skal ég útvega kaupendunum tilbúinn kjöl á þau bindi frá bókbindaranum, sem hefir bundið inn þessar bækur, ef beðið er um.

Ég legg ekkert á bandið. það kostar mig 65c á allar af stærri bókunum, og kaupendur fá það fyrir það sama. Hér mundi slíkt band kosta $1.50 til $2.00 á bókina

Einnig læt ég þá, sem pantað hafa hjá mér sögu Þiðriks af Bern vita, að það verður ekki langt þar til hún kemur, í það minsta fáein eintök.

Einnig á ég von á nokkrum eintökum af Flateyjarbók í bandi.

N. OTTENSON,
River Park, Winnipeg, Man.

Herra G. Johnson, kaupmaður í Northwest Hall, á horni Ross Ave, og Isabel St., biður þess getið, að telefón númer hans er 2190. Lesendur eru beðnir að muna þetta.

ATHUGASEMD.

Gardar, N.D., 14. júní 1909.

Ritstj. Hkr., Winnipeg, Man.

Blað þitt flytur þann 10. þ.m. fréttagrein frá Gardar, N.D. þar sem gervinafn er undir greininni, hefir ýmsum getum verið að því leitt, hver muni vera höfundur hennar, og þar eð sumir hafa getið sér til, að ég muni hafa skrifað eða stuðlað til að láta skrifa téða grein, þá tilkynni ég hér með, að ég hefi engan þátt tekið í tilbúningi téðrar greinar, hvorki beinlínis eða óbeinlínis, og vil því ekki hafa nokkurn veg eða vanda af henni, eða áhrifum þeim, sem hún kann að hafa.

Vinsamlegast þinn,
J. G. D a v i d s o n.

Það kostar minna en 4 cent á viku

að fá HEIMSKRINGLU heim til þín vikulega árið um kring. Það gerir engan mismun hvar í heiminum þú ert, — þ v í HEIMSKRINGLA mun rata til þín. Þú hefir máske heyrt að "blindur er bóklaus maður", en ef þú mátt missa 4c. á viku fyrir HEIMSKRINGLU þá verður þú hvorugt. 4c. á viku eða $2 um árið. Skrifið eftir Hkr. nú þegar, til P. O. Box 3083 Winnipeg, Man.

Fylkis-vínsala.

Forkólfar ensku kirkjunnar hér í borginni hafa tekið á stefnuskrá sína þá kröfu, að fylkisstjórnin viðtaki hið svonefnda "Gothenburg System", eða Gautaborgar vínsölustefnuna, sem nú er í gildi í Noregi.

Hugmyndin er, að stjórnin veiti sveitum fylkisins rétt til þess, að leggja undir atkvæði kjósendanna, hvort þeir skuli taka að sér vínsölu á sveitarreikning, — þannig, að salan sé gerð undir stjórn þar til settrar nefndar af sjálfum sveitarstjórnunum. Í nefndum þessum skulu vera helfingur sveitarráðsmenn, og helfingur borgara, sem hafa almenna tiltrú, og skulu nefndir þær hafa umsjón yfir allri áfengissölu innan takmarka sinna sveita.

Auk þessa er ætlast til, að sett sé ein allsherjar fylkisnefnd, sem hafi meðráð eða öllu heldur æðstu umráð yfir allri vínsölu í fylkinu, og þá að sjálfsögðu meðráð með sveitanefndunum. Ágóðanum af sölunni er ætlast til að varið sé til þess, að stofna kaffisöluhús með lestrarstofum, líkamsæfingastofum, gripasöfnum og hverjum öðrum þjóðlegum aðdráttaröflum, er nægja megi til þess, að halda mönnum frá drykkjukránum. — Sveitanefndirnar skulu afhenda fylkisnefndinni allan ágóðann af vínsölunni í hverri sveit, og fylkisnefndin skal síðan hafa ábyrgð á því, að fénu sé rétt varið og hlutfallslega.

Þetta hefir gefist vel, þar sem það hefir verið reynt í Evrópu löndum, og ætti að geta gefist vel einnig í Canada. Stefnan miðar að því, að kenna mönnum fyrst hófsemi sem síðar leiðir til bindindis, með því að venja þá frá drykkjustofunum smátt og smátt og að kaffihúsunum, sem eru gerð svo ánægjuleg, að menn fái löngun til þess, að eyða fristundum sínum þar, ýmist til lesturs eða líkamsæfinga.

MARKET HOTEL
146 PRINCESS ST. á móti markaðnum
P. O'CONNELL, eigandi, WINNIPEG
Bestu tegundir af vínföngum og vindl um. aðhlynning góð húsið endurbætt

Woodbine Hotel
Stærsta Billiard Hall í Norðvesturlandinu
Tíu Pool-borð.—Alskonar vín og vindlar
Lennon & Hebb,
Eigendur.

JOHN DUFF
PLUMBER, GAS AND STEAM FITTER
Alt verk vel vandað, og verðið rétt
664 Notre Dame Ave. Phone 3815
Winnipeg

Sendið Heimskringlu til vina yðar á Íslandi.

Með því að biðja sérlega um "T.L. CIGAR," þá ertu viss að fá ágætan vindil.
T.L. CIGAR
T.L.
(UNION MADE)
Western Cigar Factory
Thomas Lee, eigandi Winnipeg

Redwood Lager og Extra Porter

Styrkið taugarnar með því að drekka eitt staup af öðrum hvorum þessum ágæta heimilis bjór, á undan hverri máltíð. — Reynið !!

EDWARD L. DREWRY Manufacturer & Importer Winnipeg, Canada.

Department of Agriculture and Immigration.

MANITOBA

Þetta fylki hefir 41,169,089 ekrur lands, 6,019,200 ekrur eru vötn, sem veita landinu raka til akuryrkjuþarfa. Þess vegna höfum vér jafnan nægan raka til uppskeru tryggingar.

Ennþá eru 25 miljónir ekrur óteknar, sem fá má með heimilisrétti eða kaupum.

Íbúatala árið 1901 var 255,211, nú er hún orðin 400,000 manns, hefir nálega tvöfaldast á 7 árum.

Íbúatala Winnipeg borgar árið 1901 var 42,240, en nú um 115 þúsundir, hefir meir en tvöfaldast á 7 árum.

Flutningstæki eru nú sem næst fullkomin, 3516 mílur járnbrauta eru í fylkinu, sem allar liggja út frá Winnipeg. Þrjár þverlandsbrauta lestir fara daglega frá Winnipeg, og innan fárra mánaða verða þær 5 talsins, þegar Grand Trunk Pacific og Canadian Northern bætast við.

Framför fylkisins er sjáanleg hvar sem litið er. Þér ættuð að taka þar bólfestu. Ekkert annað land getur sýnt sama vöxt á sama tímabili.

TIL FERDAMANNA:

Farið ekki framhjá Winnipeg, án þess að grenslast um stjórnar og járnbrautarlönd til sölu, og útvega yður fullkomnar upplýsingar um heimilisréttarlönd og fjárgróða möguleika.

R. P. ROBLIN,
Stjórnarformaður og Akuryrkjumála-Ráðgjafi.

Skrifið eftir upplýsingum til
Joseph Burke, 178 LOGAN AVE., WINNIPEG.
Jas. Hartney, 77 YORK ST., TORONTO.

þar um landeign Sir Arthurs, hann talaði við alla, sem hann mætti, var glaður og þægilegur í viðmóti, svo allir fengu góðan þokka á honum. Eitt verður þó að segjast, og það er það, að hann var ekki að neinu leyti kappsamur í að rækja skyldu sína sem skytta. Já, ef satt skal segja, vanrækti hann vinnu sína skammarlega, og Sir Arthur var ekki lengi að komast að því, að þessi nýji vinnumaður var ekki eftirsóknarverður, en hann vildi þó ekki segja honum upp vistinni, fyr en hann fengi annan betri. Auglýsinguna sendi hann í Stolne-blaðið, lítið breytta. Á meðan fékk Smith sér allar þær upplýsingar um ýmsa í nágrenninu, sem unt var að fá. Hann frétti nákvæmlega um ágreininginn milli hertogans í Instaple og Fatheringham lávarðar. Hann heyrði um mannhatur þess síðarnefnda, og hve mjög það hefði aukist við dauða sonar hans, þó það hefði verið til áður. Hann spurði sig fyrir um kringumstæðurnar við þetta dauðsfall, en fékk allstaðar sama svarið, að það hefði orsakast af ofdrykkjubrjáli. Flestir mundu líka, að Katrín Wiseman, núverandi frú Burlston, hefði stundað hann meðan hann var sjúkur, en að öðru leyti gat hann engar fregnir fengið um hana, sem skýrt gátu það, að hún varð svo reið þegar hún heyrði nafn lávarðarins.

Þegar hann var búinn að vera hér um bil viku í vistinni, vildi það til einn daginn, að hann var staddur á landi hr. Grosse, þá sér hann ungan mann koma ríðandi til sín frá skógarhúsinu. Þegar hann nálgaðist, sá Smith að hann hafði ekki áður séð þennan mann. Af klæðnaðinum að ráða, hlaut hann að tilheyra heldri manna hópnum, og eftir nokkra umhugsun komst hann að þeirri niðurstöðu, að þetta hlyti að vera herra Haworthy, kærasti ungfrú Grosses. Hann veitti honum því nákvæma eftirtekt um leið og hann reið fram hjá honum, sá

að hann hafði hreinskilið og gáfulegt andlit, og að svipurinn lýsti hugrekki og kappi. Þessa stundina virtist hann samt hryggur og áhyggjufullur, og gat Smith enga grein gert sér fyrir því, hvernig það atvikaðist, því heitbundnir menn eru vanalega glaðir og ánægðir. Til þess að fá úrlausn þessarar spurningar, ásetti hann sér að fara til Broadmead um kveldið og finna skyttuna þar. Hann hafði fundið hann nokkrum sinnum áður, og talað við hann um eitt og annað, og því var ekkert undarlegt. við það, þó Smith kæmi að heimsækja starfsbróður sinn, enda urðu þeir brátt niðursokknir í samræðu um stöðu sína. Þegar þeir fóru að tala um veiðiþjófa, varð Smith mælskur mjög, og náði vinfengi starfsbróður sins með því móti.

"Veiðiþjófar eru þeir leiðinlegustu bófar, sem maður hittir á þessari jörð, og það ætti að skjóta þá þegar þeir finnast", sagði hann síðast.

Hinn hneigði sig samþykkjandi.

"Meðan við erum að tala um þetta", sagði Smith, "dettur mér í hug að spyrja, hver ungi maðurinn var, sem ég mætti seinni partinn í dag, þegar hann kom hér neðan að?"

"Sá ríðandi, áttu við?" sagði hr. Dawson.

"Já".

"Það var herra Haworthy, ungi maðurinn, sem ungfrú Eva er heitbundin, eða var að minsta kosti".

"Hvað þá, er hún það ekki enn?"

"Nei, skömmu áður en þú komst var mér sagt, að trúlofunin væri hafin. Það var ökumaðurinn, sem sagði mér það, þegar hann kom hingað".

"Hamingjan góða. Nær skeði þetta?"

"Að svo miklu leyti ég veit, hefir það verið fastráðið í dag, en það hefir verið í ráðagerðum langan tíma, því ungfrú Eva hefir verið mjög sorgbitin, að mér er sagt",

"Hvers vegna hefir hún þá rofið heitorðið?"

"Ökumaðurinn segir, að hún hafi ekki gert það, heldur faðir hennar. Það hefir oft verið mikið ósætti milli þeirra í seinni tíð, og hún hefir oft komið grátandi út frá honum, svo hefir og gamli Grosse verið svo önugur og ósanngjarn, að enginn hefir þorað að tala orð við hann".

"Þetta er merkilegt", tautaði Smith.

"Já, það má nú segja. Og það er því merkilegra, sem Eva hefir ávalt verið eftirlætisgoðið hans. Hún hefir látið föður sinn gera það sem hún vildi síðan hún var ekki hærri en þetta".

Dawson lét hendina síga til að sýna á að gizka tveggja feta hæð, en Smith tók ekki eftir því.

"Og þessi hr. Haworthy, hvernig maður er það?" spurði Smith næst.

"Allra bezti drengur. Hann hefir aldrei orðið mér samferða, svo að hann hafi ekki stungið að mér guineu, enda er hann af gamalli og góðri Stolne-ætt".

"Stendur hann í nokkru sambandi við Sir Arthur, húsbónda minn?"

"Nei, alls ekki, hvað ættu þeir að eiga saman að sælda? Það skyldi þá vera það, að þeir eru samsiðlar. Sir Arthur hefir komið hingað all-oft þennan síðasta mánuð, og, að sögn, sókst eftir Evu, og þó á hann konu sjálfur, svínið að tarna".

Smith hlustaði á þetta með mestu eftirtekt, og gerði fáeinar spurningar enn þá, en hann gat ekki fengið meira að vita. Svo kvaddi hann og kvaðst vonast eftir, að fá að sjá Dawson hjá sér áður langt um liði.

Þó að Smith vanrækti störf sín sem skytta, þá vanrækti hann samt ekki, að koma sér vel við frú Burlston, og árangurinn varð sá, að nú ríkti friður og ánægja í skógarhúsinu, sem ekki þektist þar áður.

Þau kölluðu hvort annað Jim og Katrínu, og heimafólkið fór að spá því, að þau yrðu gift áður en gras sprytti á gröf framliðnu skyttunnar. Þegar liðinn var hálfur mánuður, áleit Smith kominn tíma til að hætta umsátinni og gera áhlaup á vígið. Klukkan var 9 um kveldið, máltíðinni var nýlega lokið og þau sátu hvort hjá öðru við eldstæðið. Af áhrifum vínsins, sem Katrín neytti, var hún orðin blíð í lundu.

"Fáðu þér nú eitt staup enn þá, Katrín, og svo hefi ég nokkuð, sem mig langar til að segja þér", sagði vinur hennar.

Hún fór strax að ráðum hans og svaraði svo: "Nú, hvað er það?"

"Katrín, jafn ung og falleg stúlka og þú, ættir ekki að halda áfram að vera ekkja".

"Nú — og hvað svo?" svaraði hún.

Hann lét ekki standa á svarinu.

"Myndir þú verða mjög reið, ef ég beiddi þig að stafa nafn þitt — seinna nafn þitt, meina ég — á annan hátt, Katrín?"

"Við hvað áttu með þessu, Jim?"

"Jim svaraði með því að taka utan um mitti hennar og segja: "Hvernig líkaði þér að byrja með S?"

Þögn.

"Og halda svo áfram með M og I og T, og setja svo H í endann?"

Sama þögnin.

"Hvað myndirðu segja um það, ef ég beiddi þig áður langt um líður, að kalla þig frú Smith, Katrín?"

"Ó, Jim, er þetta alvara þín?"

Með því að standa upp af stólnum og kyssa þykku varirnar frúarinnar, sannaði Jim að þetta væri alvara sín — sönnun, sem frúin tók gilda í alla

Þegar hressin eru öll vinnandi á landi þínu og þú þarft í skyndi að fá eitthvað úr bænum, HVAÐ ER ÞA TIL RAÐA? Væri þá ekki betra að hafa reiðhjól, svo að eitt barnið gæti skroppið eftir hlutunum? Reiðjól mundi ekki aðeins veita ánægju, heldur mundi það fljótlega borga fyrir sig með hestasparnaði. —

Skriið eftir upplýsingum þessu viðvíkjandi til —

Canada Cycle & Motor Co., Ltd., Winnipeg.
147 PRINCESS STREET. Heimsins Bezta Reiðhjóla-smiðir.

TIL SÖLU:

Maður eða kona. Mitt Suður Afríku landgjafar-ávísunar skírteini, gefið út af Innanríkisdeildinni í Ottawa, gildir fyrir 320 ekrur af hvaða ríkislandi sem opið er til heimilisréttartöku í Manitoba, Alberta eða Saskatchewan. — Hver persóna, yfir 18 ára að aldri,—maður eða kona,—getur fengið landið með því að kaupa þetta skírteini fyrir $800.00. — Skrifið eða Símið strax til

L. E. TELFORD,
131 SHUTER ST. — TORONTO, ONT.

Íslenzkur skipstjóri látinn.

(Að mestu úr blaðinu "The East Coast Advocate", Titusville, Fla., 5. febrúar 1909).

Skipstjóri Kristján Friðrik Fischer andaðist föstudaginn 29. janúar 1909, að heimili sínu Julia St., Titusville, kl. 8.20 e.h., úr hjartsýki, eftir 5 mánaða veikindi. Dauðann bar að með kyrð og ró, án sýnilegrar baráttu, og það svo, að þeir sem viðstaddir voru héldu að hann hefði að eins blundað, — og það hafði hann og, þeim sveini, af hverjum maðurinn vaknar ekki aftur til þessa lífs. ..... Tvennir voru líkmenn, danskir og enskir. Húskveðju hélt sr. Percy Robottom, en sr. W.H.Cresson jarðsöng hann. —

Skipstjóri Fischer var fæddur í Reykjavík á Íslandi 25. janúar 1836 og fullra 73 ára, þegar hann dó. Hann var elztur 5 systkyna (Kristján, Anna, Jóhann, Andrea, Hendrik). Foreldrar hans voru þau góðkunnu rausnarhjón kaupmaður Hermann Fischer og kona hans Sophia Fischer, sem síðar fluttist til Winnipeg með dóttur sinni Andreu, Mrs. G. Einarsson; báðar látnar.

Árið 1860 giftist Fischer skipstjóri Miss Margréti Dowd, sem dó 1879; með henni varð honum tveggja barna auðið, sem bæði lifa: skipstjóri Herman Fischer í Tampa og Mrs. Sophia Dixon í Cocoa.

Árið 1886 gekk hann að eiga Miss Elisa Boggild frá Kaupm.-höfn, og voru þau gefin saman í hjónaband í hinni dönsku lútersku kirkju í Brooklyn, N.Y., og lifir hún maka sinn ásamt börnum hans í fyrra hjónabandi.

Árið 1883 eða 1884 kom Fischer skipstjóri til Titusville frá Brooklyn til þess að takast á hendur umsjón á fyrstu gufuskipalínu, er reglubundnar ferðir gerði á Indian fljótinu, og gerði hann að heimili sinu, bygði þar hús, sáði aldinatrjám, sem nú skreyta hin fegurstu og prýðilegustu heimili í bæ vorum.

Skipstjórinn var framúrskarandi maður. Ágætur forvígismaður réttinda, og vinir hans eru legió, frá upptökum til óss, frammeð Indian fljóti; ásamt hverjum að "The Advocate (þetta blað) vottar eftirlifandi ástvinum hins látna innilegustu hlutdeild sina í eftirsjá þeirra, í missi góðs föðurs og ástríks maka.

Margir ættingjar Fischers sáluga eru á Suðurlandi Íslands.

O.V.G.

Bréf að Hkr. eiga:
Mrs. Sigurbjörg Pálsson.
Mrs. Guðbjörg Thorsteinsson.
Messrs. Bakken & Co.
Mrs. Amanda Strand.

Brýn þörf.

Blaðið Norðurland, dags. 16. mai, getur þess, að um 80 konur á Akureyri hafi myndað vinnulauna verndunarfélag, og að annað slíkt félag sé einnig myndað á Siglufirði. Konur þær, sem þeana félagsskap mynda, eru þær, sem gangi í svo nefnda "Eyrarvinnu", til fiskverkunar og niðursöltunar á síld. Í ávarpi því, sem konur þessar birta í blaðinu Norðurlandi ásamt með lögum félagsins, taka þær það fram, að félagið sé myndað til þess, að kaupgjald kvenna við síldarsöltun lækki ekki úr því, sem orðið er við Eyjafjörð. Þær segja, að kaupgjaldið við síldarsöltun hafi lækkað til muna á síðari árum, þrátt fyrir það, að kaupgjald hefir á sama tíma hækkað við flesta aðra vinnu. Konurnar segja síldarvinnuna vera stopula og launin við þá atvinnu þess vegna mjög óviss. — þær kvarta og undan því, að karlmenn séu andvígir félagsmyndun þeirra. Þetta þykir þeim ódrengsbragð, sem von er. Þær segja, að sér sé það óskiljanlegt, að bændur, sem sendi konur sínar og dætur í síldarsöltunarvinnu, sem þær staðhæfa að sé að flestra dómi einhver sú versta vinna, sem kvenfólk gengur í — sé bæði ill og óþverraleg — að þeim, karlmönnunum, skuli vera ánægja í því, að þær þræli þar fyrir lægra kaup en sanngjarnt sé.

Aðal vinnu og launa ákvæði í lögum félagsins felast í því, að engin félagskona má salta síld fyrir lægra kaup en 45 au. á hvern síldarstrokk af kverkaðri síld, nema vinnendur njóti hlynnlada, svo sem húsnæðis, eldiviðar, ljóss o. þ. h., — þá 40 au. strokkinn.

Af ókverkaðri síld heimta þær 25 aura fyrir strokkinn af magadreginni síld 65 au. strokkinn, og fyrir að pakka og ápækla síld 30 au. fyrir hverja klukkustund.

Yfirleitt eru lögin sniðin til þess að tryggja konum við síldarvinnu eins hátt kaup og þær gætu fengið eða goldið er í sveit við kaupavinnu.

Stephán G. Stephánsson

(Á FERÐ OG FLUGI).

Einar Hjörleifsson sagði í Vesturheimspistlum sínum í Norðurlandi, að vestur-íslenzki skáldbóndinn Stephan G. Stephansson, vildi flytjast búferlum heim, ef tök væri á. Menn virðast ekki hafa veitt þessu eftirtekt. En það væri þjóðarminkun, ef ekki væri minst á það mannsins máli, hvort því yrði viðkomið.

Hér á enginn hversdagsmaður hlut að máli, heldur einhver allragáfaðasti Íslendingur, sem nú er uppi. Honum hefir að vísu ekki hlotnast mikil lýðhylli — og er það eðlilegt. Eftir hann hefir að eins ofurlítill bæklingur birzt á prenti í safni sér. Allra annara kvæða hans verður að leita út um alt, í blöðum og tímaritum bæði lífs og liðnum, er út hafa komið í Íslendinga bygðum í Vesturheimi, Kaupmannahöfn og á Íslandi. Þau sjást ekki nema með höppum og glöppum, og menn verða þá að lesa þau "á ferð og flugi". Það er því ekkert áhlaupaverk, að kynnast kveðskap hans til hlítar. Kvæðin eru sumstaðar stirð, svo að torskilið er, hvað skáldið á við. En mestu veldur það þó um, að þau eru full af frumlegum hugsunum um efni, sem fjöldinn fæst alls ekki við. Hann fær því ekki metið, hvilíkir gimsteinar mörg þeirra eru.

Það er því ekki furða, þótt það þyki léttúð, að fara fram á það nú, er alt Ísland ber sér af peningavandræðum, að honum sé veitt skáldlaun, svo að hann geti setzt að heima og iðkað þar íþrótt sína. En alþingi hefir látið í verkunum að því beri að hlynna að skáldum og listamönnum. Það hefir meira að segja verið undarlega ört á fé við andlegar liðleskjur. Rímfrjóvir skáldaspillar hafa komið nöfnum sínum í gjaldadálka fjárlaganna. Það er því ekki nema réttlætisskylda, að St.G.St. sé veitt laun úr landssjóði. Og þó að vér kunnum að hafa litil efni á því, mega bókmentir vorar og menning samt síður við því, að gáfur hans fái ekki notið sín að fullu og öllu.

En því fer harla fjarri — og mér liggur við að segja, að það só dauðasök, Einar segir, að hann verði að standa í moldarmokstri. Strítvinna á daginn og andvökur á nóttum virðast vera ytri lífskjör eins hins frumlegasta og frjósamasta þjóðskálds vors. Og kvæði hans bera það með sér, að honum svíða þau og finst þau lama list sína og andagift.

> "En lifsönnin dottandi í dyrnar er sest,
> sem ánglengja vörður minn er;
> sem stygði upp léttfleygust ljóðin min öll,
> svo liða þau sönglaust frá mér,
> sem vængbraut þá hugsun, sem hóf sig á loft,
> og himininn ætlaði sér".

Það er fróðlegt að taka eftir, hvernig ástæður hans fá að leggja skáldgáfu hans efnið upp í hendurnar. Hann kveður:

> "Og þá birtist andvakan ferleg og föl,
> sem fælir burt hvíld mína ogró
> og glötuðu sálirnar sækja að mér,
> sem svíku það gott í þeim bjó
> — og útburðir mannkynsins ýlfra þá hátt,
> það atgervi er hirðulaust dó".

Þetta erindi gæti vel verið einkunnarorð kvæðabálksins "Á ferð og flugi". Aðalefni hans er að minu viti það "atgervi, er hirðulaust dó". Skáldið finnur til þess, að mörg háfleyg hugsun og léttstig ljóð annaðhvort fæddust andvana eða urðu aldrei til, af því að hann hafði ekki næði fyrir önnum og áhyggjum lífsins. Og likt og sumum sjúklingum verður tíðrætt um þá, er haldnir eru sama sjúkdóm sem þeir, þá verður honum tíðast hugsunar og yrkisefni örlög þeirra manna, er náttúran hefir gætt kröftum, er fóru forgörðum, efni, sem ekki var unnið úr, sem skáldgáfa hans að sumu leyti. Svo er því farið með Ragnheiði litlu, sem kvæðið bregður upp skyndi-mynd af. Ung hrekst hún frá foreldrum sínum til vandalausra. Engin rækt er lögð við hana. Hún talar ensku sem innborningar, en kann ekki stafrofið. Þó að hún sökkvi ofan í djúp mannlegrar spillingar, sem svo er kallað, þá er hún þó eitt fórnarlamb, sem vinnur fyrir öðrum og er sú hetja, að hún að lokum leggur sjálf lífið í sölurnar fyrir aðra. Eins er því háttað um prestinn. Hann er að vísu lærður og lesinn og atburðirnir hafa "fært hann í frakkann", eins og skáldið kemst að orði. En þeir skrýddu hann líka hempu og hökli. Þeir leiddu hann upp í prédikunarstólinn, og þaðan skoðar hann lífið út um einn kirkjugluggann og varast að lita á það af öðrum stað. Hann sér því ekki nema örlitla spildu af tilverunni, þótt hann hefði ágæta sjón að eðlisfari og hefði því séð mikið og margt, ef hann hefði farið að horfa í allar áttir.

> "Þó skemtun mér væri að viðræðu hans,
> þess varizt ei alténd ég gat,
> að finna að hver skörugleg hugsun var heft
> og hálfkrept öll viðkvæmin sat".

Hugsanir prestsins eru líka væng brotnar, og er þar likt á komið fyrir honum og prestinum. Og prestkonan er sama markinu brend Hún trúir skáldinu fyrir því, að "að háaldraða íslenzka blóðið" hjá henni og kvenþjóðinni sé kjarklaust og hugsjónirnar húsmóðurlausar. Lauslætiskonan með gæfuleysið og glataðr mannorð og útlæg úr félagsskap góðra manna, prestkonan með þóttasvipinn og hæverskuhjúpinn yfir innri gáska og náttúrugreind, presturinn með bókvitið, mentunina og prúðmensku una — öll eiga þau sammerkt í því, að í þeim var fólgið gull, er "atvikið gróf ekki til".

— — "Ég efast um, að frumleikurinn sé ótvíræðari hjá nokkru öðru íslenzku skáldi", segir Einar Hjörleifsson í Ísafold, þegar "Á ferð og flugi" kom út, og var ritdómurinn þó alls ekki hlýr í garð Stephans og þar fundið að ýmsu, er að minni hyggju er sprottið af misskilningi. En það er vel mælt, að frumleikurinn sé "ótvíræður". Það er erfitt að vita um fjölmargt er birtist á vorum dögum, er bóka- og rita- viðkoman er svo mikil, hvað höfundurinn hefir sjálfur samið, eða hvort honum er ekki, ef til vill alveg óafvitandi, komið það úr ritsmíðum annara manna. En það er auðséð, að Stephan hefir ekki þýfi á boðstólum. Honum verður lítið út um gluggann í járn brautarlest á fleygiferð, og lýsir því þannig:

> "Hver hlutur ranu hjá mér á hlaupandi ferð
> og hentist í hvarf út á slóð,
> sem Matthías okkar með orðgnóttaflug
> um útsýnið kvæði mér ljóð".

Þetta er ekki útlent þýfi. Að vísu skýrir líkingin betur svifmyndir Matthíasar skálds, en hrað sýnir er fljúga fyrir á þjótandi járnbrautarlest. En aðdáunarverð er sú sjón, er sér, að þeim svipar saman, athugunin sönn og líkingin frumleg og smellin. Þarna auðkennir hann eina kveðskapargrein Matthíasar betur í fjórum visuorðum en flestir ritskýrendur mundu þera á mörgum blaðsíðum Í beztu náttúrukvæðum sínum hendist hann (Matth.) á fljúgandi ferð yfir heil héruð, merkisstaði þeirra og sögu frá landnámstíð og fram á vora daga, en lesandinn er litlu fróðari eftir en áður, þótt hann hafi séð öll þessi feikn sendast fram hjá. Það er flugið og hraðinn, er hrífur lesandann og svífur á hann.

Það má að vísu vara sig á, að detta ekki illa af yfirstigunum. En þó held ég, að óhætt sé að fullyrða, að Stephan sé mesta hugsanaskáld vort. Spekingar einir hugsa slíkar hugsanir um framfarir og menning:

> "Og villumót mannkyns um veglausa jörð,
> svo voðalöng orðin mér finst,
> sem framfara-skýman sé skröksaga ein
> og skuggarnir enn hafi ei þynnst,
> því jafnvel í fornöld flaug hugur eins hátt
> og hvar er þá nokkuð, sem vinnst?"

> "Já, þannig, að menningin út á við eykst,
> hver öld þó að flytji hana skamt.
> Hún dýpkar ei, hækkar ei, lengir þó leið,
> sem langdegis sólskinið jafnt.
> En augnabliksvísirinn, æfin manns stutt,
> veit ekkert um muninn þann samt".

Stephani hefir verið líkt við Bjarna Thorarensen og málsháttaspekingana gömlu. Það ber að vísu ekki eins stórkostlegar sýnir fyrir hann sem Bjarna, en hrað hefir farið um fleiri héruð og kann frá fleira að segja. Hann er og miklu frjósamari. En þeir eru samt næsta líkir. *)

Þá er að minnast á mál hans. Ef til vill sýnir ekkert eins vel og það, hve geysigáfaður hann er. Hann fer tvítugur af landi burt. Hann hefir meira enn mannsaldur verið búsettur í fjarlægri heimsálfu. Hann hefir samt svo mikið vald á rammíslenzku sveitamáli og er það svo tamt, að það er eins og hann hafi ekki heyrt né kunni annað mál. Hann minnir helzt á Guðbrand Vigfússon í þessu efni, og er þó ólíku saman að jafna aðöðru leyti. Hann hlýtur að vera stálminnugur. Fæstir gera sér grein fyrir, hve mönnum verður erfiðara að rita tungu sína vel, ef þeir dvelja langvistum í útlöndum. Annar eins málsnillingur og Georg Brandes segir, að málvillur hafi slæðst í rit sín, af því hann hafi orðið að mæla svo lengi á útlendar tungur. Hann var þó orðinn hálffertugur, er hann fluttist til Berlínar. Þótt orðauðgi Stephans sé furðuleg, er hitt þó merkilegra, að hann er einn þeirra fáu rithöfunda, er orðið geta endurlausnarar móðurmáls sins. Hann smellir sjaldan orðum á pappírinn sakir rims eða málfegurðar einnar. Hann lýsir ekki öðru, en því, sem hann hefir séð og tekið vel eftir, og hann velur orðin eftir því, hve vel þau tákna hugmyndir hans og hugarástand. Næstum því hvert orð sýnir þesandanum eitthvað eða segir honum frá einhverju. Honum dylst aldrei hvílik hugsunarsemi og nákvæmni er í orðavalinu, og finst sem þetta orð eitt og ekkert annað eigi þarna við. Og einmitt af þessu eru orðin svo nýleg, er þau koma frá honum. Og á þessu hreinsaða sveitamáli leikur hann sér að heimspekilegum hugleiðingum, margskonar lýsingum á útlendri náttúru, alútlendum menningarfærum og menningarástandi, sem sjaldan eða aldrei hefir áður verið sagt frá í íslenzkum bókmentum.

Um náttúrulýsingar Stephans mætti margt segja. En af því að tíminn er ekki hentugur núna um háþingannirnar, til að fjölyrða um skáldskap vorn og bókmentir, er rétt að sleppa því. —

---

*) Bjarni kveður:

> "Ekki er hólt að hafa ból
> hefðar uppi á jökultindi".

Stephan:

> "Á jökla þá leggur hið harðasta hjarn,
> er himninum teygja sig næst".

Þótt ekki sé átt við það sama í þessum visuhelmningum og visuorð St. sé tígulegri og fegurri, sést Hávamálavit beggja skáldanna vel á þeim. Helgi Pétursson hefir fyrst bent á ættarmót með honum og Bjarna.

— — Nú kallar margur það óhæfusóun á fé landsins að fleygja peningum í ljóðskáld vestur í Klettafjöllum. En ef þau kraftaverk eða kynjabýsn gerðust, að Jónas Hallgrímsson eða Bjarni Thorarensen eða eitthvert gengið góðskáld risi upp frá dauðum, mundi ekki ein mannsrödd um alt Ísland landshornanna á milli andæfa því einu orði, að þeim yrði veitt rífleg embættismannalaun í þakklætis og virðingarskyni. En Stephan er ekki dáinn og því er ráð manna á reiki um verðleika hans. Því skýtur og meinlega við, en er samt satt, að menn eru fúsari á að færa minnisvipum framliðinna fé og þakkir en lifandi ágætismönnum störf þeirra fyrir þjóð sína, menning hennar, bókmentir, frægð og tungu. Á hitt þarf ekki að minna alþingi Íslendinga, að seðlar einir og skotsilfur fullnægja ekki öllum þörfum mannanna. Vituerleg orð voru þingmannsins 1907, er kvaðst heldur vilja veita fé til skáldsagnaritunar en sandgræðslu og verklegra framkvæmda. Svo mikils sem vert er um þúfnasléttur, þilskipaútgerð og endurbætur á atvinnuvegum, er ræktun mannhugans þó meira virði. Hann er í senn uppspretta og takmark allrar menningar. Mönnun mannsins er göfgasta markmið allrar mannlegrar viðleitni. Og vitrir menn eru ásáttir um það, að skáldskapur og listir séu hin beztu mönnunarfæri, er kostur er á.

Sigurður Guðmundsson.

Afneitar Biblíunni.

Séra Archibald Black, nýútskrifaður guðfræðistúdent frá Edinborg á Skotlandi, hefir af presbytera prestafélaginu í New York verið viðurkendur sem hæfur kennimaður, og var vígður til prests í stórum söfnuði þar í borg. Hann var fyrir nokkru kærður fyrir vantrú og yfirstjórn presbytera kirkjunnar hafði mál hans til rannsóknar. Meðal annara spurninga, sem lagðar voru fyrir hann, voru þessar:

Trúir þú sögunni um Adam og Evu eins og hún er í biblíunni?

Svar: Ekki í bókstaflegum skilningi. Ég skoða hana sem líkingu.

Trúir þú ekki að þau hafi fallið með því að éta af eplinu?

Svar: Nei.

Trúir þú á eingetnað Krists?

Svar: Ég trúi því, að hann hafi verið guðlegur. En ég viðurkenni ekki eingetnaðar söguna um fæðingu hans.

Hverja skoðun hefir þú á upprisu-kenningunni?

Svar: Ég trúi ekki á holds og blóðs (líkamlega) upprisu Krists.

Þegar þessar spurningar og svör voru bornar undir prestaþingið til úrskurðar, þá stóðu þrir guðfræðidoktorar upp — þeir séra doktor Wylie, séra doktor Richards og séra doktor Duffield — sem allir þjóna stórum söfnuðum þar í borginni, og réttlættu svör hins unga prests og afstöðu hans gagnvart kirkju þeirra. Þar með var hann vígður til prests og gekk í þjónustu þess safnaðar, sem hafði kallað hann.

Þess má geta, að presbyteriana kirkjan er ein sú strangasta bókstafstrúar kirkjudeild, sem sögur fara af. En svo eru nú skoðanir manna að breytast á bókstafstrú biblíunnar, að sú kirkjudeild sér sér ekki annað fært en að leyfa fult trúfrelsi og að viðurkenna þá presta góða og gilda innan sinna eigin vébanda, sem afneita þýðingarmestu atriðum gömlu trúarinnar, svo sem eingetnaði Krists og upprisu hans og syndafallinu.

— Þrjátíu þúsund lík hafa fundist í rústum Messina borgar fram að þessum tíma, eftir síðustu fregnum þaðan.

— Sir Daniel Chisholm, einn af merkustu guðfræðingum Skotlands er í New York um þessar mundir. Hann kvað ofdrykkjuna í landi sínu vera örðugasta viðfangsefnið þar, og ekki gæti hann neitað því, að land sitt væri drykkjuskaparland. Enda biðu 60 þús. manna þar bana árlega af ofdrykkju. Við þetta hefði löggjöf landsins ekki getað ráðið, þó að hinsvegar yrði að játa það, að áfengi væri hvergi selt í landinu nema þar sem vínsöluleyfi helgaði söluna.

Blaðið "British Australian" getur þess, að maður að nafni Lionel Le Soeuf hafi fyrir 2½ ári komið til Ástralíu og byrjað þar á fiskiklaki. Hafi hann sett 3 fisktegundir þar í vötn, sem áður voru fisklaus. Þessar tegundir voru: Perch, tench og carp. Nú eru vötn þessi full af fiski, svo hann veður í torfum, og eru sumir fiskarnir 10 pd. þungir. — Það væri vænlegt ráð fyrir ríkisstjórnina hérna, að fá þennan mann til að annast um fiskiklak í Winnipeg vatni.

LEIÐBEININGAR--SKRÁ
YFIR ÁREIÐANLEGA VERZLUNARMENN Í WINNIPEG

MUSIC OG HLJÓÐFÆRI

CROSS, GOULDING & SKINNER, LTD.
323 Portage Ave. Talsími 4413

MASON & RISCH PIANO CO., LTD.
356 Main Street Talsími 480
W. Alfred Albert, Íslenzkur umboðsmaður

WHALEY ROYCE & CO.
356 Main St. Phone 263
W. Alfred Albert, hljóðfærþjónn.

BYGGINGA- og ELDIVIÐUR.

J. D. McARTHUR CO., LTD.
Bygginga- og Eldiviður í heildsölu og smásölu.
Sölust.: Princess og Higgins Tals. 3060, 3061, 3062

MYNDASMIÐIR.

G. H. LLEWELLIN,
"Medallions" og Myndarammar
Starfstofa Horni Park St. og Logan Avenue

SKÓTAU Í HEILDSÖLU.

AMES HOLDEN, LIMITED.
Princess & McDermott. Winnipeg.

THOS. RYAN & CO.
Allskonar Skótau. 44 Princess St.

THE Wm. A. MARSH CO. WESTERN LTD.
Framleiðendur af Finu Skótaui. Talsími: 3710
88 Princess St. "High Merit" Marsh Skór

RAFMAGNSVÉLAR OG ÁHÖLD

JAMES STUART ELECTRIC CO.
324 Smith St. Talsímar: 3447 og 7802
Fullar byrgðir af alskonar vélum.

GOODYEAR ELECTRIC CO.
Kellogg's Talsímar og öll parafðlát. áhöld
Talsími 3023. 86 Albert St.

RAFMAGNS AKKOKÐSMENN

MODERN ELECTRIC CO
412 Portage Ave Talsími: 5658
Viðgjörð og Vír-lagning — allskonar.

BYGGINGA - EFNI.

JOHN GUNN & SONS
Talsími 1277 266 Jarvis Ave.
Höfum bezta Stein, Kalk, Cement, Sand o. fl.

THOMAS BLACK
Selur Járnvöru og Bygginga-efni allskonar
76—82 Lombard St. Talsími 600

THE WINNIPEG SUPPLY CO., LTD.
298 Rietta St. Talsímar: 1936 & 2187
Kalk, Steinn, Cement, Sand og Möl

BYGGINGAMEISTARAR.

J. H. G. RUSSELL
Byggingameistari.
í Silvester-Willson byggingunni. Tals: 1068

PAUL M. CLEMENS
Bygginga - Meistari, 443 Maryland St.
Skrifst.: Argyle Bldg., Garry st. Talsími 8997

BRAS- og RUBBER-STIMPLAR

MANITOBA STENCIL & STAMP WORKS
421 Main St. Talsími 1880. P. O. Box 244.
Búum til allskonar Stimpla úr málmi og togleðri

VÍNSÖLUMENN

GEO. VELIE,
Hef'dsölu Vínsali. 185, 187 Portage Ave. E.
Smá-sölu talsími 352. Stór-sölu talsími 464.

STOCKS & BONDS

W. SANFORD EVANS CO.
326 Nýja Grain Exchange Talsími 3696

ACCOUNTANTS & AUDITORS

A. A. JACKSON,
Accountant and Auditor
Skrifst.—28 Merchants Bank. Tals.: 3402

OLÍA, HJÓLÁS-FEITI OG FL.

WINNIPEG OIL COMPANY, LTD.
Búa til Stein Olíu, Gasoline og hjólás-áburð
Talsími 1590 611 Ashdown Block

TIMBUR og BÚLOND

THOS. OYSTAD, 308 Kennedy Bldg.
Viður í vagnhlössum til notenda, búlönd til sölu

PIPE & BOILER COVERING

GREAT WEST PIPE COVERING CO.
132 Lombard Street.

VÍRGIRÐINGAR.

THE GREAT WEST WIRE FENCE CO., LTD
Alskonar virgirðingar fyrir bændur og borgara.
76 Lombard St. Winnipeg.

ELDAVÉLAR O. FL.

McCLARY'S, Winnipeg.
Stærstu framleiðendur í Canada af Stóm, Steinvöru (Graniteares) og fl.

ÁLNAVARA Í HEILDSÖLU

R. J. WHITLA & CO., LIMITED
264 McDermott Ave Winnipeg
"King of the Road" OVERALLS.

BILLIARD & POOL TABLES.

W. A. CARSON
P. O. Box 225 Room 4 1 Molson Banka.
Öll nauðsynleg áhöld. Ég gjöri við Pool-borð

NÁLAR.

JOHN RANTON
203 Hammond Block Talsími 4679
Sendið strax eftir Verðlista og Sýnishornum.

GASOLINE Vélar og Brunnborar

ONTARIO WIND ENGINE and PUMP CO. LTD
301 Chamber St. Sími: 2988
Vindmillur — Pumpur — Agætar Vélar.

BLÓM OG SÖNGFUGLAR

JAMES BIRCH
442 Notre Dame Ave. Talsími 2638
BLÓM - allskonar. Söng fuglar o. fl.

BANKARAR, GUFUSKIPA AGENTR

ALLOWAY & CHAMPION
North End Branch: 667 Main street
Vér seljum Avísanir borganlegar á Íslandi

LÆKNA OG SPITALAAHÖLD

CHANDLER & FISHER, LIMITED
Lækna og Dýralækna áhöld, og hospítala áhöld
185 Lombard St., Winnipeg, Man.

Vitið þér það



Að MAGNET Rjómaskilvinda með ein-stykkja fleytirnum, aðskilur fullkomlega alla smjörfitu úr mjólk inni? Miðflótta-afl var fyrst notað til aðskilnaðar mjólkur-fitunnar í hólri kúlu. En það varð fljótt séð að þessi útbúnaður fullnægði ekki. Og þá stukku skilvindumenn langt skref og gerðu fleytir úr mörgum stykkum. Það var hart að fella svo mörg stykki saman og ómögulegt að hakla þeim hreinum. MAGNET skilv. hefir ENGIN þessi óþægindi Hefir komið í veg fyrir þau þannig: 1. Með því að hafa stálskálina lægri en á öðrum vélum, og mjórri og studda að ofan og neðan. — (Magnet patent.) 2 Í henni hreyfist skálin með 'spur' eða 'square gear' afli. Það afl er traust og vélin rennur svo stöðug að aðskilnaðurinn verður algjör og rjómina ágætur, 3 Með lang-skálum og 'square gear' aflinu í austri umgjörð var ómögulegt að gera einstykkisfleytir, sem aðskildi alla smjörfituna úr mjólkinni: Hann gerði meira: hann aðskildi sjúkdóms - gerla og annan óhroða og veitir þannig alveg hreina framleiðslu. 4. 11 ára dagleg notkun hefir sýnt að Magnet eyðist ekki, og aðskilur eins vel nú eins og þegar vélin var fyrst seld. 5. Enstykkis-fleytirinn er auðhreinsaður á ¼ þeim tíma sem tek ur að hreinsa aðra fleytira. 5. Magnet stöðvarinn umkringir skálina og stöðvar vélina á 8 mínútum án skemdar. H. A Shaw, Smjörgerðar kennari í Moosomin, Sask., segir: "Jeg hefi prófað MAGNET grandgæfilega, og fundið hana beztu rjómaskilvindu sem ég hefi þekt. Hún aðskilur vel hvar sem hún er sett.

The Petrie Mfg. Co., Limited
WINNIPEG
HAMILTON. ST. JOHN. REGINA. CALGARY.

McLEAN HÚSID

Mesta Music-Búð Winnipegborgar

Alþýðan metur heiðarleg verzlunar-viðskifti og ósvikna verzlunar-vöru. Þetta er ástæðan fyrir því, hve feykilega mikið verzlun vor hefir vaxið. Þeir, sem kaupa Pianó eða Orgel af oss, segja vinum sínum hve þægilegt sé að skifta við oss, og svo koma þeir einnig og kaupa af oss. Vér ábyrgjumst hvert einasta hljóð færi sem vér seljum, að vera alveg eins og vér segjum, og með því að vér höfum aðeins vönduðustu hljóðfæri, þá getið þér reitt yður á hvert það Pianó eða Orgel sem af oss er keypt. Vér erum einka umboðsmenn fyrir gamla fél., Heintzman & Co Pianó.

Vér höfum nokkur brúkuð Pianó og Orgel sem vér ætlum að selja þeim fyrstu sem koma, — með ofurlágu verði. —

J. J. H. McLean & Co LIMITED.

528 Main St. Talsími 808
ÚTIBÚ Í BRANDON OG PORTAGE LA PRAIRIE.

PASTOR

MECHANO-THERAPIST

O. V. GÍSLASON,

PRESTUR OG LÆKNIR

710 Ross Ave - Winnipeg

Fréttir úr bænum.

Til Íslands fóru 23. þ.m.: Sigtryggur Guðmundsson með foreldra sína og Oli Bardal, öll frá Dongola, Sask; þau ætla til Akureyrar. Ennfremur fóru Mrs. Sigríður Egilsson frá Brandon í kynnisferð til ættingja og vina í Reykjavík, Mrs. Guðrún Halldórsson frá Foam Lake til sonar síns í Reykjavík, Mrs. Valgerður Erlendsson frá Narrows í kynnisför til foreldra sinna, og Mrs. Anna Thorfinnsson frá Winnipeg. Flest af þessu fólki kemur aftur innan fárra mánaða.

Herra Sigtryggur Guðmundsson, sem telja má foringja fararinnar, hefir dvalið 8 ár hér vestra og búið á heimilisréttarlandi sínu. Honum hefir farnast vel, og hann telur líklegt, að hann muni hverfa hingað vestur aftur. En foreldrar hans ætla til barna sinna heima, sem vilja fá þau.

Heimskringla óskar fólki þessu heppilegrar heimferðar og þeim heillar afturkomu, sem hingað hugsa að hverfa aftur.

Herra Sigurbjörn J. Eyford frá Siglunes P.O. var hér á ferð í sl. viku. Grasvöxt og árferði segir hann í góðu lagi þar nyrðra.

Herra Charles Barber dýraveiða gæzlustjóri fylkisins, hefir beðið Heimskringlu að minna lesendur á að þar eð skotveiðitíminn fyrir heiðlóur (Upland Plover) byrjar 1. júlí næstk., þá þurfi veiðimenn, sem búsettir eru í borgum og bæjum og ætla sér að skjóta þessa fugla, að útvega sér skotveiðileyfi hjá akuryrkjudeild fylkisstjórnarinnar, svo sem lög ákveða.

Sömuleiðis verða utanfylkisbúar að útvega sér samkonar leyfi, ef þeir vilja veiða hér í fylkinu. Allir, sem veiða í leyfisleysi, mega búast við að sæta sektum.

Sömuleiðis er þess getið, að allir, sem hugsa til að skjóta 'Deer' á næsta hausti, verða að hafa útvegað sér leyfi til þess fyrir 1. nóv. næstk. Eftir þann tíma verða engin leyfi veitt.

HAFIÐ KALT

og þægilegt í eldhúsi yðar. Kaupið Gas Range. Það er meðalið. Hún eyðir minna eldsneyti í sumarhitanum en kolastó.—

Setjum hana upp frítt.
Mánaðar afborganir.
Engir vextir lagðir á.

Gas Stove Dept. Winnipeg Electric Ry. Co.
322 MAIN ST. TALS. 2522

Brúkaður Fatnaður

MESTA ÚRVAL ÆTÍÐ Á REIÐUM HÖNDUM. KOMIÐ VIÐ HJÁ OSS OG SKOÐIÐ FÖTIN.

THE **OXFORD**

Brúkaðrafata fél.
Phone 6162.
532 NOTRE DAME AV.
Vér kaupum og seljum föt.

Kirkjuþingið lúterska er sett í dag (fimtudag). Væntanlega verður þar dómur kveðinn upp yfir séra Fr. J. Bergmann, svo tímanlega, að hægt verður að skýra frá úrslitum máls hans í næsta blaði. — Annars hefir það kvisast, að sneitt muni verða hjá beinum ásóknum á hann, en í stað þess reynt að fá Tjaldbúðarsöfnuð allan, að meðtöldum prestinum, til þess á friðsamlegan hátt að ganga úr kirkjufélaginu, því að það þýddi beinan vinning fyrir blindbókstafstrúar stefnuna. Með þessu er vonað, að hægt verði að komast hjá klofningi félagsins, og þó á sama tíma losast við bjálkann stóra í auga þess.

Vesturfarar eru væntanlegir hingað um næstu mánaðamót. Nokkur hópur þeirra fór frá Reykjavík 12. þ.m., hefir komið til Leith þann 18., og ætti því að vera hér um mánaðamótin. — Annar hópur fer frá Reykjavík 3. júlí, og kemur til Leith þann 17. Með honum verður herra Bildfell. Sá hópur ætti að koma hingað fyrir Íslendingadaginn. Ekki er frétt um, hve margir séu í hvorum hópi.

Séra Rögnvaldur Pétursson og kona hans, sem um mánaðartíma hafa verið að ferðast suður í Bandaríkjum, komu heim aftur í vikunni sem leið. Aðallega var ferðinni heitið til Boston á kirkjuþing Únítara, en þau hjónin notuðu tækifærið til að sjá sig um í ýmsum öðrum stórborgum Bandaríkjanna, svo sem höfuðstaðnum Washington, New York og fleiri borgum.

Herra Björn Lindal og Sigfús sonur hans brugðu sér um síðustu helgi vestur á Seattle sýninguna, og búast þeir feðgar við, að ferðast um flestar bygðir Íslendinga á Kyrrahafsströnd um næsta 6 vikna tíma.

Fjórtán hundruð skóladrengir í einkennisfötum höfðu heræfingar í Happyland á fimtudaginn var. — Margar þúsundir af fólki komu til að horfa á þá og þótti vel fara fram æfingarnar.

Herra Carl J. Vopni í Edmonton, Alberta, kom hingað til borgarinnar í fyrri viku. Hann dvelur hér mánaðartíma. Árferði segir hann ágætt þar vestra.

Piano Recital

Lesendur eru mintir á, að piano Recital nemenda Jónasar Pálssonar fer fram í Y.M.C.A. byggingunni á Portage Ave. í kveld miðvikudag, kl. 8. Þar verður vel spilað. Þar spilar ungfrú Clara Oddson á Fiolin. Þar syngja þau Mrs. Rosen og landi vor Peter G. Magnús, frá Chicago. Hann er yfirburða söngmaður. Aðgangur ókeypis. Allir velkomnir. Komið í tíma, til þess að fá góð sæti áður en húsið fyllist.

Hér er prógrammið:

1. Polish Dance ..... *X. Scharwenka*
   Mr. STEVE SÖLVASON
2. Valse Arabesque ..... *Lack*
   Miss RUTH KIRKPATRICK
3. a) Love Song ..... *Gurlit*
   b) Consolation ..... *Mendelssohn*
   Miss BENA THORGEIRSON
4. Violin Solo .....
   Miss CLARA ODDSON
5. Valse in E flat ..... *Durand*
   Miss RUNA NORDAL
6. Funeral March ..... *Chopin*
   Miss CAROLINA THORGEIRSON
7. a] Sonata in C ..... *Haydn*
   b] Spring Song ..... *Mendelssohn*
   Miss HRODNÝ FINNSON
8. Vocal Solo .....
   Mrs. E. ROSEN
9. Seconde Valse ..... *Godard*
   Miss LILLIE SÖLVASON
10. Sonata op 14 No 2 ..... *Beethoven*
    Miss JOHANNA OLSON
11. Guirlandes op. 107 No. 11 ..... *Godard*
    Mr. STEVE SÖLVASON
12. Polonaise op 40 No. 1 ..... *Chopin*
    Miss RUTH KIRKPATRICK
13. Vocal Solo .....
    Mr. PÉTUR G. MAGNUS

ÖKLASKÓR Í HITANUM

OXFORD SKÓR eru nú mörgum sinnum betri, þá maður. sem ann fótum sínum þæginda, fer sér Öxla-Skó eins fljótt og hann getur.—

Þeir eru sniðbetri á þessu ári en nokkru sinni fyrr. Nýtízku sniðin eru sérstaklega fögur. Vel valdir, hagleg skógerð, rétt snið. —

$4.00 $4.50 $5.00 og uppí $7.00

Ryan-Devlin Shoe Co
494 MAIN ST. PHONE 770.

Þær konurnar Mrs. SolveigStone og Mrs. Solveig Halldórsson fóru ásamt börnum sínum snemma í þessum mánuði vestur á Kyrrahafsströnd, í kynnisför til skyldmenna sinna þar. Mrs. Stone að finna dóttur sína (Mrs. Jón Hannesson), sem býr í Blaine, Wash., og Mrs. Halldórsson að finna föður sinn, herra Sigurð Bárðarson, sem einnig býr í Blaine bæ. Þaðan er að eins lítill kippur suður til Seattle, og má því ætla að konurnar skoði sýninguna miklu þar, sem nú stendur yfir. Þær bjuggust við að dvelja vestra mánaðartíma.

Herra Páll Reykdal auglýsir í þessu blaði fundarboð að Seamo Hall þann 6. júlí næstkomandi, til þess að ræða um að mynda löggilt sveitarhérað þar vestra, og taka í það Tp. 18 og 19 í röðum 1 til 6. — Heimskringla vildi minna búendur í Twp. 20 í þessum röðum, að sækja fund þennan, ef þeir óska að koma Twp. sínum inn í hið fyrirhugaða sveitarhérað, og það ættu þeir að sjálfsögðu að kjósa. Ritstj.

WELLINGTON GROCERY CO. selur gott smjör á 20c og Crescent Creamery smjör á 25c, rjóma og mjólk eftir því sem hver vill. Nýegg á 22c dúsinið; sætt "bisquit" 3 pd. á 25c, meðan það endist. Thordarsonar tvíbökur og kringlur ætíð á reiðum höndum. — WELLINGTON GROCERY CO., Cor. Wellington og Victor. Talsími 2162. Th. Thórarinsson og H. Bjarnason, eigendur.

Séra O. V. Gíslason var hér á ferð í sl. viku, eftir ferðalag um Íslendingabygðir vestan Manitobavatns. Hann lagði af stað á laugardaginn var austur til Keewatin, og embættaði þar sl. sunnudag, en kom aftur þaðan að austan eftir helgina. — Séra Oddur stundar nú jöfnum höndum prestsskap og handlækningar. Starf þetta og sífeld ferðalög, sumar og vetur, sýnast að eiga vel við hann, því maðurinn verður þeim mun unglegri, sem hann eldist meira, og enn þá les hann gleraugnalaust, þó kominn sé á áttræðisaldur. — Hinn íslenzki lúterski söfnuður í Westbourne, Man., hefir kallað séra Odd V. Gíslason.

Victor Anderson prentari og Frank bróðir hans hafa myndað nýtt prentfélag, sem þeir nefna "THE ANDERSON CO.". Þeir hafa keypt öll áhöld Gísla prentara Jónssonar, og reka iðn sína framvegis á sama stað og Gísli gerði. Þeir bræður eru æfðir prentarar og lofa góðu verki. Sjá auglýsingu þeirra á öðrum stað í blaðinu.

Eldur í Great West Saddlery byggingunni á East Market St. aðfaranótt 17. þ.m. gerði um 200 þúsund dollara eignatjón. Eldurinn hafði borist í hús þetta frá næsta húsi sem kviknað hafði í.

Úr bréfi frá Glenboro, dags. 15. þ.m.: Sáningu er nú allstaðar lokið fyrir nokkru. Tíðin hefir verið mjög hagstæð í vor, og útlit með uppskeru í góðu meðallagi. Þó fer nú að verða töluvert þurt, ef ekki rignir bráðlega. Grassprettan er hér í bezta lagi. Engin stórtíðindi önnur. Almenn velliðan fólks á meðal og heilbrigði manna".

Dr. M. Hjaltason, Oak Point, Man.

Gefið Hestverð

Í samskotasjóð Jóns Finnbogasonar hafa Heimskringlu borist þessar upphæðir:

Marja Bjarnadóttir ...	$0.50
Björn Lindal	5.00
Áður auglýst ...	$78.25
Alls innkomið ...	$83.75

ALLA ÞÁ

er panta vildu póstspjöldin íslenzku eða myndaspjöldin fyrir sjálfa sig, eða til útsölu, bið ég að snúa sér með pantanir sínar til herra Þorsteins Þ. Þorsteinssonar, 559 Toronto St., Winnipeg, er góðfúslega hefir tekið að sér afgreiðslu á þeim. Einnig eru útsölumenn beðnir að gera reikningsskil til hans við tækifæri.

Þeir, er vildu hafa ítrefaviðskifti við mig, áriti bréf til mín: 153—159 S. Jefferson St., Chicago, Ill.

Chicago, 17. júní 1909.
A. J. JOHNSON.

Áríðandi fundarboð.

Samkvæmt fundarsamþykt á Seamo Hall 15. júní 1909 verður almennur fundur haldinn af búendum í Townships 18 og 19, í röðum 3—4—5 og hluta af röð 6 vestur, að Seamo Hall, Seamo, á þriðjudaginn 6. júli 1909, klukkan 2 e.m., til að ráða fram úr, ef hægt er, hvort framannefnt hérað skuli eða skuli ekki taka upp sveitarstjórn.

Dagsett að Lundar 16. júní '09.
PÁLL REYKDAL,
skrifari fundarins.

Fólkið er fundið

Áritan til herra Helga (Ísaksonar) Johnson, er 1666 5th Ave. West, Vancouver B.C.

Mrs. Ólína Tjörvadóttir Sveistrup býr með manni sínum að Dog Creek P.O., Man.

Fæði og húsnæði á Gimli.

Þeir, sem æskja eftir fæði og húsnæði á Gimli eftir 1. júlí næstkomandi, snúi sér sem allra fyrst til Mrs. Eugenia Olson, P.O. Box 95, Gimli, Man.

SPÓNNÝTT PRENT FÉLAG

UNDIRRITAÐIR hafa keypt prent áhöld herra Gísla Jónssonar og halda áfram prentstarfi á sama stað, á suð-austur horni Sargent og Sherbrooke St. — Við áhöldin verðurbætt svo að vér getum tekið að oss allskonar prentun, og leyst hana af hendi fljótt og fullkomna

THE ANDERSON COMPANY

S. F. Ólafsson
619 Agnes St. selur Tamarac fyrir $5.50 og $5.75 gegn borgun út í hönd.
Telephone: 7812

Jónas Pálsson,
SÖNGFRÆÐINGUR.
Útvegar vönduð og ódýr hljóðfæri.
460 Victor St. Talsími 6803.

Íslenzkur Tannsmiður,

Tennur festar í með Plötum eða Plötulausar. Og tennur eru dregnar sársaukalaust með Dr. Mordens sársaukalausu aðferð

Dr. W. Clarence — Tannlæknir.
Sigurður Davíðsson—Tannsmiður.
620½ Main St.
Phone 470 Horni Logan Ave.

A. S. BARDAL

Selur líkkistur og annast um útfarir. Allur áðbúnaður sá bezti. Enfremur selur hann alskonar minnisvarða og legsteina.

121 Nena St. Phone 306

Nýji Vor-fatnaðurinn þinn.

EF HANN KEMUR FRÁ CLEMENT'S — ÞÁ ER HANN RÉTTUR.

Réttur að efni, réttur í sniði réttur í áferð og réttur í verði.

Vér höfum miklar byrgðir af fegurstu og beztu fataefnum. —

Geo. Clements & Son
Stofnað árið 1874
264 Portage Ave. Rétt hjá FreePress

Th. JOHNSON
JEWELER
286 Main St. Talsími: 6606

JOHN ERZINGER
TÓBAKS-KAUPMAÐUR.
Erzinger's skorið reyktóbak $1.00 pundið
Hér fást allar neftóbaks-tegundir. Óska eftir bréflegum pöntunum.
McINTYRE BLK., Main St., Winnipeg
Heildsala og smásala.

Dr. G. J. Gislason,
Physician and Surgeon
Wettington Blk. - Grand Forks, N.Dak
Sjerstakt athygli veitt AUGNA, EYRNA, KVERKA og NEF SJÚKDÓMUM.

Drs. Ekern & Marsden,
Sérfræðislæknar í Eftirfylgjandi greinum: — Augnasjúkdómum, Eyrnasjúkdómum, Nasasjúkdómum og Kverkasjúkdómum. : : :
Í Platky Byggingunni í Bænum
Grand Forks, :: N. Dak.

BILDFELL & PAULSON
Union Bank 5th Floor, No. 520
selja hús og lóðir og annast þar að lútandi störf; útvegar peningalán o. fl.
Tel.: 2685

J. L. M. THOMSON, M.A., L.L.B.
LÖGFRÆÐINGUR. 255½ Portage Ave.

ANDERSON & GARLAND
LÖGFRÆÐINGAR
35 Merchants Bank Bldg. Phone: 1561

BONNAR, HARTLEY & MANAHAN
Lögfræðingar og Landskjala Semjarar
Suite 7, Nanton Block, Winnipeg

Hubbard, Hannesson and Ross
LÖGFRÆÐINGAR
10 Bank of Hamilton Chambers
Tel. 378 Winnipeg

Boyd's Brauð.

Brauð vor ættu að vera á borðum yðar. Þér megið ekki hætta á tvísýnar fæðutegundir Það bezta aðeins skyldi étast. Gott brauð og nóg af því ættu allir að borða. Brauð vor eru hægmelt, svo að allir semreyna þau, gerast stöðugir kaupendur. Öll brauð keyrð heim.

Boyd's

Bakery Cor. Spence & Portage Ave
Phone 1030.

W. R. FOWLER A. PIERCY.

Royal Optical Co.
327 Portage Ave. Talsími 7286.
Allar nútíðar aðferðir eru notaðar við augn-skoðun hjá þeim, þar með hin nýja aðferð, Skugga-skoðun, sem gjöreyðir öllum ágiskunum. —

Laing Brothers
3 Búðir: 234-6-8 KING ST. Talsími 4476, 5890, 5891
417 McMILLAN AVENUE Talsími 5598
847 MAIN ST. — Tals: 3016

Hafrar, Hey, Strá,
COUNTRY SHORTS, BRAN, CORN, CORN CHOP, BYGG CHOP, HVEITI CHOP, OG GARÐAVEXTIR.
Vér höfum bezta úrval gripafóðurs í þessari borg; fljót afhending

EKRU-LOÐIR

3. til 8 ekru spildar við rafmagns brautina, 5 mílur frá borginni. — aðeins 10 mínútna ferð á sporvagninum, og mólborin keyrsluvegur alla leið. Verð $200 ekran og þar yfir. Aðeins einn-fimtipartur borgist strax, hitt á fjórum árlegum afborgunum.—

Skúli Hansson & Co.
Skrifst. Telefón 6476. Heimilis Telefón 2274

Heimskringla.

VÉR HÖFUM
næga skildinga
til að lána yður mót tryggingu í bújörðum og bæjar-fasteignum. Seljum lífsábyrgðir og eldsábyrgðir. Kaupum sölusamninga og veðskuldabréf.

Frekari upplýsingar veita
Skúli Hansson & Co.
56 Tribune Building. Winnipeg.

XXIII. ÁR. WINNIPEG, MANITOBA, FIMTUDAGINN, 1. JÚLÍ, 1909 NR. 40

Komið til Mín!

og skoðið hjá mér hin margreyndu og alkunnu BRANTFORD reiðhjól.

Þau eru langbeztu reiðhjól sem fást hér í Canada, — og líklega þó víðar sé leitað. Ekki þurfið þér að óttast skilmálana; þeir munu koma heim við hvers manns vasabuddu. Komið til mín með gömlu reiðhjólin til aðgerðar.

West End Bicycle Shop,
JON THORSTEINSSON, eigandi.
477 PORTAGE AVE. Winnipeg, Man

Fregnsafn.

Markverðustu viðburðir hvaðanæfa.

— Brandon búar eru óánægðir við Grand Trunk Pacific félagið yfir því, að félagið hafði lofað, að byggja grein af braut sinni til Brandon borgar strax og aðalbrautin væri lögð. En greinin til Brandon á ekki að leggjast að svo stöddu. Brandon búar hafa haft fund um mál þetta og ákveðið að senda 4 menn til Ottawa til þess að kvarta fyrir stjórninni um prettvísi G.T.P. félagsins. Sendinefnd frá borg þessari hefir áður farið austur í sömu erindum, en ekki fengið að gert. En nú er vonað, að betur gangi, með því að nú fer nefndin austur með bænarskrá undirritaða af hverjum einasta íbúa og gjaldþegni bæjarins.

— Talsverðir jarðskjálftar urðu á Ítalíu þann 24. júní. En ekki er þess getið, að líftjón hafi orðið, þó eignir skemdust á sumum stöðum.

— Nokkur járn- og stálgerðarfélög í Pennsylvanía ríkinu hafa hækkað verkalaun manna sinna um 10 prósent yfirleitt.

— Það ber vott um vaxandi velmegun, að Canada búar hafa á sl. mánuði lagt nær 10 miliónir dollara meira á bankana, en þeir gerðu í sama mánuði á sl. ári.

— Stjórn Frakklands hefir haft 21 milión dollara sjóðþurð á sl. fjárhagsári. Fjármálastjórinn vill bæta úr þessu með því, að leggja á nýja skatta, svo sem aukinn toll á olíu, sem notuð er í sjálfhreyfivagna, Ennfremur aukinn skatt af erfðafé, og — hundaskatt. Hann gat þess, að stefna stjórnarinnar yrði framvegis sú, að skatta auðsafnsfélög og auðmenn landsins meira en verið hefði.

— Konur á Frakklandi hafa nýlega myndað loftsiglingafélag. Þær byrjuðu félag sitt í 5 loftbátum og svifu í loftinu nær 3 kl.stundir, og lentu svo með heilu og höldnu um 70 mílur vegar þaðan, sem þær hófu ferð sína.

— Það kom fyrir nýlega, að brezkt kaup- eða vöruflutningaskip bar þar að, sem þeir mættust á hafi úti keisarar Rússa og Þjóðverja. Herskip beggja þjóða voru þar á verði, til þess að vernda keisarana. Þessum verndarskipum þótti brezka skipið sigla of nærri keisaraskipunum, svo að eitt herskip Rússa skaut á það og særði 3 eða 4 af skipverjum, þar með gufuvélastjórann. Rússar hafa beðið Breta velvirðingar á þessu frumhlaupi manna sinna og boðið að borga rífleg skaðabætur. — Rússakeisari hefir sjálfur sent hinum særða gufuvélastjóra 100 þús. dollara að gjöf fyrir meiðslin, og þykir það höfðinglega af sér vikið og gott til afspurnar. Hvort hinir sem særðir voru, hafa nokkurs góðs orðið aðnjótandi, er enn óspurt.

— Rannsókn hefir um langan tíma staðið yfir í Montreal borg út af sviksemi og fjárdrætti í stjórn slökkviliðsins þar. Það hefir fullsannast, að um nokkurra ára tíma hefir hver maður orðið að borga frá 100 til 500 dollara til þess að fá að vinna fyrir algengu kaupi í slökkviliðinu. En svo er að sjá, sem flestir af þeim bæjarfulltrúum, sem fengu fé þetta fyrir áhrif sín í bæjarstjórninni, — séu annaðhvort dánir eða fjarverandi. Sumir þeirra, sem keyptu stöðurnar, dóu áður enn þeir voru komnir úr skuldum þeim, sem þeir komust í við lántökuna til þess að geta keypt sér atvinnu í þessu slökkviliði.

— Japan og Austurríki hafa myndað bandalag til sóknar og varnar. Rússum þykir það súrt í broti, því að ef Rússar ráðast á Austurríki, þá ráðast Japar á Vladivostock, aðal sjóhöfn og herstöð Rússa í Austurálfu heims. — Rúmenía hefir og gengið í bandalag við Austurríki, svo að þessi þrjú ríki vinna saman meðan samningarnir eru í gildi. Rússakeisari og Rússastjórn eru á náðum af ótta fyrir framtíðar útlitinu. Aðal blað Rússa flytur langa ritgerð um, að selja Pólland í hendur Þjóðverjum, og mælir fram með því.

— Rússakeisari ætlar að ferðast til Svíþjóðar og þiggja veizlu í Stokkhólmi. Sósialistar hafa haft undirbúning til að láta í ljós opinberlega vanþóknun sína á keisaranum, þegar hann stígur þar á land.

— Æsingar miklar eru í herbúðum kvenna í Bandaríkjunum, út af ritgerð eftir prófessor Frederick Starr í Chicago, sem prentuð er í júliheftinu af "The Red Book". — Höf. heldur þar fram þeirri kenningu, að konur séu villidýr, hæfileikalausar, að ekki verði bent á neitt, sem eftir þær liggi í bókmentum, listum eða vísindum, sem orð sé á gerandi, og að þær séu ekki jafnokar karlmanna í neinni grein. Að vísu geti þær lært en hafi ekkert lag á, að nota lærdóm sinn sér eða öðrum til gagns. Konurnar séu barnslegar í hugsunum sínum og séu ímynd villimanna. Nokkrar konur hafa svarað ritgerð þessari, og fara hæðilegum orðum um prófessor Starr. Fremst þeirra er Katrín McCullough. Hún telur upp konur, sem hafi skarað fram úr körlum í bókmentum, stjörnufræði, standmyndagerð, málverkalist o. fl., og getur þess, að hann muni hafa ritað gegn betri vitund. Þess láta konur og getið, að hann sé nú orðinn miðaldra baslari, og að í því muni rótin liggja til þessa kvenhaturs brjálæðis hans.

— Fjórtán manns létu lífið í New York borg af hita þann 23. júní sl.

— Tuttugu konur og börn voru troðin undir til bana og yfir 100 manns hættulega skaðaðir í Madrid borg á Spáni þann 23. þ.m. Þar var verið að sýna hreyfimyndir. En vélin sprakk svo að kviknaði í húsinu. Varð þá æði svo mikið á fólkinu til undankomu, að það tróð hvað annað undir, með þeim afleiðingum, sem að framan eru sagðar.

— Ný draugasaga er sögð frá Wyke Township. Sá náungi gengur þar nú hamförum um hábjartan dag og hendir húsgögnum í allar áttir í húsi því, sem hann hefir tekið sér bólfestu í. Jafnótt og húsmóðurin lagar til í húsinu, ryður draugurinn því öllu úr lagi, og slær jafnvel konuna utan undir, þegar hún gerist of afskiftasöm í húsinu. Þetta er búið að ganga svona í nokkra daga, og jafnt á nótt sem degi. Mesti fjöldi fólks hefir komið til að sjá þennan leik, og undrast mjög yfir þessum aðförum. Fólkið sér hlutina hreyfast, en ekki kraftinn sem hreyfir þá.

— Þing Þjóðverja hefir lagt skatta á titla og nafnbætur. Hver sá, sem hefir prins-nafnbót, á að borga árlega $1500 í ríkissjóð, en þeir, sem hafa duke-titil borgi $2500 á ári, og á fursta-nafnbót er lagður $900 árlegur skattur. Það er ætlast til, að þetta gefi af sér góða búbót fyrir ríkissjóðinn.

— Stjórn Þjóðverja varð undir í atkvæðagreiðslu í þinginu í Berlín fyrir nokkrum dögum. Orsökin var frumvarp til laga um aukna skatta á alþýðu manna til hernaðarþarfa. En svo er sagt, að stjórnin muni þó ekki upplevsa þingið og ganga til nýrra kosninga fyrr en hún sé búin að sjá fjármálum ríkisins nokkuri veginn borgið, — svona fyrst um sinn.

— Málverkasala fór fram í Lundúnum á Englandi í sl. viku. Sumar myndir seldust þar fyrir afarverð. Ein mynd seldist fyrir meira en 65½ þús. dollara, og margar myndir seldust fyrir 44 og niður í 6 þús. dollara.

— Stjórn Ung-Tyrkja hefir komist að því, að afdankaði soldánnn á 21½ milljón dollara í Imperial bankanum á Þýzkalandi. Stjórnina langar til að ná í þessa peninga, en hefir enn þá ekki getað fundið ráð til þess. Mælt er og, að talsverðar upphæðir séu á bönkum á Frakklandi og í Bandaríkjunum, en um fjármagn það hefir Tyrkjastjórn ekki fengið fulla vissu enn sem komið er.

— Þrjú þúsund strætisbrautavinnendur í Pittsburg, Pa., gerðu verkfall á sunnudaginn var. Engir vagnar gengu því eftir strætunum þar þann dag, svo að alt fór friðsamlega fram, en búist við einhverjum sögulegum viðburðum þessa viku, því mennirnir eru einbeittir í, að hafa mál sitt fram, en félagið kveðst eiga vísan sigur, strax og það fái tíma til að átta sig.

— Fjögur hundruð Tyrkir og Sýríumenn og konur áttu í blóðugum bardaga á götunum í Springfield borg í Massachusetts á sunnudaginn var. Þjóðernisrígur var aðal orsökin og byrjaði út af því, að einn Tyrkinn heimsótti gifta konu Sýríumanns þar í borginni. Bardaginn stóð yfir fulla klukkustund, áður lögreglan fékk sefað lýðinn. Vopnin voru byssur, knífar, barefli, grjót og flöskur. Tveir eða þrir voru drepnir, margir særðir og fluttir á spítala og mörgum varpað í fangelsi.

— Svo er til ætlast, að þann 7. þ.m. verði G.T.P. járnbrautin stállögð milli Winnipeg og Edmonton. En ekki er búist við, að farþegja og flutningslestir gangi reglulega milli nefndra borga fyr en 1. sept. næstk., þó að nú gangi farþegjalestir reglulega frá Winnipeg vestur að Scott, 570 mílur vestur í land.

— Nýlega fékk Joseph Brough, ungur, enskur vinnumaður á bóndabýli hér í fylkinu, tilkynningu um, að hann hefði erft á Englandi "Baronet" tign og 375 þús. dollara í fasteignum. Jafnframt var honum sent fé svo mikið, að hann gæti ferðast til Englands, svo sem tignum manni sæmdi, til þess að veita viðtöku tign sinni og eignum.

— Loftskip er 4 smíðum í Parísarborg, sem ætlað er til ferða milli Parísar og Lundúna. Það á að bera 25 farþegja og nauðsynlegan farangur þeirra. Fyrsta ferðin er ákveðin tímanlega í ágústmánuði næstkomandi.

— Gufuskipið "Muritania" fór nýlega yfir Atlantshaf á 4 sólarhringum og 17 kl.stundum, og er það fljótasta ferð, sem enn hefir gerð verið yfir þá vegalengd. Farþegarnir með þessu skipi fóru frá New York á miðvikudag, en komu til Liverpool á mánudagskveld.

— Nýlega hefir herra D. Lorne McGibbon, formaður Canadian Rubber félagsins, ákveðið að gefa $125,000, eða eins mikið meira eins og kann að þurfa, til þess að byggja og fullgera heilsuhæli fyrir tæringar sjúklinga í Quebec fylki. Hann dvaldi sjálfur um tíma á einu slíku hæli þar eystra, og fékk fulla heilsubót. Vill hann nú launa lífgjöfina með því, að reisa stofnun þessa á eigin kostnað.

Víða er pottur brotinn.

Kirkjuþing hefir um nokkurra undanfarna daga staðið yfir í Berlín á Þýzkalandi. Aðalmálið á dagskrá þessa þings hefir verið hin árlega vaxandi afturför þjóðkirkjunnar þar í landi, hvað fólksfjölda snertir. Þessi afturför hófst fyrir alvöru fyrir 10 árum, og hefir farið vaxandi með hverju ári. Árið 1906 gengu 3766 manns úr þjóðkirkjunni, og árið eftir sögðu 3802 skilið við hana. Í fyrra gengu 9118 manns úr kirkjunni, og á fyrstu 5 mánuðum þessa yfirstandandi árs, hafa svo margir yfirgefið kirkjuna, að talið er, að 12 þúsund manna muni yfirgefa hana á þessu ári. Flest af fólki þessu er sagt að vera skynsamt efnafólk, sem á liðnum árum hefir lagt óspart fé til kirkjunnar þarfa. Á þinginu kom það fram, að þær tölur, sem að framan eru tilfærðar, nái eingöngu yfir það fólk, sem gengið hefir úr kirkjunni í Berlín borg. En þess var getið, að afturför þessi næði yfir alt þýzka ríkið, þó ekki væru tölur fyrir hendi yfir þann fjölda, sem árlega segir skilið við kirkjuna allstaðar annarsstaðar í þýzka ríkinu.

Um orsakir til þessarar afturfarar þjóðkirkjunnar var allmikið rætt á þinginu, og voru þessar taldar helztar:

1. Áhrif sósialista, sem ekki leggja mikinn trúnað á bibliukenningar eða kristilegt safnaðalíf.
2. Að prestastétt landsins leggi sig of mjög fram til þess, að hafa helzt mök við auðmannaflokkinn og þá efnaðri alþýðumenn, sem helzt er fjárvon frá.
3. Að samúð milli presta og safnaðarlima hvervetna í þýzka ríkinu fari árlega minkandi vegna alls konar ágreinings út af safnaðastjórn og þeim málum öllum, er kirkjulega starfsemi varðar.
4. Að safnaðarfólkið sé farið að hafa á móti því, að borga nokkur safnaðargjöld.
5. Og aðal-orsökin sé sú, að hin nýja guðfræði er þar í landi svo mjög að ryðja sér braut að hún er óðfluga að kippa fótum undan gömlu guðfræðinni. Fólkið er hætt að trúa í blindni, og krefst þess, að mega láta ljós heilbrigðra vitsmuna komast að í trúmálum eins og öllum öðrum málum.

Þingið virtist ráðþrota að ráða bót á þessu ástandi.

Hversvegna Japar unnu á Rússum.

General Kuropatkin, sem í byrjun Japan-Rússa stríðsins var yfirherforingi rússnesku herdeildanna, hefir ritað bók mikla, sem hann nefnir "Sögu Japan-Rússa stríðsins". Hann talar þar hreinskilnislega og hispurslaust og segir álit sitt á því, hvers vegna Rússar hafi orðið að lúta í lægra haldi fyrir "þeim mórauðu".

Meðal annars segir hann:

"Deildir þær, sem vér settum út á hervöllinn, gátu ekki unnið á Jöpum á þeim tíma, sem þeim var ætlað að gera það. Margir söguritaarar munu reyna að gera grein fyrir því, hvernig eitt smáveldi, eða sem vér töldum svo, sem fyrir tiltölulega skömmum tíma ekki átti neinn her, gat algerlega sigrað oss á sjónum, og einnig unnið sigur á herdeildum vorum á landi. Væntanlega fáum vér einhverntíma fullnaðar skýringu á þessu atriði. En í þessari bók ætla ég að draga fram nokkur yfirgripsatriði, sem gerðu Jöpum sigurvinningarnar mögulegar.

"Yfirleitt má segja, að vér höfum vanmetið afl þeirra, sérstaklega siðferðisþrek þeirra, og þess vegna fórum vér út í stríðið ekki nægilega viðbúnir.

"Eftir stríðið milli Kínverja og Japana, sem ég hafði kynt mér nákvæmlega, lærði ég að bera virðingu fyrir Jöpum, og ég aðgætti framför þeirra með talsverðri áhyggju. Framferði hermanna Japana, sem börðust með oss í Peichic-li fylkinu árið 1900, sannfærði mig um manngildi þeirra. Ég var of stuttu stund í Japan til þess að læra að þekkja landið eða herdeild ir þess, en það sem mér auðnaðist að sjá, sýndi ljóslega, hver undra breyting hafði orðið þar á sl. 25—30 árum. Ég sá fagurt land, þéttbygt hraustu og starfsömu fólki. Miklar framfarir voru sjáanlegar á allar hliðar, og allstaðar varð maður var við ættjarðarást, framtíðartrú og þjóðlega gláðværð. — Mentamála ástandið áhugaði ég á hermannaskólunum. Það var spartverskt að eðli. Líkamsæfingar hermannanna voru ólíkar því, sem ég hefi séð nokkursstaðar annarsstaðar. Þær æfingar voru ekkert annað en bardagi af svæsnustu tegund, og þegar keppinautarnir voru búnir að kljást með vopnum, þá fóru þeir í handalögmál, og hættu ekki fyr en annar féll, svo að hinn gat rifið grímuna af honum. Allar voru æfingar þessar hinn strangasti kappleikur. Menn börðu hverir á öðrum með hrópum og köllum. En strax og kappið var yfir, eða merki gefið að hætta, þá tóku menn strax á sig sinn vanalega alvöru og virðarsvip, eins og ekkert hefði komið fyrir. Í öllum barnaskólum voru hafðar slíkar heræfingar og drengjunum þótti sérlega gaman að þeim. Jafnvel á leið þeirra frá og til skólanna voru drengirnir oft vandir við ýmiskonar æfingar, og hópar af öðrum drengjum settir til að gera þeim fyrirsát og ráðast á þá að óvörum, en alt var þetta undir umsjón æðra manna.

"Saga japönsku þjóðarinnar skapar sterka ættjarðarást í börnin, og festir í hugum þeirra þá sannfæringu, að landið sé óvinnandi.

"Eins og byrjun stríðsins kom fyrirvaralaust, svo komu einnig leikslokin öllum á óvart. Þau urðu þegar Rússar áttu sízt von á, og þegar þeir vonuðu að geta fyrir alvöru látið til sín taka, og höfðu örugga von um, að geta unn ið sigur á Jöpum. Eftir marga og mikla ósigra fóru herdeildir Rússa til Hsi-ping-kai í marzmánuði árið 1905, og héldu sig þar, þar til enda var bundið á ófriðinn. Friðurinn kom, þegar rússneski herinn átti sízt von á honum og kærði sig minst um hann, og þegar allur undirbúningur hafði verið gerður til þess að halda áfram með auknum krafti, og var þá herinn betur undir búinn, en nokkur her hefir áður verið í sögu landsins. Linewitch var að bíða eftir 13 herdeildum, hinum síðustu, sem Rússar ætluðu að senda móti Jöpum. Nokkur hluti þessara herdeilda hafði þegar komist til Harbin, og hinn hlutinn var á leiðinni. Þegar þessar deildir hefðu allar verið komnar á hervöllinn, þá hefðu Rússar haft þar eina miljón hermanna, velæfða og að öllu leyti vel útbúna. En Japar voru farnir að gefast upp, höfðu mist hæði móð og þrótt, og voru efnalausir til að halda áfram bardaganum. Meðal fanga þeirra, sem Rússar tóku, voru bæði gamlir menn og drengir, og þeir virtust ekki hafa jafnmikla ættjarðarást eða áhuga til sigurvinninga eins og orð lék á árið áður. Rússar hinsvegar voru farnir að tína gamla menn úr her sínum og senda þá heim aftur, eða ætla þeim verk, sem ekki tilheyrði hernaði. Þá hefðu Rússar fengið 100 þúsund unga, hrausta hermenn, sem friviljuglega höfðu gefið sig í stríðið. Aldrei fyr hafði herinn verið í jafngóðu ástandi, og sumar deildir, svo sem sjöunda Síberíu deildin, var mannfleiri enn nauðsyn var til. Vélabyssur höfðu verið fluttar austur og mesta kynstur af alls konar fallbyssum, og að öllu leyti voru Rússar svo vel út búnir, sem nokkur þörf var á, og reiðubúnir til að senda herdeildir sínar áfram til að endurnýja bardagann. Þessi undirbúningur hafði varað nokkra mánuði, og alt var til taks, sem þurfa þótti. Vér höfðum tal og ritsímakerfi, og tæki til að leggja sjóþræði. Vér höfðum alt, sem vér þurftum. Einnig höfðum vér loftskeytatæki, sem voru til taks á hverri stundu, sem á þurfti að halda. Flutnings áhöldin og læknaog sjúkradeildirnar voru í bezta lagi, og herinn hélt sig á öruggum stað, þar sem ekki varð að honum sótt.

"Það er lítill efi á því", segir Kuropatkin, "að vér hefðum getað rekið á flótta hverja þá herdeild, sem óvinirnir hefðu sent á móti oss, og eftir vorum útreikningi, hefðum getað sótt á þá með yfirburða mannafla. Aldrei fyr hefir Rússland haft svo öflugan her á vígvelli, eins og þann, sem saman var kominn í Manchuriu í ágústmánuði árið 1905.

"Þannig voru allar kringumstæður oss þægilegar, þegar vér fengum þær fréttir, að samningar hefðu tekist í Portsmouth, sem bönnuðu frekari aðgerðir. — Það er þess vegna ljóst, að stríðið endaði of fljótt fyrir Rússland og áður en að Japar voru búnir að yfirvinna her þann, sem var á móti þeim".

Það þarf ekki lengi að leita í þessari ritgerð til þess að sjá hlutdrægnina skína út á milli línanna, því það er öllum ljóst, að friðurinn var Rússum hvorki óvæntur né óvelkominn. Þeir höfðu sent sendinefnd gagngert til Bandaríkjanna, til þess að semja um frið við Japana, og þeir höfðu í marga mánuði á undan beðið hvern ósigurinn á fætur öðrum og hvarvetna orðið að láta undan síga fyrir Jöpum. Jafnvel Kuropatkin segir heldur ekki, að það sé áreiðanlegt, að Rússar hefðu unnið sigur, þó lengur hefði verið barist.

OGILVIE'S
Royal Household Flour

Til Brauð og Köku Gerðar

Gefur Æfinlega Fullnæging

EINA MYLLAN Í WINNIPEG.—LÁTIÐ HEIMAIÐNAÐ SITJA FYRIR VIÐSKIFTUM YÐAR.

Giftingaleyfisbréf
selur Kr. Ásg. Benediktsson
540 Simcoe st. Winnipeg.

Wall Plaster

Með því að venja sig á að brúka **"Empire"** tegundir af Hardwall og Wood Fibre Plaster er maður hár viss að fá beztu afleiðingar.

Vér búum til:

"Empire" Wood Fibre Plaster
"Empire" Cement Wall "
"Empire" Finish "
"Gold Dust" Finish "
"Gilt Edge" Plaster of Paris
og allar Gypsum vöruutegundir. —

Eigum vér að senda yður bækling vorn?

MANITOBA GYPSUM CO. LTD
SKRIFSTOFUR OG MILLUR Í
Winnipeg, - Man.

Heimskringla

Published every Thursday by The Heimskringla News & Publishing Co. Ltd

Verð blaðsins í Canada og Bandaríkjunum er $2.00 um árið (fyrir fram borgað). Sent til Íslands $2.40 (fyrir fram borgað af kaupendum blaðsins hérlendis $1.50.)

B. L. BALDWINSON,
Editor & Manager

Office:
729 Sherbrooke Street, Winnipeg
P.O. BOX 3083. Talsími 3512.

Morðmálin.

Winnipeg er ekki siðleysis borg, eins og það er almennt skilið. En þó verður því ekki neitað, iað margt fer hér fram svo að segja daglega, sem ekki að eins er ljótt og glæpsamlegt, heldur einnig stendur þjóðfélaginu mikil hætta af, sé því leyft að fara fram óhindruðu, eins og að mestu leyti hefir orðið að vera á liðnum árum.

Svo telst til, að á sl. nokkrum árum hafi nær 20 mannsmorð verið framin hér í borginni og grend inni, sem engin hegning hefir komið fyrir. Lögreglan er í vandræðum með að finna þá, sem seki eru, og þó svo standi á, að svo virðist, sem ekkert sé um að villast, þá hefir henni þó ekki tekist að festa sekt á neinum þeim, sem kærðir hafa verið. Enginn þarf að efast um, að lögreglan geri alt það, sem í hennar valdi stendur, til þess að hafa hendur í hári þeirra, sem hún telur valda að glæpum þessum. En málin fara jafnan svo, að þeir eru sýknaðir.

Tvent er það einkanlega, sem hún á við að etja, sem gerir henni sönnun sektar örðuga, jafnvel þó hún hafi talsverð sannanagögn við að styðjast: Fyrst það, að blöðin tala alt of mikið um málin strax frá þeirri stundu, sem það hefir orðið ljóst, að glæpur hafi framinn verið. Sá seki, ef hann les enska tungu, getur alt af séð í blöðunum fyrirhuganir lögreglunnar og hreyfingar hennar, hver helzt muni grunaður vera um glæpinn og allar aðrar upplýsingar, sem hann þarf til undankomu. Í öðru lagi: Ef til réttarhalds kemur, þá hafa lögmenn verjendanna þann varnarmáta, að gera mótvitnin eins tortryggileg eins og þeim er frekast mögulegt, og á þann hátt, að draga svo úr gildi því, sem vitnisburður þeirra annars kynni að hafa, að draga megi nokkurn efa á réttmæti hans. Og með því að það er á meðvitund þjóðarinnar og lögum samkvæmt, að sá ákærði skuli jafnan látinn njóta efasemda, þá þurfa sannanagögnin að vera ákaflega sterk og óhrekjandi til þess að sök verði fest á þá ákærðu. Og þó svo kynni að vera, að til væru þeir, sem fest gætu sökina á þá ákærðu, ef þeir hefðu vilja til þess, þá eru margir svo gerðir, að þeir veigra sér við, að tilkynna það, sem þeir vita, til þess að komast hjá því, að bera vitni fyrir rétti, þar sem þeir fyrirfram vita, að lögmenn verjendanna muni beita sig allri ósanngirni, og reyna að rýja sig æru og mannorði. Af þessu, ásamt öðrum ástæðum, er það komið, að lögreglan á erfitt með að festa sakir þar, sem þær eiga að lenda.

Síðasta morðmálið, sem hér hefir komið fyrir og hulið er leynd, er það, sem framið var á Dominion Street, í suðvestur hluta þessarar borgar, þann 22. apríl sl., þegar ung kona að nafni Mrs. James, var um miðjan dag myrt að heimili sínu, og án þess að nokkur þar í grend hafi séð nokkurn fara til eða koma frá húsinu þann dag, nema bónda hennar, þau hjón voru nýlega gift og bjuggu tvö ein, barnlaus, í húsinu. Bóndinn hefir getað sýnt og sannað hvar hann var á hverri mínútu þessa dags, og þykist hafa gert grein fyrir því, að hann hafi ekki getað verið þar nærstaddur á þeim tíma sem morðið hafi verið framið. Líkskoðunarneindin hefir enga sök fest við hann, og lögreglan hefir ekki reynt til að hrinda framburði hans að neinu leyti. En öll aðferð hennar í þessu máli er þess leiðis, að maður kemst ekki hjá, að sannfærast um, að hún hafi bóndann grunaðan um glæpinn, þó hún hins vegar, að svo stöddu, geti enga kæru fært fram á hendur honum.

Nú nýlega hefir hálfviti einn, eftir eigin játningu, verið kærður um glæp þennan, — sýnilega að eins til málamyndar, með því að allir vita, að hann var ekki þar um slóðir á þeim tíma, sem þetta tilfelli skeði. En fyrsta vitnið í máli hans er bóndi hinnar myrtu konu, sem nú á að láta endurtaka fyrri framburð sinn, að svo miklu leyti, sem hægt er að fá hann til að segja nokkuð fyrir rétti. Herra A. J. Andrews hefir tekið að sér að verja Mr. James, og hann hefir bannað honum að svara nokkrum spurningum, sem fyrir hann kunni að verða lagðar í þessu máli.

Herra Andrews heldur fram því, að yfirheyrsla Mr. James, sem vitnis í þessu kærumáli gegn hálfvitanum, sé bara til yfirskyns, og í þeim tilgangi eingöngu, að geta náð í James til þess að þvæla og flækja í framburði hans. Nú hefir Andrews fengið þessum kærum sínum skotið til æðra dóms, og þar fengið leyfi til þess, að mega stefna til yfirheyrslu lögreglustjóra þessa bæjar, og ýmsum öðrum, sem við málið eru riðnir fyrir réttvísinnar hönd, með þeim tilgangi, að geta ef mögulegt er dregið út úr framburðum þeirra sannanir fyrir því, að þetta mál móti hálfvitanum sé yfirskyns mál, og eingöngu hafið í þeim tilgangi, að geta yfirheyrt á ný bónda hinnar myrtu konu, — með þeim ásetningi, að festa sök á hendur honum, ef mögulegt er.

Hvernig máli þessu reiðir af, er ekki gott að segja, þó líklegt sé, að James verði aldrei sekur fundinn um glæpinn. En öll þessi flækja sýnir, hve mikið svigrúm lögin leyfa til varnar þeim, sem grunur kann að leika á, að sekir séu, og hve örðugt það er þess vegna, að fá gildar sannanir í slíkum málum, þar sem glæpamenn eru ekki beinlínis staðnir að verki.

Tvö íhugunarefni.

Það má sjálfsagt gera ráð fyrir því, að til sé það fólk, sem þyki það óviðeigandi, að blöð geri heimuleg mál manna að umtalsefni. Það er, þau máleíni, er sérstaklega snerta einstaklinginn, hugsun hans viðvíkjandi lífinu, og ráðlag í einu og öllu. Fólki er afarhætt við, ef á eitthvað er bent í fari einstaklingsins, sem miður fer, að segja: Þetta kemur engum við, er "privat" mál, sem enginn hefir heimild til að sletta sér fram í, o.fl. þessu likt. En í raun og veru er þetta ramskökk hugsun. Hver einasti maður og kona hefir fullan rétt, meira að segja siðferðislega skyldu, til að benda á í einu og öllu alt það, sem betur má fara, hvort heldur er hjá einstaklingum, félögum eða heilum þjóðum. Að eins þarf að gæta þess að það sé gert á viðeigandi hátt. Oft hefir verið á það bent, hve nauðsynlegt sé fyrir ungu og uppvaxandi kynslóðina, að hugsa meira um lífið og tilgang þess, en hún sýnist gera, og ótal dæmi sýna og sanna.

Tökum 2 dæmi til að skýra þetta ljósar, er sýna stóran mismun á hugsunarhætti: A. og B. eru ungir menn um tvítugt. Báðir eru hraustir og velvinnandi, og vinna fyrir góðu kaupi. A. eyðir kaupi, sem honum er borgað vikulega, jafnóðum í allskonar óþarfa, vindlinga reykingar, "Pool" spilamensku, til að "tríta" stúlkum, og fleira, sem er álika þarflegt, og sumt jafnvel enn verra. Einn góðan veðurdag verður hann snögglega veikur. Hann er fluttur á sjúkrahúsið, liggur þar mánaðartíma, og deyr svo. Vinir hans og vandamenn verða að skjóta saman fé til að borga fyrir leguna og útförina, og taka ef til vill mjög nærri sér til að gera þetta. — B. er sparsamur og útsláttarlaus, kemur aldrei inn á "Poolroom" til að spila þar um peninga sína, heldur óbeit á reykingum (þó helzt vindlinga reykingum), áfengi, kven fólki, sem stöðugt þarf að vera að "tríta", o.fl. af líku tagi. En hann styrkir af öllum mætti hvern góðan félagsskap, bæði í orði og verki. Vinnulaunum sínum ver hann til að borga niður í húseign, sem hann hefir keypt, og ennfremur til að borga af lífsábyrgð uppá $1000, sem hann keypti strax og hann fór að vinna fyrir peningum. Rúmlega tvítugur tekur hann sótt er eftir nokkra mánuði leiðir hann til bana. Lífsábyrgðin, ásamt öðrum fjármunum, er hann með hagsýni og sparsemi hafði safnað, nema miklu meiru en sem nemur legu og útfararkostnaði hans.

Hvor þessara hefir haft réttari og sannari skilning á lífinu, — sá, sem eyðir því að eins til að hafa "góðan tíma" (Good Time) eins og enskurinn segir, eða hinn, sem nýnefnt dæmi er tekið af? Hvors minning lifir lengur meðal hugsandi samferðamanna?

Annar vildi láta það sjást, að hann hefði l i f a ð, hinn ekki. — Sumir munu nú segja: Þessi dæmi eru til í okkar þjóðflokki, bæði austan hafs og vestan, en langtum fleiri af A., — það er meinið. Og það er alvarlegt íhugunarefni. Þó veikindi og dauða beri ekki að höndum, er engu síður rangt breytt, að fara með lífið eins og dæmi A. sýnir. Það er hætt við, að sá hinn sami verði aldrei nein þjóðfélags eða mannfélagsstytta, þó honum endist aldur, og hann festi ráð sitt, sem þannig fer með blóma-ár lífsins. Í það minsta stendur hann margfalt ver að vígi að heyja baráttu sína eftir þau ár, en ef hann gerði það strax í upphafi.

Allir foreldrar og aðstandendur, sem vilja börnum sínum vel, og vilja að líf þeirra verði til einhvers gagns, ættu að vekja þá hugsun hjá þeim strax á uppvaxtarárunum, að fara sparlega og vel með fé sitt, og sjá svo um, að þau verji einhverri upphæð af því til einhvers þess, sem þeim gæti orðið styrkur að síðar í lífinu. — Lífsábyrgð er langbezt. Lífsábyrgð kreíst ekki meiri peninga en nálega hver einasti ungur maður og kona, sem vinnufær er, getur klofið fram úr (nálega $1.00 á mánuði af $1000 eða tæplega það). Iðgjaldaborgun af lífsábyrgð, venur menn á reglusemi með að standa í skilum á réttum tíma, og henni er ómögulegt að eyða. Hún er ekki útborguð fyr en annaðhvort að manneskjan er orðin rosk in og ráðin eða þá við dánardægur. Í báðum tilfellunum er hún útborguð á réttum tíma. Hver einasti maður og kona ætti að tryggja líf sitt, og gera það sem allra fyrst. Þess fyr þess betra. Þá færu piltarnir betur og hyggilegar með vinnulaun sín, en A.; og stúlkurnar skynsamlegar, en þegar þær verja öllu, sem þeim áskotnast til að hanga í skottinu á "móðnum", eins og sumar eru að sífelt að rembast við ár eftir ár.

Alt fólk liftrygt! Það á að vera eitt af herópum tuttugustu aldarinnar.

Annað íhugunareíníð verður maður var við í hvert sinn, sem jarðarför fer fram. Við það tækifæri er það málað skýrum dráttum. Það íhugunareíni eru kransarnir og blómsveigarnir.

Þeir eru eitt dæmi þess er sýnir þann part nútíðarmenningarinnar, sem er ósannur, falskur, hefir ekkert varanlegt gildi. Á sama tíma sem við vitum af fjölda fólks í kring um okkur, er liður skort fátæktar vegna og heilsuleysis, — á sama tíma og fjölda margar líknarstofnanir og heilsuhæli eru fjárþurfandi til að geta líknað og grætt mein manna, — á sama tíma erum við að kasta svo tugum dollara skiftir (líklega 50 til 60 að meðaltali við hverja jarðarför) út fyrir blómkransa, oft og tíðum með fölskum blómum, sem verða að engu undir eins og náttúran lætur þá verða fyrir áhrifum sínum.

Þessi kransa-vani hefir farið í vöxt með nútíðar menningunni, í stað þess, að hann hefði átt að hverfa með öllu.

Ég veit vel, að kransarnir eru í langflestum tilfellum gefnir af góðum hug og af einlægni, til að heiðra minningu þess, sem dáinn er. En þessi aðferð til að heiðra minningu fólks er röng, og verður engum til gagns eða harmaléttis. Hún er að eins til að sýnast einn dag, greftrunardaginn, og ætti því sem fyrst að leggjast niður.

Það er síður en svo, að ég sé á móti því, að fólk heiðri minningu vina sinna og vandamanna, eða samverkamanna, en ég vil að það sé gert á annan hátt, — á þann hátt, að það verði einhverjum bág stöddum til gagns, og verði til þess, að bæta böl þeirra, sem bágt eiga, og færa líf og ljós til þeirra. Á þann hátt verður minningin varanleg.

Bezt getur fólk heiðrað minningu látins vinar sins með því, að gefa þá upphæð, er það nú borgar fyrir krans, til einhverrar líknarstofnunar. Við stofnunina á að vera bók, sem eingöngu er ætluð til, að rita í þessar minningargjafir. Nafn þess látna, ártal, aldur og dánardægur er fært inn í bókina, svo og nöfn og upphæðir þess fólks, sem gefur stofnuninni í minningu um þann, sem látinn er.

Með þessari aðferð er fénu varið vel, og á þann hátt, sem samboðinn er sannri menningu. Heilsulausir fátæklingar og munaðarlaus börn verða þess aðnjótandi. Og er ekki hverjum góðum manni og konu meiri ánægja í því, að vita til þess að þeim sé rétt hjálparhönd, í minningu um látinn ástvin, en sjá peningunum hent út í kirkjugarð til þess að verða þar að engu eftir fáa daga?

Ég vildi óska, að bæði Austur- og Vestur-Íslendingar hættu við kransana, en tækju í þeirra stað upp framangreinda aðferð. Þessar minningarbækur ættu að vera til við holdsveikra, vitskertra og berklaveikis heilsuhælið á Íslandi, og Íslendingar hér, að gefa sínar minningargjafir annaðhvort til þeirra, eða líknarstofnana og sjúkrahúsa hér, t.d. almenna spitalans, sem flestir Íslendingar nota sem sjúkrahús í veikindum sínum. Mér þætti mjög trúlegt, að ein af þessum minningarbókum sé til við almenna sjúkrahúsið.

Ef fólki þætti það óumflýjanlegt að hafa kransa til skrauts jarðarfararðaginn, sem ég get ekki séð að sé nein þörf á, — þá ætti útfararstjórar að hafa til kransa, sem þeir lánuðu eða leigðu eins og hver önnur útfararáhöld.

Það er vonandi, að í þessu máli eins og fleirum nái skynsemi og mannúð yfirhönd yfir fánýtu prjáli v a n a n s.

A. J. JOHNSON.

Ljóð og ritgerðir.

" FORNMENJAR ".

Nýprentað er ljóðakver eftir Sigurð J. Jóhannesson, Winnipeg. Það heitir "Fornmenjar". Það er kvæði í 60 erindum. Kverið er 28 bls., prentað í Lögbergs prentsmiðju. Frágangur er í betra lagi, eftir því sem hér gerist um smárit. Verð 10c í kápu. Kvæðið er dróttkveðið.

Efni kvæðisins er upptal fornra og frægra manna, í öllum sýslum Íslands nema þar eru þingeyjarþing eftirskilin, og lítillega minst á fornmenn í Múlaþingum, norður og suður.

Kvæðið er sérstakt í sinni röð hér vestur frá. Það lýsir fornhetjum og frægum mönnum, eftir lýsingu, sem sögurnar bera okkur af þeim, og ferst höf. það verk vel úr hendi. Eins og gefur að skilja, er það ekki gert óhugsað, að setja saman lýsingu af mönnum eða atburðum í ljóð. Höfundurinn þarí að hafa þekkingu á yrkiseíninu, ásamt þekkingu á þeim aldartímum, sem mennirnir eru uppi á og atburðirnir fara fram á. Þar næst þarf höfundurinn að kunna viðunanlega kveðandi og mál. Andans atgervi hans ræður þar næst gildi skáldskaparins á verkinu.

Þetta kvæði, sem hér um ræðir, er líklega það þrekmesta kvæði, sem kveðið hefir verið af Íslendingi fyrir vestan haf úr sögulegu efni, og enn þá hefir birst almenningi. Ég man það ekki, að ég hafi lesið nokkurt kvæði líkt því, kveðið úr Íslendingasögum hér vestur frá.

Skáldið Sigurður J. Jóhannesson gaf út ljóðabók fyrir mörgum árum, og hefir síðan gefið út kvæði og smásögur (þýddar) nokkurum sinnum. Hann er alþýðuskáld gott, að flestra áliti, sem þar um dæma. Hann er enginn marglætismaður í hugsun eða formi. En hann er rammíslenzkur í máli og sál. Og svo er hann vel að sér í íslenzku, að þeir, sem yrkja hér upp og ofan um alt og eitt, koma ekki nálægt honum. Beztu skáldin, St. G. Stephansson og Sigurður S. Ísfeld, sem eru gæðingar, og renna stundum á fleygikostum gullaldarmálsins, eiga ekki mikið af ómengaðri íslenzku, þegar gamli Sigurður er ráðþrota. Það er enginn húsgangsblær á málinu á þessari vísu:

Man ég fræga Frónið
fríða með dali og hliðar,
álfabýli og elfur,
iðandi fossakliðinn,
fellin, heiðar og fjöllin,
fannhökli typta jökla,
eldur — láðs ógnar bildur —
undan þars geysar stundum.

Og þessi: —

Gullöld þá gylti foldu,
glæsta, sem teljum næsta,
þingvöll má þjóðar kalla
þrúðvang um tíma langan;
ríkir þar ræsismakar
ráðsvinnir lögþing háðu.
Drjúpa tók lýður dapur
dýrð þess nær gekk til viðar.

Hér er rennislétt og spegilfagurt íslenzkt mál, að hart nær má segja, að trauðla sé hægt framar að ganga af manni, sem hefir lært móðurmálið án nokkurar skólakenslu.

Þetta litla kver, sem hér um ræðir, ætti hver lesandi unglingur að lesa, og afla sér sögulegrar þekkingar um menn og staði, sem þar eru taldir. Margir unglingar mundu þá með ljúfara geði leso nánara íslenzku sögurnar, en orð leikur á að þeir geri nú.

Vonandi er, að höfundurinn haldi áfram að færa í ljóð ýmsa ágætiskafla úr sögum vorum. Það er tígulegri minnisvarði og stærra þrekvirki, en kveða sí og æ um eigin raunir og vonbrigði, eða álas og mann-níð um meðbræður sína. Það hefir viljað brenna við, og varir að of miklu leyti enn þá í hugum sumra hagyrðinga.

" EIMREIÐIN ".

Annað hefti Eimreiðarinnar þ. á. er nýkomið hingað vestur um haf. Innihaldið er: —

Guðm. Friðjónsson: S j á l f s t æ ð i.

H. Sienkiewicz: B e r d r e y m i

Valtýr Guðmundsson: H á r a l d u r.

Valtýr Guðmundsson: P i p a r s v e i n a s k a t t u r.

Jón Sigurðss.: Ê l j a - G r í m u r (kvæði).

Guðm. Friðjónsson: Þ o r g i l s G j a l l a n d i.

Jón Stefánsson: Ö n d v e g i s þ j ó ð i r h e i m s i n s.

Jón Sigurðsson: A n g a l a n g u r (saga).

Ellen Key: A ð h u n d r a ð á r u m l i ð n u m.

Sigurður Nordal: T v ö k v æ ð i

Jón Stefánsson: A ð B j ö r n s t j e r n e B j ö n s o n (með mynd).

Stgr. Matthíasson: U m b a k t e r í u r o g t æ r i n g (með 5 myndum).

Ritsjá eftir ýmsa, og íslenzk hringsjá, og síðast úr skopblöðum Dana (með 3 myndum).

Ekki er hægt með sanni að segja, að mikið kveði að efni þessa heftis Eimreiðarinnar, því hún hefir oft verið þykkri á siðu enn nú. Langmest er í grein Guðm. Friðjónssonar — S j á l f s t æ ð i. Efni greinarinnar er um stjórnmálastefnur á Íslandi, í fullveldissjálfstæðinu. Höfundurinn virðist ræða það mál af einlægni og sjálfstæði, án flokkshita og allra fúkyrða. Úrslit síðustu þingkosninga mun hann ekki hafa búist við að yrðu þau sem urðu. Hann lítur stjórnfræðislega réttum augum á uppkastið, sem Millilandanefndin færði Íslendingum frá Dönum. Höfundinum virðist það hálf skoplegt, að einn fimti partur landsmanna, sem flúið hafi úr landinu síðasta mannsaldur vestur um haf, af örvæntingu um efnalegt sjálfstæði í heimahögum, vilji nú ekkert annað enn lýðveldisstofnun. Munu fleiri vera honum samdóma þar um, að Vestmenn tóku sig geyst á því ögrunarskeiði. En þess skal getið, að það eru til Íslendingar hér vtstra, sem skildu og skilja enn Uppkastið, þótt þeir séu færri enn þeir, sem vaða elginn um það út í bláinn. Það eru ekki margir Íslendingar í Kanada, sem hafa stórþekkingu á stjórnmálum hér og á Íslandi. Þeir frændurnir B. L. Baldwinson og Sigtr. Jónasson eru mestu stjórnmálagarparnir, minsta kosti það, sem að æfingu fylgir. Hvorugur þeirra hefir ritað um stjórnmál Íslands, nema B. L. Baldwinson lítillega frá réttalegu sjónarmiði. Vitaskuld var hann einarður styðjandi Skúla Thoroddsens. Sigtr. Jónasson mun heldur hafa aðhylst Uppkastið, enn leikið það grátt. En svo kemur þetta ekki beint við ritgerð Guðm. Friðjónssonar. En það má taka það fram, og sanna það líka, að það vóru ekki allir Íslendingar hér vestra, sem reiddu hjörinn að Hannesi og Uppkastinu.

Ritgerðin "Sjálfstæði" ætti að birtast á prenti hér vestra. Hún er fullkomlega þess virði.

Hin grein G.F., um Þorgils Gjallanda, er skýr og vel samin. Þó finst mér hún koma of nærri þessu, sem er á milli búrs og eldhúss í heimilislífi skáldsins. En Guðmundi á Sandi er ógnarsýnt um allan búafla og innanbæjar meðlæti og mótlæti.

Fyrirlestur Dr. Stgr. Matthíassonar er lipur og fróður. Sýnir áhuga læknisins fyrir hreinlæti og allri varúð, sem fólk á við að hafa, þá um smittandi sjúkdóma er að ræða. Dr. Stgr. Matthíasson hefir ritað ýmislegt viðkomandi sjúkdómum og læknisfræði áður. Hann sýnist vera einna mestur eljumaður á ritvellinum meðal lækna á Íslandi, síðan Dr. Jónas Jónassen rýmdi þar sess, sem margt og mikið ritaði til gagns og heilla fyrir þjóðina. — Þessi fyrirlestur er svipaðs efnis og fyrirlestur Dr. Ó. Stephensens, sem nýlega birtist í Heimskringlu. Þó er fyrirlestur Dr. Ó. Stephensens sögulegri, yfirgripsmeiri og lærðari. Jafnvel fremri að málsframsetningu, þótt ritaður sé af Vestur-Íslendingi.

Hitt dótið í Eimreiðinni er ekki ýkja mikils virði, hvorki smásögurnar né kvæðin. Þó er gaman að lesa heimsókn Jóns Stefánssonar að Björnstjerne Björnsson.

Ritsjáin er lítilsvirði, og gerir engan lesanda andlega leitan, þó hann sötri hana. Sama er að segja um íslenzka hringsjá. Hún er að vanda eins og baðstofustaðin súrblanda, sem fjármenn sloka í sig, þá ekki fæst annað, sem svalar betur.

Um skopmyndirnar er það að segja, að þær eru fáteklegar, já, í andlegum tötrum. Ekki eru Danir stórgáfu-þjóð, ef þeir hafa þar tekið á sínu naprasa til að kýma að Íslendingum. Hannes Hafstein er sýndur sem feitur sjómaður, þar sem hann spilar undir á harmonikuna fyrir dönsku söngmeyjuna, og sem kafteinn á drekanum, þar sem hann leiðir Christiansen á litla bátnum í skakkatogi á eftir sér. Björn Jónsson er sýndur sem gapandi þursi á ræðupöllum á Íslandi, en fáránlegur leppalúði þar sem hann hneigir sig í geirmát fyrir Friðriki konungi.

K. Ásg. Benediktsson.

Sparið Línið Yðar.

Ef þér óskið ekki að fá þvottinn yðar rifinn og slitinn, þá sendið hann til þessarar fullkomnu stofnunar.

Nýtízku aðferðir, nýr vélaútbúnaður, en gamalt og æft verkafólk.

LITUN, HREINSUN OG PRESSUN SÉRLEGA VANDAÐ

Modern Laundry & Dye Works Co., Ltd.
307—315 Hargrave St.
WINNIPEG, MANITOBA
Phones: 2300 og 2301

Kjör-kaup eru Kjörkaup

Þegar þér kaupið hjá oss $20.00 virði af myndum fyrir $7.00, þá gefum vér yður eitt dúsin af "Alberta Special Cabinet" myndum í upphleyptum umbúðum skreyttum með rósum. Og með hverju dúsíni fáið þér stóra mynd, 16 x 20 þuml. að stærð, af yður sjálfum, algerlega

ÓKEYPIS

Gjöf fyrir börnin yðar. Hvert barn sem myndað verður í júlí mánuði, fær fallega gulllagða brjóstnál með mynd sinni innanf, að öllu leyti

ÓKEYPIS

Notið nú þetta tækifæri fyrir ung börnin yðar. —

ÞETTA TILBOÐ GILDIR AÐEINS Í MYNDASTOFU VORRI Á PORTAGE AVENUE.

Wm. A. MARTEL,
MYNDASMIÐUR.
255½ PORTAGE AVE.
Phone: Main 7764

R. A.
THOMSON
AND CO.
Cor. Sargent & Maryland St.

Selja allskonar MATVÖRU af beztu tegund með lægsta verði. Sérstakt vöruúrval nú þessa viku. Vér óskum að Íslendingar viklu koma og skoða vörurnar. Hvergi betri né ódýrari.—

Munið staðinn:—
HORNI SARGENT AVE.
OG MARYLAND ST.
PHONE 3112.

F. Deluca
Verzlar með matvöru, aldini, smá-kökur, allskonar sætindi, mjólk og rjóma, sönul. tóbak og vindla. Óskar viðskifta Íslend. Heitt kaffi eða teá öllum tímum. Fón 7756
Tvær búðir:
587 Notre Dame og 714 Maryland St.

DR. H. R. ROSS
C.P.R. meðala- og skurðlækuir.
Sjúkdómum kvenna og barna veitt sérstök umönnun.
WYNYARD, — SASK.

S. R. HUNTER & CO
Skraddarar,
189 Lombard Street
Búa til ný-móðins karlmannafatnaði eftir máli.— Efni og vinnubrögð afbeztu tegund, og alt ábyrgst að vera jafngildi þess bezta sem fáanlegt er í borginni. Verðið er við allra hæfi. —
S. R. Hunter & Co.
189 Lombard St.
Telephone 1395.

The Dominion Bank
NOTRE DAME Ave. BRANCH Cor. Nena St.
VÉR GEFUM SÉRSTAK AN GAUM AÐ SPARISJÓÐS-DEILDINNI. —
VEXTIR BORGAÐIR AF INNLÖGUM.
HÖFUÐSTOLL - - - $3,983,392.38
SPARISJÓÐUR - - $5,300,000.00
A. E. PIERCY, MANAGER.

Stefán Johnson
Horni Sargent Ave. og Downing St.
HEFIR ÁVALT TIL SÖLU
Nýjar Áfir
Bezta í bænum. Ágætar til búðunar. 15c gallon

HEIMSKRINGLU og TVÆR skemtilegar sögur fá nýir kaupendur fyrir að eins $2.00.

Leiðrétting.

Herra Sigurjón Bergvinsson hefir ritað Heimskringlu um villur, sem orðið höfðu í prentun tveggja kvæða eftir hann, sem birtust í þessu blaði fyrir nokkrum tíma og mælst til leiðréttingar á þeim, og tökum vér þar með ánægju, þannig: —

Leiðrétting við kvæðið "Andi hafsins".

1 öðru erindi:
Og hún blóma frið og fjör
Á að vera:
Og hún v i ð blóma frið og fjör

1 fjórða erindi:
Sem rof í skýjum háum.
Á að vera:
sem r a f í skýjum háum.

1 sjötta erindi:
Við fótskör snæfðra vinda,
Á að vera:
Við fótskör s v æ f ð r a vinda

1 áttunda erindi:
Ég strýk um barm með bjarta kinn.
Á að vera:
Ég strýk um b a r n með bjarta kinn.

Gullneminn í Klondyke.

Hitt kvæðið: "Gullneminn í Klondyke", endurprentum vér að fullu, með því að tvær vísur í því höfðu fallið út úr réttri röð, og að í því höfðu orðið tvær prentvillur, sem hér eru leiðréttar.

1. Ég þekki af reynslu tímans tafl,
tilburðanna hafið.
Það alt með sínum skarpa skafl,
fær Skuld á svip minn grafið.

2. Með hetju elding hugurinn
hlekki bræðir nauða.
Það er sagt, að svanurinn
syngi bezt í dauða.

3. Klondyke mína hvessir sjón,
krafta beinum gefur.
Að treysta afli líkt og ljón
lífsins dómur krefur.

4. Heróp berst um heljarslóð,
hörgul Klondyke fjalla:
Að sækja fram í svelnis móð,
og sigra, eður falla.

5. Lífið hefir ei langa töf,
letrið sést á steinum.
Margur fyrir gull fékk gröf,
sem gömlum skýlir beinum.

6. Með fé í pyngjum fundust tveir (1)
fallnir af sárum nauða.
Helja svipyrð lék um leir,
ei leit á gullið rauða.

7. Piskruðu andvörp: — Gjafir !!
Gjald!
Gull fyrir líf má velja!
Auðurinn hefir ónýtt vald!'
ansaði drotning Helja.

8. Af breka glóðum barst út nafn,
borguð fengist glíma.
Annað dæmi sagna safn
segir frá þeim tíma.

9. Þrumdi fall í gryttum gnúp,
gnötraði veldi fanna:
Hengja sprakk og heljar hjúp
huldi flokk einn manna. (2)

10. Aðrir komast alla leið
Yfir fallinn valinn.
Þyrnispor á skapa skeið
skulu aldrei talin.

11. Á eyðimörk er harðlæst hurð,
hefir sú gull á baki.
Veltum grjóti! Veltum urð!!
Veltum Grettistaki!!

12. Það sést enn, sem þektist fyr,
þú ert maki tveggja..
Lemur fjallsins læstu dyr, —
létt er í höndum sleggja.

13. Það skella fleiri á skálaþil
enn Skjaldvör flagð og Glámur.
Verður margur vættur til
að verja gullsins námur.

14. Frosta og Þvíta búum bál, (3)
þeir branda eggjar deyfa.
Gildir enn hið gamla mál,
gjörningum þeir dreifa.

15. Það skal fyr en rökkur rís
rist á jarðar hvelju.
Við bjartan loga, berg og ís
Baldur gráta úr helju. (4)

16. Á virki logar: Stál og steinn
sterkum sindra neistum.
Bergið klýfur fagur fleinn
fyrir hamri reistum.

17. Högg frá höggi bergmál ber
bergs í hvelfdu gjótum.
Lifæð fjallsins opnuð er
inst að hjartarótum.

18. Er missir gullsins svona sár?
Sjáðu hvar það rennur!!
Fimbul klakinn fellir tár
þá fyrsti eldur brennur!!

19. Tölum fátt um táraflóð,
það tafli raskað getur.
Oft er heitust Heklu-glóð,
þá harðastur er vetur.

20. Veitt af náð er þyngsta þraut
og þrek, sem að skal spyrna.
Lífið finni frægðarbraut
falda bak við þyrna.

Sigurjón Bergvinsson.

(1) Á hinum fyrstu gull-leitar árum í Klondyke fundust tveir menn dauðir með fullar töskur af gulli.
H ö f.

(2) Fjörutíu og tveir menn fórust í snjóflóði í Klondyke.

(3) Dvergarnir Frosti og Þviti, eður klakinn og steinninn, liggja á gullinu. Eldur er kveiktur til að bræða klakann frá gullsandinum.

(4) Þar, sem gull er grafið úr jörðu, þar er Baldur grátinn úr helju, — átrúnaðargoð þessarar aldar.
H ö f.

Fréttabréf.

POINT ROBERTS, WASH.
júní 19, 1909.

Kæri herra ritstj.

Áður en ég fór frá Seattle vissi ég af litlum tíðindum. Alt virtist ganga sinn vanagang, nema hvað óvanalega mikill mannfjöldi var þar saman kominn og óvanaleg hátíðabrigði sökum sýningarinnar, svo sem nærri má geta. — Fyrst var ég að hugsa um, að skrifa þér eitthvað um sýninguna, en hætti svo við það aftur, bæði sökum þess, að ég hafði ekki næga þekkingu til þess, og svo veit ég að þú sérð, hvað blöðin segja, og býst einnig við, að einhver hinna að komnu Íslendinga, er sýninguna sækja, muni um hana rita.

Annars hafði ég ekki orðið var við marga aðkomna landa enn þá Ég man þó eftir herra B. Jones með konu sína og bróðurdóttur (Miss Ólöfu Jones), ásamt Miss Guðnýu Olson; öll frá Minneota, Minn. Herra Jones snýr heimleiðis á morgun til þess að mæta á kirkjuþinginu. — Þá var hér á ferð herra Jón S. Bergman, Alaskafari, og tengdasonur hans, Sigurður Sigurðsson með konu sinni; öll frá Gardar, N. D. — Ennfremur er hér á ferð um ströndina herra J. Jónasson, aldinasali, frá Winnipeg. Ég hafði aldrei séð herra Jónasson áður, en geðjast mjög vel að honum, og get vel skilið að honum farnast vel.

Hér á Point Roberts er alt og allir í óða önnum, ýmist við heyskap eða útbúnað til fiskiveiða. Heyskapar horfur þó ekki vel góðar sökum ofþurka, en við laxveiði mikilli búast menn, enda útbúnaður aldrei slíkur sem nú, að mér er sagt. Ég er nýkominn hingað, og veit ekki enn, hve lengi ég dvel hér. Sendi þér línu héðan seinna meir, ef ég ílengist hér.

Af greinum í Heimskringlu í seinni tíð hafa einkum tvær vakið athygli mína. Önnur er um hluttöku Íslendinga í Winnipeg sýningunni, en hin fyrirlestur Dr. Ó. Stephensens um hina nýju stefnu heilsufræðinnar. — Ég skal strax taka fram, að mér, og öllum, sem ég hefi átt tal við um það, líkar hugmynd þín og tillögur um hluttöku í sýningunni ágætlega að flestu leyti (sumum að öllu leyti), og haf þú þökk fyrir, að hafa vakið máls á þessu og komið fram með grundvöll, sem byggja má á umræður og tillögur. Og af því ég er sannfærður um, að margir munu ræða og rita um tillögur þínar, skal ég ekki fara mörgum orðum um það í þetta skifti, heldur bíða og sjá, hvað mér vitrari menn segja og leggja til. Að eins skal ég geta þess, að ég er ekki alls kostar ánægður með tillöguna um bæinn. — Sé það meiningin, að sýna bóndabæ eins og þá, er beztir gerast NÚ, þá ætti auðvitað ekki að sýna baðstofu með torfþaki, heldur timburhús (eða þá jafnvel steinhús). Útihúsin (skemma, smiðja, o.s.frv.) mættu hafa veggi úr torfi og grjóti og torfþök. Raunar væri það ekki eins og bezt gerist, þar sem járnþök eru nú orðin svo almenn nú á flestum bæjarhúsum, en þetta mundi sýna bóndabæ í betra meðallagi, — og væri það máske ekki hið hyggilegasta? — Ég býst nú við að sagt verði, að timburhús á Íslandi séu svo ósmekklega bygð, að það yrði oss meir til vanvirðu, að sýna þau, en vandaðan torfbæ, og að hægt væri að skýra sýningargestum frá, að nú væru timburhús og steinhús að ryðja sér til rúms í stað torfbæjanna. En mætti þá ekki eins skýra þeim frá, að áður fyrri hefðu öll bæjarhús verið með torfþaki, en nú sæust ekki torfþök á beztu bændabýlum? Og að þetta væri bóndabýli í góðu meðallagi. Ekki get ég heldur felt mig við, að hafa rúmin hvert upp af öðru, enda neita ég því, að slíkt sé alment. Ég hefi farið allvíða um Ísland, og að eins séð slíkt á 2—3 stöðum, og þá að eins þar sem karlar höfðu svefnhús út af fyrir sig, en griðkonur annað. En, eins og allir vita, er lang almennast, að karlar og konur hafa svefnhús sameiginlegt, og þess sérstaklega getið í mörgum ferðasögum. Hvernig ætli þeim, er þær hafa lesið, litist á, ef hvert rúmið væri upp af öðru? Nóg mun nú samt. — Af því ég ætla, að flestir áliti, að á heimssýningar velji menn heldur af skárri endanum, er ég hræddur um, ef torfbær væri sýndur, að ókunnugir mundu ætla, það værum vér komnir einna lengst að húsakynnum. Og hætt er við, að þeir hugsuðu (og segðu) sem svo: Jæja, sko til! þetta eru þó Íslendingar komnir lengra enn Eskimóar (eða þá: lengra enn a ð r i r Eskimóar). Af þessum ástæðum kysi ég heldur, að sýndur yrði bóndabær af betra tagi, þó ég hins vegar játi fúslega, að torfbær væri einkennilegri og mundi vekja meira athygli. En ég ætla þó, að talsverða, og enda nægilega athygli mundi það vekja, ef útihús væru með torfþaki. — Ég ætla ekki að fara lengra út í þetta mál að sinni, og tek það fram aftur, að ég álít hugmynd þína og tillögur flestar góðar og í rétta átt, og alls ekki ótímabærar. Því fyrr sem farið er að hugsa um slíkt, því betur.

Fyrirlestur míns gamla skólabróður og góða vinar, Dr. Ó. Stephensens, er einhver sú þarfasta og mest fræðandi hugvekja, er ég hefi lesið lengi. Framsetningin er prýðilega alþýðleg, þar sem um strang-vísindalegt efni er að ræða. Þar er enginn vindbelgingur, eða hroki, sem svo oft lýsir sér þeim, er minna vita. Ætli framsetningin hefði til dæmis ekki haft annan blæ, hefði herra A. J. Johnson flutt erindi af jafn mikilli þekkingu og skynsamlegri íhugun? Hygg ég að margir kunni Dr. Ó. Stephensen góðar þakkir fyrir.

Sigurður Magnússon.

2 Bækur Gefins

FÁ NÝJIR KAUPENDUR AÐ HEIMSKRINGLU SEM BORGA $2.00 FYRIRFRAM, OG ÞESSUM BÓKUM ÚR AÐ VELJA:—

Mr. Potter frá Texas
Aðalheiður
Svipurinn Hennar
Hvammverjarnir
Konuhefnd
L a j l a
Robert Manton.

Alt góðar sögur og sumar ágætar, efnismiklar, fróðlegar og spennandi. Nú er tíminn að gerast kaupendur Hkr. Það eru aðeins fá eintök eftir af sumum bókunum.

Heimskringla
P.O. Box 3083, Winnipeg

Bókalisti
N. Ottenson's,—River Park, Winnipeg.

Álfengi og áhrif þess, í b. 0.10
Eggert Ólafsson (B.J.) ... 0.15
Gönguhrólfs rímur (B.G.) 0.20
Hugsunarfræði (E.B.) 0.15
Huldufólkssögur, í bandi... 0.35(5)
Höfrungahlaup 0.15
Jón Ólafssonar Ljóðmæli í skrautbandi ... ... 0.60(3)
Kristinfræði .... 0.45(2)
Kvæði Hannesar Blöndal 0.15(2)
Málsgreinafræði 0.15
Mannkynssaga (P.M.), í b. 0.85(5)
Mestur í heimi, í b. 0.15
Passíusálmar, í skrautb. ... 0.50
Olnbogabarnið 0.15
Prestkosningin. Leikrit, eftir Þ. E., í b. 0.30
Ljóðabók M. Markússonar 0.50
Friðþjófs sönglög 0.50
Ritreglur (V. Á.), í b. ... 0.20
Sálmabók, í b. 0.55
Seytján æfintýri, í b. ... ... 0.35(3)
Siðfræði (H. H.), í b. 1.10
Stafsetningarorðbók, í b. 0.30(3)
Sundreglur, í b. 0.15
Útilegumannasögur, í b. ... 0.45
Útsvarið. Leikrit, í b. ..... 0.35(2)
Verði ljós 0.15
Vestan hafs og austan. Þrjár sögur, eftir E. H., í b. 0.90
Víkingarnir á Hálogalandi eftir H. Ibsen 0.25
Þjóðsögur Ó. Davíðss., í b. 0.35(4)
Þorlákur helgi 0.15
Þrjátíu æfintýri, í b. ..... 0.35(4)
Ofurefli, skálds. (E.H.), íb. 1.50
Tröllasögur, í b. ... . 0.30(4)
Draugasögur, í b. .... 0.35(4)
Ölöf í Ási .... 0.45(3)
Smælingjar, 5 sögur (E.H.) í bandi 0.85
Jómsvíkinga og Knytlinga saga, útg. í Khöfn 1828 Í vönduðu bandi (aðeins fá eintök). Póstgj. 10c 2.00
Skemtisögur eftir Sigurð J. Jóhannesson 1907 ... 0.25
Kvæði eftir sama frá 1905 0.25
Ljóðmæli eftir sama. (Með mynd höfundarins) Frá 1897 .... 0.25
Tólf sönglög eftir Jón Friðfinnsson 0.50
Grágás, Staðarhólsbók, í skrautbandi ... ... :15) 3.00
Sturlunga, Part I. Útgefin í Khöfn af K. Kaalund í bandi ... . (20) 4.50
Nýustu svenskar Musik Bækur, útg. í Stockholm:
Svenska Skol-Qvartetten ...0.60(5)
26te och 27de Tusendet Sv. Skol-Qvartetten ... ... 0.60(5)
Dam Kören ... ... 1.00(5)
Normal-Sangbok .... 0.50(5)

Tölurnar í svigum aftan við (og framan við þar sem póstgjald er meira en 9c) bókaverðið, merkja póstgjald það, sem fylgja verður pöntun utanbæjarmanna.
N. OTTENSON.

Hvar er hann?

Vill herra Ástfinnur Freeman Magnússon, skósmiður, láta mig vita, hvar hann er niður kominn? Ef ekki hann, þá einhver annar, sem veit um núverandi verustað hans.

Freeman Bjarnason,
Adr.: 678 Sherbrooke Street.

staði. Í fám orðum — innan tveggja mínútna var sambandið milli þeirra orðið svo traust og ástrikt eins og þau hefðu verið trúlofuð eða gift í tíu ár. Smith greip tækifærið til að segja ekkjunni, að hann hefði dregið saman 400 pund í Nýja Sjálandi, sem nú yrði sameign þeirra, og með þeirri forvitni, sem var mjög eðlileg, enda þótt hún gæti ekki kallast smekkleg, fór hann að spyrja tilvonandi konu sína um ýms atvik í lífi hennar, og byrjaði á manni hennar.

"Af hverju stafaði ósamlyndi ykkar Burlstons?"

"Hann var ræfill", svaraði hún. "Af tilviljun fékk hann að vita, að ég hafði styrktareyri, og þess vegna giftist hann mér".

"Svívirðilegt, eins og hið fallega andlit þitt væri honum ekki nóg", sagði Smith.

"Og þegar ég vildi ekki segja honum, hvaðan ég fengi peningana, fór hann að kvelja mig ógurlega. Hann sagðist vita, að ég hefði leyndarmál, og það leyndarmál vildi hann fá að þekkja, hvað sem það kostaði. Stundum barði hann mig svo, að ég gat naumast staðið".

"Já, en því sagðirðu honum það þá ekki?"

"Af því ég hafði lofað að gera það ekki. Ef það hefði vitnast, að ég hafði styrktareyri, þá hefði ég ekki fengið hann oftar. Auk þess gat ég ekki treyst Burlston, hann var svo bráðlyndur og þrælslegur, hann hefði þá reynt að hafa meira fé út úr honum, sem gaf mér peningana, og þá hefði það getað orsakað hneyksli, já, ef til vill annað verra. Ó, mig hryllir við að hugsa til þess, hvað skeð hefði, ef þrællinn hefði lifað lengur".

"Heldurðu þá að þú hefðir sagt honum það?"

"Já, ég hefði líklega neyðst til þess í því skyni að bjarga lífi mínu. Upp á síðkastið hótaði hann, að reka í mig hnífinn, ef ég segði honum ekki leynd-

armálið, og hann var líka vís til að gera það, þegar hann var orðinn drukkinn".

"Þá hefir dauði hans verið býsna heppilegt óhappatilfelli — hafi það verið tilfelli — fyrir ýmsa".

Katrín fölnaði.

"Hvað meinarðu með þessu?" sagði hún í hásum róm. "Já, auðvitað var það óhappatilfelli".

"Já, það hefir mér nú alt af verið sagt", var tvíræða svarið hans. "En þú smakkar ekkert.

Jim rétti henni enn þá eitt staup, og meðan hún bragðaði á því, sagði hann:

"Nú, Katrín, þú skalt aldrei fá ástæðu til að segja, að ég hafi tælt leyndarmálið út úr þér. Ég hefi nóg af leyndarmálum sjálfur og þarf ekki fleiri. Ég gæti jafnvel sagt þér ýmislegt um fólkið hérna í bygðinni, sem þig mundi undra, og enginn veit neitt um".

"Ó, segðu mér það, hvað er það?" sagði Katrín, sem nú greip eftir agninu.

Húm var orðin slefumælt og talaði dræmt, eftir öll staupin, sem hún hafði tæmt. Smith var líka mjög seinmæltur.

"Nei, nei, góða mín", sagði hann drafandi. "Það, sem er ádrepa fyrir gæsina, er líka ádrepa fyrir gassann. Ef þú vilt segja mér frá hverjum þú fær þennan styrktareyri, þá skal ég segja þér nokkuð um ungfrú Evu, sem þú munt hafa gaman af að vita".

Ekkjuna furðaði. Stundarkorn var hún á báðum áttum, en viljaþrek hennar hafði yfirgefið hana, og hún hlýddi röddu freistarans.

"Jæja, Jim", sagði hún, "þú ert allur annar maður en Burlston, og ég held að ég megi reiða mig á þig, en þú verður að sverja, að þú skulir aldrei segja neinum manni frá því".

"Aldrei!! það sver ég".

"Og þú mátt aldrei láta hlutaðeigandi vita, að ég hafi sagt þér það".

"Nei, aldrei, hvað sem á dynur".

"Nú — þá skal ég segja þér það. Ég fæ fimtíu pund árlega frá —"

"Sir Arthur Redleigh", sagði hinn óþolinmóði áheyrandi, þegar hún hikaði við að nefna nafnið.

Konan starði á hann undrandi.

"Hvað er þetta? Af hverju dettur þér hann í hug?" tautaði hún. "Hvað kemur honum þetta við?"

Í þetta sinn var það hann, sem undraðist. Hann gat naumast dulið gremju sína við sjálfan sig, og óskaði að hann hefði heldur bitið sig í tunguna, en truflað hana. Loksins tók hann þó rögg á sig og spurði:

"Nú — hver er það þá?"

"Hr. Grosse", svaraði hún.

Jim stundi þungan og barði enni sitt með kreftum hnefa. Fyrst voru hugsanir hans of þungar til þess, að hann gæti sagt nokkuð, en strax og hann rankaði við sér, spurði hann ofur þægilega:

"Hvers vegna borgar hann þér þessa peninga?"

Katrín var orðin drukkin, en þó ekki svo drukkin að hún sæi ekki, hvað í húfi var, ef hún svaraði spurningu hans. Hún lét því aftur munninn, hristi höfuðið framan í hann og tautaði: "Það færðu aldrei að vita".

Á þessari sömu stundu, meðan Jim sat og horfði á hana, óviss um, hvernig hann ætti nú að haga sér gagnvart henni, var barið á dyrnar. Þau þutu bæði á fætur, en voru svo hissa, að hvorugt gat hreyft sig. Smith, sem alt í einu virtist vera orðinn ódrukkinn, áttaði sig fyrst, gekk til dyranna og opnaði þær. Úti stóð drengurinn Martin, eins fölur eins og vofa.

"Ó, hr. Smith, hefirðu heyrt nýungarnar?" sagði hann undir eins og hann sá skyttuna.

"Nei, hvað er það?"

"Sir Arthur hefir fengið símskeyti frá Skotlandi, sem segir að konan hans sé dáin".

12. KAPÍTULI.

Hernaðaráformið.

"Maður að nafni Smith stendur úti og óskar eftir að fá að tala við þig, náðugi herra".

Lávarður Fatheringham leit upp.

"Smith? Hvaða Smith er það? Ég vil ekki tala við hann. Hver er hann?"

"Hann lítur út eins og skógarvörður eða skytta, lávarður, en ég veit ekki hvaðan hann kemur".

"Spurðu hann hvert erindið sé, ég get ekki látið einn og sérhvern trufla mig, sem hingað kemur".

Þjónninn hneigði sig og fór út, en kom strax inn aftur.

"Hann segir, lávarður, að hann hafi áríðandi málefni að tala við þig um, og hann sé með bréf frá séra Copingstone".

"Frá séra Copingstone? Því sagði hann það ekki strax? Láttu hann koma inn".

Á næsta augnabliki voru þeir Smith og lávarðurinn tveir einir í herberginu.

"Ég hefi ekki getað komið fyrri", sagði Smith, um leið og hann settist, "og ég þorði ekki að skrifa þér, herra, því maður veit aldrei hvernig bréf kunna

Að byggja upp og rífa niður.

(Eftir R.E. í Kringsjaa IV. hefti 28. febr. 1899).

Það, sem festi dýpstar rætur hjá mér, þegar ég hafði lesið "Paul Lange og Thora Parsberg" eftir Björnstjerne Björnsson var það, að sjá muninn á milli þeirra, er byggja upp, og hinna, er rífa niður.

Sorgarleikur þessi sýnir oss mann, er hefir löngun, hæfileika og vilja til þess að byggja upp og bæta lífskjör nokkurs hluta mannfélagsins, en fær þó að launum, að flokkur sá, er hann vildi vinna fyrir, er glaður yfir því, að geta eyðilagt hann, og troðið hann niður í sorpið.

Og þessi maður verður að engu, af því hann er of viðkvæmur og of andríkur fyrir það félag, er hann lifir í.

Hann vantar það þrek og þá kuldabrynju, sem allir þurfa að hafa, er að almennum málum vinna. Hann lifir að eins til að gera vel. Að skaða nokkurn mann eða særa, dettur honum ekki í hug. Það er því alveg í samræmi við eðlisfar hans, að hann ver gamlan stjórnarformann, er hefir farið svívirðilega með sjálfan hann.

"Ég trúi ekki á gagnsemi hegningarinnar", segir hann. "Ég vil að eins ganga mína beinu braut áfram; það er mitt mark og mið!"

Annar maður í leiknum heitir Árni Kraft. Hann er líkur Paul Lange, en það skilur þá, að Árni er nógu kaldur og þrekmikill til þess að vilja ekki sýna miskunn, er heitir Skálkaskjól. Hann sér það, að viðkvæmnin blindar augu vinar hans, svo hann sér ekki hið ódrengilega í fari stjórnarformannsins, — sér ekki, að það er þröskuldur á vegi fyrir góðum framförum, og að þessum þröskuldi verður að kippa á burtu. Hann sér, að hér er um siðferðislegt eitur að ræða, er getur gagnsýrt alla þjóðina og gert ómetanlegt tjón.

Í skemtisölum Thoru Parsberg sýnir höf. aftur mann með líku eðlisfari og þá Paul Lange og Árna Kraft. Þeir eru gagnteknir af eyðileggingarandanum. Svo er að sjá, sem það sé skoðun Björnstjernes, að hjá oss Norðmönnum sé í hnignun það afl, er vill byggja upp.

Hann lætur Arne Kraft segja, að svo líti út, sem vér séum altaf að líkjast vetrinum. Oss vanti holla ávaxtarsemi af verkum vorum og framkvæmdum. Vér séum líkastir mönnum, er alt af séu að höggva ís. Og það sé eflaust svo. Vér eigum við mikinn andlegan kulda að stríða, er heftir vöxt og viðgang nýrra og góðra framfara. Í hinu norska þjóðeðli á efal sýkin djúpar rætur. Verið getur, að svo sé hjá fleiri þjóðum, en hjá oss er það þeim mun hættulegra, af því, að þar er samfara sterk vanafesta.*) Vér viljum helzt láta alt vera eins og það var. Og þegar við þá löngun bætist tilhneigingin að rífa niður alla nýbreitni, þá veldur það miklum erfiðleikum fyrir þá, er vilja byggja upp eitthvað nýtt og nytsamt. En þessi andlegi kuldi er að eins á yfirborði þjóðlífs vors. Inst og dýpst í þjóðeðlinu eru hlý hjartaslög og framgirni, en þær eru eins og í ishulstri, þessar tilfinningar. Og þó hægt sé að þýða ísinn utan af þeim, þá verður að hlúa að þeim nákvæmlega, svo hin andlega ishúð safnist ekki aftur, og þrýsti hlýleikanum niður í kaldadýpið. Það er eins og hin norska þjóð sé runnin af hinu hlýja Suðurlanda eðli, en kuldinn norður hér og hin hörðu lífskjör hefðu lagt þessa ískán yfir hitadjúp hins hlýja þjóðeðlis.

Það er ekki tilgangur minn, að útskýra nánar þetta rit Björnstjerne, né fullyrða, að hann hafi skrifað það til að sýna muninn á þeim, er byggja upp og hinum er brjóta niður. En ritið sýnir ljóslega muninn á þessu tvennu, og er vel þess vert, að leiða að sér athygli vora.

Það er, siðferðislega séð, afar áríðandi, að gera sér ljóst, hvort mannleg starfsemi á að hneigjast meira að því, að byggja upp eða rífa niður, hvort hún á að megna að skapa nýtt, eða eyðileggja hið gamla, og hvort hún á að stefna að fullkomnun eða fordæmingu.

Náttúran, sagan, samvizkan er einróma í því, að meta meira þá, er byggja upp, en hina, er rífa niður. Það er að vísu ekki hægt að neita því, að mörg verður eyðileggingin af náttúrunnar völdum. En ekki er þó heldur hægt að sanna, að það sé aðalatrið náttúrulaganna, að eyðileggja. Vér getum oft fundið, að náttúran eyðileggur að eins til þess að hið góða geti þroskast og borið ávöxt. Það eru að eins hinir skapandi kraftar, er stjórna alheimseðlinu, og tilverustrið, er stundum velpur eyðileggingu, er sömu lögum háð, hið illa í því eyðilegst, til þess hið góða geti þroskast.

Náttúran notar sérhvert tækifæri til þess að skapa nýja krafta. Hún skapar alt af nýjar og betri myndir, og framleiðir hærri og göfugri hæfileika í lífinu. Fullkomnun, en ekki eyðilegging, er markmið hennar. Sama má sjá af sögunni. Auðvitað koma þar fram menn, er gera eyðileggingunna að aðalstarfi sínu. En oftast má sjá, að það, sem þeir rífa niður, greiðir að lokum götu snillinganna, er byggja upp á eftir. En mannkynið getur aldrei dást eins að þeim, sem rífa niður, hinum, er byggja upp á eftir, hvað miklar ástæður, sem eyðileggingin sýnist hafa að styðjast við. Það gustar napurlega af þeim, er alt af vilja eyðileggja. Þeir lama huga vorn í stað þess að hressa hann og hvetja Sálin og hjartað finna enga fró í verkum þeirra. Þess vegna er það, að sólgeislar sögunnar stafa frá mönnum, er reist hafa hið fallna úr rústum. Áhrif þeirra hita mann kyninu og vekja fjör þess og dáð. Og dómur sögunnar er hér réttur.

Það er miklu erfiðara að byggja upp en brjóta niður. Það þarf miklu minni menn til þess að veita banasárið gömlum og úreltum skoðunum og hálfhruninni félagsskipun, heldur enn að reisa það við með nýjum krafti. Til að fella þarf ekki nema skarpleika, haturgirni og biturleik. Til að reisa við, þarf snild og trú og mannást, er haldist í hendur.

Það er auðveldara, að sjá agnúana á því sem er, heldur enn að uppgötva duldar rætur, er geti borið ávöxt. Sá, er byggir upp, verður að leysa bundin öfl úr læðing og draga fram möguleika, sem duldir eru. Sá, er rífur niður, þarf ekki annað en setja út á það, er blasir við allra þeirra augum, sem nokkuð vilja gerskoða hlutina.

Þeir, sem byggja upp, vinna sjálfum sér ódauðlega minningu, því áhrif þeirra lifa eftir þá, hvetja og lífga kraft hinnar komandi kynslóðar. Nöfn þeirra gleymast aldrei, og verða því alt af til þess, að lýsa eftirkomendum á rétta leið.

En minning þeirra, sem rífa niður, hverfur eflaust með þeim sjálfum. Þau verk vor, er færa oss sanna sælu og ánægju, eru þau, er vér vinnum að því að byggja upp, en ekki hin eyðileggjandi verk. Mér finst annars naumast hægt að hugsa sér þann mann, er ekkert vildi annað starfa en rífa niður, — annaðhvort hlyti hann að vera samvizkulaus, eða allra manna vansælastur, — því sú hugsun og þau verk, er eingöngu miða til þess að eyðileggja, verka ekki einungis umhverfis oss, heldur einnig inn á við á sjálfa oss. Þau drepa beztu hvatir mannsins, en skapa honum tómleik og ósamræmi í lífi hans.

En það gagnstæða á sér stað hjá þeim, er byggja upp. Þeir bæta það sem umhverfis er, og verða við það betri menn. Eyðileggingarnautnin vekur alt það versta í manníssálunni. Löngunin til að bæta, knýr fram öll góð öfl í henni. Vér ættum því nákvæmlega að athuga, hvert störf vor stefna, hvort sem þau eru í vorar eigin þarfir eða almenningsþarfir, gæta þess, hvort vér með þeim rífum niður eða byggjum upp.

Ef vér verðum varir við löngun hjá oss til að hæða alt, sem nýtt er, ef vér ætlum öllum illan tilgang í verkum þeirra og áformum, ef vér reynum að finna allar mögulegar og ómögulegar hliðar á mönnum og málefnum, en gleymum jafnan góðu hliðunum, þá getum vér verið vissir um, að vorar betri tilfinningar hafa liðið skipbrot.

Og þegar slíkum tilfinningum slær saman við allskyns vonbrigði, er vér verðum fyrir, þá þróast af því það afl, er eyðileggur hinar beztu taugar vors andlega lífs og andar frá sér ísköldum blæ, svo langt, sem áhrif vor ná. Ef vér viljum styðja lífsins lögmál, en ekki vinna á móti því, þá verðum vér að beita öllum vorum kröftum að því að byggja það upp. Vér verðum að reyna að gera lífið í kring um oss réttlátara, hreinna og ánægjulegra. Vér verðum allstaðar að leita að rótum hins góða, og reyna að græða það upp. Vér verðum að vinna alt af mannúð, en ekki hatri né biturleik.

Í eðli voru felst afl, annaðhvort til þess að byggja upp eða rífa niður. Vér höfum eyðileggjandi áhrif á lærisveina vora og börn, vini vora og starfsfólk, ef vér bítum oss fasta í alt, sem þeim er miður gefið og hlægilegt er við þá. En áhrif vor verður þeim hvöt til framfara, ef vér sýnum þeim í orði og verki, að vér sjáum og metum þeirra góðu hliðar. Vér vinnum meira gagn með þvíað lofa hið góða, en lasta hið illa. Mannshjartað þyrstir eftir hluttöku og viðurkenning, og það er ekki nema skylda hvers manns, að viðurkenna alvarlega viðleitni til að efla hið sanna og góða. Það getur vel verið, að það finnist menn við verzlunarstörf, í skólum og á skrifstofum, er orðið hafa tilfinningarlausir spjátrungar fyrir lof, sem þeir hafa fengið. En ætli það megi ekki finna fleiri, er lifa tómu og gleðisnauðu lífi, af því starf þeirra fær aldrei skrumlausa, hjartanlega viðurkenningu.

Einu má ekki gleyma, þegar um þetta er að ræða, og það er, að ef vér byggjum upp hið góða, þá má búast við, að það ryðji hinu illa á burt. En það er alls ekki nóg, — að ryðja burt hinu illa, til þess að hið góða vaxi aftur. Sá, er það gerir, eyðir þá að eins hinu illa, en gróðursetur ekkert í staðinn.

Og það er eflaust happadrýgst, að vinna að því, að hið góða festi svo djúpt rætur, að það ryðji sjálfkrafa burt hinu illa. Sá vinnur þarft verk, er gróðursetur nýjar, hollar framfarir í stað hins gamla og hálffallna er áður var.

Einar E. Sæmundsen
(þýddi lauslega).
(Norðurland).

*) Hvað myndi hann segja um oss Íslendinga? Þ ý ð.

Skrifið yður fyrir HEIMSKRINGLU svo að þér getið ætíð fylgst með aðal málum Íslendinga hér og heima.

Skrautmyndir

Mjög vandaðar, stórar og fagrar, af skáldkóngunum íslenzku, Hallgrími Péturssyni og Jónasi Hallgrímssyni, fást hjá undirskrifuðum, önnur á 35c en báðar á 60c. Agæt stofuprýði.

ATH. — Þessir hafa þegar tekið að sér útsölu á myndunum: —

Friðrik Sveinsson, 618 Agnes St., Winnipeg; Wm. Anderson, 1797 7th Ave. W., Vancouver, B.C.; S. Bárðarson, R. F. D. 1, Box 90, Blaine, Wash.; Sigurður Johnson, Bantry (og Upham), N. Dak. Jóh. H. Húnfjörð, Brown. Man. O.S Thormodson, Pt. Robert, Wash J. G. Westdal, Minneota; Olafur G. Isfeld, Kristnes, Sask.; S. Pétursson, Arnes (og Nes), Man.; C. Christianson, Marshland, Man.; Sigurður Bjarnason, Big Quill (og Wynyard), Man; Konrad Sigtryggsson, Belmont, Man.

F. R. JOHNSON,
1419 W. 57th St., Seattle, Wash.

UNDIRTYLLA.

Mesta þykir menning nú að hringja,
meðhjálpari fenginn er í kór,
þar sem busar bræðraminni syngja,
og beizta versið er að drýgja hór.

S. S. ÍSFELD

MARKET HOTEL
146 PRINCESS ST. á móti markaðnum
P. O'CONNELL, eigandi, WINNIPEG
Beztu tegundir af vínföngum og vindum, aðhlynning góð húsið endurbætt

Woodbine Hotel
Stærsta Billiard Hall í Norðvestrlandinu
Tíu Pool-borð.—Alskonar vín og vindlar.
Lennon & Hebb,
Eigendur.

JOHN DUFF
PLUMBER, GAS AND STEAM FITTER
Alt verk vel vandað, og verðið rétt
664 Notre Dame Ave. Phone 3815
Winnipeg

Sendið Heimskringlu til vina yðar á Íslandi.

Með því að biðja sérlega um "T.L. CIGAR," þá ertu viss að fá ágætan vindil.
T.L.
make the T.L. CIGAR
(UNION MADE)
Western Cigar Factory
Thomas Lee, eigandi Winnipeg

Redwood Lager og Extra Porter

Styrkið taugarnar með því að drekka eitt staup af öðrum hvorum þessum ágæta heimilis bjór, á undan hverri máltíð. — Reynið !!

EDWARD L. DREWRY Manufacturer & Importer Winnipeg, Canada.

Department of Agriculture and Immigration.

MANITOBA

Þetta fylki hefir 41,169,089 ekrur lands, 6,019,200 ekrur eru vötn, sem veita landinu raka til akuryrkjuþarfa. Þess vegna höfum vér jafnan nægan raka til uppskeru tryggingar.

Ennþá eru 25 miljónir ekrur óteknar, sem fá má með heimilisrétti eða kaupum.

Íbúatala árið 1901 var 255,211, nu er hún orðin 400,000 manns, hefir nálega tvöfaldast á 7 árum.

Íbúátala Winnipeg borgar árið 1901 var 42,240, en nú um 115 þúsundir, hefir meir en tvöfaldast á 7 árum.

Flutningstæki eru nú sem næst fullkomin, 3516 mílur járnbrauta eru í fylkinu, sem allar liggja út frá Winnipeg. Þrjár þverlandsbrautar lestir fara daglega frá Winnipeg, og innan fárra mánaða verða þær 5 talsins, þegar Grand Trunk Pacific og Canadian Northern bætast við.

Framför fylkisins er sjáanleg hvar sem litið er. Þér ættuð að taka þar bólfestu. Ekkert annað land getur sýnt sama vöxt á sama tímabili.

TIL FERDAMANNA:

Farið ekki framhjá Winnipeg, án þess að grenslast um stjórnar og járnbrautarlönd til sölu, og útvega yður fullkomnar upplýsingar um heimilisréttarlönd og fjárgróða möguleika.

R. P. ROBLIN,
Stjórnarformaður og Akuryrkjumála-Ráðgjafi.
Skrifið eftir upplýsingum til
Joseph Burke, 178 LOGAN AVE., WINNIPEG. Jas. Hartney 77 YORK ST., TORONTO.

að flækjast, einkum hérna í sveitunum, þar sem póstarnir eru ekki áreiðanlegir".

"Hvað, þú ert þá —", sagði jarlinn.

"Wright — já, auðvitað", bætti njósnarinn við, sem lesandinn að öllum líkindum hefir tekið eftir fyrir löngu síðan.

"Hvað hefirðu þá haft fyrir staðni allan þennan tíma?"

"Aðallega að dekra við frú Burlston".

"Er það mögulegt? — En hvar áttu heima?"

"Í skógarhúsinu — ég á heima hjá henni. Ég er skytta hjá Sir Arthur".

Nú varð jarlinn alveg hissa.

"Mig minnir þú segðir, herra, að frú Burlston hefði stundað lávarð East, þegar hann lá banaleguna?"

"Já, hún gerði það", svaraði karlinn svipýrður.

"Hvaða læknir stundaði hann?"

"Fyrst gerði Druscot læknir það, en seinna kom Sir Benjamin Stevens hingað, frá London, en hann kom of seint, því sonur minn dó tveimur stundum síðar en hann kom".

"Einmitt. Er kunningsskapur ykkar Druscotts enn þá góður? Gætirðu til dæmis gefið mér meðmælingarbréf til hans?"

"Já, það er mér auðvelt. Hann er húslæknir minn við smákvillum. En hvers vegna viltu tala við hann?"

"Til þess að fá upplýsingar um Katrínu Burlston. Ég veit nú, orðið, að hún hefir ráðning gátunnar um dauða Burlstons, mannsins sins. Hvers vegna og á hvern hátt, hefi ég enn ekki komist að, en ég held, að læknirinn geti hjálpað mér".

Lávarðurinn gekk strax að hallborðinu sínu, og skrifaði bréfið, sem um var beðið. Meðal annars

sagði hann í því, að alt sem hann gerði fyrir bréfberann væri sama sem gert fyrir sig.

"Jæja, ég verð þá að kveðja þig, herra, ég fæ ekki tækifæri til að sjá þig nú um tíma, því ég ætla að skreppa til Skotlands".

"Jarlinn varð forviða.

"Til Skotlands? — Hvað ætlarðu að gera þangað?"

"Ég hefi í huga, að heimsækja geðveikrahælið, þar sem lafði Redleigh var".

"Var?" spurði jarlinn forviða og stökk upp af stólnum. "Hvað meinarðu með því?"

"Hefirðu ekki heyrt þá nýung, að lafði Redleigh dó í gær?"

Lávarðurinn stundi þungan og hné niður á stólinn.

"Of seint, of seint", sagði hann og huldi andlitið í höndum sér. Svo spratt hann aftur upp af stólnum og rétti úr sér með svo áköfum og djörfum svip, að njósnarinn varð hissa, hann hélt hann ætti ekki slíka djörfung til.

"Nú er aftur framkvæmdur einn eða annar viðbjóðslegur glæpur", sagði hann harðlega. "Ég hefði mátt vita það, en þess skal verða hefnt. Ég sagðist vilja verja fimm þúsundum til þess að fá þennan þræl dreginn fyrir réttvísina, en nú vil ég gera meira, ég vil vinna að því sjálfur, að svifta af honum blæjunni. Fáðu mér eitthvert hlutverk í hendur, láttu mig gera eitthvað, og þú skalt komast að raun um, að ég hefi enn dug og þrek til að jafnast við þetta þrælmenni".

Njósnarinn hlustaði alveg hissa á þessi orð jarlsins, en svo áttaði hann sig og sagði: "Þú ert kominn að sömu niðurstöðu og ég, herra, og til þess að komast að vissu í þessu efni, ætla ég nú til Skotlands".

"En — veiztu hvert þú átt að fara?" spurði jarlinn.

"Já, já, ég hefi komið þangað", og svo sagði njósnarinn jarlinum ágrip af því, sem hann hefði séð þar.

Lávarðurinn hlustaði á hann með mesta athygli, en þegar hann kom að því atriði, að lýsa lafði Redleigh í örvitatreyjunni, þá sagði áheyrandi hans:

"Nei, nei, talaðu ekki um þetta — ég vil ekki heyra það".

"Njósnarinn hlýddi þessu og endaði svo sögu sína.

Þá sagði jarlinn:

"Og hvert er nú áform þitt?"

"Ég ætla að reyna að komast inn í stofnanina, lávarður".

"Sem skytta?"

"Nei, sem brjálaður".

"Sem brjálaður. Já, en þá verðurðu sem fangi".

"Að vissu leyti, já, en þá fellur enginn grunur á mig, og ég get fengið að vita ýmislegt hjá hinum sjúklingunum, sem væri ómögulegt undir öðrum kringumstæðum".

"Það er satt — alveg satt. En hvernig ferðu að komast inn?"

"Það er það eina af áformi mínu, sem ég er ekki alráðinn í. Ég verð að fá einhvern til að flytja mig þangað samkvæmt fölsuðu læknisvottorði — hvern, sem ég get náð fljótlega í, þegar ég vil komast út aftur".

"Það starf skal ég taka að mér", sagði jarlinn glaður.

En njósnarinn hristi höfuðið og sagði: "Ég held, herra, að það sé réttara að þú sért kyr og athugir gang hlutanna. Auk þess mundi sérhvert

skyndilegt fyrirtæki frá þinni hálfu vekja eftirtekt og máske aðvara óvinina. Ég veit þú skilur, að slík tilviljun væri nóg til að vekja grun í öðru eins máli og þessu. Ég hefði ekki hugsað neitt nánara um dauða lafðinnar, ef hann hefði ekki borið svona snögt að, rétt á eftir dauða Burlstons og heimsókn Sir Arthurs í stofnaninni".

Jarlinn virtist fallast á þetta.

"Já, en hvað ætlarðu að gera? Það tjáir ekki að við kynnum mörgum mönnum leyndarmál okkar".

"Það er satt, lávarður, en mér hefir dottið í hug ungur maður, sem að nokkru leyti er riðinn við þetta mál, að svo miklu leyti sem ég veit, og sem ég held við megum reiða okkur á. Það er líka eitt af því, sem ég ætlaði að spyrja um, hvort þú gætir kynt mig honum?"

"Við hvern áttu?"

"Hr. Haworthy".

"Haworthy? Ó, hann er guðsifjabarn mitt. Ég hefi nú raunar lítið sinnt honum upp á síðkastið, en við erum annars góðir vinir, og ég er viss um, að hann vill gera mér greiða. En hvað kemur honum þetta mál við?"

"Ef til vill ekkert og ef til vill mjög mikið. Það sem ég veit er, að trúlofun hans með ungfrú Grosse var hafin viku áður en lafði Redleigh dó".

"Guð varðveiti þig, maður. Þetta er ekki alvara þín —"

"Jú, einmitt".

"Það er ómögulegt, ég get ekki trúað þessu um Grosse, hve illa sem mér er við hann".

"Við fáum nú að sjá þetta, lávarður. En ef þú gefur mér meðmælabréf til Haworthy, þá ætla ég að finna hann strax. Það er ekki vert að eyða tímanum".

Fatheringham lávarður skrifaði nú annað bréf

Ertu að hugsa um að kaupa reiðhjól? Ef svo er þá komstu eftir hver býr til beztu hjólin. Margar hjólateg. eru til sölu, en sem ekki hafa verksmiðju nafn á sér. Slík hjól ern ekki ábyggileg, efnið er óvandað, svo að verksmiðjurnar blygðast sín fyrir að láta vita, hver hafi búið þau til. Canada Cycle & Motor Co., Ltd., hefir trygt sér álit með eftirtöldum reiðhjólum:—

CLEVELAND RAMBLER — BRANTFORD PERFECT — MASSEY IMPERIAL

Canada Cycle & Motor Co., Ltd., Winnipeg.
147 PRINCESS STREET. Heimsins Beztu Reiðhjóla-smiðir.

TIL SÖLU:

Maður eða kona. Mitt Suður Afríku landgjafar-ávísunar skírteini, gefið út af Innanríkisdeildinni í Ottawa, gildir fyrir 320 ekrur af hvaða ríkislandi sem opið er til heimilisréttartöku í Manitoba, Alberta eða Saskatchewan. — Hver persóna, yfir 18 ára að aldri,—maður eða kona,—getur fengið landið með því að kaupa þetta skírteini fyrir $800.00. — Skrifið eða Símið strax til

L. E. TELFORD,
131 SHUTER ST. — TORONTO, ONT.

Stefán Björnsson,

prestlingur og ritstjóri

Lögbergs, — við þig ætlaði ég að tala örfá orð. Ég vona að þú misvirðir ekki, þó ég hafi ekki komist til að gera það fyr en nú. Það hefir heldur illa fokið í þig út af þrenningar-nafninu, sem ég gaf þér um daginn. Ég sé, að þig langar til að reka það af þér, en þér hefir tekist það heldur báglega, sem von er. Í þess stað hefir fautaháttur inn óvart rekið upp höfuðið. Þú ættir að vita það, að gífuryrði þín og illmæli um mig tek ég mér ekki nærri. Þau eru engum til skammar nema sjálfum þér, veslingur.

Þú ert að brígsla mér um mentunarskort. Það er nú heldur bágborið og vesalmannlegt vopn.

Ég segi þér í fullri alvöru, að ég vil margfalt heldur hafa aflað mér minnar mentunar sjálfur, eins og ég hefi gert, og vita ekki meira en ég veit, heldur enn láta fátæka fósturjörð mína eyða ærnu fé og tíma, árum saman, til að menta mig, og stökkva svo frá henni á miður heiðarlegan hátt *) undir eins og náminu var lokið, eins og þú gerðir. Og ekki nóg með það, heldur leigðir þig strax hér þeirri "klikku", sem vitanlegt er, að gerir Íslandi alt það tjón, sem hún getur; sendir "forgilta" og logna bæklinga heim í þúsundatali, og þar að auki vesturíarasmala á hverju einasta ári. — Ekki skal mig undra, þó þú sért stoltur af að hafa látið Ísland kosta mentun þína.

Mér þykir það broslegt, ég segi það satt, þegar þú, sem rétt að eins þokaðist bekk úr bekk í latínuskólanum og sast oftast næst þeim neðstu, — ferð að slá um þig með mentun þinni, og ætlar að hafa það fyrir vopn á aðra, að þeir séu ómentaðir, þrátt fyrir það þó Ísland reyndi í mörg ár að gera úr þér mann, með því að veita þér ókeypis mentun, þá varð árangurinn þó ekki betri en það, að þú ert víst nauða-lélega að þér í flestum fræðigreinum, nema ei vera kynni í þessum allra elztu bibliufræðum. Allir, sem þekkja þig, vita, að þú hvorki ritar eða talar ensku, svo nokkur mynd sé á. Ég hefi beðið þig að þýða af íslenzku á ensku, en þú sagðist ekki geta það, og þá sagðirðu víst satt.

Þú fjasar mikið um það, að þér leiðist vaðallinn úr mér. — Ekki er lengi að breytast veður í lofti. Það er ekki meira enn ár síðan þú margbaðst mig, að skrifa greinar í Lögberg, og þá lofaðir þú hástöfum í eyru mín það, er ég hefi skrifað. En um þetta ætla ég ekki að þrátta við þig. Mitt er ekki að dæma um það, er ég hefi ritað, og ég hygg að þú komist aldrei svo hátt, að þú verðir neinn allsherjar dómari til að dæma um það. Mér liggur því dómur þinn í léttu rúmi vegna þess, og eins hins, hve hann er gagnstæður því, er þú hefir áður talað. En glatt get ég þig með því, að ég á þakklætisbréf frá ritstjórum heima á Íslandi, fyrir það er ég hefi skrifað og lagt til mála, og einnig frá mörgum Íslendingum hér vestra, og þar á meðal frá "meðritstj. Lögbergs", sem nú er. En það er skrifað áður enn þú fórst að hafa áhrif á hann.

Þú segist ekkert ilt hafa lagt til mín, hvorki í blaðinu eða annarsstaðar. Þetta eru bein ósannindi. Opinberlega í blaðinu hefir þú ekki þorað það, en þú ert samt einí maðurinn í Winnipeg, er ég kyntist, sem sýndir mér undirferli og ódrengskap, og það í all-ríkulegum mæli. Alla söguna um það, er ég reiðubúinn að segja nær sem vill.

Nú ætla ég með örfáum orðum, að skýra fyrir þér þrenningarnafnið, svo almenningur sjái, að það hefir við góð og gild rök að styðjast.

Er það ekki hlutdrægni, að láta þess ekki getið hver jarðar þá dauðu, ef séra Fr. J. Bergmann gerir það? Þetta hefir komið þráfaldlega fyrir, sýnilega af ásettu ráði. Lögberg hefir ekki gleymt, að geta þessa, ef séra Jón hefir framkvæmt þá athöfn.

Er það ekki hlutdrægni, að minnast ekki, hvað eftir annað, með einu orði á "piano recitals" Jónasar Pálssonar, en þenja yfir hálfa dálka lofgerðarvellu, sem engri átt nær, um aðrar samskonar samkomur, er Íslendingar hafa haldið, þó öllum sé vitanlegt, að þær séu miklu lakari? — Ég sé, að þú ert að veðra þig litið eitt í bili upp við hr. J.P., síðan ég tók meðritstj. Lögbergs tali um daginn á skrifstofu Hkr. fyrir hlutdrægnina hjá blaðsneplinum. Verði Lögberg sér ekki oftar til skammar, hvað þetta snertir, þá er það beinlínis mér að þakka.

Er það ekki hludrægnii, að minnast alls ekki á Íslendagsfundinn, eða hvað gert var á honum í sambandi við Íslendingadagshald í ár, af því að "Lögbergsklikkan" er orðin svo óíslenzk að hún vill ekki styrkja daginn, — þessa einu og lang-veigamestu íslenzku samkomu hér vestra — að neinu?

Þetta var þó opinber fundur, boðaður með löngum fyrirvara.

Svona mætti halda lengi áfram.

Þá er heigulskapurinn. Hvað var það annað en heigulskapur af þér, þegar ég í fyrrasumar var að safna undirskriftunum undir fyrsta fundarboðið um Íslands málin, og þú ætlaðir ekki með nokkru móti að fást til, að skrifa undir það skjal, af því að Jón Jensson og Jón sagnfræðingur o. fl. landvarnarmenn voru orðnir frumvarpsmenn? Hvað ætli það þýði fyrir okkur hér vestra, að vera að fást um þetta mál, þegar þessir menn eru fallnir inn með Hafstein? sagðir þú. Og það var ekki fyrri en ég var rækilega búinn að brýna fyrir þér, að við þyrftum þess betur að taka á, sem fleiri féllu, að ég fékk þig til að skrifa undir skjalið. Hverju heldurðu að Vestur-Íslendingar hefðu áorkað í því stórmáli, ef allir hefðu haft hjartað jafn neðarlega?

Og heigulskap kalla ég það af þér, að þora ekki að birta grein mína um "stóra söngflokkinn", í fyrra í Lögbergi, sem þú sagðist þó vera að öllu samþykkur. Nei, fyrst gekstu með hana í hállan mánuð í vasanum, og svo rambaðir þú með hana til J. Vopna, til að fá álit hans um, hvort óhætt væri að taka svo miklar aðfinslur um "hjörðina" eða ekki.

Ég get talið upp miklu fleira af álíka hetjuskap og sjálfstæði.

Og þá er höfuðsóttin. — Hún leynir sér ekki á Lögbergi. Meiri þynku frá ritstjórnar hálfu, en þar birtist, er ómögulegt að hugsa sér. Þar kemur aldrei fram nokkur nýtíleg hugsun. Þetta sárlitla, sem í blaðtuskuna er skrifað frá ritstjórnarinnar hálfu, er upptugga annarsstaðar frá, úr "Free Press", "Kvindens Magazin", eða þá ræðujórtur eftir Thomas Johnson, — alt marg-"leadað". — Að gamni mínu mældi ég einu sinni um daginn lesmálið í Lögbergi. Fullu helmingur af því, fyrir utan söguna og auglýsingar, var tekinn orðréttur upp úr íslenzkum blöðum, um 180 þml. Í hinum helmingnum átti ritstjórnin 119 þml. í alt og alt, að öllum eyðum milli fréttanna meðtöldum. Þá vikuna hafið þið ritstjórarnir skrifað tæpa 12 þumlunga hvor á degi hverjum, að meðaltali (og svona er oftar), ef gert er ráð fyrir, að þið hafið lokið sögupartinum á einum degi, sem ekki ætti að vera neitt sérlegt þrekvirki. — Ekki er að undra þó Laurier taki $5,000.00 árlega úr ríkissjóði Canada, til að borga fyrir önnur eins vinnubrögð. Hann ætti að borga austur-íslenzkum blaðamönnum dálítla fúlgu árlega, því þeir hafa verið aðalritstjórarnir að Lögbergi um langan tíma. Á blaðinu ætti því að réttu lagi að standa: Ritstjórar: Austur-íslenzkir blaðamenn. Aðstoðarmenn: Stefán Björnsson, cand. theol., og Baldur Sveinsson.

Birtu vísurnar, sem "rignt" hafa að Lögbergi um póstspjöldin, og "leadaðu" þær vel. Þær geta fylt "auta rúm", og bezt er fyrir þig að nota alt, sem þú getur hönd á fest, þegar höfuðið er svona dæmalaust tómt, eins og raun ber vitni um. Væri sauðkindur eins veikar af höfuðsótt og þú ert, þá mundu þær ekki þykja á vetur setjandi.

Vanséð tel ég, hvor okkar missir fyr "vitglóruna", ég í "hitunum í Chicago", eða þú við að moka óþverranum undan "Líberal-klikkunni". Þau fjósverk hygg ég að væru líklegust til að fara með "vitglóruna" á undan öllu öðru.

Jæja. Þá hefi ég talað við þig um stund. Skal tala við þig betur seinna, ef þig langar til. Ég vona, að þessi "karbólsýra sannleikans", sem ég hefi verið að gefa þér inn í smáskömtum, með allra mestu varfærni, verki vel á þig og hreinsi þig vel og lengi af þeim illkynjuðu ormum, sem þú ert búinn að ganga lengi með. En vel getur skeð, að þú verðir frá verki 3—4 daga, og þurfir að vera heima. Hreinsunin getur þrátt fyrir það orðið þér til góðs í framtíðinni. Og landi þá von í brjósti, bið ég "þrenninguna" að gæta þín, — í það minsta þangað til ég tala við þig næst.

Á. J. JOHNSON.

*) Hvernig þú, guðfræðingurinn og þjónn hinna hákristnu, og meðlimur Fyrsta lút. safnaðarins í Winnipeg, skildir við Ísland og suma menn þar, — skal ég lýsa í næsta sinn, ef þig langar til. Á.J.J.

Takmörkun á prentfrelsi

Blöðin hér í Canada fara um þessar mundir ómjúkum orðum um yfirdómara Langlier í Quebec fyrir þriggja mánaða fangelsisdóm sem hann kvað nýlega upp yfir ritsjóra einum þar í fylkinu, fyrir það að ritstjórinn hafði í blaði sínu fundið að dómi nokkrum, sem dómari þessi hafði kveðið upp í máli þar í fylkinu, og talið hann ranglátan.

Svo er að sjá, sem það sé saknæmt, að láta í ljós á prenti skoðanir á gerðum dómaranna, ef þær skoðanir eru ekki í samræmi við það, sem dómararnir vilja vera láta. Ritstjóri þessi fékk því ekki mál sitt rannsakað fyrir rétti á vanalegan hátt, heldur dæmdi dómarinn hann umsvífalaust í 3. mánaða fangeli fyrir þá dirfsku, að hafa afdráttarlaust sagt skoðun sína í blaðinu. Ritstjórinn fékk engri vörn komið fyrir sig fyrir kviðdómi, eins og algengum glæpaseggjum landsins er leyft að gera. Og í fangelsinu er sagt að hann sé beittur svo illri meðferð, að ekki sé ver farið með stórglæpamenn, sem þangað lenda.

Þetta telja blöðin algerlega ósanngjarnt og ranglátt. Þau benda á, að ritstjórinn sé strang-heiðarlegur maður, — að dómarar landsins séu að eins menn og engan veg inn óskeikulir, enda beri þeim oft ekki saman í dómum sínum, — að það séu hættuleg lög í landi, sem svo friðhelgi nokkurn mann eða flokk manna, að ekki megi finna að gerðum þeirra, einkanlega þegar þær gerðir séu þann veg vaxnar, að almennings meðvitundin sé eindregið með því, að þær séu óréttmætar, — að hætt sé við því, að þeir menn, sem þannig eru verndaðir, að ekkert megi finna að því, sem þeir hafast að, kunni að venjast því aðfinslúleysi svo, að þeir með tímanum taki ekki nægilegt tillit, hvorki til almenningsálitsins, né heldur til þess, hvort störf þeirra séu óaðfinnanlega af hendi leyst eða ekki.

Hvað þessum dómara sérstaklega viðvíkur, þá var hann um eitt skeið þingmaður og fylgismaður núverandi ríkisstjórnar. Á þeim tíma kom það fyrir, að John V. Ellis, þá ritstjóri enn nú Senator, var dæmdur í eins mánaðar fangelsi fyrir að hafa í blaði sínu fundið að dómi, sem einn dómari í New Brunswick hafði kveðið upp þar í fylkinu. Sir Louis Davies, sem nú er yfirréttar dómari, var þá á þingi, og ræddi þar þetta fangelsismál herra Ellis með miklu röksemdaafli. Hann kvað rétt vera, að blöðin ræddu með gætni og virðingu um starfsemi dómaranna, og að dómararnir ættu ekki að hafa sjálfdæmi í þeim málum, sem rísa kynnu móti ritstjórunum út af aðfinslum þeirra, eða senda þá í fangelsi, án þess þeir fengju sanngjarnt tækifæri til að verja málstað sinn, — og hann bar fram tillögu til þingsályktunar í þessa átt. Herra Langlier, sem þá sat á þingi, greiddi atkvæði sitt með tillögunni, sem virðist benda á, að hann hafi þá verið meðmæltur prentfrelsinu. En síðar hefir hann orðið dómari sjálfur, og nú virðist svo, sem hann hafi breytt skoðun á þessu máli, og að hann sé nú orðinn ósamþykkur því, sem hann áður var meðmæltur.

Þessi skoðanabreyting dómarans er ekki að eins afsakanleg, heldur getur hún einnig verið algerlega réttmæt. En hinsvegar verður því tæplega neitað, að þar sem landslög veita einum manni eða flokki manna algert sjálfdæmi í ágreiningsmálum þeirra við umheiminn, þá geti svo farið, að heiðarhugurinn beri réttlætis tilfinninguna ofurliði, og að sá beri jafnan hærri hlut, sem lögin friðhelga, en hinn verði fyrir rangsleitni, sem lögin ekki veita vernd sína, hversu góður og réttmætur, sem málstaður hans kann að vera. Þess vegna er nú farið fram á það af ýmum þeim blöðum, sem um þetta Quebec mál hafa rætt, að ríkisstjórnin ætti að leggja fyrir næsta þing þær breytingar á núgildandi prentfrelsislögum, sem veiti hverjum borgara rétt til þess, að verja mál sitt eða láta verja fyrir rétti, og að enginn maður skuli vera svo settur, að hann verði að sæta þeim dómi, sem ákærandi hans vill vera láta, því að í eðli sínu sé sú aðferð, að dæma mann í fangelsi, án þess að veita honum varnarrétt hið mesta ranglæti. Það þýði að eins það, að afliðráði úrslitum, en afl og réttur málstaður fylgist ekki ætíð að, eða sé óaðgreinanlegt.

Blöðin heimta, að dómsmálastjóri ríkisins ónýti Langlier dómann og láti ritstjórann lausan.

Meðritstjóri

Lögbergs, er svo kallar sig, herra Baldur Sveinsson, var nýlega í Hkr. að reyna til að réttlæta ummælin um póstspjöld mín, er stóðu í Lögbergi, og sem hann nú viðurkennir að hafa skrifað undir ritstjórnarnafni. Að ég eignaði aðalritstjóranum, sem svo neinir sig, ummælin, kom til af tvennu: — Fyrst af því, að venja er að eigna alt sem nafnlaust er í blaðinu, ritstjóranum, sem tilgreindur er á því að vera ritstjóri; og einnig af því, að ég átti ekki annars en ills af honum að vænta, samkvæmt reynslu. Að herra B.S. notaði nafn Stefáns Björnssonar fyrir "lepp", gat mér ekki dottið í hug. Hafði gert mér aðra hugmynd um hann enn þá, að hann gæti lotið að svo litlu.

Gleðiefni er mér það ósegjanlega mikið, hafi ég getað komið báðum ritstjórum Lögbergs til að hlægja. Ég hugði það ekki létt verk. Sífellandi dauðýflum er ekki létt um hlátur, en gott ætti þeim að verða af honum í eitt skifti.

Að ummæli hr. B.S. um spjöldin hafi verið mjög þjösnaleg, ef þau hafa ekki átt að spilla fyrir sölu þeirra, getur enginn efast um. Um það, er honum þótti miður fara, brúkaði hann þau sterkustu orð, sem málið hafði til: Einkunnarorðin sum voru "illa" valin, og sumar myndirnar voru "verstar". Ekki minst með stöku orði, hvort nokkurt einkunn arorðið væri vel valið. Það var líklegt, eða hitt þó heldur, að fólk vildi kaupa spjöld með "illa völdum einkunnarorðum", "vondum" myndum, "gulri fálkamyndarherfu", o.s.frv.

Að ummæli Lögbergs litu svo út, sem þau væru af miður góðum rótum runnin, fór heldur ekki fram hjá fólkinu. Margir höfðu orð á því við mig, að þeim fundist ummælin þann veg orðuð, að ekki væri þau af góðum rótum runnin.

Alls ekki var minst á, hvaða prentsmiðja hefði prentað póstspjöldin. Ætli því hefði verið gleymt, hefði prentsmiðja Lögb. prentað?

Hr. B.S. segir það beri ekki vott um mikið "gáfnaflug", að hafa mörg einkunnarorð eftir sama manninn. Mér sýnist það bera minni vott um "gáfnaflug", að vilja tyggja sömu orðin upp á mörg hundruð spjöld. Sú aðferð, sem ég brúkaði, að velja mörg einkunnarorð, gerði spjöldin miklu breytilegri, því þessir menn hafa sagt fleiri enn eina setningu, sem er þess virði að læra og íhuga.

Þeirri staðhæfingu hr. B.S., að vísan, sem hann tilfærir eftir E. Benediktsson, sé ranglega stafsett, svo meiningin raskist, mótmæli ég. Vilji B.S. halda áfram, að bera fram þá fjarstæðu, vildi ég ráðleggja honum í bróðerni, að vera eitt ár í viðbót á latínuskólanum í Reykjavík, til að læra lestur og stafsetningu.

Þá finnur hann að því, að ég hafi slitið í sundur vísu J. Hallgrímssonar "Veit þá engi að eyjan hvíta", o.s.frv. Bæði þá vísu, og eins "Þið þekkið fold", sleit ég í sundur með vilja. Ég að eins kom með setningar úr þeim til þess að minna á þær, en gerði ráð fyrir að hver einasti Íslendingur, sem fult vit hefir, kunni þær, og áleit því óþarft að prenta þær allar.

Annars er ég þakklátur B.S. fyrir, að hafa gengist við faðerninu að áðurgreindum ummælum í Lögbergi. Ég þekki hann lengt um betur eftir enn áður, og það er mér mikilsvirði.

A. J. Johnson.

LEIÐBEININGAR--SKRÁ

YFIR ÁREIÐANLEGA VERZLUNARMENN Í WINNIPEG

MUSIC OG HLJÓÐFÆRI

CROSS, GOULDING & SKINNER, LTD.
323 Portage Ave. Talsími 4413

MASON & RISCH PIANO CO., LTD.
356 Main Stree Talsími 480
W. Alfred Albert, Íslenzkur umboðsmaður

WHALEY ROYCE & CO.
356 Main St. Phone 263
W. Alfred Albert, bóðarþjónn.

BYGGINGA- og ELDIVIÐUR.

J. D. McARTHUR CO., LTD.
Byggings- og Eldiviður í heildsölu og smásölu.
Sölust: Princess og Higgins Tals. 5060, 5061, 5062

MYNDASMIÐIR.

G. H. LLEWELLIN,
"Medallions" og Myndarammar
Starfstofa Horni Park St. og Logan Avenue

SKÓTAU Í HEILDSÖLU.

AMES HOLDEN, LIMITED.
Princess & McDermott. Winnipeg.

THOS. RYAN & CO.
Allskonar Skótau. 44 Princess St.

THE Wm. A. MARSH CO. WESTERN LTD.
Framleiðendur af Finu Skótaui. Talsími: 3710
88 Princess St. "High Merit" Marsh Skór

RAFMAGNSVÉLAR OG ÁHÖLD

JAMES STUART ELECTRIC CO.
324 Smith St. Talsímar: 3447 og 7802
Fullar birgðir af alskonar vélum.

GOODYEAR ELECTRIC CO.
Kellogg's Talsímar og öll þaraðlút. áhöld
talsími 3023. 86 Albert St.

RAFMAGNS AKKOKÐSMENN

MODERN ELECTRIC CO
412 Portage Ave Talsími: 5658
Viðgjörð og Vir-lagning — allskonar.

BYGGINGA - EFNI.

JOHN GUNN & SONS
Talsími 1277 266 Jarvis Ave.
Höfum bezta Stein, Kalk, Cement, Sand o. fl.

THOMAS BLACK
Selur Járnvöru og Bygginga-efni allskonar
76—82 Lombard St. Talsími 600

THE WINNIPEG SUPPLY CO., LTD.
298 Rietta St. Talsímar: 1936 & 2187
Kalk, Steinn, Cement, Sand og Möl

BYGGINGAMEISTARAR.

J. H. G. RUSSELL
Byggingameistari.
f Silvester-Willson byggingunni. Tals: 1068

PAUL M. CLEMENS
Bygginga - Meistari. 443 Maryland St.
Skrifst.: Argyle Bldg., Garry st. Talsími 5097

BRAS- og RUBBER-STIMPLAR

MANITOBA STENCIL & STAMP WORKS
471 Main St. Talsími 1880. P. O. Box 244.
Búum til alskonar Stimpla úr málmi og togleðri

VÍNSÖLUMENN

GEO. VELIE,
Heildsölu Vínsali. 185, 187 Portage Ave. E.
Smá-sölu talsími 352. Stór-sölu talsími 461.

STOCKS & BONDS

W. SANFORD EVANS CO.
326 Nýja Grain Exchange Talsími 3699

ACCOUNTANTS & AUDITORS

A. A. JACKSON,
Accountant and Auditor
Skrifst.—28 Merchants Bank. Tals.: 5102

OLÍA, HJÓLÁS-FEITI OG FL.

WINNIPEG OIL COMPANY, LTD.
Búa til Steinolíu, Gasoline og hjóláS-áburð
Talsími 1590 611 Ashdown Block

TIMBUR og BÚLÖND

THOS. OYSTAD, 308 Kennedy Bldg.
Viður í vagnhlössum til notenda, búlönd til sölu

PIPE & BOILER COVERING

GREAT WEST PIPE COVERING CO.
132 Lombard Street.

VÍRGIRÐINGAR.

THE GREAT WEST WIRE FENCE CO., LTD
Alskonar virgirðingar fyrir bændur og borgara.
76 Lombard St. Winnipeg.

ELDAVÉLAR O. FL.

McCLARY'S, Winnipeg.
Stærstu framleiðendur í Canada af Stám,
Steinvöru [Graniteware] og fl.

ÁLNAVARA Í HEILDSÖLU

R. J. WHITLA & CO., LIMITED
264 McDermott Ave Winnipeg
"King of the Road" OVERALLS.

BILLIARD & POOL TABLES.

W. A. CARSON
P. O. Box 225 Room 4 i Molson Banka.
Öll nauðsynleg áhöld. Ég gjöri við Pool-borð

NÁLAR.

JOHN RANTON
203 Hammond Block Talsími 4670
Sendið strax eftir Verðlista og Sýnishornum.

GASOLINE-Vélar og Brunnborar

ONTARIO WIND ENGINE and PUMP CO. LTD
301 Chamber St. Sími: 2988.
Vindmillur — Pumpur — agnar Vélar.

BLÓM OG SÖNGFUGLAR

JAMES BIRCH
442 Notre Dame Ave. Talsími 2628
BLÓM — allskonar. Söngfuglar o. fl.

BANKARAR, GUFUSKIPA AGENTR

ALLOWAY & CHAMPION
North End Branch: 667 Main street
Vér seljum Ávísanir borganlegar á Íslandi

LÆKNA OG SPÍTALAAHÖLD

CHANDLER & FISHER, LIMITED
Lækna og Dýralækna áhöld, og hospitala áhöld
185 Lombard St., Winnipeg, Man.

KAUPIÐ af þeim og verzlið við þá sem auglýsa starfsemi sína í Heimskringlu og þá fáið þér *betri* vörur með *betra* verði og *betur* útilátnar.....

KOL OG VIDUR

Þur, beinharður eldiviður, — Poplar, Pine, og Tamarac með mjög sanngjörnu verði. — Nú sem stendur verið að afferma mörg vagnhlöss af BEZTA DAUPHIN TAMARAC. —

McElroy Bros.
Cor. Sherbrooke & Ellice
PHONE: 6612

ROBLIN HOTEL

115 Adelaide St. Winnipeg

Bezta $1.50 á-dag hús í Vestur-Canada. Keyrsla ókeypis milli vagnstöðva og hússins á nóttu og degi. Aðhlynning hins bezta. Viðskifti Íslendinga óskast. William Ave strætiskarið fer hjá húsinu

O. ROY, eigandi.

Gimli Hótel

G. E. SÓLMUNDSSON
eigandi

Óskar viðskifta Íslendinga sem heimsækja Gimli-bæ. — Þar er beini beztur í mat og drykkjarföngum, og aðbúð gesta svo góð sem frekast er hægt að gera hana. Hótelið er við vagnstöðina.

Gistið að Gimli-Hótel.

Vér Höfum Aðeins EITT Járn í Eldinum



og úr því búum vér til MAGNET skilvinduna, og vér eyðum öllum tíma til þess. Þess vegna getum vér ábyrgst að skilvinda vor sé gerð úr hinu bezta efni. MAGNET skilur ágætlega vel — það sannar hún sjálf á degi hverjum.

Hér fer á eftir vottorð:

Bertdale, 11. júní, 1909.

Mr. G. W. Rife, umboðsm. fyrir
The Petrie Mfg. Co., Ltd.,
Foam Lake, Sask.

Kæri herra! Í tilefni af því, að ég keypti af yður Nr. 2 Magnet skilvindu í fyrra, er mér ánægja að láta yður vita, að ég er mjög ánægður með hana, vegna þess, hve smotur hún er endingargóð, skilur vel og er létt í snúningi. Þegar ég athuga alt þetta, og yðar góðu og lipurmannlegu viðskifti, þá er ég sannfærður um, að þér munið hafa mikla aðsókn að verzlun yðar á þessu sumri. Með mikilli virðingu.

(Sgd.) J. Einarsson.

MAGNET á sér engan líka, að öllu athuguðu. Hver hluti er nógu sterkur til að endast lífstíð. Það er enginn galli á henni. Allar skilvindur eru jafnsterkar eins og veikasti hluti þeirra. MAGNET hefir enga veika parta. Hver hluti er gerður sterkur og endingargóður. — Vér biðjum alla tilvonandi viðskiftavini, að skoða MAGNET skilvinduna, svo að þeir sannfærist um, að ummæli vor eru sönn.

The Petrie Mfg. Co., Limited
WINNIPEG
HAMILTON. ST. JOHN. REGINA. CALGARY.

McLEAN HÚSID

Mesta Music-Búð Winnipegborgar

Og höfuð stöðvar fyrir bezta Píanó sem búið er til í Canada. — HEINTZMAN & CO. PÍANÓ hafa fengið meðmæli frá haimsins beztu tónfræðingum, svo sem t. d. Pachmann og Burmeister, og svo hafa aðrir sagt að ekkert annað hljóðfæri í heimi jafnaðist við það. —

J. J. H. McLean & Co LIMITED.

528 Main St. Talsími 808
ÚTIBÚ Í BRANDON OG PORTAGE LA PRAIRIE.

PASTOR

MECHANO-THERAPIST

O. V. GÍSLASON,

PRESTUR OG LÆKNIR

710 Ross Ave, - Winnipeg

Fréttir úr bænum.

Þann 25. júní lézt í Gardar bygð í North Dakota ekkjan Hildur Illhugadóttir, nær 80 ára gömul, — Hraðskeyti var þegar sent hingað norður til herra Guðmundar Gíslasonar, kirkjuþingsmanns, og fór hann suður strax næsta dag, til þess að annast um greftrun hinnar látnu konu.

Herra Sigurjón Jónsson, stud. theol., prédikar á Akra skólahúsinu í Foam Lake, Sask., sunnudaginn þann 4. júlí næstkomandi, á venjulegum messutíma. Óskað eftir, að fólk fjölmenni.

Margir kirkjuþingsgestir hafa verið hér í borg síðustu og þessa viku. Þar með Björn Halldórsson, Mountain, N.D., Mrs. Sigríður Landi og dóttir hennar, Brú P.O.; Gunnar Gunnarsson og Brandur Johnson, Pembina; Jón Björnson, Baldur; Jónas Leó, Selkirk, og fjöldi annara, sem Heimskringla getur ekki nafngreint.

Grein sú um Stephan G. Stephansson eftir hr. Sigurð Guðmundsson, sem prentuð var í síðasta blaði, var tekin úr "Ingólfi", þó þess væri af ógáti ekki getið þar. Hkr. biður hlutaðeigendur velvirðingar á þessari gleymsku.

Þeir herrar Ásmundur Guðmundsson og Guðmundur Pálsson, frá Narrows, voru hér á ferð í vikunni sem leið. Ennfremur þeir herrar Bjarni Halldórsson, frá Westbourne, og Wm. Bjerring, úr Argyle bygð.

Þann 16. júní sl. andaðist að Narrows bóndinn Benedikt Páldikt Pálsson. Hann var á sextugsaldri.

Pétur Anderson, frá Leslie, Sask., kom til bæjarins í sl. viku. Hann segir uppskeru útlit gott vestra, og sé kornvöxtur þar eins langt á leið kominn eins og Portage sléttunum.

Við burtför A. J. Johnsons organleikara við Fyrstu íslenzku Unitara kirkjuna í Winnipeg, hefir hr. Gísli Jónsson, fyrrum prentsmiðjueigandi, verið kosinn í einu hljóði til að gegna því starfi. Herra G. Jónsson er eins og öllum er kunnugt, þegar þektur þróinn bæði vestan hafs og austan fyrir sína ágætu sönghæfileika. Hann stundar nú af kappi bæði píano og organslátt hjá hinum færustu söngkennurum bæjarins.

Herra E. M. Vatnsdal, frá Hensel, N. D., sem um tíma hefir dvalið hjá sonum sínum í Saskatchewan fylki, hélt heimleiðis aftur í síðustu viku. Hann kvað útlit alt gott þar vestra.

Kirkjuþingið.

Það hefir staðið yfir í Fyrstu lútersku kirkjunni hér í borg einnar viku tíma, endaði í gærdag (miðvikudag).

Þar voru mættir fleiri kjörnir erindrekar og fleiri prestar enn á nokkru undangengnu kirkjuþingi, sem íslenzkir lúterstrúarmenn hafa haldið hér í álfu, eða um 70 manns alls.

Prestar voru þar þessir: — Jón Bjarnason, Friðrik J. Bergmann, N. Steingrímur Thorlaksson, Hans B. Thorgrimsen, Björn B. Jónsson, Runólfur Marteinsson, Friðrik Hallgrímsson, Kristinn K. Ólafsson, Jóhann Bjarnason, Runólfur Fjeldsted, Hjörtur Leó, Guttormur Guttormsson og Sigurður Christopherson. Alls 13 prestar. — Tveir þeir síðasttöldu voru vígðir hér í borginni meðan kirkjuþingið stóð yfir, sunnudaginn 27. júní.

Kirkjuþingsmenn voru þessir: — Elis Thorvaldson, Bjarni Jones, Halldór Johnson, Gunnar Björnsson, S. S. Hofteig, P. V. Pétursson, Carl J. Olson, S. Th. Vestdal, Guðmundur Einarsson, Halldór Anderson, B. S. Thorvaldson, Guðbrandur Erlendsson, Jakob Benediktsson, Matúsalem Einarsson, Kristján Halldórsson, Ólafur Ólafsson, Guðmundur Gíslason, Gamaliel Thorleifsson, Jón Jónsson, E. H. Bergmann, Sigurður Sigurðsson, Sigúnnur Finnsson, H. S. Bardal, W. H. Paulson, Jónas Jóhannesson, B. J. Brandson, H. A. Bergmann, Lindal J. Hallgrímsson, Th. Oddson, Loftur Jörundsson, Klemens Jónasson, Björn Byron, Guðjón Ingimundarson, Jón Eiríksson, Jón Pétursson, Guðmundur Fjeldsted, Friðjón Friðriksson, Jóhann Briem, Sigurður Friðfinnsson, P. S. Guðmundsson, Tryggvi Inggjaldsson, Sveinn Sveinsson, Árni Helgason, C. B. Jónsson, Björn Walterson, Sigurður Helgason, F. S. Friðriksson, Kristján Jónsson, Jón Abrahamsson, Kristján Kristjánsson, Halldór Halldórsson, B. Thorbergsson, Gísli Egilsson, Kristján Pálsson, Sigfús S. Bergmann, Friðrik Bjarnason, G. P. Thordarson, Jónas Hall, Carl J. Vopni, John J. Vopni, Jónas Samson, Jón Einarsson, J. T. Friðriksson, Pálmi Hjálmarsson, Finnur Finnsson og George Peterson.

Kjörbréf Dr. Moritz Halldórssonar, sem kosinn hafði verið fyrir Grafton söfnuð í North Dakota, var gert ógilt vegna einhverra formgalla, en málfrelsi var honum leyft á þinginu. Svo var að heyra á sunnanmönnum og einnig á nokkrum að norðan, að tvísýnt væri, hvort sanngirni hefði beitt verið við Grafton söfnuð í máli þessu, og sunnanmenn töldu ákvæði þingsins í því máli mundi mælast illa fyrir þar syðra.

Þær samþyktir gerði þing þetta:

Að breyta megi grundvallarlögum félagsins, þegar þurfa þykir, að undantekinni þriðju grein, sem aldrei má breyta.

Að stefna kirkjufélagsins skuli framvegis vera eins og hún hafi verið að undanförnu, og eins og hún er skýrð í Sameiningunni, hinu viðurkenda málgagni félagsins.

Að ekki megi aðrir vera í kirkjufélaginu enn þeir, sem halda fast við trúarjátningar kirkjufélagsins.

Í þessari ákvörðun felst útskúfunar-ákvæði þingsins móti þeim söfnuðum og einstaklingum, sem aðhyllast hina nýrri stefnu í guðfræðinni, og ekki geta trúað bókstaflegum innblæstri biblíunnar.

Eftir að þessi atkvæðagreiðsla hafði farið fram á þinginu síðdegis á mánudaginn var, gengu fulltrúar Gardar, Eyford, Pembina, Red Deer, Morden, Tjaldbúðar og þriggja safnaða í Saskatchewan fylki af þingi, og má víst ætla það sennilega tilgátu, að þeir söfnuðir beygi sig ekki framvegis undir ákvæði þessa kirkjufélags.

Nokkrir fulltrúar annara safnaða gengu og um þetta leyti af þinginu, og er það alls ekki ósennileg tilgáta, að klofningur geristí þeim söfnuðum heima fyrir.

CHICAGO JEWEL GAS RANGE
úr eintómu stáli, er seld í
GAS STOVE DEPT., W. E. R. CO.
322 MAIN STREET
Vel tilbúin að öllu leyti, brennararnir ágætir. Engin önnur gas range getur haldið hitanum eins lengi í OFNINUM og okkar CLARK JEWEL.
Gas Stove Dept. Winnipeg Electric Ry. Co.
322 MAIN ST. TALS. 2522

Sumar tízka.

Vér óskum þeirrar ánægju, að mega sýna sumartízku skófatnað vorn til hverrar einustu manneskju í Winnipeg.

Ef vér ættum kost á þessu, og að útlista alt ágæti skónna og hvers vegna vorir skór eru svo miklu betri en vanalega gerist, þá fengjum vér alla skóverzlun borgarinnar.

Allar tegundir, allir litir, allir prísar.

Ryan-Devlin Shoe Co
494 MAIN ST PHONE 770.

Herra Guðbrandur Narfason, frá Foam Lake, Sask., var hér á ferð í sl. viku. Kom með konu þaðan, sem fór til Íslands þá í vikunni.

Miss Sigríður Johnson, héðan úr bænum, brá sér suður til Dakota í vikunni, að finna skyldfólk sitt þar syðra. Hún býst við að verða 3—4 vikur í burtu.

WELLINGTON GROCERY CO. selur: — Eins gall. könnu af eplum á 25c, 3 pd. könnu af Peaches 25c og Strawberries könnu á 15c; Blackberries 15c kannan, Raspberries 15c kannan, Pine Apples 2 kn. á 25c, Perur 2 kn. á 25c, Plómur 10c og Bláber 10c. — Munið eftir, að þetta er alt ágætis könnumatur, — ekkert gamalt dót. — WELLINGTON GROCERY CO., Cor. Wellington og Victor. Talsími 2162. Th. Thórarinsson og H. Bjarnason, eigendur.

Victor Anderson prentari og Frank bróðir hans hafa myndað nýtt prentfélag, sem þeir nefna "THE ANDERSON CO.". Þeir hafa keypt öll áhöld Gísla prentara Jónssonar, og reka iðn sína framvegis á sama stað og Gísli gerði. Þeir bræður eru afðir prentarar og lofa góðu verki. Sjá auglýsingu þeirra á öðrum stað í blaðinu.

VANTAR

góða vinnukonu. Hátt kaup borgað. — Mrs. Wm. A. MARTEL, 161 Maryland street.

Mrs. Martel (ljósmyndara), að 161 Maryland St., auglýsir í þessu blaði eftir vinnukonu. Hún býður hátt kaup. Vistin er ágæt, og ætti því hver stúlka, sem vill fá góða vist, að sæta strax þessu tilboði.

VANTAR STÚLKU til að hjálpa til við húsverk, verður að sofa heima hjá sér. Vistin er hjá Mrs. McDonald, 200 Furby St.

Almennur Safnaðarfundur

í Únitara kirkjunni að aflokinni messu á sunnudagskveldið kemur, 4. júlí næstk. Prestsþjónustumál safnaðarins liggur fyrir fundi til meðferðar auk fleira. Séra Rögnv. Pétursson leggur fram greinilega skýrslu yfir árangurinn af ferð sinni á fund Únitarafélagsins í Boston. Safnaðarfólk ámint um að sækja fundinn.

J. B. SKAPTASON,
forseti.

Leiðrétting.

Í seinasta blaði Hkr. misprentaðist húsnúmer hr. Þorsteins Þ. Þorsteinssonar í auglýsingunni frá hr. Á. J. Johnson um íslenzku póst og myndaspjöldin. Þorsteinn á heima að 557 Toronto St., en ekki 559, eins og auglýst var.

Áríðandi fundarboð.

Samkvæmt fundarsamþykt á Seamo Hall 15. júní 1909 verður almennur fundur haldinn af búendum í Townships 18 og 19, í röðum 3—4—5 og hluta af röð 6 vestur, að Seamo Hall, Seamo, á þriðjudaginn 6. júlí 1909, klukkan 2 e.m., til að ráða fram úr, ef hægt er, hvort framannefnt hérað skuli eða skuli ekki taka upp sveitarstjórn.

Dagsett að Lundar 16. júní '09.

PÁLL REYKDAL,
skrifari fundarins.

Dr. M. Hjaltason,
Oak Point, Man.

ALLA ÞÁ

er panta vildu póstspjöldin íslenzku eða myndaspjöldin fyrir sjálfa sig, eða til útsölu, bið ég að snúa sér með pantanir sínar til herra Þorsteins Þ. Þorsteinssonar, 557 Toronto St., Winnipeg, er góðfúslega hefir tekið að sér afgreiðslu á þeim. Einnig eru útsölumenn beðnir að gera reikningsskil til hans við tækifæri.

Þeir, er vildu hafa bréfaviðskifti við mig, áriti bréf til mín: 153—159 S. Jefferson St., Chicago, Ill.

Chicago, 17. júní 1909.

A. J. JOHNSON.

Þjóðminningardagur að CHURCHBRIDGE.

Fimtudaginn 17. júní héldu Íslendingar í þessu nágrenni þjóðminningar samkomu. Forseti dagsins var herra B. Thorbergsson. Veður var hið ákjósanlegasta, en kl. kringum 5 e.h. kom allþung skúr, en svo var að heyra, að hún væri flestum velkomin. Þvínær hvert mannsbarn úr bygðunum norðan við Churchbrigde, þingvalla nýlendu og Lögbergs sóttu samkomuna, og einnig allmargt fólk úr Vatnsdalsbygð. — Leikir voru æðir, svo sem knattleikur (Base Ball) og glímur, aflraun á kaðli milli giftra og ógiftra karla, hlaup, stökk og fleira. Ræður fluttu þessir, í þeirri röð, er hér segir: Fyrir minni Íslands J. Einarsson, fyrir minni Jóns Sigurðssonar séra B. Þórarinsson (hann var á heimleið vestan úr Hóla og Foam Lake bygðum, en stansaði, er hann heyrði um samkomuna), fyrir minni uppvaxandi Íslendinga í Ameriku Carl Olson, cand.theol., fyrir minni bygðanna Þingvalla og Lögberg V. Th. Jensen, og fyrir minni kvenna Stefán Valberg.— Kvæði fyrir minni Íslands orkt af séra H. Leó var lesið upp, og nokkur kvæði sungin. — Allir virtust skemta sér vel, og full-ljóst var á þeim fundi, að Íslendingar viljum vér allir vera.

Gefið Hestverð

Í samskotasjóð Jóns Finnbogasonar hafa Heimskringlu borist þessar upphæðir:

Skapti B. Brynjólfsson	$5.00
J. F. B. (Antler)	1.00
Peter Anderson (Leslie)	2.00
Áður auglýst	83.75
Alls innkomið	$91.75

Við Prentum

Allt frá hinum minsta aðgöngumiða upp að stærstu bók. Ef þú hefir eitthvað sem þú ætlar að láta stílsetja og prenta, þá komdu með það til okkar svo að við getum sýnt þér hvað lítið það kostar. Við gerum verkið eins og þú vilt og þegar þú vilt.

THE ANDERSON CO.,
PROMPT PRINTERS
COR. SHERBROOKE & SARGENT

S. F. Ólafsson
619 Agnes St. selur Tamarac fyrir $5.50 og $5.75 gegn borgun út í hönd.
Telephone: 7812

Jónas Pálsson,
SÖNGFRÆÐINGUR.
Útvegar vönduð og ódýr hljóðfæri.
460 Victor St. Talsími 6803.

Íslenzkur Tannsmiður,
Tennur festar í með Plötum eða Plötulausar. Og tennur eru dregnar sársaukalaust með Dr. Mordens sársaukalausu aðferð
Dr. W. Clarence — Tannlæknir.
Sigurður Davíðson—Tannsmiður.
620½ Main St.
Phone 470 Horni Logan Ave.

A. S. BARDAL
Selur líkkistur og annast um útfarir. Allur útbúnaður sá bezti. Enfremur selur hann alskonar minnisvarða og legsteina.
121 Nena St. Phone 306

Laing Brothers
3 Búðir: 234-6-8 KING ST. Talsími 4474, 5890, 5891
417 McMILLAN AVENUE Talsími 3598
847 MAIN ST. — Tals: 3015

Hafrar, Hey, Strá,
COUNTRY SHORTS, BRAN, CORN, CORN CHOP, BYGG CHOP, HVEITI CHOP, OG GARÐAVEXTIR.
Vér höfum bezta úrval gripafóðurs í þessari borg; fljót afhending

Nýji Vor-fatnaðurinn þinn.

EF HANN KEMUR FRÁ CLEMENT'S — ÞÁ ER HANN RÉTTUR.

Réttur að efni, réttur í sniði réttur í áferð og réttur í verði.

Vér höfum miklar byrgðir af fegurstu og beztu fataefnum. —

Geo. Clements & Son
Stofnað árið 1874
264 Portage Ave. Rétt hjá FreePress

Th. JOHNSON
JEWELER
286 Main St. Talsími: 6606

JOHN ERZINGER
TÓBAKS-KAUPMAÐUR.
Erzinger's skorið reyktóbak $1.00 pundið
Hér fást allar neftóbaks-tegundir. Óska eftir bréflegum pöntunum.
McINTYRE BLK., Main St., Winnipeg
Heildsala og smásala.

Dr. G. J. Gislason,
Physician and Surgeon
Wellington Blk, - Grand Forks, N.Dak
Sjerstakt athygli veitt AUGNA, EYRNA, KVERKA og NEF SJÚKDÓMUM.

Drs. Ekern & Marsden,
Sérfræðislæknar í Eftirfylgjandi greinum: — Augnasjúkdómum, Eyrnasjúkdómum, Nasasjúkdóm um og Kverkasjúkdómum.
Í Platky Byggingunni í Bænum
Grand Forks, :: N. Dak.

BILDFELL & PAULSON
Union Bank 5th Floor, No. 520
selja hús og lóðir og annast þar að lútandi störf; útvegar peningalán o. fl.
Tel.: 2685

J. L. M. THOMSON, M.A., L.L.B.
LÖGFRÆÐINGUR. 255½ Portage Ave.

ANDERSON & GARLAND
LÖGFRÆÐINGAR
35 Merchants Bank Bldg. Phone: 1561

BONNAR, HARTLEY & MANAHAN
Lögfræðingar og Landskjala Semjarar
Suite 7, Nanton Block, Winnipeg

Hubbard, Hannesson and Ross
LÖGFRÆÐINGAR
10 Bank of Hamilton Chambers
Tel. 378 Winnipeg

Boyd's Brauð.

Étið brauð sem fullnægja. Brauð vor eru gerð úr hreinustu efnum, tilgerð með rafmagns áhöldum og bökuð í beztu ofnum. Afleiðingin er ágæt brauð. Biðjið um þau til reynslu og þér munið svo jafnan nota þau. —

Boyd's

Bakery Cor. Spence & Portage Ave
Phone 1030.

W. R. FOWLER A. PIERCY.

Royal Optical Co.
327 Portage Ave. Talsími 7286.
Allar nútíðar aðferðir eru notaðar við augn-skoðun hjá þeim, þar með hin nýja aðferð, Skugga-skoðun, sem gjöreyðir öllum ágiskunum. —

EKRU-LOÐIR

2. til 5 ekru spildur við rafmagns brautina, 5 mílur frá borginni. — aðeins 10 mínútna ferð á sporvagninum, og mölborin hegnslusvegur alla leiðina. Verð $200 ekran og þar yfir. Aðeins sinn-fimtipartur borgist strax, hitt á fjórum árlegum afborgunum.—

Skuli Hansson & Co.

Skrifst. Talsími 6478. Heimilis Talsími 2274

Heimskringla.

VÉR HÖFUM

næga skildinga

til að lána yður mót tryggingu í bújörðum og bæja-fasteignum. Seljum lífsábyrgðir og eldsábyrgðir. Kaupum sölusamninga og veðskuldabréf.

Frekari upplýsingar veita

Skuli Hansson & Co.

56 Tribune Building. Winnipeg.

XXIII. ÁR. WINNIPEG, MANITOBA, FIMTUDAGINN, 8. JÚLÍ, 1909 NR. 41

Komið til Mín!

og skoðið hjá mér hin margreyndu og alkunnu BRANTFORD reiðhjól.

Þau eru langbeztu reiðhjól sem fást hér í Canada, — og líklega þó víðar sé leitað. Ekki þurfið þér að óttast skilmálana; þeir munu koma heim við hvers manns vasabuddu. Komið til mín með gömlu reiðhjólin til aðgerðar.

West End Bicycle Shop,

JON THORSTEINSSON, eigandi.

477 PORTAGE AVE. Winnipeg, Man

Fregnsafn.

Markverðustu viðburðir hvaðanæfa.

Í seinni tíma hafa Lundúnamenn ekki séð herskip koma inn í Lundúnaborg. En í þessum mánuði ætlar stjórnin að sýna þeim flota, er samanstendur af yfir hundrað herskipum, sem hershöfðingi Sir William May hefir alla yfirstjórn á. Með þessari sýningu á að koma hita í blóð lýðsins, svo hann verði leiðitamari til fjárframlega til herskipagerðar.

—Mál hefir staðið yfir í Montreal borg þess efnis, að reka suma borgarráðsmennina úr sætum fyrir að veita borgarstjóra hr. Pogettes ferðakostnað úr bæjarsjóði til Evrópu, að upphæð $3,809.40. Síðari dómsúrskurður frikennir bæjarráðsmennina, en Henri Larin, sem sækir málið, ætlar að vísa því fyrir alla dómstóla og leyndarráð Breta, ef hann vinnur það ekki áður.

— Nýlega er Walter Wellman kominn úr norðurpólsför sinni. Hann kom frá Spitzbergen, þar sem hann dvaldi síðasta vetur. Mastrið og flaggstöngin var brotið áskipi hans, og félagi hans, Knútur Johnson hafði druknað ofan um ís í vetur er leið. Á Spitzbergen var ákaflega veðrasamt seinasta vetur. Á jóladag í fyrra brast hann í ofsaveður af suðvestri, sem varaði 8 sólarhringa, og er slikt óvanalegt þar norðurfrá.

— Nýlega hefir skáldið Rudyard Kipling ort kvæði mikið, sem hann kallar "The City of Brass". Í kvæðinu þykist hann sjá fram á eyðileggingu Englands, sem stjórnarstefna Asquiths hljóti að færa yfir þjóðina fyrr eða síðar. Kvæðið er stórort og hið djarflegasta kveðið.

— Nýlega hefir þýzkalandskeisari haldið ræðu, þar sem hann talar ósköp um friðinn. Vill ekkert nema frið, og sér litlar ófriðarhorfur. Svo gerir Rússakeisari líka. En Englendingar segja, að þýzkalandskeisari hafi ætíð haldið friðarræður og komið með friðarspádóma, þegar Þýzkaland hafi verið á fremstu tröppu til ófriðar, og þykir þetta friðarboð því miður góðs viti.

— Sprengikúlum er farið að henda í eitt aðalverzlunarhverfið í Chicago dag eftir dag. Hús og munir hafa skemst við sprengingarnar og fólk meiðst. Ekki getur lögreglan þar með nokkru móti komist fyrir um, hver eða hverjir eru valdir að þessu sprengikúlufargani. Þann 30. júní var búið að skilja eftir 13 kúlur, sem sprungið höfðu og gert meiri og minni skaða. Eru verzlunarmenn og vöru kaupendur skelkaðir við þessar sprengingar, sem koma fyrir þegar minst varir.

— Pittsburg í Bandaríkjum er stálgerðarborg mikil. Í síðastliðnum mánuði voru stærri pantanir sendar þangað eftir brautateinum enn nokkru sinni áður. — 225,000 tonna meira var pantað af þeim, enn í júnímánuði næsta ár á undan. Sýnir þetta áþreifanlega, að járnbrautabyggingar fara óðum vaxandi í Vesturheimi. Great Northern járnbrautarfélagið hefir gefið inn pantanir fyrir 1000 járnbrautarvögnum, hlöðnum stálteinum. Er það með stærstu pöntunum, sem frá einu félagi hafa komið, svo menn viti.

— Herra Hugh Lumsden, aðalverkfræðingur ríkisstjórnarinnar yfir þess hluta Grand Trunk Pacific brautarinnar, sem bygður er á stjórnarkostnað, frá Moncton til Winnipeg, hefir sagt af sér embætti af þeirri ástæðu, segir blaðið Free Press, að honum þyki óhöflega varið fénu, sem til þess hluta brautarinnar hefir gengið. — Svo er að sjá á blöðunum, að byggingarkostnaðurinn muni reynast að verða um 125 þús. dollars á míluna, og þess er getið til, að Grand Trunk félagið muni láta rannsaka allan byggingarkostnaðinn á þessum hluta brautarinnar, áður enn það tekur brautina í sína umsjá til starfrækslu.

— Á fimtudaginn var voru send fyrstu opinber loftskeyti milli New York borgar og Parísar borgar, og lukkuðust ágætlega.

—Eins og kunnugt er, ætlar stjórnin í Canada að ala upp vísunda hjarðir í norðvestur óbygðum, á svæði því, sem nú er kallað Dominion Parks. Maður sá, sem selur stjórninni stofnskepnurnar, heitir Pablo, á heima í Montana og á þar afarstórar hjarðir. Álitið er, að forfeður hans hafi sótt fyrsta stofn sinn til Canada, endur fyrir löngu. Pablo á viðlendi afarmikið, og elur þar upp vísundahjarðir. Fyrir 2 árum síðan keypti stjórnin töluvert af vísundum af honum. Í vetur pantaði stjórnin enn þá fleiri vísunda frá honum. Um 2 síðustu mánuði hafa veiðimenn verið að handsama þá, og hafa náð samtals 198 skepnum, sem þegar verða sendar stjórninni í Canada, sem lætur þá á áðurnefnt svæði. Um 150 skepnur eru eftir á löndum Pablo, eftir því sem næst verður komist. Meðan á handsömun stóð, voru 21 vísundar drepnir. Villinautin stórskemdu og drápu marga hesta. Þrir veiðimenn meiddust til örkumla, og fleiri meira og minna. Fimtíu kálfar hafa verið skildir eftir móðurlausir, eiga þeir að sjá um sig eða drepast ella. Í haust verður farin önnur veiðiför til að handsama fleiri vísunda handa stjórninni í Canada. Þessi vísunda-ræktun kostar ríkið ógrynni fjár.

— Erkibiskup Farley í New York verður bráðlega gerður kardináli. Páfinn hefir mestu mætur á þessum Farley presti.

— Dr. Lee De Forrest í New York er að undirbúa að tala við Parísarbúa þráðlaust, eða í loftinu, og er áður búinn að því.

— Blöðin segja, að Tyrkir og Grikkir séu að hervæðast í óða önn, og að alt bendi á, að þeim lendi saman út af evjunni Krit, þá og þegar. Englendingar hafa vakandi auga á, hvað þessum þjóðum líður.

— Um helgina voru 500 landnemar austan úr Ontario fylki á ferð vestur í land. Í þessum hóp voru menn, konur börn og gamalmenni.

— Indíánar láta mjög ófriðlega norður með Kitsumgolum og Skeena áni í British Columbia, og jafnvel haldið, að þeir hafi þegar myrt hvítan mann nýlega þar nyrðra.

— Þann 1. þ.m. hefir stjórnin í Canada tekið enn þá nýtt stjórnarlán, sem nemur £6,500,000. Rentur 3½ prósent, en dollarsvirðið var selt 98½c af dollar. — Þetta er það stærsta lán, sem nokkur brezk nýlenda hefir fengið hjá Bretum.

— Fyrir þremur árum fór G. Caldwell, landkönnunarmaður úr Ontario, norður til Hudsonsflóa. Hann ætlaði að kanna landið milli flóans og vestur að Slave Lake. Hafa ei fregnir frá honum komið og töldu margir hann dauðann. En nýlega hefir bróðir hans fengið skeyti frá foringja gæzluliðsins í Churchhill, sem segir honum, að Indíánar lengst vestur í óbygðum hafi sagt frá því, að þeir hafi á síðasta hausti séð hvítan mann á löskuðum bát á leiðinni til Baker Lake, og fylgdu honum 2 Indíánar sem þeir þektu, og sem hafa verið í landkönnunarferðum áður með hvítum mönnum. Ef sagan er sönn er talið víst, að Caldwell sé nú í Fullerton, og búinn að ná til gæzluliðsins þar nyrðra.

— Fyrir nokkuru síðan keyptu 8 Ítalir í Richmond, Virginia, tunnu af bjór, og tóku hana þangað, sem þeir voru að vinna. Þeir settust að sumbli. En þegar að var komið, voru allir mennirnir dauðir, en töluvert eftir í tunnunni. — Tunnan var rannsökuð, og á botninum fanst dauð eiturslanga. Hún hefir verið í tunnunni, þegar hún var fylt, en spýtt eitrinu í öllið meðan hún var að drepast. Þannig er þessi gáta ráðin.

— Nýlega hefir gamall varðmaður í Bandaríkjunum fengið bankaávísun útborgaða. Hún var gefin út árið 1862 og nam $13. Það var mánaðarkaup hans í sjálfboðaliðinu. — Hann hafði langlundargeð, karlinn sá, að sigrast á vanskilum landsstjórnarinnar.

— Þýzkur bóndi í Stettler, Alta., drap konu sína 1. þ.m. Hann var tvígiftur og átti sex börn eftir fyrri konuna, en þessari giftist hann síðastliðið haust. Hann drap konuna í kjallaranum undir húsinu, sendi börnin burtu og 16 ára dreng til nábúa síns með $229, og ráðstafaði þeim handa börnunum. Þegar hann hafði drepið konuna, hljóp hann til skógar, eftir að hafa drukkið karbólsýru. En hann er ófundinn er síðast fréttist.

— Þann 2. þ.m. fréttist, að þorpið Cobalt í Ontario, sé brunnið til kaldra kola. Kviknaði í hjá Kínverja, og eyðilagði eldurinn allan bæinn. Skaðinn metinn ½ miljón dala. Sfir 3000 manna heimilislausir og allslausir. Tveir menn mistu lífið við að slökkva eldinn, og 4 börn hafa ekki fundist. Talið víst þau hafi týnst í brennunni. Nærliggjandi borgir brugðust tafarlaust vel við, að senda þessu allslausa fólki björg og aðhlynningu. Bæjarbúar höfðu mjög litla vátryggingu, og er því skaðinn afartilfinnanlegur. Cobalt var námabær, og voru allrahanda þjóðflokkar þar saman komnir. Þar voru katólskir með kirkjur og skóla.

— Þann 2. þ.m. var Nova Scotia bankinn í Rainy River, Ont., rændur um hádag. Þrir ókunnir menn komu inn í hann, og vissi bankastjóri ekki fyrri til, enn tveir héldu byssum að höfði hans, meðan einn greip peningakassann og fór út með hann. Ræningjarnir hurfu óðara. En bæjarbúar leita þeirra all staðar, enn hafa engan fundið, er síðast fréttist. Upphæðin, sem þeir náðu, var um níu þúsund dalir.

— Aðfaranótt 2. þ.m. æddi ógurlegur þrumu og hagl fellibylur yfir svæði í suðaustur Saskatchewan fylki, og meðfram Manitoba. Búystaðir eyðilögðust og börn dóu. Höglin voru stærri enn hænuegg, þau stærstu.

— Fimm miljónaeigendur í San Francisco eru dæmdir til fanagavistar, og fá ekki að borga hana af sér. Það er kona, sem kærir þá. Þeir vildu ekki borga henni síðasta árs gróða af hlutum hennar í félagi við þá, nema í "stocks". En hún heimtaði gróðann borgaðan í peningum, en þeir þrjóskuðust við, þar til dómari dæmdi þá í hegningarhúsið, og þar fá þeir að dúsa um tíma.

— Að kveldi þess 29. f.m. var uppissand mikið kring um þinghúsið í Lundúnum á milli kvenna og lögreglunnar. 3000 lögregluþjónum hafði verið skipað á þessar stöðvar til varnar þinghelgi. Þá var búist við, að kvenfrelsis ofsóknir mundu verða reyndar í síðasta sinni á þessu þingi. Það leið heldur ekki lengi, að kvenfylkingar komu æðandi þar að. Mrs. Pankhurst var fyrirliði, og þegar yfirforingi varðliðsins tilkynti henni, að hún og félagssystur henn ar fengju ekki aðgang að þinghúsinu, sló hún af honum hattinn tvis var. En hann lét hattinn jafnharðan kurteislega á höfuð sér. Ærðust þá kerlur, og varðmönnum var skipað að færa þær í fangahúsið. Þær reyndu að gera ryskingar, en varðmenn færðu þær á sinn stað. Á annað hundráð konum var dyngt inn, margt heldri manna konur. Þær hentu sumar steinum í skrifstofuglugga og annað því líkt, og kjapthöggguðu hvern sem þær gátu. Elzta kerlingin, sem tekin var inn, er 79 ára gömul. Frelsiskröfu ofstopi kvenna á Englandi sýnir, að þeir eru tæplega því vaxnir, að stjórna sér sjálfar, og þær skemma meira enn bæta með þessum ólátum. Virðingu fyrir lögum meta þær ekki neins.

— Ung stúlka í Bandaríkjunum heitir Sallie Jackson. Fyrir nokkru síðan fóru að gróa stafir á vinstri úlnlið hennar. Þeir eru "A. S. F." Fyrst komu þeir í ljós móraurðir á lit, þá dýpkuðu þeir og urðu svart ir. Síðan hlupu þeir upp og bera hærra enn hörundið. Allra ráða hefir verið leitað að ná stöfunum af hörundinu með allra handa þvotti. En læknar uppgáfust við það. En stúlkan er utan við sig af þessum kynjum. Hún er leikstúlka. Nýlega skar hún sjálf staðstæðið í burtu. En það er farið að djarfa fyrir þeim aftur í örinu, og er hún verr haldin enn áður, með örið og stafina í.

Ávarp til forseta Alberta safnaðar

MARKERVILLE, ALTA.

Eftirfylgjandi samþykt var gerð meirihluta atkvæða á yfirstandandi ársþingi Íslenzka lúterska kirkjufélagsins, án þess að mótmælum eða tillögum minnihlutans væri nokkuð skeytt í því máli. — Samþyktin hljóðar á þessa leið:

"Þingið lýsir yfir því, að stefna sú, sem málgagn kirkjufélagsins "Sameiningin" hefir haldið fram á liðnu ári, sé réttmæt stefna kirkjufélagsins, en mótmælir þeim árásum á þá stefnu, sem hafa komið fram innan kirkjufélagsins frá séra F. J. Bergmann í tímariti hans "Breiðablikum", og út af þeim árásum gerir þingið eftirfylgjandi þingsályktanir:

1. Kirkjuþingið neitar, að trúarjátningar kirkjufélagsins séu að eins ráðleggjandi en ekki bindandi, eins og haldið hefir verið fram af séra F. J. Bergmann í "Breiðablikum". Trúarjátningar eru bindandi, þar til þær eru afnumdar.
2. Kirkjuþingið neitar því, að kennimenn kirkjufélagsins hafi rétt til að kenna hvað sem þeim lýzt, jafnvel þó þeir geti sagt, að þ e r sé að kenna eftir beztu samvizku og sannfæring. Þeir hafa ekki leyfi til að kenna innan kirkjufélagsins nokkuð er kemur í bága við það, er þeir hafa skuldbundið sig til að kenna sem prestar kirkjufélagsins.
3. Kirkjuþingið neitar, að truarmeðvitund mannsins hafi úrskurðarvald yfir heilagri ritningu, og megi hafna orði hennar eftir vild, og þeirri niðurstöðu, sem af þessu lýtur, að biblían sé óáreiðanleg bók. Aftur á móti lýsir kirkjuþingið yfir því, að það haldi fast við þá játningu kirkjufélagsins, að öll ritningin sé guðs orð, áreiðanlegt og innblásið, og hvað eina beri þar að dæma eftir mælikvarða biblíunnar sjálfrar".

Nú, þar sem öllum hlýtur að vera ljóst, að sú eina ákvörðun innifelst í þessari samþykt: algerlega að hefta og fyrirbyggja hugsana, rannsókna og málfrelsi í kirkjumálum og trúarefnum bæði klerka og leikmanna innan kirkjufélagsins, — þá gengum við undirritaðir fulltrúar Alberta safnaðar — með nærri því óbrotnum minnihluta í þessu máli — af þingi til fulls og alls, eftir dæmi fulltrúa annara safnaða, sem höfðu fyrirmæli safnaða þeirra, sem kusu þá, eftir að fara, og sem við höfðum fengið nægilega ljósa bending um að fylgja, ef til þessara úrslita kæmi.

Alberta söfnuður ræður fyllilega, hvað hann gerir, en við ráðum honum til að slita, nú þegar, öllu sambandi við kirkjufélagið á formlegan hátt, eins og fleiri eða færri önnur safnaðafélög munu gera.

Ritað í Winnipeg, Man., 30. júní 1909.

JÓNAS HALL.
G. P. THORDARSON.
Fulltrúar Alberta safnaðar til yfirstandandi kirkjuþings.

OGILVIE'S

Royal Household Flour

Til Brauð og Köku Gerðar

Gefur Æfinlega Fullnæging

EINA MYLLAN Í WINNIPEG,—LÁTIÐ HEIMAIÐNAÐ SITJA FYRIR VIÐSKIFTUM YÐAR.

Réttur minnihlutans.

Í tilefni af yfirlýsingu forseta kirkjufélagsins þess efnis, að kirkju þingið hafi ekki gefið nokkurt tilefni til þess, að nokkur maður gengi af þinginu; og þrátt fyrir allar þær marg-ítrekuðu yfirlýsingar meiri hlutans um það, að þingmönnum minnihlutans væri heimil sæti, eftir að meirihlutinn var búinn með þingsamþykt að lýsa því yfir, að minnihlutinn væri ekki gerður rækur úr kirkjufélaginu, með neinu sem þingið hefði samþykt, enn á sama tíma neitað minnihluta réttar til þess að fylgja og flytja skoðanir sínar í ágreiningsmálinu, af þeirri ástæðu, að það kæmi í bága við samþykt meirihlutans að liða þeim það, — dettur mér í hug saga frá kirkjuþingi fyrir nokkrum árum.

Það hafði heyrst, að einn erindrekinn hefði haft í hótunum, að berja á einum prestinum á þinginu. Þingið setti sáttanefnd í málið. Sagan segir, að erindrekinn hafi sett þessa sátta-skilmála: — Ef hann (presturinn) kemur skríðandi til mín á hnjunum og biður mig fyrirgefningar, skal ég ekki berja hann, en ég skal ekki lita við honum eða rétta honum hendina, en fyrirlíta hann eins og hund.

Það þarf ekki að segja það, að presturinn gekk ekki að sátta-skilmálum erindrekans.

Ég fæ ekki betur séð, en skilyrðin, sem meiri hlutinn setti fyrir því, að minnihlutinn og skoðanabræður þeirra fengju að vera kyrrir í kirkjufélaginu, sé nauðalík sáttatilboðum erindrekans.

Þið eruð ekki gerðir rækir úr kirkjufélaginu, segja þeir. Þið megið sitja kyrrir, ef þið þegið eins og steinar um trúarskoðanir ykkar, af því það kemur í bága við samþykt meirihlutans, að þið segið nokkuð um þær.

Getur hinn mikilsvirti forseti staðið í nokkru félagi sé honum hvorki leyft að halda fram skoðunum sínum eða fylgja þeim? — Geti hann það, er hann litilþægri maður en ég er, og þykist ég þó enginn stórbokki.

GEO. PETERSON.

ÚR BRÉFI FRÁ UPHAM, N. DAK., 26. júní 1909: Laugardaginn 19. júní æddi afarmikill haglstormur yfir allstórt svæði umhverfis bæinn Upham, N. D., og eyðilagði að minsta kosti eitt býli og alla akra á svæðinu, sem storm urinn fór yfir, setti hús af grunnum, braut flestar rúður úr gluggum, kastaði öllu um koll, sem lauslegt var. Margir hestar urðu tryltir og hlupu á virgirðingar og skáru sig. Haglið var á stærð við hænuegg. Ofviðri þetta gekk yfir mikinn hluta af íslenzku bygðinni við Mouse River, og auk skemda á húsum og ökrum skóf burtu á stóru svæði alt gras á hinu ágæta engi þar í bygðinni.

Elztu menn í þessu héraði muna ekki eftir öðru eins veðri. En vonandi er, að akrar rétt svo við aftur, að þeir verði að notum. En allmjög seinkar þetta fyrir uppskerunni. Útlitið hér var betra en menn hafa átt að venjast á þessum tíma árs, því síðan tíðarfarið fór batnandi um miðjan maí, hefir það verið ákjósanlega hagstætt,—sífeldar vætur og hlýindi.

SENATOR GORE. — Senator Gore frá Oklahoma er steinblindur En nýlega sannaði hann það í ræðu sem hann hélt, að hann hefir yfirgengilega skýrt og traust minni. Hann siteraði í háar sem smáar tölur í útreikningum og verzlunarskýrslum, án þess að hika það minsta í ræðunni. Hann man höfuðstóla, viðlagasjóði, rentur, árságóða og árs-hlutagróða hluteigenda í 50 mismunandi verksmiðju- og verzlunarfélögum í Nýja Englands ríkjunum. Þykir minni hans alveg dæmalaust. Þetta sannar það, að hann hlýtur að leggja afar þungt á minni og lesa afar mikið með annara augum.

Kona hans les alt fyrir hann. — Það er sagt að komi sjaldan fyrir, að hún þurfi að lesa sömu blaðsíðuna nema einu sinni fyrir hann.

STÚLKA SEND MEÐ PÓSTI YFIR ATLANTSHAF. — Ontko Erzsbet, ellefu ára gömul stúlka, var nýlega send með pósti frá Ung verjalandi vestur til Granite City, Ill. Faðir Ontko er dáinn, en móðirin komin til Ameríku fyrir nokkuru, og giftist þar John Kiak, Ungverja. Stúlkan dvaldi hjá ömmu sinni heima. Móðir stúlkunnar vildi endilega fá hana til sín. Stjúpi Ontko sendi peninga heim, og skrifstofuþjónn í þorpi því, sem stúlkan átti heima í, bjó alt út. Hún bar póstmerki frá því hún fór af stað, til skipalinunnar og með henni yfir hafið og til Granite City. Þar tók póstmeistari J. W. Thompson á móti henni með öðrum póstflutningi, og sendi póst með hana heim til móður hennar. Á póstmerkinu stóð: "John Kiak, Granite City, Ill., P.O.Box 101".

Giftingaleyfisbréf

selur Kr. Ásg. Benediktsson

540 Simcoe st. Winnipeg.

Wall Plaster

Með því að venja sig á að brúka **"Empire"** tegundir af Hardwall og Wood Fibre Plaster er maður hár viss að fá beztu afleiðingar.

Vér búum til:

"Empire" Wood Fibre Plaster
"Empire" Cement Wall "
"Empire" Finish "
"Gold Dust" Finish "
"Gilt Edge" Plaster of Paris
og allar Gypsum vöruutegundir. —

Eiqum vér að senda yður bækling vorn?

MANITOBA GYPSUM CO. LTD

SKRIFSTOFUR OG MILLUR I

Winnipeg, - Man.

Heimskringla
Published every Thursday by The
Heimskringla News & Publishing Co. Ltd

Verð blaðsins í Canada og Bandar $2.00 um árið (fyrir fram borgað).
Sent til Íslands $2.00 (fyrir fram borgað af kaupendum blaðsins hérlendis $1.50.)

B. L. BALDWINSON,
Editor & Manager

Office:
729 Sherbrooke Street, Winnipeg
P.O. BOX 3083. Talsími 3512.

Laurier-stjórnin og G.T.R.

Í seinni tíð hefir það ekki farið með leynd, að formenn G. T. P. félagsins hafa borið Laurier stjórninni svik og gabb á brýn. Stjórnin byggir nefnilega sjálf G.T.P. brautina austan frá Lake Superior Junction til Winnipeg. Samningar milli félagsins og stjórnarinnar voru þeir, að félagið skuldbatt sig til að borga stjórninni 3 prósent í vexti árlega, og átti sú vaxtagreiðsla að ganga í gildi 7 árum eftir að samningarnir voru staðfestir af báðum hlutaðeigendum. Höfuðstóllinn, sem þessi vaxtagreiðsla bygðist á, var byggingarkostnaður stjórnarinnar. Stjórnin gerði áætlun um kostnaðinn, sem samningurinn var bygður á. Þáverandi fjármálaráðgjafi Fielding lagði fram áætlunina í þinginu með þessum orðum:

"Frá Quebec til Winnipeg met ég vegalengdina 1475 milur, og ráð geri $28,000 kostnað á míluna, sem mér er tilkynt að sé sanngjörn áætlun".

Vegalengdin, sem áður er nefnd, er 246 mílur. Samkvæmt áætlun og yfirlýsingu Fieldings ráðgjafa, með 28,000 kostnaði á hverja mílu, nemur byggingarkostnaður stjórnarinnar 6 mil. 888 þús. dala. Vaxtagreiðsla G.T.P. félagsins af þeim höfuðstól, sem eru 3 af hundraði, nemur þá $206,640 á ári. Fyrir þessa ársborgun bjóst félagið við, að fá brautina til fullra afnota.

Þannig stóð málið, þegar því var klemt í gegn á þinginu árið 1903.

Þremur árum síðar, eða árið 1906, gerði þáverandi járnbrautaráðgjafi Emmerson aðra áætlun um byggingakostnaðinn. Hann kvað stjórnina hafa gefið út verksamninga, og á parti af öðrum þeirra, sem lægi til Winnipeg, væru $52,400 áætlaðir á míluna.

En árið 1908 metur hinn nýi járnbrauta ráðgjafi, Mr. Graham, að mílan kosti 85,000 dali. — Þá kosta þessar 246 mílur 20 mil. 910 þús. 730 dali. Þar af verða vexturnir, sem G.T.P. félagið þarf að greiða árlega, $627,321.

Nú er það komið í ljós, að kostnaðurinn á hverja mílu er $125,000. Allur byggingakostnaðurinn á þess um 246 mílum nemur því 30 mil. 750 þús. dölum, og ársrenta verður $922,500.

Stjórnaráætlanirnar í stjórnartíðindunum eru því þannig:

Ártal.	Kostnaður á míluna.	Samtals kostnaður.	Fentur árlega.
1903	$ 28.000	$ 6.888.000	$206,640
1906	52.400	12.890.400	386,712
1908	85.003	20.910.730	627,321
1909	125.000	30,750,000	922.500

Þótt umboðsmenn stjórnarinnar og stjórnin reyni að hylja það, að kostnaðurinn sé $125,000 á míluna, þá má fullyrða, að þessi upphæð er sem allra næst því að vera rétt Sá partur brautarinnar, sem Laurier stjórnin lætur byggja, kostar því nær því fimm sinnum meira, en hún áætlaði, þegar hún var að ná samningunum við félagið. Félagið er orðið milli vita.

Stjórnin hefir haft aragrúa af pólitiskum uppgjafa fjárdráttarmönnum í þjónustu sinni, og er fyrverandi forsætisráðherra í Quebec fylki aðalforinginn fyrir þeim flokki. Það er naumast sanngjarnt að búast við, að þessir piltar hafi mikið vit á járnbrautabyggingum, þó sumir þeirra hafi verið kvenbolaskerar, hveitikaupmenn, lögmenn og annað þess háttar.

Vafalaust er þetta mál hið allra stærsta fjárglæframál, sem komið hefir fyrir í Canada, og sem lengi verður í minnum haft.

Það er auðsjáanlegt, að Sir Wilfrid Laurier er léttara að fara silkitunguorðum um rósirnar, sem hann heldur að spretti norður í James Bay, og finnur ilmlyktina af alla leið inn í þingsalinn, enn að segja þjóðinni satt um byggingakostnaðinn á G.T.P. brautinni milli Lake Superior og Winnipeg.

Þetta mál verður meira rætt síðar. Það hlýtur að koma fyrir á næsta sambandsþingi.

Kirkjuþingið.

Þess var getið í síðasta blaði, að svo mikil sundrung hefði orðið meðal kirkjuþingsmanna, að um 20 þeirra hefðu gengið af þinginu.

Ástæðan fyrir útgöngunni var sú, að þeir töldu sig órétti beitta með samþyktum þeim, sem þar voru gerðar í sambandi við trúarjátningar kirkjufélagsins, og þess réttar, sem félagsmenn hefðu — hvort heldur prestar þess eða leikmenn — til þess að rita um eða ræða trúarskoðanir sínar. Nú með því, að Heimskringla hefir enga tilhneiging til að gerast dómari í því máli, þá eru hér birtar orðréttar þær uppástungur, sem komu fram á þinginu lútandi að þessu máli, og þeir menn nafngreindir, sem greiddu atkvæði með þeim og móti. Þessi aðferð virðist blaðinu vera svo óhlutdræg, að ekki verði að henni fundið, og sú eina, sem sanngjörn er í tilliti til þess, að það er algerlega á valdi hinna ýmsu safnaða, hvern skilning þeir kjósa að leggja í samþyktirnar. En á þeim skilningi byggjast að sjálfsögðu ákvarðanir þeirra um það, hvort þeir segja skilið við félagið, eða halda áfram að vera í því. Hinsvegar verður þess að geta, að þeir fulltrúar, sem af þingi gengu, hafa litið svo á, að söfnuðir sínir gætu ekki haldið áfram að vera í félaginu undir þeim samþyktum, sem gerðar voru og sem aðallega felast í uppástungu herra Friðjóns Friðrikssonar. Þetta sézt ljóslega á ávarpi fulltrúa Alberta safnaðar, sem prentað er á öðrum stað í blaðinu, og einnig á greinarkorni frá fulltrúa Pembina safnaðar, sem er í blaði þessu. Aðrir fulltrúar hafa enn þá ekki opinberlega látið til sín heyra, en ætla má, að síðar fréttist frá sumum þeirra, og þá væntanlega í líka átt og fram er komið hjá hinum.

Tillögurnar með atkvæðagreiðslu, að viðhöfðu nafnakalli í þinginu, fylgja:

Tillaga Fr. Friðrikssonar:

"Þingið lýsir yfir því, að stefna sú, sem málgagn kirkjufélagsins, "Sameiningin", hefir haldið fram á liðnu ári, sé réttmæt stefna kirkjufélagsins, en mótmælir þeim árásum á þá stefnu, sem komið hafa fram innan kirkjufélagsins frá séra Friðrik J. Bergmann í tímariti hans "Breiðablikum". Og út af þeim árásum gerir þingið eftirfylgjandi þingsályktanir:

1. Kirkjufélagið neitar, að trúarjátningar kirkjufélagsins séu að eins ráðleggjandi en ekki bindandi, eins og haldið hefir verið fram af séra Fr. J. Bergmann í "Breiðablikum".
   Trúarjátningar eru bindandi þar til þær eru af numdar.
2. Kirkjuþingið neitar því, að kennimenn kirkjufélagsins hafi rétt til að kenna hvað sem þeim lízt, jafnvel þó að þeir geti sagt, að þeir séu að kenna eftir beztu samvizku og sannfæring. Þeir hafa ekki leyfi til að kenna innan kirkjufélagsins nokkuð, er kemur í bága við það, er þeir hafa skuldbundið sig til að kenna sem prestar kirkjufélagsins.
3. Kirkjuþingið neitar, að trúarmeðvitund mannsins hafi úrskurðarvald yfir heilagri ritningu og megi hafna orðum hennar eftir vild og þeirri niðurstöðu, sem af þessu flýtur, að biblían sé óáreiðanleg bók. Aftur á móti lýsir kirkjuþingið yfir því, að það haldi fast við þá játningu kirkjufélagsins, að öll ritning sé guðs orð, áreiðanlegt og innblásið, og að hvað eina beri þar að dæma eftir mælikvarða bibliunnar sjálfrar".

JÁ sögðu —

Sr. Jón Bjarnason.	Jón Eiríksson.
Sr. S. N. Thorláksson.	J. Pétursson.
Sr. B. B. Jónsson.	Friðjón Friðriksson.
Sr. K. K. Ólafsson.	Jóh. Briem.
Sr. G. Guttormsson.	S. Friðfinnssson.
Sr. Jóhann Bjarnason.	P. S. Guðmundsson.
Sr. R. Fjeldsted.	Tryggvi Inggjaldsson.
Bjarni Jones.	Sveinn Sveinsson.
H. Johnson.	Helgi Ásbjörnsson.
Sr. S. B. Christopherson.	C. B. Johnson.
G. B. Björnsson.	Björn Walterson.
S. S. Hofteig.	Chr. Johnson.
P. V. Peterson.	F. S. Friðriksson.
C. J. Olson.	Jón Abrahamsson.
S. Th. Vestdal.	Kr. Kristjánsson.
G. Einarsson.	Halldór Halldórsson.
H. Anderson.	B. Thorbergsson.
S. Finnsson.	G. Egilsson.
H. S. Bardal.	K. Pálsson.
W. H. Paulson.	Carl J. Vopni.
J. Jóhannesson.	J. J. Vopni.
Dr. Brandson.	Jónas Samsonsson.
Kl. Jónasson.	J. T. Friðriksson.
G. Ingimundarson.	Pálmi Hjálmarsson.
Björn Byron.	

NEI sögðu —

Sr. Fr. J. Bergmann.	H. A. Bergman.
E. Thorwaldson.	L. J. Hallgrímsson.
B. S. Thorvaldsson.	Th. Oddson.
G. Erlendsson.	L. Jörundsson.
Jacob Benediktsson.	Guðm. Fjeldsted.
M. Einarsson.	Árni Helgason.
Kr. Halldórsson.	S. S. Bergman.
Ólafur Ólafsson.	Fr. Bjarnason.
Gam. Thorleifsson.	Jónas Hall.
Jón Jónsson.	Jón Einarsson.
E. H. Bergman.	Geo. Peterson.
Sig. Sigurðsson.	

Tillaga George Petersons:

"Til þess að trúmála ágreiningur sá, sem á sér stað, verði eigi kirkjufélagi voru til tjóns, leyfi ég mér að bera fram svohljóðandi tillögu, er komi í stað þeirrar, sem þegar er fyrir þinginu:

1. Að báðar skoðanir, sem fram hafa komið, sé álitnar jafn réttháar í kristninni og kirkjufélagi voru, þegar þeim er haldið fram á grundvelli trúarinnar, og þeir, sem fylgja hvorri um sig, megi ræða það sem á milli ber í friði, í fullu trausti þess, að sannleikurinn verði ofan á að síðustu.
2. Að prestar og leikmenn safnaða vorra sé eigi víttir, hvorri skoðaninni sem þeir fylgja, og það sé eigi áliti þeirra né virðingu í kirkjufélaginu að neinu leyti til hnekkis eða skerðingar.
3. Að fræða megi almenning safnaða vorra, bæði í ræðu og riti bæði utan kirkju og innan um hinar nýju bibliurannsóknir og niðurstöðu þeirra, þegar það er gert í trú á föður, son og heilagan anda, í ljósi játningarrita kirkju vorrar, í þeim tilgangi, að fjarlægja ásteytingarsteina og efla trúna í hjörtum manna.
4. Að halda megi áfram að ræða það, sem þessum skoðunum ber á milli, bróðurlega, bæði einslega og opinberlega, en forðast að blanda persónulegum ádeilum eða fyrirdæmingum þar saman við, og engum sé leyft að gefa í skyn beinlínis eða óbeinlínis, að hér sé að eins um únitaratrú eða jafnvel heiðindóm að ræða annars vegar, en hins vegar fariseahátt og trúhræsni.
5. Að báðar skoðanir hafi jafnan rétt til að skýra málstað sinn í málgagni kirkjufélagsins, og hvorug fyrirdæmd.
6. Að kostað sé kapps um, að láta ágreininginn út af skoðunum þessum eigi spilla kristilegri samvinnu né bróðurhug, og leitast sé við, að lækna þau sár, sem deilan kann að hafa valdið hingað til.
7. Að kirkjufélag vort láti eigi deilu þessa spilla samkomulagi við kirkjuna á Íslandi, né bróðurhug, svo vér getum orðið fyrir heillavænlegum áhrifum þaðan, og sjálfir stutt og eflt kristilegan áhuga þar, með orðum og eftirdæmi".

JÁ sögðu —

Sr. Fr. J. Bergmann.	Th. Oddson.
E. Thorwaldson.	L. Jörundsson.
B. S. Thorvaldsson.	Guðm. Fjeldsted.
G. Erlendsson.	Árni Helgason.
Jacob Benediktsson.	S. S. Bergman.
M. Einarsson.	Fr. Bjarnason.
Kr. Halldórsson.	G. P. Thordarson.
Ólafur Ólafsson.	Jónas Hall.
Gam. Thorleifsson.	Jón Einarsson.
Sig. Sigurðsson.	Finnur Finnsson.
H. A. Bergman.	Geo. Peterson.
L. J. Hallgrímsson.	

NEI sögðu —

Sr. Jón Bjarnason.	Jón Eiríksson.
Sr. S. N. Thorláksson.	J. Pétursson.
Sr. B. B. Jónsson.	Friðjón Friðriksson.
Sr. K. K. Ólafsson.	Jóh. Briem.
Sr. Jóhann Bjarnason.	S. Friðfinnssson.
Sr. R. Fjeldsted.	P. S. Guðmundsson.
Sr. G. Guttormsson.	Tryggvi Inggjaldsson.
Sr. S. B. Christopherson.	Sveinn Sveinsson.
Bjarni Jones.	Helgi Ásbjörnsson.
H. Johnson.	C. B. Johnson.
G. B. Björnsson.	Björn Walterson.
S. S. Hofteig.	F. S. Friðriksson.
P. V. Peterson.	Chr. Johnson.
C. J. Olson.	Jón Abrahamsson.
S. Th. Vestdal.	Kr. Kristjánsson.
G. Einarsson.	Halldór Halldórsson.
H. Anderson.	B. Thorbergsson.
S. Finnsson.	G. Egilsson.
H. S. Bardal.	K. Pálsson.
W. H. Paulson.	Carl J. Vopni.
J. Jóhannesson.	J. J. Vopni.
Dr. Brandson.	Jónas Samsonsson.
Kl. Jónasson.	J. T. Friðriksson.
G. Ingimundarson.	Pálmi Hjálmarsson.
Björn Byron.	

Tillaga séra Fr. Hallgrímssonar:

1. "Kirkjuþingið mótmælir öllum þeim guðfræðisstefnum, sem beinlínis eða óbeinlínis afneita sannsöguleik þeirra grundvallaratriða kristindómsins, sem fram eru tekin í hinni postullegu trúarjátningu.
2. Kirkjuþingið viðurkennir réttmæti og gagnsemi trúaðrar bibliurannsóknar, en álítur hins vegar margar af þeim staðhæfingum, sem nú á tímum er haldið fram í nafni bibliuvísindanna, ósannaðar getgátur, sem sumar hverjar séu andstæðar heilbrigðri kristilegri trúarhugsun.
3. Kirkjufélagið viðurkennir, að opinberar umræður um trúmál séu gagnlegar, en álítur að þær eigi alt af að fara fram með hógværð og stillingu án allrar áreitni og persónulegra brigslyrða".

JÁ sögðu —

Sr. Fr. J. Bergmann.	L. J. Hallgrímsson.
Sr. Friðrik Hallgrímsson	Th. Oddson.
E. Thorwaldson.	L. Jörundsson.
B. S. Thorvaldsson.	Guðm. Fjeldsted.
G. Erlendsson.	Árni Helgason.
Jacob Benediktsson.	Sigríður Helgason.
M. Einarsson.	S. S. Bergman.
Kr. Halldórsson.	Fr. Bjarnason.
Ólafur Ólafsson.	G. P. Thordarson.
Gam. Thorleifsson.	Jónas Hall.
Jón Jónsson.	Jón Einarsson.
E. H. Bergman.	Finnur Finnsson.
Sig. Sigurðsson.	Geo. Peterson.
H. A. Bergman.	

NEI sögðu —

Sr. Jón Bjarnason.	Jón Eiríksson.
Sr. S. N. Thorláksson.	J. Pétursson.
Sr. B. B. Jónsson.	Friðjón Friðriksson.
Sr. K. K. Ólafsson.	Jóh. Briem.
Sr. G. Guttormsson.	S. Friðfinnssson.
Sr. S. B. Christopherson.	P. S. Guðmundsson.
Sr. Jóhann Bjarnason.	Tryggvi Inggjaldsson.
Sr. R. Fjeldsted.	Sveinn Sveinsson.
Bjarni Jones.	Helgi Ásbjörnsson.
H. Johnson.	C. B. Johnson.
G. B. Björnsson.	Björn Walterson.
S. S. Hofteig.	Chr. Johnson.
P. V. Peterson.	F. S. Friðriksson.
C. J. Olson.	Jón Abrahamsson.
S. Th. Vestdal.	Kr. Kristjánsson.
G. Einarsson.	Halldór Halldórsson.
H. Anderson.	B. Thorbergsson.
S. Finnsson.	G. Egilsson.
H. S. Bardal.	K. Pálsson.
W. H. Paulson.	Carl J. Vopni.
J. Jóhannesson.	J. J. Vopni.
Dr. Brandson.	Jónas Samsonsson.
Kl. Jónasson.	J. T. Friðriksson.
G. Ingimundarson.	Pálmi Hjálmarsson.
Björn Byron.	

Þegar uppástunga Fr. Friðrikssonar hafði verið samþykt, og tillögur Geo. Petersons og séra Fr. Hallgrímssonar höfðu verið feldar, bar Hjálmar Bergman fram svolátandi uppástungu:

"Kirkjuþingið lýsir yfir því, að prestar og leikmenn kirkjufélagsins sé eigi með neinu, sem samþykt hefir verið á þessu kirkjuþingi, gerðir rækir úr kirkjufélaginu, þrátt fyrir það, þó þeir flytji og fylgi skoðunum þeim, sem fram eru teknar í breytingartillögu þeirri, sem borin var fram af Geo. Peterson".

Eftir nokkrar umræður um þetta mál, samþykti þingið allan fyrri hluta uppástungunnar, aftur að orðunum "þrátt fyrir það", en feldi úr allan síðari hlutann, sem byrjaði með þeim orðum.

Þegar hér var komið sögunni, létu nokkrir minnihluta menn í ljós, að þeir álitu sig ójöfnuði beitta, og að með meðferð þingsins á þessari uppástungu teldu þeir söfnuði sína ekki geta átt heima í kirkjufélaginu lengur. Og gengu þá 12 fulltrúar þegar af þinginu. Næsta morgun gengu nokkrir aðrir fulltrúar af þingi í tilefni af þessum ágreiningi, sem orðið hafði kveldið áður, og voru þannig alls nær 20 fulltrúar gengnir af þinginu.

Í viðræðum við þessa þingmenn virtist sú skoðun vera ríkjandi hjá þeim, að þeir teldu sig útskúfaða úr kirkjufélaginu, með því að þeir hefðu ekki leyfi til þess, að framfylgja trúarstefnu sinni í ræðum eða ritum til jafns við meirihlutann, meðan þeir stæðu í félaginu. Þeir viðurkendu, að þeir hefðu ekki með formlegri þingsamþykt verið reknir úr félaginu, en að friðar og samvinnu skilmálar þingsins hefðu verið svo þröngir, að þeir gætu ekki unað þeim. Jafnréttiskrafa þeirra hefði verið borin ofurliði, — þeim verið bannað hugsanafrelsi, málfrelsi og rannsóknarfrelsi meðan þeir stæðu í félaginu.

Á þessari sannfæringu minnihluta fulltrúanna byggist sú krafa þeirra til safnaða sinna, að þeir segi skilið við kirkjufélagið, þar til meirihluti á þingi tjáir sig fúsan til sætta á grundvelli jafnréttis í prédikun, riti og ræðu.

Minnihluta þingmönnum bar og saman um það, að séra B. B. Jónsson hefði sýnt sig algerlega óhlutdrægan fundarstjóra, og að séra Friðrik Hallgrímsson hefði lagt sig allan fram til þess, að miðla svo málum — eins og uppástunga hans ljóslega sýnir — að ekki þyrfti að verða sundrung í félaginu.

Þess hefir Heimskringla verið beðin að geta, að ekki hafi fulltrúar Eyford safnaðar gengið af þingi Annar þeirra hafði verið kallaður heim til sín, áður en kloíningur varð í þinginu, en hinn, Ól. Ólafsson, sat sem fastast út allan þingtímann, þrátt fyrir það, að hann var fylgjandi skoðunum minnihlutans og greiddi atkvæði með honum.

Leiðrétting.

Séra Stgr. N. Thorlaksson hefir beðið Heimskringlu að leiðrétta þá missögn blaðsins í ritstjórnargrein, dags. 17. júní, að hann hafi verið því meðmæltur, að kirkjufélagið sliti sambandi við Wesley College. Séra Steingrímur kveðst í neíndinni hafa mælt móti aðskilnaðinum, eins og skýrsla nefndarinnar sýni.

Þriðji liður þess nefndarálits gefur þinginu þá ráðleggingu: "Að embættinu við Wesley College verði haldið áfram í eitt ár með því fyrirkomulagi, sem nú er, en að vegna óánægju þeirrar, sem það vekur í kirkjufélaginu, að núverandi kennari séra Friðrik J. Bergmann haldi þar áfram, sé væntanlegri skólanefnd falið á hendur, að útvega og ráða annan mann, til þess að taka við af honum að ári liðnu, þar sem ekki eru líkur til, að svo fljótt geti kirkjufélagið komið á stofn sérstökum skóla".

Undir þetta ritaði séra Steingrímur sem nefndarmaður, og allir meðnefndarmenn hans, nema Sv. Brynjólfsson. Og þessi liður áltsins ber það með sér, að séra Steingrímur hafi viljað, að samvinna héldist með félaginu og skólanum, að eins að séra Fr. J. Bergmann yrði bolað frá kenslustörfum þar.

Sveinn Brynjólfsson var óþægur í nefndinni. Hann bar fram í þinginu minnihluta álit — sitt eigið — og lagði til, að allur framangreindur þriðji liður væri feldur úr nefndarálitinu, en í þess stað sett ákvæði um "að embættinu við Wesley College sé haldið áfram á næsta ári, og séra Friðrik Bergmann ráðinn kennari eins og verið hefir".

Dr. Brandson lagði á því þingi fram fyrir hönd skólamálsnefndarinnar svolátandi tillögu: — 1. "að kennaraembættið við Wesley College sé lagt niður að ári liðnu", o. s. frv.

Undir þessa ráðleggingu nefndarinnar til þingsins skrifaði séra Steingrímur með hinum fjórum meðnefndarmönnum sínum.

Það var á undirskrift prestsins undir þessa tillögu, að Heimskringla bygði það álit sitt, að hann hefði verið meðmæltur eða samþykkur aðskilnaði félagsins og skólans, og hafi það álit blaðsins ekki við rök að styðjast, þá er það af misskilningi en ekki af ásettu ráði, að skoðun séra Steingríms hefir verið rangfærð í blaðinu, og telur þá Heimskringla sér skylt, að biðja hann fyrirgefningar á því. En með því að gerðabók 24. ársþings kirkjufélagsins ber það með sér, á bls. 50, að þessi nefndartillaga, undirrituð af séra Steingrími, um að slíta sambandi kirkjufélagsins við Wesley College, — hafi verið samþykt í einu hljóði, þá leit blaðið svo á, að hann hefði verið þeirri stefnu meðmæltur.

Ritstj.

Sparið Línið Yðar.

Ef þér óskið ekki að fá þvottinn yðar rifinn og slitinn, þá sendið hann til þessarar fullkomnu stofnunar.

Nýtízku aðferðir, nýr vélaútbúnaður, en gamalt og æft verkafólk.

LITUN, HREINSUN OG PRESSUN SÉRLEGA VANDAÐ

Modern Laundry & Dye Works Co., Ltd.
307—315 Hargrave St.
WINNIPEG, MANITOBA
Phones: 2300 og 2301

$22 FYRIR $7

12 Alberta Special Cabinet Ljósmyndir og Ein Stór 16x20 þuml. Líf-stærðar Ljósmynd gefin með HverjuDúsíni.—Og Hvert Dúsín Kostar Aðeins —

$7.00

ÞETTA TILBOÐ GILDIR AÐEINS Í MYNDASTOFUNNI VORRI Á PORTAGE AVENUE.

Wm. A. MARTEL,
MYNDASMIÐUR.
255½ PORTAGE AVE.
Phone: Main 7764

R. A. THOMSON AND CO.

Cor. Sargent & Maryland St.

Selja allskonar MATVÖRU af beztu tegund með lægsta verði. Sérstakt vöruúrval nú þessa viku. Vér óskum að Íslendingar vildu koma og skoða vörurnar. Hvergi betri né ódýrari.—

Munið staðinn:—
HORNI SARGENT AVE. OG MARYLAND ST.
PHONE 3112.

F. Deluca

Verzlar með matvöru, aldini, smá-kökur, allskonar sætindi, mjólk og rjóma, sönul. tóbak og vindla. Óskar viðskifta Íslend. Heitt kaffi eða te á öllum tímum. Fón 7756

Tvær búðir:
587 Notre Dame og 714 Maryland St.

DR. H. R. ROSS

C.P.R. meðala- og skurðlækuir.
Sjúkdómum kvenna og barna veitt sérstök umönnun.
WYNYARD, — SASK.

S. R. HUNTER & CO
Skraddarar,
189 Lombard Street

Búa til ný-móðins karlmannafatnaði eftir máli. — Efni og vinnubrögð afbeztu tegund, og alt ábyrgst að vera jafngildi þess bezta sem fáanlegt er í borginni. Verðið er við allra hæfi. —

S. R. Hunter & Co.
189 Lombard St.
Telephone 1395.

The Dominion Bank
NOTRE DAME Ave. BRANCH Cor. Nena St.

VÉR GEFUM SÉRSTAK AN GAUM AÐ SPARISJÓDS-DEILDINNI. —

VEXTIR BORGAÐIR AF INNLÖGUM.
HÖFUÐSTOLL - - - $3,983,392.38
SPARISJÓÐUR - - $5,300,000.00
A. E. PIERCY, MANAGER.

Stefán Johnson
Horni Sargent Ave. og Downing St.
HEFIR ÁVALT TIL SÖLU
Nýjar Áfir
Bestu í bænum. Ágætar til bökunar. 15c gallon

HEIMSKRINGLU og TVÆR skemtilegar sögur fá nýir kaupendur fyrir að eins $2.00.

Hugleiðingar um kvenfrelsis mál.

Ein hin allra þýðingarmesta þjóðfélagshreyfing, sem nú gerir vart við sig meðal þjóðar vorrar, og hvervetna í hinum mentaða heimi, er kvenfrelsisstefnan. Má nálega svo að orði komast, að málefni þetta hafi stigið risafetum til sigurs og fullkomnunar á síðastliðnum áratug. Enda er nú svo komið, að flestir hugsandi menn munu telja framgöngu þessa máls sjálfsagða og nauðsynlega. Það er að eins um heppilegustu leiðina til þess að nálgast hið fyrirhugaða takmark, sem menn skilur á. Hinir ákaflyndari kvenfrelsissinn, ar, og það er hér sem oftast hinir óvarkárari og óhygnari, sem hæst láta og mest ber á, krefjast þess, að konum verði þegar í stað og skilyrðislaust veitt full borgaraleg réttindi. Hins er lítið eða alls ekki gætt, hvort þær hafa nauðsynleg skilyrði til þess, að rækja borgaralegar skyldur eða ekki, — hvort þær hafi nægilegt sjálfstæði og þekkingu til þess að beita áhrifum sínum og greiða atkvæði sín samkvæmt eigin skoðunum og sannfæringu í hverju máli, — eða hvort þær að eins mundu verða viljalaust en handhægt verkfæri í höndum óhlutvandra manna.

Sem stendur verður það ekki, með fullri vissu, sagt, hvort konur hafi nægan þroska til þess að taka þátt í hinum margbrotnu og margvíslegu þjóðfélagsmálum, sem þær með auknum réttindum yrðu eðilega þátt-takendur í, en margt virðist til þess benda, að svo sé ekki.

Alment hafa konur, að því er séð verður, mjög takmarkaða þekkingu og litinn áhuga á stjórnmálum. Ef til vill stafar það að nokkru leyti af því, að starfssvið þeirra hefir enn sem komið er afar þröng takmörk. En til þess að afla sér þekkingar á stjórnmálum, þarf nákvæma rannsókn á ýmsum efnum, bygða á yfirgripsmikilli grundvallarþekkingu, virðist það því tæpast sanngjarnt, að ætlast til þess, að konur öfluðu sér hennar á skömmum tíma, það því fremur, sem hugur þeirra hneigist jafnan meir að skemtunum en alvarlegum störfum.

Til þess að sýna vanþroska kvenna í þessu tilliti, liggur ef til vill beinast við, að benda á aðferðina sem þær nota til þess að fá áhugamálum sínum framgengt, nægir í þessu efni að benda á kvenfrelsishreyfinguna á Englandi á síðustu árum, er það ekki að undra, þó hygnari mönnum og vitrari hrisi hugur við, að eiga þingsetu með konum þeim, sem jafnan láta stjórnast að blindum ákafa, en hirða lítt um ástæður og skilyrði, eins og forvígiskonur kvenréttindamálsins þar.

Ekki ber það heldur vott um þroskaðan skilning eða vaknandi áhuga á stjórnmálum meðal íslenzkra kvenna, að þegar kvenfrelsiskonur þar sendu í fyrra út áskorun til þjóðarinnar, að veita málefnum þeirra fylgi sitt í höndfarandi kosningum, lýstu þær því jafnframt yfir, að þær væru utan flokka (óháðar), jafnvel þó, eins og þá stóð á, væri um framtíðarvelferð og frelsisættlands þeirra að ræða, og einu íslenzku blöðin, sem ekki fundu köllun hjá sér eða krafta til að leggja neitt til þeirra mála, voru íslenzku kvennablöðin. Hvort sem það hefir komið af því, að forstöðukonur þeirra hafa enga þekkingu haft á málunum, eða af því, að þeim hefir ekki fundist þau koma lesendum sínum við, ber það þeim og máleini þeirra alt annað en góðan vitnisburð.

Ávaxtaríkara og heillavænlegra mundi starf þess fólks verða, sem mest beitir sér fyrir þessu máli, ef það í stað þess að "prédika" málefni sitt af taumlausri frekju en litlum rökum, leitaðist við að vekja áhuga og glæða þekkingu kvenna á landsmálum. Sanngjarnara og skynsamlegra mundi að krefjast þess, að smámsaman væri rýmkað um réttindi kvenna, eftir því, sem þroski þeirra eykst, og þær gerast hæfari til þess, að taka þátt í almennum málum. Mundu þær þá fljótar og betur njóta þess systurarís, sem þeim hefir borið frá öndverðu, og þá mundi heimurinn með auknum kvenréttindum stiga stórt og þýðingarmikið spor til framfara og siðmenningar.

Að svo mæltu legg ég frá mér pennann að sinni, fullviss um, að þessar fáu athugasemdir muni eiga miðlungi góðum vinsældum að fagna í herbúðum kvenfrelsissinna, en ég er þess fullviss, að skynsamleg athugun og skýr rök muni meir metin af betri hluta lesanda minna en geip þeirra.

Halldór Johnson.

Íslands fréttir.

Hlý veðrátta að undanförnu eftir uppstigningardagshret. — 31. maí lagður hornsteinninn að heilsuhælinu á Vífilsstöðum, flutt kvæði og ræður, og sungið kvæði eftir Þorstein Erlingsson, m. fl. — Gróðri fer fram daglega, tún orðin mjög fagurgræn, og inndælisleg á að líta. — Danska varðskipið fór til Hafnar til viðgerðar og hreinsunar, og mun það gert á hverju ári. Herskipið Hekla annast hervarnir kring um Ísland á meðan. — Varðskip Dana við Færeyjar "Beskytteren", á að fara til Íslands og stunda sjómælingar þar. — Fólksfjöldi í Hafnarfirði er nú talinn 1470 sálir. — Vestur-Íslendingar Gunnar Matthíasson og Helgi Jónasarson eru nýkomnir til Íslands. — Guðmundur Hjaltason kennari er kominn heim til Íslands með konu sína og dóttur, seztur að í Hafnarfirði. Hann hefir haldið marga alþýðufyrirlestra um Ísland í Noregi og víðar. — Nýlega er dáinn í Reykjavík í Landakotsspítalanum trésmiður Jóhannes Böðvarsson, ættaður úr Þverárhlíð í Mýrasýslu. — Guðrún Jónsdóttir í Gíslaholti (Rvík) 74 ára nýdáin; Halldóra Jónsdóttir (Rvík) 84 ára dáin; Helga Hallbjarnard. (Rvík), 20 ára, frá Brúarhrauni í Kolbeinsstaðahreppi, dáin; Hjördís Ásmundsdóttir, 12 ára, dáin; Ólöf Sigurðardóttir ekkja, dáin á Lauganesspítala. — Í dómkirkjunni voru fermd 91 barn sunnud. fyrir hvítasunnu, og í Frikirkjunni voru 65 börn fermd á uppstigningardag. — Einar Hjörleifsson er orðinn ritstjóri Ísafoldar, um óákveðinn tíma. — Í skýrslu frá Kaupmannahöfn 8. maí segir, að söluhorfurnar á íslenzkum afurðum séu þessar: Saltfiskur eigi yfir 55 kr., smáfiskur 45—35 kr. skp. hnakkakýldur málfiskur 65 kr., varðfiskur 38 kr. skpd. Harðfiskur 70—75 kr. skpd., nýverkaður. Hrogn 35 kr. tunnan, sundmagar 68 au. pd. Lýsi, grómlaust, ljóst þorskalýsi, 30 kr., dökt 26 kr., hákarls og sel-lýsi 32 kr., meðalalýsi 40 kr. tunnan (210 pd.). Selskinn, drölnótt, hvert 4 kr., hvít lítt seljandi; lambskinn 40 aur. Hvít norðlenzk ull áætlað 70 au. pd., annars flokks úr Húnavatns- og Skagafjarðarsýslum 65 au., sunnlenzk og vestfirzk 62—60 au pd. —. Námsmenn á læknaskólanum hafa stofnað læknasjóð. Námsmenn leggja árstillög í hann, og læknum út um landið er ætlað að styrkja hann. Hann er ætlaður þeim læknum, sem leita sér sérþekkingar í læknisfræðigreinum. Úr honum fá engir styrk fyr enn ársvextir sjóðsins nema 2000 kr. — Þann 3. júní var afmælisdags konungs minst í Iðnaðarmannahúsinu í Reykjavík. Þar mæltu fyrir minni B. Jónsson ráðherra, Indriði Einarsson og séra Jón Helgason, og tóku 40 þátt í þessu hátíðahaldi. — Prýðisgóð aflabrögð á Austfjörðum síðari hluta mánaðarins (maí). — Stórstúkuþing Góðtemplara sett í Reykjavík 7. júní, með guðsþjónustu í dómkirkjunni. Fulltrúar 60—70. — Danskur lyfjafræðingur ferðast í sumar um Ísland að rannsaka íslenzkan mosa. Hann fær 2000 kr. úr Carlsbergssjóðnum til þeirrar rannsóknar. — Rvík 12. júní: Tíð einatt hin ákjósanlegasta. Um mánaðamótin maí og júní fluttust hingað mislingar með Lauru, þó vægir. — Síðasta alþingi hefir afgreitt námalög á Íslandi, í 7 köflum. Þau heimila öllum málmaleit og málmblendings í jarðeignum landssjóðs, sem og í léns- og kirkjujörðum, í almenningum, óræfum sem afréttum, sem eigi eru eign einstakra manna né sveitarfélaga, nær einnig til þjóðjarða og kirkjujarða, samkvæmt þjóðjarðasölulögum 20. október 1905, og lögum 16. nóvember 1907 um sölu kirkjujarða, eða hér eftir seldar. Í lögunum eru ítarleg ákvæði um málmleit, um málmgraftarbréf þeirra, er málm eða málmblending finna í nefndum jörðum. Ennfremur ákvarðanir um útmæling undir náma, brunna, vegi, vatnsafnot, bryggjugerð, rekstur náma, eftirlit, með fleiru. Ákvæði laganna ná eigi til jarðeigna einstakra manna, né eigi um þjóðjarðir eða kirkjujarðir að ræða, sem fyrr keyptar hafa verið, samkvæmt heimild í framangreindum tvennum lögum. Að því er jarðir einstakra manna snertir, verður því sá, sem málma vill leita til að grafa náma, að semja við landeiganda.

Fréttabréf.

BLAINE, WASH.
28. júní 1909.

Það er ekki margt að frétta héðan frekar enn vant er. Allir viðburðir hér virðast vera svo vanalegir og rólegir, að menn naumast veita þeim eftirtekt. Hið stöðuga og milda tíðarfar er líklega mikil orsök til þess. Tíðin hefir verið nokkuð þur og köld hér í vor, og þar af leiðandi er útlit fyrir, að heytekja og máske önnur uppskera, verði svo lítið rýrari enn vanalega. Nýlega hafa þó komið góðar regnskúrir, sem hjálpa afarmikið garðávöxtum.

Það hefir verið frekar góð atvinna hér í vor. Sérstaklega hafa fiskifélögin lagt í mikinn kostnað til undirbúnings fyrir sumarveiðina; og hafa þar af leiðandi haft marga menn í þjónustu sinni. Það virðist, að þau spari ekkert til þess að geta veitt móttöku miklum fiski í sumar. Öll niðursuðuhús, sem hér eru, eru nú endurbætt og undirbúin fyrir móttöku laxins. Það er því mikið áhugamál fyrir eigendur og verkamenn, að fiskiveiðin hepnist vel.

Fólki hér líður yfir höfuð frekar vel, og hefir góða framtíðarvon. Þar með má telja Íslendinga, með fáeinum undantekningum.

Félagsskapar samvinna Íslendinga virðist sem stendur vera frekar atkvæðalítil. Engin vekjandi tilþrif sjást á yfirborðinu. En svo getur þetta breyzt, þegar að sumarannirnar eru hjáliðnar.

Ein eftirtektaverð tilbreyting fór þó hér fram meðal landa. — Hinn 8. þ. m. var höfð stórkostleg fagnaðar samkoma, og tileini hennar var, að lífstíðar félagsskapur var myndaður. Mr. Jón Jónsson (systursonur Mr. Abrahamssonar) og Miss Ólína Jósefsson höfðu brúðkaup sitt þann dag. Hér innlendur prestur framkvæmdi vígsluathöfnina í kirkju sinni, og samkvæmt ósk hans voru sungnir íslenzkir brúðkaupssálmar af íslenzkum söngflokk. Eftir þá athöfn fóru brúðhjónin með gesti sína í næsta samkomuhús (Foresters Hall) með því að þar hefði verið undirbúið fyrir skemtiathöfn og fyrir veitingar handa gestunum. Skemtiathöfnin var söngur, Flokkssöngvar og einsöngvar með dansi á milli. Þegar fólkið hafði skemt sér þannig litla stund, var það kallað að veitingaborðunum, sem voru tilreidd með margskonar réttum. Þar sátu að borðum um 150 manns. Stutt ræða var þar haldin um þýðingu fagnaðarsamsætisins og hjónafélagsins. Eftir að upp var staðið frá borðum, var byrjað á hinni fyrri skemtiathöfn. Það virtist að boðsgestirnir skemta sér vel samkvæmt eðli þeirra og föngum og menningu. — Næsta dag fóru brúðhjónin skemtiferð á sýninguna í Seattle.— Þessi brúðhjón eru efnileg ungmenni, og má því vona, að þau leysi af hendi mikið og göfugt starf í lífinu. Allir vinir og vandamenn óski þeim alls gengis og gæfu.

M.

Fyrirspurn.

Ritstj. Heimskringlu.

Mér verður ekki svefnsamt um nætur, því að nágrannar minir í næsta húsi halda löngum vöku fyrir mér með margvíslegri háreisti og söng, þá er kvölda tekur, og linna ekki látum fyr en komið er fram yfir miðnætti. Er þetta leyfilegt? Ef svo er eigi, hvaða refsing liggur við því? L a n d i.

S V A R. — Vér vitum ekki af neinum lögum né aukalögum þessarar borgar, sem banna söng á kveldin í heimahúsum. Sé háreistin samfara annars siðsamlegu framferði, þá mundi hún teljast réttmæt, ef til réttar kæmi, og engin refsing liggja við henni.

R i t s t j.

ROBLIN HOTEL
115 Adelaide St. Winnipeg

Bezta $1.50 á-dag hús í Vestur-Canada. Keyrsla ókeypis milli vagnstöðva og hússins á nóttu og degi. Aðhlynning hins bezta. Viðskifti Íslendinga óskast. William Ave strætiskarið fer hjá húsinu

O. ROY, eigandi.

Gimli Hótel
G. E. SÓLMUNDSSON
eigandi

Óskar viðskifta Íslendinga sem heimsækja Gimli-bæ. — Þar er beini beztur í mat og drykkjarföngum, og aðbúð gesta svo góð sem frekast er hægt að gera hana. Hótelið er við vagnstöðina.
Gistið að Gimli-Hótel.

Ágæt meðul.

Eg hefi kynst og pantað áður meðul við nef, kverka- og andkafa sjúkdómum hjá Royal Remedy Co. Þau fá bezta vitnisburð. Þeir, sem senda mér sjúkdómslýsingu, og $4.00 fyrirfram, fá meðulin send heim til sín kostnaðarlaust hvar sem er í Canada. Eins og mörgum er kunnugt, hefi ég fengist töluvert mikið við meðalasölu stundum, og þekki "patent" meðul vel. Þessi meðul eru 'ekta' góð meðul, og fólk má treysta þeim, ef það kaupir þau í tæka tíð.

K. Ásg. Benediktsson.
540 Simcoe St., Winnipeg.

2 Bækur Gefins

FÁ NÝJIR KAUPENDUR AÐ HEIMSKRINGLU SEM BORGA $2.00 FYRIRFRAM, OG ÞESSUM BÓKUM ÚR AÐ VELJA :—

Mr. Potter frá Texas
Aðalheiður
Svipurinn Hennar
Hvammverjarnir
Konuhefnd
L a j l a
Robert Manton.

Alt góðar sögur og sumar ágætar, efnismiklar, fróðlegar og spennandi. Nú er tíminn að gerast kaupendur Hkr. Það eru aðeins fá eintök eftir af sumum bókunum.

Heimskringla
P.O. Box 3083, Winnipeg

og fékk njósnaranum, sem kvaddi hann svo, en jarlinn sat eftir þungt hugsandi.

Fyrst fór njósnarinn að finna dr. Druscott, sem tók vel á móti honum, en virtist verða hálfbilt við bréfið.

"Hvað get ég gert fyrir þig?" spurði hann, þegar hann hafði lesið bréfið.

"Nú, herra, það er víst bezt að ég segi þér, að ég er nýja skyttan hans Sir Arthur".

Læknirinn varð hissa.

"Ertu kominn þangað í stað Burlstons?" spurði hann.

"Já, að nokkru leyti, herra. Tilfellið er, að næsta skyttan eftir Barlston yfirgaf hann strax, og nú er ég sá eini, sem eftir er".

"Einmitt, ég skil, og hvað svo?"

"Ég á heima í skógarhúsinu hjá frú Burlston".

"Já — og svo?"

"Við höfum nú komið okkur saman um, að rugla saman reitum okkar".

"Nú, það hefir ekki tekið ykkur langan tíma að komast að þeirri niðurstöðu", sagði læknirinn.

"Ástæðan er, herra, að hún á dálítið af skildingum og ég líka, og svo við höfum áformað að fá okkur einhversstaðar gestgjafahús og selja veitingar".

"Nú — en hvað kemur þetta mér við?"

"Nú kem ég strax að efninu. Ég er ókunnugur hér, og þekki ekki fólkið. Ég var ekki lengi búinn að kynnast Katrínu, þegar ég tók eftir því, að það var eitthvað, sem hvílir á samvizku hennar. Hún drekkur allmikið, og fólk segir að hún hafi byrjað á því síðan hún hætti að vera hjúkrunarkona. Ég hefi heyrt, að hinn síðasti, sem hún stundaði, hafi verið lávarður East, því fór ég og fann Fatheringham jarl, en hann sendi mig hingað".

"Nú — hvað er það þá, sem þú vilt fá að vita?" spurði Druscott læknir dálitið önuglega.

"Já, ég skal segja þér, herra, mér finst að maður þurfi að þekkja liðna æfi konu sinnar, og ég get ekki losnað við þá hugsun, að það sé eitthvað rangt í sambandi við dauða Easts lávarðar, og svo hélt ég að þú gætir frætt mig um það".

Læknirinn sýndist óánægður yfir þessari spurningu. "Það er nú efasamt, hvort slíku á að svara", sagði hann. "Setjum nú svo, að ég þekti eitthvað til frú Burlston, hvaða heimild hefir þú þá, alveg ókunnur maður, að spyrja mig um það? Þú ert ekki giftur henni enn þá".

Smith lét sem sér væri misboðið.

"Nú, það hlýtur að vera eitthvað leiðinlegt, fyrst þú vilt ekki segja neitt um það. En að hinu leytinu var það lávarður Fatheringham, sem sendi mig hingað, og hann sagði, að þú mundir gera það sem þú gætir fyrir mig".

Þetta kom lækninum til að hugsa nánar um bréf lávarðarins, sem var skrifað í skipandi anda. Hann hugsaði stutta stund og sagði svo:

"Jæja, maður minn, ef þú vilt ábyrgjast mér, að tilgangur þinn sé hreinn og heiðarlegur —"

Smith greip fram í fyrir honum með röksemdir og sannfæringar, og að því loknu sagði hann: "Jæja þá, til þess að þóknast lávarðinum, skal ég segja það sem ég veit. Ég var alls ekki ánægður með frú Burlston — eða Katrínu Wiseman, sem hún hét þá — sem hjúkrunarkonu Easts lávarðar. Ég efast um, að honum hefði orðið bjargað, hve góða hjúkrunarkonu, sem hann hefði haft, en að hún hjúkraði honum illa, það er einu sinni víst, og af því það var eftir minni ráðleggingu, að hún var fengin, hótaði ég henni, að hún skyldi rekin frá hjúkrunardeild, sem hún tilheyrði. Afleiðingin var, að hún lagði niður

starf sitt fríviljuglega. Skömmu síðar giftist hún Burlston, og síðan hefi ég ekki heyrt hennar getið fyr en núna eftir dauða manns hennar".

Þegar Smith sá, að hér var ekki meiri fróðleik að fá, kvaddi hann og fór beina leið til Pólstjörnunnar, beiddi þar um besta og vagn, sem hann fékk eftir fáar mínútur, og ók svo af stað með miklum hraða í áttina til Fatheringham.

Hálfri annari stundu síðar kom hann að snotru höfðingjasetri hér um bil tveim mílum hinsvegar við Fatheringham, sem honum var sagt að væri heimili Haworthy. Hann ók að aðaldyrunum, sté ofan úr vagninum og hringdi dyrabjöllunni. Þjónn kom strax til dyranna, sem tók á móti bréfinu frá Fatheringham jarli og fór með það inn. Það leið ekki á löngu, þangað til hann kom út aftur, og bauð gestinum kurteislega að koma inn til hr. Haworthy. Hann var í ferðafötum, en á gólfinu í kring um hann lágu ferðapokar, töskur, koffort, yfirfatnaður og annað fleira, alt hvað innan um annað. Á borðinu lágu nokkrir seðlar, og á þaim stóð nafnið Kaupmannahöfn. Herra Haworthy var sjáanlega að búa sig undir ferðalag, enda sönnuðu fyrstu orðin hans að svo var.

"Ef þú hefðir komið hálfum klukkutíma seinna, þá hefðirðu ekki fundið mig", sagði hann, "því ég fer rétt strax til London, og þaðan til Danmerkur, Svíþjóðar og Noregs".

Njósnarinn horfði fast á hann dálítla stund, sagði síðan rólega og alvarlega: "Nei, herra, þú ferð ekki til Danmerkur, þú ferð þar á móti til Skotlands".

"Hvað áttu við með þessu? Á það að vera spaug eða hvað?"

"Það skal ég strax skýra fyrir þér. Ég skal greina frá öllu eins glögt og nákvæmlega eins og ég

get, en þó þér finnist skuggi hvíla á einhverju, verðurðu að afsaka mig, því tilfellið er, að annara leyndarmál eru fléttuð inn í þetta".

"Hvað á alt þetta að þýða? Hver ert þú?"

"Ég er njósnari frá London; nafn mitt er Wright. Lávarður Fatheringham hefir fengið mig til að komast að og sanna, að Sir Arthur hafi myrt skyttuna sína".

"Hamingjan góða hjálpi okkur", sagði hinn. "Ja, ég hefi nú raunar haldið, að það væri eitthvað gruggugt við það atvik".

"Fram að þessum tíma hafa rannsóknir mínar leitt tvent í ljós: Ég er viss um, að óskað hefir verið eftir dauða Burlstons, — ég segi að eins, óskað eftir, af þriðju persónu, sem um nokkur ár hefir leynilega goldið frú Burlston styrktareyri. Ennfremur hefi ég fullvissað mig um, að Sir Arthur fór, að réttarhaldinu afstöðnu, til Skotlands, til að finna konu sína, en afleiðingin varð hin sama og áður hafði átt sér stað, að hún varð brjáluð þegar hún sá hann. Fram að þessu hefir mér ekki hepnast, að finna neitt samband á milli atvika þessara. Ég kem núna frá hr. Druscott —"

"Druscott í Haughton?"

"Já, þekkirðu hann?"

"Já, mjög vel, við erum gamlir vinir frá Cambridge".

"Einmitt það? Bara að ég hefði vitað það dálítið fyr. Máske hann hafði verið skrafhreifnari hefðir þú hjálpað mér".

"Hvað er það, sem þú vilt fá að vita hjá honum?"

"Ég verð að biðja þig, að spyrja mig ekki um það að svo komnu. Það, sem nú er mest áríðandi, er viðvíkjandi lafði Redleigh".

"Lafði Redleigh? Hvað er um hana?"

Hér og þar.

EFTIR
K. ÁSG. BENEDIKTSSON.

Alt er á fleygiferð í heiminum. Það vitum vér öll. Mannlífið og viðburðirnir fljúga áfram með hamslausum hraða. Hver einasti lífvakinn einstaklingur vill komast fram fyrir annan. Náttúruöflunum er att hvert móti öðru á verksviði hraðans. Á móti gufuaflinu er rafmagnsstraumum att, loftsiglingum á móti lagarsiglingum. Alt tekur breytingum, lifandi og dautt. Alt annar leikþáttur er leikinn á þessari minútu, enn þeirri næstliðnu. Sullandi hringiða breytinganna geysa og fossa áfram úr flóðgáttum hins fljúgandi tíma. En hann þreytist aldrei, aldrei. Enginn nær sér niður á honum, og enginn kemst fram fyrir hann. En alt og alt er honum háð. Við hann er alt bundið með Gleypni náttúrulögmálsins. Og jafnvel guð almáttugur sýnist ekki ráða við tímana stundum. — Oft kemur kjálp hans í ótíma. — Von er þó öðrum verði á handaskol við og við. En þetta er ekki beint það, sem ég ætlaði að segja þér, frændi góður. Sagan eða atburðurinn, sem ég ætla að minnast á hér, kemur þessu ekki við, nema hún fer fram í tímanum, og fer á aðra hliðina fram með feikna hraða, en á hina með langri bið, — ja, bið, sem enn þá stendur yfir.

Ég get ekki verið eins fáorður, sem vildi. Fyrst á atburður þessi tildrög, sem aðrir, og þar næst er förin ein af þeim lengstu, sem farin hefir verið á þessum kothnetti.

Það var frostaveturinn mikla í Manitoba og Vesturlandinu, að margt bar við. Eldiviðarskortur þrengdi þá mjög að Winnipegbúum. Því þrátt fyrir "Manitoba sólskinið" og sífeldar veðurblíður, leyfði frostið sér að stiga upp á 54. tröppu. Fönnin tók sér Bessaleyfi, og gerðist 32. feta há, þar sem hún var mæld dýpst á járnbrautum. Þá frusu menn í hel og mörg þúsund skepnur fentu, og fluttu til Nástranda, saddar af sólskininu og blíðviðrinu.

Þegar allir voru þrotnir að eldsneyti, og miljónamenn á nástrái, þá setti séra Ashdown borgarstjóri neyzluvatnið hjá blásnauðu fólki, upp um stífan þriðjung. Hann hélt að ræflarnir stælu því til eldsneytis. Af þessu varð hann stórfrægur suður í Rómaveldi. Þá gerðu margir stórkaup í eldiviðarverzlun. Þeir lofuðu öllum nógum eldivið eftir miðjan daginn. En sá eftirmiðdagur kom aldrei. Sú verzlun þótti nýtízkusmíð og nafnkend er hún enn þá í dag. — Margt bar þá við, sem undrum þótti sæta. Enn annað fleira kemur ekki þessum atburði mannkynssögunnar við

Í þenna mund vann ég hjá hinni nafnkendu Manitobastjórn. Þá var Roblin skólameistari í járnbrautabiskupsumdæmi, en Rogers bryti. Það bar við á laugardag, eftir Mið-Þorra, að Flandri kom til mín inn á skrifstofuna, digur sem naut og blár sem Hel. Tilkynnir hann mér, að Rodgeir bryti vilji tafarlaust finna mig. Skundaði ég þá í aðalhöllina og gekk fyrir brytann. Hann mælti allsnúðugt: Þér hefi ég sendiför búna. Nú er galdra og gerninga hríð hin hamremdasta, og kotsveinum mínum úfært út að ganga. En þú ert Íslendingur, og oss ósár, þó í mannraunir komir. Þið Íslendingarnir eruð uppaldir í öskustó og við hrossagöngur fram við Herðibreið, sem mér er sögð smalaþúfa ein á Íslandi, og ekki hærri enn meðalmanni í kné. Nú skalt þú fara ofan undir C.P.R. hella með boð þessi, og senda þau með hnoðþræði til réttvísinnar í Nýja Íslandi: Brestur oss nú brennikefli fyrir langelda og soðkatla í höll vorri. Réttvísin skal þegar láta tröll og fjölkyngislið færa oss nokkurar dræsur og skiði úr mörkinni, ella missa ármensku og jarlsnafn. Leys sendiför þessa rösklega af hendi og fylg málum vorum fast fram.

Rétt var meðfarið. Allar vinda og galdradísir gólu galdra sína í algleymingi. Óstandandi stórhríð af hánorðri, með 50 stiga frosti, fönnin ókleyf og rokrenningur hátt í loft upp. Strætisvagnar fastir í fönn eða foknir af sporum. Þá var á mannlegan mátt að treysta, en ekki á rafmagnsfleytur, þeirra McKenzie og Mann. Vart hefi ég komið út í slíkt tryllings fannafok og heljarfrost, þótt stórhríðarnar á Íslandi séu í hærsta máta, eru þær smámunir móti þessum fádæmum. Ég náði loks hellinum C.P.R. og rak þar erindi, sem fyrir mig var lagt. Beið ég til kvelds og vonaði eftir, að galdrahríð þessa lægði. En það vildi ekki þann veg ganga. Hún fór æ versnandi. Við hana bættist líka náttmyrkur, og mannaferðum fækkaði, þá á kveldið leið. Síðasti áfangastaður minn var frá höll einni, sem Lúdent heitir. Að vísu er höll sú skírð af okkur Jóni Thorsteinssyni því nafni. Þá drukku þjóðmálamenn þar tvímenning, og börðust eins og franskir duggarar. — —

Ekki bjóst ég við, að komast lífs af úr þessari forsendingarför. Ég átti rétt á hlið, við óveðrið mest alla leiðina. Veðurhæðin hrakti og fleygði mér einum tvisvar sinnum að vild sinni upp að múrveggjum. Loks komst ég heim til mín. Þótti öllum, sem ég væri úr Helju heimtur. Kalinn var ég á eyrum og andliti. En þá þótti það smámunir einir, þó menn mistu tær og fingur, að eins ef menn héldu líftórunni.

Þegar ég var genginn til rekkju, var ég að hugsa, hvort ég hefði ekki dáið á Íslandi og það væri annað líf, sem ég byggi nú við. Vel gat það samrýmst við sumar prestakenningarnar og tröllasögur um annað líf. Ég hætti fljótlega að hugsa um það. Það rann þá upp nýr atburður fyrir mér. Hann er sem fylgir: —

Ég mætti kunningja mínum þenna dag, sem ég hefi nefnt hér að framan. Hann var skrafhreifinn, og dável greindur talinn af þeim, sem þykjast vega mannvitið réttast og næmast. Aðal einkenni hans að minni þekkingu var ágirnd og trúrækni. Hann hafði fengið dálítla fjósamentun, eða hvað fólk vill kalla það. Vegna hagsmunafýkni, var hann þægilegur við alla. En kirkjutrúar skýlan hans var mér óbærileg, og þótti næstum fyrir að mæta honum hve nær og hvar sem var. En það var eins og hann sæktist eftir, að tala sem oftast og lengst við mig. Við vorum sinn úr hverjum landsfjórðungi á Íslandi, og höfðum ekki lengi kynst í þessari álfu. Hann bar sjúkdóm, sem auðséð var að leiddi hann til bana. Hvað hann hefir hugsað um það sjálfur, veit ég ekki. Hann talaði aldrei þar um við mig. —

Þenna dag talaði hann mikið um annað líf, eða áframhald eftir það stig, sem menn kalla dauða. Mér leiddist umræðuefnið. Ég veit svo lítið um annað líf, að ég er þar ekki aflögufær, og vil helzt eiga það sjálfur, sem ég held þar um. Skoðun hans á öðru lífi var svipuð og prestar kenna yfirleitt, að það skiftist í tvö horn, ilt og gott, sem alt er miðað á þessa lífs vísu. Hann hélt því fram, að sálir manna færu til annara himinhnatta. Annaðhvort þeirra, sem sýnilegir eru af jörðunni, eða enn nú annara, sem héðan eru ósýnilegir.

Ég hélt því fram, að lifandi menn vissu meira um aðra hnetti, af eigin þekkingu, en af fræðslu framliðinna. Vildi hann lítið hrekja mig í því atriði. Að síðustu gerðum við veðmál um,hvort lifandi maður eða dauður maður gæti sagt meira um aðra hnetti, eða flogið á sálar og andansvængjum viðfeðmara. Ekki verður þess getið strax, hvert veðféð var. Það bíður síns tíma. Hann áttj að sjá um fréttirnar frá þeim dauða, en ég frá þeim lifanda. Ferðasaga þess lifanda er þessi: —

Hugi heitir sendisveinn. Hann er vikaliðugur piltur hjá mörgum. Oft og tíðum sistarfandi, einkum ef hann á björt heimkynni. Hjá sumum er hann seinn og fálátur, latur og óáreiðanlegur. Þá á hann all-ill heimkynni, og húsfrú Speki hefir hann út undan.

Hugi, sem ég hafði ráðið til fararinnar, var frekar einþykkur, dulur, en sistarfandi. Þessar óraleiðir væru honum ókunnugar. Já, en hvert átti hann að fara. Hann átti að eins að skreppa til Júpiters. Og fljótur átti hann að vera í ferðum.

Hann var seinn og dutlungafullur að búa sig af stað. Hann gerði allra handa barnslegar uppástungur í byrjun, — alveg eins og heimfarar gera. Hann vildi fyrst fara til Baldwinson, og láta hann fá farstyrk hjá Roblin. Hélt hann gæti verið túlkur, ef einhverjir Júppiterbúar vildu flytja til Manitoba, í sólskinið þar og kaupa stjórnarlönd. En þegar hann heyrði ég var á móti því, þá vildi hann fara til Sigtryggs, og fá styrk hjá Laurier. En þegar ég sagði honum, að Mangi Markússon væri heima, og það kæmu ekki svo margir, að hann kæmi ekki einn tölu á þá, þá fór hann ofan af því. En hann var ekki dottinn af baki enn þá. Vildi þá endilega fara til séra Jóns og fá hjá honum meðmæli til himnaríkis. Hann staðhæfði, og það "staffírugur" að séra Jón væri Drottins "agent" hér á jörðunni, og tilheyrði þeirri stjórnardeild, sem séra Lúter væri innflutninga deildarstjóri í. Nú fór mér ekki að lítast á blikuna. Ég hélt því fram, að það væri ekki öldungis áreiðanlegt, að himnaríki væri á leiðinni til Júppiters. Við höfðum engin landabréf af því, og menn vissu lítið meira um það en heimsskautið. Svo væri öll "emigration" úr Ameríku til himnaríkis og hins staðarins, en öldungis engin frá himnaríki til Ameríku. Þeir mundu ekki vilja byrja að vasast í flutningum þaðan, Pétur og Lúter. Ameríka hefði ekki verið þekt á þeirra dögum. En Guð almáttugur hefði ei ætlað hvítum, góðum mönnum að búa þar, þaðan af síður útvöldum sálum, dýru blóði keyptar. Þó fékk ég hann ekki ofan af þessu, að fá farbréf frá Jóni til himnaríkis, fyrr enn ég leiddi honum fyrir sjónir, að séra Jón mundi aldrei gefa honum meðmæli, nema hann settist að til fulls og alls hjá Lúter. Þar yrði hann að dúsa, og kæmist aldrei lengra, og sæi aldrei fólkið á Júpiter né löndin þar.

Loks hafði ég strákinn ofan af þessu. Hann lagði af stað upp a eigin spýtur. Á einu hendingskasti var hann kominn upp í Júppiter. Þar var þá sólbjartur sumarmorgunn og sunnanvindur, þýður og angandi. Hann stansaði þar niður við höfnina. Sérinn var eldhrannaður geislaglóð árdagssólarinnar, og yfirborðið lék í hægum, mjúkum og gulltyptum öldum, með sægrænku töfralit neðst í hlíðum. Malarkamburinn var allur úr gullhnullungum og risavaxnir demantsdrangar fleygðu ljósöldunum háðu megin fram á höfnina. Ofan við höfnina var iðafagur völlur, alla leið upp að fjalldyngju mikilli, sem lá þvertsum austanmegin vallarins. Þau voru öll úr kristalls björgum gagnsæ, og himingnæfandi, svo sólskinið náði eigi upp á þau, að eins í miðjar hliðar. En geislaleiptrin, sem stafa frá þeim, er öllum mönnum ofraun, nema þeim, sem eru rauðeygðir af ágirnd eða fæddir steinblindir.

Neðst við fjallaræturnar eru gulltrén, þar sem gulleplin vaxa, og gaukarnir hvítu gala fyrir árskomu. Milli trjánna eru ótæmislindir, en lindir þessar eru guðaveigar, og ljúffengari á bragðið enn danskt "extrakt", og sætari enn geitaöl í Kanada, sem Klemens segir að Góðtemplarar drekki mest um vorinngöngu-leytið.

Þar á vellinum er afarstór tjörn. Tjarnstæðið er steypt í silfurhellu. Hún er stærri enn öll Winnipegborg, innan bæjar takmarka. Í henni er spegiltært Hamborgarbrennivín. Átta mil. beykirabúðir eru kring um tjörnina, og 10 þús. beykirar í hverri búð, og hafa þeir varla undan að slá botninn í tunnurnar, sem fyltar eru á dag, og Júppíterbúar drekka á fastandi maga. Þeir drekka það alt með nefinu. Það þykir finna enn væta varirnar. Það hefir Þórir Hólmgríðarkappi vitað, er hann kvað um Skaptaflæsu. Fátt er samt líkt með Júppítersbúum og jarðarbúum.

Þá leit hann til hásuðurs. Þar stóð höll mikil. Svo voru há ræfur, að hann eygði þau ekki. Hún er forkunnarfögur á að líta, og ber talsvert af bæjarráðhúsinu í Winnipeg, sem kúrir undir Union bankanum.

Snýr nú sendisveinn heim til hallarinnar. Hyggur þar búi framaður lýður enn engir kotungar. Gengur hann að borgarhliði hinu mikla. Það er 3 mílur á hæð og 60 á breidd. Yfir því stendur orðið "Alamatia-ragita", og þýðir hjá borgarbúum: meykongur ríkir. Hallargarðurinn allur er hlaðinn úr skygðum marmarabjörgum, og krystalsbergssúlur fagurlega görvar þar ofan á. Í hallarhliðinu eru skygðar krystalshurðir á gullhjörum. Eru þær undnar upp á silfurfestum, með sólarljóssafli. Við hverja hurð stendur varðmey. Þær eru klæddar í gullbrynjur, með fléttaða kórallahatta á höfðum og perlu-demanta belti um mitti. Skór þeirra eru úr silkipappír. Þeir eru meistaralega gerðir og óslitandi, og gæti enginn á jarðríki gert þá utan Vilhjálmsson.

Þegar sendisvein bar að dyrum, var hann að hugsa um, hvort heldur hann ætti að mæla á íslenzku eða ensku við varðmeyna. En það skifti engu sem hann var í vafa þar um, því hún ávarpaði hann á Hornstranda-máli. Kvaðst bjóra úr göddum leysa fyrir horskum sveini. Sagðist lengi hafa þráð, að sjá Íslending og tala íslenzku, síðan til tals hefði komið, að það mál yrði aðal-mál í Fyrstu lútersku kirkjunni í Winnipeg. Kvaðst vera komin af heilladísum fram í ættir, og langa-langa amma sín hefði eitt sinn svifið til Íslands og lært íslenzku af Magnúsi Stephensen og Jörundi Hundadagakonungi. Hún hefði ætlað að styðja Ísland til sjálfstjórnar, en Englendingar komu til bölvunar, svo úr því gat ekkert orðið. Hugi baðst inngöngu og þóttist eiga all brýnt erindi að reka við konunginn. Hún tók því gaðlega, lauk upp borgarhliðinu og leiddi hann inn. Hún bað hann afsaka, þótt hún yrði að láta hann víta, að enginn fengi að sjá drotninguna, fyrr enn hann hefði dvalið þrjá sólarhringa innan hallarveggja. En alt væri þar heimilt gestum, sem heima ættu á einhverri reikistjörnunni. Kvað gesti þaðan vera fáséða. Og eigi myndi hún eftir jarðarbúum þar fyrri. En konum í Júppiter litist vel á karlmennina, þegar þær litu ofan á jörðina. Þeir væru bæði drykkju- og kvennamenn, eins og þeir ættu líka að vera. Biblían kendi það bókstaflega. Þeir færu líka mikið eftir henni þar neðra. Tvent kvaðst hún ekki skilja, sem hún hefði heyrt hjá jarðarbúum. En það væru ástakvæði og dansmeyjagrátur.

Hugi hafði allan huga á höllinni vænu, og því, sem var innandyra. Hann var þó hálffeiminn og stuttur í spuna samtalsins. Grunnur hallarinnar var allur hlaðinn úr smaragðsbjörgum. Fyrsta lýfting af grunni var úr krystöllum, önnur úr silfri, þriðja úr rauðagulli, fjórða úr lýsigulli, fimta úr sæafi, sjötta úr samanþrýstu morgunroða lofti. Lengra sá hann ekki, því hver lýfting var dönsk mila á hæð.

Hún bauð honum að sýna honum neðstu lýftingu. Meira fengi hann ekki að sjá með sinni forsjá. Stigu þau þá á rafmagnsvagn. Hann var gerður úr næfurþunnu filabeini, og fannhvítu. Rann hann upp á fyrsta loft á vafningsbraut. Kjallaraveggir hallarinnar ofanjarðar eru ¼ úr milu á hæð. Hann gekk fyrir sólarljóssskrafti á daginn, en stjörnuljóssafli á nóttunni. Fór hann sjálfur af stað og sjálfkrafa stansaði hann. —

Upp um miðja höllina gekk bákn mikið. Það stóð undir turni miklum, sem var ofan á miðri höllinni. Utan um bákn þetta gengu vafningsbrautir. Eftir þeim runnu flutningsvagnar upp í efri lýftingar í höllinni. Þeir flutningsvagnar fóru eins fljótt og augað rendi. Mannflutningur var þar afar mikill eins og gefur að skilja. En þar urðu ekki slys, eins og á strætisvögnunum í Winnipeg, og víðar í þessum heimi.

Huga þótti leitt, að bíða svo dögum skifti eftir fundi drotningarinnar. Hér var ekki úr góðu að ráða. Varðmærin hafði sagt honum gestalögin, sem drotning hafði í riki sínu. Honum hugkvæmdist þá, að biðja hana að eins að lofa sér að sjá höllina. Láta í veðri vaka, að hann hefði eiginlega ekkert erindi við drotninguna. En væri svona ferðamaður en ekki járnbrautarnefnd frá Nýja Íslandi. Hann minnist á þetta við varðmeyna. Hún kvaðst þar engu ráða mega, nema þau næðu fundum drotningarinnar. Vildi ei taka annað í mál, en hann biði eftir fundi hennar. Hún kvaðst að vísu ekki skilja, hvað hann meinti með járnbrautarnefnd úr Nýja Íslandi, og sagði hann henni það út í æsar. Og hversu gullfagrar bókmentir hefðu sprottið upp af því sáði hjá stórskáldunum í Nýja Íslandi. En henni fanst fátt um, kinkaði kolli, svona til málamyndar, af því hún vildi ekki styggja hann. Ókurteisi er á móti landslögum á Júppiter.

(Meira).

Heimskringla er útbreiddasta blað í Vesturheimi.—Kaupið Hkr.

Með því að biðja sérlega um "T.L. CIGAR," þá ertu viss að fá ágætan vindil.

T.L.

MADE BY THE T.L. CIGAR

(UNION MADE)

Western Cigar Factory
Thomas Lee, eigandi Winnipeg

Redwood Lager og Extra Porter

Styrkið taugarnar með því að drekka eitt staup af öðrum hvorum þessum ágæta heimilis bjór, á undan hverri máltíð. — Reynið !!

EDWARD L. DREWRY Manufacturer & Importer Winnipeg, Canada.

"Nú — nei, þú veizt það auðvitað ekki. Hún dó í gær".

"Dáin? Fallega, unga konan — dáin?" sagði Haworthy, frá sér numin af undrun.

"Ég sé, að forlög hennar hafa áhrif á þig, herra".

"Já, hver skyldi geta verið laus við þau, sem hefir þekt hana sem Láru Brown. Hún var það fegursta, sem guð hefir skapað á þessari jörð. Það kom okkur öllum saman um".

"Það var hún enn þá fyrir 6 vikum síðan, þegar ég sá hana", sagði Wright.

"Nú, svo þú hefir séð hana, herra?"

"Já", og nú sagði njósnarinn honum ágrip af ferðasögu sinni til Auchertown.

"Nú, jæja", sagði hinn, þegar njósnarinn þagnaði, "en hvers vegna ætlarðu nú að fara þangað?"

"Það skal ég segja þér. Það voru athugaverðar kringumstæður, sem vöktu athygli mitt þenna stutta tíma, sem ég dvaldi þar, og þær voru þessar: Hr. Graham, sem sýndi mér stofnanina og hélt mig vera vin Sir Arthurs — eða hr. Robins, sem hann lét kalla sig þar — sagði um lafði Redleigh, að það væri merkilegt, að líkami hennar yæri, og hefði verið, óvanalega hraustur. En eigandi stofnunarinnar, hr. Raebell, sem auðvitað þekkir Sir Arthur undir sínu rétta nafni, og þess utan vissi, að ég var honum ókunnur, sagði við mig — eftir að hann hafði talað við Sir Arthur í einrúmi, vel að merkja — að hún þjáðist af hættulegum sjúkdómi, og gæti dáið án augnabliks fyrirvara nær sem væri".

"Nú, þetta voru athugaverðar mótsagnir", sagði Haworthy.

"Já, mjög athugaverðar, og gættu svo að einu: Min eigin eftirtekt var samhljóða umsögn hr. Grahams, sem auðvitað hefir litla þýðingu af því ég er ekki inni í lækningafræði — en aðstoðarlæknirinn

hafði enga ástæðu til að táldraga mig og segja ósatt".

"Jæja, en hvaða ástæðu gat hinn haft?"

"Það skal ég segja þér. Ég lézt koma að sjá stofnanina í því skyni, að koma þar fyrir ættingja minum. Þar af leiðandi gat dr. Raebell búist við, að sjá mig aftur, og það oftar en einú sinni, ef til vildi. Ef hann því — ég segi að eins ef — hefir hugsað það mögulegt, — ég vil ekki kalla það klókindi — að hann vildi búa mig undir það, að ég sæi hana ekki lifandi, þegar ég kæmi næst".

Haworthy veitti þessari skoðanakeðju minni glögt athygli, og gat ekki fundið neinn galla á henni. "Það er þá meining þin, að dauði lafði Redleigh sé, — sé —".

"Ég hefi enn enga fasta meiningu, herra, en álit, að máleini þetta þurfi nánari rannsókna, og það var alvarleg ósk Fatheringham lávarðar, að þú hjálpaðir mér eftir megni". Svo sagði hann honum frá tilhögun áforms sins.

"Nú", sagði hinn hikandi, "eins og þú sérð, er ég að fara af stað til Danmerkur".

"Þú varst búinn að ákveða að ferðast til Danmerkur, af því þú hélt að alt væri úti milli þín og ungfrú Grosse", sagði njósnarinn djarflega. "Fylgdu mér til Skotlands, og ég skal lofa þér því, að alt skal lagast aftur, og þú verða eins ánægður og þú áður varst".

13. KAPÍTULI.

Úr dagbók hins brjálaða.

— "Ég sé með undrun, að ég hefi ekki skrifað eitt orð í dagbókina mína síðan ég endaði frásögnina um síðustu heimsókn mína hjá dr. Raebell. Það er einkennilegt, að ég skuli nú byrja á því aftur, eftir að ég er kominn undir hans eftirlit. Ég nenni samt ekki, að byrja aftur þar, sem ég hætti síðast. Heppileg ósvifni útvegaði mér fararleyfi frá Sir Arthur. Katrínu kvaddi ég innilega, og þar eð ekki tjáði að yfirgefa hana fyrir fult og alt, afréðum við að skiftast á bréfum í gegn um pósthúsið í Stolne. Ég sagðist koma aftur og sækja hana, undir eins og ég hefði fundið veitingahús, sem við gætum fengið og sezt að í, þegar hr. Haworthy og ég fundumst í eimreiðarvögnunum, komum við okkur saman um hernaðaraðferð okkar. Ég átti að vera elzti bróðir hans, og heimili okkar vera í Glasgow.

"Þar verðum við að ná í læknisvottorð", sagði ég, "og þess vegna verðum við að leigja þar nokkur herbergi strax og við komum þangað. Við verðum líka að fara í búðirnar til að kaupa kvenfatnað".

"Til hvers?" spurði hann, alveg hissa.

"Af því ég vil fá að vera í kvennadeildinni" sagði ég, "þar fæ ég bezt tækifæri til að gera rannsóknir mínar".

"Já, en þú ímyndar þér þó ekki, að þú getir

narrað eigandann með tilliti til kynferðis þíns? Sem læknir sér hann auðvitað strax að þú ert karlmaður", sagði Haworthy.

"Efunarlaust, og því má heldur ekki hylja dularbúning fyrir honum. Áform mitt er mjög einfalt. Brjálsemi mín er innifalin í vitlausri hugsan, þeirri, að ég sé kvenmaður, alveg sama hvaða kvenmaður, við getum sagt, María Stuart Skotadrotning. Þú verður því að flytja mig til stofnanarinnar sem konu, og segja dr. Raebell að ég verði bandóður undir eins og ég heyri það, að einhver áliti mig karlmann. Af þessari ástæðu gerirðu það að skilyrði fyrir veru minni þar, að ég sé látin í kvennadeildina, og að öllum sé sagt, að ég sé kvenmaður"

Hann hlustaði á mig með eftirtekt og samþykti ráðabrugg þetta. Ég sagði honum svo frá öllum ætlunum minum, smáum og stórum, og alla leiðina til Glasgow töluðum við ekki um annað. Óðruhvoru varð ég þess var, að fylgdarmaður minn var þungt hugsandi. Hann hefir efalaust verið að hugsa um það, sem fyrir hann hafði komið síðustu dagana, og svo um loforð mitt viðvíkjandi unnustu hans. Við komum til Glasgow um miðja nótt, og fórum á það hótel, sem ég hafði verið á, þegar ég var þar síðast. Undir eins og sölubúðir voru opnaðar, fórum við út í bæinn. Fyrst litum við á herbergi þau, sem auglýst voru til leigu í skrautlegri hluta bæjarins, síðan fórum við þangað, sem leikhússbúningar eru seldir, til þess að fá mátulegan kvenklæðnað handa mér. Þegar við vorum búnir að fá hann, fórum við þangað, sem nærfatnaður kvenna var seldur, keyptum nokkuð af honum og fórum svo til herbergja þeirra, sem við höfðum tekið á leigu. Að því búnu fór Haworthy að leita læknis. Hálfri stundu síðar kom hann með tvo myndarlega menn,



Ertu að hugsa um að kaupa reiðhjól? Ef svo er þá komstu eftir hver býr til beztu hjólin. Margar hjólateg. eru til sölu, en sem ekki hafa verksmiðju nafn á sér. Slík hjól ern ekki ábyggileg, efnið er óvandað, svo að verksmiðjurnar blygðast sín fyrir að láta vita, hver hafi búið þau til. Canada Cycle & Motor Co., Ltd., hefir trygt sér álit með eftirtöldum reiðhjólum:—

CLEVELAND RAMBLER — BRANTFORD PERFECT — MASSEY IMPERIAL

Canada Cycle & Motor Co., Ltd., Winnipeg.
147 PRINCESS STREET. Heimsins Beztu Reiðhjóla-smiðir.

Kvikmyndir af kirkjuþinginu.

(Frá fréttaritara Hkr.).

ÞINGID SETT.

Þingið var sett með vanalegri athöfn. Fyrst var kyrjaður þingsetningarsálmur, þá prédikað af forseta kirkjufélagsins séra B. B. Jónsson; síðan gengu þingmenn innar og fólk þeirra og að því búnu var þingið sett af forseta.

SVIPUR ÞINGSINS.

Mönnum var mest forvitni á að vita, hver mundu örlög nýju guðfræðinnar á þessu þingi, og voru margar spár um það, ýmis að hún yrði gerð ræk úr félaginu eða látin í friði. Af þinginu var ekki gott að henda mið um það. Þingið var ærið þykkjuþungt á svipinn, þegar það kom saman. Þingmenn kaldranalegir og fáláti innbyrðis, hnykluðust til sæta eftir skoðunum nokkuð svo, og sátu óvenjulega þöglir í málhvíldum á þingfundunum. Það var greinilega illt í þeim, en af því var ekki mark hafandi. Við öðru vart að búast. Þeir voru nýkomnir úr snarpri kosninga baráttu, sem háð hafði verið opinberlega viðsvegar um safnaðarlögin milli gömlu og nýju guðfræðinnar með hinu mesta ofstæki og frekju, og glímuskjálftinn var enn á þeim. Leikar höfðu líka farið svo, að allar horfur voru á, að þetta yrði ekki síðasta orrahríðin innan félagsins, og má nærri geta, hve sú tilhugsun sé skemtileg safnaðafulltrúunum, sem flestir eru leikmenn ólærðir, og til að geta, þykir allur stefnumunurinn vera sama sem að deila um geitarhár eða keisarans skegg.

NÝJA GUÐFRÆÐIN.

Gamla guðfræðin hélt velli í þeirri sennu — engum hafði raunar komið annað til hugar, — en sigur hennar var nauða-áþekkur sigri Pymhusar Epirusskonungs á Rómverjum, eindreginn vottur þess, að hún mundi ekki æfinlega eiga sigri að hrósa. Nýja guðfræðin hlaut ⅓ hluta safnaðarkjörinna sæta á þinginu í þessari fyrstu atrennu, og má segja að hún hafi fiskað langt fram yfir allar vonir, þegar þess er gætt, að orðsins þjónar eru svo gott sem allir á einu bandi á móti henni. Kosningarúrslitin eru órækur vottur þess, að jarðvegurinn sé góður fyrir hana hér vestan hafs, sami jarðvegurinn og heima á Fróni, þar sem hún ræður nú lögum og lofum.

FYRIRLESTRAR.

Af fyrirlestrunum þótti helzt mega marka, að ekki mundi meiri hlutinn ætla sér, að skera nýju guðfræðina niður innan félagsins. Þeir voru fluttir af stillingu og ofurkappslaust.

Menn hlustuðu á gamla forsetann, séra Jón Bjarnason, flytja "apologiam pro vita sua" (vörn fyrir æfiferil sinn) með hinni mestu athygli og eftirvæntan. Þeir, sem höfðu búist þar við að heyra svarralega ádeilu á nýju guðfræðing, varð ekki að trú sinni. Fyrirlesturinn var ádeilulaus að mestu, hlutvönd frásögn af mönnum og málefnum, sem snortið höfðu ræðumanninn um dagana, og afskifti hans af þeim, harla fróðlegur í kirkjusögulegu tilliti, og líkaði vel.

Sömu hófsemi gætti málsheifandinn um gildi ritningarinnar, séra Kristinn Ólafsson, sem flutti erindi sitt og fyrir fullri kirkju. Hann bað menn gjalda varhuga við nýju guðfræðinni. Hún þættist halda sér við Kristsmyndina, eins og hún kæmi fram í ritningunni, en breytileg væri myndin, sem hún þættist finna þar. Sumar greinir nýju guðfræðinnar næmu úr myndinni eingetnaðinn, aðrar upprisuna o. s. frv.; svo þegar öllu væri á botninn hvolft, yrði myndin ekki nema tóm skáldskapar hugsjón, blóðlaus og merglaus. Þá færði hann rök fyrir innblæstri ritningarinnar af orðum lausnarans sjálfs og ritningunni, og lauk máli sínu með því að sýna fram á, að nýja testamentinu væri hætt, ef rýrt væri gamla testamentið, hvort stæði með öðru.

Eftir nokkrar marklitlar umræður, bað séra Friðrik J. Bergmann sér hljóðs, postuli nýju stefnunnar. Hann bað menn hafa hugfast, að hann væri ekki að þrengja eða skipa mönnum til neinnar skoðunar. Öllum frjálst, að hafa hvaða skoðun sem líkaði fyrir sér; vildi að eins sama rétt sér og öðrum til handa, er hagnýta vildi sér niðurstöðu bibliulegra visinda við íhugun ritningarinnar. Hann væri málsheifandæ að mörgu samþykkur, svo sem um innblástur ritningarinnar, að því er til trúarefna tæki.

En margt væri annars eðlis, eins og málsheifandi hefði og tekið fram, og sumt af því hneykslaði trú manna og væri til ásteytingar. Hann vildi hafa leyfi til að segja fólki, að því þyrfti það ekki að trúa. T.a.m. tryði hann ekki, að Bileams asna hefði talað, þó í ritningunni stæði; ekkert sáluhjálparatriði heldur að trúa því. Eins væri lögmál þrælabaldsins ekki innblásið af guði í ritninguna, heldur af tíðaranda eða hugsunarhætti manna á þeim tímum, sem ritin væru frá, og sama væri að segja um spámennina. Það væri ofætlun nútíðarmanni, að trúa öllu í þeim, eins og t.d. því, að drottinn hefði boðið spámanninum, að baka brauð við mannasaur, og þá við mykju, er hann hefði færst undan hinu fyrra. Slíka ásteytingarsteina vildi hann hafa leyfi til að taka úr götu manna, til að hjálpa þeim til að komast til sanntar trúar.

William Paulsson lýsti andvarahausum æskuárum sínum og síðan aðfarir hvarfinu til kristilegrar trúar. Hafði þá "orðið bilt" við, er hann tók eftir því, að nýja testamentið stæði og félli með gamla testamentinu, því hann hafði heyrt að það væri svo skrambi ótrúlegar sögur í hinu síðarnefnda, — ræðumaðurinn virtist ekki vita, að það eru í báðum sáttmálunum. En séra Friðrik J. Bergmann hefði komið öllu í gott lag fyrir sér með fyrirlestri, sem kendi honum, hvernig taka ætti þar saman, og síðan hefði hann sannfærst æ betur og betur um það, að sama hlyti að ganga yfir bæði testamentin.

Séra Fjeldsted þótti kenna kulda í umræðunum; sagðist eitt sinn hafa orðið orðlaus. Hann hefði verið spurður að, af hverju hann vissi, að guð væri góður. Langaði helzt til að segja eitthvað fallegt við útfarir.

Séra Jóhann Bjarnason lét illa yfir guðshugmynd sumra manna. Þeir ímynduðu sér guð eins og jarðneskan ofboð stóran mann á lafafrakka og með pípuhatt og staf í hendi. Þeim skildist ekki, að fyrir honum væri allir hlutir jafngöfugir, — maðurinn, mykjan og saurinn, skildist mér hann eiga við.

Enn var margt fleira skrafað, og svo lauk umræðunum, að gildi ritningarinnar var jafnóákveðið eftir sem áður.

(Framhald).

Ennþá ný undur.

Þessar 2 miliónir manna, sem lesa blaðið "Saturday Blade", munu gleðjast að sjá þær fréttir í blaðinu, sem út kom laugardaginn þann 19. júní 1909, að útgefandi blaðsins er að búa sig undir leiðangur til Afríku, í þágu lesendanna.

Ljósmyndavélin er nú orðin eitt hið mesta undur á sjónarsviði myndlistarinnar. Hún gerir manni nú orðið auðvelt, að ná nákvæmum myndum af einu og öðru, sem er í fjarlægð svo milum skiftir. — Nýleg hefir myndatökumaður tekið mynd af fjallshlíð, sem var 40 milur burtu frá honum. Myndtakarinn sá ekkert af fjallshliðinni nema stærstu hamrabelti. En myndavélin sýndi gistihús þar, með dyrum og gluggum. Þessi myndtökuvél er bæði sjónauki og myndtakari í senn.

Herra Boyce, útgefandi blaðsins, ætlar að hafa með sér margar af þessum stærstu og beztu vélum, til Afríku. Ennfremur ætlar hann að flytja með sér loftskip. Á loftskipum þessum ætlar hann að stíga svo hátt í loft upp, að hann sýgi ekki myndtökusvæðið að mun, þaðan af síður þá hluti og skepnur, sem það geymir. Þannig lagaðar myndir ætlar hann að láta blað sitt flytja lesendunum. Myndir þessar verða af innfæddum villimannaflokkum, bústöðum þeirra, og villidýrum, sem í kring um þá eru. Einnig fjöll og gljúfur, grundir og merkur, gil og læki, vötn og fljót, ásamt ótal fleiru, sem bæði er þekt og óþekt.

Eftirfylgjandi grein um leiðangur Boyces til Afríku, flyturChicago Tribune fyrir stuttu síðan:

"W. D. Boyce, útgefandi Saturday Blade og Chicago Ledger, ætlar að ferðast um svörtustu Afríku og ætlar að veiða villidýr og annað á loftskipum. Hann hefir með sér flokk fylgdarmanna, og byrjar för sína 1. september í haust. — Þetta er sú fyrsta rannsóknarför, sem farin hefir verið með þessum útbúnaði. Búist við, að hún standi yfir eitt ár.

Í gærdag lýsti Boyce hvernig hann hugsar sér að haga för þessari. Hann er fróður um brezku nýlendurnar í austur Afríku, staðina Mombasa, Nairobi og fleiri, þar sem Roosevelt er að ferðast nú. Hann býst við að taka til starfa í Mombosa, svo framarlega að árstíðir hamli ekki. En þá ætlar hann að rannsaka Abyssiníu og kringumliggjandi staði. Hann býst við miklum árangri af för sinni, og að hún skýri dýra- og jurtalíf í temprada hitabeltinu þar syðra, sem menn hafa óljós hugmynd um ennþá.

Um æðilangan tíma hefi ég verið að hugsa um með sjálfum mér, að fara rannsóknarför til Afríku. Mig langar til að ná myndum þar af lifandi og dauðu, og hugsa mér að gera það í loftbát. Þær myndir hefi ég hugsað mér að birta í vikublöðum mínum.

Ég ætla að leggja af stað eins fljótt og ég kem því við. Vil fara að heiman um 1. september. Lendingarstað hefi ég ákveðið Mombasa, og ætla að hlýta ráðum W. N. McMillans, sem á þar miklar lendur. Ég er ekki æðður loftfari, enda þó ég sé mjög gefinn fyrir þá fræðigrein. Ég er heldur ekki myndtökumaður.

Ildo Ramsdell, snillingur í myndtökufræði, og sem ég er kunnur um fleiri ár og hefir ferðast fyrir mig afarvíða, fer að líkindum með mér og sér um myndtökurnar. Hann er þar að auki efnafræðingur og vélafræðingur.

Ég ræð loftsiglingamann til fararinnar héðan, og kannske annan frá Frakklandi. Heilmargir enskir hermenn verða í förinni. Enn þá veit ég ekki, hverjir þeir eru. En þegar ég kem til baka frá Englandi, hefi ég samið við þá. Læknir fyrir leiðangurinn og leiðsögumaður verða úr Nairobi.

Loftsiglingamenn segja mér, að ég þurfi ekki stærri loftför en svo, að 2 menn geti borið hvert á milli sín. Efni til að búa til gas úr, ætla ég að flytja með mér. Það er hægt að búa til gas úr járnsvarfi, sem vel má brúka fyrir loftbáta í Afríku. Það er léttara í sér enn alt annað gas, og áhöldin, sem búa það til, eru ekki fyrirferðarmikil.

Ég veit enn þá ekki, hvort við ferðumst í loftbátum milli staða. Það er undir veðurstöðu komið. Við getum stigið 1000 fet í loft upp á bátunum, og ef flugur og yrmlingar ama okkur á jörðu, getum við sofið fyrir ofan þá í loftinu, og fyrir ofan ryk og mistur, sem flytur sóttkveikjur og óholt loft. Ég hefi hugsað mér að hafa loftskeyta útbúnað á loftbátum minum, og standa í sambandi við fréttastöðvar meðfram ströndinni, ef mögulegt er. — Ég mundi meta það mikils, að vera á bát uppi í loftinu, þá þrumur og eldingar eru. Það hlýtur að vera tilkomumikil sjón.

Boyce er nú 47 ára gamall, og er marg-þvældur veiðimaður, og vanur við misjafnt. Árið sem leið fór hann veiðiför norður að James Bay, og fór þá í einum rykk 300 milur eftir Hudsons Bay óbygðunum, í mjög köldu veðri. Margt fleira hefir hann gert þessu líkt. Hann hefir ferðast um neðri Mexico og Yocatan, á meðal fjallabúa þar. Hann hefir farið leiðangur til Peru. Fyrir löngu síðan ferðaðist hann í Alaska með Indíána leiðsögn. Hann hefir einnig ferðast um Suðurhafseyjar, og farið nær því hringinn í kring um hnöttinn. Hann er því enginn viðvaningur í ferðalagi, og má vænta mikils árangurs af hinni fyrirhuguðu för hans til Afríku. Ildo Ramsdell er þaulæfður ferðalangur líka, og ákjósanlegur félagi Boyce í þessa för. Boyce var í Winnipeg fyrir 25 árum, þá félagi Jos. E. Steen í blaðaútgáfu. Nú er hann talinn meðal miliióna eigenda í Bandaríkjunum. — (Lauslega þýtt).

A. J. Johnson

skýrir frá því, að hann hafi tekið mig tali á skrifstofu Heimskringlu fyrir nokkru. Það er satt, að fundum okkar bar þar saman, ekki alls fyrir löngu, og stóð ég hann þar að miður ráðvandlegu verki, er hann var í algerðu heimildarleysi að hnýsast í smágrein þá, sem Heimskringla flutti honum frá mér skömmu síðar. Ég gleymi því seint, hve fljótur hann var að leggja greinina frá sér, er hann kom auga á mig, og hörfa frá ritstjóraborðinu, sneyptari en frá megi segja. Honum varð orðfall um stund, en þegar hann fékk máliið, var hann óspar á vizku sinni um póstspjöldin sín og fleira.

Einkum er mér það minnisstætt, hve hann var hróðugur yfir því, að hafa valið Jóni Sigurðssyni einkunnarorðin: "Vér mótmælum allir". Hann sagði, að mörgum þætti þau betri heldur en orðin: "Aldrei að víkja". En ég sagði honum þá eins og var, að þessi fyrgreindu orð væru ekki eftir Jón Sigurðsson, og kom honum það að visu algerlega á óvart, en treystist þó ekki til að mótmæla því. Ég hefi getið þessa hér vegna þess, að Ágúst hefir að fyrrabragði gert samtal þetta að blaðamáli og látið mikið yfir því.

Ekki hefir Ágúst tekist að hagga við ummælum mínum um póstspjöldin, en einu atriði hefir hann reynt að mótmæla, þar sem hann segir:

"Þeirri staðhæfingu hr. B.S., að vísan, sem hann tilfærir eftir E. Benediktsson, sé ranglega stafsett, svo meiningin raskist, mótmæli ég. Vilji B.S. halda áfram, að bera fram þá fjarstæðu, vildi ég ráðleggja honum í bróðerni, að vera eitt ár í viðbót á latínuskólanum í Reykjavík, til að læra lestur og stafsetningu".

Við þetta leyfi ég mér að gera þá athugasemd, að A. J. J. eykur hér í staðhæfingu, sem mér hefir aldrei til hugar komið, og þarf blygðunarlausa óskammfeilni til að rangfæra svo prentuð ummæli frammi fyrir þúsundum manna. Mér hefir aldrei til hugar komið, að "meiningin"(!) hafi raskast í vísunni, heldur rímið, og ég endurtek það.

Ágúst þarf ekki að hlutast til um skólagöngur mínar; ég er nógu vel að mér til þess að ráða niðurlögum hans, hvar og hvenær, sem vera skal.

En þess sannmælis skal ég unna honum, að hann er mér stórum fremri í því, sem hann er ríkastur af, en það er sjaldgæf lítilmenska og tuddalegasti ódrengskapur.

Baldur Sveinsson.

TIL SÖLU:

Maður eða kona. Mitt Suður Afríku landgjafar-ávísunar skírteini, gefið út af Innanríkisdeildinni í Ottawa, gildir fyrir 320 ekrur af hvaða ríkislandi sem opið er til heimilisréttartöku í Manitoba, Alberta eða Saskatchewan. — Hver persóna, yfir 18 ára að aldri,—maður eða kona,—getur fengið landið með því að kaupa þetta skírteini fyrir $800.00 — Skrifið eða Símið strax til

L. E. TELFORD,
131 SHUTER ST. — TORONTO, ONT.

LEIÐBEININGAR--SKRÁ
YFIR ÁREIÐANLEGA VERZLUNARMENN Í WINNIPEG

MUSIC OG HLJÓÐFÆRI
CROSS, GOULDING & SKINNER, LTD. 323 Portage Ave. Talsími 4413
MASON & RISCH PIANO CO., LTD. 356 Main Stree Talsími 480 W. Alfred Albert, Íslenzkur umboðsmaður
WHALEY ROYCE & CO. 356 Main St. Phone 263 W. Alfred Albert, búðarþjónn.

BYGGINGA- og ELDIVIÐUR.
J. D. McARTHUR CO., LTD. Bygginga- og Eldiviður í heildsölu og smásölu. Sölust: Princess og Higgins Tals. 3000, 3001, 3002

MYNDASMIÐIR.
G. H. LLEWELLIN, "Medallions" og Myndarammar Starfstofa Horni Park St. og Logan Avenue

SKÓTAU Í HEILDSÖLU.
AMES HOLDEN, LIMITED. Princess & McDermott. Winnipeg.
THOS. RYAN & CO. Allskonar Skótau. 44 Princess St.
THE Wm. A. MARSH CO. WESTERN LTD. Framleiðendur af Finu Skótaui. Talsími: 3710 88 Princess St. "High Merit" Marsh Skór

RAFMAGNSVÉLAR OG ÁHÖLD
JAMES STUART ELECTRIC CO. 324 Smith St. Talsímar: 8447 og 7802 Fullar byrgðir af alskonar vélum.
GOODYEAR ELECTRIC CO. Kellogg's Talsímar og öll þarafölt. áhöld Talsími 3023. 86 Albert St.

RAFMAGNS AKKOKÐSMENN
MODERN ELECTRIC CO 412 Portage Ave Talsími: 5658 Viðgjörð og Vir-lagning — allskonar.

BYGGINGA - EFNI.
JOHN GUNN & SONS Talsími 1277 266 Jarvis Ave. Höfum bezta Stein, Kalk, Cement, Sand o. fl.
THOMAS BLACK Selur Járnvöru og Bygginga-efni allskonar 76—82 Lombard St. Talsími 600
THE WINNIPEG SUPPLY CO., LTD. 298 Rietta St. Talsímar: 1936 & 2187 Kalk, Steinn, Cement, Sand og Möl

BYGGINGAMEISTARAR.
J. H. G. RUSSELL Byggingameistari. Í Silvester-Willson byggingunni. Tals: 1068
PAUL M. CLEMENS Byggingar - Meistari, 443 Maryland St. Skrifst.: Argyle Bldg., Garry st. Talsími 8997

BRAS- og RUBBER-STIMPLAR
MANITOBA STENCIL & STAMP WORKS 421 Main St. Talsími 1880 P. O. Box 244. Búum til allskonar Stimpla úr málmi og togleðri

VÍNSÖLUMENN
GEO. VELIE. Heildsölu Vínsali. 185, 187 Portage Ave. E. Smá-sölu talsími 352. Stór-sölu talsími 684.

STOCKS & BONDS
W. SANFORD EVANS CO. 326 Nýja Grain Exchange Talsími 3696

ACCOUNTANTS & AUDITORS
A. A. JACKSON, Accountant and Auditor Skrifst.—28 Merchants Bank. Tals.: 5702

OLÍA, HJÓLÁS-FEITI OG FL.
WINNIPEG OIL COMPANY, LTD. Bíla til Stein Olíu, Gasoline og hjóláS-áburð Talsími 1390 611 Ashdown Block

TIMBUR og BÚLÖND
THOS. OYSTAD, 308 Kennedy Bldg. Viður í vagnhlössum til notenda, búlönd til sölu

PIPE & BOILER COVERING
GREAT WEST PIPE COVERING CO. 132 Lombard Street.

VÍRGIRÐINGAR.
THE GREAT WEST WIRE FENCE CO., LTD Alskonar virgirðingar fyrir bændur og borgara, 76 Lombard St. Winnipeg.

ELDAVÉLAR O. FL.
McCLARY'S, Winnipeg. Stærstu framleiðendur í Canada af Stóm, Steinvöru [Granitewares] og fl.

ÁLNAVARA Í HEILDSÖLU.
R. J. WHITLA & CO., LIMITED 264 McDermott Ave Winnipeg "King of the Road" OVERALLS.

BILLIARD & POOL TABLES.
W. A. CARSON P. O. Box 225 Room 4 1 Molson Banka. Öll nauðsynleg áhöld. Ég gjöri við Pool-borð

NÁLAR.
JOHN RANTON 203 Hammond Block Talsími 4670 Sendið strax eftir Verðlista og Sýnishornum.

GASOLINE Vélar og Brunnborar
ONTARIO WIND ENGINE and PUMP CO. LTD 301 Chamber St. Sími: 2988 Vindmillur -- Pumpur -- Agætar Vélar.

BLÓM OG SÖNGFUGLAR
JAMES BIRCH 442 Notre Dame Ave. Talsími 2638 BLÓM - allskonar. Söng fuglar o. fl.

BANKARAR, GUFUSKIPA AGENTR
ALLOWAY & CHAMPION North End Branch: 667 Main street Vér seljum Avísanir borganlegar á Íslandi

LÆKNA OG SPITALAÁHÖLD
CHANDLER & FISHER, LIMITED Lækna og Dýralækna áhöld, og hospitala áhöld 185 Lombard St., Winnipeg, Man.

MARKET HOTEL
146 PRINCESS ST. Á móti markaðnum
P. O'CONNELL, eigandi, WINNIPEG
Beztu tegundir af vínföngum og vindlum, aðhlynning góð húsið endurbætt

Woodbine Hotel
Stærsta Billiard Hall í Norðvesturlandinu
Tíu Pool-borð.—Alskonar vín og vindlar
Lennon & Hebb,
Eigendur.

JOHN DUFF
PLUMBER, GAS AND STEAM FITTER
Alt verk vel vandað, og verðið rétt
664 Notre Dame Ave. Phone 3815
Winnipeg

Sendið Heimskringlu til vina yðar á Íslandi.

Department of Agriculture and Immigration.

MANITOBA

Þetta fylki hefir 41,169,089 ekrur lands, 6,019,200 ekrur eru vötn, sem veita landinu raka til akuryrkjuþarfa. Þess vegna höfum vér jafnan nægan raka til uppskeru tryggingar.

Ennþá eru 25 miliónir ekrur óteknar, sem fá má með heimilisrétti eða kaupum.

Íbúatala árið 1901 var 255,211, nu er nún orðin 400,000 manns, hefir nálega tvöfaldast á 7 árum.

Íbúatala Winnipeg borgar árið 1901 var 42,240, en nú um 115 þúsundir, hefir meir en tvöfaldast á 7 árum.

Flutningstæki eru nú sem næst fullkomin, 3516 mílur járnbrauta eru í fylkinu, sem allar liggja út frá Winnipeg. Þrjár þverlandsbrauta lestir fara daglega frá Winnipeg, og innan fárra mánaða verða þær 5 talsins, þegar Grand Trunk Pacific og Canadian Northern bætast við.

Framtíð fylkisins er sjáanleg hvar sem litið er. Þér ættuð að taka þar bólfestu. Ekkert annað land getur sýnt sama vöxt á sama tímabili.

TIL FERDAMANNA:

Farið ekki framhjá Winnipeg, án þess að grenslast um stjórnar og járnbrautarlönd til sölu, og útvega yður fullkomnar upplýsingar um heimilisréttarlönd og fjárgróða möguleika.

R. P. ROBLIN,
Stjórnarformaður og Akuryrkjumála-Ráðgjafi.

Skrifið eftir upplýsingum til
Joseph Burke, 178 LOGAN AVE., WINNIPEG. Jas. Hartney 77 YORK ST., TORONTO.

TIL R. J. D.

Af því svo lítið í skáldskap ég skil,
ég skammast mín að segja þú sért velvirk. —
En heyrðu nú, góða, hvar heldur þú til —
hvort ert þú í Brandon eða Selkirk?

ALDREI SKALTU geyma til morguns sem hægt er að gera í dag. Pantið Heimskringlu í dag.

Vér Höfum Aðeins EITT Járn í Eldinum

og úr því búum vér til MAGNET skilvinduna, og vér eyðum öllum tíma vorum til þess. Þess vegna getum vér ábyrgst að skilvinda vor sé gerð úr hinu bezta efni. MAGNET skilur ágætlega vel — það sannar hún sjálf á degi hverjum.



Hér fer á eftir vottorð:

Bertdale, 11. júní, 1909.

Mr. G. W. Rife, umboðsm. fyrir
The Petrie Mfg. Co., Ltd.,
Foam Lake, Sask.

Kæri herra! Í tilefni af því, að ég keypti af yður Nr. 2 Magnet skilvindu í fyrra, er mér ánægja að láta yður vita, að ég er mjög ánægður með hana, vegna þess, hve auðtur hún er endingargóð, skilur vel og er létt í snúningi. Þegar ég athuga alt þetta, og yðar góðu og ljúfmannlegu viðskifti. þá er ég sannfærður um, að þér munið hafa mikla ástæðu að verslun yðar á þessu sumri. Með mikilli virðingu.

(Sgd.) J. Einarsson.

MAGNET á sér engan líka, að öllu athuguðu. Hver hluti er nógu sterkur til að endast lífstíð. Það er enginn galli á henni. Allar skilvindur eru jafnsterkar eins og veikasti hluti þeirra. MAGNET hefir ekkert veika þarta. Hver hluti er gerður sterkur og endingargóður. — Vér biðjum alla tilvonandi viðskiftavini, að skoða MAGNET skilvinduna, svo að þeir sannfærist um, að ummæli vor eru sönn.

The Petrie Mfg. Co., Limited
WINNIPEG
HAMILTON. ST. JOHN. REGINA. CALGARY.

Brúkaður Fatnaður

MESTA ÚRVAL ÆTÍÐ Á REIÐUM HÖNDUM. KOMIÐ VIÐ HJÁ OSS OG SKOÐIÐ FÖTIN.

THE
OXFORD

Brúkaðrafata fél.
Phone 6162.
532 NOTRE DAME AV.
Vér kaupum og seljum föt.

SKÓR
EKKERT NEMA SKÓR

Vér takmörkum starf vort við skóverslun eingöngu og höfum stærstu skóverslun í borginni. Vér höfum mestar og bestar skóbyrgðir í þessari borg. Skór vorir eru alt sem óskað er eftir, í lögun, efni, sniði og endingu.

Í ÞESSU ERU VORIR YFIRBURÐIR:

Vér seljum beztu skó með lægra verði en aðrir. Að kaupa þá hér þýðir beinn peningasparnaður fyrir yður, bæði á skóm og skildingum. —

Ryan-Devlin Shoe Co
494 MAIN ST. PHONE 770.

TIL SÖLU í Selkirk.

Íbúðarhús 20x14 fet, tvíloftað, og með eldhúsi 20x12 og fjós 18x 20 fet, og aðrar byggingar,— alt á tveim 66 feta lóðum. Verð $750, virði $1200. Sjá H. Ólafsson, 704 Simcoe St.

Nýji Vor-fatnaðurinn þinn.

EF HANN KEMUR FRÁ CLEMENT'S — ÞÁ ER HANN RÉTTUR.

Réttur að efni, réttur í sniði réttur í áferð og réttur í verði.

Vér höfum miklar byrgðir af fegurstu og beztu fataefnum. —

Geo. Clements & Son
Stofnað árið 1874
264 Portage Ave. Rétt hjá FreePress

MORÐFRÉTT.

Þann 1. júlí skaut S. Haines bónda að nafni A. D. Fraser, nálægt Margo, Sask. Haines sat fyrir honum á akri, þar sem hann var að plægja, og skaut 3 skotum. Hitti hestinn fyrst, manninn í öðru og molaði höfuð hans í 3. skoti. Missáttin virðist hafa stafað af því, að Haines hafi krafist fjár af Fraser. Morguninn eftir gafst morðinginn upp fyrir varðliðinu, sem umkringdi hús hans. Hann sér eftir, að hafa ekki haft tíma til að drepa 4 aðra menn áður enn hann var handsamaður. — Hann er 29 ára, ættaður úr Ontario, og hefir búið 3 ár þar vestur frá. Hann hafði 2 byssur og eina skammbyssu í húsinu og nóg af skotfærum, þegar varðliðið tók hann. — Manngarmurinn er efalaust djöfulóður, eftir hegðun og tali hans að dæma.

Í "Fornmenjum", kvæði Sig. J. Jóhannessonar nýprentuðu, eru þessar prentvillur: Í 13. er.: Dalinn þar o.s.frv.; les.: Dal einn þar o.s.frv. Í 38. er.: Mærr unz o.s.frv. les.: Mærar unz o.s.frv. Í 46. er.: Dýrð þess nær gekk til viðar; les.: Dýrð þess nær gekk til rýrðar. — Þannig eru þessar hendingar prent aðar í ljóðakveri hans útgefnu 1905, og eru þær þar réttar.

Haft er eftir yfirmanni yfir smiðinu á C.N. og G.T.P. járnbrautastöðvunum hér í Winnipeg, að stöðin verði fullger í febrúarmánuði í vetur komandi.

Í vikunni sem leið kom herra Árni Kristinnsson frá Leslie, Sask., til bæjarins. Hann ætlar að bregða sér suður til Dakota, og fara síðan heimleiðis.

Á föstudagskveldið 2. þ.m. var "rafflað" jarpri hryssu, sem herra Jón Ólson átti. Thorsteinn Thorarinsson kaupmaður hlaut hana.

STÚKAN HEKLA óskar eftir, að sem flestir meðlimir hennar komi á næsta fund, föstudagskveld ið 9. þ.m. Áríðandi málefni verður lagt fyrir fundinn, sem alla meðlimina varðar svo mikils. Þeir ættu því að vera þar.

Herra Guðni Björnsson, frá Cold Springs P.O., Man., var hér á ferð í sl. viku. Hann segir þurviðri svo mikið þar vestra, að gras nái ekki meðal sprettu, nema meira regnfall komi bráðlega. Swan Creek skurðurinn segir hann að hafi gert mikið gagn í uppþurkun landa 5 mílur vegar báðu megin við hann. Hann kvað það vera álit sitt, að ef skurður þessi kæmist upp í Sec. 15 Tp. 20 R 5 vestur, þá mundi það gera allri íslenzku bygðinni ómetanlegt gagn.

Herra Jón Kernested, lögregludómari að Winnipeg Beach og Gimli, var hér á ferð í sl. viku.

Safnaðarfundur

Almennur fundur í Tjaldbúðar-söfnuði verður haldinn fimtudagskveldið í þessari viku (í kveld, 8. júlí) kl. 8. Alvarlegt málefni er á dagskrá. Allir safnaðarlimir beðnir að sækja fundinn.

WELLINGTON GROCERY CO. selja ágætt smjör 20c pd. (28c annarstaðar), egg 2 dúsin 45c, te (Challenger Brand) áður 40c nú 30c pd. (í blikkdósum), laust te 25c pd., — Breakfast Food: Quaker Corn Flake pakkinn 10c, Quaker Rolled White Oats pakkinn 10c, Force 2 pakkar 25c, Ogilvies Rolled Oats 4 pd. 20c, Beaver Rolled Oats með kaupbæti pakkinn 25c, vanalega 30c.

Cor. Wellington og Victor. Talsími 2162. Th. Thórarinsson og H. Bjarnason, eigendur.

Herra John G. Pálmason, sem um sl. 6 eða 7 ár hefir dvalið í Ottawa borg í Canada, kom til bæjarins 30. f. m., og hélt suður til North Dakota þann 1. þ.m., þar sem hann býst við að hafa viðdvöl fyrst um sinn.

Barnum og Bailey Circus lék tvisvar hér í borg þann 1. þ.m. Margir héldu, að aðsókn þar mundi verða lítil, af því að mesti fjöldi fólks sótti skemtiferðir út úr bænum til ýmissa staða. En sú varð raun á, að þó að tjaldið rúmaði 25 þúsundir manna, þá var þar hvert sæti selt löngu áður en byrjað var, og 4 til 5 þús. manns urðu að sitja á jörðunni framan við sætin umhverfis alt leiksviðið. — Það mun láta nærri, að 60 þús. manns hafi sótt skemtun þessa yfir daginn. Sætin kostuðu fyrir fullorðna frá $1.00 til $2.00, en fyrir börn 4—12 ára 50c. Sennilegt er, að félagið hafi tekið 100 þús. dollara úr vösum bæjarbúa þann dag.

Þórður Bjarnason frá Selkirk, með konu sína og barn, kom til bæjarins í sl. viku.

Herra Sigurður Anderson, Pine Valley, kom til bæjarins í fyrri viku. Hann segir fádæma mikla rigningu þar syðra við línuna fyrra mánudag. Í kring um Pine Valley sást ekki á gras í sólarhring á eftir. Svo var rigningin áköf, að fimm gall. dúnkar, sem stóðu á bersvæði, fyltust og flóði út úr þeim. Rigningin stóð yfir frá kl. 9 á mánudagskveld til kl. 4 um morguninn. Á láglendi hefir rigning þessi að líkindum eyðilagt gras og korntegundir.

VANTAR STÚLKU til að hjálpa til við húsverk, verður að sofa heima hjá sér. Vistin er hjá Mrs. McDonald, 200 Furby St.

Herra Jón Hólm, gullsmiður að 770 Simcoe St., biður þess getið, að hann selji löndum sínum gull- og silfur-muni og gigtarbelti. — Belti þessi eru óbrigðul við gigt, ef þau eru notuð samkvæmt fyrirskipunum Jóns, Kosta að eins dollar og kvart.

KENNARA VANTAR

til Geysir skóla No. 776. Kenslutími 6 mánuðir, frá 15. sept. til 15. desember, og frá 1. jan. til 31. marz 1910. Kennarinn verður að hafa 2. próf "Certificate" fyrir Manitoba. Tilboð, sem tiltaki kaup ásamt æfingu, sendist undirrituðum fyrir 30. júlí næstkomandi.

Geysir, Man., 28. júní 1909.
B. JOHANNSSON,
29-7 Sec'y-Treas.

KENNARI

sem tekið hefir annað eða þriðja stigs kennaraleyfi, getur fengið kennarastöðu við Kjarnaskóla No. 647 frá fyrsta september 1909 til april-loka 1910, átta mánuðir. -- Tilboðum veitt móttaka af undirrituðum til fyrsta ágúst 1909.

TH. SVEINSSON.
29-7 Husawick P.O., Man.

VANTAR

góða vinnukonu. Hátt kaup borgað. — Mrs. Wm. A. MARTEL, 161 Maryland street.

C. O. F.

COURT VÍNLAND No. 1146, I.O. of F. heldur fund í Good Templara salnum í kveld (fimtudagskveldið 8. júlí) á vanalegum tíma. Félagsmenn eru hér með mintir á að koma.

K. Stefánsson.

ALLA ÞÁ

lenzku eða myndaspjöldin fyrir sjálfa sig, eða til útsölu, bið ég að snúa sér með pantanir sínar til herra Þorsteins Þ. Þorsteinssonar, 557 Toronto St., Winnipeg, er góðfúslega hefir tekið að sér afgreiðslu á þeim. Einnig eru útsölumenn beðnir að gera reikningsskil til hans við tækifæri.

Þeir, er vildu hafa bréfaviðskifti við mig, áriti bréf til mín: 153—159 S. Jefferson St., Chicago, Ill.

Chicago, 17. júní 1909.
A. J. JOHNSON.

Th. JOHNSON
JEWELER
286 Main St. Talsími: 6606

JOHN ERZINGER
TÓBAKS-KAUPMAÐUR.
Erzinger's skorið reyktóbak $1.00 pundið
Hér fást allar neftóbaks-tegundir. Óska eftir bréflegum pöntunum.
McINTYRE BLK., Main St., Winnipeg
Heildsala og smásala.

Dr. G. J. Gislason,
Physician and Surgeon
Wellington Blk. - Grand Forks, N.Dak
Sjerstakt athygli veitt AUGNA, EYRNA, KVERKA og NEF SJÚKDÓMUM.

Drs. Ekern & Marsden,
Sérfræðislæknar í Eftirfylgjandi greinum: — Augnasjúkdómum, Eyrnasjúkdómum, Nasasjúkdómum og Kverkasjúkdómum. : : :
Í Platky Byggingunni í Bænum
Grand Forks, :: N. Dak.

BILDFELL & PAULSON
Union Bank 5th Floor, No. 520
selja hús og lóðir og annast þar að lútandi störf; útvegar peningalán o. fl.
Tel.: 2685

J. L. M. THOMSON, M.A., L.L.B.
LÖGFRÆÐINGUR. 255½ Portage Ave.

ANDERSON & GARLAND
LÖGFRÆÐINGAR
35 Merchants Bank Bldg. Phone: 1561

BONNAR, HARTLEY & MANAHAN
Lögfræðingar og Landskjala Semjarar
Suite 7, Nanton Block, Winnipeg

Hubbard, Hannesson and Ross
LÖGFRÆÐINGAR
10 Bank of Hamilton Chambers
Tel. 378 Winnipeg

McLEAN HÚSID

Mesta Music-Búð Winnipegborgar

Og höfuð stöðvar fyrir bezta Pianó sem búið er til í Canada. — HEINTZMAN & CO. PÍANÓ hafa fengið meðmæli frá haimsins beztu tónfræðingum, svo sem t. d. Pachmann og Burmeister, og svo hafa aðrir sagt að ekkert annað hljóðfæri í heimi jafnaðist við það. —

J. J. H. McLean & Co LIMITED.

528 Main St. Talsími 808
ÚTIBÚ Í BRANDON OG PORTAGE LA PRAIRIE.

PASTOR

MECHANO-THERAPIST

O. V. GÍSLASON,
PRESTUR OG LÆKNIR
710 Ross Ave, - Winnipeg

Fréttir úr bænum.

Á laugardaginn [illegible] verkstæði Manitoba [illegible] félagsins, sem bygt var [illegible]starlega í bænum fyrir fáum árum. Eftir stendur lítið annað enn stálgrindin. Það er í annað sinn, sem brenna hefir verið hjá þessu félagi. Það selur byggingarefni, og auglýsir í Heimskringlu. Ráðsmaður þess, Wm. Martin segir brennuskaðann nema $60,000, en vátryggingu þess $55,000. Skrifstofur félagsins eru í Union bankanum hér í bæ.

Þann 5. þ.m. byrjaði Tjaldbúðar söfnuður barnaskóla. Börnin nema að eins íslenzku, lestur, réttritun og skrift. Skólinn byrjaði með fullum 20 nemendum, og von á mörgum fleiri. Skóli þessi stendur yfir júlí og ágúst. Kenslutímar 3 kl.tímar fyrir hádegi og 3 síðdegis. Helmingurinn stundar nám fyrri partinn, en hinn helmingurinn seinni partinn. Kennari Sveinn Björnsson. Aðstandendur barnanna borga $2.00 fyrir barnið í kensluláun um mánuðinn. Umsækjendur geta snúið sér til kennarans, 703 Victor St., Winnipeg.

Herra Pétur G. Magnús, frá Chicago, sem nokkrar undanfarnar vikur hefir verið í kynnisför hér norður frá, einkum í Argyle, fór heimleiðis aftur á mánudaginn sar.

Herra Magnús Markússon hefir fengið stöðu hjá Laurier stjórninni. Hann vinnur á Emigration Hall. — Mælt er, að hann eigi að verða "Organizer" meðal Íslendinga nær og fjær í ríkinu, og að stjórnin sé að sauma einkennisbúning handa honum áður enn hann fer í langferðir.

Til Kyrrahafs fóru í skemtiferð héðan úr Winnipeg á mánudaginn í fyrri viku Mrs. Guðlaug Runólfsson og Mrs. Björg Carson, með 3 börn sín.

Piano Recital það, sem nemendur Jónasar Pálssonar héldu í Y. M. C. A. byggingunni á Portage Ave. á miðvikudagskveldið í fyrri viku, segja blöðin hér í borg að hafi verið sérlega gott. Nemendur spiluðu vel, og þau 300 manns, sem voru þar viðstaddir, létu vel yfir skemtaninni.

Herra Guðmundur Norðmann úr Argyle var hér á ferð 1. júlí. Hann lætur vel af öllu þar vestur frá. Kornspretta er hin allra álitlegasta og líkur til, að hveitisláttur byrji ekki mikið seinna en venja er til, þó sáning yrði með seinna móti í vor er leið.

Herra Erlendur Erlendsson, frá Gimli, hefir dvalið í bænum nokkura daga hjá S. Erlendssyni, syni sínum. Hann fór heimleiðis um helgina sem leið.

Rafmagns Straujárn
SPARA YÐUR TÍMA.

Þau eru afar ódýr. Þau frija yður frá endalausum gang og þreytu á heitum sumardögum. Beztu tegundir eru seldar hjá

Gas Stove Dept. Winnipeg Electric Ry. Co.
322 MAIN ST. TALS. 2522

Dr. M. Hjaltason, Oak Point, Man.

Við Prentum

Allt frá hinum minsta aðgöngumiða upp að stærstu bók. Ef þú hefir eitthvað sem þú ætlar að láta stílsetja og prenta, þá komdu með það til okkar svo að við getum sýnt þér hvað lítið það kostar. Við gerum verkið eins og þú vilt og þegar þú vilt.

THE ANDERSON CO.,
PROMPT PRINTERS
COR. SHERBROOKE & SARGENT

S. F. Ólafsson
619 Agnes St. selur Tamarac fyrir $5.50 og $5.75 gegn borgun út í hönd.
Telephone: 7812

Jónas Pálsson,
SÖNGFRÆÐINGUR.
Útvegar vönduð og ódýr hljóðfæri.
460 Victor St. Talsími 6803.

Íslenzkur Tannsmiður,
Tennur festar í með Plötum eða Plötulausar. Og tennur eru dregnar sársaukalaust með Dr. Mordens sársaukalausu aðferð
Dr. W. Clarence — Tannlæknir.
Sigurður Davidson—Tannsmiður.
620½ Main St.
Phone 470 Horni Logan Ave.

A. S. BARDAL
Selur líkkistur og annast um útfarir. Allur áíbúnaður sá bezti. Enfremur selur hann alskonar minnisvarða og legsteina.
121 Nena St. Phone 306

Boyd's Brauð.

Étið brauð sem fullnægja. Brauð vor eru gerð úr hreinustu efnum, tilgerð með rafmagns áhöldum og bökuð í beztu ofnum. Afleiðingin er ágæt brauð. Biðjið um þau til reynslu og þér munið svo jafnan nota þau. —

Boyd's

Bakery Cor. Spence & Portage Ave
Phone 1030.

W. R. FOWLER A. PIERCY.

Royal Optical Co.
327 Portage Ave. Talsími 7286.
Allar nútíðar aðferðir eru notaðar við augn-skoðun hjá þeim, þar með hin nýja aðferð, Skugga-skoðun, sem gjöreyðir öllum ágiskunum. —

Laing Brothers
3 Búðir:
234-6-8 KING ST. Talsími 4476, 5890, 5891
417 McMILLAN AVENUE Talsími 5598
847 MAIN ST. — Tals: 3016

Hafrar, Hey, Strá,
COUNTRY SHORTS, BRAN, CORN, CORN CHOP, BYGG CHOP, HVEITI CHOP, OG GARÐAVEXTIR.
Vér höfum bezta úrval gripafóðurs í þessari borg; fljót afhending

EKRU-LOÐIR

3. til 5 ekru spildur við safnaga brautina, 5 mílur frá borginni, — aðeins 10 mínútna ferð á sporvagninum, og mölborin keyrsluvegur alla leið. Verð $200 ekran og þar yfir. Aðeins einn-fimtipartur borgist strax, hitt á fjórum árlegum afborgunum.—

Skuli Hansson & Co.

Skrifst. Telefón 6476. Heimilis Telefón 2274

Heimskringla.

VÉR HÖFUM

næga skildinga

til að lána yður mót tryggingu í bújörðum og bæjar-fasteignum. Seljum lífsábyrgðir og eldsábyrgðir. Kaupum sölusamninga og veðskuldabréf.

Frekari upplýsingar veita

Skuli Hansson & Co.

56 Tribune Building. Winnipeg.

XXIII. ÁR. WINNIPEG, MANITOBA, FIMTUDAGINN, 15. JÚLÍ, 1909 NR. 42

Komið til Mín!

og skoðið hjá mér hin margreyndu og alkunnu BRANTFORD reiðhjól.

Þau eru langbeztu reiðhjól sem fást hér í Canada, — og líklega þó víðar sé leitað. Ekki þurfið þér að óttast skilmálana; þeir munu koma heim við hvers manns vasabuddu. Komið til mín með gömlu reiðhjólin til aðgerðar.

West End Bicycle Shop,

JON THORSTEINSSON, eigandi.

477 PORTAGE AVE. Winnipeg, Man

Fregnsafn.

Markverðustu viðburðir hvaðanæfa.

— Sextán ára gömul stúlka frá Rússlandi kom nýlega til New York. Hún hafði farbréf til Louisville, og þar var vergi hennar hr. Seldman, sem er miliónaeigandi. Innflutningalög Bandaríkjanna ákveða, að hver innflytjandi verði að hafa tuttugu og fimm dollara í peningum, þegar hann stígur á land í Bandaríkjunum. Stúlkan hafði ekki svo mikla upphæð með sér, en þó meira enn nóg til að komast áleiðis til Louisville, með því að hún hafði farbréf þangað. Innflutninga umboðsmenn stjórnarinnar settu hana tafarlaust í gæzluvarðhald, en sendu jafnframt simskeyti til herra Seldmans. — Svar frá honum kom ekki fyr en um kveldið, en þá ávisaði hann með hraðskeyti nokkrum hundruðum dollara til stúlkunnar. En áður enn svarið kom var búið að senda stúlkuna með skipi áleiðis til Rússlands aftur, innan átta kl.-stunda frá því hún tók lendingu. Seldman hefir höfðað mál á móti stjórninni fyrir þetta.

— Enn þá heldur svikarannsóknum áfram í Montreal borg. Það hefir sannast með vottorðum margra vitna, að í nokkur undanfarin ár hefir hver einasti maður orðið að borga ákveðnar upphæðir fyrir að fá embætti eða aðra atvinnu fyrir bæinn. Af einum manni var heimtað þrjú þúsund dollars til þess honum yrði veitt allvel launað embætti fyrir borgina. — Þessi rannsókn var upphaflega hafin af grunsemi sem það vakti, að bæjarstjórnin vildi veita þeim félögum akkordsvinnu við umbætur á strætum borgarinnar, sem hæst tilboð gerðu. Þetta þótti svo grunsamt, að rannsókn var hafin. Nú hafa sum af þessum félögum játað, að þau hafi aldrei getað fengið vinnu fyrir bæinn fyr en þau hafi bundist samningum, að borga æðið mútufé til vissra manna í borgarráðinu, eða manna í sambandi við það. Einn "contractor" bar það fyrir rannsóknarnefndinni, að hann yrði að borga vissum embættismönnum borgarinnar 60c á hvert yard af asphalt, sem hann legði á götur borgarinnar, annars fengi hann enga vinnu.

— Einn byskup og tveir prestar á Frakklandi hafa verið sektaðir fyrir dómi fyrir að hafa lesið við guðsþjónustur sínar útskúfunar ákvæði yfir öllum, sem að einhverju leyti hafa afskifti af eignum þeim, sem ríkið valdtók af kirkjunni þar í fyrra. Byskupinn, sem ritaði bréf þetta, var sektaður 500 franka, en prestarnir, sem lásu bréfið upp í kirkjum sínum, urðu að borga 25 franka hver. — Sektir þessar sýna, hve ákveðið ríkið er í því, að hafa algerð yfirráð yfir kirkjumálum landsins.

— Nýlega skaut 9 ára gamall piltur stúlku 17 ára að aldri, suður í ríkjum.

— Mrs. Elizabet Farrin er dáin fyrir nokkru síðan. Hún átti heima í Sperri í Iowa. Hún var flugrik, en peningar komu engir fram eftir hana, og þótti undarlegt. Nýlega þurfti að skifta um gólfdúk í húsi því, sem hún bjó í. Sást þá, að gólfið undir dúknum var alt fóðrað með seðlum. Námu þeir um 1000 dali. Var þá farið að leita víðar í húsinu, og fundust peningar nær allstaðar hátt og lágt í því. Er nú feykjauður fundinn í húsinu, sem þó er ekki enn þá búið að rífa alveg niður. Líka er búist við, að hún hafi falið peninga í úthýsum, og grafið þá í kring um húsið. Hún var ekki að nurla skildingana inn á banka, kerlingin sú.

— Þrjár konur í Rómaborg hafa höfðað mál móti páfanum. Þær segjast vera réttmætir erfingjar eftir frænda sinn, byskup Adams, sem lét eftir sig mikil auðæfi, en sem páfinn sló eign sinni á. Þær heimta, að hann skili sér aftur fénu, en páfinn kveðst hafa erfðaskrá byskupsins, sem sýni að hann hafi gefið sér allar eignirnar.

— Benjamín Sellers í Cansas City er 75 ára gamall. Hann fékk í fyrra mánuði skilnað frá konu sinni, karlsauðurinn. Konan heitir Emma og er að eins 18 ára gömul. Þau bjuggu saman 3 vikur, og á því tímabili lét karl setja stólpu tvisvar sinnum í tukthúsið.

— Í New York borg býr maður, sem er 107 ára gamall. Hann stefndi dóttir sinni nýlega fyrir bæjarrétt, af því hún vildi hafa hönd í bagga með bankabók hans og reikningum þar. Hann lýsti heilsu sinni og sönsum þannig fyrir dómaranum: "Ég er nú yfir 107 ára gamall. Ég drekk og reyki alt, sem ég hefi lyst á. Ég þekki betur á hestaveðreiðar, en nokkur annar maður í Bandaríkjunum. Ég kaupi og sel fasteignir, þegar mér býður svo við að horfa, og ég hefi vit á því. Ég hefi eins góða sansa og nokkuru sinni, herra dómari, og heimta, að enginn skifti sér af bankaviðskiftum minum". — Dómarinn dæmdi hann vera fullveðja mann fyrir reikningum sínum.

— Hinn nafnkendasti myndtakari utanhúss, í Bandaríkjunum er G. R. Lawreence. Boyce, útgefandi Saturday Blade í Chicago, hefir afráðið, að fara með honum til Afríku og taka myndir af öllu neðan báta, af loftförum. Hann er vistaður til eins árs, og hefir $100 á dag í kaup.

— Fylkisstjórnin í Alberta ætlar að byggja loftskeytastöð við ána Peel, 2000 mílur norðan við Edmonton. Sú stöð á að standa í sambandi við aðra í Seattle, Wash. Þrjár millistöðvar eiga að vera á leiðinni.

— Mrs. L. D. Hoag í Los Angeles, Cal., fastaði 49 sólarhringa. Byrjaði föstuna 17. maí og enti 4. júli. Hún matbjó og gerði húsverk sín allan tímann. Hún kvessöst hafa læknað sig af ýmsum kvillum, sem á hana sóttu. Sagan er ekki trúleg, en blöðin segja hana sanna.

— Rússakeisari er væntanlegur til Englands bráðum. Verkalýðurinn og sumir prestar telja það skömm og svívirðingu fyrir England, að fagna slíkum manni. Þessir menn nefna keisarann öllum illum nöfnum, og reyna til að vekja fólkið upp á móti komu hans þangað. Hvort keisarinn hættir við förina eða ekki er enn þó óráðið, en fjölda margir láta ófriðlega að komu hans. Má vera, að stjórnin á England ráðleggi honum heima að sitja til að losa sig við erjur og kostnað.

— Magna Charta er smáeyja í Thames fljóti, skamt frá Windsorkastalanum. Hún kvað vera nýseld, en nafni kaupanda er haldið leyndu enn þá. En sú saga gengur á Englandi, að það sé Bandaríkja miliónamaður, sem hafi keypt eyjuna til sjálfs afnota. Á eyju þessari er nú smáhýsi, bygt í gotneskum stíl. Eyjan er söguleg fyrir það, að steinn er í þessu smáhýsi, sem Jón konungur Englendinga á að hafa lagt skjölin, með Magna Charta á, meðan hann setti innsigli sitt undir þau. Það verk vann hann í júnímánuði árið 1225, en síðan eru 674 ár.

— Innanríkis ráðgjafinn á Spáni er að búa til nýja reglugerð fyrir nautati þar í landi. Hún dregur úr þeim villihætti, hroðadóm og blóðsúthellingum og manndrápi, sem við þau hafa tiðkast fram á þessa daga. Það er mál til komið, að takmarka það villimanna leikfang.

— Nýlega hefir bóndi að nafni Setter, á Portage la Prairie slettunum, selt jörð sína Bandaríkjamanni fyrir 30,000. Landið er 720 ekrur að stærð, og í kaupinu var hús og gripir og öll búsáhöld. 600 ekrur eru plægðar, og 400 í ökrum þetta sumar. Í komandi tíð býst Setter við að búa í Winnipegborg.

— Haldið er að C.P.R. félagið hafi samið við ráðgjafa Pugsley, þegar hann var hér á ferðinni um daginn, að Laurier stjórnin láti þegar taka til starfa að búa til höfn við Winnipeg Beach. Stjórnin ætti að geta náð laglegri dúsu þar af almenningsfé, ef hún er nokkuð dik sjálfri sér.

— Þann 5. þ.m. var hinn alþekti William T. Stead, 60 ára gamall. Hann er fæddur á Englandi 5. júli 1849. Lærði fyrst verzlunarfræði, en fór að stunda blaðmensku árið 1871. Árið 1873 gerðist hann ritstjóri blaðsins Pall Mall Gazette, og var við það sex ár. Árið 1890 stofnaði hann tímaritið Review of Reviews. Hann hefir skrifað ósköpin öll, og kannast flestir Íslendingar við hann. Á seinni tímum hefir mönnum þótt hann hneigast of mikið að andatrú og hugarflugi.

— Eldur varð í Cobalt bæ í byrjun þessa mánaðar, og brunnu til ösku nær 2 þúsund smábyggingar. Þrjár þúsundir manna urðu húsvíltar. Bezti hluti bæjarins slapp hjá brunanum. Eldurinn byrjaði í kínversku þvottahúsi.

— Ottawa stjórnin hefir á sl. fjárhagsári borgað í styrkveitingar til járn- og stálgerðarmann í Canada nálega hálfa þriðju milión dollara, eða nákvæmlega $2,467,-306. Þessi upphæð er $330,555 minni, en sú, sem stjórnin borgaði árið áður í sama augnamiði. — Styrkveitingar voru og borgaðar til blýgerðarmanna $307,433, og til olíu framleiðenda $260,698. — Alls hefir því stjórnin borgað til verndar þessum þremur tegundum iðnaðar nokkuð á fjórðu milión dollara á árinu.

— John D. Rockefeller varð sjötugur þann 8. þ.m. Hann er nú talinn ríkastur maður í heimi, með 800 miliónir í eignum. Auk þess á hann nú líka nýja hárkollu, sem hann hefir nýlega fengið til að hylja með skalla sinn. Gamli Jón var orðinn heilsulítill, þegar hann var 60 ára gamall, en þá tók hann að lifa sparlega og viðhafa ýmsar líkamsæfingar. Síðan hefir hann orðið hraustari með ári hverju, svo að læknar hans segja, að hann geti hæglega orðið 100 ára gamall. Gamli Jón er fæddur árið 1839. nálægt Oswego í New York ríki. Þegar hann var 8 ára gamall, var hann látinn mjólka kýrnar á búgarði föður síns. Hann gekk á skóla í Cleveland frá því hann var 13 ára þar til hann var 16 ára, þá fékk hann atvinnu sem bókhaldari og búðarsveinn með 12½ doll. um mánuðinn, og vann fyrir það kaup til 19 ára aldurs. Þá fór hann þess á leit við húsbændur sína, að þeir borguðu sér $800 um árið, en því var neitað. Þá fékk hann 2000 doll ara lán, án þess að geta gefið nokkra tryggingu um skilvísa borgun þess, og með þeim höfuðstól byrjaði hann umboðssölustarf á eigin reikning. Árið 1872 var hann orðinn svo efnaður, að hann réði yfir einum fimta hluta af olíu framleiðslu Bandaríkjanna. Árið 1876 stofnaði hann Standard olíu félagið með milión dollara höfuðstól. Reikningsfróðum mönnum telst svo til, að ef hann lifir til 100 ára aldurs, og efni hans halda áfram að vaxa með hlutfallslegum hraða við það, sem verið hefir, þá muni hann eftirskilja 25,732 miliónir dollara, þegar hann legst til hvíldar.

— Skozkur verkfræðingur, að nafni W. Gibson, sem á heima í Victoria borg við Kyrrahaf, hefir fundið upp og smíðað flugvél. Í henni hefir hann 60 hestaafls vél. Vélin er gerð með algerlega nýju lagi, og hefir reynst vel við þær tilraunir, sem gerðar hafa verið með henni. Herra Gibson býður að veðja þúsund doll., að hann geti flogið í henni frá Victoria til Seattle á þrjátíu mínútum, og frá Seattle til San Francisco á fimm klukkustundum. Vél þessi er svo gerð, að þó henni sé hvolft á jörðina og hún sett þannig á flug, þá réttir hún sig við, er hún kemur fá fet upp frá jörðu.

— Ostagerðarfélag eitt í Utica í New York ríki sendi þann 8. þ. m. til Chicago stærsta ost, sem sögur fara af. Hann var gerður úr 20 þúsund pundum af mjólk og er 1950 punda þungur. Félagið hefir oft áður búið til 1200 punda osta, en ekki ráðist í jafnstórt fyrirtæki fyr en nú.

Íslendingadagurinn

Nefndin hefir nú þegar fullkomnað dagskrána fyrir þjóðhátíð vora 2. ágúst næstkomandi. Verður þar að vanda ekkert tilsparað, svo að alt verði þar sem ánægjulegast og stórfenglegast að kostur er á, og um leið sem þjóðlegast.

Þessi hátíð vor er nú orðin svo stórfengleg og íþróttir svo margbrotnar, að helzti vandi fyrir nefndina er það, að geta byrjað svo snemma að morgni og hraðað svo hverju atriði, að dagur endist myrkra á millum til að alt geti farið vel og reglulega fram, sem auglýst er. Og því er það svo afar áríðandi, að sem allra flestir komi út í skemtigarðinn strax með fyrstu vagnlestum að morgninum.

Eins og að undanförnu borgar nefndin fargjöld allra þeirra, sem fara með vissum vögnum strax að morgni, og verður nákvæmar auglýst um það í næsta blaði.

Glímustjórar í ár verða þeir John J. Samson og A. S. Bardal, og má víst fullyrða, að tæplega sé völ á betri mönnum til þess starfa.

Flokksforingjar við kaðaltogið verða þeir: Jóh. Gottskálksson, fyrir kvænta liðið, og P. S. Pálsson, fyrir ókvænta berserki.

Hérlendir valdir menn verða fengnir til að dæma um verðlaunadansinn að kveldinu.

Margir ungir menn æfa sig nú daglega hér bæði fyrir 10 milna kapphlaupið og hjólreiðarnar. Og einnig á nefndin von á fjölda mörgum utanbæjarmönnum til að keppa um verðlaun í þessum og öðrum íþróttum.

Í næsta blaði auglýsir nefndin nákvæmar reglur viðvíkjandi 10 mílna kapphlaupinu, — hvenær það byrjar að deginum, hvaða strætum verður hlaupið eftir, o. s. frv.

Viðvíkjandi Íslendingum í Selkirk bæ, er vildu sækja þjóðhátíð vora, hefir nefndin samið við rafmagnsbrautar félagið þannig: —

Fargjaldið verður 50c báðar leiðir, ef 50 manns eða fleiri koma. Og ef eigi færri enn 65 manns sækja þjóðhátíð vora, þá lofar félagið að hafa til reiðu sérstaka vagnlest seint að kveldinu, svo að gestirnir geti tekið þátt í öllu, sem fram fer á hátíðinni. Nefndin mun gera frekari og greinilegri ráðstafanir þessu viðvíkjandi, er verða auglýstar í næsta blaði.

Öll dagskrá hátíðarinnar verður birt í næstu viku í báðum vikublöðum vorum hér.

Nefndin mælist til þess, að allir íslenzkir verzlunarmenn og verkgefendur hér í borginni hliðri sem allra mest til við vinnufólk sitt, svo því gefist kostur á að sækja hátíðina helzt allan daginn, þar sem slíkt er mögulegt.

Og einnig ætti alt það íslenzkt fólk, er vinnur fyrir hérlenda menn, að reyna að semja svo um fyrirfram, að það geti skemt sér allan daginn á þessari einu aðalhátíð vorri.

Nýtt loftfar.

— Þess var fyrir nokkru getið hér í blaðinu, að einkennilegt loftfar hefði nokkrum sinnum sést upp til fjalla á Englandi, helzt á nóttum eða í aftureldingu, og að það hefði jafnan flúið, þegar menn urðu því of nærgöngulir. Þessar hreyfingar loftfarsins voru svo dularfullar, að menn undruðust þær, og blöðin fóru að geta þess til, að þjóðverjar eða Frakkar ættu loftfarið. En nú hefir það komið í ljós hvernig á loftfari þessu stendur. Blaðið Daily News í London hefir nýlega skýrt frá því, að læknir einn á Bretlandi, að nafni M. B. Boyd, eigi loftfar þetta og hafi sjálfur búið það til, og hafi varið hundrað þús. doll. til þess að fullkomna það. Það hefir tekið læknirinn átta ár að finna upp og fullkomna skipið. Sjálfur hefir læknirinn skýrt blaðinu frá starfi sínu á þess leið: —

"Ég byrjaði loftferðir í skipi þessu þann 9. marz sl., og fyrstu langferðina fór ég í því þann 9. maí. Þann 18. maí fréttist það frá Belfast á Írlandi, að loftskip mikið hefði sést þar í grend. Þetta var enginn hugarburður, því að þá nótt fór ég yfir sundið milli Englands og Írlands, 90 mílur vegar, með 32. mílna hraða á klukkustund, og heim aftur til Englands um morguninn. Síðar fór ég í loftinu 350 mílna vegalengd, og kom að eins einu sinni til jarðar. Loftfarið er sporöskjulagað, hefir þrjá belgi með flugvélum milli þeirra, og flugvængir eru á báðum hliðum, en engin hengikarfa. Loftfarið er 120 feta langt, en hreyfivélarnar hafa 300 hesta afl".

Dr. Boyd hefir boðið hermáladeild Breta, að selja henni skipið, og einkaleyfi til að búa til önnur slík. Hermáladeildin hefir sent menn til að rannsaka þetta, og hefir falið lækninum að breyta farinu þannig, að það verði 200 feta langt og hafi 500 hestafla gangvélar. Læknirinn er rafmagnsfræðingur, og hefir verið nokkur ár á Frakklandi og starfað þar jöfnum höndum að lækningum og að gera tilraunir með loftsiglingar.

Íslands fréttir.

Til Íslands komu í júní sl. læknir einn frá Kína að nafni Hayes, og hafði hann konu sína með sér. Hann er Bandaríkjamaður, en konan er íslenzk, Steinunn Jóhannesdóttir að nafni, frá Eystra-Miðfelli á Hvalfjarðarströnd. Hún kom frá Íslandi árið 1888, þá 16 ára gömul, og dvaldi nokkurn tíma hér í Winnipeg. Sjálfsagt muna margir Winnipeg búar eftir þessari myndarlegu stúlku. Héðan fluttist hún til Norður-Dakota, og þaðan til California. Þar mentaðist hún og kyntist lækninum, sem nú er eiginmaður hennar. Þau hjónin hafa dvalið 7 ár í Kína. Bóndi hennar veitir forstöðu spítala í borginni Wuchouw, sem er um 300 mílur vestur af stórborginni Hong Kong. — Frú Hayes lætur vel af Kínverjum, segir þá vera afbragðsgott fólk og eiga mikla framtíð. Þau hjón dvöldu á Íslandi tveggja vikna tíma. Búin var frú Steinunn að tapa íslenzkunni að mestu leyti, en kvaðst mundi ná sér í málinu meðan hún dveldi á Íslandi. Ferðin heim var gerð til þess, að hún gæti séð æskustöðvar sínar og skyldfólk sitt þar. —— Tekjur sjómanna fara hnignandi fyrir verðfall á sjávar afurðum, —— Húsagerðarvinnu lokið að mestu um stund, önnur vinna lítil og almenn peningaþröng, en lífskostnaður fer hækkandi. Blöðin nú þegar farin að taka til íhugunar, hver ráð skuli höfð til að fyrra fólk vandræðum á næsta vetri. —— Þann 8. júní brann bærinn Flaga í Vatnsdal í Húnavatnssýslu. Þar brann og nokkuð af húsbúnaði, rúmfatnaði og peningum, en fólk bjargaðist.

ÚR BRÉFI FRÁ KYRRAHAFI, 5. júli 1909. — "Ég hefi verið að lesa kirkjuþingsfréttirnar í Lögbergi í dag. Auðvitað snertir það mál mig ekki persónulega, því ég hefi ekki tilheyrt því félagi í langa tíð, en samt finn ég sárt til þess, hve margir landar mínir eru seinir að vakna og seinir að sjá tákn tímanna. Það getur naumast hjá því farið, að allir frjálshugsandi menn sjái, að allar óeðlilegar og óskynsamlegar skoðanir — þó gamlar séu — hljóta að eiga sér stuttan aldur hér eftir, og um leið hljóta menn að sjá, að framtíðin mun ekki tileinka þeim mönnum stóran heiður, sem lengst berjast á móti frjálsri hugsun og rannsókn í sannleiksleitinni. Auk þess hljóta menn að sjá, að það er einungis hið persónulega, andlega og líkamlega manngildi, sem menn ættu að sækjast eftir að þroska og fullkomna, en það geta menn því að eins gert, að skynsemin sé ekki bundin við ákveðin og ósönnuð takmörk. Það er sannarlega sorglegt ástand fyrir frjálsa persónu, að vera háð eftirfylgjandi skilyrði: "Skynsemin má ekki komast þar að, sem trúin er".

Ég leyfi mér nú að vona, að ekki líði langur tími þangað til allir landar mínir fái að hugsa og ályktа fyrir sig sjálfir, og bindi sig ekki við ósönnuð og ákveðin kenningakerfi, en þar á móti taki með fögnuði á móti öllum þeim sannleikskornum, sem þeir geta náð í, frá fortíð og samtíð, því það er eina ráðið til þess, að geta náð sem mestri persónulegri fullkomnun, og persónuleg fullkomnun hlýtur að vera takmarkið, sem guð hefir ætlað mönnunum að keppa að".

OGILVIE'S

Royal Household Flour

Til Brauð og Köku Gerðar

OGILVIE'S ROYAL HOUSEHOLD

Gefur Ævinlega Fullnæging

EINA MYLLAN Í WINNIPEG,—LÁTIÐ HEIMAÞNAÐ SITJA FYRIR VIÐSKIFTUM YÐAR.

Wall Plaster

Með því að venja sig á að brúka **"Empire"** tegundir af Hardwail og Wood Fibre Plaster er maður hár viss að fá beztu afleiðingar.

Vér búum til:

"Empire" Wood Fibre Plaster
"Empire" Cement Wall "
"Empire" Finish "
"Gold Dust" Finish "
"Gilt Edge" Plaster of Paris
og allar Gypsum vöruteg-undir. —

Eigum vér að senda yður bækling vorn?

MANITOBA CYPSUM CO. LTD

SKRIFSTOFUR OG MILLUR I

Winnipeg, - Man.

Heimskringla

Published every Thursday by The Heimskringla News & Publishing Co. Ltd

Verð blaðsins í Canada og Bandaríkjunum er $2.00 um árið (fyrir fram borgað). Sent til Íslands $2.00 (fyrir fram borgað af kaupendum blaðsins hér $1.50.)

B. L. BALDWINSON,
Editor & Manager

Office:
729 Sherbrooke Street, Winnipeg
P.O. BOX 3083. Talsími 3512.

Transcontinental brautin.

Austanblöðin eru í alt annað en góðu skapi yfir ástandinu, sem orðið hefir við byggingu eystri hlutans af Grand Trunk Pacific brautinni. Það er á allra vitund, að sú braut verður margfalt dýrari en upphaflega var ætlað, og það hefir verið sýnt, bæði í þinginu og við rannsóknir, sem fram hafa farið í Ottawa, að mjög ósparlega — svo ekki sé meira sagt — hefir verið farið með fé landsins við lagningu þeirrar brautar.

Það var upphaflega áætlað, að sá hluti brautarinnar, sem lagður er algerlega á kostnað ríkisins, mundi kosta þjóðina 28 þúsund dollara á míluna að jafnaði. Þetta var áætlun stjórnarinnar, eins og hún kom fram á þingi upprunalega. Alt gekk sæmilega í næstu 2 ár, en þá gat járnbrauta ráðgjafinn þess í þinginu, að kostnaðurinn mundi verða nokkru hærri en áætlað hefði verið, og að hann mundi verða $52,400 á hverja mílu eða hartnær tvisvar sinnum meiri en áætlað hefði verið.

Þetta þótti illar fréttir, og kur nokkur gerðist í þinginu yfir því, hve eyðslusemin væri mikil við þetta fyrirtæki.

Svo liðu enn 2 ár, og þá sagði járnbrauta ráðgjafinn þinginu, að hinar fyrri áætlanir væru báðar rangar, og að kostnaðurinn mundi verða alt að 85 þús. dollars á mílu hverja.

Nú fór marga margt að gruna, og ýmsir þingmenn létu þá skoðun í ljós, að fé þjóðarinnar væri kastað út til beggja handa í algerðri óreiðu, og í því skyni eingöngu, að auðga vini stjórnarinnar, sem hefðu "akkorðs"-vinnu við brautina.

En nú fyrir fáum vikum hefir komið fram ný áætlun um brautarkostnaðinn, og nú er hann talinn að verða hátt upp í 125 þúsund dollars á míluna, eða hátt upp í 5 sinnum meiri enn upphaflega var áætlað. Tveir verkfræðingar hafa þegar sagt af sér starfi við þessa braut, af því að samvizka þeirra leyfði þeim ekki að vera bendlaðir við þessa óhóflegu eyðslusemi..

Sá hluti brautarinnar, sem liggur milli Lake Superior Junction og Winnipeg, átti upprunalega að kosta rúmar 6 miliónir dollara. Síðar var auglýst, að kostnaðurinn við þennan spotta yrði rúmar 12 miliónir dollara. Og næst var þjóðinni skýrt frá, að hann mundi kosta 21 milión dollara. En nú er henni tilkynt, að 30 miliónir dollara nægi ekki algerlega til að fullgera þennan stúf, sem upprunalega átti að kosta 6 miliónir.

Þessi sífelda hækkun í byggingar áætlunum stjórnarinnar er meira enn grunsöm. Hún sýnir í fyrsta lagi, að þeir menn, sem höfðu undirbúning þessa verks með höndum, voru hvergi nærri því, að vera starfi sínu vaxnir, — annars hefðu þeir farið ofurlítið nær réttu lagi í byrjun. Áætlanahækkunin sýnir í öðru lagi, að eng in vissa er enn þá fengin fyrir því, hve mikið brautin muni kosta. Því að það er full ástæða til að ætla, að enn kunni að verða breytt um áætlanir, og þær hækkaðar langt fram yfir 125 þús dollara á hverja mílu. Enginn veit, hver endirinn verður.

En eitt er það, sem allir vita, í þessu sambandi, og það er, að engu orði stjórnarinnar er trúandi um þetta mál, og að hún hefir engan mann í þjónustu sinni, sem getur sagt með nokkurri vissu, hvað brautin muni kosta, því að kostnaðurinn verður vitanlega kominn undir því, hve mikið akkorðsmönnum kann að verða borgað umfram það, sem þeir hafa réttmæta kröfu til að fá fyrir verk sín.

Major Hodgins varð fyrsti maðurinn til þess að opinbera þjóðeignaránið í þessu sambandi, og hann varð að yfirgefa stöðu sina þess vegna, og nú hefir hr. Lumsden, aðal verkfræðingur brautarinnar, sagt af sér embætti, af því að honum hefir verið gert ómögulegt, sökum áhrifa frá "æðri" stöðum, að hafa þá tilsjón með útgjöldunum, sem hann samkvæmt stöðu sinni átti að hafa.

Þegar Major Hodgins fyrst hreyfði þessu máli, þá var hann blátt áfram talað ofsóttur og rægður við þjóðina. Því var haldið fram, að hann væri óhæfur fyrir þá stöðu, sem hann hafði, og að þess vegna væri ekki mark takandi á framburði hans. En þjóðin þekkir manninn svo, að hún veit, að hann er með allra hæfustu verkfræðingum í þessu landi.

Næst var því haldið fram, að hann hefði afturkallað allan framburð sinn, og að með því væri sýnt og sannað, að alt væri eins og það ætti að vera, og óaðfinnanlegt í alla staði. En verkfræðingar Grand Trunk félagsins komu þá fram og staðfestu alt, sem hann hafði sagt um yfirborganir og óhóflegan fjáraustur. Þeir gerðu beina umkvörtun til stjórnarinnar um kostnaðar óhófið, og það mál var sett í hendur rannsóknarnefndar. Herra Lumsden var einn í nefnd þeirri, og nefndin hefir komist að þeirri niðurstöðu, að ákærurnar um óhóflega fjáreyðslu væru á rökum bygðar.

En þegar "akkorðs"-menn brautarinnar komust að þessu, gerðu þeir umkvörtun og héldu því fram, að dómur nefndarinnar væri ranglátur, og kröfðust þess, að önnur rannsóknarnefnd væri sett í málið, og það var gert. Þá sagði herra Lumsden af sér embætti. — Við þetta situr að svo stöddu. En mælt er, að G.T.P. félagið muni láta til sín heyra áður enn málinu er lokið, með því að svo er umsamið, að það borgi stjórninni 3 prósent um 50 ára tíma af öllum brautarkostnaðinum. En nú er orði, að félagið muni ekki kæra sig um, að borga árlega stórar vaxtaupphæðir af fé, sem sýnt er, að aldrei hefir verið varið til byggingar brautarinnar.

Það er talið líklegt, að mál þetta alt muni verða ítarlega rætt á næsta þingi. En um það, hvort þjóðin verði nokkru nær um hið sanna ástand, er ekki hægt að segja. Líklegt þó, að stjórnin dylji þá sannleikans og allra upplýsinga, svo sem henni er frekast unt, sem borga eiga allan kostnaðinn með vöxtum að lokum.

Söguleg samþykt.

Eins og getið er um á öðrum stað í blaðinu, sagði Tjaldbúðarsöfnuður skilið við kirkjufélagið á fundi þann 8. þ.m. Samþykt fundarins þessu viðvíkjandi er þannig:

"Með því Tjaldbúðarsöfnuði skilst af samþyktum síðasta kirkjuþings, að engir þeir, er eigi fallast á trúmálaskoðanir þær, er Sameiningin flytur, og kirkjulega stefnu, hafi hér eftir rétt á sér í kirkjufélaginu, en sé óbeinlínis hrundið út úr því, og

með því söfnuðurinn álítur, að hann sé um leið sviptur því samvizkufrelsi, sem ávalt hefir verið sögulegt einkenni lúterskrar kirkju og hvergi bannað í grundvallarlögum kirkjufélagsins, og

með því söfnuðinum virðist þröngur skilningur á gildi bibliunnar og játninganna lögleiddur í kirkjufélaginu af síðasta kirkjuþingi gagnólíkur þeim, sem mótað hefir íslenzkt þjóðerni og krisindóm hingað til,

lýsir Tjaldbúðarsöfnuður yfir því, að hann segir sig úr sambandi við kirkjufélagið,

en lætur um leið þá von í ljós, að það umburðarleysi í trúareinum af hálfu kirkjufélagsins, sem þessari úrsögn veldur, hverfi í nálægri framtíð, svo allir Vestur-Íslendingar, er leggja vilja rækt við sannan kristindóm, fái starfað saman í bróðurlegri eindrægni, þó skoðanir þeirra sé eigi steyptar nákvæmlega sama móti".

Gardar-söfnuður segir sig úr kirkjufélaginu.

Það gerðist á almennum og afar fjölsóttum safnaðarfundi þar syðra í fyrradag. Nokkuð á annað hundrað atkvæði voru greidd með því, að ganga úr félaginu, en nær 70 á móti. Séra Kristinn K. Ólafsson sagði söfnuðinum upp þjónustu sinni, eftir að úrslitin urðu kunn.

Minni Íslands.

Tala flutt af JÓH. EINARSSYNI á Þjóðminningardegi Íslendinga í Þingvallanýlendu, 17. júní 1909

Háttvirti forseti, heiðraða samkoma!

Ég býst við, að mörgum finnist, svona í hasti, að það hljóti að vera létt verk og ljúft, að tala fyrir minni Íslands. Okkur þykir öllum svo vænt um Fjallkonuna gömlu, móðir margra hérstaddra og ættmóður okkar allra. En það er ekki létt, að tala ófgalaust, en með viðeigandi ást og virðingu um þá, sem nánastir eru og kærastir. En svo býst ég tæplega við glöggri athygli eldra fólksins. Erfiðismenn önnum kafnir fara tæplega frá nýbyrjuðum eða hálfunnum nauðsynjaverkum til þess að hlusta á andlegt léttmeti mitt eða annara. Heldur get ég mér til og óska, að þar hafi innra afl ráðið, afl sem þeim var ljúft að hlýða, og sem kallaði þá saman til að lifa upp og dvelja í gömlum endurminningum einn dag á ári, eða hvenær, sem vér Íslendingar komum saman sem slíkir. Rosknu konurnar minnast grasaheiðaferða eða þegar þær voru uppáterðar að ríða í kaupstað eða réttirnar á hausum. Við karlmennirnir munum fossana, sem látlaust kváðu það er oss skildist að vera gamlir hetjusöngvar.

Sjómennirnir minnast margs úr siglingum og róðraferðum, hvort heldur þegar þeir sigldu ljúfvindi eða þreyttu kapp við Ægir upp á lif og dauða, þá var eitthvað töfrandi og heillandi við sjóferðirnar, sem gerði þær ógleymanlegar.

Sveitamennirnir minnast margs úr lesta- eða kaupstað-ferðum, fjallgöngum, eða þegar þeir voru í fristundum að reyna gæðingana og hugsuðu eins og Hannes Hafstein kveður:

"Það er sem fjöllin fljúgi móti
mér
og kólfur loftið kljúfi klárinn
fer,
og lund mín er svo létt,
eins og gæti' ég gjörvalt lifið
geisað fram í einum sprett".

Og þó einstöku kunni að kveða með Jónasi: "Sáuð þið hana systur mína", o.s.frv., þá minnumst við alls þessa með gleði eða að minsta kosti með angurblíðu. Og því vil ég ekki trufla hina eldri heldur láta þá njóta sinna dagdrauma.

En hinum ungu vildi ég benda á hvers vegna enda þeir og þær hafa hina sterkustu skyldu til að árna Fjallkonunni alls hins bezta, er hugur þeirra getur gripið. Ég vil reyna að skýra fyrir þeim, sem það kann að vera óljóst, að þið sækið svona samkomur af því það er skylt, en ekki til að þóknast okkur hinum eldri, eins og já-systkin.

Það er ekki að ætlast til, að þið unglingarnir skiljið tilfinningar okkar hinna eldri við svona tækifæri. En trúið mér til: Sú tíð kemur, þegar aldur og reynsla hefir kælt æskufjörið, að þið skiljið, hvað við hugsum nú. Þá munuð þið skilja, hvaða bönd tengja okkur við Fjallkonuna, bönd, sem geta tognað, en engin vegalengd slitið. Myndir í huga vorum, sem hyljast í bili, og oft, en sem ómögulegt er að afmá.

En í augnablikinu skuluð þið hugsa, sem þið væruð í fjarlægu landi öll saman komin, sem kanadiskt fólk, hér fætt og uppalið, og hugsið ykkur þá, hvert hugurinn mundi helzt steina.

Allir kannast við, að sú bezta arfleifð, sem oss geti hlotnast, sé gott ætterni. Það er ólikt léttara, að seilast aftur fyrir sig eftir því, sem maður veit að þar er til, enn að afla sér slíks að nýju. Þann arf hefir Fjallkonan skilið ykkur eftir. Elztu börnin hennar voru af mjög göfugu bergi brotin, og þó að auðvitað sé "orðið blandað vort konungablóð", þá eru enn allmiklar dreggjar eftir, ef við að eins viljum hrista þær upp.

En Fjallkonan hefir átt við margt að stríða. Náttúra hennar er hrikalegri, ef svo mætti að orði kveða, enn flestra annara þjóðmæðra, og eðlilega mótast börnin allmikið af náttúru þess lands, sem þau fæðast og alast upp við. Eins og St. G. Stephansson kveður:

"Þótt þú langförull leggir hvert
land undir fót,
ber samt hugur og hjarta þíns
heimalands mót".

Fjallkonan er stórlynd og stirðlynd. Þó hiti sé í dölum, er ís á fjöllum. Eldur í fjöllum, þó ís við sjávarströndina ógni lífi og eignum. Um þetta kváðu Íslands skáld:

"Fjör kenni oss eldurinn,
frostið oss hertði", o.s.frv.

Alt þetta stórfelda setti skýr mörk á okkur Íslendinga. Það gerði þjóðina þrautseiga, skýra og hálfleyga í hugsun, en því miður stirða og óþjála í viðskiftum. Þið, sem alist hér upp á sléttlendinu, takið kjarkinn og skýrleikann að erfið. Náttúra þessa lands sléttar af ykkur nibburnar og hnjúkana, sem gerðu okkur svo ósamfelda og oft illa viðbúðar. Þið hafið andans arf Fjallkonunnar, reynið að halda honum og ávaxta. Hver samkoma eins og þessi minnir ykkur á þann arf. Þess vegna eigið þið að mæta á þjóðminningardögum Íslendinga hér og árna ættmóður ykkar alls góðs.

Þetta minnir mig á sögu, sem þið máske öll kunnið: Gamall fjölskyldumaður, sem bjó við góð efni fyrri hluta æfi sinnar, en varð fyrir ýmsum óhöppum, er árin liðu. Synir hans voru framtakslitlir; akrar gamla mannsins féllu í órækt og efnin gengu til þurðar. Loks lagðist gamli maðurinn banaleguna. Hann kallaði synina til sín, og gaf þeim ráð fyrir lifið. Þar næst gat hann um, að þegar þeir reyndust lakar en hann hefði kosið, þá hefði hann grafið fé sitt í einum akrinum. En áður en gamli maðurinn gat greinilega skýrt frá staðnum, þar sem féð var fólgið, gaf hann upp andann.

Það var eins og drengirnir vöknuðu af svefni. Fjárþörfin dreif dugnaðinn af stað. Drengirnir unnu baki brotnu við að stinga upp akrana og leita fjárins, og áður en þá varði, fengu þeir góða uppskeru af vinnu sinni. Hvort þeir hafi nokkurntíma fundið peningaskrínur í ökrunum, er ekki getið um.

Fjallkonan hefir dýran auð eftirskilið börnum sínum, ef þau að eins vilja grafa. Allmörg ungmenni íslenzk hafa grafið og fundið, — ef ekki sjóð, þá þess ígildi, frægð og frama. Það er ekki af hendingu einni, að Íslendingar standa annara þjóða mönnum framar við mentastofnanir þessa lands, heldur að þeir eru að moða úr arfi gömlu Fjallkonunnar, eða leita fjárins. Og ég vona, að allir þeir minnist gömlu Fjallkonunnar með viðeigandi hugsunum og orðum.

Í dag þinga unglingafélög víðsvegar á Íslandi, í því skyni að vekja fornan íþróttaframa. Ég óska þeir framleiði sem flesta maka þeirra Gunnars á Hlíðarenda, Kjartans Ólafssonar, Kára Sölmundarsonar og Bjarnar Hítdælakappa.

All-hátt kveður við pólitiska vopnabrakið hjá frændum vorum, börnum Fjallkonunnar heima. — Mér finst stundum ég heyri hana kveða:

"Ég hefi heyrt slík undur af
harki og skvaldri,
sem hávaða í börnum á sjötugs-
aldri".

En á hinn bóginn getur vér í fjarlægðinni tæplega heyrt orðaskil, svo varhugavert er, að gera ákveðnar yfirlýsingar um þau mál. En sjálfsagt óskum við öll, að Fjallkonan njóti alls þess frelsis, sem börnin hennar eru fær um að nota. En umfram alt, að hún megi ala þá syni og dætur, er fylt geti trúverðuglega um komandi aldir allar þær áþyrgðarstöður, sem landsstjórn og héraðsstjórn krefja. Ekki sérhlífna pólitiska leikfimismenn, sem leitast mest við að þóknast, heldur kjarkmikla stjórnmálamenn, sem reiðubúnir séu að bera áþyrgð sinna gerða og þreyta sannfæringarmál með dugnaði, og staðfestu, sem "hvorki fyrir lof né last líti til hliðar".

Mér skilst, að Fjallkonan sé í ment með að koma upp lagaskóla. Það er gömul ósk og göfug. Megi Fjallkonan ala sem flesta dómara líka Ólafjóti, Þorgeiri og Skapta. Vér vonum, að á þessu ári verði hætt af Dana hálfu að hlutast til um innanlands löggjöf Íslands þá er alþingi semur. Þá óskum vér, að Fjallkonan sendi á löggjafarþing sin slíka menn og að fornu: Einar Þveræing, Njál, Halldór Snorrason, Bjarna Broddhelgason, og að nýju: Jón Sigurðsson, Íslands skjöld, og bændurna Jón á Gautlöndum og Einar í Nesi. Þá trúum vér því, að framtiðin verði happasæl, og að fólkið syngi um Ísland sem 'farsælda frón" og end urnýjun fornrar frægðar með nútíðar siðfágun.

Megi Fjallkonan ala klerka sem Sæmund fróða, Jón Loptsson, Gissur byskup og Vídalín.

Ég óska, að þar verði sem flest skáld, sem snerti tilfinningar fjöldans, máli náttúruna eins frábærlega og yfir höfuð sýni Fjallkonunni, hvernig hún skautar, eins og t. d. Hallgrímur Pétursson, 'Eggert Ólafsson, Bjarni og Jónas, Matthías og Steingrímur, og þeirra nótar aðrir, sem ég ekki kann að nefna.

Og svo er máli mínu lokið. Ég veit, að þessi fáu árnaðarorð eru að eins partur af því hugarþeli, sem hjá ykkur býr í dag, og mig brestur mælsku til að lýsa, svo ég ætla að biðja ykkur, að kyrja það Íslands minni, sem einna óbrotnast er, en um leið yfirgripsmesta er kveðið hefir verið, þ.e. "Eldgamla Ísafold", o.s.frv.

Lengi lifi Fjallkonan!' Megi hennar góða nafn aldrei flekkast!

Fréttabréf.

(Frá fréttaritara Hkr.).

MARKERVILLE, ALTA.
2. júli 1909.

Síðan um miðjan maímánuð sl. hefir verið hér góð og hagstæð tíð Talvert úrfelli fram eftir sl. mánuði og nægir hitar, svo alt gréri fljótt. Nú um tíma hafa verið hér helzt til mikil þurviðri og hitar. Þó hafa nú nýlega komið skúrir til mikilla bóta, en samt fer nú öllu lítið fram, einkum á hálendi, og komi ekki bráðlega meira regn, verður lítill grasvöxtur á þurlendi og gamlir akrar á hálendi lélegir. Lítils frosts hefir orðið vart nú nýlega, en sem ekkert hefir skemt.

Hér um pláss var sáningu lokið um miðjan maí mánuð. Akuryrkja er nú óðum að aukast, en svo eru margir að auka grasrækt og tekst það hér yfirleitt vel. Með mesta móti mun verða plægt hér á þessu vori.

Heilsa og velliðan hér yfirleitt í góðu lagi.

Bændur þeir, sem geymdu sölugripi yfir veturinn, seldu þá seint í april á fæti fyrir 4¾c pd. í þeim, og mun verðið hafa orðið á gömlum stirum 65—75 dalir. Geldar kýr og kvigur voru seldar 4c pd. á fæti. — Svín seljast nú: Lifandi 6—7c pd. Kjöt af ungum svínum mun vera 8c pd. — Kindakjöt 12½ pd. Gripakjöt 4½—5c pd.

Egg eru 18—20c dúsin, smjör 17c pd., kartöflur 85c bush., hafrar 50c hush., hveiti B. 75c, bygg 45c, ull 7—9c pd; Timothy hey 17 dollara Tonnið. — Þetta er það réttasta, sem ég veit að segja um verð á þessum vörum.

Skemtisamkoma var haldin í gærdag á Markerville, að tilhlutun bindindisstúkunnar Fjallkonan.

Sagt er, að tólf manna nefnd eigi að starfa að undirbúningi þjóðhátíðarhalds hér annan ágúst, og er vonandi, að nefnd sú gæti þess nú, að þetta er íslenzkur minningardagur, helgaður að eins Íslandi og íslenzku þjóðerni. Hér ætti að vera ekki síður mögulegt en í öðrum íslenzkum bygðum, að sýna og sanna, í allri athöfn og framkomu, þann dag, að "Íslendingar viljum vér allir vera. Þeim degi tilheyra al-íslenzkar skemtanir.

Eftir því sem síðustu blöð Hkr. og Lögb. skýra frá, hefir eigi dregið til betra samkomulags á síðasta kirkjuþingi út af ágreiningsatriðum þeim, sem valdið hafa deilum milli séra Fr. J. Bergmanns og hinna presta kirkjufélagsins, sem halda dauðahaldi í hinar úreltu og óviðurkvæmilegu bókstafkenningar, sem deyða enn ekki lifga hið andlega líf, og sem fyrr eða síðar hljóta að rýma fyrir ljósi sannleikans. Það er ómögulegt að álita það öðruvísi enn skaða fyrir kirkjufélagið, að senda séra Fr. J. Bergmann burtu, enda kannske rothögg á það. Þeir eru kannske nokkuð margir viðsvegar um bygðir Íslendinga, sem hiklaust fylgja séra Fr. J. B. og skoðunum hans, svo víst myndi fylking hinna rétt-trúuðu þynnast, ef þeir væru teknir frá.

Fréttir úr bænum.

Skattskyldar eignir í Winnipeg borg eru taldar 108 miliónir dollara. Auk þess er skattskyld starfsemi, sem áætlað er þriggja milión dollara virði, eða rúmlega það. Skattmælinn er þetta ár 15 mills á dollarinn, og á að gefa bænum alls hátt upp í 2 miliónir dollara í tekjur, eða nákvæmlega $1,826,-211.40.

Bréf eiga að Heimskringlu:
E. Sumarliðason.
Sigurður J. Austman.
Mrs. Margrét Einarsson.
Mrs. Margrét Benediktsson.

Nýlega var maður hér í borg dæmdur í tólf mánaða fangelsi fyrir að yfirgefa konu sína fyrir þremur vikum og taka tafarlaust saman við aðra konu. —, Svo er að sjá, sem lögreglan ætli að skerast í leikinn og rétta hluta þeirra kvenna, sem beittar eru ranglæti af bændum sínum, ef þær kvarta um það fyrir lögreglunni.

Á trinitatishátíð 6. júní voru þessi börn fermd í Foam Lake bygð, Sask., af undirrituðum:
1. Páll Valdimarsson.
2. Jódís Bjarnadóttir Davíðsson.
3. Gyða Bjarnadóttir Davíðsson.
4. Kristín Charlotta Benediktsdóttir.

Bjarni Thorarinsson.

DÁNARFREGN.

Sunnudaginn þann 27. þ.m. andaðist hér að Lögberg P.O. ekkjan Ovida Jónasdóttir Loftsson. Hún bjó síðast á Íslandi í Hvammi í Höfðahverfi í Þingeyjarsýslu. Hún var jarðsungin af presti safnaðarins séra H. Leó. — Akureyrarblöð eru vinsamlega beðin að flytja dánarfregn þessa.

Lögberg P.O., 30. júní 1909.
J. Einarsson.

Sparið Línið Yðar.

Ef þér óskið ekki að fá þvottinn yðar rifinn og slitinn, þá sendið hann til þessarar fullkomnu stofnunar.

Nýtízku aðferðir, nýr vélaútbúnaður, en gamalt og æft verkafólk.

LITUN, HREINSUN OG PRESSUN SÉRLEGA VANDAÐ

Modern Laundry & Dye Works Co., Ltd.
307—315 Hargrave St.
WINNIPEG, MANITOBA
Phones: 2300 og 2301

$22
FYRIR
$7

12 Alberta Special Cabinet Ljósmyndir og Ein Stór 16x20 þuml. Líf-stærðar Ljósmynd gefin með HverjuDúsíni. — Og Hvert Dúsín Kostar Aðeins —

$7.00

ÞETTA TILBOÐ GILDIR AÐEINS Í MYNDASTOFU VORRI Á PORTAGE AVENUE.

Wm. A. MARTEL,
MYNDASMIÐUR.
255½ PORTAGE AVE.
Phone: Main 7764

R. A. THOMSON AND CO.

Cor. Sargent & Maryland St.

Selja allskonar MATVÖRU af beztu tegund með lægsta verði. Sérstakt vörurúrval nú þessa viku. Vér óskum að Íslendingar vildu koma og skoða vörurnar. Hvergi betri né ódýrari.—

Munið staðinn:—
HORNI SARGENT AVE. OG MARYLAND ST.
PHONE 3112.

F. Deluca

Verzlar með matvöru, aldini, sæl-kökur, alskonar sætindi, mjólk og rjóma, sömul. tóbak og vindla. Óskar viðskifta Íslend. Heitt kaffi eða te á öllum tímum. Egn 7756

Tvær búðir:
587 Notre Dame og 714 Maryland St.

DR. H. R. ROSS

C.P.R. meðala- og skurðlækuir.
Sjúkdómum kvenna og barna veitt sérstök umönnun.
WYNYARD, — SASK.

S. R. HUNTER & CO

Skraddarar,
189 Lombard Street

Búa til ný-móðins karlmannafatnaði eftir máli.— Efni og vinnubrögð afbeztu tegund, og alt ábyrgst að vera jafngildi þess bezta sem fáanlegt er í borginni. Verðið er við allra hæfi. —

S. R. Hunter & Co.
189 Lombard St.
Telephone 1395.

The Dominion Bank

NOTRE DAME Ave. BRANCH Cor. Nena St.

VÉR GEFUM SÉRSTAK AN GAUM AÐ SPARISJÓDS-DEILDINNI. —

VEXTIR BORGAÐIR AF INNLÖGUM.
HÖFUDSTOLL - - - $3,983,392.38
SPARISJÓDUR - - $5,300,000.00
A. E. PIERCY, MANAGER.

Stefán Johnson

Horni Sargent Ave. og Downing St.
HEFIR ÁVALT TIL SÖLU
Nýjar Áfir
Bestu í bænum. Ágætar til bökunar. 15c gallon

HEIMSKRINGLU og TVÆR skemtilegar sögur fá nýir kaupendur fyrir að eins $2.00.

Ég tek sneiðina.

Ritstjóri Hrimskringlu.

Við Alberta baslararnir, sem lesum Heimskringlu, erum fokvondir út af úthúðuninni, sem baslararnir fengu í nr. 34 þessa árgangs blaðsins.

Það verðskuldar enginn baslari önnur eins fádæmi af illmælum eins og þar er hrúgað á okkur. Og þó margir okkar hafi fastráðið, að halda áfram baslaraástandinu til æfiloka, þá ætti okkur að vera það fyrirgefanlegt. Það er "skrítin skepna", sem ekki getur skilið ástæður okkar fyrir þeim ásetningi og trúað þeim, þó við séum hvorki "fiskur né fugl".

Að vísu má vera, að nágrannar okkar hafi viðbjóð á okkur, og einstöku sinnum hefir mér fundist eitthvað líkt því, en samt er hann ekki svo megn, að þeir geti ekki með góðri samvizku lotið að því, að biðja okkur baslarana, að lána sér $1, $5, $10 og alt að $100, þegar þeir eru í fjárþröng.

Já, og krakkarnir, sem við eigum að hata, fá oft bliðari móttöku hjá okkur böslurunum, heldur enn foreldrunum. Feðurnir bukskella og mæðurnar löðrunga blessuð börnin sín oft fyrir litlar eða jafnvel ímyndaðar sakir, og sá dagur kemur ætíð fyr eða síðar, að blessuð börnin arfleiða þessa viðbjóslegu baslara.

Látum stúlkurnar hæðast að okkur. Þeim er ekki ilt of gott, og oft er litið ungs manns gaman. — Látum giftu konurnar fyrirlíta okkur. Við höfum það eitt til saka unnið, að við höfum ekki gefið þeim kost á, að gera okkur að þrælum þeirra. Ef við greiðum hár okkar fram fyrir eyrun, þá er það engu verra enn að skifta því í miðjunni, eins og nýtízku fólk gerir til að fá jafnvægi á kollinn á sér.

Þær ástæður liggja að einlifis ákvörðun vorri, sem nú skal greina:

1. Nútíðar kvenfólk er í okkar augum orðið svo gegnsýrt og gegnsmittað hégómagirnd og allskyns sjálfsþótta, að maður verður þess undirgefinn þræll alla æfi, ef þær fá veitt mann í hjónaband.
2. Sé maðurinn ekki sífelt boðinn og búinn til að hlýða öllum skipunum konunnar, þá er heimilið gert að vermireit allskyns óánægju, ósamlyndis og uppreistar og hjónaskilnaði hótað og hann heimtaður.
3. Konur gerast mönnum sínum all-örðugar nú á tímum með ósanngjarnri heimtufrekju og eyðslusemi. Þær heimta nýja kjóla, hatta, skó, hesta, kerrur til þess að þeytast um bygðirnar meðal nábúa sinna, til þess að kvarta um heimilislífið og úthrópa bændurna og barnastríðið. Þær heimta nýjar kýr, sem mjólki betur enn kýr nágrannanna.
5. Þær eru eyðslusamar og "spandera" í allskyns óhóf og hégóma efnum þeim, sem bænd urnir reita saman með súrum sveita. Eða að öðrum kosti gera heimilislífið að óbærilegri þrísund.

Páll postuli hélt því fram, að bezt væri að vera ókvæntur, og hann var baslari, sem vissi hvað hann söng, karlinn sá.

Ég er einn í tölu þeirra, sem kjósa að fylgja dæmi hans.

Ég er frjáls og ætla að vera frjáls.

Baslari.

Fáein orð um kvenfólk og karlmenn.

"Víða koma Hallgerði bitlingar" — datt mér í hug, þegar ég las greinar-útdráttinn í Heimskringlu: "Hvers vegna enda hjónabönd illa í Ameríku?"

Ekki fæ ég skilið, hvernig ritstjóra Heimskringlu finst stefna þeirrar greinar vera óvanaleg, því ekki fæ ég betur séð, en greinin miði eingöngu að því, að halda konunni við sama tjóðurhælinn, sem hún hefir verið bundin við síðan í ómuna tíð. Kenningin sú, er orðin gömul, að eina lífstakmarkið, sem konan á að keppa að sé hjónabandið og að þóknast manni sínum í öllu. Þessa kenning hefir kvenfólkið lært og fylgt of vel, því reynslan hefir sýnt, að því meiri auðmýkt og undirgefni, sem konan sýndi, því meiri viðbjóð og fyrirlitnibgu hlaut hún.

Sannleikurinn virðist vera sá, að bezt sé, að hjónin dekri sem allra minst hvort við annað, hafi sjálfstæðar skoðanir hvort fyrir sig, skilji sem bezt hvort annars verkahring, og taki hina nákvæmustu hlutföku hvort í annars kjörum.

Að álíta, að það sé skylda konunnar fremur en mannsins, að viðhalda hjónabandinu, er jafn sanngjarnt eins og því væri haldið fram, að karlmenn gætu átt börn með sjálfum sér, og kvenfólkið neitaði þeim um alla hjálp í því efni.

Að hjónabandsbölið sé meira nú en hefir verið, sýnist lítið efamál að er rangt. Konum líður nú yfirleitt betur, og þær eru yfirleitt ánægðari. Að hjónaskilnaðir séu fleiri enn hefir verið, má vel vera, því kvenfólkið býður karlmönnunum meir og meir byrginn. Og hver getur láð þeim það, þó þær reyni að leiða í ljós þann sannleika, að konan (ef hún fær að njóta sín), er jafnoki mannsins í flestum eða öllum greinum, — nema þegar hnefanum er beitt. Karlmenn kunna ekki að umgangast konuna sem jafningja sinn, enn sem komið er. Séu þeir fúlmenni, líta þeir niður á hana og niðast á henni; en séu þeir góðmenni, dekra þeir við hana og venja hana á keipa. Sama er að segja um konuna. Hún kann ekki að umgangast mann. Hún lítur til hans líkt og barn lítur til föður, óttast hann og hatar, ef hann er grimmur, en tilbiður hann ef henni líkar hann og hann er ljúfmenni. Og nokkur dæmi eru til, að tilbeiðsla grunnhygginna kvenna hefir gengið svo langt, að þær hafa montað af ódygðum manna sinna, og er slíkt mjög óheppilegt.

Tilfellið verður, að það verður heppilegast, að hjónin geri sér sem glegsta grein fyrir dygðum og ódygðum hvors annars og séu hrein lynd.

Að segja, að konan sé hætt að elska, er álíka sannleikur eins og einhver segði, að mannkynið væri nú ekki lengur til, og að jörðin væri auður og tómur ísmoli.

Hvorugt kynið getur hætt að elska, en bæði karlmenn og kvenfólk er farið að gera sér betri grein fyrir, hvað er ást og ekki ást, af öllum þeim aragrúa af tilfinningum, sem kallað er ást. Fólk ið er að læra að elska ekki í blindni. Þær fækka óðum konurnar, sem hugsa og tala líkt og gamla konan, sem sagði: "Hann á með það, hann Jón minn, þó hann berji mig". En ættum við að telja það með skaða vorum?

Kæru kynsystur, ég veit þið haldið áfram að menta ykkur og þannig gera ykkur hæfar fyrir hverja stétt og stöðu mannfélagsins sem er. Látið karlmennina skila ykkur ykkar hlut. Þið eruð ekki að biðja um neitt náðarbrauð þegar þið biðjið um jafnrétti við karlmenn. Þið biðjið að eins um hlut, sem ranglega hefir verið haldið fyrir ykkur um margar aldaraðir. Hlut þessum var rænt frá ykkur þá er hnefarétturinn var æðstaráð heimsins.

Miklum andlegum framförum hefir mörg kona tekið á hjónabandsárunum. Því neitar enginn. Það er margreynt, að frampróun mannsandans er ódrepandi, jafnvel í myrkrinu sér hann sannar myndir. Hvar annarstaðar en í hjónabandinu hefir konan getað tekið framförum, þar sem öllum tækifærum hefir verið lokað og hérum bil alt lífið hefir verið ein óslitin hjónabandskeðja? Eða má ekki svo að orði komast um konu, sem giftist sextán til sevtján ára, eða þó lítið eitt eldri sé? Er hægt að benda á marga karlmenn, sem unnið hafa mörg stórvirki fyrir tvítugsaldur?

Mundi þykja sanngjarnt, ef einhver héldi því fram, að fangelsin væri bezti staðurinn fyrir hæfileika manninn? Mundi það ekki þykja ljóta heimskan? Og þó eru til andleg stórvirki, sem unnin hafa verið í fangelsi af föngunum sjálfum.

ELÍN.

Nýjar bækur.

Safn til sögu Íslands og ísl. bókmenta í b., III. bindi og það sem út er komið af því fjórða. (53c) $9.45
Íslendingasaga eftir B. Melsted I. bindi í bandi, og það sem út er komið af 2. b. (25c) 2.85
Lýsing Íslands eftir Þ. Thoroddsen í bandi (16c) 1.90
Fernir fornislenzkir rímnaflokkar, er Finnur Jónsson gaf út, í bandi .... (5c) 0.85
Alþingisstaður hinn forni eftir Sig. Guðm.son, í b. (4c) 0.90
Um kristnitökuna árið 1000, eftir B. M. Ólsen (6c) 0.90
Sýslumannaæfir eftir Boga Benediktsson, I. og II. b. innbundið .... (55c) 8.10
Íslenzk fornbréfasafn, 7 bindi innb., 3 h. af 8. b. ($1.70) 27.80
Biskupasögur, II. b.innb.(42c) 5.15
Landfræðissaga Íslands eftir Þ. Th., 4 bindi innb. (55c) 7.75
Rithöfundatal á Íslandi 1400—1882, eftir J.B., í b. (7c) 1.00
Upphaf allsherjarríkis á Íslandi eftir K.Maurer, í b. (7c) 1.15
Auðfræði, e. A. Ól., í b. (6c) 1.10
Presta og prófastatal á Íslandi 1869, í bandi .... (9c) 1.25
B. Thorarinsson ljóðmæli, með mynd, í bandi 1.50
Bókmentasaga Íslendinga eftir Finn Jónsson, í b. (12c) 1.80
Norðurlandasaga eftir P. Melsted, í bandi .... (8c) 1.50

Tölurnar í svigum tákna burðargjald, er sendist með pöntunum.

Um leið og ég nú auglýsi þessar bækur, sem ég nú nýlega hefi fengið frá Bókmentafélaginu í Kaupmannahöfn, skal þess hér með getið, að þær eru allar í vönduðu bandi. Það er ekki maskínu band, heldur handbundið, og vel vandað að öllu leyti. Það af þessum bókum, sem enn þá ekki eru alveg útkomnar, til dæmis Sýslumannaæfir, Fornbréfasafnið, Safn til sögu Íslands, þegar hvert bindi er búið, þá skal ég útvega kaupendunum tilboðinn kjöl á þau bindi frá bókbindaranum, sem hefir bundið inn þessar bækur, ef beðið er um.

Ég legg ekkert á bandið. Það kostar mig 65c á allar af stærri bókunum, og kaupendur fá það fyrir það sama. Hér mundi slíkt band kosta $1.50 til $2.00 á bókina

Einnig læt ég þá, sem pantað hafa hjá mér sögu Þiðriks af Bern vita, að það verður ekki langt þar til hún kemur, í það minsta fáein eintök.

Einnig á ég von á nokkrum eintökum af Flateyjarbók í bandi.

N. OTTENSON,
River Park, Winnipeg, Man.

Hluttekning í mótlæti.

Eins og áður var aetið í Heimskringlu, andaðist að heimili okkar nálægt Skálholt pósthúsi í Manitoba, eftir langa sjúkdómslegu, okkar ástkæra dóttir Ástþrúður Guðmunda Margrét. Hún var fædd 27. apríl 1892, dáin 15. marz 1909, og jarðsungin af séra Friðrik Hallgrímssyni í grafreit Glenborobæjar næsta sunnudag eftir dánardægrið. — Þeim fáu æfiárum, sem drotni þóknaðist að láta hana lifa, eyddi hún hjá okkur foreldrunum, sem góð og skyldurækin dóttir. Er því missirinn mikill og mótlætið þungbært, — þegar það er samfara öðru veikinda stríði, sem í seinni tíð hefir heimsótt fjölskyldu okkar.

En þegar neyðin er stærst, er hjálpin nálægust. Og kom það fullkomlega í ljós eftir jarðarför dóttir okkar sálugu, hve innilega hluttekning nágrannar okkar og vinir tóku í mótlæti okkar, þar sem okkur voru afhentir rúmir hundrað dollarar að gjöf, sem safn að var að Glenboro, Skálholt og Brú pósthúsum fyrir forgöngu C. A. Olsons, J. Heidmans og A. Heidmanns.

Nöfn hinna mörgu gefenda tæki ef mikið rúm að auglýsa, — en við viljum hér með votta öllu þessu göfuglynda fólki okkar innilegt þakklæti fyrir hjálpsemina, og óskum þess og biðjum, að drottinn megi blessa bú þess og bygðir í allri komandi tíð.

Skálholt P.O., Man., 28. júní 1909.

Tryggvi Ólafsson,
Berglaug Ólafsson.

ROBLIN HOTEL

115 Adelaide St. Winnipeg

Bezta $1.50 á-dag hús í Vestur-Canada. Keyrsla ókeypis milli vagnstöðva og hússins á nóttu og degi. Aðhlynning hins bezta. Viðskifti Íslendinga óskast. William Ave strætiskarið fer hjá húsinu

O. ROY, eigandi.

Gimli Hótel

G. E. SÓLMUNDSSON
eigandi

Óskar viðskifta Íslendinga sem heimsækja Gimli-bæ. — Þar er beini beztur í mat og drykkjarföngum, og aðbúð gesta svo góð sem frekast er hægt að gera hana. Hótelið er við vagnstöðina.
Gistið að Gimli-Hótel.

Ágæt meðul.

Ég hefi kynst og pantað áður meðul við nef, kverka- og andkafa sjúkdómum hjá Royal Remedy Co. Þau fá bezta vitnisburð. Þeir, sem senda mér sjúkdómslýsingu, og $4.00 fyrirfram, fá meðulin send heim til sín kostnaðarlaust hvar sem er í Canada. Eins og mörgum er kunnugt, hefi ég fengist töluvert mikið við meðalasölu stundum, og þekki "patent" meðul vel. Þessi meðul eru 'ekta' góð meðul, og fólk má treysta þeim, ef það kaupir þau í tæka tíð.

K.Ásg.Benediktsson.
540 Simcoe St., Winnipeg.

2 Bækur Gefins

FÁ NÝJIR KAUPENDUR AÐ HEIMSKRINGLU SEM BORGA $2.00 FYRIRFRAM, OG ÞESSUM BÓKUM ÚR AÐ VELJA :—

Mr. Potter frá Texas
Aðalheiður
Svipurinn Hennar
Hvammverjarnir
Konuhefnd
Lajla
Robert Manton.

Alt góðar sögur og sumar ágætar, efnismiklar, fróðlegar og spennandi. Nú er tíminn að gerast kaupendur Hkr. Það eru aðeins fá eintök eftir af sumum bókunum.

Heimskringla
P.O. Box 3083, Winnipeg

sem blindu á mig, þegar þeir komu inn, eins og ég væri eitthvert hættulegt dýr, sem mundi bíta þá.

"Ég hneigði mig fyrir þeim, sem á undan gekk, og sagði: "Nú, hr. Bothwell, hvernig líður þér. Ég gleðst yfir að sjá þig hér".

Svo sneri ég mér að hinum manninum, og lét sem ég hopaði aftur á bak af gremju. "Hvað þá, framhleypni maður, hvað viltu hingað? Ég er fyrir löngu orðin þreytt á prédikunum þínum, og vil ekki heyra meira. Yfirgefðu okkur strax, farðu, segi ég".

Vesalings maðurinn varð hálf skelkaður við þetta ávarp, og stóð svo nærri dyrunum, sem hann gat. Félagi hans gekk nú til mín. "Þú ert ekki friskur", sagði hann, "láttu mig þreifa á líkeð þinni".

"Hvað þá, Bothwell, ertu nú orðinn skottulæknir?" sagði ég hlægjandi. "Nei, herra minn, sendu einhvern reglulegan lækni hingað, ef þú ert hræddur við mig". Svo hrinti ég hendi hans frá mér.

Þetta var að eins gert til málamynda af hans hálfu, því hann reyndi ekki að halda hendi minni fastri. Ég leit svo ilskulega til hins læknisins, sem við dyrnar stóð, að hann þorði ekki að hreyfa sig. Ég heyrði Haworthy hvísla að honum, að ég færi aldrei í handalögmál, nema ég væri ávarpaður sem karlmaður. Lávarður Bothwell dirfðist nú samt að segja: "Afsakaðu, herra, en —"

Ég lét hann ekki segja meira, en hljóp til hans bölvandi og organdi, svo hann sá sinn kost vænstan að hraða sér út og ofan stigann, án þess að segja meira. Þá var hinn eflaust kominn út á götu. Haworthy hljóp á eftir lækirunum og fékk strax vottorð hjá þeim, og daginn eftir fórum við með eimlestinni til Stirling. Það var nærri fulldimt orðið, þegar við ókum að garðsdyrunum hjá dr. Raebell. Hvort sem það hefir verið af ímyndun eða ekki, þá fanst mér

eins og einhver drungadimma hvildi yfir plássinu, sem ég sá ekki í fyrra skifti þegar ég kom þar. — Læknirinn tók á móti okkur í sama herberginu eins og seinast, en nú fanst mér ekki örninn né drengurinn eins eftirtektavert og seinast. Þegar dr. Raebell sá, að ég horfði á þessar myndir, endurtók hann sömu orðin, og hann sagði við mig í fyrra skifti, og sem hann eflaust hefir sagt við hvern mann, er hefir heimsótt hann.

Undir eins og læknirinn þagnaði, horfði ég fast á hann og sagði: "Ég er María Stuart, drotning Skotlands".

Það leit út fyrir, að hann væri vanar við að fá svona óvæntar fregnir, því hann sýndi enga undrun, en sagði rólega: "Einmitt það — þú ert drotning", alveg eins og ég hefði sagt honum að ég héti Smith. Síðan sneri hann sér að félaga mínum, til þess að fá skýringu hjá honum.

"Ég hefi fengið drotninguna til þess að koma hingað og dvelja hér dálítinn tíma", sagði Haworthy, "svo hún geti notið friðar fyrir óvinum sínum —"

"Já", sagði ég, "Elizabet drotning ofsækir mig. Þú þekkir víst Elizabet drotningu?"

"Já, ég hefi heyrt ýmislegt um hana", sagði læknirinn, "en hún kemur aldrei hingað".

"Máske þú gerir svo vel, að láta hennar hátign fara til þegnanna sinna", sagði Haworthy, "á meðan við komum okkur saman".

Læknirinn kinkaði kolli og hringdi. Strax kom maður inn — sjálfsagt eftirlitsmaður — og bað dr. Raebell hann að sækja frú Ferrier.

"Hún er æðst ráðandi í kvennadeildinni", sagði hann Haworthy, "áreiðanleg manneskja, og svo vingjarnleg, að það er nærri því um of".

Frú Ferrier kom strax inn til okkar, en hún var alt annað en vingjarnleg að sjá hana, — hún bar

ekki með sér eitt einasta blíðumerki. Hún var eflaust yfir 50 ára aldur, og ég gat ekki ímyndað mér að hún hefði nokkurntíma litið glaðlega út, jafnvel ekki um 15 ára aldurinn. Það var ekki af því, að hárið hennar var voðalega ljótt á litinn, né af því, að fölsku tennurnar hennar sátu ekki rétt í munninum, ekki heldur af því, að hún var rangeygð á þann hátt, að augun litu sitt í hvora átt. Ekki heldur af því, að hún var klædd í dökk og óséleg fót, né af því, hve ógeðslega og klaufalega hún bar fæturna. Nei, það var eitthvað óákveðið, ég get ekki lýst því, sem leyndi sér í allri framkomu hennar, orðum, svip, hreyfingum og augnatilliti hennar, alt bar vott um það, að náttúran hafði búið hana undir framkvæmd hinna svívirðilegustu glæpaverka.

Að lita á hana, nægði til að gera mig skapþungan og kvíðandi, og þegar ég hugsaði um það, að hin fagra lafði Redleigh hefði verið undir yfirumsjón hennar, og ef til vill dáið í nærveru hennar einnar, ásetti ég mér að rannsaka alt til hlýtar, og ef unt væri, að komast fyrir og draga fram í ljós dagsins þann glæp, sem ég taldi víst, að hér hefði verið framinn. Ég gekk á eftir frú Ferrier út úr skrifstofunni, og upp sama stigann og eftir sömu göngunum, sem ég hafði áður gengið með Graham, inn í þann hluta byggingarinnar, sem ætlaður var nýkomendum, en Haworthy var eftir hjá dr. Raebell, til að segja honum sögu um brjálsemi mína, sem við vorum búnir að koma okkur saman um. Undir eins og dyrnar lokuðust á eftir okkur, tók ég eftir breytingu í hegðun frúarinnar. Á meðan hinn ímyndaði ættingi minn horfði á hana, lézt hún vera kurteis og vingjarnleg, sem í rauninni gerði hana enn viðurstyggilegri og falskari á svip, en þegar hún var orðin ein með mér, áleit hún þess enga þörf, að halda áfram með þessa hræsnistilraun. Ég geymdi auðvitað

þessar skoðanir hjá mér, og gekk á eftir henni inn í lítið herbergi, sem var ætlað til hennar eigin afnota. Undir eins og við vorum komin inn, sagði hún: — "Seztu niður".

Þetta var skipun, en ekki beiðni. Ég hlýddi þegjandi, en var um leið að hugsa um það, hvort brjáluð manneskja ætti að láta sér líka þetta.

"Hvað heitirðu?" spurði hún næst.

"María Stuart, Skotlands drotning", svaraði ég í auðmjúkum róm.

"Vitleysa! Þetta vil ég ekki heyra", tautaði hún. "Hvað heitir vinur þinn? Maðurinn, sem kom með þér?"

Ég hugsaði mig um ofurlitla stund, því ég var í efa um, hvort ég ætti að nefna hann sögunafni, eða því nafni, sem við höfðum komið okkur saman um, að hann segði dr. Raebell að væri sitt, en ég fann að það yrði erfitt fyrir mig, að muna öll þessi vitlausu nöfn, og sagði því: "Það var hr. Armytage".

"Nú, þá ímynda ég mér, að þú sért frú Armytage", tautaði hún. En í sama bili virtist hún taka eftir hreimnum í málróm mínum, og starði á andlit mitt. Ég sá, að hún var við það að komast eftir kynferði mínu, og bjó mig þess vegna undir það að rífast við hana. Strax á eftir sagði hún líka: "Þú talar eins og karlmaður".

"Þræll", orgaði ég, stökk á fætur, barði saman hnefum og sagði: "Nornin þín, þú lýgur. Burt með þig. Láttu mig ekki sjá þig oftar. Farðu. En hvar er Bothwell?"

Hefði ég búist við, að hún hefði stungið rófunni á milli fótanna, þá hefði mér brugðist það.

"Haltu þér saman", sagði hún ilskulega, "ef þú vilt ekki strax reyna spennistakkinn".

"Spennistakkinn? Við hvað áttu?" kallaði ég. "Hvar er ég? Er þetta ekki Lochlern Castle?"

TENGDAFAÐIR MINN.

Eftir

Mark Twain.

J. P. ÍSDAL, þýddi.

Það er fremur óþægilegt, að vita það með sjálfum sér, að maður eigi að enda líf sitt í gálganum, En þessa alls ekki aðlaðandi framtíðar útsjón hefi ég, eða ég hefi að minsta kosti haft hana.

Undir eins, þegar ég var lítill drengur, skoppaði ég ofan í Missouri fljótið, en komst heppilega upp úr því aftur, og þá var það að Gilmór nágranni okkar gaf það í skyn í sinni miklu ofsa gleði, "að enginn maður drukni, sem eigi að hengjast!"

Frá þeim degi og þar til ég var 15 ára, datt ég á vixl í Missouri og Mississippi fljótin, en komst einatt klakklaust upp úr þeim. Og að síðustu hélt ég það alveg áreiðanlegt, að takmark það, sem sérstaklega lægi fyrir mér að komast að, væri það, að dingla í snærinu.

Á meðan þessu fór fram, var ég orðinn svo inulifaður í vatninu, að ég afréði að helga mig því, ekki sem bindindismaður, heldur sem sjómaður.

Föður mínum líkaði ekki ráðagerð mín, og bannaði mér það kröftuglega. Svo að ég afréð það, að ná þessu takmarki mínu upp á eigin reikning. En þar sem ég gat ekki framkvæmt það heima hjá mér, þá afréð ég að strjúka.

Það, sem ég hefi einu sinni ætlað mér, því kem ég í framkvæmd. Þess vegna herti ég mig upp, og fór frá heimili mínu og foreldrum, og svoleiðis herti ég mig, þangað til ég var kominn til New York. Þar reyndi ég að ráða mig til sjós. En þar sem ég eins og svo oft hefir komið fyrir mig síðan, gat ekki fengið atvinnuna, réði ég mig sem lærisveinn á prentverkstæði.

Mér líkaði þar ágætlega vel, en þegar ég einn daginn mætti manni á götunni, frá heima-átthögum mínum, varð ég svo óttasleginn, að ég lagði af stað viðstöðulaust, og var kominn heim aftur til foreldra minna fyr en ég vissi af.

Og þar sem þau settu sig nú ekki lengur á móti vilja mínum, um að ég réði mig til sjós, varð það úr, að ég varð vikadrengur á skipi, og fikraði mig eftir tíma upp í hásetatign, og í þeirri tign mátti ég auðvitað oftast nær dúsa, og þráfaldlega oft þurfti ég því að kalla orðin: "MarkTwain" (sem þýðir: gefið teikn, línu á kompás og ýmislegt fleira). Þetta er einmitt rétta nafnið fyrir þig, karlinn minn, sagði ég við sjálfan mig. Kastaði ég því minu gamla nafni út fyrir borð, og tók upp þetta nýja nafn: "Mark Twain", hvert að ég hefi verið alt fram á þennan dag, skelfing ánægður með.

En svo skall þrælastríðið á, og það skaut loku fyrir sjómannsferil minn.

Ég ganaði inn í her Suðurríkjanna, en yfirgaf fljótlega fylkinguna, og gerðist heimilisskrifari bróður míns, sem hafði komið sér hærra í mannvirðingar stiganum enn ég, því hann var vara-landsstjóri í Nevada. En þar sem hann lét mig ekki hafa tiltakanlega mikið að gera, heldur gerði meiri hlutann af skriftum sínum sjálfur, þá tók ég mér það fyrir hendur, að brúka tímann dálitið öðruvísi, heldur enn að gapa yfir og rissa upp nokkrar smásögur og skritlur á pappírinn. Ég fór að lesa þær upp fyrir nokkra af vinum minum, og varð það til þess, að þeir réðu mér fastlega til þess, að gera alt þetta smælki almenningi kunnugt. Ég fylgdi ráðum þeirra, var lesinn og sigraði. Og með þessu laginu komst ég inn á braut höfundanna.

Þegar ég var 32 ára, gerði ég eitt heimskupar, — annars hvorki hið fyrsta eða hið síðasta á æfi minni — en samt eitt heimskupar, sem þrátt fyrir heimsku mina endaði ágætlega. Ég varð nefnilega ástfanginn; og ég elskaði líka svo um munaði, því ég átti að giftast. Og þegar persónur, sem vilja út af lífinu giftast, verða að sjálfsögðu að eiga heimili, en ég gat sjálfur ekki meðhöndlað svo áþreifanlegar sakir, — bað ég hinn tilvonandi tengdaföður minn að taka af mér óþægindin og vandann af því starfi, og útvega okkur þægilegt heimili í Buffalo.

Það var eins og þetta starf væri honum gleðiefni, og fáum dögum síðar hafði hann bústaðinn á reiðu höndum, og spurði, hvort mig langaði ekki til að sjá hann.

"Það hefir enga þýðingu", svaraði ég. "Hafir þú séð bústaðinn og álitið hann vel til fallinn, þá er það nóg".

Og með því var sagan búin.

Svo rann upp giftingardagurinn, og þegar mér fanst vera orðið heldur framorðið, stóð ég upp frá borðinu og spurði:

"Heyrðu, tengdafaðir, hvar er það nú eiginlega, sem við eigum að búa?"

"Um það skal ég nú fljótlega leiðbeina ykkur, börnin mín góð, — við getum farið á stað þangað undir eins", svaraði hann.

Og vinirnir, sem höfðu tekið þátt í giftingargleðinni, eða brúðkaupsveizlunni, sem það er venjulegast kallað, hrópuðu einum rómi:

"Við fylgjumst með öll sömun".

"Látum oss fara", sagði ég; "bara við komumst nú á stað".

Svo klæddi ég konuna mína litlu í eitthvað af utanhafnar-dóti, tók hana upp á arma mina og bar hana niður tröppurnar, en hinir aðrir komu á eftir með gleði og hávaða. Vagnarnir voru við dyrnar. Ég, konan mín, tengdafaðir minn og Bob Raleigh, settumst í fyrsta vagninn, en gestirnir í hina, og svo fórum við á liðugu brokki á stað til hins nýja heimilis.

Við ókum og ókum. Ég var alt of uppveðraður í minni ungu húsfrú til þess að ég hugsaði um nokkuð annað. En að síðustu fór mér að þykja vegurinn nokkuð langur. "En, tengdafaðir minn", sagði ég, "verðum við ekki þar rétt strax?"

"Að uörmu spori, vinur minn! Að vörmu spori!" svaraði hann, um leið og hann hló undarlega.

Þetta "að vörmu spori", fanst mér heil eilífð.

"Tengdafaðir!" hrópaði ég upp að síðustu. "Ég hafði aldrei látið mér detta það í hug, að þú mundir leigja okkur bústað úti á landsbygðinni. Það hefir þó hlotið að vera til eitthvert húsnæði í Buffalo!"

En hann hló bara.

"Nú erum við þar þegar í stað sagði hann um leið og hann beygði sig út um gluggann og sagði eitthvað við ökumanninn.

Vagninn stansaði strax.

Við stigum út. Eigandinn að húsinu, einhver frú Johnson, kom út og tók á móti okkur, og fylgdi okkur til herbergja okkar. Ég horfði í kring um mig, og var aldeilis forviða.

"Heyrðu mig, tengdafaðir", — sagði ég og tók hann afsiðis, — "Hrynur það ekki nokkuð niður hjá þér, úr því þú fórst að leigja handa okkur slíkt heimili og þetta er?"

"Hvað meinar þú, drengur minn?" spurði hann með hinu sak leysislegasta brosi, sem átt getur sér stað í þessari veröld.

"Nú, það er svo sem auðvitað, að það hlýtur að vera nokkuð dýrt, annað eins hús og þetta, og ég hefi enga peninga, í öllu falli ekki nóga. Getur þú ekki hjálpað mér með fyrstu hálfs árs leiguna?"

"Ó, láttu hár þitt ekki grána þess vegna. Þær sakir eru þegar kláraðar".

"Ja, þá skaltu náttúrlega meðtaka mitt bezta þakklæti".

Ég tók litlu frúna mína mér við hönd, og sýndi henni öll þau fögru herbergi, sem ég hafði leigt handa henni.

"En þetta er alt of mikið, og alt of fínt!" hrópaði hún, og voru augu hennar glansandi af aðdáun yfir öllu þessu, sem hún sá.

Ég svaraði henni og var þá töluverður stoltkeimur í röddinni: "Fyrir þig er ekkert of fínt, að mér finst, barnið mitt".

Vinir mínir gáfu sig alt af í ljós fleiri og fleiri. Það sýndist vera orðin óþrjótandi uppspretta af vinum, því þeir komu fram úr öllum dyrum, undan öllum glugga- og dyratjöldum, og úr hverjum skáp og skansi, gægðust þeir fram. Já, á meðan þessu fór fram, höguðu vinir mínir sér rétt eins og þeir væru heima hjá sér, og ætluðu að halda áfram veizlugleðinni. Árangurslaust skýrði ég þeim frá, að þetta gæti nú ekki gengið lengur, veizlugleðin yrði nú að hætta. En þeir hlóu bara, og tengdafaðir minn hló líka. Og hvað var svo hægt að gera annað en það, sem ég að síðustu greip til?

Vingjarnlega, en þó í fullri alvöru, vísaði ég þeim á dyr einum eftir annan, og að síðustu tengdaföður minum, og eftir að ég hafði einu sinni enn rannsakað húsið, til að vita, hvort við værum nú orðin ein, dró ég léttilega andann, þegar ég fann, að staðurinn var nú gefinn mér til umráða.

Með gleðiópi lyfti ég litlu konunni minni hátt upp frá gólfinu, en samt varð ég rétt á því augnablikinu að sleppa henni, þegar mér varð litið á litið borð rétt hjá okkur og festi augun á stóru skjali sem áreiðanlega ekki hafði legið þar allan tímann.

Það var gjafbréf frá tengdaföður minum, í alla staði löglega útbúið, fyrir húsinu og öllu, sem í því var.

Ég hlýt að hafa litið óvenjulega heimskulega út, því konan mín hló svo mikið, að tárin runnu úr augum hennar.

"Sjáðu þarna!" sagði hún, og benti í áttina þvert yfir götuna.

Í húsinu beint á móti bjó tengda faðir minn, og til þess að komast heim að okkar nýja heimili, höfðum við verið að aka á hraðri ferð í tvo eða þrjá klukkutíma.

Já, ef maður getur ekki orðið gamansamur maður, með því að eiga slíkan tengdaföður, þá getur maður aldrei orðið það.

Sambandið við Marsbúa.

Háskólakennarar Todd í Amherst í Massachusetts og Stevens í New York segja, að gufuhvolfið kring um jörðina sé tíu milna þykt. Utan við gufuhvolfið geti verið margs konar hraðskeyti frá Marz til jarðarbúa. Um margar aldir hafi skeytin ef til vill að eins komist að gufuhvolfinu, en lengra ekki. Tilraunir þeirra Marzbúa reynist þeim og oss árangurslausar, og fari bergmálandi aftur út í geiminn. Þetta er hugmynd þessara háskólakennara, en D. Todd talar um málið á þessa leiði: —

Ég efa það ekki, að ef nokkurar lifandi, skyngæddar verur eru á Marz, hafa þær reynt að komast í samband við oss, og það um langan tíma, og standa hissa yfir auladóm vorum, að geta ekki svarað.

Ég vona, að vér getum hamið þessi skeyti á leiðinni og ráðið eða skýrt marga leyndardóma mannlífsins.

Ég er sannfærður um, að Marzbúar, ef þeir eru enn þá lifandi verur, eru búnir fyrir löngu að leysa ráðningar þeirra úrlausnarefna, sem vefjast óráðin fyrir oss enn þá.

Marzbúar hafa ráðið þá hluti, sem menn hér á jörðu ekki skilja enn þá. Marzbúar hafa starfað svo þúsundum ára skiftir lengur enn við. Allir huldir dómar hér eru þeim sem auðlesin bók. Ef vér gætum fengið leiðarljós frá þeim, þá mundum vér á sömu stundu skilja ógrynni af hulinsmálum vorum, og öðlast áframhaldandi undirstöðu til að byggja ofan á.

Háskólakennarinn heldur, að í heiðbláma loftsins séu auðsuppsprettur að mörgu, sem tilheyri þekkingu og vísdómi. Eins og áður er tekið fram, álítur hann Marz búa langt á undan oss vegna þess, að þeir séu miklu eldri að uppruna og þroska. Gætum vér náð sambandi við þá, þá græddum vér stórmikla þekkingu og vísindi. Vér skildum ekki einasta það, sem oss er óskiljanlegt, heldur einnig finduni ýmislegt, sem oss dreymir ekki um nú.

Fyrst af öllu þurfum vér að finna ráð til að koma skeytum vorum út úr gufuhvolfinu, í loftskeytasendingum. Hann segir, að ómögulegt sé, að byggja fregnsúlu sem nái út úr gufuhvolfinu. En hann og Stevens halda því fram, að hægt sé að fara gegn um gufuhvolfið í loftbát.

Háskólakennari Todd er viljugur að voga lífi sínu með Stevens, sem er nafnfrægur loftsiglingafræðingur, og reyna að framkvæma þessa hugmynd. Í september í haust verður Marz 35 miliónir milna frá jörðunni, þó venjuleg fjarlægð hans sé oft 60 miliónir milna. Þá ætla þeir að reyna að komast eins hátt og auðið er upp í gufuhvolfið. Þeir ætla að leggja af stað frá Canton í Ohio.

Þeir ætla að hafa loftskeyta útbúnað á loftbátnum. Þrir stálvírar eiga að vera tengdir frá bátnum við jörðu, og með þeim ætla þeir að ná afli frá jörðu neðan, og ætla að vera miðlar á yfirborði gufuhvolfsins, að senda skeytin áleiðis til Marzbúa.

Hvað þeim verður ágengt, fer enginn að vita fyrr enn þeir koma ofan á jörðu aftur.

Loftbárurinn á að vera sá stærsti, sem smíðaður hefir verið. Þessir háskólakennarar ætla að eins að sitja á setstólum við loftheld aluminum hylki. Þegar þeir eru komnir svo hátt, að lífsloft þrýtur þá að öllu, ætla þeir að búa til öndunarloft, súrefnisloft, og bjargast við það.

Stevens segir: — Ég hugsa, að þegar við erum komnir fimm milur upp frá jörðu, þá þurfum við að nota tilbúið andrúmsloft. Ég veit ekki mikið í stjörnufræði og himinhnatta lögmáli, en ég er samþykkur að fylgja háskólakennara Todd, hvert sem hann vill fara í loftbátnum minum.

Ég hugsa, að við ættum að geta verið komnir upp á yfirborð gufuhvolfsins eftir sex klukkuttma ferð frá jörðu. Áhöldin og virarnir, sem við þurfum að hafa, eru um tvö hundruð pund á þyngd.

Auðvitað er þetta ferðalag afarhættulegt. Loftbátar hafa komist allra hæst átta milur, svo menn viti um. Þá dóu loftfararnir úr kulda og loftskorti. Við treystum á tilbúið lífsloft.

Við erum að undirbúa okkur með því að anda að okkur súrefnislofti tímunum saman. Við tökum okkur æfingastundir daglega heima hjá okkur nú, og verðum orðnir talsvert vanir við það loft, þegar við leggjum af stað.

Ég ætla að taka Todd með mér í loftbátinn til æfinga áður enn við leggjum í aðalförina, og venja hann við loftsiglingar. — (Þýtt).

K. Á. B.

Victor Anderson prentari og Frank bróðir hans hafa myndað nýtt prentfélag, sem þeir nefna "THE ANDERSON CO.". Þeir hafa keypt öll áhöld Gísla prentara Jónssonar, og reka iðn sína framvegis á sama stað og Gísli gerði. Þeir bræður eru æfðir prentarar og lofa góðu verki. Sjá auglýsingu þeirra á öðrum stað í blaðinu.

KAUPIÐ af þeim og verzlið við þá sem auglýsa starfsemi sína í Heimskringlu og þá fáið þér *betri* vörur með *betra* verði og *betur* útilátnar.....

Í TÓMSTUNDUM

Það er sagt, að margt megi gera sér og sínum til góðs og nytsemda, í tómstundunum. Og það er rétt. Sumir eyða öllum sínum tómstundum til að skemta sér; en aftur aðrir til hins betra: að læra ýmislegt sjálfum sér til gagns í lífinu. Með því að eyða fáum mínútum, í tómstundum, til að skrifa til HEIMSKRINGLU og gerast kaupandi hennar, gerið þér ómetanlegt gagn,—þess fleiri sem kaupa þess lengur lifir íslenzkan Vestanhafs.

"Nei, alls ekki. Þetta er stofnan dr. Raebells, og þú ert komin hingað í því skyni, að hann lækni þig, ef þú vilt losna héðan aftur, ættirðu sem minst að tala um Mariu Stuart og alt hitt masið".

Ég reyndi að sýnast sorgbitin og sannfærandi yfir framkomu minni og hissa á þeirri fregn, sem hún færði mér, og ég held mér hafi hepnast það, því eftir það talaði hún til min í venjulegum hjúkrunarkonu róm.

Eftir bendingu frú Ferriers var ég að taka af mér hattinn, þegar dr. Raebell kom inn. Framkoma hans var óbreytt. Það hefir eflaust verið regla hans, að venja sjúklingana á, að skoða sig sem vin og verndarmann gagnvart hinum viðmótshörðu gæzlumönnum. Á þann hátt kom hann þeim til að tala vel um sig við vini sína og vandamenn, þegar þeir komu að finna þá. Hann kom brosandi inn — Haworthy hefir eflaust lofað honum góðri borgun fyrir veru mina þar — og talaði til min í þeim róm, sem mæður vanalega brúka við veik og kenjótt börn: "Nú, hvernig liður þér, tigna drotning? Ertu ekki þreytt eftir ferðalagið? Elizabet drotning hefir líklega ekki komið — eða hvað?"

Frú Ferrier fnæsti fyrirlitlega að þessum spurningum. Ég ígrundaði hvort brjáladur maður ætti að láta sér líka svona fjas, og komst að þeirri niðurstöðu, að læknirinn hlyti að vita, hvernig hann ætti að tala við slíka vitfirringa sem mig, og ásetti mér þess vegna að vera rólegur. Ég svaraði honum því mildilega, og mintist ekki á framkomu frú Ferrier, því ég hugsaði sem svo, að vitfirringar væru venjulega klókir, og að það væri óheppilegt að móðga hana. Dr. Raebell sagði henni, að ég ætti að fá sérstakt svefnherbergi í kvennadeildinni, en borða ásamt hinum stúlkunum og njóta sömu meðferðar og þær. Seinast fór hann með mig inn í daglegu stofuna, þar sem ég í fyrsta sinni hafði séð hina fögru konu. Flestar stúlkurnar voru samankomnar í stofunni og biðu miðdagsmatarins. Hann sagði þeim nafn mitt, og sömuleiðis nefndi hann nafn hverrar um sig fyrir mér, sem mér var ekki unt að muna. Sú þeirra, sem mér leizt bezt á, var ung og falleg stúlka, á að gizka 18 til 19 ára gömul, og var nefnd ungfrú Ophelia. Orsökin til þess, að ég tók strax eftir henni, var sú, að ég sá hana sitja undir litlu telpunni, þeirri sömu, sem lafði Redleigh annaðist svo ástúðlega, og áleit það því viðeigandi, að byrja samtalið um hana, þess vegna sagði ég:

"Hver á þessa litlu stúlku?"

"Garðyrkjumaðurinn", svaraði Ophelia með mjúkri og blíðri raust. "Mér hefir ávalt þótt vænt um hana, og síðan bezta vina hennar dó, hefir hún haldið sér að mér".

"Hver var sú vina?" spurði ég. Ég vissi hvort svarið yrði.

"Frú Robins. Hún dó fyrir þremur dögum. Í gær var hún jarðsett".

"Ég sá að hún var barnaleg og trúgjörn stúlka, sem naumast mundi komast að, hver ég var, og því sagði ég:

"Mér þætti gaman að vita, hvort það hefir verið sú frú Robins, sem ég þekti. Hún var falleg kona, ung, með svart hár".

"Já, það var hún einmitt", svaraði Ophelia áköf. Máske þú hafir verið vina hennar?"

"Já, mér féll hún vel í geð", svaraði ég.

Snöggvast horfði Ophelia fast á mig og hvísladi svo að mér:

"Fyrst þú ert vina hennar, þá ætla ég að segja þér leyndarmál um hana. En þú verður að lofa mér því, að segja engum frá því. Viltu gera það?"

"Já, þú mátt reiða þig á mig".

"Um fram alt ekki frú Ferrier".

"Nei, hvað sem á gengur, hvorki henni eða dr. Raebell".

Hún leit í kringum sig til að gæta að, hvort nokkur liti til okkar, lagði svo varirnar við eyra mitt og hvísladi:

"Það er voðalegt, að verða að geyma slíkt í huga sér, og því verð ég að segja þér það. Þú veizt, að frú Robins dó og var grafin í gær".

"Já, já".

"Nú — hún hefir hínað við aftur, eftir að þeir gröfu hana, síðastliðna nótt heyrði ég hana vera að berja í lokið á kistunni sinni, alla nóttina".

14. KAPÍTULI.

Voðalegt verkefni.

Ég endaði dagbókina mína með að lýsa leyndarmálinu, sem Ophelia litla sagði mér frá. Enda þótt ég legði litinn trúnað á þá sögu, get ég samt ekki neitað því, að hún hafði slæm áhrif á taugar mínar. En á slíkum stað sem þessum, má maður vera við því búinn, að verða fyrir taugaóstyrk hvað eftir annað. Þegar búið var að borða, fórum við allar aftur inn í daglegu stofuna, ég reyndi að vekja máls á sama umtalsefni við Opheliu, en annaðhvort hefir hún iðrast eftir, að hafa sagt mér frá kringumstæðum frú Robins, eða hún hefir ekki haft vald yfir hugsan sinni, því nú gat ég ekki komið henni til að segja neitt. Þess vegna snéri ég mér að öðrum stúlkum, og fór að tala við þær mjög þýðlega. Að svo miklu leyti að ég gat skilið, hafði frú Robins ekki verið í afhaldi hjá sjúklingunum, að minsta kosti ekki í kvennadeildinni. Ég mundi nú líka, að Graham hafði sagt mér það, að hún skifti sér lítið eða ekkert af þeim, og það hefir eflaust verið af því, að þær sem ég spurði um hana, vissu annaðhvort ekkert um hana, eða létu sér standa á sama, hvað um hana var orðið. Eftir nokkrar árangurslausar tilraunir kom mér í hug, að þar eð Graham hafði látið sér ant um hana, þá mundi það vera hyggilegast að spyrja hann um þetta. Hann var nú ekki til staðar í herberginu, og þess vegna fór ég til frú Ferrier, sem sat út í horni, og sagði:

"Viltu segja mér, frú, hvort dr. Graham kemur hingað í kvöld?"

En þessi kerling var ekki til að leika sér að. Hún þaut upp úr sæti sínu undir eins og sagði:

Dr. Graham. Hver hefir sagt þér frá dr. Graham? Þú hefir líklega aldrei séð hann —eða hvað?"

"Ég sá strax, hve aulalega ég hafði hagað mér, en brá þó hvergi og svaraði:

"Nei, ég hefi ekki séð hann, en ég hefi heyrt Victoríu drotningu tala um hann, — Victoriu drotningu í móraunda kjólnum með hvíta hárið".

Ég var farinn að kalla sjúklingana þeim nöfnum, sem þeir vildu láta nefna sig. Ég vissi, að þetta var síður, og sá að það var hentugt, því þá meiddi maður ekki tilfinningar þeirra. Auðvitað hélt hver um sig, að hann væri sá eini, sem vit hefði, en hinir allir væru vitfirringar.

"Victoria drotning ætti heldur að passa sjalfa sig", sagði gamla frúin ill í skapi. "Það er meira enn hálfur mánuður síðan dr. Graham fór héðan".

"Farinn? Hann er þó líklega ekki dauður?" hrópaði ég, því ég hugsaði aðallega um glæpi í þessu dimma húsi.

Ertu að hugsa um að kaupa reiðhjól? Ef svo er þá komstu eftir hver býr til beztu hjólin. Margar hjólateg. eru til sölu, en sem ekki hafa verksmiðju nafn á sér. Slík hjól ern ekki ábyggileg, efnið er óvandað, svo að verksmiðjurnar blygðast sín fyrir að láta vita, hver hafi búið þau til. Canada Cycle & Motor Co., Ltd., hefir trygt sér álit með eftirtöldum reiðhjólum:—

CLEVELAND RAMBLER **BRANTFORD PERFECT** **MASSEY IMPERIAL**

Canada Cycle & Motor Co., Ltd., Winnipeg.
147 PRINCESS STREET. Heimsins Beztu Reiðhjóla-smiðir.

Með því að biðja sérlega um "T.L. CIGAR," þá ertu viss að fá ágætan vindil.



(UNION MADE)

T.L. Western Cigar Factory
Thomas Lee, eigandi Winnipeg

TIL SÖLU:

Maður eða kona. Mitt Suður Afríku landgjafar-ávísunar skírteini, gefið út af Innanríkisdeildinni í Ottawa, gildir fyrir 320 ekrur af hvaða ríkislandi sem opið er til heimilisréttartöku í Manitoba, Alberta eða Saskatchewan. — Hver persóna, yfir 18 ára að aldri,—maður eða kona,—getur fengið landið með því að kaupa þetta skírteini fyrir $800.00. — Skrifið eða Símið strax til

L. E. TELFORD,
131 SHUTER ST. -- TORONTO, ONT.

"20. ÖLDIN"

ÓHÁÐ VIKUBLAÐ.

Verð: $1.00 í Canada.
" $1.50 utan Canada
Borgist fyrirfram.

Útgefendur: Twentieth Century Pub. Co., Winnipeg. — Einkunnarorð: Fegurð, Sannleikur, Ást, Frelsi, Réttlæti. — Flytur ljóð, sögur, nýjar framfaraskoðanir, ritdóma og skrítlur. Segir alt sem henni býr í brjósti og óttast ekkert milli himins og jarðar. Er sér ekki meðvitandi um nokkuð ljótt, og fer því hvergi í felur, en ræðir við alla eins og bræður og systur. Kemur til dyranna eins og hún er klædd og viðurkennir enga yfirboðara né undirgefna, æðri né lægri, heldur alla jafna.

Oss vantar umboðsmenn í hverri bygð og bæ. — Góð sölulaun.

Utanáskrift til blaðsins er:

"20. ÖLDIN"
(D. H.) Winnipeg.

Sérstakt tilboð:

Ef 4 slá sér saman og panta blaðið í einu kostar það á hvern 75c, fyrirfram borgað. Ef 10 panta í einu, þá að eins 50c.

ÚTGEFENDURNIR.

Viðhafnarmikil gifting fór fram hér í borg á laugardaginn var, þar sem ekki voru aðrir viðstaddir en háyfirdómari fylkisins, nokkurir valdir lögfræðingar og stjórnar embættismenn. Svo stóð á, að maður einn að nafni Joseph Heitmeyer hafði brygðist heitmey sinni Lena Gregolinski í trygðum. Hún hafði höfðað mál móti honum, og fengið hann dæmdan í 12 mánaða fangelsi. En svo hafði síðar samist svo um með þessum persónum, fyrir annara milligöngu, að unnustan af einskærum brjóstgæðum lofaði að giftast Heitmeyer. Hún var því kvödd til að koma upp í dómsal háyfirdómarans á laugardaginn var, og þangað fór hún með móður sinni. Samtímis var komið með brúðgumann úr fangelsinu, og brúðhjónin tafarlaust gefin saman í hjónaband. — Dómarinn lét svo fangann lausan, en lét hann gefa sér $500 tryggingu fyrir því, að hann skyldi vera konu sinni góður í heilt ár.

Hvað er jafnaðarstefnan?

— EFTIR —
GUSTAV BANG *

Jafnaðarstefnan er kenningin um það þegnfélagsskipulag, er á að taka við, þá er auðvaldinu er hrundið frá völdum.

Sagan sýnir oss, hvernig eitt þegnfélagsskipulag hefir tekið við af öðru á liðnum tímum, og vér sjáum einnig hin mismunandi kjör, er verkamennirnir hafa átt við að búa, og sem hafa einkent hvert tímabilið út af fyrir sig. Fyr á tímum var þrælahaldið. Verkafólkið var ófrjálst, og tilheyrði húsbónda sínum. Öll menning og mentun fólksins var eftir þessu. Á eftir þrælahaldinu kom hin hálffrjálsa staða. Bændurnir unnu á sínu eigin landi, en urðu að gjalda landsdrotni sínum landskuld, og hann átti með að refsa þeim, nær sem honum lék hugur á, og á margan hátt gripa í taumana hjá þeim.

Það, sem einkennir þegnfélagsskipulag vorra tíma, er það helzt, að ekkert ófrelsi ríkir. Verkamaðurinn er frjáls. Hann getur tekið atvinnu, hvar sem hann sjálfur vill, og þá er hann vinnur fyrir aðra, þá gerir hann það af frjálsum vilja, og er sjálfur annar aðilinn, þegar samningarnir eru gerðir. — Vinnuveitandinn, og verkamaðurinn standa hver öðrum jafnfætis.

Þannig kemur það manni fyrir sjónir, en frjálsræðið er að eins sjónhverfing. Í raun og veru er verkamaðurinn eins bundinn og ófrjáls og þrællinn var í fornöld, eða bóndinn á miðöldunum, því það eru til óskrifuð lög, sem eru sterkari enn þau skrifuðu. Þau eru eignahagur, er afskiítir verkamanninn af vinnu hans. Gróðinn af vinnunni rennur allur í vasa einstakra manna, en meiri hluti þjóðfélagsins ber lítið eða ekkert úr býtum. Verkamaðurinn verður að vinna, til þess að geta dregið fram lífið, en það getur hann að eins með því móti, að selja vinnu sína öðrum auðkýfingum, og þó með þeim skilyrðum, að hann gangist undir öll þau lög, sem honum eru sett, svo sem, hve margar klukkustundir hann skuli vinna á dag, hve há launin skuli vera, o.s.frv. Þetta verður hann að gangast undir, ásamt ýmsu öðru, ef hann vill forða sér við hungursdauða.

Það sýnist í fljótu bragði, að hann sé frjáls að velja, en í raun og veru hefir hann að eins að velja á milli hungurs og stritvinnu, og það er hræðilegasta ófrelsi, sú versta harðstjórn, sem til er.

Þessari kúgun er það að kenna, að auðvaldið þríst og blómgast.

Verkamaðurinn fær oft svo lág laun, að hann með naumindum getur dregið fram lífið í fjölskyldu sinni. Þessi laun eru að eins ofurlítill hluti af því, hvers virði vinna hans er.

Setjum svo, að hagnaður af vinnu eins manns sé 8 kr. einhvern daginn, verkfæraslit og annar tilkostnaður 12 kr., en arðurinn að öllu samanlögðu 20 kr. Verkamaðurinn fær í kaup í mesta lagi 4—5 kr., stundum ekki nema 3 kr., hitt rennur í vasa verkveitandans og hjálpar til að auka vald hans, það vald, sem nú er að ná tökum á flestum þjóðum heimsins (auðmannavaldið).

Ágengni auðvaldsins við verkamenn einkennir vora tíma. Dag eftir dag græða auðfélögin og auðmennirnir á verkafólki sínu, ekki einungis í þessu tilliti, heldur í svo mörgum myndum; — á bankalánum, elds- og lífsábyrgðum, ábyrgðarlánum, hlutabréfasölu o.fl. o.fl.

Og það eru ekki einasta óbrotnir verkamenn í bæjum og sveitum, sem ræntir eru stórum hluta af vinnuarði sínum, heldur einnig iðnaðar og verzlunarmenn, sem neyta síns brauðs í sveita sins andlitis.

Eins og afarstór dæla, er þúsundir af pípum liggja frá í allar áttir, þannig dregur auðvaldið fjármuni þjóðfélagsins til sín, á meðan mikill meiri hluti af verkalýð þjóðanna lifir í bágindum og basli. Veldi auðvaldsins í þjóðfélögunum er orsök allra þjóðfélagsmeina. Þó menn þoli hungur og strit, þó baráttan fyrir tilverunni sé eins hörð og armæðufull eins og hún er fyrir flestum (meiri hluta þjóðanna), þá kemur það ekki af því, að þetta sé nauðsynlegt fyrir mannfélagið, eigi svona að vera,—þjóðfélagið sé ekki nógu ríkt, að sjá öllu fólki borgið, svo það geti lifað góðu og áhyggjulitlu lífi.

Þvert á móti. Þjóðfélög nútimans eru afar-rík.

Um leið og auðvaldið lítilsvirðir verkalýðinn, og hefir af honum fé, skapar það fleiri og fleiri tækifæri til stuðnings og viðgangs þjóðfélagsins í heild sinni, t. d. með iðnfræði — sem nú á síðustu tímum hefir verið í svo miklu afhaldi — með ýmsum vélaútbúnaði, er geng ur fyrir gufu og rafafli, járnbrautum, gufuskipum o.fl., o.fl. Þetta alt veitir miklu meiri atvinnu enn þektist í gamla daga. — Það er að segja, þjóðfélagið er orðið svo ríkt, að hver einstaklingur í því gæti orðið mörgum sinnum auðugri en áður var. Enginn þyríti að vinna hart eða neita sér um nauðsynjar sínar. Vinnutíminn þyríti ekki einusinni að vera 8 tím ar á dag, eins og verkamenn nú fara fram á. Laun verkamanna gætu orðið margfalt hærri enn þeirra, er nú hafa hæst laun. — Hræðslan og áhyggjur fyrir atvinnuleysi, er nú hangir yfir verka lýðnum eins og tvieggjað sverð, gæti með öllu horfið, og allar þjóð ir gætu hafist upp og ekki einasta lifað bærilegu lífi, heldur notið velmegunar þeirrar, er nú ríkir að eins meðal auðugustu manna í þjóðfélaginu. Alt þetta gæti átt sér stað, en það á sér ekki stað, meðan auðvaldið ríkir og ræður í heiminum, meðan meginhluti af öllum arði vinnunnar reunur í pyngju einstakra manna, og eyðileggur velmegun fjöldans.

Atvinnuleysið gengur áfram sinn vanagang, og það gefur auðvaldinu tækifæri til að vera ósanngjarnara. Það stendur í beinni mótsetningu við öll þau tækifæri, er nú ætti að standa öllum opin.

Að eins jafnaðarmenska getur gert enda á allri þeirri fátækt og eymd og áhyggjum, sem svo marg ir verða nú við að búa, en sem alls ekki þyríti eða ætti að eiga sér stað. Þess vegna er jafnaðarstefnan nauðsynleg. Hún er skilyrðið fyrir því, að þjóðfélaginu miði áfram til velmegunar og menningar, að mennirnir ödlist þá hamingju, er þeir nú þrá, og leggja sig í framkróka að ná í. — Yfirráð auðvaldsins eru orsök til allra þjóðfélagsmeina. Þess vegna riður á, að brjóta það á bak aftur.

Þau atvinnumál, er nú liggja í höndum einstakra manna og hluta félaga, og sem brúkuð eru til að ásælast ágóða af verkum annara, ætti að verða eign þjóðfélagsins, og starfrækt undir umsjón þess. Að eins á þann hátt geta menn orðið frjálsir, í stað þess að þrælbinda sig í þjónustu annara, er borga þeim lág laun og láta þá vinna langan vinnutíma, og beita auk þess við þá hörku og óþörfu vandlæti.

Í staðinn fyrir menn, er þræla til að safna gulli, í gullkistur auðkýfinganna, en fá sjálfir að eins naumlega fyrir daglegu brauði — eins og nú á sér stað — í staðinn fyrir þá kæmu, með jafnaðarfyrirkomulaginu, frjálsir menn og frjáls ar konur, er innu nokkra tíma á dag, undir umsjón valdra tilsjónarmanna, með ágætri tilsögn. — Frjálsir menn og konur, sem ekki eru neydd af sulti og armæðu til að gefa sig undir ánauðarok óviðkomandi manna, en sem ráða sér sjálf, og fá allan ágóða vinnu sinn ar, og sem hafa tíma til að mentast, og taka þátt í menningu, og auðga anda sinn, til að njóta nátt úrunnar og allra sannra lista, — til að njóta þeirrar tilveru, sem mönnum er samboðin.

Og frjáls, glaður ættleggur ris upp og ríkir á jörðunni.

Að þessu takmarki stefnir jafnaðarhugmynd nútimans. Fyr eða síðar ná menn því. Því með þessu eina móti verður leyst úr þeirri spurningu, er með ári hverju verður heitari og heitari, og sem kreíst ráðningar, þeirri: Hvernig steína skuli milli auðlegðar og fátæktar. Ráðningin er að eins þessi, að þjóðfélagið taki í sínar hendur þá atvinuvegi alla, er nú eru í höndum auðvaldsins, og þeim sé réttilega stjórnað, og notaðir þjóðinni í heild sinni til velmegunar.

Þetta er jafnaðarmenska. Takmarkið, er allir alþýðuvinir keppa að.

Það er ómögulegt að sjá fyrirfram, hvernig hvert einstakt verður, þegar búið er að grundvalla nýtt þjóðfélags fyrirkomulag á rústum þess gamla. En vér vitum með vissu, hverjir eru aðaldrættirnir í fyrirkomulagi jafnaðarsteinunnar. Þjóðfélagið sjállt mun eiga ráð á þeim atvinnuvegum, sem nauðsynlegir eru til þess framleiðslan hafi sinn vanagang, og henni sé varið til að styðja að velmegun og velferð þjóðarinnar. En hvernig fyrirkomulagið verður í einstökum atriðum, heyrir framtíðinni til. Það er komið undir svo mörgu, er framtíðin felur í skauti sínu, svo sem uppfyndingum og mörgu öðru, sem nú er óþekt, en verður þá lýðum ljóst.

Ekkert er eins ósanngjarnt eins og það, þegar einhver maður vill verða einráður yfir heilum verkahring. Það er álíka ósanngjarnt, og ef við ættum að hugsa okkur framtíðar þjóðfélag, þar sem fólk beygði sig undir áþján og kúgun, — þar sem frelsið væri sett í fjötra, — í hvaða mynd sem hún er. Þjóðin sjálf á að fá að ráða öllum þeim lögum, sem hún á að lifa og breyta eftir, og frjáls þjóð vill aldrei beygja sig undir neitt ánauðarok. Náttúrlega verða menn að vinna vissan hluta dagsins. Þjóðfélagið þarf vinnunnar með. Hver einstakur meðlimur þjóðfélagsins yrði að taka þátt í vinnunni, en þessi vinna yrði smámunir í samanburði við þann þrældóm sem nú á sér stað.

Auðvaldið hefir átt mikinn þátt í menningu mannkynsins, og enginn óskar víst eftir, að það væri ógert, er það hefir látið gera. Það hefir kent oss, að láta náttúruöflin hlýða okkur, nota gufuna og raf urmagnið m.fl. Það hefir sýnt, að hægt er að gera margt, er áður var talið ókleyít, og ennfremur, að framtíðin lofar oss öllu fögru, en það getur ekki efnt loforð henn ar, af því þau hvíla á því, að ágóðinn af allri vinnunni fari til fólksins, — þangað og ekkert annað.

Að eins jafnaðarmenska getur uppfylt loforð um hamingju, frelsi og menningu, ekki að eins fyrir ofurlítinn hlut þjóðanna, heldur fyrir þjóðfélagið í heild sinni. Þegar auðvaldið er brotið á bak aftur, og jafnaðarmenskan sigrar, þá fyrst getur mannkynið í raun og veru gert sér jörðina undirgefna.

Á. J. J.

*) Gustav Bang er merkur rithöfundur danskur og mjög mikill jafnaðarmaður.

ALLA ÞÁ

er panta vildu póstspjöldin íslenzku eða myndaspjöldin fyrir sjálfa sig, eða til útsölu, bið ég að snúa sér með pantanir sínar til herra Þorsteins Þ. Þorsteinssonar, 557 Toronto St., Winnipeg, er góðfúslega hefir tekið að sér afgreiðslu á þeim. Einnig eru útsölumenn beðnir að gera reikningsskil til hans við tækifæri.

Þeir, er vildu hafa bréfaviðskifti við mig, áriti bréf til mín: 153—159 S. Jefferson St., Chicago, Ill.

Chicago, 17. júní 1909.

A. J. JOHNSON.

Skrifið yður fyrir HEIMSKRINGLU svo að þér getið ætíð fylgst með aðal málum Íslendinga hér og heima.

LEIÐBEININGAR--SKRÁ
YFIR ÁREIÐANLEGA VERZLUNARMENN Í WINNIPEG

MUSIC OG HLJÓÐFÆRI

CROSS, GOULDING & SKINNER, LTD.
323 Portage Ave. Talsími 4413

MASON & RISCH PIANO CO., LTD.
356 Main Street Talsími 480
W. Alfred Albert, Íslenzkur umboðsmaður

WHALEY ROYCE & CO.
356 Main St. Phone 263
W. Alfred Albert, bóðarþjónn.

BYGGINGA- og ELDIVIÐUR.

J. D. McARTHUR CO., LTD.
Bygginga- og Eldiviður í heildsölu og smá-sölu.
Sölu-st: Princess og Higgins Tals. 5060, 5061, 5062

MYNDASMIÐIR.

G. H. LLEWELLIN,
"Medallions" og Myndarammar
Starfstofa Horni Park St. og Logan Avenue

SKÓTAU Í HEILDSÖLU.

AMES HOLDEN, LIMITED.
Princess & McDermott. Winnipeg.

THOS. RYAN & CO.
Allskonar Skótau. 44 Princess St.

THE Wm. A. MARSH CO. WESTERN LTD.
Framleiðendur af Finu Skótaui. Talsími: 3710
88 Princess St. "High Merit" Marsh Skór

RAFMAGNSVÉLAR OG ÁHÖLD

JAMES STUART ELECTRIC CO.
324 Smith St. Talsímar: 3447 og 7802
Fullar byrgðir af alskonar vélum.

GOODYEAR ELECTRIC CO.
Kellogg's Talsímar og öll þarafölt, áhöld
Talsími 3023. 56 Albert St.

RAFMAGNS AKKOKDSMENN

MODERN ELECTRIC CO
412 Portage Ave Talsími: 5658
Viðgjörð og Vir-lagning — allskonar.

BYGGINGA - EFNI.

JOHN GUNN & SONS
Talsími 1277 266 Jarvis Ave.
Höfum bezta Stein, Kalk, Cement, Sand o. fl.

THOMAS BLACK
Selur Járnvöru og Bygginga-efni allskonar
76—82 Lombard St. Talsími 600

THE WINNIPEG SUPPLY CO., LTD.
298 Rietta St. Talsímar: 1936 & 2187
Kalk, Steinn, Cement, Sand og Mól

BYGGINGAMEISTARAR.

J. H. G. RUSSELL
Byggingameistari.
í Silvester-Willson byggingunni. Tals: 1068

PAUL M. CLEMENS
Bygginga - Meistari, 443 Maryland St.
Skrifst.: Argyle Bldg., Garry st. Talsími 8997

BRAS- og RUBBER-STIMPLAR

MANITOBA STENCIL & STAMP WORKS
421 Main St. Talsími 1880 P. O. Box 244.
Búum til allskonar Stimpla úr málmi og togleðri

VÍNSÖLUMENN

GEO. VELIE,
Hef'dsölu Vínsali. 185. 187 Portage Ave. E.
Smá-sölu talsími 352. Stór-sölu talsími 464.

STOCKS & BONDS

W. SANFORD EVANS CO.
326 Nýja Grain Exchange Talsími 3696

ACCOUNTANTS & AUDITORS

A. A. JACKSON,
Accountant and Auditor
Skrifst.—28 Merchants Bank. Tals.: 5702

OLÍA, HJÓLÁS-FEITI OG FL.

WINNIPEG OIL COMPANY, LTD.
Búa til Stein Olíu, Gasoline og hjólás-áburð
Talsími 1590 611 Ashdown Block

TIMBUR og BÚLÖND

THOS. OYSTAD, 308 Kennedy Bldg.
Viður í vagnhlössum til notenda, búlönd til sölu

PIPE & BOILER COVERING

GREAT WEST PIPE COVERING CO.
132 Lombard Street.

VÍRGIRÐINGAR.

THE GREAT WEST WIRE FENCE CO., LTD
Alskonar virgirðingar fyrir bændur og borgara.
76 Lombard St. Winnipeg.

ELDAVÉLAR O. FL.

McCLARY'S, Winnipeg.
Stærstu framleiðendur í Canada af Stóm, Steinstóru [Granite-ware-] og fl.

ÁLNAVARA Í HEILDSÖLU.

R. J. WHITLA & CO., LIMITED
264 McDermott Ave Winnipeg
"King of the Road" OVERALLS.

BILLIARD & POOL TABLES.

W. A. CARSON
P. O. Box 225 Room 4 i Molson Banka.
Öll nauðsynleg áhöld. Ég gjöri við Pool-borð

NÁLAR.

JOHN RANTON
203 Hammond Block Talsími 4670
Sendið strax eftir Verðlista og Sýnishornum.

GASOLINE Vélar og Brunnborar

ONTARIO WIND ENGINE and PUMP CO. LTD
301 Chamber St. Sími: 2988
Vindmillur -- Pumpur -- Agætar Vélar.

BLÓM OG SÖNGFUGLAR

JAMES BIRCH
442 Notre Dame Ave. Talsími 2638
BLÓM - allskonar. Sönglugar o. fl.

BANKARAR, GUFUSKIPA AGENTR

ALLOWAY & CHAMPION
North End Branch: 667 Main street
Vér seljum Avísanir borganlegar á Íslandí

LÆKNA OG SPITALAAHÖLD

CHANDLER & FISHER, LIMITED
Lækna og Dýralækna áhöld, og hospítala áhöld
185 Lombard St., Winnipeg, Man.

MARKET HOTEL
146 PRINCESS ST. á móti markaðnum
P. O'CONNELL, eigandi, WINNIPEG
Beztu tegundir af vínföngum og vindum, aðhlynning góð, húsið endurbætt

Woodbine Hotel
Stærsta Billiard Hall í Norðvesturlandinu
Tíu Pool-borð.—Alskonar vín og vindlar
Lennon & Hebb,
Eigendur.

JOHN DUFF
PLUMBER, GAS AND STEAM FITTER
Alt verk vel vandað, og verðið rétt
664 Notre Dame Ave. Phone 3815
Winnipeg

Sendið Heimskringlu til vina yðar á Íslandi.

Department of Agriculture and Immigration.

MANITOBA

Þetta fylki hefir 41,169,089 ekrur lands, 6,019,200 ekrur eru vötn, sem veita landinu raka til akuryrkjuþarfa. Þess vegna höfum vér jafnan nægan raka til uppskeru tryggingar.

Ennþá eru 25 miliónir ekrur óteknar, sem fá má með heimilisrétti eða kaupum.

Íbúatala árið 1901 var 255,211, nu er nún orðin 400,000 manns, hefir nálega tvöfaldast á 7 árum.

Íbúatala Winnipeg borgar árið 1901 var 42,240, en nú um 115 þúsundir, hefir meir en tvöfaldast á 7 árum.

Flutningstæki eru nú sem næst fullkomin, 3516 mílur járnbrauta eru í fylkinu, sem allar liggja út frá Winnipeg. Þrjár þverlandsbrauta lestir fara daglega frá Winnipeg, og innan fárra mánaða verða þær 5 talsins, þegar Grand Trunk Pacific og Canadian Northern bætast við.

Framför fylkisins er sjáanleg hvar sem litið er. Þér ættuð að taka þar bólfestu. Ekkert annað land getur sýnt sama vöxt á sama tímabili.

TIL FERDAMANNA:

Farið ekki framhjá Winnipeg, án þess að grenslast um stjórnar og járnbrautarlönd til sölu, og útvega yður fullkomnar upplýsingar um heimilisréttarlönd og fjárgróða möguleika.

R. P. ROBLIN,
Stjórnarformaður og Akuryrkjumála-ráðgjafi.

Skrifið eftir upplýsingum til

Joseph Burke. 178 LOGAN AVE., WINNIPEG.
Jas. Hartney 77 YORK ST., TORONTO.

Redwood Lager og Extra Porter

Styrkið taugarnar með því að drekka eitt staup af öðrum hvorum þessum ágæta heimilis bjór, á undan hverri máltíð. — Reynið !!

EDWARD L. DREWRY Manufacturer & Importer Winnipeg, Canada.

Heimskringla er útbreiddasta blað í Vesturheimi.=Kaupið Hkr.

Vér Höfum Aðeins EITT Járn í Eldinum



og úr því búum vér til MAGNET skilvinduna, og vér eyðum öllum vorum tíma til þess. Þess vegna getum vér ábyrgst að skilvinda vor sé gerð úr hinu bezta efni. MAGNET skilur ágætlega vel — það sannar hún sjálf á degi hverjum.

Hér fer á eftir vottorð:

Bertdale, 11. júní, 1909.

Mr. G. W. Rife, umboðsm. fyrir
The Petrie Mfg. Co., Ltd.,
Foam Lake, Sask.

Kæri herra! Í tilefni af því, að ég keypti af yður Nr. 2 Magnet skilvindu í fyrra, er mér ánægja að láta yður vita, að ég er mjög ánægður með hana, vegna þess, hve snotur hún er endingargóð, skilur vel og er létt í snúningi. Þegar ég athuga alt þetta, og yðar góðu og ljúfmannlegu viðskifti, þá er ég sannfærður um, að þér munið hafa mikla aðsókn að veraldu yðar á þessu sumri. Með mikilli virðingu,

(Sgd.) J. Einarsson.

MAGNET á sér engan líka, að öllu athuguðu. Hver hluti er nógu sterkur til að endast lífstíð. Það er enginn galli á henni. Allar skilvindur eru jafnsterkar eins og veikasti hluti þeirra. MAGNET hefir ekki veika parta. Hver hluti er gerður sterkur og endingargóður. — Vér biðjum alla tilvonandi viðskiftavini, að skoða MAGNET skilvínduna, svo að þeir sannfærist um, að ummæli vor eru sönn.

The Petrie Mfg. Co., Limited
WINNIPEG
HAMILTON. ST. JOHN. REGINA. CALGARY.

McLEAN HÚSID

Mesta Music-Búð Winnipegborgar

Og höfuð stöðvar fyrir bezta Pfanó sem búið er til í Canada. — HEINTZMAN & CO. PÍANÓ hafa fengið meðmæli frá heimsins beztu tónfræðingum, svo sem t. d. Pachmann og Burmeister, og svo hafa aðrir sagt að ekkert annað hljóðfæri í heimi jafnaðist við það. —

J. J. H. McLean & Co LIMITED.

528 Main St. Talsími 808

ÚTIBÚ Í BRANDON OG PORTAGE LA PRAIRIE.

PASTOR

MECHANO-THERAPIST

O. V. GÍSLASON,

PRESTUR OG LÆKNIR

710 Ross Ave - Winnipeg

Fréttir úr bænum.

Herra George H. Bradbury, þingmaður fyrir Selkirk kjördæmið, kom hingað til borgarinnar um fyrri helgi, frá Ottawa. Hann hafði frétt austur frá, að C.P.R. félagið hefði hætt við framlengingu Teulon brautarinnar, og brá sér því hingað vestur til þess að finna herra Whyte, og ræða málið við hann. En afleiðingin af þeim fundi varð sú, að herra Whyte lofaði áreiðanlega að hafa brautina alla járnlagða norður að Íslendingafljóti fyrir næstu veturnætur. — Þetta bendir á, að Bradbury lætur sér ekki alveg standa á sama, hvernig við kjósendur hans er breytt, og á hann því þakkir skyldar fyrir frammistöðuna.

Herra Tryggvi Inggjaldsson, að Árdal, hefir tekið að sér að byggja það, sem eftir er óbygt af brautinni, og er nú viðbúinn að veita öllum þeim Ný-Íslendingum atvinnu, sem vilja gefa sig við þesskonar vinnu.

Söngfræðiþróf Toronto háskólans voru haldin hér í borg og ýmsum öðrum bæjum í norðvestur Canada í sl. viku. Ýmsir söngfræðikennarar búa nemendurna undir próf þessi. En háskólinn sendir valda kennara og söngfræðinga til að annast um prófin. — Prófskjölin eru síðan send austur til háskólans, og þar eru nemendunum úthlutaðar þær einkunnir, sem prófin sýna að þeir verðskulda, og nemendunum síðan tilkynt um úrslitin. Þessar tilkynningar eru nú nýkomnar hingað vestur. — Í öllu Manitoba fylki voru að eins 15 söngfræðinemendur, sem próf tóku í "Theory of Music" við þennan skóla, og sjö þeirra voru nemendur Jónasar Pálssonar, af þeim fengu — ungfrú G. S. Nordal fyrstu einkunn, ungfrú V. R. Kirkpatrick og ungfrú H. Finnsson aðra einkunn, og ungfrú P. Finkelstein þriðju einkunn.

Í piano spili (fyrsta árs próf) fengu þeir herrar A. Gibson og E. H. Green og ungfrúrnar E. Finkelstein og Sigurlín Baldwinson fyrstu einkunn. En ungfrúrnar H. R. Magnússon og G. S. Nordal aðra einkunn, og ungfrú P. Finkelstein þriðju einkunn.

Í annars árs prófi hlaut herra S.G.Sölvason og ungfrú R. Kirkpatrick fyrstu einkunn, en ungfrúrnar H. Finnsson og L. Oddson aðra einkunn.

Prófskýrslur Toronto háskólans sýna, að nemendur Jónasar Pálssonar hafa staðið langfremstir allra nemenda í fylkinu á námsskeiði þeirra.

Það slys varð hér í bæ á laugardaginn var, að þriggja ára gamalt stúlkubarn varð undir bóndavagni, sem keyrður var eftir Sargent Ave. Að minsta kosti þrjú rif brotnuðu í barninu, en það lifir ennþá. Móðir þess Guðrún Björnsdóttir (einstæðingur) var í vinnu, en hafði skilið dóttur sína eftir í umsjá fólks sem var í húsinu.

Fimtán þúsundir þeirra manna, sem tilheyra "Oraniu" félaginu hér í fylkinu, gengu í skrúðgöngu um götur bæjarins á mánudaginn var, 12. þ.m., með flöggum og veifum og hljóðfæraflokkum, og tóku 75 félagsdeildir þátt í göngunni. Þær voru frá ýmsum bæjum í Manitoba og komu hingað með sérstökum vagnlestum fyrra hluta mánudagsins. Hornleikenda flokkar komu og frá Kenora, Brandon, Portage la Prairie, Carman, Morris, Carberry, Morden, Turtle Mountain, Holland, Neepawa, Miniota og víðar að.

Herra Sveinn Magnússon, frá Gimli var hér á ferð um síðustu helgi í kynnisför til kunningja í borginni.

Herra G. S. Grímsson og Mrs. S. Maxson, frá Markerville, Alta., komu hingað til bæjarins um síðustu helgi í kynnisför til ættingja og vina. — Herra Grímsson segir, að hr. Þorsteinn Daviðsson hafi nýlega selt bú sitt þar vestra, og ætli að flytja alfarinn með fjölskyldu sína til Prince Rupert við Kyrrahaf. Herra Grímsson fer vestur aftur í þessari viku, en Mrs. Maxson hyggur að dvelja hér hjá bræðrum sínum um hríð.

Um helgina var Carl Líndal, frá Markland hér á ferð að finna kunningja sína. Hann var tvö ár lögregluþjónn. Hann lætur vel af sprettu og tíð í sínu bygðarlagi.

Úr kirkjufélaginu íslenzka lútherska gekk Tjaldbúðar söfnuðurinn hér í borg, samkvæmt samþykt, sem þar var gerð á almennum safnaðarfundi á fimtudaginn var, þann 8. þ.m. Með tillögunni um, að ganga úr kirkjufélaginu, voru öll atkvæði mættra safnaðarlima, að undanteknum 3—4 atkvæðum, og var fúndurinn þó mjög fjölmennur.

WELLINGTON GROCERY CO. selja ágætt smjör 20c pd. (28c annarstaðar), egg 2 dúsin 45c, te (Challenger Brand) áður 40c nú 30c pd. (í blikkdósum), laust te 25c pd., — Breakfast Food: Quaker Corn Flake pakkinn 10c, Quaker Rolled White Oats pakkinn 10c, Force 2 pakkar 25c, Ogilvies Rolled Oats 4 pd. 20c, Beaver Rolled Oats með kaupbæti pakkinn 25c, vanalega 30c.

Cor. Wellington og Victor. Talsími 2162. Th. Thórarinsson og H. Bjarnason, eigendur.

G. A. S. Potts, lögfræðingur hér í borg hefir höfðað mál móti C.P.R. félaginu til þess að fá það dæmt til að borga sér 20 þúsundir dollara fyrir sáttasamnings tilraunir, sem hann gerði fyrir félagsins hönd í sambandi við verkfallið, sem þjónar félagsins gerðu á síðasta hausti. Potts vann að þessu um 6 vikna tíma og kom á sáttasamningum. Félaginu virðist þykja krafan alt of há, og hefir neitað að borga hana.

Herra Jónas Jónasson, aldinasali í Fort Rouge, kom til baka frá Yukon-Alaska sýningunni í Seattle um síðustu helgi. — Hann lét mjög vel af ferðinni allri og kvaðst hafa skemt sér ágætlega. Hann ferðaðist um allar bygðir landa vorra á Kyrrahafsströndinni, og lætur sérlega vel af þeim alúðlegu viðtökum, sem þeir hvervetna veittu honum. Herra Jónasson biður Heimskringlu, að bera þeim öllum kæra kveðju sína, með alúðarþökk fyrir alt, sem þeir gerðu honum til ánægju á þessari ferð hans.

Iðnaðarsýningin í Winnipeg var formlega byrjuð hér á laugardaginn var.

Eins og á undanförnum sumrum selja Únítarar veitingar í sýningargarðinum. Tjald þeirra er nú rétt við aðalbrautina skamt suðvestur af Grand Stand. Þeim hefir gengið vel það sem af er, enda hafa þeir góðan mat á boðstólum, vel framreiddan og fljóta afgreiðslu.

Peninganna virði

er einmitt það sem þig vantar þegar þú kaupir RAFMAGNS STRAUJÁRN.
Komið og skoðið þau hjá
GAS STOVE DEPT., W. E. R. CO.,
322 MAIN ST.
sem selja tvær þær beztu tegundir sem fáanlegar eru á markaðinum.
Kaupið þau beztu. Phone, Main 2322.

Kaupið hið bezta.

Sérstök "Oxford" Sala
YFIR SÝNINGARVIKUNA

Karla og kvenna ökla skór verða seldir með hálfvirði. Karla skór úr gljá folalda leðri, geitar, velor og kálfskins leðri, hneptir eða reimaðir, svartir eða brúnir, nýmóðins snið. Vanal. verð $4.00 $3.50 og $3.00. Nú seldir fyrir

$3.60

Kvenn skór úr gljá geitarleðri, folalda og Vici Kid leðri, brúnir og mósaudir ökla skór, vanalegt verð $3.00 $3.50 $4.00 $4.50 $5.00. En nú seldir fyrir svo lítið sem

$2.60

Ryan-Devlin Shoe Co
494 MAIN ST. PHONE 770.

Herra Jón Jónsson (frá Múnkaþverá) kom til bæjarins á sunnudaginn var, á leið til Íslands. — Hann hefir dvalið hér vestra 34. ára tíma, og býr nú í Wynyard í Saskatchewan. Hann hyggur að hverfa hingað vestur aftur á næsta vori.

Sveinbjörn Sveinsson, sem um tíma hefir verið á heimilisréttarlandi sínu í Foam Lake bygð í Saskatchewan, kom hingað til bæjarins um síðustu helgi. Hann lætur vel af hag manna og landskostum þar vestra.

Íslenzkur vesturfarhópur, sem átti að hafa komið til Quebec á mánudaginn var, er væntanlegur hingað í dag (fimtudag). Í þessum hóp eru 25 manns, þar á meðal herra Sigurður Sölvason.

Þær ungfrúrnar Elín Árnason, Salóme Mathúsalemsson og Jónína Jóhannsson fóru til Íslands í gærdag. Þær ætla til Vopnafjarðar, en koma aftur á næsta ári.

Herra Jónas Pálsson, söngfræðingur, með konu sína og barn, kom heim úr Nýja Íslands ferð sinni á mánudaginn var.

Miss Sigurlín Baldwinson brá sér á mánudaginn var austur til Toronto, að finna systur sína, sem þar dvelur. Hún ætlar að eyða skólafríinu þar eystra og koma til baka gegn um Chicago og St. Paul í lok ágústmánaðar.

Mike Pidhoney, Galicíumaður, var í sl. viku dæmdur til hengingar, sem fram á að fara hér í borg þann 27. ágúst næstk., fyrir að hafa í marzmánuði sl. skorið á háls með skegghnífi vin sinn, að nafni Metro Hewka, og tekið $600 af peningum, sem hinn myrti maður átti. En knífinn, sem hann framdi glæpinn með, faldi hann í poka annars manns, sem einnig bjó í sama húsi, til þess að grunurinn skyldi lenda á honum. Morðinginn meðgekk.

Stúkan SKULD, Ó.R.G.T., heldur fundi sína hér eftir í NEÐRI SAL Góðtemplara hússins. Þeirra eru meðlimir og aðrir beðnir að muna.

Hr. Finnbogi Björnsson, ættaður úr Hjallanesi í Rangárvallasýslu (Landmannahr.) er beðinn að senda áritun sína til Heimskringlu. Systir hans hér í bæ vill fá að vita um hann.

Einhver óánægja hefir komið upp í herbúðum blindtrúarmanna í Saskatchewan. Mælt er, að lútersku söfnuðirnir þar vilji helzt losast við prest kirkjufélagsins, sem þar hefir unnið, og hefir því séra Steingrímur Thorláksson verið sendur þangað vestur til þess að reyna að friða söfnuðina og halda þeim í kirkjufélaginu, ef mögulegt er.

TAKIÐ EFTIR!

Allir þeir sem vilja taka þátt í 10 mílna kapphlaupi á Íslendingadeginum 2. ágúst næskomandi, eru ámintir um að gefa nöfn sín, munnlega eða skriflega til undirritaðs, eigi síðar en 30. þ. m. Þeir verða allir númeraðir niður eftir þeirri röð sem nöfn þeirra berast mér í hendur.

MAGNÚS PETERSON,
ritari nefndarinnar.
613 Toronto Street.

KENNARI

sem tekið hefir annað eða þriðja stigs kennaraleyfi, getur fengið kennarastöðu við Kjarnaskóla No. 647 frá fyrsta september 1909 til april-loka 1910, átta mánuðir. -- Tilboðum veitt móttaka af undirrituðum til fyrsta ágúst 1909.

TH. SVEINSSON,
29-7 Husawick P.O., Man.

BAND CONCERT

THE WEST WINNIPEG BAND

heldur "Concert" í Good Templars Hall, Winnipeg, á fimtudagskveldið 22. júlí, kl 8. Þar verða leikin bæði ensk og ísl. lög og einsöngvar sungnir

DANS á eftir.

AÐGÖNGUSEÐLAR
35c.

TIL SÖLU í Selkirk.

Íbúðarhús 20x14 fet, tvíloftað, og með eldhúsi 20x12 og fjós 18x 20 fet, og aðrar byggingar,— alt á tveim 66 feta lóðum. Verð $750, virði $1200. Finnið E. J. VATNSDAL, 906 Ingersoll St., Winnipeg.

KENNARA VANTAR

til Geysir skóla No. 776. Kensluttími 6 mánuðir, frá 15. sept. til 15. desember, og frá 1. jan. til 31. marz 1910. Kennarinn verður að hafa 2. próf "Certificate" fyrir Manitoba. Tilboð, sem tiltaki kaup ásamt æfingu, sendist undirrituðum fyrir 30. júlí næstkomandi.

Geysir, Man., 28. júní 1909.
B. JOHANNSSON,
29-7 Sec'y-Treas.

Dr. M. Hjaltason,
Oak Point, Man.

Við Prentum

Allt frá hinum minsta aðgöngumiða upp að stærstu bók. Ef þú hefir eitthvað sem þú ætlar að láta stílsetja og prenta, þá komdu með það til okkar svo að við getum sýnt þér hvað lítið það kostar. Við gerum verkið eins og þú vilt og þegar þú vilt.

THE ANDERSON CO.,
PROMPT PRINTERS
COR. SHERBROOKE & SARGENT

Giftingaleyfisbréf
selur: Kr. Ásg. Benediktsson
540 Simcoe st. Winnipeg.

S. F. Ólafsson
619 Agnes St. selur Tamarac fyrir $5.50 og $5.75 gegn borgun út í hönd.
Telephone: 7812

Jónas Pálsson,
SÖNGFRÆÐINGUR.
Útvegar vönduð og ódýr hljóðfæri.
460 Victor St. Talsími 6803.

Íslenzkur Tannsmiður,

Tennur festar í með Plötum eða Plötulausar. Og tennur eru dregnar sársaukalaust með Dr. Mordens sársaukalausu aðferð

Dr. W. Clarence — Tannlæknir.
Sigurður Davidson—Tannsmiður.
620½ Main St.
Phone 470 Horni Logan Ave.

A. S. BARDAL

Selur líkkistur og annast um útfarir. Allur útbúnaður sá bezti. Enfremur selur hann alskonar minnisvarða og legsteina.

121 Nena St. Phone 306

Laing Brothers

3 Búðir:
234-6-8 KING ST. Talsími 4476, 5890, 5861
417 McMILLAN AVENUE Talsími 5598
847 MAIN ST. — Tals: 3016

Hafrar, Hey, Strá,

COUNTRY SHORTS, BRAN, CORN, CORN CHOP, BYGG CHOP, HVEITI CHOP, OG GARÐAVEXTIR.

Vér höfum bezta úrval gripafóðurs í þessari borg; fljót afhending

Þarft þú ekki að fá þér ný föt?

EF ÞAU KOMA FRÁ CLEMENT'S, — ÞÁ VERÐA ÞAU RÉTT.

Réttur að efni, rèttur í sniði réttur í áferð og réttur í verði.

Vér höfum miklar byrgðir af fegurstu og beztu fataefnum. —

Geo. Clements & Son
Stofnað árið 1874
264 Portage Ave. Rétt hjá Free Press

Th. JOHNSON
JEWELER
286 Main St. Talsími: 6606

JOHN ERZINGER
TÓBAKS-KAUPMAÐUR.
Erzinger's skorið reyktóbak $1.00 pundið
Hér fást allar neftóbaks-tegundir. Óska eftir bréflegum pöntunum.
McINTYRE BLK., Main St., Winnipeg
Heildsala og smásala.

Dr. G. J. Gislason,
Physician and Surgeon
Weltington Blk. - Grand Forks, N.Dak
Sjerstakt athygli veitt AUGNA, EYRNA, KVERKA og NEF SJÚKDÓMUM.

Drs. Ekern & Marsden,
Sérfræðislæknar í Eftirfylgjandi greinum: — Augnasjúkdómum, Eyrnasjúkdómum, Nasasjúkdómum og Kverkasjúkdómum.
Í Platky Byggingunni í Bænum
Grand Forks, :: N. Dak.

BILDFELL & PAULSON
Union Bank 5th Floor, No. 520
selja hús og lóðir og annast þar að lútandi störf; útvegar peningalán o. fl.
Tel.: 2685

J. L. M. THOMSON, M.A., L.L.B.
LÖGFRÆÐINGUR. 255½ Portage Ave.

ANDERSON & GARLAND
LÖGFRÆÐINGAR
35 Merchants Bank Bldg. Phone: 1561

BONNAR, HARTLEY & MANAHAN
Lögfræðingar og Landskjala Semjarar
Suite 7, Nanton Block, Winnipeg

Hubbard, Hannesson and Ross
LÖGFRÆÐINGAR
10 Bank of Hamilton Chambers
Tel. 378 Winnipeg

Boyd's Brauð.

Étið brauð sem fullnægja. Brauð vor eru gerð úr hreinustu efnum, tilgerð með rafmagns áhöldum og bökuð í beztu ofnum. Afleiðingin er ágæt brauð. Biðjið um þau til reynslu og þér munið svo jafnan nota þau. —

Boyd's

Bakery Cor. Spence & Portage Ave
Phone 1030.

W. R. FOWLER A. PIERCY.

Royal Optical Co.
327 Portage Ave. Talsími 7286.
Allar nútíðar aðferðir eru notaðar við augn-skoðun hjá þeim, þar með hin nýja aðferð, Skugga-skoðun, sem gjöreyðir öllum ágiskunum. —

EKRU-LOÐIR

3. til 9 ekru spildur við rafmagns brautina, 5 mílur frá borginni. — aðeins 10 mínútna ferð á sporvagninum, og mólborin keyrslovegur alla leið. Verð $200 ekran og þar yfir. Aðeins einn fimtipartur borgist strax, hitt á fjórum árlegum afborgunum.—

Skuli Hansson & Co.

Skrifst. Telefón 6476. Heimilis Telefón 2274

Heimskringla.

VÉR HÖFUM

næga skildinga

til að lána yður mót tryggingu í bújörðum og bæjar-fasteignum. Seljum lífsábyrgðir og eldsábyrgðir. Kaupum sölusamninga og veðskuldabréf.

Frekari upplýsingar veita

Skuli Hansson & Co.

56 Tribune Building. Winnipeg.

XXIII. ÁR. WINNIPEG, MANITOBA, FIMTUDAGINN, 22. JÚLÍ, 1909 NR. 43

Komið til Mín!

og skoðið hjá mér hin margreyndu og alkunnu BRANTFORD reiðhjól.

Þau eru langbeztu reiðhjól sem fást hér í Canada, — og líklega þó víðar sé leitað. Ekki þurfið þér að óttast skilmálana; þeir munu koma heim við hvers manns vasabuddu. Komið til mín með gömlu reiðhjólin til aðgerðar.

West End Bicycle Shop,

JON THORSTEINSSON, eigandi.

477 PORTAGE AVE. Winnipeg, Man

Fregnsafn.

Markverðustu viðburðir hvaðanæfa.

— Gamli Carnegie hefir nýlega skýrt blaðamanni einum frá sumum gjöfum sínum til almennra bókasafna í ýmsum löndum, og hefir látið fylgja lista yfir tölu þeirra bygginga, sem hann hefir kostað smíði á, og samtals fjárupphæðir sem hann þannig hefir gefið til hinna ýmsu landa. Lísti þessi er þannig:

Bandaríkin, 959 hús ...	$34,870,745
Canada, 86 hús	2,059,415
England, 229 hús	7,859,550
Írland, 42 hús	724,610
Skotland, 105 hús	2,075,080
Nýja Sjáland, 14 hús ...	146,250
Índía eyjurnar, 5 hús	119,000
Ástralía, 2 hús	47,500
Suður-Afríka, 3 hús ...	23,500
Fiji eyjar, eitt hús ...	7,500
Seychelles eyjar, eitt hús	10,000
Chicago bókhlöður ...	3,653,753
Alls ...	$51,596,903

Með þessu er talið að eins það, sem gefið hefir verið til þess að byggja bókhlöður í þessum löndum, og það sem gamli maðurinn hefir á annan hátt lagt til þeirra. En svo hefir hann á síðari árum gefið mesta fjölda af orgelum í kirkjur á Skotlandi og víðar, sem hér er ekki talið. — Carnegie karlinn kveðst hafa ánægju af að gefa bókhlöður, af þeirri ástæðu, að þær geri svo mikið gott, og eins af því, að þær komi í veg fyrir, að menn sói tíma sínum á lakari stöðum. Hann mælir fastlega með því, að ungir menn venji sig á, að lesa þarflegar bækur, og að verja sem flestum stundum til þess lesturs. Bókhlöðurnar segir hann að feli í sér hina einu réttu verzlunaraðferð, að gefa ekkert fyrir ekkert og eitthvað fyrir eitthvað. Sá, sem aldrei nennir, að verja nokkurri stund til lesturs, fær engan fróðleik; en hinn, sem ver tíma sínum til þess að lesa og læra, fær þá fyrirhöfn sína margfaldlega borgaða með aukinni mentun.

— Það kostaði Standard olíu félagið 48 þúsund dollara að hætta starfi í 2 eða 3 klukkutíma, meðan jarðarför H. H. Rogers fór fram fyrir fáum dögum. Rogers sál. var annar helzti hluthafi félagsins, og það hefði litið illa út, að sýna ekki minningu hans einhvern virðingarvott, — svo að þjónum félagsins var boðið að hætta starfi meðan á útförinni stæði, en kaup þeirra fyrir þennan tíma nam framangreindri upphæð. — Líkt þessu var það fyrir Armour kjötfélaginu mikla í Chicago það lét fyrir nokkrum tíma taka myndir af verkstæðum sínum — til auglýsinga. Myndirnar kostuðu 200 dollara. En tímatöf starfsmannanna meðan myndirnar voru teknar kostaði félagið 4 þús. dollara. Svo að 10 myndir, sem teknar voru, kostuðu félagið alls 4,200 dollara, eða 420 dollara hver mynd að jafnaði.

— Lögreglustjórinn í San Francisco, sendi nýlega fyrirspurn til lögreglustjórans í Paris á Frakklandi um mann að nafni Jean Raoul, sem var handtekinn í San Francisco þann 31. marz sl., fyrir að hafa hrifsað peningabuddu af konu einni þar í borginni. Með bréfinu voru send fingraför mannsins, og lögreglustjórinn í Paris beðinn að segja, hvort hann þekti manninn, sem nú er orðinn 37 ára gamall. Það tók lögreglustjórann í Paris ½ klukkustund, að senda svolátandi svar: — "Jean Raoul er þektur hér sem Arthur Férdinand Bernard, fæddur í Paris 26. febr. 1872. Handtekinn 29. janúar 1889 fyrir þjófnað, og dæmdur í þriggja mánaða fangelsi. Tekinn aftur 18. júlí 1889 fyrir morðtilraun og dæmdur til lífláts, en dómnum breytt í lífstíðar fangelsi. Flýði úr fangelsinu og náðist aftur 18. marz 1891. Strauk aftur 18. febr. 1901, og hefir síðan ekki fundist". — Á þennan hátt finnast glæpamenn hvar í heimi sem eru. Maðurinn verður sendur til Paris, þegar hann hefir tekið út heguingu sína í San Francisco.

— Nýlega hafa skólalönd í Alberta verið seld við opinbert uppboð, og er það talin mesta landsala, sem gerð hefir verið hér í landi. Alls voru seldar 136,624 ekrur í 856 heildum, og verðið var rúmlega hálf önnur milión dollara eða nákvæmlega $1,584,291.79, en það er sama og $11.60 hver ekra, að meðaltali. Lönd þessi eru misjöfn að gæðum, og voru á svæði 108 mílna löngu og 72 mílna breiðu. Sumt af því var 60 mílur frá járnbraut. Hæst verð var 118 dollarar fyrir hverja ekru í skólalandi því, sem lá í grend við Lethbridge bæ. Land í grend við næstu járnbrautarstöð þar fyrir vestan seldist háu verði: Fimm sectionir seldust þar fyrir $50.00 ekran að jafnaði. — Hveitiræktarlönd í Alberta héraðinu eru viðurkend þau beztu, sem til eru í Canada.

— Fjármál Canada eru ekki í framfara ástandi. Laurier stjórnin hefir á síðasta ári aukið þjóðskuldina um nær því 46 miliónir dollara, eða $45,969,399. Allar ríkisinntektirnar urðu rúmlega 85 miliónir eða 11 miliónum minna en á fyrra fjárhagsári. En almenni kostnaðurinn eða almennu gjöldin voru rúmlega 84 miliónir, auk $46,838,162, sem varið var til þess að borga sérstakan kostnað, þar af 23 miliónir til Grand Trunk Pacific brautarinnar, og 6½ milión sem stjórnin tók að sér að borga fyrir gömlu Quebec brúna, sem féll í ána og er ríkinu algert tap. Inntektir stjórnarinnar á síðasta fjárhagsári voru fyrir verndartolla 47½ milión dollara, og fyrir innanlandstolla nálega 15 miliónir, eða alls í tollum 62½ milión dollara, og gróði af póstgöngum 7½ mil. dollara. — Þessi hærri, sem tekjurnar verða, þess meira vex þjóðskuldin.

— Kvenfrelsiskonur eiga í sífeldum erjum við yfirvöldin á Englandi. Þær krefjast þess stöðugt að fá að ná fundi stjórnarformannsins, en hann vill ekkert hafa með þær að sýsla. Nú hafa þær sett varðlið um þinghúsið, og skifta um vökur á hverjum þremur klukkustundum. Vakt er haldið uppi nótt og dag, svo forsætisráðherrannn skuli ekki komast undan. En samt hefir þeim enn þá ekki tekist að ná fundi hans, og hann hefir formlega tilkynt þeim, að hann vilji ekki við þær tala. Nú hafa konur skotið kröfum sínum beint til konungs. Hann lét herra Herbert Gladstone taka á móti þeim og hlusta á kröfur þeirra, og eftir að hafa íhugað allar röksemdir kvennanna, lét hann í ljósi þá skoðun sína og von, að takast muni með tímanum, að fullnægja óskum þeirra. Konurnar eru ekki ánægðar með þetta svar. Þær hafa látið prenta mestu kynst ur af alls konar auglýsingum, og hafa fest sumar þeirra upp á þinghúsið. Fyrir það ódæði voru nokkurar þeirra dæmdar í sextíu daga fangelsi, en þá tók ekki betra við: þær gerðu átfall. Þær komu sér saman um, að neyta engrar fæðu í fangelsinu, og eftir að þær höfðu fastað í rúma níutíu klukkutíma, neyddist fangavörðurinn til að láta þær lausar. Það var ungfrú Wallace Dunlop, sem gekst fyrir átfallinu. — Rétt nýskeð hafa konurnar farið þess á leit, að mega flytja mál sitt fyrir Edward konungi sjálfum. Viðvíkjandi þeirri kröfu hafa þær fengið skriflegt svar, undirritað af skrifara konungsins. Í því bréfi er þeim tilkynt, að það sé andstætt stjórnarskrá ríkisins, að konungurinn veiti viðtöku sendinefndum, sem biðji um lagabreytingar. Alt þess háttar verði samkvæmt landslögum að ræðast við ríkisritarann, og fyrir honum yrðu konurnar að flytja mál sitt. Og þar við situr.

— Ósamlyndi það, sem staðið hefir yfir í nokkrar vikur milli stjórnarinnar á Þýzkalandi og and stæðinga flokksins í þinginu, hefir nú verið leitt til lykta á þann hátt, að stjórninni verður leyft, að leggja á þjóðina ýmis konar aukaskatta, sem gefi af sér 125 miliónir dollara á ári. Engir auka skattar umfram þá, sem nú eru, skulu lagðir á dánarbú.

— Carnegie bókhlöðunefndin í Ottawa hefir gefið út auglýsingu þann 8. þ. m. þess efnis, að frá þeim degi verði engar bækur lánaðar til tæringarveikra manna. Þó geta slíkir lesendur fengið bæk ur að láni, með því að sýna læknisvottorð um, að engin hætta sé á, að sjúkdómurinn geti borist með bókunum til annara lesenda, sem síðar kunna að lesa þær. Ekki heldur fær það fólk bækur að láni, sem býr með tæringar sjúklingum.

— Voðalegir jarðskjálftar gereyddu í síðustu viku á Grikklandi miklum hluta af heilu fylki. Yfir 300 manna mistu lífið og margir meiddust. Eldgos var jarðskjálftunum samfara.

— Joseph Martin sækir á ný um þingsæti í brezka þinginu. Nú velur hann East St. Prancas kjördæmið, sem fylgismaður Asquith stjórnarinnar.

— Kvenréttindakonur á Englandi hafa rætt um að setja "kvonfall" á prógram sitt. Þær vilja koma því til leiðar, að engin kona þar í landi gangi í hjónaband fyr en búið sé að veita konum algert jafnrétti við karlmenn. Helzt eru þær konur fylgjandi þessari stefnu, sem sjálfar eru nú þegar í hjónabandi. Hinar eru langt frá því að vera ákafar með hugmyndinni, og svo getur farið, að ekkert verði úr þessari ráðagerð, sem þó vitanlega er eina örugga ráðið til að tryggja þeim jafnréttið. — Hinar svo nefndu "Packhurst konur", sem margar eru nú í Holloway fangelsinu, hafa reynst svo óþjálar viðlangs, að þær hafa brotið glugga á svefnklefum sínum, og gert þær aðrar skemdir í fangelsinu, sem þær hafa orkað, svo að það hefir orðið að setja þær í einangrunarklefa, og láta þær hafa að eins vatn og brauð til viðurværis. En Mrs. Packhurst lætur lúðraflokk spila daglega fyrir utan fangelsið til þess að hughreysta fangana.

— Hubert Latham reyndi þann 19. þ.m. að sigla í loftbát milli Frakklands og Englands. Hann lagði upp frá Saugathe bæ nálægt Calais. Alt gekk vel í fyrstu. En þegar hann var kominn 16 mílur vegar út á sundið, þá bilaði eitthvað í gangvélinni, svo flugvélin féll í sjóinn og Latham með henni. En hraðskreiðar gufusnekkjur voru þar umhverfis á sundinu, og náði ein þeirra í manninn, og bjargaði bæði honum og vélinni.— Herra Latham kveðst bráðlega ætla að gera aðra tilraun til þess að komast milli þessara landa í loftinu, því bæði þykir honum frægð í því, að verða fyrsti maður til að fljúga milli Frakklands og Englands, og svo hefir blaðið "London Daily Mail" boðið að gefa 5000 dali hverjum þeim, sem fyrstur verði til þessa flugs. Latham langar til að ná í dalina og frægðina.

— Roberts lávarður bar nýlega fram í þinginu í London lagafrumvarp um, að þvinga alla brezka borgara til herþjónustu frá 18 til 30 ára aldurs. Tilgangurinn var að koma upp einni milión æfðra hermanna á næstu fáum árum. Frv. var felt.

— Mrs. Polly Baker í Evansville, Indiana, hefir nýlega fengið hjónaskilnað í níunda sinni. Hún segir, að síðasti maður sinn hafi ætlast til þess, að hún ynni algerlega fyrir honum, en hann hafi setið og reykt pípu sína.

— Síðan aðskilnaður ríkis og kirkju komst á í Frakklandi, hefir kirkjan átt örðugt uppdráttar. — Þetta hefir leitt til þess, að sumir byskupar hafa bannað prestum sínum, að flytja guðsþjónustur yfir þeim, sem ekki hafa staðið í skilum með borganir til kirkjunnar. Ein fjölskylda í Gondoux bæ ákvað, að jarðsyngja einn af meðlimum fjölskyldunnar, án þess að hafa prest við það. Byskup lét loka kirkjunni, en borgarstjórinn fékk járnsmið til að opna hana, svo að jarðarförin gæti farið fram frá kirkjunni. Byskupinn höfðaði mál móti bæjarstjóranum fyrir þetta tiltæki, og fékk hann sektaðann um $400.

Íslendingadagurinn

Reglur viðvíkjandi 10 mílna kapphlaupi.

1. Allir þeir, sem taka þátt í kapphlaupinu, verði til staðar á skrifstofu Heimskringlu kl. 9 f. h. 2. ágúst.

   Nefndin hefir þar til staðar læknir, er gefur hverjum hluttakanda skírteini, og verður þeim einum leyft að hlaupa, er hafa slíkt skírteini.

2. Hlaupið hefst á horninu á Sherbrooke og Notre Dame strætum á slaginu kl. 9.30, suður að Sargent Ave., vestur Sargent til Maryland, suður Maryland alla leið að Wellington Cresent, eftir CresentRoad til Pembina St., og eftir því stræti alla leið suður í River Park. Farið inn um norðurhliðið á garðinum og hlaupið endað þar á skeiðbrautinni.

3. Allir keppinautar verða að hafa vist númer næla framan á brjóstið, og leggur nefndin þau til.

4. Kapphlaupið hefst með einu skammbyssuskoti. Ef ekki er rétt byrjað, kalla tvö skot alla til baka.

5. Hver keppinautur má hafa einn mann með sér á reiðhjóli. En ekki má sá snerta þann er hleypur, en hann má gefa honum svaladrykk eða aðra hressingu á leiðinni.

6. Ef keppinautur dettur á leiðinni, verður hann að standa á fætur aftur hjálparlaust.

7. Þegar einhver vill komast fram fyrir annan, sem á undan hefir verið, verður hann að hlaupa hinum á hægri hönd.

8. Engin köll eða samtal má eiga sér stað á milli þeirra, sem hlaupa.

9. Brjóti einhver hlaupakappi einhverja af þessum reglum, hefir hann með því fyrirgert rétti sínum til verðlauna.

Ísl. smjörgerðarkona

Tekur Silfur Medalíu og 4 fyrstu verðlaun og ein önnur verðlaun á Winnipeg-sýningunni í ár.

Þær eru margar í þessu landi, íslenzku smjörgerðarkonurnar. En allar geta ekki verið beztar. Að eins ein þeirra getur hlotið þann heiður, og sú heitir Miss INGIBJÖRG HINRIKSSON, frá Churchbridge, dóttir Magnúsar Hinrikssonar, bónda þar.

Þess stúlka, sem nú mun vera um tvítugsaldur, gekk hér um tíma á Manitoba búnaðarskólann, og lærði þar smjörgerð, og árangurinn af því námi hefir sýnt sig í því, að þegar hún í fyrra sýndi smjörgerðar kunnáttu sína hér á sýningunni, þá hlaut hún verðlaun fyrir starf sitt þar.

Nú í ár hefir hún aftur kept í smörgerðardeildinni, og með þeim árangri, að hún hefir sópað til sín öllum beztu verðlaununum, sem þar voru veitt, að undanteknum $100.00 bikar, sem Lu Laval skilvindufélagið veitti fyrir smjörgerð, en sem ungfrú Hinriksson ekki gáði að í tíma, að tilkynna félaginu að hún ætlaði að keppa um, og sem hún þess vegna ekki kepti um, en sem hún vissulega hefði einnig hlotið, ef hún hefði kept um hann.

Hún hefir því orðið að sætta sig við að þiggja að eins Silfur Medalíu og Fern Fyrstu verðlaun og Ein Önnur Verðlaun, — alls um hundrað dollara í peningum. En þótt peningarnir séu ekki meiri en þetta, þá verður að telja það allgott stúlkukaup fyrir 3—4 daga vinnu.

Silfur Medalían var veitt fyrir 20-punda smjörfötu, sem hún sendi á sýninguna, og sem einnig hlaut fyrstu verðlaun.

Hún fékk einnig fyrstu verðlaun fyrir 40-punda fötu af smjöri, sem hún bjó til.

Einnig hlaut hún fyrstu verðlaun á sýningunni fyrir smjörtilbúning eftir heimilis smjörgerðarreglum.

Og loks fékk hún fyrstu verðlaun í smjörgerðar samkepni móti öllum, sem reyndu smjörgerð á sýningunni.

Einnig hlaut hún önnur verðlaun í smjörgerðar samkepni móti búnaðarskóla nemendum.

Ungfrú Hinriksson fór til Brandon á laugardaginn var. Hún ætlar að taka þar þátt í smjörgerðar samkepni, og verður væntanlega sigursæl í því þar, ekki síður enn hér.

Þessi verðlaunasigur hennar bæði í fyrra og nú, er gott dæmi þess, hvert gagn námfúsir nemendur hafa af því, að stunda nám við Manitoba búnaðarskólann.

Ef sú staðhæfing væri ekki móðgandi, þá vildum vér segja, að það er stór blettur á þjóðflokki vorum hér, hve lítið athygli hann hefir veitt þeirri ágætu mentastofnun fram að þessum tíma. Því það mega íslenzku bændurnir vita, að þeir geta ekk gefið sonum sínum og dætrum nauðsynlegri eða arðmeiri mentun, heldur enn Manitoba búnaðarskólinn hefir að bjóða nemendum sínum.

— Nýtt meðal er fundið til að lengja lífið, eftir því sem Dr. Distass kveðst hafa uppgötvað við rannsóknir, sem hann hefir gert í St. Mary sjúkrahúsinu í Lundúnum. Hann hefir komist að raun um það, sem Prófessor Metchikoff staðhæfði fyrir nokkrum árum, að endaþarms-langinn í mönnum sé aðal gróðrarstía flestra hættulegra sjúkdóma, að þar bæði myndist og þangað sæki allir þeir skaðvænu gerlar, sem heilsu og lífi manna standi hætta af. Þessir vísindamenn halda báðir fram þeirri kenningu, að reynsla sé fyrir því, að þeir ménn og konur sem komast til heilsu aftur, eftir að þessi langi hafi verið tekinn úr þeim, verði svo hraust og heilsugóð, að nærri megi segja þær menneskjur séu úr allri hættu af völdum hinna margvíslegu sjúkdóma, sem ráða niðurlögum fólks. Af fenginni reynslu í þessu efni, halda þeir fram þeirri kenningu, að til þess að tryggja langlífi mannkynsins, ætti að gera uppskurð á öllum börnum, þegar þau verða þriggja ára gömul, og skera úr þeim þennan óþarfa langa. — Með þessu, segja vísindamennirnir, megi að mestu koma í veg fyrir ásókn hættulegra sjúkdóma, og þá um leið lengja líf mannkynsins að miklum mun. Þeir, sem ekki kæra sig um, að ganga undir uppskurð, vill hann að taki upp þá reglu, að borða lítið af kjöti, en þess meira af kálmeti, og að drekka gnægð af köldu vatni. Kálmeti og vatn telur hann helzt miða til langlífis. En hann mælir á móti nautn tevatns, kaffis og áfengis. En Dr. Distass segir þó, að létt vín, vel vatni blandað, sé ekki bráðdrepandi, ef þess sé sparsamlega neytt með máltíðum.

OGILVIE'S

Royal Household Flour

Til Brauð og Kjöku Gerðar

OGILVIE'S ROYAL HOUSEHOLD

Gefur Ævinlega Fullnæging

EINA MYLLAN Í WINNIPEG,—LÁTIÐ HEIMAIÐNAÐ SITJA FYRIR VIÐSKIFTUM YÐAR.

GIFTINGAR.

Séra Fr. J. Bergmann gaf saman í hjónaband að heimili sínu þann 7. júlí þau herra Árna Jónsson og ungfrú Ceceliu Björnsson, bæði til heimilis hér í borg.

Einnig gaf sami prestur saman í hjónaband þann 19. júlí, að heimili hr. Helga Jónassonar í Norwood, þau herra Jón Jónsson Westman, frá Mozart, Sask., og ungfrú Rannveigu Hannesdóttir í Norwood.

"Picnic" í River Park.

Bandalag og sunnudagaskóli Tjaldbúðar safnaðar hafa ákveðið að hafa sitt árlega "Picnic" í River Park föstudaginn 23. þ.m.

Lagt verður af stað frá Tjaldbúðinni kl. 12.30. Börnin, sem ætla sér að fara út, eru beðin að koma stundvíslega að kirkjunni, og fá þau þar frí "Ticket" með strætisvögnunum út í skemtigarðinn.

Til skemtunar þegar út kemur verða fyrst og fremst kapphlaup. Ekki færri en 40 verðlaun verða gefin þeim, sem vel reynast á hlaupunum.

Einnig fá börnin ókeypis aðgöngumiða að "Merry go around"

Bandalagið hefir "Fruit Stand" þar úti allan daginn, og eru allir þeir, sem út fara, beðnir að muna það, og verzla þar.

Allir eru boðnir og velkomnir, sem vilja verða með út í parkið, en að eins meðlimir sunnudagaskólans og bandalagsins fá að taka þátt í kapphlaupunum.

Winnipeg, 18. júlí 1909.

B.E.B.

Hr. Finnbogi Björnsson, ættaður úr Hjallanesi í Rangárvallasýslu (Landmannahr.) er beðinn að senda áritun sína til Heimskringlu. Systir hans hér í bæ vill fá að vita um hann.

Wall Plaster

Með því að venja sig á að brúka **"Empire"** tegundir af Hardwall og Wood Fibre Plaster er maður hár viss að fá beztu afleiðingar.

Vér búum til:

"Empire" Wood Fibre Plaster
"Empire" Cement Wall "
"Empire" Finish "
"Gold Dust" Finish "
"Gilt Edge" Plaster of Paris
og allar Gypsum vörutegundir. —

Eigum vér að senda yður bækling vorn?

MANITOBA GYPSUM CO. LTD

SKRIFSTOFUR OG MILLUR Í

Winnipeg, - Man.

Heimskringla

Published every Thursday by The Heimskringla News & Publishing Co. Ltd

Verð blaðsins í Canada og Bandar $2.00 um árið (fyrir fram borgað).
Sent til Íslands $2.40 (fyrir fram borgað af kaupendum blaðsins hér $1.50.)

B. L. BALDWINSON
Editor & Manager

Office:
729 Sherbrooke Street, Winnipeg
P.O. BOX 3083. Talsími 3512.

Þjóðfélagsbölið,

eða "Social Evil", sem svo er nefnt, hefir um nokkurra ára bil verið eitt af aðal og örðugustu viðfangsefnum þess hluta vors borgaralega félags, sem heldur fram þvingunar siðgæði.

Frá því að bær þessi tók að myndast hafa hér verið ýmsir þeir menn og konur, sem gert hafa lausung að atvinnuvegi, og sagan hefir hér endurtekið sig þannig, að eftir því, sem borgin hefir stækkað og fólkinu fjölgað, eftir því hefir tölu lausungarhælanna fjölgað, þar til nú er svo komið, að þau eru orðin á flestum strætum borgarinnar og mörg á sumum þeirra, og lögreglan virðist að mestu ráðþrota að útrýma þeim.

Fyrir nokkrum árum voru hæli þessi með þegjandi samkomulagi þeirra, sem hlut áttu að máli, einangruð á vissu stræti hér vestast í borginni, og alt gekk þá nokkurnveginn friðsamlega eða illindalítið. En þegar bærinn tók fyrir alvöru að vaxa vestur þar, voru kvartanir gerðar um, að heiðarlegt fólk fengist ekki til að byggja nærri því stræti fyrir næturglaumi í hælum þessum, — bæjarlóðir seld ust þar ekki, af því að enginn heiðarlegur borgari vildi byggja sér heimili þar í grend.

Prestafélagið reis þá upp og hóf umræður um þetta mál bæði af stólnum og í blöðunum og með opinberum fundahöldum. Þeir gerðu út hverja sendinefnd á fætur annari til bæjarstjórnarinnar, og kröfðust þess, að þessi hæli væru með öllu aftekin innan bæjartakmarkanna. Þessum kröfum var svo fastlega framfylgt, að lögreglan gerði áhlaup á þessi hús á Thomas stræti og rak stúlkurnar úr þeim, og beitti talsverðri harðýðgi við þær. En ekki leið á löngu þar til þessar konur voru búnar að koma sér fyrir í herbergjum hér og hvar um allan bæinn, og þannig hefir það verið síðan, að ekkert stræti hefir verið óhult fyrir þeim. Lögreglan hefir elt þessa vesalinga um allan bæinn, síðan þær fóru að dreifa úr sér, og gert þær að drjúgum inntektalið með stórsektum af og til.

Svo kom það fyrir hér í borg fyrir nokkrum tíma, að nokkrar af kvinnum þessum festu kaup í húsum á götu einni norðaustarlega í borginni. Þær halda fram því, að þær hafi haft loforð frá einhverjum, sem mátti sín mikils hér í borg, að á strætum þessum skyldu þær látnar óáreittar. En svo kom það fyrir, að þær voru teknar í þessum nýju heimkynnum sínum, og ýmist sektaðar eða varpað í fangelsi. Nú stendur til, að rannsókn verði höfð í máli þessu, því að land- og húseigendur í nágrenni við þessi nýju lausungarbæli, eru æstir mjög og heimta, að þau séu með öllu aftekin.

Lögreglunni hefir verið mjög hallmælt fyrir aðgerðaleysi í þessu máli. Margir virðast álíta, að hún ætti að geta komið í veg fyrir alt lauslæti í borginni, og að það sé aðgerðaleysi hennar að kenna, að ástandið í þessu efni er hér ekki betra enn það er.

Nú hefir lögregludómari T. Mayne Daly tekið að sér vörn fyrir lögregluliðið. Hann heldur fram því, að lögregluliðið þessa bæjar sé að engu leyti ámælisvert í þessu efni, að vér höfum í því liði hóp af mönnum, sem séu fullkomnir jafnokar þess, er best gerist í öðrum borgum þessa lands. Lögregluþjónarnir séu duglegir, skyldurækn ir og algerlega ráðvandir í stöðu sinni.

Sem sýnishorn af starfi lögregln liðsins til þess að bæla niður eða útrýma lausungar atvinnuveg kvenna hér í borg, getur lögregludómarinn þess, að síðan húsunum á Thomas stræti var lokað, í janúar 1904, þá hafi lögreglan kært og látið sekta 657 konur. Á síðasta ári voru 200 konur látnar sæta dómi, og á fyrstu 6 mánuðum þessa árs hafa 124 konur verið dæmdar, ýmist í fangelsi eða háar fjársektir. Yfir 200 konur hafa verið reknar út úr borginni fyrir fult og alt. En mesti fjöldi hefir flutt inn hingað aftur í þeirra stað. Þær hafa komið hingað frá ýmsum borgum Bandaríkjanna og tekið sér hér bólfestu, svo að í raun réttri hefir ástandið alls ekkert batnað, ef það hefir ekki stórlega versnað á sl. 5 árum, — þrátt fyrir árvekni og dugnað lögregluunnar.

Dómarinn heldur því fram, að lokun lausungar hælanna á Thomas stræti árið 1904, hafi haft hin mestu siðspillingaráhrif á þessa borg, og að nú sé svo komið, að "þjóðfélagsbölið sé ekki að eins bundið við þessi óhreinaðarhús, heldur sé það um allan bæinn, og þó mest beri á því í bakstrætum og skuggaskotum, í búðunum og á verkstæðunum, þá á það sér einnig stað á heimilunum og jafnvel í kirkjunum og á sunnudagaskólunum".

Þetta hefði að líkindum þótt nokkuð harður dómur og ósanngjarn, ef Heimskringla hefði kveðið hann upp. En það er gert af Daly dómara, og vér vitum öll að það tjáir ekki að deila við dómarann.

Annars er þungamiðjan í máli þessu sú, að þessi þjóðfélags meinsemd verður ekki læknuð með neinum lagaákvæðum, eins lengi og mannlegar verur gefa sínum holdlegu ástríðum lausan taum. En það má að miklu leyti takmarka ófögnuðinn með einangrunarlögum, eins og gert er og vel hefir gefist í borgum ýmsra Evrópu landa. Slik lausungarbæli ættu að vera undir leyfis og lagaverndunar ákvæðum og háð rannsókn og eftirliti lækna, og þau ættu að eins að vera á afmörkuðum svæðum. Þá fyrst, og fyr ekki, má vænta þess, að konur mæður og dætur heiðarlegra borgara fái gengið frjálsar og óhultar erinda sinna um allar götur borgarinnar.

Útrýmingar hugsunin er óprakt-isk og ómöguleg í framkvæmdinni. Einangrunar stefnan er möguleg, og sannfæringin fyrir henni er óðum að ryðja sér til rúms, og hún verður vafalaust viðtekin hér í borg fyr eða síðar.

Tryggvi Gunnarsson sviftur embætti.

Hún er ekki löng litla þriggja línu fréttagreinin neðst á fyrsta dálki á þriðju bls. "Ingólfs", dagsett 24. júní sl., með yfirskriftinni "Bankastjóraskifti", — en næsta eftirtektaverð er hún, og efnið ískyggilegt. Greinin hljóðar svo:

"Landsstjórnin hefir sagt herra Tryggva Gunnarssyni upp bankastjórastöðunni við Landsbankann frá 1. janúar 1910".

Væntanlega hafa allir þeir Vestur-Íslendingar, sem séð hafa þetta blað "Ingólfs", veitt grein þessari eftirtekt, og flestum þeirra mun hún koma svo fyrir, að hún sé ekkert annað enn opinber yfirlýsing núverandi landsstjórnar um flokkshatur hennar gagnvart pólitiskum andstæðingum hennar, og þá um leið opinber yfirlýsing þess, að hún ætli að láta það flokkshatur hafa, ekki að eins áhrif á stjórnarfar sitt framvegis, heldur miklu fremur það, að hún sé fastákveðin í því, að láta það vera ráðandi afli, að á flokkshatrinu skuli byggjast framkvæmdir hennar og ákvarðanir í embættaveitingum, og það án nokkurs tillits til þess, hverjir hlut eigi að máli og hvort sanngirni, þjóðarvelferð og sómi lands og stjórnar mæli með slíkri stefnu eða móti.

Nú með því, að það er á vitund allra Íslendinga, bæði austan hafs og vestan, að hér er að ræða um þann mann, sem um síðastliðið 40 ára skeið hefir með starfi sínu vottað Íslandi sterkari ættjarðarást, sterkara framkvæmdalíf og hyggilegri fjármálastefnu en nokkur annar borgari landsins, — mun flestum þykja þetta einkennileg og ómakleg ráðstöfun. Fáum blandast hugur um, að Tryggvi Gunnarsson hefir í verklegum framkvæmdum, sérstaklega að því er snertir samgöngur innanlands með vega og brúagerðum, verið það leiðarljós, sem leitt hefir þjóðina frá skuggabrautum andvara- og aðgerðaleysis inn á þá framfara og þjóðþrifabraut, sem hún nú er að þokast inn á. Engum vafa er það undirorpið, að Tryggvi Gunnarsson var í fyrstu gerður að aðal stjórnanda Landsbankans sökum þess, að hann var þá talinn allra manna færastur til að gegna þeirri stöðu þjóðinni til mestra hagsmuna. Og frá þeim degi að hann fyrst tók við stjórn bankans og fram á þennan dag hefir þjóðin enga tilkynningu um það fengið að maðurinn hafi ekki staðið mjög ráðvandlega og heiðarlega í stöðu sinni, og gengt henni með allri þeirri samvizkusemi, sem hægt er að vonast eftir af nokkrum þjóðhöllum og ærlegum manni.

Þess vegna kemur þessi fregn um burtrekstur herra Tryggva Gunnarssonar úr bankastjórastöðunni mjög á óvænt hávaða manna hér vestra, og sérir mannúðar-, velsæmis- og réttlætis-tilfinningu vora, eins og það hefir sært sömu tilfinningar fólks á Íslandi, samkvæmt því, sem oss er tjáð af þeim, sem síðast hafa að heiman komið, að þessi embættisrekstur hafi mælst afarilla fyrir þar heima.

Þjóðin veit, af nákvæmri þekkingu á manninum í hetlan mannsaldur, að Tryggvi Gunnarsson er ekki að eins einn af allra mestu mönnum þjóðarinnar, heldur einnig einn af hennar þörfustu og skyldurræknustu sonum. Hún á engan son, er ann henni heitar en Tryggvi Gunnarsson, og engan, sem meira hefir unnið að vexti hennar og viðgangi á sl. 40 árum. Þess vegna hefir hann almennt verið skoðaður sem eitt af þjóðarinnar óskabörnum. Og svo vinsæll er hann, að ætla má óhætt að fullyrða, að núverandi stjórnarflokkur á Íslandi eigi engan mann innan sinna vébanda, sem njóti virðingar og trausts jafn margra, og sist fleiri borgara landsins, enn Tryggvi Gunnarsson.

Það hefir verið sagt um stjórnmálaflokka og stjórnir yfirleitt, að frá þeim degi, sem þær komist til valda, fari þeim daglega hnignandi, þar til þær tapi tiltrú meiri hluta þjóðarinnar. Og víst er um það, að núverandi stjórn Íslands verður ekki langgæð, ef margar stjórnarathafnir hennar fara eftir þessari síðustu og verstu.

Alt öðru máli er að gegna, ef það hefði sýnt verið, að Tryggvi Gunnarsson hefði farið óráðvandlega með fé bankans, eða notað það til þess sérstaklega, að auðga sig og vini sína. En þó að nefnd hæfra manna hafi um nokkurn undanfarinn tíma verið að rannsaka ástand bankans, þá hefir enn þá ekkert það komið fram, sem sýni, að stjórnin hafi haft nokkra aðra átyllu til þess að svifta hann embætti, en einskært flokkshatur. Og hún hefir ekki séð í það, að auka eftirlaunabyrði landssjóðs að nokkrum mun, til þess að geta hefnt sín á Tryggva Gunnarssyni fyrir það, að hann leit öðruvísi á þjóðmálin, en núverandi valdhafar vilja vera láta.

Þetta er illa farið. Ísland er ekki ofskipað góðum drengjum, þó stjórn þess leggi sig ekki fram um, að bola þá frá þeim embættum, sem þeir hafa lengi gengt með sóma, og sýnt sig hæfa til að gegna framvegis.

Vestur-Íslendingar áttu góðan þátt í, að styrkja núverandi stjórn Íslands til valda, ekki vegna mannanna sjálfra, heldur vegna þess máleínis, sem flokkurinn fylgdi, og í því trausti, að hann mundi hegða sér sómasamlega og samkvæmt auglýstri stefnu, er hann kæmist til valdanna. En hér á hafa orðið nokkur vonbrigði, og meðal annars í breytni hennar gagnvart Tryggva Gunnarssyni.

Stjórnarflokkurinn íslenzki má ekki við því, að brjóta vísvitandi af sér velvild Vestur-Íslendinga. En það gerir hann áreiðanlega, ef hann heldur áfram ofsóknum gagnvart þjóðarinnar beztu drengjum.

Sýningargestir.

Meðal þeirra, sem heimsóttu Heimskringlu sýningarvikuna, — voru þessir: Ingimundur Ólafsson, Ívar Björnsson, Gísli Jónsson, Thorarinn Bjarnason Thorarinssonar prests, allir frá Wild Oak P.O., Man.; Thordur Vatnsdal, Wadena, Sask.; S. D. B. Stephansson, Leslie, Sask.; Wm. Ólafsson og Ágúst Johnson, með konu sína, frá Winnipegosis, Guðni Thorleifsson, Wild Oak., Sv. Björnsson, Markland; Th. Thorkelsson, Oak Point; Sv. Sveinsson, Halldór Áenason, Hernit Christopherson, S. Heidman, J. G. Oleson, Trygvi Friðriksson (með konu sína og tengdadóttir) og Kristján Grímsson, allir frá Argyle bygð; Gunnar Einarsson, Cold Springs; Pétur Hallsson, Lundar; Miss Ingibjörg Hinriksson, Eiríkur Bjarnason — með konu sína — og þær systur Ólafía og Stefanía Johnson, öll frá Churchbridge; Björn Austmann frá Geysir, Man.

Hver vill selja þau?

Þeir, sem kunna að eiga No. 6, 12, 15, 16 og 20 af yfirstandandi (23.) árgangi Heimskringlu og vilja selja þau með skaplegu verði, eru beðnir að senda þau sem fyrst á skrifstofu blaðsins.

Tuttugasta Þjóðhátíð Vestur-Íslendinga.

Íslendingadagurinn.

Í River Park, 2. Ágúst, 1909.

FORSETI DAGSINS:
THÓRÐUR JOHNSON.

KAPPHLAUP BYRJA
Kl. 9 fyrir hádegi.

PRÓGRAM:

Forseti kveður sér hljóðs klukkan 1.30 síðd.

MINNI ÍSLANDS

RÆÐA—SÉRA RÖGNVALDUR PÉTURSSON.
KVÆÐI — S. S. ÍSFELD.

MINNI VESTUR-ÍSLENDINGA.

RÆÐA—JOHN SAMSON, (lögfræðingur í N. Dak.)
KVÆÐI — J. MAGNÚS BJARNASON.

MINNI CANADA

RÆÐA — THOMAS H. JOHNSON, M.P.P.
KVÆÐI — SÉRA HJÖRTUR LEÓ.

Íslenzki Hornleikenda-flokkurinn
SKEMTIR MEÐ HORNAMÚSIK Á ÞJÓÐHÁTÍDINNI.

Verðlauna-skrá:

Ef nefndin álítur svo betur fara, verður breytt niðurröðun hinna ýmsu þrótta eins og nauðsyn krefur. —

KAPPHLAUP.

1. Stúlkur, innan 6 ára. 40 yards.
   1. verðlaun, peningar $1.50
   2. " " 1.00
   3. " " 0.75
   4. " " 0.50
2. Drengir, innan 6 ára. 40 yards.
   1. verðlaun, peningar $1.50
   2. " " 1.00
   3. " " 0.75
   4. " " 0.50
3. Stúlkur, 6—9 ára. 50 yards.
   1. verðlaun, peningar $1.50
   2. " " 1.00
   3. " " 0.75
   4. " " 0.50
4. Drengir, 6—9 ára. 50 yards.
   1. verðlaun, peningar $1.50
   2. " " 1.00
   3. " " 0.75
   4. " " 0.50
5. Stúlkur, 9—12 ára. 75 yards.
   1. verðlaun, peningar $2.00
   2. " " 1.25
   3. " " 1.00
   4. " " 0.75
6. Drengir, 9—12 ára. 75 yards.
   1. verðlaun, peningar $2.00
   2. " " 1.25
   3. " " 1.00
   4. " " 0.75
7. Stúlkur, 12—16 ára. 100 yards.
   1. verðlaun $3.00
   2. " 2.50
   3. " 1.50
   4. " 1.00
8. Drengir, 12—16 ára. 100 yards.
   1. verðlaun $3.00
   2. " 2.50
   3. " 1.50
   4. " 1.00
9. Ógiftar stúlkur. 100 yards
   1. verðlaun $4.00
   2. " 3.00
   3. " 2.00
10. Ógiftir menn. 150 yards
    1. verðlaun $4.00
    2. " 3.00
    3. " 2.00
11. Giftar konur. 75 yards.
    1. verðlaun, $5.00
    2. " 4.00
    3. " 3.00
    4. " 2.00
12. Giftir menn. 100 yards
    1. verðlaun $5.00
    2. " 4.00
    3. " 3.00
    4. " 2.00

Klukkutími til miðdagsverðar.

13. Konur, 50 ára og eldri. 50 yards.
    1. verðlaun, $4.00
    2. " 3.00
    3. " 2.00
14. Karlmenn, 50 ára og eldri. 80 yards.
    1. verðlaun, $4.00
    2. " 3.00
    3. " 2.00

STÖKK.

15. LANGSTÖKK, hlaupa til.
    1. verðlaun $3.00
    2. " 2.00
    3. " 1.00
16. HÁSTÖKK, hlaupa til.
    1. verðlaun $3.00
    2. " 2.00
    3. " 1.00
17. STÖKK JAFNFÆTIS.
    1. verðlaun, $3.00
    2. " 2.00
    3. " 1.00
18. HOPP-STIG-STÖKK.
    1. verðlaun, $3.00
    2. 2.00
    3. " 1.00
15. KAPPHLAUP. 1 míla.
    1. verðlaun $5.00
    2. " 3.00
    3. " 2.00
20 KAPPHLAUP. 10 mílur.
    1. verðlaun $25.00
    2. " 15.00
    3. " 10.00

HJÓLREIÐAR.

21. Hjólreið, 1 míla.
    1. verðlaun 6.00
    2. " 4.00
    3. " 3.00
22. Hjólreið, 3 mílur.
    1. vl. Dunlop Tires .....
    2. vl. Silfur-medalía.
    3. vl. Hjólpumpa og vindlakassi.
23. Hjólreið (Handicap), 5 mil.
    1. verðlaun $10.00
    2. " 6.00
    3. " 4.00
    4. " 2.00
24. ÍSLENZKAR GLÍMUR.
    1. verðlaun $10.00
    2. " 6.00
    3. " 4.00
25. AFLRAUN Á KAÐLI. (Milli giftra manna og ógiftra, 7 á hvora hlið).
    1. verlaun (til þeirra, sem vinna) $14.00
    2. verðlaun (til þeirra, sem tapa) 7.00
26. DANS (Waltz). (Að eins fyrir Íslendinga.
    1. verðlaun $7.00
    2. " 5.00
    3. " 4.00
    4. " 3.00
27. WALTZ (open for all).
    1. Prize, 1 Doz. Photos $10.00

Leiðrétting.

Í grein minni "Hér og þar", er út kom 8. þ.m., hafa tvö orð fallið úr í öðrum dálki á bls. 4, í línum 22. og 21. neðantöldum. Þar stendur: "Ég mætti kunningja minum þenna dag, sem ég hefi nefnt hér að framan". Les: Ég mætti einum kunningja minum þenna sama dag, sem ég hefi nefnt hér að framan. — Þetta bið ég lesendurna að aðgæta.

Ég hélt, að þetta mundi ekki valda misskilningi. En ég hefi frétt að einhver eða einhverjir skilji þessi orð svo, að ég meini þau til Jóns Thorsteinssonar, af því ég nefndi hann, sem Hon. R. Rogers, í greininni með nöfnum. Slikt er algerður misskilningur. Þó ég hafi minst á Jón Thorsteinsson bæði í þessari grein og áður, þá er það vegna þess, að ég hefi ekki þekt eða sældað saman við jafn gedfeldan mann á mina raun, sem hann, vestanhafs. Svo má hver gera sér ferðir til hans og útþýða orð min, sem honum þóknast, og hans skilning er samboðnast.

K. Ásg. Benediktsson.

Sparið Línið Yðar.

Ef þér óskið ekki að fá þvottinn yðar rifinn og slitinn, þá sendið hann til þessarar fullkomnu stofnunar.

Nýtízku aðferðir, nýr vélaútbúnaður, en gamalt og æft verkafólk.

LITUN, HREINSUN OG PRESSUN SÉRLEGA VANDAÐ

Modern Laundry & Dye Works Co., Ltd.
307—315 Hargrave St.
WINNIPEG, MANITOBA
Phones: 2300 og 2301

$22 FYRIR $7

12 Alberta Special Cabinet Ljósmyndir og Ein Stór 16x20 þuml. Líf-stærðar Ljósmynd gefin með HverjuDúsíni. — Og Hvert Dúsín Kostar Aðeins —

$7.00

ÞETTA TILBOÐ GILDIR AÐEINS Í MYNDASTOFU VORRI Á PORTAGE AVENUE.

Wm. A. MARTEL,
MYNDASMIÐUR.
255½ PORTAGE AVE.
Phone: Main 7764

ROBLIN HOTEL

115 Adelaide St. Winnipeg

Besta $1.50 á-dag hús í Vestur-Canada. Keyrsla ókeypis milli vagnstöðva og hússins á nóttu og degi. Aðhlynninig hins bezta. Viðskifti Íslendinga óskast. William Ave strætiskarið fer hjá húsinu

O. ROY, eigandi.

Gimli Hótel

G. E. SÓLMUNDSSON
eigandi

Óskar viðskifta Íslendinga sem heimsækja Gimli-bæ. — Þar er beini beztur í mat og drykkjarföngum, og aðbúð gesta svo góð sem frekast er hægt að gera hana. Hótelið er við vagnstöðina.
Gistið að Gimli-Hótel.

Ágæt meðul.

Ég hefi kynst og pantað áður meðul við nef, kverka- og andkala sjúkdómum hjá Royal Remedy Co. Þau fá bezta vitnisburð. Þeir, sem senda mér sjúkdómslýsingu, og $4.00 fyrirfram, fá meðulin send heim til sín kostnaðarlaust hvar sem er í Canada. Eins og mörgum er kunnugt, hefi ég fengist töluvert mikið við meðalasölu stundum, og þekki "patent" meðul vel. Þessi meðul eru 'ekta' góð meðul, og fólk má treysta þeim, ef það kaupir þau í tæka tíð.

K.Ásg.Benediktsson.
540 Simcoe St., Winnipeg.

2 Bækur Gefins

FÁ NÝJIR KAUPENDUR AÐ HEIMSKRINGLU SEM BORGA $2.00 FYRIRFRAM, OG ÞESSUM BÓKUM ÚR AÐ VELJA :—

Mr. Potter frá Texas
Aðalheiður
Svipurinn Hennar
Hvammverjarnir
Konuhefnd
Lajla
Robert Manton.

Alt góðar sögur og sumar ágætar, efnismiklar, fróðlegar og spennandi. Nú er tíminn að gerast kaupendur Hkr. Það eru aðeins fá eintök eftir af sumum bókunum.

Heimskringla
P.O. Box 3083, Winnipeg

Þekkir þú land.

Stolt úr "Kennt du das Land" eftir Göethe.

Þekkir þú land, þar lágt við strandir óma
lögnöldur dátt um heiðbjört sumarkvöld,
þar söngvar þýtt úr hlíðum fjalla hljóma,
hájökla skrautið byrgja skuggatjöld?
Þekkir þú það, ,með þér ég huga sný
þangað á burt og glaður héðan flý.

Þekkir þú land, þar hátt við hrannar strendur
hrynjandi aldan þrumar gimis óð,
húmskuggar kveldsins hylja snöggvar lendur,
helkaldur vindur berst um skýjaslóð?
Þekkir þú það með þér ég huga sný
þangað á burt og glaður héðan flý.

Þekkir þú land, þar segul-leiftur loga,
liðast og sveiflast yfir himin braut,
ljósfestum skreyta hvolfsins bláan boga,
blika og titra yfir norður skaut?
Þekkir þú það, með þér ég huga sný
þangað á burt og glaður héðan flý.

H. J.

Kynferðisvísirinn.

Williams heitir maður í Catford á Englandi. Hann er verkfræðingur, og kona hans fæst við hænsarækt. Einu sinni sem oftar var hann að vinnu í starfstofu sinni. Hann tók þá eftir því, að litlir stálhlutir, sem héngu í landniður úr loftinu, hreyfðust, án þess að hann gæti séð, hvernig á því stæði. Hræringin hélt áfram, og maðurinn fór að svipast um eftir því, hvað gæti valdið henni.

Beint undir stálmununum hafði einhver sett körfu fulla af eggjum. Williams tók körfuna burt til þess að gæta að, hvort nokkur segull væri undir henni. Jafnskjótt sem hann hafði flutt körfuna úr stað, hætti hræringin á stálmununum. Hann lét körfuna aftur á sama stað. Þá fóru hlutirnir að hreyfast aftur.

Hann var þá kominn að raun um, að eitthvert samband væri á milli hræringarinnar og eggjanna.

Williams fór þá að gera frekari tilraunir með stál og egg, og hann komst að raun um það, að ófrjó egg koma engri hreyfingu á stálið.

Hann hélt áfram tilraunununum, og varð þess vísari, að sum egg láta stálið hreyfast fram og aftur, eins og klukkudingull hreyfist, en önnur láta það snúast í hring.

Hann klakti út þeim eggjunum, sem ollu hreyfingunni fram og aftur, og úr þeim komu hænuungar. Hann klakti hinum út, og úr þeim komu hanaungar. Með þessum hætti komst Williams að því, sem kann að verða lykill að mörgum leyndardómum, að kynferði eggja veldur hreyfingum á hangandi stálmola. Kvenegg hreyfir stálið frá einni hlið til annarar, karlegg snýr því í hring.

Í samræðu við Mr. Stead, ritstjóra tímaritsins "Review of Reviews", komst uppgötvunarmaðurinn svo að orði :

— Ég hefi fengið reynslu um þetta með tilraunum, sem skifta þúsundum. Síðasta ár klakti ég út mörg hundruð eggjum, og í hvert skifti stóð þetta heima. — Auðvitað reyni ég aldrei að klekja út ófrjóum eggjum. Í fyrra var ég klaufi, og mér skjátlaðist einstöku sinnum. En konan mín getur reynt tvö hundruð egg á klukkustundinni. Við klekjum öllum þeim eggjum út, sem við reynum við, og úr þeim koma jafn margir hanar og jafn margar hænur eins og við ætlumst til.

Uppfyndingarmaður sýndi Mr. Stead tvö af þessum áhöldum sínum. Annað þeirra var ekkert annað en smágerður stálvír, og í honum hékk ofurlitið stállóð. Hitt var eitthvað ofurlitið margbrotnara.

— Hefir kynferðið alt af sömu áhrifin á þetta áhald, spurði Stead.

— Það er óbrigðult. Áhaldinu skjátlast aldrei, hvort sem það er reynt við karl eða konu, fugl, ferfætling eða fisk. Ég hefi reynt það á kröbbum og álum. En reynið þér sjálfur.

Stead reyndi þá áhaldið á höfði hershöfðingja eins, sem viðstaddur var. Stálkúlan fór að snúast í hring. Hann reyndi á höfði konu einnar. Kúlan fór smátt og smátt að hægja á sér á hringrásinni, og því næst fór hún að tifa fram og aftur, eins og klukkudingull.

Sted hélt, að hreyfingin kynni að verða svona af því að hann ætti von á henni svona.

Williams sagði honum að reyna á einhverri skepnu, sem hann vissi ekki um kynferði á. Og hann kom með ýms smádýr, dúfur, kanínur, mýs, o.s.frv. Hann gæti ekki vitað um kynferði á þeim annan veg en með rannsókn eftir á.

Þeir gerðu þetta. Og kynferðisvísinum skjátlaði aldrei.

Loks kom Williams með hund, ætlaði að fara að taka hann upp úr körfu.

Stead sagði honum, að láta hundinn vera kyrran í körfunni og loka henni, og vildi reyna þann veg.

Williams mótmælti því, sagðist ekki geta ábyrgst, að áhaldið sýndi kynferðið, nema ef því væri haldið fast að skepnunni. Lokið í körfunni kynni að stýfla strauminn, sem ylli hreyfingunni. En Stead hafði sitt mál fram.

Hann hélt áhaldinu upp yfir körfulokinu. Eftir fáeinar sekúndur fór stálmolinn að snúast í hring.

— Þetta er karlhundur, sagði Stead. Takið þér hann upp og gætið þér að.

Og karlhundur var það.

— Ísafold.

La Prosperidad.

nýlendu félagið (Co-operative) í Sínalóa, Mexicó, hefir 100 þúsund ekrur af landi, hvar þeir vilja stofna fyrirmyndarnýlendu af enskutalandi fólki, algert kvenfrelsi í málum, er viðkoma bygðinni, engin vínsala eða önnur óregla leyfð á landi þeirra, meðlimafjöldi ákveðinn 3000. Hver hlutur á $90 nú, sem hækkar $5 á mánuði. Fjór ir hlutir, er alt er einn má kaupa, $10 afborganir á mánuði, hvort einn eða fleiri hlutir eru teknir. Fimm ekrur og bæjarlóð, ásamt hagnaðarvon af sölu eða yrkingu af því landi, sem eftir verður, þá hver meðlimur hefir fengið sitt land, — fylgir hverjum hlut. Svipað loftslag og í suður Californiu, eða frá 100 hæst niður í 44 Fahr., 35—40 þuml. regnfall á ári. Úrgangslaus jarðvegur, kostar 4—8 dollara að hreinsa ekruna. Tvær uppskerur af ýmsu á ári. 500 mílum nær aðalmarkað Bandaríkjanna, heldur enn California. Landskattur mjög lágur. Engin flóð og frítt frá eiturpöddum. Algert trúfrelsi. Plássið er austan við mynnið á Californiu flóanum, 70 mílur norður frá sjóstaðnum Mazatlan, og er 12 mílur meðfram Kyrrahafinu, algerlega í tempraða beltinu.

Um frekari upplýsingar skrifið helzt á ensku, samt verður íslenzkum bréfum sint, til

Joseph Drader,
Aðal-umboðsmaður fyrir Canadaríki.
1444 Pembroke St.,
VICTORIA, - - B. C.

Saknaðar ljóð.

Eftir
Jósefínu Helgu, J. Líndal.

Fædd 10. marz 1898. Dáin 17. Jan. 1909.

Ó, hve skjótt blikna blómin
búin vors skrúða í,
þá upp kveður dauða dóminn
drottinn. Að hamla því
megnar ei mannsins kraftur,
máttur guðs aldrei þver.
Ástvini horfna aftur
á himnum sjáum vér.

Sárt var að sjá þig líða
í svala og þögla gröf,
brostið er hjartað blíða,
búin þín æfi-töf.
Svíða djúp hjarta sárin,
horfin ert þú á braut.
Hrynja beisk harmatárin, —
hörð oss slík virðist þraut.

Þú, sem varst allra yndi
eitt sinn er kyntust þér,
frá oss þú fórst í skyndi,
framar ei sjáumst hér.

Helzt má þá huggun færa
harma-lífs nauðum frá,
vita þig, vina kæra,
vera guðs englum hjá.

J. H. Húnfjörð.

(Orkt undir nafni ástvina hinnar látnu.

Í aldinreit, á meðal mannlífsblóma,
þú munarfögur sprast upp lilja hrein,
broshýr, saklaus, sveipuð æskuljóma,
sérhvert vina bæta vildir mein.
Fyr en varði gustur nístings-napur
næddi gegn um frjófgan blómareit.
Vinum sá var dagur reynslu dapur
er dauðinn sundur lífs þíns fjötra sleit.

Vina kæra, vert á lágum beði,
ég veit þú blundar, laus við heimsins tál.
Þú mér veittir gæði mörg og gleði, gleði.
Hjá guði á hæðum nú þín dvelur sál.
Þökk fyrir alt, sem auðsýnt mér þú hefur, —
aldrei þér ég gleymi lífs um stund.
Hinumegin mér ef góður gefur
guð, þér mæti eftir hinsta blund.

Í hinsta sinn nú kveð þig, vina kæra,
í kaldri gröf þú helgri blundar ró,
með línum þessum langar mig þér færa
lítið vottorð, einskis virði þó.
Vor kunningsskapar sárt mér hjarta sviður,
svona fljótt þig vita lífs af stig.
Þó huggun ljær að himna faðir blíður
hefir sínum örmum vafið þig.

J. H. H.

(Vinur hinnar látnu.

Nú mæða svöðusárin
og sífelt blæðir und,
unz enda æfiárin
og ég hlýt hinsta blund.

Bætist þá böl og mæða, —
blómin, sem dauðinn sleit,
finn ég hjá föður hæða
frjófgast í dýrum reit.

Með trú og táraflóði
tilreið mig, drottinn minn,
lausnarinn líknar-góði
leið mig til þeirra inn.

Hér þegar lífið linnir
og langmædd héðan fer,
umsjón og elsku þinni
alla þá mína fel.

Ingibjörg J. Líndal,
móðir hinnar látnu.

Sækjið bréfin ykkar!

Bréf að Heimskringlu eiga : —

Miss Margrét Erlendsdóttir.
Mrs Arndís Sigurðardóttir.
Mrs. Sesselja W. Goodman.
Mrs. V. Josephson.
Sigurgeir J. Austman.
Roger Crawford.
Halldóra Tómasdóttir.

Nokkur af þessum bréfum eru frá Íslandi, og ættu eigendur þeirra að gefa sig fram sem fyrst.

R. A. THOMSON AND CO.

Cor. Sargent & Maryland St.

Selja allskonar MATVÖRU af beztu tegund með lægsta verði. Sérstakt vöruúrval nú þessa viku. Vér óskum að Íslendingar vildu koma og skoða vörurnar. Hvergi betri né ódýrari :—

Munið staðinn:—
HORNI SARGENT AVE. OG MARYLAND ST.
PHONE 3112.

F. Deluca

Verzlar með matvöru, aldini, smá-kökur, allskonar sætindi, mjólk og rjóma, sönnul. tóbak og vindla. Óskar viðskifta Íslend. Heitt kaffi eða te á öllum tímum. Fón 7756

Tvær búðir:
587 Notre Dame og 714 Maryland St.

DR. H. R. ROSS

C.P.R. meðala- og skurðlækuir.
Sjúkdómum kvenna og barna veitt sérstök umönnun.
WYNYARD, — SASK.

S. R. HUNTER & CO
Skraddarar,
189 Lombard Street

Búa til nýj-móðins karlmannafatnaði eftir máli.— Efni og vinnubrögð afbeztu tegund, og alt ábyrgst að vera jafngildi þess bezta sem fáanlegt er í borginni. Verðið er við allra hæfi. —

S. R. Hunter & Co.
189 Lombard St.
Telephone 1395.

The Dominion Bank

NOTRE DAME Ave. BRANCH Cor. Nena St.

VÉR GEFUM SÉRSTAK AN GAUM AÐ SPARISJÓÐS-DEILDINNI. —

VEXTIR BORGAÐIR AF INNLÖGUM.
HÖFUÐSTOLL - - - $3,983,392.38
SPARISJÓÐUR - - - $5,300,000.00
A. E. PIERCY, MANAGER.

Stefán Johnson
Horni Sargent Ave. og Downing St.
HEFIR ÁVALT TIL SÖLU
Nýjar Áfir
Beztu í bænum. Ágætar til bökunar. 15c gallon

HEIMSKRINGLU og TVÆR skemtilegar sögur fá nýir kaupendur fyrir að eins $2.00.

"Það kemur ekki þér við", svaraði hún.

Það var gagnslaust fyrir mig, að spyrja þessa kerlingu um fleira. En rétt í þessu kom dr. Raebell inn, ásamt með öllum karlmönnunum. Það var auðséð, að þessar samkomur voru venjulegar, og hafa máske verið eiu af lækningaaðferðunum, því mennirnir dreifðust strax innan um kvennahópinn og þá byrjuðu fjörugar umræður. Þegar ég sá eigandann ná álgast frú Ferrier, gekk ég í leið fyrir hann til að tala við hann.

"Ó", sagði hann, þegar hann sá mig, "hvernig gengur nú lífið? Hvernig lízt þér á bústað minn, tigna drotning?"

Ég svaraði honum mildilega, að ég væri meira en ánægð, og svo bætti ég við : "Þér er víst kunnugt um það, læknir, að flest af fólkinu hérna er brjálað — alveg vitlaust?"

"Já, því ver", svaraði hann.

"Sjáðu þessa konu þarna með rauða hárið — nei, ég meina ekki frú Maybrick, -ég á við hina við gluggann — hún segist vera Victoria drotning — er það ekki dæmalaust?"

"Jú, það er — jú, það er satt. Það eina, sem maður getur gert, er að tala eins og þessir vesalingar vilja. Vertu henni hlynt og gerðu henni ekkert á móti".

"Já, en það er svo voðalega ósanngjarnt. Það er ómögulegt, að hún geti verið Victoria drotning, því María Stuart drotning dó löngu áður en Victoria drotning fæddist, og af því ég er María Stuart, þá getur Victoria drotning ekki verið fædd ennþá".

"Þetta er alveg satt, ég er þér samþykkur. Henni hlýtur að skjátla", sagði hann í blíðum og undirgefnislegum róm.

"Og þetta er ekki það eina. Hún segir líka, að hér sé einhver dr. Graham, en það er líka rang-

hermi, þó langar mig til að vita, hvort þessi dr. Graham er hér, því ég er hrædd um, að hann sé njósnari Elizabetar drotningar. Hvar er þessi maður?"

Ég talaði af miklum ákafa, svo dr. Raebell hélt áfram að reyna að gera mig rólega : — "Ó, hann er farinn, ég sendi hann burt fyrir nokkru".

"Hvers vegna léztu hann fara".

"Ó, ekki af neinni ákveðinni ástæðu — ég vildi að eins breyta til. Sá, sem kemur í staðinn, er væntanlegur innan fárra daga, og ég hefi margar ástæður til að ætla, að hann sé óvinur Elizabetar drotningar".

Ég lézt vera ánægð með þessar upplýsingar og leyfði læknunum að halda áfram. Þar eð Ophelia vildi enn ekki tala við mig, gekk ég til eins af karlmönnunum, en undir eins og ég nálgaðist hann, benti hann mér að koma ekki nær.

"Komdu ekki nálægt mér, frú", sagði hann, "og umfram alt, andaðu ekki á mig, því þá bráðna ég. Þú sérð, að ég er búinn til úr smjöri".

"Hamingjan góða", sagði ég, og stóð í fjarlægð. "Þetta finst mér leiðinlegt að heyra. Má ég vera svo djörf að spyrja hver þú ert?"

Hann brosti með fyrirlitningu.

"Ó, ég læzt ekki vera annar en blátt áfram James Fraser frá Dumbarton. Ég er ekki einn af þessum ímyndunarveiku svikurum, því ég er enginn vitfirringur, skaltu vita".

"Nei, ég sé það", svaraði ég, og reyndi að líta svo út, sem ég tryði honum.

"Ég er hér að eins til þess, að vera óhultur um sjálfan mig, máttu vita", sagði hann. "Því eins og þú skilur, ef ég væri á almannafæri, þá myndu menn anda á mig, þrýsta hendur mínar og annað því um líkt, og það myndi eyðileggja mig, en nú hefir lækn-

irinn lofað mér, að verði ég hér nógu lengi, þá harðni ég og breytist í ost, og það er mikil framför".

"Já, það er sannarlega víst", sagði ég, og reyndi að tala í sama róm og dr. Raebell hafði notað við mig. "Þá er þér ekki eins hætt við að bráðna".

"Nei, það er dagsatt, og það verður í mörgu tilliti miklu þægilegra. Eina hættan, sem þá vofir yfir mér, er mýsnar. Þú veizt, að þeim þykir osturinn góður til átu".

"Á, þykir þeim hann góður?"

Já, og ég skal ekki neita því, að það gerir mig dálítið órólegan með köflum. Það væri óttalegt, að verða músum að bráð, — ég er mjög hræddur við það. Graham læknir lofaði mér einskonar hringabrynju, sem ég ætti að klæðast í, svo þær næðu ekki í mig, en nú er hann farinn, svo ég veit ekki, hvað ég á að gera."

"Var hann góður maður?"

"Já, það máttu reiða þig á — mjög góður. Svo kurteis, áreiðanlegur og umhyggjusamur með sjúklinga sína. Þeim þótti líka öllum vænt um hann. Hann talaði svo vingjarnlega við þá, var alt af á sömu skoðun og þeir, en það er einmitt það, sem vitfirringarnir vilja. Ég geri það einnig af sömu ástæðum og hann. Og svo var hann svo eftirlitasamur og hlynti að vellíðan þeirra. Ég held að frú Robins hefði ekki dáið, ef hann hefði verið hér, blessaður Graham".

"Ég fór nú að veita orðum hans eftirtekt, þegar ég heyrði hann nefna þetta nafn.

"Heldurðu ekki? — en hvers vegna?" spurði ég.

"Af því hann veitti henni sérstakt athygli, og þess utan virtist hún ekki vera veik. Seinast, þegar ég sá hana, var hún eins hraustleg eins og hún hefir alt af verið, síðan ég kom hingað. Ég kom skömmu áður en hún, skal ég segja þér, og er nú búinn að

vera hér meira en þrjú ár. Smjör þarf langan tíma til að harðna, eins og þú sérð".

Ég hlustaði á hann hrifinn af undrun. Þessi Fraser, eða hvað hann nú hét, hafði sjáanlega veitt henni meiri eftirtekt en kvensjúklingarnir, að undantekinni Opheliu litlu. Svo spurði ég hann : "Nær sástu hana síðast?"

"Að eins viku áður en hún dó. Hún var inni í þessu herbergi það kvöld, hún var eins og hún átti að sér að vera, kát og hraustleg eins og vant var. Daginn eftir var hún hér ekki, og okkur var sagt, að hún væri veik og gæti ekki klæðst. Áður en vikan var liðin, dó hún. Finst þér þetta ekki vera merkilegt?"

"Jú, mjög merkilegt. Hvernig var hún annars að útliti þessi frú Robins?"

"Ó, hún var sú fegursta kona, sem maður getur hugsað sér. En að öðru leyti þekti ég hana ekki mikið, og það held ég fáir hafi gert, því hún skifti sér eins lítið af vitfirringunum og hún gat, og enda þótt hún vissi, að ég var ekki brjálaður, þá gaf hún sig heldur ekki mikið að mér, til þess að vekja ekki öfund hjá hinum. Hún sagði mér þetta oft sjálf".

"En hvers vegna forðaðist hún þá hina?"

"Hvers vegna? Nú — af því veslings konan hélt, að ef hún skifti sér mikið af þeim, þá myndi hún missa vitið. Auðvitað áleit hún sjálfa sig með fullu viti — það gera þeir allir. Og — það get ég fullvissað þig um, góða vina mín, að hefði hún ekki haft þá hugmynd um sig, að hún væri hin heilaga jómfrú, þá hefði hver maður þorað að sverja það, að hún væri jafnt viti borin og ég er".

Mér hepnaðist ekki, að fá meira að vita, sem gagn var að, og bað svo von bráðar um, að fylgja mér til herbergis míns. Til allrar lukku hefi ég ferðatösku mína hérna með tveim lásum fyrir, sem

Íslands fréttir.

Félagið "Sjálfstjórn"- sem nýlega hefir verið stofnað í Reykjavík, til þess aðallega að vinna að afnámi vínbannslaga þeirra, sem síðasta alþingi samþykti, hefir heypt blaðið Ingólf, og er Magnús Einarsson núverandi ritstjóri þess. Í eintaki því, sem út kom 24. júní sl., er svolátandi "Ávarp til Íslendinga", undirritað af rúmlega hundrað félagslimum, mestmegnis til heimilis í Reykjavík : —

Alþingi Íslendinga hefir nú í fyrsta sinni í þingsögu sinni stigið það spor, er teljast verður veruleg skerðing á almennum mannréttindum, með því að samþykkja lög um algert bann gegn aðflutningi, sölu og nautn áfengra drykkja. Er talið víst, að lög þessi muni öðlast staðfestingu, og yrði það þá einsdæmi í löggjöf allra siðaðra þjóða.

"Lagasmíð þessari leyfum vér oss að mótmæla.

Vér litum svo á, sem þetta séu nauðungarlög, er geti orðið til háðungar og hnekkis fyrir landið ; til háðungar fyrir það, að farið er með þjóð vora eins og hún væri ósviti og þyrfti að sjá henni farborða með nauðung og banni ; til hnekkis fyrir það, að landið fyrir þá sök kann að verða svift hagkvæmum verzlunarsamningum við önnur lönd.

"Vér teljum það skerðingu á persónulegu frelsi manna, að setja lagabann um það, er að eins varðar hegðun einstaklingsins, enda hafa löggjafarþing allra þjóða gætt þessarar reglu í löggjöf sinni, undantekningarlaust að kalla.

"Vér teljum bannlög þessi ennfremur niðurdrep á allri heilbrigðri bindindisstarfsemi, þar sem þjóðinni með þeim er ekki kent, heldur nauðgað til þess að afneita áfenginu.

"Og loks hyggjum vér, að lög þessi verði siðspillandi í framkvæmdinni, að þau muni reynast oss eins og lík lög hafa reynst annarsstaðar, þótt skemra hafi farið, leiða til lagabrota, verzlunarsvika, rógburðar og hræsni og auk þess deyfa ábyrgðartilfinningu einstaklingsins.

"Það er sannfæring vor, að frelsið og sjálfsaginn sé hollasta og öruggasta leiðin að menningartakmarki þjóðfélagsins jafnt og einstaklingsins, en að nauðung og helsi sé niðurdrep á allri heilbrigðri þróun og menningu.

Fyrir því skorum vér á alla góða og frjálshuga menn og konur í landi voru, að ganga í allsherjar samband til verndar persónulegu frelsi og mannréttindum gegn þessari og annari nauðung og árásum á almennt mannfrelsi.

"Félagsskapur þessi er skipaður mönnum úr öllum stjórnmálaflokkum landsins, og lætur því ekki flokksmál þeirra til sín taka. En tilgangur hans er í fám orðum þessi : —

1. Að vinna á móti hvers konar nauðung og skerðingu á almennum manurréttindum.
2. Að vinna að því, að lögin um aðflutningsbann á áfengi eigi sér sem skemstan aldur.
3. Að efla bindindi og hófsemi með öllum þeim ráðum, sem mannfrelsinu eru samboðin, svo sem frjálsum bindindissam tökum og fræðslu um skaðvæni oldrykkjunnar.
4. Að vinna að frjálsri menningu í öllum greinum og stuðla að því, að efla andlega og líkamlega heilbrigði þjóðarinnar með sjálfsstjórn og sjálfsaga. Viljum vér því velja oss að orðtaki : Sjálfur leið þú sjálfan þig". M

(Eftir "Ingólfi).

Thore-félagið, sem ýmsir voru hræddir um að mundi setja landið á höfuðið, ef alþingi hefði gengið að tilboði þess í vetur um að gerast hluthafi í því, hafði árið sem leið 610,000 kr. í tekjur af farmgjöldum með skipum sínum. — Í hreinan ágóða hafði það 42,000 kr. og var það 7000 kr. meira en árið næst áður (1907). Hluthafar fengu 4 prósent í ágóða, en 32,000 kr. voru lagðar í varasjóð. Hvað sem líður Thore-félagstilboðinu, er sárt að vita um þann aumingjaskap, að allur ágóðinn af samgöngunum milli Íslands og annara landa skuli lenda í höndum útlendinga, og að Íslendinga sjálfa skuli skorta áræði til að kippa því afkára-fyrirkomulagi í lag.

Á prestastefnunni að þingvöllum verður rætt um játningahaft og kenningarfrelsi, kristindómskenslu ungmenna, kveldmáltíðarsakramentið, undirbúning prestaefna og nýjar kröfur með nýjum tímum, kirkjuþing og tillögur um aðskilnað ríkis og kirkju, uppsagnarvald safnaða o.fl.

Tíu konur gerðu kröfu til karlsins.

Nýlega var í borginni San Francisco maður að nafni John Madsen tekinn fastur og kærður um, að hafa kvongast að minsta kosti tíu konum, sem allar hafa leitað hans um langan tíma.

Lögreglan í New York borg hefir leitað manns þessa í sl. níu ár, en ekki getað fundið hann fyr en nú. Lögreglan kveðst geta sannað, að hann hafi síðan árið 1900 kvongast að minsta kosti 10 konum, og máske 14 öðrum, og að hann hafi narrað út úr konum sínum ekki minna enn 30 þúsund dollara.

Aðallega valdi hann efnaðar ekkjur með börnum. Hann var svo góður við börnin, að mæðurnar fengu ást á honum og gáfu honum sig og efni sín.

Hér er skrá yfir konur þær, sem menn vita fyrir víst að hann flekaði þannig : —

1. Marja Wiggins Brown í Springfield, Mass. 10. des. 1904. Hún fékk honum $500.
2. Elizabet Jackson í Kansas, — haustið 1908. Hún fékk honum $1400.
3. Minnie Allan í St. Louis, 5. nóv. 1907. Hún fékk honum 450 dollara.
4. Alice Richardson í St. Louis, haustið 1906. Hún afhenti honum $200 í peningum og nokkuð af verðmætum skrautmunum.
5. Annie Farran í Rockport (júní 1907), hún fékk honum $1400 í peningum, $600 í ávísunum og $250 demantshring.
6. Sylvia Pollard í San Francisco (ágúst 1908), seldi hús sitt, og lét hann hafa verð þess.
7. Henriette Leopold í San Francisco (13. april 1909) fékk honum $620.
8. Jessie Tretheway (15. maí 1909). Hún fékk honum enga peninga, því hún komst að því að hann hafði bréfaviðskifti við aðrar konur.
9. Frú Debonnett hefir séð og þekt manninn, — hann hafði kvongast henni.
10. Katrín Baumann í St. Louis fékk honum $1000 áður en hann kvongaðist henni.
11. Maggie Bloom, rík ekkja, seldi hús sitt til þess að fá honum andvirði þess áður en hann kvongaðist henni.

Lögreglan í New York og San Francisco hefir enn fremur í höndum kröfur til þess manns frá konum í Los Angeles, Stockton, Gettysburg, St. John, Hamilton, Cincinnati, Louisville, Kalamazoo, Hot Springs, Ark., Toronto og frá Þýzkalandi.

Alt voru það efnaðar ekkjur, sem hann kvongaðist, og lögreglan heldur fram því, að hann hafi byrjað kvonfanga leiðangur sinn með því, að kvongast ekkju í Oyster Bay árið 1900. Hjá henni fékk hann $1500 í peningum og hvarf svo bráðlega frá henni, eins og frá öllum hinum, eftir að hafa náð í skildingana. Annars hefir maðurinn lifað í vellystingum praktuglega allan þennan áratíma, setið í sífeldum brúkaupsveizlum og þegið sæmd af ekkjunum, svo að hann hefir haft gnægð fjár handa á milli. En svo spáir lögreglan í New York, að nú muni fækka um veizluhöldin, og að náungi þessi muni verða dæmdur í langa fangellsisvist.

Bókalisti
N. Ottenson's,—River Park, Winnipeg.

Áfengi og áhrif þess, í b.	0.10
Eggert Ólafsson (B.J.) ...	0.15
Gönguhrólfs rímur (B.G.)	0.20
Hugsunarfræði (E.B.)	0.15
Huldufólkssögur, í bandi...	0.35(5)
Höfrungahlaup	0.15
Jón Ólafssonar Ljóðmæli í skrautbandi	0.60(3)
Kristinfræði	0.45(2)
Kvæði Hannesar Blöndal	0.15(2)
Málsgreinafræði	0.15
Mannkynssaga (P.M.), í b.	0.85(5)
Mestur í heimi, í b.	0.15
Passíusálmar, í skrautb. ...	0.50
Ólnbogabarnið	0.15
Prestkosningin. Leikrit, eftir þ. E., í b.	0.30
Ljóðabók M. Markússonar	0.50
Friðþjófs sönglög	0.50
Ritreglur (V. Á.), í b. ...	0.20
Sálmabók, í b.	0.55
Seytján æfintýri, í b.	0.35(3)
Siðfræði (H. H.), í b.	1.10
Stafsetningarorðbók, í b.	0.30(3)
Sundreglur, í b.	0.15
Útilegumannasögur, í b. ...	0.45
Útsvarið. Leikrit, í b.	0.35(2)
Verði ljós	0.15
Vestan hafs og austan. Þrjár sögur, eftir E. H., í b.	0.90
Víkingarnir á Hálogalandi eftir H. Ibsen	0.25
Þjóðsögur Ó. Davíðss., í b.	0.35(4)
Þorlákur helgi	0.15
Þrjátíu æfintýri, í b.	0.35(4)
Ofurefli, skálds. (E.H.), íb.	1.50
Tröllasögur, í b.	0.30(4)
Draugasögur, í b.	0.35(4)
Ölöf í Ási	0.45(3)
Smælingjar, ó sögur (E.H.) í bandi	0.85
Jómsvíkinga og Knytlinga saga, útg. í Khöfn 1828 Í vönduðu bandi (aðeins fá eintök). Póstgj. 10c	2.00
Skemtisögur eftir Sigurð J. Jóhannesson 1907 ...	0.25
Kvæði eftir sama frá 1905	0.25
Ljóðmæli eftir sama. (Með mynd höfundarins) Frá 1897	0.25
Tólf sönglög eftir Jón Friðfinnsson	0.50
Grágás, Staðarhólsbók, í skrautbandi ... ... :15)	3.00
Sturlunga, Part I. Útgefin í Khöfn af K. Kaalund í bandi ... . (20)	4.50
Nýustu svenskar Musik Bækur, útg. í Stockholm :	
Svenska Skol-Qvartetten	...0.60(5)
26te och 27de Tusendet Sv. Skol-Qvartetten	0.60(5)
Dam Kören	1.00(5)
Normal-Sangbok	0.50(5)

Tölurnar í svigum aftan við (og framan við þar sem póstgjald er meira en 9c) bókaverðið, merkja póstgjald það, sem fylgja verður pöntun utanbæjarmanna.

N. OTTENSON.

ROOSEVELT, fyrverandi forseti Bandaríkjanna, er um þessar mundir í Afríku að leita að viltum ljónum, en hér í Winnipeg er 23. ár gamalt viku blað sem Heimskringla heitir, og er að LEITA að nýjum kaupendum sem vilja borga $2.00 fyrirfram, og fá 2 góðar sögur með fyrsta árgangnum fyrir als enga borgun. — Vitið þér af nokkrum sem ekki kaupir hana?

Með þvi að biðja sérstaklega um "T.L. CIGAR," þá ertu viss að fá ágætan vindil.

T.L.

(UNION MADE)

Western Cigar Factory
Thomas Lee, eigandi Winnipeg

MARKET HOTEL
146 PRINCESS ST. á móti markaðnum
P. O'CONNELL, eigandi, WINNIPEG
Bestu tegundir af vínföngum og vindum, aðhlynning góð, húsið endurbætt

JOHN DUFF
PLUMBER, GAS AND STEAM FITTER
Alt verk vel vandað, og verðið rétt
664 Notre Dame Ave. Winnipeg Phone 3815

Woodbine Hotel
Stærsta Billiard Hall í Norðvesturlandinu
Tíu Pool-borð.—Alskonar vín og vindlar
Lennon & Hebb, Eigendur

Sendið Heimskringlu til vina yðar á Íslandi.

Department of Agriculture and Immigration.

MANITOBA

Þetta fylki hefir 41,169,089 ekrur lands, 6,019,200 ekrur eru vötn, sem veita landinu raka til akuryrkjuþarfa. Þess vegna höfum vér jafnan nægan raka til uppskeru tryggingar.

Ennþá eru 25 miljónir ekrur óteknar, sem fá má með heimilisrétti eða kaupum.

Íbúatala árið 1901 var 255,211, nu er nún orðin 400,000 manns, hefir nálega tvöfaldast á 7 árum.

Íbúatala Winnipeg borgar árið 1901 var 42,240, en nú um 115 þúsundir, hefir meir en tvöfaldast á 7 árum.

Flutningstæki eru nú sem næst fullkomin, 3516 mílur járnbrauta eru í fylkinu, sem allar liggja út frá Winnipeg. Þrjár þverlandsbrauta lestir fara daglega frá Winnipeg, og innan fárra mánaða verða þær 5 talsins, þegar Grand Trunk Pacific og Canadian Northern bætast við.

Framfór fylkisins er sjáanleg hvar sem litið er. Þér ættuð að taka þar bólfestu. Ekkert annað land getur sýnt sama vöxt á sama tímabili.

TIL FERDAMANNA :

Farið ekki framhjá Winnipeg, án þess að grenslast um stjórnar og járnbrautarlönd til sölu, og útvega yður fullkomnar upplýsingar um heimilisréttarlönd og fjárgróða möguleika.

R. P. ROBLIN,
Stjórnarformaður og Akuryrkjumála-Ráðgjafi.

Skrifið eftir upplýsingum til
Joseph Burke. 178 LOGAN AVE., WINNIPEG. Jas. Hartney 77 YORK ST., TORONTO.

ALDREI SKALTU geyma til morguns sem hægt er að gera í dag. Pantið Heimskringlu í dag.

Redwood Lager og Extra Porter

Styrkið taugarnar með því að drekka eitt staup af öðrum hvorum þessum ágæta heimilis bjór, á undan hverri máltíð. — Reynið !!

EDWARD L. DREWRY Manufacturer & Importer Winnipeg, Canada.

enginn maður, nema ég og tveir aðrir, í allri Norðurálfunni geta opnað, og þess vegna getur enginn náð í dagbókina mína til að lesa í henni. Að aístöðnum morgunverði og morgun-bænahaldi, sem frú Ferrier flutti, gekk ég mér til skemtunar um garðinn. Það litur út fyrir, að sjúklingar hér hafi mikið frjálsræði í þessu tilliti eins og í öllum öðrum greinum, enda held ég, að enginn þeirra sé bandóður. Ég eyddi miklum tíma í, að koma mér í mjúkinn hjá garðyrkjumanninum, — vinátta hans getur komið mér að miklum notum, ef ég skyldi lenda í nokkrum vandræðum. Hann litur út fyrir að vera meinlaus og góður maður, en litt mentaður, og mér þótti mjög vænt um að frétta, að uppáhaldsbarn frú Robins var dóttir hans. Með tár í augum talaði hann um frú Robins, og sagði, að hún hefði verið framúrskarandi vel liðin af öllum, nema frú Ferrier. Ég gaf honum eina guineu, til þess að hæna hann enn betur að mér. Svo fór ég og skoðaði garðinn og alt annað mjög nákvæmlega. Það var ekki unt, að villast á því. Ég var í reglulegu fangelsi og enginn möguleiki að komast út, nema að fá hjálp, annaðhvort að innan eða utanverðu, frá einhverjum. Ég sá þennan háa steinvegg, sem umkringdi garðinn á alla vegi, og datt í hug, að þú elskuverða manneskja, sem ég var kominn til að njósna um og ef mögulegt væri að hefna, hefði orðið að eyða þremur gleðisnauðum árum í þessu fangelsi, án þess að hafa aðra að umgangast en vitfirringa og gæzlumenn sína og þeirra. Það var mjög leiðinleg saga.

Síðari hluta dags var Ophelia dálitið skrafhreifnari. Vesalings stúlkan sveimaði einsömul um garðinn, og var að leita að litlu stúlkunni garðyrkjumannsins, svo ég fylgdist með henni og fór að leita líka. Við fundum samt ekki barnið, og urðum að hætta og fara inn, því það var byrjað að rigna.

Ophelia bauðst til að fylgja mér um bygginguna og sýna mér hana, og gengum við því í gegn um mörg herbergi og marga ranghala. Loks komum við í endann á einum göngum, sem mér fanst ég kannast við. Ég ætlaði að halda áfram eftir þeim, en þá þreif Ophelia í handlegginn á mér og sagði heiftarlega : "Nei, farðu ekki inn í þessi göng".

"Því þá ekki?" spurði ég.

"Þau liggja að fóðraða herberginu", hvíslaði hún með hryllingi.

Það kom líka hryllingur í mig, því hræðsla hennar hafði óbeinlínis haft áhrif á mig. Nú mundi ég glögt, að þegar ég var hér í fyrsta sinn, þá var mér fylgt eftir þessum gangi, og þá veitti ég því eftirtekt, að það voru að eins þrjár dyr, sem láu út í ganginn, og því spurði ég Opheliu :

"Hver býr í þessum þremur herbergjum?"

"Það sem er til hægri handar, er herbergi dr. Grahams, — það er að segja, það var herbergi hans meðan hann var hér. Hitt", nú lækkaði hún röddina og hvíslaði — "er frú Merchants klefi".

Mig furðaði stórlega á raddbreytingu hennar, og einnig á því, að hún kallaði þetta herbergi klefa.

"Hver er hún, og hvers vegna er hún lokuð inni í þessum klefa?" spurði ég.

Hún leit á mig bænaraugum, eins og hún vildi mælast til þess, að þurfa ekki að gera grein fyrir því. En forvitni mín var á háu stigi, og auk þess var það skylda mín, að fá sem flest að vita um þessa stofnun, þar sem ég nú var staddur.

"Við tölum sjaldan um hana", sagði Ophelía loksins, um leið og hún leiddi mig burt á meðan hún talaði — "af því það er svo hræðilegt. Hún er alveg bandóð og hamast eins og villt dýr með köflum, en þess á milli er hún eins og í dái, og veit varla af

sér. Þeir þora aldrei að sleppa henni út, hvorki nótt né dag, og sumir af sjúklingunum segja, að hún sé hlekkjuð við vegginn. Það er enginn gluggi á herberginu hennar, því hvað lítil birta sem er, gerir hana óða, og þess vegna eyðir hún æfi sinni í algerðu myrkri".

"Ó, guð minn góður, hvað þetta er voðalegt", sagði ég. "Og hve lengi hefir hún verið þarna?"

"Í tuttugu ár", sagði Ophelia skjálfandi. "Ó, spurðu mig ekki um meira, ég verð svo hrædd, þegar ég verð að tala um þetta, því stundum dettur mér í hug, að þegar frú Merchant deyr, þá muni mér verða smokkað þar inn, ef til vill".

Mér varð verulega bilt við, þegar þessi unga stúlka með kvíðafulla svipinn kom með þessa getgátu. Ég var fús á, að gera það sem í mínu valdi stóð til þess að eyða ótta hennar og hugga hana, en mér hepnaðist það ekki. Það eina, sem mér datt í hug að segja, var : "Já, en frú Merchant getur lifað mörg ár enn".

"Nei, það getur hún ekki, því hún er orðin gömul kona, og sjúklingarnir segja, að sonur hennar, sem er í Ástralíu, sendi ekki meðlagið með henni á reglubundnum tímum, og að dr. Raebell óski þess vegna eftir, að hún deyi sem fyrst".

Veslings Ophelia. Mér fanst ég vera orsök í einhvers konar illverknaði og grimd, með því að þvinga hana til að tala um þetta, og reyndi nú að beina umræðunum í aðra átt. En hún gat ekki gleymt frú Merchants, og varð jafn þögul og þunglynd eins og kveldið áður. Ég get ekki með vissu sagt, hvers vegna, en eftir að ég hafði heyrt þessa voðalegu frásögu, fanst mér að ég þyrfti endilega að sjá þessa frú Merchant. Hún gat naumast orðið mér að neinum notum við rannsóknir mínar, en þó fanst mér að ég ætti ekki að ganga fram hjá henni, það

væri skylda mín að þekkja alt, smátt og stórt, sem stæði í sambandi við forlög frú Robins. Auk þess hafði huldan, sem hvildi yfir forlögum hinnar fögru, vesalings konu, eitthvert aðdráttarafl við sig, sem hafði áhrif á mig, enda þótt það stæði ekki í neinu beinu sambandi við spurningu þá, sem ég ætlaði að leysa úr. Enn fremur sagði ég við sjálfan mig, að það væri ásóknin eftir því, sem væri að eins hliðargrein af mínu upprunalega ætlunarverki, sem hafði komið mér til að heimsækja stofnun dr. Raebells. Það tjáði ekki, að ganga fram hjá neinu, hve ómerkilegt sem það væri. Ég fullkomnaði því áform mitt, ég ætlaði komandi nótt, að njósna nákvæmlega um þennan forboðna ranghala. Ég fór snemma til herbergis míns, og notaði tímann til að skrifa þetta í dagbók mína. Ég er nú búinn að búa mig undir njósnarferð mína. Úr ferðatösku minni hefi ég tekið upp karlmannsfatnað og klæðst honum, skríðljós, flókaskó og kippu af þjófalyklum. Enn fremur stakk ég í vasa minn góðri skammbyssu og beittum hníf.

Ég var búinn að leggja frá mér pennann og staðinn upp, þegar ég varð var við óvæntan og illsvitandi atburð. Frá glugganum í mínu herbergi sá ég húsarm þann, þar sem þessi þrjú herbergi voru, sem Ophelia talaði um. Ég gægðist út rétt núna og sá að það logaði ljós í herbergi Grahams. Ég veit ekki, hvað ég á að segja eða hugsa um það. Þetta gerir áform mitt helmingi viðfangs verra, en það út af fyrir sig er leyndardómur, sem ég verð að komast að, hvað sem það kostar. Nú — næstu tvær klukkustundirnar leiða í ljós sigur minn eða —



Ertu að hugsa um að kaupa reiðhjól? Ef svo er þá komstu eftir hver býr til beztu hjólin. Margar hjólateg. eru til sölu, en sem ekki hafa verksmiðju nafn á sér. Slík hjól ern ekki ábyggileg, efnið er óvandað, svo að verksmiðjurnar blygðast sín fyrir að láta vita, hver hafi búið þau til. Canada Cycle & Motor Co., Ltd., hefir trygt sér álit með eftirtöldum reiðhjólum:—

CLEVELAND RAMBLER **BRANTFORD PERFECT** **MASSEY IMPERIAL**

Canada Cycle & Motor Co., Ltd., Winnipeg.
147 PRINCESS STREET. Heimsins Beztu Reiðhjóla-smiðir.

Aðalverkstæði MAGNET skilvindu félagsins.



Það er oss ánægja, að sýna hér mynd af aðal verkstæði Petrie skilvindufélagsins, sem býr til MAGNET skilvindurnar. — Myndin sýnir suðurhlið aðal verkstæðisins, sem er 325x90 fet.— Auk þess eru 3 byggingar norðan við það, sem ekki sjást á myndinni, og sem allar eru notaðar við tilbúning MAGNET skilvindunnar. — Þetta félag býr til afar margar MAGNET skilvindur á hverjum mánuði, og selur þær allar jafnótt.

Herra A. B. Petrie, sem er forseti félagsins, var nýlega hér í Vesturlandinu, að líta yfir hin ýmsu útibú félagsins hér og stofnsetja eitt í Vancouver, B.C. Félagið á eignir í öllum fylkjunum, og eru hér til þess að vernda sína mörgu skiftavini.

Vér getum þess einnig, að á fylkissýningunni í Calgary, þar sem ungfrú M. Carrick sýndi MAGNET skilvinduna vinna, fékk hún fyrstu verðlaun í smjörgerðar samkepninni móti öllum keppinautum. — Það gleður oss að vita, að MAGNET er vinsælust allra skilvindna, og að hún er búin til í Canada.

Tennur barna.

Skólaráð Winnipeg borgar hefir ákveðið, að verja $2,000 á yfirstandandi fjárhagsári til þess að láta rannsaka heilbrigðis ástand allra skólabarna, en rannsóknaríæknir verður ekki útnefndur fyr en á næsta skólaráðsfundi.

Eitt aðalstarf þess læknis verður að skoða tennur barnanna, og að tilkynna foreldrunum um ástand þeirra og ráðleggja þeim, hvað gera þurfi til þess að halda tönnunum heilbrigðum. Sú skoðun er að ryðja sér braut meðal lækna, að líkamleg heilsa og sérstaklega hraustleiki meltingarfæranna, sé mjög svo mikið komin undir því, að tennurnar séu heilbrigðar. En svo virðist, sem fáir unglingar nú á dögum hafi hraustar tennur.

Skýrsla yfir rannsóknir á tönnum skólabarna í New York borg, sem gerð var þar fyrir skömmum tíma, sýnir, að af 500 börnum, sem skoðuð voru, þegar þau yfirgáfu skólana til þess að fara að vinna, voru að eins 14 börn, sem höfðu heilbrigðar tennur.

Í 456 börnum voru 2808 skemdar tennur. Af þeim var hægt að gera við eða lækna 2551 tennur. En 257 tennur varð að draga út. Af þessum 500 börnum höfðu 25 notið tannlækninga áður en rannsóknin fór fram.

Það ræður af líkum, að slikt ástand sé alment yfir alt þetta land, og að ætla megi, að ekki yfir 3 börn af hverju hundraði hafi óskemdar tennur. Enda tekur þessi skýrsla það fram, að samskonar ástand hafi komið fram við rannsóknir, sem gerðar hafi verið á skólabörnum í Massachusetts, Minnesota og Iowa, og svipað ástand hefir reynst í ýmsum öðrum ríkjum.

Því er haldið fram, að foreldrarnir láti sér ekki nægilega ant um velferð barna sinna í þessu tilliti. Að líkindum er það af þekkingarskorti þeirra á því, hve mikla þýðingu það hefir fyrir heilsu barnanna, að tennum þeirra sé haldið í heilbrigðu ástandi. En sjálf hafa börnin ekki skyn á þessu eða finna til þess, og gera það því ekki að umkvörtunareíni, og svo lendir það í athugunarleysi fyrir foreldrunum, að grenslast nokkuð um þetta.

Læknar hafa og heldur ekki fyr en á síðari árum gert sér far um, að upplýsa alþýðu manna í þessu efni, þó margir þeirra séu nú farnir til þess, og áhugi nokkur því vaknaður til þess að hrinda máli þessu í rétt horf.

Skólastjórnin í Winnipeg á þakkir skyldar fyrir það spor, sem hún hefir stigið til þess, að vernda tennur barna þessarar borgar. Og það sama þyrfti að verða gert út til sveita.

Það er kostnaðarminna, að líta eftir þessum sjúkdómi meðan hann er viðráðanlegur hjá hinum ungu einstaklingum, en að draga það fram á miðaldur þeirra, þegar sjúkdómurinn hefir magnast svo, að kippa verður burtu miklu af tennunum vegna skemda.

Læknarnir þurfa að finna orsökina til þessarar tannsýki, og þá má væntanlega að miklu leyti koma í veg fyrir hana.

Þjóðverjar eru fyrsta þjóð á jarðríki til þess að stofna ókeypis tannlækningastofnun. Hún byrjaði starf sitt í austurhluta Berlínarborgar þann 6. þ.m., og ætluð til afnota fyrir fátæk skólabörn þar í borginni. Bæjarstjórnin í Berlín hefir um langan tíma verið að íhuga þetta mál, og hefir nú byrjað á ókeypis tannlækningum. Hún auglýsir, að aðrar slíkar stofnanir verði bráðlega settar á fót víðsvegar um landið, og að öll fátæk skólabörn eigi frían aðgang að þeim til þess að fá tennur sínar læknaðar þeim að kostnaðarlausu. En að þeir foreldrar, sem séu svo efnum búin, að þau geti borgað nokkuð til þessa fyrirtækis, verði beðnir að láta af mörkum 12c á ári. — Lífsábyrgðarfélögin þar í landi hafa og hópa af tannlæknum til að líta eftir tennum þeirra, sem eru í lífsábyrgð hjá þeim. Félögin segja, að þetta borgi sig vel, með því að ábyrgðahafendur haldi betri heilsu og lifi lengur síðan þau tóku upp þessa tannlækningasteínu.

KENNARI

sem tekið hefir annað eða þriðja stigs kennaraleyfi, getur fengið kennarastöðu við Kjarnaskóla No. 647 frá fyrsta september 1909 til april-loka 1910, átta mánuðir. — Tilboðum veitt móttaka af undirrituðum til fyrsta ágúst 1909.

TH. SVEINSSON.
29-7 Husawick P.O., Man.

(Niðurlag frá No. 41).

Kvikmyndir af kirkjuþinginu.

(Frá fréttaritara Hkr.).

ÁGREININGURINN.

Nefnd hafði verið skipuð til að fjalla um ágreining í félaginu og setja hann niður. Tilætlun með henni aðallega, að reyna að sætta Breiðablik og Sameininguna, eða fá þær stöllur að tilhaga sér svo, að félaginu væri kinnroðalaust. Það stóð svo fyrir félagsmönnum, að það væri ekki vansalaust fyrir félagið, ef abbast væri upp á Sameininguna, félagsmálgagnið, í hvert skifti er hún segði eitthvað til um stefnu eftirleiðis.

Á endanum varð að því, að þingið setti á dagskrá ágreiningsmálið, sem allir voru að bíða eftir. Það vildi þá svo til í það skifti, að áheyrendur voru í færra lagi, og stungið upp á því með fram sakir þess, að fresta málinu til miðdegis — þetta var morguns — svo fólk gæti verið við, en meirihlutinn vildi það ekki.

Það var svo byrjað á því, að sáttanefndin, nefndin, sem skipuð hafði verið til að reyna að setja niður deiluna milli Sameiningarinnar og Breiðablika, skýrði frá árangrinum: leitað samkomulags alla vega, og þá að fá blöðin til að þegja um það, sem milli bæri, en ekki nærri því komandi, hvorugu. Kvaðst nefndin ekki sjá annað fyrir, en að blöðin yrðu að þjóna lund sinni hér eftir sem hingað til. Þingið var sýnilega við þessum boðskap búið. Sinnar gömlu guðfræðinnar höfðu þingsályktunar tillögu þegar til taks, langt erindi og margliðað. Frá hinum kom önnur langlokan frá sem breytingar tillaga, og enn ein tillaga frá séra Friðriki Hallgrímssyni. Tillögur þessar eru lesendum kunnar og afdrif þeirra.

Tillaga séra Friðriks var þinglegust og vitrust, hún var líka skorin niður fyrst, þá hin breytingar tillagan, og loks aðaltillagan samþykt með 49 atkvæðum gegn 23, að viðhöfðu nafnakalli.

Umræðan var löng og þvæluleg, því bæði töluðu margir, og sumum hverjum af þeim virtist ekki vera ljóst, hvað þeir voru að fara.

Af annari hálfunni var því haldið fram, að skoðanamunurinn, sem um væri að ræða, ætti sér stað um heim allan innan kirkna; væri lítilsverður í rauninni, það svo, að ef félagsmenn ættu að fara að gera grein fyrir trú sinni og skoðun á ritningunni, mundi þá greina eins mikið á, jafnvel meira en prestana greindi á. — Heimakirkjan hefði aðhylst yngri skoðanina, því bezt fallið, að báðum skoðununum væri gert jafnhátt undir höfði í félaginu, svo að héldust böndin við hana. — Af hálfu hinna var aftur lögð áhersla á, að brýn nauðsyn væri fyrir þingið, að láta uppi hver væri stefna félagsins. Að sú stefna ætti að vera "gamla stefnan", þótti flutningsmanni meirihluta tillögunnar sjálfsagt; en hver gamla stefnan væri, lét hann óútlistað, svo að séra Hans Thorgrimsen varð að árétta flutninginn með þeirri yfirlýsingu, að ágreiningurinn væri um innblástur heilagrar ritningar. Gamla stefnan, sem átt var við, eftir því ekki sú, að efla og útbreiða lúterskan fagnaðarboðskap meðal manna, heldur að berja það blákalt fram ofan í vísindalega rannsókn, að ritningin öll sé guðinnblásin og áreiðanleg bók, áreiðanlegt, að hérar hafi jórtrað, ösnur talað, drottinn flogist á við menn, o.s.frv. Þessi stefnan varð ofan á, en líklega verður samt slíkur bibliu átrúnaður torrekinn í Íslendinga.

Bezt hefði verið og affarasælast fyrir félagið, að þingið hefði ekkert verið að bendla sér við deilu blaðanna. Ágreiningurinn kom ekki í bág við góða lútersku og hefði því átt að vera látinn afskiftalaus.

Að þingið fór að hlutast til um hann, dróg til drýgri eftirkasta en margan grunaði, og vandi að segja hvorum er um að kenna, því sjaldan veldur einn þá tveir deila.

Meirihlutinn hefir sjálfsagt ekki ætlað sér í fyrstu, að gera minnihlutann rækan úr félaginu, þó svo færi á endanum. Hann hefir sjálfsagt þótzt fara hóflega í sakirnar, að gera ekki meira að í tillögu sinni, en að lýsa yfir, að skoðun sín væri hin réttmæta. Víst átti hann með það, og til eru þeir, sem álíta, að minnihlutinn hefði átt að taka því með jafnaðargeði og hugga sig við, að næsta ár yrði hann búinn að fá annan þriðjung félagsins á sitt band, og þá gæti hann haft endaskifti á þessum þinggerðum.

En minnihlutinn var ekki svo lítilþægur. Hann fann, að yfirlýsing meirihlutans varpaði skugga á sinn málstað, gerði stöðu sína tvíræða í félaginu, og eins og sá, sem ekki vill vamm sitt vita, heimti hann óðar skýringar af þinginu, svo hann vissi, hvað sér teldist rétt að gera.

Jafnskjótt og meirihluta tillagan var samþykt, bar minnihlutinn fram tillögu, að þingið lýsti yfir, að enginn væri gerður rækur með samþykt þeirri, þó hann fylgdi minnihluta skoðaninni.

Þetta kom meirihluta mönnum í óþægilegan vandræða bobba. Nú var ekki um annað að gera, en hrökkva eða stökkva. Annarsvegar kallaði að þeim félagsheillin, að vinna ekki þá óhæfu, að sundra félaginu, og hinu megin flokksfylgið. Það verður að segja það eins og það er, að félagsheillin varð að lúta í lægra haldi. Raunar leit svo út í svip, að hún ætlaði að sigra. Tillaga um, að þingið legði minnihluta tillöguna frá sér, var feld. En meirihlutinn sá sig aftur um hönd, og samþykti að fella úr tillögu minnihlutans orðin: þótt fylgi minnihluta skoðaninni. Með því var skoðan minnihlutans gerð ræk, óhæf og ófriðhelg í félaginu. Enginn annar skilningur verður lagður í samþykt þá. Minnihlutinn sá þá, að ekki var til setu boðið; stóðu þeir upp einn á fætur öðrum og sögðu sig úr þingi. Í sömu andránni voru hinir að þvo hendur sínar af því, að þeir hefðu ekki gert þá ræka.

Fyrir þessum aumkunarlega Pílatusarþvotti lætur Heimskringla tjaldið falla.

Nýr söfnuður myndaður á Gardar, N.D.

Þann 16. þ.m. var söfnuður stofnsettur á Gardar, N.D., af þeim, sem á fundi Gardarsafnaðar þann 12. þ.m. höfðu mótmælt því, að Gardarsöfnuður gengi úr kirkju félaginu. 104 nöfn hinna fyrverandi meðlima Gardarsafnaðar voru framlögð, þeirra, er höfðu sagt sig úr þeim söfnuði. Nafn hins nýja safnaðar er Lúter söfnuður. Samþykt var, að beiðast inngöngu í kirkjufélagið. Fulltrúar voru kosnir: Joseph Walter, Hafliði Guðbrandsson, O. K. Ólafsson, Stephen Eyólfsson og Vigfús Jónsson.

ALLA ÞÁ

er panta vildu póstspjöldin íslenzku eða myndaspjöldin fyrir sjálfa sig, eða til útsölu, bið ég að snúa sér með pantanir sínar til herra þorsteins þ. þorsteinssonar, 557 Toronto St., Winnipeg, er góðfúslega hefir tekið að sér afgreiðslu á þeim. Einnig eru útsölumenn beðnir að gera reikningsskil til hans við tækifæri.

Þeir, er vildu hafa bréfaviðskifti við mig, áriti bréf til mín: 153—159 S. Jefferson St., Chicago, Ill.

Chicago, 17. júní 1909.

A. J. JOHNSON.

Victor Anderson prentari og Frank bróðir hans hafa myndað nýtt prentfélag, sem þeir nefna "THE ANDERSON CO.". Þeir hafa keypt öll áhöld Gísla prentara Jónssonar, og reka iðn sína framvegis á sama stað og Gísli gerði. Þeir bræður eru æðir prentarar og lofa góðu verki. Sjá auglýsingu þeirra á öðrum stað í blaðinu.

Herra Jón Hólm, gullsmiður að 770 Simcoe St., biður þess getið, að hann selji löndum sínum gull- og silfur-muni og gigtarbelti. — Belti þessi eru óbrigðul við gigt, ef þau eru notuð samkvæmt fyrirskipunum Jóns. Kosta að eins dollar og kvart.

Skrifið yður fyrir HEIMSKRINGLU svo að þér getið ætíð fylgst með aðal málum Íslendinga hér og heima.

LEIÐBEININGAR--SKRÁ

YFIR ÁREIÐANLEGA VERZLUNARMENN Í WINNIPEG

MUSIC OG HLJÓÐFÆRI

CROSS, GOULDING & SKINNER, LTD.
323 Portage Ave. Talsími 4413

MASON & RISCH PIANO CO., LTD.
356 Main Stree Talsími 480
W. Alfred Albert, Íslenzkur umboðsmaður

WHALEY ROYCE & CO.
356 Main St. Phone 263
W. Alfred Albert, bóðarþjónn.

BYGGINGA- og ELDIVIÐUR.

J. D. McARTHUR CO., LTD.
Byggings- og Eldiviður í heildsölu og smásölu.
Sölust: Princess og Higgins Tals. 5060, 5061, 5062

MYNDASMIÐIR.

G. H. LLEWELLIN,
"Medallions" og Myndarammar
Starfstofa Horni Park St. og Logan Avenue

SKÓTAU Í HEILDSÖLU.

AMES HOLDEN, LIMITED.
Princess & McDermott. Winnipeg.

THOS. RYAN & CO.
Allskonar Skótau. 44 Princess St.

THE Wm. A. MARSH CO. WESTERN LTD.
Framleiðendur af Finu Skótaui. Talsími: 3710
88 Princess St. "High Merit" Marsh Skór

RAFMAGNSVÉLAR OG ÁHÖLD

JAMES STUART ELECTRIC CO.
324 Smith St. Talsímar: 3447 og 7802
Fullar byrgðir af alskonar vélum.

GOODYEAR ELECTRIC CO.
Kellogg's Talsímar og öll þarðfólst. áhöld
talsími 3623. 56 Albert St.

RAFMAGNS AKKOKÐSMENN

MODERN ELECTRIC CO
412 Portage Ave Talsími: 5658
Viðgjörð og Vir-lagning — allskonar.

BYGGINGA - EFNI.

JOHN GUNN & SONS
Talsími 1277 266 Jarvis Ave.
Höfum bezta Stein, Kalk, Cement, Sand o. fl.

THOMAS BLACK
Selur Járnvöru og Byggiuga-efni allskonar
76—82 Lombard St. Talsími 600

THE WINNIPEG SUPPLY CO., LTD.
298 Rietta St. Talsímar: 1936 & 2187
Kalk, Steinn, Cement, Sand og Möl

BYGGINGAMEISTARAR.

J. H. G. RUSSELL
Byggingameistari.
Í Silvester-Willson byggingunni. Tals: 1068

PAUL M. CLEMENS
Bygginga - Meistari, 443 Maryland St.
Skrifst.: Argyle Bldg., Garry st. Talsími 8997

BRAS- og RUBBER-STIMPLAR

MANITOBA STENCIL & STAMP WORKS
421 Main St. Talsími 1880 P. O. Box 244.
Búum til allskonar Stimpla úr málmi og togleðri

VÍNSÖLUMENN

GEO. VELIE,
Heildsölu Vínsali. 185, 187 Portage Ave. E.
Smá-sölu talsími 352. Stór-sölu talsími 464.

STOCKS & BONDS

W. SANFORD EVANS CO.
326 Nýja Grain Exchange Talsími 3696

ACCOUNTANTS & AUDITORS

A. A. JACKSON,
Accountant and Auditor
Skrifst.— 78 Merchants Bank. Tals.: 5702

OLÍA, HJÓLÁS-FEITI OG FL.

WINNIPEG OIL COMPANY, LTD.
Búa til Stein Olíu, Gasoline og hjólás-áburð
Talsími 1590 611 Ashdown Block

TIMBUR og BÚLOND

THOS. OVSTAD, 308 Kennedy Bldg.
Viður í vagnhlössum til notenda, búlönd til sölu

PIPE & BOILER COVERING

GREAT WEST PIPE COVERING CO.
132 Lombard Street.

VÍRGIRÐINGAR.

THE GREAT WEST WIRE FENCE CO., LTD
Alskonar virgirðingar fyrir bændur og borgara.
76 Lombard St. Winnipeg.

ELDAVÉLAR O. FL.

McCLARY'S, Winnipeg.
Stærstu framleiðendur í Canada af Stóm, Steinvöru (Granitewares) og fl.

ÁLNAVARA Í HEILDSÖLU

R. J. WHITLA & CO., LIMITED
264 McDermott Ave Winnipeg
"King of the Road" OVERALLS.

BILLIARD & POOL TABLES.

W. A. CARSON
P. O. Box 225 Room 4 i Molson Banka.
Öll nauðsynleg áhöld. Ég gjöri við Pool-borð

NÁLAR.

JOHN RANTON
203 Hammond Block Talsími 4670
Sendið strax eftir Verðlista og Sýnishornum.

GASOLINE-Vélar og Brunnborar

ONTARIO WIND ENGINE and PUMP CO. LTD
301 Chamber St. Sími: 2088
Vindmillur -- Pumpur -- agætar Vélar.

BLÓM OG SÖNGFUGLAR

JAMES BIRCH
442 Notre Dame Ave. Talsími 2638
BLÓM - allskonar. Söng fuglar o. fl.

BANKARAR.GUFUSKIPA AGENTR

ALLOWAY & CHAMPION
North End Branch: 667 Main street
Vér seljum Ávísanir borganlegar á Íslandi

LÆKNA OG SPÍTALAAHÖLD

CHANDLER & FISHER, LIMITED
Lækna og Dýralækna áhöld, og hospítala áhöld
185 Lombard St., Winnipeg, Man.

Vindur í Pilsunum.

Páfablaðið "Osservatore Romano" hefir nýlega flutt harðorða ritgerð um búning kvenna, og skipar þeim öllum, sem annars fylgi katólsku trúnni, að beita öllum áhrifum sínum til þess, að konur leggi niður þann afkáralega og ósiðferðislega búning, sem þær séu farnar að taka upp á þessum síðustu og verstu tímum. Verst er blaðinu við pilsin, sem nú eru skorin lengst upp eftir hliðunum, og feykjast svo í allar áttir við hvern vindblæ, svo að ofmikið sést af, neðri hluta líkamans við þau pilsa-fok. Blaðið segir þennan skrípabúning vera blett á fegurðartilfinningu kvenna og hneykslan fyrir alla áhorfendur, og til ills eftirdæmis þeim, sem svo séu grunnhygnir, að þeir kunni að taka upp þetta ljóta flugpilsa-snið. — Blaðið bendir á, að þetta megi ekki svo til ganga, og að þetta sé heilögum anda og föður sannleikans hið mesta hrygðareíni.

"20. ÖLDIN"

ÓHÁÐ VIKUBLAÐ.

Verð: $1.00 í Canada.
" $1.50 utan Canada
Borgist fyrirfram.

Útgefendur: Twentieth Century Pub. Co., Winnipeg. — Einkunnarorð: Fegurð, Sannleikur, Ást, Frelsi, Réttlæti. — Flytur ljóð, sögur, nýjar framfaraskoðanir, ritdóma og skrítlur. Segir alt sem henni býr í brjósti og óttast ekkert milli himins og jarðar. Er sér ekki meðvitandi um nokkuð ljótt, og fer því hvergi í felur, en ræðir við alla eins og bræður og systur. Kemur til dyranna eins og hún er klædd og viðurkennir enga yfirboðara né undirgefna, æðri né lægri, heldur alla jafna.

Oss vantar umboðsmenn í hverri bygð og bæ. — Góð sölulaun.

Utanáskrift til blaðsins er:

"20. ÖLDIN"
(D. H.) Winnipeg.

Sérstakt tilboð:

Ef 4 slá sér saman og panta blaðið í einu kostar það á hvern 75c, fyrirfram borgað. Ef 10 panta í einu, þá að eins 50c.

ÚTGEFENDURNIR.

— Gamli John D. Rockefeller hefir á ný gefið 10 miljónir dollara til mentamála í Bandaríkjunum. Alls nema þá gjafir hans til þeirra mála 72 miljónum dollara.

— Frétt frá brezku Austur-Afríku segir að stjórnarvöldin þar hafi nýlega orðið að banna alla umferð manna eftir aðal-veginum milli Narobi og Fort Hall bygða, af því að ljónamergð er þar svo mikil, að engum er lífsvon, sem fer um þann veg.

— John Madsen var fyrir rétti í San Francisco þann 13. þ.m. fundinn sekur um fjölkvæni og dæmdur í 7 ára fangavist. Hann viðurkendi, að hafa kvongast að minsta kosti 18 konum, og þess utan trúlofast mesta fjölda og haft peninga út úr þeim öllum. Til að sýna, hve samvizkusamur hann hefði verið, gat hann þess, að hann hefði að eins þegið $1800 af auði Mrs. Jones, sem hann kvongaðist, en kvaðst þó hafa átt eins hægt með að fá hjá henni 50 þúsund dollara, ef hann hefði óskað þess.

Stúkan SKULD, Ó.R.G.T., heldur fundi sína hér eftir í NEÐRI SAL Góðtemplara hússins. Þetta eru meðlimir og aðrir beðnir að muna.

TIL SOLU:

Maður eða kona. Mitt Suður Afríku landgjafar-ávísunar skírteini, gefið út af Innanríkisdeildinni í Ottawa, gildir fyrir 320 ekrur af hvaða ríkislandi sem opið er til heimilisréttartöku í Manitoba, Alberta eða Saskatchewan. — Hver persóna, yfir 18 ára að aldri,—maður eða kona,—getur fengið landið með því að kaupa þetta skírteini fyrir $800.00. — Skrifið eða Símið strax til

L. E. TELFORD,
131 SHUTER ST. — TORONTO, ONT.

KAUPIÐ af þeim og verzlið við þá sem auglýsa starfsemi sína í Heimskringlu og þá fáið þér *betri* vörur með *betra* verði og *betur* útilátnar.....

Látið Ekki Leiðast inn á Hliðarsýningar.



BEZTU hringsýninga sæti eru ætlð í aðal tjaldinu, þar er "Stór sýningin". En vegurinn þangað er beggja megin skipaður aðdráttarminni og ódýrum auksýningum. Fyrir utan þær eru slægir hrópendur sem sífelt reyna að draga aðsækjendur frá aðal sýningarsviðinu. Og þannig er því varið með Rjómaskilvindurnar hér í Canada. MAGNET, eina rjómaskilvindan í Canada, er í "Stóratjaldinu" á aðal svæðinu, með stóru stál skálina sem studd er beggja megin, (Magnet Parent). Hún hefir einfaldan fleytir sem nær allri smjörfitu úr mjólkinni, og hreinsar einnig um leið öll óhreinindi úr henni.

Fullkomin "Square Gears" úr stáli endast í 50 ár. Magnet 'brake' vefst um skálina, (Magnet patent).

Vinnumagnið má takmarka eftir vild sinni í MAGNET Skilvindunni. Börn geta snúið henni. Hún er auðbreinsuð,— svo að það tekur aðeins hellings tíma móts við aðrar Skilvindur.

Slægu hrópendurnir reyna að hamla mjólkur-bændunum frá að komast í stóratjaldið. Látið ekki háreysti þeirra villa yður. En komið í Aðaltjaldið til MAGNET, athugið gerð hennar og 11 ára orðstír í landi voru. Þegar þér eruð komnir inn í "Aðaltjaldið" þá ræður MAGNET fyrir yður skilvindu gátuna í næstkomandi 50 ár. —

The Petrie Mfg. Co., Limited
WINNIPEG
HAMILTON. ST. JOHN. REGINA. CALGARY.

McLEAN HÚSID

Mesta Music-Búð Winnipegborgar

Og höfuð stöðvar fyrir bezta Píanó sem búið er til í Canada. — HEINTZMAN & CO PÍANÓ hafa fengið meðmæli frá haimsins beztu tónfræðingum, svo sem t. d. Pachmann og Burmeister, og svo hafa aðrir sagt að ekkert annað hljóðfæri í heimi jafnaðist við það. —

J. J. H. McLean & Co LIMITED.

528 Main St. Talsími 808

ÚTIBÚ Í BRANDON OG PORTAGE LA PRAIRIE.

Fréttir úr bænum.

Frá Íslandi komu á föstudaginn var 25 manns, þar af 10, sem áður höfðu verið hér vestra (Sigurður Sölvason með konu og 5 börn og Gísli Árnason, sem fór heim í fyrra og kom frá Akureyri). Hinir vesturfararnir voru allir af Suðurlandi, flestir frá Reykjavík, stúlkur, sem eiga ættingja og vini hér vestra og ætla til þeirra. — Herra Sigurður Sölvason sagði Heimskringlu, að tíðarfarið á Íslandi hefði verið inndælt einatt síðan hann fór heim fyrir tveimur árum. En atvinnudeyfð talsverð og peningaekla þar heima undanfarið. — Flestir þeir Vestur-Íslendingar, er nú dvelja heima, hélt hann að myndu hverfa hingað vestur aftur innan eins eða tveggja ára, að undanteknum þeim, sem svo hafa bundið efni sín þar, að þeir geta ekki losast þaðan aftur í bráð.

Herra Gísli Árnason frá Akureyri, sem nú kom aftur vestur, með Tryggva bróður sinn með sér — kvað atvinnu- og efnaleysi tilfinnanlegt á Norðurlandi. Nýlega voru komnir til Íslands enskir jarð- og verk-fræðingar til þess að skoða gullnámana Sunnanlands, og sagt að þeir hafi keypt þormóðsdals námuna. Ekki höfðu vesturfarar frétt um álit ferðamannanna á námahéraðinu. Kolanámana sögðu þeir líklega til arðs, en lítið er unnið í þeim sem stendur, og yfirleitt var á þeim að heyra, sem fremur væru menn þar heima framkvæmdaaufir og hikandi við að leggja fé í tvísýn fyrirtæki, enda lítil efni fyrir böndum til þess. — Svo var að heyra á Gísla, að allmargir menn hefðu orðið gjaldþrota þar heima á sl. ári. Þeir hefðu bygt sér hús á þeim árum, sem iðnaðarfjörið var mest, en gátu svo ekki mætt útborgunum, þegar afturkippurinn kom, og voru þá eignir þeirra seldar fyrir skuldum.

Í byrjun næsta mánaðar er von á herra Jóni Bildfell, og með honum svo sem hundrað manna hóp af vesturförum.

Mesti fjöldi Íslendinga frá hinum ýmsu bygðum landa vorra hér í Manitoba og Saskatchewan hefir verið hér á sýningunni í síðustu viku. Fjöldi þeirra er svo mikill, að Heimskringla hefir ekki rúm fyrir nöfnin öll, enda ekki nema sumir gestanna, sem Heimskringla hefir náð nöfnum af.

Hér vár á ferð í síðustu viku herra Guðmundur Grímsson, lögfræðingur í Munich, Norður Dakota. Hann kom norður til að mæta bróður sínum, herra G. S. Grímsson frá Alberta, sem hér var þá staddur í borginni. Herra G. Grimsson hefir keypt blaðið Munich Herald og annast sjálfur ritstjórn þess ásamt með lögfræðistarfi sínu.

Foresters félagið, C. O. F., hér í borginni hefir skemtiferð á gufuskipinu Alberta laugardaginn 24. þ.m. til River View Park. Skipið fer frá Norwood bryggjunni kl. 2 e.h. og kl. 8 að kveldi. Fargjald fyrir ferðina fram og til baka er 50c fyrir fullorðna og 30c fyrir unglinga. Allar Forester stúkur þessarar borgar taka þátt í þessari skemtiferð, sem vel hefir verið vandað til að öllu leyti. Íþróttakapp fer fram í Parkinu, og verða verðlaun veitt fyrir það. Foresters félagið og sérstaklega íslenzka Forester stúkan, vonar að sem flestir Íslendingar sæki þessa skemtun.

Herra O. T. Johnson, frá Edmonton, kom til bæjarins í síðustu viku, og býst við að dvelja hér um tíma. Hann segir sprettu á ökrum og engjum ágæta vestur þar, og atvinnu næga fyrir alla sem vilja.

HERBERGI, stór eða lítil, getur einhleypt fólk fengið til leigu að 539 Toronto st.

Brúkaður Fatnaður

MESTA ÚRVAL ÆTÍÐ Á REIÐUM HÖNDUM. KOMIÐ VIÐ HJÁ OSS OG SKOÐIÐ FÖTIN.

THE OXFORD

Brúkaðrafata fél.
Phone 6162.
532 NOTRE DAME AV.
Vér kaupum og seljum föt.

Herra Sveinn Thorvaldsson, kaupmaður við Íslendingafljót, sem um sl. 6 vikur hefir verið á skemtiferð suður um Bandaríki og Austur-Canada, kom aftur hingað til borgarinnar á laugardaginn var. Hann lét vel af útlitu öllu þar eystra og virtist mikið líf í verzlun og iðnaði. Hann kvað það almenna skoðun hvarvetna sem hann fór, að Vestur-Canada yrði framtíðarsvæði þessa mikla meginlands. Allra augu lita hingað vestur, og útflutninga straumurinn þaðan hlýtur að liggja hingað á komandi árum.

Mr. Thorvaldson sagði þá frétt af herra Thorbergi Thorvaldssyni bróður sínum, að við "Post-Graduate" prófin í vísindadeild Harvard háskólans hefði hann náð hærri einkunn, heldur enn nokkur annar keppinautur hans. Fyrir þetta bætti skólaráðið við hann 150.00 fram yfir það, sem áður var getið um hér í blaðinu. Ennfremur sæmdi háskólinn hann þeim heiðri, að gera hann "Master of Arts". Hann er fyrsti Íslendingurinn, sem þann heiður hefir hlotið.

Herra Sv. Thorvaldsson var svo heppinn, að vera viðstaddur flugtilraun þeirra Wright bræðra í Washington. Þeir voru í lofti 22 mínútur, og fóru á þeim tíma 25 til 30 mílur. Þessi tilraun var sú fyrsta, sem þeim bræðrum hafði tekist reglulega vel þar í borg.

Á þessari ferð dvaldi Thorvaldsson í Minneapolis, St. Paul, Chicago, Boston, New York, Philadelphia og Washington, Montreal, Ottawa og Toronto. — Fegurst þótti honum Washington borg og næst henni Toronto. — Hann lét vel af viðtökum þeirra C. H. Ricter í St. Paul, Hjartar Thordarsonar í Chicago og Mr. og Mrs. Jón Johnson í Boston.

Í New York dvaldi Sveinn fimm daga, og var herra Magnús Smith taflkappi með honum mestan þann tíma, og sýndi honum borgina og hina mestu velvild meðan hann dvaldi þar.

Einnig kom hann að Niagarafossi, og skoðaði hann og mannvirki þau hin miklu, sem þar hafa verið stofnuð.

Herra Thorbergur Thorvaldsson fylgdist með Sveini til Philadelphia og Washington og til baka til Boston. Hann ætlar að halda áfram námi við Harvard háskólann næsta ár að minsta kosti.

Herra Björn B. Olson frá Gimli var hér í bænum í sl. viku. Hann gekk undir "Notary Public" próf hjá Walker dómara og stóðst það. Hann er því frá þessum tíma Notary Public og Conveyancer í Manitoba fylki.

Herra Björn S. Dalman, frá Argyle, kom til bæjarins í síðustu viku með sjúka konu sína til uppskurðar.

Fyrir útsaum hefir Mrs. Thorbjörg Paulson, að 684 Victor St., fengið önnur verðlaun á Winnipegsýningunni í ár.

Til leigu er gott hús

með öllum nýtízku þægindum, á góðum stað í bænum. Ágæt matreiðslustó fylgir húsinu, ef óskað er. Sanngjarnir leiguskilmálar. — Hkr. vísar á.

Látið Ekki

Borgunardaginn líða fram hjá án þess að kaupa konunni þinni CLARK JEWEL GAS RANGE. Það þarf minna gas að baka í Clark Jewel bökunarofni en í nokkrum öðrum ofn. Seldar á mánaðar afborgunar skilmálum. —

Gas Stove Dept. Winnipeg Electric Ry. Co.
322 MAIN ST. TALS. Main 2522

Hjálpið yður sjálfir.

OXFORDS VERÐA AÐ SELJAST

Salan byrjar í dag, fimtudag, og endar á laugardag. Hér verður mikið umstang. - Karla og Kvenna OXFORDs Skór verða að kveðja.

Kvenmanna skór úr gljá-geitarskinni, kálfskinni, möruðir eða brúnir. Vanaverð $3.00 til $5.00. Söluverð ... $2.45

Karlmanna gljá geita og kálfskinns skórstálbljúfir eða brúnir að lit. Vanalegt verð $4.00 til $6.00. Söluverð..... $3.45

Ryan-Devlin Shoe Co
494 MAIN ST. PHONE 770.

Herra Helgi Jónasson, frá Norwood, sem fyrir fáum vikum brá sér heim til Íslands í arftöku erindum, kom aftur þaðan á föstudaginn var.

Sú sorgarfregn hefir hingað borist, að elding hafi slegið til bana á föstudaginn var Gest son herra Stephans G. Stephanssonar, nálægt Markervillu í Alberta. Hann var ungur maður og efnilegur.

Herra Eiríkur H. Bergmann, Gardar P.O., N. Dakota, biður þess getið, að hann sé ekki höfundur greinar þeirrar úr Gardarbygð, sem birtist hér í blaðinu fyrir nokkrum tíma, um safnaðarfundinn, sem haldinn var þar þann 26. maí sl. — Þetta er oss ljúft að gera, því vér erum þess fullvissir, að herra Bergmann átti engan þátt í því fregnbréfi, og vissi ekkert um það fyr en hann las það í blaðinu. Ritstj.

Herra Thorsteinn Laxdal, póststjóri að Mozart P.O., Sask., var hér á ferð í síðustu viku, til að skoða sýninguna og einnig í verzlunar erindum. Hann sagði miklu meira land undir sáningu nú en í fyrra, og sprettu alla í bezta lagi.

Tuttugu mílna kapphlaup fór fram hér á laugardaginn var undir umsjón blaðsins Telegram hér í bænum. Það endaði í sýningargarðinum, og tóku 28 menn þátt í hlaupunum. Þar af voru 4 Íslendingar, þeir Árni Jóhannsson, Sigurður Davíðsson, Frank Anderson og S. Holmes. Herra Árni Jóhannsson vann þriðju verðlaun á 2 kl.stundum 36 mínútum. Herra Frank Anderson vann 7. verðlaun, á 2 kl.stundum 46 mínútum. Alls voru gefin 9 verðlaun. Hlaupið var eftir strætum utarlega í bænum og alfaravegum utan bæjarins. Hiti var mikill og ryk á veginum, því mesti fjöldi manna á reiðhjólum og í mótorvögnum fylgdu hlaupurunum eftir. — Íslendingar stóðu sig prýðilega í þessu kapphlaupi.

SPURNING. — Hefir búandi rétt til að verja óumgirt land, sem hann hefir tekið heimilisrétt á og býr á?

SVAR. — Já. En þeim rétti getur hann ei fullkomlega beitt meðan hann girðir ekki land sitt.

Mrs. Helga Holm, frá Glenboro, Man., sem hér hefir dvalið um tíma í bænum, fór heimleiðis aftur á fimtudaginn var. Maður hennar og sonur komu hingað á sýninguna og urðu henni samferða vestur.

I. O. F.

Takið til greina, að í kveld (fimtudag, 22. júlí) verður fundur haldinn í Stúkunni ÍSAFOLD, að 552 McGee st. — Meðlimir beðnir að fjölmenna.

R. DENOVAN
Undir-umboðsm. Rikislanda.

VEITIR borgarabréf, selur Hudson's-flóa lönd og önnur ábúðar lönd, og járnbrautalönd og bæjarlóðir. Einnig elds- og hagl-ábyrgð. Lánar peninga gegn tryggingu í umbættum búlöndum.

Wynyard, - Sask

TAKIÐ EFTIR!

Allir þeir sem vilja taka þátt í 10 mílna kapphlaupi á Íslendingadeginum 2. ágúst næskomandi, eru ámintir um að gefa nöfn sín, munnlega eða skriflega til undirritaðs, eigi síðar en 30. þ. m. Þeir verða allir númeraðir niður eftir þeirri röð sem nöfn þeirra berast mér í hendur.

MAGNÚS PETERSON,
ritari nefndarinnar.
613 Toronto Street.

BAND CONCERT

THE WEST WINNIPEG BAND

heldur "Concert" í Good Templars Hall, Winnipeg, á fimtudagskveldið 22. júlí, kl 8. Þar verða leikin bæði ensk og ísl. lög og einsöngvar sungnir

DANS á eftir.

AÐGÖNGUSEÐLAR 35c.

TIL SÖLU í Selkirk.

Íbúðarhús 20x14 fet, tvíloftað, og með eldhúsi 20x12 og fjós 18x 20 fet, og aðrar byggingar,— alt á tveim 66 feta lóðum. Verð $750, virði $1200. Finnið E. J. VATNSDAL, 906 Ingersoll St., Winnipeg.

KENNARA VANTAR

til Geysir skóla No. 776. Kensluttími 6 mánuðir, frá 15. sept. til 15. desember, og frá 1. jan. til 31. marz 1910. Kennarinn verður að hafa 2. próf "Certificate" fyrir Manitoba. Tilboð, sem tiltaki kaup ásamt æfingu, sendist undirrituðum fyrir 30. júlí næstkomandi.

Geysir, Man., 28. júní 1909.
B. JOHANNSSON,
29-7 Sec'y-Treas.

Dr. M. Hjaltason, Oak Point, Man.

Við Prentum

Allt frá hinum minsta aðgöngumiða upp að stærstu bók. Ef þú hefir eitthvað sem þú ætlar að láta stílsetja og prenta, þá komdu með það til okkar svo að við getum sýnt þér hvað lítið það kostar. Við gerum verkið eins og þú vilt og þegar þú vilt.

THE ANDERSON CO.,
PROMPT PRINTERS
COR. SHERBROOKE & SARGENT

Giftingaleyfisbréf
selur: Kr. Ásg. Benediktsson
540 Simcoe st. Winnipeg.

S. F. Ólafsson
619 Agnes St. selur Tamarac fyrir $5.50 og $5.75 gegn borgun út í hönd.
Telephone: 7812

Jónas Pálsson,
SÖNGFRÆÐINGUR.
Utvegar vönduð og ódýr hljóðfæri.
460 Victor St. Talsími 6803.

Íslenzkur Tannsmiður,

Tennur festar í með Plötum eða Plötulausar. Og tennur eru dregnar sársaukalaust með Dr. Mordens sársaukalausu aðferð

Dr. W. Clarence Morden, Tannlæknir.
Sigurður Davidson—Tannsmiður.
620½ Main St.
Phone 470 Horni Logan Ave.

A. S. BARDAL

Selur líkkistur og annast um útfarir. Allur útbúnaður sá bezti. Enfremur selur hann alskonar minnisvarða og legsteina.

121 Nena St. Phone 306

Þarft þú ekki að fá þér ný föt?

EF ÞAU KOMA FRÁ CLEMENT'S, — ÞÁ VERÐA ÞAU RÉTT.

Réttur að efni, réttur í sniði réttur í áferð og réttur í verði.

Vér höfum miklar byrgðir af fegurstu og beztu fataefnum. —

Geo. Clements & Son
Stofnað árið 1874
264 Portage Ave. Rétt hjá FreePress

Th. JOHNSON
JEWELER
286 Main St. Talsími: 6606

JOHN ERZINGER
TÓBAKS-KAUPMAÐUR.
Erzinger's skorið reyktóbak $1.00 pundið
Hér fást allar neftóbaks-tegundir. Óska eftir bréflegum pöntunum.
McINTYRE BLK., Main St., Winnipeg
Heildsala og smásala.

Dr. G. J. Gislason,
Physician and Surgeon
Wettington Blk. - Grand Forks, N.Dak
Sjerstakt athygli veitt AUGNA, EYRNA, KVERKA og NEF SJÚKDÓMUM.

Drs. Ekern & Marsden,
Sérfræðislæknar í Efturfylgjandi greinum: — Augnasjúkdómum, Eyrnasjúkdómum, Nasasjúkdómum og Kverkasjúkdómum. : :
Í Platky Byggingunni í Bænum
Grand Forks, :: N. Dak.

BILDFELL & PAULSON
Union Bank 5th Floor, No. 520
selja hús og lóðir og annast þar að lútandi störf; útvegar peningalán o. fl.
Tel.: 2685

J. L. M. THOMSON, M.A., L.L.B.
LÖGFRÆÐINGUR. 255½ Portage Ave.

ANDERSON & GARLAND
LÖGFRÆÐINGAR
35 Merchants Bank Bldg. Phone: 1561

BONNAR, HARTLEY & MANAHAN
Lögfræðingar og Landskjala Semjarar
Suite 7, Nanton Block, Winnipeg

Hubbard, Hannesson and Ross
LÖGFRÆÐINGAR
10 Bank of Hamilton Chambers
Tel. 378 Winnipeg

Boyd's Brauð.

Étið brauð sem fullnægja. Brauð vor eru gerð úr hreinustu efnum, tilgerð með rafmagns áhöldum og bökuð í beztu ofnum. Afleiðingin er ágæt brauð. Biðjið um þau til reynslu og þér munið svo jafnan nota þau. —

Boyd's

Bakery Cor. Spence & Portage Ave
Phone 1030.

W. R. FOWLER A. PIERCY.

Royal Optical Co.
327 Portage Ave. Talsími 7286.

Allar nútíðar aðferðir eru notaðar við augn-skoðun hjá þeim, þar með hin nýja aðferð, Skugga-skoðun, sem gjöreyðir öllum ágiskunum. —

Laing Brothers

3 Búðir:
234-6-8 KING ST. Talsími 4476, 5890, 5891
417 McMILLAN AVENUE Talsími 5598
847 MAIN ST. — Tals: 3016

Hafrar, Hey, Strá,
COUNTRY SHORTS, BRAN, CORN, CORN CHOP, BYGG CHOP, HVEITI CHOP, OG GARÐAVEXTIR.
Vér höfum bezta árval gripafóðurs í þessari borg; fljót afhending

EKRU-LOÐIR

3. til 9 ekru spildur við rafmagns brautina, 5 mílur frá borginni, — aðeins 10 mínútna ferð á sporvagninum, og mölborin keyrsluvegur alla leið. Verð $200 ekran og þar yfir. Aðeins eins-fimtipartur borgist strax, hitt á fjórum árlegum afborgunum.—

Skuli Hansson & Co.
Skrifst. Telefón 6476. Heimilis Telefón 2274

Heimskringla.

VÉR HÖFUM
næga skildinga
til að lána yður mót tryggingu í bújörðum og bæjar-fasteignum. Seljum lífsábyrgðir og eldsábyrgðir. Kaupum sölusamninga og víxlakuldabréf.

Frekari upplýsingar veita
Skuli Hansson & Co.
56 Tribune Building. Winnipeg.

XXIII. ÁR. WINNIPEG, MANITOBA, FIMTUDAGINN, 29. JÚLÍ, 1909 NR. 44

Komið til Mín!

og skoðið hjá mér hin margreyndu og alkunnu BRANTFORD reiðhjól.

Þau eru langbeztu reiðhjól sem fást hér í Canada, — og líklega þó víðar sé leitað. Ekki þurfið þér að óttast skilmálana; þeir munu koma heim við hvers manns vasabuddu. Komið til mín með gömlu reiðhjólin til aðgerðar.

West End Bicycle Shop,
JON THORSTEINSSON, eigandi.
477 PORTAGE AVE. Winnipeg, Man

Fregnsafn.

Markverðustu viðburðir hvaðanæfa.

— Dr. Anna Howard Shaw í Minneapolis, forseti kvenréttindafélagsins þar í borg, heldur fram því, að það ættu að vera eitt hundrað kven-lögregluþjónar þar í borg. Í ræðu, sem hún flutti fyrir nemendunum á Minnesota háskólanum, sagði hún, að ekki væri til of mikils ætlast, þó farið væri fram á, að konur ynnu í slökkviliði borgarinnar strax og þær væru búnar að ná jafnrétti við karlmenn, og einnig ættu þær að starfa í lögregluliðinu. Hún hélt því fram, að hundrað lögreglukonur mundu hafa bætandi áhrif á borgaralegt siðgæði í hverjum þeim bæ, sem þær ynnu í, og hún vonaði, að þess yrði ekki langt að bíða, að konur gengdu þessum störfum.

— Kvenfélag hefir verið myndað á Englandi til þess að vinna að sátt og samlyndi milli Englands og Þýzkalands.

— Umtali miklu hefir það valdið meðal kirkjufólks í Chicago, að prófessor Clyde Weber Votan, kennari við guðfræðideild Chicago háskólans, sagði nýlega opinberlega, að biblían væri ekki hæfileg til lesturs fyrir börn eða unglinga fyr en þau væru orðin svo fullorðin, að þau gengju á æðri skóla. — Hann kvað kenningar og dæmisögur og aðrar umsagnir þeirrar bókar í engu samræmi við hugsunarhátt eða menningu og mentun tuttugustu aldar manna. Hann kvaðst litla trú leggja á þær kenningar, sem vér hefðum úr þeirri bók frá hinni myrku fornöld, og sköpunarsagan sagði hann að væri hugarburður. Hann hélt fram þeirri skoðun, að vér ættum að skapa vort eigið kristindómskerfi fyrir nútiðar kynslóðir. Hann hélt því einnig fram, að börnum ætti ekki að leyfast að stunda bibliunám á sunnudagaskólum, fyrr enn þau væru komin á háskólaaldur. Guðfræðinemendur og jafnvel heilmargir prestar skildu alls ekki bibliuna, og það sem þeir skildu ekki, það væru þeir ekki færir um að kenna öðrum. En jafnvel þó þeir skildu bókina og væru færir um að kenna hana, þá væri biblían ekki hæfileg lestrarbók fyrir börn. Hún hefði verið rituð af fullorðnum mönnum fyrir fullorðið fólk, og vér ættum ekki að kenna börnum vorum að hugsa eins og Gyðingar gerðu í fornöld um sköpun heimsins og önnur kraftaverk. — Það varð nokkur kurr í liði áheyrenda við þessa ræðu prófessorsins, en enginn gerði tilraun til þess, að hrekja skoðanir hans.

— Yfir eitt hundrað öflug skip í herflota Breta voru sýnd þjóðinni á Thames ánni þann 22. þ.m. Um sextíu þúsundir hermanna voru á skipum þessum, sem tóku yfir 40 mílna langt svæði á ánni. Alls voru á ánni í þetta sinn hundrað og fimtíu herskip.

— Nýlega kom til Deadwood bæjar í Suður-Dakota auðugur bankahaldari að nafni G. R. Kimball. Hann hvarf að heiman árið 1896, og enginn vissi, hvað um hann hafði orðið. Skömmu eftir hvarf hans fanst mannslíkami í svo nefndum Black Hills, og var álitið, að það væri lík hans. Það var grafið með viðhöfn, og ekkjan lét setja veglegan legstein á leiðið. Lífsábyrgðarfélagið borgaði "ekkjunni" lífsábyrgðar upphæð þá, sem maðurinn var í, og síðan hefir "ekkjan" syrgt mann sinn og dvalið þar í bænum. — Það var því óvænt gleði henni og börnum þeirra hjóna, að sjá Kimball aftur lifandi. Hann er ófáanlegur til að segja, hvar hann hefir alið manninn, en segist hafa verið fangi. — Allar tilraunir hans til að komast í bréfasamband við konu sína, segir hann að hafi orðið árangurslausar, þar eð bréfin voru rifin í sundur fyrir augum hans. Hann er mjög ánægður yfir heimkomunni, en segist ekki kæra sig um, að verða þektur af neinum nema fjölskyldu sinni.

— Fellibylur æddi yfir Lloydminster héraðið í Saskatchewan á föstudagskveldið 16. þ.m. Mestan skaða gerði bylurinn í svo nefndum Gullnadal (Golden Valley), átta mílur suður frá Lloydminster bænum. Þar var væn bygð, bænda býlin voru vel bygð og varanlega, og bændur höfðu gert miklar umbætur á löndum sínum. Veður var hið bezta þar á föstudaginn og blæjalogn, þar til um kveldið, að bylur þessi skall á eins og reiðarslag, og með hellirigningu, sem setti alt á kaf. Bylurinn feykti húsum bænda um koll og flutti sum þeirra talsverðan spöl af grunnum sínum. Eitt hús veltist um fjórum eða fimm sinnum, eins og leiksoppur. Vagnar og akuryrkjuverkfæri þeyttust í allar áttir. Einn bindari tókst á loft og kastaðist sex hundruð feta langan veg. Svín tókust á loft úr stýjum sínum og hentust langar leiðir, en stýjurnar voru eftir óskemdar. Í Lloydminster bæ sá til þessa óveðurs og að það kom að vestan. Bylurinn byrjaði þar með uppihaldslausum eldingum í heila klstund, með þrumum og feikna rigningum. Nokkrir meiddust í þessu óveðri, en manntjón varð ekki. Og svo er að sjá á fregnum um þetta, að ekki hafi orðið miklar skemdir á ökrum bænda þar í dalnum.

— Stjórnarskifti urðu á Frakklandi í vikunni sem leið. Stjórnarformaður Clemenceau varð svo reiður, að hann tapaði sér algerlega, og sagði meira enn hann annars hefði gert. Þingheimur snerist þá móti honum, og þegar til atkvæða var gengið, hafði hann að eins 176 atkvæði, en yfir 200 á móti. Enginn bjóst við fall stjórnarinnar á þessu þingi. Sósialistar eru sérlega ánægðir yfir þessum úrslitum. Stjórnin hafði verið við völdin síðan á nýári 1907. Sá heitir Briand, sem nú tekur við stjórnartaumum þar.

— Morðingi einn, sem bíður eftir dómi í fangelsi í Chicago, hefir nýlega gert játningu um stefnu og starfsaðferð Svarthandar félagsins. Um þetta mál hefir lögreglan ekki áður fengið ákveðna vissu. En játning morðingjans hefir sýnt, að grunur hennar um félag þetta hefir verið nærri lagi. Fanginn segir, að Svarthandar félagið svo nefnda sé ekki ein stór eða formleg félagsheild, heldur samsafn af smáhópum svæsnustu glæpamanna, sem heimta lífsuppeldi sitt af heiðarlegum atorkumönnum, er með dugnaði og sparneytni hafa safnað fé nokkru. Frá þessum mönnum heimta þessir glæpaseggir stórar fjárupphæðir, og hóta lífláti, ef kröfunum er ekki sint. Og þegar svo ber undir, að þessum kröfum er ekki sint, þá eru 4 til 5 morðvargar settir til þess, að svifta þá lífi, sem ekki létu hræðast af hótunum félagsins. — Þessi náungi skýrði frá því, hvernig félagið, eða sú deild þess, sem hann tilheyrði, hefði heimtað tvö þúsund dollara af Guiseppe Fellippelli, verzlunarmanni í Chicago, í byrjun apríl sl., og hótað honum lífláti tafarlaust, ef hann ekki borgaði fé undir eins. Maðurinn varð ekki við þessari kröfu. Þann 12. þess sama mánaðar réðust 5 af morðvörgum þessum að honum heima á heimili hans, og drápu hann þar að börnum hans og aldraðri móður ásjáandi. Maður að nafni Baffa var tekinn og kærður um meðsekt í þessu óðáðaverki. Nú hefir hann meðgengið glæpinn og sagt til fjögra annara manna, sem voru með honum í þessu óðáðaverki. Þrir þeirra hafa þegar verið handteknir, en hinn fjórði er enn þá ekki fundinn. — Baffa hefir skýrt nákvæmlega frá allri tilhögun þessa félagsskapar, og sagt frá nöfnum þeirra meðlima félagsins, er hann þekkir. Hann hefir og talið upp alla þá menn með nöfnum, sem hann veit að hafa fallið fyrir rýtingum og öðrum morðvopnum þessa óaldarflokks, og lagt sig allan fram til þess, að opinbera félagið, tilgang þess og starfsaðferð. Hann segir og, að félagsmönnum sé meinilla við, að þeir séu nefndir "Svarthandarmenn", þeir segi félag sitt heita "Réttlætisfélagið". En réttlætis hugmynd félagslima er, að hafa fé af heiðarlegum borgurum með hótunum um líflát, og að drepa umsvifalaust, ef fé er ekki greitt. — Baffa segir ennfremur, að félagið samanstandi eingöngu af gegnsýrðum glæpamönnum. Fjórir eða fimm slíkir taki sig saman um, að vinna í félagi að þessu þokkastarfi. Í raun réttri sé það fullkomnasta ímynd Anarkista félagsskaparins. Hann skýrði frá nöfnum þeirra, sem með honum voru í félaginu, og hann færði fram sem ástæðu fyrir játningu sinni, að félagar sínir hefðu brugðist sér í trygðum, og ekki veitt sér þá vernd, sem þeir hefðu lofað sér.

— Mrs. James Henry í New York auglýsti nýlega, að dóttir sín hefði trúlofast Prins Michuel, ríkiserfingja í Portúgal. Trúlofun sú var mjög formlega gerð, og gamla konan lofaði að gera heimanmund dóttur sinnar nokkuð yfir milión dollara. Brúðhjónaefnin sigldu til Skotlands og ætla að vera á síðeldu ferðalagi um heiminn, þar til þau giftast í október næstkomandi.

— Kolanámar þeir, sem fyrir nokkru fundust meðfram G. T. P. járnbrautinni við upptök Pembina og McLeod ánna í Klettafjöllunum, vestan Edmonton, verða opnaðir innan skams tíma. Nokkrir auðmenn í Austur-Canada hafa náð í 35 þús. ekrur af kolatekjulöndum þar, og ætla að flytja þangað allar nauðsynlegustu námavélar, með fyrstu vagnlest, sem þangað fer.

— Franskur loftsiglingamaður, Louis Bleriot, flaug á sunnudaginn var yfir sundið milli Englands og Frakklands, og er þannig fyrsti maður til að komast milli landanna á loftfari. Hann lagði upp frá Calais á Frakklandi klukkan 4.35 á sunnudagsmorguninn í heiðskíru veðri og stafalogni. Hraðskreiður Torpedó bátur var látinn fylgja honum yfir sundið, en fljótlega varð hann svo langt á eftir flugvélinni, að ekki sást til hennar. Lendingu tók herra Bleriot á Dover hæðunum kl. 4.55. Var hann þannig 20 mínútur á leiðinni og fór meira en mílu á mínútu að jafnaði. Bleriot fór til London á mánudaginn, og þáði sæmd mikla svo sem veizlur og gjafir, ásamt með 5000 dollara verðlaununum, sem blaðið "Daily Mail" hafði heitið þeim, er fyrstur kæmist í loftfari milli landanna.

— Upp hefir komist í Chicago, að embættismenn borgarinnar krefjast skatta af ýmsum bæjarbúum þar, svo nemur nær milión dollara á ári, eða máske miklu meira, ef öll kurl kæmu til grafar. Yfir 200 manns hefir þegar verið stefnt til að bera vitni í máli þessu. Enn er óvíst um flesta, sem skifta hafa fénu með sér, en tíu kærur eru þegar komnar móti einum aðal embættismanni borgarinnar, og von á fleirum. Rannsóknarnefndin kveðst hafa sannanir fyrir 700,000 dollara peningakröfum, sem gerðar hafi verið á ýmsa borgara bæjarins síðasta ár, sem hreint og beint mútufé. Mest af því himað frá hinu svonefnda "undirheima" fólki sunnarlega í borginni.

— Alfons Spánarkonungur hefir að sinni hætt við ferð sína til Englands. Hann hefir nóg að annast um heima fyrir síðan Morocco búar hófu uppreist gegn veldi Spánar. Sú uppreist hefir staðið yfir um nokkurn tíma, og í ýmsum bardögum, sem þar hafa háðir verið, hafa spánverskir hermenn beðið ósigur. Sú trú er að festa rætur á Spáni, að landið sé ekki fært um, að bæla niður uppreistina. En þó heldur stjórnin áfram, að senda herdeildir til móts við uppreistarmenn. Íbúarnir í Barcelona fylkinu gerðu almennt verkfall á mánudaginn var, og þeir segjast halda verkfallinu áfram, þar til stjórnin sé búin að tinda enda á ófriðinn. Spánverjar hafa þegar sent 40 þúsundir hermanna til að bæla uppreistina niður. Engu blaði er leyft að prenta neitt um ófriðinn, nema með leyfi stjórnarinnar, og fregnritum útlendra blaða hefir verið bannað, að senda nokkur hraðskeyti til blaða sinna önnur enn þau, sem stjórnin hefir áður yfirfarið og leyft að senda. — Annars er ástandið í Norður-Afríku svo óskyggilegt, að jafnvel spánskir herforingjar telja óvíst, að her Spánverja fái rönd við reist uppreistarhug íbúanna.

— Nýlega var kardináli einn á Frakklandi sektaður um $120 fyrir að hafa í ræðu til safnaðarlima sinna hvatt til óhlýðni við landsins lög.

— Elzti prestur í heimi andaðist í Thorne bæ á Prússlandi á sunnudaginn var. Hann var 102 ára að aldri.

— Hérliðsmaður einn frá Winnipeg, sem kept hefir í skotæfingum móti beztu skyttum í brezka ríkinu, á skotmóti því, sem um nokkurar undanfarnar vikur hefir staðið yfir á Englandi, hefir unnið 5 verðlaun, og náð þeim heiðri, að vera talin bezt skytta í brezka veldinu. Maður þessi er Sergeant A. M. Blackburn og tilheyrir 90. herdeildinni í Winnipeg.

— Nýja stjórnin á Frakklandi hefir ákveðið, að bjóða verðlaun fyrir barneignir, og að lögleiða það tilboð á næsta þingi. Fæðingar eru nú 750 þúsundir á ári, en stjórnin vonar, að þoka þeim upp í milión töluna með því að borga ærlega fyrir þær. Hugmyndin er, að veita engin verðlaun fyrir fyrsta barnið, en $100 fyrir annað barn og $200 fyrir það þriðja, og sömu upphæð fyrir hvert barn þar eftir. — Hver vill nú flytja til Frakklands og verða ríkur?

— Þrír menn voru drepnir og margir særðir við nauta-ats samkomu á Spáni, sem haldin var í Lissabon þann 23. þ.m. Þegar hér var komið sögunni, skárust yfirvöldin í leikinn og tilkyntu áhorfendum, að samkomunni yrði slitið. Hundruð áhorfenda þustu þá tafarlaust inn í leikhringinn og kröfðust þess, að sér yrði borgað aðgöngugjaldið til baka, eða að öðrum kosti, að skemtaninni yrði haldið áfram. Þessu var neitað. Þá skiftust áhorfendur í tvær deildir: — önnur var með niðurskurði yfirvaldanna, en hin á móti. Sló þá í blóðugan bardaga með áhorfendum og lögregluni. Var barist með skotvopnum, rýtingum og bareflum. Konur æptu hástöfum, og sumar mistu ráðið. — Nauta-atsmenn vörðu sig með spjótum þeim, sem þeir brúkuðu í nauta-atinu til að stinga nautin með, og urðu þeir mannskæðastir. Yfir 50 lágu særðir og 3 dauðir í hringnum, þegar friði varð loks á komið.

Fréttabréf.

(Frá fréttaritara Hkr.).

MARKERVILLE.

20. júlí 1909.

Voðalegt slys varð hér síðastliðinn föstudag (16. þ.m.), að þrumuelding sló til bana unglingspilt Gest Stephansson, Stephanssonar skálds, 16 ára gamlan. — Piltur þessi var hinn mannvænlegasti, vel mentaður og siðprúður, og góður og ástrækinn sonur og bróðir.

Jarðarförin fór fram í gærdag (19.), í grafreit þeim á landi bónda C. Christinnssonar, sem mun ákveðinn legstaður ættfólksins í framtíðinni. Flestallir Íslendingar í þessari bygð fylgdu Gesti sál. til grafar, og sýndu innilega og verðuga hluttöku í þessu sorgartilfelli.

Fyrir skömmu seldi Th. J. Davíðsson, bóndi hér við Markerville, lausafé sitt, og flutti vestur til Prince Rupert, B.C. Hann hefir búið hér nokkur undanfarin ár, og hefir reynst nýtur og uppbyggilegur félagsmaður. Hann er vel að sér ger um flesta hluti, og skaði fyrir sveitina, að missa hann á burt. Óskandi, að honum gangi hamingjusamlega þar vestra.

Það, sem af er þessum mánuði, hefir tíðin verið óstilt, mörg veðrin sama daginn; ýmist fjarskalegir hitar eða þrumuskúrir, með talsverðu hagli, sem þó ekki hefir skemt það teljandi sé. — Grasspretta mun vart í meðallagi, og akrar misjafnir, einkum gamlir, og kenna menn um ofþurkun í sl. mánuði. En verði nú tíðin hagstæð hér eftir, þá má vænta, að alt nái meðallagi.

Herra G. S. Grímsson, sem fór til Winnipeg fyrir stuttu, ásamt Mrs. Maxson, kom aftur þann 16. þ.m. Hann lét hið bezta af að heimsækja Íslendinga í Winnipeg, en kvaðst hafa haft ofstuttan tíma.

OGILVIE'S
Royal Household Flour

Til Brauð og Köku Gerðar

Gefur Ævinlega Fullnæging

EINA MYLLAN Í WINNIPEG,—LÁTIÐ HEIMAIÐNAÐ SITJA FYRIR VIÐSKIFTUM YÐAR.

Segir skilið við kirkjufélagið.

Markerville, 22. júlí 1909.

Herra ritstj. Heimskringlu!

Helztu fréttir héðan eru þær, að Alberta söfnuður hélt fund í kirkju sinni að Markerville þann 20. þ.m. Þar voru rædd ágreinings mál kirkjufélagsins frá síðasta kirkjuþingi, og kom það greinilega í ljós hjá ræðumönnum, að ekki voru þeir allir á bandi séra Jónskunnar. Ræður voru fjörugar og sannfærandi. Loks fékk atkvæði þannig, að stefna séra Friðriks var viðurkend, og söfnuðurinn sagði sig úr andlegu samneyti við kirkjufélagið.

G. Eiríksson.

Íslendingadagurinn

Reglur viðvíkjandi 10 mílna kapphlaupi.

1. Allir þeir, sem taka þátt í kapphlaupinu, verði til staðar á skrifstofu Heimskringlu kl. 9 f.h. 2. ágúst.

   Nefndin hefir þar til staðar læknir, er gefur hverjum hluttakanda skírteini, og verður þeim einum leyft að hlaupa, er hafa slíkt skírteini.

2. Hlaupið hefst á horninu á Sherbrooke og Notre Dame strætum á slaginu kl. 9.30 suður að Sargent Ave., vestur Sargent til Maryland, suður Maryland alla leið að Wellington Cresent, eftir Cresent Road til Pembina St., og eftir því stræti alla leið suður í River Park. Farið inn um norðurhliðið á garðinum og hlaupið endað þar á skeiðbrautinni.
3. Allir keppinautar verða að hafa vist númer nælt framan á brjóstið, og leggur nefndin þau til.
4. Kapphlaupið hefst með einu skammbyssuskoti. Ef ekki er rétt byrjað, kalla tvö skot alla til baka.
5. Hver keppinautur má hafa einn mann með sér á reiðhjóli. En ekki má sá snerta þann er hleypur, en hann má gefa honum svaladrykk eða aðra hressingu á leiðinni.
6. Ef keppinautur dettur á leiðinni, verður hann að standa á fætur aftur hjálparlaust.
7. Þegar einhver vill komast fram fyrir annan, sem á undan hefir verið, verður hann að hlaupa hinum á hægri hönd.
8. Engin köll eða samtal má eiga sér stað á milli þeirra, sem hlaupa.
9. Brjóti einhver hlaupakappi einhverja af þessum reglum, hefir hann með því fyrirgert rétti sínum til verðlauna.

TIL SOLU:

Maður eða kona. Mitt Suður Afríku landgjafar-ávísunar skírteini, gefið út af Innanríkisdeildinni í Ottawa, gildir fyrir 320 ekrur af hvaða ríkislandi sem opið er til heimilisréttartöku í Manitoba, Alberta eða Saskatchewan. — Hver persóna, yfir 18 ára að aldri,—maður eða kona,—getur fengið landið með því að kaupa þetta skírteini fyrir $800.00. — Skrifið eða Símið strax til

L. E. TELFORD,
131 SHUTER ST. -- TORONTO, ONT.

Víctor Anderson prentari og Frank bróðir hans hafa myndað nýtt prentfélag, sem þeir nefna "THE ANDERSON CO.". Þeir hafa keypt öll áhöld Gísla prentara Jónssonar, og reka iðn sína framvegis á sama stað og Gísli gerði. Þeir bræður eru æðir prentarar og lofa góðu verki. Sjá auglýsingu þeirra á öðrum stað í blaðinu.

Wall Plaster

Með því að venja sig á að brúka **"Empire"** tegundir af Hardwall og Wood Fibre Plaster er maður hár viss að fá beztu afleiðingar.

Vér búum til:

"Empire" Wood Fibre Plaster
"Empire" Cement Wall "
"Empire" Finish "
"Gold Dust" Finish "
"Gilt Edge" Plaster of Paris
og allar Gypsum vörunutegundir. —

Eigum vér að senda yður bækling vorn?

MANITOBA GYPSUM CO. LTD
SKRIFSTOFUR OG MILLUR Í
Winnipeg, - Man.

Heimskringla

Published every Thursday by The Heimskringla News & Publishing Co. Ltd

Verð blaðsins í Canada og Bandaríkjunum er $2.00 um árið (fyrir fram borgað). Sent til Íslands $2.40 (fyrir fram borgað af kaupendum blaðsins hér $1.50.)

B. L. BALDWINSON,
Editor & Manager

Office:
729 Sherbrooke Street, Winnipeg
P.O. BOX 3083. Talsími 3512.

Íslendingadagurinn.

Hann verður haldinn hátíðlegur í River Park á mánudaginn kem ur, og er tuttugasta þjóðhátíðin, sem haldin hefir verið hér í Winnipeg.

Prógramið er auglýst á öðrum stað hér í blaðinu, og er að því leyti endurbætt frá því sem var í síðasta blaði, að "Base Ball" hefir verið bætt við á dagskrána, og gefur nefndin $20.00 verðlaun fyrir þann leik. Þau þrjú knattleikafélög, sem keppa um þessi verðlaun, hafa samið svo við Íslendingadagsnefndina, að þau verði að engu leyti fyrir þeim, sem keppa í öðrum íþróttum í River Park þann dag. Félögin hafa lofað, að útbúa sitt eigið leiksvið vestarlega í garðinum út frá aðal leikvellinum, og sjá svo til, að leikur þeirra verði engum öðrum íþróttum til fyrirstöðu, og fari ekki fram meðan stendur á ræðuhöldum.

Barnahlaupin byrja strax að morgninum kl. 9, eins og vandi er til, eða svo skömmu eftir þann tíma, sem hægt er að koma þeim við, og peninga verðlaunin verða borguð börnunum strax og þau hafa unnið þau.

Öllum börnum verður gefinn brjóstsykur og hringreið, en að eins ein hringreið hverju barni.

Öllum verðlaunum verður útbýtt í garðinum, og eru þeir, sem vinna þau, beðnir að ganga eftir þeim strax og þau eru unnin.

Fyrir þriggja mílna hjólreiðina hefir Canada Cycle & Motor félagið góðfúslega gefið nefndinni þrenn verðlaun, eins og á fyrri árum, og verðskuldar það þökk Íslendinga fyrir það örlæti.

Sömuleiðis hefir T. Eaton félagið minst þessa hátíðahalds með því að senda nefndinni myndarlega peningagjöf.

Þá er verðlauna bikarinn mikli, sem þeir herrar, íslenzku matsalarnir hér í borginni Clemens, Árnason & Pálmason, gáfu í fyrra, og sem verður eign hvers þess, sem vinnur hann þrisvar sinnum. Reglugerð fyrir vinningi bikarsins er prentuð í prógrammi því, sem í bókarformi verður útbýtt í garðinum til allra þeirra, sem sækja hátíðina. — Bikarinn er hin mesta gersemi, og er árleg eign þess, sem nær mestum vinningum í flestum íþróttum þeim, sem fram fara á hátíðinni. En sá hlýtur hann að lokum, sem fulla eign, er vinnur hann þrisvar.

Útlit er fyrir, að margir Selkirk búar sæki hátíðina, og er svo til ætlast, að þeir geti staðið við í River Park til kl. 10 að kveldi, ef þeir óska. Nefndin hefir samið svo um við brautafélagið, að Selkirkbúar geti farið héðan kl. 11 að kveldi og komist heim til sín fyrir miðnætti.

Íslenzki hornleikenda flokkurinn í Winnipeg spilar á hátíðinni, og Th. Johnsons String Band spilar fyrir dansinum að kveldinu.

Nefndin óskar, að sem flestir Íslendingar sæki þessa hátíð, og komi sem fyrst að morgninum áður enn börnin byrja hlaupin.

Nefndin hefir samið svo við strætisbrauta félagið, að það hafi næga vagna til að flytja fólkið að morgninum, og að þeir verði á eftirtöldum götuhornum á þeim tíma, sem hér segir: —

Fjórir vagnar fara frá horninu á William Avenue og Nena Street kl. 8.15, og taka fólk þar, og á öllum götuhornum milli William og Portage Ave. á Nena og Sherbrooke strætum. Nefndin borgar fargjöld þeirra, sem fara með þessum vögnum, og einnig þeirra gesta dagsins, sem koma með öðrum vögnum fram að kl. 9 að morgninum. — Nefndinni er ant um, að sem flestir Íslendingar nái í fyrstu vagnlestina suður, og að börnin, sem ætla sér að hlaupa, verði með þeirri lest.

Selkirk búar ættu að koma með fyrstu vögnum, sem þaðan fara að morgninum, svo þeir geti verið komnir suður í River Park sem næst kl. 9, svo að börn þeirra geti tekið þátt í hlaupunum.

Minni Alþingis.

Ræða eftir A. J. Johnson.

Flutt á fagnaðarhátíð Vestur-íslenzkra Good-templara út af Aðflutningsbannslögunum á Íslandi.

Háttvirtu tilheyrendur og góðir Íslendingar!

Þegar ég á að ávarpa ykkur hér í kveld, detta mér fyrst af öllu í hug orð skáldsins: "Hér er þunga þraut að vinna". Vissulega er það þung þraut fyrir mig, að eiga að mæla fysir minni alþingis Íslendinga. Til þess að gera það eins vel og ég hefði óskað, og eins vel og því er samboðið, skortir mig margt, og þó eigi síst nægilegan kunnugleika á starfi þess á liðnum tímum. Ítarlega sögu þingsins er ekki annarstaðar að finna en í þingtíðindunum og stjórnartíðindunum, en ekki eitt eintak er til af þeim ritum mér vitanlega fyrir vestan haf. Af þessu er þekking mín á störfum alþingis eigi all-lítið í molum — á löngu liðnum árum, en nokkuð skýrari hin seinni. Þið verðið vegna þessa, tilheyrendur mínir, að gera ykkur ánægða með molana í þetta skifti.

Mörg eru þau yrkisefni, sem skáld vor hafa tekið sér fyrir hend ur, að klæða í skrautbúning listar sinnar, svo þau geti náð til að hræra hjartastrengi einstaklinganna meðal þjóðarinnar og þjóðanna í heild sinni. En fá eru þau skáldin, sem hafa valið alþingi og störf þess að yrkisefni — nema einstaka sinnum í skopi, — hinar svo nefndu "þingvísur". Næsta undarlegt má þetta heita, þar sem löggjafarþingið er lang háleitasta og helgasta stofnunin, sem til er hjá þjóðinni. Undir störfum þingsins er heill og velferð þjóðarinnar að miklu leyti komin. Hver sú þjóð, sem hefir "hrafnaþing í holti" í staðinn fyrir "haukþing á bergi", er komin inn á hættulega braut. Eða með öðrum orðum hver sú þjóð, sem hefir menn til að skipa sæti á löggjafarþingi sínu, sem hefir það fyrir sitt eina og æðsta markmið, að ná í völd og fjármuni til eigin hagsmuna, hjá henni hallar undan fæti að síðasta takmarkinu.

Þar sem ómótmælanleg reynsla hefir sýnt, að þessu er þannig varið, þá segir það sig sjálft, hve afar áríðandi það er fyrir hverja þjóð, að velja góða menn, óeigingjarna, hreinskilna og samvizkusama, til sinnar göfugustu og þýðingarmestu stofnunar.

Ljóðskáldið og sagnaskáldið Guðm. Magnússon hefir í kvæði, er hann eitt sinn orkti fyrir munn alþingismannanna, tekið meistaralega fram, hverjar eigi að vera aðalhvatirnar hjá öllum þeim mönnum, er þjóðin hefir trúað fyrir þeim vandasama og veglega starfa að vera löggjafar og leiðtogar sinir. Kvæðið er nokkuð langt, en þetta þykja mér fegurstu og kjarnmestu erindin:

"Ég vil elska mitt land,
ég vil auðga mitt land,
ég vil efla þess dáð, ég vil
styrkja þess hag.
Ég vil leita að þess þörf,
ég vil létta þess störf,
ég vil láta það sjá m a r g a n
h a m i n g j u d a g".

"Ég vil f r e l s i míns lands,
ég vil farsæld míns lands,
ég vil frægð þess og gnægð
þess og auð þess og völd,
ég vil heiðursins krans
leggja að höfði hvers manns,
sem vill hefja það fram móti
batnandi öld".

"Ég kem fram á þinn fund
þessa fagnaðarstund
eins og frjálsborinn sonur, sem
elska þig heitt,
og að fótum á þér
ég sem fórn mína ber
það sem fegurst og bezt hefir
lifið mér veitt".

Þetta segir skáldið fyrir munn þingmannanna. Eða með öðrum orðum, þetta vill hann að sé þeirra e i g i n hugsan, þeirra e i g i n orð.

Fallegra "guðspjall" en þessi erindi eru, get ég tæplega hugsað mér, þegar um alþingi er að ræða. Eftir því á alt það göfugasta og og bezta, sem til er hjá manninum, að koma fram hjá honum, þegar hann er orðinn löggjafi ættjarðar sinnar. Hennar hag en ekki sinn hag á hann að láta sitja í fyr irrúmi. Hennar þörf og hennar starf og hennar hamingja á að sitja í öndvegi. Vissulega æ t t i þetta svo að vera. Svona ætti allir þingmenn að hugsa og breyta, — þá væri þingið "haukþing á bergi".

Víst er um það, að alþingi Íslendinga hefir átt marga "hauka" í þau 34 ár, sem liðin eru síðan það var stofnað. Margir menn hafa átt þar sæti, er sömu hugsanir hafa haft og komu fram í kvæðinu, hugsanir, sem má allar innifela í þessu orðtaki: "Alt fyrir Ísland". Mætti marga upptelja meðal þeirra, er til hvílu eru gengnir, en að sjálfsögðu fremsta í flokki þá nafnana Jón forseta Sigurðsson og Jón á Gautlöndum, ásamt fullhuganum og mikilmenninu Benedikt Sveinssyni.

En svo hafa — því er miður — mikið af "hröfnum" komist inn á þing þjóðarinnar, eða óæskilegum mönnum, er staðið hafa eins og "þrándur í Götu" fyrir öllum frelsis og menningarhreyfingum, ýmist af þekkingarskorti eða meðfæddri afturhaldssemi og ósjálfstæði, og þeir, sem það hefir elt eins og skugginn, hafa venjulega orðið verkfæri í höndum óæskilegustu mannanna.

En þrátt fyrir þetta, þá er eins og heilladísir landsins hafi vakað yfir því, að þessir menn gæti nokk urntíma gert verulegt tjón. Þeir hafa nálega á hverju einasta þingi verið í minni hluta. Og þá sjaldan að sá flokkur hefir til valda komist, er hætta stafaði af fyrir frelsi og velferð landsins, þá hafa völdin verið af honum tekin áður en hann gat haft tækifæri til að vinna tjón eða ógugn. Þetta hefir komið fyrir tvisvar eða þrisvar í þingsögu Íslendinga.

Mörg stór mál og þýðingarmikil hafa verið lögð fyrir alþingi síðan það fékk löggjafarvald fyrir 34 árum. En mörg af þeim hafa átt erfitt uppdráttar, sem hefir haft rót sína að rekja til dönsku stjórnarinnar og afturhaldsmanna, er á þinginu hafa setið.

Langflest af þeim stórmálum, er fyrir þingið hafa verið lögð, hafa verið flutt af þingmönnum sjálfum, en ekki af stjórnunum. Oft og mörgum sinnum flutti Ben. Sveinsson og hans félagar frumvörp um afnám dómsvalds hæstaréttar í íslenzkum málum, um stofnun háskóla á Íslandi, um takmörkun eftirlauna, o.s.frv., og oft voru þessi mál samþykt af þinginu, en alt af voru dyrnar hjá dönsku stjórninni harðlæstar. Engin áheyrn var veitt. Sama var að segja um fleiri mál. Árið 1888 var á þingvallafundi hreyft því, að kvenfólk fengi jafnrétti við karlmenn. Fjölda margir þingmenn héldu því fast fram. Árið 1903 samþykti þingið frumvarp um kjör gengi kvenna og kosningarrétt í bæja- og sveita-málum, en Danir neituðu að samþykkja það. Báru það fyrir sig til afsökunar, að óvíst væri að kvenfólk kærði sig um þessi réttindi, og að þau væru hvergi leyfð í Norðurálfunni. Árið 1895 báru þeir Skúli Thoroddsen, Ben. Sveinsson og fleiri að nýju fram frumvarp um, að konur hefðu sama rétt og karlmenn, en stjórnin sagði enn nei. Og hún hefir alt af sagt nei við þessu þangað til árið 1907, að konungur undirritaði frumvarp um jafnrétti kvenna við karlmenn í bæjarmálum í Reykjavík.

En þó þessi og önnur stórmál hafi ekki náð fram að ganga, þá sýna þau þó, að þingið hefir verið vakandi, og haft glögt auga fyrir þeim málum, sem nú eru orðin efst á baugi hjá öllum menningarþjóðum heimsins, og það áður en þing þeirra voru farin að hreyfa við þessum málum.

Í þessu sambandi mætti minnast á bindindismálið. Strax á fyrsta löggjafarþinginu 1875, var settur hár tollur á alla áfenga drykki. Var það gert með sérstöku tilliti til þess, að það drægi úr vínnautn. Árið 1888 voru samin og samþykt lög um, að öll staupasala skyldi afnumin og bönnuð. — Árið 1899 samþykti þingið lög um að bæja og sveitafélög skyldu sjálfráð um, hvort þau leyfðu vínsölu eða ekki. Þessi lög urðu til þess, að nú á síðustu árum hefir ekkert áfengi verið selt í heilum landsfjórðungum, til dæmis hvergi alla leið frá Reykjavík austur og norður til Akureyrar. Þetta sama ár var leyfisgjald fyrir verzlun áfengra drykkja hækkað afarmikið. Árið 1901 var bönnuð með löggjöf frá alþingi öll áfengisbruggun í landinu, og 1905 var samþykt af þinginu að leita atkvæða kjósenda landsins um, hvort að þeir vildu gera Bakkus rækan úr landinu fyrir fult og alt.

Aldrei hafa á nokkru þingi Íslendinga, frá því það fékk löggjöf sína, komið fram jafnmörg og jafnþýðingarmikil mál eins og á þinginu, sem háð var í vetur, og nú er slitið fyrir mánuði síðan í dag. Þau bera það ljóslega með sér, að mjög sjaldan, ef nokkurntíma, hefir þingið verið skipað jafnmörgum mikilhæfum mönnum. Á þessu síðasta þingi hafa verið lögð fram eigi færri en heill tugur af frumvörpum, er með sanni mega nefnast stórmál, og um leið þjóðar velferðarmál. Aldrei fyr hafa jafnmörg stórmál verið lögð í einu fyrir alþingi, og aldrei hafa þau hlotið jafngóðan byr á þinginu, sem í þetta sinn. En þessi eru málin, sem ég kalla stórmál: — Stofnun háskóla í landinu sjálfu, í Reykjavík, stofnun hæstaréttar í íslenzkum málum og um leið afnumið dómsvald hæstaréttar Dana í hinum sömu málum, afnám allra eftirlauna í landinu, aðskilnaður ríkis og kirkju, ákvæði um að samdar skulu og gefnar út kenslubækur á vönduðu íslenzku máli fyrir allar mentastofnanir landsins, sambandslög eða samningur um sambandið milli Íslands og Danmerkur, þar sem skýrt er tekið fram og ákveðið, að Ísland skuli vera sérstakt ríki, ráðandi að fullu öllum málum sínum bæði í nútíð og framtíð, og sé að eins í konungs sambandi einu við Danmörku, eftir ákveðinn árafjölda, ef því býður svo við að horfa, eða það álítur það heppilegast, Jafnrétti kvenna í öllum bæja- og sveitamálum um land alt, ný kjördæmaskifting í landinu, ný eiða og drengskapar vottorða ákvæði, sem samrýmast heilbrigðri hugsun og skynsemi, þingsályktunar tillaga um frjálslegar breytingar á stjórnarskránni, er skulu lagðar fyrir þingið árið 1911. Þá skal skafið út úr henni ríkisráðssetu ákvæðið, konungkjörnir þingmenn o.fl., ion tekin upp í hana ýms frjálsleg ákvæði, þar á meðal jafnréttis ákvæði kvenna við karlmenn í pólitiskum málum. Og síðast en ekki síst má nefna aðflutningsbann á öllu áfengi til landsins.

Þetta eru helztu stórmálin, er síðasta þing hafði til meðferðar, og afgreiddi sum í lagaformi, önnur í þingsályktunarformi.

Öll þessi mál komu fram í þinginu að tilhlutun þingmanna, utan eitt, um háskólann, það var lagt fram af stjórninni.

Eftir að hafa íhugað öll þessi mikilsverðu mál, verður það augljóst, að síðasta alþingi hefir gert mikið og veglegt starf, — svo mikið og veglegt, að orðstýr þess mun lifa alla tíð í gegn um sögu Íslendinga.

En það, sem ekki hvað síst gerir það frægt og minnisstætt, eru afskifti þess af bindindismálinu, — hvernig það leiddi það mál til farsællegra úrslita. — Við höfum frétt það hingað vestur, að félag sé myndað í Reykjavík, er hafi það fyrir markmið, að eyðileggja aðflutningsbannslögin, og að í því félagi séu sumir þeirra örfáu þingmanna, er málinu voru andstæðir á þingi. Ég vona, að hið ötula og sistarfandi bindindislið á Íslandi, og hinn stóri hópur þingmanna, er málinu var af alhug fylgjandi — og fór þar eftir ótvíræðum þjóðarvilja — sjái svo um, að þetta nýmyndaða félag verði aldrei stærra í samanburði við fjöldann, en dropi í hafinu.

Þegar ég lít yfir störf síðasta alþingis, þá finst mér að með sanni megi heimfæra upp á það, það sem stendur í kvæðinu, sem áður er tilfært. Af störfum þess má sjá, að það elskað landið sitt, vildi f r e l s i þess og f a r s æ l d, f r æ g ð þess og v ö l d. Að það vildi efla dáð þess og styrkja þess hag, og láta það sjá margan h a m i n g j u d a g. En hver mun efast um, að hamingjudagarnir verði ekki fleiri, þegar veldi Bakkusar er með öllu úr sögunni?

Alþingi 1909, sem er fyrsta vetrarþingið í sögu þjóðarinnar, á fyllilega skilið ódauðlegt þakklæti allra góðra Íslendinga fyrir störf sín og framkvæmdir í þjóðarinnar mestu framfara og velferðarmálum. Lofstýr þess mun lifa í gegnum söguna, og verk þess verða blessuð hæði af nútíðarmönnum, og þá ekki síður komandi kynslóðum, eða þegar — eins og skáldið kemst að orði — "grónar grafir skýla gráum hárum nútímans".

Sparið Línið Yðar.

Ef þér óskið ekki að fá þvottinn yðar rifinn og slitinn, þá sendið hann til þessarar fullkomnu stofnunar.

Nýtízku aðferðir, nýr vélaútbúnaður, en gamalt og æft verkafólk.

LITUN, HREINSUN OG PRESSUN SÉRLEGA VANDAÐ

Modern Laundry & Dye Works Co., Ltd.
307—315 Hargrave St.
WINNIPEG, MANITOBA
Phones: 2300 og 2301

Tuttugasta Þjóðhátíð Vestur-Íslendinga.

Íslendingadagurinn.

Í River Park, 2. Ágúst, 1909.

FORSETI DAGSINS: THÓRÐUR JOHNSON.

KAPPHLAUP BYRJA Kl 9 fyrir hádegi.

PRÓGRAM:

Forseti kveður sér hljóðs klukkan 1.30 síðd.

MINNI ÍSLANDS

RÆÐA—SÉRA RÖGNVALDUR PÉTURSSON.
KVÆÐI — S. S. ÍSFELD.

MINNI VESTUR-ÍSLENDINGA.

RÆÐA—JOHN SAMSON, (lögfræðingur í N. Dak.)
KVÆÐI — J. MAGNÚS BJARNASON.

MINNI CANADA.

RÆÐA — THOMAS H. JOHNSON, M.P.P.
KVÆÐI — SÉRA HJÖRTUR LEÓ.

Íslenzki Hornleikenda-flokkurinn
SKEMTIR MEÐ HORNAMÚSIK Á ÞJÓÐHÁTÍÐINNI.

Verðlauna-skrá:

Ef nefndin álítur svo betur fara, verður breytt niðurröðun hinna ýmsu íþrótta eins og nauðsyn krefur. —

KAPPHLAUP.

1. Stúlkur, innan 6 ára. 40 yards.
   1. verðlaun, peningar $1.50
   2. " " 1.00
   3. " " 0.75
   4. " " 0.50
2. Drengir, innan 6 ára. 40 yards.
   1. verðlaun, peningar $1.50
   2. " " 1.00
   3. " " 0.75
   4. " " 0.50
3. Stúlkur, 6—9 ára. 50 yards.
   1. verðlaun, peningar $1.50
   2. " " 1.00
   3. " " 0.75
   4. " " 0.50
4. Drengir, 6—9 ára. 50 yards.
   1. verðlaun, peningar $1.50
   2. " " 1.00
   3. " " 0.75
   4. " " 0.50
5. Stúlkur, 9—12 ára. 75 yards.
   1. verðlaun, peningar $2.00
   2. " " 1.25
   3. " " 1.00
   4. " " 0.75
6. Drengir, 9—12 ára. 75 yards.
   1. verðlaun, peningar $2.00
   2. " " 1.25
   3. " " 1.00
   4. " " 0.75
7. Stúlkur, 12—16 ára. 100 yards.
   1. verðlaun $3.00
   2. " 2.50
   3. " 1.50
   4. " 1.00
8. Drengir, 12—16 ára. 100 yards.
   1. verðlaun $3.00
   2. " 2.50
   3. " 1.50
   4. " 1.00
9. Ógiftar stúlkur. 100 yards
   1. verðlaun $4.00
   2. " 3.00
   3. " 2.00
10. Ógiftir menn. 150 yards
    1. verðlaun $4.00
    2. " 3.00
    3. " 2.00
11. Giftar konur. 75 yards.
    1. verðlaun, $5.00
    2. " 4.00
    3. " 3.00
    4. " 2.00
12. Giftir menn. 100 yards
    1. verðlaun $5.00
    2. " 4.00
    3. " 3.00
    4. " 2.00

Klukkutími til miðdagsverðar.

13. Konur, 50 ára og eldri. 50 yards.
    1. verðlaun, $4.00
    2. " 3.00
    3. " 2.00
14. Karlmenn, 50 ára og eldri. 80 yards.
    1. verðlaun, $4.00
    2. " 3.00
    3. " 2.00

STÖKK.

15. LANGSTÖKK, hlaupa til.
    1. verðlaun $3.00
    2. " 2.00
    3. " 1.00
16. HÁSTÖKK, hlaupa til.
    1. verðlaun $3.00
    2. " 2.00
    3. " 1.00
17. STÖKK JAFNFÆTIS.
    1. verðlaun, $3.00
    2. " 2.00
    3. " 1.00
18. HOPP-STIG-STÖKK.
    1. verðlaun, $3.00
    2. " 2.00
    3. " 1.00
15. KAPPHLAUP. 1 míla.
    1. verðlaun $5.00
    2. " 3.00
    3. " 2.00
20 KAPPHLAUP. 10 mílur.
    1. verðlaun $25.00
    2. " 15.00
    3. " 10.00

HJÓLREIÐAR.

21. Hjólreið, 1 míla.
    1. verðlaun 6.00
    2. " 4.00
    3. " 3.00
22. Hjólreið, 3 mílur.
    1. vl. Dunlop Tires .....
    2. vl. Silfur-medalía.
    3. vl. Hjólpumpa og vindlakassi.
23. Hjólreið (Handicap), 5 míl.
    1. verðlaun $10.00
    2. " 6.00
    3. " 4.00
    4. " 2.00
24. ÍSLENZKAR GLÍMUR.
    1. verðlaun $10.00
    2. " 6.00
    3. " 4.00
25. AFLRAUN Á KAÐLI. (Milli giftra manna og ógiftra, 7 á hvora hlið).
    1. verlaun (til þeirra, sem vinna) $14.00
    2. verðlaun (til þeirra, sem tapa) 7.00
26. DANS (Waltz). (Að eins fyrir Íslendinga.
    1. verðlaun $7.00
    2. " 5.00
    3. " 4.00
    4. " 3.00
27. WALTZ (open for all).
    1. Prize, 1 Doz. Photos $10.00

Ferðasaga.

AFRAMHALD FRÁ 27. TÖLUBL.

II.

Um árið 1900 höfðu Íslendingar dvalið um þrjátíu ár í Ameríku. Hafði þá allareiðu drifið margt á daga þeirra, á fyrstu þrjátíu árunum, þó fleira yrði seinna. Undir aldamótin 1900 dró mikið úr mannflutningum frá Íslandi til Ameríku, og þvarr nær að öllu um aldamótin, og varð æ minni og minni þaðan í frá.

Þegar fyrstu 30 ár frumbýlingsbaslins voru hjá liðin, breyttust kringumstæður hins íslenzka þjóðflokks. Efnahagur, þekking á ameríska vísu, og félagsstofnanir sýndu árangurinn, þó í smáum stíl væri. En eftir því, sem árin fjölguðu, kom ágóðinn og yfirsjónirnar betur og betur í ljós. Tímabilið 1899—1909 var þroskunarskeiði þjóðflokksins komið all vel á veg. Efnalegt sjálfstæði fór vaxandi, kirkjulegur félagsskapur efldist, mentun jókst. Blaðamenska fór batnandi, og pólitiskar stefnur urðu skýrari enn áður. Yfir höfuð að tala, voru þessi tíu ár framfaraár þjóðflokksins.

Á þessum árum spruttu íslenzkar nýlendur upp í Saskatchewan fylkinu. Þangað fluttu margir Íslendingar frá Bandaríkjunum. Þá var það auðséð, að framtíð Íslenzkra bænda yrði aðallega þar vestur frá, því þar blómguðust stærri og mannfleiri héruð enn áður meðal hins íslenzka þjóðflokks. Þar voru landgæði mikil, og frumbyggjara búsæld vel viðunanleg.

Á þessu tímabili sátu 3 Íslendingar á löggjafarþingi Manitoba. B. L. Baldwinson (lengst), Sigtryggur Jónasson og T. H. Johnson. Á þeim græddi þjóðflokkurinn eftirtekt og álit. Í Kanada voru Íslendingar alment álitnir einn hinn ákjósanlegasti þjóðflokkur, sem flutti til Kanada, að undanskildum Bretum, sem voru af betri flokknum.

Um þessar mundir var vesturíslenzka lúterska kirkjufélagið allumsvifamikið. Hófust þá í því flokkaskiftingar. Hélt meirihlutinn við forna bibliutrú, en minnihlutinn aðhyltist frjálslyndar skoðanir í lúterskum trúmálum. Hinn íslenzki þjóðflokkur var þá önnum kafinn. Íhaldsflokkurinn varði fastheldnina, en umbótamenn gróðursettu frjálslyndari trúarskoðanir, og kenningar. Af þessu má sjá, að þjóðflokkurinn var vaknaður og tekinn til starfa.

Bókmentalíf var frekar fátækt. Þótt margir ungir menn stunduðu nám og sköruðu fram úr á skólabekkjunum, þá lá ekki eftir þá ritstörf né bókmentir til muna. Aðallega voru það vikublöðin Heimskringla og Lögberg, sem fleyttu hugsunum manna út á meðal almennings. Einkum hið fyrr nefnda. Þau tímarit, sem þá voru gefin út fjölluðu nær eingöngu um sérmál. Sameiningin, málgagn kirkjufélagsins, Breiðablik var málgagn umbótastefnunnar í trúmálum; Heimir var málgagn Únítarastefnunnar, og Freyja málgagn kvenfrelsis. Tímabils vikublöð komu þá á gang, svo sem: Dagsbrún, Baldur og Tuttugasta öldin. Þau náðu misjöfnum aldri sum.

Á þessu tímabili kom vestur um haf, og dvaldi hér nær sumarlangt, Einar Hjörleifsson, rithöfundur og skáld. Ferðaðist hann allvíða meðal Íslendinga og hélt ræður og upplestur. Hann var þá orðinn andatrúarmaður, og enn af aðalforkólfum þess félagsskapar á Íslandi. Hvort hann hefir komið til þess, að gróðursetja andatrú á meðal Íslendinga í Vesturheimi, er ekki ljóst. Opinberar samkomur hélt hann ekki í þeim málum, svo nokkru næmi. En svo brá við komu hans, að hugir sumra fóru að hneigjast að andatrúar tilraunum. Þó var það alt af veikum mætti. Enda mættu þær tilraunir yfirleitt gysi og aðhlátrum almennings. Hitt mun vera rétt meðfarið, að hann vakti eftirtekt og umhugsun á hinni svonefndu "hærri kritik" í trúmálum, eða því, sem hér er kölluð umbótastefna í trúmálum.

Á þessu tímabili kemur fyrir eftirtektavert sögu-atriði meðal hins íslenzka þjóðflokks í Kanada. Það eru afturgöngur. Í forna daga var draugatrú og afturgöngu mikil á Íslandi. Má sjá það af þjóðsögum Íslendinga, sem prentaðar voru löngu fyrir þennan tíma, sem hér um ræðir. Um það leyti, sem mannflutningar hófust frá Íslandi til Vesturheims, var afturgöngutrú komin á fallandi fót meðal þjóðarinnar. Og svo er að sjá, sem vesturfarar hafi gleymt henni algerlega alt fram yfir aldamótin 1900. Skömmu eftir aldamótin fara undarlegar herfur að gægjast gegn um gáttir og glufur. Í fyrstu virðist það litla eftirtekt hafa vakið, en eftir því, sem lengra líður, verður þetta æ gleggra og gleggra Afturgöngur eru þá komnar inn á sjónarsviðið í fullum algleymingi, og sjást sem ljósir logar. Samt hefir ófreskjukraftur þeirra ekki verið undramikill, eins og síðar sést. Í gömlum sögnum er getið um nokkrar af þeim, og hvernig þær komust af landi burtu. Þessar hafa þótt einna ferlegastar: — Skuggahverfismóri, Eyjasokki, Ísdalsskotti og Tjöruflosi.

Sagan af Skuggahverfismóra er sú, að flækingsstrákur varð úti uppi í Skuggahverfi. Hann var að austan. Þótti í lifanda lífi latur og ódæll. Flæktist því víða um Suðurland, því öllum þótti hann hvimleiður og argur í sambúð. Fjósakona í Skuggahverfi fann hann á fjósaleið snemma morguns. Var hann þá hálfvolgur og líklega ekki með öllu dauður. Hún varð afarhrædd og hljóp í bæinn, og sagði bónda tíðindin. Hann þótti maður ekki aldæll, og forn í skapi. Hann hafði átt í glettum við sóknarprestinn, og lék orð á, að þeir væru báðir fjölkunnugir og fornir í skapi. Þegar bóndi heyrði fréttina, tók hann sparivetlinga sína og gekk út. Ekki vissu menn hvað hann aðhafðist við strákinn. Hann kvaðst hafa dysjað hann uppi í hrauni. Síðar fréttist það, að prestur hafði tekið krankleika kveldið eftir, og hann þungan. Sendi hann þá eftir Sigurði skalla, en hann var þá elztur galdramaður á Suðurnesjum. Enginn veit, hvað þeim presti fór á milli. En því tók fólk eftir, að Sigurður skalli leiddi með sér móraudan hundhvolp, þegar hann fór af prestssetrinu, og þótti mönnum, sem hann hefði ekki með hann komið. Ber nú ekki neitt til titla né tíðinda, þar til löngu síðar, að draugagangur gerist í tukthúsinu í Reykjavík. Varð fangaverði illvært, en fangar ekki áreittir. Siggi skalli lá þá í kör, en samt var til hans leitað með ófögnuð þenna. Lét hann þá flytja sig til Reykjavíkur. Þá voru mannflutningar frá Íslandi til Vesturheims í mesta blossa. Eftir því var tekið, að Siggi skalli lét bera poka einn einkennilegan út á flutningsskip og fylgdist með, og þótti þá ófrýnn og illilegur á svip. Ekki vildi hann af skipinu fara, fyrr enn skriður var kominn á það, út á Faxaflóa. Deyr nú alt út, draugagangurinn og umtalið að sinni.

Eyjasokki var afturganga í Vestmannaeyjum. Sagan segir, að hann hafi verið ættaður og upprunninn í Rangárþingi. Þau eru tildrög til hans, að hann ærðist í lifanda lífi, og hljóp til fjalla, og varð þar úti. Sýslumaður Rangæinga fann líkið á þingreið um Jónsmessuleyti. Setti hann skrokk inn í langsekk, og flutti til sjávar. Sýslumaður átti í glettum við kaupmann í Vestmannaeyjum. — Fékk hann þá galdramann undan Eyjafjöllum, til að vekja stráknin upp, og senda hann til Eyjanna. Átti hann að ásækja kaupmanninn og alt hans hús. Galdramaðurinn seiddi fast að stráknum, enn fékk ekki vakið hann upp, fyrri enn þeir færðu hann í þrílita duggarabandssokka, prjónaða í Skálholti í tíð Ögmundar biskups, og voru langleðraerfð sýslumanns. Sýslumanni þótti þungt að klæða sig úr sokkunum, því hann var æfinlega í þeim í þingreiðum sínum. — En það var ekki um gott að gera, því strákurinn var hálfvaknaður, og mundu þeir ekki hafa við hann losast, ef galdramaðurinn hefði ekki fundið þetta ráð. Þegar strákurinn var kominn í sokkana, tók hann viðbragð mikið og öslaði sjóinn út til Eyja. Tókst nú reimleiki mikill að kaupmanni og fólki hans. Sokkarnir voru hvítir eða höfðu verið. En þeir voru langt of stórir, bæði of háir og víðir, og báru þeir strákinn ofurliða. Mörgum sýndist afturganga þessi vera tómir sokkar með refaleggjum innan. Af því er nafnið Eyjasokki dregið. Þá var ekki kaupmanni til setunnar boðið, því afturgangan lét hið versta, og reyndist kaupmanni spillvirki hinn mesti, — einkum í saltfiskshlöðum. Kaupmaður fékk þá danskan "matrós", illan og gerningafullan, að jafna vandkvæði sín. Kom hann Eyjasokka fyrir í saltfisksklaða, en hann losnaði þaðan síðar, en vildi ekki viðhafast í eyjunum lengur, því danski "matrósinn" var ekki farinn utan. Hljóp þá Eyjasokki til Seyðisfjarðar. Hann skreið ofan í smjöröskjur hjá kaupmanni að sunnan, og komst þann veg undan. En "matrósinn" lagði af stað á eftir afturgöngunni, og ætlaði að koma henni fyrir til fulls. En þá var vesturfaraskip á höfninni, og komst afturgangan í kolabynginn á skipinu, og komst þannig vestur um haf.

Sú er saga um Ísdalsskotta, að á Austurlandi var umrenningur, sem Jón flatvömb er nefndur. — Hann var illur og málóða, og vildi enginn hann hafa. Hann var matmaður mikill, og flakkaði víða. Eitt sinn kom hann að prestssetri á Jólanótt, og vildi prestur ekki úthýsa honum. Bað fólk fátt við hann eiga, en bað konur að bera honum mat nógan, og hýsa hann í fjósi um nóttina. Var honum borið fult trog af hangikjöti og slátri, og áttamerkaskál af floti, og full vatnsfata af skyri. Næsta morgun þegar í fjós var komið, fanst umrenningur þessi sprunginn og var óálitlegur ásýndum. Lét prestur þá bera hann í smiðju, og bað Svein skotta að smíða utan um hann, og vildi jarða hann að kristinna sið. Sveinn skotti þótti miður dæll og forneskjulegur. Hann var líka flækingur og átti sókótt við heldri menn. Ber nú ekki neitt á neinu. Grafarmenn höfðu orð á því, að kistan hefði verið undra létt. Litlu síðar kom sá kvittur upp, að Jón flatvömb mundi ekki liggja kyr. Þóttust menn fara að sjá hann hér og þar. Einkum var hann mest í kring um prestsdótturina. Fór svo að hún mátti ekki svefns né matar njóta fyrir afturgöngunni. Og varð tíðrætt um þetta á Austurlandi. Kendu margir Sveini skotta um ófögnuð þenna. Var þá afturganga þessi kölluð Ísdalsskotta, því prestssetrið hét Ísdalur, og var nafnið dregið af bæunum og seinna nafni Sveins. Prestur fór til Sveins og bað hann að kveða draugsa niður. Vildi Sveinn það gjarnan gera að vilja prests, því prestur hafði verið honum vel. Vinnukona var hjá bónda á næsta bæ, sem ætlaði til Vesturheims næsta vor. Hún var nefnd Ingibjörg, og kölluð Imba digra. — Sveinn kom sér í mjúkinn hjá henni, og gerðist líklegur til kvonbæna, mundi fylgja henni til Vesturheims, og giftast henni þar. Um sumarið fór Imba digra til Ameríku. Sveinn lést með henni fara og fylgdi henni á skip út. Þegar skipið var að fara, bað Sveinn Imbu, að geyma vandlega fyrir sig böggul, sem dýrmæti væri, og bera hann hvergi nema á brjóstum sér, unz hún stigi á land í Ameríku. Hvarf hann þá af skipinu og fór hvergi. En Imba digra hélt þetta vera peningaböggul, og gætti þess, að geyma hann vandlega, þar til hún kom á land í Ameríku. Bað hún þá "agentinn", að býtta fyrir sig peningum. Röktu þau þá böggulinn sundur. Innan úr honum kom nálhús Imbu digru. En þegar hún opnar það, gaus úr reykur mikill með mesta óþef af. Þótti Imbu, að Sveinn hafa beitt sig verstu brögðum. En ekki bar framar á Ísdalsskotta á Íslandi, og sagði Sveinn frá því á banadægri, hvernig hann hefði losað prestsdóttur við afturgönguna.

Um afturgönguna Fjöruflosa er sagt, að hann hafi verið strákur á Vesturlandi, illa uppalinn og illa venjandi að manna siðum. Hafðist hann við hjá kerlingu, sem Fjöru-Manga var kölluð. Þótti hún hamremma og flagð hið versta. Hafði hún strák þenna til ýmsra óknytta í kaupstaðnum, en hélt hlífisskildi yfir honum. Þá bar það við vetur einn, að hann stalst inn um búðarglugga, og náði kandissykur kassa. En þegar hann ætlaði út um gluggann aftur, hrapaði hann og lærbrotnaði. Var hann þá færður til Fjöru-Möngu. Henni þótti ilt, að undirhalda hann lemstraðan og ónýtan. Sá hún þá fyrir stráknum og vakti hann upp þegar. Tók hún róðrarbát og reri yfir fjörðinn. Hvolfdi hún bátnum við lendingu og lét hann farast. Sagði hún, að hún hefði haft stráknin með sér, og ætlað að útvega honum lækningu. En hann hefði farist með bátnum. Var þá engin gangskör gerð að hvarfi hans. Nú þóttist hún ekki óhult fyrir honum, því hann gekk aftur og ásótti hana, svo hún komst í hann krappann með hann. Hún vissi, að hreppsnefndin var að senda stúlkukind af sveitinni vestur um haf. Skutu menn saman fötum handa stúlkunni. — Fjöru-Manga bað hana að þiggja af sér pils eitt, sem var góður gripur. Þótti nú öllum Möngu farast vel, og einkum stúlkunni, er gjöfina hlaut. En hún lagði ríkt á við stúlkuna, að leysa ekki frá vasanum fyrri en hún kæmi til Winnipeg. Af því hlotnaðist henni ólán og jafnvel bráður bani. Skilding mundi hún finna í vösunum, er henni mundi að haldi koma, ef hún bryti ekki út af boðum sinum. Þegar stúlkan leysti frá vasanum í Winnipeg, hrökk upp úr honum móraudur skratti undarlegur, svo það leið yfir stúlkuna. En þegar hún raknaði við, fann hún pund sterling á vasabotninum. Fjöru-Möngu hafði því raunar farist vel við hana, fyrir flutning afturgöngunnar.

Hér er fljótt yfir sögu farið um afturgöngur þessar austanhafs, og uppruna þeirra. Ekki er það fært í sögur, hvað lengi þær höfðu flækst í Ameríku, þar til fór að bera á þeim. Þó má sjá af fornum sögum, að sumar þeirra hafa viðhafst þar lengi áður enn þær mögn uðust svo, að á þeim bar. En aðrar höfðu verið stuttan tíma.

Öndverðlega á framanneíndu tímabili fer í fullu fjöri að bera á þessum sendingum frá Íslandi. — Fara þær þá að ganga ljósum logum, og gera allstaðar vart við sig. Einkum þó í Winnipeg, og jafnvel vestan fjalla, einkum við sjóinn. Þessar afturgöngur náðu þroska sínum á lægri stöðum, svo sem kjöllurum, holum og neðanjarðar hibýlum. Sumar í borgarbúrum og á afviknum stöðum. Margir urðu þess vegna hissa og forviða, þegar þær gægðust upp í mannheima. Ekki náðu þær að gera skaða eða ærsli að mun. — Þær gerðu þrusk og ólæti aðallega í bænabúðum og prentstofum. Hafði margt fólk ömun og viðbjóð á þeim. En andatrúarmenn sumir og geistlegir gyðlingar héldu þær hélga anda hinna framliðnu.

Eina þrettándadagsnótt hittust allar þessar afturgöngur og létu illúðlega. En þá voru fjölvísir menn uppi, sem hræddust þær engan veginn. Tveir af þeim tóku sig saman að vaka þessa nótt, og sjá hverju framfæri. Þeir lágu á krossgötum í Winnipeg borg, því þar eru alt krossgötur. Urðu þeir fyrst varir Skuggahverfismóra. Var hann kolugur og ófrýnilegur, og fór grenjandi. En það vissu vökumenn eftir á, að hann var að mæla sér mót við hinar afturgöngurnar. Byrjuðu þær draugadansinn í vesturbænum. Vökumenn vildu þá hefta aðgang þeirra og koma þeim fyrir. Lögðu þeir gandreiðarbeizli við forynjurnar, og keyrðu þær úr borginni í svonefndan Beinadal. Þar eru mörg fjós og stór, en það eru staðir, sem afturgöngur og meinvættir aðhyllast til aðseturs. Í Beinadal var margt nauta. Þar var villiuxi vestan úr fjöllum. Hann var sægrár að lit, og hin vænsta skepna, enda kominn af síbelju kyni. Viltur var hann og óhemjandi öllum menskum mönnum, ef hann var leystur. Vökumenn bundu afturgöngurnar í hala nautsins, og létu það svo laust. Erðist það þá og hljóp um borg og bygð. Síðast tók það ráðs mikla norður og niður, og þar með var ófögnuði þessum lokið. En Indiánar norður við Íshaf sáu síðast för nautsins með dræsurnar í halanum hlaupa norður Grænlandsjökla. Veit enginn um það síðan. Hrósuðu menn happi, að vera lausir við ófögnuði þessa, því aldrei bar á þeim framar, svo sögur segi frá.

Margar fleiri afturgöngur hafa máske verið uppi á sömu tímum. En líklega engar jafnsögulegar og þessar. Í Íslendingasögum, hinum fornu nú að telja, er allvíða talað um afturgöngur, á víð og dreif, t. a. m. Fróðárundrin, Glám, Klaufa og fleiri. Og má gjarnan vera, að um fleiri afturgöngur sé talað í Vestur-Íslendingasögum, enn þessar. En ferðamaðurinn getur ekki um fleiri.

K. Ásg. Benediktsson.

2 Bækur Gefins

FÁ NÝJIR KAUPENDUR AÐ HEIMSKRINGLU SEM BORGA $2.00 FYRIRFRAM, OG ÞESSUM BÓKUM ÚR AÐ VELJA: —

Mr. Potter frá Texas
Aðalheiður
Svipurinn Hennar
Hvammverjarnir
Konuhefnd
Lajla
Robert Manton.

Alt góðar sögur og sumar ágætar, efnismiklar, fróðlegar og spennandi. Nú er tíminn að gerast kaupendur Hkr. Það eru aðeins fá eintök eftir af sumum bókunum.

Heimskringla
P.O. Box 3083, Winnipeg

Gimli Hótel

G. E. SÓLMUNDSSON
eigandi

Óskar viðskifta Íslendinga sem heimsækja Gimli-bæ. — Þar er beini beztur í mat og drykkjarföngum, og aðbúð gesta svo góð sem frekast er hægt að gera hana. Hótelið er við vagnstöðina.
Gistið að Gimli-Hótel.

HEIMSKRINGLU og TVÆR skemtilegar sögur fá nýir kaupendur fyrir að eins $2.00.

15. KAPÍTULI.

Nokkrar uppgötvanir.

Enda þótt njósnarinn hefði reynt að bæla niður óró sína með því, að setjast aftur og skrifa seinustu línurnar í dagbókina sína, var hann þó hálf skjálfandi, þegar hann byrgði fyrir ljósið í skriðbyttunni sinni og gekk að dyrunum á herbergi sínu. Dyrnar voru auðvitað læstar, en þar eð sami lykillinn gekk að öllum skránum, var lykilgatið opið, og það var því hægðarleikur fyrir Wright, að opna með einum sinna lykla. Með því að láta örlitla ljósglætu falla úr skriðbyttunni út í ganginn, sem herbergi hans lá að, læddist hann eftir honum ofur hægt. Svo gekk hann ofan stiga og preifaði sig áfram, unz hann kom að þeim ranghala, sem lá inn í þann húsarm, sem hann ætlaði í. Hann hélt niðri í sér andanum um leið og hann læddist að því herbergi, sem hann sá ljósið í. Þegar hann kom að dyrunum, lagði hann eyrað við lykilgatið og hlustaði. Fyrst heyrði hann ekkert, en svo heyrði hann reglulegan andardrátt sofandi manneskju. Sá, sem var þar inni, hlaut að hafa sofnað án þess að slökkva ljósið. — Njósnarinn var ákveðinn í því, að fara varlega, féll því á kné við dyrnar og hlustaði í meira en tvær minútur, áður en hann vogaði að hreyfa sig aftur. Næst reyndi hann að taka í skráarhúninn, og sér til undrunar fann hann, að skránni var ekki læst. Sá,

sem inni var, hafði því ekki læst dyrunum og að utanverðu frá hafði þeim heldur ekki verið læst. Hann hugsaði um þetta áður en hann fór lengra. Sá, sem inni var, gat því ekki verið sjúklingur. En hver gat það þá verið? Líklega sá, sem koma átti í stað Grahams, og hafði væntanlega komið um kveldið. Hann fékk nú þessa gátu ráðna. Hann opnaði dyrnar með hægð, en fljótlega þó, og gekk inn.

Inni í herberginu logaði á náttlampa, sem bar að eins daufa birtu um herbergið, en fyrir njósnarann, sem kom úr myrkrinu, var birtan helzt til mikil. Hann skygði fyrir augun með annari hendinni, og leit þangað, sem rúmið var. Það, sem hann sá þar, neyddi hann til að reka upp lágt undrunaróp. Falska hárið var horfið, varirnar beygðust inn að tannlausu gómunum, en þó var ekki unt að villast á því, hver hin sofandi manneskja var. Það var frú Ferrier. En hvað var hún að gera í þessum hluta byggingarinnar? Daginn áður var honum sagt og sýnt, að hennar herbergi væri við sama ganginn og hans eigið. Flutningurinn hlaut að hafa gengið snögglega fyrir sig og með leynd.

Meðan hann var að hugsa um þetta, sá hann að hin fagra kona, sem hann horfði á, var að vakna. Fyrst hreyfði hún sig dálítið í rúminu, svo sneri hún höfðinu að honum og opnaði augun ofurlitið. Það var voðalegt augnablik fyrir þau bæði. Njósnarinn áleit öll sín áform eyðilögð, ef kerlingin æpti nógu hátt til að fá hjálp, áður en hann slyppi burt, en á hina hliðina áleit frú Ferrier sig vera á valdi einhvers vitfirrings, sem hefði læðst þangað í því skyni að myrða sig. Til allrar lukku fyrir Wright, hafði hin langa reynsla kerlingarinnar á þessari stofnun kent henni, að það versta, sem hún gæti gert undir þessum kringumstæðum, væri að láta í ljós hræðslu eða hrópa um hjálp. Hún áttaði sig því fljótlega,

horfði fast á þann, sem inn kom, og settist upp í rúminu. Þessi aðferð hennar frelsaði njósnarann. Hann hegðaði sér strax eins og hann bjóst við að hún ætlaðist til, og nálgaðist hana niðurlútur, eins og sá, sem er mjög hræddur við húsmóður sína.

"Hver ert þú?" sagði frú Ferrier ilskulega.

Í staðinn fyrir svar, slepti njósnarinn skriðbyttunni sinni, stökk að rúminu og tók utan um hálsinn á kerlingunni heldur óþyrmilega. Hún fékk engan tíma til að æpa, en varðist af öllu megni eins og menn gera, sem staddir eru í dauðans greipum. Njósnarinn varð sem næst að hengja hana, til þess að verjast því að hún klóraði úr honum augun. Bardaginn stóð þó ekki lengi, sem heldur ekki var við að búast, þar sem efldur og reyndur maður átti við gamla kerlingu, þótt hún væri seig í sinum og jafn grimm óargadýrum. Undir eins og hreyfingar hennar minkuðu, slepti Wright hálsi hennar, bjó til ginkefli úr koddanum, sneri saman rekkjuvoðina, og batt ginkefliið fast í munn kerlingar með henni, svo tók hann hina rekkjuvoðina og batt hendur hennar fastar við síðurnar, og seinast batt hann hana við rúmstólpann. Að því búnu — en fyr ekki, skvetti hann vatni framan í hana, og þá raknaði hún við. Nú var hann samt í dálitlum vandræðum, hann hafði náð henni á sitt vald og tækifærið sýndist hentugt til að neyða hana til að segja alt, sem hún vissi um forlög Láru. En jafnframt mundi slík spurning leiðat í ljós, að hann væri ekki vitfirringur, eins og hann var sagður að vera og lézt sjálfur vera, og það hlaut að eyðileggja framtíðar möguleika hans.

Meðan hann var að hugsa um þetta, vaknaði frú Ferrier til fullrar meðvitundar. Njósnarinn horfði á hana og sá, að það sem hún fyrst notaði augun til, var að líta á dragkistu, sem stóð í einu horninu á herberginu, en ekki til að líta á hann, sem þó var

eðlilegast eins og á stóð. Fyrir slíkan mann, sem Wright var, sem veitti öllu eftirtekt, var þetta eina augnatillit nóg. Hefði frú Ferrier sagt skýrt og greinilega: "Snertu ekki á þessari dragkistu", hefði það ekki verið honum sterkari vissa fyrir því, að í henni var geymt eitthvað, sem hún vildi dylja. Áður en þessi viðbjóðslega kona fékk tíma til að iðrast ógætni sinnar, stóð hann hjá dragkistunni, og var farinn að skoða innihald hennar. Rannsókn hans var ekki búin að vara lengi, þegar hann í næst efstu skúffunni fann lokað leðurhylki. Hann gekk með það að ljósinu, og sá strax, að lykilgatið var of litið fyrir lyklana hans, tók því ofur rólega kjól frúarinnar og leitaði að lyklum í vasanum. Þar fann hann strax lyklakippuna hennar, og nú tók það ekki langan tíma, að opna leðurhylkið, og um leið og það opnaðist, sá hann strax herfang nokkurt, sem fyllilega endurgalt og réttlætti alt það, sem hann hafði gert til að ná því. Það var aflangur pappírsstrangi, og var skrifað utan á hann með skjálfandi kvenhönd það sem nú greinir frá:

"Sökum guðs miklu miskunsemi, bið ég þenna bréfstranga sendan óopnaðan til Fatheringham jarls, í bænum Fatheringham í Stolneshire".

Frú Ferrier hafði ekki uppfylt þessa beiðni, hún hafði ekki sent bréfstrangann. Njósnarinn hikaði ekki eitt augnablik við að opna hann, hann áleit sig hafa fulla heimild til þess. Í fyrsta lagi var hann sendimaður jarlsins, og hafði skriflega heimild til að gera hvað sem var með hans ábyrgð, en nú var enginn tími til að ráðgast um þetta við hann. Í öðru lagi var hann þjónn réttvísinnar, sem hafði með eiði lofað að gera alt, sem í hans valdi stæði, til að komast eftir glæpum, og hverjir framkvæmdu þá, og nú var líklegt, að hann héldi á sönnunum fyrir glæp þeim, sem hann grunaði frú Ferrier og húsbónda

ROBLIN HOTEL

115 Adelaide St. Winnipeg

Bezta $1.50 á-dag hús í Vestur-Canada. Keyrsla ókeypis milli vagnstöðva og hússins á nóttu og degi. Aðhlynning hins bezta. Viðskifti Íslendinga óskast. William Ave strætiskarið fer hjá húsinu

O. ROY, eigandi.

R. A. THOMSON AND CO.

Cor. Sargent & Maryland St.

Selja allskonar MATVÖRU af beztu tegund með lægsta verði. Sérstakt vöruúrval nú þessa viku. Vér óskum að Íslendingar vildu koma og skoða vörurnar. Hvergi betri né ódýrari.—

Munið staðinn:—

HORNI SARGENT AVE. OG MARYLAND ST.

PHONE 3112.

F. Deluca

Verzlar með matvöru, aldini, smá-kökur, allskonar sætindi, mjólk og rjóma, sönnul. tóbak og vindla. Óskar viðskifta Íslend. Heitt kaffi eða te á öllum tímum. Fón 7756

Tvær búðir:

587 Notre Dame og 714 Maryland St.

DR. H. R. ROSS

C.P.R. meðala- og skurðlækuir.

Sjúkdómum kvenna og barna veitt sérstök umönnun.

WYNYARD, — SASK.

Ágæt meðul.

Ég hefi kynst og pantað áður meðul við nef, kverka- og andkafa sjúkdómum hjá Royal Remedy Co. Þau fá bezta vitnisburð þeir, sem senda mér sjúkdómslýsingu, og $4.00 fyrirfram, fá meðulin send heim til sin kostnaðarlaust hvar sem er í Canada. Eins og mörgum er kunnugt, hefi ég fengist töluvert mikið við meðalasölu stundum, og þekki "patent" meðul vel. Þessi meðul eru 'ekta' góð meðul, og fólk má treysta þeim, ef það kaupir þau í tæka tíð.

K. Ásg. Benediktsson.

540 Simcoe St., Winnipeg.

The Dominion Bank

NOTRE DAME Ave. BRANCH Cor. Nena St.

VÉR GEFUM SÉRSTAK AN GAUM AÐ SPARISJÓÐS-DEILDINNI. —

VEXTIR BORGAÐIR AF INNLÖGUM.

HÖFUÐSTOLL - - - $3,983,392.38

SPARISJÓÐUR - - $8,300,000.00

A. E. PIERCY, MANAGER.

Fréttabréf.

VANCOUVER, B.C.
13. júlí 1909.

Herra ritstj. Heimskringlu !!

Það er nú sannast að segja, að hér gerist fátt til titla eða tíðinda. Enda bera verkin þess merki, því undur mega það heita, ef það kemur fyrir, að fréttapistlar sjáist héðan í blöðunum okkar. Þó væri það hróplegt synd að segja, að allir landar hér í þessum bæ svæfu einatt, eða hugsuðu ekki um neitt nema munn og maga. Því fer svo fjarri, því sannleikurinn er, að þeir eru vel vakandi, — mér er óhætt að segja bæði andlega og líkamlega. En misjafnir dómar eru máske lagðir á þeirra andlegu umbrot. Þeir fara auðvitað eftir þenkimáta hvers einstaklings.

Það er svo sem auðvitað, að margt hefir hér skeð í vorum fámenna hópi, síðan ég skrifaði héðan í sama mánuði í fyrra. En vegna þess, að ég held ekki dagbók, eins og góður sagnfræðingur eða annálaritari, þá er það gefinn hlutur, að það, sem ég kynni að segja í fréttum, af því sem skeð hefir á fullu ári, verði heldur í óþægilegum molum, en sem ég vona, að engum verði óþægilega bumbult af.

Almenningi er kunnugt um þátt þann, sem við reyndum að eiga í stjórnarbaráttunni heima á ættjörðinni í fyrra, því um það skrifaði hr. Wm. Anderson í blöðin. Einnig vita menn um það, að við stofnuðum hér félag þann 27. ág. í fyrra, og nefndum félagið "Ingólf". Um stofnun þess gat herra Árni Friðriksson; að mig minnir í Lögbergi. Ég get því verið fáorður um þessi tvö atriði. Þó skal ég leyfa mér að segja nokkur orð um "Ingólf". Félagið heitir eins og allir sjá, eftir Ingólfi Arnasyni, fyrsta landnámsmanni á Íslandi. Aðal markmið félagsins er, að viðhalda hér íslenzkri tungu og þjóðerni, og að glæða áhuga fyrir markverðustu málum, sem eru á dagskrá íslenzku þjóðarinnar hér og heima. Einnig er ákveðið, að félagið hjálpi nauðliðandi löndum hér, bæði í sjúkdómstilfellum og öðrum áföllum, sem fyrir kunna að koma, og nauðsynlegt er álitið að hjálpar þurfi. Ennfremur hugsar félagið sér, að hafa bókasafn á íslenzku máli. Það hefir þegar starfað dálitið að öllu þessu, en sem von er, hefir það verið í smáum stil. Þó hefir ekki ennþá sem komið er, börnum og unglingum verið sagt neitt til í íslenzku, og er það bagi. Dauflega hafa fundir verið sóttir, einkum nú í seinni tíð, en vonandi að það batni, þegar daginn fer að stytta, en nóttina að lengja.

Í "Ingólfi" hafa fyrirlestrar verið fluttir og tölur um ýms mismunandi efni, og hafa þessir flutt erindi: Jón Erlendsson "Um mentunarástandið á Íslandi"; William Anderson "Um samkepni"; J. P. Ísdal "Framtíð íslenzkrar tungu fyrir vestan haf"; William Anderson "Um framtíðarhorfur Íslendinga hér í landi á næstu 50 árum; Erlendur Gíslason "Um hærri kritik og kenningarfrelsi presta"; Árni Friðriksson "Um skoðanamun séra Jóns Bjarnasonar og séra Fr. J. Bergmanns".

Frumsamin kvæði hafa verið flutt í Ingólfi, eftir þá góðhagyrðingana Þórð Kristján Kristjánsson og Sigurð Jóhannsson, sem genginn var í Ingólf áður en hann flutti út á Point Roberts.

Af þessu má sjá, að við erum þó ekki að minsta kosti andlega sofandi, landarnir hérna.

Ýms önnur umbrot hafa átt sér stað, og eru þau helztu þetta: — Herra Árni Friðriksson hefir bygt sér all-álitlega bú, og byrjaði síðastliðið haust matvöru og járnvöruverzlun í henni, og farnast hún vel, að því er ég veit. Mrs. Sigríður (Kristjánsdóttir) Westmann seldi næturgistingar útbúnað sinn og flutti suður til Bellingham í Washington, eða þar nálægt. Skúli Johnson, fyrverandi "Contractor" og landsölumaður í Winnipeg, byggir hér einatt upp á eigin reikning, og selur jafnharðan og farnast honum vel. Einnig hefir Eyjólfur Oddson bygt sér laglegt hús. Einnig hefir hr. Benedikt B. Bjarnason bygt sér íbúðarhús og býr nú í því. Þar býr og Björg Sigfúsdóttir, systir séra Stefans heitins Sigfússonar, með börn sín. Herra Jón Jónsson Austmann, sem hér hefir búið í nokkur ár, og flutti hingað frá Brandon, hefir nú leigt tveimur sonum sinum hús sitt, en flutti sjálfur með konu sína og fósturdóttir til Blaine, Wash.

Þetta eru nú hin helztu jarðnesku umbrot, sem hér hafa skeð meðal landa.

Heilsufar þeirra hefir yfirleitt mátt heita gott. Þó hafa þrjár manneskjur sezt í svarta nökkvann, og róið yfir á ókunnu ströndina, sem enginn kemur aftur frá, svo nokkur geti sannað. Tveggja þeirra hefir verið getið áður, en sú síðasta var nýlega fætt barn, er þau hjón herra Þorkell Þorsteinsson og Björg kona hans áttu.

Ein íslenzk persóna hefir gift sig, sem mér er kunnugt um, og var það Svava Ísdal, dóttir mín, og gekk hún að eiga hérlendan mann, Percy Bonds. Það var 11. maí sl. Hann er "Express"-maður, og hefir 2 hestapör í förum. Hann er vel kyntur hér í bæ og hefir nægilegt að gera.

Mrs. Jóhanna (Jónsdóttir) Benson, kona Björns (Kristmundssonar) Benson, varð að ganga undir uppskurð við brjóstmeinsemd síðastliðið haust, og er það í annað sinn. Síðan hefir hún verið mjög heilsutæp, og naumast fær um að geta sint húsi sínu, án þess að hafa kvenmann sér til aðstoðar. Er það bagi mikill fyrir þau hjón, og kemur að líkindum þungt á konuna, því hún er mesta myndarkona og áhugasöm um húshald sitt.

Mrs. Erlendsson, kona Jóns Erlendssonar, sem fyr er nefndur, varð fyrir þeirri sorg og raun, að koma svo hart út af barnsfæðing, að eigi var hægt að ná barninu lifandi, jafnvel þó tveir æðir læknar væru yfir henni. Einnig urðu þau hjón fyrir þeim skaða, að fjós þeirra brann, ásamt ágætis kú af Jersey kyni, og æði mörg hænsi.

Herra Erlendur Gíslason er farinn að reka blikkslagaraiðn upp á eigin reikning, og óska ég honum til hamingju með þá breytingu á starfsrækt sinni, því áður hefir hann einatt fyrir aðra unnið.

Það sem af er þessu sumri hefir tíðarfarið verið mjög umhleypingasamt, vorið kalt, og rigningar óvanalega miklar hafa dunið á, svo að óvanalegt er um þessa mánuði ársins. Kalt hefir verið á nóttum, og eru því uppskeruhorfur á aldinum ekki sem beztar hér á ströndinni.

Heilmikið hefir verið af ferðafólki að slæðast hér um Vancouver, sem flest er á ferð á hina miklu sýningu í Seattle, Wash. — Sumt af þeim eru landar austan úr Manitoba bygðunum. En ekki hefi ég orðið var annara en Mr. og Mrs. Paul Johnson, frá Winnipeg, ásamt dóttur þeirra, Mr. Johnson er aðallega að sjá systur sína hér í bæ, Mrs. Benson, og bróður sinn og föður suður í Tacoma, og um leið ætla þau hjón að koma á sýninguna. Heyrt hefi ég getið um Mrs. Carson frá Winnipeg og séra Runólf Marteinsson. Mun hann ætla að prédika hér á ýmsum stöðum á ströndinni, ásamt því að koma á sýninguna.

Man ég svo eigi frá fleiru að segja, að þessu sinni, og bið lesendur Heimskringlu velvirðingar á þessu masi.

J. P. Ísdal.

Það er alveg víst, að það borgar sig að auglýsa í Heimskringlu.

La Prosperidad.

nýlendu félagið (Co-operative) í Sinalóa, Mexicó, hefir 100 þúsund ekrur af landi, hvar þeir vilja stofna fyrirmyndarnýlendu af enskutalandi fólki, algert kvenfrelsi í málum, er viðkoma bygðinni, engin vínsala eða önnur óregla leyfð á landi þeirra, meðlimafjöldi ákveðinn 3000. Hver hlutur á $90 nú, sem hækkar $5 á mánuði. Fjór ir hlutir, er alt er einn má kaupa, $10 afborganir á mánuði, hvort einn eða fleiri hlutir eru teknir. Fimm ekrur og bæjarlóð, ásamt hagnaðarvon af sölu eða yrkingu af því landi, sem eftir verður, þá hver meðlimur hefir fengið sitt land, — fylgir hverjum hlut. Svipað loftslag og í suður Californiu, eða frá 100 hæst niður í 44 Fahr., 35—40 þuml. regnfall á ári. Úrgangslaus jarðvegur, kostar 4—8 dollara að hreinsa ekruna. Tvær uppskerur af ýmsu á ári. 500 mílum nær aðalmarkað Bandarikjanna, heldur enn California. Landskattur mjög lágur. Engin flóð og frítt frá eiturpöddum. Algert trúfrelsi. Plássið er austan við mynnið á Californiu flóanum, 70 mílur norður frá sjóstaðnum Mazatlan, og er 12 mílur meðfram Kyrrahafinu, algerlega í tempraða beltinu.

Um frekari upplýsingar skrifið helzt á ensku, samt verður íslenzkum bréfum sint, til

Joseph Drader,

Aðal-umboðsmaður fyrir Canadaríki.

1444 Pembroke St.,

VICTORIA, - - B. C.

Með því að biðja sérstaklega um "T.L. CIGAR," þá ertu viss að fá ágætan vindil.

T.L.

(UNION MADE)

Western Cigar Factory

Thomas Lee, eigandi Winnipeg

MARKET HOTEL

146 PRINCESS ST. Á móti markaðnum

P. O'CONNELL, eigandi, WINNIPEG

Bestu tegundir af vínföngum og vindum, aðhlynning góð. húsið endurbætt!

JOHN DUFF

PLUMBER, GAS AND STEAM FITTER

Alt verk vel vandað, og verðið rétt.

664 Notre Dame Ave. Winnipeg Phone 3815

Woodbine Hotel

Stærsta Billiard Hall í Norðvesturlandinu. Tíu Pool-borð.—Alskonar vín og vindlar

Lennon & Hebb, Eigendur.

Sendið Heimskringlu til vina yðar á Íslandi.

Department of Agriculture and Immigration.

MANITOBA

Þetta fylki hefir 41,169,089 ekrur lands, 6,019,200 ekrur eru vötn, sem veita landinu raka til akuryrkjuþarfa. Þess vegna höfum vér jafnan nægan raka til uppskeru tryggingar.

Ennþá eru 25 miljónir ekrur óteknar, sem fá má með heimilisrétti eða kaupum.

Íbúatala árið 1901 var 255,211, nú er hún orðin 400,000 manns, hefir nálega tvöfaldast á 7 árum.

Íbúatala Winnipeg borgar árið 1901 var 42,240, en nú um 115 þúsundir, hefir meir en tvöfaldast á 7 árum.

Flutningstæki eru nú sem næst fullkomin, 3516 mílur járnbrauta eru í fylkinu, sem allar liggja út frá Winnipeg. Þrjár þverlandsbrauta lestir fara daglega frá Winnipeg, og innan fárra mánaða verða þær 5 talsins, þegar Grand Trunk Pacific og Canadian Northern bætast við.

Framför fylkisins er sjáanleg hvar sem litið er. Þér ættuð að taka þar bólfestu. Ekkert annað land getur sýnt sama vöxt á sama tímabili.

TIL FERDAMANNA:

Farið ekki framhjá Winnipeg, án þess að grenslast um stjórnar og járnbrautarlönd til sölu, og útvega yður fullkomnar upplýsingar um heimilisréttarlönd og fjárgróða möguleika.

R. P. ROBLIN,

Stjórnarformaður og Akuryrkjumála-Ráðgjafi.

Skrifið eftir upplýsingum til

Joseph Burke, 178 LOGAN AVE., WINNIPEG.

Jas. Hartney, 77 YORK ST., TORONTO.

ALDREI SKALTU geyma til morguns sem hægt er að gera í dag. Pantið Heimskringlu í dag.

Redwood Lager og Extra Porter

Styrkið taugarnar með því að drekka eitt staup af öðrum hvorum þessum ágæta heimilis bjór, á undan hverri máltíð. — Reynið !!

EDWARD L. DREWRY Manufacturer & Importer Winnipeg, Canada.

hennar um. Án nokkurra umsvifa opnaði hann því strangann.

Í honum var all-langt handrit, skrifað með konuhendi, sem í byrjuninni var föst og greinileg, en eftir því sem á leið, skjálfandi og ógreinilegri. Þetta sá hann um leið og hann fletti því í sundur og rendi augum yfir það. Hann ásetti sér, að lesa það strax. Hann setti lampann á hornið á dragkistunni, til þess að sjá betur til að lesa, og stóð svo þannig, að hann sneri bakinu að ljósinu en andlitinu að fanga sínum, svo hann gæti séð allar hreyfingar hans. Undir þessu einkennilega ásigkomulagi, einsamall um miðnæturstundina með þeirri manneskju, sem hann grunaði að væri morðingi þess sem skrifað hafði, og sem hann hafði ginkelft og bundið, fór hann að lesa erfðaskrá Láru.

16. KAPÍTULI.

Játning vitfirrings.

"Kæri lávarður Fatheringham", þannig byrjaði það, "fyrst af öllu bið ég þig, að fleygja þessu ekki frá þér af því, að þú haldir að það sé skrifað af vitskertri konu. Lestu það til enda, áður enn þú fellir nokkurn dóm um það og mig.

"Ég vona, að ég móðgi þig ekki með því, að biðja þig að veita þessu móttöku. Þú furðar þig máske á því, að ég sný mér til þín með þetta. Ég skal segja þér hvers vegna. Það er af því, að í þessum heimi, að föður mínum undanteknum, á ég

engan, sem ég get kallað vin minn, og honum get ég ekki skrifað. Þú skilur bráðum hvers vegna.

"Það, sem hér fylgir, er játning jafnframt og það er skýring. En nú ætla ég að snúa mér að efninu, án fleiri inngangsorða, og segja þér æfisögu mína.

"Ég giska á, að þú munir það, að ég er dóttir prestsins í Haughton, að um litinn tíma var nafn mitt neint í sambandi við nafn lávarðar Easts, og að við höfum fundist nokkrum sinnum, einu sinni þegar þú dansaðir við mig á dansleik í Stolne, og í annað sinn, þegar þú bauðst mér í aldingarðar samsæti á heimili þínu, og sýndir mér við það tækifæri mikla alúð og vinsemd. Annað eða fleira býst ég ekki við að þú þekkir til mín, þangað til ég giftist Sir Arthur Redleigh.

"Máske þú hafir líka heyrt, að nokkur ár áður enn þessi gifting fór fram, átti ég marga aðdáendur meðal hinna yngri manna í Haughton bygðinni. Núna, þegar þetta er alt umliðið, er mér líklega óhætt að segja það, án þess að vera grunuð um mont eða hégómagirnd, að í þá daga var ég kölluð Haughton fegurðin. Faðir minn tók eftir því, að ég veitti ungum mönnunum ekkert athygli, sem voru að daðra við mig, og vakti máls á því við mig. Hann sagði mér, að við værum mjög fátæk — það vissi ég nú raunar áður —, að bróðir minn í Oxford væri mjög léttúðugur og eyðslusamur, og væri orðinn stórskuldugur. Með öðrum orðum, hann lét mig hýsna greinilega skilja það, að hann ætlaðist til, að ég giftist ríkum manni. Ég lofaði honum því þá, að ef ég fengi bónorð frá manni, sem mér litist á og sem ég gæti virt, þá skyldi ég ekki neita honum. Við þetta huggaði hann sig um tíma.

"Skömmu síðar fór Sir Redleigh að koma alloft á prestsheimilið, og haga sér gagnvart mér á þann hátt, sem gaf ljóslega í skyn, hvert áform hans var.

Mér tókst all-lengi að hindra hann í, að framkvæma áform sitt, en þá mun hann hafa sótt ráð til föður míns, og boðið honum gull og græna skóga, bæði handa honum og mér, ef hann legði sér liðsyrði. Að minsta kosti fór faðir minn aftur að minnast á giftingu við mig, með þeim mismun samt, að nú var það ekki að eins um óákveðna giftingu, að hann talaði, eins og í fyrra skiftið, heldur var það ákveðinn maður, sem ég nú átti að giftast, nefnilega Sir Arthur Redleigh. Hann hafði raunar enn ekki beðið mín beinlínis, en hvorki var ég, faðir minn eða neinn annar, sem sá okkur saman, í neinum efa um, að hann mundi gera það, undir eins og ég gæfi honum tækifæri til þess. Ég var nú neydd til að tala sannleikann, og segja föður mínum, að ég hvorki vildi né gæti bundið mig þeim manni, sem ég elskaði ekki. Ég sagðist ekki hafa neitt sérstakt út á Sir Arthur að setja, því þótt fjúksögur gengi um það, að hann drykki, þá hefði hann þó alt af hagað sér siðsamlega í nærveru minni. En ég kvaðst engar tilfinningar eiga, sem að nokkru leyti gætu líkst ást til hans, og afsagði því, að taka hann fyrir leiðsögumann á ólarinni lífsleið minni. Faðir minn krafðist þá að fá að vita, hvort ég elskaði nokkurn annan, og kvað ég nei við því. Það eru einu ósannindin, sem ég er sek um, að undanskildu loforðinu, sem ég var neydd til að gefa frammi fyrir altarinu, því, að elska Sir Arthur, og ég hefi margsinnis ásakað sjálfa mig fyrir það. Hefði ég haft djörfung til að segja föður mínum eins og var, þá hefði hann að líkindum ekki neytt mig til að giftast þessum manni, og ég hefði þá ekki orðið fyrir þeim þjáningum, sem ég hefi nú orðið að líða.

"Nú, þar eð svo langur tími er liðinn, og á þessum stað, sem mér er bönnuð öll umgengni við aðrar manneskjur, og með þessum orðum, sem naumast verða lesin fyr en að mörgum árum liðnum, ef þau

verða þá nokkurntíma lesin, — get ég óhikað viðurkent það, sem ég skammaðist mín fyrir að segja föður mínum. Nærri því um sama leyti og Sir Arthur var í ástaleitum við mig, hafði ég felt vonlausa ást á manni, sem aldrei hafði gefið mér ástæðu til að hugsa um sig á annan hátt, en sem fjarlægan vin, og sem hefði verið heimskulegt fyrir mig að hugsa um að geta fengið fyrir mann., (Hér var eitthvað strykað út í handritinu). Enda hefði verið of mikill stöðumunur á okkur, meira er ekki þörf á að segja.

"Þegar ég var búin að táldraga föður minn, með því að leyna hann ást minni, gat ég engum öðrum um kent en sjálfri mér, hvernig atvikin síðar fóru með mig. Hann var enn ákafari en áður í því, að telja mig á að giftast Sir Arthur, og þegar Reginald bróðir minn kom heim í skólafríinu, sameinaði hann tilraunir sínar við föður míns í sama tilgangi. Þér finst það máske undarlegt, en einmitt vonleysið um, að geta fengið þann mann, sem ég elskaði, lamaði mótstöðuafl mitt, svo þeir áttu hægra með að sigra vilja minn, heldur enu ef ég hefði engum unnað. Samt sem áður held ég að ég hefði staðist allar eggjanir þeirra, þrátt fyrir hugaróró mína, hefði ekki annað óvænt atvik borið að höndum. Það sem loks kom mér til að stíga þetta spor, var voðalegur atburður, sem enn stendur jafn glöggur og þá fyrir hugskotssjónum mínum. Faðir minn sagði mér í viðurvist bróður míns, að hann, bróðir minn, hefði gert sig sekan í að komast yfir peninga á annan lakari hátt en með láni, og að það væri væntanlegt, að honum yrði hegnt, nema því að eins að mögulegt væri að útvega álitlega peningaupphæð.

"Ég hefi lengi hlíðrað mér við, að skrifa þetta. Á ég að opinbera þetta heimilis eða ættar leyndarmál fyrir þér? Nú — fyrst ég segi þér frá einu, þá

Ertu að hugsa um að kaupa reiðhjól? Ef svo er þá komstu eftir hver býr til beztu hjólin. Margar hjólateg. eru til sölu, en seni ekki hafa verksmiðju nafn á sér. Slík hjól ern ekki ábyggileg, efnið er óvandað, svo að verksmiðjurnar blygðast sín fyrir að láta vita, hver hafi búið þau til. Canada Cycle & Motor Co., Ltd., hefir trygt sér álit með eftirtöldum reiðhjólum:—

CLEVELAND RAMBLER **BRANTFORD PERFECT** **MASSEY IMPERIAL**

Canada Cycle & Motor Co., Ltd., Winnipeg.
147 PRINCESS STREET. Heimsins Bestu Reiðhjóla-smiðir.

Bréfkafli

um ferð Jónasar Jónassonar vestur að Kyrrahafsströnd.

Kæra systir!

Þann 3. júní 1909, klukkan tíu eftir miðdegi, var ég með nokkurum kunningjum minum staddur á C.P.R. vagnstöðinni í Winnipeg. Þeir voru þar til að óska mér farsarheilla, en ég til að leggja af stað vestur að Kyrrahafi.

Ég hafði keypt farbréf á fyrsta plássi í vögnum þeim, sem gamli "Brúnn No. 1" átti að draga vestur, en þegar til kom, var hann rammstaður og nuggaðist ekki úr sporunum þangað til kl. 1 e. m., kemur þá móður í þann brúna og skeiðar af stað með 12 í eftirdragi, alla fullklyfjaða fólki og flutningi. Er nú sprettinum haldið til kl. 4½, að komið var til Brandon, þar var stansað fáar minútur og svo haldið áfram viðstöðulitið til Calgary, sem er 840 mílur frá Winnipeg. Þetta var runnið á 31 klukkustund.

Þann 5. júní, kl. 8 f.m., var lagt af stað frá Calgary, byrja þá hæðir, aðdragandi að Klettafjöllunum. Dimt var í lofti, og sá því ekki vel til fjalla, en bráðum fóru hnjúkarnir að gægjast út úr þokumekkinum, sem áður huldu þá ofan til hálfs.

Ég var hrifinn af að sjá snævi krýnd fjöllin í fjarlægð, en þegar lestin brunaði inn á milli fyrstu hnjúkanna, sá ég að þau eru ólík í lögun og fjölskrúði fjöllum heima Hér er hvert öðru likt í lögun: snarbrattir hnjúkar, graslitlar sléttur, en rytjulegur "spruce"-viður grær þar víða upp á fjallatoppa. Ár og lækir prýða útsýnið.

Til Banff, sem er 922 mílur frá Winnipeg, var komið kl. 12 e.m. Þar varð ég eftir til að geta séð og prófað heitu laugarnar.

Inn á milli stórfjallanna Mount Steven og Mount Daly, stendur þorpið Banff. Fólkstala er þar um 400, og hótel 5, sem geta tekið á móti frá 150 til 500 gesta hvert. En þó er aðsókn svo mikil þar á sumrum, að húsrúm vantar. Gisting um sólarhring kostar frá $2—5. Heitu laugunum hefir stjórnin umráð yfir. Það kostar 25c í hvert sinn að lauga sig. En þurfi maður keyrslu upp þangað í fjallið, sem laugarnar eru, 2½ milu frá hótelunum, verður að borga dal fyrir sætið.

Þarna upp í fjallinu sér maður silfurtært sjóðandi vatnið koma ofan fjallshliðina, og veitt inn í baðhúsin. Loftið er hressandi uppi í fjallshliðinni og útsýni fallegt.

Þann 6. júní, kl. 1 e.m., lagði ég af stað frá Banff, hress og endurnærður eftir 24 klukkustunda hvild. Sólskin og sunnanvindur andaði svo ljúft þarna inn á milli háfjallanna, rétt eins og þau væru að bjóða vegfarendur velkomna.

Víðast eru snarbrött fjöllin á báðar hliðar, og járnbrautin þræðir ýmist í fjallsrótum eða upp í hlíðum. Þegar kemur að Kicking Horse River, sem járnbrautin liggur ofan með, fer brautarstæðið að verða ægilegt. Áin beljar í bröttum gljúfrum, 50—70 fet fyrir neðan, og snarbratt fjallið alt að 2000 fet fyrir ofan og framundan sjást gína við jarðgöng, þar sem farið er í gegn um kletta og höfða, sem lengst skaga fram í ána.

Til Revelstoke var komið kl. 9.15. Þar var staðið við hálftíma. Þegar lagt var af stað aftur, dimdi svo óðum, að útsýnis naut litið. Þó sást til Fraser árinnar. Hún er stórt vatnsfall, með fallegum flúðum og fossum. Brautin liggur nálægt henni alla leið til sjávar. Þennan kafla til Vancouver mun ég minnast á síðar.

Til Vancouver var komið kl. 2 e.m. Ég skoðaði mig þar um þang að til kl. 4, að ég lagði af stað með Great Northern brautinni til Blaine, Wash., sem er 45 mílur suður með ströndinni. Ég heimsótti þar Hannes Thorarinsson og konu hans, Th. Björnsdóttir. Hannes sýndi mér þá góðvild, að ganga með mér og sýna mér helztu part bæjarins, sem er rétt á sjávarbakkanum, einnig laxveiðiútbúnað, og sögunarmyllu þá stærstu þar í grendinni. Svo fór hann með mér 4 mílur þar inn með ströndinni. Þar búa 2 góðkunningjar minir, Pétur Finnsson, sem var félagi minn fyrstu 3 mánuðina, sem ég var í þessu landi. Við unnum þá báðir á braut C.P.R. félagsins, en vegir okkar skildu, þegar ég meiddist og var fluttur á sjúkrahúsið. Nokkru eftir það fór Pétur vestur, og hefir farnast vel. Ég man ekki hvað kona hans heitir. Þau eiga 3 börn, fallega útlítandi. Þau tóku mér, sem allir aðrir landar, ágætlega. Þau hafa keypt þarna 17 ekrur af landi. Hús þeirra stendur á tanga, umkringt af Dakotalæk og 50 aldinatrjám. Sjór fellur þar upp um flóð. Í október og nóvember gengur lax upp eftir þessum læk, og getur Pétur því veitt hann með því að kasta út veiðarkerum 10 faðma frá húsi sínu. Mikið af landinu er vel rutt, gott fyrir hafra og hey. Órutt land er þar virt á $50—$75 ekran.

Þá heimsótti ég Sigurð Bárðarson og konu hans. Sigurður er vel þektur frá Winnipeg fyrir lækningar sínar. Land hans er 69 ekrur, og er hann búinn að byggja hús á því, 22x32 að stærð, á höfða, sem liggur fram í sund, en sem þeir kalla California læk. Útsýni er þar fagurt fram á fjörðinn. 54 eplatré eru plöntuð kring um húsið og smáberjarunnar. Sigurður hyggur þar framtið fagra fyrir sig og aðra, sem þar búa á löndum í kring, og loft og veðurátt heilsusamlega.

Þann 9. júní, kl. 9 f.m., lagði ég af stað til Point Roberts, 12 milna sjóferð. Ó, hvað ég varð hress, þegar póstskipið hoppaði á öldunum yfir fjörðinn, sjávarlyktin og hafgolan var svo viðfeldin.

Þegar ég sté á land á tanganum og litaðist um, datt mér í hug, að útsýnið væri mjög likt og á Breiðafirði heima: Til hafs eyjar og útsker, til lands tignarlegir skógar, blómlegir akrar og lagleg bændabýli. Ég gisti í 4 nætur hjá góðkunningjum minum Eiriki Árnasyni og konu hans Guðríði Jónsdóttur, og B. Árnasyni. Eirikur keyrði mig um alla bygðina. Allstaðar var mér tekið þægilega. Fólk þar er frjálslegt og hefir góðar framtiðarvonir. Það var rétt að byrja sláttur og laxveiði. Margt af tangabúum, karlar og konur, vinna að einhverju leyti að því. — Fólkstala á tanganum mun vera 280, en alla tíma árs er þar margt af ferðafólki, og um laxveiðatímann vinna þar 1500 manns.

Eirikur á 40 ekrur af landi, og meira enn helmingur af því er yel unnið, mest hey og hafrar, einnig nokkrir berjarunnar og eplatré. — Gras fellur í júli og ágúst, en grænkar aftur, þegar haustregn kemur í september, og helzt við þar til í janúar. Í febrúar fer aftur að koma vorgróður.

Eirikur sýndi mér þann velgerning að skilnaði, að láta kunningja sinn Hinrik Eiriksson keyra með mig til Latnic, sem er bær Canada megin á ströndinni, og munaði dagleið fyrir mig. Með þessu móti komst ég til Vancouver á hálfum fjórða klukkutíma, kl. 11 f.m.

Með C.P.R. skipinu "Princess Charotte, sem er 380 fet á lengd og hefir rúm fyrir um 2000 farþega, tók ég far til Victoriu, 80 mílur. Útsigling fra Vancouver er mjög falleg, en rúmlítið er víða á milli skerja og eyja. Þegar komið er fram hjá öllum töngum og farið yfir sundið, er útsýni fagurt til strandar og fjalla. Innsigling til Victoria er aðlaðandi, grösugir hólmar og höfðar eru á bæði borð og ferðafólkið er að giska á, hvar skipið geti nú komist inn sundin, sem framundan eru. Við lentum í Victoriu kl. 6 e.m. Þar er fallegasta og hreinlegasta höfnin, sem ég sá á ströndinni. — Ég heimsótti þar Sigfús Guðmundsson og konu hans Guðrúnu Árnadóttir. Ég þekti þau að góðu á Íslandi og fyrsta ár mitt í Winnipeg.

Sigfús gekk með mér um kveldið um helztu stræti bæjarins. Þau eru falleg, byggingar góðar. Íbúatalan um 45 þúsundir, og fjölgar óðum. Framfarir á síðustu árum miklar. Victoria hefir mjög fullkomið gripasafn, og skemtigarðurinn Beacon Hill Park er með þeim fallegustu á ströndinni. Útsýni gott yfir bæinn, og hafið breiðir sig þar móti manni kyrt og tignarlegt.

Þann 15. júní kl. 5 e.m. lagði ég af stað með sama skipi áleiðis til Seattle, 87 milur. Þar var lent kl. hálfellefu um kveldið. Það er stórkostleg borg, með 350,000 íbúa, og nú mörg þúsund sýningargesti. — Aðal verzlunarbærinn er á 3 strætum, sem liggja með sjávarsíðunni og heita 1., 2., 3. Avenue. Lengd bæjarins er um 15 mílur og breidd 6 mílur. Fljótasti og bezti vegur til að kynnast bænum er að kaupa sér farmiða með bifreið, sem tekur ferðafólk þrisvar á dag frá hótelunum. Í bákni þessu eru 34 sæti og kosta $1.00 hvert. Maður stendur í lyfting og segir strætisnöfn og örnefni. Það er farið um fallegustu staði bæjarins, upp á hæðir og hóla, og þaðan sýnt yfir bæinn og hans dýrð. Svo er farið niður að vatninu Washington, sem er um 27 milur á lengd og 30 fet yfir sjávarmál. Skemtigarðar eru fram með vatninu, og á móti blasa við sumarbústaðir ríka fólksins frá Seattle. Fjöldi lystiskipa eru á ferð fram og aftur eftir vatninu. Skemtiferðir með þeim kosta frá 10c til 50c, eftir vegalengd. Það er hressandi og skemtilegt, og gott útsýni yfir mikinn part af bænum. Bifreiðar-ferðin tekur 2 kl.tíma.

Ég kom til Ballard, sem er aðalstöð Íslendinga í Seattle, og hélt til milli góðbúanna, hjá Jóni Oddssyni og konu hans Margréti Sigfúsdóttur, og Mr. og Mrs. J. Berg.

Atvinna er lítil í Ballard, en langt að sækja inn í aðalbæinn. — Félagslif sýnist þar gott, og nýlega var stofnuð Goodtemplararegla á meðal landa, sem vonandi er að vinni bug á þeim 13 áfengiskompum, sem hrúgað hefir verið upp við aðalstrætið í Ballard.

Ég skoðaði A. Y. P. sýninguna 2½ dag. Að lýsa öllu, sem þar var sýnt, væri of langt mál. Sýningargarðurinn er 254 ekrur að stærð. Yfir 70 byggingar eru á svæði þessu. Stigir eru allir sandsteypulagðir. Grasfletir, blómabeð og gosbrunnar skreyta garðinn. Þar eru skrautlegar byggingar, sem hafa inni að halda alt það fallegasta, eða á einhvern hátt það merkilegasta, sem það riki, er sýningin tilheyrir, hefir að bjóða.

Sumar byggingarnar eru ákaflega kostbærar. Til dæmis kostaði Washington byggingin ríkið $75,000, og aðal samkomuhöll sýningarinnar kostaði $300,000. Sæti eru þar fyrir 2500 manns.

Aðgangur að sýningunni er 50c. Frá 1. til 21. júní, að ég var þar síðast, var fólkstala, sem aðgöngu keypti, 476,210, eða að meðaltali 23,815 á dag. Öll þægindi og fæði er fólki veitt fyrir sanngjarna borgun.

Þann 21. júní, kl. 8 f.m., lagði ég af stað frá Seattle til Portland, Oregon, sem er 200 mílur suður frá Seattle. Mikið af þeirri leið er stórskógi vaxið, sem annarsstaðar á ströndinni, en eftir því sem sunnar dregur, verða landskostir betri, og fagrir búgarðar. Tveggja mílna löng járnbrautarbrú yfir Columbia fljótið tengir saman rikin Washington og Oregon. Bærinn Portland telur 300,000 íbúa, reisulegar byggingar og hreinleg stræti, og skemtigarðar margir.

Portland Hights, aðalskemtigarður bæjarins, er rétt utan við bústaði ríka fólksins. Upp á þessa hæð sneiða strætisvagnar. Þar eru öll þau lofts og lagar dýr, sem í því loftslagi geta lifað. Vötn og lækir eru þar til prýðis. Af sjónarhól er fagurt útsýni: Sunnan í hæðinni fjölskrúðugir aldingarðar, norðan Columbia fljótið með allan sinn skipafjölda og bæinn á fljótsbökkunum báðu megin. Þar má sjá umferð mikla á götunum, og Portland er sá eini bær á ströndinni, tem hefir eins góða strætisvagna og Winnipeg.

Þann 22. júní sneri ég heimleiðis sömu leið, til Seattle, og daginn eftir til Victoria.

Þann 24. júní, kl. 2 e.m., lagði ég af stað frá Victoria til Vancouver, og kom þar kl. 6 e.m. Um kveldið skoðaði ég Stanley Park, sem er aðal lystigarður bæjarins. Þar er fagurt um að litast, og fólk retkaði þar fram og aftur í kveldkyrðinni í skugga stórtrjánna.

Morguninn eftir mætti ég Birni Líndal og syni hans, sem voru að fara á sýninguna. Þeim degi vörðum við til að skoða bæinn, og heimsækja herra Árna Friðriksson, sem nú er búinn að setja upp stóra búð. Árni hefir þar von um góða framtið. Landeign í þeim parti bæjarins er óðum að hækka í verði, hefir Árni því keypt þar drjúgum eignir og selur aftur með góðum ábata. Framfarir eru miklar í bænum. Í viðbót við vel-hýstan verzlunarpart bæjarins, er verið að byggja margar stórbyggingar, 1—13 lyftar. Stræti eru falleg og umferð mikil, enda fólkstala þar orðin 95 þús.

Allan tímann, sem ég dvaldi á ströndinni, var tiðin yndislega góð: Morgnarnir svalir, miðjan úr deginum heit, en hressandi hafgolan á kveldin. Engin rigning til 27., þá góð skúr, en dögg á hverri nótt.

Þann 29. júní lagði ég af stað frá Vancouver, sem leið liggur upp með Fraser River. Landslag er þar hálsar og breiðir dalir með grösugu undirlendi. 283 mílur frá Vancouver kemur brautin að Shuswap vatni, og upp með því langan veg. Er þar fagurt útsýni og grösugt.

Um kveldið kl. 10 var komið til Revelstoke, senf er 379 mílur frá Vancouver. Þar var ég um nóttina. Um morguninn eftir, kl. 7, beygði ég suður af aðalbrautinni til Arrowhead. Þar tekur við gufubátur, sem flytur fólk og flutning eftir Arrowhead vatni til West Robson við suðurendann á vatninu. Vatnið er 127 mílur á lengd en 2 mílur á breidd. Á ströndinni beggja megin er nokkur bygð, en lítið undirlendi og há fjöll.

Til Robson var komið kl. 7. Þaðan er farið með járnbraut til Nelson, og liggur sú leið fram með Kooteney River, sem er beljandi jökulvatn, með tignarlegum fossum. Hliðarnar eru grösugar og útsýnið skemtilegt.

Til Nelson, sem er 562 mílur frá Vancouver, var komið kl. 8. Bærinn er umkringdur af háum fjöllum. Þar eru reisulegar byggingar og verzlun fjörug. Fólkstala er 6 til 7 þúsundir. Þar er aðalverzlunarstaður námamanna.

Þann 27. júní, kl. 6.10 f.m., lagði ég af stað frá Nelson með skipinu "Kuskanook, sem er 200 feta langt, og hefir gott farþegjapláss. Nú er farið eftir Kooteney vatni. Landslag er þar fallegt og búskapur nokkur, en víða er hann rétt í byrjun. Þó eru flest lönd fram með vatninu upptekin.

Til Kooteney Landing var komið kl. 11 f.m. Þar tekur við járnbraut. Nú fara fjöllin að verða grasi gróin, og breiðir dalir og undirlendi. Fríkkar nú óðum eftir því, sem austar dregur.

Fernie er vel bygður bær. Þar eru kolanámar. Hér og þar í fjalls hliðunum gína við inngangar í námana. Frá þeim liggja rennur, sem kolin hrynja ofan eftir ofan í stóra byngi niður hjá járnbrautunum.

Til þess að komast upp til Crows Nest, sem er hæsti staður, sem brautin fer um, 4,425 fet yfir sjávarmál. Þarf að fara 4 mílna langa lykkju, og er þá komið 200 fet hærra í fjallið. Að líta þar ofan snarbrettið, er það glæfralegasta, sem ég sá í fjöllunum.

Svo fer að halla austur af fjöllunum, sem þarna eru líkust íslenzku útsýni. Tignarlegar gnípur með hvita kollana eru að hverfa sjónum ferðamannsins. Ég horfði til fjallanna eins lengi og ég gat, og hugsaði eitthvað likt og nafni minn forðum: —

"Gat ei nema guð og eldur,
gert svo dýrðlegt furðuverk".

Þegar ofan í fjallsrætur kemur, herðir eimlestin óðum ferðina, fram hjá skrúðgrænum bölum og brekkum, og hóar til gripahirða, aðvörun um, að fara ekki í landhelgi C.P.R. Ekkert má tefja förina, því um sólarupprás skal komið til Medicine Hat. Þar varð ég eftir og beið eftir fólkslest, sem kom beina leið frá hafi, 822 mílur frá Vancouver.

Land í Alberta er öldumyndað, gott til griparæktar, en of sendið fyrir hveiti. Í Saskatchewan er likt landslag, en þegar kemur austur fyrir Swift Current, fer að byrja hveitiland. Í Moose Jaw var stansað, og spurði ég þar bændur um útlit hveitis, því lítið vit hefi ég á því sjálfur. Þeir sögðu, að í síðastliðin 15 ár hefði útlit aldrei verið eins gott og nú um þennan tima árs. Í Regina er útlit likt og í Manitoba, — það bezta, sem verið hefir í fleiri ár.

Ég kom heim 30. júní kl. 9 f.m., hæst ánægður yfir ferðinni, sem var bæði þægileg og fróðleg.

LEIÐBEININGAR--SKRÁ

YFIR ÁREIÐANLEGA VERZLUNARMENN Í WINNIPEG

MUSIC OG HLJÓÐFÆRI

CROSS, GOULDING & SKINNER, LTD.
323 Portage Ave. Talsími 4413

MASON & RISCH PIANO CO., LTD.
356 Main Stree Talsími 4 8 0
W. Alfred Albert, Íslenzkur umboðsmaður

WHALEY ROYCE & CO.
356 Main St. Phone 263
W. Alfred Albert, búðarþjónn.

BYGGINGA- og ELDIVIÐUR.

J. D. McARTHUR CO., LTD.
Bygginga- og Eldivður í heildsölu og smásölu. Sölust: Princess og Higgins Tals. 5060, 5061, 5062

MYNDASMIÐIR.

G. H. LLEWELLIN.
"Medallions" og Myndarammar
Starfstofa Horni Park St. og Logan Avenue

SKÓTAU Í HEILDSÖLU.

AMES HOLDEN, LIMITED.
Princess & McDermott. Winnipeg.

THOS. RYAN & CO.
Allskonar Skótau. 44 Princess St.

THE Wm. A. MARSH CO. WESTERN LTD.
Framleiðendur af Finu Skótaui. Talsími: 3710
88 Princess St. "High Merit" Marsh Skór

RAFMAGNSVÉLAR OG ÁHÖLD

JAMES STUART ELECTRIC CO.
324 Smith St. Talsímar: 3447 og 7802
Fullar byrgðir af alskonar vélum.

GOODYEAR ELECTRIC CO.
Kellogg's Talsímar og öll þarðtút, áhöld talsími 3023. 56 Albert St.

RAFMAGNS AKKOKÐSMENN

MODERN ELECTRIC CO
412 Portage Ave Talsími: 5658
Viðgjörð og Vir-lagning — allskonar.

BYGGINGA - EFNI.

JOHN GUNN & SONS
Talsími 1277 266 Jarvis Ave.
Höfum besta Stein, Kalk, Cement, Sand o. fl.

THOMAS BLACK
Selur Járnvöru og Bygginga-efni allskonar
76—82 Lombard St. Talsími 600

THE WINNIPEG SUPPLY CO., LTD.
298 Rietta St. Talsímar: 1936 & 2187
Kalk, Steinn, Cement, Sand og Möl

BYGGINGAMEISTARAR.

J. H. G. RUSSELL
Byggingameistari.
í Silvester-Willson byggingunni. Tals: 1068

PAUL M. CLEMENS
Bygginga - Meistari, 443 Maryland St.
Skrifst.: Argyle Bldg., Garry st. Talsími 5997

BRAS- og RUBBER-STIMPLAR

MANITOBA STENCIL & STAMP WORKS
421 Main St. Talsími 1880 P. O. Box 544.
Búum til allskonar Stimpla úr málmi og togleðri

VÍNSÖLUMENN

GEO. VELIE,
Heildsölu Vínsali. 185, 187 Portage Ave. E.
Smá-sölu talsími 352. Stór-sölu talsími 686.

STOCKS & BONDS.

W. SANFORD EVANS CO.
326 Nýja Grain Exchange Talsími 8390

ACCOUNTANTS & AUDITORS

A. A. JACKSON,
Accountant and Auditor
Skrifst.—25 Merchants Bank. Tals.: 5 7 8 8

OLÍA, HJÓLÁS-FEITI OG FL.

WINNIPEG OIL COMPANY, LTD.
Búa til Stein Olíu, Gasoline og hjólás-feiti
Talsími 1590 611 Ashdown Block

TIMBUR og BÚLÖND

THOS. QYSTAD, 208 Kennedy Bldg.
Viður í vagnhlössum til notenda, búlönd til sölu

PIPE & BOILER COVERING

GREAT WEST PIPE COVERING CO.
132 Lombard Street.

VÍRGIRÐINGAR.

THE GREAT WEST WIRE FENCE CO., LTD
Alskonar virgirðingar fyrir bændur og borgara.
76 Lombard St. Winnipeg.

ELDAVÉLAR O. FL.

McCLARY'S, Winnipeg.
Stærstu framleiðendur í Canada af Stóm, Steinvöru (Graniteware) og fl.

ÁLNAVARA Í HEILDSÖLU

R. J. WHITLA & CO., LIMITED
264 McDermott Ave Winnipeg
"King of the Road" OVERALLS.

BILLIARD & POOL TABLES.

W. A. CARSON
P. O. Box 225 Room 4 í Molson Banka.
Öll nauðsynleg áhöld. Ég gjöri við Pool-borð

NÁLAR.

JOHN RANTON
203 Hammond Block Talsími 8520
Sendið strax eftir Verðlista og Sýnishornum.

GASOLINE-Vélar og Brunnborar

ONTARIO WIND ENGINE and PUMP CO. LTD
301 Chamber St. Sími: 2935
Vindmillur — Pumpur — Agætar Vélar.

BLÓM OG SÖNGFUGLAR

JAMES BIRCH
442 Notre Dame Ave. Talsími 2632
BLÓM - allskonar. Söng fuglar o. fl.

BANKARAR, GUFUSKIPA AGENTR

ALLOWAY & CHAMPION
North End Branch: 667 Main street
Vér seljum Avísanir borganlegar á Íslandi

LÆKNA OG SPÍTALAÁHÖLD

CHANDLER & FISHER, LIMITED
Lækna og Dýralækna áhöld, og hospítala áhöld
185 Lombard St., Winnipeg, Man.

"20. ÖLDIN"

ÓHÁÐ VIKUBLAÐ.

Verð: $1.00 í Canada.
" $1.50 utan Canada
Borgist fyrirfram.

Útgefendur: Twentieth Century Pub. Co., Winnipeg. — Einkunnarorð: Fegurð, Sannleikur, Ást, Frelsi, Réttlæti. — Flytur ljóð, sögur, nýjar framfaraskoðanir, ritdóma og skritlur. Segir alt sem henni býr í brjósti og óttast ekkert milli himins og jarðar. Er sér ekki meðvitandi um nokkuð ljótt, og fer því hvergi í felur, en ræðir við alla eins og bræður og systur. Kemur til dyranna eins og hún er klædd og viðurkennir enga yfirboðara né undirgefna, æðri né lægri, heldur alla jafna.

Oss vantar umboðsmenn í hverri bygð og bæ. — Góð sölulaun.

Utanáskrift til blaðsins er:

"20. ÖLDIN"
(D. H.) Winnipeg.

Sérstakt tilboð:

Ef 4 slá sér saman og panta blaðið í einu kostar það á hvern 75c, fyrirfram borgað. Ef 10 panta í einu, þá að eins 50c.

ÚTGEFENDURNIR.

KENNARI

sem tekið hefir annað eða þriðja stigs kennaraleyfi, getur fengið kennarastöðu við Kjarnaskóla No. 647 frá fyrsta september 1909 til april-loka 1910, átta mánuðir. -- Tilboðum veitt móttaka af undirrituðum til fyrsta ágúst 1909.

TH. SVEINSSON.
29-7 Husawick P.O., Man.

$22 FYRIR $7

12 Alberta Special Cabinet Ljósmyndir og Ein Stór 16x20 þuml. Líf-stærðar Ljósmynd gefin með HverjuDúsíni. — Og Hvert Dúsín Kostar Aðeins —

$7.00

ÞETTA TILBOÐ GILDIR AÐEINS Í MYNDASTOFU VORRI Á PORTAGE AVENUE.

Wm. A. MARTEL,
MYNDASMIÐUR
255½ PORTAGE AVE.
Phone: Main 7764

Látið Ekki Leiðast inn á Hliðarsýningar.



BEZTU hringsýninga sæti eru ætlð í aðal tjaldinu, þar er "Stór sýningin". En vegurinn þangað er beggja megin skipaður aðdráttarminni og ódýrum auksýningum. Fyrir utan þær eru slægir hrópendur sem stífelt reyna að draga aðsækjendur frá aðal sýningarsviðinu. Og þannig er því varið með Rjómaskilvindurnar hér í Canada. MAGNET, eina rjómaskilvindan í Canada, er í "Stóratjaldinu" á aðal svæðinu, með stóru stál skálina sem studd er beggja megin, (Magnet Parent). Hún hefir einfaldan fleytir sem nær allri smjörfitu úr mjólkinni, og hreinsar einnig um leið öll óhreinindi úr henni.

Fullkomin "Square Gears" úr stáli endast í 50 ár. Magnet 'brake' vefst um skálina, (Magnet patent).

Vinnumagnið má takmarka eftir vild sinni í MAGNET Skilvindunni. Börn geta snúið henni. Hún er auðhreinsuð,—svo að það tekur aðeins helfings tíma móts við aðrar Skilvindur.

Slægu hrópendurnir reyna að hamla mjólkur-bændunum frá að komast í stóratjaldið. Látið ekki háreysti þeirra villa yður. En komið í Aðaltjaldið til MAGNET, athugið gerð hennar og 11 ára orðstír í landi voru. Þegar þér eruð komnir inn í "Aðaltjaldið" þá ræður MAGNET fyrir yður skilvindu gátuna í næstkomandi 50 ár. —

The Petrie Mfg. Co., Limited
WINNIPEG
HAMILTON. ST. JOHN. REGINA. CALGARY.

Því ekki að hafa beztu Píanó?

Gamla Félagsins
Heintzman & Co. PÍANÓ

er beztu Píano, sem búið er til í Canada, og er með þeim beztu, sem gerð eru í nokkru landi í heimi. Í meir enn 50 ár hefir félag þetta verið að bæta fullkomnun þess og hljómfegurð, þar til nú að það er svo fullkomið, sem mannlegt hugvit getur frekast gert það.

J. J. H. McLean & Co LIMITED.

528 Main St. Talsími 808
ÚTIBÚ Í BRANDON OG PORTAGE LA PRAIRIE.

Fréttir úr bænum.

Roblin stjórnin hefir á stjórnarráðsfundi þann 27. þ.m. ákveðið, að veita 250 þús. dollara til þess, að heimssýning verði haldin hér í borg árið 1912.

Húrra fyrir Winnipeg og Vesturlandinu!

Allir Íslendingar hér í borg, sem mögulega geta komið því við, ættu að sækja Íslendingadagshátíðahaldið í River Park á mánudaginn kemur, 2. ágúst. Neindin hefir lagt sig alla fram um, að vanda sem bezt til hátíðahaldsins, eins og sjá má á skemtiskrá dagsins, sem prentuð er á öðrum stað í þessu blaði. — Fólk ætti einnig að láta sér ant um að koma í snemma út í garðinn.

Að kveldi þess 21. þ.m. gaf séra Jón Bjarnason saman í hjónaband í Fyrstu lútersku kirkjunni hér í bænum þau herra Sigurbjörn Pálsson, trésmið, og ungfrú Solveigu Guðrúnu Johnson, fósturdóttur Mr. og Mrs. Stefán Johnson, 694 Maryland St. — Heimskringla óskar hinum ungu hjónum allra heilla

Herra Björn Guðmundsson, fyrrum póstur á Íslandi, sem mörgum er að góðu kunnur, og dvalið hefir vestur í Saskatchewan fylki í sl. 2 ár, kom til bæjarins fyrir nokkrum dögum á leið til Nýja Íslands, þar sem hann hyggur að dvelja það sem eftir er ævinnar. — Björn er nú orðinn 69 ára gamall og alblindur. Hann hefir enga von um bata við þessum sjúkdómi, þar sem hann er kominn á svo háan aldur. — Björn biður Heimskringlu að færa Íslendingum í Mozart bygð innilegt þakklæti fyrir allan þann velgerning, sem þeir hafa látið honum í té, og sérstaklega herra Snorra Kristjánssyni, sem hann segir að hafi reynst sér sem bezti bróðir, og borgað sér betur fyrir þann kaupskap, sem þeim hafi milli farið, heldur enn um hafi verið samið.— Björn bjóst við, að þetta yrði í síðasta sinni, sem hann mætti kunningjum sínum hér í bæ, og bað blað vort að bera þeim öllum kæra kveðju sína og heillaóskir.

Það slys varð hér í borg á sunnudagskveldi var, að partur af pappirsheildsöluhúsi J. C. Wilson félagsins féll til grunna. Bygging þessi var 6-lyft múrsteinshús, og virðist hafa verið traustlega bygð upphaflega. En fyrir 2 árum hafði vatnsþró verið bygð ofan á þak hússins, og var hún fylt vatni og er þungi hennar sagður að hafa verið 88 tons, og er talið að þessi þungi hafi orsakað hrunið, enda féll eingöngu það horn hússins, sem þróin stóð á, og vatnsþróin sjálf féll niður gegn um alla bygginguna og niður á kjallaragólf. — Þar eð þetta gerðist á sunnudagskveld, svo engir verkamenn voru í byggingunni og fáir þar á ferð, varð ekkert manntjón að.

Tveir menn klemdust milli stræt isbrautavagna á horninu á Logan Ave. og Main st. á sunnudaginn var. Þeir urðu í einhverju ógáti milli vagnanna, þar sem þeir beygðu hver hjá öðrum á horninu. En svo var vitnaframburður óljós, að það varð að fresta rannsókn í málinu.

Það slys vildi til í Gimli bæ á mánudaginn var, að í boltaleik þeim, sem þar var hafður í sambandi við skemtiför Bandalagsins héðan úr bæ þangað ofan eftir, að Sveinbjörn, sonur Ketils kaupmans Valgarðssonar, viðbeinsbrotnaði. Hann var einn þeirra, sem tók þátt í leiknum. En hvernig slysið orsakaðist, hefir ekki frézt.

Herra Pétur Nikulásson frá Kristnes P.O., Sask., var hér í borg í sl. viku með tvö vagnhlöss af gripum. Hann fékk hér ágóðan markað fyrir gripina. Pétur stundar gripaverzlun jafnt búskap í bygð sinni, og flytur að jafnaði í hverjum mánuði eitt til tvö vagnhlöss af lifandi peningi (nautum og svínum) til sölu hér í borg. — Hann sagði haglstorm hafa komið þar vestra fyrra sunnudag, en vissi ekki, hverjar skemdir höfðu orðið þar á ökrum bænda. Grasvöxt sagði hann ágætan vestra og uppskeruhorfur góðar eins og nú stendur. Regnfall hefir verið nægilegt síðan í miðjum júní, og allir flóar nú fullir af vatni.

Í síðustu viku var hér á ferð herra Valdimar Blöndal, frá Mozart, Sask., í skemtiferð til kunningja og vina. Hann dvaldi hér nokkra daga, fór svo til Selkirk og Gimli, og fer svo til Norður-Dakota, að skoða bygðir Íslendinga þar. — Herra Blöndal hefir verið hér vestra um sjö ára bil, fyrst eitt ár í Grafton í Norður-Dakota, en sex ár í Saskatchewan fylki. Hann tók þar land fyrir fimm árum, og hefir dvalið á því síðan. En hefir nú selt landið fyrir $2500. — Blöndal kom vestur hingað frá Holtastöðum í Langadal í Húnavatnssýslu á Íslandi, þá efnalaus. En nú, fyrir stakan dugnað og ráðdeild, er hann orðinn vel megandi á þessu sex ára tímabili. Hann býst við, að ferðast um meðal kunningja sinna í nokkrar næstu vikur, og skreppa svo heim til Íslands á næsta sumri, að finna ættingja sína þar.

Úr bréfi frá Brandon, dags. 26. þ.m.: — "Ungfrú Hinriksson, frá Churchbridge, smjörgerðarkonan mikla, sem vann flest verðlaunin á Winnipeg sýningunni í þessum mánuði, — hefir einnig sýnt iðprótt sína hér og hlotið hæstu verðlaun fyrir smjörgerð. Fyrstu verðlaunin voru $75.00 rjómaskilvinda, gefin af International Harvester Company of America."

Herra Sigurður J. Jóhannesson, sem um nokkra undanfarna daga hefir verið á ferð um Áptavatnsnýlendu, segir afarmikla þurkatíð hafa verið þar vestra í alt sumar, þar til veðrið mikla um daginn. Þá kom hellirigning og ofviðri svo mikið, að þök tóku af húsum. — Síðan hefir verið hagstætt gróðrarveður, og hafa bændur þar von um alt að meðalárs heyafla.

HÚS TIL LEIGU í vesturbænum, 3 herbergi og geymsluloft, $8 á mánuði. — Finnið Hkr.

Aukafundur

verður haldinn í kveld (miðvikudag, 28. júlí) í Ungmennafélagi Únitara, á venjulegum stað og tíma. Allir félagsmenn ættu að sækja þennan fund, því mjög áríðandi málefni verður til meðferðar.

Þessir nemendur herra S. K. Hall hafa staðist próf í pianospili og söngfræði við "The Winnipeg School of Music", fyrir kenslutímabilið 1908—9: —

í 1. bekk.
Cleta Campbell.
Mable Joseph.
Carolina Gunnlaugsson.

í 2. bekk.
Maggie Eggertsson.
Hlaðgerður Kristjánsson.
Frank Polson.
Olla Bardal.
Cleta Campbell.
Carolina Gunnlaugsson.

í 3. bekk.
Louise Oliver.
Laura Blöndal.
Emma Jóhannesson.
Eila Campbell.
Rooney Thorarinsson.
E. Lowell.

Prófdómendur voru þeir Rhys Thomas og J. S. Ambler.

Undirbúningskensla fer fram í fyrsta og öðrum bekk, en í þriðja bekk byrjar aðal skólanámið, og þeir, sem komast upp úr fjórða bekk, fá lægra stigs kennarapróf í þessari fræðigrein.

HERBERGI, stór eða lítil, getur einhleypt fólk fengið til leigu að 539 Toronto st.

Mílur af Gaspípum
höfum vér yður til þæginda. Að brúka Gas til eldsneytis, er
VINNU SPARNAÐUR
HEILSU SPARNAÐUR OG PENINGA SPARNAÐUR
Leitið yður frekari upplýsinga hjá
Gas Stove Dept. Winnipeg Electric Ry. Co.
322 MAIN ST. TALS. Main 2522

YÐAR **$1.00** kaupir vora
$3.00 SKÓ

Salan byrjaði á þriðjudaginn 27. þ.m.: Kven-ökla skór og morgunskór, handsaumaðir, snúnir sólar. Einnig mislitir kvenskór af ýmsum tegundum. Vanaverð frá $1.50 til $3.00. Söluverð nú

$1.00

Komið með fæturna í hundraðatali. Vér höfum skó fyrir þá alla.

Ryan-Devlin Shoe Co
494 MAIN ST. PHONE 770.

Fréttabréf.

Háttvirti ritstj. Hkr.

Ég og konan mín erum nýlega komin heim úr ferð okkar norður í Narrows bygð. Við fórum þangað til að heimsækja bróður minn, St. Stephansson, póstafgreiðslumann, og í tilefni af ferð okkar þangað norður, vildum við biðja þig að gera svo vel, að ljá þessum fáu línum rúm í þínu heiðraða blaði.

Við fórum með járnbrautinni til Westbourne og þaðan með gufuskipi alla leið til Narrows, og það an keyptum við keyrslu til St. bróður míns, sem ásamt hans góðu konu tók okkur tveim höndum, og gerðu alt sem þau gátu til þess að láta okkur liða sem bezt á meðan við dvöldum hjá þeim. Við heimsóttum nokkur heimili þar í bygðinni, og mættum hvarvetna mestu rausn og velvild, enda virtist okkur fólkinu liða yfirleitt vel.

Einn daginn keyrðu hjónin okkur til herra J. K. Jónassonar, og var okkur tekið þar af mestu rausn, og ekki minnumst við að hafa mætt jafn miklum höfðingsskap og bróðurhug hjá algerlega ókunnugu fólki, eins og þar norðurfrá. Herra Jónasson hefir mjög ánægjulegt og gott heimili. Hann hefir nýlega byrjað á verzlun, og furðaði okkur stórlega á, hvað hann seldi vörur sínar ódýrt, svo langt frá járnbraut. Og er auðséð, að maðurinn er að verzla fyrir fólkið eins mikið og sjálfan sig, og ættu menn því að hlynna að verzlun hans, sem verðugt er.

Áður enn við lögðum af stað heimleiðis höfðu þau hjónin Mr. og Mrs. Stephansson heimboð hjá sér, og buðu til sínu stórum hóp af fólki bygðarinnar, og fengum við á þann hátt, okkur til mestu ánægju, að kynnast ofurlítið fólki, sem við höfðum aldrei áður séð.

Mr. J. K. Jónasson stýrði samsætinu, og fór það fram prýðilega. Fjörugar ræður voru haldnar öðru hvoru, og komu þar í ljós margar heilbrigðar og góðar hugsjónir. Helztu ræðumenn voru þeir herra Jónasson og herra Jón Jónsson frá Sleðbrjót. Á milli ræða var ágætur söngur, er herra Jónasson veitti einnig forstöðu, og svo var dans fyrir þá, sem það vildu.

Við vorum mjög hrifin af að sjá og heyra, hvað fólkið var samhuga um, að gera okkur stundina sem ánægjulegasta, og munum við ávalt minnast hennar og þeirra, sem þar áttu svo góðan þátt í, með þakklæti, og teljum hana eina af þeim mestu og beztu gleðistundum okkar á lífsleiðinni.

Og að endingu viljum við senda Narrows bygðinni og þeim, sem þar búa, okkar beztu hamingjuóskir, og vottum þeim, sem glöddu okkur og sýndu okkur alúð og gestrisni, okkar innilegt þakklæti.

Blessist og blómgist bygðin ykkar!

Elphinstone, 10. júlí 1909.

Mr. og Mrs. B. Stephansson.

Stefán Johnson
Horni Sargent Ave. og Downing St.
HEFIR ÁVALT TIL SÖLU
Nýjar Áfir
Beztu í bænum. Ágætar til bökunar. 15c gallón

R. DENOVAN
Undir-umboðsm. Ríkislanda.
VEITIR borgarabréf, selur Hudson's-flóa lönd og önnur ábúðar lönd, og járnbrautalönd og bæjarlóðir. Einnig elds- og haglábyrgð. Lánar peninga gegn tryggingu í umbættum búlöndum.
Wynyard, - Sask

TAKIÐ EFTIR!
Allir þeir sem vilja taka þátt í 10 mílna kapphlaupi á Íslendingadeginum 2. ágúst næskomandi, eru ámintir um að gefa nöfn sín, munnlega eða skriflega til undirritaðs, eigi síðar en 30. þ. m. Þeir verða allir númeraðir niður eftir þeirri röð sem nöfn þeirra berast mér í hendur.
MAGNÚS PETERSON,
ritari nefndarinnar.
613 Toronto Street.

TIL SÖLU

Ég hefi til sölu í Cypress bygðinni eina section (640 ekrur) í góðu akuryrkjulandi, 6 mílur frá góðum markaði. 450 ekrur eru ræktaðar, hitt er skógur og bithagi. Hús úr timbri er á landinu og fjós fyrir 40 gripi, auk annara bygginga. Löndin eru umgirt með 2 strengjum af vír, og 90 ekrur inngirtar fyrir gripi. Gnægð af ágætu vatni er á landinu.

Líka skal ég selja með löndunum, ef óskað er eftir, 12 hross, 30 nautgripi, á annað þúsund dala virði af akuryrkju verkfærum og öðrum áhöldum, bæði innan húss og utan. Auk þess gufuþreskivél með öllu tilheyrandi. Uppskeru á 300 ekrum skal ég einnig selja með eða taka hana sjálfur af, eftir samkomulagi. Alt þetta framangreinda skal ég selja með mjög sanngjörnu verði. Nánari upplýsingar um verð og borgunarskilmála, fást hjá undirrituðum, bréflega eða munnlega.

G. J. Oleson,
Box 204. GLENBORO, MAN.

KENNARA VANTAR
til Geysir skóla No. 776. Kenslutími 6 mánuðir, frá 15. sept. til 15. desember, og frá 1. jan. til 31. marz 1910. Kennarinn verður að hafa 2. próf "Certificate" fyrir Manitoba. Tilboð, sem tiltaki kaup ásamt æfingu, sendist undirrituðum fyrir 30. júlí næstkomandi.
Geysir, Man., 28. júní 1909.
B. JOHANNSSON,
29-7 Sec'y-Treas.

Dr. M. Hjaltason,
Oak Point, Man.

Við Prentum

Allt frá hinum minsta auðgöngumiða upp að stærstu bók. Ef þú hefir eitthvað sem þú ætlar að láta stílsetja og prenta, þá komdu með það til okkar svo að við getum sýnt þér hvað lítið það kostar. Við gerum verkið eins og þú vilt og þegar þú vilt.

THE ANDERSON CO.,
PROMPT PRINTERS
COR. SHERBROOKE & SARGENT

Giftingaleyfisbréf
selur: Kr. Ásg. Benediktsson
540 Simcoe st. Winnipeg.

Jónas Pálsson,
SÖNGFRÆÐINGUR.
Útvegar vönduð og ódýr hljóðfæri.
460 Victor St. Talsími 6803.

Íslenzkur Tannsmiður,
Tennur festar í með Plötum eða Plötulausar. Og tennur eru dregnar sársaukalaust með Dr. Mordens sársaukalausu aðferð
Dr. W. Clarence Morden, Tannlæknir.
Sigurður Davidson—Tannsmiður.
620½ Main St.
Phone 470 Horni Logan Ave.

A. S. BARDAL
Selur líkkistur og annast um útfarir. Allur útbúnaður sá bezti. Enfremur selur hann allskonar minnisvarða og legsteina.
121 Nena St. Phone 306

Þarft þú ekki að fá þér ný föt?

EF ÞAU KOMA FRÁ CLEMENT'S, — ÞÁ VERÐA ÞAU RÉTT.

Réttur að efni, réttur í sniði réttur í áferð og réttur í verði.

Vér höfum miklar byrgðir af fegurstu og beztu fataefnum. —

Geo. Clements & Son
Stofnað árið 1874
264 Portage Ave. Rétt hjá Free Press

Th. JOHNSON
JEWELER
286 Main St. Talsími: 6606

JOHN ERZINGER
TÓBAKS-KAUPMAÐUR.
Erzinger's skorið reyktóbak $1.00 pundið
Hér fást allar neftóbaks-tegundir. Óska eftir bréflegum pöntunum.
McINTYRE BLK., Main St., Winnipeg
Heildsala og smásala.

Dr. G. J. Gislason,
Physician and Surgeon
Wettington Blk. - Grand Forks, N.Dak
Sjerstakt athygli veitt AUGNA, EYRNA, KVERKA og NEF SJÚKDÓMUM.

Drs. Ekern & Marsden,
Sérfræðislæknar í Eftirfylgjandi greinum: — Augnasjúkdómum, Eyrnasjúkdómum, Nasasjúkdómum og Kverkasjúkdómum.
Í Platky Byggingunni í Bænum
Grand Forks, :: N. Dak.

BILDFELL & PAULSON
Union Bank 5th Floor, No. 520
selja hús og lóðir og annast þar að lútandi störf; útvegar peningalán o. fl.
Tel.: 2685

J. L. M. THOMSON, M.A., L.L.B.
LÖGFRÆÐINGUR. 255½ Portage Ave.

ANDERSON & GARLAND
LÖGFRÆÐINGAR
35 Merchants Bank Bldg. Phone: 1561

BONNAR, HARTLEY & MANAHAN
Lögfræðingar og Landskjala Semjarar
Suite 7, Nanton Block, Winnipeg

Hubbard, Hannesson and Ross
LÖGFRÆÐINGAR
10 Bank of Hamilton Chambers
Tel. 378 Winnipeg

Boyd's Brauð
eru ætíð góð. Það er ómögulegt að búa til betri brauð, en vér búum til. Vér brúkum að eins beztu mjöltegundir, beztu brauðgerðaraðferðir og æfðustu bakara. Ef þér viljið fá brauð, sem er æfinlega gott, þá biðjið um Boyds brauð.
Boyd's
Bakery Cor. Spence & Portage Ave
Phone 1030.

W. R. FOWLER A. PIERCY.

Royal Optical Co.
327 Portage Ave. Talsími 7286.
Allar nútíðar aðferðir eru notaðar við augn-skoðun hjá þeim, þar með hin nýja aðferð, Skugga-skoðun, sem gjöreyðir öllum ágiskunum. —

Laing Brothers
3 Búðir:
234-6-8 KING ST.
Talsími 4476, 5890, 5891
417 McMILLAN AVENUE
Talsími 5596
847 MAIN ST. — Tals: 3016

Hafrar, Hey, Strá,
COUNTRY SHORTS, BRAN, CORN, CORN CHOP, BYGG CHOP, HVEITI CHOP, OG GARÐAVEXTIR.
Vér höfum bezta úrval gripafóðurs í þessari borg; fljót afhending

EKRU-LOÐIR

3. til 8 ekru spildur við rafmagns brautina, 5 mílur frá borginni, — aðeins 10 mínútna ferð á sporvagninum, og mótborin keyrslusvegur alla leið. Verð $200 ekran og þar yfir. Aðeins einn-fimtipartur borgist strax, hitt á fjórum árlegum afborgunum.—

Skúli Hansson & Co.

Skrifst. Telefón 9476. Heimilis Telefón 2274

Heimskringla.

VÉR HÖFUM

næga skildinga

til að lána yður mót tryggingu í bújörðum og bæjar-fasteignum. Seljum lífsábyrgðir og eldsábyrgðir. Kaupum sölusamninga og veðskuldabréf.

Frekari upplýsingar veita

Skúli Hansson & Co.

56 Tribune Building. Winnipeg.

XXIII. ÁR. WINNIPEG, MANITOBA, FIMTUDAGINN, 5. ÁGÚST, 1909 NR. 45

Komið til Mín!

og skoðið hjá mér hin margreyndu og alkunnu BRANTFORD reiðhjól.

Þau eru langbeztu reiðhjól sem fást hér í Canadá, — og líklega þó víðar sé leitað. Ekki þurfið þér að óttast skilmálana; þeir munu koma heim við hvers manns vasabuddu. Komið til mín með gömlu reiðhjólin til aðgerðar.

West End Bicycle Shop,

JON THORSTEINSSON, eigandi.

477 PORTAGE AVE. Winnipeg, Man

Fregnsafn.

Markverðustu viðburðir hvaðanæfa.

— Sjóskrýmsli mikið sást nýlega hjá Hatteras höfða. Það var í ormsliki, 80 feta langt og 6 fet ummáls. Ormur þessi hafði ugga og fór mikinn gegn um öldurnar, og straukst rétt með hliðinni á norsku seglskipi, sem þar var á ferð. Kaíteinn Sörensen kvaðst ekki hafa átt kost á, að mæla skepnu þessa nákvæmlega, en sagði áætlun sína um stærð hennar ýkjulausa.

— Herra Aristide Briand, hinn nýi stjórnarformaður Frakka, er ákveðinn Sósialisti og svæsinn mótstöðumaður kirkjunnar. Í svari sínu til þeirra, sem nýlega heimtuðu að vita skoðun hans og fyrirætlanir í stjórnmálum, sagði hann: — "Ég er enn þá jafnaðarstefnumaður, og sem stjórnarformaður, mun ég gera alt, sem í mínu valdi stendur til þess að efla þá stefnu, að því einu undanskildu, að ég mun ekki hætta stjórninni eða kljúfa hana jafnaðarstefnunnar vegna". Hann var áður mentamálastjóri ríkisins, og talinn einn af mikilhæfustu mönnum Frakka. Hann er lögfræðingur og rithöfundur, og hefir lag á því, að laða að sér menn með gagnstæðum skoðunum. Víst er þó talið, að hann muni ekki lengi halda stjórnartaumum þar í landi.

— Átta punda þungur drengur fæddist þeim hjónum Mr. og Mrs. T. Tenzek í Middletown, Conn., í Bandaríkjunum, þann 26. júlí — Sveinbarn þetta er líka einkennilegt fyrir það, að þó líkaminn sé á vanalegri stærð, þá hefir það 4 handleggi, 4 fætur og 2 höfuð. Er annað höfuðið á réttum stað, en hitt stendur fram úr kviðnum. — Barnið er lifandi og neytir fæðu, og læknar segja það muni geta lifað með góðri meðferð.

— Hveitisláttur byrjaði á landi herra W. H. Elford, bónda að Carman hér í fylkinu, þann 30. júlí sl. og hjá Strathcona í Alberta var hveitisláttur byrjaður þann 31. júlí.

— Bandaríkja stjórnin keypti flugvél þeirra Wright bræðra, eftir að þeir hafa með ýmsum tilraunum sýnt, að hún fylli öll þau skilyrði, sem stjórnin setti fyrir því, að hún keypti vélina. En skilyrðin voru meðal annars þau, að hún gæti verið í loftinu yfir klukkustund, borið 2 farþega og farið yfir 40 mílur á klukkustund. Fyrir tilraunirnar fengu þeir bræður 5 þúsund og fyrir vélina 25 þúsund dollara.

— Jarðskjálíti varð í Mexico þann 30. júlí sl., einkanlega í suðvestur og miðhlutum ríkisins. — Manntjón varð mikið og eignatjón talsvert. Einnig gekk þá flóðalda yfir Acapulco borg, og sópaði með sér hundruðum kvenna og barna á sjó út, sem öll fórust. Mikill skaði hefir og víða orðið á vesturströnd ríkisins, þó fregnir um það séu enn óljósar. — Margir urðu undir húsum, sem féllu til grunna í jarðskjálítanum.

— Krúpp fallbyssugerðar félagið mikla á Þýzkalandi er að semja um kaup á heilu þorpi. Félaginu þykir þorp þetta vera fyrir sér, þegar það er að reyna sínar nýju fallbyssur, og til að komast hjá nokkrum óþægindum af því, ætlar það að kaupa bæinn eins og hann stendur, rífa síðan niður öll húsin, svo mannabygð sé engin hætta af skotunum.

— Háskólaráð Frakklands er að stofna tvær deildir til þess að kenna loftsiglingar við háskólann. Tveir auðmenn hafa ánafnað háskólanum riflegar upphæðir í þessu augnamiði. Annar þeirra gaf 10 þúsund dollara til að stofna eina loftsiglingadeild við háskólann í París, og 3 þúsund dollara árlegan styrk þar eftir. Hinn gaf 140 þús. dollara til þess að stofna og viðhalda loftsiglingadeild í sambandi við vísinda kensludeild skólans.

— Nýlega fræddi frú Despard — ein af ákölfustu kvenfrelsiskonum á Englandi, tilheyrendur sína á því, að hún hefði um tveggja ára tíma gersamlega neitað að borga nokkura opinbera skatta, og að hún væri eina manneskjan þar í landi, sem stjórnin væri ráðalaus með. Sér hefði oft verið stefnt, en alt af hefði hún einhvernveginn komist undan dómi. Að síðustu voru menn sendir heim í hús hennar, og þaðan báru þeir skrautmuni hennar og reyndu að selja þá við opinbert uppboð. En allstaðar neituðu uppboðssalar að selja hlutina. — Gamla konan kvaðst ekki vita, hve lengi þóf þetta kynni að ganga milli sín og stjórnarinnar. En það kvaðst hún geta sagt með vissu, að hún borgaði aldrei opinbera skatta, fyr en hún fengi jafnrétti við karlmenn í landsmálum. — Nokkrir karlmenn, sem voru á samkomunni, og voru andvígir kröfum kvenna, tóku þá að hrópa: —"Niður með pilsin, niður með pilsin!". En konur hrópuðu á móti: — "Upp með pilsin! Niður með brækurnar!" — Eftir það varð engu tauti á komið, svo fundi var slitið.

— Fjörutíu þúsund Svíar gerðu verkfall í ullar og klæðagerðar verkstæðum í Svíþjóð þann 27. júlí. Skorað er á alla verkamenn þar í landi, að gera verkfall þann 4. ágúst, ef ekki gengur saman með verkfallsmönnum og verkveitendum.

— Stjórnir Ástralíu og Englands hafa komið sér saman um, að lækka hraðskeytagjald með hafþráðum til fréttablaða, frá Indlandi, Burma, Ástralíu og Tasmaníu niður í 18c hvert orð.

— Ofsaveður í Chicago á föstudaginn var varð 8 mönnum að bana, og margir féllu í ómegin af hita, 3 biðu bana af eldingum, 4 dóu af sólstungu og yfir 40 manns mistu meðvitundina. Vindurinn reif þök af nokkrum húsum. Þetta þrumuveður sleit tal- og málvíra og ljósvíra, og nokkrir menn meiddust við það. Eldingar kveiktu í húsum víðsvegar í borginni. Þetta er talinn einn mesti stormur, sem þar hefir komið um margra ára tíma.

— Feikna flóðalda í Kína drekti þann 30. júlí þúsund manns í Chung Ching fylkinu, og eyðilagði um 7 þúsund smáhýsi.

— Engisprettu plága í austurhluta Quebec fylkis hefir orðið bændum svo örðug, að þeir hafa neyðst til að slá akra sína hálfsprotna til þess að firrast algerðu tapi á uppskerunni, ef hún hefði verið látin standa á ökrunum.

Uppreistin á Spáni.

Ástandið á Spáni er um þessar mundir sérlega óskyggilegt. Uppreistarmenn í lendum Spánverja í Afríku hafa í öllum höndum við þá þar. Márarnir hafa að minsta kosti sex öflug hervirki og mikinn her manna, og svo eru þeir djarfir, að þeir ráðast á öflug vígvirki Spánverja þar, og ná þeim á vald sitt. Heima fyrir er og uppreistarandinn einatt að glæðast, sérstaklega norðaustan til í Catalena fylkinu, þar sem Barcelona er höfuðborgin. Svo stendur á að þingmenn þess fylkis gengu af þingi árið 1906 af þeirri ástæðu, að lög voru samþykt á því þingi, er takmörkuðu málfrelsi þegar um aðfinslur viðvíkjandi hermálum og hernum var að ræða. Síðan hefir aldrei gróið um heilt með fylkisbúum og öðrum ríkishlutum, og svo langt hefir gengið, að fylkisbúar hafa hætt við orð að slita sambandi við ríkisheildina, þó enn þá hafi ekki orðið af því. En nú, þegar Márar risu upp á móti veldi Spánar í Afríku, þá notuðu Catalena fylkisbúar tækifærið til þess, að blása sem mest að uppreistarkolunum heima fyrir.

Annars virðist óánægjan með stjórnina vera almenn, því að hvar sem konungur sést á mannamótum úti, er æpt að honum, og sumir ganga svo langt, að hrópa: "Niður með konunginn!"

Að einhver hætta sé álitin að vera á ferðum heima fyrir, má marka af því, að móðir konungs og drotning hans með börn þeirra hjóna, hafa orðið að flýja land sitt og tekið sér griðastað á Frakklandi. Það er opinberlega auglýst, að það sé algerlega komið undir atvikum, hvort þær komi nokkurntíma til Spánar aftur, — með því að stjórnin óttast, að konungi verði ef til vill velt af stóli, eða jafnvel að hann missi líf fyrir vopnum einhverra uppreistarmanna.

Í Barcelona bæ eru róstur daglegar og alt er þar í uppnámi. Uppreistarmenn brúka sprengikúlur, og hafa þegar gert tjón mikið á eignum og lífi manna.

Enginn veit um hið sanna ástand í landinu, því stjórnin lætur rannsaka hvert hraðskeyti og hverja blaðagrein, sem úr landi er send, og leyfir engum öðrum fregnum út að berast en henni gott þykir. Húsbrunar eru tíðir og menn hverfa skyndilega í hundraðatali. Enginn veit, hvað af þeim verður. En konur og unglingar ganga um göturnar í leit eftir bændum, feðrum og sonum sínum. Lýðurinn hefir ráðist á hervaldið, og svo varð aðsóknin hörð, að jafnvel þó stórskotaliði væri beitt á múginn, þá urðu herdeildir stjórnarinnar að sætta sig við, að geta að eins varist áhlaupunum. Götur borgarinnar voru blóði drifnar þann 29. júlí, því þá stóð bardaginn yfir allan daginn.

Stjórninni dylst ekki, að ríkið er í uppnámi, og að mikill og langvarandi viðbúnaður hefir verið hafður til þess að ná því takmarki, sem nú er að komið: — að steypa konunginum úr sessi og koma á lýðstjórn í landi þar.

Íslands fréttir.

Blaðið Ísafold, dags. 3. og 7. júlí, kom hingað á miðvikudaginn í síðustu viku. Helztar fréttir í þeim blöðum eru: —

Kvartað mjög um óreglu norskra sjómanna á Siglufirði, er þar hafa stundað síldveiði svo árum skiftir. Sú saga höfð eftir presti þeirra, að þeir liggi í áflogum, drykkjuskap og drabbi með ýmsum hætti dag og nótt. Ólöglegri áfengissölu í landi kent um þetta, sagt að mikil brögð séu að henni, og ekkert gert til að hnekkja henni. Menn nota þar mjög eitthvert súrsaft, sem áfengismeðal og verða alveg vitlausir af því.

Fjárkláðinn kominn í 4 hreppa í Árnessýslu og í Þverárhrepp í Húnavatnssýslu. Einnig hefir kláðans orðið vart í Mýra- og Borgarfjarðarsýslum. Kláðans varð vart, þegar farið var að rýja í vor. En þegar dýralæknir rannsakaði málið, var búið að sleppa fé á afréttir.

Þann 6. júní sl. brann bærinn að Keflavík í Skutulfirði, kl. 10 árdegis. Öll bæjarhús brunnu á rúmri klukkustund. Alt óvátrygt. Bóndinn Jón Hjaltason, efnalítill fjölskyldumaður, hafði nýl. keypt jörðina, og býður nú stórtjón við brunann.

Hafnarbryggja í Stykkishólmi nú fullgerð, og hefir kostað 45,000 kr. Landssjóður veitti 10 þús. kr., sýslusjóður 2 þús., sparisjóður Stykkishólms 1 þús., kaupmenn gáfu 4,500 kr. Hitt hefir Stykkishólmshreppur útvegað að láni. Hafnarsjóður Stykkishólms annast um viðhald bryggjunnar og afborgun og vexti.

Gasstöð á að byggja í Reykjavík í haust. Byrjað verður mjög bráðlega á því verki.

Inntökupróf í Mentaskólann fór fram 27. og 28. júní sl. Undir það gengu 19 nemendur, og stóðust 16 prófið, 9 sveinar og 7 meyjar.

Tekjur landsimans á fyrsta ársfjórðungnum 1909 urðu 18,617 kr. Á sama tímabili í fyrra 10,313 kr.

Tekjur leikfélags Reykjavíkur á síðasta ári urðu nálega 12 þúsund kr. og útgjöldin litlu minni. Landsjóður veitti félaginu þúsund kr. og bæjarsjóður 500 kr. — (Slíkar styrkveitingar af almannafé eru hneyksli og ættu að aftakast).

Fréttabréf.

LUNDAR P.O., MAN.

25. júlí 1909.

Háttvirti ritstjóri!

Mér datt í hug, að láta lesendur blaðs þíns vita, að við Álptavatns nýlendu búar værum tórandi þrátt fyrir það voðalega þrumu og eldinga veður, sem yfir okkur dundi um síðustu helgi. — Framangreint veður mun hafa gert furðulítið tjón hér um pláss.

Þó svifti það þökum af tveimur húsum. Í öðru bjó Jón Benjamínsson með systur sinni. Í hinu bjó Jón Einarsson með dóttur sinni. Ekkert af þessu fólki meiddist, en vöknað mun það hafa.

Nú er heyvinna í þann veginn að byrja almennt, og lítur dauflega út hjá flestum, og mun grasspretta í lakasta lagi yfirleitt. Sama er að segja um jarðepli og korntegundir, að það lítur illa út. Of miklum þurkum og hitum framan af sumrinu er kent um.

Gripir hafa fitnað með betra móti það sem af er sumrinu, og því útlit fyrir dálítið verð á þeim í haust.

Það er unnið af talsverðu kappi að grunnbyggingu Oak Point brautarinnar, en ekki virðist félagið enjög bráðlátt með að leggja járnin á þennan grunn, sem fullgerður er. Grunnurinn er að mestu búinn til Dear Horn P.O.

Það er útlit fyrir, að Biðstöð verði sett á Sec. 1 Twp. 20 R. 5 vestur, um mílu vegar austur frá Lundar P.O. Þar er búið að mæla fyrir hliðarspori, og á að fara að byggja grunninn undir það.

Það er talsverður innflutningur hingað, mest af Norðmönnum og Svíum. Þeir vinna margir við byggingu brautarinnar og þykja ötulir verkamenn. Þeir vinna það með hjólbörum fyrir vist á yardið.

Það er í þann veginn að komast hér á sveitarstjórn, — svona þegar búið er að koma sér saman um, hvað sveitin eigi að vera stór. Hún á að vera kend við konunginn.

Herra Andrés Eyjólfsson, sem búið hefir hér um nokkur ár, leggur af stað á morgun (mánudag) alfarinn með konu sína og tvo sonu þeirra hjóna, og vagnhleðslu af gripum auk annara búshluta. Ferðinni mun heitið til íslenzku bygðarinnar í Saskatchewan fylki. Þau hjón eru mörgum hér að góðu kunn, og fylgja þeim víst mjög almennar heillaóskir úr þessari bygð — þökk fyrir góða sambúð og viðkynningu.

Hér er heilsufar heldur gott, — enda nógir læknar þegar á þarí að halda.

Efnahagur fólks er hér yfirleitt viðunanlegur.

Skepnuhöld heldur góð. Verzlun ekki vond. Og nógir prestar til að messa yfir þeim, sem nenna að hlusta á þá.

Pétur Árnason.

Úr bréfi frá Saskatchewan

23. júlí 1909.

Annar þáttur í viðureign herra Dodds og C. P. R. félagsins var leikinn ekki alls fyrir löngu, þegar herra Dodd strengdi gaddavír þvert yfir braut félagsins, þar sem hún liggur gegn um land hans Fyrir tiltækið var hann tekinn fastur af lögreglunni og lokaður inni í fangahúsinu í Yorkton, og var hann þar í haldi nokkurn tíma. En svo var honum slept lausum aftur með óuppkveðnum dómi (Suspended Sentence). Og er þá álit hans og flestra, að félagið láti hann í friði, svo lengi, sem hann áreitir það ekki. Skyldi svo fara, þá er þar með endir á þessu stímabraki milli einstaklings og stórfélags.

Það er ekki annað sjáanlegt, en herra Dodd hefði verið betra, að taka tilboði félagsins upphaflega fyrir landskikann og skógarbeltið, einkanlega þar sem "Contractorinn" bauð honum hundrað dollara úr sínum vasa til að láta sig í friði við verk sitt.

Það er sagt, að ástæðan fyrir tiltæki herra Dodds með að strengja vírinn yfir brautina, hafi verið sú, að félagið hafi vanrækt, að girða frammeð brautinni á landi hans, svo nautpeningur hafi óhindrað getað gengið inn á landið, og ef svo hefir verið, þá er manninum varla láandi, þó hann reyndi að bera hönd fyrir höfuð sér. Ekki getur þó blaðið "Yorkton Enterprise", sem frá málinu hefir skýrt, um að svo hafi verið.

Ég sendi yður, herra ritstjóri, þessar línur í samræmi við það, sem þér hafið áður birt í blaði yðar þessu viðvíkjandi, og fólk ef til vill rekur minni til.

John Janusson.

Fáein orð til Alberta baslarans.

Gaman þótti okkur stúlkunum, að sjá á prenti álit það, sem Alberta baslarinn hefir á okkur, eða segist hafa á okkur. En nær er mér að halda, að hann hafi lifað einlífi alla sína æfi, og aldrei þekt kvenfólk, eða þá hann ritar þvert á móti sannfæringu sinni.

En sú fjarstæða, að við stúlkurnar hæðumst að böslurunum! Við, sem berum þá stökustu virðingu fyrir þeim og dáumst að þrifnaði og smekkvísi þeirra, sem auðsæ er, þegar við lítum heim að húsum þeirra. Og svo hrósum við þeim fyrir sparsemina. Margir þeirra, til dæmis, eru ekki að eyða peningum sínum fyrir gluggatjold, diskaþurkur eða því um líkt. Þeir vita, að það er hægt að láta sólina skína inn í húsið, og að það er óþarfa tímaeyðsla, að vera að þvo upp leirtau.

Að konur séu eyðslusamari enn karlmenn, er mesta fjarstæða. — Tökum til dæmis allar þær þúsundir dollara, sem árlega er eytt fyrir tóbak. Hvað miklum hluta af því tóbaki skyldi kvenfólk eyða? Eða þá peningarnir, sem fara fyrir vín? Vínsöluknæpur eru fullar af heimilisfeðrum, sem eru þar að eyða sínu seinasta centi til að kaupa frá sér vitið. En konur og börn þeirra eru máske allslaus heima. Skyldi baslarinn ekki kalla þetta harðstjórn af konu?

Það sýnist svo, sem baslaranum ógni, að konan skuli heimta — "hatta, skó og kjóla" að manni sínum. Hér kemur fram sú heimsklega hugsun, sem enn sýnist loða við hjá mörgum Íslendingum: að maðurinn gefi konu sinni það, sem hún nauðsynlega þarf til lífsviðurværis, þó hún vinni baki brotnu fyrir heimilið ekki síður en hann.

Sú staðhæfing, að konan hafi mann sinn fyrir þræl, er á líkum grundvelli bygð og hinar. Ég þekki ekki ein einustu hjón, sem þetta gæti átt við. Og sannfærð er ég um, að flestar konur eru eins þreyttar eftir erfiði dagsins eins og menn þeirra. Skyldi baslarinn vera búinn að gleyma því, hvað annríkt hún móðir hans átti, þegar hann var að alast upp? — Getur hann ekki skilið, að það sama á sér stað enn, og það mundi hann komast að raun um, ef hann veitti eftirtekt því sem gerist á heimilunum í kring um hann.

Það gleður mig að heyra, að þessi baslari ætlar ekki að giftast. Því sú stúlka væri sannarlega brjóstumkennanleg, sem ratað í þá ógæfu, að giftast honum, ef hann meinar eitt orð af því, sem hann segir í Heimskringlu-grein sinni.

Ég er Páli postula og baslaranum í Alberta samdóma um það, að bezt sé, að vera ógiftur, og að mörgum hjónum liði betur, ef þau væri baslari og piparmey.

Að endingu sendi ég kveðju mína til allra baslara, og vona að þeir verði það til dauðadags, en ráðlegg þeim, að láta það ógert að vera að lasta stúlkurnar. Því mig grunar, að sá tími hafi verið, að þeir hefðu glaðir viljað gefa alt, sem þeir áttu, til að geta gifst einhverri þeirra.

Líka sendi ég kæra kveðju til allra piparmeyja og vona, að tala þeirra aukist ár frá ári. Ég mun verða ein í þeirra hóp áður enn mörg ár eru liðin. Og þið, ógiftu stúlkur, blessaðar hæðist þið ekki að böslurunum! Brosið ekki einusinni, þó þið fréttið, að þeir þori ekki að sofna, án þess að hafa vopn undir rúminu. Ekki þó þið sjáið strigapoka notaða í staðinn fyrir gluggatjöld. Eða þó þið heyrið þá tala upphátt við sjálfa sig í samkvæmi.

Tilvonandi piparmey.

OGILVIE'S

Royal Household Flour

Til Brauð og Köku Gerðar

OGILVIE'S ROYAL HOUSEHOLD

Gefur Ævinlega Fullnæging

EINA MYLLAN Í WINNIPEG,—LÁTIÐ HEIMAIÐNAÐ SITJA FYRIR VIÐSKIFTUM YÐAR.

Wall Plaster

Með því að venja sig á að brúka **"Empire"** tegundir af Hardwall og Wood Fibre Plaster er maður hár viss að fá beztu afleiðingar.

Vér búum til:

"Empire" Wood Fibre Plaster
"Empire" Cement Wall "
"Empire" Finish "
"Gold Dust" Finish "
"Gilt Edge" Plaster of Paris
og allar Gypsum vöruutegundir. —

Eiqum vér að senda yður bækling vorn?

MANITOBA GYPSUM CO. LTD

SKRIFSTOFUR OG MILLUR I

Winnipeg, - Man.

Heimskringla

Published every Thursday by The Heimskringla News & Publishing Co. Ltd

Verð blaðsins í Canada og Bandar $2.00 um árið (fyrir fram borgað). Sent til Íslands $2.00 (fyrir fram borgað af kaupendum blaðsins hér $1.50.)

B. L. BALDWINSON, Editor & Manager

Office: 729 Sherbrooke Street, Winnipeg
P.O. BOX 3083. Talsími 3512.

Íslendingadagurinn.

Hin tuttugasta þjóðhátíð Íslendinga í Winnipeg var haldin í River Park á mánudaginn var, eins og auglýst hafði verið. Veður var rigningarlegt strax að morgninum, og má vera, að það hafi dregið nokkuð úr aðsókninni. Annars var veður ágætt allan daginn, þar til kl. 6 um kveldið, þá kom þéttings regnskúr, sem varaði klstund. En sá skúr varð til þess, að aftra fjölda fólks frá, að koma út í garðinn að kveldinu, sem ákveðið hafði að vera þar, eftir að það hafði lokið dagsönnum sínum. Inntektir fyrir inngöngu urðu fáeinum dollurum minni enn á síðasta ári. En hefðu án efa orðið talsvert meiri, ef veður hefði haldist gott allan daginn.

Allar skemtanir fóru fram á ákveðnum tíma, og allir voru sæmilega ánægðir með bæði veðrið og dagskrána. 1

Mesta athygli vakti 10 mílna kapphlaupið. Ellefu menn tóku þátt í því, og var það byrjað frá skrifstofu þessa blaðs og endað með 12 umferða kapphlaupi á skeiðvellinum í garðinum. Þessir unnu kapphlaupið: Guðjón Hallsson (áeinni klstund og 5 mínútum), Árni Jóhannsson og Frank Anderson.

Árna varð ilt á síðari hluta skeiðsins, svo hann varð að stansa og hvílast um stund, og svo að ganga hægt spölkorn áður en hann tók að hlaupa á ný. En samt varð hann næstur þeim, sem fyrstur varð, og margir töldu hann líklegastan til vinnings, ef ekki hefði óhapp þetta komið fyrir. — Annars hljóp Hallsson einkar léttilega, og virtist aldrei taka nærri sér, enda hljóp hann svo hart og létt síðustu hálfu míluna, sem ólúinn væri.

Annars voru vinningar dagsins svo sem hér segir, og eru vinnendur taldir í röð eftir verðlaunum:

Stúlkur undir 6 ára: Ina Jóhannsson, Bina Johnson, Ella Olson og Magnea Einarsson.

Drengir innan 6 ára: Tom Gillis, Sigurður Nielsson, Hrólfur Anderson og Stefán Pétursson.

Stúlkur 6—9 ára H. M. Byron, K. Guðmundsdóttir, G. Magnúsdóttir og M. Eggertsdóttir.

Drengir 6—9 ára: K. Friðfinnsson, H. Olson, A. Jóhannesson, Ásmundur Olson.

Stúlkur 9—12 ára: Clara Þórðarson, T. Byron, S. Johnson, S. Brynjólfsson.

Drengir 9—12 ára: Walter Eggertsson, Oli Freeman, J. Jóhannsson og E. Erlendsson.

Stúlkur 12—16 ára: M. Jónsdóttir, Lena Hannesson, B. Thorláksson og Elín Jóhannsson.

Drengir 12—16 ára: Jóhannes Olson, F. Þorsteinsson, D.O.Elleson og John Kendric.

Ógiftar stúlkur: Minnie Johnson, Sigrún Stefánsdóttir, Laura Halldórsson.

Ókvæntir menn: J. Baldwin, K. Halldórsson, K. Backman.

Giftar konur: Mrs. H. Petursson, Mrs. B. Hallson, Mrs. Robinson og Mrs. V. Johnson.

Kvæntir menn: F. Bjarnason, V. Anderson, Jónas Pálsson og Tom Gillis.

Konur yfir 50 ára: Mrs. A. Eiríksson, Mrs. M. Byron og Mrs. J. Markússon.

Karlmenn yfir 50 ára: M. Jónsson, Th. Thorlaksson og Einar Sveinsson.

Einnar mílu kapphlaup: B. Johnson, S. Bjarnason og J. Ingjaldsson.

Landstökk: A. Blöndal, F. Bjarnason og P. Bardal.

Hop-stig-stökk: A. Blöndal, K. Halldórsson og P. S. Pálsson.

Einnar mílu hjólreið: P. S. Pálsson, H. Goodman og E. Goodman.

Þriggja mílna hjólreið: P. S. Pálsson, E. Goodman og A. Gottfred.

Fimm mílna hjólreið (Handicap) —P. S. Pálsson, A. Gottfred og E. Goodman.

Glímur: Jón Árnason, J. Halliðason og A. St. Johnson.

Aflraun á kaðli: Gáfur menn unnu.

Dans (fyrir Íslendinga): Mrs. S. A. Johnson, Mrs. Maher, Mrs. I. P. Bowrey, og Miss Finsson.

Dans (fyrir alla): Mrs. McQuade.

Næst 10 mílna kapphlaupinu vöktu hjólreiðarnar mestan áhuga, þær voru þrjár talsins, 1, 3 og 5 mílur, og vann Páll S. Pálsson þær allar, og með því mun mega ætla, að hann hafi unnið bikar þeirra Clemens, Árnason & Pálmason, þótt enn þá sé það ekki alveg víst. Hr. Pálsson vann og þriðju verðlaun í Hopp-stig-stökkinu.

Annars má geta þess, að reiðhjól það, sem bar herra Pálsson til vinnings í öllum hjólreiðunum, er "Blue Flyer", gerður af Canada Cycle & Motor Co., og keypt af þeim herrum Sigurðsson & Matthews, reiðhjólasölum á Notre Dame Ave.

Gestir dagsins hlustuðu með athygli á ræður þeirra séra Rögnvaldar Péturssonar, John Samsonar og T. H. Johnsonar, og létu vel yfir. Í næsta blaði verður ræða herra Samsonar birt, ef rúm leyfir.

Prestastefnan á Þingvelli.

Ísafold, dags. 7. júlí sl., skýrir frá gerðum þessa prestamóts, og prentum vér hér það helzta úr grein blaðsins:

Málin, sem þar voru rædd, voru mörg og mikilsverð, og var samkoman öll virðuleg og merkileg, og málin rædd kappsamlega, en jafníramt bróðurlega og frjálslyndislega, þó skoðanir skiftust nokkuð.

Kirkjuþing þetta byrjaði með guðsþjónustu í kirkjunni á Þingvöllum kl. 10 f.h., 2. júlí, að viðstöddum fjölda fólks úr Reykjavík og Þingvallasveit, auk þeirra mörgu presta og prófasta, sem þingið sóttu. Þórhalli byskup flutti ræðuna og vakti hún mikla athygli alls þingheims. Aðalkjarni hennar var sú kenning, að minnu væri að skifta, að menn væru lúterskir, en meira um hitt, að menninirnir væru kristnir, — allir eitt.

Umræðuefni þingsins voru:

1. Aðskilnaður ríkis og kirkju. — Séra Böðvar Bjarnason var málshefjandi. Hann kvað þrjár ástæður færðar fyrir aðskilnaðinum: (1) að þjóðkirkjufyrirkomulagið hefti trúfrelsi manna; (2) það ósamræmi í kirkjulöggjöfinni, að söfnuðum sé heimilað að kjósa presta en ekki að segja þeim upp; (3) Sú ósanngirni þjóðkirkjunnar, að til eflingar henni séu teknir peningar af ókirkjulega sinnuðum mönnum. — Öllum þessum ástæðum andmælti prestur, og taldi vel tiltækilegt, að koma þjóðkirkjunni í svo frjálslegt horf, að fríkirkjumenn gætu vel við það unað. Nefnd var sett í það mál, og mælti hún með því, að kirkjan sé frjáls þjóðkirkja í sambandi við ríkið. En ef skilnaður sé óhjákvæmilegur, þá sé hann löglleiddur ef þrir fimtu hlutar allra landsmanna yfir 15 ára aldur greiði atkvæði með því. Að öllum eignum kirkjunnar sé varið til viðhalds og styrktar kristnum trúarfélögum í landinu, eftir ákveðinni tiltölu Nefndin tekur fram, að ekki sé víst, að fríkirkju fyrirkomulagið gefist vel á Íslandi, þó það hafi reynst vel, t.d. í Ameríku, og að þjóðkirkju fyrirkomulaginu þurfi ekki að fylgja deyfandi áhrif á kirkjulífið í landinu, sé því viturlega og frjálslega beitt, og þeir menn fái um kirkjunnar mál að fjalla, sem mestan áhuga hafi á þeim. — Mikill meiri hluti presta á þinginu voru fríkirkju hugmyndinni andvígir; vildu halda sambandinu við ríkið. Það var samþykt með 25 atkv. gegn 2, að kirkjan verði frjáls þjóðkirkja, en aðskilnaðar skilyrðin — ef aðskilnaður reynist óhjákvæmilegur — með 22 atkv. gegn 4.

2. Séra Haraldur Nielsson talað. um uppsagnarvald safnaða, og taldi það beina afleiðing af kenningarfrelsi, með því að rétt væri, að söfnuðir ættu kost á, að losna við þá presta sem flyttu kenningar, sem söfnuðirnir þýddust ekki. Þó skyldi byskup fyrst leita um sættir, og prestarnir eiga kost á, að jafna mál sín við söfnuðinn. Séra Kjartan Helgason vildi láta þingið taka alvarlegt tillit til þeirra skilnaðaróska, sem fram hefðu komið hjá þjóðinni. Hann kvað menn finna, hver hörmung kirkjan er að verða á sumum stöðum landsins, þar sem kirkjurnar stæðu tómar ár eftir ár. Sumir vildu fækka prestum, aðrir verða algerlega af með þá. Og þetta kæmi til af því, að prestarnir dygðu svo lítið. Ó-ánægja landsbúa með þjóðkirkjuna væri vantrausts yfirlýsing til prestanna, eins og neyðaróp frá þjóðinni út af lélegum prestum. Hann vildi láta þingið samþykkja uppsagnarvald safnaðanna, og áleit betra að bjóða það, en að láta kúgast til að veita það. — Þingið samþykti svolátandi tillögu frá byskupi: "Prestastefnan telur nauðsynlegt, að byskup beitist fyrir því, að fá prest leystan frá embætti, þar sem borri safnaðar af réttmætum ástæðum vill losna við hann, og íterkaðar tilraunir til að bæta samkomulagið, hafa reynst árangurslausar." — Lengra vildu prestar ekki fara í máli þessu.

3. Séra Sigurður P. Sívertsen talaði um kirkjuþing þjóðkirkjunnar. Vildi færa kirkjumálin úr höndum alþingis. Kvað kirkjuna lifandi stofnun, sem háð væri breytingum, að kyrstaða hennar væri óhugsandi. En breytingarnar yrðu að líkindum ekkert annað en skaðlegt kák, nema þær væru gerðar af mönnum, sem hefðu góðhug til kirkjunnar. Alþingi væri ekki til þess trúandi, enda ætti það ekki að þurfa að skiíta sér af innri málum hennar. Tillaga í þessu máli var samþykt með 26 samhljóða atkvæðum, á þessa leið: — "Kirkjulegu meinin stafa ekki af sambandi kirkjunnar við ríkið, heldur aðallega af því, að sambandinu er óhaganlega fyrirkomið. Skorað á alþingi, að samþykkja lög um kirkjuþing fyrir hina íslenzku þjóðkirkju, er komi saman annaðhvort ár, sé skipað prestum og leikmönnum, hafi fult samþyktarvald í sínum eigin innri málum og tillögurétt í öllum almennum löggjafarmálum, er snerta kirkjuna, og sé kostað af landssjóði".

4. Undirbúnings mentun presta.— Séra Gísli Skúlason flutti það mál. Þingið samþykti um það mál, með öllum atkvæðum, svolátandi þrjár tillögur: — "(1) Að fundurinn álítur afnám grískunnar til hnekkis guðfræðis náminu, skorar á landsstjórnina að hlutast til um, að frjálsri grískukenslu verði haldið uppi, að minsta kosti í efsta bekk mentaskólans, þannig lagaðri, að nemendur byrji að lesa nýja testamentið með málfræðinni". — "(2) Að alþingi veiti guðfræðikandidötum riflegan styrk í eitt ár til dvalar erlendis, þeim til fullkomnunar í ment sinni". — "(3) Þingið telur það æskilegt, að komið verði á í prestaskólanum í sumarleyfinu stuttu visindalegu námsskeiði fyrir presta, með fyrirlestrum og samræðum, og væntir fjárframlaga til dvalarkostnaðar prestanna". — Forstöðumaður prestaskólans kvað kennarana fúsa til að flytja fyrirlestra án borgunar, nokkurn tíma að sumrinu, fyrir prestum.

4. Handbókar málið. Í nefndina, sem fjallar um útgáfu þeirrar bókar var bætt Haraldi Nielssyni í stað Hallgríms Sveinssonar, fyrv. byskups.

1. Prestastefnan samþykti tillögu um, að senda næsta kirkjuþingi Vestur-Íslendinga árnaðaróskir sínar.

6 Séra Jón Helgason flutti erindi um kenningarfrelsi presta, sem síðar mun verða prentað í Skírni. Ræðumaður taldi rangt, að binda presta með heiti við játningarritin — (1) af því, að þau eru ekki samin í þeim tilgangi að verða regla og mælisnúra fyrir trúkenningunni; (2) af því að trúarritunum hefir verið neytt upp á íslenzka kirkju að henni fornspurðri, af hinu veraldlega valdi; (3) af því, að ritin eru ófullkomin mannaverk og bera með ýmsum móti á sér fingraför sinna tíma; (4) af því, að það er gagnstætt frumreglum hinnar evangelisku lútersku kirkju, sem telur heilaga ritningu einu reglu og mælisnúru kenningar og trúar. — Alt þetta rökstuddi ræðumaður af miklum lærdómi. — Flestir þingmenn voru sammála ræðumanni um, að það væri rangt, að binda presta við játningarritin. Þórhalli byskup kvað játningarritin vera dauð í sam vizkum manna. Séra Valdimar Briem taldi sig algerlega mótfallinn prestaheiti. Kennurum prestaskólans væri ekki ætlað að fara eftir neinu öðru en því er þeir álitu réttast og sannast. Öllum ræðumönnum kom saman um, að játningarritin væru ófullkomin. Þingið samþykti svolátandi tillögu: — "Í tilefni af fyrirlestri lektors Jóns Helgasonar (Prestarnir og játningarritin) skorar prestastefnan á byskup í samráði við handbókarnefndina, að undirbúa breytingar á prestaheitum, og leggja fyrir næstu prestastefnu".

7. Séra Magnús Helgason, forstöðumaður kennara skólans, flutti erindi um kristindómskenslu ungmenna. Vildi ekki binda kensluna við nám kversins, eins og að undanförnu, en í þess stað kenna bibliusögur, trúarjátninguna og nokkra valda sálma; að börnin séu ekki skylduð til að læra orðrétt annað en trúarjátninguna, valdar bibliugreinir og ljóð, að börn innan 12 ára séu ekki látin læra kverið. Þingið samþykti þessu viðvíkjandi svohljóðandi tillögu: — "Fundurinn lýsir sig hlyntan stefnunni í fyrirlestri séra Magnúsar, og skorar á byskup, að annast um, að út verði gefnar bibliusögur við hæfi yngri barna, og síðar stærri bibliusögur við hæfi þroskaðra barna".

8 Áfengisbanns málið var rætt og jafnrétti kvenna, og var fundurinn meðmæltur vínbanni og kvenfrelsi.

9. Haraldur Nielsson ræddi um altaris sakramentið. Taldi það vera til þess, að efla samfélag við drottinn með kristnum mönnum. Ræðumaður benti á, hve altarisgöngum hefði hnignað á Íslandi. Viðreisn þeirra fengist eingöngu með því, að skorða ekki skilninginn, eins og gert hefir verið í kirkjunni, en leggja áherzlu á samfélagið.

Sigurbjörn A. Gíslason hélt og fyrirlestur um sálgæzlu.

Þingi var slitið eftir tveggja daga setu sunnudaginn 4. júlí.

Þinngvalla-söfnuður er negldur við kirkjufélagið.

Gardar, N.D., 27. júlí 1909.

Þar var fundur í gær, boðaður í þeim tilgangi að hreifa útgöngu safnaðarins úr kirkjufélaginu.

Eina tillagan, sem komst fram til atkvæðagreiðslu, var um, að leyfa utansafnaðar mönnum að tala á fundinum. Því var neitað, og var ekkert að því að finna.

Tillaga kom fram um, að söfnuðurinn sliti sambandi við kirkjufélagið til óákveðins tíma. Hún var kæfð, því séra Kristinn var með safnaðarlögin í höndum og tilfærði eina grein þeirra, sem ákveður, að söfnuðurinn skuli standa í sambandi við Íslenzka lúterska kirkjufélagið "í þessu landi", og hélt því fram, að þá grein yrði að nema úr lögum áður enn söfnuðurinn gæti losnað.

Forseti hélt því reyndar fram, að orðin "í þessu landi" ættu við Bandaríkin en ekki Canada, og þar sem kirkjufélagið ætti aðalbólfestu í Canada, væri þetta ákvæði ekki bindandi, og hélt þess vegna að tillagan gæti gengið til atkvæða. En allar ályktanir drukuðu í mælskustraumum kirkjufélagsins, og tillagan var aldrei borin upp til atkvæðagreiðslu.

Svo var lítið meira talað. Annar kirkjuþingsmanna vildi fá yfirlýsing fundarins um það, hvort hann hefði gert rétt eða rangt, að greiða atkvæði með vara- eða auka-tillögunni, sem séra Friðrik Hallgrímsson lagði fyrir kirkjuþingið. En það mál lenti í handaskolum, svo hann fékk ekkert svar. En tillaga séra Kristinns um, að slíta fundi, var samþykt með meiri hluta atkvæða, og safnaðarmenn fóru út úr kirkjunni að miklum hluta, án þess að skeyta tilmælum prests um að syngja útgönguvers.

Hin eina sýnilega stefna kirkjufélagsins hér er að halda saman öllum sínum sauðum, nauðugum — viljugum, hvað sem það kostar. Gardar söfnuði var ógnað með komandi innbyrðis félagsskapar sundrung, úlfúð og illdeilum granna og manna á milli, ef fólkið væri ekki gott og hlýddi presti sínum og páfavaldinu. Og svo til þess, að þær illspár skyldu nú rætast, kleip presturinn, sem erindsreki guðs og kirkjufélagsins, dálítið brot út úr söfnuðinum, eftir að söfnuðurinn hafði sagt skilið við kirkjufélagið, og presturinn sagt söfnuðinum upp þjónustu sinni, — til að mynda nýjan söfnuð, sem stæði í kirkjufélaginu. — Það brot, minnihlutinn, sem getið er um í skýrslu Dr. Brandsons í Lögbergi, um safnaðarfundinn á Gardar, ætlaði sér að halda nafni og eignum safnaðarins, með yfirlýsing, sem gerð var að þeim fundarlokum um að hann, minnihlutinn, héldi áfram að vera hinn rétti Gardar söfnuður og standa í kirkjufélaginu.

Sú yfirlýsing var fyrirfram samin og skrifuð, auðsjáanlega í sambandi við varatillögu séra Kristinns, sem getið var um í Lögbergi — að söfnuðurinn héldi við grundvallarlög sín og kirkjufélagsins. Ef sú tillaga hefði komist til atkvæða, og verið samþykt, þá var skilnaðar tillagan, sem áður lá fyrir, feld. Ef hún hefði verið feld með atkvæðum meiri hluta, þá hafði minni hlutinn ástæðu til að telja sig "þann rétta Gardar söfnuð", þar sem meiri hlutinn hefði afneitað lögum safnaðarins.

Þetta er sýnishorn af þeirri aðferð, sem kirkjufélagið ætlar að beita gagnvart þeim söfnuðum, sem ekki vilja hlýta yfirgangi þess. Fyrst að halda öllum safnaðareignum fyrir þann hluta, sem félaginu fylgir, og ef það lukkast ekki, þá að sundra og kljúfa allan safnaða félagsskapinn og hlása að kolunum til þess að viðhalda nágrannarig og sundurlyndi í öllum félagsmálum, þó ekki komi þau trúar atriðum neitt við. Sannast að segja er ekki deilan, og hefir aldrei verið, um neitt trúaratriði, heldur um vald, sem einn flokkur manna áskilur sér til að fyrirskipa öðrum.

Það er rétt, að fólk fái að vita, hverju það má búast við að mæta hvar sem til nokkurra framkvæmda kemur í skilnaðaráttina. Einkum ætti það að vera hugvekja fyrir nýja og fátæka söfnuði, að binda sig ekki, en losast heldur, á meðan um litlar eignir er að tala.

Dakota búi.

Húsasmiða-félag

Hinn 19 þ.m. mynduðu íslenzkir húsasmiðir í þessum bæ með sér félag, sem er grein eða "stúka" af hinu alþekta og víðtæka bræðralagi, sem á ensku er nefnt "The United Brotherhood of Carpenters and Joiners of America".

Félag þetta er eitt hið allra öflugasta iðnaðarmannafélag, sem til er á meginlandi Ameriku, og telur um 225,000 meðlimi. Þessi íslenzka stúka er ein af þeim allra yngstu og er hún No. 1646.

Til að byrja með gengu í stúkuna No. 1646 um 20 íslenzkir smiðir, og voru þessir kosnir í embætti: —

Forseti S. B. Þorbergsson.
Varaforseti C. H. Hillman.
Skrifari (Corresponding Secretary) S. J. Austmann.
Fjármálaritari Jón Vestman.
Gjaldkeri Jón Pálsson.
Dróttseti S. Gíslason.
Vörður M. E. Magnússon.

Félagið heldur fund á hverjum mánudegi kl. 8 e.m. í Góðtemplarahúsinu, að minsta kosti allan ágúst.

Inngöngugjald í félagið er sem stendur að eins einn dollar.

Vér skorum fastlega á alla íslenzka smiði í þessum bæ, að koma á fundi vora og gerast meðlimir. Málefnið er gott og þess virði, að því sé sómi sýndur.

Komið til vor og talið við oss! Komið til vor og vinnið með oss! Vér réttum yður bróðurhönd og segjum yður velkomna!

Í umboði félagsins.

Winnipeg, 31. júlí 1909.

S. J. Austmann,
skrifari.
835 Ellis Ave.

Victor Anderson prentari og Frank bróðir hans hafa myndað nýtt prentfélag, sem þeir nefna "THE ANDERSON CO.". Þeir hafa keypt öll áhöld Gísla prentara Jónssonar, og reka iðn sína framvegis á sama stað og Gísli gerði. Þeir bræður eru æðir prentarar og lofa góðu verki. Sjá auglýsingu þeirra á öðrum stað í blaðinu.

Jónas Pálsson,
SÖNGFRÆÐINGUR.
Útvegar vönduð og ódýr hljóðfæri.
460 Victor St. Talsími 6803.

Sparið Línið Yðar.

Ef þér óskið ekki að fá þvottinn yðar rifinn og slitinn, þá sendið hann til þessarar fullkomnu stofnunar.

Nýtízku aðferðir, nýr vélaútbúnaður, en gamalt og æft verkafólk.

LITUN, HREINSUN OG PRESSUN SÉRLEGA VANDAÐ

Modern Laundry & Dye Works Co., Ltd.
307—315 Hargrave St.
WINNIPEG, MANITOBA
Phones: 2300 og 2301

TIL SÖLU

Ég hefi til sölu í Cypress bygðinni eina section (640 ekrur) af góðu akuryrkjulandi, 6 mílur frá góðum markaði. 450 ekrur eru ræktaðar, hitt er skógur og bithagi. Hús úr timbri er á landinu og fjós fyrir 40 gripi, auk annara bygginga. Löndin eru umgirt með 2 strengjum af vír, og 90 ekrur inngirtar fyrir gripi. Gnægð af ágætu vatni er á landinu.

Líka skal ég selja með löndunum, ef óskað er eftir, 12 hross, 30 nautgripi, á annað þúsund dala virði af akuryrkju verkfærum og öðrum áhöldum, bæði innan húss og utan. Auk þess gufuþreskivél með öllu tilheyrandi. Uppskeru á 300 ekrum skal ég einnig selja með eða taka hana sjálfur af, eftir samkomulagi. Alt þetta framangreinda skal ég selja með mjög sanngjörnu verði. Nánari upplýsingar um verð og borgunarskilmála, fást hjá undirrituðum, bréflega eða munnlega.

G. J. Oleson,
Box 204. GLENBORO, MAN.

R. DENOVAN
Undir-umboðsm. Ríkislands.

VEITIR borgarabréf, selur Hudson's-flóa lönd og önnur ábúðar lönd, og járnbrautalönd og bæjarlóðir. Einnig elds- og hagl-ábyrgð. Lánar peninga gegn tryggingu í umbættum búlöndum.

Wynyard, - Sask

Th. JOHNSON
JEWELER
286 Main St. Talsími: 6606

JOHN ERZINGER
TÓBAKS-KAUPMAÐUR.
Erzinger's skorið reyktóbak $1.00 pundið
Hér fást allar neftóbaks-tegundir. Óska eftir bréflegum pöntunum.
McINTYRE BLK., Main St., Winnipeg
Heildsala og smásala.

Stefán Johnson
Horni Sargent Ave. og Downing St.
HEFIR ÁVALT TIL SÖLU
Nýjar Áfir
Bestu í bænum. Ágætar til bökunar. 15c gallon

Við Prentum

Allt frá hinum minsta aðgöngumiða upp að stærstu bók. Ef þú hefir eitthvað sem þú ætlar að láta stílsetja og prenta, þá komdu með það til okkar svo að við getum sýnt þér hvað lítið það kostar. Við gerum verkið eins og þú vilt og þegar þú vilt.

THE ANDERSON CO.,
PROMPT PRINTERS
COR. SHERBROOKE & SARGENT

Dr. M. Hjaltason,
Oak Point, Man.

Menn og konur!

Það er þýkkjuefni, að sjá grunnhygna vindbelgi taka sig til og fara að rita um kvenfrelsi, menn, sem ekki sjá með báðum augum. Eins er hitt umkvörtunarvert, að menn með heilbrigðu viti, ekki taka af skarið með þetta eldgamla bneykslí. — Ekki nema það, að vera svo hlægilega grunnhygginn, að tvíla um, að enn sé tími til kominn að gefa konum frelsi, mannréttindi. Hver á réttinn til að vera frjáls? Á maðurinn hann? Hver gaf honum hann? Hver á ekki réttinn? Á konan hann ekki? Hver tók hann frá henni? Hún mun aldrei hafa átt hann? Er það þá ljósmóðirin, sem kveður upp dóminn yfir barninu, er hún tekur við því frá móðurinni? Að vísu er það hún, sem gefur umheiminum vitneskju um kjörgildi þess til hluttöku í almennum málum, eða þá um hitt, að það sé ekki þannig af guði gefið, að það geti nokkurntíma öðlast þá hæfileika, sem mannfélagið sjái nauðsynlega til þess að veita því mál- og skoðana-frelsi. En hvað hefir hún til merkis? Höfuðlagið? Eða augnaráðið? Ég er svo fáfróður. Vildi biðja herra Halldór Jónsson, eða einhvern annan hugleiðara, að leiða huga minn á rétta braut í þessu efni.

Vill hr. H.J. fá að vita það, að alt, sem í náttúrunnarríki lifir, hefir sjálft fyrir sinu eigin lífi, með tilstilli náttúrunnar, samfara meðvitund eða meðvitundarlaust, og að öll þau líf, sem svíft eru þessu tækifæri, aflagast frá hinu eðlilega gerfi, sem þeim var af náttúrunni fyrirhugað? Sér hann ekki, að maðurinn hefir konuna fyrir þræl? Og veit hann ekki, að það er betra að vera aðalborinn en þrælborinn? Heldur hann að hæfileikar kvenkynsins fari lið úr lið fram eftir öldum, án þess að koma yfir á atkvæðisbæru hliðina? Vita ekki móðurniðingarnir, að þeir eru líkir mæðrum sínum jafnt sem feðrum, og að synir þeirra jafnt sem dætur gjalda afferlis þeirra fram eftir öllum öldum?

Menn, sem vinna móti viðreisn kvenfólksins, verðskulda ekki að eiga afkvæmi með konum, verðskulda ekki að eiga börn með meðal vitsmunum, verðskulda ekki að hafa mannréttindi, verðskulda ekki, að hafa umgengni með konum, né njóta nokkurra þeirra hlynninda, sem frá þeirra hálfu kemur. Þetta getur hver heilvita maður séð. Þeir vinna móti réttindum og virðing samsystra sinna og þroska og velgengni hinna óbornu, reyna að koma í veg fyrir alt, sem æskilegt er talið að vera fyrir framtíðar kynslóðina. Því alt byggist á hæfileikunum. Þeir eru níðingar, mannréttinda þjófar. Þeir fóstra afturför, ófarsæld, sorg og vesaldóm. Þeir eru andlegir kryplingar, hegningarverðir eða aumkunarverðir, kemur undir því, hvort þeir breyta af níðingslund eða vanablindni.

Mundi það vera heppilegt ráð, að temja tryppið sitt, án þess að leysa það af básnum? Það gæti máske slitið ólarspotta fyrir H.J., og ef til vill rekist á eitthvert embættismannsefnið á brautinni, sem væri að smala atkvæðum, greiddum af sannfæring, bygðri á "yfirgripsmikilli grundvallar þekkingu" — eins og vér mennirnir greiðum atkvæði, ef hann tæki það út til tamningar, eða hindrað hann frá, að hafa næði til að súpa á kosningafljóskunni. Allir, sem heyra og sjá, vita, ef þeir skynja, að tveir menn, eða tvö hundruð menn, nei, þúsundir manna á hvora hlið, sem allir hafa sömu þarfir, báðir flokkarnir, öll heildin, sömu þarfir, — greiða atkvæði sín gagnstætt hvorir öðrum. Lýsir þetta "yfirgripsmikilli grundvallar þekkingu?" Hvað segir hinn nýi orðabelgur um það?

Eins og oss mönnunum ber sá hluti hlynninda, sem vér höfum til unnið, með hverju ærlegu móti sem er, svo ber oss einnig að taka afleiðingarnar af sérhverju atferli voru, og feðra vorra, ef vér viljum vera menn, — ekki hvað sízt þegar svo stendur á, að réttindi og velferð vors eigin skyldulíðs er undir því komið.

Maðurinn heldur gullinu fyrir konunni, konan líður skort, og börnin verða ómenni. Þetta á við andlega jafnt sem líkamlega.

Það er nógu tuddalegt af manninum, að leiða það hjá sér, að styðja að rétti og sóma og allri hamingjuvon móður sinnar, konu, systur og dóttur, — þótt hann ekki taki það inn í verkahring sinn, að berjast móti þeim.

J.H.

VÍSUR

kveðnar á brúðkaupsdegi Mr. Anton Joseph Hinz og Miss Emily Thorwald.

Minn sviphraður andi nú svífur til þín,
ég sé þig, blíðasta ættsystir mín,
í brúðgumans faðmi, með fléttaðan krans,
er Freyja við tengir þín brjóstin og hans,

Ég árna þér heilla í húsfreyju sess
og hamingjuósk mína bind ég í vess,
brautin þín verði æ blómunum stráð,
og bústað þinn verndi guðs eilífa náð.

Ég bið þess samt eigi, að aldrei nein sár
ykkur hér svíði, né harms falli tár
— ég bið þess, að æ komi skin eftir skúr,
er skugganum hrindi frá gæfunnar múr.

Og leiðtoginn sá, er þér lífsfaðir gaf,
sem ljós þér æ verði um tímanna haf;
unun og friður þér falli í skaut,
frá snúi neyðin með sorgir og þraut.

Trygðin og ástin, þau himnesku hnoss,
er hamingjan bindur við sérhvern kross,
sem tállaust ber hjarta æ léna það líf,
og ljósið, er græðir hið stundlega kíf.

Ljós það mun fylgja ykkur ljóssins að strönd
og ljóma sem skærast við guðs náðarhönd,
þar endalaus friður með ástblómin hrein
í Eden skin dýrðar á sérhverri grein.

S. Simonson.

Gimli Hótel

G. E. SÓLMUNDSSON
eigandi

Óskar viðskifta Íslendinga sem heimsækja Gimli-bæ. — Þar er beini beztur í mat og drykkjarföngum, og aðbúð gesta svo góð sem frekast er hægt að gera hana. Hótelið er við vagnstöðina. Gistið að Gimli-Hótel.

Sendið Heimskringlu til vina yðar á Íslandi

"20. ÖLDIN"

ÓHÁÐ VIKUBLAÐ.

Verð: $1.00 í Canada.
" $1.50 utan Canada
Borgist fyrirfram.

Útgefendur: Twentieth Century Pub. Co., Winnipeg. — Einkunnarorð: Fegurð, Sannleikur, Ást, Frelsi, Réttlæti. — Flytur ljóð, sögur, nýjar framfaraskoðanir, ritdóma og skritlur. Segir alt sem henni býr í brjósti og óttast ekkert milli himins og jarðar. Er sér ekki meðvitandi um nokkuð ljótt, og fer því hvergi í felur, en ræðir við alla eins og bræður og systur. Kemur til dyranna eins og hún er klædd og viðurkennir enga yfirboðara né undirgefna, æðri né lægri, heldur alla jafna.

Oss vantar umboðsmenn í hverri bygð og bæ. — Góð sölulaun.

Utanáskrift til blaðsins er:

"20. ÖLDIN"
(D. H.) Winnipeg.

Sérstakt tilboð:

Ef 4 slá sér saman og panta blaðið í einu kostar það á hvern 75c, fyrirfram borgað. Ef 10 panta í einu, þá að eins 50c.

ÚTGEFENDURNIR.

Íslenzkur Tannsmiður,

Tennur festar í með Plötum eða Plötulausar. Og tennur eru dregnar sársaukalaust með Dr. Mordens sársaukalausu aðferð

Dr. W. Clarence Morden, Tannlæknir.
Sigurður Davíðson—Tannsmiður.
620½ Main St.
Phone 470 Horni Logan Ave.

A. S. BARDAL

Selur líkkistur og annast um útfarir. Allur útbúnaður sá besti. Enfremur selur hann alskonar minnisvarða og legsteina.

121 Nena St. Phone 306

Giftingaleyfisbréf

selur: Kr. Ásg. Benediktsson
540 Simcoe st. Winnipeg.

HERBERGI, stór eða lítil, getur einhleypt fólk fengið til leigu að 539 Toronto st.

HÚS TIL LEIGU í vesturbænum, 3 herbergi og geymsluloft, $8 á mánuði. — Finnið Hkr.

Herra Jón Hólm, gullsmiður að 770 Simcoe St., biður þess getið, að hann selji löndum sínum gull- og silfur-muni og gigtarbelti. — Belti þessi eru óbrigðul við gigt, ef þau eru notuð samkvæmt fyrirskipunum Jóns. Kosta að eins dollar og kvart.

ROBLIN HOTEL

115 Adelaide St. Winnipeg

Bezta $1.50 á-dag hús í Vestur-Canada. Keyrsla ókeypis milli vagnstöðva og hússins á nóttu og degi. Aðhlynninig hins bezta. Viðskifti Íslendinga óskast. William Ave strætiskarið fer hjá húsinm

O. ROY, eigandi.

MARKET HOTEL

146 PRINCESS ST. á móti markaðnum

P. O'CONNELL, eigandi, WINNIPEG

Beztu tegundir af vínföngum og vindlum. aðhlynning góð húsið endurbætt

Woodbine Hotel

Stærsta Billiard Hall í Norðvesturlandinu
Tíu Pool-borð.—Alskonar vín og vindlar
Lennon & Hebb,
Eigendur.

LEIÐBEININGAR--SKRÁ
YFIR ÁREIÐANLEGA VERZLUNARMENN Í WINNIPEG

MUSIC OG HLJÓÐFÆRI

CROSS, GOULDING & SKINNER, LTD. 323 Portage Ave. Talsími 4113

MASON & RISCH PIANO CO., LTD. 356 Main Street Talsími 480
W. Alfred Albert, Íslenzkur umboðsmaður

WHALEY ROYCE & CO. 356 Main St. Phone 263
W. Alfred Albert, búðarþjónn.

BYGGINGA- og ELDIVIÐUR.

J. D. McARTHUR CO., LTD.
Byggingá- og Eldiviður í heildsölu og smásölu. Sölust.: Princess og Higgins Tals. 5060, 5061, 5062

MYNDASMIÐIR.

G. H. LLEWELLIN.
"Medallions" og Myndarammar
Starfstofa Horni Park St. og Logan Avenue

SKÓTAU Í HEILDSÖLU.

AMES HOLDEN, LIMITED.
Princess & McDermott. Winnipeg.

THOS. RYAN & CO.
Allskonar Skótau. 44 Princess St.

THE Wm. A. MARSH CO. WESTERN LTD.
Framleiðendur af Finu Skótaui. Talsími: 3710
88 Princess St. "High Merit" Marsh Skór

RAFMAGNSVÉLAR OG ÁHÖLD

JAMES STUART ELECTRIC CO.
324 Smith St. Talsímar: 3447 og 7802
Fullar byrgðir af alskonar vélum.

GOODYEAR ELECTRIC CO.
Kellogg's Talsímar og öll þarðlút. áhöld
talsími 3023. 56 Albert St.

RAFMAGNS AKKOKÐSMENN

MODERN ELECTRIC CO
412 Portage Ave Talsími: 5658
Viðgjörð og Vir-lagning — allskonar.

BYGGINGA - EFNI.

JOHN GUNN & SONS
Talsími 1277 296 Jarvis Ave.
Hófum bezta Stein, Kalk, Cement, Sand o. fl.

THOMAS BLACK
Selur Járnvöru og Bygginga-efni allskonar
76—82 Lombard St.— Talsími 600

THE WINNIPEG SUPPLY CO., LTD.
298 Rietta St. Talsímar: 1936 & 7187
Kalk, Steinn, Cement, Sand og Möl

BYGGINGAMEISTARAR.

J. H. G. RUSSELL
Byggingameistari.
í Silvester-Willson byggingunni. Tals: 1068

PAUL M. CLEMENS
Bygginga - Meistari, 443 Maryland St.
Skrifst.: Argyle Bldg., Garry st. Talsími 8997

BRAS- og RUBBER-STIMPLAR

MANITOBA STENCIL & STAMP WORKS
421 Main St. Talsími 1880. P. O. Box 244.
Búum til allskonar Stimpla úr málmi og togleðri

VÍNSÖLUMENN

GEO. VELIE
Heildsölu Vínsali. 185, 187 Portage Ave. E.
Smá-sölu talsími 352. Stór-sölu talsími 406.

STOCKS & BONDS

W. SANFORD EVANS CO.
326 Nýja Grain Exchange Talsími 3698

ACCOUNTANTS & AUDITORS

A. A. JACKSON,
Accountant and Auditor
Skrifst.— 23 Merchants Bank. Tals.: 5702

OLÍA, HJÓLÁS-FEITI OG FL.

WINNIPEG OIL COMPANY, LTD.
Búa til Stein Olíu, Gasoline og hjóláS-áburð
Talsími 1590 611 Ashdown Block

TIMBUR og BÚLÖND

THOS. OYSTAD, 208 Kennedy Bldg.
Viður í vagnhlössum til notenda, búlönd til sölu

PIPE & BOILER COVERING

GREAT WEST PIPE COVERING CO.
132 Lombard Street.

VÍRGIRÐINGAR.

THE GREAT WEST WIRE FENCE CO., LTD
Alskonar virgirðingar fyrir bændur og borgara.
76 Lombard St. Winnipeg.

ELDAVÉLAR O. FL.

McCLARY'S, Winnipeg.
Stærstu framleiðendur í Canada af Stóm, Steinvöru (Granitewares) og fl.

ÁLNAVARA Í HEILDSÖLU.

R. J. WHITLA & CO., LIMITED
264 McDermott Ave Winnipeg
"King of the Road" OVERALLS.

BILLIARD & POOL TABLES.

W. A. CARSON
P. O. Box 225 Room 4 1 Molson Banka.
Öll nauðsynleg áhöld. Ég gjöri við Pool-borð

NÁLAR.

JOHN RANTON
203 Hammond Block Talsími 4670
Sendið strax eftir Verðlista og Sýnishornum.

GASOLINE Vélar og Brunnborar

ONTARIO WIND ENGINE and PUMP CO. LTD
301 Chamber St. Sími: 2388.
Vindmillur — Pumpur — Agætar Vélar.

BLÓM OG SÖNGFUGLAR

JAMES BIRCH
442 Notre Dame Ave. Talsími 2638
BLÓM - allskonar. Söng fuglar o. fl.

BANKARAR.GUFUSKIPA AGENTR

ALLOWAY & CHAMPION
North End Branch: 667 Main street
Vér seljum Avísanir borganlegar á Íslandi

LÆKNA OG SPÍTALAÁHÖLD

CHANDLER & FISHER, LIMITED
Lækna og Dýralækna áhöld, og hospítala áhöld
185 Lombard St., Winnipeg, Man.

DR. H. R. ROSS

C.P.R. meðala- og skurðlækuir.
Sjúkdómum kvenna og barna veitt sérstök umönnun.
WYNYARD, — SASK.

JOHN DUFF

PLUMBER, GAS AND STEAM FITTER
Alt verk vel vandað, og verðið rétt
664 Notre Dame Ave. Phone 3815
Winnipeg

The Dominion Bank

NOTRE DAME Ave. BRANCH Cor. Nena St.

VÉR GEFUM SÉRSTAK AN GAUM AÐ SPARISJÓÐS-DEILDINNI. —

VEXTIR BORGAÐIR AF INNLÖGUM.
HÖFUÐSTOLL - - - $3,983,392.38
SPARISJÓÐUR - - $8,300,000.00
A. E. PIERCY, MANAGER.

R. A. THOMSON AND CO.

Cor. Sargent & Maryland St.

Selja allskonar MATVÖRU af beztu tegund með lægsta verði. Sérstakt vörunúrval nú þessa viku Vér óskum að Íslendingar vildu koma og skoða vörurnar. Hvergi betri né ódýrari.—

Munið staðinn:—
HORNI SARGENT AVE.
OG MARYLAND ST.
PHONE 3112.

Með því að biðja sérlega um "T.L. CIGAR," þá ertu viss að fá ágætan vindil.

Smoke the T.L. CIGAR

T.L.

(UNION MADE)
Western Cigar Factory
Thomas Lee, eigandi Winnipeg

Redwood Lager og Extra Porter

Styrkið taugarnar með því að drekka eitt staup af öðrum hvorum þessum ágæta heimilis bjór, á undan hverri máltíð. — Reynið !!

EDWARD L. DREWRY Manufacturer & Importer Winnipeg, Canada.

F. Deluca

Verzlar með matvöru, aldini, smá-kökur, allskonar sætindi, mjólk og rjóma, sönul. tóbak og vindla. Óskar viðskifta Íslend. Heitt kaffi eða te á öllum tímum. Fón 7756
Tvær búðir:
587 Notre Dame og 714 Maryland St.

má ég með eins fúsum vilja segja þér frá öðru, og mig langar sterklega til — ímyndaðu þér ekki, að þetta sé hégómagirni — að standa eins hrein og saklaus fyrir hugar-rannsókn þinni og unt er. Ég vil að minsta kosti, að þú þekkir alt það, sem hefir haft áhrif á gerðir minar, og sem gagnar mér sem afsakanir.

"Gagnvart þessari voðalegu hættu og nevpu stóðst ég ekki mátið. Mér hafði alt af þótt vænt um bróður minn, og var hreykin yfir honum, svo gat ég heldur ekki þolað þá hugsun, að faðir minn yrði fyrir slíkri vanvirðu og sorg, sem ég vissi að myndi stytta æfi hans, hann var nógu sorgbitinn og leiður yfir þessu eins og þá stóð, þó ekki væri enn fyrir hendi annað enn kviðinn. Ég lofaði því að giftast Sir Arthur. En eitt skilyrði setti ég. Ég hafði fengið fregnir um, að hann væri stundum vondur við vín, og fremdi ýms afglöp, þess vegna setti ég það skilyrði fyrir giftingu okkar, að hann gerðist bindindismaður. Hann samþykti það nærri því mótstöðulaust, og ég held hann hafi efnt það loforð meðan tilhugalíf okkar stóð yfir, en það var nú að eins um fáar vikur. Sir Arthur var sjálfur áfram um, að hraða giftingunni, og vesalings bróðir minn ekki síður, þar eð hann átti óhultleika sinn undir eðallyndi Sir Arthurs. Þess vegna var strax byrjað að undirbúa athöfn þessa.

"Ég veit ekki, hvort þú manst það, að trúlofun okkar var opinberuð sama daginn og ég var í aldingarðssamsætinu hjá þér. Ég skal aldrei gleyma, hve vingjarnlegur og góður þú varst mér við þetta tækifæri, og hve lipurlega þú reyndir að fá mig til að treysta þér og opinbera þér alt um þetta efni, án þess þó að láta þína skoðun í ljós með einu orði um þessa giftingu. Einu sinni var ég líka rétt komin að því að segja þér alt, en (hér var aftur eitt-

hvað strykað út) við vorum trufluð við umræður okkar, og þessi sterka tillaðan, að opinbera þér kringumstæður minar, gerði ekki aftur vart við sig. Oft hefi ég furðað mig á því, hve mikla velvild þú sýndir mér, sem þó var þér svo lítið kunnug, og hefi ég stundum gizkað á, að það hafi komið af því, að þú hafir heyrt orðróm þann, sem gekk um mig og East lávarð. En, sé þessi ágizkun mín rétt, get ég fullvissað þig um, að East lávarður hefir aldrei sýnt mér annað viðmót en hreina og sanna kurteisi. Orðrómurinn, sem um okkur gekk, hafði ekki við neitt að styðjast. En hvaða ástæðu, sem þú hefir haft, hefi ég aldrei gleymt orðum þínum né þeirri velvild, sem þú sýndir mér þenna dag, og endurminningin um hann, hefir gefið mér djörfung til að skrifa þér þetta bréf. Þú sérð nú, hvers vegna ég gat ekki skrifað vesalings föður mínum, ég gat það ekki án þess það liti út eins og ásakanir á hann. Ef að hann læsi þetta, þá myndi það deyða hann.

"Loksins kom þá giftingardagurinn. Ég ætla ekki að minnast á helgisiðina í kirkjunni, því meðan þeir stóðu yfir, fann ég glögt að ég var að fremja fölsun. En aldrei skal ég gleyma því hræðilega augnabliki, þegar ég varð að taka á móti kossi brúðgumans í fyrsta sinni. Mér skjátlaði ekki, ég fann það glögt, að þann sama morgun hafði Sir Arthur drukkið áfengi, og þá kviknaði strax grunur í huga mínum um það, hvað nú biði mín. Ég sagði þó ekkert í það sinn, og við ókum heim til að neyta brúðkaups morgunverðarins. Framkoma hans var fremur óþjál og hávær, en ég hélt að þetta væri að kenna geðshræringu, en meðan við vorum að borða, varð ég hins sanna vís.

"Án nokkurrar afsökunar heimtaði hann kampavín um leið og við settumst að borðinu. Ég laut að honum og minti hann mjög alúðlega á loforð sitt,

en hann sneri sér að mér og sagði mjög hrottalega: — "Það var nú nógu gott á meðan við vorum að eins trúlofuð, en nú, þegar ég hefi loksins náð í þig, og þú getur ekki sloppið frá mér, þá er það ég, sem ræð, skal ég segja þér". Svo helti hann í sig fullu glasi af víninu. Upp frá þessu vissi ég, hvaða manni ég hafði gifst, og voðalegur viðbjóður og hræðsla fyltu huga minn.

"Ég ætla ekki að lýsa því, sem á eftir fylgdi, að eins skal ég geta þess, að þegar Sir Arthur stóð upp frá borðinu, var hann meira enn hálf-drukkinn, og áður en við komum til Glasgow, þetta kvöld, var hann orðinn dauðadrukkinn, sem kallað er. Hræðslan, sem þjáði mig á þessari eimlestarferð, einsömul, lokuð inni hjá druknum ruddamanni, sem sagðist hafa heimild til að kalla sig bónda minn, var meiri enn svo, að ég geti lýst henni. Mig hryllir við að hugsa um það, og það er stór furða, að eg skyldi ekki verða brjáluð þenna voðadag.

"Þú munt geta gizkað á — og hefir þegar gert það, ef til vill — hvað á eftir fylgdi. Hræðslan, viðbjóðurinn og fyrirlitningin, sem þetta dýr í mannsmynd vakti hjá mér, knúði mig til þeirra úrræða, sem í sjálfu sér virðast hræðileg, en voru þó ekki eins voðaleg fyrir mínum hugskotssjónum eins og að eiga að búa saman við þessa ófreskju, sem kona hans. Í huga mínum gerði ég mér grein fyrir volæðinu og kvölunum, sem mundu verða samfara veru minni hér, og áleit það samt vera ákjósanlegra en hitt.

"Ég ásetti mér að látast vera brjáluð".

Þegar njósnarinn kom að þessum orðum, hætti hann að lesa, alveg hissa á þessari viðurkenningu, sem hann hafði þó haft nokkurn grun um. Hann endurkallaði í huga sínum umliðin atvik, hina blíðu og rólegu framkomu Láru, ást hennar til litlu stúlk-

unnar, og þá ekki minni ást og traust barnsins til hennar, sem er svo óvanalegt hjá brjáluðum manneskjum, viðbjóður hennar á hinum sjúklingunum, vitfirringsköst hennar þegar maður hennar kom að líta eftir henni, líklega í því skyni að fá hana heim með sér, mótstaða hennar gegn því að yfirgefa stofnanina, — öll þessi atvik, sem bentu í eina og sömu átt, svífu fyrir hugskotssjónum njósnarans, og staðfestu fyllilega viðurkenningu þá, sem vesalings Lára gaf í handritinu. Hann barði á enni sér með kreftum hnefa og sagði hátt: — "Hamingjan góða, ég er viss um, að hún er ekki fremur brjáluð en ég er".

Nú varð honum alt í einu lítið á frú Ferrier. Hún hafði horft á hann meðan hann las, en við þessi orð hans, sem hann talaði hátt, brá henni svo, að hún varð óskugrá í framan, augu hennar stóðu kyr, og megn örvilnan sást á svip hennar.

17. KAPÍTULI.

Forlög Láru.

Njósnarinn lét frú Ferrier eiga sig með sínar hugsanir, sem ekki litu út fyrir að vera mjög þægilegar, og hraðaði sér að lesa. Tíminn leið, og það var áríðandi að hann yrði búinn áður en hann yrði truflaður.

"Ég valdi það augnablik (segir ennfremur í handinu), sem lestin nálgaðist Carlisle, til að byrja þetta hlutverk mitt, sneri mér skjótlega að Sir Arthur og sagði honum, að ég væri hin heilaga ungfrú.

"Honum varð áfarbilt við, og áður en hann gat

Látið Ekki Leiðast inn á Hliðarsýningar.



BEZTU hringsýninga sæti eru ætíð í aðal tjaldinu, þar er "Stór sýningin". En vegurinn þangað er beggja megin skipaður aðdráttarminni og ódýrum auksýningum. Fyrir utan þær eru slægir hrópendur sem sífelt reyna að draga aðsækjendur frá aðal sýningarsviðinu. Og þannig er því varið með Rjómaskilvindurnar hér í Canada. MAGNET, eina rjómaskilvindan í Canada, er í "Stóratjaldinu" á aðal svæðinu, með stóru stál skálina sem studd er beggja megin, (Magnet Parent). Hún hefir einfaldan fleytir sem nær allri smjörfitu úr mjólkinni, og hreinsar einnig um leið öll óhreinindi úr henni.

Fullkomin "Square Gears" úr stáli endast í 50 ár. Magnet 'brake' vefst um skálina, (Magnet patent).

Vinnumagnið má takmarka eftir vild sinni í MAGNET Skilvindunni. Börn geta snúið henni. Hún er auðhreinsuð,— svo að það tekur aðeins heilings tíma móts við aðrar Skilvindur.

Slægu hrópendurnir reyna að hamla mjólkur-bændunum frá að komast í stóratjaldið. Látið ekki háreysti þeirra villa yður. En komið í Aðaltjaldið til MAGNET, athugið gerð hennar og 11 ára orðstír í landi voru. Þegar þér eruð komnir inn í "Aðaltjaldið" þá ræður MAGNET fyrir yður skilvindu gátuna í næstkomandi 50 ár. —

The Petrie Mfg. Co., Limited
WINNIPEG
HAMILTON. ST. JOHN. REGINA. CALGARY.

Því ekki að hafa beztu Píanó?

Gamla Félagsins Heintzman & Co. PÍANÓ

er bezta Piano, sem búið er til í Canada, og er með þeim beztu, sem gerð eru í nokkru landi í heimi. Í meir enn 50 ár hefir félag þetta verið að bæta fullkomnun þess og hljómfegurð, þar til nú að það er svo fullkomið, sem mannlegt hugvit getur frekast gert það.

J. J. H. McLean & Co LIMITED.

528 Main St. Talsími 808

ÚTIBÚ Í BRANDON OG PORTAGE LA PRAIRIE.

Fréttir úr bænum.

Heldur er að lagast með útlitið fyrir því, að heimssýning verði haldin í Winnipeg árið 1912. Síðan Roblin stjórnin lofaði að verja 250 þúsund dollurum til styrktar slíkri sýningu, þá hefir sú fregn borist, að Nýja Sjáland ætli að verja 100 þúsund dollars til þess að taka þátt í sýningunni. Væntanlega taka og öll fylki Canada drjúgan þátt í þessu fyrirtæki, ásamt með ríkisstjórninni. En engar ákveðnar upphæðir hafa enn verið nefndar.

Herra Páll F. Björnsson, frá Big Quill P.O., Sask., var hér á ferð í síðustu viku, áleiðis til Norður-Dakota snöggva ferð. Hann taldi horfur all-vænlegar vestra, yfirleitt, nema hvað allur gróður hefir orðið með síðara móti í ár. Allmargir íslenzkir bændur hafa orðið fyrir tilfinnanlegu tjóni umhverfis Wynyard, af hagli.

Brúkaður Fatnaður

MESTA ÚRVAL ÆTÍÐ Á REIÐUM HÖNDUM. KOMIÐ VIÐ HJÁ OSS OG SKOÐIÐ FÖTIN.

THE **OXFORD**

Brúkaðrafata fél.
Phone 6162.
532 NOTRE DAME AV.
Vér kaupum og seljum föt.

Kona, sem ætlar heim til Íslands í þessum eða næsta mánuði, vill fá góða samferð, og mælist til þess, að einhverjir, sem ætla heim á þessu tímabili, geri svo vel að tilkynna það á skrifstofu Hkr.

Vesturfarar væntanlegir í fyrsta lagi í kveld (miðvikudag).

Þann 27. júlí sl. andaðist að Gimli Björn Jónsson, er lengi bjó á Víðivöllum í Steingrímsfirði í Strandasýslu á Íslandi. Hann var 84. ára gamall. Til Ameríku kom hann árið 1888, og hefir síðan dvalið hjá Margrétu dóttur sinni og manni hennar Guðmundi B. Jónssyni að Gimli.

Þann 21. júlí sl. gaf séra Fr. J. Bergmann saman í hjónaband þau herra William Holden Taylor og ungfrú Sarah Gertrude Anderson, að heimili brúðurinnar, 525 Sherbrooke St.

Séra Fr. J. Bergmann biður þess getið, að Mrs. Helga Bjarnason eigi hjá sér geymdan meðalaböggul frá Dr. Moritz Halldórssyni í Park River. Hann mælist til að konan vildi vitja þessa sem fyrst heim til hans, að 259 Spence St.

Vínbanns-lögin staðfest

"BANNLÖGIN STAÐFEST Í DAG". Þannig hljóðandi hraðskeyti sendi herra Björn Jónsson, ráðherra Íslands, Lögbergi og Heimskringlu þann 30. júlí. — Athugasemdir eru óþarfar.

Úlfur í River Park beit til stórskemda á fimtudaginn var 3. ára gamlan dreng, sem hafði gerst of nærgöngull við girðingu þá, sem úlfurinn var geymdur í. Svipað slys varð þar í garðinum í fyrra. — Fólk ætti að hafa nákvæmar gætur á börnum sínum þar í garðinum.

Hefir þú séð hinar nýjustu umbætur og nýmódins lag á vorum

Open Gas Grates and Wood Mantels

Komið og skoðið þær hjá —

Gas Stove Dept. Winnipeg Electric Ry. Co.

322 MAIN ST. TALS. Main 2522

ÁGÚST SKÓSALAN.

Nú ætlum vér að fýta út öllum vorum sæðiðuka skófatnaði. Nú er því tími til kjörkaupa

20 prós. afsláttur

á öllum dúk skófatnaði, há eða lág sniðum, o með leður sólum. Fyrir karla og konur, börn og unglinga.

100 Pör

af kvenna Vici Kid reimuðum skóm, morgun skóm, að meðtöldum kvennanna dúkskóm, litaðum, 2½—3 og 3½ að stærð. Vanaverð frá $1.75 til $3.00 Nú niðursettir í

95 CENT

Ryan-Devlin Shoe Co
494 MAIN ST. PHONE 770.

Til Selkirkbúa

Þeir Selkirk búar, sem keyptu sér far hingað til borgarinnar 2. ágúst til þess að sækja Íslendingadagshátíðina hér, en urðu að borga 80c fyrir ferðina fram og aftur, í stað 50c, sem nefndin lofaði þeim, — eru hér með ámintir um, að þeim verður af nefndinni borgað til baka 30c á hvert fullorðið Ticket, sem þeir keyptu, og að í næsta blaði verður auglýst til hvers í Selkirk borg þeir mega vitja peninganna.

B. L. BALDWINSON.

Frétt frá Mikley segir látinn þar Helga Tómasson póstmeistara. — Honum hafði orðið skyndilega ilt úti á engi, svo að hann var flutt ur heim og sent eftir lækni. En Helgi sál. andaðist áður en læknirinn kom.

Herra Loptur Jörundsson biður Heimskringlu að gera þá athugasemd við fréttina í síðustu viku, um beinbrot það, sem sonur herra Valgarðssonar varð fyrir í knattleik, sem hafður var á Gimli í sambandi við Bandalags skemtiferðina þangað ofan eftir, — að Bandalag Tjaldbúðar safnaðar hafi engan þátt tekið í þeirri för, og að fyrir guðs náð hafi aldrei orðið neitt slys af nokkurri skemtun, sem Bandalag Tjaldbúðar safnaðar hafi haft.

Bústýru vantar

á gott íslenzkt bóndaheimili í Saskatchewan fylki. Í heimili er bóndinn og 2 synir hans, 6 og 8 ára. Stúlkan þarf að vera vön húsverkum og fær um að stunda börnin. Kaup $8.00 til $10.00 um mánuðinn. Þó hún hafi eitt barn með sér, telst það ekki til reiknings. — Heimilið er gott og húsráðandinn áreiðanlegur. — Nánari upplýsingar fást á skrifstofu Hkr.

Íslendingadagsnefndin

er beðin að koma á fund á skrifstofu Heimskringlu á föstudagskveld í þessari viku (þann 6. þ. m.) kl. 8. Áríðandi að allir mæti.

TH. JOHNSON, forseti.

JÓN JÓNSSON, járnsmiður, að 790 Notre Dame Ave. (horni Toronto St.) gerir við alls konar katla, könnur, potta og pönnur fyrir konur, og brýnir hnífa og skerpir sagir fyrir karlmenn. — Alt vel af hendi leyst fyrir litla borgun.

Herra Gunnlaugur Peterson, lögfræðingur í Pembina, skrifar Heimskringlu (dags. 29. júlí) athugunir við samþyktir þær, sem gerðar voru á síðustu prestastefnu á Íslandi um kenningarfrelsi presta, — þar sem sú skoðun var einróma í ljós látin, að rangt væri, að binda presta landsins með löferði við játningarritin, heldur væri tilgangurinn sá, að þeir skyldu hafa frjálsræði til að prédika það eitt fyrir söfnuðum sínum, sem þeir vissu sannast og réttast. — Herra Petersen tekur fram, að með þessu sé það ljóst, að samþyktir síðasta kirkjuþings hér í Winnipeg, þvert ofan á þess eigin grundvallarlög, að ritin skuli vera bindandi fyrir presta vora hér, séu í beinni mótsetningu við skilning og ákvörðun íslenzku þjóðkirkjunnar á þessu máli.— En með því, að þetta blað flytur nokkurn veginn nákvæman útdrátt af gerðum prestastefnunnar á Þingvelli, virðist ekki þörf á að prenta grein herra Petersonar.

DÁNARFREGN.

Þann 14. júlí sl. andaðist að Tumwater P.O., Wash., Elizabet Guðmundsdóttir, Kristjánssonar Matthíassonar, frá Hliði á Álftanesi, og Guðrúnar Guðmundsdóttur, ættaðrar úr Breiðafjarðareyjum. Efnileg stúlka og vel gefin, 21 árs að aldri. Banamein hennar var lungnatæring. Hún var jarðsett í Masonic Cemetary (Olympia) — Reykjavíkurblöðin eru vinsamlega beðin að taka upp þessa dánarfregn.

KENNARA VANTAR

fyrir VIDIR skóla No. 1460 í 3 mánuði, frá 15. september til 15. desember 1909. Tilboðum, sem tiltaki kaup, mentastig og æfingu, verður veitt móttaka af undirrituðum til 27. ágúst næstk.

Vidir P.O., Man., 24. júlí 1909.
JÓN SIGURDSSON,
skrifari — fél.

Dr. G. J. Gislason,
Physician and Surgeon
Wellington Blk. - Grand Forks, N.Dak
Sjerstakt athygli veitt AUGNA, EYRNA, KVERKA og NEF SJÚKDÓMUM.

Drs. Ekern & Marsden,
Sérfræðislæknar í Efturfylgjandi greinum: — Augnasjúkdómum, Eyrnasjúkdómum, Nassasjúkdóm um og Kverkasjúkdómum. : : :
Í Platky Byggingunni í Eenum
Grand Forks, :: N. Dak.

BILDFELL & PAULSON
Union Bank 5th Floor, No. 520
selja hús og lóðir og annast þar að lútandi störf; útvegar peningalán o. fl.
Tel.: 2685

J. L. M. THOMSON, M.A., L.L.B.
LÖGFRÆÐINGUR. 255½ Portage Ave.

Þarft þú ekki að fá þér ný föt?

EF ÞAU KOMA FRÁ CLEMENT'S, — ÞÁ VERÐA ÞAU RÉTT.

Réttur að efni, réttur í sniði réttur í áferð og réttur í verði.

Vér höfum miklar byrgðir af fegurstu og beztu fataefnum. —

Geo. Clements & Son
Stofnað árið 1874
264 Portage Ave. Rétt hjá FreePress

ANDERSON & GARLAND
LÖGFRÆÐINGAR
35 Merchants Bank Bldg. Phone: 1561

BONNAR, HARTLEY & MANAHAN
Lögfræðingar og Landskjala Semjarar
Suite 7, Nanton Block, Winnipeg

Hubbard, Hannesson and Ross
LÖGFRÆÐINGAR
10 Bank of Hamilton Chambers
Tel. 378 Winnipeg

Boyd's Brauð

eru ætíð góð. Það er ómögulegt að búa til betri brauð, en vér búum til. Vér brúkum að eins beztu mjöltegundir, beztu brauðgerðaraðferðir og æfðustu bakara. Ef þér viljið fá brauð, sem er æfinlega gott, þá biðjið um Boyds brauð.

Boyd's

Bakery Cor. Spence & Portage Ave
Phone 1030.

W. R. FOWLER A. PIERCY.

Royal Optical Co.
327 Portage Ave. Talsími 7286.
Allar nútíðar aðferðir eru notaðar við augn-skoðun hjá þeim, þar með hin nýja aðferð, Skugga-skoðun, sem gjöreyðir öllum ágiskunum. —

Laing Brothers

3 Búðir:
234-6-8 KING ST. Talsími 4476, 5890, 5891
417 McMILLAN AVENUE Talsími 5598
847 MAIN ST. — Tals: 3016

Hafrar, Hey, Strá,
COUNTRY SHORTS, BRAN, CORN, CORN CHOP, BYGG CHOP, HVEITI CHOP, OG GARÐAVEXTIR.
Vér höfum bezta úrval gripafóðurs í þessari borg; fljót afhending

áttað sig og sagt nokkuð, þaut ég inn í klefa í vagninum og lokaði dyrunum að innan.

"Þegar við komum til Glasgow, gat hann náð mér út með aðstoð járnbrautarþjónanna, og flutti mig svo á hótel þar í borginni. Ég beið þangað til við vorum komin inn í herbergi uppi á loftinu, þá hamaðist ég eins og mér var unt, og gerði hann svo hræddan, að hann að síðustu gerði boð eftir lækni.

"Læknirinn, sem kom að skoða mig, sagði honum undir eins að ég væri brjáluð. Ég heyrði hann segja Sir Arthur (sem nú var orðinn afdrukkinn), að annað eins og þetta orsakaðist oftlega af snöggri geðshræringu, einkum hjá taugaveikluðum manneskjum. Hann ráðlagði Sir Arthur ennfremur, að símrita strax eftir föður mínum. Ef koma hans gæti ekki gert mig rólegri, væri ekki um annað að gera, en koma mér fyrir á geðveikrahæli, að minsta kosti um tíma. Mér hafði ekki komið til hugar, að kallað yrði á föður minn, og það gerði mig hrædda og sorgbitna. Samt var ég einhuga í því, að halda áfram þessari stefnu, sem ég hafði tekið. Ég heyrði læknirinn segja Sir Arthur, að nærvera hans væri orsök í ofsa mínum, og að hann mætti ekki fyrst um sinn láta mig sjá sig, og var mér þetta sönn ánægja. Alla nóttina hélt ég áfram að látast fá þessar brjálsemiskviður, og sofnaði ekki fyr en undir morguninn.

"Skömmu eftir dagverðinn kom vesalings faðir minn, og var mér sönn raun að sjá hann. Það er efalaust, að hann ásakaði sig fyrir að vera orsök í þessu, því hann var orðinn veiklulegri og eldri að útliti síðan hann fékk fregnina um ástand mitt. Mér þótti slæmt, að verða að táldraga hann, en af því ég þekti lunderni hans og lífsskoðanir, þóttist ég viss um, að hann mundi reyna að sætta okkur, ef ég

segði honum sannleikann, en það hafði ég ásett mér að aldrei skyldi koma fyrir.

"Ég fékk ekkert æðikast á meðan faðir minn var hjá mér, en ég hélt áfram að tala um sjálfa mig sem hina heilögu ungfrú, og ég sá að faðir minn var sannfærður um vitfirringu mína. Sama daginn fluttu þeir mig til Auchertown og komu mér fyrir hjá dr. Raebell.

"Það vakti illan grun hjá mér undir eins, að ég var látin þangað undir fölsku nafni. Í bókum stofnunarinnar er ég ekki nefnd lafði Redleigh, ekki heldur ungfrú Brown, sem ég hefði helzt viljað, heldur frú Robin. Að eins dr. Raebell veit mitt sanna nafn og kringumstæður. Það huggaði mig þó allmikið, að faðir minn vissi um ráðagerð þessa. Þeir yfirgáfu mig um kveldið, og síðan hefi ég ekki séð föður minn. Ég hefi samt heyrt, að hann sé lifandi enn og vel friskur.

"Það, sem eftir er af æfisögu minni, má segja með fáum orðum. Ég er hér yfirgefin og einmana. Hafi ég breytt rangt, og það verða víst ýmsir til að segja, þá hefi ég margt orðið að þola þess vegna, og verð að þola enn í dag. Ég á engan vin hér, og ég þori ekki að skifta mér af vitfirringunum, veit ekki nema það geri mig brjálaða,— þessi hræðsla hefir ávalt búið í huga mér síðan ég kom hingað, og hefir orsakað mér stóra kvöl, þó önnur stærri þjái mig.

"Aðstoðarlæknirinn, dr. Graham, er góður og vingjarnlegur maður, svo ég held, að mér væri nærri óhætt að treysta honum. En það er ein afleiðing af táldrægni minni, að ég þori ekki að tala skynsamlega við nokkra manneskju, af kvíða fyrir því, að það komist upp, að ég er ekki brjáluð. Samt er ég hrædd um, að Graham og dr. Raebell viti meira um mig en þeir láta í ljós.

"Það, sem mest kvelur mig hér, eru heimsóknir Sir Arthurs. Það lítur út fyrir, að hann sé ekki vonlaus um bata minn, og ég er alt af hrædd um dr. Raebell kunni að gefa í skyn, að ég sé ekki eins brjáluð og ég látist vera. Ég verð þess vegna að látast vera eins óð og mér er framast unt, í hvert sinn sem hann kemur hér, en afleiðingin er sú, að ég verð að láta mér líka, að vera lokuð inni í hinu voðalega, fóðraða herbergi".

"Það, sem hefir gert mig enn órólegri, eru tilboð þau, sem dr. Raebell hefir gert mér hvað eftir annað nú upp á síðkastið, nefnilega, að senda mig burt til eins eða annars heimilis í sveitinni, þar sem ég geti verið alveg frjáls. Ég get ekki haldið, að þeir mundu gera mér þetta tilboð, ef þeir héldi að ég væri reglulegur vitfirringur, og held því að þetta sé ginning. Ég held, að þegar ég er komin héðan, þá muni Sir Arthur taka mig til sín og segja, að hann trúi því ekki, að ég sé vitskert. Eina vonin mín er, að fá að vera hér kyr og þola alla þá eymd og kvalir, sem fyrir mér liggja hér, þangað til dauðinn á einn eða annan hátt sker sundur þau bönd, sem ég hefi hnýtt, og leyfir mér annaðhvort að koma aftur út í heiminn, sem frjálsri konu, eða flytur mig — þó ég ekki verðskuldi það — í annan betri heim, heldur enn þessi getur nokkurntíma orðið fyrir mig.

"Þetta er alt, sem ég þarf að segja. Hræðslan, sem aftur og aftur ásækir mig, hefir komið mér til að skrifa mína sorglegu æfisögu, svo að ég, ef það skeður, sem ég óttast, og ég get fengið tækifæri til geti beðið garðyrkjumanninn, sem er vinur minn, að koma þessu bréfi á framfæri. Ég veit ekki, hvort þú getur hjálpað mér, þó þú vildir, en mér er mikil huggun í því, að mega hugsa til þess, að það vár til einn vinur (þetta orð mun mér óhætt að

nota), sem skildi og máske hryggðist, kæri lávarður Fatheringham, yfir forlögum þeim sem hittu

þína hreinskilnu trygðavinu,

Láru Brown".

Hér var óskrifað bil í handritinu. Þar sem skriftin byrjaði aftur, var hún skrifuð með ritblýi, og var nokkuð ógreinilegri.

"Eftirskrift. Ég bjóst ekki við að verða að bæta neinu í bréf þetta. Ég er mjög hrygg og óróleg. Dr. Graham er farinn héðan fyrir fáum dögum, og búið að flytja mig á hans herbergi. Það er voðalegt, að hugsa um það fyrir mig, að nú er ég beint á móti klefanum, sem þeir bandóðu eru geymdir í. Þeir segja að ég sé veik, og dr. Raebell lætur mig brúka mikið af meðulum. Enn þá hafa þau þó ekki gert mér neitt ilt, svo ég viti. En hvað ætli komi nú á eftir?"

Eftir þetta kom önnur viðbót, sjáanlega nýskrifuð.

"Ég geymi handrit þetta bak við dragkistuna, og vona, ef eitthvað skyldi koma fyrir mig, að nýi aðstoðarlæknirinn finni það og sendi þér það, ef hann er jafn-heiðarlegur maður og dr. Graham var".

"Nei, hann mundi eflaust afhenda dr. Raebell það", tautaði njósnaeinn. Svo flýtti hann sér að lesa það sem eftir var:

"Dr. Raebell var hér inni rétt núna. Hann kom úr óðra klefanum. Stundum heyrist mér hringla í hlekkjunum á nóttunni. En — það getur verið ímyndun. Skyldi ég vera að missa vitið? Það er eins og andrúmsloftið í kring um mig sé þrungið af ótta. Læknirinn gaf mér meiri meðul í dag, en stóð ekkert við til að sjá, hvort ég neytti þeirra, svo

EKRU-LOÐIR

Á. til 5 ekru spildur við rafmagns brautina, 3 mílur frá borginni, — aðeins 10 mínútna ferð á sporvagninum, og mölborin hjólreiðavegur alla leið. Verð $200 ekran og þar yfir. Aðeins einn-fimtipartur borgist strax, hitt á fjórum árlegum afborgunum.—

Skuli Hansson & Co.

Skrifst. Telefón 6476. Heimilis Telefón 2274

Heimskringla.

VÉR HÖFUM

næga skildinga

til að lána yður mót tryggingu í bújörðum og bæja-fasteignum. Seljum lífsábyrgðir og eldsábyrgðir. Kaupum sölusamninga og veðskuldabréf.

Frekari upplýsingar veita

Skuli Hansson & Co.

56 Tribune Building. Winnipeg.

XXIII. ÁR. WINNIPEG, MANITOBA, FIMTUDAGINN, 12. ÁGÚST, 1909 NR. 46

Komið til Mín!

og skoðið hjá mér hin margreyndu og alkunnu BRANTFORD reiðhjól.

Þau eru langbeztu reiðhjól sem fást hér í Canada, — og líklega þó víðar sè leitað. Ekki þurfið þér að óttast skilmálana; þeir munu koma heim við hvers manns vasabuddu. Komið til mín með gömlu reiðhjólin til aðgerðar.

West End Bicycle Shop,

JON THORSTEINSSON, eigandi.

477 PORTAGE AVE. Winnipeg, Man

Fregnsafn:

Markverðustu viðburðir hvaðanæfa.

— Forseti Taft staðfesti nýju tollögin með undirskrift sinni þann 5. þ.m. — Forsetinn kvaddi til aukaþings til breytinga á tollögunum í samræmi við loforð Repúblíka flokksins um síðustu kosningar. Tollar hafa verið nokkuð lækkaðir frá því sem áður var, talsvert hert á eftirliti með auðfélögum og skattar hækkaðir á einkaleyfis félögum. Þinginu var samstundis slitið, er forsetinn hafði undirritað lögin.

— Mörg þúsund verkamanna í Svíþjóð gerðu verkfall í vikunni sem leið. Mest kvað þó að þessu í Stokkhólmi, því þangað sóinuðust þeir í þúsundatali. Stjórnin setti strax hervörð um borgina, og sérstaklega um gas og rafmagns framleiðslu stöðvarnar. — Stjórnin sendi hingað og þangað út um land eftir vistum handa þeim herdeildum, sem hún hafði kvatt til varnar í borginni. Vopnaðir hermenn fylgja hverjum vagni inn í borgina, svo matvælin lendi ekki í höndum verkfallsmanna. — Matvæli eru þegar orðin svo dýr í Stokkhólmi, að einungis efnamenn geta keypt þau. Verkfallsmenn líða hungursneyð af því þeir geta ekki fengið matvæli. Norðmenn skutu strax saman fjörutíu þúsund krónum og sendu verkfalsmönnum að gjöf. Þeir halda áfram fjársöfnun. Þúsundir fátækinga í Stokkhólmi hafa orðið að flýja borgina og hafast við úti í sveitum meðal bænda, þar sem helzt er matar og lífsvon.

— Nokkrir Svarthandarfélags náungar voru í síðustu viku, í bænum New Haven Conn., dæmdir í fangavistir, frá 3 til 28 árum. Foringinn fékk 28 ár og ýmsir félagar hans alt að 25 árum hver. Þessir náungar höfðu í sl. fimm ár ógnað heilu landssvæði þar syðra með ítrekuðum glæpaverkum, þjófnaði, ránum, morðum og hótunum um líflát. Það var að þakka draum konu einnar, að þeir urðu sannir að sök um glæpi þessa. Hana dreymdi, að hún sæi vissan hóp manna taka auðmann einn og binda hann og ræna fé hans. Hún spurði síðar einn af þeim, er hún sá í draumnum um þetta, og játaði hann þá sökina. Hún tilkynti þá lögreglunni þetta og urðu afleiðingarnar þær, sem að framan er sagt.

— Rússakeisari kom til Englands í sl. viku, eins og auglýst hafði verið. Edward konungur mætti keisarahjónunum úti á Cowes höfn, og snæddi með þeim þar. Næsta dag steig Rússakeisari á land í Osborne borg. Að vísu hafði Rússakeisara verið tilkynt um fjandskap Anarkista, Sósialista og verkamannafélaganna gegn honum og honum ráðlagt, að stíga ekki fæti á England, — en hann kvaðst treysta Bretum svo, að sér væri óhætt að lenda. Hann sté því á land og keyrði í luktum vagni með Edward konungi þangað sem ferðinni var heitið, en heill herskari af lögregluþjónum fylgdi kerrunni og umkringdi hana á allar hliðar. Þeir þjóðhöfðingjarnir skoðuðu herfylkingar í borginni.

Í orði er, að M. Bleriot, sá er flaug milli Frakklands og Englands, muni bráðlega koma til Canada til að sýna íþrótt sina.

— Þess var getið í síðasta blaði að voðalegir jarðskjálftar hefðu orðið í vestur og miðhluta Mexico ríkis þá í vikunni, og að þeir hefðu orsakað feikna manntjón og eigna. Síðan hefir frézt, að þessir jarðskjálftakippir urðu 73 talsins, og að eftir þá og skaða þann, sem þeir gerðu komu voðalegir hitar, sem nú hafa brent alla uppskeru á þessu svæði, svo að hún er skrælnuð og þúsundir manna líða hungursneyð. Þetta fólk, meðan það getur hreyft sig, ferðast um bygðir, og rænir hverju sem hönd á festir til átu. Járnbrautarlestir hafa verið sendar með matvæli og aðrar nauðsynjar inn í hungursneyðar héruðin. Yfirvöldin eru að gera alt, sem í þeirra valdi stendur til að hlynna að þeim bágstöddu.

— John Hall Deane í New York er gjaldþrota. Hann er lögfræðingur og var um eitt skeið æfinnar talinn auðugur maður. Eitt sinn gaf hann 100 þúsund dollara til kirkju einnar. En nú er hann svo fátækur, að hann sór fyrir rétti þar í borg í síðustu viku, að hann ætti ekki aðrar eignir en 7 dollara í peningum í vasa sínum, en að hann skuldaði öðrum hálfa milión dollara, og hefði ekkert til að borga þá skuld með. Nú býr hann í húsi, sem kona hans á, og borgar hann henni húsaleigu fyrir það. Hann leigir og lögfræðiskrifstofu, en hefir enga leigu borgað eftir hana í sl. 6 mánuði. Eitt sinn gaf hann Rochester háskólanum 100 þúsund dollara, og Calvary Baptista kirkjunni $50,000. En sýnt er, að þá hefir hann gefið af annara eignum en ekki sínum eigin.

— Þeir James Jeffries og John Johnson, knefaleikararnir miklu, hafa hvor um sig lagt fram $5,000 til tryggingar því, að þeir skuli berjast þar til annarhvor er óvígur. Hvor þeirra á að leggja fram þúsund, svo að sjóðurinn verði alls $20,000, og skal sá hafa alt sem vinnur, auk verðlaunanna, sem félag það veitir þeim, sem hefir umsjón með þessu mannati og selur aðgang að því.

— Niu ára gamall piltur í London, Ont., var fyrir rétti í síðustu viku fyrir að hafa brotist inn í 2 hús þar í borginni í þeim tilgangi að stela. Í öðru þeirra náði hann gullstássi og peningum, en í hinu ofurlítla peningaupphæð. Eftir það fór hann að skemta sér á leikhúsunum og öðrum skemtistöðum, þar til efnin voru búin.

— Þrettán ára gömuls stúlka í Harrisburg hengdi sig af því, að stjúpi hennar hafði barið hana fyrir eitthvert smábrot. Stúlkan þoldi ekki hegninguna.

— Eldur í Osaka í Japan þann 4. og 5. ágúst, sem varaði 36 klstundir, sleikti upp alt lifandi og dautt á fjögra fermilna svæði, svo sem 20 þús. ibúðar og verzlunarhús og Buddah kirkjuna miklu Tugir þúsunda af fólki varð heimilislaust og allslaust. Fjöldi fólks meiddist og nokkrir biðu bana. — Hjálp var tafarlaust send frá ýmsum stórborgum landsins, og bætt úr bráðustu þörf fólksins. Áætlað er, að eignatjónið muni nema 7 miliónum dollara, og að eldsábyrgðarfélögin verði gjaldþrota. — Stræti borgarinnar voru afarmjó og húsin flest úr timbri. Osaka er þriðja stærsta borg Landsins, með 750 þús. ibúum. Þar er rekinn mik ill iðnaður og verzlun.

— Bóndi einn hjá Carberry hér í fylkinu gerði í síðustu viku samning um, að selja þessa árs hveitiuppskeru sina fyrir $1.10 hvert bushel.

— Nýlega er látinn í Bombay á Indlandi maður að nafni Wadia. Hann vann að herskipasmíði og var talinn með auðugustu mönnum þar í landi. Hann eftirlét 10 miliónir dollara, og af þeirri upphæð ánafnaði hann stórfé til þess að styrkja ungar stúlkur til giftingar. Við útför þessa auðmanns var 100 þús. doll. útbýtt meðal betlara þar í borginni.

— Brezk blöð halda fram því, að úrlausn gátunnar um það, hvað gera skuli við fátæk börn á Englandi, sé, sú, að flytja þau öll til

PÁLL S. PÁLSSON.

Sem hlaut í ár Clemens, Árnason & Pálmason Bikarinn, sem gefinn er fyrir bezta frammistöðu yfirleitt í íþróttum á þjóðhátíðinni í Winnipeg 2. ágúst.

Canada og annara hjálenda, þar sem enn er nægilegt landrými, og þar sem þeim veitist ágætt tækifæri til að fá gott uppeldi, og þar sem framtíðarvonir þeirra séu betri en víðast annarsstaðar í heiminum.

— Tvö stærstu eimskip White Star línunnar hafa hætt millilandaferðum. Þau voru bygð árið 1895, og voru þá talin bezt skip í heimi. Þau kostuðu nær hálfaðra milión dollara. En svo hafa miklar framfarir orðið í skipasmíðum síðan, að þessi skip eru nú ekki talin hæf, að keppa við nýtízku skip um mann og vöruflutninga. Nú eru þau boðin til sölu fyrir hvaða sanngjarnt boð sem fæst.— Þegar þessi skip voru ný, þá fóru þau leiðina frá Englandi til Ameríku á 6 sólarhringum, og var það hraðari ferð enn áður hafði farin verið. Nú fara nýtízku skipin sömu leið á rúmum 4 sólarhringum.

— Herra R. W. Lett hefir nýlega fundið gull og silfurnáma í Sturgeón Lake héraðinu, 240 mílur austur frá Winnipeg. Svo fanst honum mikið til um málmauðlegð þessa héraðs, að hann hyggur það með því auðugasta, er sögur fari af, og segir það þó enn ekki hafa verið skoðað nema að litlu leyti.

— Feikna verðmæt silfuræð hefir nýlega fundist í Cobalt héraðinu. Hún er á yfirborði jarðar og er frá 10 til 14 þuml. á breidd, og liggur í gegn um námalóðir Consolidated félagsins og Foster löndin þar í héraðinu.

— Gullnáma mikil fanst nýlega í austurhlíð Klettafjalla hjá Embarass ánni 12 mílur suðvestur frá Edson stöð á G. T. P. brautinni, og 126 mílur vestur frá Edmonton Finnandinn er T. H. James. Hann hefir unnið mánaðartíma á svæðinu, sem hann mældi sér út, og kom þaðan með allstóra gullmola. — James telur víst, að mikill málmauður felist í jörðu víðsvegar í þessu nágrenni.

— Spænska stjórnin gerði nýlega það ákvæði, að auðmenn ríkisins gætu keypt sig undan herþjónustu skyldu með því að borga $300 í ríkissjóð. Þegar þetta varð hljóðbært, varð svo mikil óánægja um land alt, að við uppreist lá. Nú hefir Alfons konungur ónýtt lög þessi og auglýst, að í ríki sínu skuli hér eftir ríkir og fátækir sæta sömu hervarnarlögum.

— Nýlega var fyrir rétti á Englandi prestur að nafni Chas. Woodhouse, 54 ára gamall. Hann þjónaði engum reglulegum söfnuði, en prédikaði við tækifæri fyrir aðra presta í fjarveru þeirra. Það var sannað fyrir réttinum, að hann hafði verið dæmdur í betrunarhúsvinnu hvað eftir annað. Árið 1901 í 12 mánaða fangelsi, 1902 í 6 mánaða, 1903 í 3 ára og 1905 í 15 mánaða fangelsi. En þrátt fyrir þetta hafði hann ekki verið formlega sviptur prestskap. Drykkjuskapur, skjalafölsun og peningasvik voru stórsyndir hans. — Nú var hann kærður um, að hafa svikið eitt pund sterling af nágranna sínum og 65 pund út úr frænku sinni. Hann var dæmdur í 5 ára fangelsi.

— Nýlega var afhjúpuð standmynd af James J. Hill á Seattle sýningunni. Meðal þeirra, sem héldu ræður við það tækifæri voru þeir stjórnarformaður McBride og mentamálaráðgjafi Young frá British Columbia.

— Þann 31. júlí flaug Count Zeppelin í loftfari sínu 220 mílur vegar, frá Friðrikshöfn til Frankfort til að sækja sýningu, sem haldin var í síðarnefndum bæ. — Meðalferð loftfarsins var 21 milur á klukkustund. En lengst um varð hann að sækja móti sterkum vindi, annars hefði alt gengið greiðar.

— Mælt er, að Count Zeppelin, loftsiglingamaðurinn mikli á Þýzkalandi, sé látinn. Fréttin segir, að hann hafi dáið á þriðjudaginn var eftir uppskurð við hálsmeini, sem gerður var laugardaginn í sl. viku Algerð vissa er enn ekki fengin um sönnur á þessu.

— Stjórn Kinverja hefir samið við Bandaríkja félag eitt að leggja talþráðakerfi um Pekin borg. — Stjórnin sendi fyrir tveimur árum þriggja manna nefnd til að ferðast um Evrópu og Ameriku til þess að kynna sér nytsemi telefóna. — Eftir að nefndin kom heim úr þeirri ferð, var auglýst eftir tilboðum að leggja slikt kerfi um Peking borg, og komu þá tilboð frá ýmsum félögu á Englandi, Þýzkalandi, Frakklandi og víðar, en Western Electric félagið í Bandaríkjunum varð hlutskarpast.

— Barnadauði hefir orðið með langmesta móti í Montreal borg undanfarna daga vegna óvanalegra hita. Af 195 dauðsföllum í borginni yfir vikutímann voru 125 börn innan 5 ára. Einn 35 ára gamall maður dó einnig af hita þar í borg í vikunni.

— Henry Barnado í Lundúnum hefir nýlega gefið 1¼ milión dollara til þess að byggja og útbúa stofnun til þess að halda uppi rannsóknum um orsakir til krabba sjúkdóma.

— Þann 1. þ.m. var sýningartíminn í Seattle hálfnaður. Þá bauð sýningarnefndin 25 þúsund dollara þeim, er sýnt gæti fullkomnasa flugvél. Síðan hafa þeir Wright bræður frá Bandaríkjunum og M. Bleriot frá Frakklandi og aðrir heimsfrægir loftfarar tilkynt nefndinni, að þeir muni keppa um verðlaunin, og skal samkepni sú fara fram yfir sýningarsvæðinu og þar í grend. Ennþá hefir tíminn ekki verið ákveðinn, sem þetta skuli fara fram á, en M. Bleriot er til ferðar búinn frá Frakklandi, hvenær sem kallið kemur.

Íslands fréttir.

Á fjórða hundrað þýzkir ferðamenn komu á skemtiskipi til Íslands um miðjan júlí. Þeir dvöldu að eins eina dagstund í Reykjavík og héldu síðan norður, áleiðis til Spitzbergen.

Rangæingar hafa með frjálsum samskotum reist minnisvarða yfir Ólaf héraðslæknir Guðmundsson, sem lengi hafði verið læknir sýslunnar, og andaðist árið 1900. — Minnisvarðinn var afhjúpaður 14. júní sl.

Gufuskipið Lára hafði með júliferð sinni til Íslands lokið 200 ferðum milli Íslands og Danmerkur. Reykjavíkurblöðin hafa haft orð á, að þessa atburðar ætti að minnast á einhvern hátt.

Haraldur Nielsson dómkirkjuprestur í Reykjavík, hefir verið settur kennari við prestaskólann frá 1. júlí þ.á. Hann á að kenna guðfræði. En Eiríkur Briem, sem einnig er þar kennari, á að kenna heimspeki eins og að undanförnu.

Björn Jónsson ráðherra hefir látið höfða tvö meiðyrðamál gegn blaðinu Reykjavík fyrir illmæli þess í hans garð.

Sjálfsmorð framdi í Reykjvík, seint í júní sl., Sigurður Jónsson, frá Fjöllum í Kelduhverfi, vegna peningaskorts.

Karl Einarsson er orðinn sýslumaður í Vestmannaeyjum.

Góður afli á þilskipum við Faxaflóa í júní sl.

Pétur Halldórsson hefir keypt bókaverzlun Sigfúsar Eymundssonar.

Björn Jónsson, ráðherra varð sjúkur í Kaupmannahöfn í júlíbyrjun, og fór þá til Norður Sjálands sér til heilsubótar.

Bjarni Jónsson frá Vogi er orðinn verzlunar fulltrúi Íslands í útlöndum.

Afli sagður ágætur við Ísafjörð.

Sighvatur Gíslason snikkari í Reykjavík, druknaði í Lagarfljóti snemma í júlí. Hafði verið að synda, en fékk krampa og sökk.

Stefán Jónsson, skósmiður á Seyðisfirði, hengdist á skipi þar eystra. Hafði hann fest hálsklút sinn um ás þann, er gengur frá mótornum fram í gangspilið. — Klúturinn valðist utan um ásinn, þar til hann slitnaði, en maðurinn dó skömmu síðar.

Látinn er í Kaupmannahöfn Simon Sigurðsson Alexíusson, fyrrum kaupmaður á Ísafirði.

Lægrétta getur þess, að eplatré þrífist á Akureyri. Getur um 30 ára gamalt eplatré, sem þar er og bar blóm — ekki epli — í fyrsta sinni í sumar.

Íslendingadagurinn

á Red Deer Point 2. ágúst 1909.

Mér er bæði ljúft og skylt, að minnast þessa dags með hlýjum hug. Ljúft að því leyti, að þetta er þjóðminningardagur okkar allra, dagur, sem vekur upp allar þær helgustu hugleiðingar til ættlandsins okkar, gamla Íslands, sem hjartað á til í eigu sinni.

Þessi dagur hefir allareiðu fengið svo mikla hefð sem þjóðminningardagur Íslendinga austan hafs og vestan, að fáum mun nú blandast hugur um, að hann verði nú héðan af álitinn sá eini rétti.

Aftur er mér skylt að minnast dagsins gagnvart Íslendingum á Red Deer Point, sem sýndu okkur löndum sínum í Winnipegosis þana sóma, að bjóða okkur alla velkomna og veittu okkur og glöddu af allri alúð.

Þetta er í þriðja sinni, sem þeir hafa haldið þennan dag, og þegar þess er gætt, hvað þeir eru fámennir í samanburði við önnur íslenzk bygðarlög, ekki nema átta fjölskyldur, sem taka þátt í þessu helgihaldi, þá lýsir það eitt út af fyrir sig, hvaða menningarstigi fólkið stendur á. Á þeim sannast gamla máltækið réttilega: Sigursæll er góður vilji.

Herra Ólafur Jóhannesson var forseti dagsins. Hann mælti fyrir minni Íslands. Það voru æskuminningar hans. Vel flutt mál og hugljúft.

Herra þórarinn Stefánsson stýrði söngnum. Líka las hann sögu, sem hann hafði þýtt úr dönsku. Einnig flutti hann kvæði, sem hann hafði ort fyrir daginn. Það var Íslands minni vel orðað.

Ýmsir fleiri töluðu nokkur orð, þó það gætu ekki heitið minni.

Þar var staddur danskur maður, sem talaði um samband Íslands og Danmerkur. Hann talaði all-skynsamlega.

Ungu piltarnir þreyttu knattleik, stukku og hlupu. Þeir, sem unnu, fengu verðlaun.

Aflraun á kaðli þreyttu Íslendingar á Red Deer Point og Íslendingar frá Winnipegosis. Þeir fyrnefndu unnu.

Veðrið var hið æskilegasta, logn en ekki mjög heitt. Ég skal minnast þessa dags með hlýjum hug, sem þess skemtilegasta, sem ég hefi lifað.

Með kærri þökk til allra Íslendinga á Red Deer Point.

Winnipegosis, 5. ágúst 1909.

F. Hjálmarsson.

C. O. F.

COURT VÍNLAND, No. 1146 heldur fund í kveld (fimtudagskv. 12. ágúst) í minni Goodtemplara salnum. Félagsmenn eru hér með mintir á, að sækja fundinn.—K.S.

INGIBJÖRG BJÖRNSSON, hjúkrunarkona, 620 Agnest st.

Sá, sem tók ensk "Travelling Basket" með 8 diskum, 6 bollapörum og hvítum borðdúk og nokkurum hnífum og skeiðum, innan við hliðið í River Park, þann 2. ágúst sl., að kveldinu, er vinsamlega beðinn að skila því á skrifstofu Heimskringlu, eða til Mrs. Cooney, 893 Alexander Ave.

Djáknanefnd Tjaldbúðar safnaðar hefir leigt gufubátinn Alberta til skemtiferðar að kveldi þess 23. þ.m. (mánudagskv.). Báturinn fer frá Norwood bryggjunni kl. 8 og kemur til baka aftur kl. 11. Nánar auglýst síðar.

Íslenzka Oddfellow's félagið heldur skemtiferð til Selkirk fimtudaginn 12. ágúst. — Fargjaldið er að eins 50 cents báðar leiðir. Búist er við, að skemtun verði góð og að margir Íslendingar fari ofan eftir með þeim.

OGILVIE'S

Royal Household Flour

Til Brauð og Köku Gerðar

Gefur Ævinlega Fullnæging

EINA MYLLAN Í WINNIPEG,—LÁTIÐ HEIMAIÐNAÐ SITJA FYRIR VIÐSKIFTUM YÐAR.

Wall Plaster

Með því að venja sig á að brúka **"Empire"** tegundir af Hardwall og Wood Fibre Plaster er maður hár viss að fá beztu afleiðingar.

Vér búum til:

"Empire" Wood Fibre Plaster
"Empire" Cement Wall "
"Empire" Finish "
"Gold Dust" Finish "
"Gilt Edge" Plaster of Paris
og allar Gypsum vöruutegundir. —

Eigum vér að senda yður bækling vorn?

MANITOBA GYPSUM CO. LTD

SKRIFSTOFUR OG MILLUR Í

Winnipeg, - Man.

Heimskringla
Published every Thursday by The Heimskringla News & Publishing Co. Ltd
Verð blaðsins í Canada og Bandar $2.00 um árið (fyrir fram borgað).
Sent til Íslands $2.00 (fyrir fram borgað af kaupendum blaðsins hér $1.50.)
B. L. BALDWINSON
Editor & Manager
Office:
729 Sherbrooke Street, Winnipeg
P.O. BOX 3083. Talsími 3512.

Gísli Ólafsson látinn.

Sú sorgarfregn flaug um borg þessa á mánudagjun var, að Gísli Ólafsson, fyrrum fóðursali hér í borg, væri látinn, — hefði orðið bráðkvaddur í húsi sínu á horni Nena og McDermot stræta. Öllum kom fregn þessi á óvart, og allir fundu til innilegrar hryggðar við að heyra þessa fregn, því að Gísli var hvers manns hugljúfi, og það var einróma dómur þeirra mörgu, er þektu hann, að heiðarlegri drengur og betri hefði aldrei flutt vestur um haf.

Þetta sorgartilfelli bar þannig að, að kona Gísla sál. og dóttir þeirra hjóna voru á laugardaginn var niður við Whitewold Beach í sumarbústað þeirra hjóna, en

GÍSLI ÓLAFSSON.

Gísli var hér í bænum. Hann sást ganga heim í hús sitt um háttatíma á laugardagskveldið. En á sunnudagskveldið fór einn af kunningjum hans að heimsækja hann, og kom þá að honum örendum inni í lestrarherberginu. Er þess til getið, að hann, er hann kom heim á laugardagskveldið, hafi kastað sér upp í legubekkinn í lestrarsalnum og orðið þar bráðkvaddur, líklega strax á laugardagskveldið, þó menn vissu ekki um það fyrri enn á sunnudagskveldið, eins og áður er sagt.

Á mánudagsmorguninn fór svo séra Jón Bjarnason norður að Whitewold til þess að tilkynna ekkjunni um þennan sorgaratburð.

Í Heimskringlu 7. júní 1906, sem þá flutti myndir og æfiágrip helztu verzlunar og starfsmanna íslenzka hér í borg, er þannig minst á hinn látna: —

Gísli Ólafsson er fæddur 1. júní 1855, að Landamótaseli í Ljósavatnsskarði í Þingeyjarsýslu. Þaðan flutti hann þriggja ára að aldri með forelsrum sínum, Ólafi Ólafssyni og Rannveigu Sveinbjarnardóttur, að Hjalla í Reykjadal í Þingeyjarsýslu. Árið 1877 fór hann frá foreldrum sínum, þá 22 ára að aldri, til sýslumanns Benedikts Sveinssonar, að Héðinshöfða í sömu sýslu, og gerði sýslumaður hann að verkstjóra sínum.

Haustið 1881 fór Gísli frá B. S. og var þann vetur við nám að möðruvöllum í Hörgárdal. Næsta sumar á eftir ferðaðist hann meðal bænda í Suður-Þingeyjarsýslu með Halldóri búfræðing Hjálmarssyni, og las búfræði hjá honum veturinn eftir.

Sumurin 1883 og '84 leiðbeind. hann bændum í Norður-Þingeyjarsýslu í jarðabótum og vatnsveitingum. — Vorið 1885 fór hann til Skotlands til að kynna sér búnaðarháttu Skota; var hann þar í rúmt ár og hélt þaðan til átthaga sinna.

Árið 1886 fluttist hann með foreldrum sínum (þá háöldruðum) til Canada. Kom hann til Winnipeg 16. september. Fyrstu árin vann hann hjá öðrum, mest bændum í Manitoba og Norður Dakota, því bóndi ætlaði hann þá eflaust að verða.

Þann 16. september 1889 byrjaði hann mjöl og fóðurtegunda verzlun hér í Winnipeg, og rekur hann þá iðn í stórum stíl. Hann er sá eini Íslendingur, sem er meðlimur kotnkaupa samkundunnar hér í borginni; sömuleiðis er hann meðlimur kaupmanna samkundunnar, einnig hinn eini Íslendingur, er sæti á í þeim þýðingarmikla félagsskap.

Hann var sá fyrsti Íslendingur, sem bygði stórhýsi í verzlunarparti Winnipeg borgar, svonefnd: "Olafson Block", — nú $75,000.00 virði.

Þann 19. maí 1890 kvongaðist hann ungfrú Elínu Sigríði, dóttur Jóns snikkara Jónssonar og Guðfinnu Jónsdóttur, á Hornbrekku í Ólafsfirði í Eyjafjarðarsýslu. Þau hjón eiga eina dóttur barna.

Því einu má hér við bæta, að Gísli sál. var skarpgáfaður maður, prýðisvel lesinn og sérlega fróður um alt, er laut að framkvæmda og starfslifi umheimsins og tilhögun þess. Hann var sérlega viðmótsþýður og framkoman öll svo ljúfmannleg, að allir, sem eitt sinn kyntust honum, virtu hann og unnu.

Það má óhætt fullyrða, að Vestur-Íslendingar hafa við frafall þessa manns mist úr hópi sínum einn hinn allra merkasta og bezta dreng, og að þeir samhryggjast innilega ekkjunni og dóttur þeirra hjóna í þeirra miklu sorg.

Jarðarförin fer fram í dag (miðvikudag) kl. 2 frá húsi þess látna, þar sem húskveðja verður flutt, og síðar frá Fyrstu lút. kirkjunni.

Ennþá sofa söngfræðingarnir.

Árið sem leið (1908) skrifaði ég nokkur orð í Heimskringlu um kirkjusönginn og kirkjusöngsbækur vorar. Aðalefni greinar þeirrar var, að sýna fram á, hve ófullnægjandi nótnabækurnar væru fyrir okkur Vestur-Íslendinga.

Engir þeirra manna, sem fást að einhverju leyti við söngfræðileg atriði, hafa látið til sín heyra. — Annaðhvort hljóta þessir menn að álíta sig of lærða og fróða menn til að skrifa um þessi smálög (sálmalögin), — eða þá hitt, að þeir hafa ekki næga þekkingu til að sjá, að bækurnar, sem við höfum, hafa svo stórvægilega galla, að öll framför í kirkjusöng er ómöguleg, þar til þeim er vikið úr vegi, og aðrar nýjar bækur teknar í staðinn. Ég á við nýjar að innihaldinu til, en ekki að eins ný spjöld, eins og enn hefir fram komið, — bækur, sem eru fyrir almenning, en ekki einungis fyrir örfáa menn; — bækur, sem sniðnar eru fyrir fólk, sem nú lifir, frekar en hitt, sem löngu er lagst í gröf sína.

Sé nú afskiftaleysi þessara leiðandi manna okkar í músikkinni um þetta stórnauðsynlega atriði af hvorugum framangreindum ástæðum, nefnilega stórmensku eða þekkingarskorti á málefninu, — þá stafar það beint og blátt áfram af framtaksleysi og leti. Sé hin síðastnefnda ástæða orsök þagnarinnar, þá má ég segja ykkur það, að þið eruð ótrúir þjónar í stöðu ykkar. Þið eruð að svíkja ykkar eigin þjóð með því, að láta engan hafa gagn af ykkar viti og þekking í þessu sérfagi, sem þið hafið lært. Lærdómurinn verður ykkur sjálfum til vanvirðu og meðbræðrum ykkar að engum notum.

Ég býst við, að sumir ykkar kunni að segja, að fyrst mér sé þetta svona mikið áhugamál, þá ætti ég að ríða á vaðið og gera eitthvað.

Mikið rétt. Ég hefi verið að reyna að gera mína vísu. Ég hefi tekið mörg sálmalögin, sem voru al-ósönghæf, bæði hvað tónhæð og takt-skifting snertir, og breytt þeim þannig, að nú eru þau sungin af söfnuði þeim, er ég spila fyrir, léttilega og með fullum hálsi, sunnudag eftir sunnudag, og án þess að toga hljóðfærið út úr öllum takti og eðlilegum hraða. Það eitt út af fyrir sig, að fólk getur haldið sæmilegum hraða og takti án þvingunar, er næg sönnun þess, að til batnaðar hefir verið breytt.

Svo almenningur geti fylgst með í þessu máli, skal ég reyna að útskýra, hvað það er aðallega, sem er óhjákvæmilegt að breytist, og það sem fyrst.

Ég ætla að sleppa öllum tónfræðislegum villum, sem bækurnar úa og grúa af, en sem almenningur mundi ekkert botna í, þó ég færi að telja þær upp og rökfæra. Enda getur tónfræðislega villulaust lag verið ósönghæft, og annað, sem er fult af villum, samt sönghæft.

Við vitum, að sálmalögin eru ætluð fyrir almenning, og þurfa því að vera þannig úr garði gerð, að fólk yfirleitt geti sungið þau. En nú er ekki því að heilsa. Undirraddirnar í miklum meirihluta sálmalaganna, eru ómögulegar fyrir aðra en þaul-æft fólk, og jafnvel mörgum vel æfðum raddmanni mundi þykja nóg um. Tökum nokkur dæmi. Þegar ég tilfæri númer, á ég við B.Þ., enda bækur Bjarna og Sigfúsar tvær silkihúfur hvor upp af annari í þessu tilliti. Finnið 10 menn í hverjum söfnuði sem syngja bassann í eftirfylgjandi lögum, með fullum hraða og róm: Nr. 72, 148, 159, 8, — öll inndælis lög, ef skynsamlega raddsett. Takið sömuleiðis tenórana í þessum lögum: Nr. 18, 68, 74, 137, 156. Finnist nú ekki 10 menn í hverjum söfnuði, sem gætu sungið framangreind lög og fjölda mörg önnur þeim lík, þá er ekki von að vel fari, þegar fólki í tuga og hundraðatali er ætlað að syngja þessa fjarstæðu.

Þetta er eitt stærsta meinið. Þetta er það, sem á drjúgan þátt í doðanum og svefninum, sem ávalt einkennir kirkjusöng Íslendinga. Því séu raddfærin þvinguð, verður framburður orða og tóna þvingaður og um leið stirður og óáheyrilegur.

Þessi fáránlegi raddsetningarmáti hefir verið og er stóreyðileggjandi fyrir raddfærin; því í hvert sinn, sem röddin er þvinguð of hátt eða lágt, bíður hún tjón af. Það er því ekki um skör fram, þó mann langi til að sjá þessu kipt í lag.

Eitt er enn, sem vert er að minnast á í þessu sambandi, og það er takt-fallandi laganna. Það hefir mikla þýðing, að fullkomið samræmi sé milli laganna og orðanna, að áherzlur falli fullkomlega saman, að hendingar í lögum og orðum séu í samræmi og yfirhöfuð, að tilfinningar manna með heilbrigðri skynnsemi verði ekki fyrir vonbrigðum.

Tökum ofurlítið dæmi: Sálmurinn í sálmabókinni nr. 471 verður á þessa leið, þegar hann er sungin með laginu í nótnabók B.Þ.:

Ó, hve sælir eruð
þér sem genguð
inn til dýrðar guði
hjá og fenguð.

Þetta er blátt áfram hneyksli, enda afar ervitt að fá nokkurt lag til að samþýðast þessu hnoði. En því þá ekki að sleppa því?

Að endingu skal ég nefna nokkur lög, sem eru ósönghæf, að því er snertir samræmi orða og laga: — 1. Sælir eru þeir, sem heyra guðs orð, eftir B.Þ.; nr. 25, 45, 46, 47, 51, 147? — Ég skal taka það fram, að í öllum tilfellum, sem ég tek dæmi, bendi ég að eins á fá af fjölda mörgum, sem eru eftirskilin.

Ég mætti geta þess að síðustu, að við höfum engra umbóta að vænta heiman af Fróni í þessa átt. Tveir hinir færustu söngfræðingar á fósturjörðinni hafa nú gert skyldu sína og gefið út kirkjusöngsbækur, nefnilega þeir séra Bjarni Þorsteinsson og Sigfús Einarsson. Ég efast ekki um, að báðir þessir menn hafi gert það eins vel og samvizkusamlega og þeim hefir verið unt, hvor í sínu lagi, en jafnframt hafa þeir báðir sýnt, að þeir eru verkinu ekki vaxnir, og að þeir hafa hvorki næga þekking eða reynslu til að geta leyst það vandaverk viðunanlega af hendi.

Vitanlega eru prestarnir og kirkjufélagið sjálfsagðasta framkvæmdaraflið í þessu efni. Enda mundi hverjum einstakling ókljúfanlegt, að gefa út sálma og nótnabók án aðstoðar prestanna. En það tvent þyrfti að gerast í einu.

Það er óskandi, að prestarnir fari að ranka við sér í þessu, og sjái, að ekki er verið að minnast á þetta að óþörfu.

Ef nokkur áhugi væri fáanlegur af hálfu prestanna, yrði þessu kippt í lag á örstuttum tíma. Undir þeim er framkvæmdin algerlega komin. Með þeim vinst málið eða fellur.

JÓNAS PÁLSSON.

Úr kirkjufélaginu

gekk Vatnasöfnuður í Saskatchewan fylki á fundi þann fyrsta þ. m. Svo var burtfararhugurinn eindreginn, að útgangan var samþykt með öllum atkvæðum nema tveimur. Presti sögð upp þjónusta frá næsta vori.

Maðurinn er fundinn.

Hér með tilkynnist þeim, sem fyrir skömmu gerðu fyrirspurn hér blaðinu um heimilisfang Finnboga Björnssonar, frá Hjallánesi í Rangárvallasýslu, að áritan hans er: — Finnbogi Björnsson, P.O. Box 72, Spanish Fork, U.S.A.

Til Íslendinga í Selkirk.

Allir þeir, sem keyptu farbréf í Selkirk bæ 2. ágúst sl., til þess að sækja Íslendingadags hátíðina hér í Winnipeg, eru beðnir að gefa sig fram við herra Bjarna Balmann, sem borgar þeim til baka 30c fyrir hvert fullorðinna fargjald, sem þeir borguðu þar neðra, með því að þeir sanni rétt sinn til endurgjaldsins.

"Rangfærsla leiðrétt."

Svo hljóðar fyrirsögn greinar í júníblaði Sameiningarinnar, sem á að heita svar upp á grein þá, er ég ritaði í júníblað Breiðablika, undir fyrirsögn "Gangur málsins".

Fyrra orðið í fyrirsögninni á vel við efni greinarinnar, því hún er ein "rangfærsla" á mínum málstað frá byrjun til enda. Er það gömul aðferð Sam. að beita andmálsmenn sína, og orðin að hefð í málgagni kirkjufélagsins með margra ára samþykt frá þingi til þings. Engin nauðsyn fyrir það blað lengur, að ræða mál með rökum, heldur ekki haft fyrir því, — þar sem alt, sem í því málgagni stendur er nú samþykt sem óskeikult á hverju kirkluþingi eftir annað. Þar siglir kirkjufélagið alveg í kjölfari Missouri sýnódunnar. Alla þá óraleið er kirkjufélagið komið út frá sínum upphaflega grundvelli í afturhalds og ófrelsisáttina.

Sameiningin slengir fram þeirri staðhæfing, að ég í Breiðablikagrein minni hafi af fávizku, ef ekki af ásettu ráði, farið með ósatt mál. Og önnur eins "ósannindi megi ekki standa svo, að þeim sé ekki mótmælt", og lætur sem það sé mikil furða, að séra Fr.J.B. skuli hafa innhýst aðra eins grein í blaði sínu; — "hann, sem svo vel veit, hvernig 'gangur málsins' hér í kirkjufélaginu hefir verið frá upphafi í raun og veru".

Það mun vera alveg laukrétt hjá Sam., að séra Friðrik Bergmann muni vita vel "gang málsins" í kirkjufélaginu frá upphafi. Og það mun flestum kunnugum og óvilhöllum mönnum nokkurnvegin trygging fyrir því, að greinin er ekki eins mikil ósannindi, og Sam. vill gefa í skyn, — að hún var innhýst í Breiðablikum.

Ekki bendir Sam. á neitt í grein minni, sem ég hefi farið skakt með, annað en það, að ég hafi tilfært skakt grein úr grundvallarlögum kirkjufélagsins, nefnilega 4. gr. grundvallarlaganna frá 1887, sem hljóðar svo: "Kirkjufélagið játast undir lærdóma heilagrar rittingar á sama hátt og hin lúterska kirkja á Íslandi í játningarritum sínum". — Ég er sakaður um, að hafa felt úr greininni þrjú seinustu orðin "í játningarritum sínum", og með því móti hafi mér getað tekist, að láta svo lita út í augum ókunnungra manna, að rökleiðsla mín að því er snertir hina upphaflegu stefnu kirkjufélagsins, sé teinrétt.

Ég var ekki í Breiðablika grein minni, að tilfæra neina vissa grein, ekki heldur nein viss orðatiltæki úr grundvallarlögunum. Það er alt heilaspuni Sam., hártoganir og rangfærsla. Það sem ég sagði þar, nefnilega: "því var það skýrt tekið fram í grundvallarlögunum frá fyrstu, að kirkjufélagið játaðist undir játningarrit lútersku kirkjunnar á sama hátt og kirkjan á Íslandi", — var blátt áfram min eigin framsetning á því í hvaða skilningi kirkjufélagið upphaflega viðtók játningarritin, auðvitað með 4. gr. grundvallarlaga kirkjufélagsins frá 1887 fyrir augum, og með 4. gr. grundvallarlaganna frá 1885 til hliðsjónar líka, þar sem játningarrit lútersku kirkjunnar eru ekki viðtekin öðruvísi en að "félagið" hefir þau í heiðri, sem mikilsverða vitnisburði um það, hvernig lærifeður þeirrar kirkjudeildar, sem hin íslenzka þjóð hefir staðið í um 300 ár, hafa skilið og kent lærdóma heilagrar ritningar, og varist villukenningum. En það setur þó ekkert af þessum ritum jafnhliða heilagri ritningu, sem öll kristindómskenning verður eftir að dæmast".

Ég var að rökleiða það í Breiðablika grein minni, að kirkjufélagið væri ekki að neinu leyti frekar bundið játningarritunum, en kirkjan á Íslandi, og því ættu bæði prestar og leikmenn kirkjufélagsins rétt til alls þess kenningar og skoðanafrelsis, sem leyfilegt væri í kirkjunni á Íslandi.

Þessu mótmælir ekki Sam. með einu orði, rökræðir ekki málið, en tekur orð mín út úr réttu samhengi, rangfærir þau og hártogar, og slengir svo fram þeirri staðhæfing, að ég fari með ósatt mál. Hún veit sem er, að hún má leika lausum hala við sannleikann. Alt sem í henni stendur verður samþykt sem óskeikult á næsta kirkjuþingi.

Geo. Peterson.

Úr bréfi frá Red Deer.

2. ágúst 1909.

Herra ritstj. Hkr.

Bráðum, já, innan skams tíma, verða allir þeir beztu landbúnaðarlönd, sem Canada hefir að bjóða, upptekin, — rjómínn veiddur efan af mjólkinni. Fyrir tuttugu árum (og finst mér það að eins stutt stund) var svæðið frá Calgary til Edmonton eintóm óbygð. Nú er öðruvísi, og nú þar í nýtilegan ¼ af landi ótekinn, og langt norður fyrir Edmonton er alt upptekið.

Í mörg ár hafa ýmsir haft augastað á Peace River héraðinu, sem ágætis héraði, en aldrei er minst á það 300 þúsund fermílna svæði, sem liggur milli Edmonton og þess héraðs. Ástæðan er sennilega sú, að það svæði er skógi þakið, og jarðvegur lakari en í Peace River héraðinu.

Peace River héraðið hefir þau gæði til að bera, sem fá önnur héruð hafa. Þar er vetrarkuldinn minni en í Manitoba eða vestar og sumarhitinn eins, loftslagið því jafnara. Fyrir tuttugu árum flutt-ust þangað nokkrir menn og tóku með sér útsæði af kartöflum, höfrum, hveiti, baunum og öðrum afurðum, sáðu því og fengu góða uppskeru, sem margfaldaðist árlega. Nú eru allir þeir menn flugríkir. Alt ávaxtaðist svo vel, og flestir þeirra hafa hóp af gripum, um, hestum og kynblendinga krökkum. Árið 1906 voru 25 þús. bush. hveitis þreskt í Peace River dalnum á 58. gr. norðurbreiddar. Ekki ett pund uppskerunnar var flutt út úr héraðinu — enginn vegur til þess — þar til í sumar, að stjórnin lét byggja vagnbraut frá Athabasca Landing til Peace River, og einnig leggja telegraf þráð alla leið þangað, til þæginda fyrir þá, sem flutt hafa inn í héraðið.

Um 150 fjölskyldur hafa flutt þangað á þessu sumri, og sá innflutningsstraumur eykst með mánuði hverjum.

Það, sem ég hefi séð af Peace River héraðinu, er ekki nema 80 mílur af góðu landsvæði, — það er að segja, skóglausar sléttur með ríkan jarðveg. Það er rjómínn, sem svo margir hafa nú augastað á.

Þess er óskandi, að Íslendingar veiti svæði þessu svo mikið athygli, að þeir myndi þar bygð meðan enn er úrval ágætislanda fáanlegt, og áður enn þau verða öll upptekin af öðrum. Það er engum vorkennandi, að flytja þangað. Við erum húnir að greiða úr örðugleikunum, og innan tíu ára verður þetta hérað dýrmætara en aðrar nýlendur hafa orðið á tuttugu árum. Grand Prairie er plássið, sem ég hefi augastað á. Íslendingur einn er í herþjónustu við Peace River Crossing, og gæti hann leiðbeint löndum sínum þangað. — Þetta er sú fegursta slétta, sem til er í öllu Peace River héraðinu. Þegar hún verður öll upptekin, þá verður ekki úr öðru að velja enn skóglöndum og flóalöndum, að undanteknum smáblettum hér og þar.

Vegna þess, að enn þá er engin sala fyrir hveiti, hafra eða aðrar afurðir, nema í sjálfu héraðinu, — vildi ég ráðleggja væntanlegum landtakendum þar, að stunda heldur griparækt, þar til landrými minkaði. Þá að selja hjarðirnar og fara að rækta landið. Innan fárra ára verður járnbraut lögð þangað norður, og allir, sem hafa náð í góð lönd, þurfa engu að kvíða. — Allir skulu taka vistaforða með sér frá Edmonton.

Að vori er ferð minni heitið þangað (ef ekki strax í haust). — Tilgangur minn er, að rannsaka auðlegð landsins meðfram Peace ánni, og ef gull finst þar, þá að reyna að ná í minn hluta af því. Ef forsjónin greiðir mér veg að auðmagni í þúsundatali, þá hefi ég strengt þess heit, að láta mína ástkæru þjóð njóta þess. Þótt ég hafi yfir tuttugu ár dvalið lengst af meðal útlendra manna, þá er þjóðrækni mín svo mikil, að ég gengi fimtíu mílur til að sjá landa minn.

Stjórnarskóli er stofnsettur í Peace River.

Ég er sá, sem áður hefi ritað í Heimskringlu undir nafninu 'Ferðamaður', og hvenær sem nauðsyn krefst, skal ég birta nafn mitt og leiðbeina löndum mínum.

Ferðamaður.

Sparið Línið Yðar.

Ef þér óskið ekki að fá þvottinn yðar rifinn og slitinn, þá sendið hann til þessarar fullkomnu stofnunar.

Nýtízku aðferðir, nýr vélaútbúnaður, en gamalt og æft verkafólk.

LITUN, HREINSUN OG PRESSUN SÉRLEGA VANDAÐ

Modern Laundry & Dye Works Co., Ltd.
307—315 Hargrave St.
WINNIPEG, MANITOBA
Phones: 2300 og 2301

TIL SÖLU

Ég hefi til sölu í Cypress bygðinni eina section (640 ekrur) af góðu akuryrkjulandi, 6 mílur frá góðum markaði. 450 ekrur eru ræktaðar, hitt er skógur og bithagi. Hús úr timbri er á landinu og fjós fyrir 40 gripi, auk annara bygginga. Löndin eru umgirt með 2 strengjum af vír, og 90 ekrur inngirtar fyrir gripi. Gnægð af ágætu vatni er á landinu.

Líka skal ég selja með löndunum, ef óskað er eftir, 12 hross, 30 nautgripi, á annað þúsund dala virði af akuryrkju verkfærum og öðrum áhöldum, bæði innan húss og utan. Auk þess gufuþreskivél með öllu tilheyrandi. Uppskeru á 300 ekrum skal ég einnig selja með eða taka hana sjálfur af, eftir samkomulagi. Alt þetta framangreinda skal ég selja með mjög sanngjörnu verði. Nánari upplýsingar um verð og borgunarskilmála, fást hjá undirrituðum, bréflega eða munnlega.

G. J. Oleson,
Box 204. GLENBORO, MAN.

R. DENOVAN
Undir-umboðsm. Ríkislands.

VEITIR borgarabréf, selur Hudson's-flóa lönd og önnur ábúðar lönd, og járnbrautalönd og bæjarlóðir. Einnig elds- og hagl-ábyrgð. Lánar peninga gegn tryggingu í umbættum búlöndum.

Wynyard, - Sask

Th. JOHNSON
JEWELER
286 Main St. Talsími: 6606

JOHN ERZINGER
TÓBAKS-KAUPMAÐUR.
Erzinger's skorið reyktóbak $1.00 pundið
Hér fást allar neftóbaks-teguundir. Óska eftir bréflegum pöntunum.
McINTYRE BLK., Main St., Winnipeg
Heildsala og smásala.

Stefán Johnson
Horni Sargent Ave. og Downing St.
HEFIR ÁVALT TIL SÖLU
Nýjar Áfir
Beztu í bænum. Ágætar til bökunar. 15c gallon

Við Prentum

Allt frá hinum minsta aðgöngumiða upp að stærstu bók. Ef þú hefir eitthvað sem þú ætlar að láta stílsetja og prenta, þá komdu með það til okkar svo að við getum sýnt þér hvað lítið það kostar. Við gerum verkið eins og þú vilt og þegar þú vilt.

THE ANDERSON CO.,
PROMPT PRINTERS
COR. SHERBROOKE & SARGENT

Dr. M. Hjaltason,
Oak Point, Man.

Ertu að hugsa um að kaupa reiðhjól? Ef svo er þá komstu eftir hver býr til beztu hjólin. Margar hjólateg. eru til sölu, en sem ekki hafa verksmiðju nafn á sér. Slík hjól ern ekki ábyggileg, efnið er óvandað, svo að verksmiðjurnar blygðast sín fyrir að láta vita, hver hafi búið þau til. Canada Cycle & Motor Co., Ltd., hefir trygt sér álit með eftirtöldum reiðhjólum:—

CLEVELAND RAMBLER — BRANTFORD PERFECT — MASSEY IMPERIAL

Canada Cycle & Motor Co., Ltd., Winnipeg.
147 PRINCESS STREET. Heimsins Beztu Reiðhjóla-smiðir.

ROOSEVELT, fyrverandi forseti Bandaríkjanna, er um þessar mundir í Afríku að leita að viltum ljónum, en hér í Winnipeg er 23. ára gamalt viku blað sem Heimskringla heitir, og er að LEITA að nýjum kaupendum sem vilja borga $2.00 fyrirfram, og fá 2 góðar sögur með fyrsta árgangnum fyrir als enga borgun. — Vitið þér af nokkrum sem ekki kaupir hana?

$22 FYRIR $7

12 Alberta Special Cabinet Ljósmyndir og Ein Stór 16x20 þuml. Líf-stærðar Ljósmynd gefin með HverjuDúsíni. — Og Hvert Dúsín Kostar Aðeins —

$7.00

ÞETTA TILBOÐ GILDIR AÐEINS Í MYNDASTOFU VORRI Á PORTAGE AVENUE.

Wm. A. MARTEL,
MYNDASMIÐUR.
25 5½ PORTAGE AVE.
Phone: Main 7764

Nýjar bækur.

Safn til sögu Íslands og ísl. bókmenta í b., III. bindi og það sem út er komið af því fjórða. (53c) $9.45
Íslendingasaga eftir B. Melsted I. bindi í bandi, og það sem út er komið af 2. b. (25c) 2.85
Lýsing Íslands eftir Þ. Thoroddsen í bandi (16c) 1.90
Fernir forníslenzkir rímnaflokkar, er Finnur Jónsson gaf út, í bandi .... (5c) 0.85
Alþingisstaðir hinn forni eftir Sig. Guðm.son, í b. (4c) 0.90
Um kristnitökuna árið 1000, eftir B. M. Ólsen (6c) 0.90
Sýslumannaæfir eftir Boga Benediktsson, I. og II. b. innbundið .... (55c) 8.10
Íslenzk fornbréfasafn, 7 bindi innb., 3 h. af 8. b. ($1.70) 27.80
Biskupasögur, II. b.innb.(42c) 5.15
Landfræðissaga Íslands eftir Þ. Th., 4 bindi innb. (55c). 7.75
Rithöfundatal á Íslandi 1400—1882, eftir J.B., í b. (7c) 1.00
Upphaf allsherjarríkis á Íslandi eftir K.Maurer, í b. (7c) 1.15
Auðfræði, e. A. Ól., í b. (6c) 1.10
Presta og prófastatal á Íslandi 1869, í bandi .... (9c) 1.25
B. Thorarinsson ljóðmæli, með mynd, í bandi 1.50
Bókmentasaga Íslendinga eftir Finn Jónsson, í b. (12c) 1.80
Norðurlandasaga eftir P. Melsted, í bandi .... (8c) 1.50

Tölurnar í svigum tákna burðargjald, er sendist með pöntunum.

Um leið og ég nú auglýsi þessar bækur, sem ég nú nýlega hefi fengið frá Bókmentafélaginu í Kaupmannahöfn, skal þess hér með getið, að þær eru allar í vönduðu bandi. Það er ekki maskínu band, heldur handbundið, og vel vandað að öllu leyti. Það af þessum bókum, sem enn þá ekki eru alveg útkomnar, til dæmis Sýslumannaæfir, Fornbréfasafnið, Safn til sögu Íslands, þegar hvert bindi er búið, þá skal ég útvega kaupendunum tilbúinn kjöl á þau bindi frá bókbindaranum, sem hefir bundið inn þessar bækur, ef beðið er um.

Ég legg ekkert á bandið. Það kostar mig 65c á allar af stærri bókunum, og kaupendur fá það fyrir það sama. Hér mundi slikt band kosta $1.50 til $2.00 á bókina

Einnig læt ég þá, sem pantað hafa hjá mér sögu Þiðriks af Bern vita, að það verður ekki langt þar til hún kemur, í það minsta fáein eintök.

Einnig á ég von á nokkrum eintökum af Flateyjarbók í bandi.

N. OTTENSON,
River Park, Winnipeg, Man.

Safnaðarfundurinn á Garðar.

Eftir að safnaðarfundurinn á Gardar, 12. júlí, var afstaðinn, mæltist forseti kirkjufélagsins til þess, að fundurinn yrði ekki gerður að neinu blaðamáli. Ég átti von á, að menn mundu verða við beiðni hans, og álit, að heppilegra hefði verið, ef það hefði verið gert. En í Lögbergi, sem út kom 22. júlí, er löng grein um þennan fund og afleiðingar hans eftir vin minn dr. B. J. Brandson. Í þeirri grein hefir honum gleymst að skýra frá ýmsum atriðum, sem mér finst að nauðsynlegt sé að geta um, til þess að menn fái ekki algerlega ranga hugmynd um, hvernig fundurinn fór fram. Mér finst því sanngjarnast, að segja frá öllu rétt eins og það gekk til, svo hver og einn geti felt sinn eigin dóm um það, sem gert var, og um framkomu beggja málsparta. Þetta ætla ég að reyna að gera í eins stuttu máli og mér er unt, og með að eins þeim athugasemdum, sem mér finst nauðsynlegt að gera. En bið menn að fyrirgefa, að ekki er unt að komast hjá nokkurri málalenging, til þess að skiljist.

Fundurinn var haldinn 12. júlí, og var settur stuttu eftir kl. 2 e.h. Í fundarbyrjun var sunginn sálmurinn nr. 118 og séra Kristinn las þriðja kapítulann í Jóhannesar opinberunarbók og flutti bæn. Í hvaða tilgangi þessi sálmur og þessi bibliukafli voru valdir, veit ég ekki, en flestum mun, held ég, koma saman um, að óheppilega hafi verið valið.

Þegar forsetinn hafði sett fundinn, las hann fundarkallið, en menn komust ekki strax að aðalfundarefninu. Stefán Eyjólfsson gerði fyrirspurn til forsetans um það, hvernig færi með laun prestsins til næstu ársloka, ef einhverir yrðu óánægðir með úrslit fundarins og segðu sig þaralleiðandi úr söfnuðinum. Forsetinn sagði, að sér fyndist það að minsta kosti sjöferðisleg skylda allra, sem stæðu í söfnuðinum, að borga sitt safnaðargjald til ársloka, eins fyrir það, þó þeir segðu sig úr söfnuði. Mr. Eyjólfsson sagðist gera sig ánægðan með þennan úrskurð forsetans, og bað menn að taka eftir því, hvað sá úrskurður væri, og að enginn hefði neitt á móti honum. Allir virtust lika vera þessum úrskurði samþykkir, enda er hann í algerðu samræmi við safnaðarlögin, þar sem er greinilegt ákvæði um þetta efni.

Því næst var gerð tillaga um, að fundurinn hefði tvo skrifara, og var stungið upp á manni til að vera fundarskrifari ásamt skrifara safnaðarins. Safnaðarskrifarinn er vandaður og í alla staði áreiðanlegur maður. Hann er mönnum að góðu einu kunnur og vel fær til að sinna öllum sínum störfum. Mikill meirihluti gat því ekki felt sig við þá vantrausts-yfirlýsingu,sem í því hefði verið fólgin, að kjósa annan skrifara. Tillagan var því feld, 49 greiddu atkvæði með henni, en 88 á móti.

Næsta tillagan, sem gerð var, var um það, að veita séra Birni málfrelsi á fundinum. Dr. Brandson segir, að þessi tillaga hafi mætt talsverðri mótspyrnu, og án frekari skýringar mætti skilja það svo, að hún hefði valdið talsverðum umræðum, og að sú mótspyrna, sem komið hafi fram, hafi verið einungis frá þeim flokknum á fundinum, sem vildi, að söfnuðurinn segði sig úr sambandi við kirkjufélagið. En hvorugt er rétt. Umræðurnar urðu alls engar. Það var að eins gerð fyrirspurn til forseta fundarins um það, hvort að tillagan, ef hún yrði samþykt, leyfði séra Birni að taka þátt í umræðum um öll þau málefni, sem fyrir fundinn kynnu að koma, eða að eins leyfði honum að flytja kveðju eða eitthvað þvíumlíkt til fundarins. Svo, án nokkurrar umræðu, var gengið til atkvæða, og 47 greiddu atkvæði með því, að veita honum málfrelsi, en 40 á móti. Ég var að reyna að taka eftir því, hverir greiddu atkvæði með og móti, og ég þori því að fullyrða, að minsta kosti 11 af þeim, sem dr. Brandson kallar andvíga kirkjufélaginu, greiddu atkvæði með því, að veita séra Birni málfrelsi, og þar á meðal sá maður úr þeim flokki, sem bar fram tillöguna um það, að söfnuðurinn segði skilið við kirkjufélagið og var frummælandi þess flokks. Það sést því bezt á því, að þetta var ekki neitt flokksmál og einnig á því, að ef 11 eru dregnir frá þeim 47, sem greiddu atkvæði með þessari uppástungu, þá eru eftir að eins 36, eða nákvæmlega helmingur þeirra, sem seinna greiddu atkvæði á móti því, að söfnuðurinn segði skilið við kirkjufélagið. Nákvæmlega hundrað, eða meira en helmingur þeirra, sem voru á fundinum, greiddu ekki atkvæði.

Þegar þessi uppástunga hafði verið samþykt, sagði fundarstjórinn, að séra Björn væri svo vel að sér í fundarreglum, að hann ætlaði ekki að fara að segja honum fyrir um það, að hve miklu leyti uppástungan leyfði honum að taka þátt í umræðunum á fundinum. — Og í þessu sambandi er ef til vill rétt að geta þess, að einmitt þetta sama atriði kom fyrir á kirkjuþinginu í sumar, og þá úrskurðaði séra Björn sem fundarstjóri, að þó einhverjum væri veitt málfrelsi, væri honum þar með að eins veitt leyfi til þess að flytja kveðjur til þingsins, en alls ekki veitt leyfi til þess að taka þátt í nokkurum umræðum. En í þetta sinn hlýddi séra Björn ekki úrskurði sjálfs sín, því hann var auðsjáanlega kominn á fundinn í þeim tilgangi, að hafa áhrif á gerðir fundarins, og notaði því málfrelsið til þess að taka þátt í umræðunum. Og það er ekki nema rétt að geta þess, að enginn af þeim, sem dr. Brandson kallar í skopi þá "frjálslyndu", amaðist við þessu, eða fann að því með einu orði. — Ekki hefir því um mjög alvarlega mótspyrnu verið að ræða, því ekki hefði þurft nema það, að einn maður hefði staðið á fætur og heimtað, að hlýtt væri fundarreglum, að þá hefði séra Björn ekki komist að með eitt einasta orð af því, sem hann sagði, því hann flutti fundinum enga kveðju.

Nú lá fyrir aðal-fundarefnið. — Fyrsti maður til að taka til máls var Gamaliel Þorleifsson. Fyrir hönd þeirra, sem sendir voru á kirkjuþing frá Gardarsöfnuði, skýrði hann í stuttu máli, mjög sanngjarnlega og greinilega, frá því, sem gerst hafði á kirkjuþinginu. Hann skýrði frá hinum ýmsu tillögum, sem bornar voru fram á þingi í ágreiningsmáli kirkjufélagsins, og um afdrif þeirra, og sagði, að þingmenn Gardar-safnaðar hefðu engan annan skilning getað lagt í samþyktir kirkjuþingsins, en að skoðanir minnihlutans hefðu verið gerðar rækar úr kirkjufélaginu. Þegar búið hefði verið að lýsa SKOÐANIRNAR rækar, hefðu þeir ekki getað fengið af sér að skilja SKROKKANA eftir, og því gengið af þingi. Þeir hefðu líka álitið, að með því að gera þetta, væru þeir að breyta samkvæmt fyrirskipun fundarins, þegar þeir voru kosnir á þing. Nú lægi málið fyrir söfnuðinum. Þeim, sem hefðu sömu skoðun í trúmálum og minnihlutinn á þingi, fyndist, að þær skoðanir ættu ekki heldur rétt á sér í söfnuðinum, ef söfnuðurinn héldi áfram að standa í kirkjufélaginu, og því vildu þeir, að söfnuðurinn segði skilið við kirkjufélagið. Það væri e i n a skilyrðið, sem þeir settu, og ef söfnuðurinn segði sig úr sambandi við kirkjufélagið, ættu allir í söfnuðinum að geta haldið áfram að starfa bróðurlega saman. Hér væri ekki um neina breyting á stefnu safnaðarins að ræða, og ekkert verið að amast við hinni eldri stefnu í trúmálum. Og sem talsmaður þeirra manna, sem vildu að söfnuðurinn segði skilið við kirkjufélagið, lýsti hann afdráttarlaust yfir því, að e n g i n n væri að amast við prestinum og að e n g i n n færi fram á, að hann breytti að nokkuru leyti til um trúarskoðanir sínar. Menn óskuðu eftir, að hann héldi áfram að vera prestur safnaðarins og að alt héldi áfram að vera alveg eins og það hefði áður verið, að öllu öðru leyti en því, að söfnuðurinn yrði ekki framvegis í kirkjufélaginu. Að endingu bar hann upp þessa tillögu:

"Sökum þess, að skoðanir "meirihlutans á síðasta kirkju-"þingi urðu svo einskorðaðar "á þá leið, að öllum innan "kirkjufélagsins beri að aðhyll-"ast stefnu "Sameiningarinn-"ar", sem eina réttmæta í á-"greiningsmáli kirkjufélagsins, "og ennfremur

"að þingið synjaði þeirri "málaleitan, er borin var fram "af minnihlutanum, að félags-"menn mættu flytja og fylgja "þeim skoðunum og þeirri nið-"urstöðu, sem kristileg rann-"sókn ritningarinnar nú á tím-"um áskilur sér rétt til að "mega halda fram,

"lýsir Gardar-söfnuður yfir "því, að hann segir sig úr "sambandi við kirkjufélag Ís-"lendinga í Vesturheimi".

Næst tók séra Kristinn til máls og svaraði frummælanda hins flokksins. Honum fanst, að þessi fundur hefði ekki átt að vera haldinn fyr en mönnum hefði gefist kostur á að sjá gjörðabók þingsins og sérstaklega ársskýrslu forsetans, svo menn gætu séð, hvað hann lagði til í ágreiningsmáli kirkjufélagsins. En honum gleymdist að skýra frá því, hvaðþetta kom málinu við, þar sem meirihlutinn á þinginu breytti ekki í þessu eini eitir því, sem farið var fram á í ársskýrslu forsetans, og þar sem forsetinn sjálfur, þrátt fyrir friðarboðskap sinn, fylti þann hokkinn og greiddi atkvæði með þeim tillögunum, sem minnihlutanum fanst útskúfunar-ákvæðið vera fólgið í. Svo tók hann fyrir framkomu minnihlutans á þinginu, og, til þess að fá nógar sakir á hann, þurfti hann að byrja á þinginu í Selkirk í fyrra. Sagði, að upphreistarandi hefði komið fram strax í þingbyrjun og fanst mikil ósamkvæmni í því, að þeir menn, sem hefðu gengist fyrir því í fyrra, að séra Björn yrði kosinn forseti, hefðu barist harðast á móti því nú. Maðurinn væri þó sá sami og hann hefði verið. — Ég verð að játa, að ég er svo skilningslitill, að ég get ekki skilið þetta svo. Ef um nokkuð samvizkuspursmál væri að ræða, finst mér um sömu osamkvæmni að ræða hjá þeim, sem voru á móti kosningu séra Björns í fyrra en með henni nú, ef maðurinn er sá sami. En ef maðurinn hefir breytt, þá er ekki nema eðlilegt, að ef su breyting hefði verið í því fólgin, að gera hann algerðan flokksmann þeirra, sem voru á móti kosningu hans í fyrra, þá hefði þeim átt að vera ljúft, að kjósa hann í ár, en hinum óljúft vegna þeirrar breytingar.

Annað atriði drap séra Kristinn á, sem mér fanst hálf-ódrengilegt, bæði af því ég sá ekki að það kæmi málinu neitt við, og svo var þar ráðist á mig persónulega á opinberum fundi, þar sem hann vissi, að ég hafði ekki málfrelsi og gat því ekki borið hönd fyrir höfuð mér. Hann lét menn skilja, að það, hvernig fór á kirkjuþinginu, hefði verið að mestu eða öllu leyti að kenna stífni minnihlutans i sáttanefndinni, og með minnihlutanum átti hann við Elís Thorwaldson og mig. Ég mótmæli þessu algerlega, og neita því, að sem starfsmönnum þeirrar nefndar sé okkur þar nokkuð um að kenna. Ég er sannfærður um, að allir nefndarmennirnir höfðu einlægan hug á því, að vilja reyna að koma lagi á í kirkjufélaginu, og þeir sintu sínum störfum samvizkusamlega. Það er því hvorki rétt, að skella skuldinni á minnihluta eða meirihluta þeirrar nefndar fyrir úrslit kirkjuþingsins. Og næst þegar séra Kristinn ber fram þessa kæru, ætti hann að hafa hugfóst þau ógætilegu orð, sem hann sjálfur talaði fyrir sáttanefndinni, þegar hann sagðist vilja frið, ef hægt væri að koma honum á, en ef friður kæmist ekki á á þ e s s u þ i n g i, "þá fer ég inn fyrir f i g h t t o a f i n i s h". Allir skilja, hvað orðin "fight to a finish" þýða, þegar þau eru viðhöfð í sambandi við "prize fighters". En notuð af presti í þessu sambandi skildi ég þau svo, að hann ætlaði að halda uppi þessari trúarbaráttu, þangað til hann væri búinn að vinna það, að allir, sem ekki héldu fast við stefnu "Sameiningarinnar", væru reknir úr kirkjufélaginu eða þyrðu ekki að láta neina aðra skoðun í ljós.

Að endingu skýrði séra Kristinn frá því, að ef það yrði ofan á, að söfnuðurinn segði sig úr sambandi við kirkjufélagið, gæti hann ekki orðið prestur safnaðarins framvegis.

Síðan bar hann upp svohljóðandi breytingartillögu:

"Söfnuðurinn lýsir yfir því, "að hann haldi fast við grund-"vallarlög sín og grundvallar-"lög hins ev. lút. kirkjufél. Ísl. "í Vesturheimi, sem þeim eru "samhljóða".

Fundarstjóranum var strax bent á, að þessi tillaga gæti ekki komist að sem breytingartillaga við þá, sem lægi fyrir. Hann vísaði því til séra Björns, og hann úrskurðaði, að þetta væri réttmæt breytingartillaga. Þessum úrskurði forseta var áfrýjað og var bent á, að annaðhvort yrði þessi breytingartillaga að skoðast sem neikvæð framsetning á aðaltillögunni, eða þá sem tillaga um alveg óskylt efni, og þess vegna gæti hún ekki komist að sem breytingartillaga. Var svo gengið til atkv. og féllu atkv. þannig, að úrskurður forseta var ónýttur með miklum meirihluta, svo breytingartillagan komst ekki að.

Umræðurnar um aðal tillöguna héldu svo áfram. Og eins og dr. Brandson skýrir frá, var það snemma samþykt, að enginn mætti tala oftar en tvisvar né meir en fimm mínútur í einu. En þess ber að gæta, að þessi samþykt var ekki gerð fyr en eftir að frummælendur beggja flokkanna, þeir Gamaliel Þorleifsson og séra Kristinn, höfðu haft ótakmarkaðan tíma til að skýra mal sitt. Einnig minnir mig sterklega, að séra Björn hafi verið búinn að tala einu sinni, áður en þessi uppastunga var borin fram. Engu órettlæti sé ég því að hafi verið beitt með því ao takmarka umræðurnar á þennan hatt, og sízt ættu meðhaldsmenn kirkjufelagsins að kvarta yfir þessu, því nakvæmlega somu reglu var fylgt á kirkjuþinginu í umræðunum um þetta mal. Í fundarreglum kirkjufelagsins er þetta ákvæði: "Enginn fundarmaður skal hafa rétt til að tala oftar en tvisvar sinnum um sömu uppástungu, nema framsögumaður nefndar". Og undir eins í byrjun umræðanna var gerð uppástunga af Gunnari B. Björnsson, sem fylgdi meirihlutanum að málum, um það, að enginn fengi að tala lengur en fimm minútur í senn. Það var samþykt, og ég varð ekki var við, að nemn kvartaði yfir því, að það hefði verið nokkurt órettlæti í þeirri samþykt. Hafi það verið réttlátt þar, var það eins réttlátt á safnaðarfundinum á Gardar.

Ræður séra Björns um þetta mál gengu aðallega út á það, að hann lýsti yfir því, að kirkjufélagið hefði aldrei nokkurntíma bannað rannsókn ritningarinnar. Rannsókn ritningarinnar viðgengist í öllum kirkjufélögum og á öllum prestaskólum, o.s.frv. Þessi staðhæfing svarar sér sjálf, enda líka var henni greinilega svarað á fundinum. Ef séra Björn var að tala með sannleika í þessu máli, verður mörgum á að spyrja: Um hvað er deilan? Neitaði meirihlutinn á kirkjuþinginu þessu ekki algerlega með því að fella tillögur þær, sem bornar voru fram af þeim George Peterson og séra Friðrik Hallgrímssyni?

Eftir að umræðurnar höfðu staðið yfir all-langan tíma, var samþykt, að þeim skyldi lokið. Að þetta var ekki neitt flokksmál, sést á því, að 103 greiddu atkvæði með tillögunni, en að eins 45 á móti. Sumum fanst þessi tillaga koma of snemma, en þegar menn eru búnir að átta sig betur, held ég, að flestir muni viðurkenna, að hún hefði ekki mátt bíða lengur. Báðir flokkar voru búnir að fá jafnt tækifæri til að skýra mál sitt, og minnihlutinn stóð það betur að vígi, að hafa báða prestana sín megin, og þeir voru báðir búnir að komast að. Ef umræðurnar hefðu haldið áfram lengur, er óvíst nema hiti hefði farið í menn, og þá hefði miður farið. Enda líka hefir sá maður, sem uppástunguna gerði, orð á sér fyrir að vera einn allra sanngjarnasti og réttsýnasti maður bygðarinnar, svo ég held, að fáum detti í hug, að honum hafi gengið annað en gott til.

Í þessu sambandi vil ég líka minna á það, að á kirkjuþinginu í sumar, þegar verið var að ræða um lögmæti kosningar erindrekans frá Grafton-söfnuði, var umræðum lokað samkvæmt tillögu manns úr meirihlutanum, og það eftir mikið minni umræður. Það mál kom þó að miklu leyti flatt upp á menn, og hefði því verið enn meiri ástæða til þess, að leyfa ótakmarkaðar umræður. — Hér, aftur á móti, var að ræða um mál, sem öllum var kunnugt og allir komu því á fundinn ákveðnir annaðhvort með eða móti. Úrslitin hefðu því orðið nákvæmlega þau sömu, en með þessu móti græddu menn það, að geta skilið við málið, áður en nokkur hiti var kominn í umræðurnar. — Líka er gott, að menn víti það í þessu sambandi, að séra Kristinn hafði sett sér fyrir, að heimsækja alla í bygðinni fyrir fundinn, og ræða þetta mál greinilega við menn í heimahúsum. Þeim ásetningi sínum hafði honum tekist að koma í framkvæmd, því hann kom víst í öll nema fjögur eða fimm hús í bygðinni, og var því búinn að fá nægilegt tækifæri til að skýra sina hlið á málinu fyrir fólki. Þau hús, sem hann ekki kom í, hefir hann sjálfsagt álitið þýðingarlaust að koma í, því tíminn hefði leyft það.

Nú var gengið til atkvæða um tillögu Gamaliels Þorleifssonar, og nokkurir menn heimtuðu, að nafnakall væri viðhaft. Forsetinn úrskurðaði, að á svona fundum ætti enginn heimting á því, að nafnakall væri viðhaft. Þessum úrskurði var ekki áfrýjað, en séra Kristinn lýsti yfir því, að hann mótmælti þessum úrskurði, sem ólögmætum. Nokkurir aðrir fylgdu dæmi prests. Þeir voru þá beðnir, að benda á þær fundarreglur, sem gæfu þeim heimild á að heimta nafnakall, en það gat enginn, —

Séra Björn skarst þá í leik og ætlaði að hjálpa þeim úr bobbanum. Hann stóð á fætur og sagði: "má ég spyrja, hvort 'Robert's Rules of Order" gilda hér?" Honum var sagt, að svo mundi vera, og fengnar þær fundarreglur, því, til allrar ólukku, hafði einn fundarmaður þær í vasanum. Hann fór svo að blaða í þeim, en skýrði aldrei frá niðurstöðunni, því þar er ákvæði, sem algerlega mátaði hann. Það er þar skýrt tekið fram, að í þeim félagskap, sem engar fundarreglur hafi fyrir því, að atkvæðagreiðsla skuli fara fram með nafnakalli, þurfi meirihluta atkvæða á fundi til þess að samþykkja, að atkvæðagreiðslan skuli fara fram á þann hátt. Enda er, held ég, flestum kunnugt um það, að það er ekki siður að viðhafa nafnakall við atkvæðagreiðslu nema á þingum og á þeim fundum, sem erindrekar mæta á, með öðrum orðum: á "delegate conventions". Því verður því ekki neitað, að úrskurður forsetans í þessu efni var réttmætur.

Atkvæðagreiðslan fór fram á vanalegan hátt, og greiddu 115 atkvæði með tillögunni, en 72 á móti.

Og í þessu sambandi ætla ég að leiðrétta þann skilning, sem sumir kunna að draga út úr grein dr. Brandsonar, að minnihlutinn hafi verið hart leikinn og ekki notið réttar sins á fundinum. Hafi um nokkurt ranglæti verið að ræða, er eðlilegt að menn kenni forsetanum að nestu leyti um það. En ég neita því afdráttarlaust, að forsetinn hafi beitt minnihlutann nokkurum ójöfnuði. Í stuttu máli er þetta að segja um frammkomu forsetans: þegar séra Kristinn var að halda fyrstu ræðu sina, var forsetanum tvisvar bent á það, að hann væri kominn út frá efninu, en hann lofaði þó séra Kristni, að halda sínu striki. Þegar um breytingartillögu séra Kristins var að ræða, úrskurðaði hann, að hún kæmist að. Og þegar um atkvæðagreiðsluna var að ræða, úrskurðaði hann, að enginn ætti heimting á nafnakalli. Þetta er það eina, sem kom til kasta forsetans. Fyrsti úrskurðurinn var tilslökun við minnihlutann. Annar úrskurðurinn, og það sá eini, sem gerður var með aðstoð þeirra prestanna, var algerlega rangur, en var þó minnihlutanum í vil, svo þar er ekki nein ástæða heldur fyrir hann að kvarta. Og ég er þegar búinn að sýna, að úrskurður hans viðvíkjandi nafnakallinu var algerlega réttmætur, og því er engin ástæða til, að setja út á hann. Dr. Brandson segir, að það hafi ekkert verið því til fyrirstöðu, að atkvæðagreiðslan færi fram með nafnakalli. En ég held mér hafi tekist að sýna það, að almennar fundarreglur hafi verið því til fyrirstöðu. Og allir munu, held ég, kannast við, að það hefði verið óréttlátt af forsetanum að brjóta fundarreglur, til þess að láta þetta eftir minnihlutanum.

Þegar forsetinn hafði skýrt frá því, að tillagan hefði verið samþykt, bar H. Hermann fram svohljóðandi yfirlýsingu:

"Með af því að atkvæðagreiðsla hefir í dag farið fram um það, hvort Gardarsöfnuður ætti að rifa sig út úr kirkjufjelagi voru, og af því að meiri hluti atkvæða í söfnuðinum er með því að söfnuðurinn sliti sig útúr kirkjufjelagi voru

"Þá lýsum vjer, sem nú erum í minnihluta í þessu máli en viljum halda áfram að standa í kirkjufjelaginu yfir því, að vjer erum og höldum áfram að vera sá rjetti Gardar söfnuður, og stöndum í kirkjufjelaginu framvegis undir reglum þess og lögum".

"Í nafni minnihlutans,

"H. Hermann,

"Gardar 12 July 1909".

Þessi yfirlýsing var auðvitað út í hött. Hún hafði auðsjáanlega verið búin út í þeim tilgangi, að nota hana, ef breytingartillaga séra Kristins hefði verið borin upp til atkvæða og verið feld. Það hefði þá mátt hafa þetta sem grýlu á menn, og reynt hefði þá auðvitað verið að telja mönnum trú um, að með því að fella þá tillögu, hefðu þeir neitað safnaðarlögum sínum, og því héldi minnihlutinn öllum eignunum. En eins og sakir stóðu, hafði hún hreint ekki við neitt að styðjast. Samt var hún látin "gossa". Í fyrstu var enginn skrifaður undir yfirlýsinguna, en þegar forseti benti Mr. Hermann á það, bætti hann strax úr því með því að skrifa sitt eigið nafn undir.

Annaðhvort verður maður að álíta að þeir, sem voru á móti því, að söfnuðurinn segði sig úr kirkjufélaginu, hafi verið búnir að halda fund sin á meðal og leia Mr. Hermann á bendur, að bera fram þessa yfirlýsingu fyrir sina hönd, eða maður verður að álíta, að hann hafi tekið bessaleyfi til þess að tala fyrir þeirra hönd. — Bæði er það, að Mr. Hermann er svo merkur maður, að hið síðara er óhugsanlegt, og svo var þessari yfirlýsingu ekki mótmælt af neinum af hans flokki. Ég geng því út frá því sem sjálfsögðu, að hann hafi haft umboð frá þeim flokki, og þá um leið frá séra Kristni, sem helzta manni í þeim flokki, til þess að bera fram þessa yfirlýsingu. Með því var séra Kristinn að fylla flokk þeirra, sem héldu því fram, að minnihlutinn væri sá "rétti Gardar-söfnuður". Það var því hálf skringilegt, þegar séra Kristinn, strax á eftir þessu, stóð á fætur, og, án þess að mótmæla þessari yfirlýsingu nokkuð, dró upp úr vasa sínum og las upp uppsagnarbréf stílað til "Gardar-safnaðar" á þessa leið:

"Til Gardar safnaðar.

Í tilefni af því að ég álít að ég hafi fengið fullnægjandi bendingu um það frá söfnuðinum, að kenning sú er ég flyt, sé meirihluta hans ógeðfeld, leyfi ég mér hérmeð að segja söfnuðinum upp þjónustu minni með 12 mánaða fyrirvara, eins og fram var tekið í köllunarbréfi því, er mér var sent. Óski söfnuðurinn eftir því, að sá fyrirvari sé styttur eða með öllu afnuminn, mun ég að sjálfsögðu taka þá ósk til greina.

Að Gardar í Norður Dakota.
12. júli 1909.

Kristinn K. Ólafson".

Ef minnihlutinn á fundinum var "sá rétti Gardar-söfnuður", þá var þessi uppsögn auðvitað stíluð til hans. Hann átti það þó sannarlega ekki skilið, að honum væri sagt upp, eftir að hafa fylgt presti svona vel að málum. Enda var tilgangurinn auðvitað, að segja hinum upp. En það var samt illa gert af presti, að vekja minnihlutann með þessari uppsögn svona hastarlega af þeim sæta augnabliksdraumi, sem hann hafði verið að dreyma út af yfirlýsingu Mr. Hermanns, að hann væri sá rétti Gardar-söfnuður og héldi öllum eignunum.

Fundi var slitið á vanalegan hátt með því að syngja sálm, en áður en séra Kristinn las upp sálminn, bað hann minnihlutann að bíða í kirkjunni eftir að hinir væru farnir út.

Hér endar sagan af safnaðarfundinum, en vegna þess að dr. Brandson heldur sögunni um mál þetta lengra áfram, ætla ég að reyna að rekja söguna eins langt og hann.

Á fundinum, sem minnihlutinn hélt á eftir safnaðarfundinum, var kosin fimm manna nefnd til þess að hugsa. Verkefni þeirrar nefndar var að ráða fram úr því, hvernig minnihlutinn ætti að snúa sér í þessu máli, því sjálfsagt var, að minnihlutinn, með prest í broddi fylkingar, gerði uppreist á móti vilja meirihlutans, þó það þýddi klofning safnaðarins.

Ég veit ekki, hvernig séra Kristinn réttlætir þessa framkomu sina, en óneitanlega var það í alla staði ótíðhlýðilegt af honum, að nota kirkju safnaðarins til þess að halda þar fund í þeim eina tilgangi, að vinna að eyðilegging safnaðarins, og það á meðan hann gat átt von á, að eiga eftir að þjóna söfnuðinum í heilt ár. Og ef leikmaður hefði átt í hlut, er hætt við, að einhverjum hefði fundist, að hér væri það ofurkapp en ekki kristilegt hugarfar, sem orðið hefði ofan á. En séra Kr. lét ekki þar við sitja. Daginn eftir hélt hann fund með nefndinni, og þá kom þeim saman um, að rétta aðferðin væri sú, að fá sem flesta til þess að segja sig úr söfnuðinum, og ef nógu margir fengjust til þess, þá að mynda annan söfnuð. Svo skrifaði séra Kristinn út úrsagnarbréfin fyrir menn að skrifa undir. Ég hefi séð þau öll, og eru þau öll eins, og öll skrifuð af séra Kristinn.

Svo fóru nefndarmennirnir í kring með þessi bréf til þess að safna undirskriftum, og séra Kristinn keyrði líka út til þess að fá menn til þess, að segja sig úr Gardar söfnuði, þeim söfnuði, sem hann var vígður til, og hann þjónar, og geldur honum kaup, leggur honum til húsnæði og hefir farist prýðilega við hann frá fyrstu. Þetta var sótt af svo miklu kappi, að ekki var svifist að slíta þau helgustu bönd, sem mannfélagið þekkir, og í þó nokkurum tilfellum var brot af fjölskyldu fengið til þess að segja sig úr söfnuðinum. Maður og kona, foreldrar og börn, bræður og systur, hafa verið sett hvað upp á móti öðru og óánægju komið inn á heimilin. Alt þetta hefir verið unnið kirkjufélaginu til dýrðar, og til þess að láta ósigur þess í bygðinni vera minna áberandi og sýnast minni. Skyldi engum hnýsast þetta nokkuð langt gengið, þegar ekki er um sáluhjálpar-atriði að ræða? Skyldu allir álíta þetta guði þóknanlegt verk?

Og í þessu sambandi er rétt að geta þess, að séra Björn var staddur í húsi séra Kristins daginn, sem þessi nefnd hélt sinn fund þar og ákvarðaði að stiga þetta spor. Honum hefir því að sjálfsögðu verið boðið á þann fund og veitt málfrelsi, og það án nokkurrar mótspyrnu. Ég geng út frá því, að hann sem forseti kirkjufél. hafi lagt blessun sína yfir það, sem þar var gert, og álíti það heiðarlega framkomu hjá prestum kirkjufélagsins, að vinna að klofning þeirra safnaða, sem þeir þjóna, á meðan þeir eru launaðir af söfnuðinum. Nú vantar því ekkert annað, en að "Sameiningin" löghelgi þetta, svo það verði viðtekið sem "réttmæt stefna kirkjufélagsins", til leiðbeiningar hinum prestum kirkjufélagsins, ef þetta mál kynni að koma upp í öðrum söfnuðum. Því trúlegt er, að yfirstandandi árgangur "Sameiningarinnar" verði af næsta kirkjuþingi einnig gerður að trúnarjátningu, eins og síðasti árgangur var gerður af þinginu í sumar.

Á föstudaginn eftir safnaðarfundinn, eða 16. júli, var fundur haldinn í skólahúsinu á Gardar, og þá var Lúters-söfnuður myndaður. Og, eins og við mátti búast, sat séra Kristinn á þeim fundi og var í ráðum með.

Sunnudaginn á eftir var messað í kirkjunni, og þá lagði séra Kristinn út af Matt. 10, 34—35 og Jóh. 14, 27. Að endaðri guðsþjónustunni gæddi hann mönnum á því, að lesa upp nöfn þeirra, sem segðu sig úr söfnuðinum. Tala þeirra nafna var 108. En þess ber að gæta, að margt af því er börn, sem eru rétt komin yfir fermingu, og í það minsta þrent af því, sem sagði sig úr söfnuðinum, hefir aldrei staðið í Gardar-söfnuði. Tvent af því sótti samt safnaðarfundinn og greiddi atkvæði á móti því, að söfnuðurinn segði skilið við kirkjufélagið. Það var því hreinlegra, að segja sig úr söfnuðinum, fyrst það var að ganga í þann nýja.

Ég hefi ekki fyrir mér skýrsluna, sem lögð var í sumar fyrir kirkjuþingið, yfir tölu meðlima Gardar-safnaðar. En skýrslan, sem lögð var fyrir þingið í fyrra, gaf tölu fermdra safnaðarlima sem 315. Síðastliðið vor voru yfir 20 börn fermd, og tiltölulega fáir hafa dáið á árinu. Talan í sumar hlýtur því að hafa verið að minsta kosti 330. Það verður því tæpur þriðjungur, sem gengið hefir úr söfnuði. Og af þeim eru ekki nema um 80 yfir 18 ára að aldri.

Nú er, held ég, sagan komin öll, en áður en ég skil við þetta mál, ætla ég að lýsa yfir sem hreinum og beinum heilaspuna og ósannindum þeirri kerlingarsögu, sem var haldið svo mikið á lofti af ýmsum í Gardar-bygð, að þessi leikur væri gerður að eins í þeim tilgangi, að hafa séra Kristin burt. Ég stend betur að vígi en flestir aðrir, að vita sannleikann í þessu efni, og neita því hiklaust og afdráttarlaust, að þessi áburður sé sannur upp á einn einasta af þeim mönnum, sem þetta var borið á brýn. Ég hefi áður skýrt frá þeirri yfirlýsingu, sem Gamalíel Þorleifsson gerði fyrir hönd meirihlutans í þessu efni, og ég tek það aftur fram, að hún var gerð í einlægni, og að það er alveg ástæðulausu að nokkur rengir hana. Það var séra Kristinn sjálfur, sem fyrstur hreyfði því, að hann yrði að fara, og það er fljótræði hans að segja upp söfnuðinum og stífni hans einni um að kenna, að hann verður að fara.

Mér finst, að maður í glerhúsi sé farinn að kasta steinum, þegar minnihlutamenn eru að bera hinum á brýn, að þeir hafi skelt þessum fundi á, á meðan fólk hafi verið æst. Mér finst æsingin öll hafa verið hinumegin. Og óhræddur þori ég að segja, að Lúter-söfnuður væri miklum mun minni eða alls ekki til, ef um enga æsingu af hálfu minnihlutans hefði verið að ræða. Eða skyldi engum öðrum en mér finnast, að um fljótræði hafi verið að ræða í sambandi við gerðir minnihlutans í söfnuðinum? Tvær vikur voru liðnar frá því, að skoðanir minnihlutans á kirkjuþinginu voru gerðar rækar og þangað til Gardar-söfnuður sagði sig úr kirkjufélaginu. En að eins fjórir dagar voru liðnir frá því, að Gardar-söfnuður sagði sig úr kirkjufélaginu og þangað til Lúters-söfnuður var stofnaður. Sjálfsagt hefir hér samt ekki um neitt fljótræði verið að ræða, þó alt sýndist benda til þess, að meðhaldsmenn kirkjufélagsins teldu sér sigurinn vísan á safnaðarfundinum.

Frammkomu séra Kristins í þessu efni finst mér ómögulegt að afsaka með öðru en því að segja, að hann hafi gert það, sem hann hefir gert, í fljótræði. Fyrir fundinn var hann búinn að mælast til þess við forseta safnaðarins, að segja sig ekki úr söfnuði á fundinum, þó hann yrði í minnihluta, heldur bíða og sjá, hvort hann sæi málið þá ekki í ögn öðru ljósi. Við aðra hafði hann haft lík ummæli. Og í fundarbyrjun skoraði því forseti safnaðarins á alla, að segja sig ekki úr söfnuðinum á þessum fundi, hvernig sem færi. Samt, þegar séra Kristinn er orðinn í minnihluta, dregur hann tafarlaust upp úr vasa sínum skriflega uppsögn til safnaðarins, og þetta spor hefir hann því stigið með köldu blóði. Svo sýndist ekkert liggja á, að mynda nýjan söfnuð, því hann kemst ekki inn í kirkjufélagið fyr en á næsta þingi. Einnig fanst sumum, að séra Kristinn hefði gjarnan mátt láta þetta bíða á meðan hann var þjónandi prestur Gardar-safnaðar og var launaður af þeim söfnuði. Eftir þá ræðu, sem hann hélt á fundinum, hefði það líka litið betur út, ef hann hefði beðið þangað til mönnum hefði gefist kostur á, að sjá þingtíðindin öll, svo hvorki hefði verið um rangfærslu á gjörðum þingsins né um æsingu að ræða. Hann hefði þá sýnt þá trú á sinu málefni, að hann þyrði að bíða og láta menn dæma um það með köldu blóði í þeirri vissu, að þá mundi fólki virðast svo aðgengilegt að ganga inn á að trúa á síðasta árgang "Sameiningarinnar" eða þegja, að hans flokkur mundi vinna glæsilegan sigur. Það er líka talsvert ábyrgðarmál fyrir hann, að koma mönnum til þess, svo að segja umhugsunarlaust, að fleygja frá sér öllum safnaðareignunum, — kirkjunni, kirkjugarðinum og prestshúsinu, — því það er enginn minsti vafi á því, að þeir eru þar algerlega búnir að fyrirgera rétti sínum.

Mér er ómögulegt að hugsa mér svo æstan flokksmann, að hann reyni að réttlæta það, að séra Kristinn hefir, á meðan hann er þjónandi prestur Gardar-safnaðar, notað þann tíma, sem söfnuðurinn borgar honum fyrir, til þess að leggja fram alla sína lífs og sálar krafta til að eyðileggja söfnuðinn. Hér er um svo stórt brot að ræða, að hann væri rækur frá söfnuðinum fyrirvaralaust samkvæmt landslögum, og þá hlýtur að vera um býsna stórt siðferðislegt brot að ræða. Hvað mundu Gardar-búar, til dæmis, halda um forseta telefónfélagsins, ef hann, á meðan hann heldur því embætti, keyrði hús úr húsi til þess að fá menn til að taka talsímann burt úr húsum sínum? Létt mundi mönnum ganga að fella dóm í því máli. En hver er munurinn?

Ómögulegt er mér að vera vini minum dr. Brandson samdóma um það, að það sé heillavænlegra fyrir bygðina, að hafa tvo söfnuði, "sem starfa að sama málefni", heldur en eins og það áður var. Hér var ekki áður um neitt innbyrðis ósamlyndi að ræða og það hefði aldrei til þess komið, ef séra Kristinn hefði tekið rétt í strenginn. Hann hefði getað haldið áfram að vera prestur safnaðarins og prédikað eftir sínu höfði eins og hingað til. Menn hefðu þá allir haldið áfram að starfa bróðurlega saman að kristindómsmálum í bygðinni. Ef minnihlutinn á kirkjuþingi hefir misskilið gjörðir þingsins, þá hefði ekkert verið auðveldara en að leiðrétta það á næsta þingi. Séra Kristinn hefði getað gengist fyrir því, að það yrði gert, og hefði hann þá orðið mönnum kærari en áður, og ef til vill getað unnið það, að söfnuðurinn allur gengi þá aftur inn í kirkjufélagið. En mér finst, að með því spori, sem hann nú hefir stigið, sé hann að viðurkenna, að minnihlutinn á þingi hafi lagt réttan skilning í samþyktir þingsins, og því sé ekki um leiðréttíng á neinum misskilningi að ræða. Allir, sem ekki séu stefnu "Sameiningarinnar" samþykkir, hafi verið gerðir rækir, nema þeir gengju inn á að þegja. Höfðatölunni sé samt nauðsynlegt að halda, og því sé mestur sigurinn, að fá menn til, að þegja og koma í veg fyrir, að nokkur gangi út. Þess vegna sé um að gera, að halda dauðahaldi í alla þá, sem annaðhvort séu stefnu "Sameiningarinnar" samþykkir, eða unt sé að kúga til að þegja, og því hafi þetta ekki mátt bíða. Á engan annan hátt er mér unt að gera mér framkomu séra Kristins að nokkuru leyti skiljanlega. Og jafnvel þá get ég ekki skilið, hvers vegna hann gat ekki haldið áfram að þjóna söfnuðinum, þó söfnuðurinn stæði utan við kirkjufélagið. Kirkjufélagið hefir, sem eitt af sínum ætlunarverkum, að vinna að heiðingjatrúboði, og ég veit, að séra Kristinn yrði fús til að prédika fyrir heiðingjum. Hafa þessir menn þá spilzt svo við það að standa í kirkjufélaginu, að þeir séu orðnir verri en heiðingjar? Ef svo er, er það naumast hættulaust, að standa í þeim félagsskap. Annars finst mér, að séra Kristinn hefði mátt vera feginn, að fá að prédika sem lengst yfir þessum villuráðandi sauðum, til þess að geta sýnt þeim villu sins vegar. Eða hafa þeir með því að ganga úr kirkjufélaginu drýgt þá synd, sem aldrei verður fyrirgefin, svo þeim sé ekki viðreisnar von? Ef það er ekki, þá hlýtur það að vera hitt, að hann áliti, að þessir menn séu nú farnir að skilja greinilega, hvað kirkjufélagið sé að fara, og því muni þeir aldrei vinnast til baka þangað. Og ef eina markmið prestanna er að vinna menn inn í kirkjufélagið og halda þeim þar, þá er betra verksvið til þess á flestum stöðum öðrum en Gardarbygð. Enda líka hefi ég heyrt, að séra Kristinn segi, að það sé hlægilegt, hvað margir þar séu farnir að heimta að fá að hugsa, og sumt af því menn, sem aldrei hafi hugsað áður.

En ef það er samvizkuspursmál, að prédika ekki fyrir neinum öðrum en þeim, sem annaðhvort standa í kirkjufélaginu eða þá eru algerðir heiðingjar, finst mér að forseti kirkjufélagsins ætti að heimta það af öllum prestum þess, að þeir á undan hverri prédikun geri yfirlýsingu eitthvað í þessa átt:

"Ég verð að biðja alla, sem ekki trúa á síðasta árgang "Sameiningarinnar" eða eru ekki algerðir heiðingjar, að gera svo vel að ganga út, því samvizka min og stefna kirkjufélagsins leyfa mér ekki að prédika fyrir neinum slíkum".

Hjálmar A. Bergman.

Bókalisti

N. Ottenson's,—River Park, Winnipeg.

Áfengi og ábrif þess, í b.	0.10
Eggert Ólafsson (B.J.) ...	0.15
Gönguhrólfs rímur (B.G.)	0.20
Hugsunarfræði (E.B.)	0.15
Huldufólkssögur, í bandi...	0.35(5)
Höfrungahlaup	0.15
Jón Ólafssonar Ljóðmæli í skrautbandi	0.60(3)
Kristintræði	0.45(2)
Kvæði Hannesar Blöndal	0.15(2)
Málsgreinafræði	0.15
Mannkynssaga (P.M.), í b.	0.85(5)
Mestur í heimi, í b.	0.15
Passíusálmar, í skrautb. ...	0.50
Olnbogabarnið	0.15
Prestkosningin. Leikrit, eftir Þ. E., í b.	0.30
Ljóðabók M. Markússonar	0.50
Friðþjófs sönglög	0.50
Ritreglur (V. Á.), í b. ...	0.20
Sálmabók, í b.	0.55
Seytján æfintýri, í b.	0.35(3)
Siðfræði (H. H.), í b.	1.10
Stafsetningarorðbók, í b.	0.30(3)
Sundreglur, í b.	0.15
Útilegumannasögur, í b. ...	0.45
Útsvarið. Leikrit, í b.	0.35(2)
Verði ljós	0.15
Vestan hafs og austan. Þrjár sögur, eftir E. H., í b.	0.90
Víkingarnir á Hálogalandi eftir H. Ibsen	0.25
Þjóðsögur Ó. Davíðss., í b.	0.35(4)
Þorláku helgi	0.15
Þrjátíu æfintýri, í b.	0.35(4)
Ofurefli, skálds. (E.H.), íb.	1.50
Tröllasögur, í b.	0.30(4)
Draugasögur, í b.	0.35(4)
Ólöf í Ási	0.45(3)
Smælingjar, 5 sögur (E.H.) í bandi	0.85
Jómsvíkinga og Knytlinga saga, útg. í Khöfn 1828 Í vönduðu bandi (aðeins fá eintök). Póstgj. 10c	2.00
Skemtisögur eftir Sigurð J. Jóhannesson 1907 ...	0.25
Kvæði eftir sama frá 1905	0.25
Ljóðmæli eftir sama. (Með mynd höfundarins) Frá 1897	0.25
Tólf sönglög eftir Jón Friðfinnsson	0.50
Grágás, Staðarhólsbók, í skrautbandi ... ... :15)	3.00
Sturlunga, Part I. Útgefin í Khöfn af K. Kaalund í bandi ... . (20)	4.50
Nýustu svenskar Musik Bækur, útg. í Stockholm:	
Svenska Skol-Qvartetten	...0.60(5)
26te och 27de Tusendet Sv. Skol-Qvartetten	0.60(5)
Dam Kören	1.00(5)
Normal-Sangbok	0.50(5)

Tölurnar í svigum aftan við (og framan við þar sem póstgjald er meira en 9c) bókaverðið, merkja póstgjald það, sem fylgja verður pöntun utanbæjarmanna.

N. OTTENSON.

2 Bækur Gefins

FÁ NÝJIR KAUPENDUR AÐ HEIMSKRINGLU SEM BORGA $2.00 FYRIRFRAM, OG ÞESSUM BÓKUM ÚR AÐ VELJA:—

Mr. Potter frá Texas
Aðalheiður
Svipurinn Hennar
Hvammverjarnir
Konuhefnd
Lajla
Robert Manton.

Alt góðar sögur og sumar ágætar, efnismiklar, fróðlegar og spennandi. Nú er tíminn að gerast kaupendur Hkr. Það eru aðeins fá eintök eftir af sumum bókunum.

Heimskringla
P.O. Box 3083, Winnipeg

Department of Agriculture and Immigration.

MANITOBA

Þetta fylki hefir 41,169,089 ekrur lands, 6,019,200 ekrur eru vötn, sem veita landinu raka til akuryrkjuþarfa. Þess vegna höfum vér jafnan nægan raka til uppskeru tryggingar.

Ennþá eru 25 miljónir ekrur óteknar, sem fá má með heimilisrétti eða kaupum.

Íbúatala árið 1901 var 255,211, nu er hún orðin 400,000 manns, hefir nálega tvöfaldast á 7 árum.

Íbúatala Winnipeg borgar árið 1901 var 42,240, en nú um 125 þúsundir, hefir meir en tvöfaldast á 7 árum.

Flutningstæki eru nú sem næst fullkomin, 3516 mílur járnbrauta eru í fylkinu, sem allar liggja út frá Winnipeg. Þrjár þverlandsbrauta lestir fara daglega frá Winnipeg, og innan fárra mánaða verða þær 5 talsins, þegar Grand Trunk Pacific og Canadian Northern bætast við.

Framför fylkisins er sjáanleg hvar sem litið er. Þér ættuð að taka þar bólfestu. Ekkert annað land getur sýnt sama vöxt á sama tímabili.

TIL FERDAMANNA:

Farið ekki framhjá Winnipeg, án þess að grenslast um stjórnar og járnbrautarlönd til sölu, og útvega yður fullkomnar upplýsingar um heimilisréttarlönd og fjárgróða möguleika.

R. P. ROBLIN,
Stjórnarformaður og Akuryrkjumála-Ráðgjafi.

Skrifið eftir upplýsingum til

Joseph Burke.
178 LOGAN AVE., WINNIPEG.

Jas. Hartney
77 YORK ST., TORONTO.

Ógnanir og sundrung. Hvaðan?

Heimskringla af 5. ágúst flytur grein undirskrifaða "Dakotabúi", — þar segir: "Gardar söfnuði var ógnað með komandi innbyrðis félagsskapar sundrung, úlfúð og illdeilum granna og manna í millum".

Ógnanin kom frá þeim, sem heimtuðu að söfnuðurinn segði sig úr kirkjufélaginu. Þeir byrjuðu ógnanirnar og sundrungina. Einnig höfum vér orðið varir við meiri yfirgang af þeirra hendi, en af hálfu kirkjufélagsins, eins og greinarhöfundurinn sjálfur bendir til, þá er hann skýrir frá um eignir Gardar safnaðar.

Hvað viðvíkur hinum nýmyndaða (Lúters) söfnuði, þá var hann myndaður af mönnum, sem áður höfðu styrkt af alvöru Gardar söfnuð, og mál kirkjufélagsins, og óskuðu að gera svo framvegis. — Lúters söfnuður hefir ekki gert neitt tilkall til eignanna, en hann æskir að geta halt kennimann, sem af alvöru leitast við, að innræta kristilegt hugarfar og fylgir kröfum tímans. Þetta hefir söfnuðurinn von um að geta gert, og að einum og meðlimaföllu er hann all vel settur nú orðið.

Og svo fáein orð um kirkjufélagið. Greinarhöfundurinn virðist nú strax afneita kenningarstefnu hærri kritik manna, en segir deilan sé um vald.

Nú er félagsskapur, sem ekkert vald hefir innan sinna takmarka, ónýtur félagsskapur. Hver einn félagsskapur hefir sín grundvallarlög, sem hann og hver einn félagslimur þarf að hlýða. Stjórnendum kirkjufélagsins er uppálagt að framfylgja grundvallarlögum félagsins, sem eru bygð á grundvelli kristninnar, ritningunni. Ef þeir gera það, þá eru þeir ekki vítaverðir í því tilliti. Kirkjufélagið er yfirleitt skipað eins góðum mönnum eins og Íslendingar hafa völ á, og ef það ekki gerði neitt þarflegt, væri það sönnun fyrir því, að Íslendingar hefðu ekkert með félagsskap að gera. En ég álít, að kirkjufélagið hafi gert stórmikið gott, og getí gert mikið meira, með styrk þeirra, er aðhyllast stefnu þess. Þess vegna er betra, að ljá því styrk enn mótstöðu. E. E. Hale segir:

"Look up not down,
Look out not in,
Look forward not back.
Lend a hand".

Gardar, N.D., 7. ág. '09.

Stephan Eyolfson.

Loftferðir.

Hvernig loftsiglingum hefir þokað áfram á sl. 6 árum, sézt á því sem eftir fer.

Þann 17. des. 1903 voru Wright bræðurnir 59 sekúndur í lofti.

Þann 29. des. 1905 voru hinir sömu 3 mínútur í lofti.

Þann 23. okt. 1906 flaug Santos Dumont 164 feta langan veg, og fékk fyrir það 10 þús. dollara.

Þann 13. jan. 1907 vann Henry Farman 10 þús. dollara fyrir að fljúga 1 kilómeter sveiflu í loftinu á 1 mínútu og 28 sekúndum.

Þann 21. marz 1907 flaug De Lagrange 10 mílur.

Þann 4. júní 1908 flaug Curtiss eina mílu.

Þann 7. júli 1908 hélt Farman sér í loftinu 20 mínútur og 20 sekúndur.

Þann 2. ágúst 1908 flaug Farman 700 yards á 40 sekúndum.

Þann 3. sept. 1908 fóru Wright bræðurnir í loftinu tvo þriðju úr milu á einni mínútu, og 6 mílur á 10 mínútum.

Þann 5. sept. 1908 fór Wilbur Wright 15 mílur á 10 mínútum.

Þann 6. sept 1908 fór De Lagrange 24 mílur á 29 mínútum og 55 sekúndum.

Þann 7. sept. 1908 hélt sami maður sér í loftinu 31 mínútu.

Þann 9. sept. 1908 fór Orwill Wright 40 mílur á 57 mínútum.

Þann 12. sept. 1908 hélt sami maður sér í lofti eina kl.stund og 14 mínútur.

Þann 31. sept. 1908 hélt sami maður sér í lofti eina kl.stund og 31 mínútu.

Þann 19. des. 1908 var sami maður í lofti nálega 2 kl.stundir, og fór á þeim tíma rúmar 62 mílu vegar.

Þann 21. des. 1908 var sami maður í lofti 2 kl.stundir og 20 mínútur.

Þann 19. júli 1909 flaug Hubert Latham frá Frakklandi áleiðis til Englands, en datt í sjónn 2 mílur frá Englandi.

Þann 25. júli 1909 flaug M. Bleriot yfir sundið milli Englands og Frakklands, yfir 20 mílur, með hraða, sem nam nærri milu vegar á hverri mínútu.

Betur hefir enginn gert.

JIMMY'S HOTEL

BEZTU VÍN OG VINDLAR.
VEITARI: T. H. FRASER.
ÍSLENDINGUR.

James Thorpe, Eigandi

Gimli Hótel

G. E. SÓLMUNDSSON
eigandi

Óskar viðskifta Íslendinga sem heimsækja Gimli-bæ. — Þar er beini beztur í mat og drykkjarföngum, og aðbúð gesta svo góð sem frekast er hægt að gera hana. Hótelið er við vagnstöðina. Gistið að Gimli-Hótel.

"20. ÖLDIN"

ÓHÁÐ VIKUBLAÐ.

Verð: $1.00 í Canada.
" $1.50 utan Canada
Borgist fyrirfram.

Útgefendur: Twentieth Century Pub. Co., Winnipeg. — Einkunnarorð: Fegurð, Sannleikur, Ást, Frelsi, Réttlæti. — Flytur ljóð, sögur, nýjar framfaraskoðanir, ritdóma og skritlur. Segir alt sem henni býr í brjósti og óttast ekkert milli himins og jarðar. Er sér ekki meðvitandi um nokkuð ljótt, og fer því hvergi í felur, en ræðir við alla eins og bræður og systur. Kemur til dyranna eins og hún er klædd og viðurkennir enga yfirboðara né undirgefna, æðri né lægri, heldur alla jafna.

Oss vantar umboðsmenn í hverri bygð og bæ. — Góð sölulaun.

Utanáskrift til blaðsins er:

"20. ÖLDIN"
(D. H.) Winnipeg.

Sérstakt tilboð:

Ef 4 slá sér saman og panta blaðið í einu kostar það á hvern 75c, fyrirfram borgað. Ef 10 panta í einu, þá að eins 50c.

ÚTGEFENDURNIR.

Íslenzkur Tannsmiður,

Tennur festar í með Plötum eða Plötulausar. Og tennur eru dregnar sársaukalaust með Dr. Mordens sársaukalausu aðferð

Dr. W. Clarence Morden, Tannlæknir.
Sigurður Davidson—Tannsmiður.

620½ Main St.

Phone 470 Horni Logan Ave.

A. S. BARDAL

Selur líkkistur og annast um útfarir. Allur útbúnaður sá besti. Enfremur selur hann allskonar minnisvarða og legsteina.

121 Nena St. Phone 306

Giftingaleyfisbréf

selur: Kr. Ásg. Benediktsson
540 Simcoe st. Winnipeg.

HERBERGI, stór eða lítil, getur einhleypt fólk fengið til leigu að 539 Toronto st.

HÚS TIL LEIGU í vesturbænum, 3 herbergi og geymsluloft, $8 á mánuði. — Finnið Hkr.

Herra Jón Hólm, gullsmiður að 770 Simcoe St., biður þess getið, að hann selji löndum sínum gull- og silfur-muni og gigtarbelti. — Belti þessi eru óbrigðul við gigt, ef þau eru notuð samkvæmt fyrirskipunum Jóns. Kosta að eins dollar og kvart.

ROBLIN HOTEL

115 Adelaide St. Winnipeg

Bezta $1.50 á-dag hús í Vestur-Canada. Keyrsla ókeypis milli vagnstöðva og hússins á nóttu og degi. Aðhlynninig hins bezta. Viðskifti Íslendinga óskast. William Ave strætiskarið fer hjá húsinm

O. ROY, eigandi.

MARKET HOTEL

146 PRINCESS ST. á móti markaðnum
P. O'CONNELL, eigandi, WINNIPEG
Beztu tegundir af vínföngum og vindl.m. aðhlynning góð, húsið endurbætt

Woodbine Hotel

Stærsta Billiard Hall í Norðvesturlandinu
Tíu Pool-borð.—Alskonar vín og vindlar
Lennon & Hebb,
Eigendur.

LEIÐBEININGAR--SKRÁ
YFIR ÁREIÐANLEGA VERZLUNARMENN Í WINNIPEG

MUSIC OG HLJÓÐFÆRI
CROSS, GOULDING & SKINNER, LTD. 323 Portage Ave. Talsími 4413
MASON & RISCH PIANO CO., LTD. 356 Main Stree Talsími 480 W. Alfred Albert, Íslenzkur umboðsmaður
WHALEY ROYCE & CO. 356 Main St. Phone 263 W. Alfred Albert, hljóðfærasali.

BYGGINGA- og ELDIVIÐUR.
J. D. McARTHUR CO., LTD. Bygginga- og Eldiviður í heildsölu og smásölu. Sölust: Princess og Higgins Tals. 3060, 3061, 3062

MYNDASMIÐIR.
G. H. LLEWELLIN, "Medallions" og Myndarammar Starfstofa Horni Park St. og Logan Avenue

SKÓTAU Í HEILDSÖLU.
AMES HOLDEN, LIMITED. Princess & McDermott. Winnipeg.
THOS. RYAN & CO. Allskonar Skótau. 44 Princess St.
THE Wm. A. MARSH CO. WESTERN LTD. Framleiðendur af Finu Skótaui. Talsími: 3710 88 Princess St. "High Merit" Marsh Skór

RAFMAGNSVÉLAR OG ÁHÖLD
JAMES STUART ELECTRIC CO. 324 Smith St. Talsímar: 3447 og 7802 Fullar birgðir af alskonar vélum.
GOODYEAR ELECTRIC CO. Kellogg's Talsímar og öll þarafölát, áhöld Talsími 3023. 86 Albert St.

RAFMAGNS AKKOKÐSMENN
MODERN ELECTRIC CO 412 Portage Ave Talsími: 5658 Viðgjörð og Vír-lagning — allskonar.

BYGGINGA-EFNI.
JOHN GUNN & SONS Talsími 1277 266 Jarvis Ave. Höfum bezta Stein, Kalk, Cement, Sand o. fl.
THOMAS BLACK Selur Járnvöru og Bygginga-efni allskonar 76—82 Lombard St. Talsími 600
THE WINNIPEG SUPPLY CO., LTD. 298 Rietta St. Talsímar: 1936 & 2187 Kalk, steinn, Cement, Sand og Mól

BYGGINGAMEISTARAR.
J. H. G. RUSSELL Byggingameistari. í Silvester-Willson byggingunni. Tals: 1068
PAUL M. CLEMENS Byggingar Meistari, 443 Maryland St. Skrifst.: Argyle Bldg., Garry st. Talsími 8997

BRAS- og RUBBER-STIMPLAR
MANITOBA STENCIL & STAMP WORKS 421 Main St. Talsími 1880. P. O. Box 244. Búum til allskonar Stimpla úr málmi og togleðri

CLYDEBANK SAUMAVÉLA AÐGERÐARMAÐUR. Brúkaðar vélar seldar frá $5.00 og yfir 564 Notre Dame Phone. Main 8624

VÍNSÖLUMENN
GEO. VELIE, Heildsölu Vínsali. 185, 187 Portage Ave. E. Smá-sölu talsími 352. Stór-sölu talsími 464.

STOCKS & BONDS
W. SANFORD EVANS CO. 326 Nýja Grain Exchange Talsími 3696

ACCOUNTANTS & AUDITORS
A. A. JACKSON, Accountant and Auditor Skrifst.—28 Merchants Bank. Tals.: 5702

OLÍA, HJÓLÁS-FEITI OG FL.
WINNIPEG OIL COMPANY, LTD. Búa til Stein Olíu, Gasoline og hjóla-áburð Talsími 1590 611 Ashdown Block

TIMBUR og BÚLÖND
THOS. OYSTAD, 208 Kennedy Bldg. Viður í vagnhlössum til notenda, búlönd til sölu

PIPE & BOILER COVERING
GREAT WEST PIPE COVERING CO. 132 Lombard Street.

VÍRGIRÐINGAR.
THE GREAT WEST WIRE FENCE CO., LTD Alskonar virgirðingar fyrir bændur og borgara. 76 Lombard St. Winnipeg.

ELDAVÉLAR O. FL.
McCLARY'S, Winnipeg. Stærstu framleiðendur í Canada af Stóm, Steinvöru [Graniteware] og fl.

ÁLNAVARA Í HEILDSÖLU.
R. J. WHITLA & CO., LIMITED 264 McDermott Ave Winnipeg "King of the Road" OVERALLS.

BILLIARD & POOL TABLES.
W. A. CARSON P. O. Box 225 Room 4 1 Molson Banka. Öll nauðsynleg áhöld. Ég gjöri við Pool-borð

NÁLAR.
JOHN RANTON 203 Hammond Block Talsími 4670 Sendið strax eftir Verðlista og Sýnishornum.

GASOLINE-Vélar og Brunnborar
ONTARIO WIND ENGINE and PUMP CO. LTD 301 Chamber St. Sími: 2988 Vindmillur -- Pumpur -- Agætar Vélar.

BLÓM OG SÖNGFUGLAR
JAMES BIRCH 442 Notre Dame Ave. Talsími 2638 BLÓM - allskonar. Söng fuglar o. fl.

BANKARAR, GUFUSKIPA AGENTR
ALLOWAY & CHAMPION North End Branch: 667 Main street Vér seljum Avísanir borganlegar á Íslandi

LÆKNA OG SPÍTALAÁHÖLD
CHANDLER & FISHER, LIMITED Lækna og Þýralækna áhöld, og hospitala áhöld 185 Lombard St., Winnipeg, Man.

DR. H. R. ROSS

C.P.R. meðala- og skurðlækuir. Sjúkdómum kvenna og barna veitt sérstök umönnun.

WYNYARD, — SASK.

R. A. THOMSON AND CO.

Cor. Sargent & Maryland St.

Selja allskonar MATVÖRU af beztu tegund með lægsta verði. Sérstakt vörurúrval nú þessa viku. Vér óskum að Íslendingar vildu koma og skoða vörurnar. Hvergi betri né ódýrari.—

Munið staðinn:—
HORNI SARGENT AVE. OG MARYLAND ST.
PHONE 3112.

Með því að biðja sérlega um "T. L. CIGAR," þá ertu viss að fá ágætan vindil.

T. L.

Smoke the T. L. CIGAR

(UNION MADE)

Western Cigar Factory
Thomas Lee, eigandi Winnipeg

JOHN DUFF

PLUMBER, GAS AND STEAM FITTER

Alt verk vel vandað, og verðið rétt

664 Notre Dame Ave. Phone 3815
Winnipeg

Redwood Lager og Extra Porter

Styrkið taugarnar með því að drekka eitt staup af öðrum hvorum þessum ágæta heimilis bjór, á undan hverri máltíð. — Reynið !!

EDWARD L. DREWRY Manufacturer & Importer Winnipeg, Canada.

The Dominion Bank

NOTRE DAME Ave. BRANCH Cor. Nena St.

VÉR GEFUM SÉRSTAK AN GAUM AÐ SPARISJÓÐS-DEILDINNI. —

VEXTIR BORGAÐIR AF INNLÖGUM.

HÖFUÐSTOLL - - - $3,983,392.38
SPARISJÓÐUR - - $5,300,000.00

A. E. PIERCY, MANAGER.

F. Deluca

Verzlar með matvöru, aldini, smá-kökur, allskonar sætindi, mjólk og rjóma, sömul. tóbak og vindla. Óskar viðskifta Íslend. Heitt kaffi eða te á öllum tímum. Fón 7756

Tvær búðir:
587 Notre Dame og 714 Maryland St.

Bústýru vantar

á gott íslenzkt bóndaheimili í Saskatchewan fylki. Í heimili er bóndinn og 2 synir hans, 6 og 8 ára. Stúlkan þarf að vera vön húsverkum og fær um að stunda börnin. Kaup $8.00 til $10.00 um mánuðinn. Þó hún hafi eitt barn með sér, telst það ekki til reiknings. — Heimilið er gott og húsráðandinn áreiðanlegur. — Nánari upplýsingar fást á skrifstofu Hkr.

Sendið Heimskringlu til vina yðar á Íslandi.

JÓN JÓNSSON, járnsmiður, að 790 Notre Dame Ave. (horni Toronto St.) gerir við alls konar katla, könnur, potta og pönnur fyrir konur, og brýnir hnífa og skerpir sagir fyrir karlmenn. — Alt vel af hendi leyst fyrir lítla borgun.

Kona, sem ætlar heim til Íslands í þessum eða næsta mánuði, vill fá góða samferð, og mælist til þess, að einhverjir, sem ætla heim á þessu tímabili, geri svo vel að tilkynna það á skrifstofu Hkr.

KENNARA VANTAR

fyrir VIDIR skóla No. 1460 í 3 mánuði, frá 15. september til 15. desember 1909. Tilboðum, sem tiltaki kaup, mentastig og æfingu, verður veitt móttaka af undirrituðum til 27. ágúst næstk.

Vidir P.O., Man., 24. júli 1909.
JÓN SIGURDSSON,
skrifari — fséh.

ég helti þeim niður, þegar hann var farinn. Ég hefi nú verið lokuð hér inni í fimm daga, og hefi engan séð nema hann og frú Ferrier. Við hana hefi ég ávalt verið hrædd".

Þarna hafði hún aftur hætt að skrifa.

"Þetta er sjötti dagur fangavistar minnar", var skrifað að nýju. "Í dag herti ég upp hugann og fór að tala við dr. Raebell. Ég sagði honum, að ég væri alls ekki veik. Hann brosti að mér, og sagðist vita, hvað hann væri að gera, og að það væri samkvæmt vilja manns míns, að hann breytti þannig. Ég varð mjög óróleg af því, að heyra hann tala þannig. Svo fór hann út, en gaf mér ekkert nýtt lyf. Það gerði mig ögn rólegri, en mér finst eins og verið sé að áforma eitthvað ilt gagnvart mér.

"Ó, ég get naumast trúað minum eigin augum. Núna sá ég menn bera líkkistu fyrir utan gluggann minn. Hún á að vera handa mér. Ég get ekki skrifað meira. Guð gæfi —"

18. KAPÍTULI.

Jarðsett lifandi.

Þarna endaði handritið alt í einu. Hún hefir auðvitað heyrt eitthvað, hætt undir eins, lokað bókglinum og falið hann á sínum stað, án þess að hugsa út í það, að sá sem hún óttaðist mest, myndi finna hann.

Eftir því, sem Wright las meira, varð hann æ gramari og gramari. Þegar hann var búinn með það, stakk hann því í vasann, hljóp til kerlingarinnar, þreif óþyrmilega í hana og sagði heiftarlega: — "Þú vonda norn, hvað hefirðu gert við hana?"

Þessi orð nægðu til að fullvissa frú Ferrier um það, að hér var ekki að eiga við brjálaðan mann, enda hafði hana grunað það áður. Koddanum var troðið upp í hana, svo hún gat ekki svarað, en hún leit í áttina til dyranna, sem voru opnar.

Á sama augnabliki, eins og það væri svar upp á spurninguna og augnatillitið, heyrðist einkennilegt hljóð og viðbjóðslegt inn um dyrnar, svo njósnarann rak í rogastans.

Það var sams konar hljóð og Lára hafði minst á — hringl í hlekkjum í óðra klefanum.

Þegar Wright heyrði þetta hljóð, varð hann nærri frávita, en áttaði sig strax, þreif skriðbyttu sína, ýtti hleranum til hliðar, svo ljósið bar fulla birtu, þaut svo fram í ganginn, eins og hann væri orðinn vitlaus, og að klefadyrunum.

Þær voru ekki læstar, slík varúðarregla var gerð óþörf með annari enn þrælslegri, því íbúi klefans gat aldrei nálgast dyrnar.

Hann opnaði dyrnar í einhverju ofboði og þaut inn; Birtan af ljósinu lýsti upp alt herbergið og sýndi, hvernig þar var ástatt. Grunur hans rættist. Á heydyngju, sem varla gat varið kuldanum frá steingólfinu að ná til líkama hennar, í þessari dimmu og viðbjóðslegu fangaholu, þar sem engin birta komst inn, lá hin fagra Lára Brown, kona Sir Arthurs Redleigh, hulin tötrum og fest við vegginn með hlekkjum eins og vilt dýr.

Njósnarinn nísti tönnum af ilsku við að sjá þetta, setti skriðbyttuna á gólfið — því þar voru engir húsmunir — og þaut til fangans.

Hann var hræddur af því að hún starði á hann. Náttúran hafði sýnt henni meiri miskunn en menn-

irnir, hún var hætt að þjást, — hún var orðin brjáluð.

Með tár í augum þreif hann í lásinn og reyndi að brjóta hann, en það tókst ekki, enda þótt hann beitti öllu sínu afli. Þá mundi hann eftir lyklum sínum og tók þá upp. Til allrar hamingju gekk einn lykillinn að lásnum. Að augnabliki liðnu voru hendur hennar lausar við járnin. Hann tók hana í fang sér og ætlaði að fara með hana út úr þessu leiðinlega herbergi.

En á sama augnablikinu og hann kemur í dyrnar, gellur við voðalegt óp. Meðan hann var að lesa bréf Láru, hafði frú Ferrier hepnast að losna við ginkeflið að nokkru leyti, án þess að hann sæi það, og þegar hann var genginn út frá henni, gat hún losnað við það að öllu leyti, með erfiðismunum samt. En þegar það var búið, rak hún upp voðalegt öskur.

Nú var ekki um annað að gera enn hraða sér. Njósnarinn skildi Láru eftir í ganginum, hljóp inn til kerlingar og gaf henni slíkt högg, að hann áleit að hún mundi liggja í dái nokkrar stundir.

Svo tók hann upp skammbyssu sína, spenti gikkinn á henni, og hljóp aftur út í ganginn til Láru.

"Komdu, lafði Redleigh", sagði hann hughreystandi, "við skulum fara héðan sem fyrst".

Vesalings konan horfði á hann undrandi og hopaði ofurlítið.

"Nei, nei", sagði hún þessu næst, "ég má ekkert fara. Upp frá þessu má ég ekki yfirgefa þetta herbergi á meðan ég lifi. Veiztu ekki hver ég er? Ég er nú ekki lengur lafði Redleigh, ég er orðin frú Merchant hin óða".

Hún sagði þetta reiðilaust, með blíðri en hjálparvana röddu. Njósnarinn þreif fast um úlnlið hennar með vinstri hendi sinni, og dró hana með sér

eftir ganginum. Í hægri hendinni hélt hann á skammbyssu sinni, en ljósberann hafði hann hengt á hnapp í treyju sinni. Þegar hann kom í endann á ganginum, blasti alt í einu við honum bjart ljós, og dr. Raebell ásamt tveimur efldum eftirlitsmönnum tálmuðu för hans. Dr. Raebell hélt líka á skammbyssu, en hinir voru vopnaðir með bareflum.

"Stöðvið þau", kallaði læknirinn til aðstoðarmanna sinna, og beindi skammbyssu sinni um leið á Wright. "Það er sú óða, sem vill komast út, og hún hefir fengið brjálaðan mann í fylgd með sér".

Andlitið á Láru sást ekki fyrir hárinu, sem hékk ógreitt í flækjum og huldi það. Wright ýtti henni með hægð upp að veggnum og slepti henni, en miðaði skammbyssunni á dr. Raebell og sagði:

"Nei, látið þið hann ekki sleppa, hann er brjálaður. Takið þið skammbyssuna af honum".

Eftirlitsmennirnir nálguðust njósnarann litið eitt.

"Ef þið komið einu feti nær, skal ég skjóta" sagði njósnarinn.

Þeir hopuðu aftur á bak.

"Lofið þið okkur að halda áfram, annars verður það ykkur dýrt spaug", sagði Wright og nálgaðist þá óhikað.

"Nei, aldrei, ef þú kemur nær, þá skýt ég", svaraði dr. Raebell, sem var mjög fölur.

Dálítla stund stóðu þeir kyrrir og horfðu hver á annan. "Skyldi ég verða að neyðast til að drepa einn af þeim?" hugsaði njósnarinn með sjálfum sér. — "Hver er þessi maður?" spurði dr. Raebell sjálfan sig. Svo rauf hann þögnina og sagði:

"Hver ert þú? Þú ert ekki einn af mínum sjúklingum?"

"Jú, ég er einmitt einn af sjúklingum þínum", var svarið. "Ég er sá hinn sami, sem þú tókst á móti undir falska nafninu 'frú Armytage', eins og þú

Magnet hefir aldrei fengið huggunarvottorð

"MAGNET" ætíð ofaná



Dominion of Canada.
Province of Ontario,
County of Wellington.

VITNAR:

Ég, Friðrik Miles Logan, í Guelph borg í Wellington sýslu, stúdent, fyrrum í Amherst í Nova Scotia ríki, Votta Hérmeð :—

1.—Ég var dómari við Halifax sýninguna sem haldin var 9.—15. september s.l., til að dæma um áhöld til að aðskilja Rjóma frá Mjólk.

2.—Eftir að hafa skoðað áhöldin ákvað ég að úthluta til The Petrie Mfg. Co., fyrir skilvindu þeirra MAGNET, — "Diploma", fyrir BEZTU aðskilnaðar-áhalda sýningu. Áður en ég kvað upp dóm inn fór hr. W. J. Nunn, aðal umboðsmanns De Laval skilvindu félagsins, þess áleit að ég veitti De Laval skilvindunni og National skilvindunni "Diploma". Ég ræddi mál það við ritara sýningarinnar. En hann kvaðst ekki sjá hvernig það yrði gert, þar sem ein "Diploma" aðeins gæti orðið veitt. Ég dæmdi þá MAGNET vélinni "Diploma" og skýrði Magnet umboðsmanninum frá því.

Ég ræddi nokkrum kl.stundum síðar við hr. Nunn, og hann bað um "Diploma" fyrir hin önnur aðskilnaðar-áhöld, eins og gert væri á öðrum stöðum. Ég ræddi þetta einnig við sýningarritarann og hann bað mig ráða hvað ég gerði, svo ég lagði til að þeim yrði veitt "Diploma". Ég leit svo á, að sú veiting hefði engen áhrif á afstöðu MAGNET skilvindunnar, sem hafði fengið hæztu verðlaun á sýningunni. Heldur var hinu félaginu veitt "Diploma" til að hugga það.

Ég geri þessa staðhæfingu með fullri vitund þess, að hún hefir sama gildi og áhrif eins og hún væri eiðfest samkvæmt "The Canada Evidence Act, 1893".

Staðfest fyrir mér í Guelph borg í Wellington sýslu 16. nóvember, 1903.

W. A. McLEAN,
Notary Public í og fyrir Ontario-fylki.

[Undirskrifað af] F. M. LOGAN

The Petrie Mfg. Co., Limited
WINNIPEG
HAMILTON. ST. JOHN. REGINA. CALGARY.

Heimskringla er útbreiddasta blað í Vesturheimi.—Kaupið Hkr.

PÍANO með öfundsverðan Orðstýr

Valið af mestu söngfræðingum í heimi vegna þess óviðjafnanlegu tónfegurðar. Það er á heimilum söngfróðustu borgara þessa veldis.

Gamla Félagsins Heintzman & Co. PÍANÓ

hefir viðurkenningu, sem framleiðendurnir geta stært sig af. Auk þess hefir það hlotið fleiri imedaliur, fyrstu verðlaun og "Diplomas, en nokkurt annað Piano, sem til er.

J. J. H. McLean & Co LIMITED.

528 Main St. Talsími 808

ÚTIBÚ Í BRANDON OG PORTAGE LA PRAIRIE.

Fréttir úr bænum.

Herra Þorsteinn Jóhannesson, Akra, North Dakota, sem fór héðan alfarinn til Íslands í fyrra sumar, kom aftur hingað með íslenzkum vesturförum á miðvikudaginn í sl. viku. — Það varu alls 18 manns í þeim hópi, undir leiðsögu herra Jóns Bildfells, sem starfað hafði á Íslandi að innflutningaerindum fyrir Laurier stjórnina. — Í þessum litla hópi voru þrir Vestur-Íslendingar: Ungfrú Sigríður Johnson, Gunnar Jóhannsson og Þorsteinn. Fólk þetta fór frá Vopnafirði 13. júlí og 24. frá Glasgow, en landgöngu í Quebec fylki tók það 2. ágúst. — Herra Þorsteinn Jóhannsson fór með þeim ásetningi heim til Íslands í fyrra, að setjast þar að og láta föðurlandið bera bein sín. En er heim kom, kunni hann ekki við loftslagið, fanst þar alt kalt, og naut hann þó góðrar aðhlynningar, þar sem hann dvaldi á Vopnafirði. Hann ferðaðist lítið meðan hann dvaldi heima, en fór þó til Akureyrar og Húsavíkur og um Reykjadalinn, því í þeim héruðum var hann kunnugastur frá fyrri tímum. Hann leit svo á, á þessu ferðalagi sínu, að töluverð efnaleg afturför hafi orðið hjá bændum í Vopnafirði á sl. 33 árum, — síðan hann dvaldi fyrr á Íslandi, og engar verklegar framfarir átt sér stað, hvorki vegagerðir né túnasléttun. En þó kvað hann bændur nú í skuldaviðjum við verzlanir, lengt um fram það sem var, þegar hann var þar kunnugur fyrir þriðjungi aldar síðan. Nokkuru þrifameira virtist honum útlitið í Reykjadalnum. Þar vottaði fyrir umbótum í vegagerð og túna rTkt. Mestar framfarir sá hann á Húsavík. Þar hefir verið bygt mikið af húsum, og land mikið þar í kring ræktað í tún, og allmargt manna er nú heimilisfast þar í bæ, — Á Akureyri hafa orðið nokkrar framfarir, einkanlega á Oddeyrinni, sem nú er að mestu bygð. — Eina húsið, sem hann sá á Akureyri af þeim, er voru þar þegar hann var þar fyrir þriðjungi aldar, var gamla Möllers búðin, — alt annað var nýtt eða endurbygt. — Aldrei kvaðst hann hafa þekt annað eins peningaleysi meðal manna eins og nú er á Íslandi, og alls ómögulegt er að fá þar peninga fyrir vinnu sína. Verzlunin gengur mest í vöruskiftum og innskriftum, rétt eins og á fyrri árum. — Ekki varð hann var við mikinn vesturferðahug, enda engir handbærir peningar fyrir hendi til að borga með fragjald vestur. — Af þessum 18 manns, sem komu með herra Bildfell, kvað Þorsteinn þrjá hafa verið héðan að vestan, og með einum þeirra (Gunnari frá Pembina) kvað hann hafa komið eina fjölskyldu, ellefu manns. Það var ættfólk Gunnars og honum áhangandi. — Þorsteinn fór suður til Dakota um síðustu helgi.

Hefir þú séð hinar nýjustu umbætur og nýmóðins lag á vorum

Open Gas Grates and Wood Mantels

Komið og skoðið þær hjá —

Gas Stove Dept. Winnipeg Electric Ry. Co.

322 MAIN ST. TALS. Main 2522

ÁGÚST SKÓSALAN.

Nú ætlum vér að fta út öllum vorum sæti-dáka skófatnaði. Nú er því tími til kjörkaupa

20 prós. afsláttur

á öllum dák skófatnaði, há eða lág sniðum, o með loðir sólum. Fyrir karla og konur, börn og unglinga.

100 Pör

af kvenna Vici Kid reimuðum skóm, morgun skóm, að meðtöldum kvenmanns dúkskóm, litaðum, 2½—3 og 3½ á stærð. Vanaverð frá $1.75 til $3.00 Nú aðeins selt á

95 CENT

Ryan-Devlin Shoe Co
494 MAIN ST. PHONE 770.

Fanney Johnson, nýkomin frá Íslandi, á tvö bréf á skrifstofu Heimskringlu,— annað ábyrgðarbréf. Þau verða afhent gegn vottanlegri ávísun og kvitteringu.

Skemtiferð til Gimli.

Fyrsti Únitara söfnuðurinn hér í bænum og Ungmennafélagið eru að undirbúa skemtiferð héðan til Gimli laugardaginn 28. þ.m., og vonast eftir að margir verði með í þeirri för. Fargjald fram og aftur frá Winnipeg verður $1.00 fyrir fullorðna, 50c fyrir börn, og frá Selkirk 85c fyrir fullorðna og 45c fyrir börn. — Farmiðar til sölu hjá íslenzkum verzlunarmönnum í bænum og nefndinni. Lestin fer frá W'peg kl. 8.45 f.h., og frá Gimli kl. 8.30 að kveldinu. Skemtanir verða auglýstar síðar.

Þriðjudagskveldið þann 7. sept. heldur HARPA I.O.G.T. Tombolu í Goodtemplara húsinu.

Svæsinn regnstormur gekk yfir borgina á fimtudaginn var. Talsvert stórhagl fylgdi um tíma. — Veðrið skall á mjög snögglega og varði fulla klukkustund. Svo lægði um stund, en tók aftur til að rigna og hélst það alla nóttina. Í rigningu þessari féllu fullir þrir þumlungar vatns. Lítið varð veðurs þessa vart utan borgarinnar. Blöðin hér segja, að regnfall þetta hafi verið það mesta, sem komið hafi hér á sl. þrjátíu árum á jafn stuttum tíma.

Íslendingadagsnefndin kom saman á föstudaginn var til að líta yfir tekjur og útgjöld dagsins. Enn þá eru reikningar ekki fullgerðir, en svo mikið mun mega segja, að dagurinn hafi hepnast vel fjárhagslega, og að inntektirnar geri heldur betur enn mæta útgjöldunu.

Herra J. S. Heidman, frá Cypress, Man., sem hér hefir verið á sjúkrahúsinu í sl. tvær vikur og gekk þar undir uppskurð við ígerð í hálsinum, fór heimleiðis aftur í gærdag. Hann var orðinn velhress, og taldi víst að verða albata í enda þessa mánaðar.

LEIÐRÉTTING. — Herra ritstjóri. Á öftustu síðu í blaði yðar, sem kom út 5. ágúst sl., er sagt: — "27. júlí andaðist að Gimli Björn Jónsson", en sem á að vera Bjarni Jónsson. Þessa skekkju á nafni hins látna manns bið ég yður að leiðrétta í blaði yðar. — Vinsamlegast, G. B. Jónsson, Gimli, Man.

Þann 5. þ.m. lézt að heimili tengdasonar sins, herra Loðts Jörundssonar, hér í borg Eiríkur Magnússon, 67 ára gamall. Jarðarförin fór fram frá húsi herra Jörundssonar, horni McGee og Livinia stræta, kl. 9½ á laugardaginn var.

2. Árlega Afsláttar SALA.

Á laugardaginn kemur, 14. þ.m., verður eitt ár liðið síðan ég byrjaði verzlun í annað sinn á 64 Sargent Ave. — Þá byrjar hin önnur árlega AFSLÁTTARSALA, — komið öll og kaupið. — Allir hlutir, svo sem Karlm. og Kvenfatnaður, Skór, Hatt ar og ýmislegt smávegis, — alt niðursett í lægsta söluverð. — Takið eftir miðunum frá mér, sem bornir verða heim til yðar

J. BLOOMFIELD,
641 Sargent Ave.
Talsími: Main 1938

Winnipeg Wardrobe Co.

Kaupa brúkaðan Karla og Kvenna fatnað,—og borga vel fyrir hann.

Phone, Main 6539 597 Notre Dame Ave.

Jónas Pálsson,
SÖNGFRÆÐINGUR.
Útvegar vönduð og ódýr hljóðfæri.
460 Victor St. Talsími 6803.

Dr. G. J. Gislason,
Physician and Surgeon
Wellington Blk. - Grand Forks, N.Dak
Sjerstakt athygli veitt AUGNA, EYRNA, KVERKA og NEF SJÚKDÓMUM.

Drs. Ekern & Marsden,
Sérfræðislæknar í Eftirfylgjandi greinum: — Augnasjúkdómum, Eyrnasjúkdómum, Nasasjúkdóm um og Kverkasjúkdómum. : : :
Í Platky Byggingunni í Bænum
Grand Forks, :: N. Dak.

BILDFELL & PAULSON
Union Bank 5th Floor, No. 520
selja hús og lóðir og annast þar að lútandi störf; útvegar peningalán o. fl.
Tel.: 2685

J. L. M. THOMSON, M.A., L.L.B.
LÖGFRÆÐINGUR. 255½ Portage Ave.

Þarft þú ekki að fá þér ný föt?

EF ÞAU KOMA FRÁ CLEMENT'S, — ÞÁ VERÐA ÞAU RÉTT.

Réttur að efni, réttur í sniði réttur í áferð og réttur í verði.

Vér höfum miklar byrgðir af fegurstu og beztu fataefnum. —

Geo. Clements & Son
Stofnað árið 1874
264 Portage Ave. Rétt hjá Free Press

ANDERSON & GARLAND
LÖGFRÆÐINGAR
35 Merchants Bank Bldg. Phone: 1561

BONNAR, HARTLEY & MANAHAN
Lögfræðingar og Landskjala Semjarar
Suite 7, Nanton Block, Winnipeg

Hubbard, Hannesson and Ross
LÖGFRÆÐINGAR
10 Bank of Hamilton Chambers
Tel. 378 Winnipeg

Boyd's Brauð

er brauðið, sem heldur fjölskyldum við heilsu. Það er auðmelt og felur í sér næringarefni, sem byggja upp líkamann og viðhalda heilsu og kröftum. — Hvert brauð er full þyngd.

Boyd's

Bakery Cor. Spence & Portage Ave
Phone 1030.

W. R. FOWLER A. PIERCY.

Royal Optical Co.
327 Portage Ave. Talsími 7286.

Allar nútíðar aðferðir eru notaðar við augn-skoðun hjá þeim, þar með hin nýja aðferð, Skugga-skoðun, sem gjöreyðir öllum ágiskunum. —

Laing Brothers

3 Búðir: 234-6-8 KING ST. Talsími 4476, 5890, 5891
417 McMILLAN AVENUE Talsími 5598
847 MAIN ST. — Tals: 3016

Hafrar, Hey, Strá,

COUNTRY SHORTS, BRAN, CORN, CORN CHOP, BYGG CHOP, HVEITI CHOP, OG GARÐÁVEXTIR.

Vér höfum bezta árval gripafóðurs í þessari borg; fljót afhending

tókst á móti lafði Redleigh undir falska nafninu 'frú Robins', sem þú síðan notaðir við frú Merchant, þegar hún var jarðsett".

Það var eins og læknirinn hefði fengið rothögg, þegar hann heyrði þessi orð, hann hörfaði aftur á bak orðlaus. Wright notaði tækifærið, sneri sér að hinum mönnunum og sagði í hótandi róm:

"Það er komið upp um húsbónda ykkar, eins og þið sjáið. Lítið þið á hann og hlýðið honum, ef þið þorið. Hann veit ofurvel, að ég er ekki brjálaður. Ég kom hingað til að rannsaka ástandið viðvíkjandi dauða lafði Redleigh, þeirrar konu, sem nefnd var frú Robins. Mig grunaði, skal ég segja ykkur, að hún hefði verið myrt. Ég er njósnari frá London, og er sendur hingað frá Fatheringham jarli, vinir mínir eru hér í nánd, og þeir koma með lögregluliðið hingað og rifa bygginguna niður til grunna, ef ég hverf eða mér er haldið kyrrum. Ég skipa ykkur í nafni drotningarinnar, að fara úr vegi frá mér!"

Úrræðalausir og utan við sig hörfuðu mennirnir undan. Wright tók í hendi Láru og þau lögðu af stað. Í örvilnan sinni gerði þá dr. Raebell hina síðustu tilraun til að frelsa sig og stofnun sína.

"Haldið þið konunni eftir", kallaði hann. "Það hefir enginn heimild til að taka hana héðan".

Aðstoðarmennirnir hugsuðu sig um eitt augnablik, og það leit út fyrir, að þeir ætluðu að hlýða honum, en svo fleygðu þeir bareflunum frá sér alt í einu, flýttu sér burt lafhræddir og sögðu:

"Vofan hennar frú Robin".

Lára hafði fleygt hárinu til hliðar og starði á þá, og af því að sjá þessa konu, sem þeir álitu að þeir hefðu jarðsett í gær, urðu þeir svo hræddir, að þeir voru nærri dottnir um koll. Wright, sem furðaði sig á ráðsnild Láru, greip tækifærið og hraðaði sér fram hjá mönnum þessum að dyrunum. Hann var fljótur að opna, svo að á næsta augnabliki var hann kominn út í garðinn. Um leið og þau hröðuðu sér að stóra hliðinu í girðingunni, heyrði njósnarinn að verið var að elta þau. Dr. Raebell hafði yfirunnið hræðslu sína, og gerði nú síðustu tilraunina til að taka þau, með aðstoð manna sinna. Þau máttu nú til að hlaupa alt hvað þau gátu.

"Komdu, lafði Redleigh", sagði Wright alúðlega, —"við verðum að flýta okkur eins og við getum, við verðum að hlaupa".

Honum til stórrar undrunar hlýddi hún strax, og áður en þeir, sem eltu þau höfðu náð þeim, voru þau komin að dyrunum á garðyrkjumannshúsinu.

Wright barði að dyrum af afli, og það leið ekki á löngu, þangað til garðyrkjumaðurinn kom út.

"Hvað er þetta?" sagði hann. "Hver eruð þið?"

Wright sagði honum í flýtir frá öllu.

"Ég er njósnari, sem var sendur hingað til að rannsaka kringumstæðurnar við dauða frú Robins. Ég hefi fundið hana lifandi oq tek hana nú með mér út héðan. Ljúktu strax upp!"

Maðurinn skildi hann ekk strax.

"Þetta getur ekki verið rétt, herra. Ég sá sjálfur, að frú Robins var jarðsett, og svo má ég ekki ljúka upp án leyfis húsbónda míns".

"Húsbóndi þinn er þrælmenni, sem hefir brotið lögin, og gerir þess vegna alt sem hann getur í þetta sinn til þess að forðast hegninguna. Ef þú efast um það, sem ég segi, horfðu þá á andlit þessarar konu".

Garðyrkjumaðurinn leit rannsakandi augum á hana, hrökk við og hopaði frá, en samt þorði hann ekki að ljúka hliðinu upp. Nú voru hinir komnir svo nálægt, að þeir gátu kallað,

"Nei, herra minn, ég get ekki lokið upp. Ég hefi minar fyrirskipanir, sem ég verð að hlýða".

Á sama augnabliki heyrðu þeir dr. Raebell kalla: — "Það er rétt, Campbell, þau eru bæði vitlaus og vilja fara frá okkur. Sleptu þeim ekki út".

Njósnarinn sneri sér við með hægð. Nú varð að koma til handalögmáls. "Gott", sagði hann við garðyrkjumanninn, sem var mjög hræddur en ákveðinn í ætlan sinni samt. "Ef að dauði eða blóðsúthellingar koma nú fyrir, þá er það þér að kenna. Þessir djöflar skulu ekki ná fórnardýri sínu og eyðileggja það af skynsemi hennar, sem eftir er, á meðan John Wright dregur andann. Ef ég verð drepinn, segðu þá Fatheringham lávarði frá því, — það viltu þó líklega gera fyrir okkur".

Án nokkurrar aðvörunar sendi hann skot á móti þeim sem komu. Það var of dimt til þess, að hann gæti miðað skammbyssunni, og þess vegna gerði skotið engum neitt mein.

Nú gerði Lára nokkuð, sem njósnarann furðaði á. Hún sneri sér að garðyrkjumanninum, lagði hendina á öxl honum og sagði:

"Hvernig líður litlu Ellu?"

Áhrifin voru blátt áfram töfraleg. Maðurinn gefspaði af undrun og tautaði; "Nei, þetta þoli ég ekki!" Svó þaut hann inn og sótti lyklana.

Nú voru óvinirnir komnir í skotfæri, og foringinn skaut á Wright. Skotið lenti í hægra fætinum, en þó datt hann ekki, en skaut undir eins þremur skotum, hverju á eftir öðru, sem gerðu gott gagn. Dr. Raebell datt kylliflatur, annar aðstoðarmanna hans fékk skotið í öxlina, fleygði bareflinu og flýði. Sá þriðji, sem enn var óskemdur, þaut að Wright áður en hann fékk tíma til að skjóta, þreif í hann og gat felt hann, af því Wright var magnminni orðinn sökum blóðmissis, heldur enn hann átti að sér. Í sama bili kom garðyrkjumaðurinn út með lykla í hendi sér.

"Frelsaðu hann! Ó, frelsaðu hann!"

Það var Lára, sem sagði þetta, og vinur hennar lét hana ekki þurfa að endurtaka það. Hann sveifláði hendinni yfir höfuð sér, og barði vörðinn með stóra lyklinum á ennið, um leið og hann var að yfirbuga Wright.

Maðurinn var hálfdauður af högginu, og nú var um enga mótstöðu að ræða af þessum þremenningum. Wright stóð undir eins upp, án þess að skeyta sárinu á fæti sínum, og fór að þakka garðyrkjumanninum hjálpina.

"Þú skalt aldrei hafa unnið betur launað dagsverk á æfi þinni", sagði Wright.

"Nú, jæja", svaraði maðurinn, "mér stendur alveg á sama, þó húsbóndi minn yrði fyrir þessu, enda þótt ég viti, að ég missi stöðu mína, en ég gat ekki staðið kyr og horft á, að þeir færu með vesalings konuna, sem hefir verið svo góð við Ellu mína, aftur inn í fangaklefann, hvort sem hún er brjáluð eða ekki".

"Hún er ekki fremur vitfirt en ég", sagði njósnarinn, og nú mótmælti Lára honum ekki.

Á næsta augnabliki var garðshliðið opið, og lafði Redleigh og björgunarmaður hennar voru á leið til Stirling, en vinur þeirra og hjálparmaður fór aftur inn til að gæta hinna særðu.

EKRU-LOÐIR

3. til 5 ekru spildur við rafmagns brautina, 5 mílur frá borginni, — aðeins 10 mánaðna ferð á sporvagninum, og málborin keyrsluvegur alla leiðina. Verð $200 ekran og þar yfir. Aðeins einn-fimtipartur borgist strax, hitt á fjórum árlegum afborgunum.—

Skuli Hansson & Co.
Skrifst. Telefón 6476. Heimilis Telefón 2774

Heimskringla.

VÉR HÖFUM
næga skildinga
til að lána yður mót tryggingu í bújörðum og bæjar-fasteignum. Seljum lífsábyrgðir og eldsábyrgðir. Kaupum sölusamninga og veðskuldabréf.

Frekari upplýsingar veitk
Skuli Hansson & Co.
56 Tribune Building. Winnipeg.

XXIII. ÁR. WINNIPEG, MANITOBA, FIMTUDAGINN, 19. ÁGÚST, 1909 NR. 47

Komið til Mín!

og skoðið hjá mér bin margreyndu og alkunnu BRANTFORD reiðhjól.

Þau eru langbeztu reiðhjól sem fást hér í Canada, — og líklega þó víðar sé leitað. Ekki þurfið þér að óttast skilmálana; þeir munu koma heim við hvers manns vasabuddu. Komið til mín með gömlu reiðhjólin til aðgerðar.

West End Bicycle Shop,
JON THORSTEINSSON, eigandi.
477 PORTAGE AVE. Winnipeg, Man

Fregnsafn.

Markverðustu viðburðir hvaðanæfa.

— Harry Thaw, miljónamaðurinn og morðinginn í New York, hefir krafist þess, að verða látinn laus úr vitfirringa spítala þeim, sem hann hefir verið geymdur í síðan hann drap Stanford White. Sú krafa hans hefir verið rannsökuð fyrir rétti og dómsúrskurður feldur þannig, að það sé hætta fyrir þjóðfélagið, að hann sé látinn ganga laus. Thaw verður því framvegis geymdur á spítalanum, þar til full vissa er fengin fyrir því, að hann sé með fullu ráði. — Jafnframt tók dómarinn það fram að ekki mætti beita neinni harðneskju við Thaw, eins og hann væri glæpamaður, því að kviðdómurinn, sem fjallaði um mál hans, hefði sýknað hann af því, að hafa framið nokkurn glæp. Heldur beri að annast hann með allri nákvæmni og með því augnamiði, að hann geri hvorki sér né öðrum skaða.

— Danska ráðaneytið hefir sagt af sér völdum. Sagt er, að konungur hafi gert itarlegar tilraunir til þess, að fá einhvern til að mynda nýtt ráðaneyti, en ekki tekist það. Tveir menn hafa þegar reynt að mynda stjórnarráð, en ekki tekist það. Þá bað konungur herra Holstein Lederbrog, að taka að sér að mynda stjórn, og það heúr honum tekist.

— Ottawa þingið á að koma saman snemma í nóvember næstkomandi.

— Verkfall meðal upp og framskipunarmanna í Port Arthur var gert 9. þ.m. En þremur dögum síðar lenti verkfallsmönnum í slag við lögregluliið C.P.R. félagsins. — Skothríð var hafin af beggja hálfu og sextán manns særðir, sumir hættulega. Herdeild frá Winnipeg var send þangað ofan eftir til að stilla til friðar. Verkfallsmenn voru vel vopnaðir, en vopnin voru tekin af þeim flestum. Engar óeirðir hafa orðið þar síðan, og framtíðarfriður að öllum líkindum trygður.

— Eldur í Okanagan hótelinu í Vernon borg í British Columbia þann 10. þ. m. varð ellefu manns að bana, og voru það alt aðkomufólk. Eldsins varð vart kl. 2 um nóttina, og lögregluþjónninn, sem varð hans fyrst var, tilkynti slökkviliðinu um það. En svo var eldurinn ákafur, að húsið stóð í björtu báli, þegar gestirnir vöknuðu, og þá var orðið of seint til undankomu, og eldliðið hafði fult í fangi að verja næstu hús. Sjötíu og fimm manns voru í húsinu, en allir komust lífs af nema ellefu.

— Loftsiglingafélag er stofnað í Galveston í Texasríki, með milión dollara höfuðstól. Tilgangurinn er að flytja fólk og farangur hvert sem er um Bandaríkin í loftinu, og einnig um Mexicó og önnur ríki. Félagið hefir pantað tólf loftför, sem verða búin til í St. Louis af J. W. Oman, sem í síðasthliðin tólf ár hefir unnið eingöngu að fullkomnun slíkra loftskipa.

— J. J. Smith í Montreal sótti nýlega um skilnað frá konu sinni. Fyrir réttinum kom það fram, að Smith var starfsamur reglumaður. En konunni hans þótti gott í staupinu. Hún heimsótti hann daglega, þar sem hann var við vinnu sína, og jós yfir hann skömmum, og heimilislífið var alt orðið honum svo óbærilegt, að hann kvaðst ekki geta búið lengur með konunni. Svona hafði heimilislífið verið 18 eða 19 ár. Dóttir hjónanna bar og vitni gegn móður sinni. Kvaðst að vísu gera það móti vilja sínum, en hún yrði að segja satt.

— Persakonungi hefir verið velt úr sessi, og varð hann að yfirgefa land sitt á þriðjudaginn var. Sonur hans, sem er barn að aldri, 12 eða 13 ára, tekur við völdum. En svo fell honum þungt að verða að skilja við föður sinn, að hann gerði tilraun til að fyrirfara sér. Stjórnin heimtar, að drengur þessi kvongist sem fyrst og setjist formlega að ríki.

— Eldur í Fernie, B.C., þann 15. þ.m. gereyddi 22 húsum og gerði hundrað þúsund dollara eignatjón. Engir meiddust.

— Skemtistöðin á Hanlans Point í Ontario vatni, fram undan Toronto borg, ein fegursta skemtistöð í Canada, brann til ösku þ. 10. þ.m. Einn maður beið bana í þeim bruna. Eignatjónið metið 50 þúsund dollara.

— Skógareldur hefir komið upp í Klettafjöllum, 16 mílur vestur frá Banff, og gereytt skóginum þar í svo nefndum Kastalafjöllum og Bankhead héraðinu á nokkurra fermílna svæði.

— Alvarlegasta þjóðmál á dagskrá Breta, um þessar mundir er hervarnarmálið á sjó. Fundir margir hafa haldnir verið á Englandi með hermáladeildinni þar og ýmsum þjóðskörungum bæði frá Englandi sjálfu og hjálendum þess, þar með frá Canada. Öllum kemur saman um, að hjálendurnar leggi sinn tiltölulega hluta til varnar ríkisins, hvenær sem þörf gerist. En deildar eru meiningar um það, hvernig hjálp þeirri skuli háttað. Sumir vilja, að Canada leggi fé til þess, að láta smíða eitt eða fleiri herskip af öflugustu gerð og gefi skipið eða skipin Bretum skilyrðislaust. Aðrir vilja, að Canada eigi sjálft skipin, sem það borgar fyrir, en beiti þeim til varnar brezka veldinu, hvenær sem þörf gerist. Sá flokkurinn vill, að Canada byggi herflota fyrir sjálft sig, og eigi hann og hafi öll umráð yfir honum. — Nú hefir Ástralía komist að samningum við hermáladeild Breta á þann hátt, að Ástralía skuli sjálf eiga þau skip, sem hún borgar fyrir, en að þau skuli lánuð Bretum til fullra umráða, hvenær, sem ófrið ber að höndum. —, Svipuð stefna verður væntanlega ofan á hér í Canada, þegar til alvarlegra framkvæmda kemur.

— Mælt er, að þurð muni verða á kaupamönnum til þess að starfa að uppskeruvinnu á þessu hausti. Nokkrir lögregluþjónar í Montreal borg hafa fengið mánaðar lurtfararleyfi, til þess að vinna við uppskeru í Vesturlandinu.

— Feikna hitaalda hefir undanfarna daga gengið yfir Nebraskaríki. Ellefu manns dóu í Omahaborg þann 15. þ.m. af hita, alt fullorðið fólk, og 16. þ.m. dóu 9 manns í sömu borg, einnig af hita; yfir 30 hestar dóu og þann dag í sömu borg af hita. Allri bygginga og annari útivinnu var hætt þann dag. Margir fengu sólstungu, en ná þó bata aftur. Hitar þessir skemma mjög uppskeruna þar í ríkinu, sérstaklega í suður og miðþörtu ríkisins. — Ef þessum hitum heldur áfram þessa viku, þá er talið víst, að mest af kornuppskeru ríkisins verði ónýtt. — Svipuð hita-alda hefir gengið yfir Missouri, Kansas og Oklahoma ríkin. Í Kansas City varð hitinn mestur 100 st. í skugga. Annars varð hitinn frá 100 til 113 gr. víða í fylkinu. Nokkur dauðsföll urðu þar. Í Arkansas urðu og nokkur dauðsföll og margir fengu sólstungu, en ná væntanlega heilsu aftur.

— Cunard línu skipið Lucina liggur sokkið við bryggju eina í Liverpool. Eldur kom upp í því á laugardaginn var og brendi öllu, sem brunnið gat í skipinu. Ætlað er, að eldurinn hafi kviknað í eldhúsi fyrsta farrýmis. En svo læsti hann sig fljótt og óðfluglega um skipið, að hann varð ekki slökktur fyr enn ekkert var eftir, sem brunnið gat. Skipinu verður tafarlaust fleytt, og það flutt til Glasgow til aðgerðar.

— Jarðskjálftar í Japan þann 16. þ.m. gerðu mikið eignatjón og einnig tilsvert manntjón. Þrjátíu manns létu lífið á einum stað, nær 100 manna meiddust og 400 hús féllu í rústir, og yfir þúsund aðrar byggingar skektust og skemdust. Eldfjall mikið gaus og breytti talsvert lögun. Osaka borg varð fyrir miklum skemdum. Hída áin breytti farvegi sínum og flæddi yfir afarviðlent landssvæði. Mörg þúsund manns flýðu heimili sín til að forða lífinu undan ágangi vatnsins.

— Sýnilegt er það á síðustu ríkisskýrslum, að verzlun og iðnaður í Canada er í framför, þó enn þá hafi það ekki náð því hámarki, sem það stóð í fyrir 2 árum. — Verzlun ríkisins var á sl. 4 mánuðum um 200 miliónir dollara, eða sem svarar 600 miliónum á ári. — Það er nú alment álit, að verzlun ríkisins verði á næsta ári sú mesta, sem orðið hefir í Canada á nokkru einu ári, og tiltrú manna á framtíðina fer vaxandi með degi hverjum. Útlitið með góða uppskeru er bjart, og verð á vörum bænda var aldrei hærra en nú.

— Fimtán ára gamall piltur í Ontario skaut til bana í sl. viku 80 ára gamlan, limlestan og hálfblindan mann. Hann reyndi og að skjóta konu þessa manns, en hún komst undan. Pilturinn hafði unnið fyrir þessi hjón. Yfirvöldin telja hann vitskertan, því hann kvaðst vera innblásinn og í daglegu sambandi við guð, og að guðs ráðum kvaðst hann hafa stytt gamla manninum aldur.

Satt bezt að segja.

Ritstjóri Heimskringlu!

Gerðu svo vel, að ljá þessum línum rúm við tækifæri í blaði þínu, þótt þær séu helzt til persónulegar í garð stöku manna og félaga, er hlut eiga að máli, en E. á upptökin. Lesendurna bið ég að virða á betra veg.

Kom þú sæll, Elgur minn, sem ritar í Lögberg 5. ágúst, nr. 31, fréttir af safnaðarfundi þeim, sem haldinn var 20. júlí sl. í Albertasöfnuði, í íslenzku kirkjunni að Markerville, — og lofaðu mér að tala við þig eins og aðra gesti, sem að garði bera.

Þú kallar þig eitt stórt E. Skal ég lengja nafn þitt og kalla Elg, og gefa þér að nafnfesti ranghermi ritsmiðis þíns. Fyrst kallar þú kirkjuna safnaðar kirkju. — Hvenær fékk söfnuðurinn eignarbréf fyrir henni? Hefir ekki byggingarnefndin hana í sínum vörzlum, þangað til söfnuðurinn borgar skuld þá, sem á henni hvilir?

"Nokkrir menn voru með F. J. Bergmann stefnunni", segir þú, "en allir eldri og reyndari safnaðarlimir voru með framhaldandi sambandi við kirkjufélagið". Hverjir voru þessir allir, sem héldu trygð við sérjónskuna og kirkjufélagið? Voru það ekki að eins þrir fjölskyldufeður, nefnilega: (a) uppgjafaprestur safnaðarins, sem á ekkert atkvæði í safnaðarmálum frekar en afdankaður forseti Bandarikjanna í þjóðmálum á þangi þar. (b) Uppgjafadjákni, sem búinn var að segja sig úr söfnuði, en ekki hafði verið strikaður út úr bókunum. (c) þriðja persónan ekki siður söguleg í safnaðarmálum, er uppgjafaforseti, sem varð bandóður, þegar klerkur nokkur óneíndur eðlaði saman hest og hryssu, í öllum messuskrúða á sunnudagsmorgun, og sté svo í stól og stóð fyrir altari, án þess að brúka nokkurn Pilatusarhandaþvott.

Voru nú þetta ekki "allir eldri" og reyndari mennirnir í minnihlutanum? Ég held mér sé óhætt að fullyrða, Elgur minn, að síðasttalda persónan hafi ekki tekið þátt í safnaðarmálum sl. tvö ár, og ekki borgað safnaðartillag né neinn skatt til kirkjufélagsins.

Næsta atriði: "Söfnuðir út um hin ýmsu bygðarlög eiga ekkert nema gott eitt kirkjufélaginu upp að unna", segir þú. Hvað hefir Alberta söfnuður þegið af kirkjufélaginu? Mislukkaðan prest, sem gerði andlega lífið að engu í söfnuðinum, og $300 lán til kirkjubyggingar. Það var svipuð upphæð þeirri, sem við gáfum í háskólasjóð hér um árið. En kirkjufélagið lánaði Alberta söfnuði að eins fyrir eitt ár. Lögmann leigði félagið, sem hótaði söfnuðinum öllu hörðu, ef dollararnir kæmu ekki rakleiðis til baka. Háar rentur og hótanir um málsókn er eiginlega alt það, sem kirkjufélagið hefir lagt í guðskistuna hérna til okkar Alberta búa, því þessa þrjú hundruð dollara fékk það sl. vetur, en eins og blóðsuga hefir kirkjufélagið sogið út úr söfnuðinum alt sem mögulegt er. Fyrir þetta eigum vér kirkjufélaginu "ekkert nema gott eitt upp að unna". Hvilík gæði!

Niðurlaginu af grein þinni, Elgur minn, sleppi ég. En eftir gð uppgjafaprestur inn var búinn að lesa upp prestafélags tillöguna, sem allstaðar er lesin upp á safnaðarfundum, um ágreiningsmál þessi, talaði hann nokkur orð af sínu eigin, sem eru eitthvað á þessa leið: —

Sérjónskunni sér sig eftir, hann séra Pétur.
Fróður, sagði 'ann færði í letur
forðum guð eitt bókartetur.

Öllu trúa áttu því, sem í henni stendur,
annars ertu á báli brendur.

Kenninga er kerfi það eitt kynja undur,
sem áttu að gleypa eins og hundur.

Og skilur þú nú. —

Svo kveð ég þig, Elgur minn, með einni vísu: —

Elgur jarl í orðum snjall,
að þér hef ég gaman;
Elgur jarl og Álfur karl
eiga í brösum saman.

Og nú þekkjum við hvor annan og þurfum aldrei að brúka okkar rétta skirnarnafn, þótt deilan harðni.

Jóhann Björnsson.

Tindastóll, Alberta, 9. ág. 1909.

Tilvonandi piparmey!

Ég hefi lesið grein þína í Hkr. til Alberta baslarans, og þykir þú hafa svarað vonum fremur vel, ekki betri málstað en þú hefir að verja. En sjáanlegt er það, að þú hefir ekki íhugað grein mína eins og skyldi, eða skilið hana. Hún var að eins svar gegn þeirri árás, sem gerð var á baslarana, sem mér þótti nokkuð svæsin.

Ég áfelli ekki konur fyrir það, þótt þær vilji hafa nýjan hatt og nýjan kjól, eða annan nauðsynlegan fatnað, heldur fyrir það, að vilja hafa nýja hatta, nýja kjóla, og að brúka þá jafnt í fjósinu sem í heimahúsi sínu, — yfirleitt fyrir óþarfa fataeyðslu, og án tillits til gjaldþols bóndans að borga fyrir fatnaðinn. Auðvitað geta hér verið heiðarlegar undantekningar, og má vera, að þú vrðir ein í þeirra hópi, — "guð blessi þig".

Máske þú vildir gera mér þann stóra greiða, að íhuga, að það voru ekki mín orð, að stúlkur hæðist að böslurunum, heldur upptekið úr greininni, sem ég svaraði, og það einnig, að ég var að bera hönd fyrir höfuð Alberta baslarans.

Ef þú getur bent mér á einn einasta íslenzkan Alberta baslara, sem er óhófsmaður, þá skal ég telja mér skylt, að breyta áliti mínu á þeim.

Ef þú telur þá menn baslara, sem eiga allslausar konur og krakka, þá er ég ekki í tölu baslaranna.

Svo má virðast af grein þinni, að þú sért þrungin svo göfugum hugsjónum, að þú getir ekki liðið, að vita öðrum hallmælt, og fáar munu þínir jafningjar að því leyti.

En það finst mér ósamkvæmni í hugsun þinni, að þú mótmælir ástæðunum fyrir einlífi baslaranna, en óskar þó að þeim — og piparmeyjunum — megi fjölga ár frá ári.

Þú gleðst í þínu hjarta yfir þeirri ákvörðun minni, að kvongast ekki og telur þá stúlku sannarlega ógæfusama, sem kynni að giftast mér. Ég vona, að þessi fögnuður hjarta þíns megi fylgja þér til æfiloka og rótfestast svo í sálu þinni, að hann verði hluti af þér sjálfri í "hæstum hæðum".

Þökk fyrir ráðleggginguna, að láta það ógert, að vera að lasta stúlkur". Í þess stað ráðlegg ég þér af heilum huga, að grunda betur óskir þínar og gleðiefni.

Það er eins trúlegt, að ég eigi eftir, að vilja gefa aleigu mína til þess að samtengjast þér, mín "tilvonandi piparmey", eins og ég hafi viljað það á fyrri árum minum minum. En blessuð mundu það, að sumar piparmeyjar hirða glugga blæjurnar sínar svo illa, að þeim væri sómameira, að hafa þær engar. Og þótt þær þyrðu að hafa skambyssu undir rúmi sínu, þá fyndu þær hana ekki, ef á lagi, fyrir rusli, sági og ræflum.

Alberta baslarinn.

Minni Íslands.

Flutt á þjóðhátíð Íslendinga í Winnipeg 2. ágúst 1909.

Þegar vaknar þjóðarandi
þankann ber á hærra skeið,
fjölga sporin fram á leið;
þá er von um líf í landi.
Fornir þynnast flókar skýja,
faðmast nú hið gamla og nýja.
Brún í austri blikar heið.

Alt, sem getur grætt þinn haginn
gleði vermir okkar lund,
fóstra vor og feðra grund,
eins og sólin sumardaginn.
Héðan burt úr bygðum sínum
bundinn engum merkjalínum,
andinn sækir oft þinn fund.

Ekki er sigurs órækt merki
oft þó hafir leikið kátt,
sungið bæði snjalt og hátt, —
heldur það sem vinst í verki.
Ei þér bregðist æskudraumar,
áfram lengra tímans straumar
flytji þig í frelsis átt.

Þá er eins og eldar brenni,
er þér leggur himinn blár,
merki dags við mjallhvítt hár
morgunroðans hlað um enni.
Fold með snævgum fjallatindum,
frosti bert og norðanvindum, —
blessuð vertu öll þín ár!

S. S. Ísfeld

Skemtiferð til Gimli.

Fyrsti Únitara söfnuðurinn hér í bænum og Ungmennafélagið eru að undirbúa skemtiferð héðan til Gimli laugardaginn 28. þ.m., og vonast eftir að margir verði með í þeirri för. Fargjald fram og aftur frá Winnipeg verður $1.00 fyrir fullorðna, 50c fyrir börn, og frá Selkirk 85c fyrir fullorðna og 45c fyrir börn. — Farmiðar til sölu hjá íslenzkum verzlunarmönnum í bænum og nefndinni. Lestin fer frá W'peg kl. 8.45 f.h., og frá Gimli kl. 8.30 að kveldinu.

OGILVIE'S
Royal Household Flour

Til Brauð og Köku Gerðar

OGILVIE'S ROYAL HOUSEHOLD

Gefur Ævinlega Fullnæging

EINA MYLLAN Í WINNIPEG,—LÁTIÐ HEIMAIÐNAÐ SITJA FYRIR VIÐSKIFTUM YÐAR.

Úr kirkjufélaginu

hefir Wynyard söfnuður gengið á fundi, sem haldinn var sunnudaginn 8. þ.m. Útganga safnaðarins úr kirkjufélaginu var samþykt með öllum atkvæðum nema 4. — Þá eru þegar 5 söfnuðir gengnir úr félaginu.

Skemtiferð

'Moonlight Excursion'

Djáknanefnd Tjaldbúðar safnaðar hefir fengið bátinn Alberta næstkomandi mánudagskveld, 23. þ.m. Báturinn leggur af stað kl. 8 frá Norwood bryggjunni, og fer 15 mílur suður eftir Rauðá, til Riverside Park, sem þeir hafa lofað að lenda bátnum við, og lofa fólki að skemta sér þar, þeim sem vilja við dans, og hinum öðrum með hverju helzt móti sem þeir vilja. — Fólkið ætti að taka Fort Rouge eða St. Boniface strætisvagn. Þar sem River Avenue beygist vestur, verða tveir menn úr nefndinni til að leiðbeina fólki, þá er það stigur af vagninum, og til að selja Tickets til þeirra, sem ekki hafa þau. Ennfremur hefir nefndin mann í "Ticket Office" við bátinn, og verður hennar maður sá er fjær er, þegar gengið er út í bátinn. Þetta er fólk beðið að athuga, því með því að kaupa Ticket af honum (ekki hinum) þá eru þau keypt af nefndinni, henni til hagnaðar. Tickets kosta 50c fyrir fullorðið fólk, og 25c fyrir börn um og innan 12 ára.

Djáknanefndin hefir hagnað að eins af þeim Tickets, sem hún selur sjálf og lætur selja. Þetta er fólk sérstaklega beðið að athuga, og kaupa því Tickets af henni. — Ágóðanum verður varið til hjálpar nauðstöddum.

Fyrir hönd nefndarinnar,
O. J. Vopni.

Wall Plaster

Með því að venja sig á að brúka **"Empire"** tegundir af Hardwall og Wood Fibre Plaster er maður hár viss að fá beztu afleiðingar.

Vér búum til:

"Empire" Wood Fibre Plaster
"Empire" Cement Wall "
"Empire" Finish "
"Gold Dust" Finish "
"Gilt Edge" Plaster of Paris
og allar Gypsum vöruuteg-undir. —

Eigum vér að senda yður bækling vorn?

MANITOBA GYPSUM CO. LTD
SKRIFSTOFUR OG MILLUR Í
Winnipeg, - Man.

Heimskringla
Published every Thursday by The
Heimskringla News & Publishing Co. Ltd

Verð blaðsins í Canada og Bandar $2.00 um árið (fyrir fram borgað).
Sent til Íslands $2.40 (fyrir fram borgað af kaupendum blaðsins hérlendis $2.)

B. L. BALDWINSON
Editor & Manager

Office:
729 Sherbrooke Street, Winnipeg
P.O. BOX 3083. Talsími 3512.

Næsta blað.

Í næstu viku fá kaupendur Heimskringlu að minsta kosti 20 bls. skrautblað, með myndum því sem næst á hverri blaðsíðu. Það blað er útgefið sérstaklega til þess að auglýsa Manitoba búnaðarskólann, og eru lesendur beðnir að veita þessu blaði nákvæma eftirtekt og lesa hverja línu í því.

Slíkar blaða útgáfur eru kostnaðarsamar. Það hefir kostað $130 að fá myndirnar í þetta Búnaðarskólablað, og pappirinn í það kostar enn þá meira, að ótöldum öllum kostnaði við þá miklu vinnu, sem slík útgáfa krefur.

Nokkrir íslenzkir "business"-menn hafa sýnt blaðinu þá velvild, að setja í það sérstakar stórar auglýsingar til þess að hjálpa til að borga útgáfukostnaðinn. Án slíkrar hjálpar væru svona skrautútgáfur ómögulegar. Allir kaupendur blaðsins hafa því hag af þessari góðvild íslenzku "business" mannanna, og þess vegna finnur Heimskringla sér skylt, um leið og hún vottar þeim verðugt þakklæti fyrir góðvild þeirra, að mælast til þess við alla kaupendur og lesendur blaðsins, að þeir sýni þessum mönnum sanngjarna viðurkenningu með því, að verzla við þá í svo auknum mæli, að þeir finni það áþreifanlega, að það borgi sig fyrir þá, að auglýsa í blaðinu. Þeir eru allir áreiðanlegir viðskiftamenn, og hafa allir svo góðar vörur og með svo sanngjörnu verði, að ekki fæst betra né ódýrara annarstaðar.

Ennfremur skal þess getið, að það getur komið fyrir, að útgáfa þessa blaðs, sem verður dagsett 26. ágúst, verði einn eða máske tvo daga á eftir auglýstum útkomudegi. En reynt skal verða, að koma því út á vanalegum tíma, ef þess er nokkur kostur. Hinsvegar eru kaupendur beðnir að hafa þolinmæði og láta sér hvergi bregða, þótt útgáfan komi einum eða tveimur dögum síðar þessa næstu viku, en vant er að vera.

Auka-pakkar af þessu blaði verða sendir á hvert pósthús í bygðum landa vorra í Manitoba til lesturs þeim, sem ekki eru kaupendur, en kynnu að vilja kynna sér lýsingu Manitoba Búnaðarskólans og starfsemi hans, og í þeirri von, að þeir við þau kynni verði fúsir til þess að senda pilta sína á skólann.

Allar aðal-búnaðar og aðrar ritgerðir hafa verið sérstaklega skrifaðar af prófessorum búnaðarskólans og öðrum búfróðum mönnum fyrir þetta sérstaka Búnaðarskólaskrautblað, og allar eru greinarnar þess virði, að þær séu nákvæmlega íhugaðar.

Minni Vestur-Íslendinga.

Ræða flutt á Þjóðhátíð Íslendinga í Winnipeg 2. Ágúst, 1909.

Eftir *John J. Samson*, lögfræðing.

Þessi þjóðhátíðardagur vor V.-Íslendinga er sögurikur merkisdagur. Hann á að benda oss aftur í liðna tímann og kenna oss að meta þjóð vora og þjóðerni vort, eins og það birtist í ljósi sögunnar og reynslu hins liðna tíma. Hann á að benda oss á nútímann og kenna oss að meta og ávaxta þann þjóðernislega arf, er fallið hefir í hlut vorn, og láta hann birtast hjá oss í sem dýrðlegastri mynd. Hann á að benda oss langt inn í framtíðina, hinn ókunna tíma, og kenna oss að eignast og eiga framtíðar hugsjónir, þar sem íslenzkt þjóðerni fær að skipa sinn rétta sess, og að koma fram í hreinni og fegurri mynd en nokkru sinni áður.

Það er eins og hin aldna móðir vor, snjókrýnda Fjallkonan, sem býr alein út við heimskautsbaug, tali í dag, langt yfir land og haf, til vor barna sinna, með viðkvæmni móðurinnar, um alt það, sem er íslenzkt, íslenzka sögu, íslenzka nútíð og íslenzka framtíð.

Vér minnumst þess nú, á þessum þjóðhátíðardegi, hve þjóðernis böndin eru sterk, þótt stundum finnist oss lítið verða úr þeim. Ættjörðin gamla, og alt sem við hana er tengt, heilla huga vorn í dag og minnir oss á, að vér erum Íslendingar.

Já, vér erum Íslendingar enn. Niður íslenzku fossanna er ekki enn þagnaður í eyrum vorum. Dýrð íslenzkrar náttúru, dýrð miðnætursólarinnar, glampar enn í sálu vorri. Tunga vor leitast enn við, að mynda hin hljómfögru íslenzku orðin, þótt að henni farist það auðvitað misjafnlega. Hjarta vort slær tíðara enn í dag, þegar vér minnumst á og hugsum um það, sem íslenzkt er, eða viðkemur ættjörðinni gömlu.

En vér erum Ameríkumenn eins fyrir því. Þessu mikla vestræna landi, sem hefir tekið oss að sér og þefið oss fult tækifæri og fullréttindi með sínum börnum, skuldum vér hollustu, — já, vér skuldum því að elska það og vera því trúir. Þegar vér því í dag minnumst þess og finnum til þess svo glögglega með hve sterkum böndum vér erum knýttir við íslenzku þjóðina, liggur fyrir oss að svara í dag þessari þýðingarmiklu spurningu: Hvernig getum vér í senn verið sannir Íslendingar og góðir Ameríkumenn, — góðir borgarar í þessu Vesturlandi? Hvernig getum vér haldið áfram að meta vorn þjóðernislega arf alt frá dögum víkinganna til þessa dags, og þó ekki gleymt skyldum vorum og ábyrgð vorri sem Amerískir borgarar, hvort sem vér búum undir brezkri stjórn eða frelsisfána Bandarikjanna?

Ég vil segja yður í dag, landar mínir, að það er mín rótgróin sannfæring, að vér getum verið góðir Ameríkumenn að eins að svo miklu leyti, sem vér erum góðir Íslendingar. Sá maður, sem afneitar þjóð sinni, og fyrirverður sig fyrir þjóðerni sitt, móður sína og ástkæra, ilhýra málið, sem hún söng á vögguljóðin yfir honum, — er ekki að eins til vanvirðu fyrir þjóðina, sem ól hann, heldur líka er hann mjög lélegur Ameríkumaður.

Ég stæri mig af því, að vera Íslendingur, og ég læt það ætíð og á öllum tíma vera heyrum kunnugt fyrir öllum heimi, hvenær sem tækifæri gefst. Ég stæri mig af þjóð minni og þjóðerni mínu, og hjarta mitt finnur til metnaðar, þegar ég minnist þess, að blóð víkinganna streymir í æðum mínum, — þessara frægu sjókappa fornaldarinnar, sem buðu hafinu byrginn í opnum skipum og sigruðu konunga og keisara.

Ég hefi ekki gleymt því, að þegar öll Norðurálfan var í myrkri, og öll önnur lönd voru í helgreipum harðstjóranna, var til á Íslandi lýðveldi, sem hélst við um langan tíma í góðu gengi, — lýðveldi, sem lifir enn í dag í sögum og ljóðum, sem aldrei firnast.

Ég hefi ekki gleymt dýrðlegu sögunum um íslenzku kappana, né því, hvernig tárin streymdu niður kinnar mínar, er ég heyrði í æsku föður minn lesa um víg Grettis, eitt vetrarkveld í litla bænum undir fjallinu, og svo nærri sjónum, að brimöldurnar gátu spilað undir með sínum djúpu sorgartónum.

Ég hefi orðið gagntekinn af ástríðum íslenzku skáldanna, og hrifinn af ákafa föðurlandsvinanna íslenzku.

Hreiknir af öllu þessu, hreyknir af þjóðerni voru, af sögu vorri, og haldandi allri trygð við arfleifðina frá feðrum vorum, getum vér veitt þjóðunum, sem vér búum hjá og ættjörðunni nýju, örlátlega af því bezta, er þjóðerni vort á til. Ef vér Vestur-Íslendingar gefum sem vort tillag til hinnar miklu þjóðar framtíðarinnar, sem nú er að myndast í Vesturlandinu, hvatir, sem eiga rót sína að rekja til stórræða hetjanna, þrek, sem hefir eflst fyrir baráttu þróttmikillar þjóðar, trú, sem að ánauð og barátta umliðnu aldanna ekki hefir getað sigrað, og þjóðarlegt eðlisfar, sem þrungið er af skáldskaparanda,— þá munum vér gefa Ameríku og börnum vorum í hinni miklu þjóð framtíðarinnar í þessu landi þá dýrðlegustu gjöf, sem hugsast getur.

Ameríka er land frumbyggjanna. Alt frá því að Púritanarnir ensku stigu fæti á Plymouth klett á hinni gróðurlausu og hrjóstrugu strönd Massachusetts ríkis, og sungu lofsöngva sína þar í frumskógunum, — alt frá þeirri tíð hefir Ameríka verið landið fyrirheitna, — alt frá þeirri tíð hefir fólk frá öllum þjóðum heimsins leitað hingað, til að fá hér fleiri tækifæri, meira frelsi, — til að geta lifað hér betra lífi.

Saga frumbyggjanna í þessu landi hefir verið saga stríðs og baráttu. Með stríði og baráttu hafa þeir lagt traustan og tryggan grundvöll fyrir framtíðina. — Þannig hefir það reynst með aðrar þjóðir, — og þannig hefir það reynst með Íslendinga. Þótt nokkur brot af sögu landnámsins íslenzka hér í landi hafi þegar verið skráð, þá getur dauð frásögnin aldrei gefið nægilega í skyn þá eldraun, sem gengið var í gegnum. Þeir einir, sem lifðu hörmungaveturinn mikla í Nýja Íslandi, — þeir, sem að mistu þar ástvini sína, litu þar sjálfir í andlit dauðans, og reyndu þar allar þær hörmungar, sem því voru samfara, — þeir geta borið vitni um stríð og baráttu frumbyggjans. — Þeir einir, sem að reyndu klæðleysi og hungur á frumbýlingsárunum, hvort heldur það var á eyðisléttum Manitoba, Dakota eða Minnesota, geta um það borið, hvað það kostaði að leggja grundvöllinn undir framtíðar velferð Vestur-Íslendinga. Það vitum vér öll, sem búum á margan hátt að dugnaði, atorku og þolgæði hinnar fyrstu kynslóðar hér í landinu, að það, sem að þá var gengið í gegnum, mundi oss nú finnast ofraun. Vér erum þess fulltrúa, að landnámssaga Íslendinga hér sé fyllilega jöfn landnámssögu annara þjóða, hvað það snertir að sýna, að þolgott og dugandi eðli hefir verið í fólkinu.

Grundvöllurinn undir framtíðarvelferð vor Vestur-Íslendinga var vel lagður. Þó örbirgðin og fátæktin væri mikil, þá fyrirbygði það ekki, að vandlega væri hugsað og vel um það, að andlegur ekki síður enn veraldlegur hagur fólksins gæti blómgast.

Það bezta, sem hægt er að óska Vestur-Íslendingum er, að hver einstök kynslóð þeirra megi standa eins vel í stöðu sinni eins og frumbyggjarnir fyrstu gerðu. Þá verður í sannleika bygt vel ofan á grundvöllinn, sem þeir lögðu.

En nú eru dagar frumbyggjarans, dagar bjálkakofanna liðnir. Dagar klæðleysis og hungurs eru hvað Vestur-Íslendinga snertir liðnir hjá. Í stað bjálkakofanna eru komin skrauthýsi, — í stað hungurs, allsnægtir. Í stað klæðleysis er nú um það að ræða, að hver meðalbóndi og daglaunamaður getur nú klætt sig engu síður enn embættismennirnir gerðu áður fyrr. Í stað þess að fá á fyrstu árunum vinnu við að eins lítilmótlegustu störfin, hefir Vestur-Íslendingurinn með ráðvendni sinni og áræði og dugnaði sínum, komist svo áfram, að hann er orðinn eínalega sjálfstæður, og í mörgum tilfellum, eftir íslenzkum mælikvarða, stóreínaður. Í stað þess að hann í fyrstu rak sig allstaðar á hleypidóma þeirra, sem skoðuðu þjóð vora sem hálfgerða skrælingja þjóð, hefir hann nú áunnið sér virðingu og álit hjá þeim, sem bezt þekkja hann. Í dag eru það beztu meðmælin, sem nokkur maður getur haft, að geta sagt: "Ég er Íslendingur".

Vestur-Íslendingar eru fárnir að taka þýðingarmikinn þátt í öllu starfi og öllum málum þessa lands. Verk þeirra vekja eftirtekt á öllum svæðum þjóðlífsins. — Í embættum, iðnaði, verzlun, mentun og vísindum eru Vestur-Íslendingar sér og þjóð sinni til heiðurs og sóma. Vestur-Íslendingurinn er allstaðar mikið og sterkt afl til frægðar og frama.

Herra forseti. Þannig hafa Vestur-Íslendingar verið og komið fram. Frægð liðna tímans útheimtir meiri frama, ef vér viljum ekki vera ættlerar. Að baki oss eigum vér menningu, auðuga og mikla, sem aldrei mun firnast, og þjóðarlegt eðlisfar, sem er ríkt af hugsjónum, sem aldrei munu deyja.

Ég spyr í dag: Hvað viljið þér gera við yðar þjóðernislega arf? Viljið þér kasta honum frá yður eins og útslitnum gamaldags fatnaði, eða meta hann sem dýrgrip, er hefir óviðjafnanlegt gildi?

Fyrir nokkrum mánuðum síðan var þjóðin hér í Ameriku hugfangin og gagntekin af þýðingarfullum og efnismiklum sjónleik. Hann táknaði Ameríku á líkingarfullan hátt, sem glóðheita deiglu, þar sem blandað er saman hinum ýmsu þjóðum heimsins. Hver þjóð leggur til í þessa miklu steypu, eitthvað af því sérkennilega, sem hún á til í þjóðlífi sínu og þjóðerni. Í þessari miklu deiglu sýðst þetta svo saman. Við suðuna kemur á yfirborðið mikið af ýmiskonar sora. En niður við botninn er áreiðanlega, án þess að mikið beri á því, að myndast ný samsteypa, sem er ágætari en efnin, sem látin voru í suðuna, — að því leyti að hún hefir að eins að geyma það bezta úr þeim öllum.

Hvað eigum vér Vestur-Íslendingar að leggja í þessa miklu samsteypu, sem okkar tillag? Þegar ég sé Íslendinga afneita þjóðsinni og þjóðerni, til þess að látast vera betri Ameríkumenn, dettur mér í hug konan, sem lagði lif sitt í sölurnar fyrir ósekta gimsteina, sem hún hélt að væru ekta og sannir gimsteinar. Því það, að verða Ameríkumaður á þennan hátt, er að verða ósekta, ósannur Ameríkumaður. Það, sem orðið hefir til á þúsund árum, verður ekki ónýtt á einum degi.

Vér komum saman í dag sem Íslendingar og syngjum: "Eldgamla Ísafold, ástkæra fósturmold, Fjallkonan frið". En vér komum líka saman með öllum öðrum góðum borgurum þessa lands á þjóðhátíðardegi Canada og syngjum með þeim: "God save the King". Eða ef vér búum í Bandaríkjunum, komum vér öll saman Fjórða Júlí, á fæðingar hátíðisdegi þjóðarinnar, og syngjum með einni gleðirödd: "My Country, it is of Thee", eða frelsissöng þjóðarinnar: "The Star Spangled Banner". — Þannig erum vér sem góðir Íslendingar, góðir Canadamenn og góðir Bandaríkjamenn, — góðir Ameríkumenn.

Kæru Vestur-Íslendingar! — Þetta er því boðskapurinn minn til ykkar í dag. Ég hefi þá trú, að úr þessu samblandi þjóðanna hér í þessu mikla Vesturlandi, muni verða til ný þjóð, — þjóð, líkamlega og andlega þolgóð, með auðugt sálarlíf. Og ég vildi ekki, að við Vestur-Íslendingar lentum inn í þessa samsteypu án þess að taka eitthvað með oss, án þess að leggja til vorn skerf. En ef vér tökum með oss, þegar þjóð vor blandar blóði sínu við blóð annara þjóða, þá dýrð liðna tímans, sem kreíst frama í framtíðinni, vora dýrðlegu þjóðarminningu, og þann einkennilega andlega blæ, sem ummyndar það alt, — þá leggjum vér vort fult tillag til framtíðar Ameríku þjóðarinnar. Þá heldur Fjallkonan gamla áfram að lifa í börnum sínum hér í Vesturheimi. Þá hefir blessast og blómgast starf Vestur-Íslendinga Og þá mun saga þeirra geymast ógleymd gegn um aldir hins komandi tíma.

SUND
og aðrar íþróttir í sambandi við Íslendingadaginn.

Eins og öllum er kunnugt, þá er hin árlega þjóðhátíð Íslendinga í Winnipeg nýafstaðin. Það er eina skifti ársins, sem Íslendingar hér í Winnipeg koma saman opinberlega til að sýna íþróttir sínar og listir.

Það er víst óhætt að fullyrða það, að Íslendingadagurinn er einhver hinn skemtilegasti og um leið uppbyggilegasti skemtidagur fyrir Íslendinga, sérstaklega fyrir yngra fólkið, enda finnur maður mikinn áhuga hjá ungu mönnunum fyrir þessum degi. Það er oft, sem maður heyrir, að þessi og hinn sé að æfa sig fyrir Íslendingadaginn á hverju kveldi. Þá er verið að búa sig undir, farið út að hlaupa, glíma, synda, eða þá hjólreið, o. s. frv.

Alt þetta ætti að vera iðkað framvegis og margt fleira, og vonandi er, að Íslendingadagurinn haldi áfram að vera til og haldi áfram að halda við fornum íþróttum. Verðlaun, sem gefin hafa verið þetta ár, hafa ekki verið eins mikil eða fjölbreytt eins og síðastliðið ár. Ástæðan, sem þessa árs nefnd færir fyrir því er sú, að fyrst og fremst fái þeir ekki inn eins mikla peninga og nefndin í fyrra hafi fengið, og svo hafi aldrei komið inn eins miklir peningar og í fyrra, og þó hafi sú nefnd eytt $10 meira enn hún tók inn.

Þetta er sú ástæða, sem þessa árs nefnd færir fyrir því, að verðlaunin hafi orðið minni í þetta sinn, og sýnist þetta vera góð og gild ástæða. En þó er það einn liður, sem hefir verið á prógrami dagsins, sem þessa árs nefnd hefir tekið burtu, en sem að mínu áliti hefði ekki átt að vera gert. Það er sund, því að mínu áliti er sund ein af þeim skemtilegustu og gagnlegustu íþróttum, sem til eru, og hver maður ætti að kunna. Ég sé ekki, að hin heiðraða Íslendingadagsnefnd hefði ekki getað gefið svo sem 20 til 30 dollara í verðlaun fyrir sund, þar sem hún hefir gefið $165.00 í verðlaunum bara fyrir hlaup. Einnig hafa verið gefnir um $50.00 fyrir hjólreiðar, og fyrir allar aðrar íþróttir hefir verið gefið um eða rétt innan við $100.00. Myndi ekki vera heppilegra, að skifta verðlaununum niður betur, þannig, að gefa ekki meira enn helming af öllum þeim verðlaunum, sem gefin eru fyrir eitthvað eitt, eins og fyrir hlaup?

Framvegis er vonandi, að þær nefndir, sem kunna að starfa fyrir þessum degi, sjái sér fært, að leggja fram fáeina dollara, sem verðlaun fyrir þessa nauðsynlegu íþrótt, eins og sundið er. Með því að taka burtu þann lið af prógrami dagsins, þá finst mér að nefndin sé með því að gera tilraun til, að drepa niður þann litla áhuga, sem er á meðal unglinga í þessum bæ fyrir þessari nauðsynlegu íþrótt. Því enginn maður, sem vill vera sanngjarn, getur borið á móti því, að sund sé nauðsynlegt. Það hefir bjargað svo margra manna lífi, og myndi bjarga fleirum, ef fleiri kynni það.

Heima á Íslandi er farið að tiðka sund meira enn verið hefir. Í ýmsum pöztum landsins hefir verið kent sund nú síðari árin, og hefir það haft töluverðan kostnað í för með sér, þar sem orðið hefir að byggja laugar og borga kennara o.s.frv. Til þess að hafa saman fé til að standa þann kostnað, hafa verið tekin samskot hjá bændum, og svo hefir í sumum tilfellum verið lagt fram fé úr sýslusjóði. Slíkt hefði ekki verið gert, ef álit manna hefði ekki verið það, að þörf væri fyrir unga menn að læra sund. Og oft vissi ég til þess, að menn komu eins langt að eins og 8—10 mílur til að njóta tilsagnar í sundi.

Hér virðist áhuginn ekki vera eins mikill fyrir mörgum hverjum (að minsta kosti ekki hjá Íslendingadagsnefndinni).

Ég mintist á það við einn af nefndarmönnum, hvers vegna þeir hefðu slept úr sundi. Hann kvað því hafa verið haldið fram af sumum úr nefndinni, að bæði ég og ýmsir aðrir, sem hafa tekið þátt í því, væru hættir, og væri því ekki ástæða til þess að hafa það. En sá framfaraandi í blessuðum mönnunum! Ef þeir ættu að fylgja sömu reglu með aðrar íþróttir, sem hafa verið um hönd hafðar á Íslendingadeginum, þá verður hann ekki lengi að líða undir lok.

J. Sveinsson.

Leiðrétting.

Herra Jónas Pálsson hefir beðið Hkr. að flytja þessa leiðréttingu við grein hans um sálmasöng, sem birtist í síðasta blaði, svo lesendur geti áttað sig á lestrarmerkjum eins og þau verða við söng eftirfylgjandi sálms:

Ó hve sælir eruð þér sem genguð,
inn til hvíldar guði hjá og lenguð.
Í friði fundið.
Fjötra leysta er líf á jörð er bundið.

Þannig er sálmurinn sunginn undir laginu.

Fréttabréf.

(Frá fréttaritara Hkr.).

MARKERVILLE, ALTA.

1. ágúst 1909.

Síðan um byrjun þessa mánaðar má kalla að hafi verið þurt veður. Þó hafa komið litlir regnskúrir, sem hafa tafið fyrir heyvinnu, en lítið bleytt. Flestir byrjuðu heyskap kring um 20. júlí sl.

Grasspretta er ekki í meðallagi á þurlendi, en lágar engjar eru blautar enn.

Akrar hafa víða batnað nú undanfarnar tvær vikur, svo vænta má, að þeir verði í meðallagi eða betur.

Íslendingadagurinn var haldinn 2. ágúst hér á Markerville. Veður var hið bezta allan daginn, og mesti mannfjöldi saman kominn.

Forseti dagsins var G. Thorsteinson, kennari við Hecla skóla. — Fyrir minni Canada talaði séra P. Hjálmsson, fyrir minni Íslands J. Hunford og fyrir minni Vestur-Íslendinga Ch. Johnson. — Hornleikaraflokkur frá Bowden spilaði allan daginn.

Skemtanir voru: Kapphlaup, ýmiskonar stökk, fótboltaleikur, og knattleikur. Verðlaun voru veitt þeim, sem fram úr sköruðu, en hve mikil, eða hverjir hlutu þau, er mér ekki kunnugt.

Yfir höfuð mun hátíðahaldið hafa farið sæmilega fram, að minsta kosti eins langt og íslenzka fólkið gat að gert. Hitt er ekkert efamál, að sumir annara þjóða menn komu þar fram miður en æskilegt hefði verið.

Sparið Línið Yðar.

Ef þér óskið ekki að fá þvottinn yðar rifinn og slitinn, þá sendið hann til þessarar fullkomnu stofnunar.

Nýtízku aðferðir, nýr vélaútbúnaður, en gamalt og æft verkafólk.

LITUN, HREINSUN OG PRESSUN SÉRLEGA VANDAÐ

Modern Laundry & Dye Works Co., Ltd.
307—315 Hargrave St.
WINNIPEG, MANITOBA
Phones: 2300 og 2301

TIL SÖLU

Ég hefi til sölu í Cypress bygðinni eina section (640 ekrur) af góðu akuryrkjulandi, 6 mílur frá góðum markaði. 450 ekrur eru ræktaðar, hitt er skógur og bithagi. Hús úr timbri er á landinu og fjós fyrir 40 gripi, auk annara bygginga. Löndin eru umgirt með 2 strengjum af vír, og 90 ekrur inngirtar fyrir gripi. Gnægð af ágætu vatni er á landinu.

Líka skal ég selja með löndunum, ef óskað er eftir, 12 hross, 30 nautgripi, á annað þúsund dala virði af akuryrkju verkfærum og öðrum áhöldum, bæði innan húss og utan. Auk þess gufuþreskivél með öllu tilheyrandi. Uppskeru á 300 ekrum skal ég einnig selja með eða taka hana sjálfur af, eftir samkomulagi. Alt þetta framangreinda skal ég selja með mjög sanngjörnu verði. Nánari upplýsingar um verð og borgunarskilmála, fást hjá undirrituðum, bréflega eða munnlega.

G. J. Oleson,
Box 204. GLENBORO, MAN.

R. DENOVAN
Undir-umboðsm. Rfkislanda.

VEITIR borgarabréf, selur Hudson's-flóa lönd og önnur ábúðar lönd, og járnbrautalönd og bæjarlóðir. Einnig elds- og hagl-ábyrgð. Lánar peninga gegn trygg ngu í umbættum búlöndum.

Wynyard, - Sask

Th. JOHNSON
JEWELER
286 Main St. Talsími: 6606

JOHN ERZINGER
TÓBAKS-KAUPMAÐUR.
Erzinger's skorið reyktóbak $1.00 pundið
Hér fást allar neftóbaks-tegundir. Óska eftir bréflegum pöntunum.
McINTYRE BLK., Main St., Winnipeg
Heildsala og smá-sala.

Stefán Johnson
Horni Sargent Ave. og Downing St.
HEFIR ÁVALT TIL SÖLU
Nýjar Áfir
Bezta í bænum. Ágætar til bökunar. 15c gallon.

Við Prentum

Allt frá hinum minsta aðgöngumiða upp að stærstu bók. Ef þú hefir eitthvað sem þú ætlar að láta stílsetja og prenta, þá komdu með það til okkar svo að við getum sýnt þér hvað lítið það kostar. Við gerum verkið eins og þú vilt og þegar þú vilt.

THE ANDERSON CO.,
PROMPT PRINTERS
COR. SHERBROOKE & SARGENT

Dr. M. Hjaltason,
Oak Point, Man.

Ávarp til íslenzkra smiða í Winnipeg.

Mér hefir verið falið á hendur, að benda yður á, að hið lága inn-skriftargjald í félag vort (einn dollar) stendur að eins til fyrsta næstkomandi september mánaðar. Inngangseyrir verður þá að minsta kosti fimmfaldaður, og ættu því allir, sem hafa ásett sér að gerast meðlimir og vilja spara sér peninga, að koma til vor áður enn þessi mánuður (ágúst) er liðinn.

Það er meira varið í, að tilheyra þessum félagsskap, en fjöldinn allur hefir hugmynd um.

Ekki í nokkru félagi í viðri veröld eru önnur eins hlunnindi, ef miðað er í réttum hlutföllum við útgjöldin, sem er sá eini rétti mælikvarði í þeim efnum.

Ég skal í fáum orðum gera grein fyrir máli mínu, og munuð þér þá sannfærast. — Útgjöld hvers meðlims að jafnaði 75c á mánuði, eftir að hafa borgað inngangsgjald, sem vanalega er 5—10 dal r. Inntektir: Óbeinar inntektir óútreiknanlegar, en beinar inntektir á þessa leið:

Sjúkrastyrkur 4 dalir á viku í 4 mánuði á ári.

Ef þú hefir verið í félaginu í 6 mánuði og deyrð, fá erfingjar þínir 100 dali. Ef þú hefir verið eitt ár 200 dali. Og ef þú ert kvæntur og hefir verið 6 mánuði í félaginu, fær þú 25 dali, ef konan þín deyr; en ef þú hefir verið eitt ár, fær þú 50 dali. Ef þú slasast og getur eigi starfað við iðn þína, færðu 100 dali, ef þú hefir verið eitt ár í félaginu, 2 ár 200, 3 ár 300, 5 ár 400 og svo vissa borgun eftir samningum við aðal-skrifstofuna.

Hvernig förum vér að borga svona mikið fyrir svona litla peninga, sem lagðir eru í sjóð?

Vér förum svona að því: Vér sendum 25c á mánuði hverjum fyrir meðlim hvern til aðalstöðva félagsins í Indianapolis, og þar sem vér erum 225,000, verða mánaðarinntektir $50—60,000 dalir, og nægir það til að borga alt, sem borga þarf, því allir vinna fyrir ekki neitt, nema G.P., G.S. og G.T., sem hver hefir 2000 dali um árið.

Félag vort er bræðrafélag í orðsins fylsta skilningi, en ekki gróðafyrirtæki vissra manna, eins og flest lífsábyrgðarfélög, og mörg hinna svokölluðu bræðrafélaga.

Félag vort er að eins 25 ára gamalt, en hefir borgað í lífsábyrgðir eða útfararkostnað um 2,000,000 og sjúkrastyrk aðrar 2 miliónir og ¾ úr milión í verkföllum.

Það hafa 3 Íslendingar dáið hér í Winnipeg, sem tilheyrðu þessu félagi, og voru þeir allir kvæntir, og fengu ekkjur þeirra fljótt og vel borgað það sem þeim bar.

Einnig hafa Íslendingar fengið sjúkrastyrk og verið hjálpað, þegar þeim hefir mest á legið.

Til dæmis fyrir nokkrum árum kom fátækur Íslendingur heiman af gamla landinu, og var hann sagður "útlærður snikkari". Vér tókum svo þennan landa í félag vort, og borgaði hann sína 5 dali (inngangseyririnn). En svo veiktist landinn, og borguðum vér fyrir hann mánaðargjöldin og þar að auki 4 dali á viku í 8 vikur, eða 32 dali. Þá var hann orðinn fleygur og fær. En hvað gerði landinn þá? Hann sneri við okkur bakinu, og lét á sér heyra, að nú gætum við farið norður og niður, hann væri hvort sem væri búinn að hafa út úr okkur peninga þegar sér hefði legið mest á, og það væri alt, sem hann hefði "vantað okkur fyrir". Hvílikir hæfileikar! Hvílikt drenglyndi!

Íslenzkir smiðir, sem sofið! Rumskist nú og vaknið til fulls. Standið upp og hristið af ykkur öskuna! Lífið á þessari jörð er of stutt til þess að móka 24 stund ir í hverjum sólarhring! Hættið að hampa tóbaksdósunum og sjúga upp í nefið! Þrífið hamarinn og rekið járnið meðan það er heitt!

S. J. Austmann,
835 Ellice Ave.

Dánarfregnir.

Hinn 14. júlí sl. andaðist yngismær

ELIZABET KRIBTJÁNSSON,

dóttir Guðmundar Kristjánssonar og konu hans Guðrúnar, er áður bjuggu í Selkirk, Man. Hún lézt að heimili Þorsteins M. Borgfjörðs (skálds og konu hans, sem er ein af systrum hinnar látnu, en heimili þeirra hjóna er nú nálægt bænum Tumwater (skamt frá Olympia) í Washington ríkinu.

Fyrir nákægt 4 árum kendi hún fyrst sýki þeirrar, er nú dró til dauða, en það var brjósttæring eða berklaveiki. Höfðu vandamenn og vinir, og þú ekki sízt hin óþreytandi og ástríka móðir, haft alla viðleitni, sem þeim var frekast mögulegt henni til lækninger, en árangurslaust, svo sem oftast vill verða um þá veiki. — Hin framliðna var 21 árs að aldri fædd í Árnesbygð í Nýja Íslandi, en fluttist til Tacoma, Wash., nú fyrir rúmum 7 árum, með móður sinni og öðru vandafólki frá Selkirk.

Hún var frábærlega efnileg til sálar og líkama, og er harmdauði allra, er þektu hana, því hún mátti heita allra hugljúfi.

S.M.

Hinn 20. júlí sl. andaðist að heimili sínu á Mouse River bygðinni bóndinn

JÓN KRISTINN SIGURÐSSON.

Hann varð 45 ára gamall. — Dauðamein hans var hjartasjúkdómur. Hann var fæddur á Klaufabrekkum í Svarfaðardal árið 1864. Fluttist vestur um haf um 1890.

Hinn fyrsta vetur, sem hann dvaldi hér vestra, kvæntist hann ungfrú Baldvinu Baldvinsdóttur frá Böggustöðum í Vallnahreppi í Eyjafjarðarsýslu, og misti hana eftir stutta en ástúðlega sambúð. Þeim varð tveggja barna auðið, sem bæði lifa, piltur og stúlka.

Í annað sinn kvæntist Jón sál. ungfrú Guðrúnu Frímannsdóttur Hannessonar bónda hér í bygðinni, sem nú sér á bak ástrikum eiginmanni eftir að eins eins árs sambúð.

Jón sál. var atorku og starfsmaður, og græddist vel fé fyrir framsýni og dugnað, en ekki með nurlaraskap og fégirnd. Hann var ósérdrægur og ósinkur, ör og mannúðlegur á öllum stöðum. Hann var gleðimaður, skemtilegur og viðfeldinn, einarður og hreinskilinn, og yfir höfuð drengur hinn bezti í hvívetna.

Hann var jarðaður í grafreit safnaðarins, að viðstöddu miklu fjölmenni, nálega hverju mannsbarni bygðarinnar. S.

ÚR BRÉFI FRÁ BLAINE.

9. ágúst 1909.

Héðan er það helzt að frétta, að síðastliðna viku var ágætur laxafli, en þó einna mest í gær, og er þar af leiðandi næg atvinna fyrir hvern, sem getur unnið við það. Veðurblíðan er alt af inndæl, töluverður hiti á daginn núna undanfarna daga, en hæg hafgola á kveldin, sem hressir og endurnærir hvern eftir hita og erfiði dagsins.

Eftir því, sem ég frekast veit, þá mun Íslendingum liða hér fremur vel, því allflestir munu hafa komið hingað meira og minna félausir, og engan mun langa til að hverfa austur aftur, eða fáa. — Heilsufar fólks er gott það ég til veit".

Bréf á skrifstofu Hkr. eiga: —
Sigurður Thorsteinsson (smiður, ættaður úr Reykjavík).
Arndís Sigurðardóttir.
E. Sumarliðason.
Friðbjörg Baldwinson.
Roger Crawford.
S. Torfason.
Marja Johnson.

JIMMY'S HOTEL
BEZTU VÍN OG VINDLAR.
VEITARI — T. H. FRASER.
ÍSLENDINGUR.
James Thorpe, Eigandi

Gimli Hótel
G. E. SÓLMUNDSSON
eigandi
Óskar viðskifta Íslendinga sem heimsækja Gimli-bæ. — Þar er beini beztur í mat og drykkjarföngum, og aðbúð gesta svo góð sem frekast er hægt að gera hana. Hótelið er við vagnstöðina. Gistið að Gimli-Hótel.

Íslenzkur Tannsmiður,
Tennur festar í með Plötum eða Plötulausar. Og tennur eru dregnar sársaukalaust með Dr. Mordens sársaukalausu aðferð
Dr. W. Clarence Morden, Tannlæknir.
Sigurður Davíð sson—Tannsmiður.
620½ Main St.
Phone 470 — Horni Logan Ave.

A. S. BARDAL
Selur líkkistur og annast um útfarir. Allur útbúnaður sá bezti. Enfremur selur hann alskonar minnisvarða og legsteina.
121 Nena St. Phone 306

Giftingaleyfisbréf
selur: Kr. Ásg. Benediktsson
540 Simcoe st. Winnipeg.

HERBERGI, stór eða lítil, getur einhleypt fólk fengið til leigu að 539 Toronto st.

HÚS TIL LEIGU í vesturbænum, 3 herbergi og geymsluloft, $8 á mánuði. — Finnið Hkr.

Herra Jón Hólm, gullsmiður að 770 Simcoe St., biður þess getið, að hann selji löndum sínum gull- og silfur-muni og gigtarbelti. — Belti þessi eru óbrigðul við gigt, ef þau eru notuð samkvæmt fyrirskipunum Jóns. Kosta að eins dollar og kvart.

ROBLIN HOTEL
115 Adelaide St. Winnipeg
Bezta $1.50 á-dag hús í Vestur-Canada. Keyrsla ókeypis milli vagnstöðva og hússins á nóttu og degi. Aðhlynnirig hins bezta. Viðskifti Íslendinga óskast. William Ave strætiskarið fer hjá húsinm
O. ROY, eigandi.

MARKET HOTEL
146 PRINCESS ST. á móti markaðnum
P. O'CONNELL, eigandi, WINNIPEG
Beztu tegundir af vínföngum og vindl. góð hýsi endur bætt

Woodbine Hotel
Stærsta Billiard Hall í Norðvesturlandinu
Tíu Pool-borð.—Alskonar vín og vindlar
Lennon & Hebb,
Eigendur.

LEIÐBEININGAR--SKRA
YFIR ÁREIÐANLEGA VERZLUNARMENN Í WINNIPEG

MUSIC OG HLJÓÐFÆRI
CROSS, GOULDING & SKINNER, LTD. 323 Portage Ave. Talsími 4413
MASON & RISCH PIANO CO., LTD. 356 Main Stree Talsími 480 W. Alfred Albert, Íslenzkur umboðsmaður
WHALEY ROYCE & CO. 356 Main St. Phone 263 W. Alfred Albert, búðarþjónn.

BYGGINGA- og ELDIVIÐUR.
J. D. McARTHUR CO., LTD. Byggingar- og Eldiviður í heildsölu og smásölu. Sölust: Princess og Higgins Tals. 5060, 5061, 5062

MYNDASMIÐIR.
G. H. LLEWELLIN, "Medallions" og Myndarammar Starfstofa Horni Park St. og Logan Avenue

SKÓTAU Í HEILDSÖLU.
AMES HOLDEN, LIMITED. Princess & McDermott. Winnipeg.
THOS. RYAN & CO. Allskonar Skótau. 44 Princess St.
THE Wm. A. MARSH CO. WESTERN LTD. Framleiðendur af Finu Skótaui. Talsími: 3710 88 Princess St. "High Merit" Marsh Skór

RAFMAGNSVÉLAR OG ÁHÖLD
JAMES STUART ELECTRIC CO. 324 Smith St. Talsímar: 3447 og 7802 Fullar byrgðir af alskonar vélum.
GOODYEAR ELECTRIC CO. Kellogg's Talsímar og öll þarðfólut áhöld Talsími 3023. 56 Albert St.

RAFMAGNS AKKOKÐSMENN
MODERN ELECTRIC CO 412 Portage Ave Talsími: 5658 Viðgjörð og Vír-lagning — allskonar.

BYGGINGA-EFNI.
JOHN GUNN & SONS Talsími 1277 266 Jarvis Ave. Höfum bezta Stein, Kalk, Cement, Sand o. fl.
THOMAS BLACK Selur Járnvöru og Bygginga-efni allskonar 76—82 Lombard St. Talsími 600
THE WINNIPEG SUPPLY CO., LTD. 298 Rietta St. Talsímar: 1936 & 2187 Kalk, Steinn, Cement, Sand og Möl

BYGGINGAMEISTARAR.
J. H. G. RUSSELL Byggingameistari. í Silvester-Willson byggingunni. Tals: 1068
PAUL M. CLEMENS Bygginga-Meistari, 443 Maryland St. Skrifst.: Argyle Bldg., Garry st. Talsími 5997

BRAS- og RUBBER STIMPLAR
MANITOBA STENCIL & STAMP WORKS 421 Main St. Talsími 1880 P. O. Box 244. Búum til allskonar Stimpla úr málmi og togleðri

CLYDEBANK SAUMAVÉLA AÐGERÐARMAÐUR. Brúkaðar vélar seldar frá $5.00 og yfir 564 Notre Dame Phone, Main 8624

VÍNSÖLUMENN
GEO. VELIE. Hei dsölu Vínsali. 185, 187 Portage Ave. E. Smá-sölu talsími 352. Stór-sölu talsími 464.

STOCKS & BONDS
W. SANFORD EVANS CO. 326 Nýja Grain Exchange Talsími 3698

ACCOUNTANTS & AUDITORS
A. A. JACKSON, Accountant and Auditor Skrifst.—28 Merchants Bank. Tals.: 5702

OLÍA, HJÓLÁS-FEITI OG FL.
WINNIPEG OIL COMPANY, LTD. Búa til Stein Olíu, Gasoline og hjólás-áburð Talsími 1590 611 Ashdown Block

TIMBUR og BÚLÖND
THOS. OYSTAD, 208 Kennedy Bldg. Viður í vagnhlössum til notenda, búlönd til sölu

PIPE & BOILER COVERING
GREAT WEST PIPE COVERING CO. 132 Lombard Street.

VÍRGIRÐINGAR.
THE GREAT WEST WIRE FENCE CO., LTD Alskonar virgirðingar fyrir bændur og borgara. 76 Lombard St. Winnipeg.

ELDAVÉLAR O. FL.
McCLARY'S, Winnipeg. Stærstu framleiðendur í Canada af Stóm, Steinvöru [Graniteware] og fl.

ÁLNAVARA Í HEILDSÖLU
R. J. WHITLA & CO., LIMITED 264 McDermott Ave Winnipeg "King of the Road" OVERALLS.

BILLIARD & POOL TABLES.
W. A. CARSON P. O. Box 225 Room 4 1 Molson Banka. Öll nauðsynleg áhöld. Ég gjöri við Pool-borð

NALAR.
JOHN RANTON 203 Hammond Block Talsími 4670 Sendið strax eftir Verðlista og sýnishornum.

GASOLINE Vélar og Brunnborar
ONTARIO WIND ENGINE and PUMP CO. LTD 301 Chamber St. Sími: 2988 Vindmillur -- Pumpur — agætar Vélar.

BLÓM OG SÖNGFUGLAR
JAMES BIRCH 442 Notre Dame Ave. Talsími 2638 BLÓM - allskonar. Söng fuglar o. fl.

BANKARAR, GUFUSKIPA AGENTR
ALLOWAY & CHAMPION North End Branch: 667 Main street Vér seljum Avísanir borganlegar á Íslandi

LÆKNA OG SPITALAÁHÖLD
CHANDLER & FISHER, LIMITED Lækna og Dýralækna áhöld, og hospítala áhöld 185 Lombard St., Winnipeg, Man.

Með því að biðja sérlega um "T.L. CIGAR," þá ertu viss að fá ágætan vindil.
SMOKE THE T.L. CIGAR
(UNION MADE)
T.L.
Western Cigar Factory
Thomas Lee, eigandi Winnipeg

Redwood Lager og Extra Porter
EDWARD L. DREWRY Manufacturer & Importer Winnipeg, Canada.

Styrkið
taugarnar með því að drekka eitt staup af öðrum hvorum þessum ágæta heimilis bjór, á undan hverri máltíð. — Reynið !!

DR. H. R. ROSS
C.P.R. meðala- og skurðlækuir.
Sjúkdómum kvenna og barna veitt sérstök umönnun.
WYNYARD, — SASK.

JOHN DUFF
PLUMBER, GAS AND STEAM FITTER
Alt verk vel vandað, og verðið rétt
664 Notre Dame Ave. Phone 3815
Winnipeg

The Dominion Bank
NOTRE DAME Ave. BRANCH Cor. Nena St.
VÉR GEFUM SÉRSTAK AN GAUM AÐ SPARISJÓÐS-DEILDINNI. —
VEXTIR BORGAÐIR AF INNLÖGUM.
HÖFUÐSTOLL - - - $3,983,392.38
SPARISJÓÐUR - - $5,300,000.00
A. E. PIERCY, MANAGER.

R. A. THOMSON AND CO.
Cor. Sargent & Maryland St.
Selja allskonar MATVÖRU af beztu tegund með lægsta verði. Sérstakt vöruúrval nú þessa viku Vér óskum að Íslendingar vildu koma og skoða vörurnar. Hvergi betri né ódýrari.—
Munið staðinn:—
HORNI SARGENT AVE. OG MARYLAND ST.
PHONE 3112.

F. Deluca
Verzlar með matvöru, aldini, smá-kökur, allskonar sætindi, mjólk og rjóma, sönul. tóbak og vindla. Óskar viðskifta Íslend. Heitt kaffi eða te á öllum tímum. Fón 7756
Tvær búðir:
587 Notre Dame og 714 Maryland St.

19. KAPÍTULI.

Ekki er alt mist enn.

Fatheringham jarl sat í lestrarherbergi sínu. Fyrir framan hann lá bréf með áritninni: "Herra Smith, Stolne". Án þess að opna bréfið, breytti jarlinn áritaninni þannig: "Herra Armytage, Barthólómeusgötu 45, Glasgow".

"Þjónn kom inn. Hann var ofurlitið vandræðalegur á svipinn.

"Það er maður úti, lávarður, sem langar til að tala við þig. Hann segist heita Armytage".

"Láttu hann strax koma inn", sagði jarlinn, og stóð upp af stólnum.

Honum datt strax í hug, hver það mundi vera, og brást heldur ekki von sín, þegar maðurinn kom inn. Sá maður, sem hann þekti fyrst sem séra Copingstone, og þar næst sem Smith skyttu, kom dálitið haltur inn úr dyrunum, klæddur vanalegum heldri manna fötum.

Jarlinn horfði á hann þangað til þjónninn var farinn og búinn að loka dyrunum.

"Nú, — hr. Wright?"

"Já, lávarður minn, ég hefi margt að segja þér, og veit ekki vel á hverju ég á að byrja. Máske það sé réttast, að ég afhendi þér fyrst handrit þetta, — það fanst í herberginu, sem lafði Redleigh var í".

Lávarðurinn tók á móti því og las áritanina. — Honum brá dálitið".

"Hvers vegna er skrifað utan á það til mín?"

"Lestu innihaldið, herra minn, þá sérðu það".

"En, það hefir einhver opnað það".

"Já, ég gerði það. Ég vona, að þú ásakir mig ekki fyrir það, þegar þú ert búinn að þekkja allar kringumstæður, sem að því lúta, og sem ég skal segja þér frá, þegar þú ert búinn að lesa bréfið".

Lávarðurinn lét brún síga.

"Nú, jæja, fáðu þér sæti", sagði hann. "Hvernig hefirðu meitt þig í fætinum?"

"Ó, það eru ofurlitlar menjar frá dr. Raebell, sem ég skemdi með því að ganga nærri 2 mílur eftir að hafa fengið þær. En það er bráðum orðið gott aftur".

Hann settist, en lávarðurinn var önnum kafinn við að lesa hið sorglega bréf Láru, sem hann las til enda hvildarlaust. Wright horfði á hann, og sá að hann ýmist roðnaði eða bliknaði á meðan hann var að lesa. Þegar hann var búinn, braut hann bréfið saman og stakk því í vasa sinn.

"Sé nokkurt réttlæti til undir sólunni", sagði hann, "þá skal dauða hennar verða hefnt".

"Nú — það er ef til vill ekki eins slæmt ásigkomulagið eins og þú heldur", sagði Wright rólegur".

"Við hvað áttu? Hvað hefirðu annars uppgötvað? Talaðu máður".

"Eins og þú sérð, þá hættir þetta bréf alt í einu, og þú hefir enga sönnun fyrir því, að hræðsla og grunur lafði Redleigh hafi átt við nokkuð að styðjast".

"Ó, hlífðu mér við öllum þínum krókaleiðum. Byrjaðu strax á efninu. Ég krefst þess".

"Jæja, þá ætla ég strax að segja þér, að lafði Redleigh lifir enn".

Fatheringham lávarður tók djúpt andkaf, og til þess að minna bæri á geðshræringu sinni, krepti

hann hnefana. Nokkrum sinnum opnaði hann varirnar til að tala, en geðshræring hans var of mikil til þess að hann gæti það.

Með þögulli lotningu athugaði njósnarinn þetta innra stríð, sem háð var í huga hins tigulega, óframfærna, einmana manns. Hann beið þangað til honum sýndist jarlinn vera búinn að jafna sig, þá fór hann að gefa lýsingu og segja glögga sögu af öllu því, sem fyrir hann hafði komið síðan hann fór af stað til Skotlands.

Hann var ekki komjnn langt í sögu sinni, þegar jarlinn spurði hann að:

"Hvar er hún núna? Hvað hefirðu gert af henni? Hún er þó líklega ekki hjá dr. Raebell enþá?"

"Nei, nei, hún kom hingað með okkur. Hún er hér í nándinni".

"Hvar? Hjá föður sínum?"

"Nei, hann veit ekkert um þetta ennþá. Ég skildi hana eftir hjá herra Haworthy".

Jarlinn virtist vera ánægður með þetta, og Wright hélt áfram sögu sinni. Í andliti áheyranda hans spegluðu sig mismunandi tilfinningar, þegar njósnarinn lýsti vitfirringahælinu, þeim sem þar voru, eiganda þess og frú Ferrier, en undir eins og hann fór að segja frá frú Merchant, benti jarlinn honum að hætta við það.

"Hlífðu mér við þessari voðalegu lýsingu", sagði hann. "Segðu mér, hvernig þú fanst lafði Redleigh".

"Það er það, sem ég er að gera, lávarður", svaraði njósnarinn rólegur, og hélt svo áfram.

Hann sá, að andlit jarlsins varð öskugrátt á meðan hann hlustaði á söguna. Það leit helzt út fyrir, að hann þyldi ekki að heyra þessa voðalegu

sögu, og þess vegna hætti njósnarinn alt í einu og sagði:

"Vertu hughraustur, lávarður. Þér er enn óhætt að gera þér góðar vonir".

Svo byrjaði hann aftur, og jarlinn hlustaði þegjandi á frásögu hans um það, hvernig hann fann Láru, og í hve aumkunarverðu ástandi hún var, en þegar hann kom að viðburðunum í göngunum, og heyrði á hvern hátt hann gat yfirbugað mótstöðumenn sína, leit jarlinn þakklátlega til hans og sagði:

"Það var ágætlega gert af þér".

Wright hneigði sig og hélt áfram. Þegar hann sagði frá atvikunum við hús garðyrkjumannsins og síðustu ofsókninni af hendi læknisins og manna hans, — þá stökk jarlinn á fætur, hætti að dylja st, slepti allri varúð, gekk til njósnarans og þrýsti hendi hans alúðlega.

"Þú ert ágætur maður, og ég er þakklátur fyrir það, að forsjónin hefir leitt okkur saman", sagði hann.

Wright roðnaði af ánægju yfir hrósi jarlsins, og þá ekki síður yfir því, að nú nefndi hann enga borgun.

"Jæja, lávarður", sagði hann, "við sluppum og gengum þessar tvær mílur til Stirling. En nú kemur það markverðasta við alla söguna: Þegar ég fann lafði Redleigh, var það engum efa undirorpið, að hún var talsvert sturluð af öllum þeim skelfingum, sem hún hafði orðið að þola á þessum hræðilega stað í þrjá daga, og ég var hræddur um, að hún þyrfti langan tíma til að jafna sig. En það fór á annan veg. Það lítur út eins og síðasta raunin hafi vakið huga hennar til sjálfsverndunar, svo að heilinn hafi neyðst til að fara að starfa á eðlilegan hátt. Þegar við vorum komin á þjóðveginn, var hún orðin öll önnur en áður. Þó" — bætti hann

Magnet hefir aldrei fengið huggunarvottorð

"MAGNET" ætíð ofaná



Dominion of Canada,
Province of Ontario,
County of Wellington,

VITNAR:

Ég, Friðrik Miles Logan, í Guelph borg í Wellington-sýslu, stúdent, fyrrum í Amherst í Nova Scotia ríki, Votta Hérmeð: —

1.—Ég var dómari við Halifax sýninguna sem haldin var 9.—15. september s.l., til að dæma um áhöld til að aðskilja Rjóma frá Mjólk.

2.—Eftir að hafa skoðað áhöldin ákvað ég að úthluta til The Petrie Mfg. Co., fyrir skilvindu þeirra MAGNET, — "Diploma", fyrir BEZTU aðskilnaðar-áhalda sýningu. Áður en ég kvað upp dóm inn fór hr. W. J. Nunn, aðal umboðsmanns De Laval skilvindu félagsins, þess áleit að ég veitti De Laval skilvindunni og National skilvindunni "Diploma". Ég ræddi mál það við ritara sýningarinnar. En hann kvaðst ekki sjá hvernig það yrði gert, þar sem ein "Diploma" aðeins gæti orðið veitt. Ég dæmdi þá MAGNET vélinni "Diploma" og skýrði Magnet umboðsmanninum frá því.

Ég ræddi nokkrum klstundum síðar við hr. Nunn, og hann bað um "Diploma" fyrir hin önnur aðskilnaðar-áhöld, eins og gert væri á öðrum stöðum. Ég ræddi þetta einnig við sýningarritarann og hann bað mig ráða hvað ég gerði, svo ég lagði til að þeim yrði veitt "Diploma". Ég leit svo á, að sú veiting hefði engen áhrif á afstöðu MAGNET skilvindunnar, sem hafði fengið hæztu verðlaun á sýningunni. Heldur var hinu félaginu veitt "Diploma" til að hugga það.

Ég geri þessa staðhæfingu með fullri vitund þess, að hún hefir sama gildi og áhrif eins og hún væri eiðfest samkvæmt "The Canada Evidence Act, 1893".

Staðfest fyrir mér í Guelph borg í Wellington sýslu 16. nóvember, 1903.

W. A. McLEAN,
Notary Public í og fyrir Ontario-fylki.

[Undirskrifað af] F. M. LOGAN

The Petrie Mfg. Co., Limited
WINNIPEG
HAMILTON. ST. JOHN. REGINA. CALGARY.

Heimskringla er útbreiddasta blað í Vesturheimi.—Kaupið Hkr.

PÍANO með öfundsverðan Orðstýr

Valið af mestu söngfræðingum í heimi vegna þess óviðjafnanlegu tónfegurðar. Það er á heimilum söngfróðustu borgara þessa veldis.

Gamla Félagsins Heintzman & Co. PÍANÓ

hefir viðurkenningu, sem framleiðendurnir geta stært sig af. Auk þess hefir það hlotið fleiri imedaliur, fyrstu verðlaun og "Diplomas, en nokkurt annað Piano, sem til er.

J. J. H. McLean & Co LIMITED.

528 Main St. Talsími 808

ÚTIBÚ Í BRANDON OG PORTAGE LA PRAIRIE.

Brúkaður Fatnaður

MESTA ÚRVAL ÆTÍÐ Á REIÐUM HÖNDUM. KOMIÐ VIÐ HJÁ OSS OG SKOÐIÐ FÖTIN.

THE **OXFORD**

Brúkaðrafata fél.
Phone 6162.
532 NOTRE DAME AV.
Vér kaupum og seljum föt.

Fréttir úr bænum.

Í síðasta blaði var getið um lát Gísla Ólafssonar. Jarðarförin, sem var í alla staði hin veglegasta og afarfjölmenn, fór fram miðvikudaginn í síðustu viku. Séra Jón Bjarnason flutti húskveðju kl. 2 e. h. að heimili þess látna, horni Nena og McDermott stræta. Eftir það var líkið borið í Fyrstu lút. kirkjuna, og þar flutti herra Carl Olson stutta ræðu, en séra Jón Bjarnason flutti bæn, og kórinn söng viðeigandi sálma. Eftir það var hinn látni jarðsettur í St. John grafreitnum.

Margir af vinum þess látna lögðu blómsveiga á kistu hans, þar á meðal þessir: Krans frá Whitewold Beach Club, krans frá fyrrum borgarstjóra Sharpe og konu hans, krans frá Mr. og Mrs. Thos. H. Johnson, M.P.P., akkeri frá séra Fr. J. Bergmann og konu hans, krans frá Mrs. og Mr. Jón Ólafsson og Mrs. og Mr. Stephán Sveinsson, krans frá Mrs. og Mr. Óli V. Ólafsson, hjarta frá Mrs. og Mr. F. Stefánsson og Mrs. og Mr. C. Ingjaldson, krans frá Jón Th. Clemens fjölskyldunni, blómvöndur frá Mrs. og Mr. Ágúst Nordal í Selkirk, blómvöndur frá Mrs. og Mr. Oddbjörn Magnússon, blómvöndur frá Mrs. og Mr. G. Thomas, blómvöndur frá Mrs. og Mr. Andrés Freeman, blómvöndur frá Mrs. og Mr. Sigurði Melsted, og hjarta frá Mrs. og Miss Ólafsson.

Ekkja og dóttir þess látna hafa beðið Heimskringlu að flytja öllum þeim, sem með blómagjöfum og annari hluttekning í þessu sorgartilfelli hafa heiðrað minningu þess látna, — sitt innilegasta þakklæti og beztu heillaóskir.

Herra Jón Jónsson Breiðfjörð, frá Flatey á Breiðafirði, sem verið hefir hér í landi yfir 18 ára tíma og nú síðastliðið ár vestur á Point Roberts við Kyrrahaf, kom til Winnipeg í sl. viku með konu sína og 7 ára gamlan son þeirra hjóna, áleiðis til Íslands, alfarinn. Jón lét vel af verunni vestra. — Þau hjón leggja af stað frá Montreal þann 21. þ.m.

Herra Stephan Johnson, fyrrum kaupmaður, kom til bæjarins um síðustu helgi eftir þriggja vikna dvöl í Grand Forks, undir lækningu við taugasjúkdómi. Dr. G. J. Gíslason stundaði hann þar sýðra, og lætur herra Johnson sérlega vel af starfi hans í sína þágu.

Ending Skónna.

Þú áliturð að skórnir þínir eigi að endast lengur en alt annað sem þú brúkar. Þeir gera það ef þú kaupir réttu skóna, og ef þeir fara rétt á fótunum.

Vér höfum þá réttu, og látum þá passa rétt,

Til dæmis vorir $5.00 og $5.50 karlm. skór, eða vorir $4.00 og $4.50 kven skór. Peningar geta ekki keypt betri skó. Skoðið þessa skó og fáðu aðra betri ef þú getur!

Ryan-Devlin Shoe Co
494 MAIN ST. PHONE 770.

Til borgarinnar komu um síðustu helgi þau herra O. H. Lee og kona hans Þórunn Halldórsdóttir, frá Blaine, Wash. Herra Lee hefir verið 32 ár hér í landi, fyrst í N.-Dakota um 10 ára bil og síðustu 21 árin hefir hann búið í Blaine bæ við Kyrrahafið. Þau hjón eru nú að skemta sér meðal kunningja hans og skyldmenna konunnar. Þau búast við, að dvelja nokkuru tíma hér í borginni, og halda til hjá systur Þórunnar, Mrs. Stefán Johnson, að 694 Maryland St. hér í borg. Vinum þeirra og kunningjum er boðið, að heimsækja þau þangað.

Eatons "Bargains" eru ekkert í samanburði við það, sem fæst á Tombolu Heklu í Goodtemplarahúsinu þann 7. sept. nk. — Auk þeirra góðu drátta, sem þar verða, verður öllum sem koma gefið gómsætt kaffi með kryddbrauði. Enginn sá, sem á fætur fær stigið, ætti að sítja af sér þetta góða tækifæri til að mentast, matast og auðgast.

"Ferðamaður", sem ritaði greinina um Peace River héraðið í síðustu Heimskringlu, er beðinn að senda blaðinu tafarlaust nafn sitt og áritan til birtingar.

Miss Anna Einarsson, ættuð frá Djúpavogi í Berufirði í S.-Múlasýslu, fór alfarin heim til Íslands í gærdag. Hún hefir dvalið í Winnipeg síðan hún kom að heiman fyrir 3 árum.

JÓNAS PÁLSSON

verður til staðar í kenslustofu sinni, að 460 Victor stræti, til að veita nemendum móttöku fyrir næstkomandi kensluár. Hann verður að hitta heima alla vikuna, sem byrjar 22. þ.m.

Kenslan byrjar með fullum krafti fyrsta september. Karl er orðinn afþreyttur og reiðubúinn að ösla út í orustu ameriskrar samkepni.

Hefir þú séð hinar nýjustu umbætur og nýmóðins lag á vorum

Open Gas Grates and Wood Mantels

Komið og skoðið þær hjá —

Gas Stove Dept. Winnipeg Electric Ry. Co.
322 MAIN ST. TALS. Main 2522

Séra P. E. Baisler, prestur ensku lút. kirkjunnar á Ellice og Beverly strætum hér í borg, sem hefir starfað þar síðan í sl. okt., — tíður þess getið, að næsta sunnudag, 22. þ.m., verða tvær sérstakar guðsþjónustur í kirkju hans, kl. 11 f.h. og 7 að kveldi. — Að morgninum prédikar séra A. C. Anda frá Chicago, heimatrúboðs deildarstjóri, sem komið hefir hingað sérstaklega til þessa starfa. Sömuleiðis verður séra A. J. Reichert frá Red Wing, Minn., forseti synóðunnar í Norðvesturfylkjunum, þar viðstaddur, til þess að vígja séra P. E. Baisler til prestsembættis í þessari kirkju. Hann prédikar og að kveldinu. — Þeir Íslendingar, sem vildu vera viðstaddir þessa athöfn, eru boðnir og velkomnir.

Í miðri vikunni sem leið komu þær systurnar Anna og Valgerður Bjarnadætur, Oddson, heiman frá Íslandi. — Þær fóru heim fyrir ári síðan skemtiferð til foreldra, systkina og annara vandamanna og vina. Þær ferðuðust lítið um landið, en voru mest heima hjá foreldrum sínum, sem búa á Búðareyri í Reyðarfirði. Faðir þeirra, Bjarni Oddson, stundar þar söðlasmíði og farnast vel.

Herra N. Ottenson í River Park hefir til sölu nýjustu útgáfu af endurskoðuðu biblíunni, í fínasta mjúkleðurs skrautbandi og gylta í sniðum. Verð $2.60.

Tíu góða trésmiði

vantar strax. — J. T. Bergman, 738 Toronto St.

Winnipeg Wardrobe Co.

Kaupa brúkaðan Karla og Kvenna fatnað,—og borga vel fyrir hann.

Phone, Main 6539 597 Notre Dame Ave.

Jónas Pálsson,
SÖNGFRÆÐINGUR.
Útvegar vönduð og ódýr hljóðfæri.
460 Victor St. Talsími 6803.

Dr. G. J. Gislason,
Physician and Surgeon
Wellington Blk. - Grand Forks, N.Dak
Sjerstakt athygli veitt AUGNA, EYRNA, KVERKA og NEF SJÚKDÓMUM.

Drs. Ekern & Marsden,
Sérfræðislæknar í Efturfylgjandi greinum: — Augnasjúkdómum, Eyrnasjúkdómum, Nasasjúkdóm um og Kverkasjúkdómum.
Í Platky Byggingunni í Bænum
Grand Forks, :: N. Dak.

BILDFELL & PAULSON
Union Bank 5th Floor, No. 520
selja hús og lóðir og annast þar að lútandi störf; útvegar peningalán o. fl.
Tel.: 2685

J. L. M. THOMSON, M.A., L.L.B.
LÖGFRÆÐINGUR. 255½ Portage Ave.

Þarft þú ekki að fá þér ný föt?

EF ÞAU KOMA FRÁ CLEMENT'S, — ÞÁ VERÐA ÞAU RÉTT.

Réttur að efni, réttur í sniði réttur í áferð og réttur í verði.

Vér höfum miklar byrgðir af fegurstu og beztu fataefnum. —

Geo. Clements & Son
Stofnað árið 1874
264 Portage Ave. Rétt hjá Free Press

ANDERSON & GARLAND
LÖGFRÆÐINGAR
35 Merchants Bank Bldg. Phone: 1561

BONNAR, HARTLEY & MANAHAN
Lögfræðingar og Landskjala Semjarar
Suite 7, Nanton Block, Winnipeg

Hubbard, Hannesson and Ross
LÖGFRÆÐINGAR
10 Bank of Hamilton Chambers
Tel. 378 Winnipeg

Boyd's Brauð

er hrauðið, sem heldur fjölskyldum við heilsu. Það er auðmelt og felur í sér næringarefni, sem byggja upp líkamann og viðhalda heilsu og kröftum. — Hvert brauð er full þyngd.

Boyd's
Bakery Cor. Spence & Portage Ave
Phone 1030.

W. R. FOWLER A. PIERCY.

Royal Optical Co.
327 Portage Ave. Talsími 7286.
Allar nútíðar aðferðir eru notaðar við augn-skoðun hjá þeim, þar með hin nýja aðferð, Skurga-skoðun, sem gjóreyðir öllum ágiskunum. —

Laing Brothers
3 Búðir: 234-6-8 KING ST. Talsími 4476, 5890, 5891
417 McMILLAN AVENUE Talsími 5598
847 MAIN ST. — Tals: 3016

Hafrar, Hey, Strá,
COUNTRY SHORTS, BRAN, CORN, CORN CHOP, BYGG CHOP, HVEITI CHOP, OG GARÐAVEXTIR.
Vér höfum bezta úrval gripafóðurs í þessari borg; fljót afhending

við, þegar hann sá, hve glaður jarlinn varð — "**meina** ég ekki með þessu, að hún sé orðin albata, **en bati** hennar hefir ávalt síðan farið vaxandi".

Lávarðurinn andvarpaði ánægður og þakklátur.

"Og svo er eitt enn þá". Wright þagnaði og **horfði** efablandinn á lávarðinn. "Ég er ögn feiminn **af** því að segja það, en gagnvart öðru eins göfug**menni** og þér, mun mér það hættulaust, og það er **líka** áríðandi, að þú fáir að vita það".

"Já, segðu mér alt, — dyldu ekkert fyrir mér, ég **hefi heimild** til að vita alt um þetta", sagði jarlinn **ákafur.**

"Nú, jæja, göfugi herra. Þú sérð af bréfinu, að **lafði** Redleigh ber sérstaka vináttu og traust til **þín.** Það fanst mér all-undarlegt, — ekki þegar ég **las** það, heldur seinna, þegar ég fór að hugsa um **það**, að fyrsta merki til þess að hún vaknaði til **sjálfsmeðvitundar**, var þá, þegar ég sagðist vera **sendur** af þér".

"Einmitt það".

"Og svo aftur við garðyrkjumannshúsið, þegar **ég þá** nefndi nafn þitt, sneri hún sér að garðyrkju**manninum** og bað hann hjálpar, sem varð til þess, **að bjarga** lífi okkar."

"Já, að sönnu".

"Á leiðinni til Stirling, talaði ég við hana, og **nefndi** nafn þitt. Þá var nú raunar svo dimt, að ég **gat** ekki séð svipbrigði hennar, en ég tók eftir því, **að hún** talaði við mig á annan hátt, þegar ég mint**ist á þig.** Undir eins og ég var búinn að koma **henni** fyrir á hóteli í Stirling, útvegaði ég henni **hjúkrunarkonu**, sem hafði ágæt meðmæli og mér **leizt vel** á, og sagði henni eins mikið af viðburðun**um** og ég áleit þörf á. Ég sagði henni, að hún **mætti** ekki yfirgefa lafði Redleigh eitt augnablik, að **tala** eins mikið við hana og hún gæti, einkum um

skemtileg efni, og þegar það kæmi fyrir, að hún yrði þunglynd og dauf, að byrja þá á því, að tala um þig, og afleiðingarnar af því hafa ávalt verið góðar".

"Ég sé, að þú hefir hugsað um alt, en þó hefir þú gleymt einu".

"Hvað er það, lávarður?" spurði njósnarinn ofurlitið ergilegur.

"Ég skal bráðum segja þér það, en ljúktu fyrst við þina sögu. Hvað gerðirðu svo, þegar þú varst búinn að útvega henni hjúkrunarkonuna í Stirling?"

"Svo fór ég og fann lækni til að sýna honum sár mitt. Hann sagði, að ég yrði að binda um sárið, og liggja í rúminu í sex daga til að byrja með. Hann hefði eins vel mátt segja sex ár, því ég var að eins eina nótt í því. Daginn eftir simritaði ég herra Haworthy, að hann mætti nú búast við okkur, og svo fórum við með eimlestinni til Glasgow. Áður en ég fór, sendi ég mann á geðveikrahælið og bað um farangur minn og lafði Redleigh".

"Hvað þá? Það gerðirðu? Og hvernig leið þeim þar, sem særðust?"

"Nú — bréfið mitt sendi ég til dr. Raebells, en ef hann væri veikur, átti að afhenda það frú Ferrier. Ég sagði þeim beiskan sannleikann, og endaði með því, að þar eð lafði Redleigh væri nú að batna, og þeir, að líkindum, hefðu að eins verið áhöld í hendi manns hennar, skyldi ég láta mál þetta niður falla. Svo bætti ég við bréfið, í eftirskrift, að ég vonaði, að þeim liði nokkurn veginn, þó þeir hefðu orðið fyrir svefnóróa síðastliðna nótt".

"Hvaða svar fékstu svo?"

"Ó, það sem ég hafði búist við. Skammabréf frá dr. Raebell, þar sem hann sagði, að ég hefði skotið sig í höfuðið, og að hann ætlaði að láta handtaka mig fyrir þjófnað og ofbeldi og morð, að frú Ferrier batnaði ekki veikin, sem ég hefði byrlað

henni með minni skammarlegu aðferð, og hann taldi það víst, að sér auðnaðist sú ánægja, að sjá mig hengdan. Svo skrifaði hann, að lafði Redleigh væri mjög hættulegur vitfirringur, sem hefði bakað sér mikla fyrirhöfn, en að hann hefði þó aldrei breytt öðruvísi við hann en nauðsyn hefði krafið". Hér þagnaði njósnarinn augnablik, en bætti svo við: Samt sem áður var hann svo skynsamur, að senda mér það, sem ég bað um. Garðyrkjumaðurinn og litla dóttir hans komu með það, og hann sagði mér, að skotið hefði að eins ræint ofurlítilli pjötlu af eyra læknisins, og að frú Ferrier væri eins frisk og hún hefði nokkurntíma verið".

"Hvað gerðirðu svo við þau?"

Manninn og barnið. Ég var svo djarfur, að taka þau með mér hingað. Ég hélt þér mundi máske þykja gaman að sjá þau. Þau eru einhversstaðar úti".

Lávarðurinn brosti vingjarnlega til njósnarans, og hneigði sig samþykkjandi.

"Ég skal sjá um, að þau þurfi ekki að iðrast eftir viðskiftin", sagði hann.

"En, hvað var það, sem þú sagðir að ég hefði gleymt?" spurði njósnarinn.

Jarlinn brosti aftur.

"Nú — geturðu ekki skilið það? Ef að heilsa lafði Redleigh hefir tekið framförum við að heyra nafn mitt nefnt, heldurðu þá ekki, að henni batnaði fljótar, ef hún fengi að tala við mig sjálfan?"

"Jú, það held ég".

"En þér hefir þó ekki dottið það í hug fyr enn nú?"

"Jú, það hefir mér."

"Hvers vegna komstu þá ekki með hana hingað?"

"Það er nú einmitt það, sem ég gerði".

Nokkur augnablik hafði njósnarinn gaman af að sjá truflun jarlsins, en svo sagði hann rólegur:

"Hún er inni hjá herra Haworthy í næsta herbergi. Hann hefir búið hana undir það að sjá þig. Eigum við að fara inn til þeirra núna?"

Síðan gekk hann að dyrunum á undan. Þrjár persónur sátu inni í næsta herberginu, lafði Redleigh, Haworthy og skozk hjúkrunarkona, McAlister að nafni. Það var hún, sem mest og bezt hafði búið Láru undir að sjá jarlinn. Haworthy, sem á leiðinni til Skotlands hafði sýnt áhuga og ákafa fyrir málefni þessu, fíll í sama þunglyndið og hugargrufliið undir eins og hann nálgaðist heimili sitt. Hvað hafði nú orðið um Evu í fjarveru hans? Það var það, sem hann ávalt spurði sjálfan sig að. Hann hafði ekkert frétt af henni í hálfan mánuð, eða síðan hún grátandi tilkynti honum, að trúlofun þeirra væri hafin. Hann hafði krafist, að fá að vita, hvers vegna þetta væri gert, en hún vildi ekki segja honum annað en það, að faðir sinn hefði harðlega skipað sér, að hefja trúlofanina. Það var alt, sem hann fékk að vita hjá henni, og fyrirspurnir hans hjá föður hennar, höfðu ekki betri árangur. Herra Grosse sagði, að sér þætti mjög slæmt, að samband hans og dóttur sinnar yrði að slitna, þar eð hann bæri mikla virðingu fyrir herra Haworthy, en það væru sérstakar ástæður, sem hann gæti þó ekki sagt honum frá, sem gerðu það nauðsynlegt, að hann sæi á annan hátt fyrir framtíð dóttur sinnar. Hann yfirgaf þá Grosse bæði reiður og hryggur, og bjó sig undir langt ferðalag, sem Wright kom þó í veg fyrir, eins og áður er á minst.

Hugur hans snerist nú að ferðalaginu aftur, þrátt fyrir vonina, sem honum var gefin, en sem hann sá engar líkur til að gæti rætzt. Þess vegna féll hann í dýpra og dýpra þunglyndi, og gat því

Búnaðarskólablað Heimskringlu.

Heimskringla.

Fyrsti partur Bls. 1—8

XXIII. ÁR | WINNIPEG, MANITOBA, FIMTUDAGINN 26. ÁGÚST 1909 | NR. 48

HEILDARMYND AF AÐAL-BYGGINGUM MANITOBA BÚNAÐARSKÓLANS, SÉÐ AÐ SUNNAN OG NORÐUR YFIR ASSINIBOINE ÁNA.

Búnadarskóli Manitoba=fylkis

Um stofnun skólans

OG TILGANG OG ÞÝÐINGU HANS FYRIR FRAMTÍÐ MANITOBA FYLKIS.

Að mestu eftir
W. J. BLACK, B S A,
forstöðumann Búnaðarskóla Manitoba fylkis.

ÞESSI MIKLA OG VEGlega stofnun er til orðin fyrir útsjón og dugnað Hon R. P. Roblin, forsætisráðherra og járnbrauta- og akuryrkjumála ráðgjafa Manitoba fylkis. Hann er sjálfur bóndi með ævilanga búnaðarþekkingu. Faðir hans og afi voru báðir bændur, og sjálfur var hann fæddur og uppalinn á búgarði föður sins í Ontario-fylki, og lengi eftir að hann kom hingað vestur, bjó hann á landi hjá Carman bæ hér í fylkinu, og lætur enn þá vinna land sitt þar undir eigin umsjón.

Hann hafði lengi fundið til þeirra miklu örðugleika, sem nýbyggjarar í þessu fylki áttu við að stríða, ekki eingöngu vegna efnaskortsins, sem svo mjög þrengir að mörgum þeirra á fyrstu frumbýlingsárunum hér, heldur aðallega vegna þess, hve mjög flesta þeirra skorti þá nauðsynlegu búnaðarþekkingu, sem framar öllu öðru styður að framförum landbúnaðarins og efnalegri velsæld bændastéttarinnar. Hann fékk snemma á æfinni óbifanlega sannfæringu fyrir því, að hér í Vestur-Canada væri það frjósamasta akuryrkjuland, sem til er í heimi, og að landbúnaðurinn væri sá arðvænlegasti og öruggasti atvinnuvegur, sem íbúar landsins gætu stundað, ef búnaðarleg þekking þeirra væri næg til þess þeir gætu neytt sín svo við búskapinn, að hann færði þeim þann ávöxt iðjunnar, sem landið getur veitt starfhygnum búanda.

Það var því eðlilegt, þegar hann hafði verið hafinn upp í valdasessinn, orðinn stjórnarformaður og búinn að koma fjárhag fylkisins í það lag, að peningar voru fyrir hendi til starfslegra framkvæmda, — að hann hyggi á stofnun búnaðarskóla hér, er verða mætti núlifandi og komandi kynslóðum hyrningarsteinn undir auðlegð þessa mikla fylkis.

Þegar tekjuafgangar stjórnarinnar undir forustu herra Roblins voru orðnir svo miklir, að hann sæi sér fært að byggja stofnun þessa, þá tafði hann ekki að byrja á verkinu, og árið 1906 var skólinn fullgerður og opnaður til alþýðu nota.

Ekkert hafði verið til þess sparað, að útbúa stofnun þessa svo vel, að hún gæti verið fylkinu sómi og fyrirmynd öðrum stofnunum líkrar tegundar, sem síðar kunna að verða reistar í hinum yngri fylkjum Canada.

Um það leyti, sem skóli þessi tók til starfa, ritaði herra W. J. Black, sem þá var aðstoðar ráðgjafi akuryrkjumálanna, en er nú aðal umsjónarmaður og yfirkennari skólans, langa ritgerð um hann í búnaðarblaðið "The Nor'-West Farmer". Og með því, að þar er nokkurn veginn nákvæmlega lýst tilhögun allri í sambandi við skólann, þá setjum vér hana hér í íslenzkri þýðingu:

W. J. BLACK, B S A,
forstöðumaður Manitoba Búnaðarskólans.

"Ekkert er nú ógert til þess, að búnaðarskóli Manitoba fylkis geti orðið landbúnaðinum í Vestur Canada að beinu og verulegu gagni, nema það, að nægur fjöldi af ungum, heilbrigðum, áhugamiklum og skynsömum nemendum utan af landsbygðinni sæki hann.

Hinar nauðsynlegu byggingar eru nú fullgerðar og settar nægum húsbúnaði. Sérstaklega valdir kennarar hafa verið settir yfir hinar ýmsu kensludeildir, og allar þær fræðigreinar hafa verið ákveðnar, sem vonað er að fyllilega mæti þörfum íbúanna í Manitoba og Vesturlandinu.

Aðal kenslutímabilið er áætlað að vari tvo vetur, og kenslufræðin eru þannig valin, að ætlað er, að þau geðjist hverjum ungum manni sem hefir áhuga á, að læra búfræði, svo að hann fái full not hennar af starfi sínu á landinu.

Jarðræktin er yfirgripsmest. — Hún felur í sér margfalda fræðslu: svo sem, að þekkja efni jarðvegsins og ræktun korntegunda og annara akur afurða, hvernig eyða skuli illgresi og fleira þess háttar. Þetta verður kent samkvæmt þeirri þekkingu, sem bezt hefir fengist á þessum efnum við nýjustu vísindalegar rannsóknir og verklegar tilraunir.

Nemendunum verður kent að þekkja gripi, sögu þeirra, sköpulag og eiginleika hinna ýmsu flokka hverrar sérstakrar tegundar hinna svonefndu húsdýra. Nægur tími verður veittur nemendunum til þess, að læra að þekkja og dæma um gildi hinna ýmsu flokka gripategundanna, og um þau prinsíp, sem kynbætur þeirra byggjast aðallega á.

Eldi og meðferð gripa verður kent og sýnt verklega.

Meðal annara fræðslugreina, sem teknar verða til íhugunar, eru sjúkdómar dýra og lækningar þeirra, smjör og ostagerð, aldina og blómarækt, skóggræðsla, handverks iðnaður sá, sem bændum er nauðsynlegt að hafa þekkingu á, landbúnaðar vísindi, bókhald, verzlunar og viðskiftalög, enska og reikningur.

Ráðstafanir hafa verið gerðar til þess, að láta kenslu byrja á skólanum að haustlagi og hætta að vorlaginu, svo að nemendurnir eigi kost á, að vinna úti á heimilum sínum á sumrin. Með þessu fyrirkomulagi geta þeir, sem ekki mega missa sumartímann frá algengri vinnu úti á heimilum bænda, notið að vetrarlaginu allrar þeirrar fræðslu, sem skólinn veitir. Tíu frídagar eru veittir frá jólum, og prófin fara fram í lok marzmánaðar.

Margir hafa spurt að því, hver væru aðgönguskilyrðin að skóla þessum. Þau eru bæði fá og óbrotin. Þeir, sem gerast vilja nemendur, verða að fullnægja eftirtöldum skilyrðum: —

1. Vera ekki yngri en 16 ára.
2. Verða að vera siðferðisgóðir, og líkamlega heilbrigðir, og

Niðurlag á 2. bls.

GRIPAHÚS OG GRIPAMATSRÉTT MANITOBA BÚNAÐARSKÓLANS.

Um stofnun skólans.

(Niðurlag frá 1. bls.)

3. Verða að hafa svo nægilega þekkingu í ensku máli, að þeir geti notið kenslu þeirrar, sem skólinn veitir.

Þeir, sem gerast vildu nemendur áður en þeir hafa náð 16 ára aldri, munu tæpast hafa öðlast svo mikla þekkingu á algengri bændavinnu, að þeir geti notið til fullnustu þeirrar kenslu, sem ætlast er til að skólinn veiti nemendum sínum. En engin aldurstakmörk eru sett þeim, sem eru yfir 16 ára gamlir. Sérhver sá, sem ekki álítur sig of gamlan til að læra, og sem æskir að kynnast þeim undirstöðu atriðum búfræðinnar, sem velfarnan landbúnaðarins byggist á, — hann á frjálsan aðgang að því, að njóta kenslu á skólanum.

Þegar skólinn byrjar kenslu á haustin, þá er haldið próf yfir nemendunum, til þess að komast eftir þekkingu þeirra í ensku og reikningi. Þeir, sem þá fullnægja settum skilyrðum, eru settir í "A" flokkinn, en þeir, sem þarfnast sérstakrar kenslu í þessum fögum, eru settir í "B" flokkinn. En í öllum öðrum kenslugreinum njóta "A" og "B" flokkarnir nákvæmlega sömu kenslu.

Það er ekki tilgangur skólastjórnarinnar, að banna þeim piltum aðgöngu að skólanum, sem áður hafa notið ófullkominnar mentunar. Þvert á móti er það ásetningur skólans, að leggja sérstaka áherslu við, að veita slikum piltum þá mentun, sem þeir þarfnast.

Viss nemendafjöldi getur fengið fæði og húsnæði í aðalbyggingunni. Svefnherbergin eru búin út með öllum nauðsynlegum húsbúnaði. En nemendur verða að leggja sér til nokkuð af rúmfatnaðinum, eins og sýnt er í skólaskránni. — Með því þetta er fyrsta ár skólans, þá verður ekki með vissu sagt, hve mikilð fæði nemendanna kann að kosta. En þeim verður sett þrir dollars um vikuna fyrir það, og skal það borgast fyrirfram. Þegar reynsla er fengin fyrir því, hvað fæðiskostnaðurinn verður mikill, þá verður nemendunum sett sú upphæð fyrir það, sem framreiðsla fæðisins kostar. Það er ekki ætlast til, að skólinn hafi neinn hagnað af þessu, heldur að eins að nemendurnir borgi það, sem það kostar skólann, að leggja þeim til máltíðarnar.

Samkvæmt því, sem nú hefir verið ákveðið, þá verða fyrirlestrar fluttir af kennurunum fyrri hluta hvers vikudags, inni í sjálfum kenslustofunum. En síðari hlutar daganna verða notaðir til verklegrar starfsemi í vinnustofunum, verkstæðunum og gripahúsunum. Og á kveldin verða nemendurnir að verja 2—3 klukkustundum til lestuns í svefnherbergjum sínum.

Nú með því, að námstíminn á þessum skóla er tiltölulega stuttur, — að eins 2 vetrar, — þá verða nemendur að vera iðnir og ástundunarsamir við nám sitt, til þess að geta náð góðum prófum. Nokkrum sinnum á námstímabilinu verða haldin próf, til þess að komast að því, hverjum framförum nemendurnir hafa tekið, og við aðal burtfararprófið verður tillit tekið til þess, hvernig nemendurnir hafa staðið sig við hin ýmsu smærri próf.

Þegar tveggja ára náminu er lokið, þá fá þeir nemendur, sem standast burtfararprófið, fullnaðar námsskírteini, ef þeir að loknu námi gefa sig við akuryrkjustörfum.

En skyldi það koma fyrir, að einhverjir nemendur, að loknu tveggja ára námi, vildu halda áfram landbúnaðarnámi, svo að þeir gætu náð háskólaprófi í akuryrkju og landbúnaðar vísindum, þá er skóli þessi við því búinn, að veita þeim alla nauðsynlega fræðslu undir það hærra próf.

Skólaráðið gerir sér von um, að þeir upplýsingar, sem hér að framan eru veittar um kenslugreinir skólans og námsfyrirkomulagið, geðjist hverjum hugsandi bónda í landinu, og að þeir, sem hafa uppvaxandi syni, láti sér ant um að veita þeim þá fræðslu, sem fæst á þessum búnaðarskóla.

BLÓMRÆKTUNARHÚS OG AFLFRAMLEIDSLUSTÖÐ MANITOBA BÚNADARSKÓLANS

Það eru mörg hundruð drengir í þessu fylki og Norðvesturlandinu, sem hafa verið svo hjálplegir á heimilum sínum, og unnið svo mikið frá því þeir gátu farið að starfa nokkuð, að þeim hefir ekki verið veittur kostur á, að geta notið þeirrar mentunar, sem þeir þurfa nauðsynlega að hafa til þess að geta mætt samkepni samtíðarmanna sinna. Það eru margir ungir menn úti á landsbygðinni, sem hafa unnið þar baki brotnu, til þess að geta veitt yngri bræðr um sínum háskólamentun. Enginn getur með sanngirni fundið að þessu. En er þá ekki einnig rétt, að veita þessum ungu mönnum þá mentun, sem gerir þá hæfari en ella til þess að stunda lífsstarf sitt á landunum?

Svo er enn þá annar flokkur ungra manna, sem eru að þreyta við, að koma sér upp varanlegum heimilum á ábúðarlöndum sínum, og sem engan eiga að nema sjálfa sig, en sem innan fárra ára verða í tölu þeirra, sem nefndir eru sjálfmentaðir menn. Slíkir menn ættu sem flestir að sækja nám á þennan skóla. Námið varir að eins 2 vetur, og kostnaðurinn við námið er ekki meiri en svo, að þeir geta hæglega unnið fyrir honum að sumarlaginu. — Lesendur eru mintir á, að framtíðar velferð bænda, er ekki aðallega komin undir því, hve mikla peninga þeir geta grætt á ungdómsárunum, heldur er það auðgun andans, sem veitir öruggasta undirstöðu undir lífsstarfið, og að það er mentun og þekking, sem færir ríkuglega ávexti af lífsstarfinu þeim, sem það hafa.

Tveggja vetra námið eyðir ekki mörgum mánuðum af ævi unga bóndans, en það veitir hinum framgjarna manni svo mikla þekkingu, að hún jafngildir margra ára lífsreynslu, og gerir honum ekki að eins mögulegt, heldur létt, að ryðja sér braut á búlandi sínu til auðs og velsældar, þar sem sá mundi verða að gefast upp gjaldþrota, sem ekki hefði hana.

En jafnvel þó það væri hugsanlegt, að námið á þessum skóla yrði einstöku pilti að svo litlum notum, að það hjálpaði honum lítið til vegs og gengis fram yfir það, sem orðið hefði, ef hann ekki hefði stundað það, þá eru þó hærri og göfugri hugsjónir heldur enn peninga hugsjónin, sem mæla með náminu. Það má fullyrða, að skólanámið og umgengni á skólanum í tvo vetur hefir varanleg betrunar áhrif á nemandann, svo lengi sem hann lifir.

Sérhver mentastofnun, sem ekki getur haft betrandi áhrif á nemendur sína, siðferðislega og félagslega, og á þann hátt búið þá undir gagnlega þátttöku í starfslífi þjóðarinnar, hún verðskuldar ekki tiltrú eða stuðning almennings.

Í þessu efni mun BÚNADARSKÓLINN Í MANITOBA reyna að venja nemendur sína á að hugsa, og að innræta þeim fágun í framferði, jafnframt því, sem þeir fá notið þeirrar fræðslu í búnaðarefnum, sem nú er kend á nokkrum slíkum skólum. Í einu orði, að búa nemendur sína svo undir lífsstarf þeirra, að þeir geti orðið bæði gagn og sómi bændastéttarinnar, og með því hjálpað til að lyfta í hærra veldi borgaralegum eiginleikum Canadisku þjóðarinnar.

KAUPIÐ af þeim og verzlið við þá sem auglýsa starfsemi sína í Heimskringlu og þá fáið þér *betri* vöru, með *betra* verði og *betur* útilátnar..... .....

VÉR GEFUM ÚT HIÐ EINA

BUNADAR-BLAD

Í VESTUR-CANADA

SÉRSTAKT LÁG-VERÐ Til Samtakenda:

Fyrir 4 nýja áskrifendur sendum vér hvert sem óskast, blöðin FARMERS' ADVOCATE og HOME JOURNAL frá þessum tíma til ársloka 1910 fyrir $1.50, og frá þessum tíma til ársloka 1909 fyrir 25c.

FARMERS' ADVOCATE blaðið er hverjum búanda eins nauðsynlegt eins og lögfræðingnum eða læknum eða öðrum sérfræðingum eru fræðibækur þeirra nauðsynlegar.

Aðal umræðuefni blaðsins eru: — Hesturinn, Annar Gripastofn, Búlandið, Smjör- og Ostagerðin, Fuglaræktin, Blómræktun og Skógræktun.

Einnig er rætt um sölu búsafurða og söluverð þeirra, og svo er heimilis-kaflinn jafn ánægjulegur körlum, konum og börnum. Útgefendurnir veita þeim kafla sérstakt athygli, ásamt með Spurninga og Svara kaflanum. Sá kafli blaðsins er meira virði enn nemur ársverði blaðsins.

Ekkert annað blað býður svo mikið fyrir svo lítið.

Farmer's Advocate and Home Journal

14-16 Princess St. -- Winnipeg, Man.

Póstið pantanir yðar til okkar strax í dag

ALLIR

Vér seljum ALT, sem þér þurfið, með umliðunar fyrirkomulaginu.

kaupa þar, sem þeir fá mest og bezt fyrir peninga sína. Þess vegna hefir

BANFIELD'S HÚSGAGNABÚD

orðið viðurkendust kjörkaupabúð í Vestur Canada. Hafið þér skoðað vorar feikna ***Golfteppa*** og ***Husgagna*** byrgðir? Ef ekki, þá ættuð þér að gera það, ef yður er nokkuð ant um, að hagnýta fullvirði peninga yðar. — Ef þér búið utanbæjar og þurfið HÚSGÖGN, GÓLFTEPPI, GLUGGATJÖLD o. fl., þá skrifið eftir Verðlista vorum. Kaupið húsbúnað yðar hjá ***BANFIELD*** og sparið peninga.

No. H-69
FÖGUR EIKAR "HALL RACKS"
Ensk gerð, ljósfágað með sniðskornum spegil 18x24, með sæti, 81 þuml hár, Sérstaklega niðursett í **$21.00**

No. K-240
TRAUSTUR ELDHÚSS STÓLL.
Úr harðvið, ljósfágaður, tvöfaldar slár. Sérstaklega niðursett í **41c**

No. D-158
STÓRT FAGURT "SIDEBOARD".
Úr eik, 22x46, með sniðskornum spegli, 14x24 þuml., rendir stólpar, kúpt gler, skrautleg framskúffa, 81 þumlunga hátt. Verð **$20.75**

No. D-528
SMEKKLEGT BORDSTOFUBORD.
Eikarfágað, platan 40x42, 3 þuml. fætur.
6 feta langt **$7.15**
8 feta langt **$8.10**
10 feta langt **$9.00**

No. D-57
RÚMGOTT EIKAR "SIDEBOARD".
Vandað smíði, 3 stórar skúffur, tvær hnífapara og ein borðdúka skúffa og stór skápur, stærð 21x46 þuml, brezkur sniðskorinn spegill. Sérstakl. niðursett í **$18.15**

No. D-135
"EMPIRE" EIKAR DRAGBORÐ
Fögur gerð og gljáfágað
8 fet sundurdregið **$13.65**
10 fet sundurdregið **$15.65**

No. D-176
VANDAÐ BORDSTÓLA-SETT.
Úr eik, með ágætum leðursætum, traustlega smíðaðir, 1 ruggustóll og 5 aðrir stólar. Sérstaklega niðursett í . **$28.75**

No. D-251
TRAUSTLEGT "BUFFET"
Í fornaldarsniði, gljáfágað, stærð 40x46, brezkur sniðskorinn spegill, 12x36 þuml. Sérstaklega niðursett í **$16.25**

No. K-237
ELDHÚSBORÐ ÚR MAPLE-VIÐ.
og með skúffum. Sérstakl. niðursett í: —
3 feta löng **$2.50**
4 feta löng **$2.85**
5 feta löng **$3.75**
6 feta löng **$4.10**

J. A. BANFIELD. **492 Main St., WINNIPEG**

De Laval Skilvindan

Hin komandi almenna notkun þeirrar RJÓMA-SKILVINDU

HIN SÖMU HAGFRÆÐIS PRINSÍP, SEM NÚ þegar hafa knúð DE LAVAL rjómaskilvinduna til almennra nota í smjörgerðar verkstæðum landanna, eru áreiðanleg til þess að ryðja henni braut á næstu 5 árum inn á flest bændaheimili, sem hafa nokkurt mjólkurbú. Þetta er ekkert auglýsinga skrum, heldur beinn staðhæfing, bygð á grundvallarlegum sannindum, sem eru eins áreiðanleg eins og úrlausn hvers reikningsdæmis.

DE LAVAL smjörverkstæðis skilvindan var fundin upp fyrir 31 árum, og byrjaði að vera notuð í smjörgerðarhúsum fyrir 28 árum. Eftir nokkur ár runnu upprunalegu einkaleyfin út. Fyrir 16 árum var tylft af mismunandi rjómaskilvindum á markaðnum. Á yfirstandandi tíma er notkun DE LAVAL skilvindunnar 98 prósent og má því heita að vera eingöngu notuð á slíkum verkstæðum. Svona hefir það verið um 5 ára tíma, og nú er ekki reynt, að selja nokkra aðra rjómaskilvindu, sem knúð er fyrir afli, á smjörgerðar verkstæðum.

DE LAVAL handrjóma skilvindan var búin til fyrir 23 árum, og fór að komast til nota á bændabýlum fyrir 20 árum. Þegar upprunalegu einkaleyfin runnu út, þá komu aðrar skilvindur á markaðinn, og fyrir 5 árum voru 30 mismunandi tegundir á boðstólum. En nú eru færri enn tylft slíkra véla á markaðnum, og ekki nema 5, sem hafa nokkra verulega útsölu. Tala þeirra fækkar árlega, og sala þeirra fer minkandi og verður æ óröðugri.

Það gerir FIMMTÍU DOLLARA jafnaðar-mismun á ári, hvort skilvindu notandinn brúkar DE LAVAL skilvinduna eða einhverja aðra tegund. Það gerir þennan mismun á þessu ári, og það heldur áfram að gera sama mismun, þangað til farið er að nota DE LAVAL rjómaskilvinduna. DE LAVAL bæklingurinn skýrir þetta nákvæmlega, og hann fæst fyrir ekkert ásamt með umbættri DE LAVAL skilvindu, til reynslu hverjum væntanlegum kaupanda.

The DE LAVAL SEPARATOR CO.,

Montreal Winnipeg Vancouver

Nokkuð sem konur þurfa að vita
UM LYFTIGER

ÆTLUNARVERK GERSINS

Gerið, sem er þægilegt efnasambland, lyftir kökum og kexi, gerir brauðið létt og holótt í sér, líkt og súrdeigsbrauð, en er fljótvirkara og áreiðanlegra í notkun. Gerlaust brauð og kökur mundi verða líkt hinu "ósýrða brauði" biblíunnar, hart, seigt, skorpið og óaðgengilegt til átu og meltingar.

HVERNIG GERIÐ VINNUR

Láturðu fáa dropa af vatni falla á spónfylli gers, þá ólgar það, sýður og bólar tafarlaust. Þetta er svipað því, þegar vætan í deiginu blandast við gerið, þúsund smábólur koma upp og sundurleysa allar smáagnirnar í deiginu, sem gerir brauðið létt og auðmelt.

3 TEGUNDIR GERS

Öllum gertegundum á markaðnum má skifta í þrjár mismunandi tegundir, sem eru:

(a) AMERICAN TRUST POWDERS, sem eru búnar til í Bandaríkjunum, en lítt notaðar í Canada. Þær eru dýrar vegna hátolls, sem legst hér á þær, og einnig af því, að 'Trusts' ráða yfir þeim, sem halda þeim í háu verði.

(b) ÓDÝR ÓÁREIÐANLEG GER.—Þótt verð til yðar sé nær því sama á öllu geri (25c pundið), þá er afar mikill mismunur á virkilegum gæðum og virkilegum framleiðslueyrir. Flest eru búin til eins ódýrt og unt er. Hugmyndin er að reyna að fá kaupmenn til að selja þau vegna gífurlegs söluhagnaðar, fremur enn þau, sem eru ágæt, en minni sölulaun eru fyrir að selja. — Slík ger eru venjulega búin til úr óekta efnum, og samsett án eftirlits. Afleiðingin er, að óhreinindi slæðast í þau, er valda efnislegum eftirköstum, veikja styrkleikann og olla yfirgripsmiklum breytingum á gæðum þeirra, og spilla jafnvel gæðum annarar fæðu.

Öll ger seld minna en 25c pd. hljóta auðvitað að vera gæðasnauð.

(c) ÁREIÐANLEG GER. — Nákvæmar rannsóknir sýna, að Blue Ribbon Baking Powder er ágætt í sinni röð. Það hefir lyftikraft meiri enn "Trust" gerin, og er fæðunni skaðlaust. Lögverðið er 25c pundið, og það er tilbúið alt öðruvísi enn hin áðurnefndu ódýru lyftiger.

EFNI ÖLL REYND

Til varhygðu eru öll efnin nákvæmlega prófuð fyrirfram, og séu þau ekki ágæt, eru þau ekki notuð.

Að síðustu: öll efnin eru gersamlega nákvæmlega jöfnuð saman í réttustu hlutföllum.

Hreint og holt

Prófessors Álit

Ég hefi notað ótal brauðger, á langri lífsleið, en hika ei við að segja, að ég álít að Blue Ribbon Baking Powder er ég notaði í Winnipeg, eitt hið allra bezta. Það gefur meiri fullnægju enn gær sem seljast tvisvar sinnum hærra verði.

Prof. JOSEPH BECKER, A. C.
Winnipeg, 21. April, 1906.

BEZTU EFNI NOTUÐ

Efnin, sem brúkuð eru í Blue Ribbon Baking Powder, eru ekki einasta táhrein, heldur úr beztu tegundum, sem meira þýðir.

Slík efni kosta meira, og eru ígildi þess, vitaskuld, því þau eru öldungis laus við alla óhreinku, og eins og fram er tekið, þá er það óhreinkan, sem veldur hættunni í hinum algengu brauðgerum.

HVER SKEIÐFYLLI ER EINS

Afleiðing þessarar eindæma varhygðar er sú, að alt gerið í Blue Ribbon Baking Powder baukunum hefir nákvæmlega sama lyftistyrk og gæði. Það bregst ei. Það er engin gáta. Vertu hugrór um alt, sem þetta ger snertir.

HENTUGT FYRIR BYRJENDUR

Viðvaningar komast hjá fyrirhöfn, vonbrigðum og tímamissi og efnatapi, noti þeir Blue Ribbon Baking Powder rétt frá byrjun, í staðinn fyrir hinar algengu tegundir.

ENGINN AUKAPRIS

Þótt Blue Ribbon lyftiduftið kosti framleiðendur meira enn aðrar tegundir, þá kostar það þig ekki nema 25c pundið. Hagur vor kemur af sívaxandi sölu.

BIDDU UM BLUE RIBBON

Þá þér pantið ger, þá biðjið ei að eins um "pund af geri". Biðjið um: Blue Ribbon lyftiger. Yður er hér sýnt, hvers vegna það borgar sig, að biðja um það.

Blue Ribbon

DÝRALÆKNINGAR

Um kensluna í þeirri fræðigrein við Manitoba búnaðarskólann

Eftir *Professor F. Torrance.*

Skrifað sérstaklega fyrir Búnaðarskólablað Heimskringlu

KENSLAN Í DÝRALÆKNingafræði við BÚNADARSKÓLANN í Manitoba, eins og tekið er fram í kensluskrá hans, ekki ætluð til þess að gera nemendurna fullnuma í dýralækningum, eða til þess að þeir með því er þeir þar læra, geti í öllum tilfellum komist af án dýralæknis, — heldur er kenslan til þess ætluð, að gefa þeim yfirgripsþekkingu á líkamsbyggingu dýranna, öflunum, sem hreyfa þau, og hinum margvíslegu atriðum í lífskerfi þeirra, sem sameiginlega starfa að vexti þeirra og viðhaldi heilsunnar. Og að síðustu, hvað þeir eigi að gera, þegar dýrið verður fyrir slysi eða sjúkdómi.

Nemandanum er fyrst kent um líkamsbyggingunna, og hvernig hin lifandi beinagrind er samsett, eðli beinanna, og hve kænlega náttúran hefir útbúið þau til hinna ýmsu hlutverka, sem skepnunni er ætlað að vinna; hvernig beinagrindin verndar hin viðkvæmu líffæri og hvert verk hún vinnur að hreyfingu skepnunnar frá einum stað til annars. Samanburður er gerður á beinagrindum og mismun urinn er sýndur á hinum ýmsu dýraflokkum. Svo sem á hinum hversdagsgæfa, hæglata uxa, og hinum öfluga og hraðlara hesti. Nemandanum er sýnt, að mismunurinn er eðlileg afleiðing af mismunandi efni og lögun beinanna.

Næst er nemandanum kent að íhuga og þekkja vöðvakerfið, og er sérstök áherzla lögð á íhugun hestsins, því að bóndanum er áríðandi að þekkja og skilja orsakirnar til helti og annara kvilla, sem oft ásækja þá.

Næst er nemandanum kent að þekkja hlutverk hinna ýmsu parta innýflanna, og hvernig og hvers vegna dýrin hafa andardrátt. Svo og myndun hinna ýmsu innýfla, svo sem hjartans og hið undraverða tvöfalda taugakerfi, sem hreyfir blóðið og dreifir því í settum hlutföllum um allan líkamann. Þá er kennslunni um líkamsbygginguna og líffærafræðina haldið áfram, þar til nemandinn hefir fengið glögga þekkingu á þessu.

Með fyrirlestrunum eru sýnd nákvæmlega og haglega gerð sýnishorn af hestum og kúm. Þessi sýnishorn eru svo gerð, að það má taka þau í sundur í stykki og rannsaka hvert líffæri sérstaklega, nálega eins nákvæmlega og með nær því eins góðum árangri, eins og þó lifandi skepna væri krufin til athugunar. Einstöku sinnum á kenslutímabilinu er nemandanum veittur kostur á, að skoða byggingu og líffæri dauðrar skepnu, og þá veitist þeim jafnframt kostur á, að læra, hvernig bezt sé að gera það, og sjá og skoða niðurröðun líffæranna í hinum ýmsu líffærahólfum líkamans.

Eftir þetta er nemandinn látinn kynna sér hlutverk hinna ýmsu líffæra skepnunnar, svo sem um það, hvernig meltingin fer fram, um sundurleysing efnanna, andardráttinn og kynjölgun.

Áður var líkaminn íhugaður sem líflaus tilvera, sem taka mætti sundur í parta, og athuga hvern þeirra sérstaklega. Nú er líkaminn íhugaður sem lifandi heild eða verksmiðja, þar sem hinar ýmsu vélar eru starfandi, og tilgangur kenslunnar er að láta nemandann sjá og þekkja, hvernig líffæri þessi eða vélar fari að starfa. Að þekkja öflin, sem knýja þau áfram, og sem viðhalda þeim í reglubundnum skorðum, og hver er afleiðing þessarar starfsemi í fæðunni eða í vinnunni og í hinum margvíslegu hlutverkum hinna ýmsu parta. Þessi lærdómur nefnist líffærafræði, og með þessari þekkingu og þekkingu á beinagrindar eða líkskurðarfræði, getur nemandinn gert sér grein fyrir því, hvernig líffæri dauðrar skepnu sem hafa verið starfandi, og hvernig bezt megi viðhalda heilsunni og varna sjúkdómum.

Á næsta stigi kennslunnar eru þessi atriði útskýrð í réttri röð, og nemandanum kent að þekkja einkenni sjúkdóma; hvernig hann eigi að prófa slagæðina og mæla hita skepnunnar, og að veita eftirtekt hverri breytingu frá því vanalega, og sem vottar fyrir sjúkdómi skepnunnar. Hann lærir að þekkja hina algengari sjúkdóma, og hverju ig nota skuli handhæg lækningalyf. Einnig, hvernig þekkja megi hættu lega kvilla, þegar þeir koma í skepnuna, svo að hann geti tafarlaust leitað dýralæknis. Honum eru kend undirstöðu atriði heilbrigðisfræðinnar, og hvernig hann á að hjúkra skepnunni, og verkunir ýmsra hinna bezt þektu meðala við sjúkdómum.

Sérstök áherzla er lögð á, að kenna nemandanum um þá sjúkdóma, sem eru smittandi eða sem myndast af því, að skepnan hefir étið pöddur í fóðri sínu,— til þess, hann geti fljótlega þekt þá og viðhaft tafarlaust þau lækningalyf, sem varna útbreiðslu sýkinnar og lækna hana. Í þessu sambandi er kend saga hinna ýmsu sóttkveikju tegunda, svo sem "Bots" í hestum, sem á vissu aldursskeiði þeirra eru pöddur fastar innan í maga þeirra, en síðar verða að frjálsum og fljúgandi fiðrildum.

Á öllu námsskeiðinu er áherzlan lögð á það, að gera nemandann praktiskan, og svo þarflegan landbúnaðarstöðunni, sem frekast er mögulegt, og alt er skýrt fyrir honum á kenslusvæðinu með lifandi húsdýrum. Honum er kend aðferðin til þess, að prófa hest áður enn hann kaupir hann, hvernig þekkja megi aldur hans af tönnunum. Hvernig sjá megi, hvaðan helti í hestum stafar, og hvernig megi lækna hana. Honum er kend aðferðin til þess að gefa hestum eða öðrum skepnum meðul. Slys, meiðsli, beinbrot og sár eru skýrð og nemandanum kent, hver læknisráð eru heppilegust í hverju tilfelli og hvernig hann eigi að stöðva blóðrás, þegar þess þarf.

Á þennan hátt safnar nemandinn brátt auðlegð sérþekkingar, sem er honum sem bónda að ósegjanlega miklu liði, og gerir honum auðvelt, að varna mörgum sjúkdómum, sem annars gætu komið í skepnur hans, og að beita viðeigandi lækningum í tilfellum, sem einatt geta borið að, þrátt fyrir alla fyrirhyggju og nærgætni bóndans.

EITT HORNIÐ Í DÝRALÆKNINGA KENSLUSTOFU MANITOBA BÚNADARSKÓLANS.

Hver er brýnust þörf bænda?

Eftir S. M. S. ASKDAL.

Sérstaklega skrifað fyrir Búnaðarskólablað Heimskringlu.

MARGAR OG MISMUNandi skoðanir og tillögur eru um það, hvers bóndinn þarfnist mest, — hvað honum sé hallkvæmast til velliðunar. Einn segir, að skattafyrirkomulagið þurfi að breytast, ef bændum eigi að geta liðið vel, — skatta álögur á þeim séu of háar, allar afurðir þeirra gangi í skattgjöld. Skattarnir séu margvíslegir. Fyrst hinir beinu skattar, lausafjárs og fasteigna, sem gangi til að viðhalda stjórn og framkvæmdum þjóðfélagsins, og þeir skattar séu réttmætir, ef þeir ganga ekki fram úr hófi. — En vel að merkja, þessi hóf-takmörk eru svo að segja eins mörg og mennirnir eru, er um málið ræða. — Að þeir sem með völdin fari, finni alt af nýja og nýja vegi til að auka skatta álögurnar, og alt sé gert, á einn eða annan hátt, til að gæða þeim, er við völdin sitja, og vinum og sporgöngumönnum þeirra. En oss er svo gjarnt til að láta glepjast, svo gjarnt til að leiðast af villuljósum, af fölskum sögnum hugsanasljórra, flárráðra orðaskinna. Vér verðum að gá að því, að kröfur vorra 20-aldar manna eru alt aðrar en 15.-aldar manna kröfur. Á þeim tímum var lítið og fátt af bókum og blöðum, verkfæri ónóg og léleg, vegir illir og seinfærir til lands og sjávar, lífsaðarhættir manna á lægri og kostnaðarminni tröppum, en nú gerist. Nú höfum vér urmul bóka og blaða, öll áhöld samkvæm nútímans kröfum. Nú þjótum vér yfir láð og lög á vængjum eimvéla og rafmagns. Allir lífnaðarhættir yorir eru eða eiga að vera samfara tímanum; — en því fylgja hærri útgjöld. Það erum vér sjálfir, með kröfum tímans, sem sköpum skattana. Tökum t. d., ef vér nú legðum steinmalar eða asphalt vegi héðan frá Winnipeg til allra héraða Manitoba fylkis, — auðvitað á kostnað fylkisins, með fé teknu í tollum og sköttum. Framkvæmdarkostnaður þeirrar vinnu yrði auðvitað að takast í sköttum bænda og annara. En hvað fengju bændur í staðinn fyrir aukinn skatt? Hver maður hlýtur að sjá og játa, að eftir slíkum vegi mundi bændum veitast þrisvar sinnum fljótar og léttara, að koma afurðum sínum til markaðar, heldur enn á hálfófærum forarvegum. Tími sparaðist, sem er peningar, vinnuafl sparaðist, sem er í gildi peninga!

En hvaðan kemur starfsféð? — Það kemur úr skauti jarðarinnar, — framleitt af sálar og vöðva-afli mannsins!

Enn eru aðrir, sem aumkva bændur fyrir kúgunartolla, er auðfélög leggi á þá, og gera alt sitt til, að fá þá til að trúa því, að sökum þess, að auðfélög haldi þeim í járnviðjum, þrífist ekki búskapur bænda. — Vér vonum, að lesendur skilji oss ekki svo, sem vér séum að taka svari illrar stjórnar eða auðfélaga, eða nokkurrar rangsleitni úr hvaða átt eða af hvaða rótum, sem runnin er, heldur hitt, að vér verðum að reyna að meta rétt og sanngjarnlega frumorsök og afleiðingar. — Tímarnir eru breyttir, nú er mannsaflið dýrara enn það var áður. Nú þurfa bændur að gjalda vinnuhjúum sínum helmingi hærra kaup, enn þeir gerðu fyrir 20 árum síðan. Og þrátt fyrir geypikaup, eru bændur oft í þröng, hvað mannsafl snertir, vinnumenn kaupháir og oft óláanlegir til vinnu. Og eitt annað verra: Að yfirleitt eru verkamenn orðnir nú á þessum tímam svo sérgóðir og sjálfbyrgingslegir, að þeir bjóða bændum byrginn, vilja helzt ekki gera aðra vinnu, en þeim sjálfum bezt þykir — (auðvitað eru undantekningar margar og góðar) —. Hver er vegurinn bezti fyrir bændur út úr þeirri kreppu? — Úr henni mega þeir til með að komast. — Það er sú kreppa, verkamannakreppan, sem þjáir mest, — þar eru skattarnir erfiðastir af öllum, er á herðum bænda hvíla.

Já, úr kreppunni, en hvernig? Einn vegur, — að eins einn! Og vegurinn sá eini er: Aukin þekking á búnaðarlögum náttúrunnar. En hvernig fá þeir, og hvar fá þeir aukna þekkingu á búnaðarháttum og búnaðarfræði? — Á búnaðarskólunum!

Það er gamalt viðkvæði hjá íslenzkri þjóð, að bókvit verði ekki látið í askana. Sú sögu er nú að engu orðin. — (Það er að vísu satt, að margur ónytjungur hefir heilan bókhlöðu fróðleik — þryktan á minnishólf heila síns, sem honum kemur aldrei að liði. En þar er að eins leti sjálfs hans um að kenna. Hann nennir ei að nothæfa nám sitt og fróðleik). — Það eru einmitt mennirnir, sem mest vita, mennirnir, sem mest hafa lært, mennirnir, sem bezt kunna að notgæða fróðleik sinn, sem eru nú ráðandi menn mannfélagsins. Vér verðum að lesa og læra, fylgjast alt af með orðum og hugsunum samferðamanna eða samtíðarmanna vorra, — annars verðum vér á eftir í straumum samkepninnar, dögum uppi sem nátt-tröll. Þér bændur, verðið að fylgjast fast með straumi ykkar stéttar. Allar nýjar skoðanir og uppgötvanir viðvíkjandi verkahringnum yðar, verðið þér að reyna að þekkja, og greiðasti vegurinn til þeirrar þekkingar er að kaupa og lesa búnaðarblöðin og kynnast búnaðarskólunum. Þar, í þeim tveimur stöðum, eru uppsprettulindir þeirrar fræðigreinar.

Þér, hinir rosknu bændur, megið ei dæma búnaðarskóla þessarar þjóðar á hinn sama mælikvarða, sem hína ófullkomnu nýgræðingsbúnaðarskóla Íslands, sem mest gera að því, að unga út sólskinshatta búfræðingum! Búnaðarskólar Íslands eru eitt af þeim öflum, er stuðlað hafa að eyðileggingu landbúnaðarins. Á skóla Íslands hafa yfirleitt valist þeir menn, er það hafa hugfast, að koma svo ár sinni fyrir borð, að þurfa ekki að vinna, þurfa ekki að nota hendurnar sér til lífsframfærslu, — fá laun af almannafé fyrir ekkert, — ríða um héruð í höfðingjaklæðum, á eldis-gæðingum, — kenna bændum og búalýð það, sem þeir ekki kunna sjálfir! — Nei, svo er það ekki hér hjá oss, því Ameríkumaðurinn hefir það ætíð hugfast, að vinnan göfgi manninn!

Búnaðarskólar vorir hér senda út frá sér nýta menn og meyjar. Á skólum vorum verða þeir að læra að vinna með sál og líkama, — letingjnn hefir þangað ekkert að gera. Skólar vorir kenna mönnum, hvernig þeir eigi að fara að því, að gera jörðina sér undirgefna, — með hvaða ráðum þeir geti notið sér hagkvæmast frjómagn jarðar, — hvernig þeir geti látið tvö lauf gróa þar, er ei gréri nema eitt áður, — hvernig framleitt tvær skepnur úr mót hverri einni áður.

Þér, bændur, sendið sonu yðar og dætur á búnaðarskólana, — það er að segja, þá og þær, sem þér hafið vissu fyrir, að þá götu eigi að ganga, samkvæmt náttúru þeirra og eðli. Kröfur tímans krefjast þess. Látið ei olnbogaskot annara hrinda yður út úr straumnum. Fylgist með þeim fremstu og verið fremstir og mestir, ef þess er kostur! Ekki fremstir og mestir í orði að eins, heldur í orði og verki, — mestir alra! — Umfram alt, munið eftir því, að lofa dætrum yðar að njóta búnarmentunarinnar líka, því konan þarfnast þeirrar mentunar eins og maðurinn. Það er ólán stórt hverri stúlku, sem eyðir ævi sinni allri að eins til bóknáms, en lærir lítið sem ekkert af húsmóðurstörfum. Því ef þær ganga vankunnandi að húsmóðurstörfunum, líða þær kinnroða og ýms önnur óþægindi. Verkahringur konunnar er margbrotinn og vandasamur. Það er ei síður móðirin en faðirinn, er móta hugsanir barnanna, og þá um leið mannfélagsins. Því nákvæmar, er vér íhugum það, því strangari skyldur sjáum vér á búnaðarskóla, sem talinn er að vera einn af þeim beztu, ef ekki sá bezti á meginlandi Ameríku, og viljum vér leitast við hér, í fáum orðum, að sýna yður, hvað sá skóli hefir fyrir stafni:

Nýsveinar skólans hafa þessar greinar fyrst til meðferðar:

1. Meðferð jarðvegsins. Hvernig yrkja skuli jörðina og viðhalda frjómagni hennar, samband moldar, lofts og vatns.
2. Grasplantan. Bygging hennar og efnasamsetning, og hver áhrif á hana hafi ljós, hiti, loft, vatn, mold og frjóbætir.
3. Að velja og meta að kostum og frjómagni korntegundir til útsæðis.
4. Um ýmsar afurðir landsins, meðferð, hirðing þeirra og því líkt, um yrking smára.

Á öðru ári hafa þeir: Sögu búskapar og um bústjórn. Að öðru leyti er áframhald af fyrstaárs námsgreinum.

Í búpenings deildinni læra þeir alla meðferð og hirðing gripa, og hvernig velja skuli búpening, svo oss hvíla á því, að vanda sem bezt uppeldi dætra vorra, svo þær verði sem mestar og bestar — sannar konur! —

Til yðar, íslenzku Manitoba bænda, og annara, er í Canadaveldi búa, viljum vér sérstaklega snúa máli voru. Yður hefir farnast vel hér í landi, enn geysimiklum framförum getið þér þó tekið og eigið að taka í öllum búnaðarháttum. Þér megið ekki telja yður trú um, að þér hafið náð hámarki búskapar, nei, langt frá! Enn þá er óravegur upp á fjall fullkomnunarinnar, og þó enn þá lengra upp á sjónartind frama og frægðar! Markinu getið þér náð, ef viljinn er sterkur. Þar, sem yður þrýtur, látið sonu yðar taka við, svo að: —

"Spor þín sjáist nokkur nýt,
nær þú dáinn liggur".

Hér í Winnipeg höfum vér að notum verði í hverri grein. Þar er þeim sýnt, hvað hvert merki á skrokk skepnunnar þýðir, vöðva og taugakerfis bygging, beinalag, svipur og hreyfingar, — þetta alt er þeim kent að þekkja. Í gripavali hefir skólinn verið mjög vandlátur með að fá sem bezt sýnishorn hvers kyns, svo engum blöðum er um það að að fletta, að þar er bæði sönn sjón og sögn.

Hve mikið betur hlýtur sá bóndi að standa að vígi gagnvart allri samkepni, er fulla vissu hefir fyrir, hvað tilheyri hverjum lið búskaparins, en hinn, sem alt verður að gera af handahófi, leita fyrir sér eftir hinum rétta vegi. Sú leit tekur oft svo árum skiftir. Mörg verða vonbrigðin og oft mikill kostnaður, áður hið rétta er fundið. Þess háttar leitir hafa mörgum á kné komið. Þeim þrautum öllum ryður búnaðarskólinn úr vegi. Á honum læra menn t.d. að þekkja öll mjólkureinkenni kúnna og alt eðli þeirra, hvernig hirðingu og allri umönnun skuli háttað, um efnasamsetning fóðurs þeirra, svo að fullum, arðberandi notum komi. Einnig er þeim kent, hvernig þeim nautkynjum er háttað, sem markaðurinn krefst til slátrunar, hvernig með þá skuli farið, svo að þeir verði bóndanum sem arðmestir og um leið tilkostnaðarminstir, — hve mikið af fóðri þeir þurfi til að þyngjast 100 pd., hve langan tíma það taki að fullfita til markaðar, þýðingu þess, að fóðra skepnuna eftir að hún er búin að ná fullum holdum. Í einu orði sagt: fullkomna mentun viðvíkjandi allri hirðingu búpenings.

Þér skuluð ekki ímynda yður, að búnaðarkenslan sé hugsanagrillur prófessora, er aldrei hafi komið í námunda við vinnuna. — Nei, búfræðina kenna að eins raunhæfar sannanir, sem eru samsafn vísindalegra og verklegra sannana. Hún kennir bóndanum að vinna í fullu samræmi við hina dauðu og lífandi náttúru.

Þú, bóndi minn, mun það ekki happadrýgra fyrir þig, að vita með vissu, hvar þetta grasfræ getur gróið á landi þínu, er þú ætlar að sá í vor, en að vita það ekki, og sá því máske í rangan blett, svo það deyi út, — eyða fræinu til ónýtis og sóa í burtu heilum árstíma sökum vankunnáttu? Fyrir öll svoleiðis atvik girðir skólinn, hann gefur fullvissu og sannanir.

Þá kennir skólinn einnig eðlisfræði búpenings. — Ekki svo að skilja, að það sé ásetningur skólans, að gera alla sveina að dýralæknum, heldur hitt, að kenna þeim undirstöðuatriði líkamsbyggingarinnar, og útskýra fyrir þeim sjúkdóma þá, er þjá skepnurnar. Ennfremur, að þekkja ráð og meðul við þessum sömu sjúkdómum. — Og hver mundi neita nauðsyn slíkri? Virðum fyrir oss hið geysilega tap, er bændur verða fyrir af völdum ýmsra gripakvilla á hverju ári. Hve mikið ógrynni fjár mun ei sparast þeim, er færa rétta aðferð í þeim tilfellum?

Eðlisfræðin kennir um byggingu líkamans, svo sem um bein, liðamót, taugakerfi, vöðvabygging, innýflin, meltinguna, um blóðrásina, um samband lifæranna sin á milli. Einnig fá sveinar tilsögn í undirstöðu atriðum skurðfræðinnar, svo sem gelding gripa, kálfa, svína o.s.frv., um algenga sáraskurði, er oft kemur fyrir að nauð synlegt sé að gera.

Svo fá lærisveinar einnig tilsögn í margskonar meðferð mjólkur, — svo sem undirbúning mjólkur til ostagerðar og smjörgerðarhúsa, — hvernig mjólk skuli tilreidd á markað í bæum og borgum, hvernig hún sé prófuð, og kent að renna skilvindum með vélakrafti. Kend smjörgerð og osta, kent byggingasnið á smjör og ostagerðar húsum og hvernig þeim skuli stjórnað. Að dæma um kost og gæði smjörs og osta. Að stýra vélum öllum, er þessari grein tilheyra. Hvernig pakka skuli smjör til markaðar.

Ennfremur læra þeir öll undirstöðu atriði garðyrkjunnar, hvernig í garð skuli plantað, hvernig hann skuli hirtur, hvar hann skuli vera, og hvaða frjóbætir í hann borinn. — Garðyrkja er ein af þeim greinum, er Íslendingum er ábótavant í. Það er sá liður búskapar, sem ekkert heimili ætti án að vera, frá fjárhagslegu og heilbrigðislegu sjónarmiði að dæma. — Öll ávaxta ræktun er kend þar, hvaða tegundir hér þrífist bezt, hvernig þeim skuli planta, hvernig þær skuli yrktar, og í hvers kyns landslagi þær þróist bezt.

Skógfræði er þar einnig kend. Hvernig skóga-yrking skuli háttað, meðferð skóga, hvaða þýðingu að skógurinn hafi fyrir loftslag, — hverja þýðingu hann hafi fyrir aldar og óbornar kynslóðir.

Vegur kendur til að gera heimilisstöðina sem haganlegasta og fegursta, en þó með litlum sem engum tilkostnaði. Og er það mikilsvirði, — meira en margur virðist álíta. — Það er sannreynd, að fagrar æskustöðvar draga mann frekast heim. Jónas kveður:

"Fífilbrekka, gróin grund,
grösug hlíð með berjalautum".

Þannig er það, æskan útkrefur fegurð, og finni ekki unglinguinn fegurðina heima, fer hann í burt úr foreldrahúsum, að leita hennar. — Alment er umkvartað, að uppvaxandi kynslóðin streymi óðfluga í bæi og borgir, svo að til landauðnar horfi. En mun ei sú orsökin æði oft, að æskustöðvarnar skortí aðdráttarafl?

Yrking blóma og grasafræði í heild sinni, er þar kend. Kæru bændur, gerið þið yður í hugarlund, hve fagurlega sett blóma beð og blóm-brúskar í kring um hús yðar mundu fegra útlitið!

Svo er líka kent: Undirstöðuatriði vélafræði, byggingafræði, dráttlist, trésmíði, járnsmíði, járnþynnu og pípusmíði, — bókfærsla, málfræði, reikningur, setningaskipun, lestur m. fl.

Þér bændur, er búið hér í Manitoba og öðrum stöðum Canadaveldis, hljótið að álíta það skyldu yðar, gagnvart sonum yðar, gagnvart dætrum yðar og gagnvart landi því, er þér búið í, — að senda unglingana á búnaðarskólann, það er að segja, þá af þeim, sem til þess eru fallnir. En um fram alt, munið það, að lofa dætrum yðar að njóta mentunarinnar líka! — Til þess, að þér standið öllum á sporði — og það eigið þér að gera — verðið þér að auka búnaðarþekkingu yðar í öllum greinum. Það er eina ráðið til að létta skattbyrðina, einasta ráðið til velliðunar. Það er — brýnasta þörfin!

Af 170 nemendum, sem nú eru hér á búnaðarskólanum, eru að eins 2 Íslendingar, en ættu að réttum hlutföllum að vera 25—30 úr Manitoba fylki.

Betur má, ef duga skal, drengir mínir!



HON. R. P. ROBLIN,

forsætisráðherra Manitoba fylkis, sem á upptökin að byggingu Manitoba Búnaðarskólans.

Um griparækt.

Eftir W. H. PETERS
Professor of Animal Husbandry.

Skrifuð sérstaklega fyrir Búnaðarskólablað Heimskringlu.

MEÐ RÉTTU MÁ SEGJA það um heiminn í heild sinni, ; að eftir því, sem ný lönd byggjast, svo skiftist byggingartími þeirra í þrjá mismunandi tímabil. Hið fyrsta er dýra og fiskiveiða tímabilið, — veiðitímabilið. Hið annað er landbúnaðar tímabilið, og hið þriðja er iðnaðar (Manufacture) tímabilið.

Hið fyrsta af þessum tímabilum er að líða eða hefir nú þegar sem næst liðið undir lok, að minsta kosti í þessum hluta hins mikla Canada veldis, og vér erum að færast inn á hið æðra eða landbúnaðartímabilið, og vinna að framförum þess og fullkomnun, — þar sem nú á tímum hundruð og þúsundir utanríkjamanna flytja inn hingað til þess ýmist að festa sér ókeypis heimilisréttarlönd eða ábýlisjarðir, allir með þeim ásetningi, að vinna á þeim og bæta þau, og að mynda sér hér varanlega bólfestu, — að taka hér upp úr vorum frjósama jarðvegi nokkuð af þeirri miklu auðlegð, sem í honum er fólgin, til þess með því að auðga sjálfa sig og mynda fúlgu fyrir afkomendur sína.

Eins og áður er getið, koma þessir útlendingar frá ýmsum löndum. Margir þeirra hafa ágæta búnaðar þekkingu, og hafa verið gildir bændur í heimalöndum sínum. En þeir finna hér í landi aðrar búnaðar aðferðir, en þeir áttu áður að venjast. Af þessum ástæðum hafa margir þeirra átt örðugt með að kynna sér þær aðferðir, sem hér eru taldar heppilegastar til þess að búskapar atvinnan geti þeim svo mikinn arð, sem þekkingarleg ræktunar aðferð frekast gerir mögulegt. Af þessu leiðir það, að margir búendur eyða tíma sínum og kröftum án nægilegs endurgjalds, eða þess arðs, sem búskapurinn, undir hagfeldari ræktunar skilyrðum, getur veitt þeim.

Fylkisstjórnin í Manitoba hefir lítið byggja og lætur nú starfrækja öllugan búnaðarskóla, í því augnamiði, að veita núverandi og komandi bændum og bændaefnum þessa fylkis greiðan aðgang að öllum þeim lærdómi, sem talinn er nauðsynlegur til þess þeir fái fullkomna búnaðarlega þekkingu, samkvæmt því, sem reynsla og þekking fyrri ára hefir sýnt bezta og hyggilegasta og ábyggilegasta til búnaðarlegrar hagsældar.

Námsgreinunum er svo hagað, að hver bóndason, sem fengið hefir almenna barnaskólamentun, getur haft þeirra full not. Hver sá ungur maður, sem vill verða góður bóndi, finnur margan fróðleik í námsgreinum þessa skóla, og svo yfirgripsmikinn, að hann hefir þess aukin not á öllum komandi árum æfi sinnar. Það má óhætt fullyrða, að sá fróðleikur meira enn borgar honum þann tilkostnað og tímamissi, sem hann verður fyrir við tveggja vetra námið á þessum skóla.

Kenslan á skólanum hefir verið miðuð niður með sérstöku tilliti til þess, að bóndinn geti fullkomnað nám sitt þar á tveim vetrum, eða pilturinn, sem að skólanáminu enduðu ætlar að leggja landbúnaðar atvinnuveginn fyrir sig sem atvinnugrein, og próla þannig og umbæta með daglegri reynslu það, sem hann hefir lært.

Reynsla þjóðanna hefir kent oss, að það er ómögulegt að viðhalda jarðrækt yfir löng tímabil, án aðstoðar lifandi penings, því að frá honum fær jarðvegurinn þau efni, sem nauðsynleg eru til viðhalds frjómagni moldar. Það er hægt að framleiða mikla uppskeru hveiti eða hafra um takmarkaðan áratíma úr nýræktuðu landi, en er tímar líða, þá minkar uppskeran smátt og smátt árlega, þar til bóndinn verður þess var, að uppskerumagn hans borgar ei strískostnaðinn, eða uppskeran veitir honum engan arð vinnunnar. Til þess að jarðyrkjan hepnist til lengdar, er nauðsynlegt að hafa griparækt ásamt jarðyrkju, til þess að bæta landinu upp það frjómagn, sem árlega tekst úr því við framleiðslu korntegunda.

Hollasta ráðið, sem kornræktarbóndinn getur tekið er það, að ala upp gripi á landi sínu frá því hann byrjar að vinna á því, og hafa þá svo marga, að þeir nægi til að viðhalda frjómagni landsins. Og það er tilgangur þeirrar deildar Manitoba búnaðarskólans, sem kennir um griparækt, að kenna hinum ungu bændum og bændaefnum þá haganlegustu og ódýrustu aðferð, sem þekt er, til griparæktunar, svo að sá tegund búskapar veiti bóndanum sem beztan arð og mestan, undir þeim skilyrðum, sem vér búum við hér í Manitoba fylki.

Á fyrra kensluárinu er nemandanum kent að þekkja gæði gripa, svo að hann geti valið þá, sem mestar líkur eru fyrir, að geti hon um mestan hagnað heima fyrir, um leið og þær færa hæzt verð á sölutorgi. Sömuleiðis allar eldisaðferðir, og hverjar fóðurtegundir séu beztar til holdauka og fitu. — Þetta starf nær til allra gripategunda, sem bændur vanalega hafa: hesta, nauta, sauðfjár og svína.— Á fyrsta námsárinu er og nemandanum kend verkleg meðhöndlun gripanna, að hirða þá og fóðra, og sérstaklega kend meðferð hesta — bæði vinnuhesta og eldi og meðferð graðhesta og folaldsmera, og öll umönnun folaldsins frá fæðingu til fullaldurs, og einnig að ala uxa til markaðssölu. Sömuleiðis alla meðferð á kúm, sauðfé og svínum, og afsprengi þeirra.

Á hinu síðara námsári er framhaldandi kensla í að dæma um hinar ýmsu tegundir hinna ýmsu gripaflokka, öll sérkenni þeirra og eiginleika. Þá er kent um uppruna gripanna og saga þeirra yfirfarin, og hvernig þeir hafa þroskast og fullkomnast, — þar til nemandinn er orðinn svo leikinn í þessu, að hann getur dæmt rétt um eiginleika og gæði gripsins, þegar hann sér hann. Nemandanum er kent alt, sem lýtur að kynbótum, og kent að þekkja hin ýmsu kyn, og aðgreina þau hvort frá öðru og hver sérkenni hvert einstakt kyn hefir. Nemandanum er kent um stigbreyting og framþróun kynanna, og hvernig eigi að para saman, svo að afsprengið verði sem bezt og feli í sér það bezta úr sínu kyni. Hann er látinn kynnast öllum þeim frumatriðum,, sem lúta að fullkomnustu og varanlegustu kynbótum hvers gripaflokks.

Fyrirlestrar eru fluttir um nýustu fóðuraðferðir, um blöndun fóðurtegunda með tilliti til kjarna og saðsemdar, um næringarmagn hinna ýmsu fóðurtegunda, og um undirbúning gripa til sýninga eða sölu. Og fleira þess háttar.

Hver sá nemandi, sem óskar að ná því lærdómsstigi, að verða það sem nefnt er "Bachelor" í vísindalegri búfræði, verður að halda áfram námi í fimm vetur, eða fimm kenslutímabil, sem hvert um sig varir í fimm mánuði. Á síðustu þremur kenslutímabilunum lærir hann hinar æðri búfræðigreinar. Meðal annars það, að dæma gripi á sýningum. Hann les og bækur um kynjan gripa með þeim ásetningi, að kynnast nákvæmlega ætterni hinna helztu kyna, bæði í móður og föðurætt. Einnig hin æðri vísindi í kynbótum þeim, er bezt gegna til þess að framleiða sem hraustasta og traustasta gripi til nota á löndum bænda. Í því sambandi er lögð sérstök rækt við, að kenna um næringarefni og verðgildi hinna ýmsu fóðurtegunda.

Fimm ára námið er ætlað til þess, að gera bændur mentaða og búfróða í öllum greinum, og að gera þá hæfa til þess, að hafa á hendi stöður, sem krefjast fullkominnar og nákvæmrar þekkingar. Svo sem til þess, að kenna búfræði og að rita um búnað og hinar ýmsu greinar hans; að hafa umsjón yfir stórbúum, að hafa á hendi gripakaup fyrir niðursuðufélög, og vera umsjónarmenn á fyrirmyndarbúum. Og aðrar slíkar ábyrgðar og virðingarstöður.

Í þessari stuttu ritgerð hefi ég reynt að gefa yfirlit yfir griparæktarkensluna, eins og hún er veitt við Búnaðarskóla Manitoba fylkis. En til þess að fá nákvæmari hugmynd um allar námsgreinar, sem þar eru kendar, þá ættu bændur að útvega sér kensluskrá skólans, sem send er ókeypis hverjum, sem um hana biður, með því að þeir sendi skriflegar beiðnir sínar til: Manitoba Agricultural College, Winnipeg.

ADALBYGGING MANITOBA BÚNADARSKÓLANS.

Þar eru kenslustofur, skrifstofur og dýra-, gripa- og korntegunda- söfnin.

S. ANDERSON,

Málari, Veggskreytari og Pappírssali.

651 Bannatyne Ave., Winnipeg.

ALDREI HAFA VERID BETRI TÍMAR Í WINNIPEG og öllu Manitoba fylki enn nú eru. Þess vegna er það lífsspursmál fyrir alla, að fylgjast með tímanum, því að það, að verða á eftir, þýðir algerlega sama og að tapa tilveru sinni í mannfélaginu.

Það er einmitt af þeim ástæðum, að ég vil benda mönnum á það, sem betur fer.

Ekkert er það, sem fólk girnist meir yfirleitt, en fögur húsakynni, — skraut á heimilunum. En það kostar peninga, og það eru svo margir, er ekki geta veitt sér þá ánægju, fátæktar vegna.

Ég vil biðja alt það fólk, að koma tafarlaust til mín, því nú hefi ég alls konar Veggja-Pappír, Skraut Pappír og fl. langt um ódýrari en nokkru sinni áður, svo allir, sem það vilja, geta nú gert heimili sín eins skrautleg, eins ogSalómon var í allri sinni dýrð, bara ef þeir koma og kaupa af mér.

S. ANDERSON.

Á þessum yfirstandandi tíma hefi ég nær því sjö hundruð mismunandi tegundir af pappír, í öllum litum og allri gerð, búnar til í beztu verkstæðum í Canada og Bandaríkjunum. Verðið er frá 5 cents til $3.00 hver 8 yards rúlla.

Ég hefi sér stakar tegundir af 30c pappír, sem ég sel á 20c meðan að upplagið endist. Einnig hefi ég nokkurt upplag af veggjapappírs tegundum af allra nýjustu gerð, frá París og New York, sem ég sel helfingi ódýrara, en nokkur annar pappírssali í þessari borg.

Þessar og aðrar tegundir þarf fólkið að sjá með eigin augum, til þess að meta þær rétt.

Ég geri alt, sem að málingu húsa og veggskrauti lýtur. Afgreiðslan er vönduð, verið svo lágt sem unt er.

Ég óska eftir verzlun yðar og viðskiftum.

S. Anderson, *651 Bannatyne Ave., Winnipeg. Tel.: 70*

Jón Ólafsson PHONE. MAIN 447 — **Stephán Sveinsson** PHONE MAIN 5174

ÓLAFSSON & SVEINSSON

VERZLA með alskonar mjöl og fóðurtegundir; svo sem: hveitimjöl og haframjöl, rúgmjöl og maísmjöl, og margt fleira. Ennfremur hesta, gripa og fugla fóður af öllum tegundum. Alt beztu vörur og seldar með lægsta verði. Þeir selja útsæðis-hafra, bygg, hveiti, garðávaxta og blóma útsæði.

TALSÍMI: MAIN 97

Olafsson & Sveinsson

176, 178 og 180 KING STREET

Winnipeg - - - - Manitoba

Arðsemi griparæktar.

Eftir

JÓHANNES EINARSSON.

Skrifað sérstaklega fyrir Búnaðarskólablað Heimskringlu.

"Um griparækt og kostnað við hana — Skýra nauðsyn kynbóta — Um fóðurtegundir, hirðingu gripa og húsakynni — Söluhagnað og fleira þess háttar".

Um þetta biðjið þér mig að skrifa, herra ritstjóri. Það er allumfangsmikið málefni út af fyrir sig, og að ræða það ýtarlega og viðeigandi hjá öllum þorra lesenda útbreiðs blaðs, er að reisa sér hurðarás um öxl. Ég tek það því fram í upphafi, að ég býst ekki við, að leysa þetta mitt verkefni af hendi eins og það verðskuldar og nauðsyn krefur, heldur fara um það fám orðum, aðallega eins og ég hefi kynst því í miðríkjum Vestur-Canada, Manitoba og Saskatchewan.

Um ágæti griparæktar sem atvinnuvegs, eru ekki mjög deildar meiningar. Það kannast flestir við, að þeir menn, er griparækt stunda sér all-vissir með að ala önn fyrir sér og skylduliði sínu, hvernig sem árar. En margir eru þeir, sem álíta þá iðju of erfiða og auð seintekinn. Í þeim pörtum landsins, sem sérstaklega eru lagaðir til akuryrkju og járnbrautir eru í nánd við, þá telst mönnum til, að auður sé fljótteknari við akuryrkju enn griparækt, og mikið auðunnari og þokkalegri vinna.

Þetta skal fúslega játað, — þegar vel lætur í ári — og um nokkur ár að eins. — Það er djúpur brunnur, sem ekki verður uppausinn. Frjósemi jarðarinnar er takmörkuð; og því er kvikfjárrækt í akuryrkju héruðum alveg ómissandi, til að viðhalda frjósemi jarðarinnar.

Kostnaður við griparækt er háður bæði loftslagi og landslagi. Í miðríkjum Vestur-Canada (Manitoba og Saskatchewan) er gjafatími yfirleitt sex mánuðir á ári, og mörgum te'st til, að tvö tons af góðu hreyi nægi fyrir hvern grip, svo mismunandi, að tæplega er hægt að ákveða slíkt með tölum, svo nærri láti, þegar um stórt land er að ræða með misjöfnu loftslagi, mismunandi kaupgjaldi o. s. frv.

NAUÐSYN KYNBÓTA.

Undirstaða griparæktar er kynin, ekki svo mjög hvaða kyn gripa maður hefur, heldur að það falli í smekk bóndans, og sé það bezta af þeirri tegund, sem hann getur eignast.

Undir kynferði og meðhöndlun er það komið, hvort griparækt er arðsöm eða ekki, og af því tvennu, er meira komið undir góðu kynferði. Það er alls ekki hægt, að gera afbragðs grip úr illkynjuðum (scrub) grip, hvað mikla umönnun, sem hann fær. Þar sem kyngóður gripur vel með farinn hlýtur að vekja aðdáun hvers eins sem sér hann. Þessu til sönnunar vil ég benda á gripasýningar. Þar hljóta hverjir þeir, sem eru vantrúaðir á þessa kenningu, að sannfarast um, að hún er rétt. Þegar við sjáum þriggja ára uxa og kýr af holdakynjum nálgast 2000 pd. vigt, og naut 3000 pund, þá ætti fjöldanum að skiljast það tvent: að enn er mjög miklu ábótavant hjá okkur yfirleitt, en um leið er sjón sögu ríkari um hvað hægt er að gera í því efni.

Líka sýna skýrslur fyrirmyndarbúanna og umsögn einstakra manna, að afar mikill arður er af haldi mjólkurkúa, og því meiri, sem kynin eru betri og hreinni. Það gengur alt í sömu átt, að vanda kynferðið.

Hvaða gripakyn menn skyldu helzt framleiða, er að mestu undir smekk manna komið. Einum fellur þetta vel í geð, öðrum hitt. Nokkurum þykir skemtilegt, að hirða mjólkurkýr og mjólka þær, aðrir fást ekki til að taka í spena. Varhugavert er fyrir hvern sem er, að rækta það gripakyn, sem honum fellur illa við. Arður þeirra byggist svo mjög á góðri meðhöndlun, að bóndinn skyldi kosta kapps um að hafa þá gripi, er honum þykja skemtilegastir. Helztu gripakyn hér tel ég: Meðal sölugripa, feitlaginna—Shorthorns, Herefords og Angus. Meðal mjólkurkynja—Jerseys, Holsteins og Ayershires. — Þessi kyn eru öll góð. En fyrir mitt leyti falla mér Shorthorns-gripir bezt. Það eru engir betri til holda, en svo eru margar kýr af því kyni góðar til mjólkur, og þeg ar maður eftir nokkurra ára mjólkun vill farga þeim, þá eru þær, ef í holdum, góðir sölugripir.

Það eru alt of margir af þeim, sem sölugripi ala, með því marki brendir, að álíta, að það geri ekki svo mikið til, hvernig gripurinn er, ef hann vigti svo mikið, þá hljóti hann að vera góður. Fleiri munu þeir samt vera, er álíta, að sé gripurinn feitur, þá sé alt fengið. Það er óneitanlega mikið fengið fyrir þann, sem gripi býður, að geta sagt þeir séu feitir. En það er afar mikill munur á verðmæti tveggja uxa af sömu þyngd, beggja feitra. Ef annar er t. d. af einhverju því holdakyni, sem ég nafngreindi og vel kynjaður, en hinn af mjólkurkúakyni. Hvað stór og feitur, sem hinn síðarnefndi kann að vera, þá verður hann alt af úrgangsgripur (Cull) á sölutorgunum. Hann getur verið fullur af mör, og síður og kviður þverhandar þykt, eins og sauðarsíður á Hólsfjöllum á Íslandi, en hryggurinn er hætt við að verði mjór, og þegar kjötverzlarinn selur hryggstykkin af holdauxanum á 18—20c pundið, þá selur hann megninið af mjólkuruxanum á 6—8 pd. Þessir tveir gripir samsíða eru álíka líkir hvor öðrum eins og sauðhestur og kista hvort við annars hlið.

FÓDURTEGUNDIR.

Ódýrasta fóðrið er án efa vilt hey, þar sem þess er kostur. Á réttum tíma slegið og vel hirt, mun það reynast alt eins vel og ræktað hey. Af ræktuðum heytegundum eru þessar helztar: Broom Grass, Timothy, Western Rye Grass og Clover. Allar þessar heytegundir eru góðar, og dæmi eru til, að menn hafa fengið 4 tons af ekru hverri af Broom Grass og Western Rye, en þau eru tíðinni háð eins og annar jarðargróði, og bregðast oft í þurkatíð, og ef rækta skal fóðurtegundir, þá álít ég betra, að sá höfrum eða byggi. Bygg slegið grænt, þ. e. áður en korn myndast í því, er talið mjög gott fóður. Hafrar slegnir á sama stigi eru líklega hollara og betra gripafóður en nokkuð annað. — Hálmur (strá, sem korn hefir verið þreskt úr), er víða brúkað til fóðurs, og fer notkun þess mjög í vöxt, eftir því sem akrar stækka og engi minkar. Bezt mun það vera stykkjað í smábáta. Sumstaðar er siður, að höggva það mjög smátt og blanda möluðu korni. — Ég hefi sjálfur séð gripi upp og ofan, kálfa og eldra, ef vel eru hirtir í góðum fjósum. Þar sem mikið heyuppgrip er, skógar og ár eða vötn nærri bygðum manna, þá hafa ýmsir þann sið, að hýsa gripi alls ekki, nema kálfa og mjólkurkýr. En það útheimtir að minsta kosti hálfu meira fóður. "Hitinn er á við hálfa gjöf", sögðu menn á Íslandi, og sama á við hér. Að hinu leytinu getur einn maður hæglega hirt 100—200 gripi, þar sem svona til hagar. Aftur á móti er hirðing 50 gripa í lélegum fjósum nógur starfi handa meðalmanni.

Þannig er kostnaður við gripi hendi er næst. Sé byggingaskógur rærri, byggja menn yfirleitt bjálka fjós, og að mínu áliti eru þau fjós með þeim beztu. Þar, sem skóglaust land er, þá byggja margir torffjós, likt og gerðist á Íslandi. Þau fjós eru heitust, en fremur endingarlítil. Torfristan er ekki eins góð hérna og á Íslandi.

Þá eru fjós bygð úr söguðum við. Þau eru skemtileg, og ef tilhögun er góð, þá getur maður hirt mikið fleiri gripi í þeim, og með léttara móti enn í bjálka eða torffjósum, sem vanalega eru minni, og þurfa alloft aðgerða við. Þá eru steinfjós. Þar sem grjót er auðfengið, munu þau litið ef nokkuð dýrari enn fjós úr söguðum við en um endingu þarf ekki að ræða. Margir finna þeim fjósum til foráttu, hvað þau séu köld og rakagjörn. Ég held hvorttveggja þetta sé að miklu leyti því að kenna, að ónógur loftstraumur er í fjósunum. Ég held, að ef réttbygðir strompar og næg loftgöt eru á steinfjósunum, þá muni þau vera viðunanlega hlý. Hver sá, er gripa rækt stundar, skyldi ef efni leyfa, byggja fjós sín svo stór, að hægt sé að aka vagni eða sleða eftir þeim, með heyloftí, þar sem hægt er að geyma hafra og annað fóðurkorn, og útbúnað þann, er maður getur tekið heyæki í tveimur eða þremur viskum og sett niður hvar sem er á fjósloftinu.

Menn byggja oft í gáleysi mörg smá fjós, sem kosta meira enn eitt stórt fjós, en eru mikið óhentugri.

AÐ BRÝNA FYRIR MÖNNUM AÐ FARA VEL MEÐ GRIPI SÍNA.

Um það, hvað góð hirðing gerir í tilliti til arðsemi gripanna, þá er sú vísa aldrei of oft kveðin. Þráfaldlega verður maður þess var, að einn fær þriðungi til helfingi meira fyrir svipaða tegund gripa, alt eftir því, hvernig þeir eru meðfarnir. Það er alt of almennur siður, að láta gripi, sem eru feitir að hausti, ganga magra undan vetrinum, svo að ekki fyr en eftir 2—3 mánuði á vor og sumargróðrinum hafa þeir náð því holdafari, er þeir höfðu haustinu áður. Ég er hræddur um, að þessi aðferð standi okkur allmikið fyrir þrifum, og að því fyr, sem við tökum upp þá aðferð að hafa að eins svo marga gripi, sem við getum haldið í haustholdum allan veturinn til vorgróðurs, — þess arðmeiri mun griparækt vor reynast. Það er fjöldi af bændum í landinu, sem gera sér að atvinnu, að ala gripi á vetrum á hveiti, byggi og öðrum korntegundum og rótarávöxtum, og þeirra kenning er þetta, að þess skemur, sem þeir sé að fita gripinn til þess hann nái háu verði, þess meiri sé arðurinn. Þeir gefa gripnum eins mikið og hann getur á móti tekið, án þess heilsu hans sé misboðið. Það er ekki sjaldgæft hjá þessum mönnum, að uxar 30 mánaða gamlir séu 1300 til 1400 pund á þyngd, þar sem við með almennu reglunni geymum gripinn 3—4 ár áður enn hann nær þessari þyngd.

Ennfremur getur sá bóndi, sem alt af hefir gripi sína í slátrunarhöldum, selt þegar gripir eru í hæstu verði, t. d. á vorin, þegar feitir uxar eru 4—5 cents pundið, í stað þess að bíða hausts, og verða þá að sætta sig við þriðjungi lægra verð.

SÖLUHAGNAÐUR

er mjög mikið undir því kominn, hvernig vöru seljandinn hefir að bjóða. Sem stendur er alt of alment meðal þeirra, er sölugripi ala, að líta þannig á, að svo framarlega þeir hafi grip af gefinni vigt, til dæmis þriggja ára uxa með 1200 til 1300 punda þyngd, þá hljóti þetta að vera góðir gripir. En það er alls ekki nægilegt, að slátrunargripur sé af vissri þyngd, enda ekki þó hann sé feitur, nema því að eins að sköpulag gripsins sé það, er kjötsalinn æskir eftir.

Englendingum er oft brugðið um, að þeir hugsi mest um munn og maga, enda eru þeir okkar beztu kaupanautar, hvenær sem við höfum gott kjöt á boðstólum. Þeir eru alls ekki sínkir að borga, ef varan er góð og við þeirra smekk, en eðlilega áskilja þeir sér úrskurðarvaldið um, hvað sé gott og hvað ekki, og það eru engin tvímæli á um það, hvernig kjöt þeir vilja helzt, — það bezta, sem hægt er að framleiða. Reynslan er fyrir því, að hægt er að framleiða kjöt, sem Bretanum fellur vel; og hvernig sem því er nú varið, þá virðast þeir ánægðir með arðinn af framleiðslu feitra gripa, sem þá iðju stunda, til dæmis á Bretlandi og í Bandaríkjunum. En hinir, sem framleiða hálffeita og magra gripi, bera ekki sitt upp, — og því miður tilheyrum við þeim síðarnefndu.

Að hinu leytinu er engum blöðum um það að fletta, að gripabændur fá oft og tíðum sárlitið fyrir vinnu sína, — mikið minna enn borgað er fyrir ýmsa aðra vinnu. Það er all-rótgróin trú manna á meðal, að við höfum kjöt einokunarfélag (Trust) í landinu, sem ráði algerlega verði sölugripa. Í hitteðfyrra rak svo langt, að konungleg rannsóknarnefnd var sett til að rannsaka þetta mál. Sú nefnd sat á rökstólum svo mánuðum skifti. Fremur varð lítill árangur þeirrar rekistefnu, að minsta kosti sést hann ekki í verðhækkun gripa. En þess urðu nefndarmenn varir, að á aðalsölutorgum í landinu, til dæmis Winnipeg og slíkum stöðum, — voru stórkaupmenn mjög kurteisir hverjir við aðra, enda svo kurteisir, að þeir varla eða aldrei yfirbjóða hver annan. Til dæmis, ef einhver kemur með gripahóp til sölu á einhvern stórmarkaðanna, þar sem stórkaupmenn (Packers) hafa sína tækistöðu, þá eru varla dæmi til, að fá fyrsta boð hækkað.

Ég hefi reynslu fyrir mér í því, að þessi umsögn er rétt í aðalatriðunum. Og þá um leið er það ljóst, hve stórilla gripabændur standa að vígi með að fá sanngjarnt verð fyrir vöru sína. Spursmálið verður þetta: Hvernig er hægt að bæta úr þessum vandræðum? Því vandræði mega það vissulega kallast, ef stærsta og mest áríðandi atvinnugrein heilla fylkja er háð geðþótta og gróðafýkn fáeinna stórkaupmanna, svo fárra, að maður getur talið nöfn þeirra á fingrum sér.

Ég hefi velt þessu allmikið fyrir mér, og eftir þeim athugunum, sem ég hefi átt kost á að gera, er það sannfæring mín, að það sem bezt geti greitt úr núverandi óhagkvæmu ástandi, mundi það, að slátra gripunum hér og flytja skrokkana í kuldalofti (chilled) til Evrópu.

Eins og nú til hagar, er tæplega gerlegt, að senda létta gripi til Evrópu. Kostnaður er jafn við að senda smáan grip og stóran. Þess utan er smáum grip, ungum hættara við meiðslum á leiðinni, og meðan innflutningsbann (Embargo) á Bretlandi gegn canadiskum gripum er í gengi, og gripum þar af leiðandi er slátrað áður enn þeir hafa jafnað sig eftir langa og oft stranga ferð, þá verður öllum athugulum mönnum ljóst, að allmikið tap getur átt sér stað við sölu kjötsins, — og það enda þótt um stóra gripi sé að ræða. Þess utan mundi flutningsgjald og ábyrgðargjald lægra, og þegar ennfremur kjöt, sem flutt er í kuldalofti, selst við töluvert hærra verði á Englandi enn af kanadiskum gripum þar slátruðum, — þá ætti nauðsyn þessara flutningsfæra að vera auðsæ.*)

*) Síðastliðinn september seldist héðan flutt (chilled) kjöt á Englandi 1½c dýrara enn kjöt af kanadiskum gripum þar slátruðalmennu reglunni geymum gripinn um.

SMJÖR- OG OSTAGERÐARHÚS, JÁRN- OG TIMBURSMÍÐA-VERKSTÆÐI OG AKURYRKJUVÉLA STÖÐ BÚNAÐARSKÓLANS.

Gerir Meira Brauð og Betra Brauð

Selt hjá öllum Matsölum Biðjið um það

PURITY FLOUR

er ekki verðlágt mjöl. En verðið er ekki eina íhugunar atriðið í mjölkaupum. Eins og alt annað getur verðlægsta mjölið orðið að hinu dýrasta á endanum. Fáein cent meira fyrir mjöl, sem gefur fleiri brauð og efnisbetra brauð, er hin hæsta tegund sparnaðar.

Það er þess vegna, að vér biðjum yður, að kaupa sekk af **PURITY FLOUR** og reyna það sjálfir. Látum það kosta fáein cents meira, en sumar aðrar hveititegundir, sem þér hafið notað, ef svo hefir verið. **PURITY FLOUR** gefur yður meira brauð, enn nokkurt annað mjöl, brauðið verður bragðbetra og lithreinna, og reynist sæðsamara. Það mun því reynast yður ódýrara, efnismeira, og gefa yður fullnægju.

Það er af þessum ástæðum, að vér biðjum yður að byrja að nota **PURITY FLOUR.** Ef það væri ekki í allan máta virði þess verðs, sem það er selt fyrir, þá mundi það ekki hafa náð þeirri feikna sölu, sem það hefir um alt Canada. Þér munuð sanna, eins og mörg þúsund annara hafa reynt, að **PURITY FLOUR** er drýgsta mjöltegund, sem þér getið notað, og gefur mesta fullnægju.

Kaupið sekk af **PURITY FLOUR** þegar þér gerið næstu mjölkaup. — Biðjið ekki að eins um "mjölsekk", og leggið með því á vald matsalans, hvað hann sendir yður. Þér eigið að ráða, hvað þér kaupið, þér borgið fyrir það. Segið því við matsalann: "Sendið mér sekk af **PURITY FLOUR,"** og sjáið til þess að þér fáið það.

Dagleg framleiðsla 13,000 sekkir

WESTERN CANADA FLOUR MILLS CO., LTD.,
Winnipeg, Manitoba

Flutningsfæri þessi yrðu auðvitað mjög kostnaðarsöm í byrjun, og tæplega hægt að búast við þeim sem landsstjórnin hlypi undir bagga og annaðtveggja stofnsetti og styrði slíkum flutningsfærum, ef nauðsyn krefði, eða að öðrum kosti gæfi nægan styrk járnbrauta eða öðrum félögum, er fús kynnu að vera til að stofna slík flutningsfæri. En því miður á slík framkvæmd langt í land, eftir því sem séð verður.

Eins og sakir standa, þekki ég því ekkert ráð, sem ég geti gefið gripabændum til að fá sæmilegt verð fyrir gripi sína, annað en það að bæta kyn gripanna sem mest, og bjóða helzt ekki til sölu nema góða gripi. Samtök við gripasölu hafa oft og víða verið reynd, en vanalega hafa þau samtök strandað á því, hvað mikið var af lélegum gripum meðal félagsmanna. Og eins og áður er áminst, að allar líkur benda á, að örfáir stórkaupmenn hafi innanlandsmarkaðinn í hendi sér, og meðan við verðum að sætta okkur við þau flutningsfæri, sem nú gerast, en bjóðum til sölu eins mikið af úrgangsgripum og nú gerist, þá verðum við að gera okkur ásátta með, hvað helzt sem þeir góðu menn eru viljugir, að láta af hendi rakna og þar sem stórhætt er við, að þessu haldi áfram í nálægri framtíð, — þá er lífsspursmál, að breyta búnaðar aðferðinni á þessu sem fyrst.

Ég hefi nú í fám orðum svarað spurningum þeim, sem fyrir voru lagðar, ekki eins og sá, er dómsvald tekur til að staðhæfa, að þetta sé hið eina rétta, heldur til að sýna mína skoðun á málinu.

Ég hefi trú á því, að ef bændur yfirleitt vildu hirta skoðun sína á hinum ýmsu greinum búnaðarins, þá mundi slíkt gera mikið gagn. Samanborin reynsla margra athug ulla manna gefur hverjum, er eftir vill leita, býsna skýra úrlausn vandamála þeirra, er bændur hafa við að stríða. Bændur, dreifðir yfir víðáttumikið land, geta illa hitzt til að bera ráð sín saman, en þeir geta skrifast á í blöðum og tímaritum, og þannig grætt hver á annars reynslu.

FÁEIN ORÐ UM SMJÖRGERÐ.

Eftir

Ingibjörgu Th. Hinrikson.

Skrifað sérstaklega fyrir Búnaðarskólablað Hkr.

Churchbridge, Sask.

15. apríl 1909.

Herra ritstjóri Heimskringlu!

Samkvæmt tilmælum þínum hefi ég samið greinarkorn um smjörgerð og meðferð mjólkur til smjörgerðar, þrátt fyrir það, þó ég finni, að ég er því starfi engan vegin svo vel vaxin, sem vera þyrfti, vona ég samt, að bendingar þær, sem ég hefi gefið, geti orðið einhverri íslenzkri bóndakonu að nokkru liði við smjörgerð í heimahúsum.

Smjörgerð hafi ég lært við Búnaðarskóla Manitoba fylkis. Búnaðarskólinn er stofnun, sem ég er fullviss um, að piltar og stúlkur — og þó piltar sérstaklega — hefðu gott af að sækja nám til. Ég held, að margir unglingar hafi ekki hugmynd um, hve mikið má læra þar viðvíkjandi landbúnaði, — að minsta kosti trúði ég því ekki, þegar ég fór að heiman í fyrra, að ég gæti eytt heilum 10 vikum í það, að fá tilsögn í smjör tilbúningi. En reyndin varð sú, að þó ég hefði töluverða heimþrá, vildi ég þó ekki tapa neinu af tímanum, sem ég átti kost á að vera þar. Auðvitað fékk ég tilsögn í fleiru en smjörgerð, svo sem mælingu á fitumagni mjólkur (Milk Testing), og einnig ofurlítið í ostagerð.

Ef nokkur sá Íslendingur, sem hefir hentugleika til að ganga á þennan skóla, er á ferð í Winnipeg, vildi ég fegin geta hvatt hann til að skoða skólann (það er öllum velkomið), því ég ímynda mér, að það gæfi honum sterkari löngun til að njóta þar tilsagnar, heldur enn flest annað.

Virðingarfylst,

I. Th. Hinrikson.

Þegar um mjólkur meðhöndlun til smjörgerðar er að ræða, er aðal undirstaðan til þess að það takist eins vel og þörf er, sú, að kúnum sé haldið hreinum og þrifalegum, til að fyrirbyggja að hár eða ryk komist í mjólkina.

Á sumrin, þegar kýr ganga lausar, þurfa þær að liggja á hreinni jörð, en til þess verður að skifta um náttstaði þeirra öðru hvoru.

Að vetrinum til þurfa þær mjög nákvæma hirðingu. En ég hygg, að eitt af því nauðsynlegasta til að halda þeim hreinum í fjósum, séu mátulega langir básar, og nokkuð djúpar og breiðar rennur.

Undir engum kringumstæðum ætti að hreyfa mykju meðan á mjólkuninni stendur, og ekki heldur ætti að fara með hey á þeim tíma, því það er staðhæft, að úr því komi frjóangar (Germs), sem taka sér aðsetur í mjólkinni. þessir "Germs" margfaldast á mjög stuttum tíma og spilla mjólkinni.

Ágætt er að strjúka júfrin og kviðinn á kúnum með deigri rýju, áður en byrjað er að mjólka, því það varnar því, að laust ryk, sem kann að vera í hárinu falli niður í mjólkina.

Þegar mjólkin kemur úr kúnni, er hún í ágætu ásigkomulagi, til að vera sett í skilvinduna strax. En ef hentugleikar leyfa það ekki og mjólkin kólnar, skal hita hana þar til hún er níutíu gráður Fahr. Ef mjólk er sett í skilvinduna kaldari en svo, er viðbúið, að tölu vert af smjörfitu fari í undanrenninguna. Einnig er nauðsynlegt til að fá góða aðskilningu, að snúa skilvindunni með jöfnum hraða og rykkjalaust. Á öllum skilvindum er eitthvert stykki eða skrúfa til að breyta með þykt rjómans, en auk þess á ýmislegt fleira þátt í því. Til þess að gera rjómann þykkri stuðlar þetta: Skilvindunni snúið hart, mjólkin köld, og mjólkin látin renna hægt ofan í skilvinduna.

Að hafa rjómann ekki of þunnan, gerir hann auðveldari til meðhöndlunar. Þrjátíu til þrjátíu og fimm pund af smjöri úr hundrað pundum af rjóma er mátulegt.

Þegar búið er að aðskilja rjómann, skal hann kældur niður í að minsta kosti 50 gráður Fahr. eins fljótt og unt er. Þetta er nauðsynlegt, því á meðan rjóminn er heitur, er hann miklu móttækilegri fyrir óhreinindi, sem orsaka bragð og slæma lykt.

Aldrei má blanda saman köldum og volgum rjóma.

Þannig skal geyma rjómann: — Í eins hreinu, köldu og loftgóðu plássi og völ er á, þar til byrjað er að sija hann.

Sýring eða gering rjómans er vandamesta atriðið í meðferð mjólkur til smjörgerðar. Að ná því, að sýra hann nógu mikið og ekki um of, og á þann hátt, að hann taki ekki í sig nein óhreinindi.

Til eru þrjár aðferðir til að sýra rjóma til strokkunar, og nefni ég að eins þá, sem er algengust og, að ég held haganlegust:

Hita skal rjómann smám saman þar til hann er frá 65 til 70 gráður Fahr. Sú aðferð, sem mér hefir reynst bezt til að hita hann, er að setja rjómafötið ofan í fötu með volgu vatni og endurnýja vatnið þar til nógum hita er náð. Hræra skal í alt af öðru hvoru. Nú skal hræra saman við rjómann frá tíu til tólf prósent af áfum frá fyrri strokkun, en áríðandi er, að þær séu hreinar og bragðgóðar. (Séu áfir ekki til, skal brúka sömu aðferð og hér segir, en gerunin tekur þá lengri tíma). Láta skal rjómann í hlýtt pláss, þar sem hann kólnar ekki, þar til hann fær ofurlítinn súrkeim og lykt. Þetta tekur vanalega, ef frumkvöðull er brúkaður, frá sex til átta klukkutíma. Þá skal kæla rjómann niður í fimmtíu gráður Fahr., eða meir, og hann látinn haldast svo fyrir það fyrsta fjóra til fimm klukkutíma, mega eins vel vera tólf til fjórtán.

Vanalega hefi ég þá reglu, að hlýja rómann nálægt miðdegi dag inn áður en ég ætla að strokka, kæli hann svo að kvöldinu, og læt standa yfir nóttina. Eftir þennan tíma á rjóminn að vera kominn í gott ásigkomulag til að strokkast.

Strokkinn skal þvo úr sjóðandi vatni, og hann svo kældur vel með köldu vatni, rjóminn síaður í hann og litur látinn í, ef þörf er. Reglur fyrir, hve miklum lit skuli blanda saman við rjómann, er ekki hægt að gefa, því litur rjómans er svo mismunandi, eftir fóðurgæðum þeim, sem kýrin hefir. Hafi skal fyrir markmið, að lita svo, að smjörið hafi sama lit og ólitað smjör hefir í júlí á sumrin. Þetta lærist fljótt af eigin reynslu. Sama er að segja um hita rjómans, þegar hann er látinn í strokkinn, — því viðvíkjandi er heldur ekki hægt að gefa nákvæmar reglur. Það sem verður komist næst í þessu efni, er frá 54 til 62 gráður Fahr. á vetrin.

Varast skal að strokka of lengi. Þegar strokkurinn er að byrja að skiljast, er gott að láta í hann 3 til 4 merkur af köldu vatni, og honum svo snúið hart um stund, eða þar til, að smjörið fer alt í smákögla, líkast höglum. Þannig á það alt af að vera, þegar það er tekið af strokknum.

Nú skal áfunum rent af, og vatn látið í staðinn. Bezt er, að láta lítið eitt meira vatn, heldur en áfirnar, sem af eru teknar, og tveim ur til fjórum gráðum kaldara, enn rjómann, þegar hann var látinn í strokkinn. Snúa nú strokknum nokkra snúninga, vatninu rent af og annað látið í staðinn. Ef fyrsta þvottar vatnið er næstum tært, þegar það er tekið af, og smjörið á ekki að vera geymt fyrir lengri tíma, er einn þvottur nægilegur.

Taka skal nú smjörið af strokknum, það vigtað og svo látið í hann aftur. Nauðsynlegt er að vigta smjörið, til þess að geta saltað það mátulega. Mælikvarðinn er ein únza af salti í hvert pd. af smjöri, en mér finst það heldur mikið og hefi því únzuna lakvegna. Saltið skal sigtað yfir smjörið í strokknum, og látið standa nokkra stund, til þess að saltið renni og samlagist smjörinu. Á meðan er bezt að taka til smjörborðið. Það og öll tréáhöld skal þvo vel með bursta, úr sjóðandi saltvatni, og svo úr köldu. Sé þetta vel gert, festist smjörið aldrei við áhöldin.

Taka skal nú smjörið úr strokknum, láta það á borðið og hnoða um stund, láta það svo liggja 20 til 30 mínútur og hnoða svo aftur. Að láta smjörið liggja milli fyrri og seinni hnoðunar, kemur í veg fyrir rákir í smjörinu, sem orsakast af því, að saltinu er enn ekki fullkomlega jafnað um smjörið. — Varast skal, að hnoða smjörið of mikið, að eins nóg til þess, að saltið renni og samlagist, og þess minni hnoðun, sem þetta tekur, því betra.

Sé smjörið nú ekki látið í kyrnur, skal það mótað í punds stykki Mótinu er hvolft yfir smjörið, og fyllist það þannig sjálfkrafa, og er það svo tæmt á örk af þar til gerðum pappír. Áherzla er lögð á það, að pappírinn sé slétt lagður og vel brotinn utan um smjörið. Smjör-pappírinn á að láta liggja í köldu saltvatni, að minsta kosti hálfan klukkutíma áður en hann er notaður, og ef smjörið skal geymast, er ágætt að láta ofurlítið af Formalderhyde í vatnið, og pappírinn látinn liggja í því yfir nótt, eða samsvarandi tímalengd. Að láta "Formalderhyde" í vatnið ver myglu, sem oft á sér stað, ef smjörið er geymt fyrir lengri tíma, jafnvel þótt pappírinn sé látinn liggja í saltvatni.

Léti ég smjörið í kyrnu, mundi ég hafa það á þennan veg: Hella í hana sjóðandi saltvatni, og láta standa þar til kólnar, og endurnýja, þar til tréð er orðið vatnsósa. Kyrnuna skal fóðra innan með smjörpappír, eins meðhöndluðum eins og áður er sagt, smjörið síðan látið í, og þess vel gætt, að því sé vel þrýst út að trénu, og hvergi holur. Ekki skal fylla meira en svo, að fjórðapart þmlborð sé eftir. Brjóta skal nú fóðrið inn undir og skera svo pappír mátulegan á yfirborð kyrnunnar, og leggja svo slétt yfir. Eigi smjörið að geymast, skal renna yfir sambræðslu af salti og vatni, sem myndar skel til hlífðar smjörinu.

Að endingu ætla ég að taka það fram, þó ég hugsi að þess sé ekki þörf, að smjörið skal aldrei snert með höndunum, því verkfæri til þess, sem eru mjög þægileg í meðferð, svo sem spaðar og hnoðunarborð, eru ekki kostnaðarmeiri en, svo, að allir, sem nokkuð gera að smjörtilbúningi, eiga hægt með að eignast þau.

Þar sem ég hefi enn ekki minst neitt á þvott mjólkuráhaldanna, þá ætla ég að slá botninn í þetta með því, að setja niður fáein orð um það.

Öll mjólkuráhöld þarf að þvo sem alla fyrst, eftir að þau eru brúkuð. Betra er að nota bursta til þess, heldur enn dulu, hann nær mikið betur til að hreinsa allar rif ur eða holur, sem kunna að vera á þess konar áhöldum. Einnig er minni vandi að halda burstanum hreinum. Þvottarýjur, ef þær eru ekki því betur hirtar, verða súrar og um leið óheilnæmar. Fyrst skal þvo áhöldin úr volgu vatni. Sé heitu vatni helt í mjólkuráhöld, hleypur börkefnið (Albumen) í mjólkinni og myndar hvíta skán, sem er mjög erfitt að þvo af aftur. Þegar búið er að hreinsa vel áhöldin úr volga vatninu, skal skola þau innan úr sjóðandi vatni og láta þau svo út, þar sem sólin getur skinið á þau.

GRIPAMATSRÉTTIN OG EITT AF GRIPAHÚSUM MANITOBA BÚNADARSKÓLANS.

Ég ætla að nefna hér nokkrar kringumstæður, sem gera það að verkum, að strokka skuli rjómann í heitara lagi: —

1. Ef langt er síðan kýrnar, sem mjólkin er úr, hafa borið.
2. Ef rjóminn er ekki full sýrður.
3. Ef herbergið, sem strokka skal í, er kalt.
4. Ef rjóminn er þunnur.
5. Ef mikið er í strokknum.

Sé alt í bezta lagi, á strokkunin að taka frá 25 til 40 mínútur.

S. L. Barrowclough



FÁIR MENN ERU BETUR þektir en hr. S. L. BARROWCLOUGH, ráðsmaður í Winnipeg fyrir Karn-Morris Piano og Organ félagið, og leiðtogi Winnipeg City Hornleikendaflokksins, sem hvervetna þar sem hann hefir spilað, hefir áunnið Winnipeg borg hina mestu sæmd, og unnið sér góðan orðstýr, bæði í Bandaríkjum og á Toronto sýningunni í fyrra —og það er því gleðiefni, að flokkurinn á að spila aftur í Toronto á þessu ári.

Þó herra Barrowclough sé hljóðfæraleikari, þá ver hann mestum tíma sínum til Pianosölu. Hann hefir stúderað gerð þeirra og selur tvö leiðandi canadisku hljóðfærin. Hann er nýlega kominn heim frá Woodstock, mestu Piano-gerðar stöð í Canada, þar sem Karn-Morris Piano og Organ félagið hefir verkstæði sín. Herra E. C. Thornton, ráðsmaður Morris Piano félagsins, er nú ráðsmaður nýja félagsins, og herra Barrowclough segir, að undir stjórn Thorntons sé framtið félagsins trygð. Hið ágæta Morris Piano, sem tilbúið er undir umsjón hr. Thorntons, hefir náð afar mikilli útbreiðslu og vinsældum, og er aðal umræðuefni Piano verzlunarmanna, hvar sem þeir mætast. Hin óaðfinnanlega hljómfegurð þess og skrautsmíði hefir náð hylli Canadabúa. Karn-hljóðfærin hafa verið á markaðnum yfir 40 ár, og eru þekt og seld í öllum menningarlöndum heimsins. SJÖTÍU OG FIMM ÞÚSUND KARN PIANOS ERU Í BRÚKI.

Fyrir nokkurum árum sendi hr. Karn nokkur hljóðfæri á fleirþjóða sýningu í London á Englandi. Sem afleiðing af því, fékk hann pantanir fyrir 3500 hljóðfærum, eða 175 járnbrautarhlössum, sem er mesta pöntun, sem gerð hefir verið hér í heimi. — Með samsteypu þessara tveggja stórfélaga, vonar herra Thornton að framleiða hljóðfæri, sem ekki að eins sómi sér á hverju heimili, heldur verði uppáhald mestu og vandhælnustu söngfræðinga í heimi

¶ Nýja félagið verzlar nú í nýju búðinni sinni að 337 Portage Avenue.

Nokkur alvöruorð til Íslendinga í Canada.

Eftir BANDARÍKJA ÍSLENDING

Skrifað sérstaklega fyrir Búnaðarskólablað Heimskringlu.

B. L. Baldwinson!

Kæri vinur. — Oft hefi ég rent huga-sjónum þarna norður til ykkar Canada manna, og litið yfir bygðir og bú, virt fyrir mér bylgjandi kornstangamóðu Argyle sveitarinnar, og undrast frjósemi hennar og fegurð, séð framtíðarmyndir blasa við, myndir af fagurlega skreyttum búgörðum bænda, — niðjum hinna fornu Íslendinga, er landið numdu, mannanna, er hingað komu félitlir og sumir snauðir, — mannanna, er ekki gátu einu sinni sagt, sem J. Ól.:

"Ég átti bara' eitt þarflegt þing
og það var — góður kjaftur".

Nei, það gátu þeir ekki sagt, því þeir voru ókunnandi á tungumál þessa lands. En sú var vernd þeirra, að hjá þeim lifðu glæður af forn-norrænu íslenzku þreki, þær verndu huga þeirra og gáfu honum þróttinn.

Líka sé ég mennina vinna á ökrum með nýrri aðferð. Enga hesta sé ég ganga fyrir vélunum á akrinum, vinnan er öll knúð áfram af gufu og rafmagnsafli, — hestarnir eru að eins hafðir til skemtiferða. Þess á milli leika þeir sér frjálsir og glaðir í högum sínum.

Svo rennir h u g i sjónum vestur á bóginn, að sveitinni, er skáldjöfrinum (Klettafjalla ernínum) vestræna þykir vænst um. Þar eru búgarðar bænda allir girtir með traustum girðingum úr vír. Þar blasa við sjónum skrúðgrænir hagar, akrar og engi. Þar er mergð kvikfénaðar mikil, alt af beztu kynjum, vel hirt, sem vera ber. — Síðan tekur h u g i flug niður til Nýja Íslands, sem liggur við vatnið fiskisæla, og sér bygðina risna úr rústum, — þar eru hátimbruð hús í fögrum skógarlundum, er speiglast í blágljáan vatninu; akuryrkja, kvikfjárrækt og garðrækt er sem bezt má verða. Gufubátarnir þjóta drynjandi með strönd um fram, fermdir láðs og lagar vörum. — Þá verður hugsjón Sigtryggs fullnægt. Þá verður Nýja Ísland "farsældar frón".

En þessar hugsjónir rætast ekki nema því að eins, að niðjarnir taki þar við, er feðurna þrýtur, og haldi fram til fullkomnunar vel byrjuðum verkum.

"Ó, þú alþýðustétt,
sem allra ert hagsælda móðir".

Enn hún getur ekki verið "allra hagsælda móðir", nema því að eins, að hún haldi áfram öðrum stéttum jafnhliða til fullkomnunar. Hún má ekki vera á eftir, má ekki láta aðrar stéttir hugsa fyrir sig; hún verður að gera sínar hugsanir sjálf og leiða þær til fullkomnunar sjálf. Að öðrum kosti litur enginn til hennar sem móður!

Ég hefi alt af haft þá hugmynd um Nýja Ísland, að það mundi í framtíðinni verða Íslendinga farsælasta og bezta nýlenda. Eftir þeim lýsingum, er ég hefi þaðan, er margt, sem styður það: Þar er gnægð veiði, skógur mikill að sagt er, og frjósamur jarðvegur — (flugurnar og forirnar voru víst vondar plágur, en þeim ryður bygðin úr vegi).

Hér um daginn las ég stutta grein í Heimskringlu, er rituð var frá Gimli. Mér varð mjög starsýnt á þá grein. Greinin var skattyrðingagrein viðvíkjandi kjallarabyggingu kaupmannanna þar í bænum. Af greininni er svo að sjá, sem Ný-Íslendingar yrki ekki nóg af jarðeplum til heimila sinna, og að þeir þurfi að kaupa þau og ýmsar aðrar afurðir jarðar að, er þar geta þó þrifist. Slíkt er illa farið. Úr því að jarðvegurinn er frjór, ætti það að vera sjálfsögð skylda bænda, að yrkja svo jörðina, að þeir fyrst og fremst hefðu gnægð jarðarávaxta til síns eigin heimabrúks, og svo dálitið meira, til að selja á markaðinn. Sé það svo, sem segir í greininni, er öll ástæða til, að minna Nýja Íslands bændur á það, að þeir verða að taka dýpra í árinni, en þeir gera nú.

En orsakir eru til alls. Nýja Íslands búar munu flestir hafa komið beina leið frá Íslandi, og þar af leiðandi verið öllum jarðyrkjuháttum ókunnir, sezt að þarna afskektir, svo að segja útilokaðir frá áhrifum annara þjóða. Breytingastraumarnir hafa því verið hægir og seinfara inn til þeirra. — En samt, eftir því sem mér skilst af fréttum þaðan, eru nú framfarir þar orðnar vonum framar, og vonandi, að framfarastraumurinn aukist og eflist með ári hverju. Vonandi, að innan skams hafi Gimli kaupmenn ekki þá ástæðu til að afsaka kjallaraleysi sitt, að bændur hafi engar markaðsvörur til sölu, er í kjöllurum þurfi að geymast. Óskandi, að aðfluttar vörur þeirra nemi mörgum sinnum meira en innfluttar. — Eftir því, sem mér skilst, þyrftu þeir að veita nýjum menningarstraumum í búnaði inn í bygð sína.

En hvaðan gætu þeir fengið sér holla búnaðarstrauma? Ja, þó ólíklegt virðist, geta þeir fengið hina réttu strauma frá borginni W i n n i p e g! Hér um daginn sá ég lýsingu af b ú n a ð a r s k ó l a, er reistur hafði verið í Winnipeg. Skólanum var þannig lýst, sem einum í röð þeirra allra beztu búnaðarskóla á meginlandi Ameríku. Slíkt vakti forvitni mína, svo ég fór og náði mér í skólaskrána. Þegar ég var búinn að yfirfara hana, var ég þess fullviss, að engir ölgar væru um kosti skólans sagðir. Til dæmis: Alla og alls konar meðferð moldarinnar, plöntufræði, um afurðir jarðar, um framræsing og vatnsveitingar, um stjórn búa, um val útsæðis, að dæma og meta kvikfénað, um húsabyggingar, meðferð gripa, um fóðurtegundir, um fugla rækt, um eðlisfræði gripa, um sjúkdóma og ráð til lækninga, um mjólkurkúa kyn og meðferð kúnna, — um yrking alls konar ávaxta og garðrækt, um skógrækt, um blómsturrækt, um orma og pöddur, er skaðlegar eru jarðargróða, og hvernig þeim skuli verjast, um grasafræði, um frumagnir plantanna, svo sem smára, hvernig þeim sé háttað og hvernig þeim sé viðhaldið til þrosknar, og áhrif einnar frumagnar á aðra, um þroskaskeið þeirra og nytsemi, um verkfræði, trésmíði, járnsmíði, vélfræði og dráttlist, — enska málfræði og alt er þar að lýtur, bókfærsla og önnur undirstöðuatriði verzlunar fræðinnar, um þingskapalög, hvernig mál skulu borin upp og rædd á mannfundum. Tilgangurinn með það er sá, að gera einstaklingana hæfilegri sem meðlimi borgaralegs félags, og er slíkt mikils um vert, því oft vill svo til, að einstaklingarnir eru kallaðir óvörum að ýmsum stjórnarstörfum, og er þá ætið viðkunnanlegra, að vita allar reglur og lög starfsins, en að þurfa að biðja aðra að kenna sér. Sá, er veit veginn rétta, stendur aldrei kinnroða sakir vankunnáttu sinnar. — Flestir verða að l æ r a að lifa — því fáir eru jafnokar Haraldar harðráða. Svo er um hann sagt, að hann tæki ætíð það ráð í bili, er allir sáu á eftir að bezt var og réttast. Við hinir verðum að láta okkur lynda, að læra af reynslu annara.

Skóla námsgreinarnar eru að eins reynsla annara manna, er þeir hafa með súrum sveita staðreynt og prófað. Þær eru ekkert óvissufálm, ekkert hrófatildur, til að sýnast, þær eru virkilegar, arðsamar, nauðsynlegar.

Þar eð þér, B. L. B., virðist að vera manna annast um hagsmuni og velliðan Íslendinga hér í landi, ættir þú með oddi og eggjan að vekja upp íslenzka bændasyni þar nyrðra og hvetja þá til að ganga á búnaðarskólann þarna í Winnipeg. Kostnaðurinn, sem af því leiðir, mundi ekki verða svo ógurlega gífurlegur. Að minsta kosti yrði hann sem fjöður á fati í samanburði við þann feikna ágóða, sem náminu er samfara. Tökum nú til dæmis ungan mann, sem gengið hefir á skólann, fer síðan og nemur sér land. Þegar hann setur bústað sinn á landinu, mun hann setja hann samkvæmt þeim hagfræðisreglum, er skólinn hefir lagt honum grundvöll fyrir. Hann mun fyrst taka tillit til skiftingar landsins útfrá heimilinu, í haga, engi og akra; skifta þannig, að sem mest jafnvægi verði í vinnu og afnotum hinna ýmsu hluta landsins. Og einnig mun hann nákvæmlega meta og virða, hvar og hvernig hann skuli setja skógar skjólgarðana, hverjum trjátegundum hann skuli planta og hvern ig planta og annast sérhverja tegund trjáa, um það alt hefir skólinn frætt hann. Einnig hefir skólinn kent honum að þekkja jarðveginn, svo hann gengur ekki gruflandi að því, hvernig hluta skuli í sundur: hvar haginn, hvar engjarnar og hvar akurinn skuli an frágang landsafurða til markaðs sölu.

Þá er það ekki lítilsvirði fyrir bændur, að geta lært alt, sem eðlisfræði gripanna viðvíkur, svo sem um alla algenga sjúkdóma, þekkja hjálparmeðul þar við. Hve mörgum áhyggjustundum mun ei sú þekking létta af bændum, því að margur er sá sjúkdómur og smákvilli, er gripi þjáir, sem lítilsvirði sýnist þeim, er þekkir og meðalið veit, og sem ægilega skaðvænlegur er í augum hins, er ekki þekkir. Þess þekkjum við mörg dæmin, að fátæklingarnir hafa hlotið marga andvökunóttina af ótta og kvíða yfir því, að verða að missa b j a r g r æ ð i s g r i p i n n sinn, — missa hann að eins fyrir þekkingarskort á smáatvikunum, þar sem að eins örlitið hnífsbragð eða hnífstunga á réttum stað hafði getað bjargað lífi skepnunnar, og um leið komið í veg fyrir áhyggjur mannsins, sorg konunnar og grát barnanna.

Lífskjör okkar samanstanda eða byggjast á smáatvikum og atriðum, og eftir því, sem við höfum betri tök á, að samrýma atvikin í heild, því færari erum vér til að standa af okkur straumiðukast lífsins.

Eigi er það heldur all-lítils virði fyrir bóndann, að skólinn skuli kenna honum undirstöðu atriði bygginga, og ekki það einvörðungu, heldur einnig handtökin á bygginga verkfærunum, svo sem að hefla og saga. Ókunnum manni s ö g, sýnist það ekki muni vera mikilsvert, að handleika það verkfæri, en taki óvanur maður sög úr hendi smiðs, getur hann ekki, þó hann ætti líf sitt að leysa, leikið eftir smiðnum með sögina.

Nú á tímum eru vinnulaun öll í hámarki. Það er því ekki lítilsvirði fyrir bóndann, að geta gert byggingavinnu sína sjálfur, að minsta kosti þá óvönduðustu, — bygging fjósa og annara útihúsa. Nú munu smiðir, svona yfirleitt, krefjast $3 á dag. En þeir eru líkir öðrum mönnum: Sumir ágætir verkmenn, aðrir handónýtir, sem ekki eru verðir mátar og tímatafa. "Sjálís er höndin hollust", í hverri grein.

Svo er vélafræðin. Þegar bændur fara alment að nota gufu og rafmagnskraftinn til að knýja með vélar sínar, mun þeim koma bezt að kunna að drífa vélarnar sjálfir, og það læra þeir á skólanum. — Því segi ég aftur: Sjáðu svo til, að hinir íslenzku bændasynir gangi á skólann!

Þegar ég las lýsingu skólans, rak ég mig á eitt, er mér þótti stórmerkilegt, og það var, að af 170 nemendum, er skólinn hefir nú í ár, skyldu ekki vera nema að eins t v e i r Í s l e n d i n g a r! — Svo má það ekki til ganga! "Sjálfur leið þú sjálfan þig". — Við verðum að sýna öðrum, að við viljum engar hornrekur vera, við Íslendingarnir!

Ef ég mætti mæla orði í eyra bændasona ykkar þar nyrðra, þá mundi ég segja eitthvað þessu líkt: — Gangið á búnaðarskólann og nemið alt, er hann kennir, verðið bændur í fyrstu röð, sómi lands og þjóðar! Verið samferða tímans straumi, svo að með sanni megi segja um ykkur: "Bóndi er bústólpi, bú er landstólpi"! Sækist ekki eftir villuljósum b æ j a og b o r g a, unið sveitasælunni, því að: —

"Í einverunni alt er þar á móti
alvörugefið, hreint og laust við
tál".

Gætið þess, að margur unglingur inn, hefir farið úr bóndagarði, í blóma lífs síns, efnilegur og saklaus, en í b o r g gengið til sinnar hinstu hvílu e y ð i l a g ð u r óreglumaður!!

ROBLIN HALL.

Í þessari byggingu eru svefnherbergi og matreiðslustofur fyrir nemendur Búnaðarskólans.

Búsæld.

Skrifað fyrir Búnaðarskólablað Hkr.

Hvað er búsæld? — það, að hafa nóg af öllu fyrir sig og sína. Þannið hefi ég skilið þetta orð — b ú s æ l d — og þannig mun það alment skilið. — Enn er ekki dálitill tvískinnungur í meiningunni? Mundi maður ekki með réttu mega líka segja, að það sé sönn búsæld, að hafa nógan og góðan forða handa búpeningnum?

Úti á Íslandi þekti ég tvo bændur. Annar var einn af tíundarhæstu bændum landsins, hafði 1200 fjár á fóðrum. Hinn var talinn í betri röð bænda, hafði 600 fjár á fóðrum. Í kauptíð, þá er þeir seldu ull sína, höfðu þeir hnífjafna vigt af ull. — Fólksfjöldi var líkur á heimilunum, svo eigi gat munað sem næmi á heimaullinni. Mismunurinn kom fram í því, að fjárfái bóndinn fóðraði gripi sína vel, en hinn kvaldi sína.

Svo er það einnig hér, að mér skilst, að hin sanna búsæld er í því innifalin, að hafa nægan forða fyrir menn og skepnur.

Sé kvikféð kvalið í hungri og annari illri meðferð, verður það undirorpið ýmsum sjúkdómskvillum, og þeim fylgja afföll á tölu stofnsins. Setjum svo, að hver bóndi missi að jafnaði 2 gripi á ári, fyrir handvömm og sjúkdóma. Ef við reiknum alt það tapaða fé til verðs, mundi það æríð há tala, er út kæmi. Við mundum geta komið mörgu til leiðar með öllu því fjármagni.

Hin sanna búsæld hygg ég muni vera í því fólgin, að hirða alt vel, — láta okkur verða sem mest og bezt not af hverju einu. Mörgum er nothæfni meðfædd, aðrir verða að læra hana. En öllum er ómissandi nákvæmni og vandvirkni.

(R.).

Á beztu heimilum

hvar sem er í Ameríku, þar munið þér finna HEIMSKRINGLU lesna. Hún er eins fróðleg og skemtileg eins og nokkuð annað íslenzkt fréttablað í Canada

New Empire School Desks

ÞAÐ BEZTA ER ÓDÝRAST

Einsætis skrifborð,
Tvísætis skrifborð,
Tvöföld einstaklings skrifborð,
Kennara skrifborð,
Kennara stólar,
Uppdrættir,
Hnettir
Krít,
Afþurkarar,
Svartborð.

TVÖFÖLD EINSTAKLINGS SKRIFBORÐ

Vér verzlum með alt það, sem lýtur að útbúnaði skóla.

Sparið peninga yðar með því að kaupa beint frá oss, sem búum til þessa hluti. — Vér höfum ætíð fullar byrgðir.

Skrifið eftir lýsinga bæklingi og verðlista.

Öllum fyrirspurnum svarað fljótt og nákvæmlega.

E. N. MOYER CO., Ltd., CANADA'S SCHOOL FURNISHERS

315-319 William Avenue, Winnipeg, Man.

Búnaðarskólablað Heimskringlu.

Heimskringla.

Annar partur Bls. 9—16

XXIII. ÁR | WINNIPEG, MANITOBA, FIMTUDAGINN 26. ÁGÚST 1909. | NR. 48

"BÓNDI ER BÚSTÓLPI, BÚ ER LANDSTÓLPI"

Akuryrkjukensla við Manitoba Búnaðarskólann.

Eftir
S. A. BEDFORD
Prófessor í búfræði við Manitoba Búnaðarskólann.

Skrifað sérstaklega fyrir Búnaðarskólablað Hkr.

AKURYRKJA ER SÚ GREIN búfræðinnar, sem fjallar um akurlendi og jarðarávexti.

Það er þess vegna eitt af þýðingarmestu íhugunarefnum íbúanna í Vestur-Canada, þar sem aðal auðæfi vor eru fengin af ökrunum.

Í þessari deild er nemandinn látinn kynnast eðli jarðvegsins, frjósemi hans, ræktun og umbótum.

Jafnvel þó að frumjarðvegur Vesturlandsins sé frjósamur í eðli sínu, þá verður ekki hjá því komist, að frjómagnið tæmist, ef nægilegrar íhugunar er ekki gætt, til þess að nota alskyns frjóbæti, svo sem mykju, tað, Clover og fleira þess háttar.

Á Búnaðarskólanum er lýst hinum ýmsu vinnubrögðum við akuryrkju, svo sem plægingu, herfingu og þéttun jarðvegsins með möndulvelta og fleiri slíkum aðferðum. Einnig hentugustu aðferðir til þess að endurplægja, og hve djúpt skuli sá hinum sérstöku korn og grastegundum og jarðarávöxtum með tilliti til legu lands og eðli jarðvegsins. Nemandinn er látinn íhuga hinar ýmsu korntegundir, og flokka þær eftir eðli þeirra og gæðum. Bendingar eru gefnar um það, hvernig bezt megi bæta hinar ýmsu tegundir með vali og samblöndun.

Sérstök áherzla er lögð á, að láta nemandann þekkja uppruna hinna ýmsu korntegunda og hæfileika þeirra til að þroskast í jarðvegi þessa fylkis. Einnig er honum kent að þekkja nauðsyn þá og hagnað, sem því fylgir, að skifta um sáðtegundir í hina ýmsu akra, — þannig, að ekki sé of oft sáð sömu tegund í sama landblett, og í þessu sambandi er nytsemi hinna ýmsu tegunda borin saman við þarfir vorar.

Næst er stjórn búgarðanna íhuguð, og ráðleggingar gefnar til þess, að bústjórnin verði sem nákvæmust og fullkomnust, með sem minstum peningalegum tilkostnaði, og miðað við mismunandi gæði bújarðanna.

Saga landbúnaðarins er kend frá því fyrst að sögur eru til af honum, og nemendurnir örfaðir til að auka hana og bæta með eigin starfsemi sinni á vorum tíma.

Einnig er kent um uppruna hinna ýmsu grastegunda, sem ræktaðar eru og hæfileika þeirra fyrir jarðveg þessa fylkis. Margir bændur treysta eingöngu á vilt hey, þar sem ræktað hey mundi gefa þeim miklu meiri arð.

Þá eru kendar beztu aðferðir við grasrækt, og hvernig skuli slá það og hirða, svo heyið verði sem mest og bezt. Þá eru og íhugaðar þær grastegundir, sem óþrotlegar eru, eða sívaxandi, og einnig árlegu grastegundirnar, svo sem Millet, Corn og Sorghum, og hentugleiki þeirra fyrir þarfir vorar. Þá er og kent um hinar ýmsu deildir búnaðarins, svo sem mjólkurbúnað, griparækt, kornrækt í öllum þess greinum, og um búskap, þar sem alt þetta er stundað jöfnum höndum. Nákvæmlega er frá því skýrt, hvað bezt eigi við hverja eina af þessum búskapargreinum, og sýnt með dæmum, hver hagnaður sérstaklega fylgi hverri grein út af fyrir sig. Mikil áherzla er lögð á skifti-sáning (Rotation of Crops), og sýnt, hvernig bezt er að haga henni í tilliti til landslags og frjómagns-moldar, og héraðsskiftinga hér í Vesturlandinu.

Þetta er eitt af þeim atriðum, sem Manitoba bændur hafa ekki íhugað nægilega vel að undanförnu þeir hafa vanið sig á, að sá í lönd sín af handahófi og án nokkurrar settrar reglu eða þekkingarlegrar niðurröðunar.

Illgresistegundir eru að breiða sig út yfir þetta Vesturland með voðalegum hraða, og margar þessar illgrtsistegundir hafa náð föstum rótum áður enn bændur hafa áttað sig á skaðsemi þeirra, og því ógnatjóni, sem þeim er búið þessa vegna. Vér reynum, að koma í veg fyrir þetta með því, að kenna hinum ungu bændaefnum — nemendunum — að þekkja hverja illgresistegund, og að benda þeim á beztu aðferðir til þess að uppræta þær.

Í sambandi við þetta nám er nemendunum kent að þekkja stigspjald það, sem notað er við stigmælingu útsæðis korntegunda, og þeim er kent að dæma um gæði allra stiga með því að bera þau saman, hvort við annað, þar til þeir eru færir um, að velja beztu fáanlegar útsæðis tegundir hveitis, hafra og byggs.

Einnig er kent að stiggreina korntegundir til mölunar, svo að bóndinn þurfi ekki að reiða sig á sögusögn hveitikaupmannsins um það, hvers stigs hveiti eða aðrar korntegundir hann bjóði til sölu, heldur að bóndinn sé sjálfur fær um, að stiggreina sínar eigin korntegundir, áður en hann býður þær á sölutorgi.

Talsverðum tíma er og varið til þess, að kenna nemendunum að þekkja illgresisfræ, svo að þeir geti varast þau, þegar þau eru blönduð grasfræi, eða kornútsæði, eða garðávaxta fræi.

Eins margar illgresistegundir eins og mögulegt er að fá, eru sýndar á skólanum, bæði í fullum blóma og á síðara tímabili, þegar þær fella fræ sitt. Þetta er gert til þess, að festa í minni nemendanna bæði lögun illgresisins og vaxtaferil.

Talsverður hluti Vesturlandsins þarfnast framræslu til þess að verða að sem mestum notum, og nemendunum er veitt tilsögn í framræzlu og hvernig henni sé bezt hagað, og hvert gagn sé að henni.

Hæfilegar kenslustofur hafa verið útbúnar í skólanum með öllum nauðsynlegum sýnishornum og kenslu áhöldum, svo að nemendurnir fái notið sem beztrar kenslu í öllum greinum búfræðinnar. — Ekki minna en tveim fyrirlestrum og tveim tilraunaæfingum er vikulega varið til þessa starfs.

L. B. FOOTE
MYNDASMIÐUR
284 Main St., W'peg
hefir tekið ljósmyndir af öllum Búnaðarskóla byggingunum, sem sýndar eru í Fyrsta parti þessa Búnaðarskólablaðs.

"Meira vinnur vit enn strit"

Eftir *Jóhannes Einarsson.*

Skrifað sérstaklega fyrir Búnaðarskólablað Heimskringlu.

"BÓNDI ER BÚSTÓLPI, BÚ ER LANDSTÓLPI" segir ísl. málsháttur. Ef málsháttur inn á við á Íslandi, þá á hann enn betur við hér. Möguleikarnir eru miklu betri hér en þar til að byggja þessa stólpa sem traustasta, og þá um leið er þörfin á, að gera þá sem traustasta, enn brýnni. Menn getur að vísu greint á um, með hverju þessir stólpar verði traustast bygðir.

Fyrir mitt leyti álít ég mentun bændalýðsins nauðsynlegasta skilyrðið til að gera stólpana, sem halda uppi þjóðarbyggingunni, sem traustasta. Mentun bóndans er eins áríðandi til að mynda sterka bændastétt, eins og Portland Cement er í brúarstólpa eða undirstöður stórbygginga úr steini gerðar. Steinninn, jafntraustur og ómissandi sem hann er í þau mannvirki er ég nefndi, þá nýtur hann sín ekki eða myndar trausta stólpa eða undirstöður án steinlímsins (Cement) til að binda hina ýmsu misjöfnu steina saman. — Mentun bænda er það eina, enn þekt, er tengt geti þá saman og þannig myndað hina sterkustu undirstöðu undir framtíð þjóðarinnar.

Flestir menn kannast við, að bóndinn, samkvæmt afstöðu hans í þjóðfélaginu, ætti að vera óháður ýmsum þeim öflum, er hefta ýmsa aðra flokka þess; sterkari en hver þeirra og frjálsari. — því miður er þessu ekki þannig varið. En á meðan er "landstólpinn" ekki eins traustur og vera ber.

Ég hefi töluvert velt þessu fyrir mér, og eins langt og minar athuganir ná, þá skilst mér að mentunarskorturinn standi bændastéttinni mest fyrir þrifum. Úti á Íslandi var það orðtak oft viðhaft, "að bókvitið væri ekki látið í askana". Þetta orðtak er eitt af arfi feðranna "þessi sex hundruð sumur", sem Jónas Hallgrímsson minnist. En "tímarnir breytast og mennirnir með". Nú á tímum er bókvitið látið í askana. Æðður og duglegur verkamaður, ólærður, verður að víkja, er þráfaldlega sviptur stöðu, er hann hefir fylt um lengri tíma, þegar lærður verkfræðingur stendur til boða. — Kenning vorra tíma er: "meira vinnur vit enn strit". Kapphlaup lífsins hefir aldrei verið þreytt eins hart og nú, og þar ræður þekking meir enn líkamsburðir.

Því boðorði: "Gerið yður jörðina undirgefna", o.s.frv., hefir aldrei verið sint eins vel eða á sama hátt og nú. Viss bönd, er áður héldu nokkrum hluta mannkynsins í ánauð og ófrelsi, eru nú sundurskorin. Hver, sem nú æfir hæfileika sína að mentun og lærdómi, fær sín verðlaun; eða eins og Matthías skáld kveður: "uppsker hver eins og hann sáði". En sá, sem ekki sáir, má ekki búast við uppskeru. Ef bændur ekki sá í þann menta-akur þjóðarinnar, sem framleiðir lærða bændur, þá er ekki rétt, að vonast eftir framleiðslu bænda, er tekið geti tilhlýðilegan þátt í landsmálum þeim, er bændur varða.

Nú er aflmesti flokkur Íslendinga hér bændur. Manitoba hefir búnaðarskóla, sem sjálfsagt stendur eins hátt, borinn saman við búnaðarskóla annara fylkja, eins og háskólar Winnipeg borgar standa gagnvart öðrum samskonar stofnunum.

Það er nauðsynlegt, að gefa einmitt þessari hlið málsins gaum.

Íslendingar hafa tekið stórmyndarlegan þátt í æðriskóla-lífi þessa lands, sem kallað er, en sneitt hjá búnaðarskólunum. Þetta bendir á, að við Íslendingar höfum enn ekki glöggvað okkur á afstöðunni eins og æskilegt er. Þegar einhver vandræði ber að höndum, t.d. sjúkleika, þá leitast læknar ætið við, að glöggva sig á, hvert bölið er. Þeir álíta það fyrsta skilyrði fyrir lækningu. Ef skortur á æðri mentun er versta böl bænda, sem flokks, þá sannarlega ættum vér að taka til starfa fyr í dag enn á morgun, að ráða bót á því.

Við kennum stjórnendum ríkjanna um allmikið af því bölí, er vér bændur höfum við að stríða. Mjög margir halda því fram, og leitast við að rökstyðja þá kenningu, að svona megnið af böli þjóðanna sé stjórnendum og löggjöfum að kenna. Þess vegna séu löggjafar svo vandfengnir.

Ég skal játa, að sú kenning getur látið vel í eyrum, en hún hefir ýmsa annmarka. Það er til dæmis stórerfitt, að lögleiða dug í þá menn eða mannflokka, sem ei vilja hafast að. Ég álít, að allar umbótahreyfingar þurfi að koma frá þeim, sem á einhvern hátt er þrengt að. Sá veit bezt, hvar skórinn kreppir, sem ber hann. — Ef við tökum okkur til og teljum saman, eftir stöðum þeirra í þjóðfélaginu, þá menn, er sæti eiga á löggjafarþingum vörum, í hlutföllum við hina ýmsu flokka, sem mynda þjóðfélagið, þá munum við fljótt sannfærast um, að bændur eru mjög svo á hakanum, að tala þeirra er ekki nándar nærri í því hlutfalli á þingum, sem tala þeirra er í landinu, og þá fer oss að skiljast, hvers vegna réttur vor bænda er svo oft fyrir borð borinn. Heimurinn er býsna eigingjarn, og svo leggur hann mikla áherzlu á það, að sá, sem ekki hjálpar sér sjálfur sé eiginlega ekki verður annara hjálpar.

Það er því mín kenning í þessu máli, eins og áður er fram tekið, að mentunarskorturinn sé hinn versti þrándur í götu vorri á fram farabrautinni, og að búnaðarskólarnir séu þær stofnanir, er kenni oss að ryðja þeim þrándi úr götu, eða yfirstíga hann. Þar fá menn samandregna reynslu þjóðanna. Á tveimur eða þremur árum er það kent, sem útheimti margra ára, ef til vill alda reynslu að nema. Þar er bændaefnum kent, að leggja jörðina undir sig, nota örlæti náttúrunnar án þess að misbrúka það, og á þann hátt verða auðug stétt. Þar er þeim kend félagsfræði, og hvert undraafl sameinaðir kraftar bændaflokksins eru. — Þeim lærist að vita, hvenær réttinum er hallað, og þeim er kend sú einurð að þola engum órétt.

Í stuttu máli: Búnaðarskólarnir framleiða lærða bændur, menn, sem eru hæfir til að gegna hverri helzt stöðu, sem áhrærir þeirra stétt. Og þá höfum vér eðlilega öfluga "bústólpa" og "landstólpa" — heiður þjóðfélagsins og trygging fyrir glæsilegri framtíð þess.

Íslendingar! Sækið skólana og notið þá af fremsta megni. Það er eins satt nú og þegar Jónas Hallgrímsson kvað það: —

"Vísindin efla alla dáð,
orkuna styrkja, viljann hvessa,
vonina glæða, hugann hressa".

Mönnum hætti oft til þess á Íslandi, og enda hér, að benda á menn, sem höfðu náð almennri skólaþekkingu, án þess þó að ganga á skóla, með þeim orðum eða á þann hátt, að nærri lét, að þeir væru að draga dár að skólagengnum mönnum, — til dæmis, að þessi eða hinn hefði ekki gengið á skóla, en stæði þó ekki skólagengnum mönnum á baki. Þessi skoðun er mjög varhugaverð. Það er mikill heiður fyrir hvern mann, sem náð getur yfirburða þekkingu utan skóla, en að hinu leytinu bendir það á, að sá hinn sami mundi líklegur til að hafa náð miklu hærra stigi enn oss dreymir um eða getur hugkvæmst, ef hann hefði gengið venjulegan skólagang.

NEMENDUR OG KENNARAR MANITOBA BÚNAÐARSKÓLANS VETURINN 1908—'9.

Gísli Goodman.

BLIKKSLAGARI

119 NENA ST. - - WINNIPEG
Talsími: Main 7398

Húshitun gerð að Sérfagi.

JEG SET INN KJALLARA OFNA, (FURNACE), SEM LEIÐA HITAnn jafnt og notalega í hvert herbergi húsanna, — og þó með þeirri tilhögun, að skamta má vissa auka hitamagn í sérstök herbergi hússins, en sníða af hitamagninu frá öðrum herbergjum. Rétt eftir því sem manni finnst notalegast eða viðeigandi. Hitaveitan er þannig undir algerðri stjórn þess, sem borgar fyrir eldsneytið.

HITAVEITU-ÚTBÚNAÐUR MINN er áreiðanlegur og endingar góður, og ódýr eftir gæðum. Ég geri og alskyns PLÖTU JARN SMÍÐI, svo sem Vatnsrennur á húsþök, Vatnsþrór í kjallara til móttöku regnvatns af húsþökum Eg legg einnig Blikk- Járn- og "MICA"-flóka þök á hús, og geri alskonar Blikk og Járnskraut verk sem lýtur að húsaprýði og nauðsynjum.

Í ÞJÓNUSTU MINNI hefi ég eingöngu ÞAULÆFÐA og VANDVIRKA menn, sem vinna með mér og undir minni persónulegri umsjón. Ég ábyrgist að fullnægja kröfum og óskum viðskiftavina minna, og hefi meðmæli beztu byggingameistara hér í borginni.



ÉG SINNI PÖNTUNUM UTAN AF LANDI OG ÓSKA EFTIR VIÐSKIFTUM ÍSLENDINGA.

Gisli GOODMAN

119 Nena St., Winnipeg.

Talsími: Main 7398

Fjárgöngur og réttardagar.

Eftir

K. Ásg. Benediktsson.

Skrifað sérstaklega fyrir Búnaðarskólablað Heimskringlu.

Þegar ég skrifaði ritgerðina: — "Kelduhverfi fyrir 40 árum", þá gat ég þess, að ég mundi semja ritgerð um réttir. Það hefir dregist að þessu. Ég hefi smátt og smátt verið að afla upplýsinga úr landsfjórðungunum um fjárgöngur og réttardaga. Í það heila tekið, eru þær nær því samhljóða. Ég rita aðallega eins og ég bezt þekti og man til sjálfur, þar sem ég ólst upp.

Ég man eftir gangnamönnum og réttardegi rúmra 3. ára gamall. Það er fjárrétt í Ási, þar sem ég er fæddur og uppalinn fram yfir tvítugt. Kom þangað all-margt fé. Þó mun afréttarfé hafa verið langflest í Ássheiði á árunum 1874 til 1880. Eftir það fór fé fækkandi í hreppunum kringum þær aðréttir, sem áðurnefnd heiði er ein af.

Fjárgöngur byrjuðu vestan Jökulsár á Fjöllum um helgina í 21. viku sumars. Svæði það nær yfir Suður-Þingeyjarsýslu og Kelduhverfi, sem er vestasta sveitin í Norður-Þingeyjarsýslu. Fyrir austan Jökulsá byrjuðu göngur í fyrri daga viku síðar enn vestan við ána. Þó breyttist gangnatíminn litlu eftir að Zöllner fór að taka sauði til sölu hjá kaupfélögunum. Færði þá austursýslan fjárgöngur fram um viku, svo þær urðu þá sömu vikuna og í suður og norður sýslunni.

Réttardagar fyrstu og annara gangna voru þar á þriðjudaga og miðvikudaga í sömu vikum. Í þriðju göngum voru gangnakindur sjaldan reknar í réttir. Þær voru svo fáar, að þær voru dregnar sundur í kvium, eða heimafjárrétt.

Landamerki Ássheiðar og Svínadalsháls eru þessi: Jökulsá ræður að austan fram í Dettifoss, þaðan beint vestur í Eilífshnjúk, þaðan vestur í Gangnaskarð í Hrútafjöllum og í Bunguveggi, norður eftir þeim alla leið í Kerlingarhól, þá norður í Vegaklif, þaðan beint austur í Merkiþúfu, þaðan í Byrgisbotn og suðaustur í Jökulsá. Heiðarlönd þessi eru víðlend og erfiðar leitir. Þurftu 24 gangnamenn að vera í fyrstu göngum, ef vel átti að vera. Í öðrum göngum þriðjungi færri, og þriðju göngum oft helmingi færri.

Víðast fóru gangnamenn að heiman frá sér á sunnudag, fram á þá heiðabæi, sem næst lágu leitplássum. Til framsveita, úr Bárðardal og Mývatnssveit fóru fjárleitarmenn af stað á föstudaginn í 21. viku, og voru viku í leitinni. Þeir fóru fram á Sprengisand og inn í Herðubreiðarlindur. Voru þeir um viku í leitunum, og fengu oft hin verstu veður og svaðilfarir miklar.

Í Ássheiðargöngur fóru allir gangnamenn af stað að heiman á sunnudag, fram í Svínadal, sem er fremsti bærinn í Hverfinu. Heiðin var gengin á mánudag, en réttarsafnið dregið sundur í Ássrétt á þriðjudag.

Hreppstjórinn samdi skrifaðan gangnaseðil fyrir hvert réttarumdæmi, og ákvað, hve marga gangnamenn hver fjáreigandi skyldi leggja til í fjárgöngur hverjar. Og hverjir skyldu senda menn á utansveitarréttir. Mannatillag átti að byggjast á fjártölu á fjalli, en fjártal á fjalli var eða átti að vera bygt á vor-framtali fjáreigenda. Þó munu yfirsjónir og áníðslur hafa átt sér stað í fjallskilaskipununum, að meiru eða minna leyti. Sumir fjáreigendur þrjóskuðust líka, að leggja til þá menn, sem sem þeim var skipað. En litilmenska þótti að því, að svíkjast undan fjall-leitum.

Ungir menn hlökkuðu ákaft til gangnanna. Eftir að kom fram í 18. viku, fóru þeir að spyrja eftir gangnaseðlinum, sem gekk rétta boðleið, bæ frá bæ, og hver búandi var skyldur að fara með hann áleiðis, hvenær sem hann kom, ef hraða þurfti boðleið hans.

Göngur og réttir voru stórhátiðir fyrir unga menn, rétt eins og jólin fyrir börnin. Þær voru það líka fyrir eldri menn, rétt eins og Jónas kveður: — "Eins mig lýsir alt af þó aftur að fara í göngur". Ungir menn voru orðnir hálfleiðir á heyskapnum alt sumarið. Þeir voru búnir að standa við hann marga stundina kaldir, holdvotir, staðuppgefnir, hálfsvangir og undir ávítum og ónotum eðstirðra húsbænda. Fengu nóg vanþakklæti oft og tíðum að ástæðulausu.

Tilhlökkunin að fara í göngur var því mikil, hjá þeim sem áttu víst að fara. Hjá hinum von og kvíði, og jafnvel andvökuefni. Ég var einn af þeim, sem fékk að kenna á vonbrigðum í þessu efni. Man þau meðan ég lifi. Ég hefi líka verið í göngum, sem eru mér enn þá skemtilegustu endurminningar. Mikið skemtilegri enn skemti samkomur, sem ég hefi komið á austan hafs og vestan.

Það var ekki ætíð heiglum hent, að fara í göngur, og ekki barnaspil. Gangnamaðurinn þurfti yfir fjöll og firnindi, hamragljúfur og hyldýpisgjár, mýrar og flóa, ár og læki, krappa móa og kyngiþýfi. Stundum lenti hann í sandfoksbyljum, dynjandi rigningu, krapahriðum, og brunastórhriðum. — Þurfti að ganga frá staðuppgefnum kindum, steinuppgefinn og stirður sjálfur. Mistì áttir, viltist, lá úti, ef hundurinn hans ratаði ekki til bæja, — eina skepnan, sem hann gat treyst á. Stundum viltust menn í göngum, frusu í hel á gaddinum, eða komust til mannabygða kaldir og örmagna.

Stundum blésu líka ljúfir laufvindar austan um land á hausti, eins og Jónas kemst að orði. Það var skemtilegt, að vera í göngum í inndælli hausttíð. Þegar nætur voru bjartar, og máninn speglaði mörk og mar og næturkyrðin gylti loft og láð.

Oft gengu óþurkar á Norðurlandi fyrir göngur. Tún og engi var þá þakið í sæti og óbundnu heyi. Brá oft til þurka rétt fyrir göngur. Fólk vakti þá nótt og dag, að koma heyi í stakka. Menn urðu örvinda af vöku og þreytu. En aldrei voru menn svo þreyttir, að þeir færi ekki með fúsum vilja af stað í göngur.

Gangnahestarnir voru járnaðir á laugardaginn fyrir göngur, ef annir voru ei aðrar. En þá á sunnudaginn, ef ekki var búið að því áður. Þá voru ekki smiðjur eða hestajárnasmiðir á hverjum bæ. Sami maðurinn mátti því smíða undir marga hesta og járna næstu dægrin fyrir göngurnar.

Í þá daga var venja, að einhverjir skruppu í kaupstaðinn fyrir göngurnar. Þeir sóttu nauðsynjavöru, og á gangnakútana, sem kallað var. Þá var sjálfsagt að hafa gangnapela fyrir þá yngri. En eldri menn höfðu gangnakút. Hann tók 2 potta af dönsku kornbrennivíni. Þó var aldrei drukkið meir enn það, að menn höfðu fult vit og sinnu í göngum. Sumir gerð ust ölvaðir og háværir réttardaginn. Þó var það að falla mikið úr móð síðari árin.

Á'Er gangnamenn komu á sunnudagskveldið fram á fremsta bæ. Það kveld og nótt var oft glatt á hjalla, ef veður var gott. Gangnamenn sváfu í heyi úti í hlöðum, ef þeir vildu sofna. Oft vöktu flestir. Skemtu menn sér þá við kvæðaskap og söng, sögur og glímur. Þá voru bændaglímur altíðar, og margir dágóðir glímumenn.

Gangnamenn fóru af stað fyrir dag, því ef vel átti að fara þurftu þeir að vera komnir á gangnalínu sina, hver og einn þá sauðljóst var orðið um morguninn.

Gangnaseðill útnefndi gangnaforingja eða fjallskilakong, sem sumir nefndu. Hann þurfti að vera gagnkunnur leitarstöðum, og mikill fyrir sér, eiga góðan gangnahest og fjárhund. Hann sá um alt og beitti sér fyrir á merkjalínum, það sem hann komst yfir.

Keldhverfingar áttu leitir að sunnan mót Mývetningum, að vestan móti Innsveitamönnum. Þeir áttu því tvær hliðar að verja eða sækja. Allir málsaðilar keptust um, að ná öllu fé á merkjalínum og yfir, ef gott var aðstöðu. Vildu engir láta þvæla sinnar sveitar fé í aðrar sveitir. Það var stór hrakningur á feitu fé, og stundum stöfuðu af því hin verstu vanskil, og algerður missir. Keldhverfingar og Mývetningar áttu oft í gangnaerjum, og illdeilum. Þeir fyrnefndu komu sér saman við Innsveitamenn, að reka fé við merki í aðhald, og skilja það eins mikið og unt var milli sveitanna. Eftir að það komst á, rénuðu gangnadeilur þeirra. Keldhverfingar og Mývetningar komu sér ekki saman um þessa aðferð, og stafaði það líklega af því, að þeir stóðu verr að vígi með aðhöld til að greina fé sundur. Stundum lenti þeim svo fast saman, að í aflog og barsmíði fór með þeim En Mývetningar urðu venjuiega á eftir kitardagsmorgnana, og fóru Keldhverfingar sjaldan mikið yfir merki, nema því að eins að þeir þektu kindur að norðan.

Í annað sinni, sem ég fór í göngur, var ég innan við fermingu, veimiltíta og óharðnaður. Jón sál. bróðir minn var gangnaforingi. — Fyrir dag komum við vestur að svo nefndum Hrútafjöllum. Það var þokusuddi um nóttina. Foringinn var búinn að raða gangnamönnum á gangnalínurnar þangað vestur. Vorum við 4 eða 5 eftir. Sjálfur þurfti hann að vera vestur á merkjum, og taka á móti Innsveitamönnum, sem hjálpuðu til að smala heiðina, og sóttu "innan fé" norður á Ássrétt. Hann skipaði þá bóndanum úr Ásbyrgi að fara kring um Hrútafjöllin, og mér. Við áttum að smala fjöllin, sem ætið var fátt fé í, og þá gangnamönnum norður á svo nefndum Kviaveggjum, um hádegið. Að austan og sunnan áttu Mývetningar göngu. Bóndi þessi heitir Sigfús, afarhraustur maður og harðfengur, gamall hákarla maður, og lét ei smámuni sér á kné koma. Hann átti fljótan og traustan hest, sem hann nefndi Skol, og fjártík, sem Brana hét, og var fjárhunda bezt þar um slóðir. Hann tugði tóbak mikið. Ef eitthvað kom honum kynlega fyrir, skirpti hann tölunni og fór að stanga úr tönnum. Svo gerði hann í þetta skifti. Hann var vanur gangnamaður, og fús að lenda í skærum við utansveitarmenn. Annars kvað hann það engar fjárgöngur vera. Hann var fæddur og uppalinn í Eyjafirði, og hafði séð margt um dagana. Hann svaraði eftir fáar mínútur. —

"Við förum enn ekki komum kindalausir úr þessari för, ef nokkur skepna er hér á milliEilífsvatnaþenna morgun". — Ég hafði sæmilega góðan hest og fjárhund. Mig fýsti að vita, hvað Sigfús gerði þá sögulegt. Þegar farið er meðfram fjöllunum, þá ríður maður mest á sandlendi, og sjást þar allar slóðir. Við vorum komnir nokkuð suður með fjöllunum, þegar bjart var að verða. Þá sáum við fjárslóðir, sem láu úr fjöllunum og austaustur yfir merki. Slóðirnar voru eftir all-margar kindur. Hann sagði, að við skildum hringríða flesjurnar og taka alt, sem við næðum af þeim, og láta ekki klárana draga af sér, meðan við kæmum fénu vestur sunnan við fjöllin. Við fórum langt fram um merki, fundum nær þrjátigi kindur, og komum þeim vestur fyrir fjöllin. Það tók okkur all-langan tíma, þó við færum alt af það, sem kindurnar komust á undan okkur. Við bættum við þær úr fjöllunum. Þegar norðarlega kom með þeim að vestan, fórum við hægt og höfðum enga hundgá.

Gjáveggir ganga suður vestan við fjöllin, sem byrja norður í heiði. Norðvestur úr fjöllunum gengur rani nær fram á fyrsta gjávegginn. Neðan við hann er landið sokk ð mikið niður, og er kallað "Gjástykki". Af veginum ofan í það er hægt að komast með hesta á jarðbrú, litt traustri. Sigfús sagði mér að fara með hestana og kindurnar norður á brúna, og stugga á eftir kindunum norður stigana neðan við vegginn. Mundu sunnangöngumenn varla taka þær af okkur neðan veggja. Hann snaraðist gangandi upp ranann, og vildi komast í veg fyrir gangnamenn að sunnan, austan við ranann, og tefja þá meðan ég kæmi kindunum ofan í Gjástykkið. Ég kom kindunum og hestunum eins og hann lagði fyrir mig, og beið hans nokkura stund. Eins og hann grunaði, fann hann 2 gangnamenn, sem ætluðu að hitta okkur við ranann, en hann sagði þeim af hið sanna, og bað þá sækja, ef þeir treystust. En það var þeim ófært. Áttust þeir við orðadeilur, og báðir hvorugir aðra vel lifa, né heila fara.

Ekki bar meira til tíðinda hjá Sigfúsi í þetta sinn. Við náðum gangnamönnum okkar seinna um daginn.

Eldri menn munu muna eftir smáglettum í göngum frá yngri dögum sínum, og því segi ég frá þessari fjártöku Sigfúsar.

Sölnin úr heiðinni komu ekki norður í Ás fyrr enn seint um kveldið, eða fyrri part nætur. — Oft máttu heimkomnir gangnamenn fara á móti þeim, sem voru á eftir með lúin sönn og hjálpa þeim. Þá heyrðist jarmur mikill og hás hundgá. Margir sögðu frá spretthörðum kindum og eltingaleik við þær. Oft töpuðu illa ríðandi menn forustufé og smáhópum aftan í því. Einstöku forustukindur vörðu sig til heiða og fjalla alt fram í snjóa, að það kom þá heim sjálft. Sumt forustufé var þægt í göngum, og hjálpaði gangnamönnum að koma lúnu safni til réttar. Það rann jarmandi á undan og leitaði að sem sléttustum drögum og stígum, og teygði úr safninu, rétt eins og fjármaður gat bezt hugsað sér. Það var yndi að sjá góðar forustukindur, einkum þegar þær fóru að eldast, renna stöðugt og jafnt á undan fénu, velja beztu brautina, og á réttar götur, til sömu réttar haust eftir haust. Yngri forustukindur voru allkvimleiðar og óþægar. Hömdust ekki í réttum, og hlupu á veggi og

ÍBÚÐARHÚS JÓNASAR HALL.

Þessi mynd er af hinu fagra steinsteypu íbúðarhúsi, sem herra Jónas Hall, bóndi að Edinburg í Norður Dakota, bygði sér í fyrra. Það er eitt hið fegursta og stærsta íbúðarhús, sem nokkur íslenzkur bóndi hefir bygt sér hér vestra. Jónas steypti sjálfur steininn í það, úr sandi, er hann tók úr kjallaranum, sem er undir húsinu, en steinlímið fékk hann að keypt. — Eins og myndin sýnir, er steinsteypan snildarlega gerð, og með því hann mun vera fyrsti vestur-ísl. bóndinn, sem sjálfur hefir steypt hús sitt, þá hefir hann gefið öðrum gott eftirdæmi, sem vonandi er, að margir bændur fari eftir á komandi árum. — Húsið er 26x30 fet að stærð. Kjallari er undir því öllu, með vatnsþró í einu horninu og grjótveggjum tveggja feta þykkum, í kring. Á þessu hvíla steinsteypuhnausveggir, 8 þuml. þykkir og 16 fet á hæð. Innan á þá veggi eru festir tveggja þumlunga þykkir rimlar, "Laths and Plaster", svo tvö loftbil eru í veggjunum, því að steinsteypu hnausarnir eru holir á parti. Fjögur herbergi eru niðri í húsinu, og fjögur svefnherbergi á loftinu og baðherbergi. Húsið er með vatnshita útbúnaði. Á bak við þetta mikla hús sést frumbyggja húsið, sem Jónas bjó í áður enn hann byggði hið nýja hús.

Central Bicycle Shop

566 Notre Dame Ave.

RÁEDUR SIGURÐSSON.

SIGURÐSSON & MATTHEWS
Eigendur

Beztu Reiðhjól ætíð til sölu.

SUMARLIÐI MATTHEWS.

Pöntunum utan af landi sérstakur gaumur gefinn.

Allar aðgerðir fljótt og vel af hendi leystar.

Það vita flestir, en það ættu allir að vita, fjær og nær, að við seljum tvær þær beztu tegundir af Reiðhjólum, sem nú eru til á markaðnum: Hin orðlögðu *Blue Flyer's* sem allstaðar hafa unnið verðlaun í hjólkapp-eiðum.

Eitt þeirra var hjólið, sem bar herra P. S. Pálsson fram fyrir alla í öllum tíjóla kappreiðunum síðastliðinn Íslendingadag, og náttúrlega með því vann öll fyrstu verðlaun. Myndin af "Blue Flyer" hjólinu er sýnd hér að ofan.

Hitt hjólið er *Perfect* og er búið til á sama verkstæðinu, og eins og nafnið bendir til, er eitt hið fallegasta, sterklega byggt, og rennur sérstaklega létt.

Bæði þessi hjól eru ábyrgst, frá hendi verksmiðjueigenda.

Við gerum líka bið allar sortir af hjólum, og gerum þau gömlu eins og ný.

SIGURDSSON & MATTHEWS, 566 Notre Dame Ave. WINNIPEG, MAN.

G. THOMAS, Gull- og Silfur SMIÐUR :: | 659 William Ave. Winnipeg

ENGINN ÚRA- OG SKRAUTGRIPA VERZLUNARMAÐUR ER BETUR ÞEKTUR EÐA VINSÆLLI MEÐAL VESTUR-ÍSLENDINGA EN HERRA G. THOMAS.

G. THOMAS hefir stundað Gull- og Silfursmíðar frá því hann var barn að aldri og fram á þennan dag, — gert það að lífsstarfi sínu. Hann er elzti og æfðasti íslenzkur Gull- og Silfursmiður vestanhafs, og hefir haft Vasaúra og Gull- og Silfur-Skrautgripa Sölu hér í borginni hartnær fjórðungs aldar skeið.

G. THOMAS smíðar sjálfur og annast um smíði þeirra hluta, sem hann verzlar með og svo hefir aðsókn að honum aukist, að hann hefir nú, sá fyrsti og einí allra Íslendinga, sett upp stórfelt Gull- og Silfurgripa Smíðaverkstæði, og útbúið það með öllum nauðsynlegum nýtízku verkfærum, sem að smíðunum lýtur. Herra Thomas hefir eingöngu þaulæfða og vandvirka menn í þjónustu sinni, sem starfa undir eigin umsjón hans og fyrirsögn.

Auk þessa mikla verkstæðis hefir herra Thomas fullar byrgðir Úra og Skrautgripa í tveimur útibúum. Annað þeirra er í Selkirk undir nafninu HALDORSON & THOMAS. Hitt er undir hans eigin nafni, að 623 SARGENT AVE. hér í borg.

Hr. THOMAS hefir sérstaka ánægju af að sinna utansveita pöntunum, og leggur sig allan fram til þess, að geðjast skiftavinum sínum, svo sem hann frekast getur. Og svo hefir honum tekist þetta vel, að hann hefir ekki fengið eina umkvörtun um þannig afgreiddar pantanir öll þau ár, sem hann hefir við verzlun verið.

Sérstaklega er vert að geta hinna nýju VASAÚRA, sem hann nýlega er tekinn að verzla með, og sem hann telur taka langt fram þeim tveim beztu úrtegundum, sem hann einnig hefir til sölu (ELGIN og WALTHAM). Þessi nýju úr eru engu dýrari enn e'dri tegundirnar, þó þau séu miklu betri. Herra Thomas selur þau í alls kyns umgerðum, ýmist silfur eða gull-fyltum eða hreina-gull umgerðum, og á ýmsum stærðum, bæði fyrir konur og karla.

Maðurinn er æfður og áreiðanlegur í iðn sinni og allri verzlun. — Gleymið ekki aðalstaðnum og útibúunum. Sendið pantanir til hans.

G. Thomas, 659 William Ave., Winnipeg | ÚTIBÚ :— 623 Sargent Ave. Winnipeg | ÚTIBÚ Í SELKIRK :— Haldorson & Thomas, West Selkirk, -- Man.

komust undan aftur til heiða og fjalla.

Á síðari árum var safnið vaktað á túninu fram þar til lýsti af degi, að það var rekið í réttina og byrjað að draga það sundur, í innsveita og útsveita dilka.

Gangnamönnum var ætíð fagnað vel á réttarbænum, þegar þeir komu úr göngum. Veitt kaffi og brauð, ásamt spónamat kvöld og morgna, og sömuleiðis um miðjan dag réttardaginn, og réttarkveldið áður enn þeir fóru heim til sín. — Allir gangnamenn höfðu með sér nesti. Þeir reiddu það í malpokum aftan við hnakkinn, eða í langsekkjum, þeir sem lengi voru að heiman. Húsmæður vönduðu til gangnanestis handa fjallskilamönnum sínum.

Oft var leiðinlegt, að finna afvelta kindur í göngum. Hrafninn var stundum búinn að höggva úr þeim augun, eða höggva þær á hol eftir mör og innýflum. Eða dýrrifnar kindur, komnar að dauða og fé í sveltu, og vankaðar kindur, sem gátu ekki gengið sér að haga, með fleiru og fleiru.

Ef kindur voru vankaðar, eða ógangfærar, þurftu leitarmenn að reiða þær á hnakknefinu, og koma þeim til bygða. Kindur komnar að dauða, voru skornar, tekið innan úr þeim og dysjaðar, og hlaðin hjá þeim varða. Ráðstöfun gerð í bygðum, að ná skrokkunum, sem allra fyrst.

Ég heyrði sagt, að gamlir menn hefðu skorið kindur í hattinn sinn. Það er að segja, létu þeim blæða í hattinn. Tóku síðan innan úr þeim, sneru vömbinni við og létu blóðið í hana. Það var satt, en ég sá það aldrei.

Loksins rann upp hinn margþráði réttardagur. Þá var farið á fætur fyrir dagrenningu, og þar í kring. Allir höfðu þrá að koma í réttina, sem stóðu svo að vígi, að þeim væri það skaplegt. Einkum voru það krakkarnir og ungu stúlkurnar, sem þurfti að hugsa fyrir að þau gætu komist á réttina. Piltarnir þurftu að fara þangað, til að draga fé, og þyrftu þeir þess ekki, þá fóru þeir samt, gangandi eða ríðandi.

Oft voru hestarnir í réttirnar pantaðir eða lánaðir löngu fyrirfram. Ungu stúlkurnar pöntuðu beztu hestana hjá feðrum sínum, bræðrum eða vinnumönnum. Oft voru hestar fengnir afbæja af þeim heimilum, sem ekki áttu nema einn eða tvo hesta. En þrátt fyrir allar þessar fyrirhyggjur, þá urðu sumir að ganga á réttina, og aðrir að tví- eða þrímenna á sama hestinum. En öll þau óþægindi hurfu og gleymdust harla fljótt. Upphaf og endir var, "að komast á réttina", eins og kallað var.

Auðvitað var veðrið misjafnt á réttardaginn. Ef rigningatíð var fyrir fjárleitir, skifti oftast um veður fyrir gangnahelgina, og runnu á hægir sunnanvindar, á Norðurlandi. Væri þurkatíð á undan göngum, skifti stundum um til votviðra um áðurnefnda helgi.*)

Þá snerist til rigninga, bleytu og fannkomu, man ég eftir því, að réttarmenn stóðu holdvotir við fjárdrátt, og óðu pollana og forina í réttinni í miðjan legg. Þá fór af gamanið fyrir kvenfólkinu og unglingunum, sem stóðu á réttinni. Krókaði það sig í skjóli eða aldrepum, eða flúði heim á réttarbæinn. Sumir fóru alla leið heim til sín, og sögðu farir sínar ekki sléttar orðið hafa.

Þegar fagurt og blítt haustveður var á réttardaginn, þá lá vel á öllum. Kvenfólk og krakkar söfnuðust saman í hópa á réttarveggina. Allir þektu eitthvað af kindunum frá heimili sínu, og flestir, sem nær fermingu voru komnir, áttu eitt lamb eða aðra kind á fjalli. Allir hlökkuðu mest til að sjá kindina sína, væri hún "fallega lit", en hvejum þótti sinn litur fallegastur. Og hefði hún tekið góðum framförum á fjallinu, þá voru fagnaðarlæti að sjá hana, klappa henni, strjúka hana, tala við hana og spá, eða láta gamla góða fjármenn spá fyrir framtíð hennar. Sumir urðu fyrir vonbrigðum og gæfusnuði. Kindin var ekki í réttinni, eða hún var veik, hafði mein, var beinbrotin, eða ormurinn hafði skemt merkið, svo að viðbúið var, að hreppstjórinn setti hana í vafann. Langverst þótti einlamba eigendum, ef lambið þeirra var gengið úr öfugsnoð um sumarið. Þær skepnur eru leiðinlegar og aumkunarlegar að sjá, og verða tæplega skepnur með skepnum nokkurntíma síðarmeir.

Flest sauðfé var hvitt að lit, en samt er það mismunandi, sumt er trafhvitt, sumt gulleitt, bláleitt, sámleitt og dröfnótt í framan. Fallegastur þótti móraudi liturinn, en hann er þrenskonar: dökkmórauður, grámórauður og ljósmórauður. Þar næst blágrái liturinn. Valgrár og mógrár eru ekki eins fallegir.

Þessar gömlu vísur benda á, að þessir litir hafi verið uppáhaldslitir fyrri sem þá:

Mórauður með mikinn lagð
Mænir yfir sauða krans,
Hófur, netnál, biti, bragð
Á báðum eyrum mark er hans.

Og: —

Blágrá er mín bezta ær,
Ber hún af öllum kindunum.
Eg sá hana efst í gær
Upp á fjallatindunum.

Aðrir aðal-litir eru: — Mósvartur, hélusvartur, tinnusvartur, hrafnsvartur, korggulur, botnóttur (grá-svart og móbotnótt), golsótt, mógolsótt, svartgolsótt og grágolsótt, bíldótt (þrennir litir líka), teistótt, hosótt, kápótt, flekkótt, skræpótt, dílótt, baugótt, munnótt, klaufótt, leistótt, krúnótt, bógótt, o.s.frv.

Unglingar höfðu alt af gaman af, að velja fyrstu kindina mislita, og kom oft út af henni heill ættstofn, ef eigandinn hafði sauðgæfu, sem kallað var. (Fyrsta ærin mín var ljósgrá, og var hún gömul, þegar hún var gefin mér).

Skemtun unga fólksins sýndist ekki vera önnur, enn að ferðast á réttina, sjá safnið kindurnar sínar og finna þar aðra kunningja, fá kaffi hjá réttarbóndanum, ef hann var höfðingi heim að sækja. Sjá menn draga fé sundur, og kynnast utansveitarmönnum ungum og gömlum.

Á Ássrétt var ekki mikið um drykkjuskap eftir að ég man eftir mér. Hraunsrétt í Aðaldal heyrði ég viðbrugðið fyrir drykkjuskap og barsmíðar. Enda var hún miklu styttra frá kaupstaðnum enn Ássrétt.

Menn voru misjafnt markglöggir. En á hverri rétt sköruðu 2 til 3 menn fram úr öðrum. Þeir kunnu ósköpin öll af mörkum manna um alla sýsluna. Fimm til tíu markabækur prentaðar voru á réttum. Það var ekkert iðjuleysingjaverk, að lesa úr mörkum, þá fjórir til fimm menn orguðu mörkin til manns í senn. Við þann starfa var ég þaulæfður í fornri tíð, og markaskrána kunni ég innsveitis. Enda tóku sumir sér sérstakan tíma til að læra mörk. Ég heyrði talað um mann, sem Finnur hét, og kallaður var Marka-Finnur. Hann átti að kunna mörk manna í fleiri sýslum.

Fjármörk voru afar breytileg og mörg. Sumir klöstruðu svo mörgum yfirmörkum og undirbenjum á eyru kindanna, að hreinasti óþarfi var, og þau voru nær að segja þrælsleg særingamörk fyrir aumingja lömbin, t.d. þríhamar-rifað og gagnfjaðrað undir. Það eru tólf hnífsbrögð, sé innan úr fjöðrunum tekið. Sílingar eru fallegastar marka og að eins eitt hnífsbragð, ef rétt er sprett. Það mark var mikið brúkað í þingeyjarsýslu ásamt undirmörkum.

Kindur með skemdum mörkum, svo sem köldum eyrum, ormétnum, hundsbitnum, dýrrifnum, markgröfnum eða illa særingarmörkuðum, lentu í vafann, og voru seldar sem hreppseign. Þó gátu eigendur helgað sér þær með vitnum og svardögum.

Brennimörk voru alltíð á hornum, og á klaufum á kollóttu fé. En þau máðust oft, og sumir slóbrendu þau á hornin, og stundum var ilt eða ómögulegt, að lesa úr þeim að fullu. Í fyrri tíma voru brennimörk upphafsstafir eigandans eða skammstöfuð nöfn. Í seinni tíð fóru menn að nota bæjarnafnið heilt eða hálft fyrir brennimörk, og gafst það vel. — Sumir höfðu iðnaðarmerki, t.d.: hamar, tengur eða vinkil. Hamar brúkuðu járnsmiðir, trésmiðir vinkil, o.s.frv.

Í kollótt fé var saumuð spýta með brennimarki á, ef eignamörk voru ónóg og klaufir of litlar.

Flest sauðfé var hyrnt, tvíhyrnt fjöldinn. Fáeinar kindur voru ferhyrntar. Einn bóndi í Norður-Þingeyjarsýslu, Jón Þorgrímsson á Hvannstöðum í Búrfellsheiði, átti alt sitt fé ferhyrnt. En nú mun sá ættstofn líklega nær útdauður. Sumar kindur voru hníflóttar, og æðimargar kollóttar. Kollótt fe var venjulega harðlengt og hraust.

Mönnum þykir kannske ég lýsa litum, mörkum og fé að óþörfu, en ég sé ekki betur, enn þar við megi vel una. Sum orðin hafa eflaust ekki sést á prenti, og jafnvel lítt töluð hér vestanhafs. Eftirkomandi kynslóðir mega sjá það svart á hvítu, að á þessum tíma höfum vér ekki gleymt alveg öllu á Íslandi, þótt í Vesturheimi búum.

Venjulega var safnið dregið í sundur að öllu, milli nóns og miðaftans. Fóru þá innansveitarmenn og utansveitarmenn að reka úr dilkum sínum hver á eftir öðrum, með hæfum millibilum, svo féð hlypi ekki saman aftur, því oft voru kindur aðskildar, sem saman höfðu gengið í afréttinni, og vildi hvorug af annari sjá, og jörmuðu sig saman, ef þeim var unt.

Á aðra og þriðju rétt komu fáir nema þeir, sem endilega þurftu og í leitum voru.

Þótt það sýnist ekki, frá vesturheimsku sjónarmiði, að réttardagurinn hafi verið stórhátíð eða merkisdagur, þá var hann á Íslandi einn allra mesti tilhlökkunardagur á árinu, einkum fyrir unglinga, sem hvergi fengu að fara, nema til kirkju, og það helzt á veturna. En ég man þá tíð, að unglingar höfðu minna gaman af kirkjuferðum enn sveitarsamfundum.

Ég veit, að víða á réttum á Íslandi hefir gerst margt sögulegt, einkum á þeim réttum, sem skamt voru frá kaupstöðum, og mikið var um ölæði og misjafnir sauðir saman komnir. En tilgangur minn með þessari ritgerð er einungis sá, að segja látlaust og ýkjulaust frá öllu, og eins ljóst og ég man. — Tilhlökkunin var ekki að sjá drykkjulæti, heyra ljótt orðbragð, sjá menn berjast og rífast út af kind, sem hvorugur kannske átti, eða að sjá búðarlokur blindfullar flyksast innan um kvennahóp. Tilhlökkunin var að vera frí og frjáls og sjá og heyra það, sem aðrir dagar í árinu sýndu ekki, og meðfædd íslenzk velvild til íslenzka sauðfjársins, sem þeir bezt þekkja, sem alist hafa upp með því, í blíðu og stríðu. Það er ekki góður íslenzkur fjármaður, sem ekki gleðst og hryggist með búsmalanum. Sauðfé á Íslandi hefir fætt og alið fram á þenna dag meiri hluta þjóðarinnar, og er aðal bjargræðisvegur landsins. Þótt sauðurinn sé talinn heimsk skepna, þá hefir hann enn þá mesta þýðingu af öllum skepnum fyrir Íslendinga. Hann hefir bygt þeim að miklu leyti þann líkamsþroska og andans atgervi, sem þeir hafa sér til ágætis.

Njóti nú hver sem bezt kann gamalla endurminninga og þess litla fróðleiks, sem kann hér í að búa.

*) Haustið 1877 gekk í grenjandi stórhríð á sunnudagsnóttina í 21. viku sumars, voru heiðar ósmalaðar og fenti fjallfé í hrönnum og hrakti í ár og læki. Þær stórhriðar vöruðu nær því viku, og hin versta tíð var alt haustið. Fenti þá í heiðum og heimahögum nær því ¼ búfjárs í það heila tekið, norðast í N.-Þingeyjarsýslu og vestast í N.-Múlasýslu. Þessi grimmilegi fjárskaði leiddi til afar fjölmennra vesturflutninga eftirfylgjandi 6—10 ár, enda hjálpaði þá margt fleira til þeirra. Frostaveturinn mikli 1880—1881, vorharðindi, hafísar og skepnufellir, lækkandi þrisar á ull og sláturfé. Kúgun sveitarstjórna, okur og harðýðgi danskra kaupmanna. Mentunarþrá vngri manna, og farfýsi út í ljós og þekkinguna, — vestur um ver.

Til minnis.

Lesendur ættu að hafa það hugfast, að láta þá íslenzku og aðra "business" menn, sem hafa sýnt Hkr. þá velvild, að auglýsa í þessu blaði, — njóta viðskifta sinna. Með því gæta þeir sinna eigin hagsmuna og sýna jafnframt að þeir meta það, sem vel er gert, því án auglýsinga-stuðnings "business" mannanna er ókleyft að gefa út blað eins og þetta

Búnadarskóla-stofnun Manitoba fylkis

Stofnsettur árið 1906 í Winnipeg borg.

SKÓLINN HEFIR KOSTAD YFIR HÁLFA MILJÓN DOLLARA, og er talinn að vera með lang-fullkomnustu stofnunum sinnar tegundar á öllu meginlandi Vesturheims.

Þessi skóli kennir búfræði í öllum greinum hennar, svo og aðrar þær námsgreinar, sem taldar eru nauðsynlegar til þess að ala upp sannmentaða bændastétt í landinu.

Aðal námsgreinar skólans eru þessar: —

1. Að þekkja frjómagn hinna ýmsu tegunda jarðvegsins og að læra að bæta hann eins og bezt hentar, til þess að auka frjómagnið og framleiðslu þeirra afurða, sem ræktaðar eru.
2. Að þekkja gæði mjólkur og læra að hagnýta hana til rjómaframleiðslu og smjörs og ostagerðar, svo að hún veiti bóndanum sem mestan peningalegan gróða.
3. Að þekkja tegundir gripa og læra að ala þá og annast, þannig, að bóndinn hafi sem mestan hagnað af eldi þeirra.
4. Að þekkja hina ýmsu sjúkdóma gripa og læra að lækna þá.
5. Að þekkja nákvæmlega beztu aðferðir smjörs- og ostagerðar, og geta framleitt beztu tegundir af þessu hvorttveggja.
6. Að þekkja hinar ýmsu viðartegundir, sem vaxa hér í landi, og læra trjáplöntun og nákvæma meðferð trjánna á vaxtartímabili þeirra, eða þar til þau ná þroska-aldri.
7. Að þekkja plöntur og meðferð þeirra.
8. Að þekkja grastegundir og fóðurgildi þeirra til holda eða fitu, svo að bóndinn geti ræktað þær tegundir, sem mest notagildi hafa fyrir gripastofn hans, og svo að hann hafi þeirra mestan arð.
9. Að þekkja hinar ýmsu illgresis tegundir, og skaðsemdar-áhrif þeirra, og læra að eyða þeim.
10. Skólinn kennir almennar mentagreinir, svo sem skrift, reikning og almennar viðskiftareglur, eins og þær tíðkast hér í landi meðal verzlunar og iðnaðar stéttanna.
11. Meðferð allra vinnuvéla, sem notaðar eru við landbúnaðar atvinnuveginn, hvort sem þær eru knúðar með vöðva-, gufu- eða rafafli, og að læra að þekkja alla parta og samsetning þeirra, og að beita þeim rétt.
12. Lyðjafræði og eðlisfræði, fram að því þekkingartakmarki, sem talið er nauðsynlegt að mentaðir bændur nái.
13. Tré- og járnsmíðar, til þess bóndinn geti sjálfur búið til eða gert við þá hluti, sem hann þarf að nota á landi sínu og búgarði.
14. Uppdráttarlist, — fyrstu frumreglur hennar, svo að nemandinn geti dregið upp mynd af þeim hlutum, er hann smíðar eða lætur smíða, og gert þann uppdrátt svo ljósan, að hann sé hverjum manni skiljanlegur. Í þessari námsdeild eru fluttir 20 fyrirlestrar til skýringar.
15. Skólinn kennir um vatnsleiðslu, sorprennugerð og annað, er lýtur að slíkum efnum. Til þessa er varið 16 dögum af námsskeiðinu á fyrsta náinsárinu.

Af þessum greinum öllum, getur hver nemandi lært eins mikið og gáfur hans gera, honum mögulegt með tveggja, þriggja eða fimm ára námi. En hann verður, áður en hann fær útskriftarskírteini frá skólanum, að vita svo mikið í öllum þessum greinum, að hann geti sjálfur gert þau verk öll, sem skólinn kennir.

Síðan skóli þessi tók til starfa, hefir verið bætt við tveimur deildum. Annari til þess, yfir sumarmánuðina, að kenna barnaskólakennurum þeim, sem stunda hér nám við "Normal" eða kennaraskólann og þeim öðrum kennurum, sem óska að stunda það nám, — að kenna kennurum frumatriði landbúnaðarins, svo sem kornyrkju, blómarækt, mjólkur búskap og fleira þess háttar. — Tilgangurinn með þessu er sá, að láta kennarana kynnast landbúnaðaratvinnuveginum og innræta hjá þeim nytsemi og gildi hans, svo þeir geti leitt athygli barnanna að þessu og með því laðað huga þeirra að jarðyrkju.

Hin önnur deild er kvennaskóli, þar sem konum er kent matreiðsla og bústjórn, og hannyrðir og alt annað, sem miðar til þess, að gera konuna hæfa til þess að stjórna húsi sínu með ráðdeild og þekkingu. Það er alment viðurkent, að konur hafi sama rétt til að mentast eins og karlmenn, og að það sé alt eins nauðsynlegt, að konan sé þekkingarlega vaxin sínum verkahring á heimilinu, eins og maðurinn. Það er fyrir viðurkenningu þessara réttinda kvenna, að þessi deild hefir verið stofnsett við skólann.

Þess má geta, að við enskunámið á skólanum er nemendunum kend réttritun og still, ásamt lestri með réttum áherzlum. Þar eru og nemendur látnir æfa sig í ræðugerð með því, að þeir ýmist semja ritgerðir um þau efni, sem þeir sjálfir kjósa, eða flytja ræður um þau efni. En kennarar dæma um gildi þeirra og leiðrétta nemendurna og benda þeim á, hvað má betur fara í ræðugerð þeirra í hugsun og málfæri. Þetta er hin bezta æfing, og verður árleiðanlega mörgum nemanda að góðu liði á síðari æfiárum hans.

Skóla þessum er stjórnað af 10 manna nefnd. Skal akuryrkjumálaráðgjafi Manitoba fylkis jafnan eiga sæti í ráðinu, 4 skulu kosnir af búnaðarfélögum fylkisins, 2 af háskólaráði Manitoba fylkis og 3 af Manitoba stjórninni. Þessi þjóðlega stofnun er því undir algerðri þjóðstjórn.

Svo er mikil aðsókn að skólanum nú þegar, að það er orðið óumflýjanlegt, að stækka hann



HON. ROBERT ROGERS,
ráðgjafi opinberra verka í Manitoba fylki, sem hafði á hendi yfirumsjón með byggingu Manitoba Búnaðarskólans.

til kodda, 2 koddaver, 3 rekkjuvoðir, 4 handklæði og þvottahúspoka (Laundry bag). Alt þetta má til að vera merkt með fullu nafni nemandans. — Nemendur verða að búa upp rúm sín sjálfir, sópa herbergin á hverjum morgni og halda þeim hreinum. Gólfþvottur er gerður af þeim, sem skólastjórnin fær til þess. Öll herbergi verða skoðuð eftir kl. 6.30 á hverjum morgni, og hver sá íbúandi sem þá er ekki búinn að hreinsa herbergi sitt, verður bæðinn, að útvega sér hústað utan skólans.

Skólastjórnin óskar sérstaklega, að fá þá nemendur að skólanum, sem hafa einlægan vilja til þess, að auka þekkingu sína á akuryrkju og búfræði, og sem eru siðferðisgóðir, og sem hafa ásett sér að stunda landbúnað, þegar þeir hafa lokið skólanáminu.

Þeir, sem hafa tamið sér ljótt orðbragð og vínnautn, og sem kynnu meðan þeir eru á skólanum, að sýna merki þessara lasta, eru aðvaraðir um, að sækja ekki um inntöku í skólann. Tilgangur skólans er ekki eingöngu sá, að auka búfræðilega þekkingu nemendanna, heldur einnig og jafnframt það, að auka siðfágun þeirra, svo að þeir, að enduðu námstímabilinu, geti komið fram sem sannmentaðir menn. Með því eingöngu geta þeir beitt þeim áhrifum til útbreiðslu þekkingar sinnar á akuryrkjumálum, sem nauðsynleg eru til þess, að tilgangi námsins verði að fullu náð.

Íbúð og nám skólans er þannig hagað: — Morgunbjallan hringir kl. 6.30. Morgunverður er kl. 7. Kensla byrjar kl. 8.30 og varir til kl.11.30 f. h. Á þeim tíma verða nemendur að sækja fjóra fyrirlestra. Miðdagsverður er kl. 12. Kensla hefst á ný kl. 1.30 og varir til 4.30. Þeim tíma er að mestu varið til verklegra æfinga og rannsókna. Frá kl. 7.30 til kl. 9.30 á kveldin verða allir nemendur að vera hver í sínu herbergi við lestur. Á þeim tveimur klukkustundum verður alt að vera hljótt í skólanum, og engum nemanda er leyft að yfirgefa herbergi sín á þessu tveggja stunda tímabili, nema með sérstöku leyfi þess, er hefir umsjón allra svefnherbergja skólans. Af þessu er það auðsætt, að skólastjórnin ætlast til þess, að nemendur leggi sig alla fram til námsins og verji engum tíma til ónýtis. Allir verða að vera í hvílum sínum og ljós slökt kl. 11 á kveldin. Þeir, sem kynnu að þurfa að nota ljós lengur, verða að borga sérstakt gjald fyrir það, að undanteknum þeim, sem sjúkir kunna að verða. —Alt þetta tendir til þess, að venja nemendurna við ástundun við námið og stranga reglusemi í umgengni á heimilum sínum.

Samkvæmt tilmælum stjórnarnefndar nemendanna verður 50c sjúkrasjalds krafist af hverjum nemanda, þegar hann innritar sig til skólanáms

Árlegur kostnaður hvers nemanda, sem skólann sækir í 2 vetur, er þannig:

Fæði frá 26. október til 23. desember	$33.00
Fæði frá 3. janúar til 31. marz	50.00
Innritunargjald	10.00
Kensluagnagjald	3.50
Nauðsynlegar bækur kosta alls	10.00
Fataþvottur og persónulegar nauðsynjar	10.00
Hvítur mjólkurbús fatnaður	1.00
Fót til nota á verkstæðunum	2.00
Sjúkrasjóðsgjald	0.50
Árlegur kostnaður alls	$119.00

Af yfirliti þessa lista er það auðsætt, að búnaðarskólanámið er afar ódýrt, og vel kljúfandi hverjum meðal bónda, að leggja þá litlu upphæð af mörkum til þess að veita sonum sínum þá allra nauðsynlegustu, hollustu og varanlegustu mentun, sem auðið er, og sem verður þeim happadrýgri á lífsleiðinni, heldur enn peningalegur arður, þó hann nymdi miklu meiri peninga upphæð. Og það er undravert, að engum íslenzkum bónda í Canada skuli enn þá hafa hugkvæmst, að senda son sinn á þennan skóla.

Vér höfum sannfrétt, að íslenzku bændurnir í Norður Dakota og Minnesota sendi árlega frá 60 til 70 af sonum sínum og dætrum á búnaðarskólana þar syðra, — aðallega til Grand Forks. En það skiftir þannig um við landamerkjalínuna, að ekki svo mikið sem einn einasti íslenzkur bóndi í Canada hefir sent son sinn á búnaðarskóla, svo oss sé kunnugt. Að eins tveir ungir menn, synir Skapta sál. Arasonar, sem bjó í Argyle bygð í Manitoba, stunduðu nám við skóla þennan á síðastliðnum vetri, og halda máske áfram þar á komandi vetri.

Hvernig stendur nú á þessum mikla mismun mun í hugsunarhætti sunnan banda og norðan? Orsakast hann af því, að norðanbændur séu yfirleitt svo langt um lakar staddir efnalega, að þeir geti ekki klofið það, að borga þennan litla námskostnað? Eða er það af því, að þeir treysta ekki skólanum til þess, að veita sonum sínum nokkra nýtari fræðslu, en þeir eiga kost á í heimahúsum? Eða er það af því, að þeir láti sig það engu skifta, hvers kyns mentalegan undirbúning þeir veita sonum sínum undir æfistarf þeirra? Eða er það af vantrausti á piltunum, og ótta fyrir því, að þeir annaðhvort ekki stundi námið, eða geti ekki fært sér það til sannra nota? Eða er það af því, að þeir viti ekki af tilveru þessarar þjóðlegu mentastofnunar? Eða er það af því, að þó þeir hafi vitað af tilveru hennar, þá hafi þeir ekki álitið hana þess virði, að veita henni og verkefni hennar nokkurt athygli? Eða, ef það er ekkert af þessu, hverjar ástæður liggja þá að íhugunarleysi Canada bændanna íslenzku, og hvers vegna eru þeir svona undir ólíkir Bandaríkja bændunum íslenzku?

Sennilegast virðist oss, að svarið muni helzt verða það, að Canada bændurnir hafi ekki vitað af tilveru þessa skóla, eða þó þeir hafi vitað af honum, þá sé hann svo nýr, að þeir hafi enn þá ekki áttað sig á nytsemi hans fyrir framtíðar hagsmuni bændastéttarinnar, og ekki haft tíma eða ástæður til þess, að kynna sér verkefni hans og tilhögun, — svo rækilega, að þeir gætu gert sér ljósa grein fyrir nytsemd hans.

Tilgangurinn með því, að gefa út þetta Búnaðarskólablað Heimskringlu, er sá, að láta íslenzka bændur í Canada vita, að skólinn er til og hvað hann er að starfa, svo að þeim skuli framvegis ekki vera mögulegt, að bera þá ástæðu fyrir sig, að þeir viti ekki af honum eða verkefni hans.

En hitt getur verið örðugra viðfangs, og vildum vér þó gjarnan geta orkað því: Að sannfæra bændur yfirleitt um, að það sé siðferðisleg og föðurleg skylda þeirra, að senda syni sína á skóla þennan, til þess þeir þar fái notið þess lærdóms, sem verða megi þeim að varanlegu gagni á öllum ókomnum æfiárum þeirra, og sem framar öllu annari mentun gefur tryggingu fyrir því, að þeir fái sigrað í búnaðar-samkeppninni, sem æ fer vaxandi með hverju ári, og verður þeim mun öflugri, sem bændum fjölgar í Canada.

Það getur af líðinni þriggja ára reynslu litið svo út, sem íslenzku bændurnir í Canada geri það af ásettu ráði, að einangra þessa miklu og nytsömu mentastofnun, og forðist að láta syni sína hafa nokkur kynni af henni. En nú, þegar þeir hafa fengið fulla vitneskju um skólann og gert sér grein fyrir mentalegu ágæti hans fyrir bændastéttina, — verðum vér að vænta, að þeir færi sér hana í nyt með því að senda þangað sívaxandi fjölda íslenzkra, námfúsra og nýtra nemenda, og að þeir sjái til þess, að vér Íslendingar eigum þar einn eða fleiri kennara af vorum eigin þjóðflokki innan fárra ára.

ÞÉR ÍSLENZKU BÆNDUR Í MANITOBA, SENDIÐ SYNI YÐAR Á MANITOBA BÚNAÐARSKÓLANN Í WINNIPEG.

Sumarstarf Manitoba Búnaðarskólans.

Sérstaklega skrifað fyrir Búnaðarskólablað Heimskringlu.

EFTIR ÞRIGGJA ÁRA starf er BÚNADARSKÓLI Manitoba fylkis búinn að ná svo mikilli hylli meðal bændaflokksins, engu síður en mentamanna fylkisins, að það meira en uppfyllir vonir þær, sem fylkisstjórnin gerði sér, þegar hann var stofnsettur. Og svo er aðsóknin farin að verða mikil, að þessum skóla, að það er talið víst, að óumflýjanlegt verði, að stækka hann að miklum mun innan skams tíma. Búnaðarfélögin hér í fylkinu hafa látið í ljós þann eindregna ásetning sinn, að hlynna að þessari stofnun, svo sem þeim frekast er mögulegt, með því að stuðla til þess, að sem flestir bændasynir fái þar búnaðarlega mentun.

Stjórnin hefir nú þegar gert ráðstafanir til þess, að ekki að eins sé piltum kend þar búfræði í öllum almennum greinum, heldur sé og kvendeild sett í samband við skólann, þar sem konum veitist kóstur á að læra ekki eingöngu smjör og ostagerð, heldur einnig algeng hússtörf, eins og þau eru bezt leyst af hendi á fyrirmyndarheimilum. Í þessu felst kensla í alls konar matreiðslu og þeim öðrum hússtörfum og hannyrðum, sem hver mentuð húsmóðir á og þarf að kunna til þess að geta staðið vel í stöðu sinni.

Þess utan hefir skólastjórnin nú byrjað kensludeild fyrir Normalskóla nemendur, — þá er ætla sér að verða barnaskólakennarar út til sveita. Margir þeirra eru menn og konur, sem aldir eru upp í bæjum, og hafa lítla sem enga þekkingu á sveitabúskap. Tilgangur skólastjórnarinnar er að kenna þessum nemendum ýmislegt það, sem að landbúnaði lýtur, og að glæða hjá þeim áhuga fyrir góðgi og nytsemi landbúnaðarins, sem þeir síðan, er þeir gerast kennarar úti í hinum ýmsu bygðum fylkisins, geta kent börnunum, — alt með þeim ásetningi, að auka skilning barnanna á þeirri ánægju og hagsmunum fyrir landlíð í heild sinni, sem landbúnaðurinn veitir umfram bæja og borgalíðs.

Um þetta farast prófessor Black, formanni skólastjórnarinnar, orð á þessa leið: —

Búnaðarskólinn viðurkennir tvo farvegi, sem nota má til þess, að auka búfræðislega þekkingu fylkisbúa. Fyrst með kensla þeirri, sem fram fer á sjálfum búnaðarskólanum, og í öðru lagi með því, að færa kensluna út um sveitir fylkisins til þeirra, sem ýmsra orsaka vegna ekki eiga kost á, að sækja námið á skólann. Þessi síðari liður má nefnast umferðarstarf, og er gert með tilhjálp þeirra 62 búnaðarfélaga, sem nú eru starfandi í sveitum þessa fylkis. Kennarar skólans ferðast út um fylkið á þeim tímum, sem þeir geta mist sig frá skólanum, til þess að halda fyrirlestra um hinar ýmsu greinar búfræðinnar, og til gripaskoðunar o. fl. þ. h. Þeir hafa sér til aðstoðar vel þekta bændur og gripamenn í hinum ýmsu sveitum, hæði til þess að tala á fundum og leiðbeina á gripasýningum.

Miklar og sívaxandi kröfur eru gerðar til skólans, að auka þetta umferðarstarf. Eitt af aðalstörfunum er, að kenna bændum, að þekkja mismun gæða á útsæðistegundum, og til að halda verðlaunasýningar á búsafurðum.

Skólinn byrjaði þetta starf sumarið 1908, og það hafði hin beztu áhrif, og varð brátt mjög vinsælt verk. Bændum eru og sýndar verklega nýjustu og beztu aðferðir við öll bústörfin, og vinnu samkepni fer fram undir umsjón búnaðarfélaganna. — Það er vonað, að með áframhaldi þessa starfs verðiManitoba fylki innan fárra ára skipað búfróðum mönnum, svo ekki finnist betri annarstaðar. Með samvinnu búnaðarfélaganna og skólastjórnarinnar getur ekki hjá því farið, að þetta starf hafi varanleg ar og heillaríkar afleiðingar fyrir búnað fylkisins.

Meðal annars er nemendunum kent að þekkja til hlýtar og að nota allar nýtízku bænda-vinnuvélar, og að þekkja og nota hinar ýmsu tegundir mótorvéla, sem nú á síðari árum eru notaðar á bændabýlum víðsvegar hér í landi og annarstaðar.

Það gefur að skilja, að sumar umferðastarf búnaðarskólans getur ekki orðið íslenzkum bændaefnum að því liði, sem æskilegt væri, hversu vel sem þeir reyna að færa sér þá tilsögn í nyt, — bæði af þeirri ástæðu, að á sumrin eru þeir svo bundnir við vinnu, að þeir hafa ekki tíma til að sinna kenslunni, þó þeir vildu, — og svo er kensla þessi að sjálfsögðu svo ónóg þeim, sem vildu afla sér nokkurnveginn nákvæmrar búfræðisþekkingar, að þeim er nauðugur sá kostur, að sækja nám hér á sjálfum skólanum að vetrarlagi.

Íslendingar hafa ekki veitt skóla þessum nægilega mikla eftirtekt að undanförnu. Þessi mentastofnun verðskuldar, að hún sé vel sótt og framtíðar velmegun bændaflokksins íslenzka hér í fylkinu er undir því komin, að hann hafi fullkomna þekkingu á öllu, sem að búnaðinum lýtur.

Það hefir verið sagt, að við búnaðarskólann í Norður Dakota hafi á sumum kenslutímabilum verið alt að 70 Íslendingar. En hér á Manitoba búnaðarskólanum hafa að eins tveir landar verir sótt nám. — Þetta má ekki þannig til ganga lengur! Íslendingar eiga nú lærða menn í ýmsum greinum, lögmenn, presta og lækna. Þeir ættu einnig að eiga lærða bændur og menn við kennarastöður á búnaðarskólanum hér. Og það geta þeir átt innan fárra ára, ef þeir leggja þá rækt við stofnun þessa, sem hún verðskuldar.

Heimskringla vill sjá ekki færri en 20 til 25 íslenzka nemendur á skóla þessum árlega hér eftir. — Manitoba bændurnir íslenzku eru þess megnugir, að gefa sonum sínum þessa mentun, og þeir ættu að gera það.

BARNASKÓLAKENNARAR, SEM STUNDUDU SUMARNÁM VID MANITOBA BÚNADARSKÓLANN SUMARID 1909.

Skrifið yður fyrir HEIMSKRINGLU svo að þér getið ætíð fylgst með aðal málum Íslendinga hér og heima.

A. S. BARDAL, Útfarastjóri og Líksmurðarmaður

121 NENA STREET, WINNIPEG, MAN.

Ég annast um

GREFTRANIR

sel líkkistur á öllum stærðum, gerð og verði. Einnig sel ég líkklæði, skrautblóm og kransa, og sendi líkkistur og annað, sem lýtur að jarðarförum, hvert sem óskast út til sveita í Austur og Vestur Canada, — nákvæmlega eftir pöntunum, og með sama verði, sem þær vörur kosta í Winnipeg.

Eg Sel Legsteina

með því lagi, stærð og áletran og verði, sem hver óskar. Öllum pöntunum sint tafarlaust. — Íslendingar munu finna peningalegan hagnað í því, að verzla við mig frekar enn hérlenda og þeim alls óþekta menn, sem ekkert hafa betra að bjóða, en selja engu ódýrara. Áletran hjá mér ætíð rétt. Hérlendir legsteinasalar hafa vanalega haft hana ranga á steinum Íslendinga. — Öllum bréflegum fyrirspurnum svarað fljótt og nákvæmlega.

Vagnar til Leigu

Alls kyns svartir og hvítir líkvagnar og fólksflutningsvagnar til leigu, sendir hvert sem óskað er um borgina eða nærliggjandi staða, á öllum tímum dags og nætur. — Keyrslumenn sendir með hverjum vagni.

Sanngjarn leigumáli.

Ég sinni öllu, sem að mínu starfi lýtur, fljótt og áreiðanlega. Skiftið við

A. S. BARDAL, Útfarastjóri

121 Nena St., Winnipeg, Man.

Skrifstofu Phone: Main 306 Heimilis Phone: Main 304

ÚTIBÚ Í GIMLI BÆ UNDIR UMSJÓN HERRA ELIS THOMSEN



JÓNAS J. THORVARDSON

Hin langstærsta og fullkomnasta ÍSLENZK VERZLAN í Winnipeg

SIGURJ N SIGURDSON

Horni Ellice Ave og Langside Strata

TALSIMAR: Kjötdeild 2898 — Matvöru-deild 768

VERZLUNARHÚS

The Sigurdson-Thorvardson Co.

Eftirmenn: The Vopni-Sigurdson, Limited

Hvergi fást betri né ódýrari vörur. Pantanir utan af landi afgreiddar fljótt og áreiðanlega. Borgað hæðsta verð fyrir allar afurðir bænda.

Skrifið og sannfærist. —

Th. Johnson,

Gullsmiður, Úra og Gleraugna Sali

286 MAIN ST. ::: WINNIPEG

Talsimi: 6606

ÍSLENDINGUM ER HÉRMEÐ bent á, að ég hefi á sl. vetri tekið og staðist próf í sjónrannsókn við Ophthalmic College hér í borg, og get því prófað sjón manna og selt þeim hæfileg gleraugu af öllum tegundum, til þess

að auka og bæta sjón þeirra, og sel þau með lágu verði.

Ég hefi í sl. ellefu ár stundað Úrsmíðar og Gullstáss og Gleraugna verzlun. Ég hefi fylstu og beztu byrgðir af alls kyns Gull- og Silfur Skrautmunum, Sjónaukum og Gleraugum.

Þær vörur, sem ég ekki smíða sjálfur, kaupi ég frá áreiðanleg-ustu félögum í þessu landi, og ábyrgist, að alt sé í fylsta máta gott og uandað.

Einnig smíða éq alls kyns Silfur og Gull Skrautgripi eftir pöntunum, og ábyrgist að gera þá nákvæmlega eftir fyrirsögn skiftavina minna. Ég bý einnig til hárfestar og skreyti þær.

Ég sel Klukkur og Vasaúr alls konar, Lindarpenna, Armbönd, Hringi, Brjóstnálar, Keðjur, Lockets, og alt annað, sem að Gullstáss Verslun lýtur.

Ég sinni nákvæmlega öllum pöntunum utan af landsbygðinni, og afgreiði þær eins fljótt og vandlega og mér er frekast unt.

Gleymið ekki, að ég smíða alls kyns Giftingahringi og Stein- og aðra Skrauthringi, svo og aðra Skrautgripi. Sendið mér hár til Keðjugerða. Ég flétta þær og skreyti.

Verðið er sanngjarnt, verzlunin áreiðanleg. Ég mælist til að mega eiga viðskifti við yður.

Th. Johnson, Jeweler & Optician, 286 Main St. 'Phone 6606

Hundrað ára afmæli Charles R. Darwin

Bréf í Winnipeg Free Press, 12. febr. '09,

Eftir *A. McLEOD, Morden, Man.*

Í dag eru liðin 100 ár frá fæðingu CHARLES DARWIN, sem meira vann að því, að breyta skoðunum mentaðra manna, en nokkur annar síðan Jesús Kristur var uppi. Darwin var kominn af beztu ætgund miðlungs stéttarinnar engelsku. Forfeður hans voru gáfu- og mentamenn. Hann var líkamlega veikbygður, en yfirburða gáfaður. Hann ætlaði að nema læknisfræði og flutti til Edinborgar í því skyni, en hætti við þann ásetning og fór til Cambridge til að læra guðfræði. Þaðan útskrifaðist hann, en hætti jafnframt við guðfræðis hugmyndina og fór að leggja stund á vísindalegar rannsóknir. Árið 1831, þegar hann var 22. ára gamall, var honum veitt náttúrufræðis embætti á konunglega herskipinu Beagie, sem fór í landkönnunarferð til Suðurálfu. Sá leiðangur varaði um 5 ára tíma, og veitti honum tækifæri til að halda uppi vísindalegum rannsóknum á ýmsum stöðum hnattarins. Hann hafði nægan tíma til athugana og íhugana, og hann notaði þann tíma svo vel, sem auðið var. Hann var gæddur vísindalegu hugarfari. Hann veitti öll hina nákvæmustu eftirtekt. Með gnægð heilbrigðrar skynjunar og frumlegs ímyndunarafls, fylgdi hann sannleikanum, hvert sem hann leiddi, án tillits til afleiðinga. Hann hafði yfir svo miklum efnum að ráða, að hann gat varið allri sál sinni til þess, að þjóna vísindalegum rannsóknarstörfum.

Tímabilið var manninum hentugt. Þáverandi vísindalegar skoðanir, bygðar á og háðar forntíðar trúfræði, heimtuðu af vísindamönnum, að þeir viðurkendu ákveðnar kenningar sem sannar, en sem ekki gátu samrýmst þekkingu þeirra. Þetta fræðikerfi var að líða undir lok fyrir áhrif slíkra ritverka sem "Auðsafn þjóðanna" eftir Adam Smith, og "Mannfjölgun" eftir Malthus, Náttúrusögu eftir Lamarck, Jarðfræði eftir Lyeit og Pólitiska hagfræði eftir Mills, og ýmiskonar fleiri ritverk. Allir þess ir höfundar höfðu neitað samtíðar skoðunum um undirgefni við settar kenningar, og lagt svo sjálfir út á haf röksemdanna. Trúin á óskeikulleik, hvort heldur páfans, kirkjunnar eða bibliunnar, var orðin óeinlæg og vanaföst. Útvortis var heimurinn trúaður. Innvortis var hann efandi.

Árið 1859 gaf Darwin út rit sitt "Uppruni tegundanna". Sú bók seldist upp á degi, og vakti umtal um afleiðslu kenninguna meðal hins mentaða heims. Darwin hvorki uppgötvaði né hugskapaði afleiðslukenninguna. Lucretius, Aristoteles, Harvey, Haller, Lamarck, Tennyson, Wallace og margir fleiri höfundar í jarðfræði, heimsspeki og skáldskap höfðu ritað um afleiðslu. En það varð hlutverk Darwins, að ákveða kenninguna og sanna hana. Hinir ræddu um verðgildi hennar. Hann gerði hana að gildandi gangeyri í heimi lifandi hugsana. Sjaldan hefir breytiþróun nokkurar hugsjónar gerst með meiri hraða og áhrifum, en kenning Darwins um afleiðsluna. Hún hefir umbreytt hugsjón mannkynsins, og hefir verið viðtekin af nálega öllum mentuðum leikmönnum í heiminum á einum mannsaldri. Með henni hefir mannkynið fengið nýjar hugsjónir um guð, manninn, himin, jörð og helvíti.

Aðferð hans við framsetning þessarar kenningar átti mikinn þátt í, hve vel henni var tekið. Það er ómögulegt að lesa bók



CHARLES R. DARWIN.

hans, án þess að sannfærast um einlægni hans. Hann leitar sannleikans og finnur hann. Hann leggur ekki út með fyrirfram fastsettar skoðanir. Hann gerir ekkert tilkall til þess að kenna með valdi. Hann setur fram sannleikann, og við íhugun hans myndast fræðikerfið sjálfkrafa. Hann beitti öllum sínum hæfileikum til þess að draga saman sannleiksatriðin, og framsetja þau fyrir almenning. En hann stælti aldrei eða valdbauð, eða afneitaði, eða andmælti. Starf hans er alt algerlega persónulegt. Lesarinn kemst ekki frá persónugervi hans. En niðurstöður þær, sem hann kemst að, eru algerlega almennar. Hann vann fyrir breytiþróunar kenninguna það sem Newton vann fyrir þyngdarlögmálskenninguna. Hann ákvað, hverjum lögum breytiþróunin hlýddi, og hann ákvað henni stöðu í vísindakerfi heimsins, sem menn verða hér eftir að viðurkenna, eins og þeir viðurkenna þyngdarlögmálið. Aðrir hafa síðan ritað, en þau rit hafa verið til þess að skýra málið. Afstaða hans gagnvart breytiþróunarkenningunni, er nákvæmlega eins og afstaða Jesú Krists gagnvart kristindóms kenningunni.

Kristur gróðursetti siðferðislögmál trúfræðinnar með síðuðum mönnum. Aðrir hafa sett bætur á það, sem tími og trú hafa afmáð, hvort sem þær bætur koma frá Páli eða Mrs. Eddy. Darwin gróðursetti vísindalegt hugsjónakerfi í hinum mentaða heimi, aðrir hafa sett bætur á það, sem margar hafa máðst af með tíma og hugskoðun, hvort sem þær bætur voru frá Sidwick eða De Vries.

Framþróun breytiþróunarkenningarinnar í huga Darwins, var eitthvað á þessa leið: Hann var vísindalega hugsandi, rökfastur, ljós og ályktananæmur. Hann hafði nákvæma þekkingu á grasa- og dýrafræði, og hann safnaði sannreyndargögnum lútandi að kynjamyndun húsdýra, og hann reyndi ræktun ýmsra plöntutegunda, sem að eins sumar þroskuðust. Þetta sannfærði hann um, að mismunur tegundanna orsakaðist á einhvern hátt af eiginleikum tegundanna. Meðan hann fékst við þessar rannsóknir, las hann bókina "Population" eftir Malthus, sem ræddi um æxlun mannkynsins og lagði áherzlu á þá staðreynd, að þar sem mest er þéttbýlið, þar nær að eins takmarkaður fjöldi fæddra barna fullorðins aldrinum. Þá greip hugur Darwins þá hugsun, að hagfeld breyting frá veraldli kyntegund myndi miða til langlífis þeirra einstaklinga, sem feldu í sér þá hagfeldu breytingu, og að þeir myndu með tímanum mynda nýtt viðvarandi kyn. Þetta var árið 1838. Með þessa hugsun gekk hann um 20 ára bil, og þá tók hann að mynda sína nýju hugsjón um framþróun, að breytiþróunin bygðist á eðlissamræmi. Árið 1859 gaf hann út bók um "Uppruna tegundanna" — en sú bók er vísindaleg framsetning hugsjónarinnar, með meðfylgjandi sönnunargögnum til að réttlæta hana.

Það er ógerningur, að útlista breytiþróunar kenninguna með fáum orðum. En fljótt álitið má segja hana vera þetta: Að allar lífsverutegundir séu framleiddar og þroskist af tilbreytingu frá verandi tegundum, á þeim grundvelli, að það lifi lengst, sem hæfast sé til lífsins. Heimurinn, með öllu, sem í honum er, er álitinn að hafa þroskast frá hinu einfaldara til þess margbrotnara og fullkomnara ástands. Þetta er að eins hugsjón, en hún nægir til þess að skýra marga leyndardóma tilverunnar, og styðst við svo yfirgnæfandi sannanagögn, að hver sá verður að skoða hana réttmæta, sem ekki hefir fyrirfram ásett sér að neita henni. Það tímabil, sem menn vörðu til þess, að þrátta um gildi þessarar kenningar, er liðið. Ég heyrði mann eitt sinn prédika móti hnattmyndun jarðarinnar, og hann skoraði á menn að mótmæla sér, en hann var hæddur til þagnar, og þannig er það nú með þá, sem reyna að andmæla breytiþróunarkenningunni, að þeir, sem hafa hugsað það mál, aumkast yfir þá.

Eftir að núverandi kynslóð hefir liðið undir lok, þá verður hver sá maður, sem neitar breytiþróunarkenningunni, eins einstæður með skoðun sína eins og hann, sem neitaði hnattmyndun jarðarinnar. Hugsun vor öll er þrungin hugmyndum Darwins. Vísindi, saga og þjóðmegunarfræði, félagsfræði og trúfræði byggist alt á hugmyndum hans. Vér fáum ekki losað oss við Darwin. Vér berum meiri lotningu fyrir hugsunum hans, en nokkurs annars manns, að undanteknum Jesú Kristi. Þó kenningar Darwins litu ekki beinlínis að sagnfræði, þá getum vér ekki lesið mannkynssöguna án þess að viðurkenna breytiþróun, bæði einstaklinga og þjóðfélaga, sem háð er því lögmáli, að þeir hæfustu lifi lengst og þroskist. Vér lesum söguna í nýju ljósi, með nýjum skilningi og með aukinni ánægju. En það er á heimi guðfræðinnar, sem kenningar Darwins hafa valdið mestu umróti. Menn lesa verk Darwins, og margar af hinum helgustu hugsjónum þeirra bráðna eins og ís í sólarhita. Guðfræðingar héldu því fram, að hver sú skoðun, sem eyðilegði trú manna, væri frá djöflinum, og þeir andmæltu kenningum Darwins með hæðni og stóryrðum. Þeir töluðu um fávizkuna í þeirri hugsun, að menn væru komnir út af öpum, og þessi neitun breytiþróunarinnar varaði um margra ára tíma. En menn héldu áfram að lesa Darwin, og nálega hver maður viðurkendi með sjálfum sér, að röksemdir hans væru ómótmælanlegar. Þó að guðfræðin væri í ósátt við breytiþróunina, þá var breytiþróunin algerlega sátt við guðfræðina. En hitt sáu allir, að breytiþróunarkenningin var í algerðu ósamræmi við þá gömlu fræði, sem kendi, að heimurinn með öllu, sem í honum er, landi, vatni, sól og tungli, dýrum og mönnum, hefði verið skapaður svo að segja í einni sjónhendingu, og mönnum varð ljóst, að önnur hvor kenningin yrði að lúta fyrir hinni. Þær gátu báðar ekki haft hvílurúm í hugum skynbærra manna. Kreddan varð að víkja fyrir rannsóknarhugsjóninni, og guðfræðitrúin, sem búin var að vara um þúsundir ára er liðin undir lok. Að eins þeir einstrengingslegustu meðal mentaðra manna, halda því fram á þessum tímum, að veröldin hafi verið sköpuð á sjö dögum, eða að konan hafi verið gerð úr rifi mannsins.

En gróði guðfræðinnar við kenningar Darwins hefir verið feiknamikill. Trúin á sögur gamlatestamentisins hafa reynst ofraun öllu heilbrigðu viti. Byrðinni hefir verið aflétt, biblían réttlætt og guðstrú mannkynsins hefir öðlast traustan grundvöll. Breytiþróunar kenningin ræðir ekkert um upprunaorsök, en að eins um það, sem fram fer hér í heimi, en hvorki um upphaf né endir. Fyrir einum mannsaldri var sú skoðun ríkjandi, að eftir því, sem menn öðluðust nákvæmari þekkingu á uppruna allra hluta, eftir því mundu þeir kynnast skaparanum betur, og við það mundi lotningin fyrir honum hverfa. En aukin þekking hefir glætt trúarmeðvitund manna og lotningu fyrir skaparanum. Guð-

fræðinni hefir aldrei verið gerð meiri hneisa, né breytiþróunarkenningunni sýnd meiri viðurkenning, heldur enn með þeirri staðhæfingu, að breytiþróunar kenningin muni eyðileggja guðstrúna. Ef hægt er, að eyðileggja guðstrúna með nokkurri visindalegri kenningu, þá ættum vér að jarðsyngja hana sem fyrst. En kristin trú hvilir ekki á svo hálum grundvelli. Vinir hennar þurfa ekki að varðveita hana fyrir sjálfri sér, þó hún þurfi stundum vernd fyrir vinum sínum. Satt er það að visu, að breytiþróunar kenningin hefir veitt áverka þeirri skoðun, sem heldur því fram, að kristindómurinn geti svæft eða kæft mannlegar ástriður, að hann sé færður í helgi reifa og veittur vissum, útvöldum einstaklingum til þess fyrir þóknun, að þeir fái með honum haldið mannkyninu í skefjum.

En breytiþróunar kenningin hefir orðið mikill styrkur fyrir þá kristindómsskoðun, sem telur að trúin lyfti mönnum í æðra veldi. Hún hefir losað trúna við kyrstöðuna, og ef til vill hefir aldrei á einum mannsaldri orðið eins mikil breyting á nokkru trúfræðikerfi, eins og einmitt á guðstrúnni fyrir verkanbreytiþróunar kenningarinnar. Öll trúarhugsjón vor er gerbreytt. Nú leggja menn áherzluna á þennan heim. Áður var heimshugsunin álitin ókristileg. Gamla guðfræðikreddan er dauð.

Þetta hefir ekki orðið fyrir tilraunir áhangenda breytiþróunarkenningarinnar að fella guðstrúna. Ágreiningur sá, sem orðið hefir milli guðstrúenda og breytiþróunarmanna, hefir hjálpað til að skýra afstöðu hvors flokksins um sig, og Darwins kenningin hefir haft áhrif á guðfræðina fyrir tilverknað þeirra kirkjumanna, sem ekki gátu komist hjá að trúa henni, — þar til svo langt er komið, að ég hygg það muni reynast örðugt, að finna þann velmentaða prest, sem gersamlega neitar Darwins kenningunni.

Á einn hátt hefir kristna trúin haft stóran hag af Darwins kenningunni. Hún er guðspjall dýrðlegrar bjartsýni, — þrungin von. Það er hugsjón um framþróun, en ekki afturför. Maðurinn þokast áfram, ekki aftur á bak. Hún kennir ekki að eins um þroskun mannkynsins, heldur einnig um það, að umhverfið sé eitt af aðalskilyrðum þeirrar þroskunar. Þessi kenning hefir aukið og bætt kirkjutrúna, og komið áhangendum hennar til að sjá, að þeim beri að bæta kjör meðbræðra sinna. — Breytiþróunar kenningin segir ekkert um það, fremur en ritningin, hvað vér verðum framvegis, en hún sýnir, að ekki að eins eru líkindi til, heldur vissa fyrir því, að framþróun mannsins er ótakmörkuð, og að fullkomnunar möguleikar hans eru meiri, en hann hefir enn þá gert sér í hugarlund. Þetta glæðir alt vonarlíf mannsins. Hann er hér að rækta sitt guðdómlega eðli, að gölga kyn sitt, bæta umheiminn af frium eðlishvötum. — Skoðanir hans á sjálfsskyldum hans hafa vaxið. Hann er hér settur til þess að vinna að sinni eigin frelsun, og hann bindur ekki skyldu ræknis skoðanir sínar við kirkjugöngu á sunnudögum. Himininn er ekki lengur í hans augum sælustaður í ótakmarkaðri fjarlægð, þar sem gólfið er gulli stráð og guð sitjandi í hásæti, í gervi þess almættis, sem er ábyrgðarlaust og sem allir menn verða að óttast. Né heldur er himins-sæla fenginn á einu augabragði, sem verðlaun fyrir játningu vora við fylgi einhverrar kirkjutrúar. Darwins kenningin setur "karaktér", sem hið alnauðsynlega afl til betrunar.

Gamla guðfræðis skoðunin var, að guð, himnariki, jörðin og maðurinn sjálfur væri til orðið á óskiljanlegan hátt, að eðli þeirra væri að mörgu leyti svo yfirnátturlegt, að það væri ofvaxið mannlegum skilningi, og að þetta skilningsleysi væri blessun og allra þakka vert, þar sem það stækkaði guð, en minkaði manninn. Þessi trú og tilfinning er enn við líði hjá þeim, sem lifa í liðinni tíð.

Hinn mentaði maður, sem náð hefir 70 ára aldri, litur með söknuði á hina einföldu skýringu hinna gömlu bibliu kraftaverka, og hann finnur til þess, að vaxandi þekking mannkynsins dregur úr þeirri lotningu, sem honum hafði verið kent, að bera fyrir því dularfulla og yfirnátturlega. En barnabörn hans eru að alast upp í þeirri trú, að eftir því, sem mannleg þekking þroskist, eftir því minki trúin á hið yfirnátturlega, og að þess betri skýringar, sem mannkynið fær á leyndardómum lífsins, þess fullkomnari verði þekking þess. — Það hefir komið óþægilega við trúarmeðvitund sumra manna, að þurfa að yfirgefa íbúðar-hvalinn og asnann, sem talaði mannamál, en hvorug skepnan þekkist í dýrafræði nútiðarinnar, eða í trúfræði hinna mentuðu. En þó að trú hinna mentuðu hafi tekið miklum framförum á sl. 50 árum, þá hefir trú hinna ómentuðu og grunnhygnu staðið í stað að mestu leyti. Hin æðri þekking hefir verið þeim sem lokuð bók. Þetta ástand er að kenna starfsemi kirkjunnar. Rómverska kirkjan hefir með valdi tamið frjálsa rannsókn í trúarefnum, og bannfært alla tilbreyting í trúarefnum. Þetta hefir komið mentamönnum hennar í þann vanda, að velja um, hvort þeir vildu gerast svikarar við skynsemi sína eða trú. Kirkjan rekur hina grunnhygnu til hinna trúarlegu blótstalla og ræna þá skynjaninni. Endurbóta kirkjurnar hafa ekki neitað sannleikanum, en þagað hann fram af sér. Þær hafa gert þagnar samtök. Engin afsökun eða ástæða er færð fyrir þessari stefnu: að breytiþróunin sé visindaleg hugsjón, sem kirkjan hafi ekkert samneyti með beinlínis. Í öðru lagi, að þeir innan kirkjunnar, sem aðhyllast gömlu skoðunina, fá ekki skilið hinn nýja sannleika, og að þeim verði að vera leyft, að hverfa af leiksviði lífsins áður enn sá nýji sannleikur sé opinberaður öllum almenningi.

Ég get ekki skilið, að það hafi verið tilgangur hans, sem lagði grundvöllinn að hinni kristnu trú, að hann vildi láta hylja sannleikann. Ef nokkur einn hlutur er ljósari enn annar í öllum hans kenningum, þá er það það, að hann huldi aldrei sannleikann, né nokkurn hluta hans, hvorki fyrir gömlum né ungum, mentuðum eða ómentuðum, hinum sterku eða hinum veiku. Látum þá vitsmunalega dauðu grafa sína dauðu. Hvort sem að breytiþróunar kenningin er að eins visindaleg hugsjón eða annað, þá verður kirkjan að taka tillit til hennar. Breytiþróun hins trúarlega eðlis mannsins, er alt eins mikil og hin líkamlega breytiþróun hans. Það getur verið, að enn þá séu til prestar í umbótakirkjunni, sem trúa því, að "guð hafi skapað alt af engu, nema krafti síns orðs, á 6 dögum, og að alt hafi verið harla gott", — en ég þekki engan slíkan. En samt er þetta kent þúsundum barna þann dag í dag að tilhlutun kirkjunnar.

Af þeim tveimur stefnum: Rómversku kirkjunnar að nejta sannleikanum, og siðbótar kirknanna, að dylja sannleikann, — held ég sú fyrri sé minna vítaverð. Það er betra, að maður taki þá stefnu, að ljúga, og haldi svo við hana þrátt fyrir ómótmælanleg rök til hins gagnstæða, heldur enn að hringsnúast í óákveðnu öfugstreymi, til athlægis öllum skynberandi mönnum. Rómverska kirkjan getur lifað án þeirra mentuðu. Hún rekur sauði sína, og það er hægra að reka þá heimsku og fáfróðu, heldur enn þá skynsömu og upplýstu. Það er hægra, að reka 10 þúsundir ómentaðra manna, heldur enn einn Loisey eða Tyrrell.

Siðabótarkirkjan getur ekki lifað og verið sterk með mentuðum áhangendum. Þeir verða að leiða fylgendur sína, og eingöngu þeir mentuðu, lærðir og leikir, geta leitt. Hinir guðfræðilærðu innan siðabótar kirknanna, sem undantekningarlitið trúa breytiþróunarkenningunni, hafa gersamlega neitað, að veita henni formlega viðurkenningu. Ungdómurinn elst upp við tvískiftar skoðanir. Á sunnudögum eru honum kendar kreddur þær, sem ég hefi getið um hér að framan, en á rúmhelgum dögum lærir hann, að sköpun hlutanna hefir verið í stöðugri framrás um þúsundir ára, og sé enn á framrás. Þessi skoðana tvískiftingur er barnvænn fyrir framtíð kirkjunnar.

Hinar umbættu kirkjur hafa um 5 ára skeið haldið sig frásneiddar framþróunar hugsjónum alheimsins. Við það hafa áhangendur kirknanna og kirkjurnar sjálfar beðið mikið tjón. Fyrst er styrkleikatap, sem jafnan fylgir efasemdum og hikun, og svo er tvískinnungur í hugsun fylgendanna, sem jafnan er trúnni dauðalyf. Sá tími virðist nú kominn, að siðalærdómar Jesú Krists og vísindakenningar Darwins verða að fylgjast að, — að minsta kosti í kirkjum reynslunnar. Ef þær fylgjast ekki að, þá er það kirkjunum tjón. Kenningar Darwins hafa mikillega auðgað trúarmeðvitund hinna mentuðu. En sá kristindómur er ekki formlega kendur eða viðurkendur í nokkurri kirkju. Nútiðarkirkjurnar verða að laga sig eftir skoðunum hinna mentuðu kristnu manna, eða þær verða að miklu leyti tilgangslausar og fá ekki unnið ætlunarverk sitt.

Ég enda þar sem ég byrjaði með áherzlu á þeirri staðhæfing, að eng inn maður hafi svo mikillega haft áhrif á hugsunarhátt mannkynsins síðan Jesús frá Nazaret var uppi, eins og Charles Darwin.

Warwick-garður

Sakir kirkjuþingstíðinda og annars efnis, sem hlaðist hefir að oss undanfarið, höfum vér ekki getað komið því við, að minnast þessar byggingar, þegar lokið var smíðinu á henni í júní sl., svo sem vér þó höfðum ætlað oss.

Garðurinn er byggður af þeim W. P. Alsip og Sveini Brynjólfssyni í samlögum, eins og menn vita, á lóð hins síðarnefnda á horninu á Qu'Appelle götu og Carlton strætis, og er talinn skrautlegasti hýbýlagarðurinn í bænum nú sem stendur. Fyrir þær sakir væri sjálfsagt í rauninni að geta hússins og flytja mynd af, svo sem hér er gert eftir ljósmynd tekinni af húsinu í vor. En þó dregur Heimskringlu meir til þess það, að húsið er íslenzkt fyrirtæki að hálfu leyti, nema meira sé, því bæði eru þeir feðgar Sveinn og Sigfús aðaleigendur að húsinu ásamt W. P. Alsip, áttu upptökin að fyrirtækinu og hafa staðið sjálfir fyrir smíðum.

WARWICK-GARDUR.

Húsið er fimmlyft, bygt úr tegldu grjóti upp að öðru lofti og þaðan úr rauðum mársteini, þeir veggir, sem vita að götunni, en veggurinn að húsabaki og sá, sem veit að sundi, eru úr vanalegum mársteini alla leið upp frá kjallara. Frontur hússins er 120 feta langur og blasir við Central Park. Á þaki er salur mikill, er mun standa litt að baki Hlíðskjálf að víðsýni, því þaðan sér of allan Miðgarð og miklu víðar. Kambar tveir, allbreiðir og útstæðir gluggar á, skaga út sinn hvoru megin á endum frontsins, og liggja milli kambanna svalir fyrir hverju lofti. Þær liggja á ferstrendum súlum, 5 sitt hvoru megin dyra, sem renna upp í steinu af kömbunum, og undirlög inngreipt inn á súlnahöfuð tegld úr grjóti. Fyrir svölum á efri loftunum er rautt múrþili og brytt að ofan með steini, en undir lögin falin eirhlaði súlustölluðu, sem liggur fyrir þeim endilöngum. Umbúnaður útstæðra glugga er búinn eir á svipaðan hátt. En á fyrsta lofti er brjóstþili svalanna úr grjóti, og standa á steinbogum, sem ganga á milli súlanna. Loks prýðir frontinn ups mikill úr eir og neðan við eirlegging breið, sem tekur alt ofan að loftsbrún svalanna.

Aðal inngangurinn er hinn veglegasti.

Inn að útidyrum frontsins er gengið um súlnaport, sem myndast af miðsúlunum ferstrendu og súluvöl gildum, er fellur upp að þeim, og bera portsillu og portskygni afar breitt á flúruðum kröppum; hangir rafljósker niður úr því til að lýsa inngangínn. Innaf portinu liggur marmarahlað að útidyrum, og ganga af marmarapallar beggja vegna upp á svalir fyrsta lofts; í hlaðið er greipt nafn garðsins svörtum leirtiglastöfum og heiðgnlur tiglaborði upp að gangnahurðum. Í öndinni standa bréfskrínur húsbúa úr messing, með glerspeldahurðum fyrir, og talsími til hýbýlanna.

Í göngunum eru veggir þildir eikarspjöldum og spilum greiptum í eikarlistur; í þeim er astrak gólf, gert úr marmaramulning alls konar og steinlími og deilt í reiti ferhyrnda með marmarabekkjum með veggjum fram og þvert yfir göngin á sumum stöðum.

Framarlega í göngum rennur lyftin, og hjá henni liggja aðaltröppurnar upp húsið, en sjálf brjóstrið úr við fyrir þeim. Frá hinum óæðri dyrum í sundinu og á Carlton stræti liggja og gönguinn í garð þenna; í þeim göngum eru og tröppur upp húsið.

Innan veggja liggja öll þau ræsi, sem tíðkanleg eru í húsum, og mörg fleiri. Þar eru ræsi fyrir kalt vatn og heitt, ræsi fyrir vatnsgufu, gasræsi, skolpræsi, sorpræsi, ræsi fyrir loftskifti og ræsi fyrir kæliloft. Þar liggja og vírar fyrir rafljós, talsíma og rafbjöllur.

Hibýli garðsins eru 65 talsins, flest fyrir fjölskyldur, 3—7 herbergi í hverju. Fyrir aðaldyrum þeirra eru glerspjaldaðar eikarhurðir, og allur viður og búnaður í þeim yfirleitt er úr eik; en gólf úr hlyn, nema baðherbergja gólfin, þau eru gerð úr leirtiglum lituðum í steinsteypu. Vermar allir silfurlitaðir, búnir loftspeldi og afrennsli, að ekki frýsist vatn úr þeim á gólfið.

Göng og setustofur eru hjöraðar bjórum með ýmsum litum, borðstofur búnar diskahyllum, en setstofur hafa bókaskápa og arinn úr rauðum mársteini, með eikarsyllu á flúruðum kröppum, og hér ristin leyskjulega eikarbúta, sem loga vel þó ekki eyðist, því þeir eru gerðir úr leir eldærum og þéttsettir smágötum, er gasið þyrlast út um. Í svefnherbergjum eru fataskápar með spegilhurðum fyrir, og auk þess víða í hibýlum fataklefar með glugga eða gluggalausir. Í baðherbergjum eru auk venjulegra áhalda veggskápar með spegilhurð fyrir undir lyfi, til að ræsta sig og snotra. Eldhúsin eru búin gasstóm, kæliskáp og matarskáp með glerhurð, silfum og mjólkurkassa.

Ljósaskrúðið alt er gert af hinni mestu list. Krossálmaðar ljósastikur úr messing með 5 ljósakúlum hrímlitum í setstofum, en ljósahjálmar í borðstofum, grindin ferhyrnd, kögruð og súðað yfir með raf-, opal- og rubin-litum glerum. Í göngum eru ljósker, það er að segja hin vanalegu rafljósahnoð er lukt inni í dálitil hvítleit hylki svartbent, sem líkjast ljósberum.

Í kjallaranum eru geymsluklefar fyrir húsbúa, þvottastofa og regnvatnsstampur og þurkstofa. Þar er og brent sorpi því er tilfellur sorpræsunum og þar er kæliloftsstöðin. Þar eru og gufukatlarnir kyntir í eldíæru herbergi, loft og gólf steinsteypt, og veggir úr tómu grjóti eða múrsteini. Til frekari tryggingar við eldi er eldsvoðaviti á hverju lofti og seglsmokkur áfastur vatnskranaunda inn upp á spólu í hinum óæðri göngum á hverju lofti; ennfremur tvö bjargrið ofan af þaki niður á grund framundan útidyrum gangna þessara. Skyldi sá feigur, sem yrði til af eldi með öðrum eins útbúnaði.

Garðurinn er nú að miklu leyti leigður, og óskum vér eigöndum góðs gengis og gróða af honum.

NOKKUR SÉRSTÖK ATRIÐI

MAGNET Rjóma - Skilvindunnar

Tvístuðningur Rjómaskálarinnar

Engin velta: getur ekki mist jafnvægið. Einstykkis fleytir og sérlega hægt að hreinsa hana.

Nær úr allri smjör fitu um leið og hún aðskilur. Og nær öllum óhreinindum úr rjóma og mjólk og gefur hreint smjör. —



Kulu-hreyfi Snœldan

Hin umbætta Kúluhreyfi Snælda í vorri 1909 MAGNET Rjóma skilvindu hefir kúlu í botni snældu bollans, og kúla sú er umkringd af fimm öðrum kúlum.

Snældan hvílir á kúlum þessum og er ydd með bezta og harðasta verkfæra stáli.

Með þessari tilhögun kúlnanna höfum vér fundið upp þá fullkomnustu kúluhreyfingu, sem nú er þekt í nokkurri Rjómaskilvindu, og það á einmitt við slíka hraðhreyfivél sem MAGNET Skilvindan er. Meðfylgjandi myndir sýna ljóslega þessa undursamlegu umbót vélarinnar.



SENDIÐ Póstspjald með áritun yðar og fáið Magnet vél FRÍA til reynslu á heimili yðar. Þá sjáið þér allar nefndar umbætur hennar. Og margar fleiri. Engin skuldbundin til að kaupa þó vélin sé send. — Skrifið nú.

THE PETRIE MANUFACTURING CO., LTD.

Winnipeg, Regina, Calgary, Vancouver, Hamilton, St. John, N. B.

CLEMENS, ARNASON and PALMASON

TH. J. CLEMENS.

Matvörusalar
—í—
Winnipeg,
Manitoba

G. ÁRNASON.

Á Suð-austur Horni
Sargent og
Victor St.
Talsími:
Main 5343

S. PÁLMASON.

ÞEIR verzla með allar tegundir af góðri matvöru. Selja alt með mjög svo sanngjörnu verði. — Þeir afgreiða fljótt og skilvíslega. Eru með nafnkendustu kaupmönnum Winnipeg borgar fyrir vandaðar vörur og frjálslynd viðskifti.

FINNIÐ ÞÁ, kaupið af þeim, — og þér, sem fjær eruð, sendið þeim pantanir Alt fljótt og ráðvandlega afgreitt.

Sjáið myndirnar af þeim og búðinni hér, en sjáið þá sjálfa árdegis og síðdegis í búðinni.

Það er lagið.

Frá fangelsisvist til keisaratignar.

Þegar Abdul Hamid Tyrkjasoldán hafði náð í völdin, með því móti, að láta Abul Assis hverfa (drepa hann), og setja Murat, eldri bróður sinn á vitlausra spítala, — mátti hann vera við því búinn, að pólitiskir flokkar risu upp í landinu, er styddu önnur soldánsefni til valda. Fyrst og fremst þurfti hann að óttast Murat, eldri bróðir sinn, vegna þess að hann átti fullan rétt til valda, ef nokkur batnaði geðveikin, en hún stafaði mestmegnis af drykkjuskap (Delirium).

Honum var því haldið í ströngu varðhaldi í skrauthöllinni Tschiraghan, og honum var leyft að drekka áfram eftir vild, — þangað til hann var orðinn ólæknandi af drykkjuskap, og því ekki hættulegur ríkisstjórn soldáns.

Sá maður, er Abdul Hamid óttaðist mest, var yngri bróðir hans Reschad. Hans var einnig strangleg gætt. Sú gæzla var sannköllnð fangelsisvist. Eftir því, sem soldáninn áleit Murat hættuminni fyrir tigt sína, eftir því herti hann á gæzlu Reschad. Hún varð strangari með hverjum degínum.

Reschad (sem nú er hinn nýji Tyrkjasoldán og nefnist Mohamed fimti), er meðalmaður á hæð, bláeygður og mjög góðlyndur. Mentun hans var mjög ábótavant, eins og eldri bróður hans, en greindur þótti hann vera í meðallagi. Hann sýndist ekki vera hættulegur, — en ef í nauðir rak, gátu óvinir Abdul Hamids notað hann sem réttmætan ríkiserfingja.

Reschad var látinn í litla höll, þrönga og dimma, skamt frá Bosporus, þétt við Dolma Bagdsche, soldánshöllina. Þar var hægt að gæta hans, og eftir því sem árin liðu, varð gæzlan stöðugt strangari og ómannúðlegri. Ekkert þjónustufólk fékk hann að hafa annað en það, sem Abdul Hamid valdi honum, og þar að auki var stöðugt haldinn vörður um hús hans. Njósnarar rifu upp bréf hans og alt, sem honum var sent til lesturs, var ómerkilegt rusl. Enginn mátti heimsækja hann utan húslæknirinn.

Af ríkisfé bar Reschad að lögum sex þúsund tyrknesk pund um árið (135 þús. frankar), og af því fé hefði hann getað lifað góðu lífi. En Abdul lét peningana fara svo marga krókavegi, og ganga í gegn um hendurna á svo mörgum, að þegar þeir komu til eigandans, þá voru oft ekki eftir nema tuttugu til þrjátíu þúsund frankar. Og aldrei gat hann náð rétti sínum, hvað þetta snerti. Út af þessu komst hann oft í fjármálaleg vandræði. Hann lenti í rifrildi við skuldheimtumenn sína, og stundum lét hann segja þeim, að hann væri veikur eða væri ekki heima. Aldrei fékk hann að hafa skrifara, er gæti hlift honum og annast fyrir hann um útgjöld hans. Í einverunni las Reschad mikið og reyndi að menta sig sjálfur eftir því sem hann gat.

Allar bækur til þess, varð hann að ná í á laun. Af sjálfum sér lærði hann töluvert í ensku og frönsku, og arabisku og persnesku kunni hann vel. Hann kvað vera prýðilega vel að sér í bókmentum Persa og einkum skáldskap þeirra. Einnig hafði hann lagt stund á hljóðfæraslátt í litlu höllinni sinni, er stóð langt að baki gripahúsa soldánsins, — bróðir hans.

Hans einasta skemtun utan þessa tómlega heimilis hans, var að fara tvisvar á viku út á svolítla landspildu, er tilheyrði höll hans. Hún liggur í norðaustur frá borginni, þar sem vegirnir mætast til Pera Yildiz og Bujukderi. Í miðju, á allstórum grasfleti, er hús, sem hann fékk þó ekki að sofa í. Á bak við það var lítið hús, og þaðan voru hafðar stöðugar gætur á prinsinum. Á leiðinni til og frá, var hann hafður í tilluktum vagni, er var látinn fara afarhart, og í kring um hann voru þrir til fjórir njósnarar, er áttu að gæta að þeirri fyrirskipun soldáns, að ekið væri eftir mannlausum vegum. Fyrrum var skemtigarður þessi skilinn frá næsta nágrannagarðinum með lágri girðingu. Nábúinn hét Scherrer og var franskur. Synir hans klifruðu oft yfir girðinguna til prinsins, er þótti gaman að leikum þeirra, og nokkrar ambáttir úr kvennabúrinu komu inn í garðinn til að tína sér jarðepli, sem þær átu strax, — þangað til einhver njósnarinn kom og rak þær út með harðri hendi.

Þessir dagar, er prinsinn dvaldi í garðinum, voru skemtilegustu tímarnir af æfi hans. Hann hafði mjög gaman af skepnum, og lét útbúa smá múrlagðar fiskitjarnir. En svo vildi honum það óhapp til, að vagnstjóraskifti urðu hjá franska sendiherranum, og nýi vagnstjórinn fór rangan veg einn dag, og keyrði óafvitandi framhjá landeign Resched. En einmitt þenn an dag var hann þar staddur. Út af þessu ætluðu varðmennirnir og njósnararnir að tryllast, en soldáninn varð skelkaður, og næsta dag voru fengnir margir múrarar til að byggja steingarð alt í kring um garð prinsins, með einu hliði, er var vandlega gætt.

Eftir þetta voru ótal hindranir lagðar fyrir hinar saklausu landferðir prinsins, og nákvæmlega var gætt að, hverjir heilsuðu honum á leiðinni.

Prinsinn gerði hinum gömlu vinum sínum Scherrersfólkinu boð, að heilsa sér ekki, svo það yrðu engin óþægindi út af því. Landferðir hans fækkuðu, og áhugi hans fyrir ýmsu, er hann hafði látið gera í garðinum, minkaði. Fallegu fiskitjarnirnar hans hrundu og sprungu, og vatnið hvarf út um sprungurnar, en fiskarnir lágu dauðir á botninum.

Hænurnar hans, sem honum þótti svo vænt um, hurfu, og voru steiktar handa varðmönnunum.

Þegar prinsinn ferðaðist á milli, þrýsti hann sér sem fastast út í eitthvert hornið á vagninum, eins og þreytulegur fangi, svo hann sæist ekki.

Smásaman vandist hann við, að vera stöðugt heima. Guðrækni hans fór vaxandi, ásamt áfengisnautn. Það er hreinasta undur, að á þessu langa tímabili — svo áratugum skifti — sem hann mátti gæta að hverju einasta orði, er hann sagði, — að hann skyldi ekki verða ringlaður eða ólæknandi drykkjumaður.

Þegar stjórnarbyltingin varð í fyrra sumar í Tyrklandi (í júlí), og Ung-Tyrkir komust að nokkru leyti til valda, var Resched gefið frelsi. Hann notaði sér það með því, að vera viðstaddur allstaðar þar, sem honum lék hugur á að vera. Soldáninn (Abdul Hamid) þorði ekki annað, vegna Ung-Tyrkjanna, en að bjóða honum að hann mætti skifta um þjónustufólk, ef hann vildi, en hann þáði það ekki. Hann kvaðst ekki vilja svíkta gamla þjóna sína atvinnunni.

Það er ekki ósennilegt, að góðlyndi hans og litillæti hafi hlift honum við ilsku bróður hans, soldánsins.

Hann gerði aldrei tilraun til að steypa bróður sínum úr völdum, og lét sér að síðustu standa á sama, þó soldán hefði yfir honum að ráða.

Fyrir framan litlu höllina dimmu, er Abdul Hamid hafði haldið bróður sínum sem fanga í um marga áratugi, staðnæmdist lítill og óásjálegur vagn þriðjudaginn 27. april síðastliðinn. Út úr vagninum stigu tveir liðsforingjar, er heimtuðu að fá að tala við prinsinn. Dyraverðinum varð hverft við, en þorði þó ekki í móti að mæla. Án allrar viðhafnar var þeim vísað í stofu með lítilfjörlegum húsbúnaði þar mætti þeim enginn og enginn þorði að spyrja þá um erindi þeirra. Eftir nokkrar mínútur kom prinsinn, og var að enda við að fara í kjólfrakkann, sem hann ásamt hreinu hálslíni hafði flýtt sér í, er honum voru borin bocin um, hverjir komnir væru.

Eldri foringinn hafði orð fyrir þeim og skýrði honum frá, að erindi þeirra væri það, að láta hann vita, að hann væri kjörinn til soldáns. Abdúl Hamid væri velt úr völdum og hann tekinn sem fangi. Einnig skýrðu þeir honum frá, að Sheik-ul Islam (höfuðpresturinn) hefði samþykt hann sem soldán. Sveit manna, er til þess hefði verið kjörin, kæmi bráðlega til að sækja hann, svo hann opinberlega yrði kallaður soldán, — það er að segja, ef hann vildi taka við tigninni. Prinsinn svaraði blátt áfram, að ef þjóðin óskaði þess, þá vildi hann gjarnan verða við ósk hennar.

Undirbúningurinn fyrir hina þýðingarmiklu för frá litlu höllinni, er hann hafði dvalið svo lengi í sem fangi, var ekki mikill. Að öllum líkindum átti Resched engan einkennisbúning (Uniform), sem hann gat farið í. Þegar hann var ungur átti hann einn slíkan klæðnað, en annaðhvort hefir hann verið orðinn of lítill, eða melétinn og ónýtur. Á síðari árum hafði hann ekki þorað fyrir njósnurum soldánsins, að fá sér einkennisbúning.

Utanyfir kjólfötin, sem hann flýtti sér í, þegar herforingjarnir komu, fór hann í brúnan sumarfrakka, er hann átti. Þannig búinn var hann hrópaður til soldáns með miklum fagnaðarlátum frá mannfjöldanum. Meðan á vígslunni stóð, kom hann fram sem sannarlegt prúðmenni, sem hann í raun og veru er. En af hinum óvenjulega glampa, er brá fyrir í bláu, dauflegu og þreytulegu augunum hans, mátti ráða, að hann með gleði var sér þess meðvitandi hve þýðingarmikið spor hann hafði nú stigið, — sporið frá fangelsisvist til keisaratignar.

Á. J. J.

Gekk yfir þvera Ameríku.

Heimskringla flutti fyrir nokkrum tíma grein um kappgöngur herra Edward Payson Weston's á sl. tuttugu og fimm árum, og gat þess þá, að hann væri á göngu yfir þvera Ameríku frá New York til San Francisco. Weston hafði ásett sér, að enda göngu þessa á hundrað dögum. En vegna óveðra og óvanalega illra vega, var hann fimm dögum lengur á leiðinni.

Hann lagði upp í þessa miklu langferð sína frá pósthúsi New York borgar þann 18. marz sl., þá yfir sjötíu ára gamall. Þá voru sveitavegir skornir upp af vagnhjólum vegna undanfarandi votviðra, og svo frosnir, að Weston varð fótsár strax í byrjun.

Þann 26. marz lagði hann upp frá Buffalo, og þá voru vegir ennverri enn þeir höfðu verið milli New York og Buffalo, og þá datt hann og meiddi sig í handleggnum og var sár lengi á eftir, en einatt hélt hann áfram göngunni. Yfir Ohio og Pennsylvania ríkin voru vegir svo illir, að mótorvagn sá, er fylgdi honum eftir, átti bágt með að verða honum samferða. Hann hélt ferðinni áfram og fór í gagn um Chicago og Toledo borgir. En þegar hann fór um Brooklyn þorp, sem er skamt frá St. Louis, var hann kyrsetður af lögregluþjóni, sem sagði, að hver sá maður, sem hefði jafnstóran skríl-hóp í kjölfari sínu, hlyti að vera brjálaður. Eftir nokkra töf tókst Weston að sanna, að hann væri með öllu ráði, og að hann gæti ekki að því gert, þótt heill hópur flækinga og stráka eltu sig með köflum. Og svo hélt hann áfram ferðinni vestur um landið. Í Missouri og Kansas ríkjunum voru vegir góðir, enda var þá komið fram í maí mánuð.

Meðal dagleiðir þessa gamla göngugarps voru 36 mílur. En lengstu dagleið fór hann þann 10. maí. Þá skaut honum áfram 78 mílur á sólarhringnum, og verður það að skoðast sæmilega góð dagleið fyrir mann á áttræðisaldri. Þessi dagleið var frá Topeka til Junction City. Annan dag gekk hann frá Denver til Greley og frá Greley til Oakland. En mestan hluta leiðarinnar sem eftir var til Kyrrahafsins, gekk hann á járnbrautarsporum Southern Pacific járnbrautarfélagsins. Og svo var formaður þess brautarfélags vænn, að hann lét fylgja Weston langar leiðir með egg og mjólk, til þess honum skyldi líða sem bezt, því langt er þar víða milli vagnstöðva Og svo hefir Weston sagt síðan, að óvíst sé, hvort hann hefði komist þá leið alla, hefði það ekki verið fyrir þessa greiðvikni járnbrautarfélagsforsetans.

All-örðug veittist Weston gangan á eyðimörkinni vestan Salt Lake í Utah ríki, því að þá voru hitar mjög þvingandi. En þegar hann kom vestur í Sierre fjöllin í Nevada ríki, þá urðu miklir kuldar, og þar komst hann í mestar ógöngur, og gerðust þá stuttir áfangar. Lengstum á allri þessari löngu leið nærðist göngumaður mest á eggjum og mjólk.

Weston komst til San Francisco borgar þann 14. júlí, og hafði þá gengið á 105 dögum yfir þvera Ameríku. En það hefir enginn maður áður gert.

Svo segist honum frá, að hefði hann vitað um örðugleika þessarar farar áður en hann lagði af stað, þá hefði hann ekki lagt upp í hana, því að vegalengdin er 3895 mílur.

Búnaðarskólablað Heimskringlu.

Heimskringla.

Þriðji partur Bls. 17–24

XXIII. AR | WINNIPEG, MANITOBA, FIMTUDAGINN 26. AGUST 1909. | NR. 48

Komið til Mín!

og skoðið hjá mér hin margreyndu og al kunnu BRANTFORD reiðhjól

Þau eru langbeztu reiðhjól sem fást hér í Canada, — og líklega þó víðar sé leitað. Ekki þurfið þér að óttast skilmálana; þeir munu koma heim við hvers manns vasabuddu. Komið til mín með gömlu reiðhjólin til aðgerðar.

West End Bicycle Shop,

JON THORSTEINSSON, eigandi.
477 PORTAGE AVE. Winnipeg, Man

EKRU-LÓÐIR

3. til 5 ekru spildur við rafmagns brautina, 5 mílur frá borginni, — aðeins 10 mínútna ferð á sporvagninum, og mölborin keyrslubraut alla leið. Verð $200 ekran og þar yfir. Aðeins einn-fimtipartur borgist strax, hitt á fjórum árlegum afborgunum.—

Skuli Hansson & Co.

Skrifst. Talsíma 6638. Heimilis Talsíma 2216

TIL LESENDANNA

Kaupendur og lesendur blaðsins eru beðnir velvirðingar á því, að ekki hefir verið mögulegt, rúmleysis vegna, að koma að í þessu blaði — þó það sé 24 bls. að stærð—ýmsu ágætu lesmáli (ljóðum og ritgerðum), sem búið var að stilsetja og ætlast var til að í því yrði, — ekki heldur sögunni eða almennum fréttum eins og vant er að vera. — Til þeirra, sem kann að þykja of miklu rúmi varið til auglýsinga í þessu númeri blaðsins, vildi ég segja, að ég hefi orðið að neita sumum auglýsingum vegna rúmleysis, — og einnig það, að þær auglýsingar, sem í blaðinu eru, borga minna en helfing útgáfukostnaðs þessa númers. Hinn hluta kostnaðarins finst mér ég eiga sanngjarna kröfu til að fá upp með auknum kaupendafjölda.

B. L. Baldwinson.

S. M. S. Askdal

er fæddur ár 1862, að Þorbrandsstöðum í Hofsárdal, innúr Vopnafirði. Foreldrar hans voru þau: Sigurbjörn Kristjánsson, Guðmundssonar, Júditarsonar skálds, að Ljósavatni (móðir S. Kr. var Björg Pétursdóttir frá Ánastöðum í Hjaltastaðaþinghá), og Oddný Sigurðardóttir, Jónssonar, bónda að Refsstöðum í Vopnafirði. Móðir Oddnýjar var Elín Jónsdóttir og þóru sæniðs, Ingimundardóttur, prests að Eyðum, — þess er druknaði í Lagarfljóti.

Sex ára gamall misti Askdal móður sína. Frá þeim tíma og þar til hann var 12 ára, dvaldi hann á þremur bæjum í Vopnafirði, og ólst þann tíma að þörtum til á almenningsfé. — Frá 9—12 ára var vist hans þannig, að hann varð að þola bókstaflegar kvalir á sál og líkama, stundum svo aðsvorfið, að skamt var á milli lífs og heljar. — Af hlíð við aðstandendur vill hann hvorki tilgreina stað né menn, — en væri sagan rakin, mundi hún ófögur lýsing á mönnum og heimili.

Óvinir Askdals hafa oft brúkað það á hann, sem bakbit, að hann hafi alist á almannafé; en þess er að gæta, að faðir hans borgaði þá skuld að fullu, löngu áður enn hann fór af landi burt.

Til séra Þorvaldar Ásgeirssonar í Hofteigi fór hann 12 ára gamall, og var þar lengstum fram um 20 ára aldur. Hjá séra Þ. Á. naut hann nokkurrar mentunar, og hjá séra Þ.Á. og konu hans leið honum sem í beztu foreldra húsum, enda var heimili þeirra viðbrugðið fyrir háttprýði alla.

Á 21 árí kom hann til þessa lands og settist að í Minneota, Minn. Hann stundaði húsabyggingar fram að árinu 1891, er hann giftist og fór að bóa sem bóndi.

Hann er giftur Guðfinnu Guðlaugsdóttur, Magnússonar úr Hörgárdal við Eyjafjörð og Guðfinnu Vilborgsdóttur og Guðnýjar



S. M. S. ASKDAL.

frá Hjartarstöðum í Eyðaþinghá; sú Guðný var Gunnarsdóttir, afkomandi Skiða-Gunnars þess, er nafnkendastur var allra skiðamanna á sinni tíð.

Þeim hjónum hefir orðið 4 barna auðið, sem eru 3 synir og ein dóttir. Nöfn barnanna eru þessi: Sigurður Marz, 15 ára; Haraldur Magnús Snorri, 11 ára; Oddný Lilja Sigurbjörg, 5 ára, og Jónas Sighvatur Eysteinn, eins árs gamall.

Það hefir verið talið viðeigandi, að opintera í þessu blaði það mikla leyndarmál, sem á öllu síðasta ári lá eins og farg á vitund þeirra, sem lesa Heimskringlu, og sem enginn þeirra fékk þá ráðið, — leyndarmálið um hver það væri, sem skrifaði greinarnar — "Samtal um búskap", sem mætt hafa svo miklum vinsældum, að þær hafa talðar verið það langbezta, sem í blaðinu hefir staðið síðan þær fóru að koma út. — Gervinafn greinarhöfundarins var "Orri", en rétta nafnið hans er S. M. S. Askdal.

Gervinafnið var tekið upp að tilmælum ritstjóra Heimskringlu, sem vildi fá álit almennings á greinunum — efni þeirra og frágangi — án þess að nafn þess er ritaði gæti haft nokkur áhrif á það álit. — Á öllu síðasta ári rigndi fríðum á skrifstofuna með fyrirspurnum um nafn þessa rithara og lofi um búskapargreinarnar og ráðhæni höfundar þeirra. Hér með er þá öllum þeim bréfum svarað og forvitni spyrjendanna seðd!.

Jóhannes Einarsson

er fæddur að Grenivík í Höfðahverfi í Þingeyjarsýslu á Íslandi 19. júní 1833. Foreldrar hans voru Einar Jóhannsson frá Finnsstöðum í Köldukinn (dáinn 1867) og Elín Jónasdóttir úr Hvammi í Höfðahverfi, — nú gift Sæmundi Eiríkssyni, að Mountain, N.Dak.

Jóhannes ólst upp hjá þeim hjónum Jóni skipstjóra Loptssyni og konu hans Óvídu Jónasardóttir. Hann giftist 22. júní 1886 Sigurlaugu þorsteinsdóttir á Grýtubakka í Höfðahverfi. Fluttist vestur um haf sumarið 1889 til North Dakota, og varið eftir 1890 til

JÓHANNES EINARSSON.

Canada, og nam land í bygð þeirri sem Lögberg er nefnd, og hefir búið þar síðan.

Þau hjón hafa eignast 12 börn. Af þeim eru nú lifandi 10, 6 piltar og 2 stúlkur.

Jóhannes var jafnlátækur eins og aðrir landnemar, sem fluttust í Lögbergs og þingvalla bygðirnar á árunum 1890 til 1891. Bygðin reyndist mörgum þeirra örðug þá strax frá byrjun, mest vegna þess, hve örðugt var að tryggja sér nægar byrgðir af góðu neyzluvatni. Afleiðingin varð sú, að margir þeirra, sem fluttu í bygðir þessar, urðu að hverfa þaðan frá löndum sínum eftir fárra ára dvöl. En þá sat Jóhannes sem fastast, — þótti ekki karlmannlegt að gefast upp fyrr enn reynt væri til þrautar. Nú hefir hann þar blómlegt bú og verzlun, og er prýðisvel efnum búinn.

Jóhannes er meðalmaður á hæð, en þrekinn vel. Gáfaður er hann í bezta lagi og ræðumaður góður, og áhrifamaður í sínu héraði.

Það hefir um nokkur ár undanfarin verið á orði, að hann yrði kjörinn til þingmensku þar vestra, þó enn hafi það ekki orðið.

Ingibjörg Th. Hinrikson

Lesendur Heimskringlu munu hafa ánægju af, að líta mynd þessarar ungu og efnilegu konu, sem ritar í þetta blað um smjörgerð og meðferð mjólkur til smjörgerðar. Hún er dóttir þeirra hjóna Magnúsar bónda Hinrikssonar og konu hans Kristínar þórsteinsdóttur frá Haukshúsum á Álftanesi í Gullbringusýslu, sem nú búa að Churchbridge P.O., Sask.

Ingibjörg er fædd 2. sept. 1888. Foreldrar hennar héldu þá til hjá Jóni Ögmundssyni, föður þeirra Baldfells-bræðra, — Gísla, sem býr að Foam Lake, Sask., og Jóns og Ögmundar, sem heima eiga í Winnipeg borg, — og Elínu Scheving systur hans, sem þá réð búi með bræðrum sínum.

Ingibjörg hefir notið góðrar alþýðumentunar, og átti kost á, að ganga á æðri mentaskóla, en hún kaus fremur, að gefa sig við búnaðarsýslan, og þess vegna gekk

INGIBJÖRG TH. HINRIKSON.

hún fyrst og ein íslenzkra kvenna hér á Manitoba búnaðarskólann veturinn 1907—8, og lærði þar smjörgerð og alla meðhöndlun mjólkur undir tilsögn Prof. Gibsons, og lauk hann miklu lofsorði á námshæfileika hennar og verklægni.

Hún hlaut önnur verðlaun í samkepni, við alla nemendur búnaðarskólans árið 1908, og þriðju verðlaun í samkepni þar sem öllum var frjálst að keppa, hvaðan sem þeir komu. Hún var fengin til að sýna kunnáttu sína á sýningunni í Winnipeg í fyrra, og vann sér þar hinn bezta orðstýr og fékk þá nokkur fyrstu og önnur verðlaun. Hún tók og þátt í kappsmjörgerð á sýningunni hér í borg í júli sl., og hlaut þar öll hæstu verðlaunin, 5 talsins, og heiðurspening úr silfri. Á Brandon sýningum hlaut hún og fyrstu verðlaun, bæði í fullnuma og viðvaninga samkepni í smjörgerð.

Það er óhætt að fullyrða, að hún stendur nú langfremst allra smjörgerðar manna og kvenna hér í fylkinu, eða öllu heldur í Vestur-Canada, og það á hún að þakka búnaðarskólanámi sínu. Tíma þann og efni, sem hún hefir verið til námsins, hefir hún fengið endurgoldið með verðlaunum þeim, sem hún hefir unnið á hinum ýmsu sýningum, að ótöldum þeim frægðar-orðstýr, sem hún hefir getið sér sem smjörgerðarkona.

Íslenzkir glímukappar.



JÓN PÁLSSON
JÓHANNES JÓSEPHSSON
JÓN HELGASON
KRISTJÁN THORGILSSON.

Þessara íslenzku íþrótta-víkinga hefir áður verið getið hér í blaðinu. Þeir eru fyrstu Íslendingarnir, svo kunnugt sé, sem ferðast hafa um heimsins lönd til þess að sýna íþróttir sínar og afl, og til að etja við hverju þann, sem treystist að gefa sig fram á móti þeim. Þeir eru flestir eða allir Eyfirðingar. Þeir sýndu íþróttir sínar á Olymp-iska heimsíþróttamótinu í Lundúnum í fyrra sumar, og gátu sér þar sæmd og góðan orðstýr. Síðan á nýári síðastliðnu hafa þeir verið á sífeldu ferðalagi um Bretland, Þýzkaland, Svíþjóð og Noreg, að sýna list sína, og hefir verið hvervetna vel fagnað.

Heimskringla hefir vissu fyrir því, að þessum mönnum leikur hugur á, að ferðast um Ameríku í nálægri framtíð, ef þeir fá nokkra þá uppörfun, er gefi þeim von um, að ferð sú geti borgað sig. Rita má til: Jóhannes Jósephsson, Care of cand. jur. Paul Neve, Marie Kirkeplads 6, Copenhagen, Denmark.

OGILVIE'S
Royal Household Flour

Til Brauð og Köku Gerðar

Gefur Ævinlega Fullnæging

EINA MYLLAN Í WINNIPEG.—LÁTIÐ HEIMAIÐNAÐ SITJA FYRIR VIÐSKIFTUM YÐAR.

Gísli Ólafsson.

DÁINN 8. ÁGÚST 1909

Í framandi landi þú stríddir um stund
og starfaðir jafnan sem hetja,
og réttir oss bræðrunum mannúðar-mund,
þitt mark var að styðja og hvetja.
Í fámenna hópinum fylgi þitt traust
við fundum, og þökkum af hjarta, —
það sólgeislum krýnir hið síðasta haust,
og sýnir oss leiðina bjarta.

Þú treystir því góða og mattir hvern mann,
er miðlaði skerfinum sínum,
og vanst meðan kepnin og krafturinn brann
í karlmensku taugunum þínum.
En nú ertu fallinn og fluttur á braut
í friðsæla eilífa rúmið.
Og dýrlegt er gjaldið við geislanna skaut, —
þar gleptur ei veraldar húmið.

Þú horfðir með djörfung á streymandi stund,
og stefndir að markinu háa,
og gafst okkur dæmi með gölfugri lund,
að gæta þess stóra og smáa.
Ef kallaði þörfin á hjálpandi hönd,
þú hreyrðir, og prýddir þitt merki,
því lífskjörin aldrei þér bundu þau bönd,
sem bönnuðu framkvæmd í verki.

Nú hnýpir sá bær, er þú bygðir með dáð,
og brúður og dóttir þín grætur, —
en huggarinn kemur með kærleik og náð,
og kennir að dauðinn er sætur.
Því vonin um sigur og sambúðar-tíð
í sælunnar heimkynni björtu,
er send til að létta hið stundlega stríð
og styrkja in syrgjandi hjörtu.

Við klökkir með þakklæti kveðjum þig nú
á kvöldi, því lokið er starfi.
Að lifa með drengskap og deyja í trú,
er dæmið, sem gafst þú að arfi.
En minning þín lifir í hjörtunum hrein,
þó holdið sé gröfinni falið.
Og takmarkið sanna er eilífðin ein, —
þar alt verður reiknað og talið.

Fyllr hönd vina og kunningja hins látna.

M. MARKUSSON.

GUÐJÓN HALLSON,

sem vann 10-mílna kapphlaupið á Íslendingadeginum í Winnipeg 2. ágúst 1909.

Wall Plaster

Með því að venja sig á að brúka "**Empire**" tegundir af Hardwall og Wood Fibre Plaster er maður hár viss að fá beztu afleiðingar.

Vér búum til:

"Empire" Wood Fibre Plaster
"Empire" Cement Wall "
"Empire" Finish "
"Gold Dust" Finish "
"Gilt Edge" Plaster of Paris
og allar Gypsum vöruuteg-undir. —

Eigum vér að senda yður bækling vorn?

MANITOBA GYPSUM CO. LTD
SKRIFSTOFUR OG MILLUR I
Winnipeg, - Man.

Tilskipaðar námsbækur við Manitoba háskólann árin 1908–9.

Eftir
SKÚLA JOHNSON, B.A.

Skrifað sérstaklega fyrir Heimskringlu.

Inngangur.

Í eftirfylgjandi upptalning námsbóka felst yfirlit yfir námssvæði þeirra fræðigreina, sem kendar eru á skólum í Manitoba fylki á yfirstandandi tíma.

Fyrir þá, sem ekki hafa sjálfir gengið mentavegínn, eða lagt stund á, að kynna sér mentamál, skal það hér tekið fram, að mentunin og viðfangsefni hennar eru breytileg og öllum lýð hið þarfasta íhugunarefni. Þess vegna má vænta þess, að ræður og rit, sem að einhverju leyti fjalla um þetta mál, verði fúslega þegið, hversu vanmáttugur, sem ræðandi kann að vera.

Margir eru þeir af þjóðflokki vorum, sem lesið hafa skýrslur yfir námsprófin í hérlendu og stundum jafnvel í íslenzku blöðunum, og það án þess að meta þýðingu þeirra. Þetta ætti ekki svo að vera. Íslendingar, ásamt mörgum öðrum, eru að starfa að uppbygging, efling og endilegu mikilvægi vors mikla Canada lands, og í framtíðinni, samkvæmt viðurkendu eðlislögmáli, hljóta að mynda þjóðarhluta með alveg sérkennilegum þjóðernisblæ. Þeir ættu, vægast talað, að hafa skilning á þeirri mentun, sem hér er veitt, og á þeim öðrum málum, sem henni eru samfara. Það virðist ónauðsynlegt, að endurtaka hér gamla málsháttinn, að öflug þekkingarskilyrði einstakinganna séu nauðsynleg til þess, að mynda og viðhalda varanlegri lýðstjórn.

Mentamöguleikar fólks vors eru háðir efnalegum ástæðum þess. Margir mæta hindrunum, og enn fleiri — því er miður — eru algerlega útilokaðir frá, að geta náð skólanámi, vegna skorts þeirra efna, sem nauðsynleg eru til þess, að geta staðist kostnaðinn við æðriskólanám. Ef nokkrum slíkra, — hvort heldur þeim, er ætla sér að stunda skólanám, eða hinum, sem neyðast til að sætta sig við það utanskóla, að týna saman þá fróðleiksmola, sem þeir geta náð úr þeim bókum, sem þeir kunna að komast yfir, getur orðið þessi ófullkomna grein að nokkru liði, hvort heldur til þess, að skýra það, sem áður var óljóst, eða til þess, að benda lesandanum á braut til gagnlegra lesturs, en hann fylgdi áður, — þá telur höfundurinn sig hjartanlega ánægðan og þessa veiku tilraun sína vel launaða.

En þeir allir, sem þegar eru kunnugir efni þessarar greinar, eru beðnir að virða á betra veg og að leggja ekki óþýða dóma á ófullkomleglkika hennar.

Tilgangurinn, sá, að benda ungu, væntanlegu námsfólki á tröppurnar í þeim stiga,, sem liggur til mentunar og andlegs þroska, — verður að skoðast réttmætur. Og undir öllum kringumstæðum verður það að skoðast hagnaður, ef með upptalningu hér með taldra bóka alþýðu manna veitist kostur á ljósari þekking þess, sem nú er að gerast í mentastofnunum landsins, en hún hefir áður haft.

(A). COURSE OF EDUCATION, (Manitoba.

I. Public School Training, grades I.—VIII.
II. Collegiate (High School), counducted at Winnipeg, Brandon and other centres.
  a. Teacher's Course—1st, 2nd and 3rd Class Non professional with 1st, 2nd 3rd Class Professional Training at Normal Schools.
  b. University Course—
    (1) Primary (Collegiate Year)
    (2) Junior (Part I Matriculation)
    (3) Senior (Part II. Matriculation)
  (c) Commercial Course—Parts I & II.
III. College,—conducted at Winnipeg Denominational Institutions — Wesley, Manitoba, St. Johns, St. Boniface, and at Brandon College (Methodist) (Presby.) (Church of England) (Roman Catholic) to end of 2nd year in Arts. Besides these Arts Colleges, there is a Medical College and College of Pharmacy, Wpg, but Text Books for these are not fixed by The Uneversity Council
  (a) The Arts Course—
    (1) Undergraduates (1st & 2nd year Arts)
    (2) Special Courses (3rd and 4th years Arts)
      (a) The General Course
      (b) Course in Classies
      (c) Course in Natural & Physical Science
      (d) Course in Philosophy
      (e) Course in Mathematics
      (f) Course in Modern Languages (English, French, German)
  (b) Engineering Course (instituted 1907.8) at Man. University only—4 yrs.—(Text Books not fixed)
IV. Post Graduate Work in Special Courses of M. A. Degree etc. (Studies pursued at University of Man., Eastern Colleges and U. S. A.)

(B) THE TEXT BOOKS EMPLOYED.

I. The Teacher's Course.

(a). The 3rd Class Non-professional:—

Part I.

1. Spelling—Word Expositor and Spelling Guide (Coutie)
2. Composition—Syke's English Comp.
3. Geography—Morang's Complete Geography.
4. Geometry—Baker's Elementary Plane Geometry.
5. Agriculture—James.
6. Physiology—Martin's Human Body.
7. Book-keeping—High School Book-keeping.

Part II.

1. Grammar—West's English Grammar.
2. History—Wroug's British Nation.
   Clement's Historv of Canada.
3. Literature—McIntyre & Saul Selections Vol. I & II (alternate years.
4. Arithmetic—Hamblin Smith's.
5. Algebra—Hall & Knight's (1st Course).
6. Botany—Bergen's.
7. Drawing—Prang's.
8. Music—Third Reader (King Edward's Music Course).

b. The 2nd Class Non professional:—
1. English—
   Spelling—Word Expositor & Spelling Guide (Coutie).
   Rhetoric & Comp—Barrett Wendell's.
   Literature—a Prose—Macaulay's Essay on Warren Hastings.
   b Poetry—Selections from Longfellow.
   Selections from Wordsworth.
   c Shakespeare—Macbeth.
2. History—Mayer's General History.
3. Mathematics;—
   Geometry—(pp. 1-206)—Baker's Theoretical Geometry.
   Algebra—Hall & Knight's 8th Editon.
4. Science:—(Practical & Theoretical).
   Physics—High School Physical Science—(Part I).
   Chemistry—High School Chemistry,
   Geography—New High School Geography

(c) The 1st Class Non-Professional:—
1. English—
   German—none.
5. History:—
   History of Canada—Clement.

II. Junior (Part I. Matriculation)
1. English & History:—
   I. English Grammar—West's (completed).
   II. " Composition—Essay written—no Text Book.
   III. " Bistory—Wroug's British Nation.
   IV. Canadian History—Clement (completed).
2. Classics:—
   I. Elementary Latin—Haggarty's Introductory (pp. 1-311).
   II. " Greek—White's Beginners (pp. 1-148.
3. Mathematics:—
   I. Arithmetic & Mensuration—Advanced Arith (Lyman's or H.Smith 20th Century Ed).
   II. Elementary Algebra & Geometry—Algebra—Hall & Knight; Geometry—Baker (pp. 1-126).
4. Moderns:—
   I. French—Elementary Grammar—Fraser & Squair (Part I).

ÍBÚÐARHÚS TH. THORSTEINSSONAR, BERESFORD, MAN.

( ) Rhetoric & Prose Literature—
   Barrett Wendell's English Composition
   Brewster's Studies in Structure & Style
(b) Poetical Literature—(including lives of Authors, Studied).
   Shakespeare Coriolanus.
   Goldsmith The Traveller.
   Coleridge Christabel.
(c) History of English Literature Halleck's.
2. Mathematics:
   (a) Algebra Hall & Knight Algebra (completed).
   (b) Euclid Books IV, V and VI (partly).
   (c) Trigonometry—Hall & Knight's.
3. Science:
   (a) Chemistry Remsen's Inorganic Chemistry.
   (b) Physics High School Physical Science (Part II).
4. History:
   (a) English History—Green's.
   (b) Mediæval and Modern History—Myer's.

(d) 3rd Class Professional:
1. History of Education Quick's Educational Reformers.
2. School Management & School Law—Bagley's.
3. General Method—Laugh's Primer.

(e) 2nd Class Professional:
1. Philosophy of Education—Horne.
2. School Management and School Law Tompkins.
3. Psychology—Jame's Talk to Teachers.
4. Nature Study & Life—Hodge.
5. School Acts & Departmental Regulations.

(f) 1st Class Professional:
1. History of Education—Munroe.
2. Philosophy of Education—Horne.
3. School and Society—Dewey.
4. Education—Spencer.
5. Herbartian Psychology applied to Education—Adams.
6. Principles of Secondary Education—De Garmo
7. The teaching of Latin & Greek—Bennett and Bristol.
8. The " " Elementary Mathematics—Smith.
9. The " " Biology—Lloyd & Bigelow.
10. The " " Chemistry & Physies—Smith & Hall.
11 The " " English—Carpenter, Baker & Scott.
12. The " " History—Report of Committee of Seven.

II. UNIVERSITY COURSE.

(a) Matriculation.

I. Primary:
1. English
   Grammar—West's
   Composition—Syke's.
   Literature—Saul & McIntyre's Selections (Vol. I or II).
   Spelling—Dr. Rice's.
2. Classics—Latin—Haggarty's Introductory Latin
   Greek—White's Beginner's Greek Book.
3. Mathematics:—
   Geometry—Mackay's Euclid (Book I).
   Arithmetic—Hamblin Smith's.
4. Moderns:—
   French—Grammar—Fraser & Squair.
   II. German—Elementary Grammar(pp.1-178).
   III. Icelandic—Elementary Grammar—Wimmer's (pp. 19 90)
   " Authors—Selections from Melsted's Modern Authors.
5. Science:—
   I. Botany—Elements of Botany—Bergen's.

III. Senior (Part II. Matriculation).
1. English—
   I. Rhetorie & Composition—Genung.
   II. Poetical Literature—Selections from Great Poets and Essayists—Texts are prescribed from time to time.
   For 1906—Coleridge—Anc'ent Mariner.
   Wordsworth — Selections of Poems.
   Shakespeare — Merchant of Venice.
   For 1907—Tennyson — Selections of Poems.
   Macaulay—Essay on Clive.
   For 1907—Longfellow — Selections of Poems.
   Wordsworth — Selections of Poems.
   Shakespeare—Macbeth.
2. Classics:—
   I. Latin—
   Grammar—Henderson & Fletcher or Haggarty's.
   Authors—Caesar—Bellum Gallicum Bks IV & V.
   Virgil—Aeneid—Bks II (1-505)
   II. Greek—
   Grammar—White's Grammar(pp 1-148).
   Select Lessons.
   Irregular Verbs (pp 282-301).
   Authors—Xenophon:—Anabasis I.
3 Mathematics:—
   I. Algebra—Hall & Knight's (8th Edition).
   II. Geometry—1907—Euclid Bks I & II & III, 1908 & on—Baker's Theoretical Geometry (pp 1-209).
4. Moderns:—
   I. French—
   Grammar—Part II (pp 129-233).
   Authors—Selections from Authors in Gram & one Book yearly prescribed.
   II. German—
   Grammar—High School Gram. (pp 178-end)
   Authors—Selections in Grammar & one book yearly prescribed.
   III. Icelandic—
   Gram. & Comp.—no text Book.
   Authors—Unspecified passages from easy.
   Authors—prescribed from time to time.
   For 1906—Bjarni Thorarensen, Gísli Brynjúlfsson, Björn Gunnlaugsson, Sveinbjörn Egilsson, Sigurður Breiðfjörð, Baldvin Einarsson, Tómas Sæmundsson, Jónas Hallgrímsson, Konráð Gíslason, Jón Sigurðsson, Páll Melsted.
   For 1907—Jón Thoroddsen, Grímur Thomsen, Arnason & Grímsson, Benedict Gröndal, Páll Olafsson, Guðbrandur Vigfússon, Gísli Brynjúlfsson, St. Thorsteinsson, Matt. Jochumson, Eggert Olafsson.
5. Science—
   I. Physics—High School Physical Science(Prt I).

(b) College.

I. First Year Arts.
1. English—
   (a) Poetry—1908—Coriolanus (Shakespeare).
   The Traveller (Goldsmith)
   Christabel (Coleridge).
   1909—Richard III (Shakerpeare)
   (b) Prose Literature & Rhetoric—
   Analytics of Literature—Sherman's
   Together with (in 1908) De Quincey—Joan of Arc.
   (in 1909) Goldsmith — Citizen of the world.
2. Mathematics—
   (a) Euclid—(1908)—Books IV, V&VI (partly).
   (1909)—Baker's Analytic Gometry
   (b) Algebra—(1908)—C. Smith's
   (1909)—Hall&Knight's Elementary Algebra.
   (c) Trigonometry—Hall & Knight's
3. Classics—
   (a) Latin (with History)—
   I. Grammar—Bennett (parts I-IV).
   II. Composition—Bradley, Arnolds, Latin Prose.
   III. Authors—1908—Horace's Odes I,
   Cicero: { In Catilinam I. / Pro Marcello.
   —1909—Horace: Odes III.
   Cicero: Pro Lege Manelia.
   IV. History—Botsford's Histo y of Rome.
   (b) Greek:—
   I. Grammar—Goodwin's Greek Gram (parts I & II).
   II. Composition—Pitman's Greek Prose.
   III. Authors:—1908—Homer: Odyssey VII.
   Lysias: Contra Eratoshenem.
   —1909—Homer: Odyssey IX.
   Lucian: Vera Historia I. & II.
4. Moderns:—
   (a) French—
   I. Grammar:—High School French Gram. (pp 233 336).
   II. Authors:—
   1908: Labiche & Martin: La poudre aux yeux.
   Edmond About: Le roi des Montagnes.
   1909: Labiche: Les petits Oiseaux.
   Verne: Lour du Monde en quatre-vingts Jours.
   (b) German:—
   I. Grammar—High School Gram,
   II. Authors—
   1908—Baumbach—Der Schweigersohn.
   Freytag—Die Journalisten.
   1909—Moser—Der Bibliothekar.
   Hillern—Höher als die Kirche.
   (c) Icelandic:—
   I. Grammar—no text Book.
   II. Authors—
   Egils Saga.
5. Science—
   (a) Biology—
   I. Botany—no text Book prescribed.
   II. Zoology do

II. Second year Arts—
1. English—
   (a) Poetry—1908—Shakespeare: Coriolanus.
   Lowell: Vision of Sir Launfal.
   1909—Shakespeare: As you like It.
   Milton: Samson Agonistes.
   (b) Prose Literature & Rhetoric:—
   1908—Essays by De Quincey, Macauley and Carlyle—Putnam's.
   Minto's Manual of English Prose.
   1909—Burke's Speeches on American.
   Taxation and Concilation with America and his Letters to the Sheriff of Bristol.
2. Philosophy:—
   (a) Logic—Creighton (Introd. & Part. I).
   (b) History of Philosophy—Weber (Part I).
3. Classics:—
   (a) Latin (with History):—
   I. Grammar. Bennett—(Parts V & VI).
   II. Composition—based on Authors.
   III. Authors:—
   1908: Horace: Epistles (Book I).
   Livy: Book V.
   1909: Horace: Ars Poetica.
   Virgil: Georgics (Book IV).
   Cicero: De Senectute.
   IV. History: Botsford's History of Greece.
   (b) Greek:—
   I. Grammar—Goodwin's Gram. (Prts III-V).
   II. Composition—Sidgewick's.
   III. Authors:—
   1908—Euripides: Iphigenia in Taurus.
   Homer: Iliad III.
   Plato: Laches.
   1909—Euripides: Alcestis.
   Homer: Iliad I.
   Plato: Apology.
4. Moderns:—
   (a) French:—
   I. Grammar—
   II. Authors:—
   1908: La Fontaine: Fables Books I, II, III & IV.
   Dumas: La Tulipe Noire.
   Crémazie & Frèchette: Poems in "Les Fleurs de la Poésie canadienne".
   1909: La Foutaine: Fables (V, VI, VII & VIII).
   Merimée: Colomba.
   Lamartine: Christophe Colomb.
   (b) German:—
   I. Grammar—
   II. Authors:—
   1908: Heine: Die Hartzreise.
   Schiller: Die Jungfrau von Orleans
   (c) Icelandic:—
   I. Grammar—
   II. Authors:—
   1908: Snorra Edda.
   1909: The Elder Edda (Finnur Jónsson).
5. Mathematics:—
   (a) Geometry:—
   I. Euclid: Books VI. & XI.
   II. Coordinate Geometry—Baker.
   (b) Algebra:
   C. Smith's (reprint of 1901 or subsequent
   (c) Trigonometry—Hall & Knights (completed).
6. Science:—
   (a) Chemistry: Remsen's College Chemistry.

III. SPECIAL COURSES: (3rd & 4th years Arts).

(a) General Course:

I. Third Year.

1. English: (1908 & every alternate year).
   I. Chaucer: Prologue to Canterbury Tales.
   II. Shakespeare: Sonnets (nos. 18-155).
   III. Milton's Prose Writings.
   IV. Ballad's (edited by K. L. Bates).
   V. Spencer: Faireie Queene (Cantos I & II Book I)
   VI. Milton's Sonnets
   (1909 and every alternate year).
   I. Alexander Pope:
   Windsor Forest; Essay on Criticism.
   II. William Wordsworth: Selections from Poems.
   III. Tennyson: Œnone; Ulysses; Lucretius; Becket.
   IV. George Eliot: Adam Bede.
   V. De Quincey: The English Mail Coach.
   NOTE: In every case there is a prescribed reading concerning author studied.
2. Philosophy:—
   (1908 and every alternate year).
   I. History of Philosophy:—Weber.
   II. Metaphysics: McKenzie.
   (1909 and every alternate year).
   I. History of Philosophy—Weber.
   II. Ethics—McKenzie.
3. Classics:—
   (a) Latin:—
   1908: Tacitus: Annals I.
   Horace: Satires Books 1, 4, 6, 10.
   1909 Cicero: De Amicitia.
   Plautus Trinummus.
   (b) Greek:—
   1908: Thucydides II.
   Aristophanes: Clouds (Merry).
   1909: Demosthenes: Olynthiacs I-III.
   Homer: Odyssey, Books XXII-XXI-V.
4. Moderns:—
   (a) French:—
   1907: George Sand: La Petite Fadette.
   Victor Hugo: Hernani; Quatre-vingt-treize.
   (b) German:—
   1907: Schiller: Wilhelm Tell.
   Goethe: Hermann and Dorothea.
5. Hebrew:—
   (a) Grammar—Davidson.
6. Scripture:—
   (1906 and every alternate year).
   I. Isaiah I-XXXIX Skinner.
   II. Ephesians & Colossians—Moule.
   III. Job—Davidson.
   (1907 and every alternate year).
   I. Acts of the Apostles—Lumby.
7. Mathematics:—
   I. Elmentary Integral & Differential Calculus—Edward's

II. Fourth Year.

1. English:—
   (1908 and every alternate year)—same as III. year
   (1909 " " " ")— do
2. Philosophy:—
   (1908 and every alternate year)— do
   (1909 " " " ")— do
3. Classics:—
   (a) Latin:—
   1908: Tacitus: Annals I.
   Horace: Satires I. 4, 6, 10.
   (b) Greek:—
   1908:—Thucydides II.
   Aristophanes: Clouds.
4. Natural Science:—
   (a) Geology: No text Book,
   (b) Zoology: " " "
5. Moderns:—
   (a) French:— 1907: same as 3rd year.
   (b) German:—1907: do
6. Scripture: same as 3rd year.
7. Pholitical Economy:—
   (a) Political Economy: Mill.
   (b) English Constitution: Bagehot.

(b) Course in Classics:—

Division A. (1906 & every alternate year).

1. Homer: Iliad III, IV, VI
   Odyssey XXII, XXIII.
2. Theocritus: Idylls 1, 2, 7, 8, 13, 15.
3. Thucydides: Book VI. (History).
4. Demosthenes: De Corona.
5. Virgil: Œneid IV, VI.
6. Horace: Odes III.
7. Juvenal: Satires I, X.
8. Cicero: Philippic II, Pro. Milone.
9. Livy: Book I. (History).
   NOTE: Together with critical reading of following:
1. Homer: Iliad XVIII, XXII.
   Odyssey: I, II, III.
2. Thucydides: Book VII (History).
3. Demosthenes: Philipphic I.
4. Herodotus: Books VII. VIII (History).
5. Virgil: Œneid VII, VIII.
6. Horace: Epistles I.
7. Lucan. Pharsalia I.
8. Cicero: Pro Murena.
9. Livy: Books XXIII, XXIV, (History).
10. History: Grote (cc. 45-54)
    Mommsen: Book IV.

Division B (1907 and every alternate year).

1. Œschylus: Prometheus Vinctus.
2. Sophocles: Antigone
3. Plato: Republic I & II
4. Aristotle. Ethics I
5. Plautus: Trinummus
6. Terrence: Andria
7. Lucretius: Book I
8. Cicero: De Senectute; De Officiis I.
   Letters to Atticus
   NOTE: Together with critical reading of following
1. Euripides: Medea
2. Aristophanes: Aves
3. Plato: Phædo
4. Aristotle: Ethics II
5. Lucretius: Book III
6. Virgil: Eclogues 1, 3, 4, 6, 7, 9 and Georgics IV.
7. Cicero: De Finibus I
8. Pliny: Letters
9. History: Grote—
   Mommsen: Book V

Division C. (for 4th year only)

1. Sophocles: Ajax.
2. Pindar: Olympian Odes 1, 2, 6, 7.
3. Catullus: Selections.
4. Tacitus: Annals I.
   NOTE: Together with critical reading of following:
1. Aristophanes: Ranae.
2. Sophocles: Œdipus Tyrannus.
3. Plato: Republic III.
4. Propertius: Selections.
5. Tacitus: Annals II & III.
   NOTE:—In Divisions (A), (B) & (C) prescribed side reading on authors is demanded of students.

(c) Course in Natural and Physical Science.

I. Third Year & 4th Year.

1. Chemistry—Inorganic—Remsen's College Chemistry.
   Holleman's or Ostwald's or Inorganic Chemistry.
2. Physics—Text Book of Physics—Watson.
   Principles " " —A. P. Gage.
   Physics for students of Medicine—A. Daniell.
   Physics—Ganot.
3. Zoology—Text Book of Zoology—Parker & Haswell (2 Vol.).
   The Frog—Marshall.
   Manual af Zoology—Hertwig.

NOTE: Theoretical & practical work on all branches.

(d) Course in Philosophy:—

Third and Fourth Years.

1. History of Philosophy—Weber.
2. Metaphysics:
   For 3rd year: Locke to Hume.
   Locke: Essay. Book II.
   Berkeley: Selections.
   Hume: Selections.
   For 4th year: Kant: Critique of Pure Reason.
3. Ethics:—(1907 and every alternate year).
   (a) Plato: Republic.
   (b) Aristotle: Ethics.
   (c) McKenzie: Ethics.
4. Political Science: (1907 & every alternate year).
   (a) Mill: Political Economy.
   (b) Walker: do
   (c) Bagehot: English Constitution.
3. Logic: (1908 and every alternate year).
   (a) Creighton: Parts II & III.
   (b) Mill: Logic,
4. Psychology:
   (a) Stout: Manual of Psychology.
   (b) Janet: Final Causes.
   (c) McKenzie: Outlines of Metaphysics.

(e) Course in Mathematics:—

I Third Year.

1. Higher Algebra and Theory of Equations: Hall & Knight.
2. Higher Plane Trigonometry: Todhunter & Hogg.
   Sperical Trigonometry (with app. to Astronomy) Todhunter and Leathem.
3. Plane Analytical Geometry—Baker.
4. Differetial and Integral Calculus—Edwards.

II. Fourth Year.

1. Differential Calculus—Edwards.
2. Integral Calculus—Todhunter.
   Solid Geometry—C. Smith
3. Differential Equations—Edwards.
4. Statics and Dynamics: Todhunter's Analytical Statics.
   Tait and Steele's Dynamics of a Particle.

(f) Course in Modern Languages:—

Division A. (1907 and every alternate year).

1. English:—
   (a) The poetry of Pope and Gray.
   (b) The poetry of Wordsworth and Tennyson.
   (c) The Nineteenth Century Novel and Essay.
   I. George Eliot.
   II. Thomas De Quincey.
   NOTE: Collateral Readings in each case—life of author and Criticism of works.
   (d) History of Literature:
   I. History of Literature: W. L. Phelps.
   Prof. Geo. Saintsbury
   II. Illustrative History, Social & Political.
   (a) The 18th Century: Horace Walpole & His World.
   (b) " 19th " : Justin McCarthy.
2. French:—
   (a) Authors:
   I. Madame de Staal: De l'Allemagne.
   II. Victor Hugo.
   III Balzac.
   (b) Literary and Political History:—
   I. Fr. Lit. in 19th Century—Pellissier.
   II. The Rev. & 19th " Mallet, Dickenson
3. German:—
   (a) Authors:—
   I. Goethe: Faust; Tasso; Hermann & Dorothea
   Dichtung and Wahrheit.
   II. Schiller: Wilhelm Tell.
   Abfall der Nederlande.
   III. Heine: Lyrics (Heath & Co.).
   Prosa (Selections, Clarendon Press)
   VI Hauptmann: Fuhrmann Henschell.
   (b) Literary and Political History:—
   I. History of German Lit. (1788-1900) Francke
   II. Political History " " Bayard.

DIVISION B.

(1908 and every alternate year)

1. English:—
   (a) Chaucer and the Popular Ballad.
   (b) Spencer and Milton.
   (c) Shakespeare:—
   I. The Sonnets.
   II. As you like it.
   III. Henry V.
   IV. Cleopatra & Anthony.
   V. Othello.
   VI. Cymbeline.
   NOTE:—Collateral Readings in each Case.—Life of author and Criticism of works.
   (d) History of Literature:—
   I. Primer of English Lit.—Brooke.
   II. Elizabethan Lit.—Prof. Geo. Saintsbury.
   III. History—Social & Poetical.
   (a) Age of Elizabeth—Creighton.
   (b) The Reformation in Eng.—Perry.
   (c) The Puritan Revolution—Gardiner.
2. French:—
   (a) Authors:—
   I. Rachine—dramas.
   II. Molière—dramas
   III. Bossuet: Oraisons Funebres.
   IV. Madame de Sévigné: Choix des Lettres.
   (b) History—literary and Poetical—of 17th Century.
3. German:—
   (a) Authors:—
   I Klopstock: Messias (Cantos I-III).
   II. Lessing:
   III. Goethe: Egmont; Lyrics;
   Götz von Berlichingen.
   Leiden des Jungen Werthers.
   (b) History: (same as prescribed for 1907).

III. COMMERCIAL COURSE.

I. Junior Commercial.

1. English:—
   (a) Spelling:—Coutie's Word Expositor & Spelling Guide.
   (b) Grammar:—West's English Grammar.
   (c) Composition:—Syke's English Composition (Part I).
   (d) Literature:—McIntyre & Saul's Selections (Vol. I).
2. Mathematics:—
   (r) Arithmetic,—Hamblin Smith's (1907 Edition).
   (b) Geometry:—O. H. Baker (Short Course).
3. Shorthand:—
   (a) Pitman's Short Course.
4. Book keeping:—
   (a) McLean's High School Book keeping.
5. Geography:—
   (a) Morang's Modern Geography.
6. French:—
   (a) Grammar:—Fraser and Squair's Elementary Gram.

II. Senior Commercial.

1. English:—(same as Junior Commercial.
2. Mathematics:—
   (a) Arithmetic:—Hamblin Smith's (completed).
   (b) Algebra:—Hall & Knight's Elementary Algebra
3. Shorthand:—
   (a) Pitman's (completed).
4. Book-keeping:—
   (a) MacLean's High School Book-keeping (completed).
5. History:—
   (a) English History:—Wrong's British Nation,
   (b) Canadian History:—Clement's History of Can.
6. French:—
   (a) Grammar:—Fraser & Squair (continued).
7. Commercial Law:—
   (a) 1907 Edition.
8. Typewriting—

IV. FACULTY OF LAW.

I First Year.

1. Logic—Creighton.
2. Psychology—Stout.
3. English Constitution—Bagehot.
4. Civil Polity—O'Sullivan's Canadian Manual.
5. Constitutional History—Taswell Langmead.
6. Real Property—Williams.
7. Contracts—Anson.
8. Equity—Snell.

II. Second Year.

1. Constitutional History—May.
2. Parliamentary Companion for the Colonies—Todd.
3. Roman Law— McKenzie.
4. Law of Evidence—Best.
5. Law of Torts—Underhill.
6. Blackstone—Leith.
7. Landlord and Tenant—Fawcett.

III. Third (Final) Year.

1. Roman Law—Justinian.
2. International Law—Hall.
3. " " —Von Savigny.
4. Constitutional Law—Broom.
5. Jurisprudence—Maine's Ancient Law.
6. Wills—Underhill & Strachan.
7. Contracts—Pollock.

British Association

heldur fundi í Winnipeg frá 25. ágúst til 1. sept. 1909

Brezka Visindafélagið heldur hér í borg, svo sem að ofan er sagt, hinn 79. ársfund sinn. Í félagi þessu, sem viðurkent er að vera mesta visindamannafélag í heimi, eru 12 félagsdeildir, svo sem hér segir: Stærð og eðlisfræði — Lyfjafræði — Jarðfræði — Dýrafræði — Landafræði — Lista og Hagfræði — Véla og Mannvirkjafræði — Búnaðarfræði — Mannfræði — Lífærafræði — Grasafræði — Mentafræði. Allar þessar deildir halda daglega fundi yfir alla vikuna.

Fyrirlestrar verða fluttir á 5 kvöldum vikunnar. Sumum þeirra fylgja tilrauna æfingar. Fyrirlestrarnir verða fluttir í Walker leikhúsinu af frægum visindamönnum.

MEÐLIMA-GJALDIÐ.

Hver, sem þess óskar, getur orðið meðlimur félagsins og hlotið full félagsréttindi með eftirfylgjandi skilmálum: Meðfélagi $5.00, árlegir meðlimir $10.00 fyrir fyrsta árið og $5.00 á ári framvegis, lífstíðar meðlimir $50.00. Kven-aðgönguseðlar (gilda eingöngu fyrir konur) $5.00. Dagskrár, aðgönguseðlar og allar upplýsingar, fást hjá heiðurs-héraðrituranum, Manitoba háskólanum, Winnipeg, fram til 21. ág., og eftir það í samkomusalnum í heræfingaskálanum á Broadway, Winnipeg.

Félag þetta skipa ekki eingöngu mætustu vísindamennirnir í brezka ríkinu, heldur einnig mætustu borgarar og stjórnmálamenn í öllum pörtum hins brezka veldis. Hér í Canada er Grey landsstjóri og Laurier stjórnarformaður, stuðnings og verndarmenn félagsins, en varaforsetar þess eru fylkisstjórarnir og stjórnarformenniruir í Manitoba, Saskatchewan, Alberta og British Columbia. En ræðarar fyrir fundinn í Winnipeg eru: Evans borgarstjóri, C. N. Bell, og prófessorarnir M. A. Parker og Swale Vincent.

Sjálfur Bretakonungur er einn af aðal stuðnings- og verndarmönnum félagsins á Englandi.

Tilgangur þessa mikla vísindafélags er að örfa til ígrundunar um vísindaleg efni, að hlynna að samvinnu með öllum vísindamönnum, hvar sem þeir eru í brezka ríkinu og öðrum löndum. Þetta er í annað sinn, sem félagið heldur fundi sína í Canada, en í fjórða sinn, sem það heldur þá utan Englands.

Íslendingum er boðið að ganga í þetta félag, og nokkrir þeirra hafa þegar gert það. Brezka vísindafélagið hefir frétt af námshæfileikum og mentafýsn þjóðflokksins íslenzka hér vestra, og því er ant um, að mega telja nokkra — sem flesta — þeirra í meðlimatölu félagsins.

Eins og að framan er sagt, fást allar upplýsingar viðvíkjandi þessu félagi og fundahöldum þess hér hjá prófessorunum Parker og Vincent á Manitoba háskólanum. Félagið óskar, að sem flestir Íslendingar sæki fundi þess og fyrirlestra hér í borginni.

Gleymið ekki, að $5.00 gjaldið gefur yður aðgang að öllum fundum og fyrirlestrum félagsins í þessum bæ, og að öllum samkomum og veizlum, sem því eru haldnar hér. En fyrir $10.00 fá menn alt það framaztalda og allar bækur, sem félagið gefur út á árinu.

Eftirmáli.

Með þessu eru stuttlega taldar þær mentagreinir, sem kendar eru á skólum Manitoba fylkis á yfirstandandi tíma, og til þess er ætlast, að hver sá, sem fær numið þær, geti notið þeirra hagsmuna, sem ríkið getur veitt borgurum sínum til þess að efla og glæða hina andlegu hæfileika einstaklinganna. En þess ber að gæta, að m e n n i n g, sem er markmið allrar mentunar, er aðallega á valdi hvers einstaklings. Með öðrum orðum: Sú kensla, sem veitt er í þessu eða nokkru öðru landi, getur að eins veitt nemandanum hismi hins sanna manngöfgis, ef hans innri maður er ekki gæddur meðtækileikanum til þess að gera sér námið að fullum notum. Menning, í insta eðli sínu, er bygð á og afleiðing af lyndiseinkunnum einstaklingsins. Og sú bezta mentun, sem hægt er að veita undir lögum nokkurs mannfélags, getur ekki haft æðri þýðingu en þá, að temja manninn á ungdómsárum hans til þess þannig að stunda gaumgæfilegan lestur settra fræðigreina, að það geti orðið honum heillaríkur leiðarvísir á starfsára tímabili æfi hans, og ómetanlegur vinur og félagi á elliárunum.

H ö f.

ATHS.—Greinin hér að framan var rituð fyrir 12 mánuðum, að tilmælum ritstjóra Heimskringlu, til þess að gefa námfúsum Íslendingum, sem ekki eiga kost á, að ganga á háskóla, yfirlit yfir þær bækur, sem verða að lesast, til þess að geta heitið mentaður maður. Síðan hafa orðið nokkrar breytingar á námsbókum, og einni sérstakri deild bætt við háskólann. En hver námsfús unglingur, sem vill mentast heima hjá sér, getur, með því að lesa þær bækur, sem notaðar eru við háskólanámið, aflað sér svo mikillar mentunar, að hann hafi þess mikinn hag alla æfi sína. Um þær breytingar, sem orðið hafa, getur hann og leitað sér upplýsinga hjá sjálfum háskólanum, ef hann vill.

R i t s t j.

Heimskringla
Published every Thursday by The Heimskringla News & Publishing Co. Ltd

Verð blaðsins í Canada og Bandar $2.00 um árið (fyrir fram borgað).
Sent til Islands $2.50 (fyrir fram borgað af kaupendum blaðsins hér $1.50.)

B. L. BALDWINSON
Editor & Manager

Office:
729 Sherbrooke Street, Winnipeg
P.O. BOX 3083. Talsími 3512.

Síðasta ferðalag Sven Hedins.

Eftirfylgjandi grein um síðasta ferðalag þessa mikla og fræga landkönnunarmanns stóð nýlega í einu tímaritinu hér í Bandarikjunum: —

Margir hafa á liðnum árum gert miklar og itarlegar tilraunir til að rannsaka sem bezt Miðasíu. Samt er enn þá stór hvítur blettur á kortinu, sem enginn Evrópumaður hefir stigið fæti á. Þessi óþektu lönd var takmark síðustu ferðar Sven Hedins, er stóð yfir 3 ár. Tíu ár af æfi sinni hefir hann dval ið í þessum löndum. Vér dáumst að fyrri ferðum Hedins, þegar hann ferðaðist um eyðimörkina Takla Makan, og sigldi niður eftir Tarine fljótinu, að óþektum lendingarstað í Lop Nor. En enn þá aðdáanlegri er hinn frábæri dugnaður og hreysti, er Hedin sýndi, er hann þrátt fyrir marga stóra örðugleika ferðaðist um suður Tibet, hæsta fjallaland í heimi. Þar liggja dalbotnarnir hærra en Mont Blancs (hæsti tindur í Evrópu).

Það er mjög erfitt að draga and ann í jafnþunnu loftslagi og þar er, sérstaklega þegar maður verður að vinna, og mælirinn stígur stundum á fáum klukkutímum úr fjörutíu stiga hita niður í fjörutíu stiga kulda. Þar ofan á bætist svo að stríða við hörku bylji.

Af þessu má ráða, hve það er afar erfitt, að komast áfram með menn og dýr í þessum ógurlegu fjöllum.

Það var haustið 1905 að Sven Hedin lagði af stað frá Stokkhólmi í Sviarík í leiðangur sinn til Tibet. Af pólitiskum ástæðum varð hann að hefja för sína inn í landið frá Indlandi. Í ágústmánuði 1906 lagði hann af stað frá Leh Ladahs við Indusfljótið.

Hann hafði með sér 25 innfædda menn og 127 hesta og múlasna. Hálfu ári síðar voru hestarnir allir dauðir og múldýrin 51 utan 6. Þetta sýnir einna bezt, hve afskaplega mikill kuldinn var. Suma dagana féllu 10 dýr til jarðar, dauð úr kulda. Eftir miklar þrautir komst Hedin samt til Schigatse. Taschi Lama (yfirmaður Lamatrúarmanna) tók honum mæta vel, og hjá honum dvaldi Hedin í 6 vikur. Taschi Lama er álitinn helgur maður af trúbræðrum sínum. Sama er að segja um Dalai Lama, sem er yfirmaður Lama þjóðarinnar.

Hedin kann frá mörgu skemtilegu og fáheyrðu að segja af lífi og lifnaðarháttum Lamatrúarmanna, frá klaustrunum og hinum mörgu pílagrímum.

Þar sem þessi þjóðflokkur býr eru afar mikil hamrabelti. Vegalengdin umhverfis þau sum er 40 kilometrar. Sá maður, er fór 13 sinnum í striklotu umhverfis 40 kilometra hamrabelti," fékk fyrirgefningu allra sinna synda, hvað svo miklar og margar sem þær voru. Til þess að fá syndafyrirgefningu, þurfti að vísu ekki að fara nema einu sinni í kringum hamrabeltið, en þá varð maðurinn

SMIDJA TH. THORSTEINSSONAR, BERESFORD, MAN.

að mæla veginn með sjálfum sér, þannig: að leggjast niður, standa svo upp aftur og láta svo fæturnar vera þar, sem höfuðið var áður, o.s.frv., koll af kolli. En seinlegt er, að fá fyrirgefningu synda sinna á þann hátt.

Á meðan á þessari mælingu stóð varð maðurinn alt af að vera að þylja bæn, er nefnist "On mane padme hum". Þessi bæn er ekki að eins á vörum fólksins, heldur er hún víða höggvin í stein, og letruð á flögg eða veifur, sem hengdar eru upp. Með því móti halda Lamatrúarmenn að bænin fari til himins í hvert sinn, er vindblær líður um loftið. Orðin þýða "Gimsteinninn er í Lotus-blóminu". En meiningin er sú, að Dalai Lama (yfirmaðurinn) eða Taschi Lama (æðstipresturinn) séu í kapellu-klaustri sínu.

Það er trú Lama manna, að þegar annarhvor þessara manna deyr, þá fari sál hans í líkama einhvers ungbarns, sem fæðist á sama augnablikinu, og þjóðin er ekki róleg fyr en hún heldur að hún hafi fundið barnið og fært það á sinn stað.

Sem dæmi upp á suma siði Lamatrúar manna, má nefna það, þegar ofstækisfullir trúmenn láta múra sig inn í berg um langan tíma — sumir alt sitt líf — til að

Stofnsett 1882. FÉKK FYRSTU VERÐLAUN FYRIR KENSLUAÐFERÐ SÍNA Á ST. LOUIS ALHEIMS-SÝNINGUNNI. 28 Ar.

WINNIPEG Business College

Horni Portage Ave. og Fort Street.

Haust kennsla byrjar 1. September. Sendið eftir vorum Mynda-Bæklingi.

Vér Kennum Hraðskeytasendingu, Hraðritun, Bókhald, og öll Verzlunarfræði Nákvæmlega Kend. — DAG OG KVELD SKÓLI. —
Talsími Main 45. Gestir ætíð velkomnir.

Góðar stöður bíða fullnema vorra.

E. J. O'sullivan, forseti.
A. W. Miller, skólastjóri.
M. E. Mackey, skrifari.

ÞEGAR ÞÉR HUGSIÐ UM

Fodurtegundir

MUNIÐ EFTIR

Watson's

Vér erum stærstu FEED CUTTER gerðarmenn í Canada, og vér reynum að búa til eingöngu beztu tegundir verkfæra.

Í vélum vorum felast allar nýustu umbætur til fóðurskurðar og meðhöndlunar, og til verndunar vinnendanna. Vorir

Loftafls Fóðurskerar og Lyftivélar

sem myndin sýnir, vinna mikið og feykja fóðrinu hvert sem óskast í hlöðuna.

Vér höfum einnig margar aðrar vélar, bæði stærri og minni.

SKRIFIÐ EFTIR VERÐSKRÁ, sem veitir yðallar nauðsynlegar upplýsingar.



Vjer seljum einnig:
Bú og skógarsleða.
Myljara. Herfi.
Hestöfl.
Kornskera og stykkjara
Jack's Hjólbörur,
Dráttartré, o.s.fr.

John Watson Mfg. Co. LIMITED.

Winnipeg, Man. — Ayr, Ont.

Nyustu yfirburda Kornhreinsunarvjelar

Konungur villi-hafra aðskilnaðarvéla



Hví ekki að hreinsa viltu hafrana úr og bæta stig kornsins, áður en það er selt? — Vélin mun vinna upp kostnað sinn á þessu hausti.

BINDARA TVINNI.

500 fet 7¾
550 fet 8¼
600 fet 9

Abyrgst að vera slèttur og af beztu tegund. Peningingum skilað aftur, ef ekki reynist eins og lýst er.

Flytjanleg Lyftivél.

Hlaðið á vagna yðar með flytjanlegri lyftivél. Það er mesta gróðavélin, sem þér hafið, — sparar tíma og vinnu, þegar vinnan er dýr

Racine Rotary Plow Herfi

Búið landið undir sáningu í haust; — plægið og herfið strax



Agentar fyrir: J. I. CASE PLÓGA, STALHJÓLA-BÖRUR, BÆNDA HANDY DISC GRINDERS, CHICAGO WINDMYLLUR, SAUMAVÉLAR

Skrifid eftir upplysingum.

THE HARMER IMPLEMENT CO.
142 Princess St., Winnipeg.

geta í næði hugsað um sannleikann. Fæðu sína og annað, sem þeir nauðsynlega þurfa, fá þeir til sín í kassa, er flýtur til þeirra eftir örmjóum skurði. Ef það kemur fyrir — sem oft vill verða — að kassinn kemur út aftur ósnertur, þá er riðið gat á múrhvelfinguna, og menn finna þá annaðhvort deyj andi mann eða dauðann mann. — Munkur nokkur, er dvaldi í einum af þessum múrklefum í 65 ár, var svo umbreyttur þegar hann kom út aftur að enginn þekti hann.

Á þessu ferðalagi uppgötvaði Hedin margt mjög mikilsvert. — Hann skýrði frá um farveg Bramaputra, fann uppsprettu Indus, og sýndi fram á, að fyrir norðan Himalaja liggur fjallaþyrping, er hann gaf nafnið Transhimalayja. Þrátt fyrir þessar uppgötvanir, var enn eftir margt að kanna og rannsaka, en nú var úr vöndu að ráða, því Tibet mönnum er illa við útlendinga, en þó sérstaklega við Hedin. Hann varð því að beita kænsku. Hann fór aftur til Leh, og lét það berast út, að hann ætlaði til Peking, og sú ferðaáætlun hans birtist í Evrópublöðum. En í stað þess að fara þangað, lagði hann af stað inn í landið, búinn eins og fjárhirðir, með nýja menn til fylgdar sér. Fór hann þar víða um, og var ávalt í hættu um, að uppvist yrði hver hann væri. Alt er fór hann aftastur og sýndist hinn lítilmótlegasti af öllum hópnum. Þannig ferðaðist hann leengi án þess að uppvist yrði hver hann var. Á tjaldi sínu hafði hann leynidyr til vonar og vara, ef á hann yrði ráðist, og áhöld sín öll geymdi hann í gömlum strigapoka.

Loksins var hann tekinn fastur. Menn fóru að tortryggja þennan fjárkaupmann, er þrátt fyrir allan kuldann hélt stöðugt áfram. Það var ráðist á hann og hann tekinn og yfirheyrður. Nú var vandi á ferðum.

Hedin sagði til sín og með hyggindum sínum tókst honum að sefa hina afarreiðu Tibetbúa. En hann var rekinn úr landi, og hermenn látnir fara með hann út fyrir landamærin, — einmitt þann veg, er hann átti eftir ófarinn, samkvæmt áformi sínu. Hedin sagði það vera lög í sínu föðurlandi, sem alls ekki mætti með neinu móti að vettugi virða, að enginn maður mætti feta aftur í sín eigin fótspor — með því að fara sömu leið til baka. Og þó Tibetbúum þætti þetta nokkuð ótrúlegt, þá leyfðu þeir honum þó samt, að hlýða þeim lögum.

Hedin ferðaðist um enn fleiri ókunna svæði, og frá þeim öllum kemur hann með myndir og upprætti, svo hundruðum skiftir, og verður það alt prentað í ferðabók hans, sem verið er að gefa út, og verður bæði fróðleg og skemtileg.

Á. J. J.

Wellington Grocery

horni Victor og Wellington, hefir eitt þúsund pund af ágætu smjöri á 20c pundið, einnig 50 kassa af Strawberries, Raspberries, Cherries, Pine Apples, Pears og Blackberries — 2 könnur 25c. 5-punda fötur Jam 35c, 5 pd. af góðum eplum 25c, 35c Oranges 25c, 50c Oranges 40c, 5 tunnur af sætabrauði 3 pd. 25c.

Til sölu í Selkirk

Íbúðarhús 14x20, með áföstu eldhúsi 12x20, gripahúsi 18x20, og sumareldhúsi 10x10. Kjallari er undir húsinu 12x12. Eigninni fylgja 4 lóðir, hv. 33x115. Ágætur brunnur. Lóðirnar eru undir ræktun og eru á Clandeboye Ave., vestan járnbrautarinnar. Torrens Title. Eldsábyrgð $550.00. Verð $750.00. Borgist að fullu.

Sv. Björnsson,

EXPRES-MADUR,

annast um alls kyns flutning um borgina og nágrennið. Pöntunum veitt móttaka á prentstofu Anderson bræðra, horni Sherbrooke og Sargent stræta.

Jóhanna Olson

Piano Kennari, byrjar 1. sept. nk. að kenna piano-spil, að 557 Toronto Street.



JÓNAS PÁLSSON býr að 460 Victor Stræti.

TALSIMI HANS ER 6803.

JÓNAS PÁLSSON.

JÓNAS PÁLSSON byrjar Pianó og tónfræðis kennslu 1. september næstkomandi. —

JÓNAS PÁLSSON lærði hjá herra FRANK S. WELSMAN, sem nú er talinn bezti kennari Canada. —

NEMENDUR Jónasar Pálssonar þurfa ekki að aflæra það, sem þeir hafa lært, þó þeir ættu eftir að fara til færustu kennara í Evrópu. —

JÓNAS PÁLSSON gerir stirða fingur liðuga og máttlitla fingur sterka. —

JÓNAS PÁLSSON vinnur hart fyrir sínum peningum, — og sefur aldrei við kensluna. —

JÓNAS PÁLSSON býr nemendur sína undir próf við áreiðanlegustu mentastofnanir landsins, og auglýsir aldrei próf frá skólum, sem hvergi eru til. —

Komið landar og lærið rétt og vel, og fáið ykkar peninga virði.

PRENTUN

Hérmeð tilkynnum vér Íslenzkum "business" mönnum í Winnipeg, og sérstaklega utanborgarmönnum að vér gerum alskyns viðskipta prentun. Vér viljum láta sérhvern "business"-mann vita um einmitt þá prentun sem vér gerum. Ein pöntun mun gera yður ánægða og einnig fullnægja oss.

Reynslan hefir kent oss að með því að leysa verk vort vel af hendi þá tryggir það framtíðar viðskipti viðskiptavina vorra.

Vér gerum prentun yðar eins og hún á að vera gerð og með réttu verði.

The Anderson Co.

PRENTARAR

Horninu Sargent Ave. og Sherbrooke St.

Stephan Sigurdson

Kaupmaður, **Hnausa, Man.**

Stephan Sigurdson er:

1. Mestur íslenzkur fiskikaupmaður í Ameríku
2. Mesti íslenzkur fiskistöðva og kælihúsa eigandi við Winnipeg vatn.
3. Mesti verzlunarmaður með allar almenn r örur, í bygðum Nýja Íslands.
4. Eini ísl. gufuskipseigandi við Winnipegvatn

Areiðanlegar vörur
Áreiðanleg viðskifti

Engum ærlegum skiftavini neitað um hjálp. er á liggur

VERZLUNAR OG ÍBÚÐARHÚS STEPHANS SIGURDSONAR Á HNAUSUM, MAN.

STEPHAN SIGURDSON. VERZLANIR AÐ HNAUSA OG GIMLI, MAN.

Audlegd Fyrir Ydur

Getur fengist með því að nota *"Flour City" Gasoline Sjálfhreyfi-vjelar* til þess að *Plægja* og *þreskja* fyrir ýður og nabúa ýðar. Vél þessi hefir á SÝNINGUNNI unnið *tvær Gull Medallur.*

EIN AF VORUM

"STICKNEY" GASOLINE VÉLUM

MALAR KORN OG SAGAR VIÐ FYRIR HEILT NÁBÝLI.

Í BÆKLINGI VORUM eru *57* ÁSTÆÐUR færðar fyrir því, að þessar vélar eru þær bezta sem möguleg er að fá.

Þeir sem brúka þessar tegundir af vélum vorum til *Brunn borunar* og annara slíkra starfa, græða mikið fé á þeim.



Vorar Canadizku Vind Millur

úr galvaniseruðu stali, á fjór teinuðum stálturni, eru þær sterkustu, létthreyfðastu og endingarbeztu sem til eru á Canadiska markaðinum.

Vorar tegjr *Simplex* og *Toronto* Kornstykkjarar og Viðarsögunar Vélar hafa mörg ár einkenni.

Vor *Aylmer Vagn- og Gripavigt* með brjeyld í hverri vigta *eitt ton,* en eru svo léttar að BARN GETUR FLUTT ÞÆR.



Vorar *Toronto og Aylmer* Járnpan þar með Tvíh eyfiafli eru viðurkendar þær beztu heimi.

STÁL- og VIÐARKASSAR og TROG og SKÁLAR.
B. BELL & SON KORNSTYKKJARAR.
HESTA- OG STIG-AFL.
"EAGLE" STÁL ÚTIHVÍLUR.

SKRIFIÐ eftir bæklingi vorum, og tiltakið hvaða verkfæri eða vélar þér viljið helst vita um. —

Ontario Wind Engine & Pump Co., Limited,

WINNIPEG, -- MAN.

Útibú í:— Regina, Saskatoon, High River, Wetaskewin og í Edmonton.

MAGNUS SMITH.

EFTIR
S. J. AUSTMANN.

Áreiðanlegt mun það vera, að ekki er um nokkurn Íslending jafnmikið talað hér í álfu og Magnús Smith. Og hefir mér því dottið í hug, að geta hans að nokkru leyti, þar ég varð svo heppinn að kynnast honum þau ár, sem hann var hér í bænum.

Magnús er fæddur á Raudamel í Snæfellsnessýslu fyrir 36 árum, og er sonur Magnúsar Árnasonar, sem þar bjó og var talinn mjög heppinn læknir, þó ólærður væri. En móðir Magnúsar, sem var 3. kona Magnúsar Árnasonar, var Ragnheiður Eliasardóttir, systir Jóhanns Straumfjörðs, sem margir kannast við.

Sigurður Bárðarson og Magnús eru fjórmenningar. Sömuleiðis voru þeir Kristján Jónsson Geiteyingur náskyldir. En bræðrungur er hann við þá Magnús og Björn Þorgilssyni hér í bænum.

Magnús misti móður sína þá hann var 6 ára, en föður sinn um eða fyrir innan fermingu.

Sæmma kvað Magnús hafa verið gefinn fyrir bóknám, og las alt, sem hann náði í. En á skóla mun hann aldrei hafa gengið á ævi sinni. En honum virðist það lítið standa fyrir þrifum nú.

Magnús er heldur lítill vexti en friður sýnum og snyrtimenni. Mesti reglumaður, og eyðir aldrei einum dal í óþarfa, en borgar alt sem borga á, án refja, og er bezti drengur í hvívetna.

Í trúmálum er Magnús Únitari, og tilheyrði íslenzka Únitara söfnuðinum þá er hann dvaldi hér í Winnipeg.

Til Ameríku kom Magnús árið 1885 og dvaldi í Manitoba þar til árið 1889, að hann fór vestur að hafi með hérlendum hjónum, sem Smith hétu. Þau áttu ekkert barn og tóku Magnús í sonar stað og kölluðu hann son sinn, og fékk hann þá nafnið "Smith", sem jafnan hefir haldist við hann síðan.

Hjá þessum hjónum dvaldi Magnús nokkur ár, og bygg þangað til hann kom hingað aftur árið 1899. Vestur við haf lærði Magnús að tefla, því vorið sem hann kom hingað stóðst hann enginn hér, og var hann því það sama sumar (1899) sendur til Montreal af hálfu Manitoba manna, að halda uppi heiðri fylkisins.

Þarna í Montreal mættust 10 hinir mestu taflmenn, sem til voru í öllu veldi Canada. Magnús teflti bezt af öllum, og fékk þá nafnbótina "Skákkappi Canada". Í þessari orustu vann Magnús 7 töfl, tapaði 2, en gerði eitt jafntefli.

MAGNÚS SMITH.

Árið 1903 var aftur herör uppskorin um öll fylki Canada. Menn skyldu nú mætast í borg þeirri hinni miklu, er Winnipeg nefnist, allir þeir, sem snjallastir voru í þeim konunglega leik, sem á voru máli heitir skáktafl. Nú var liðsafnaður mikill og vopnaburður hinn feguresti, þar eð allir hinir fræknustu kappar höfðu hér saman komið. Var nú klutast til um, hverjir skyldu vegast á, og varð hver og einn að hlýta því, er örlaganornin þar um réði.

Heslisstengur voru nú upp settar og feldum kastað undir fætur manna, og gengust menn nú að með kappi miklu, og mátti þar sjá mikinn fimleik og vopna viðskifti all-sæmileg.

En svo fór hólmganga þessi, að Íslendingurinn feldi til jarðar alla þá, er við hann þreyttu, og varð ekki sár, en lítið eitt vígamóður, og þóttu þetta undur hin mestu.

Árið 1906 var enn komið saman í Montreal af öllum taflköppum landsins, og var þar fjölmenni mikið saman komið, því nú skyldi tefla um verðlauna penning mikinn úr skíru gulli, sem gefið hafði Lávarður hinn grái (Lord Grey), sá er þá hafði jarlsdæmi yfir Canada.

En þó kappaval væri þar mikið saman komið og reynt á allar lundir að fyrirkoma Magnúsi, varð það alt árangurslaust. Því af móti þessu kom hann sigrihrósandi. Hann vann 8, tapaði 1 og gerði 3 jafnteflí. Þarna vann Magnús 100 dollara medalíu úr gulli og nafnbótina "Champion of Canada" í þriðja sinn.

Þau ár, sem Magnús var í Winnipeg, vann hann við handverk sitt, skósmíði, sem hann hafði lært í British Columbia, ásamt öðru fleiru, og vann hann jafnan fyrir svo mikið á hvert stykki. Honum þótti það frjálsara, heldur en að vinna uppá daglaun.

Einu sinni kom ég til manns hér í borginni, sem býr til og gerir við skó. "Vinnur Magnús Smith hjá þér um þessar mundir?" spurði ég manninn. — "Já, hann er fyrir skömmu farinn héðan úr verkstofunni. Hann hættir vanalega kl. 4 og byrjar ekki fyr en 9" (f.m.). — "Hann vinnur þá eftir því ekki nema 6 klstundir á dag", sagði ég. — "Nei, ekki meira. Hann þarf þess heldur ekki. Hann vinnur fyrir fullkomnum daglaunum, þó hann ekki vinni lengur. Hann er svo grimmilega fljótur. Hann getur gert eins mikið á einum degi eins og ég á þremur dögum".

Á þessu má sjá, að Magnús er enginn slóði við skósmíði, frekar en margt annað, sem hann snertir á.

En fyrir utan skósmíði vann hann að ýmsu öðru, sem að smíðum laut. Hann t.d. smíðaði tvo Phonographs að öllu leyti, að undanteknum raddhólkunum (The Records). Hann smíðaði þá í smiðju Kristjáns frænda sins (Geiteyings), sem hjálpaði honum eitthvað til með þá, en það var mjög lítið, eftir því sem Kristján sjálfur sagði mér, þessar söngvélar hafa reynst ágætlega og eru enn til, önnur að ég hygg hjá Sigurði Bárðarsyni í Blaine, Wash., en hin hér í borginni.

Líka smíðaði Magnús þrumuvél sem hann að öllu leyti fann upp, og smíðaði sjálfur í smiðjunni hjá Kristjáni frænda sínum.

Ég sá aldrei vél þessa, og get því ekki lýst henni sem skyldi. Þó má geta þess, að í vél þessa setti Magnús rafurvél (Battery), og þegar losað var um húna, fór verkið alt á stað. Glerhjól miklu voru í vél þessari, sem tóku harðan snúning og snertu smágerðar hjóltennur, og mynduðust við það þrumur og eldingar. Ef nú vél þessi var sett á stað, þegar fólk var nýsofnað, þá vöknuðu menn við vondan draum og skildu ekki í kyngjum þessum.

Ég veit fyrir víst, að ekki var svefnsamt í gildaskála þeim, er Magnús átti heima í. Hann setti jafnan á stað vél sína, er aðrir höfðu til náða gengið, og eins og áður er sagt, vöknuðu menn við vondan draum. Þetta þóttu furn og undur. Enginn sá neitt, en allir heyrðu óláti þessi. Skaut nú mörgum skelk í bringu, og fóllu margir á kné og báðu hina þrieina og alla helga menn sig varðveita. Aðrir kölluðu á Þór og Óðinn, því allir voru mótunautar Magnúsar af hinum norrænu víkingum komnir. En svo voru enn nú aðrir, sem trúðu á mátt sinn og megin, og hervæddu sig móti óláguaði þessum. En á meðan alt þetta skeði, gerði Magnús Smith ekkert nema veltast um í hlátri, og grunuðu hann þá margir um að vera valdan að óláguaði þessum og nefndu hann galdra Magnús. Eftir að reimleiki þessi hafði gengið nokkrar nætur, fundu menn einhverssstaðar út í horni dálítinn kassa, ósköp meinleysislegan, og héldu sumir, að einhver af borðmönnunum mundi geyma þar í skrautgripa sína. En aðrir sögðu, að í þessum kassa væri óhreinn andi, sem gert hefði allan draugaganginn. Og enn aðrir kváðu þar í töfravél mundi vera, sem Magnús Smith hinn fjölkunni hefði smíð að til tryllingar huglausu fólki.

Var nú dómur uppkveðinn yfir vesalings kassanum og hann allur sundur brotinn, og sögðu nú menn að Magnús skyldi ekki oftar trylla sig með djöflavél sinni. Og þar með var lokið þrumuvél Magnúsar Smith.

Árið 1905 fann Magnús upp vél og tók á einkaleyfi um alla Norður-Ameríku. Og vísa ég til Hkr. 18. janúar 1906, því að í það No. blaðsins ritaði ég grein um vél þessa.

Ef ætti að telja upp alla sigurvinninga Magnúsar í taflistinni meðan hann var hér í bænum, væri það efni í heila bók, og ætla ég að sleppa því að mestu leyti. Þó vil ég geta þess, að í sambandi við iðnaðarsýningu Manitoba fylkis hér í borginni, komu menn hér saman úr öllum áttum og teflda fyrir ýmsum góðum gripum, og er það í stuttu máli sagt, að Magnús hafði ætíð sigur.

Fyrir eitthvað ári síðan kom hingað mesti skákmaður heimsins, Dr. Emanuel Lasker, sem heima á í New York, og teflti hann við Magnús hér í Winnipeg. Eftir að Dr. Lasker hafði kynst Magnúsi litið eitt, fór svo kunnugsskapur milli þeirra, að Magnús réðist til Doktorsins, bæði sem ritstjóri að mánaðarblaði, sem Dr. E. L. gefur út, og sömuleiðis sem leikstróðir (Playing Partner).

Dr. Lasker hafði vit á, að meta þá framúrskarandi hæfileika, sem Magnús hefir til að bera. Hann hafði í nokkur ár lesið það, sem Magnús hefir skrifað í Free Press hér í borginni, og mun hafa verið sömu skoðunar og Professor Cross, sem ritaði eitt sinn í Free Press á þessa leið:

"Ég hefi lesið öll skákrit, sem gefin eru út á Bretlandi, og flest, sem gefin eru út í Ameríku, og er það mitt álit, að ekkert þeirra hafi eins gott að bjóða og það, sem Magnús Smith býður oss í dálkum Free Press".

Síðan Magnús Smith kom til New York, hefir þótt framúrskarandi mikið til hans koma, ekki að eins sem skákmanns, heldur sem ritstjóra. Því skömmu eftir þangaðkomu hans, tók hann algerlega við ritstjórn á öllu því, er Dr. Lasker gefur út, sem er ýmislegt og af ýmsu tagi. Það helzta er vísindalegt mánaðarrit um tafl og taflmensku. Allskonar þrautir eru lagðar fyrir lesandann, og úr þeim leyst í næsta número á eftir, ásamt ýmsum kyngjum, sem ég fyrir mitt leyti ekkert botna í. Ásamt þessu mánaðarriti prenta þeir bækur af öllu tagi, ýmsa pésa, og fyrir öllu ræður Magnús, bæði að ritstjórn og ráðsmensku, síðan Dr. Lasker fór til Evrópu, þar sem hann býst við að dvelja eitt eða svo ár.

En fyrir utan það, sem Magnús hefir að gera hjá Dr. Lasker, ritar hann tvo dálka í New York Evening Post í viku hverri og sömuleiðis í Free Press hér í borginni, svo menn geta séð, hvað mikið þykir til hans koma, þar eð sótt er svona eftir honum og ritgerðum hans.

Einn ritstjóri í New York sagði, að Magnús væri svo vel gefinn maður, að hann ætti að vera landstjóri í Canada.

Þessi New York ritstjóri hefir víst ekki vitað, að Magnús er íslenzkur. Það má þó segja honum (Magnúsi) til heiðurs, að hann kemur ætíð fram sem goðar Íslendingur, og hefir getið Íslands að mörgu leyti í mánaðarriti sínu. Og eitt er víst, að ef Magnús Smith skammaðist sín fyrir að vera Íslendingur, skyldi ég víst ekki virða hann svo mikils að skrifa alt þetta mál um hann.

Í marz í vor teflti flokkur hinna beztu Englendinga gegn jafn mörgum Ameríku mönnum, og voru kákir símaðir yfir hafið jafnóðum og þeir voru leiknir. Hinn amerikanski flokkur vann sigur, og er það að miklu leyti þakkað Magnúsi Smith, sem hafði stjórn og alt eftirlit með mönnum þeim, sem teflda hérna megin hafsins (í New York).

The Brooklyn Chess Club er sá voldugasti og frægasti taflklúbbur — eða taflfélag væri máske réttara — sem til er á þessu meginlandi. Klúbbur þessi hefir háð Tournament, sem búið er að standa yfir eitthvað 7—8 vikur, en er nú til lykta leitt og endaði þannig, að Magnús vann frægan sigur.

Séð hefi ég það í blöðum að sunnan, að Magnúsi er spáð því, að verða sá mesti taflmaður í heimi, og vona ég að það rætist.

Og lýk ég svo að segja frá Magnúsi Smith.

ÖL GEYMT Í GLERÍLÁTUM

ÞANNIG GEYMUM VÉR ÞAÐ

Viðarílát eru vanalega notuð til þessara nota og kosta að sjálfsögðu miklu minna, en vér viljum ekkert eiga á hættu og höfum þess vegna fengið oss sjálámur fóðraðar með skíru gleri, sem er svo slétt, að það er auðvelt að halda því algerlega hreinu. Vér leggjum fyrst af öllu áherzlu á gæðin, án tillits til kostnaðarins.

Þessar ámur, sem eru traustlega smíðaðar og fagurlega fágaðar, eru gerðar í hinum miklu verkstæðum Plaudlers í Rochester í New York hinum mestu siunar tegundar í heimi.

Með því sameining stáls og glers í þessum geymsluílátum gerir þau svo ógegnkvæm, að alt hið fína bragð efnanna, sem í ölinu eru, og lífgjafaefnin sem felast í kolefnagasinu haldast óbreytt í ölinu og gefur því þenna gómsæta barkandi keym, sem er svo eftirsóknarverður.

Þjátíu og tvö ár við ölgerðarstarfið er eithvers virði: stærð verkstæða vorra er þess fylsta sönnun að svo er.

Pantið **DREWRY'S** þegar þér viljið fá það bezta sem til er á markaðinum.

Ætíð áreiðanlegt. - Ætíð gott.

E. L. DREWRY

WINNIPEG

Dr. M. Hjaltason,
Oak Point, Man.

Íslenzkur Tannsmiður,
Tennur festar í með Plötum eða Plötulausar. Og tennur eru dregnar á sársaukalaust með Dr. M. ordens sérstaka deyfandi aðferð
Dr. W. Clarence Morden, Tannlæknir.
Sigurður Davíðsson—Tann-smiður.
620½ Main St.
Phone 470 Horni Logan Ave.

R. DENOVAN
Undir-umboðsm. Eftirlanda.
VEITIR borgarabréf. selur Hudson's-flóa lönd og önnur ábúðar lönd. og járnbrautalönd og bæjarlóðir. Einnig ekla og hálábyrgð. Lánar peninga gegn tryggingu í umbættum búlöndum.
Wynyard, - Sask

Th. JOHNSON
JEWELER
286 Main St. Talsími: 6606

JOHN ERZINGER
TÓBAKS-KAUPMAÐUR.
Erzinger's skorið reyktóbak $1.00 pundið
Hér fást allar neftóbaks-tegundir. Óska eftir bréflegum pöntunum.
McINTYRE BLK., Main St., Winnipeg
Heildsala og smá-sala.

Stefán Johnson
Horni Sargent Ave. og Dewatney St.
HEFIR ÁVALT TIL SÖLU
Nýjar Áfir
Bestu í bænum. Ágætar til bökunar. 15c gallon

Thorsteinn Thorsteinsson

er fæddur 2. ágúst 1855 í Klausturhólakoti í Grímsnesi í Árnessýslu. Foreldrar hans voru Þorsteinn Eyjólfsson og Guðbjörg Vigfúsdóttir. Hjá þeim dvaldi hann til 15 ára aldurs, en fór þá í vinnumensku til vandalausra. Árið 1880 fór hann til Ísafjarðar, til þess að



læra þar járnsmíði hjá Guðmundi bróður sínum Þorsteinssyni, og fór frá honum sem fullnuma í þeirri iðn árið 1883 og bygði sér þá járnsmiðju á Ísafirði, og tók að starfa á eigin reikning.

Árið 1884 gekk hann að eiga ungfrú Guðrúnu Marju Ámundadóttur, til heimilis á Ísafirði, og þar bjuggu þau hjón þar til árið 1887 að þau fluttust til Ameríku, með einu barni þeirra hjóna, og settust að í Brandon borg. Stundaði Thorsteinn þar járnsmíði fyrir hérlendan mann, þar til hann varð að yfirgefa atvinnuna vegna veikinda konu sinnar, sem drógu hana til dauða árið 1889.

Þá stóð Thorsteinn uppi með 2 ungbörn, og misti hann annað þeirra (son þriggja ára) ári síðar. Þá kom hann dóttur sinni í dvöl hjá bróður sínum.

Árið 1891 fluttist Thorsteinn til Beresford, bygði sér það smiðju og tók að stunda iðn sína. Árið 1894 kvongaðist hann í annað sinn og gekk þá að eiga Sigríði Þórðardóttur, ekkju eftir Ásgeir Jónsson frá Ísafirði. Sigríður bjó þá í Brandon með 4 börnum sínum: Guðmundi, Helgu, Ólöfu Solveigu og Ásgeir. Þrjú þau fyrtöldu eru nú gift. Með síðari konu sinni hefir Þorsteinn eignast 3 börn: Victoriu, Kristínu og Georgíu.

Thorsteinn býr rausnarbúi í bænum Beresford. Hann hefir dvalið þar í sl. 18 ár og farnast vel. Hann stundar eingöngu járnsmíðaiðn sína, og hefir næga og velunnaða atvinnu.

T. H. Fraser.

T. H. Fraser er fæddur á Ásláksstöðum á Vatnsleysuströnd í Gullbringusýslu. Fluttist með foreldrum sínum til Ameríku 1886. Faðir hans er Freysteinn Jónsson, sem býr í Þingvallanýlendu. T. H. Fraser hefir stundað vínsölu síðastliðin 14 ár, lengst af í Winnipeg, og er sá eini Íslending-

ur, sem stundar þá atvinnu stöðugt. Hann er hófsemdarmaður, kemur sér vel við alla, sem eiga viðskifti við hann, og er góður drengur í hvevetna. Eins og myndin af honum sýnir, er hann með fríðustu Íslendingum hér um slóðir.

Sendið Heimskringlu til vina yðar á Íslandi.

A. S. BARDAL
Selur líkkistur og annast um útfarir. Allur útbúnaður sá bezti. Enfremur selur hann alskonar minnisvarða og legsteina.
121 Nena St. Phone 306

JIMMY'S HOTEL
BEZTU VÍN OG VINDLAR.
VEITARI: T. H. FRASER.
ÍSLENDINGUR.
James Thorpe, Eigandi

Gimli Hótel
G. E. SÓLMUNDSSON
eigandi
Óskar viðskifta Íslendinga sem heimsækja Gimli-bæ. — Þar er beini beztur í mat og drykkjarföngum, og aðbúð gesta svo góð sem frekast er hægt að gera hana. Hótelið er við vagnstöðina.
Gistið að Gimli-Hótel.

ROBLIN HOTEL
115 Adelaide St. Winnipeg
Beztu $1.50 á dag hús í Vestur-Canada. Keyrsla ókeypis milli vagnstöðva og hússins á nóttu og degi. Áhöldunum hins bezta. Viðskifti Íslendinga óskast. William Ave strætiskarið fer hjá húsinm
O. ROY, eigandi.

MARKET HOTEL
146 PRINCESS ST. Á móti markaðnum
P. O'CONNELL, eigandi, WINNIPEG
Bestu tegundir af vínföngum og vindl. um. aðhlynning góð. Húsið endurbætt

Woodbine Hotel
Stærsta Billiard Hall í Norðvesturlandinu
Tíu Pool-borð.—Alskonar vín og vindlar
Lennon & Hebb,
Eigendur.

LEIÐBEININGAR--SKRA
YFIR ÁREIÐANLEGA VERZLUNARMENN Í WINNIPEG

MUSIC OG HLJÓÐFÆRI
CROSS, GOULDING & SKINNER, LTD. 323 Portage Ave. Talsími 4413
MASON & RISCH PIANO CO., LTD. 356 Main Street Talsími 4480
W. Alfred Albert, Íslenzkur umboðsmaður
WHALEY ROYCE & CO. 356 Main St. Phone 2453
W. Alfred Albert, búðarþjónn.

BYGGINGA- og ELDIVIÐUR.
J. D. McARTHUR CO., LTD. Bygginga- og Eldiviður í heildsölu og smásölu. Sölust.: Princess og Higgins Tals. 3091, 3061, 3062

MYNDASMIÐIR.
G. H. LLEWELLIN, "Medallions" og Myndarammar Starfstofa Horni Park St. og Logan Avenue

SKÓTAU Í HEILDSÖLU.
AMES HOLDEN, LIMITED, Princess & McDermott. Winnipeg.
THOS. RYAN & CO. Allskonar Skótau. 44 Princess St.
THE Wm. A. MARSH CO. WESTERN LTD. Framleiðendur af Fínu Skótaui. Talsími: 3710 88 Princess St. "High Merit" Marsh Skór

RAFMAGNSVÉLAR OG ÁHÖLD
JAMES STUART ELECTRIC CO. 324 Smith St. Talsímar: 3847 og 7802 Fullar birgðir af alskonar vélum.
GOODYEAR ELECTRIC CO. Kellogg's Talsímar og öll þarfnæti. áhöld Talsími 3023. 56 Albert St.

RAFMAGNS AKKOKÐSMENN
MODERN ELECTRIC CO 412 Portage Ave Talsími: 5658 Viðgjörð og Vír-lagning — allskonar.

BYGGINGA - EFNI.
JOHN GUNN & SONS Talsími 1277 266 Jarvis Ave. Höfum bezta Stein, Kalk, Cement, Sand o. fl.
THOMAS BLACK Selur Járnvöru og Bygginga-efni allskonar 76—82 Lombard St. Talsími 600
THE WINNIPEG SUPPLY CO., LTD. 298 Rietta St. Talsímar: 1936 & 2187 Kalk, steinn, Cement, Sand og Möl

BYGGINGAMEISTARAR.
J. H. G. RUSSELL Byggingameistari. í Silvester-Willson byggingunni. Tals: 1068
PAUL M. CLEMENS Bygginga-Meistari, 443 Maryland St. Skrifst.: Argyle Bldg., Garry st. Talsími 8997

BRAS- og RUBBER-STIMPLAR
MANITOBA STENCIL & STAMP WORKS 421 Main St. Talsími 1880 P. O. Box 244. Búum til allskonar Stimpla úr málmi og togleðri

CLYDEBANK SAUMAVÉLA AÐGERÐARMAÐUR. Brúkaðar vélar seldar frá $5.00 og yfir 564 Notre Dame Phone, Main 8624

VÍNSÖLUMENN
GEO. VELIE. Hef ávalt Vínsali. 185, 187 Portage Ave. E. Smá-sölu talsími 352. Stór-sölu talsími 404.

STOCKS & BONDS
W. SANFORD EVANS CO. 326 Nýja Grain Exchange Talsími 269

ACCOUNTANTS & AUDITORS.
A. A. JACKSON, Accountant and Auditor Skrifst.—24 Merchants Bank. Tals.: 5702

OLÍA, HJÓLÁS-FEITI OG FL.
WINNIPEG OIL COMPANY, LTD. Þúa til Stein Olíu, Gasoline og hjólás-áburð Talsími 1390 611 Ashdown Block

TIMBUR og BÚLÖND
THOS. GYSTAD, 208 Kennedy Bldg. Viður í vagnhlössum til notenda, búlönd til sölu

PIPE & BOILER COVERING
GREAT WEST PIPE COVERING CO. 132 Lombard Street.

VÍRGIRÐINGAR.
THE GREAT WEST WIRE FENCE CO., LTD Alskonar virgirðingar fyrir bændur og borgara. 76 Lombard St. Winnipeg.

ELDAVÉLAR O. FL.
McCLARY'S, Winnipeg. Stærsta framleiðendur í Canada af Stóm, Steinvöru [Graniteware] og fl.

ÁLNAVARA Í HEILDSÖLU.
R. J. WHITLA & CO., LIMITED 264 McDermott Ave Winnipeg "King of the Road" OVERALLS.

BILLIARD & POOL TABLES.
W. A. CARSON P. O. Box 225 Room 4 1 Molson Banka. Öll nauðsynleg áhöld. Eg gjöri við Pool-borð

NÁLAR.
JOHN RANTON 203 Hammond Block Talsími 4670 Sendið strax eftir Verðlista og Sýnishornum.

GASOLINE-Vélar og Brunnborar
ONTARIO WIND ENGINE and PUMP CO. LTD 301 Chamber St. Sími: 2988 Vindmillur — Pumpur — ágætar Vélar.

BLÓM OG SÖNGFUGLAR
JAMES BIRCH 442 Notre Dame Ave. Talsími 2638 BLÓM - allskonar. Söng fugla o. fl.

BANKARAR, GUFUSKIPA AGENTR
ALLOWAY & CHAMPION North End Branch: 667 Main street Vér seljum Ávísanir borganlegar á Íslandi

LÆKNA OG SPÍTALAÁHÖLD
CHANDLER & FISHER, LIMITED Lækna og Dýralækna áhöld, og hospítala áhöld 185 Lombard St., Winnipeg, Man.

Aðdáanleg Hveitimölunar-stofnun

Nokkur orð um félag það, sem handlék fyrsta mjölfarm, sem fluttur var út úr Norðv.landinu

Meðfylgjandi mynd sýnir mölunar verkstæði og kornhlöður OGILVIE FLOUR MILLS CO. í Winnipeg. þær standa á Douglas odda, og bera við himni fyrir sjón ferðafólks að austan, sem koma yfir Rauðá inn í borgina. þessi mikilfenglega og trausta bygging, með öllu því, sem henni tilheyrir, vottar það ljóslega, að hún sé með langmestu stofnunum sinnar tegundar á þessu meginlandi. Svæði það, sem byggingarnar standa á, er 10 ekrur að stærð, og allar þær sporbrautir og önnur nýtízku tæki til þess að ferma og afferma vörur í og úr járnbrautavögnunum, eru sýnilegur vottur þess, að þessi mikla stofnun hefir handbær öll þau nýtízku tæki til iðnaðarstarfsins, sem mannlegt hugvit hefir megnað að búa til, og ber ljósan vott um vöxt og framför þessa félags, sem alþekt er um alla Evrópu og Bandaríkin.

OGILVIE félagið hefir að baki sér orðróm almennings fyrir áreiðanleikik í öllum viðskiftum, og dugnað, og framundan sér hefir það ákveðna starfsstefnu og örugga vissu fyrir vaxandi starfi og þjóðlegri nytsemd. Saga þessa mikla mölunarfélags hefir sýnt, að það hefir haft mikil áhrif á akuryrkjulega framför Norðvesturlandsins. Það byrjaði starf sitt á þeim tíma, sem landið fór að verða þekt sem kornræktarland. Það varð að byggja kornhlöður víse.a um landið, þar sem bændur fluttu hveiti sitt til sölu, og nú hefir félagið um 100 slíkar hlöður dreifðar um Norðvesturlandið. þær gera það tvöfalda gagn, að safna saman þeim hveitiþyrgðum, sem nauðsynlegar eru til þess að halda þessari og öðrum myllum félagsins starfandi, og einnig að dreifa mjölinu og öðrum afurðum út meðal kaupendanna.

Félagið hefir frá því fyrsta gert sér að skyldu, að borga peninga út í hönd fyrir alt sem það kaupir af bændum, og á þennan hátt frelsaði það norðvesturlandið frá þeirri víxluskiftaplágu, sem á liðnum árum hefir haldið mörgum frjósömum landshlutum í frumbyggja örbyrgð, og hindrað framför þeirra, og á þessu ári hefir félagið á ný orðið að stíga ný framfaraspor, svo að áður enn uppskeran 1909 er fullsprottin, þá verður fél. búið að byggja nýjar kornhlöður víðsvegar í Norðvesturlandinu.

Það vita ekki allir, að OGILVIE félagið keypti og stóð fyrir útflutningi þess fyrsta hveitis, sem sent var frá Vestur- til Austur-Canada. Það var árið 1878, að 800 bushel hveitis voru fermd á bát á Rauðá, og flutt eftir ánni til Fisher's Landing, sem þá var endastöð járnbrautarkerfisins í Bandaríkjunum. Þaðan var það flutt með járnbraut til Duluth og þaðan á smáskipi, sem þá nægði til að annast um flutninga eftir vötnunum, austur til Montreal, — og þar var það malað í einni af myllum félagsins.

Félagið hefir nýlega gert samning við Barnett & McQueen byggingafélagið, að byggja öfluga steinsteypu kornhlöðu hér í Winnipeg, með geymslurúmi fyrir 250 þús. bushela. Með því hefir félagið 750 þús. bushela geymslurúm í Winnipeg.

Í Fort William er félagið einnig jafn-starfsamt. Það sá þörfina á auknum tækjum til að annast sívaxandi afurðir Norðvesturlandsins, og ákvað þess vegna að tvöfalda korngeymslubúr sín þar, svo að nú er verið að byggja þar nýtt stórhýsi, sem gefur OGILVIE félaginu, þegar það er fullbygt, geymslurúm fyrir 1¼ milíón bushela við útskipunarbryggjuna þar.

Herra C. R. Hosmer er forseti félagsins, og herra F. W. Thompson er varaforseti þess og herra W. A. Black aðalumsjónarmaður félagsins í Vesturlandinu.

Þessum mönnum, ásamt þeirra mörgu starfsmönnum, er að



OGILVIE'S HVEITIMÖLUNAR-MYLLAN MIKLA Í WINNIPEG.

falda þann mikla þátt, sem það hefir tekið í framförum þessa veldis.

DR. H. R. ROSS
C.P.R. meðala- og skurðlækir.
Sjúkdómum kvenna og barna veitt sérstök umönnun.
WYNYARD, — SASK.

JOHN DUFF
PLUMBER, GAS AND STEAM FITTER
Alt verk vel vandað, og verðið rétt
664 Notre Dame Ave. Phone 3815
Winnipeg

The Dominion Bank
NOTRE DAME Ave. BRANCH Cor. Nena St.
VÉR GEFUM SÉRSTAK AN GAUM AÐ SPARISJÓÐS-DEILDINNI. —
VEXTIR BORGAÐIR AF INNLÖGUM.
HÖFUÐSTOLL - - - $3,983,392.38
SPARISJÓÐUR - - $5,300,000.00
A. E. PIERCY, MANAGER.

R. A. THOMSON AND CO.
Cor. Sargent & Maryland St.
Selja allskonar MATVÖRU af beztu tegund með lægsta verði. Sérstakt vöruúrval nú þessa viku Vér óskum að Íslendingar vildu koma og skoða vörur ar. Hvergi betri né ódýrari.—
Munið staðinn:—
HORNI SARGENT AVE. OG MARYLAND ST.
PHONE 3112.

F. Deluca
Verzlar með matvöru, aldini, smá-kökur, allskonar sætindi, mjólk og rjóma, sígarr. tóbak og vindla. Óskar viðskifta Íslend. Heitt kaffi eða te á öllum tímum. Fón 7756
Tvær búðir:
587 Notre Dame og 714 Maryland St.

Department of Agriculture and Immigration.

MANITOBA

Þetta fylki hefir 41,169,089 ekrur lands, 6,019,200 ekrur eru vötn, sem veita landinu raka til akuryrkjuþarfa. Þess vegna höfum vér jafnan nægan raka til uppskeru tryggingar.

Ennþá eru 25 miliónir ekrur óteknar, sem fá má með heimilisrétti eða kaupum.

Íbúatala árið 1901 var 255,211, nu er nún orðin 400,000 manns, hefir nálega tvöfaldast á 7 árum.

Íbúatala Winnipeg borgar árið 1901 var 42,240, en nú um 115 þúsundir, hefir meir en tvöfaldast á 7 árum.

Flutningstæki eru nú sem næst fullkomin, 3516 mílur járnbrauta eru í fylkinu, sem allar liggja út frá Winnipeg. Þrjár þverlandsbrauta lestir fara daglega frá Winnipeg, og innan fárra mánaða verða þær 5 talsins, þegar Grand Trunk Pacific og Canadian Northern bætast við.

Framfór fylkisins er sjáanleg hvar sem litið er. Þér ættuð að taka þar bólfestu. Ekkert annað land getur sýnt sama vöxt á sama tímabili.

TIL FERDAMANNA:

Farið ekki framhjá Winnipeg, án þess að grenslast um stjórnar og járnbrautarlönd til sölu, og útvega yður fullkomnar upplýsingar um heimilisréttarlönd og fjárgróða möguleika.

R. P. ROBLIN,
Stjórnarformaður og Akuryrkjumála-ráðgjafi.
Skrifið eftir upplýsingum til
Joseph Burke. 178 LOGAN AVE., WINNIPEG.
Jas. Hartney 77 YORK ST., TORONTO.

Nýungar.

Lesendur eru beðnir að hugga, að félagið Harpa heldur Tombolu 7. sept. næstk., — ekki stúkan Ekkla, eins og misprentaðist í síðasta blaði.

Kvenfélag Tjaldbúðar safnaðar hefur þess getið, að það haldi Concert og Kökuskurð í kirkjunni 16. sept. næstk. Fólk er beðið að búa sig undir að koma. Prógram í næsta blaði.

Greinin um Magnús Smith á 22. bls. þessa blaðs Heimskringlu var rituð fyrir ári síðan, en hefir verið geymd í stil þar til nú. — Eftir að greinin var rituð, yfirgaf Magnús þjónustu Dr. Laskers, og gefur nú út blað á eigin reikning í New York borg.

Stúkan Skuld heldur sína venjulegu árs-tombolu þann 27. sept. næstk. Forstöðunefndin lofar, að hún verði með þeim allra beztu, sem nokkurntíma hafa haldnar verið hér í borg. Nákvæmar auglýst síðar.

Lesendum er bent á skólaáhalda auglýsingu herra E. N. Moyer & Co. Vér höfum skoðað vörur hans og getum vottað, að hann hefir mesta úrval af alls kyns skólaborðum og bekkjum, og öðrum skólaáhöldum, — alt af beztu gerð og með svo sanngjörnu verði, sem hægt er að sæta. — Vér vildum benda þeim skólanefndum út um bygðir Íslendinga, sem kunna að þurfa að kaupa skólaáhöld, á það, að skrifa herra E. N. Moyer, og leita verðs á vörum hans. Maðurinn er lipur í viðskiftum, og óskar eftir að mega njóta viðskifta Íslendinga.

Úr kirkjufélaginu

gekk Morden sönnuður þann 12. þ. m. — það er sjötti sönnuðurinn, sem slitið hefir sambandi við félagið síðan á kirkjuþingi.

S. K. HALL
kennari við
WINNIPEG SCHOOL OF MUSIC
Studios: 701 Victor og 304 Main St.
"Mr Hall is one of our best trained and most efficient teachers".—Winnipeg Town Topics 10 april 1909.

PÍANO með öfundsverðan Orðstýr

Valið af mestu söngfræðingum í heimi vegna þess óviðjafnanlegu tónfegurðar. það er á heimilum söngfróðustu borgara þessa veldis.

Gamla Félagsins Heintzman & Co. PÍANÓ

hefir viðurkenningu, sem framleiðendurnir geta stært sig af. Auk þess hefir það hlotið fleiri medaliur, fyrstu verðlaun og "Diplomas, en nokkurt annað Piano, sem til er.

J. J. H. McLean & Co LIMITED.
528 Main St. Talsími 808
ÚTIBÚ Í BRANDON OG PORTAGE LA PRAIRIE.

Hefir þú séð hinar nýjustu umbætur og nýmóðins lag á vorum

Open Gas Grates and Wood Mantels

Komið og skoðið þær hjá —
Gas Stove Dept. Winnipeg Electric Ry. Co.
322 MAIN ST. TALS. Main 2522

Dr. G. J. Gislason,
Physician and Surgeon
Wellington Blk. - Grand Forks, N.Dak
Sjerstakt athygli veitt AUGNA, EYRNA, KVERKA og NEF SJÚKDÓMUM

Ending Skónna.

Þá áltur að skórnir þínir eigi að endast lengur en alt annað sem þú brúkar. Þeir gera það ef þú kaupir réttu skóna, og ef þeir fara rétt á fótunum.

Vér höfum þá réttu, og lítum þá passa rétt,

Til dæmis vorir $5.00 og $5.50 karlm. skór, eða vorir $4.00 og $4.50 kven skór. Peningar geta ekki keypt betri skó. Skoðið þessa skó og líka aðra betri ef þú getur!

Ryan-Devlin Shoe Co
494 MAIN ST. PHONE 770.

Barnastukan "Æskan" heldur fyrsta fund sinn 1. september n.k.

Winnipeg Wardrobe Co.
Kaupa brúkaðan Karla og Kvenna fatnað,—og borga vel fyrir hann.
Phone, Main 6539 597 Notre Dame Ave.

Drs. Ekern & Marsden,
Sérfræðislæknar í Eltirfylgjandi greinum: — Augnasjúkdómum, Eyrnasjúkdómum, Nassasjúkdómum og Kverkasjúkdómum.
Í Platky Byggingunni í Bænum Grand Forks, N. Dak.

BILDFELL & PAULSON
Union Bank 5th Floor, No. 520
selja hús og lóðir og annast þar að lútandi störf: útvegar peningalán o. fl.
Tel.: 2685

J. L. M. THOMSON, M.A., L.L.B.
LÖGFRÆÐINGUR. 285½ Portage Ave.

Hubbard, Hannesson and Ross
LÖGFRÆÐINGAR
10 Bank of Hamilton Chambers
Tel. 378 Winnipeg

Boyd's Brauð
er brauðið, sem heldur fjölskyldum við heilsu. það er auðmelt og felur í sér næringarefni, sem byggja upp líkamann og viðhalda heilsu og kröftum. — Hvert brauð er full þyngd.
Boyd's
Bakery Cor Spence & Portage Ave
Phone 1030.

Þarft þú ekki að fá þér ný föt?
EF ÞAU KOMA FRÁ CLEMENT'S, — ÞÁ VERÐA ÞAU RÉTT.
Réttur að efni, réttur í sniði réttur í áferð og réttur í verði.
Vér höfum miklar byrgðir af fegurstu og beztu fataefnum. —
Geo. Clements & Son
Stofnað árið 1874
294 Portage Ave. Rétt hjá FreePress

ANDERSON & GARLAND
LÖGFRÆÐINGAR
35 Merchants Bank Bldg. Phone: 1561

BONNAR, HARTLEY & MANAHAN
Lögfræðingar og Landskjala Semjarar
Suite 7, Nanton Block, Winnipeg

W. R. FOWLER A. PIERCY.

Royal Optical Co.
327 Portage Ave. Talsími 7286.
Allar nútíðar aðferðir eru notaðar við augn skoðun hjá þeim, þar með hin nýja aðferð, Skurga-skoðun, sem gjöreyðir öllum sjúkdómum. —

Laing Brothers
3 Búðir: 234-6-8 KING ST. Talsími 4476, 5890, 5891
417 McMILLAN AVENUE Talsími 7598
847 MAIN ST. — Tals: 3016

Hafrar, Hey, Strá,
COUNTRY SHORTS, BRAN, CORN, CORN CHOP, BYGG CHOP, HVEITI CHOP, OG GARÐAVEXTIR.
Vér höfum besta úrval gripafóðurs í þessari borg; fljót afhending

Skemtiferð til Gimli

Laugardaginn 28. ágúst.

Fyrsti Únitara sönnuðurinn hér í bænum og Ungmennafélagið hafa undanfarnar vikur verið að undirbúa skemtiferð héðan til Gimli laugardaginn 28. þ. m. (næsta laugardag). Járnbrautarlestin fer frá Winnipeg kl. 8.45 f.h., og frá Gimli kl. 9 að kveldinu. Fargjald fram og aftur frá Winnipeg verður $1.00 fyrir fullorðna og 50c fyrir börn, og frá Selkirk 85c fyrir fullorðna og 45c fyrir börn. Farmiðar til sölu hjá íslenzkum verzlunarmönnum í bænum og nefndinni.

Program

Er komið er frá járnbrautarstöðinni, verður staðnæmst við Únitarakirkjuna. þar verður tekið á móti börnunum, er að ofan koma, og veitingar frambornar.

Kl. 1.30 verður komið saman út í garðinum. Verður Gimli hornleikaraflokkurinn þar til staðar og skemtir með ýmsum hljómleikum það sem eftir er dagsins. Byrjar verður á ræðum og söngvum sem fylgir: — Gestirnir boðnir velkomnir (forseti dagsins), ræða séra J. P. Sólmundsson, ræða hr. J. B. Skaptason, ræða séra Rögnv. Pétursson, ræða hr. Albert E. Kristjánsson. Milli ræðanna verður sungið, þar á meðal af börnum sunnudagaskóla Únitarasafnaðar. Einnig hefir hr. Gísli Jónsson frá Winnipeg loðast til að syngja eitt eða tvö lög, fái hann því viðkomið, að vera þar viðstaddur.

Klukkan 3 verður byrjað á leikjum, og verða 52 verðlaun veitt fyrir hlaup og stökk.

Forseti samkomunnar: Hr. B. B. Olson. Umsjónarmaður leikjanna: Hr. Skúli Johnson.

Fargjald báðar leiðir að eins $1.00

"SOUVENIR" MATREIÐSLU STÓR OG RANGES - - - -

á heimili yðar þýðir Sparnað og Endingu. Eftir hverju öðru erum vér að leita í heimi þessum. "Souvenir" Stórnar eru þær einu matreiðslu stór sem hafa loftrunnin (Aerated) bökunarofn, og sem tryggja það, að fæðan sé hæfilega soðin og meltanleg. Ástæðan fyrir því, hve auðvelt það er, að hafa algerða stjórn á þessum sérstöku "Souvenir" ofnum er sú, að þeir eru loftrunnir; það er segja, að hreint og heilnæmt loft leikur stöðugt um þá meðan verið er að steikja eða baka í þeim. - - - - - - - - -


"Souvenir" Eldavjelin

The "New Idea" HÚSHITUNARVÉL

Þessi húshitunarvél, Furnace, er vel þekt fyrir sína ágætu hitaveitu. Ef þér ætlið að hita hús yðar, þá breitið þér hyggilega með því að semja um það við G. Goodman eða S. Johnson & Co. Þeir veita allar upplýsingar.

Tilden, Gurney & Co., Limited RUPERT STREET, WINNIPEG, MAN.

EKRU-LÓÐIR

3. til 5 ekru spildur við rafmagnsbrautina, 5 mílur frá borginni, — aðeins 10 mínútna ferð á sporvagninum, og á ólborin keyrslovegur alla leiðina. Verð $200 ekran og þar yfir. Aðeins einn-fimtipartur borgist strax, hitt á fjórum árlegum afborgunum.—

Skuli Hansson & Co.

Skrifst. Telefón 6476. Heimilis Telefón 27 4

Heimskringla.

Vér höfum næga skildinga

til að lána yður mót tryggingu í bújörðum og bæjar-fasteignum. Seljum lífsábyrgðir og eldsábyrgðir. Kaupum sölusamninga og veðskuldabréf.

Frekari upplýsingar veita

Skuli Hansson & Co.

56 Tribune Building. Winnipeg.

XXIII. ÁR WINNIPEG, MANITOBA, FIMTUDAGINN 2. SEPTEMBER 1909. NR. 49

Fregnsafn.

Markverðustu viðburðir hvaðanæfa.

— Count Zeppelin fór nýlega í loftfari sínu frá Friðrikshöfn til Berlínar, 450 milur vegar. Keisarinn tók sjálfur móti gamla manninum, og allir borgarbúar hættu starfi dagsins sem hann sigldi inn í borgina, og léku á allsoddi yfir frægð og afreki gamla mannsins.

— Loftsiglingamót mikið hefir nýlega verið haft í Rheims á Þýzkalandi, og tóku margra þjóða menn þátt í því. Allir höfðu belglausar mótor-vélar. Mót þetta stóð yfir nokkra daga og fór svo, að Ameríkumaðurinn Ólenn Curtiss vann flest verðlaunin. Verðlaun hans voru 7 þús. dollarar í peningum og $2.500 gullbikar, sem veitttur skyldi þeim, er fremstur stæði í loftsiglingum, bæði með því, að halda sér lengst í lofti, og með því að fljúga lengsta vegalengd á styztum tíma. Curtiss flaug 12½ mílu á tæpum 16 mínútum. Í lofti hélt hann sér nær 3 klukkustundir.

— Óveður og vatnsflóð í Mexicó á sunnudaginn var gerði 50 milión dollara eignatjón, og varð yfir 2 þúsund manns að bana. Santa Catalina áin flæddi yfir afarmikið landssvæði, og þar með yfir Monterey borg, svo að alt borgarstæðið fór í kaf, og þar urðu mestar skemdir. Langvarandi stórrigningar með ofsastormi fyltu allar ár og læki, svo að þær runnu úr fjöllum ofan langt yfir farvegi sína og skoluðu burtu húsum viðsvegar um landið, eins og þau væru pappírskassar. Alt fólk, sem í þeim var, beið bana. Fellibylur gekk yfir Monterev borg samtímis flóðinu, og fregn þaðan segir, að eitt þúsund manns hafi látist í þeirri borg eingöngu, og 12 þúsund manns mist aleigu sína, sem nú eru húsvilltir. Þetta er talið hið versta veður, sem komið hefir þar um slóðir í sl. 28 ár. Járnbrautir skoluðust af grunnum sínum. Fólk þar hefir sent út um heim beiðni um hjálp. Stálfélagið í borginni varð fyrir 3 milión dollara eignatjóni í þessu veðri.

— Norðmenn við Kyrrahaf eru að láta til sín taka í sambandi við Alaska-Yukon sýninguna í Seattle. Þeir hafa látið byggja víkingaskip mikið og manna það með 78 af þeim stærstu og mannborlegustu Norðmönnum, sem þeir gátu valið úr hópi sínum. Skipi þessu hinu mikla ætla þeir að sigla inn á sýningarsvæðið í Seattle. Þar verður til taks konungsdóttir með 5 hundruð hjálparmeyjar eða þernur til að taka á móti víkingunum, og þar giftist konungsdóttirin norska konunginum, sem stýrir víkingaskipinu. Allar verða meyjar þessar búnar norskum þjóðbúningi. Að brúðkaupinu afstöðnu verður leikinn norskur sjónleikur, er sýnir þætti úr fornaldartímabili Noregs. Skipið kostar þúsund dollara, og hafa Norðmenn á Kyrrahafsströnd skotið saman þeim peningum. Öll verður sýning þessi hin virðulegasta og mikilfengleg í mesta lagi, og Norðmönnum til stórsóma. — En hvað gera Íslendingar, ef heimssýning verður í Winnipeg árið 1912?

— C. F. Willard í Louisiana flaug í loftfari sínu þann 20. þ.m. yfir eina mílu á mínútu. En það er mestur hraði, sem enn hefir farinn verið í nokkru loftfari. Hann gerði og tilraun til að komast lengri vegalengd í loftfarinu, en áður hefir farin verið í samkynja flugvél, en mastókst það af því að stýrið brotnaði.

— Grand Trunk Pacific járnbrautarfélagið hefir 5 þúsund flutningsvagna á sporum sínum í Vestur-Canada, bíðandi eftir hveiti bænda til að flytja það til markaðar í Austur-Canada.

— Walter Wellman lagði út frá Spitzbergen þann 16. þ.m. í loftfari til þess að leita norðurpólsins. — Vonandi, að honum takist betur en Count Andre, sem fyrir nokkrum árum lagði upp í sams kyns leiðangur, einnig í loftfari, en hefir síðan ekki fundist.

— Nýtt hey selst í Ontario fyrir 18 hollara tonnið, — hæsta verð, sem það hefir komist í þar í sl. tuttugu ár. Votviðrum og grasleysi er kent um þetta.

— Nýútkomnar ríkisskýrslur sýna, að allmikið tjón hefir orðið í Canada á síðasta ári af skógareldum. Alls urðu 835 skógareldar í Canada á sl. ári. Þeir eldar brendu skóg af 188 þúsund ekrum og eyddu 56 miliónum feta af timbri, sem virt er, að meðtöldum milljunum, sem brunnu, 25½ milión dollara. Í þessum eldum létu 21 manns lífið og 2404 menn mistu atvinnu við þá. Í Qubec fylki urðu 250 eldar og 235 í British Columbia. Mest allur skaðinn var í British Columbia. Þar brann upp 40 miliónir feta af timbri, og Fernie bær brann til ösku. Alls varð skaðinn þar 25 miliónir dollara á móti að eins ½ milión í öðrum pörtum Canada.

— Hervarnarþingið sem staðið hefir yfir á Bretlandi um nokkra undanfarna mánuði, endaði í Lundúnum þann 19. þ.m. En engin opinber skýrsla er enn komin um ályktanir, sem þar hafa verið gerðar. En sú skýrsla er væntanleg innan skams.

— Alfred Richards, sem nýlega andaðist á Bretlandi og eftirskildi 320 þúsund dollara virði af eignum og tvær dætur, sem átt hefðu að erfa að jöfnum hlutum, — gerði þá ráðstöfun í erfðaskrá sinni, að með því að önnur dóttirin hafi hallast að skoðunum Sósialista, þá skuli hún að eins hafa 520 dollara árstillag, en hin dóttirin allan auðinn.

— Hlutaveltur eru gróðafyrirtæki hins opinbera á Ítalíu. Enginn borgari má hafa hlutaveltu þar í landi, heldur er það gert á kostnað ríkissjóðs, og árlegur gróði ríkisins af þessu starfi er nær 15 miliónir dollara, sem aðallega fæst frá fátækasta fólkinu í landinu. Oft vinna fátæklingar stórar upphæðir í hlutaveltum. — Nýlega vann fátæk stúlka 15 þús. dollara og vinnumaður einn 5 þús. dali, og svipaðri hepni varð margur fátæklingur fyrir. Að lokinni þessari hlutaveltu úthýtti stjórnin hálfri milión dollara til þeirra, sem unnið höfðu.

Fréttabréf.

POINT ROBERTS.

23. ágúst 1909.

Kæri herra ritstjóri!

Með því ég býst við að vera mín hér á tanganum fari að styttast, þá ætla ég að senda þér nokkurar línur, án þess þó ég hafi nein sérleg tíðindi að segja.

Hér eru allir í óða önn við laxveiði og vinnu þar að lútandi, alt frá gamalmennum til barna, sem orðin eru rólfær. Öllum býðst vinna, og kaupgjald er gott, meðan mest er um að vera, og unnið af kappi nótt og dag, enda vinnur margur maðurinn og konan sér talsvert inn; en nú mun harðasta hríðin nærri afstaðin að þessu sinni. Þegar sem hæst stendur, má heita að hugur manna og tal — eins og raunar er eðlilegt — snúist um þetta eitt: lax, lax og aftur lax. Það er hvort um sig, að búist var við mikilli veiði í ár, og miklu tilkostað af fiskifélögunum, enda hafa vonir manna ekki brugðist til þessa hérnamegin landamæranna, en aftur mun talsverð vonbrigði Canada megin, og eru menn undrandi yfir, hve litið veiðist þar. Hér er samankominn fjöldi fólks úr ýmsum áttum og af ýmsum þjóðum meðan veiðitíminn stendur yfir, og væri synd að segja, að ekki sé fjör í flikunum bæði á sjó og landi.

Hingað flutti fyrir nokkru Jóhannes Sæmundsson, frá Winnipeg, með konu og son sinn, ásamt fóstursyni sínum, Kolbeini. Vinna þau nú öll, sem stendur, hjá stærsta fiskifélaginu hér. Er mér sagt, að þau muni ætla að setjast að hér vestra, en óráðið mun, hvort það verður í þessari bygð eður eigi. Við Kolbeinn unnum saman um tíma við Lögberg fyrir 6—7 árum, en sjálfsagt höfum við báðir breyzt talsvert síðan, því hvorugur þekti annan nú. Hann virðist vera mjög geðugur piltur. — Þá kom hér og séra Runólfur Marteinsson á ferð sinni hér um ströndina. Hann dvaldi hér eitthvað 2—3 daga og prédikaði hér kveldi hins 8. þ.m., og var allmarga fólk viðstatt. Hann skýrði hér 13 börn, svo varla sýnist hafa veitt af, að hér kæmi prestur. — Hvernig erindi hans hefir að öðru leyti gengið hér vestra, veit ég lítið um, og vil því minna segja um. En nautmast gat kirkjufélagið sent heppilegri mann, nema ef vera skyldi séra Steingrím, þar sem æðimargir fyrverandi Selkirkbúar eru hér vestra.

Ekki hefi ég enn haft færi á, að kynnast Íslendingum hér eins almennt né eins vel og ég hefði kosið, en þó get ég sagt svo mikið, að mér fellur engu síður vel við þá nú, en þegar ég kom hér fyrst í vetur. Fólk er hér atorkusamt, frjálslegt, hispurslaust, alúðlegt og gestrisið með afbrigðum. Og íslenzk ungmenni virðast yfir höfuð vera mjög svo siðprúð og vel vanin, en sjálfsagt er það líka nookuð því að þakka, að stórbæirnir, með öllu sínu gjálífi, eru svo fjarri. — En einu þykist ég hafa tekið eftir hér, sem mér hefir sárnað, og það er, að félagslyndi og samtök meðal landa sé ekki í svo góðu lagi, sem vera bæri. Illar samgöngur og óhagstæð verzlun er einn aðalókosturinn hér, einkum að vetrarlagi. En ekki blindast mér hugur um, að einhverjar bætur mætti á því fá, ef ekki skorti samheldni. Íslendingar eru hér í svo miklum meiri hluta, og svo efnalega sjálfstæðir, að þeir þyrftu ekki að sætta sig við alt, ef þeir að eins héldu hóp og fylgdust að málum.

Sagt er mér, að hér eigi að reisa skólahús í náinni framtíð, og eigi það að standa á öðrum enda bygðarinnar, þar sem mestmegnis annara þjóða menn eiga heimili. Eiga því sumir unglingar æðilangt að ganga til skólans, og kemur það aðallega niður á Íslendingum. Vildu því ýmsir þeirra fá skólann reistan sem næst í miðri bygð, og hefðu, vafalítið, fengið því framgengt, ef þeir hefðu allir haldið saman, en — — — — Ég veit að segja má, að mér komi þetta ekki mikið við, og skal því ekki fjölyrða frekara um það, heldur halda mér saman, en leitt er, að svo virðist, sem "æ muni gamla sagan halda sér ný", þegar ræða er um samheldni og samtök meðal vor Íslendinga.

Mig langaði til að vera á Íslendingadaginn í Seattle, það segi ég satt, en enginn var þess kostur. Ég heyri alment vel látið af honum. Alt hafi verið sérlega skemtilegt, staðurinn, veðrið, dagskráin og fólkið. Ekki hefir þó líklega verið þar eins fjölment og átt hefði að vera og mátt hefði vera. Bæði tel ég vafasamt, að dagurinn hefði verið nægilega vel auglýstur, og svo kváðust sumir ekki hafa sótt hann af því, að þetta hafi verið gert að félagsmálefni, en ekki boðað til almens fundar, og að svo ramt hafi kveðið að því, að einn maður, sem ómissandi hafi þótt að hafa í nefndinni (og sem áreiðanlega var ómissandi) hafi orðið að ganga í félagið "Vestri" fyrst, til þess að hlotnast sá heiður. — Ég veit nú ekki, hvort þessu er þannig varið, en hafi svo verið, þá er slíkt fjarri lagi. Það er auðvitað ekkert á móti því, að eitthvert félag verði fyrst til að vekja máls á slíku hátíðahaldi — síður en svo — en þá verður líka hið eina rétta að það gangist fyrir að boða til almens fundar, eins og þið gerið þar í Winnipeg, og sá fundur kjósi svo forstöðunefnd o.s.frv. Mjög kann ég líka illa við að hafa skemtiskrána (prógram) á ensku, þar sem um al-íslenzka samkomu er að ræða, eins íslenzka og frekast ætti að geta verið. Þó er sú málsbót, að íslenzk prentsmiðja er hér hvergi nærlendis, og hefði því líklega orðið að fá skrána prentaða í Winnipeg.

(Um hátíðina yfir höfuð býst ég annars við að búið sé að skrifa þér og segi því ekki frekar).

Helztir ræðumenn voru að deginum til: Séra Jónas A. Sigurðsson (einnig kvæði eftir hann), séra R. Marteinsson og Erlendur Gíslason (í stað S. Christophersonar, sem ekki gat komið). Þorsteinn M. Borgfjörð flutti kvæði. Söngur hafði verið ágætur, undir forystu H. Sig. Helgasonar, tónskálds.

Að kveldinu var dansað í samkomuhúsi Íslendinga, en ræður og söngur í skreyttum laufskála þar úti fyrir. Engir töluðu þar aðrir en aðkomandi menn, svo sem Sig. Mýrdal (Pt. Roberts), Andr. Danielsson (Blaine), Árni Friðriksson, Ari Egilsson, Sveinn Björnsson og Þorst. Borgfjörd. — Hátíðinni lokið kl. eitt um nóttina, og hafði öllum þótt ofsnemt, nema dansendum, en allir þó haldið heimleiðis glaðir og ánægðir. Það eitt skyggði á gleði þeirra Seattlebúa, að kaðalfog unnu utanbæjarmenn og sömuleiðis kappróður (hann unnu E. Hanson frá Blaine og G. Goodman frá Bellingham). Aftur á móti hlaut elzti sonur Christj. Gíslasonar í Ballard hæstu verðlaunin, sem veitt voru, en það var tíu dollara úr, fyrir hálfrar mílu kapphlaup.

Sigurður Magnússon.

ÆFIMINNING.

Á fimtudagsmorguninn var, þann 26. ágúst, andaðist hjá föður sínum, að heimili þeirra við Árnes P.O. í Nýja Íslandi

Gísli Sæmundsson Borgfjörð,

mesti efnis og skýrleiksmaður, á bezta aldursskeiði. Hann lá að eins tæpan sólarhring, því veiki sú, er leiddi hann til dauða, greip hann miðvikudagsmorguninn fyrir, en hann var andaður kl. rúmlega 5 morguninn eftir.

Gísli sál. þar fæddur í Traðarkoti á Vatnsleysuströnd í Gullbringusýslu 22. nóv. 1883. Hann var yngstur barna Sæmundar Jónssonar og Helgu Gísladóttur, er síðast bjuggu í Traðarkoti áður en þau hjón fluttust vestur sumarið 1886. Hin börn þeirra, er nú lifa, eru Þorsteinn Borgfjörð, bygginga meistari í Winnipeg, og Jón Borgfjörð, búsettur í Duluth, Minn. En áður höfðu þau hjón mist 2 börn, son á Íslandi, en nærri fulltíða dóttur hér í landi nú fyrir 8 árum.

Ætt Sæmundar er afar fjölmenn í Borgarfirði syðra, eru þeir náskyldir Andrés á Hvítárvöllum og Sæmundur, og að fjórða er hann við Jón Sigurðsson forseta.

Árið 1886 flutti Sæmundur með fjölskyldu sína vestur, og settist að í Nýja Íslandi, 2 mílur vestur af Gimli, og bjó þar í 5 ár. Þar ólst Gísli sál. upp hjá foreldrum sínum, þar til þau fluttu sumarið 1891 til Argyle, var hann þar í 3 ár, en sumarið 1894 flutti faðir hans til Narrows bygðar og hann með. Þar bjuggu foreldrar hans þangað til vorið 1901, að heimilið varð fyrir þeirri stóru sorg, að missa bæði móðir og dóttir, því þá um vorið andaðist úr taugaveiki kona Sæmundar og dóttir beirr hjóna Ingibjörg. Veiktist Gísli heitinn þá í hinni sömu veiki, en komst eftir langa legu til heilsu aftur. Eftir þetta dvöldu þeir feðgar þar nyrðra að eins eitt ár, og fluttu þá hingað til bæjarins, og voru hér um 5 ára tíma hjá þeim hjónum, þorsteini bróður Gísla heitins og Guðrúnu konu hans.

Um þann tíma stundaði Gísli heitinn nám um 2 vetur á verzlunarskóla hér í bænum, en um sumurin stundaði hann trésmíði. Var hann hagleiksmaður hinn mesti og smiður góður. Haustið 1907 fluttu þeir feðgar norður til Árness, á land er þeir keyptu þar, og hafa búið þar síðan.

Gísli heitinn var hár maður vexti, vel vaxinn, greindur vel og drengur hinn bezti. Hann var ríkur í lund, en stiltur vel, viðmótsþýður og þeirra hugljúfi, er þektu hann, og naut almennra vinsælda. Hann var hugstór og framkvæmdarikur, eins og merki sjást til, en var kallaður of fljótt frá hálfbyrjuðu starfi.

Föstudaginn 27. ágúst fór húskveðja fram frá heimili þeirra feðga. Flutti séra J. P. Sólmundsson húskveðjuna, og voru flestir nágrannar þeirra nær og fjær vidstaddir, og sýndu aðstandendum hina innilegustu hluttekningu, sem þeir þakka þeim hjartanlega. Laugardagsmorguninn eftir var lík Gísla heitins flutt hingað inn til bæjarins, og fór jarðarförin fram frá Fyrstu Únítara kirkjunni hér í bænum að viðstöddu einhverju hinu mesta fjölmenni, er verið hefir hér við þess konar athöfn. Yfir líkinu töluðu þeir séra Rögnvaldur Pétursson, séra J. P. Sólmundsson og skáldið Þorst. Þ. Þorsteinsson flutti kveðjuorð í ljóðum. Fjöldi fylgdi líkinu alla leið til grafar. Var hann jarðsettur vestur í Brookside grafreit við hlið systur og móður, er þar hvíla.

Friður guðs sé með leiði hans og blessuð sé minning hans.

Drottinn styrki ættingja og föðum, er sáran finnur til sonarmissisins, — því Gísli var honum góður sonur og öllum sínum ættmönnum til sæmdar.

Vinur.

OGILVIE'S

Royal Household Flour

Til Brauð og Köku Gerðar

Gefur Ævinlega Fullnæging

EINA MYLLAN Í WINNIPEG,—LÁTIÐ HEIMAIÐNAÐ SITJA FYRIR VIÐSKIFTUM YÐAR.

Úr ýmsum áttum.

Herra Charles Barber, dýraverndari Manitobafylkis, biður þess getið, að skjóta megi viltar andir (Wild Ducks) frá 1. sept. og að allir íbúar borga, löggiltra bæja, sem ætla sér að veiða þessa fugla, verða að kaupa veiðileyfi frá akuryrkjudeild fylkisins tafarlaust áður enn þeir byrja að veiða, sjá lið 1 í 7. gr. veiðilaganna. — Utanhéraðsmenn verða að kaupa leyfi frá sömu deild, áður en þeir veiða eða skjóta nokkurt dýr eða fugl innan takmarka fylkisins (sjá gr. 24 og 25, ef þeirvilja komast hjá sektum. — Þess skal einnig getið, að hver sá, sem hugsar til að veiða nokkra tegund dýra, verður að kaupa leyfi til þess fyrir 30. nóv. 1909. Engin leyfi verða seld eftir þann tíma (sjá lið C í 3. grein laganna.

Eatons "Bargains" eru ekkert í samanburði við það, sem fæst á Tombolu Hörpu í Goodtemplarhúsinu þann 7. september. — Auk þeirra góðu drátta, sem þar verða, verður öllum sem koma gefið gómsætt kaffi með kryddbrauði. Enginn sá, sem á fætur fær stigið, ætti að sitja af sér þetta góða tækifæri til að mentast, matast og auðgast. — Tvær handmálaðar stólasessur, hvor vir ir 5 dollara virði, eru meðal drátta nna.

Guðfræðinemandi Albert Kristjánsson prédikaði í Únítara kirkjunni á sunnudagskveldið var. Ræða hans var góð.

Þessir gegna embættum í stúkunni Heklu fyrir komandi ársfjórðung, sem endar 31. okt. 1909:

F.Æ.T.—Bjarni Magnússon.
Æ.T.—Mrs. Nanna Benson.
V.T.—Hólmfríður Jóhannsson.
R.—S. Matthews.
A.R.—Guðjón Brown.
F.R.—B. M. Long.
G.—Pálmi Sigurðsson.
K.—Mrs. V. Jósephsson.
D.—Miss Ólína Anderson.
A.D.—Miss E. Sigurðsson.
V.—M. Jósephsson.
U.V.—Óskar Gottfred.

Gerist meðlimir í Goodtemplara stúkunni Heklu, og hættið að drekka áfengi, jafnvel í nafni frelsisins. S.M.

Herra Jón Hólm, gullsmiður að 770 Simcoe St., biður þess getið, að hann selji löndum sínum gull- og silfur-muni og gigtarbelti. — Belti þessi eru óbrigðul við gigt, ef þau eru notuð samkvæmt fyrirskipunum Jóns. Kosta að eins dollar og kvart.

Tvö atkvæði á móti.

Á fundi, sem haldinn var í samkomuhúsi Morden bygðar þann 14. ágúst 1909, í tilefni af trúmála ágreiningi þeim, sem á sér stað í kirkjufélaginu, samþykti söfnuður bygðarinnar (Guðbrandar söfnuður) svohljóðandi yfirlýsingu:

"Sökum þess, að síðasta kirkjuþing vildi ekki viðurkenna aðrar trúarskoðanir réttmætar í kirkjufélaginu en þær, sem Sameiningin fylgir.

"Og einnig sökum þess, að engin viðurkenning eða tilslökun fékst fyrir þá, sem ofurlítið frjálslegri skoðanir hafa á trúmálum, —

"þá lýsir Guðbrandar söfnuður því yfir, að hann segir sig úr sambandi við kirkjufélagið".

Wall Plaster

Með því að venja sig á að brúka **"Empire"** tegundir af Hardwall og Wood Fibre Plaster er maður hár viss að fá beztu afleiðingar.

Vér búum til:

"Empire" Wood Fibre Plaster
"Empire" Cement Wall "
"Empire" Finish "
"Gold Dust" Finish "
"Gilt Edge" Plaster of Paris
og allar Gypsum vöruuteg-undir. —

Eigum vér að senda yður bækling vorn?

MANITOBA GYPSUM CO. LTD

SKRIFSTOFUR OG MILLUR I

Winnipeg, - Man.

Heimskringla

Published every Thursday by The Heimskringla News & Publishing Co. Ltd

Verð blaðsins í Canada og Bandar $2.00 um árið (fyrir fram borgað). Sent til Íslands $2.50 (fyrir fram borgað af kaupendum blaðsins hérlendis $1.50.)

B. L. BALDWINSON.
Editor & Manager

Office:
729 Sherbrooke Street, Winnipeg
P.O. BOX 3083. Talsími 3512.

Baslararnir.

Síðan baslara-greinin fyrsta birt ist í þessu blaði fyrir nokkrum vikum — sem tekin var úr hérlendu blaði að tilmælum eins af kaupendum Heimskringlu — hafa nokkrir ritað um þetta mál. En í þeim greinum öllum eru hugsanirnar sundurlausar og ritgerðirnar ekki lausar við æsingu. Staðhæfingarnar í þeim eru ekki nægilega rökstuddar, og sýnileg tilraun gerð til þess, að kappræða málið frekar af æstum tilfinningum, heldur enn af einlægri viðleitni á því, að gera ljós þau grundvallar atriði, sem ráða úrslitum fyrir mörgum manni og konu.

Líklega er óhætt að hefja rannsókn þessa máls með þeirri staðhæfingu, að lang-öflugasta ástríðan í manneðlinu sé samband kynanna. Þessa verður vart hjá ungmennum oft snemma á öðrum tug æfiáranna, og heill herskari af konum giftast um og innan við tvítugsaldur; karlmenn vanalega milli tvítugs og þrítugs. Það, að karlmenn ná hærri aldri heldur enn konur áður þeir kvongast, á vafalaust rót sína að rekja til þess viðurkenda sannleika, að á þeim hvílir ábyrgðin á því, að ala önn fyrir konum sínum jafnt og sjálfum sér og fyrir börnum hjónanna. Karlmenn læra að skilja, að þeir eru fjölskyldufeðurnir, höfuð húss og heimafólks, — að þeir bera ábyrgð á því, að veita konum sínum og börnum viðunanlegt og fullnægjandi lífsuppeldi til klæða og skæða og til matar og munaðar. Þeir vita, að þeir verða að vera búnir að búa svo um sig efnalega áður en þeir kvongast, að þeir séu þess megnugir að veita fjölskyldu sinni hæfilegt heimili og allar aðrar lífsnauðsynjar, svo henni geti vegnað vel. En til þess að geta orkað þessu, verður maðurinn að hafa unnið um nokkurra ára tímabil og safnað svo efnum, að hann geti byrjað hjúskaparlífið með nokkrum bústofni og með tryggingu fyrir því, að hafa vald á svo sæmilegri atvinnu, að arðurinn af henni nægi til framtíðarheimilisþarfa, að svo miklu leyti, sem þeir fá séð inn í framtíðina og gert sér grein fyrir vaxandi þörfum sínum.

Af þessu kemur það, að karlmenn kvongast síðar á æfinni enn konur giftast.

Nokkuð önnur hugsjón vakir fyrir konum. Þær þroskast fljótar enn karlmenn, og eru að því leyti við því búnar að ganga í hjúskaparstöðuna fyr en karlmenn. Hinsvegar þurfa þær engan áhuga að bera fyrir auðsafni á eigin reikning áður en þær gifta sig, því að þær vita, að það er í mannsins verkahring, að hafa fjárútvegi til heimilisþarfa, — en þeirra að tryggja sér lífsuppeldi með hjúskaparstöðunni, ef þær fá það hjúskapartilboð, sem þær telji sér samboðið, og þær geta gert sér von um að reynist viðunanlegt. Af þessu einnig er það, að konur eru vaxnar því, að bindast böndum hjúskapar fyr á æfinni heldur enn karlmenn geta gert það.

Að hjúskaparstaðan sé konunum eðlilegust, hollust og heillarikust, er fyllilega sannað með öllum skýrslum, sem samdar hafa verið í síðuðum löndum um langlífi, um glæpi, um heilbrigðisástand og um framkvæmdalíf þjóðanna í verzlun og iðnaði og ýmsum öðrum greinum.

Kvongaðir menn mæta færri slysum en ókvæntir, lifa lengur að jafnaði en hinir, og eru líkamlega hraustari en ókvæntir menn, og eru siðferðisbetri. Miklu færri kvongaðir menn fylla fangelsi landanna en ókvæntir, og í verzlun og iðnaði eru það kvæntu mennirnir, sem nálega að segja hafa allar framkvæmdir með höndum.

Hvernig stendur nú á þessu? Er þetta þannig fyrir eintóma tilviljun, eða byggist það á allsherjar og órjúfanlegu eðlislögmáli, sem enginn fær breytt né umflúið? Hið síðartalda er áreiðanlega orsökin, og hún er ofur eðlileg og skiljanleg. Hún er blátt áfram sú, að þeir, sem hafa mestan mannskap og mest manngildi, þeir þokast fram úr hinum, sem minna hafa. Þeir gangast fyrir framkvæmdum og stjórna heiminum. Það er því mjög eðlilegt, að konur veiti þeim mesta eftirtekt og laðist að þeim og sýni þeim mesta virðingu, vinarþel og traust

Konur eru smekkvísar og næmar fyrir áhrifum. Þær hafa lag á því, að velja það skársta úr hópi baslaranna og binda þá hjúskparbandi. Þess vegna eru það jafnan mestu manndómsmennirnir, sem kvongast, en hinir verða að una einlífinu, sem mestir eru gallagripir og konum geðjast síst að. — Þetta mun vera algenga reglan, þótt auðvitað séu til margar og heiðarlegar undantekningar. Yfirleitt er og það víst, að þeir eiga síst kvenkosta val, sem minst hafa manngildi, en hinir fremur sem mest hafa.

Hvers vegna eru svo margir forbertir baslarar í landi hér? Enginn þarf að ætla, að það sé þeim geðfeld lífstilvera, þótt margir þeirra séu svo vitibornir, að þeir kunni ekki við að kveða upp úr með orsakirnar. En þær eru meðal annars þessar:

1. Þeir eru skapaðir með oflitlu hugrekki. Þetta veldur því, að þeim ógnar ábyrgðin, sem því fylgir, að taka sér konu og verða að ala önn fyrir henni, og máske síðar nokkrum börnum.
2. Þeir eru latir að náttúrufari og vilja því leggja sem allra minst á líkama og sál, og ekki meira enn svo, að þeir að eins hafi nóg fyrir sig eða séu ekki handbendni annara meðan heilsan endist þeim.
3. Þeir eru eigingjarnir — allir latir menn eru það — og þeir kjósa þess vegna að láta sjálfa sig sitja fyrir öllu því, sem þeir innvinna sér, og geta ekki liðið, að neinn annar en þeir sjálfir fái að njóta nokkurs hluta þess.
4. Þeir eru niskir að eðlisfari og nirfilslegir í hugsunarhætti. — Þeir vildu gjarnan kvongast, ef þeir hefðu tryggingu fyrir því, að konan gæti unnið fyrir þeim eða vildi gera það. En þeir tíma bókstaflega ekki, að fæða og klæða konu, hversu verðug sem hún annars væri, og neyðast því til að sætta sig við einlífið.
5. Þeir eru einurðarlausir, skortir traust á sjálfum sér, og koma sér ekki að því, að hefja bónorð til stúlku, þótt þeir annars gjarnan vildu kvongast henni.
6. Sumir menn verða fyrir vonbrigðum í ástamálum. Um orsakir til þeirra vonbrigða þarf ekki að ræða. En þau hafa þau áhrif á mennina, að þeir missa alt traust á kvenkyninu og þora ekki að eiga framtíðina á hættu í sambúð við nokkra þá konu, sem þeir kynnu að geta fengið síðan sú fyrsta brást þeim.

Þetta eru áreiðanlega sumar af orsökunum til þess, að sumir menn kvongast aldrei á æfinni.

Nokkrar fleiri orsakir geta legið til einlífis baslaranna, en þessar, sem hér eru taldar, munu vera algengastar. Ef til vill eru sumir menn svo skapi farnir, að þeir treysta sér ekki til þess, að halda friðsamlegri sambúð við nokkra konu í væntanlega löngu hjónabandi. Enn aðrir finna til heilsubrests, og vilja af þeim ástæðum ekki bindast konu. Þeir lita svo á, að hjónabandið gæti orðið þeim til armæðu og óláns, og í því vilja þeir ekki gerast orsök. Þetta er virðingarverð samvizkusemi, og ber vott um góðan hugsunarhátt og mannúð.

Hverjar ástæður konur kunna að hafa fyrir því, að kjósa fremur einlífi en hjónaband, er Heimskringla ekki fær um að segja með neinni vissu, en aðallega munu þær samt vera þessar þrjár:

1. Heilsuleysi, svo að þær treystast ekki til að annast um hússtjórn og börn og óttast að verða eiginmönnum sínum of þung byrði, ef þær gengju í hjónaband.
2. Frelsisþráin eða löngun til þess, að mega sjálfar ráða sínum högum. Þær vilja ógjarnan bindast því fargi, að vera réttlaus eign nokkurs manns, og verða í hverju tilfelli að sitja og standa samkvæmt skipun og vilja annarslegs valds.
3. Vonbrigði í ástamálum, og það munu þær oftar reyna en karlar. Og hafandi einu sinni verið sviknar í trygðum, þá hafa þær tapað tiltrú til karlþjóðarinnar og trausti á öllum karlmönnum, og forðast svo eins og heitan eldinn, að bindast nokkrum þeirra.

Enn aðrar ástæður geta þær haft fyrir einlífinu, en þessar munu algengastar og allar í fylsta mata réttmætar.

Vitanlega er heill hópur karla og kvenna, sem ganga í hjónaband, sem aldrei hefðu átt að gera það, og liggja til þess margar orsakir. Aðrir, sem að öllu ytra áliti hefðu betur verið í hjónabandi, kjósa heldur einlífið. En það mál liggur ekki til ihugunar hér, heldur hitt, hvers vegna svo margir aðhyllast heldur einlífi enn hjónaband. — Og nokkrar af ástæðunum fyrir því hafa hér verið taldar.

Um sundið

og Íslendingadagsnefndina hefir vinur minn J. Sveinsson skrifað greinarstúf í Hkr., sem út kom þann 19. þ.m., og virðist honum nefndin hafa breytt ranglega, að heita engum verðlaunum fyrir þessa iþrótt í sumar,

Mörgum mun finnast þessi aðfinsla að maklegleikum, fljótt á að lita. En ég held, þegar betur er aðgætt, að bæði vinur minn J. Sveinsson og flestir aðrir skynsamir menn, sem með hógværð og gætni lita á þetta mál, komist að þeirri niðurstöðu, að ekki sé nefndinni einni um að kenna, heldur stakri vanrækslu og áhugaleysi sundmannanna sjálfra, sem aðallega eiga hlut að þessu máli.

Ég var víst einn af þeim, sem var mjög mótfallinn því, að verðlaunum yrði heitið af nefndinni fyrir kappsund þetta ár, og mun mér því skylt, að færa ástæður fyrir afstöðu minni í þessu máli, og eru þær í stuttu máli þessar:

Um nokkur undanfarin ár hefir áhugi fyrir þessari afarnauðsynlegu iþrótt farið stöðugt hnignandi. Marga mun reka minni til þess, að árið 1907 átti nefndin í mjög miklu stríði, að fá nægilega marga menn til að taka þátt í kappsundinu, til þess að geta gefið öll verðlaun, sem heitið hafði verið fyrir þessa iþrótt. Eftir mikla eftirgangsmuni fékst þó höfðatalan — þ.e.a.s. jafnmargir menn og verðl. sem heitið var.

Árið 1908 var það sama sagan, þó öllu verri hinni fyrri. Ég var þá af nefndinni útnefndur til þess að sjá um kappsundið. Ég gekk fyrir hvern einasta mann, sem ég vissi að gat fleytt sér, og ég bað þá, að vera nú með. En hver var svo útkoman? Einn maður gaf sig fram óþeðinn, annar eftir mikla eftirgangsmuni, og sá þriðji, — ja, hvar var hann? Hvergi fáanlegur? Ég fór á stað aftur, ég sýndi mönnum fram á það, að verðlaun væri þrenn, svo að ef ég fengi þriðja manninn hlyti hann þó að minsta kosti að hafa daglaun upp úr því. Að lokum fékk ég manninn. Svo var farið á stað. Hver var svo útkoman af allri þessari fyrirhöfn? Að eins 20—30 manns komu niður að ánni að horfa á sundmennina, — þar var ekkert kapp, enginn áhugi. Fyrst kom einn langfyrstur, svo kom annar, og svo sá síðasti langseinastur. Engum þeirra stóð nein hætta af öðrum, og þeir vissu það líka. Þeir komust víst allir yfir um ána og allir fengu þeir verðlaun. — Þetta og því um líkt get ég ekki kallað iþrótt, kappsund. Það er að mínu áliti dálítið víðvik gert fyrir Íslendingadagsnefndina, til þess að vinna sér inn fáeina aura.

Ég get búist við, að hefði nefndin í sumar ákveðið, að hafa kappsund, mundi hún hafa orðið að fá alveg ósynda menn til þess að synda fyrir sig, og í því tilfelli hefði hún orðið að binda hluttakendum "ærbelgi" á bak, sem trygging lífi þeirra.

Það er annars mjög leiðinlegt, að sund skuli vera látið sitja á hakanum fyrir öðrum iþróttum hjá þeim, sem annars gera nokkuð af því tagi, en það er ekki skuld Íslendingadagsnefndarinnar, það er beinlínis vanrækslu og sofandaskap sundmannanna sjálfra að kenna. — Á meðan ekki fást nema einn til tveir menn til þess að taka þátt í þessari iþrótt, er það blátt áfram út í hött, að heita verðlaunum.

Ef til vill verður þetta umtal til þess, að vekja drengina, og ef svo yrði, þá hefir Íslendingadagsnefndin þetta ár gert vel í því, að heita engum verðlaunum fyrir kappsund, og það er áreiðanlegt, að með auknum áhuga sundmannanna sjálfra yrði hver einasti maður sem skipaði þessa árs Íslendingadagsnefnd, og allir aðrir, sem líklegir eru til þess að skipa þá nefnd á ókomnum árum, fúsir til þess, að veita viðeigandi verðlaun fyrir þessa iþrótt jöfnum höndum og aðrar.

P. S. Pálsson.

Hveiti byrgðir.

Hvaðan þær koma og hvernig og hvert þær fara.

Hveiti hefir farið stöðugt hækkandi í verði í síðastliðin nokkur ár, og í margar vikur á síðasta vori var það $1.25 hvert bush. af góðu hveiti, í Chicago borg.

Sú spurning hefir því endurvaknað í huga margra manna, hvort sá tími sé ekki að nálgast, að hin hvíta kynslóð mannkynsins verði að breyta um fæðutegundir af þeirri ástæðu, að ekki verði fáanlegar nægar hveitibirgðir til þess að ala hana. Mentamenn ýmsir og vísindamenn hafa á liðnum árum haldið því fram, að þetta hljóti svo að verða framvegis, og þeim hefir verið vandalaust, að komast að þessari niðurstöðu, eftir að hafa íhugað fólksfjölda þann í heiminum, sem notar hveiti til brauðgerðar, og einnig íhugað, hve mikið hveiti þarf að jafnaði á ári hverju til þess að fullnægja þörfum hvers einstaklings. Næst er að íhuga með hverjum hraða fólkið eykst, og næst er athugað, á hverjum stöðum í heiminum hveitiræktt er stunduð, og hve mikið land alls er undir hveitiræktun, hve mikið hver ekra framleiðir, og hve mikið mögulegt er að auka út eða stækka hveitiakra heimsins. — Þegar þetta er alt útreiknað, þá er það ljóst, að ef lág áætlun er gerð um framleiðsluna en há um neyzluþörfina, þá verður afleiðingin sú, að kornþurð er sýnd og yfirvofandi hungursneyð.

Þegar Sir William Crookes var kosinn í forsetastöðu brezka vísindafélagsins í fyrrahaust, þá flutti hann ræðu um hveitiræktun. Það var skömmu eftir hið svo nefnda Leiter uppþot í Chicago, þegar hveitiverðið komst þar í $1.85. Frakkar höfðu orðið neyddir til þess, að taka innflutningstollinn af hveiti, og nálega öll Vestur-Evrópa hafði svo mánuðum skifti verið í uppþoti út af brauðskorti. Þetta ástand, ásamt með frægðarorði því, sem fór af ræðumanni, og tækifæriðsem hann notaði til að flytja ræðu sína, hafði þau áhrif, að mikið var tekið eftir henni.

Ræðumaður hóf mál sitt með þeirri staðhæfingu, að hveiti væri saðsamasta kornfóðurtegund, sem notuð væri af hvíta kynflokknum, sem innibindur íbúa Evrópu og Norður Ameriku og einnig að nokkru leyti Suður Ameriku, Asiu og Afríku og Ástraliu. Honum taldist svo til, að árið 1871 hefðu hveitis-étendur verið 371 miliónir manna, árið 1881 416 miliónir, árið 1892 472 miliónir og árið 1908 516 miliónir. Hver þessara einstaklinga þyrfti að jafnaði 4½ bushels á ári, svo að síðasttalið ár þyrfti þessi mannfjöldi 2322 miliónir bushela. En það er talsvert meira heldur enn heimurinn framleiddi það ár. Þetta þýddi, að þörfin var meiri en framleiðslan. Meðal hveitiuppskeru yfir allan heiminn sagði hann vera 12.7 bush. af ekru lands.

Næst athugaði hann, hve mikið mundi mögulegt að auka eða bæta við hveitiakra heimsins, og komst að þeirri niðurstöðu, að ef öll hveitiræktarlönd ykju hveitiræktt sína, svo sem þeim væri frekast mögulegt, þá mundi öll hveitiframleiðslan í þeim verða 1270 miliónum bushela meiri enn hún var í fyrra, eða alls 3590 miliónir bushela. Þegar sá tími kemur, að hvíti mannflokkurinn vex svo að tölu, að hann, með árlegu 4½ bushela hveitiáti á mann, notar alt það hveiti, sem mögulegt er að bæta við núverandi framleiðslumagn, þá ræki að því, að ekki yrði nóg handa öllum, — eins og allir geta séð, sem íhuga framangreindar tölur. Það getur þess vegna ekki orðið langt að bíða þess, að hveitiþurðin verði tilfinnanleg. Ræðumaður kvaðst vilja koma í veg fyrir þessi vandræði með því, að auka svo frjómagn jarðar með kemiskum efnum, að uppskera hverrar ekru gæti aukist að miklum mun.

UPPSKERU ÁÆTLUN HÉR OG ANNARSSTAÐAR.

Áður en athugað verður, hvernig þessi framleiðsla sýnir sig, skal það tekið fram þegar í byrjun, að hveitiframleiðslu áætlanir geta ekki orðið annað en reikningslegar áætlanir: Svo margar miliónir ekra, svo margar miliónir bushela, svo mikil uppskera af ekru, svo mikil eyðsla á hvern mann. En þessar tölur geta aldrei orðið annað en nokkurnveginn nákvæm ágizkun.

Bandaríkin eru langsamlega hið mesta hveitiræktarland í heimi, og Bandaríkjastjórnin ver árlega miklu fé til þess að halda skýrslur yfir framleiðslumagnið. Þetta er gert á tvennan hátt: Fyrst með því, að akuryrkjudeildin hefir þúsundir fréttaritara út um öll hér að, sem árlega senda henni skýrslur um ekrufjölda, sem í er sáð og uppskerumagnið. Í öðru lagi er manntalsdeildin, sem á hverjum 10 árum sendir heim á hvert heimili á landinu og tekur þar nákvæma skýrslu yfir jarðræktina, svo sem það, í hve margar ekrur hveiti er sáð og uppskerumagnið. Síðasta skýrsla manntalsdeildarinnar um þetta efni, var svo gagnélik skýrslu akuryrkjudeildarinnar, að það varð að miklu ágreiningsefni milli deildanna, hver hefði réttari skýrslur. Jafnvel þó manntalsdeildar skýrslurnar væru í orði kveðnu sögusögn bændanna sjálfra á hverju heimili, þá hélt akuryrkjudeildin fram því, að hún væri algerlega óáreiðanleg og neituði, að viðurkenna hana rétta.

Sá var tíminn, að stjórnarskýrslurnar um þetta mál yoru svo óáreiðanlegar, að hveitikaupmannafélög landsins mátti þær að engu. En á síðari árum hafa þessar skýrslur stórum batnað, svo að þær eru nú alment viðteknar af þjóðinni sem áreiðanlegar. Samt er að eins stuttur tími síðan herra Patton, hveitikaupmaður í Chicago, sem hefir mikinn áhuga fyrir búnaðarmálum, sagði, að stjórnarskýrslurnar um það, hve mikið hveiti væri í vörslum bænda þann fyrsta marz sl., væru algerlega rangar.

Chicago borg er ekki hveitiræktarhérað, engin kornvara er ræktuð þar. Kaupmannafélagið safnar skýrslum frá járnbrautafélögum og flutningsskipafélögum um upphæð þess hveitis, sem flutt er þangað inn í borgina, og því, sem út er flutt úr borginni, og það hefir komið fyrir, að þær skýrslur hafa sýnt meira útflutt hveiti en innflutt, og þar eð það er vitanlegt, að þetta getur ekki verið rétt, þá hefir ritari félagsins neyðst til þess, að "laga" skýrslurnar, svo þeim beri saman við sjálfar sig.

Svona hefir það gengið í Bandaríkjunum, þar sem þó svo mikil áherzla er á það lögð, að fá slíkar skýrslur sem réttastar.

Næst mesta hveitiræktarland í heimi er Rússland, þar sem skýrslusamning því viðvíkjandi er á alt annan veg. Það er meira að segja staðhæft, að stjórnin þar hafi oft bannað að semja nokkurar skýrslur yfir hveitiræktina í heilum héruðum, af ótta fyrir því, að semjendur skýrslanna mundu nota fundi sína með bændunum til þess, að æsa þá upp til uppreistar móti stjórninni. Kaupmannafélögin lita jafnan svo á, að rússneskar hveitiskýrslur séu mjög óábyggilegar, og er líklegt, að herra Joseph Leiter sé einn í þeirra tölu. Árið 1897 sýndu skýrslur Rússa, að hveiti uppskeran þar í landi hefði orðið 286 miliónir bush. eða rúmlega 100 miliónum bush. minni enn undanfarinna þriggja ára uppskera þar hafði orðið, og, eftir reikningslegum reglum, væri hún að eins nægileg til heimaþarfa. En þó seldu Rússar það ár til útlanda 128 miliónir bush.

Einhver hefir sagt um réttvísi mannkynsins, að þó hún sé ekki fullkomin, þá sé hún þó það bezta, sem vér eigum völ á, — og eins má segja um hveitiskýrslurnar. —, þær eru einatt nægilega nákvæmar til þess að deila megi um áreiðanlegleik þeirra.

Ef vér tökum tölurnar eins og þær liggja fyrir, þá sjáum vér, að hveitiframleiðslan hefir vaxið örara, heldur enn fjölgun hvíta kynflokksins. Árin 1894—'95—'96, sem voru meðal uppskeruár, varð heims-uppskeran árlega 2570 miliónir bush. En árin 1904—'5—'6, sem einnig voru meðal uppskeruár, varð hún 3300 miliónir bush. Framleiðslan óx því um 28 prósent á 10 ára tímabili.

En notkun hveitis hefir einnig aukist meira en í tiltölu við fólksfjölgun, svo að þrátt fyrir fólksfjölgunina, þá er nú þessi fæðutegund í óvanalega háu verði.

Árið 1850 framleiddu Bandaríkin að eins 100 miliónir bush, 1860 173 miliónir bush. og árin 1866—1870 varð meðal uppskeran 217 miliónir bush. En á 5 ára tímabilinu, frá 1903—1907, varð hún 650 miliónir bush. árlega, svo að vöxturinn varð 200 prósent, en á sama tíma óx mannfjöldinn að eins 125 prósent, og þó vér drögum frá, það sem flutt var út úr landinu, þá breytir það ekki hlutfallinu, að neinum verulegum mun, því að á fyrra tímabilinu gengu til heimaþarfa 182 miliónir, en á því síðara 536 miliónir bush., er sýnir, að vér ræktum nálega 200 prósent meira á mann og étum að sama skapi meira. Um þetta síðara atriði hefir mikið verið rætt á seinni árum, og talið afleiðing af góðu árferði.

Árið 1891 sendum vér úr landi 226 miliónir bush., af 612 miljóna bush. uppskeru, og af 748 milióna bush. uppskeru árið 1901, seldum vér 235 miliónir bush., og af 735 milióna bush. uppskeru árið 1906 seldum vér 147 milión bush. Árið 1905 fluttust úr landi 98 miliónir bush. af 693 milión bush. uppskeru.

Hveitiþörfin getur orðið mismunandi, og er háð breytilegum lífnaðarháttum engu síður en breytilegu uppskerumagni. Og víst er það, að hveitieyðslan hefir farið vaxandi um heim allan meira enn í réttri tiltölu við vaxandi fólksfjölda, svo að ein af aðalástæðunum, sem Sir William Crooks byggir áætlanir sínar á, er háð ýmsum óútreiknanlegum breytingum. Reynsla er engin fyrir því, að þrátt fyrir allar matnautnar ráðleggingar sérfræðinga, þá étur mannkynið hveitibrauð eftir því sem það hefir ráð á að kaupa það, og það án nokkurs tillits til dýrleika þess. Frakkland, til dæmis, hefir nálega 37 centa innflutningstoll á hverju bush. af hveiti, og þó landið sjálft framleiði hér um bil nóg fyrir þjóðina, þá er brauð þar samt miklu dýrara enn á Englandi, — og samt éta Frakkar allra þjóða mest af hveitibrauði, eða sem allra næst 8 bush. á ári. En Rússar þar á móti að eins 2½ bush. á mann. England verður að kaupa frá útlöndum nálega ¾ hluta alls þess hveitis, sem þjóðin þarfnast, en það eru 6 bush. á mann á ári. En Argentina, sem þó ræktar svo mikið hveiti, að hún selur helfing allrar uppskerunnar, brúkar að eins 4 bush. á mann. Og Indland, sem einnig selur mikið af hveiti, neytir heima fyrir ekki meira en ¾ af einu bush. á mann á ári.

(Meira).

INGIBJÖRG BJÖRNSSON,
hjúkrunarkona, 620 Agnest st.

"Unga Ísland".

Loksins hafa mér verið send 4 No. af Unga Íslandi, nefnilega janúar, febrúar, marz og apríl, ásamt fréttablaði Unga Íslands. Vil ég því biðja alla kaupendur þess, að senda mér andvirði yfirstandandi árgangs; sem fyrst, svo þeir geti fengið það tafarlaust úr þessu. — Skal ég um leið geta þess, að 3 síðustu No. af fyrra árgangi hafa tapast á leiðinni, en ég býst við, að fá þau endursend seinna í sumar, og geta þá kaupendurnir fengið þau.

Virðingarfylst,

G. Finnbogason,
671 Victor St., Winnipeg, Man.

Sparið Línið Yðar.

Ef þér óskið ekki að fá þvottinn yðar rifinn og slitinn, þá sendið hann til þessarar fullkomnu stofnunar.

Nýtízku aðferðir, nýr vélaútbúnaður, en gamalt og æft verkafólk.

LITUN, HREINSUN OG PRESSUN SÉRLEGA VANDAÐ

Modern Laundry & Dye Works Co., Ltd.
307—315 Hargrave St.
WINNIPEG, MANITOBA
Phones: 2300 og 2301

Verzlið við **E.N.Moyer & Co**
315-319 William Ave.

Vér höfum skoðað vörur hans og getum vottað, að hann hefir mesta úrval af alls kyns skólaborðum og bekkjum, og öðrum skólaáhöldum, — alt af beztu gerð og með svo sanngjörnu verði, sem hægt er að sæta. — Vér vildum benda þeim skólanefndum út um bygðir Íslendinga, sem kunna að þurfa að kaupa skólaáhöld, á það, að skrifa herra E. N. Moyer, og leita verðs á vörum hans. Maðurinn er lipur í viðskiftum, og óskar eftir að mega njóta viðskifta Íslendinga.

R. A. THOMSON AND CO.

Cor. Sargent & Maryland St.

Selja allskonar MATVÖRU af beztu tegund með lægsta verði. Sérstakt vöruúrval nú þessa viku. Vér óskum að Íslendingar vildu koma og skoða vörurnar. Hvergi betri né ódýrari.—

Munið staðinn:—
HORNI SARGENT AVE. OG MARYLAND ST.
PHONE 3112.

Stefán Johnson
Horni Sargent Ave. og Downing St.
HEFIR ÁVALT TIL SÖLU
Nýjar Áfir
Bestu í bænum. Ágætar til bökunar. 15c gallon

A. S. BARDAL
Selur líkkistur og annast um útfarir. Allur útbúnaður sá besti. Enfremur selur hann alskonar minnisvarða og legsteina.
121 Nena St. Phone 306

ROBLIN HOTEL
115 Adelaide St. Winnipeg
Bezta $1.50 á-dag hús í Vestur-Canada. Keyrsla ókeypis milli vagnstöðva og hússins á nóttu og degi. Aðhlynning hins bezta. Viðskifti Íslendinga óskast. William Ave strætiskarið fer hjá húsinu
O. ROY, eigandi.

Gimli Hótel
G. E. SÓLMUNDSSON
eigandi
Óskar viðskifta Íslendinga sem heimsækja Gimli-bæ. — Þar er beini beztur í mat og drykkjarföngum, og aðbúð gesta svo góð sem frekast er hægt að gera hana. Hótelið er við vagnstöðina.
Gistið að Gimli-Hótel.

JIMMY'S HOTEL
BEZTU VÍN OG VINDLAR.
VEITARI: T. H. FRASER,
ÍSLENDINGUR.
James Thorpe, Eigandi

MARKET HOTEL
146 PRINCESS ST. á móti markaðnum
P. O'CONNELL, eigandi, WINNIPEG
Beztu tegundir af vínföngum og vindum, aðhlynning góð, húsið endurbætt

Woodbine Hotel
Stærsta Billiard Hall í Norðvesturlandinu
Tíu Pool-borð.—Alskonar vín og vindlar
Lennon & Hebb,
Eigendur.

Gróu-sögur.

Gimli, Man., 29. júlí 1909.

B. L. Baldwinson, Esq.,
Winnipeg, Man.

Kæri vinur: —

Tvö bréf, er farið hafa á milli okkar dr. J. Pálssonar, ásamt nokkrum orðum til skýringar þeim, bið ég þig að gera svo vel að birta í Heimskringlu við fyrsta tækifæri, í von um, að enn sannist sá málsháttur að "aftur hverfur lygi þegar sönnu mætir".

Um lok sl. mánaðar dó norður í Geysirbygð aldraður maður að nafni Jón Rockmann, skýr maður og stakt prúðmenni, en jafnframt drykkfeldur og auðnulítill. Og fyrir það, hve allar þessar einkunnir hans voru á háu stigi, ávann hann sér meðaumkun og velvild allra þeirra, er nokkur kynni höfðu af honum. Meiri part maímánaðar hafði hann verið hér á Gimli, og þá stundum undir áhrifum víns. En laugardaginn 29. þess mánaðar fékk hann keyrslu norður að Birkivöllum í Árnesbygð með manni hér frá Gimli. Upp úr öl-æði, er hann þá hafði verið í, vaknaði hann með óþolandi kvölum, og sem getið er um í bréfi dr. Pálssonar að leitt hefðu hann til bana.

Út af þessu, sem hér er tilgreint, taka skriðkvikindi rógburðarins til að vefa þann logna, ærukrenkjandi konguláarvef, sem aðallega átti að vefja um hinn strangheiðarlega gestgjafa hér á Gimli, Guðmund Christie og hús hans; þar sem þau fara að útbreiða, að þar hefði Jón heitinn átt að vera barinn, honum kastað og á annan hátt svo lemstraður, að það hefði gert enda á lífi hans, en annað ekki. Inn í þetta eru nokkrir nafngreindir menn togaðir, sem þátt-tökumenn í morðinu, og enn aðrir vændir þess, að yfirhylma glæpinn með morðingjunum. Alt þetta þvert ofan í allar líkur, og út í allar ætar fundinn sannleik í málinu.

Þótt sá framliðni væri, sem áður er sagt, mjög skýr og staklega tilfinninganæmur og vandaður til orða og verka, og með fullu ráði fram í andlátið, þá á eftir orðum Jóhanns Sólmundssonar og hans gauka, ekkert mark að vera takandi til orða hans á banasænginni, þar sem hann sýknar sakborna sakleysingja. Ekkert mark að vera takandi á því, að dr. Pálsson "skoðaði hann vandlega, og sá hvergi á honum neitt, sem benti á, að honum hefði verið misþirmt" — Og ekkert að marka, þótt ófriðarseggurinn Arnljótur A. Olson yrði ekki svo hrifinn af (lyga-)sögunum, að hann ekki fyllti tukthúsið á Gimli af (saklausum) sakborningum. Nei, ekkert að marka. Bráðlifandi menn og nærri dauðir virtust ganga í bandalag með það, að gera "Baldur"-sinnuðu "sósialistunum" (í sauðargærunni) örðugt fyrir í því, að útbreiða sinn boðskap, — alt svo fallegur hann var.

Áður umgetin bréf eru sem fylgir: —

Gimli, Man., 21. júlí 1909.

Læknir J. Pálsson.

Kæri herra: — Einasta fyrir þær margbreytilegu og ljótu sögur, sem alt af er þyrlað hér um Bifröst og Gimlisveitir, og jafnvel upp í Winnipeg, um dauðsfall Jóns heitins Rockmans, og sem, því miður, eru of margar við þitt nafn tengaðar, þá verður mér, sem verkamanni hins opinbera, að rita þér nokkrar línur, og jafnframt að biðja þig að gera mér þann greiða, að gefa fáorða en skýra lýsingu á þeim veikindum, er leiddu hann til bana, og hvert nafn þú gefir þeim sjúkdómi, og dylst mér ekki, að sú umsögn þín væri bezt komin í eitthvert eða öll vestur-íslenzku blöðin, því, eftir það gæfist engu slúðurgjörnu fólki kostur á, að benda á þig sem Gróu gömlu á Leiti, auk þess sem það yrði annaðhvort til að sýkna Gimli og alt Nýja Ísland af miður sæmandi áburði, eða þá að öðrum kosti að greiða götu til þeirra manna, sem valdir kynnu að vera að ódáðaverki.

Þú gerir svo vel, að senda mér línu við fyrstu möguleika.

Þér alla tíma einlægur,

Arnljótur B. Olson

Geysir, Man., 23. júlí 1909 *).

Arnljótur B. Olson, Esq.,
Gimli, Man.

Kæri herra: —

Bréf þitt dagsett 21. þ.m. meðtekið í dag og hér með svarað.

Þegar ég var sóttur til Jóns heitins Rockmans, að Birkivöllum, hafði hann öll einkenni sjúkdóms þess, er kallast "General peritionitis" (líklega lífhimnubólga á okkar tungu). Hann gat enga grein gert fyrir, hvernig þetta byrjaði, því hann vaknaði upp úr fyllirii svona á sig kominn eins og ég sá hann. Ég marg-ítrekaði við hann, hvort hann hefði verið meiddur, og neitaði hann því. Svo skoðaði ég hann vandlega, en sá hvergi á honum neitt, sem benti á, að honum hefði verið misþirmt. Þetta gerði ég vegna þess, að þeir, sem áttu hlut að máli, reyndu að telja mér trú um, að sjúklingurinn hefði verið skaðaður.

Ég sagði þeim, að hann væri hvergi betur kominn en á spítalanum, og væri það sú eina ferð, sem væri hægt að réttlæta. En svo er hann keyrður hingað norður á vagni og deyr um kveldið.

Fólkið, sem vitjaði mín, þekki ég lítið, en ef það ber sögur um mig, sem eru ósannar, er það hvorttveggja að það verður einu launin, sem ég fæ fyrir ferð mína, og hitt, að ég tek það litið til greina.

Ég gaf "Certificate of Cause of Death" til sveitarinnar morguninn eftir lát hans, og skýringar til dr. Ross (Coroner's), sem hann bað mig um. Hátt finst mér mætti æra óstöðugan, ef ætti að mótmæla öllum Gróu-sögum hér í Nýja Íslandi, og sannast að segja hefi ég enga lyst á því. Misskilningur, heimska, kjaftæði og illgirni verða að fara sinna ferða fyrir mér.

Ef þú þarft að víta eitthvað meira um þetta, er ég ætið glaður að gefa þér þær upplýsingar, sem við þarf, svo langt sem ég veit.

Þinn einlægur,

J. P. Pálsson.

Að endingu vil ég geta þess, að ekki virðist til of mikils mælst, að slúðurberarnir komi bráðlega fram opinberlega til að sýna almenningi, hvernig þeir réttlæti sina framkomu.

A. B. Olson.

*) Dr. J. Pálsson bið ég velvirðingar á því, að birta bréfið, sem ég vona að réttlætist við það, að það (bréfið), ásamt mörgu öðru, dregur skýluna full-ljóslega af þeim ókindum, er gera það að lífsákvörðun sinni, að ata sína meðbræður. A.B.Olson.

Gaman er að sjá þau kljást.

Það er sannarleg hvíld, eftir alt blaðaþjarkið um ýms efni, sem oftast endar með persónulegum skömmum, að heyra ógifta fólkið kljást í blöðunum. Því maður, sem hefir lifað eins lengi og ég, þarf ekki að vera neinn stór spámaður til þess að renna grun í, að þessar ritdeilur endi ekki með persónulegum skömmum, heldur muni þær enda með happasælu hjónabandi.

"Fyrst er sjón og svo er tal.
svo kemur hýrlegt auga".

Það er allareiðu komin sjón og tal, svo nú vantar bara "hýra augað". En það kemur, vona ég, með seinni skipunum.

Það er auðheyrt á ógifta manninum, að hann er varla neinn kvenhatari, — annars væri hann ekki að flökta kring um ógiftu stúlkurnar eins og melfluga kringum ljós. Nær og nær er hætt við að hann komi, þar til ylur og birta hafa verkað svo á hann, að vængirnir fara í bál. Þá segja stúlkurnar: "Gaman, gaman, ná ná".

Ég ímynda mér, að "Tilvonandi piparmeyjan" verði ekki stórum hraustari á svellinu. Hún lætur fólk svo greinilega skilja, að hún er ekki enn orðin "piparmey". Hún getur verið, eins og sagt er, "sæt og sextán ára". Maður getur nærri lesið á milli línanna, að hún kennir í brjóst um "baslarann" og baslarana, svo átakanlega lýsir hún heimili þeirra. Enginn mun kalla það öfgar, þó við, sem lesum grein þessarar tilvonandi piparmeyjar, ímyndum okkur, að hana hafi einhverntíma langað til (þegar enginn sæi), að skjótast inn og þrifa til í húsinu. — "Og ekki myndi gluggatjald kosta mikið fyrir gluggann, sem snýr að götunni". — "Ó, gaman væri að fela sig og sjá framan í húsráðanda, þegar hann kæmi heim og fyndi alt í röð og reglu, og máske hann sæi einhvern hlýjan og friðandi blæ yfir öllu, sem kvenhöndin ein getur skilið eftir. Laumast síðan burtu, og láta hann geta til, hvaðan gluggatjaldið hafi komið".

Ef alt fer að óskum, þá bjóðið þið gamla "Hregg" í veizluna ykkar.

Hreggviður.

Æfiminning.

Þann 11. ágúst síðastliðinn lézt að heimili sínu á Woodworth Ave. í Fort Rouge hér í bænum, Halldór Halldórsson Þorvaldssonar frá Gauksmýri í Húnavatnssýslu, eftir 4 mánaða legu í innvortis sjúkdómi. Hann var jarðsunginn þann 15. ágúst sl. í Brookside grafreitnum, af séra Jóni Bjarnasyni. Við jarðarför þessa voru flestir Íslendingar, sem búa í Fort Rouge, auk ýmsra annara vina og kunningja hins látna.

Halldór sál. varð 77 ára gamall. Hann var fæddur í Múla á Vatnsnesi í Húnavatnssýslu 16. janúar árið 1832, og ólst upp að mestu leyti hjá Þorvaldi afa sinum. Þann 23. júlí 1864 kvongaðist hann Steinunni Björnsdóttur á Húki í Miðfirði. Þar byrjuðu þau hjón búskap. Eftir 3 ár fluttu þau þaðan að Dalgeirsstöðum í Miðfirði, og eftir þriggja ára dvöl þar fluttu þau að Kollafossi í sömu sveit, til föður Steinunnar. Þar bjuggu þau í 6 ár, og fluttu þaðan hingað vestur árið 1876. — Fyrstu 2 árin hér vestra voru þau í Nýja Íslandi. Síðan fluttu þau hingað til Winnipeg, og hafa dvalið hér síðan. Lengst af tímanum hafa þau búið í Fort Rouge.

Fyrstu árin, sem Halldór sál. dvaldi hér í bænum, vann hann hjá Hudson Bay félaginu. Svo byrjaði hann á mjólkursölu og hafði þann atvinnuveg þar til fyrir þremur árum síðan að hann varð að hætta þeim starfa sökum lasleika.

Halldór sál. var hinn mesti iðju og dugnaðarmaður, vandaður í allri framgöngu og viðskiftum. — Þau hjónin, Halldór sál. og Steinunn (sem nú lifir hann), áttu 13 börn, sem öll eru dáin. Síðasta barnið, sem þau mistu, var Sigríður sál., fyrri kona Halls Sigurðssonar Pálssonar, sem nú býr á Woodworth Ave. í Fort Rouge. — Sigríður sál. og Hallur áttu tvær dætur, sem nú lifa. Þær hafa að nokkru leyti alist upp hjá Halldóri sál. afa sínum og Steinunni.

Í sambandi við ofanritaða dánarfregn vil ég hér með votta öllum vinum og kunningjum mitt innilegasta hjartans þakklæti, sem á einn og annan hátt hjálpuðu mér meðan maðurinn minn sál. lá veikur. Ennfremur vil ég af hjarta þakka öllum þeim, sem heiðruðu útför hans með nærveru sinni.

Winnipeg, 1. sept. 1909.

Steinunn Halldórsson.

Bókalisti
N. Ottenson's,—River Park, Winnipeg.

Áfengi og áhrif þess, í b. 0.10
Eggert Ólafsson (B.J.) ... 0.15
Gönguhrólfs rímur (B.G.) 0.20
Hugsunarfræði (E.B.) 0.15
Huldufólkssögur, í bandi... 0.35(5)
Höfrungahlaup 0.15
Jón Ólafssonar Ljóðmæli í skrautbandi ... ... 0.60(3)
Kristinfræði .... 0.45(5)
Kvæði Hannesar Blöndal 0.15(2)
Málsgreinafræði 0.15
Mannkynssaga (P.M.), í b. 0.85(5)
Mestur í heimi, í b. 0.15
Passiusálmar, í skrautb. ... 0.50
Olnbogabarnið 0.15
Prestkosningin. Leikrit, eftir Þ. E., í b. 0.30
Ljóðabók M. Markússonar 0.50
Friðþjófs sönglög 0.50
Ritreglur (V. Á.), í b. ... 0.20
Sálmabók, í b. 0.55
Seytján æfintýri, í b. ... ... 0.35(3)
Siðfræði (H. H.), í b. 1.10
Stafsetningarorðbók, í b. 0.30(3)
Sundreglur, í b. 0.15
Útilegumannasögur, í b. ... 0.45
Útsvarið. Leikrit, í b. ..... 0.35(2)
Verði ljós 0.15
Vestan hafs og austan. Þrjár sögur, eftir E. H., í b. 0.90
Víkingarnir á Hálogalandi eftir H. Ibsen 0.25
Þjóðsögur Ó. Davíðss., í b. 0.35(4)
Þorlákur helgi 0.15
Þrjátíu æfintýri, í b. ..... 0.35(4)
Ofurefli, skálds. (E.H.), íb. 1.50
Tröllasögur, í b. ... . 0.30(4)
Draugasögur, í b. .... 0.35(4)
Ölöf í Ási .... 0.45(3)
Smælingjar, 6 sögur (E.H.) í bandi 0.85
Jómsvíkinga og Knytlinga saga, útg. í Khöfn 1828 í vönduðu bandi (aðeins fá eintök). Póstgj. 10c 2.00
Skemtisögur eftir Sigurð J. Jóhannesson 1907 ... 0.25
Kvæði eftir sama frá 1905 0.25
Ljóðmæli eftir sama. (Með mynd höfundarins) Frá 1897 .... 0.25
Tólf sönglög eftir Jón Friðfinnsson 0.50
Grágás, Staðarhólsbók, í skrautbandi ... ... :15) 3.00
Sturlunga, Part I. Útgefin í Khöfn af K. Kaalund í bandi ... . (20) 4.50
Nýustu svenskar Musik Bækur, útg. í Stockholm:
Svenska Skol-Qvartetten ...0.60(5)
26te och 27de Tusendet Sv. Skol-Qvartetten ... ... 0.60(5)
Dam Kören ... ... 1.00(5)
Normal-Sangbok .... 0.50(5)

Tölurnar í svigum aftan við (og framan við þar sem póstgjald er meira en 9c) bókaverðið, merkja póstgjald það, sem fylgja verður pöntun utanbæjarmanna.

N. OTTENSON.

Skrifið yður fyrir HEIMSKRINGLU svo að þér getið ætíð fylgst með aðal málum Íslendinga hér og heima.

ekki verið að neinu gagni til að hressa Láru. Þar á móti gerði hjúkrunarkonan alt, sem hún gat til að halda Láru ánægðri. Hún þekti öll aðalatriðin í æfisögu Láru, og reyndi að endurkalla í minni hennar aldingarðs samsætið. En samtal jarlsins og njósnarans var orðið langt, svo að farið var að bera á óþolinmæði hjá Láru.

"Hvers vegna kemur hann ekki?" sagði hún, og með orðinu 'hann' meinti hún Fatheringham lávarð. Seinast þegar ég var hér, þá var hann ávalt hjá mér, svo nú er hann líklega dáinn fyrst hann kemur ekki".

"Hann kemur áreiðanlega — að augnabliki liðnu verður hann hér", sagði hjúkrunarkonan.

"Gerir hann það — ó, þá er ég ánægð. Það er svo langt síðan ég hefi séð hann. Hvað hefi ég gert allan þann tíma?

Nú sá hjúkrunarkonan, að það þyrfti að beina hugsun hennar í aðra átt. "Lávarður Fatheringham þráir að sjá þig, það veit ég", sagði hún. Ég býst við, að hann ætlist til, að þú sért hér um tíma".

"Gerir hann það, ja, mig langar nú líka mikið til þess", sagði hún með sínum eðlilega róm, og leit upp glaðlega.

"Ja, það er undir sjálfri þér komið". Það var lávarðurinn, sem talaði þessi orð. Hann hafði heyrt síðustu orðin hennar, og nú gekk hann til hennar og rétti fram báðar hendur sínar. Áhrifin, sem koma hans hafði, gerðu hann allra snöggvast hálfhræddan. Lára stóð upp með hægð, augu hennar hrevfðust ekki og hún skalf. Þannig stóð hún augnablik og horfði fast á jarlinn, svo lyfti hún höndunum að augum sér, en tók þær strax burt aftur. Á næsta augnabliki lá hún á hnjánum frammi fyrir honum, grét hátt og sagði:

"Ég er ekki brjáluð — er ég það? Þetta var að eins vondur draumur. Ég hefi fengið skynsemi mína aftur, og það ert þú, sem hefir frelsað mig".

Lávarðurinn laut niður að henni, lyfti henni upp eins og barni, og lagði hana með varkárni á legubekkinn.

"Lafði Redleigh", sagði hann, "vertu bara róleg. Þú ert frelsuð, eins og þú segir, en það áttu að þakka þessum snarráða ágætismanni, áður en þú þakkar mér. Að öðru leyti gleður það mig innilega, ef þú vilt dvelja hjá mér, þangað til þú finnur eins gott og rólegt heimili annarstaðar, sem þú kýst heldur. Ég get þess utan beðið föður þinn að koma og vera hér á meðan þú ert, ef þú vilt".

"Gerðu það, sem þú álítur bezt, sagði hún með hægð. "Ég er enn ekki hæf til að hugsa eða áforma neitt fyrir sjálfa mig. En Sir Arthur Redleigh, hann fréttir brátt hvar ég er. Hefir hann heimild til að krefjast mín?"

"Nei", sagði jarlinn með beiskju. "Ég vona, að lögin í föðurlandi okkar séu ekki svo ranglát, að þau leyfi slíkt. Hann hefir eyðilagt heimild þá, sem hann hafði til þín, og vinur okkar hérna hefir ýmsar ásakanir gegn honum, sem hamla honum frá að ónáða þig".

"Ég get gert meira en það, held ég", sagði njósnarinn, sem nú gekk til þeirra.

"Við hvað áttu?"

"Síðasta skálkastrik Sir Arthurs, ásamt með falska vottorðinu um dauða lafði Redleigh's, veitir henni heimild til að krefjast verndar laganna gegn honum. Það er auðvelt, að fá hjónaskilnaðardóm yfir honum".

Þetta gladdi þau bæði.

"Já, hann getur ekki sloppið við hann", sagði jarlinn. "Nú, við skulum þá ekki eyða tímanum. Undir eins og þú ert ferðafær, skulum við fara að finna málaflutningsmann minn, og fá honum efni í hendur til að hefja málið".

"Ég gæti farið strax, að því er mig snertir", svaraði njósnarinn, "en ég hefi ýmislegt að gera hér áður en ég fer. Ég þarf fyrst og fremst að efna loforð, sem ég hefi gefið þessum manni".

Haworthy hafði setið þegjandi á meðan hinir töluðu, en leit nú upp við þessi orð:

"Hvað geturðu gert fyrir mig?" sagði hann.

"Ó, ég held að sá hlutur sé ekki til, sem herra Wright getur ekki framkvæmt", sagði lávarðurinn glaðlega. "En nú man ég það, þú átt bréf inn á skrifborðinu minu, hr. Wright, það kom frá Stolne í dag".

Wright hljóp inn og opnaði það, kom svo aftur og sagði:

"Á ég að lesa það hátt?"

"Já, gerðu það", sagði jarlinn. "En biddu við máske lafði Redleigh sé of þreytt, við skulum fara inn í bókhlöðuna og hlusta þar á það".

Um leið og þeir gengu út, sneri lávarðurinn sér að hjúkrunarkonunni og sagði:

"Gerðu nú það, sem í þínu valdi stendur til að vera lafði Redleigh til huggunar og ánægju. Ég skal nú segja svo fyrir, að það verði farið svo með hana sem hún væri dóttir min. Ég skal strax láta sækja hr. Brown". —

Bréfið, sem komið hafði til hr. Wright eða hr. Smiths, hljóðaði þannig:

"Kæri Jim minn!

Ég hefi vonast eftir bréfi frá þér fyrir löngu síðan en ég ímynda mér, að þú hafir átt svo annriku með að útvega okkur vinsöluhús, að þú hafir ekki komist til að skrifa. Skrifaðu mér sem fyrst, ég er svo einmana síðan þú fórst. Það kemur enginn hingað, og ég heyri heldur ekki minst á, að taka eigi nýja skyttu, en það gerir nú ekkert, ég vil engin viðskifti eiga við nokkurn mann, fyrst ég á bráðum að flytja til þín, og þegar við sameinum peninga okkar, getum við eignast snoturt veitingahús. Ég vona, að við rifumst aldrei eða förum í handalögmál, heldur verðum alt af jafngóðir vinir og við erum nú, — en þá verðurðu líka að skrifa mér, annars reiðist ég. Ég er nýbúinn að fá ársfjórðungsgjaldið frá herra Grosse. Hann er þungbúinn og ergilegur að sjá. — Nú er ekki annað eftir, en kær kveðja frá þinni eigin

Katrínu.

E. B. — Ef mig minnir rétt, þá varstu farinn áður en það varð augljóst, að Sir Arthur ætlar að giftast aftur, og hverri heldur þú? Ungfrú Grosse".

Fatheringham lávarður hörfaði aftur á bak, þegar hann heyrði síðustu orðin. Haworthy bölvaði, en var að öðru leyti svo hissa, að hann gat ekki sagt meira. Njósnarinn, þar á móti stakk bréfinu brosandi í vasa sinn, leit í kring um sig sigri hrósandi og sagði:

"Þetta er ekk annað en það sem ég bjóst við".

2 Bækur Gefins

FÁ NÝJIR KAUPENDUR AÐ HEIMSKRINGLU SEM BORGA $2.00 FYRIRFRAM, OG ÞESSUM BÓKUM ÚR AÐ VELJA :—

Mr. Potter frá Texas
Aðalheiður
Svipurinn Hennar
Hvammverjarnir
Konuhefnd
Lajla
Robert Manton.

Alt góðar sögur og sumar ágætar, efnismiklar, fróðlegar og spennandi. Nú er tíminn að gerast kaupendur Hkr. Það eru aðeins fá eintök eftir af sumum bókunum.

Heimskringla
P.O. Box 3083, Winnipeg

Hall Caine.

SMÁATRIÐI ÚR ÆFI- — SÖGU HANS. —

Í Khartum á Egyptalandi lauk hinn frægi enski skáldsagnahöfundur Hall Caine við æfisögu sína.

Hún fræðir mann ekki að eins um merkustu rithöfunda og bókmentamenn Englendinga, svo sem Rosetti, Robert Buchanan o. fl., heldur er hún einnig full af skemtilegum smásögum og æfintýrum.

Hér fer ein smásagan á eftir :—

Thomas Henry átti í skóla einn góðan vin og skólabróðir, er hét Wm. Firebuck (nú dáinn). Hann samdi nokkrar skáldsögur, og einni þeirra hrósaði Tolstoy mjög mikið.

Rétt eftir að skólanámi þeirra var lokið byrjuðu þeir að gefa út mánaðarblað. Þrátt fyrir það, þó Hall Caine væri þá ungur að aldri átti hann ósköpin öll af kvæðum og sögum, og leikritum, án þess nokkur hefði minstu hugmynd um. Hall Caine segir, að þá hafi sig ekkert langað til að birta neitt eftir sig. Hann skrifaði af því að hann fann sig knúðan til þess. — Jafnskjótt og hann hafði lokið við hvort heldur að var kvæði, saga eða leikrit, hvarf það jafnskjótt ofan í stóra kistu.

Þegar þeir byrjuðu blaðið, átti H. C. því mikið safn í kistunni, svo hann gat valið úr því í blaðið. Þeir skiftu verkum með sér þannig, að H.C. átti að rita í blaðið, en hinn að sjá um útkomu þess og "business"-lega starfið að öllu leyti, með aðstoð systur sinnar. Svo rann hið hátíðlega augnablik upp. Fyrsta númer af blaðinu kom út. Hall Caine birtist í fyrsta sinni sem skáld og rithöfundur frammi fyrir almenningi, og það kom til af þessari orsök :—

Einn af vinum blaðsins, er vann við það meðan það var skrifað (fyrst var það að eins skrifað), hafði erft dálitið fé, er hann vildi endilega lána blaðinu, svo hægt væri að prenta það. Þetta örfaði okkur til að halda áfram, segir Hall Caine, en vissulega lagði þessi vinur okkar fé sitt í hættu. Fyrsta upplagið af prentaða blaðinu var tíu þúsund eintök. Í því var langt kvæði eftir H. C., og svo hól um það eftir meðritstjórann.

Þrátt fyrir það, hve upplagið var mikið, segist H. C. aldrei hafa hitt þann mann fyrir, er hafi séð blaðið eða heyrt kvæði hans.

Öllum ber saman um það, að bækur Hall Caines nái einkennilegum áhrifum yfir hugum lesendanna. Atburðum og persónum er lýst svo ljóst og vel, að lesandanum finst hann lifa með í sögunum.

Aðalpersónan í skáldsögu hans er heitir "Mönbúinn", og kom út á dönsku og fleiri Norðurlandamálum, heitir Petur Quilliam. Hann er raunaleg persóna, er öllum þykir vænt um, og bera samhug til. Í æfisögu sinni skýrir H. C. frá því, að gamall fiskimaður, Mönbúi, hafi staðið í þeirri trú, eftir að hafa lesið söguna, að hann væri Pétur Quilliam. Hann hefir látið taka mynd af sér og kofa sínum, og eru þær í öllum myndabókum frá Mön, og er þess getið um leið, að hann sé aðalpersónan í hinni frægu skáldsögu Hall Caine "Mönbúinn".

Nú græðir hann mikla peninga á því, að selja til útlendra ferðamanna ýmsar menjar frá kofa Péturs Quilliam.

Ein af þeim mörgu skemtisögum, er Caine segir frá í æfisögu sinni, er um amerikanska blaðamenn. Hann lýsir prýðilega vel fyndni þeirra og kænsku. Einu sinni þegar Hall Caine var staddur í New York, var stórt og umfangsmikið morðmál fyrir rétti í Philadelphia. Morðinginn, er hét Holmes, var dæmdur til dauða, og rétt komið að aftöku hans. — Einn dag komu tveir blaðmenn frá "gulu" blöðunum til H. Caine. Þeir komu með þykt bindi, og annar skýrði frá, að það væri eigin frásaga morðingjans um óáðaverk hans. "Holmes hefir fengið þetta blaði voru til birtingar með því móti, að þér, herra Caine, fengjust til að skrifa eitthvað um það", sögðu þeir. "Mér kemur ekki til hugar, að snerta minum minsta fingri á þessu bindi, auk heldur meira", mælti Caine. "Og segið þér ekki þetta, hr. Caine", sögðu blaðamennirnir. "Nú förum við og látum bindið liggja hér, og komum svo aftur eftir litla stund, að heyra svar yðar". Svo lögðu þeir bindið á borðið og fóru.

Eftir hálftíma kom þriðji blaðamaðurinn til H. C. Hann virtist mjög ófyrirleitinn, en þó hálfhræddur. — "Ég átti að fá ákveðið svar um, hvort þér ekki vilduð skrifa eitthvað um Holmesmorðmálið ; ef ekki, þá átti ég að taka bindið, sem hjá yður er, fyrir blaðamennina, er voru hér áðan". "Biðið, sem þeir skildu eftir hjá mér, liggur þarna á borðinu; og þér getið tekið það", mælti Caine fljótlega. En í því tók hann eftir áfergislegum glampa í augum aðkomumannsins, er var að gripa bindið á borðinu. — "Biðið við", segir Caine, "ég er sjálfur gamall blaðamaður, og álit þess vegna réttast, að ég sjálfur afhendi bindið til þeirra sömu manna, er færðu mér það". — "Sjálfsagt", mælti hinn með uppgerðar hæversku og fór í brott. Skömmu síðar komu tveir hinir fyrnefndu aftur. "Vonandi hafið þér nú ákveðið, að skrifa um frásögu Holmes í blað vort", sögðu þeir. "Nei, það hefi ég ekki gert, og það sagði ég sendimanni yðar, er var hér fyrir litilli stundu". Mennirnir horfðu forviða á Caine. — "Hvaða sendimanni?" spurðu þeir. Caine lýsti manninum nákvæmlega, sem sagðist eiga að taka bindið. Þegar þeir heyrðu lýsinguna, hrópuðu þeir hvor sem betur gat : "það hefir verið bölvaður asninn hann ..... frá .....," — og svo nefndu þeir blað, er var þeirra versti keppinautur. — Einn af ritstjórum þess blaðs hafði komist að erindi þeirra við Hall Caine, og ætlaði svo með óvanalegri dirfsku, að reyna að krækja bæði í morðsöguna og grein Caines, hefði hann skrifað nokkuð. — Blaðmennirnir ætluðu nærri að fá slag af ótta fyrir því, að þessi keppinautur sinn hefði náð í morðsöguna. Þeir náðu sér fyrst aftur, þegar Caine rétti þeim bindið.

Á titilblaði æfisögu Hall Caines stendur : "Saga min er tileinkuð bezta vininum minum, konunni minn". Mrs. Caine er af dönskum ættum. Tvo syni eiga þau. Annar er bóka-útgefandi í London (sá eldri), en hinn er frægur leikari.

Tvær af sögum Hall Caines eru íslenzkar, "Glataði sonurinn" *) og "þrællinn". — Í sumar á að koma út skáldsaga eftir hann, er á að lýsa stjórn og ránskap Englendinga á Egyptalandi. Sú saga á að koma út samtímis á fjórum tungumálum, ensku, dönsku, frönsku og þýzku.

Á. J. J.

*) Um "Glataða soninn" varð eigi all-lítil orðasenna í Óðni fyrir stuttu síðan, út af ummælum Dr. Valtýrs um söguna í einu Lundúna blaðinu.

JÓN JÓNSSON, járnsmiður, að 790 Notre Dame Ave. (horni Toronto St.) gerir við alls konar katla, könnur, potta og pönnur fyrir konur, og brýnir hnífa og skerpir sagir fyrir karlmenn. — Alt vel af hendi leyst fyrir litla borgun.

Sv. Björnsson,
EXPRES-MADUR,
annast um alls kyns flutning um borgina og nágrennið. Pöntunum veitt móttaka á prentstofu Anderson bræðra, horni Sherbrooke og Sargent stræta.

HEIMSKRINGLU og TVÆR skemtilegar sögur fá nýir kaupendur fyrir að eins **$2.00**.

Fréttabréf.

VÍÐIR P.O.
10. ágúst 1909.

Heiðraði ritstjóri !!

Vegna þess, að blöðin nefna ekki þennan nýjasta part Nýja Íslands, lítur út fyrir að enginn skrifi héðan, og því dettur mér í hug, að senda Heimskringlu fáein orð að gamni minu viðvíkjandi þessari bygð.

Það var seint í maí að ég kom hingað með pósti, og vorum seint á ferð að kveldi dags. Þá var því líkast, að jörðin ætlaði að sýna okkur sömu gestrisni og hún á að hafa sýnt þangbrandi forðum á gamla landinu, — hesta aumingjarnir voru alt af öðru hverju á kafi. En svo fóru þó leikar, að við komumst til bæja á lágnættinu. Síðan hefi ég dvalið hér hjá vinum og frændum og líðið vel.

Land er hér mjög lágt, öldumyndað og vaxið grönnum poplar og smávíðir (Brösum), engjar í milli, sem hafa sprottið vel undanförnu, en þykja nú sviggar, og er ofþurk umkent, því hér hafa alt af þurkar verið síðan ég kom, þar til um kveldið 2. ágúst, — þá kom skúr, sem hreint þótti ekki góður gestur. En þó er útlit fyrir, að menn fái næga björg, ef tíðin verður hagstæð, því þeir sem meiru afkasta, hafa þá yfir fleiri lotum að ráða, o.s.frv.

Bændur hér stunda vel gagn sitt hafa bygt allgóð íveruhús, fjós mjög stór og myndarleg ; flest lot sem búið er á, girt með gaddavír. Þeir eiga marga og fallega gripi, sláttu- og rakstrarvélar m.m., og sumir bæði hesta- og uxa-"team". Ég veit þó um tvo búendur, sem ekki hafa annað en orfkrókinn, og fara hinir orðalaust að hjálpa þeim. Svona er félagsskapurinn hér. Þeir hafa líka komið upp skólahúsi, sem er að mestu búið, og sömuleiðis stofnað lestrarfélag. Svo er nú framræsla vatns og vegabætur, sem er lífsspursmál, og þeir eru byrjaðir á. En meira má, ef duga skal.

Landið lítur út fyrir að geta orðið gott akuryrkjuland, ef séð verður fyrir að vatnið kæfi ekki akrana.

Í dag er ég að byrja níunda árið yfir sjötugt. Fólk er á engjum. — Ég fékk einhverja tilhneiging til að skrafa við einhvern, og tók því það ráð, að fara að klóra línur þessar, og sýnist mér þá rétt að geta þess hjá hverjum ég er, en það er hjá Magnúsi Jónassyni, sem lengi bjó á Grenimörk, og Guðbjörgu konu hans. Í sambúð og félagsskap við Magnús er Lárus Sölvason, og fara þeir vel með sinn félagsskap, enda eru þeir með beztu félagsmönnum í þessari bygð. — Mér líður svo vel, sem orðið getur, og ætla ég að enda línurnar með vísu eftir Steingrím, sem þannig hljóðar :

"Náttúran fögur, eilíf, ung,
ég elska þig ;
hvort lífsins kjör eru létt eða
þung
þú lifgar mig".

Þinn einl.

Benedikt Sigurðsson.

DR. H. R. ROSS
C.P.R. meðala- og skurðlækuir.
Sjúkdómum kvenna og barna veitt sérstök umönnun.
WYNYARD, — SASK.

The Dominion Bank
NOTRE DAME Ave. BRANCH Cor. Nena St.
VÉR GEFUM SÉRSTAK AN GAUM AÐ SPARISJÓÐS-DEILDINNI. —
VEXTIR BORGAÐIR AF INNLÖGUM.
HÖFUDSTOLL - - $3,983,392.38
SPARISJÓÐUR - - $8,300,000.00
A. E. PIERCY, MANAGER.

R. DENOVAN
Undir-umboðsm. Ríkislands.
VEITIR borgarabréf, selur Hudson's-flóa lönd og önnur ábúðar lönd, og járnbrautalönd og bæjarlóðir. Einnig elds- og hagl-ábyrgð. Lánar peninga gegn tryggingu í umbættum búlöndum.
Wynyard, - Sask

JOHN DUFF
PLUMBER, GAS AND STEAM FITTER
Alt verk vel vandað, og verðið rétt
664 Notre Dame Ave. Phone 3815
Winnipeg

Með því að biðja sérstaklega um "T.L. CIGAR" þá ertu viss að fá ágætan vindil.
T.L.
smoke the T.L. CIGAR
(UNION MADE)
Western Cigar Factory
Thomas Lee, eigandi Winnipeg

Redwood Lager og **Extra Porter**
Styrkið taugarnar með því að drekka eitt staup af öðrum hvorum þessum ágæta heimilis bjór, á undan hverri máltíð. — Reynið !!
EDWARD L. DREWRY Manufacturer & Importer Winnipeg, Canada.

Department of Agriculture and Immigration.

MANITOBA

Þetta fylki hefir 41,169,089 ekrur lands, 6,019,200 ekrur eru vötn, sem veita landinu raka til akuryrkjuþarfa. Þess vegna höfum vér jafnan nægan raka til uppskeru tryggingar.

Ennþá eru 25 miliónir ekrur óteknar, sem fá má með heimilisrétti eða kaupum.

Íbúatala árið 1901 var 255,211, nu er hún orðin 400,000 manns, hefir nálega tvöfaldast á 7 árum.

Íbúatala Winnipeg borgar árið 1901 var 42,240, en nú um 115 þúsundir, hefir meir en tvöfaldast á 7 árum.

Flutningstæki eru nú sem næst fullkomin, 3516 milur járnbrauta eru í fylkinu, sem allar liggja út frá Winnipeg. Þrjár þverlandsbrauta lestir fara daglega frá Winnipeg, og innan fárra mánaða verða þær 5 talsins, þegar Grand Trunk Pacific og Canadian Northern bætast við.

Framför fylkisins er sjáanleg hvar sem litið er. Þér ættuð að taka þar bólfestu. Ekkert annað land getur sýnt sama vöxt á sama tímabili.

TIL FERDAMANNA :

Farið ekki framhjá Winnipeg, án þess að grenslast um stjórnar og járnbrautarlönd til sölu, og útvega yður fullkomnar upplýsingar um heimilisréttarlönd og fjárgróða möguleika.

R. P. ROBLIN,
Stjórnarformaður og Akuryrkjumála Ráðgjafi.
Skrifið eftir upplýsingum til
Joseph Burke, 178 LOGAN AVE., WINNIPEG.
Jas. Hartney, 77 YORK ST., TORONTO.

20. KAPÍTULI.

Þegar endirinn er góður þá er alt gott.

Wright var snemma á fótum daginn eftir og gerði minningarverðar heimsóknir. Hann fékk lánaðan sama vagninn í "Pólstjörnunni", sem hann hafði notað tvisvar áður, og í honum ók hann fyrst til frú Burlstone.

Katrín þekti hann ekki fyr en hann ávarpaði hana.

"Hvað? Ert það þú, Jim? Þú ert orðinn skrautklæddur. Hefirðu fengið nokkuð handa okkur? Hvað á þetta viðmót að þýða?"

Í stað þess að breiða út faðminn og þrýsta henni að brjósti sínu, stóð hann við dyrnar og leit kuldalega á hana.

"Katrín Burlston, síðan ég sá þig síðast, hefi ég talað við Druscott lækni".

Hún varð strax hrædd.

"Áður en ég segi meira, verðurðu að greina mér frá tvennu. Hið fyrra er : Hver var orsökin til dauða Easts lávarðar?"

Hræðslan, reiðin og vonbrigðin börðust um völdin hjá henni. Loksins svaraði hún :

"Hann drap sig sjálfur. Gagnstætt skipun læknisins geymdi hann konjak í herbergi sínu, og þegar ég einu sinni snéri bakinu að honum, drakk hann það. Ég gat ekki að því gert".

Hið síðara er : Hvers vegna hefir Grosse upp frá þeim degi borgað þér styrktarfé?"

Þetta hæfði. Konugarmurinn rak upp hljóð og fékk heilakviksveiki.

Njósnarinn lét hana eiga sig og fór og ók beina leið til Broadmead og hitti húsbóndann heima.

Hann bað þjóninn að segja Grosse, að hann héti Wright, og kæmi með áríðandi erindi. Fólk, sem býr yfir leyndarmálum, þorir ekki að synja mönnum viðtals.

Grosse lét hann strax koma inn, og Wright byrjaði þegar á erindi sínu.

"Ég er vinur hr. Haworthy", sagði hann, og kem í hans erindum, enda þótt ég hafi enga heimild skriflega. Ég er kominn til að biðja þig að hætta við að eyðileggja trúlofun þeirra".

Grosse var í þann veginn að stökkva á fætur til að vísa gestinum á brott, þegar hann með rólegri, en napurri og hótandi raust hætti við : "Og ég hefi ástæður, sem getur verið hættulegt fyrir þig að neita að heyra".

Grosse brá lit og settist.

"Þú kemur of seint, herra", sagði hann háðslega, og reyndi um leið að sýna af sér mikilmensku. "Þú getur sagt þeim, sem sendi þig, að dóttir mín eigi að giftast Sir Arthur Redleigh".

"Nei, það skal hún aldrei gera".

Svar þetta var gefið með svo köldum hrottaskap, að það hlaut að geyma dulið afl. Grosse varð órólegur.

"Við hvað áttu með þessu, herra?"

"Sir Arthur Redleigh er giftur".

"Konan hans er dáin".

"Nei, það er hún ekki".

"Hvað þá?"

"Lafði Redleigh er núna hjá Fatheringham jarli".

Grosse varð svo bilt við, að hann var nærri dottinn af stólnum. Þetta notaði njósnarinn til að segja honum frá áformi Sir Arthurs, og hvernig það eyðilagðist.

Það var einkennilegt að sjá Grosse meðan hann hlustaði á söguna. Hvernig sem lundareinkunn hans kann að hafa verið, þá var hann þó glaður yfir því, að barn hans var sloppið úr klóm þessa prælmennis. Samt hélt hann áfram að sýnast reiður.

"Nú, jæja, herra. Þetta eru gildar ástæður til þess, að barn mitt skuli ekki giftast Sir Arthur, en ég sé enga ástæðu til þess, að hún skuli þá giftast hr. Haworthy".

"Það er satt".

"Jæja, ef þú hefir ekki meira að segja —"

"En það hefi ég. Ef þú ekki innan sólarhrings skrifar hr. Haworthy og segir honum, að hann geti fengið dóttur þína fyrir eiginkonu — þú getur fært hvaða ástæður, sem þú vilt fyrir breytingunni — þá skal ég heimsækja þig síðar, en þá kem ég sem leynilögreglumaður í nafni hennar hátignar drotningarinnar, og legg fyrir þig þá spurningu, sem ég nú spyr þig að sem heimilisvinur : Baðst þú Sir Arthur Redleigh að skjóta skyttuna sína, eða gerðir þú það sjálfur?"

Grosse leit út fyrir að vera hræddur, en svaraði þó hátt og greinilega :

"Hvorugt. Ég veit ekki hvað það er, sem kveikir þennan skammarlega grun hjá þér, sem er mikil móðgun gegn mér, bæði sem manni og friðdómara hér í sveitinni. Mér þætti gaman að vita, hvernig þú ferð að sanna þessar ásakanir, og ef þú afturkallar ekki orð þín undir eins, skaltu fá að koma fyrir dómarann".

Njósnarinn lézt ferða forviða, en hann átti enn eitt tromp, og spilaði því nú út.

"Ég skal greina þér frá ástæðunum fyrir því, sem þú kallar með réttu skammarlegan grun. Þó verðurðu að svara einni spurningu áður".

"Ef ég álít hana þess verða, að svara henni".

"Hvers vegna gefurðu Katrínu Burlston styrktareyri síðan lávarður East dó, en dauði hans gerði þig að erfingja jarðsdæmisins Fatheringham?"

Grosse gerði ýmist að roðna eða fölna, og gat engu svarað í nokkrar mínútur.

Loksins sagði hann :

"Þessi ásökun er þín svívirðileg og ástæðulaus eins og hin. Katrín hefir notið styrks hjá ættingjum mínum í mörg ár, og hún hefir mörgum sinnum stundað konu mína. Ég borga henni styrk af því hún misti hjúkrunarkonustöðu sína, og leitaði minnar hjálpar".

"Einmitt það. Og saga hennar og Druscotts læknis um konjakið, sem flýtti fyrir dauða Easts lávarðar, er að eins tilviljun, heppilegt atvik fyrir þig, og annað ekki. Nú, jæja, herra" — njósnarinn stóð upp á meðan hann talaði — "mér þykir leitt, að ég hefi orðið til minnast á þessi atriði, og enn leiðara, að þau verða að opinberast almenningi. Sökum Haworthys, vinar míns, hafði ég gert mér þá von, að mega geyma þetta hjá mér, það er að segja, ef hann giftist ungfrú Grosse, en eins og sakir standa — nú, þá, því fyr sem hann og aðrir heyra það, því betra".

Svo gekk hann til dyranna. En Grosse var að leita að ástæðu til þess að geta látið undan á myndarlegan hátt.

"Hinkraðu við, herra", tautaði hann. Þú skalt fá bréfið. Samvizka mín er alveg hrein, en það myndi deyða konuna mína, ef hún fengi að heyra eitt orð af þessari mælgi".

Síðan settist hann að skrifborðinu og skrifaði.

Stanwood's Tilkynna sína þriðju haust Kvennhatta-sölu

Hattarnir eru með sérstöku nýmóðins lagi og eru gerðir í Frakklandi, Englandi og Ameríku. Salan byrjaði Mánudaginn 30. Agóst og stendur nú yfir. Öllum er vinsamlegast boðið að koma og skoða Hattana hjá

STANWOOD'S 410 Portage Ave. á Horninu á Kennedy Street Phone: Main 7530.

TILBÚIN að VERZLA

Miðvikudag, 1. September.

VÉR BIÐJUM athugunar á vorum $4.50 $5.00 og $5.50 *Moyer* skótegundum.— Vér höfum þá í Gljáleðri Kálfsskinni, Geitaskinni og fl — Létta eða þunga sóla. — Vér bjóðum yður velkomna að koma og skoða vörurnar.

W. A. MOYER,
306 SMITH STREET.

Loft búskapur.

Fyrst landið, þá sjórinn og síðast loftið.

Á liðnum öldum hefir mannkynið, samkvæmt guðlegu lagaboði, orðið að heyja öfluga baráttu til þess að neyta sins brauðs í sveita sins andlitis, og gera sér jörðina undirgefna. Ekki að eins hefir því tekist, að inna af hendi þetta skylduverk, heldur hefir það einnig náð yfirráðum yfir stórhöfum og öðrum vötnum heimsins, til umferða, til námaiðnaðar og til dýraveiða, og nú síðast hefir því tekist að ná yfirráðum yfir andrúmsloftinu, og færa sér efni þess í nyt á margvislegan hátt. Það má svo heita, að mannleg þekking haldi öflum láðs, lagar og lofts í greipsinni, og geti notað þau eftir vild sinni.

Mannkynið hefir fyrir löngu lært að rækta jörðina svo nákvæmlega, að ekki eingöngu er uppskeran trygð, heldur má með nokkurnvegin nákvæmri vissu fyrir fram ákveða arðinn af hverri sérstakri starísgrein. Og sama má að miklu leyti segja um loftið. Loftbúskapurinn eða ræktun loftsins, er orðin að fastsettri visindagrein, svo að menn geta reiknað út arðinn af þeirri ræktun, eins vissulega eins og þeir gera við ræktun jarðarinnar, og með vissum, fljótfengnari gróða. Það virðist sennilegt, að eins mikið auðmagn sé nú árlega tekið úr loftinu, eins og úr landi og sjó samanlögðu. En þó verður sú staðhæfing ekki sönnuð með tölum, af því að tíminn er enn ekki svo liðinn, að hægt hafi verið að safna nákvæmum og ábyggilegum skýrslum um þetta efni.

Ljós og afl og hraðskeytatæki er alt uppspretta ótaldra auðæfa, og alt er þetta afurðir loftsins. Í raun réttri má svo að orði kveða, að megin-partur allrar mannlegrar starísemi nú á tímum sé unninn með notkun hinna "finni afla", svo sem rafafli, ljósvakaöldum, x-geislum og hinu nýfundna radium. Svo og með ýmsum söltum, sem notuð eru til ýmislegrar starísemi og svo eru verðmæt, að gull er fánýtt í samanburði við þau. En þýðingarmesta aflið í ræktun loftsins, og alheimslegra en öll hin, sem nefnd hafa verið, er köfnunarefnið (nitrogen). Það er með tilhjálp þessa efnis, að náttúrunni hefir orðið mögulegt, að skapa hinar margvislegu myndir lífstilverunnar; að gera jörðina þétta og að fylla iður hennar með eldsneytis og örðum nauðsynjabyrgðum, til varanlegra framtiðarnota fyrir gjörvalt mannkyn, um leið og það þekur yfirborð jarðskorpunnar með margvislegum jurtagróðri. Alt plöntu og ávaxtalif er eitt allsherjar efnafræðis starfshús, þar sem köfnunarefnið er dregið úr loftinu og knúið til þess, að strfa að framleiðslu allrar lífstilverunnar í hennar ýmsu myndum.

Visindamenn skoða köfnunarefnið sem nokkurs konar auka-afurð loftsins. Það gerir þeim lífstilverum, sem andardrátt hafa, mögulegt, að neyta vatnsefnisins (hydrogen). Það þynnir eldsefnið, svo að smærstu jurtir geta notað það, til að mynda úr því taugakerfi sitt og auka þannig fegurð sina og nytsemi.

Mannkynið hefir uppgötvað ráð til þess, að meðhöndla efni þetta með vélum, svo að það veiti góðan vinnuarð. Sá atvinnuvegur er einn hinn mikilvægasti og arðsamasti í heimi. Hlutir eða efni, sem um eitt skeið mannlegs þroska voru talin ónýt eða jafnvel skaðleg, eru nú fyrir vaxandi þekkingu viðurkend að vera bæði nytsöm og dýrmæt. Trjábolir og plönturætur, sem áður var álitin ormafæða, er nú orðið hið dýrmætasta efni til framleiðslu köfnunarefnis og ýmsra salttegunda. Í þeim búa heilar legiónir af smákvikindum, sem hvert um sig starfar að því, að framleiða og sáfna söltunum. Nú er svo komið, að menn eru farnir að leggja alúð við það, að rækta þær trjátegundir, sem kvisóttastar verða, því að í kvistunum aðallega er heimkynni þessara smádýra, sem framleiða köfnunarefnið, sem svo er notað til að auka frjómagn jarðvegsins. Með þessu móti má svo að orði kveða, að loftið sé notað til að steypa úr því peninga.

Mannsheilinn er nokkurs konar efnafræðisleg tilraunastöð, þar sem sífeldlega er að því starfað, að framleiða auðæfi. Allir hlutir í ríki náttúrúnnar eru notaðir til gullgerðar, jafnvel sjálfur mannsheilinn. Þegar visindamennirnir frétttu fyrst um uppfyndingu Sir William Crooks til þess að framleiða köfnunarefni með því að draga það úr loftinu og nota það sem aðalmikla verzlunarvöru, þá viðurkendu þeir, að með því væri vikið á bug óttanum um, að jörðin mundi ekki framleiða gnægð matvæla á komandi öldum, af því að þessi eina uppgötvun gerði það mögulegt, að auka afrakstur jarðarinnar óumræðilega mikið. Hversu háleit og göfug og ósérplægin er ekki stefna og verkahringur visindanna, og hversu traust hefir ekki trú visindamannanna verið á veldi aflsins í náttúrunni! Enda meðtóku þeir fregnina um þessa uppfyndingu með miklum fögnuði. Auðæfi þau, sem má framleiða með notkun efnis þessa eru ótakmörkuð, því að það er sannreynt, að saltsýran eyk ur mjög framleiðslumagn jarðvegsins. Sódasýrur þær, sem notaðar hafa verið til frjómagns, hafa farið þverrandi, og framleiðsla þeirra er svo kostnaðarsöm, að menn voru farnir að óttast, að þær yrðu bráðlega ófáanlegar. En þessi uppgötvun Sir William Crooks tekur af öll tvimæli í því efni, og gefur tryggingu fyrir því, að þær verði innan skams tíma búnar til með tiltölulega mjög litlum tilkostnaði.

Prófl. Chas. F. Chandler, yfirmaður efnafræðisdeildarinnar við Columbiu háskólann, lætur þá skoðun sina í ljós, að þess verði ekki langt að bíða, að köfnunarefni verði framleitt úr loftinu með minni tilkostnaði heldur enn sódasýrur, þegar rafafli, sem nú er notað til framleiðslunnar, verði ódýrara en það nú er, og það afl er að verða ódýrara og auðframleidd ara með ári hverju, og að þegar búið sé að fullkomna framleiðslutækin, þá megi nota hvern foss í löndunum til framleiðslu þessa frjómagns, sem loftið felur í sér.

Í Washington ríkinu í Bandaríkjunum eru svo margir fjallalækir, að vatnsaflið í þeim, væri það réttilega notað, mundi nægja til framleiðslu afls, sem væri nægilegt fyrir hverja einustu framleiðslustofnun í heimi, hverrar tegundar sem væri. Í því riki gæti orðið hið sanna heimkynni köfnunarefnisframleiðslunnar með rafafli, samkvæmt uppgötvun Sir Williams Crooks. Visindamenn hafa um hundruð ára reynt að finna aðferð til þess að framleiða jarðaráburð úr loftinu, en þeim hefir ekki orðið ágengt fyr en á síðari árum.

Vindmyllur eru önnur grein í loftbúskapnum. Hún hefir lengi verið þekt og notuð í öllum löndum, til að mala korn, pumpa vatn og ýmislegt þess háttar til léttis og hægðarauka fyrir mannkynið. Og tilhúningurinn á myllum þessum er í sjálfu sér heilmikil þjóðleg atvinnugrein. Samvinna vinds og vatns er á þennan hátt notuð til þess að steypa úr þeim peninga, og þessa samvinnuaðferð má margfaldlega bæta með litlum tilkostnaði.

En fljótteknastur peningagróði vorra tíma er fenginn úr finna efni en lofti. Eins og maðurinn hefir borað gegn um jarðskorpulögin til þess að draga þaðan hina finni og léttari vökva, svo sem gas og oliu — þannig hefir hann einnig borað gegn um hin þyngri loftslög ofan jarðar ríkisins, til þess að ná þaðan hinu finasta efni, — ljósvakanum. Rafaflið tilheyrir ekki loftinu í eiginlegum skilningi, heldur sérstöku veldi innan loftríkisins, þar sem hreyfing, titringur og sveiflur eru léttari og fíngerðari. Straumar þessa efnis í himinhvolfinu eru eins ákveðnir eins og farvegir vatna eru á landi, svo að strax og vísindin hafa ákveðið svæði þess og nákvæmlega mælt hreyfingatitring ljósvakans, þá geta þeir ferðast um hann eins hæglega eins og menn nú ferðast á bátum og skipum yfir vötn og höf jarðarinnar. En jafnvel með þeirri takmörkuðu þekkingu, sem menn enn þá hafa á ljósvaka straumum þessum gegn um loftið, græða þeir samt auð fjár árlega. Fyrst fengum vér hin svonefndu "Brush" rafljós, og þar næst fengum við "Incandecent" ljós Edisons, sem nú eru orðin svo algeng, að þau eru notuð víða á heimilum út til sveita. Næst kom hið sérstaka rafafls "Batteri", og rafafls hreyfivagnar voru búnir til. Allar þessar vísindalegu uppgötvanir gefa af sér margar miliónir dollara árlega fyrir notkun ljósvaka straumanna. Þegar þetta var fundið, þá fóru allar þjóðir að senda leitarmenn sína í loftkönnunarferðir út í hin óþektu héruð himinhvolfsins, og bygðir risu óðfluga upp meðfram þessum nýju verzlunarfarvegum, rétt eins og fyrir hundrað árum, þegar frumbyggjar þessa lands reistu bygðir sínar meðfram bökkum Ohio og Mississippi fljótanna, og meðfram Puget Sound við Kyrrahafið fyrir 50 árum. Ljósvakastraumarnir sáust óglögt með berum augum, en visindamennirnir sáu þá ljóslega og lærðu fljótt að þekkja hinn krókótta farveg þeirra um loftið, og ákveða mismunínn á titringi þeirra eða hreyfingum. — Þeir uppgötvuðu einnig fossa þeirra, og gátu greint, er þeir réku sig á, andnes þyngri loftstrauma. Dýpt þessara strauma var könnuð, og undirbúningur gerður til frekari rannsókna.

Á þennan hátt hafa öfl loftsins og hin finni öfl himingeimsins verið beizluð í þarfir mannlegra þæginda og framfara, og úr þeim eru nú steyptir meiri verulegir peningar, heldur enn úr allri þeirri námaauðlegð, sem heimurinn gefur af sér. Það er ómögulegt að hugsa sér nokkurn iðnað eða sérstaka hreyfingu mannlegrar eða jurtalífstilveru, sem ekki er að meira eða minna leyti háð öflum loftsins. — Hlutabréf og veðskuldabréf þeirra félaga, sem mynduð eru til þess að beizla loftstraumana, seljast eins auðveldlega eins og hlutabréf nokkura annara félaga. Menn grafa gegn um loftið eins auðveldlega eins og gegnum jörðina. Eins og jarðgöng eru gerð í leit eftir dýrum málmum, eins er grafið upp í himingeiminum í leit eftir enn þá dýrmætara efni en nokkur jarðarmálmur er, sem enn hefir fundist, og sá gröftur borgar sig eins oft og eins vel og nokkur sá, sem í jarðskorpuna er gerður.

Til þess að lesarinn fái sannfærð sjálfan sig um mikilvægi loftbúskaparins og loftnáma graftarins, og um loft-ræktun yfirleitt, þá þarf hann ekki annað að gera en að veita eftirtekt því, sem er og gerist umhverfis hann, — þá mun hann undrast yfir fjölda og nytsem þeirra hluta, sem segja má að gripnir hafi verið úr lausu lofti í þarfir mannanna. Stingið smápeningi í "slotvél" og samstundis kemur fram fugl sem syngur yður ljúflingslag, eða kallið í málvél, — og þér eruð að borga hluta af loftræktunar kostnaðinum. Eða þér ferðist með loftbrautum, fargjald yðar legst í loftræktunar sjóðinn. Ljósið í húsum yðar og á götum úti er grafið úr loftinu, og á lömpum yðar má kveikja með loftöldum. Hinir margvislegu litir, sem sýndir eru í loftskýjum á leikhúsum, sem svo mjög eykur þau unaðslegu áhrif, sem veitast við það að horfa á góðan sjónleik, — eru líking eða endurskin allra þeirra lita, sem eru á skýjum loftsins, og eru þaðan fengnir. Þrumurnar og eldingarnar, sem sýndar eru á leikhúsunum, eru teknar úr loftinu. Sjálfhreyfivagninn, sem þér ferðist í um bygðir landsins, fær afl sitt úr loftinu. Þegar ræna,nginn læðist um herbergi yðar að næturlagi til þess að leita verðmætis, þá notar hann raf-dimmuljós á lampa sínum. Það ljós er afurð loftsins, gliggervi þau og geislaskrúð, sem leikendur nota á sýnissviðum og sem með fegurð sinni töfra áhorfendurna, eru tekin úr loftinu. Gufu- og vatnsafl er enn þá notað í heimi iðnaðarins, en hið fyrnefnda er að miklu leyti fengið með loftþrýstingi, og á sviði fund-tilraunanna eða rannsóknanna, undramanna, hraðflutninga eða hraðfrétta, og á sviði hinna léttari atvinnuvega eða iðngreina, — er aflið, sem útheimtist til framleiðslunnar nálega eingöngu fengið eða hefir upptök sín uppi yfir en ekki niðri í jörðunni.

En allar þessar vélar, smáar og stórar, léttar og þungar, sem nú eru seldar um heim allan og gefa af sér ótaldar miliónir auðæfa, eru smávægi eitt í samanburði við vél þá, sem Sir William Crooks fann til þess að framleiða köfnunarefni beint úr loftinu, því að það skapar auðæfi á margan hátt. Ófrjór jarðvegur, grýtt hálendi og einmanalegasta eyðimörk geta orðið auðug og arðberandi við notkun efnis þessa, sem er gulli dýrmætara. Náttúran vinnur að því, að safna því fyrir í loftinu, og draga það beint þaðan. Alt jurtalíf er háð tilveru þessa efnis. Einn andardráttur af hreinu köfnunarefni væri nægilegur til þess að brenna upp allan heiminn.

Sum blóm hafa lært þá list, að draga köfnunarefni úr andrúmsloftinu, án þess að leita eftir því. Þær plöntur eru ekki margar, en þær eru frumherjar á þessu sviði visindanna, og af þeirra eftirdæmi verða visindamennirnir að læra.

Uppgötvanir Darwins og Heckels um manninn og samband hans við lífið eru þýðingarmiklar, ekki svo mjög fyrir það, sem þær sanna heldur miklu fremur fyrir þær vonir, sem þær hafa vakið um virkileika þess, sem mannkynið þráir eftir, og sem nú með hinum fundnu hreyfingum ljósvakans er sýnt að hafa virkilega tilveru.

Kipling, sem er einn af mestu dultrúarmönnum vorra tíma, segir um dýrin: "Þau eru ekki til þess að éta, heldur til þess að lesa þau. Hér er mergur málsins bundinn í eina setningu. Dýrin, eins og mennirnir, fuglarnir, blómin og klettarnir, sjóarnir og loftið, eru blöð í þeirri miklu alheimsbók, sem maðurinn verður að lesa með nákvæmni, hverja blaðsíðu, áður en hann getur tekið inntökupróf inn í hinn verulega alheim.

Vér erum hægt og hægt að læra stafrófið, en sérhver ný uppgötvun veitir manninum styrk til þess, að yfirbuga þau öfl, sem umkringja hann á alla vegu. Sá kemur tíminn, að hann lærir aðferðirnar til þess með léttu móti að afla sér þess, er vér á vorum tíma nefnum auðæfi, að hann hættir að sækjast eftir þeim. Miklu fremur verður það þá stefna hans, að afla sér auðæfa þeirrar þekkingar, sem áðurnefnd blóm nú hafa, og að kenna öðrum þau vísindi, sem allri auðlegð eru meiri, — að ná köfnunarefninu úr loftinu. Í því liggja meiri auðæfi, en orðum verði að komið. Sú auðlegð verður ekki táknuð með dollarsmerki, heldur eingöngu með vaxandi velmegun og rósamri fullnægju mannkynsins.

En þó að framleiðsla köfnunarefnisins hafi á síðari árum verið talin hámark vísindalegra uppgötvana, þá er nú risinn upp danskur maður, sem kreíst fyrsta sætis í flokki visindamanna. Sá heitir Paulsen. Hann hefir fundið upp aðferð til þess að auka svo hljóðmagn rafaldanna í loftinu, að hann getur sent mælt mál milli landa og ríkja. Hann getur stilt hljóm rafstraumanna eftir eigin vild sinni, svo að hann eykst yfirnáttúrlega mikið. Með þessari uppgötvun getur hann og kveikt á raflömpum í margra milna fjarlægð, og látið þá brenna eins lengi og aflið endist. Hann gerir kröfu til þess, að geta svo fullkomnað þessa uppfynding sína, að hann geti sent rafstrauma til þess að veita loftförum nægilegt afl til þess að fljúga um himingeiminn, og jafnvel til þess að knýja stórskip áfram um höf hnattarins. Þessi sami hugvitsmaður hefir í félagi með öðrum snillingi, P. O. Pedersen, fullkomnað talvél, sem tengja má við venjulegan telefón, og sem tékur á móti talskeytum og skrásetur þau með málrómi sendandans á seguleflðar stálþynnur. Þetta er gert með segulafli, og þannig, að þynnurnar sýna engar hrufur. Það, sem sérstaklega er markvert við þessa uppgötvun er það, að maður getur talað á eina slíka segulmagnaða þynnu, og sent hana svo með tveggja centa póstspjaldi, hvert sem maður óskar, og getur þá viðtakandi, með því að setja hana í viðeigandi vél og setja þá vél svo í hreyfingu, hlustað á málróm þess, sem talaði á þynnuna og heyrt framburð og hljómhæð hvers orðs nákvæmlega eins skýrt eins og hann hefði staðið við hlið sendandans meðan hann var að tala. Að því búnu getur viðtakandi dregið þar til gert segulstál yfir þynnuna, sem þannig þurkar af henni orðin, sem á henni voru, og talað svo á hana sjálfur og sent plötuna til baka til þess er sendi. Með þessu móti geta menn talast við í eigin og eðlilegum málrómi heimsendanna á milli.

Með því, sem hér hefir sagt verið, eru taldar að eins fáar af vélum þeim, sem fundnar hafa verið til þess að stunda loft-búskapinn og sækja auðæfi inn í ljósvakageiminn. Alheimurinn er áreiðanlega þrunginn margfalt meiri auðæfum enn mannkynið hefir enn þá gert sér í hugarlund. Hinn mikli Galilei, sem skipaði mönnunum að treysta alföðurnum, eins og fuglar himinsins og fjólur jarðarinnar gerðu, var sjálfur mestur allra vísindamanna. Hann hefir greinilega séð það, sem nútíðar vísindamenn eru lítillega byrjaðir að ráma í: Að ef mannkynið skyldi það lögmál náttúrunnar, sem ríkir í alveldinu, og sem jafnan er tilbúið að vinna öll hugsanleg kraftaverk fyrir það, þegar það hefir öðlast þekkingu á því, þá þarf það ekki að skorta neitt. Heimurinn er undrunarlega auðugur, og maðurinn umfram öll önnur dýr jarðarinnar virðist vera ákvarðaður til að öðlast þá þekkingu, sem honum er nauðsynleg til þess að geta fært sér alheimsins allsnægtir í nyt.

Grein þessi er þýdd úr blaðinu "Seattle Post Intelligencer",

LEIÐBEININGAR--SKRA
YFIR ÁREIÐANLEGA VERZLUNARMENN Í WINNIPEG

MUSIC OG HLJÓÐFÆRI

CROSS, GOULDING & SKINNER, LTD. 323 Portage Ave. Talsími 4413

MASON & RISCH PIANO CO., LTD. 356 Main Stree Talsími 4 8 0 W. Alfred Albert, Íslenzkur umboðsmaður

WHALEY ROYCE & CO. 356 Main St. Phone 263 W. Alfred Albert, búðarþjónn.

BYGGINGA- og ELDIVIÐUR.

J. D. McARTHUR CO., LTD. Bygginga- og Eldiviður í heildsölu og smásölu. Sölust: Princess og Higgins Tals. 5060, 5061, 5062

MYNDASMIÐIR.

G. H. LLEWELLIN, "Medallions" og Myndarammar Starfstofa Horni Park St. og Logan Avenue

SKÓTAU Í HEILDSÖLU.

AMES HOLDEN, LIMITED. Princess & McDermott. Winnipeg.

THOS. RYAN & CO. Allskonar Skótau. 44 Princess St.

THE Wm. A. MARSH CO. WESTERN LTD. Framleiðendur af Finu Skótaui. Talsími: 3710 88 Princess St. "High Merit" Marsh Skór

RAFMAGNSVÉLAR OG ÁHÖLD

JAMES STUART ELECTRIC CO. 324 Smith St. Talsímar: 3447 og 7802 Fullar byrgðir af alskonar vélum.

GOODYEAR ELECTRIC CO. Kellogg's Talsímar og öll þarachöld. áhöld talsími 3023. 56 Albert St.

RAFMAGNS AKKOKÐSMENN

MODERN ELECTRIC CO 412 Portage Ave Talsími: 5658 Viðgjörð og Vir-lagning — allskonar.

BYGGINGA - EFNI.

JOHN GUNN & SONS Talsími 1277 266 Jarvis Ave. Höfum bezta Stein, Kalk, Cement, Sand o. fl.

THOMAS BLACK Selur Járnvöru og Bygginga-efni allskonar 76—82 Lombard St. Talsími 600

THE WINNIPEG SUPPLY CO., LTD. 298 Rietta St. Talsímar: 1936 & 2187 Kalk, Steinn, Cement, Sand og Möl

BYGGINGAMEISTARAR.

J. H. G. RUSSELL Byggingameistari. Í Silvester-Willson byggingunni. Tals: 1068

PAUL M. CLEMENS Bygginga - Meistari. 443 Maryland St. Skrifst.: Argyle Bldg., Garry st. Talsími 5997

BRAS- og RUBBER-STIMPLAR

MANITOBA STENCIL & STAMP WORKS 421 Main St. Talsími 1880 P. O. Box 244. Búum til allskonar Stimpla úr málmi og togleðri

CLYDEBANK SAUMAVÉLA AÐGERÐARMAÐUR. Brúkaðar vélar seldar frá $5.00 og yfir 564 Notre Dame Phone, Main 8624

VÍNSÖLUMENN

GEO. VELIE Heildsöla Vínsali. 185. 187 Portage Ave. E. Smá-sölu talsími 352. Stór-sölu talsími 404.

STOCKS & BONDS

W. SANFORD EVANS CO. 326 Nýja Grain Exchange Talsími 369

ACCOUNTANTS & AUDITORS

A. A. JACKSON, Accountant and Auditor Skrifst.—28 Merchants Bank. Tals.: 5702

OLÍA, HJÓLÁS-FEITI OG FL.

WINNIPEG OIL COMPANY, LTD. Búa til Stein Olíu, Gasoline og hjólás-áburð Talsími 1590 611 Ashdown Block

TIMBUR og BÚLÖND

THOS. OYSTAD, 208 Kennedy Bldg. Viður í vagnhlössum til notenda, búlönd til sölu

PIPE & BOILER COVERING

GREAT WEST PIPE COVERING CO. 132 Lombard Street.

VÍRGIRÐINGAR.

THE GREAT WEST WIRE FENCE CO., LTD Alskonar virgirðingar fyrir bændur og borgara. 76 Lombard St. Winnipeg.

ELDAVÉLAR O. FL.

McCLARY'S, Winnipeg. Stærstu framleiðendur í Canada af Stóm, Steinvöru (Granitewares) og fl.

ÁLNAVARA Í HEILDSÖLU

R. J. WHITLA & CO., LIMITED 264 McDermott Ave Winnipeg "King of the Road" OVERALLS.

BILLIARD & POOL TABLES.

W. A. CARSON P. O. Box 225 Room 4 1 Molson Banka. Öll nauðsynleg áhöld. Er gjöri við Pool-borð

NÁLAR.

JOHN RANTON 203 Hammond Block Talsími 4670 Sendið strax eftir Verðlista og Sýnishornum.

GASOLINE Vélar og Brunnborar

ONTARIO WIND ENGINE and PUMP CO. LTD 301 Chamber St. Sími: 2268 Vindmillur — Pumpur — Agætar Vélar.

BLÓM OG SÖNGFUGLAR

JAMES BIRCH 442 Notre Dame Ave. Talsími 2638 BLÓM - allskonar. Söng fuglar o. fl.

BANKARAR.GUFUSKIPA AGENTR

ALLOWAY & CHAMPION North End Branch: 667 Main street Vér seljum Avisanir borganlegar á Íslandi

LÆKNA OG SPÍTALAAHÖLD

CHANDLER & FISHER, LIMITED Lækna og Dýralækna áhöld, og hospitala áhöld 183 Lombard St., Winnipeg, Man.

Á beztu heimilum

hvar sem er í Ameríku, þar munið þér finna HEIMSKRINGLU lesna. Hún er eins fróðleg og skemtileg eins og nokkuð annað íslenzkt fréttablað í Canada

Til sölu í Selkirk

Íbúðarhús 14x20, með áföstu eldhúsi 12x20, gripahúsi 18x20, og sumareldhúsi 10x10. Kjallari er undir húsinu 12x12. Fagninni fylgja 4 lóðir, hv. 33x115. Ágætur brunnur. Lóðirnar eru undir ræktun og eru á Clandeboye Ave., vestan járnbrautarinnar. Torrens Title. Eldsábyrgð $550.00. Verð $750.00. Borgist að fullu.

Skrautmyndir

Mjög vandaðar, stórar og fagrar, af skáldkónugunum íslenzku, Hallgrími Péturssyni og Jónasi Hallgrímssyni, fást hjá undirskrifuðum, önnur á 35c en báðar á 60c. Agæt stofuprýði.

ATH. — Þessir hafa þegar tekið að sér útsölu á myndunum: —

Friðrik Sveinsson, 618 Agnes St., Winnipeg; Wm. Anderson, 1797 7th Ave. W, Vancouver, B. C.; S. Bárðarson, R. F. D. 1, Box 90, Blaine, Wash.; Sigurður Johnson, Bantry (og Upham), N. Dak. Jóh. H. Húnfjörð, Brown, Man. OSThormodson, Pt. Robert, Wash J. G. Westdal, Minneota; Olafur G. Isfeld, Kristnes, Sask.; S. Pétursson, Arnes (og Nes), Man.; C. Christianson, Marshland, Man.; Sigurður Bjarnason, Big Quill (og Wynyard), Man; Konrad Sigtryggsson, Belmont, Man.

F. R. JOHNSON,
1419 W. 57th St., Seattle, Wash.

EINSTYKKIS FLEYTIRINN

í MAGNET Skilvindunni

ÞÝÐIR:

fullkominn aðskilnað, hæga hreinsun vélarinnar, og aðskilnað allra óhreininda úr mjólkinni og rjómanum, og — hreint smjör.

Skrifið eftir ókeypis tilraun heima hjá yður og sannfærist.

The Petrie Mfg. Co., Ltd.
WINNIPEG
Hamilton, St. John, Regina, Calgary, Vancouver.

Brúkaður Fatnaður

MESTA ÚRVAL ÆTÍÐ Á REIÐUM HÖNDUM. KOMIÐ VIÐ HJÁ OSS OG SKOÐIÐ FÖTIN.

THE
OXFORD

Brúkaðrafata fél.
Phone 6162.
532 NOTRE DAME AV.
Vér kaupum og seljum föt.

BEZTU KARLMANNA Skór sem búnir eru til.

Vér höfum nú til sýnis karlmanna skó fyrir þá, sem meta afbragðsgott skótau. Þeir eru valdir úr byrgðum beztu skógerðarmanna og ætlaðir þeim, sem ekki vilja annað en það, sem bezt er, — einmitt það, sem slíkir menn æskja

Ef þér viljið fá afbragðs Skófatnað, þá finnið þér hann hér.

Ryan-Devlin Shoe Co
494 MAIN ST. PHONE 770.

WINNIPEG SCHOOL OF MUSIC

Winnipeg söngfræðiskólinn er nú að byrja sitt fjórða árs kenslutímabil. Á sl. þremur árum hefir skólinn tekið bráðum þroska og framförum.

Skóli þessi getur sýnt ánægjulegan árangur í því, að 194 nemendur hafa staðist próf í 1., 2., 3. og 4. kensludeildum skólans. Tólf opinber "Piano Recitals" voru haldin á sl. ári. Prógrömmin yfir þau eru prentuð í blaðinu Town Topics á því ári.

Formaður skólans hefir á hverjum laugardegi undirbúningskenslu, til þess að búa nemendurna undir prófin.

Saga söngfræðinnar og æfisögur helztu söngfræðinga og samanburður á söngfræðistarfi hinna ýmsu höfunda, er einnig kent í sérstökum deildum.

Kennarar á síðasta kensluári voru: Piano—J. S. Ambler, S. K. Hall, C. A. Macklin, S. Gerardin (Pembina, N. D.), Mrs. J. Lester Nichols, Mrs. Freeman og Miss H. C. Finnerton. Söng—Rhys. Thomas og Fred Warrington. Fiolin—W. H. Macdonald. Cello—W. M. Miles.

Prófdómendur: J. S. Ambler og Rhys. Thomas.

Upplýsingabók og nafnaskrá yfir greinar skólans verða send þeim sem óska. Haustkensla byrjar 1. sept. 1909.

WINNIPEG SCHOOL OF MUSIC
Sandison Block, 304 Main St.,
Winnipeg. C. A. Macklin, skrif.

Þarft þú ekki að fá þér ný föt?

EF ÞAU KOMA FRÁ CLEMENT'S, — ÞÁ VERÐA ÞAU RÉTT.

Réttur að efni, réttur í sniði réttur í áferð og réttur í verði.

Vér höfum miklar byrgðir af fegurstu og beztu fataefnum. —

Geo. Clements & Son
Stofnað árið 1874
264 Portage Ave. Rétt hjá FreePress

Th. JOHNSON
JEWELER
286 Main St. Talsími: 6606

PÍANO með öfundsverðan Orðstýr

Valið af mestu söngfræðingum í heimi vegna þess óviðjafnanlegu tónfegurðar. Það er á heimilum söngfróðustu borgara þessa veldis.

Gamla Félagsins Heintzman & Co. PÍANÓ

hefir viðurkenningu, sem framleiðendurnir geta stært sig af. Auk þess hefir það hlotið fleiri imedalíur, fyrstu verðlaun og "Diplomas, en nokkurt annað Piano, sem til er.

J. J. H. McLean & Co LIMITED.

528 Main St. Talsími 808

ÚTIBÚ Í BRANDON OG PORTAGE LA PRAIRIE.

JOHN ERZINGER
TÓBAKS-KAUPMAÐUR.
Erzinger's skorið reyktóbak $1.00 pundið
Hér fást allar neftóbaks-tegundir. Óska eftir bréflegum pöntunum.
McINTYRE BLK., Main St., Winnipeg
Heildsala og smásala.

F. Deluca

Verslar með matvöru, aldini, smá-kökur, allskonar sætindi, mjólk og rjóma, sönul. tóbak og vindla. Óskar viðskifta Íslend. Heitt kaffi eða te á öllum tímum. Fón 7756

Tvær búðir:
587 Notre Dame og 714 Maryland St.

Fréttir úr bænum.

Brezka vísindafélagið hefir haldið marga fundi og fyrirlestra daglega hér í borg síðan í síðustu viku. — Aðsókn hefir allstaðar verið mikil, og umræður og fyrirlestrar sérlega fróðlegt. Meðal annars hafa sýndar verið myndir af marz og öðrum plánetum, sem svo eru skýrar, að vísindamennirnir þykjast sjá á þeim glögg merki mannvirkja á þessum hnöttum, svo sem stórvatnsskurða og einnig ræktunar jarðar. En vissu geta þeir vitanlega enga fært um þetta, þó þeir telji líkurnar svo miklar, að þær sem næst jafnist við sannanir.

Lesendur eru mintir á, að meðal umboðsmanna Heimskringlu á Kyrrahafsströndinni eru þeir herrar: J. A. J. Lindal í Victoria, Benedict B. Bjarnason í Vancouver og Thorgils Ásmundarson í Blaine. — Kaupendur blaðsins eru vinsamlega beðnir, að snúa sér til þessara manna með pantanir að blaðinu og borganir fyrir það. — Það getur verið mörgum þægilegra, að eiga við umboðsmenn blaðsins í sínu héraði, heldur enn við sksifstofu blaðsins.

Eftirfylgjandi leiðrétting er gerð við brúðkaupskvæði eftir S. Simonarson, sem birtist í 45. númeri þessa árs Hkr.: — Í fimta erindi stendur: "Trygðin og ástin, þau himnesku hnoss, er hamingjan bindur við sérhvern kross", en á að vera: "Trygðin og ástin, þau himnesku hnoss, er hamingjan bindur við sérhvern af oss".

Goodtemplar stúkan SKULD hefir ICE CREAM SOCIAL í kveld (miðvikudagskveld). — Allir íslenzkir Goodtemplarar velkomnir

Mrs. Kristín Dínuson, sem um sl. 9 mánuði hefir haft á hendi yfir matreiðslu á Lakeview Hotel í Gimli bæ, var hér á ferð í fyrri viku, á leið til Mountain, N. D., til þess að heimsækja móður sína og systir og einnig þau af börnum sínum, sem dvelja þar syðra. — Mrs. Dínuson lét sérlega vel af vistinni hjá þeim herra J. G. Christie, eiganda Lakeview Hotels, og konu hans. Hún kvað þau stjórna húsi sínu með sérstakri ráðdeild, lipurð og reglusemi. Hún býst við, að taka aftur til starfa hjá þeim hjónum, þegar hún kemur að sunnan.

Jóhanna Olson

Piano Kennari, byrjar 1. sept. nk. að kenna piano-spil, að 557 Toronto Street.

FUNDIR.

Barnastúkan ÆSKAN heldur sinn fyrsta fund eftir sumarfríið á laugardaginn kemur þann 4. sept., kl. 3.30 e.h., — en ekki þann 1. sept. eins og sagt var í síðasta bl.

FUNDARBOÐ.

Íslenzkir smiðir, sem tilheyra íslenzka trésmiðafélaginu (Union) eru ámintir um, að sækja næsta fund félagsins, sem haldinn verður í neðri Goodtemplar salnum á þriðjudagskveldið í næstu viku (7. sept.). Fundurinn byrjar kl. 8.

Herra Gísli Jónsson, bóndi að Wild Oak, var hér í borg í þessari viku. Hann sagði ástandið gott í sinni bygð. Heilsa fólks í bezta lagi. Heyskapur meiri enn í meðallagi og kornvöxtur góður. Hafrar og bygg var slegið og reyndist meira enn í meðallagi að vöxtum. Engin frost hafa komið í bygðinni í sumar, og vatnið í lægsta lagi. Jarðeplarækt ágæt. Gripir eru í lágu verði og lítil eftirspurn eftir þeim. Hr. Gísli Jónsson hefir í hyggju, að senda bráðlega hingað eitt vagnhlass af gripum til sölu.

Úr bréfi frá Norður Dakota eru þær fréttir sagðar, að Gardarsöfnuður hafi í síðustu viku samþykt á fundi að taka uppsögn séra K. K. Ólafssonar, sem þjónandi prests safnaðarins, gilda frá næstkomandi nýári, og fyrri, ef hann óskaði þess. Sama bréf getur þess, að mikil líkindi séu til, að bæði Mountain og Eyford söfnuðir muni á þessu ári segja sig úr kirkjufélaginu, og máske fleiri söfnuðir þar syðra.

Eyford söfnuður hefir þegar sagt presti upp þjónustu með 6 mánaða fyrirvara.

Capt. Blackburn frá Winnipeg, sá er vann mest verðlaun við skotmótið á Bretlandi í sumar, er nýlega kominn heim aftur. Hann hefir fengið gullúr og festi að gjöf frá Winnipeg borg fyrir sóma þann sem hann gerði borginni með sigurvinningum sínum á skotmótinu, þar sem hann sýndi sig hæfnasta skyttu í brezka ríkinu. Borgarstjóri Evans afhenti gjöfina og herdeild Winnipeg borgar var viðstödd í virðingarskyni við heiðursgestinn.

Sú harmafregn barst hingað á föstudaginn var, að Gísli Sæmundsson Borgfjörð, ungur landnemi í Árnesbygð í Nýja Íslandi hefði orðið bráðkvaddur daginn áður. Hann hafði dvalið með föður sínum þar nyrðra í sl. 2 ár, og var talinn með allra mannvænlegustu ungum mönnum þar í bygð. Lík hans var flutt hingað upp eftir á laugardaginn var, og fór jarðarför hans fram frá Fyrstu Únítara kirkjunni hér á sunnudaginn. Við útfararathöfnina fluttu ræður í kirkjunni þeir séra Rögnvaldur Pétursson og séra Jóhann P. Sólmundsson. Þorsteinn Þ. Þorsteinsson flutti einnig frumsamið kvæði. Líkfylgdin var ein hin fjölmennasta, sem verið hefir með Íslendingum hér í borg.

Herra Albert Kristjánsson, sem í sl. 3 vetur hefir stundað guðfræðisnám við Meadville prestaskólann únítariska, og stundað hefir söfnuði í Álptavatns- og Grunnavatnsbygðum á sl. sumri, eða síðan 1. júlí, kom hingað til borgarinnar í sl. viku og messaði í Fyrstu Únítara kirkjunni hér á sunnudaginn var. Í viðræðum sínum við Heimskringlu kvað herra Kristjánsson erindi sitt hafa gengið mæta vel. Fólkið í fyrneíndum bygðum hefði tekið sér einkar hlýlega og farið vel með sig. Meðan hann dvaldi þar vestra myndaði hann nýjan söfnuð í Grunnavatnsbygð og nokkrir bættust við söfnuðinn sem áður hafði myndast í Álptaúatnsbygð. Hann gat og þess, að fólk það, sem nú er í Únítara söfnuðunum þar vestra, sé áhugamikið og starfandi í safnaðamálum, það unni frjálsum trúbrögðum af alhug og liti með örruggri von um viðgang þeirra mála inn í framtíðina. Herra Kristjánsson hafði konu sína og börn með sér þar vestra, og hann biður Heimskringlu í nafni sín og konu sinnar, að flytja Álptavatns- og Grunnavatns búum alúðar þökk þeirra hjóna fyrir góða meðferð á þeim og börnum þeirra meðan þau dvöldu þar vestra. — Herra Kristjánsson býst við að fara suður aftur á prestaskólann um 20. þ.m. og fullkomna nám sitt þar á komandi vetri.

Eldur kom upp í McClary járnvöruhúsinu mikla á Bannatyne Ave. á laugardagskveldið var nálægt miðnætti. Skaðinn þar á annað hundrað þúsund dollara.

Til Sölu.

TIL SÖLU er tveggja hestafls gasoline snekkja (Canoe), nægileg fyrir þrjá menn. Hraði 8 mílur á klukkustund. Finnið John Gillis, 658 Sherbrooke St. Báturinn kostaði $200, selst fyrir $100.

TIL SÖLU er járnsmiðja með nauðsynlegu landrými og miklu efni, járni, stáli og kolum. Skift fyrir lóðir í Selkirk eða Winnipeg. Húsið er 18x24 fet. Ritstj. vísar á.

Jónas Pálsson,
SÖNGFRÆÐINGUR.
Útvegar vönduð og ódýr hljóðfæri.
460 Victor St. Talsími 6803.

Dr. G. J. Gislason,
Physician and Surgeon
Wellington Blk, - Grand Forks, N.Dak
Sjerstakt athygli veitt AUGNA, EYRNA, KVERKA og NEF SJÚKDÓMUM.

Drs. Ekern & Marsden,
Sérfræðislæknar í Eftirfylgjandi greinum: — Augnasjúkdómum, Eyrnasjúkdómum, Nasasjúkdóm um og Kverkasjúkdómum.
Í Platky Byggingunni í Bænum
Grand Forks, N. Dak.

Dr. M. Hjaltason,
Oak Point, Man.

S. K. HALL
kennari við
WINNIPEG SCHOOL OF MUSIC
Studios: 701 Victor og 304 Main St.
"Mr Hall is one of our best trained and most efficient teachers".—Winnipeg Town Topics 10 april 1909.

WINNIPEG Business College
Cor. Portage Ave and Fort St.
28. AR.
FÉKK FYRSTU VERÐLAUN Á SAINT LOUIS SÝNINGUNNI.
Dag og kveldkensla. Telefón 45.
Haustkensla byrjar 1 Sept.
Bæklingur með myndum ókeypis.
Skrifið til: The Secretary, Winnipeg Business College, Winnipeg, Man.

Íslenzkur Tannsmiður,
Tennur festar í með Plötum eða Plötulausar. Og tennur eru dregnar sársaukalaust með Dr. Mordens sársaukalausu aðferð
Dr. W. Clarence Morden, Tannlæknir.
Sigurður Davidson—Tannsmiður.
620½ Main St.
Phone 470 Horni Logan Ave.

Boyd's Brauð

er brauðið, sem heldur fjölskyldum við heilsu. Það er auðmelt og felur í sér næringarefni, sem byggja upp líkamann og viðhalda heilsu og kröftum. — Hvert brauð er full þyngd.

Boyd's

Bakery Cor. Spence & Portage Ave
Phone 1030.

Winnipeg Wardrobe Co.

Kaupa brúkaðan Karla og Kvenna fatnað,—og borga vel fyrir hann.

Phone, Main 6539 597 Notre Dame Ave.

BILDFELL & PAULSON
Union Bank 5th Floor, No. 520
selja hús og lóðir og annast þar að lútandi störf; útvegar peningalán o. fl.
Tel.: 2685

J. L. M. THOMSON, M.A., L.L.B.
LÖGFRÆÐINGUR. 255½ Portage Ave.

Hubbard, Hannesson and Ross
LÖGFRÆÐINGAR
10 Bank of Hamilton Chambers
Tel. 378 Winnipeg

ANDERSON & GARLAND
LÖGFRÆÐINGAR
35 Merchants Bank Bldg. Phone: 1561

BONNAR, HARTLEY & MANAHAN
Lögfræðingar og Landskjala Semjarar
Suite 7, Nanton Block, Winnipeg

W. R. FOWLER A. PIERCY.

Royal Optical Co.
327 Portage Ave. Talsími 7286.
Allar nútíðar aðferðir eru notaðar við augn-skoðun hjá þeim, þar með hin nýja aðferð, Skugga-skoðun, sem gjöreyðir öllum ágiskunum. —

ORKIN'S Kvennhatta Haust-solu Byrjun
1909

Fyrsta skifti sem sýndir eru aðkeyptir Parísar og New York hattar með nýjasta haust lagi —

VÉR sýnum einnig nokkur hundruð af "Orkin's Kvennhöttum", sem Winnipeg konur þekkja svo vel fyrir áferð þeirra, lagprýði og skrautfegurð þeirra — Þessir frægu hattar eru gerðir af hr. Henry Orkin, og þó þeir hafi ekki Parísar einkennið saumað í fóðrið, þá eru þeir ígildi þess sem en þá hef ir fluzt til W'peg frá heimsins beztu hattaverkstæðum Enginn tollur borgast af uppfyndning hr. Orkin's. — Verð hattanna er því sérlega lágt. —

Vér höfum nú Verðlista með myndum af Höttum vorum sem vér sendum hverjum sem óskar þess. —

ORKIN'S MILLINERY
259 Portage Avenue

Hefir þú séð hinar nýjustu umbætur og nýmóðins lag á vorum

Open Gas Grates and Wood Mantels

Komið og skoðið þær hjá —

Gas Stove Dept. Winnipeg Electric Ry. Co.
322 MAIN ST. TALS. Main 2522

Laing Brothers

3 Búðir:
234-6-8 KING ST. Talsími 4476, 5890, 5891
417 McMILLAN AVENUE Talsími 5598
847 MAIN ST. — Tals: 3016

Hafrar, Hey, Strá,
COUNTRY SHORTS, BRAN, CORN, CORN CHOP, BYGG CHOP, HVEITI CHOP, OG GARÐÁVEXTIR.
Vér höfum bezta úrval gripafóðurs í þessari borg; fljót afhending

EKRU-LÓÐIR

3. til 5 ekru spildur við rafmagns brautina, 5 mílur frá borginni, — aðeins 10 mánaðna ferð á sporvagninum, og mótborin keyrsluvegur alla leið. Verð $200 ekran og þar yfir. Aðeins einn-fimtipartur borgist strax, hitt á fjórum árlegum afborgunum.—

Skuli Hansson & Co.
Skrifst. Talsími 6078. Heimilis Talsími 27 4

Heimskringla.

Vér höfum næga skildinga

til að lána yður mót tryggingu í bújörðum og bæjar-fasteignum. Seljum lífsábyrgðir og eldsábyrgðir. Kaupum sölusamninga o g veðskuldabréf.

Frekari upplýsingar veita
Skuli Hansson & Co.
56 Tribune Building. Winnipeg.

XXIII. ÁR WINNIPEG, MANITOBA, FIMTUDAGINN 9. SEPTEMBER 1909. NR. 50

Norðurpóllinn fundinn

Um marga mannsaldra hefir mannkynið varið bæði tíma og ærnu fé til þess að finna norðurpólinn. Hver leiðangurinn á fætur öðrum hefir verið gerður út í þessu augnamiði, og ógrynni fjár hefir verið varið til þess að útbúa þessa leiðangra, svo vel og fyrirhyggjulega, sem mannleg þekking hefir áorkað. Hugdjörfustu landkönnunarmenn meðal þjóðanna hafa lagt líf sitt í hættu til þess að finna þennan sérstaka blett, er menn nefna norðurpólinn. Menn hafa farið á skipum eins langt og auðið hefir verið norður í höf, og þegar skipaleiðir þrutu, þá á sleðum með hundum fyrir. Aðrir hafa farið í loftförum. En engum hefir tekist að finna fyrirheitna landið, fyr en sú fregn barst um heim allan þann 1. þ.m., að amerikanskur læknir, að nafni FRERERICK ALBERT COOK, hafi í aprílmánuði í fyrra vor (1908) áreiðanlega fundið pólinn og reist þar á stöng Bandaríkjaflaggið, — þó ekki hafi fregnir borist af þeim fundi fyr en nú. Einkennilegt við fund þenna er það, að dr. Cook hafði engum sagt frá fyrirætlun sinni að leita pólsins, enda virðist svo af eigin frásögu hans, að honum hafi ekki komið það til hugar fyrr en alt í einu, að hann sá sér lagðar upp í hendur kringumstæður hentugar til leiðangursins.

Dr. Cook hefir sent blaðinu New York Herald afarlangt hraðskeyti frá Lerwick á Shetlands-eyjum þann 1. þ.m. Hér fylgir lausleg þýðing þess: —

Eftir langvarandi stríð við sult og kulda, höfum vér að lokum fundið norðurheimsskautið. Ný þjóðbraut nveð sérkennilegri lifttilveru hefir verið fundin og rannsökuð. Vér fundum stöðvar stórra flokka villidýra, sem gleðja hjarta Eskimóanna og víkka út sjóndeildarhring þeirra. Vér höfum fundið land, þar sem norðlægustu klettar hnattarins hvíla á, og 30 þús. fermílna þríhyrna hefir verið klipt af hinum áður óþekta hluta norðurheimsins.

Leiðangurinn til pólsins var afleiðing af sumarlangri siglingu um ishafið. Skipið Bradley lagði inn í Smith-sund — norðlægustu skipaleið heimsins — í ágúst 1907. þar voru fyrir hendi hentugleikar til þess, að útbúa leiðangur til pólsins. Herra John Bradley lét í té hagfeldan vistaforða frá skipi sínu, og það, ásamt því sem ég hafði með mér, nægði til fararinnar.

Margir Eskimóar höfðu safnast saman til dýraveiða í Annotok á Grænlandsströnd. þar ætluðu þeir að stunda vetrarveiði og höfðu dregið saman ógrynni af kjöti. þar voru 250 manns samankomnir og höfðu stóra hópa af sterkum hundum. Hér reyndust allar kringumstæður hagfeldar til pólarfarar, bæði matvæli og hreyfiafl, svo ég ásetti mér að hafa hér viðbúnað til fararinnar, að eins 700 mílur frá sjálfum pólnum. Hús og verksmiðja var bygð úr umbúðakössum, og allir lögðu fúsa hjálparhönd að verkinu, svo að áður enn veturinn var liðinn, var alt undirbúið til fararinnar. Ásetningurinn var, að kanna nýja leið yfir Grinnell eyju, svo norður með henni vestanverðri og þaðan beina stefnu á pólinn. Að svartnætti vetrarins um garð gengnu, sendum vér nokkura hópa manna til að kanna og finna nýjar leiðir, og sumir fóru yfir á Ameríkustrendur til þess að leita dýra. En árangur þeirrar ferðar var ekki sem æskilegastur.

Með fyrstu sólar uppkomu árið 1908, þann 19. febrúar, lagði aðalleiðangurinn upp í ferðina til pólsins, 11 menn og 103 hundar, sem drógu 11 stóra, þunga og velhlaðna sleða. Vér yfirgáfum strend ur Grænlands og lögðum út á ísbreiðuna í Smithsundi.

Um þessar mundir voru nætur langar og að eins fárra kl.stunda dagsbirta. Þá voru og vetrarstormarnir í sínum versta algleymingi, og þegar vér héldum yfir Ellsmere sundið, í átt til Kyrrahafs, þá var frost svo mikið, að mælirinn sýndi 117 stig fyrir neðan Zero (Fahrenheit). Margir hundar frusu í hel og mennirnir liðu allmikið. En brátt fundum vér slóðir villidýra og létti það mjög undir ferðinni gegnum Nansen sund til Landsenda. Á þessari ferð veiddum vér 101 mosk-uxa, 7 bjarndýr og 335 héra, og síðan lögðum vér út á íshafið til þess að ná suðurströnd Heiberg eyju. þangað höfðu 4 menn með 46 hunda verið að flytja vistaforða um 80 daga tímabil. þremur dögum síðar lögðum vér út á ísbreiðu þá hina miklu, sem liggur umhverfis norðurpólinn Átta af Eskimóunum, sem unnið höfðu sem hjálparmenn, yfirgáfu oss nú og sneru aftur heimleiðis. Nú voru þá eftir að eins 2 Eskmóar, Stuckshook og Ahmelsh, tveir beztu mennirnir, og 26 hundar. þessir tókust á hendur pólarferðina með mér, 460 milur norður í ókynnin.

Fyrstu dagana sigum vér hægt áleiðis. En þó komumst vér hæglega yfir landísbreiðuna, og viðstöðulítið út á aðalhafísbreiðuna. En nú voru kuldar og stormnæðingar svo miklir og uppihaldslausir, að tæpast var hægt að halda í sér lífinu. Við sváfum í snjóhúsum, átum þurt kjöt og tólg og drukkum heitt te, og einstöku sinnum náðum vér í dýr til matar. — Í marga daga eftir að vér síðast sáum þekt land, var dimmveður svo mikið, að vér gátum ekki ákveðið hnattstöðu vora.

Þann 30. marz var veður svo bjart, að vér sáum nýtt land til vesturs. Þá vorum vér á breiddarstigi 86 og 36 mín., en nú var oss svo nauðsynlegt að halda áfram, að vér máttum ekki vera að, að skoða það land. Hér sáum vér hið síðasta verulegt land. Fyrir framan oss var ekkert land að sjá, og jafnvel með því að klifra upp á hæstu ístindana sást ekkert, er gæfi til kynna, að land væri við pólinn. Vér héldum stöðugt áfram yfir einmanalega, fljótandi og rekandi ísbreiðu og vorum nú komnir út fyrir öll sýnileg lífstakmörk. Vér sáum hvorki bjarndýraspor eða nokkur merki um nálægð selu eða hvala. Ekki heldur gat ég með sjónauka orðið var við neitt lífandi. Nú varð hin daglega iðja vor afar einmanaleg, en ísinn varð einatt sléttari og farartálmanir minkuðu. Veðrið batnaði, en hélst þessi nístandi vindur, sem lamaði lífsmagnið og deyfði vonina. En undir svipu skyldurækninnar var ferðinni haldið áfram, og með því líka, að stöðug hreyfing var nauðsynleg til þess vér gætum haldið á oss hita og treint lífið. þannig héldum vér úrvinda af þreytu og kulda áfram yfir þessa ísevðimörk. Kveld þess 7. apríl varð oss minnisstætt, vegna þess, að þá skein miðnætursólin svo ákaft, að vér fengum frostbólgu og sólbruna á sama sólarhringnum. En nú óx þó hugrekki vort við vaxandi sólbjarma í næturleysinu. þann 8.apr. sýndu athuganir vorar að vér vorum á 86. breiddarstigi og 36 sek., og á 94. lengdarstigi og 25 sek., og höfðum vér þannig þokast áfram lítið meira en 100 mílur á 9 dögum.

Þegar kom norður fyrir 86. mælistig, þá urðu ísbreiðurnar stærri um sig og stórskornari, en sprungur færri og gerðu minni farartálma, og með fáum eða engum ísruðningsgörðum á milli 87. og 88. mælistigs var það oss mesta undrunarefni, að sjá land- eða lagís. Í tvo daga gengum við yfir ís, sem líktist jökulbreiðu. Engar hafísrákir voru þar sjáanlegar og eng ar djúpar sprungur. Hinsvegar var engin sýnileg hækkun og engin merki lands eða sjávar. þann 14. apríl vorum vér á breiddarstigi 88 og 21 mín., og lengdarstigsgr. 95 og 52 mín. Nú vorum vér innan 100 míla frá pólnum. Ísgarðarnir voru nú nokkru hærri og frostið var einatt neðan við 40 stig fyrir neðan zero, og fraus fljótlega saman allar sprungur, sem komu í ísinn, svo að þær gerðu lítinn farartálma. Nú var kominn tími til þess, að beita allri orku til þess, að ná ákveðnum áfangastað. Vér tókum nú hver um sig á öllu því vinnuþreki, sem vér áttum til, en þegar að náttstað kom, þá varð þó enginn til að byggja oss snjóskýli, þó enn væri kuldinn afarmikill. Vér urðum því að nota silkitjald vort, og þótti oss skiftin viðkunnanleg. Daglega sáust fleiri merki þess, að land væri framundan, en einatt reyndust þau merki ímyndan ein og ekkert annað en hillingar, sem jafnan eru mestar í miðnætursólar-löndum. En einatt vorum við að nálgast takmarkið. Sólarhæð var tekin daglega, svo vér vissum ætíð hvar vér vorum. Ísinn batnaði einatt. En útsýnið var hið sama tilbreytingarlausa og gleðisnauða. Engin andleg hreyfing gerði vart við sig í hugum vorum, heldur lá þreytan eins og martröð á öllu hugsana og tilfinningalífi voru.

En svo varð endir á þessu ástandi eins og öllu öðru: Að morgni þess 21. apríl vorum vér komnir á 89. gr., 59 mín. 46 sek. Pólinn var því í nálægð. Vér héldum áfram þær 14 sekúndur, sem til vantaði. Sólarhæð var tekin á ný, og bjuggumst vér til aðseturs þar til vér fengjum fulla og óhlífanlega vissu fyrir, að takmarkinu væri náð. Eskimóunum var sagt, að takmarkinu væri náð, og þeir lýstu gleði sinni með köllum og óhljóðum. Nú höfðum vér að lokum leyst þá þraut, að komast á sjálfan pólinn, og hér drógum vér Bandaríkjafánann á stöng þann 21. apríl 1908. Sólin virtist í hádegisstað. Vér stóðum á blettinum 90 mælistig, með því að ganga eitt skref áfram, vorum vér komnir hinumegin á hnöttinn. Hitamælirinn sýndi 38 stig, og loftþyngdarmælirinn 29.83 stig. Norður-, austur- og vestur-átt voru ekki lengur til, suður-áttin ein var til hvert sem vér litum. En kompásinn benti á magnetiska pólinn, og sýndi með því, að hann var áreiðanlegt verkfæri.

Þó vér yrðum ósegjanlega glaðir yfir því, að hafa náð þessu takmarki, þá lagðist deyðin og drunginn á oss strax næsta dag. Þegar búið var að gera allar vísindalegar athuganir, sem hægt var á þessum stöðvum, þá fyltumst vér leiðindum yfir öllu útsýninu. Hér var ekkert það sjáanlegt, sem gæti hafa hait þau áhrif, að heilla hugi manna um marga mannsaldra: Óendanleg ísbreiða, ekkert líf, ekkert land, og enginn blettur, sem maður gæti hvilt augað eða hugann við. Vér vorum þær einu lífsverur í þessum dauða ísheimi.

Næsta dag héldum vér áleiðis til baka. En með því að vér töldum víst, að ísinn væri á sífeldu austurreki, þá steíndum vér nokkuð í vestur. Vonin um, að nálgast átthagana gömlu ásamt góðu veðri og góðum ís, veitti oss þrek til þess, að komast langar dagleiðir. Fyrir norðan 87. gr. hafði talsverð breyting komið á ísinn, og það varð ljóst, að sumarið hafði þessi áhrif á hann. En nú kom fyrir það áhyggjuefni, að matarforði vor fór stöðugt og óðfluga minkandi, svo ekki var um annað að gera en að hefja baráttu fyrir lífi voru við hungur og helkulda. Blámi himinhvolfsins fór hverfandi, og í stað hans komu stöðugir gráskýjabólstrar. Margir þreytu og vonleysisdagar ráku hver annan. Oft voru skarpir vindstormar, en aldrei varð þó vindurinn algleymings svæsinn. — Við urðum að hraða ferðum vorum, hvernig sem viðraði til þess að firrast hungursdauða. Oss miðaði talsvert áfram með hverjum degi, en vér urðum að taka á öllu þreki voru til þess að halda saman sál og líkama. Þann 24. maí birti svo til í lofti, að vér gátum tekið sólarhæð. Vér höfðum nálgast 84. breiddargráðu og 97. hádegisbaug. Ísinn var mjög í jökum og rak austur og margar vakir voru í sjónum. Vér höfðum á sleðum vorum tæplega nóg matvæli til þess að endast, þar til vér næðum forðabúri voru við Nansen sundið, nema vér gætum þokast áfram 15 mílur á dag. En með langvarandi þreytu ásamt fóðurskorti, var oss tæpast ætlandi, að komast meira en 10 mílur á sólarhring. Vér tókum beina stefnu í Muskox-land. En á 83. mælistigi vorum vér vestan við afarmikla ísbreiðu með afarmiklum vökum, sem náði eins langt suður og augað eygði. Nú hlýnaði upp í zeroveður, og loftið var þokukent. Nú var það ráð tekið, að minka matarskamt manna og hunda um ¼ við það sem vanalegt var, og nú varð ferðalagið yfir íshrönglið sem næst ómögulegt. En að endaðri 20 daga baráttu við dauðann, rofaði svo til í lofti, að hægt var að gera athuganir, og þá urðum vér þess varir, að vér vorum komnir suður í Crown Prince Gustavs sjó, þar sem hafið var að miklu leyti opið með að eins smá isflákum milli vor og Heiberg eyjar. — Á næstu dögum fundum vér bjarndýr. þau reyndust oss lífgjafar, — vér fengum nóg að borða og við það birti yfir framtíðar útsýninu um stund. Vér komumst til Annatook með illan leik. Sú ferð varð oss þó greið vegna ísreks yestur á við. Og nú gerðum vér tilraun til, að fylgjast með ísrekinu suður í Lancaster-sund, þar sem vér vonuðum að nálgast eitthvert skozt hvalveiðasoip. En þegar kom fram í júlímánuð, þá varð öll suðurferð ómöguleg, svo að vér urðum að fara yfir Devon fjörðinn yfir til Jones-sunds til að leita matvæla.

Nú voru hundarnir látnir lausir, svo að þeir gætu veitt sér úlfa. Vér reyndum að komast til Baffin víkur, en tókst ekki. Einstöku sinnum náðum vér fuglum til átu, og einatt héldum vér í austurátt, þar til í September, að frostin gerðu oss alt ferðalag ómöguleg.

Vér urðum að taka vetursetu, þar sem vér vorum komnir. En nú vorum vér matarlausir, eldiviðarlausir og skotfæralausir, en urðum þó að afla oss lífsuppeldis þarna, þar sem í fyrstu virtist vera líflaus eyðimörk. Þegar hungrið tók að sverfa að oss, tókum vér til að beita hugviti voru til þess að búa oss til veiðarfæri, og vér réðum af, að reyna að komast á Sparbo höfða til að leita að einhverju lifandi dýri. Vér komumst þangað og fundum dýrin og notuðum boga og örfar, spjót (eða skutla) og knífa í viðureigninni við þau. Musk-uxar, birnir og úlfar veittu oss bæði mat og loðfeldi og feitmeti. Vér gröfum oss í jarðhús, sem vér bjuggum til,og dvöldum í því þar til um sólaruppkomu árið 1909.

Vér höfum ferð vora til Annotook 18. febrúar sl. og náðum Grænlandsströndum þann 15. apr. þar mættum við Harry Whitney og mörgum Eskimo vinum vorum. Til þess að komast sem fyrst áleiðis flutti ég mig suður í dönsku bygðina og komst til efri Navíkur þann 21. maí 1909".

Dr. Cook hefir lengi verið frægur landkönnunarmaður, og hefir hlotið mörg heiðursmerki fyrir starf sitt í þarfir vísindanna.

Síðan Cook kom til Kaupmannahafnar hefir hann verið í sífeldum heiðurssamkvæmum, og þegið sæmd mikla af mestu vísinda- og mentamönnum Dana. Konungur hefir haldið honum veglega veizlu, og sæmt hann heiðursmerki, og háskólar og vísindaélög hafa sýnt honum líkan sóma. Mestu vísindamenn Dana telja engan efa á, að Cook hafi fundið pólinn. Frá Danmörku fór hann til Brussels í Belgíu til þess að þiggja þar samskonar sæmd og Danir hafa veitt honum.

Lieutenant Peary nær takmarki sínu.

Sú fregn kom út í blöðum hér þann 7. þ.m., að Lieutenant Peary, pólfarinn mikli, hafi fundið norðurpólinn þann 6. apríl sl. (ári seinna en dr. Cook), eftir ítrekaðar atrennur að leita hans í sl. 23 ár.

Hann er Bandaríkjamaður eins og dr. Cook, og föðurland hans hefir þegar hinn mesta viðbúnað til þess að fagna heimkomu hans til Bandaríkjanna, sem búist er við að verði bráðlega. — Nánari fregnir um ferð Pearys í næsta bl.

OGILVIE'S
Royal Household Flour

Til Brauð og Köku Gerðar

Gefur Ævinlega Fullnæging

EINA MYLLAN Í WINNIPEG,—LÁTIÐ HEIMAIÐNAÐ SITJA FYRIR VIÐSKIFTUM YÐAR.

Fregnsafn.

Markverðustu viðburðir hvaðanæfa.

Hraðskeyti frá Tyrklandi segir, að gamli, afdankaði soldáninn sé nú orðinn sá líkamlegur og andlegur aumingi, að læknar geri sér litla von um, að hann geti lifað marga daga úr þessu. Sjálfur býst hann við dauða sínum á hverri stundu, og sefur um nætur í öllum fötum.

— Síðustu fregnir af flóðinu mikla í Mexico segja, að 30 þorp og bæir í Cerralano dalnum hafi algerlega skolast burtu, og að fólkið í hverju einasta húsi í dalnum hafi druknað. Í sumum húsum bjuggu alt að 30 manns, og fórust allir. Vatnið varð 8 feta djúpt í dalverpinu og sópaði burtu hverju einasta húsi í sumum þorpunum. Aðallega var það flóð úr Santa Catarina ánni, sem gerði mest mann og eignatjón.

— Eldur kom upp í gufuskipinu Minneapolis í síðustu viku, þegar það var í miðju Atlantshafi. Það kviknaði í heyi framarlega í skipinu, og lifði í eldsglóðunum fjóra sólarhringa. Loftskeyti um hjálp voru send í allar áttir, og gufuskipið Vaderland, sem þá var á ferð á hafinu, hrepti eitt af skeytunum, og kom til hjálpar. Það varð samferða Mienneapolis í heilan sólarhring, þar til tekist hafði að slökkva eldinn, svo að skipinu var engin hætta búin af honum.

— Sakamál hefir verið höfðað móti nokkrum borgarráðsmönnum í Montreal borg fyrir að hafa selt vinnu fyrir borgina. Það er meðal annars heimtað, að þeir skili fé því til baka, sem þeir drógu undir sig fyrir að lofa mönnum að vinna fyrir bæinn.

— Nýlega er látinn Sir Henry Strong, yfiredómari í Canada, 84 ára. Hann hafði haldið þessari stöðu síðan árið 1892, og eiðfest í embætti sín alla þá landsstjóra, sem síðan hafa verið hér í landi.

— Það er fullyrt, að stjórnin í Ontario hafi áformað, að selja ekki neinum spekúlöntum bæjarlóðir meðfram Grand Trunk Pacific brautinni þar í fylkinu, heldur að halda þeim öllum sem þjóðeign og láta fylkissjóðinn hafa hagnað af sölu húslóðanna í þeim bæjarstæðum.

— Jarðfræðifélagið í Lundúnum ogýms önnur félög á Englandi, hafa þegar ákvarðað og haft talsverðan viðbúnað til þess að veita dr. Cook, sem fann norðurpólinn, sæmdarviðtökur þar í landi.

— Lagafrumvarp liggur um þessar mundir fyrir þinginu á Frakklandi, sem miðar til þess, að gera alls konar fjárglæfraspil að þjóðeign, og að enginn megi á neinn hátt tefla eða spila fyrir peninga, nema með sérstöku leyfi stjórnarinnar. Árlegt spilaleyfi skal kosta $10 eða 50 franka, og engum skal leyft, að taka neinn þátt í nokkru áhættuspili, nema hann eða hún hafi áður sýnt leyfisbréf sitt frá ríkinu. Ekkert sveitar- eða borgarfélag má hafa fleiri en eitt slíkt spilahús, og í öllu Frakklandi mega þau ekki vera fleiri enn 25. Ágóðanum af seldum leyfisbréfum skal skift þannig, að hlutaðeigandi sveita- eða borga-félög fái 10 prósent, 10 prósent skal varið til að bæta heilsuhæli landsins, 40 prósents skal varið til ellistyrks og 40 prósent til að lækka skatta á óræktuðum löndum í ríkinu.

— Kappflug mikið á að verða þann 15. og 30. okt. nk. yfir Wembley Park á Englandi, milli þeirra Hubert Latham og Bleriot, loftsiglingamanna. Vinnandinn á að fá 20 þús., en hinn 5 þús. dollars fyrir ómakið.

— Krupp hergagna verksmiðjufélagið mikla í Essen á þýzkalandi hefir látið byggja stórfengilegt gistihús þar í borginni. Veran þar kostar ekki neitt, en þó er alt þar svo fínt og fullkomið, sem verða má, og boðlegt hverjum konungi, sem kynni að eiga leið þar um borgina. Gistiföll þessi var aðallega bygð til þess, að veita ókeypis beina þeim sendiherrum þjóðanna, sem þangað koma, ýmist til þess að kaupa hergögn eða til þess að yfirlíta tilbúning þeirra skotvopna, sem pöntuð hafa verið. Konunglegir sendimenn eru haldnir þarna ókeypis svo mánuðum skiftir meðan þeir dvelja í borginni.

— Maður nokkur í Argentína ríkinu hefir boðið Bandaríkjastjórn að fleyta herskipinu Maine, sem fyrir nokkrum árum sökk á höfninni í Havana, Cuba. Boð þetta hefir stjórnin tekið til íhugunar og talið líklegt, að hún gangi að því, ef lög leyfa. Stjórnin virðist vera í vafa um, hvort hún eigi skipið, samkvæmt alþjóðalögum, eða það teljist eign Cuba ríkisins. En sé það Bandaríkjaeign og stjórnin í Cuba veiti leyfi til þess að því sé lyft af mararbotni, þá er talið víst, að stjórnin gangi að boðinu.

— Stjórnin í Kína hefir tekið 5½ milión dollara peningalán á Englandi til þess að byggja að nýju Hankow-Canton járnbrautina, sem gekk úr lagi, þegar Japar og Rússar börðust þar í landi.

Wall Plaster

Með því að venja sig á að brúka "**Empire**" tegundir af Hardwall og Wood Fibre Plaster er maður hár viss að fá beztu afleiðingar.

Vér búum til:

"Empire" Wood Fibre Plaster
"Empire" Cement Wall "
"Empire" Finish "
"Gold Dust" Finish "
"Gilt Edge" Plaster of Paris
og allar Gypsum vöruuteg-undir. —

Eigum vér að senda yður bækling vorn?

MANITOBA GYPSUM CO. LTD
SKRIFSTOFUR OG MILLUR I
Winnipeg, - Man.

Heimskringla

Published every Thursday by The Heimskringla News & Publishing Co. Ltd

Verð blaðsins í Canada og Bandar $2.00 um árið (fyrir fram borgað). Sent til Islands $2.50 (fyrir fram borgað af kaupendum blaðsins hérlendis $1.50.)

B. L. BALDWINSON
Editor & Manager

Office:
729 Sherbrooke Street, Winnipeg
P.O. BOX 3083. Talsími 3512.

Hveiti byrgðir.

Hvaðan þær koma og hvernig og hvert þær fara.

(Niðurlag).

Samanburður á 5 ára tímabilunum 1866—1870 og 1903—1908 sýnir, að Bandaríkin hafa aukið hveitiræktar akra sína frá 18 miliónum upp í hartnær 47 miliónir ekra, og að meðal uppskeran hefir aukist um 2 bush. af ekru. Ef hin aukna uppskera hefði fengist á fyrra tímabilinu, þá hefði hún orðið sem næst sjötta hluta meiri en hún varð, og ef á síðari tímabilum uppskerumagn hverrar ekru hefði ekki orðið meira en það var á fyrra tímabilinu, þá væri árleg uppskera nú um 93 miliónir bush. á ári minni enn hún er. Þetta tók Sir William með í áætlun sína, en margir hagfræðingar gera það ekki. Á síðastnefndu tímabili varð meðal hveitiuppskera Bandaríkjanna um 14 bush. af ekru, en á vor-hveitilöndum Norðvesturríkjanna er uppskeran frá 11 til 13 bush. af ekru.

Þjóðverjar eru ágætir akuryrkjumenn. Þeir bera hæfilegan áburð á akra sína, og rækta þá með mestu nákvæmni. Meðal uppskera þar í landi er 27 til 28 bush. af ekru. — Ítalía, sem hefir akra sína að mestu í bröttum fjallahlíðum, fær 20 bush. af ekru, en í beztu héruðum landsins verður uppskeran 40 bush. af ekru, og enda nokkuð meiri. Fyrir 60 árum var meðal uppskera á Frakklandi ekki yfir 15 bushel af ekru. Á Ungverjalandi er meðal uppskera talin 20 bush. af ekru. Ef Bandaríkin gætu aukið uppskerumagn sitt um 5 bush. af ekru, þá fengi þjóðin 230 miliónir bush. meira hveiti á ári en hún fær nú. Í Rússlandi eru ræktaðar 60 miliónir ekra af ágætum hveitilöndum. Þar er hinn svarti jarðvegur afar frjósamur. Árið 1898 var meðal uppskera á Rússlandi 8 bush. af ekru, en nú er hún litlu minni enn í Bandaríkjunum. Á Indlandi eru 25 til 30 miliónir ekra undir hveitirækt. Meðal uppskera þar er 11 bush. af ekru. — Argentína hefir 15 miliónir ekra undir hveitirækt. Meðal uppskera þar er litlu minni enn í Bandaríkjunum.

Það er skoðun ýmsra vísindamanna, að heimurinn geti hæglega framleitt 5 eða máske 6 biliónir bushela af hveiti árlega, sem sé, 50 til 75 prósent aukning frá því, sem nú er, og að sú aukning nægi til að fæða frá 300 til 500 miliónir manna, ef hverjum manni er ætlað 4½ bush. á ári. Þessi aukning gerist með tvennu móti: Fyrst með nákvæmari ræktun en nú er viðhöfð, og í öðru lagi með því að auka hveitiræktar akrana.

Fyrir nokkrum árum síðan, þegar miklar umræður urðu um hugsanlega hveitiburð í heiminum, þá benti Edward sál. Atkinson á Norðvesturlandið í Canada, sem það land, er framleitt gæti feikna mikið hveiti. Aðrir reyndu að sýna fram á, að þetta væri ómögulegt af því að loftslagið í Alberta væri kaldara en í St. Pétursborg á Rússlandi. Fyrir 25 árum voru hveitiakrar Manitobafylkis að eins 300 þúsund ekrur. En nú eru 5 miliónir ekra af hveitiökrum í Manitoba, Saskatchewan og Alberta, og þeir akrar eru óðum að stækka með hverju ári.

Það er sagt, að tæplega 5 prósent af ræktanlegu landi í Síberíu sé enn þá ræktað, og feikna landflæmi í Argentína ríkinu er órækt-að enn þá. Og jafnvel í Bandaríkjunum er líklegt að með vatnsveitingum sé hægt að auka hveitiakrana að miklum mun.

Á þremur árum eftir hveitiverðs hámarkið árið 1898, kostaði No. 2 vetrarhveiti í New York 80c hvert bush. Það er að segja, hveiti var óðýrt á þeim árum, sökum nægilegs framboðs.

Skýrslur akuryrkjudeildanna sýna, að á 3 árum á undan árinu 1898, var hveiti sáð í 36 miliónir ekra, en á 3 árum næst á eftir árinu 1898, var ekrufjöldinn kominn upp í 45 miliónir ekra, eða þar um bil. Það er ekki hægt að segja, að þessi samanburður sé algerlega áreiðanlegur, því það er almælt, að á fyrra tímabilinu hafi ekrufjöldinn verið meiri en skýrslurnar töldu. Hinsvegar virðist áreiðanlegt, að verðhækkun hveitis miði til þess, að framleiðslan aukist, og það er líklegt, að núverandi verðhæð þessarar korntegundar hafi þess konar áhrif. Líkindi eru til þess, að í hvert sinn, sem nokkur hveitiþurð gerir vart við sig, þá muni mannkynið bæta við sig aukaverki til þess að framleiða enn þá meira enn nokkru sinni fyr, og auka út akra sína og uppskerumagn, — auka framleiðsluna.

Átta árum eftir að Sir William Crooks flutti ræðu sina um hið "Brennandi spursmál nútíðarinnar", það er að segja: Árið 1906 framleiddu heimsþjóðirnar 3435 miliónir bush. hveitis, sem samkvæmt áætlun hans um brauðþörf hvers einstakings mundi nægja 760 miliónum manna, eða hartnær helfingi fleiri, en hann þá áætlaði að til væru í heiminum. Áætlun sú, sem hér er gerð um heimsframleiðsluna, er tekin eftir akuryrkjuskýrslum Bandaríkja stjórnarinnar, og þær skýrslur eru áreiðanlega eins réttar eins og völ er á.

Hviti mannflokkurinn getur tæpast hafa aukist um 50 prósent á 8 árum, en samt var uppskeran árið 1906 öll seld með háu verði, og án þess, að nokkuð gengi af til komandi ára. Það er því áreiðanlegt, að hveitið var alt étið upp. Bæði framleiðsla og eftirspurn hefir vaxið fljótara en fólkinu hefir fjölgað, svo að ótrygt er, að gera nokkrar ákveðnar áætlanir um þörfina.

Flutningskostnaður er og athugunarverður í þessu máli. Árið 1870 kostaði flutningur hveitis frá Chicago til New York 33c hvert bush., eða 22c, ef farið var bæði á vatni og brautum. Nú er flutningskostnaðurinn kominn niður í þriðjung þess, er áður var. Einnig hefir flutningsgjald á höfunum lækkað talsvert. Flutningskostnaðurinn lækkaði 22 prósent frá 1884 til 1897. Þessi lækkun þýðir hærra verð til bóndans og lægra verð til þess, er kaupir, um leið og það örfar til aukinnar framleiðslu.

Fyrir 20 árum var sagt, að hveiti mundi lækka svo í verði á Englandi, að það sem þá kostaði 52 shillings mundi seljast fyrir 34 shillings. En samt fær Ameríkubóndinn eins hátt verð nú og hann fékk þá fyrir hveiti sitt, af því að flutningskostnaðurinn hefir lækkað. Það er jafnan hætt við hveitiþurðar hræðslu á Bretlandi, af því að landið sjálft framleiðir ekki nema 60 miliónir af þeim 250 miliónum bush., sem það þarfnast árlega. Skýrslur sýna, að Bretland hefir á sl. 5 árum orðið að kaupa yfir 200 miliónir bush. á ári til heimabrúks. Sú spurning er sívakandi þar í landi, hvernig þjóðin færi að lifa, ef hún misti yfirburða afl sitt á höfum heimsins, og sú hugmynd hefir vaknað, að stjórnin ætti að stofna kornforðabúr, og hafa þau alt af vel fylt, svo nokkuð væri fyrir hendi, ef henni yrði bannaðar skipagöngur um tíma.— En þetta hefir aldrei komist í framkvæmd, — líklega af því, að þjóðin veit, að það mundi litið bæta hag hennar, ef hún annars misti yfirburði þá á sjónum, sem hún nú hefir.

Annars er England minna háð Bandaríkjunum síðan framleiðsla hveitisókst í öðrum löndum og flutningsgjald lækkaði. Þess vegna sagði líka blaðið "London Economist" í apríl sl., að umráð hr. Pattens yfir hveitiverðinu í Bandaríkjunum, hefði minni þýðingu fyrir verkalýð Bretlands en á nokkrum undanförnum tíma. Og sama blað tók það fram, að uppsprenging Leiters á hveitiverði fyrir nokkrum árum hefði haft þau áhrif, að örfa önnur lönd til framleiðslu þessarar korntegundar. Og þess vegna hefði líka hveitiverðið á Englandi staðið í stað, eða litið hækkað síðan árið 1898, þó áður hefði það verið sífeldum breytingum háð.

Frá sjónarmiði Breta og annara þjóða, sem þurfa að kaupa hveiti, þá er ein framleiðslu uppspretta ófullnægjandi. Þurkar á Indlandi eða í Ástralíu geta eyðilagt uppskeruna þar, og engisprettur geta étið uppskeruna í Argentina, og hallæri getur orðið á Rússlandi, eins og oft hefir komið fyrir þar.

Til dæmis, keypti England árið 1902 224 miliónir punda af hveiti, en næsta ár að eins 60 miliónir punda, og árið 1899 keypti það frá Indlandi 900 miliónir punda af hveiti, en næsta ár ekki nema einn tiunda part af þeirri upphæð. Í þessum hveitisölulöndum, að undanteknum Bandaríkjunum og Canada, er hveitiræktin á lágu stigi, svo að kaup frá þeim eru ekki ábyggileg.

En jafnvel eins og nú stendur, þá eru kornútvegir Bretlands eins tryggir og Canada og Bandaríkjanna, af því, að þó ein uppsprettan bregðist, þá eru aðrar tryggar. Hveiti er sáð einhversstaðar í heiminum á hverjum mánuði ársins. Þess vegna er og uppskeran uppihaldslaus árið um kring. Uppskeran í Argentinu er í desember, í Ástralíu litlu síðar, á Indlandi í marzmánuði, í Bandaríkjunum frá maí til september, og þegar uppskerunni í Canada er lokið, þá byrjar hún í Argentina. Uppskerubrestur í Evrópulöndum hefir nú orðið litil önnur áhrif, en að örfa framleiðsluna í suðlægari löndunum.

Sem hveitisölulandi hefir Bandaríkjunum heldur hnignað á sl. 5 árum. Hveitiútflutningur þaðan varð heldur minni á 5 ára tímabilinu 1903—1907, heldur enn á 5 ára tímabilinu 1886—1890, en meðal uppskera varð þá 46 prósent meiri. — Það er líklegt, að tilgáta Sir Wm. Crookes sé rétt, að Bandaríkin hætti að verða hveitiútflutningsland. Og þó fullur þriðjungur hins útflutta hveitis sé malaður heima, þá er tvísýnt, að nokkur þjóðarlegur gróði sé í því.

Útflutt hveiti frá Bandaríkjunum getur hæglega mætt samkepni. Ódýrari vinna erlendis, t.d. getur herra Smith þess, að kaupamönnum á Rússlandi sé borgað við uppskeruna þar frá 30 til 40 cents á dag, og kvenfólki að eins helfingur þess kaups. En samt sé framleiðslukostnaðurinn á Rússlandi eins mikill á hvert bushel eins og í Dakota, af því að Dakota búar beiti meiri þekkingu og hagfeldari vélum við starf sitt. — Og þó Bandaríkin hætti að flytja hveiti úr landi, þá verður það ekki svo mjög vegna vaxandi fólkstölu, heldur af því, að þjóðin sé að auðgast, og neyti þess vegna meira heima fyrir, á hvern mann, heldur enn áður var, og vér mundum rækta meira hveiti nú, ef það væri arðsamari atvinnuvegur. Á tímabilinu 1903—1907 jukum vér hveitiakrana um 29 milión ekrur, og mais og korn-akrana um 59 milión ekrur. Nokkuð af þessu kornlandi hefði eflaust orðið notað til hveitiræktar, ef það hefði borgað sig betur.

Grein þessi er rituð af W. Pavne og prentuð í "Saturday Evening Post" 5. júní 1999.

Eldflótta-renna.



Herra Sigurður Davíðsson málari, sem býr að 804 Sargent Ave. hér í borg, hefir fundið upp og smíðað sýnishorn af nýrri eldflótta-rennu (Fire Sscape), sem hann hefir fengið einkaleyfi á hér í Canada og Bandaríkjunum. Hér er sýnd mynd af húsvegg með áfastri þessari nýju rennu. En hún er af þeim, sem skyn bera á slík mál talin að vera það bezta "Fire Escape", sem þekt er nokkursstaðar, og svo er hún þægilegt eldflóttatæki, að kona með eitt eða tvö börn í fanginu getur hæglega rent sér ofan í henni, og um leið algerlega takmarkað ferðhraða sinn eftir rennunni. Ekki heldur þurfa þeir sem rennuna nota, að leggjast flatir niður í hana, heldur geta þeir setið á upphækkuðum bekk, og haldið sér í handrið, og með því takmarkað ferðina um leið og þeir renna sér, sitjandi á bekknum, frá einni tasíu til annarar. Halli rennunnar er ekki meiri en svo, að 15 feta lengd hennar færir þann, sem í henni situr, 10 fet niður eftir veggnum, og pallur er við hvert loft, þar sem stansað er til að snúa sér við til að renna niður á næsta loft. — Það er ætlast til, að renna þessi sé gerð úr járni, og vitanlega er hún ætluð aðallega fyrir stór íbúðarhús, skóla og leikhús, eða önnur hús, þar sem margt fólk hefir aðsetur eða kemur saman í, en má þó notast við hverja byggingu, sem óskast. Hún er praktisk, óhult og ævarandi. — myndin sýnir palla, sem gerðir eru neðan við glugga á hverri lyftingu hússins, og liggur rennan milli þessara palla aftur og fram eftir veggnum, þar til komið er niður að jörðu. — Svo er renna þessi þægileg, að börn geta leikið sér að því, að renna sér þar niður algerlega hættulaust. Þau verða að stansa við hvert loft til þess að breyta steinu, svo þau komist áfram niður.

Vér höfum séð sýnishorn af rennu þessari hjá herra Davíðssyni, og litist vel á hana. Sennilegt er, að hún verði framvegis notuð á stórbyggingum, þar sem brýn nauðsyn er á áreiðanlegum eldflótta tækjum.

"Sínum augum lítur hver á silfrið."

Heimskringla frá 12. ágúst síðastl. flytur mjög fjölorða grein eftir vin minn Hjálmar A. Bergman um safnaðarfundinn á Gardar 12. júlí síðastl. Vegna þess að þessi grein hans hefir eflaust verið rituð að miklu leyti í tilefni af grein eftir mig í Lögbergi, og að ég lít töluvert annan veg á ýms atriði í sambandi við þennan fund en vinur minn gerir, þá neyðist ég til, að fara nokkrum orðum um nokkur helztu atriðin, sem meiningarmunur sýnist eiga sér stað um. Með því móti geta menn dæmt, betur en áður var mögulegt, um það, hvort ég fór að einhverju leyti rangt með í grein þeirri, sem ég skrifaði áður um þetta efni. — Grein vinar míns er afarlöng, og get ég þess vegna ekki lagt mig niður við, að svara öllu því, sem svaravert er í henni, en verð að eins að halda mér að því, sem ég hafði áður sagt um þetta mál.

Vinur minn reynir að sýna fram á, að það sé ekki rétt af mér að segja, að séra Birni B. Jónssyni hafi verið veitt málfrelsi á fundinum að eins eftir "töluverða mótspyrnu", en skýrir um leið frá því, að það hafi verið samþykt, að veita honum málfrelsi með 47 atkvæðum gegn 40. Ef þessi atkvæðagreiðsla sýndi ekki "töluverða mótspyrnu", þá væri fróðlegt að vita, hvað hún hefir sýnt. Svo segir hann, að þetta atriði hafi ekki verið neitt flokksmál. Ég veit ekki til, að einn einasti maður, sem kirkjufélaginu var hlyntur, hafi greitt atkvæði móti því, að séra Birni væri veitt málfrelsi. En ef 40 menn úr flokki andstæðinga kirkjufélagsins voru á móti því, að veita séra Birni málfrelsi, þá sýnist það benda mjög ótvírætt til þess, að þetta var skoðað sem flokksmál. Það, að meir en helmingur þeirra, sem á fundi voru, greiddu ekki atkvæði í þessu máli, sannar ekki neitt. Slíkt á sér þráfaldlega stað á fundum, og er ekki tiltökumál. Í þessu sambandi reynir vinur minn að sanna, að séra Björn hafi samkvæmt almennum fundarreglum ekki haft rétt til að tala í því máli, sem fyrir lá, heldur hafi hann að eins átt að flytja söfnuðinum "kveðju". Ef vinur minn vildi athuga þetta mál með sanngirni, mundi hann fljótt komast að því, að þetta er stórkostlegur misskilningur. Slíkar fundarreglur ná að eins til manna, sem veitt er málfrelsi á einhverjum fundi, án þess að hafa siðferðislega heimting á, að slíkt sé veitt. Hér var alt öðru máli að gegna. Sem forseti kirkjufélagsins átti séra Björn fullkominn siðferðislegan rétt til ótakmarkaðs málfrelsis, á fundi safnaðar, sem enn stóð í félaginu, og það þess heldur, sem hér var verið að ræða mál, sem kom kirkjufélaginu öldungis jafn-mikið við og söfnuðinum sjálfum. Ég veit ekki betur, en að þannig sé litið á málið í öllum lögbundnum félagsskap. Ég vil að eins benda á sem dæmi siðvenjur í tveim félögum, sem Íslendingum eru vel kunn. Hefir nokkur heyrt þess getið, að ef æðsti embættismaður stórstúku Goodtemplara kemur á fund í einhverri stúku, þar sem verið væri að ræða mál, sem ekki væri sérmál stúkunnar, heldur snerti líka stórstúkuna, að það væri ekki álitið sjálfsagt, að hann fengi þar fullkomið málfrelsi,— og það án þess, að gengið væri til atkvæða um, hvort honum skyldi leyft það? Það væri skoðað sem sjálfsagður hlutur. Ef æðsti embættismaður í "Independent Order of Foresters" kæmi á fund, sem stúkan á Gardar héldi, mundu ekki félagsmenn álíta, að hann hefði siðferðislegt tilkall til málfrelsis þar, fyrir utan það, að almenn kurteisi mundi heimta það? Ég fyrir mitt leyti álít, að menn, sem standa í kristilegum félagsskap, ættu að vera reiðubúnir að sýna að minsta kosti eins mikið frjálslyndi í þeim félagsmálum eins og þeir sýna í öðrum félagsmálum, að minsta kosti, að brjóta ekki á bak aftur almennar kurteisis- og siðferðisreglur. Ég hefi ástæðu til að halda, að vinur minn hafi einu sinni litið á þetta mál alveg eins og ég, því að ég veit, að á safnaðarfundi í Tjaldbúðar söfnuði, þar sem líkt stóð á, mælti hann með því, að séra Birni væri veitt fullkomið málfrelsi, sem og líka var gert.

Ég sagði í grein minni, að það hefði ekki verið neitt því til fyrirstöðu, að nafnakall við atkvæðagreiðsluna hefði átt sér stað, þar sem skrifarinn hefði haft við höndina fullkomna skrá yfir alla atkvæðisbæra safnaðarlimi. Þetta álít ég að sé rétt, þrátt fyrir það, sem vinur minn finnur því til foráttu. Það er rétt, að það eru ekki til nein lög, sem heimta slíkt, en það eru heldur ekki til nein lög, sem banna það eða segja það óformlegt. Hér hefði sem bezt mátt viðhafa þessa aðferð, ef meirihlutinn hefði viljað gefa það eftir, þegar farið var fram á það af minnihlutanum, og það án þess, að nokkurs manns réttur væri skertur á nokkurn hátt. Ég átti tal um þetta við skrifara safnaðarins á eftir fundinn, og lét hann þá í ljósi þá skoðun, að þessa aðferð hefði vel mátt nota, en að meirihlutinn hefði ekki viljað gefa það eftir, að atkvæðagreiðslunni væri þannig hagað. Hér var það að eins sanngirnin, sem heimtaði þessa aðferð, og ekki um neitt lagabrot að ræða, hvernig sem að var farið.

Það var ekki min hugmynd, að gefa það í skyn, að forseti fundarins hefði beitt nokkrum sérstökum ójöfnuði, enda er hann maður, sem ekki mundi vilja gera sig sekan í sliku. En að hann hafi sýnt minnihlutanum nokkra tilhliðrunarsemi, er ég jafn-ófús að viðurkenna. Að hann eigi nokkrar þakkir skilið fyrir að lofa séra Kristni að "halda sinu striki", þegar gripið var fram í fyrir honum, get ég ekki séð. Það hefði verið mjög svo lélegur forseti, sem hefði tekið þær bendingar til greina, að séra Kristinn væri kominn burt frá efninu, því þær voru vissulega ekki á rökum bvgðar. Að úrskurður hans viðvíkjandi uppástungu séra Kristins hafi verið rangur, álít ég ekki rétt. Það stóð nákvæmlega eins á með tillögu hans eins og tillögu George Petersons á kirkjuþinginu í sumar. Báðar tillögurnar voru varatillögur, sem æfinlega geta komist að. Ef meirihlutinn á kirkjuþinginu síðasta, sem nú er úthrópaður fyrir þröngsýni, hefði verið eins þröngsýnn og meirihlutinn í Gardarsöfnuði, þá hefði tillögu George Petersons verið stungið undir stól og hún aldrei fengið að koma til atkvæða.

Vinur minn tilfærir ekki orð min alveg rétt, þar sem ég sagði, að ég áliti betra, að það væri tveir söfnuðir, sem störfuðu hvor í sínu lagi með samhug, heldur enn þótt þar væri einn söfnuður, þar sem meiri og minni innbyrðis óeining ætti sér stað. Allir, sem kunnugir eru, vita, að eins og komið var í Gardarsöfnuði, var ekki um verulega einingu að ræða, hvernig sem séra Kristinn hefði tekið í strengina. Og naumast getur mér fundist, að framkoma hans hafi verið annað en eðlileg, og að hann hafi verið í alla staði sjálfum sér samkvæmur í þessu máli. Þrátt fyrir alt það ryk, sem reynt er að slá í augu manna nú á tímum, þá er það auðsætt, að ágreiningur sá, sem á sér stað í kirkjufélaginu og svo söfnuðunum, er fyrst og fremst trúarlegs eðlis, þótt þar blandist auðvitað margt annað inn með. Það er skylda hvers manns, sem skipar aðra eins stöðu og séra Kristinn skipar, að halda fram sinni sannfæringu eftir megni, og það og ekkert annað hefir hann gert.

Mér getur ekki annað en fallið það illa, að sjá vin minn geta sig sekan í, að taka upp eftir öðrum hinn illgirnislega þvætting, að Sameiningunni hafi verið bætt við játningarrit kirkjufélagsins. Ónnur eins staðhæfing er auðsjáanlega gerð til þess, að æsa tilfinningar manna, sem í svipinn kunna að verða svo grunnhygnir að taka þetta trúanlegt. Að lýsa því yfir, að stefna sú, sem Sameiningin heldur fram, sé réttmæt stefna kirkjufélagsins, er alt annað en að gera það málgagn að játningarriti og segja, að hún sé "óskeikul". Slík yfirlýsing var, eins og á stóð, í alla staði mjög eðlileg og tímabær. Allir menn, sem hafa lesið Heimskringlu á undanförnum árum, vita, að það blað hefir eftir mætti stutt málstað aðfurhaldsflokksins hér í Canada í landsmálum. Ef ágreiningur um stefnu flokksins ætti sér stað, mundi það ekki þykja neitt óeðlilegt, þótt gerð væri yfirlýsing á flokksþingi um, að stefna sú, sem Heimskringla hefir fylgt nú í meir en 20 ár, væri réttmæt stefna flokksins. Ef svo einhver kæmi fram á eftir með þá staðhæfingu, að alt, sem staðið hefir í Heimskringlu undanfarin ár, hefði verið bætt við stefnuskrá flokksins, mundi mönnum þykja það eðlilegt eða sennilegt? Mundi ekki slík staðhæfing vekja athlægi hjá öllum skynberandi mönnum? Það stendur nákvæmlega eins á með yfirlýsingu þá, sem gerð var á síðasta kirkjuþingi viðvíkjandi Sameiningunni. Það sýnir skort á heiðarlegum vopnum, þegar menn leggja út í einhverja baráttu með eins lélega "hækju" eins og hér er um að ræða, og reyna að gera annað eins að stórri stoð.

Það er margt annað í grein vinar míns, sem ég hefði viljað minnast á, en ég vil forðast, að verða eins fjölorður og hann og læt því staðar numið að sinni. Persónulega hefi ég yfir engu að kvarta, hvað grein hans viðvíkur, en mér getur ekki annað en fundist, að hann hefði getað gert athugasemdir" sínar án þess að láta þær vera eins illkvitnislegar eins og þær eru. Slík illkvitni getur engu góðu til leiðar komið, heldur að eins valdið óþarfa æsingi og um leið spilt fyrir skynsamlegri íhugun þess máls, sem um er að ræða. Ég álít, að menn ættu að forðast að deila þannig, að tilfinningum andstæðingsins sé á nokkurn hátt misboðið; því ef það er gert af óþörfu, þá vinnur maður sínum eigin málstað tjón, en ekki gagn. Í öllum deilum, þar sem um nokkurt verulegt deiluefni er að ræða, ætti að vera völ á nægum nýtari vopnum.

B. J. Brandson.

Sparið Línið Yðar.

Ef þér óskið ekki að fá þvottinn yðar rifinn og slitinn, þá sendið hann til þessarar fullkomnu stofnunar.

Nýtízku aðferðir, nýr vélaútbúnaður, en gamalt og æft verkafólk.

LITUN, HREINSUN OG PRESSUN SÉRLEGA VANDAÐ

Modern Laundry & Dye Works Co., Ltd.
307—315 Hargrave St.
WINNIPEG, MANITOBA
Phones: 2300 og 2301

Leiðrétting.

Leiðréttinga biðst á missögnum í æfiágripi herra Th. Thorsteinssonar í Beresford, Man., sem birt var í Búnaðarskóla útgáfu Heimskringlu: —

1. Faðir Þorsteins var Eiríksson, en ekki Eyjólfsson, eins og stendur í æfiágripinu.
2. Þorsteinn á eina dóttur eftir fyrri konu sína, sem heitir 3 nöfnum, Victoria Kristin Georgia, en ekki 3 dætur, eins og stóð í æfiágripinu
3. Með seinni konu sinni hefir hann ekkert barn átt, því síður 3, eins og stóð í æfiágripinu

Þessar villur stafa af ófullkomnum og ógreinilegum upplýsingum.

Dánarfregn.

Þann 12. ágúst sl. andaðist á sjúkrahúsi Vancouver bæjar Ásmundur Björnsson (trésmiður), ættaður frá Svarfhóli í Mýrasýslu. Banamein hans var heilabólga. — Greftrunin fór fram þann 14. s.m. — Heimablöðin eru vinsamlega beðin, að taka upp þessa dánarfregn.

Á beztu heimilum

hvar sem er í Ameríku, þar munið þér finna HEIMSKRINGLU lesna. Hún er eins fróðleg og skemtileg eins og nokkuð annað íslenzkt fréttablað í Canada

R. A. THOMSON AND CO.

Cor. Sargent & Maryland St.

Selja allskonar MATVÖRU af beztu tegund með lægsta verði. Sérstakt vöruúrval nú þessa viku. Vér óskum að Íslendingar vildu koma og skoða vörurnar. Hvergi betri né ódýrari.—

Munið staðinn:—
HORNI SARGENT AVE. OG MARYLAND ST.
PHONE 3112.

Stefán Johnson
Horni Sargent Ave. og Downing St.
HEFIR ÁVALT TIL SÖLU
Nýjar Áfir
Bezta í bænum. Ágætar til bökunar. 75cf gallon

A. S. BARDAL
Selur líkkistur og annast um útfarir. Allur áhöldnaður sá bezti. Enfremur selur hann allskonar minnisvarða og legsteina.
121 Nena St. Phone 306

ROBLIN HOTEL
115 Adelaide St. Winnipeg
Bezta $1.50 á-dag hús í Vestur-Canada. Keyrsla ókeypis milli vagnstöðva og hússins á nóttu og degi. Aðhlynning hins bezta. Viðskifti Íslendinga óskast. William Ave strætiskarið fer hjá húsinu
O. ROY, eigandi.

Gimli Hótel
G. E. SÓLMUNDSSON
eigandi
Óskar viðskifta Íslendinga sem heimsækja Gimli-bæ. — Þar er beini beztur í mat og drykkjarföngum, og aðbúð gesta svo góð sem frekast er hægt að gera hana. Hótelið er við vagnstöðina.
Gistið að Gimli-Hótel.

JIMMY'S HOTEL
BEZTU VÍN OG VINDLAR.
VÍNVEITARI T.H.FRASER.
ÍSLENDINGUR.
James Thorpe, Eigandi

MARKET HOTEL
146 PRINCESS ST. á móti markaðnum
P. O'CONNELL, eigandi, WINNIPEG
Beztu tegundir af vínföngum og vind um, aðhlynning góð, húsið endurbætt

Woodbine Hotel
Stærsta Billiard Hall í Norðvesturlandinu
Tíu Pool-borð.—Ákskonar vín og vindlar
Lennon & Hebb,
Eigendur.

Svar til lögmannsins.

Í Hkr., sem út kom 12. ág., léttir Hjálmar lögfræðingur Bergman mikill byrði af hjarta sínu í greinarstúf(!), sem fyllir hálfan níunda dálk. Tilefnið er grein í Lögbergi eftir dr. B. J. Brandson. Knúður af "sanngirni" tekur hann til máls til að skýra frá öllu "rétt eins og það gekk til". Með þennan fagra tilgang "sprangar hann svo út á völlinn", en lofar um leið athugasemdum, sem hann álítur alveg nauðsynlegar. Það loforð uppfyllir hann mjög riflega.

Af því lögfræðingurinn beinir svo miklu af athugasemdum sínum til mín, vil ég leyfa mér að kvitta fyrir þær, og það annað í greininni, sem ástæða getur verið til að drepa á í því sambandi.

Um bibliukaflann og sálminn, sem ég valdi, get ég ekki verið að deilt, að minsta kosti ekki fyrr en lögfræðingurinn tekur fram, að hverju leyti sálmurinn og bibliukaflinn komu óþægilega við hann. En þess vil ég geta, að bibliukaflann, sem um er að ræða, hefi ég áður lesið á safnaðarfundi á Gardar, og það án þess ég viti til, að það hafi hneykslað nokkurn. En þá var Hjálmar Bergmann vitanlega ekki viðstaddur.

Nokkrum orðum verð ég að fara um ágrip greinarhöfundarins af ræðunni, sem ég flutti á fundinum á Gardar. Hann minnist þeirra hlunninda, er ég hafi orðið fyrir frá forsetans hálfu meðan ég var að tala. Tvisvar hafi verið bent á, að ég væri kominn út frá efninu, og þó hafi ég fengið að halda mínu striki. Það er satt, að forsetinn úrskurðaði tvívegis, að ég mætti halda áfram, þrátt fyrir það þótt Eiríkur Bergman tæki fram í fyrir mér og ætlaði sér auðsjáanlega að afstýra því, að ég fengi að segja nokkuð, sem ekki væri eftir hans höfði. Forseta fundarins á Gardar til verðugs heiðurs skal kannast við það, að hann lýsti auðsjáanlega ekki, að sá maður kæmist þar í algleyming. Til þess hefir hann líka sjálfsagt haft góðar og gildar ástæður.

"Sakirnar", sem ég bar á minnihlutann á þinginu, voru þær, að hann hefði ekki sýnt sig neitt fúsari til sátta eða tilslökunar en meirihlutinn, heldur þvert á móti. Fyrir því færði ég rök. Meðal annars benti ég á, að eina viðleitnin til þess að koma á samkomulagi hefði komið frá forseta kirkjufélagsins. Eins benti ég á, að þrátt fyrir það, að minnihlutinn reyndi að koma að manni í forsetastöðuna, kepti meirihlutinn ekkert um, að koma að sínum mönnum í féhirðis og skrifara embættin, heldur tilnefndi aðra í þau. Bæri þetta ekki vott um, að meirihlutinn hefði viljað bera minnihlutann ofurliði í hvívetna, eins og haldið væri fram. Aðdróttun Hjálmars Bergmans um það, að séra Björn hafi breytst á liðnu ári, er auðvitað nokkuð, sem gripið er til út úr neyð, þótt vitanlega geti hvorki hann né aðrir fært nokkur rök fyrir því að svo hafi verið.

"Til þess að fá nógar sakir" á mig, ber lögfræðingurinn mér það að ég hafi ráðist á hann persónulega á fundinum á Gardar. Ég hafi "látið menn skilja, að það, hvernig fór á kirkjuþinginu, hefði verið að mestu eða öllu leyti að kenna stífni minnihlutans í sáttanefndinni". Hvernig ég lét menn skilja þetta er mér óljóst, því mér hefir aldrei neitt slíkt til hugar komið, því síður að ég hafi sagt það. Enda hafi ég bæði í privat-tali við menn og opinberlega borið sáttanefndinni það í heild sinni, að hún hafi starfað samvizkusamlega og vel. Hörfi nú lögmaðurinn í sinn eigin barm, og gæti að, hvort ekki muni neitt ódrengilegt við það, að bera mér á brýn slíka kæru að ástæðulausu.

Í þessu sambandi tilkærir hann orð mín fyrir sáttanefndinni, þegar ég sagði, að ef ekki yrði af samkomulagi "mundi ég fara inn fyrir FIGHT TO A FINISH'." Ekki treystir hann samt fólki til að skilja þessi orð mín, nema hann komi með SÍNA útskýringu. Orð mín skilur hann á þann furðulega hátt, að ég hafi ætlað að halda áfram baráttunni þangað til ég væri búinn að vinna það, "að allir, sem ekki héldu fast við stefnu Sameiningarinnar, væru reknir úr kirkjufélaginu eða þyrðu ekki að láta neina aðrá skoðun í ljós". Ég vissi ekki til, að það væri verið að ræða það í sáttanefndinni, þegar ég var kallaður fyrir hana, hvað ætti að gera við þá, sem ekki aðhyltust stefnu Sam. Að minsta kosti fór það fram hjá mér. Ritdeilan, sem átt hefir sér stað innan kirkjufélagsins, virtist mér vera umtalsefnið. Ég tjáði mig mjög hlyntan því, að sú deila gæti hætt, en ef ekkert samkomulag fengist, svo deilan héldi áfram, vakti það fyrir mér, að taka þátt í henni eftir fremsta megni, til þess að styðja það til sigurs, sem ég álít vera sannleik. Þetta meinti ég með ofangreindum orðum, en alls ekki það, sem lögmanninum þóknast að leggja í þau. En að það sé ógætilegt, að ljá honum orð sín til hártogunar, kannast ég við, og skal það varast eftir megni í framtíðinni.

Ónákvæmt er það, að ég hafi borið fram breytingartillögu á fundinum. Uppástungan, er ég bar fram, var aldrei af mér nefnd breytingartillaga, heldur varatillaga (substitute motion). Það nefndi forseti fundarins hana einnig oftar en einu sinni.

Að séra Björn hafi úrskurðað, að tillagan væri réttmæt breytingartillaga, er því annaðhvort sprottið af misminni eða öðru verra. Hann sagðist álíta hana réttmæta "substitute motion" (varatillögu). Og það hefir ekki verið hrakið enn af neinum. Maðurinn, sem sat með "Robert's Rules of Order" í vasanum, gat ekki fundið í þeim nokkurn staf því til stuðnings, að uppástunga mín kæmist ekki að sem varatillaga. En eftirtektavert er, að því skuli haldið fram, að tillaga mín sé neikvæð framsetning aðaltillögunnar, því þá hefir efni aðaltillögunnar verið að afneita lögum safnaðarins og kirkjufélagsins. Að tillaga mín hafi verið um óskylt efni, finst mér ekki ná nokkurri átt. Fundurinn var kallaður saman af ágreiningnum á kirkjuþinginu. Ágreiningur sá var um það, hvort kirkjufélagið ætti að standa við stefnu þá, er það hefir fylgt frá byrjun, eða breyta til. Aðaltillagan fór fram á, að út af þeim ágreiningi segði sófnuðurinn sig úr kirkjufélaginu. Tillaga mín fór fram á, að í þess stað léti sófnuðurinn í ljós, að hann væri samþykkur löggiltri stefnu sinni og kirkjufélagsins. Hér var að eins að ræða um ólíkar ályktanir út af sama efni.

Úr því greinarhöfundurinn fór að minnast á það, að ég ferðaðist um bygðina á undan fundinum, þá ætti hann að segja satt um það efni. Hann segir, að ég hafi komið í öll hús nema fjögur eða fimm. Það voru um tuttugu heimili í sófnuðinum, sem ég ekki kom á, og það af þeirri ástæðu, að tíminn entist mér ekki. — En það er líka vel að menn viti, að fleiri ferðuðust um í sófnuðinum á undan fundinum en ég. Og fróðlegt mundi það þykja, ef alt það væri komið á prent, sem notað var til að mæla með því að ganga úr kirkjufélaginu. Sem mest var reynt að dylja, að úrsagnarhreyfingin ætti rót sína að rekja til trúarlegs ágreinings. En ýmsar grýlur voru hafðar við menn, t.d. fjárkvaðir kirkjufélagsins. Ef gengið væri úr, þyrfti ekki að leggja fé til heimatrúboðs, heiðingjatrúboðs o.s.frv. Sérstaklega var gert mikið úr því, hvílík byrði það væri, sem síðasta kirkjuþing hefði lagt á sófnuðina með því að samþykkja að reyna að safna 5000 dollurum í afmælissjóð til styrktar heimatrúboðinu. Engin áhersla auðvitað lögð á það, að þessu fé ætti að safna með frjálsum samskotum. Þá þyrfti ekki heldur að senda menn á þing: menn losnuðu við það ómak. Þeda væri bezt fyrir sófnuðinn, að standa einn út af fyrir sig. Þá yrði hann laus við allar deilur o.s.frv. Ólíklegt er annað en eitthvað af þessu komi í bakseglin síðarmeir. —

Enn að nýju ruglast greinarhöf. þegar hann fer að skýra frá yfirlýsingu Mr. Hermanns og uppsögn minni. Trúarmeðvitund hans hefir sjálfsagt sagt honum, að ég hafi hlotið að segja upp sófnuðinum eftir að Mr. Hermann bar fram yfirlýsingu sína. Og svo hefir hann fastákveðið, að svo hafi verið, þrátt fyrir að það eru tilhæfulaus ósannindi. Ég bað um orðið áður en forseti var búinn að lýsa yfir, hvernig atkvæði féllu um uppástungu Gamaliels Þorleifssonar. Forseti sagði, að ég yrði að bíða, þar til hann væri búinn að lýsa atkvæðagreiðslunni. Ég gerði það, en settist þó ekki niður á meðan. Svo gaf forseti mér orðið, og þá las ég uppsögn þá, er Hjálmar Bergman kemur með. Svo fékk Mr. Hermann orðið á eftir mér. Ekki er furða, þótt lögfræðingnum þyki skringilegar þær háðglósur, sem hann getur spunnið út af eigin tilbúningi og ósannindum.

Meinhæg eru ummælin um yfirlýsingu Mr. Hermanns að öðru leyti. Þau skaða hvorki málefni eða menn. Reyndar var yfirlýsingin ekki búin til í sambandi við varatillögu mína, en tilgátur, sem á þann hátt eru skakkar, getur manni staðið á sama um. Hún var búin til vegna þess, að minnihlutinn skildi, að það var verið að reyna að koma til valda nýrri stefnu, sem hvorki safnaðarlögin eða kirkjufélagslögin viðurkenna. Út í hött má lögmaðurinn segja að hún hafi verið. En við hana hefir verið staðið að aðalefni af minnihlutanum. Hann heldur áfram að vera sófnuður, sem stendur í kirkjufélaginu, og heldur sér við lög Gardarsafnaðar í öllum aðalatriðum. Hvor sófnuðurinn verður "rétt" áframhald Gardarsafnaðar liðna tímans, er undir því komið, hvað langt Gardarsöfnuður villist inn á braut "nýju guðfræðinnar".

Það er hálf-broslegt, að lögmaðurinn skuli verða svo dágurmæltur út af "uppreisn" þeirra, er í minnihlúta voru. Hann sjálfur skríaði undir það á kirkjuþinginu mótmælalaust, að starfa eftir beztu samvizku á þessu þingi og hefma í sófnuðum vorum samkvæmt grund vallarlögum kirkjufélagsins og tilgangi þeirra, svo löghlýðnin verði avalt augljós og FELAGSBÖNDIN Æ STERKARI". Er ekki glerhús-búi að kasta steinum, þegar maður, sem skríaið hefir undir þessa játningu og svo verið annar eins tundursendill og Hjálmar Bergman á eftir, fer að brigsla öðrum um uppreisn?

Eins og Hjálmar Bergmann veit, höfðu margir, sem koma vildu sófnuðinum út úr kirkjufélaginu, sagt afdráttarlaust, að þeir færu úr sófnuðinum, ef hann yrði kyrr. Þar á meðal var "einn allra sanngjarnasti og réttsýnasti maður bygðarinnar". Álítur hr. Hjálmar, að honum hafi gengið annað en gott til með því? En hafi honum gengið gott til með því, hverssvegna getur þá ekki minnihlutinn fengið eins vægan dóm? Það voru þeir, er andvígir voru kirkjufélaginu, sem byrjuðu að hóta klofningi, ef þeir ekki bæru sigur úr býtum. Hví sakfellir lögmaðurinn þá ekki? Það voru þeir, sem áttu upptökin að þeirri hreyfingu í sófnuðinum, sem varð til þess, "að slíta þau helgustu bönd, sem mannfélagið þekkir", og setja nánustu skyldmenni hvert upp á móti öðru. Og þetta út af nokkru, sem ekki er sáluhjálparatriði! Hví gætir ekki heilagrar vandlætingar lögmannsins einnig hér? Eða sakfellir hann minnihlutann fyrir það, sem hann hefði talið réttmætt af meirihlutanum?

Þá er að snúa sér að áframhaldinu eftir fundinn.

Fyrst er það vanhelgun kirkjunnar, sem lögmaðurinn hneykslast á. Minnihlutinn hafði þar fund með sér, sem stóð yfir í hér um bil fimm mínútur. Var þar ekkert gert annað en það, að kjósa fimm manna nefnd til að undirbúa annan fund, er minnihlutinn hugsaði sér að halda aftur seinna. Er ekki von, að lögmanninum hitni um hjartaraturnar út af öðru eins athæfi? Að menn, sem ríflega lögðu til þess, að byggja kirkjuna og hafa ætíð styrkt sófnuðinn ríflega, skuli meðan þeir enn þá eru safnaðarlimir, fá að nota kirkjuna til kurteisrar ráðstefnu um hjartans alvörumál sitt, gengur það ekki fram úr öllu hófi? Það finst lögmanninum, og hver skyldi dirfast að mótmæla því, sem slíkur sjálfkjörinn hæstaréttardómari hefir að segja?

Svo vandlætir greinarhöf. um það við mig, að ég, meðan ég var þjónandi prestur Gardarsafnaðar, skyldi leggja lið þeim, er í minnihluta voru. Hann skellir allri skuldinni á mig fyrir klofninga safnaðarins. Þó veit hann, að eftir að farið var af stað með úrsagnarmálið, gat engum dulist, að sófnuðurinn mundi klofna, hvað sem ofan á yrði. En ef örfáir menn hefðu "tekið rétt í strenginn", áður en farið var af stað með það mál, mundi lítil eða engin æsing hafa orðið í Gardarsöfnuði. Flokksfundur var haldinn strax eftir að allir kirkjuþingsmennirnir voru komnir heim, og þar var fastráðið, að slá á safnaðarfundi eftir eina viku. Auðvitað var tilgangurinn með því sá, að afstýra því, að æsingin gæti rénað áður enn ályktanir yrðu teknar, og eins hitt, að það mætti básúna ósigur kirkjufélagsins í Gardarsöfnuði sem allra fyrst, til að æsa upp hugi fólks annarstaðar, og drífa það út úr kirkjufélaginu, ef unt væri. — Svo þegar á fund kom, var auðsætt, að meirihlutinn vildi engri sanngirni beita við minnihlutann. Það var mælst til, að hafa tvo skrifara á fundinum. Því var neitað. En úr því LÖGMAÐURINN getur ekki komið með óbrjálaða frásögn af fundinum, og hefir hann þó auðsjáanlega haft fullan aðgang að öllum skjölum og skilríkjum skrifarans, þá hlýtur, held ég, sanngjörnum mönnum að finnast, að það mundi ekki hafa verið vanþörf á því, að tveir væru skrifarar fundarins, til þess að alt yrði sem réttast. Því varla væri það vantrausts yfirlýsing að segja, að skrifari safnaðarins sé ekki færari en lögmaðurinn sjálfur. Sannleikurinn var sá, að minnihlutinn átti að fá að kenna á því greinilega, að hann var minnihluti. — Svo var réttmætri varatillögu neitað um inntöku á fundinn. Einnig var forseti kirkjufélagsins kallaður ósannindamaður eftir að hann var búinn að nota málfrelsi það, er honum var gefið (10 mínútur), og gat hann því ekki borið hönd fyrir höfuð sér. Og eftir fundinn var svo sagt af ýmsum, að hann hefði vitanlega ekki svarað vegna þess, að hann hefði ekk getað það. — Að lokum tók svo forseti til greina tillögu

(Niðurlag á 4. bls.)

2 Bækur Gefins

FÁ NÝJIR KAUPENDUR AÐ HEIMSKRINGLU SEM BORGA $2.00 FYRIRFRAM, OG ÞESSUM BÓKUM ÚR AÐ VELJA:—

Mr. Potter frá Texas
Aðalheiður
Svipurinn Hennar
Hvammverjarnir
Konuhefnd
Lajla
Robert Manton.

Alt góðar sögur og sumar ágætar, efnismiklar, fróðlegar og spennandi. Nú er tíminn að gerast kaupendur Hkr. Það eru aðeins fá eintök eftir af sumum bókunum.

Heimskringla
P.O. Box 3083, Winnipeg

Njósnarinn hörfði á hann með köldu brosi, tók svo á móti bréfinu án þess að mæla orð.

"Ég sagði Haworthy í bréfinu, að sökum hinnar svívirðilegu framkomu Sir Arthurs, ætlaði ég ekki lengur að setja mig upp á móti ósk dóttur minnar, og hann mætti því koma þegar hann vildi".

"Jæja, þá máttu líklega búast við honum í kveld", sagði njósnarinn. Svo fór hann frá Broadmead, sem hann fékk aldrei tækifæri til að heimsækja aftur.

Næst fór hann til Haughton Court. Þegar þar kom, spurði hann eftir Sir Arthur, og þótt honum væri sagt, að hann væri ekki fær um að taka á móti gestum, fór hann samt ekki.

"Segið honum, að það sé maður, sem só sendur frá dr. Raebell", sagði hann.

Það dugði, honum var fylgt inn til barúnsins, sem sjáanlega hafði verið drukkinn kveldið fyrir og var ekki búinn að sofa úr sér vímuna. Hann hafði heldur ekki heyrt neitt um það, sem fram hafði farið í Auchertown. Dr. Raebell kom sér ekki að því, að skrifa neitt um það.

"Hvað er nú — gengur nokkuð að? spurði Sir Arthur, strax og þeir voru orðnir einir.

"Já, það eru því ver skæmar fregnir, sem ég flyt þér. Þú manst, að ykkur dr. Raebell kom saman um, að frú Robins, sem hún var kölluð, skyldi látin í klefa frú Merchants, þegar hún væri dauð, og nefnast hennar nafni?"

"Já, auðvitað — hvað meira?"

"Það var líka gert, og alt gekk vel um tíma, allir héldu að frú Robins væri dáin og jarðsett. Hitt annað gekk einnig að óskum okkar: lafði Redleigh misti algerlega vitið að síðustu —".

"Hún hefir þá ekki verið brjáluð?" sagði Sir Arthur skapillur.

"Nei, hún var það ekki hún lézt bara vera það til að losna við þig".

"Ó, mér datt það í hug í byrjuninni", sagði barúninn bölvandi. "Nú, jæja, haltu áfram".

"Eins og ég sagði, hún varð alveg vitlaus og hélt sig vera frú Merchant".

"Drottinn minn", sagði barúninn hnugginn. "Ég hafði enga hugmynd um að það myndi fara þannig. Mér kom ekki til hugar, að breytingin mundi gera henni neinn baga. Hún átti auðvitað að vera einsömul, en það var einmitt það, sem hún vildi".

Njósnarinn gat ekki annað en litið hlýlegar til barúnsins. Þegar á alt var litið, lá varla eins þung sök á honum eins og hann hafði haldið.

"Jæja, það gat nú ekki öðruvísi orðið, herra. Það, sem ég kom til að segja þér er það, að lafði Redleigh er sloppin".

"Sloppin?"

"Já, eða réttara sagt, brottnumin. Njósnari nokkur komst inn í vitfirringahælið, dulklæddur sem sjúklingur, og tók hana út með valdi, en var áður búinn að skjóta á dr. Raebell og einn þjóna hans".

"Það er auðvitað Fatheringham jarl, sem er við þetta riðinn".

"Hvers vegna heldurðu það, herra?"

"Af því hann kom hingað fyrir þrem árum, rétt á eftir að ég var búinn að koma henni fyrir hjá dr. Raebell, og hótaði því, að yrði henni nokkurt mein gert, þá skyldi hann hefna þess".

"Þú getur rétt til, — það er hann".

"Hvað er nú orðið af henni?"

"Hún er hjá jarlinum".

"Hvað þá? Eins brjáluð og hún er?"

"Hún er orðin hér um bil jafngóð aftur".

"Veit faðir hennar nokkuð um þetta?"

"Hann er hjá henni".

"En hún er mín kona. Ég hefi heimild til að

hafa hana hjá mér".

"Hún hefir gefið þeim heimild til að byrja hjónaskilnaðarmál gegn þér. Og ég ræð þér alvarlega til þess, að sýna engan mótþróa".

"Hvernig hefir þú fengið að vita um þetta? Hver ert þú?" Hann áttaði sig alt í einu og sagði: "Þú ert Smith skytta".

"Nei, herra, ég heiti ekki Smith, og ég er engin skytta. Nafn mitt er Wright, ég er njósnarinn, sem bjargaði lafði Redleigh frá þeim forlögum, sem þú hafðir ætlað henni, og sem voru verri en dauðinn".

Sir Arthur stóð upp skjögrandi.

"Hvað hefirðu þá að gera hingað. Segðu mér erindi þitt? Og hvað átti það að þýða, að þú réðist til mín undir fölsku nafni?"

"Það orsakaðist af öðrum ástæðum", sagði njósnarinn og stóð upp. "Það var að eins tálviljun að ég varð til þess, að bjarga lafði Redleigh. Erindi mitt hingað var annars eðlis, enda vona ég að því sé bráðum lokið".

"Hvers konar erindi var það?" spurði Sir Redleigh dálítið órólegur.

"Dauði Burlstons", svaraði hinn og horfði fast á barúninn, sem varð að líta undan.

"Hvað á það að þýða? — Hvers vegna? — Hver hefir sent þig? Máske Fatheringham jarl hafi líka gert það?" tautaði Sir Arthur.

"Hugsaðu ekkert um það, hver hafi sent mig. Ég hefi komist að svo miklu, að ég efast um úrskurð dómnefndarinnar, sem réttlátan. En máske þú viljir nú sjálfur segja mér umsvifalaust, hvað skeði þann dag, sem þið fóruð á veiðarnar. Það skal ég þó segja þér fyrirfram, að alt sem þú segir verður skrifað niður og notað sem vitnisburður gegn þér við nýja yfirheyrslu". Svo tók hann upp lögreglubjóns einkennið og sýndi barúninum það.

"Réttarpról", sagði hann, alveg hissa. "Rétt-

arpról? Um hvað? Samkvæmt hvaða ásökun?"

"Fyrir, ásetnings-morð".

"Nei, nei. Hér er ekki um slíkt að ræða. Heyrðu, nú skal ég segja þér alt eins og var, og þá kemstu að raun um, að tilgáta þín er ekki rétt".

"Byrjaðu þá".

"Ég skal viðurkenna, að ég var ekki með öllu ódrukkinn þann dag", sagði barúninn hræddur mjög, "og ég hefði ekki átt að fara út, en Grosse hló að mér og sagði, að þetta væri ekki annað en rugl, ég jafnaði mig bráðum. Þetta var í fyrsta skifti um afarlangan tíma, sem hann ætlaði á veiðar í landi mínu. Mér fanst það ókurteisi að koma með mótsagnir, og því fór ég".

"Hvað svo?"

"Viðurkenningin, sem gefin var við yfirheyrsluna, var rétt, það sem hún náði. Maðurinn gekk á undan okkur, og það hafa að eins verið fá fet að líkindum, eftir því sem sagt er. En svo gerði ég nokkuð, sem ég get ekki skilið, og víst er um það, að ég hefði ekki gert það ódrukkinn. Ég lyfti upp byssunni og miðaði á Burlston".

"Einmitt, og hvað svo?"

"Svo hljóp skotið úr byssunni. Mér fanst ég verða að gera þetta, það var einhver innblástur utan að, en hvorki með orðum eða bendingum, skal ég segja þér, og enníremur virtist mér — taktu eftir því að ég segi virtist — hr. Grosse koma við olnbogann á mér svo skotið reið af. Að sönnu sór hann eftir á, að þetta væri ímyndun, og að hann hefði ekki snert mig, og það getur vel verið, að hann segi satt. Að minsta kosti var þetta ekki ásetningur minn. — Þetta var að eins tálviljun, en það skal ég játa, að það var ekki rétt af mér, að miða byssunni".

Njósnarinn hlustaði með nákvæmni, og lézt verða sannfærður um sakleysi hins að lokum, og sagði svo:

10% GRÓÐI

SEX NÝTÍZKU TIMBUR HÚS, á lóðum sem vita bæði á Alexander og Pacific Avenues., í góðu ástandi og leigjast nú fyrir $14.50 á mánuði hvert hús.— Gefur 10 prócent ágóða á kaupverði, sem er $8,500. — Eftir 15. september kosta þau $9,000. Þægilegir borgunarskilmálar. — Frekari upplýsingar veitir —

—THE—
Standard Trust Co.
Talsími: Main 8524.
Yfir Northern Crown Bank.

O. V. GÍSLASON,
PRESTUR OG LÆKNIR
710 Ross Ave · Winnipeg
PASTOR

MECHANO-THERAPIST

R. DENOVAN
Undir-umboðsm. Rík islanda.
VEITIR borgarabréf, selur Hudson's-flóa lönd og önnur ábúðar lönd, og járnbrautalönd og bæjarlóðir. Einnig elds- og hagl-ábyrgð. Lánar peninga gegn tryggingu í umbættum búlöndum.
Wynyard, - Sask

The Dominion Bank
NOTRE DAME Ave. BRANCH Cor. Nena St.
VÉR GEFUM SÉRSTAK AN GAUM AÐ SPARISJÓÐS-DEILDINNI. —
VEXTIR BORGAÐIR AF INNLÖGUM.
HÖFUÐSTOLL - - - $3,983,392.38
SPARISJÓÐUR - - $5,300,000.00
A. E. PIERCY, MANAGER.

SVAR TIL LÖGMANNSINS.

(Niðurlag frá 3. bls.)

um, að loka umræðum, þrátt fyrir það, að minnihlutamaður, Mr. Hermann, var margbúinn að biðja um orðið, en fékk það ekki. Það, að nafnakalli var neitað, þótt ekkert væri því til fyrirstöðu, að meirihlutinn féllist á það, ef hann hefði verið sanngjarn, jafnvel samkvæmt úrskurði lögmannsins, hefði í sjálfu sér ekki gert neitt til, ef ekki hefði það verið notað til að koma að ólögmætum atkvæðum, sem vitanlega var gert, og það fleiri en tveimur. Hefði meirihlutinn verið meðmæltur nafnakalli, þá hefði hann sýnt, að hann var fús að láta atkvæðagreiðsluna fara þannig fram, að báðir flokkar hefðu sem bezt tækifæri til að gæta þess, að engin ólögmæt atkvæði væru greidd. En við öllu þessu átti minnihlutinn að taka með jafnaðargeði, í viðbót við ýmislegt, sem á undan var gengið, þótt ekki væri nema GESTSgreinin í Hkr. Hvað átti hann að kæra sig, þótt búið væri að toga Garðarsöfnuð út úr kirkjufélaginu til að gefa byr undir vængi stefnu, sem hann álítur skaðlega, og er í bága við það, sem kent hefir verið í kirkjufélaginu og söfnuðinum frá byrjun? Hvaða ástæðu gat slíkur minnihluti haft til þess að segja sig úr? Lögmaðurinn sér víst engar, og finnur sig því knúðan til að skella allri skuldinni á mig. Ég lofa réttsýnum mönnum að dæma um það. En þess er vert að geta, að einn af gætnustu mönnum safnaðarins sagði forseta strax eftir fundinn, að nú hefði hann ekki lengur neitt að gera í Garðarsöfnuði. Sú eðlilega tilfinning hreyfði sér víst líka hjá æðimörgum fleiri.

En vitanlega dettur mér ekki í hug að neita því, að ég hafi verið samþykkur því, hvernig minnihlutinn sneri sér, og að ég hafi átt þar hlut að máli. Og ég gerði það eftir beztu samvizku og sannfæring. Ég bý að vísu í húsi, sem Garðarsöfnuður lét byggja, bæði meirihlutinn og minnihlutinn, og ég er launaður af Garðarsöfnuði til að efla evangelisk-lúterskan kristindóm. Ég hefi ætíð metið það við Garðarsöfnuð, hvernig honum hefir farist við mig, og geri það enn. Þó vil ég nú leyfa mér með fáum orðum að gera grein fyrir því, hvernig ég gat samt sem áður verið því meðmæltur og stutt að því, að minnihlutinn gengi úr.

Ef um það hefði verið að ræða, að ég hefði stutt að því, að menn gengju úr Garðarsöfnuði, þrátt fyrir það að hann hélt fast við lögboðna stefnu sína, hefðu ákærur lögmannsins verið réttmætar. En nú er um það að ræða, að meirihlutinn í söfnuðinum ljær fylgi sitt nýrri stefnu, — og það stefnu, sem er í bága við hans eigin lög og í bága við það, sem prestur safnaðarins hefir verið kallaður til og vígður til. Það breytir engu, þótt reynt hafi verið að breiða ofan á þetta. Það fer að verða á allra vitorði, hvort sem er. En minnihlutinn heldur fast við stefnu safnaðarlaganna og kirkjufélagsins. Þess vegna réð ég honum til, að láta engan bilbug á sér finna, heldur gera það, sem sannfæring þessara manna byði þeim, þótt það gæti gert þeim ýms óþægindi í bráð. Með þessu álít ég að ég hafi verið að vinna því málefni gagn, sem Garðarsöfnuður kallaði mig til að starfa að, þótt meirihlutinn eða margir úr honum líti öðruvísi á. Og ég gerði þetta þrátt fyrir það, að ég vissi, að líkur voru til, að það leiddi til þess, að mér væri sagt upp þjónustu mjög bráðlega fyrir vikið. En ég hefi aldrei starfað með það fyrir augum, að vera sem fastastur í embætti. Enda var mér ekkert kappsmál, að halda í söfnuðinn sem lengst, eins og á stóð. Á það benti ég í uppsagnarbréfi mínu. Ég hefði talið það í alla staði eðlilegt, að söfnuðurinn hefði sagt mér upp um leið og hann sagði sig úr kirkjufélaginu. Hitt var óeðlilegt, að ganga úr kirkjufélaginu vegna þess, að stefna þess væri svo óþolandi, en vilja halda presti, sem fylgir þeirri stefnu ákveðið. Af því ég vissi, að söfnuður, sem berst fyrir einni stefnu, og prestur með aðra stefnu, geta ekk starfað saman, gaf ég söfnuðinum kost á því, að losna við mig undir eins. Það hefði hann getað gert á fundinum 12. júlí. En á meðan hann ekki gerði það, hélt ég áfram að starfa innan vébanda hans eftir beztu samvizku að því málefni, sem hann kallaði mig til að sinna, með það auðvitað vofandi yfir höfði mér, að mér gæti orðið sagt upp hvenær sem væri. En ég leit ekki á þetta neitt frá sjónarmiði eigin hagsmuna.

Samlikingin um forseta telefónfélagsins er ekki hliðstæð, eins og á stendur; en ef hann hátíðlega lofaði því, þegar hann tekur við embætti, að sjá um, að viss reynd tegund telefóna væri notuð af félaginu, og svo væri reynt með öllu móti að breyta til og taka óreynda tegund, þá álít ég, að hann væri fullkomlega í rétti sínum, þótt hann fengi menn til að segja upp telefónum, þar til vissa væri fyrir, að þeir fengju aftur sína reyndu og góðu telefóna.

Ástæðan fyrir því, að það lá á að stofna nýjan söfnuð, er ekki sú, að ég hafi ekki haft nóga trú á mínu málefni til að bíða. Hefði verið talað um frest áður en rokið var af stað, mundi hafa komið í ljós, hverjir höfðu mesta trú á sínum málstað. En eftir fundinn var ekki eðlilegt, að minnihlutinn vildi láta afstöðu sína vera á nokkurn hátt vafasama út í frá. Hann kærði sig ekki um, að láta flagga með sig jafnvel í bráð, sem að neinu leyti hlyntan hinni, nýju stefnu, heldur ákveðinn á móti henni.

Smá-misfellur ýmsar hjá lögmanninum hirði ég varla um að nefna. Yfir 20 unglingar segir hann hafi verið fermdir hér á Gardar í vor sem leið. Að eins fimtán voru fermdir. Að einn árgangur Sam. hafi verið gerður að trúarjátningu á síðasta kirkjuþingi, er auðvitað tuggið upp eftir öðrum. Mér finst að lögmanninum hefði átt að duga eigin missagnir án þess að lá nokkrar að láni. — Hann segir, að úrsagnarleikurinn í Gardarbygð hafi ekki verið gerður AÐ EINS til þess, að hafa mig burt. Hver hefir sagt, að svo hafi verið? En hr. Hjálmar, eins vel og hann stóð að vígi, hefði átt að vita af einhverjum, sem var það talsvert áhugamál að hafa mig burtu. Að minsta kosti er ýmsum flokksmönnum hans hér í bygðinni kunnugt um það. — Að ég hafi mælst til þess við ýmsa, að ganga ekki úr söfnuði, þó að söfnuðurinn yrði kyrr í kirkjufélaginu, er villandi án frekari skýringar. Ég sagði við marga, að ef þeir hefðu með góðri samvizku getað staðið í söfnuðinum og kirkjufélaginu að undanförnu, þá gætu þeir það eins enn. Á þeim grundvelli voru "tilmæli" mín bygð. — Um þá aðdróttun, að ég eða nokkur annar mér vitanlega hafi beitt kúgun eða öðrum óleyfilegum meðulum til að halda mönnum að kirkjufélaginu, vil ég að eins segja, að hún er í alla staði ósönn.

Um þá starfsemi, sem mér hefir verið ætluð í þá átt, að leiðrétta misskilning minnihlutans á síðasta kirkjuþingi, skal ég vera fáorður. Hr. Hjálmari finst, að með því spori, sem ég hafi stigið, hafi ég viðurkent, að minnihlutinn á síðasta þingi hafi lagt réttan skilning í samþyktir þingsins. Að þeir hafi skilið það rétt, að þeirra stefnu var neitað um löggildingu, sem jafn-réttháar og stefnu félagsins, er ég í engum vafa um. Og með engu, sem ég hefi gert, hefi ég viljað mótmæla því. Ekki heldur vil ég mót æla því, að þeir muni hafa skilið það rétt, að stefna kirkjufélagsins frá byrjun hafi verið staðfest að nýju með samþyktum síðasta kirkjuþings. En hitt veit ég að er ekki misskilningur, heldur hártogun og rangfærsla af ásettu ráði, að Sameiningin hafi verið gerð að trúarjátningu eða samþykt óskeikul.

Svo kem ég að ályktunarorðunum. Hr. Hjálmar álítur ekki Garðarsöfnuð verri en heiðingja, og að þess vegna hefði ég átt að vera fús til að halda áfram að þjóna honum, úr því ég mundi fús til að prédika fyrir heiðingjum. Ég er áður búinn að gera grein fyrir því, hvers vegna ég var viss um, að samvinna mundi ekki blessast milli mín og Garðarsafnaðar eins og á stóð. En um þessa samlíkingu er það að segja, að ef ég hefði átt að vera heiðingjatrúboði í Garðarsöfnuði, hefði hún átt við. En nú var ekki um það að ræða. Ég átti að vera í samvinnu við söfnuðinn, en ekki að eins að prédika fyrir honum. Og ég skal taka það fram nú, að ég er enn og mun framvegis verða fús til að halda fram málefni kristindómsins fyrir fólki í Garðarsöfnuði, þegar tækifæri gefst, þótt ekki geti ég starfað undir umsjón þeirra manna, sem ákafir eru á móti minni stefnu. Og það er mjög fjarri því, að ég álíti vonlaust, að margir í Gardarsöfnuði fái séð, hvert þessi nýja stefna miðar. Því fremur sem ég veit, að þar eru til menn, sem létu leiðast með í úrsagnarmálinu, þótt þeir gerðu sér ekki fulla grein fyrir, hvaða mál þeir voru með því að styðja.

Yfirlýsingin, sem hr. Hjálmar vill að prestarnir geri af stólnum áður en þeir fara að prédika, á víst að vera fyndin. Annað hefir hún þá víst ekki heldur sér til gildis, því hún er "út í hött".

Að Gardar í Norður-Dakota,
24. ág. 1909.

K. K. Olafson.

Sendið Heimskringlu til vina yðar á Íslandi.

—THE—
BANK OF TORONTO
INNLEGG - - - $30,853,000
VJER OSKUM VIDSKIFTA YDAR
WINNIPEG DEILD: 456 MAIN ST.
JOHN R. LAMB, RADSMADUR.

DR. H. R. ROSS
C.P.R. meðala- og skurðlækuir.
Sjúkdómum kvenna og barna veitt sérstök umönnun.
WYNYARD, — SASK.

JOHN DUFF
PLUMBER, GAS AND STEAM FITTER
Alt verk vel vandað, og verðið rétt
664 Notre Dame Ave. Phone 3815
Winnipeg

Með því að biðja sérlega um "T.L. CIGAR," þá ertu viss að fá ágætan vindil.
T.L.
Smoke the T.L. CIGAR
(UNION MADE)
Western Cigar Factory
Thomas Lee, eigandi Winnipeg

Redwood Lager og **Extra Porter**
Styrkið taugarnar með því að drekka eitt staup af öðrum hvorum þessum ágæta heimilis bjór, á undan hverri máltíð. — Reynið !!
EDWARD L. DREWRY Manufacturer & Importer Winnipeg, Canada.

Department of Agriculture and Immigration.
MANITOBA
Þetta fylki hefir 41,169,089 ekrur lands, 6,019,200 ekrur eru vötn, sem veita landinu raka til akuryrkjuþarfa. Þess vegna höfum vér jafnan nægan raka til uppskeru tryggingar.
Ennþá eru 25 miljónir ekrur óteknar, sem fá má með heimilisréttti eða kaupum.
Íbúatala árið 1901 var 255,211, nu er nún orðin 400,000 manns, hefir nálega tvöfaldast á 7 árum.
Íbúatala Winnipeg borgar árið 1901 var 42,240, en nú um 115 þúsundir, hefir meir en tvöfaldast á 7 árum.
Flutningstæki eru nú sem næst fullkomin, 3516 mílur járnbrauta eru í fylkinu, sem allar liggja út frá Winnipeg. Þrjár þverlandsbrauta lestir fara daglega frá Winnipeg, og innan fárra mánaða verða þær 5 talsins, þegar Grand Trunk Pacific og Canadian Northern bætast við.
Framför fylkisins er sjáanleg hvar sem litið er. Þér ættuð að taka þar bólfestu. Ekkert annað land getur sýnt sama vöxt á sama timabili.

TIL FERDAMANNA:

Farið ekki framhjá Winnipeg, án þess að grenslast um stjórnar og járnbrautarlönd til sölu, og útvega yður fullkomnar upplýsingar um heimilisréttarlönd og fjárgróða möguleika.

R. P. ROBLIN,
Stjórnarformaður og Akuryrkjumála-ráðgjafi.
Skrifið eftir upplýsingum til
Joseph Burke. 178 LOGAN AVE., WINNIPEG.
Jas. Hartney 77 YORK ST., TORONTO.

"Ég verð að viðurkenna, að ég hefi ekki litið á málefnið frá þessari hlið. En heyrðu — það var drengur með ykkur, sem líka var yfirheyrður — hvers vegna hefir hann ekkert sagt um þetta?"

Sir Arthur laut niður sneypulegur.

"Ég gaf honum peninga til þess að þegja, en nú óska ég með sjálfum mér, að ég hefði leyft honum að segja það sem hann vildi. Þegar hann var yfirheyrður, var rétt komið að honum að segja frá því, en þá hindraði dómarinn hann".

"Heimskingi", tautaði Wright. "Að mér skuli aldrei hafa dottið í hug, að spyrja hann, hvað það hafi verið, sem hann ætlaði að segja, þegar dómarinn tók fram í fyrir honum. Ég hélt, að drengurinn hefði verið eitthvað að rugla, og því hefði dómarinn truflað hann. En hann er hér í nánd. Við skulum tala við hann".

"Já, það skulum við gera", sagði barúninn, glaður yfir útlitinu til þess að sleppa svona vel. — Hann hringdi bjöllunni og sagði þjóninum, sem inn kom, að sækja drenginn.

Þegar drengurinn kom, sagði húsbóndi hans við hann:

"Nú, nú, Martin, ég ætla að biðja þig að segja þessum manni alt sem skeði þann dag, sem ég var á veiðum með Grosse. En segðu nú sannleikann og dragðu ekkert undan".

"Það er að eins eitt, sem ég ætla að spyrja þig um", sagði Wright við drenginn, sem var dálitið feiminn. "Manstu hvað það var, sem þú ætlaðir að segja, þegar dómarinn greip fram í fyrir þér við yfirheyrsluna?"

Þegar drengurinn var búinn að snúa húfunni sinni nokkra hringi og horfa út í loftið, gaf hann í skyn, að hann myndi það.

"Hvað var það þá?"

"Já, herra, ég ætlaði að fara að segja frá því,

að þegar Sir Arthur hljóp til skyttunnar, þá sagði hr. Grosse við hann: "Hvernig gastu borið þig svona klaufalega að?" Þá svaraði Sir Arthur önugur: "Hvers vegna ýttir þú við handlegg mínum?" En þá sagði hr. Grosse aftur. "Hvaða rugl er þetta, ég snerti þig alls ekki; en þú ert fullur enn".

"Þetta er nóg", sagði Wright. Þegar drengurinn var farinn út, sneri hann sér að Sir Arthur og sagði:

"Jæja, herra, ég verð að biðja þig afsökunar á grun minum. Ég veit nú, hvernig ég á að virða Grosse hér eftir, en sé ekkert gagn í því, að eltast lengur við þetta mál, að þessum vitnisburði fengnum. Ég skal ekki tefja þig lengur".

Síðan fór hann. Tveim stundum síðar sat hann aftur hjá jarlinum, tjáði honum, hverju hann hefði komist eftir, og grun sinum fyrir orsökunum til þeirra glæpa.

"Ég get aldrei fyrirgefið sjálfum mér þá yfirsjón, að ég sá ekki fyrri, hver not ég gat haft af vitnisburði drengsins. Ég duga ekki til að vera njósnari og geri réttast í að hætta við það starf".

Jarlinn huggaði hann.

"Lattu þetta ekki fá á þig, hr. Wright. Þér hefir farist gagnstætt hundinum, sem glepsaði eftir spegilmyndinni í vatninu. Með því að fylgja ímyndun þinni, hefirðu náð í nokkuð gagnlegt, nokkuð mjög áríðandi. Hefðirðu ekki beitt eins miklum ákafa, hyggindum og snarræði, til þess að rannsaka þetta málefni, þá hefði annar glæpur, miklu verri en hinn, verið hulinn vitund manna".

Jarlinn þagði litla stund, og hélt svo áfram að tala í mikilli geðshræringu: "Þú ert skarpskygn maður, og ert eflaust búinn að sjá orsökina til óvináttu minnar við Sir Redleigh. Þú hefir fullkomnað alt, já, meira en ég bjóst við, þegar ég gerði boð

eftir þér, og þegar þú á leiðinni til London opnar þetta bréf, þá muntu sjá, að ég er þér ekki vanþakklátur".

Síðan rétti hann honum bréf, sem hafði að geyma ávísun fyrir þeirri peningaupphæð, sem var miklu meiri en Wright hafði gert sér vonir um, og sem hefði nægt til þess, að hann hefði getað slept stöðu sinni, ef hann hefði meint nokkuð með að vilja það.

Þegar þeir höfðu borið saman ráð sin, jarlinn og njósnarinn, kom þeim saman um, að minnast ekki á atvik þau, sem köstuðu svo dimmum skugga á Grosse. Fyrst var engin bein sönnun til gegn honum, og auk þess gat jarlinn ekki fengið sig til, að vanvirða tengdaföður Haworthy og frænda sinn.

Undir eins og Wright kom til Lundúna, fór hann og fann málaflutningsmann jarlsins, og bað hann í nafni jarlsins, að hefja hjónaskilnaðarmál á hendur Sir Arthur, eftir langan undirbúning og frestanir — sem málafærslumennirnir taka jafnan með meiri ró en skjólstæðingar þeirra — byrjaði loksins hinn skriflegi hluti málsins.

En það kom aldrei til opinberrar meðferðar, — hinn mikli sáttasemjari allra misklíða, dauðinn, greip fram í fyrir þeim. Sir Arthur, sem nú drakk meira en nokkru sinni áður, fékk hjartaflog, sem leiddi hann til bana.

Undir eins og lafði Redleigh og faðir hennar fengu fregn þessa, fluttu þau frá jarlinum til prestssetursins. Með erfðaskrá sinni arfleiddi Sir Arthur konu sína að öllum eignum sínum, — velgerningur, sem kom nokkuð seint, enda vildi hún ekki þiggja hann.

Mánuði síðar heimsótti jarlinn ekkjuna. Hún var ofurlitið feimin í fyrstunni. Svo þegar þau höfðu talað aftur og fram um hitt og þetta, sagði hún mjög alvörugefin:

"Lávarður Fatheringham, ég neyddist til að lofa

þér, að minnast aldrei á þær velgerðir, sem þú hefir veitt mér, en sökum framkomu þinnar gagnvart mér, og þess, hve lengi þú hefir dregið að heimsækja mig, er ég orðin hrædd um, að einhver misskilningur eigi sér stað hjá okkur. Þú hefir lesið viðurkenninguna i bréfi því, sem ég skrifaði þér einu sinni, og ég er nú orðin hrædd um, að þú hafir misskilið sumar af bendingunum, þar sem ég tala um tilhneigingu mína til þess manns, sem stendur miklu ofar en ég, — og mér hefir stundum komið til hugar, að þú héldir að ég ætti við þig, og vildir þess vegna vekja athygli—"

Rödd hennar, sem hafði skolfið mikið, vildi nú ekki lengur vinna, en jarlinn hjálpaði henni, og sagði í sorgmæddum en huggandi róm:

"Þú getur hins gagnstæða við hinar réttu ástæður. Að ég hafi verið sá maður, sem þú mintist á i bréfinu, hefir mér aldrei til hugar komið, svo mikið sjálfsálit hefi ég ekki. Eina ástæðan, sem ég hefi haft til að draga mig í hlé fyrir þér er sú, að ég kynni að missa vináttu þína fyrir það, að mér yrði ekki unt, að komast hjá því að segja þér það, sem ég hefi stundum óskað, að ég hefði sagt þér þann dag, sem þú varst gestur minn í fyrsta sinni við aldingarðssamsætið í Fatheringham. Því ég elskaði þig þá, og hefi aldrei hætt að elska þig síðan. En — vertu nú sæl".

"Lávarður Fatheringham!"

Það var einhver hreimur í röddinni, sem kveikti nýja von í huga hans. Hann sneri sér við og sá, að andlit Láru var eins rautt og blóð.

"Þarftu að fá hr. Wright til að komast að meiningunni í orðum minum?"

Þannig endar þessi saga. Því skal að eins bætt við, að þegar við heyrðum síðast getið um herra Grosse, var hann ekki lengur erfingi að jarlsdæminu Fatheringham.

TIL HEIMSKRINGLU.

Pílatusar handaþvottur kemur greinilega í ljós í Heimskringlu 8. júlí í greinni: "Kirkjuþingið". Þar er verið að tala um, að Heimskringla hafi enga tilhneigingu til að gerast dómari o.s.frv. En áður en hún er búin með málsgreinina þykir henni þó við eiga, að benda á gerðir minnihlutans og leiða getur að því, sem hann sé líklegur að gera.

Þó blaðinu hefði nú tekist að koma af þessari einu ritgerð, án þess að leggja til hvorugs málspartar, þá samt í sama blaði og alt í gegn sýnir það (blaðið) hlutdrægni, — "tilhneigingu til að gerast dómari í því máli".

Hvað kemur blaðinu til að flytja langa ritstjórnargrein rétt fyrir kirkjuþing um þetta efni, ef það er ekki "tilhneiging" o.s.frv.? Af hverju heldur blaðið uppi hæfileg-leikum og manngildi séra Friðriks J. Bergmanns í seinni tíð? Því gaf blaðið honum aldrei þessa verðugu viðurkenningu, þegar hann var einn af traustustu fylgendum kirkjufélagsins? Því flytur blaðið alt, sem það nær í af því, er lítilsvirðir kristna trú, en aldrei neitt það, er kristinni trú megi að liði verða? Því birtir blaðið allan þann andatrúarþvætting, sem það (blaðið) heldur að þeirri skoðun megi verða að liði, en minnist aldrei á með einu orði alt það, sem sannar, að andatrú er skaðleg, illra anda blekking? — Hvað getur svo blaðið með öllu þessu? — Sundrung!

Frá hvaða sjónarmiði getur svo nokkurs uppbyggilegs verið að vænta? — Engu!

Þannig er þá tíma og lesmáli varið fyrir verr en ekki neitt, bara til að þóknast eins og annara vantrúarmanna skoðunum, og til þess að rýra og skaða sanna, lifandi trú, sem vegna formgalla og liðleskju er á veiku stigi.

Það er sagt en ekki sýnt, að á nokkru öðru verði betur og tryggar bygt blessan og velfarnan mannkynsins, en einmitt á hinni heilögu ritningu. Að trúa henni og lifa þá kenning, sem í henni felst, mundi sanna betur en nokkuð annað, að hún væri alt, sem hún er sögð að vera af sumum guðstrúarmönnum.

Það ætti enginn að hafa r é t t eða g e t u á að raska þeim grund velli, sem kirkjuleg eining vitanlega byggist á. Það er ekkert meira hindrandi trúarinnar verðmæti og kraft, en einmitt þessar deildu skoðanir. Þær sundra kröftunum og koma inn vantrausti.

Þau sýnast ekki lýsa mikilli sanngirni ummæli Heimskringlu um úrslitin, er ágreiningsmál kirkjufélagsins fékk á þingi þeirra.

Hvað gátu þeir viðhaft, ef ekki viðtekna almenna reglu í öllum málum hjá öllum siðuðum þjóðum? Það eru bara brosleg ummæli og aðfarir minnihlutans, og eg minnist ekki að hafa séð neitt svo átakanlega ljóst fyrir slæmum málstað. Það er eins og þeir finni til þess, að á þeim muni sannast tvær málsgreinar úr greininni "Að byggja upp og rífa niður", sem birtist í Heimskringlu 1. júli.

Málsgreinarnar eru þessar:

"Það er miklu erfiðara, að byggja upp en brjóta niður. Það þarf miklu minni menn til að veita banasárið gömlum og úreltum skoðunum og hálfhruninni félagsskipun, heldur enn að reisa það við með nýjum krafti. Til að fella, þarf ekki nema skarpleika, hatur og biturleik. Til að reisa við þarf snild og trú og mannást, er haldist í hendur".

"Það er auðveldara að sjá agnúana á því sem er, heldur enn að uppgötva duldar rætur, er geti borið ávöxt. Sá, er byggir upp, verður að leysa bundin öfl úr læðing og draga fram möguleika, sem duldir eru. Sá, er rífur niður, þarf ekki annað en setja út á það, er blasir við allra þeirra augum, sem nokkuð vilja gerskoða hlutina".

Sanngirni mælir með, að þú, Heimskringla góð, ljáir þessum línum rúm í dálkum þínum, við tækifæri.

Með vinsemd og beztu óskum, þinn velunnari.

S. F. Björnson.

Herra Jón Hólm, gullsmiður að 770 Simcoe St., biður þess getið, að hann selji löndum sínum gull- og silfur-muni og gigtarbelti. — Belti þessi eru óbrigðul við gigt, ef þau eru notuð samkvæmt fyrirskipunum Jóns. Kosta að eins dollar og kvart.

Fréttabréf.

BERTDALE, SASK.

25. ágúst 1909.

Heilsufar fólks er hér heldur gott sem stendur, enda er annriki svo mikið nú, að fáir munu fara í bóliið fyr en í fulla hnefana. Heyskapur gengur alment greitt, og tíðin hin allra bezta til þess starfa Slægjur í betra lagi, en engi hafa víða verið heldur blaut vegna úrfellanna í sumar. Nokkrir byrjaðir á hveitislætti og um og eftir næstu helgi verður "harðvistin", sem það er alment kallað, í fullu fjöri. Akrar lita allstaðar heldur vel út, þar sem ekki hafa orðið skemdir af hagli, sem, því miður, hafa of víða gert vart við sig, — sumstaðar í stórum stil.

Sunnudaginn 15. þ.m. var haldinn safnaðarfundur í Foam Lake sölnuði, eftir messu. Á þeim fundi var samþykt, að sölnuðurinn gengi úr kirkjufélaginu, og sagði þá prestur safnaðarins, séra Runólfur Fjeldsted, upp þjónustu sinni með löglegum fyrirvara. Var það að vísu slæmt, því Mr. Fjeldsted er drengur góður, og líkur til að auðveldara verði að fá lakari prest en betri í skarðið.

Fundurinn var fámennur og góð mennur. Samræður fjörugar og ekki laust við kapp af andstæðinga hálfu, þeirra, er álitu að hugsa mætti þessi deilumál. Alt gekk samt með friði og héldu menn sér við málefnin — eins og gerist.

Einna lakast mælist fyrir víðá meðferð kirkjuþingsins á tillögu Hjálmars Bergmans, en það hafa sjálfsagt verið kröfur hvgninnar, sem réðu þeirri klofningu. J.E.

Fréttir.

— Strathcona lávarður er nú að ferðast um í Canada. Hann var nýlega í Winnipeg, og bæjarstjórnin og helztu borgarar veittu honum viðhafnarmiklar viðtökur, sem einum af mestu eða máske réttara sagt ríkustu mönnum í hinu brezka veldi. — Þessar viðtökur minna á sögu, sem nýlega var sögð um þennan mann. Hann sat á skrifstofu sinni í Lundúnum einn dag fyrir skömmu. Þá kom þar gamall maður, og bað um að mega tala við lávarðinn. Kvaðst hann vera kevrslumaður og hafa keyrt lávarðinn til skips, þegar hann sem ókomulaus piltur hefði farið til Canada í fyrsta sinn til að leita þar gæfunnar. Gestinum var leiðbeint inn á skrifstofuna, og hann talaði þar lengi um gamla daga við lávarðinn, og endaði með því, að segja honum, að hann ætti tvö barnabörn, sem hann þyrfti að sjá fyrir, en að annað þeirra væri nýdáið og hann hefði ekki efni á að jarða það sómasamlega. Lávarðurinn gaf karli 5 pd. sterling, og svo fór hann með peningana. Nokkru síðar kom gamli maðurinn aftur að finna lávarðinn og sagði honum þá, að bæði barnabörn sín væru veik á spítala og að sjálfur væri hann bjargarlaus. Lávarðurinn gaf honum aftur 5 pund stering og karl fór með það. — Skrifari lávarðarins, sem hulstaði á samtalið í bæði skiftin, benti lávarðinum á, eftir að karl var farinn, að þessi keyrslumaður mundi vera annað en það, sem hann segðist vera, og að í fyrra skiftið, sem hann hefði komið, hefði hann sagt að annað barnið væri dáið, en nú hefði hann sagt, að þau væri bæði veik á spítala.

Lávarðurinn svaraði: "Þakka yður fyrir bendinguna, herra Jones. En ég get sagt yður, að þegar ég fór fyrst til Canada, þá var ég ekki keyrður í neinum vagni, heldur ók ég sjálfur minum fáu föggum niður að skipinu í hjólbörum".

— Stein- og tigulsteins-leggjarar á Frakklandi hafa gert verkfall, alls nær 20 þús. menn.

— Kona séra R. M. Matthews í Pittsburg, Pa., hefir kært bónda sinn um fjölkvæni og fengið hann dæmdan í fangavist. Fyrir réttinum bar hún það, að hana hefði fyrir nokkru grunað, að presturinn ætti aðra konu í Wales á Englandi. Hún brá sér þangað og fékk þau sannanagögn, sem hún þurfti og lagði þau fram í réttinum.

— Búlgariski ræninginn og uppreistar leiðtoginn Sandansky var nýlega skotinn og hætt'ulega særður í Salonica borg. Það var um miðnætti, sem óvinir hans réðust á hann. Hann var fluttur á sjúkrahús, og ekki vonlaust um líf hans er síðast fréttist. Sandansky er sami maður, sem fyrir nokkrum árum rænti ungfrú Stone, amerikanska trúboðanum, og hélt henni í varðhaldi þar til hún var leist út með ærnu fé. Svo telst til, að maður þessi hafi sjálfur framið um 300 morð, og stuðlað til þúsund annara morðvíga.

— Bretastjórn hefir ákveðið, að verja 10 miliónum dollara til þess að efla loftsiglingar hjá sér. Og franska blaðið Matin hefir boðið að gefa hverjum þeim 20 þúsund dollara, sem fyrstur yrði til þess, að hefja loftsiglingaferðir um Frakkland með viðkomustöðum í bæjunum Paris, Dijon, Belfort Nancy og Lille — fyrir 1. sept. að árs.

— Blaðið Winnipeg Free Presss hefir haft ferðamenn út um Vestur-Canada til þess að safna og semja skýrslur um uppskeruhorfur þessa árs. Eftir 5 þúsund milna ferðalag, hafa þeir komist að þeirri niðurstöðu, að kornbyrgðirnar verði yfir 312 miliónir bush. í þremur Vesturfylkjunum, Manitoba, Saskatchewan og Alberta. Þessi áætlun gerir ráð fyrir, að Saskatchewan fylki muni framleiða sem næst tvöfalt hveitimagn og hafra við það sem Manitoba framleiði. Blaðinu telst svo til, að uppskeran í Manitoba verði: — hveiti 38,130,000 bush., hafrar 43,-793,752 bush. og bygg 10,000,000.

— Cunard línu skipið Muritania fór í sl. viku yfir Atlantshaf á 4 dögum, 11 kl.stundum og 42 mínútum. Það er fljótasta ferð, sem enn hefir farin verið yfir Atlantshaf.

— Sveitastjórar í Ontario fylki samþyktu nýlega á fundi, sem þeir héldu í Toronto borg, tillögu um, að Laurier stjórnin ætti að styrkja heimssýninguna fyrirhuguðu í Winnipeg með því að veita til hennar það fé, sem Winnipegnefndin hefði beðið um, — neinilega 2½ milión dollara.

— Bandaríkjastjórn hefir sent beiðni til Laurier stjórnarinnar um, að mega verja 2 miliónum dollara til umbóta í Canada. Tilgangurinn er, að gera umbætur á Detroit ánni, en hún rennur á parti nálega algerlega innan landamæra Canada. Bandaríkjastjórn er ant um, að bæta skipaleið eftir á þessari, og til þess á fénu að verða varið.

Kvenfrelsiskonur á Englandi hafa hafið baráttu í Wales og á Skotlandi fyrir réttindum sínum. Þær ferðast um í stórum keyrslvögnum, margar í hverjum vagni, með hornleikara, og flytja ræður frá vögnunum, hvar sem þær geta fengið áheyrendur. Í hverjum af vögnum þessum eru 4 kven-ræðugarpar. Tilgangurinn með þessu ferðalagi er ekki að eins sá, að afla kvenréttindamálinu nýrra stuðningsmanna og kvenna, heldur einnig að stofna kvenfrelsisfélög í öllum borgum og þorpum, sem á leið þeirra liggja.

— Borgarstjórnin í Paris á Frakklandi hefir ákveðið að taka 180 milión dollara lán til þess að umbæta og prýða borgina. Tilgangurinn er, að rífa til grunna öll gömul hús í borginni og byggja önnur ný, stór og skrautleg í stað þeirra. Einnig að breikka stræti og gera þau bein, þar sem þörf gerist, og að gera ýmsar aðrar umbætur í borginni, er miði til þess, að gera hana fegurstu og skrautlegustu borg í heimi. Nýir skrautgarðar verða tilbúnir, með gosbrunnum og blómareitum, og skrautlegum byggingum til þæginda fyrir borgarbúa og hornleikendaflokkum til afnota. Átta miliónum dollara á að verja til umbóta á sjúkrahúsum borgarinnar, og 10 miliónum til umbóta á slátturhúsunum. Tuttugu og fimm miliónum dollara verður varið til að bæta alþýðuskólana, og miklar umbætur verða gerðar á vatnsleiðslukerfi borgarinnar og öðrum þeim tækjum, sem miða til heilsubótar, hreinlætis og almennra þæginda.

— Eitt Lundúnablað hefir efnt til samskota og þegar fengið 50 þúsund dollara til þess að borga part af verði fyrir afarmikið loftfar, sem blaðið vill láta búa til og gefa herdeild Breta. Loftfar þetta á að vera 328 feta langt og hafa tvær 135 hestafls aflvélar. Það á getá farið 6 þúsund fet í loft upp og borið 6 menn, og geta farið umhverfis 300 mílna þríhyrnt svæði á 14 kl.stundum. Skipið á að kosta 100 þús. dollara.

Til sölu í Selkirk

Íbúðarhús 14x20, með áföstu eldhúsi 12x20, gripahúsi 18x20, og sumareldhúsi 10x10. Kjallari er undir húsinu 12x12. Eigninni fylgja 4 lóðir, hv. 33x115. Ágætur brunnur. Lóðirnar eru undir ræktun og eru á Clandeboye Ave., vestan járnbrautarinnar. Torrens Title. Eldsábyrgð $550.00. Verð $750.00. Borgist að fullu.

Spurningar.

1. Ég var kaupandi að þriðja árgangi Breiðablika, og borgaði fyrirfram. En þegar árgangurinn var um það bil hálfur út kominn, sendi ég ráðsmanni blaðsins, hr. M. Markússyni, uppsögn, og keypti ábyrgð á uppsagnarbréfinu. En síðan 4. árgangur blaðsins fór að koma út, sé ég að áminst uppsögn hefir ekki verið tekin til greina. Var hún ólögmæt, eða hvað?
2. Getur nokkrum manni, er heilbrigða hugsjón hefir, sýnst bl. Breiðblik vera í svo þykkum holdum, að t.d. annar eins lærdóms og gáfumaður og sra. J.P.S., Únitara presturinn á Gimli, vitanlega er, muni ekki geta talið rétt í því rifin?

M.J., Tantallon P.O., Sask.

SVÖR. — Uppsögn á kaupum blaða er löglmæt, hvenær sem kaupandi er skuldlaus við þau. — Vér teljum víst, að það sé af vangá útgefenda blaðsins, að höf. hefir verið sent það eftir að þriðji árgangur var útrunninn. Það er ætið bezt, að senda uppsögn til blaða rétt um það leyti, sem kaupandi vill láta strika nafn sitt af kaupendaskránni. Því sú útstrikun getur hæglega gleymst, ef uppsögnin er send mörgum vikum eða jafnvel mánuðum áður en hún á að ganga í gildi. Vér teljum einnig, að réttara hefði verið af spyrjanda, að snúa sér beint til blaðsins sjálfs, heldur enn að gera þetta að opinberu blaðamáli, þar sem það er málefni, sem engan varðar nema sjálfan hann og útgefendur blaðsins, sem að vorri hyggju hefðu tafarlaust látið að óskum hans, hefði hann með póstspjaldi mínt þá á uppsögn sína.

Síðari spurningunni getur Hkr. ekki svarað. Ritstj.

1. Ég var sveitlægur í A-hreppi á Íslandi, þegar ég flutti til Canada. Síðan hefi ég alt af dvalið í sama stað, þar sem engin er sveitarstjórn. Flyt svo heim til Íslands eftir 16 ár, og er öreigi. Hvar er mín sveit?
2. Ef ég vildi gefa mig undir bakteríu tilraunir, það er að segja: láta lækna framleiðna bakteríur úr mínum eigin líkama, — til hverra ætti ég þá að snúa mér? Valur.

SV. — 1) Ef spyrjandi hefir gerst brezkur þegn, þá hefir hann tapað sveitfestu á Íslandi, og að líkindum hefir hann tapað þar sveitfestu, hafi hann verið utanlands lengur en tíu ára bil, hvort sem hann hefir gerst þegn annars ríkis eða ekki.

2) Bakteríu spurningunni ætti að beina til einhverra íslenzku læknanna hér, eða umsjónarlæknis sjúkrahússins í Winnipeg.

Ritstj.

Ekki má alt góðgæti falla gleymt þó gleypt hafi verið.

Kæru samlandar, nábýlismenn og vinir mínir hér á Cypress hæðunum!

Ég hefi ljóslega tekið eftir því, þann 16 ára tíma, sem ég hefi dvalið hér í návist ykkar, að þótt þið séuð ekki allir stórlega ríkir menn í fjármunalegu tilliti, þá eruð þið þeim mun betur útbúnir með mannúð og kærleiksríkt hugarþel. Persónulega sýnduð þið mér það með heimsókn ykkar til mín þann 25. júlí sl., með því að færa mér og gefa eitthvert hið prýðilegasta stafprik, sem ég minnist að hafa áður séð, — með stálkúlu í hinum neðri enda og áföstum breiðum silfurhólk ofanvert við kúluna; skaptið slétt, hraíntinnusvart. Á hinum efri enda stafsins, að útliti, mjög gerðarlegur gullhnúður, kantaður og krotaður með snild. Efst á kolli hnúðsins er grafið nafn mitt, og ártal, með vinskaparorði til mín.

Þið hafið orðið þess varir, að ég ekki komst um hús mitt stuðningslaust, hvað þá lengra nokkuð, ekki svo mjög vegna aldurhæðar minnar, heldur illkynjaðs sjúkleiks, sem ég dregst nú með.

Það var mannlega gert af ykkur, góðir drengir, að gefa mér stafinn til stuðnings mér! Vinsamlega þakka ég ykkur gjöfina, og sérstaklega öll þau sanngjörnu og hlýju vinskaparorð, sem þið fluttuð mér við það tækifæri.

Heimsókn ykkar til mín kom að mér svo óvörum, að ég hafði engin þakklætisorð til ykkar á varðbergi, — verð ég því að hafa þetta svona.

Og ennfremur: — Ykkar hugprúðu, hjartabliðu konur stóðu ykkur ekkert að baki, heldur jafnframt, í því er mannúð og veglyndi eða göfuglyndi viðvíkur. Þær sýndu það með því, að senda inn á General Hospital í Winnipeg konunni minni, Guðlaugu Magnúsdóttur, sem þar hefir legið af og til, sem komið er, um þriggja ára tímabil næstliðin, harmsfull og hlaðin meinsemdum, — hið fegursta gullhulstur (Locket), með ágröfnu nafni hennar, ártali og vinskaparorði. Þessi snildarlega gjöf ykkar heiðursverðu kvenna, gladdi hana mikið, sérstaklega hinn hlýji vinskaparhugur, sem auglýsti sig með gjöfinni.

Konur og menn: — Fyrir þetta göfuglyndi ykkar og sóma, sem þið hafið í framkvæmd auglýst okkur hluttaðeigendum, óskum við, að hið dýrmæta drengskaparorð fylgi ykkur alla tíma!

Pétur Pálsson.

Skálholt P.O., Man., 12. ág. 1909.

DÁNARFREGN.

Hinn 25. júní sl. andaðist að heimili Arngríms bónda Kristjánssonar í Þingvallanýlendu BERGÞÓR ÓLAFUR JÓNSSON, úr hjartatæringu. Hann var fæddur 21. sept. 1853 á Þorbergsstöðum í Dalasýslu. Foreldrar hans voru þau alþektu sómahjón Jón læknir Ólafsson og Kristbjörg Bergþórsdóttir, sem þá bjuggu á bæ þessum, en annars lengst af á Hornstöðum í Laxárdal í Dalasýslu, unz þau fluttu vestur um haf og dvöldu um hríð í Winnipeg, en síðan til dánardægurs í Þingvallanýlendunni (Churchbridge, Sask.).

Bergþór sál. giftist Þórunni Stefánsdóttur, bónda í Kalmannstungu 16. júní 1885. Varð þeim hjónum að eins eins barns auðið, er lézt á fyrsta ári. Árið 1886 fluttu þau til Ameriku og dvöldu fyrst 3 ár í Winnipeg, en fluttu síðan til Þingvallanýlendunnar, námu þar land og dvöldu þar æ síðan.

Bergþór sál. var drengur góður, sem hann átti kyn til, glaður og greiðafús í viðkynnum hvarvetna. Sakna hans því ekki einungis ekkjan og vandamenn hans, heldur flestir þeir, er til hans þektu að nokkru. J.E.

HEIMSKRINGLU og TVÆR skemtilegar sögur fá nýir kaupendur fyrir að eins $2.00.

LEIÐBEININGAR--SKRA
YFIR ÁREIÐANLEGA VERZLUNARMENN Í WINNIPEG

MUSIC OG HLJÓÐFÆRI

CROSS, GOULDING & SKINNER, LTD.
323 Portage Ave. Talsími 4413

MASON & RISCH PIANO CO., LTD.
356 Main Stree Talsími 480
W. Alfred Albert, Íslenzkur umboðsmaður

WHALEY ROYCE & CO.
356 Main St. Phone 263
W. Alfred Albert, bókarþjónn.

BYGGINGA- og ELDIVIÐUR.

J. D. McARTHUR CO., LTD.
Byggingar- og Eldiviður í heildsölu og smásölu.
Sölust.: Princess og Higgins Tals. 3000, 3001, 3002

MYNDASMIÐIR.

G. H. LLEWELLIN,
"Medallions" og Myndarammar
Starfstofa Horni Park St. og Logan Avenue

SKÓTAU Í HEILDSÖLU.

AMES HOLDEN, LIMITED.
Princess & McDermott. Winnipeg.

THOS. RYAN & CO.
Allskonar Skótau. 44 Princess St.

THE Wm. A. MARSH CO. WESTERN LTD.
Framleiðendur af Finu Skótaui. Talsími: 3710
88 Princess St. "High Merit" Marsh Skór

RAFMAGNSVÉLAR OG ÁHÖLD

JAMES STUART ELECTRIC CO.
324 Smith St. Talsímar: 3447 og 7802
Fullar byrgðir af alskonar vélum.

GOODYEAR ELECTRIC CO.
Kellogg's Talsímar og öll parafitt áhöld
Talsími 3023. 56 Albert St.

RAFMAGNS AKKOKÐSMENN

MODERN ELECTRIC CO
412 Portage Ave Talsími: 5658
Viðgjörð og Vir-lagning — allskonar.

BYGGINGA-EFNI.

JOHN GUNN & SONS
Talsími 1277 266 Jarvis Ave.
Hófum bezta Steín, Kalk, Cement, Sand o. fl.

THOMAS BLACK
Selur Járnvöru og Bygginga-efni allskonar
76—82 Lombard St. Talsími 600

THE WINNIPEG SUPPLY CO., LTD.
298 Rietta St. Talsímar: 1936 & 7187
Kalk, Steinn, Cement, Sand og Möl

BYGGINGAMEISTARAR.

J. H. G. RUSSELL
Byggingameistari.
í Silvester-Willson byggingunni. Tals: 1068

PAUL M. CLEMENS
Bygginga-Meistari, 443 Maryland St.
Skrifst.: Argyle Bldg., Garry st. Talsími 8997

BRAS- og RUBBER-STIMPLAR

MANITOBA STENCIL & STAMP WORKS
421 Main St. Talsími 1880 P. O. Box 244.
Búum til allskonar Stimpla úr málmi og togleðri

CLYDEBANK SAUMAVÉLA AÐGERÐARMAÐUR. Brúkaðar vélar seldar frá $5.00 og yfir
564 Notre Dame Phone, Main 8624

VÍNSÖLUMENN

GEO. VELIE,
Hel'sölu Vínsali. 183, 187 Portage Ave. E.
Smá-sölu talsími 352. Stór-sölu talsími 404.

STOCKS & BONDS

W. SANFORD EVANS CO.
326 Nýja Grain Exchange Talsími 369

ACCOUNTANTS & AUDITORS

A. A. JACKSON,
Accountant and Auditor
Skrifst.— 28 Merchants Bank. Tals.: 5702

OLÍA, HJÓLÁS-FEITI OG FL.

WINNIPEG OIL COMPANY, LTD.
Selja til Stein Olíu, Gasoline og hjólás-feiti
Talsími 1590 611 Ashdown Block

TIMBUR og BÚLÖND

THOS. OYSTAD, 209 Kennedy Bldg.
Viður í vagnhlössum til notenda, búlönd til sölu

PIPE & BOILER COVERING

GREAT WEST PIPE COVERING CO.
132 Lombard Street.

VÍRGIRÐINGAR.

THE GREAT WEST WIRE FENCE CO., LTD
Alskonar virgirðingar fyrir bændur og borgara.
76 Lombard St. Winnipeg.

ELDAVÉLAR O. FL.

McCLARY'S, Winnipeg.
Stærstu framleiðendur í Canada af Stóm, Steinvöru (Graniteware) og fl.

ÁLNAVARA Í HEILDSÖLU

R. J. WHITLA & CO., LIMITED
264 McDermott Ave Winnipeg
"King of the Road" OVERALLS.

BILLIARD & POOL TABLES.

W. A. CARSON
P. O. Box 225 Room 4 1 Molson Banka.
Öll nauðsynleg áhöld. Ég gjöri við Pool-borð

NÁLAR.

JOHN RANTON
203 Hammond Block Talsími 4679
Sendið strax eftir Verðlista og Sýnishornum.

GASOLINE Vélar og Brunnborar

ONTARIO WIND ENGINE and PUMP CO. LTD
301 Chamber St. Sími: 2985
Vindmillur — Pumpur — agætar Vélar.

BLÓM OG SÖNGFUGLAR

JAMES BIRCH
442 Notre Dame Ave. Talsími 2639
BLÓM - allskonar. Sönglugar o. fl.

BANKARAR, GUFUSKIPA AGENTR

ALLOWAY & CHAMPION
North End Branch: 667 Main street
Vér seljum Avísanir borganlegar á Íslandi

LÆKNA OG SPÍTALAÁHÖLD

CHANDLER & FISHER, LIMITED
Lækna og Dýralækna áhöld, og hospítala áhöld
185 Lombard St., Winnipeg, Man.

Sv. Björnsson,

EXPRES-MAÐUR,
annast um alls kyns flutning um borgina og nágrennið. Pöntunum veitt móttaka á prentstofu Anderson bræðra, horni Sherbrooke og Sargent stræta.

Arena Rink

Undir nýrri stjórn

Opinn fyrir Hjólskauta.

Hornaflokkur á kveldin.

Skrifið yður fyrir HEIMSKRINGLU svo að þér getið ætíð fylgst með aðal málum Íslendinga hér og heima.

JÓN JÓNSSON, járnsmiður, að 790 Notre Dame Ave. (horni Toronto St.) gerir við alls konar katla, könnur, potta og pönnur fyrir konur, og brýnir hnífa og skerpir sagir fyrir karlmenn. — Alt vel af hendi leyst fyrir litla borgun.

INGIBJÖRG BJÖRNSSON, hjúkrunarkona, 620 Agnest st.

Giftingaleyfisbréf

selur: Kr. Ásg. Benediktsson
540 Simcoe st. Winnipeg.



EINSTYKKIS FLEYTIRINN

í MAGNET Skilvindunni

ÞÝÐIR:

fullkominn aðskilnað, hæga hreinsun vélarinnar, og aðskilnað allra óhreininda úr mjólkinni og rjómanum, og — hreint smjör.

Skrifið eftir ókeypis tilraun heima hjá yður og sannfærist.

The Petrie Mfg. Co., Ltd.
WINNIPEG
Hamilton, St. John, Regina, Calgary, Vancouver.

McLEAN HÚSID

WINNIPEG'S MESTA MUSIC BÚÐ og aðalstöð var fyrir bestu Pianó Canadaveldis: Heintzman's fél agsins. Heintzman & Co. Pianó eru viðurkend af heimsins mestu tónfræðingum fyrir að hafa hreinastan og skýrastan tón allra hljóðfæra sem búin eru til nokkurstaðan. Albani sagði: "Það t kur fram öllum þeim hljóðfærum sem ég hefi nokkurn tíma notað."

Komið nú þegar og finnið oss að máli ef þér hugsið til að kaupa Pianó. Vér ábyrgjumst að gera yður ánægða að öllu leyti. Komið og skoðið þau.

J. J. H. McLean & Co LIMITED.

528 Main St. Talsími 808

ÚTIBÚ Í BRANDON OG PORTAGE LA PRAIRIE.

Fréttir úr bœnum.

Heimssýningarnefndin í Winnipeg hefir í hyggju að halda heimssýninguna 1912 í norðurhluta bæjarins, og hefir kosið menn til þess að skoða 5 landssvæði þar, sem öll eru fáanleg til sýningarþarfa. Ekkert er þó enn þá fastákveðið um, hvar sýningin verði haldin, með því að nefndinni standa einnig til boða hentug landssvæði í suðvesturhluta bæjarins.

Herra Á. J. Johnson biður þess getið, að áritan hans sé nú 220 S. Jefferson St., Chicago. — Öll hús í borginni hafa verið númeruð upp að nýju, og númerin nýju gengu í gildi þann 1. þ.m.

Íslenzkukenslu skólinn, sem settur var á stofn af sunnudagaskólakennurum Tjaldbúðarinnar núna í alþýðuskóla sumarfríinu, til þess að kenna íslenzkum ungmennum móðurmál sitt, — hefir hepnast einkarvel. Kenslan stóð yfir í tvo mánuði, frá 1. júlí til 31. ágúst, og stóð kenslan yfir 6 kl.stundir á dag. Nemendurnir urðu nær 40 alls. Samskyns kenslu verður haldið áfram í sömu mánuðum næsta sumar.

Þriggja og fimm mílna hjólkappreiðar, sem háðar voru hér Verkamannadaginn þann 6. sept. sl., og sem allir máttu taka þátt í, vann Haraldur Goodman, eini Íslendingurinn, sem var í þeirri kappreið. Hann fékk fyrstu verðlaun í 3. mílna kappreiðinni og önnur verðlaun í hinni. Hjólið, sem Mr. Goodman brúkaði, var frá þeim Sigurðsson & Matthews.

Herra Guðmundur Árnason, Únítaraprestur, kom úr þýzkalandsferð sinni hingað til bæjarins með konu sina á laugardaginn var. — Hann verður þjónandi prestur í 1. íslenzku Únítara kirkjunni hér framvegis, í stað séra Rögnvaldar Péturssonar, sem er ráðinn til að vera umferðar umboðsmaður Únítara félagsins, og ferðast væntanlega um bygðir Íslendinga eftir því sem hann kemur því við.

Rafmagns Straujárn

Húshalds Stærð fyrir

$4.25

Þú mátt ekki við að nota hin gömlu úreltu straujárn.—

Gas Stove Dept. Winnipeg Electric Ry. Co.

322 MAIN ST. TALS. Main 2522

Látinn er að Svold P.O., N.D., laugardagskveldið 28. ágúst sl., bóndinn Guðmundur Eiríksson, einn af allra merkustu bændum þar í bygð. Guðmundur sál. var ættaður af suðausturlandinu, úr Árnes- eða Rangárvallasýslu, og hafði dvalið hér í landi á þriðja tug ára. — Væntanlega verður þessa manns síðar getið í blöðunum.

Séra Stefán Pálsson, sem þjónar ensk-lúterskum söfnuði í Williamsport í Pennsylvania riki í Bandaríkjunum, er um þessar myndir á ferð hér í borg í kynnisferð til bræðra sinna hér (W. H. og Magnúsar Pálssona. Séra Stefán er skólabróðir séra P. E. Baisler, sem þjónar enska lúterska söfnuðinum á horni Ellice og Beverly stræta hér í borg. Hann prédikaði í þeirri kirkju á sunnudagsmorguninn var, og í Fyrstu lút. kirkjunni íslenzku að kveldinu.

Sunnudagsskóla Picnic Fyrsta únítariska safnaðarins hér í bæ, er frestað var nú fyrir skömmu, verður haldið laugardaginn kemur þann 11. þ.m. Fólk er beðið að safnast saman við kirkjuna laugardagsmorguninn um kl. 9, og verða strætisvagnar þar til staðins að flytja fólk suður í River Park. Ýmsar skemtanir fyrir börnin fara fram yfir daginn, og verðlaun veitt fyrir. Öll börn, er koma vilja, fá að taka þátt í leikjunum. Veitingar ókeypis, undir umsjá kvenfélags safnaðarins.

UNGA ÍSLAND fæst hjá herra G. Finnbogasyni, 691 Victor St., Winnipeg, — en ekki 671 eins og stóð í síðasta blaði.

Mrs. Johnson frá Edmonton kom til bæjarins í kynnisferð um síðustu helgi. Hún fór í gærdag suður til Dakota og dvelur þar 2 til 3 vikur. Síðar fer hún norður til Gimli til að sjá sig um þar.

FUNDARBOD.

Föstudagskveldið 10. þ.m. verður almennur safnaðarfundur haldinn í Únítara kirkjunni. Mörg áríðandi mál liggja fyrir. Fólk er beðið að fjölmenna.

J. B. SKAPTASON, forseti.

LEIÐRÉTTING. — Í greininni "Gróusögur", sem prentuð er í síðasta blaði, hefir orðið misprentun viðvíkjandi dánardægri J.Rockmanns sál. þar stendur: "Um lok sl. mánaðar dó", o.s.frv., en á að vera: Um lok sl. maí mánaðar.

VANTAR GÓÐA VINNUKONU, gott kaup, gott heimili. Finnið Mrs. Chas. H. Budd, 170 Kenora St., rétt sunnan við St. James Park.

Herra J. H. Ashdown, kaupmaður og fyrrum borgarstjóri hér í borg, hefir gefið 100 þúsund dollara til Wesley College hér í borg, og er það lang-mesta og höfðinglegasta gjöfin, sem nokkur borgari hefir gefið til þessa háskóla.

Prófessors Bryce og Hart hafa lagt niður kennarastöður sínar við Manitoba College. Þeir eru báðir orðnir gamlir menn. Þeir hafa um sl. 38 ár unnið að byggingu og viðhaldi þessa skóla og verið kennarar þar síðan þeir komu honum á fót.

Vill ritstjóri Heimskringlu gera svo vel, að fræða oss um, hvað orðið er um forsprakka "20. aldarinnar". Hafa þeir orðið úti í einhverri af 20. aldar stórhriðunum? Leitarmaður.

SVAR: Forsprakkarnir eru báðir á túr. Ritstj.

Vill kona sú, er í sumar í fjarveru minni hafði á burt með sér af heimili mínu, Skálholt P.O., grátt nýtt ullarsjal og skinnvetlinga skila áðurneíndum hlutum til baka. Bezt væri, til að koma í veg fyrir meira ómak, að skilja það eftir í sölubúð þeirra Sigmars bræðra í Glenboro. Þeim er nóg, sem skilur.

Glenboro, 2. sept. 1909.
Guðlaug Paulson.

Tilkynning.

Hér með tilkynnist öllum þeim félögum, sem hugsa sér að fá Goodtemplara salinn leigðan fyrir viss kveld í viku á komandi vetri, — að ráðstafa því við undirritaðan, sem allra fyrst. Með því að tryggja sér ákveðin kveld fyrirfram allan veturinn út, koma þau í veg fyrir, að salurinn verði leigður öðrum þau kveld.

ÁSBJÖRN EGGERTSSON,
688 Agnes St. Telefón 3827

SKEMTISAMKOMA

Tjaldbúðarkirkju 14. sept. kl.8 e.h

PRÓGRAM.

1. Söngflokkurinn.
2. Piano Solo—Sigurveig Vopni.
3. Violin Solo—Clara Oddson.
4. Duett—Louise Thorlakson og Alex. Johnson.
5. Upplestur.
6. Vocal Solo—Alex Johnson.
7. Duet—Thorolfsson og Jónasson
8. Vocal Solo—Louisa Thorlakson
9. Söngflokkurinn.

Í salnum niðri.

10. Kökuskurður—2 ræður (ágætir ræðumenn).

Kaffi og Veitingar

Inngangur 25 cents.

The Abernethy Tea Rooms

Eru nú undir nýrri ráðsmensku. Vér getum selt fólki góðar máltíðir og hressingar eftir þann 9. þ. m.—

21 máltíðarseðlar $3.50

472 PORTAGE AVE.

ÚR BRÉFI AÐ VESTAN FRÁ SINCLAIR (til K. Ásg. Benediktssonar). — — "Síðasta part vetrar og vorið var tíðarfar eitthvert það versta, sem ég man eftir á æfi minni. Hið stutta sumar hefir verið ágætt. Regnskúrir í júní og júlí. Spretta betri en í meðallagi. Mót venju kom hér ekki haglskúr í sumar, og frost engin, sem skemt hafa uppskeru. Heita má, að alt leiki í lyndi. Nú, 29. ágúst, er kornsláttur búinn, og verður byrjað á að þreskja eftir helgina. Það vildi ég, að Roblin sendi mér nokkra vinnumenn, þó þeir væru fangar, þá skyldi ég sjá þeim skil á þeim aftur. Kaup $2—$2.50 á dag, og $4.50 fyrir mann með hestapar.

Í norðurbygðinni eru simstaurarnir komnir heim til sumra. — Fyrst komu þeir til þeirra bræðra Jóhannesar og Sigurgeirs Bardal. Innanhúss útbúnaður að eins ókominn. Bráðum hægt að tala við ykkur í Winnipeg.

Jóhanni Jóhannssyni og konu hans líður vel. Systir hans kom sunnan úr Bandaríkjum og dvaldi hjá honum mánuð í sumar. Þau höfðu ekki sést í 17 ár. Vissi hún ekki hvar Jóhann var, fyrri en hún sá í Hkr. ferðasögu þína um Pipestone bygð í fyrra. — —

Meira síðar".

Hr. Ólafur S. Thorgeirsson, umboðsmaður st. Skuldar, setti þessa menn og konur í embætti fyrir yfirstandandi ársfjórðung:

F.Æ.T.: A. S. Bardal.
Æ.T.—A. Eggertsson.
R.—R. Th. Newland.
A.R.—Jónína Johnson.
F.R.—Gunnl. Jóhannsson.
Gk.—Sigfús Jóelsson.
V.T.—Magnea Gunnarsson.
Kap.—Guðrún Johnson.
Dr.—Stefanía Johnson.
A.Dr.—Margrét Hallson.
V.—Magnús Johnson.
U.V.—Jóhannes Johnson.
G.U.T.—Jóna Björnsson.

Þakkarávarp.

Við fráfall sonar míns, Gísla sál. Borgfjörðs, er mér seint líður úr huga, er bar að með svo sorglegum og sviplegum hætti á heimili okkar feðga við Árnes P.O. í Nýja Íslandi, fimtudagsmorguninn þann 26. ágúst síðastliðinn, — fæ ég ekki annað en minst hinnar þýðu og mannúðlegu hluttöku allra sveitunga minna nær og fjær í hinum sára missi mínum, og annara ættingja hans. Þeir vildu allir gera oss skilnaðarstundina sem léttbærasta og auðsýna oss sem mesta alúð og velvild. Fyrir það og fyrir það líka, hve margir þeirra heiðruðu minningu hans með nærveru sinni við húskveðjuna, þrátt fyrir erfiðleika, vil ég hjartanlega þakka þeim.

Ennfremur þakka ég öllum þeim hinum mörgu vinum hans og vor, hér í bæ, er nærstaddir voru við útför hans og á ýmsan hátt sýndu oss hluttekning og vináttu, með blómum, er þeir lögðu á kistu hans eða vinarorðum til vor mælt, auk fleira.

Þökk fyrir alt. Öllum þeim vil ég frambera þakklæti vort innilegt fyrir allra vorra hönd, ættingja hans, er eftir lifum.

Sæmundur J. Borgfjörð.
Winnipeg, 6. sept. 1909.

PRENTUN

VÉR NJÓTUM, sem stendur, viðskipta margra Winnipeg starfs- og "Business"-manna.— En þó erum vér enþá ekki ánægðir. — Vér viljum fá alþýðumenn sem einatt notast við illa prentun að reyna vora tegund. — Vér ábyrgjumst að gera yður ánægða. — Símið yðar næstu prent. pöntun til —

'Phone: Main 5944

The ANDERSON Co. COR. SHERBROOKE ST. AND SARGENT AVENUE. WINNIPEG.
PROMPT PRINTERS

SKÓR fyrir smekkmenn

Maður, sem vill hafa lagleguð og þægilegan skófatnað, gerir sjálfum sér greiða með því að snúa fótum sínum í þessa átt.

Allir vorir skór eru sniðnir þann ig, að þeir fara vel á fótum, hver svo sem lögun þeirra kann að vera. Þess meira, sem þér kaupið hér, þess meira viljið þér fá.

$3, $4, $5 til $8 Skór

Ryan-Devlin Shoe Co
494 MAIN ST PHONE 770.

TILKYNNING.

Hér með tilkynni ég undirritaður, að ég hefi selt part minn í kjötmarkaðnum Eggertsson & Hinriksson, á Wellington Ave., til félaga míns, hr. G. Eggertssonar, og bið alla okkar viðskiftavini, að halda viðskiftum áfram við hann.

Með þakklæti til viðskiftavina okkar.

H. HINRIKSSON.
Winnipeg. 6. sept. 1909.

Ég undirritaður G. Eggertsson hefi nú einn ofannefndan kjötmarkað, og veiti fólki sömu viðskifti, sem áður, og óska viðskifta sem flestra Íslendinga.

G. EGGERTSSON.

Heimskringla leyfir sér að mæla með herra G. Eggertsson, sem vönduðum og áreiðanlegasta verzlunarmanni, og vel kyntum dreng.

Gólfteppa Hreinsun

Vér stoppum og þekjum gamla stóla, legubekki og fleira. — Flyt húsgögn og geymi þau yfir lengri eða styttri tíma. —

W.G. Furnival
312 Colony St. Phone 2041.

Jóhanna Olson

Piano Kennari, byrjar 1. sept. nk. að kenna piano-spil, að 557 Toronto Street.

Til Sölu.

TIL SÖLU—nærri því nýr kolaofn, — fyrir hálfvirði, annaðhvort fyrir peninga eða í skiftum fyrir matreiðslustó. Hkr. vísar á.

TIL SÖLU er járnsmiðja með nauðsynlegu landrými og miklu eíni, járni, stáli og kolum. Skift fyrir lóðir í Selkirk eða Winnipeg. Húsið er 18x24 fet. Ritstj. vísar á.

Jónas Pálsson,
SÖNGFRÆÐINGUR.
Útvegar vönduð og ódýr hljóðfæri.
460 Victor St. Talsími 6803.

Dr. G. J. Gislason,
Physician and Surgeon
Wellington Blk, - Grand Forks, N.Dak
Sjerstakt athygli veitt AUGNA, EYRNA, KVERKA og NEF SJÚKDÓMUM.

Drs. Ekern & Marsden,
Sérfræðislæknar í Efturfylgjandi greinum: — Augnasjúkdómum, Eyrnasjúkdómum, Nasasjúkdómum og Kverkasjúkdómum. : : :
Í Platky Byggingunni í Bænum
Grand Forks, .: N. Dak.

Dr. M. Hjaltason, Oak Point, Man.

S. K. HALL
kennari við
WINNIPEG SCHOOL OF MUSIC
Studios: 701 Victor og 304 Main St.
"Mr Hall is one of our best trained and most efficient teachers".—Winnipeg Town Topics 10 april 1909.

WINNIPEG Business College
Cor. Portage Ave and Fort St.
28. AR.
FÉKK FYRSTU VERÐLAUN Á SAINT LOUIS SÝNINGUNNI.
Dag og kveldkensla. Telefón 45.
Haustkensla byrjar 1 Sept.
Bæklingur með myndum ókeypis.
Skrifið til: The Secretary, Winnipeg Business College, Winnipeg, Man.

Íslenzkur Tannsmiður,
Tennur festar í með Plötum eða Plötulausar. Og tennur eru dregnar sársaukalaust með Dr. Mordens sársaukalausu aðferð
Dr. W. Clarence Morden, Tannlæknir.
Sigurður Davidson—Tannsmiður.
620½ Main St.
Phone 470 Horni Logan Ave.

Þarft þú ekki að fá þér ný föt?

EF ÞAU KOMA FRÁ CLEMENT'S, — ÞÁ VERÐA ÞAU RÉTT.

Réttur að efni, réttur í sniði réttur í áferð og réttur í verði.

Vér höfum miklar byrgðir af fegurstu og beztu fataefnum. —

Geo. Clements & Son
Stofnað árið 1874
264 Portage Ave. Rétt hjá Free Press

Th. JOHNSON
JEWELER
286 Main St. Talsími: 6606

JOHN ERZINGER
TÓBAKS-KAUPMAÐUR.
Erzinger's skorið reyktóbak $1.00 pundið
Hér fást allar neftóbaks-tegundir. Óska eftir bréflegum pöntunum.
McINTYRE BLK., Main St., Winnipeg
Heildsala og smásala.

F. Deluca
Verzlar með matvöru, aldini, smá-kökur, allskonar sætindi, mjólk og rjóma, sömul. tóbak og vindla. Óskar viðskifta Íslend. Heitt kaffi eða te á öllum tímum. Fón 7756
Tvær búðir:
587 Notre Dame og 714 Maryland St.

Boyd's Brauð

Vor brauð eru holl. Holl brauð eru ætíð gerð úr bezta hveiti í hreinlegu verkstæði. Vor brauð eru saðsöm keymgóð. Reynið þau og þér munuð ekki gera yður ánægða með nokkur önnur brauð. —

Boyd's

Bakery Cor. Spence & Portage Ave
Phone 1080.

Winnipeg Wardrobe Co.

Kaupa brúkaðan Karla og Kvenna fatnað,—og borga vel fyrir hann.

Phone, Main 6539 597 Notre Dame Ave.

BILDFELL & PAULSON
Union Bank 5th Floor, No. 520
selja hús og lóðir og annast þar að lútandi störf; útvegar peningalán o. fl.
Tel.: 2685

J. L. M. THOMSON, M.A., L.L.B.
LÖGFRÆÐINGUR. 285½ Portage Ave.

Hubbard, Hannesson and Ross
LÖGFRÆÐINGAR
10 Bank of Hamilton Chambers
Tel. 378 Winnipeg

ANDERSON & GARLAND
LÖGFRÆÐINGAR
35 Merchants Bank Bldg. Phone: 1561

BONNAR, HARTLEY & MANAHAN
Lögfræðingar og Landskjala Semjarar
Suite 7, Nanton Block, Winnipeg

W. R. FOWLER A. PIERCY.

Royal Optical Co.
327 Portage Ave. Talsími 7286.
Allar nútíðar aðferðir eru notaðar við augn-skoðun hjá þeim, þar með hin nýja aðferð, Skugga-skoðun, sem gjöreyðir öllum ágiskunum. —

Laing Brothers

3 Búðir:
234-6-8 KING ST. Talsími 4476, 5890, 5891
417 McMILLAN AVENUE Talsími 5598
847 MAIN ST. —, Tals: 3016

Hafrar, Hey, Strá,
COUNTRY SHORTS, BRAN, CORN, CORN CHOP, BYGG CHOP, HVEITI CHOP, OG GARÐÁVEXTIR.
Vér höfum bezta úrval gripafóðurs í þessari borg; fljót afhending

EKRU-LÓÐIR

2, til 5 ekru spildur við rafmagns brautina, 5 mílur frá borginni. — aðeins 10 mínútna ferð á sporvagninum, og mælborin keyrsluvegur alla leið. Verð $200 ekran og þar yfir. Aðeins einn fimtipartur borgist strax, hitt á fjórum árlegum afborgunum.—

Skuli Hansson & Co.

Skrifst. Talsími 6478. Heimilis Talsími 27'4

Heimskringla.

Vér höfum næga skildinga

til að lána yður mót tryggingu í bújörðum og bæjar-fasteignum. Seljum lífsábyrgðir og eldsábyrgðir. Kaupum sölusamninga og veðskuldabréf.

Frekari upplýsingar veita

Skuli Hansson & Co.

56 Tribune Building. Winnipeg.

XXIII. ÁR -WINNIPEG, MANITOBA- FIMTUDAGINN 16. SEPTEMBER 1909- NR. 51

Fregnsafn.

Markverðustu viðburðir hvaðanæfa.

— Allan línu skipið Laurentian strandaði nýlega á kletti við Nova Scotia strendur. Skipið var á leið til Glasgow með kornvöru, 38 farþegja og 100 manna skipshöfn, sem allir komust af, en skipið brotnaði í tvent á klettinum, sem það rakst á, og er því algerlega ónýtt.

— Cement gerðar félögin í Canada hafa gert einveldis samsteypu, og er því öll samkeppni á söluverði þess horfin hér í landi. Framleiðslu möguleikar þessa nýja félags, á hinum ýmsu verkstæðum þess, eru 15 þús. tunnur á dag, eða 4½ milíón tunnur árlega.

— Síðustu skýrslur frá bæjarstjórninni í Berlin á Þýzkalandi sýna, að á öðru 3 mánaða tímabilinu á þessu ári (apríl, maí og júní) var í borginni slátrað til manneldis undir stjórnar umsjón 29,766 hestum og 1510 hundum.

— Biskup Fallows, yfirmaður Endurbættu Episcopal kirkjunnar á Englandi, hefir um nokkurn undanfarinn tíma verið að gera tilraunir til þess að ná samtali við framliðna menn og konur. Hann kveðst hafa mynda nýtt vísindakerfi, sem hann nefnir "Immortalism", og staðhæfir, að innan skams tíma muni mannkynið get talað við látna ástvini sína eins hæglega og þeir nú tala við þá lifandi. Andatrúarmenn hafa alt til þessa tíma þurft að ná sambandi millum lifenda og dauðra með miðlum, en biskupinn telur miðlana alls óþarfa, og segir hvern geta talað við andaheiminn með eigin vörum og heyrt mál þeirra framliðnu með eigin eyrum. Engin vænir biskupinn um óeinlægni í þessari trú hans.

— John Burns, atvinnumála ráðgjafinn enski, hefir nýlega látið þess getið í opinberri skýrslu, að í London borg séu 42,500 íbúðarhús, sem enginn búi í, og að í London og 7 öðrum borgum þar í landi séu til samans 100 þúsund auð íbúðarhús. Ástæðan til þessa ástands sé aðallega sú, að svo margir flytji úr landi sökum atvinnubrests. Einnig telur hann það eina af orsökunum, að húsaleigan inni í sjálfum borgunum sé svo há að verkafólk geti ekki klofið að borga hana. Þess vegna hafi mörg þúsund manna flutt sig út fyrir borgartakmörkin, þar sem leigan er lægri.

— Stjórnin í Portúgal hefir nýlega sett nefnd manna til þess að íhuga konungsmötuna og hverja upphæð væri sanngjarnt að veita konunginum árlega, svo hann geti komist af sómasamlega. Hann hefir eins og nú er 65 þúsund pund á ári, sem skiftist þannig: Til viðhalds konunglegu höllinni og garðinu umhverfis hana 20,000 pd. á ári; til veizluhalda 12 þús. pd. á ári; til gjafafjár 7 þúsund pd. á ári, og laun ýmsra konungsþjóna 26 þúsund pund á ári. Þetta segir nefndin að sé hvergi nærri nóg, með því að ekkert sé gert fyrir matvælum eða fatakaupu. Nefnd in mælir með, að 12 þúsund pundum sé bætt við ársfé konungsins fyrst um sinn, þar til þjóðin geri frekari ráðstafanir um ríflegra árstillag til hans.

— Tilraunir er um þessar mundir verið að gera á Englandi til þess að koma á loftskeyta sambandi milli Bretlands og Suður-Afríku. Tilraunir á að gera til þess, að byggja svo öflugar endastöðvar í báðum löndunum, að sambend náist. Stjórnin ætlar að veita 10 þúsund punda árlega til þessa fyrirtækis.

— Lögreglan átti nýlega í stríði með konu eina í Montreal, sem hafði verið þar nokkra mánuði á spítala, en var komin svo til heilsu aftur, að hún varð að fara þaðan. En konan átti hvergi höfði sínu að að halla, svo að lögreglan varð að taka sig fram með að koma henni fyrir á líknarhæli þar í borg. Kona þessi vegur 483 pund og er 144 þuml. eða 12 fet um mittið, og getur ekki staðið sjálfkrafa á fótunum. Kona þessi er 53. ára gömul. Hún hafði verið á sýningum áður en hún veiktist.

— Timbursmiður einn í Edmonton hefir smíðað flugvél, sem virðist að hafa reynst sæmilega vel, og er stýranleg. Það hefir tekið 3 ár að smíða vélina.

— Mælingamenn C.N.R. og G.T.P. járnbrautafélaganna keppa nú hvorir við aðra að mæla út brautarstæði sín gegn um Klettafjöllin. Báðum flokkum hefir tekist að finna veg gegn um fjöllin, þar sem dalirnir eru svo djúpir, að brautin á háfjöllunum verður ekki netna 2886 fet yfir sjávarmál. Skarð þetta liggur milli Thompson og Fraser ánna, og er suðaustur af Yellow Head skarði. Báðar þessar brautir verða einnig lagðar gegn um það skarð. Búist er við, að mælingunum gegn um fjöllin verði lokið fyrir lok næsta mánaðar.

— Hundrað og fimtíu þúsundir manna sóttu Toronto sýninguna þann 6. þ.m.

— John W. Miller í Indianapolis, Ind., andaðist 3. þ.m., 76 ára gamall. Hann andaðist á líknarstofnun, sem hafði séð fyrir honum um nokkur sl. ár. Jón gamli var 4-kvæntur, og 30 af börnum hans fylgdu honum til grafar. Síðasta kona hans lifir.

— Svo mikil kaupamannaþurð er um þessar mundir í Manitoba, að kvenfólk hefir á sumum stöðum orðið að ganga að útivinnu á ökrunum, og er það óvanalegt. Sumir bændur bjóða nú kaupamönnum $4.00 á dag meðan á uppskerunni stendur. Einn bóndi nálægt Arcola Station, sem hefir 650 ekrur undir kornrækt, hefir enga aðra vinnuhjálp en kvenna. Karlmenn fást ekki, hvað sem í boði er. Hveiti liggur slegið í þúsundum ekra hér og hvar um fylkið, óhirt vegna mannfæðar. — Þó hafa komið á þessu hausti nokkuð yfir 20 þúsund kaupamenn að austan og sunnan, og eru enn að koma í hundraðatali að austan. — Fimm hundruð menn komu til Winnipeg að austan á mánudagskveldið var. Fjöldi bænda var hér til taks að mæta lestinni og ráða menn til sín, en margir urðu að fara svo búnir, því margir aðkomumanna höfðu ráðið sig áður en þeir fóru af stað að heiman, og voru á leiðinni til húsbænda sinna víðsvegar í fylkinu.

— Hafnartollar í Montreal borg hafa síðan skipagöngur byrjuðu í vor og fram til 31. ágúst orðið $190,897, eða rúmlega 6 þús. dollara meiri en á sama tímabili í fyrra. Þó hefir vörumagnið, sem flutt hefir verið inn og út úr landinu, verið minna en á síðasta ári, en innanlandsverzlun og flutningar hafa aukist. Þetta bendir á vaxandi starfsemi og góðæri í landinu.

— Eldur í Saskatoon, Sask., bæ þann 8. þ.m. gerði 40 þús. dollara eignatjón.

— Aldinaflutningur frá Ontario til Manitoba er nú byrjaður fyrir nokkru. Heil járnbrautavagnhlöss af eplum, perum plómum og öðraldinum, koma hingað vestur daglega. Verð líkt og á liðnum árum, eða nokkuð hærra.

— Verkfall það, sem um sl. 7 vikur hafir staðið yfir í verksmiðjum stálvagnagerðar félagsins í Pittsburg, Pa., endaði þann 8. þ.m., með þeim árangri, að verkamenn höfðu tapað nær 60 þús. dollara í verkalaunum og félagið skaðast um líka upphæð.

— Fregn frá Brussels segir, að hvítur kaupmaður, sem var á ferð í Congo-héraðinu í Afríku, hafi fallið í hendur skrælingja og verið étinn. Belgíu stjórn hefir sent flokk hermanna þangað til þess að hegna skrælingjunum fyrir mannátið.

— Kvenfrelsiskonur á Englandi, 8 talsins, voru í sl. mánuði dæmdar í $10.00 fjársekt hver, eða sjö daga fangelsi fyrir að setja vörð um íbúðarhús Asquiths stjórnarformanns. Þær áfrýjuðu dómi þessum af þeirri ástæðu, að þær hafi sama rétt eins og aðrir borgarar, að nálgast konunginn gegnum ráðgjafa hans, og að þær hafi haft fullan lagarétt til þess, að reyna að ná tali af forsætisráðherranum.

— Maður nokkur í Montreal, að nafni Remillard, barði konu sína til bana í sl. viku. Um orsökina er ekki getið, en maðurinn er í varðhaldi undir ákæru fyrir morð.

— Þann 9. þ. m. andaðist að heimili sínu í Arden, N. Y., eftir langan sjúkdóm, Edward Henry Harriman, 60 ára gamall. Hjartabilun varð að síðustu banamein hans. Harriman var einn af mestu járnbrautakongum heimsins. Hann var prestssonur og fékk gott uppeldi og mentun. Þó hafði faðir hans að eins 200 dollara árslaun um 7 ára tíma, og fékk þau síðan hækkuð nokkuð, en var jafnan fátækur meðan börn hans voru að alast upp. Faðirinn dó árið 1881, þá 68 ára gamall. Ungi Harriam byrjaði starf sitt, sem skrifstofuþjónn í Wall Stræti í New York borg, en á þeim árum bar lítið sem ekkert á þeim gróða hæfileikleikum, sem síðar þokuðu honum upp í fremstu auðmannaröð. Árið 1870 komst hann yfir svo mikið fé að hann gat keypt sér sæti á New York Stock Exchange. Enginn veit enn í dag, hvernig hann komst yfir það fé, sem hann borgaði fyrir sætið. Nokkru síðar kvongaðist hann dóttir Averells í Rochester, er var auðmaður og átti mikið fé í járnbrautum. Harriman stundaði hlutabréfaverzjun í New York, þar til árið 1883, að hann fór fyrir alvöru að gefa sig við j árnbrautastarfi, og var hann þá talinn auðugur maður. Þá var hann kosinn í stjórnarnefnd Illinois Central járnbrautarfélagsins, og frá þeim tíma beitti hann öllum sínum hæfileikum til að ná stjórnar og eignarhaldi á flutningstækjum þjóðarinnar, þar til hann réði yfir 27 þús. milum af járnbrautum, og yfir skipastól, sem annaðist flutninga yfir 54 þús. mílna veg.

— Óvanalegt og sorglegt slys vildi til á bóndabýli einu í Sundance héraðinu í Wyoming í Bandaríkjunum. Konan var ein heima með 3 ungbörn sín. Hún þurfti að fara að sækja vatn í brunninn, og tók með sér yngsta barnið, en skildi hin 2 eftir heima. Þegar hún var við brunninn, heyrði hún neyðaróp barnanna tveggja í húsinu. Hún lagði frá sér ungabarnið og hljóp af stað til hússins, en er hún kom að dyrunum, sá hún stóran eitursnák skriða út úr húsinu. Og börn hennar lágu á gólfinu í dauðateigjunum. Snákurinn hafði bitið þau bæði til bana. Hún reyndi að hjúkra börnunum, en gat ekkert fyrir þau gert, og þau dóu eftir fáar mínútur. Hún hljóp þá aftur út að brunninum, til þess að gæta ungabarnsins, en það hafði skriðið of nálægt honum meðan hún var fjarverandi og dottið ofan í brunninn og drukknað. Misti vesalings konan þannig 3 börn sín á svipstundu.

Íslands fréttir.

Heilmikið mál hefir risið upp í Reykjavík út af því, að einhver hafði sent falsskeyti með landsímanum til tveggja eða þriggja blaða Norðan- og Austanlands um samþykt sambandsmálsins, og er Jónas Guðlaugsson, ritstj. Reykjavíkur, grunaður um, að hafa verið meðsekur í því, ásamt með Eggert Stefánssyni, sem nú hefir verið víkið frá stöðu sinni við landsímann.

Bjarni Jónsson frá Vogi hefir verið skipaður verzlunar erindreki Íslands í útlöndum. Mælt að laun hans séu 12 þúsund kr. um árið. Gunnar Einarsson hafði sótt um þá stöðu og haft meðmæli kaupmannafélagsins í Reykjavík.

Íslenzkt smjör hafði á markaði í Skotlandi í júlí sl. selst fyrir frá 70 til 83 aura pundið. Líkindi talin til verðhækkunar síðar.

Þjóðhátið mikil var haldin í Reykjavík 1. og 2. ágúst sl. Alt hafði þar verið vel undirbúið, en hellirigning síðari daginn dró úr aðsókn fólks.

Stjórn Íslands hefir gert 10 ára samning við Thore félagið um að halda uppi tíðum millilanda ferðum og strandferðum við Ísland. Alls skuli millilandaferðir vera 48 á ári hverju, en strandferðir nokkuð fleiri.

Konungur hefir staðfest öll lög, er síðasta alþingi samþykti, nema sambandslaga frumvarpið. Í því máli er staðfesting konungsins háð því, að ríkisþing Dana samþykki það eins og það kemur frá alþingi.

Lög um stofnun íslenzks háskóla, sem staðfest hafa verið, gera ráð fyrir stofnun háskóla á Íslandi. Í honum skulu fyrst um sinn vera 4 deildir, guðfræðisdeild, lagadeild, læknadeild og heimspekisdeild. Koma hinar 3 fyrstu í stað hinna, æðri mentaskóla, sem nú eru, prestaskóla, lagaskóla og læknaskóla. En í 4. deildinni skal kenna heimspeki, íslenzka málfræði, sögu Íslands og sögu íslenzkra bókmenta að fornu og nýju. Stjórn skólans er falin rektor og háskólaráði.

Nýlátinn er í Reykjavík Einar Zoega, sem lengi var þar veitingamaður, sjötugur að aldri.

Hallur Jónsson, bóndi í Brekkukoti druknaði nýlega í Héraðsvötnum. Vildi ekki bíða eftir ferju, sem þó vár á leiðinni að mæta honum, en lagði hesti sínum til sunds í vesturósinn og fórst þar.

Nýlátinn er í Reykjavík Eiríkur Eiríksson, húsmálari. Hann hafði sopið á eiturglasi í ógáti. Eftirlætur konu og 4 börn.

Kol eru sögð nýfundin á Heinabergi á Skarðsströnd í Dalasýslu, skamt frá bænum.

Tíðin á Suðurlandi vinda- og votviðrasöm allan fyrri hluta ágústmánaðar.

Síldarafli hefir verið góður í nætur á Austfjörðum, en Norðanlands lakari og töluvert minni en í fyrra sumar.

Sundskáli mikill hefir verið bygður og nýlega vígður við Skerjafjúrð, nálægt Reykjavík. Sundkenslu er og nú víða haldið uppi um alt Ísland og tekst vel. Á Reykjanesi við Ísafjarðardjúp var haldið sundpróf 1. ágúst. Fljótasturþar varð Daníel Benediktsson frá Valþjófsdal í Önundarfirði, — synti 20 faðma á 36 sekúndum. — Nær 40 drengir hafa verið þar við sundnám í sumar.

Friðrik Helgason druknaði seint í júlímánuði í vatni í Ólafsfirði. Hafði verið að æfa sund.

Grasmaðkur hefir gert mikið tjón í nokkrum sveitum í Árnes- og Rangárvallasýslum og í Vestur-Skaptafellssýslu, sumstaðar farið í túnin, og sumstaðar stórspilt búfjárhögum.

Mikið athygli hafa gerðir síðasta kirkjuþings í Winnipeg vakið um alt Ísland, og undrast blöðin þar yfir þröngsýni meirihlutans á þinginu. Nýtt kirkjublað kveðst muni skifta sér af því máli.

Látinn er 20. júlí sl. Þórður Jónsson, óðalsbóndi og hafnsögumaður í Ráðagerði við Reykjavík. Hann hafði lengi verið bilaður að heilsu.

Grasspretta er sögð um land alt sú bezta, sem verið hefir í manna minnum.

Hálfdán Brynjólfsson í Hnífsdal datt út af bryggju á Ísafirði og druknaði.

Úr bréfi af Vesturlandi dags. 10. ágúst sl. er sagt, að selveiðafélögin þar hafi veitt 100 hvali í sumar.

Fréttabréf.

SPANISH FORK, UTAm.
16. ágúst 1909.

Herra ritstj. Hkr.

Eins og vant er, gerist hér ekki mikið, sem með stórtíðindum má telja. Tíðin er inndæl, en hitar miklir, allan sl. mánuð og fram til þessa dags. Oftast er hitinn 90 og alt upp að 100 st. í skuggunum, og þykir mörgum það viðunanlega volgt. Samt er heilsufarið gott, og engir deyja af ofhita. — Uppskera er í bezta lagi, og stendur hún nú yfir. Þresking er rétt nýbyrjuð, og er hveitiverðið nú 90 cent bush.

Mikið hefir verið um dýrðir í Salt Lake Yity, höfuðstaðnum sjálfum, sl. viku, og var sú orsökin, að gamla hermannafélagið, G. A. R., hafði þar sína árlegu gleðisamkomu. Voru þar saman komnar margar þúsundir fólks, úr öllum fylkjum Bandarikjanna, og höfðu þar hina mestu fagnaðarhátíð, með skrúðgöngu um stræti borgarinnar á hverjum degi, ásamt ræðuhöldum og alls konar leikjum, og mörgu fleiru, sem of langt yrði hér upp að telja. Það fólk er nú sem óðast að tínast burtu, sumir beina leið heim til sín, en aðrir vestur að hafi, — á Seattle sýninguna.

Hjá löndum vorum hér, gerast nú engin sérstök tíðindi, þeim liðir öllum bærilega, og heilsufarið er þolanlegt. Vér "lömmum" áfram án mikilla tilbreytinga, segjum ekki mikið, því vér vitum, að fæst orð hafa minsta ábyrgð. Sam komur vor á meðal, til skemtunar og fróðleiks fyrir fólkið, eru nú farnar að verða bæði stuttar og laggóðar, og oft langt á milli þeirra. Samkomuhúsið, sem einusinni var bygt af samskotum Íslendinga hér, og aðallega fyrir íslenzkar samkomur, er nú gengið veg allrar veraldar, að svo miklu leyti, sem Íslendinga og íslenzkar samkomur áhrærir, svo nú hafa menn hvergi höfði sínu að að halla, frekar en "mannsins sonur". Það gleymdist líka algerlega, að halda hér Íslendingadag í sumar, eins og reyndar fleiri undanfarin ár. Sú loflega regla, sem fyrir nokkrum árum var hér upptekin, að halda þjóðhátið meðal Íslendinga árlega, er nú alveg komin í hundana, og verður að öllum líkindum aldrei endurreist framar. Eintrjáningsskapur, öfund, afturhald og heimska ýmsra gæðinga "þessarar aldar", varð þeirri fögru reglu að aldurtila, eins og fleiri félögum eða félagsskap, sem stofnaður hefir verið hér á meðal vor. Lífið er hér af leiðandi mjög til breytingalítið í umdæmi voru. Allir sitja nú kyrrir, hver á sinni þúfu, eins og assa. Engir flytja burtu og fáir bætast við. Samt er nýlega hingað kominn til aðsetur hr. Guðmundur Guðmundsson og kona hans, frá Taber í Alberta. Þau bjuggu áður hér í bæ, en fluttu fyrir nokkrum árum til Canada, og hefir liðið þar vel. En af því þau eru bæði nokkuð hnigin að aldri, fýsti þau að flytja hingað aftur, til að eyða kveldstundum æfi sinnar í sólskininu, og hjá vinum sínum í Zion. Frá Alberta (ég man ekki hvaða plássi) flutti hingað líka um sama leyti gömul ekkja, Sigurrós Davíðsson að nafni, móðir Rósu skáldkonu, sem allir kannast við, sem Heimskringlu lesa. Hún settist að, og býst við að dvelja hér hjá dóttur sinni, Ingibjörgu, og tengdasyni, hr. Guðmundi Eyjólfssyni. Aðrar tilbreytingar man ég ekki, og slæ því botninn í þessa sögu.

Fréttir úr bœnum.

Næsta sunnudagskveld verður séra Guðmundur Árnason formlega settur í embætti sitt, sem þjónandi prestur Fyrsta Únítara safnaðarins hér í borginni. Á eftir innsetningar athöfninni verður samsæti í samkomusal safnaðarins.

Herra Ben. Alexander, frá Bellingham borg við Kyrrahaf, kom hingað til bæjarins á miðvikudaginn í sl. viku, á leið í kynnisferð til systur sinnar, sem býr í Grafton í Norður Dakota. Hann hefir dvalið vestur á Kyrrahafsströnd í 14 ár, og er fyrsti Íslendingurinn, sem kom til Blaine og settist þar að. Hann dvaldi þar í 10 ár, en flutti svo til Bellingham og hefir verið þar síðan. En nú er Blaine bær orðinn aðalaðsetur Íslendinga á ströndinni. Hr. Alexander hefir í sl. 7 ár unnið fyrir Pacific American fiskiveiðafélagið þar vestra, en það er langmesta fiskverzlunarfélag á ströndinni. En 7. júlí sl. varð hann fyrir því slysi, að detta niður 20 fet, og meiddist þá svo, að hann varð að liggja á sjúkrahúsi þar til 29. ágúst sl. Læknar ráðlögðu honum, að ferðast hingað austur sér til heilsubótar, og þess vegna býst hann við, að dvelja nokkra mánuði í Norður Dakota. — Í fréttum sagði hann góðæri vestra, og laxveiði með mesta móti. Félag það, sem hann vann fyrir, hafði í vor pantamir fyrir 11 miliónum punda af laxi, niðursoðnum, og alt þetta var félagið fært um að senda út, og hafði þó svo mikið eftir, að þaðvar í vandræðum með, að hirða allan fiskinn, og hafði þó meiri og betri vélaútbúnað til þessa, heldur enn nokkurt annað félag þar vestur frá. Mikil atvinna er nú á ströndinni, og svo fórust Alexander orð, að tæpast muni sá Íslendingur þar um slóðir, er ekki hafi haft talsverðan peningalegan hagnað af laxveiðinni í sumar. Vinnulaunin hafa verið ágæt við laxniðursuðuna, konur hafa haft 25c um klukkutímann og karlmenn 50c, sumir hverjir. Sumar konur unnu upp á akkorð við niðursuðuna, og höfðu upp úr því alt að $5.00 á dag. — Alexander lætur sérlega vel af högum Íslendinga á ströndinni, og telur framtíð þeirra þrjú þúsund landa vorra, sem þar hafa aðsetur, trygga.

Þiðrik bóndi Eyvindarson, frá Westbourne, kom hingað í síðustu viku með 2 vagnhlöss af gripum til sölu, og kvaðst vera hæstánægður með verðið, sem hann fékk fyrir þá. Uppskeru segir hann vera ágæta í sínu bygðarlagi á þessu hausti, um 30 bushel af ekrunni að jafnaði.

LEIÐRÉTTING. — Þessar missagnir eru í æfiminningu herra S. M. S. Askdals, sem prentuð var í Búnaðarskólablaði Hkr.: Pétursdóttir, á að vera Þorláksdóttir; Vilborgsdóttir, á að vera Vilhjálmsdóttir, og Guðlaugur fyrir Gunnlaug.

OGILVIE'S
Royal Household Flour

Til Brauð og Köku Gerðar

Gefur Ævinlega Fullnœging

EINA MYLLAN Í WINNIPEG,—LÁTIÐ HEIMAIÐNAÐ SITJA FYRIR VIÐSKIFTUM YÐAR.

Wall Plaster

Með því að venja sig á að brúka **"Empire"** tegundir af Hardwall og Wood Fibre Plaster er maður hár viss að fá beztu afleiðingar.

Vér búum til:

"Empire" Wood Fibre Plaster
"Empire" Cement Wall "
"Empire" Finish "
"Gold Dust" Finish "
"Gilt Edge" Plaster of Paris
og allar Gypsum vörunuteg-undir. —

Eigum vér að senda yður bækling vorn?

MANITOBA GYPSUM CO. LTD
SKRIFSTOFUR OG MILLUR I
Winnipeg, - Man.

Heimskringla

Published every Thursday by The Heimskringla News & Publishing Co. Ltd

Verð blaðsins í Canada og Bandaríkjunum er $2.00 um árið (fyrir fram borgað). Sent til Íslands $2.40 (fyrir fram borgað af kaupendum blaðsins hérlendis $1.50.)

B. L. BALDWINSON
Editor & Manager

Office:
729 Sherbrooke Street, Winnipeg
P.O. BOX 3083. Talsími 3512.

"Andvökur".

Svo heitir ljóðasafn mikið eftir herra Stephan G. Stephansson skáld, sem nýprentað er í Reykjavík, og sem sent hefir verið Heimskringlu til umgetningar. Safnið er — það sem enn er komið vestur — í 2 bindum, hvort yfir 320 bls. að stærð.

Allur ytri frágangur bókarinnar eða bókanna er hinn prýðilegasti. Þær eru í stóru 8-bl. broti. Pappír sæmilega góður, og prentun skýr. Bækurnar eru í snotru léreptsbandi, gullskreyttar á kjöl og framhlið. Framan við ljóðin í fyrra bindinu, er prýðisgóð mynd af höfundinum, og framan við síðara bindið mynd af heimili hans í Alberta fylki.

Kostnaðarmenn þessarar ljóðasafns útgáfu eru nokkrir Íslendingar í Vesturheimi.

Ljóðasafnið nær yfir tímabilið frá 1868 til 1909 — rúm 40 ár. Því er skift niður í 7 kafla þannig:

1. Gripið úr lausu lofti.
2. Út í veður og vind.
3. Yfir minni lands og lýðs.
4. Heima að hitta.
5. Úti á víðavangi.
6. Úr sögnum og sögum.
7. Dreymt hefir daglátum.

Það er hvorttveggja, að ljóð þess höfundar eru svo alment þekt af bæði Austur- og Vestur-Íslendingum, og þó sérstaklega þeim síðarnendu, með því að mörg af þeim hafa á liðnum árum verið birt í blöðum vorum hér, að ritdómur um þau má virðast óþarfur, og svo hefir ekki nægur tími gefist síðan þau bárust oss fyrir fáum dögum, til þess að íhuga þau svo, að hægt sé að rita um þau nokkurnveginn nákvæmlega. Það er vandameira, að lesa sér til skilningsnota bundið mál en óbundið, og þess vegna útheimtist bæði meira mannvit og skáldskaparleg þekking til þess að geta ritað ábyggilega og sanngjarna ritdóma um jafn-þungskilið mál og sum þessara ljóða eru, heldur en svo að það sé flýtisverk.

Annars er frumleikinn í hugsun og orðfæri ljóða Stephans það sem fyrst vekur athygli og aðdáun lesandans. Það gildir að einu um hvað sá maður yrkir, "hann stimplar ljóð sín öll sérkennilegum frumleik, bæði að hugsun og máli, og má að því leyti teljast í flokki sér meðal íslenzkra skálda. Hvorttveggja er af traustum toga spunnið. Á málinu hefir hann svo mikið vald, að það er aðdáunarvert, þegar þess er gætt, að maðurinn hefir alið mestan aldur sinn hér í landi, og jafnan orðið að heyja stranga frumbyggja baráttu fyrir tilveru sinni og sinna, án þess að hafa átt kost á, að njóta nokkurar annarar mentunar en þeirrar, sem hann með stakri ástundun hefir sjálfur getað veitt sér tilsagnarlaust, í fristundum sínum frá daglegu striti. Ef til vill er þetta önnur aðal-orsökin til frumleikans í hugsunum skáldsins. Hann hefir lengstum verið svo utanveltu við fjölmenni og lærdómsstofnanir, að hann hefir ekki getað mótast af hugsunum og lærdómsáhrifum hins mentaða umheims, nema af skornum skamti.

Stephan er svo frumlegur, að ljóð hans hafa jafnan þótt ekki að eins þunnskilin, heldur einnig í sumum tilfellum nálega að segja óskiljanleg allri alþýðu fólks vors. Það er litið í þeim, sem er létt eða þýtt, heldur eru þau þung og þróttmikil og bera merki um djúpsæan gáfumann, og öll eru þau vel kveðin. Flest eru kvæðin þrungin alvöru og andans djúpsæi, með ekki all-sjaldan heimspekilegum hugsjónum, og öll eru þau þrungin heilbrigðu viti.

Matthías segir einhversstaðar, að Stephan skorti "eld tilfinninganna" í kveðskapnum. Það teljum vér einn stærsta kost ljóðanna. Alþýðu manna er svo hætt við, að leiðast afvega af ljóða-eldinum. Hann hleypir æsingu í blóðið, svo að lesandinn missir oft sjónar á kjarna hugsananna, sem í þeim felast. Auk þess eru "eldfimu" ljóðin jafnan afleiðing af æstu hugsanalífi skáldanna, og fela þá einatt ekki í sér þann fylsta og verulegasta sannleikskjarna, sem þeir menn einir finna, sem gæddir eru því lunderni, að geta íhugað umheiminn og viðfangsefni hans með rósömu hugarfari, sem eitt veitir mönnum mátt til þess að beita andlegri skarpskygni sinni til þess að koma auga á það verulegasta og sannasta, sem tilveran felur í sér, og að færa það fram á sjónarsvið alþýðunnar. Stephani er ekki gjarnt til þess að æsast né ærast af taumlausum tilfinningum. Hann er kaldur í lund og nokkuð einrænn í hugsunum, og eins og slíkum mönnum er gjarnt að vera, — nokkuð stirður á stundum. En einmitt þessir eiginleikar mannsins valda því, að ljóð hans eru "vaxin og vitiborin". Skáldið hugsar áður en það yrkir. Honum lætur vel, að koma auga á það verulega í mannlífinu, og þess vegna verða hugsanirnar venju fremur heilbrigðar, og líkingarnar víða í ljóðum hans sérlega heppilegar og sláandi. Þess vegna hefir það verið sagt í Íslands blöðum nýlega, að Stephan sé "mesta hugsana-skáld" Íslendinga. — En hvað sem um það er, þá hafa íslenzku skáldin yfirleitt lokið miklu lofsorði á ljóðagerð Stephans, og þeim er trúandi til þess, að geta lagt nokkurn veginn sanngjarnan dóm á hana.

Þetta má segja: — Ljóðin eru meira heilbrigð en huggandi. Mörg þeirra eru þur og köld og laus við bljúgar tilfinningar, og all-víða óþarflega hniflótt. En allir verða að játa, að þau séu viðast vel kveðin, hugsunin frumleg og framsetningin djarfmannleg. Mörg þeirra eru þrungin þeirri speki, sem frábært mannvit eitt og löng og víðtæk lífsreynsla geta af sér leitt. — Náttúrulýsingar skáldsins eru hin mesta snild, og fullkomið jafngildi þess, sem bezt er hjá nokkru öðru íslenzku skáldi. Enda eru þau kvæðin yfirleitt þau lang-bezt kveðnu af öllum í safninu, þar það er skáldinu eiginlegast viðfangsefni.

Síðari ára kvæði hans virðast ljósari og auðskildari, en þau eða sum þeirra, sem hann orkti fyrr á dögum, — eins og birt hafi yfir andlega útsýninu með vaxandi aldri hans.

Ljóðin eru vænn viðbætir vestur íslenzkum bókmentum og höfundinum til mikils sóma. Þessi 2 bindi, nálega 650 blaðsíður alls, — að ógleymdu "Á ferð og flugi" eftir hann, sem kom út fyrir nokkurum árum — sýna, að Stephan hefir verið stórvirkur ekki síður en sterkvirkur. Og enn er von á þriðja bindi þessara ljóða, sem nú er í prentun í Reykjavík, og er væntanlegt þaðan um næstu áraskíti eða fyrr.

Verkið alt er hið eigulegasta og mætir væntanlega vinsældum og mikilli sölu hér vestra.

Um verðið vitum vér ekki að svo stöddu, en bókin í heild sinni hlýtur eftir stærð hennar og frágangi að verða nokkuð dýr, og hafa þó kostnaðarmenn ásett sér að selja hana svo ódýrt, sem þeim er auðið, með þeim ásetningi, að gera útbreiðsluna sem allra mesta.

Vér fullyrðum, að hvert það heimili verði stórum mun auðugra af þróttmiklum, sanngildum og heilbrigðum hugsunum, sem telur bók þessa í eigu sinni.

Minna mátti nú gagn gera.

Þessi alkunna setning úr þjóðsögum Íslands datt mér fyrst í hug, þegar ég, fyrir nokkrum dögum, las greinina "Menn og konur" sem prentuð var í Hkr. 5. ágúst. Annað eins samsafn af skömmum og brigslyrðum mun fágætt að finna jafnvel í Vesturheims íslenzku blöðunum, og er þó langt jafnað.

En það er ekki illmælum J.H., sem ég ætla að andmæla í eftirfylgjandi fáum línum. — Þau eru að eins ljós og ómótmælanleg sönnun á andlegum vanþroska og skapbrestum höf., en koma málefninu ekkert við.

Það er einungis vegna þess, að J.H. fer með rangfærslur og ósannindi í áminstri grein, að ég vil ekki láta henni vera ósvarað til lengdar. Höf. fer mörgum og stórum orðum um þann rétt, sem konur hafi til jafnræðis við karlmenn, og til hluttöku í almennum málum. Allir, sem hafa athugað greinina "Nokkrar hugleiðingar um kvenfrelsismál" með gaumgæfni, munu hafa veitt því eftirtekt, að ég kannast við þennan rétt fyllilega, eins og bezt má sjá á eftirfylgjandi málsgrein: "Enda er nú svo komið, að flestir munu álíta framgöngu þessa máls sjálfsagða og nauðsynlega; það er að eins um heppilegustu leiðina til þess að nálgast þetta takmark, sem menn skilur á. það er að eins um það, hvort konur, án frekari undirbúnings, myndu fara svo með þegnréttindi sín, að til gagns mætti verða fyrir þær sjálfar og heilla og hamingju fyrir þjóðfélagið, sem ég er í nokkrum vafa".

En til þess að mönnum skiljist, hvað orðin þegnréttur og þegnskylda í raun og veru þýða, skal ég skýra þýðingu þessara yfirgripsmiklu hugtaka með eftirfylgjandi dæmi: —

Hugsum okkur skip, umkringt af hinum mörgu og margvíslegu hættum, sem ógna sjómanninum á hverri stundu. Hin fámenna skipshöfn myndar ofurlítla félagsheild, með sameiginlegum hagsmunavonum og velferðartakmarki, þar sem einstaklingurinn á líf sitt og hamingju undir því, að starfsbræður hans ræki skyldu sína vel og trúlega, og að félagsmálum sé vel og viturlega stjórnað. Hugsum okkur ennfremur, að algert jafnræði ráði innan þessa litla félagsskapar, — að hver einstaklingur þess hafi jafnmikil völd í öllum sameiginlegum málum eins og nokkur annar af meðlimum heildarinnar. Hið eina úrskurðarvald, sem samrýmanlegt er við slíka félagsskipun, er meirihluta valdið. Það hlytj óumflýjanlega að mynda síðasta úrskurðarvald í öllum ágreiningsmálum. Ef sá meirihluti, sem þetta ákvæðisvald myndar, samanstendur af skyldurækinum mönnum, sem hafa nauðsynlega þekkingu á sjómensku og siglingafræði, er lífi og eignum einstaklingsins, sem innanborðs er, lítil hætta búin. Ef það gagnstæða á sér stað, er hvorttveggja í veði.

Nákvæmlega það sama á sér stað í hverju þjóðfélagi, sem hefir jafnrétti meðal einstaklinganna fyrir grundvallarlög, og þar sem meirihluta viljinn er alræðisvald í öllum alþjóðarmálum. Ef það vald myndast samkvæmt grundvallaðri þekkingu á högum og þörfum þjóðarinnar og af ættjarðarást og samúð þegnanna, er fyrsta og helzta skilyrðið fyrir framför og þroska þjóðarinnar fyrir hendi. Ef það þar á móti hefir upptök sin að rekja til eigingjarnra hvata, vana-helgaðrar heimsku eða þekkingarleysis, veldur það afturför og eyðileggingu fyrir þjóðfélagið, með öllum sinum illu og skaðlegu afleiðingum fyrir einstaklinga þess.

Þegar ég nú þannig hefi skýrt þetta atriði nógu ljóst og greinilega til þess að meðalgreindir menn geti skilið það án mikillar andlegrar áreynslu, þó J.H. reynist það torsótt, ef til vill, og seinunnið verk, — vona ég að allir sanngjarnir og athugulir menn verði mér sammála í því, að hluttökuréttur einstaklingsins í almennum málum, verður að vera í nákvæmu hlutfalli við þroska hans og menning. Að krefjast jafnræðis án þess að hafa þessi skilyrði, er glæpur. Að veita það án þeirra er heimska, því slíkt getur aldrei orðið til annars en óláns og óhamingju fyrir þegn og þjóð.

Ég hefi nú um stund athugað málið frá alþjóðlegri hlið. Ef vér nú athugum það frá hagsmunalegu sjónarmiði einstaklingsins, — verður nauðsynin fyrir þroska hans og menning jafnvel enn þá brýnni.

Hinn heiðraði andmælandi minn er auðsjáanlega nokkuð upp með sér af þekkingu sinni, þegar hann af alkunnri manngæðsku ætlar að gerast uppfræðari minn um framþróunarkenningu þeirra Darwins og Lamarcks. Reyndar hefði hann getað sparað sér það ómak, því ég þykist honum að minsta kosti jafn-fróður í þessum efnum. Hitt skal ég benda honum á, til frekari athugunar, að hann hefir algerlega misskilið hið allra einfaldasta atriði hennar. Því hann gætir þess ekki, að hið sanna náttúrulögmál, sem þroskar hina lifvænlegu einstaklinga, veldur afturför og úrkynjun fyrir hina veikari. Þessi miskunarlausa lífsbarátta, sem ollir framför og afturför í hinni skynlausu náttúru, kemur enn betur í ljós í félagslífinu, — í hinni óháðu samkeppni, en hún er óaðskiljanlegur förunautur jafnréttis og einstaklingsfrelsis. Svo að segja daglega sjáum við hina þróttminni biða ósigur í lífsbaráttunni, vera hrakta og fótumtroðna af meðbræðrum sínum, — kastað niður í afgrunn eymdar og spillingar, til þess að eyða þar, í samfélagi við Kain og Lazarus, sinni hamingjulausu æfi, — faldir og gleymdir af umheiminum.

Ef vér nú athugum þetta með gaumgæfni og hlutdrægnislaust, í sambandi við kvenfrelsismálið, mun oss ekki dyljast, að konur skortir nú sem stendur sjálfstæði og menning til þess að heyja þessa hlífðarlausu baráttu, sem þær með auknum réttindum yrðu hluttakendur í. Og án þess að hafa þessi framantöldu skilyrði, yrði ákvæðið um jafnrétti þeirra dauður bókstafur, sem enga hagsmunalega þýðingu hefði fyrir þær.

Ég skal í þessu sambandi mótmæla því harðlega, að ég sé mótfallinn almennum mannréttindum og jafnrétti kvenna. Það er þvert á móti, því ég þrái mentun og menningu þeirra, til þess að þær sem góðir og nýtir borgarar geti unnið landi sínu og þjóð gagn og sóma, — til þess að þær geti verndað réttindi sín, — og síðast en ekki síst til þess, að þær, sem fyrstu og beztu kennarar æskulýðsins, innræti hinni uppvaxandi kynslóð þann göfuga sannleika, að við lifum og eigum að starfa, — "Non nobis, sed pro dea et patrea" (ekki fyrir sjálfa okkur, heldur guð og föðurlandið).

Það er fyrir þessar ofanrituðu skoðanir minar, að ég er kallaður móður-níðingur, mannréttindaþjófur, o.s.frv.

Þegar ég athuga hina þrátt-neindu grein J.H. og aðfar slíkar, detta mér í hug orð spekingsins John Stuart Mills, sem kallaði andmælendur sína samverkamenn sína í sannleiksleit. Hann sá það, hvaða ómetanlegt gagn hverju máleíni það var, að það væri athugað og rætt frá öllum hliðum. Hann var nógu mikið andlegt mikilmenni til þess að rannsaka ástæður og rökfærslur mótstöðumanna sinna hlutdrægnislaust, — viðurkenna það, sem var satt og rétt að hans dómi, en mótmæla því, sem honum virtist rangt, með yfirgnæfandi rökum, í staðinn fyrir, að ráðast á þá með svívirðilegum illyrðum. En þeir eru sorglega fáir meðal vorrar fátæku og fámennu þjóðar, sem verðir geta talist að leysa skóþvengi hans.

Ég skal að síðustu geta þess, að ég mun taka þetta ritsmíði J.H. til rækilegrar íhugunar við betra tækifæri, ekki vegna þess, að grein in inniheldur lítið annað en persónulegar skammir um sjálfan mig, heldur vegna þess, að hún er nokkurs konar samsafn og sýnishorn af öllu því versta, sem óprýðir íslenzkan ritháét og blaðamensku nú á tímum.

HALLDÓR JOHNSON.

Kvenfrelsisbarátan á Englandi.

"Suffragett"-nefndin sem send var á fund forsætisráðherrans.

Ritstj. Woman's Journal. — Ég mætti guði á fundinum í Caxton Hall, og seinna um daginn sá ég helviti ólga umhverfis hann á götunum í Lundúnaborg, því máttur þess illa er og hefir jafnan verið þar í algleymingi sínum, sem barist er fyrir sigri réttvisinnar.

Það var andleg hressing, að sjá salinn fullan af konum, sem voru þar sökum áhuga síns fyrir stjórnmálum, og næsta ólíkt hinu brjálæðislega bænastagli, er menn eiga að venjast í hinum ýmsu kirkjum vorum nú á dögum. Frú Pethick Lawrence talaði fyrst og eitthvað á þessa leið: —

Látum oss í kveld ekki gleyma einkunnarorðum vorum: "mælum fátt en meira vinnum". Þegar nefndin leggur af stað, má enginn hreyfa sig, hvorki til að þrýsta hendur þeirra, sem í henni eru, né kveðja hana á einn eða annan hátt með fyrirbænum, lukkuóskum eða neinum ofsa, sem tilfinningar vorar kynnu að knýja fram, væru þær látnar taumlausar. Alt slíkt mundi tefja fyrir hinu þýðingarmikla starfi nefndarinnar. Hér verðum vér að sitja rólegar í tvær eða þrjár minútur eftir að nefndin fer. Að því búnu megum vér fara og hvetja þær og hughreysta á hvern þann hátt, sem vér bezt getum. Hversu sem trúarbrögð yðar kunna að vera mismunandi, trúum vér þó allar á einn guð og sigur andans yfir þeim jarðnesku öflum, sem beitt kann að verða gegn sendinefnd vorri. Gleymið öllu nema guði og sálum yðar og sameinið þær í bæn til guðs um, að nefndin komi frelsiskröfum yðar til þinghússins og fái lagt þær fyrir þá, er um þær eiga að fjalla".

Þetta var af öllum samþykt. Seinna talaði frú Lawrence aftur, og lagði sem fyr mesta áherzlu á, að fólkið hefði hljótt um sig nokkurar minútur eftir að nefndin legði af stað og styrkti hana með andlegu þreki, ró og stillingu á hverju sem gengi.

Frú Pankhurst sagði: "Ég veit ekki, hvort vér komumst alla leið, né hvað um oss kann að verða. En hvað gerir það? En erindi vort mun komast þangað — er komið þangað á undán oss. Því í dag rauf irskur fulltrúi þögnina með því að gera tillögu um þinghlé, svo þingheimi gæfist kostur á, að hugsa um kjörgengi kvenna. Látum oss vera hughraustar, sá tími fer í hönd, að kröfur vorar verða teknar til greina. Þegar "Ben gamli" (klukka) í Westminster telur 8, leggur nefndin af stað og við hana eiga þessar línur Farrars: "Annast oss, drottinn, ekkert láttu spor til einskis stigið, gef oss dug og þor". Því málefni vort er réttlátt og mannkyninu til blessunar, og vér erum í drottins hendi".

Að svo mæltu lagði nefndin af stað, og varð fyrst töluverður hávaði, en svo varð alt hljótt. Margir táruðust. Það var sem guð væri mitt á meðal vor, hughreystandi og blíðkandi. Þessi þriggja minútna kyrð færði oss frið og ró, til þess mun og nefndin hafa fundið.

Svo varð ys og þys og allir flýttu sér út. Ég hitti þar ungfrú T., en frú S., sem ætlaði að verða með okkur, lenti í nefndinni, og sá ég hana hjá frú Pankhurst í síðasta sinni það kveld. Upprunalega áttu 150 konur að vera í nefndinni, en þá heyrðum við, að henni myndi ekki veitt áheyrn, vegna þess að lögin ákveða, að í slíkum nefndum megi ekki vera yfir 10 manns. Voru því 9 kjörnar til farárinnar og skyldu hinar aðstoða þær eftir megni.

Vér flýttum oss gegn um þyrpinguna að vögnunum, sem biðu vor utan kirkjuhliðsins og þar meðfram. Og þegar við stóðum uppi á sætunum, sáum við nefndina, umkringda af lögregluliði á alla vegu, sem ætla mátti að hefði verið þar til að vernda hana. Nefndin var komin af stað og ásamt henni lögregluliðið, en á eftir henni konur og börn. Frá öllum áttum heyrðust fagnaðarlæti fólksins.

Við ásettum okkur að komast út úr þrönginni og gegnum fáfarnari brautir að Parliament fletinum. Loks komust við út hjá Westminster sjúkrahúsinu og lentum þar í langri prósessiu af allrahanda akfærum, sem alt hélt í áttina að Westminster brúnni. Í því komum við sem snöggvast auga á nefndina nálgast Westminster Abbey og halda áfram í beinni stefnu á St. Stephens-hliðið á þinghússfletinum. Þá varð alt í einu svo mikil ókyrð á fólkinu, að helzt leit út fyrir, að sjálft helvíti hefði snögglega opnast. Arg og óhljóð gullu við hvaðanæfa, og riðandi lögreglusveit þeysti út á eftir nefndinni beint á fólkið, og rak það með vopnum og illum orðum til baka, og elti jafnvel suma langar leiðir gegnum mannþyrpinguna, sem ekkert komst og ekki vissi, hvaðan á sig stóð veðrið, þar til sá hinn sami, sem eltur var í þessa eða hina áttina, stóð lafmóður og beið þess, að hann eða hún yrði tekin og flutt á lögreglustöðvarnar. Þannig voru menn og konur elt, sem ekkert höfðu til saka unnið, hvorki í verknaði eða tilgangi, annað en koma þar saman, og mun mér seint úr minni liða skelfingin í augum og svip þessa fólks. Einhver sagði það lagabrot fyrir riðandi lögreglu, að elta þannig varnarlaust og friðsamt fólk á gangstéttum borgarinnar. En til hvers var að tala um það? Hver átti að sjá um, að lögunum væri framfylgt, þegar stjórnin sjálf braut þau?

Í þessu kom einhver másandi og blásandi að hliðinni á mér, og spurði með andköfum, hvort hún mætti koma upp í sætið hjá mér. Það var "Suffragette", sem hafði flúið lögregluna, — komist á undan henni gegn um ofurlítinn lystigarð. En við höfðum engan tíma til að segja eða gera neitt, lögreglan var á hælum hennar, og leiddi hana brott til lögreglustöðvanna, en riðandi lögreglulið ruddi þeim braut gegn um manngrúann, sem húrraði óspart fyrir henni. Við sáum margar fleiri konur og stúlkur leiddar þannig brott til "Common Row" lögreglustöðvanna. Þá sáum við eina af þessum kvenfrelsiskonum, sem þrátt fyrir öll ósköpin bar merki þeirra, — ganga í hægðum sínum milli tveggja riðandi lögregluþjóna, og bjóða þeim svo byrginn, að hún hreyfðist ekki úr sporum nema það sem hnén á hestunum ýttu henni áfram. Það leit út fyrir, að hana gilti einu, þó hestarnir tröðu hana undir. Þar var áreiðanlega nóg fyrir af hugrekki því, sem á öllum öldum hefir skapað píslarvotta fyrir góðum málefnum. Upp aftur og aftur sáum við þennan leik endurtekinn á ýmsum stöðum og ætíð með hinni sömu ró og hugprýði af hálfu þessara kvenna, — tvo riðandi lögreglumenn með eina konu gangandi á milli sín, sem þeim veitti fult í fangi með, að láta ekki sína eigin hesta troða undir. Engin kona flúði, þ.e.a.s. engin af hinum reglulegu "Suffragette's", né heldur voru þær í minsta máta hræddar eða flumósa. Ekki heldur gáfu þær sig að húrra-ópum fólksins í kring, sem reyndi á ýmsa vegu að sýna þeim aðdáun sína.

Nú vorum við komnar til Charing Cross, og var allstaðar fult af fólki, og oft bárumst við sjálfum okkur ósjálfrátt út af þeirri leið, sem við ætluðum okkur að fara.

Ungfrú S. varð meira og meira hugsandi um móður sína, sem fór með nefndinni. Okkur datt nú í hug, að gætum við komist nærri Cannon Row, kynnu þær systur að komast gangandi til lögreglustöðvanna til þess að vita, hvort hún væri þar. Þangað komumst við svo, og þær fóru með þeim skilningi, að koma aftur eftir fáar mínútur. En það var ómögulegt að vera kyr, og ég barst áfram í hópnum í áttina til Cleópatra Nálanna. Þá fyrst sá ég skríl; og guð minn góður! — hann kom á eftir okkur æpandi, hlaupandi, eftir einni konu. Hann umkringdi hana og dró hana fram og aftur eins og hann ætlaði að slíta hana sundur á milli sín. Hingað til vissi ég ekki, hvað skrill þýddi. Nú sá ég það: Tugir af æðisgengnum karlmönnum, ungum og gömlum. Konan slapp samt einhvernveginn út úr höndunum á þeim og hvarf inn í mannþröngina. Næst kom annar hópur af tryllingslegum, illilegum mönnum, illa til fara, og líklegir til að geta framið hvaða glæp sem var, í því ástandi. Út úr þessum hóp kom og kona hlaupandi upp á líf og dauða og hvarf inn í mannþröngina, og einnig þeir dreifðust og týndust innan um fólkið. Fjöldinn sveigðist að ánni. Hvað hafði skeð vissum við aldrei, þegar hópur af fólki æddi upp að vagninum okkar, og út úr honum kom kvenmaður, næstum mállaus af mæði, og bað mig í guðsbænum að lofa sér inn. Það leit helzt út fyrir, að á næstu stundu myndu ótal djöfla klær hrifsa hana frá okkur, en svo fór þó, að hún komst inn og hurðirni var lokað eftir henni. Áttum við það að þakka þeim hluta fólksins, sem var okkur vinveittur, og það var reyndar mikið meirihluti þess. En áður en hún hafði kastað mæðinni og við almennilega áttað okkur, stóð kona við hinar vagndyrnar og bað á sama hátt að lofa sér inn. Hugrakkir, góðhjartaðir karlmenn, ungir og gamlir, eins ræflalega til fara og skrillinn, sem elti hana, komust á milli hennar og hans (skrílsins) og héldu honum í skefjum meðan konan komst inn, og húrruðu nú óapart fyrir þessum hugrökku konum, sem þannig höfðu sloppið úr klóm þessara fénda. En þar með var ekki öllu lokið. Skrillinn réðist á vagninn, klifraði upp hjólin og reyndi að taka vagninn með öllu saman, og hefði sjálfsagt tekist það, hefði fólkið ekki komið okkur til hjálpar og rekið þá á flótta, lokað vagninum og komið hestunum af stað. En skrillinn elti okkur þar til við komumst inn í hliðargötu nálægt indversku stjórnar skrifstofunni.

(Niðurlag).

Sparið Línið Yðar.

Ef þér óskið ekki að fá þvottinn yðar rifinn og slitinn, þá sendið hann til þessarar fullkomnu stofnunar.

Nýtízku aðferðir, nýr vélaútbúnaður, en gamalt og æft verkafólk.

LITUN, HREINSUN OG PRESSUN SÉRLEGA VANDAÐ

Modern Laundry & Dye Works Co., Ltd.
307—315 Hargrave St.
WINNIPEG, MANITOBA
Phones: 2300 og 2301

Sv. Björnsson,
EXPRES-MAÐUR,
annast um alls kyns flutning um borgina og nágrennið. Pöntunum veitt móttaka á prentstofu Anderson bræðra, horni Sherbrooke og Sargent stræta.

Miss NESBITT

KVENHATTA SALI
112 ISABEL ST.

Býr til alskonar kvenhatta í nýjustu gerð. Skreytir með fjöðrum, blómum og böndum og öðru nýtízku stássi. Endurnýjar og skreytir brúkaða hatta. Alt verk vandað og verð sanngjarnt. Isl. konum boðið að skoða búðina. —

MISS NESBITT,
112 Isabel Street
18-11-9

HERRA BÓNDI!
ÞETTA ER FYRIR ÞIG!

Vildir þú ekki hafa í bæslþinu eins bjart ljós og þau sem best eru í stór borgum?

Brennari vor passar í hvern venal. lampa. Hreinir lofti, ekki olíu, er algeglegaóhultr.

Detta ljós lækkar olíu kostnað um meir en helfing.

Vér sendum brennara gegn fyrirfram borg un, fyrir $2.75.

Skrifið oss eftir upplýsingum.

INCANDESCENT KEROSENE LIGHT CO.
50 PRINCESS ST., WINNIPEG

R. A. THOMSON AND CO.
Cor. Sargent & Maryland St.

Selja allskonar MATVÖRU af beztu tegund með lægsta verði. Sérstakt vöruúrval nú þessa viku. Vér óskum að Íslendingar viklu koma og skoða vörurnar. Hvergi betri né ódýrari.—

Munið staðinn:—
HORNI SARGENT AVE.
OG MARYLAND ST.
PHONE *3112*.

Stefán Johnson
Horni Sargent Ave. og Downing St.
HEFIR ÁVALT TIL SÖLU
Nýjar Áfir
Beztu í bænum. Ágætar til bökunar. 15c' gallon

A. S. BARDAL
Selur líkkistur og annast um útfarir. Allur útbúnaður sá bezti. Enfremur selur hann alskonar minnisvarða og legsteina.
121 Nena St. Phone 306

ROBLIN HOTEL
115 Adelaide St. Winnipeg
Bezta $1.50 á-dag hús í Vestur-Canada. Keyrsla óKeypis milli vagnstöðva og hússins á nóttu og degi. Áðhlynninig hins bezta. Viðskifti Íslendinga óskast. William Ave strætiskarið fer hjá húsium
O. ROY, eigandi.

Gimli Hótel
G. E. SÓLMUNDSSON
eigandi
Óskar viðskifta Íslendinga sem heimsækja Gimli-bæ. — Þar er beini beztur í mat og drykkjarföngum, og aðbúð gesta svo góð sem frekast er hægt að gera hana. Hótelið er við vagnstöðina.
Gistið að Gimli-Hótel.

JIMMY'S HOTEL
BEZTU VÍN OG VINDLAR.
VÍNVEITARI T.H.FRASER.
ÍSLENDINGUR.
James Thorpe, Eigandi

MARKET HOTEL
146 PRINCESS ST. á móti markaðnum
P. O'CONNELL, eigandi, WINNIPEG
Beztu tegundir af vínföngum og vindum, aðhlynning góð húsið endurbætt.

Woodbine Hotel
Stærsta Billiard Hall í Norðvestrlandinu
Tíu Pool-borð.—Alskonar vín og vindlar
Lennon & Hebb,
Eigendur.

Yfirlýsingin affarasæla.

Vinur minn, Friðjón Friðriksson, hefir aldrei þessu vant gripið pennann og sett saman greinarkorn gegn mér, af miklum móði, er hann kallar "Missagnir leiðréttar", og potað í ágúst-blað Sameiningarinnar og Lögberg. Líklega finst einhverjum, að hann hafa þar borið í bakkafullan lækinn. En hann hefir lengi verið talinn prestakær maður, og viljað sýna, hann bæri nafn enn þá með rentu. Þess vegna hleypur hann nú á stað til hjálpar prestunum. Honum virðist ef til vill málstaður þeirra kominn í krappan sjó og sér þeirra óvænna, þó margir sé móti einum.

Hann talar um, að ég hafi verið í æsingu, þegar ég hafi ritað eitthvað, sem hann er að fetta fingur út í, og stendur í Breiðablikum. En þeim, sem þekkja þann gæflynda mann, og lesa greinarstúf þenna í Sameiningunni og Lögbergi, finst, hugsa ég, að hann muni eftir sínum skapsmunum hafa verið litlu ósestari en ég, þegar ég kom með hugleiðing mína út af gjörðum síðasta kirkjuþings. Honum er svo heitt um hjarta, að þeir, sem manninn þekkja, vita, að svo heitur verður hann aldrei af sjálfsdáðum. Hann verður það að eins eftir æðra innblæstri. Og sá innblástur hlýtur bæði að hafa verið langur og strangur í þetta sinn. Annars hefði ekki F.F. lagt út í blaðadeilu. Það gizka þeir á, sem hann þekkja.

En látum það nú vera. Innblásturinn er svo mikill hans megin í baráttunni, að ekki er furða, þó jafn-hagsýnn maður kræki í eitthvað af honum.

Margan kunnugan mönnum og málavöxtum hefir vist furðað, að F.F. skyldi verða til þess, að bera fram á kirkjuþingi yfirlýsingu jafnólánlega og óhappasæla og þá, er gjörð var. Hingað til hefir hann oftast leitast við, að koma fram sem sanngjarn maður og sáttasemjari, og látið sér ant um, að stýra fram hjá skerjum og skipbroti. Nú mun mörgum hafa fundist, fjær og nær, að hann koma fram gagn-ólíkt því, sem hann var vanur. Þeir þekkja ekki þann Friðjón Friðriksson, sem undir yfirlýsingunni stendur, og þeim finst óhugsandi, að sá F.F., sem þeir þekkja, hafi tekið þar nokkurt orð frá eigin brjósti. Þegar þeir nú samt sem áður verða við það að kannast, að þetta sé sami maður, hrista þeir höfuðið og segja: Skelfing er manninum farið að förlast! En minnast um leið orða postulans: Er þú eldist, muntu útbreiða hendur þínar, og annar mun gyrða þig og fara með þig, þangað sem þú vilt ekki.

Það, sem F.F. virðist taka sér allra næst, er það, að ég skuli hafa bent á, að kirkjuþingið hafi gert yfirlýsing um óskeikulleika Sameiningarinnar og bætt henni við trúarjátningar kirkjufélagsins. Þetta kallar hann fáránlega ákæru. Segir henni auðsvarað. En svarið er ekkert annað en skáletruð yfirlýsing frá herra Friðjóni Friðrikssyni um, að ákæran sé "ósannur og tilhæfulaus heilaspuni, sem ekki sé minsti flugufótur né átylla fyrir". En það er nú svona samt, að þó F.F. eigi mikið undir sér, eru orð hans naumast svo þung á metum, að staðhæfingin ein sé nóg.

Hann leggur fram þann lið yfirlýsingarinnar, er um þetta fjallar, og hyggur hann næga rökstuðning sinu máli. En það lítur svo út, sem hann hafi ekki hugsað sérlega mikið um, hvað í orðunum felst, og viti því naumast, um hvað hann er að tala.

"Þingið lýsir yfir, að stefna sú, sem málgagn kirkjufélagsins, Sameiningin, hefir haldið fram á liðnu ári, sé réttmæt stefna kirkjufélagsins, en mótmælir þeim árásum á þá stefnu, sem komið hafa fram innan kirkjufélagsins frá séra Friðrik J. Bergmann í tímariti hans Breiðablikum".

Svo hljóðar þessi kafli yfirlýsingarinnar.

Hér er þá fyrst um það að ræða, hvort orðin réttmæt og óskeikul geti þýtt hið sama. Bæði orðin virðast hafa altæka merkingu. Réttmætt er það, sem ekki er að neinu leyti rangt. Óskeikult er það, sem ekki getur skjátlað né skeikað af réttri leið. Hvorki þingið né F.F. myndi hafa viljað kannast við, að stefna Sam. á liðnu ári hafi að neinu leyti verið röng, þar sem lýst var vír því hátíðlega að hún hafi verið rétt, — sé réttmæt stefna kirkjufélagsins. Hvað er það annað en að segja: Henni hefir ekki skjátlað, hún hefir ekki skeikað af réttri leið. Og sá, sem ekki skeikar af réttri leið, hann er óskeikull. Friðjón Friðriksson getur ekki eftir þá yfirlýsing, sem hann feðraði á kirkjuþingi, kannast við, að neitt í síðasta árg. Sameiningarinnar, sem viðkemur stefnu kirkjufélagsins, sé annað en réttmætt — óskeikult. Og enginn, sem vera vill réttur kirkjufélagskimur, getur kannast við það. Það er alt laukrétt — óskeikult — réttmætt. Og til að rignegla það í meðvitund manna, var yfirlýsingin einmitt ger.

Hugsum oss, að einhver á komandi tímum vilji vita, hver stefna kirkjufélagsins hefir verið í þeim ágreiningsmálum, sem uppi voru frá kirkjuþingi 1908 til kirkjuþings 1909. Honum verður vísað til Sameiningarinnar og sagt, að þar hafi hann óskeikulan leiðarvísi. Hann fer og les og les blað eftir blað, og þó hann furði sig á mörgu og reki sig á margt, sem hann á bágt með að trúa, að nokkurt kirkjufélag hafi haft á stefnuskrá sinni, nemur hann að síðustu staðar við þessa kirkjuþingsályktan og rekur sig á orðin: "Þingið lýsir yfir því, að stefna sú, sem málgagn kirkjufélagsins, Sameiningin, hefir haldið fram á liðnu ári, sé réttmæt stefna kirkjufélagsins", — þá hlýtur maðurinn að kannast við, að honum var sagt rétt til. Hér er öldungis óskeikull leiðarvísir, svo óskeikull, að óskeikulla getur ekki.

Orðið óskeikull hefir í sér dalitið niðrandi merkingu í huga manna, sem eru mótmælendatrúar, af því það minnir menn á páfann, og þessa niðrandi merkingu hefir orðið réttmætur ekki. Við þetta skal ég kannast. En það fullvissa ég vin minn Friðjón Friðriksson um, að ekki þyrlti mörg kirkjuþing að viðhafa orð þetta í sama sambandi og þetta síðasta, til þess merking þess yrði engu síður niðrandi en orðsins óskeikull.

Þá er hitt atriðið, hvort síðasti árgangur Sameiningarinnar geti eftir þetta jafngilt trúarjátningu. Ég fæ ekki betur séð en svo sé. Hinar einstöku ritgjörðir standa þar eftir þetta ekki upp á ábyrgð höfundanna, eða einstaklinganna, sem þær hafa samið. Þær standa upp á ábyrgð kirkjufélagsins. Það hefir þrýst innsigli sínu á þær.

Þær skýringar á guðsorði, sem þar eru geinar, eru eigi lengur skýringar einstakra manna, heldur eru þær skýringar Friðjóns Friðrikssonar og allra réttmætra kirkjufélagsmanna. Geti einhver ekki felt sig við þær né tileinkað sér þær, — sé einhver, sem ekki getur lesið þær án mótmæla samvizku sinnar, er hann ekki réttur kirkjufélagslimur, eftir stefnu og skilningi kirkjufélagsins sjálfs á trúarjátningum og því samræmi í trúarefnum, sem það álítur sé lífsskilyrði að eigi sér stað í kirkjufélaginu.

Ég hefi haldið því fram, og veit eigi annað en ég hafi alla lútersku kirkjuna eindregið með mér, að trúarjátningar vorar sé vitnisburður um, hvernig þeir menn skildu guðs orð, er játningarnar sömdu. Þær eru vitnisburður um skilning þeirrar tíðar á guðsorði, sem þær komu fram á, á því svæði þar sem þær voru viðtekn-ar. Og um leið eru þær til LEIÐBEININGAR komandi kynslóðum. Alt þetta á heima um síðasta árgang Sameiningarinnar, sem öðlaðist þetta sérstaka innsigli kirkjuþingsins um fram aðra árganga það er öldungis órækur vitnisburður um skilning kirkjufélagsins á guðs orði.. Og sá skilningur hefir verið yfirlýstur svo réttur, að ekki má frá honum víkja. Ómögulega gæti kirkjufélagið kannast við, að nokkurt atriði í honum væri rangt. Ef einhver verður á komandi tímum í efa um, hvernig einthvert vafaatriði, svo sem bölbænir, tortiming saklausra barna, hryðjuverkin í gamlatestamentinu, innblástur heil. ritningar, gildi trúarjátninga og kenningarfrelsi presta hafi verið skilið af kirkjufélaginu það drottins ár 1908—1909, er Sameiningin eina játningarritið, sem hann getur leitað í. Hann hefir þar sögulegt skilríki eins óyggjandi og nokkuð annað, sem unt er á að benda. Ef hann vill fá að vita, hvernig kirkjufélagið hefir varist villukenningum, er hér sönn gullnáma. Ef hann vill komast að raun um, hvaða tegund trúvarnar hafi þá verði tiðkanleg, sér hann þess þar ljósan vott. Allir þessir fjörutíu og níu kirkjuþingsmenn, sem greiddu atkvæði með yfirlýsingunni, hafa gjört þenna umrædda árgang að trúarjátning sinni, að því er til stefnu kirkjufélagsins kemur. Og allir þeir í kirkjufélaginu, sem sætta sig við þá yfirlýsingu þessara erindreka og láta við hana sitja, hafa gjört þetta sömuleiðis að trúarjátningu sinni. Ef einhver t.d. heima á Íslandi vill komast að raun um, hvaða trúarskoðanir það fólk hafi, sem stendur í kirkjufélaginu, getur hann fært órækar sannanir fyrir því með því að vitna í þessa yfirlýsing og síðasta árg. Sameiningarinnar. Kirkjuþingið gaf honum vitaskuld ekki trúarjátningar-nafn í þetta sinn. Fræði Lúters hin minni höfðu ekki það nafn heldur, fyrr en löngu eftir tilorðning sína. Vel líklegt, að það verði bætt upp seinna.

Ég fæ því eigi séð, að Friðjón Friðriksson hafi nokkura ástæðu til að hneykslast á þessum ummælum mínum út af yfirlýsingu kirkjuþingsins. Annaðhvort hefir hann eigi skilið eigin yfirlýsingu sína, eða eigi gjört sér ljósa grein fyrir umræddum orðtækjum, þegar hann hneykslaðist svona óskaplegu. Og skilji hann nú eigi, af því, sem hér hefir verið sagt, að þau megi til sanns vegar færa, er hann miklu sljórri orðinn en hann hefir átt að sér, og ég þori að segja miklu sljórri en allur þorri þeirra, sem þetta lesa, eða viljinn til að skilja hlýtur að vera farinn að bila.

Þá er nú það, hvort nokkurt OFRÍKISVERK hefir verið framið á kirkjuþingi, eða með öðrum orðum, hvort gengið hafi verið of nærri samvizkufrelsi manna eða ekki. Hvenær er það gjört?

Þegar á að þrýsta mönnum til að gjöra einthvað, sem þeim finst öldungis rangt og kemur í bág við trú þeirra og siðferðistilfinning. Eins og t.d. á Gyðingalandi forðum, þegar banna átti postulunum að flytja fagnaðarerindið. Þá svöruðu þeir öruggir og sögðu: Framar ber að hlýða guði en mönnum! Svo hafa allir einlægir og sannleikselskir menn mælt á öllum tímum, þegar átt hefir að þrýsta þeim til einhvers, er samvizka þeirra hefir mótmælt.

Var nú á kirkjuþingi um nokkuð slíkt að ræða? Já, það var nú einmitt það, eða svo fanst minnahluta. Þeir álitu stefnu Sameiningarinnar óréttmæta, óheppilega og fremur blett á sönnum kristindomi, heldur en meðmæli með honum, í æðimörgum atriðum. Þeim var því fullkomin samvizkusök, að gjöra ekki þá stefnu að játningu sinni.

1. Þeim fanst óhæfa, að heimtað sé af kristnum mönnum, sem eigi fá sig til að trúa því, að öll orð ritningarinnar sé töluð upp á ábyrgð guðs, því með því sé hann gjörður að lygara. En fyrir þeirri skoðun á guðs orði hefir Sameiningin barist, eins og kunnugt er.

2. Þeim finst óvít að halda því fram, að ritningin sé innblásin á þann hátt, að alt hafi borið við nákvæmlega eins og frá er sagt. En í því segir Sameiningin að innblásturinn sé fólginn. Fyrst og fremst bannar það alla rannsókn, *því til hvers er að rannsaka*, ef því er fyrirfram slegið öldungis föstu, að alt hafi borið við, nákvæmlega á þann hátt, sem frá er sagt? Þá er öll rannsókn að eins syndsamlegt efasemdargrúsk, sem ekki á að eiga sér stað og hlýtur oftast að leiða menn út í sálarháska. Þar næst segir þekkingin og heilbrigð skynsemi, að ýmislegt hafi alls ekki getað borið við á þann hátt, sem frá er sagt, og víða sagt frá sama atburði með tvennum öldungis ólíkum hætti.

3. Þeim finst guðlasti næst, að halda því fram, að hryðjuverkin í gamlatestamentinu hafi verið framin að guðs boði; og að bölbænirnar í Sálmunum hafi verið stílaðar af guði sjálfum. Skýringin, sem Sameiningin hefir komið fram með, að guð hafi látið svífta ungbörn lífi unnvörpum á hryllilegan hátt og gjört um leið hið mesta miskunnarverk á þeim, þar sem hann með þessu hafi forðað þessum heiðingjabörnum frá að vaxa upp í löstum og siðleysi og fara síðan eiliflega illa, finst þeim svo fráleit, að hún vera betur löguð til að svífta kristna menn trú sinni, heldur en til að styrkja hana. Það, sem væri hryllilegasta grímdarverk, þegar það er framið af mönnum, á að vera mesta miskunnarverk, þegar það er framið að guðs boði. Og guð fremur þetta miskunnarverk á þessum hópi heiðingjabarna, en lætur miljónir heiðingja, já, biljónir og triljónir, vaxa upp um allan heim frá byrjun veraldar, án þess að vinna slíkt miskunnarverk á þeim, að eins til að steypa þeim í eilífa ófarsæld (Sam. 24,4).

Það má vera, að Friðjón Friðriksson sé orðinn svo rétt-trúaður, að honum finnist það engin samvizkusök, að glevpa aðra eins guðfræði og þetta, en skelfing held ég skamt sé síðan.

4. Því er haldið fram í Sameiningunni (24.4), að sálmarnir, Davíðs sálmar, hefði orðið að EINNI STÓRRI, HÁSKALEGRI LYGI, ef ekki hefði verið þar bölbænirnar. Þó eiga orðin að vera töluð af himni, töluð af föður drottins vors og frelsara sjálfum. Hver fær samrýmt annað eins og þetta? Guð á að hafa látið menninna, sem verið hafa útvalið verkfæri í hans hendi, flytja orðsendingar frá honum, þar sem farið er svo rangt með, að það verður þveröfugt vilja hans og verður til að koma fjölda manna á öllum öldum til að neita því, að trúa á þann guð, sem þannig tali? Með þessu móti er mannlegur brestur látinn tala upp á guðs ábyrgð! Verður þá ekki öll orðsendingin vafasöm, ef mannlegur breyskleiki getur haft svona mikil áhrif á hana? Er eigi með þessu sú staðhæfing gjör, að öll heilög ritning væri háskaleg lygi, þrátt fyrir það, þó hún sé guðs orð af himnum talað, ef eigi væri í henni þau stórvægilegu hneykslanaefni, sem koma lang-flestum kristnum mönnum til að hafna henni allri, fremur en að álíta, að guð eigi nokkurn minsta þátt í þeim? Með þessu móti verða það einmitt hneykslunarefnin óumræðilegu, sem setja á hana innsigli guðdómsins, eða er ekki svo? Og með þessu um leið fallist á, að svo og svo mikið sé frá höfundunum, sem mannleg trúarvitund verði að greina frá.

5. Á öðrum stað er þeirri kenningu haldið fram út af bölbænunum, að svo geti verið ástatt, að það sé "skylda þín, að biðja guð af öllum mætti um stór-mikla tímanlega hegning yfir þann, sem brýtur, svo að aðrir sjái afdrif hans og sleppi sér ekki í eilífa glötun með viðlíka syndum" (Sam. 23.11). Fróðlegt er að vita, hvenær þær ástæður eru fyrir hendi. Hvenær er meiri ástæða fyrir kristinn mann að biðja um hegning yfir óvini, en var, þegar frelsarinn var krossfestur? Með dæmi sínu kendi hann oss þó hið gagnstæða. Skyldum vér nú hafa öðlast æðri opinberan en þá, að fylgja dæmi hans? Ónýtir eigi þetta bæði kenning hans og dæmi?

Finst eigi F.F. það vera dálitið ofríkisverk, að skipa mönnum á kirkjuþingi, að glevpa við þessu og þvíliku og skylda þá til að samsinna því, að þessar skýringar á guðs orði og aðrar eins, sé réttar og réttmæt stefna kirkjufélagsins, að halda þeim fram, en vítavert að nefna aðrar? Finnist honum það eigi, get ég fullvissað hann um, að öðrum finst það, og þeirri tilfinning verður aldrei rýmt úr vegi með ösanninda yfirlýsingu eintómri, frá hverjum, sem hún kæmi.

6. Sama má segja um dóma Sameiningarinnar um leiðtoga og helztu menn kirkjunnar á Íslandi. Öllum var í fersku minni dómur hennar um prédikan þá, er herra Þórhallur Bjarnarson flutti á liðnu ári, er hann tók biskupsvígslu. Þar standa þessi stóru orð: "Allur hugsanaþráðurinn, sem hann spinnur þar út úr þessari rammöfugu bibliuútlegging, er ömurlegur heiðindóms bláþráður" (Sam. 23.9). Þessi dómur stendur ekki einstakur, heldur er hann endurtekinn hvað eftir annað í ýmsu sambandi, þegar einthvað er minst leiðtoganna kirkjulegu heima á fósturjörð vorri, og stöðugrar viðleitni þeirra að samþýða kristindóminn hugsan nútíðarmannsins. Nú á síðasta kirkjuþingi var verkið kórónað með því, að lýsa yfir því hátíðlega í fyrirlestri, að óvætti einni í mannslíki hefði þegar tekist að draga "með sér stóru stjörnurnar allar á söguhimni íslenzku rikiskirkjunnar í hafinum eins og Lúcifer" — "NORÐUR OG NIÐUR inn í steingráa heljarþoku" (Áramót 5.54). Úr þessu þarf enginn að ganga gruflandi, hvar þeir eiga heima leiðtogar kirkjunnar á fósturjörð vorri. — Bólu-Hjálmar geymdi það þangað til eftir dauðann, að gera Grím að hreppstjóra í gamla staðnum, en hér er ekki verið að bíða unz menn hrökkva upp af. Á fósturjörðu vorri á að vera búið "að þurka út landamerkin milli heiðindóms og kristindóms", hvorttveggja runnið saman, orðið "að kássu eða hrærigraut". Þetta er stefna Sam. nú, að því er dóma hennar snertir um þá menn, sem nú eru með miklum áhuga að beita hæfileikum sínum og lærdómi kristindómi þjóðar vorrar til viðreisnar.

Til eru menn, sem viljugir samsinna öllu og taka það ekki nærri sér. En til eru aðrir, sem finst það stórmikil samvizkusök, að samsinna öðru eins og þessu og gjöra það að sínum dómi. Til eru menn, sem álíta, að mikils sé um það vert, að samhugur sem mestur sé með kirkjunni á Íslandi og kirkjunni hér, og taka sér það nærri, ef einlæg viðleitni beztu manna þar og vítrustu í þarfir kristindómsins, er látin verða fyrir jafn-ósanngjörnum áfellisdómi og fráleitum og þessum. Þeim finst þeir beittir ofríki, þegar þeim er sagt: Þetta þarf að vera þín stefna, ef þú átt að vera réttmætur kirkjufélagsmaður. Það getur verið, að Friðjón Friðriksson sé ánægður með þetta. Ég fyrir mitt leyti get það ekki. Og það virðast vera fáeinir aðrir, sem eiga bágt með það.

7. Kirkjuþingið samþykkir, að trúarjátningar sé BINDANDI. Sjálfar segja trúarjátningarnar, að þær sé að eins leiðbeinandi. Er það ekki ofríkisverk, að gjöra það að "böndum", sem sjállt segist að eins að vera til leiðbeiningar, — skilning einstakra manna á guðs orði á löngu liðnum öldum jafngildan guðs orði sjálfu og að bandi og fjötrum á skilning manna

(Niðurlag á 4. bls.)

HAVERGAL COLLEGE
WINNIPEG
HEIMILIS- OG DAGSKÓLI FYRIR STÚLKUR, MEÐ "KINDERGARTEN" DEILD.

KENNSLU GREINAR
Undirbúnings kennsla til háskóla, með sérstakri áherzlu á Music og Listir. Nú, og fyrverandi nemendur vorir, hafa hlotið fræðarorð við Toronto Conservatory og College of Music og Royal Drátlistar skólann. Líkams æfing er ein kenslugreinin. Skautasvell, allskonar útbúnaður fyrir leiki, alt á skólalóðinni. Upplýsinga skrá veitir forstöðukonan, MISS JONES, L. L. A., St. Andrews [Scotland].

KENNSLA BYRJAR Þriðjudag 21. SEPT.

THE FULTON
ENDURBÆTTU SUB-SURFACE PACKER



LENGD 10 FET.
2200 pund
20 hjól

LENGD 12 FET.
2500 pund
24 hjól

Einkaleyfi 29. júní 1909. Smíðuð í Winnipeg.

Mörg hundruð framfaramestu bænda hafa keypt og brúka þetta verkfæri, sem áður seldist undir nafninu "Brandon Sub-Surface Packer", og notkun þess til þess að þétta moldina, hefir sannfært bændur um, að þeir fá betri uppskeru en án þess. Þetta verkfæri hefir verið endurbætt, svo að það er nú gallalaust. Vér sendum vottorð og verðlista. Vér höfum svo góðan útbúnað til að smiða þetta verkfæri, að vér getum selt það talsvert ódýrar, en nokkru sinni fyr. Sendið eftir verðlista og lýsingu. Vér getum sparað yður peninga.

The Sub-Surface Packer Company, Limited
Winnipeg Manitoba

WINNIPEG Business College
Cor. Portage Ave and Fort St.
28. AR.
FÉKK FYRSTU VERÐLAUN Á SAINT LOUIS SÝNINGUNNI.
Dag og kveldkensla. Telefón 45.
Haustkensla byrjar 1 Sept.
Bæklingur með myndum ókeypis.
Skrifið til: *The Secretary, Winnipeg Business College, Winnipeg, Man.*

10% GRÓÐI

SEX NÝTÍZKU TIMBUR HÚS, á lóðum sem vita bæði á Alexander og Pacific Avenues., í góðu ástandi og leigjast nú fyrir $14.50 á mánuði hvert hús.— Gefur 10 prócent ágóða á kaupverði, sem er $8,500. — Eftir 15. september kosta þau $9,000. Þægilegir borgunarskilmálar. — Frekari upplýsingar veitir —

—THE—
Standard Trust Co.
Talsími: Main 8524.
Yfir Northern Crown Bank.

The Dominion Bank
NOTRE DAME Ave. BRANCH Cor. Nena St.
VÉR GEFUM SÉRSTAK AN GAUM AÐ SPARI. SJÓÐS-DEILDINNI. —
VEXTIR BORGAÐIR AF INNLÖGUM.
HÖFUÐSTOLL - - - $3,983,392.38
SPARISJÓÐUR - - $8,300,000.00
A. E. PIERCY, MANAGER.

The Abernethy Tea Rooms

Eru nú undir nýrri ráðsmensku. Vér getum selt fólki góðar máltíðir og hressingar eftir þann 9. þ. m.—
21 máltíðarseðlar $3.50
472 PORTAGE AVE.

Arena Rink
Undir nýrri stjórn
Opinn fyrir Hjólskauta.
Hornaflokkur á kveldin.

2 Bækur Gefins

FÁ NÝJIR KAUPENDUR AÐ HEIMSKRINGLU SEM BORGA $2.00 FYRIRFRAM, OG ÞESSUM BÓKUM ÚR AÐ VELJA :—

Mr. Potter frá Texas
Aðalheiður
Svipurinn Hennar
Hvammverjarnir
Konuhefnd
Lajla
Robert Manton.

Alt góðar sögur og sumar ágætar, efnismiklar, fróðlegar og spennandi. Nú er tíminn að gerast kaupendur Hkr. Það eru aðeins fá eintök eftir af sumum bókunum.

Heimskringla
P.O. Box 3083, Winnipeg.

Yfirlýsingin affarasæla

(Niðurlag frá 3. bls.)

þanguð til á dómsdegi? Mér getur eigi betur skilist, en það sé ofríkisverk, öldungis á sama hátt og yfirlýsingin um óskeikulleika páfans var ofríkisverk.

8. Kirkjuþingið neitar kenningarfrelsi presta. Þeir eiga að vera fyrir fram bundnir, skuldbundnir, til að kenna ekkert um kristindóminn nema það, sem hugsað var á 16. og 17. öld, og fram er tekið í játningunum. Ég fyrir mátt leyti hefi ekki skuldbundið mig til neins annars en að flytja fagnaðarerindi drottins. Það var ekkert annað heimtað né tekið fram, þegar ég var vígður af General Council. Það skal hér tekið fram til maklegs hróss. Ég vann engan eið, ekkert heit, var eigi látinn rita undir neitt, var eigi spurður neinna spurninga. En hitt var greinilega og ríkt tekið fram, að ég ætti að prédika Krist og hann krossfestan. Og nú finst mér það ofríkisverk, ef á að fara að binda mig og fjötra við eitthvað annað. Ég get ekki annað en látið mér finnast það. Segi einhver það sé ósatt mál, finst mér hann vera að tala um hluti, sem hann veit ekkert um, og ber alls ekkert skynbragð á.

9. "Kirkjuþingið neitar, að trúarmeðvitund mannsins hafi úrskurðarvald yfir heilagri ritningu". Hvað er það, sem kemur þeirri kirkjudeild, sem vér tilheyrum, til að segja, að orð heilagrar ritningar hafi einungis þá merkingu, er hún leggur í þau, en eigi þær, er hinar deildir kristinnar kirkju segja að þau hafi? Hvað er það, sem gefur henni rétt til að segja: Minn skilningur á þessari ritningargrein er réttur, sá, sem þið haldið fram, rangur? Er það eigi dómsvald? Valdið til að velja og hafna? Og hvað er það annað en trúarvitund mannsins? Hún segir honum til, hvað í guðs orði hafi ævarandi gildi, og hvað að eins stundargildi. Enginn kristinn maður fær svo lesið eina línu í ritningunni, að eigi láti trúarvitund hans til sín heyra í hjarta hans. Hann hefir ekkert annað eftir að fara. Sé hún tekin af honum, les hann eins og fábjáni, sem ekkert skilur, sér að eins orðin ein, en gjörir sér enga hugmynd um gildi þeirra.

Nú er þetta úrskurðarvald skilningsins af mönnum tekið og sagt: það er óhæfa að nota það. Þú mátt það ekki með nokkuru móti. Þú verður að loka augum þínum og lesa eins og sá, sem ekkert dæmir um gildi þess, sem hann les, — með öðrum orðum, eins og fábjáni. — Er það ekki ofríkisverk? Er það ekki valdboð? Jú, líklega það stærsta, sem unt er að hafa í frammi við nokkurn mann.

Með alt þetta í huga, fæ ég ekki skilið, að það sé neinar ölgar, þó ég hafi bent á, að ofríkisverk hafi verið framið á kirkjuþingi með yfirlýsing þeirri, sem Friðjón Friðriksson bar fram og er svo hreykinn af. Og hve lítið fylgi, sem ég kann að hafa, mun það þó verða æði-margt skynsamra manna, bæði nær og fjær, ef til vill fleiri en F. F. enn þá rennir grun í, sem finst að gengið hafi verið svo nærri samvizkufrelsi manna, að hvorki sé kirkjufélaginu sómi að, né viðunandi þeim, sem í því eru.

Áþreifanlegast verður ofríkið, þegar hugsað er út í, að þetta eru alt staðhæfingar, sem færustu menn kirkjufélagsins hafa af alefli verið að reyna að sanna og færa rök fyrir, en eigi hepnast betur en svo, að fjölda fólks finst enginn flugufótur fyrir. Svo kunnugt sé, hefir enginn látið sannfærast, sem gagnstæðrar skoðunar var áður, nema ef vera skyldi Friðjón Friðriksson einn. En þá er gripið til þeirra örþrifráða á kirkjuþingi, að rígnegla það í huga manna með atkvæðamagni sem óvyggjandi sannindi, er eigi hafði með nokkuru móti tekist að rökstyðja.

Hvað er ofríkisverk, ef eigi slíkt?

Vitaskuld hefir forseti kirkjufélagsins, séra Björn B. Jónsson, rétt fyrir sér í því, að kirkjufélagið hafi eins og hvert annað félag rétt til að ákveða stefnu sína og gera allar þessar ályktanir — lagaréttinn. Enda veit ég ekki til, að neinn hafi neitað því með einu orði. Það hefir rétt til að verða alveg katólskt. Það hefir rétt til að segja að svart sé hvitt. Það hefir lagarétt til að gjöra, hvað sem því þóknast og ekki brýtur bág við landslög. Og aldrei hefi ég látið mér til hugar koma, að meina því þann rétt, né fást um, þó það notaði hann. Ef engin æðri hugsjón en sú vakir fyrir kirkjufélaginu, er ekki um neitt að fást.

En hefir það siðferðislegan rétt til að gjöra þær ályktanir, sem það hefir gjört? Um það er verið að ræða. Hefir það siðferðislegan rétt til að segja, að röng stefna sé réttmæt stefna? Hefir það siðferðislegan rétt til að segja, að trúarjátningar sé það, sem þær eru ekki og geta ekki verið eftir eðli sínu? Hefir það siðferðislegan rétt til þess, að krefjast af nokkurum manni, að hann fari eftir öðru en því, sem hann veit sannast og réttast í kenningu sinni? Hefir það siðferðislegan rétt til þess, að banna trúarvitund mannsins, að dæma um gildi þess, er hann les í ritningunni? Hefir það nokkurn siðferðisrétt til að lýsa þær skoðanir réttar með atkvæðamagni, sem því er öldungis um megn að rökstyðja eða sannkæra menn um? Hefir það siðferðislegan rétt til að gjöra alt þetta?

Um það er verið að ræða. Og þeirri spurningu svarar minnihlutinn hiklaust neitandi. Til þess hlýtur hann að hafa bæði lagalegan og siðferðislegan rétt.

Vegna þess mönnum fanst þingið gjöra siðferðislega rangt með þessum samþyktum, var gengið af þingi af flestum minnihlutamönnum. Engin önnur leið var opin til mótmæla, sem fær var.

En til þess að sýna, að það var ekki gjört í neinu bráðræði, lagði minnihluti þá spurningu áður fyrir þingið, hvort hann fengi leyfi til, að vera í kirkjufélaginu með yfirlýstar skoðanir sínar eða ekki. Þingið svaraði: Þið eruð ekki reknir, en felti hitt um skoðanirnar. Með öðrum orðum: Skrokkarnir mega vera, en skoðanirnar ekki.

Í umræðunum var tekið fram af Friðjóni Friðrikssyni sjálfum, að það yrði hver maður að ráða við sjálfan sig, hvort hann gæti BREYTT SVO UM SKOÐANIR, að hann héldi áfram að vera með. Hann og nokkurnveginn allir meirihlutamenn, sem töluðu, tóku fram, að þetta kæmi BEINLÍNIS Í BÁGA VIÐ YFIRLÝSINGUNA, og mætti því eigi með nokkuru móti samþykkja. Séra Kristinn tók fram, að eigi væri unt að sjá inn í samvizku nokkurs manns. Þetta væri samvizkumál, sem hver yrði sjálfur að svara.

Í sáttanefndinni var ÞÖGNIN aðal-skilyrðið. Þar var ekki farið fram á, að menn skifti um skoðanir, heldur að eins að þagað væri af hálfu minnahluta, einkum á prenti. Engri þögn var lofað á móti af hálfu meirahluta, að minsta kosti ekki í garð kirkjunnar á Íslandi. En skoðanir sínar mætti menn hafa eins eftir sem áður, ef þeir að eins vildi þegja. Jafnvel í kirkjunni mátti prédika það, sem manni sýndist, og maður mæla við mann, ef eigi væri látið sjást neitt á prenti.

En hvað er nú þetta annað en að fá leyfi til að blóta í laumi, ef maður er viljugur til að hræsna eitthvað annað útvortis? Að geyma eitthvað saknæmt og áfellisvert í hjarta, hlýtur þó að vera ólíkt meiri sök en hitt, að koma fram með það opinberlega.

Séra Guttormur Guttormsson skýrir þetta svo (Lögb. 8. júli), að þingið hafi ekki gjört menn ræka fyrir neitt, sem þegar hafi verið gjört, en ekki heldur viljað gefa neitt loforð um, að reka ekki framtíðinni, því orð slíkra manna um biblíu og trúarjátningar sé ekkert takandi til greina. En hér var ekki beðið um neitt loforð. Hér var að eins spurt, hvort menn með þær skoðanir, sem þegar hefði fram komið, mætti vera til í kirkjufélaginu. Megum við vera til eða megum við ekki? Svarið er öllum kunnugt.

Skelfing hefði minnihlutinn verið skyni skroppinn, ef hann hefði eigi skilið, að hann var rekinn — rekinn undir yfirskini, vitaskuld, — en rekinn samt sem áður svo greinilega, að engum manni getur dulist:

a) með því, að neita öllum skoðunum hans í ágreiningsatriðunum.

b) með því að samþykkja gagnstæðar skoðanir sem einar réttmætar kirkjufélagsskoðanir,

c) með því að neita minnahluta réttarins að vera til og fá að halda fram skoðunum sínum, en reyra böndin svo fast, að hann gæti hvorki snúið hendi né fæti án þess að brjóta.

Slíka kosti vilja heiðvirðir menn ekki taka, en segja heldur, hiklaust og ákveðið: Við förum!

Vitaskuld hefir meirihluti lagaréttinn til að gjöra annað eins og þetta. En hefði það ekki verið miklu sæmra og drengilegra, að reka blátt áfram — krókalaust, án nokkurs yfirskins eða yfirdrepsskapar — og kannast við það hreint og beint eins og góðir drengir: "Við vildum ekki hafa ykkur. Við viljum engan hafa nema þann, sem fylgir stefnu Sameiningarinnar í einu og öllu — ekki einn! Farið þið!"

Við það voru menn hræddir; hafa víst óttast, að illa mæltist fyrir, og sögðu á undan kirkjuþingi: það kemur ekki til nokkurra mála að reka. Það gerum við ekki. Við höfum önnur ráð. — Þetta átti að vera svo miklu slungnara — slíkt makalaust kænsku-bragð!

En helzt litur út fyrir, að allir hafi séð gegn um þá stjórnvizku, og sjái betur og betur. Enda gjörir séra Björn rækilega grein fyrir því, að kirkjufélagið hafi rétt til, að hafa hvaða skoðanir, sem því sýnist (Sam. 24.6). En svo geta þær skoðanir verið svo vaxnar, að þær reki smámsaman all-flesta út úr kirkjufélaginu, og sýnist það vera komið á góðan rekspöl. Séra Björn telur það sjálfsagt, að þegar menn í rannsókn ritninganna komist að ólíkri niðurstöðu í einhverju efni, segi menn þegar skilið hver við annan að kirkjulegum félagsskap. "Enginn þarf að fylgja trúarskoðunum kirkjufélagsins, sem ekki vill, og enginn þarf að standa í kirkjufélaginu né söfnuðum þess fremur en honum sýnist" (163). — Svona mikið er frelsið í kirkjufélaginu! Og svona mikið umburðarlyndið!

En með þessu er öllum ótvíræðlega sagt: Ef þið hafið ekki sömu skoðanir og kirkjufélagið, er sjálfsagt, að þið farið! Við kærum okkur ekki um neina nema þá, sem steyptir eru í sama móti og við!

Ég skil ekki, hvað F.F. er að fást um, að ég sé að æsa menn upp. Ég hefi ekkert orð talað, sem geti verið meira hvatningarorð fyrir menn að segja skilið við kirkjufélagið, en einmitt þetta. Ég held því nú að öllum skoðanabræðrum mínum í kirkjufélaginu, að þeir geti ekki annað samvizku sinnar vegna, en gengið út úr kirkjufélaginu sem allra-bráðast. Og mér skilst séra Björn, forseti kirkjufélagsins, vera mér um þetta alveg samdóma.

Tilgangurinn með yfirlýsinguna hefir augsýnilega verið sá, að gjöra landhreinsun í kirkjufélaginu. Sópa út öllu rusli, sem leiðtogunum þar er til ama. Látum þá landhreinsan verða, glögga og greinilega, og látum hvern mann standa við sannfæringu sina! Úr því það er einungis ein skoðun, sem eiga má heima í kirkjufélaginu, og sú skoðun hefir ekkert umburðarlyndi við systur sínar og fær eigi með nokkuru móti þolað, að þær eigi heima undir sama þaki, — verður það svona að fara og getur ekki verið öðruvísi. En látum engan breiða ofan á, að einmitt þetta hafi verið tilgangurinn.

Það sést bezt á orðum Friðjóns sjálfs. Hann segir, að yfirlýsing minnahlutans hafi verið stórgölluð. En gallinn mikli á henni var sá, að hún bað um JAFNRÉTTI, — réttinn að vera til í kirkjufélaginu. Tillaga séra Friðriks Hallgrímssonar var ótæk, af því hún var svo óákveðin og óljós, segir hann. Með öðrum orðum: Ekkert dugði nema það allra frekasta. Það átti að taka af öll tvímæli, enda var það gjört, svo eigi er unt að misskilja. Furðan mesta sú, að nokkurum skuli nú hugkvæmast, að breiða yfir, eða telja mönnum með skoðanir minnahlutans trú um, að ÞEIR hafi ekki verið reknir, þeir geti verið kyrrir í kirkjufélaginu, og alls konar brögðum beitt til að halda þeim kyrrum.

Þeir F.F. og séra Björn eru báðir að fárast um, að ég spilli fyrir málstað mínum með lélegri frammistöðu. Yfir því ætti þeir fremur að fagna heldur en hitt, finst mér. Að spilla fyrir mínum málstað er að bæta fyrir þeirra og ganga í lið með þeim. Og þar eru tólf prestar til fyrirliða gegn einum, og Friðjón sá þrettándi. En þessi eini svo mikill óviti, að hann gengur í lið með þeim, sem á móti honum eru. Það ætti ekki að vera illa róið í þeirri Keflavíkinni.

En þá er það líka öllum augljóst, að það er vegna þess, hve málstaðurinn er góður, og engis annars, ef eitthvað verður ágengt hinum megin.

Raunalegt er, að ég skuli ekki kunna að hugsa jafn-skipulega og heiðraður andmálsmaður minn. En þar verður hver að koma til dyra eins og hann er klæddur, og bið ég velvirðingar á tötrunum. Mest er um vert samt, hver bezt lag hefir á að sannfæra, og sést nú bezt hvílíkur klaufi ég er, að þurfa til þess langt mál, sem hann getur gjört með einni pennasveiflu.

Winnipeg, 6. sept. 1909.

F. J. Bergmann.

THE
BANK OF TORONTO
INNLEGG - - - $30,853,000
VJER OSKUM VIDSKIFTA YDAR
WINNIPEG DEILD: 456 MAIN ST.
JOHN R. LAMB, RADSMADUR.

DR. H. R. ROSS
C.P.R. meðala- og skurðlækuir.
Sjúkdómum kvenna og barna veitt sérstök umönnun.
WYNYARD, — SASK.

JOHN DUFF
PLUMBER, GAS AND STEAM FITTER
Alt verk vel vandað, og verðið rétt
664 Notre Dame Ave. Phone 3815
Winnipeg

Með því að biðja sérstaklega um "T.L. CIGAR," þá ertu viss að fá ágætan vindil.
T.L.
T.L. CIGAR
(UNION MADE)
Western Cigar Factory
Thomas Lee, eigandi Winnipeg

Redwood Lager og Extra Porter
Styrkið taugarnar með því að drekka eitt staup af öðrum hvorum þessum ágæta heimilis bjór, á undan hverri máltíð. — Reynið !!
EDWARD L. DREWRY Manufacturer & Importer Winnipeg, Canada.

Department of Agriculture and Immigration.
MANITOBA
Þetta fylki hefir 41,169,089 ekrur lands, 6,019,200 ekrur eru vötn, sem veita landinu raka til akuryrkjuþarfa. Þess vegna höfum vér jafnan nægan raka til uppskeru tryggingar.
Ennþá eru 25 miliónir ekrur óteknar, sem fá má með heimilisrétti eða kaupum.
Íbúatala árið 1901 var 255,211, nu er nún orðin 400,000 manns, hefir nálega tvöfaldast á 7 árum.
Íbúatala Winnipeg borgar árið 1901 var 42,240, en nú um 115 þúsundir, hefir meir en tvöfaldast á 7 árum.
Flutningstæki eru nú sem næst fullkomin, 3516 mílur járnbrauta eru í fylkinu, sem allar liggja út frá Winnipeg. Þrjár þverlandsbrauta lestir fara daglega frá Winnipeg, og innan fárra mánaða verða þær 5 talsins, þegar Grand Trunk Pacific og Canadian Northern bætast við.
Framför fylkisins er sjáanleg hvar sem litið er. Þér ættuð að taka þar bólfestu. Ekkert annað land getur sýnt sama vöxt á sama timabili.
TIL FERDAMANNA :
Farið ekki framhjá Winnipeg, án þess að grenslast um stjórnar og járnbrautarlönd til sölu, og útvega yður fullkomnar upplýsingar um heimilisréttarlönd og fjárgróða möguleika.
R. P. ROBLIN,
Stjórnarformaður og Akuryrkjumála-Ráðgjafi.
Skrifið eftir upplýsingum til
Joseph Burke, 178 LOGAN AVE., WINNIPEG.
Jas. Hartney, 77 YORK ST., TORONTO.

Spurningar.

1. Hve stuttan tíma fá menn minst að vera við nám á Búnaðarskóla Manitoba fylkis?
2. Þurfa ekki nemendur að borga þar fyrir fæði, húsnæði og kenslu.
3. Hve mikið þurfa þeir að borga?
4. Er hægt, að fá kenslu í enskri tungu fyrir þá, er ekki kunna hana vel? Búandi.

SVAR: — Öllum framangreindum spurningum er svarað í Búnaðarskólablaði Heimskringlu, sem út kom 26. ágúst sl., eða svo nákvæmar upplýsingar gefnar um þetta atriði, að spurninganna hefði ekki átt að vera þörf. En þó, til þess að fyrirbyggja allan hugsanlegan misskilning um þessi atriði, skal það tekið fram: —

1. Þó ætlast sé til, að nemendur, sem á Búnaðarskólann ganga, stundi námið yfir alt kenslutímabilið, þá eru engar fastar skorður settar um það, hve lengi hver nemandi skuli vera vera við skólann. En af skýrslu yfir kostnað við veruna á skólanum sést á 12. blaðsíðu Búnaðarskólablaðsins, að hver nemandi verður að borga ársinnritunargjald $10.00, þegar hann innritast á skólann, á hvaða tíma kenslutímabilsins, sem það kann að vera. Þess er og getið, að nemendur verði á vissum ákveðnum dögum að borga fyrirfram fyrir fæði sitt um nokkurra vikna tíma í einu og að engu af því fé verði skilað aftur, ef þeir yfirgefi námið af nokkrum öðrum en sjúkdómsorsökum. Það má því í stuttu máli svara fyrstu spurningunni svo, að menn fái að vera eins stuttan tíma við námið á Búnaðarskólanum og hver óskar.
2. Annari spurningunni svarast játandi, með þeirri undantekningu, að ef nemendurnir reynast óþrifnir, þá verða þeir að búa utanskóla.
3. Hve mikið hver nemandi þarf að borga, sézt glögt á bls. 12 í Búnaðarskólablaðinu.
4. Kensla er veitt í enskri tungu. Sérstakur kennari hefir þann starfa á hendi. En nemendur verða að hafa svo mikla þekkingu á ensku máli, að þeir geti notið kenslu þeirrar, sem skólinn veitir. Ritstj.

Það er alveg víst, að Það borgar sig að auglýsa í Heimskringlu.

FAGRIR VÆNGJAÐIR VINIR

Vér höfum ný fengið mesta fjölda af alls kyns Skraut-Fuglum, Hundum, Skraut Fiskum og Öpum, og af því fyrri afsláttarsala reyndist svo vel, ætlum vér að endurnýja hana um vikutíma.

VERÐIÐ EÐ SEM FYLGIR:

Þýzkir, tamdir Canary Fuglar, vanaverð $6.00. Nú seldir á $2.50

Ungir Hartz Fjalla Canary Fuglar, Vanaverð $4.00 Nú $1.35

Ástralíu Ástarfuglar, fegurstu fuglar í heimi, — vanaverð $8.00–$.0.00 parið. Nú $4 parið

Brazílu Cardinal Söngfuglar, vanaverð $10.00. Nú $5.00

Talandi Páfagaukar andtamdir, alt ungir fuglar, vanaverð $15–$20. Nú $5.50

Sjórir Gullfiskar 10c hver. Fiskskálar 10c og yfir. Fugabúr 75c og yfir.

Vér höfum hópa af Öpum, Hundum, Squirrels, Hérum Músum, o. fleira. Vér bjóðum alla velkomna að skoða búðina vora. Utanbæjar pantanir fljótt afgreiðlar og sendar til allra staða í Canada.

WINNIPEG BIRD STORE

J. Hirsch, Manager. 354 Portage Ave.

G. Eggertsson's

KJÖTMARKAÐUR.

Talsími 3827 693 Wellington Ave.

Góður markaður Kjöt frá 4c. pundið og upp. Egg og smjör ódýrara en hjá öðrum. Alskonar fiskur og fuglakjöt. Komið til Eggertsson's og sjáið og reynið og sannfærist um, að þar er hægt að fá gott kjöt. —

Ómeinguð Hörlérept

beint frá verksmiðjunni á Írlandi. Af því vér kaupum beint þaðan, getum vér selt írsk hörlérept ódýrar en aðrir í borginni. 15 prósent afsláttur næstu 2 vikur.

C. S. S. Malone

552 PORTAGE AVe. Phone Main 1478

16-12-9

Dr. M. Hjaltason, Oak Point, Man.

Jónas Pálsson,

SÖNGFRÆÐINGUR.

Útvegar vönduð og ódýr hljóðfæri.

460 Victor St. Talsími 6803.

Jóhanna Olson

Piano Kennari, byrjar 1. sept. nk. að kenna piano-spil, að 557 Toronto Street.

Giftingaleyfisbréf

selur: Kr. Ásg. Benediktssón

540 Simcoe st. Winnipeg.

Til Sölu.

TIL SÖLU—nærri því nýr kolaofn, — fyrir hálfvirði, annaðhvort fyrir peninga eða í skiftum fyrir matreiðslustó. Hkr. vísar á.

TIL SÖLU er járnsmiðja með nauðsynlegu landrými og miklu efni, járni, stáli og kolum. Skift fyrir lóðir í Selkirk eða Winnipeg. Húsið er 18x24 fet. Ritstj. vísar á.

TIL SÖLU—Halldór S. Bardal bóksali hefir til sölu 2 viðarbrenslu Furnaces, með pípum og Registers. Þægileg í stór fjölskylduhús eða litla barnaskóla. Þau eru lítið brúkuð, en verða seld ódýrt, að 172 Nena st.

JÓN JÓNSSON, járnsmiður, að 790 Notre Dame Ave. (horni Toronto St.) gerir við alls konar katla, könnur, potta og pönnur fyrir konur, og brýnir hnífa og skerpir sagir fyrir karlmenn. — Alt vel af hendi leyst fyrir lítla borgun.

INGIBJÖRG BJÖRNSSON, hjúkrunarkona, 620 Agnest st.

KENNARA VANTAR

við Siglunes skóla No. 1399, með 1. eða 2. stigs kennaraleyfi, helzt karlmann, fyrir næsta kenslutímabil frá miðjum október mánuði næstkomandi til apríl mánaðar loka næstu (eftir ástæðum). Umsækjandi snúi sér til undirritaðs og geti um, hvaða kaup hann setur.

Siglunes P.O., 31. ágúst 1909.

Guðmundur Hávarðsson.

Fréttabréf.

MINNEOTA, MINN.
5. sept. 1909.

Nýdáin er hér ekkjan Sólveig Einarsdóttir, 91 árs gömul, ættuð úr Norður-Múlasýslu. Hún var alla æfi góð kona og gegn og starfsöm mjög.

H. J. Nicholson (tengdasonur Gunnlaugs Péturssonar á Hákonarstöðum) hefir selt bújörð sina Pétri Þorkelssyni. Uppboð á lausafé verður 7. þ.m.

Tíðarfarið hefir verið hið ákjósanlegasta allan síðasta mánuð; öll hirðing jarðarafurða hin bezta, og uppsoera að vöxtum með betra móti.

Árni S. Jósephson, sem nú er einn af stærstu bændum hér, hefir í sumar bygt stórt og vandað íveruhús, er mun jafnoka þeim allra vönduðustu húsum, er Íslendingar hafa bygt hér vestra. Að lýsa húsinu yrði oflangt mál.

S. M. S. Askdal.

Fyrirspurn.

Herra ritstj. Heimskringlu.

Ég hefi tekið eftir því, að hérlendu blöðin hafa minst hlýlega á yðar góða skrautblað, dags. 26. ágúst, og borið á yður maklegt lof. Ég leitaði í Lögbergi síðan útkomu, en finn þar ekkert nema tóma þögn yfir djúpunum hvíla.

Hvort er það, — senduð þér ekki Lögbergi nefnt skrautblað, eða þegir það fram af sér að geta þess, sem önnur blöð álíta sjálfsagða skyldu sína, — þar sem þetta var lang-stærsta blaðið, sem nokkru sinni hefir verið gefið út á íslenzka tungu, og jafnframt það skrautlegasta?

Blaðalesari.

SVAR.—Lögberg fékk blaðið.
Ritstj.

DÁNARFREGN.

Á föstudaginn er var, þann 10. þ.m., kl. 6 að kveldi, andaðist að heimili sonar sins, Péturs J. Thomsens, að 552 McGee St., sóma- og dugnaðarkonan GUÐRÚN ÓLAFSDÓTTIR THOMSEN, 76 ára að aldri.

Guðrún sál. var ekkja Hans Friðriks Ágústs Thomsens, sem eitt sinn var verzlunarstjóri á Seyðisfirði (á Austurlandi), og dó þar. Hún var ættuð úr Kræklingahlíð í Eyjafjarðarsýslu. Þeim hjónum varð 8 barna auðið (3 stúlkur og 5 drengir), og lifa 7 þeirra, öll uppkomin og gift.

Það mun vera 23 eða 25 ár síðan Guðrún sál. flutti vestur um haf með fjölskyldu sina, og hefir dvalið lengst af síðan í Winnipeg, að undanteknum 4 árum, sem hún bjó með sonum sinum í bænum Carberry fyrir mörgum árum síðan, og tveimur árum, sem hún var hjá Elis G. Thomsen, syni sinum, á Gimli, þar til hún fluttist til Winnipeg til lækninga. En sjúkdómi hennar var þannig varið, að hvað sem reynt var, var henni ekkert unt að fá bót meina sinna.— Hún andaðist því eins og að framan er sagt, eftir langvarandi sjúkdómslegu og miklar þjáningar undir hið síðasta, sem hún þó bar með framúrskarandi þolgæði.

Jarðarförin fór fram frá heimili Péturs sonar hennar, að 552 McGee st., kl. 2 á sunnudaginn var, og síðar frá Tjaldbúðarkirkju.

Húskveðja var flutt af séra Jóni Bjarnasyni, en ræðan í kirkjunni var flutt af séra Fr. J. Bergmann.

Þessarar sómakonu verður eflaust betur getið í þessu blaði af þeim, sem meira veit um lífsstarf hennar en sá, er þetta ritar. J.

Seattle-för mín.

Eftir
E. H. JOHNSON, Spanish Fork, Utah.

Eins og til stóð, og ég hafði getið um við þig áður, lagði ég af stað í þá ferð, ásamt konu minni, þann 26. júli. Fórum við sem leiðir liggja norður um Utah, Idaho, Oregon og Washington, og komum til Seattle þann 28. Í þeirri ferð gerðist litið sögulegt, okkur leið vel, og alt var slysalaust. Við höfðum okkur það mest til dægrastyttingar á téðri leið, sem talin er að vera 1200 mílur, að líta yfir landið og bústaði fólksins, sem lifir bæði í bæjum, stórum og smáum, og á búgörðum, alla leið meðfram brautinni í téðum ríkjum. Víðtíst okkur landið víða fagurt, og búgarðar, margir ríkmannlegir, sáust hér og þar á allri leiðinni. Mest fanst okkur til um skógana í Oregon. Þeir eru bæði miklir og um leið tignarlegir. Í Washington ríki er líka mikill skógur, en þó tæplega jafningi þess, sem er í Oregon. — Idaho ríki er, á því svæði, sem við fórum yfir, alveg skóglaust land, með endalausum og eilífum sléttum, mjög vel löguðum til akuryrkju væri þar nóg vatn, en það kvað vera skortur á því þar, eins og víðar í Vesturríkjunum, og liggur landið þar af leiðandi óyrkt í þúsunda ekra tali.

BORGIN SEATTLE.

Nú er að minnast á Seattle, þessa miklu vestrænu drotningu, sem margir spá að verða muni Chicago hin önnur, áður en mjög mörg ár liða. Borgin telur nú um 350,000 innbúa, og virðist á fleygings framfaraferð. Nálega hvar sem litið var, voru byggingar að rísa upp af ýmsum stærðum, sumar afarstórar og kostbærar. Mikið var þar líka um stórkostleg mannvirki á strætum borgarinnar, og verzlunin þar í öllum myndum, sýndist ákaflega mikil og lifleg. Atvinna var þar mikil, og þúsund atvinnuvegir, kaupgjald gott og almenn velliðun, — að svo miklu leyti, sem ég komst næst.

Seattle er orðin afarstór að ummáli, síðan allir smábæir þar í grendinni voru innlimaðir í borgina. Hvað flatarmál borgarinnar er, veit ég ekki, því mér gleymdist að spyrja mig fyrir um það. Útsýnið þar í borginni er hvergi gott. Hún stendur á einlægum hólum og í dældum á milli hólanna, svo ég botnaði mjög litið í lagi hennar og legu. Það var líka einlægt í huga minum, að Seattle væri þessi borg 'on thousand hills', sem vér höfum heyrt talað um að væri til einhversstaðar. Það nafn og þá lýsingu gef ég henni, og veri hún nú sæl.

SÝNINGIN.

Eitt af erindagerðum minum til Seattle, var að skoða það sem sýnt var á Alaska-Yukon-Pacific sýningunni þar í borginni. Ég fór þrisvar út í sýningargarðinn og hugði að öllu, sem þar var, eins eins vandlega og ég gat og tíminn leyfði. Sýningargarðurinn er 250 ekrur að stærð, og mikið smekklega og haganlega útlagður, með breiðum strætum, öllum vel uppgerðum, og gangstéttum til beggja hliða. Stóðu skuggatré til beggja hliða við strætin, og fagrir blómreitir framanvíð og alt í kring um margar af byggingunum. Stærsta og merkasta byggingin í garðinum, að því er mér virtist, var stjórnarbygging Bandarikjanna, — í henni var sýnt alt búhokur "Uncle Sam's", í öllum myndum, og geðjaðist mér sérstaklega vel að því. Næst U. S. byggingunni að stærð og fegurð var Alaska byggingin. Var þar sýnt alt, sem að einhverju leyti gat tilheyrt Alaska, og var margt af því undravert og aðdáanlegt. Fleiri stjórnarbyggingar voru þar í smærri stíl, en smekklegar mjög, svo sem Canada byggingin, Japanska byggingin o. fl. Margar fylkja eða ríkja byggingar voru þar einnig, en einna bezt af þeim var sú, er California ríkið hafði látið byggja. — Þar voru og einnig margar County byggingar, allar mismunandi að lögun, en líkir voru sýningamunir í mörgum þeirra.

Yfir höfuð að tala, er sýning þessi mjög smekkleg. Hún er ekki stór, en öllu er þar vel fyrir komið, og regla var þar ágæt. Allar stærstu byggingarnar voru opnaðar kl. 9 á morgnana, en lokað kl. 6 á kveldin. Það eina sem opið var alla tíð frá kl. 6 f.m. til kl. 12 á nóttunni, var hið svokallaða "Pay Streak". Það er nokkurs konar sölutorg eða stræti, sem liggur niður úr aðal sýningargarðinum, eins og hali á ljóni, eða Langanes austur úr Íslandi. Á torgi þessu eru næstum allir hlutir seldir, er nöfnum tjáir að nefna, nema áfengir drykkir. Ekkert af þess konar vöru fæst innan vébanda sýningarinnar. Þar eru ótal smáleikir leiknir og alls konar aukasýningar sýndar, og þótti mörgum það góð skemtun, sérstaklega á kveldin, þegar búið var að uppljóma allan sýningargarðinn og allar byggingarnar að utan með rafljósum í þúsundatali.

Allur kostnaður við að koma sýningu þessari í gang, er sagt að hafi numið 10,000,000 dollara. Ein 50c kostar inngangurinn fyrir dagiinn í aðal sýningargarðinn, en að skoða alt þar, sem aukalega varð að borga fyrir, sögðu reikningsfróðir menn mér að mundi kosta $15.00. það er að skilja, ef maður kæmi á sýninguna nógu oft til að sjá alt, sem bæði er sýnt í aðal sýningargarðinum og eins á "Pay Streak". Og tímalengdin, sem til þess gengi, væri 3 vikur.

Meira, og að öllu sjálfsögðu greinilegra, væri hægt að skrifa um sýningu þessa. En af því að svo margir gera það, og að margar ritgerðir um það gera eina stóra heild, dettur mér í hug, að láta nú þetta duga fyrir minn part af málinu, og vona ég að þú, ritstjóri góður, og lesendur meimskringlu virði á betra veg, þó ekki sé langorðara, eða ýtarlegar frá sagt, en ég hefi nú gert hér.

KYRRAHAFSSTRÖNDIN.

Eitt af því, sem ég fór til að sjá og skoða í þessari ferð, var Kyrrahafsströndin. Um hana hafði ég margt lesið og heyrt talað. Mér tókst það nú líka að sumu leyti. Það er að segja, að ég fékk að sjá hafið, ganga um fjöruna, lykta af þara og þangi, og bragða sjóinn, tína upp skeljar og kuðunga, og margt fleira, sem í ásku var mér einna bezt skemtun. Það voru nú í sumar liðin 30 ár síðan ég sá sjóinn síðast, og geta sjóvinir einir getið nærri, hvort þar hafi ekki orðið fagnaðarfundur. Mér fanst bæði svalandi og endurnærandi, að anda að mér sjávarloftinu, og niður bárunnar lét mér mæta vel í eyrum. En eitt þótti mér á vanta, og það var það, að ég sá hvorki sjófugla né seli. Þar sem ég kom var annaðhvort ekkert til af þeim, eða ég fór ekki nógu víða um til að sjá það.

Mér leist vel á landslagið á ströndinni, það sem ég sá af henni, og þar mundi gaman að búa. — Furðar mig því ekkert á því, að jafn-mikill fjöldi landa minna flytur vestur á ströndina, og kýs sér hana til bústaðar, því þar er svo margt, sem minnir mann á fornar æskustöðvar og vekur upp hjá manni ýmsar endurminningar frá umliðna timanum.

ÍSLENDINGAR Í SEATTLE.

Í Seattle, sérstaklega þeim parti borgarinnar, sem nefndur er Ballard, eru töluvert margir Íslendingar, og fólk af íslenzkum ættum, og líður þeim víst flestum heldur bærilega. Þeir höfðu allir eitthvað fyrir stafni, og sýndust vera ánægðir. Þeir eiga margir af þeim mikið lagleg heimili, og fram tíðar vonir höfðu þeir góðar. Félagslíf á meðal þeirra sýndist vera í bezta lagi. Lestrarfélag eru þar í fremstu röð, og vandað og gott samkomuhús hafa þeir, sem nefnt er Vestri Hall, og hafa þeir þar allar sinar samkomur. Landar þar eru mjög skemtilegir og góðir til heimsóknar. Hin gamla og gófuga íslenzka gestrisni sat í öndvegi hjá þeim öllum. Þeir töluðu vel og alveg tilgerðarlaust íslenzka tungu, og íslenzku nöfnin sín bar meirihluti þeirra alveg óafbökuð. Yngra fólkið talaði íslenzku aðdáanlega vel, og þótti engin minkun að því. Yfirleitt bar fólkið siðferðis og menningarblæ, og var hið hátt-prúðasta í hvívetna.

ÍSLENDINGADAGUR.

Hann var haldinn í Seattle 2. ágúst, eins og auglýst hafði verið. Var samkoman höfð í Wooland Park, sem er einn af lysti- og skemtigörðum borgarinnar. Það er mikið og fagurt pláss og hentugt fyrir þess leiðis samkomur. Tíu manna nefnd stóð fyrir hátíðahaldinu, og var herra K. F. Friðriksson forseti nefndarainnar, en séra J. A. Sigurðsson var forseti dagsins, og lesti hann það verk af hendi prýðilega. — Prógramme var: Fyrst leikir af ýmsu tagi og íþróttir bæði fyrir unga og gamla, fyrir miðjan dag, og hreptu allir verðlaun, sem fram úr skörnuðu, og var að því hin bezta skemtun. Um eftirmiðdaginn voru fluttar ræður og kvæði, og sungið á milli. Séra Jónas A. Sigurðsson mælti fyrir minni Íslands, og flutti kvæði líka, og þótti honum takast vel. Séra Runólfur Marteinsson mælti fyrir minni Vestur-Íslendinga, en Þorsteinn Borgfjörð flutti kvæði. Síðast mælti herra Erlendur Gíslason fyrir minni Ameríku, og kvæði var lesið eftir Einar Hjörleifsson. — Sagðist öllum vel, sem tóku þátt í prógramminu, og sumum enda prýðilega. Herra H. S. Helgason og "heimilisfólk hans" sá um söngin og hljóðfæraslátinn. Síðast var haldur dans og veitingar á Vestri Hall, og stóðu þær skemtanir yfir lengst fram á nótt. Fór þá hver heim til sín, hjartanlega ánægður eftir góðan og skemtilegan Íslendingadag.

EFTIRMÁLI.

Á meðan við dvöldum í Seattle héldum við til á heimili hr. Þorgríms Arnbjörnssonar frá Geitadal og konu hans Solveigar Halldórsdóttur frá Haugum í Skriðdalshrepp í Suður-Múlasýslu. Þau hafa verið í Ameríku rúm 20 ár, og farnast vel, eru álitin hin mestu heiðurshjón, og eiga þar fyrirmyndarheimili. Viðdvölin var tíu dagar, og á þeim tíma skemtum við okkur mæta vel. Herra Arnbjörnsson sýndi mér þá velvild að fara með mér á flesta þá staði, sem að einhverju leyti voru merkir og sögulegir þar í borginni, og vorum við oftast á ferðinni, aftur og fram, allan daginn. Mrs. Arnbjörnsson, sem er systurdóttir konu minnar, lá ekki heldur á liði sínu með að skemta okkur og gera okkur lífið og viðdvölina sem þægilegasta. Vorum við oft öll til samans, Mr. og Mrs. Arnbjörnsson og við hjónin, og var þá lífið, eins og skáldið segir, "létt sem fífukveikur". Mrs. Arnbjörnsson er bæði kát og skemtileg kona. Hún hló svo dátt, þegar umræðuefnið var eitthvað spaugilegt, að ég næstum réri af ánægju. En að yfirlit og framgangsmáta minti hún mig á gyðjur fornaldarinnar, sem alt niður á vora daga hafa hrifið hug og hjarta vorra beztu þjóðskálda, sökum ásta, fegurðar, vizku og allrar kvenlegrar prýði. Já, svona kom hún mér fyrir sjónir og svona mun ég ávalt hugsa um hana, og vona ég, að bæði hún og aðrir, sem þetta lesa, fyrirgefi mér það. Við gömlu karlarnir getum ekki vel að því gert, að véra dálítið montnir annað slagið, en þó sú ástríða sé mér reyndar sjaldnast mjög eiginleg, þá er þó samt svoleiðis varið núna, að ég á bágt með að stilla mig um það, að vera ekki montinn yfir þessari tengda-frænku minni.

Við kyntumst mesta fjölda af löndum vorum á meðan við dvöldum þar í borginni, og vorum þar í nokkrum heimboðum. Þar mætti ég, auk þeirra, sem áður eru taldir Sveini Björnssyni, Sumarliða Sumarliðasyni, Kristjáni Gíslasyni og Þórði Þórðarsyni, Frank R. Jónssyni, Hósíasi Þorlákssyni, Ísak Jónssyni, Mr. Laxdal og fleirum, og sömuleiðis konum flestra þessara manna. Ég mætti þar líka og kyntist mörgum af hinum yngri mönnum, sonum téðra manna, en ómögulegt er mér að nafngreina þá alla. Þá mætti ég heldur ekki gleyma öllum fallega stúlkunum, sem ég sá. En nú er ekki rúm til að nefna þær, enda mundi það ganga næst því, að leggja nafn þeirra við hégóma, ef gamall karl eins og ég er færi að nefna þær. Ég ætla að feli Jóni minum og Skúla það á hendur, og þar á hendur til beztu fyrirgreiðslu, og vona ég að þeim sé þá borgið.

Auk þeirra manna, sem ég hefi nu talið, mætti ég enníremur nokkrum í sýningargestum, sem voru þar á ferðinni eins og við, sér til skemtunar o.fl. Þeir helztu, sem ég man eftir, voru þessir: — Ari Egilsson fréttaritari Lögbergs, frá Brandon, Man.; Mrs. Guðlaug Runólfsson, frá Winnipeg; séra Runólfur Marteinsson, frá Gimli; Árni Friðriksson og Erlendur Gíslason, frá Vancouver; Sigurður Scheving og Sigurður Mýrdal, frá Point Roberts; skáldið Þ. M. Borgfjörð, frá Blaine, Wash., og fleiri.

Við snerum til baka heimleiðis þann 9. ágúst, en komum heim þann 12, og gekk ferðin ágætlega.

Með beztu þökkum og óskum beztu til allra, sem við kyntumst í þessari ferð, enda ég svo þessar fáu línur og bið alla velvirðingar.

— Dr. Frederick A. Cook hefir mætt illum ummælum í brezkum blöðum, sem væna hann um ósannsögli viðvíkjandi heimsskautsfundi hans. Sökum þessa hefir dr. Cook hætt við að þiggja heimboð þau og heiðursatlot, sem honum hefir verið boðið af ýmsum Evrópuþjóðum, og ætlar hann nú að halda beint til Bandaríkjanna, svo að hann verði þar jafnsnemma og Peary. Þar á bardaginn að verða um það, hvor þeirra skuli hljóta heiðurinn af því, að hafa fyrstur fundið pólinn.

Húsbruni varð á Stekkjum í Hnífsdal seint í júli sl., og brann þar íbúðarhús Helga Kristjánssonar. Var vátrygt fyrir 2200 kr.

LEIÐBEININGAR--SKRA

YFIR ÁREIÐANLEGA VERZLUNARMENN Í WINNIPEG

MUSIC OG HLJÓÐFÆRI

CROSS, GOULDING & SKINNER, LTD. 323 Portage Ave. Talsími 4413

MASON & RISCH PIANO CO., LTD. 356 Main Stree Talsími 480 W. Alfred Albert, Íslenzkur umboðsmaður

WHALEY ROYCE & CO. 356 Main St. Phone 263 W. Alfred Albert; búðarþjónn.

BYGGINGA- og ELDIVIÐUR.

J. D. McARTHUR CO., LTD. Bygginga- og Eldiviður í heildsölu og smásölu. Sölust: Princess og Higgins Tals. 5060, 5061, 5062

MYNDASMIÐIR.

G. H. LLEWELLIN, "Medallions" og Myndarammar Starfstofa Horni Park St. og Logan Avenue

SKÓTAU Í HEILDSÖLU.

AMES HOLDEN, LIMITED. Princess & McDermott. Winnipeg.

THOS. RYAN & CO. Allskonar Skótau. 44 Princess St.

THE Wm. A. MARSH CO. WESTERN LTD. Framleiðendur af hinu Skótaui. Talsími: 3710 88 Princess St. "High Merit" Marsh Skór

RAFMAGNSVÉLAR OG ÁHÖLD

JAMES STUART ELECTRIC CO. 324 Smith St. Talsímar: 3447 og 7802 Fullar byrgðir af alskonar vélum.

GOODYEAR ELECTRIC CO. Kellogg's Talsímar og öll þarafáð. áhöld talsími 3223. 36 Albert St.

RAFMAGNS AKKOKÐSMENN

MODERN ELECTRIC CO 412 Portage Ave Talsími: 5658 Viðgjörð og Vir-lagning — allskonar.

BYGGINGA-EFNI.

JOHN GUNN & SONS Talsími 1277 266 Jarvis Ave. Höfum bezta Stein, Kalk, Cement, Sand o. fl.

THOMAS BLACK Selur Járnvöru og bygginga-efni allskonar 76—82 Lombard St. Talsími 600

THE WINNIPEG SUPPLY CO., LTD. 298 Rietta St. Talsímar: 1936 & 2187 Kalk, Steinn, Cement, Sand og Mól

BYGGINGAMEISTARAR.

J. H. G. RUSSELL Byggingameistari. í Silvester-Willson byggingunni. Tals: 1068

PAUL M. CLEMENS Bygginga-Meistari, 443 Maryland St. Skrifst.: Argyle Bldg., Garry st. Talsími 8997

BRAS- og RUBBER-STIMPLAR

MANITOBA STENCIL & STAMP WORKS 421 Main St. Talsími 1880 P. O. Box 244. Búum til allskonar Stimpla úr málmi og togleðri

CLYDEBANK SAUMAVÉLA AÐGERÐARMAÐUR. Brúkaðar vélar seldar frá $5.00 og yfir 564 Notre Dame Phone, Main 8624

VÍNSÖLUMENN

GEO. VELIE. Hef dsölu Vinsali. 193, 191 Portage Ave. E. Smá-sölu talsími 352. Stór-sölu talsími 488.

STOCKS & BONDS

W. SANFORD EVANS CO. 326 Nýja Grain Exchange Talsími 369

ACCOUNTANTS & AUDITORS

A. A. JACKSON, Accountant and Auditor Skrifst.—28 Merchants Bank. Talsími: 5702

OLÍA, HJÓLÁS-FEITI OG FL.

WINNIPEG OIL COMPANY, LTD. Býður til Stein Olíu, Gasoline og hjólás-áburð Talsími 1590 631 Ashdown Block

TIMBUR og BÚLOND

THOS. OYSTAD, 208 Kennedy Bldg. Viður í vagnhlössum til notenda, búlund til sölu

PIPE & BOILER COVERING

GREAT WEST PIPE COVERING CO. 132 Lombard Street.

VÍRGIRÐINGAR.

THE GREAT WEST WIRE FENCE CO., LTD. Alskonar virgirðingar fyrir bændur og borgara. 76 Lombard St. Winnipeg.

ELDAVÉLAR O. FL.

McCLARY'S, Winnipeg. Stærstu framleiðendur í Canada af Stóm, Steinvöru [Graniteware] og fl.

ÁLNAVARA Í HEILDSÖLU

R. J. WHITLA & CO., LIMITED 264 McDermott Ave Winnipeg "King of the Road" OVERALLS.

BILLIARD & POOL TABLES.

W. A. CARSON P. O. Box 225 Room 4 í Molson Bankan. Öll nauðsynleg áhöld. Ég gjöri við Pool-borð

NALAR.

JOHN RANTON 203 Hammond Block Talsími 4639 Sendið strax eftir Verðlista og Sýnishornum.

GASOLINE Vélar og Brunnborar

ONTARIO WIND ENGINE and PUMP CO. LTD 301 Chamber St. Sími: 2988 Vindmillur — Pumpur — Þvottar Vélar.

BLÓM OG SÖNGFUGLAR

JAMES BIRCH 442 Notre Dame Ave. Talsími 2623 BLÓM - allskonar. Söng fuglar o. fl.

BANKARAR, GUFUSKIPA AGENTR.

ALLOWAY & CHAMPION North End Branch: 667 Main street Vér seljum Ávísanir borganlegar á Íslandi

LÆKNA OG SPITALAAHÖLD

CHANDLER & FISHER, LIMITED Lækna og Dýralækna áhöld, og hospitala áhöld 185 Lombard St., Winnipeg. Man.



Vitið þér--

að MAGNET Skilvinduskálin

hefir tvístuðning, en allar aðrar skálar eru að eins einstuddar. Hún snýst lett og án hristings; aðskilur hreinlega, færir jafnan rjóma og þess vegna bezta smjör.

The Petrie Mfg. Co., Ltd.
WINNIPEG
Hamilton, St. John, Regina, Calgary, Vancouver.

Brúkaður Fatnaður

MESTA ÚRVAL ÆTÍÐ Á REIÐUM HÖNDUM. KOMIÐ VIÐ HJÁ OSS OG SKOÐIÐ FÖTIN.

THE
OXFORD

Brúkaðrafata fél.
Phone 6162.
532 NOTRE DAME AV.
Vér kaupum og seljum föt.

Haust Tilkynning

Þetta góðra skóa hús hefir ánægju af að tilkynna, að það er viðbúið að selja viðskiftavinum sínum alls kyns tegundir af heimsins bezta skótaui fyrir karla, konur og börn. Hver skór er vel valinn og úr bezta efni.

Ryan-Devlin Shoe Co
494 MAIN ST. PHONE 770.

Húðir og ógörfuð Loðskinn

Verzlun vor er vor bezta auglýsing. Sendið oss húðir yðar og loðskinn og gerist stöðugir viðskiftamenn.
Skrifið eftir verðlista.

The Lightcap Hide & Fur Co., Limited
P.O. Box 1092 172-176 King St Winnipeg
16-9-10

Dr. G. J. Gislason,

Physician and Surgeon
Weltington Blk. - Grand Forks, N.Dak
Sjerstakt athygli veitt AUGNA, EYRNA, KVERKA og NEF SJÚKDÓMUM.

Þarft þú ekki að fá þér ný föt?

EF ÞAU KOMA FRÁ CLEMENT'S, — ÞÁ VERÐA ÞAU RÉTT.

Réttur að efni, réttur í sniði réttur í áferð og réttur í verði.

Vér höfum miklar byrgðir af fegurstu og beztu fataefnum. —

Geo. Clements & Son
Stofnað árið 1874
264 Portage Ave. Rétt hjá FreePress

McLEAN HÚSID

WINNIPEG'S MESTA MUSIC BÚÐ og aðalstöðvar fyrir bestu Pianó Canadaveldis: Heintzman's félagsins. Heintzman & Co. Pianó eru viðurkend af heimsins mestu tónfræðingum fyrir að hafa hreinastan og skýrastan tón allra hljóðfæra sem búin eru til nokkurstaðan. Albani sagði: "Það tekur fram öllum þeim hljóðfærum sem ég hefi nokkurn tíma notað."

Komið nú þegar og finnið oss að máli ef þér hugsið til að kaupa Pianó. Vér ábyrgjumst að gera yðar ánægða að öllu leyti. Komið og skoðið þau.

J. J. H. McLean & Co., Ltd.,
528 Main St. Talsími 808
ÚTIBÚ Í BRANDON OG PORTAGE LA PRAIRIE.

Sérstakt tilboð um fatnað eða yfirhöfn

Gerð eftir máli af yður fyrir **$15 og $20** Búin til svo að þau fari vel.

Vér höfum nú nægar byrgðir af fataefnum fyrir haust- og vetrarfatnaði og yfirhafnir. — Chamois skinns fóðraðar yfirhafnir gerðar eftir máli yðar fyrir $20.00. Vér ábyrgjumst lag og áferð og nægjusemi í hverjum fatnaði og yfirtreyju sem fer út úr búð vorri. Komið og skoðið vorar miklu byrgðir af nýjustu og fínustu dúktegundum. Pantið strax og verðið á undan öðrum.

CO-OPERATIVE TAILORING COMPANY,
241 Portage Avenue (Beint á móti Nýja Pósthúsinu).

Th. JOHNSON
JEWELER
286 Main St. Talsími: 6606

JOHN ERZINGER
TÓBAKS-KAUPMAÐUR.
Erzinger's skorið reyktóbak $1.00 pundið
Hér fást allar neftóbaks-tegundir. Óska eftir bréflegum pöntunum.
McINTYRE BLK., Main St., Winnipeg
Heildsala og smásala.

F. Deluca

Verzlar með matvöru, aldini, smá-kökur, allskonar sætindi, mjólk og rjóma, sömul. tóbak og vindla. Óskar viðskifta Íslend. Heitt kaffi eða te á öllum tímum. Fón 7756
Tvær búðir:
587 Notre Dame og 714 Maryland St.

Fréttir úr bænum.

Í næsta blaði byrjar ný saga, sem að allra rómi, er hana hafa lesið, er fræðandi, vekjandi til umhugsunar og "spennandi".

Látinn er hér í borg prófessor D. W. McDermid, forstöðumaður og kennari við heyrnar- og málleysingjastofnina hér í bænum. Hann var einn af merkustu mönnum þessa fylkis.

Í sl. viku kom vestan frá Kyrrahafi hr. Sigurbjörn Doll, sem hafði dvalið vestra 6 mánuði við fiskiveiðar á Roberts tanga. Hann lætur vel af líðan landa vorra þar. Veiðin og vinnulaunin ágæt, svo að margir hafa haft uppgrip fjár. Þetta var önnur ferð hans vestur á ströndina. Ekki kvaðst hann hanna eins vel við sig þar eins og hér eystra. En aðallega gerði hann ánsturferð sína svona fljótt, til þess að mæta systur sinni, sem nýkomin er heiman af Íslandi og sem hann hafði ekki séð í sl. 20 ár. Hún er nú að læra kjólasaum, og gengur vel. Eftir dagstundardvöl hér í borg, hélt hr. Doll norður á Winnipegvatn til fiskiveiða.

Að nokkurt líf sé í fasteignasölu hér í borg má marka af því, að á fáum sl. dögum hafa þrjár stórsölur verið gerðar: Fyrst, lóð á Smith stræti seldist fyrir $800 fetið, 2., Y.M.C.A. byggingin á Portage Ave. seldist fyrir $290,000, og 3., hornlóðin á Notre Dame og Princess strætum seldist á $100,000 Búin var seld fyrir $5000 fyrir nokkrum árum.

Herra Jóhann Vigfússon, timburmiður, sem sl. 2 ár hefir dvalið vestur á Kyrrahafsströnd, kom alfur hingað til aðsetturs um síðustu helgi. Hann lét vel af vistum vestra og framförum á ströndinni, einkanlega í Vancouver. En svo kvað hann byggingalóðir í borginni og umhverfis hana orðnar dýrar, að ekki væri fáræðra meðfæri að eignast þær.

Verkfall það, sem nær þúsund timburmenn gerðu hér í borginni og staðið hefir yfir þriggja vikna tíma, virðist þegar unnið. Um 90 prósent þeirra eru komnir að vinnu aftur fyrir 45 cents um kl.stund eins og krafist var.

Herra Chas. L. Trebilcock, sem í sl. 3 ár hefir verið í þjónustu Street Commissioner hér í borg, hefir yfirgefið stöðu sína þar til þess að gerast ráðsmaður Arena Rink frá 1. þ.m. Hr. Trebilcock er frá Ontario, hefir verið hér vestra 10 ár, og jafnan sýnt mikinn áhuga fyrir alls konar íþróttum.

Þann 29. ágúst sl. voru þau hr. Antonius Ísberg, frá Baldur, Man., og ungfrú Valgerður Ingibjörg Goodman gefin saman í hjónaband af séra S. G. Chambers. Ungu hjónin fluttu síðan til Baldur og settust að í nýju, vönduðu húsi, sem brúðguminn hafði byggja látið. — Heimskringla árnar þeim allra framtíðarheilla.

Kapp-hjólreið verður í River Park kl. 5 næsta laugardagskveld, milli frá Englendinga og Íslendinga. Þeir H. Goodman og P. S. Pálsson keppa fyrir hönd Íslendinga. — P. S. Pálsson ætlaði sér ekki að keppa, en var særður til þess af Bretanum, svo hann komst ekki undan. — Þessi kappreið ætti að verða þess virði, að horfa á hana og húrra fyrir löndunum.

Piltarnir í stúkunni HEKLU hafa ákvarðað, að halda sérlega góðan skemtifund næsta föstudagskveld, þann 17. þ.m. Valið prógram og ágætis kaffi. — Allir íslenzkir Goodtemplarar í Winnipeg, ungir og gamlir, eru boðnir til hófsins. B. Th.

Tombóla

undir umsjón stúkunnar SKULD verður haldin mánudagskveldið

27. September,

í efri Goodtemplara salnum. — Til þessarar Tombólu verður vandað svo sem bezt má verða, enda hefir stúkan Skuld fengið þá almennu viðurkenningu, að henni hafi tekist öllum betur á undanfarandi árum, að undirbúa Tombólur og GERA FÓLKIÐ ÁNÆGT. Og nú í ár hefir nefndinni orðið óskiljanlega vel til með vörur. Til dæmis: — Heil kynstur af hveitisekkjum, kvennfatnaði, glersettum og svínslærum, og fl. o.fl. Og ekki fer sá tómhemtur heim af Tombólunni, sem dregur Ladies' Concert Size Stetson's Guitar ($25.00 virði).

Búist er við, að Tombólan verði úti kl. 9. Verður þá flutt minni stúkunnar í ljóðum, því þann dag er Skuld 21. árs. Þar næst byrjar einkar skemtilegt prógram fyrir unga og aldna undir umsjón Victor Andersons.

Tombólan er til styrktar bindindi og bágstöddum. Hjálpið góðu máleini, bræður og systur, og njótið um leið góðra skemtana og ágætra drátta. Byrjar kl. 7.30.

Aðgangur og einn dráttur 25c.

NEFNDIN.

Rafmagns Straujárn

Húshalds Stærð fyrir
$4.25

Þú mátt ekki við að nota hin gömlu úreltu straujárn.

Gas Stove Dept. Winnipeg Electric Ry. Co.
322 MAIN ST. TALS. Main 2522

Hafið þér komið í Nýju Dry Goods Búðina?

STEEN & CO.
641 Notre Dame
(áður á Isabel St.)

Verzla með alls konar lérept og álnavöru af nýjustu og beztu gerð. Venjið yður á, að koma í búð vora, — það skal borga sig fyrir yður. — Oss er jafnan ánægja í, að sýna vörur vorar, og vér óskum sérstaklega, að eiga viðskifti við okkar mörgu íslenzku vini.

Vörurnar eru eins góðar og ódýrar eins og nokkurs-staðar í borginni.

PHONE, MAIN 1804

STEEN & CO.
Horni Notre Dame og Sherbrooke

Herra Tómas Benjamínsson, sem með konu sinni og tveimur börnum þeirra hjóna kom frá Reykjavík til Winnipeg 8. þ.m., sagði góða tíð á Íslandi allan sl. vetur, og það sem af var þessu ári þegar hann lagði af stað þaðan. — Vatnsveitutæki voru komin í hús Reykjavíkurbúa og vatn leitt um borgina, sem að svo stöddu er tekið úr Elliðaánum, en úr Gvendarbrunnum á það að takast strax og pípurnar hafa verið lagðar þangað, og því verki kvað hann mundi lokið á þessu hausti. Annars kvað hann þar vera þröngt um atvinnu og peninga. Algeng daglaun, þegar vinna fæst, frá 3—3½ kr. á dag. Smiðir fá 4 krónur. Mörg hús kvað hann auð í borginni, af því að íbúar þeirra hefðu ekki getað haldist við vegna atvinnuleysis. Mörg hús hafa verið bygð á sl. árum af lánsfé úr bönkunum, en ógreitt um skil, er að gjalddaga kemur. — Mótor-báta rekstur kvað hann víða hafa borgað sig illa. Úthald þeirra alt of kostbært, menn of kaupháir og eldsneytis kostnaður of mikill, — 8—10 hesta-afls vél brennir um sólarhringinn einni tunnu af steinolíu, sem kostar 35 kr. Afli þarf því að vera góður til þess að ársútgerðin borgi sig. Enda hefir olían hækkað í verði síðan mótorbátum fjölgaði, og eftirspurn eftir henni óx, því samkepni í verzlun með þessa vörutegund er engin. — Jarðir og bæjarlóðir hafa fremur lækkað í verði á sl. 2 árum. Enginn getur eða vill kaupa meðan atvinnuleysið og peningaskorturinn þrengir að kostum manna, og lamar alt framkvæmdalíf. Vatnsmýrar gullnáminn segir hr. Benjamínsson að sé sama sem enginn. Ekkert gert þar nú, og víst lítil eða engin von um hagnað af starfi í þessum náma. Sama að segja um Miðdals gullnámann, að enginn skeytir neitt um hann, og engin vissa fyrir, að hann mundi borga starfskostnað. — Lífsþægindi alþýðunnar á Íslandi aukast yfirleitt, en skuldir hennar aukast einnig að sama skapi, og svo var að skilja á þessum vesturfara, að efnalegt sjálfstæði hennar mundi engu meira nú, nema minna sé, en fyrir fjórðungi aldar. — Tómas er maður á bezta aldri, stiltur, gætinn og greindur og virðist algerlega trúverðugur. Enda ber sögu hans alveg saman við það, sem Herra Sigtryggur Guðmundsson, frá Tantallon — sem einnig er nýkominn að heiman úr kynnisferð — sagði um sömu efni.

Herra Sigurður Sigvaldason, trúboði, sem dvalið hefir hér í Winnipeg sl. 4 ár, fór héðan alfarinn í síðustu viku suður til Minneapolis, og ef til vill þaðan til New York borgar.

Frá Íslandi komu hingað til borgarinnar að kveldi þess 8. þ.m. þessir: Tómas Benjamínsson, með konu sína og 2 börn þeirra hjóna frá Reykjavík; einnig þeir Sigtryggur Guðmundsson og Óli Bardal, báðir frá Tantallon, Sask. — Þeir fóru heim í júní sl. í kynnisferð, og dvöldu rúman mánuð heima.

Bandalag Tjaldbúðar safnaðar hélt herra Skúla Johnson heimboð að heimili séra Fr. J. Bergmanns á föstudagskveldið var, til þess að kveðja hann áður en hann leggur af stað til Oxford háskólans seint í þessum mánuði. Bandalagið gaf Skúla við þetta tækifæri stóra ferðatösku til fararinnar.

Herra Jóhann J. Straumfjörð, frá Blaine, Wash., kom hingað til borgarinnar fyrir fáum vikum í kynnisferð til foreldra sinna, sem búa í Álptavatnsnýlendu, og systkina, sem eru bæði þar og hér í borg. Hann ferðaðist einnig til Gimli og Austur- og Vestur-Selkirk, þar sem ættfólk konu hans býr. — Í fréttum sagði Jóhann ágæta líðan Íslendinga á ströndinni, yfirleitt, og laxveiði í sumar og atvinnu við hana afarmikla. Kaup kvenna við þá vinnu í Blaine frá 15c til 25c um kl.stund og karlmanna frá 25c til 40c. En fyrir akkorðs-vinnu er borgað, t.d. fyrir að fylla þúsund láxkönnur $1.25, og við það verk kvað hann konur hafa unnið sér inn á dag alt frá $2.00 minst upp í nær $8.00 mest. Tvær íslenzkar stúlkur vissi hann til að höfðu unnið fyrir $15.60 á einum degi við þetta starf. Það jafngildir meðal vinnukonu árskaupi á Íslandi. — Herra Straumfjörð bað Heimskringlu, að flytja þeim mörgu kunningjum, sem hann hefði heimsótt á þessari ferð sinni, sínar alúðlegustu þakkir fyrir ágætar viðtökur.

Herra Á. J. Johnson biður þess getið, að áritan hans sé nú 220 S. Jefferson St., Chicago. — Öll hús í borginni hafa verið númeruð upp að nýju, og númerin nýju gengu í gildi þann 1. þ.m.

Yfir 2000 Rúllur

af INDÆLUM VEGGJA PAPPÍR á verði frá 40c til 80c rúllan, er nú til sölu fyrir aðeins

15c RÚLLAN

Þér hafið 175 tegundum úr að velja.

Allur Veggjapappír sem keyptur er þessaa viku, verður seldur fyrir 15 cent hver einasta rúlla. —

L.A.Gauthier
208 ISABEL ST.
TALSÍMI 4844

Gólfteppa Hreinsun

Vér stoppum og þekjum gamla stóla, legubekki og fleira. — Flyt húsgögn og geymi þau yfir lengri eða styttri tíma. —

W.G. Furnival
312 Colony St. Phone 2041.

Ný Kjötverzlun

Allar vörur af beztu tegund.

H. SIMONITE, eigandi
Talsími: 947 110 Isabel St.
16-9-10

Íslenzkur Tannsmiður,

Tennur festar í með Plötum eða Plötulausar. Og tennur eru dregnar sársaukalaust með Dr. Mordens sársaukalausu aðferð

Dr. W. Clarence Morden, Tannlæknir.
Sigurður Davidson—Tannsmiður.
620½ Main St.
Phone 470 Horni Logan Ave.

Drs. Ekern & Marsden,

Sérfræðislæknar í Efturfylgjandi greinum: — Augnasjúkdómum, Eyrnasjúkdómum, Nasasjúkdóm um og Kverkasjúkdómum. : : :
Í Platky Byggingunni í Bænum
Grand Forks, :: N. Dak.

S. K. HALL

kennari við
WINNIPEG SCHOOL OF MUSIC
Studios: 701 Victor og 304 Main St.
"Mr Hall is one of our best trained and most efficient teachers".—Winnipeg Town Topics 10 april 1909.

Boyd's Brauð

Vor brauð eru holl. Holl brauð eru ætíð gerð úr bezta hveiti í hreinlegu verkstæði. Vor brauð eru saðsöm keymgóð. Reynið þau og þér munuð ekki gera yður ánægða með nokkur önnur brauð. —

Boyd's

Bakery Cor. Spence & Portage Ave
Phone 1080.

Winnipeg Wardrobe Co.

Kaupa brúkaðan Karla og Kvenna fatnað,—og borga vel fyrir hann.

Phone, Main 6539 597 Notre Dame Ave.

BILDFELL & PAULSON

Union Bank 5th Floor, No. 520
selja hús og lóðir og annast þar að lútandi störf: útvegar peningalán o. fl.
Tel.: 2685

J. L. M. THOMSON, M.A., L.L.B.

LÖGFRÆÐINGUR. 285½ Portage Ave.

Hubbard, Hannesson and Ross

LÖGFRÆÐINGAR
10 Bank of Hamilton Chambers
Tel. 378 Winnipeg

ANDERSON & GARLAND

LÖGFRÆÐINGAR
35 Merchants Bank Bldg. Phone: 1561

BONNAR, HARTLEY & MANAHAN

Lögfræðingar og Landskjala Semjarar
Suite 7, Nanton Block, Winnipeg

W. R. FOWLER A. PIERCY.

Royal Optical Co.

327 Portage Ave. Talsími 7286.
Allar nútíðar aðferðir eru notaðar við augn-skoðun hjá þeim, þar með hin nýja aðferð, Skugga-skoðun, sem gjöreyðir öllum ágiskunum. —

Laing Brothers

3 Búðir:
234-6-8 KING ST. Talsími 4476, 5890, 5891
417 McMILLAN AVENUE Talsími 5598
847 MAIN ST. — Tals: 3016

Hafrar, Hey, Strá,

COUNTRY SHORTS, BRAN, CORN, CORN CHOP, BYGG CHOP, HVEITI CHOP, OG GARÐAVEXTIR.
Vér höfum bezta úrval gripafóðurs í þessari borg; fljót afhending

EKRU-LÓÐIR

3, til 5 ekru spildur við rafmagns brautina, 5 mílur frá borginni. — aðeins 10 mínútna ferð á sporvagninum, og mölborin keyrslubraut alla leið. Verð $200 ekran og þar yfir. Aðeins einn-fimtipartur borgist strax, hitt á fjórum árlegum afborgunum.—

Skuli Hansson & Co.
Skrifst. Talsími 6478. Heimilis Talsími 2274

Heimskringla.

Vér höfum næga skildinga

til að lána yður mót tryggingu í bújörðum og borgara-fasteignum. Seljum lífsábyrgðir og eldsábyrgðir. Kaupum sölusamninga og veðskuldabréf.

Frekari upplýsingar veita
Skuli Hansson & Co.
56 Tribune Building. Winnipeg.

XXIII. ÁR WINNIPEG, MANITOBA, FIMTUDAGINN 23. SEPTEMBER 1909. NR. 52

Fregnsafn.

Markverðustu viðburðir hvaðanæfa.

— Biskupinn yfir Birmingham umdæminu á Englandi, sem á sl. vori hótaði málsókn á hendur einum presta sinna fyrir það, að hann hafði vogað sér að messa í kirkju safnaðar nokkurs, sem tilheyrði annari kirkjudeild en þeirri, sem biskupinn réð yfir og í beinu forboði biskupsins. Í yfirlýsingarbréfi sínu kveðst biskup hafa farið til lögmanna, sem hafi fullvissað sig um, að hægt væri að klekkja á klerki fyrir þetta ódæði. Og sjálfur segist biskup hafa álitið sökina svo stóra, að hún hafi verið hegningarverð, þar sem það sé á móti reglum kirkjudeildar sinnar, að prestar hennar flytji guðsþjónustur yfir söfnuðum annara kirkjudeilda. En nú segir hann að sér sé runnin reiðin, svo hann sé hættur við málsóknina. Klerkurinn, Canon Hensely Henson, svaraði bréfinu með því, að gefa í skyn, að biskupinn hafi ekki þorað að halda áfram með málið, og jafnframt lætur hann þess getið, að hann muni framvegis halda áfram að prédika yfir hvaða söfnuði, sem kallj sig til þess, án nokkurs tillits til trúarskoðana safnaðanna.

— Á sl. 12 mánuðum, frá 31. ág. 1908 til 31. ágúst 1909, urðu inntektir strætisbrautafélagsins í Toronto borg hátt á fjórðu milión dollars. Af því varð félagið að borga í bæjarsjóð rúmlega 600 þúsund dollara.

— Fjórtán milión dollara lán hefir verið tekið í Evorpu til þess að byggja járnbraut frá Edmonton til Fort McMurray. Mælt er, að nú þegar verði byrjað á að byggja þessa braut norður um landið.

— Skozkur heimskautafari, William Bruce, hefir í sumar verið á ferð í Spitzbergen, og kveðst hafa fundið þar mikinn kolanáma, sem hann segir að megi starfrækja með hagnaði. Enga málma hefir hann fundið þar.

— Járnbrautaþjónar í Bandaríkjunum hafa byrjað samskot sín á meðal, til þess að reisa veglegan minnisvarða yfir E. H. Harriman, járnbrautakonginn mikla, sem andaðist fyrir fáum dögum. Svo er til ætlast, að hver járnbrautaþjónn gefi 25c í þann sjóð.

— Mælt er, að svenska stjórnin ætli bráðlega að leggja fyrir þingið í Svíþjóð frumvarp til laga um, að afnema öll heiðursmerki í ríkinu nema fyrir sjó og land hermenn.

— William Course í Windsor, Ont., misti konu sína fyrir nokkrum tíma. Hún var jarðsett að kristinna manna sið, en bóndi neitaði að borga kostnaðinn við það. Mál var þá höfðað móti honum, og hann dæmdur til að borga útfararkostnaðinn. En í stað þess, að hlýða dómnum, tók hann sér aðra konu, keypti nýjan húsbúnað og byrjaði búskap á nýjan leik. — Þegar það varð ljóst, að hann hafði peninga til að gera alt þetta, þá var karli stungið í fangelsi í 10 daga fyrir óhlýðni við dóminn.

— Clem Obermeyer í Covington, Ky., drekti sér 14. þ.m. af því að kona hans hafði undir borðum um morguninn beðið hann um nokkra skildinga. Maðurinn var brúasmiður og vel íjáður, en kaus heldur að deyja en láta af hendi rakna nokkra peninga til konunnar. Nú er hún ekkja og 4 börn þeirra hjóna föðurlaus. — Honum hefir verið mál á hvildinni.

— Stolepin, stjórnarformaður Rússa, þykir vera í meira lagi brjóstgóður. Hann hefir sent út um alt Rússaveldi embættisbréf til héraðshöfðingjanna, og stranglega lagt fyrir þá nauðsyn þess, að forðast líflát allra sakamanna í lengstu lög, en leggja í þess stað kærurþar á móti þeim fyrir dómstóla landsins, svo þeim gefist kostur á, að verja sig, að háttum annara siðaðra þjóða. Ennig er þeim gert að skyldu, að láta ekki önnur mál ganga fyrir herrétt en þau, sem ekki verða útkljáð á annan hátt, heldur að leggja sem flest mál fyrir dómstólana.

— Einkennilegur sjúkdómur hefir gert vart við sig í Norður Carolina ríkinu í Bandaríkjunum. Lækn ar neína hann "Pellagra". Yfir þúsund manns í ríkinu hafa sjúkdóm þennan, sem talinn er mjög hættulegur. Í einu þorpi fengu 11 manns sjúkdóminn um sama leyti, af þeim dóu 9 manns eftir stutta stund og sá tíundi er talinn frá, en von um, að einn komist til heilsu aftur. Læknar segjast ekki geta fundið orsök sýkinnar.

— Santos Dumont var fyrir nokkrum árum í fremstu röð loftsiglingamanna. Hann var fyrsti maður til þess að fljúga yfir og umhverfis Eiffel turninn í Paris í belglausri, stýranlegri flugvél. Síðan hefir lítið til hans spurst, og hann var að mestu gleymdur alþýðu manna, þar til 14. þ.m., að hann kom fram í bænum St. Cyr á Frakklandi með nýja flugvél, er hann hefir sjálfur smíðað, og sem er svo léttil og létt, að hún vegur með einum manni í ekki nema tæp 260 pund. Samt flaug Dumont í vélinni með hraða, sem jafngildir 56 mílum á klukkustund, en það er fljótust ferð, sem enn hefir farin verið í mótor-flugvél. Alt yfirborð vélarinnar er 9 fer-yards, í stað 29 yards Curtiss-vélarinnar, 26 yards Bleriot-vélarinnar og 52 fer-yards Wright-vélarinnar. Aflvélin hefir 30 hesta afl og gengur með 1800 snúninga-hraða á mínútu. Loftsiglingagarpar er sagt að óttist samkepni þessarar vélar og eiganda hennar.

— Svo er að sjá, sem fundur norðurheimskautsins hafi haft örlandi áhrif á Englendinga, sem nú láta sér mjög ant um, að ná í þann heiður, að finna suðurpólinn. Og í þeim tilgangi er ráðgert, að senda í ágústmánuði næstkomandi öflugan flota í þann leiðangur, og skal Capt. Robert Scott vera formaður þeirrar farar. Lieut. Shackleton, sem í fyrra gerði leit að suðurpólnum og komst svo langt áleiðis, að hann skorti að eins 111 mílur til að ná takmarkinu, ætlar að verða með í þessari för. — Því hefir einnig verið spáð, að dr. Cook muni hafa í hyggju, að komast að suðurpólnum á undan öllum öðrum mönnum. En líklegt samt, að ekki verði af því, að fræðifélag eitt í Bandaríkjunum hefir boðið honum 250 þús. dollara í glærum skildingum til þess undir umsjón sinni að ferðast um landið til þess að halda fyrirlestra um ferð sína til norðurpólsins, og er talið líklegt, að hann þiggji það boð.



Vitið þér--

að MAGNET Skilvinduskálin

hefir tvístuðning, en allar aðrar skálar eru að eins einstuddar. Hún snýst létt og án hristings; aðskilur hreinlega, færir jafnan rjóma og þess vegna bezta smjör.

The Petrie Mfg. Co., Ltd.
WINNIPEG
Hamilton, St. John, Regina, Calgary, Vancouver.

Yfirlýsing.

Út af misskilningi og rangfærslum, sem fram hafa komið í sambandi við það, hvernig með ágreiningsmál kirkjufélags vors var farið á síðasta kirkjuþingi, finnum vér undirritaðir prestar kirkjufélagsins, sem erum staddir á fundi í Winnipeg 16. september 1909, oss knúða til að leggja fram þessa yfirlýsing:

1. Vér mótmælum þeirri staðhæfing, að kjarni ágreiningsmálsins innan kirkjufélagsins sé bókstafsinnblástur ritningarinnar, sömuleiðis því, að kirkjuþingið hafi neitað réttmæti og gagnsemi trúaðrar bibliu-rannsóknar; en á þessu hvorutveggja segir "Nýtt kirkjublað" (15. ágúst þ. á.) að trúmála-ágreiningurinn hér vestra leiki. Þó að tillögur séra Friðriks Hallgrímssonar í ágreiningsmálinu næði ekki samþykt á þinginu, þá var það alls ekki af því, að í þeim væri neitt það, sem kirkjuþingið gæti ekki samþykt, heldur eingöngu af þeirri ástæðu, að ef þær hefði verið samþyktar eins og á stóð, þá hefði ekki komizt að það, sem mönnum fanst vera aðal-efni ágreiningsins.

2. Að þeirri fjarstæðu, sem haldið hefir verið fram, að með samþykt kirkjuþingsins hafi síðasti árgangur "Sameiningarinnar" verið gjörður að trúarjátning eða talinn óskeikull, finst oss ekki orðum eyðanda frekar en gjört hefir verið.

Björn B. Jónsson,
Friðrik Hallgrímsson,
N. Stgr. Thorláksson,
Jón Bjarnason,
Kristinn K. Ólafsson,
Hjörtur J. Leó,
Guttormur Guttormsson.

— Ben Snyder í Amherst, Ont., hefir verið dæmdur í 7 ára fangelsi fyrir að lokka með sér úr foreldrahúsum stúlku innan 16 ára aldurs.

— Formaður Montreal bankans í Montreal segir, að bankar landsins hafi á reiðum höndum 100 miliónir dollara til þess að borga fyrir hveitiuppskeruna í Norðvesturlandi Canada á þessu hausti, og að allir þessir peningar lendi í höndum bænda í Manitoba, Saskatchewan og Alberta fylkjum.

— Um 800 þúsund manns sóttu sýninguna, sem haldin var í Toronto borg í þessum mánuði. Inntektirnar urðu yfir 300 þúsund dollara. Hreinn ágóði rún 70 þúsund, og hluti borgarinnar af sýningarhaldinu varð um 60 þúsund dollara. — Svo var siðferði sýningargestanna gott, að ekki nema 25 manns eða einn af hverjum 32 þús. gestum lenti í höndum lögreglunnar, og alls engar slysfarir urðu, svo teljandi sé. Þess verður ekki langt að bíða, að milión manns sæki sýninguna í þeirri borg á hverju ári.

— Íbúatal Dawson bæjar, sem fyrir nokkrum árum var 25 þúsund manns, þegar gullsýkin stóð sem hæst, er nú talin að vera að eins 5 þúsund manns. Landslögum er nú miklu betur framfylgt, en áður var, og stjórnsemi all-góð í öllu héraðinu.

— Fyrsta hvít kona, sem ferðast hefir alla leið frá Góðarvonar höfða til Cairo í Afríku, er ungfrú Mansfield skáldsagnaritari. — Hún kom til Lundúna fyrir nokkrum dögum, eftir að hafa á 7 mánaða tímabili ferðast yfir 16,728 mílna langan veg. Hún lætur sérlega vel af ferðalaginu og viðtökum fólksins, hvar sem hún fór. En bezt leizt henni á Rhodesíu. Þar mætti hún nokkrum hvítum mönnum og konum, sem lifðu þar ánægjusömu lífi.

— Dr. Salambini í Paris kveðst hafa fundið nýtt lækningalyf við kóleruveiki. Því er sprautað inn undir hörundið og er talið óyggjandi í öllum tilfellum, — nema á drykkjumönnum.

— El Roghi, foringi uppreistarmanna mót veldi Morokko soldáns var nýlega tekinn til fanga og fluttur í stálgrindabúri um Tangier borg og hafður þar til sýnis. En svo átti lífið í búrinu illa við hann, að hann veiktist. Lét þá soldán flytja hann á afvikin stað. Nú hefir hann lofað, að borga soldáni 1¼ milión dollars í peningum ef hann verði látinn laus.

Ríkisstjóri Johnson dáinn.

Governor Johnson í Minnesota var fyrir viku síðan skorinn upp á sjúkrahúsinu í Rochester, Minn., við innvortis meinsemd, sem sögð er að hafa þjáð hann um margra ára tíma, og sem hann þrisvar áður hafði orðið að þola holdskurð fyrir. Aldrei hefir verið opinberað, hver meinsemd sú hafi verið, en grunur leikur á, að það hafi verið krabbameín. Þessi síðasti holskurður virðist hafa verið læknunum um megn, og þeir gerðu sér litla von um bata sjúklingsins. Þó lifði hann nærfelt viku eftir holskurðinn, en hann andaðist kl. 3.25 á þriðjudagsmorguninn í þessari viku.

Ríkisstjóri Johnson var fæddur í bænum St. Peter í Minnesota árið 1861. Foreldrar hans voru innflytjendur frá Svíþjóð, og svo fátæk voru þau, að pilturinn fékk ekki meira en almenna alþýðuskólamentun. Hann gerðist blaðstjóri snemma á tímum, og varð vinsæll af alþýðu manna. Skömmu síðar fór hann að gefa sig við stjórnmálum, og vann þá hvern sigurinn á fætur öðrum.

Það er sagt um föður hins látna ríkisstjóra, að hann hafi verið svo drykkfeldur, að hann hafi ekki getað séð fyrir heimili sínu, og að síðustu varð að taka hann og flytja á sveitarstofnun, þar sem hann dó skömmu síðar.

Ríkisstjóri Johnson sótti fyrst um þingsæti árið 1888 og aftur 1904, en náði í hvorugt skifti kosningu. En árið 1899 var hann kosinn senator. Árið 1902 sóttú hann móti C. A. Johnson, og beið þá ósigur. Á þingi virtist hann ekkert skara fram úr öðrum.

Það, sem aðallega gerði Johnson sál. frægan, var það, að hann var kosinn forseti ritstjóra félagsins í Minnesota. Með því ávann hann hann sér vinsemd og hylli allra blaðamanna í ríkinu, og í síðari ríkisstjóra kosningum hans hafði hann örugt fylgi blaðanna. Þess vegna var hann kosinn ríkisstjóri í Minnesota hvað eftir annað, — þrátt fyrir það, þó hann væri Demókrat í pólitík, en mikil fleirtala kjósendanna í ríkinu aðhyltist Repúblíkanska flokkinn.

— Kona ein í Ontario skaut í sl. viku tengdaföður sinn til bana. Gamli maðurinn var 75 ára gamall. Hann hafði um mörg ár barið og á ýmsan annan hátt farið illa með konu þessa og daglega skamm að hana miskunnarlaust, þar til þolgæði hennar var þrotið. Nábúar hennar bera henni beztu sögu, og bóndi hennar eins. Búist er við, að hún sleppi að mestu við hegningu, því að það þykir ljóst, að hún hafi gert þetta í brjálæðiskasti, sem komið hafi yfir hana sökum illrar meðferðar frá hendi gamla mannsins.

— Ottawa stjórnin hefir samþykt, að Indíánar í Alberta og Saskatchewan, sem búa sunnan við Township 70, hafi fullan kosningarétt eins og hvítir borgarar, ef þeir hafi eignarbréf fyrir landi og rækti það.

— Erkibysoup Langevin gat þess í ræðu, sem hann flutti fyrra sunnudag í bænum Hull í Ontario, að hann væri ekki vonlaus um, að fá sérstaka skóla endurreista hér í Manitoba, þó almennings hugurinn virtist vera því andvígur á yfirstandandi tíma.

OGILVIE'S
Royal Household Flour

Til Brauð og Köku Gerðar

Gefur Æfinlega Fullnæging

EINA MYLLAN Í WINNIPEG,—LÁTIÐ HEIMAIÐNAÐ SITJA FYRIR VIÐSKIFTUM YÐAR.

— Regnflóð í Jamlitepes héraðinu í Mexico þann 10. þ.m. varð mörgum mönnum og hundruðum gripa að bana. Mörg hús sópuðust burtu og uppskera á stóru svæði eyðilagðist.

— Mælt er, að Rússar séu sem óðast að auka herlið sitt í Síberíu, og hafi þar nú yfir hálfa milión manna undir vopnum, og vel útbúna að öllu leyti. Enginn efi þykir leika á því, að þeir ætli sér í ófrið við Japana aftur undir eins og þeir sjá sér það fært með nokkurri von um sigur. Jafnframt hafa þeir síðan ófriðnum við Japan lauk, haldið kappsamlega áfram, að tvöfalda alla Manchuria járnbrautina, svo að ekki þurfi að standa á aðflutningum, þegar ófriður hefst. — Nýlega héldu Rússar heræfingar í Vladivostock, og tóku 125 þúsund manns þátt í þeim. En ekki var þar einn einasti maður af öllum þeim sæg, er Rússar hafa í virkinu sjálfu, heldur voru það alt aðkomumenn.

— Tvær konur háðu einvígi á heimili annarar þeirra í Chicago á fimtudaginn var. Svo er að sjá á fregninni, að önnur hafi verið útbúin með marghleypu og hníf og ráðist á hina óvíðbúna. Sú vopnaða gekk af hinni dauðri með 11 skotum og nokkrum hnífstungum. En sjálf var hún svo illa leikin eftir viðureignina, að hún dó eftir að hafa verið flutt á spítala. — Hver ástæðan til þessa bardaga hefir verið, er ekki full-ljóst.

— Rússar hafa fundið gull í Mongolíu, 60 mílur vegar frá Kiskta borg. Það er í árfarvegi, og svo er þar mikið af því, að menn þvo út yfir $100 virði á dag með ófullkomnum áhöldum.

— Canada stjórn hefir ákveðið, að 25. óktóber næstk. verði haldinn heilagur sem almennur þakkardagur í Canada.

Ný skýring.

Blaðið "Jewish World" (Gyðinga-heimurinn) flutti nýlega ritgerð um aldur manna í fornöld, og kemst að þeirri niðurstöðu, að menn hafi ekki orðið eins gamlir eins og hinar fornu sagnir skýra frá. Til dæmis er þess getið í gamalli bók, sem flestir hafa heyrt talað um, að hinn sögufrægi Matúsalem hafi orðið 969 ára gamall. En þetta segir blaðið, að ekki geti náð nokkurri átt, og sé eins fjarstætt öllum sanni eins og hugsast geti, eftir því sem nútíðar kynslóðir skilji lengd ársins. Á elztu tímum gamlatestamentisins var tunglmánuður, sem er 29½ dagur, talinn eitt ár, og þegar það er tekið til greina, þá kemur út, að gamli Matúsalem í stað þess að verða 969 ára gamall, varð að eins 78 ára og 9 mánaða gamall.

Með þessu er ekki gefið í skyn, að biblían hafi ekki tilfært aldur gamla mannsins rétt, eins og tíma bilið var þá skilið, heldur að þekkingarskortur síðari kynslóða á forna tímatalinu hafi valdið misskilningi á aldri mannsins.

Adam er sagt að hafi lifað í 930 ár. En eftir útreikningi Gyðingablaðsins hefir hann að eins orðið 75 ára og 9 mánaða gamall.

Eftir tunglmánaða-árið kom 5 mánaða ár, segir blaðið. Sú mánaðatala var bundin við tölu fingranna á annari hendi, því að þá reiknuðu menn á fingrum sér. Síðar kom 12 mánaða árið, og með því tímatali myndaðist hugmyndin um 70 ára meðal-mannsæfi.

Blaðið heldur fram þeirri skoðun að á tímabilinu frá dögum Nóa til þess er Davíð var uppi, hafi ekkert það komið fyrir, svo kunnugt sé, sem hafi getað stytt mannsæfina úr nær þúsund árum niður í 70 ár, annað en sú breyting, sem gerð hafi verið á tímatalinu.

Abraham er sagt að hafi lifað 175 ár og Ísak 180. En á þeirra dögum voru 5 mánuðir taldir í ári. Þess vegna varð Abraham eftir núverandi tímatali að eins 72. ára gamall, en Ísak 74. ára.

Blaðið telur líklegt, að á dögum Jakobs kunni að hafa verið 6 mánaða ár, og hefir þá aldur hans orðið 73 ár, en ekki 147 ár, eins og sagt er.

Það voru Egyptalandsmenn, sem fyrstir tóku upp 12 mánaða tímabilið. Þeir tóku eftir því, að undir gamla fyrirkomulaginu voru dagarnir í einu ári lengri en næturnar og að næsta ár urðu næturnar lengri en dagarnir. Til þess að jafna þennan halla, slengdu þeir 2 árum í eitt, og mynduðu þannig 12 mánaða árið.

Blaðið staðhæfir, að tímatal Gyðinga og kristinna manna verði ekki mismunandi um allan ókominn aldur, því eftir stjörnufræðislegum útreikningi þá komi sá tími að nýár Gyðinga beri upp á jól kristinna manna, og þá muni þessir trúflokkar koma sér saman um, að viðtaka sama tímatal. En af því, að þetta eigi ekki fram að koma fyr en eftir 30 þús. ár, þá virðist engin ástæða til að skifta sér af því máli að svo stöddu.

Þessi grein öll hefir vakið talsverða eftirtekt, og þykja tilgátur hennar um tímatal og aldur fornmanna einkar sanngjarnar.

Wall Plaster

Með því að venja sig á að brúka **"Empire"** tegundir af Hardwall og Wood Fibre Plaster er maður hár viss að fá beztu afleiðingar.

Vér búum til:

"Empire" Wood Fibre Plaster
"Empire" Cement Wall "
"Empire" Finish "
"Gold Dust" Finish "
"Gilt Edge" Plaster of Paris
og allar Gypsum vöruuteg-undir. —

Eigum vér að senda yður bækling vorn?

MANITOBA GYPSUM CO. LTD
SKRIFSTOFUR OG MILLUR I
Winnipeg, - Man.

Heimskringla

Published every Thursday by The Heimskringla News & Publishing Co. Ltd

Verð blaðsins í Canada og Bandar $2.00 um árið (fyrir fram borgað), sent til Íslands $2.00 (fyrir fram borgað af kaupendum blaðsins hérlendis $1.50.)

B. L. BALDWINSON
Editor & Manager

Office:
729 Sherbrooke Street, Winnipeg
P.O. BOX 3083. Talsími 3512.

Á fólkið að ráða?

Borgarstjóri Evans er kominn í ónáð hjá strætisbrautafélaginu. — Svo er mál vaxið, að félagið hefir haft einkaleyfi til að lýsa upp hús bæjarbúa um ákveðið tímabil. En þeinn er að búa sig undir, að taka starf þetta að sér á eigin reikning, þegar einkaleyfis tímabil félagsins er útrunnið. En síðan borgin stækkaði norður á bóginn, hafa íbúarnir þar átt örðugt með, að fá rafljós í hús sín. Félagið hefir neitað, að leggja í þann kostnað, að setja upp staura og strengja ljósvíra á þá til þess að lýsa hús þessara útkjálkabúa, undir þeim skilyrðum, sem bærinn setur því. En þau skilyrði eru, að félagið verði fyrirfram að fá skriflegt leyfi bæjarins til þess að mega setja upp ljósvírastólpana eftir strætunum, og það leyfi hefir það ætíð þurft að fá, og fékk það leyfi skilyrðislaust meðan bærinn var í því ástandi, að hann ætti ekki sjálfur tæki til þess, að veita nauð synlegt rafafl til lýsingar. En síðan aflstöð bæjarins komst svo á fót, að borgarráðið sér sér fært, að leiða ljós í hús borgarbúa, þá hefir verið bætt tveimur orðum inn í ljósleiðslu leyfisbréf þau, sem félagið hefir orðið að fá. Þessi orð eru: "Without Prejudice", eða "án réttarafsals". Með þessum orðum er félaginu gefið til kynna, að bærinn, með því að veita því ljósleiðsluleyfi, afsali sér engum rétti, sem hann kunni að hafa að lögum til þess að taka að sér ljósleiðslu síðar á eigin reikning. En félagið hefir neitað að þiggja þessi leyfi með þessum tveimur orðum viðbættum, og hefir þar af leiðandi neitað að leggja ljósþræði í hús útkjálka-borgarbúanna.

Borgarstjóri Evans og bæjarráðið heldur því fram, að félagið sé skyldugt til að leiða ljós í hús allra borgarbúa innan takmarka bæjarins, með þeim skildögum, sem bærinn setji því, og að það sé skyldugt til, að taka út ljósleiðslu leyfi hjá bænum áður en það leiði ljós í húsin.

Félaginu var því fyrir nokkrum dögum veittur frestur til þess 20. þ.m., til þess að hafa aflokið ljósleiðslu í þau hús borgarbúanna, sem um hafði verið beðið, — að öðrum kosti ætlaði bærinn að gera það á eigin reikning. Þegar hér var komið, fór félagið að setja upp stólpa og strengja víra, en neitaði að taka út leyfi til þess meðan þessi tvö orð, sem áður er getið, stæðu í þeim.

Nú hefir bærinn gefið út lagabann móti félaginu, og krefst að það setji enga stólpa upp og strengi enga víra án þessara leyfa, sem hafa í sér fólgin orðin um réttindi bæjarins.

Að líkindum gengur mál þetta fyrir dómstólana, til þess að úrskurður fáist um það, hvort þetta bæjarfélag megi ráða sínum eigin málum, eða hvort það sé að lögum háð vilja og geðþekni strætisbrautafélagsins.

Borgarstjóri Evans verðskuldar þökk bæjarbúa fyrir stefnu þá, er hann hefir tekið í þessu máli. Hann er að heyja baráttu fyrir réttindum þeirra, og að leggja grundvöll að þeirri stefnu, sem fyr eða síðar hlýtur að verða hér á dagskrá, — þeirri stefnu, að það sé fólkið, sem eigi að hafa allan rétt á því, að ráða sínum eigin framkvæmdum og málum, en ekki löghelguð einokunarfélög. Og að ef það dæmist rétt að vera, að slík félög séu nú þegar svo löghelguð, að bæjarfélagið fái ekki ráðið málum sínum þeirra vegna, — þá sé tími til þess kominn, að fá þær breytingar gerðar á landsins lögum, er tryggi þjóðinni fullveldi mála sinna.

Væntanlega kunna borgararnir að meta þessa baráttu þjóna sinna móti félaginu og sýni það með því að fylgja borgarstjóra Evans fast að málum.

Báðir segja satt.

Um ekkert mál er nú eins mikið rætt eins og norðurpólsfund þeirra Dr. Cooks og Lieut. Pearys. Það er öllum heimi ljóst, að þeir hafa um fleiri ár verið keppinautar um það, hvor fyrri gæti fundið pólinn. Dr. Cook varð fyrstur til þess, að auglýsa það öllum heimi, að hann hefði komist á þann eftirþráða stað í aprílmánuði í fyrra. Nokkrum dögum síðar kom sú fregn frá Ptary, að hann hefði komist til norðurheimskautsins í apríl í ár, — ári síðar en dr. Cook.

Þegar þessi fregn barst dr.Cook, sat hann í veizlu, sem verið var að halda honum í Kaupmannahöfn, og lét hann þá í ljós ánægju sína yfir fregninni, og sagði á þá leið, að ef hún væri sönn, þá myndi sögusögn Pearys bera saman við sína um ástandið á pólnum og umhverfis hann.

Lieut. Peary, hins vegar, hefir reynt að gera lítið úr ferðalagi dr. Cooks, og segir hann aldrei hafa komist lengra en hundrað mílur undan landi, og því ekki getað fundið pólinn. §

En í lýsingu Pearys um ferð sína norður og hvers hann varð þar var, hefir honum borið nákvæmlega saman við sögusögn dr. Cooks í öllum aðalatriðum. Svo sem þessum:

1. Báðir komust á pólinn í sama mánuði ársins.
2. Báðir segja, að mesti kuldi á ferðalaginu hafi verið 83 st.
3. Að ísinn verði sléttari og léttari yfirferðar eftir því sem nær dragi heimsskautinu.
4. Að sólargeislarnir hafi einkenni legan lit innan 200 mílna frá pólnum. Báðir tiltaka hér sömu mílnatölu, — 200 mílur.
4. Báðum ber saman um ferðhraðann, sem gerður verði þar nyrðra. Cook segir 14 mílur á 10 kl.stundum, en Peary segir 40 mílur á 24 kl.stundum.

Brezk blöð mörg töldu þá sögusögn dr. Cooks, að hægt væri að ferðast 14 mílur á dag þar nyrðra, vera alveg ósanna, því enginn pólarfari hefði áður ferðast með þeim hraða. En þegar Peary kom til sögunnar og staðhæfði, að hann og flokkur hans hefði ferðast lengra en þetta á jafn-löngum tíma, þá urðu þessi sömu blöð að játa yfirsjón sína og urðu að viðurkenna, að dr. Cook hefði að þessu leyti sagt satt.

5. Útbúnaður beggja mannanna hefir verið mjög svipaður, til tölulega, þó Peary hafi haft meira meðferðis. Til dæmis: Dr. Cook hafði 5 sleða og 26 hunda síðasta langa áfangann norður, en Peary hafði 8 sleða og 65 hunda. Cook hafði því 5 hunda fyrir hvern sleða, til jafnaðar, en Peary 8 hunda.
6. Báðum ber saman um, að fyrir norðan 86. breiddarstig séu ísflákarnir stærri um sig, heldur enn sunnar.
7. Báðum ber saman um, að eftir því sem dragi nær pólnum (síðustu 2 dagleiðirnar) sé ísinn hálli og sléttari á yfirborðinu.
8. Að pólnum komst Cook með 2 eskimóa, en Peary með 2 eskimóa og einn svertingja.
9. Báðum ber saman um, að ekkert land sé við pólinn.

Af þessum atriðum er það ljóst, að mennirnir hafa báðir komist alla leið norður. Þeim gæti ekki borið eins vel saman eins og þeim gerir í öllum aðalatriðum, ef þeir hefðu ekki báðir farið sömu vegalengdina og báðir komist norður á heimsskaut. Það eina sem þeim ber á milli er, að dr. Cook sá nýtt land á breiddarstigi 84 0 min. 47 sek og vesturlengdarstigi 86 0 min. 86 sek., en Peary sá ekki það land. En slíkt þarf ekki að hnekkja vitnisburði hvorugs, því leið hins síðarnefnda lá svo miklu austar.

Það virðist því engin ástæða til þess, að efa sögusögn dr. Cooks, en trúa Peary. Sé öðrum trúað, virðist óhjákvæmilegt að trúa báðum, og þá er það þar með viðurkent, að dr. Cook sé fyrsti maður sem fundið hefir norðurpólinn.

Hið svo nefnda Peary félag í New York, sem í mörg ár hefir unnið að peningaútvegun til leiðangra þeirra, sem Peary hefir gert í leit eftir norðurheimsskautinu,— auglýsir, að fundur verði haldinn strax og Peary komi til New York og þar ákveðið, að andmæla þeirri kröfu, sem dr. Cook gerir til þess, að hafa fyrstur allra manna fundið norðurpólinn.

Bréf til Heimskringlu

FRÁ JÓNI JÓNSSYNI, FRÁ SLEÐBRJÓT.

Siglunes P.O., 8. sept. 1909.

B. L. Baldwinson, Esq.

Heiðraði málvin! — Kæra þökk fyrir "Búnaðarskólablaðið", No. 48 af Heimskringlu. Það er það bezta og þarfasta blað fyrir bænda stéttina, er ég hefi lesið, hér vestan hafs, á íslenzku. Það er bæði skemtilegt og fróðlegt. Ritgerðirnar hver annari betri. Vera má, að þeir, er lesa alt með enskum augum, hafi litla skemtun af fjallgöngu og fjárréttalýsing Kr. Ásg. En mér var ánægja að lesa hana. Hún rifjaði upp fyrir mér margar gamlar endurminningar, um fjöruga réttardaga og dýrðlega fegurð, sem fyrir augað bar í íslenzkum fjallgöngum, þegar gangnamenn voru staddir upp á háum fjallatindum á heiðríkum haustmorgni og sáu þaðan yfir fjöll og firnindi. Mér er sérstaklega minnisstæður einn slíkur haustmorgun, er ég var staddur með fleiri gangnamönnum á öðrum hæsta tindi 'Norðurfjalla", er aðskilja Fljótsdalshérað og Vopnafjörð. Heitir sá tindur Háöxl. Þaðan sést yfir alt "Hérað", nema efst í dalina, og yfir Öræfin öll vestur, þar er fjalldrotningin Herðubreið gnæfir yfir alt Austurlands hálendið, og í suðvestur blasir við Snæfellið tignarfagra. Sólin rann upp rétt þegar við komum upp á fjallsbrúnina. Það var al-heiðríkt og blakti ekki hár á höfði. Dýrðlegra útsýni getur varla, en það, er okkur bar þá fyrir augu. — Það er verkefni fyrir skáld, að lýsa því, en mér ofvaxið. En jafnan, er mér dettur sú stund í hug, minnist ég orða skáldsins, "er hæstum tónum nær af landsins sonum", er hann kvað á "Austurfjalla" brúninni, andspænis þessum stað:

"Vek mig, sýn mér, herra hár,
"Hérað" eftir þúsund ár.
Vek mig þetta land að lofa,
lengur þarf ég vart að sofa".

(Matth. Joch.).

Greinin um Sven Hedin er þýðleg og skemtileg. Ætti það ekki að vera óskrifuð lög í hverju þjóðfélagi, sem Sv. Hedin sagði Tibetbúum, að væri lög í sinu föðurlandi, að engin þjóð mætti ganga slóðina sína til baka?

Greinin um Darwin er gersemi. Ég get ei stilt mig um að segja það, þótt prestarnir kunni að álita mig fyrir það "illa kristinn Múlsýsling".

En aðal-kjarni blaðsins er þó upplýsingarnar um búnaðarskólann, og hinar ágætu búnaðarritgerðir blaðsins. Ritgerðin um meðferð mjólkur og smjörs, eftir Miss Hinriksson, ætti að vera, og er eflaust mörgum og ekki sist konunum, kærkominn gestur. Hún er ljóst skrifuð og skýrlega, og ætti að geta verið við allra hæfi.

Greinir þeirra Mr. Askdals og Mr. Jóh. Einarssonar eru sómi fyrir vestur-íslenzka bændastétt, og eins nafnlausa greinin eftir Bandaríkjamanninn, sem ég tel víst að sé bóndi. Við Mr. Askdal erum persónulega kunnugir, þótt við séum uppaldir sinn hvoru megin "Norðurfjallanna", er ég nefndi áður (hann er 10 árum yngri en ég). En föður hans þekti ég að góðu. Hann vann hjá mér um tíma, og eigi nokkur það skilið, að vera kallaður að minsta kosti "tveggja maki" við heyverk, var það hann. Að sjá hann binda hey einsamlan á votengi, gat mint hvern einn á, þegar Ormur Stórólfsson sló bæði þúfurnar og grasið, svo voru handtökin hans harðfengleg. Mr. Askdal er því ekki af neinum örkvisum kominn, enda er heilbrigðisblær yfir hugsunum hans. En hvíslaðu því fyrir mig að honum, að mér virðist hann helzt til harðan dóm leggja á íslenzku búnaðarskóla nemendurna. Á þá skóla hafa margir nýtir menn gengið, og hafi þeir yfirhöfuð haft þessa galla, sem Mr. Askdal nefnir, mun það meira hafa verið því að kenna, að skólafyrirkomulagið hafi í byrjun verið svo frumbýlingslegt, að það hafi fremur verið lagað til, að gera nemendurna að bókormum, en praktiskt mentuðum bændum, heldur enn því, að á skólana hafi valist tómir uppskafningar, eins og mér virðist Mr. Askdal ætla, enda hafa margir þeirra orðið nýtir bændur. Og nú síðari árin hefir fyrirkomulaginu á búnaðarskólunum verið breytt mikið í betra og praktiskara horf, svo ég vona, að við Mr. Askdal, er báðir höfum, hvor á sínum tíma, verið harðorðir um skólana, eigum báðir eftir að lifa það, að heyra, að þaðan komi menn, er góð áhrif hafi á landbúnað Íslands, og verði föðurlandi sínu og sveitum þeim, er þeir eru upprunnir úr, til sæmdar, eins og Mr. Askdal hefir nú orðið með búnaðargreinum sínum.

Ekki eiga ritgerðir Mr. Jóh.Einarssonar síður skilið viðurkenningu góðra og hugsandi manna. — Hugsunin í greinni "Meira vinnur vit en strit", þyrfti að rótfestast í huga hvers einasta íslenzks æskumanns austan hafs og vestan.

Það er skaði, hve fáir af hinum eldri og reyndari bændum hér skrifa í blöðin um hag bændastéttarinnar, því eflaust geta það margir fleiri en það gera. Ég minnist ekki að hafa séð veigamiklar greinar um það efni frá bændum fyrri en þessar, nema hinar ágætu hugvekjur til bænda frá Mr. Árna Sveinssyni, sem við og við hafa komið út í Baldri. — (Þú mátt ekki reka mig út, þó ég nefni Baldur, þó bæði Hkr. og Lögb. hafi gengið í bindindi með að nefna hann aldrei, og haldið það betur árlangt, en margur Goodtemplar sitt bindindi).

Ég býst við, að lesendunum þyki nú þessar sundurlausu hugsanir ærið langar orðnar, og mun því bezt að slá í botninn. Þetta átti að eins að vera látlaus þökk fyrir blaðið. En svo hefi ég lent út í aðra sálma. Komdu þessu 'Búnaðarskólablaði, eins og kirkjublaðið sáluga á Íslandi sagði "Inn á hvert heimili". Ef Heimskringla vinnur vel að því, að gróðursetja í huga æskulýðsins þessa hugsun: Vinni þið, vinni þið, svo ykkur og öðrum megi til auðnu verða. En "meira vinnur vit en strit", — þá verður hún þarft blað og gagnsamlegt.

Og vertu nú sæll.

Katólskt vald í rénun.

Katólska kirkjan hefir lengi haft það orð á sér, að henni væri vel stjórnað, og að í engri kirkjudeild í heimi séu áhangendurnir eins auðsveipir við presta sína eins og í hinni katólsku. En stundum ber þó við, að jafnvel í þeirri kirkju rísa upp menn með sjálfstæðar skoðanir og ganga í berhögg við æðstu valdhafa hennar.

Einn slíkra manna er Maurice Constantin í St. Claude hér í fylkinu. Hann hefir nýlega ritað opið bréf í blaðið Free Press í Winnipeg til erkibiskups Langevin í St. Boniface, út af skólamálsþrætu, sem þar hefir komið upp. Svo stendur á, að alþýðuskólinn þar í héraðinu hefir verið haldinn í húsi, sem er eign katólsku kirkjunnar, og nunnur hafa verið kennarar þar. Þetta var mörgum gjaldendum fylkisins ógeðfelt. Þeir vildu eiga sitt eigið skólahús og hafa prófgenginn kennara, og aukalög voru samþykt til þess að koma þessu í framkvæmd. Svo er að sjá sem erkibiskupinum hafi fallið þetta illa og fundið að því við hjörð sína þar. Á móti þessari afskiftasemi erkibiskupsins hefir svo Constantin ritað bréf sitt, sem er á þessa leið: —

"Opið bréf til herra séra Langevins, erkibiskupsins í St. Boniface.

"Ég hefi í hendi prentað bréf yðar um endurskipun skólans í St. Cloud. Þar stendur:

"Skólastjórnin í St. Cloud, knúð fram af óvinum katólsku kirkjunnar, hefir látið byggja skóla, sem sagður er að vera eign héraðsins. Þeir álíta, að virkilegi skólinn, sem nunnurnar halda, sé eign þeirra og kirkjunnar, en ekki skóli héraðsins og skólanefndarinnar, — eins og rómversk-katólskt hérað og rómversk-katólsk skólanefnd hefði hagsmuni gagnstæða kirkjunni, prestum hennar og biskupi. Sannleikurinn er, að þeir vilja ekki katólskan skóla, heldur algerlega trúkenslulausan skóla, óháðan erkibiskupinum og prestunum. Þeir hafa svo mikið ógeð á áhrifum biskupsins og prestanna yfir skólanum, að þeir hafa ákveðið að byggja nýjan skóla, eins fjarlægan kirkjunni og þeim er unt. Með hæglátum áhrifum á íbúana í því, að sýna þeim imyndaða hagsmuni við breytinguna, hefir þeim tekist, að fá aukalög sín staðfest með 58 atkv. gegn 16".

Nei, herra, vér viljum ekki katólskan skóla. Samkvæmt lögum viljum vér hafa skóla vorn algerlega alþýðlegan og að öllu óháðan erkibiskupinum og prestunum. Vér lítum svo á, að það sé engu réttara, að vor litli, katólski meirihluti beiti áhrifum sínum til þess, að þvinga andmælendatrúar börn, eða jafnvel frjálshyggjendur, til þess að komast undir áhrif þeirrar trúar, sem foreldrar þeirra hafa ekki, heldur en það væri af andmælenda meirihluta, að breyta svo við oss. Með því að halda skólanum utan vébanda trúarlegra áhrifa, þá erum vér ekki annað að gera en að styðja að samvizkufreisi voru, og það væri ranglátt af yður, að neita oss um þann sama rétt, sem þér óaflátanlega greiðist fyrir yður sjálfan.

Ég les ennfremur í þessu prentaða umburðarbréfi yðar þessar klausur: —

"Nunnurnar höfðu beðið skólanefndina, að halda skólann fyrir stúlkurnar og boðist til að byggja hanu á eigin kostnað. Þær höfðu jafnvel boðið að hafa prófgengna nunnu fyrir kennara.

Í stað þess að þiggja þetta boð, hefir skólanefndin ráðið prófgenginn karlmann, en þó gefið prófgenginni nunnu kost á að kenna undir umsjón yfirmanns og skólanefndarinnar og fylkisstjórnarinnar. Þeir, sem lagt hafa trúnað á þetta tilboð, hafa séð það vera aðgengilegra til þess, að fá katólska til þess að ganga að grundvallarstefnu alþýðuskóla fyrirkomulagsins".

Svo fylgir umburðarbréfinu neitun nunnanna að kenna í alþýðlegum skóla. Nú er ekki tími til þess, að bera brigður á rétt eða sannfæringu nefndarinnar. Hún getur sjálf varið gerðir sínar. En þar sem þér segið síðar í bréfinu, að þér sjálfur hefðuð samþykt skóla fyrir drengi undir óprestlærðum kennara, þá skilst mér, að þér hefðuð gengið að svofeldu samkomulagi: —

Nunnurnar að halda skóla fyrir stúlkur. Skólanefndin að gera það sem henni sýndist við drengina.

Hér sýnið þér eyru úlfsins undir gæru lambsins.

Samkvæmt þessu skilst mér svo, að það sem sé boðlegt piltum sé óhafandi fyrir stúlkur. En þessi kenning yðar er miklu líkari kenningu Móhammeðs en kristinni trú, ef hún bæri ekki með sér þá löngun yðar, að hjálpa nunnunum í St. Cloud til þess að hafa ofan af fyrir sér með leigða skólanum.

Oss er ánægja í, að sjá þessar heiðarlegu konur hafa lífvænlega atvinnu. En skólanefndin hefir engan rétt til þess, að offra hagsmunum héraðsins á stalli trúarlegra tilfinninga. Þeim hefir verið gert tilboð, og þær hafa neitað því. Nefndin getur ekki gert meira.

Vér óskum fremur, að skattar vorir gangi til þess, að byggja skóla, sem sé vor eigin eign, heldur en að þeim sé varið til leiguborgunar, af því vér álítum, að leiguféð sé tapaðir peningar og gefi litla fullnæging.

En það er ég undrast mest í bréfi yðar er sú staðhæfing, að katólskir hafi engan rétt til að nota lög landsins, þegar þau séu andstæð kirkjunni. Hvar er andstæðan í þessu tilliti? Chalcedoine nefndin ákvað verksvið kirkjunnar og rétt hennar til að hafa afskifti, ekki af privat eða einkamálum, heldur eingöngu af trúmálum og siðferði. Hið fyrnefnda er verndað af hlutleysi skólanna, hið síðara með lögum landsins.

Og ég vildi, herra, að þér hefðuð oftar í minni orð frelsarans, "að gjalda keisaranum hvað keisarans er og guði hvað guðs er".

Og nú dreg ég ályktanir: Þér, og margir af prestum yðar, látið ekkert tækifæri ónotað til þess að móðga Frakkland og frakknesku menn. Þér hafið sem ástæðu til þess þau lagaboð, sem Frakkar hafa neyðst til að samþykkja til þess að stemma ofriki prestavaldsins þar í landi stigu.

Á Frakklandi hafið þér jafnan verið riki innan ríkisins. Róm móti Frakklandi. Hér einnig reynið þér að æsa katólska upp á móti lögunum. Róm móti Bretaveldi.

Ef yður er óljúft, að beygja yður undir landslögin, þá flytjið úr landi. Í Mið-Afríku fáið þér svigrúm til að byggja upp rómverskt veldi, og nóga skrælingja til að ráða yfir, sem þér getið kúgað alveg óhindrað. En ef þér verðið hér kyrr, þá reynið ekki að gabba oss, Frakka. Vér komum af fúsum vilja til Canada, til þess að vinna oss brauð, og því landi, sem elur oss, skuldum vér hollustu og ást. Lög sliks lands eru oss helg.

Einkunnarorð vor eru: Frelsi og hoilusta! — Gleymið því ekki"

Vér höfum talið rétt, að birta bréf þetta, af tveimur ástæðum aðallega: Fyrst af þeirri ástæðu, að bréfið sýnir, að innan katólsku kirkjunnar er sá andi að vakna, að fólkið eigi heimtingu á, að fá að njóta fulls samvizkufrelsis, og að kirkjan, sem slik, eigi ekki að hafa vald til, að skipa fyrir um neitt, nema eigin trúarstefnu sína. — Og hin ástæðan er sú, að bréf þetta flytur þá þarflegu hugvekju, sem mikill fjöldi af vorum eigin þjóðfólki gerði vel í að íhuga, og hún er sú, að landið, sem vér búum í, sem veitir oss fult og óhindrað frjálsræði til allra heiðarlegra og nytsamra framkvæmda og veitir oss úr skauti sínu nægjusamlegt uppeldi, — því landi skuldum vér hollustu, ást og virðingu. Það er fósturland vort og föðurland barna vorra, og ætti því að vera oss ástkærasta landið í heiminum.

Sparið Línið Yðar.

Ef þér óskið ekki að fá þvottinn yðar rifinn og slitinn, þá sendið hann til þessarar fullkomnu stofnunar.

Nýtízku aðferðir, nýr vélaútbúnaður, en gamalt og æft verkafólk.

LITUN, HREINSUN OG PRESSUN SÉRLEGA VANDAÐ

Modern Laundry & Dye Works Co., Ltd.
307—315 Hargrave St.
WINNIPEG, MANITOBA
Phones: 2300 og 2301

Mrs. Williams

er nýkomin til baka úr ferð sinni um gamla landið. Hún fór þangað til að skoða beztu kvenhatta verkstæðin og valdi þar mesta úrval af alls konar kvenhöfuðbúnaðarskrauti og höttum. Hún óskar, að isl. konur vildu skoða vörur sínar sem hún er viss um þeim mundi geðjast að. Verðið sanngjarnt.

702 NOTRE DAME AVE.

23-12-9

The ALBERTA Hreinsunar Húsið

Skraddarar, Litarar og Hreinsarar. Frönsk þur- og gufuhreinsun. Fjaðrir hreinsaðar og gerðar hrokn ar. Kvenfatnaði veitt sérstakt athygli. Sótt heim til yðar og skilað aftur. Allskonar aðgerðir. Fljót afgreiðsla. Verð sanngjarnt. Opið á kveldin. FÓN: Main 3466.

660 Notre Dame Ave., Winnipeg

23-9-10

Dr. M. Hjaltason, Oak Point, Man.

Jónas Pálsson,

SÖNGFRÆÐINGUR.
Útvegar vönduð og ódýr hljóðfæri.
460 Victor St. Talsími 6803.

Jóhanna Olson

Piano Kennari, byrjar 1. sept. nk. að kenna piano-spil, að 557 Toronto Street.

Sv. Björnsson,

EXPRES-MAÐUR,

annast um alls kyns flutning um borgina og nágrennið. Pöntunum veitt móttaka á prentstofu Andersón bræðra, horni Sherbrooke og Sargent stræta.

JÓN JÓNSSON, járnsmiður, að 790 Notre Dame Ave. (horni Toronto St.) gerir við alls konar katla, könnur, potta og pönnur fyrir konur, og brýnir hnífa og skerpir sagir fyrir karlmenn. — Alt vel af hendi leyst fyrir litla borgun.

INGIBJÖRG BJÖRNSSON, hjúkrunarkona, 620 Agnest st.

KENNARA VANTAR

við Siglunes skóla No. 1399, með 1. eða 2. stigs kennaraleyfi, helzt karlmann, fyrir næsta kenslutímabil frá miðjum október mánuði næstkomandi til apríl mánaðar loka næstu (eftir ástæðum). Umsækjandi snúi sér til undirritaðs og geti um, hvaða kaup hann setur.

Siglunes P.O., 31. ágúst 1909.
Guðmundur Hávarðsson,

WINNIPEG Business College
Cor. Portage Ave and Fort St.
28. AR.
FÉKK FYRSTU VERÐLAUN Á SAINT LOUIS SÝNINGUNNI.
Dag og kveldkensla. Telefón 45.
Hausthensla byrjar 1 Sept.
Bæklingur með myndum ókeypis.
Skrifið til: *The Secretary, Winnipeg Business College, Winnipeg, Man.*

Miss NESBITT
KVENHATTA SALI
112 ISABEL ST.
Býr til alskonar kvenhatta í nýjustu gerð. Skreytir með fjöðrum, blómum og böndum og öðru nýtízku stássi. Endurnýjar og skreytir brúkaða hatta. Alt verk vandað og verð sanngjarnt. Isl. konum boðið að skoða búðina. —
MISS NESBITT,
112 Isabel Street
18-11-9

HERRA BÓNDI!
ÞETTA ER FYRIR ÞIG!

Vildir þú ekki hafa í húsi þínu eins bjart ljós og þau sem best eru í stór borgum?
Brennari vor passar í hverja venjul. lampa. Brennir lofti, ekki olíu, er algerlega óhultr.
Þetta ljós lækkar olíu kostnað um meir en helfing.
Vér sendum brennara gegn fyrirfram borgun, fyrir $2.75.
Skrifið oss eftir upplýsingum.
INCANDESCENT KEROSENE LIGHT CO.
50 PRINCESS ST., WINNIPEG

R. A. THOMSON AND CO.
Cor. Sargent & Maryland St.
Selja allskonar MATVÖRU af beztu tegund með lægsta verði. Sérstakt vöruúrval nú þessa viku. Vér óskum að Íslendingar vildu koma og skoða vörurnar. Hvergi betri né ódýrari.—
Munið staðinn:—
HORNI SARGENT AVE. OG MARYLAND ST.
PHONE *3112.*

A. S. BARDAL
Selur líkkistur og annast um útfarir. Allur útbúnaður sá bezti. Enfremur selur hann alskonar minnisvarða og legsteina.
121 Nena St. Phone 306

Sendið Heimskringlu til vina yðar á Íslandi.

Kvenfrelsisbaráttan á Englandi.

"Suffragett"-nefndin sem send var á fund forsætisráðherrans.

(Niðurlag frá síðasta blaði)

Konurnar, sem við höfðum þann ig frelsað, sögðust ekki tilheyra nefndinni, og ekki einusinni kvenfrelsis konunum. En þær höfðu reynt að greiða götu einhverra, sem tilheyrðu "Suffragette" nefndinni, sem skríllinn var á eftir, og hefði hana þá snúist að þeim, og sjálfsagt slitið þær lifandi í sundur, hefðum við ekki frelsað þær. Um þetta atriði voru þær vissar, og þess vegna mjög þakklátar okkur fyrir hjálpina.

Sem sagt, sáum við margar aðrar konur eltar á sama hátt. Þegar ég ber saman þennan eltingaleik við hina tigulegu göngu "Suffragette" kvennanna, jafnvel þegar þær voru fangar, gangandi milli tveggja riðandi lögregluþjóna, — komst ég að þeirri niðurstöðu: Að það væri ekki "Suffragette" konurnar sjálfar, sem mest liðu, og ekki einu sinni nefndin, sem þær höfðu valið til að bera réttarkröfur þeirra fram fyrir stjórnina, — þessar konur væru upp úr því vaxnar, að stjórnin gæti látið þær líða, og annað það, að þær væru reiðubúnar að þola alt fyrir málefnisins sakir, og í þeirri meðvitund, að þær berðust fyrir góðu og réttmætu málefni, voru þær svo öruggar, að alt annað var þeim lítilsvirði. Þess vegna hafði stjórnin ásett sér, að snúa huga fólksins frá þeim og samhygð við málefni þeirra, með því að leika þær konur, sem sýndu sig því hlyntar, svo illa, að þær þyrðu ekki að láta samhygð sína í ljósi á nokkurn hátt, og í þeim tilgangi hafði lögreglan undir umsjón og fyrirskipun stjórnarinnar, ekki einungis látið vera að hindra skrílinn frá að elta þær, heldur hvatt hann til þess, sem sýndi sig í því, að hann gerði það rétt fyrir augunum á lögreglunni og innan um hana. En hér náði stjórnin þó ekki tilgangi sínum, vegna þess, að verk hennar bygðust ekki á góðum grundvelli, og hér, eins og æfinlega, ef fólkið ræður sér sjálft, verður það miklu fleira, sem aðhyllist hugrekki og drengskgp og réttlæti, — sem sýnir, að fólkið er frá náttúrunnar hendi gott.

Það var óttalegt, að sjá riðandi lögregluliðið ríða á varnarlausar raðir af saklausu fólki; og það var í hæsta máta vanvirða fyrir stjórnina, að láta þjóna sína — riðandi lögreglumenn — elta fótgangandi konur og siga á þær þessum viðbjóðslega og glæpsamlega skríl, sem í slíkum æsingi getur framið og fremur oft hrylllegustu óáðaverk. En hún lét skrílinn afskiftalausan, þó hún væri þar umhverfis og innan um í hundraðatali. Hefði ég ekki áður verið kvenfrelsiskona, þá hefði 29. júní áreiðanlega gert mig það.

Þegar við komum til "Horse Guards", álitum við konunum óhætt, og náðu þær sér í léttivagn og óku burt svo fljótt sem þær gátu. En jafnvel þar var nógu margt samankomið af æpandi skríl, til þess að ég væri ekki með öllu óhrædd um þær.

Nú þurftum við að komast aftur til Cannon Row, því þar áttum við von á að finna förunauta okkar. Að vísu var liðið langt yfir hinn ákveðna tíma. Við fórum í kring og nærri Westminster brúnni, og hrópaði þá einhver: — "Þarna er hún aftur!" og skríllinn kom æðandi beint í flasið á okkur. En ég lézt hvorki heyra þá né sjá tilgang þeirra, og kom þá hik á þá er fremstir voru, og loks vorum við látnar óáreittar. En þá kom fyrir atburður, sem dró blæju yfir atburðina næstu. En það sannfærði mig um, að meiri hluti fólksins var með oss, og óhljóðin ekki eins hættuleg og þau höfðu slæm áhrif á taugarnar. Ég stökk upp og stóð upp í sætinu til þess að sjá út yfir hópinn á nýjan eltingaleik, þar sem lögregluliðið áttí hlut að máli. Ég gleymdi öllu nema því, sem ég var að horfa á, og vissi ekki fyr til en ég hentist aftur á bak. Hestarnir höfðu kipst við, ég varaðist það ekki, og í stað þess að setjast niður, hentist eins og áður er sagt, þannig, að hnakkinn á mér lenti á aftara sætinu, en fæturnir á framsætinu. Ótal hendur voru á lofti til þess að taka af mér fallið. En þess þurfti ekki með. Ég var dottin og lítið meidd, og hrópaði því til ökumannsins, að keyra áfram. Ég heyrði enga hlátra og sá enga hælast um, þó fall mitt væri snögt og hraparlegt.

Áður enn við komumst til Westminster brúarinnar, rákum við okkur á hóp af riðandi lögreglumönnum, og bönnuðu þeir okkur leiðina með öllu. Við biðum hér lengi í þeirri von, að förunautar okkar kynnu að koma. En Parliament-flöturinn var nú auður orðinn og lítil von að þær kæmu. — Einu sinni reyndum við að komast til Cannon Row, hins ákveðna staðar frá annari átt, en það tókst heldur ekki. Öll stræti, sem liggja að Parliament fletinum, voru nú full af æpandi, húrrandi fólki, því þangað hafði það flúið undan lögregluliðinu, og voru þar nú að líkindum frá 40 til 50 þúsundir manna.

Nú var kl. orðin meira en 10, svo ég lét aka til Caxton Hall, ef ske kynni, að eitthvað af vinum vorum hefði náð þangað og biði þar. Á leiðinni þangað heyrði ég enn þá hrópað: "Þarna er ein af þeim! En sem fyr gaf ég því engan gaum, og er engin óttamerki sáust á mér, var okkur lofað að halda áfram til Caxton Hall. Að vísu urðum við að fara ótal krókaleiðir, en komumst þangað þó kl. 11.

Kvenréttindabaráttan heldur áfram með vaxandi ofsa og vaxandi sigri með hverjum deginum, sem líður. Svo má nú heita, að öll þjóðin, að stjórninni undanskildri, sé því vinveitt, og þeim hinum fáu, sem álíta, að slæm hegðan kvenna eigi að læknast af lögregluni, eða það sé ófyrirgefanlegra en slæm hegðun hjá karlmönnum, — fækkar óðum.

Baráttan, sem nú stendur yfir á Englandi, er ekki um það, hvort konur eigi að hafa atkvæði, heldur um þau stjórnarfarslegu réttindi, að mega leggja bænarskrár sínar fram fyrir konunginn eða fulltrúa hans.

Það er nú óhætt að fullyrða, — sérstaklega síðan "Anti-Suffragette Society" lagði kröfur sínar fyrir þingið, að í brezka veldinu séu engar varanlegar ástæður færðar gegn atkvæði og kjörgengi kvenna. Þetta er bygt á fullkomnari rökum hjá brezku þjóðinni, en nokkrum öðrum þjóðum, sem enn geta sagt með nokkurum ástæðum, að þeir vilji ekki, að kvenfólk sitt fari að gefa sig við stjórnmálum, af því að Bretar eru fyrir löngu orðnir vanir við, að sjá kvenfólk sitt gefa sig við stjórnmálum, og hafa sjálfir hvatt það til þess, og sent út hverja konuna á fætur annari til þess að prédika stjórnmál fyrir fulltrúaefni sin um allar kosningar. Þaðan kemur og réttmæti skoðana þeirra: Að séu konur hæfar til að prédika stjórnmál fyrir karlmenn, þá séu þær og hæfar til að gera það fyrir sitt eigið kyn. Og atkvæðisrétturinn er sú sveif, sem þær verða að ná haldi á, eigi þær að geta snúið svo stjórnarvélunum, að þær taki til greina kvaðir þeirra, og afstýri barnaþrælkun og kvenþrælkun, sem jafnvel nær til þeirra kvenna, er vinna undir handarjaðri stjórnarinnar og fyrir hana á flestum stjórnarskrifstofum hins brezka veldis.

Stjórnin hefir engar verulegar ástæður lengur gegn réttarkröfum kvenna. Með orðum Lamontha Allen hefir hún ekki einu sinni beinagrind af ástæðum að styðjast við. Það sýnir sig bezt í afstöðu hennar gegn kvenréttindakonunum, að hún heldur um sig vörð, sem telur 3000 riðandi og gangandi lögregluþjóna, til að verja sig gegn niu konum, sem reyna til að heimsækja hana með engin önnur vopn eða herbúnað en bréf, með orðunum: Atkvæði fyrir konur. — Og þessi einkennilega aðferð stjórnarinnar verður svo til þess, að safna saman 50,000 manns til að horfa á þennan ójafna leik. — Stjórnin veit vel, að ekkert af þessu fólki mundi koma, ef konurnar fengju einungis að framfylgja þeim réttindum, sem stjórnarskráin heimilar þeim, — leyfði þeim að bera réttarkröfur sínar fram fyrir hans hæðruverðugheit forsætisráðgjafann, sem neitar að sjá þær einungis af því, að hann sem einstaklingur, hefir tekið það í sig, að neita þeim um áheyrn, og notar svo vald sitt og alla lögregluna til að vernda sig fyrir fundi þeirra, — þvert ofan í lög ríkisins, sem taka það skýrt fram: "Að sérhver borgari hafi rétt til að bera bænir sínar fram fyrir konunginn, og að sérhver tilraun til að koma í veg fyrir það, sé ólögleg".

Og jafnvel þá uppreist á sér stað, bæta lögin þessari grein við: "Samt með því skilyrði, að þessi grein skuli ekki þann veg álítast, að hún hindri neinn eða neinar persónur, svo framarlega, sem þær eru ekki fleiri en tíu saman, frá að flytja sakir sínar, hvort heldur persónulega eða alþýðlega, fram fyrir þingið eða einhvern þingmann, eftir að hann hefir náð embætti, meðan Parliament stendur yfir".

Ef vér ætlum að gera þjóðina samhuga, verðum vér að sannfæra hana um, að kvaðir hennar og kvartanir séu teknar til greina, og henni bætt að fullu ranglæti það, sem hún hefir orðið að sæta af stjórnarinnar hálfu. Á slíkum grundvelli vona ég að sjá frið og velliðan þjóðarinnar bygt og hina sundurleitu þætti hennar sameinaða. Á engum öðrum grundvelli vil ég sjá hana sameinaða en þessum: Réttlæti fyrir alla. Þegar það verður að framkvæmd, mun ólgan í blóðinu lækka, og þjóðin semja sig fyrirhafnarlaust að lögum þeim, sem svo eru réttlát og henni þar af leiðandi vænst til vegs og viðgangs. Fáist það ekki, óska ég einkis framar en stríðs, — eilífs stríðs.

KATHARINE BUSHNELL.

— Womans Journal.

Tekið að tilmælum M. J. Benedictsson, ritst. Freyju.

LEIÐRÉTTING.

North Star P.O., 9. sept. 1909.

B. L. Baldwinson, Winnipeg.

Kæri vin: Mig langar til að biðja þig að gera svo vel og leiðrétta það í yfirlýsingar greininni, sem ég sendi þér um daginn, að ég sagði, að hún (yfirlýsingin) hefði verið samþykt í einu hljóði (eins og satt var), nefnilega ekkert atkvæði á móti, en þú gerir úr því tvö atkvæði á móti. Þetta gerir lítið til, en fólk hér er ekki ánægt með það.

Með vinsemd,
A. H. Helgason.

Þakkarávarp.

Herra ritstj. Hkr.

Viltu gera svo vel, að ljá eftirfylgjandi línum rúm í þínu heiðraða blaði.

Hér með votta ég mitt innilegasta þakklæti til allra þeirra, er hjálpuðu mér í legu minni í vetur. Voru þessir fyrstir manna: — Kristján Benediktsson, Halldór Eggertsson, Mr. og Mrs. K. Johnson, Mr. og Mrs. G. Eyjólfsson, Mr. og Mrs. T. Sigvaldason, Mr. og Mrs. J. Björnsson og J. Davíðsson. Auk allra þeirra kona, er léttu undir með mér, en það yrði of langt mál, að telja nöfn þeirra allra. — Peningagjafir (safnað af Mrs. J. Björnsson): Jóhann Reykdal og Björn Andrésson, $2 hvor; Hjörtur Sigurðsson, Mrs. Jóhann Johnson, Gunnl. Davíðsson, Mrs. E. Sigvaldason, Mrs. Markús Johnson, Þorkell Eiríksson, S. Anderson, J. A. Sveinsson, St. Stephanson, Mrs. Bæring Hallgrímsson, Mrs. Skúli Árnason, Pétur Christopherson, Rosa Christopherson, Mrs. J. Bjarnason, Mrs. Jónas Helgason, Mrs. J. S. Björnson, $1 hvert; Jón Björnsson, Th. Thorsteinsson, Mrs. Jónas Björnsson, P. F. Friðriksson, S. S. Johnson, S. Skordal, Baldvin Benediktsson, Kr. Reykdal, 50c hv.; Jón Eiríksson, Kr. Guðnason, B. S. Johnson og Hósias Josephson, 25 hv. Ennfremur: Mrs. Sesselja Andrésson $1.20; Brass Band Argyle bygðar $10.00; Kvenfélag Suðursafnaðar $10.00, og Kvenfélag Norðursafnaðar $10.00; safnað af Joseph Davíðssyni $5.00. Samtals $61.20.

Ég get ekki með orðum lýst þakklætis tilfinningu minni, en bið guð að launa þeim öllum.

Mrs. S. L. Peterson.

2 Bækur Gefins

FÁ NÝJIR KAUPENDUR AÐ HEIMSKRINGLU SEM BORGA $2.00 FYRIRFRAM, OG ÞESSUM BÓKUM ÚR AÐ VELJA:—

Mr. Potter frá Texas
Aðalheiður
Svipurinn Hennar
Hvammverjarnir
Konuhefnd
Robert Manton
og Leyndarmál Cordulu frænku. —

Alt góðar sögur og sumar ágætar, efnismiklar, fróðlegar og spennandi. Nú er tíminn að gerast kaupendur Hkr. Það eru aðeins fá eintök eftir af sumum bókunum.

Heimskringla
P.O. Box 3083, Winnipeg

The Abernethy Tea Rooms

Eru nú undir nýrri ráðsmensku. Vér getum selt fólki góðar máltíðir og hressingar eftir þann 9. þ. m.—
21 máltíðarseðlar $3.50
472 PORTAGE AVE.

G. Eggertsson's
KJÖTMARKAÐUR.
Talsími 3827 693 Wellington Ave.
Góður markaður Kjöt frá 4c. pundið og upp. Egg og smjör ódýrara en hjá öðrum. Alskonar fiskur og fuglakjöt. Komið til Eggertsson's og sjáið og reynið og sannfærist um, að þar er hægt að fá gott kjöt. —

Ómeinguð Hörlérept
beint frá verksmiðjunni á Írlandi. Af því vér kaupum beint þaðan, getum vér selt írsk hörlérept ódýrar en aðrir í borginni. 15 prósent afsláttur næstu 2 vikur.
C. S. S. Malone
552 PORTAGE AVe. Phone Main 1478
16-12-9

HEIMSKRINGLU og TVÆR skemtilegar sögur fá nýir kaupendur fyrir að eins $2.00.

Tvær Jólanætur í fiskimannskofanum.

SMÁSAGA.

Það er í frásögur fært um kvenmann, sem kom inn á leigu-bókasafn til að fá sér bók, að þegar hún var spurð, hvers efnis bókin ætti að vera, hafi hún svarað: "Það er mér sama, bara að þau nái saman".

Og þar sem helzta efnið í flestum sögum er um ást, svo sem aðalatriði í lífinu, svo eru það í daglega lífinu, eins og í bókunum, þær málalyktir sem flestir kjósa. Þó það mörgum sinnum hefði verið heppilegra fyrir báða hlutaðeigendur, að þau hefðu ekki náð saman.

Þar liggur breið vík á suðurströndinni móti opnu hafi. Gróðurlaus fjöll ganga fram sem múrveggur beggja megin. Hafið úti fyrir er sem hvitfyssandi brimgarður, en þvert um víkurmynnið er hár skerjagarður, sem brýtur öldugangínn, svo þar fyrir innan er óhult höfn fyrir þann, sem kemst svo langt, en það er aldrei auðvelt, og sist þegar mest á

ríður. Austanmegin á víkinni er mjótt sund milli skerjanna og lands, en það þarf æfða hönd og aðgætni til að fara þar í gegn, og hafa brim og brotsjóa á báðar síður. Margsinnis voru skipsflökin, sem skolaði upp í fjöruna, einustu vitnin um það, hvað sjómennirnir hefðu orðið að líða þar.

Sá, sem vill sjá ósvikið norskt strandamálverk, hann gangi fram á oddann og horfi út á hafið, þegar sólin er að síga í æginn og kastar sínum gullgeislum á mjallhvít seglin í fjarlægð. Það er mynd af hinu ómælanlega, hvildarlaust erfiði og stríð, hvikandi áhyggjur og von, En horfðu svo á land, — þar er ró og hugsvölun. Við víkurbotninn hvilir heimilisfriðurinn yfir litlum grasbletti á eyðimörkinni. Þar milli fjallanna er að eins jarðvegur fyrir litinn fiskimannakofa, sem hefir skjól undir höfða við sjóinn. Á bak við kofann er litill blettur með jarðeplum, grænn og upplyftandi tilsýndar. Út í sjóinn liggur bryggja af ótilhöggnum stórbjörgum, nógu löng til að leggja þar að bát fiskimannsins, sem liggur á floti við bryggjuendann, bundinn við staur. Strandlengis er sildarnótin hengd á staura til þerris. Þar er líka fjalhöggið með öxinni í, en upp við kofaveggínn ris mastur með segli og árar, og svo eru þar ýms önnur fiskimannaáhöld hringinn í kring. Reykinn úr eldhúsinu leggur upp um pipurnar og gegnum dyrnar getur þú séð hið beygða bak gömlu Ingibjargar bera við eldinn í skorsteininum, þar sem hún er með kaffiketilinn. En Páll fiskimaður, reykjandi pipustúfinn sinn, er að bera veiðarfærin ofan í bátinn.

Í fjörunni eru 2 börn að leika sér. Það er Knútur og Anna. Þau eru að tína saman skeljar eða að elta smákrabba. Alt var svo einstaklega rólegt og náttúrlegt.

Hvorki Knútur né Anna voru börn Páls og Ingi-

bjargar, en fyrir fáheyrða tilviljun var Knútur fóstursonur þeirra, og hafði það þannig að borið: —

Páll gamli hafði átt einn son, sem Knútur hét. Hann var hafnsögumaður. Eitt Aðfangadagskveld Jóla, bar svo til, að skip með nauðflaggi sást langt úti. Það var suðaustanrok ákaflegt, samt lagði Knútur af stað, og komst að skipinu, rúmlega eina mílu undan landi. Fyrst reyndi hann að sigla beitivind austuryfir, enn veðrið var meira en svo að það væri voðhæft, svo þá rak undan. Var svo að sjá úr landi, sem hann vildi ná höfn í víkinni heima, en þá datt nóttin og myrkrið á, og með hverri stundinni sem leið varð stormurinn voðalegri. Páll gat hvorki séð bátinn eða skipið. Hann horfði og horfði út í myrkrið, en varð einkis vísari. Það var svo sem sjálfsagt, að þeir höfðu ekki getað hitt hina örmjóu rennu gegn um skerjagarðinn, og Páli, sem reyndum sjómanni, blöskraði er hann hugsaði til þess, að sonur hans og fleiri braustir sjómenn með honum, lágu þarna úti í vonlausu örvæntingarstríði, með opinn dauðann fyrir augunum, koma nær og nær, fet fyrir fet. Þessi vissa, og þó óvissa, varð honum svo óbærileg, að hann eirði ekki lengur í landi. Hann tók bátinn sinn, og komst með ákaflega miklu erfiði út að skerjagarðinum. Af einu skerinu starði hann vonlaus út yfir hina voðalegu brimgarða. Þá sýndist honum alt í einu glóra í eitthvað ljóslitt, sem rak fram hjá skerinu. Í einni svipan hljóp hann í bátinn, reri að þessu og tók það upp í hann. Það var kassi með rúmfatnaði og vandlega bundið utan um. Nú var enginn efi á því, að skipið var strandað. Páll reri í land. Það var þungbærasti róðurinn á æfi hans.

Hann tók kassann með sér heim í kofann. Hin fyrsta harmastund Ingibjargar, er hún fréttí lát sins hrausta og ástríka einkasonar, var þyngri en svo, að

hún tæki tárum. En ekki leið á löngu, unz þau brutust fram, og léttu á hinni sárbeisku sorg hennar. Páll stóð þögull og náfölur við hlið konu sinnar, og horfði á kassann, og án þess hann vissi eiginlega, hvað hann gerði, fór hann að leysa bindinginn og lyfti upp fötunum, en hann hrökk saman af undrun, er hann sá litið barn innan í þeim. Það lá sem dautt, en var þó heitt, og þó ótrúlegt væri, þá lifnaði það við, og hrestist ótrúlega fljótt. Þau fastréðu með sér að fóstra það. Ingibjörg hafði hugsvölun af því, að annast þennan litla dreng, sem auðvitað var nefndur Knútur eftir syni þeirra. En enginn kallaði hann Knút Pálsson, því þegar hann stækkaði, var hann af öllum nefndur Knútur Fundni. Viðvíkjandi ætt hans var enga bending hægt að fá, nema ef telja skyldi, að á fötunum, sem hann var í, þegar hann fanst, voru merktir stafirnir "J.H.". Bæði skipið og lóðsbáturinn höfðu farist með öllum, sem á því voru. Á fjöl, sem rak á land og auðsjáanlega hafði verið í afturskut á skipsbát, stóð nafnið "Isabella", og á trjávið, sem rak upp í víkina daginn eftir skipskaðann, var auðséð, að skipið hafði verið fermt með eik.

Það var þögul og sorgleg Jólanótt fyrir þau Pál og Ingibjörgu. Hátíðarmaturinn stóð ósnertur á borðinu, og þegar hinir hluttekningarsömu nágrannar komu og eftir góðum og gömlum sið óskuðu þeim "gleðilegra Jóla", hreif það hin nýsærðu foreldrahjörtu eins og beiskasta spott. En þau fundu fljótlega það sem þau að vísu höfðu heyrt áður, en aldrei reynt sjálf, að innileg ánægja getur orðið svo að kalla samfara sorginni, því jafnvel sama kveldið megnaði Ingibjörg að senda til upphæðanna heita og innilega bæn fyrir litla munaðarleysingjanum, er nú svaf í vöggunni, sem einu sinni hafði tilheyrt einkasyni hennar. Þau Páll og kona hans höfðu ætíð

ROBLIN HOTEL

115 Adelaide St. Winnipeg

Bezta $1.50 á-dag hús í Vestur-Canada. Keyrsla ókeypis milli vagnstöðva og hússins á nóttu og degi. Áðhlynninig hins bezta. Viðskifti Íslendinga óskast. William Ave strætiskarið fer hjá húsinu

O. ROY, eigandi.

Gimli Hótel

G. E. SÓLMUNDSSON
eigandi

Óskar viðskifta Íslendinga sem heimsækja Gimli-bæ. — Þar er beini beztur í mat og drykkjarföngum, og aðbúð gesta svo góð sem frekast er hægt að gera hana. Hótelið er við vagnstöðina.
Gistið að Gimli-Hótel.

Stefán Johnson

Horni Sargent Ave. og Downing St.
HEFIR ÁVALT TIL SÖLU
Nýjar Áfir
Beztu í bænum. Agætar til bökunar. 15c gallon

JIMMY'S HOTEL

BEZTU VÍN OG VINDLAR.
VÍNVEITARI T.H.FRASER.
ÍSLENDINGUR. : : : : :
James Thorpe, Eigandi

MARKET HOTEL

146 PRINCESS ST. á móti markaðnum
P. O'CONNELL, eigandi, WINNIPEG
Beztu tegundir af vínföngum og vindum, aðhlynning góð. húsið endurbætt

Woodbine Hotel

Stærsta Billiard Hall í Norðvesturlandinu
Tíu Pool-borð.—Alskonar vín og vindlar
Lennon & Hebb.
Eigendur.

The Dominion Bank

NOTRE DAME Ave. BRANCH Cor. Nena St.

VÉR GEFUM SÉRSTAK AN GAUM AÐ SPARISJÓÐS-DEILDINNI. —

VEXTIR BORGAÐIR AF INNLÖGUM.
HÖFUÐSTÓLL - - - $3,983,392.38
SPARISJÓÐUR - - $3,300,000.00
A. E. PIERCY, MANAGER.

Giftingaleyfisbréf

selur: Kr. Ásg. Benediktsson
540 Simcoe st. Winnipeg.

Arena Rink

Undir nýrri stjórn
Opinn fyrir Hjólskauta.
Hornaflokkur á kveldin.

Jón Sigurðsson

(YNGRI).

(Frá Hófafelli í Hvítársíðu).

(Fæddur á Hófafelli, 1 maí 1864, fór til Vesturheims 1889 og kvænist þar Oddnýju Samúelsdóttur. Áttu 4 börn. Jón andaðist af holskurði á sjúkrahúsi í Victoria Island, B. Col., 3. febr. 1904. — Kvæði þetta er ort undir nafni Magnúsar bróður Jóns, og dvelur Magnús að Storð í Framnessbygð í Nýja Íslandi).

I.

Hniga heillmenni
fyrir heiftarsverði
dauða dimmleits,
að degi miðjum.
Lítt vill leiðvörður
laga spyrja
ljós, né lífendur,
áður lyfti hjörvi. —

* * *

Hitt var fyrr,
er fjalls und hlíðum
ungir bræður
ólumst heima
og á blómskreyttum
bökkum lékum
jörmundjúprar
jökulmóðu.

Hófum hjal
of heima aðra,
þá er fargjarnir
og frægðarþyrstir
fóru fleyvegu
fyrr á öldum
gunn-nárungar
Garðarseyjar.

Minntumst Gunnbjarnar
og Grænlandsnema,
heppna Leifs
og Herjólfssonar, —
vissum Vínland
í Vestri liggja,
og Leifs leyfðir
landnáms bíða.

Hétum hlésmörum
heiman ríða
og heppna Leifs
hauðurs leita, —
því að ættleyðir
áa vorra
vissum valdseldar
vomum dönskum.

Kvöddum Hófafell
og Hvítársíðu
og ormstungu
ættarslóðir. —
Kvöddum ættmenni
og aldna móður.
Hugðumst heillfarar
heiman ráðnir.

Væntum betra bú
í Bjarnarlandi
eignast (auðfáir)'
en ættjörð veittu.
Fórum Flóðmari
til Furðustranda ;
þars friðar, fjár
og frelsis væntum.

Vorut einofin
örlög bræðra :
Leifs á landmörkum
leiðir skildust, —
hélztu hraðlari
til hafs vestur, —
en hvíld ég kaus
í húmi skógar.

Vel, sem víkingur,
á veginn nauztu
frelsis og gæfu,
meðan fjör entist ;
var þér ei vanlengin
virða hylli,
né þér drengskapar
dróttir frýðu. —

II.

Það man ég næst,
er Návaldur
burt til Heljar
bróður kvaddi ; —
kvaðst hann frið bjóða
frónskum drengjum,
þeim er holundir
úr hjörleik bæru.

Baðstu auðregin
allvel lifa,
þó að ómikils
unt þér hefðu.
Kvaðstu leiðnestis
lítils þurfa,
en hvílbeð hinnig
hyggja búinn.

III.

Það er nú,
að nábeð gistir
(í Leifs landi)
liðinn bróðir. —
Var ei vástafur —
í vestri ristur
einum þér, —
sem oss mun báðum.

Mun ei sjá fundur
síðstur verða,
er ég mönnum fæ
minjar þínar, —
og málrúnum
mösurlimi
aldar óbornar
óð þann festi ?

Þótt í Leifs landi
leiðir vorar
skildi skapanorn
(skammar hríðir), —
munum báðir
á Bjarnar-mörkum
bein vor bera,
þá er bráljós slökna.

IV.

Nú mér blómsnauðir
bakkar sýnast
jörmun-djúprar
jökulmóðu, —
þá er hugminjar
horfnar æsku
liða litbleikum
of löndum munar.

Sýnist Hvítá breytt
í hyldjúp þagnar
og dauðahaf
drauma vorra.
Mun þó óljóss-unn
aldurhvarfa
myrkva munarsjón
miklu fremur. —

Veit ég valta trú
og vonir falskar
vitja víkings margs
og villa sjónir,
svo að leiðglaptir
leiðumst fjarri
orri ættjörðu,
illu heilli.

Hitt er reynd rekkum, —
þó að ráð bíli
og von bregðist,
en vandist geta, —
að órofsfrið
allir finnum
(að leiðlokum)
á landi Heljar.

Fela fjörvísi
falskir kynnendur ; —
villa veg lýðum,
þó að viti betur.
Eiga örmæli
ábyrgð minsta.
Hún glepur hugsjón.
Hér mun ég þagna.

Styrkárr Vésteinn.

Kona talar á þingi Dana.

Þann 19. ágúst sl. gerðist sá merkisatburður í þingsögu Danmerkur, sem lengi mun í minnum hafður, því þann dag hélt hin fyrsta kona ræðu í þingsalnum, — ræðu, sem vakið hefir mikla eftirtekt, bæði vegna þess, að hún var haldin þvert á móti guðs og manna lögum, og svo hvað hún var skömmótt, þó stutt væri.

Þetta skeði þannig : — Forsetinn, Anders Thomsen, sem er bæði gamall og sljór, hafði nýlega sett þingfundinn, og var í þann veginn að láta taka til meðferðar 1. lið dagskrárinnar, sem var að kjósa varaforseta, — þegar alt í einu miðaldra kvenmaður kemur inn um leynidyr á þingsalnum, gengur að forsetaborðinu, þrífur bjölluna af forsetanum, sem fullur undrunar og skelfingar misti ráð og rænu, og kveður sér hljóðs, og mælir á þessa leið :

"Mínir herrar. Áður en þið byrjið þingstörf í dag, skal yður tilkynt, að á meðal yðar er sá maður, sem fært hefir vanvirðu og skömm yfir Danmörku". Um leið og hún sagði þessi orð, benti hún á A. C. Christensen ráðherra. — Þingmennirnir sátu algerlega ráðþrota, og gláptu hver á annan, en J. C. Christensen spenti greipar um hné sér og glotti um tönn. — Konan tók þá aftur til máls, og mælti á þessa leið :

"Danir ! Hér sitjið þið á rökstólum, útblásnir af valdafýkn og sérplægni og verðleggið heiður og heill landsins. En það segi ég yður hér á þessum stað, að hinar dönsku konur fyrirlíta yður og brennimerkja yður, sem flokk föðurlandslausra leigusnápa, sem svíkja Danmörku".

Þegar hér var komið, hafði forseti áttað sig og ákallað þingsveina til að losa sig við þennan óboðna gest. En konan hafði sagt það, sem hún ætlaði sér, og fór því rólega út með þingsveinunum, eftir að hafa kastað lauslega kveðju á þingmennina.

Nafn konunnar er Maria Westenholz. Hún er af góðum og göfugum ættum, og sæmdarkona hin mesta. Þetta tiltæki hennar mælist almennt vel fyrir, og þykir mörgum, að þingmennirnir hafi átt skammirnar skilið. T.J.

Á beztu heimilum

hvar sem er í Ameríku, þar munið þér finna HEIMSKRINGLU lesna. Hún er eins fróðleg og skemtileg eins og nokkuð annað íslenzkt fréttablað í Canada

THE
BANK OF TORONTO

INNLEGG - - - $30,853,000

VJER OSKUM VIDSKIFTA YDAR

WINNIPEG DEILD: 456 MAIN ST.
JOHN R. LAMB, RADSMADUR,

DR. H. R. ROSS

C.P.R. meðala- og skurðlækir.
Sjúkdómum kvenna og barna veitt sérstök umönnun.
WYNYARD, — SASK.

JOHN DUFF

PLUMBER, GAS AND STEAM FITTER
Alt verk vel vandað, og verðið rétt
664 Notre Dame Ave. Phone 3815
Winnipeg

Með því að biðja ætíðlega um "T.L. CIGAR," þá ertu viss að fá ágætan vindil.

T.L.

T.L. CIGAR
(UNION MADE)
Western Cigar Factory
Thomas Lee, eigandi Winnipeg

Redwood Lager og Extra Porter

Styrkið taugarnar með því að drekka eitt staup af öðrum hvorum þessum ágæta heimilis bjór, á undan hverri máltíð. — Reynið !!

EDWARD L. DREWRY Manufacturer & Importer Winnipeg, Canada.

Department of Agriculture and Immigration.

MANITOBA

Þetta fylki hefir 41,169,089 ekrur lands, 6,019,200 ekrur eru vötn, sem veita landinu raka til akuryrkjuþarfa. Þess vegna höfum vér jafnan nægan raka til uppskeru tryggingar.

Ennþá eru 25 miliónir ekrur óteknar, sem fá má með heimilisrétti eða kaupum.

Íbúatala árið 1901 var 255,211, nu er hún orðin 400,000 manns, hefir nálega tvöfaldast á 7 árum.

Íbúatala Winnipeg borgar árið 1901 var 42,240, en nú um 115 þúsundir, hefir meir en tvöfaldast á 7 árum.

Flutningstæki eru nú sem næst fullkomin, 3516 mílur járnbrauta eru í fylkinu, sem allar liggja út frá Winnipeg. Þrjár þverlandsbrauta lestir fara daglega frá Winnipeg, og innan fárra mánaða verða þær 5 talsins, þegar Grand Trunk Pacific og Canadian Northern bætast við.

Framför fylkisins er sjáanleg hvar sem litið er. Þér ættuð að taka þar bólfestu. Ekkert annað land getur sýnt sama vöxt á sama tímabili.

TIL FERDAMANNA :

Farið ekki framhjá Winnipeg, án þess að grenslast um stjórnar og járnbrautarlönd til sölu, og útvega yður fullkomnar upplýsingar um heimilisréttarlönd og fjárgróða möguleika.

R. P. ROBLIN,
Stjórnarformaður og Akuryrkjumála-Ráðgjafi.

Skrifið eftir upplýsingum til
Joseph Burke. 178 LOGAN AVE., WINNIPEG.
Jas. Hartney 77 YORK ST., TORONTO.

verið vönduð og heiðarleg í framferði sinu, en frá þessum tíma urðu þau enn trúræknari og alvörugefnari í dagfari sinu. Fóstursonur þeirra ólst að vísu upp við fátækt, en jafnframt var honum innrætt guðhræðsla og nægjusemi.

Anna stallsystir Knúts var dóttir auðmanns, sem Kröger hét, og bjó hann nærri kofa Páls. Það var ekki nema klettahöfði á milli húsanna, en því stærri munur var á lífskjörum eigendanna. Hús Krögers var það lang-stærsta og reisulegasta hús, sem var þar í grendinni, og fólk nefndi það almennt "Garðinn". Þar ríkti hann, sem annar nesjakonungur, og lét þá, er undir hann voru gefnir, óspart kenna á valdi sinu. Hann var ákaflega ágjarn og harður maður, sem með erfiði og sparnaði var orðinn það sem hann var. Hann hafði fyrst verið bóksali, en hafði nú hætt því starfi með öllu. Þó lágt væri, var það í margra munni, að ýms stærri fjárauka fyrirtæki, er hann af og til hafði með höndum, væri meira arðberandi en heiðarleg ; og þessi orðrómur, óljós og óákveðinn eins og hann var, leddist með varkárni um í hornunum, og varð enn tilfinnanlegri við það, að Kröger þóttist heyra til hinum "vöknuðu" eða "heilögu". — Hvílík þó vanbrúkun á orðum !

Jafnvel meðan Kröger var bóksali hafði hann hagnýtt sér trúarbragðahreyfingu nokkra til þess að "spekúlera" í guðfræðinni. Hann smeygði sér inn í þennan nýmyndaða söfnuð, sem nefndi sig "Hinir kristnu vinir", og hann skreytti sig svo dyggilega með lánuðum fjöðrum, að enginn tók eftir úlfinum í sauðargærunni. Og þó var hann eiginlega ekki velmetinn af neinum, því persónuleg viðfeldni og mannúð hafði líka sína þýðingu í trúarlífinu. Hann gaf út ýmsa andlega bæklinga, og græddi á því stórfé, og er hann auglýsti þessi rit sín, þá gleymdi hann

aldrei að geta þess, að nafn höfundarins hefði ætíð verið mikils metið í hinni lútersku kirkju. En hin óseðjandi ágirnd hans kom honum til að gera sig sekan í samningsrofi, og þá opnuðust augun á hans kristnu vinum, og það jafnvel hinum allra-tryggustu og trúgjörnustu. Hann var gerður rækur ur hjörðinni eins og kláðakind. En hann var ekki lengi að fá sér aðra samlagsbræður, sem ekki voru eins viðkvæmir eða tiltektasamir.

Þar eð Kröger hafði fylt bæði hirzlur sínar og hjarta með gulli, þá má nærri geta, að þar var ekki mikið rúm fyrir Önnu litlu, aumingjann. Hún hafði mist móður sina meðan hún var barn að aldri, og það var ekki mikið ljós eða varmi, sem föðurástin breiddi yfir æskulíf hennar. Faðirinn var eins og myrkur, helkaldur skuggi, sikaldur og óþýður í orði og viðmóti, sem barnstárin, þögul og brennheit, höfðu ekki fremur áhrif á en frosna jörð. En hið unga blóm hafði verið vel hirt í fyrstu við móðurhjartað ; þar hafði það hvílt nógu lengi til þess, að endurminningin um það veitti því styrk og il. Og það sem enn meira var um vert, að litla stúlkan hafði erft hina viðkvæmu, góðu og hreinu sál ásamt fögrum líkama móður sinnar, því hún var að sínu leyti eins góð og fagir hennar var vondur. Þegar hinar barnslegu, hlýju og saklausu tilfinningar hennar sneru sér frá heimilinu, hvar engin næring fanst fyrir þær, þá fann hún nóg hjörtu. Þó var það einkum í fiskimannskofanum, þar sem hjörtun voru eins rúmgóð að sínu leyti eins og húsakynnin voru lítil. Kröger lofaði henni að fara hvert sem hún vildi, og milli Knúts og hennar mynduðust við æskuleiki þeirra þessar tilfinningar, sem þrátt fyrir allar seinni skilnaðarstundir hafa í flestum tilfellum mikla og djúpsæa þýðing fyrir framtiðina, vegna þess, að þá fyrst vaknar í tveimur saklausum sálum meðvit-

undin um hina æðri krafta lífsins, — um þá þrá, farsæld og ást, sem það getur í sér falið.

Knútur var þremur árum eldri en Anna. Frá þeim Páli og Ingibjörgu hafði hann snemma öðlast hið knýandi framsóknarafl, sem reynsla og kyrlát alvara gefur barnshjartanu. En hann fann líka snemma, að það hlaut að vera til annað afl, eins sterkt en miklu viðkvæmara. Nær þessi litli og fátæklegi fiskimannsdrengur mætti hinni litlu en viðmótsbliðu stúlku frá herragarðinum, varð hún fljótlega ljósálfurinn hans. Hann drógst eins og ósjálfrátt þangað, sem hún var, eins og flugan að ljósinu. Hann varð að hafa hana nærri sér, og þó fanst honum, jafnvel er þau léku saman, hún vera sér svo fjarlæg. Hún var þess vegna þegar á barnsaldri einungis sem brúðan hans, er honum fanst þó ekki vera eign sín. Það var eins og eitthvað vantaði, en lengi vissi hann ógerla, hvað það var. Þó var hann innilega ánægður að leika sér við hana, og stoltur yfir, að róa með henni. Seinna fann hann, hvað vantaði. Meðvitundin um, að vera að eins verndarj annars, er alt of litið fyrir heilt hjarta.

Knútur var alls ekki eitt af þessum fundnu börnum, sem skáldsögurnar þurfa mörg blöð til að lýsa, og útmála öll þau einkenni, sem sýna, að þau séu aðalborin og af því komin á ranga hillu í lífinu. Það var ekkert skáldlegt við Knút, hann var að eins sem fátækur Norðurbúi, en með hinn náttúrlega, meðfædda sálar-aðal, sem eins vel finst í kotinu eins og konungshöllinni. Hann var framgjarn og góðlyndur. Hann horfði beint á lífsleiðina, likt þeim, er starir út á sjóinn, þar sem hafið takmarkar sjóndeildarhringinn. Knútur hneigðist að sjónum og horfði út á hann, og ímyndaði sér, að hann væri skip, er hefði í sér fólgið það afl, sem yrði brúkað fyrir segl, og viljaþrek, sem gæti stýrt því. Hann

hugsaði um ætt sína, er hann ekki þekti, og hjá honum vaknaði sama löngun og söguhetjunum, sem álitu, að þær hlytu að fara af stað og vinna eitthvað til fjár og frægðar, sem þeir þó ekki höfðu minstu hugmynd um, hvað verða mundi eða hvar, hvort heldur fyrir austan sól eða sunnan mána, en sem hlyti þó að finnast og vinnast.

Þessar hugsanir ollu því, að hann gekk á stundum eins og í leiðslu, sem fósturforeldrar hans höfðu þó enga hugmynd um, og hin fjöruga Anna ekki heldur, — og þó var það mynd hennar, sem ávalt, en honum nær óafvitandi, var ofin inn í alt hans hugmyndasmíði.

Æskan liðar skjótt. Alt var við það sama, þar til Anna var orðin 17 en Knútur 20 ára. Í Knúts augum var hún enn hið sama barn, og þó hugsjónir hans væru orðnar skarpari með aldrinum, þá var það mjög óákveðið með tilfinningar hans Önnu viðvíkjandi. En svo kom atvik fyrir, sem hann hafði aldrei dreymt um,— þangað kom kaupmaður úr borginni og bað hennar.

Að nokkur mundi biðja Önnu, hafði honum aldrei til hugar komið. Hún hafði ætíð verið svo fast innlimuð í hans tilbreytingarlausa hugsanaheim, — svo þetta óvænta tilfelli, að ókendur meiriháttar maður skyldi nú koma og taka hana til sín, burt frá öllum, datt ofan yfir hann með voðalegu afli. Nú varð hann þess fullviss, að hann elskaði hana heitt og innilega, og hann sá nú helzt of vel hið ómælanlega djúp, sem var á milli þeirra. Hvernig átti hann að komast yfir það? Þessi spurning og þar af leiðandi hugsanir, leit út fyrir, að yrði honum ofurefli. Það leið langur tími áður en hann hafði nokkuð afráðið í þessu eini.

Kaupmaðurinn, biðill Önnu, var ríkur, og stóð í verzlunarsambandi við Kröger, hvers einahagur í

FAGRIR VÆNGJAÐIR VINIR

Vér höfum nýlega fengið mesta fjölda af allskyns Svraut-Fuglum, Hundum, Svraut Fiskum og Öpum, og af því fyrri afláttarsala reyndist svo vel, ætlum vér að endurtaka hana um vikutíma.

VERÐIÐ ER SEM FYLGIR:

Þýzkir, tamdir Canary Fuglar, vanaverð $6.00. Nú seldir á $2.50

Ungir Hartz Fjalla Canary Fuglar, Vanaverð $4.00 Nú $1.35

Ástralíu Ástarfuglar, fegurstu fuglar í heimi, — vanaverð $8.00–$ 0.00 parið. Nú $4 parið

Brazilíu Cardinal Söngfuglar, vanaverð $10.00. Nú $5.00

Talandi Páfuglar ungtamdir, alt ungir fuglar, vanaverð $15–$20 Nú $5.50

Stórir Goldfiskar 10c hver. Fiskkúlur 10c og yfir. Fugla búr 75c og yfir.

Vér höfum hópa af Öpum, Hundum, Squirrels, Hérum Músum, o. fleira. Vér bjóðum alla velkomna að skoða búðina vora. Umboðsmenn pantanir fljótt afgreiðlar og sendar til allra staða í Canada.

WINNIPEG BIRD STORE

J. Hirsch, Manager. 354 Portage Ave

HAVERGAL COLLEGE

WINNIPEG

HEIMILIS- OG DAGSKÓLI FYRIR STÚLKUR, MEÐ "KINDERGARTEN" DEILD.

KENNSLU GREINAR

Undirbúningur kennsla til háskóla, með sérstakri áherzlu á Music og Listir. Nú, og fyrverandi nemendur vorir, hafa hlotið fregðarorð við Toronto Conservatory og College of Music og Royal Drátlistar skólann. Líkams æfing er ein kenslugreinin. Skautasvell, allskonar útbúnaður fyrir leiki, alt á skólaflötinni. Upplýsinga skrá veitir forstöðukonan, MISS JONES, L. L. A., St. Andrews [Scotland].

KENNSLA BYRJAR Þriðjudag 21. SEPT.

VJER BJÓÐUM 100,000 HLUTI Í

Dominion Ores Limited

FYRIR TUTTUGU OG FIMM CENT HVERN HLUT

HÖFUÐSTÓLL 250,000. — AÐEINS EINN TÍUNDI AF MEÐAL COBALT FÉLÖGUM

200 Ekrur -- 12 Æðar fundnar

Málmgrjót flutt úr 2 æðum á yfirborði. SEX ÆÐAR má nálgast með 75 feta þverskurði frá holubotni. Er áfast við WHITE RESERVE námann hjá Maple fjalli, og liggja þaðan margar auðugar málmæðar, og biður grjót úr þeim útflutnings. Auðlegð æðanna er ákveðin 150 fet niður. Hlutir í Dominion Ores Limited eru ódýrir með tilliti til höfuðstóls upphæðar, ekrutals og málmauðlegðar í æðunum. Ágóðinn ætti að verða meiri af því, að höfuðstóllinn er lítill. Önnur félög borga háan ágóða á 1 til 7½ milíón dollara höfuðstól. Það er því ljóst, hvers vænta má frá DOMINION ORES.

Vér óskum, að þér vilduð vera með oss í þessu gróða fyrirtæki í Cobalt héraðinu. Stjórnendurnir og ýmsir business menn hafa, eftir að hafa skoðað staðinn, sannfærst um, að hér sé bezta gróða-fyrirtæki ársins. Breytið eftir ráðleggingu Rothschilds: "Gerið kjörkaupin strax, ef þér viljið auðgast" þetta félag hefir framtakssama stjórn og mun breyta ráðvandlega við yður.

Sendið hluta-pantanir yðar gegn um einhvern áreiðanlegan umboðsmann. Prentaðar upplýsingar og uppdrættir ef æskt er.

DOMINION ORES LIMITED

411-12 Union Bank Building, -- Winnipeg, Man.

Úr heimi hugans.

Margt er nú rætt og ritað um kjör kvenna, hæfileika, möguleika og réttmæti þeirra til að njóta sömu réttinda og karlmenn. Allur fjöldi hugsandi manna viðurkenna nú orðið, að kvenfólkið ætti að hafa sama rétt og karlmenn. En um hitt er ágreiningur, hvort rétt sé, að leysa fjötur þeirra strax. Sumir eru hræddir um, að kvenfólkið sé haftsárt og reynist illa til göngu. þær eru álitnar sjóndaprar af langri dvöl í dimmum fanga-klefum. Hefnigirni þeirra óttast margir hinna hugdeigari og grunnhygnari manna. Þeir óttast, að hefnd þeirra muni verða tilfinnanlegust í því, að þær hætti gersamlega að giftast.

En þetta ætti ekki að vera mjög voðaleg tilhugsun, að minsta kosti ekki fyrir þann hluta manna, sem halla sér að þeirri skoðun, að hjónabandið sé stofnað einungis fyrir konur. En svona hugsa ekki allir, það getum við, sem unnum kvenréttindum, sagt með fullvissu og sannri hjartans ánægju, því við vitum, að stór hópur hinna göfugustu og beztu drengja lita öðruvísi á mál okkar kvenfólksins. Þessir menn eru mannfélagsvinir. Þeir eru vinir réttlætisins.

Þeir álíta, að velsæmis tilfinning sú, sem hefir bent okkur á okkar erfiða og takmarkaða verkahring, að vera skyldurækna, ástúðlegar, brjóstgóðar, umburðarlyndar og þrautseigar, — muni fylgja okkur inn á hinn stærri verkahring, og okkur muni ekki tiltölulega oftar skrika fótur né við gefast upp við hálfrunnið skeið, heldur en bræður okkar karlmennina, sem ala þá tilfinning í huga sér, að ýms strákapör og ódrenglyndi sé afsakanlegt og jafnvel óaðfinnanlegt, vegna þess, að það var karlmaður, sem framdi það.

Blindleika okkar óttast vinir okkar ekki, því þeir vita, að klefar okkar hafa ekki verið eins vel hirtir í seinni tíð, og á þeim eru margar glufur, sem blessuð sólin hefir sent sína vermandi, lýsandi geisla inn um. En glegst finna þeir til hins hlýja bróðurkærleika, sem innilega fagnar yfir því, að sjá saklausan fanga leystan sem fyrst, taka í hönd honum og leiðbeina ef þörf gerist.

Ég hefi nú lítillega minst á skoðanir karlmanna í kvenréttindamálinu. En hvað líður nú kvenfólkinu sjálfu? Vinnur það alt að réttarbót sinni? Því miður verður að svara þeirri spurningu neitandi. Að eins nokkur hluti þeirra kunna að meta kjörgrip þann, er þær hafa verið ræntar. Aðrar hugsa ekkert um hann, — þær eru hræddar við, að sjá kvenfólkið neyta atgerfisins landi og þjóð til heilla.

Frelsisbarátta enskra kvenna hefir vakið eftirtekt um allan hinn mentaða heim. Sumir dáðst að þeim, aðrir bregða þeim um frekju og álíta, að þær spilli fyrir sínu eigin máleini. En hverju er að spilla? Hvaða réttarbót fengu þær meðan þær þögðu? Þær sömdu bænarskrá. Er það frekja? Þær báðu um málfrelsi og áheyrn. Er það frekja? Og hvað fengu þær? Þær voru hræddar, fyrirlitnar og þeim var misþyrmt.

Hvað mundu karlmenn hafa gert undir svipuðum kringumstæðum? Eða hvað gera þeir. Þegar þeim þykir rétti sínum hallað, eða ef þeir vilja fá fárra centa kauphækkun? Þeir brúka hnífa, byssur og sprengikúlur. Þeir mundu vera búnir að sprengja upp þinghús Breta með dynamit, og væri slíkt athæfi kölluð karlmenska og dugnaður, ef karlmenn ættu í hlut.

Eitt er ég fullviss um, hvað sem Halldór og hans skoðanabræður og systur segja, að sá tími kemur, að framkoma enskra karlmanna í kvenréttindamálinu þykir hin mesta skömm, og þjóðin sjálf mun blygðast sín fyrir breytni manna sinna eins lengi og ensk tunga verður töluð.

Þegar ég heyri talað um hugrekki og ró enskra karlmanna í viðureign þeirra við kvenfrelsiskonur, dettur mér í hug dálítið atriði.

Lítil stúlka, á að gizka 8 ára, lék sér við ofurlítinn ketling við húsdyrnar hennar mömmu sinnar. Mamma hennar hafði hlaupið í búð. Litla stúlkan talaði og gerði ýmsar gælur við kisa, og hvorugt sýndist vita í þennan heim né annan fyrir ánægju. En ánægjan stóð ekki lengi, því stór, slánalegur strákur kom hlaupandi til þeirra, greip köttinn og kreisti hann með stóru lúkunum, og sagði að hann væri ljótur. Litla stúlkan tók upp fyrir köttinn sinn, sagði að köttur inn sinn væri fallegur, en strákurinn ljótur. Þau fóru nú að ýtast á í orði. Strákurinn fanst hann verða undir í orði og hugsaði að hefna sin. Hann fór nú að kvelja kisa, kreista á honum eyrun, toga í skottið á honum og kveikti á eldspítu og brendi af honum skeggharin. Litla stúlkan skalf og svitnaði af meðaumkvun með kisa og bað strákinn að sleppa honum, og þú, strákurinn þinn, sem varst fermdur í gær, þú ættir ekki að fara illa með skepnurnar. Strákur kvaðst skyldi sýna henni, heiðingjanum, hvort hún skyldi atyrða sig fyrir ekkert. Og tók hann nú að kvelja köttinn á allar lundir. — Stúlkan þoldi ekki mátið, flaug á strákinn, rak í hann fæturna og þreif af honum húfuna. Strákur tók upp húfuna drembilega og setti á höfuð sér, og kvaðst mundi kvelja kisa hennar því meir. — Stúlkan bað hann þá með tárin í augunum, að gera það ekki, en strákur hélt sér væri sama, þó hún skældi, hann skyldi drepa köttinn hennar, og tók sjálfskeiðing upp úr vasa sínum. En í sömu andránni sá hann, hvar móðir stúlkunnar kom, hvarf þá alt hugrekkið. Hann slepti kisa og hljóp sem fætur toguðu.

Það er svo undur lítilsvirði, að vera hugrakkur og rólegur, þegar engin er hættan. Hugrekki og ró enskra karlmanna er af líku tagi og þessa óþverrastráks. Þeir hafa góða ástæðu til að vera rólegir, þar sem aflið er alt á þeirra hlið, — lögin, vaninn, biblían og herinn. Karlmennirnir eru alvopnaðir á móti kvenfólkinu varnarlausu og bundnu á höndum og fótum. Ég vil segja um Englendinginn, sem fótumtreður rétt móður, systur, dóttur og konu, eins og Sigurður Breiðfjörð sagði um Kaffon:

"Ég við kvenna Júdasinn
jagast nenni ekki um sinn,
— til hans renna foragt fínn.
Fela penna vil ég minn".

Á að bíða með að gefa konum frelsi, þangað til allar konur eru ordnar mentaðar og óaðfinnanlegar? Eða eru allir karlmenn mentaðir og óaðfinnanlegir?

Bænarskráin, sem samin var og send til þings Breta, þar sem fjöldi enskra kvenna biðja um, að konum sé ekki veitt jafnrétti við karlmenn, minnir mann á skrílsorgið, sem flestir menn hafa heyrt getið um: Krossfestu, krossfestu hann!

Eitt af því, sem mest er kvartað yfir nú á dögum, eru vændiskonurnar. Við þær ræðst nú ekk, neitt. En hvers vegna eru vændiskonur? Mundi nokkur vændiskona vera til, ef allir karlmenn væru skírlífir? Ég ætla að leyfa mér, að svara þeirri spurningu neitandi. Fjöldi karlmanna af öllu tagi heimsækja þessar fráviltu ólánskonur, samstemma sína ánægju strengi við þeirra, freista þeirra með peningum og skjalli, og verða þannig ósjálfrátt orsök í að viðhalda og efla þennan óheillavænlega félagsskap. Margt af þessum karlmönnum eru giftir menn, sem flytja bæði andlega og líkamlega ólyfjan heim til konu og barna.

Hvað er svo gert við þessa ólifnaðarseggi? Ekkert, alls ekkert. Þeir eru hafðir í heiðri og ekki minst á neitt, en ef minst er á það, þá er það álitinn svo sem sjálfsagður heldri manna móður, að heimsækja húsin. Hér er réttlæti, sem vert er um að tala: — Tvær persónur, sem báðar eru sekar um sama brot, — annari er hengt með fjárútlátum og fangelsi, hin er borin á höndum sér og álitin án allra saka.

Lögregluþjónninn þjónar fýsnum sínum með lausakonunni, dregur hana svo fyrir lög og dóm fyrir óskirlífi. Hinn velaldi þingmaður dvelur hjá vændiskonunni næturlangt eða vel það, keyrir síðan til þinghússins í spegilfögrum, lokuðum vagni, og hraðar sér, sem mest hann má til sætis sins í þingsalnum, og tekur fyrsta tækifæri, sem gefst, til að flytja brennandi hirtingarræðu út af ólifnaði kvenna, og sem honum býður svo mjög við.

Ekki þarf skarpa sjón til að sjá, að hér er eitthvað rangt. Ef vændiskonan er sek, því er ekki laushætisseggurinn það líka? Ef vændiskonunni er hengt, því er ekki laushætisseggnum hegnt líka? Því er ekki náð í eins marga af þeim, sem heimsækja vændiskonur, eins og hægt er, og þeim hegnt á sama hátt og vændiskonunum, með einangrun, fangelsi og fjárútlátum, og með því, að þeir ættu ekki að álítast hæfir til að skipa ábyrgðarmikil sæti í mannfélaginu.

Hver veit, — máske engin vændiskona væri til, ef konur hefðu hafst tækifæri á, að sitja í eins vel launuðum embættum eins og karlmenn.

Eitt er víst, að ekki er vandi að sjá hið nána samband, sem er milli guðsins hans séra Leós og þeirra, sem lögin semja, guðsins, sem gefur út lög, sem hann vill ekki vera háður sjálfur, — guðsins, sem býður þegnum sínum að vera svo mildir og góðir í dag, að þeir megi ekki mýsþyrma flugu, en á morgun svo grimmir, að þeir rífi hver annan sundur lifandi og hafi sér til gleði kvala- og dauðateygjur ungbarna og neyðaróp mæðranna.

ELÍN.

Þeir eru ánægðir með skrautblaðið.

"Ritstjóri Hkr.. — Beztu þökk fyrir stóra blaðið með öllum mynd unum og lýsingu á starfsemi Manitoba Búnaðarskólans. Þetta 24. bls. blað hlýtur að hafa kostað mikla fyrirhöfn og peninga. Ég tel eintakið 50 centa virði, og sýnir það hugulsemi við kaupendurna að gefa þeim slíkt aukablað. Ég lít svo á, að Heimskringla ætti að verða keypt á hverju vestur-ísl. heimili.

Búnaðarskólablaðið var bæði skrautlegt og fróðlegt, og ánægjulegt að sjá myndirnar af þeim mönnum, sem skara fram úr í stærstu atriðum búnaðarins, og ávi frekar, sem vér þektum suma þeirra sem okkar bygðarmenn. Það gladdi þá vissu í huga minum, að vér eigum hér í okkar hópi menn og konur, sem eru jafnokar þeirra í hinum nýlendunum, sem meira hefir borið á. Ég hefi lengi vitað, að hér eru til prýðisvelrirhæfir menn, þó héðan komi minna af fréttum eða rirgerðum í blöð okkar, heldur enn úr sumum öðrum íslenzku bygðunum. Greinarnar um búskap eftir herra Jóhannes Einarsson eru einkar fróðlegar, og sama er að segja um grein ungfrú Hinriksson, — ég tel það ágæta ritgerð, þarflega og fróðlega. Svo um fjárgöngur og réttir eftir Kr. A. Benediktsson. Það var góð lýsing og reglulega skemtileg fyrir okkur gömlu mennina, sem geyma þær hugljúfu endurminningar í brjósti, og ég man ekki aðrar stundir skemtilegri á lífsleið minni en einmitt þetta réttar-drasl. Lýsingin var rétt og óhlutdræg, eins og margt fleira eftir þann höfund, sem sést hefir í Heimskringlu.

Og þú, herra ritstjóri, — ég vona þér endist aldur til, að gleðja okkur sem lengst, bæði með þínum lipru og frjálslyndu ritstjórnargreinum og öllum fréttum og samtali "Orra", og fleiru. Eins vona ég, að sem flestir Vestur-Íslendingar láti þig í verkinu njóta sanngirnis, bæði með því, að gerast kaupendur að blaðinu og að borga það skilvíslega, því það ættu allir að gera.

Churchbridge, Sask., 2. sept. '09.
Björn Jónsson".

"Ritstj. Hkr. — Ég þakka mjög vel fyrir skrautblað Heimskringlu, það er vandað í alla staði. Engan ritdóm ætla ég að semja um það. En ekki get ég að því gert, að þakka Kr.Á.B. fyrir "Fjárgöngur og réttardaga". Það yngir víst upp marga af okkur gömlu körlunum, að lesa þá ritgerð. Ég man svo langt, að ég kendi sárt í brjósti um þá heldri manna syni, sem voru dæmdir frá þeirri ánægju, að fá að fara í göngur. Ég man eftir fullorðnum manni, sem sagði mér hreinskilnislega, að hann öfundaði sjálfan sig af, að fara í eftirleit í afdal, sem gengur inn í einn jökulinn á Íslandi.

Þökk fyrir skrautblaðið.

J. Halldórsson.

Nebraska, 4. sept. 1909."

"Ritstj. Hkr. — Um leið og ég fór á lestina sunnan við 'línuna', rétti vinur minn mér Búnaðarskólablað Heimskringlu, og ég las það á lestinni.

"Ég álít það langmerkasta íslenzka blaðið, sem út hefir verið gefið. Það gnæfir sem minnisvarði upp úr djúpi þessa tíma um komandi aldir. Myndirnar eru ágætar, svo varla fást betri í Vesturheimi. Ritgerðirnar um Búnaðarskólann eru þarflegar og góðar. Darwinsgreinin er ágæt. En "Fjárgöngur og réttardagar" K.Á.B. er mér hugljúf og ógleymanleg grein. Þar fer máleini og framsetning saman, eins og alt, sem ég hefi lesið eftir K.Á.B. Sögustillinn lætur honum snildarlega, og kemst þar fár eða enginn nær af Vestur-Íslendingum.

Já, beztu þökk fyrir Heimskringlu fyr og nú, í það heila tekið. — Fyrirgefið og lesið í málið þessa umsögn mína.

Á ferð 6. sept. 1909.

Kristgr. Andrésson

"Vinur B.L.B. — Vel leist mér á síðasta blað Heimskringlu, — skrautblaðið. Það er meira en skrautblað. Það er mesta nytsemdarblað, sem út hefir verið gefið á íslenzku vestanhafs. Bændunum ætti að þykja sérlega vænt um það, og þeir ættu að launa þér útgáfuna með því að gerast kaupendur í stórhópum, — þeir, sem ekki hafa verið það áður. — Það er vissulega ekki til of mikils mælst, þó mælst sé til þessa. — Fyrir utan hinar mjög svo fræðandi ritgerðir búnaðarskóla kennaranna og lýsingu á skólanum og öllu, er honum tilheyrir, eru greinar þeirra bændanna Jóh. Einarssonar og S. M. S. Askdals mjög mikilsvirði. Það er ánægjulegt, að sjá sjálfmentaða bændur tala um svo mikilsvarandi máleini sem landbúnaðurinn er af jafnmikilli þekkingu sem þeir gera og hafa gert (nfl. hr. Askdal í vetur með greinum sínum "Samtal um búskap". Þetta fyrirkomulag, sem Hkr. hefir nú byrjað á, að fá bændur með þekkingu til að rita um búskap, þyrfti að halda áfram og aukast".

Mörg fleiri bréf hafa Heimskringlu borist, sem öll ganga í sömu átt, en yrðu of langt mál að prenta.

Úr ýmsum áttum.

— Ríkisstjóri Johnson í Minnsota hefir orðið að ganga undir holdskurð á Rochester spitalanum þann 15. þ.m. Þetta er í fjórða skiíti, sem hann hefir orðið að þola holdskurð. Mælt er, að krabbameinsemd sé orsökin. Lækn ar gera sér von um, að treina líf hans enn um stund.

— Amerikumaðurinn Glenn Curtiss hefir á ný unnið 9 þús. dollara í verðlaunum fyrir loftflug í samkbæpni við annara þjóða menn. Kappflugið fór fram í Brescia á Frakklandi 12. þ.m.

— Steinlims eða Cement-félögin í Canada hafa nýlega sameinað sig í eitt félag með þeim ásetningi, að koma í veg fyrir samkeppni í framleiðslunni, að minka framleiðslukostnaðinn og auka gróðann af framleiðslunni. Hve mikill samanlagður höfuðstóll þessara félaga er, er ekki algerlega ákveðið enn þá, en nýja félagið auglýsir til sölu 5 milíón dollara virði af hlutabréfum, sem það selur á 93c hvert dollarsvirði, og lofar 7 prósent árlegum vöxtum, borgað hluthöfum á hverjum 3 mánuðum. Áætlaður ársgróði þessa nýja félags er $1,200,000.

LEIÐBEININGAR--SKRA

YFIR ÁREIÐANLEGA VERZLUNARMENN Í WINNIPEG

MUSIC OG HLJÓÐFÆRI

CROSS, GOULDING & SKINNER, LTD.
323 Portage Ave Talsími 4415

MASON & RISCH PIANO CO., LTD.
356 Main Stree Talsími 480
W. Alfred Albert, Íslenzkur umboðsmaður

WHALEY ROYCE & CO.
356 Main St. Phone 263
W. Alfred Albert, hljóðfærafræðingur.

BYGGINGA- og ELDIVIÐUR.

J. D. McARTHUR CO., LTD.
Bygginga- og Eldiviður í heildsölu og smásölu.
Sölust: Princess og Higgins Tals. 3060, 3061, 3062

MYNDASMIÐIR.

G. H. LLEWELLIN,
"Medallions" og Myndarammar
Starfstofa Horni Park St. og Logan Avenue

SKÓTAU Í HEILDSÖLU.

AMES HOLDEN, LIMITED.
Princess & McDermott. Winnipeg.

THOS. RYAN & CO.
Allskonar Skótau. 44 Princess St.

THE Wm. A. MARSH CO. WESTERN LTD.
Framleiðendur af Finu Skótaui. Talsími: 3710
88 Princess St. "High Merit" Marsh Skór

RAFMAGNSVÉLAR OG ÁHÖLD

JAMES STUART ELECTRIC CO.
324 Smith St. Talsímar: 3447 og 7802
Fullar byrgðir af alskonar vélum.

GOODYEAR ELECTRIC CO.
Kellogg's Talsímar og öll þarðfólst. áhöld
talsími 3023. 56 Albert St.

RAFMAGNS AKKOKÐSMENN

MODERN ELECTRIC CO
412 Portage Ave Talsími: 5658
Viðgjörð og Vir-lagning -- allskonar.

BYGGINGA - EFNI.

JOHN GUNN & SONS
Talsími 1271 266 Jarvis Ave.
Höfum bezta Stein, Kalk, Cement, Sand o. fl.

THOMAS BLACK
Selur Járnvöru og Bygginga-efni allskonar
76–82 Lombard St. Talsími 600

THE WINNIPEG SUPPLY CO., LTD.
298 Rietta St. Talsímar: 1936 & 2187
Kalk, Steinn, Cement, Sand og Möl

BYGGINGAMEISTARAR.

J. H. G. RUSSELL
Byggingameistari.
í Silvester-Willson byggingunni. Tals: 1068

PAUL M. CLEMENS
Bygginga - Meistari, 443 Maryland St.
Skrifst.: Argyle Bldg., Garry st. Talsími 5997

BRAS- og RUBBER-STIMPLAR

MANITOBA STENCIL & STAMP WORKS
421 Main St. Talsími 1880 P. O. Box 244.
Búum til allskonar Stimpla úr málmi og togleðri

CLYDEBANK SAUMAVÉLA AÐGERÐARMAÐUR. Brúkaðar vélar seldar frá $5.00 og yfir
564 Notre Dame Phone, Main 8624

VÍNSÖLUMENN

GEO. VELIE,
Hei ðsölu Vínsali. 195, 197 Portage Ave. E.
Smá-sölu talsími 352. Stór-sölu talsími 404.

STOCKS & BONDS

W. SANFORD EVANS CO.
326 Nýja Grain Exchange Talsími 369

ACCOUNTANTS & AUDITORS

A. A. JACKSON,
Accountant and Auditor
Skrifst.—28 Merchants Bank. Tals.: 3702

OLÍA, HJÓLÁS-FEITI OG FL.

WINNIPEG OIL COMPANY, LTD.
Búa til Stein Olíu, Gasoline og hjólás-áburð
Talsími 1590 611 Ashdown Block

TIMBUR og BÚLOND

THOS. OYSTAD, 208 Kennedy Bldg.
Viður í vagnhlössum til notenda, búlönd til sölu

PIPE & BOILER COVERING

GREAT WEST PIPE COVERING CO.
132 Lombard Street.

VÍRGIRÐINGAR.

THE GREAT WEST WIRE FENCE CO., LTD
Alskonar virgirðingar fyrir bændur og borgara.
76 Lombard St, Winnipeg.

ELDAVÉLAR O. FL.

McCLARY'S, Winnipeg.
Stærstu framleiðendur í Canada af Stóm, Steinvöru [Graniteares] og fl.

ÁLNAVARA Í HEILDSÖLU

R. J. WHITLA & CO., LIMITED
264 McDermott Ave Winnipeg
"King of the Road" OVERALLS.

BILLIARD & POOL TABLES.

W. A. CARSON
P. O. Box 225 Room 4 1 Molson Banka.
Öll nauðsynleg áhöld. Ég gjöri við Pool-borð

NÁLAR.

JOHN RANTON
203 Hammond Block Talsími 4670
Sendið strax eftir Verðlista og Nýnishornum.

GASOLINE Vélar og Brunnborar

ONTARIO WIND ENGINE and PUMP CO. LTD
301 Chamber St. Sími: 2988
Vindmillur -- Pumpur -- Ágætar Vélar.

BLÓM OG SÖNGFUGLAR

JAMES BIRCH
442 Notre Dame Ave. Talsími 2638
BLÓM - allskonar. Söng fugla o. fl.

BANKARAR.GUFUSKIPA AGENTR

ALLOWAY & CHAMPION
North End Branch: 667 Main street
Vér seljum Avísanir borgunlegar á Íslandi

LÆKNA OG SPÍTALAAHÖLD

CHANDLER & FISHER, LIMITED
Lækna og Dýralækna áhöld, og hospitala áhöld
185 Lombard St., Winnipeg, Man.

Skrifið yður fyrir HEIMSKRINGLU svo að þér getið ætíð fylgst með aðal málum Íslendinga hér og heima.

Gamla Félagið

HEINTZMAN & CO. PÍANÓ

HID MESTA allra Canadizkra hljóðfæra og tígildi þeirra sem bezt eru smíðuð í nokkru landi heimsins. Hinir frægustu tónfræðingar hafa á ferðum sínum um Canada jafnan valið HEINTZMAN & CO. PIANO til nota á söngsamkomum sínum.

De Pachmann, Albani og aðrir, hafa lokið miklu lofsorði á Heintzman & Co. Píanó.

Selt í Winnipeg eingöngu hjá —

J.J.H. McLean & Co.
LIMITED
528 Main St. — Phone 808

Hafið þér komið í Nýju Dry Goods Búðina?

STEEN & CO.
641 Notre Dame
(áður á Isabel St.)

Verzla með alls konar lérept og álnavöru af nýjustu og beztu gerð. Venjið yður á, að koma í búð vora, — það skal borga sig fyrir yður. — Oss er jafnan ánægja í, að sýna vörur vorar, og vér óskum sérstaklega, að eiga viðskifti við okkar mörgu íslenzku vini.

Vörurnar eru eins góðar og ódýrar eins og nokkursstaðar í borginni.

PHONE, MAIN 1804

STEEN & CO.
Horni Notre Dame og Sherbrooke

Húðir og ógerfuð Loðskinn

Verzlun vor er vor bezta auglýsing. Sendið oss húðir yðar og loðskinn og gerist stöðugir viðskiftamenn.

Skrifið eftir verðlista.

The Lightcap Hide & Fur Co., Limited
P.O. Box 1092 172-176 King St Winnipeg
16-9-10

Gólfteppa Hreinsun

Vér stoppum og þekjum gamla stóla, legubekki og fleira. — Flyt húsgögn og geymi þau yfir lengri eða styttri tíma. —

W.G. Furnival
312 Colony St. Phone 2041.

Fréttir úr bœnum.

Herra Skúli Johnson fór héðan í fyrra kveld áleiðis til Oxford háskólans á Englandi. Hann siglir á morgun frá Quebec til Liverpool með C.P.R. skipinu Empress of Ireland. Hann á að stunda nám við háskóla þennan um næstu 3 ár, en kostnaðurinn borgast af Rhodes sjóðnum, sem settur hefir verið til styrktar þeim háskólanemendum, sem á námstímabili sínu heimafyrir hafa skarað fram úr öðrum sambekkjingum sínum. Heimskringla óskar Skúla góðrar farar og heillar afturkomu.

Northcliffe lávarður, sem hér hefir verið að ferðast um Vestur-Canada um sl. nokkrar vikur, er ekki vel ánægður með fregnsamband það, sem kanadisku blöðin hafa við umheiminn. Hann hefir því gert það tilboð, að hann skuli sjá um, að Canada blöðin, eða þau þeirra, sem hafa samtök til að þiggja boð hans, fái fregnir af þeim viðburðum, sem getið er um í brezku stórblöðunum London Times og Daily Mail, 5 kl.stundum áður en þær fregnir berast út í nefndum blöðum nú. Northcliffe lávarður er eigandi nefndra blaða í Lundúnum, og hugmynd hans er, að Canada blöðin hafi einn sameiginlegan fregnrita í Lundúnum, sem hafi frjálsan aðgang að fyrstu próförkum blaðanna Times og Mail, og geti svo símað fregnirnar vestur yfir hafið svo tímanlega, að þær komi út í Canada blöðunum eins snemma og þær koma út á Englandi. Fyrir þessa greiðvikni ætlar hann enga borgun að setja.

Á þriðja hundrað piltar hafa þegar beðið um inntöku á Búnaðarskóla Manitobafylkis fyrir komandi kenslutímabil. Flestir eru piltarnir frá Manitoba, en nokkrir úr Saskatchewan og Alberta fylkjunum og einn alla leið frá Skotlandi. — Íslenzkir bændur í Vestur-Canada ættu ekki að verða eftirbátar allra annara manna í því, að senda syni sína á skóla þennan, — nema þeir séu fastráðnir í því, að veita þeim ekkert tækifæri til að ná þeirri búfræðislegu þekkingu sem geri þeim mögulegt, að keppa við framtíðar keppinauta þeirra.

Ljóðasafn Stephans G. Stephanssonar skálds, sem nokkrir Íslendingar í Vesturheimi hafa látið prenta í Reykjavík, og getið var um hér í blaðinu í vikunni sem leið, er enn ekki komið hingað til sölu, en væntanlegt á hverjum degi úr þessu. — Auglýsing viðvíkjandi útsölunni kemur væntanlega í næsta blaði.

LEIÐRÉTTING. — Í æfiminning Gísla Sæmundssonar Borgfjörðs sál., sem prentuð var hér í blaðinu fyrir skömmu, er þess getið, að Sæmundur faðir Gísla væri í frændsemi við Andrés á Hvítárvöllum. Þetta er ekki rétt, þeir eru ekkert skyldir.

Úr bréfi frá Íslendingafljóti dags. 13. sept. 1909: — "Heyannir að mestu búnar hjá flestum, en þreshing byrjuð hjá þeim, sem eiga korn. Kornuppskera hér í plássi má heita í meðallagi, þrátt fyrir þurkana í sumar. Í dag nokkuð mikil rigning fyrri partinn, — en nú stytt upp með norðanstormi og sveljanda".

Skemtisamkoman í Tjaldbúðinni þann 14. þ.m. var óvanalega vel sótt. Kirkjan mátti heita troðfull af fólki, og fyrir kökuskurðinn, sem hafður var í sambandi við samkomuna, kom inn nær $60.

Hornlóðin á Notre Dame og Dagmar strætum (100 fet á Notre Dame) var í sl. viku seld fyrir 36 þús. dollars. Gamalt múrsteinshús sem á lóðinni stendur, fylgdi með í kaupinu.

Stjórnarnefnd fylkis talþráðanna kveðst á sl. átta mánuðum hafa fengið beiðnir um að setja talþræði í 6960 heimili, en tími hafi enn ekki gefist til að setja máltólin í fleiri en 5790 hús. Af þeim eru 3540 bændabýl, en 2250 í bæjum og borgum. Nefndin býst við, að verða að leggja yfir 4 þúsund mílur af þráðum á næsta ári, til þess að geta mætt sívaxandi eftirspurn og þörfum fylkisbúa. — Gimli bær er talinn með þeim stöðum, sem nefndin hefir ákveðið að byggja miðstöð í, svo bæjarbúar og bændur í umhverfinu geti notið sambands við umheiminn, þegar þeir óska þess. — Það ætti að liggja talþráður norður eftir allri bygð til Íslendingafljóts, og frá Hnausum vestur í Geysir, Árdal og Framnesbygðir.

Eitt dæmi þess, hve verðmætar lóðir í miðverzlunarhluta Winnipeg borgar eru að verða, er þess getið í einu morgunblaðinu, dags. 16. þ. m., að búðin á neðsta gólfi í stóru stálbyggingunni, sem nú er í smíðum á horni Mein og Portage stræta, og sem er um 5 þús. ferfet að gólfmáli, — verði leigð einu gullstáss félagi hér í borginni fyrir rúmlega 15 þús. dollars um árið.

Prestvígsla.

Eins og getið var um í síðasta blaði, var séra Guðmundur Árnason innsettur í embætti, sem þjónandi prestur íslenzka Unitarasafnaðarins hér í borg, í Unitarakirkjunni á sunnudagskveldið var, þann 19. þ.m. Athöfnin byrjaði kl. 7.

Prógram var prentað fyrir þessa innsetningarathöfn, og var því útbýtt til allra, sem viðstaddir voru Prógramið var á þessa leið:

1. Orgelspil meðan fólk gekk til sæta.
2. Kórinn söng: "Hærra minn guð til þín".
3. Citazionir, lesnar af fráfarandi presti safnaðarins (séra Rögnvaldi Péturssyni).
4. Sálmur, nr. 229 í sálmabókinni (eftir séra Vald. Briem) var sunginn.
5. Biblía, lesin af fráfarandi presti safnaðarins.
6. Kórinn söng: "Sælir eru þeir"
7. Sálmur, nr. 227 í sálmabókinni eftir séra Pál Jónsson) var sunginn.
8. Síðan las forseti safnaðarins og söfnuðurinn á vígsl stuttar málsgreinar úr Davíðs sálmum.
9. Kórinn söng: "Amen".
10. Ávarp til prests, flutt af herra Albert Kristjánssyni, guðfræðisnemanda.
11. Ávarp til safnaðar, flutt af herra Friðrik Sveinssyni, skrifara safnaðarins.
12. Staðfesting innsetningar, flutt af herra Joseph B. Skaptason, forseta safnaðarins.
13. Bæn, flutt af herra Sigurjóni Johnson, guðfræðisnemanda.
14. Kórinn söng: "Heilagur, heilagur ert þú".
15. Sálmur, nr. 344 í sálmabókinni (eftir séra Vald. Briem) var sunginn.
16. Árnaðaróskir, flutt af séra F. W. Pratt, presti enska Unitarasafnaðarins í Winnipeg. (Séra J. P. Sólmundsson á Gimli átti einnig að taka þátt í þessum lið prógramsins, en var ekki viðstaddur).
17. Sálmur, nr. 305 í sálmabókinni (eftir séra Vald. Briem) var sunginn.
18. Ræðan, séra Guðmundur Árnason.
19. Sálmur, nr. 512 í sálmabókinni (eftir Steingr. Thorsteinsson) var sunginn.
20. Sálmur, nr. 127 í sálmabókinni (eftir séra Vald. Briem) var sunginn.
21. Blessan: Séra Guðmundur Árnason.

Oss þótti viðeigandi, að prenta prógram þetta í heild sinni, þar eð það gefur bezta hugmynd um það er fram fór. Athöfnin var hin veglegasta að allra dómi, sem viðstaddir voru, sem voru fjölda margir, því kirkjan var þéttskipuð áheyrendum.

Að lokinni athöfninni var veglegt samsæti haldið í samkomusal safnaðarins. Þar töluðu þeir herrar: Jóhannes Sigurðsson frá Gimli, Pétur Bjarnason frá Otto P.O., Þorbergur Thorvaldsson frá Harvard háskólanum, Björn B. Olson frá Gimli, Sveinn Thorvaldsson frá Íslendingafljóti og séra Guðmundur Árnason, auk forseta safnaðarins, sem stýrði samsætinu.

SKÓLEIFAR
Með Lágu verði

Stór afsláttarsala á öllum vorum skóleifum, sem inniheldur ágæta, Mórauða og Brúna Kálfs- og Geitaskinns- og Gljáleðurs-Skó fyrir karlmenn. Vanaverð er $4.50, $5.00, 5.50 og $6.00.

Afsláttarverð $3.75

Komið snemma og forðist ösina.

Ryan-Devlin Shoe Co
494 MAIN ST PHONE 770.

Tombóla

undir umsjón stúkunnar SKULD verður haldin mánudagskveldið

27. September,

í efri Goodtemplara salnum. — Til þessarar Tombólu verður vandað svo sem bezt má verða, enda hefir stúkan Skuld fengið þá almennu viðurkenningu, að henni hafi tekist öllum betur á undanfarandi árum, að undirbúa Tombólur og GERA FÓLKIÐ ÁNÆGT. Og nú í ár hefir nefndinni orðið óskiljanlega vel til með vörur. Til dæmis: — Heil kynstur af hveitisekkjum, kvenfatnaði, glersettum og svínslærum, og fl. o.fl. Og ekki fer sá tómhemtur heim af Tombólunni, sem dregur Ladies' Concert Size Stetson's Guitar ($25.00 virði).

Búist er við, að Tombólan verði úti kl. 9. Verður þá flutt minni stúkunnar í ljóðum, því þann dag er Skuld 21. árs. Þar næst byrjar einkar skemtilegt prógram fyrir unga og aldna undir umsjón Victor Andersons.

Tombólan er til styrktar bindindi og bágstöddum. Hjálpið góðu máleini, bræður og systur, og njótið um leið góðra skemtana og ágætra drátta. Byrjar kl. 7.30.

Aðgangur og einn dráttur 25c.

NEFNDIN.

Fréttir fjær og nær.

— Lærðir siglingamenn í brezka veldinu eru að hafa samtök til að mynda félagsskap, er stutt geti þá til þess, að fá lífvænlegt kaup fyrir starf sitt. Hve lítil að laun þessara manna eru, hefir nýlega komið í ljós við vottorð eins þeirra, sem fyrir nokkrum árum hætti sjóferðum, til þess að stunda landvinnu, af því hún var betur borguð. Meðal annars skýrði hann frá því, að Cunard línu félagið borgi kapteininum yfir skipinu Lucitania, sem kostað hefir 7 miliónir dollara, og 6 æðstu undirmönnum hans, alls $99.42 til þess að færa skipið eina ferð milli Englands og Ameríku. Þessu fé er skift þannig, að skipstjórinn fær $40.41, en $50.01, er skift niður milli 6 hæstu undirmanna á skipinu, þannig: $14.55, $12.14, $9.70, $8.08, $8.08 og $6.47. Þetta er sagt að vera hæsta kaup, sem Cunard félagið borgar nokkrum af sjómönnum sínum. Á öllum öðrum skipum þess er lægra kaupgjald. Þegar þess er gætt, að skip þetta flytur stundum milli 2 og 3 þúsund manns yfir hafið í einni ferð, og að lægsta fargjald á 1. farrými þess er $127.50, þá sést, að eitt fargjald borgar laun skipstjórans og 6 æðstu undirmanna hans á skipinu, og einnig laun 7 eða 8 annara þjóna skipsins. Sami maður segir, að fyrir að sigla skip inu Slavonia með fólki og farangri yfir 4 þúsund mílna hafleið, frá New York til Naples, hafi skipstjórinn fengið $60.61. — Þetta er talið langt of lítið fyrir það starf, sem krefst bæði lærdóms og mikillar ábyrgðar, og sjómennirnir búast við að fá það hækkað án þess að þurfa að gera verkfall.

— Nýlega hefir strandmælingaskip Canada stjórnar fundið áður óþektar fiskistöðvar í St. Lawrence flóanum, vestanvert við Nýfundnaland og 25 mílur norður frá Riche odda. Fiskistöðvar þessar eru sagðar 20 mílna langar og 12 mílna breiðar. Stöðvar þessar eru í brekku og sjór þar grynstur 18 faðmar, en dýpstur yfir 30 faðmar Ógrynni fiskjar er hvarvetna á stöðvum þessum, — mest þorskur og heilagfiski.

— Feikna mikill silfurnámi hefir fundist 50 mílur vestur af Port Arthur í Ontario. Svo er námi þessi auðugur, að 20 þús. dollara virði er í hverju tonni grjóts.

DÁNARFREGN.

GUÐRÚN (Eiríksdóttir) VOPNFORD andaðist að heimili sínu Minnesota, Minn., 2. sept. sl. — Dauðamein hennar var lungnatæring, sem hún hafði þjáðst af í full 3 ár. Guðrún sál. var fædd 3. nóv. 1877, og giftist árið 1898 eftirlifandi manni sínum Bergvini J. Vopnford, frá Strandhöfn í Vopnafirði, sem nú ásamt 4 börnum af 5, sem þau eignuðust, syrgja sinn ástkærasta vin. Fimm bræður, ein systir og öldruð móðir hinnar látnu bera líka sorg í hjarta.

Móðir Guðrúnar sál., Guðný Sigurðardóttir (til heimilis í Winnipeg), var hjá henni tvo síðustu mánuðina, og naut þeirrar sælu, sem enginn þekkir nema móðirin ein, — þeirrar, að hjúkra barninu sínu og halda í hönd þess, þegar sársaukinn og sorgin er að slita vin frá vin. Og ég er viss um, að sú móðir, sem á skilnaðarstund barnsins síns getur afhent guði það, sem hann hafði gefið henni,— hún finnur til fagnaðar og gleði mitt í sorginni. Vinur.

ÞÖKK.

Éllum þeim, sem á einn eða annan hátt hafa hjálpað mér í veikindastríði konunnar minnar sálugu í síðastliðin 3 ár, og nú við fráfall hennar hafa auðsýnt mér svo mikinn kærleika og hluttekningarsemi, — finn ég bæði skylt og ljúft að tjá mínar beztu hjartans þakkir. Sérstaklega vil ég með þakklæti minnast allrar þeirrar kærleiksríku hjúkrunar og hjálpar, sem kvenfélag St. Páls safnaðar lét henni og börnunum ávalt í té.

Ég bið guð, sem ekki lætur einn svaladrykk ólaunaðan, að endurgjalda þeim og blessa líknarstörf þeirra.

Bergvin J. Vopnford.

Minneota, Minn., 10. sept. 1909.

Ný Kjötverzlun

Allar vörur af beztu tegund.

H. SIMONITE, eigandi
Talsími: 947 110 Isabel St.
16-9-10

Íslenzkur Tannsmiður,

Tennur festar í með Plötum eða Plötulausar. Og tennur eru dregnar sársaukalaust með Dr. Mordens sársaukalausu aðferð

Dr. W. Clarence Morden, Tannlæknir.
Sigurður Davidson—Tannsmiður.

620½ Main St.
Phone 470 Horni Logan Ave.

Drs. Ekern & Marsden,

Sérfræðislæknar í Efturfylgjandi greinum: — Augnasjúkdómum, Eyrnasjúkdómum, Nassasjúkdómum og Kverkasjúkdómum. : : :

Í Platky Byggingunni í Bænum
Grand Forks, :: N. Dak.

S.K. HALL

kennari við
WINNIPEG SCHOOL OF MUSIC
Studios: 701 Victor og 304 Main St.

"Mr Hall is one of our best trained and most efficient teachers".—Winnipeg Town Topics 10 april 1909.

Þarft þú ekki að fá þér ný föt?

EF ÞAU KOMA FRÁ CLEMENT'S, — ÞÁ VERÐA ÞAU RÉTT.

Réttur að efni, réttur í sniði réttur í áferð og réttur í verði.

Vér höfum miklar byrgðir af fegurstu og beztu fataefnum. —

Geo. Clements & Son
Stofnað árið 1874
264 Portage Ave. Rétt hjá FreePress

Th. JOHNSON
JEWELER
286 Main St. Talsími: 6606

JOHN ERZINGER
TÓBAKS-KAUPMAÐUR.
Erzinger's skorið reyktóbak $1.00 pundið
Hér fást allar neftóbaks-tegundir. Óska eftir-bréfegum pöntunum.
McINTYRE BLK., Main St., Winnipeg
Heildsala og smásala.

F. Deluca

Verzlar með matvöru, aldini, smá-kökur, allskonar sætindi, mjólk og rjóma, sömul. tóbak og vindla. Óskar viðskifta Íslend. Heitt kaffi eða te á öllum tímum. Fón 7756

Tvær búðir:
587 Notre Dame og 714 Maryland St.

Boyd's Brauð

Vor brauð eru holl. Holl brauð eru ætíð gerð úr bezta hveiti í hreinlegu verkstæði. Vor brauð eru saðsöm keymgóð. Reynið þau og þér munuð ekki gera yður ánægða með nokkur önnur brauð. —

Boyd's

Bakery Cor. Spence & Portage Ave
Phone 1080.

Winnipeg Wardrobe Co.

Kaupa brúkaðan Karla og Kvenna fatnað,—og borga vel fyrir hann.

Phone, Main 6539 897 Notre Dame Ave.

BILDFELL & PAULSON

Union Bank 5th Floor, No. 520
selja hús og lóðir og annast þar að lútandi störf; útvegar peningalán o. fl.
Tel.: 2685

J. L. M. THOMSON, M.A., L.L.B.
LÖGFRÆÐINGUR. 255½ Portage Ave.

Hubbard, Hannesson and Ross
LÖGFRÆÐINGAR

10 Bank of Hamilton Chambers
Tel. 378 Winnipeg

ANDERSON & GARLAND
LÖGFRÆÐINGAR

35 Merchants Bank Bldg. Phone: 1561

BONNAR, HARTLEY & MANAHAN

Lögfræðingar og Landskjala Semjarar

Suite 7, Nanton Block, Winnipeg

W. R. FOWLER A. PIERCY.

Royal Optical Co.

327 Portage Ave. Talsími 7286.

Allar nútíðar aðferðir eru notaðar við augn-skoðun hjá þeim, þar með hinar nýja aðferð, Skugga-skoðun, sem gjöreyðir öllum ágiskunum. —

Dr. G. J. Gislason,
Physician and Surgeon
Weltington Blk. - Grand Forks, N.Dak

Sérstakt athygli veitt AUGNA, EYRNA, KVERKA og NEF SJÚKDÓMUM.

Góður Eldsneytisdómari

vill aldrei brenna öðrum en vorum ágætu kolum. Vér seljum beztu Amerisku Hörð- og Lin-Kol, Járnsmiða- og Lethbridge-Kol. Óðum líður að vetri, bezt að fá kolin í tíma.

D. E. ADAMS COAL CO.
YARDS Í NORÐUR, SUÐUR, AUSTUR OG VESTURBÆNUM.
Aðal Skrifst.: 224 BANNATYNE AVE.

PRENTUN

VÉR NJÓTUM, sem stendur, viðskipta margra Winnipeg starfs- og "Business"-manna.— En þó erum vér enþá ekki ánægðir. — Vér viljum fá alþýðumenn sem einatt notast við illa prentun að reyna vora tegund. — Vér ábyrgjumst að gera yður ánægða. — Símið yðar næstu prentpöntun til —

'Phone: Main 5944

The ANDERSON Co. COR. SHERBROOKE ST. AND SARGENT AVENUE. WINNIPEG.
PROMPT PRINTERS

EKRU-LÓÐIR

3. til 5 ekru spildur við rafmagns brautina. 5 mílur frá borginni. — aðeins 10 mínútna ferð á sporvagninum, og mölborin heyrulvegur alla leið. Verð $200 ekran og þar yfir. Aðeins einn-fimtipartur borgist strax, hitt á fjórum árlegum afborgunum.—

Skuli Hansson & Co.

Skrifst. Talsíma 6476. Heimilis Talsíma 2274

Heimskringla.

Vér höfum næga skildinga

til að lána yður mót tryggingu í bújörðum og bæjar-fasteignum. Seljum lífsábyrgðir og eldsábyrgðir. Kaupum sölusamninga og veðskuldabréf.

Frekari upplýsingar veita

Skuli Hansson & Co.

56 Tribune Building. Winnipeg.

XXIII. ÁR WINNIPEG, MANITOBA, FIMTUDAGINN 30. SEPTEMBER 1909. NR. 53



ÍSLENZKUR VITNISBURÐUR

The Petrie Mfg. Co. Ltd.
Winnipeg, Man.

Kæru herrar. — Í tijefni af því, að ég er búinn að nota MAGNET í 2 mánuði, læt ég yður vita, að ég er í alla staði ánægður með hana. Hún skilur vel og hreinsar öll óhreinindi úr mjólkinni. Það er auðvelt að hreinsa hana, létt að snúa henni, og hún er óefað sú sterkasta, sem búin er til. Einn af hennar stærstu kostum er sá, að börn geta ekki meitt sig á henni. Þó hún sé á fullri ferð, mega mæðurnar vera óhræddar um, að börnin geta ekki mist fingur eða hendur í hjólunum á MAGNET.

Þér landar, sem ekki eigið skilvindu, en þurfið að fá eina, skoðið MAGNET, sjáið hana vinna. Það kostar yður ekkert en er yður mikilsvirði. Enginn er svo fátækur, ef hann á kýr, að hann geti ekki fengið MAGNET. Hún vinnur fyrir sér sjálf.

Virðingarfylst, F. H. REYKJALÍN.

Pine Valley, Man., 20. sept. 1909.

The PETRIE MANUFACTURING CO., LTD.
WINNIPEG
HAMILTON. ST. JOHN.N B. REGINA CALGARY. VANCOUVER.

Fregnsafn.

Markverðustu viðburðir hvaðanæfa.

— New York borg hefir heiðrað dr. Cook með því, að veita honum "Freedom of the City". En sá heiður er veittur eingöngu þeim mönnum, sem hafa unnið eitthvert þrekvirki í þarfir þjóðarinnar. Lítill efi virðist leika á því, að hann muni hljóta almenna eða öllu heldur alþjóða viðurkenningu fyrir að hafa fyrstur allra manna fundið norðurpólinn, eða komist á þann stað hnattarins, sem svo er kallað.

— Taft forseti er um þessar mundir að ferðast um Bandaríkin. Hann flutti ræðu á þriðjudaginn var í bænum Omaha, Nebr., fyrir 20 þúsund áheyrendum, og var góður rómur gerður að máli hans. Meðal annars gat hann þess, að lög þau, sem samin hefðu verið í þeim tilgangi, að stjórnin gæti haft eftirlit með starfsemi járnbrautafélaga, hefðu ekki reynst eins vel og til hefði verið ætlast. Þess vegna yrði það eitt af verkefnum stjórnarinnar, að fá þær bætur og breytingar gerðar á þeim lögum, sem gerðu þau gild varnarmeðul gegn yfirgangi járnbrautafélaganna. — Annað var það, að semja lög, sem bönnuðu járnbrautafélögunum, að kaupa hluti í öðrum keppifélögum með þeim ásetningi að kæfa alla samkepni. — Ennfremur vill forsetinn láta semja lög, sem banni að gera eða telja fram höfuðstól járnbrautafélaganna meiri en hann er í raun og veru. Þessu vill hann koma á með því, að láta þar til setta nefnd kveða á um, hvað rétt sé í þeim efnum, og að frá ákvæði þeirrar nefndar megi áfrýja að eins til æðsta dómstóls Bandaríkjanna. — Forsetinn vill og koma því í lög, að öll hlutabréfasala slíkra félaga skuli gerð gegnum þessa nefnd, svo að stjórnin geti einatt haft fult vald yfir öllum stórfum félaganna. — Forsetinn tók og það fram í ræðu sinni, að gera mætti þær breytingar á Sherman lögunum, að "Boycott" eða einangrun yrði löghelguð.

— Þeir dr. Cook og Lieut. Peary komu báðir til Ameríku þann 21. þ. m. Cook lenti í Brooklyn í New York, en Peary í Sidney í Nova Scotia. Báðir fengu viðhafnar viðtökur.

— Auðfélag eitt á þýzkalandi hefir samið um, að koma á stöðugum fólks og vöruflutningi milli Berlínar og ýmsra annara borga í þýzka ríkinu fyrir 1. maí næstk. Allir þeir flutningar eiga að gerast með loftvélum.

— Þess var getið í síðasta blaði, að Capt. Scott ætti að verða fyrirliði leiðangurs þess, sem Bretar ætla að gera út næsta sumar til þess að finna suðurheimsskautið. Þessi leiðangur á að kosta 200,000 dollara. Yfir 7 þúsund karlmenn hafa skrifað Capt. Scott og beðið um, að mega vera með í förinni. Einn útlendingur, sem biður um, að mega taka þátt í förinni, býður að gerast brezkur þegn, ef hann verði bænheyrður.

— Það er að volgna bardaginn milli þeirra Cooks og Peary. — Peary staðhæfir, að dr. Cook hafi ekki fundið norðurpólinn og biður Bandaríkjaþjóðina að trúa honum (Cook) ekki. Dr. Cook svarar með því, að gefa í skyn, að hann muni höfða 2 eða 3 sakamál gegn Peary fyrir illmæli hans um sig, fyrir mannorðsspell og fyrir þjófnað á vörum, sem dr. Cook átti í Etah á norður Grænlandi. — Dr. Cook byrjaði fyrirlestraferð sína um Bandaríkin á mánudaginn var. — Honum voru boðnir 10 þúsund dollarar fyrir að halda tvo fyrirlestra í New York borg, og 15 þúsund dollarar fyrir einn fyrirlestur í St. Louis borg, en hvorutveggju þessum boðum hefir hann hafnað, af því þau eru miklu lægri en boð það, sem hann hefir begið. — Lítill efi virðist vera á því, að dr. Cook sé búinn að ná hylli Bandaríkja þjóðarinnar, sem sá fyrsti finnandi norðurpólsins.

— Íbúarnir í bænum Santander á Spáni hafa keypt landspildu mikla í upphverfi borgarinnar, og bygt þar 250 þús. dollara höll, sem þeir hafa gefið Victoríu Spánar drotningu, með þeim fyrirmælum, að konungshjónin vildu gera hana að sumarbústað sínum. Svo stóð á, að þegar Spánardrotning kom til þessa staðar, hafði hún orð á því, að staðurinn, framar öllum öðrum, sem hún hefði séð á Spáni, minti sig á uppeldisstöðvar sínar á Isle of Weight við Bretlandseyjar, landslag og útsýni alt væri þar svo likt því, sem hún hefði alist upp við. Þegar íbúarnir fréttu af þessum orðum drotningar, tóku þeir ráð sín saman að kaupa þessa umræddu landeign. — Þeir efndu til samskota sín á meðal og annarsstaðar á Spáni, og sömuleiðis meðal auðugra Spánverja í Ameríku, þar til nægilegt fé var fengið til þess að borga fyrir landið og byggja höllina. Ennfremur vildu þeir fá að kaupa öll húsgögn í hana, svo að þeir gætu afhent drotningunni staðinn búfæran, en konungur vildi ekki láta þá verja svo miklu fé úr eigin vösum og kvaðst sjálfur skyldi sjá um húsbúnaðinn. En höllina skyldi hana þiggja að gjöf fyrir hönd konu sinnar. Höllin er 330 fet á lengd í 4 pörtum, þó samföstum. Einn hlutinn er ætlaður fyrir privat verustað konungshjónanna, annar er fyrir samkvæmi og hinir tveir hlutarnir til daglegrar íbúðar. Öll er höll þessi hið fegursta smíði, og útsýnið þaðan sagt að vera með því fegursta, sem til er á Spáni.

— J. B. Wright, flækingur frá Michigan ríkinu, var dæmdur í 3. ára fangelsi í Chatham, Ont., í sl. viku fyrir þjófnað. Blöðin segja, að hann sé óþrifalegasti náungi, sem nokkurntíma hafi sést þar í borg. Lögregluþjónarnir urðu að skúra hann úr volgu sápuvatni, með stórum burstum, á þriðja kl.tíma áður hægt væri að koma með hann fram fyrir dómarann.

— Bóndi nokkur á eyju einni í Puget Sound fann nýlega á landi sínu nokkrar tylftir af tilluktum könnum. Hann rakst á þær af tilviljun og gróf þær allar upp úr jörð. Þegar hann fór að skoða í þær, sá hann að þær höfðu inni að halda rauðleitt efni, limkent og ilmgott. Hann hélt að þetta væri mál, og tók til að mála hús sitt með þessu efni. Þegar hann hafði lokið því verki, kom regnskúr, og þvoði alt málið af húsinu. Þóttist þá karl sjá, að þetta hefði ekki verið mál og fór með þær könnur, sem eftir voru óeyddar, til lyfsala og lét hann skoða efnið þetta. Lyfsalinn sagði honhm, að þetta væri hreinsað ópíum, og að hver kanna væri um $300 virði. — Það ætlaði að líða yfir karl, er hann frétti þetta og mintist þess, að hann hafði eytt 29 könnum eða sem næst 9 þúsund dollara virði til einkis, að eins fyrir þekkingarskort og fljótfærni.

— Hæsti telefón í heimi er á Svisslandi. Hann liggur í stjörnuturninn á Rosafjalli, 15 þús. fet yfir sjávarmál. Ítalíu drotning hefir af eigin fé sínu látið byggja stjörnuturn þennan og talþráðinn, það hefir tekið 6 ára tíma, að fullkomna verkið, og hefir kostað æðið fé, því að ilt er að komast upp fjallið, og víða varð að reka talþráðastólpana gegn um ís. — Prófessor Mosso, sem hefir umsjón yfir turninum og dvelur þar mestan tíma ársins, hefir skipun um, að tala daglega við drotninguna, og láta hana vita, hvers hann verður var. Meðal annars gagns, sem talþráðalína þessi gerir, er það, að hægt er að senda skjótlega fregnir til bygða, ef þeir, sem sífeldlega eru að klifra í fjöllin, verða fyrir slysum eða á annan hátt hjálparþurfar.

— Nýlega skaut sig til bana á leiði konu sinnar maður einn í Ottawa. Hann bjó alt vel undir, ráðstafaði öllum eignum sínum og skildi eftir skriflega tilkynningu um það, hvernig hann vildi að farið yrði með öll efni sín. Hann kvaðst vera brevttur á lífinu síðan kona sín dó og hefði því afráðið, að leggjast til hvíldar hjá henni.

Hin alkunna dulspekiskona, frú Annie Besant, sem er forseti félags þess, er nefnist guðspekisfélag heimsins, staðhæfir að hún hafi áður lifað í líkamsgerfi Hypatia, sem var grísk heimspekiskona, dóttir Theons stjörnufræðings í Alexandríu, sem var uppi 400 árum eftir Krists burð. Einnig segist hún hafa lifað áður í líkamsgerfi Bruno, ítalska heimspekingsins, sem uppi var á 16. öld. — Sömuleiðis staðhæfir þessi merka kona, að hún hafi á dögum Confúsíusar lifað í líkamsgerfi ýmissa manna og kvenna. En um það tímabil man hún óglögt eftir tilveru sinni. En á þeim tímum, sem hún var í líkamsgerfi Hypathia og Brunos, segist hún muna glögt eftir tilveru sinni, svo glögt, að öll atriði æfinna beggja eru henni í fersku minni. Einnig kveðst hún þess fullviss, að hún eigi eftir að lifa í líkamsgerfi annara eftir að hún skilji við sinn núverandi líkama.

Íslands fréttir.

Ólafur, sonur Björns ráðherra, er orðinn ritstjóri Ísafoldar frá byrjun þessa mánaðar.

Skarlatssótt hefir komið upp á tveimur bæjum á Langanesi, Ytra-Lóni og Heiði. Ekki vita menn um, hvaðan sótt þessi hafi komið, helzt haldið hún hafi borist með fiskimönnum frá Færeyjum.

Nýlega strandaði á Langanesi skipið Engey, eign Björns kaupmanns Guðmundssonar á Þórshöfn. Menn björguðust.

"Þrælseðli og hundseðli Íslendinga" er fyrirsögn á ritstjórnargrein í blaðinu Norðurland, dags. 28. ág. sl. — Það eru ný lýsingarorð á einkennum íslenzks þjóðernis, og mun frekar beint að þeim heima þar, en að oss hér vestra.

Á Seyðisfirði er góður fisk og síldarafli. Sumir vélabátar búnir í sumar að fá 100 skippund af fiski, og þar yfir, og horfurnar góðar að því er síldarafla snertir. Þegar búið að veiða þúsund tunnur. Fiskverð er lágt.

Einar Teitsson, verzlunarmaður í Reykjavík, datt af hestbaki á leið til Hafnarfjarðar og meiddist svo, að vanséð er, að honum batni aftur.

Nýlega druknaði í Jökulsá á Sólheimasandi Eyólfur Halldórsson bóndi í Mýrdalnum.

Gufuskipa samningurinn enn ekki birtur í ísl. blöðunum, en sannfrétt er, að millilandaferðirnar verða 46 á ári. Strandferðabátarnir verða 3. Einn fer milli Reykjavíkur og Fáskrúðsfjarðar, hinir milli Reykjavíkur og Akureyrar, annar vestan og hinn austan um land. Hamborgarferðirnar verða 4. Styrknum er skift þannig, eftir síðustu fregnum, að Sameinaða gufuskipafélagið fær ríkissjóðsstyrkinn allan og 5 þúsund kr. úr landssjóði Íslands, en Thorefélagið fær 55 þús. kr. úr landssjóði. — Mælt er, að Thoreélagið haldi áfram ýmsum ferðum (12 talsins?) umfram þær, sem áskildar eru í samningi þess við stjórn Íslands.

Úr Fáskrúðsfirði er ritað 17. ágúst: Síld talsvert mikil í netum og lásum og nokkur fiskafli. Grasspretta og hirðing góð. Bjargræðisútlit því hið bezta. Heilbrigði almenn. Verzlun dauf og ill. Peningar fyrirfinnast ekki.

Bardaginn í Birmingham

Kvenfrelsiskonur í bænum Birmingham á Englandi létu til sín taka þann 17. þ.m. Svo stóð á, að þangað átti forsætisráðherra Asquith að koma þann dag til að flytja ræðu. Þegar það varð heyrum kunnugt, létu kvenhetjur í ljós þann ásetning sinn, að láta ráðherrann vita, að þær væru með fullu fjöri þar í borginni, og þær gerðu það líka svikalaust.

Forsætisráðherrann átti að tala á fundarsal miklum með glerþaki. En með því, að kvenhetjur höfðu á fundi, sem haldinn var þar í borg nokkrum dögum áður, hótað, að mölva þakið með múrsteinskasti meðan forsætisráðherrann væri að tala, þá var það ráð tekið, að strengja þykkan segldúk yfir alt glerþakið ofan á stórar grindur, sem gerðar höfðu verið á glerþakinu til að hlífa því.

Þegar lestin kom á vagnstöðvarnar, voru þar fyrir hundruð kvenna til þess að mæta ráðherranum. En hann kom ekki út úr lestinni. Eftir að þær höfðu umkringt lestina, til þess að koma í veg fyrir, að hann kæmist undan þeim, biðu þær rólegar á annan kl.tíma. En er ekkert bólaði á Asquith gamla, gerðust þær órólegar og vildu fá að leita í vögnunum. En þá barst þeim sú fregn, að hann hefði farið af lestinni fyrir utan borgina og keyrt inn á hótel sitt fyrir meira en klukkustund. Þóttust þær þá illa gabbaðar og hétu að hefna þess.

Um þetta sama leyti höfðu tvær konur komist upp á glerþakið á höll þeirri, sem ráðherrann talaði í, og voru þær teknar þaðan af lögregluþjónum.

Þá byrjaði hin eiginlega orusta. Hundruð kvenna umkringdu salinn, svo lögreglan fékk ekki við neitt ráðið. Pólitiskir andstæðingar stjórnarinnar snerust í lið með konunum, og gerðu sig líklega til þess, að berjast þeirra vegna. — Konur tóku sér bólfestu í húsi andspænis höllinni og fluttu ræður þaðan til þeirra þúsunda, sem voru á strætinu. En lítið heyrðist til þeirra fyrir ólátum kvenfrelsisfénda. Þá tóku þær að kasta litlum sprengivélum að lögreglunni, og meiddust einhverjir við það. En lögreglan réðist á húsið og rak konurnar þaðan.

Þá tóku nokkrar konur, sem komist höfðu upp á næsta húsþak, að hrópa þaðan: "Atkvæðisrétt fyrir konur!". Lögregluþjónar fengu sér þá stiga og sóttu að konum þessum. En þær vörðust af mestu hreysti. Þær höfðu með sér axir og brutu nú steinflísar úr þakinu og hentu í lögregluþjónana. Snýtti þá margur rauðu og hafði um sárt að binda, því steinflísarnar lentu ekki allar á lögregluþjónunum, heldur á hverjum sem fyrir varð niðri á strætinu. Svo vörðust konur þessar vel, að lögreglumönnum þótti ekki árennilegt, að heimsækja þær og hættu við svo búið. Var þá sent eftir eldliðsvagni með vatnsslöngu og vatni síðan stökt óspart á kvenhetjurnar uppi á þakinu. En þær létu sig ekki að heldur, og hrópuðu í sífellu: "Frelsi eða dauði. Frelsi eða dauði!" Og jafnframt héldu þær áfram að grýta steinflísunum. Þessi leikur hélst hvildarlaust, þar til forsætisráðherra Asquith flýði höllina í mótor-vagni. Hólst þá samstundis grjótkast á vagn hans. Um síðir tókst að ná konunum af húsþakinu, og voru þær þá settar í varðhald.

Nokkrar konur voru og í höllinni meðan Asquith flutti ræðu sína, og gerðu þar háreísti nokkura. En nægur viðbúnaður hafði verið gerður til þess að halda þeim í skefjum, því að mesti mannfjöldi var þar saman kominn til að hlusta á mál hans. En ekki mintist hann einu orði á kvenfrelsismálið, lét sem hann vissi ekkert af því.

Síðar voru konur þær, sem gengist höfðu fyrir þessu uppþoti, dæmdar í fangavistir, frá 1—3 mánaða, við fangelsisvinnu. En þegar dómur sá var uppkveðinn urðu konur í Birmingham svo reiðar, að þær brutu hvern glugga í dómsalnum. Hvort þær einnig fá fangavist fyrir það tiltæki, hefir ekki frézt.

Nýmæli.

Nýtt lagaspursmál hefir komið upp hér í borg, sem öllum kom á óvart, og sem verður útkljáð fyrir æðri dómstólum hér. Svo stóð á, að maður var nýlega kærður hér í lögreglurétti, og átti Daly dómari að rannsaka kæruna og kveða upp dóm í málinu. En lögmaður hins ákærða hélt fram þeirri nýlundu, að dómarinn væri ekki myndugur að dæma í málinu, af því að hann væri meðlimur lögregluneíndarinnar, sú staða gerði dómarann í raun og veru að sækjanda í málinu, og það væri móti öllum brezkum réttarhugsjónum, að nokkur maður gæti verið dómari í máli, sem hann væri sækjandi í. Daly dómari frestaði málinu svo að hægt yrði að fá dómsúrskurð um þetta atriði. — Ef svo fer, að lögmaðurinn verði álitinn að hafa rétt fyrir sér, þá verður Daily dómari ekki að eins að víkja úr lögregluneíndinni, heldur má álíta, að öll þau mál, er hann hefir haft til meðferðar síðan hann varð dómari, hafi verið ranglega meðhöndluð. Og sama hlýtur þá að gilda um fyrirrennara hans í dómarastöðunni, sem einnig hafa setið í lögregluneíndinni.

Ítalska Svarthandarfélagið er farið að starfa hér í borg. Nokkrir af meðlimum þess lokkuðu 3 heimskjinga, sem verið höfðu úti í kaupavinnu og höfðu peninga á sér, út í St. Johns Park á miðvikudagskveldið í sl. viku, og ræntu þar af þeim 200 dollars, 3 vasaúrum og öðru smávegis. Náungar þessir höfðu allir ítalska rýtinga, og hótuðu líflátí, ef fé þeir eða ekki fram selt mótþróalaust. Ennfremur sögðu þeir, að í þessum bæ væru hundrað Svarthandar félagslimir, og að, ef nokkuð yrði talað um ránið, þá myndu líkamir hinna ræntu finnast lífláusir einhvern góðan veðurdag. — Lögreglan náði samt þessum náungum strax um kveldið og hnepti þá í fangelsi.

OGILVIE'S
Royal Household Flour

Til Brauð og Köku Gerðar

Gefur Ævinlega Fullnæging

EINA MYLLAN Í WINNIPEG,—LÁTIÐ HEIMAIÐNAÐ SITJA FYRIR VIÐSKIFTUM YÐAR.

"Andvökur"

LJÓÐMÆLI EFTIR
Stephan G. Stephansson

Kosta, í 3 bindum, $3.50, í skrautbandi.

Tvö fyrri bindin eru komin út, og verða til sölu hjá umboðsmönnum útgefendanna í öllum íslenzkum bygðum í Ameríku.

Í Winnipeg verða ljóðmælin til sölu, sem hér segir:

Hjá Eggert Jóhannssyni, 689 Agnes St., EFTIR KL. 6 AÐ KVELDI.

Hjá Stefáni Pétursyni, AÐ DEGINUM, frá kl. 8 f.h. til kl. 6 að kveldi, á prentstofu Heimskringlu.

Hjá H. S. Bardal, bóksala, Nena St.

Hjá N. Ottenson, bóksala, River Park, Winnipeg.

Utanbæjarmenn, sem ekki geta fengið ljóðmælin í nágrenni sínu, fá þau tafarlaust með því að senda pöntun og peninga til Eggerts Jóhannssonar, 689 Agnes St., Winnipeg, Man.

Wall Plaster

Með því að venja sig á að brúka **"Empire"** tegundir af Hardwall og Wood Fibre Plaster er maður hár viss að fá beztu afleiðingar.

Vér búum til:

"Empire" Wood Fibre Plaster
"Empire" Cement Wall "
"Empire" Finish "
"Gold Dust" Finish "
"Gilt Edge" Plaster of Paris
og allar Gypsum vöruteg-undir. —

Eigum vér að senda yður bækling vorn?

MANITOBA GYPSUM CO. LTD
SKRIFSTOFUR OG MILLUR Í
Winnipeg, - Man.

Heimskringla
Published every Thursday by The Heimskringla News & Publishing Co. Ltd

Verð blaðsins í Canada og Bandaríkjunum $2.00 um árið (fyrir fram borgað). Sent til Islands $2.00 (fyrir fram borgað af kaupendum blaðsins hérlendis $1.50.)

B. L. BALDWINSON
Editor & Manager

Office:
729 Sherbrooke Street, Winnipeg
P.O. BOX 3083. Talsími 3512.

Ástandið á Englandi.

Það fellur ekki alt í ljúfa löð fyrir Asquith stjórninni um þessar mundir. Hún hefir hafst afarmikla mótspyrnu á þessu yfirstandandi þingi, aðal-lega út af skattálögunum auknu á stórlandeignir auðmannanna. Ef til vill hefir ekkert mál svo mjög æst þjóðina, eins og einmitt þetta mál, sem nú í sl. viku var útkljáð með atkvæðagreiðslu í þinginu, en með svolítlum meiri hluta atkvæða — að eins óheillatölunni 13 — að það var um hríð tvísýnt, hvort stjórnin yrði ekki neydd til að segja af sér völdum. Vanalegur meirihluti stjórnarinnar er nokkuð á annað hundrað, en fallið niður í 13 var svo mikið og að sumu leyti óvænt, að margir álíta, að stjórnin ætti ekki að taka á sig þá ábyrgð, að þröngva þeim lagakvæðum gegn um þingið, sem ekki hafa betra fylgi en hér virðist vera. Þó mun stjórnin sitja við sinn keip og hvergi láta bugast. En hraða mun hún til kosninga svo mjög sem hún getur, og láta næstu stjórn, hver sem hún kann að verða, taka á sig þá ábyrgð, að ónýta þessi lög, ef hún álítur sér það fært.

Að stefna núverandi stjórnar á Englandi hafi vakið megna óánægju meðal lávarðanna, má marka af því, að Rosebery lávarður, sem alla æfi hefir verið fylgjandi hinum svoneíndu frjálslynda flokki, hefir algerlega sagt skilið við hann, og hefir nú ferðast um landið til að flytja ræður móti stefnu Asquith stjórnarinnar. Lávarðadeildin hefir einnig hafst það í hótunum, að ónýta þessi toll- og skattalög Asquith stjórnarinnar, ef þjóðlega málstofan, eða neðrideildin samþykki þau. En stjórnarformaður Asquith svarar með því, að hóta lávörðunum, að hann skuli afnema þingdeild þeirra með öllu að lögum, ef þeir skifti sér nokkuð af fjármála-löggjöf þjóðarinnar. Það séu hinir kjörnu fulltrúar hennar í þjóðlegu málstofunni, sem til þess séu settir, að hafa fjármálin með höndum og bera ábyrgð á gjörðum sínum við hverjar almennar kosningar. Lávarðarnir þar á móti hafi ekkert slíkt umboð, og þess vegna hafi þeir engan afskiftarétt þeirra mála sem að fjárhag landsins lúti.

Forsætisráðherra Asquith hefir í ýmsum ræðum sínum látið þess getið, að stjórn sín og flokkur sé fyllilega við því búin, að gera þetta mál að aðal-keppimáli við næstu kosningar, og kveðst hann treysta þjóðinni til þess, að sjá hag sinn í því, að leggja lávarðadeildina niður, heldur en að missa sjálf yfirráð á fjármálum sínum.

Í raun réttri eru tollmálin aðalkeppikefliið, eins og sakir standa nú. Asquith (Liberal) stjórnin kýs að fá inntektir ríkisins fremur með beinum sköttum af eignum borgaranna, heldur en með því að leggja innflutningstolla á aðfluttan varning. En mótflokkurinn með Balfour í broddi fylkingar, heimtar endurskoðun toll-laganna, og hefir sama sem bundist því loforði, að leggja á innflutningstolla, ef flokkur hans komist að völdum. — það er Chamberlain stefnan, og henni virðist nú Rosebery lávarður vera orðinn fylgjandi.

Sú skoðun virðist og að vera að ná föstum rótum þar í landi, að Balfour stefnan muni með tímanum verða ofan á, og gamla Cobden eða frjálsverzlunarstefnan líða undir lok. Margir stjórnmálamenn þar telja þetta óumflýjanlegt, og færa til þess ýmsar ástæður, svo sem til dæmis þá, að undir núverandi fyrirkomulagi sé þjóðin að glata því þreki og sjálfstæði, sem hún áður hafði, og að einatt sé að fjölga þeim flokki fólks í landinu, sem á íslenzku eru nefndir hreppsómagar.

Konunglega nefndin, sem fyrir nokkru var sett til að íhuga ástandið þar í landi, hefir rétt nýlega gefið út skýrslu um þetta atriði. Hún staðhæfir, að nú séu 835,068 allslevsingjar í landinu og að þeim hafi fjölgað um 40 þús. á síðastliðnu ári. Þetta þýðir það, að 23 menn af hverju þúsundi verða að hafast við af vinnuarði hinna 977. Framfærslukostnaður þessara vesalinga er afar mikill,— á síðasta ári var hann meira en 71½ milíón dollara. Hver maður í Lundúnaborg varð að borga að meðaltali $3.75 í þennan sjóð, en í sveitum úti var fátækra framfærslu útsvarið $1.75. Þessi ómaga kostnaður er að aukast ár frá ári. Árið 1904 var hann 65 miliónir, en í fyrra yfir 71½ milíón dollara.

Hagfræðingar þjóðarinnar eru áhyggjufullir yfir þessu ástandi, og sjá ekki ráð til að bæta úr því, eða jafnvel að fyrirbyggja að það ekki versni ár frá ári. Þeir benda á, hvert undragagn mætti vinna landi og þjóð með þeirri feikna fjárupphæð, sem árlega er varið til þess að ala önn fyrir sívaxandi hóp af allsleysingjum, rétt til þess að halda í þeim lífinu.

Þess utan eru ellistyrds útgjöldin og ábyrgð gegn atvinnuskorti. Þetta tvent eru einnig útgjöld, sem nema mörgum tugum milióna, og sem er auka-útgjaldabyrði á þjóðina, borguð beint úr ríkissjóði. Mikið af því fé, sem á þennan hátt er tekið af þjóðinni, er tekið frá fólki, sem sjálft er í mörgum tilfellum illa fært að leggja það fram, og miðar til að veikja efnalegt sjálfstæði þess.

Þeir, sem eru á móti skattastefnu Asquith stjórnarinnar, — halda fram því, að hinir auknu skattar komi jafnt frá fátækum og ríkum til styrktar þeim fátæku án þess þó að auðga þá að nokkru leyti, eða þoka nokkrum þeirra einu hænufeti nær efnalegu sjálfstæði. Að eins sé fátæklingunum haldið við, svo að þeir geti aukist og margfaldast og einatt aukið tölu þurfalinganna, þar til hún verði orðin svo mikil, að þjóðin rísi ekki undir henni.

Enn annað atriði er barist um, og það er herútbúnaðurinn. Liberalar hafa viljað minka hann og öll útgjöld í sambandi við hann. En mótflokkurinn krefst þess, að þar sé hvergi á línað, heldur sé árlega aukið við herskipatölu landsins, svo að segja án tillits til kostnaðarins, svo að herfloti Breta sé jafnan eins öflugur og herflotar nokkurra annara tveggja Evrópuþjoða.

Nú hafa þjóðverjar á síðustu árum aukið flota sinn svo, að Bretar standa agndofa yfir því, og treystast nú ekki lengur að fylgja stefnu sinni um tvíþjóða flota. Þess vegna hafa þeir nú upp í sl. 5—6 ár verið að vinna að því, að fá hjálendurnar Nýja Sjáland, Astralíu og Canada til þess að leggja hönd á plóginn með fjárframlögum eða skipagjöfum. Hvað úr því kann að verða, er ekki ástæða til að ræða hér að þessu sinni, — það er efni í eina eða fleiri ritgerðir síðar.

Enn annað atriði, sem Asquith-stjórnin hefir við að etja, er kvenfrelsismálið, sem fyrir nokkru er orðið eitt af stórmálum þjóðarinnar, og verður þess stærra og örðugra viðfangs, sem lengra líður, — hver stjórn sem við völd kann að sitja — þar til konum er löghelgaður kosninga og kjörgengisréttur þar í landi.

En aðal-ágreiningsmálið, eins og sagt hefir verið, er nú sem stendur fjármála frumvarpið, og réttur eða réttleysi lávarðanna til að skifta sér af því. Ef þeir samþykkja það eins og það er þeim í hendur búið af neðri málstofunni, þá má ætla, að stjórnin sitji út tímabil sitt. Ef þeir fella það eða breyta því, þá er viðbúið, að þing verði rofið og gengið til kosninga, og í því tilfelli er talið mjög líklegt, að Asquith stjórnin sigri.

C.P.R. félagið.

Í skýrslu Canadian Pacific járnbrautarfélagsins fyrir 12 mánaða fjárhagsárið, sem endaði 31. júní sl., er ýmislegt það, sem bendir á styrkleika félagsins og að það starfi í góðu landi. Árstekjur þessa eina félags urðu 76½ miliónir dollara. Útgjöldin urðu 53½ miliónir dollara. Hreinn ágóði varð, því um 23 miliónir dollara eða rúmar 83 miliónir króna. — Þessi eins árs gróði þessa eina félags, er því eins mikill eins og allar ríkis eða landssjóðstekjur Íslands á 59 ára tímabili. — Þetta var ágóðinn af járnbrautarstarfinu eingöngu, en svo hefir starfsemi gufuskipafélagsins gefið því yfir tveggja milión dollara gróða á árinu. Svo að allur gróðinn samanlagður er yfir 25 miliónir dollara. Þetta gerir ársgróða félagsins 94 miliónir króna, eða nákvæmlega jafngildi allra landssjóðstekja Íslands í 65 ár, miðað við núverandi tekjumagn landsins.

Óhreyfanlegar skuldir félagsins eru taldar 9½ milión dollars á ári. Svo að félagsstjórnin hafði, sem afleiðing af ársstarfinu nær 16 miliónir dollara til þess að nota á hvern hátt, sem henni bezt líkar og sýnist við eiga, til þess að auka og bæta brautakerfi og skipastól félagsins.

Félagið borgaði á árinu rúmlega 11 miliónir dollara í ágóða til hluthafanna, 800 þús. dollarar var lagt til skipa félagsins og 80 þús. í eftirlaunasjóð félagsins. Á þriðju milión dollara var lagt í varasjóð félagsins, sem nú er orðinn talsvert yfir 35 miliónir dollara, — alt í peningum, til taks á hverri stundu, sem á því kann að þurfa að halda.

Stjórn þessa félags er ein sú ágætasta og ráðdeildarsamasta, sem nokkurt félag hefir, og efnalega er félagið svo vel stætt, að hlutabréf þess seljast háu verði á öllum peningamörkuðum heimsins. Og lán getur það tekið með nákvæmlega eins vægum vaxtaskilmálum eins og nokkur þjóðstjórn.

Járnbrautaeignir félagsins eru taldar að hafa kostað rúmlega 302 miliónir dollara, og skipastólinn rúmlega 18 miliónir. Þess utan hefir félagið hluti í og umráð yfir öðrum járnbrautum, og eru eignir þess í þeim metnar rúmlega 63 miliónir. Ýmsar aðrar eignir á félagið, þar með talið 5 miliónir dollara, sem það lánaði ríkisstjórn inni fyrir nokkrum tíma. Alls telur félagið eignir sínar tæpar 460 miliónir dollara.

Meðal eignanna eru 10,543 mílur af járnbrautum, fullgerðar og í byggingu, 1478 gufudráttvélar og 5300 fólks og farangurs flutningsvagnar allskonar, 38 öflug hafskip og 25 strandferða og innanlandsvatna flutningaskip.

Með þessum flutningstækjum, sem notuð eru ekki eingöngu í sjálfu Canadaveldi, heldur einnig til þess, að flytja fólk og flutning út úr landinu og inn í það, — má fullyrða að C.P.R. félagið sé það lang-mesta og öflugasta sinnar tegundar í viðri veröld.

Þess ber að gæta, að félagið er enn á uppvaxtarárum sínum, og hvergi nærri fullþroska, því að eftir því, sem landið byggist, eftir því heldur það áfram að byggja viðauka við brautakerfi sitt út til allra sveita landsins, og með sívaxandi framleiðslu og verzlun í landinu, verður það að sjálfsögðu að efla skipastól sinn engu síður en mílnatal járnbrautanna.

Þetta félag hefir á sl. ári bygt meira en 11 hundruð mílur af járnbrautum hér í Canada, og hefir á yfirstandandi tíma á fimta hundrað mílur undir lagningu, sem það vonar að geta lokið við fyrir nýár næstkomandi.

Hverja framtíð félag þetta muni eiga, má meðal annars marka af því, að svo má heita, sem vort mikla Norðvesturland, frá stórvötnunum að austan til Klettafjalla að vestan, sé að eins byrjað að byggjast, og frá öllu þessu afar víðáttumikla landflæmi hefir félagið fengið beiðnir um, að leggja þúsundir mílna af járnbrautum. — Svo er og einmitt nú í aðsigi verzlun sú hin mikla, sem ætlað er að komist á milli Canada og Austurálfu heims, Indlands, Kína og Japan, og sem þetta félag ætlar sér með auknum skipastól að reka með fullu afli, þegar þar að kemur. Það er því engan veginn oflangt seilst, þó þess sé getið til, að innan næstu 15 til 20 ára hafi félag þetta þúsund milión dollara höfuðstól til starfa hér í landi og á hafnum austan og vestan lands, og með meira en tvöfalt mílnatal járnbrauta og flutningaskipa við það, sem nú er, og það þrátt fyrir það, að félag þetta má búast við miklu öflugri samkepni í komandi tíð, en það hefir nokkru sinni hafst að undanförnu. Sú samkepni getur ekki komið, sem hafi að neinu leyti öflugri flutningstæki en C.P.R. félagið, og það má ætla, að íbúar landsins sendi vörur sínar yfirleitt með þeim brautum, sem bezt flutningskjör bjóða, bæði hvað snertir flutningsgjald og flutningshraða. Og það má trúa félaginu til þess, að þola alla þá samkepni, sem hægt er að veita því.

Ekki veldur sá, er varir

"Með lögum skal land byggja, en með ólögum eyða", heitir grein nokkur, sem Heimskringlu hefir borist frá bónda einum hér í fylkinu. Þar er kvartað um tjón það, er járnbrautarlestir geri á gripum bænda, með því að renna yfir gripina og drepa þá. Því er hótað í greininni, að bændur muni taka til þeirra orþrifsráða, að velta vagnlestum af brautarsporum, ef þeim sé ekki bættur gripamissirinn.

Með því að hér er að ræða um opinbera hótun um, að fremja þann glæp, sem löng fangavist liggur við, ef framinn er, þá neitar Heimskringla að prenta greinina, nema þeir menn, er samtökin ætla að hafa, sendi blaðinu nöfn sín til birtingar, svo að ekki þurfi um að villast, eða saklausir að lenda í vanda, ef slys verður á brautinni.

Í bróðerni vildum vér ráða þeim bændum, sem orðið hafa fyrir tjóni við gripamissi af völdum járnbrautalesta, að hafa fyrst samtök til þess, að leggja umkvörtunarefni sitt formlega fyrir járnbrautafélagið, og komast fyrir, hvort ekki er á þann hátt mögulegt, að fá borgun hjá því fyrir gripina, sem drepnir hafa verið. Einnig að útvega sér fullvissu um það, hvort félaginu ber að girða vegstæði sitt beggja megin, svo að gripir bænda gangi ekki inn á það. Og einnig að íhuga, hvort þeim sjálfum beri ekki að gæta gripa sinna á eigin löndum sínum, og hvort þeir gripir falli ekki að landslögum réttlausir, ef þeir eru í reiðuleysi úti á víðvangi og verða þar fyrir meiðslum eða drápi.

Það er þá fyrst, þegar bændurnir eru búnir að vita landslaga rétt sinn í málinu, að þeir verða færir um, að beita réttri aðferð til að tryggja sér þann rétt, án þess að aðhafast nokkuð það, sem mundi leiða af sér eignaspell og manntjón og fangelsisvist fyrir þá sjálfa.

Kostbært kæruleysi.

Ofurlitla hugmynd geta menn fengið um það, hvað einn liður í kæruleysi Canada manna kostar þjóðina,— með því að lesa eldskaðaskýrslur herra Lindback, "Provincial Fire Commissioner". Skaðar af eldsbrunum í Canada, frá nýári sl. til 1. júlí — það eru 6 fyrstu mánuðir ársins — urðu yfir 10 miliónir dollara. Í Manitoba fylki einu urðu skaðar af eldsvoðum á sama tímabili hálf milión dollara.

Herra Lindback segir, að helfingur allra þessara bruna orsakist af kæruleysi og hirðuleysi íbúanna, og að það hefði hæglega mátt koma í veg fyrir þá með því, að hafa hugfóst eftirfarandi atriði:

1. Að þekja öll opin reykháfapípugöt með járnplötu, eða að múra þau upp, ef ekki er álitið að þurfi að nota þau.
2. Gufuleiðslupípur ættu að vera svo lagðar, að þær snerti aldrei viði í veggjum, sem þær liggja meðfram. Ofnpípur ættu jafnan að setjast inn í múrumgerð, en aldrei gegn um gólf eða húsþök, nema múrað sé eða steinlímt í kring um þær.
3. Þar sem stór eða ofnar standa skyldu gólf þakin annaðhvort með járnplötu eða múr eða steinlími.
4. Ef nauðsynlegt er að leggja ofnpípur gegn um gólf eða veggi, þá skyldu þær svo lagðar, að hólkur sé utan um þær, er veiti loftstraumi milli pípunnar og gólfsins eða veggjarins.
5. Séu rafljósaþræðir ógætilega lagðir í hús manna, getur það orsakað eldsbruna.
6. Stiga-uppgöngur ættu jafnan að vera nægilega rúmgóðar og enginn skyldi brúka þær sem hyllur, eða til að geyma nokkuð í þeim.
7. Engu því, sem eldfimt er, skyldi nokkurntíma hlaðið upp að húsveggjum, og sist við dyr eða glugga.
8. Enginn skyldi brúka "Parlor Matches", heldur "Safety Matches", sem eru engu dýrari, en eru algerlega eldtryggar. Væri hinar síðarnefndu eldspítur alment notaðar, mundi það eitt koma í veg fyrir einn fjórða hluta af öllum vorum eldsköðum.
9. Allar útihurðir ættu að ganga út en ekki inn, — sérstaklega á samkomuhúsum.

Ýmsar fleiri ráðleggingar gefur herra Lindback, en þessar eru þær sem almenning varðar mest, og þess vegna eru þær hér birtar.

Annars er það eftirtektavert, að hann telur fjórðung allra eldsbruna orsakast af því, að fólk brúki "Parlor Matches" í stað þess að það ætti að nota "Safety Matches". Þetta atriði þarf frekari skýringar en þær, sem eldsvoða eftirlitsmaðurinn gefur. Líklegast felst þetta að nokkru leyti í því, að mýs og rottur komast að "Parlor Matches" og naga þær svo að í kviknar, en "Safety" eða öryggis eldspýturnar þola það nag. Sömuleiðis kviknar á hinum fyrnefndu eldspýtum, ef á þær er stigið, en ekki á hinum síðarnefndu.

Þeim geðjast blaðið.

"Það gleður mig, að Heimskringlu aukast kaupendur, því hún er lang-bezta blaðið hér vestanhafs".

J. V.

"Ýmsir þeir, sem taka póst sinn hér á pósthúsinu óska þess, að þú vildir senda hingað nokkur eintök til útbýtingar af hinu lofsverða skraut-númeri Heimskringlu, sem nýskeð var gefið út. Það má óhætt fullyrða, að slik útgáfa sé óviðjafnanleg í íslenzkri blaðamensku, og verður því að verðugu útgefandanum til ævarandi heiðurs. Það dylst engum, að kostnaðurinn við að gefa út slik númer er mjög mikill. Efnið er sómasamlega vel valið. Íslenzkir bændur og bændasynir, sem sýna litla atorku við búskap, geta séð að til eru menn, sem ekki horfa í kostnaðinn til að læra hann á búnaðarskólum. Sá getur aldrei orðið nýtur bóndi, sem ekki hirðir um að læra búskap. En að læra hann vel er ekki auðið nema á búnaðarskóla. Ég er ekki kaupandi Heimskringlu, en get þó unnað útgefandanum og blaðinu sannmælis. þökk fyrir útgáfu skraut-númersins".

G.M.

"Eftir nokkurra vikna fjarveru. hefi ég við heimkomu mína séð eintak af yðar sérstaka búnaðarskólablaði, og finn mér skylt, að óska yður til lukku með ágæti þess.

Vitanlega get ég ekki skilið málið, sem það er skrifað á, en mér geðjast sérlega vel að frágangínum að öllu leyti, — pappír, myndum og þess kónar, og ég hika ekki við að segja, að blaðið sé til sæmdar fyrir oss og Manitobafylki.

Myndi það vera mögulegt fyrir oss, að fá hjá yður mynd þá af búnaðarskóla-heildinni, sem prentuð er í blaði yðar. Það er bezta mynd, sem enn hefir verið tekin af skólanum, og vér mundum færa oss hana vel í nyt.

Yðar einl.

W. J. BLACK,
yfirkennari.

23. sept. 1909.

Stórhýsi.

Metropolitan lífsábyrgðar félagið hefir sent Heimskringlu bækling um "eðli tæringarsjúkdóma, vörn gegn þeim og lækning", og biður þess um leið getið, að hver kaupandi Heimskringlu, sem þess óski, geti fengið ókeypis einn af þessum bæklingum með því að sækja hann í Room 218 McIntyre Block hér í borg.

Aftan á kápu þessa bæklings er mynd af aðalstöðvum félags þessa í New York borg. Það er stórhýsi, nýlega bygt, og er lang-hæsta bygging í heimi, 700 fet á hæð, 50 tasiur.

Lýsingin af húsinu er á þessa leið: — Byggingin tekur yfir 25 ekra svæði, hefir 48 lyftivélar, sem ganga 125 þús. mílna langan veg á ári. Öll lyftivélagöngin samanlögð eru 1½ míla á lengd, og stálþræðir þeir, sem lyftivélarnar ganga á, eru 27 mílur á lengd. Forstofugöngin öll til samans í þessu mikla húsi eru nálega 32 mílna löng. Í húsinu eru 13 mílur af vatnsleiðslupípum og 151 mílur af járnpípum, sem innilykja 189 mílur af rafljósaþráðum og 2462 mílur af talþráðum og tilkynningar (Signal) þráðum. Í húsi þessu eru 30 þúsund rafljós. Það tók 35 miliónir múrsteina að byggja það og 556 þúsund teningsfet af hvítum marmara. Öll grindin er gerð úr stálböndum afartraustum. Turninn er 75x80 fet að ummáli og hefir 50 loft. Klukkan í turninum hefir skífu, sem er 24 fet að þvermáli, og er hún sett 346 fetum fyrir ofan strætið. Útsýnispallur er umhverfis turninn á 45. lofti, 590 fet frá strætinu, og annar útsýnispallur á 48. lofti, 633 fet frá strætinu, og sá þriðji á 50. lofti, eða 661 fet frá stræti. Skrifstofur eru á hverju lofti turnsins.

Hveitmjöl hefir lækkað í verði um 20c tunnan eða 10c sekkurinn.

Sparið Línið Yðar.

Ef þér óskið ekki að fá þvottinn yðar rifinn og slitinn, þá sendið hann til þessarar fullkomnu stofnunar.

Nýtízku aðferðir, nýr vélaútbúnaður, en gamalt og æft verkafólk.

LITUN, HREINSUN OG PRESSUN SÉRLEGA VANDAÐ

Modern Laundry & Dye Works Co., Ltd.
307—315 Hargrave St.
WINNIPEG, MANITOBA
Phones: 2300 og 2301

Mrs. Williams

er nýkomin til baka úr ferð sinni um gamla landið. Hún fór þangað til að skoða beztu kvenhatta verkstæðin og valdi þar mesta úrval af alls konar kvenhöfuðbúnaðarskrauti og höttum. Hún óskar, að ísl. konur vildu skoða vörur sínar sem hún er viss um þeim mundi geðjast að. Verðið sanngjarnt.

702 NOTRE DAME AVE.

23-12-9

The ALBERTA Hreinsunar Húsið

Skraddarar, Litarar og Hreinsarar. Frönsk þur- og gufuhreinsun. Fjaðrir hreinsaðar og gerðar hrokn ar. Kvenfatnaði veitt sérstakt athygli. Sótt heim til yðar og skilað aftur. Allskonar aðgerðir. Fljót afgreiðsla. Verð sanngjarnt. Opið á kveldin. FÓN: Main 3466.

660 Notre Dame Ave., Winnipeg

23-9-10

Dr. M. Hjaltason, Oak Point, Man.

Jónas Pálsson,
SÖNGFRÆÐINGUR.
Útvegar vönduð og ódýr hljóðfæri.
460 Victor St. Talsími 6803.

Jóhanna Olson
PIANO KENNARI
557 Toronto St. Winnipeg

Sv. Björnsson,
EXPRES-MAÐUR,
annast um alls kyns flutning um borgina og nágrennið. Pöntunum veitt móttaka á prentstofu Anderson bræðra, horni Sherbrooke og Sargent stræta.

JÓN JÓNSSON, járnsmiður, að 790 Notre Dame Ave. (horni Toronto St.) gerir við alls konar katla, könnur, potta og pönnur fyrir konur, og brýnir hnífa og skerpir sagir fyrir karlmenn. — Alt vel af hendi leyst fyrir lítla borgun.

VEITIÐ ATHYGLI!

Nú gefst yður tækifæri á, að eignast heimili og bújarðir með sanngjörnu verði.

Hús og bæjarlóðir til sölu og skift fyrir bújarðir. Einnig seljum við og skiftum bújörðum fyrir bæjareignir, útvegum kaupendur fyrir eignir yðar, og önnumst um alls konar sölu og skifti.

Við útvegum peningalán með rýmilegum skilmálum, tökum hús og muni í eldsábyrgð, og seljum lífsábyrgðar skírteini með sérstökum hagsmunum fyrir hluthafa fyrir bezta og áreiðanlegasta Bandaríkjafélag. Komið og finnið oss að máli, og skrásetjið eignir yðar hjá oss. Fljótum og áreiðanlegum viðskiftum lofað.

The MONTGOMERY Co.
K.B. Skagfjörð, ráðsmaður.
Rm. 12 Bank of Hamilton
Cor. Main & McDermott.
Skrifstofu talsími, Main 8317.
Heimilis talsími, Main 5223.

2 Bækur Gefins

FÁ NÝJIR KAUPENDUR AÐ HEIMSKRINGLU SEM BORGA $2.00 FYRIRFRAM, OG ÞESSUM BÓKUM ÚR AÐ VELJA :—

Mr. Potter frá Texas
Aðalheiður
Svipurinn Hennar
Hvamnverjarnir
Konuhefnd
Robert Manton
og Leyndarmál Cordulu frænku. —

Alt góðar sögur og sumar ágætar, efnismiklar, fróðlegar og spennandi. Nú er tíminn að gerast kaupendur Hkr. Það eru aðeins fá eintök eftir af sumum bókunum.

Heimskringla
P.O. Box 3083, Winnipeg

The Abernethy

Tea Rooms

Eru nú undir nýrri ráðsmensku. Vér getum selt fólki góðar máltíðir og hressingar eftir þann 9. þ. m.—

21 máltíðarseðlar $3.50

472 PORTAGE AVE.

G. Eggertsson's

KJÖTMARKAÐUR.

Talsími 3827 693 Wellington Ave.

Góður markaður. Kjöt frá 4c. pundið og upp. Egg og smjör ódýrara en hjá öðrum. Alskonar fiskur og fuglakjöt. Komið til Eggertsson's og sjáið og reynið og sannfærist um, að þar er hægt að fá gott kjöt. —

Ómeinguð Hörlérept

beint frá verksmiðjunni á Írlandi. Af því vér kaupum beint þaðan, getum vér selt írsk hörlérept ódýrar en aðrir í borginni. 15 prósent afsláttur næstu 2 vikur.

C. S. S. Malone

552 PORTAGE AVe. Phone Main 1478

16-12-9

HEIMSKRINGLU og TVÆR skemtilegar sögur fá nýir kaupendur fyrir að eins $2.00.

Nokkrar vísur

Eftir HULDU.

TIL HEIMSKRINGLU.

Heimskringla þá sýndi sig
í sínum búning ríka,
Hörður vildi heyra þig
og Hólmverjarnir líka.

Vestan-blaða ert þú ein
ei með fróðleik klipinn.
Eins og vant er varstu hrein,
með vana tignar-svipinn.

Hans var þess að vísu von
við það dánarbeðið, —
vel hefir Magnús Markússon
minni Gísla kveðið.

EYJAN MÍN.

Frelsi og völdin verði þín,
von á skjöldinn stafi
ísum földuð eyjan mín
út í köldu hafi.

Þína á segulstrengi slæ,
strax að dregur lotning,
eyja fegurst út í sæ,
Austurvega drotning.

Heim oft flýgur hugur minn
hér af daga línu.
Ó, að ég mætti í síðsta sinn
sofna í skauti þínu.

Einlæg hjartans óskin mín
inn í stef er kveðin,
að liti ég fögru ljósin þín
leiðtra um dánarbeðinn.

LEIT Í SPEGIL.

Heimsku nornir, sorg og synd
sýna ranga veginn.
Nú er ég orðin elli-mynd,
upp af tima dregin.

EF ÉG MÆTTI.

Ef ég mætti eiga hvílu
upp á skýjabólstrunum,
skyldi ég enga gremju grýlu
gera úr minum lífskjörum.

Ef ég mætti á uppheimshjólum
yfir fara mána-lönd,
með blómakrans úr bláloftsfjólum,
bundinn norðurljósa rönd.

Ef ég mætti á vængjum vinda
víðan fljúga um loftsins geim,
úr kvöldroða mér kyrtil mynda,
knýttan daggarperlu reim.

Ef ég mætti yfirlita
alla hnetti bláloftsins geims,
skyldi ég ekki ferðum flýta
úr fögrum sölum undraheims.

Lífið yrði ljúfust sæla,
listasmíði hugar-draums, —
þar væri ekkert til að tæla
í töfrahallir voða-glaums.

HULDA.

Á beztu heimilum

hvar sem er í Ameríku, þar munið þér finna HEIMSKRINGLU lesna. Hún er eins fróðleg og skemtileg eins og nokkuð annað íslenzkt fréttablað í Canada

Bókstafs-þrældómur.

Óneitanlega virðast oss tíðindi þau, sem gerst hafa í kirkjufélagi landa vorra í Vesturheimi, vera nokkurt íhugunarefni oss hér heima jafnframt hugsunum manna um afnám þjóðkirkjunnar. Vér teljum alveg óhætt að fullyrða, að slíkt hefði ekki getað komið fyrir í nokkurri mótmælenda-þjóðkirkju Norðurálfunnar. Í engri slíkri kirkju mundu samþyktir þær, sem kirkjuþingið hefir látið frá sér fara, hafa verið gerðar um bindingarafl trúarjátninga-rit-anna og um það, að öll ritning sé guðs orð, áreiðanlegt og innblásið

Hver maður, sem nokkuð hefir kynt sér trúmála-umræður, sem um þessar mundir hafa farið fram á þýzkalandi, Englandi og Norðurlöndum öllum, hann veit, að þar er skoðunin á þessu orðin gjörbreytt, og að það er beinlínis óhugsandi, að nokkrum manni yrði vísað út úr þessum kirkjum fyrir þá sök, að hann gneinir eitthvað á við trúarjátninga-ritin, eða hefir látið sannfærast um það af ómótmælanlegum rökum, að tilorðning ritningarinnar hafi verið annan veg háttað en menn gerðu sér í hugarlund á 17. öld.

Vandalaust er að sjá, hvernig á því stendur, að þjóðkirkjurnar eru að þessu leyti komnar lengra í viðurkenning sannleikans. Ríkin halda uppi mentastofnunum, sem prestarnir fá lærdóm sinn í. Og til þess er ætlast, að þær stofnanir séu vísindalegar. Annað er nú talið með öllu óþolandi. Kennurum er ætlað að komast að sannleikanum, að svo miklu leyti, sem í þeirra valdi stendur. Og þeim er ætlað að segja hann. Í prestaskólum fríkirknanna, að minsta kosti þeim skólanum, sem Vestur-Íslendingar hafa fengið flesta presta sína frá, er kenslan alt annað en vísindaleg. Þar er til þess ætlast, að kent sé eftir trúarjátningum. Og fyrir því kemst enginn nýr sannleikur að, alt situr blýfast, engin framþróun verður. Og ófær skurður myndast milli þeirra, sem hafa komið auga á nýju sannleiksatriðin, og hinna, sem hafa látið loka á sér augunum.

Mikil óhamingja væri það, ef slíkt henti oss hér heima. Óneitanlega er nóg sundrungin, þó að oss sé við þessu hlíft. Í trúar-frjálslyndi er prestastétt vor og þjóð öll enginn eftirbátur annara. Og prestaskóla vorum er áreiðanlega haldið í horfinu, sem vísinda-stofnun. Getur það verið fýsilegt frjálslyndum mönnum, sem athuga, hvað þeir eru að gera, að stofna til svipaðrar breytingar eins og nú er farin að sýna sig með löndum vorum í Vesturheimi? Eða sjá menn nokkura tryggingu gegn henni, þegar farið væri að láta kirkjuna sigla sinn sjó?

Ekki kemur oss það óvart, að foringjar kirkjufélagsins vestræna neiti því, að þeir hafi vísað nokkurum manni út á síðasta kirkjuþingi. Þeir hafa lagt kapp á, að þvo þann blett af sér, láta svo sýnast, sem þeir, er út hafa gengið, hafi gert það ótilneyddir. Forseti kirkjufélagsins orðaði jafnvel úrskurð sinn svo, að kirkjuþingið hefði ekki gefið nokkurt tilefni til þess, að nokkur maður gengi af þinginu. En slíkar tilraunir eru ekki til annars en vansæmdar. Kirkjuþingið lýsti að sönnu yfir því, "að prestar og leikmenn kirkjufélagsins séu eigi með neinu, er samþykt hefir verið á þessu kirkjuþingi, gerðir rækir úr kirkjufélaginu". En það neitaði að lýsa yfir því, að þeir yrðu ekki reknir, ef þeir héldu áfram að halda fram þeim skoðunum, sem um var deilt og meiri hluti kirkjuþingsins lagðist í móti.

Með öðrum orðum, kirkjuþingið segir: Við skulum fyrirgefa það, að þið hafið haldið fram ykkar sannfæringu. En þið megið búast við, að verða reknir, ef þið gerið það eftirleiðis.

Það liggur í augum uppi, að enginn sannleikselskandi maður, enginn maður, sem ann sæmd sinni, getur setið kyr, eftir að hafa fengið yfir sig slíka dembu. Hér var enginn annar kostur fyrir hendi en sá að fara.

Hvað bókstafsþrældómurinn hlýt ur að hafa ranghverft hugum þeirra manna, sem svona geta hugsað, og annað eins og þetta geta látið um sig spyrjasti!

Ef andstæðingarnir vildu láta kúgast til þess að hætta við að láta uppi sannfæring sína um andleg mál, ef þeir voru fáanlegir til þess, að svíkja þann sannleik, sem þeir töldu sér trúað fyrir, og fara að tala gegn sannfæringu sinni, þá voru þeir gildir og góðir í kristnum félagsskap. En væru þeir ófáanlegir til þess, væru þeir staðráðnir í, að standa við sannfæring sína, þá — burt með þá!

Ódrengskapinn og hræsnina hefir hið evangeliska lúterska kirkjufélag Íslendinga í Vesturheimi að þessu sinni gert að skilyrði þess, að verða ekki gerður rækur. Er hlaupið að því, að aflaga kristindóminn öllu meira annan veg en með því að fara svona með hann?

Þessi er afleiðingin af bókstafsþrældómnum. Þessi er afleiðingin af trúarjátninga-bandinu. Þessi er afleiðingin af prestaskólum, sem loka augunum fyrir þekkingu nútímans.

Eigum vér að gera leik að því, að hleypa slíku inn í þjóðlíf vort? — Ísafold.

KENNARA VANTAR

við Siglunes skóla No. 1399, með 1. eða 2. stigs kennaraleyfi, helzt karlmann, fyrir næsta kenslutímabil frá miðjum október mánuði næstkomandi til apríl mánaðar loka næstu (eftir ástæðum). Umsækjandi snúi sér til undirritaðs og geti um, hvaða kaup hann setur.

Siglunes P.O., 31. ágúst 1909.
Guðmundur Hávarðsson.

Herra Jón Hólm, gullsmiður að 770 Simcoe St., biður þess getið, að hann selji löndum sínum gull- og silfur-muni og gigtarbelti. — Belti þessi eru óbrigðul við gigt, ef þau eru notuð samkvæmt fyrirskipunum Jóns. Kosta að eins dollar og kvart.

TIL SÖLU—nærri því nýr kolaofn, — fyrir hálfvirði, annaðhvort fyrir peninga eða í skiftum fyrir matreiðslustó. Hkr. vísar á.

Til minnis.

Lesendur eru mintir á, að meðal umboðsmanna Heimskringlu á Kyrrahafsströndinni eru þeir herrar: J. A. J. Lindal í Victoria, Benedict B. Bjarnason í Vancouver og Thorgils Ásmundarson í Blaine. — Kaupendur blaðsins eru vinsamlega beðnir, að snúa sér til þessara manna með pantanir að blaðinu og borganir fyrir það. — Það getur verið mörgum þægilegra, að eiga við umboðsmenn blaðsins í sínu héraði, heldur enn við sksifstofu blaðsins.

Blesavísur.

Páll Sigfússon, sem búið hefir í Winnipeg um mörg ár, og bygði fyrstur manna á Simcoe St., átti rauðblesóttan hest, úlfaldagrip, en misti hann nýlega. Blesi fanst fótbrotinn að morgni dags. Sumir kenna strætisvagninum á Arlington st. um, en aðrir ekki. Blesi var þektur nær og fjær, sem gæðaskepna, og orðinn frægur. Hans er getið í Bankarímu og Gnoðarljóðum (hvorugt prentað enn). Mælt er, að rímnaskáldin í Winnipeg hafi orkt hestavísur um hann, — Magnús Markússon, Jónas Daníelsson, K. Ásg. Benediktsson og 2 eða 3 aðrir. Vísur þær, sem hér fylgja, eru sagðar eftir K. Ásg. Benediktsson:

1. Út um storðu óður ber
Aðdrif forðum Blesa.
Skilji orðin skatnaher,
Skuldarmorðið hvar sem fer.

2. Níðingsfund og næturmán
Nornir bundu fláar:
Blesi fundinn beit á knjám,
Brotinn sundur var af Glám.

3. Skeifum tamur skyrpti á braut,
Skeiddi gramur jóa,
Orkuramur æddi, þaut,
Orðaglamur skálda hlaut.

4. Röskur, fljótur reiðamar
Römmum fótum spyrnti,
Ekru, grjót og urðirnar,
Öslaði fljót og brautirnar.

5. Svaka vakti svip á brún,
Sinnið rakti harða,
Aldrei hrakti yrpuhún
Eðlis-nakta Skuldar-rún.

6. Flaug um merkur mélabjörn,
Mönnum herkinn þótti.
Akstursverk á upsatjörn *)
Efldi sterkur, — minnisgjörn.

7. Ofsa bundinn yrrustund,
Örvalund þó hlýddi.
Eins á sundi, sem á grund,
Söðlahundur geymdi lund.

8. Fann ei maður fákaval
Fegra að sköpulagi,
Dreyrlitaður dúsifal,
Dreginn blaði á heilasal.

9. Blesavinir brosa að því,
Bezta skini yndi,
Ef að hinum heimi í
Hneggið dynur blakks á ný.

10. Sunnulóna send' ég við
Sóninn tóna slítinn.
Mangi og Jónas **) mærðarklið
Mjúkan prjóna og þæfa við.

*) Manitoba-vatn. Ritarinn
**) Mangi og Jónas, þ. e.: — M. Markússon og Jónas Danielsson. Ritarinn.

WINNIPEG Business College

Cor. Portage Ave and Fort St.

28. AR.

FÉKK FYRSTU VERÐLAUN Á SAINT LOUIS SÝNINGUNNI.

Dag og kveldkensla. Telefón 45.

Hausthkensla byrjar 1 Sept.

Bæklingur með myndum ókeypis.

Skrifið til: *The Secretary, Winnipeg Business College, Winnipeg, Man.*

Miss NESBITT

KVENHATTA SALI
112 ISABEL ST.

Býr til alskonar kvenhatta í nýjustu gerð. Skreytir með fjöðrum, blómum og böndum og öðru nýtízku stássi. Endurnýjar og skreytir brúkaða hatta. Alt verk vandað og verð sanngjarnt. Isl. konnm boðið að skoða búðina. —

MISS NESBITT,
112 Isabel Street

18-11-9

HERRA BÓNDI!
ÞETTA ER FYRIR ÞIG!

Vildir þú ekki hafa í haustþinu eins bjart ljós og þau sem bezt eru í stór borgum?

Brennari vor passar í hverja venal. lampa. Brennir lofti, ekki olíu, er algerlegaáhultr.

Þetta ljós lækkar olíu kostnað um meir en helfing.

Vér sendum brennara gegn fyrirfram borgun, fyrir $2.75.

Skrifið oss eftir upplýsingum.

INCANDESCENT KEROSENE LIGHT CO.
50 PRINCESS ST, WINNIPEG

R. A. THOMSON AND CO.

Cor. Sargent & Maryland St.

Selja allskonar MATVÖRU af beztu tegund með lægsta verði. Sérstakt vöruúrval nú þessa viku. Vér óskum að Íslendingar vildu koma og skoða vörurnar. Hvergi betri né ódýrari.—

Munið staðinn:—
HORNI SARGENT AVE. OG MARYLAND ST.
PHONE 3112.

A. S. BARDAL

Selur líkkistur og annast um útfarir. Allur útbúnaður sá bezti. Enfremur selur hann alskonar minnisvarða og legsteina.

121 Nena St. Phone 306

Sendið Heimskringlu til vina yðar á Íslandi.

seinni tíð hafði smámsaman hallast niður á við. En það var svo sem ekki líkt honum, ef hann hefði hikað við að offra æfilangri velferð og hjarta Önnu aumingjans, til að jafna þann halla. Að vísu var þessi kaupmaður hálf-illa ræmdur, en á að líta var hann þó heldur laglegur maður, og áður hafði hann unnið eina kvenmannssál. Það var því ekki svo undarlegt, þó Anna færi eftir hinum fastákveðna vilja föður sins, en að vísu gerði hún það, sem léttlyndur, áhugalítill unglingur. Líklegt er, að hún hafi lesið, að brúðarkransinn væri ástundum líkur olíurbandi hinna gömlu, en hún hugsaði ekki um það.

Fjölmenn og ríkmannleg trúlofunarveizla var svo haldin, en ekki var Knútur boðinn. Þó fór hann um kveldið áleiðis upp þangað. Hann heyrði hljóðfæraláttinn og sá ljósadýrðina í öllum gluggum. Hann var á tveim áttum, hvort hann ætti að fara nær "garðinum" eða ekki. Það var eins og honum findist hann vera eitthvað svo lítilmótlegur og vesall í samanburði við allan þennan ljóma. Þó var það einhver ósjálfráð eftirþrá, að vita, hvað Anna hugsaði, og hvort hún vildi kannast við hann nú, sem rak hann heim að glugganum. Þá sá hann grilla í eitthvað ljóslitt. Það var Anna, sem kom hoppandi og dansandi yfir túnið.

"Aha gott kveld, Knútur. Það var gott að þú komst. Viltu trúa því, að ég er nú trúlofuð!" Þetta sagði hún hálfbrosandi, en hrökk við, er hún sleptí síðasta orðinu, og fann að það var eitthvað annað, sem hún hefði átt að segja, því hún tók þá eftir hinni sorglegu alvöru í tilliti Knúts, sem hún hafði aldrei séð þar áður.

Knútur þagði. Það leit út fyrir, að hann vildi seeja eitthvað, er gæti lýst því, sem honum bjó í brjósti, en fann engin þau orð, er við áttu.

Anna hraðaði sér inn. Hún var hugsandi, og dánsaði ekki meira um kveldið. Hin dökku augu Knúts, sem hefta mátti að væri það eina, sem hún hafði veitt eftirtekt í hálfrökkrinu úti á túninu, — þau stóðu henni nú fyrir hugskotssjónum, og hún gleymdi þeim aldrei upp frá því. Hana grunaði þá, að það væri graföl gæfu hans og ánægju, sem verið var að drekka þar inni. Alvara lífsins kom þá yfir hana. Það kveld breytti henni úr barni í hugsandi kvenmann. Henni fanst hún hafa gert rangt, en í hverju það var helzt innifalið, það sá hún ekki. Henni fanst líkt sem ógegnsæ, blæja vera hengd fyrir tilveru sína, er hún vildi bægja frá með hendinni og sjá, hvað þar væri á bak við, en hún gat það ekki. En það fann hún gjörla, að ekki var það kaupmaðurinn, sem duldist bak við tjaldið.

Eftir þetta voru þau eins og hálf-leimin hvort við annað, Knútur og Anna, líkt og þau óttuðust það afl, er þau höfðu fundið innra með sér. Hjá Knúti var það karlmannlega borinn söknuður, hjá Önnu áhyggja fyrir framtíðinni. Hún fór nú meira einförum en áður hafði verið. Það voru nú ekki hin léttilegu hlaup unglingsins til fiskimannskofans, heldur hinn hæversklegi gangur meyjarinnar. Og nú lá oftast leið hennar í lund af ljósum birkitjhám, sem voru kippkorn frá sjónum; þar átti hún bekk sem hún áður hafði mjög sjaldan notað. Nú sat hún þar á hverju kveldi, og horfði út á sjóinn. Henni var það einhver óljós og óákveðin nautn, sem hún þekti ekki áður. Það voru ekki skipin á siglingu, sem hún horfði á. Helzt starði hún á tunglsgeislana, er speigluðu sig í vatninu, kvikandi og óstöðugir, eins og hennar eigin eftirþrá. Aldrei var kærastinn með henni á þessum ferðum. Knútur þar á móti stóð oft á sínum eigin tanga og horfði, og það var framtíðin, sem hann horfði eftir. Að hugsa

um hana sem sína, það áleit hann ekki rétt. En að gera eitthvað fyrir hana eða hennar vegna, það var rétt. Hann vildi manna sig upp. Gat hann það ekki á sjónum? Hann vildi heyja stríðið, trúr og staðfastur, en hann vantaði styrk. Hann þurfti að segja henni, að hann væri að kveðja fyrir fult og alt, og fá svo um leið innilega og ástúðlega skilnaðarkveðju. Minna mátti það ekki vera fyrir hin skemtilegu æskuár og sína eigin sjálfsafneitun. Á höfninni lá skip seglbúið, sem vantaði 2 menn, þar var framtíðin. Knútur fór um borð og réðst með skipinu. Nú var teningunum kastað. —

Gömlu hjónin heyrðu þetta með þöglum en sárum söknuði. Burtfarar ástæðuna vissu þau vel, en töluðu ekki um hana, og létu Knút ráða sínum ferðum. Þeim fanst náttúrlegt, að hann færi frá þeim sömu leiðina og hann kom til þeirra, og þau voru of stolt í fátækt sinni, og þótti of vænt um drenginn til þess, að vilja reyna að hefta framsókn hans, fyrir það sem þau höfðu alið hann upp.

Um kveldið var Anna eftir vanda í lundinum sínum. Þá heyrði hún fótatak fyrir aftan sig, og hrökk við, er hún sá, hver það var, sem kom til hennar. Það var með samblöndun af virðingu, meðaumkvun og vaknandi ást, að hún horfði á Knút, og hún þekti mjög vel þetta tillit hans, — frá trúlofunardeginum sínum.

"Gott kveld, jómfrú Anna", — það var í fyrsta sinni, að hann nefndi hana meira en Önnu, — "þú mátt ekki misvirða það við mig, að ég kem hingað og geri þér ónæði, en ég er kominn til að kveðja þig".

"Til að kveðja, Knútur? Hvert ætlarðu að fara?" spurði hún, og skalf af eftirvæntingu þeirra orða, er mundu koma sem svar, — orða, sem hún

óttaðist, og sem hún þó hálfvegis, óafvitandi æskti með sjálfri sér að fá að heyra.

"Ég fer þangað, sem forlögin leiða mig, til þess að komast svo langt héðan, sem ég get, en fyrst ætla ég að leiðin liggi til Ameríku", sagði Knútur, blíðlega en alvarlega. "Og svo vildi ég þakka yður fyrir alt, frá því við vorum lítil. Og ennfremur vildi ég biðja yður nokkurs að endingu, og það er, að ef þér ættuð einhvern smáhlut, sem þér hafið sjálfar borið, að gefa mér hann að skilnaði til endurminningar um yður, og hann skal aldrei við mig skilja meðan ég lifi".

Anna varð mjög hrifin við þessi einföldu orð. — Þegjandi tók hún af sér hárfesti, og fylgdi henni lítið gulleski með mynd af henni er hún var barn. Með sannri kvenlegri kurteisi hengdi hún það um hálsinn á Knút og sagði: —

"Sjáðu, Knútur, þú þekkir þetta vel. Guð veri með þér, og þakka þér fyrir liðna tímann. Það er alt, sem ég get sagt".

Hún tók vingjarnlega í hönd honum, því nú var hún sterkari en hann, leit til hans blíðlega og hughreystandi, mitt í sínum eigin kvölum. Svo dró hún hægt að sér hendina aftur. En það var eitthvað svo mikið og hátíðlegt í síðasta tilliti hennar, sem sagði honum, að þau hlytu að skilja, svo Knútur gekk þegjandi burtu. En hún var eftir í lundinum, settist á bekkinn og grét. —

Og svo fór hann út í heiminn, að leita forlaga sinna. En á ströndinni sat Anna og mændi eftir hinu hverfandi segli við hafsbrún. Nú vissi hún, hvaða bletti augað skyldi hvíla á. Nú var tjaldinu lýst, en það var föl og sorgleg vissa, sem þar var bak við. Faðir hennar og mannsefni voru sem ógnandi vofur, sem vildu draga æsku hennar og lífsgleði með sér ofan í hið dimma og dapurlega dauðraríki.

ROBLIN HOTEL

115 Adelaide St. Winnipeg

Bezta $1.50 á-dag hús í Vestur-Canada. Keyrsla ókeypis milli vagnstöðva og hússins á nóttu og degi. Aðhlynning hins bezta. Viðskipti Íslendinga óskast. William Ave strætiskarið fer hjá húsinu

O. ROY, eigandi.

Gimli Hótel

G. E. SÓLMUNDSSON
eigandi

Óskar viðskifta Íslendinga sem heimsækja Gimli-bæ. — Þar er beini beztur í mat og drykkjarföngum, og aðbúð gesta svo góð sem frekast er hægt að gera hana. Hótelið er við vagnstöðina.
Gistið að Gimli-Hótel.

Stefán Johnson

Horni Sargent Ave. og Downing St.
HEFIR ÁVALT TIL SÖLU
Nýjar Áfir
Bezta í bænum. Ágætar til bökunar. 15c gallon

JIMMY'S HOTEL

BEZTU VÍN OG VINDLAR.
VÍNVEITARI T.H.FRASER.
ÍSLENDINGUR. : : : : :
James Thorpe, Eigandi

MARKET HOTEL

146 PRINCESS ST. á móti markaðnum
P. O'CONNELL, eigandi, WINNIPEG
Beztu tegundir af vínföngum og vindlum, aðhlynning góð, húsið endurbætt

Woodbine Hotel

Stærsta Billiard Hall í Norðvesturlandinu
Tíu Pool-borð.—Alskonar vín og vindlar
Lennon & Hebb,
Eigendur.

The Dominion Bank

NOTRE DAME Ave. BRANCH Cor. Nena St.

VÉR GEFUM SÉRSTAK AN GAUM AÐ SPARISJÓÐS-DEILDINNI. —

VEXTIR BORGAÐIR AF INNLÖGUM.
HÖFUÐSTOLL - - - $3,983,392.38
SPARISJÓÐUR - - $5,500,000.00
A. E. PIERCY, MANAGER.

Giftingaleyfisbréf

selur: Kr. Ásg. Benediktsson
540 Simcoe st. Winnipeg.

Arena Rink

Undir nýrri stjórn
Opinn fyrir Hjólskauta.

Hornaflokkur á kveldin.

Innblástur.

Það má undarlegt virðast, ef það er á færi almennings, að gera sér ljósa grein fyrir guðlegum innblæstri ritningarinnar. Mér virðist helzt, að prestar vorir séu sjálfir veikir í, hvað sé innblástur, sem halda honum þó mest fram, og virðast hvergi annarstaðar hann finna, innan neinna annara bókmenta, né neinna þeirra, er á síðari tímum hafa ritað, hvorki andlegt né óandlegt. Af framkomu þeirra að dæma, finst mér helzt hugsanlegt, að guðlegur innblástur muni vera einhvers konar "vík", sem við ekki megum fá að vita hvað er, — hann sé eins og fleira "alt og eitt", sem "orðið" inniheldur, "yfirnáttúrlegur" og óútgrundanlegur mannlegri skynjan, sem enginn sé vaxinn að útþýða. Eða þá að hann sé sá helgidómur, sem við syndararnir ekki megum þeyra útskýrðan, svo ekki komi í oss neinn viðbjóður við syndinni. Mág hefir fyrir löngu síðan langað til að sjá þá innblásturs kenningu útskýrða, af einhverjum vorra kerifeðra, sem mesta trú og áherzlu á það leggja, að öll ritningin sé bókstaflega innblásið guðs orð, og ekkert þora hugann að hreyfa út frá þeim staðhæfingum — óútskýrðum — að "orðið" sérstaklega sé guð innblásið en ekkert annað.

Ég rita þetta ekki í þeim tilgangi, að bera á móti því, að í ritningunni sé guðlegur innblástur, samkvæmt þeim skilningi, sem ég hefi viðtekið fyrir að vera guðlegan en ekki óguðlegan. Ég viðurkenni, að guðlegur innblástur sé viðtækari, en einungis í því, að höfundar ritningarinnar sögðu satt frá atburðum. Svo hafa fleiri en þeir gert á öllum öldum mannstilverunnar, og svo gera margir þann dag í dag, og guð er sá sami sem hefir blásið og blæs enn sínum anda inn til allra, er hann vilja meðtaka. Hann hefir aldrei og mun aldrei halda sínum anda frá neinum, sem tilbýr sig verðugan að veita honum móttöku.

Ef biblíuhöfundar stóðu framar fyrir guðlegan innblástur en sumir menn aðrir, sem aldrei voru viðurkendir guðlega innblásnir, þá er það fyrir það, að þeir meðtóku guðs anda hans verðugir, en voru ekki af bræðrunum niðurþryktir, úthrópaðir sem landráðamenn eða setnir af djöfli og krossfestir á einn eða annan hátt. En menn ástundum með guðlegu yfirskyni tilbúa sig óhyggilega, láta sig sem dagtröll nátta uppi, án þess að hafa gefið sínu skylduverki verulegt tillit um dagtímann, eða gætt sem skyldi lífsgeislanna endurnýjunar, sem þeir áttu kost á að nota, þegar líssólin skein í heiði, og vermdi á allar hliðar. Þeir tilbúa úr sér dagtröll — ekki náttröll — sem verða að steini við næstu náttrenningu, þar sem þeir þá standa. Dagsljós mentunarinnar blindaði þá svo, að þeir gátu ekki augum litið víðsýnið framundan, heldur sneru sér við og sungu lof og dýrð því umliðna, lof og dýrð til næturinnar og dimmunnar, kuldans og þröngsýnisins, er ummyndar svo augun, að þau þola ekki að horfa í ljósið, sem skín, og veitir öllu guðlegt líf, frið og frelsi. Sannan guðlegan innblástur ritningarinnar skilja ekki aðrir en þeir, sem hans sameðli hafa í sér þróað, og þeir eru hans verðir, og þeir hafa gerst því vagn ir hann að þekkja og frá að greiða öðrum innveinaði þess ósanna og syndsama, er holdinu og heiminum tilheyrir, og oss öllum að meita og minna leyti. Ritningin er öll "mannleg orð", er innihalda ýmist góðan, guðlegan innblástur eða vondan og spiltan innblástur, andstæðan guðlegu eðli. Missýnið um guðlegan innblástur "orðsins" skapast fyrir álit hvers eins sérstaklega á guði. Þeir, sem alita guð bæði góðan og vondan, þeir trúa honum fyrir það að vera, og gerast sjálfir þess eftirmynd, og ástunda að vera honum líkir, og tekst það líka svo. Aftur aðrir eru meira góðir en vondir. Þeir tileinka guði einungis gott, en sjálfum sér og heimslystinga friviljanum alt ilt, og "efnislýsnina" (djöfulinn) þess konung, er dregur á tálar og fjarlægir þá guði. — Í þriðja lagi þeir, sem meira eru vondir en góðir. Þeir ástunda að þjóna þeim guði, sem þeir hafa myndað sig eftir. Við þá á heima það sem drottinn sagði: "Ég þekki yður ekki, þér eruð af föðurnum fjanda". Í vægasta framsetningi við nútíðar heimshátt, þá þýða þessi hans orð: "Ég þekki yður ekki fyrir að vera af guði innblásnir, heldur af heiminum".

Hversu mikið álit, og hversu mikinn sannleika, og hversu mikið "orð" orðanna, sem vér viðurkennum biblíuna fyrir að vera í einni heild, þá verðum vér að líta á hana, sem framkvæmdaverk mannlegra hugsana, á sama hátt og hvert annað mannlegt framkvæmdaverk, er til hefir orðið frá fyrstu mannsins tilveru tíð, fyrir ósýnilega innblástra, bæði guðlega og heimslega, sem maðurinn er til neyddur að gera sér grein fyrir, samkvæmt beztu rannsókna vitund, hvort þau ósýnilegu öfl, sem stjórna vitsmunum og framkvæmd um manna, tilheyra guði, eða hinum öflum, honum að eðli gagnstæð, — gera oss grein fyrir, hvað oss sæmir að eigna honum (guði), og hvað getur samrýmst honum, sem algóðum og alvitrum og allstaðar nálægum, höfundi og skapara alls góðs og þess viðhaldara.

Maðurinn verður að gera sér grein fyrir, hvort öll atriði tilfærð í biblíunni, geta tilheyrt og verið í samræmi við þá guðlegu alveru, sem fyrstu orsök, ellegar sumt hvað er henni ósamboðið, og sýnist eiga meiri skyldleika til sjálfra vor og þess, sem oss truflar. — — "Syndin er lands og lýða tjón", og syndir vorar gera tilraunir til að láta oss brjóta — eða reyna að brjóta — náttúrunnar guðlega lögmál, og stríða á móti því góða og réttvísa í hverri grein sem er.

En til þess, að vér þurfum ekki æ og æfinlega, að eiga í þess konar stríði við sjálfa oss, þá þyrftum vér — eða réttara sagt, hefðum vér þurft við fæðinguna — að fæðast inn til góðs samkvæmislífs, og læra meira gott en ilt af samkvæminu. Annars er byrjun vor ósönn, og vér smittumst meira og minna af hinu ósanna og syndsamlega. Það er því ekki ósennilegt, að biblíu-höfundar hafi líkt og vér nú fæðst inn í misjafnlegt samkvæmislíf, og átt í stríði við ýmiskonar freistingar, og biblían nú sé að því leyti innblásin af guði, sem höfundarnir voru guðinnblásnir sjálfir. Meira ekki! Og í það minsta tek ég ekki annað trúanlegt fyrir það vit, sem ég hefi enn þegið. Mér finst það vera svo auðskiliið, að maðurinn þarf að fæðast af foreldrum sínum til meira góðs en ills samkvæmislífs, til þess hann geti komist í viðkynning og samfylgd við Krist, svo að hann verði með honum en ekki á móti, og samansafni með honum, en ekki sundurdreifi með hinu illa og þess árum.

Eftir mínu áliti er til tvennskonar innblástur. Annar er góðkynjaður, en hinn illkynjaður. Innblástrar þessir ráða mannfildi hvers einstaklings, sérstaklega, eða meira og minna sameiginlega, og þar fyrir myndast eðlisfarið og hugsunarhátturinn. "Líkur sækir líkan heim". Tvennt samlíkt dregst saman, en tvennt ólíkt fyrrist hvað annað. Því samlíkari, sem tvær persónur eru að eðlisfari, þess styrkara er samdráttaraflið. Og þess óeðlislíkari, sem persónur eru, þess styrkara er fyrringaraflið, er fráhrindingnum veldur. Hið fyrneinda framleiðir velvild og elsku, samsvarandi innvortis eðli, en hið síðara hatur og kvöl. Náttúrunnar eðlislögmál ræður þessu. Guð er óbrevtanlegur í samræmi við sitt eðlislögmál, og syndir mannanna hafa aldrei þokað honum um hársbreidd þar frá. Maðurinn þarf án alls undanfæris, að afplána sína synd, sem hann sjálfur smíðar sér. Það er réttvíst í þeirri grein og ekkert annað, en réttvísisbrot kemur í bága við alréttvísis lögmálið. En það eru sumar misgerðir meðal bræðranna nefndar synd, sem ekki eru syndir, heldur vanþekking og yfirsjónir.

(Niðurlag).

Til kaupenda Heimskringlu.

Þessir menn hafa tekið að sér umboðsstöðu fyrir Heimskringlu. Þeir taka á móti nýjum áskriftum að blaðinu, og veita móttöku andvirði þess frá kaupendum í þeirra bygðarlögum.

KRISTMUNDUR SÆMUNDSSON, að Gimli, fyrir Gimli og Nes P.O.

SIGURÐUR SIGURÐSSON, að Husawick, fyrir Husawick og Winnipeg Beach P. O.

RÖGNVALDUR S. VIDAL, að Hnausa, fyrir Hnausa, Geysir, Árdal og Framnes P.O.

FINNBOGI FINNBOGASON, að Arnes, fyrir Arnes P.O.

JÓN SIGVALDASON, að Icelandic River, fyrir þá bygð.

BJARNI STEFÁNSSON, að Hecla, fyrir Mikley.

G. ELÍAS GUÐMUNDSSON, að Bertdale, Sask., fyrir það bygðarlag.

JÓNAS J. HUNFJORD, Markerville, Alta., fyrir Alberta bygðina.

Kaupendur eru beðnir að beina borgunum sínum til þessara ofangreindu manna.

THE
BANK OF TORONTO

INNLEGG - - - $30,853,000

VJER OSKUM VIDSKIFTA YDAR

WINNIPEG DEILD: 456 MAIN ST. JOHN R. LAMB, RADSMADUR,

DR. H. R. ROSS

C.P.R. meðala- og skurðlækuir.
Sjúkdómum kvenna og barna veitt sérstök umönnun.
WYNYARD, — SASK.

JOHN DUFF

PLUMBER, GAS AND STEAM FITTER
Alt verk vel vandað, og verðið rétt
664 Notre Dame Ave. Phone 3815
Winnipeg

Með því að biðja sérlega um "T.L. CIGAR," þá ertu viss að fá ágætan vindil.

T.L.

T.L. CIGAR
(UNION MADE)
Western Cigar Factory
Thomas Lee, eigandi Winnipeg

Redwood Lager og Extra Porter

Styrkið taugarnar með því að drekka eitt staup af öðrum hvorum þessum ágæta heimilis bjór, á undan hverri máltíð. — Reynið !!

EDWARD L. DREWRY Manufacturer & Importer Winnipeg, Canada.

Department of Agriculture and Immigration.

MANITOBA

Þetta fylki hefir 41,169,089 ekrur lands, 6,019,200 ekrur eru vötn, sem veita landinu raka til akuryrkjuþarfa. Þess vegna höfum vér jafnan nægan raka til uppskeru tryggingar.

Ennþá eru 25 miljónir ekrur óteknar, sem fá má með heimilisrétti eða kaupum.

Íbúatala árið 1901 var 255,211, nu er nún orðin 400,000 manns, hefir nálega tvöfaldast á 7 árum.

Íbúatala Winnipeg borgar árið 1901 var 42,240, en nú um 115 þúsundir, hefir meir en tvöfaldast á 7 árum.

Flutningstæki eru nú sem næst fullkomin, 3516 mílur járnbrauta eru í fylkinu, sem allar liggja út frá Winnipeg. Þrjár þverlandsbrauta lestir fara daglega frá Winnipeg, og innan fárra mánaða verða þær 5 talsins, þegar Grand Trunk Pacific og Canadian Northern bætast við.

Framför fylkisins er sjáanleg hvar sem litið er. Þér ættuð að taka þar bólfestu. Ekkert annað land getur sýnt sama vöxt á sama tímabili.

TIL FERDAMANNA:

Farið ekki framhjá Winnipeg, án þess að grennslast um stjórnar og járnbrautarlönd til sölu, og útvega yður fullkomnar upplýsingar um heimilisréttarlönd og fjárgróða möguleika.

R. P. ROBLIN,
Stjórnarformaður og Akuryrkjumála-ráðgjafi.

Skrifið eftir upplýsingum til
Joseph Burke, 178 LOGAN AVE., WINNIPEG. Jas. Hartney, 77 YORK ST., TORONTO.

Hún stóð nú sem sá, er lofar einhverju án umhugsunar og verður að ljúga á móti vilja sínum. Hver mundi frelsa hana frá þessari tvöföldu skelfingu, — frá einum, sem var bundinn við hönd hennar, og öðrum, sem ekki varð slitinn frá hjarta hennar?

En hjálpin kom fyr en varði. Eftir að þau voru trúlofuð, kaupmaðurinn og Anna, fór hann, en þó með launung, að grenslast eftir efnabag og ástæðum tilvonandi tengdaföður sins, og komst að þeirri niðurstöðu, að alt samband við hann hlyti að verða efnaleg eyðilegging fyrir sig. Hann flýtti sér því, að gera upp alla viðskiftareikninga þeirra á milli, og áður en Anna vissi af, var hún frí og frjáls. Gleði, blönduð með viðbjóð á kaupmanninum fyrir hans eigingirni og ódrengskap, urðu nú hennar fyrstu tilfinningar. En því miður lá fyrir henni ný reynsla.

Sá grunur hafði lengi legið á Kröger, að það væri eitthvað bogið við atvinnuveg hans, en nú hafði hinn ungi kaupmaður komið því svo í ljós, að rannsókn var hafin og málaferli á hendur honum, er lyktuðu með því, að hann var dæmdur í svo margra ára þrældóm, að fyrir mann á hans aldri, mátti það álítast sama og ævilangt. Og þegar búið var að borga allan kostnað og kröfur, sem framkomu, hafði Anna ekki annað eftir af eigunum, en "Garðinn" og litla landspildu, — að eins nóg handa henni til viðurværis. Hér bjó hún nú í kyrð og einveru. Marga ferð átti hún nú til fiskimannskofans. Fyr hafði hún komið þangað, sem lifgandi og gleðjandi ljósálfur, en nú kom hún sem hægfara, hugsvalandi engill. Varla leið svo dagur, að hún kæmi ekki þangað yfir um með körfuna sína á handleggnum, og í henni eitthvert góðgæti handa gömlu hjónunum. Af og til komu fréttir frá Knút, og stundum sendi hann peninga. Ást Önnu óx og dafnaði við hverja frétt, sem kom frá honum. —

Þannig liðu tíu ár.

Þá sátu þau Páll og Ingibjörg um kveldtíma ein í kofanum. Það var Aðfangadagskvel Jóla, eins og fyrir 30 árum, er hinn eldri Knútur týndist en hinn yngri fanst. Úti var stormur eins og þá, koldimt og bylur með snjókomu. Inni var alt hreint og hátíðlegt, þó fátæklegt væri. Eldurinn logaði glatt á arninum, alt var nýþvegið, og hressandi heimilisfriður hvildi yfir öllu. Það var ekki ólíkt þar eins og á litlu sunnudags málverki eftir Tidimand (danskan málara), þar sem hinn gamli húsbóndi er látinn sitja á stól og vera að lesa í biblíunni fyrir konu sina. Að vísu væri það ekki alveg satt, ef ég segði, að Páll hefði verið að lesa í biblíunni þá, því hann sat með pípuna sína í munninum, og var að búa til "doktor" úr kaffinu sínu. Það var alls ekki vani hans, en Anna hafði gefið honum kognakið til Jólanna, og þá var það næstum synd, að neyta þess ekki hennar vegna, sem ætlið lét sér svo ant um hann. Ingibjörg var að hræra í potti á stónni.

"Ójá, nú eru tíu ár síðan Knútur fór", sagði Páll, "guð veit, hvenær við sjáum hann aftur. Ég þykist sjá, að jómfrú Anna hefir heldur ekki gleymt honum".

"Önei, hún gleymir engum, slík stúlka sem hún er", sagði Ingibjörg. "Það er óliklegt, að hún komi í þessu veðri, — annars er hún vön — — Guð hjálpi okkur og varðveiti!" $

Páll stóð upp. Frá hafinu barst til eyrna þeirra ómurinn af neyðarskoti. Það var til einkis að horfa út, því ekkert sást, og ekkert var hægt að gera. Svo sátu gámalmennin þegjandi um stund, en auðvitað báðu þau fyrir þeim, sem væru á sjónum í þessu ógnarveðri. Þá heyrðu þau fótatak úti fyrir, en það var ekki Anna, það var karlmannlega og sterklega stigið til jarðar. Svo var tekið í lok-

una og inn kom hár og laglegur maður í sjómannabúningi, með sitt og þykt hár, svart að lit, og hrokkið skegg. Hann leit út sem skipstjóri.

"Gott kveld og gleðileg Jól!" það var kveðjan.

"þakk, ég óska yður hins sama! En í guðsnafni, hvaðan kemur kafteinninn í þessu ókæra veðri?" sagði Páll.

"Frá sjónum kem ég. Það litur út fyrir, að ég eigi ekki að drukkna á þessari höfn, því ég hefi einu sinni áður lent hér, jafn-ólíklega", sagði aðkomumaður.

Hjónin litu upp og þektu Knút. Skipið hafði rekið fyrir straumi og ofviðri, og eftir að hafa skotið neyðarskotinu til einkis, afréð hann að hleypa til skipbrots. En það var líkast kraftaverki, að í myrkrinu hittist svo á, að hann þræddi rennuna, og er hann sá ljós á landi, kastaði hann akkerum framundan æskuheimili sínu.

Eftir að Knútur brosandi hafði tekið inn "doktorinn", sem Páll bauð honum, mátti hann til að segja, hvað á dagana hafði drifið í þessi tíu ár.

Hann hafði eftir lítinn tíma yfirgefið skipið, sem hann fór með að heiman. Svo var hann með verzlunarskipum í Ameriku. Hann var heppinn og duglegur og varð innan skams skipstjóri. Svo þegar Krím-stríðið byrjaði, var hann í enskri þjónustu á Svartahafinu, og með því skipsleigur og kaupgjald var afarhátt, komst hann í góð efni. Síðan settist hann að í London, leigði tvö skip, er hann hélt úti, fékk sér dugandi kennara og lærði alt hvað af tók í 2 ár. Eftir það seldi hann annað skipið, en hélt heimleiðis á hinu, en þurfti að koma við í Hamborg peningasökum viðvíkjandi.

Í Hamborg var hann inni á skrifstofu umboðsmanns sins, og þar kom fyrir hann einn af þessum

merkilegu viðburðum, sem æfi hans sýndist að vera svo rík af, — því þar fann hann ætt sína.

Meðan Knútur var inni á skrifstofunni, hafði umboðsmaðurinn, sem hét Karl Hauser stöðugt horft á hann, og er hann sá, að Knútur tók eftir því, afsakaði hann sig, og bað hann fyrirgefa gömlum manni svo undarlegt og ókurteist atferli, en orsökin til þess væri sú, að andlitsfall Knúts og vaxtarlag hefði vakið hjá sér sorglegar endurminningar um bróður sinn, sem hefði heitið Jósef Hauser, og væri fyrir löngu dáinn. Fyrir mörgum árum hefði hann farið til Noregs á skipi, fermt eik, sem sjálfsagt hefði farist, því aldrei hefði til þess spurst. Athygli Knúts var nú vakin, og er Hauser sagði honum ennfremur, að skipið hefði heitið "Ísabella", að kona skipstjórans hefði verið með og sonur þeirra mjög ungur, sem hét Jósef eins og faðir hans, svo og líka að tímatalið var hið sama, — þóttist hann fullviss um, að umboðsmaðurinn væri föðurbróðir sinn.

Umboðsmaðurinn, sem sjálfur var ríkur og barnlaus, afhenti honum nokkru seinna skírteini fyrir föðurarfi hans, sem ásamt því, er hann átti áður, var all-álitleg upphæð, eða hér um bil 30,000 spesíudalir.

Þegar Knútur hafði lokið sögu sinni, spurði hann rólegur eftir Önnu. Varla var búið að segja honum, að hún væri ógift — sem sýndist að hafa mikil áhrif á hann —, þá er barið var að dyrum, og Anna kemur inn með körfuna sína á handleggnum. Og með hinum skörpu ástaraugum þekti hún Knút strax, — hann, sem öll þessi ár hafði svifið henni fyrir hugskotssjónum, og það vantaði lítið á, að hún hnigi niður, er hún sá hann svona fyrirvaralaust.

En þegar hún hafði jafnað sig, hlustaði hún með vaxandi athygli og eftirtekt á hinar sannorðu og yfirlætislausu sögur hans. Enginn þekti eins vel og hún þann trúnað, sjálfsafneitun og stríð, er hann auð-

Duncan's Kvenhattasala

Stendur nú yfir. Vér bjóðum öllum íslenzkum konum að koma og skoða vora ný-móðins HATTA og Hátta-Skraut.

545 Sargent Ave HOOD BLOCK **DUNCAN'S**

HAVERGAL COLLEGE
WINNIPEG

HEIMILIS- OG DAGSKÓLI FYRIR STÚLKUR, MEÐ "KINDERGARTEN" DEILD.

KENNSLU GREINAR

Undirbúnings kennsla til háskóla, með sérstakri áherzlu á Music og Listir. Nú, og fyrverandi nemendur vorir, hafa hlotið fremstu verð-laun við Toronto Conservatory og College of Music og Royal Drátlistar skólann. Líkams æfing er vin kennslugreinin. Skautasvell, allskonar útbúnaður fyrir leiki, alt á skólaflötinni. Upplýsinga skrá veitir forstöðukonan, MISS JONES, L. L. A., St. Andrews [Scotland].

KENNSLA BYRJAR þriðjudag 21. SEPT.

VJER BJÓÐUM 100,000 HLUTI Í

Dominion Ores Limited

FYRIR TUTTUGU OG FIMM CENT HVERN HLUT

HÖFUÐSTÓLL 250,000. — AÐEINS EINN TÍUNDI AF MEÐAL COBALT FÉLÖGUM

200 Ekrur -- 12 Æðar fundnar

Málmgrjót flutt úr 2 æðum á yfirborði. SEX ÆÐAR má nálgast með 75 feta þverskurði frá holubotni. Er áfast við WHITE RESERVE námann hjá Maple fjalli, og liggja þaðan margar auðugar málmæðar, og bíður grjót úr þeim útflutnings. Auðlegð æðanna er ákveðin 150 fet niður. Hlutir í Dominion Ores Limited eru ódýrir með tilliti til höfuðstóls upphæðar, ekrutals og málmauðlegðar í æðunum. Ágóðinn ætti að verða meiri af því, að höfuðstóllinn er lítill. Önnur félög borga háan ágóða á 1 til 7½ milíón dollara höfuðstól. Það er því ljóst, hvers vænta má frá DOMINION ORES.

Vér óskum, að þér vilduð vera með oss í þessu gróða fyrirtæki í Cobalt héraðinu. Stjórnendurnir og ýmsir business menn hafa, eftir að hafa skoðað staðinn, sannfærst um, að hér sé bezta gróða-fyrirtæki ársins. Breytið eftir ráðleggingu Rothschilds: "Gerið kjörkaupin strax, ef þér viljið auðgast" Þetta félag hefir framtakssama stjórn og mun breyta ráðvandlega við yður.

Sendið hluta-pantanir yðar gegn um einhvern áreiðanlegan umboðsmann. Prentaðar upplýsingar og uppdrættir ef æskt er.

DOMINION ORES LIMITED

411-12 Union Bank Building, -- Winnipeg, Man.

Sumarbréf frá Borgundarhólmi.

Goðheimum, 10. ág. '09.

Þá er maður nú kominn til Goðheima — ekki til þeirra, sem Seifur eða Óðinn ríkti yfir forðum daga, heldur til klettaþorps, er svo nefnist, hér norð-austan til á Borgundarhólmi.

Hér er mjög fagurt um að litast. Akrar og skógar og skrúðgrænar engjar eins og annarstaðar í Danmörku, en auk þess klettar, blessaðir háir hamrar, víða með sjónum og inni í landi. Víða renna smáár og lækir niður til sjávar í þröngum farvegum, stórgrýttum, gegn um kjarrvaxin hamragil, þar sem smáfossar duna.

Hér er fólkið talsvert öðruvísi en annarstaðar á dönsku eyjunum, friðara, skarpleitara, lægra vexti, svipirnir hreinir og gáfulegir. Kaupmannahafnar búum finst alþýðan hér of alvarleg, uppstökk og litt gefin fyrir glens. Íslendingar munu finna þar margt svipað í hugsunarhætti og hjá frónskri alþýðu. Langt fram á miðaldir voru eyjarskeggjar orðlagðir víkingar og bardagamenn. Héðan voru þeir Búi digri og Blóð-Egill. Þegar Svíar léku Dani gráast á seytjándu öldinni, höfðu Borgundarhólmsbúar það þrek í sér, að þeir gerðu uppreisn gegn Svíum, tóku af lífi yfirhöfðingja þeirra á eynni, og ráku þá á burtu.

Nú á tímum er víkingslundin breytt í betri horfur, en hefir þó komið stundum fram. Anker lautinant, sá er bezt gekk fram á Dybbölhæðunum 1864 og bæði Danir og þjóðverjar vegsömuðu fyrir framúrskarandi hugprýði, var héðan. Héðan eru hinir frægu málarar Anker og Zahrtmann, sem eru fremstir í röð núlifandi norrænna listamanna. Héðan var hinn skarpskygni málfræðingur og djúpvitri föðurlandsvinur N. Madvig, og stendur minnisvarði hans á fæðingarstað hans, Svanike.

Eyjan er hreinn gimsteinn frá náttúrunnar hendi, og mennirnir hafa gert sitt til, að auka dýrmæti hennar. Hér eru afargamlar merkilegar kirkjur, hringmyndaðar og sumar með víggirðingum ofan á, t. d. Öster Lars kirkjan; þar eru líka mjög einkennileg kalkmálverk frá miðöldunum. Svo eru hér frá fornöld margir stórir og merkilegir rúnasteinar, helluristur, haugar, bautasteinar og grafreitir hingað og þangað, og hefir þar fundist fjöldi merkra forngripa.

Það er ekki furða, að hingað streyma ferðamenn á sumrin þúsundum saman; einkum sækja þeir til norðaustur strandarinnar, því þar er fegurst. Mest eru það þjóðverjar, og kveður svo ramt að aðsókn þeirra, að sumum Dönum þykir nóg um, — því það hefir komið fyrir, að þeir hafa keypt fallega og fræga staði, bygt þar gistihús, og jafnvel leyft sér að amast við Dönum í þeirra eigin landi. En til allrar hamingju eru þetta undantekningar; flestir þeir þjóðverjar, sem hingað koma, eru meinlausir og kurteisir ferðamenn, sem dvelja hér og dást að náttúrunni um stundarsakir og flytja ógrynni peninga inn í landið. Þeim er því viðast vel tekið að makleglekum. En hvílíkur sægur! Ég var um daginn gangandi með tveimur dönskum mönnum, sem ég þekti, í héraðinu kringum Rö, sem er annálað fyrir fegurð. Það kom fyrir í skógi þar, að við þurftum að spyrja til vegar. Við mættum tveimur mönnum, sinum á hverjum stað; þeir voru báðir þjóðverjar, en gátu vísað okkur á alt. Auk þess mættum við síðar öðrum mönnum, sem spurðu okkur til vegar — þeir voru líka þjóðverjar. Ég hefi varla gengið svo út hér í kringum Goðheima, að ég ekki heyri þýzku talaða, og hafi ég komið eitthvað á afskektan stað, hefi ég mátt eiga það víst, að þýzkur ferðamaður eða kona hefir eins og dottið ofan úr skýjunum og spurt mig til vegar. Og hér í Goðheimum kvað þó vera minst af þjóðverjum tiltölulega; í Allinge og Sandvig er alveg fult af þeim. Víða sjást á götunum auglýsingar á þýzku.

Borgundarhólmsbúar eru góðir og þjóðræknir Danir. Mállýzka sú, er alþýða talar, hefir dálitinn syngjandi hreim, eins og norska og sænska, og ófróðir Kaupmanna hafnarbúar villast stundum á því, og er eyjarskeggjar koma inn í búðir þar og verzla, fara búðarlokurnar stundum að spreyta sig á, að tala sænsku við þá, en það er þeim afarilla við. Annars er mállýzkan hljómfögur og mjög einkennileg. Ýms gömul, norræn orð eru hér, bæði í örnefnum og lifanni máli, sem annars eru týnd í Danmörku víðast hvar. Hér er Kobbeaa (Kópaá), Bobbedal (Bobadalur), sbr. komast í bobba (sem líka er til í alþýðumáli hér) o. s. frv. — Mörg staðanöfn eru mjög einkennileg, þannig er t. d. bær við Kópaá, sem heitir 'Kysselykke', og tjörn uppi á Almenningi, sem heitir 'Pykkekullekær'.

Mitt inni í eynni liggur Almenningurinn. Þar voru um aldamótin 1800 lyngmóar, blásin holt og einstöku hrislur. Nú er þar einn af stærstu og fegurstu skógum í Danmörku. Er það mest að þakka skógarverði, sem Römer hét, og er hans minst þar víða í heiðursskyni. Hér á Borgundarhólmi má sjá, hve óendanlega fagurt Ísland getur orðið, ef menn vilja gera alvöru úr skógræktinni þar, og það mál verður áhugamál allra.

Sigfús Blöndal.

— Lögrétta.

Meira um yfirlýsinguna, sem ekki var gjörð.

Í síðasta blaði Heimskringlu hefir séra Fr. J. Bergmann birt mjög langa rirgjörð; reynir hann þar að hrekja leiðréttingar þær, er ég gjörði við missagnir hans og rangfærslur á yfirlýsingu þeirri, er síðasta kirkjuþing samþykti í ágreiningsmáli, er átti sér stað í kirkjufélaginu.

Séra Friðrik dylgir um það, að mér hafi verið þröngvað til að rita um þetta mál.

Enginn annar en hann sjálfur hefir þröngvað mér til þess.

Hann veit, að ég hefi tekið nokkurn þátt í málum kirkjufélagsins frá upphafi þess, verið erindsreki á flestum ársþingum og hjálpað séra Friðriki og öðrum góðum mönnum til að beina stefnu félagsins í það horf, sem hún nú hefir.

Það ætti því að vera auðskilið, að mig tók það sárt, að sjá séra Friðrik J. Bergmann snúa baki við félaginu, gjöra ósvífnar árásir á það og flytja tilhæfulausar óhróðurssögur í blaði sínu um gjörðir síðasta kirkjuþings, og á ýmsan annan hátt leitast við að verða félaginu til meins.

Getur nú ekki séra Friðrik skilið að þetta var nóg tilefni til þess, að ég ritaði leiðréttingarnar við missagnir hans?

Hann getur ekki stilt sig um að hreyta að mér ýmsum ónotum í gremju sinni af því, að ég snerist ekki eins og hann í þessu máli, en það get ég hæglega fyrirgefið honum, og það því fremur, er hann hefir oft áður vikið að mér mörgu hlýlegu orði, þegar hann var í róleguu og góðu skapi; tek ég meira mark á því en hinu.

En það hryggir mig, séra Friðriks vegna, að hann er nú farinn að rita líkt og gálausir gárungar gjöra, nota kafla úr guðsorði í háðulegri merkingu, til þess að geta sagt eitthvað, sem honum þykir skoplegt og fyndið um andstæðing sinn.

Líklega þykist hann hnittinn, þegar hann talar um mig í sambandi við innblásturinn, en skoplegast þykir honum eflaust að geta, í gletni við mig, notað orðin úr 18. versi í 21. kapítula Jóhannesar guðspjalls: "Er þú eldist, muntu útbreiða hendur þínar og annar mun gyrða þig og fara með þig þangað, sem þú vilt ekki".

Í flestu sýnist nú séra Friðrik ruglast. Hann kallar þetta orð "postulans". Hvaða postula? — En kunnugt er, að Jesús Kristur talaði þessi orð sjálfur, eftir upprisu sína, þegar hann með hjartnæmum og innilegum orðum kvaddi Símon Pétur til sinnar þjónustu og lét hann vita, að hann mundi líða kvalir og krossdauða fyrir þann fagnaðarboðskap, sem frelsarinn fól honum að flytja syndföllnum mönnum.

Það gengur nærri því að vera guðlast, að hafa þessi orð frelsarans í fleipri. Mér sýnist það vera svo gálaust, að ég get ekki skilið, hvað jafn-vandlætingasamur maður og séra Friðrik hefir verið, er að hugsa, þegar hann gjörir sig sekan í því.

Er þetta ávöxtur hinnar nýju stefnu, sem hann hefir tekið ástfóstur við og er nú með odd og egg að troða upp á aðra? Eða er hann enn ekki búinn að ná sér svo eftir æsinguna, að hann geti haft stjórn á orðum sínum? Sé svo, þá held ég það væri betra, að hvíla sig um tíma.

Ekki er séra Friðrik af baki dottinn með ákæruna um það, að kirkjuþingið hafi yfirlýst óskeikulleik "Sameiningarinnar". Það er ekki dæmalaust, að sumir menn segja ósanna sögu svo oft, að þeir fára loks að trúa henni sjálfir. Og æfinlega verða einhverjir til að trúa öllum sögum, sem sagðar eru, hve ósennilegar, sem þær kunna að vera. Bygeir séra Fr. J. B. á það, að endurtekning sögunnar um yfirlýsingu óskeikulleikans verði málstað hans að liði?

Yfirlýsingin sjálf bar það með sér, að það var ekki verið að tala um neinn óskeikulleik Sameiningarinnar, heldur að eins hitt, að sú stefna, sem blaðið hefir haldið fram á liðnu ári, sé réttmæt stefna kirkjufélagsins.

Forseti kirkjufélagsins og aðrir úr okkar flokki, sem samþyktum yfirlýsinguna um réttmæta stefnu blaðsins, höfum opinberlega skýrt frá því, að hér var ekki verið að hugsa eða tala um nokkurn óskeikulleik. Og það sýnist nú ekki ósanngjarnt að vænta þess, að séra Fr. J. B. fengist til að trúa skýringum okkar, því sjálfum var okkur kunnugast, hvað okkur bjó í huga, þegar yfirlýsingin var gjörð. En hann er óláanlegur til þess. Hann heldur því til streitu, að orðin réttmæt og óskeikul þýði eitt og hið sama. Ég hefi flett upp á þessum orðum í nokkrum orðabókum, sem ég hefi við hendina, og hvergi fundið, að þau hafi sömu þýðingu eða hugtak. En séra F.J.B. er knúður til að láta þau hafa það, því annars kostar dettur botninn úr öllu því stóryrðasmíði, sem hann hefir sett saman um það efni.

Hann verður því að "berja í brestina" í lengstu lög, eins og Kaupa-Héðinn.

Í þriðja árg. Aldamóta er fyrirlestur, sem séra Fr. J. Bergmann flutti á 9. ársþingi kirkjufélagsins um gildi gamlatestamentisins. — Hann færir þar ágæt rök fyrir áreiðanlegleika þeirrar bókar og er óhlifinn við þá menn, er héldu fram þeim skoðunum, sem hann sjálfur fylgir nú. Ég hefi nýlega lesið þann fyrirlestur, og mig langar til að þakka vini mínum, séra Fr.J.B., fyrir margt gott og fallegt, sem þar er sagt. En hvernig getur hann nú hamast að því, að rífa niður til rústa þær skoðanir og þá trú, sem hann þá, í mörg ár, á bezta manndómsskeiði sínu, fann heilaga skyldu sína að berjast fyrir af öllum kröftum, — og þó um leið haldið því fram, að hann hafi ekki vikið frá sinni fyrri trúarstefnu, né stefnu kirkjufélagsins?

En ef hann kýs heldur að játa það, að hafa vikið frá þeirri stefnu, hvaða sanngirni eða frjálslyndi er þá í því, að ætlast til, að flestir eða allir aðrir í kirkjufélaginu snúist með honum inn á það steínuleysi, sem óhjákvæmilega leiðir mann fyr eða síðar í vantrú og dauðans háska.

Ég veit hann gerir sjálfum sér ekki grein fyrir því, út í hverja hættu hann er að leggja. En þegar hann kallar á okkur leikmennina að fylgja sér, þá er það bróðurleg og kristileg skylda okkar, að vara hann við hættunni, þar sem við sjáum hana, en hún er honum hulin.

Honum finst kannske, að ég eiga lítið gott skilið af sér fyrir síðustu viðskifti, þó ætla ég nú að liðja hann þeirrar bónar — í von um, að hann verði við henni, sakir gamals kunningsskapar, — að lesa alt það, sem tíminn leyfir honum, af því bezta og kristilegasta, sem hann sjálfur ritaði á fyrri árum sínum, því hann er nú sýnilega búinn að gleyma mestu af því. Vona ég að hann sjái þá, að hann er nú að brjóta niður það, sem hann áður bygði upp, og hrekja það, sem hann varði.

Enn þá er tími að bæta úr þessu.

Það mundi gleðja marga vini séra Friðriks að hann gjörði það.

Fr. Friðriksson.

Winnipeg, 23. sept. 1909.

KAUPIÐ af þeim og verzlið við þá sem auglýsa starfsemi sína í Heimskringlu og þá fáið þér *betri* vörur með *betra* vörði og *betur* útilátnar.....

LEIÐBEININGAR--SKRA
YFIR ÁREIÐANLEGA VERZLUNARMENN Í WINNIPEG

MUSIC OG HLJÓÐFÆRI

CROSS, GOULDING & SKINNER, LTD. 323 Portage Ave. Talsími 4413

MASON & RISCH PIANO CO., LTD. 356 Main Stree Talsími 480 W. Alfred Ackert, Íslenzkur umboðsmaður

WHALEY ROYCE & CO. 356 Main St. Phone 263 W. Alfred Albert, búðarþjónn.

BYGGINGA- og ELDIVIÐUR.

J. D. McARTHUR CO., LTD. Bygginga- og Eldiviður í heildsölu og smásölu. Sólust: Princess og Higgins Tals. 3000, 5061, 5062

MYNDASMIÐIR.

G. H. LLEWELLIN, "Medallions" og Myndarammar Starfstofa Horni Park St. og Logan Avenue

SKÓTAU Í HEILDSÖLU.

AMES HOLDEN, LIMITED. Princess & McDermott. Winnipeg.

THOS. RYAN & CO. Allskonar Skótau. 44 Princess St.

THE W'm. A. MARSH CO. WESTERN LTD. Framleiðendur af Finu Skótaui. Talsími: 3710 88 Princess St. "High Merit" Marsh Skór

RAFMAGNSVÉLAR OG ÁHÖLD

JAMES STUART ELECTRIC CO. 324 Smith St. Talsímar: 3447 og 7802 Fullar byrgðir af alskonar vélum.

GOODYEAR ELECTRIC CO. Kellogg's Talsímar og öll þarælát. áhöld Talsími 3023. 36 Albert St.

RAFMAGNS AKKOKÐSMENN

MODERN ELECTRIC CO 412 Portage Ave Talsími: 5658 Viðgjörð og Vir-lagning — allskonar.

BYGGINGA - EFNI.

JOHN GUNN & SONS Talsími 1277 266 Jarvis Ave. Höfum bezta Stein, Kalk, Cement, Sand o. fl.

THOMAS BLACK Selur Járnvöru og Bygginga-efni allskonar 76—82 Lombard St. Talsími 600

THE WINNIPEG SUPPLY CO., LTD. 298 Rietta St. Talsímar: 1936 & 2187 Kalk, Steinn, Cement, Sand og Möl

BYGGINGAMEISTARAR.

J. H. G. RUSSELL Byggingameistari. Í Silvester-Willson byggingunni. Tals: 1068

PAUL M. CLEMENS Bygginga-Meistari. 443 Maryland St. Skrifst.: Argyle Bldg., Garry st. Talsími 5997

BRAS- og RUBBER-STIMPLAR

MANITOBA STENCIL & STAMP WORKS 421 Main St. Talsími 1880 P. O. Box 244. Búum til allskonar Stimpla úr málmi og togleðri

CLYDEBANK SAUMAVÉLA AÐGERÐARMAÐUR. Brákaðar vélar seldar frá $5.00 og yfir 564 Notre Dame Phone, Main 8624

VÍNSÖLUMENN

GEO. VELIE. Hel'dsala Vínsali. 195, 197 Portage Ave. E. Smá-sölu talsími 352. Stórsala talsími 464.

STOCKS & BONDS

W. SANFORD EVANS CO. 326 Nýja Grain Exchange Talsími 369

ACCOUNTANTS & AUDITORS

A. A. JACKSON, Accountant and Auditor Skrifst.— 28 Merchants Bank. Tals.: 5702

OLÍA, HJÓLÁS-FEITI OG FL.

WINNIPEG OIL COMPANY, LTD. Búa til Stein Olíu, Gasoline og hjólás-áburð Talsími 1590 611 Ashdown Block

TIMBUR og BÚLÖND

THOS. OYSTAD, 208 Kennedy Bldg. Viður í vagnhlössum til notenda, búlönd til sölu

PIPE & BOILER COVERING

GREAT WEST PIPE COVERING CO. 132 Lombard Street.

VÍRGIRÐINGAR.

THE GREAT WEST WIRE FENCE CO., LTD Alskonar virgirðingar fyrir bændur og borgara. 76 Lombard St. Winnipeg.

ELDAVÉLAR O. FL.

McCLARY'S, Winnipeg. Stærstu framleiðendur í Canada af Stóm, Steinvöru [Graniteware] og fl.

ÁLNAVARA Í HEILDSÖLU

R. J. WHITLA & CO., LIMITED 264 McDermott Ave Winnipeg "King of the Road" OVERALLS.

BILLIARD & POOL TABLES.

W. A. CARSON P. O. Box 225 Room 4 í Molson Banka. Öll nauðsynleg áhöld. Ég gjöri við Pool-borð

NÁLAR.

JOHN RANTON 203 Hammond Block Talsími 4679 Sendið strax eftir Verðlista og Sýnishornum.

GASOLINE Vélar og Brunnborar

ONTARIO WIND ENGINE and PUMP CO. LTD 301 Chamber St. Sími: 2665 Vindmillur — Pumpur — ágætar Vélar.

BLÓM OG SÖNGFUGLAR

JAMES BIRCH 442 Notre Dame Ave. Talsími 2638 BLÓM - allskonar. Söng fugla o. fl.

BANKARAR, GUFUSKIPA AGENTR

ALLOWAY & CHAMPION North End Branch: 667 Main street Vér seljum Avísanir borganlegar á Íslandi

LÆKNA OG SPÍTALAÁHÖLD

CHANDLER & FISHER, LIMITED Lækna og Þýralækna áhöld, og hospítala áhöld 185 Lombard St., Winnipeg, Man.

— TIL —

Sigurjóns Jónssonar

Á bræðrakveldi í "HEKLU."

Vér, sem af fornvenju dag eftir dag
hér drögumst, öll ráðþrota, saman,
viljum nú hrinda af oss hátíðabrag
og hyllast "ið saklausa gaman",
því alt af er nóg til að gleðja vort geð
og grátstafinn rífa úr kverkum,
og nægilegt höfum við sannlega séð
af svefnmóki og andleysis verkum.

En hvar sem að meðlætið haslar sér völl
sér hjáleigu mótlætið byggir. —
— Ég ætla' ekki að minna á, þið munið vist öll,
svo margt, sem að lund ykkar hryggir. —
— Við fögnum hér vinum af forvitni og sið,
og finst, að það muni þá gleðja.
En hinkrið þið eftir mér örlitla bið, —
ég aðra þarf líka að kveðja.

En þegar við kveðjumst, það annað ei er
en undirrót til þess að finnast,
og þess fyr og betur sem þekkjumst við hér
mun þess fleira síðar að minnast.
Og þegar einn flytur í fjarlægðir heim,
er frjálst hann að kveðja eftir vilja,
og einmitt í kvöld er hér einn með af þeim,
sem ætlar nú við oss að skilja.

Þú Sigurjón Jónsson, sem flytur oss fjær
þér frægðar og sannleiks að leita,
og bæta þig enn, svo þú betur sért fær
í baráttu, er ætlarðu' að þreyta,
þú huggar oss með því, að flytja oss frá
í frelsis og sannleikans nafni:
Við vitum, að lífsins þú siglir um sjá
með sanngirni og mannúð í stafni.

En gættu að því, Sigurjón, gjaldið er þunt,
sem guðsmenn og postular hljóta,
því vísdómur almúgans veður svo grunt
og vill ekki sanngirni njóta,
og í þessum gjörspilta, guðlausa heim
menn "gefa ekki neitt" fyrir "orðið",
og virða ,það einkis hjá vitringum þeim,
sem vísdóm sinn fá gegn um borðið.

Og nútíðar-trúin hún flytur ei fjöll
og fáir, sem ganga eftir sjónum,
— ef menn stiga nú út á daggvotan völl
þeir vaða á leggháum skónum.
Og fiskar tveir metta' ekki 5000 manns,
því fólkið er hungrað og magurt. —
— Ef viltu að vér framtíðar knýtum þér krans,
þá kenn eitthvað trúlegt og fagurt.

Og farðu vel, Sigurjón, frægðin sé þín,
og fróðleiks og mentunar njóttu,
og gæfan þér ljái öll leikgullin sín,
og lífsgleði og ástsældir hljóttu!
— Ég óska að þú vermist við vizkunnar eld
og vaxi þér andlegur kraftur. —
Sem Sigurjón Jónsson ég kveð þig í kveld
og komdu sem Sigurjón aftur! —

Eggert J. Árnason.

Gamla Félagið

HEINTZMAN & CO. PÍANÓ

HEINTZMAN & CO, PÍANÓ SKARAR FRAM ÚR Í TÓN. FEGURÐ EINS OG Í SNERTINGU, HLJÓM-FEGURÐ OG STYRKLEIKA. —

FULLKOMLEIKI í öllum pörtum þess, hefir verið ófrávíkjanleg stefna smiðanna í nálega 60 ár. — Það er aðeins ein Heintzman & Co. Píanó tegund. — "Er betra en nokkurt annað Píanó sem ég hefi notað," segir ALBANI.

J. J. H. McLean & Co.
LIMITED
528 Main St. — Phone 808

Fréttir úr bœnum.

Fylkisstjórnin hefir látið gera nýjan uppdrátt af Manitoba, nokkuð stærri en þann, sem gerður var fyrir 5 árum, og miklu ljósari. — Þar sjást allar járnbrautalínur fylkisins, sem nú eru lagðar og verið er að leggja. Þar er C.P.R. brautin sýnd norður að Árdal, og Oak Point brautin sýnd framlengd í beina línu norður frá Oak Point til Deer Horn og þaðan í beina línu norðvestur að Gypsumville. Lega járnbrautarinnar er sýnd 25 milur beint austur af Siglunesi, og 6 milur austan við austasta oddann á Dog Lake í Twp. 24. Uppdrættirnir fást hjá Dept. of Agriculture.

Frá Argyle bygð komu á föstudaginn var þeir bræður Friðbjörn S. Friðriksson, einn af stórbændum bygðarinnar, og Friðjón bróðir hans, sem verið hefir þar vestra um tíma, að annast um uppskeru af landi sínu. Þeir bræður héldu héðan á langardagskveldið vestur að Kyrrahafi. — Ferð sú er gerð til þess, að heimsækja Árna kaupmann bróðir þeirra, sem nú er í Vancouver borg, og til þess að skoða sýninguna miklu í Seattle, og ennfremur til að kynnast högum landa vorra viðsvegar á strönd inni. Þeir bræður bjuggust við að verða mánaðartíma í þessu ferðalagi.

Fyrirlestur sá um Þýzkaland, sem séra Guðmundur Árnason flytur í Únitarakirkjunni á miðvikudaginn í næstu viku, 6. okt., og sem auglýstur er á öðrum stað í þessu blaði, ætti að verða sérlega fróðlegur og skemtilegur. — Presturinn var árlangt þar í landi, og beitti allri sinni skörpu eftirtekt til þess að kynnast landi og landsháttum þar. Skemtun þessi verður vafalaust meira virði, en það, sem alment er boðið hér á samkomum, og þess vegna ættu landar vorir að sækja samkomuna svo vel, að húsið verði troðfult. Inngangur kostar 25c, en fróðleikinn er dollarsvirði.

Great Northern járnbrautarfélagið, sem hefir skrifstofu að 226 Portage Ave., selur frá þessum tíma til 15. okt. næstk. farbréf vestur að Kyrrahafi fyrir $25.00.

Brúkaður Fatnaður

MESTA ÚRVAL ÆTÍÐ Á REIÐUM HÖNDUM. KOMIÐ VIÐ HJÁ OSS OG SKOÐIÐ FÖTIN.

THE **OXFORD**

Brúkaðrafata fél.
Phone 6162.
532 NOTRE DAME AV.
Vér kaupum og seljum föt.

FERMING.

Þann 1. sept. sl. voru tveir íslenzkir drengir fermdir í ensku kirkjunni (St. Mikle's Church) í Vancouver borg, af biskupi John Dart. Drengir þessir voru: Einar, sonur Eyjólfs Oddssonar og Ingibjargar konu hans, og Sigurður Kjartansson, fóstursonur sömu hjóna.

G. T. Söngflokkurinn

heldur fund með sér næsta sunnudag (3. okt.) í G. T. byggingunni, kl. 2 e.h. Áríðandi mál liggja fyrir fundinum. Nauðsynlegt að ALLIR félagar mæti.

Steinlím eða Cement hefir hækkað í verði um 40c tunnan síðan einokunar samsteypan varð gerð nú fyrir fáum vikum.

Kven-Skór frá Beztu Verksmiðjum

Vér sýnum nú beztu og nýjustu hausttegundir í KVENSKÓM, — þær tegundir, sem konum beðjast bezt. Leðrið, leisturinn og tálagið, — alt er eins og það á að vera. Hver kona, sem brúkar vora skó, getur sýnt nettan fót. Þeir fara þægilega á fæti. Verð á kvenskóm er $2.00, $2.50 og alt að $5.00 og $6.00. Vér sjáum um að skór vorir séu ódýrir, á hvaði verði, er vér seljum þá.

Ryan-Devlin Shoe Co
494 MAIN ST PHONE 770.

Í tilefni af þeirri ágætu aðsókn á Tombólu stúkunnar Skuldar, sem haldin var í Goodtemplarahúsinu að kveldi 27. þ.m., þá varð ekki mögulegt, að koma við því prógrammi, sem sérstaklega var undirbúið fyrir 21. árs afmælishátíð stúkunnar. Þess vegna býður forstöðunefnd tombólunnar alla velkomna þann 6. okt. næstk., kl. 9 að kveldi, að hlusta þar á ágætt prógram, sem verður: — Frumort kvæði, ræða frá séra Jóni Bjarnasyni með fleiru. ADGANGUR ÓKEYPIS.

Húslóð á Smith stræti við Portage Ave. var í sl. viku seld fyrir 100 þúsund dollara. Á henni stendur gamalt járnsmiðs verkstæði. — Lóðarverðið jafngildir 800 dollars hvert fet framhliðar.

Í vikunni sem leið voru seldar í St. Boniface 36 ekrur af landi fyrir 150 þúsund dollara. Það er talsvert hærra verð, en áður heúr fengist fyrir land þar um slóðir.

Roblin stjórnin er að láta byggja nýja talþráðastöð nálægt horninu á Portage Ave. og Sherbrooke St. Það verður tví-lyft hús úr steini og múrgrjóti á öflugum steingrunni, stærð 50x100 fet, og á að kosta 43 þús. dollara eða þar um bil.

Herra N. Ottenson í River Park biður þess getið, að hann hafi til sölu ljóðasafn Staephans G. Stephanssonar, og að hver sem óski að kaupa það, geti símað heim í hús sitt (talsími: Fort Rouge 684) og skuli hann þá flytja bækurnar heim til þeirra.

GÓÐ VINNUKONA ÓSKAST sem talar ensku. Fjórir í heimili. Nánari upplýsingar að 67 Maryland St., að kveldinu eftir kl. 6.

VANTAR VINNUKONU— Létt húsverk. Lítil fjölskylda. Gott heimili. Phone Ft. Rouge 12, eða finnið Mrs. P. Kellett, 193 Ethel Ave., Crescentwood.

Þarft þú ekki að fá þér ný föt?

EF ÞAU KOMA FRÁ CLEMENT'S, — ÞÁ VERÐA ÞAU RÉTT.

Réttur að efni, réttur í sniði réttur í áferð og réttur í verði.

Vér höfum miklar byrgðir af fegurstu og beztu fataefnum. —

Geo. Clements & Son
Stofnað árið 1874
264 Portage Ave. Rétt hjá Free Press

Th. JOHNSON
JEWELER
286 Main St. Talsími: 6606

JOHN ERZINGER
TÓBAKS-KAUPMAÐUR.
Erzinger's skorið reyktóbak $1.00 pundið
Hér fást allar neftóbaks-tegundir. Óska eftir bréflegum pöntunum.
McINTYRE BLK., Main St., Winnipeg
Heildsala og smásala.

F. Deluca
Verslar með matvöru, aldini, smá-kökur, allskonar sætindi, mjólk og rjóma, sönul. tóbak og vindla. Óskar viðskifta Íslend. Heitt kaffi eða te á öllum tímum. Fón 7756
Tvær bútir:
587 Notre Dame og 714 Maryland St.

QUILL PLAINS HVEITI LÖND

25,000 EKRUR. Algerlega FYRSTA ÚRVAL frá hinni miklu C.N.R. landveitingu. Gufuplógs lönd hrein. slétt

ÞESSA ÁRS UPPSKERA sannar gæði jarðvegsins. — Enginn steinn eða hrís.—Gott vatn.—Nálægt markaðum, skólum og kirkjum.—Vér höfum umráð á öllum Jansen og Claassen löndunum, og bjóðum þau til kaups með sanngjörnu verði og auðveldum borgunarskilmálum.—Kaupendur geta borgað af hvers árs upp skeru; 6% vextir.— Sölubréfin gefin út beint frá eigendum til kaup endanna.—Eastern Townships Bank í Winnipeg og hver banki og "business"-maður í Marshall, Minn., gefur upplýsingar um oss. — Póstspjald færir yður ókeypis uppdrætti og allar upplýsingar.—

John L. Watson Land Co.
316 Union Bank Bldg. - - Winnipeg. Man

Boyd's Brauð

Brauð vor eru meltanleg, saðsöm, og góð að öllu leyti. Þau halda sér betur en önnur brauð og eru smekkbetri. — Reynið eitt brauð. — Ef matsalinn yðar hefir það ekki, þá sfmið til vor og vagninn skal færa yður það. —

Boyd's

Bakery Cor. Spence & Portage Ave
Phone 1080.

A. S. TORBERT'S
RAKARASTOFA
Er í Jimmy's Hótel. Besta verk, ágæt verkfæri; Rakstur 15c en Hárskurður 25c. — Óskar viðskifta Íslendinga. —

Það sorglega slys varð hér í bæ á miðvikudaginn 23. þ.m., að landi vor Jón Helgason klemdist í lyftivél, þar sem hann var var að vinna svo, að hann beið bana af.

Jón sálugi kom hingað vestur árið 1901, og vann sem daglaunamaður við byggingasmíði. Hann kvongaðist hér árið 1905 ungfrú Hallfríði Jónsdóttir frá Hellistjörubökkum í Vopnafirði. Þau hjón eignuðust 2 börn, sem ekkjan nú hefir á höndum sér. Jón sál. var ekki í lífsábyrgð, svo að ekkjan stendur allslaus uppi með börnin. Jarðarförin fór fram kl. 2 á sunnudaginn var.

Landi vor, herra Wm. Cristiansson í Kenora, er forseti félags nokkurs, sem myndað hefir verið þar í bæ, til þess að koma á vínbanni í Kenora, Norman og Keewatin bæjum. Félagið er nefnt "The Moral and Social Reform Council of Kenora and Keewatin" og er myndað af helztu borgurum þessara bæja.

Christianson forseti hefir samið og látið prenta umburðarbréf, sem útbýtt er á meðal allra borgara í fyrnefndum bæjum, með beiðni um fylgi í þessu máli. Í bréfi þessu er það tekið fram, að vinnautn í bæjum þessum hafi á síðari árum aukist svo, að verzlun og iðnaður hafi beðið tjón af því, að það hafi haft spillandi áhrif á siðferði uppvaxandi kynslóðarinnar og ungra manna, og að vansæmdarorð hafi lagst á bæina af þessum ástæðum. Herra Christianson segir alla íbúa þessara bæja bera ábyrgð á því, að fá þessu ástandi vikið á bug, og að koma heiðarlegu skipulagi á í bæjunum. Og á þessum grundvelli skorar hann fastlega á bæjarbúa, að greiða stkvæði með vínbanni. — Öll kirkjufélög og önnur félög þar eru fylgjandi máli þessu, og herra Christianson heldur sömu stöðu í þessum félagsskap eins og landi vor C. H. Richter hefir haft í samkynja baráttu í St. Paul borg. Það er vonandi, að honum takist að fá bót ráðna á ofdrykkjubölinu, sem bæi þessa án efa þjáir.

Þann 19. ágúst sl. voru gefin saman í hjónaband þau Frank Orville Anderson, prentari, og ungfrú Málfríður Stefánsson, bæði til heimilis hér í borg. — Brúðguminn er félagi í The Anderson Printing Co., horni Sargent og Sherbrooke stræta.

Í borginni voru í sl. viku Þorsteinn Björnsson, bóndi frá Marshland, Man., í verzlunarerindum, og Hjálmar Hjálmarsson og kona hans frá Thingvalla, Sask. Þau hjón voru á kynnisferð suður til Upham í N. Dakota, að finna ættfólk Mrs. Hjálmarssonar. Herra Hjálmarsson lét vel af líðan landa vorra í sinni bygð.

Herra Halldór Danielsson, bóndi að Wild Oak hér í fylkinu, en fyrrum alþingismaður á Íslandi, kom til bæjarins um síðustu helgi til að leita sér lækninga hjá dr. Ólafi Stephensen. Í fréttum sagði hann heyskap góðan og nýtingu ágæta í bygð sinni og þresking korntegunda langt komna. Hann býst við að dvelja tveggja vikna tíma hér í bænum.

Ogilvie Flour Mills félagið hefir afráðið að stækka korngeymslu og hveitimölunar stofnanir sínar hér í borg og annarstaðar í Vestur-Canada, svo að þær verði sem næst tvöfalt stærri en þær eru nú. Félagið getur nú malað í myllu sinni hér í borg 4 þús. tunnur á sólarhring, en hugmyndin er, að mala 8 þúsund tunnur á sólarhring strax og nauðsynleg stækkun er gerð, sem búist er við að verði lokið fyrir næstk. jól.

Tækifæri er fyrir ungan efnilegan mann, að læra að vinna við brunnborunarvél og tryggja sér fasta atvinnu við að stjórna vélinni sjálfur, — með því að skrifa til landa vors, herra Th. Olson, Marshland P.O., Man. — Brunnborun er ein af þeim atvinnugreinum, sem hægt er að vinna við árið um kring, og veitir næga atvinnu viðsvegar úti um bygðir bænda. Einhver Íslendingur ætti því að tryggja sér þá atvinnu, sem nú stendur til boða.

Bandalag Tjaldbúðar safnaða heldur opinn fund og kaffisölu í Tjaldbúðarsalnum næsta mánudagskveld, 4. okt., kl. 8.

Lögreglan gerði áhlaup á Kínabústað, að 259 King st., á laugardagskveldið var. Þar voru þá inni 26 menn að reykja opium. Þeir voru handteknir og sektaðir.

Húsbruni varð á Selkirk Ave. á sunnudaginn var. Fjórtán fjölskyldur mistu þar heimili sín. — Eignatjón metið 20 þús. dollara.

FYRIRLESTUR um Þýzkaland

verður flutt af séra Guðm. Árnasyni miðvikudagskveldið

6. október,

í samkomusal Únítara Byrjar kl. 8.

PROGRAM:

1. Söngvar, sungnir af söngflokk Únitara.
2. Fyrri hluti fyrirlestursins.
3. Sóló, Gísli Jónsson.
4. Síðari hluti fyrirlestursins.

Það er ekki oft, sem Íslendingum hér gefst kostur á að heyra landa sína skýra frá siðum og háttum erlendra þjóða, sem þeir hafa dvalið hjá. Þeir ætttu því að nota þetta tækifæri, sérstaklega þar sem um lýsingu á landi og þjóð er að ræða, sem nú er með þeim allra fremstu í heiminum, hvað framfarir snertir bæði í vísindum og verklegum efnum.

Þeir, sem því vilja fá fróðleik og skemtun í einu, ættu að sækja þessa samkomu.

Inngangurinn kostar 25c.

Hafið þér komið í Nýju Dry Goods Búðina?

STEEN & CO.
641 Notre Dame
(áður á Isabel St.)

Verzla með alls konar lérept og álnavöru af nýjustu og beztu gerð. Venjið yður á, að koma í búð vora, — það skal borga sig fyrir yður. — Oss er jafnan ánægja í, að sýna vörur vorar, og vér óskum sérstaklega, að eiga viðskifti við okkar mörgu íslenzku vini.

Vörurnar eru eins góðar og ódýrar eins og nokkurs staðar í borginni.

PHONE, MAIN 1804

STEEN & CO.
Horni Notre Dame og Sherbrooke

Gólfteppa Hreinsun

Vér stoppum og þekjum gamla stóla, legubekki og fleira. — Flyt húsgögn og geymi þau yfir lengri eða styttri tíma. —

W. G. Furnival
312 Colony St. Phone 2041.

Húðir og ógerfuð Loðskinn

Verzlun vor er vor bezta auglýsing. Sendið oss húðir yðar og loðskinn og gerist stöðugir viðskiftamenn.
Skrifið eftir verðlista.

The Lightcap Hide & Fur Co., Limited
P.O.Box 1092 172-176 King St Winnipeg
16-9-10

Ný Kjötverzlun

Allar vörur af beztu tegund.

H. SIMONITE, eigandi
Talsími: 947 110 Isabel St.
16-9-10

Drs. Ekern & Marsden,
Sérfræðislæknar í Eftirfylgjandi greinum: — Augnasjúkdómum, Eyrnasjúkdómum, Nassasjúkdómum og Kverkasjúkdómum. : : :
Í Platky Byggingunni í Bænum
Grand Forks, :: N. Dak.

S. K. HALL
kennari við
WINNIPEG SCHOOL OF MUSIC
Studios: 701 Victor og 304 Main St.
"Mr Hall is one of our best trained and most efficient teachers".—Winnipeg Town Topics 10 april 1909.

ANDERSON & GARLAND
LÖGFRÆÐINGAR
35 Merchants Bank Bldg. Phone: 1561

BONNAR, HARTLEY & MANAHAN
Lögfræðingar og Landskjala Semjarar
Suite 7, Nanton Block, Winnipeg

BILDFELL & PAULSON
Union Bank 5th Floor, No. 520
selja hús og lóðir og annast þar að lútandi störf; útvegar peningalán o. fl.
Tel.: 2685

J. L. M. THOMSON, M.A., L.L.B.
LÖGFRÆÐINGUR. 255½ Portage Ave.

Hubbard, Hannesson and Ross
LÖGFRÆÐINGAR
10 Bank of Hamilton Chambers
Tel. 378 Winnipeg

W. R. FOWLER A. PIERCY.

Royal Optical Co.
327 Portage Ave. Talsími 7286.
Allar nútíðar aðferðir eru notaðar við augn-skoðun hjá þeim, þar með hin nýja aðferð, Skugga-skoðun, sem gjöreyðir öllum ágiskunum. —

Dr. G. J. Gislason,
Physician and Surgeon
Wellington Blk, - Grand Forks, N.Dak
Sjerstakt athygli veitt AUGNA, EYRNA, KVERKA og NEF SJÚKDÓMUM.

Góður Eldsneytisdómari

vill aldrei brenna öðrum en vorum ágætu kolum. Vér seljum beztu Amerisku Hörð- og Lin-Kol, Járnsmiða- og Lethbridge-Kol. Óðum líður að vetri, bezt að fá kolin í tíma.

D. E. ADAMS COAL CO.
YARDS Í NORÐUR, SUÐUR, AUSTUR OG VESTURBŒNUM.
Aðal Skrifst.: 224 BANNATYNE AVE.

Bón TIL MEÐLIMA STÚKUNNAR HEKLU nær og fjær, að þeir allir borgi ársfjórðungsgjöld sín til stúkunnar nú þegar, af þremur ástæðum:

1. Að það er félagsleg skylda þeirra, að borga á hverjum ársfjórðungi.
2. Að stúkan þarf centanna með.
3. Að ég býst ekki við að verða í fjármálaritara embættinu á næsta ársfjórðungi, en hefi nú setið þar svo lengi, að ég vildi helzt skilja við embættið þannig, að stúkan ætti ekki útistandandi 5 cent hjá meðlimunum.

Ég vona því fastlega, að þið verðið við þessari bón minni.

Winnipeg, 20. sept. 1909.
B. M. LONG.
620 Maryland St.

EKRU-LÓÐIR

3. til 5 ekru spildur við rafmagns brautina, 3 mílur frá borginni, — aðeins 10 mínútna ferð á sporvagninum, og mölborin keyrsluvegur alla leið. Verð $200 ekran og þar yfir. Aðeins einn-fimtipartur borgist strax, hitt á fjórum árlegum afborgunum.—

Skuli Hansson & Co.

Skrifst. Talsíma 6476. Heimilis Talsíma 2274

Heimskringla.

Vér höfum næga skildinga

til að lána yður mót tryggingu í bújörðum og bæjar-fasteignum. Seljum lífsábyrgðir og eldsábyrgðir. Kaupum sölusamninga og veðskuldabréf.

Frekari upplýsingar veita

Skuli Hansson & Co.

56 Tribune Building. Winnipeg.

XXIV. ÁR WINNIPEG, MANITOBA, FIMTUDAGINN 7. OKTÓBER 1909. NR. 1



ÍSLENZKUR VITNISBURÐUR

The Petrie Mfg. Co. Ltd.
Winnipeg, Man.

Kæru herrar. — Í tilefni af því, að ég er búinn að nota MAGNET í 2 mánuði, læt ég yður vita, að ég er í alla staði ánægður með hana. Hún skilur vel og hreinsar öll óhreinindi úr mjólkinni. Það er auðvelt að hreinsa hana, létt að snúa henni, og hún er óefað sú sterkasta, sem búin er til. Einn af hennar stærstu kostum er sá, að börn geta ekki meitt sig á henni. Þó hún sé á fullri ferð, mega mæðurnar vera óhræddar um, að börnin geta ekki mist fingur eða hendur í hjólunum á MAGNET.

Þér landar, sem ekki eigið skilvindu, en þurfið að fá eina, skoðið MAGNET, sjáið hana vinna. Það kostar yður ekkert en er yður mikilsvirði. Enginn er svo fátækur, ef hann á kýr, að hann geti ekki fengið MAGNET. Hún vinnur fyrir sér sjálf.

Virðingarfylst, F. H. REYKJALÍN.

Pine Valley, Man., 20. sept. 1909.

The PETRIE MANUFACTURING CO., LTD.
WINNIPEG
HAMILTON, ST. JOHN, N.B., REGINA CALGARY, VANCOUVER.

Fregnsafn.

Markverðustu viðburðir hvaðanæfa.

— Nýlega hefir maður að nafni C. Murphy fundið nikkel-náma 8 mílur austur frá Englis River vagnstöð C.P.R. félagsins, í Ontario. Hann hefir fest sér 80-ekru lóð til námagraftar. Náma þessi er sagður auðugur, og gnægð af þessum málmi á stóru svæði þar í héraðinu.

— Bankarán var framið í Glenwood Springs, Col., þann 29. sept. kl. 3 e.h. Þrír menn riðu upp að húsinu, fóru af baki í hægðum sínum og gengu inn í bankann. Allir voru þeir grímulausir. Þeir miðuðu tafarlaust byssum á bankaþjónana, og neyddu þá til að rétta sér yfir 10 dollara í skildingum, — alt, sem þá var til í bankanum. Þeir fóru síðan út og riðu upp dalinn. Lögreglan fór að elta þá 30 mínútum eftir að þeir yfirgáfu bankann. Óvíst, að þeir náist.

— Rússastjórn er að taka 125 milión dollara lán hjá brezkum auðmönnum, með þeim skilmála, að lánveitendum verði veitt sérstök laga-hlunnindi til þess að stunda iðnað og nota sér auðsuppsprettur norður Rússlands, svo sem náma, skóga og vatnsafl. — Bretar eiga að njóta þessara hlunninda um margra ára bil.

— Fellibylur í New Orleans varð þann 19. sept. mörgum að líftjóni. Skip fórust, meðfram ströndum, og vissa er fyrir, að 200 manns fóru í sjóinn, því svo mörg lík hafa fundist rekin þar viðsvegar á ströndinni.

— Sá kvittur kom upp í sl. viku að dr. Cook, norðurpólsfaranum fræga, er gert ómögulegt að sanna fund sinn, með því að HarryWhitney, sá ér með honum fór til Grænlands og átti að koma með öll mælingar verkfæri læknisins, varð að skilja þau eftir í Grænlandi, af því hann tók sér far með öðru skipi Pearys. En Peary neitaði honum um, að flytja nokkuð það á skipi sínu, sem tilheyrði dr. Cook. Það verða því að líða nokkurir mánuðir, þar til hægt verður að ná þessum verkfærum. Mörgum þykir Peary hafa farist illa og ómannlega í þessu efni, og vera sönnun þess, að hann hafi óttast sannanagögn doktorsins.

— Þrettán milión dollara virði af peningum þeim, verðbréfum og skrautmunum, sem grafið hefir verið úr rústum Messina borgar á Ítaliu, bíða þess, að eigendurnir gefi sig fram. Líklega eru flestir eða allir þeirra dauðir, sem tilkall áttu til þessa fjár,— hafa farist í jarðskjálftum þeim, sem eyðilögðu borgina í vor er leið.

— Prestur einn á Englandi, séra Douglas Philip R. Nunn, var nýlega kærður um, að hafa brotið opinn gjafakassann, sem var við kirkjudyr hans og stolið úr honum fáeinum skildingum, svo sem $1.50 virði. Presturinn játaði sökina, og kvaðst mjög sjá eftir tiltæki þessu, með því að hann vissi að það eyðilegði tiltrú sína og mannorð. En hann kvaðst hafa verið ordinn sturlaður á geðsmunum af fátækt og öðrum örðugleikum. Laun sín sem prests væru ekki nægileg til að lifa af þeim, og bókasala, sem hann hafði í hjáverkum með prestskapnum, hefði gengið mjög illa. Inntektir sínar hefðu verið svo litlar, að fjölskylda sín hefði orðið að svelta. Þess vegna hefði hann í angistarræði tekið þetta óvndisúrræði. — Ekki getur fregnin þess, hverja hegningu prestur hafi fengið, ef nokkra. En réttlæti virðist mæla með því, að honum væri sýnd vægð, en að sófnuður sá, sem hafði hann í þjónustu sinni og ekki tímdi að launa honum sæmilega, fengi áminningu.

— Sir Conan Doyle, enski rithöfundurinn frægi, sem ritað hefir mikið af skáldsögum, þar á meðal "Sherlock Holmes" sögurnar, hefir lokið við ritsmíð mikla um Congo-hneykslið undir stjórn Leópolds Belgíu konungs. Bók þessi er sögð að vera með því bezta, sem þessi höfundur hefir ritað og verður til sölu innan fárra vikna. Sir Doyle hefir neitað að þiggja ritlaun fyrir handrit sitt. Kveðst vilja, að bókin verði seld svo ódýrt, að hún geti orðið í allra höndum.

— Tíu þúsund ekrur af kolanámalandi eru sagðar í Peace River dalnum, rétt norðan við landamæri British Columbia. Kolin eru nýfundin á þessu svæði og eru sögð góð. Mælt er, að auðmannafélag í Austur-Canada hafi náð eignarhaldi á námalandi þessu, og að það muni líða 4 ár, þar til hægt verður að nema kolin. En þá er búist við, að Canadian Northern félagið verði búið að leggja braut um það hérað.

— Skýrslur frá Yukon héraðinu sýna, að gulltekjan þar á sl. 12 mánuðum hefir verið nær hálfri milión dollara meiri en á fyrri árum. Einnig fræða skýrslurnar um það, að garðávextir þrifist allvel þar norðurfrá, og að hveiti spretti svo, að vel megi nota það til skepnufóðurs.

— Þann 29. sept. sl. var handtekinn í Ebensburg, Pennsylvania, Pólverji að nafni Wladystav Szcymauky. Hann játaði að hafa verið formaður ræningja félags þess, er rænti Rainy River bankann af nær 10 þúsund dollurum í júlí sl. Einnig játaði hann, að hafa rænt tvo banka í Michigan ríkinu, og náð þar 15 þúsund dollurum. Einnig rændu þeir félagar banka í norður Minnesota, en náðu þar ekki nema 300 hundruð doll, og urðu þá svo reiðir, að þeir skutu varðmann bankans til bana. — Þessi náungi tilgreindi nöfn félaga sinna, en lézt ekki vita, hvar þeir væru nú niðurkomnir. Hann sagði, að þeir hefðu tapað öllu ránsfé sínu í spilahúsi í Winnipeg. — Pinkerton-spæjarar hafa síðan ránið var framið stöðugt verið að leita þessa menn uppi, og hafa elt þá um alt kanadiska Norðvesturlandið og suður um Bandaríki. Þeir voru í þriggja klukkutíma fjarlægð frá þessum ræningja, þegar hann var tekinn fyrir flæking og dæmdur í fjögra mánaða fangavist þar syðra. Canadisku yfirvöldin verða því að bíða þar til hann hefir útent tíma sinn syðra. Hinir ræningjarnir, sem voru í félagi með honum, hyggja menn að séu einhversstaðar í Norðvesturlandinu, og búist við, að þeir náist bráðlega.

— York County lán félagið, sem fyrir tveimur árum varð gjaldþrota fyrir svikserni formanns síns og sem margir Íslendingar áttu eignir í, er í þann veginn að geta borgað fyrstu afborgun á eignum hluthafanna. Umráðamenn þessa gjaldþrota félags gera sér von um, að með tíð og tíma geti þeir borgað hluthöfunum meiri part þess fjár, sem þeir áttu í félaginu.

— Nýjustu skýrslur stjórnarinnar sýna, að á sl. fjárhagsári komu 146,908 innflytjendur til Canada. Þar af voru 52,901 frá Bretlandi, 34,165 frá öðrum löndum, og 59,832 frá Bandaríkjunum. Alls hafa 1,366,650 manns flutt til Canada síðan árið 1896. Innflutningar frá Bandaríkjunum hafa aldrei fyr orðið eins miklir og á sl. ári, og það er talið, að þessir Bandaríkjamenn hafi flutt með sér hingað norður 60 miliónir dollara virði, í peningum og öðrum eignum. — 3803 manns var neitað um landgöngu. Og 1748, sem lent höfðu, voru sendir úr landi aftur. Þetta bendir á, að stjórninni sé full alvara, að þiggja ekki alt, sem að henni er rétt. Það fólk sem kemur nú á árum, verður að vera bæði heilsugott, og hafa svo peningaleg efni, að líkur séu til að verði sjálfbjarga í landinu.

— Stjórn Breta hefir keypt allar loftskeytastöðvar Marconi félagsins þar í landi, að undanteknum langvegastöðvunum í Poldhu og Clifton. Stjórnin borgaði 750 þús. dollara fyrir að mega nota stöðvarnar og öll einkaleyfi Marconis um næstu 4 ár. Salan er því í raun réttri gerð að eins til 4. ára. Eftir það á stjórnin kost á, að kaupa þær fyrir fult og alt, ef ef saman gengur, en einatt eru langvegastöðvarnar undanteknar. Þær verða starfræktar af Marconifélaginu sjálfu. Stjórnin hyggur að nota stöðvarnar til þess að geta verið í stöðugu sambandi við skip er sigla með ströndum fram, og í því skyni hefir hún einnig keypt allar stöðvar Lloyd félagsins. — Nokkur líkindi eru til þess, að stjórnin geri alt loftskeytasamband þar í landi að þjóðeign.

— Northcliffe lávarður, sem um nokkrar undanfarnar vikur hefir verið að ferðast um Canada, segir landið vera stór-ágætt og eiga feikna mikla framtíð. Íbúðarhús Winnipegbúa segir hann að þoli samjöfnuð við íbúðarhús annara borga, sem séu fimm sinnum stærri. Jafnframt gat hann þess, að Argentina lýðveldið sé nú aðalkeppinautur Canada í verzlun, iðnaði og hveitirækt, og að þar sé mikil gnægð af óræktuðum hveitilöndum. Viðskifti þess lýðveldis við England námu á síðasta ári yfir 100 miliónum dollara.

— Stjórn Kínverja hefir byrjað á, að byggja herflota, og á fyrsta deild hans að vera fullger innan 7 ára. En aðal-verkið á að gerast á árunum 1911—1916. Þá eiga að vera fullgerð 8 öflug herskip, 20 beitiskip, 10 fallbyssubátar og 3 deildir af tundurbátum. Síðar er áformað að auka tölu öflugra vígskipa, svo þau verði ekki færri en 20 talsins.

— Brennuvargar í Kentucky ríkinu, sem gert hafa það að gamni sínu á undanförnum vikum, að brenna upp tóbaksbyrgðir af ökrum bænda þeirra, sem ekki vilja beygja sig undir ok tóbaks einveldisins, — eru í hættu staddir. Ríkisstjórinn þar, hefir látið þann boðskap út ganga, að slíkir brennuvargar (sem aðallega fremja spellvirki sín að næturlagi) séu réttdræpir, hvar sem þeirra verði vart innan takmarka ríkisins, og að hann skuli úrskurða hvern þann bónda sýknan saka, sem drepi þessa brennuvarga er þeir geri spell á eignum hans.

— Gufuskipið Lucitania hefir nýlega farið yfir Atlantshaf — frá Ameríku til Englands — á 4 sólarhringum, 15 kl.tímum og 52 mínútum, og er það fljótust ferð, sem enn hefir verið gerð.

— Þrir skipasmíðafræðingar frá Englandi hafa komið til Canada til þess að hafa umsjón á herskipasmíðum þeim, sem Canadastjórn ætlar að láta gera. Það er tilgangur stjórnarinnar, að láta smíða herskip Canada í landinu sjálfu, og er á orði, að smíðastöð sú verði í grend við Vancouver.

— Verkfræðingar þeir, sem Canada stjórn fól á hendur að mæla járnbrautarstæði til Hudsons flóans, og sem fyrir nokkru hafa lokið því starfi og samið skýrslu yfir álit sitt um, hvar brautin ætti að leggjast, — láta þá skoðun í ljós, að brautin ætti að leggjast norður til Fort Nelson, sem er miklu nær eða sunnar í flóanum, heldur en Fort Churchhill. En þó er það einróma álit þeirra, að hafnstaður sé betri við Fort Churchhill, en þeir telja víst, að svo megi bæta höfnina við Fort Nelson, að nota megi til skipalægis.

Lækningar í Tibet.

Rússastjórn fékk nýlega einkennilega bænarskrá frá Buddahtrúarmönnum í Síberíu. Þeir báðu um, að stjórnin setti á stofn hjá sér læknaskóla, þar sem kendar yrðu þær lækninga-aðferðir, sem notaðar voru af Tíbet mönnum fyrir 15 hundruð árum. Í bænarskrá þessari er það tekið fram, að prestar og spekingar Tíbet manna hafi á þeim tímum verið vel lærðir og og hepnir læknar, þótt Evrópumenning væri á lágu stigi í þá daga. Og bænarskráin heldur fram þeirri skoðun, að enn muni þessi eldgamla lækninga-aðferð vera ígildi þess, sem alment gerist í Evrópu-löndum.

Afleiðingin af þessari bænarskrá er sú, að stjórnin fól læknafélaginu í Pétursborg að rannsaka þessa gömlu lækninga-aðferð þar á staðnum. Læknafélagið bygði rannsókn sína á lækningahandbók, sem notuð var í Tíbet fyrir 12 hundruð árum, og þá álitin að innihalda fornaldar læknisfræði. — Nú hefir læknafélagið fengið sönnun fyrir því, að á þessum umgetnu tímum notuðu Tíbet-búar meðul og lækningaðferðir, sem Evrópu læknar "fundu upp" hundruðum ára síðar.

Það hefir og komið í ljós, að þessir fornaldar læknar höfðu eins fullkomna og nákvæma þekkingu á byggingu mannlegs líkama og likskurðarfræði eins og menn hafa nú á dögum. Þeir vissu nákvæmlega, hve mörg bein voru í mannslíkamanum, og alla lögun þeirra. Þeir þektu alt taugakerfið. Þeir vissu, að á mannshúðinni voru 11 milión svitaholur. Samkvæmt þessari gömlu handbók, er hjartað talið að vera konungur allra líffæranna og stytta lífsins. Einnig er skýrt frá því, að sjúkdómar yfirleitt séu afleiðing af fáfræði manna og illum ástriðum, og af því, að menn temji sér ekki að hafa vald yfir ástriðum sínum, sem hafi veikjandi áhrif á vöxt og starfsemi allra líffæranna, og að allar illar hugsanir hafi skaðvænleg áhrif á hjartað og lífrina.

Fyrir 15 hundruð árum notuðu Tíbet læknarnir sömu aðferðir til þess að komast að því, hvaða sjúkdómar gengi að fólki, eins og nútíðar læknar gera. Þeir þreifuðu á slagæðinni, skoðuðu tunguna, o. s. frv. Þeir ráðlögðu hreinlæti, böðun, létta fæðu (mjöl eða jurtafæðu), nudd og koppasetningar. — Þá voru þau lög þar í landi, að hverjum lækni var harðlega hegnt, sem ekki hélt öllum verkfærum sínum í hreinlegu ástandi.

Handbókin kennir, að fólk eigi að lifa reglubundnu lífi og forðast alt óhóf, og að viðhafa alt líkamlegt hreinlæti, einnig að temja sér göfugan hugsunarháttt, eins og siðuðum og skynigæddum verum sæmi.

Ekki ber bókin með sér, að fornaldar læknar hafi þekt neitt af þeim nýtízku tækjum, sem nú eru notuð við lækningar, svo sem svefnmeðal við uppskurðum, eða X-geisla, eða annað þess háttar. Og engin þau lyf voru þá þekt, sem læknar nú sprauta inn undir hörund sjúklinga til þess að drepa sjúkdóma strax í fæðingu þeirra. En hins vegar er það sýnt og sannað, að þeir hafa haft heilbrigðar skoðanir á þeim dögum og undursamlega mikla þekkingu svo snemma á tímum.

Hrakti 2 þús. mílur

Nýlega fanst smábátur með 3 svertingjum í við Kinastrendur, og voru þeir fluttir til Shanghai. — Þeir voru smáir vexti og með hrokkið hár. Kínverskir fiskimenn fundu þá nálægt Chusan eyjunni. Þá voru þeir nær dauða en lifi af hungri og þorsta og klæðlausir, og hafa vafalaust verið búnir að svelta marga sólarhringa. Enginn skildi mál þeirra, en af merkjum, sem þeir gáfu, var það ráðið, að upphaflega höfðu 5 menn verið á bátnum, og höfðu hinir tveir dáið á hafi úti.

Kínverjar fóru vel með þessa menn, gáfu þeim fatnað og hlyntu að þeim, svo að þeir náðu sér fljótlega að mestu leyti.

Í eyrunum báru menn þessir stóra skrautgripi og kom þeim það að góðu haldi, því að af því varð ráðið, hvaðan liklegt var að þeir væru komnir. Hálsfestar þeirra voru úr kóröllum og skeljum, og elzti maðurinn var tattúeraður á handleggjum og lærleggjum. Í bátnum voru 2 kassar, en ekki fanst annað í þeim en fisklínur og önglar, sem sýndi, að þetta voru fiskimenn.

Eftir nokkurn tíma voru þeir fluttir til þýzka sendiherrans, og hann beðinn að komast eftir hvaðan þeir væru. Hann lagði fyrir þá uppdrátt og las upphátt nöfnin á honum, en þegar hann nefndi Saipen eyjar, þá urðu mennirnir æstir, og gáfu í skyn, að þar væri heimkynni þeirra. Konsúllinn lét þá flytja þá til Hong Kong, og þaðan á að flytja þá heim til sín.

Saipan eyjar eru einar af Ladrone eyjaklasanum í Suðurhafinu, og það er því ljóst, að menn þessa hefir hrakið 2 þúsund mílur áður enn þeir fundust. En hvernig á þeim stendur að öðru leyti, veit enginn þar í landi, því enginn hefir fundist, sem skilur mál þeirra.

Þýzka stjórnin ætlar að grensl-ast um, hve lengi þeir hafa verið á þessum hraknigi, og hvernig þeir hafa farið að halda við lífinu þar til þeir fundust.

Breyting á lestagangi.

Sú breyting er gerð á lestagangi C. N. R. brautarinnar milli Winnipeg og Oak Point, að lestirnar fara héðan kl. 8.20 á mánudaga, miðvikudaga og föstudaga, og koma til Oak Point kl. 12.25. Lestirnar fara þaðan samdægurs kl. 14, og koma til Winnipeg kl. 18 að kveldi.

OGILVIE'S

Royal Household Flour

Til Brauð og Köku Gerðar

OGILVIE'S ROYAL HOUSEHOLD

Gefur Ævinlega Fullnæging

EINA MYLLAN Í WINNIPEG,—LÁTIÐ HEIMAIÐNAÐ SITJA FYRIR VIÐSKIFTUM YÐAR.

Atvinna.

Herra Helgi Einarsson, að Narrows, Man., biður þess getið, að hann verði hér í borg þann 20. þ. m. til þess að ráða mena til fiskiveiða á Manitoba vatni á komandi vetri. Íslendingar, sem vilja tryggja sér vetrarvinnu með sæmilegu kaupi, ættu að finna hr. Einarsson. Hann er vanur að halda til á Seymour House hér í bæ.

"Andvökur"

LJÓÐMÆLI EFTIR

Stephan G. Stephansson

Kosta í 3 bindum, $3.50, í skrautbandi.

Tvö fyrri bindin eru komin út, og verða til sölu hjá umboðsmönnum útgefendanna í öllum íslenzkum bygðum í Ameríku.

Í Winnipeg verða ljóðmælin til sölu, sem hér segir:

Hjá Eggert Jóhannssyni, 689 Agnes St., EFTIR KL. 6 AÐ KVELDI.

Hjá Stefáni Péturssyni, AÐ DEGINUM, frá kl. 8 f.h. til kl. 6 að kveldi, á prentstofu Heimskringlu.

Hjá H. S. Bardal, bóksala, Nena St.

Hjá N. Ottenson, bóksala, River Park, Winnipeg.

Utanbæjarmenn, sem ekki geta fengið ljóðmælin í nágrenni sínu, fá þau tafarlaust með því að senda pöntun og peninga til Eggerts Jóhannssonar, 689 Agnes St., Winnipeg, Man.

Wall Plaster

Með því að venja sig á að brúka **"Empire"** tegundir af Hardwall og Wood Fibre Plaster er maður hár viss að fá beztu afleiðingar.

Vér búum til:

"Empire" Wood Fibre Plaster
"Empire" Cement Wall "
"Empire" Finish "
"Gold Dust" Finish "
"Gilt Edge" Plaster of Paris
og allar Gypsum vörurutegundir. —

Eigum vér að senda yður bækling vorn?

MANITOBA GYPSUM CO. LTD
SKRIFSTOFUR OG MILLUR I
Winnipeg, - Man.

Heimskringla
Published every Thursday by The Heimskringla News & Publishing Co. Ltd

Verð blaðsins í Canada og Bandar. $2.00 um árið (fyrir fram borgað).
Sent til Íslands $2.40 (fyrir fram borgað af kaupendum blaðsins hér $1.50.)

B. L. BALDWINSON
Editor & Manager

Office:
729 Sherbrooke Street, Winnipeg
P.O. BOX 3083. Talsími 3512.

Heimssýningin í Winnipeg.

Borgaranefnd sú, sem þetta mál hefir haft með höndum í sl. 9 mánuði, hefir eftir nákvæmar athuganir sannfærst sjálfa sig um það, að slík heimssýning, ef hún yrði haldin hér í borg, mundi borga allan tilkostnað við slíkt fyrirtæki.

Það vill svo vel til í þessu máli, að það er ekki algerlega nauðsynlegt, að byggja allar áætlanir í sambandi við þessa fyrirhuguðu heimssýningu á eintómum bollaleggingum. Margar slíkar sýningar hafa verið haldnar hér í landi, og nefndin hefir kynt sér reynslu þeirra, og getur í áætlunum sínum stuðst nægilega mikið við það til þess að gera sér nokkurn veginn ljósa grein fyrir því, hvernig slík sýning mundi takast hér í borginni.

Það er í rauninni aðallega tvent, sem nákvæmlega þarf fyrirfram að íhuga og útreikna, — útgjöldin og inntekturnar. Nefndin getur farið mjög nærri um útgjöldin, eða allan kostnað við að koma slíkri sýningu á fót. Það má koma sýningunni á fót fyrir 5 miliónir dollara, og það má verja til þess 10 miliónum dollara, — alt eftir því, hve vandlega og fullkomið alt er gert. En til þess að geta fyrirfram ákveðið útgjöldin, verður að sjálfsögðu að hafa tillit til væntanlegra inntekta. En þær verða ekki nákvæmlega áætlaðar nema með því, að íhuga alla reikninga annara slíkra sýninga, og með því að bera saman afstöðu þeirra við afstöðu hinnar fyrirhuguðu sýningar hér í borg. Alt þetta hefir Winnipeg nefndin íhugað, og tölur þær og upplýsingar, sem hún hefir safnað, eru all-fróðlegar, og gefa alþýðu manna nokkurn veginn glögga hugmynd um, hvers vænta má.

Nefndin hefir fengið fullar sannanir fyrir því, að Portland sýningin borgaði sig, og að Seattle sýningin, sem nú stendur yfir, borgar sig eða meira en það.

Nú, til að bera saman afstöðu Seattle sýningarinnar við Winnipeg sýninguna, hefir nefndin tekið það til íhugunar, að ekki nema 8 járnbrautir liggja inn í hina fyrnefndu borg, og svo að sjálfsögðu sjóvegur eftir Puget Sound. Til Winnipeg borgar hinsvegar liggja 20 járnbrautir úr öllum áttum, en aðallega að austan, sunnan og vestan. En járnbrautirnar til Seattle liggja að eins úr tveimur áttum, aðallega að austan og sunnan.

Full reynsla er fengin fyrir því, að slíkar sýningar sækja margir úr 2 þúsund mílna fjarlægð. Þess fleiri úr þeim héruðum auðvitað, sem nær eru, en úr hinum, sem fjær eru. Vegalengdir frá hinum ýmsu stórbæjum til Seattle, eru svo sem hér segir: Frá Winnipeg 1650 milur, frá Minneapolis og St. Paul 1825, frá Omaha 1861, frá St. Louis 2372, frá Kansas City 2089, frá Denver 1111, frá Portland 184 og frá San Francisco 956 milur.

Vegalengdin frá þessum og öðrum stöðum til Winnipeg er í flestum tilfellum nokkuð styttri og í mörgum miklið styttri. Það er sýnt, að landssvæði það, sem lagði til flestalla Seattle sýningargesti, hefir rúmar 20 miliónir íbúa, og að tala Seattle sýningargestanna fram til 1. sept. hefir verið 3¼ milión manns. Landssvæði það hinsvegar, sem líklegt er að byrgi Winnipeg sýninguna með gesti hefir nær 70 miliónir manna. Og þess vegna telst nefndinni svo til, að hingað ætti að sækja að minsta kosti þrisvar sinnum fleira fólk en því nemur, sem sækir Seattle sýninguna. Svo að eftir því ætti Winnipeg sýningin að hafa 10 miliónir gesta.

Það er sýnt, að þeir, sem sækja slíkar alheimssýningar í því skyni að sjá alt, sem þar er að sjá, verði að verja frá 10 til 15 dollara í aðgöngugjald að öllum deildum sýningarinnar og aukasýningum, sem vanalega eru í sambandi við þær. Að vísu eru þeir að líkindum fáir, af öllum þeim fjölda, sem sækja sýninguna, sem kaupa aðgang að öllum aukasýningum. En Winnipeg nefndin er sannfærð um, af þeirri reynslu sem Portland og Seattle sýningarnar hafa haft, að Winnipeg sýningin ætti að borga sig vel. Winnipeg borg er svo vel sett hér í miðju landi og vegalengdir víða frá svo stuttar, tiltölulega, að nefndin telur það alveg áreiðanlegt, að 10 miliónir manna mundi sækja sýninguna hér — að austan, sunnan og vestan.

Ein af þeim upplýsingum, sem nefndin hefir fengið, er sú, að samanlagt mílnatal þeirra járnbrauta, sem varð að nægja til þess að flytja gesti á hina yfirstandandi sýningu í Seattle, er 86,806 mílur. En samanlagt mílnatal þeirra járnbrauta, sem ætla má að flytji gesti til Winnipeg sýningarinnar, er 179,170.

Öll þau atriði, þess vegna, sem sem hægt er að taka til greina um væntanlega aðsókn að sýninguni hér, benda ljóslega í þá átt, að Winnipeg standi betur að vígi, en flestir eða allir aðrir staðir í landinu, þar sem hugsanlegt er, að slík sýning verði haldin.

Enn er eitt atriði, sem mjög mælir með góðri aðsókn á sýninguna hér í borg, og það er sjálft landið. Það er að verða frægt um heim allan fyrir frjósemi og víðáttu þess svæðis, sem hæft er til kornræktar. Það er talið áreiðanlegt, að mesti fjöldi manna frá yztu endimörkum þessa lands og einnig frá útlöndum, muni nota sýningarárið til þess að ferðast hingað til Vestur-Canada, til þess að skoða landið, og væntanlega einnig til að ná sér í lönd, og á annan hátt að verja fé sínu til gróðafyrirtækja hér í Manitoba og í Vesturfylkjunum. Að því leyti einu blandast engum íbúum landsins hugur um það, að hagnaðurinn af sýningunni mundi verða afarmikill óbeinlínis. Hún mundi hafa þau áhrif meðal annars, að auka landverð í Vestur-Canada að talsverðum mun. Hún mundi óbeinlínis verða miðill til þess, að hér risu upp ýmsar öflugar iðnaðarstofnanir, og innflutningur einaðra manna mundi stórum aukast.

Alt þetta eru íhugunarefni, sem taka verður til greina. Winnipeg borg er svo sett, að hún hefir mikinn hluta af Norður-Ameríku svo að segja í kjöltu sinni. Lífæðar landsins, verzlun og iðnaður, liggja hingað vestur, og hvorttveggja þetta hlýtur að taka stórskreið framfaraspor á komandi árum.

Alt bendir til þess, að sýningin verði áreiðanlega haldin hér árið 1912.

Hið ísl. bókmentafélag.

Heimflutningur Hafnardeilda innar.

Hr. ritstjóri!

Ég bið yður ljá eftirfarandi línum rúm í heiðr. blaði yðar.

Forseti Hafnardeildarinnar, próf. Þorv. Thoroddsen, er nú á síðustu árum hefir barist gegn heimflutningi deildarinnar til Íslands og sameining hennar við Rvíkurdeildina, hefir fundið sig knúðan til þess, að senda félagsmönnum erlendis (utan Khafnar) fyrirspurn um vilja þeirra í þessu efni. Enda þótt það séu félagsfundir, er einir skera úr þessu samkvæmt lögum, ætlast hann þó víst til, að atkvæði deildarmanna út í frá hafi að nokkru áhrif á úrslitin. En hvort sem hann nú, er til kemur í alvöru, tekur nokkurt tillit til þessa eður eigi, skiftir það þó alt af miklu máli, hvernig atkvæði eru greidd.

Ég geri satt að segja ráð um, að Vestur-Íslendingar allir, er í Bókmentafélaginu eru, séu heimflutningsmenn. Þeir hafa sýnt það, að því er "sambandsmálið" snertir, að þeir hafa rétta og ljósa hugmynd um, hvað Íslendingum ber að gera, ef þeir ætla sér að ná fullu stjórnlegu sjálfstæði. Heimflutningsmálið er einn þáttur sjálfstæðismálsins, þótt ekki sé hann á því stjórnlega sviði. Í hvívetna ber okkur að losa okkur sem mest við Dani og undan hinum einhliða dönsku áhrifum, unz okkur verður auðið að skilja við þá að fullu og öllu. Heima, í landinu sjálfu á stjórn okkar að vera, í landinu sjálfu eiga mentastofnanir okkar að hafa samastað, í landinu sjálfu eiga bókmentir okkar að blómgast nú sem fyr! Í íslenzkum jarðvegi.

En það er ekki að eins þjóðlega hliðin á þessu máli, er gerir það sýnt, að hið íslenzka bókmentafélag á ekki að hafast við að hálfu í Danmörku, heldur óklofið heima á Íslandi. Bókmentalegs og fjárhagslegs hagnaðar má líka vænta af heimflutningnum. Félagið starfar betur, öruggar og öflugar sem ein heild, getur sett sér ákveðnara mark og færst meira í fang, er það er í einu lagi, en því væri kleift, meðan það er tvískift. Og því verður meira úr fjármunum sínum með þeim hætti. Framkvæmdir félagsins yrðu að minsta kosti ekki dýrari, þótt það alt hefði setu heima. Ef það, sökum heimflutningsins, missir lítilfjörlegan styrk, er það nú fær úr ríkissjóði Dana — sem að öðru leyti er mjög óviðeigandi að það taki við —, mun því vafalaust brátt, ef nauðsyn ber til, bætast hann með fjártillagi frá hálfu landssjóðs; en því að eins mun alþingi hækka það tillag, að Hafnardeildin sé flutt heim til Íslands.

Þetta mál þarf í sjálfu sér ekki skýringa við. Það mælir með sér sjálft. Hugsandi Íslendingar þurfa ekki lengi að vera í vafa um það, hvorum megin þeir eigi að skipa sér. Ég vona, að landar vestra látí vilja sinn í ljós, með því að svara skilvíslega fyrirspurn þeirri, er þ. Th. — að vísu án þess, að heimflutningsmenn væru með í ráðum — hefir sent "vestur um ver".

Og ég efast ekki um, að þeir svari henni á réttan hátt!

Virðingarfylst,

Khöfn, þ. 22. septbermán. 1909.

Gísli Sveinsson.

Herútbúnaður stórþjóðanna.

Allstaðar um hinn mentaða heim er talað um hin miklu orustuskip, er nefnd eru "Dreadnaught", en á okkar máli mætti nefna "Óskelfandi", um stærð þeirra og hraða og hinar afarmiklu fallbyssur, er þau hafa í fórum sínum, o.s.frv. En mest af öllu er þó talað um það, hve mörg af þessum skipsbáknum hvert stórveldi eigi eftir nokkur ár. Þekki maður "Óskelfandi" og tildrögin til þeirra, þá fylgist maður með í heimspólitík. Sé flýtt smíði nokkurra þessara stóru skipa, eða ef sendar eru aukapantanir til verksmiðjanna um þau, þá kemur það hreyfingu á alla heimspólitík. Ef til vill verður fyr stríð út af þessu "Óskelfandi" ofurkappi stórþjóðanna en milli Tyrkja og Grikkja út af eyjunni Krít, eða nokkru öðru ágreiningsefni þjóðanna.

Hvað eru þessir "Óskelfandi" ("Dreadnaught")?

Í raun og veru ekkert annað en afarstórir bryndrekar, og að sumu leyti bygðir líkt og eldri skip, en vegna stærðar sinnar geta þau borið margar afar stórar fallbyssur, og eru stöðugri á sjónum en minni skip, sem hefir mikla þýðingu í bardögum. Það, að útbúnaður allur er eftir stærðinni, gefur "Óskelfandi" mikla yfirburði fram yfir önnur skip, og það þó þau séu ný, eins og til dæmis hin ensku skip Nelsons, er voru bygð 1906 og voru um og yfir 16,000 smálestir, og höfðu 4 fallbyssur. En þetta jafnast þó ekki við þessa nýjustu bryndreka, sem eru yfir 20,000 smálestir, og hafa 12 fallbyssur, er flytja langa leið. Þeir eru líka öllum skipum hraðskreiðari.

Það var England, er fyrst byrjaði á þessu stórskipasmíði. Hinn fyrsti "Óskelfandi" var bygður þar 1906—7 á 18 mánuðum, og kostaði 9 miliónir dollara. Bretum var hrósað mikið fyrir, hve smíðin hefði gengið fljótt og vel. Þeir tóku lofinu með miklum fögnuði og mikluðust af því, að hafa orðið á undan öðrum þjóðum með þessa smíði. En það stóð ekki lengi, að þeir væri einir um hituna. Aðrar þjóðir fóru brátt að rumska (þorðu ekki annað), og tóku að byggja þessi skip, fetuðu þar í fótspor Englendinga.

Hér skal stuttlega skýrt frá, hve marga "Óskelfandi" hver þjóð hefir látið smíða, og hefir í smíðum, sérstaklega Englendingar og Þjóðverjar. Þjóðverjar urðu fyrstir til, að láta sér skiljast, að eini vegurinn til að standa Englendingum jafnfætis var að byggja líka "Óskelfandi", ekki hvað sist fyrir það, að Englendingar áttu líka miklu fleiri minni skip en þeir sjálfir. Í þýzku herlögunum frá árinu 1908, er aldur herskipa ákveðinn 20 ár, í stað þess að lögin frá 1900 mæltu svo fyrir, að hann skyldi vera 25 ár. Lessi lagabreyting hefir haft mikilsverðar afleiðingar, en sem að eins hygnustu menn gátu séð fyrir. Það er ekki eingöngu það, að skipin verði smíðuð upp 5 árum fyr, heldur einnig gengur miklu betur, að ná hinni ákveðnu skipatölu (38), sem ákveðin er í herlögunum fyrir árið 1907. Fyrir þessa breytingu geta Þjóðverjar smíðað "Óskelfandi" 5 árum fyr en ella, og þeir eru æfinlega bygðir í stað gömlu skipanna. Verðmæti flotans verður því margfalt meira. Þegar Englendingar fréttu þetta, ætluðu þeir að ganga af göflunum. Því var hvíslað að þeim, að Þjóðverjar hefðu 1908 byrjað að smíða 3 "Óskelfandi". Við þá fregn varð "Jón boli" svo smeykur, að hann ákvað strax, að láta byggja 4, er yrðu tilbúnir árið 1909, og aðra 4, er yrðu búnir 1910, ef í nauðir ræki. Hann þóttist mega til að kljúfa þar til þritugan hamarinn, að verða öðrum meiri, hvað sem það kostaði.

Næst Englendingum kemur Þýzkaland, að því er snertir allan herútbúnað á sjó. Beri maður saman flota þessara þjóða í lok ársins 1912, eftir því sem nú er ákveðið með nýjar skipabyggingar, þá verður skipafjöldinn eins og hér segir:

Engaland 16 "Óskelfandi", — Þjóðverjar 13.

Þjóðverjar eru fult eins fljótir að smíða "Óskelfandi" eins og Englendingar, og dregur það ekki úr óttanum hjá þeim siðarnefndu. Auk þess leggja þeir mikið kapp á að fá að smíða þessi skip fyrir aðrar þjóðir, því þau geta þeir notað til að bæta við flota sinn, ef þeir skyldu eiga í ófriði áður en þau eru afbent. Samningarnir eru þann veg vaxnir.

Margir Englendingar vilja helzt nú þegar leggja út í stríð, gegn Þjóðverjum. Þeir þykjast sjá það fyrir, að að því komi einhverntíma, því þessar þjóðir eru að metast um alheimsvaldið. En ef ófriðurinn dregst um nokkur ár,— þá búast þeir við, að Þjóðverjar hafi svo stóran og öflugan herflota, að hann verði ósigrandi. — Bretar eiga miklu fleiri smærri skip en Þjóðverjar, en það er Þjóðverjum happ, því að stuttum tíma liðnum dettur engum í hug, að nota þau í sjóorustu.

Eins og áður er sagt, þá voru það Englendingar, er byrjuðu á þessu stórskipasmíði. Nú eru þeir hálfgramir yfir öllu saman, því það er alls ekki óliklegt, að þetta verði einmitt til þess, að þeir fyr en ella hefði orðið tapi heimsyfirráðum á sjó.

Englendingar hafa látið þá ósk í ljósi, að Þjóðverjar bygðu ekki svona mörg herskip, en þeir hafa enga áheyrn fengið hjá Þjóðverjum. Þeir eru ekki svo skapi farnir, að þeir fari að láta að óskum keppinautar sins, þegar um völd og efling þýzka ríkisins er að ræða.

Engin önnur ríki í Evrópu en hin áðurnefndu hafa "Óskelfandi" fullbúna, en öll þau stærri eru á leiðinni með þá. Frakkar eru að láta byggja 6. Tveir af þeim verða tilbúnir árið 1910 og hinir 4 árið eftir. Ef hið góða samkomulag, sem nú ríkir milli Breta og Frakka helzt áfram, þá geta þessi skip komið Bretum að góðu liði, ef Frakkar vilja blanda sér inn í kappsmál Englendinga og Þjóðverja. Auk Frakka, eru Rússar eina þjóðin í Norðurálfu, sem styrkja mundi Englendinga, — af þeim þjóðum, er geta látið byggja "Óskelfandi". Rússar ætla að láta smíða 4 heima hjá sér. Þjóðverjar höfðu gert sér von um, að fá að smíða þá, en nærri því var ekki komandi hjá rússnesku stjórninni. Það hefði líka naumast verið hyggilegt, að láta þessi skip liggja svo lengi innan landamæra Þjóðverja, því áætlað er, að þau verði ekki fyr tilbúin en eftir 5—6 ár. — Ítalía og Austurríki ætla einnig að láta smíða "Óskelfandi". Ítalía hefir ákveðið, að byggja 4 fyrir 1912. Tyrkir og Spánverjar ætla einnig að láta smíða nokkra.

Austurríkismenn og Ungverjar hafa í hyggju, að koma upp hjá sér flota með 16 "Óskelfandi" á næstu 20 árum, og auk þess heilmarga tundurbáta. Þetta verður samt ekki fast ákveðið fyr en í haust, er ríkisþingið kemur saman. Konungsefni Austurríkismanna er sagt að berjist mjög fyrir þessari herútbúnaðarstefnu, en hætt er við, að þinginu þyki nokkuð mikið í ráðist, og neiti að leggja svo mikið fé til herflota.

Þegar Evrópu stórveldin eru frá dregin, þá eru Bandaríkjamenn og Japanar voldugastir á hafinu. — Lítlu eftir stríðið milli Rússa og Japana, leit ekki sem friðsamlegast út milli þessara þjóða. Japanar héldu áfram að auka flota sinn, og ákváðu, að það skyldi standa til ársins 1913. Á meðan sigldu Bandamenn í friði umhverfis hnött inn, og í Japan var þeim fagnað forkunnar vel, og síðan hafa þessar þjóðir smátt og smátt jafnað missætti sitt, með viturlegum ráðstöfunum af beggja hálfu, svo nú eru engar líkur til ófriðar milli þeirra.

Japanar halda mjög leyndum öllum skipabyggingu áformum sínum, og menn vita ekki meira um herskipa útbúnað þeirra en það, sem þeir eiga nú tilbúið, eða er í smíðum. Sem stendur eiga þeir engan "Óskelfandi", en 4 eru í smíðum. En þeir eiga mörg skip, sem eru nærri því eins stór og vel útbúin og þeir, sem eru frá 16,000 til 19,000 smálestir og mjög hraðskreið.

Bandamenn eiga 6 "Óskelfandi" í smíðum, sem eru nærri fullbúnir, og 2 nýja á að smíða í viðbót, er sága að vera tilbúnir árið 1911. — Þeir eiga nú milli 10—20 skip, sem eru lítið neðan við 20,000 smálestir, og að öllu leyti mjög vel útbúin, svo að það má að sjálfsögðu telja þá þriðju voldugustu þjóðina er sigldr um höf heimsins.

Framanrituð grein er eftir herforingja einn danskan, og birtist nýlega í dönsku tímariti. Af henni má sjá, hvert siðmenning vorra tíma stefnir. Eftir því, sem mentunin í heiminum vex, eftir því tryllast þjóðirnar meir af þessum herútbúnaði, — herútbúnaðarræði. Alveg öfugt við það, sem ætti að vera.

Þegar athugað er ástand þjóðanna, til dæmis Englendinga, og það er lýðum ljóst, að jafnvel miljónir af þeirri þjóð lifir því aumasta lífi, sem hugsast getur, en samt er varið mörgum tugum miljóna dollara í þetta hræði, — þá fyrst sést ranghverfan til fulls. Og þeir — Englendingar — eru frumkvöðlar að þessu hræði. Af hræðslu við yfirgang þeirra og ágirnd, er það öllu öðru fremur, að aðrar þjóðir hervæðast af öllum mætti, og sumar vitanlega langt fram yfir mátt.

Öllum er það ljóst, að í fornöld, meðan þjóðirnar voru hálfvilltar, voru flest ágreiningsefni meðal einstaklinganna jöfnuð með orustum, einvigum og launvigum. Sá vann, sem gat drepið mótstöðumanninn. Með menningunni hefir þetta farst í rétt horf. Nú verða einstaklingarnir eins og kunnugt er, að sækja og verja ágreiningsmál fyrir dómstólum, og svo hlýða þeirra úrskurði. Svona ætti það líka að vera með áreiningsmál þjóðanna. Þær ættu að hafa einn allsherjardómstól, sem væri skipaður mönnum af öllum þjóðum, til að dæma um það, er á milli bæri. En leggja allan herskap niður. Hann er stór, svartur blettur á nútíðar siðmenningu heimsins. Þjóðunum mundi líða ósegjanlega miklu betur, sem eðlilegt er, ef öllum þeim feikna peningum, sem þær eru nú pýndar til að greiða til herkostnaðar, væri varið til að bæta kjör fátæklinganna, og hefja þá upp úr drykkjuskap og spillingu til fullkomnunar.

Eins og ástandið er nú, sýnist það ráða mestu hjá þjóðunum, að viðhalda villimannahættinum, sem ríkti á fyrri tímum hjá einstaklingunum. Hver þjóðin keppist við aðra, að auka svo og fullkomna morðtól sín, að hún sem fljótast geti yfirunnið aðra með grimd, ef eitthvað ber á milli.

Margir spyrja sjálfsagt, hvenær þetta hræði muni taka enda. Að líkindum verður það ekki fyr en öll alþýða (kvenfólk og karlmenn) með áhrifum sínum á löggjöfina segir: Hingað og ekki lengra. Jafnaðarstefnan, sem hefir það á stefnuskrá sinni meðal annars, að eyðileggja allan herútbúnað, skal hér eftir vera við ráðandi afl í heiminum.

Á. J. J.

Fréttir úr bænum.

Kvenfélag enska Únítara safnaðarins hér í bænum hefir beðið þess getið, að það haldi sölu á notuðum húsáhöldum og fötum næstkomandi laugardag (9. okt.), allan eftirmiðdaginn og að kveldinu, í Fairbairn Blk., horninu á Selkirk og Main strætum. Margir ágætir munir verða til sölu. Notið tækifærið.

Byggingarlóð á Portage Av., 224 fet, var í sl. viku seld fyrir $60,000. Lóðin er á milli Home og Arlington stræta. Einnig var seld 88 feta lóð á horninu á Portage Ave. og Victor St. fyrir $250 hv. fet framhliðar. Einnig var seld hornlóðin á Notre Dame Ave. og Maryland St. fyrir $13,500. Land er óðum að hækka á Notre Dame Ave. og þar í grend.— Það er ætlað að á næsta ári muni landsala hér í borg verða með líflegasta móti.

Sparið Línið Yðar.

Ef þér óskið ekki að fá þvottinn yðar rifinn og slitinn, þá sendið hann til þessarar fullkomnu stofnunar.

Nýtízku aðferðir, nýr vélaútbúnaður, en gamalt og æft verkafólk.

LITUN, HREINSUN OG PRESSUN SÉRLEGA VANDAÐ

Modern Laundry & Dye Works Co., Ltd.
307—315 Hargrave St.
WINNIPEG, MANITOBA
Phones: 2300 og 2301

Mrs. Williams

er nýkomin til baka úr ferð sinni um gamla landið. Hún fór þangað til að skoða beztu kvenhatta verkstæðin og valdi þar mesta úrval af alls konar kvenhöfuðbúnaðarskrauti og höttum. Hún óskar, að ísl. konur vildu skoða vörur sínar sem hún er viss um þeim mundi geðjast að. Verðið sanngjarnt.

702 NOTRE DAME AVE.
23-12-9

The ALBERTA Hreinsunar Húsið

Skraddarar, Litarar og Hreinsarar. Frönsk þur- og gufuhreinsun. Fjaðrir hreinsaðar og gerðar hrokn ar. Kvenfatnaði veitt sérstakt athygli. Sótt heim til yðar og skilað aftur. Allskonar aðgerðir. Fljót afgreiðsla. Verð sanngjarnt. Opið á kveldin. FÓN: Main 3466.
660 Notre Dame Ave., Winnipeg
23-9-10

Dr. M. Hjaltason, Oak Point, Man.

Jónas Pálsson,
SÖNGFRÆÐINGUR.
Útvegar vönduð og ódýr hljóðfæri.
460 Victor St. Talsími 6803.

Jóhanna Olson
PIANO KENNARI
557 Toronto St. Winnipeg

Sv. Björnsson,
EXPRES-MAÐUR,
annast um alls kyns flutning um borgina og nágrennið. Pöntunum veitt móttaka á prentstofu Anderson bræðra, horni Sherbrooke og Sargent stræta.

JÓN JÓNSSON, járnsmiður, að 790 Notre Dame Ave. (horni Toronto St.) gerir við alls konar katla, könnur, potta og pönnur fyrir konur, og brýnir hnífa og skerpir sagir fyrir karlmenn. — Alt vel af hendi leyst fyrir lítla borgun.

VEITIÐ ATHYGLI!

Nú gefst yður tækifæri á, að eignast heimili og bújarðir með sanngjörnu verði.

Hús og bæjarlóðir til sölu og skift fyrir bújarðir. Einnig seljum við og skiftum bújörðum fyrir bæjareignir, útvegum kaupendur fyrir eignir yðar, og önnumst um alls konar sölu og skifti.

Við útvegum peningalán með rýmilegum skilmálum, tökum hús og muni í eldsábyrgð, og séljum lífsábyrgðar skírteini með sérstökum hagsmunum fyrir hluthafa fyrir bezta og áreiðanlegasta Bandaríkjafélag. Komið og finnið oss að máli, og skrásetjið eignir yðar hjá oss. Fljótum og áreiðanlegum viðskiftum lofað.

The MONTGOMERY Co.
K.B. Skagfjörð, ráðsmaður.
Rm. 12 Bank of Hamilton
Cor. Main & McDermott.
Skrifstofu talsími, Main 8317.
Heimilis talsími, Main 5223.

WINNIPEG Business College

Cor. Portage Ave and Fort St.

28. AR.

FÆKK FYRSTU VERÐLAUN Á SAINT LOUIS SÝNINGUNNI.

Dag og kveldkensla. Telefón 45.

Haustkensla byrjar 1 Sept.

Bæklingur með myndum ókeypis.

Skrifið til: *The Secretary, Winnipeg Business College, Winnipeg, Man.*

Miss NESBITT

KVENHATTA SALI

112 ISABEL ST.

Býr til alskonar kvenhatta í nýjustu gerð. Skreytir með fjöðrum, blómum og böndum og öðru nýtízku stássi. Endurnýjar og skreytir brúkaða hatta. Alt verk vandað og verð sanngjarnt. Isl. konnm boðið að skoða búðina. —

MISS NESBITT,

112 Isabel Street

18-11-9

HERRA BÓNDI!

ÞETTA ER FYRIR ÞIG!

Vildir þú ekki hafa í hásiðtnu eins bjart ljós og þau sem best eru í stór borgum?

Brennari vor passar í hverja vanal. lampa. Brennir lofti, ekki olíu, er algerlegaóhultr.

Þetta ljós lækkar olíu kostnað um meir en helfing.

Vér sendum brennara gegn fyrirfram borgun, fyrir $2.75.

Skrifið oss eftir upplýsingum.

INCANDESCENT KEROSENE LIGHT CO.

50 PRINCESS ST., WINNIPEG

R. A. THOMSON AND CO.

Cor. Sargent & Maryland St.

Selja allskonar MATVÖRU af beztu tegund með lægsta verði. Sérstakt vöruúrval nú þessa viku. Vér óskum að Íslendingar vildu koma og skoða vörurnar. Hvergi betri né ódýrari.—

Munið staðinn:—

HORNI SARGENT AVE. OG MARYLAND ST.

PHONE *3112.*

A. S. BARDAL

Selur líkkistur og annast um útfarir. Allur áburður sá besti. Enfremur selur hann alskonar minnisvarða og legsteina.

121 Nena St. Phone 806

Sendið Heimskringlu til vina yðar á Íslandi

Yfirlýsing prestafundarins.

Í Hkr. og Lögb., sem út kom 23. september og einnig í septemberblaði Sameiningarinnar, birtyfirlýsing sjö presta kirkjufélagsins, sem víst er ætlast til að varpi því ljósi yfir samþyktir síðasta kirkjuþings, að öllum verði skiljanlegt, hvernig þingið skildi við ágreiningsmál kirkjufélagsins. En þó vandlega sé lesið, fræðir þessi yfirlýsing mann ekki um neitt annað en það, að prestarnir eru nú komnir í svo slæman bobba, að þeir eru hættir við alla rökfærslu og treysta því einungis, að menn séu svo leiðitamir, að þeir taki orð þeirra trúanleg án þess að rannsaka, hvort þau hafi við nokkuð að styðjast. Yfirlýsing þessara sjö presta er að eins neitandi. Hún neitar því, að kirkjuþingið hafi samþykt sumt af því, sem búið er að sýna greinilega fram á með rökum, að það hafi samþykt. En yfirlýsingin nær ekki lengra. Hún fræðir mann alls ekkert um það, hvað þessir menn kanníst við, að kirkjuþingið hafi samþykt, og maður er því engu nær eftir en áður. Málstaður kirkjufélagsins var sannarlega ekki of glæsilegur í augum almennings, áður en þessi yfirlýsing kom fram, en hið síðara ástand kirkjufélagsins er verra en hið fyrra.

Það er of seint nú, að fara að reyna að telja fólki trú um, að kirkjuþingið hefði getað samþykt þetta eða hitt. Kirkjuþingið er æðra en nokkurir prestar. Þessir sjö prestar geta að eins talað fyrir sig sjálfa og látið menn vita, að þeir séu nú reiðubúnir að taka aftur það, sem þeir, eða réttara sagt fimm af þeim hjálpuðu til að samþykkja á þinginu í sumar. En samþyktir síðasta kirkjuþings standa, þangað til þær verða numdar úr gildi af öðru kirkjuþingi. Það stendur svart á hvítu, hvað samþykt hefir verið. Gjörðabók síðasta kirkjuþings er nú í almennings höndum, og almenningur verður að dæma um það, hvaða skilning eigi að leggja í samþyktir þingsins. Engin yfirlýsing, sem nú er gerð, getur bætt neinu þar við eða dregið neitt úr þeim samþyktum. Þær tala fyrir sig sjálfar, og hver maður verður að leggja sinn eigin skilning í þær og eiga það á hættunni, að haldinn verði prestafundur og því lýst yfir, að sá skilningur sé sprottinn af misskilningi eða rangfærslu eða öðru verra.

Fróðlegt væri að vita, hver sá rétti skilningur er á gjörðum síðasta kirkjuþings, því þessir sjö prestar hafa forðast það eins og heitan eld, að benda á, hver hann er. Og fróðlegt væri að vita, hvaða æðri opinberanir þessir menn hafa öðlast, að þeir treysti sér til að slá því föstu, og það án þess, að færa nokkur rök fyrir sínu máli, að skilningur sá sé rangur, sem allir óvilhallir menn hafa lagt í gjörðir síðasta kirkjuþings.

Einn af þeim sjö, sem undir yfirlýsingunni standa, séra Hjörtur J. Leó, var farinn af þingi nokkurum dögum áður en samþyktir þær voru gerðar, sem nú er um að ræða. Hann fór af þingi á föstudag (Áramót 5,138), annan dag þingsins, en málið kom ekki fyrir fyr en á mánudag. Hann hefir því ekkert fyrir sér nema gjörðabók þingsins og sögusögn annara, og stendur því að engu leyti betur að vígi, að dæma um samþyktir þingsins, en hver annar, sem les gjörðabókina. Séra Kristinn hefir áður reynt að skýra framkomu sína á þingi og samþyktir þingsins heima í sófnuðum sínum og hefir tekist það svo vel, að hann hefir verið rekinn frá báðum sófnuðunum, sem í hans prestakalli eru, og kemur nú í beina mótsögn við það, sem hann áður hefir sagt. Séra Friðrik Hallgrímsson var á þinginu í sumar svo óánægður með gjörðir þingsins, að hann tók engan þátt í atkvæðagreiðslunni um tillögurnar, sem fram komu í ágreiningsmáli kirkjufélagsins, — nema þegar atkvæðagreiðsla fór fram um tillögu þá, sem hann bar fram sjálfur (Áramót 5,155—157). Hann tilheyrði hvorugum flokknum á þingi og ráðlærði sig við engan og veit því ekkert meira en þeir, sem ekki sátu á þingi, um, hvað þingið hefði getað samþykt. Hann kom ekki einu sinni fram fyrir sáttanefndina, og hans einu afskifti af málinu voru þau, að hann bar fram tillögu þá, sem nafn hans er tengt við. Og öllum þeim, sem sátu á þingi í sumar, er í fersku minni, hve mikil fjarstæða sú tillaga var álitin og hve háðuleg nöfn henni voru valin af öllum meirihlutamönnum, sem um hana tölúðu á þingi. Jafnvel nafn hins mikilsvirta vinar míns í Argyle undir þessari yfirlýsingu hefir því ekkert sérstakt sannfærandi gildi eða nokkura sérstaka þýðingu, nema til þess, að gera mönnum kunnugt, hvar hann standi nú. Séra Jón er í þessari yfirlýsingu í beinni mótsögn við sjálfan sig, eins og síðar mun verða bent á. Nafn séra Steingríms undir þessari yfirlýsingu táknar alls ekki neitt, nema það, að hann hafi skrifað undir hana. Ekki einu sinni, að hann sé henni samþykkur. Á þinginu í Selkirk í fyrra skrifaði hann undir nefndarálit skólanefndarinnar, sem fór fram á það, að sambandinu við Wesley College yrði slitið. Samt heimtaði hann í sumar af ritstjóra Heimskringlu, að hann bæri það til baka, að hann hefði verið því samþykkur, að sambandinu við Wesley College yrði slitið. Trúlegt er því, að hann á sínum tíma beri það til baka, að hann sé þessari yfirlýsingu samþykkur, ef hann sér, að illa mælist fyrir henni. Og þó forseti kirkjufélagsins sé voldugur, getur jafnvel hann ekki með neinni yfirlýsingu dregið neitt úr samþyktum þingsins. Hann hefir gert eitt kraftaverk síðan á kirkjuþinginu í sumar. Í bréfi sínu til Gardar-safnaðar staðhæfir hann (Sam. 24, 179), að til hinnar lútersku kirkju í Bandaríkjunum teljist um tólf miljónir manna. Þó sýnir seinasta skýrsla um þetta efni, að það eru ekki nema rúmar tvær miljónir, eða nákvæmlega 2,122,494 (Lutheran, 9. sept. 1909, bls. 2). Óhugsandi er samt, að forseti kirkjufélagsins fari hér rangt með. Og fari hann með rétt mál, þá hefir hann í hjáverkum sínum síðan á þingi í sumar fjölgað lútersku mannkyni um næstum tíu miljónir. Og þar sem allur þessi hópur er vitaskuld há-lúterskur, er hægt að ógna hinum óguðlegu í Gardar-sófnuði með þessari háu tölu, þó enginn af þeim stóra hópi hafi enn gengið inn í hið íslenzka kirkjufélag. Og þó þetta afreksverk hins heiðraða forseta kirkjufélagsins hljóti að vekja aðdáun allra, er samt hætt við, að nafn hans eitt sé ekki máttugt til að sannfæra menn um, að kirkjufélagið hafi ekki gert það, sem allir vita, að það hefir gert.

Presta-yfirlýsingin byrjar með þessum orðum:

"Vér mótmælum þeirri staðhæfing, að kjarni ágreiningsmálsins innan kirkjufélagsins sé bókstafsinnblástur ritningarinnar, sömuleiðis því, að kirkjuþingið hafi neitað réttmæti og gagnsemi trúaðrar bibliu-rannsóknar; en á hvorutveggju segir 'Nýtt kirkjublað' (15. ágúst þ. á.) að trúmálaágreiningurinn hér vestra leiki".

Hvað er þá kjarni ágreiningsmálsins, og hver er afstaða kirkjufélagsins gagnvart bibliu-rannsóknum? Yfirlýsingin fræðir mann ekkert um það, og áreiðanlegar upplýsingar um þetta efni fá menn ekki fyr en einhverjum öðrum prestafundi þóknast að gera yfirlýsingu, sem segir skýrt og greinilega frá þessu. Þangað til má hvorki Nýtt kirkjublað né nokkur annar leggja sinn skilning í gjörðir þingsins. Þó var það tekið fram í umræðunum á þinginu í sumar, að tilgangur tillögu Friðjóns Friðrikssonar væri sá, að taka það fram með svo skýrum orðum, að engum gæti dulist, hver afstaða kirkjufélagsins væri í ágreiningsmálinu. Og það held ég að flestum muni finnast hafa verið gert.

Þangað til að hin nauðsynlega yfirlýsing verður gerð, getur maður því ekki á neinn annan hátt gert sér betur grein fyrir afstöðu kirkjufélagsins en í ljósi hins nýja játningarrits þess — síðasta árgangs Sameiningarinnar. Það er því gott, að menn átti sig á því, hvað Sameiningin segir um þetta mál.

Fyrst vil ég leyfa mér að benda á brot úr ársskýrslu forseta kirkjufélagsins (séra Jóns) í fyrra, sem endurprentað er í Sameiningunni með fyrirsögninni "Varnaðarorð gegn villuanda 'Nýju Guðfræðinnar'." (Sam. 23, 138—139). Þar er því haldið fram, að gamla stefnan og nýja stefnan geti ekki átt heima í sama kirkjufélagi, og að ef nýja stefnan ætti að fá jafnrétti við þá gömlu, þyrfti "að breyta kirkjufélaginu frá rótum", því stefna Únítara og nýju guðfræðinnar sé "í aðal-atriðinu nákvæmlega sama stefnan". Sami dómur er kveðinn upp yfir stefnu nýju guðfræðinnar af séra Hirti. (Sam. 23, 371). Og á öðrum stað segir séra Hjörtur, að það sé "langtum heiðarlegri afstaða" fyrir þá, sem þeirri stefnu fylgja, að "ganga hreint og beint inn í hóp Únítara", "en hitt, að standa í kristinni kirkju til þess að veikja sannfæringarkraft hennar hjá meðlimum kristinna safnaða" (Sam. 23, 278).

Að þetta sé stefna Sameiningarinnar gagnvart nýju guðfræðinni getur engum heilvita manni dulist, og alt þetta stendur í síðasta árganginum og er því nú viðtekið sem "réttmæt stefna kirkjufélagsins". Þegar tillaga Friðjóns Friðrikssonar var samþykt, var því öllum, sem ekki fylgdu gömlu stefnunni, vísað burt. Um það er engum blöðum að fletta, því stefna Sameiningarinnar gagnvart nýju guðfræðinni er sú, að hún geti ekki átt heima í kirkjufélaginu. Afdrif tillögu þeirrar, sem ég bar fram, um það, að enginn væri gerður rækur, þó hann fylgdi skoðunum minnihluta, ber þess líka ljósan vott. Um hana segir ritstjóri Lögbergs réttilega:

"Út af tillögu þessari urðu miklar umræður. Meiri hlutinn lýsti yfir því, að hann væri algerlega samþykkur fyrri hluta hennar, aftur að orðunum 'þrátt fyrir það', o.s.frv., en mótfallinn seinni hlutanum, af því, að hann kæmi í bág við till. Fr. Friðrikssonar, sem samþ. hefði verið".

Og nú í síðasta blaði Sameiningarinnar segir séra Jón, að þessi klofningur hljóti að verða til góðs. "Hismið fýkur burt, hverfur. Hveitið verður eftir". Og í sömu grein segir hann, að "fráskilnaðurinn fyrir þá, sem eftir verða, sé fagnaðarefni miklu meira en hrygðarefni" (Sam. 24, 195). Ég sé því ekki, að hér sé um neinn misskilning að ræða, sem þurfi presta-yfirlýsing til að leiðrétta. Og það er vonandi, að allir þeir, sem ekki aðhyllast gömlu stefnuna, segi sem fyrst skilið við kirkjufélagið til þess að auka gleði kirkjufélagsins og Sameiningarinnar.

Með því að neita því, að kjarni ágreiningsmálsins innan kirkjufélagsins sé bókstafsinnblástur ritningarinnar, eru þessir sjö prestar að afneita síðasta árgangi Sameiningarinnar og þá um leið samþyktum síðasta kirkjuþings.

Í nóvember-blaði Sameiningarinnar, 1908, segir séra Björn, að ágreiningurinn sé aðallega um þrent: 1. Innblástur heilagrar ritningar, 2. Gildi trúarjátninganna, og 3. Kenningarfrelsið. Í ummælum sínum um innblásturskenninguna vitnar hann til 2. greinar í grundvallarlögum kirkjufélagsins, og segir svo: "Þegar hér" (í 2. grein) "er talað um 'guðs opinberaða orð' og 'reglu fyrir trú manna', þá er enginn vafi á því, að orðin eru hér viðhöfð í upprunalegri og sögulegri merking þeirra. Kirkjufélagið á við það, að ritningin sé frá guði", o.s.frv. (Sam. 23,262). — — — "Ágreiningur þessi er alveg grundvallarlegs eðlis". (Sam. 23, 263). Í sama blaði heldur séra Hjörtur því fram, að kirkjufélagið kenni óskeikulleik ritningarinnar. Meðal annars segir hann:

"Vilja menn svo gjöra svo vel að lesa þriðju grein grundvallarlaga kirkjufélagsins, — þá einu, sem það er sérstaklega tekið fram um, að henni skuli aldrei breytt verða. Þar stendur það, að kirkjufélagið skoði heilaga ritningu óbrigðulan mælikvarða fyrir trú meðlima sinna, kenningu og lífi. Nú er það vitanlegt, að ekkert, sem skeikult er eða ófullkomið í meðvitund neins manns, getur haft það vald yfir honum. Þessi grein hefir því að eins nokkurt gildi, að þeir, er samþykkja hana, viðurkenna óskeikulleik ritningarinnar fyrirfram. Enda er það á vitund allra, er nokkuð þekkja til játningarrita lútersku kirkjunnar, að frá tíð Lúters og alt til vorra tíma hafa kenningar ritningarinnar verið álitnar taka af öll tvímæli í trúarlegum efnum". (Sam. 23, 270). Og seinna í sömu grein stendur þetta: "Um það ber þeim saman, að biblían öll sé guðlegs eðlis, í verulegum skilningi, erstök, óraskanleg opinberun drottins til mannanna. Það hefir alt til þessa verið játning kirkjufélags vors". (Sam. 23, 271). Og enn aftur: "Kirkjufélag vort hefir ákveðna stefnu; það trúir ritninguni sem heild. Séra Friðrik heldur fram alt annari guðfræðastefnu í blaði sinu". (Sam. 23, 275). — Séra Jón talar líka ekki að eins um innblástur heldur um guðlega opinberan í sambandi við ritninguna, þar sem hann segir, að "í trúarjátningunum er einmitt dregið saman í ágrip efni hinnar guðlegu opinberunar, sem fyrir oss liggur í hinum helgu ritningum". (Sam. 23, 322). "Séra Jón Bjarnason trúir því, að biblían sé guðs orð" (Sam. 24, 48). Og séra Björn segir: "Til grundvallar fyrir öllum ágreiningnum liggur spurningin um innblástur heilagrar ritningar". (Sam. 23, 331). — Með alt þetta svart á hvítu, og það í þeim árgangi Sameiningarinnar, sem kirkjufélagið á síðasta þingi gerði að trúarjátning sinni, get ég ekki betur séð en Nýtt Kirkjublað hafi farið alveg rétt með, en að þessum sjö prestum hafi skjátlast.

(Niðurlag).

Hjálmar A. Bergman.

The Abernethy Tea Rooms

Eru nú undir nýrri ráðsmensku. Vér getum selt fólki góðar máltíðir og hressingar eftir þann 9. þ. m.—

21 máltíðarseðlar $3.50

472 PORTAGE AVE.

G. Eggertsson's

KJÖTMARKAÐUR.

Talsími 3827 693 Wellington Ave.

Góður markaður. Kjöt frá 4c. pundið og upp. Egg og smjör ódýrara en hjá öðrum. Alskonar fiskur og fuglakjöt. Komið til Eggertsson's og sjáið og reynið og sannfærist um, að þar er hægt að fá gott kjöt. —

Ómeinguð Hörlérept

beint frá verksmiðjunni á Írlandi. Af því vér kaupum beint þaðan, getum vér selt írsk hörlérept ódýrar en aðrir í borginni. 15 prósent afsláttur næstu 2 vikur.

C. S. S. Malone

552 PORTAGE AVe. Phone Main 1478

16-12-9

KAUPIÐ af þeim og verzlið við þá sem auglýsa starfsemi sína í Heimskringlu og þá fáið þér *betri* vörur með *betra* verði og *betur* útilátnar.....

viðað ekki lét viðgetið, en sem hún sá skína gegnum hvert af hinum einföldu en þó merkilegu atvikum.

Einmitt svoleiðis var sú ástar-ímyndun um hann, er hún hafði geymt í hjarta sínu. Já, hann var nú orðinn mikill maður hennar vegna, og til að vera hennar enn maklegri, hafði hann mentað sig. Djúp og sterk vaknaði ástin aftur í hjarta hennar, — en hún hafði aldrei sofnað. —

Anna bjóst til heimferðar. Með látlausri kurteisi bauðst Knútur til að fylgja henni. Hún roðnaði við, en þáði boðið. Þegar hann kom aftur, var hann ekki einsamall. Það lá nærri að hugsa sér, að á leiðinni hefði hann sýnt henni myndina af henni, sem hann hafði öll þessi ár borið á brjóstinu, og hvíslað svo að henni, hvers vegna hann hefði geymt hana svona vel og lengi, — en hvað sem þessu öllu leið, þá er það víst, að þau leiddust, er þau komu aftur inn til Páls og Ingibjargar, sem vel mátti heita hið eina foreldra heimili, sem Anna hafði átt um ævina. Og ég er viss um, að fáir hafa lifað glaðari Jólanótt, en þessar fjórar persónur þá, og hún var að sinu leyti eins sérstaklega fagnaðarrík, eins og hin hafði verið átakanleqa sorgleg.

Það var eitt kveld, er þau Knútur og Anna höfðu lifað farsællega saman í mörg ár, að þau sátu író og makindum, en börnin voru að leika sér í kring um þau, þá segir Knútur við konu sína:

"Sýndist þér ekki eins og mér, að lifið fengi alt annað útlit, er við vorum trúlofuð?"

"Ég veit ekki vel, hvernig ég á að skilja það", sagði hún, "en vorið eftir sýndist mér grasið vera grænna, en ég hafði séð það nokkurntíma áður".

ENDIR.

S. M. Long þýddi.

Forlagaleikurinn.

Fyrsta deild.

FORMÁLI.

Austanvert í Sviss liggur álma úr Mundíafjöllunum inn í Tyról. Á landamærunum, beggja vegna við Innfljótið, mynda fjöllin Engadindalinn, sem svo er nefndur, án efa hið fegursta landsvæði í Norðurálfunni. Hér um bil í miðjum dalnum steinir Innfljótið í norður, og rekur sig þar á háan klett, sem stendur lóðréttur upp úr vatninu. Ofan af kletti þessum fellur fjallbuna, sem myndar fagran foss. Íbúar dalsins hafa ímugust mikinn á klettinum, og enginn vill búa í nánd við hann eða nálgast hann eftir sólsetur. Það er sagt, að vofur eigi heimili uppi á klettinum, og þegar tunglið skín um bjartar sumarnætur, þá dansi þær þar og drekki af hinni freyðandi fjallbunu. Nafn hans er líka sorglegt, því hann er kallaður "Helklettur".

Þegar Mórits frá Saxlandi, í stríðinu við Karl

fimta fór yfir Ehrenberger-Klause til Innsbruck og Trident, höfðu nokkrir af hermönnum hans dreift sér um Engadindalinn til að ræna. Ungur Tyrólbúi flúði undan hermönnunum ásamt unnustu sinni til þessa kletts. Fáeinir saxneskir veiðiliðsmenn eltu hann til að ná í hið fagra herfang, en þegar hann sá að hann gat ekki varið hana gegn ofureflinu, stakk hann rýting í hjarta hennar og stökk svo sjálfur ofan í hið straumharða Innfljót, skiljandi blóðugt líkið eftir handa ræningjunum. Endurminningin um þennan sorglega atburð lifir enn meðal dalbúanna, og af honum dregur klettuinn nafn sitt.

Það var kveldið hinn 16. júní 1817. Ungur maður stóð efst uppi á "Helklettinum", hallaðist upp að gildum eikarstofni og horfði hugsandi yfir landsvæðið, sem blasti við sjónum hans. Sólin var nýlega sigin í æginn, og skær klukknahljómur barst að eyrum hans frá klaustri, sem stóð þar í nánd, en ekki gat hann samt beint hugsun hans að andlegum efnum. Annari hendinni studdi hann á skrautbúna byssu, en með hinni klappaði hann hundinum sinum, sem stóð hjá honum. Þó virtist hugur hans vera langt í burtu. Hann var klæddur grænni veiðitreyju, sem var hnept upp úr, um mittið hafði hann spent gullbelti og í því sátu tvær skammbyssur og einn daggarður. Andlitsdrættir hans voru reglubundnir og fagrir, en háðslegt bros, sem lék á vörum hans, aflagaði þá og gerði hann ógeðslegan. Í augum hans leifruðu blossar ástríðanna, og svipfræðingar hefðu án efa, af hinum þykku vörum hans, sagt hann afar-lostagjarnan og gæddan ómettandi lífsnautnaþrá.

Skuggarnir smálengdust, himininn varð dimmari og stjörnurnar komu í ljós. Algjörð kyrð ríkti yfir öllu, að eins vatnsniðurinn heyrðist. Ungi maðurinn setti veiðihorniið fyrir munn sér og blés. Þá brá

svo við, að alt sýndist verða lifandi. Bergmálið endurrómaði frá klettaskorunum, og rádýrin þutu fram úr fylgsnum sínum. Einkennilegt bros lék á vörum veiðimannsins.

'Maðurinn er þó voldugur", sagði hann og hallaði sér aftur upp að trénu. "Náttúran sefur, fuglarnir hvíla á greinum trjánna, dýrin sofa í fylgsnum sínum, — svo ber ég málmlúður að munni mér og blæs — og náttúran verður að svara frá klettinum, dalnum, skóginum og gilinu, fuglarnir hoppa kvakandi á trjánum og dýrin verða hrædd. — Maðurinn er í sannleika náttúrunnar herra".

"En er hann þá sinn eigin herra? Getur hann af sjálfsdáðum ákveðið sína eigin lífsstefnu, og tekið öflugan þátt í forlögum sínum? Er ekki til ósveigjanlegt afl, sem stjórnar honum með stálveldissprota, og skipar honum annað veifið að líða og hitt veifið að njóta, — að þrá, að vona, að örvilnast? Er nokkur sá maður til, sem hefir getað sagt: "Ég hefi barist við forlög mín og yfirunnið þau".

"Undarlega mannlíf! Hefir nokkur fundið lykilinn að þinni gátu? Gegn hinum veika sýnir þú veldi þitt, en þú lætur undan hinum sterkari. Hvað er frelsi? Ég hefi ferðast um fylkin í Sviss frá vestri til austurs. Það er kallað frjálsasta land Norðurálfunnar, en hvað fann ég? Þjóð, sem berst við skort í fjalladölunum, sem er sundurdreifð af pólitiskum flokkum og trúarlegu rifrildi, og þar af leiðandi auðlengin bráð hverjum þeim sigurvegara, sem nota vill vanmátt hennar. Hjá einstaklingnum eru sömu ástríðurnar, án þess hann geti fullnægt þeim, sama þráin eftir sælu, án nokkurrar vonar um, að ná henni, sama blindan, sami þrældómurinn eins og í öllum öðrum löndum, sem ég hefi komið í. Já, menninirnir eru líkir hver öðrum, hvort sem þeim er stjórnað af konungum eða þingum, hvort sem þeir

ROBLIN HOTEL

115 Adelaide St. Winnipeg

Bezta $1.50 á-dag hús í Vestur-Canada. Keyrsla ókeypis milli vagnstöðva og hússins á nóttu og degi. Aðhlynning hins bezta. Viðskifti Íslendinga óskast. William Ave strætisvagnar fer hjá húsinu

O. ROY, eigandi.

Gimli Hótel

G. E. SÓLMUNDSSON
eigandi

Óskar viðskifta Íslendinga sem heimsækja Gimli-bæ. — Þar er beini beztur í mat og drykkjarföngum, og aðbúð gesta svo góð sem frekast er hægt að gera hana. Hótelið er við vagnstöðina. Gistið að Gimli-Hótel.

JIMMY'S HOTEL

BEZTU VÍN OG VINDLAR.
VÍNVEITARI T.H.FRASER,
ÍSLENDINGUR. : : : : :

James Thorpe, Eigandi

A. S. TORBERT'S

BAKARASTOFA

Er í Jimmy's Hótel. Besta verk, ágæt verkfæri; Rakstur 15c en Hárskurður 25c. — Óskar viðskifta Íslendinga. —

MARKET HOTEL

146 PRINCESS ST. á móti markaðnum

P. O'CONNELL, eigandi, WINNIPEG

Beztu tegundir af vínföngum og vind um, aðhlynning góð húsið endurbætt

Woodbine Hotel

Stærsta Billiard Hall í Norðvesturlandinu
Tíu Pool-borð.—Alskonar vín og vindlar

Lennon & Hebb,
Eigendur.

The Dominion Bank

NOTRE DAME Ave. BRANCH Cor. Nena St.

VÉR GEFUM SÉRSTAK AN GAUM AÐ SPARISJÓÐS-DEILDINNI. —

VEXTIR BORGADIR AF INNLÖGUM.

HÖFUÐSTOLL - - - $3,983,392.38
SPARISJÓÐUR - - $5,300,000.00

A. E. PIERCY, MANAGER.

Giftingaleyfisbréf

selur: Kr. Ásg. Benediktsson
540 Simcoe st. Winnipeg.

Arena Rink

Undir nýrri stjórn

Opinn fyrir Hjólskauta skemtun

Hornaflokkur á kveldin.

Breiðablik hin nýju.

Opt hefir trúmálateningunum verið kastað fraustlega í Breiðablikum upp á síðkastið, og mörg álitleg tala komið upp. En þó þykir mér sem tólfunum kasti nú fyrst í síðasta (ágúst) blaði þeirra. Þar er ósleitilegt áframhald af árásum þeim á gamla testamentið, sem þau í sinni tíð hafa tekið upp á stefnuskrá sína. Margt er þar sagt sem mótmæla mætti, en að þessu sinni ætla ég þó að eins að athuga eina grundvallar setningu, sem þar er glöggglega dregin fram. Langar mig til að eigi verði með sönnu sagt að eg halli máli, og því tek eg eigi meira fyrir í senn. Máleini því, sem fyrir liggur til umræðu, er einnig þannig varið, að með þeirri setningu sem eg hefi í huga stendur eða fellur að heita má nærri alt sem Breiðablik hafa flutt fyr og síðar af mót-bibliulegum staðhæfingum.

Setningin er þessi: "Einungis það, sem ævarandi gildi hefir, getur verið frá guði". Þessi orð verða eigi misskilin. Bæði bókstafur og andi falla þar saman. Staðhæfing þessi er ennfremur sett fram til þess, að slá þá alla af lagi, sem hafa þá trú, að (eins og blaðið að orði kemst) guð geti sjálfhafa talað það og fyrir skipað, sem einungis á að gilda um stundarsakir.

Það hefir alt til þessa verið mjög örðugt, að gera sér glögga grein fyrir grundvallarlið (postulate) staðhæfinga þeirra, sem Breiðablik hafa flutt í trúmálaðeilum sínum, svo hverfular hafa þær verið. En í þessu síðasta blaði er bót mikil ráðin á því. Þar er skýrt dreginn fram grundvallarliðurinn í þessari ljósu setningu: Einungis það, sem ævarandi gildi hefir, getur verið frá guði. Og ekki mun það geta hártogun kallast, þótt gerð sé sú ályktan út af setningu þessari og sambandi hennar, að ekkert stundlegt (tímanlegt) geti komið frá guði, því það er blaðsins eigin skýring.

Þegar gengið er út frá þessum sönnunarlið, þá er ofur auðvelt, að berja það fram, að lagaboð og fyrirskipanir gamla testamentisins, sem ekki eru lengur bindandi fyrir kristna menn, séu ekki guðlegs eðlis (þ.e. frá guði), þar þau eru fallin úr gildi. En mætti eg spyrja: Hvaðan kemur hið stundlega, ef það er ekki frá guði? Svo lengi, sem þeirri spurningu er ekki svarað á viðunandi hátt, kallá eg ekki gerandi að fara út í deilur um ályktanir, sem leiddar eru af áðurneindri forsendu (premise).

Hver, sem því eigi getur fallist á niðurstöðu Breiðablika, ætti að ganga beint að frumlið þessum og leitast við að gera sér grein fyrir, hvort hann stenzt gagnrýni (critic) þessara ypplýstu tíma, því með honum stendur eða fellur, eins og áður er sagt, flest það, sem hið oftnefnda Vesturheims menningarblað flytur af trúmálalegum nýungum.

Ritstjóri Breiðablika er öruggur þess, að einungis það, sem varanlegt er, geti komið frá guði, og staðhæfing hans getur í fljótu bragði virzt góð og gild, þar hann vitnar í óumbreytanleik guðs máli sínu til sönnunar. En sá, sem þetta ritar, er gagnstæðrar skoðunar með sömu trú á óumbreytanleik guðs. Og þar eð mér rennur mjög til ríðja ef lífsskoðun, jafn ósamboðin guðlegri forsjón, og stefna Breiðablika er nú orðin, skyldi festa rætur hjá mörgum, leyfir samvizka mín mér eigi að sitja lengur hjá og leggja ekkert til þessa máls.

Það er sannarlegt hrygðarefni að sjá, hve margir eru gjarnir á, að hlaupa eftir þeim mönnum, sem gera sér öflugt far um að leitast við að deyfa eggjar þess sverðs, er heitir guðs orð, en sem oftast er nefnt biblía. Það er eins og fáir girnist, að eiga náttstað undir því sverði; og er það sízt að undra, því sverð það er sannleikurinn sjálfur, og sannleikurinn reynist beittari hverju tvíeggjuðu sverði, þegar hann snertir seka samvizku óendurfædds manns. Það væri betur að þeim sömu mönnum lærðist heldur um, að taka sverð það í eigin hönd og berja á myrkursins veldi, þá þyrftu þeir eigi lengur að óttast það.

Það er allrar fyrirhafnar vert, að leitast við að gera sér ljósa grein fyrir því, hvort guð er skapari náttúrunnar og stjórnar henni, ellegar það er einhver annar. Hver, sem trúir því að guð hafi skapað heiminn, hlýtur að sjá, ef hann annars heldur sínum andans augum opnum, að guð hefir látið þar frá sér nokkuð, sem eigi gildir nema um stundar sakir. Það gerir ekki mikið til, hvort þar er um að ræða milliónir ára, eða þúsund, eða hundruð. Þúsund ár eru hjá honum sem einn dagur. Alt, sem enda hefir, er stundlegt.

Vér skulum nú láta náttúruna bera vitni.

Þegar skapari alheimsins gaf ljósvakaefninu (svo eg tali á vísindamáli) þá skipun að draga sig saman og mynda þokuhnött, þá stóð sú skipun eigi um eilíð. Síðar kvað hann svo á um, að ljósvaka haf það skyldi sundra sér á ný og sveifla út frá sér nokkrum hluta af líkama sínum, svo að af því mætti myndast sérskildar heimssólir. Sú sól að minsta kosti, sem vér eigum líf að þakka, var aptur knúð til samkvæmt almættis orði, að gefa hlut af líkama sínum, er tókst skyldi af efni í jarðlega bústaði.

Hið fyrsta starf, sem hinni ungu jörð var úthlutað, samkvæmt sömu heimildum, var það, að mynda eld, steintegundir og vatn. Eigi stóð boð það nema um stundarsakir. Þegar móðir jörð hafði lokið því verki, var henni séð fyrir öðrum háleitari starfa; enda hafði hún sjálf tekið miklum stakkaskiftum. Hún hafði nú fullnað æskuár sín og var orðin gjafvaxta mær. Hinn máttki sá henni þá fyrir gjaforði og vígði þau sól konung og móður jörð í heilagt egtaband. Hlaut hún nú nýtt boðorð, er stendur skráð á fyrstu síðum í bók þeirri, sem hefir að geyma það orð, er varir meðan heimur stendur. Boðorð um, að geta af sér ýmsar tegundir bæði jurta og dýra, hverjar eptir aðra. Ekki verður með réttu sagt, að það boðorð hafi staðið um eilíð. Jörðin er endur fyrir löngu hætt að framleiða nýjar tegundir af sjálfu sér. Engum, sem nokkuð þekkir til myndunarsögu jarðar og framþróunar liftegundanna, ætti að geta komið til hugar að segja, að guðlegar ráðstafanir og framkvæmdir hafi þar staðið um eilíð. Allt er sífeldum breytingum undirorpið. Gömul lagaboð eru numin úr gildi og önnur nýj sett í staðinn. Tegundum jurta og dýra er rutt úr vegi fyrir öðrum nýjum. Hið gamla verður sí og æ að þoka fyrir nýjum og hærri kröfum. Gerist þörf á, að orðlengja þetta? Öll framþróun liftegundanna er ein samanhangandi keðja, og hver liður í þeirri keðju er að eins stundlegt, guðlegt lagaboð. Það má ennfremur kveða svo að orði, að öll keðjan í heild sinni hvíli í faðmi tímans, svo miklum breytingum er hún háð.

Þá komum vér að fullkomnustu og síðustu sköpun guðs, sjálfum manninum. Mun hann vera undantekning frá þessari reglu? Var hann fullkominn ger frá fyrstu tíð? Ekki sanna sögulegar rannsóknir það, né vísindi. Eigi er það heldur kenning bibliunnar, þótt kirkjan hafi frá upphafi vegar síns leitast við að skýra lærdóma hennar á þann hátt, til þess að færa sönnur á skoðun sina um fall mannsins.

Biblían kennir fall mannsins eindregið og óskeikult. En í stað þess sem kirkjan hefir ávalt leitast við að leiða rök að því, að maðurinn hafi tapað atgerfi, þreki og þekkingu með fyrsta boðorðabroti sínu í aldingarðinum Eden, þá kennir biblían þvert á mót og skýlaust, að ótímabær eftirsókn eptir skilningi á óþekktum efnum varð manninum að falli, og að vaxandi atgerfi, þrek og þekking mannkynsins leiddi til þess, að mennirnir misstu sjónar á uppsprettu allra þessara gjafa og skoðuðu þær allar sprottnar af sínum eigin mætti. Trú mannsins á mátt sinn og megin hefir ávalt staðið stríðast gegn guðlegri framþróun mannsandans.

Þessar hugleiðingar eiga að miða að því, að sýna fram á, að maðurinn er sömu framþróun háð ur og önnur sköpun. Vér sjáum eigingirnina rýma fyrir sjálfsafneitunni, og fornar þjóðir víkja fyrir nýjum. Allt er hverfulleika undirorpið. Þó sjáum vér guðlegt vísdómsráð ríkja í hverfulleikanum og miða að vissu takmarki, sem ekki skeikar. Þess vegna tökum vér því með rósemd, þótt vér heyrum guðlegri forsjá hallmælt. Vér vitum með áreiðanlegri vissu, að hún gengur sigri hrósandi af velli að síðustu.

Sú sama guðlega forsjón, sem tilreiðir hinu nýfædda barni fæðu í brjóstum móðurinnar, tekur hana af aptur, þegar þroski barnsins krefur annarlegrar fæðu.

Eins og það gengur til í líkamlegum efnum, þannig hagar því einnig í hinum andlegu. Lögmál og fyrirskipanir gamla testamentisins var andleg mjólk fyrir Ísraels lýð, sem hlaut að aftakast og rýma fyrir kröftugri fæðu. Hin fullkomna andans fæða er kristindómurinn. Vér væntum eigi annars fullkomnara. Í honum höfum vér fylling allra gæða. Hann líður ei undir lok, því hann er takmarkið guðlega; kórónan í ríki allrar framþróunarinnar. Hann er sjálfur guðdómurinn. Þess vegna fáum vér öruggir staðhæft: Allt er frá guði, en ekkert er ævarandi nema guðdómurinn einn saman.

S. Vigfússon.

THE
BANK OF TORONTO

INNLEGG - - - $30,853,000

VJER OSKUM VIDSKIFTA YDAR

WINNIPEG DEILD: 456 MAIN ST. JOHN R. LAMB, RADSMADUR.

DR. H. R. ROSS

C.P.R. meðala- og skurðlækuir. Sjúkdómum kvenna og barna veitt sérstök umönnun.

WYNYARD, — SASK.

JOHN DUFF

PLUMBER, GAS AND STEAM FITTER

Alt verk vel vandað, og verðið rétt

664 Notre Dame Ave. Phone 3815
Winnipeg

Með því að biðja sérlega um "T.L. CIGAR," þá ertu viss að fá ágætan vindil.

T.L.

(UNION MADE)

Western Cigar Factory
Thomas Lee, eigandi Winnipeg

Redwood Lager og Extra Porter

Styrkið taugarnar með því að drekka eitt staup af öðrum hvorum þessum ágæta heimilis bjór, á undan hverri máltíð. — Reynið !!

EDWARD L. DREWRY Manufacturer & Importer Winnipeg, Canada.

Department of Agriculture and Immigration.

MANITOBA

Þetta fylki hefir 41,169,089 ekrur lands, 6,019,200 ekrur eru vötn, sem veita landinu raka til akuryrkjuþarfa. Þess vegna höfum vér jafnan nægan raka til uppskeru tryggingar.

Ennþá eru 25 miliónir ekrur óteknar, sem fá má með heimilisrétti eða kaupum.

Íbúatala árið 1901 var 255,211, nu er nún orðin 400,000 manns, hefir nálega tvöfaldast á 7 árum.

Íbúatala Winnipeg borgar árið 1901 var 42,240, en nú um 115 þúsundir, hefir meir en tvöfaldast á 7 árum.

Flutningstæki eru nú sem næst fullkomin, 3516 mílur járnbrauta eru í fylkinu, sem allar liggja út frá Winnipeg. Þrjár þverlandsbrauta lestir fara daglega frá Winnipeg, og innan fárra mánaða verða þær 5 talsins, þegar Grand Trunk Pacific og Canadian Northern bætast við.

Framför fylkisins er sjáanleg hvar sem litið er. Þér ættuð að taka þar bólfestu. Ekkert annað land getur sýnt sama vöxt á sama tímabili.

TIL FERDAMANNA:

Farið ekki framhjá Winnipeg, án þess að grenslast um stjórnar og járnbrautarlönd til sölu, og útvega yður fullkomnar upplýsingar um heimilisréttarlönd og fjárgróða möguleika.

R. P. ROBLIN,
Stjórnarformaður og AkuryrkjumálaRáðgjafi.

Skrifið eftir upplýsingum til

Joseph Burke. 178 LOGAN AVE., WINNIPEG.
Jas. Hartney 77 YORK ST., TORONTO.

búa í klettum eða dölum. Undir skinnstakk Eskimóans blossar samskonar hjarta eins og undir gullsaumaða kjólnum hegðanprúða Frakkans, og sama blæjan hylur augu beggja".

"Frelsi er ekki til á jörðunni. Ég sjálfur, til dæmis, hefi ég ekki frá æsku borið fjötur á fótum? Ég vil vera frjáls, sjálfstæður, óháður, ég vil njóta lífsins, því ég er maður, sem ætti að kunna þá list. Ég vil skemta mér við nautn vinþrugnanna í Salabriu, við hinn dimma eld, sem logar í augum Hesperiukvennanna; ég vil fara um allan heiminn, til að sjá alt, neyta alls, smakka á sérhverjum ávexti, sem vex í matjurtagarði lífsins. Æska, þrek og þrá sýður í æðum minum, spennir taugar minar og stráir fjöri í blóð mitt. Ég vil leita að sælunni í suðurheimi, því í föðurlandi minu hverfur hún sem ský fyrir vindi".

"Að ég, hérna rétt fyrir utan dyrnar á Ítalíu, sem mig hefir dreymt um frá æsku, skuli neyðast til að snúa aftur heim í kalda föðurlandið mitt, það er þó sannarlega hart. Og til hvers er ég neyddur til þess? Af því að harðráður faðir vill hafa það þannig, án hans á ég ekki neitt núna, þó ég eigi mikinn arf í vændum. Ó, vald gullsins! Ert það þú, sem gripur dýpst inn í mannlifið?"

Ungi maðurinn varð hugsandi. "Já, þannig er það", sagði hann að síðustu, "þannig hlýtur það að vera. Það litið af frelsi, sem við getum fengið, fæst að eins fyrir peninga, án þeirra er það óláanlegt. Þeir eru eina meðalið".

"Í nafni allra illra ára! sagði hann nokkru síðar, "ég verð að fá þetta meðal — það er nauðsynlegt. En hvar get ég fengið það? — — Það er spursmálið".

"Á ég að bíða, þangað til morgunroði æskunnar er horfinn — fjör hennar sloknað — þrek hennar

tæmt af langvarandi baráttu við þjáningar og óuppfyltar óskir? Á ég að bíða þangað til nautnarorkan er þrotin, þangað til ég er orðinn óhæfur til að leita sælunnar? Að lifa, það er að neyta. Líf án nautnar er uppgerðarlíf".

"Nei — ég vil ekki bíða, ég verð að vera frjáls — eða deyja. En faðir minn er maður á bezta aldri. Hann getur orðið mjög gamall maður — hann getur lifað lengur en ég. Dauði og djöfull!"

Á þessu augnabliki fann unglingurinn aflmikla hönd lagða á herðar sínar. Hann hopaði á hæl og sneri sér við.

Frammi fyrir honum stóð maður, á að gizka 45 ára gamall, útlitið var svo göfugt, að það kraðöist virðingar, blossinn í augunum tempraðist af hinni rólegu alvöru, er ríkti á hinu háa enni, sem hvorki tíminn eða áhyggjurnar höfðu merkt með einni einustu hrukku.

Klæðnaður hans var sem unga mannsins og vopnin sömuleiðis. Ungi maðurinn varð vandræðalegur fyrir hinum rannsakandi augum, sem á hann horfðu.

"Nú, góði Eberhard minn", sagði eldri maðurinn, "ég held það liggi illa á þér. Eða hverju varstu að blóta, þegar ég kom?"

"Mér gramdist, hve illa mér gengur að veiða", svaraði unglingurinn sjáanlega feiminn. "Hefir þú verið hepnari, pabbi?"

"Já, ég hefi verið sérlega heppinn, ég hefi skotið tvo ráhafra síðan við skildum. Komdu með mér til greiðasöluhússins, þar skaltu fá villibráð".

"Ég þakka þér fyrir, faðir minn, en segðu mér fyrst, hvort það er óbifanlegur ásetningur þinn að fara heim til Svíaríkis, án þess að heimsækja Ítalíu, sem þú veizt að mig langar svo innilega til".

"Við verðum að fresta þeirri ferð til annars árs. Ég er búinn að vera nógu lengi frá heimilinu, og

umboðsmenn minir hafa einnig skrifað mér, að nærvera mín sé nauðsynleg heima vegna eigna minna. Það er þér sjálfum til hagsmuna, að erfðaóðal það, sem seinna verður eign þín, lækki ekki í verði".

"Ó, faðir minn, þú átt svo mikið, að þú eyðir ekki öllum tekjunum, hvernig sem þú hagar búskap þínum. Lífið er svo stutt — hví skyldi maður þá neita sér um hina sönnu nautn fyrir þá lítilsverðu ánægju, að safna meira af gulli en maður þarf?"

"Þú þekkir það ekki, Eberhard. Upplag þitt er að eyða, og ég er hræddur um, að eignir minar, sem nú eru talsverðar, verði endasleppar í höndum þínum, þegar þú ferð þær. En á meðan ég lifi, þá er það ég, sem stjórna þeim, eins og þú skilur".

"Ég hefi aldrei hlustast til um þín máleíni, faðir minn", svaraði Eberhard með reiðiþrungnum svip. "En er það þá til of mikils mælst, að sonur Stjernekrans greifa, sem allir segja mjög auðugan, fái leyfi til að fara einu sinni til Ítalíu, þess lands, sem allir aðrir ungir aðalsmannasynir heimsækja, þó þeir eigi helmingi minni eignir. Ég er 24 ára gamall, faðir minn, og þó hefirðu aldrei gefið mér leyfi til, að gera neitt að minum eigin vilja. Af hverju viltu halda mér í þessari áþján, sem dregur allan kjark úr eðli minu? Ef þú þarft endilega að fara heim vegna jarðeigna þinna, leyfðu mér þá að minsta kosti að njóta minna ánægjustunda. Gefðu mér hæfilega fjárupphæð, og lofaðu mér að fara einum til Ítalíu".

Eberhard talaði þetta með hárri, þverúðgri röddu. Greifinn leit rólega og alvarlega á son sinn, sem ekki þoldi augnatillit hans, og varð að líta undan.

"Skemtanir, ávalt skemtanir", sagði greifinn, "um þær hugsar þú eingöngu, Eberhard. Þú segist vilja njóta lífsins, af því það sé svo stutt. Heldurðu þá að munaðarlífið, sem töfrar greiningarvitið

og skilur eftir deyfð og leiðindi, geti verið svo mikið sem skuggi af þeirri sælu, er maðurinn á að sækjast eftir? Nei, sonur minn, þessi sæla getur að eins komið innan að, frá hugskoti mannsins. Það þarf hvorki Hesperíuland né myrtusviðardalina í Hellas til þess að eðallyndur hugsunarháttur geti fundið hana. Hún býr ekki í purpurasafa þrúgnanna, né í liljubrjóstum kvennanna, og þú leitar hennar árangurslaust í urmul lífsins. Þú getur keypt alt nema farsældina".

"Það er engin farsæld til án frelsis, faðir minn", svaraði Eberhard. "Myndir þú, til dæmis, vera ánægður, ef þú yrðir að elta annars manns spor, fylgja honum eins og skugginn hans, án þess að mega í nokkru ráða þínum eigin gjörðum?"

"Ég mundi varpa af mér sliku oki, af því ég veit, að ég er fullþroskaður til að njóta þess frelsis, sem þú talar um. Sérhver sá maður, sem er hæfur til að njóta frelsis, hann nýtur þess líka, því óskir hans, kröfur og störf eru ekki móthverfar mannfélagslögunum né siðferðisfyrirskipunum. Ef þú skilur rétt, hvað frelsi er, þá kemstu að því, að það er ófrelsi, sem þú þráir, og að þú en ekki aðrir ert orsök í þessari vanhugsuðu löngun".

"Það er siðferðislega frelsið, sem þú talar um, faðir minn — —"

"Já, siðferðislega frelsið", greip faðir hans fram í, "já, einmitt það, því annað frelsi er í raun og veru ekki til. Það, sem þú kallar frelsi, er að eins heimild til að svala fýsnum sínum á þann hátt, sem maður vill. Einungis sá, sem hefir yfirunnið fýsnir sínar, er í sannleika frjáls og um leið gæfurikur. Að eins hann er hæfur fyrir frelsið í þeim skilningi, sem þú leggur í það. Þú, sonur minn, hefir enn ekki unnið fyrir hinu fyrra frelsi, og þess vegna vil ég ekki veita þér hið síðara".

Duncan's Kvenhattasala

Stendur nú yfir. Vér bjóðum öllum íslenzkum konum að koma og skoða vora ný-móðins HATTA og Hatta-Skraut.

545 Sargent Ave HOOD BLOCK **DUNCAN'S**

HAVERGAL COLLEGE
WINNIPEG

HEIMILIS- OG DAGSKÓLI FYRIR STÚLKUR, MEÐ "KINDERGARTEN" DEILD.

KENNSLU GREINAR

Undirbúnings kennsla til háskóla, með sérstakri áherzlu á Music og Listir. Nú, og fyrverandi nemendur vorir, hafa hlotið fræðaroerð við Toronto Conservatory og College of Music og Royal Drættlistar skólann. Líkams æfing er ein kennslugreinin. Skautasvell, allskonar útbúnaður fyrir leikt, alt á skólafóstinni. Upplýsinga skrá veitir forstöðukonan, MISS JONES, L. L. A., St. Andrews (Scotland).

KENNSLA BYRJAR Þriðjudag 21. SEPT.

VJER BJÓÐUM 100,000 HLUTI Í

Dominion Ores Limited

FYRIR TUTTUGU OG FIMM CENT HVERN HLUT

HÖFUÐSTÓLL 250,000. — AÐEINS EINN TÍUNDI AF MEÐAL COBALT FÉLÖGUM

200 Ekrur -- 12 Æðar fundnar

Málmgrjót flutt úr 2 æðum á yfirborði. SEX ÆÐAR má nálgast með 75 feta þverskurði frá holubotni. Er áfast við WHITE RESERVE námann hjá Maple fjalli, og liggja þaðan margar auðugar málmæðar, og bíður grjót úr þeim útflutnings. Auðlegð æðanna er ákveðin 150 fet niður. Hlutir í Dominion Ores Limited eru ódýrir með tilliti til höfuðstóls upphæðar, ekrutals og málmauðlegðar í æðunum. Ágóðinn ætti að verða meiri af því, að höfuðstóllinn er lítill. Önnur félög borga háan ágóða á 1 til 7½ milión dollara höfuðstól. Það er því ljóst, hvers vænta má frá DOMINION ORES.

Vér óskum, að þér vilduð vera með oss í þessu gróða fyrirtæki í Cobalt héraðinu. Stjórnendurnir og ýmsir business menn hafa, eftir að hafa skoðað staðinn, sannfærst um, að hér sé bezta gróða-fyrirtæki ársins. Breytið eftir ráðleggingu Rothschilds: "Gerið kjörkaupin strax, ef þér viljið auðgast" Þetta félag hefir framtakssama stjórn og mun breyta ráðvandlega við yður.

Sendið hluta-pantanir yðar gegn um einhvern áreiðanlegan umboðsmann. Prentaðar upplýsingar og uppdrættir ef æskt er.

DOMINION ORES LIMITED

411-12 Union Bank Building, -- Winnipeg, Man.

Blaðadeilur

Heiðraði ritstjóri.

Gerið svo vel, að gefa eftirfylgjandi línum rúm í blaði yðar.

Fátt er leiðinlegra að lesa en blaðdeilur, — þótt það komi einatt fyrir, að einhver óþægjugreinin verði fyrst fyrir augum lesarans, þegar blaðið er opnað.

Sá Íslendingur, sem kaupir blað á móðurmáli sínu og er máske langt burtu frá öllum löndum sínum, inni í hinum hérlenda þjóðarstraum, fyllist gleði þegar ísl. blaðið kemur einu sinni í viku, og flýtir sér að opna það, í þeirri von, að sjá eitthvað hugðnæmt og skemtilegt, og með góðhug til allra Íslendinga byrjar að lesa.

Hvað mætir augunum? Skamma greinar, óhróður um náungann, illar deilur og trúmálaþrætur. Og þetta kemur frá vorri velmentuðu þjóð. Í stað þess, að landar vorir ættu að hafa innilegt bróðurþel hver til annars, þó það sé eðlilegt og auðsætt, að körlum og konum gremjist, ef persónulega er ráðist á þau og þeirra helgustu málefni, og vilji svo mæla þeim aftur í sama mæli. En það ætti að vera gert með gætnum og skynsamlegum orðum.

Í sambandi við þetta fljúga mér í hug hin velvöldu orð hins fræga skálds Hallgríms Péturssonar:

"Hógvær þögn heiftir stillir,
heimskorður sannleik spillir
oft fyrir sjálfum sér".

Deilur og skammagreinar eru heldur ekki holt andans fóður fyrir ungdóminn. Hjá unglingi, sem alinn er upp í þessu landi og vitanlega kann betur hérlenda málið, vaknar þó oft löngun til að heyra íslenzkt blað lesið og fræðast um þjóðerni sitt, menn og málefni á voru eigin hljómþíða máli, og hann fer að spyrja lesaránn: — Hvað þýðir þetta? Við skulum gera ráð fyrir, að það sé móðirin, sem les fyrir barnið sitt. Væri það skemtilegt, að verða að svara spurningu barnsins á þessa leið: Það eru skammir og illyrði, sem vorir kæru landar setja í fréttablöðin hver um annan.

Þetta er vanheiður fyrir þjóðina. Landar vorir eru nægilega frétta og sögufróðir til þess, að láta fréttablöð sín flytja annað en vansæmi um aðra. Því miður ber þetta oft við heima á Fróni. Hafi það verið þjóðargalli þar, því þá ekki að bæta þann galla hér?

Heimskringla er mitt blað, hana kaupi ég og borga. Hún er að mörgu leyti gott blað, og vel þess verð, að vera keypt og lesin. En deilurnar í henni ættu að hreinsast í burtu. Þá kæmi lestur hennar að tilætluðum notum.

Áður en ég læt frá mér pennann, þakka ég alúðlega fyrir skrautblöð hennar. Flest í þeim var skemtilegt. Sérstaklega vík ég þakklæti mínu til höfundar greinarinnar "Fjárgöngur og Réttardagar". Það lét mig svo hjartanlega lifa minningunni um kæra föðurlandið. Sá maður ætti að rita fleira. Hann virðist vera fær um, að láta menn gleyma hérlenda glaumnum, þá stundina, sem maður les ritgerðir hans.

Að síðustu óska ég af heilum huga, að Heimskringla haldi uppi heiðri Íslendinga, og í stað illmælanna komi fram fagur sjóndeildarhringur fróðleiks og góðs bræðraþels.

Mrs. J. S. Thorwald.

Dr. Howard McDermid, sonur dr. McDermid sáluga, sem stjórnaði og var aðal-kennari málleysingja stofnunarinnar hér í borg, — hefir verið veitt forstöðu og yfirkennara staða við skólann. Dr. McDermid hefir lært undir umsjón föður síns sál. alt það er lýtur að þessu starfi, og er talinn vel hæfur til þess að skipa embættið.

HEIMSKRINGLU og TVÆR skemtilegar sögur fá nýir kaupendur fyrir að eins $2.00.

Kirkjueignir.

Á síðásta alþingi var samþykt þingsályktun, þar sem skorað var á stjórnina, að undirbúa og leggja fyrir alþingi lög um aðskilnað ríkis og kirkju.

Þetta er bæði mikið mál og mikilvægt, og mörgum virðast erfiðleikar á framkvæmd þess að ýmsu leyti.

Eitt af þeim atriðum, sem um er deilt í máli þessu er, hvernig ráðstafa skuli hinum svo kölluðu eignum þjóðkirkjunnar.

Nefndin, sem ihugaði þingsályktun þá, er að ofan getur, í neðri deild, áleit, að að vísu væri ríkið hinn rétti umráðandi allra fjármuna þjóðkirkjunnar, og bæri því strangt tekið, að taka undir sig allar eignir hennar, ef ríki og kirkja yrðu aðskilin, en svo bætir hún við: "En af því, að þessar eignir eru kirkjunni gefnar eða í hennar eign komnar í þeim tilgangi, að styðja trúarbrögð í landinu, þá hlýtur það og að vera skylda ríkisins, að verja ársarði þessara eigna í þeim tilgangi". Og bendir nefndin á, að réttlátast muni vera, að ríkið haldi öllum kirkjueignunum sem sérstökum sjóði, en verji árlega vöxtunum af honum, til þess að skjóta þeim milli allra trúarbragðafélaga í landinu.

Eins og nefndin réttilega tekur fram, verður því ekki haldið fram, að hin evangeliska lúterska kirkja eigi rétt á að fá allar þessar eignir í sínar hendur, því að mest af þeim hafi verið gefið til katólsku kirkjunnar meðan hún var þjóðkirkja vor, henni til eflingar, og eftir því, sem mér skilst, álítur nefndin ekki, að trúarbragðafélögin hafi réttarkröfu til ársarðs eignanna, heldur sé þar að eins um sanngirniskröfu að ræða.

Og þessi sanngirniskrafa á að byggjast á tilgangi gefendanna.

En hver hefir nú verið tilgangur gefendanna?

Að styrkja og efla ákveðin trúarbragðafélög, en alls eigi að efla öll þau trúarbragðafélög, sem til væru eða upp kynnu að koma í landinu.

Eða hver getur látið sér detta í hug, að sanntrúaður katólskur maður hefði látið einn eyri af hendi rakna í þeim tilgangi, að fénu yrði síðar meir varið til þess að efla trúarbragðafélög, sem af alefli berðust á móti þeim trúarskoðunum, er hann taldi þær einu réttu?

Það, að lúterska kirkjan fékk eignir katólsku kirkjunnar í sínar hendur, verður ekki réttlætt með því, að vitna til tilgangs gefendanna, enda var það ekki gert.

Þegar siðaskiftin urðu, var ekki trúfrelsi í landinu — lúterskan var valdboðin — ekkert annað kirkjufélag þolað.

En um leið og katólsku kirkjunni var meinuð landsvist, sló ríkið eign sinni á eigur hennar — þær voru í raun og veru gerðar upptækar.

Það er því ríkið, en ekki lúterska kirkjan, sem eignirnar fékk, þótt nokkrum hluta þeirra væri varið í þarfir lútersku kirkjunnar. Það sést bezt á því, að töluverðan hluta kirkjueignanna seldi ríkið, án þess að það kæmi lútersku kirkjunni að nokkru gagni.

Sannleikurinn er því sá, að síðan siðaskiftin urðu, hefir þjóðkirkjan engar eignir átt, en hitt skiftir engu máli, þótt ríkið hafi haldið nokkrum hluta þeirra eigna, er það tók af katólsku kirkjunni, sem sérstökum sjóðum, og varið þeim, eða vöxtum þeirra, í þarfir þjóðkirkjunnar lútersku.

Og á þennan eignarrétt ríkisins getur aðskilnaður ríkis og kirkju engin áhrif haft. Hann hefir það eitt í för með sér, að þjóðfélagið hættir að hafa skyldu til, að styðja og vernda hina evangelisku lútersku þjóðkirkju, sem stjórnarskráin nú leggur því á herðar.

Svo má og geta þess, að ríkið hefir tekið á sig ýmsar af skyldum þeim, er þjóðkirkjan áður hafði eða þjónar hennar, svo sem eftirlit og umsjón með fræðslu barna, og að sumar gjafirnar einmitt voru gefnar í því skyni, að hún betur gæti fullnægt þeim kröfum, er til hennar voru gerðar í þessu efni.

Þá fyrst er trúfrelsishugmyndinni að fullu komið í framkvæmd, er ekkert trúarbragðafélag nýtur styrks eða stoðar ríkisins, því að þeir verða ávalt nokkrir, og ef til vill margir, er stundir líða, sem standa fyrir utan öll kirkjufélög, og verða þeir fyrir misrétti, ef farið er að styrkja trúarbragðafélög af landsfé, enda þótt öllum slíkum félögum í landinu sé gert jafn-hátt undir höfði.

Það er ekki nema sanngjarnt, að leitast sé við, að gera öllum aðskilnaðinn sem léttbærastan, en eigi að síður verður að halda því fóstu, að þjóðkirkjan á engar eignir nú, og að það er gagnstætt tilgangi þjóðfélagsins, að verja fé til eflingar trúarbragða. L.

— Þjóðviljinn.

Nýr mannflokkur fundinn.

Sú fregn hefir fyrir vikutíma borist frá Point Barrows á norðurströnd Alaska, að kapt. William Mogg, skipstjóri á hvalveiðaskipinu Olga, hafi fundið nýjan flokk Eskimóa á norðvesturströndum Prince Albert Lands, sem liggur í ishafinu. Enginn hvítur maður hefir áður séð þennan kynflokk, svo sögur fari af, eða vitað um tilveru hans. Það eru að eins 5 ár síðan hvalveiðaskip fóru að leggja leiðir sínar að ströndum þessarar eyjar, og svo er að sjá, sem enginn hafi átt von á, að þar væri mannabygð. En af tilviljun fundu skipverjar á þessu hvalveiðaskipi matarleyfar og íbúðar rústir þar á ströndinni, sem gaf til kynna, að þar hefðu menn hafst að.

Í júlímánuði sl. sá Mogg skipstjóri mannahóp nokkurn á hárri hæð nokkrar mílur upp frá ströndinni, og eftir nokkra stund sá hann, að þetta var hópur gamalla karla, sem voru á leið niður að ströndinni, þar sem skipið lá við akkeri. Þeir voru allir vopnaðir en létu friðsamlega og gáfu merki um það, að þeir vildu finna skipverja. Þessi kynflokkur mælti máli Eskimóa með litlum breytingum. Þeir kváðust aldrei fyr hafa séð hvíta menn, og svo voru þeir óttaslegnir, að það var ómögulegt að fá þá til að koma um borð í skipið. Þeir þektu ekki mjölmat eða aldini eða garðávexti og gerðu gys að skipverjum, þegar þeim var boðið keks að borða. Þeir kváðust lifa á selum, hvölum, björnum og fuglum, sem þeir drepu með bogum og örvum og skutlum og snörum og gildrum. Þeir höfðu enga hugmynd um dýrmæti loðfelda, og sögðust jafnan skera húðina með kjötinu af dýrunum.

Menn þessir voru snyrtilega búnir og virtist líða vel. Þeir skýrðu frá því, að þeir hefðu áður orðið skipa varir, en jafnan falið sig fyrir þeim. Þeir hefðu óttast 'harpoon'-skot þeirra við hvaladrápið, og þess vegna flutt bygðir sínar upp frá ströndinni. En í þetta sinn hefði forvitni þeirra knúð þá til, að sjá hvers konar verur væru á skipi þessu. Þeir hefðu haldið fund og þar ákveðið, að senda erindsreka niður að ströndinni, til þess að komast eftir, hverju sætti skipaferðir þangað til eyjarinnar, hvers konar verur væru á þessum skipum, og allar aðrar upplýsingar um erindi þeirra. Til þessarar farar voru valdir eingöngu elztu mennirnir, til þess flokkurinn biði sem minstan manntjón, ef þeir týndu lífi í viðskiftum við hvalfangarana.

Gömlu mennirnir kváðu manmargt þar í héraði, en þeir neituðu að segja, hvar bústaðir þeirra væru. Þeir höfðu aldrei séð byssur um sína daga, og játuðu hreinskilnislega, að þeir litu grunsemdaraugum til allra þeirra manna, sem bæru slík vopn.

Eftir nokkurra daga kunningsskap, héldu gömlu mennirnir til baka aftur, og létu vel yfir erindislokum sínum, og kváðust mundu segja fólki sínu, að hættulaust væri að finna hvíta mannflokkinn að máli.

Mogg skipstjóri lætur hið bezta yfir mönnum þessum, segir að þeir hafi verið skynsamir og kurteisir í allri framkomu og alúðlegir í viðræðu. En bókmentir hafa þeir engar eða lærdómsþekkingu.

Bón TIL MEÐLIMA STÚKUNNAR HEKLU nær og fjær, að þeir allir borgi ársfjórðungsgjöld sín til stúkunnar nú þegar, af þremur ástæðum:

1. Að það er félagsleg skylda þeirra, að borga á hverjum ársfjórðungi.
2. Að stúkan þarf centanna með.
3. Að ég býst ekki við að verða í fjármálaritara embættinu á næsta ársfjórðungi, en hefi nú setið þar svo lengi, að ég vildi helzt skila við embættið þannig, að stúkan ætti ekki útistandandi 5 cent hjá meðlimunum.

Ég vona því fastlega, að þið verðið við þessari bón minni.

Winnipeg, 20. sept. 1909.

B. M. LONG.
620 Maryland St.

LEIÐBEININGAR--SKRA
YFIR ÁREIÐANLEGA VERZLUNARMENN Í WINNIPEG

MUSIC OG HLJÓÐFÆRI

CROSS, GOULDING & SKINNER, LTD. 323 Portage Ave. Talsími 4413

MASON & RISCH PIANO CO., LTD. 356 Main Stræt. Talsími 4 8 0 W. Alfred Albert, Íslenzkur umboðsmaður

WHALEY ROYCE & CO. 356 Main St. Phone 263 W. Alfred Albert, búðarþjónn.

BYGGINGA- og ELDIVIÐUR.

J. D. McARTHUR CO., LTD. Byggingar- og Eldiviður í heildsölu og smásölu. Sölust: Princess og Higgins Tals. 3060, 3061, 3062

MYNDASMIÐIR.

G. H. LLEWELLIN, "Medallions" og Myndarammar Starfstofa Horni Park St. og Logan Avenue

SKÓTAU Í HEILDSÖLU.

AMES HOLDEN, LIMITED. Princess & McDermott. Winnipeg.

THOS. RYAN & CO. Allskonar Skótau. 44 Princess St.

THE Wm. A. MARSH CO. WESTERN LTD. Framleiðendur af Finu Skótaui. Talsími: 3710 88 Princess St. "High Merit" Marsh Skór

RAFMAGNSVÉLAR OG ÁHÖLD

JAMES STUART ELECTRIC CO. 324 Smith St. Talsímar: 3447 og 7802 Fullar byrgðir af alskonar vélum.

GOODYEAR ELECTRIC CO. Kellogg's Talsímar og öll paraútl. áhöld Talsími 3023. 56 Albert St.

RAFMAGNS AKKOKÐSMENN

MODERN ELECTRIC CO 412 Portage Ave Talsími: 5658 Viðgjörð og Vir-lagning -- allskonar.

BYGGINGA - EFNI.

JOHN GUNN & SONS Talsími 1277 266 Jarvis Ave. Höfum bezta Stein, Kalk, Cement, Sand o. fl.

THOMAS BLACK Selur Járnvöru og Bygginga-efni allskonar 76--82 Lombard St. Talsími 600

THE WINNIPEG SUPPLY CO., LTD. 298 Rietta St. Talsímar: 1936 & 2187 Kalk, Steinn, Cement, Sand og Möl

BYGGINGAMEISTARAR.

J. H. G. RUSSELL Byggingameistari. Í Silvester-Willson byggingunni. Tals: 1068

PAUL M. CLEMENS Bygginga - Meistari. 443 Maryland St. Skrifst.: Argyle Bldg., Garry st. Talsími 5997

BRAS- og RUBBER-STIMPLAR

MANITOBA STENCIL & STAMP WORKS 421 Main St. Talsími 1880 P. O. Box 244. Búum til allskonar Stimpla úr málmi og togleðri

CLYDEBANK SAUMAVÉLA AÐGERDARMAÐUR. Brúkaðar vélar seldar frá $5.00 og yfir 564 Notre Dame Phone, Main 8624

VÍNSÖLUMENN

GEO. VELIE. Heildsölu Vínsali. 185, 187 Portage Ave. N. Smá-sölu talsími 352. Stór-sölu talsími 498.

STOCKS & BONDS

W. SANFORD EVANS CO. 326 Nýja Grain Exchange Talsími 369

ACCOUNTANTS & AUDITORS

A. A. JACKSON, Accountant and Auditor Skrifst.—28 Merchants Bank. Tals.: 5702

OLÍA, HJÓLÁS-FEITI OG FL.

WINNIPEG OIL COMPANY, LTD. Búa til Stein Olíu, Gasoline og hjólás-feiti Talsími 1590 611 Ashdown Block

TIMBUR og BÚLOND

THOS. OYSTAD, 308 Kennedy Bldg. Viður í vagnhlössum til notenda, búlönd til sölu

PIPE & BOILER COVERING

GREAT WEST PIPE COVERING CO. 132 Lombard Street.

VÍRGIRÐINGAR.

THE GREAT WEST WIRE FENCE CO., LTD Alskonar virgirðingar fyrir bændur og borgara. 76 Lombard St. Winnipeg.

ELDAVÉLAR O. FL.

McCLARY'S, Winnipeg. Stærstu framleiðendur í Canada af Stóm, Steinvörn (Granitewares) og fl.

ÁLNAVARA Í HEILDSÖLU

R. J. WHITLA & CO., LIMITED 264 McDermott Ave Winnipeg "King of the Road" OVERALLS.

BILLIARD & POOL TABLES.

W. A. CARSON P. O. Box 225 Room 4 i Molson Bankan. Öll nauðsynleg áhöld. Ég gjöri við Pool-borð

NALAR.

JOHN RANTON 203 Hammond Block Talsími 4679 Sendið strax eftir Verðlista og Sýnishornum

GASOLINE Vélar og Brunnborar

ONTARIO WIND ENGINE and PUMP CO. LTD 301 Chamber St. Sími: 2988 Vindmillur — Pumpur — Ágætar Vélar.

BLÓM OG SÖNGFUGLAR

JAMES BIRCH 442 Notre Dame Ave. Talsími 2623 BLÓM - allskonar. Söng fuglar o. fl.

BANKARAR.GUFUSKIPA AGENTR

ALLOWAY & CHAMPION North End Branch: 667 Main street Vér seljum Avísanir borganlegar á Íslandi

LÆKNA OG SPÍTALAAHÖLD

CHANDLER & FISHER, LIMITED Lækna og Dýralækna áhöld, og hospítala áhöld 185 Lombard St., Winnipeg, Man.

DÁNARFREGN.

Þann 11. september sl. andaðist húsfrú TOMINE MARIE MAGDALENE BERNHARDINE PETERSEN, frá Dog Creek P.O., Man., eftir nýafstaðinn uppskurð á spitalanum í Winnipeg, og var greftruð þar, og jarðsungin frá 765 Simcoe St., af séra Oddi V. Gíslasyni, að viðstöddum eftirlifandi manni hennar, systkinum, venzlafólki og fjölda samsyrgenda 20. s. m.

Húsfrú Petersen var fædd 12. febrúar 1879 á Nesi nálægt Westmannhöfn á Straumey, Færeyjum, og voru foreldrar hennar hjónin Peter Friðrik Jóhannesen og Anna Gelica (fædd Reinholt); hún kom til Vesturheims með systkinum sinum, og giftist 9. ágúst 1903 unnusta sínum, herra Jens Petersen, sem hafði sótt hana til Færeyja og var formaður farar, og hófu þau svo búskap að Dog Creeo P.O., að hans heima. Varð þeim hjónum tveggja dætra auðið, og lifa báðar, — huggun og von harmandi föðurs.

Mrs. Petersen, uppalin á kristnu heimili, flutti þá fyrirmynd með sér í sitt hús, og staðfesti þá fáorðu lýsing, sem hún átti, að hún var:

Gott barn guðs og góðra foreldra.
Sönn systir systkina sinna.
Samvalin kona manni sínum.
Ástrík og vandlát móðir barna sinna.
Og mikilsverð meðlimur kirkju og félags.

Í allri umgengni kom það ljóslega fram, að kristilegur kærleiki og umburðarlyndi var innvafið lífsstarfi hennar, sem hún leysti af hendi í trú, von og kærleika, því í hjarta hennar ríkti Jesús Kristur, alvaldur á himni og jörðu.

Allir, sem þektu hana, elskuðu hana og virtu, og er hennar sárt saknað af harmandi ástvinum og fjölda annara.

Blessuð sé minning hennar.

O.V.G.

Öllum þeim, sem viðstaddir voru jarðarför konu minnar sálugu, Tomine M. M. B. Petersen, þann 20. sept. sl., þakka ég af öllu hjarta, og bið guð að endurgjalda þeim þá hugfró, sem samhrygð þeirra veitti mér og ástvinum hennar.

Dog Creek, 30. sept. 1909.

Jens Petersen.

Dánarfregn.

Hinn 22. september sl. andaðist að heimili sínu við Mouse River konan INGIGJÖRG JÓNSDÓTTIR, 45 ára gömul. Dauðameinið hennar var hjartasjúkdómur. Hún var dóttir Jóns Sigurðssonar á Syðstumörk, Sæmundssonar frá Eyvindarholti í Rangárvallasýslu. En móðir Ingibjargar sál. var Ingibjörg Sigurðardóttir. Hún var dóttir hinna þjóðkunnu merkishjóna á Barkarstöðum í Fljótshlíð, Sigurðar Ísleifssonar og Ingibjargar Sæmundsdóttur frá Eyvindarholti.

Ingibjörg sál. fluttist vestur um haf árið 1897. Giftist árið 1899 Frímanni Hannessyni, bónda hér í bygðinni, ættuðum úr Skagafirði, sem þá var ekkjumaður. Hún eignaðist með honum eitt barn sem lifir, drengur 8 ára gamall.

Ingibjörg sál. var gaðlynd og skemtileg, drenglynd og mannúðleg, en gat ekki vegna aðstöðu sinnar í lífinu sýnt lyndiseinkunnir sínar eins og hún annars mundi gert hafa. Hún var ástrík eiginkona, og unni manni sínum hugástum. Umhyggjusöm móðir og stjúpmóðir og vildi þeim vel í öllu og bar einlæga umhyggju fyrir velferð þeirra, og kunni vel að meta hið góða, sem sum af þeim auðsýndu henn.

Að endingu þakkar sá, sem línur þessar ritar, einlæglega þeim, sem mest og bezt liðsintu henni á dauðastriði hennar, svo sem Hillmanns bræðrunum og stjúphörnum hennar, Jóhannesi og Guðrúnu, sem gerðu alt, sem í þeirra valdi stóð, til að líkna henni. Ennfremur öllum, sem hér í bygðinni höfðu á undanförnum árum tekið þátt í hinu langvarandi heilsuleysi hennar. S.

Á beztu heimilum

hvar sem er í Ameríku, þar munið þér finna HEIMSKRINGLU lesna. Hún er eins fróðleg og skemtileg eins og nokkuð annað íslenzkt fréttablað í Canada

Gamla Félagið

HEINTZMAN & CO. PÍANÓ

HEINTZMAN & CO. PÍANÓ SKARAR FRAM ÚR Í TÓNFEGURÐ EINS OG Í SNERTINGU, HLJÓMFEGURÐ OG STYRKLEIKA. —

FULLKOMLEIKI í öllum pörtum þess, hefir verið ófrávíkjanleg stefna smiðanna í nálega 60 ár. — Það er aðeins ein Heintzman & Co. Píanó tegund. — "Er betra en nokkurt annað Píanó sem ég hefi notað," segir ALBANI.

J.J.H. McLean & Co.
LIMITED
528 Main St. — Phone 808

Fréttir úr bænum.

Bæjarstjórnin auglýsir, að allir skattar falli í gjalddaga 15. nóv. næstk. Þeir, sem borga þá fyrir fyrsta desember fá 2 prósent afslátt. Þeir, sem borga milli 1. og 18. desember, fá 1 prósent afslátt, en enginn afsláttur gefinn eftir það. Þeir, sem ekki borga fyr en eftir nýár, verða að borga vexti af skatta-upphæðinni. Landar vorir ættu að reyna að borga skatta sína í tíma, það er hagur fyrir þá.

Frá Íslandi komu á þriðjudagskveldið í síðustu viku hingað til borgarinnar 10 manns. Það voru: Gunnar Matthíasson (sem fór til Íslands í kynnisför á sl. vori), Magnús bróðir hans, Ásmundur Johnsen frá Akureyri, Charles Nielsen frá Ísafirði, Bjarni Alexander úr Skagafirði, og Tobias Tobiasson frá Reykjavík, með unnustu sína og 3 systkini. Þetta fólk dreifist út meðal kunningja og ættingja hér vestra. — Þetta fólk sagði árgæzku í landi og almenna heilbrigði, en peningaskort tilfinnanlegan.

Herra Narfi Vigfússon, frá Tantallon, kom til borgarinnar um síðustu helgi, með Valdimar son sinn, sem nú byrjar nám við Wesley College hér í borg. Meðal annara frétta sagði herra Vigfússon, að í Lögbergs, Ísafold og Tantallon bygðum sé ágætt tækifæri fyrir ungmerðar músik kennara. Orgel eru nú á flestum heimilum og unglingar með góða sönghæfileika, en enginn kennari í þessum bygðum. Hann taldi æskilegt, að íslenzkir músik-kennarar vildu íhuga þetta mál og líta eftir þessum bygðum.

Björn Jónsson, bóndi að Westfold P.O., og Jakob Lindal, frá Hólar P.O., Sask., voru hér á ferð í sl. viku. Herra Lindal kom með tvær dætur sínar, sem eiga að ganga hér á skóla í vetur.

Jóh. Einarsson, kaupmaður frá Lögberg, og Guðbrandur kaupmaður Árnason, frá Churchbridge, voru hér á ferð um síðustu helgi.

Það var samþykt með atkvæðum bæjarbúa á fimtudaginn var, að verja 600 þús. dollars til skólahússbygginga hér í borg.

Munid eftir FYRIRLESTRINUM UM ÞÝZKALAND sem séra Guðm. Árnason flytur í samkomusal Únitara kirkjunnar,

í kveld.

(Miðvikudag 6. október).

Stúkan HEKLA hefir ákveðið, að hafa tombólu til arðs fyrir sjúkrasjóð sinn þann 1. nóvember. Meira um það í næsta blaði.

Sextíu sveitatfélög í Manitoba ætla að taka atkvæðagreiðslu um vínbann hjá sér við næstu sveitarkosningar, sem fara fram þann 21. des. næstk.

Takið eftir!

Að venjulegum störfum afloknum á fundi stúkunnar Heklu föstudagskveldið 8. okt. verður sýndur gamanleikur. Ennfremur verður þar sungið hið ágæta kvæði "Friðþjófur og Björn". Einnig verður þar til skemtunar upplestur og pianóspil.

MARTYN F. SMITH,
TANNLÆKNIR.
Fairbairn Blk. Cor Main & Selkirk

Sérfræðingur í Gullfyllingu og öllum aðgerðum og tilbún aði Tanna. Tennur dregnar án sársauka. Engin veiki á eftir eða gómbólga. —

Stofan opin kl. 7 til 9 á kvöldin
Office Phone 6944. Heimilis Phone 6462.

Móleður Skór til Haust notkunar.

Hinir nýju móleðurslitir munu oft sjást í haust og á komandi vetri á fótum skartmanna. Vér höfum skó með hinum fegurstu móraudu og ljósbrúnu litum.

Hnepta, reimaða og Blucher-skó bæði fyrir karla og konur. Yfirleður og tákappar með skrautgötum.

$4 til $6

Gerið svo vel að muna, að þessi skóbúð hefir eins mikla ánægju af að sýna skó sína eins og þér hafið af að skoða þá.

Ryan-Devlin Shoe Co
494 MAIN ST PHONE 770.

QUILL PLAINS HVEITI LÖND

25,000 EKRUR. Algerlega FYRSTA ÚRVAL frá hinni miklu C.N.R. landveitingu. Gnfuplógs lönd hrein. slétt

ÞESSA ÁRS UPPSKERA sannar gæði jarðvegsins. — Enginn steinn eða hrís.—Gott vatn.—Nálægt mörkuðum, skólum og kirkjum.—Vér höfum umráð á öllum Jansen og Claassen löndunum. og bjóðum þau til kaups með sanngjörnu verði og auðveldum borgunarskilmálum.—Kaupendur geta borgað af hvers árs upp skeru; 6% vextir.— Sölubréfin gefin út beint frá eigendum til kaup enda.—Eastern Townships Bank í Winnipeg og hver banki og "business"-maður í Marshall, Minn., gefur upplýsingar um oss. — Póstspjald færir yður ókeypis uppdrætti og allar upplýsingar. —

John L. Watson Land Co.
316 Union Bank Bldg. - - Winnipeg. Man

Nokkrir íslenzkir piltar hafa beðið inntökuleyfis á Manitoba Búnaðarskólann, sem byrjar kenslu þ. 26. þ.m. Flestir munu þeir vera frá Saskatchewan fylki. (Manitoba bændurnir éru seinir að rumskast) Inngöngugjald fyrir Saskatchewan piltana er $25.00, í stað $10.00 fyrir Manitoba piltana. En Saskatchewan stjórnin veitir hverjum pilti, sem á heimili í því fylki en stundar búnaðarskólanám hér í Manitoba, $50.00 peningagjöf, ef hann nær hæstu einkunn í einhverri einni kenslugrein, og það hafa lang-flestir Saskatchewan piltar gert til þessa tíma. — Það er búist við, að stjórnin í Saskatwan verði búin að láta byggja búnaðarskóla þar vestra fyrir lok næsta árs, en mun þó halda áfram fjárgjöfum sínum til þeirra, sem sækja nám hingað, þar til skólinn vestra er kominn á fastan fót. Nemendur úr Saskatchewan fylki, sem innrita sig til náms við Manitoba búnaðarskólann á þessum vetri, mega því vænta að njóta stjórnarstyrksins fyrir bæði námsárin, eða veturna 1909—10 og 1910—11. Það er því peningalegur hagur fyrir þá, að gefa sig fram sem fyrst. Líkindi eru til, að fleiri sækj skólann í vetur en mögulegt verður að hýsa þar.

Stúkan ÍSLAND er að undirbúa samkomu, sem haldast á fimtudagskveldið 21. þ.m. Til þessarar samkomu er vandað á allan hátt. Nánar auglýst í næsta blaði.

Þau hjón, herra O. H. Lee og kona hans Þórunn Halldórsdóttir, sem búið hafa um mörg ár nálægt Blaine, Wash., en hafa dvalið hér í sl. 6 eða 7 vikur í kynnisför til skyldmenna konunnar og annara kunningja þeirra hjóna hér í borg og í Norður-Dakota, — fengu óvænta heimsókn á laugardagskveldið var, að heimili herra Guðmundar Bjarnasonar, að 672 Agnes St. þar mættu systur Mrs. Lee og önnur skyldmenni og kunningjar þeirra hjóna, og færðu þeim að gjöf tvo verðmæta skrautmuni. Herra O. H. Lee var gefinn silfurbúinn göngustafur, með áletrun, mikill og verðmætur kjörgripur. Og Mrs. Lee var gefið skrautlegt gull-vasaúr, með áletrun. Gjafirnar voru afhentar með þeim ummælum, að þær skyldu vera til minnis um ferð þeirra hjóna hingað austur. — Þau hjón þökkuðu mjög vel vinahót þessi, kváðust hafa notið hér ánægjulegra stunda sem þau mundu muna til æfiloka.

Samkvæmið var fjörugt og varaði fram á miðnætti.

Sonur herra Lee, sem er bóndi í Norður Dakota, kom hingað norður í sl. viku til að finna þau hjónin áður en þau færu alfarin heim til sín aftur.

Mr. og Mrs. Lee búast við að fara heimleiðis í næsu viku, og fylgja þeim innilegustu lukkuóskir mikils fjölda af vinum þeirra hér eystra.

Fyrirlestur séra Guðmundar Árnasonar um Þýzkaland verður fluttur í samkomusal Únitara í kveld (6. okt.). Það er vonandi, að Íslendingar fjölmenni og sýni það nú sem oftar, að þeir kosti kapps um að afla sér fræðslu. — Söngflokkur Únitara skemtir einnig með söng og hr. Gísli Johnson með sóló. Inngangur 25c.

Nokkrir þeirra — en þó aðallega 2 konur — sem sent hafa Heimskringlu ritgerðir til prentunar, — kvarta um undandrátt, sem orðið hefir á prentun þeirra. Ástæðan er sú, að svo mikið hefir borist að blaðinu á síðustu vikum, að ekki hefir verið nægilegt rúm fyrir alt í einu. Sumt hefir því orðið að bíða, en verður birt við fyrstu hentugleika.

Opinn fund

heldur Fyrsta Íslenzka Kvenfrelsis-Kvenfélag í Ameríku næstk. mánudagskvöld, 11. þ.m., í neðri sal Únitara kirkjunnar.

Mrs. M J. Benedictson
heldur FYRIRLESTUR um jafnrétti kvenna,

afstöðu þess í þjóðfélaginu á liðnum og yfirstandandi tímum og árangur algjörs jafnréttis við karlmenn.

Frjálsar umræður á eftir.
Ókeypis inngangur.
Frjálsra samskota leitað.

Það sorglega slys varð í Selkirk þann 4. þ.m., að þau hjón Hjörtur Sigvaldason og kona hans mistu 3. ára gamalt barn sitt á sviplegan hátt. Barnið var að leika sér við húsið og hefir að líkindum náð í eldspýtu, sem kviknað hafði í, svo að loginn læsti sig í fötum þess. Foreldrarnir komu auga á barnið, er loginn hafði læst sig í föt þess, og tókst að slökkva von bráðar, en þó hafði barnið skaðast svo af brunanum, að það lifði að eins stutta stund. Móðirin hafði og talsvert skaðast á höndum við tilraunir að bjarga lífi barns síns.

Látinn er á Almenna sjúkrahúsinu hér í borg aðfaranótt 4. þ.m. Valdimar Jónsson Blöndal, frá Holtastöðum í Húnavatnssýslu, eftir stutta sjúkdómslegu og holskurð. Hinn látni hafði um nokkur ár búið á heimilisréttarlandi sínu í Foam Lake bygð, Sask., en fluttist nýlega til Gimli, Man., um stundarsakir. Hann hafði dottið þar af heyæki og skaðast innvortis, og var þá flutt ur hér á spítalann. Við uppskurðinn kom í ljós, að maðurinn var sullaveikur, og voru tekin 2 gallons af sullum úr honum. En svo var hann orðinn veiktur af þessu, að hann þoldi ekki holskurðinn. — Hann hafði fulla ræu fram á síðustu stund og ráðstafaði landi sínu og öðrum eignum með mestu rósemi og fyrirhyggju.

Mrs. M. J. Benedictsson, ritst. Freyju, brá sér til Duluth í sl. viku, og er væntanleg aftur um næstu helgi.

Miss Pálína Oddson, saumakona, fór vestur til Kyrrahafsstrandar á mánudaginn var. — Miss Oddson hefir dvalið hér í bænum í mörg ár, og fór vestur til að sjá kunningja og ættfólk sitt í Vancouver og víðar. Hún býst við að vera í burtu yfir vetrartímann.

Foster veðurspámaður segir skifta muni um tíð eftir 4. þ.m.; rigningar séu væntanlegar milli 14. og 16. þ.m. og óvanalegir stormar séu væntanlegir eftir 11. þ.m.

Mrs. Hólmfríður R. Olafson, sem í sl. 6 ár hefir dvalið hér í borg, fór alfarin með 2 börn sín vestur á Kyrrahafsströnd á mánudaginn var.

Átta milión dollara virði af húsum hefir verið bygt í Winnipeg á sl. 9 mánuðum. Ætla má því, að á árinu verði hér reistar byggingar fyrir ekki minna en 10 miliónir dollara.

TIL SÖLU—Vorbær kýr, mjög góð, hjá St. Baldvinsson, 734 Arlington Street.

VEGNA HENNAR

Stúlka sú, er sendi Freyju bréfið síðast, sér að öllum líkindum grein G. J. Goodmundsonar í síðustu Heimskringlu og getur snúið sér til hans, ef hún ber nægilega mikið traust til hans. Nafn sitt veit ég að hún auglýsir ekki og þurfti þar um engra ráðleggingar frá G. J. Goodmundssyni. En beri hún ekki meira traust til G. J. Goodmundssonar en ritst. Freyju gerir, er líklegt að hann fái að eiga sína $5.00, hvar og hvernig sem hann hefir skrapað þá saman. Enda alt útlit fyrir, að stúlkan fái þá hjálp, sem bæti úr bráðustu þörf hennar, skilyrðislaust og fljótt, án hans.

M. J. Benedictsson.

Hafið þér komið í Nýju Dry Goods Búðina?

STEEN & CO.
641 Notre Dame
(áður á Isabel St.)

Verzla með alls konar kerept og álnavöru af nýjustu og beztu gerð. Venjið yður á, að koma í búð vora, — það skal borga sig fyrir yður. — Oss er jafnan ánægja í, að sýna vörur vorar, og vér óskum sérstaklega, að eiga viðskifti við okkar mörgu íslenzku vini.

Vörurnar eru eins góðar og ódýrar eins og nokkurs staðar í borginni.

PHONE, MAIN 1804

STEEN & CO.
Horni Notre Dame og Sherbrooke

Gólfteppa Hreinsun

Vér stoppum og þekjum gamla stóla, legubekki og fleira. — Flyt húsgögn og geymi þau yfir lengri eða styttri tíma. —

W.G. Furnival
312 Colony St. Phone 2041.

Húðir og ógörfuð Loðskinn

Verzlun vor er vor bezta auglýsing. Sendið oss húðir yðar og loðskinn og gerist stöðugir viðskiftamenn.

Skrifið eftir verðlista.

The Lightcap Hide & Fur Co., Limited
P.O.Box 1092 172-176 King St Winnipeg
16-9-10

Ný Kjötverzlun

Allar vörur af beztu tegund.

H. SIMONITE, eigandi
Talsími: 947 110 Isabel St.
16-9-10

Drs. Ekern & Marsden,
Sérfræðislæknar í Efturfylgjandi greinum: — Augnasjúkdómum, Eyrnasjúkdómum, Nasasjúkdóm um og Kverkasjúkdómum. : : :
Í Platky Byggingunni í Bænum
Grand Forks, :: N. Dak.

S. K. HALL
kennari við
WINNIPEG SCHOOL OF MUSIC
Studios: 701 Victor og 304 Main St.
"Mr Hall is one of our best trained and most efficient teachers".—Winnipeg Town Topics 10 april 1909.

Þarft þú ekki að fá þér ný föt?

EF ÞAU KOMA FRÁ CLEMENT'S, — ÞÁ VERÐA ÞAU RÉTT.

Réttur að efni, réttur í sniði réttur í áferð og réttur í verði.

Vér höfum miklar byrgðir af fegurstu og beztu fataefnum. —

Geo. Clements & Son
Stofnað árið 1874
264 Portage Ave. Rétt hjá FreePress

Th. JOHNSON
JEWELER
286 Main St. Talsími: 6606

JOHN ERZINGER
TÓBAKS-KAUPMAÐUR.
Erzinger's skorið reyktóbak $1.00 pundið
Hér fást allar neftóbaks-tegundir. Oska eftir bréfleiðum pöntunum.
McINTYRE BLK., Main St., Winnipeg
Heildsala og smásala.

G. NARDONE
Verzlar með matvöru, aldini, smá-kökur, allskonar sætindi, mjólk og rjóma, sömul. tóbak og vindla. Óskar viðskifta Íslend. Heitt kaffi eða te á öllum tímum. Fón 7756
714 MARYLAND ST.

Boyd's Brauð

Brauð vor eru meltanleg, saðsöm, og góð að öllu leyti. Þau halda sér betur en önnur brauð og eru smekkbetri. — Reynið eitt brauð. — Ef matsalinn yðar hefir það ekki, þá sfmið til vor og vagninn skal færa yður það. —

Boyd's

Bakery Cor. Spence & Portage Ave
Phone 1030.

Winnipeg Wardrobe Co.

Kaupa brúkaðan Karla og Kvenna fatnað,—og borga vel fyrir hann.

Phone, Main 6539 597 Notre Dame Ave.

BILDFELL & PAULSON
Union Bank 5th Floor, No. 520
selja hús og lóðir og annast þar að lútandi störf; útvegar peningalán o. fl.
Tel.: 2685

J. L. M. THOMSON, M.A., L.L.B.
LÖGFRÆÐINGUR. 255½ Portage Ave.

Hubbard, Hannesson and Ross
LÖGFRÆÐINGAR
10 Bank of Hamilton Chambers
Tel. 378 Winnipeg

ANDERSON & GARLAND
LÖGFRÆÐINGAR
35 Merchants Bank Bldg. Phone: 1561

BONNAR, HARTLEY & MANAHAN
Lögfræðingar og Landskjala Semjarar
Suite 7, Nanton Block, Winnipeg

W. R. FOWLER A. PIERCY.

Royal Optical Co.
327 Portage Ave. Talsími 7286.
Allar nútíðar aðferðir eru notaðar við augn-skoðun hjá þeim, þar með hin nýja aðferð, Skuggа-skoðun, sem gjöreyðir öllum ágiskunum. —

Dr. G. J. Gislason,
Physician and Surgeon
Wettington Blk, - Grand Forks, N.Dak
Sjerstakt athygli veitt AUGNA, EYRNA, KVERKA og NEF SJÚKDÓMUM.

It's going UP.

Þú getur ekki búist við

að það geri annað en eyðast í reyk. Því ekki að fá nokkur tons af okkar ágætu kolum, og hafa ánægjuna af, að njóta hitans af þeim, þegar vetrarkuldarnir koma. Komið til vor og nefnið þetta bl.

D. E. ADAMS COAL CO.
YARDS Í NORÐUR. SUÐUR. AUSTUR OG VESTURBÆNUM.
Aðal Skrifst.: 224 BANNATYNE AVE.

PRENTUN

VÉR NJÓTUM, sem stendur, viðskipta margra Winnipeg starfs- og "Business"-manna.— En þó erum vér enþá ekki ánægðir. — Vér viljum fá alþýðumenn sem einatt notast við illa prentun að reyna vora tegund. — Vér ábyrgjumst að gera yður ánægða. — Sfmið yðar næstu prent. pöntun til —

'Phone: Main 5944

The ANDERSON Co. COR. SHERBROOKE ST. AND SARGENT AVENUE. WINNIPEG.
PROMPT PRINTERS

EKRU-LÓÐIR

A. til 5 ekru spildur við rafmagns brautina, 5 mílur frá borginni. — aðeins 10 mánaðna fresti á sporvagninum, og mólborin kerruvegur alla leið. Verð $200 ekran og þar yfir. Aðeins einn-fimtiparter borgist strax, hitt á fjórum árlegum afborgunum.—

Skuli Hansson & Co.
Skrifst. Telefón 6476. Heimilis Telefón 2274

Heimskringla.

Vér höfum næga skildinga

til að lána yður mót tryggingu í bújörðum og borga-fasteignum. Seljum lífsábyrgðir og eldsábyrgðir. Kaupum sölusamninga og veðskuldabréf.

Frekari upplýsingar veita
Skuli Hansson & Co.
36 Tribune Building. Winnipeg.

XXIV. ÁR WINNIPEG, MANITOBA, FIMTUDAGINN 14. OKTOBER 1909. NR. 2

Það er Innbygging Rjómaskilvindunnar sem Gerir Gildi Hennar.



HINAR óvönduðu skilvindur, með veikar umgerðir, fagurlega málaðar, geta staðið uppi að eins vegna þess, að þær eru skrúfaðar niður í gólfið. En "Worm Gearing", — spyrjið þér trúverðugan smið um þær, og hann mun segja yður, að þær geti aðskilið fullvel um tíma, en fyr eða síðar hljóta þær að bila, og slysið kemur vanalega fyrir, þegar verst gegnir og þér megið síst við töfum. Þá sjáið þér ljósast, hve áríðandi það er, að hafa "Square Gear" eins og í MAGNET vélinni. Sú vél er rétt smíðuð og áreiðanleg á öllum tímum. Þér tapið engum tíma hennar vegna. MAGNET hefir "Square Gear" gerð úr einu stykki og einstykkis fleytir, hæg-hreinsuð, stór skál tvístudd (MAGNET einkaréttur), og svo létt að börn geta snúið henni. Fullkomn asta "Brake", svo vel getur stöðvast á 8 sekúndum.

Athugið undirstöðu MAGNET vélarinnar, hún er traust og stöðug, og heldur öllum hlutum vélarinnar í jafnvægi, svo að aðskilnaður mjólkurinnar verður al-fullkominn, hvar sem vélin er sett. Berið þetta saman við undirstöðu skrifli sumra annara véla.

Það er hægt, að fleka blinda menn með rönguin frásögnum, en hver sá, sem sér og ber saman smíðið, kemst ekki hjá að kaupa MAGNET. Hún er sú rétta rjómaskilvinda, smíðuð til að endast 50 ár. Það kostar eitt cent, að skoða MAGNET heima í yðar eigin húsi.

The PETRIE MANUFACTURING CO., LTD.
WINNIPEG
HAMILTON. ST. JOHN, N B. REGINA. CALGARY. VANCOUVER.

Fregnsafn.

Markverðustu viðburðir hvaðanæfa.

— C. P. R. félagið er í undirbúningi með, að tvöfalda sporin á járnbrautum sínum hér í fylkinu, og kvað eiga að byrja á því starfi með því að tvöfalda sporin milli Winnipeg og Brandon. Síðar býst félagið við, að halda áfram að tvöfalda vestur á bóginn yfir sléttlendið.

— Nýlega var komið í veg fyrir járnbrautarslys milli Brandon og Winnipeg fyrir draum, sem ungan pilt dreymdi. Hann sagði föður sínum, að sig hefði dreymt, að hann hefði séð járnbrautarlest farast á brú í 10 míln fjarlægð frá heimili sínu og föðurnum varð svo mikið um drauminn, að hann hélt strax af stað þennan 10 milna veg og komst að brúnni laust eftir miðnætti. Varð hann þess þá var, að sléttueldar höfðu farið þar yfir og kveikt í brúnni og brent hana. En með því að von var á lest að vestan, beið hann við brúna, og tókst að stansa lestina áður en hún rynni út á brúna í myrkrinu.

— 250 þúsund konur á Englandi hafa bundist samtökum, að berjast með oddi og egg í næstu ríkiskosningum þar, bæði með ræðuhöldum og privat samtali við kjósendur um alt landið. Þær tilheyra þeim flokki, sem berst fyrir toll-laga breytingu og svo að sjálfsögðu fyrir jafnrétti kvenna. Þær hafa bundist samtökum um það, að vinna á móti hverjum þeim umsækjanda, sem ekki lofar ákveðið, að fylgja þeim af ýtrasta megni hvað jafnréttiskröfur kvenna snertir. — Það er almenn skoðun, að þessar komandi kosningar verði þær harðsóttustu og róstumestu, sem orðið hafa þar í landi. Kvenfrelsiskonur hafa höfðað mál móti stjórninni fyrir það, að hún lét handtaka konur þær, sem gerðu uppþot í Birmingham borg um daginn, þegar Asquith stjórnarformaður hélt þar ræðu sína. Þær halda því fram, að meðan þær séu ómyndugar að lögum, þá nái landslögin ekki til þeirra.

— Eldur kom upp í náma í Extention í British Columbia þann 5. þ.m., og varð yfir 30 manns að bana. Yfir 60 menn voru í námanum, þegar slysið varð, en nær helfingur þeirra gat forðað lífinu.

— Auðmannafélag í New York borg hefir keypt 54 þús. ekrur af beztu timburtekjulöndum í British Columbiu, á bökkum Cawichan vatns á Vancouver eyju. Timbrið er mest fura.

— Dr. Cook flutti fyrirlestur um pólarfund sinn þann 6. þ.m. í St. Louis fyrir 18 þús. áheyrendum, og var góður rómur gerður að máli hans.

— C.N.R. fél. hefir lagt fyrir bæjarráðið í Brandon uppdrætti af stóru hóteli með 80 herbergjum, sem það hefir áformað að byggja í borginni. Í þóknunarskyni fyrir þetta biður félagið borgina að loka algerlega einu stræti, sem verður andspænis hótelinu, og að veita sér ívilnun með skattgreiðslu af eignum félagsins þar í borg.

— Ríkisþingið verður sett í Ottawa þann 11. nóv.næstk. Búist er við, að hervarnarmálið verði aðalmálið þar til meðferðar.

— Auglýst er, að C.P.R. félagið sé að auka höfuðstól sinn um 30 miliónir dollara. Samtímis þeirri fregn kemur önnur um, að félagið hafi keypt Allan gufuskipalínuna (30 skip) fyrir 12 miliónir dollara. Í þessu kaupi er Ellermann línan innifalin, því Allan línan hefir um nokkurn undanfarinn tíma halt yfirráð yfir henni.

— Voalegir skóga og sléttueldar hafa verið víðsvegar hér í Manitoba og Vesturfylkjunum á undanförnum vikum, einnig húsa og skepnubrunar. Tíðarfarið hefir um nokkurar undanfarnar vikur verið óvanalega gott, stöðugar stillur, hitar og þurkar, svo að jörðin og ábúð öll er skraufþur. Fréttir úr hinum ýmsu landshlutum þó ekki nógu glöggar til þess hægt sé að gefa yfirlit yfir eignatjónið.

— Þýzka stjórnin hefir fundið sig knúða til að gefa út opinbert bann gegn bréfaskriftum. Í bannskjali þessu er skýrt frá því, að ýmsar þýzkar stúlkur af góðum ættum hafi tekið upp á því, að skrifa til negrahöfðingja í Afríku, og sent myndir af sér í þeim bréfum, í þeirri von, að fá aftur myndir af negrunum og máske einhverja minnisgripi, sem þær gætu átt og sýnt kunningjum sínum heima fyrir. Þessar myndir af þýzkum stúlkum hanga uppi víða í húsum svertingja í Afríku. — Stjórnin segir þessar bréfaskriftir algerlega óviðeigandi og ólíðandi, og hefir því harðlega bannað þær.

— Í Montreal borg er verið að byggja stórhýsi eitt, sem nefnt er Royal Edward Institute. Skal stofnun þessi notuð til þess, að rannsaka og lækna tæringar sjúkdóma þar í borg, og til þess að koma í veg fyrir útbreiðslu þeirra eins og unt er. Stofnun þessi á að vígja með mikilli viðhöfn strax og húsið er fullgert, og á Edward Bretakonungur að byrja þá athöfn sjálfur með því að þrýsta á litinn hnapp heima í höll sinni á Englandi. — Col. Burland hefir aðallega gefið sig við því, að koma stofnun þessari á fót. Hann hefir safnað mestu af fénu, og hafi umsjón með verkinu, og nú síðast hefir hann annast um allan undirbúning til þess, að konungurinn sjálfur byrji húsvígsluna. Rafáholdin til þessa hafa verið send til Englands, og konungur á að snerta hnappinn kl. 8 að kveldi, og við þá snertingu eiga dyr stofnunar í Montreal að opnast kl. 3 síðdegis, eða litlu síðar, í viðurvist helztu embættismanna borgarinnar.

— Fjögur þúsund ára gamlar fornleyfar hafa fundist í flóa einum á sléttunum austan Vettervatns í Svíaríki, um 120 mílur norðvestur af Stokkhólmi. Þar hafa verið grafin upp steinrunnin epli, hveitikorn, hnetur, leirker, tinna og ýms verkfæri úr horni og dýratennum. Þetta er alt í svo góðu ástandi, þó nú sé fyrir löngu orðið að steini, að um ekkert er að villast. Fornfræðingar segja, að rústir þær, sem fundnar hafi verið með þessum fornmenjum í, séu 4 þúsund ára gamlar.

— C. P. R. félagið hefir strengt talþræði frá Carter í Ontario til Brandon, Man., meira en þúsund mílur vegar. Þráður þessi var fullger á mánudaginn var. Tilgangur félagsins er, að stjórna gangi lesta sinna með telefón, í stað telegrafs, eins og að undanförnu. Félagið hefir stjórnað gangi lesta sinna á nokkrum brautum í Quebec fylki með þessum hætti um sl. nokkurn tíma, og hefir gefist það ágætlega.

— Blaðið Montreal Witness, sem til þessa tíma hefir komið út í smærra broti en flest önnur stórblöð landsins, hefir nýlega skift um búning, og er nú í líku broti og Winnipeg dagblöðin, og að öllu leyti fallegra útlits en áður.

— Þumlungsdjúpur snjór fell í Regina á mánudaginn var og 30 mílur þar austur af. Nokkru varð snjófall minna er austur dró, og í Winnipeg ekki meira en svo að gránaði í rót. En kalt var hér allan þann dag.

— Capt. Amundsen, pólfarinn norski, er að útbúa leiðangur til pólsins. Hann hefir í hyggju, að nota tamin bjarndýr til þess að draga sleða með vistaforða og öðrum nauðsynjum. Hann hefir pantað 20 þriggja ára bjarndýr til fararinnar. Dýrin verða send til Christiansands í þessari viku og flutt um borð í skip Amundsens.

— Fregn frá Calgary 5. þ.m. segir sléttuelda mikla hafa orðið í Wainwright héraðinu, þar sem Ottawa stjórnin hafði mikið landflæmi umgirt og geymdi þar 8 hundruð buffalós og elk-dýr. Eldurinn hafði brent girðingarnar og dýrin höfðu öll sloppið út, og flúið norður um landið undan eldunum. Talið er víst, að örðugt muni veitast, að ná dýrum þessum aftur. Alt, sem unt var að gera, hafði verið gert til þess að verja þetta svæði, en eldarnir máttu sín betur.

— Mál hefir staðið yfir í sl. sjö mánuði í Agram borg á Ungverjalandi móti 53 mönnum, sem kærðir voru um landráð, og voru að lokum 32 þeirra dæmdir sekir en 22 sýknaðir. Flestir voru menn þessir skólakennarar og prestar, að eins fáeinir handverksmenn. — Þeir voru kærðir um að hafa gert ráðstafanir til þess, að koma 5 eða 6 fylkjum undan yfirráðum Ungverjalands og sameina þau Serviu og Montenegro í eitt konungsríki undir Pétri konungi. — Tveir af leiðtogunum voru dæmdir í 12 ára fangavist, hinir til 4. og 7 ára.

— Þrettán ára gamall piltur í Nova Scotia hefir verið dæmdur í lífstíðar fangelsi fyrir að taka 16 ára gamla svertingjastúlku, binda hana við stiga og berja hana svo með steini á höfuðið þar til hún gaf upp andann.

— Kínastjórn hefir sent nefnd manna til Evrópu til þess að kynnast herútbúnaði allskonar á sjó og landi, en sérstaklega að íhuga herskipasmíðar og sjóhermensku.

— Voðalegur fellibylur æddi yfir eyjuna Cuba þann 11. þ.m., og gerði feiknatjón á eignum í Havana borg. Mörg smáskip þar á höfninni fórust, og mörg hús í borginni hrundu til grunna. Storm urinn varaði í 4 klstima. Nálega hvert tré í borginni var rifið upp með rótum. Um manntjón er ekki getið.

— Nýustu skýrslur Bandaríkjanna sýna, að á sl. 20 árum hafa nærfelt milión hjónaskilnaðir verið löghelgaðir þar í landi, eða nákvæmlega 945,625. Rannsókn um þetta efni hefir staðið yfir um 5 ára tíma, og var byrjuð samkvæmt þingsamþykt, eftir að málið hafði lengi verið rætt í þinginu. Skýrslan sýnir, að á tímabilinu 1887 til ársloka 1906 hafa orðið 12,632,044 giftingar, af þeim hjónum skildu eins og að framan er sagt nærfelt ein milión. En á næstu 20 árum þar áður ekki nema 328,716 eða sem næst þriðjungur af síðara tímabilstölunni. Skýrslan sýnir fram á, að hjónaskilnaðir aukist svo mjög á hverju 5 ára tímabili, að engin áætlun verði gerð um, hver endir verði á því ástandi. Ekki getur fregnin um, hverjar séu helztu orsakir til þessa skilnaðar fáraldurs.

— Þær upplýsingar voru gefnar í brezka þinginu 5. þ.m. að 351 kvenfrelsiskonum hafi verið verpað í fangelsi síðan þær tóku fyrir alvoru að hefjast handa þar í landi. Af þeim fjölda voru 197 kærðar fyrir gluggabrot og önnur eignaspell, og fyrir að ráðast á þjóna réttvísinnar.

— Queens University, sem staðið hefir til þessa tíma undir yfirráðum presbyteríönsku kirkjunnar, er í þann veg að slíta það haft af sér. Stjórnendur skólans segja meðtun þar of mjög sýrða kenningum og trúarlegum yfirráðum kirkjunnar, og að til þess að alfrjáls og vísindaleg mentun geti átt sér stað, sé það óhjákvæmilegt, að losa háskólann undan yfirráðum þessarar kirkjudeildar. — Nefnd hefir verið sett til að íhuga mál þetta og talið líklegt, að skilnaður verði gerður, ef nefndin sér sér fært að tryggja skólanum nægar ársinntektir án aðstoðar kirkjunnar. Nefndin vill láta Ontario stjórnina auka styrk sinn til skóla þessa, en tvísýnt mjög, að það fáist.

— Lady Lytton og 4 aðrar konur voru nýlega dæmdar í fangelsi um mánaðartíma fyrir að hafa gert uppþot á fundi í Newcastle, þar sem fjármálaráðgjafi Breta flutti ræðu. Nokkrar aðrar konur, sem minna höfðu til saka unnið á þeim fundi, fengu 14 daga hýsing.

— Snjór fell víða í Texas þann 8. þ.m. Hann varð 4 þuml. djúpur. Sagt að þetta sé í fyrsta skifti í sögu ríkisins, sem snjór hefir fallið svo snemma á haustá.

— Nýtt barnaldómskver hafa katólskir prestar í Paris gefið út. Í því er kent, hvernig katólskir eigi að greiða atkvæði við kosningar.

Sorglegt slys.

Frá Vancouver, B. C., kom sú sorgarfregn, að tveir landar vorir hefðu orðið fyrir voðalegu slysi. Þeir A. Breiðfjörð, trésmiður í Victoria borg, og félagi hans J. Mýrdal, höfðu verið að elta smádýr eitt í gömlum námagöngum við C. P. R. brautina fyrir vestan Camloops. Með þeim hafði verið maður að nafni Beckwith, og hafði hann komið auga á dýrið og hleypt af byssu sinni. Við skotið varð alt í einu sprenging þar í göngunum, og sprakk allur framhluti þeirra algerlega í sundur. Og hyggja menn að dynamit kassi hafi verið í göngunum og kúlan hitt hann, og hafi það orsakað sprenginguna. Breiðfjörð tættist í smástykki, sem sum hentust 100 fet, en Mýrdal hélt lífi en skaðaðist mjög, og var fluttur á spítala í Camloops bæ. Beckwith, sem var fyrir utan mynnið á göngunum og á hlið, til að passa upp á dýrið, er það kæmi út, komst óskemdur undan.

OGILVIE'S
Royal Household Flour

Til Brauð og Köku Gerðar

OGILVIE'S ROYAL HOUSEHOLD

Gefur Ævinlega Fullnæging

EINA MYLLAN Í WINNIPEG,—LÁTIÐ HEIMAIÐNAÐ SITJA FYRIR VIÐSKIFTUM YÐAR.

Íslands fréttir.

Guðmundur Jónsson, bóndi í Þingnesi, druknaði í sandbleytu í Hornafjarðarfljótum. Hann var fertugur og eftirlætur ekkju og 5 börn.

Síldarafli lítill Norðanlands í sumar, ekki meira enn helfingur við það, sem var í fyrra. En síldarverð óvenjulega hátt. Fólk það, sem ætlaði að stunda síldarvinnu í sumar við Eyjafjörð og Siglufjörð hefir því haft mjög litla atvinnu.

Barnaveiki hefir komið upp á bæ einum í Dalasýslu. Þar létust 2 unglingar.

Í Steingrímsfirði var mokafli af þorski síðast í ágústmánuði sl. og voru Ísfirðingar farnir að sækja þangað fiskiveiðar á mótor-bátum sínum.

Íslenzk smjör hækkað í verði á Skotlandi, svo að það seldist í miðjum september fyrir alt að shilling, að kostnaði frádregnum.

Nýjustu landhagsskýrslur sýna, að fyrir 2 árum (31. des. 1907) voru á Íslandi 82,500 íbúar, ætti því nú að vera rúmlega 85 þúsundir.

Á Seyðisfirði var góður síldar- og fiskafli um miðjan sept. Sumir vélabátar búnir að fá 100 skipp. af fiski og þar yfir. Yfir þúsund tunnur af síld höfðu veiðst. Útlit fyrir góða vertíð, en fiskverð lágt.

"Brennivínsfélagið" svo nefnda, sem myndað var í Reykjavík fyrir nokkurum mánuðum, til þess að vinna gegn aðflutningsbannslögunum, hefir nú á fundi 2. sept. gert formlega myndun sína, og kosið sér eftirtalda stjórnendur: Einar Helgason garðyrkjumaður, Halldór Jónsson yfirdómari, Júlíus Halldórsson læknir, Magnús Einarsson dýralæknir, Matthías Einarsson spítalalæknir, Sigurður Briem póstmeistari, SigurðurThoroddsen adjunkt, og endurskoðunarmenn: Guðjón Sigurðsson úrsmiður, Eggert Claessen yfirréttarmálfærslumaður. Samþykt að félagið skyldi heita "Þjóðvörn".

Niðursuðu verksmiðjan 'Ísland' á Ísafirði fékk "Diploma" á sýningunni í Árósum, fyrir niðursuðu á fiski og kjöti. Vörur frá verksmiðju þessari höfðu verið einu íslenzku vörurnar, sem sýndar voru á þeirri sýningu.

Hús fauk í Skálavík í Norður-Ísafjarðarsýslu 20. ágúst sl.. Tveir menn sváfu í því, og var annar kominn á fætur, er óhappið vildi til, en hinn lá í rúminu. Rétt við rúm hans stóð cements tunna, og var sá hluti gólfsins, er hún og rúmið stóðu á, eftir, er húsið fauk, svo manninn í rúminu sakaði ekki.

Austfirðingar héldu þjóðhátíð á Seyðisfirði 15. ágúst sl.

Privat bankinn í Kaupmannahöfn hefir boðið Íslandsbanka að taka aðstoðarmenn hans og hafa þá þar í bankanum 4 mánuði hvern. Íslandsbanki hefir þegið boðið, og sendi þangað einn aðstoðarmanna sinna, Viggo Björnsson, í því skyni.

Nú er byrjað á að byggja gasstöð í Reykjavík. Að því vinna milli 10 og 20 þjóðverjar.

Konráð Stefánsson frá Flögu er orðinn ritstjóri Ingólfs.

Ný skáldsaga komin út eftir Guðmund Magnússon. Hún er framhald af "Heiðarbýlinu" og nefnist "Grenjaskyttan".

Bréf á skrifstofu Hkr. eiga: —

Mrs. Arndís Sigurðardóttir, frá G. P. Einarsdóttir í Reykjavík.

Miss Thorun Baldvinsdóttir, frá Ísafirði.

Sölvi Sölvason, frá móður hans í Bíldudal á Vesturlandi. Þetta síðasta bréf hefir verið hjá Hkr. í 18 mánuði og hefir verið margauglýst. Ef einhver veit um heimilisfang þessa manns, þá ætti sá, að tilkynna það hingað á skrifstofuna

"Andvökur"

LJÓÐMÆLI EFTIR
Stephan G. Stephansson

Kosta, í 3 bindum, $3.50, í skrautbandi.

Tvö fyrri bindin eru komin út, og verða til sölu hjá umboðsmönnum útgefendanna í öllum íslenzkum bygðum í Ameríku.

Í Winnipeg verða ljóðmælin til sölu, sem hér segir:

Hjá Eggert Jóhannssyni, 689 Agnes St., EFTIR KL. 6 AÐ KVELDI.

Hjá Stefáni Péturssyni, AÐ DEGINUM, frá kl. 8 f.h. til kl. 6 að kveldi, á prentstofu Heimskringlu.

Hjá H. S. Bardal, bóksala, Nena St.

Hjá N. Ottenson, bóksala, River Park, Winnipeg.

Utanbæjarmenn, sem ekki geta fengið ljóðmælin í nágrenni sínu, fá þau tafarlaust með því að senda pöntun og peninga til Eggerts Jóhannssonar, 689 Agnes St., Winnipeg, Man.

Wall Plaster

Með því að venja sig á að brúka **"Empire"** tegundir af Hardwall og Wood Fibre Plaster er maður hár viss að fá beztu afleiðingar.

Vér búum til:

"Empire" Wood Fibre Plaster
"Empire" Cement Wall "
"Empire" Finish "
"Gold Dust" Finish "
"Gilt Edge" Plaster of Paris
og allar Gypsum vöruuteg-undir. —

Eigum vér að senda yður bækling vorn?

MANITOBA GYPSUM CO. LTD
SKRIFSTOFUR OG MILLUR Í
Winnipeg, - Man.

Heimskringla
Published every Thursday by The Heimskringla News & Publishing Co. Ltd

Verð blaðsins í Canada og Bandar. $2.00 um árið (fyrir fram borgað). Sent til Íslands $2.50 (fyrir fram borgað af kaupendum blaðsins hér $2.00.)

B. L. BALDWINSON
Editor & Manager

Office:
729 Sherbrooke Street, Winnipeg
P.O. BOX 3083. Talsími 3512.

Skrifið ættingjunum.

Við og við, miklu oftar en ókunnuga rennur grun í, koma kvartanir í bréfum frá Íslandi um það, hve Vestur-Íslendingar séu pennalatir. Þeir annaðhvort skrifi alls ekkert til ættingjanna heima, eða þá svo sjaldan og ómerkilega lítið og óljóst, að ekkert sé á því að græða um líðan þeirra hér eða framtíðarhorfur.

Hvað eftir annað kemur það fyrir, að foreldrar á Ísland, rita hingað vestur, oft sér alls óþektu fólki, til þess að leyta upplýsinga um börn sín eða önnur skyldmenni, sem þau hafa hjálpað til að koma til Ameríku í þeirri von, að þau gætu hér trygt sér betra lífsuppeldi og öruggari framtíð, en þau sáu fram á, að fyrir þeim lægi á Íslandi. Og margt foreldri hefir orðið að taka efnalega nærri sér til þess að hjálpa börnum sínum vestur. Í fæstum tilfellum munu þau hafa bygt á, að njóta efnalegs stuðnings frá börnunum, er þau voru kingað komin, eða að þau sýndu lit á, að launa það, sem kostað hafði verið til þeirra, eða til þess að koma þeim vestur. En flest munu foreldrin þó hafa alið þá eðlilegu von í brjósti, að börnin mundu sjá sóma sinn í því, að loka þeim að frétta af sér — senda þeim smámsaman skrífleg skeyti og skýra frá ástandi sínu eftir komuna hingað vestur, og væntanlega hafa þær vonir ræzt í flestum tilfellum. En svo hefir þó farið, að sum börnin hafa ekki látið frá sér frétta, annaðhvort aldrei skrifað heim eftir að þau komu hingað vestur, eða þá áritað bréf sín svo illa og ranglega, að póststjórnin hér hefir ekki séð sér fært, að senda þau úr landi, heldur tekið þau í tölu týndra bréfa eða "dauðra", eins og það er nefnt hér. Og í báðum tilfellunum hefir afleiðingin orðið sú sama, — nefnilega sú, að foreldrar og ættingjar heima hafa engin skeyti fengið, og börnin hafa verið þeim glötuð. Þetta verður ættingjum og venzlafólki heima hið mesta hrygðarefni og vonbrigði. Þeir áttu ekki von á þessu ræktarleysi af barnanna hálfu, og þeim er það óskiljanlegt, hvað það geti verið, sem svo hafi breytt hugarfari þeirra strax og þau komu hingað vestur, að þau séu ófáanleg til þess, að láta nánustu skyldmenni sín og velgerðamenn á Íslandi vita nokkuð um hagi sína hér. — Þegar svo ættingjarnir heima biða með óþreyju ár eftir ár eftir fréttum að vestan, þá vill það einatt til, að í héruðum þeirra heima gjósa upp sögur um ófarir þessara vesturfara. Það er sagt, að þeir hafi lent í hendur algerlega viltra Indiána, sem skjótlega hafi svift þá lífi og flegið höfuðleðrin af þeim; eða þá að þeir hafi lent út á glapstigu og verið dæmdir í æfilangt fangelsi; eða þeir hafi vilst í óbygðunum, af því að svo langt sé milli húsa Íslendinga í frumskógunum hér vestra, og hafi orðið rándýrum að bráð, sem hafi étið þá upp til agna, — aðeins tætlur af fötum þeirra hafi fundist. — Margar slíkar sögur eru sagðar heima, jafnvel nú á tímum, og anka þær ekki á hugarrósemi foreldra og vandamanna, sem bíða eftir bréfum frá börnum, ættingjum og vinum, sem vestur hafa farið, — bréfum, sem aldrei koma, af ástæðum, sem að framan eru taldar.

Þegar þessar sögur fara að verða hljóðberar, þá þola foreldrarnir, ættingjarnir og vinirnir ekki lengur biðina, og þá er það, að þau taka til þeirra úrræða, að skrifa einhverjum hér vestra, sem þeir hyggja að geti veitt sér eftirþráðar upplýsingar um þá týndu. Á meðan eru börnin þeirra langoftast hér í bygðum Íslendinga, og líður vel, en hirða ekki um, að senda foreldrum sínum eða öðrum ættmennum nokkurt skeyti.

Oft er það líka, að þessir vesturfarar eftir að hafa skrifað heim, fá engin svör þaðan, og fyllast svo kergju yfir því, að fólk þeirra heima skuli ekki vilja hafa bréfaskifti við þá, og svo hætta þeir öllum tilraunum til að halda uppi bréfasambandi við ættingjana. En þá grunar ekki, að ástæðan til þessara vonbrigða sé þeim sjálfum að kenna, og mun það þó í flestum tilfellum vera orsökin.

Til dæmis má nefna "A", sem hingað kom vestur í fyrra. Hann ritaði "B", bróður sínum, sem heima á á Vesturlandi. Bréfið var illa skrifað, nálega hvert orð skakt stafað, og áritun sú, sem hann gaf til sín hér vestra, öll ramvitlaus, svo að það hefði verið ómögulegt að koma til skila bréfi til hans með slíkri áritan. En utanáskriftin á bréfinu til B var rétt, að öðru leyti en því, að undir hana var ritaði: — "Manitoba, Canada".

Nú er það vitanlegt, að enginn staður á Íslandi getur verið í Manitoba, Canada, og þessvegna leyfði póststjórnin ekki þessu bréfi að fara úr landi, en setti það í flokk "dauðra" bréfa. Þó nú A skrifaði mánaðarlega í tíu ár ættingjum sínum og vinum á Íslandi, þá gæti hann aldrei fengið svar þaðan aftur, svo lengi sem hann héldi áfram að skrifa "Manitoba, Canada" neðst á umslagið eins og part af sjálfri áritaninni. Enginn efi getur verið á því, að vesturfararnir vita, að heimili vina þeirra og ættingja heima er ekki í Canada. En hvers vegna þeir eru þá að skrifa ofangreind orð utan á Íslands bréf sín er óskiljanlegt. — Ýms dæmi þessu lík mætti nefna, en þetta, sem sýnt hefir verið, er nóg til þess að sýna hvers vegna það er, að slík bréf geta ekki komið til skila.

Vestur-Íslendingar ættu að gera sér það að fastri og ófrávíkjanlegri reglu, að halda uppi bréfaskriftum við ættingja sína heima. Eitt bréf á hverjum 4 mánuðum, eða 3 bréf á ári, er hæfilegt, og 5-centa póstgjald á hvert þeirra, eða 15 cents á ári, er lítið eða engu meira en hálfrar stundar vinnulaun, og munar engann um þau útgjöld, — að eins þarf fólkið að hafa vilja og nenningu til þess að skrifa. Það gerir minna, þó bréfin séu fáorð, betra að þau séu stutt og fáorð, en að satt sé sagt frá í þeim, heldur enn þau séu löng og fylt af fregnum, sem lítið eða ekkert er að marka, eins og alt of oft hefir átt sér stað á liðnum árum.

Vesturfararnir skulda ættingjum sínum á Íslandi það, að láta þá vita hvar þeir eru niðurkomnir og hvernig þeim líður.

Bréf.

(Sent Heimskringlu).

Heiðraði kunningi: —

Þú spyrð mig ,hvernig mér litist á prestadeilurnar og ritgjörðir þær, sem koma eins og skæðadrífa á viknafresti. Ég hefi ekki margt að segja um þessi kirkjulegu deilumál. Þau eru ekki stórmerkileg að áliti mínu. Að vísu sýna þau trúarbragða mentunarástand meiri hluta Vestur-Íslendinga. Deilurnar milli séra Jóns og séra Friðriks eru sagðar að vera um innblástur ritningarinnar. Séra Jón játar hann en séra Friðrik neitar honum á óákveðinn hátt.

Frá aldaöðli hefir mannkynið verið að skifta um guði og átrúnað, eftir því sem mentunarástand hefir þróast fram á við. Það hefir skapað guðina eftir sér, og þá þroskaðri og göfugri eftir því, sem það sjálft náði þeim stigum. Það hefir stöðugt skift um bústaði þeirra. Í öndverðu voru þeir á stöðlum og stoðum. Grikkir fluttu þá upp á fjöll, Rómverjar upp í himininn, Júðar inn í himininn, — bjuggu til himnaríki. Júðar snöru sköpun mannsins á guði, og sögðu að guð hefði skapað manninn eftir sinni eigin ásjónu. Gyðingaguðinn er algóður og alvitur. Hann er líka svo reiðgjarn, að reiðieldur hans brennur alt til neðsta helvítis segir meistari Vidalín. Þetta er guðinn, sem Sameiningin heldur við og séra Jón. En guð sá, sem séra Friðrik aðhyllist, er góður og meinlaus, hefst lítið að, kemur aldrei á mannamót eða samkomur.

Séra Friðriks-menn eru hálf úfnir yfir því, að Sameiningar-menn neyddu þá til útgöngu á síðasta þingi. Það finst mér, að séra Friðrik og þeir ættu ekki að vera, þar sem kunnugt er, að þeir þóttust vera orðnir haftsárir í Kirkjufélaginu. Þeir mega sannarlega þakka sínum sæla guði fyrir umskiftin. Þeir sjá sína fornu trúbræður eftir berjast um í höftunum, hnikkja í taugar, en þessi gamli guð reiðinnar þokast hvergi. Sjö prestar, einn læknir og einn fyrverandi kaupmaður hafa fengið sér viðspyrnu í Heimskringlu og hafa lagst þar eins fast í taugar, sem berserkir og bjámenn væru. En alt situr við sama keipinn fast. Getur nokkurum heilvita manni skilist það, að allar þessar feiknalöngu ritgjörðir í Heimskringlu sanni eitt orð af eða á um innblástur ritningarinnar? Það get ég ekki skilið. Þær eru um fundarhöld og smákrit úti um sveitir, og þýðingar á vissum lýsingarorðum eru hártogaðar á báðar hliðar, með fleiru enn þá smávægilegra. Allan þennan leik er ekki hægt að kalla annað en skripaleik, leikinn upp á bibliulega vísu. Það er mannaforráð, sem þeir séra Jón og séra Friðrik heyja baráttuna um, enn ekki bókstafsinnblástur. Jón prestur hefir haft mest mannaforræði hér vestan hafs, gerist nú gamlaður og lúinn, en vill ógjarnan láta Friðrik prest taka mannaforræði með valdi.

Hvernig þessi deila endar, er ei séð. Rýmkun trúarbragða hlýtur að fara óðfluga fram á við. Menn geta ei búið við hugmyndir austur og suðurlanda-búa, sem lifðu fyrir 2 til 5 þúsund árum síðan. En hvort þessum prestum endist aldur, að deila til fullnustu um mál þetta, og afla sér mannaforráða, er ósið að svo komnu. — Nenni ég ei að fjölyrða meira um þetta prestamál.

Real Stúdent.

Úr bréfi frá Dog Creek

Klukkan 2 á sunnudaginn þann 19. þ.m. gaus upp eldur hér 2 mílus norður af mér í skógunum á milli Dog Creek og Siglunes. — Þegar ég sá reykjarmökkinn, hljóp ég á stað með tveimur elztu drengjum mínum, og gerði um leið aðvart nágranna mínum Jóni Jónssyni, sem var fljótur að slást í förina. Eldurinn var tæpa mílu frá honum, en sást ekki fyrir skógi og hvass vindur var af vestri. Og þegar við komum að eldinum, var hann svo magnaður orðinn, að við gátum ekki að gjört, og héldum því til baka, en hugðum að heyja stríð við hann á brautarlínu, er nýlega var gerð í gegn um skóginn. Ég hafði sent boð vestur í Siglunes bygðina, og taldi ég vísa hjálp þaðan, enda brást það ekki. Um sólsetur lægði vindinn, og héldum við þá 6 á stað (því einmitt þá kom hér norður frá Clarkleigh P.O. hr. Benedikt Rafnkelsson til að kaupa gripi, og sló hann strax í förina með frænda sínum Jóni Magnússyni). Þegar þar kom, voru 6 menn komnir að vestan, og bardaginn byrjaður, og var ekki spurt að sökum, en rauður barinn miskunnarlaust, þar til ekkert sást í myrkrinu utan glyrnur hans hingað og þangað um brunabeltið. En það töldum við víst, að eldurinn væri víða í jörðunni og niðurföllnum trjábolum. Við tókum okkur svo litla hvíld, því nú var önnur þraut fyrir hendi, að komast út úr skóginum í myrkrinu kl. 1 um nóttina. Við lögðum þó bráðlega á stað, nú 12 saman, og við vorum sannarlega ekki öfundsverðir af þeirri ferð, en heim komumst við allir einhverntíma um nóttina.

Morguninn eftir héldum við aftur á stað, og drifu nú menn að úr öllum áttum. Reykjarmökkurinn hafði sést alla leið norður að Narrows, og komu 12 menn að norðan, riðandi og keyrandi í loftköstum (Sigurgeir Pétursson og nágrannar hans), því allir skyldu, hver ógna voði gat verið á ferðum fyrir alla bygðina, ef eldur næði að breiðast út, eins og alt er skrælnað og þurt. Og áður en menn skildu um kveldið, voru 2 menn ráðnir til að vakta eldinn, að hann næði ekki að blása upp aftur, og eru þeir nú að grafa skurði, þar sem helzt eru líkur til að hætta sé, að eldurinn blási upp aftur.

Þannig hafa bygðarbúar með snarræði sínu og góðum félagsskap frelsað bygðina frá mikilli og óhjákvæmilegri eyðileggingu, þar sem má heita, að ofsaveður sé hér nú daglega af ýmsum áttum, og má því búast við, að eldar þessir hefðu læst sig um alla bygðina, og höfum við hér fullar líkur, þar sem hér skamt fyrir austan Indian Reserve hefir verið uppi eldur nú á annan mánuð, og að sjá aldrei voðalegri en einmitt nú. Hann mun hafa byrjað austur af suðurendanum á Dog Lake, og er nú sagður kominn alla leið norður fyrir og líklega suður undir Scotch Bay. Þessi eldur hefir brent upp hey manna, en ekki hefi ég heyrt greinilega hve mikið. Það er að sjá héðan eitt eldhaf 10 til 15 mílur, og er þó ef til vill mikið meir, og enginn veit, hvern endir það kann að hafa.

Heyskapur gekk hér vel í haust, þó vindasamt væri var nýting góð, því aldrei gat heitið að dropi kæmi úr lofti, svo nú hafa allir nóg hey fyrir veturinn.

Það hefir dregist þar til í dag, 27. september, að senda þetta bréf á pósthúsið, svo ég hefi því við að bæta, að í gærkveldi sáum við hér stórt eldbál fyrir vestan Manitobavatn, norðan við Sandy Point og sá ég vel í kíkir, hvað eldurinn þeyttist norður með miklum ógnarhraða, því mikill vindur var af suðri.

Ekki er okkar eldur útdauður enn, lifir víða í jörðunni, og líklegast að við megum vakta hann í alt haust, ef ekki rignir því meir. Því þó skúr komi, vinnur það ekkert á hann héðan af.

Stuttar athugasemdir.

Út af grein hr. Hjálmars A. Bergmanns í síðustu Hkr. um "Yfirlýsingu prestafundarins" bið ég Heimskringlu fyrir þessar athugasemdir til bráðabirgða.

1. Oss prestunum sjö fanst að vér hafa sama rétt til þess eins og aðrir menn, að láta í ljós skilning vorn á þeim atriðum í ágreiningsmálinu, sem um ræðir í Yfirlýsingunni. Hvort sem vér allir vorum á kirkjuþingi eða ekki, og hvort sem vér allir greiddum þar atkvæði eða ekki, þykjumst vér ekki standa ver að vígi en aðrir menn hér í landi og á Íslandi með að fara nærri um það, sem ágreiningi veldur og það, sem samþykt var á kirkjuþingi. Vér létum í ljós sameiginlegan skilning vorn um tvö atriði. Vér þykjumst hafa sama rétt til þess eins og aðrir, og vítum ekki til, að vér séum vítaverðir fyrir það. Sýni menn bróðurlega fram á það, að vér höfum misskilið. Illyrði um oss persónulega látum vér oss engu skifta.

2. Hr. H. A. B. hefir raunalega misskilið yfirlýsingu vora, og alt hjal hans er út í hött. Vér vorum alls ekki að mótmæla því, að ágreiningurinn væri um innblástur ritningarinnar. Datt ekkert slíkt í hug. Vitum vel, að eitt aðal-atriði deilunnar er innblásturinn. Öll tilfærð orð í ritgerðum vorum stöndum vér við hjartanlega. En vér vorum að skýra frá því, að ágreiningurinn væri ekki BÓKSTAFS-innblástur. Vér vildum taka það fram, að vér könnumst alls ekki við það, að vér aðhöllumst þá kenningu um innblástur, sem kölluð er bókstafs-innblástur — á ensku verbal eða mechanical innblástur. Sú innblásturs kenning er í því fólgin, að ekki bara efnið, heldur líka orðalagið og allur ytri búningur efnisins hafi verið guðlega innblásið í frumtextanum. Þeir, sem þá hugmynd gera sér um innblásturinn, halda fram, að höfundar biblíuritanna hafi verið eins og dauð verkfæri og ósjálfráðir eins og penninn í hendi þess, er ritar. Sú kenning er mjög svipuð því, er andatrúarmenn kenna nú um ósjálfráða skrift miðla sinna. Miðillinn skrifar ósjálfrátt undir leiðsögu andanna. Vér álítum að innblásturinn eigi við efnið, innihaldið. En þessari bókstafs-innblásturs kenningu höfnum vér. Sú tegund innblásturs-kenningar, sem kölluð er bókstaflegur innblástur, er sérstök og hefir sögulega merkingu. Nýtt kirkjublað hafði skilið það svo, að vér aðhyllumst þessa sérstöku innblásturs-kenningu. Vér létum það og alla aðra vita, að það væri algerlega rangt. Þar fyrir höldum vér vitanlega fast við þá kenningu ritningarinnar sjálfrar, að hún sé af guði innblásin.

3. Hr. H.A.B. hæðist að því, að ég sagði í bréfi til Gardar-safnaðar, að til lúterskrar kirkju í Bandaríkjum tejist um tólf miljónir sálna. Ég er að vona, að ég geti komið honum til að trúa því. Væri hann dálítið kunnugur því, hvernig skýrslum kirkjunnar er háttað, hefði hann ekki fett fingur út í þetta. Í safnaða-skýrslum lútersku kirkjunnar, sem farið er eftir í Lutheran, eru að eins taldir communicant members — þ. e. þeir menn, sem termdir eru, innritaðir eru í safnaðafélög og taldir eru altarisgestir. Við tölu þeirra á Lutheran. En hefir hr. H.A.B. þá ekki líka lesið það í Lutheran, að tala þeirra, er til lúterskrar trúar teljast í Bandaríkjunum, eé um tólf miliónir? Eða er ekki eins að trúa blaðinu í einu tilfelli eins og öðru? Skiljanlegt ætti það að vera mönnum, að fleiri sé þeir menn, er til lúterskrar kirkju teljast, en þeir, sem fullorðnir eru, á safnaðaskrám standa og til altaris ganga. Tökum vorn eigin þjóðflokk til dæmis. Gizkað er á, að nær 30 þús. Íslendingar búi hér í landi. Í öllum lútersku söfnuðum Íslendinga í Vesturheimi nær þó tala fermdra meðlima ekki fimm þúsundum. Sannarlega telja sig þó miklu fleiri til lútersku kirkjunnar, sjálfsagt stór meirihluti fólksins. Svipað þessu stendur á með aðra þjóðflokka tilheyrandi lútersku kirkjunni. Nákvæmlega verður ekki gefin tala þeirra, sem hér í landi "teljast til lútersku kirkjunnar", en þeir, sem það hafa bezt rannsakað, segja það sé "um tólf miljónir". Auk þess sem ég vil ráðleggja hr. H.A.B., að lesa betur Lutheran, vil ég vísa honum á síðustu útgáfuna af bók Dr. Lenkera: Lutherans in all Lands. Þar getur hann lesið skýrslur um tölu lúterskra manna í Bandaríkjunum og öðrum löndum.

Björn B. Jónsson.

Til Gunnsteins Eyjólfssonar:

Háttvirti herra!

Gerðu svo vel fyrir mig, að semja lag við eftirfarandi söngvísu: —

NÝJA GUDFRÆDIN.

Ég er kraftur aldarandans,
eyðileggíng gamla fjandans,
trygg olía' á trúarlampann,
traust að auka vonarglampann.
Þoku' ég blæs frá sagna-sólu,
set burt kvíða dauðann njólu,
ávöxtur og eplin hans
eðlisdóttir guðs og manns.

Í beztu von um góðan árangur, bið ég þér alls góðs.

John S. Laxdal.
leikmaður.

FRÚIN SEGIR VIÐ VINNUKONU SÍNA:

"Ég skal strax taka það fram við þig, að ég get ekki liðið málæði, — en ef þú kemst eftir einhverjum skemtilegum nýungum, þá skal ég með ánægju hlusta á þig, ef þú vilt segja mér þær".

BIFREIDARSTJÓRINN: "Það var þó heppilegt, að það var lögregluþjónninn sjálfur, sem við ókum yfir, annars hefði hann skrifað hjá sér bifreiðarnúmerið, óþokkinn sá".

EGG geymast betur sé þeim daglega snúið, því þá hvílir rauðan ekki ávalt í sömu hliðinni, og síður hætt við, að hún festist við skurinn.

Fyrirspurn.

Herra ritstj. Hkr.

Getur þú gert svo vel og svarað eftirfylgjandi spurningu.

Hvað segist á því, að biðja um peninga með því yfirskyni, að þeir eigi að vera handa einhverjum veikum og nauðlíðandi, ef svo kemst upp, að þeir (peningarnir) hafi ekki verið ætlaðir neinum veikum, heldur að sá, sem tók að sér að veita peningunum móttöku, hafi beint ætlað þá til að byggja sér upp framtíðar atvinnu?

Ólögfróður spyrjandi.

SVAR. Það mundi talin sviksemi og liggja hegning við.

Ritstj.

KÆRU SKIFTAVINIR!

Nú um þessar mundir er ég að búa út reikninga, sem sendir verða öllum, sem skulda mér nokkuð, og sýna þeir reikningar upphæð skuldarinnar upp að fyrsta okt. Og vil ég vinsamlega mælast til, að borgað verði fljótlega, þó ekki væri nema partur af skuldinni, og hinn parturinn þá seinna, þegar annir minka.

Um leið og ég minni viðskiftavini mína á þetta, vil ég líka minna á, að allar vörur verða hér eftir seldar með miklum afslætti, og vörubirgðir hjá mér meiri en nokkru sinni áður hefir verið. Sérstaklega seljum vér karlmanna alfatnað ódýrt, og allar bændavörur kaupum vér með geypiverði: — Smjör 23c pd., Egg 23c dúsinið, Húðir (nýjar) á 9c pd. Mig vantar 100 dúsin af heima tilbúnum ullarvetlingum, sem ég borga fyrir 20c parið. — Næstu viku seljum vér salttunnur á $1.65. Og 20 pd. af mola- eða möluðum sykri fyrir dollarinn með fimm dollara verzlun.

Enníremur seljum vér næstu viku hveitimjöl, "Cavalier Best Patent", fyrir $2.85 hundrað pund.

Munið eftir, að lesa auglýsingu frá mér í þessu blaði næstu viku.

Með þökk fyrir góð viðskifti.

E. THORWALDSON
Mountain - - N. Dak.

Sparið Línið Yðar.

Ef þér óskið ekki að fá þvottinn yðar rifinn og slitinn, þá sendið hann til þessarar fullkomnu stofnunar.

Nýtízku aðferðir, nýr vélaútbúnaður, en gamalt og æft verkafólk.

LITUN, HREINSUN OG PRESSUN SÉRLEGA VANDAÐ

Modern Laundry & Dye Works Co., Ltd.
307—315 Hargrave St.
WINNIPEG, MANITOBA
Phones: 2300 og 2301

Mrs. Williams

er nýkomin til baka úr ferð sinni um gamla landið. Hún fór þangað til að skoða beztu kvenhatta verkstæðin og valdi þar mesta úrval af alls konar kvenhöfuðbúnaðarskrauti og höttum. Hún óskar, að isl. konur vildu skoða vörur sínar sem hún er viss um þeim mundi geðjast að. Verðið sanngjarnt.

704 NOTRE DAME AVE.
23-12-9

The ALBERTA Hreinsunar Húsið

Skraddarar, Litarar og Hreinsarar. Frönsk þur- og gufuhreinsun. Fjaðrir hreinsaðar og gerðar hrokn ar. Kvenfatnaði veitt sérstakt athygli. Sótt heim til yðar og skilað aftur. Allskonar aðgerðir. Fljót afgreiðsla. Verð sanngjarnt. Opið á kveldin. FÓN: Main 3466.

660 Notre Dame Ave., Winnipeg
23-9-10

Dr. M. Hjaltason,
Oak Point, Man.

Jónas Pálsson,
SÖNGFRÆÐINGUR,
Útvegar vönduð og ódýr hljóðfæri.
460 Victor St. Talsími 6803.

Jóhanna Olson
PIANO KENNARI
557 Toronto St. Winnipeg

Sv. Björnsson,
EXPRES-MADUR,
annast um alls kyns flutning um borgina og nágrennið. Pöntunum veitt móttaka á prentstofu Anderson bræðra, horni Sherbrooke og Sargent stræta.

JÓN JÓNSSON, járnsmiður, að 790 Notre Dame Ave. (horni Toronto St.) gerir við alls konar katla, könnur, potta og pönnur fyrir konur, og brýnir hnífa og skerpir sagir fyrir karlmenn. — Alt vel af hendi leyst fyrir lítla borgun.

VEITIÐ ATHYGLI!

Nú gefst yður tækifæri á, að eignast heimili og bújarðir með sanngjörnu verði.

Hús og bæjarlóðir til sölu og skift fyrir bújarðir. Einnig seljum við og skiftum bújörðum fyrir bæjareignir, útvegum kaupendur fyrir eignir yðar, og önnumst um alls konar sölu og skifti.

Við útvegum peningalán með rýmilegum skilmálum, tökum hús og muni í eldsábyrgð, og séljum lífsábyrgðar skírteini með sérstökum hagsmunum fyrir hluthafa fyrir bezta og áreiðanlegasta Bandaríkjafélag. Komið og finnið oss að máli, og skrásetjið eignir yðar hjá oss. Fljótum og áreiðanlegum viðskiftum lofað.

The MONTGOMERY Co.
K.B. Skagfjörð, ráðsmaður.
Rm. 12 Bank of Hamilton
Cor. Main & McDermott.
Skrifstofu talsími, Main 8317.
Heimills talsími, Main 5223.

ROBLIN HOTEL
115 Adelaide St. Winnipeg
Besta $1.50 á-dag hús í Vestur-Canada. Keyrsla ókeypis milli vagnstöðva og hússins á nóttu og degi. Aðbúnaður allur bezta. Vínföng og vindlar. Íslendingar ávallt velkomnir. William Ave strætisvagnar fara hjá húsinu
O. ROY, eigandi.

Gimli Hótel
G. E. SÓLMUNDSSON
eigandi
Óskar viðskifta Íslendinga sem heimsækja Gimli-bæ. — Þar er beini beztur í mat og drykkjarföngum, og aðbúð gesta svo góð sem frekast er hægt að gera hana. Hótelið er við vagnstöðina.
Gistið að Gimli-Hótel.

JIMMY'S HOTEL
BEZTU VÍN OG VINDLAR.
VÍNVEITARI T.H.FRASER,
ÍSLENDINGUR.
James Thorpe, Eigandi

A. S. TORBERT'S
RAKARASTOFA
Er í Jimmy's Hótel. Besta verk, ágæt verkfæri; Rakstur 15c en Hárskurður 25c. — Óskar viðskifta Íslendinga. —

MARKET HOTEL
146 PRINCESS ST. á móti markaðnum
P. O'CONNELL, eigandi, WINNIPEG
Beztu tegundir af vínföngum og vindlum, aðhlynning góð, húsið endurbætt

Woodbine Hotel
Stærsta Billiard Hall í Norðvesturlandinu
Tíu Pool-borð.—Alskonar vín og vindlar
Lennon & Hebb,
Eigendur

The Dominion Bank
NOTRE DAME Ave. BRANCH Cor. Nena St.
VÉR GEFUM SÉRSTAK AN GAUM AÐ SPARISJÓÐS-DEILDINNI. —
VEXTIR BORGAÐIR AF INNLÖGUM.
HÖFUÐSTÓLL - - - $3,983,392.38
SPARISJÓÐUR - - $5,300,000.00
H. A. BRIGHT, MANAGER.

Giftingaleyfisbréf
selur: Kr. Ásg. Benediktsson
540 Simcoe st. Winnipeg.

Arena Rink
Undir nýrri stjórn
Opinn fyrir Hjólskauta skemtun
Hornaflokkur á kveldin.

Hin upphaflega lögbundna stefna kirkjufélagsins.

Nú er mikið talað og ritað um hina upphaflegu lögbundnu stefnu kirkjufélagsins. Á því standa nú höfuðprestar þess fastar en fótunum (á ritvellinum), í þeirri deilu, sem nú er uppi út af ágreiningsmálunum frá síðasta kirkjuþingi, að kirkjufélagið, eða þeir, sem fylgja meiri hluta síðasta kirkjuþings að málum "haldi fast við hina upphaflegu, lögbundnu stefnu kirkjufélagsins". Þessari staðhæfingu er haldið fram í flestum ritgerðum, sem nú birtast á prenti frá þeirri hliðinni. Seinast er þetta að nokkru leyti tekið fram og fyllilega gefið í skyn í opnu bréfi frá forseta kirkjufélagsins til Gardarsafnaðar, dags. 4. ágúst 1909, og sem birt er í 24. árg. Sam., nr. 6. Um leið er látið í veðri vaka, að minnihlutinn á síðasta kirkjuþingi, og þeir, sem honum fylgja að málum, hafi skift um skoðanir og aðhylst einhverja nýja trúarstefnu, sem sé svo frásnúin "hinni upphaflegu, lögbundnu stefnu kirkjufélagsins", að þær tvær stefnur geti ekki lengur verið undir sama þaki. Enda var trúarstefna minnihlutans gerð réttlaus og ræk úr kirkjufélaginu á síðasta kirkjuþingi, eins og kunnugt er.

Til þess nú að menn geti náð áttunum í þessu máli og villist ekki út frá aðal-efninu, og lendi ekki út í vegleysur og ókleyfar ógöngur í öllu moldrykinu, sem þeir þyrla upp, sem nú halda mest uppi málstað meirihlutans, til að villa vegfarendum sjónir, — finst mér það vera aðallega þrjár aðstöður, sem ferðamaðurinn hlýtur að setja vel á sig og halda sér stöðugt við: —

1. HVAÐ GREINIR Á UM?

2. HVER ER HIN UPPHAFLEGA, LÖGBUNDNA STEFNA KIRKJUFÉLAGSINS, AÐ ÞVÍ ER ÁGREININGS ATRIÐIN SNERTIR.

3. HVOR HLIÐIN HELDUR SÉR BETUR VIÐ ÞÁ STEFNU?

Um hvað er ágreiningurinn? — Það getur hver sem vill fengið að sjá með því, að lita í gjörðabók síðasta kirkjuþings í Áramótum 1909, bls. 152—162. Þar getur að lita tillögu Friðjóns Friðrikssonar, sem meirihlutinn samþykti, — mina tillögu, sem borin var upp til samþyktar fyrir hönd minnihlutans og þingið feldi, — tillögu séra Fr. Hallgrímssonar, sem hann bar fram til miðlunar í ágreiningsmálinu og sömuleiðis var feld með þeim ummælum frá einum leiðtoga meirihlutans, að sú tillaga væri s l æ ð u r, sem ætti að koma þinginu til að breiða ofan á ágreiningsatriðin, — tillögu Hjálmars Bergmanns, sem þingið feldi allan seinni partinn úr, frá orðunum "þrátt fyrir það", — yfirlýsingu Hjálmars Bergmans og og annara kirkjuþingsmanna um það, hverra orsaka vegna þeir gengu af þingi, — úrskurð forsetans út af þeirri útgöngu, sem hann gaf samkvæmt ósk, er fram kom, — og áfrýjun Elisar Thorvaldssonar (ekki G. Thorvaldssonar, eins og stendur í Áramótum, bls. 160) á þeim úrskurði til þingsins.

Út af þeim endalokum, sem ágreiningsmálin fengu hjá þinginu, er deilan nú. Út af þeim gengu erindsrekar minnihlutans af þingi. Út af þeim eru nú 7 söfnuðir gengnir úr kirkjufélaginu. Út af þeim málalokum heldur deilan áfram. Og brennipunkturinn í þeirri deilu er það, að kirkjuþingið neitaði minnihlutanum þess réttar, að flytja skoðanir sínar innan kirkjufélagsins eða framfylgja þeim, — eða eins og það stendur í gjörðabók þingsins, ár 1909, bls. 159:

"H. H. Bergman lýsti þá yfir, að hann og erindsrekar Tjaldbúðarsafnaðar gengi af þingi vegna þess, að með þessari atkvæðagreiðslu var því yfirlýst, að þeir ættu engan rétt á sér í kirkjufélaginu, nema með því móti, að þeir breyttu skoðunum sínum. — Sömu yfirlýsing gerði Gamaliel Thorleifsson fyrir hönd erindreka Gardarsafnaðar. Sömuleiðis gengu af þingi Geo. Peterson, Jón Einarsson og S. S. Bergmann, af sömu ástæðum".

"Réttlaus og skoðanir rækar" (Breiðablik 1909, IV. ár, nr. 1).

"Ódrengskapinn og hræsnina hefir hið evangeliska lúterska kirkjufélag Íslendinga í Vesturheimi að þessu sinni gert að skilyrði þess, að verða ekki gerður rækur" (Ísafold 30. ár, nr. 54).

Þessi afdrif ágreiningsmálanna gengu svo nærri tilfinningu minnihlutans, að þeir, sem af þingi gengu, treystust ekki lengur til að taka þátt í þingstörfum.

Og þó ekki nóg með það. Enn frekar misbýður kirkjuþingið tilfinningum minnihlutans, eftir að það er búið að bjóða honum þau bróðurlegu sæmdarkjör til áframhaldandi samvinnu og félagsskapar: —

(a) Að skifta um trúarskoðanir.

(b) að hræsna með sínar skoðanir, — gerir forseti þá makalausu yfirlýsingui: "Með því kirkjuþingið hefir ekki gefið nokkurt tilefni til þess, að nokkur maður gangi af þingi, þá álítast allir þeir, sem sæti hafa átt á þessu þingi, lögmætir kirkjuþingsmenn".

Það getur nú verið, að skoðanalausir menn og hræsnarar séu lögmætir kirkjuþingsmenn frá sjónarmiði forsetans. En þó herra Elis Thorwaldson og tveir eða þrir aðrir séu nú þeir einu þingmenn eftir, sem veittu minnihlutanum að málum, áfrýjar hann samt þessum úrskurði. En ekki stendur á þinginu með að staðfesta hann. Það stendur í gjörðabókinni (bls. 160, Áramót 1909): "En þingið staðfesti úrskurðinn með miklum atkvæðamun".

Þessu salti stráði þingið á benjarnar. Er nokkur furða, þó deilan út af þessum málalokum haldi áfram?

Er það nokkur furða, þó söfnuðir eftir söfnuð sé nú að ganga út úr kirkjufélaginu?

Er það nokkur furða, þó leiðtogar kirkjufélagsins vilji hreint ekki kannast við, að þetta hafi kirkjuþingið gert, og reyni með yfirdrepsskap, vífilengjum og órökstuddum yfirlýsingum — því rök og sannanir komast þar ekki að — að breiða yfir þessar gerðir sínar?

Og er það nokkur furða, að heima á ættjörð vorri — þar sem mál og málavextir skiljast bezt og þar sem þetta er skoðað frá óhlutdrægu sjónarmiði — sé sá dómur kveðinn upp yfir þessu athæfi kirkjufélagsins: "Slíkar tilraunir eru ekki til annars en vansæmdar" (Ísafold, 30. ár., nr. 54)?

HVER ER HIN UPPHAFLEGA LÖGBUADNA STEFNA KIRKJUFÉLAGSINS AÐ ÞVÍ ER ÁGREININGS ATRIÐIN SNERTIR?

Áður en frekar er farið út í það mál, liggur fyrst fyrir að benda á ágreiningsatriðin. Þau eru að finna, að svo miklu leyti, sem þessari deilu viðkemur — deilunni út af aðgerðum síðasta kirkjuþings —, í tillögu herra Friðjóns Friðrikssonar, sem hér að framan hefir verið nefnd og er í stuttu máli þessi: —

1. "Að stefna sú, sem málgagn kirkjufélagsins, Sameiningin, hefir haldið fram á l i ð n u á r i sé réttmæt stefna kirkjufélagsins".

2. "Að trúarjátningar kirkjufélagsins séu bindandi en ekki ráðleggjandi".

3. "Að kirkjuþingið haldi fast við þá játningu kirkjufélagsins, að ö l l ritningin sé guðs orð, áreiðanlegt og innblásið, og að hvað eina beri þar að dæma eftir mælikvarða bibliunnar sjálfrar".

Það atriði, sem fram er tekið í tillögu minnihlutans (1. lið), að báðar skoðanirnar, sem fram hafa komið í ágreiningsatriðunum, séu jafn-réttháar í kristninnni og kirkjufélagi voru.

Um fyrsta atriðið, eða stefnu þá, sem málgagn kirkjufélagsins, Sameiningin, hefir haldið fram á liðnu ári, hefir kirkjufélagið aldrei kveðið neitt á um með lögum, eða lögbundið sig við að neinu leyti, nema með ákvæðum síðasta kirkjuþings, sem bætti þeim árgangi Sameiningariunar við játningar sínar, eins og séra Fr. J. Bergmann er búinn að sýna fram á og greinilega rökstyðja í Heimskringlu 23. árg., nr. 51, og leiðtogar kirkjufélagsins hafa verið ráðalausir með að svara með öðru en 7 presta yfirlýsingunni í sama blaði, nr. 52.

Um annað atriðið, eða það, að trúarjátningar kirkjufélagsins séu bindandi en ekki ráðleggjandi, er það að segja, að kirkjufélagið hefir aldrei frá fyrstu lagt þann skilning í játningarrit sin. Lög félagsins kveða svo á: "Að kirkjufélagið játist undir lærdóma heilagrar ritningar á sama hátt og hin lúterska kirkja á Íslandi í játningarritum sinum (Grundvallarlög kirkjufélagsins 1887), þó að þessari grein hafi síðan verið breytt, svo að hún standi nú í lögunum þannig: "Kirkjufélagið viðurkennir hinar almennu trúarjátningar kirkjunnar, ásamt hinni óbreyttu Ágsborgarjátningu og fræðum Lúters, sem rétta framsetning og útskýring guðs heilags orðs".

Þá kannast þó auk heldur Sameiningin við það, að enginn nýr skilningur hafi með þeirri lagabreytingu verið lögleiddur á játningarritunum. Þar af leiðir: Að kirkjufélagið hefir alt fram að síðasta kirkjuþingi lagt þann lögbundna skilning í játningarritin, sem lúterska kirkjan á Íslandi leggur í þau, og sú kirkja neitar því afdráttarlaust, að játningarritin séu bindandi. Enda leggur engin mótmælenda kirkja þann skilning í játningarritin — önnur en kirkjufélag vort síðan á seinasta kirkjuþingi. Sá skilningur á trúarjátningunum á ekki heima annarstaðar en í katólsku kirkjunni (sjá Skirnir, 3. h., 1908).

Með þann skilning á trúarjátningaritum sínum, að þau séu bindandi en ekki ráðleggjandi, þá er kirkjufélagið um leið orðið ramkatólskt.

Um 3. atriðið, að kirkjufélagið haldi fast við þá játningu þess, "að öll ritningin sé guðs orð, áreiðanlegt og innblásið, og að hvað eina beri þar að dæma eftir mælikvarða bibliunnar sjálfrar", er það helzt að segja, að það er alveg spánný játning, og hvergi nokkurstaðar annarstaðar til en í gjörðabók síðasta kirkjuþings. — Þann samsetning er hvergi að finna nema í grundvallarlögum kirkjufélagsins og er ekki í játningarritunum.

Þá er fjórða atriðið, — hvort báðar skýringarnar, eldri og nýrri guðfræðin, sé ekki jafn-réttháar, eða geti ekki verið það í kirkjufélaginu, samkvæmt þess upphaflegu og lögbundnu stefnu. Því hefi ég ekki getað fundið neitt til fyrirstöðu. Ekki ákveða grundvallarlögin neitt um það, hvaða tegund guðfræðinnar kirkjufélagið skuli binda sig til að fylgja. Og víst er um það, að ekkert er þar sagt um, að aðhyllast þá 17. aldar guðfræðis-kreddu, sem það hefir sótt inn í General Council og lögleiddi á síðasta kirkjuþingi, nefnil. — að hvað eina (í ritningunni) beri að dæma eftir mælikvarða bibliunnar sjálfrar, eða aðrar úreltar og aftur-haldskreddur lútersku kirkjunnar í Ameríku, svo sem Missouri synódunnar eða Norsku synódunnar, sem móðurkirkjan á Íslandi hefir aldrei aðhylst.

Miklu heldur máttu stofnendur kirkjufélagsins ala þá von í brjósti að kirkjufélag sitt mundi heldur eiga samleið með móðurkirkjunni í trúarskilningi og skoðunum, því þá var það vel kunnugt, að ritstjóri Sameiningarinnar, sem mest an þátt átti í stofnun kirkjufélags vors, var harðlega mótsnúinn þeirri afturhalds guðfræðisstefnu, sem á þeim tíma rikti og rikir enn í þeim kirkjudeildum, — eins og sjá má á riti því, sem hann þá fyrir skemstu var búinn að gefa út, í tilefni af trúmálastælu þeirri, sem hann átti í við séra Pál Thorláksson, og nefnist "Nauðsynleg hugvekja". En á því hefir orðið önnur reynd. Sérstaklega nú í seinni tíð hefir sá maður barist mest á móti þeim trúarskoðunum, sem hann, með öllum þorra Íslendinga, fylgdi, þegar kirkjufélagið var stofnað, og með ejndregnu fylgi allra yngri presta kirkjufélagsins, sem hafa verið mentaðir og mótaðir á prestaskóla General Council í Chicago,— unnið að því af miklu kappi, að slíta kirkju vora hér af brjóstum móðurkirkjunnar og fleygja henni í skautið á General Council.

Það eru sjálfsagt margir í kirkjufélaginu, sem enn þá hafa ekki gert sér grein fyrir því, að nú síðustu árin hefir kirkjufélagið verið í raun réttri eitt stórt trúboð fyrir General Council upp á kostnað Íslendinga, og svo er nú komið, að sá skilningur á lúterskum kristindómi, sem á þeim skóla

(Niðurlag á 4. bls.)

2 Bækur Gefins

FÁ NÝJIR KAUPENDUR AÐ HEIMSKRINGLU SEM BORGA $2.00 FYRIRFRAM, OG ÞESSUM BÓKUM ÚR AÐ VELJA: —

Mr. Potter frá Texas
Aðalheiður
Svipurinn Hennar
Hvammverjarnir
Konuhefnd
Robert Manton
og Leyndarmál Cordulu frænku. —

Alt góðar sögur og sumar ágætar, efnismiklar, fróðlegar og spennandi. Nú er tíminn að gerast kaupendur Hkr. Það eru aðeins fá eintök eftir af sumum bókunum.

Heimskringla
P.O. Box 3083, Winnipeg

WINNIPEG Business College
Cor. Portage Ave and Fort St.
28. AR.
FÉKK FYRSTU VERÐLAUN Á SAINT LOUIS SÝNINGUNNI.
Dag og kveldkensla. Telefón 45.
Haustkensla byrjar 1 Sept.
Bæklingur með myndum ókeypis.
Skrifið til: *The Secretary, Winnipeg Business College, Winnipeg, Man.*

A. S. BARDAL
Selur líkkistur og annast um útfarir. Allur útbúnaður sá bezti. Enfremur selur hann alskonar minnisvarða og legsteina.
121 Nena St. Phone 306

Sendið Heimskringlu til vina yðar á Íslandi.

Miss NESBITT
KVENHATTA SALI
112 ISABEL ST.
Býr til alskonar kvenhatta í nýjustu gerð. Skreytir með fjöðrum, blómum og böndum og öðru nýtízku stássi. Endurnýjar og skreytir brúkaða hatta. Alt verk vandað og verð sanngjarnt. Isl. konum boðið að skoða búðina. —
MISS NESBITT,
112 Isabel Street
18-11-9

"Þú verður að afsaka, faðir minn", svaraði Eberhard í hæðnisróm, "að ég get ekki aðhylst þessa óþýðu siðferðiskenningu, sem þú heldur fram. Menn leita gæfunnar með ýmsu móti, eftir upplagi hvers eins. Skáldið leitar hennar í hugmyndaflugi sínu, ágjarni maðurinn í gullinu, drykkjumaðurinn í víngglasinu, visindamaðurinn í rannsóknum sínum, trúarvinglsmaðurinn í skoðunum sínum, hirðmaðurinn í sólskini hinnar konunglegu náðar. Hver skyldi voga að halda því fram, að einn eða annar hafi valið rangt? Alt mannlegt líf hvílir á ófrjálsum grundvelli, og við verðum að hlýða þeim veraldarlögum, sem yfir okkur ráða. Það eru forlögin, sem leika sér að okkur, og gefa hverjum einum leikföng sín. Jæja, faðir minn, leyfðu mér að eiga mín — og engin mun öfunda þig af þínum".

Með vaxandi óánægju hlustaði gamlinn á fjarstæður þessar, sem hinn ungi maður tald. upp. Forlagatrúar meginreglur, fluttar með sitkum óhultleik og sannfæringu, hlutu að hafa óþægileg áhrif á hinn eðallynda hugarfar greifans.

"Eberhard", sagði hann og horfði fast á son sinn, "þær meginreglur, sem þú virðist aðhyllast, eru ekki annað en léleg blæja, sem lestir og glæpir reyna að hylja sig með. Það eru engin óraskanleg veraldarlög til, sem teyma okkur eða leiða, en það er til mild og góð forsjón, sem hefir úthlutað okkur misjöfnum hvötum, en um leið gefið okkur þrek til að sigrast á hinum vondu en aðhyllast þær góðu. Ímyndaðu þér ekki, sonur minn — og hann benti um leið á sólina, sem var að setjast — ímyndaðu þér ekki, að þessi hnöttur, sem dag eftir dag dreifir ljósi sínu um jörðina, lýsi að eins þeirri kynslóð, sem mist hefir sitt innra ljós. Nei, eins og hann með sínum glóandi geislum framleiðir ávalt nýjar tilbreytilegar myndir, þannig framleiðir sól frelsisins á

himni sálarinnar blómstur á vorin og ávexti á haustin. En fræ hins vonda þroskast bezt í myrkrinu, ávextir þess forðast ljósið og ná ekki fullum vexti fyr en eftir sólsetur".

Um leið og greifinn talaði þessi orð, gekk hann fram á klettbrúnina, til þess að geta betur séð. hið tignarlega landsvæði. Á þessu augnabliki hurfu síðustu geislar sólarinnar bak við fjöllin í vesturátt.

Voðalegt áform lifnaði í huga Eberhards.

"Innfljótið er djúpt", — hugsaði hann, — "það, sem geymt er á botni þess, kemur aldrei upp aftur. Ef ég hrindi — þá er ég frjáls".

Það var sem andar undirdjúpanna hvísluðu að honum með þúsund munnum: "Þú ert frjáls!"

Hann fann til ákafrar ólgu í kinnum sínum, fæturnir skjögruðu og kaldur sviti huldi enni hans.

Hægt og hægt nálgaðist hann föður sinn, sem stóð í djúpum hugsunum hrifinn af fegurð nágrennisins.

"Sjáðu, Eberhard", sagði hann, "littu á þetta fagra, tignarlega útsýni. Getur þú, þegar þú skoðar það, efast um að til sé góð og ástrík for —"

Meira gat hann ekki sagt, því sonurinn hrinti honum niður í hylpýpið.

Með þungum andardrætti og starandi augum horfði föðurmorðinginn niður í djúpið og hlustaði. Hann hélt sig heyra föður sinn tala formælingu. Svo varð alt kyrt. Með mestu hægð vék hann frá klettbrúninni, þar sem þessi viðbjóðslegi glæpur var framinn.

"Það er ekki ég", — sagði hann við sjálfan sig. — "það voru forlögin". Og honum heyrðist bergmálið endurróma: "Það voru forlögin". Föðurmorðinginn gekk nú í hægðum sínum ofan af klettinum.

Nokkrum vikum síðar var skráð í svensku blaði:

"Við höfum fengið fregn um tilviljun, sem er mörgum af löndum vorum sannarlegt hryggðarefni. Dróttsetinn, greifi Stjernekrans, einn af hinum ríku stu aðalsmönnum vorum, og af öllum, sem þektu hann elskaður og virtur, sem eðallyndur maður og fróður, hefir á ferð sinni um suðurhluta Norðurálfunnar mist lífið af sorglegri tilviljun. Fagurt kvöld í júnímánuði var hinn eðallyndi greifi ásamt syni sínum, sem fylgdist með honum á þessu ferðalagi, staddur á háum kletti, sem stendur lóðréttur upp úr Innfljótinu. Hrifinn af fegurð landslagsins, stóð hann á yztu brún klettsins, og án þess hann tæki eftir því, losnuðu nokkrir steinar undir fótum hans, svo að hann ásamt þeim féll ofan í Innfljótið. Um leið og hann féll, æpti hann nokkuð hátt, svo að sonur hans, sem var staddur hins vegar á klettinum, þegar óhappið skeði, þaut þangað sem hann heyrði ópið, og menn geta ímyndað sér hræðslu hans og örvilnan, þegar hann fann föður sinn hvergi, enda lá við, að hann steypti sjálfum sér í fljótið á eftir föður sínum.

"Það, sem enn meir jók beiskju sorgarinnar, var það, að lík hins druknaða manns fanst hvergi, þrátt fyrir það, að leitað var í og meðfram fljótinu grandgæfilega í marga daga á eftir. En þetta er skiljanlegt, þegar þess er gætt, að á þessum stöðum er fljótið straumhart mjög og margar hringiður í því, sem draga alt niður í djúpið".

"Stjernekrans greifi átti margar jarðir, auk hins ágæta erfðaóðals, Ó ð i n s v í k u r, sem er í suðurhluta Vermlands, skamt frá bakkanum á Venern. Eberhard Stjernekrans greifi er nú erfingi þessara miklu eigna. Til að reyna að mýkja sorgina, sem föðurmissirinn bakaði hinum unga greifa, hefir hann tekist ferð á hendur til Ítalíu".

FYRSTI KAFLI.

I.

Litli skóburðarmaðurinn.

Það var kveld nokkurt í byrjun októbermánaðar, fáum árum eftir hinn voðalega viðburð, sem við þegar höfum lýst. Það var farið að dimma, úðaþoka var í loftinu og dálítið regn féll á jörðina. Það var einn af þessum óþægilega köldu dögum, sem eru svo tíðir í Svíþjóð á haustin.

Á norðurbökkunum á Venern, nokkrar mílur vestur af Carlstad, stendur þéttvaxinn og dimmur greniskógur, tilheyrandi skrautlegu höfðingjasetri, sem stendur á ljómandi fallegu nesi. Gegn um þennan skóg rennur þjóðvegurinn í ótal bugðum. Til hliðar við veginn er á einum stað dys nokkur, sem hefir myndast smátt og smátt með því, að þeir, sem um veginn fara, kasta þremur steinum hver í dysina, til endurminningar um morð, sem þar var framið. Siður þessi er mjög almennur, einkum í miðhéruðum Svíþjóðar.

Klukkan mun hafa verið um 5 þetta áður áminsta októberkvöld, þegar lítill, fátæklega klæddur piltur stóð kyr við dys þessa. Pilturinn leit út fyrir að vera á að gizka 10 ára, og var mjög fölur og horaður. Hann var í gamalli, slitinni treyju, en

LEYNDARMÁL CORDULU FRÆNKU

SAGA

eftir E. MARLITT.

Ný útkomin úr prent smiðju Heimskringlu; 312 blaðsíður að stærð; innhept í sterkri kápu. Send hvert sem er fyrir aðeins

50c.

HVERT EINTAK.

Nýjir kaupendur að HEIMSKRINGLU sem borga fyrir einn árgang fyrirfram, fá skáldsögu þessa og aðra til, alveg

ókeypis

G. Eggertsson's

KJÖTMARKAÐUR.

Talsími 3827 693 Wellington Ave.

Góður markaður Kjöt frá 4c. pundið og upp. Egg og smjör ódýrara en hjá öðrum. Alskonar fiskur og fuglakjöt. Komið til Eggertsson's og sjáið og reynið og sannfærist um, að þar er hægt að fá gott kjöt. —

Ómeinguð Hörlérept

beint frá verksmiðjunni á Írlandi. Af því vér kaupum beint þaðan, getum vér selt írsk hörlérept ódýrar en aðrir í borginni. 15 prósent afsláttur næstu 2 vikur.

C. S. S. Malone

552 PORTAGE AVe. Phone Main 1478

16-12-9

Breyting á lestagangi.

Sú breyting er gerð á lestagangi C. N. R. brautarinnar milli Winnipeg og Oak Point, að lestirnar fara héðan kl. 8.20 á mánudaga, miðvikudaga og föstudaga, og koma til Oak Point kl. 12.25. Lestirnar fara þaðan samdægurs kl. 14, og koma til Winnipeg kl. 18 að kveldi.

KAUPIÐ af þeim og verzlið við þá sem auglýsa starfsemi sína í Heimskringlu og þá fáið þér *betri* vörur með *betra* verði og *betur* útilátnar.....

HIN UPPHAFLEGA LÖG-BUNDNA STEFNA KIRKJUFÉLAGSINS.

(Niðurlag frá 3. bls.)

ríkir, er búinn að gera trúarskoðanir og skilning Íslendinga, sem þeir fluttu með sér út úr móðurkirkjunni og kirkjufélagið var stofnað til að efla og viðhalda — hornreka, réttlausar og rækar úr kirkjufélaginu.

Með því að trúa Missouri Synodunni fyrir undirbúningi og guðfræðismentun prestsefna sinna, sneri Norska Synodan bakinu við móðurkirkjunni í Noregi og hallaði sér að Missouri Synodunni (sjá "Nauðsynleg Hugvekja": séra Jón Bjarnason 1879), og hefir af því hafið alla ógæfu sína.

Með því að fara svipað að ráði sínu, og trúa General Council fyrir guðfræðislegri mentun prestaefna sinna, er nú kirkjufélagið að snúa bakinu við móðurkirkjunni á Íslandi.

Og þrátt fyrir alt heldur kirkjufélagið því fram í fullri alvöru, að það samt sem áður haldi fast við hina upphaflegu, lögbundnu stefnu sína.

Hvor hliðin heldur sér betur við hina upphaflegu, lögbundnu stefnu kirkjufélagsins?

Stefnuskrá kirkjufélagsins er ákveðin frá fyrstu með grundvallarlögum þess. Einkum hljóðar 2. gr. um það, sem er sem fylgir: "Tilgangur kirkjufélagsins er að styðja að eining og samvinnu kristinna safnaða af hinni íslenzku þjóð í heimsálfu þessari, og yfir höfuð efla kristilegt trúarlíf hvervetna þar sem það nær til".

Um hvaða kristindóm er hér að ræða? Um hvaða kristilegt trúarlíf? Er það ekki sá kristindómur, sem hin íslenzka þjóð í heimsálfu þessari flutti út með sér úr móðurkirkjunni á Íslandi? Er það ekki það kristilega trúarlíf? Eða var það kristindómur General Council og Missouri og Norsku sýnódanna og trúarlíf þeirra, sem kirkjufélagið hér með frammi fyrir allri íslenzkri þjóð hátíðlega lofast til að styðja og efla?

Það vill svo vel til, að Sameiningin, 24. ár, nr. 5, bls. 144, tekur af öll tvímæli um það. Þar stendur: "Að sjálfsögðu var það af góðum og gildum ástæðum, að svo var komist að orði í grundvallarlaga greininni forðum, að kirkjufélag vort játaðist undir lærdóma heilagrar ritningar, eins og lúterska kirkjan á Íslandi í játningarritum sínum. Vér vildum gera fólki voru, sérstaklega því, sem kom hingað vestur frá Íslandi og koma mundi framvegis, skiljanlegt, að í söfnuðum vorum hér, þeim er kirkjufélaginu tilheyra, væri ekki farið með neinar aðrar trúarkenningar en þær, er endur fyrir löngu hefðu verið lögleiddar á Íslandi og fólki væri svo vel kunnar af barnalærdómsbókum, sem notaðar væri þar við fermingar undirbúning".

Verður nú hlaupið að því, eftir samþyktina á síðasta kirkjuþingi, að gera fólki voru, og sérstaklega því, sem kom og koma mun framvegis frá Íslandi, það skiljanlegt, að í söfnuðum þeim, sem kirkjufélaginu tilheyra, verði ekki farið með aðrar trúarskoðanir en þær, er endur fyrir löngu hafa verið lögleiddar á Íslandi?

Ég verð að játa það fyrir mig, að mér finnast allar leiðir ókleyfar til þess. Ekki einu sinni 7 presta yfirlýsingin, sem nú er gripið til, þegar öll sannanagögn eru þrotin, og menn virðast algerlega hafa gefist upp við það, að leiða sannfærandi rök að sínum málstað. — Eða mundi þess hafa verið nokkur kostur, að stofna kirkjufélagið, ef upphaflega hefði verið hleypt af stokkunum með greinilega skrá yfir stefnu þá, sem nú nokkur hin síðustu árin hefir algerlega ráðið lögum og lofum í kirkjufélaginu, og að miklu leyti var löggilt sem hin réttmæta stefna þess á síðasta kirkjuþingi?

Hún virðist í stuttu máli vera þessi:

1. Málgagn kirkjufélagsins, Sameiningin, segir skýlaust til um það, hvað sé hin réttmæta stefna félagsins. Hver sú stefna, sem kemur í bága þar við, er réttlaus og ræk úr kirkjufélaginu.

2. Kirkjufélagið leggur þann katólska skilning í trúarjátningar, að þær séu bindandi, og leggur ennfremur stórmikla áherzlu á, að sá skilningur sé glögt og áþreifanlegt andlegt eyrnamark allra þeirra, sem eru af sauðahúsi þess.

3. Kirkjuþingið neitar því, að kennimenn þess megi flytja aðrar kenningar innan kirkjufélagsins en þær, sem málgagn þess, Sameiningin, segir til um í það og það skiptið að þeir séu skuldbundnir til að kenna, enda þótt þeir geti sagt að þeir séu að kenna eftir beztu samvizku og sannfæringu.

4. Kirkjufélagið neitar, að trúarmeðvitund mannsins hafi úrskurðarvald yfir ritningunni og megi velja þar og hafna, og lýsir því yfir, að það sé játning þess, að öll ritningin sé guðs orð, áreiðanlegt og innblásið, og að hvað eina beri þar að dæma eftir mælikvarða biblíunnar sjálfrar.

5. Það er skoðun kirkjufélagsins viðvíkjandi kirkjunni á Íslandi, að mikið af því, sem biskupinn og leiðandi menn kirkjunnar þar hafi fram að bera, sé "ómerkilegur heiðindóms blaðþráður". Að Einar Hjörleifsson sé sá sanni erkibiskup þeirrar kirkju, og að hann eins og Lúcifer sé á leiðinni með helztu kirkjulegu stjörnurnar þar í halanum NORÐUR OG NIÐUR.

6. Það er skoðun kirkjufélagsins, að markmið mentunarinnar, sem veitist í lærðaskólanum í Reykjavík, sé "að gera þá að andlegum pokum, sem þar stunda nám, og að hugsjónin, sem ráði þar mentamálunum, sé sú, að allir geti 'orðið eins og egg', eggin auðvitað mismunandi stór eftir mismunandi uppruna og nokkuð ólíkum hæfileikum, en að öðru leyti hér um bil eins".

7. Það er skoðun kirkjufélagsins, að nýja guðfræðin, með alt sitt frjálslyndi í trúarefnum, sé ekkert annað en skrímsl, eða kynjavera, sem að "framan sé ljón, að aftanverðu dreki, og geit — vanalega geit í miðjunni". Og að þetta sé heppilegur uppdráttur af frjálslyndi því í trúarefnum eða því kirkjulega frelsi, sem nú er úr einni sérstakri átt svo kappsamlega verið að prédika inn í Íslendinga".

8. Kirkjuþingið áskilur sér "rétt til að hafa þessar skoðanir" óáreitt. Það þarf engina að fylgja trúarskoðunum þess, sem ekki vill, og enginn þarf að standa í kirkjufélaginu, né söfnuðum þess, fremur en honum sýnist. Menn með aðrar skoðanir, auk heldur, mega vera í kirkjufélaginu, ef þeir þegja yfir þeim. En ráðist nokkur á skoðanir kirkjufélagsins, verður það tekið óstint upp, og dirfist nokkurt málgagn, er gefið er út á íslenzku, að gera það, á það hið sama á hættu, að málgagn kirkjufélagsins skipi því á bekk með Glámi, Þórólfi Bægifót eða öðrum forynjum og illum afturgöngum.

Að framanritað, — þó ekki sé nema ófullkomið brot — sé nú stefnuskrá kirkjufélagsins, má vel rökstyðja með stefnuskrá þess Sameiningunni og kirkjuþings samþyktum og fyrirlestrum nú í seinni tíð.

Að það er þess lögbundin stefna, má vel heimfæra, um margt af því að minsta kosti, með gjörðabók síðasta kirkjuþings og öðrum gögnum góðum og gildum.

Að þetta sé hin upphaflega, lögbundna stefna þess finst nú ekki þeim mönnum, sem gengu af síðasta kirkjuþingi, né þeim söfnuðum, sem síðan hafa sagt sig úr kirkjufélaginu. Og óhætt mun að fullyrða það, að enginn söfnuður, sem enn stendur í félaginu, hefir gengið inn eða mundi hafa gengið inn í það upp á þessa stefnuskrá.

Spursmálið sýnist vera orðið nú hve langt söfnuðir og safnaðafólk innan kirkjufélagsins treystir sér til að fylgja prestum sínum og leiðtogum út frá hinum upphaflega grundvelli. Geta leiðtogar þess boðið mönnum alt, — líka það, að verða katólskir í skilningi sínum á trúarjátningunum?

Nei, svo er þó fyrir að þakka, að mörgum er nú svo ofboðið, að þeir geta ekki lengur fylgst með, enda eru þeir greinilega reknir úr lestinni, sem ekki geta fengið sig til að gleypa við öllum þeim óheyrðu kenningum og játningum, sem kirkjufélagið nú upp á síðkastið heldur að söfnuðum og safnaðarfólki sínu.

Minnihlutinn á síðasta þingi lagði einnig fram stefnuskrá. Hún hefir yrir löngu komið fyrir al menningssjónir og er flestum kunn. Þá stefnuskrá eru menn beðnir að íhuga og bera saman við hina upphaflegu stefnuskrá kirkjufélagsins, og dæma síðan um, hvor stefnan, — sú, sem varð ofan á á síðasta kirkuþingi eða hin, sem varð í minnihluta og ger réttlaus og ræk, er meir í samræmi við stefnu þá, sem réði í kirkjufélaginu, þegar það var myndað.

Geo. Peterson.

The Abernethy

Tea Rooms

Eru nú undir nýrri ráðsmensku. Vér getum selt fólki góðar máltíðir og hressingar eftir þann 9. þ. m.—

21 máltíðarseðlar $3.50

472 PORTAGE AVE.

THE

BANK OF TORONTO

INNLEGG - - - $30,853,000

VJER OSKUM VIDSKIFTA YDAR

WINNIPEG DEILD: 456 MAIN ST.

JOHN R. LAMB, RAÐSMAÐUR.

DR. H. R. ROSS

C.P.R. meðala- og skurðlækuir. Sjúkdómum kvenna og barna veitt sérstök umönnun.

WYNYARD, — SASK.

JOHN DUFF

PLUMBER, GAS AND STEAM FITTER

Alt verk vel vandað, og verðið rétt

664 Notre Dame Ave. Phone 3815

Winnipeg

Með því að biðja sérlega um "T.L. CIGAR," þá ertu viss að fá ágætan vindil.

T.L.

(UNION MADE)

Western Cigar Factory

Thomas Lee, eigandi Winnipeg

Redwood Lager OG Extra Porter

Styrkið taugarnar með því að drekka eitt staup af öðrum hvorum þessum ágæta heimilis bjór, á undan hverri máltíð. — Reynið !!

EDWARD L. DREWRY Manufacturer & Importer Winnipeg, Canada.

Department of Agriculture and Immigration.

MANITOBA

Þetta fylki hefir 41,169,089 ekrur lands, 6,019,200 ekrur eru vötn, sem veita landinu raka til akuryrkjuþarfa. Þess vegna höfum vér jafnan nægan raka til uppskeru tryggingar.

Ennþá eru 25 miliónir ekrur óteknar, sem fá má með heimilisrétti eða kaupum.

Íbúatala árið 1901 var 255,211, nu er nún orðin 400,000 manns, hefir nálega tvöfaldast á 7 árum.

Íbúatala Winnipeg borgar árið 1901 var 42,240, en nú um 115 þúsundir, hefir meir en tvöfaldast á 7 árum.

Flutningstæki eru nú sem næst fullkomin, 3516 mílur járnbrauta eru í fylkinu, sem allar liggja út frá Winnipeg. Þrjár þverlandsbrauta lestir fara daglega frá Winnipeg, og innan fárra mánaða verða þær 5 talsins, þegar Grand Trunk Pacific og Canadian Northern bætast við.

Framför fylkisins er sjáanleg hvar sem litið er. Þér ættuð að taka þar bólfestu. Ekkert annað land getur sýnt sama vöxt á sama tímabili.

TIL FERDAMANNA:

Farið ekki framhjá Winnipeg, án þess að grenslast um stjórnar og járnbrautarlönd til sölu, og útvega yður fullkomnar upplýsingar um heimilisréttarlönd og fjárgróða möguleika.

R. P. ROBLIN,

Stjórnarformaður og Akuryrkjumála Ráðgjafi.

Skrifið eftir upplýsingum til

Joseph Burke, 178 LOGAN AVE., WINNIPEG.

Jas. Hartney, 77 YORK ST., TORONTO.

sníð treyjunnar og efni gáfu ástæðu til að ætla að hann hefði áður átt betri daga. Sömuleiðis bar hinn gáfulegi og hreinskilnislegi svipur hans vott um að hann hefði notið góðs uppeldis og hentugrar kenslu.

Drættirnir í barnsandlíti þessu voru dimmir, en reglubundnir og framúrskarandi fallegir. Hrafnsvart hár féll í lokkum á herðar niður, utanum litla sólbrenda hálsinn. Í módökku, fallegu augunum glitraði fjörið, sakleysið og vitsmunirnir.

Pilturinn stóð kyr við dysina. Hann skalf af kulda, því þessi gömlu, þunnu föt veittu honum ekki nægilegt skjól, og svo voru þau nærri gegnvot af regninu.

"Ó, það er svo dimt í skóginum", sagði hann við sjálfan sig, "og mér er svo kalt og ég verð votur. En það tjáir ekki að tala um það", bætti hann við í öruggari róm, "móðir mín er veik og deyr af kulda, ef ég útvega ekki eldivið, og því verð ég að herða mig".

Pilturinn klifraði upp á dysina og fór að tína saman þurrar greinar og kvisti. Það dimdi æ meir og þokan óx. Honum kom nú til hugar, hvert óþáðaverk hér hafði verið unnið, varð dálitið skelkaður, kastaði frá sér eldiviðnum og þaut ofan á þjóðveginn aftur.

"Nei", sagði hann lágt, "ég má ekki taka neitt frá þessum voðastað. Myrti maðurinn getur komið og heimtað eign sína aftur. Ég verð að fara inn í skóginn til að finna þar eldivið. — En, það er svo dimt — svo dimt. Ég verð að minsta kosti að fara héðan, því þessi staður vekur hjá mér hræðslu".

Vesalings pilturinn hljóp eins hratt og hann gat eftir veginum, rétt eins og svipur hins myrta manns væri á hælum honum. Loks stóð hann kyr, lagði hendina á hjarta sitt, sem barðist ótt, og sagði:

"Jæja, nú fer ég inn í skóginn og tíni eldivið. Það er heimska, að vera hræddur. Guð og frelsarinn varðveita börnin, þegar þau eru góð og saklaus — segir mamma, og hún veit, hvað hún segir".

Þegar pilturinn hafði huggað sig við þessa hugsun, fór hann að syngja vers úr sálmabókinni; röddin var nokkuð veik, en forkunnar fögur. Hann gekk fáeina faðma inn í skóginn og var svo heppinn, að finna þar nóg af greinum og kvistum. Á stuttum tíma tindi hann saman eins mikið og hann treysti sér til að bera, batt síðan snæri utan um vöndulinn og lyfti honum á bak sér.

"Skoðum við til", sagði hann ánægður, "nú fer ég heim og nú skal mamma fá hita, og ég skal sjóða handa henni súpu, — það verður ágætt".

Hann hljóp fáein spor og var þá aftur kominn út á þjóðveginn og steindi svo í áttina heim. Nú var orðið nærri fulldimt og enn rigndi. Byrðin var of þung fyrir piltinn, svo honum lá við að hníga niður undir henni, og nokkrum sinnum datt honum í hug, að fleygja henni niður og hlaupa heim. En þá datt honum í hug, að móðir hans var köld og svöng, herti sig því og labbaði áfram með byrði sína. Loksins var hann kominn út úr skóginum, þangað sem engjar og akrar lágu með fram veginum. Uppgefinn settist litli göngumaðurinn á stein, og horfði með tár í augum á skíðavöndulinn, sem hann hafði lagt við fætur sér. Þaðan, sem hann sat, sá hann yfir Venern, og á litlu nesi, sem teygði sig út í vatnið, sá hann móta fyrir gráu steinhúsi.

"Hvers vegna", sagði pilturinn við sjálfan sig, "verð ég að ráfa hér um skóginn, svangur og holdvotur, með þessa þungu byrði, á sama tíma og þeir, sem eiga heima í steinhúsinu þarna, sitja við ofninn og hlýja sér, og borða kveldmatinn og steikt epli,

sem ég hefi ekki smakkað um langan tíma, og sem ég smakka máske aldrei oftar?"

Pilturinn fór að gráta, hann átti enn eftir að ganga nokkuð langan veg, áður en hann næði heim.

Þegar hann var búinn að hvíla sig litla stund, stóð hann upp í því skyni, að halda af stað aftur. Þá heyrði hann að vagn kom akandi, og beið.

"Ó", sagði hann, "ég vildi að þetta væri vingjarnlegur bóndi, sem leyfði mér að fylgjast með litinn spotta".

En vagninn, sem kom akandi út úr skóginum, var skrautlegur ferðavagn með 3 hestum fyrir og ökumann klæddan einkennisbúningi. Hann nálgaðist piltinn smátt og smátt.

"Einungis að ég þyrði nú að stökkva upp í vagninn að aftan", sagði litli pilturinn. "Það getur naumast verið mikil synd, — ég veit það ekki, því mamma hefir aldrei minst á það. — En hún hefir sagt mér, að þegar mér detti í hug að gera eitthvað sem ég veit ekki hvort er rétt eða rangt, þá skuli ég ekki gera það fyr en ég er búinn að ráðfæra mig við hana. — Það er því bezt, að ég hætti við að stökkva upp í vagninn, — já, ég verð að hlýða henni góðu mömmu minni, og gera ekkert nema það, sem ég veit að er rétt. — En henni er kalt, hún er veik og svöng, og ég er ekki fær um að koma þessari þungu byrði heim. Guð minn góður, hvað á ég að gera?"

Vagninn var nú kominn á móts við piltinn, sem stóð bak við tré við skurðinn. Ég held ég verði að stökkva upp í vagninn", hugsaði hann. "Það getur naumast verið stór synd". Hann gerði það því. Um leið og vagninn ók fram hjá trénu, lánaðist honum að komast upp í auða þjónssætið aftan á vagninum, og settist þar með vöndulinn á hnjám sér. Hann var sárhræddur um, að einhver kynni að

verða hans var, svo hann yrði rekinn ofan úr vagninum aftur, en það leið dálítil stund, án þess nokkur virtist verða var við hann. Hann áleit sig úr allri hættu, en þá kom ein af greinunum við vagninn.

"Stöðvaðu vagninn, ökumaður", kallaði hranaleg rödd úr vagninum, sem nam staðar undir eins. Litli drengurinn skalf af ótta, hann vantaði snarræði til að stökkva ofan og hlaupa burt.

"Það situr einhver aftan á vagninum", sagði hranalega röddin. Líttu eftir hver það er Jóhann".

Þjónn, sem sat við hlið ökumanns, [illegible] ofan og gekk til piltsins, sem orðinn var [illegible] af hræðslu. Þjónninn greip í handlegg hans og *kipti* honum ofan úr sætinu, en um leið og vöndullinn datt, slitnaði snærið, svo kvistirnir dreifðust um veginn. Grátandi laut drengurinn niður til að tína saman eldiviðinn, en þjónninn varnaði honum þess, tók í handlegg hans aftur og dró hann að vagndyrunum.

"Hr. barún", sagði hann, "það er lítill betlarastrákur, sem sat aftan á vagninum. Hér er hann".

Vagninum var lokið upp, og hræddi drengurinn leit snöggvast inn í hann. Af því að dimt var, gat hann ekki séð andlit þeirra, sem þar sátu, en hann tók þó eftir, að þar sat karlmaður og kvenmaður með lítið barn í kjöltu sinni, og á aftara sætinu sat drengur, á að gizka 6 ára, og við hlið hans hávaxinn karlmaður í dökkri kápu.

Hinn fyrneindi maður stakk höfðinu út um gluggann, tók harðneskjulega í handlegg drengsins, hristi hann og sagði:

"Ég skal kenna þér, litli þjófsunginn þinn, að skríða í óleyfi upp í vagn ókunnugs fólks. Hvar hefirðu lært slík þorparabrögð?"

"Æ, góði herra", sagði drengurinn grátandi, "ég er ekki þjófsungi, ég er fátækur drengur, og var á leiðinni heim með eldivið handa móður minni, sem

Duncan's Kvenhattasala

Stendur nú yfir. Vér bjóðum öllum íslenzkum konum að koma og skoða vora nýmóðins HATTA og Hatta-Skraut.

545 Sargent Ave HOOD BLOCK **DUNCAN'S**

HAVERGAL COLLEGE
WINNIPEG

HEIMILIS OG DAGSKÓLI FYRIR STÚLKUR, MEÐ "KINDERGARTEN" DEILD.

KENNSLU GREINAR

Undirbúnings kennsla til háskóla, með sérstakri áherzlu á Music og Listir. Nú, og fyrverandi nemendur vorir, hafa hlotið frveðarorð við Toronto Conservatory og College of Music og Royal Drátlistar skólann. Líkams æfing er eitt kennslugreinin. Skautasvell, allskonar útbúnaður fyrir leiki, alt á skólafótinum. Upplýsinga skrá veitir forstöðukonan, MISS JONES, L. L. A., St. Andrews (Scotland).

KENNSLA BYRJAR Þriðjudag 21. SEPT.

VJER BJÓÐUM 100,000 HLUTI Í

Dominion Ores Limited

FYRIR TUTTUGU OG FIMM CENT HVERN HLUT

HÖFUÐSTÓLL 250,000. — AÐEINS EINN TÍUNDI AF MEÐAL COBALT FÉLÖGUM

200 Ekrur -- 12 Æðar fundnar

Málmgrjót flutt úr 2 æðum á yfirborði. SEX ÆÐAR má nálgast með 75 feta þverskurði frá holubotni. Er áfast við WHITE RESERVE námann hjá Maple fjalli, og liggja þaðan margar auðugar málmæðar, og hiður grjót úr þeim útflutnings. Auðlegð æðanna er ákveðin 150 fet niður. Hlutir í Dominion Ores Limited eru ódýrir með tilliti til höfuðstóls upphæðar, ekrutals og málmauðlegðar í æðunum. Ágóðinn ætti að verða meiri af því, að höfuðstóllinn er lítill. Önnur félög borga háan ágóða á 1 til 7½ milión dollara höfuðstól. Það er því ljóst, hvers vænta má frá DOMINION ORES.

Vér óskum, að þér vilduð vera með oss í þessu gróða fyrirtæki í Cobalt héraðinu. Stjórnendurnir og ýmsir business menn hafa, eftir að hafa skoðað staðinn, sannfærst um, að hér sé bezta gróða-fyrirtæki ársins. Breytið eftir ráðleggingu Rothschilds: "Gerið kjörkaupin strax, ef þér viljið auðgast" þetta félag hefir framtakssama stjórn og mun breyta ráðvandlega við yður.

Sendið hluta-pantanir yðar gegn um einhvern áreiðanlegan umboðsmann. Prentaðar upplýsingar og uppdrættir ef æskt er.

DOMINION ORES LIMITED

411-12 Union Bank Building, -- Winnipeg, Man.

Yfirlýsing prestafundarins.

(Niðurlag).

Um afstöðu kirkjufélagsins gagnvart bibliu-rannsóknum finst mér ekki nauðsynlegt að fara mörgum orðum. Það mál lá beint fyrir á þinginu í sumar og meirihluti neitaði tvívegis réttmæti bibliu-rannsókna; fyrst með því, að fella tillögu séra Friðriks Hallgrímssonar, þar sem tekið var fram, að "Kirkjufélagið viðurkennir réttmæti og gagnsemi trúaðrar bibliurannsóknar", o.s.frv., og síðar með því, að fella tillögu Geo. Petersons, þar sem farið var fram á, "að fræða megi almenning safnaða vorra, bæði í ræðu og riti, bæði utan kirkju og innan, um hinar nýju bibliu-rannsóknir og niðurstöðu þeirra, þegar það er gert í trú á föður, son og heilagan anda, í ljósi játningarrita kirkju vorrar, í þeim tilgangi, að fjarlægja ásteytingarsteina og efla trúna í hjörtum manna". Það er seint að segja mönnum nú, að kirkjuþingið hefði getað samþykt þetta, þegar því var neitað svona greinilega á þinginu í sumar. Um þetta atriði segir líka réttmæt stefna kirkjufélagsins, Sameiningin: "Þessi grein" (3. grein grundvallarlaga kirkjufélagsins) "hefir því að eins nokkurt gildi, að þeir, er samþykkja hana, viðurkenni óskeikulleik ritningarinnar fyrirfram". (Sam. 23, 270). Þetta stendur í þeim árgangi Sameiningarinnar, sem samþyktur var á síðasta kirkjuþingi, og prestarnir geta því ekki neitað þessu nú. En ef því er slegið föstu fyrirfram, að ritningin sé óskeikul, þá er ekkert eftir að rannsaka, og öll rannsókn verður þá syndsamleg, eins og hefir verið greinilega bent á af öðrum. Séra Björn í bréfi sínu til Gardar-safnaðar sýnir líka, að ég legg alvég réttan skilning í þetta. Hann segir þar, að kirkjufélagið leyfi rannsókn ritningarinnar, en bætir því við, að ef einhver við þá rannsókn komist að annari niðurstöðu en kirkjufélagið, "þá hlýtur alt frjálslyndi að benda til þess, að hvorug steinan þrengi að hinni, heldur skilji þær vinsamlega og búi svo hvor að sínu". (Sam. 24, 178). Með öðrum orðum, maður má rannsaka ritninguna með því móti að lofa fyrirfram, að komast ekki að neinni annari niðurstöðu en kirkjufélagið hefir komist að rannsóknarlaust. Kirkjufélagið heimtar af meðlimum sínum, að þeir "viðurkenni óskeikulleik ritningarinnar fyrirfram". Ef þessu er fyrirfram slegið föstu, hvað er þá að rannsaka? Og hvaða frjálslyndi er í því, að segja við mann: þú mátt rannsaka þetta, en ef þú kemst að annari niðurstöðu, verður þú að hafna henni eða fara úr kirkjufélaginu? Er þetta að leyfa frjálsa rannsókn? Fær maður með þessu nokkurt leyfi frá kirkjufélaginu til að rannsaka ritninguna eða til að fylgja þeirri niðurstöðu, sem maður við þá rannsókn kann að komast að? Þrátt fyrir yfirlýsing prestanna, finst mér öll rannsókn innan kirkjufélagsins vera beinlínis bönnuð, þegar það er heimtað, að því sé slegið föstu fyrirfram, að eins ein niðurstaða sé rétt, og þegar það sætir burtrekstri, að komast að annari niðurstöðu.

Eins og ég hefi áður tekið fram, þá geta hvorki þessir sjö prestar né nokkurir aðrir prestar sagt, hvað kirkjuþingið hefði getað samþykt. Þegar þingið felti tillögu séra Friðriks Hallgrímssonar, verður maður að álíta, að það hafi ekki verið henni samþykt frekar en tillögu Geo. Petersons. Enda blandast held ég engum hugur um það, sem á þinginu var í sumar og heyrði umræðurnar um þessa tillögu, að hún var meirihlutanum meira en lítið ógeðfeld. Henni voru valin háðuleg nöfn, og einn af þeim, sem talaði sterklega á móti henni, var séra Kristinn, sem nú er skrifaður undir þessa yfirlýsingu. Enginn meirihluta-maður lét í ljós, að nokkuð nýtilegt væri í henni. Ef það hefði verið, var hægðarleikur, að bæta því við aðal-tillögunna. Því var það ekki gert? Var það ekki af því, að hún væri öll álitin ótæk?

Það fréttist eftir séra Jóni, að hann hefði sagt, að hann hefði mikið heldur getað fallist á tillögu Geo. Petersons, því hún hefði farið fram á eitthvað ákveðið, en tillaga séra Friðriks hefði verið ótæk, því hún hefði verið svo óákveðin og þokukend. Lík þessu eru ummæli hans í Sameiningunni. Þar segir hann þetta um tillögu séra Friðriks: "þriðja tillagan átti að vera til sátta, en hvert hún steindi gat ekki heldur dulizt; atkvæðagreiðslan um hana bar þess skýran vott". (Sam. 24, 142). Og í september-blaði Sameiningarinnar, á sömu blaðsíðu og presta-yfirlýsingin stendur, segir hann þetta um þessa tillögu í sambandi við ummæli í "The Lutheran" um síðasta kirkjuþing: "Aðfinsla sú stafar víst einna helzt af málamiðlunartillögu séra Friðriks Hallgrímssonar, sem eftir því, hvernig á stóð, var ótæk". (Sam. 24, 231). — Finst mönnum þetta vera það sama og að segja, að í þessum tillögum hafi ekki verið neitt það, sem kirkjuþingið gæti ekki samþykt?

Það er borið fyrir, að ef þessi tillaga hefði verið samþykt, þá hefði ekki komist að það, sem mönnum fanst vera aðal-efni ágreiningsins? Yfirlýsingin neitar því, að það sé innblásturs-kenningin eða réttmæti bibliu-rannsóknar. Fyrst þessu er neitað, því eru menn þá ekki fræddir á því, hvað sé aðal efni ágreiningsins? Annars verða menn engu nær eftir þessa yfirlýsingu en áður.

Í grein sinni í Heimskringlu með fyrirsögninni "Yfirlýsingin afíarasæla", hefir séra Friðrik J. Bergmann rökfært það svo greinilega, að síðasti árgangur Sameiningarinnar hafi verið gerður að trúarjátning, að þeim rökum verður aldrei svarað með eintómri presta-yfirlýsingu. Hér er ekki um þennan skilning hjá að eins örfáum mönnum að ræða, heldur heilum söfnuðum, og eintóm yfirlýsing breytir þeim skilningi aldrei. Að þessi skilningur er almennt ríkjandi, sést á yfirlýsingum þeim, sem gerðar hafa verið af söfnuðum þeim, er sagt hafa skilið við kirkjufélagið. Allir hafa þeir neitað, að aðhyllast stefnu Sameiningarinnar.

Tjaldbúðar-söfnuður samþykti þetta:

"Með því Tjaldbúðar-söfnuði skilst af samþyktum síðasta kirkjuþings, að engir þeir, sem eigi fallast á trúmálaskoðanir þær, er Sameiningin flytur, og kirkjulega stefnu, hafi hér eftir rétt á sér í kirkjufélaginu, en sé óbeinlínis hrundið út úr því", o.s.frv.

Gardar-söfnuður samþykti þetta:

"Sökum þess, að skoðanir meirihlutans á síðasta kirkjuþingi urðu svo einskorðaðar á þá leið, að öllum innan kirkjufélagsins beri að aðhyllast stefnu Sameiningarinnar, sem eina réttmæta í ágreiningsmáli kirkjufélagsins", o.s.frv.

Guðbrands-söfnuður samþykti þetta:

"Sökum þess að síðasta kirkjuþing vildi ekki viðurkenna aðrar trúarskoðanir réttmætar í kirkjufélaginu en þá, sem Sameiningin fylgir", o.s.frv.

Vatna-söfnuður samþykti þetta:

"Sökum þess vér getum ekki viðurkent Sameininguna, hvorki fyr né síðar, SEM ÓSKEIKULT TRÚVARNARRIT eða dómstól í öllum ágreiningsmálum kirkjufélagsins, né heldur fallist á árásir hennar á móðurkirkjuna á Íslandi", o.s.frv.

Og Quill Lake söfnuður samþykti þetta:

"Söfnuðurinn viðurkennir ekki, að stefna Sameiningarinnar síðastliðið ár hafi verið réttmæt stefna kirkjufélagsins", o.s.frv.

Fram hjá öllu þessu ganga blessaðir prestarnir og segja, að þetta sé fjarstæða, sem ekki sé orðum eyðandi á. Skelfing er annað eins svar sannfærandi.

Einu geta prestarnir ekki neitað, og það er, að þingið samþykti þetta: "Þingið lýsir yfir því, að stefna sú, sem málgagn kirkjufélagsins, Sameiningin, hefir haldið fram á liðnu ári, sé réttmæt stefna kirkjufélagsins", o.s.frv.

Nú langar mig til að spyrja, hvað af því, sem í blaðinu stóð síðastliðið ár var með þessu samþykt? Var það nokkuð, eða var það alls ekki neitt? Ef eitthvað af því var samþykt en ekki annað, hvað var þá samþykt og hvað ekki? Því var haldið fram á þinginu í Selkirk í fyrra, og það af sumum, sem undir yfirlýsingunni standa, að með því að gjalda að nokkuru leyti laun séra Friðriks J. Bergmanns sem tungumálakennara væri kirkjufélagið að setja "sinn velþóknunar-stimpil á trúarskoðanir hans", og hafði þó kirkjufélagið aldrei gert neina yfirlýsingu eða samþykt í þá átt. Þessu var þar haldið fram af þeim sömu mönnum, sem voru forkólfar meirihlutans á þinginu í sumar. Um það segir séra Jón í aftur-göngu-grein sinni, að skólanefndin hafi litið svoleiðis á, að ef séra Friðrik væri framvegis haldið í kennara-embættinu, væri það frá hállu kirkjufélagsins "verkleg yfirlýsing um það, að það tæki kenningar-stefnu hans góða og gilda. Þannig rökstuddu nefndarmenn þessa tillögu sína". (Sam. 23,162).

Hvernig geta nú þessir sömu menn, nema með því að játa, að þeir hafi verið óeinlægir í fyrra, — og þá er þeim ekki trúandi nú — haldið því fram, að þeir hafi ekki samþykt það, sem í Sameiningunni hefir staðið síðastliðið ár? Enginn hélt því fram í fyrra, að séra Friðrik hefði haldið "hærri kritikinni" eða "nýju guðfræðinni" að nokkurum nemanda við skólann. Enginn hélt því fram, að nemendunum hefði verið unt á nokkuri framkomu hans sem kennara að vita, hvort hann fylgdi hinni gömlu eða nýju stefnu í trúmálum. Og enginn — ekki einu sinni séra Guttormur — hélt því fram, að nemendurnir yrðu fyrir nokkurum skaðlegum áhrifum frá séra Friðriki trúarlega eða á nokkurn annan hátt. Sem kennara báru allir honum vel söguna. En hættan voðalega var sú, að með því að halda áfram að gjalda laun hans að nokkuru leyti sem kennara, væri kirkjufélagið að fallast á trúarskoðanir þær, sem hann hefði látið í ljós, ekki sem kennari, heldur sem einstaklingur utan við skólann. Þá var ekki verið að undanskilja neitt. Með því að ráða séra Friðrik til að kenna íslenzku, átti kirkjufélagið að vera að fallast á kenningu hans um innblástur heilagrar ritningar, um gildi trúarjátninga, um kenningarfrelsi presta o.s.frv. Í stuttu máli átti það með því, að hafa samþykt allar hans trúarskoðanir. Kirkjufélagið átti með því, að hafa "sett sinn velþóknunar-stimpil — stamp of approval — á trúarskoðanir hans" þessi orð viðhafði dr. Brandson, framsögumaður skóla-nefndarinnar, í fyrra. Þau orð endurtók séra Kristinn og aðrir, og þetta var EINA ástæðan, sem gefin var í fyrra fyrir því, að séra Friðrik gæti ekki framvegis verið launaður sem kennari af kirkjufélaginu.

En nú eru aðrir tímar komnir. Á síðasta kirkjuþingi samþyktu þessir sömu menn það, "að steina sú, sem málgagn kirkjufélagsins, Sameiningin, hefir haldið fram á liðnu ári, sé réttmæt steina kirkjufélagsins", o.s.frv. En nú skilst mér á þessari presta-yfirlýsingu og eins á ritgjörðum þeim, sem birzt hafa um þetta efni eftir leikmenn kirkjufélagsins, að þeir vilji helzt halda því fram, að ekkert af því, sem í síðasta árgangi Sameiningarinnar hefir staðið, hafi verið samþykt. Hvernig þeir fara að samrýma þetta, get ég ekki skilið. Ef kirkjufélagið með því að ráða séra Friðrik sem tungumála-kennara var að samþykkja og fallast á allar hans trúarskoðanir, þá verður því aldrei neitað, að kirkjufélagið með þeirri samþykt, sem það gerði í sumar, samþykti alt það, sem í Sameiningunni hefir staðið á liðnu ári, og um leið lét í ljós velþóknanan sína á þeim rithætti, sem frá fyrstu hefir einkent það blað.

Eins og hefir svo oft áður verið bent á, þá eru trúarjátningar að eins vitnisburður um, hvernig þeir menn skildu guðs orð, er játningarnar sömdu. Og þær eru það, hvort sem þær eru skoðaðar sem bindandi eða að eins sem leiðbeinandi. Sá skilningur, sem Sameiningin hefir haldið fram á liðnu ári, er, eftir samþykt þá, sem gerð var, skilningur kirkjufélagsins. Það er skilningur allra þeirra, sem greiddu atkvæði með tillögu Friðjóns Friðrikssonar, og allra þeirra, sem halda áfram að standa í kirkjufélaginu eftir sem áður. Engir, sem neita þessu, eru réttmætir kirkjufélagsmenn. Og síðasti árgangur Sameiningarinnar er vitnisburður um þennan skilning, og er um leið játningarrit kirkjufélagsins. Þann skilning hefir heill söfnuður (Vatna-söfnuður) lagt í samþykt síðasta kirkjuþings, og sá skilningur hlýtur að verða ofan á, að síðasti árgangur Sameiningarinnar sé nú trúarjátning kirkjufélagsins.

Ég vona, að einhver góður maður verði til þess að skýra sem fyrst fyrir mér og öðrum, hvað af því, sem í Sameiningunni stóð síðastliðið ár, var samþykt á síðasta kirkjuþingi. Yfirlýsing prestanna sýnist benda til þess, að þeir vilji halda því fram, að það hafi ekki verið alt, og að þeir trúi ekki öllu, sem þar stendur. En hvað af því má undanskilja? Að minsta kosti ekki ritstjórnargreinarnar.

Því verður ekki neitað, að það var samþykt á síðasta kirkjuþingi, að Breiðblik séu afturganga og að rétt sé að líkja þeim við þórólf bægifót, Glám, o.s.frv., eins og gert var í ritstjórnargrein í Sameiningunni síðastliðið ár (Sam. 23, 161). Því það hefir verið steina Sameiningarinnar, ekki að eins síðastliðið ár heldur frá byrjun, að beita slíkri rökfærslu við mótstöðumenn sína. Séra Jón hefir líka auðsjáanlega litið svoleiðis á samþykt þingsins, því hann heldur sínum gamla rithætti áfram, eins og sést á september-blaði Sameiningarinnar. Þar er öllum, sem úr kirkjufélaginu hafa gengið, eða sem ekki fallast á, að gera síðasta árgang Sameiningarinnar að trúarjátning sinni, líkt við þræl einn "alræmdann" (Sam. 24, 193). Og þar er þessum bróðurlegu orðum vikið til Einars Hjörleifssonar: "Það er illur andi einhversstaðar að, sem heldur á penna þessa vinar vors, þá er hann ritar um þetta kirkjulega deilumál". (Sam. 24, 232).

Hvað af hinu var samþykt? Var það samþykt, að menn þyrftu að geta sannað það, að þeir bæði guð daglega krjúpandi, að leiða sig í allan sannleikann með anda sínum, áður en takandi sé nokkurt tillit til kenningar þeirra? (Sam. 23, 280). Voru skýringar Skafta A. Sigvaldasonar (Sam. 23, 334) og séra Guttorms (Sam. 24, 101) á bölbænunum í Davíðs sálmum ekki samþyktar? Var skýring séra Hjartar (Sam. 24, 108) á blóðbaðinu í Kanaanlandi, að það "hafi verið miskunnarverk, og það eitt hið helzta, sem vér höfum nokkursstaðar frásögur um" (Sam. 24, 115) ekki samþykt? Var skýring séra Kristins (Sam. 23, 356 og Sam. 24, 68) á Ágsborgartrúarjátningunni ekki samþykt? Var innblásturs-kenning séra Hjartar (Sam. 23, 270) eða séra Björns (Sam. 23, 331—332) samþykt? Var það samþykt, að séra Friðrik tryði á guðdóm Krists eins og kannast er við af séra Hirti (Sam. 23, 272) og Carl J. Olson (Sam. 24, 75), eða var það samþykt, að kirkjufélagið vissi ekki, hvað hann kendi um Krist, eins og séra Runólfur Marteinsson heldur fram (Sam. 24, 119), og að því yrði hann að leggja fram trúarjátning sína? Samþykti kirkjuþingið réttmæti bibliu-rannsóknar, eða samþykti það, að allir meðlimir kirkjufélagsins verði að "viðurkenna óskeikulleik ritningarinnar fyrirfram?" (Sam 23, 270). Samþykti kirkjufélagið ummæli ritstjórans, séra Jóns, um hina nýju bibliu-þýðingu, að "fingraför hærri kritikinnar' og heiðindómsandans, þess, sem henni er samfara, birtist þar"? (Sam. 24, 66).

Þetta er að eins örfátt af því, sem tína má til úr síðasta árgangi Sameiningarinnar. Margar aðrar spurningar þessu viðvíkjandi koma upp í huga manns, en þegar þessum spurningum verður svarað, verður svarið vonandi svo greinilegt, að allir skilji, hvaða "réttmæt stefna kirkjufélagsins" er. Ég læt því hér staðar numið, og bið menn að fyrirgefa, að þetta hefir orðið önnur langlokan til.

Hjálmar A. Bergman.

Til Mrs M. J Benedictsson.

Þeir $5.00, sem ég bað lofað að gefa í hjálparsjóð handa stúlkunni, sem auglýsti eftir hjálp í Freyju síðast, — eru til enn þá, og ég læt þig því vita, að þú þurfir ekki að vera svona feimin við að biðja þetta, þó litið sé, því ég hefi nú þegar frétt, hver sú bágstadda sé.

Með vinsemd,

G. J. Goodmundson.

Forngripur Fundinn.

Í bréfi frá herra Birni Magnússyni (dags. 6. sept. sl.), sem um nokkrar undanfarnar vikur hefir verið að vinna á G.T.P. brautinni í grend við Winnipeg Crossing, — er þess getið, að hann hafi fundið forngrip nokkurn hjá Corn Lake, um 14 mílur fyrir austan Winnipeg áns. Það var gömul tinnubyssa, lík þeim, sem notaðar voru fyrir 100 árum.

Þeir, sem séð hafa grip þennan og bera skyn á slíka hluti, telja víst að byssa þessi hafi legið þarna í jörðunni um 50 ár. Byssan var ekki djúpt í jörðu, og lá um 20 yards frá vatninu. Viðurinn í skeftinu var allur eyddur af fúa, og því er ekki nema hlaupið og lásinn til sýnis.

Fornfræðingar eiga hér kost á að ihuga, hvernig á fundi þessum getur staðið, og sjálfsagt ætti byssan að vera hér á forngripasafninu. Byssan er að líkindum smíðuð 1848, eftir því, sem næst verður komist, og hefir að líkindum verið skilin eftir af veiðimanni eða málmleitanda. — Birni hefir verið boðið talsvert fé fyrir byssu þessa, en hann hefir neitað boðinu.

LEIÐBEININGAR--SKRA
YFIR ÁREIÐANLEGA VERZLUNARMENN Í WINNIPEG

MUSIC OG HLJÓÐFÆRI

CROSS, GOULDING & SKINNER, LTD. 323 Portage Ave. Talsími 4413

MASON & RISCH PIANO CO., LTD. 356 Main Street Talsími 4580 W. Alfred Albert, íslenzkur umboðsmaður

WHALEY ROYCE & CO. 356 Main St. Phone 263 W. Alfred Albert, bústaðarþjónn.

BYGGINGA- og ELDIVIÐUR.

J. D. McARTHUR CO., LTD. Byggingar- og Eldiviður í heildsölu og smásölu. Sölust: Princess og Higgins Tals. 5060, 5061, 5062

MYNDASMIÐIR.

G. H. LLEWELLIN, "Medallions" og Myndarammar Starfstofa Horni Park St. og Logan Avenue

SKÓTAU Í HEILDSÖLU.

AMES HOLDEN, LIMITED. Princess & McDermott. Winnipeg.

THOS. RYAN & CO. Allskonar Skótau. 44 Princess St.

THE Wm. A. MARSH CO. WESTERN LTD. Framleiðendur af hinu Skótaui. Talsími: 3710 88 Princess St. "High Merit" Marsh Skór

RAFMAGNSVÉLAR OG ÁHÖLD

JAMES STUART ELECTRIC CO. 324 Smith St. Talsímar: 8447 og 7802 Fullar birgðir af alskonar vélum.

GOODYEAR ELECTRIC CO. Kellogg's Talsímar og öll þarafnútt áhöld Talsími 3053. 56 Albert St.

RAFMAGNS AKKOKÐSMENN

MODERN ELECTRIC CO 412 Portage Ave Talsími: 5658 Viðgjörð og Vír-lagning — allskonar.

BYGGINGA-EFNI.

JOHN GUNN & SONS Talsími 1277 266 Jarvis Ave. Höfum bezta Ste'n, Kalk, Cement, Sand o. fl.

THOMAS BLACK Selur Járnvöru og Byggingu-efni allskonar 76—82 Lombard St. Talsími 600

THE WINNIPEG SUPPLY CO., LTD. 298 Rietta St. Talsímar: 1936 & 2187 Kalk, Steinn, Cement, Sand og Möl

BYGGINGAMEISTARAR.

J. H. G. RUSSELL Byggingameistari. Í Silvester-Willson byggingunni. Tals: 1068

PAUL M. CLEMENS Byggingu-Meistari, 443 Maryland St. Skrifst.: Argyle Bldg., Garry st. Talsími 5097

BRAS- og RUBBER STIMPLAR

MANITOBA STENCIL & STAMP WORKS 471 Main St. Talsími 1880 P. O. Box 244. Búum til allskonar Stimpla úr málmi og togleðri

CLYDEBANK SAUMAVÉLA AÐGERÐARMAÐUR. brúkaðar vélar seldar frá $5.00 og yfir 564 Notre Dame Phone, Main 8624

VÍNSÖLUMENN

GEO. VELIE. Hef dsölu Vínsali. 185, 187 Portage Ave. E. Smá-sölu talsími 352. Stóe-sölu talsími 682.

STOCKS & BONDS

W. SANFORD EVANS CO. 326 Nýja Grain Exchange Talsími 369

ACCOUNTANTS & AUDITORS

A. A. JACKSON, Accountant and Auditor Skrifst.—28 Merchants Bank. Tals.: 5702

OLÍA, HJÓLÁS-FEITI OG FL.

WINNIPEG OIL COMPANY, LTD. Búa til Stein Olíu, Gasoline og hjólás-feiti Talsími 1590 611 Ashdown Block

TIMBUR og BÚLOND

THOS. OYSTAD, 208 Kennedy Bldg. Viður í vagnhlössum til notenda, búlönd til sölu

PIPE & BOILER COVERING

GREAT WEST PIPE COVERING CO. 132 Lombard Street.

VÍRGIRÐINGAR.

THE GREAT WEST WIRE FENCE CO., LTD Alskonar virgirðingar fyrir bændur og borgara. 76 Lombard St. Winnipeg.

ELDAVÉLAR O. FL.

McCLARY'S, Winnipeg. Stærstu framleiðendur í Canada af Stóes, Steinaveru [Graniteware] og fl.

ÁLNAVARA Í HEILDSÖLU

R. J. WHITLA & CO., LIMITED 264 McDermott Ave Winnipeg "King of the Road" OVERALLS.

BILLIARD & POOL TABLES.

W. A. CARSON P. O. Box 225 Room 4 1 Molson Bankan. Öll nauðsynleg áhöld. Ég gjöri við Pool-borð

NALAR.

JOHN RANTON 203 Hammond Block Talsími 4679 Sendið strax eftir Verðlista og Sýnishornum

GASOLINE Vélar og Brunnborar

ONTARIO WIND ENGINE and PUMP CO. LTD 301 Chamber St. Sími: 2988 Vindmillur — Pumpur — Agetar Vélar.

BLÓM OG SÖNGFUGLAR

JAMES BIRCH 442 Notre Dame Ave. Talsími 2623 BLÓM - allskonar. Söng fuglar o. fl.

BANKARAR, GUFUSKIPA AGENTR.

ALLOWAY & CHAMPION North End Branch: 667 Main street Vér seljum Avisanir borganlegar á Íslandi

LÆKNA OG SPITALAÁHÖLD

CHANDLER & FISHER, LIMITED Lækna og Dýralækna áhöld, og hospitala áhöld 185 Lombard St., Winnipeg, Man.

'Ye Olde Firm'

HEINTZMAN & CO. PÍANÓ

Hefir reynst trúverðugt.

ÞAD ER EITT af heimsins mestu hljóðfærum og ekkert annað er betra en það. — Það hefir fengið fleiri Medalíur, verðlaun og heiðursskírteini en nokkurt annað PIANO. —

Hinir frægustu Tónfræðingar, sem ferðast hafa hér um land, — nota jafnan HEINTZMAN & Co. PIANÓ, og hæla þeim mjög mikið fyrir Tónfegurð. —

Til sölu aðeins í einum stað í Winnipeg, hjá: —

328 Main St. — Phone 808

Og í Brandon og Portage La Prairie

Fréttir úr bænum.

Á sunnudagskveldið var kl. 11 kviknaði í íbúðarhúsi hr. Sigurðar Þórarinssonar á King Edward stræti. Svo lætsist eldurinn fljótt um húsið, að konan og börnin 4 komust með naumindum út úr því með föt sín. Tilraun var gerð til að slökkva eldinn, en með því, að engin tæki voru til þess þar á staðnum, varð ekkert að gert, og húsið með öllum innanstokksmunum brann til ösku, og einnig næsta hús. Sjálfur hafði hr. Þórarinsson ekki verið í húsinu, þegar slysið bar að. Skaðinn metinn 3 þúsund dollara.

Herra Joseph Johnson, bóndi að Stockton, Man., var hér í borg í vikunni. Hann kvað sumarið hafa verið afskaplega þurt vestur þar. Hann hafði um 500 ekrur undirræktun, og fékk um 9 þúsund bush ela af kornmat, en tiltölulega mest af höfrum. Á sumum stöðum varð hveiti uppskeran yfir 20 bushel af ekru, en á öðrum stöðum svo lítil, að uppskeran hjá honum varð að meðaltali 14 bushel af ekru.

Herra Þórður Jónsson, frá Winnipegosis var hér á ferð í síðustu viku, í þeim tilgangi að leita sér lækninga hjá Dr. Clark við gigt, sem sest hafði í hnéð á honum. — Hann dvöldi hér vikutíma og hélt heimleiðis á mánudaginn var.

Þess biðst getið, að hr. C. G. Johnson, kjötsali, hefir keypt kjötverzlun þeirra Sigurðsson & Thorvardson, og heldur verzluninni áfram á sama stað (í Vopna Block á Ellice Ave.). Hann vonar, að allir gamlir og margir nýir skiftavinir heimsæki sig þar í búðinni.

Fyrsti fundur

Menningarfélagsins eftir sumarhvildina verður haldinn í Únítara kirkjunni í kveld (miðvikudag 13. þ.m. Fyrst verður kosin stjórnarnefnd fyrir næsta ár, og að því afstöðnu verður talað um "framtíðar trúbrögð Vestur-Íslendinga". Allir velkomnir.

TIL LEIGU—tvö herbergi (án fæðis), að 582 Young St.

SKEMTISAMKOMA

STÚKAN ÍSLAND, O.R.G.T., hrídur samkomu Fimtudagskveldið

21. Október

(næsta fimtudagskv.)

í neðri sal Good Templara hússins Ágætt prógram, góður hljóðfærasláttur og ýmsar skemtanir fyrir unga fólkið.

Sækið samkomuna og njótið saklausra skemtana í samveru með frjálslyndum og siðferðisgóðum félagsskap.

Inngangur að eins 25c. Aldrei betur varið. Nefndin.

RYDGADAR SKRÚFUR losna fljótlega, sé glóðheitu járni haldið á haus þeirra stundarkorn.

Ódýr kaffisala.

Kvenfélag Tjaldbúðar safnaðar hefir haft kaffisölu einu sinni í viku nú um undanfarinn tíma, — í heimahúsum hjá félagskonum, til skiftis, og hefir það hepnast ágætlega. — Í þetta sinn verður kaffisala hjá Mrs. Gottskálksson, 442 Agnes St., á fimtudagskveldið 14. þ.m. (í kveld). Hr. Gottskálksson hefir góðfúslega boðist til að bæta upp kaffibollann í þetta sinn með því, að gefa hverjum, sem kemur með konuna sína eða einhverja aðra konu og kaupir 2 bolla, — góðan vindil í kaupbæti. Þetta virðast vera svo mikil kjörkaup, að kvenfélagið hefir fulla ástæðu til að vonast eftir miklu fjölmenni. — Allir eru velkomnir.

Vatnsheldir SKÓR.

Par af vorum VETRARSKÓM ekki að eins vernda fætur yðar, heldur einnig hitt parið yðar. Nauðsyn og sparnaður sameinaður.

Box Calf, Velour, Calf og Mórauðir Kálfskinns Skór, leður-fóðraðir, vatnsheldir að öllu leyti, $5.00, $5.50, $6.00 til $7.00.

Vér ábyrgjumst, að skórnir geri skyldu sína í öllum tilfellum.

Ryan-Devlin Shoe Co
494 MAIN ST. PHONE 770.

Fyrirlestur

í Tjaldbúðinni flytur séra Fr. J. Bergmann næsta fimtudagskveld, 21. þ. m., kl. 8. Umræðuefnið skemtilegt, svo kirkjan ætti að verða full. Inngangur 25c.

Árið 1909 er frábrugðið öðrum árum að því leyti, að það hefir 4 stórhátíðar. Sú þriðja er núna 1. nóv. næstk. í tilefni af því, að stúkan Hekla ætlar að halda Tombolu til arðs fyrir sjúkrasjóð sinn.

Herra Ísleifur Guðjónsson, frá Adelard P.O., Man., kom snöggva ferð til borgarinnar í sl. viku. — Með honum kom og Mrs. Kristrún Sveinungadóttir í kynnisför til ýmsra kunningja hér.

Misprentun var í fréttadálkum síðustu Hkr. Þar er sagt, að ræningjarnir hafi náð 10 dollars, við Rainy River bankaránið, en það ytti að vera 10 þús. dollarar.

Bæjarstjórnin ætlar að biðja næsta fylkisþing um leyfi til að mega léggja hálfa milíón dollara til sýningarinnar fyrirhuguðu. Auk þess ætla borgarbúar að verja hálfri milíón dollara í hlutabréfum til sýningarinnar, svo að tíllag Winnipeg borgar verði alls ein milíón dollara.

COURT VÍNLAND, C.O.F., heldur fund fimtudagskveldið 14. þessa mánaðar í Good Templarsalnum á venjulegum tíma. Félagsmenn eru mintir á að koma.
K. S., ritari.

Vantar tilboð

um að setja á stormglugga og hurðir. Frekari upplýsingar gefur
TH. JOHNSON,
792 Notre Dame Ave.

Til stúlkna.

Mrs. Steinunn Anderson, Fort Rouge Hotel, vantar góða vinnukonu sem allra fyrst. Býður $15.00 kaup um mánuðinn eða hærra, ef konan er afbragð. Ágæt vist og kaupið svikalaust útlátið í skildingum.

Herra William Mapes í Winnipegosis, Man., vantar vinnukonu fyrir þennan komandi vetur. Hann býður $15.00 mánaðarkaup og að borga fragjaldið aðra leiðina. — Heimilið er gott. Nokkrir alúðlegir Íslendingar eru í bænum. Stúlkan á að vera íslenzk, og óskast sem fyrst.

MARTYN F. SMITH,
TANNLÆKNIR.
Fairbairn Blk. Cor Main & Selkirk

Sérfræðingur í Gullfyllingu og öllum aðgerðum og tilbún aði Tanna. Tennur dregnar án sársauka. Engin veiki á eftir eða gómbólga. —

Stofan opin kl. 7 til 9 á kveldin
Office Phone 6944. Heimilis Phone 6462.

Gólfteppa Hreinsun

Vér stoppum og þekjum gamla stóla, legubekki og fleira. — Flyt húsgögn og geymi þau yfir lengri eða styttri tíma. —

W. G. Furnival
312 Colony St. Phone 2041.

Húðir og ógörfuð Loðskinn

Verzlun vor er vor bezta auglýsing. Sendið oss húðir yðar og loðskinn og gerist stöðugir viðskiftamenn. Skrifið eftir verðlista.

The Lightcap Hide & Fur Co., Limited
P.O.Box 1092 172-176 King St Winnipeg
16-9-10

Ný Kjötverzlun

Allar vörur af beztu tegund.

H. SIMONITE, eigandi
Talsími: 947 110 Isabel St.
16-9-10

Drs. Ekern & Marsden,
Sérfræðislæknar í Eftirfylgjandi greinum: — Augnasjúkdómum, Eyrnasjúkdómum, Nasasjúkdóm um og Kverkasjúkdómum. : : :
Í Platky Byggingunni í Bænum
Grand Forks, :: N. Dak.

Þarft þú ekki að fá þér ný föt?

EF ÞAU KOMA FRÁ CLEMENT'S, — ÞÁ VERDA ÞAU RÉTT.

Réttur að efni, réttur í sniði réttur í áferð og réttur í verði.

Vér höfum miklar byrgðir af fegurstu og beztu fataefnum. —

Geo. Clements & Son
Stofnað árið 1874
264 Portage Ave. Rétt hjá FreePress

Th. JOHNSON
JEWELER
286 Main St. Talsími: 6606

JOHN ERZINGER
TÓBAKS-KAUPMAÐUR.
Erzinger's skorið reyktóbak $1.00 pundið
Hér fást allar neftóbaks-tegundir. Óska eftir bréflegum pöntunum.
McINTYRE BLK., Main St., Winnipeg
Heildsala og smásala.

G. NARDONE
Verzlar með matvöru, aldini, smá-kökur, allskonar sætindi, mjólk og rjóma, sönul. tóbak og vindla. Óskar viðskifta Íslend. Heitt kaffi eða te á öllum tímum. Fón 7756
714 MARYLAND ST.

Boyd's Brauð

Eru brauðin sem þér kaupið, þess virði sem þér borgið fyrir þau? Kaupið Boyd's brauð og fáið fullvirði. Hvert brauð er full þyngd, og engin brauð eru betur tilbúin. Auðmelt og smekkgóð. Biðjið mat salann yðar eða keyrslumenn vora um þau. —

Boyd's

Bakery Cor. Spence & Portage Ave
Phone 1080.

Winnipeg Wardrobe Co.

Kaupa brúkaðan Karla og Kvenna fatnað,—og borga vel fyrir hann.

Phone, Main 6539 597 Notre Dame Ave.

BILDFELL & PAULSON
Union Bank 5th Floor, No. 520
selja hús og lóðir og annast þar að lútandi störf; útvegar peningalán o. fl.
Tel.: 2685

J. L. M. THOMSON, M.A., L.L.B.
LÖGFRÆÐINGUR. 255½ Portage Ave.

Hubbard, Hannesson and Ross
LÖGFRÆÐINGAR
10 Bank of Hamilton Chambers
Tel. 378 Winnipeg

ANDERSON & GARLAND
LÖGFRÆÐINGAR
35 Merchants Bank Bldg. Phone: 1561

BONNAR, HARTLEY & MANAHAN
Lögfræðingar og Landskjalasemjarar
Suite 7, Nanton Block, Winnipeg

W. R. FOWLER A. PIERCY.

Royal Optical Co.
327 Portage Ave. Talsími 7286.
Allar nútíðar aðferðir eru notaðar við augn skoðun hjá þeim, þar með hin nýja aðferð, Skugga-skoðun, sem gjöreyðir öllum ágiskunum. —

Dr. G. J. Gislason,
Physician and Surgeon
Weltington Blk, - Grand Forks, N.Dak
Sjerstakt athygli veitt AUGNA, EYRNA, KVERKA og NEF SJÚKDÓMUM.

QUILL PLAINS HVEITI LÖND

25,000 EKRUR. Algerlega FYRSTA ÚRVAL frá hinni miklu C.N.R landveitingu. Gufuplógs lönd hrein. slétt

ÞESSA ÁRS UPPSKERA sannar gæði jarðvegsins. — Enginn steinn eða hrís.—Gott vatn.—Nálægt mörkuðum, skólum og kirkjum.—Vér höfum umráð á öllum Jansen og Claassen löndunum, og bjóðum þau til kaups me sanngjörnu verði og auðveldum borgunarskilmálum.—Kaupendur geta borgað af hvers árs upp skeru; 6% vextir.— Sölubréfin gefin út beint frá eigendum til kaup enda.—Eastern Townships Bank í Winnipeg og hver banki og "business"-maður í Marshall, Minn., gefur upplýsingar um oss. — Póstspjald færir yður ókeypis uppdrætti og allar upplýsingar. —

John L. Watson Land Co.
316 Union Bank Bldg. - - Winnipeg. Man

Samkoma verður haldin í samkomusal Únítara á mánudagskveldið kemur til arðs fyrir veikan Íslending hér í bænum. Maður þessi hefir legið sjúkur tvo ár eða lengur, og hafi það eitt við að styðjast, sem kona hans hefir getað unnið fyrir, og það sem góðir menn hafa lagt af mörkum honum til styrktar. Hjálp til þessa manns er bráðnauðsynleg nú undir veturinn, og eru því Íslendingar beðnir að fjölmenna á samkomuna svo arðurinn verði sem mestur. — Auk prógrams verður kökuskurður og kaffiveitingar. Inngangur að eins 25c. — Sjá augl. á öðrum stað í blaðinu.

Mr. og Mrs. Skapti B. Brynjólfsson komu aftur hingað til borgarinnar úr Íslandsferð sinni á þriðjudagskveldið var. Samferða þeim voru 10 vesturfarar, flestir úr Reykjavík og grendinni.

BAZAAR verður haldinn í Maw Block, á horni King og William stræta, alla næstu viku, byrjar á mánudaginn kemur. Þar verður íslenzk kona klædd þjóðbúningi sínum. Brúða í fullri stærð verður þar einnig klædd íslenzkum þjóðbúningi, — mesta gersemi. Íslenzk flögg verða þar á veggjum, og á ýmsan annan hátt verður íslenzku þjóðerni sýndur þar sómi.

Bazar þessi er haldinn fyrir St. Edward kirkjuna, og konurnar, sem fyrir honum standa, vona að sjá fjölda Íslendinga þar.

Skemti-samkoma

— TIL ARÐS —

Fyrir Veikan Mann

verður haldin undir umsjón Únítara í samkomusal safnaðarins NÆSTA MÁNUDAGSKVELD,

þann 18. október.

PRÓGRAM:

1. Ræða—B. L. Baldwinson.
2. Sóló—Mrs. S. K. Hall.
4. Sóló—Gísli Jónsson.
5. Upplestur—Eggert J. Árnason.
6. Violin Sóló—Miss ClaraOddson
7. Ræða—Séra Guðm. Árnason.
8. Kökuskurður og kaffiveitingar.

Inngangseyrir 25 cents.
Samkoman byrjar kl. 8.

Þau hjón herra O. H. Lee og kona hans, frá Blaine, Wash., sem dvalið hafa hér eystra um tveggja mánaða tíma, héldu heimleiðis aftur á mánudaginn var með Great Nothern járnbrautinni. — Hr. O. T. Lee, sonur þeirra hjóna, og Carl Thorsteinsson frá Argyle, sem um nokkur ár hefir dvalið vestur á strönd, en var nú samferða yngra Lee austur hinað í kynnisför til ættfólks sins, — fóru vestur á sunnudaginn var með C. P. R. brautinni.

Þau Lee hjónin báðu Hkr. að flytja alúðarþakkir sínar öllum þeim, sem á þessari ferð hafa sýnt þeim hlý vinahót, og gert dvöl þeirra hér eystra eftirminnilega unaðsríka.

DÁIN

er KRISTBJÖRG CHRISTIANSON, kona Antons Christianson í Edinburg, N. Dak. Hún andaðist 27. sept. sl. 57 ára gömul.

Kristbjörg sál. var skagfirzk að ætt, dóttir Stefáns læknis Tómassonar og Vigdísar Magnúsdóttur, er eitt sinn bjuggu á Egilsá á Norðurárdal í Skagafirði. Hún var góð kona og vel greind.

Herra Björn Magnússon, sá sem fann byssuna, sem getið er um á öðrum stað í þessu blaði, kom til bæjarins snöggva ferð í síðustu viku, en fór aftur austur til East Lake í Ontario, og býst við að verða þar um mánaðartíma við smíðar.

Fyrirlestur um þýzkaland flutti séra Guðmundur Árnason í samkomusal Únítara þann 6. þ.m. fyrir tæpum hundrað áheyrendum. — Fyrirlesturinn var fróðlegur og hafði presturinn sýnilega vandað til hans. Það hefði því átt að vera húsfyllir áheyrenda til að hlusta á hann. Fyrirlesarinn skifti máleininu í 4 deildir: landið, sögunа, þjóðina og nokkrar mentastofnanir. Hann lýsti hnattstöðu landsins, og sýndi á uppdrætti af Evrópu, sem hann hafði við hendina, hvernig það er inngirt á milli annara stórvelda. Hann lýsti landslagi, frjósemi jarðar og búnaði og iðnaði þar. Ekki kvað hann landið frjósamt, en búskapur væri þar stundaður eftir vísindalegum reglum og landið alt vel notað. Hann gerði og grein fyrir ástæðunum til þess, að þar eru fleiri stórborgir en í öðrum löndum. — Þá rakti hann sögu landsins aftur í tímann og fram til þessa dags, og sýndi, hvernig tekist hefði, mest megnis með hernaði, að smábæta við eða auka út hin ýmsu konungsríki, sem nú mynda þýzku ríkisheildina, og hvernig að lokum hefði tekist að sameina hin ýmsu sérskildu konungsríki í allsherjar þjóðverskt keisaraveldi. — Þá talaði hann um þjóðina og sérkenni hennar og hrósaði henni mjög fyrir siðþrýði, alúðlegt viðmót og gáfur og hugsana frumleik, og sýndi, hverju hún hefði afkastað á sviði bókmenta, vísinda og lista. Hann lýsti kjörum verkalýðsins, húsakynnum, kaupgjaldi, lífstilkostnaði, og einnig kjörum sveitafólks. — Síðast lýsti hann mentastofnunum landsins, og kvað það einkenna þær sem heild, að þær væru til þess sniðnar, að veita nemendum allan þann fróðleik, sem enn væri þektur og hægt væri að læra.

Fyrirlesturinn var þrunginn af fróðleik, skemtilega fluttur, og varði 1 kl.stund og 20 minútur. Á eftir söng hr. Gísli Jónsson tvær sólós.

Herra J. K. Jónasson, frá Dog Creek, kom hingað í sl. viku í verzlunarerindum. Hann var að kaupa vörur til vetrarins. Í fréttum sagði hann, auk þess, sem getið er um í bréfi frá Dog Creek, sem birt er í þessu blaði, að nýlega hafi Kristján bóndi Eiríksson við Dog Lake mist alt sitt hey í eldinn. Tveir aðrir menn er sagt að hafi tapað 75 tons af heyi hvor. Ennfremur, að Hallur Hallson hafi mist 25—30 tons af heyi. Eldurinn sagður að fara með miklum hraða undan vindi, sem um þennan tíma er óvanalega langvinnur. — Frétt hafði Jónasson, að um 40 manns hefðu verið að starfa að því, að verja eldinum vestur milli Dog Creek og Dog Hung Bay, til þess að forða Narrows, Sigluness og Dog Creek bygðum frá yfirvofandi eldsvoða. Nú sem stendur er yfirvofandi hætta að sunnan, milli Dog og Manitoba vatna, og meðfram Dog Creek, því þar var eldurinn í að eins 5 milna fjarlægð, þegar Jónasson fór suður, og líklegt, að nauðsynlegt verði, að gera öflugar varnir gegn eldinum þar. Inn hjá Scotch Bay voru menn í óða önnum, að plægja kringum hús sín og hey, til varnar eldinum. Og jafnvel suður í Álptavatns bygð voru menn að tala um að hafa samtök til þess að sporna við því, að eldurinn gæti ætt þar suður um bygðina, þegar norðanvindur kæmi. Eldurinn sleikir upp alt, sem fyrir er, engi og skóga, og brennir jörðina alveg niður í leir á skóglöndum. — Í Dog Creek bygð voru varnir svo langt komnar, að bygðinni sýndist engin hætta búin, með því að menn hafa verið settir til að gæta eldsins, og er við búið, að sú gæzla verði að haldast við fram á haust. — Hr. Jónasson hafði frétt, að James Clark, lögregluþjónn í Clarkleigh, væri væntanlegur norður til þess að rannsaka, hver eða hverjir upprunalega væru valdir að því, að hafa kveikt eld þennan, austan Dog Lake. — Ennfremur kvað hr. Jónasson voðalega elda vestan Manitoba vatns, og að þeir hafi verið að brenna meira og minna síðan í maí í vor, en að öðru leyti eru engar fregnir um það, hvern skaða eldarnir hafi gert þar. — Jónasson sagði ennfremur, að í ráði væri, að þeir B. Matthews & Co., viðartökumenn, flytji sögunarmyllu sína frá Siglunes norður að Crane River, þar sem þeir höggva skóg sinn, og er það tilfinnanlegt tap fyrir bygðina, því að þeir félagar hafa á liðnum árum veitt mörgum fátækum bónda arðsama atvinnu.

It's going UP.

Þú getur ekki búist við

að það geri annað en eyðast í reyk. Því ekki að fá nokkur tons af okkar ágætu kolum, og hafa ánægjuna af, að njóta hitans af þeim, þegar vetrarkuldarnir koma. Komið til vor og nefnið þetta bl.

D. E. ADAMS COAL CO.
YARDS Í NORÐUR, SUÐUR, AUSTUR OG VESTURBÆNUM
Aðal Skrifst.: 224 BANNATYNE AVE.

EKRU-LÓÐIR

3, til 5 ekru spildur við rafmagns-brautina, 5 mílur frá borginni. — aðeins 10 mínútna ferð á sporvagninum, og mölborin kerruvegur alla leið. Verð $200 ekran og þar yfir. Aðeins einn-fimtipartur borgist strax, hitt á fjórum árlegum afborgunum.—

Skuli Hansson & Co.

Skrifst. Talsími 6478. Heimilis-sími 2274

Heimskringla.

Vér höfum næga skildinga

til að lána yður mót tryggingu í bújörðum og bæjar-fasteignum. Seljum lífsábyrgðir og eldsábyrgðir. Kaupum tölusamninga og víxlskuldabréf.

Frekari upplýsingar veita

Skuli Hansson & Co.

56 Tribune Building. Winnipeg.

XXIV. ÁR WINNIPEG, MANITOBA, FIMTUDAGINN 21. OKTÓBER 1909. NR. 3

Það er Innbygging Rjómaskilvindunnar sem Gerir Gildi Hennar.



HINAR óvönduðu skilvindur, með veikar umgerðir, fagurlega málaðar, geta staðið uppi að eins vegna þess, að þær eru skrúfaðar niður í gólfið. En "Worm Gearing", — spyrjið þér trúverðugan smið um þær, og hann mun segja yður, að þær geti aðskilið fullvel um tíma, en fyr eða síðar hljóta þær að bila, og slysið kemur vanalega fyrir, þegar verst gegnir og þér megið síst við töfum. Þá sjáið þér ljósast, hve áríðandi það er, að hafa "Square Gear" eins og í MAGNET vélinni. Sú vél er rétt smíðuð og áreiðanleg á öllum tímum. Þér tapið engum tíma hennar vegna. MAGNET hefir "Square Gear" gerð úr einu stykki og einstykkis fleytir, hæg-hreinsuð, stór skál tvístudd (MAGNET einkaréttur), og svo létt að börn geta snúið henni. Fullkomn asta "Brake", svo vel getur stöðvast á 8 sekúndum.

Athugið undirstöðu MAGNET vélarinnar, hún er traust og stöðug, og heldur öllum hlutum vélarinnar í jafnvægi, svo að aðskilnaður mjólkurinnar verður al-fullkominn, hvar sem vélin er sett. Berið þetta saman við undirstöðu skrifli sumra annara véla.

Það er hægt, að fleka blinda menn með röngum frásögnum, en hver sá, sem sér og ber saman smíðið, kemst ekki hjá að kaupa MAGNET. Hún er sú rétta rjómaskilvinda, smíðuð til að endast 50 ár. Það kostar eitt cent, að skoða MAGNET heima í yðar eigin húsi.

The PETRIE MANUFACTURING CO., LTD.

WINNIPEG

HAMILTON. ST. JOHN. N B. REGINA. CALGARY. VANCOUVER.

Fregnsafn.

Markverðustu viðburðir hvaðanæfa.

Tyrkjastjórn hefir áformað, að bjóða Gyðingum um heim allan, þeim, sem óska að búa á hinum fornu stöðvum þjóðarinnar, að byggja upp þá 70 miliónir ekra landspildu, sem liggur meðfram Bagdad járnbrautinni, sem nú er verið að leggja eftir Euphratesdalnum, alt til þersneska flóans. Stjórnin er viljug, að láta Gyðinga fá alt þetta land til eignar og ábúðar, en um kaupskilmála er ekki getið. Landið er fagurt og frjósamt og loftslagið heilnæmt.

— Stjórnin í Alberta fylki hefir neitað, að taka þann þátt í hinni fyrirhuguðu heimssýningu í Winnipeg árið 1912, að byggja hér sýnarhöll og verja 250 þús. dollara til hennar og sýningarmuna, sem fylkið framleiðir. Ástæðurnar fyrir neituninni eru: — 1) Að fylkið sé enn þá ekki búið að ná því þroskastigi, að það geti tekið svo virðulegan þátt í slíkri sýningu, sem æskilegt sé. 2) Að Vestur-Canada sé ekki svo þroskað land, að hér sé, viðeigandi, að hafa heimssýningu árið 1912. 3) Að fylkið geti ekki haft þann hagnað af að taka þátt í sýningu, sem haldin yrði hér í Winnipeg, að það svaraði kostnaðinum. Og 4) Að svo mikil þörf sé á umbótum í fylkinu til vegagerða og annara nauðsynja, að stjórnin hafi ekki fé til að verja til sýningarinnar, því oll eu fylkisins verði að ganga til þess, að bæta úr bráðustu þörfum sjálfra fylkisbúa heima fyrir.

— Herra R. L. Borden, leiðtogi Conservative flokksins í Canada, auglýsti í ræðu, sem hann flutti í Halifax þann 14. þ.m., að stofnað yrði til allsherjar fundar með Conservativum í öllu Canadaveldi, á næsta ári, væntanlega til þess, að mynda formlega stefnuskrá fyrir flokkinn, og er talið víst, að fundur sá verði haldinn annaðhvort í Winnipeg eða Ottawa.

— Stjórn Japana hefir tekið upp það nýmæli, að taka ljósmyndir af andliti og fingraför hvers einasta Japana, sem ætlar til Bandaríkjanna eða Canada til búsetu. Þetta er gert til þess, að síðar megi þekkja manninn, hvað sem fyrir kann að koma.

— Stjórnarbreyting er að verða í Kína, einveldið er að líða undir lok, og þjóðstjórn að koma í þess stað. Þann 14. þ.m. komu saman kjörnir málsvarar fólksins á fundum í höfuðborgum 21 fylkja þar í landi, til þess að ræða um tilhögun á fyrirhugaðri stjórnarbreytingu. Það var einróma álit allra fundanna, að 6 þúsund ára gamla stjórnarfyrirkomulagið gæti ekki orðið þolað lengur, og að nauðsyn bæri til þess, að fylgjast með öðrum þjóðum í framförum og menningu, og að semja sig að siðum þeirra, jafnt í stjórnmálum, sem öðrum efnum. Á fundum þessum mættu aðallega menn úr verzlunar- og náms-flokkum landsins. En enginn stjórnarembættismaður var kjörgengur. En stjórnin hafði viðstadda þar fregnrita, til þess að vita greinilega hvað gerðist. Áður hafði hún sent öllum fylkjastjórum sínum skipun um, að takmarka verksvið þessara funda. Ákvæði fundanna var, að kjörin nefnd manna í hverju fylki skyldi sett við hlið stjórnarvaldanna, sem ráðgefandi. Með því móti fengju alþýðumenn brátt nokkra þekkingu á stjórnarstörfum, og síðar, þegar það væri nægilega ljóst orðið alþýðu landsins, þá gæti hún algerlega tekið stjórnmálin í sínar hendur. — Það er alment viðurkent í Kína, bæði af stjórnarflokkunum og öðrum, að ekki verði lengi hjá því komist, að þar verði alger breyting á stjórn.

— Luisa, prinsessa í Belgíu, er með eyðslusömustu konum í Evrópu. En svo er Leopold konungur naumur við hana, að hann leggur henni ekkert til og hefir vísað henni út á gaddinn. Karlinn er nú 76 ára gamall og getur ekki átt mörg ár að baki. Nú er prinsessan, sem stendur til að erfa 25 miliónir dollara, að semja við brezka banka um, að lána sér eitthvert lítilræði út á væntanlegan arf. Faðir hennar hefir gefið henni vottorð um, að hann geti ekki lagalega gert hana arflausa, svo að hún hljóti að fá sinn hluta af dánarbúinu, þegar hann falli frá. Bankarnir hafa enn þá engu svarað lánbeiðni prinsessunnar.

— Þrjú þúsund kjósendur á fundi í New York borg þann 11. þ. m. tilneíndu W. R. Hearst, dagblaðaeigandann nafnkunna, til að sækja um borgarstjórastöðuna þar í haust.

— Góð saga er sögð af því, hvernig Rússastjórn fer með ferðamenn þar í landi. Verkfræðingur frá New York kom nýlega til Pétursborgar. Hann hafði "passa", sem gilti fyrir 6 mánuði. Einn góðan veðurdag kom lögreglan heim til hans og skipaði honum úr landi. Verkfræðingurinn kvaðst ekki hafa útent 6 mánaða leyfið frá því hann kom til Rússlands. En lögreglan sagði honum, að tíminn teldist frá þeim degi, sem "passinn" væri dagsettur í New York borg, og samkvæmt því skrifaði hún á "passann" algert bann gegn því, að nokkur á Rússlandi veitti verkfræðingnum fæði eða húsaskjól. Hann varð tafarlaust að flytja úr landi.

— Stanley Nazarko, sem hengdur var í Pennsylvania 14. þ.m., gaf daginn áður vini sínum, Michael Mastoski, konuna sína, og $1200.00 til þess að byrja búskap með henni Hann kvaðst sjá eftir, hve ótrúr hann hefði verið henni, með því að yfirgefa hana, og nú vildi hann bæta upp þá misgjörð með því, að koma henni í eigu góðs manns, svo hún gæti lifað ánægjulegu lífi.

— Mrs. Pankhurst er um þessar mundir í Bandaríkjunum í fyrirlestra erindum til stuðnings jafnréttismálum kvenna. Og skal ágóðanum varið til styrktar því máli á Bretlandi.

— Nú er auglýst, að Congo-málið eigi að koma fyrir dómstólana í Belgíu. Lieut. Dorpelhaus, sem um tveggja ára tíma hefir unnið í Afríku fyrir Rubber-töku félag, hefir yfirgefið þá stöðu og flutt sig til Belgíu. Hann gefur sem ástæðu fyrir, að hann hætti starfi fyrir félagið, að sér hafi svo ofboðið að heyra og sjá glæpi félagsins, sem hann vann fyrir, að hann hafi ekki getað þolað mátið lengur, án þess að andmæla glæpunum. Hann viðurkennir, að hafa rofið vistarsamning sinn við félagið. En hann hefir það sér til afsökunar, að félagið hafi brotið lög, og hann vilji þess vegna ekki vera að neinu leyti við starf þess riðinn. Hann er nú að stefna félaginu fyrir lagabrot, og í sambandi við þann málarekst ur er talið víst, að glæpir þessa félags verði sýndir heiminum í skærara ljósi en nokkru sinni fyr. Meðal annars kærir hann félagið um, að það hafi þjóna sína til þess, að meiða, limlesta og drepa karlmenn og konur og börn, ef fólk þetta færi því ekki eins mikið af "rubber" og það heimti að fá. Hann segist meðal annars hafa verið sjónarvottur að því, að innbúar landsins hafi verið flegnir lifandi af því þeim hafi ekki sekist að færa yfirmönnunum belgísku eins mikið af "rubber" og þeir heimtuðu. — Konu sá hann bundna niður á maurabúfu (Ant Hill), þar sem maurarnir átu hana lifandi. Þá var herra Dorpelhaus ofboðið, og hann yfirgaf stöðu sína og fór úr landi. En með því að félagið neitaði, að borga honum það, sem eftir stóð af launum hans og starfs kostnaði, vegna þess hann hefði rofið vistarsamninginn, þá hefir hann höfðað mál þetta á hendur félaginu. En félagið er í raunninni ekkert annað en þjónar konungsins Leópolds, sem um langan tíma hefir verið alræmdur um heim allan fyrir aðfarir sínar í Afríku, engu síður en heima fyrir.

— Flotadeild brezku stjórnarinnar er að undirbúa smíði á nýrri tegund herskipa, sem eiga að geta farið 40 sjómílur á klstund.

— Nú hefir Lieut. Peary auglýst ástæður þær, sem hann hafir fyrir þeirri sannfæringu sinni, að dr. Cook hafi ekki fundið norðurpólinn. Hann birtir skriflegt vottorð frá þeim tveimur unglingsmönnum, sem voru með lækninum. — Vottorð þetta var gefið í 4 til 5 manna viðurvist, og það staðhæfir að dr. Cook hafi aldrei komist lengra en í Jones' sund, og setið þar allan tímann, og að hann hafi haft með sér á ferðalaginu 2 sleða og 20 hunda. Piltarnir segja, að því nær alt það, sem á sleðunum hafi verið, þegar þeir fóru norður, hafi verið á þeim, er þeir komu til baka. Lýsing piltanna á tímalengdinni, sem þeir voru á norðurtúrnum frá nyrzta landi, borin saman við vegalengdina til norðurpólsins, segir Peary að sanni, að dr. Cook hafi ekki fundið pólinn, því ef svo hefði verið, þá hefði hann orðið að ferðast 570 mílna langan veg hvora leið á 3 vikum, sem sé alveg ómögulegt.— Dr. Cook hefir enn þá engu svarað þessu, og ekkert sagt um, hvenær hann muni svara því.

Tveimur eða þremur dögum eftir þessa yfirlýsingu Pearys, samþykti borgarstjórnin í New York, að veita dr. Cook "Freedom of the City". En það er sá mesti heiður, sem hægt er að veita nokkrum borgara. Með þessu virðist bæjarstjórnin hafa lýst yfir því, að hún trúi ekki Peary, en telji Cook hinn rétta finnanda norðurpólsins.

— Canadian Northern járnbrautarfélagið ætlar að biðja næsta ríkisþing um leyfi til að byggja ellefu járnbrautir hér í Vesturfylkjunum, og einnig um framlengingu á tíma til að fullgera aðrar brautir, sem félagið er að byggja, en sem það getur ekki fullgert innan þess ákveðna tíma, sem til var tekinn í byggingarleyfinu.

— Nýlega var skotinn á Spáni samkvæmt herréttardómi prófessor Ferrer. Hann var maður hámentaður, en ákafur frelsispostuli, og fór ekkert leynt með þá skoðun sína, að hann aðhyltist að miklu leyti stefnur Sósialista og Anarkista. Þessum manni var kent um, að hafa verið frumkvöðull að uppreist þeirri, se i Barcelona menn gerðu nýlega á móti Spánarveldi. Fyrir þetta var hann dreginn fyrir herrétt og mál hans rannsakað þar. Hér var að ræða um landráðasök, og svo varð vitnaleiðslan öflug gegn honum, að herréttarinn taldi allar sakir sannaðar og dæmdi hann til dauða. Dóttir hans, sem nú er fullorðin, fór sjálf á fund konungs, og bað hann að gefa föður sínum líf, með því að undirrita ekki dauðadóminn. Pálinn bað einnig um, að manninum yrði gefið líf, og leiðtogar frihyggjufélaga þar í landi mæltu með því, að lífláts dómnum yrði ekki fullnægt. En ekkert dugði. — Sósialistar og Anarkistar höfðu og aðvarað Spánarstjórn, og haft í heitingum, ef prof. Ferrer yrði tekinn af lífi. En það einnig reyndist áhrifalaust. En jafnsjótt og það varð hljóðbært, að dóminum hefði verið framfylgt, þá risu þessir flokkar upp samtímis á Spáni, Ítalíu og Frakklandi, og gerðu uppþot mikil og eignaspell á sumum stöðum. Svo er æsingin mikil, að fólkið gengur í hópum um götur borganna, á Ítalíu og Spáni og hrópar: "Niður með konunga og páfa!", og Spánarkonungi hefir verið hótað lífláti innan tveggja mánaða, hvernig sem hann verði verndaður. — Alment verkfall var gert á Ítalíu og Spáni, sem andmæli gegn lífláti þessa manns. En einna mest hefir kveðið að óánægjunni í sjálfri Rómaborg, og einnig í Pisa borg. Þar hefir skrillinn ráðist á kirkjurnar, og stórskemt margar þeirra, og eðlilegt innanstokksmuni, svo sem líkneski af Maríu mey, af frelsaranum og ýmsum dýrðlingum.

Fréttabréf.

SPANISH FORK, UTAH,
1. október 1909.

Ritstjóri Heimskringlu!

Kæri herra. — Nú eru af, fyrir það mesta, hinir miklu sumarhitar. Haustið er komið, bæði að tímatali, og eins sýnilega og áþreifanlega. Fjöllin hafa kastað frá sér sumarbúningi sínum, þessum græna möttli, en tekið upp í þess stað sinn fagra og margbreytta haustbúning. Sá búningur er með sjö mismunandi litum, og get ég varla ímyndað mér, að nokkur gæti óskað sér að sjá fegurri sjón, en þá, sem fjöll vor sýna um þetta leyti ársins. Þegar geislum aftansólarinnar slær á þau, verður manni eins og ósjálfrátt að taka undir með skáldinu og segja: — "Ekkert fegra á fold ég leit, en fagurt kvöld á haustin". Ég er skáldinu alveg samdóma í því, að fagurt haustkvöld beri af yndisleik og ástasöng vorsins, og ekki síst þegar veðurblíða og náttúrufegurð fallast í faðma, á haustin, og brosa þannig móti manni. Það minnir mann á Paradís og eilífa sælu, og endurnærir þá, sem borið hafa hita og þunga dagsins.

Síðari partinn af ágúst og alt fram um miðjan sept. rigndi hér talsvert með köflum, og olli það skemdum bæði á heyi og korntegundum, sem búið var að slá, og eins á því, sem slegið var á milli skúranna. Síðan hafa verið þurviðri og gengur því öll haustvinna ágætlega. — Það var byrjað að taka upp sykurrófur um síðustu helgi. Uppskera á þeim verður fyrirtaksgóð.

Heilsufar er gott og verzlun og atvinna lífleg.

Svolítið eru einstaka menn farnir að tala um pólitík, kosningar í haust og bindindi, en það er alt í bröðerni enn sem komið er, og vonandi að það haldist, jafnvel þó sumir séu að spá róstum, sérstaklega í Salt Lake City. Þar er fjörið og aflið mest.

Mikið er rætt hér um fund norðurpólsins. En fáir vilja trúa því, að hann sé fundinn, úr því þar fanst ekkert land og ekkert fólk. Hefir því lengi verið haldið fram og prédikað hér, að tíu af hinum svokölluðu Ísraels ættkvíslum hafi flutt sig þangað í fornöldinni, þegar vegir þangað voru góðir og greiðfærari en þeir eru nú, og sezt þar að, og aukið kyn sitt og margfaldast frá fáeinum hundruðum upp í tíliónir, eða hver veit hvað. En saga þeirra Cooks og Pearys getur ekki um neitt land eða lífstilveru þar, — og því finst og mörgum hér rýmilegast, að þetta sé alt draumur eða skáldskapur hjá þeim, — norðurpóllinn sé ófundinn, og finnist ekki fyrst um sinn, og líklega ekki fyrri en fólkið þar — sem alt eru náttúrlega Ísraelítar — kemur þaðan sjálft einhvern góðan veðurdag, og hertekur þessar fáu hræður, sem búa á miðbiki jarðarinnar, líkt og Múspellssvnir eiga að gera, samkvæmt trú forfeðra vorra. Við sjáum nú hvað setur.

Hinn 24. f.m. heimsótti herra forseti Bandaríkjanna, William H. Taft, okkur Zion-búa, og dvaldi hann hér í ríkinu í 2 nætur og 3 daga. Hélt hann á þeim tíma margar ræður, var í samsætum o. s.frv., og þótti mikið að honum og framkomu hans kveða í hvívetna. Fólk þyrptist saman úr öllum áttum til að sjá hann, og fá að taka í hendina á honum, og lukkaðist það vel. Mr. Taft er sá annar af forsetum Bandaríkja, sem sýnt hefir oss þann heiður, að heimsækja okkur. Hinn var Benjamin Harrison, á ríkisstjórnarárum sínum, árið 1891. Roosevelt kom hér líka fyrir nokkrum árum, en það skeði áður en forsjóninni og þjóðinni þóknaðist að gera úr honum forseta, — svo þess vegna teljum vér hann ekki með, þegar um forsetalega heimsókn er að ræða.

Nú er bæjarstjórnin okkar búin að gefa það út á "contract", að raflýsa bæinn, og er þegar byrjað á verkinu, sem á að verða klárt og fullkomnað með byrjun desember mánaðar, og gleður það oss alla, því lengi höfum vér hér í myrkrunum ráfað.

Með beztu þökk fyrir Búnaðarblaðið, sem án efa er hið merkasta, fullkomnasta og bezta blað um það efni, — já, nauðsynja-efni fyrir alla, — sem nokkurn tíma hefir verið gefið út á íslenzkri tungu.

Með beztu óskum, þinn,

E. H. Johnson.

Kvöldverður.

Kvenfélag Tjaldbúðar safnaðar er að undirbúa sinn venjulega "Thankgivings Supper", eins og undanfarandi haust, sem á að haldast næstkomandi mánudagskvöld þann 25. þ.m., í samkomusal kirkjunnar. Félagið býr sig undir, að taka á móti 3 hundruð manns, og vonast eftir, að fólk sýni því þá velvild að koma. — Konurnar ætla að hafa saman vissa peninga upphæð þetta ár, til að borga niður í skuld þeirri, sem hvílir á kirkjunni, en með því móti geta þær það, að allir leggist á eitt og hjálpi til eins og að undanförnu. — Áður en gengið verður til borðs, verður stutt bænagjörð uppi í kirkjunni flutt af presti safnaðarins. — Inngangur 50c. Ágætis matur, alt upp á það bezta. Komið í tíma áður en sætin fyllast.

OGILVIE'S

Royal Household Flour

Til Brauð og Köku Gerðar

Gefur Ævinlega Fullnæging

EINA MYLLAN Í WINNIPEG.—LÁTIÐ HEIMAIÐNAÐ SITJA FYRIR VIÐSKIFTUM YÐAR.

"Andvökur"

LJÓÐMÆLI EFTIR

Stephan G. Stephansson

Kosta, í 3 bindum, $3.50, í skrautbandi.

Tvö fyrri bindin eru komin út, og verða til sölu hjá umboðsmönnum útgefendanna í öllum íslenzkum bygðum í Ameríku.

Í Winnipeg verða ljóðmælin til sölu, sem hér segir:

Hjá Eggert Jóhannssyni, 689 Agnes St., EFTIR KL. 6 AÐ KVELDI.

Hjá Stefáni Péturssyni, AÐ DEGINUM, frá kl. 8 f.h. til kl. 6 að kveldi, á prentstofu Heimskringlu.

Hjá H. S. Bardal, bóksala, Nena St.

Hjá N. Ottenson, bóksala, River Park, Winnipeg.

Utanbæjarmenn, sem ekki geta fengið ljóðmælin í nágrenni sínu, fá þau tafarlaust með því að senda pöntun og peninga til Eggerts Jóhannssonar, 689 Agnes St., Winnipeg, Man.

Wall Plaster

Með því að venja sig á að brúka "Empire" tegundir af Hardwall og Wood Fibre Plaster er maður hár viss að fá beztu afleiðingar.

Vér búum til:

"Empire" Wood Fibre Plaster
"Empire" Cement Wall "
"Empire" Finish "
"Gold Dust" Finish "
"Gilt Edge" Plaster of Paris
og allar Gypsum vöruutegundir.—

Eigum vér að senda yður bækling vorn?

MANITOBA GYPSUM CO. LTD

SKRIFSTOFUR OG MILLUR I

Winnipeg, - Man.

Heimskringla

Published every Thursday by The Heimskringla News & Publishing Co. Ltd

Verð blaðsins í Canada og Bandar. $2.00 um árið (fyrir fram borgað). Sent til Íslands $2.40 (fyrir fram borgað af kaupendum blaðsins hérlendis.)

B. L. BALDWINSON
Editor & Manager

Office:
729 Sherbrooke Street, Winnipeg
P.O. BOX 3083. Talsími 3512.

Lloyd George

núverandi fjármálaráðgjafi Englands hélt nýlega ræðu í Newcastle borg á Skotlandi, sem vakti svo mikla eftirtekt, að hún var samtímis símuð út um allan heim.

Það er óhætt að fullyrða, að enginn brezkur stjórnmálamaður hefir nokkru sinni gerst ákafari talsmaður engelskrar alþýðu, en hann, eða farið háðulegri orðum um aðalsmannastéttina þar í landi og afstöðu hennar gagnvart þjóðarheildinni.

Þegar Lloyd George flutti sína fyrstu fjármálaræðu nú fyrir nokkurum mánuðum, þá varð brezkri alþýðu það ljóst, að stefna stjórnarinnar var ákveðin í jafnaðarmensku áttina, því að fyrirhugað var að leggja skattana á þannig, að þeir kæmu þyngst niður á þeim, sem færastir voru um að bera þá, en léttast á hinum einalega veikustu. Aðrar ráðstafanir voru og fyrirhugaðar, samkvæmt þeirri ræðu, sem ljóslega sýndu, að tilgangur núverandi stjórnar er að bæta hag fátækustu stétta á Englandi, að mestu leyti á kostnað landeigna og annara auðmanna þar.

Þetta vakti þá strax hina mestu óánægju meðal auðmannaflokksins og það var látið í veðri vaka, að ef neðri málstofan samþykti fjármálafrumvarp Lloyd George's, þá mundi lávarðadeildin neita að samþykkja það, nema með miklum breytingum, þeim breytingum, er léttu fyrirhuguðum álögum af stórlandeignamönnum, því að á þeim komu hinir fyrirhuguðu skattar þyngst niður. En stjórnin svaraði með því, að ef lávarðarnir leyfðu sér að hafa nokkur önnur önnur afskipti af fjármálum landsins en þau, að samþykkja breytingalaust ákvæði neðri málstofunnar, — þá væri óhjákvæmilegt, að afnema lávarðadeildina, svo að hún yrði ekki framar þrepskjöldur í vegi fyrir sjálfsforræði þjóðarinnar. Það má svo að orði kveða, að stjórnin hafi ögrað lávörðunum til þess að hefjast handa, en þeir hafa enn þá ekki látið uppi opinberlega, hvað þeir ætli að gera. Samt var útlit alt þann veg, að til ófriðar drægi með deildunum, og svo urðu mikil brögð að æsingunum, að sjálfur konungurinn hefir kvatt á sinn fund ýmsa af helztu stjórnmálamönnum þjóðarinnar af báðum flokkum, til þess að ræða mál þetta við þá, og koma á einhverri þeirri miðlun, sem báðir flokkar megi vel við una.

Svo er að sjá á öllum fregnum, sem lávarðadeildin sé fús til sátta, eða öllu heldur, vilji helzt komast hjá, að reyna opinberlega kraftana sína við neðri málstofuna, með því að þiggja þá tilslökun, sem neðri deildin fæst til að veita. En stjórnarformaður Asquith hefir látið þess getið, að hann ætlist til þess, að frumvarpið verði samþykt óbreytt. Og enníremur hafa þeir Winston Churchhill og Lloyd George látið ótvíræðlega í ljós, að þeir gangi ekki að neinni miðlun, að annaðhvort skuli fjárlagafrumvarpið samþykkjast óbreytt af báðum deildum, eða verða algerlega felt, og að ef lávarðarnir þori að fella það eða breyta því, þá sjái þeir sína sæng uppreidda.

Þannig hefir málið staðið og stendur enn.

Pólitiskir fundir hafa verið haldnir um land alt af báðum flokkum. Andstæðingaflokkurinn heldur því fram, að fjárlagafrumvarpið sé byggt á rangsleitnis hugsun, og hafi enga aðra þýðingu en þá, að ræna þá ríku til þess að auðga þá fátæku, sem eigi fátækt sína að kenna spiltu hugarfari og þekkingarskorti, allskyns ráðleysi og óhófi, og þeir staðhæfa, að afleiðingar frumvarpsins, ef það verði gert að lögum, geti ekki orðið aðrar en þær, að gera þá ríku fátækari, án þess þó að auðga þá fátæku.

Stjórnarflokkurinn hins vegar heldur fram því, að dreifing auðsins miði til hagsældar þjóðunum í heild sinni, og að með tilsjón vitrustu stjórnfræðinga landsins megi svo verja því fé, sem fáist frá auðmannaflokknum, að það bæti stórum kjör hinna fátæku meðal þjóðarinnar.

Allir ráðgjafarnir eru á stöðugu ferðalagi um landið í ræðuhalda erindum, og allir eru þeir einhuga í, að halda fast við fjárlagafrumvarpið óbreytt. En enginn þeirra hefir gengið eins í berhögg við aðalsmannaflokkinn eins og sjálfur fjármálaráðgjafinn, Lloyd George, gerði í ræðu sinni í Newcastle á laugardaginn í fyrri viku. Hann bætti þar svo nöpru háði í þeirra garð og þó um leið svo miklu af heilbrigðum röksemdum til stuðnings máli sínu, að alt England, að heita má, hefir síðan staðið agndofa yfir dirfsku þessa manns, og öllum ber saman um, að enginn stjórnmálamaður þar í landi hafi áður leyft sér, að fara svo djörfum orðum um tignarmesta flokk þjóðarinnar. Fréttaþræðirnir hafa ekki flutt alla ræðuna hingað til landsins, en að eins nokkurnvégin nákvæman útdrátt úr henni og sumar málsgreinar — þær markverðustu — alveg orðréttar. Meðal annars fórust fjármálaráðgjafanum orð á þessa leið:

"Hertogar hafa fallið mikið í verði. Fulldubbaður hertogi bakar þjóðinni eins mikil útgjöld eins og eitt af "Dreadnought" skipunum hennar. Þeir eru fult eins óttalegir og þeir endast lengur".

"Svo lengi, sem þeir létu sér lynda, að vera að eins skurðgoð á stöllum og að viðhafa þá þögn, sem er í samræmi við stöðu þeirra og vitsmuni, þá gekk alt vel. En þegar fjármálafrumvarpið kom á dagskrá, þá stigu þeir af stöllum sínum. Þeir hafa jagast eins og keyrslumenn, að eins vegna þess, að fjármálakerran nuddaði nokkuru af gyllingunni af rikiskerrunni þeirra".

"Verkalýður landsins krefst einnig betri heimkynna. Hann er ekki ánægður með þau kjör, sem hann hefir orðið að sæta að undanförnu. Hann gerir ekki kröfu til þess, að búa í höllum, en hann er orðinn þreyttur á, að hafast við í kleíum og smá-afkymum. Hann er ekki ánægður með loforð um, að hann fái betri heimkynni í öðru lífi, af því hann hefir veitt því eftirtekt, að ýmsir þeirra, sem mest tala um gæðin hinum megin, gera sér alt far um, að geta notið sem mestra hlynninda hérna megin. — Verkalýðurinn biður um hreinna loft, meiri birtu, grænni jörð, meira sólarljós — til þess að endurnýja lífsafl það, sem hann hefir eytt í strögnu erfiði fyrir baráttu lífsins, og hann skal fá þetta".

"Til hvers getið þér ætlur notað auðinn, heldur en til þess, að græða þá brotnu, lækna þá særðu og sjúku, og færa ofurlitið meira ljós og lífsþægindi til þeirra aldurhnignu og öryasa? Auðmennirnir ættu að telja sér það sæmd, að forsjónin hefir veitt þeim möguleika til þess, að leggja dálitið af mörkum í fátækra kassann. Og þar sem þeir eru óáanlegir til að gera þetta af sjálsdáðum, þá verðum vér að gera það fyrir þá".

"Það er ekki eingöngu móti tollögum annara þjóða, að vér þurfum vernd. Vér þurfum vernd gegn landeignamönnum. Vér krefjumst, að frumvarpið verði samþykt í heild sinni. Allir skattar eða engir".

"Lávarðarnir eru að þröngva til stjórnarbyltingar. En alþýðan hefir úrslitin í hendi sinni. Alvarleg spursmál geta komið upp, — spursmál, sem alþýðan hefir nú í hvíslingum verða þá framsett með valdboði. Meðal annars verður þá spurt að því, hvort menn, algengir menn, valdir af tilviljun úr hópi vinnuveitenda, hafi vald til að ónýta þær ályktanir, sem gerðar eru af þeim mörgu miliónum manna, sem verja allri æfi sinni til þess með strögnu erfiði að framleiða auðæfi þessa lands. — Önnur spurningin verður um það, hver hafi helgað vissum fáum mönnum forganesrétt yfir jarðveginum á Bretlandi. Hver var það, sem gerði 10 þúsundir manna eigendur landsins, en allar hinar miljónirnar réttlausar í þeirra eigin föðurlandi?

"Hver ber ábyrgð á því fyrirkomulagi, sem þvingar verkamanninn til þess að verja öllum sínum dögum til þess að halda saman sál og líkama með súrum sveita, og þegar hann á elliárum kreíst þess af því þjóðfélagi, sem hann hefir unnið fyrir á öllum sínum manndómsárum, — 8-pence ellistyrk á dag, þá fær hann það ekki nema með því að gera uppreist; á meðan annar maður, sem ekkert vinnur, tekur inn á hverjum tíma dagsins og á hverjum tíma næturinnar meðan hann sefur miklu meira en hinn fátæki nábúi hans fær fyrir ársvinnu sína?"

Hvaðan komu þessi lög? Hvers hönd ritaði þau? Þetta eru spurningar, sem krefjast úrlausnar og þær úrlausnir eru háðar ýmsum hættum fyrir núverandi tilhögun, sem höfðingjavaldið stendur á. En þeim hlýtur einnig að fylgja tágæt svalalind fyrir hinar þurskorpnu varir alþýðunnar, sem þrammar hinar rykugu brautir liðinna dimmalda, en eru nú að færast inn í dögunarbirtu nútimans".

Þetta eru nokkrar af þeim málsgreinum, sem benda á hugarfar og stjórnarstefnu fjármálaráðgjafans, og að líkindum einnig á stefnu núverandi stjórnar. Það er almannarómur þar í landi, að hér sé, að ræða uni mann, sem hefir grundaðar og fastsettar skoðanir, og sem hann er viðbúinn að halda til streitu, án tillits til skoðana annara á þessum málum. Alþýðan er hugfangin af honum. Auðmannaflokkurinn hatar hann og óttast áhrif hans. — Með þessari ræðu hefir hann sáð því frei, sem fallið hefir í gljúpan jarðveg, og sem nær fullþroska sínum í öflugri og algerðri uppreist alþýðunnar gegn yfirgangi óhlutvandra auðkýfinga, ef ekki er bráð bót ráðin á því ástandi, sem á síðari árum hefir fjölgað allsleysingjum Englands um nær milión manns á ári.

Stefnan er greinilega sú, að dreifa auði þeim, hinum landeignalega, sem nú er í höndum fárra iðjulausra sælkera, út á milli starfandi aþýðumanna, í þeirri von, að með því komi hann betur landi og þjóð til nota, en nú er.

"Jón Austfirðingur"

Svo heita nokkur smákvæði eftir hr. Guttorm J. Guttormsson, bónda að St. Adelard P.O., Man., sem nýprentuð eru í prentsmiðju O. S. Thorgeirssonar hér í borg. Bók þessi er í 8-blaða broti, rúmar 80 bls., í sterkri kápu. Pappírinn er góður, líkastur því, sem er í Smælingjum Einars Hjörleifssonar, og prentunin skýr. Allur ytri frágangur er góður.

Aðalkvæðið í þessari bók er "Jón Austfirðingur", í 11. þáttum. Langlengstur þeirra þátta er sá 9, "Guðrún". Önnur þrjú kvæði eru í bókinni: "Bjarni gamli", "Skafrenningur" og "Ljósálfur".

Aðalljóðið í bókinni, og eins það næsta á eftir, eru landnámssögubrot úr Nýja Íslandi. Þar er hóf, uppalinn frá barnæsku, sonur eins fyrsta íslenzka landnema í Canada. Honum eru því kjör landnemanna í þeirri bygð kunn frá því hann fyrst man eftir sér. Enda rekur hann æfiferil Jóns Austfirðings frá því hann var bóndi á Íslandi, og alt í gegn um frumbyggja strit og stríð hans hér vestra. Þættina í réttri röð rekur hann og nefnir: Heima — Evangelium — Vesturförin — Landnámið — Heimilið nýja — Bólan — Flóðið — Eldururlan — Guðrún — Veðraskiftin — Framfari.

Lýsing hóf. á frumbyggja lífinu, eins og það var í sveit hans hér vestra á fyrstu landnámsárunum, er eins og vænta mætti af þeim, sem byggir á perónulegri þekkingu, í nákvæmu samræmi við það, sem nýbyggjar hafa orðið að þola, — að eins hefir hann tekið sér skáldaleyfi til þess að hlaða á Jón Austfirðing þeim hörmungum og örðugleikum öllum, sem heilt sveitarfélag hefir orðið að líða. — En góð er lýsingin samt, og ljós og skýr, og kvæðin vel ort, eins og hans var von.

Kýmni hóf. brýst ósjálfrátt eða sjálfrátt út gegn um öll ljóðin. — Hann beitir henni fyrst við "Agentinn", sem heim fer til Íslands til þess að hvetja Jón til vesturfarar, með því að láta hann segja ýmislegt, sem miður er rétt; svo sem þetta:

"Ég veit að þér liður hér ljómandi vel,
þér líði í Kanada betur.
Þar spilla' ekki heilsunni hríðar og él,
því bestust er tíðin um vetur".
— — — — —
"og börnin þín læra eitt kristalegt kver,
en kunna' ekki' að reikna né skrifa".
— — — — —
"Í Kanada' er alt, sem að fólkið vill fá,
og frelsi mun þar ekki dvína"
— — — — —
"Ef einhver í gáleysi glæp hefir drýgt,
hann getur til suðursins strokið
frá hegning og því, sem við þrautir er líkt,
og—þar með er hættunni lokið".
— — — — —
"Ef verir þú vestra með fjörgamalt fljóð,
og frá því þig langaði' að sleppa,
þú fengir þér aðra og færir á brott,
og framar þig mundi' ekki iðra".
— — — — —
"En fjárkláðans held ég þú verðir ei var,
— í vestrinu klóra sér fáir".
— — — — —
"Og full eru svínin af floti og tólg,
þau fullnægja tannlausum gómi.
Í kúm eru 50 merkur af mjólk
á málum,—og helmingur rjómi".
— — — — —
Þar verða menn eldri en vanalegt er, —
þar varla ber til að menn deyi".
— — — — —
Í Kanada finnurðu' ei for eða poll,
öll foldin er byggingastæði".
— — — — —
"Og flugurnar hunangi hella', í oss,
í hálsklúta ormarnir spinna".
— — — — —
"Og eldflugur þjóta með glampandi glóð
um geiminn á sérhverju kveldi,
og olíulampinn er löngu úr móð,
þar lýsir af fleira en eldi".
— — — — —
Þar kúgað þig aldrei neitt yfirvald fær,
og útgjöldum þarftu' ekki að svara".
— — — — —
"Svo vex þar í görðunum tóbak og te
og talsvert af eplunum líka".
— — — — —
"og blessaðar stúlkurnar geta þar gift,
með guðshjálp, á sextánda vetri"

Að enduðum þessum "Agents"-þætti, er kvæðið alt alvöru-þrungið, og lýsingar á hógum landnemanna víða átakanlegar. En sæmilega vel lætur hann það alt enda, eins og þetta síðasta erindi bendir til: —

"Og fólkið við íslenzkan framfarabrag
og framtíðar horfurnar sættist,
og bygðin fór stækkandi dag eftir dag,
og draumurinn smám saman rættist.
— þó mörg hafi framkvæmdin farist,
ei fólkið er hugsjónum manns:
Að aldrei til einkis er barist
í óbygðum Norðvesturlands".

Kvæðin eru góð, vel ort og ram-íslenzk í anda og eru víss að þrengja sér inn á fjölda íslenzkra heimila. Bókin verðskuldar að vera keypt og lesin. Hún fæst hjá O. S. Thorgeirsson, 678 Sherbrooke St., Winnipeg, og kostar 50c.

Haldór Kristián Friðriksson,

YFIRKENNARI.

Það tel ég hart,
ef um Haldór þegja
yngri óðsmiða
allir strengir, —
ef óskmegi
Íslands tungu
leggur enginn lauf
á leiði dánum.

Haf heill mælt,
Haldórs arfi, *)
eg em einn í skuld,
er á skal minna
h a n n, er hálfa öld
heillar þjóðar
leiddi lærdómsmenn
uns luku prófi.

Fáir voru
í voru minni
fólks fulltrúar
fremri að dáðum,
árvekni, orku
og eljusemi,
tápi, trúlyndi,
trygð og einurð.

Hvar víta þeir,
er þektu Haldór,
mann er svo mörgu
mátti sinna,
og þó svo heilan
í hverju starfi,
sem í önn hverri
allur væri?

Margra mannsæfa
mundu þurfa
ítar óvaldir
við afrek hans.
Hvaðan fékstu tíð
til að vinna
tveggja — þriggja
þraut í sífellu?

Það kom af því,
að þú lézt aldrei
ónýtta stund
frá iðju sleppa;
enda varstú
flestum öðrum meiri
skörungur að dáð
og skyldurækni.

Þá stóðstu Haldór,
er ég þinnar naut
fremdar-fræðslu,
í fullum blóma;
um þig sat önn
á allar hliðar,
en fár fastara
fræðslu stýrði.

Önn beið heima,
önn á þingi,
bústjórn, bæjarstjórn,
bækur og rit,
og framar flestu,
und fána þjóðar,
forvigisstöð vorra
frelsismála. —

Þá varstú ungur,
er Íslands tungu
ruddi til ríkis
Rask hinn fróði,
en sjálfur Snorri,
Sveinbjörn og Konráð
kendu þinni kenslu
kraft og festu. —

* * *

Saman drógust sveitir,
svall í landi
óöld stór,
er aldrei fyrnist,
þá er af fári
fénaður hrundi
uns hungur og hel
hurðir gnúði.

Réðu flestir
forngjar lands
með urápshendi
drepsótt hefta;
þá varð inn "harðsnúni"
hlífiskjöldur
menningu lands
og málleysingjum.

Féllu fjárstofnar,
fylgdi siðleysi,
luðust landfestar
og lagafylgi,
hvarf hugspeki,
hljóp í baklása,
urðu hornungar
héraðsgoðar.

Svall singirni,
sultu búhöldar,
gerðust heimskir menn
höfuðprestar,
hringladi hauskúpum
haugbúa lið,
flas varð forysta,
flýði trú úr landi.

Haldór hugdjarfi,
Hjaltalín fróði,
nú kveð ég lof ykkart
laufi gróið.
Lengi stóðuð þið
með líknarhendur
trúfastir tveir
móti tíu þúsund!!

Svo kom um síð,
að sættir tókust;
endist æ illa
ofstopi hver:
fell forneskja
fyrir rökum,
og vargsvani
fyrir vísindum.

Var þá og fallin
forads-vættur,
sú, er þjáði þjóð
þriðjung aldar.
Svo munu sverðseggjar
síðan deyfa
friður fólklanda,
þegar fellur styr.

* * *

Lyngdi í landi,
liðu tímar,
þóttu þó friðstákn
fá á lofti.
Einn stóðstu eftir
ellimóður,
horfnir hollvinir,
en hreystí þorrin.

Leiddir fyrir löngu
lofsælastir
nafnar tveir **)
er þér næstir stóðu.
Nú ertú, lífshetja,
leiddur sjálfur
á bekk með báðum
í betra heimi.

Hreinn varstú og hvass
í hverju máli,
en hjartað hlýtt,
heilt og trúfast.
Eigi trega börn,
né brúður grætur
betri föður
eða bliðari mann.

* * *

Sælir sofendur!
Hvað er um svefnfarir?
Vakir enn vargöld?
"Vitið er enn eða hvað?"
Biðjið nú lávarð
Lífs og þjóða,
að aftur gefi oss
yðra jafna!

*) þ.e.: Móritz læknir Haldórsson.

**) þeir Jón landlæknir Hjaltalín og Jón forseti Sigurðsson.

M. J.

Sparið Línið Yðar.

Ef þér óskið ekki að fá þvottinn yðar rifinn og slitinn, þá sendið hann til þessarar fullkomnu stofnunar.

Nýtízku aðferðir, nýr vélaútbúnaður, en gamalt og æft verkafólk.

LITUN, HREINSUN OG PRESSUN SÉRLEGA VANDAÐ

Modern Laundry & Dye Works Co., Ltd.
307—315 Hargrave St.
WINNIPEG, MANITOBA
Phones: 2300 og 2301

Mrs. Williams

er nýkomin til baka úr ferð sinni um gamla landið. Hún fór þangað til að skoða beztu kvenhatta verkstæðin og valdi þar mesta úrval af alls konar kvenhöfuðbúnaðarskrauti og höttum. Hún óskar, að ísl. konur vildu skoða vörur sínar sem hún er viss um þeim mundi geðjast að. Verðið sanngjarnt.

704 NOTRE DAME AVE.
23-12-9

The ALBERTA Hreinsunar Húsið

Skraddarar, Litarar og Hreinsarar. Frönsk þur- og gufuhreinsun. Fjaðrir hreinsaðar og gerðar hrokn ar. Kvenfatnaði veitt sérstakt athygli. Sótt heim til yðar og skilað aftur. Allskonar aðgerðir. Fljót afgreiðsla. Verð sanngjarnt. Opið á kveldin. FÓN: Main 3466.

660 Notre Dame Ave., Winnipeg
23-9-10

Dr. M. Hjaltason, Oak Point, Man.

Jónas Pálsson,
SÖNGFRÆÐINGUR.
Utvegar vönduð og ódýr hljóðfæri.
460 Victor St. Talsími 6803.

Jóhanna Olson
PIANO KENNARI
557 Toronto St. Winnipeg

Sv. Björnsson,
EXPRES-MAÐUR,
annast um alls kyns flutning um borgina og nágrennið. Pöntunum veitt móttaka á prentstofu Anderson bræðra, horni Sherbrooke og Sargent stræta.

JÓN JÓNSSON, járnsmiður, að 790 Notre Dame Ave. (horni Toronto St.) gerir við alls konar katla, könnur, potta og pönnur fyrir konur, og brýnir hnífa og skerpir sagir fyrir karlmenn. — Alt vel af hendi leyst fyrir litla borgun.

VEITIÐ ATHYGLI!

Nú gefst yður tækifæri á, að eignast heimili og bújarðir meðsanngjörnu verði.

Hús og bæjarlóðir til sölu og skift fyrir bújarðir. Einnig seljum við og skiftum bújörðum fyrir bæjareignir, útvegum kaupendur fyrir eignir yðar, og önnumst um alls konar sölu og skifti.

Við útvegum peningalán með rýmilegum skilmálum, tökum hús og muni í eldsábyrgð, og seljum lífsábyrgðar skírteini með sérstökum hagsmunum fyrir hluthafa fyrir bezta og áreiðanlegasta Bandaríkjafélag. Komið og finnið oss að máli, og skrásetjið eignir yðar hjá oss. Fljótum og áreiðanlegum viðskiftum lofað.

The MONTGOMERY Co.
K.B. Skagfjörð, ráðsmaður.
Rm. 12 Bank of Hamilton
Cor. Main & McDermott
Skrifstofu talsími. Main 8317.
Heimilis talsími. Main 5223.

2 Bækur Gefins

FÁ NÝJIR KAUPENDUR AÐ HEIMSKRINGLU SEM BORGA $2.00 FYRIRFRAM, OG ÞESSUM BÓKUM ÚR AÐ VELJA :—

Mr. Potter frá Texas
Aðalheiður
Svipurinn Hennar
Hvammverjarnir
Konuhefnd
Robert Manton
og Leyndarmál Cordulu frænku. —

Alt góðar sögur og sumar ágætar, efnismiklar, fróðlegar og spennandi. Nú er tíminn að gerast kaupendur Hkr. Það eru aðeins fá eintök eftir af sumum bókunum.

Heimskringla
P.O. Box 3083, Winnipeg

WINNIPEG Business College
Cor. Portage Ave and Fort St.
28. AR.
FÉKK FYRSTU VERÐLAUN Á SAINT LOUIS SÝNINGUNNI.
Dag og kveldkensla. Telefón 45.
Haustkensla byrjar 1 Sept.
Bæklingur með myndum ókeypis.
Skrifið til: *The Secretary, Winnipeg Business College, Winnipeg, Man.*

A. S. BARDAL
Selur líkkistur og annast um útfarir. Allur útbúnaður sá besti. Enfremur selur hann alskonar minnisvarða og legsteina.
121 Nena St. Phone 306

Sendið Heimskringlu til vina yðar á Íslandi

Miss NESBITT

KVENHATTA SALI
112 ISABEL ST.

Býr til alskonar kvenhatta í nýjustu gerð. Skreytir með fjöðrum, blómum og böndum og öðru nýtízku stássi. Endurnýjar og skreytir brúkaða hatta. Alt verk vandað og verð sanngjarnt. Isl. konum boðið að skoða búðina. —

MISS NESBITT,
112 Isabel Street
18-11-9

Innblástur.

(Niðurlag frá nr. 53, 30. sept. sl.)

HVAÐ ER ÞÁ INNBLÁSTUR?

Innblástur finn ég þá verða eitt og hið sama og innstreymi hugsana, í hverri grein sem er eða fyrir kemur. Hugsanirnar eru afleiðingar orsaka, þeirra orsaka, er framleiða innblásturinn eða hugsana innstreymið til skynjana færanna. Og þessar orsakir, er næst oss liggja, geta eins líklega verið afleiðingar annara enn þá frumlegri hugsana, og þeirra orsaka, er vér í fyrstu einingu nefnum "guð", "frum-uppsprettu alls lífs".

En hvað er þá sérstaklega "guðlegur innblástur"? Guðlegur innblástur sérstaklega er: allur góður innblástur, alt gott lífsins innstreymi til skynjanafæra vorra, er samrýmanleg er til alls góðs og heiðarlegs siðferðis, ytra og innra, til framþróunar manndómi vorum til samræmis og einingar við guðdóminn, — hins hreina eilífa lífs með guði.

Þetta jarðlíf vort er fyrsta spor manndóms vors, "getnaður til andlegrar tilveru", svo engillegrar, og hverrar fyrir sig í þrem stigbreytingum, upp til enn þá efri guðlegrar tilveru. Allar þessar sjö tilverur, í samsvarandi framþróun frá lægsta stigi manndómsins til æðsta stigs engladómsins, eru þess vegna vort þroskaskeiðs tímabil, vort lærdóms og myndunar tímabil, — undirbúnings tímabil fyrir himnesku tilveruna með guði, þar sem við höfum náð æðstum vitsmunum og æðri framsókn og fram þróun, og takmarki þroska lífs vors endalausu, í sameiginlegum friði við lífs- og friðareininguna "guð". Þar byrjar oss þá fyrst að lifa og ríkja í einingu, samræmi, réttvísi og friði. Ekki valds-yfirráða friði sérdrægnis og heimsku, heldur réttvísinnar elsku og umburðarlyndis, fullkomleika og jafnaðargeði sameiginlegra lífsins unaðsemda, samkvæmt alréttvísinnar alheimslega lögmáli, sem vér nú ekki finnum nema lítinn eim af, þegar vér framleggjum alla vora krafta.

Væru nú einhverjir svo huglæglega praktiskir, að hrekja þetta — réttdæmislega — sem ég hér hefi tilfært, og framleggja aðrar meir sannfærandi sannanir um áframhaldandi líf og stigbreytingu, þá er ég þeim hjartanlega þakklátur og sannfæranlegur, þegar ég finn þar í velvilja og viðleitni til uppbyggingar, í leit eftir því sanna og góða. Ég trúi því og skil vel, að sérhverjum er eðlilegast að framsetja ályktanir samkvæmar eigin eðlisfari, og sé tilreynt út af því að breyta, og framsetja óeðlilegar ályktanir einungis til að sýnast annað en er, þá sést það og skilst, að ósamræmi við sig sjálft, af þeim, er lesa og skilja kunna, þó hulið geti verið þeim fáfróðu og skilningssljóu. Frá þess kyns tilraunum meðtekur ekki mín skynjan annað en mitt samræmis eðli tileinkar sér, í það minsta að því sinni, ef tilbreytingum er háð. "Einn getur ekki gert svo öllum líki". En einn getur framsett meir sannfæranlegar ályktanir, og meir uppbyggilegar en hinn um eitt og annað misjafnlega alment þekt. Vér verðum því áreiðanlega í dómum vorum um aðra, hver um sig, vorir eigin beztu dómendur, þeim, er skilja. Vér getum með löngun og viðleitni og áframhaldi lagað oss hvern eftir öðrum, þó í fyrstu ósamlíkir séum. En slíkt tekur sjálfsafneitun og langan tíma, og því lengri, sem meiri festu og viljahaldi hefir náð hjá manni sem óskeikult í hvaða grein sem er. — Þetta jarðlíf er í sannleika undirbúningstími fyrir annan framhaldandi lærdóm á hinu andlega lífsstigi, sem ekki er hægt að byrja að læra fyrst, utan líkamlegrar tilveru. Líkaminn er oss ekki til einskis gefinn. Hann og sálin í samræmi þurfa að mynda þá frumlegu byrjun manndómsins til eðlilegrar framþróunar í síðari stigum til fullkomleikans.

Allar hugmyndir, er hin mikla bók biblían inniheldur, eru mannlegar hugmyndir, innblásnar til höfundanna af ósýnilegri vitund, eða vitundum, háttstandandi samkvæmt gæðum sjálfra höfundanna. Vitsmunir og hugmyndir manna standa á öllum stigum, frá lægstu tegund og upp til æðsta veldis, er nefnist yfirvitund. Fyrir góðar og guðlegar hugsanir og þar með fylgjandi góðs eðlis aðdrátt, lýstast vitsmunir mannsins, stig eftir stig, upp til æðra veldis, jafnframt og hugarfarið hreinsast frá vondum hugrenningum, og umskapast, fyrir tilhjálp æðri vera, er taka þar pláss, er aðrar vondar urðu að rýma frá. Mönnum, sem ekki vilja heyra, að maðurinn stjórnist af ósýnilegum öflum, eins líklega vondum sem góðum, og sem ritningin sjálf — fremst af öllu sönnu — staðfestir þá og nefnir "anda", og guð sé "æðsti andinn", — þeim mönnum, segi ég, hvort sem þeir eru lærðir eða ólærðir menn, er betra að segja skilið við Jesú Krist, því honum er engin fylgd að þeim. Hann er þeim falskennari, sem neita anda-tilveru og andasamfélagi. Enginn nútíðar andatrúarmaður er mér neins virði, ef ég fráskil Jesú að hafa staðið þar í æðsta veldi. En hann var enginn draugadýrkari, eins og ekki svo fáir nútíðarmenn leggja sig í líma til að vera, sér til orðs og fjárgróða. Nei. Slíkt vil ég leiða alla frá að vera. Þeir menn fjarlægjast guð og andlega framþróun, og sökkva sér niður í eymd og ógæfu um langt tímabil, og verða svo að byrja aftur sína upphafning að nýju, þar sem þeir áður enduðu, þegar þeir eru reiðubúnir til að snúa við á rétta leið úr sorg og vanvirðu.

Það voru draugarnir, sem tryltu menn á Krists hérvistardögum — og hálftrylla enn —, sem hann út rak frá mönnum með krafti föðursins guðs, og ráðlagði mönnum, að hreinsa úr sínum andlegu hýlum, en byggja þau aftur góðum og guðlegum, verum, sópuð og prýdd.

Ég er hvorki drauga eða annara anda framleiðari, og ætla ekki að verða, hefi aldrei neins konar andasýning séð, og hefi enga löngun til að sjá. Því þó ég sæi, þá sæi ég ekki annað en endursýning þess, sem ég hefi um lesið, og hefi engan rétt til að segja alla þá ljúga, er þær sagnir og sjónir hafa opinberað, og sem ber saman í öllum þýðingarmestu atriðum. — Því ef ég segði allan þann fjölda ljúga, þá yrði Kristur og postularnir sjálfsagðir að fá sama dóm, og um leið hinn leyndfræðislegi partur ritningarinnar einn lygavefur. Hún, sem óskeikul bók og guðs orð, getur ekki innihaldið leyndfræðina sem lygi, en alt annað satt, og verið þó öll guðinnblásin. Því það er leyndfræðin, sem innblásturinn í fylstu merkingu tilheyrir, svo að ef hennar leyndfræði er gerð að lygi, þá er hún hröpuð úr sínu bókmentalega sannleiks-gildi.

Við verðum að gera vort bezta, og "reyna og prófa alla hluti, og halda því góða". Reyna eftir mætti að skilja lífið, og fremst af öllu sjálfa oss. Þegar vér höfum lært að skilja sjálfa oss, þá skiljum vér guð, og alheims sköpunarverkið í guðlegu samræmi við oss. Og þess lögmál verður vort lögmál. Þá fellur frá vorri andlegu sjón það, sem kennimenn vorir

(*Framhald á 4. bls*)

Gísli Sæmundsson Borgfjörð.

Dáinn 26. ágúst 1909.
27 ára gamall.

Vér óðfluga berumst af örlaga straum,
og allir að síðustu rata
að takmarki sama í dagláta draum,
þótt dulin sé framtíðar gata.

Ei unt er að skilja þá alræðisstjórn,
er upp kveður síðasta dóminn,
og kaldlyndum dauðanum færir að fórn
hin fegurstu æskulífs blómin.

Mig furðar ei, vinur, þótt saknaðar-sár
þér sviði og blæði til hjarta, —
þinn ljúfasti ástmögur lagður er nár,
sem leist eiga framtíð svo bjarta.

Já, burtu var hrifinn þinn hjartkæri son
á heiðskírum æskunnar degi,
þitt augnaljós sætast, þín indælust von
á ellinnar hrjóstuga vegi.

Í sannleika hefir þú mikils í mist,
sem má þér í veröld ei bætast;
en þegar þið finnist í friðarins vist
mun fárið og bölið upprætast.

Hve fallvalt er veraldar indæli alt,
því óðar en varir hér tíðum
fær slegið oss hörmunga hreggviðrið svalt,
svo hryggileg áföll vér biðum.

Hann Gísli vors þjóðernis gimsteinn var hreinn,
var gildur í orði og verki.
Hann gekk fram með einurð og gekk ætíð beinn
und göfugu drengskapar merki.

Hans æfi varð skammæ, en auðnurík þó,
svo alþýðuhylli sér vann hann;
með karlmensku jafnan hann sigldi sinn sjó,
því sjálfstæðið haldkvæmast fann hann.

Hann vann hér af kappi, hann vann sér inn frægð,
hann vann meðan til entist dagur;
en hataði dáðleysi, hræsni og slægð,
við hjaðningar mannlífs óragur.

Af trúmensku sannri hann vann æ sitt verk,
hvort vann að því stóra' eða smáa,
því lundin var ákveðin, einbeitt og sterk,
sem unni því göfga og háa.

Til verðs kann ei metast það mannfélags tjón,
er missir það frumvagsta niðja,
sem raunhæfir virtust í reynd og í sjón
með ráðum og dáð það að styðja.

Hans aldraði faðir þó mist hefir mest
og mærin, sem heitast hann unni.
Þau haminginjan styðji og styrki sem bezt,
svo standast þá eldraun þau kunni.

Þér syrgjandi ættmenn og ástvina fjöld
hans ei munuð hérveru gleyma,
og þar til að útrennur æfinnar kvöld
hans elskaða minningu geyma.

Hann vinir nú kveðja með virktum sem ber,
í von um að finnist þeir aftur
í munarheims sölum, nær mannlífið þver,
því mikill er alræðis kraftur.

S. J. Jóhannesson.

ROBLIN HOTEL

115 Adelaide St. Winnipeg

Bezta $1.50 á dag hús í Vestur-Canada. Keyrsla ókeypis milli vagnstöðva og hússins á nóttu og degi. Aðhlynning hins bezta. Við skifti Íslendinga óskast. William Ave strætiskarið fer hjá húsinu

O. ROY, eigandi.

Gimli Hótel

G. E. SÓLMUNDSSON
eigandi

Óskar viðskifta Íslendinga sem heimsækja Gimli-bæ. — Þar er beini beztur í mat og drykkjarföngum, og aðbúð gesta svo góð sem frekast er hægt að gera hana. Hótelið er við vagnstöðina.
Gistið að Gimli-Hótel.

JIMMY'S HOTEL

BEZTU VÍN OG VINDLAR.
VÍNVEITARI T.H.FRASER,
ÍSLENDINGUR. : : : : :
James Thorpe, Eigandi

A. S. TORBERT'S
RAKARASTOFA
Er í Jimmy's Hótel. Besta verk, ágæt verkfæri; Rakstur 15c en Hárskurður 25c. — Óskar viðskifta Íslendinga. —

MARKET HOTEL

146 PRINCESS ST. á móti markaðnum
P. O'CONNELL, eigandi, WINNIPEG
Beztu tegundir af víuföngum og vindl um, aðhlynning góð, húsið endurbætt

Woodbine Hotel
Stærsta Billiard Hall í Norðvesturlandinu
Tíu Pool-borð.—Alskonar vín og vindlar.
Lennon & Hebb,
Eigendur.

The Dominion Bank

NOTRE DAME Ave. BRANCH Cor. Nena St.

VÉR GEFUM SÉRSTAK AN GAUM AÐ SPARISJÓÐS-DEILDINNI. —

VEXTIR BORGAÐIR AF INNLÖGUM.
HÖFUÐSTOLL - - - $3,983,392.38
SPARISJÓÐUR - - $3,300,000.00
H. A. BRIGHT, MANAGER.

Giftingaleyfisbréf
selur: Kr. Ásg. Benediktsson
540 Simcoe st. Winnipeg.

Arena Rink

Undir nýrri stjórn

Opinn fyrir Hjólskauta skemtun

Hornaflokkur á kveldin.

er veik í köldu húsi heima hjá sér, — ég var svo þreyttur, að ég gat naumast borið eldiviðinn, og því settist ég aftan á vagninn, — — ég vissi ekki, að það var rangt gert — —"

"Við höfum nóg af slíku þvaðri", sagði maðurinn vonskulega um leið og hann slepti drengnum. Þeir hafa ávalt nógar sögur um veikar mæður, þessir betlarastrákar, — það er gamla vísan, — maður heyrir aldrei annað. — Þú lýgur alveg eins og aðrir strákar".

"Pabbi", sagði drengurinn í vagninum, "má ég g betlarastráknum hogg með svipunni minni?"

Án þess að biða svars, teygði riki drengurinn sig út úr vagninum og barði fátæka drenginn með litlu svipunni sinni. Fátæki drengurinn rak upp hljóð, bæði af sársauka og gremju.

"Hættu þessu, Georg", sagði maðurinn, sem sat á aftara sætinu, um leið og hann tók í handlegg litla harðstjórans, "hættu. Fátæki drengurinn hefir fengið nægilega refsingu fyrir sína lítilfjörlegu yfirsjón, og það er ofboðslegt, að horfa á barn beita svona mikilli grimd".

Fátæki drengurinn leit þakklátlega til mannsins, sem var á hans bandi, en drengurinn í vagninum svaraði í hortugum róm:

"Kennarinn þarf ekki að skifta sér af þessu, fyrst pabbi þegir, því það er honum, sem ég á að hlýða held ég".

Kennarinn svaraði engu en stundi.

"Settu þig upp aftur, Jóhann", sagði harðráði maðurinn, "og þú, drengur, gættu þess eftirleiðis, að setjast ekki upp í vagn aftur í leyfisleysi. Haltu af stað, ökumaður!"

Vagninn hélt áfram. Litli drengurinn huldi andlit sitt með höndunum og grét, beisklega, ákaft, eins og að eins börn geta grátið.

"Ég sagði honum, að móðir mín væri veik", sagði drengurinn við sjálfan sig kjökrandi, "og hann sagði að ég lygi og kallaði mig þjóf, — og litli sonur hans sló mig í andlitið með svipunni sinni. — — Þannig eru þeir ríku. — — Hefði það verið fátækur bóndi, þá hefði hann ekki rekið mig í burtu, og því síður barið mig og kallað mig þjóf, mig, sem aldrei hefi stolið neinu, ekki einu sinni svo miklu sem tituprjón. Ó, guð minn góður! hvernig á ég nú að komast heim til minnar góðu móður?"

Drengurinn laut niður snöktandi, og fór að tína saman greinarnar og kvistina.

"Af hverju grætur þú, drengur minn?" heyrði hann á sama augnabliki sagt í meðaumkvunarróm, og þungri hendi var stutt á herðar honum. Hann leit upp. Frammi fyrir honum stóð ungur maður, tötralega klæddur, með harðan og tryllingslegan svip, sem þó hafði mýkst ögn af eðlilegri meðaumkun. Þrátt fyrir hið hörkulega útlit mannsins og rauða hárið hans, vakti þó hreimurinn í orðunum traust drengsins. Hann sagði með barnslegri hreinskilni frá vandræðum sínum, hvað fyrir hann hafði komið í vagninum og hve illri meðferð hann hefði mætt.

Maðurinn með rauða hárið krefti hnefana af remju, þegar hann heyrði sögu drengsins.

"Já, þannig eru þeir", tautaði hann og stappaði niður fótunum, "þannig eru þessir ríku höfðingjar, sem álíta sig æðri verur. Það er niðingslegt, að fara þannig með vesalings dreng". Þvo bætti hann við:

"Hvað ertu gamall?"

"Hér um bil 10 ára".

"Hefirðu notið skólanáms?"

"Já, ég sæki skóla á hverjum degi hjá góða

prestinum í bænum okkar, og hann segir mér til borgunarlaust".

"Á, og hvað lærirðu hjá honum?"

"Ég læri mikið", svaraði drengurinn. "Ég læri sögu, latínu, þýzku, og er nýbyrjaður á bókstafareikningi. — — En það er satt, — þú skilur ekki við hvað ég á með þessu".

"Og, jú", svaraði maðurinn raunalega, "ég skil það vel, því ég hefi líka notið skólakenslu á þínum aldri. Mér var ánægja að lesa allar þær sögur, sem þú nefndir — — en það voru þeir ríku, sem trufluðu mig og ráku mig út í sollinn, það eru þeir, sem hafa gert mig að því sem ég er, og þess vegna hefi ég svarið, að hata þá til dauðans".

Hann þagnaði eins og hann væri gagntekinn af bitrum endurminningum.

"Heyrðu, drengur", sagði hann að lokum, "þú verður að sverja, að hata þessa höfðingja, sem kúga þig og alla fátæka. Þú verður að sverja, að þú skulir ofsækja þá, á meðan nokkur blóðdropi rennur um æðar þínar. Þú verður að sverja Hannibals eið gegn þessari bölvuðu erfðaætt, — skilurðu, hvað ég meina?"

"Já", sagði drengurinn, sem í núverandi sinnisásigkomulagi sínu varð heillaður af hótunaryrðum manns þessa. "Hannibals eið, já, ég skil það mjög vel, ég hefi lesið um hann í Corneelius Nepos. Það var hann, sem í æsku sór Rómverjum eilífu hatri, og hélt fast við þann eið meðan hann lifði".

"Jæja", svaraði maðurinn. "Þú verður að sverja sams konar eið gegn höfðingjunum og hinum ríku, — þeir eru okkar Rómverjar, — og við erum Carthagó-borgararnir. Þeir kalla okkur þjófa og betlara, til þess að geta kúgað út úr okkur hinn síðasta skilding og kappalið sig í höllum sínum á svíta okkar og blóði. Bölvunin hvíli yfir þeim".

"Bölvunin hvíli yfir þeim!" endurtók pilturinn með ákafa, "ég sver að hata þá".

"Gott", sagði rauðhærði maðurinn. "Hvað heitir þú, piltur minn?"

"Morits Sterner", svaraði pilturinn.

"Sterner?" endurtók hinn undrandi. Það er fallegt nafn. Lifir faðir þinn?"

"Það veit ég ekki", svaraði pilturinn, "ég hefi aldrei séð hann, en mamma segir, að hann sé dáinn og ég skuli seinna fá að vita, hver hann hafi verið".

"Humm!" — tautaði maðurinn — "eftir því er hann hjábarn. Einn höfðingjahrekkurinn líklega".

"Faðir þinn", sagði hann hátt, "hefir þá ekki heitið Sterner?"

"Nei, mamma mín og presturinn, sem kennir mér, hafa valið mér þetta nafn. Þau segja, að ég eigi að nefna mig þannig, því eitthvað verði maður að heita".

"Hve lengi hefirðu gengið undir þessu nafni?"

"Líðugt ár. Áður var ég ávalt kallaður Morits"

"Hvar áttu heima?"

"Utanvert í bænum, sem stendur þarna".

"Og þú og móðir þín eruð einsömul í koía?"

"Já, við erum mjög fátæk núna, — en við vorum það ekki".

"Þið voruð það ekki? Er langt síðan?"

"Þá höfðum við laglegt hús með matjurtagarði, á að gizka 2 mílur frá bænum. Þá lék ég mér í garðinum og þá kom til mín kennari, sem sagði mér til. Á kvöldin sat ég við eldinn, steikti epli og borðaði hnetur. Nú er það horfið, nú verð ég að rölta út í skóg og afla eldiviðar fyrir mömmu, sem er orðin veik af hrygð og áhyggjum".

"Af hverju orsakaðist fátækt ykkar?"

"Það veit ég ekki, — mamma segir, að þá hafi faðir minn lifað og borgað leiguna fyrir húsið og

THE
BANK OF TORONTO

INNLEGG - - - $30,853,000

VJER OSKUM VIDSKIFTA YDAR

WINNIPEG DEILD: 456 MAIN ST.

JOHN R. LAMB, RADSMADUR.

DR. H. R. ROSS

C.P.R. meðala- og skurðlækuir. Sjúkdómum kvenna og barna veitt sérstök umönnun.

WYNYARD, — SASK.

JOHN DUFF
PLUMBER, GAS AND STEAM FITTER
Alt verk vel vandað, og verðið rétt
664 Notre Dame Ave. Phone 3815
Winnipeg

Með því að biðja sérlega um "T.L. CIGAR," þá ertu viss að fá ágætan vindil.

T.L. CIGAR

(UNION MADE)

T.L.

Western Cigar Factory
Thomas Lee, eigandi Winnipeg

Redwood Lager og Extra Porter

Styrkið taugarnar með því að drekka eitt staup af öðrum hvorum þessum ágæta heimilis bjór, á undan hverri máltíð. — Reynið !!

EDWARD L. DREWRY Manufacturer & Importer Winnipeg, Canada.

Department of Agriculture and Immigration.

MANITOBA

Þetta fylki hefir 41,169,089 ekrur lands, 6,019,200 ekrur eru vötn, sem veita landinu raka til akuryrkjuþarfa. Þess vegna höfum vér jafnan nægan raka til uppskeru tryggingar.

Ennþá eru 25 miliónir ekrur óteknar, sem fá má með heimilisrétti eða kaupum.

Íbúatala árið 1901 var 255,211, nu er hún orðin 400,000 manns, hefir nálega tvöfaldast á 7 árum.

Íbúatala Winnipeg borgar árið 1901 var 42,240, en nú um 115 þúsundir, hefir meir en tvöfaldast á 7 árum.

Flutningstæki eru nú sem næst fullkomin, 3516 mílur járnbrauta eru í fylkinu, sem allar liggja út frá Winnipeg. Þrjár þverlandsbrauta lestir fara daglega frá Winnipeg, og innan fárra mánaða verða þær 5 talsins, þegar Grand Trunk Pacific og Canadian Northern bætast við.

Framför fylkisins er sjáanleg hvar sem litið er. Þér ættuð að taka þar bólfestu. Ekkert annað land getur sýnt sama vöxt á sama timabili.

TIL FERDAMANNA :

Farið ekki framhjá Winnipeg, án þess að grenslast um stjórnar og járnbrautarlönd til sölu, og útvega yður fullkomnar upplýsingar um heimilisréttarlönd og fjárgróða möguleika.

R. P. ROBLIN,
Stjórnarformaður og Akuryrkjumála Ráðgjafi.

Skrifið eftir upplýsingum til

Joseph Burke, 178 LOGAN AVE., WINNIPEG.
Jas. Hartney, 77 YORK ST., TORONTO.

INNBLÁSTUR

(Niðurlag frá 3. bls.).

nefna "guðlegt innsigli", og þá sjáum vér, að það er ekki annað en "fáfræðis og syndarinnar grima", er blindaði oss. Þá sjáum vér, að guð og öll hans verk eru opinber og öllum augljós, sem vilja nota hans meðul og mentaljós til sinnar víts-framþróunar stig af stigi, í eining og samræmi við hans óbreytanlega lögmál, upp til hans fyrirhugaða fullkomleika. Þar í felst vor sanna upprisa, og það er að fylgja Kristi og samansafna með honum.

Kæru lesendur ! Í þessu framanskráða hefi ég nú máske hér og þar hröklast út fyrir múrana, sem umkringja skólasvið hinna lærðu, gömlu guðfræðinga, og sýnt yður í fám dráttum inn á sviðið, sem nýrri guðfræðingar eru að smáþoka sér og oss inn á, svipað og það kemur mér fyrir sjónir. Það er í rauninni sama gamla sviðið, sem kristindómur vor benti oss ungum inn á, en svo lítið rýmra og upplýst með betri ljósum, er betur samsvara þessum tíma. Og Kristur er stærsta og bezta ljósið, og aðal-leiðtoginn, er upplýsir sviðið. Hann þurfum við að skilja í samræmi við sjálfan sig og föðurinn, og gjalda hverjum það sem hann á, en meira ekki. Þar sem við réttvísina er að skifta, þá er of sem van til hennar óréttlátt, heldur einungis það sem er rétt. "Ég þekki mína sauði, og sauðirnir þekkja mig, segir hann. Að menn ekki fylgja honum, er ekki vegna þess, að hann sé svo þungskilinn, heldur vegna þess, að hann kreíst annars en þeimurinn og hans táldrægni. Hann kreíst réttvísinnar af öllum hans fylgjurum, annars þekkir hann þá ekki fyrir að vera sínir sauðir, og sauðirnir heldur ekki þekkja hann. þeir þekkja ekki hans réttvísi. Þegar þeir þekkja hans réttvísi þá fylgja þeir honum, og að fylgja honum og samansafna með honum eru þeirra æðstu gæði, enginn hlutur kærari.

Hann kreíst þess, að menn brúki hugarfarið, og auðgist að þekking, viti og skynjan, því án þess erum vér andlega blindir. Að vér gerumst meðtækilegir fyrir alt, er uppbýggir vorn manndóm til samræmis við guðdóminn og verðum honum eðlislíkir. Hann ráðleggur oss að vaka og biðja, svo heimurinn freisti oss ekki með sínu táli, er honum tilheyrir, því einlæg og trúuð bæn betrar hugarfarið þar til sameðlilegt gerist fyrir veitingu þess, sem sérstaklega er umbeðið. Það er : það umbeðna veitist ekki fyr en eðli biðjandans hefir náð samræmi við það, sem um er beðið. Þá dregur manneðlið hið samlíka til sín frá allsnægta lífsumhverfinu, sem vér fljúgum í gegn um hverja stund lífs vors. Það er : vér drögum ekkert ósamlíkt að oss til frambúðar, því það hrindist frá ósamlíku. Og sama á sér stað um andlegar tilverur. Hugtök sameðlilegra anda eða eða engla við sameðli vort, festa sig í hugum vorum, og vor hugtök — sameðlileg á þeirra. Og er þá ekki þetta það sama og við köllum innblástur? Jesús Kristur var sameðlislíkur föðurnum guði. Hann segir líka fyrir eigin tilfinningu í sannleika : "Ég og faðirinn erum eitt". Hann segist "af sjálfum sér vera ómagnugur", en "faðirinn", sem í sér búi, "hann geri verkin". Í Jesú Kristi var ekkert framkvæmda eða aðdráttarafl annað en guðlegt. Þar fyrir var hann almáttugur, eða því sem næst, sem hann hefði fyllilega betur sýnt síðar, hefði hann ekki verið afmáður, — sem guðleg vera að andanum og öllu eðli, lítillækkuð í manndóm, varð hann að byrja sinn manndóm eins og aðrir menn, og framvaxa í sama máta — þó stærri skref tæki í framsókninni en nokkur annar maður þektur, til að sýna oss rétta aðferð og vera vor sönn og trúanleg fyrirmynd, um hvað vér getum gert á sama máta, ef vér, mynduðum oss jafnhlýðna guði, og ummynduðum vorn manndóm til guðdóms á sama máta og hann sýndi oss.

Nú er þetta að, koma á daginn. Nú er farið að sjást, að maðurinn getur, með samræmislegri aðferð og hlýðni við guðlegt náttúrunnar lögmál, uppalið sig til sinnar eilífilegu guðlegu köllunar. Til þess er nú ótvíræður forsmekkur fenginn, og nútíminn, í sinni fullkomnunar framþróun, er að opna augu vor, og gefa oss skyn og ljós um þá möguleika, þó þeim möguleikum sé af óvitinu og þeim, er því helga sig, haldið niðri og til baka, eins og öllum fyrri aldanna guðlegum frelsis og jafnréttis hreyfingum hefir verið reynt að niðurþrykkja. — Sömu ánauð hlýtur þessi.

B. G. Backman.

Dánarfregnir.

Dáinn er að Marshland P.O. hinn 16. sept. þ.á. gamalmennið HALLGRÍMUR ERLINDSSON. Hann var rúmra 82. ára að aldri, fæddur að Sveinsstöðum í Húnavatnssýslu hinn 27. ágúst 1827. Kona hans, Margrét Magnúsdóttir hálfsystir Guðmundar Magnússonar, læknaskólakennara í Reykjavík, er enn á lífi heima á ættjörðinni. Af börnum þeirra hjóna, sem voru 14 að tölu, eru nú 8 á lífi, 4 heima á Íslandi. Fyrir 10 árum fluttist Hallgrímur sál. hingað vestur til dóttur sinnar, Guðrúnar, sem gift er hr. Árna Hannessyni, bónda í Marshland. Naut Hallgrímur sál. þar hinnar beztu forsjár og stakrar elju í hinu langa dauðastríði, sem yfir stóð á annað ár.

Hallgrímur sál. var vitsmunamaður með afbrigðum og ákaflega minnisgóður var hann, svo að yndi var að heyra hann rýfja upp gamlar sögur úr átthögunum. Hann var gleðimaður og hnyttinn í orðum.

Jarðarför hans var hin vegleg-asta og fjölmenn mjög.

Blaðið Norðurland er vinsamlega beðið að taka þessa dánarfregn. B. Th.

Að morgni hins 21. ágúst sl. barst sú harmafregn hingað til Spanish Fork, yfir talsímann frá Park City, að Sigríður Þórdís Björnsdóttir Pike væri látin. Kom fregnin um lát konu þessarar til vor eins og þruma úr heiðskíru lofti, þegar sólin skín sem skærast og þytur vindanna og angan blómanna baða oss að vöngum. Fyrir fáum vikum hér á undan var Sigríður sál. í Spanish Fork, í heimsókn hjá móður sinni og öðrum vinum og vandamönnum hér, og var þá alheil heilsu og lék við hvern sinn fingur, því yndi og ánægja lífsins, í sambandi við hlýleg atlot vina og vandafólks, virtist breiða friðarblæju yfir sérhvert fótmál, sem hún gekk, og lífið leið þannig áfram í sælurikum draumi. En nú var hún komin heim til Park City fyrir nokkrum dögum, og tók þá svo undur skyndilega einhvern innvortis kránkleika, sem læknar fengu enga bót á ráðið. Var hún því í neyðarúrræðum flutt á sjúkrahúsið þar í bænum, og holskurður gerður á henni, sem hafði þá sorglegu endalykt og afleiðingu, að hún andaðist næsta morgun á eftir, hinn 21. ágúst, eins og hér að framan er tilgreint.

Sigríður sál. var fædd aðKirkjulandshjáleigu á Landeyjum í Rangárvallasýslu á Íslandi, 20. ágúst 1883, en fluttist til Ameriku 1886 með foreldrum sínum, Þorbirni Björnssyni, bónda frá ofannefndum bæ, og Þorgerði Jónsdóttur, Oddssonar frá Bakka í sömu sveit og sýslu, en uppalin hér í Spanish Fork hjá móður sinni og stjúpföður, Guðmundi Jónssyni. Hún giftist eftirlifandi manni sínum Arland A. Pike, að heimili foreldra sinna hér í Spanish Fork, 16. júli 1908. Þau hjón áttu engin börn, en Mr. Pike, sem áður var lífsur, átti 2 börn, pilt og stúlku, sem Sigríður sál. gekk í móðurstað með heiðri og sóma.

Við. fráfall konu þessarar á bezta aldri, og að kalla mætti á vormorgni æfi sinnar, beið vor fámenni íslenzki þjóðflokkur hið mesta tjón. Hún var hin mesta myndarkona og prýðilega gefin, bæði til líkama og sálar. Er hennar því sárt saknað, ekki einasta af manni hennar og börnum, og aldurhniginni, sorgmæddri móður, sem hafði hér á bak að sjá ástríki og elskuverðri einkadóttir, heldur öllum, sem höfðu þá ánægju að kynnast henni þessi fáu ár, sem hún dvaldi hér á meðal vor.

Mikið almenn hluttekning og meðaumkvunarsemi í tilefni af þessu sviplega sorgartilfelli — til foreldra systkina og vina hinnar látnu — hefir hvívetna verið í ljósi látin.

Friður guðs hvíli yfir moldum hennar.

E. H. Johnson.

LEIÐBEININGAR--SKRA
YFIR ÁREIÐANLEGA VERZLUNARMENN Í WINNIPEG

MUSIC OG HLJÓÐFÆRI
CROSS, GOULDING & SKINNER, LTD. 323 Portage Ave. Talsími 4413
MASON & RISCH PIANO CO., LTD. 356 Main Stræti Talsími 480 W. Alfred Albert, Íslenzkur umboðsmaður
WHALEY ROYCE & CO. 356 Main St. Phone 263 W. Alfred Albert, búðarþjónn.

BYGGINGA- og ELDIVIÐUR.
J. D. McARTHUR CO., LTD. Byggings- og Eldiviður í heildsölu og smásölu. Sölust: Princess og Higgins Tals. 3060, 3061, 3062

MYNDASMIÐIR.
G. H. LLEWELLEN. "Medallions" og Myndarammar Starfstofa Horni Park St. og Logan Avenue

SKÓTAU Í HEILDSÖLU.
AMES HOLDEN, LIMITED. Princess & McDermott. Winnipeg.
THOS. RYAN & CO. Alskonar Skótau. 44 Princess St.
THE Wm. A. MARSH CO. WESTERN LTD. Framleiðendur af Þinu Skótaui. Talsími: 3110 88 Princess St. "High Merit" Marsh Skór

RAFMAGNSVÉLAR OG ÁHÖLD
JAMES STUART ELECTRIC CO. 324 Smith St. Talsímar: 3447 og 7802 Fullar byrgðir af alskonar vélum.
GOODYEAR ELECTRIC CO. Kellogg's Talsímar og öll þarsölút. áhöld talsími 3023. 56 Albert St.

RAFMAGNS AKKOKÐSMENN
MODERN ELECTRIC CO 412 Portage Ave Talsími: 5658 Viðgjörð og Vír-lagning — allskonar.

BYGGINGA-EFNI.
JOHN GUNN & SONS Talsími 1277 266 Jarvis Ave. Hófum bezta Steín, Kalk, Cement, Sand o. fl.
THOMAS BLACK Selur Járnvöru og Byggings-efni allskonar 76--82 Lombard St. Talsími 600
THE WINNIPEG SUPPLY CO., LTD. 298 Rietta St. Talsímar: 1936 & 2187 Kalk, Steinn, Cement, Sand og Mól

BYGGINGAMEISTARAR.
J. H. G. RUSSELL Byggingameistari. í Silvester-Willson byggingunni. Tals: 1068
PAUL M. CLEMENS Bygginga-Meistari, 443 Maryland St. Skrifst.: Argyle Bldg., Garry st. Talsími 5997

BRAS- og RUBBER-STIMPLAR
MANITOBA STENCIL & STAMP WORKS 421 Main St. Talsími 1980 P. O. Box 244. Búum til allskonar Stimpla úr málmi og togleðri

CLYDEBANK SAUMAVÉLA AÐGERÐARMAÐUR, brákaðar vélar seldar frá $5.00 og yfir 564 Notre Dame Phone, Main 8624

VÍNSÖLUMENN
GEO. VELIE. Hef dsölu Vínsali. 183, 187 Portage Ave. E. Smá-sö'u talsími 352. Stór-söln tal-ími 464.

STOCKS & BONDS
W. SANFORD EVANS CO. 326 Nýja Grain Exchange Talsími 369

ACCOUNTANTS & AUDITORS
A. A. JACKSON, Accountant and Auditor Skrifst.—28 Merchants Bank. Tals.: 5702

OLÍA, HJÓLÁS-FEITI OG FL.
WINNIPEG OIL COMPANY, LTD. Búa til Stein Olíu, Gasoline og hjólás-áburð Talsími 1590 611 Ashdown block

TIMBUR og BÚLOND
THOS. OYSTAD, 208 Kennedy Bldg. Viður í vagnhlössum til notenda, búlund til sölu

PIPE & BOILER COVERING
GREAT WEST PIPE COVERING CO. 132 Lombard Street.

VÍRGIRÐINGAR.
THE GREAT WEST WIRE FENCE CO., LTD Alskonar virgirðingar fyrir bændur og borgara. 76 Lombard St. Winnipeg.

ELDAVÉLAR O. FL.
McCLARY'S, Winnipeg. Stærstu framleiðendur í Canada af Stóm, Steinvöru [Graniteware] og fl.

ÁLNAVARA Í HEILDSÖLU
R. J. WHITLA & CO., LIMITED 264 McDermott Ave Winnipeg "King of the Road" OVERALLS.

BILLIARD & POOL TABLES.
W. A. CARSON P. O. Box 225 Room 4 1 Molson Banka. Öll nauðsynleg áhöld. Ég gjöri við Pool-borð

NÁLAR.
JOHN RANTON 203 Hammond Block Talsími 4670 Sendið strax eftir Verðlista og Sýnishornum

GASOLINE Vélar og Brunnborar
ONTARIO WIND ENGINE and PUMP CO. LTD 301 Chamber St. Sími: 2968 Vindmillur — Pumpur — Ágætar Vélar.

BLÓM OG SÖNGFUGLAR
JAMES BIRCH 442 Notre Dame Ave. Talsími 2638 BLÓM - allskonar. Söng fuglar o. fl.

BANKARAR, GUFUSKIPA AGENTR
ALLOWAY & CHAMPION North End Branch: 667 Main street Vér seljum Ávísanir borganlegar á Íslandi

LÆKNA OG SPITALAÁHÖLD
CHANDLER & FISHER, LIMITED Lækna og Dýralækna áhöld, og hospitala áhöld 185 Lombard St., Winnipeg. Man.

garðinn, sem við höfðum, en nú sé hann dáinn og geti ekki lengur hjálpað okkur".

"Hefirðu aldrei séð föður þinn?"

"Ég sá mann, sem kom til okkar við og við, það var mjög góður maður, en ég veit ekki, hvort hann var faðir minn, því hann talaði aldrei um það. Ég hefi oft spurt móður mína um þetta, en hún segir, að ég fái ekkert að vita fyr en ég sé tvítugur að aldri, faðir minn hafi skipað svo fyrir".

Meðan samtalið stóð yfir, hafði rauðhærði maðurinn safnað saman öllum kvistunum, bundið utan um þá og lagt á bak sér, tók svo í hendi drengsins og sagði :

"Komdu, nú skulum við fara. Ég skal bera eldiviðinn fyrir þig, og svo getum við talað saman á leiðinni".

"Þú ert mjög góður að vilja gera þetta fyrir mig", sagði pilturinn með tilfinningu. "Ríki maðurinn barði mig og kallaði mig þjóf, en þú, sem ert fátækur, heldur á byrði minni fyrir mig, — það er einkennilegt".

"Ó, nei", svaraði maðurinn í beiskjuróm, "það er eins og það á að vera. — En segðu mér, piltur minn, af hverju þið lifið, þú og mamma þín, fyrst þið eruð bláfátæk".

"Þegar mamma er heilbrigð, þá vinnur hún af kappi. Hún saumar fatnað fyrir öll höfðingjasetrin í nágrenninu, og auk þess spinnur hún og vefur, og selur voðirnar í kaupstaðnum. Þannig framfleytum við lífinu, en nú", bætti hann við grátandi, "megum við líklega deyja af sulti, því mamma er veik og getur ekki unnið".

"Vertu hughraustur, drengur minn", sagði hinn rauðhærði í meðaumkunarróm, "mamma þín nær heilsunni aftur, og þangað til, vona ég, að einhver

miskunnsöm manneskja hjálpi ykkur. Hvað heitir mamma þín?"

"Hún er alment kölluð húsfrú Sterner, því þegar ég fékk þetta nafn, tók hún það upp líka, til að heita eins og ég. Hún elskar mig heitt, hún góða mamma mín".

"En hvað hét hún áður?"

"Það veit ég ekki. Skírnarnafn hennar var Ágústa, en hvort hún hefir nokkru sinni átt annað eftirnafn en hún nú hefir, það veit ég ekki".

"Þetta er einkennileg saga", sagði sá rauðhærði við sjálfan sig. "Hann er hjábarn, það er greinilegt, en hann veit enn ekki, hvað það þýðir, vesalings pilturinn. Ég kenni svo í brjósti um hann".

"Morits", sagði hann hátt, "ef neyðin kreppir mjög mikið að ykkur, findu mig þá næstkomandi föstudag kl. 5 að kveldinu við dysina, sem er til hliðar við veginn, og sem hefir verið mynduð þar til endurminningar um morð, sem þar var framið fyrir fáum árum. Veiztu við hvaða stað ég á?"

"Ójá", svaraði pilturinn og fór um hann hrollur. "Ég kom þangað í kvöld, en varð hræddur og hljóp í burt. Hvað á ég að gera þangað á föstudaginn?"

"Þú finnur mig þar", sagði þessi undarlegi maður, "og ef mér verður mögulegt að bæta úr vandræðum þínum, þá skal ég gera það, — það geturðu reitt þig á".

"Þú", sagði pilturinn undrandi. "Á hvern hátt ættir þú að geta hjálpað mér? Getur þú útvegað okkur fæði?"

"Það gæti skeð, piltur minn. En þurfir þú ekki minnar hjálpar, því betra, en komdu samt, ég hefi margt að segja þér. En láttu engan vita um ráðagerð okkar".

"Ekki einu sinni hana mömmu mína?"

"Nei, ekki einu sinni mömmu þína. Það myndi skemma alt saman".

"Hvað heitirðu?" spurði Mórits tortrygginn.

"Ég, — ég heiti Jakob Kron — En nú erum við komnir að bænum. Hvar er hús mömmu þinnar?"

"Það stendur nokkuð afsíðis. Ég sé það ekki í myrkrinu, en þetta er gatan þangað heim".

"Gott, nú skil ég við þig. Þú ættir nú að geta borið skíðavöndulinn þennan spotta, sem eftir er, því þú hefir hvílst dálítið. Gleymdu ekki eiðnum þínum, og mundu eftir að finna mig á föstudagskvöldið kl. 5 hjá dysinni".

"Ég skal koma", sagði pilturinn eftir nokkra umhugsun. "Svo þakka ég þér kærlega fyrir hjálpina og alúðina, sem þú hefir sýnt mér, og ég skal biðja guð að annast þig, áður en ég sofna".

"Gerðu það, góða barnið mitt", sagði hinn rauðhærði hrifinn. "Ég þarfnast mjög fyrirbæna þinna. Vertu sæll".

Pilturinn lagði nú byrðina á bak sér, þrýsti hendi greiðvikna mannsins, og gekk svo heim á leið eftir mjóa stignum, sem lá að húsi móður hans, en hann, sem kallaði sig Jakob Kron, hélt áfram eftir þjóðveginum.

II.

Móðir og sonur.

Pilturinn gekk með byrði sína eftir mjórri tröð, þangað til hann kom að litlu húsi, sem stóð við endann á henni. Það var mjög hrörlegt og lélegt hreysi. Þakið var orðið stórskemt og dyrnar svo

lágar, að jafnvel drengurinn varð að beygja sig, þegar hann gekk inn. Hann gekk inn í anddyrið og þreifaði eftir klinkunni á stofudyrunum.

"Ert það þú, Mórits?" spurði veik og kviðafull rödd innan úr herberginu.

"Já, mamma, ég kem strax".

"Nú, guði sé lof !"

Mórits opnaði dyrnar og kom inn í kalt og niðadimt herbergi, þar sem maður sá ekki þverhönd frá sér.

"Hamingjunni sé lof, að þú ert kominn aftur, elsku barnið mitt", sagði blíð og veikulæg kvenrödd, sem kom frá rúmi, er stóð í horninu. "Ég hefi verið svo hrædd um, að þú hefðir vilst í skóginum, eða að úlfarnir hefða deytt þig. Hvers vegna hefirðu verið svona lengi?"

"Vertu nú hughraust, góða mamma mín", svaraði pilturinn. "Ég kem með stóran bagga af eldiviði, og nú skal ég kveikja upp eld, svo að þér geti hlýnað. Svo skal ég sjóða handa þér súpu af litla ketbitanum, sem við eigum eftir, og að því búnu skal ég segja þér, hvað fyrir mig kom".

"Það, sem fyrir þig kom? Þú hefir þó ekki verið í neinni hættu?"

"Nei, nei, engri hættu, en samt sem áður getur maður orðið fyrir smáum æfintýrum. Hvernig líður þér núna, mamma?"

"Ég er mjög máttlaus og svo er mér kalt, þó ég liggi í fötunum, en að öðru leyti er mér ekki illt".

"Vertu nú róleg, bráðum fáum við hita. Ó, ég er holdvotur, því það er sí-rigning".

"Vesalings drengurinn minn, ég vildi að guð gæfi, að þú yrðir ekki veikur".

"Það er ekki hætt við því, mamma. Hana nú, þar eru kvistirnir farnir að loga".

Innan skamms var orðið bjart og heitt í stofunni.

Komið eða skrifið eftir vorum Lýsinga Bæklingi.

Hann kostar ekkert.

KOL! KOL!

KOL GERÐU PITTSBURG FRÆGA

"EXCELSIOR" KOL gera þá öfundsjúka

WINNIPEG er í dag þar sem borgin Pittsburg stóð fyrir 25 árum: á þrepskyldi mikilla framfara, og kostnaður síðarnefnds bæjar er oss til leiðbeiningar á framfara leið vorri til vellíðunnar.

50c HVER HLUTUR

25 prósent niðurborgun

Eftirstöðvar á 2, 4 og 6 mán.

Öll Kolatekjan

úr námunum er seld stóru kolasölu félagi í Brandonbæ, og sem einnig verzlar hér í Winnipeg gegnum umboðsmenn félagsins,

Talbot & Wooldridge

KOLATEKJUMAÐUR NORÐVESTURLANDSINS á yfirstandandi tíma fœr sömu frægð og hagnað eins og Amerikanskir milliónerarnir, með því að kaupa hluti í **Excelsior Coal Mining Co., Ltd.**, í Picto, Sask. Kol vor munu eiga mikin þátt í verzlunar og iðnaðar framþróun Vestur Canada.

VÉR BJÓÐUM

þau hlutabréf sem vér eigum óseld fyrir 50c hverju $1.00 hlut. — Þessi afsláttur er gerður til þess að fá upp peninga til þess að auka starfskraft námanna svo hægt sé að mæta vaxandi kolakröfum Norðvesturlandsins

Til Talbot & Wooldridge, Agents,
341 Main St., Winnipeg

Ég bið hér með um ....hluti (eins dollars virði hvern) í höfuðstól EXCELSIOR COAL MINING CO., LTD., hvar af $..... eru hér með borgaðir, $..... ..... við úthlutun, og eftirstöðvarnar í þremur jöfnum afborgunum eftir 2 4 og 6 mánuði. Ég undirgengst að móttaka ofanneinda hluti eða svo marga færri sem mér kunna að verða úthlutaðir. Engin persónuleg skuldaábyrgð.

Dagsett þennan ..... Dag..... 1909

Fult nafn.....

Staða eða iðja.....

Ávitun .....

Eigin handar nafn.....

HKR.

The Excelsior Coal Mining Co., Ltd.

341 MAIN STREET, - - - - WINNIPEG, MAN.

Eimreiðin.

(15. árg. 3. hefti)

"Oft kemur góður þá getið er", segir gamall íslenzkur málsháttur, og líkt get ég sagt um Eimreiðina. Í fyrra dag hafði ég orð á því, hvernig stæði á, að þriðja hefti þessa árgangs skyldi ekki vera komið. Það hlyti að fara að koma. Í gærkveldi fékk ég það. Ég reif umbúðirnar utan af og leit á efnisyfirlitið. Komst niður til hálfs. Þá varð fyrir mér: "Gísli Sveinsson, Stjórnin og sjálfstæðismálið". Ég fletti heftinu óðar upp og byrjaði að lesa með áfergi, og lesturinn varð mér til ánægju.

Fyrri partur þessarar greinar hr. G.S. er grein, er hann ritaði í vor er leið um framkomu nýja ráðherrans í sjálfstæðismálinu, í forsetaförinni frægu. Greinina sendi hann til landvarnarblaðsins Ingólfs í Reykjavík, en blaðið neitaði henni upptöku. Í grein þessari er kurteislega en þó alvarlega skýrt frá, hvað ráðherrann lét sér um munn fara við Dani viðvíkjandi sjálfstæðismálinu. Lýsingin á þessu, sem sjálfsagt mun rétt, er í fylsta máta raunaleg, og framkoman landi og þjóð litt til sóma.*)

Höf. segir, að þinginu hafi borið siðferðisleg skylda til að útnefna Skúla Thoroddsen fyrir ráðherra. Fyrst og fremst hafi hann einu staðið fastur fyrir við kröfur Íslands í nefndarstarfinu, og svo hafi einmitt hans stefna sigrað hjá þjóðinni við kosningarnar. Auk þess hafi Skúli í rikum mæli það, er ráðherra Íslands er nú mest þörf á, en það er festan, að láta sig ekki, kuldinn, að bráðna ekki". (Fyrir fagurgala og kampavini?). Höf. er hissa á háttalagi landvarnarforingjanna. Þeir hafi steinþagað opinberlega um framkomu ráðherrans gagnvart uppáhaldsstefnu þeirra, — skilnaðarstefnunni. Og þó varð ekkert eins illa úti og sú stefna og þeir, er henni fylgja. Höf. segir, að þeir (landvarnarmenn) hefðu átt að halda sér sem sérstakur flokkur í þinginu, og hafa þar "tögl og hagldir". Þeir gátu fyrir það stutt stjórnina og meirihlutann í "öllum sjálfstæðis og framfaramálum".

Mér skilst, að G.S. hefði óskað, að þessir menn hefðu orðið tilhreinsunarmenn í íslenzkri pólitík, þ.e.a.s.: hefði stutt alt sem gott var og hreint í stjórnmálunum, en tekið harðlega á hinu. En reyndin hefir ekki orðið þessi. — Það hafa sjálfsagt fleiri en hr. G. S. bygt miklar vonir á þessum flokki, sem "hreinum flokki", þar á meðal var ég. En vonirnar hafa brugðist. Það er í fylsta máta eðlilegt, að G.S. sé gramur þeim. Hann hefir allra manna mest stutt þá, og greinar hans voru aðalkjarninn í blaði þeirra í fyrra um kosningabaráttuna. En í vor, þegar hann fer að verja stefnu þeirra fyrir árásum, þá neita þeir honum um rúm í blaði sínu Ingólfi.

Annars er eins og manni ósjálfrátt detti í hug, að sumir landvarnarforingjarnir, og þar fremstir þeir B. Sv. og Ari J. ritstj. Ingólfs sál., hafi haft matarpólitik á bak við eyrað. Rétt eftir að þingið var búið að gefa þeim sinn bitann hvorum, gefast þeir upp við blaðið og selja það í hendur "versta félagsskapnum, er stofnaður hefir verið á Íslandi" (eftir því er gamla konan sagði, er hafði mist menn sinn og 3 syni fyrir það, að menntirnir, sem þeir áttu líf sitt undir, vildu ráða sjálfir sinni afengisnautn), — brennivínsfélaginu svo nefnda. Alt er þetta fremur líkleg frammistaða, og margur mun hafa búist við henni annari.

Þá þykir G.S. blaðið Ísafold hafa verið heldur reikult á stefnum í sjálfstæðismálinu undir stjórn E.H., og minnir hann á, hverju hann hafi haldið fram á Þingvallafundinum 1907, er honum virðist (og það með réttu) hafa verið alt annað.

Herra G.S. gleymir heldur ekki Guðm. Friðjónssyni, vesældar barlómsbumbuslattinum í honum í síðustu Eimreiðinni. Hrekur hann það að maklegleikum, og kallar svoleiðis volæðissöng "glapræði" við þjóðina. Þetta barlómskvein sé vel til fallið að draga kjark úr henni, en þess megi þeir ekki við. Ísafold (E. M.) hefir og hrakið þessa grein G.F., og það með tölum, sem ekki verður á móti mælt. — Það er furða, að jafn-skýr maður og G.F. er, skuli hafa skrifað sumt af því, er þar stendur, sem er með öllu rangt, eins og t. d. það, að síðustu kosningar hafi fækkað þeim mönnum á þingi, er bera hita og þunga með alþýðunni. Á síðasta þingi sátu 9 bændur, en ekki nema 12 embættism., og 13, er höfðu ýmislegan starfa með höndum. En á næsta þingi áður að eins 5 bændur, 21 embættismenn og 8, er ýmislegan starfa höfðu. Alþýðumönnum fjölgaði, en fækkaði ekki við síðustu kosningar. En líkt hefði þeim farið, ef málstaður hr. G.F. hefði sigrað, og þeir 10 hálaunuðu embættismenn náð kosningu, er féllu, af hans flokki (frvm.).

Öll grein hr. G.S. er "ómengað sjálfstæðismál", eins og hann sjálfur kemst að orði, og því hin merkilegasta. Hreinskilni, stefnufesta og einlægni koma þar fram á hæsta stigi, og má segja, að það sé nýung í íslenzkum stjórnmálum á þessum síðustu tímum.

Næsta grein er eftir hr. Sigurð Guðmundsson: "Danir á nýíslenzkum skáldskap". Sú grein er og stórmerkileg, og stillum á henni svo lifandi, fundinn og fjörugur, að hann minnir mann á Benedikt Gröndal.

Grein þessi er um spurninguna: Hefir, eða er, Danahatur til á Íslandi? Til að svara spurningunni fer höfundurinn í bókmentir þjóðarinnar, einkum skáldskapinn. Og hann sannar með tilvitnunum í ljóð málega hvers einasta skálds, alt frá Bjarna Thorarensen til Jónasar Guðlaugssonar, að þau hafa verið og eru Danahatarar. Og það einnig þau, sem á sínum síðari árum hafa gerst Dana-loftungur. Ástæðan til óvildarinnar auðvitað sú, hvernig Danir hafa farið með Ísland, og neitun þeirra á frelsiskröfum Íslendinga enn þann dag í dag. Eitt skáldið, segir höf., að hafi hafið baráttu fyrir algerðum skilnaði: Þorsteinn Gíslason (ritstjóri Lögréttu). Hann tilfærir kafla eftir hann úr Íslandi, þar sem þ.G. segir, að skilnaður hafi það til sins ágætis, meðal annars, að hann sé þau máls-"úrslit, er allir Íslendingar hljóti að telja heppilegri og æskilegri en öll önnur". — Líklega finst mörgum, að öðruvísi sé hljóðið í þeim manni hin síðustu ár.

Höf. segir tildrög ritgerðar þessarar þau, hversu sér "gremjist óheilindi sumra stjórnmálamanna vorra við Dani". Ályktunarorð höf. eru þessi: "En það sem komið er (nfl. sýnt og sannað hefir verið í ritgerðinni) nægir til að sýna, að þeir gerast sekir um mikil rangmæli — mér liggur við að segja argvítugustu hræsni, — er skjala það við Dani, að engin óvild eða þykkja ríki í garð þeirra á Íslandi". — Áframhaldi lofar hóf af þessari ritgerð, og munu þeir margir, er biða þess með eftirvæntingu.

Auk þessa hefir þetta Eimreiðar hefti að flytja ágæta grein eftir Georg Brandes um "Kjör rithöfunda og listamanna"; kvæði eftir Jón Sigurðsson (frá Kaldaðarnesi) "Á Brúnavöllum"; "Um að ganga framhjá" eftir Fr. Nietsche, og þrjár smágreinar eftir ritstjórann Dr. Valtýr Guðmundsson — "Ráfleg læknisborgun", "Athugasemd við grein G.S." og "Kýmnismdlar"), auk stuttrar ritsjár og hringsjár eftir ritstj.

Það, sem eftir ritstjórann liggur í þessu hefti, finst mér minst á vanð, og er það óðruvísi en áður var. Í athugasemdinni við grein G.S. kemur hann fram sem rammur sambandsmaður. Og einmitt fyrir þá stefnu hans, mun hafa blásið svo óbyrlega fyrir honum við síðustu kosningar, sem raun varð á. Hræddur er ég um, að grein G.S. hafi önnur áhrif en hann ætlast til, — hún verði frekar til að gefa skilnaðarhugmyndinni byr undir vængi, en til hins gagnstæða. Skoðanabræður G. S. fjölga líklega daglega. Eimreiðin hefir verið — og það með réttu — álitin bezta tímaritið, sem við eigum nú, og haldi hún áfram, að flytja jafn-ágætar greinar, að hreinskilni og einlægni, og þær tvær, er þetta hefti flytur, þá á hún fyllilega skilið, að verða eitt af þeim ritum, er "ætti að komast inn á hvert heimili".

A. J. Johnson.

KENNARA VANTAR

við The Narrows skóla No. 1450 fyrir 3 mánuði. Kensla byrjar 3. jan. 1910. Umsóknir tiltaki kaup-hæð og mentastig. Verða að vera komnar til undirskrifaðs fyrir 1. des. næstk.

The Narrows P.O., man.,
7. okt. 1909.

J. R. JOHNSON,
Sec'y-Treas.

*) Skylt er að geta þess, að B. J. ráðherra sýnist hafa komið vel fram í hinni síðari Danmerkurför sinni, og gert þar ýmsar mjög heppilegar stjórnarráðstafanir, svo sem t.d. gufuskipasamninginn, og fleira. Á.J.J.

Yfirlýsing.

Samskotin til stúlkunnar, sem reit bréfið í síðustu Freyju, eru þegar orðin fyllilega eins mikil og hún gjörði sér nokkrar vonir um. Í hennar nafni þakka ég öllum, sem tekið hafa þátt í þeim.

Nöfn gefendanna eða þeirra af þeim, sem vilja láta birta þau, ásamt allri upphæð samskotanna, verður birt í næstu Freyju. En af því útkoma hennar teíst sökum ferðalaga minna, lengur en til var ætlast, bið ég Heimskringlu gera svo vel og birta yfirlýsingu þessa nú þegar.

Þess skal getið, að dalirnir frá G. J. Goodman hafa ekki runnið í þenna samskotasjóð — þann er ég hefi með höndum. Í hvaða tilgangi hann hefir óbeðinn safnað þeim, kemur mér ekki við, og leiði því að því engar getur.

En einhverntíma máske stúlkan sjái sér fært, að gefa upp nafn sitt og heimili. Og þá geta komið nýjar spurningar um það, hvaða þýðingu það hafi, að sverta nafn náungans með glæpsamlegum tilgátum. Þangað til tek ég því, sem að höndum ber. — Meira í Freyju næst.

Virðingarfylst,

M. J. Benedictsson.

Leiðréttingar.

Heiðraði ritstj. Hkr.

Eftirfylgjandi villur í grein minni, sem birtist í seinustu Hkr. (14. okt.) bið ég þig gera svo vel að leiðrétta: —

1) Bls. 3, 3. dálki. 2. grein 1. linu stendur: "H. H. Bergman lýsti þá yfir", les: H. A. Bergman.

2) Sama dálki, 3. gr. stendur: "Réttlaus og skoðanir rækar", — les: Réttlausir o.s.frv.

3) Sömu bls. 4. dálki framan við 4. gr., sem byrjar á orðunum "Það atriði, sem fram er tekið" o.s.frv., ætti að standa talan 4.

4) Sömu bls., 5. dálki, 2. grein (síðasta setningin í greininni), stendur: "Þann samsetning er hvergi að finna nema í grundvallarlögum kirkjufélagsins og er ekki í játningarritunum". Les: — Þann samsetning er hvergi að finna í grundvallarlögum kirkjufélagsins, og ekki í játningarritunum.

5) Á 4. bls., 3. dálki, 5. lið, 5. linu (seinasta orðið í linunni) stendur "ómerkilegur heiðindóms bláþráður", les: "ömurlegur heiðindóms bláþráður".

Með virðing og vinsemd,

Geo. Peterson.

Spurningar.

1. Ég girði land mitt með tveim virum, en ógirt lönd (Homesteads) liggja á tvo vegu að því, — hefi ég þá ekki fulla lagaheimild á því, að þeir, sem eiga þessi tvö lönd ógirtu, er að landi minu liggja, taki tiltölulegan þátt í kostnaðinum við girðinguna á þessum tveim hliðum lands mins undir eins og ég hefi forsvaranlega leyst verkið (girðinguna) af hendi.

Eða: —

2. Er ég skyldur til að bíða eftir hluttöku þeirra í kostnaðinum þangað til þeim þóknast að girða sin lönd, hvort sem það verður nokkurntíma eða aldrei — geta þeir þangað til neitað að borga sinn helming af kostu aðinum? Tyro juris.

SVAR. — Séu "Homesteads" löndin umgetnu girt á allar hliðar nema þær, sem liggja að landi spyrjandans, þá getur hann að sjálfsögðu fengið nábúana dæmda til að borga sinn hluta af kostnaðinum við milligirðinguna. En séu nábúalöndin ógirt, þá er milligirðingin þeim litils eða einkis virði, og því hæst við, að dómarinn mundi lita svo á, að þeir væru ekki skyldir að taka þátt í kostnaðinum við hana, fyr en þeir girtu hinar hliðar landa sinna. En það verða þeir að sjálfsögðu að gera áður enn þeir geta fengið meðmæli til eignarbréfa fyrir löndunum.

Annars er þetta mál, sem ætti að leggja í rétt, svo að vissa fáist um það, því vel má vera, að nábúarnir yrðu dæmdir til að borga sinn hluta af kostnaðinum, jafnvel þó hinar hliðar landanna séu ógirtar. Ritstj.

— Gufuskip strandaði við strendur Efravatns 13. þ.m. Sex menn druknuðu, en nokkrir komust af.

HÚSIÐ

Þér getið algerlega reitt yður á hvert hljóðfæri, sem þetta félag verzlar með. Íbúar Vesturlandsins bera fulla tiltrú til vor, og þeir, sem hafa skilt við oss, bera oss vel söguna fyrir hrein viðskipti. Vér verzlum eingöngu með ágætustu Pianotegundir. Bezt þeirra allra er

'Ye Olde Firm'

HEINTZMAN & CO. PÍANÓ

Það er kjörval allra mestu tónfræðinga, svo sem Calve, Albani, Burmeister, De Pachmann, og margra annara, sem gefið hafa því bezta vitnisburð. Komið og skoðið þetta ágæta Piano og önnur hljóðfæri í búð vorri að 528 Main St.

Fréttir úr bænum.

Þeir bræður J. P. og Friðrik Abrahamssynir, bændur í Pipestone bygð, Man., voru hér í síðustu viku, áleiðis í kynnisför til systur sinnar Mrs. J. P. Árnason að Espihóli í Viðirnesbygð í Nýja Íslandi. Þeir komu til baka úr ferð þeirri núna í vikunni. Í frétt-um sögðu þeir uppskeruna í bygð sinni hafa orðið í fullu meðallagi í haust, þrátt fyrir óvanalega þurka í sumar, varð hveitiuppskeran 17—18 bush. af ekru og verðið um 86c bush., eins og nú stendur. Landverð í Pipestonebygð fer fremur hækkandi, má nú metast um $20.00 ekran að jafnaði. — Sum lönd hafa selst þar frá 22 til 25 dollara ekran. En óplægð lönd metin $13.00 ekran.

"Ferðamaður" sá, sem skrifað hefir í Hkr. um Peace River héraðið, hefir beðið blaðið að geta þess að hann sé C. Eymundson, Red Deer, Alberta.

Þann 27. sept. sl. gaf séra Jón Bjarnason í hjónaband hér í borg þau herra Sigurjón Jónasson og ungfrú Jóhönnu Borgfjörð, bæði frá Mary Hill P.O., Man.

Í næsta blaði verður heillar bls. auglýsing frá Heimskringlu félaginu. Vestur-Íslendingar eru beðnir að lesa hana. Þar verður nýjum kaupendum blaðsins gefinn kostur á, að fá EITT ÞÚSUND DOLLARA slysaábyrgð ókeypis í kaupbæti með áskrift að blaðinu.

Ekkert íslenzkt blað hefir áður boðið slik vildarkjör. En það er bæði, að útgáfunefndinni er ant um, að breyta svo vel við kaupendur blaðsins, sem frekast eru föng til, og svo er henni ant um, að fjölga kaupendum að blaðinu. Nefndin vonar, að menn sjái hag sinn í því, að sæta þessu boði. — Lesið nákvæmlega auglýsingu um þetta í næsta blaði.

Frá Alberta er ritað, að "Andvökur", ljóðmæli Stephans G. Stephanssonar skálds, séu komnar þangað og séu keyptar á hverju einasta íslenzku heimili þar í Red Deer bygð. Bréfritarinn bætir við því, að þau kaup beri ekki vott um andlega fátækt Albertinga. — Vér teljum sjálfsagt, að sama megi segja um allar bygðir Vestur-Íslendinga, því þetta ljóðasafn ætti sannarlega að "komast inn á hvert heimili" hér í álfu þar sem íslenzk tunga er töluð.

Ný bók á markaðinn.

Jón Austfirðingur

OG NOKKUR SMÁKVÆÐI

eftir

Guttorm J. Guttormsson

Stærð 5 arkir. Verð 50c í kápu. — Aðalútsala í bókaverzlun

Ólafs S. Thorgeirssonar,

678 Sherbrooke St., Winnipeg.

Til leigu

5 herbergja íbúðarhús á bezta stað á Ellice Ave, með vatns- og ræsa-leiðslu. Kjallari undir öllu aðalhúsinu. $13.00 um mánuðinn.

Einnig 3. herbergja smáhýsi í góðu standi og hlýtt fyrir veturinn. $5.00 um mánuðinn.

Finnið S. VILHJÁLMSSON, 711 Ellice Ave., horni Toronto St.

Til sölu

tíu herbergja hús í miðborginni, vel vandað og með öllum nýtízku þægindum, — með sérlega lágu verði. Hkr. vísar á. —

Satt er orðið!

Enginn kaupmaður getur lækkað vöru og vinnukostnað án þess að búð hans tapi í áliti.

Vér höldum orðstír vorum í hæsta veldi með því að selja að eins beztu skótegundir.

Öllum, bæði körlum og konum, geðjast að þeim fyrir sakir gæða þeirra og fegurðar.

Skiftavinir geta ætið reitt sig á, að fá hér mátulega skó, sem fara eins vel á fæti og unt er.

Karlmannaskór $3.00 til $8.00.

Kvenskór $2.00 til 6.00.

Ryan-Devlin Shoe Co

494 MAIN ST PHONE 770.

EXCELSIOR KOLA FÉLAGIÐ auglýsir í þessu blaði, og býður hluti sína með hálfvirði. Félagið er þegar starfandi og hefir pantanir fyrir öllum þeim kolum, sem það getur tekið úr námunni. Einn Íslendingur hér í borg hefir keypt 2 þúsund hluti, og fleiri munu fylgja hans dæmi. Félagið virðist áreiðanlegt og líklegt til að verða stórt gróðafélag. Upplýsingar fást að 341 Main St.

Nýr kirkjusiður.

Ef gengur þú í guðshús inn,
með grátnu og hryggu sinni,
þig bændu, bezti vinur minn,
með vinstri hendi þinni.
Þú sérð það gera sumir þar,
helzt sanntrúaðir burgeisar,
svo náð og frið þeir finni.

J. D.

Til stúlkna.

Mrs. Steinunn Anderson, Fort Rouge Hotel, vantar góða vinnukonu sem allra fyrst. Býður $15.00 kaup um mánuðinn eða hærra, ef konan er afbragð. Ágæt vist og kaupið svikalaust útilátið í skildingum.

Herra William Mapes í Winnipegosis, Man., vantar vinnukonu fyrir þennan komandi vetur. Hann býður $15.00 mánaðarkaup og að borga fragjaldið aðra leiðina. — Heimilið er gott. Nokkrir alúðlegir Íslendingar eru í bænum. Stúlkan á að vera íslenzk, og óskast sem fyrst.

Þarft þú ekki að fá þér ný föt?

EF ÞAU KOMA FRÁ CLEMENT'S, — ÞÁ VERÐA ÞAU RÉTT.

Réttur að efni, réttur í sniði réttur í áferð og réttur í verði.

Vér höfum miklar byrgðir af fegurstu og beztu fataefnum. —

Geo. Clements & Son

Stofnað árið 1874

264 Portage Ave. Rétt hjá Free Press

Th. JOHNSON

JEWELER

286 Main St. Talsími: 6606

JOHN ERZINGER

TÓBAKS-KAUPMAÐUR.

Erzinger's skorið reyktóbak $1.00 pundið
Hér fást allar neftóbaks-tegundir. Óska eftir bréflegum pöntunum.
McINTYRE BLK., Main St., Winnipeg
Heildsala og smásala.

QUILL PLAINS HVEITI LÖND

25,000 EKRUR. Algerlega FYRSTA ÚRVAL frá hinni miklu C.N.R landveitingu. Gufuplógs lönd hrein slétt

ÞESSA ÁRS UPPSKERA sannar gæði jarðvegsins. — Enginn steinn eða hrís.—Gott vatn.—Nálægt mörkuðum, skólum og kirkjum.—Vér höfum umráð á öllum Jansen og Claassen löndunum, og bjóðum þau til kaups með sanngjörnu verði og auðveldum borgunarskilmálum.—Kaupendur geta borgað af hvers árs uppskeru; 6% vextir.— Sölubréfin gefin út beint frá eigendum til kaupendanna.—Eastern Townships Bank í Winnipeg og hver banki og "business"-maður í Marshall, Minn., gefur upplýsingar um oss. — Póstspjald færir yður ókeypis uppdrætti og allar upplýsingar.—

John L. Watson Land Co.

316 Union Bank Bldg. - - Winnipeg. Man

Herra Jóhann Kárason, sem kom með síðustu vesturförum hingað til borgarinnar, fór héðan alfarinn á laugardaginn var til Duluth í Minnesota. Hann bað Hkr. að færa þeim hjónum Mr. og Mrs. S. B. Brynjólfsson innilegasta þakklæti sitt fyrir hjálp og velvild auðsýnda sér á leiðinni vestur.

Vinum Miss Elínar Thorlacius mun vera það ánægjuefni, að frétta, að hún er aftur komin til heilsu og mun koma heim í þessum mánuði. Hún hefir um sl. 6 vikna tíma verið suður í Park River, undir læknishendi dr. Móritz Halldórssonar.

Á fundi stúkunnar HEKLU næsta föstudagskveld, 22. okt., ætlar kvenfélagið Harpa formlega að afhenda hið stóra og fallega piano, sem Harpa hefir keypt og gefur stúkunum Heklu og Skuld. Við þetta tækifæri verður mjög gott prógram, svo sem kappræða, Recitations, Duetts, Piano sólós, o. fl. Kaffiveitingar og "Grand March" á eftir. Allir Goodtemplarar í Winnipeg velkomnir.

Dr. Magnús Hjaltason, frá Oak Point, sem hér hefir verið í bænum og í Westbourne um nokkra undanfarna daga hélt heimleiðis í gær.

Herra Skapti B. Brynjólfsson flytur ræðu á samkomu stúkunnar Ísland, sem haldin verður í neðri sal G. T. hússins í kveld (fimtud.)

"Hanley, Sask., Oct. 19th.
Stephen V. Fannison.
Heimskringla Publishing Co., Winnipeg.
Come at once. Highest wages.
Alvin Erickson".

Framanritað hraðskeyti var sent á skrifstofu Heimskringlu í gærdag, en með því að vér þekkjum ekki neitt til Stephen V. Fannisons, auglýsist skeytið.

Herra Guðm. Björnsson frá Icelandic River P.O., Man., er um þessar mundir undir hendi dr. Móritz Halldórssonar í Park River í Norður Dakota, og á von um að fá þar fullkominn bata.

Á ferð voru hér í síðustu viku Jóhannes Einarsson frá Lögberg P.O., Sask., og Magnús Hinriksson, Bjarni kaupmaður Davidson og Pétur Norman, allir frá Churchbridge, Sask.

Fyrirlestur um kvenfrelsi flytur Mrs. M. J. Benedictsson í samkomuhúsi Vatnsdalsnýlendu (að Tantallon, Sask.) þann 28. þ.m., að tilmælum Mrs. Jóhönnu Thorsteinsson og herra Jóns Bartels. Tíminn verður auglýstur þar í bygðinni.

Til bæjarins komu á fimtudaginn var herra Jón Ólafsson og kona hans, frá Selkirk (ættuð úr Vestmannaeyjum). Þau hjón fóru samdægurs héðan með C.P.R. lestinni vestur til Vancouver, og ætla þaðan til Blaine, Wash., þar sem Skúli sonur þeirra er og tekur á móti þeim. Hjón þessi hafa búið í W. Selkirk í sl. 7 ár. — Þeir Thorkell Jónsson, tengdasonur Jóns, og Gísli sonur hans fylgdu gömlu hjónunum til Winnipeg.

Tvær herdeildir hafa verið myndaðar hér í borg, í viðbót við þær, sem hér voru áður. Þær nefnast "79th Highlanders" og "100th Grenadiers".

Herra Sæmundur J. Borgfjörð sýndi oss nýlega kartöflu, sem óx á landi hans við Árnes P.O. í Nýja Íslandi. Hún var 9 þuml. löng og digur að sama skapi, vel löguð og vóg nær 2 pund.

Herra Magnús M. Melsted, sem búið hefir að Svold P.O., N. Dak., er nýfluttur suður til Spanish Fork, Utah., og hygst að dvelja þar framvegis. Bréf til hans sendist á Spanish Fork P.O., Utah, U. S. A.

Jón Eggertsson er fluttur frá 724 Victor St. til 555 Victor St. Talsími: 957.

Æfiminning eftir húsfrú Sigríði Brynjólfsdóttir Johnson kemur í næsta blaði. Hún andaðist 7. þ. m. að heimili sínu við Mountain, N. Dak.

Í KVELD
Fimtudag, 21. Október,

hefir stúkan ÍSLAND samkomu í Goodtemplara húsinu, neðri salnum. Ágætt prógram verður þar á boðstólum. Þar skemta meðal annara: S. B. Brynjólfsson, þ. þ. þorsteinsson og Magnús Magnússon. Og unga fólkið fær að leika sér á eftir.

Inngangur að eins 25c. Aldrei betur varið. Nefndin.

Öll sakamálin, sem lögreglan hér í borg höfðaði móti 28 konum, sem bjuggu á Rakelar götu á Douglas odda hér í borg, hefir hún orðið að láta falla niður. Bonnar lögmaður tók að sér vörn stúlknanna og vitnaleiðsla lögreglunnar benti ljóslega á, að þær væru elskulegustu manneskjur, sem enginn gæti haft neitt út á að setja.

Veizluspjöll gerði maður einn í norðurbænum í vikunni, með því að ráðast á veizlugesti og berja þá. Sá var dæmdur í 9 mánaða fangavist fyrir tiltækið.

Þyngsta æki, sem nokkurt hestapar hefir dregið hér í borg, var dregið af einu hestapari C.N.R. félagsins í sl. viku. Á vagni þeim voru 150 sykursekkir, sem hver vóg 100 pund. Alls var því þungi á vagninum 15 þús. pund.

Nöfn þeirra vesturfara, sem frá Íslandi komu í síðustu viku og samferða voru þeim hjónum Mr. og Mrs. S. B. Brynjólfsson, — eru þessi:

Halldóra Sveinsson, og barn.
Jóhanna Jónsdóttir.
Hallfríður Jónasdóttir.
Gísli Sigurðsson.
Einar Teitsson.
Eirikur Hjartarson.
Sveinn Árnason.
Jóhann Kárason.
Anna Sveinsson.

Fimm eða sex af þeim framantöldu eru Vestur-Íslendingar, sem ferðast höfðu heim til Fróns að finna ættingja og vini.

Fyrirlestur

í Tjaldbúðinni flytur séra Fr. J. Bergmann í kveld (fimtudag), 21. þ. m., kl. 8. Umræðuefnið skemtilegt, svo kirkjan ætti að verða full. Inngangur 25c.

Bjarni Tomasson

frá Mærðargnúpssveit í Vatnsdal í Húnavatnssýslu (eða hver sá, sem kynni að vita um áritan hans) er vinsamlega beðinn að senda áritan sína til Skapta B. Brynjólfssonar, P.O. Box 3083, Winnipeg, Man.

Tombóla

Allir, sem vetlingi geta valdið, eru farnir að búa sig undir Tombóluna, sem stúkan HEKLA ætlar að hafa til arðs fyrir sjúkrasjóð sinn þann 1. nóvember. Með því að sækja þessa Tombólu, þá gjörið þér tvent í einu: skemta sjálfum yður og styrkja eitt hið langbezta fyrirtæki, sem nokkur félagsskapur getur haft meðferðis. Ekkert verður tilsparað að gjöra þessa Tombólu sem ánægjulegasta. Gætið vandlega að auglýsingu um þetta í næsta blaði.

Hvar er Haldóra?

Frá Íslandi hefir Hkr. borist fyrirspurn um heimilisfang Sæunnar Haldóru Sigurðardóttir frá Öldubrygg í Svarfaðardal í Eyjafjarðarsýslu, sem flutti hingað vestur fyrir mörgum árum. Móðir stúlku þessarar er Guðrún Sofía Friðriksdóttir, sem nú er á holdsveikra spítalanum í Laugarnesi við Rvík. Hana langar til að fá fréttir af Haldóru sinni. Hver, sem veit um heimilisfang Haldóru, er vinsamlega beðinn að tilkynna það á skrifstofu Heimskringlu við fyrstu hentugleika.

The Abernethy Tea Rooms

Eru nú undir nýrri ráðsmensku. Vér getum selt fólki góðar máltíðir og hressingar eftir þann 9. þ. m. —

21 máltíðarseðlar $3.50

472 PORTAGE AVE.

Ómeinguð Hörlérept

beint frá verksmiðjunni á Írlandi. Af því vér kaupum beint þaðan, getum vér selt irsk hörlérept ódýrar en aðrir í borginni. 15 prósent afsláttur næstu 2 vikur.

C. S. S. Malone

552 PORTAGE AVE. Phone Main 1478
16-12-9

MARTYN F. SMITH,

TANNLÆKNIR.

Fairbairn Blk. Cor Main & Selkirk

Sérfræðingur í Gullfyllingu og öllum aðgerðum og tilbún aði Tanna. Tennur dregnar án sársauka. Engin veiki á eftir eða gómbólga. —

Stofan opin kl. 7 til 9 á kveldin

Office Phone 6944. Heimilis Phone 6462.

Gólfteppa Hreinsun

Vér stoppum og þekjum gamla stóla, legubekki og fleira. — Flyt húsgögn og geymi þau yfir lengri eða styttri tíma. —

W. G. Furnival

312 Colony St. Phone 2041.

Húðir og ógörfuð Loðskinn

Verzlun vor er vor bezta auglýsing. Sendið oss húðir yðar og loðskinn og gerist stöðugir viðskiftamenn. Skrifið eftir verðlista.

The Lightcap Hide & Fur Co., Limited

P.O. Box 1092 172-176 King St Winnipeg
16-9-10

Ný Kjötverzlun

Allar vörur af beztu tegund.

H. SIMONITE, eigandi

Talsími: 947 110 Isabel St.

16-9-10

Drs. Ekern & Marsden,

Sérfræðislæknar í Efturfylgjandi greinum; — Augnasjúkdómum, Eyrnasjúkdómum, Nassasjúkdóm um og Kverkasjúkdómum.

Í Platky Byggingunni í Bænum

Grand Forks, :: N. Dak.

Hubbard, Hannesson and Ross

LÖGFRÆÐINGAR

10 Bank of Hamilton Chambers
Tel. 378 Winnipeg

ANDERSON & GARLAND

LÖGFRÆÐINGAR

35 Merchants Bank Bldg. Phone: 1561

BONNAR, HARTLEY & MANAHAN

Lögfræðingar og Landskjala Semjarar

Suite 7, Nanton Block, Winnipeg

W. R. FOWLER A. PIERCY.

Royal Optical Co.

327 Portage Ave. Talsími 7286.

Allar nútíðar aðferðir eru notaðar við augn skoðun hjá þeim, þar með hin nýja aðferð, Skugga-skoðun, sem kjöreyðir öllum ágiskunum. —

Dr. G. J. Gislason,

Physician and Surgeon

Weltington Blk. - Grand Forks, N.Dak

Sérstakt athygli veitt AUGNA, EYRNA, KVERKA og NEF SJÚKDÓMUM.

Boyd's Brauð

Það borgar sig fyrir yður, að kaupa bezta brauð. Góð brauð viðhalda heilsunni og spara lækniskostnað. Brauð vor eru létt í sér, ljúffeng og auðmelt, þau eru úr bezta mjöli og hvert brauð velvegið. Reynið það. Vagnar vorir fara daglega um allan bæinn.

Boyd's

Bakery Cor. Spence & Portage Ave
Phone 1080.

Winnipeg Wardrobe Co.

Kaupa brúkaðan Karla og Kvenna fatnað,—og borga vel fyrir hann.

Phone, Main 6539 597 Notre Dame Ave.

BILDFELL & PAULSON

Union Bank 5th Floor, No. 520

selja hús og lóðir og annast þar að lútandi störf; útvegar peningalán o. fl.

Tel.: 2685

J. L. M. THOMSON, M.A., L.L.B.

LÖGFRÆÐINGUR. 255½ Portage Ave.

G. NARDONE

Verzlar með matvöru, aldini, smá-kökur, allskónar sætindi, mjólk og rjóma, sönul. tóbak og vindla. Óskar viðskifta Íslend. Heitt kaffi eða te á öllum tímum. Fón 7756

714 MARYLAND ST.

It's going UP.

Þú getur ekki búist við

að það geri annað en eyðast í reyk. Því ekki að fá nokkur tons af okkar ágætu kolum, og hafa ánægjuna af, að njóta hitans af þeim, þegar vetrarkuldarnir koma. Komið til vor og nefnið þetta bl.

D. E. ADAMS COAL CO.

YARDS Í NORÐUR, SUÐUR, AUSTUR OG VESTURBÆNUM

Aðal Skrifst.: 224 BANNATYNE AVE.

EKRU-LÓÐIR

A. til 5 ekru spildur við rafmagns brautina, 5 mílur frá borginni. — aðeins 10 mánaðna ferð á sporvagninum, og mölborin keyrsluvegur alla leið. Verð $200 ekran og þar yfir. Aðeins einn-fimtipartur borgist strax, hitt á fjórum árlegum afborgunum.—

Skuli Hansson & Co.
Skrifst. Telefón 6476. Heimilis Telefón 2274

Heimskringla.

Vér höfum næga skildinga

til að lána yður mót tryggingu í bújörðum og borga-fasteignum. Seljum lífsábyrgðir og eldsábyrgðir. Kaupum sölusamninga og víxlskuldabréf.

Frekari upplýsingar veita
Skuli Hansson & Co.
56 Tribune Building. Winnipeg.

XXIV ÁR — WINNIPEG, MANITOBA, FIMTUDAGINN 28. OKTÓBER 1909. — NR. 4

Það er Innbygging Rjómaskilvindunnar sem Gerir Gildi Hennar.



HINAR óvönduðu skilvindur, með veikar umgerðir, fagurlega málaðar, geta staðið uppi að eins vegna þess, að þær eru skrúfaðar niður í gólfið. En "Worm Gearing", — spyrjið þér trúverðugan smið um þær, og hann mun segja yður, að þær geti aðskilið fullvel um tíma, en fyr eða síðar hljóta þær að bila, og slysið kemur vanalega fyrir, þegar verst gegnir og þér megið sist við töfum. Þá sjáið þér hjósast, hve áríðandi það er, að hafa "Square Gear" eins og í MAGNET vélinni. Sú vél er rétt smíðuð og áreiðanleg á öllum tímum. Þér tapið engum tíma hennar vegna. MAGNET hefir "Square Gear" gerð úr einu stykki og einstykkis fleytir, hæg-hreinsuð, stór skál tvístudd (MAGNET einkaréttur), og svo létt að börn geta snúið henni. Fullkomn asta "Brake", svo vel getur stöðvast á 8 sekúndum.

Athugið undirstöðu MAGNET vélarinnar, hún er traust og stöðug, og heldur öllum hlutum vélarinnar í jafnvægi, svo að aðskilnaður mjólkurinnar verður al-fullkominn, hvar sem vélin er sett. Berið þetta saman við undirstöðu skrifli sumra annara véla.

Það er hægt, að fleka blinda menn með röngum frásögnum, en hver sá, sem sér og ber saman smíðið, kemst ekki hjá að kaupa MAGNET. Hún er sú rétta rjómaskilvinda, smíðuð til að endast 50 ár. Það kostar eitt cent, að skoða MAGNET heima í yðar eigin húsi.

The PETRIE MANUFACTURING CO., LTD.
WINNIPEG
HAMILTON. ST. JOHN. N.B. REGINA. CALGARY. VANCOUVER.

Fregnsafn.

Markverðustu viðburðir hvaðanæfa

— Á laugardaginn í fyrri viku andaðist í Ogden borg í Ontario Warren Foster, ritstjóri og blaðamaður. Í bréfi, sem hann lét eftir sig og lagði svo fyrir, að lesið skyldi strax að sér látnum, stóð þetta: — "Ég hefi borgað húsaleigu alla mína æfi, ég ætla að hætta því, þegar ég dey. Þess vegna mæli ég svo fyrir: Fyrsta ósk mín er sú, að líkami minn verði brendur, ef það er ekki alt of kostnaðarsamt. En sé það óþægilegt eða of dýrt, þá vil ég að ég sé grafinn í leirkerasmiðsgarðinum (The Potter's Field). En undir engum kringumstæðum vil ég láta jarðsetja mig í neinum kirkjugarði, þar sem lóðir eru keyptar og seldar eða sett er leiga af nokkurri tegund fyrir að hirða um grafirnar. Ef lífsstarf mitt hefir ekki verið þjóðfélaginu þess virði, að það geti lagt til blett fyrir líkama minn til að hvíla í þegar ég er dauður, þá getur það kastað honum fyrir miskunnsamari og velviljaðri úlfa. Verjið ekki svo miklu sem einu centi fyrir legstað, beinlínis eða óbeinlínis".

— Frú Francis Cook, sem nýlega kom frá Englandi til New York, í fyrirlestra erindum til stuðnings kvenfrelsismálinu, sagði í ræðu þar í borg, að hún væri við því búin, að eyða af eigin efnum sínum einni milión dollara til þess að tryggja konum jafnrétti við karlmenn í landsmálum. Hún kvaðst ætla beint á fund Tafts forseta, til þess að fá hann til að beita áhrifum sínum í þarfir þessa málefnis. Hún sagði, að stjórnarskrá Bandaríkjanna tæki það berlega fram, að að eins fábjánar, vitfirringar og glæpamenn gætu ekki átt atkvæðisrétt, og hún vildi fá að vita, hvort konur þjóðarinnar teldust til þessara flokka.

— Fæðingar á þýzkalandi, sem á fyrri árum voru fleiri í tiltölu við fólksfjölda en í flestum öðrum Evrópulöndum, hafa á allra síðustu árum farið minkandi. — Til þess að ráða bót á þessu, hefir keisarinn auglýst, að hann taki að sér að vera skírnarvottur að hverju áttunda barni, sem fæðist af sömu foreldrum, og við það tækifæri verði foreldrunum veitt 80 mörk ($20) að gjöf úr sveitarsjóði.

— Eitt Duluth blað flutti nýlega svolátandi fregn: — "Mrs. Halldora Olson, að 329 N. 57th Ave. W., hafði heimboð á laugardagskveldið var, í heiðursskyni við Mrs. M. J. Benedictsson frá Winnipeg, framstæða félagskonu og ritstjóra að kvenfrelsis tímariti. — Um kvöldið ræddi Mrs. Benedictsson um framför kvenfrelsishreyfingarinnar í Manitoba og Norður Dakota.

— Edward konungur opnaði dyrnar á nýja spítalanum í Montreal á fimtudaginn var þann 21. þ.m. með því að þrýsta á rafmagnshnapp í höll sinni á Englandi. Það mun vera í fyrsta skifti sem slíkt afreksverk hefir unnið verið, svo sögur fari af.

— Eldur í Dayton, Ohio, 21. þ. m. gerði milión dollara eignatjón.

— Fregn frá Bengal á Inglandi 21. þ. m. segir, að fellibylur þar hafi gereytt 2 bæjum og miklum fjölda skipa á Ganges ánni, og að 10 þúsundir manna hafi farist. Goalanda bær er lagður í eyði. Einnig skemdust járnbrautir og rit- og tal-sima staurar voru rifnir upp með rótum. Gufuskip sukku með öllu, sem á þeim var.

— Spænska stjórnin varð að leggja niður völdin þann 21. þ.m., sökum æsinga alþýðunnar gegn henni fyrir líflát prófl. Ferrers. — Signor Moret, leiðtogi Láberala, hefir tekið að sér að mynda nýtt ráðaneyti.

— Grand Trunk félagið hefir veitt Sir Rivers-Wilson, fyrverandi forseta sínum, 1500 punda eft irlaun á ári.

— Marja Corelli hefir ritað um kvenréttindamálið í enskt tímarit, og andmælir jafnréttarkröfum kvenna. En hún styngur upp á því, að þær byggi sér sjálfar þinghús, og haldi árlegt þing, og taki þar til meðferðar öll landsmál, og ef að þær geti sýnt að þriggja ára tímabili liðnu, að þær hafi meðhöndlað þau mál með jafnmiklu viti og stillingu og karlmenn gera, þá muni óhætt að veita þeim jafnréttið.

— Húsbruni í Quebec borg þann 17. þ.m. gerði milión dollara eigna tjón. Þar brann bilión búshela korngeymsluhlaða C.N.R. félagsins með 150 pús. búshelum hveitis. Einnig brunnu nokkur stór vörugeymsluhús með öllu, sem í þeim var og nokkur smærri vöruhús. Tollhús ríkisins, sem var mikilfengleg steinbygging, brann einnig, og nokkrir hlaðnir járnbrautavagnar. Einn maður misti líf og nokkrir meiddust við bruna þenna.

— Mál hefir verið höfðað móti herra S. J. Jackson, fyrverandi þingmanni fyrir Selkirk kjördæmi. Hann hafði fyrir síðustu Dominion kosningar fengið herra Cehyrer til þess að leggja milustúf af akbraut meðal útlendinga í Ladywood héraðinu, og lofað að borga kostnaðinn við veglagninguna eftir að kosningarnar væru afstaðnar. En með því, að borgunin kom ekki, stefndi Schyrer honum fyrir samningsrof. Lögfræðingur herra Jacksons sagði dómaranum, að sjálstæðingur sinn mundi jafna sakirnar við málsheíjanda og fékk þannig málinu frestað fyrst um sinn.

— Fellibylur æddi í síðustu viku yfir Alabama, Tennessee og Mississippi ríkin. Eignatjón varð mikið og yfir 100 manna mistu lífið.

— Sjötíu og fjögra ára gamall lögfræðingur í Toronto borg kvongaðist nýlega kornungri mær, sem vann að bréfaskriftum á skrifstofu hans. Fyrri konu sinni kvongaðist hann fyrir 50 árum.

— Fyrir fáum dögum var svar það prentað, sem Saskatchewan stjórnin gaf skriflega nefnd þeirri, sem fór héðan úr bænum þangað vestur í erindum sýningarinnar fyrirhuguðu, sem ráðgert er að halda hér árið 1912. Samkvæmt því svari er svo að sjá, sem Saskatchewan stjórnin hafi alls ekki neitað að taka þátt í sýningunni, heldur neitaði hún, að binda sig við að leggja til hennar 250 þúsund dollara, eða nokkra aðra ákveðna upphæð. En bréf stjórnarinnar sýnir ljóslega, að hún muni fús til þess, að taka svo mikinn þátt í sýningunni, sem þyrfti til þess að sýna kosti fylkisins, framfarir þess og annað þess háttar. — Það má því ganga að því vísu, að Saskatchewan stjórnin tekur svo mikinn þátt í þessari sýningu, sem hún telur nauðsynlegt, til þess að fullnægja hagsmunum fylkisins og heiðri íbúanna.

— Stjórnin í British Columbia hefir uppleyst þingið. Útnefningar til nýrra kosninga fara fram 11. nóvember, og kosningarnar þann 25. nóvember næstk. McBride stjórnin hefir gert samninga við C.N.R. félagið um að byggja 600 mílur af járnbrautum í fylkinu: — Frá Yellow Head til Vancouver, einnig braut yfir þvera Vancouver eyju frá Victoria til Barclay Sound, og skal þar gert nýtt skipalagi. Svo á C.N.R. félagið að halda uppi lestaferjum milli Vancouver eyjar og meginlandsins, svo að hægt sé að fara með heilar gufuvagnalestir yfir sundið. Alt þetta á að vera fullgert innan 4. ára, og félagið skuldbindur sig til, að gefa engum austræningjum atvinnu við alt þetta verk. Móti þessu hefir stjórnin skuldbundið sig til, að ábyrgjast skuldabréf félagsins með 4 prósent vöxtum af 35 þúsund dollara upphæð á míla hverja af járnbraut. Kjósendurnir verða beðnir að samþykkja þennan samning með atkvæðum sínum, við komandi kosningar í næsta mánuði. — Samningar þessir eru svipaðir þeim, sem Roblin stjórnin gerði við sama félagið viðvíkjandi brautalagning hér í Manitoba. Að eins verður vaxtaábyrgð British Columbia fylkisins sem næst fjórum sinnum meiri en í Manitoba, miðað við mílnatöluna. Nú hafa 2 af ráðgjöfum McBride stjórnarinnar sagt af sér embættum út af þessum samningum, nefnilega þeir Fulton og Tallow. Þeir segja, að ábyrgðarupphæðin sé alt of mikil, og hefði enda ekki átt að vera nein, því að C.N.R. félagið sé nauðleygt til að byggja braut vestur að hafi og að gera þar hafnhætur á eigin reikning.

— Sir Cecil Ernest Moon, brezkur landeignamaður, en sem nú býr á landeign sinni í norðurhluta Colorado, hefir stefnt konu sinni fyrir rétt í Denver borg, til þess að fá reikningsskil frá henni. — Hann segir, að þegar þau hafi farið til Englands árið 1900, þá hafi konan sín stungið uppá því, að hann létí sig gevma peninga þeirra hjóna, því hún mundi sjá um, að ekkert gengi þá í óþarfa eyðslusemi. Kveðst hann þá hafa afhent henni 61 þúsund dollara. Síðan segir hann að hún hafi haldið svo fast um budduna, að hann hafi ekki getað kreyst út úr henni nema $500 á þessum sl. 9 árum, og að kerlingin neiti algerlega, að gera nokkur reikningsskil eða að segja sér nokkuð um sjóðinn.

— Dr. Cook er orðinn gramur yfir ofsóknum Peary manna. Einn þeirra, Birrell að nafni, sá sem fylgdi dr. Cook, þegar hann fyrir fáum árum síðan klifraði upp á efsta tind McKinley fjalls. Birrell þessi hefir eiðfest vottorð um það, að dr. Cook hafi aldrei komist upp á fjallið, og aldrei komist nær því en í 14 mílna fjarlægð þann dag, sem hann þykist hafa klifrað uppá efsta tindinn. Þennan mann hefir dr. Cook látið kyrsetja og kæra fyrir meinsæri. Samtímis er hann að stofna til leiðangurs til þess að fara upp á fjall þetta og sækja þangað skirteini þau, sem hann skildi þar eftir, þegar hann var þar.

— Harry Farman, loftsiglingamaðurinn enski, flaug í síðustu viku í loftfari sínu yfir svæði eitt á Bretlandi rúmlega 47 mílna langan veg á 1 kl.stund og 32 mínútum, eða rúmlega 30 mílur á kl.-stund.

— Þann 20. þ.m. var húsfrú Jóhanna Engelman skipuð í kviðdóm í máli einu í Californíu. Það er í fyrsta skifti, að kona hefir haft það starf á hendi þar í ríkinu. — Mál það, sem kviðdómur þessi á að fjalla um, er skaðabótamál, sem kona hefir höfðað móti járnbrautarfélagi einu.

— Bréf frá Cold Springs, Man., í sl. viku segja sléttu- og skógaelda á 80 mílna svæði þar norður eftir, sem hafa gereytt þúsundum ekra af beylandi og hundruðum tonna af heyi, og að þetta séu mestu eldar, sem þar hafi nokkru sinni komið.

— Jose Tisaira, mesti ræningi á Spáni, hefir nýlega verið tekinn til fanga. Saga þessa manns er markverð. Fyrir 20 árum drap hann prest einn og brendi líkið. Fyrir þetta var hann dæmdur til lífláts, en voru gefnar upp sakir meðan hann var á leið til aftökustaðarins. Næst var hann settur í Ceuta, en strauk þaðan. Eftir það hafðist hann við hjá Máraflokki, en framdi þar svo mörg ódæðisverk, að hann varð að flýja. Nokkuru síðar komst hann í hendur spænskra yfirvalda, en slapp frá þeim í annað sinn, en varð þó mjög sár við það tækifæri. Eftir það gekk hann í bandalag með Mára-ræningjanum Vallente. En svo voru rán hans og aðrir glæpir mikilfengleg, að Máranum ógnaði, þar við bættist, að Valente öfundaði Tisaire af hans yfirburða hæfileikum. Hann kom honum því til Tangier, þar sem hann réðist hjá stórbónda einum. En þar stal hann svo miklu frá húsbónda sínum, að hann komst í klær laganna. Eftir það komst hann í kynni við fyrri félaga sinn. Þeir urðu ósáttir, og Tisaire stytti honum aldur. Lögreglan náði honum skömmu á eftir og flutti hann til Madrid með gufulest. En hann stökk út um gluggann og meiddist nokkuð við það. Samt gat hann brotið af sér hlekkina og komst til Gerona. Þegar hann náði heilsu, tók hann að ræna á ný. Í einum stað réðist hann á tollþjón, og tók af honum 15 þús. dollara. Hann náðist í júlí sl., og var fluttur í Ceute fangelsið, en slapp þaðan í fjórða skiftið, og nú nýskeð hefir hann enn verið tekinn fastur, og á nú að gæta hans svo vandlega, svo að hann geti ekki sloppið.

Mikið má ef vel vill.

Til þess lesendur þessa blaðs geti fengið ofurlitla hugmynd um inntekta möguleika þeirra útlendinga, sem flytja til Canada og setjast að í Winnipeg, skal þess getið, að hinir svo nefndu slavnesku þjóðflokkar, sem nýkomnir eru hingað til landsins, svo að segja, og nálega allir eru mállausir á enska tungu, og allir hafa komið hingað eínalausir, — hafa á sl. tveimur árum, eða síðan í ágúst 1907, sent til ættingja sinna í Evrópu 435 þús. dollara í póstávísunum, auk stórupphæða, sem sendar hafa verið í bankaávísunum og "Express" ávísunum. Það má telja áreiðanlegt, að þetta fólk, sem hér á heima í borginni, og talið er að vera fátækasti hluti íbúanna, sendi til vina og ættingja í heimalöndunum talsvert á aðra milión kr. á ári. Allir þessir peningar eru fé, sem fólkið dregur saman umfram það, sem það þarf til daglegra nauðsynja. Minst er sent úr landi yfir vetrarmánuðina, en mest í júlí, ágúst, september og október, þegar vinnan er stöðugust og kaup hæðst. Það eru til vinnukonur hér í borg, sem af fyrsta árs vinnulaunum sínum hafa sent þrjú full fargjöld til ættingja sinna á Póllandi, og þó urðu þær að verja nokkru fé til fata svo þær gætu gengið sómasamlega til fara í vistunum hér.

OGILVIE'S
Royal Household Flour

Til Brauð og Köku Gerðar

Gefur Ævinlega Fullnæging

EINA MYLLAN Í WINNIPEG.—LÁTIÐ HEIMAIÐNAÐ SITJA FYRIR VIÐSKIFTUM YÐAR.

Þessar prentvillur

í bæklingnum "Jón Austfirðingur" eru menn beðnir að leiðrétta:

Bls. 21—"láta til skiftis skella", á að vera: lætur til skiftis skella, o.s.frv.

" 22—"hungeltið hárióma við", á að vera: hundgeltið hjá-róma við, o.s.frv.

" 26—"hreint og frítt", á að vera: hreint og prýtt.

" 30—"kvalavein", á að vera: kvala kvein, o.s.frv.

" 33—"engan blett undan", á að vera: engan blett auðan, o.s.frv.

" 49—"frá elskanda kyssandi vörum", á að vera: elskuðum kyssandi, o.s.frv.

" 63—"augnabliks tilfinning", á að vera: augnablik tilfinning, o.s.frv.

" 64—neðsta línan á að vera: á svipstund fer, o.s.frv.

" 65—"eilífdjúpan heim", á að vera: eilífdjúpan hreim, o.s.frv.

" 78—"bónleit hún fór", á að vera: bónleið hún fór, o.s.frv.

G. J. G.

Nýlega komu hingað til Winnipeg hjónaefni ein frá St. Laurent. — Sóknarprestur þeirra þar hafði af einhverjum ástæðum neitað, að gefa þau samán. En þau létu sér fátt um finnast og fóru hingað inn til Winnipeg, og voru gefin saman af prótestaniskum presti hér í borg. Þegar þau komu til baka til St. Laurent, mætti prestúrinn þeim, og þegar hann frétti um giftingu þeirra hér í Winnipeg, varð hann afarreiður. Hann heimtaði, að fá að sjá giftingarskírteinið og fékk það. Hann neitaði, að skila því aftur og kvaðst mundi eyðileggja það. Hann sagði forcldrum brúðurinnar, að giftingin væri ólögleg, og ráðlagði þeim að neita að viðurkenna giftinguna og ekki leyfa dóttur þeirra að taka neitt af munum sínum úr húsinu. Þegar hér var komið sögunni, tók brúðguminn til sinna ráða. Hann sendi lögregluþjón til prestsins til að heimta af honum giftingarskírteinið. Prestur afhenti það til að komast hjá frekari óþægindum. Þar næst bauðst hann til að gera hjónabandið fullgilt með því að gefa þau saman samkvæmt þeirra eigin kirkjusiðum, fyrir $20 borgun. En brúðguminn kvað eina hjónavígslu fullnægjandi og kvaðst komast af án afskifta prestsins eða blessunar frá honum, og yrði hann því að komast af án þessara $20.00, sem hann væri að reyna að krækja í.

Bjarni Tomasson

frá Marðargnúpsseli í Vatnsdal í Húnavatnssýslu (eða hver sá, sem kynni að vita um áritan hans) er vinsamlega beðinn að senda áritan sína til Skapta B. Brynjólfssonar, P.O. Box 3083, Winnipeg, Man.

"Andvökur"

LJÓÐMÆLI EFTIR
Stephan G. Stephansson

Kosta, í 3 bindum, $3.50, í skrautbandi.

Tvö fyrri bindin eru komin út, og verða til sölu hjá umboðsmönnum útgefendanna í öllum íslenzkum bygðum í Ameríku.

Í Winnipeg verða ljóðmælin til sölu, sem hér segir:

Hjá Eggert Jóhannssyni, 689 Agnes St., EFTIR KL. 6 AÐ KVELDI.

Hjá Stefáni Pétursyni, AÐ DEGINUM, frá kl. 8 f.h. til kl. 6 að kveldi, á prentstofu Heimskringlu.

Hjá H. S. Bardal, bóksala, Nena St.

Hjá N. Ottenson, bóksala, River Park, Winnipeg.

Utanbæjarmenn, sem ekki geta fengið ljóðmælin í nágrenni sinu, fá þau tafarlaust með því að senda pöntun og peninga til Eggerts Jóhannssonar, 689 Agnes St., Winnipeg, Man.

HEIMSKRINGLU og TVÆR skemtilegar sögur fá nýir kaupendur fyrir að eins $2.00

Wall Plaster

Með því að venja sig á að brúka **"Empire"** tegundir af Hardwall og Wood Fibre Plaster er maður hár viss að fá beztu afleiðingar.

Vér búum til:

"Empire" Wood Fibre Plaster
"Empire" Cement Wall "
"Empire" Finish "
"Gold Dust" Finish "
"Gilt Edge" Plaster of Paris
og allar Gypsum vöruuteg-undir. —

Eigum vér að senda yður bækling vorn?

MANITOBA GYPSUM CO. LTD
SKRIFSTOFUR OG MILLUR Í
Winnipeg, - Man.

Undraverðar fornleyfar.

Fyrrir nokkru var þess getið í blaðinu Arizona Gazette, að fornleyfafræðingurinn herra G. E. Kinkaid hefði fært bæjarbúum þær fregnir af fornleyfafundi sínum, er nokkru áður hafði verið getið um í blaðinu.

Fornleyfafundur sá, sem herra Kinkaid skýrði frá, er afar mikið og margbrotið jarðhús. Vísindamenn telja áreiðanlegt, að hér sé að ræða ekki eingöngu um elztu fornleyfar Bandaríkjanna, heldur einnig með þeim allra merkustu og verðmætustu í heimi.

Herra Kinkaid er landkönnunarmaður. Hann ferðaðist fyrir nokkrum mánuðum í smábát eftir Colorado ánni frá Wyoming niður til Yuma, og fann þá þennan mikla helli. Nú eru það fornleyfafræðingar Smithsonian Institute, sem eru að kosta könnun þessa mikla hellis og vinna sjálfir að því verki. Þeir hafa þegar fundið nægilegt í helli þessum til að sannfærast um það, að mannflokkur sá, sem upprunalega hjó helli þennan út úr harða kletti og hafði þar bústað sinn, hefir verið af austrænu kyni. Ef til vill frá Egyptalandi, og máske á dögum Ramesesar konungs. Fari svo, að þeim takist að lesa rúnir þær, sem skráðar eru á töflur víðsvegar í þessum mikla helli, þá telja þeir áreiðanlegt, að þeir geti sannað ætterni og rakið sögu hinna fyrstu frumbyggja Norður Ameríku, og sögu lista þeirra og vísinda. Ef ágizkanir þeirra reynast sannar, vona þeir að geta sýnt, að söguleg tenging sé með Egyptalandi, Nilárhéraðinu og Arizona og Colorado, og að sú saga gripi svo langt aftur í tíma, að mannlega ímyndan sundli við að hugsa um þá tímalengd.

Prófessor S. A. Jordan, einn af fornfræðingum Smithsonian fornfræðifélagsins stýrir sjálfur leitinni um þennan helli, og ætlar að reka hana með allri vísindalegri nákvæmni, þar til alt er fundið sem þar eru til.

Leitin er gerð í löngum göngum í hellinum, nálega milu vegar undir yfirborði jarðarinnar. Leitarmenn hafa komist 1480 fet niður eftir göngunum, og þau rannsökuð á þeim vegi. Þar byrja aðalgöngin, og þar er skáli eða hellir afarmikill, eins og væri það aðalsamkomustaður þessa neðanjarðar bústaðar. Út frá helli þessum liggja göng í allar áttir, eins og spindlar út frá hjólási. Leitarmenn hafa og fundið nokkur hundruð herbergja eða hellra út frá hinum ýmsu göngum, sem liggja frá aðal hellinum. Eftir einu af þessum aukagöngum hafa leitarmenn þreifað sig áfram 854 fet vegar, og eftir öðrum gangi 634 fet. Þeir hafa fundið ýmsa hluti þarna niðri, sem taldir eru að vera frá elztu tímabilum sögunnar, og sem virðast að hafa átt upptök sín í Austurálfu. Meðal þessara hluta eru eggvopn úr kopar og hörð sem stál. Þetta sannar hið háa menningarstig, sem sú þjóð var á, sem uppi var þegar þessi vopn voru búin til — því enn í dag hefir vísindamönnum vorra tíma ekki tekist, að herða kopar, svo að hægt sé að koma varanlegri egg í hann.

Nú hafa vísindamennirnir ákveðið, að fjölga leitarmönnum, svo að þeir verða alt að 40, og að útvega sér allar tilfærur til þess að geta haldið rannsóknum þar áfram með vísindalegri nákvæmni. Áður en þeim er mögulegt að komast lengra inn í þennan mikla hellir, verða þeir að fá sér betri ljósáhöld, því að svo er dimt inni þar að vanaleg skriðljós eru einskis nýt. Nú er því verið að strengja vira eftir göngunum og um hin ýmsu herbergi, svo leitarmenn villist ekki og týnist, heldur geti einatt lesið sig út að hellisopinu með hjálp þráðanna.

Hve stór þessi neðanjarðar bústaður kann að vera, veit enginn, en leitarmenn eru farnir að láta þá skoðun í ljós, að sá hluti hellis þessa, sem enn er fundinn, sé ef til vill ekkert annað eða meira en framdyr aðal hellisins, sem enn sé ófundinn; og að þegar þangað kemur, þá finnist aðalbústaður þeirra, sem þar hafa eitt sinn haft aðsetur, ásamt með tilheyrandi húsgögnum. Svo er mikill vindsúgur um helli þennan og hin mörgu göng hans, að leitarmenn telja víst, að hann geymi einhverssstaðar önnur útgöng að yfirborði jarðar.

Herra Kinkaid var fyrsta hvítra manna barn, sem fæddist í Idaho ríki, og hefir alla æfi verið landkönnunar og veiðimaður, og í sl. 30 ár hefir hann verið í þjónustu Smithsonian fornleyfafélagsins.

Hann segir sögu sína á þessa leið:

"Ég tek það fyrst fram, að það er nálega ómögulegt, að komast að þessum helli. Munnurinn er 1486 fet beint niður í gilbrattanum. Hellinn er á stjórnarlandi og engum verður leyft að koma þangað, nema hann hafi áriðandi erindi. Vísindamennirnir vilja mega vera algerlega óáreittir við leit sína, og án þess að eiga á hættu, að fornleyfafundir þeirra séu gripnir af umferðasnötum í menjagripsleit. Það yrði þýðingarlaust, að ferðast þangað, því að hverjum gesti mundi verða vísað á bug.

"Sagan um þennan fund er á þessa leið: Ég var á ferð niður eftir Colorado ánni, aleinn á bát, og í málmaleit. Þegar ég var um 42 milur vegar fyrir ofan El Tovar Crystal Canyon, sá ég í austurhlið gilsins einkennilega bletti á grjótinu, hér um bil þúsund fet fyrir ofan vatnsflöt árinnar. Engin gata lá þangað upp, en samt gat ég með illan leik klifrað þangað upp. Fyrir ofan klettbrún, sem huldi hellisopið frá ánni, fann ég hellinn. Frá opinu liggja tröppur 30 yards niður gilið, þangað sem var vatnsyfirborð árinnar á þeim tíma, sem mannabýli hafa verið þar. Þegar ég sá meitilsmerkin inn í hellismunnanum, fór ég að gerast forvitinn, tók byssu mína og fór inn. Í þeirri ferð fór ég nokkur hundruð fet inn aðalgöngin, þangað til ég kom að hólfi nokkru í vegginn þar sem múmiur voru settar. Ég reisti eina af þessum múmíum upp, og tók mynd af henni við leifturljós. Svo tók ég nokkrar fornmenjar, sem ég flutti með mér niður Colorado ána til Yuma, og þaðan sendi ég þær til Washington, ásamt með skýrslu um þennan fund minn. Þá var farið að hefja leitina.

"Aðalgöngin eru 12 feta breið og mjókka niður í 9 fet, er innar dregur. Þegar kemur 57 fet inn fra hellismunnanum, þá koma fyrstu hliðargöngin til hægri og vinstri handar, og beggja vegna við þau hliðargöng eru allstór herbergi eða afhellar, á stærð við vanaleg húsherbergi nú á dögum, þó sum séu 30—40 fet á hvern veg. Sporöskjulagaðar dyr liggja inn í þessi herbergi, og hreint loft fæst í þau gegn um kringlótt göt, sem gerð hafa verið á veggina inn í aðalgangana. Veggirnir eru 3½ feta þykkir. Allir gangar eru höggnir eins beinir, eins og æfður verkfræðingur hefði haft umsjón á því, og loftin í mörgum herbergjunum eru svo höggin, að þau hækka frá veggbrúnum og verða hæst í miðjum herbergjunum. Hliðargöngin liggja þráðbeint út frá aðalgöngunum, þar til kemur nokkuð langt út í klettinn, þá sveigjast þau út á við.

"Þegar kemur yfir 100 fet inn fyrir hellismunnann, þá kemur þvergangur nokkur hundruð feta langur. Þar fundu leitarmenn líkneski guðs þess, sem fólkið dýrkaði. Líkneskið sat með krosslagðar fætur, og hafði lilju-blóm í báðum höndum. Andlitsfall þessa líkneskis er austrænt og það er úthöggvið af mikilli snild, eins og alt annað í þessum helli, og alt, sem þar hefir fundist er í góðu ástandi. — Líkneskið líkist Buddha, þó vísindamennirnir hafi enn ekki getað ákveðið með vissu, hverju trúarkerfi það tilheyri. En með tilliti til alls þess, sem þar hefir fundist, þykir líklegt, að trúarlíf þessa fólks hafi verið sama og í Thibet-héraðinu á elztu tímum. — Umhverfis þetta mikla líkneski eru önnur smærri líkneski. Sum þeirra eru fagurlega löguð, önnur eru afskræmd, og þykir líklegt, að með þeim mismun séu táknaðir hinir góðu og illu andar, eða hið góða og illa í heiminum. Tvö stór "cactus" tré með útþandar greinar, eru sitt hvoru megin við stall þann, sem líkneskið situr á. Alt þetta er höggvið út úr hörðum kletti, sem líkist marmara.

Í öðru horni þessa mikla þvergangs, fundust ýms verkfæri, gerð úr kopar. Þátíma fólk hefir sýnilega þekt þá list, að herða koparinn, þó að vísindamenn vorra daga þekki hana ekki. Á bekkjunum, sem stóðu meðfram veggjunum í vinnustofunum, fundust viðarkol og önnur efni, sem hafa máske verið notuð við herzluna. Þar var einnig gjall og málmhroði, sem virðist benda til, að málmsteypa hafi verið þekt á þeim dögum. — En ekkert hefir enn þá fundist, sem bendir til, hvar eða hvernig verk það hafi verið unnið, og ekki heldur, hvaðan málmurinn var fenginn.

Meðal annara hluta, sem fundist hafa, eru krúsir, krukkur og bollar úr kopar og gulli, og gert með miklum hagleik. Leirkerin eru steind og gljáfáguð. Í einum ganginum er kornforðabúr, líkt þeim, sem fundist hafa í Austurlanda hofum. Þar eru ýmsar sáðtegundir. Eitt stórt herbergi hefir enn ekki verið skoðað. Það er tóll feta hátt, og verður að eins komist í það að ofanverðu. Koparkrókarnir ná upp að brúninni, sem bendir til þess, að einhvers konar stigar hafi verið notaðir. Kornforðabúr þessi eru kúlumynduð og byggð úr efni, sem virðist vera hart steinlím. Grár málmur hefir einnig fundist í helli þessum, sem vísindamennirnir þekkja ekki, og líkist hann mest platinum. Hér og hvar um gólfin eru gulir smásteinar, sem ekki virðast hafa neitt sérstakt verðmæti, og á hverjum þeirra er andlitsmynd, greipt í steininn, og líkist myndirnar mest mönnum af Malay kynflokknum.

Á öllum krúsunum og á veggjunum yfir öllum dyrum, og steintöflunum, sem fundust hjá líkneskinu er dularfult rúnaletur. En vísindamenn Smithsonian félagsins vona, að geta ráðið fram úr að lesa það. Þessar rúnir líkjast þeim, sem finnast á klettum í þessu gili. Rúnirnar á steintöflunum eru að líkindum trúarlegs eðlis. Svipaðar rúnir hafa fundist á Yucatan skaganum, en það eru ekki samskonar rúnir og þær, sem fundist hafa í Austurlöndum. Sumir hafa þá skoðun, að þessir hellisbúar séu sömu mennirnir, sem gert hafa gömlu skipaskurðina í Saltárdalnum. Að eins hafa fundist 2 úthöggnar dýramyndir, og önnur þeirra er af óþektu dýri, eða skepnu, sem uppi hefir verið fyrir þann tíma er menn hafa sögur af.

Hólfið eða skansinn, sem múmiurnar fundust í, er ein sá stærsti, sem finst í nokkru af herbergjunum. Þar hallast veggirnir út í skansana. Í skönsunum eru múmiuraðir, og stendur hver múmía á sérstökum úthöggnum stalli. Fyrir ofan höfuð hverrar múmíu er hylla, og á þeim standa koparbollar og brotin sverð. Sumar múmiurnar eru huldar leir, og allar eru þær vafðar voðum, sem gerðar hafa verið úr trjáberki. Krúsir þær eða bollar, sem eru á neðri eða fótstöllunum, eru grófgerðir, en þeir aftur, sem eru á efti stöllunum, eru miklu fingerðari og fullkomnari, sem bendir til, að þeir hafi verið gerðir á síðari öldum við ljós meiri og fullkomnari þekkingar og menningar.

Þess er vert að geta, að allar múmíur, sem enn hafa fundist í helli þessum, eru af karlmönnum, en engar leyfar kvenna eða barna hafa fundist. Þetta bendir til, að hellirinn hafi verið bústaður hermanna. Engin dýrabein hafa fundist, og engar húðir eða rúmföt. Mörg herbergin eru tóm, að undanteknum vatnsílátum. Eitt herbergi, 40 feta breitt og 700 feta langt, hefir máske verið aðalborðstofan, því þar fundust eldsáhöld. Hvað fólk þetta hefir haft sér til matar, veit enginn, þó líklegt þyki þó líklegt sé, að það hafi flutt sig suður á haustin og haft búskap í dölunum, en fært sig norður aftur á sumrin.

Svo er hellir þessi stór, að yfir 50 þúsundir manna hefðu þæglega getað búið þar. Ein getgátan er sú, að nútiðar kynþáttur Indiánanna í Arizona sé afkomendur þræla þeirra manna, sem bygðu hellir þennan. Mörgum þúsundum ára fyrir kristni hefir fólk lifað, sem búið hefir verið að ná hárri menningu, en tímatal mannkynssögunnar er fult af gloppum eða eyðum.

Prófessor Jordan er sérlega ánægður yfir fundi þessum, og telur víst, að hann muni styðja mjög til þess, að fá margt það skýrt, sem áður var hulið, í fornleyfa rannsóknum.

Þess má geta, að í hellinum er eitt herbergi svo loftlaust, segir fornfræðingurinn, að þegar vér komum þangað dóu ljós vor, og megn snákalykt og annar ódaunn gerði oss ómögulegt að litast þar um, svo að vér fáum ekki rannsakað hvað þar er inni, fyr en vér höfum fengið betri ljósaútbúnað og hreinsað loftið þar. Sumir halda, að þar sé snákahreiður, en aðrir, að þar sé geymdur lyfjaforði hellisbúa. Ekkert hljóð eða hávaði hefir heyrst þaðan, en engu að síður er snákalyktin þar megn. — Öll er íbúðin þar neðra þess eðlis, að veikja þá, sem hafa óstyrkar taugar. Myrkrið liggur eins og þungi á manni, og ljósin gera myrkrið enn þá dimmra. Ímyndunarafl manns getur leitt hann í óglöggri draumsjón gegn um aldaraðir aftur í dimmu fornaldarinnar, þar til hugann svimar í hyldýpi tímans.

Við þessa sögu bætir svo blaðið nokkrum orðum frá sjálfu sér, sem óþarft er að taka hér upp. — Hins vegar má benda á, að hér mun fundið vera mesta mannvirkja jarðhús, sem sögur fara af, og líklegt mjög, að margt sé enn ófundið í helli þessum, sem gaman verður og fróðlegt að frétta um síðar.

Erum vér réttdræpir?

Í tímaritinu "The Independent", dags. 30. sept. sl., er lítil ritgerð um trúarofstæki það, sem kemur fram í ritgerð eftir séra Lépicier, prófessor einn við páfalega prestaskólann í Rómaborg. Grein þessa hafði presturinn ritað í blaðið "Anelecta", sem er hið viðurkenda málgagn páfans. Greinin heitir "Festa og framför trúarsetninga", og var rituð til leiðbeiningar þeim, sem stunda katólska guðfræði, eins og páfinn vill að hún sé lærð.

Meðal annara setninga í þessari grein er þessi: —

"Ef nokkur lætur opinberlega í ljós vantrú sína, eða reynir að varna öðrum með orði eða eftirdæmi, þá á hann ekki einungis, í sannleika sagt, að vera settur af sakramenti, heldur einnig er hann réttdræpur, — svo að hann með sínu hættulega eftirdæmi ekki sýki aðra og orsaki þeim þar með skaða. Í sannleika, segir Aristóteles, er lastafullur maður verri en óargadýr og veldur meira tjóni. Þar af leiðir það, að ef það er ekki rangt, að drepa óargadýr, einkanlega ef það er skaðsamlegt, þannig getur það verið góðverk, að ganga á milli bols og höfuðs á vantrúarmanni, og koma þannig í veg fyrir, að hann geti haldið áfram sínu skaðvænlega lífernl, og staðið á móti hinum guðdómlegu sannindum, sem óvinur hinna andlega heilbrigðu manna".

Meira er sagt um þetta efni á latínu, segjandi, að ef alvarleg aðvörun og að setjast af sakramentinu nær ekki tilganginum, þá — "ecclesia remitted homineum hereticum judicio seculari, a mundo per mortem ezterminandum".

Á íslenzku lætur sem næst að þýða þetta þannig:

"Samkvæmt kenningum kirkjunnar skal hver sá maður af lífi tekinn, sem hún dæmir að vera mótfallinn kenningum sínum".

Með orðinu "kirkjunnar" er vitanlega átt við katólsku kirkjuna, með því að einn af katólsku prestaskólakennurunum í höfuðborg páfans hefir samið r tgerðina með tilfærðu greininni, og þar sem að ritgerð sú hefir birst í hinni viðurkendu "S a m e i n i n g u" katólska kirkjufélagsins, verður að ætla, að hún sé þar sett með fullu samþykki páfans, og sé af honum samþykt að vera "r é t t m æ t s t e f n a kirkjunnar". Enda getur blaðið "The Independent" um, að ritgerðin hafi prentuð verið í einni af námsbókum þeirrar kirkju, guðfræðisnemendum til leiðbeiningar, og sé það svo, þá tekur það af öll tvímæli um "réttmæti" stefnunnar.

En hvað mun mentaði heimur tuttugustu aldarinnar — utan katólsku kirkjunnar — hugsa um þessa drápskenningu hennar? Og hvað mega þeir þrir fimtu hlutar íbúanna í Canada hugsa um það hugarfar, sem hinir tveir fimtu hlutarnir (katólskir) bera til þeirra. Eða er ekki hugsanlegt, að prótestöntum geti staðið nokkur hætta af því, að slíkar kenningar séu barðar inn í hina andlegu leiðtoga fólksins, og þá væntanlega inn í alla meðlimi kirkjunnar? —

Vér sjáum ekki betur, en að sú eina lífsvernd, sem andmælenda flokkurinn hefir, felist í manneðli þeirra, sem tilheyra þessari kirkjudeild, — því, að mannúðareðlið sé trúarofstækinu yfirsterkara. Svo getur og óttinn við lagalega hegningu fyrir manndráp, haft aftrandi áhrif, svo að fyrir þá skuld sé oss nokkurn veginn borgið, svona fyrst um sinn. En svo mikið íhugunarefni felst í þessari kenningu, að íbúarnir í Vestur-Canada geta ekki látið sér hana í léttu rúmi liggja, eða á sama standa í hvert horf skólamálum landsins er bent af valdhöfunum.

KENNARINN BAÐ EINN AF nemendum sínum að segja sér, hvaða vopn Samson hefði notað, þegar hann sigraði Filisteana, en af því, að nemandinn mundi ekki hvert vopnið var, vildi kennarinn hjálpa honum og benti á sína eigin kinn spyrjandi:

"Hvað er þetta?"

"Asnakjálki, asnakjálki!" hrópuðu allir nemendurnir sem einum munni.

Hár aldur.

Eftir því, sem hagfræðingum segist frá, er það ekki eins sjaldgæft og margur ætlar, að menn verði hundrað ára og langt yfir það.

Elstur á blaði þeirra, er verulegar sögur fara af, mun vera stofnandi biskupsstólsins í Glasgow, St. Mungo; hann varð 183 ára gamall. Og hér um bil jafn-gamall honum varð Englendingurinn Pétur Zoray, eða þó dálítið eldri. Hann var fæddur 1539 og dó 1724. Enskur bóndi, Thomas Parre, varð 152 ára, og átti son, sem varð 127 ára. Hann varð þjóðkunnur fyrir það, að hinn frægi skurðlæknir Harvey skar upp lík hans og ritaði stóra bók um hann. Þegar Thomas var 101 árs, var hann tekinn fastur fyrir skirlífisbrot, og þegar hann var 120 ára, kvæntist hann ekkju, sem fullyrti, að sér dytti aldrei í hug, að hún ætti gamlan mann.

H. Jenkins, sem dó 1670 í Yorkshire, var 169 ára. Skömmu áður en hann dó, var hann kallaður fyrir rétt til að bera vitni um atburð, sem orðið hafði fyrir 140 árum, og reyndist þá minni hans með aðburðum.

Skurðlæknirinn Politman í Lothringen varð 140 ára; hann átti þá unga konu, sem þjáðist af krabbameini, og það mein skar hann upp daginn áður en hann dó. Um hann gengur sú saga, að hann hafi verið fullur á hverju kveldi frá því hann var á 25. árinu. Hann átti í því efni sammerkt við danskan mann, sem hét Drakenberg og varð 146 ára.

Við hann sagði Friðrik konungur fjórði: "Þér hljótið að hafa verið stakur reglumaður um ævina!"

"Já, yðar hátign", svaraði Drakenberg, "ég hefi aldrei farið ófullur í rúmið síðustu 100 árin".

Jafnmikill óreglumaður var skurðlæknirinn Espagao í Garonne og hefir það máske átt sinn þátt í því, að hann varð ekki nema 112 ára.

Aftur varð Elísabeth Durieux 140 ára, þó hún drykki 40 bolla af kaffi á hverjum degi.

Dvergurinn Elísabeth Walson, sem ekki var nema 70 cm (1⅛ al.) á hæð, varð 150 ára, og risinn Jakob Donald, sem var 2½ m. (nálega 4 álnir), varð 120 ára.

— Eimreiðin. V.G.

Undir nafninu komið

Það er altítt, að nafnkunn nöfn hafa áhrif á menn, sem ekki hafa nægilegt andlegt sjálfstæði til að dæma sjálfir um gildi bóka eða blaðagreina. Já, jafnvel gáfaðir og mentaðir menn láta mikilsvirt nöfn hafa áhrif á dómgreind sína, og misvirða ritstörf óþektra manna, þó þau séu í sjálfu sér góð. Þannig bar það við í Paris ekki alls fyrir löngu, að einn frægur meðlimur "Vísindafélagsins ódauðlega" sendi grein nokkra til nafnkunns mánaðarrits. Greinin var skrifuð með ritvél og nafnlaus. Ritstjórn tímaritsins fanst grein þessi mjög leiðinleg og fleygði henni því í ruslakörfuna. Svo liðu dagar, vikur og mánuðir án þess hinn "ódauðlegi" höfundur sæi grein sína birtast í mánaðarritinu, og afréði hann þess vegna að fara og finna ritstjórnina, til þess að komast eftir því, hvaða forlögum þetta andlega afkvæmi sitt hefði sætt. Ritstjórnin, sem hingað til hafði verið hreykin yfir því við aðra, að geta talið þennan mikla mann meðal samverkamanna sinna, þóttist nú illa leikin Hún kom með ýmsar markverðar afsakanir til höfundarins, en lét leita að handritinu á meðan, sem loks fanst. Svo var greinin sett í næsta hefti mánaðarritsins þar sem mest bar á henni.

Frá skemtilegri sögu af sama tagi segir einn af meðritstjórum blaðsins "Eri de Paris", sem snertir Victor Hugo. Frá Guernsey sendi skáldið bókaútgefanda sínum nokkur kvæði, sem seinna voru talin meðal beztu kvæða hans. Nafn Hugos stóð undir kvæðunum, en þau voru ekki með hans hendi skrifuð. Þetta vakti efa hjá bókaútgefandunum Lemere, sem fanst kvæðin efnislausari og klaufalegri því oftar sem hann las þau. Til þess að ráða frám úr þessum efa, gerði hann boð eftir tveim vinum Hugos, Lecomte de Láste og Gautin, sem báðir voru skáld. Þegar þeir höfðu lesið kvæðin, hlógu þeir að þeim og sögðu: "Þetta eftir Victor Hugo, nei, það er ómögulegt. Hér eru einhver brögð í tafli".

Á beztu heimilum

hvar sem er í Ameríku, þar munið þér finna HEIMSKRINGLU lesna. Hún er eins fróðleg og skemtileg eins og nokkuð annað íslenzkt fréttablað í Canada

KENNARA VANTAR

við The Narrows skóla No. 1450 fyrir 3 mánuði. Kensla byrjar 3. jan. 1910. Umsóknir tiltaki kaup-hæð og mentastig. Verða að vera komnar til undirskrifaðs fyrir 1. des. næstk.

The Narrows P.O., man.,
7. okt. 1909.

J. R. JOHNSON,
Sec'y-Treas.

Mrs. Williams

er nýkomin til baka úr ferð sinni um gamla landið. Hún fór þangað til að skoða beztu kvenhatta verkstæðin og valdi þar mesta úrval af alls konar kvenhöfuðbúnaðarskrauti og höttum. Hún óskar, að isl. konur vildu skoða vörur sínar sem hún er viss um þeim mundi geðjast að. Verðið sanngjarnt.

704 NOTRE DAME AVE.

23-12-9

The ALBERTA Hreinsunar Húsið

Skraddarar, Litarar og Hreinsarar. Frönsk þur- og gufuhreinsun. Fjaðrir hreinsaðar og gerðar hrokn ar. Kvenfatnaði veitt sérstakt athygli. Sótt heim til yðar og skilað aftur. Allskonar aðgerðir. Fljót afgreiðsla. Verð sanngjarnt. Opið á kveldin. FÓN: Main 3466.

660 Notre Dame Ave., Winnipeg

23-9-10

Dr. M. Hjaltason, Oak Point, Man.

Jónas Pálsson,

SÖNGFRÆÐINGUR.
Utvegar vönduð og ódýr hljóðfæri.
460 Victor St. Talsími 6803.

Jóhanna Olson

PIANO KENNARI
557 Toronto St. Winnipeg

Sv. Björnsson,

EXPRES-MAÐUR,

annast um alls kyns flutning um borgina og nágrennið. Pöntunum veitt móttaka á prentstofu Anderson bræðra, horni Sherbrooke og Sargent stræta.

JÓN JÓNSSON, járnsmiður, að 790 Notre Dame Ave. (horni Toronto St.) gerir við alls konar katla, könnur, potta og pönnur fyrir konur, og brýnir hnífa og skerpir sagir fyrir karlmenn. — Alt vel af hendi leyst fyrir lítla borgun.

VEITIÐ ATHYGLI!

Nú gefst yður tækifæri á, að eignast heimili og bújarðir með sanngjörnu verði.

Hús og bæjarlóðir til sölu og skift fyrir bújarðir. Einnig seljum við og skiftum bújörðum fyrir bæjareignir, útvegum kaupendur fyrir eignir yðar, og önnumst um alls konar sölu og skifti.

Við útvegum peningalán með rýmilegum skilmálum, tökum hús og muni í eldsábyrgð, og sáljum lífsábyrgðar skírteini með sérstökum hagsmunum fyrir hlythafa fyrir bezta og áreiðanlegasta Bandaríkjafélag. Komið og finnið oss að máli, og skrásetjið eignir yðar hjá oss. Fljótum og áreiðanlegum viðskiftum lofað.

The MONTGOMERY Co.

K.B. Skagfjörð, ráðsmaður.

Rm. 12 Bank of Hamilton

Cor. Main & McDermott.
Skrifstofu talsími, Main 8317.
Heimilis talsími, Main 5223.

$1,000.00 GJÖF MED HEIMSKRINGLU

$1,000.00

No.

THE IMPERIAL GUARANTEE & ACCIDENT INSURANCE CO. OF CANADA

LIMITED ACCIDENT POLICY

This Policy Witnesseth and in consideration of the warranties and statements made in the application for this policy bearing even number herewith.

Does Hereby Insure the person described in such application, subject to terms and conditions hereinafter stated, and endorsed hereon, for one year, from twelve o'clock noon, standard time, of the day this contract is dated, as follows:

A. For Loss of Life $1,000.00
For Loss of Both Eyes, meaning entire and permanent loss of the sight of both eyes 1,000.00
For Loss of Both Hands, by actual and complete severance at or above the wrist 1,000.00
For Loss of Both Feet, by actual and complete severance at or above the ankle 1,000.00
For Loss of One Hand and One Foot, by actual and complete severance at or above the wrist and ankle 1,000.00
For Loss of One Hand, by actual and complete severance at or above the wrist 250.00
For Loss of One Foot, by actual and complete severance at or above the ankle 250.00
For Loss of One Eye, meaning entire and permanent loss of the sight of one eye 100.00

Provided such loss shall result within thirty days from date of accident from accidental bodily injuries, solely and independently of all other causes, and only if such injuries are received as follows:

1st. While actually Riding as a Passenger in a place regularly provided for the transportation of passengers within a surface or elevated railroad car, steamboat, automobile, omnibus, cab, or other public conveyance provided by a common carrier for passenger service only, and in consequence of a collision or other accident to the conveyance in which the Assured is so riding; or

2nd. While Riding as a Passenger in any Passenger Elevator in a place regularly provided for the sole use of passengers, and in consequence of an accident to the elevator in which the Assured is so riding; or

3rd. By the Burning of a Dwelling, Hotel, Theater, Store or Barn, in which the Assured may be Burned by fire or suffocated by smoke, but this clause shall not apply to or cover the Assured while acting as a volunteer or paid Fireman; or

4th. While operating a Threshing Machine, Mowing Machine or Reaper; or

5th. By being struck by Lightning, Cyclone or Tornado; or

6th. By being kicked by a Horse or gored by a Bull or Cow; or

B. Should the Assured sustain injuries in the manner specified in clauses 1 and 2, which shall not prove fatal as aforesaid, but which shall immediately, continuously and wholly disable and prevent the Assured from performing each and every duty pertaining to any business or occupation, the Company will pay the Assured

SEVEN AND 50/100 DOLLARS PER WEEK

during the time of such disablement, but not exceeding six consecutive weeks for any one accident.

The insurance against death shall be payable only to the beneficiary named upon the application before referred to, or in the event of prior death of said beneficiary, or if no beneficiary is named in said application, then to the legal representatives of the Assured.

This insurance does not cover suicide, while sane or insane, nor any injuries, fatal or otherwise, resulting from vertigo or from exposure to unnecessary danger, or sustained by persons under sixteen or over sixty-five years of age, or injuries, fatal or otherwise, received while, or in consequence of having been, under the influence of or affected by, or resulting directly or indirectly from intoxicants or narcotics, or any mental or bodily infirmities, or unless sustained in Canada, the United States, Europe or Mexico. This insurance does not cover an employe of a common carrier, news company, or the Government while on duty (excepting only employees whose duties call them solely in the office and away from track, train, yard, round-house and repair shop).

Written notice of any injury covered hereunder must be given immediately to the Imperial Guarantee and Accident Insurance Company, at its Home Office, 46 King Street West, Toronto, Ontario, with names of witnesses. Any failure to give such written notice within ten days from date of accident shall invalidate all claims under this policy. Proof of claim must be made within two months after death or end of disability, and such proofs must show affirmatively that the injuries or death resulted from actual accident covered by the Policy. Suit on any claim must be brought within twelve months from date of accident. Any representative of the Company may at any time examine the person or body of the Assured in respect to any alleged injury. No recovery can be had under more than one of the above provisions, and any payment hereunder, other than for weekly indemnity, shall terminate this Policy. The Company shall not be liable for weekly indemnity in excess of the Assured's actual weekly earnings. Only two policies of this form may be issued to one person.

The maximum liability of the Company under all coupon policies, on this or similar forms, carried by the Assured named hereunder, shall in no event exceed $2,000.00 principal sum and $15.00 weekly indemnity, and should the Assured hereunder carry other insurance with this Company, in addition to insurance under said coupon policies, the total liability under all policies issued by this Company shall in no event exceed $5,000.00 death benefit and $25.00 weekly indemnity. Insurance of this Company other than the above, held by the Assured hereunder, shall be wholly void and premiums shall be refunded on demand.

The consent of beneficiary shall not be requisite to a surrender of this policy or change of beneficiary.

The Company may cancel this policy at any time by mailing notice of cancellation with its check for the unearned premium to Assured at the address given in the application.

An Agent has no authority to change or waive any of the terms or conditions of this Policy.

This insurance shall not be binding nor take effect until the Assured has written his usual signature in ink or indelible pencil in the place provided for such signature on this Policy, and also on application attached hereto, nor unless the said application shall have been mailed to the Company at its Home Office in the City of Toronto prior to the occurrence of the accident, nor in any event unless it shall have been so mailed within ten days of date of issue hereof.

This Policy covers only the accidents mentioned herein, and is not valid if issued or dated after January 1, 1912.

SAMPLE *Signature of Assured* SAMPLE

Secretary *Date* *19* *President*

☞Pay no money to anyone for the renewal of this insurance unless a new Policy or Renewal Receipt Signed by this Company is delivered

U M SÍÐASTLIÐIÐ NÝÁR tók útgáfunefnd Heimskringlu það áform, að reyna að fjölga kaupendatölu blaðsins á þessu ári svo sem henni væri frekast unnt. Bréf voru send út um sveitir og menn beðnir að sýna blaðinu þá velvild, að gerast kaupendur þess. Áhrifin af þeim bréfaskriftum urðu þau, að sem næst einn tíundi hluti þeirra sem skrifað var, keyptu blaðið. En það voru færri en eitt hundrað manns. Útgáfunefnd blaðsins var ekki ánægð með þessar undirtektir.

Í öðrulagi var það ráð tekið að gefa út, í ágústm. síðastliðnum, sérstakt skrautblað. Nefndin vandaði til þess blaðs, svo sem henni var frekast mögulegt. Málefnið, sem það blað var helgað, var það þarfasta öllum þorra Vestur-Íslendinga, og myndirnar voru við hæfi málefnisins. Þessi sérstaka blaðaútgáfa var í einu sú langstærsta og lang-skrautlegasta sem nokkru sinni hefir verið gefin út á íslenzkri tungu, — austan hafs eða vestan. Hún kostaði nefndina alls yfir $700.00.

Nú hefir nefndin á ný gert enn eina tilraun til þess að sýna Vestur-Íslendingum að hún sé fús til að leggja töluvert í sölurnar til þess, að geta veitt nýjum kaupendum VILDARKJÖR sem aldrei áður hafa þekst í íslenzkri blaðamensku, — og í þeirri von, að þeir sjái hag sinn í því, að geta notið þeirrar verndar sem þessu nýja kostaboði fylgir. Þessvegna hefir hún fullgert samninga við IMPERIAL GUARANTEE & ACCIDENT INSURANCE FÉLAGIÐ í Toronto, í Canada, sem gerir henni mögulegt að bjóða nýjum kaupendum að Heimskringlu EITT ÞÚSUND DOLLARS [$1,000.00] LÍFS- og SLYSA-ÁBYRGÐ með fyrsta árgangi blaðsins

Fyrir alls ekki neitt.

Skilyrðin eru aðeins þessi:

HVER SÁ sem gerist kaupandi Heimskringlu frá 1. október 1909 fram til 31. desember 1910 og sendir fyrirfram borgun, **$2.50**, fær HEIMSKRINGLU um **15** mánaða tímabil og í kaupbæti Eitt Þúsund Dollars lífs- og slysa-ábyrgð, sem gefin er út af The Imperial Guarantee & Accident Insurance Company í Toronto, Ont. Ábyrgðarskírteinið verður sent kaupendunum beint frá skrifstofu Hkr. strax og áskriftargjald blaðsins er þar meðtekið. Ábyrgðin gildir um 12 mánaða tíma. Myndin hér af ábyrgðarskírteininu er svo ljós að auðvelt er að lesa hvert orð á henni, og geta þá lesendur (þeir sem ensku skilja) — séð og íhugað hvert atriði nákvæmlega.

ALDREI FYR hefir nokkurt íslenzkt blað gert nýjum kaupendum jafn veglegt kostaboð, og sem haft hefir eins mikið gildi eins og þetta. Þessvegna vonar útgáfunefnd blaðsins að Vestur-Íslendingar bregði við og panti blaðið. Missið ekki svo gott tækifæri,— sendið oss $2.50 fyrirfram borgun fyrir 15 mánuði. Tíminn getur talist frá þeim tíma sem pantanir með borgun koma hér á skrifstofuna.

FLEZTIR ÍSLENDINGAR vinna við einhverja þá atvinnu sem þannig er háttað, að það geti komið fyrir að þeir verði fyrir slysum, og þessvegna er hyggilegt að tryggja sig að nokkru leyti gegn því tjóni, sem menn verða fyrir þegar þau bera að höndum. — Þeir sem þekkja hvað það kostar, að vera í þúsund Dollars lífs- og slysa-ábyrgð, geta gert sér og nábúum sínum grein fyrir því að Heimskringla bjóði NÝJUM KAUPENDUM sínum góða kosti, þegar þeir fá **$1,000.00** ábyrgðina fyrir **ALLS EKKERT**, og í góðu löggiltu og áreiðanlegu félagi, sem borgar fljótt og refjalaust allar réttmætar kröfur.

TILBOÐ ÞETTA gildir um 60 daga tíma, fyrst um sinn. — Nefndin óskar að sem flestar pantanir að blaðinu verði komnar inn á skrifstofuna fyrir 10. desember næstk.

Heimskringla

Published every Thursday by The Heimskringla News & Publishing Co. Ltd

Verð blaðsins í Canada og bandar. $2.00 um árið (fyrir fram borgað). Sent til Íslands $2.40 (fyrir fram borgað af kaupendum blaðsins hér $1.50.)

B. L. BALDWINSON
Editor & Manager

Office:
729 Sherbrooke Street, Winnipeg
P O BOX 3083. Talsími 3512.

Skylda blaðamanna.

Mál var fyrir nokkru höfðað móti eigendum blaðsins "Indianapolis News" fyrir ummæli í blaðinu um mál eitt, sem það flutti fregnir af.

Anderson dómari, eftir að hafa hlustað á málavöxtu sækjendanna, sýknaði eigendur blaðsins.

Sækjendur höfðu haldið því fram, að blöðin hefðu engan rétt til þess, að fara með fregnir af viðburðum á nokkurn annan hátt en þann, að greina ljóslega og rétt frá því, sem við ber, án þess að draga nokkrar ályktanir út af því, eða að ræða það á nokkurn hátt. En Anderson dómari hélt fram þeirri skoðun, að blöðin hefðu bæði rétt og skyldu til þess, að ræða öll almenn mál, og að birta skoðanir sínar á þeim, og að draga ályktanir af því, sem við bæri. Þetta væri nauðsynlegt almennings vegna, því að skylda blaðanna væri sú, að hugsa fyrir alþýðuna og skýra málin fyrir henni, og að draga fram í hverju máli þau atriði, sem þau álitu íhugunarverð, og til gagns alþýðunni, að benda henni á þau. Hann lagði áherzlu á það, að blöðin ættu að draga ályktanir fyrir fólkið, til þess að auka skilning þess á málunum. Hann gaf ástæður fyrir þessari skoðun sinni. Meðal annars þá vörn, sem eitt blað á Englandi hafði lagt fram í rétti, í máli, sem höfðað hafði verið móti því fyrir niðrit. Því var haldið fram fyrir hönd blaðsins, að það sem sagt væri eða ritað "í einlægni og í rækt einhverrar skyldu, sem lögin viðurkendu, og án þess að vera knúð fram af löngun til þess að skaða þá persónu, sem umræðurnar hefðu áhrif á", — það væri ekki saknæmt svo að varðaði við lög.

Blaðið Boston Herald, í umræðu um réttindi og skyldur blaða, segir meðal annars þetta:

"Fréttasöfnunardeild blaðanna er ekki eingöngu til þess, að þau (blöðin) geti flutt daglegar fregnir af viðburðum, sem koma fyrir, og af fyrirætlunum um það, sem í ráði er að framkvæmt verði, heldur eru fregnritararnir einnig til þess ætlaðir, að skýra frá þeim atriðum, sem lúta að eða geta lotið að einhverri fregn. Þeim er ætlað, að gera samstæðu úr sundurlausum fregnum, og að lesa milli linanna það, sem bendir til að fregnirnar beri með sér annað en það, sem ákveðið er sagt með berum orðum, og að gagnrýna framkvæmdir manna og að gera lesendum sínum ljóst, hvaða samband sú starfsemi geti haft við kringumstæðurnar. Þeir eiga að sjá, hverjir standi á bak við það, sem starfað er, og að finna samband milli manna og málefna. Þeir eiga að skýra frá viðburðunum og einnig því, hvaða þýðingu þeir geti haft í framtíðinni. Og ef svo vill til, sem orsök þess að starfsskylda sú er uppfylt, að grunsemd legst á einhverri, þá getur hvert blað réttlætt ummæli sín, sem sýnir, að þau voru ekki sprottin af illum hvötum eða ásetningi, og að þau voru í fullu samræmi við þær fréttir, sem blaðinu höfðu borist, og að ástæða var til að trúa, að þær fregnir gætu verið sannar".

Þetta er framsetning Boston Heralds á málinu. En til geta verið þeir dómarar, sem ekki væru blaðinu samdóma. Það er um þá eins og aðra menn, að þeim kemur ekki saman í áliti sínu á mönnum, málefnum eða kringumstæðum. Lög þjóðanna eru eitt, réttvísi alt annað. Réttvísin er eins og sannleikurinn einatt sjálfri sér samkvæm, og á í raun réttri ekkert annað skylt við lagabálka þjóðanna en það, að lögin er skýring þess, hvernig þessi eða hin þjóðin lítur á réttvísina. Lögin eru skýring á réttlætistilfinningu þjóðanna. En réttlætistilfinningin tekur sí og æ breytingum með vaxandi menning og göfugra hugarfari, og lögin eru því sífeldlega háð breytingum með hverri þjóð. Það, sem voru lög í fyrra, eru ekki lög í ár af því, að það, sem talið var réttlátt í fyrra, er talið ranglátt nú. Og það, sem ein þjóð telur rétt, telur önnur rangt. — Þannig er það fyrir dómurunum, eins og öðrum mönnum, að þó þeir í embættisferslu sinni séu háðir lagabókstafnum, þá geta þeir ekki allir skilið hann á sama hátt. Oft er það, að dómurum í sama rétti kemur ekki saman um dómsákvæði í gefnu máli, og það, sem einn dómstóll dæmir rangt, segir annar rétt að vera. Það er því ljóst, að lög og réttvísi eru og verða jafnan sitt hvað.

Blöðin geta því aldrei verið algerlega viss um afdrif þeirra mála, sem móti þeim eru hafin fyrir fregnir, greinar eða — myndir, sem þau kunna að flytja.. En í flestum tilfellum standa þau svo vel að vígi, að menn veigra sér við, að draga þau fyrir dómstólana, því bæði er það, að blöðin vinna flest slík mál, og málskostnaður lendir á sækjendunum, -- og svo er hitt engu síður athugavert, að þar sem sækjendum tekst að fá dóma á hendur blöðunum, þá fylgir því vanalega sá hængur, að það er búið að nudda svo gylliniguna af orðstír sækjendanna um það dómur er fenginn, að það hefði verið þeim sjálfum betra, að láta kyrt liggja.

Það er einmitt nú fyrir fáum dögum, að einn af ráðgjöfum Laurier stjórnarinnar fékk dóm á ritsjóra Haðs eins í Quebec fylki, fyrir ummæli, sem blað hans hafði haft um ráðgjafann. Ritstjórinn var sektaður um $100, — en ekki fyr en hann var búinn að leiða svo ljós rök að máli sínu, að siðferðis mannorð ráðgjafans var orðið snjáð, og það svo mjög, að það nær aldrei sinni fyrri áferð.

Svipað mál kom fyrir hér í borg þar sem prestur einn steindi ritstjóra fyrir meiðandi ummæli, og fékk hann dæmdan í $150 fjárútlát. En ekki fyr en ritstjórinn hafði leitt þau rök að sekt prestsins, að sönnuður hans var knúður til þess, að reka hann frá embætti. Afleiðingin af því máli var sú, að það komst inn í meðvitund almennings, að ritstjórinn hefði verið sektaður fyrir að segja satt, og sama má að mestu leyti segja um fyrra dæmið, sem að framan er nefnt.

En þrátt fyrir misjafnar skoðanir manna á þessum efnum, að því er einstök eða sérstök atriði snertir, þá er sú sannfæring rótgróin og almennt viðurkend, að blöðin hafi fult vald og frelsi til þess að ræða um alla hluti, nema "privat sakir privat manna", og jafnvel þar geta verið undantekningar.

Yfirleitt mun mega fullyrða, að ritstjórar blaða hafi eins næma tilfinningu fyrir ábyrgð sinni gagnvart alþýðu, eins og þeir hafa fyrir valdi því, sem þeir geta beitt gegn um blöð sín undir lögum þessa lands. Og þó það geti stundum komið fyrir, að þeir vanhelgi stöðu sína með því, að rita eitthvað það, er við lög geti varðað, þá mun þó sú reynd á verða, að þeir — sem heild — leggi alúð við þá skyldu sína, að þjóna alþýðu eftir beztu föngum, og að beita blöðum sínum þannig, að þau sneiði hjá ásóknum á privat menn, og það jafnvel þar, sem ástæða væri til að hafa afskifti af málum þeirra. Þá gegnir ritstjórinn bezt skyldu sinni, þegar hann leggur eigin tilfinningar gagnvart öðrum sem mest til síðu, en ástundar það eingöngu, að starfa svo, að lesendur hafi sem mest og bezt not af blaði hans.

Íslenzkan háfldauð og lúterskan kriplingur.

Íslenzkan og lúterskan liða undir lok, — það er sannfæring mín, sem bygð er á eftirfylgjandi rannsókn:

Tuttugu ár hafa liðið síðan ég flutti til Alberta héraðsins. Á því tímabili hafa 24 íslenzkar stúlkur í héraðinu gengið í hjónaband. Tíu af þessum 24 stulkum giftust út úr þjóð sinni (hérlendum mönnum). Afkvæmi þessara 10 hjóna eru algerlega frásneidd íslenzkum félagsskap, þau tala einungis hérlent mál — ensku — og taka öll trú föðursins, sem í þessum umgetnu tilfellum eru allir annarar trúar en konur þeirra. Á þennan hátt eru öll þessi börn algerlega glötuð íslenzku þjóðerni og lúterskum trúbrögðum.

Þegar ég lít yfir afkvæmi hinna 14 kvenna, sem gifst hafa Íslendingum, er útkoman þessi: þar sem bæði foreldrin er al-íslenzk hafa börnin lært að tala móðurmál sitt að nokkru leyti. En þar sem forenldarnir eru kanada-íslenzk, finn ég ekki ein af þremur, sem kenna börnum sínum íslenzka tungu.

Íslenzkan er nú þegar hálfdauð, og má líkja henni við stein, sem sprungið hefirúr bjargi og oltið niður, þar til hann steypist fram af bakka ofan í vatn og hverfur.

Orsökin til afturfarar íslenzkrar tungu hér vestra er aðallega sú, að foreldrarnir álíta hana til hindunar börnum sínum, sem að sjálfsögðu þurfi að læra enska tungu. Hins vegar er og sumum börnum hamlað því að geta náð háskólanámi með því, að þau eru þvinguð til þess, að nota meginið af tíma sínum til þess að læra kver og bænir, svo þau geti náð ferminguu. Á síðari tímum er það orðinn ógerningur, að halda börnum við íslenzkuna. Þau neita fyrst að tala hana í viðurvist hérlends fólks, og síðar einnig meðal landa sinna út í frá, og síðast neita þau algerlega að nota hana í heimahúsum.

Að lúterska trúin hjá Alberta Íslendingum sé lömuð, eru engar ýkjur. Þótt kirkjufélagið hafi gert sína skyldu gagnvart þeim með því, að senda þeim presta á sinn kostnað og hvetja þá til sameiningar og staðfest kirkju sína á meðal þeirra með heiðruðum presti, þá samt er trúin í aftur, fór, sigur niður í mælir trúarinnar við kulda vantrúar og efasemda, eins og kvikasilfur í kuldamælir við frosthörkur vetrarins. Lútersku trúnni má líkja við smákeppi, sem lent hafa í læk og renna eftir honum út í á, og eftir henni út í vatn eða sjóinn. Atvikin til afturfarar lúterskunnar í Alberta héraðinu, eru og álík þeim, sem eiga sér stað í öðrum bygðum Íslendinga.

Alberta bygðin á fyrirmyndarmann, sem ungmennin hafa horft upp til með aðdáun og virðingu; og skoðað sem sannan héraðshöfðingja og lýðstjóra, og hafa tekið sér hegðun hans og trúskoðanir til fyrirmyndar. Þótt hann hafi hvorki hrevft legg eða lið í þá átt, að hindra viðgang lúterskunnar í Alberta bygðinni, þá samt hefir þögn hans og hegðun, og ljóðin, sem hergmála í eyrum íbúanna, haft meiri áhrif en nokkuð annað í þá átt, að gera uppvaxandi kynslóðina nokkuð sérlega í trúskoðunum.

Útlit er fyrir, að allur þorri ungra manna hér hafi aðhylst Únítara trúskoðanir, þó enginn Únítarprestur hafi nokkurntíma stigið hingað fæti. Orsökin til þessa er að minum dómi sú, að bygðin á hér einn gallharðan Únítara, — mann, sem allir íbúarnir hafa í hávegum fyrir heiðarlega framkomu sem hindindisfrömuður og siðprýðismaður.

Ég fæ ekki betur séð, en að íslenzkan sé óðfluga að ganga sér til húðar hér vestra. Athugun min og viðtal við Íslendinga hér í fylkinu hefir sannfært mig um, að ekki einn tíundi hluti þeirra fást til að játa bókstafsinnblástur bibliunnar, eða að viðurkenna hana sem heilagt guðs orð. Frjálshyggjuskoðanir nútímans hafa náð fóstum itökum í hugum manna, og ég þykist geta eygt í fjarlægri framtíð samband og skoðana einingu allra sannmentaðra manna. Hugsanir þeirra renna sem árstraumar um lendur vaxandi mentunar og sameinast í hinu mikla hafi sannrar þekkingar. Og þótt postulum eldri tíma skoðana takist að stemma framrás þeirra um stund, þá kemur það alt fyrir eitt. Fólkið fræðist og forðast feður afturfarar.

Tala Íslendinga í Alberta er sem hér segir:

Sem viðhalda íslenzkunni:	
1. Giftir karlmenn	61
2. Ógiftir karlmenn yfir 15 ára	11
3. Drengir, 5 til 15 ára	86
4. Giftar konur	10
5. Ógiftar konur yfir 15 ára	64
6. Stúlkur, 5 til 15 ára	42
Sem ekki viðhalda íslenzkunni:	
1. Giftir karlmenn	3
2. Ógiftir karlar, yfir 15 ára	48
3. Drengir, 5 til 15 ára	31
4. Giftar konur	58
5. Ógiftar konu, yfir 15 ára	14
6. Stúlkur, 5 til 15 ára	95
Börn innan 5 ára, beggja kyns	128

Af þessum 651 manns eru 13 úr tölu þeirra, sem tapaðir eru þjóðinni.

Af hverjum 59 piltum, sem mæla móðurmál sitt innan fermingaraldurs, eru að eins 11, sem viðhalda því eftir ferminguna.

Af hverjum 109 stúlkum, sem tala móðurmál sitt fyrir fermingaraldur, eru að eins 14, sem halda því við eftir ferminguna.

Að sama skapi er og lúterskunni viðhaldið.

Athugull.

Æfiminning.

Fimtudaginn þann 7. október sl. andaðist að heimili sínu við Mountain P.O. í North Dakota, úr krabbameini eftir langvarandi þjáningar, húsfreyja

Sigríður Brynjólfsdóttir Johnson,

tæpra 60 ára að aldri. Hún var ein hin allra-fremsta myndarkona íslenzk þar syðra og landnámskona þeirrar bygðar, greind vel og mikilhæf um marga hluti, eins og hún átti kyn til.

Sigríður heitin var fædd í öndverðum desembermánuði að Gilsbakka í Skagafirði árið 1849. Faðir hennar er Brynjólfur Brynjólfsson, er lengi bjó á Skeggstöðum í Húnavatnssýslu, en á nú heima við Mountain í North Dakota. Var hún því systir þeirra Magnúsar lögmanns í Cavalier, Björns, Skapta og þeirra systkina.

Tæpra 25 ára giftist hún eftirlifandi manni sínum, herra Sigurði Jónssyni, þann 14. dag júnimánaðar 1874. Það sama haust fluttust þau hjón af landi burt og vestur hingað, og settust að fyrst í Kinmount í Ontario fylki, eins og fleiri Íslendingar, er vestur fluttu það sumar. Þar dvöldu þau hjón um veturinn, en í aprilmánuði um vorið fluttust þau ásamt venzlafólki sínu og öðrum Íslendingum þaðan til Mooselands hæða í Nýja Skotlandi. En árið 1881 tóku þau sig upp þaðan og fluttu alfarin til North Dakota ríkis, og settust að 21. ágúst það sumar í Pembina County, um miðja vega milli Hallson og Víkur (Mountain), tóku þar heimilisrétt og hafa búið þar síðan. Þá var íslenzka bygðin þar að eins nýmynduð og fáskipuð við það sem síðar varð. En eins og þeirri bygð hefir í öllu fleygt fram, svo fór og álit og efnahagur hinna ungu hjóna vaxandi með ári hverju unz nú við dauða Sigríðar, að þau stóðu einna fremst þeirra búenda, er bezt máttu og mest máttu þar um sveitir. Baráttan er löng og ströng í nýjum bygðarlögum, einkum var það svo hér til forna. En eftir því, sem þekkingin á landsháttum og lífsútvegum vex, átökin verða fleiri, fækkar erfiðleikunum og sveitin grær. Og sveitin gröri. Og þar undir skógarrunni, fáein skref fyrir sunnan hús þeirra hjóna, var Sigríður heitin lögð til hvílu sunnudagskveldið 10. þessar mánaðar, að viðstöddum flestum nágrönnum, ungum og gömlum, úr Víkur og Hallson bygðum. Hún var jarðsett að heiman frá húsi þeirra hjóna, og talaði séra Rögnv. Pétursson frá Winnipeg nokkur orð yfir líkinu.

Þau hjón eignuðust 5 sonu, og lifa 4 þeirra, og eru þar á hinum fornu stöðvum. Elztur þeirra er Brynjólfur, er býr þar skamt frá, þá Þórarinn, bankastjóri í Cavalier, Hafsteinn Sigurður, verzlunarmaður í Cavalier, og Skapti (ókvæntur) heima hjá föður sínum.

Sigríður heitin var meðalkona vexti, grannvaxin og björt yfirlitum. Hún var rik í lund, en jafnan viðmótsþýð og viðmótsgóð. Hún var fastlynd og trygglynd og vinholl og ágæt móðir og kona. Hún var ör í hrevfingum, starfsöm og hagsýn, frjáls í skoðunum og bjartsýn. Við burtför hennar er ekki eingöngu stórt skarð höggvið í hóp landnemanna íslenzku í Dakota, heldur er bygðin öll tómlegri og berari við burtför slíkra sem hennar.

Hún kaus sér helzt að mega hvíla á heimajörð sinni, undir trjálundinum við húsið. Á heimajörðinni höfðu hendur þeirra hjóna oftast orðið samtaka og flesta erfiðleikana sigrað. Frá leiði hennar má sjá austur yfir alla bygð, og breiða sig þar akrar yfir allar slétturnar svo langt sem auga eygir, þar sem áður fyrri voru óræktaðar öldur og mýrar, er Íslendinga bar á það svæði. Og bæn hennar er veitt og hvildin fengin.

Blessan guðs sé með leiði hennar, ættingjum og vinum.

R. P.

Menningarfélagsfundur.

Fyrsti Menningarfélagsfundur á þessu hausti kom saman miðvikudagskv. 13. okt. í Únitarakirkjunni.

Fyrsta verk fundarins var að kjósa stjórnarnefnd. Hlutu þessir kosningu: Stefán Thorson forseti, P. M. Clemens varaforseti, Friðrik Sveinsson ritari, Hannes Pétursson féhirðir, séra Guðmundur Árnason og G. J. Goodmundsson meðráðendur.

Þar eð enginn reglulegur fyrirlestur var tilbúinn fyrir þennan fund, lagði forseti fram þessa spurningu: Hver eru líkindi til að verði framtíðar trúbrögð Vestur-Íslendinga? Innleiddi hann umræðurnar með að geta þess, að nú sem stæði væri talsverðar trúbragða hreyfingar með Vestur-Íslendingum. Nú sem stæði væri flokkarnir þrir. Það væru þeir, er fylgdu lútersku kenningunni og það væru Únitarar, og svo væru þeir, er hefðu sagt skilið við lúterska kirkjufélagið á síðasta kirkjuþingi, og sem til aðgreiningar frá hinum væri almennt kallaðir áhangendur hinnar nýju guðfræði. Ræðumaður hélt, að enn sem komið væri, þá væri naumast rétt að kalla þá áhangendur hinnar nýju guðfræði, sem svo væri kölluð. Hann sagði, að hún (nýja guðfræðin) væri í raun og veru það sama og Únitarismus, og Únitarar væru þessir menn vissulega ekki enn sem komið væri, annars mundu þeir ekki gera sér eins mikið far um að afsaka sig frá sliku eins og þeir gera nú. Ekki mundu þeir heldur leggja að jöfnu Únitarismus, farisealátt, heiðingdóm og trúhræsni eins og þeir hafa gjört (samkvæmt tillögu Geo. Petersons á kirkjuþingi síðast), ef þeir álitu sig vera Únitarians. Annars hélt hann að þeir (minni hlutinn á kirkjuþingi) gætu naumast staðið lengi á því stigi, sem þeir væru. Í því væri hann samdóma hinum "rétt-trúuðu", þótt mismunurinn nú sem stæði milli meiri og minni hluta væri ekki sjáanlegur annar en sá, að minnihlutinn efaðist um sannsögulegheit á ýmsum smærri atriðum í bibliunni, og gæti ekki álitið það sáluhjálparatriði að trúa þeim, þótt það stæði í henni, til dæmis, að Bileams asna hefði talað. Á öllum meginatriðum trúarkerfisins væru þeir í rauninni sammála, og þá hlytu þeir fyr eða síðar annaðhvort að snúa til baka til sinna fyrri heimkynna eða lenda þar, sem allir fyr eða síðar lenda, sem á annað borð hugsa nokkuð um þessi málefni. Ræðumaður hélt að það væri enginn millivegur til. Meirihluti á síðasta kirkjuþingi hefði haft alveg rétt fyrir sér: Annaðhvort væri að halda fast við gömlu kenninguna eða ekki. Að gefa nokkuð eftir, var að viðurkenna, að efinn hefði rétt á sér, og stærsta trúaratriði þeirra er að efa ekki. Og þegar menn fara að efast um eitt trúaratriði og viðurkenna rétt sinn til þess, þá fara menn bráðlega að efast um fleiri atriði, þar til þeir efast um flest eða öll atriði, sem koma í beina mótsögn við skynsemi þeirra. Trú þeirra hlyti að breytast svo, að hún væri helguð af skynsemi, í staðinn fyrir sem skynsemi þeirra hefði áður verið helguð af trú.

Ræðumaður áleit þess vegna, að þessi flokkur mundi taka stórum breytingum frá því sem hann væri nú. Sennilegast þótti honum, að fjöldinn mundi halda áfram, halda áfram að hugsa og komast á þá skoðun, sem helztu flutningsmenn nýju stefnunnar héldu fram. Hvað þessi stefna væri kölluð, gerði minst til, — hvert heldur hún væri nefnd Únitarismus, Nýja guðfræði, Campbellismus eða Eliotismus grundvöllurinn væri sá sami, nefnilega sá, að leita sannleikans. En nokkrir mundu snúa til baka.

Margir sagði hann að gætu þess til, að leiðandi menn í þessum flokki hlytu að sjá hvert stefndi, sérstaklega séra Friðrik J. Bergmann. Engar getur kvaðst hann leiða að slíku. Kvaðst hann vera þakklátur fyrir það verk, sem unnið væri í frjálstrúarátttina, og vafalaust væri þetta heppilegasta aðferðin undir kringumstæðunum. Ef farið væri strax oflangt, mundu fáir fylgja.

Að undanteknum sumum ritgjörðum eftir séra Friðrik J. Bergmann, væri sáralitið að græða á ritdeilum þeim, er nú ættu sér stað um þetta mál. Með dæmi sýndi ræðumaður, þversu fáránlegar væru sumar ástæður hinna "rétt-trúuðu" gagnvart ályktunum þeim, er bibliurannsóknir hefðu komist að.

Mannúð kvað ræðumaður vera stöðugt að aukast í heiminum. Áleit hann það vera í nánu sambandi við frjálstrúarhreyfinguna. Gamla stefnan, sem kölluð væri, væri miklu snauðari af mannúðartilfinningum heldur en sú nýja. Færði hann fram ýms dæmi því til sönnunar. Þörfin fyrir meiri mannúð, meira umburðarlyndi og sterkari trú á manninum sjálfum og því góða, sem í honum byggi, væri orðin svo knýjandi um allan hinn mentaða heim, að þau trúbrögð, sem í rauninni væru eins snauð af sliku eins og hin "orthodoxu" trúbrögð væru, hlytu að rýma fyrir öðrum trúbrögðum, sem betur gætu fullnægt þessum kröfum. — Menn hefðu t. d. andstygð á heiðni án tilgangs til betrunar eða til viðvörunar (samanber fordæming til eilífrar kvalar). "Vegin, léttur, deilt" sæu menn letrað á alla musterisveggi fornkirkjunnar. Hún yrði að sæta sömu forlögum og allar aðrar stofnanir, sem ekki gætu eða ekki vildu uppfylla þær þarfir og þær skyldur, sem þeim bæri: Þær væru vegnar og ef léttar fundnar, þá væri þeim deilt. — Frjáls trúbrögð hlytu því að verða framtíðar trúbrögð Íslendinga eins og þau hlytu að verða framtíðar trúbrögð allra mentaðra þjóða.

Næst talaði séra Guðmundur Árnason. Kvað hann "orthodoxu" kenninguna ómögulega meðal mentaðra og skynsamra manna, — framþróunarlögmálið gilti í hinum andlega heimi ekki síður en í hinum efnislega. Mannsandinn væri alt af að þroskast og breyta til, bæði í siðferðislegum og trúbragðalegum efnum, eftir því sem hann auðgaðist að þekkingu. Nýja guðfræðin væri merkileg hreyfing, og viðgangur hennar fagnaðarefni. Campbell, Lundúna presturinn frægi — merkisberi hennar — væri mikilmenni í andans heimi.

Það, sem helzt mætti finna að nýju guðfræðinni, væri það, að hún væri of óákveðin. — Sá, sem vill leiða, verður að vita, hvert hann vill fara. — Í ritum nýju guðfræðinnar væru notuð orð úr gömlu guðfræðinni í ógleggri og annarlegri merkingu en tíðkast hefði, til dæmis: "frelsari" "endurlausn". Þetta væri eins og að láta nýtt vín í gamla belgi, — en þegar það væri gert, væri hætt við, að gömlu belgirnir rifnuðu. — Únitarar reyna að gefa fullnægjandi svör upp á spursmál tilverunnar. Þessi spursmál væru til í dag, eins og þau hefðu verið til fyrir þúsundum ára, er mannsandinn fyrst hefði reynt að gera sér úrlausn — mynda sér lífsskoðun.

Auk séra G.Á. tóku þessir þátt í umræðunum: S. B. Benedictsson Páll M. Clemens, Skapti B. Brynjólfsson og Friðrik Sveinsson.

Yfirleitt virtust þeir samdóma málshefjanda.

Auglýst var, að á næsta fundi, miðvikudagskveldið 27. þ.m., flytti séra Guðmundur Árnason fyrirlestur um "Kant og siðfræðiskenningar hans".

Friðrik Sveinsson, ritari

Sparið Línið Yðar.

Ef þér óskið ekki að fá þvottinn yðar rifinn og slitinn, þá sendið hann til þessarar fullkomnu stofnunar.

Nýtízku aðferðir, nýr vélaútbúnaður, en gamalt og æft verkafólk.

LITUN, HREINSUN OG PRESSUN SÉRLEGA VANDAÐ

Modern Laundry & Dye Works Co., Ltd.
307—313 Hargrave St.
WINNIPEG, MANITOBA
Phones: 2300 og 2301

Til Alberta baslarans.

Baslari sæll, þú hefir ólyfirsynju sent mér póstspjald. Þar eru tvær persónur að seilast með koss hvor til annarar. Á víst að vera þú sjálfur og tilvonandi piparmeyjan. Þú ættir að fá spjaldið endursent, ef þú kynnir að geta komið því til þess rétta hlutaðeiganda, því ég er ekki þessi vina þín, tilvonandi piparmey. Slæm vonbrigði.

Baslari góður, ég vona að þú finnir það, sem þú leitar að.

Vertu sæll,

R. J. Daviðsson.

Yfirlýsing prestafundarins.

Í Heimskringlu 7. og 14. þ.m. er grein með þessari yfirskrift frá vini mínum Hjálmari A. Bergmann. Bæði vegna málsins sjálfs, sem þar er um að ræða, og líka vegna þess, hver skýring er þar gefin á undirskrift minni undir þá yfirlýsingu, langar mig til að fá að leggja orð í belg.

Þessi yfirlýsing, sem sumum virðist vera svo dæmalaust illa við, byrjar á því, að mótmæla þeirri staðhæfingu, að kjarni ágreiningsmálsins innan kirkjufélagsins sé bókstafsinnblástur ritningarinnar.

Sé þessi mótmæli tilhæfulaus og þvert ofan í sannleikann, þá liggur í augum uppi, að einhver deila verður að hafa átt sér stað innan kirkjufélagsins um það, hvort rétt sé, að trúa bókstafs-innblæstri ritningarinnar.

Öllum er það vitanlegt, að mönnum innan kirkjufélagsins hefir ekki komið saman um innblásturs-kenninguna svonefndu, um það t. d., hvort ritningin sé öll innblásin eða aðeins að því er snertir trúaratriði.

En um bókstafs-innblástur hefir mér vitanlega enginn ágreiningur verið, af þeirri einföldu ástæðu, að enginn innan kirkjufélagsins hefir haldið fram þeirri kenningu.

Til þess að sanna það, að í Sameiningunni hafi verið haldið fram bókstafs-innblæstri, og með því gjört ómerkt þetta atriði yfirlýsingarinnar, tekur H. A. B. aðra innblásturs-kenningu, sem séra Björn B. Jónsson hefir gjört grein fyrir í 9. árg. Aldamóta, bls. 69 (kenningin um fullkomin innblástur — plenary inspiration), og allmargir af prestum kirkjufélagsins munu aðhyllast, — og gefur þeirri kenningu nafnið bókstafs-innblástur. En hvergi innan kirkjunnar hefir sú kenning verið svo nefnd; það er alt önnur kenning, sem auðkend hefir verið með því nafni.

Auðvitað dettur mér ekki í hug, að H.A.B. hafi viðhalt þetta rangneini mót betri vitund; til þess hefi ég alt af álitið hann of sannleikselskan mann og góðan dreng. En svona hefir hann skilið það. En sá skilningur er skakkur og hefir engin söguleg rök við að styðjast. Og með því fellur auðvitað öll röksemdaleiðsla hans í þessu atriði. Og þetta fyrsta atriði yfirlýsingarinnar stendur þá óhaggað þrátt fyrir mótmæli hans.

Þá er að athuga næsta atriðið. Yfirlýsingin mótmælir því, að kirkjuþingið hafi neitað réttmæti og gagnsemi trúaðrar bibliurannsóknar. Hér segir H.A.B. að yfirlýsingin fari ekki með sannleika, og vitnar því til sönnunar í það, að tillögur þær, sem ég bar fram í ágreiningsmálinu, voru feldar og farið um þær ómjúkum orðum.

Þess vegna er líklega rétt, að ég gjöri með fám orðum grein fyrir því, hvernig á þeim tillögum stóð.

All-lengi hefir mér og öðrum verið það ljóst, að töluverður skoðanamunur átti sér stað innan kirkjufélagsins um þýðingarmikil trúaratriði. T.d. um hinar nýju guðfræðis-kenningar R. J. Campbells, sem heldur fram, svo að ég nefni eitt atriði, skilningi á persónu frelsarans, sem er þverófugur við það, sem verið hefir trú kristilegrar kirkju frá fyrstu tímum og fram á þennan dag; sumir höfðu ekkert annað en gott um kenningar þessa manns að segja; öðrum fundust þær vera bein kristindóms afneitun. Ennfremur um innblástur ritningarinnar, eins og ég hefi áður lent á. Ennfremur um samband ritningar og trúarvitundar. Ennfremur um þýðingu trúarjátninga og kenningarfrelsi. Og inn í deilurnar um þessi atriði var bersýnilega komið töluvert af persónulegri óvild, sem auðvitað spilti fremur samkomulagi en nætti, og gjörði mönnum örðugra fyrir, að skilja hvorir aðra.

Þegar svo á þing kom, þá hópuðu menn sig í flokka og bjuggust til bardaga. Ég tók ekki þátt í neinum flokksfundum, en vissi þó allvel hvað málunum leið. Meðal annars var mér kunnugt um það, að þingsályktunartillögur voru í smíðum hjá báðum flokkum. En það fanst mér vera mér ljóst, að tæplega væri það hugsanlegt, að menn gætu, eins og á stóð, skorið með sanngirni og réttlæti úr þeim yfirgripsmiklu og vandasömu ágreiningsmálum, sem fyrir hendi voru á því þingi. Enda kom það í ljós við umræðurnar, að málin sjálf ræddu menn harla lítið.

Þess vegna kom ég fram með miðlunartillögur mínar. Ég ætlaðist til að þær yrðu, ef þær næðu samþykki, umræðu-grundvöllur framvegis. Á þeim grundvelli hefði svo mátt ræða hin einstöku ágreiningsatriði eitt árið enn, og sjá svo, hvort ekki yrðu samkomulagshorfur betri á næsta þingi. — Þetta var það, sem fyrir mér vakti, og ekkert annað. En tillögurnar voru þá í svipinn misskildar af sumum. Og þeir, sem endilega vildu að þetta ágreiningsmál yrði útkljáð á þessu þingi, gátu auðvitað ekki verið ánægðir með þær, því að til þess voru þær ekki ætlaðar.

Sjá nú ekki sanngjarnir menn, að þeir, sem greiddu atkvæði á móti þessum tillögum af þeirri ástæðu, að þeir vildu útkljá ágreiningsmálið, að svo miklu leyti sem unt var að útkljá það með þingsamþykt, — að þeir menn gátu vel greitt atkvæði á móti þeim, þó að þeir væru hjartanlega samþykkir öllu því, sem í þeim stóð?

Þessu til sönnunar skal ég benda á eitt atriði. Séra Kristinn K. Ólafsson mælti undireins harðlega á móti tillögum mínum, eins og H.A.B. tekur fram í grein sinni. Eftir það tók ég til máls; en af því að málfrelsi var mjög takmarkað þann dag, og ég hafði í mörg horn að líta, komst ég ekki til þess, að svara honum eins og ég vildi. En ég talaði einslega við hann, á meðan einhver annar var að nota sinar fimm mínútur, og varð það árangurinn af því samtali, að séra Kristinn kannaðist við það, að í tillögunum væri ekkert, sem hann gæti ekki fallist á, og vildi að ég tæki þær aftur og bæri þær fram eftir að atkvæði hefðu verið greidd um hinar tillögurnar, og kvaðst þá mundu greiða atkvæði með þeim. En það vildi ég ekki, af þeirri ástæðu, að þá næðu þær ekki tilgangi sínum, að koma í veg fyrir aðrar samþyktir, sem ég var hræddur um að myndu fremur auka sundurlyndi en eyða. — Séra Kristinn gat því með góðri samvizku skrifað undir þann lið yfirlýsingarinnar.

Annað atriði skal ég líka benda á, sem sannar mál mitt. Í síðasta april-blaði Sameiningarinnar, bls. 42, kemst séra Björn B. Jónsson svo að orði: „Bibliurannsókn sú, sem neinist „hærri kritik", er ein mikilsverð grein guðfræðinnar. „Gamla guðfræðin virðir hana engu síður en hin „nýja".*) Því miður hefir þetta göfuga hugtak á síðustu tíð fengið á sig ilt orð fyrir það, að það er nú venjulega sett í samband við hina neikvæðu, efasjúku stefnu í guðfræðinni". — Þessi orð finst mér benda til þess, að ekki muni séra Björn neita réttmæti og gagnsemi trúaðrar bibliurannsóknar. Það hefir hann líka sagt mér alveg hiklaust, þegar ég hefi átt tal við hann um það mál.

Ég fæ þess vegna ekki betur séð, en að allir sanngjarnir menn hljóti að kannast við það, að þessi annar liður yfirlýsingarinnar sé algjörlega réttur.

Þá er loks eftir þriðji liður yfirlýsingarinnar, sem neinir þá staðhæfingu fjarstæðu, að síðasti árgangur Sameiningarinnar hafi með samþykt kirkjuþingsins verið gerður að trúarjátningu.

Það er hjartans sannfæring mín, að sú staðhæfing sé einhver sú allra grát-hlægilegasta fjarstæða, sem fram hefir komið í öllum þessum kirkjulegu deilum vorum. Og það sannar ekkert, þó að tekist hafi, að telja svo og svo mörgum sofnuðum trú um þá fjarstæðu. Það mætti alveg eins halda því fram, að öll þau nefndarálit, sem samþykt hafa, verið á kirkjuþingum, og hafa inni að halda einhvern skilning á einhverju, sem stendur í ritningunni, t.d. um trúboðsskyldu kristinna manna eða annað þess háttar, hafi með því verið gjörð að trúarjátningum. En slíkt hefir mér vitanlega engum manni til hugar komið, og furða ég mig ekki á því.

En það er ekki til neins að vera að stæla um annað eins og þetta; við gætum haldið áfram að deila um það í blöðunum alt árið án þess að verða nokkru nær, sérstaklega ef ekki koma fram betri röksemdir, en þær sem ennþá hafa af fylgismönnum þessarar nýstárlegu kenningar verið á borð bornar.

En nú skal ég benda vini mínum H.A.B. á mjög einfaldan og auðveldan veg til þess að sanna mál sitt, og það veg, sem góðum lögmanni sæmir.

Hann kannast sjálfsagt við þá aðferð, sem höfð er stundum til þess að ganga úr skugga um það, hvort einhver tilskipun sé lög eða ekki, — þá aðferð sem sé, að prófa hana fyrir dómstólunum. Þá aðferð skulum við nú hafa.

Nú skal ég hér, honum til hægðarauka, lýsa hátíðlega yfir því, að ég neita því afdráttarlaust, að viðurkenna nokkurt eintak eða nokkurn árgang Sameiningarinnar, eða það mánaðarrit í heild sinni, sem trúarjátningu, og álít mig ekki að neinu leyti bundinn við það, sem í Sameiningunni stendur, fyrir trú mína eða kenningu, því að sumu af því er ég algjörlega ósamþykkur.

Nú samþykti síðasta kirkjuþing, að trúarjátningar kirkjufélagsins séu bindandi, en ekki að eins leiðbeinandi. Af því leiðir það, að svo framarlega, sem það var skilningur síðasta kirkjuþings, að síðasti árgangur Sameiningarinnar ætti að hafa trúarjátningar-gildi, þá er ég orðinn svo sekur við kirkjufélagið, að næsta kirkjuþing neyðist til að heimta af mér að ég taki þessa yfirlýsing mína aftur, eða sé að öðrum kosti rækur úr kirkjufélaginu.

Komi nú H.A.B., ef honum annars er nokkur alvara með það, að vilja sanna þessa staðhæfingu sína, og kæri mig fyrir kirkjuþingi. Þá hlýtur það að koma ótvírætt í ljós, hvor okkar hefir á réttu að standa. Sú aðferð er miklu betri og hreinni, en eintóm orð og málalengingar. Og með þessu móti ættum við að geta hvílt okkur fram að næsta kirkjuþingi frá því að fjölyrða frekar um málið.

Ég þykist nú hafa sýnt fram á það, að prestar kirkjufélagsins eru ekki komnir í neinn bobba, ekki heldur hættir við alla rökfærslu, og hafa ekkert tekið aftur af því, sem þeir gjörðu á síðasta kirkjuþingi. En alt þetta hefir H.A.B. verið að bera þeim á brýn.

Og ég þykist líka hafa sýnt fyllilega fram á það, að ég vissi vel, hvað ég var að gjöra á síðasta kirkjuþingi og sömuleiðis þá, þegar ég skrifaði undir yfirlýsingu prestafundarins síðasta.

Mér er engin launung á því, að ég er enn óánægður með það, hvernig með ágreiningsmálið var farið á síðasta kirkjuþingi. Ólíkar skoðanir geta verið um ýmislegt innan eins félagsskapar, og þá oft erfitt að gjöra sér glöggva grein fyrir því, hverju réttara sé og skyldara að fylgja.

En ef um það tvent er að velja, að styðja kirkjufélagið, þrátt fyrir margvíslegan ófullkomleik þess og yfirsjónir, til þess að halda áfram sinni góðu starfsemi, sem það hefir nú haldið uppi í nærfelt 25 ár, eða að fjandskapast gegn því og leggja sig fram til þess að gjöra því alt til skaða og skapraunar, sem unt er, og telja sig þó kristna menn, — þá er ég í engum efa um það, hvorn hópinn ég kýs. Og á því vona ég að fleiri einlægir kristnir menn átti sig, sem eru óánægðir að einhverju leyti með gjörðir síðasta kirkjuþings, þegar þeir hugsa rólega um málið.

Friðrik Hallgrímsson.

Baldur, Man., 23. okt. 1909.

*) Leturbreytingin gjörð af mér. F.H.

LÁN SKYLDI ALDREI TAKA nema í ýtrustu nauðsyn. Reglan er: Vinn þú fyrir peningunum áður en þú eyðir þeim.

ANDANN Á AÐ DRAGA vegn um nefið, sannt og hægt. Munnurinn sé lokaður.

PRENTUN

VÉR NJÓTUM, sem stendur, viðskipta margra Winnipeg starfs- og "Business"-manna.— En þó erum vér enþá ekki ánægðir — Vér viljum fá alþýðumenn sem einatt notast við illa prentun að reyna vora tegund. — Vér ábyrgjumst að gera yður ánægða. — Símið yðar næstu prentpöntun til —

'Phone: Main 5944

The ANDERSON Co. COR. SHERBROOKE ST. AND SARGENT AVENUE. WINNIPEG.
PROMPT PRINTERS

HESTA OG NAUTGRIPI má verja flugnabáti með því, að nugga þá með ullartusku, sem dýft hefir verið í blöndu úr einum hlut Crude Carbolic Acid og 6 eða 7 hlutum Olive Oil. Eyrun og þá hluta kroppsins, sem flugur leita helzt á, þarf einkum vel að nugga. Sé þetta gert að morgni, þarf ekkert að óttast, að flugan geri skepnunum mein fyrri hluta dags.

CANADA-ÞISTIL er auðvelt að eyðileggja með því, að dreypa benzíni í kring um rót hans.

LÖGUR TIL AÐ GLJÁ MEÐ húsmuni er búinn til af jöfnum hlutum af ediki, terpentínu og Sweet Oil.

KÆRU SKIFTAVINIR!

Eftir verði nú á ómöluðu hveitikorni, ætti hveitimjöl að vera selt nú lægst á $3.15 hver hundrað pundin. En einmitt nú vil ég fyrir ótiltekinn tíma selja "Cavalier Best Patent" hveitimjöl $2.85 hundrað pundin. Gleymið því ekki, að birgja ykkur upp með nægilegan forða fyrir veturinn á meðan verð er svona ógurlega lágt.

Næstu viku seljum við 20c kaffi á 17c pundið og 18c kaffi á 15c pundið, og níu sápustykki fyrir 25c. Hvergi er hægt að kaupa karlmanna og drengja alfatnað eins billega og hjá mér, ég hefi miklar birgðir af fötum, sem ég sel með 25 til 40 prósenta afslætti. Sjáið nú, hvað það meinar: — $16.00 karlmanna alfatnað nú fyrir $9.60, $12.00 fatnað nú á $7.20, eða $8.00 drengja alfatnað nú $4.60 og $6.00 fatnað á $3.60. — Gleymið ekki að koma og skoða þessi föt, því ég hefi fastráðið að selja þau með þessu óvanalega lága verði, þar til þau eru uppseld.

Fyrir gripahúðir borga ég nú 10c fyrir pundið. Gleymið því ekki að koma með allar ykkar húðir til mín. Líka með allar aðrar vörur, sem þið hafið að selja, — nema sokkaplögg, af þeim hefi ég nóg nú sem stendur.

E. THORWALDSON
Mountain - - N. Dak.

Bréf frá Duluth.

18. okt. 1909.

Herra ritstj. Hkr.

Hingað kom þann 1. þ.m. Mrs. M. J. Benedictsson frá Winnipeg, og gladdi það alla íslenzka Duluth búa. Við buðum hana velkomna.

Fyrirlestur flutti hún um kvenfrelsi 2. þ.m. í húsi Mrs. Halldóru Olson, að viðstöddum flestum Duluth Íslendingum. Henni sagðist vel og skörulega frá öllu, eins og vænta mátti af jafn frjálslyndri starfskonu, og höfðum við allgóða skemtun af því.

Næstu viku var hún í heimboðum hjá Íslendingum hér, því þeir eru í mesta máta gestrisnir. Þann 7. okt. fór hún með Mrs. Olson á fund W.C.T.U., og flutti þar langt erindi um kvenfrelsi. Allir gerðu góðan róm að ræðu þeirri. Þar mætti hún heitum kvenfrelsisvinum, og þótti þeim vænt um að frétta, hve íslenzkar konur eru ákafir meðmælendur kvenréttindamálsins, því þær sjálfar eru frelsisvinir og starfa að bindindi og mörgu öðru, sem mannkyninu er til frægðar og framfara og blessunar. W.C.T.U. konurnar vildu, að Mrs. M.J.B. væri hér um tíma, til þess að flytja fyrirlestra um kvenréttindamálið. En hún gat ekki orðið við þeim tilmælum í þetta sinn, en lofaði að koma síðar, ef hún gæti, og þá að sjálfsögðu flytja ræður um kvenfrelsi, hvar sem þær óskuðu.

Mrs. M. J. Benedictsson hélt heim aftur þann 10. þ.m.

8-1-12-12-4-15-18-I.

ENSKUR LEIKHÚSSFORmaður átti nýlega að sýna leik, sem ljónsorg kom fyrir í. Hann gat auðvitað ekki farið með ljónið inn á leiksviðið, og kom því til hugar, að láta ljónið orga inn í fónógraff, og lét hann í því skyni inn í búrið til ljónsins, en því geðjaðist ekki að honum og mölvaði hann með löppinni. Þá lét hann bera annan fónógraf að búrinu utanvert, og bak við hann lét hann halda á kjötbita svo hátt að ljónið sæi hann. Ljónið þaut organdi á móti hljómtrektinni, og — tilraunin heppnaðist.

Um kvöldið heyrðist svo voðaljónsorg á leiksviðinu, að áhorfendurnir urðu hræddir og þutu út.

Útlit hennar sýndi bæði fátækt og fegurð, já, nærri því skraut. Veggirnir voru svartir af elli, og að eins einn gluggi. Bórðið og stólarnir voru óvandaðir, og legubekkurinn var ekki svo mikið sem málaður. En þar voru ýmsir munir, sem bentu á betri tíma og velmegun. Rúmið, sem veika konan lá í, var klætt hvítu tjaldi. Við vegginn hjá rúminu stóð snoturt skrifborð, og á því stóð borðspegill; glerið var að sönnu brotið, en spegillinn bar með sér að hann hefði verið skrautgripur. Hvítur dúkur þakti skrifborðið. Við hliðarnar á speglinum stóðu tvær krystallsskálar, og í annari þeirra lá gullhringur með bláum gimsteinum, sem litu út eins og blómið Gleym-mér-ei. Á veggnum, rétt hjá speglinum, var hilla; innanum trédiska, tinskeiðar og spengd leirílát, stóðu á hillunni tvenn bollapör úr Austur-India postulini. Gólfið var eins hvítt og það gat verið, og var stráð um það grenibarri. Tréstólarnir og borðið var hreint og þokkalegt. Í fáum orðum: stofan sýndi bæði fátækt og viðhöfn. Það var sorgleg, en án efa dýrmæt endurminning um ástarinnar, æskunnar og ánægjunnar hornínu daga, fyrir eigandann.

"Nú, nú, mamma", sagði Mórits, eftir að hann hafði vermt sig fáein augnablik við eldinn, "nú skal ég sjóða súpu handa þér. Mér er orðið heitt og fótin mín eru nærri þur. Vertu nú óhrædd".

Vesalings pilturinn sagði ósatt til þess að hugga mömmu sína, því hann skalf enn af kulda.

"Guð blessi þig fyrir umhyggjusemi þína, góði drengurinn minn", sagði móðir hans kjökrandi, "en komdu nú og hjálpaðu mér, svo ég geti staðið upp og sezt við eldinn, það ætti að gera mér gott".

"Bara að það sé ekki hættulegt, mamma mín", sagði Mórits ekablandinn. "Máske það sé betra að þú sert kyr".

"Ó, nei, barnið mitt, ég er ekki veik, en ég er stirð af kulda. Komdu nú og hjálpaðu mér, þá ertu góður".

Mórits flýtti sér að setja stól við eldinn, og gekk svo að rúminu til að hjálpa móður sinni.

Veika konan stóð upp með erfiðismunum, studdi sig við axlir drengsins, staulaðist að eldinum og settinn. Kona þessi virtist vera um 28 ára að aldri, en sorg og veikindi höfðu gert kinnar hennar fölar og deytt fjörið í augum hennar, sem nú voru eins og dreymandi. Það var auðséð, að hún hafði verið framúrskarandi fögur, enda þótt rósirnar á kinnum hennar hefðu nú breyzt í liljur.

Um leið og móðirin settist, tók hún um háls sonar síns og þrýsti höfði hans ofan í keltu sína með eðlilegri móðurgleði.

"Mamma", sagði pilturinn um leið og hann losaði sig með hægð. "Eldurinn er að fölna, og ég verð að sjóða súpuna þína. Svo skulum við steikja kartöflur í eldinum. Sýnist þér það ekki?"

"Jú, góða barnið mitt, það skulum við gera. En farðu fyrst úr treyjunni þinni og hengdu hana við eldinn, svo hún þorni".

Mórits gerði eins og honum var sagt, fylti svo pott með vatni, lét ketið ofan í það og setti svo pottinn yfir eldinn.

"Sjáðu nú, góða mamma mín, nú skaltu fá góða og nærandi súpu. Þú þarft hennar, því þér hefir verið svo lengi kalt".

Hann tók stól og settist hjá henni.

"Þú hugsar ekki um sjálfan þig, litli drengurinn minn", sagði húsfrú Sterner, og strauk um leið dökku lokkana hans frá enninu, "af umhyggju fyrir mér, gleymirðu því, að þú ert sjálfur svangur. Guð blessi þig".

"Ó, það hefir enga þýðingu, mamma, ég er ekki

mjög svangur. Fái ég tvær steiktar kartöflur og eina brauðsneið, þá er það nóg fyrir mig. En það er mjög leiðinlegt, að við skulum vera eins fátæk og einmana og við erum".

"Já, sonur minn", sagði frú Sterner með tárin í augunum, "við erum fátæk og einmana, eins og þú segir, en við skulum elska og aðstoða hvort annað, — er það ekki?"

"Eiliflega, mamma", sagði drengurinn og hallaðist að brjóstum hennar, "ég skal ávalt elska þig, og þegar ég verð stór og eignast hús, eins fallegt og það, sem við höfðum áður en við urðum fátæk, þá áttu að flytja til mín og búa hjá litla Mórits þínum, og þá skaltu fá blómagarð, sem þér þykir svo vænt um, til að ganga um þér til skemtunar".

Móðir hans gat ekki svarað sökum hrygðar, en þrýsti honum fastara að hjarta sínu.

"Elsku barnið mitt", sagði hún loks með veikri rödd, "ég vildi mér auðnaðist, að sjá þig sælurikan og óháðan, þá skyldi ég ánægð loka augum mínum, en grunur minn segir mér, að við verðum bráðum að skilja, Mórits minn".

"Skilja, nei, aldrei".

"Jú, vinur minn, — — móðir þín verður að yfirgefa þig. Hún flytur í annan heim, til að leita hans, sem hún hefir elskað, og sem er farinn þangað á undan henni, — en augu hennar skulu ávalt vaka yfir þér, og hún mun gleðjast, þegar þér gengur vel, en hryggjast, þegar þér líður illa".

"Nei, mamma", sagði drengurinn kjökrandi, "talaðu ekki þannig. — Þú mátt ekki fara burt frá Mórits þínum, sem elskar þig svo innilega. — — — Mikli drottinn! hvað ætti þá að verða af mér?"

"Jæja, við skulum þá tala um annað. Sorgin kemur nógu snemma. Segðu mér nú, hvað þú varst að gera í skóginum svona lengi?

"Ó, það er löng saga. En þú mátt ekki reiðast mér, þó þér finnist ég hafa breytt rangt".

"Breytt rangt?"

"Já, ég stökk upp á vagn aftan til, sem kona akandi".

"Það var ekki rétt, vinur minn".

"Ég hélt það væri saklaust, og ég var svo þreyttur og kaldur. Ég orkaði ekki að bera eldiviðinn, og þó varð ég að koma honum heim, til þess að geta veitt þér hita. Þess vegna hélt ég að hinn góði guð mundi fyrirgefa mér, þó ég settist upp á vagninn, en hann hefir líklega ekki gert það, því ég varð að liða harða hegningu fyrir yfirsjón mína".

"Á hvern hátt, sonur minn?"

Mórits sagði henni nú eins og var, að hann hefði verið kallaður þjófur og lygari, og að litli drengurinn í vagninum hefði barið sig með svipunni.

"Vesalings drengurinn minn", sagði húsfrú Sterner, "þú hefir orðið að þola harða hegningu fyrir yfirsjón þína. Það var harðýðgislegt af höfðingjafólki þessu, að breyta þannig við barn á þínum aldri".

"Já", sagði drengurinn ákafur, "þannig eru þeir þessir ríku og heldri menn, þeir fara með fátæklingana ver en með hunda, sem þeir fleygja beinum í einstöku sinnum, en berja þá þó og sneypa miklu oftar. Þeir eru miskunnarlausari en vilt dýr".

"Mórits minn góður, talaðu ekki þannig", sagði móðir hans alvörugefin. "Ó, nei, elskaða barnið mitt, það eru til eðallyndir, áreiðanlegir og hrjóstgóðir menn í öllum stéttum, þeir ríku eru ekki verri en aðrir. — — Þú mátt ekki ímynda þér það, enda þótt þessi maður, sem þú gerðir reiðan, hafi verið ómannlegur og harðbrjósta — —".

"Jú, mamma", sagði drengurinn með frekju, — þeir eru allir grimmir og miskunnarlausir. Það

2 Bækur Gefins

FÁ NÝJIR KAUPENDUR AÐ HEIMSKRINGLU SEM BORGA $2.00 FYRIRFRAM, OG ÞESSUM BÓKUM ÚR AÐ VELJA :—

Mr. Potter frá Texas
Aðalheiður
Svipurinn Hennar
Hvammverjarnir
Konuhefnd
Robert Manton
og Leyndarmál Cordulu frænku —

AÐ góðar sögur og sumar ágætar, efnismiklar, fróðlegar og spennandi. Nú er tíminn að gerast kaupendur Hkr. Það eru aðeins fá eintök eftir af sumum bókunum.

Heimskringla
P.O. Box 3083, Winnipeg

WINNIPEG Business College
Cor. Portage Ave and Port St.
28. ÁR.
FÉKK FYRSTU VERÐLAUN Á SAINT LOUIS SÝNINGUNNI.
Dag og kveldkensla. Telefón 45.
Haustkensla byrjar 1 Sept.
Bæklingur með myndum ókeypis.
Skrifið til: The Secretary, Winnipeg Business College, Winnipeg, Man.

A. S. BARDAL
Selur líkkistur og annast um útfarir. Allur útbúnaður sá bezti. Enfremur selur hann alskonar minnisvarða og legstein.
121 Nena St. Phone 306

Sendið Heimskringlu til vina yðar á Íslandi

Miss NESBITT
KVENHATTA SALI
112 ISABEL ST.
Býr til alskonar kvenhatta í nýjustu gerð. Skreytir með fjöðrum, blómum og böndum og öðru nýtízku stássi. Endurnýjar og skreytir brúkaða hatta. Alt verk vandað og verð sanngjarnt. Isl. konum tiðið að skoða búðina. —
MISS NESBITT,
112 Isabel Street
1?-11-9

Fá orð til þessa og hins.

Að segja meiningu sína í fáum orðum sýnist vera hreinn ómöguleglei ki fyrir þá mörgu herra og hálærðu menn, sem nú á dögum fylla blöðin með ritgjörðum. — Já, þeir sem lesa allar þær fjögra dálka tuggur, með niðurlögunum í næstu blöðum, viðvíkjandi kirkjufélags sameiningar nýju guðfræðinnar deilumálum, mættu ímynda sér, að mennirnir, sem búa til slík ósköp að vöxtum, hlytu að fá bakverk, nema þeir væru því vanari kyrsetum, — hvað sem höfðinu líður. — Það kveður nú líka svo ramt að, að þeim eins og ógnar sjálfum sín eigin afkvæmi, sem þeim finst vera farin öll að vaxa um of á lengdina, að þeir eru farnir að biðja menn að fyrirgefa langlokurnar.

Ekki er langt á að minnast síðan rítfærir lesendur Heimskringlu í ýmsum áttum tóku sig til hver af öðrum og hömuðust í vigamóði á rítvellinum, afarreiðir út af því, að, nokkrum þumlungum (ekki dálkum) væri of oft varið fyrir bullið í bundnu máli.

Þeir þoldu slíkt ekki og vildu slá saltar á haus allra hagyrðinga, svo þeir sykkju algjörlega úr sögunni. Alika finst mér nú, að lesendur Heimskringlu mættu vera farnir að þreytast á sumu því, sem hún nú færir þeim í óbundnu máli, því það hefir sannarlega oft og tíðum sínar hugsunarvillur, sin braglýti og hortitti, engu síður en bundna málið, — þótt aldrei nema sé verið að fjalla um almenningsmál, þá verður það held ég illa varið, hvað margir lögfræðingar sem taka í strenginn, að menn fari nú of mikið með þessum orðalengingum í króka, sneiðandi hjá aðalmerg málsins alloft, en ritgjörðirnar þrungnar, — ja, maður ætti að geta sagt af fróðleik og nauðsynlegum upplýsingum fyrir fáfróðan almenning, — nei, og aftur nei, þær eru kryddaðar persónulegu hnotabíti og hnútukasti. Sum ar virðast all-laðandi fyrir lesarann, helzt í byrjun, en svo áður líkur eru einhver kulda, úlfúðarorð rétt að mótstöðumanninum.

Mér finst, sem sagt, eins og ég geti lesið á milli linanna andlitssvipinn mannanna, sem þeir bregða á sig meðan þeir eru að útbúa slíkar ritgjörðir, — þeir hljóta að setja aðra augnabrúnina upp undir hársrætur, en láta hina síga niður á höku, eins og skrifað stendur að Agli Skallagrímssyni hafi verið títt að gjöra.

Ég er nú hér í óbundnu máli að tala um óbundna málið, og er, held ég, farinn að smittast af sýkinni, sem virðist vera mikið að fara í vöxt, nefnilega, að rita langt og staglsamt þyrringsmál. Máske nokkrar pillur gefnar inn í bundnu máli læknuðu nú áminsta sýki, — bara ef vandlætingamennirnir, sem hér áður er áminst, vildu taka því rólega, þótt þeir yrðu að lesa, eða þó ekki nema að líta á eina eða tvær meinlausar gamanvísur einstöku sinnum frá vesalings hagyrðingunum, — svo sem álíka þessari : —

Ef brúnasig úlfúðar burt yrðu ræk,
þá blómgaðist gleði og friður.
Frá Agli víst landarnir erfa þann kæk,
að önnur brún sigur oft niður.

G. H. Hjaltalin.

Eg er með baslaranum,

Sökum þess, að fólk hér stendur fast á því, að það sé ég, sem er að lúskra "Alberta baslaranum", þá langar mig til, að stiga nú í istöð hans, og leggja að eins fáein orð í belg með einbúa þessum til þess að komast hjá frekari getsökum í þessu efni.

Þess var einhverntíma getið í Hkr., að ég mundi þurfa töluverðan tíma til að koma mér við karla. Það er ilt að heita strákur og vinna ekkert til.

Ég er að mestu á sama máli og "baslarinn". Það var mín von og vísa, að vera á móti mínu kyni ! Já, þar sem það á það skilið. — Við skulum ekki brígsla einbúanum um óþrifnað. Við megum vara okkur á þeim sumum, hvað umgengni snertir. Þeir virðast geta boðið okkur byrginu. Ef einbúalífið stafar af vandlæti, þá ber að sýna þeim heiður og virðingu. — Hversu margir giftu mennirnir hljóta ekki nauðugir að játa, að þeir hafi rasað fyrir ráð fram sökum sinnar sterku löngunar til að komast í hjónabandið? Minna hugsað um, hverju verið er að bindast. Áður en þeir vita af finna þeir sig lifandi grafna, ekki síður en konan.

Ef við eigum ekki kost á, að bindast því bandi, sem við getum verið hreykin af, eða að minsta kosti þurfum ekki að minkast okkar fyrir, þá er þúsund sinnum betra að vera einn.

Það er satt, sem "tilvonandi piparmeyjan" segir, að margar konur vinna baki brotnu, og margar fara vel með efni sín og ganga margs á mis til þess að geta látið börnum sínum líða eins vel og unt er. Hins vegar eru til alt of margar konur, sem að vísu vinna baki brotnu, en strit þeirra er vanþakklátt og til þess eingöngu, að geta hrúgað saman sem flestum kjólum og öðrum óþarfa. Þær ónýta meira en þær vinna fyrir, eða að minsta kosti eins mikið. Við nána athugun komumst við að þeirri niðurstöðu, að það muni vera farsæll, að spara meira líkamann, og hafa einum eða tveimur færri kjóla til að klæða hann í. Þegar maður er orðinn beinaber og kolmórauður, klæðir skartið mann illa, og ekkert gaman að láta það á sig.

Við þurfum ekki að monta af því, að við brúkum ekki tóbak, eða drekkum okkur ekki fullar af áfengi. Það er ekki af sjálfsafneitun. Okkur langar ekkert í það. Við mundum ekki neita okkur um það, ef okkur langaði í það, og ekki spara neitt til kjólanna okkar heldur.

Það er ekki vert fyrir konur, að setja upp löng andlit og meðaumkunarsvip í návist baslara. Í hans sporum myndi ég segja til þeirra : Grátið þér ekki yfir mér, heldur yfir sjálfum yður, börnum yðar og bændum, — ekki sízt á stundum. Látum baslarana í friði. Þeir vita sínu viti.

R. J. Davidsson.

Keir Hardie kjökraði.

Þess var getið hér í blaðinu í fyrri viku, að konur þær, sem gerðu óspektir í bænum Birmingham, þegar Asquith forsætisráðherra kom þangað til ræðuhalda í fyrra mánuði, hefðu verið dæmdar í fangavist. Eins og fyrirrennarar þeirra, er í fangelsi hafa lent, neituðu 9 af konum þessum að þiggja nokkra fæðu í fangelsinu. En yfirvöldin beittu nýju ráði við þær og pumpuðu eða sprautuðu vökvun ofan í þær, svo þær gætu ekki svelt sig í hel.

Þetta mál kom upp í þinginu í London þann 28. sept. sl. Keir Hardie, leiðtogi Sósialista hélt langa ræðu um meðferð þá, sem konurnar væru látnar sæta í fangelsinu, og komst svo við af umhugsuninni um ókjör þeirra, að hann kjökraði. En stjórnarliðar gátu ekki varist hlátri og gerðu óspart gys að gamla manninum.

Fyrir stjórnarinnar hönd var því haldið fram, að þessari móttunaraðferð væri oftlega beitt við óþæga fanga, og að undir þann lið teldust konur þessar. Annars hefðu sumar þeirra, er þær sáu verkfærin, áttað sig á því, að þær gætu borðað án þvingunar, svo að ekki hefði þurft að beita valdi við þær.

Nú hefir kvenréttinda félagið á Englandi höfðað mál út af þessu sprautunar-ofbeldi, sem beitt er við konur í fangelsunum, og er kæran stíluð gegn innanríkisráðherra Herbert Gladstone, sem er sonur "öldungsins mikla". En vörn stjórnarinnar felst í því, að það sé skylda hennar að sporna við því, að fangar drýgi sjálfsmorð. En það mundu konurnar að líkindum gera með því að svelta sig í hel, ef ekki væri sprautað í þær næringu.

Dá afregn.

Þann 27. sept. sl. andaðist að heimili foreldra sinna á Point Roberts, Wash., unglingspilturinn Kristinn Jóhannsson Sigurðssonar frá Grenivík við Eyjafjörð á Íslandi ; hann var langt kominn á fimtánda aldursárið. Hann hafði þjáðst af margvíslegu heilsuleysi síðan hann var fjögra ára, mest brjósttæring og vatnssýki, er loks leiddi hann til hinnar hinstu hvíldar, eins og fyr segir. Enda þótt að foreldrarnir séu forsjóninni þakklát fyrir lækningu þá, er hún veitti þessu ungmenni, sem óefað var hin eina og bezta undir kringumstæðunum, þá samt er mannlegu eðli svo varið, að þau sakna sárt drengsins sins, sem var meira en í meðallagi að sálargáfum og þroska. Einkanlega kemur þessi missir mjög við hinn aldraða föður piltsins, sem nú er hátt á sjöunda tugnum, og áður búinn að sjá á bak fyrri konu sinni og tíu börnum.

Þessar línur eru ritaðar fyrir tilmæli aðstandenda. 9.

KAUPIÐ af þeim og verzlið við þá sem auglýsa starfsemi sína í Heimskringlu og þá fáið þér *betri* vörur með *betra* verði og *betur* útilátnar.....

THE BANK OF TORONTO
INNLEGG - - - $30,853,000
VJER OSKUM VIDSKIFTA YDAR
WINNIPEG DEILD: 456 MAIN ST.
JOHN R. LAMB, RADSMADUR.

DR. H. R. ROSS
C.P.R. meðala- og skurðlækir.
Sjúkdómum kvenna og barna veitt sérstök umönnun.
WYNYARD, — SASK.

JOHN DUFF
PLUMBER, GAS AND STEAM FITTER
Alt verk vel vandað, og verðið rétt
684 Notre Dame Ave. Phone 8815
Winnipeg

Með því að biðja sérstaklega um "T.L. CIGAR," þá ertu viss að fá ágætan vindil.
T.L.
make mine T.L. CIGAR
(UNION MADE)
Western Cigar Factory
Thomas Lee, eigandi Winnipeg

Redwood Lager og Extra Porter
Styrkið taugarnar með því að drekka eitt staup af öðrum hvorum þessum ágæta heimilis bjór, á undan hverri máltíð. — Reynið !!
EDWARD L. DREWRY Manufacturer & Importer Winnipeg, Canada.

Department of Agriculture and Immigration.
MANITOBA
Þetta fylki hefir 41,169,089 ekrur lands, 6,019,200 ekrur eru vötn, sem veita landinu raka til akuryrkjuþarfa. Þess vegna höfum vér jafnan nægan raka til uppskeru tryggingar.
Ennþá eru 25 miliónir ekrur óteknar, sem fá má með heimilisrétti eða kaupum.
Íbúatala árið 1901 var 255,211, nu er nún orðin 400,000 manns, hefir nálega tvöfaldast á 7 árum.
Íbúatala Winnipeg borgar árið 1901 var 42,240, en nú um 115 þúsundir, hefir meir en tvöfaldast á 7 árum.
Flutningstæki eru nú sem næst fullkomin, 3516 mílur járnbrauta eru í fylkinu, sem allar liggja út frá Winnipeg. Þrjár þverlandsbrauta lestir fara daglega frá Winnipeg, og innan fárra mánaða verða þær 5 talsins, þegar Grand Trunk Pacific og Canadian Northern bætast við.
Framför fylkisins er sjáanleg hvar sem litið er. Þér ættuð að taka þar bólfestu. Ekkert annað land getur sýnt sama vöxt á sama tímabili.
TIL FERDAMANNA :
Farið ekki framhjá Winnipeg, án þess að grenslast um stjórnar og járnbrautarlönd til sölu, og útvega yður fullkomnar upplýsingar um heimilisréttarlönd og fjárgróða möguleika.
R. P. ROBLIN,
Stjórnarformaður og Akuryrkjumála Ráðgjafi.
Skrifið eftir upplýsingum til
Joseph Burke, 178 LOGAN AVE., WINNIPEG.
Jas Hartney, 77 YORK ST., TORONTO.

sagði líka rauðhærði maðurinn, sem ég mætti, hann var svo góður og alúðlegur og hjálpaði mér til að bera eldiviðinn".

"Rauðhærði maðurinn", sagði móðir hans undrandi, "þú hefir ekki minst á hann við mig, Mórits".

"Ég get ekki sagt alt í einu, mamma. Þegar vagninn var farinn, fór ég að gráta, en ætlaði samt að fara að tína eldiviðinn saman, sem dreifst hafði um götuna, þá kom þessi rauðhærði maður, mjög illa klæddur, og spurði mig af hverju ég væri að gráta. Þegar ég var búinn að segja honum það, gramdist honum mjög við þennan höfðingja, og sagði að þeir væru allir jafn-harðir og grimmir þessir auðugu höfðarmenn. Hann kvaðst sjálfur hafa orðið að þola margt ilt frá þeirra hendi, og því hefði hann svarið þeim ævarandi hatri og ofsóknum".

"Mildi guð ! Og þetta sagði hann þér ?"

"Jú, mamma, og hann hvatti mig til að heita þeim óbreytanlegu hatri, — að sverja Hannibalseið gegn þessum bölvuðu, sem hann nefnir svo".

"Og þú — hvað gerðir þú ?" spurði móðir hans, og var sem kuldahrollur færi um hana.

"Mamma", sagði Mórits, án þess að svara spurningunni, "sérðu ekki, að súpan sýður upp úr pottinum ? Ég verð að taka pottinn af eldinum, en ég er hræddur um, að ég brenni mig".

"Drengur !" sagði móðir hans, og þreif í handleggg hans með ákafa, "svaraðu spurningu minni !"

"Hvaða spurningu, mamma ?" svaraði Mórits hissa yfir ákafa hennar.

"Hvað gerðir þú, þegar rauðhærði maðurinn hvatti þig til að heita þeim ríku óbifanlegu hatri ?"

"Ég — ég held ég hafi svarið", sagði Mórits róleguar. Hann hafði enga hugmynd um, hvaða þýðingu slíkir eiðar höfðu.

"Guð minn góður !" sagði móðir hans örvilnuð

og byrgði andlit sitt í höndum sér, — "hvað hefirðu gert, ógæfusama barn, veiztu hve óttalegan eið þú hefir unnið ? Veiztu hvað þú hefir svarið ? Ó, þetta er voðalegt".

"Vertu ekki sorgbitin, góða mamma", sagði Mórits, og lagði hendur um háls henni, — hefði ég vitað, að þetta mundi hrella þig svona mikið, þá hefði ég ekki gert það, sem sá rauðhærði bað mig um, en ég hélt það væri ekki syndsamlegt".

"Jæja, sonur minn", sagði húsfrú Sterner, dálítið rólegri, "það er líka það eina, sem huggar mig, að þú ekki vissir það. Þú ert barn, og því er hægt að tæla þig, en þú verður að lofa mér því, að hugsa aldrei um það, sem rauðhærði maðurinn sagði þér. Þú verður að gleyma því, annars dey ég af sorg".

"Grátttu ekki, mamma min, ég skal gera alt, sem þú vilt, ef þú verður glöð og ánægð við litla drenginn þinn. Ég skal segja þeim rauðhærða, þegar ég sé hann aftur, að það hafi hrygt þig, að ég sór eiðinn, og því hafi ég afneitað honum aftur. — — Nei, nei, þú mátt ekki tala við þennan mann", greip móðir hans fram í fyrir honum. "Það er hættulegur maður, — þú verður að forðast hann".

"Hættulegur", sagði drengurinn undrandi. — — "Hann var alls ekki hættulegur, en þvert á móti vingjarnlegur og góður, því hann hjálpaði mér til að bera eldiviðinn".

"Ég fullvissa þig um það, drengur minn, að rauðhærði maðurinn, sem þér virtist svo góður, hefir gert þér meira ilt en ríki maðurinn, sem var svo slæmur —"

"Á hvern hátt, mamma, ég skil það ekki".

"Jú, af því hann vildi kenna þér að hata, — en það er engin tilfinning til, sem er grimmari ókristilegri og meira siðspillandi, en hatursins. Þú veizt, að guð hefir skipað okkur, að elska nágranna vora

sem bræður, hvort sem þeir eru hátt settir eða lágt, fátækir eða ríkir, vinir eða óvinir. Þú veizt, að ástin er undirstaða alls hins fagra, alls hins góða og alls hins dýrðlega á jörðunni, — að það er þessi tilfinning, sem framleiðir rósir gleðinnar, friðarins og farsældarinnar, en upp af hartinu spretta þyrnar og annað illgresi, — ógæfa, sorg og glæpir. Hegðaðu þér því eftir beiðni minni, barnið mitt gott, og forðastu þennan mann, sem vill uppræta blóm ástarinnar úr þínu unga hjarta, og rækta þar í staðinn þyrna hatursins".

"En, mamma", sagði Mórits tilgerðarlaust, "hefir ekki ríki maðurinn á sinn hátt einmitt viljað kenna mér að hata ?"

"Við hvað áttu ?"

"Hefir hann ekki með breytni sinni, fremur en hinn rauðhærði með orðum sínum, viljað innræta mér þessa tilfinningu. Hefði hann verið vingjarnlegur við mig, þá hefði ég ekki gert það, sem sá rauðhærði bað mig um. Hann hefir því verið mér jafnhættulegur sem hinn".

Húsfrú Sterner varð hissa á þessari röksemdaleiðslu hjá barni, og varð með sjálfri sér að samsinna honum.

"Það getur verið, að þú hafir rétt fyrir þér í þessu, drengur minn", sagði hún. "Stundum vita þeir ríku ekki, hve mikið þeir gera hinum fátæku ilt með hörku sinni. Það er ekki alt innifalið í því, að þeir pína og kvelji líkami þeirra og ræni þá eignum þeirra, en þeir kveikja líka beiskju og hatur í sálum þeirra, enda munu þeir tímar koma, að guð krefjist reikningsskila af þeim ríku fyrir ýms afbrot er þeir fátæku fremja".

"Já, mamma, rauðhærði maðurinn, sem heitir Jakob Kron, sagði líka, að þeir hefðu útskúfað sér, og gert sig að því ræskni, sem hann væri orðinn.

Hann hefði gengið á skóla, og lært það sama, sem ég læri daglega hjá góða prestinum Bergholm, en þeir ríku hefðu rekið sig út í heimssollinn og bakað sér sorg og ógæfu,— og svo hefði hann orðið tryltur af hatri".

"Það lítur út fyrir, ' að þú hafir veitt öllu því, sem hinn rauðhærði sagði, nána eftirtekt", sagði móðir hans.

"Já, mamma. Hann spurði mig um foreldra mín, og vildi fá að vita, hver faðir minn var".

"Og hverju svaraðir þú ?"

"Ég sagði honum alt, sem ég vissi, að við hefðum áður átt heima í fallegu húsi og fengið alt, sem við þurftum, að maður nokkur, sem oft hefði komið til okkar og verið okkur góður, hefði máske verið faðir minn, en að hann væri nú dáinn, og þess vegna hefðum við neyðst til, að yfirgefa fallega húsið okkar og garðinn, þegar við vorum orðin fátæk. En þegar hann spurði, hvað faðir minn hefði heitið, skammaðist ég mín nærri því fyrir að vita það ekki"

Þú þarft ekki að skammast þín fyrir það, barnið mitt", sagði húsfrú Sterner, "það fylgir engin vanvirða faðerni þínu, og hve mikið, sem ég hefi liðið, og hve mikið, sem ég hefi verið bakfiðguð og rangt skoðuð, þá get ég þó horft framan í hvern, sem vera skal, án þess að blygðast, og sagt : Hann er sonur minn".

"En, mamma, var faðir minn þá svo fátækur, þegar hann dó, að hann ætti ekkert handa okkur að lifa af ?"

"Nei, faðir þinn var ríkur, mjög ríkur, einn hinna sterkríkustu manna. Þú getur því skilið orsökina til hræðslu minnar, þegar þú sagðir mér, að þú hefðir svarið hinum ríku órjúfandi hatri, — það var eins og sonurinn vildi hata minningu föður sins —"

Ný vegagerð.

Herra H. H. Cross, ritari hins amerikanska vegabótafélags, hefir ritað eftirfarandi grein:

Það var einn dag í febrúar, að járnbrautarlestin stöðvaðist við smástöð eina í útjaðri kornræktarhéraðsins í ríkinu Illinois. Á stöðinni var hótel vagninn, þakinn leir, en dreginn af 4 hestum. Einn ferðamaður sté út úr lestinni og fór upp í hótel vagninn leiruga. Hestunum var snúið við, og vagnhjólin plægðu nú leirinn á brautinni 12 þumlunga djúpt. Hestarnir áttu full-örðugt með, að þoka vagninum áfram, þó að hann væri sem næst mannlaus, og þeim miðaði mjög hægt áfram. Þetta var í héraði, sem oft er nefnt aldingarður heimsins, og þar sem land er svo dýrt, að leiga af því er frá 5 til 7 dollara fyrir hverja ekru á hverju ári, eða hálf uppskeran heimflutt til landeigandans. Bóndi einn í lestinni, sem horfði á þetta mælti: "Þetta er óttalegt, en það virðist ekki vera hægt að gera við því. Bændurnir eru allir að flytja sig inn í bæinn og leigja löndin sín. Sérðu þennan veg? Það er ríkisvegur. Hann liggur í norðvestur frá Campaign upp til Bloomington. Ég þekki 11 mílur af þeim vegi, og á því svæði er að eins einn bóndi, sem býr á eigin landi sínu, — allir hinir eru leiguliðar".

Ég spurði hann, hvernig á þessu stæði, og hann kvað það vera aðallega vegunum að kenna, og staðhæfði, að ef þarna í héraðinu væru eins góðir vegir eins og til væru í ýmsum öðrum héruðum, þá myndu bændurnir ekki hafa yfirgefið lönd sín, heldur setið kyrrir á þeim, og þegar þeir væru orðnir of gamlir til þess að geta unnið á þeim, þá gætu börnin tekið við löndum og búi, og alt haldið áfram eins og verið hefði. En í þess stað flyktist nú fólkið alt inn í borgina, þar sem einatt er hægt að fá eitthvað að gera, svo að þeir, sem vilja borga leiguna, fá löndin. Þetta er ekki eins og það ætti að vera, en við sjáum engin ráð til að kippa því í rétt horf.

Þetta tal bóndans slær beint á strenginn. Spurning sú, sem úr verður að leysa er: "Hvernig er hægt að koma þessu í rétt horf? Gallinn er, að vér höfum einatt að undanförnu beitt röngum aðferðum og útreikningi til þess að ráða gátuna. Vér höfum verið að reyna að finna ráð, sem eru óframkvæmanleg. Í síðastliðinn mannsaldur hefir verið varið að jafnaði 3 miliónum dollara á ári hverju til vegabóta, og á yfirstandandi tíma er 5 miliónum dollara varið á hverju ári í þessu augnamiði. En meira en hálfu af fé þessu hefir verið sóað í misbeitt erfiði.

Að vísu hefir ríkisvega umsjónarnefndin og verkfræðingur hennar starfað vel. En þessir herrar hafa verið háðir vegalöggjöf, sem er úrelt og algerlega óframkvæmanleg, og ekki í samræmi við tuttugustu aldar kröfur og þarfir. — Þess vegna er fyrsta nauðsynin sú, að endurskapa vegalöggjöfina, og sníða hana eftir nútíma þörfum og með tilliti til þess sem framtiðin krefst, og þeirrar þýðingar, sem góðir vegir hafa fyrir framtíð landsins og velsæld þjóðanna.

Það hefir frá fyrstu tíð verið ríkjandi skoðun í Illinois ríkinu, að akvegir út til sveita væru eiginlega bændavegir eingöngu, og að þess vegna væri það þeirra bein skylda, að bæta þá vegi og viðhalda þeim. Ef nokkur hefði dirfst að láta í ljósi, að sú skoðun væri varhugaverð, þá hefir svarið jafnan verið þetta: "Bændurnir brúka þessa vegi meira en nokkrir aðrir. Hvers vegna ættu þeir ekki að borga fyrir þá?" Með jafnmiklum rétti mætti segja, að af því lögfræðingarnir nota dómhúsin meira enn nokkrir aðrir menn þess vegna ættu þeir að byggja þau og viðhalda þeim á eigin kostnað.

Fyrir 15 árum gerði maður einn í New Jersey ríkinu uppgötvun, sem verðskuldar, að honum sé reistur minnisvarði. Og uppgötvun hans var sú, að vegir landsins séu þjóðeign, og hver borgari eigi hlutdeild í þeim, og þess vegna beri öllum að bera kostnaðinn við lagningu þeirra og viðhald. Af að byggja vegi með tilhjálp af ríkisfé. Sú stefna átti upptök sín í New Jersey og hefir síðan breiðst út frá einu ríki til annars, þar til nú, að 20 af ríkjunum eru farin að byggja sveitabrautir á þennan hátt, og í öllum tilfellum hefir það reynst vel. Stefnan er hvervetna vinsæl, og með henni fást vegirnir gerðir.

Þó það sé játað, að bændurnir þessari hugsun spratt sú stefna, noti landvegina meira enn nokkrir aðrir, þá verður jafnframt þess að gæta, að þeir nota þá í þarfir allra borgaranna. Fæðutegundir heimsins verða að flytjast eftir vegum þessum. Hagfræði nútíðarmenningar viðurkennir þá að vera hornstein allrar verzlunar og viðskifta. Ástand sveitaveganna hefir áhrif á markaðsverð landsafurðanna, og þannig hafa vegirnir áhrif á alla borgara landsins. Vörumagn það, sem flutt er í vögnum eftir sveitavegunum, jafngildir eða er meira enn það, sem flutt er með öllum járnbrautunum. Nálega alt, sem sent er með járnbrautum, er dregið að þeim í hestavögnum, og oft aftur frá þeim að loknum flutningum.

Charles Sumner sagði einhverju sinni, að tvö merkustu öflin í nútíðar siðmenning væru: Skólakennararnir og góðar akbrautir. Góðir vegir gera sveitalífið unaðsríkt. Þeir veita meiri ánægju og meiri hagnað, meiri þægindi og minna strit, meira félagslíf, betri skóla og fullkomnara borgaralegt líf, sem stöðvar straum unga fólks ins utan af landsbygðinni inn til bæja og borga. Góðir vegir þýða aukinn þjóðar-styrkleika. En fjölgun leiguliða er afleiðing af öllum vegum. Það hnekkir landbúnaðinum, og veikir alt starfslegt og félagslegt þjóðlíf.

Nefnd sú, sem nýlega var sett af forseta Bandaríkjanna til þess að komast eitir, hverjar væru helztu þarfir bændastéttarinnar, komst að því, að brýnasta þörfin væri bættir vegir. Það var alvarlegasta áhugamálið í öllum héruðum, sem nefndin ferðaðist um, og sem krefst bráðastrar úrlausnar.

Er það ekki einkennilegt, að hér í Ameríku, þar sem vér höfum þá framtakssömustu borgarastétt, og stétt, sem hefir meira inntektamagn enn hjá nokkurri annari þjóð í heimi, og með meira auðsafn í landi, en nokkur önnur þjóð hefir nokkurntíma haft í sögu mannkynsins, þar sem fólkið eyðir meiru fé til þæginda, skrauts og sælgætis, heldur enn nokkur önnur þjóð gerir eða getur gert, — að einmitt hér, í heimsins ágætasta sælustað, skuli vera verstu vegir, sem til eru í víðri veröld?

Því verður ekki neitað, að sem þjóð höfum vér tekið undir miklum framförum og fullkomnun í öllum mannlegum framkvæmdum, að undanskildum tveimur atriðum — þau eru: Rétt stjórn hinna hinna stærri borga, og úrlausn vegagerðar gátunnar.

Það er farið að rofa fyrir vegagerðar tímabilinu í Illinois ríkinu. Málið hefir fest rætur í hugum fólksins betur en nokkru sinni fyr. Ástæður fyrir því, að vegabótamálið hefir ekki fyr komist alvarlega á dagskrá, er ýmiskonar misskilningur og ihugunarskortur, er átt hefir sér stað, sérstaklega á kornræktarsvæðinu.

Einn misskilningurinn var sá, að ekki væri mögulegt, að gera harðar akbrautir ofan á hinn gljúpa moldarjarðveg, sem er í mið-Illinois ríkinu. Margir höfðu reynt að gera þetta og ekki tekist það, og menn skoðuðu það fulla sönnun þess, að það væri ómögulegt, og svo taldi fólkið bezt, að hugsa ekkert meira um það mál.

Sannreynd er fyrir því, að þannig löguð vegalagning er vel möguleg, svo að hver, sem nokkuð þekkir til vegagerðar getur hæglega lagt mölborinn eða McAdamveg hvar sem er í ríkinu. Ríkisnefndin hefir á sl. 2 árum lagt yfir 100 mílur af slíkum vegum viðsvegar um ríkið. Þeir eru fullgerðir og reynast ágætlega. Góðir vegir eru lagðir um alt Indiana ríki, sem þó hefir alt eins gljúpan jarðveg eins og Illinois.

Annar misskilningurinn var sá, að vegna þess, að möl var ekki fáanleg rétt við hendina með fram vegstæðunum, þá væri ógerningur að leggja slíka malarvegi í kornræktarhéruðunum. En það er hægt að flytja mölina frá Chicago, Joliet og öðrum stöðum, með tilfölulega litlum kostnaði. Kolahéruð ríkisins liggja aðallega í suðurhluta þess, og hundruð járnbrautarvagna koma þaðan norður til Chicago, en er rent tómum til baka að námunum. Hví skyldu þau ekki vera látin flytja möl í bakaleiðinni? Járnbrauta félögin fengjust til þess, að flytja mölina 100 til 200 mílur vegar fyrir lægra gjald, en bóndinn vildi taka fyrir að flytja það eina og hálfa mílu á hestavögnum. Það er þess vegna vel tiltækilegt, að gera malarvegi með því að flytja mölina frá áðurnefndum borgum. Það er ekkert ríki í Vestur-Bandaríkjunum, þar sem bændur mundu hafa eins mikinn hagnað af ríkisstyrk til vegagerða eins og í Illinois ríki, vegna þess hve mikið eignamagn er í löndum borga og auðfélaga þar. Allir bændur í Illinois borga minna en þriðjung af ríkistekjunum. En Chicago borg ein borgar 42 prósent af ríkistekjunum.

Þau einu andmæli, sem nokkurntíma hafa heyrst gegn vegabótum, eru kostnaðurinn við þær. Þegar mál það er skoðað með tilliti til Illinois, þá eru skattskyldar eignir þess ríkis metnar 1250 miliónir dollara, og virðing búlanda til skattgreiðslu, er þar frá 400 til 3000 dollars á hvern fjórðung sectionar. Meðalverðið er undir 2000 dollars. Ef vér nú gerum ráð fyrir því, að á næstu 10 árum verði 50 miliónum dollars varið til þess að gera vegabætur í ríkinu, og að ríkið borgaði helming þess fjár- en viðkomandi sveitir hinn helfinginn, þá mundu sveitaútsvörin aukast um 2 mills eða fimtung úr centi á hvern dollar. En það er sama sem $4 árlegur skattur á hvern fjórðung Sectionar, eða alls $40 á tíu árunum. Eftir því verði, sem nú er á mais-korni í þessum héruðum, þá mundi fangfylli af því sem næst nægja til þess að borga árlegan vegabótaskatt. Það má óhætt fullyrða, að enginn sá bóndi sé til í ríkinu, sem ekki mundi telja þeim peningum vel varið.

Nákvæmt yfirlit yfir kostnaðinn sýnir, að vel er mögulegt að leggja harða, mölborna vegi, hvar sem er í ríkinu fyrir fé, sem nemur 8—15 cents á hverja ekru lands eftir afstöðu þess og verðgildi. Í raun réttri ætti ríkisstjórnin að byggja þessar brautir. Hún þarf þeirra fyrir póstflutninga, og hún dregur út úr íbúum ríkjanna í tollum, sem svarar tíu dollars árlega á hvert mannsbarn. Af þeirri upphæð ganga $1.68 til eftirlauna, $1.45 til sjóhersins, yfir $1.00 fyrir landherinn, 11 cents til akuryrkjumálanna, og 45 cents til umbóta á Indíangarstöðum, til hafnbóta og til að bæta árfarvegi, en að eins eitt cent til landvegabóta, — eða þó heldur minna en eitt cent. Ef alríkisstjórnin vildi setja til síðu svo sem svarar 50c á hvern mann um 20 ára tíma, þá myndaðist sjóður, sem næmi meira en þúsund miliónum dollara. En lengd þeirra vega, sem notaðir eru til póstgangna er alls 950 þús. mílur, svo að alríkisstyrkur til vegabóta gæti orðið yfir þús. dollara á mílu. Gerum svo ráð fyrir, að ríkin og sveitirnar legðu líkt fé af mörkum, svo að $3000 tillag væri ætlað til hverrar mílu, þá mundi það fé verða nægilegt til að borga fyrir varanlegar og harðar stein akbrautir um öll Bandaríkin. Nú er víða svo ástatt, að $1000 mundi nægja til að byggja mílu af mölborinni braut, þó að á öðrum stöðum að sá tilkostnaður gæti orðið 4 til 5 og alt að 6 þús. dollars á mílunni. Þessi peningaútlát af hálfu alríkisins, ríkja og sveita, yrðu á engan hátt tilfinnanleg byrði, af því hagnaðurinn við vegabæturnar mundi spara íbúunum margfaldlega árlegu útgjöldin og allan tilkostnað við þær, að eins í vöruflutningum. Það hefir verið margsannað, að góðir vegir borgi árlega frá 20 til 25 prósent af þeirri upphæð, sem varið hefir verið til að gera þá, — með flutningskostnaðar sparnaði, þó að ekkert tillit sé tekið til annars hagnaðar, eða þeirrar ánægju, sem slíkir vegir veita íbúunum með auknu og bættu félagslífi. Bændurnir í Illinois ættu að gæta þess, að styrkveitingar úr ríkissjóði skylda þá engan veginn til að gera vegabætur. Upptökin verða jafnan að koma frá þeim sjálfum. Og engar vegabætur geta orðið í neinni sveit fyr en fólkið hefir samþykt þær með atkvæðum sínum.

Stefna ríkisins er þessi: Hvenær sem íbúar einnar sveitar eru við því búnir, að láta leggja einhvern veg, þá leggur ríkið til helfing þess fjár, sem þarf til vegarins, og tekur um leið að sér yfirumsjón á verkinu.

ATHS.—Grein þessi er lauslega þýdd og setningum slept úr í síðari hluta hennar, sem ekki virtust hafa neina verulega þýðingu fyrir málefnið, eða veita íslenzkum lesendum nokkrar verulegar upplýsingar í málinu. Hins vegar er greinin vekjandi og hvetjandi, með því að höfundurinn lýsir skoðun sinni á þörfinni á vegabótum og hlynnindum þeim, sem þær hafa í för með sér. Og hefir hann þó ekki tekið fram það atriðið, sem í sveitum í Vestur-Yanada mun talið mikilsvert, en það er verðaukning landanna í þeim sveitum, sem verja fé til vegabóta. Enginn dollar fer þar til ónýtis, heldur aukast löndin meira í verði en því nemur, sem brautirnar kosta, svo að vegabóta hagnaðurinn er þegar til lengdar lætur í raun réttri hreinn gróði, sem íbúarnir fá fyrir framtakssemi sína og mannrænu.

Greinin gefur og tilefni til þess, að minna lesendurna á, hve óviðjafnanlega miklu léttara það er, að mölbera vegi, þar sem mölin er handhæg, heldur enn þar, sem nauðsynlegt kann að vera, að flytja hana á járnbrautavögnum, eins og höf. talar um, frá 1—2 hundruð mílur vegar.

Fréttabréf.

SINCLAIR, MAN.
10. okt. 1909.

Þann 21. september andaðist hér á Sinclair 6 ára gömul stúlka, Guðrún að nafni, dóttir Ásgeirs Bjarnasonar. Hún fluttist hingað með föður sínum fyrir stuttu síðan. Hún var jarðsungin af enskum presti hér, Rev. Stephens, og borin af litlu leikbræðrunum sínum til hinnar dimmu grafar. Hún var búin að ávinna sér hér hylli allra með látum sínum og hlátrum, en kölluð svona fljótt. — Hr. Bjarnason var áður búinn að missa sveinbarn og einnig eiginkonu sína, og er hann því aleinn eftir af allri fjölskyldunni. Allir fylgjumst vér með í svona tilfellum, því allir skiljum vér tungumál sorgarinnar.

Dauðsföll hafa verið með langmesta móti hér meðal annara þjóða nú í haust.

Þresking er hér vel á veg komin og reynist öll uppskera mjög góð. Hins vegar gátu hinir uppihaldslausu hitar og þurkar orðið að stórtjóni, en hinn þungi jarðvegur hér sýndi útkomu á vorplægðri jörð yfirleitt í bezta lagi. Þá var og heyskapur hér með bezta og mesta móti.

Héðan gætu verið margar og miklar fréttir, en ég veit tæplega um hve mikið pláss ég má biðja í Heimskringlu minni, þar sem hún er orðin slík presta-stöð.

A. Johnson.

Ráðaþáttur.

FLÆR má hrekja á brott úr hýbýlum manna með því að dreifa sedrusviðar-olíu (Oil of Cedar) hér og hvar um gólfið og jafnvel veggina, ef úr tré eru. Hún fæst allstaðar á lyfjabúðum.

REYKINGARHÚS skulu þannig gerð, að reykurinn sé leiddur inn í húsið gegn um pípur, en eldurinn kyntur úti. Alt, sem reykt er, verður bragðbetra af köldum reyk en heitum.

AUÐÆfi er auðvelt að fela, ef maður vill, en fátæktin er ekki jafn-auðhulin. Það er hægt að fela 1000 dali, eða þó það væri 3000, þegar skuldheimtumaðurinn vill ná í þá. En hvernig á að hylja gat á treyjuerminni eða bótina á buxunum?

AUÐVELD MÆLING. Standir þú á árbakka, og viljir mæla, hve breið áin er, skaltu flytja hattinn niður, þar til barð hans nemur við bakkann hinumegin. Nú snýrð þú þér við án þess að hækka eða lækka höfuðið, og er vissast, að halda hendinni undir hökuna á meðan; að því búnu gáir þú að, hvar hattbarðið nemur nú við, og mækir svæðið frá þér að þeim bletti, — það er áarbreiddin svo nákvæmlega, að vart munar mörgum fetum. Mælingarsvæðið á landi þarf að vera slétt.

ILLGRESI skyldi ávalt slá ungt, og tvisvar, þrisvar á sumri, ef þarf, þá hverfur það alveg þriðja sumarið, að minsta kosti.

HEIMILISÁHÖLD, sem verða að vera úti jafnaðarlega ætti að mála með ljósleitum litum, — þá skemmist tréð seinna.

SÉU HÆNSNIN INNI, eða þegar þau eru inni, verður að gefa þeim nægilegt af kjötrusli frá eldhúsinu, smátt skorinn soðinn smára, eða annað gras smátt skorið, til að framleiða eggjahvítuna; maís, hveitikorn eða aðrar korntegundir til að framleiða eggjarauðuna; brend bein eða hrá bein mulin, gamalt kalk úr veggjum, smásteina og sand í skurminn. Nóg af hreinu vatni, mjólk og næga hreyfingu þarf og ef vel á að vera.

MOSKITÓUR hverfa, ef maður lætur tappalausa flösku með "Oil of Pennyroyal" standa í herberginu að nóttunni til.

HÁROLÍU eða Pomade ætti aldrei að brúka, það festir dust í hárinu. Hreint vatn er bezt að þvo höfuðið úr, og það gerir hárið slétt og gljáandi.

SVARTIR SOKKAR gefa engan lit frá sér, ef þeir eru soðnir nokkurar minútur í mjólk, áður en farið er að brúka þá.

EGGJAGEYMSLA er auðveldust í salti, en eggin verða að vera ný, mega ekki koma hvert við annað, né við ílátið, snúa mjóa endanum niður, og ílátið geymt í súglausum og rakalausum stað, helzt í kjallara.

JELLY COSMETIC fyrir hendurnar, er þannig tilbúið: 3 grains gum tragacauth bleytist 3 daga í 7 únzum Rose Water, síist svo í gegn um netludúk (Museline), svo sé bætt í smátt og smátt einni únzu Glycerine, einni únzu Alkohol, hálfri teskeið af steyttum Borax og 2 dropum af Rose Oil.

BAÐSVAMP, góðan og ódýran má fá með því, að taka ódýra svampa og tæta þá niður í smáparta, sauma svo utan um tætlurnar Cheesecloth. Þannig lagaður svampur er ódýr og auðvelt að halda honum hreinum.

MJÓLK úr 6 ára gömlum kúm og eldri, er betri en úr kvígum.

ÁFIR eru góðar fyrir hænuunga.

STERKT ÁLÚNSVATN hrekur burtu lýs, flær, maura og önnur smákvikindi.

VID FLÖS Í HÁRINU er gott: 48 grain Resorcin, ¼ únzu Glycerine og nóg af þyntu Alcohol. Borið í hárið á hverju kvöldi. Hálfsmánaðarlega skal smyrja hárið duglega með 6—8 slegnum eggjum.

LEIÐBEININGAR--SKRA
YFIR ÁREIÐANLEGA VERZLUNARMENN Í WINNIPEG

MUSIC OG HLJÓÐFÆRI

CROSS, GOULDING & SKINNER, LTD.
323 Portage Ave. Talsími 4413

MASON & RISCH PIANO CO., LTD.
356 Main Street Talsími 480
W. Alfred Albert, Íslenzkur umboðsmaður

WHALEY ROYCE & CO.
356 Main St. Phone 263
W. Alfred Albert, bókarhjálm.

BYGGINGA og ELDIVIÐUR.

J. D. McARTHUR CO., LTD.
Byggings- og Eldiviður í heildsölu og smásölu.
Sölust: Princess og Higgins Tals. 5060, 5061, 5062

MYNDASMIÐIR.

G. H. LLEWELLIN.
"Medallions" og Myndarammar
Starfstofa Horni Park St. og Lorsan Avenue

SKÓTAU Í HEILDSÖLU.

AMES HOLDEN, LIMITED.
Princess & McDermott. Winnipeg.

THOS. RYAN & CO.
Allskonar Skótau. 44 Princess St.

THE Wm. A. MARSH CO. WESTERN LTD.
Framleiðendur af Þínu Skótaui. Talsími: 3710
88 Princess St. "Black Merit" Marsh Skór

RAFMAGNSVÉLAR OG ÁHÖLD

JAMES STUART ELECTRIC CO.
324 Smith St. Talsímar: 3447 og 7802
Fullar byrgðir af alskonar vélum.

GOODYEAR ELECTRIC CO.
Kellogg's Talsímar og öll þarðsíút. áhöld
Talsími 3023. 356 Albert St.

RAFMAGNS AKKOKÐSMENN

MODERN ELECTRIC CO
412 Portage Ave Talsími: 3658
Viðgjörð og Vír-lagning — allskonar.

BYGGINGA - EFNI.

JOHN GUNN & SONS
Talsími 1277 266 Jarvis Ave.
Hófum bezta Steín, Kalk, Cement, Sand o. fl.

THOMAS BLACK
Selur Járnvöru og Bygginga-efni allskonar
76—82 Lombard St. Talsími 600

THE WINNIPEG SUPPLY CO., LTD.
298 Rietta St. Talsímar: 1988 & 2187
Kalk, Steinn, Cement, Sand og Mól

BYGGINGAMEISTARAR.

J. H. G. RUSSELL
Byggingameistari.
Í Silvester-Wilson byggingunni. Tals: 1068

PAUL M. CLEMENS
Bygginga-Meistari. 443 Maryland St.
Skrifst.: Argyle Bldg., Garry st. Talsími 5997

BRAS- og RUBBER STIMPLAR

MANITOBA STENCIL & STAMP WORKS
421 Main St. Talsími 1880 P. O. Box 244.
Búum til allskonar Stimpla úr málmi og togleðri

CLYDEBANK SAUMAVÉLA AÐGERÐARMAÐUR. Brúkaðar vélar seldar frá $5.00 og yfir
564 Notre Dame Phone, Main 8624

VÍNSÖLUMENN

GEO. VELIE,
Hef ódýru Vínsalt. 185, 187 Portage Ave. E.
Smá-sölu talsími 352. Stór-sölu talsími 461.

STOCKS & BONDS

W. SANFORD EVANS CO.
326 Nýja Grain Exchange Talsími 369

ACCOUNTANTS & AUDITORS.

A. A. JACKSON,
Accountant and Auditor
Skrifst.—28 Merchants Bank. Tals.: 3702

OLÍA, HJÓLÁS FEITI OG FL.

WINNIPEG OIL COMPANY, LTD.
Búa til Stein Olíu, Gasoline og hjólás-áburð
Talsími 1590 611 Ashdown Block

TIMBUR og BÚLÖND

THOS. GYSTAD, 208 Kennedy Bldg.
Viður í vagnhlössum til notenda, búlönd til sölu

PIPE & BOILER COVERING

GREAT WEST PIPE COVERING CO.
132 Lombard Street.

VÍRGIRÐINGAR.

THE GREAT WEST WIRE FENCE CO., LTD.
Alskonar virgirðingar fyrir bændur og borgara.
76 Lombard St. Winnipeg.

ELDAVÉLAR O. FL.

McCLARY'S, Winnipeg.
Stærstu framleiðendur í Canada af Stóm, Steinvöru [Graniteware] og fl.

ALNAVARA Í HEILDSÖLU

R. J. WHITLA & CO., LIMITED
264 McDermott Ave Winnipeg
"King of the Road" OVERALLS.

BILLIARD & POOL TABLES.

W. A. CARSON
P. O. Box 225 Room 4 1 Molson Banka.
Öll nauðsynleg áhöld. Ég sjóri við Pool-borð

NALAR.

JOHN RANTON
203 Hammond Block Talsími 4670
Sendið strax eftir Verðlista og Sýnishornum.

GASOLINE Vélar og Brunnborar

ONTARIO WIND ENGINE and PUMP CO. LTD
301 Chamber St. Sími: 2988
Vindmillur — Pumpur — Agætar Vélar.

BLÓM OG SÖNGFUGLAR

JAMES BIRCH
442 Notre Dame Ave. Talsími 2639
BLÓM - allskonar. Söng fuglar o. fl.

BANKARAR.GUFUSKIPA AGENTR

ALLOWAY & CHAMPION
North End Branch: 667 Main street
Vér seljum Ávisanir borganlegar á Íslandi

LÆKNA OG SPITALAÁHÖLD

CHANDLER & FISHER, LIMITED
Lækna og Dýralækna áhöld, og hospitala áhöld
185 Lombard St., Winnipeg, Man.

ROBLIN HOTEL
115 Adelaide St. Winnipeg
Bezta $1.50 á dag hús í Vestur-Canada. Keyrsla ókeypis milli vagnstöðva og hússins á nóttu og degi. Aðhlynning hins bezta. Viðskifti Íslendinga óskast. William Ave strætiskarið fer hjá húsinum
O. ROY, eigandi.

Gimli Hótel
G. E. SÓLMUNDSSON
eigandi
Óskar viðskifta Íslendinga sem heimsækja Gimli bæ. — Þar er beini beztur í mat og drykkjarföngum, og aðbúð gesta svo góð sem frekast er hægt að gera hana. Hótelið er við vagnstöðina.
Gistið að Gimli-Hótel.

JIMMY'S HOTEL
BEZTU VÍN OG VINDLAR.
VÍNVEITARI T. HEYRASEK,
ÍSLENDINGUR.
James Thorpe, Eigandi

A. S. TORBERT'S
RAKARASTOFA
Er í Jimmy's Hótel. Besta verk, ágæt verkfæri; Rakstur 15c en Hárskurður 25c. — Óskar viðskifta Íslendinga. —

MARKET HOTEL
146 PRINCESS ST. á móti markaðnum
P. O'CONNELL, eigandi, WINNIPEG
Beztu tegundir af vínföngum og vindlum, aðhlynning góð húsið endurbætt

Giftingaleyfisbréf
selur: Kr. Ásg. Benediktsson
540 Simcoe st. Winnipeg.

Arena Rink
Undir nýrri stjórn
Opinn fyrir Hjólskauta skemtun
Hornaflokkur á kveldin.

Woodbine Hotel
Stærsta Billiard Hall í Norðvesturlandinu
Tíu Pool-borð.—Alskonar vín og vindlar
Lennon & Hebb
Eigendur

The Dominion Bank
NOTRE DAME Ave. BRANCH Cor. Nena St.
VÉR GEFUM SÉRSTAK AN GAUM AÐ SPARI SJÓDS-DEILDINNI. —
VEXTIR BORGAÐIR AF INNLÖGUM.
HÖFUÐSTOLL - - - $3,983,392.38
SPARISJÓÐUR - - $5,300,000.00
H. A. BRIGHT, MANAGER.

HÚSIÐ

Þér getið algerlega reitt yður á hvert hljóðfæri, sem þetta félag verzlar með. Íbúar Vesturlandsins bera fulla tiltrú til vor, og þeir, sem hafa skilt við oss, bera oss vel söguna fyrir hrein viðskifti. Vér verzlum eingöngu með ágætustu Pianotegundir. Bezt þeirra allra er

'Ye Olde Firm'

HEINTZMAN & CO. PÍANÓ

það er kjörval allra mestu tónfræðinga, svo sem Calve, Albani, Burmeister, De Pachmann, og margra annara, sem gefið hafa því bezta vitnisburð. Komið og skoðið þetta ágæta Piano og önnur hljóðfæri í búð vorri að 528 Main St.

Fréttir úr bænum.

Kveldskólar fyrir útlendinga byrjuðu starf sitt hér í borg í vikunni sem leið. Kenslan fer fram á sjö skólum, víðsvegar í borginni. Um 500 nemendur gáfu sig fram, þegar strax í byrjun, og sjálfsagt bætast margir við enn þá. Jafnvel giftar konur hafa gefið sig fram til náms á kveldskólunum. — Þeir Íslendingar, sem vildu njóta tilsagnar á þessum skólum, ættu að geta sig fram við skólastjórnina. Þeir geta ekki varið kveldstundum sínum betur á annan hátt en þann, að auka þekkingu sína á þarflegum fræðum.

Herra Þorsteinn Jónsson, bóndi að Brú P.O., Man., kom til bæjarins ásamt dóttur sinni Ástfríði um síðustu helgi. Þau feðgin höfðu farið norður að Big Point við Manitobavatn, þar sem látist hafði Jónas bóndi Jónsson, systursonur Þorsteins, og fóru þau feðgin til að verða viðstödd jarðarförina.

Dauðsfall þetta atvikaðist þannig, að sá látni var að keyra þungt borðviðarræki frá Westbourne norður í bygðina í svarta náttmyrkri. Á leiðinni hafði hestaparið gengið of nálægt djúpum vatnsleiðsluskurði, sem er á leiðinni, svo að vagninn snaraðist um og mun maðurinn hafa orðið undir ækinu er það fór á kol og dáið samstundis. Maður þessi var fátækur fjölskyldumaður, sem lætur eftir sig ekkju og 6 ung börn. Þorsteinn tók því að sér að ráðstafa ekkjunni og börnum hennar, svo að þeim yrði borgið yfir komandi vetur fyrst um sinn.

Þorsteinn lætur sérlega vel af velvild þeirri og alúð, sem nábúar hins látna sýndu fjölskyldu hans við þetta tækifæri, og telur þar fremsta þá Ingimund Ólafsson, Björn Halldórsson og Gísla Jónsson. Fyrir framkvæmd þessara manna voru samskot gjörð til þess að kaupa líkkistuna og standast annan kostnað ekkjunni til styrktar, og munu þau hafa numið $50.00. Auk þess sýndu bygðarbúar ekkjunni ýmsan annan góðvilja, er greiddi braut hennar, og tóku þess utan að sér að annast um búpening hins látna yfir komandi vetur.

Þorsteinn lætur mikið yfir því, hve bygðarmenn almennt hafi tekið honum og dóttur hans alúðlega og farið vel með þau, og biður hann blað vort að bera þeim alúðarþökk sína og dóttur sinnar fyrir gestrisnina. Sömuleiðis mintist hann þeirra hjóna séra Bjarna Þórarinssonar og konu hans, sem lögðu sig öll fram til þess að sýna ekkjunni þann styrk, er þau máttu, og um líkræðu þá, sem séra Bjarni flutti við jarðarför þess látna, fórust Þorsteini svo orð, að það hafi verið sú bezta líkræða, sem hann hafi heyrt flutta vestan hafs. Um bygðina sagði hann, að sér hefði litist svo á, sem þar mundi á þörtum vera góður jarðvegur til akuryrkju, og allur menningarbragur íbúanna virtist honum óaðfinnanlega góður og langt umfram það, sem hann hafði gert sér hugmynd um. Hann kvað áreiðanlegt, að bygð sú ætti góða framtíð, því margir væru þegar farnir að leggja allmikla stund á kornrækt.

Winnipeg Free Press flytur þá frögn á tveimur stöðum í föstudagsútgáfunni síðustu, að Sir Wilfrid Laurier muni verða að segja af sér stjórnarformenskunni bráðlega, og að Hon. W. S. Fielding, fjármálastjóri, eigi að verða eftirmaður hans.

Norður Dakota búar ættu að lesa auglýsingu Elisar Thorwaldsonar, að Mountain, í þessu og næsta blaði. Hveitiverðið hjá honum, miðað við Manitoba-prisa, er svo lágt, að bændur græða á að kaupa það nú. Það er líklegt að hækka í verði seinna. Fatnaðarverðið virðist og til þess sniðið, að auglýsa búðina frekar en að græða á sölu fatnaðarins. Bændur ættu að athuga þessa auglýsingu. Það getur verið þeim svo mikill hagur, að það meira enn borgi fyrir heilan Heimskringlu árgang.

Nýlega hefir herra G. P. Thordarson bakari flutt í hið nýja íbúðarhús sitt, sem hann hefir byggja látið á Victor stræti gagnvart skemtigarðinum. Hús þetta er afarstórt og svo vandað, að óhætt mun að fullyrða, að það jafnist við beztu hús, sem landar hafa gera látið hér vestra. Auðsjáanlega hefir ekkert verið til þess sparað, hvorki í byggingu hússins né við val innanhússmunanna, að gera heimili þetta svo unaðsríkt, sem hugvit smiðsins og efni eigandans hafa getað gert það. Hr. Thordarson bjó áður að 639 Furby St., en býr nú að 766 Victor. — Þetta eru þeir beðnir að muna, sem vildu eiga bréfaskifti við hann.

Ný bók á markaðinn.

Jón Austfirðingur

OG NOKKUR SMÁKVÆÐI

eftir

Guttorm J. Guttormsson

Stærð 5 arkir. Verð 50c í kápu. — Aðalútsala í bókaverzlun

Ólafs S. Thorgeirssonar,

678 Sherbrooke St., Winnipeg.

Mælt er að Dr. Good hafi selt 88 feta lóð á Portage Ave., milli Kennedy og Vaughan St., fyrir $1000 fetið. Ontario maður keypti.

Til leigu

5 herbergja íbúðarhús á bezta stað á Ellice Ave, með vatns- og ræsa-leiðslu. Kjallari undir öllu aðalhúsinu. $13.00 um mánuðinn.

Finnið S. VILHJÁLMSSON, 711 Ellice Ave., horni Toronto St.

Til sölu

tíu herbergja hús í miðborginni, vel vandað og með öllum nýtízku þægindum, — með sérlega lágu verði. Hkr. vísar á.

MALTÆKI

Enginn kaupmaður getur lækkað vöru og vinnukostnað án þess að búð hans tapi í áliti.

Vér höldum orðstír vorum í hæsta veldi með því að selja að [illegible] bezta Skótegundir.

Öllum, bæði körlum og konum, geðjast að þeim fyrir sakir gæða þeirra og fegurðar.

Skiftavinir geta ætíð reitt sig á, að fá hér mátulega skó, sem fara eins vel á fæti og unt er.

Karlmannaskór $3.00 til $8.00.
Kvenskór $2.00 til 6.00.

Ryan-Devlin Shoe Co

404 MAIN ST PHONE 770

Tombóla

Næsta mánudag er sú mikla TOMBOLA, sem stúkan HEKLA ætlar að hafa. Nefndin, sem sér um Tombóluna, vinnur bæði dag og nótt til þess að gjöra alt sem fullkomnast. Þar verða allra handa hófs og munaðarvörur á boðstólum.

Þér öldungar Winnipeg Íslendinga, komið með börnin ykkar, barna börnin og barna barna börnin. Þar verður skemtun fyrir alla. Þeir, sem vilja spila á spil, geta fengið bæði plássið og spilin.

Leggið því alvöruna á hilluna og komið allir.

Aðgangur með einum drætti 25c.

Nefndin.

Jón Eggertsson er fluttur frá 724 Victor St. til 555 Victor St. Talsími: 957.

Til stúlkna.

Herra William Mapes í Winnipegosis, Man., vantar vinnukonu fyrir þennan komandi vetur. Hann býður $15.00 mánaðarkaup og að borga fragjaldið aðra leiðina. — Heimilið er gott. Nokkrir alúðlegir Íslendingar eru í bænum. Stúlkan á að vera íslenzk, og óskast sem fyrst.

Þarft þú ekki að fá þér ný föt?

EF ÞAU KOMA FRÁ CLEMENT'S, — ÞÁ VERÐA ÞAU RÉTT.

Réttur að efni, réttur í sniði réttur í áferð og réttur í verði.

Vér höfum miklar byrgðir af fegurstu og beztu fataefnum. —

Geo. Clements & Son

Stofnað árið 1874

264 Portage Ave. Rétt hjá Free Press

Th. JOHNSON

JEWELER

286 Main St. Talsími: 6606

JOHN ERZINGER

TÓBAKS-KAUPMAÐUR.

Erzinger's skorið reyktóbak $1.00 pundið Hér fást allar ueftóbaks-tegundir. Óska eftir bréflegum pöntunum.

McINTYRE BLK., Main St., Winnipeg

Heildsala og smá-sala.

G. NARDONE

Verzlar með matvöru, aldini, smá-kökur, allskonar sætindi, mjólk og rjóma, sönnul. tóbak og vindla. Óskar viðskifta Íslend. Heitt kaffi eða te á öllum tímum. Fón 7756

714 MARYLAND ST.

QUILL PLAINS HVEITI LÖND

25,000 EKRUR. Algerlegr FYRSTI ÚRVALSHLUTI miklu C.N.R landvinningum [illegible] hrein slétt

ÞESSA ÁRS UPPSKERA sannaði gæði jarðvegsins — Engin steinn eða hrís.—Gott vatn.—Nægt timbur á skólum og kirkjum.—Vér höfum umráðarétt yfir Jansen og Claassen Bindunum, og bjóðum þau til kaups með sanngjörnu verði og auðveldum borgunarskilmálum.—Kaupendur geta borgað af hvegs árs uppskeru; 6% vextir.— Sölubréfin gefin út beint frá eigendum til kaupendanna.—Eastern Townships Bank í Winnipeg og hver banki og "business"-maður í Marshall, Minn., gefur upplýsingar um oss. — Póstspjald færir yður ókeypis uppdrætti og allar upplýsingar.—

John L. Watson Land Co.

316 Union Bank Bldg. - - Winnipeg Man

Í KVELD

(miðvikudag 27. þ.m.) flytur séra Guðmundur Árnason fyrirlestur um "Kant og siðfræðiskenningar hans" á Menningarfélagsfundi í Únitarakirkjunni. Frjálsar umræður á eftir. Allir velkomnir.

Nokkrir íslenzkir Íslendingar í Winnipeg hafa tekið sig saman um að hafa rimnakveðskaps samkomu innan skams tíma til styrktar veikum landa vorum, sem búinn er að liggja rúmfastur um tveggja ára tíma. Undirbúningur hefir verið mikill undir þessa samkomu, og rímurnar og kvæðamenn svo vel valdir, sem frekast eru föng til, og mun þetta verða þjóðleg og vinsæl skemtun. Nánar auglýst í næsta blaði.

Fyrirlestur

UM LJÓÐMÆLI STEPHANS G. STEPHANSSONAR.

Séra Fr. J. Bergmann flutti fyrirlestur í Tjaldbúðarkirkju á fimtudagskveldið var, um ljóðmæli þau eftir skáldið Stephan G. Stephansson, sem nýlega eru útkomin í 3 stórum bindum (3. bindið er enn ekki komið hingað vestur).

Líklega hefir það verið af vangá, að auglýsa ekki efni fyrirlestursins í blöðunum, því að væntanlega hefðu orðið talsvert fleiri tilheyrendur, ef það hefði verið gert, svo sem til dæmis þeir, sem kostað hafa útgáfu þessara ljóða og búsettir eru hér í borg, og vinir þeirra, og aðrir hinir fjölmörgu vinir skáldsins og meðhaldsmenn, — allir þessir hefðu að líkindum sótt þennan fyrirlestur, ef efni hans hefði verið fyrirfram auglýst, og þá hefði kirkjan orðið troðfull. En fólk hefir minni áhuga á, að sækja fyrirlestra, sem þeir ekki vita um hvað eiga að hljóða. Fólki finst það vera að kaupa "kött í sekk", þegar umræðuefnið er ekki fyrirfram tilgreint.

Annars var fyrirlestur þessi allítarlegt yfirlit yfir efni ljóðanna og lífsskoðanir skáldsins, og vel var hann fluttur og skörulega, svo að áheyrendur veittu honum nána athygli frá byrjun til enda og luku lofsorði á hann.

Ræðumaður tók það fram í upphafi, að nýjasti viðburðurinn í vestur-íslenzkum bókmentum væri útkoma þessara ljóða. Enda væru þau það mesta ljóðasafn, sem út hefði komið á síðari árum. Og með því, að margir tækju ljóð þessa höfundar fram yfir ljóð annara skálda, þá vildi hann gera tilraun til, að gera efni þeirra ljóst áhevrendum sínum. En til þess yrði hann fyrst að draga mynd af sálarlífi skáldsins, því að ljóðin væru skuggsjá þess lífs. Þetta sýndi hann með dæmum úr sjálfum ljóðunum. Aðaleinkenni skáldsins taldi hann vera þjóðrækni eða velvild og ræktarsemi til Íslands, sannleiksást og hreinskilni, — það, að afla sér sannfæringar og standa við hana, — að hann ynni framsókn, að hann væri vitsmunaskáld, og svo afkastamikill, að fyrirlesarinn vissi ekki af neinu alþýðu eða sjálfmentuðu skáldi með öðrum þjóðum, sem væri kleyft að yrkja þrjú jafnstór bindi, jafn heilbrigð að hugsun, jafn viðtæk að þekkingu og öllum frágangi jafn snildarlegum, — að skáldið væri tilfinningaskáld, — að hann áliti kirkjuna góða stofnun, þegar hún gegnir skyldu sinni vel, en væri jafnframt meinilla við allan trúarofsa, — og við auðvald. Að sterkasta einkenni hans væri sjálfstæðisþrá-in, jafnt í andlegum sem veraldlegum efnum.

Fyrirlesarinn áleit, að ljóðasafn þetta ætti það erindi til íslenzku þjóðarinnar, að vekja hana til umhugsunar um ýms atriði, sem fólki er ekki gjarnt að koma auga á. Að lestur ljóðanna vekti og hvetti hugsunina, stækkaði sjóndeildarhringinn andlega og miðaði til þess að auka þekkingu á skáldinu og þeim efnum, sem ljóð hans hefðu til meðferðar.

Hér með bið ég yður herra ritstjóri, að láta yðar heiðraða blað Heimskringlu færa hinum veglynda ágætismanni herra Skapta B. Brynjólfssyni mitt bezta þakklæti fyrir velvild hans við mig að koma með drenginn minn frá Íslandi. Ennfremur fyrir alla góðvild þeirra hjóna við piltinn á leiðinni vestur, sem hann verður lengi minnugur. Og að síðustu alúðar þakkir til þeirra góðkunnu heiðurshjóna tengdaforeldra herra Skapta fyrir tíma þann, er hann dvaldi í húsi þeirra.

pt. Winnipeg, 27. okt. 1909.

S. Jónsson.

Húsfrú Kristín Lilja Gunnarsdóttir, að Birkivöllum í Árnesbygð í Nýja Íslandi, hefir kvartað undan því við Heimskringlu, að ýmsir sveitungar sínir beri út um bygðina þær aðdróttanir að sér, að það hafi verið í hennar húsi, sem Jón sál. Rockman hafi orðið fyrir áfalli því, sem orsakaði veikindi þau, er leiddu hann til bana. Konan viðurkennir, að hann hafi lagst veikur í sínu húsi innan hálfrar kl.stundar eftir að hann kom þangað, og segist hún hafa stundað hann af ýtrustu kröftum í banalegu hans, sem varði vikutíma, þar til hann andaðist, og þar til hún sjálf var orðin svo veikluð, að hún varð að fara hingað til borgarinnar til lækninga.

Konan kveðst aldrei hafa búist við neinum launum fyrir þetta hjúkrunarstarf sitt, en hins vegar finst henni, að hún hefði átt að geta komist hjá brigslyrðum og glæpsamlegum aðdróttunum í sambandi við dauðsfall þessa manns. Mrs. Kristín segir, eins og rétt er, að ef þeir, sem fundið hafa hvöt hjá sér til að bera óhróðurssögur um hana og hús hennar út um bygðina, — hafi einhverja kæru á hendur henni, þá ættu þeir hinir sömu að gera umkvartanir sínar á grundvelli röksemda og sannana, eða að öðrum kosti sjá sóma sinn í því, að láta rógburðinn niður falla.

The Abernethy Tea Rooms

Eru nú undir nýrri ráðsmensku. Vér getum selt fólki góðar máltíðir og hressingar eftir þann 9. þ. m. —

21 mál íðarsedlar $3.50

472 PORTAGE AVE.

Ómeinguð Hörlérept

beint frá verksmiðjunni á Írlandi. Af því vér kaupum beint þaðan, getum vér selt írsk hörlérept ódýrar en aðrir í borginni. 15 prósent afsláttur næstu 2 vikur.

C. S. S. Malone

552 PORTAGE AVE. Phone Main 1478

16-12-9

MARTYN F. SMITH,

TANNLÆKNIR.

Fairbairn Blk. Cor Main & Selkirk

Sérfræðingur í Gullfyllingu og öllum aðgerðum og tilbúin aði Tanna. Tennur dregnar án sársauka. Engin veiki á eftir eða gómbólga. —

Stofan opin kl. 7 til 9 á kveldin

Office Phone 6944. Heimilis Phone 6462.

Gólfteppa Hreinsun

Vér stoppum og þekjum gamla stóla, legubekki og fleira. — Flyt húsgögn og geymi þau yfir lengri eða styttri tíma. —

W. G. Furnival

312 Colony St. Phone 2041.

Húðir og ógörfuð Loðskinn

Verzlun vor er vor bezta auglýsing. Sendið oss húðir yðar og loðskinn og gerist stöðugir viðskiftamenn.

Skrifið eftir verðlista.

The Lightcap Hide & Fur Co., Limited

P.O. Box 1092 172-176 King St Winnipeg

16-9-10

Ný Kjötverzlun

Allar vörur af beztu tegund.

H. SIMONITE, eigandi

Talsími: 947 110 Isabel St.

16-9-10

Drs. Ekern & Marsden,

Sérfræðislæknar í Efturfylgjandi greinum: — Augnasjúkdómum, Eyrnasjúkdómum, Nasasjúkdóm um og Kverkasjúkdómum. : : :

Í Platky Byggingunni í Bænum

Grand Forks, :: N. Dak.

Boyd's Brauð

Það borgar sig fyrir yður, að kaupa bezta brauð. Góð brauð viðhalda heilsunni og spara lækniskostnað. Brauð vor eru létt í sér, ljúffeng og auðmelt, þau eru úr bezta mjöli og hvert brauð velvegið. Reynið það. Vagnar vorir fara daglega um allan bæinn.

Boyd's

Bakery Cor Spence & Portage Ave

Phone 1080.

Winnipeg Wardrobe Co.

Kaupa brúkaðan Karla og Kvenna fatnað,—og borga vel fyrir hann.

Phone, Main 6539 597 Notre Dame Ave.

BILDFELL & PAULSON

Union Bank 5th Floor, No. 520

selja hús og lóðir og annast þar að lútandi störf; útvegar peningalán o. fl.

Tel.: 2685

J. L. M. THOMSON, M.A., L.L.B.

LÖGFRÆÐINGUR. 255½ Portage Ave.

Hubbard, Hannesson and Ross

LÖGFRÆÐINGAR

10 Bank of Hamilton Chambers

Tel. 378 Winnipeg

ANDERSON & GARLAND

LÖGFRÆÐINGAR

35 Merchants Bank Bldg. Phone: 1561

BONNAR, HARTLEY & MANAHAN

Lögfræðingar og Landskjala Semjarar

Suite 7, Nanton Block, Winnipeg

W. R. FOWLER A. PIERCY.

Royal Optical Co.

327 Portage Ave. Talsími 7286.

Allar nútíðar aðferðir eru notaðar við augn-skoðun hjá þeim, þar með hin nýja aðferð, Skugga-skoðun, sem gjörð er öllum ágiskunum. —

It's going UP.

Þú getur ekki búist við

að það geri annað en eyðast í reyk. Því ekki að fá nokkur tons. af okkar ágætu kolum, og hafa ánægjuna af, að njóta hitans af þeim, þegar vetrarkuldarnir koma. Komið til vor og neinið þetta bl.

D. E. ADAMS COAL CO.

YARDS Í NORÐUR, SUÐUR, AUSTUR OG VESTURBÆNUM

Aðal Skrifst.: 224 BANNATYNE AVE.

Dr. G. J. Gislason,

Physician and Surgeon

Wettington Blk. - Grand Forks, N.Dak

Sjerstakt athygli veitt AUGNA, EYRNA, KVERKA og NEF SJÚKDÓMUM.

EKRU-LÓÐIR

2, til 8 ekru spildur við rafmagns brautina, 5 mílur frá borginni, — aðeins 10 mínútna ferð á sporvagninum, og málborin keyrsluvegur alla leið. Verð $200 ekran og þar yfir. Aðeins einn-fimtipartur borgist strax, hitt á fjórum árlegum afborgunum.—

Skuli Hansson & Co.
Skrifst. Talsíma 6476. Heimilis Talsíma 2274

Heimskringla.

Vér höfum næga skildinga

til að lána yður mót tryggingu í hálóðum og bújar-fasteignum. Seljum lífsábyrgðir og eldsábyrgðir. Kaupum sölusamninga og víxlskuldabréf.

Frekari upplýsingar veita
Skuli Hansson & Co.
56 Tribune Building. Winnipeg.

XXIV. ÁR WINNIPEG, MANITOBA, FIMTUDAGINN 4. NOVEMBER 1909. NR. 5

Vér þurfum ekki að breyta lögun á "MAGNET" á hverju ári



vegna þess, að frá byrjun hefir engin veruleg breyting orðið á innréttingu MAGNET. Af því að uppfinnandinn hafði kynst annara misstíðum á undanfarandi 20 árum. Þá gerði hann MAGNET fullkomna í upphafi, svo að engra breytinga hefir þurft.

Þær viðbætur, sem gerðar hafa verið á MAGNET, svo sem Brake, og sem nú er sett á hverja MAGNET, sem nú er í brúki.

Sú reynsla, sem gefist hefir við notkun vélarinnar, sýnir, að hún er rétt smíðuð, og þarf engra breytinga til að halda MAGNET í fremstu röð fyrir fullkominn aðskilnað og endingu. Gengur ekkert úr sér á 10 árum. Hættulaus, léttsnúið, auðveld að hreinsa. Henni fylgir sparnaður og vinsældir.

Skrifið eftir ókeypis reynslu heima hjá yður og sannfærist.

The PETRIE MANUFACTURING CO., LTD.
WINNIPEG
HAMILTON. ST. JOHN, N.B., REGINA, CALGARY, VANCOUVER.

Fregnsafn.

Markverðustu viðburðir hvaðanæfa.

Gen. Booth, foringi og stofnandi Frelsishersins, hefir tapað algerlega sjónninni á öðru auganu, og sjónin á hinu er svo veikluð að læknar segja, að hann tapi henni innan 5 ára. Að öðru leyti er Gen. Booth hress og vongláður. Hann hélt langa ræðu á samkomu hersins í London í vikunni sem leið.

— Uppdráttunum af öflugasta og nýjasta herskipi Breta hefir verið stolið úr skrifstofum flotadeildarinnar. Þetta varð flotamálaráðgjafinn að játa í þinginu þann 28. okt. sl. Þjóðverjar eru almennt grunaðir um stuld þennan. En þó veit enginn með vissu, hver valdur sé að glæp þessum.

— Nýjasta herskipi Breta var fleytt á fimtudaginn var. Það er beitiskip 570 feta langt, 80 feta breitt, og með öflugustu fallbyssum. Enginn reykháfur er á skipi þessu, og er það hið fyrsta sinnar tegundar í flota Breta.

— James A. Patton, hveitikonungurinn mikli í Bandaríkjunum, græddi á einum degi í sl. viku 4 miliónir dollara á baðmullarsölu. Hann hafði fyrir nokkrum tíma keypt ullina fyrir 9c pundið, en en seldi hana nú fyrir meira en 14½c pundið.

— Sex kassar af epplum, sem spruttu í Manitoba í sumar, voru um síðustu helgi sendir til Englands til sýnis þar.

— Inchant Anteau, fyrverandi blaðstjóri í Seoul borg í Kóreu, hefir játað sig sekan um, að hafa ráðið Ito greifa af dögum. Hann segir, að 19 aðrir menn hafi bundist félagsskap að drepa greifann.

— Lögreglan í Seattle hefir handsamað og varpað í fangelsi þar Chas. D. Howell, fyrrum póstmeistara í Havre, Montana, og síðar lögregluspæjara fyrir Chicago, Milwaukee & St. Paul járnbrautarfélagið. Hann er kærður um, að hafa rænt 12 þús. dollurum frá Great Northern Express félaginu.

— Kosning fór fram í Bermondsey kjördæminu á Englandi á fimtudaginn var. Alt England leit svo á, sem sú kosning ætti að sýna, hvernig þjóðin liti á fjármálastefnu Asquith stjórnarinnar. Stjórnin tapaði kosningunni með nær þúsund atkvæða mun, og virðist mörgum það benda á fall hennar við næstu kosningar. — Það, sem sérstaklega gerðist sögulegt við þessa kosningu, var það, að kvenfrelsiskonur gerðu óróa og spell á samum kjörstöðunum, svo að það varð að taka þær til fanga. Þær skemdu ritföngin, heltu niður úr blekbyttum og köst uðu brunalegi á kosningarþjóna svo að sumir þeirra sköðuðust til muna.

— Mælt er, að frú John Jacob Astor, eigin kona auðmannsins mikla í New York, hafi sótt um skilnað frá manni sínum. Um orsök er ekki getið. En þetta eins og svo margt annað sýnir, að auður og ánægja er ekki ætíð samfara. Þau hjón eiga 2 börn, 7 og 17 ára gömul.

— Skósmíðaverkstæða eigendur í Quebec borg eru að rífa niður verkstæði sín þar og [illegible] til Montreal. Ástæðan fyrir þessu er sú, að skósmíðafélagið þar er svo ósanngjarnt í kröfum sínum, að eigendurnir geta ekki látið verkstæðin borga starfskostnað. Skósmiðirnir vinna þegar þeim sýnist, stundum máske ekki nema 2—3 daga í viku. Þeir krefja frá $2.50 til $4.50 á dag í kaup. Verkstæðaeigendur eru beinir þrælar þeirra manna, sem þeir veita atvinnu, og þeir mega engan mann taka í vinnu, nema með leyfi skósmíðafélagsins, og alls engan mann undir nokkrum kringumstæðum, sem ekki er búsettur í borginni. Enga breytingu má gera á lögun skónna — ekkert nýtt snið eða neinar breytingar, nema með leyfi skósmíðafélagsins. Þeir, sem stjórna vélunum, vinna að eins þegar þeim sýnist, svo að þær standa aðgerðalausar hálfan vinnutíma ársins. Skósmíðaverkstæða eigendur sjá sér því ekki fært annað, en að flytja verkstæðin algerlega burt eða hætta öllu starfi að öðrum kosti.

— Nokkrar stórar baðmullardúka verksmiðjur í Carolina ríkjunum hættu starfi þann 25. okt. Tíu þúsundir manna mistu þar atvinnu. Vonað er, að þessi verkstæði taki aftur til starfa eftir fáar vikur. Ástæðan fyrir verkfalli þessu er sögð að vera sú, að baðmullin hafi hækkað í verði, vinnulaun aukist, en ekki hægt að selja dúkana hærra verði en áður hafi átt sér stað. Verkstæðaeigendurnir segjast ekki hafa upp starfskostnað af framleiðslu verkstæðanna.

— Hilliard hótelið í Kenora, Ont., brann til ösku á mánudagskvöldið í fyrri viku. Leikhús bæjarins brann einnig.

— Nú er það orðið víst, að eitt af erindum Ito greifa til Manchuríu, þegar hann 26. okt. sl. féll þar fyrir morðvargi einum, var að semja við umboðsmann Rússa um, að Japanar kaupi af Rússum hina svo nefndu Manchúríu járnbraut. Fjármálastjóri Rússa var þar til taks að mæta Ito greifa til að ræða við hann um brautarkaupin, og er það eitt næg sönnun þess, að Rússar eru fúsir til að gera sölusamninga. Enda hafði Japan tjáð sig fúst til að borga vel fyrir brautina eða þann hluta hennar, sem Rússar hafa meðgjörð með. Með aðallinunni fylgja brautagreinar, sem liggja bæði til Harbin og Port Arthur borga. En eignin er í höndum Rússa um 30 ára bil, en verður þá samkvæmt samningum seld í hendur Kínastjórnar. En Japan vill ná réttindum Rússa í sínar hendur, og eiga svo síðar við Kína um eignarréttinn.

— Auglýst er, að C.N.R. félagið sé að semja um kaup og smíðar á tveimur gufuskipalínum, sem annast skuli flutninga á Atlants og Kyrrahöfum, eins fljótt og hverlandsbrautakerfi þeirra er fullgert frá hafi til hafs.

— John D. Rockefeller gaf í sl. viku eina milión dollara til þess að rannsaka orsakir til "Hookworm" sýkinnar, sem orðið hefir að bana tugum þúsunda manna og kvenna í Suður-Bandaríkjunum, og til að finna ráð við sýki þessari, ef unt er.

Vísindamenn eru komnir að þeirri niðurstöðu, að það sé sýki þessi — sem á vísindamáli nefnist "uncinaria" — sem geri menn lata og seina, þunglamalega og frábitna öllum störfum, er útheimta áreynslu. Að letin í Suðurríkjamönnum sé sjúkdómur, þeir þjáist af "uncinaria". Veikin er afar mannskæð, þar sem hún festir djúpar rætur.

"Uncinaria", eða krókormasýkin eins og hún er nefnd, orsakast af því, að krókormurinn, sem er nær þumlungi á lengd og á gildleika við mannshár, kemst inn í innýflin og læsir sig þar í slímhimnunum, og lifir á blóði úr þeim. Ormur þessi er vel sýnilegur beru auga. Hann étur sig oft í gegnum garnirnar á fólki og verður því þannig að bana. Þessi litlu dýr eru svo aflmikil, að það þarf talsverðan kraft til að losa þau frá, þar sem þau hafa bitið sig fóst. Mörg hundruð þessara orma komast oft í sama líkamann, og í einu tilfelli fundu læknar 863 orma í einum manni. Þessi dýr keppast við, að naga sundur öll innýflin og sjúga blóðið úr þeim. Þeir sem fá sýkina, lina kvalir sínar með því að éta leir, kalk og ösku og annað þess háttar. Veikin leiðir vanalega til brjálæðis og dauða.

Læknar ætla, að ormur þessi hafi hingað borist frá Afríku. En læknunum við sjúkdómnum þekkja þeir ekki. Það er til þess að gera þeim mögulegt, að rannsaka sýkina og finna ráð við henni, að gamli John D. Rockefeller hefir gefið þessa milión dollara.

— Feikna regnfall var í Nova Scotia í sl. viku, og gerði víða miklar skemdir, skolaði burtu járnbrautaspottum, svo lestagangur stöðvaðist um tíma. Umhverfis Halifax borg flæddu allar ár og lækir yfir landið. Þá varð vatnið í húsum borgarbúa í miðhluta borgarinnar 4 feta djúpt, svo fólkið varð að hafast við uppi á efri loftunum. Eldur kom upp í borginni meðan flóðin voru sem mest, og varð þá slökkviliðið að flytja slökkvitæki á bátum til að komast að eldinum, því vatnið á götunum var 5 fet á dýpt.

— Kona ein í Austur-Canada stefndi nýlega unnusta sínum fyrir gjafarðsrof. Hann játaði, að þau hefðu verið komin að giftingu, en ærti þá ástæðu fyrir drættinum, að þegar hann hefði komist að því, að konuefnið hefði ekkert kunnað að matreiðslu, þá hefði sér fundist næg ástæða til að giftast henni ekki.

— Ferðamaður, sem nýlega flutti ræðu í Austur-Canada, gat þess, að í Morden héraðinu í Manitoba væri 20 aldingarðar, þar sem eplategundir spryttu eins vel og nokkursstaðar annarsstaðar í Canada. Flestar eplategundirnar væru þar sömu, sem yxu í Síberíu. Trén hefðu verið fengin þaðan og gróðursett í Manitoba. Hann kvað loftslag, frjósemi moldar og búskapar möguleika vera mjög svipaða og á sumum stöðum í Síberíu.

— Mælingamenn stjórnarinnar í Ottawa hafa fundið 37 þúsund fermílna svæði í Ontario fylki, sem sérstaklega virðist gert til mótekju, og hefir stjórnin gert ráðstafanir til þess, að láta vinna svæði þetta. Dr. Haanel, sem skoðað hefir svæði þetta og gefið skýrslu um mómagn þess, segir hver fermíla gefi 477 þúsund tons af hálfþurrum mó, sem gefi sama hitamagn og 240,244 tons af harðkolum. Ottawa stjórnin hefir þegar keypt 300 ekru mótekjusvæði hjá Alfred bæ í Ontario og sett þar upp tilraunastöð. Þar er mórinn að meðaltali 8—9 feta djúpur. Búist er við, að stöð þessi framleiði 30 tons af tilreiddum mó á sólarhring. Kostnaðurinn verður sem næst $1.75 fyrir hvert ton þar á staðnum, og í útsölu er ætlað að mórinn verði svo ódýr, að það borgi sig betur að brenna honum en kolum. Hann er talinn ágætt eldsneyti til gasframleiðslu og aflframleiðslu.

— Gamli William T. Stead hefir nýlega kallað Gladstone sál. — breska stjórnfræðinginn mikla — á fund sinn og rætt við hann um nútíðar pólitík Breta. Kvað Gladstone hafa sagt honum, að þó sér væri nú málið óskylt, þar sem hann fyrir löngu væri farinn úr heimi þessum, þá findist sér að lávarðadeildin ætti að samþykkja fjármála frumvarp Asquith stjórnarinnar óbreytt eins og það liggur nú fyrir.

— Rússakeisari hefir um undanfarnar vikur verið að ferðast á Ítalíu, og er hvervetna vel fagnað. Keisarinn og konungurinn á Ítalíu kystu hvor annan á kinnbeinin og Ítalíu drotningu og æðstu hefðarfrúr hirðarinnar kysti keisarinn á hendurnar, — þorði ekki að horfa hærra.

— Adria borg á Ítalíu er komin í ónáð hjá páfanum. Borg þessi hefir verið byskupssetur síðan á 3. öld. Þá var dómkirkjan þar bygð fram við sjó, og stórir járnkengir voru múraðir inn í vegg kirkjunnar, þann er að sjó veit, til þess að binda báta við þá, er menn komu sjóveg til kirkju. En nú er sú breyting orðin á, að sjórinn hefir lækkað og að Adriahafið, sem dregur nafn sitt af bænum, er nú í 17 mílna fjarlægð frá kirkjunni. Með öðrum orðum, kirkjan er nú orðin 17 mílur upp í landi frá sjávarströndinni. Loftslag er óheilnæmt í Adria borg, svo að biskupar þeir, sem þar hafa þjónað, hafa á síðari tímum, eða síðan á tíundu öld, haft aðsetur í Rómaborg, sem er lengra upp í landinu, og loftslag því heilnæmara þar. Nokkrir páfar hafa á liðnum öldum gert tilraunir til að færa biskupssetrið frá Adria til Rovigo. En íbúar Adria borgar hafa veitt því öfluga mótspyrnu, og málið hefir verið látið standa þannig óafgreitt. En nú hefir núverandi páfi látið til skarar skriða og sent biskup til þess að sjá um flutning á biskupssetrinu, með því að flytja úr Adria borg allar lausar eignir biskupsstólsins, svo sem bókasafnið og handritasafnið, sem þar hefir verið geymt um 1500 ár. Þegar tilraun var gerð til þess að flytja safnið, réðust bæjarbúar á biskupinn og gryttu hann nær því til ólífis, hræktu á hann og fóru á ýmsan hátt illa með hann, og ekkert varð af flutningnum. Páfinn hefir hegnt borgarbúum með því að skipa, að um tveggja vikna tíma skuli öllum kirkjum lokað þar í borginni, og engar messur fluttar eða önnur prestsverk gerð. Og borgarbúar eru settir af sakramentinu.

— Þýzka stjórnin hefir til meðferðar nýtt skattamál. Hún hugsar sér að leggja skatta á aukið landverð, líkt eins og Bretar eru nú að gera, og vonar að hafa upp með þeim sköttum 5 miliónir dollara á ári fyrst um sinn, og svo vaxandi upphæð eftir því sem landverðið eykst á komandi árum. Yfir hundrað sveitafélög í landinu leggja nú slíka skatta á vaxandi landverðmæti innan sinna takmarka, svo að skatturinn verður þar tvöfaldur, þegar stjórnin hefir komið hugsjón sinni í framkvæmd.

— Kona ein í Halifax, og sonur hennar hafa höfðað skaðabótamál móti spæjarafélagi einu þar í borginni. Pilturinn vann á banka þar í borginni, en konan hélt hús fyrir þau bæði. Af einhverjum ástæðum voru þau undir grunsemi, svo að spæjarar voru settir til að gefa gætur að þeim. Mæðginum var illa við þetta og sóttu spæjarana að lögum. Þeim voru dæmdar 1700 dollara skaðabætur.

— Eitt af góðu áhrifunum, sem fjárlagafrumvarp Breta hefir þegar haft á þjóðlífið þar, er það, að vínnautn hefir mikið minkað. — Í fjárlagafrumvarpinu er tollur af bjór og vínum hækkaður að miklum mun frá því sem áður var. Afleiðingin af þessu er sú, að þúsundir manna hafa mikið minkað drykkjuskap sinn, og margir hafa algerlega hætt að drekka, — svo

OGILVIE'S
Royal Household Flour

Til Brauð og Köku Gerðar

Gefur Ævinlega Fullnæging

EINA MYLLAN Í WINNIPEG.—LÁTIÐ HEIMAIÐNAÐ SITJA FYRIR VIÐSKIFTUM YÐAR

að Lloyd George var til þess neyddur, að geta þess í þinginu, að inntektir landsins af áfengistollinum yrðu 800 þúsund pundum minni en áætlað var í fyrstu. — Hann kvað fjárlagafrumvarp sitt hafa haft undraverð áhrif á þjóðina, og tók til dæmis, að í mörgum héruðum á Írlandi hefði vínnautnin minkað um 70 prósent, og á Skotlandi hefði hún minkað um 50 prósent. Honum taldist svo til, að þjóðin hefði drukkið 8 milión gallóna minna af vínum og bjór síðan hann flutti fjármálaræðu sína, heldur en hún mundi hafa gjört, ef ekki hefði verið breytt við áfengistollunum. Samfara minkandi vínnautn hefir farið vaxandi siðgæði fólksins. Hann taldi áreiðanlegt, að sú hófsemdaralda sem nú er risin, mundi verða varanleg, og þó það kynni að olla atvinnutjóni fyrir nokkur hundruð manna, þá væri það ekki takandi til greina í samanburði við þá vaxandi velmegun og ánægju sem hófsemdinni fylgdi.

Ito greifi myrtur.

Japanski stjórnmálaskörungurinn, Ito greifi, var myrtur í Harbin borg í Manchuría þann 26. þ. m., á þann hátt, að sprengikúlu var kastað að honum, og er Coreu manni kent um glæpinn.

Ito greifi var 68 ára gamall. Fæddur 1841. Hann gaf snemma á æfi sinni vott þess, að hann mundi verða mikilmenni, enda hefir Japan ekki eignast meiri stjórnmála- og þjóðskörung en hann var. Þegar hann var á tvítugsaldri, stundaði hann nám um tveggja ára tíma á Englandi, en hætti því námi skyndilega og hélt heimleiðis, til þess að koma vitinu fyrir stjórn lands síns og fá hana til að hætta við það áform, að leggja út í ófrið, sem hún hafði fyrirhugað móti sameinuðum sjóflotum Breta, Bandaríkjanna og Frakka og Hollendinga árið 1864. En þó hann gæti ekki komið í veg fyrir ófriðinn, þá tók hann þó mestan þátt í, að semja frið, og að leiða hugi landsmanna sinna að samtökum til þess að efla ríkið og auðga svo sem mest gæti orðið undir einni sameiginlegri stjórn. Árið 1871 fór hann til Bandaríkjanna, til þess að kynna sér peningamál, og þegar hann kom heim aftur, fékk hann þjóð sína til þess, að koma á hjá sér nýrri peningamynt, og að setja á stofn peningaláttu stofnun.

Árið 1878 varð Ito greifi innanríkisráðgjafi, og 1882 ferðaðist hann til Evrópu til þess að kynna sér stjórnfræðilegar stofnanir, til undirbúnings undir þingræði, sem hann hafði í hyggju að koma á í landi sínu. Og árið 1885 var svo sett þar á stofn stjórn sniðin eftir stjórnarfyrirkomulagi í Evrópu, og árið eftir varð Ito greifi formaður þeirrar stjórnar, og gerði hann þá mikilsverðar umbætur í landi sínu. Árið 1888 samdi hann stjórnarskrá fyrir ríkið, og var hún samþykt árið eftir. Hann var stjórnarformaður, þegar Japan átti í stríði við Kína, og leiddi þá þjóð sína til sigurs. Hann var 4 sinnum stjórnarformaður í Japan.

Hann var formaður leyndarráðsins á þeim tíma, sem Japanar áttu í stríði við Rússa.

Eitt af síðustu verkum hans var að gera samninga við Kóreu, sem í eðli sínu voru í raun réttri innlimun Kóreu í Japan.

Ito greifi var fyrir löngu viðurkendur að vera langmesti þjóðskörungur landsins. Undir stjórn hans hófst þjóðin upp úr niðurlægingu upp í hæsta veldi meðal stórþjóða heimsins.

Þegar hann var af dögum ráðinn, var hann á ferðalagi um Kóreu og Manchuría héraðið í embættiserindum. Þegar hann varð fyrir tilræðinu, voru með honum forseti Manchuríu járnbrautarfélagsins og sendiherra Japana þar í landi, og meiddust þeir báðir.

"Andvökur"

LJÓÐMÆLI EFTIR
Stephan G. Stephansson

Kosta, í 3 bindum, $3.50, í skrautbandi.

Tvö fyrri bindin eru komin út, og verða til sölu hjá umboðsmönnum útgefendanna í öllum íslenzkum bygðum í Ameríku.

Í Winnipeg verða ljóðmælin til sölu, sem hér segir:

Hjá Eggert Jóhannssyni, 689 Agnes St., EFTIR KL. 6 AÐ KVELDI.

Hjá Stefáni Péturssyni, AÐ DEGINUM, frá kl. 8 f.h. til kl. 6 að kveldi, á prentstofu Heimskringlu.

Hjá H. S. Bardal, bóksala, Nena St.

Hjá N. Ottenson, bóksala, River Park, Winnipeg.

Utanbæjarmenn, sem ekki geta fengið ljóðmælin í nágrenni sinu, fá þau tafarlaust með því að senda pöntun og peninga til Eggerts Jóhannssonar, 689 Agnes St., Winnipeg, Man.

Wall Plaster

Með því að venja sig á að brúka **"Empire"** tegundir af Hardwall og Wood Fibre Plaster er maður hár viss að fá beztu afleiðingar.

Vér búum til:

"Empire" Wood Fibre Plaster
"Empire" Cement Wall "
"Empire" Finish "
"Gold Dust" Finish "
"Gilt Edge" Plaster of Paris
og allar Gypsum vöruuteg-undir. —

Eigum vér að senda yður bækling vorn?

MANITOBA GYPSUM CO. LTD
SKRIFSTOFUR OG MILLUR I
Winnipeg, - Man.

Heimskringla

Published every Thursday by The Heimskringla News & Publishing Co. Ltd

Verð blaðsins í Canada og Bandar. $2.00 um árið (fyrir fram borgað).
Sent til Íslands $2.40 (fyrir fram borgað af kaupendum blaðsins hérlendis $1.50.)

B. L. BALDWINSÓN
Editor & Manager

Office:
729 Sherbrooke Street, Winnipeg
P.O BOX 3083. Talsími 3512.

Grenjaskyttan

sem er annar þáttur af skáldsögunni "Heiðarbýlið" eftir Jón Trausta, er nýkomin hingað vestur um haf, og hefir verið sendur Heimskringlu til yfirlits.

Þessi þáttur sögunnar er yfir 230 bls. að stærð, í sama broti og "Heiðarbýlið", sem áður hefir verið getið um hér í blaðinu.

Ekki verður sagt, að þessi síðari þáttur sé eins skemtilegur uflestrar og sá fyrri. En hann á að því leyti sammerkt við hinn fyrri, að það "vantar botninn í báða".

Annars er ritsnild höfundarins sú sama á þessum þætti og hinum fyrri sögum hans, og náttúru og mannlýsingar og lýsingar á hugsanalífi fólksins skarpar og nákvæmar. Höfundinum lætur sérlega vel, að lýsa íslenzkri náttúru. Hann er Íslands barn, og sögur hans allar hafa ram-íslenzkan blæ. Þar er alt íslenzkt, uppistaðan, ívafið og áferðin, og ekkert frá öðrum lánað.

Í þessum þætti eru aðallega tvær persónur, sem ekki hafa áður við sögunna komið: Jóhanna, fingerð stúlka, veikbygð og kjarklítil, og Þorsteinn, sonur Eigils hreppstjóra og Borghildar konu hans, hraustur maður og þrekmikill. — Þau voru trúlofuð, og innsiglið var — á íslenzka vísu — barnsfæðing. En dauði Jóhönnu og barnsins var bein afleiðing af geðofsa og drotnunargirni og ættardrambi Borghildar, móður Þorsteins. — Enda tókst henni með ofsa sínum að flæma hann úr föðurhúsum, án þess að hann kveddi móður sína eða svo mikið, sem liti við henni. En Egill bóndi hennar var mesti geðspektarmaður, en toldi sjaldan heima í návist konu sinnar.

Efni sögunnar frá byrjun til enda er ekki hugnæmt. Þar er lítið sýnt af göfugi eða góðum taugum í hinum þjóðlega karaktér. Presturinn lauslátur og þær tvær ógiftar konur, sem við söguna koma, eru gerðar of veikar til að geta geymt sæmdar sinnar, og þó er önnur þeirra (Halla) gædd góðri greind og einbeittum viljakrafti. Bændurnir eru rolumenni og konurnar geðvargar og hjúin sum ófróm og undirförul. Með sanni verður ekki sagt, að lýsingin á fólkinu sé fögur, en sönn getur hún verið eigi að síður, og nákvæmlega rétt eftir þeirri þekkingu, sem höfundurinn hefir fengið á þjóð sinni og einkennum hennar.

Að líkindum á saga þessi það erindi, að sýna þjóðinni sjálfa sig, og láta hana "reka sig á" annmarkana, sem höf. finnur á þjóðlífinu, og þá sjálfsagt einnig með þeim tilgangi, að bæta úr þeim annmörkum, ef hún finnur nokkra þörf á því. — Yfirleitt má segja, að í allri sögunni sé engin persóna, sem að nokkru verulegu skari fram úr öðrum. Alt er það miðlungsfólk eða minna, með litla sem enga mentun og enga afburða andans hæfileika eða siðgæðismeðvitund. Og við allar persónurnar er svo skilið, að lesarinn veit ekkert um afdrif neinnar þeirrar. — Sagan hefir í raun réttri hvorki upphaf né endir. Er að eins ígrip inn í tveggja eða þriggja ára viðburði í lífi nokkurra persóna í einu sveitarhéraði. Sagan getur ekki haft neinn annan tilgang en þann, að beina athygli fólksins að sjálfu sér, — og það sama má að líkindum segja um flestar eða allar skáldsögur. Hvert áhrif þessarar sögu valda nokkrum umbrotum til umbóta, verður ekki sagt. En ilt er, ef jafn-snjall og ritfær höfundur og Jón Trausti er, fær engu áorkað í þá átt.

Bókin er vel rituð og fær vafalaust mikla sölu hér vestra.

— Yfir 414 milión bréf voru "póstuð" í Canada á sl. ári. Yfir 90 þús. bréf voru send á "dauðrabréfa" stofu stjórnarinnar, ýmist fyrir ranga og óglöggva áritun, eða fyrir það, að viðtakendur fundust ekki. Gróði stjórnarinnar á póstmála deildinni hefir orðið hálf milión dollara á árinu.

$1000.00 KAUPBÆTIRINN.

Stóra heilsíðu auglýsingin í síðustu Heimskringlu vakti þegar í stað mikla athygli lesendanna. Menn og konur spurðu fyrst af öllu að því, hvernig Heimskringlu félaginu væri mögulegt, að gera kaupendum sínum svona veglegt tilboð, og hvort blaðið mundi standa við að afhenda ábyrgðarskírteinið, án nokkurra annara skilmála en þeirra, að menn og konur skrifuðu sig fyrir blaðinu og borguðu það fyrirfram um 15 mánaða tíma með $2.50. Hvort ekki þyrfti læknisskoðun. Hvort félag það, sem blaðið hefir samið við muni vera áreiðanlegt, og ýmsar fleiri spurningar, sem auðvelt er að svara, svo sem það, hvort engir prettir mundi búa undir þessu tilboði, og hvort það næði jafnt til allra þeirra, sem gerðust hér eftir kaupendur að blaðinu meðan tilboðið stendur, hvort sem þeir ættu heima í Canada eða Bandaríkjunum eða annarsstaðar. Það hefir verið á fólki að heyra, að því þvki tilboð þetta svo undravert, að það eigi bágt með að trúa að því fylgi nokkur alvara.

Nú til þess að skýra tilboð tilboð þetta nokkru frekar, skal það strax tekið fram, að því fylgja engin önnur takmörk en þau, sem tilgreind eru í stóru auglýsingunni sem prentuð var í síðasta blaði,— nefnilega þessi: Að hver sá, karl eða kona, ungur eða gamall, og án tillits til heimilisfestu, sem gerist kaupandi að Heimskringlu, og sendir fyrirfram 15 mánaða borgun fyrir blaðið — $2.50 — fær tafarlaust sent með næsta pósti eða afhent hér á skrifstofunni, ef hann býr í borginni, fullgilt ábyrgðarskírteini IMPERIAL GUARANTEE AND ACCIDENT INSURANCE félagsins fyrir EITT ÞÚSUND DOLLARS. Þetta skírteini er undirritað af þeim herrum A. L. Davis, forseta og aðal-ráðsmanni, og E. Williams, skrifara og aðstoðar-ráðsmanni félagsins, að 46 King Street west, Toronto, Canada.

Félag þetta er formlega löggilt með einnar milión dollara höfuðstól, þar af uppborgað 200 þúsund dollars, og 100 þúsund dollars afhentir Ottawa stjórninni, samkvæmt ákvæðum ábyrgðarlaga ríkisins. Félagið er því að dómi ríkisstjórnarinnar gott og gilt, og hefir fullnægt öllum lagaskilyrðum eins og hvert annað félag, sem starfar í sams kyns verkahring í Canada veldi. Heimskringla hefir komist að samngjörnum skilmálum við þetta félag, — annars væri blaðinu ómögulegt að gera það tilboð, sem það nú gerir nýjum kaupendum. Ástæðan fyrir þessu er sú, að félagið ætlar innan fárra mánaða, að senda umboðsmenn hingað til Vesturlandsins til þess að ferðast um sveitirnar og selja slysa-ábyrgðir. En til þess að það verði sem fyrst almenningi kunnugt, verður það að verja talsverðu fé til auglýsinga. Með því að gera samninga við blaðið, eða blöðin, sparar félagið þennan auglýsingakostnað, því að blöðin gera hann á eigin reikning, og gera þannig félagið kunnugt því að kostnaðarlausu. Einmitt fyrir þennan auglýsingasparnað er félaginu gert mögulegt að vera sanngjarnt í kröfum sínum við skírteinasölu til blaðanna. En blöðunum á hinn veginn er það hagur, af því það eykur vinsældir þeirra og útbreiðslu að geta látið kaupendur sína njóta hlynnindanna, þannig, að þeir, sem blöðin kaupa, fái þá slysaábyrgð fyrir alls ekkert, sem annars mundi kosta þá frá 6 til 10 dollars á ári.

Vitanlega gildir ábyrgðarskírteini það, sem Heimskringla gefur að eins 12 mánaða tíma. En handhafi þess getur að þeim tíma liðnum endurnýjað það við sjálft félagið, og þá fyrst fá þeir áþreifanlega vissu um þetta kostaboð blaðsins, þegar þeir þurfa sjálfir að borga endurnýjunar kostnaðinn, ef þeir vilja halda áfram að tryggja sig gegn slysum.

Félagið neinir ábyrgð sína

TAKMARKAÐA SLYSA-ÁBYRGÐ.

sem er innifalin í því, að félagið borgar svo sem hér segir:

Fyrir líftjón af slysum	$1000.00
" augum	1000.00
" blindu á báðum	
" tap beggja handa	
fyrir ofan úlliið	1000.00
" tap beggja fóta	
fyrir ofan ökla	1000.00
" tap handar og fóts ofan úlnliðs og ökla	1000.00
" tap annarar handar ofan úlnliðs	250.00
" tap annars fótar ofan ökla	250.00
" tap sjónar á öðru auga	100.00

Og með því skilyrði að þetta tap komi fyrir innan 30 daga frá því slysið verður, og sé óháð öllum öðrum ástæðum en líkamlegum meiðslum, og einungis ef slík meiðsli koma fyrir eins og hér segir:

1. Á meðan ábyrgðarhafi er farþegi í því rými, sem ætlað er farþegum á formlegu tæki, sem ætlað er til mannflutninga, — járnbrautarvagni, gufuskipi, mótorvagni, mannkeyrslavagni eða öðrum opinberum flutningstækjum, sem ætluð eru eingöngu til mannflutninga, og í tilefni af slysi, sem verður meðan ábyrgðarhafi er þar farþegi.
2. Á meðan ábyrgðarhafi er farþegi í lyftivél, sem eingöngu er notuð til fólksflutninga, í tilefni af slysi, sem sú lyftivél verður fyrir meðan hann er farþegi.
3. Ef hann verður fyrir meiðslum af bruna í íbúðarhúsi, hóteli, leikhúsi, búð eða gripahúsi, eða ferst þar í eldi eða kafnar í reyk. En þessi grein skal ekki ná til þeirra, sem starfa að því, að slökkva eldinn, hvort sem þeir eru sjálfboðar eða vinna fyrir borgun.
4. Á meðan hann er að vinna við þreskivél eða gras-. eða kornsláttuvélar, eða
5. Ef hann bíður bana af eldingu eða fellibyl,
6. Ef hann er sleginn af hesti eða stunginn af nautgrip.

Skyldi það koma fyrir, að ábyrgðarhafi verði fyrir meiðslum, sem til eru greind í 1. og 2. lið, sem ekki varða líftjóni, en gera hann óverkfæran, þá borgar félagið honum

7½ DOLLAR Á VIKU
Í SEX VIKUR

meðan hann er frá verkum, en ekki lengur fyrir hvert slysatilfelli.

Sjálfsmorð eru hér tekin til greina þannig, að félagið borgar ekkert í slíkum tilfellum, né heldur ef sá látni eða meiddi hefir orðið fyrir áfalli af kæruleysi, eða til þeirra, sem eru undir 16 ára eða yfir 65 ára aldur, né heldur borgar það nokkuð fyrir þau slys, sem menn kunna að verða fyrir meðan þeir eru undir áhrifum víns eða sem beinlínis eða óbeinlínis orsakast af áhrifum þess.

Skriflega tilkynningu um meiðsli verður að senda tafarlaust til Imperial Guarantee and Accident Insurance Company, 46 King St. west, Toronto, Ont., með nöfnum vitna. Sé slík tilkynning ekki send innan 10 daga frá því slysið varð, þá borgar félagið engar skaðabætur. Sannanir um meiðsli verða að vera fullkomnaðar innan tveggja mánaða frá því að slysið varð.

Til þess að ábyrgðin sé bindandi fyrir félagið, verður ábyrgðarhafi að rita nafn sitt með bleki eða ó-afmáanlegu ritblýi á þar til ætlaða eyðu á ábyrgðarskírteininu og á beiðniform það, sem því fylgir. Hvorttveggja þetta verður þeim sent beint frá skrifstofu Heimskringlu.

Hér sjá lesendur ljóst og greinilegt yfirlit yfir ábyrgðarskilyrðin, sem gilda í Canada, Bandaríkjunum, Evrópu og í Mexico.

Vér treystum því, að skilyrðin séu fult eins aðgengileg í þessu eins og í nokkru öðru slíku félagi, og með því að það er nauðsynleg fyrirhyggja, að hafa slíka ábyrgð, þá vonum vér að Íslendingar meti hana svo mikils, að þeir gerist kaupendur Heimskringlu og fái ábyrgðina þannig í eitt ár sér alveg að kostnaðarlausu.

Þau slys geta einatt borið að höndum, sem undir skilyrðum þessa ábyrgðarskírteinis tryggði ábyrgðarhöfum þau hlynnindi og þá vernd, sem að framan er getið.

Áður hafa engin íslenzk blöð boðið kaupendum sínum svo góða kosti, og Heimskringla er eina íslenzka blaðið, sem getur gert það samkvæmt samningi milli þess og félagsins.

Útgáfunefnd Heimskringlu vonar, að margir verði til þess að nota þetta tilboð, enda býst hún ekki við, að geta boðið þeim betri kjör framvegis, né með lægra verði, því

ÁBYRGÐIN KOSTAR EKKERT.

Prófessor Ferrer.

Íslenzku blöðin hafa getið þess, að nýlega hafi skotinn verið á Spáni skólakennari einn að nafni Ferrer. Líflát hans var að dómi herréttar, sem yfir honum var haldinn. Hann var gerður að pislarvætti og lét lífið fyrir skoðanir sínar og kenningar. Til þess að geta gert sér nokkurn veginn ljósa grein fyrir atvikum þeim, sem að þessu lifláti lágu, verða lesendur að hafa það hugfast, að þjóðin á Spáni er enn þá litt mentuð. Alþýðuskólar í þess orðs réttu merkingu eru þar engir. Hinar einu mentastofnanir landsins eru kirkjuskólar, eða skólar, sem ríkiskirkjan heldur uppi.

Því er almennt haldið fram, að anarkista-skoðanir séu afleiðing af mentunarskorti og ótömdum tilfinningum. En hins vegar verður það að játast, að ýmsir þeir menn sem bæði hafa vit og mentalega þekkingu, hallast að þeim skoðunum að meira eða minna leyti. Og það er á vitund bæði Anarkista og Sósialista flokkanna í öllum löndum, að til þess að kollvarpa því mannfélagsskipulagi sem nú er og koma hugsjónum sínum í framkvæmd, verði þeir að menta alþýðuna, svo að hún skilji glöggleg fyrir hverju þeir eru að berjast, og hvernig fyrirkomulagið verði, þegar hugsjónir þeirra hafa náð æðsta veldi í stjórnarfari þjóðanna. Fyrsta sporið í þessa átt er það, að fá fólkið til að lesa. Það var þetta fyrsta spor, sem prófessor Ferrer tók sérstaklega að sér að annast um, og hann var vel til þess kjörinn, því bæði var hann stórmentaður maður, og svo hafði hann fengið stórauðuga giftingu, eftir því sem talið er á Spáni. Þennan auð konu sinnar notaði hann vel, og svo segja vinir hans, að hann hafi á sl. 15 til 20 árum varið hálfri milión dollara til þess að stofna og viðhalda barnaskólum, þar sem kendar voru jöfnum höndum almennar fræðigreinar og anarkista stjórnfræði hugsjónir.

Fyrsta og aðalskóla þessarar tegundar stofnaði hann í Barcelona borg. Þangað gekk sægur barna og ungmenna, sem vegna efnaskorts foreldra sinna ekki áttu kost á, að njóta kenslu á kirkjuskólunum. Kenslan á þessum skólum var svipuð því, sem viðgengst á góðum alþýðuskólum hér í landi, að því viðbættu, að nemendunum var kend Anarkista speki. Þeir voru látnir skilja, að allar stjórnir, hvort heldur konunga eða lýðstjórnir, væru í eðli sínu rangláta höft á frelsi þjóðanna. Stjórnir væru ekki til neins annars en þess, að halda alþýðu manna í ánauð og láta almenning borga fyrir þá ánauð. Þessi kensla fór fram í hinum æðri bekkjum skólanna, þar sem nemendur voru orðnir stálpaðir og búnir að fá nokkurn veginn þroskaða hugsun. Í neðri bekkjunum var smábörnunum kent það, auk lesturs, skriftar, reiknings og annara fræða, að kristin trú væri heimska og hindurvitni, sem ekkert mark væri á takandi. Þeim var kent, að kristin trú væri máttarstoð hins núverandi stjórnarskipunar fyrirkomulags í flestum löndum heimsins, og að fyrsta nauðsyn til undirbúnings undir stjórnarbyltingu væri þess vegna sú, að draga máttinn úr trúarkenningum kirkjunnar.

Skólinn í Barcelona hepnaðist ágætlega. Út af honum spruttu upp aðrir skólar víðsvegar um landið, sem allir kendu hið sama, þar til nokkur hundruð þeirra voru orðnir rótgrónir hjá þjóðinni. Prófessor Ferrer var talinn einn merkasti rithöfundur þar í landi um þau efni er að Anarkista skoðunum lutu. Hann var og snjall ræðumaður og hélt iðulega fyrirlestra um þessi efni á ýmsum stöðum á Ítalíu og Spáni. En langmestu af tíma sínum varði hann til skólanna. Hann eyddi öllum efnum konu sinnar til viðhalds þeim, og öllu því, sem hann vann sjálfur fyrir. Hann fékk og ýmsa vini sína til þess, að leggja fram stórar fjárupphæðir til skólanna. Hann átti trygga vini og styrktarmenn víðsvegar í Evrópu, ekki að eins meðal Anarkista, heldur einnig meðal vísinda og lærdómsmanna, sem létu sér ant um starf hans vegna þeirra mentastofnana, sem hann hélt uppi og barðist fyrir. — Frá ýmsum þessum mönnum þáði hann stórfé til skólanna, án þess að gefendurnir hefðu nokkra samhygð með honum í Anarkista skoðunum hans.

Áhrifin af þessari kenslu og annari starfsemi prófessors Ferrer voru fyrir löngu orðin auðsæ og kunn. Frá skólum hans komu margir frihyggjendur í trúarskoðunum, og einnig margir æstir Anarkistar, og tala þeirra fór árlega vaxandi.

Um mörg ár hafði stjórnin haft strangar gætur á allri starfsemi þessa manns, og sett embættismenn sína út til þess að njósna um hann svo að segja dag og nótt, hvort sem hann ferðaðist eða var heima við skóla sinn, í þeirri von, að hægt yrði að sanna á hann einhvern glæp. En með því að kensla í frihyggju trúfræði og Anarkista stjórnspeki var ekki að lögum glæpur þar í landi, þá var ekki hægt að festa neina sök á Ferrer, — með því líka að hann bar góðan orðstír og var virtur af alþýðu.

En svo kom það fyrir, að maður að nafni Morales gerði tilraun til að ráða Spánarkonung af dögum í maí 1906. Það var sannað, að hann var kennari í einum af Ferrer skólunum og að hann hafði heimsótt prófessor Ferrer kvöldið áður en hann kastaði sprengivél sinni. En að öðru leyti voru alls engin gögn til þess að bendla prófessorinn við tilræði þetta, svo að hann var sýknaður, og jafnvel lögmenn þeir, sem sótt hötðu málið á hendur honum, hrópuðu gleðióp, þegar úrslit málsins urðu kunn.

En í sl. júlímánuði varð upphlaup mikið í Barcelona, sem orsakaði mikil manndráp og eignaspell. Á þeim tíma var prófessor Ferrer önnum kafinn við að þýða bók Racins "Maðurinn og jörðin". Engum kom til hugar, að hann væri á annan hátt riðinn við þau hryðjuverk en með því, að telja þau eðlilega afleiðing af stjórnarfari því, sem átti sér stað í landinu. Þá var sett upp herstjórn þar í héraðinu, og óyinir hans færðu sér það í nyt, til þess að rægja hann við yfirvöldin. Nú var tækifærið. Enginn borgara kviðdómur mundi fást til að dæma hann sekan en hermannarétti var trúandi til þess. Prófessor Ferrer var því tekinn fastur og kærður um að hafa blásið að uppreistinni, og jafnvel verið frumkvöðull hennar og leiðari. Það voru landráð. Herrétturinn fór sem minst að lögum, og veitti fanganum lítið tækifæri til að koma vörn fyrir sig. Afleiðingin varð sú, að hann var dæmdur til dauða. Almenningur gerði alt sem unt var til þess að fá hann náðaðan, og jafnvel katólska kirkjuvaldið, sem hann hafði alla æfi unnið móti, mælti honum líknarorði. En alt kom fyrir ekki. — Ferrer gekk rólegur að gröfinni og sneri sér móti þeim 12 hermönnum, sem settir voru til að skjóta hann. Við grafarbarminn frétti hann, að dóttir sín hefði farið á konungsfund, til þess að biðja honum líknar, og feldi hann þá nokkur tár, en þerði þau bráðlega af sér og hrópaði: — "Lengi lifi Anarkista kenningin! Lengi lifi nútiðar mentastofnanir!"

Skotin riðu af byssunum. Hann fell í gröf sína.

Mælt er, að Spánarstjórn hafi undið bráðan bug að því, eftir að hún var búin að taka líf þéssa manns, að loka öllum skólum hans og banna kenslu í þeim. En samtímis hafa vinir hans sett á stofn fjölda skóla um alt land, þar sem þeim fræðum verði framvegis haldið að nemendum, sem Ferrer barðist fyrir meðan honum entist aldur.

Þessar prentvillur

í bæklingnum "Jón Austfirðingur" eru menn beðnir að leiðrétta:

Bls. 21—"láta til skiftis skella", á að vera: lætur til skiftis skella, o.s.frv.

" 22—"hungeltið háróma við", á að vera: hundgeltið hjáróma við, o.s.frv.

" 26—"hreint og fritt", á að vera: hreint og prýtt.

" 30—"kvalavein", á að vera: kvala kvein, o.s.frv.

" 33—"engan blett undan", á að vera: engan blett auðan, o.s.frv.

" 49—"frá elskanda kyssandi vörum", á að vera: elskuðum kyssandi, o.s.frv.

" 63—"augnabliks tilfinning", á að vera: augnablik tilfinning, o.s.frv.

" 64—neðsta línan á að vera: á svipstund fer, o.s.frv.

" 65—"eilifdjúpan heim", á að vera: eilifdjúpan heim, o.s.frv.

" 76—"bónleið hún fór", á að vera: bónleið hún fór, o.s.frv.

G. J. G.

Sparið Línið Yðar.

Ef þér óskið ekki að fá þvottinn yðar rifinn og slitinn, þá sendið hann til þessarar fullkomnu stofnunar.

Nýtízku aðferðir, nýr vélaútbúnaður, en gamalt og æft verkafólk.

LITUN, HREINSUN OG PRESSUN SÉRLEGA VANDAÐ

Modern Laundry & Dye Works Co., Ltd.
307—315 Hargrave St.
WINNIPEG, MANITOBA
Phones: 2300 og 2301

VEITIÐ ATHYGLI!

Nú gefst yður tækifæri á, að eignast heimili og bújarðir með sanngjörnu verði.

Hús og bæjarlóðir til sölu og skift fyrir bújarðir. Einnig seljum við og skiftum bújörðum fyrir bæjareignir, útvegum kaupendur fyrir eignir yðar, og önnumst um alls konar sölu og skifti.

Við útvegum peningalán með rýmilegum skilmálum, tökum hús og muni í eldsábyrgð, og sóljum lífsábyrgðar skírteini með sérstökum hagsmunum fyrir hluthafa fyrir bezta og áreiðanlegasta Bandaríkjafélag. Komið og finnið oss að máli, og skrásetjið eignir yðar hjá oss. Fljótum og áreiðanlegum viðskiftum lofað.

The MONTGOMERY Co.
K.B. Skagfjörð, ráðsmaður.
Rm. 12 Bank of Hamilton
Cor. Main & McDermott.
Skrifstofu talsími, Main 8317.
Heimilis talsími, Main 5223.

KENNARA VANTAR

við The Narrows skóla No. 1450 fyrir 3 mánuði. Kensla byrjar 3. jan. 1910. Umsóknir tiltaki kaup-hæð og mentastig. Verða að vera komnar til undirskrifaðs fyrir 1. des. næstk.

The Narrows P.O., man.,
7. okt. 1909.

J. R. JOHNSON,
Sec'y-Treas.

Mrs. Williams

er nýkomin til baka úr ferð sinni um gamla landið. Hún fór þangað til að skoða beztu kvenhatta verkstæðin og valdi þar mesta úrval af alls konar kvenhöfuðbúnaðarskrauti og höttum. Hún óskar, að isl. konur vildu skoða vörur sínar sem hún er viss um þeim mundi geðjast að. Verðið sanngjarnt.

704 NOTRE DAME AVE.

23-12-9

The ALBERTA Hreinsunar Húsið

Skraddarar, Litarar og Hreinsarar. Frönsk þur- og gufuhreinsun. Fjaðrir hreinsaðar og gerðar hrokn ar. Kvenfatnaði veitt sérstakt athygli. Sótt heim til yðar og skilað aftur. Allskonar aðgerðir. Fljót afgreiðsla. Verð sanngjarnt. Opið á kveldin. FÓN: Main 3466.

660 Notre Dame Ave., Winnipeg

23-9-10

Dr. M. Hjaltason,
Oak Point, Man.

Jóhanna Olson
PIANO KENNARI
557 Toronto St. Winnipeg

Sv. Björnsson,
EXPRES-MAÐUR,
annast um alls kyns flutning um borgina og nágrennið. Pöntunum veitt móttaka á prentstofu Anderson bræðra, horni Sherbrooke og Sargent stræta.

2 Bækur Gefins

FÁ NÝJIR KAUPENDUR AÐ HEIMSKRINGLU SEM BORGA $2.00 FYRIRFRAM, OG ÞESSUM BÓKUM ÚR AÐ VELJA :—

Mr. Potter frá Texas
Aðalheiður
Svipurinn Hennar
Hvammverjarnir
Konuhefnd
Robert Manton
og Leyndarmál Cordulu frænku. —

Alt góðar sögur og sumar ágætar, efnismiklar, fróðlegar og spennandi. Nú er tíminn að gerast kaupendur Hkr. Það eru aðeins fáeintök eftir af sumum bókunum.

Heimskringla
P.O. Box 3083, Winnipeg

WINNIPEG Business College
Cor. Portage Ave and Fort St.
28. AR
FÉKK FYRSTU VERÐLAUN Á SAINT LOUIS SÝNINGUNNI.
Dag og kveldkensla. Telefón 45.
Haustkonsa byrjar 1 Sept.
Bæklingur með myndum ókeypis.
Skrifið til: The Secretary, Winnipeg Business College, Winnipeg Man.

A. S. BARDAL
Selur líkkistur og annast um útfarir. Allur ábúnaður sá besti. Enfremur selur hann al skonar minnisvarða og legsteina.
121 Nena St. Phone 306

Sendið Heimskringlu til vina yðar á Íslandi

Miss NESBITT
KVENHATTA SALI
112 ISABEL ST.
Býr til alskonar kvenhatta í nýjustu gerð. Skreytir með fjöðrum, blómum og bóndum og öðru nýtízku stássi. Endurnýjar og skreytir brúkaða hatta. Alt verk vandað og verð sanngjarnt. Isl. konum boðið að skoða búðina. —
MISS NESBITT,
112 Isabel Street
18-11-9

Fréttabréf.

NOME, ALASKA.
9. október 1909.

Ritstjóri Heimskringlu.

Fáein fréttaorð hefir mér komið til hugar að senda blaði yðar um leið og ég sendi borgun fyrir það.

Næstliðinn vetur var mjög frostvægur, en í meira lagi snjóþungur. Vorið var kalt yfirleitt, en þó meinhæg tíð. Sumarið kom seint og endaði snemma, en var yfirleitt blítt og fagurt. Haustveður hafa verið nú í fullar 5 vikur. — Fyrstu dagana af september snjóaði ofan að sjó, en tók þó upp aftur á láglendi, en kuldar hafa haldist við síðan. Að öðru leyti meinhæg veður, þar til nú í 2 síðastliðna daga, að verið hefir suðaustan rosi með bleytu úrfelli.

Yfirleitt hefir þetta tíðarfar verið óhagstætt fyrir þá atvinnu, sem hér er stunduð, — námavinnuna. Snjórinn, þó ekki þyki góður, er þó eitt af því, sem námaútgjörðinni kemur vel á vorin. Frá honum fæst vatn til útþvottar gullsins úr vetrarsöfnunar haugunum. En þó snjórinn væri nógur, þá samt takmörkuðu vorkuldarnir vatnið frá snjónum, svo að það var alt of lítið, og þegar snjóinn tók upp, var mikið eftir óþvegið af vetrarsafninu. En þá kom sumarið, svo þurt, að ekki gat heitið, að deigur dropi kæmi úr loftinu. Af því beið námavinnan stórtjón. Allir smálækir þornuðu upp, og ár og vatnsveituskurðir, sem stórfélögin hafa grafa látið til þess að leiða vatnið eftir þeim á hentugu staði úr 30 milna fjarlægð og meira, — veittu ekki nema eini þriðja af vanalegu vatnsmagni, og sumstaðar ekki það. Í mörgun námum voru pumpur notaðar, og sama vatnið þannig notað upp aftur og aftur. En í fleiri tilfellum var ekkert vatn að fá, eða þá að náminu þoldi ekki þann aukakostnað og varð því ekki unninn.

Gulltekjan hefir orðið með langminsta móti, og atvinna af mjog skornum skamti, og útlit með atvinnu á komandi vetri alt annað en gott. Fólkið þyrpist líka burtu. Með hverju skipi, sem fer héðan, eru öll farrými uppseld löngu áður en skipið fer. Nokkrir hafa flutt upp til Tanana héraðs, þrungnir af löngun til að njóta góðs af gullfundi þeim hinum stórkostlega, sem þar er sagt að hafi orðið.

Heilsufar er í betra meðallagi. En dauðsföll og slysfarir af námavöldum eru því miður mikil. — Brjálsemi er hlutfallslega of mikil hér. Nú voru sendir burt með fyrstu skipum í vor, 2 konur og 7 karlmenn, og 2 hafa fyrirfarið sér síðan.

Við Íslendingar erum fáir hér, að eins sex, sem ég veit af nú. — Christ Goodmanson er í félagi með norskum manni, að vinna náma, sem þeir hafa tekið á leigu. Hann hefir unnið þar nær því árlangt, og mun hafa haft — auk alls tilkostnaðar — gott kaup upp úr því, og upp á síðkastið talsvert betur.

Herra Goodmanson fékk mjög álitlegt tilboð frá Gullnámafélagi Reykjavíkur næstliðið vor, og hafði hann því ásett sér, að fara heim til Íslands á þessu hausti, en vegna þess, hve náma hans hér hefir farið mjög batnandi, hætti hætti hann við heimferð, og fer að líkindum ekki, fyr en hann hefir útunnið náma sína hér. Meðal þeirra, sem vinna hjá honum, er einn landi, Júlíus Eyford.

Við hinir landarnir hötumst lítið að. Christ Thorlaksson vinnur af og til við útskipun. Sjálfur er ég og Edward F. Edwards iðjulausir nú. Guðni Jacobsson (Jackson), sem kom hingað næstliðið vor frá New York og hafði verið þar í grend nokkur ár við fiskiveiðar en áður í siglingum, fékk eins og fleiri enga atvinnu hér í sumar, og fór því út úr neyð að veiða lax og selja í félagi með norskum manni, og græddi nokkuð á því. Fyrir nokkru fékk hann illkynjað kýli og er nú á spítalanum hér.

Ásgeir Finnbogason varð að hætta vinnu í sumar fyrir illkynjað kvef og hósta, og með því að hann gat ekki fengið neina verulega bót á því, þá réði hann af að flytja héðan nú fyrir tíu dögum, og var ásetningur hans að að fara heim til Íslands. En læknirinn bannaði honum það, því að veikin væri þeirrar tegundar að hann þyrfti hlýtt loftslag, og mun hann því leggja leið til Californiu. En farbréf tók hann til Seattle.

Búnaðarblað Hkr. þótti mér sérlega myndarlega úr garði gjört, en óskað hefði ég að það hefði verið í tímarits formi, því það er þess vert að geymast og verða lesið af fólki framtíðarinnar.

S. F. Björnsson.

MARKERVILLE, ALTA.
22. október 1909.
(Frá fréttaritara Hkr.).

Það er orðið nokkuð langt síðan ég sendi Heimskringlu fréttir héðan, enda skeður hér fátt, sem tíðindum sætir. Alt gengur hér nú bærilega, og liðun fólks er hér fremur góð, hvað heilsu og hagsæld áhrærir.

Yfir það heila hefir sumartíðin verið ágæt. Heyskapartímann var tíðin hin hagstæðasta, kom varla skúr úr lofti, svo heyvinna gekk bæði fljótt og vel, og hey bænda eru bæði mikil og vel verkuð. Um 10. sept. kom dálitið úrfelli, sem töfðu nokkuð hirðingu heyja og akra, en ekkert skemdist.

Seint í ágúst komu dálitil næturfrost, sem á stöku stöðum kunna að hafa snert akra, en lítið, því viðast var hveiti orðið fullþroskað, svo skemdir munu varla tilfinnanlegar af frosti. Hagl skemdi hér í júlí hjá fáeinum íslenzkum bændum, en meiri skemdir hafa orðið hjá annara þjóða mönnum hér austur og norður.

Þresking stendur nú yfir hér í íslenzku bygðinni, og vinna að því að minsta kosti 3 vélar. Þær þreskja fyrir 3 til 4 cents búsheliðog leggja til alla menn, einungis verða bændur að taka kornið frá vélunum og leggja til eldivið. Uppskeran mun yfirleitt reynast lakari en í meðallagi. Á hálendi voru akrar víða rýrir, og valda því eflaust helzt til miklir þurkar í júní, en svo er það bezta kornið, sem fæst af háum ökrum í þetta sinn.

Gripamarkaður er hér nú með bezta móti, enda verið mikið selt. Fyrir stýra þriggja ára og eldri, er gefið 3½ cents fyrir pundið í þeim lifandi. Fyrir gelda gripi 2. ára og geldar kýr 3¼ cents pd. á velli. Fyrir snemmbærar kýr $35 og upp. Fyrir pundið í lifandi lömbum 5 cents, eldri kindum 4c. Fyrir slátrunarlæf svín 6—7½ cts. pundið. Margir bændur geyma sölugripi til fitunar í vetur, því reynslan er búin að sýna hagnað af þeirri aðferð.

Eigi mætti minna vera en minnast þess, að mjög er myndarlegur allur frágangur á Búnaðarskólablaði Heimskringlu. Margar ritgjörðir flytur það, sem fræða menn og hvetja til umbóta í búnaðarháttum bænda. Sérstaklega eru ritgjörðirnar eftir Mr. Askdal og "Bandaríkja Íslendinginn" einkar vel samdar, enda ýmsar fleiri, þótt mér virðist þær taka öðrum fram. — Þá er greinin "Réttir" snildarlega rituð, og er það hugðnæm andleg nautn okkur gömlu körlunum að lesa hana. Það er unaðsdraumur minninga löngu liðinna tíma.

Beztu þökk og viðurkenningu á ritstjórinn skilið fyrir Búnaðarskólablaðið, sem hefir kostað ærna fyrirhöfn og umstang.

Finst þér ekki, ritstjóri góður, að trúmála-deilugreinarnar mættu nú fara að verða færri í Heimskringlu? Fljótt sagt finst mér þær ekki eiga þar heima. Sumar þeirra eru naumast þess virði að lesa þær. Langt er síðan neitt nýtt, upplýsandi, rökstyðjandi eða sættandi hefir sést í þessu máli, og það er sannarlega minnisljór maður, sem eftir allar upptekningarnar og staglið man ekki gang þess máls. Sjö presta yfirlýsingin undursamlega sýnist líka loka öllum umræðum, því fari menn eftir henni, þá sýnist liggja næst að álíta síðasta kirkjuþing mjög þýðingarlítið, svo nóg virðist vera búið að rita um gjörðir þess. Og svo virðist mér þessar trúmáladeilur lítið leiða gott af sér, — sundrung í borgaralegri samvinnu og kannske persónulega óvild í sumum tilfellum. Er þetta til að efla Krists ríki hér á jörðunni? Það tekur út yfir, að hið heilaga málefni sýnist engu nær fyrir alt þetta þras og þref, sem líkleg kemur af því, að sumir menn sýnast eiga undir bágt með, að ræða ágreiningsatriði í bróðerni og kærleika. Við megum ekki gleyma því, að hvers manns sannfæring er honum helgur dómur, sem enginn ætti að dirfast að eyðileggja eða fyrirdæma, jafnvel ekki þótt hún væri röng. Maðurinn verður sjálfur að geta fundið, að hann þurfi að breyta skoðun og sannfæringu, — annars gjörir hann rétt í, að halda við sína sannfæringu, og er eins virðingarverður fyrir það. — Mér finst duga, að Breiðablik og Sameiningin — þessi andlegu málgögn — fjalli um þau mál, sem beint snerta trúfræði, þótt vikublöðin séu ekki fylt af þessari trúmálastælu, sem oft gengur lengra en góðu hófi gegnir.

Þið prestar og kirkjumenn! — Hættið að jagast út af hinu heilaga málefni. Hver kann að sjá, hvar nemur staðar. Sannleikurinn sigrar. Það, sem er af mönnum, fellur smámsaman fyrir hinu vaxandi ljósi, sem upplýsir hin eilífu sannindi. — En kennið lýðnum, að vinna saman í bróðerni og kærleika að Krists dæmi. "Alt, sem þér viljið að mennirnir gjöri yður, það skuluð þér og þeim gjöra". Þetta er hin algilda regla og mælisnúra fyrir mannlegu lífi, sem alla getur gjört farsæla, sem glæðir bróðurlega samúð og bindur oss alla saman sem bræður og systur í Kristi.

Dánarfregnir.

Þann 7. september sl. andaðist að heimili tengdasonar sins, hr. Th. Ísfjörðs í Gimli sveit, konan Rósa Mikaels, á 71. áldursári, eftir langa og þunga sjúkdómslegu. Hún var fædd á Skútum á Þelamörk, hvar hún ólst upp hjá foreldrum sinum Mikael Árnasyni og Oddnýju Jóhannesdóttur, er þar bjuggu lengi, og voru foreldrar 16 barna, hvar af að eins 2 systur lifa eftir.

Rósa sál. var trúkona, skynsöm og laglega hagmælt. Hún var iðjusöm, þrifin og sparsöm, jafnlynd og glaðvær, og hafði jafnan hnittin svör, þegar á þurfti að halda. Og þó hún væri fátæk alla ævi, kom hún þó upp með elju og dugnaði tveimur dætrum, sem nu blessa minningu hinnar látnu, nfl. Mrs. Jóninu Johnson, ekkju Árna sál. Kristjánssonar Geiteyings, og Mrs. Margréti Ísfjörð, er hún var hjá síðast.

Æ, vertu sæl og sofðu vært og rótt,
en systra hugur minning þína geymir,
og þegar svefninn sigrar okkar þrótt
um sælla líf og þig oss alt af dreymir.

Þú barðist gegn um hríðir,
hrannir bál
með hetjudug að þínu banadægri.
Nú skautar friðum sigurkransi sál
hjá sjóla dýrðar neinn er öðrum frægri.

J. J. og M. Í.

Tantallon, Sask., 23. okt. '09.

Heiðraði ritstjóri Heimskringlu.

Að morgni þess 22. þ.m. andaðist að heimili Johns J. Johnsonar í þessari bygð öldungurinn Teitur Helgason, rúmlega sjötugur að aldri, eftir langvarandi veiklun og nær þriggja mánaða legu af hjartveiki.

Hann var jarðaður í Hólar grafreit, að viðstöddu flestöllu nýlendufólki, sem fylgdu með lotningu til grafar einum af allra elztu frumbýlingum þessarar bygðar.

Teitur sál. var einnig einn með fyrstu Íslendingum, sem fluttust til Bandaríkjanna, þar sem að nú lifa hann ekkja hans og 4 uppkomin börn.

Hans verður nánar getið síðar.

Sig. Jonson.

Það er alveg víst. að Það borgar sig að auglýsa í Heimskringlu.

ROBLIN HOTEL
310 Adelaide St., Winnipeg
Bezta $1.50 á dag hús í Vestur-Canada. Keyrsla ókeypis milli vagnstöðva og hússins nótt og degi. Afbragðs hlustun bezta. Viðskifti Íslendinga óskast. William Ave strætisvagnar fer hjá húsinu
O. ROY, eigandi.

Giftingaleyfisbréf
selur: Kr. Ásg. Benediktsson
540 Simcoe st. Winnipeg

Gimli Hótel
G. E. SÓLMUNDSSON
eigandi
Óskar viðskifta Íslendinga sem heimsækja Gimli-bæ. — Þar er beini beztur í mat og drykkjarföngum, og aðbúð gesta svo góð sem frekast er hægt að gera hana. Hótelið er við vagnstöðina.
Gistið að Gimli-Hótel.

JIMMY'S HOTEL
BEZTU VÍN OG VINDLAR.
VÍNVEITARI T.H.FRASER,
ÍSLENDINGUR.
James Thorpe, Eigandi

A. S. TORBERT'S
RAKARASTOFA
Er í Jimmy's Hótel. Besta verk, ágæt verkfæri; Rakstur 15c en Hárskurður 25c. — Óskar viðskifta Íslendinga.—

MARKET HOTEL
146 PRINCESS ST. á móti markaðnum
P. O'CONNELL, eigandi, WINNIPEG
Beztu tegundir af vínföngum og vindl um. aðhlynning góð húsið endurbætt

Woodbine Hotel
Stærsta Billiard Hall í Norðvesturlandinu
Tíu Pool-borð.—Alskonar vín og vindlar
Lennon & Hebb
Eigendur.

Arena Rink
Undir nýrri stjórn
Opinn fyrir Hjólskauta skemtun
Hornaflokkur á kveldin

The Dominion Bank
NOTRE DAME Ave. BRANCH Cor. Nena St.
VÉR GEFUM SÉRSTAK AN GAUM AÐ SPARISJÓÐS-DEILDINNI. —
VEXTIR BORGAÐIR AF INNLÖGUM.
HÖFUÐSTOLL - - - $3,983,392.38
SPARISJÓÐUR - - $5,300,000.00
H. A. BRIGHT, MANAGER.

"En", sagði Mórits, "fyrst faðir minn var ríkur, hvers vegna erum við þá svona fátæk? Hvers vegna erum við í svona lélegu húsi?"

"Nú, jæja, drengur minn, ég skal segja þér eins mikið og ég má. En þú verður að lofa mér, að tala aldrei um það við nokkurn mann".

"Því lofa ég, mamma".

"Gott, ég treysti því. Hlustaðu þá á: Áður en ég varð kona föður þíns, hafði hann verið giftur einu sinni áður og átti son með þeirri konu. Giftingokkar fór fram mjög leynilega. Það eru nú að eins tvær manneskjur lifandi, sem geta vottað það, og það eru, presturinn, sem gifti okkur, og eitt af vitnunum, sem var til staðar við giftinguna. Þegar faðir þinn dó, sem skeði óvænt og skyndilega, hafði hann ekki getað samið erfðaskrá okkur til hagsmuna. Allar eignir hans lentu því hjá eldra syninum, hálfbróður þínum. Þegar faðir þinn dó, hætti líka styrkveiting sú, sem hann gaf okkur, og því urðum við neydd til að fara úr fallega húsinu, sem við áður bjuggum í".

"En, mamma", sagði Mórits, "ég á þá bróður, sem er lifandi og ríkur?"

"Já, þú átt bróður".

"Og hvers vegna hjálpar hann okkur ekki?"

"Hann veit ekki, að við erum ættingjar hans Hann veit einu sinni ekki, að við erum til í heiminum".

"En því eigum við þá ekki að segja honum það?"

"Mórits", sagði húsfrú Sterner alvarlega, "faðir þinn var eðallyndur maður, viltu breyta á móti vilja hans? Viltu eftir dauða hans óhlýðnast skipun þeirri, sem hann gaf meðan hann lifði? Álítur þú það ekki þína helgustu skyldu, að hlýða vilja hans?"

"Jú, mamma, ég skal aldrei óhlýðnast honum".

"Jæja, sömu lögin gilda einnig fyrir mig, ég verð að uppfylla sömu skyldu. Það, sem minn elskaði, hornin eiginmaður bauð, verð ég að efna, hve sárt, sem mig tekur það, og hve mikla sjálfsafneitun, sem ég verð að þola. Finst þér það ekki, sonur minn?"

"Jú, mamma, en hefir þá faðir minn bannað þér að biðja hinn ríka son um hjálp handa hinum fátæka?"

"Þegar ég sá föður þinn í síðasta sinn, Mórits, sagði hann við mig: Ég fer nú burt, langt í burt, góða vina mín, og við sjáumst ekki um langan tíma. Ég hefi samt séð svo um, að þú og sonur okkar getið með sparnaði lifað sómasamlega á ókomna tímanum, og áður en ég dey, skal ég sjá um afkomu ykkar enn betur. En þess krefst ég af þér, Ágústa, að þú segir engum frá giftingu okkar. Ég vil ekki að sonur minn viti nafn eða stöðu föður sins, fyr en hann er 20 ára gamall. Ég vil ekki, að hann alist upp við auð og iðjuleysi, heldur við sparsemi og iðnað, svo að hann, þegar hann af eigin ramleik hefir aflað sér auðs, kunni að nota hann á heiðarlegan hátt. Viltu lofa mér þessu, elsku vina mín? Ég lofaði þessu, og það er af þeim ástæðum, að ég get ekki leitað liðsinnis bróður þíns, því þetta loforð er heilagt."

"Já, móðir mín, ég skil þetta, en hvers vegna krafðist faðir minn slíks loforðs af þér?"

"Hann kvaðst hafa séð það á eldra syni sinum, hve skaðleg áhrif vissan um auðinn gæti haft. Þessi sonur hans hefði verið vanþakklátur, latur og léttúðarfullur, — bakað föður sínum hrygð. Þess vegna vildi þessi góði og eðallyndi maður láta ala þig upp á annan hátt, hann vildi ekki, að þú vissir að þú værir ríkur, hann vildi að þú skyldir sjálfur brjóta þér braut og vinna fyrir brauði þínu. Hann gat gert þig ríkan, en hann vildi það ekki, svo auðurinn

skyldi ekki skemma þig. Sonur minn skal ekki erfa meira eftir mig, en hann þarf til lífsviðurværis, ef hann skyldi missa heilsuna. Vilji hann safna auð, þá verður hann að vinna fyrir honum. Manneskjan ætti aldrei að eiga meira heldur en það, sem hún getur unnið sér inn með iðnaði og framsýni, þegar hann hefir fengið gott uppeldi hjá foreldrunum, því að veita honum það, er skylda þeirra, en ekki meira. Þetta sagði faðir þinn".

"Já", sagði pilturinn, "ég skil meiningu föður mins, hún er mér til góðs. En þar eð hann gat ekki fullkomnað uppeldi mitt, sem hann áleit skyldu sina, hvers vegna sá hann þá ekki um það, að þú gætir það, mamma, að honum látnum?"

"Það hefir eflaust verið ætlun hans, barnið mitt, en hann dó mjög snögglega af óhappa tilfelli, og gat því ekki búið um framtíð okkar, og þess vegna erum við fátæk".

"Og nú eigum við ekkert, nema það, sem þú getur unnið þér inn. Við megum svelta og sæta kulda á meðan bróðir minn lifir við allsnægtir. Það er þó hart —".

"Vertu hughraustur, Mórits, það bjargast einhvernveginn, þó stundum líti illa úti. Guð yfirgefur okkur ekki, þegar við biðjum hann um hjálp og treystum honum. Og þó við séum nú fátæk, skulum við vona að þú verðir einhverntíma góður og gæfurikur og af eigin starfi óháður maður, eins og faðir þinn óskaði".

"Ég fæ ekki að vita mitt rétta nafn fyr en ég er tvítugur, mamma?"

Húsfrú Sterner stóð upp, gekk að skrifborðinu, lauk upp einni skúffunni og tók upp úr henni lokaðan böggul.

"Mórits", sagði hún, þegar hún var sezt aftur í nánd við eldinn, — "þessi böggull, sem þú hefir

heimild til að opna á tuttugasta afmælisdegi þínum, hefir að geyma sannanir viðvíkjandi fæðingu þinni, ásamt bréfi til þín frá föður þínum. Hann hefir sjálfur lokað honum og afhent mér hann til geymslu. Verði ég lifandi þá, — sagði hann — þá eru þessi skjöl þýðingarlaus, en verði ég dáinn, þá getur hann með þeim sannað ætterni sitt og tekið upp það nafn, sem hann á. Þegar ég dey, Mórits", sagði húsfrú Sterner, "tekur þú sjálfur böggul þennan í þína geymslu, og ég er viss um, að þú geymir svo mikla ást og virðingu til foreldra þinna, að þú opnir ekki böggulinn fyr en á ákveðnum tíma".

"Það skal ég ekki gera, mamma", sagði pilturinn og horfði forvitnum augum á böggulinn. En hvers vegna vild faðir minn ekki leyfa, að ég bæri sitt nafn fyrri en ég væri 20 ára?"

"Það hefi ég þegar sagt þér. Hann vildi láta þig alast upp við sparsemi, án þess þú vissir að þú ættir meira en það, sem þú gætir unnið þér inn sjálfur með iðni og framsýni. Hann var hræddur um, að þú yrðir óánægður með það hlutskiti, sem hann ætlaði þér, ef þú vissir að þú værir sonur ríks manns, að þú yrðir öfundssjúkur, kærulaus, latur og léttúðargjarn, af því þú treystir því að þurfa ekki að vinna, þar eð þú yrðir ríkur að föður þínum látnum. Þetta var ein af ástæðunum fyrir því, að hann vildi ekki láta þig þekkja þitt rétta nafn, fyr en þú hefðir náð þeim aldri að þú með þroskaðri skynsemi og rólegri yfirvegun gætir séð, hvað þér var hentugast og bezt".

"Faðir minn vildi ekki að ég skyldi vita, að ég væri sonur auðugs manns?" endurtók Mórits.

"Nei, hann vildi það ekki".

"En af hverju hefir þú þá sagt mér það?"

"Af því að það, fyrst faðir þinn er dáinn án þess að skilja okkur nokkuð eftir, getur ekki gert þér

Kjör rithöfunda og listamanna.

Inngangsræða við fund "Alþjóðafélagsins fyrir bókmentir og listir" í Köln 1909.

Eftir prófessor GEORG BRANDES.

Schiller segist svo frá í einu af kvæðum sínum, að Júpíter hafi sagt við mannkynið: "Skiftið þið heiminum á milli ykkar; ég gef ykkur hann að eign og óðali". Þá þaut hver til sem betur gat. Akuryrkjumaðurinn tók afurðir jarðarinnar, aðalsmaðurinn fór á veiðar, kaupmaðurinn birgði sig að vörum, ábótinn kaus sér dýrindis vín, konungurinn setti verði við hrýr og vegi og tók toll af umferendum. En seint og síðar meir, þegar öllu var löngu upp skift, bar skáldið að. "Æ, ég aumur", sagði hann, "mér einum, trúasta syni þínum, hefirðu gleymt", og draumsjónamaðurinn varpaði sér niður fyrir hásæti Júpíters. — "Hvar varstu", sagði guðajöfurinn, "þegar heiminum var skift?" — "Ég var hjá þér", svaraði skáldið; "þar misti ég sjónar á öllu jarðnesku". — "Hvað skal til bragðs taka?" sagði guðinn, "nú er öllu ráðstafað og úthlutað. En viljir þú búa í himninum hjá mér, þá skal hann standa þér opinn, í hvert sinn er þú kemur".

Sú huggun, sem Schiller í kvæði sínu veitir skáldum og listamönnum, mun ekki reynast þeim nægileg á vorum dögum. Hún nægði honum ekki sjálfum, því hann tók með gleði við peningum að gjöf frá stjórn Dana, sem bar gæfu til að bæta úr neyð hans, þegar hann var svo veikur og veill að hann gat ekki unnið sér nægilegt lífsviðurværi.

I.

Himininn minn stendur þér opinn", sagði Júpíter. "Himininn stendur þeim opinn" var almenningsskoðun á hlutskifti því, sem rithöfundar ættu að eiga, eftir að fangelsin höfðu verið þeim opin um langan aldur.

Þegar prentlistin var fundin og höfundar gátu breitt út um alt skoðanir sínar, er það fyrsta, sem öllum valdhöfum og þjóðfélagsstöðum dettur í hug, þetta: þeir eru hættulegir, við verðum að sjá við þeirri hættu. Við verðum að marka öllu bás, sem þeir birta, og hafa stranglega gát á því.

Höfundurinn varð þá að biðja um leyfi til að gefa út hverja einstaka bók. Menn hræddust hann ýmist af pólitiskum ástæðum eða þá — og lang-oftast — vegna trúarlífsins. Ef einhver höfundur var óvarkár, var hann oft látinn sæta limlesting eða dauðahegningu. — Ekki þurfti mikið út af að bera til þess, að hann væri settur í gapastokk, eyrun skorin af honum eða hann handhöggvinn. Hann var píndur á píslarbekk og sat árum saman í dýflissu.

Einkum barðist kirkjan gegn bókmentunum. Fáein dæmi eru nóg til að sýna það. Roger Bacon (enskur munkur, heimspekingur og náttúrufræðingur á 13. öld)*) var 14 ár hneptur í fangelsi. Sama sýnir það hlutskifti, er þeir hlutu Giordanó Brúnó (heimspekingur, brendur á báli í Róm 17. febrúar 1600), Campanella (ítalskur heimspekingur (1568—1639), er varð að flýja land og dó á Frakklandi) og Servetus (guðfræðingur, brendur á báli í Genf 1553). Balthasar Bekker (guðfræðingur, 1634—98) var gerður landrækur úr Hollandi fyrir ummæli sín gegn galdratrúnni. Á Englandi var bók um þríhyrningamælingar gerð upptæk, af því að haldið var, að sumt í henni kæmi í bága við þrenningarlærdómina. Og eins var farið með aðra bók um skorkvikindi (Insekter), af því að haldið var, að hún beindist að Jesúítum, með því að jafnmargir stafir eru í báðum orðunum "Jesuit" og "Insect".

Í öllum löndum varð það títt, að misbeita valdinu af pólitiskum ástæðum. Á 17. öld er Algernoon Sidney (1622—83) hálshöggvinn á Englandi fyrir fáeinar setningar í óprentuðu handriti, sem fanst á heimili hans. Á 18. öld situr Chr. Schúbart (1739—91) á þýzkalandi í 10 ár í fangelsi fyrir fáeinar meinlausar háðvísur. Karl hertogi af Wurtenburg hélt honum þar föstum og stakk á meðan í eigin vasa nokkrum þúsundum gyllina, sem goldnar voru í ritlaun fyrir útgáfu af kvæðum hans. Og meðal þeirra voru lofkvæði um harðstjórann, sem "velgjörðamann" þjóðar sinnar, er skáldið var neyddur til að yrkja.

Mönnum stóð jafnan meiri ógn af háðinu en trúvillum og uppreistaranda og lögðu þyngri hegning við því. Jafnvel Voltaire fékk að kenna á því í ástöðu sinni til konunganna, bæði hjá Loðvík 15. og Friðriki mikla.

Ekki leið á löngu eftir að prentlistin var fundin, áður en komið var á ritskoðun um alla Evrópu, til þess að sjá um, að ekki væri prentað neitt, sem stjórnendunum geðjaðist ekki að.

Það er eitt dæmi þess, hve langt Milton var á undan sínum tíma, að hann mælti með því 1644, að öll ritskoðun væri afnumin. 50 árum seinna var hún líka afnumin á Englandi, en kom svo aftur tvíefld. Svo liðu enn full 100 ár, áður kviðdómum var falið að dæma í öllum málum út af blaðagreinum á Englandi, árið 1794. Í Bandaríkjunum komst prentfrelsi á fjórum árum fyr (1790). Á Frakklandi komst það á um sama leyti, í byltingunni miklu, var svo úr lögum numið af Napóleon, en komst á aftur 1814.

Ekki kom frelsisbaráttan á þýzkalandi, svo kallaða (gegn Napóleon), neinu prentfrelsi á þar. 1819 var þar allstaðar innleidd ritskoðun til að verjast hættulegum kenningum, og 1835 var ekki nóg með það, að bækur Heinrich Heines og "hins unga þýzkalands" væru bannfærðar, heldur var á Prússlandi bannið líka látið ná til allra þeirra rita, er Heine kynni framvegis að semja. Bannað var og, að neina nafn þessara höfunda á prenti, eins og gert er enn í dag á Rússlandi, þegar koma á manni þar á kné.

Á afturhaldsárunum eftir 1850, var allstaðar þröngt að prentfrelsi blaðanna. Hvert pólitiskt tækifæri var gripið til þess, að gefa út nýj kúgunarlög.

II.

Meðan þannig var farið með rithöfundana sem hættuleg skaðræðisdýr, svo að nauðsynlégt þótti að hafa öflugar sóttvarnir gegn spillingu og skemdum af ritum þeirra, var stjórnum og þjóðfélaginu aðsvitað ekki sérlega ant um, að tryggja þeim lífsviðurværi. Reyndar höfðu rit þeirra oft og einatt beint peningagildi. En mönnum skildist ekki, að þeir ættu sjálfir nokkurn rétt á neinum arði. Höfundarréttur var hvorki nefndur á nafn í lögum Rómverja né á miðöldunum. En eftir að prentlistin var fundin, varð æskilegt að geta verndað rit gegn því, að vera prent uð upp af öðrum. Langa hríð var þó útgefandinn jafn-réttlaus og höfundurinn. Ef einhver bók þótti skara fram úr, var hún prentuð upp. Lúther kvartar yfir því, og kemur auga á rétt höfundarins, Jafnvel Jósef II. Austurríkiskeisari sem þó var frjálslyndur maður í mörgu, neitaði að banna upprentun rita, og fanst hún í alla staði réttmæt.

Nokkurs konar andlegur eignarréttur var þó orðinn viðurkendur á Englandi um 1709. Á Frakklandi og Prússlandi varð hann ekki viðurkendur fyr en 1793 og 1794.

Þegar 19. öldin er frá skilin urðu því skáld og vísindamenn hvarvetna að vera komnir upp á velgjörðamenn. Þeir gátu ekki lifað á ritlaunum, og urðu því að lifa á tileinkunum til velunnara sinna og bjargvætta. Þetta er þegar komið á í fornöld hjá Rómverjum. Mæcenas heldur hlífiskildi yfir Hórazi; og hann launar með því að gera nafn Mæcenasar ódauðlegt, svo að það er nú notað sem nafn á slíkum velgjörðamönnum á hverri tungu.

Svo snemma á öldum, sem hjá Hómer, kveða skáldin um konungana og láta afreksverk þeirra vera yrkisefni sitt. Eins er í fornöld á Norðurlöndum, að skáldin kveða um norska, danska eða írska konunga og fá gullhringa og skarlatsskikkjur að bragarlaunum. Á líkan hátt heldur Persakonungur verndarhendi sinni yfir þeim Hafis (d. 1389) og Saadi (1184—1291). Friðrik II. hinn mikli, þýzkalandskeisari, gefur Walther von der Vogelveide (1165—1230) litið lén að veizlu. Stjórnendur í Veróna og Ravenna skjóta skjólshúsi yfir Dante í útlegð hans. Lope de Vega (1562—1635) tileinkar Úrbani páfa VIII. leikrit sitt "Corona tragica".

Í byrjun nýju aldarinnar voru þau skáld, sem ekki voru af konungaættum, eins og t. d. Charles af Orleans (1391—1465), báglega stödd. Veslings Villon (1431—85 nokkurs konar Bólu-Hjálmar), sem var honum samtíða, en meira skáld, var oft hneptur í fangelsi fyrir hnupl á steikarbitum og kryddkökum, og lá jafnvel við, að hann yrði hengdur fyrir þess konar örbirgðaróðæði. Að hann slapp frá gálganum, var því að þakka, hve Loðvík XI. var mildur gegn alþýðunönnum. Tilvera skáldanna var þannig komin undir góðvild konunganna.

Næsta skáld Frakklands, Clément Marot (1496—1544), var af Franz konungi I. skipaður herbergisþjónn hjá systur hans, Marguerite af Valois, er leiddi til þess, að hann komst í fjörugt skáldskaparsamband við þessa gáfuðu og lærðu konungsdóttur. Hann hafði verið hernuminn, var því næst ákærður um trúvillu af niðingslegri vinkonu, og varpað í fangelsi. Í þrjátíu sinn var hann hnepturr í dýflissu fyrir að bjarga lífi aumingja úr höndum bogaskytnanna. Konungurinn einn varð til að leysa hann úr nauðum.

Molière varð líka herbergisþjónn, en hjá konungi sjálfum, og kom honum það að liði, þegar bannað var að sýna leikrit hans "Tartuffe". Að honum græddist vel fé, kom af því einu, að hann, eins og Shakespeare, var alt í senn: leikari, leikhússtjóri og leikritahöfundur.

Annars höfðu til þessa prentarar einir, útgefendur og bókbindarar atvinnu af bókum, — þó því að eins, að einkaleyfi konunganna trygði þeim arðinn af sölunni. En höfundarnir höfðu ekkert upp úr krafsinu. Og löngu seinna fá höfundarnir nokkrar tekjur með því eina móti, að þeir fá einkaleyfi til tryggingar þeim, líkt og sjá má framan á ritum þeirra Goethes og Schillers. Jafnvel á dögum Loðvíks XIV. álitu höfundar það óhæfu, að græða á ritum sínum. Boileau kveður svo:

"Illa er mér við höfunda,
sem, leiðir á frægð og þyrstir í gull,
vista skáldgyðju sína hjá bóksala
og gera sér guðdómlega list að gróðavegi".

Sama var uppi á teningnum hjá Byron, þegar hann byrjaði að yrkja; hann neitaði þá að taka á móti ritlaunum, sem hann seinna meir þurfti fyllilega á að halda.

Eigi sérstaklega að tiltaka tímabil, er konungar og þjóðhöfðingjar álitu sér skylt, að styðja framúrskarandi gáfur og hæfileika, þá er mönnum tíðast að nefna öld Loðvíks XIV.; því þá var sú skoðun ofan á, að rithöfundar og listamenn ættu að fá laun eða bitlinga til framfærslu sér.

Og hve hörmuleg voru þó ekki kjör margra snillinganna um þær mundir!

Það voru alt annað en sældarkjör, sem La Bruyére (1645—96) átti við að búa í húsi Loðvíks hertoga af Bourbon; var þar fyrst kennari, seinna til skemtunar, ætið á lægstu skör settur. Það er ekki úr minni liðið, hvern aldurtila þjónn hans, skáldið Santeuil (1630—97) hlaut. Hann dó úr tóbaksreitrun, er einn af þeim háu herrum hafði hrist nasafylli af neftóbaki í glas hans.

Corneille (leikritahöfundur, 1606—86) féll í ónáð hjá Mazarin kardínála, af því hann leyfði sér að gera fáeinar breytingar í uppkasti að sorgarleik, sem honum var skipað að fylla eyður í. Og svo fátækur var hann í elli sinni, að þegar hann hafði þrjá um sjötugt, sá vinur hans hann fara inn í skóarabúð, til þess að fá gert við skó sína meðan hann stóð við, því hann átti ekki nema þá einu skó, sem hann gekk á, eins og segir í vísunni:

"Á gatnamótum, hjá skósmið,
beið hinn mikli Corneille berfættur eftir skó sínum".

Og þó var fjarri því, að Loðvík XIV. léti sig engu skifta um Corneille. (Meira).

THE BANK OF TORONTO

INNLEGG - - - $30,853,000

VJER OSKUM VIDSKIFTA YDAR

WINNIPEG DEILD: 456 MAIN ST. JOHN R. LAMB, RADSMADUR.

DR. H. R. ROSS
C.P.R. meðala- og skurðlækuir.
Sjúkdómum kvenna og barna veitt sérstök umönnun.
WYNYARD, — SASK.

JOHN DUFF
PLUMBER, GAS AND STEAM FITTER
Alt verk vel vandað, og verðið rétt
664 Notre Dame Ave. Phone 3815
Winnipeg

Með því að biðja sérlega um "T.L. CIGAR." þá ertu viss að fá ágætan vindil.
T.L. CIGAR
(UNION MADE)
T.L.
Western Cigar Factory
Thomas Lawrence and Wm. Paterson

Edward Lag Extra Porter
Styrkið taugarnar með því að drekka eitt staup af öðrum hvorum þessum ágætu heimilis bjór, á undan hverri máltíð. — Reynið!!
EDWARD LAGREVERY Manufacturer & Bottler Winnipeg, Canada

Department of Agriculture and Immigration.
MANITOBA
Þetta fylki hefir 41,169,089 ekrur lands, 6,019,200 ekrur eru vötn, sem veita landinu raka til akuryrkjuþarfa. Þess vegna höfum vér jafnan nægan raka til uppskeru tryggingar.
Ennþá eru 25 miljónir ekrur óteknar, sem fá má með heimilisrétti eða kaupum.
Íbúatala árið 1901 var 255,211, nu er nún orðin 400,000 manns, hefir nálega tvöfaldast á 7 árum.
Íbúatala Winnipeg borgar árið 1901 var 42,240, en nú um 115 þúsundir, hefir meir en tvöfaldast á 7 árum.
Flutningstæki eru nú sem næst fullkomin, 3516 mílur járnbrauta eru í fylkinu, sem allar liggja út frá Winnipeg. Þrjár þverlandsbrauta lestir fara daglega frá Winnipeg, og innan fárra mánaða verða þær 5 talsins, þegar Grand Trunk Pacific og Canadian Northern bætast við.
Framför fylkisins er sjáanleg hvar sem litið er. Þér ættuð að taka þar bólfestu. Ekkert annað land getur sýnt sama vöxt á sama tímabili.
TIL FERDAMANNA:
Farið ekki framhjá Winnipeg, án þess að grenslast um stjórnar og járnbrautarlönd til sölu, og útvega yður fullkomnar upplýsingar um heimilisréttarlönd og fjárgróða möguleika.
R. P. ROBLIN,
Stjórnarformaður og Akuryrkjumála Ráðgjafi.
Skrifið eftir upplýsingum til
Joseph Burke, 178 LOGAN AVE., WINNIPEG.
Jas Hartney, 77 YORK ST. TORONTO

*) Öllu, sem er í svigum (ártöl og skýringar), er bætt við af þýðandanum.

neinn skaða. Nú getur þú engar heimskulegar vonir gert þér, þar sem þú veizt, að allar eigur föður þíns eru erfðafé þíns eldra bróður. Því enda þótt þú einhverntíma seinna viljir sanna ætterni þitt, þá getur þú þó ekki gert kröfu til neinna meiri fjármuna heldur en bróðir þinn vill gefa þér. Sú eign, sem hann erfði, er þannig á sig komin, að hún tilheyrir eingöngu hinum elzta syni. Yngri synirnir fá ekkert, ef hinn framliðni faðir þeirra hefir ekki gert ráð fyrir því í erfðaskrá sinni. En slíka erfðaskrá hefir faðir þinn ekki skilið eftir, af því hann dó svo skyndilega, að hann gat það ekki. Þú ert og verður arflaus, góði drengurinn minn".

"En það eru ranglát lög, sem gera annan bróðurinn ríkan, en hinn fátækan", sagði Mórits.

"Það er alveg rétt, barnið mitt. Án efa einhver ósanngjörnustu lög, sem til eru. En við getum ekki breytt þeim, fyrst þau eru til, en ég vona, að sonur minn hafi svo mikla sómatilfinningu, að hann biðji engan um það brauð, sem hann er fær um sjálfur að vinna fyrir".

"Nei, mamma, það skal ég aldrei gera. Ég skal vinna og vera iðinn við nám mitt, svo ég geti sem fyrst farið til Uppsala og orðið stúdent. Þú mátt vera viss um það, að þó ég fengi að vita nafn bróður míns, þá skal ég aldrei biðja hann um neina hjálp. Ég skal láta mér annast um, að brjóta mér braut sjálfur í heiminum, eins og faðir minn vildi að ég gerði".

"Já, gerðu það, sonur minn", sagði móðirin. — "Ef ég lifi og held heilsu, þá skaltu ekki líða neyð meðan þú ert hjá mér. Og að því er nám þitt snertir, þá segir Bergholm prestur, að þú þurfir ekki að ganga á skóla, sem þú hefir heldur ekki efni á, hann skuli kenna þér alt, sem þú þurfir að kunna til að geta fengið aðgang á háskólanum. Og þegar sá

tími kemur, sem verður að 7 eða 8 árum liðnum, vona ég að geta veitt þér styrk, ef ég lifi".

"Þú, mamma?"

"Já, ég hefi dregið ofurlítið saman handa syni mínum", svaraði húsfrú Sterner, "þegar faðir þinn dó, og við neyddumst til að flytja hingað, safnaði ég saman verðmestu munum, sem hann hafði gefið mér, og seldi þá. Nokkru af peningum þessum hefi ég varið til lífsnauðsynja okkar, en meginið af þeim er enn geymt til annara þarfa, og þrátt fyrir alla okkar neyð, hefi ég ekki snert einn pening af þessari litlu upphæð, og geri það aldrei. Það er það eina, sem ég get skilið eftir handa þér, Mórits minn".

"Góða, elskuverða móðir mín", sagði pilturinn með tárin í augunum, "þú hugsar of mikið um mig. Til þess að geta hjálpað mér á ókomna tímanum, liðir þú sult og kulda. En þú hefir aldrei áður minst á þessa peninga".

"Af því að það atvikaðist svo í kvöld, að við fórum að tala um kvíða okkar og neyð, þá vildi ég segja þér þetta, svo það gæti verið þér hvöt í framtíðinni. Fyrst ætlaði ég að verja þessum peningum til þess að þú gætir gengið á skóla, en þegar blessaður presturinn baðst til að kenna þér kauplaust, ásetti ég mér að geyma þá þangað til þú ferð á háskólann. — En nú er eldurinn um það leyti að deyja, láttu nokkrar kartöflur í öskuna, svo skulum við borða, og að því búnu háttum við".

Mórits tók nú nokkrar kartöflur, stakk þeim í öskuna, hélti nokkru af súpunni í bolla og rétti móður sinni ásamt sneið af brauði.

"Svona", sagði hann, "nú borðar þú kvöldmatinn þinn, en ég bíð þangað til kartöflurnar eru steiktar".

"Nei, alls ekki, góði minn, taktu hinn bollann og láttu í hann það sem eftir er í pottinum. Þú þarft

heitan sopa, af því þú hefir verið svo lengi úti í regninu".

"Nei, mamma, það sem eftir er í pottinum verður þú að borða á morgun ásamt kjötinu. Mundu eftir því, að við eigum ekki nema brauð og kartöflur eins og stendur. Ég kemst af með kartöflurnar þangað til þú ert orðin frísk og getur farið að vinna aftur. En súpuna vil ég fá að geyma handa þér til morguns".

"Gerðu nú eins og ég segi, góða barnið mitt", sagði húsfrú Sterner hrifin af umhyggjusemi sonarins. "Drektu að minsta kosti dálitið af súpunni. Við höfum einhver úrræði á morgun. Svo vona ég líka að verða svo hress, að ég geti lokið við skyrtur umsjónarmannsins í Óðinsvík, og þá fæ ég peninga, sem við kaupum kjöt og sild fyrir".

"En ef þú verður eins veik, þá hefirðu ekkert að hressa þig á", sagði Mórits. "Lofaðu mér þess vegna, sem er heilbrigður, að lifa á brauði og kartöflum þangað til ég sé að þér er batnað. Ég segi þér það satt, að þín vegna get ég með ánægju háttað svangur".

Þau áttu enn nokkur orðaskifti um þetta efni, og það var ekki fyr en eftir alvarlega skipun móður hans, að Mórits var fáanlegur til að neyta nokkurra spónblaða af súpunni. Svo tók hann kartöflurnar úr öskunni og át þær ásamt brauði og salti, en kjötið var hann óláanlegur til að smakka. Það var það eina, sem móðirin hafði til að slökkva með svengd sína daginn eftir.

"Sjáðu nú, mamma, nú er ég saddur og nú skal ég búa um rúmið þitt, svo að þar fari vel um þig. Þú hefir enga aðra þernu en litla Mórits þinn, vesalings mamma".

Hann bjó um rúm móður sinnar og því næst um

sjálfan sig í ómálaða legubekknum. Svo lögðust þau til svefns, þegar hann var búinn að lesa kvöldbænina hátt og skýrt.

III.

Bergholm prestur.

Morguninn eftir fór Mórits á fætur með sólu. Móðir hans svaf. Hann tók nokkrar bækur af hillu, sem var uppi yfir skrifborðinu, settist við borðið og las í ákafa hér um bil tvo klukkutíma. Klukkan 9 átti hann að koma til prestsins, sem hafði tekið að sér að kenna honum, og þar eð hann elskaði kennara sinn og hafði ánægju af bóknámi, vanrækti hann aldrei að kunna lexíur sínar.

Kofinn, sem húsfrú Sterner bjó í, var skamt frá þorpinu, sem var tilheyrandi Óðinsvík, stóru erfðaóðali, sem var eign Stjernekrans greifa. Á hina hlið þorpsins var prestssetrið, litið hús, málað rautt, umkringt af nokkrum birkitrjám og fáeinum kirsiberjatrjám, þar bjó kennari Mórits, Bergholm prestur.

Presturinn var hér um bil 50 ára gamall, alment virtur fyrir sína alúðlegu og góðu framkomu og fyrir sína víðtæku þekkingu. Hann var mikill sagnfræðingur, vel að sér í guðfræði, tölvísi og heimspeki, en nafnkunnastur þó fyrir hina nákvæmu þekkingu sína á fornaldar bókmentum. Sérhverja stund, sem hann hafði afgangs frá öðrum störfum, notaði hann til djúpra rannsókna í ríki vísindanna, og þeim

Póst-pöntunarfélögin

Blaðið "Hallock WeeklyNews", dags. 26. júní sl., flytur orðrétta ræðu, sem landi vor G. Goodman, gullstáss-sali þar í bæ, flutti á samkundu verzlunarmanna þar í bænum. Blaðið fer hlýlegum orðum um ræðu þessa, telur hana orð í tíma talað, og mælir með því, að lesendur sínir veiti hinu þýðingarmikla íhugunarefni, sem hún fjalli um, nákvæmt athygli sitt.

Til fróðleiks íslenzkum lesendum setjum vér hér útdrátt úr ræðunni: —

"Að undangengnu árinu 1893, þá var að eins eitt póst-pöntunar félag (Mail Order House), sem telj ndi var hér í landi. Það var verzlun þeirra Montgomery Ward & Co. í Chicago borg. En á síðustu 16 árum hafa póstpöntunarfélögin þrengt sér inn í smærri borgir og bæi og sveitir. Miliónir heimila fá árlega vörulista þessara verzlana, þar til nú er svo komið, að þessar vörubækur eru á mörgum heimilum lesnar með meira athygli, en allar aðrar bækur. Það er á þessum 16 síðustu árum, að pöntunarverlunin hefir náð fullum þroska, þar til nú á síðustu árum að þessar verzlanir hafa dregið til sín hundruð miliióna dollara af fé bænda og annara viðskiftavina.

Þegar vér athugum það, að þessar smá-póstpöntunar verzlanir draga árlega til sín margar miliónir dollara, í stað þess að peningunum ætti að vera varið til viðskifta við heima verzlanir, getur þá nokkur furðað sig á því, þótt borgir vorar, bæjir og þorp taki ekki þeim framförum, sem þau ættu að taka? Leyfið mér að minna yður á staðhæfingu, sem einn stofnandi einnar slíkrar pöntunar-verzlunar lét sér um munn fara. Hann sagði: "Látið mig vera við verzlun um 40 ára tíma, og ég skal gera hverja borg utan Chicago að bæ, bæina að þorpum og þorpin skal ég þurka af uppdrætti landsins".

Annar póstpöntunar-prins, þegar félagsfræðingur einn varaði hann við því, að hann væri með verzlun sinni að fækka íbúum sveitahéraðanna, svaraði: — "Landbygðin er hvort sem er ekki hæfur bústaður. Bóndinn er sá eini, sem sæmir að búa þar, sem gras grær. Verzlunarmenn hafa þangað ekkert erindi. Þeir eiga að dvelja í borgum".

Fólkinu hefir verið talin trú um, að það spari fé sitt með því, að panta vörur sínar frá þessum pöntunar-verzlunum. En ég hygg það græði ekkert á því. Ég er sannfærður um, að samanburður á vöruverði, þegar vörugæði og gjaldsamningar eru athugaðir, mun sýna það, að heimakaupmaðurinn gefur eins góð, og vanalega betri verzlunarkjör.

Til þess að póst-pöntunarfélögin geti undirselt heimakaupmanninn, verða þau annaðtveggja að komast að betri kaupum á vörunum, eða þau verða að minka starfskostnað sinn svo, að hann verði minni en heimkaupmannsins.

Eftir því, sem ég hefi komist næst við íhugun málsins, komast ekki þessar smápöntunar verzlanir að betri innkaupum, svo teljandi sé, heldur en heimakaupmennirnir, nema með því, að þiggja lakari vörutegundir.

Spurningin er þá um það, hvort þau geti minkað starfs eða sölukostnaðinn. Til þess að komast að niðurstöðu í þessu efni, skulum vér gera nokkrar áætlanir, byggðar að mestu leyti á þeirra eigin vitnisburðum.

Eitt pöntunarfélag kveðst senda út árlega yfir milión vöruverðskrár (Catalogues). Ég hygg, að lágt sé áætlað, ef gert er ráð fyrir, að hver vöruskrá, að póstgjaldi og útsendinga kostnaði meðtöldum sé metin á $1.20. Sama félagið kveðst hafa 9 þúsund manns í þjónustu sinni. Það segist hafa 10 miliónir dollara í vörum og byggingum, og í auglýsingakostnað árið 1907 segist það hafa varið 800 þús. dollars. Hér við bætist kostnaður við ljós og hitun, vöruflutningsgjald, keyrslugjald, kassar og umbúðir, skattar, eldsábyrgð og annar kostnaður.

Áætlun yfir tilkostnað félagsins verður þá á þessa leið:

Vöruverðskrár	$1,200,000
Vextir af fé í húsum og vörum, 8 prósent ...	800,000
Auglýsinga kostnaður	800,000
Verkalaun 9 þús. manns ($500 að jafnaði) ...	4,500,000
Eldsábyrgð og annar tilkostnaður	1,000,000
Allur tilkostnaður ...	$8,300,000

Þetta sama félag segist hafa selt vörur á árinu 1907 fyrir 30 miliónir dollara. Þessu hefir verið neitað, og því haldið fram, að 25 miliónir væru nær sanni. En látum oss viðurkenna tölur félagsins um 30 miliónir dollara. Nú er það sýnilegt, að 8,300,000 kostnaður lagður á 30 milión dollara vöruverzlun jafngildir 27 prósent.

Ég þykist mega fullyrða, að starfskostnaður vorra héraðsverzlunarmanna muni í flestum tilfellum ekki fara yfir 15—17 prósent. Séu nú þessar áætlanir nærri lagi, þá er það ljóst, að það kostar póst-verzlunarfélögin 10 til 15 prósent meira, að hirða um og selja vörur sínar, heldur en það kostar heimakaupmanninn. Mismunurinn, sem vörukaupandinn verður að borga, er gróðinn.

Sears, Roebuck & Co. byrjuðu verzlun árið 1895 með litlum efnum. Á þessum fjórtán árum hafa þeir gert félag sitt margra milión dollara virði. Sears, Roebuck félagið var löggilt og er nú löggilt fyrir 40 miliónum dollara, sem það borgar 8 prósent af til hluthafanna. Átta prósent af 40 miliónum dollara er $3,200,000, og $3,200,000 jafngildir hér um bil 11 prósent af allri verzlun þess árið 1907. Af þessum tölum getum vér ráðið, að Sears, Roebuck félagið verði að hafa 38 prósent gróða af verzlun sinni, áður en það getur lagt nokkuð í varasjóð, og þar sem félagið lagði í varasjóð árið 1907 $2,542,398, þá sýnir það, að félagið er ekki ánægt með $3,200,000 félagshluta hagnað.

Það er óhætt að fullyrða, að algengir verzlunarmenn úti á landsbygðunum og annarsstaðar hafa ekki yfir 25 til 30 prósent af þeim vörum, sem þeir selja. En þrátt fyrir alt þetta, þá eru verðlistar póst-pöntunar félaganna aðlaðandi þegar borið er saman við beztu vörugæði. En það er ekki sanngjarn samanburður. Sennilegt er, að 90 prósent af þeim vörum, sem póst-pöntunarfélögin selja, sé búið til eftir pöntunum þeirra og fyrirskipunum um gerðin. Það er satt, að þau auglýsa algengar (Standard) vörur með sama verði eða máske lítið dýrari. En ég þori að segja, að alt að 90 prósent þeirra, sem panta þessar "Standard" vörur frá þessum póst-pöntunarhúsum, fá vingjarnleg bréf, þar sem þeim er sagt, að þær vörur séu rétt nýskeð uppgengnar, en ef skiftavinunum þóknist að þiggja verzlunarinnar eigin tegund, sem sé ekki að eins jafngóð, heldur miklu betri, en kosti þó engu meira, þá skuli pöntunum verða sint tafarlaust.

Með slíkri verzlunaraðferð, sem þessari, er sanngjarn samanburður á verðgildi ekki fær öðrum en sérfræðingi.

Að það sé algild regla póstpöntunarhúsanna, að verzla með ódýrar vörutegundir, er sannreynt. Leyfið mér að lesa fyrir yður kafla úr tveimur bréfum, sem herra Philkington, ritstjóri "Merchant Trade Journal" í Des Moines, Iowa, fékk nýlega frá tveimur verkstæða eigendum, sem selja vörur til Montgomery Ward & Co.

The Sidway Mercantile Co. í Elkhart, Inciana, ritar: — "Bækur okkar sýna, að vörur frá verksmiðju vorri, seldar Montgomery Ward & Co. af okkar fyrri ráðsmanni, voru ekki af beztu tegund".

Choate-Hollister félagið í Janesville, Wis., segir: — "Hér um bil 25 prósent af vörum þeim, sem vér seldum félaginu, voru á ódýrum 5 þumlunga fótum, og ef vér höfðum nokkra fætur, sem vóru klofnir, eða plötur ranglega samsettar eða illa fágaðar, þá var það tekið frá, og vér sendum það eftir pöntunum félagsins, og vér fengum aldrei neina umkvörtun frá þeim".

Vörufölsun eða röng lýsing á vörum, sem nú er orðin svo almenn með póst-pöntunar félögunum, hefir máske gert meira en nokkuð annað að því að auka verzlun þeirra.

Almenningur, sem les vörulýsingabækur þessara félaga, verður hrifinn af þeim og undrast yfir því, hvernig mögulegt sé að búa til svo góðar vörur fyrir svo lágt verð. Með þessum fínu og ágætu lýsingum hefir þeim tekist, að telja almenningi trú um, að húsmál þeirra, meðal annars, feldi í sér hreina blýhvítu, þó að það sanna væri, að í því findist alls engin blýhvíta.

Með samkynja lýsinga gyllingum hefir þeim tekist að telja almenningi trú um, að hann keypti ekta gullhringi setta verulegum rúbý-, perlu- og shapphire-steinum, þar sem í sannleika engir slíkir steinar voru í þeim. En eftir að hafa áfkastað svo ágætu falslýsinga og vörugyllinga starfi, í stað þess að vera krýndir eins og þeir bæðu átt að vera, þá hafa að eins verið höfðuð 3 sakamál gegn félaginu fyrir að hafa dregið sér fé undir fölsku yfirskini.

Allur þorri kaupmanna hefir neitað — og ég vona, mun jafnan neita — að beita svo óheiðarlegum meðulum til þess að selja vörur sínar. Ef hægt væri að þvinga póst-pöntunarfélögin og alla aðra, sem beita þeirri auglýsinga aðferð og gyllingum, til þess að fylgja betur sannleikanum, — þá mundi það auka mjög verzlun kaupmanna í sveitunum, og þar af leiðandi efla alla framför og uppbyggingu bæja vorra, kauptúna og héraða.

Í stuttu máli má segja, að stefna póst-pöntunarfélaganna sé sú gagnvart skiftavinum sínum, að draga verzlun landsins alla á fáa, ákveðna staði.

En stefna algengra verzlunarmanna er á hinu bóginn sú, að sporna við þeim samdrætti.

Póst-pöntunarfélögin starfa að því, að rýra og eyðileggja þúsundir af vorum viðgangsmiklu borgum og bæjum, og þar með rýra verðgildi búlandanna. Heimakaupmenn starfa að því, að byggja upp borgir vorar og bæi, og að auka verð búlandanna.

Póst-pöntunarfélögin vinna að því, að skerða einstaklings tækiferin. Heimakaupmenn starfa að framför einstaklingsins.

Póst-pöntunarfélögin viðurkenna hverja þá auglýsingaaðferð röttmæta, sem eykur verzlun þeirra. Heimakaupmenn heimta hreinskilni á auglýsingaaðferð, og eru við því búnir að sæta afleiðingum af því.

Póst-pöntunarfélögin nota fé skiftavina sinna til þess að auka vöxtu af höfuðstól hluthafa sinna. Heimakaupmenn nota peningana til þess að bæta markaðinn, til þess að borga skattana og til þess að leggja sinn hlut til úmbóta og framfara í héruðum sínum.

Eins fljótt og hændaflokkur landsins og borgararnir í hinum mörgu bæjum vorum koma auga á þennan sannleik, eins fljótt er póst-pöntunar atvinnuvegurinn til dauða dæmdur. Látum oss alla vona að lifa þann dag.

Óvildar ástæðan.

Maður er nefndur Karl Peters. Hann er þýzkur landkönnunarmaður, og einn þeirra, sem telur það alveg víst, að Þjóðverjar fari í hernað móti Englendingum, þegar minst varir. Hann gefur þá ástæðu fyrir þessari sannfæringu sinni, að Þjóðverjar hafi ekki nægilegt landrými heima fyrir, að þjóðin þar sé óðum að verða mannfleiri, en landið verði ekki viðáttumeira. Þess vegna komi fyr eða síðar að því takmarki, að Þjóðverjar verði að leggja undir sig nýjar lendur, og að með því að engin sjáanleg merki séu til þess, að þeim takist það friðsamlega, þá verði þeir neyddir til, að taka þær með valdi. Hann segir, að þýzku stjórnirnar hverjar fram af annari hafi um langan tíma íhugað þetta málefni og afleiðingar þess, og þetta sé einróma álit þeirra allra. Í hverja átt, sem Þýzkaland lítur, þá sjá þeir Breta allstaðar fyrir sér. Það gildi að einu, hvert þeir beini huga sínum: yfir til Lítla-Asíu eða til Kína, eða til Suður-Ameríku eða að Kyrrahafinu, — allstaðar sé sami þrepskjöldurinn í götunni. Bretar séu þar allstaðar landfastir, og drotni yfir heilum landflákum, sem þeir hafi alls ekkert með að gera, en haldi þeim samt, öllum öðrum þjóðum til meins, sem frekar hafi þeirra þörf. Þýzkaland verði nauðsynlega að hafa meira svigrúm í heiminum, en það hafi nú, til þess að þjóðin fái tekið eðlilegum þroska samsvarandi sívaxandi fólksfjölda. Og að ef þetta fáist ekki með friðsamlegu móti, þá verði Þjóðverjar að beita hervaldi til þess að koma áformum sínum í framkvæmd. Og með því, að Bretar séu aðallega sú þjóðin, sem mest standi Þjóðverjum fyrir þrifum, þá sé sá einn kostur fyrir hendi, að svífa á Breta og etja afli við þá um yfirráðin.

Svipaða skoðun hefir H. R. Chamberlain, einn með ærustu blaðamönnum Norðurálfunnar, látið í ljós í langri ritgerð, sem birt hefir verið í McClures tímaritinu, um þetta málefni. Hann staðhæfir, að það séu aðallega tvö skilyrði, sem framtíðar viðburðirnir séu háðir: Annað þeirra er sú stefna, sem Bretar hafa tekið í Evrópumálum. Fyrir nokkrum árum segir hann að England hafi staðið eitt sins liðs, án sambands við nokkru aðra þjóð [illegible] mátt heita einangrað frá öllum Evrópuþjóðum. En svo hafi Edward konungur tekið til sinna ráða og farið að mynda bandalag við aðrar þjóðir. Þetta hafi tekist við Frakkland og [illegible] einnig við Rússland. Svo sé bandalagið öllugt milli Englendinga og Frakka, að þegar þýzkaland fyrir fáum árum hafi sýnt sig líklegt til þess, gð heita hervaldi móti Frökkum út af Morokkó deilunni, þá hafi Englendingar ráðið þar úrslitum með því að gefa þjóðverjum til kynna, að herflotí Breta mundi ekki sitja aðgerðalaus, ef á Frakka væri ráðist. Þetta samband milli Frakka og Englendinga er þyrnir í síðu þýzka veldisins, og miðar beinlínis til að vinna á móti öllum beztu hagsmunum þjóðarinnar.

Hið annað stórmikla áhyggjuefni þjóðverja, er ómögulegleiki þeirra til að proskast út á við. Íbúatala veldisins hefir vaxið úr 40 miliónum upp í 60 miliónir síðan árið 1870, eða á tæpum 40 árum, — að ótöldum þeim miliónum, sem á þessu tímabili hafa flutt til Bandaríkjanna og annara landa. Eftirlangan og augnamið þjóðarinnar er að mega njóta tækifæris til að geta náð eðlilegum proska. Það er orðið svo þröngbýlt heima fyrir, að þess er enginn kostur í landinu sjálfu, og þess vegna er það lífsnauðsyn fyrir þjóðina, að útvega sér ný landsvæði, þar sem nokkur hluti hennar geti vaxið og dafnað.

En á þessum dögum virðast heimslöndin vera svo upptekin, að ekki sé um annað að gera en að hrifsa til sín með valdi eitthvað af því, sem aðrar þjóðir hafa lagt eignarhald á. — Og þá liggur næst að taka af eignum Breta, því að þeir eru land-auðugasta þjóð heimsins.

Þannig líta þjóðverjar á málið, og þess vegna hafa þeir jafnan verið ófáanlegir til þess, að gera nokkra samninga eða gefa loforð um, að takmarka herútbúnað, þegar þjóðirnar hafa rætt það mál með sér. Og samkvæmt þeirri steinu er það, að þýzkaland hefir á liðnum árum lagt meira kapp á herskipa og skotvopnasmíðar og lagt meira fé til þeirra fyrirtækja, en nokkur önnur þjóð heimsins, miðað við íbúatölu og efnalegar ástæður þjóðarinnar.

Einmitt í þessum mánuði hafa Þjóðverjar fleytt einu því öflugasta vígskipi, sem nokkru sinni hefir verið smíðað, og nokkur fleiri slík eru í smíðum, og önnur verða smíðuð á komandi árum.

Það er því nokkur ástæða fyrir Englendinga, að líta með grunsemd á þetta ofurkapp þjóðverja, og að íhuga möguleika framtíðar viðburða með kviðandi hugarfari, ef ekki beinum ótta. Ýmsum, bæði þýzkum og enskum, sem um þetta mál hafa rætt og ritað, hefir komið saman um, að engin önnur ástæða liggi eða geti legið til grund vallar fyrir yfirvofandi ófrið milli Englendinga og Þjóðverja, heldur en rángirni hinna siðarnefndu, og sú rángirni byggist á nauðsyn til þess að auka svo út lendur ríkisins, að þegnarnir geti þroskast og þjóðin tekið þeim framförum í verzlun og iðnaði, sem stærð hennar og nútiðarmenning krefst.

Einstöku menn hafa bent Þjóðverjum á, að hættuminna mundi fyrir þá, að ráðast heldur á eitthvert af Suður-Ameríku lýðveldunum og leggja lönd þeirra undir sig. En þá tekur ekki betra við, því að Bandaríkin mundu ekki láta slíka ásókn afskiftalausa, og alls óvíst, að Þjóðverjar hefðu annað upp úr slíkum leiðangri, en kostnað, manntjón og vanvirðu. Aðrir hafa bent þeim á, að næst liggi fyrir þá, að leggja rækt við lendur sínar í Afríku, með því að þar sé landrými nóg, jarðvegur frjósamur og loftslag gott. En þetta er hægar sagt en gert, og hætt við, að það taki langan tíma að hafa þau áhrif á svertingjana þar syðra, að þeir létu útlendinga í friði. Enda engin sönnur fyrir, að nokkur hluti Þjóðverja vildi þangað flytja.

ÚR BRÉFI FRÁ SOUTH BEND, WASH., 19. október 1909.

— Héðan er alt það bezta að frétta. Gott heilsufar, indælt tíðarfar og stöðuga atvinnu með sæmilegu kaupgjaldi. Á millunum er borgað $2.00 á dag, alment, og upp í $3.50, fyrir 8 stunda vinnu. Bæjarvinna er 10 kl.stundir á dag, sem $2.50 er borgað fyrir. Á fylkisbrautum er sami vinnutími og sama kaupgjald. Brautin er nú verið að byggja af mesta kappi allstaðar um fylkið, fjær og nær, og er það verk svo vel vandað eins og ætlast sé til, að það endist um aldur og æfi, eins og sést á því, að hver einasta míla af akbrautunum kostar frá 7 til 10 þús. dollara, og sumstaðar meira. — Grjót er malað til að dreifa ofan í moldina, og pressað niður með þungum stálkeflum sem ganga með gufúkrafti. Þetta er það þarfasta verk, sem stjórnin gat gert, til að byggja upp landið. En svo búast landeigendur við háum sköttum. Ríkir sem fátækir.

Vel líkar mér flest, sem ég hafi lesið um Menningarfélagið í Winnipeg, og að öllu því, sem lýtur að sjálfstæðisskoðunum og jafnréttiskenningum, því eftir mínu áliti eru þær sannkristnum mönnum eiginlega meðfæddar. En með sannkristnum mönnum á ég við þá, sem alt það gott vilja gjöra öðrum, sem þeir vildu láta sér gera. Þegar heimsþjóðirnar eru komnar á það stig að viðurkenna þessar kenningar, sem hinn fullkomnasta sannleika. Þá verður afheimsfriður, sem svo margir óska, að framtíðin feli í skauti sínu".

G. J. Austfjord.

Halley's halastjarnan.

Um undanfarna daga hafa blöð og stjörnufræðingar talað mikið um, að Halley halastjarnan birtist jarðarbúum á þessum vetri. Katólskur kennifaðir hafir hafið för sína til fyrirlestra um þetta, og segir, að hún tortími hnetti vorum í vetur. Nýlega hefir stjörnufræðingurinn Frederic Campbell í Brooklyn skrifað um ferðir þessarar halastjörnu, og er hér stuttur útdráttur úr ritgerð hans.

Halley's halastjarnan sást fyrst 1456. Svo segja kirkjurit. Skaut þá allri Norðurálfunni skelk í bringu. Í þá daga þektu menn ekki halastjörnur og gang þeirra. Þá var það í fyrsta skifti, sem kirkjuklukkur kölluðu fólk saman til bæna um miðjan dag. Halleys halastjarnan hefir ekki sést síðan árið 1835, og eru nær 75 ár síðan. Nú urðu menn hennar fyrst varir 11. september síðasta. Það var í gegn um stjörnupípur og firðmyndatöku, sem hún sást. Sýnileg verður hún með berum augum í desember í vetur, og sést þá um langan tíma. Hún er bjartari en Venus, sem er bjartasta reykistjarnan. Hún tekur því nær yfir ⅓ af himinhvolfinu. Gengur næst sólu 60 miliónir mílna, en fjarendi sporbaugs hennar er 3,255,000,000 mílur frá sólu. Það er fimm hundruð miliónum mílna lengra en Neptúnus, sem er fjærsta reykistjarnan í sólkerfi voru. Hún fer ekki þessu sinni nær jörðunni enn 6 miliónir mílna. Og líkur benda til, að hún komi ekki nær enn 13 miliónir mílna.

Hún snýr höfði til sólar, en hala frá. Þær halastjörnur, sem sjást með berum augum, eru álitnar að vera um 100 mílur að þvermáli, og er þessi stjarna áhitin ekki ógildari um sig enn það.

Fyrsta halastjarna, sem menn vita að heimsótti sjónarsvið jarðarbúa, birtist árið 43 f. Kr. Það var ári síðar en Cesar keisari í Róm var myrtur. Hélt fólk hann afturgenginn í himinhvolfinu. Hún hefir sést þrisvar sinnum síðan. Skeiðhlaup hennar er 575 ár.

Halastjarna sást 1811, einhver sú stærsta og bjartasta, sem nokkru sinni hefir birst jarðarbúum.

Donati halastjarnan sást 1858, í október, og oftar um þær mundir. Hún á að hafa snúið halanum upp á himinhvelið, en jarðarbúar sáu að eins haus hennar. Næsta heimsókn hennar er væntanleg árið 3858.

Holmes halastjörnu sáu menn í sjónaukum árið 1892, en hún er lang-minst, og skautbarn hjá hinum.

K. Ásg. Benediktsson.

ÚR BRÉFI FRÁ MOOSE HORN BAY, 17. október 1909. —

Fréttir úr þessu bygðarlagi þar helztar, að skógareldur hefir geisað hér fyrir austan okkur, og þar norður og suður á stóru svæði. Skaðar hafa ekki orðið stórir, nema hvað Hallur Hallson, Ólafur Magnússon og Þorsteinn Ísdal mistu 25 æki af heyi, sem þeir áttu allir í samlögum. Eldvörn var gerð svo fljótt, sem hægt var, plægt og brent alla leið á milli Moose Horn Bay og Dog Lake. Að því unnu um 30 manns og var herra HelgiEinarsson frá Narrows fenginn til að vera verkstjóri, og leysti hann það verk vel af hendi, og má eflaust þakka honum það, ásamt þeim Ó. Magnússyni, H. Hallssyni og Thorst. Ísdal, sem fyrstir fóru á móti eldinum, að hann útbreiddist ekki meira hér um bygðina. Nú er hann að mestu útdauður, nema hvað hann lifir enn í jörðunni, sem ætla má að hann geri, þar til snjór kemur. — Jarðvegur er víða brunninn 2—3 fet niður, og er það gild sönnun fyrir feiti jarðvegsins".

LEIÐBEININGAR--SKRA
YFIR ÁREIÐANLEGA VERZLUNARMENN Í WINNIPEG

MUSIC OG HLJÓÐFÆRI

CROSS, GOULDING & SKINNER, LTD.
323 Portage Ave. Talsími 4413

MASON & RISCH PIANO CO., LTD.
356 Main Ave. Talsími 4 8 0
W. Alfred Albert, Íslenzkur umboðsmaður

WHALEY ROYCE & CO.
356 Main St. Phone 263
W. Alfred Albert, íslenzkur umboðsmaður.

BYGGINGA og ELDIVIÐUR.

J. D. McARTHUR CO., LTD.
Yfirsmiðir og Eldiviður í heild-sölu og smásölu, ólust: Princess og Higgins Tals. 3060, 3061, 3062

YNDAS-VIÐIR.

G. H. LLEWELLIN,
"Medallions" og Myndarammar
S arfsbraut horni Park St. og Lesan Avenue

SKÓTAU Í HEILDSÖLU.

AMES HOLDEN, LIMITED.
Princess & McDermott. Winnipeg.

THOS. RYAN & CO.
Allskonar skótau. 44 Princess St.

THE Wm. A. MARSH CO. WESTERN LTD.
Framleiðendur af hinu skótaui. Talsími: 3710
8 Princess St. "High Merit" Marsh Skór

RAFMAGNSVÉLAR OG AHÖLD

JAMES STUART ELECTRIC CO.
424 Smith St Talsímar: 3447 og 7802
Fullar byrgðir af alskonar vélum.

GOODYEAR ELECTRIC CO.
Kellogg's Talsímar og öll paraðhöld, áhöld
talsími 3023. 56 Albert St.

RAFMAGNS AKKOKÐSMENN

MODERN ELECTRIC CO
412 Portage Ave Talsími: 5658
Viðgjörð og Vír-lagning — allskonar.

BYGGINGA-EFNI.

JOHN GUNN & SONS
Talsími 1277 266 Jarvis Ave.
Höfum bezta Stein, Kalk, Cement, Sand o. fl.

THOMAS BLACK
Selur Já-nvöru og bygginga-efni allskonar
76—82 Lombard St. Talsími 600

THE WINNIPEG SUPPLY CO., LTD.
298 Rietta St. Talsímar: 1936 & 2187
kalk, Steina, Cement, Sand og Mól

BYGGINGAMEISTARAR.

J. H. G RUSSELL
Byggingameistari.
í Silvester-Wilson byggingunni. Tals: 1068

PAUL M. CLEMENS
Bygginga-Meistari, 443 Maryland St.
Skrifst.: Argyle Bldg., Garry st. Talsími 5997

BRAS- og RUBBER STIMPLAR

MANITOBA STENCIL & STAMP WORKS
421 Main St. Talsími 1880 P. O. Box 244.
Búum til alskonar Stimpla úr málmi og togleðri

CLYDEBANK SAUMAVÉLA AÐGERÐARMAÐUR. Brúkaðar vélar seldar frá $5.00 og yfir
564 Notre Dame Phone, Main 8624

VÍNSÖLUMENN

GEO. VELIE
Heildsölu Vínsali, 185, 187 Portage Ave. E.
Smá-sölu talsími 352. Stór-sölu talsími 461.

STOCKS & BONDS

W. SANFORD EVANS CO.
326 Nýja Grain Exchange Talsími 369

ACCOUNTANTS & AUDITORS

A. A. JACKSON,
Accountant and Auditor
Skrifst.— 28 Merchants Bank. Tals.: 5702

OLÍA, HJÓLÁS-FEITI OG FL.

WINNIPEG OIL COMPANY, LTD.
Búa til Stein Olíu, Gasoline og hjólás-áburð
Tal-sími 1590 611 Ashdown Block

TIMBUR og BÚLOND

THOS. OYSTAD, 208 Kennedy Bldg.
Viður í vagnhlössum til notenda, búlönd til sölu

PIPE & BOILER COVERING

GREAT WEST PIPE COVERING CO.
132 Lombard Street.

VÍRGIRÐINGAR.

THE GREAT WEST WIRE FENCE CO., LTD
Alskonar vírgirðingar fyrir bændur og borgara.
76 Lombard St. Winnipeg.

ELDAVÉLAR O. FL.

McCLARY'S, Winnipeg.
Stærstu framleiðendur í Canada af Stóm, Steinvöru (Graniteware) og fl.

ÁLNAVARA Í HEILDSÖLU

R. J. WHITLA & CO., LIMITED
264 McDermott Ave Winnipeg
"King of the Road" OVERALLS,

BILLIARD & POOL TABLES.

W. A. CARSON
P. O. Box 225 Room 4 1 Molson Banka.
Öll nauðsynleg áhöld. Ég gjöri við Pool-borð

NÁLAR.

JOHN HANTON
203 Hammond Block Talsími 4670
Sendið strax eftir Verðlista og Nýnishornum.

GASOLINE Vélar og Brunnborar

ONTARIO WIND ENGINE and PUMP CO. LTD
301 Chamber St. Sími: 2968
Vindmillur — Pumpur — Agnar Vélar.

BLÓM OG SONGFUGLAR

JAMES BIRCH
442 Notre Dame Ave. Talsími 2638
BLÓM - allskonar. Söng fuglar o. fl.

BANKARAR, GUFUSKIPA AGENTR

ALLOWAY & CHAMPION
North End Branch: 667 Main st eet
Vér seljum Avisanir borganlegar á Íslandi

LÆKNA OG SPITALAAHÖLD

CHANDLER & FISHER, LIMITED
Lækna og Lyfjaseina áhöld, og hospitala áhöld
185 Lombard St., Winnipeg, Man.

HÚSIÐ

Væntanlegir Piano kaupendur ættu að sannfæra sig um, að félag það, sem þeir skifta við sé áreiðanlegt. Vér getum með ánægju bent á marga skiftavini, sem eru fúsir að votta áreiðanleglek þessa félags í öllum viðskiftum. Vér ábyrgjumst hvert Piano, sem vér seljum, og seljum að eins þær tegundir, sem verskulda meðmæli vor. Vér erum aðalumboðsmenn fyrir

HEINTZMAN & CO

PIANO

Þetta Piano hefir hlotið meðmæli frægustu tónfræðinga, og er vanalega valið af beztu spilurum, sem ferðast um Canada. Albani, Calve, Burmeister, De Pachmann og aðrir hafa brúkað Heintzman & Co. Piano. Komið í búð vora og skoðið vorar miklu birgðir af Grand og Upright Pianos, og sjáið Heintzman & Co. Player-Piano og hlustið á örðug lög spiluð á það. Það má spila á Player-Piano hvort heldur með höndum eða gegnstungnum Music ræmum.

Fréttir úr bænum.

Þann 23. október sl. gengu í hjónaband í Victoria borg, B.C., þau herra Ormund Towers Smithe og ungfrú Christina Cecelia Johnson. Brúðurin er dóttir hr. Arngrims Johnsonar, sem lengi hefir búið þar í borg. Hjónavígslan fór fram í St. George kirkjunni. Innilegustu lukkuóskir þessa blaðs fylgja hinum ungu hjónum.

Í sl. viku seldi Boyd bakari horn lóð eina á Portage Ave. og Smith St. fyrir 310 þús. dollara, sem er sama og $3,500 fyrir hvert fet framhliðar. — Það er nú orðið titt, að borga þetta verð fyrir byggingalóðir á Portage Avenue austarlega.

Montgomery bræður, eigendur að Queens Hotel hér í borg, hafa rétt nýlega neitað 400 þúsund dollara boði fyrir eignina. Hótelið stendur á lóð, sem er að eins 100 feta breið á Portage Ave. og 75 fet á Notre Dame Ave.

Nú er verið að undirbúa Tableau-samkomur, sem verða haldnar í samkomusal Únitara 6. og 8. desember næstk. Þessi tegund af samkomum var mjög vinsæl sl. vetur. Í þetta sinn verða allar sýningarnar nýjar og mjög vel til þeirra vandað. Prógrammið verður auglýst síðar.

Hr. J. S. Thorarensen kom hingað til bæjarins fyrir nokkrum dögum með Stefán son sinn, 12 ára gamlan, til uppskurðar við kviðsliti. Holskurðurinn var þerður af dr. Limon og tókst vel. Pilturinn er á góðum batavegi.

Hr. D. Currey, eigandi Spencer Block og Gault House á Portage Ave. og Notre Dame Ave., hefir neitað að selja eignina fyrir 3,500 dollara fetið, eða nálega miljón dollara, með því að eignin er 275 fet á Portage Ave. Hr. Curry keypti þessa eign fyrir nokkrum árum fyrir 40 þúsund dollara eða minna.

Hon. George E. Foster, fyrverandi fjármálastjóri í Canada og einn af gáfuðustu, lærðustu og mælskustu hjóðmálaskörungum ríkisins, var hér á ferð í síðustu viku. Conservative flokkurinn hér í bænum hélt honum heiðurssamsæti á Hotel Alexandra. Þar voru saman komin nær 8 hundruð manna úr öllum pörtum fylkisins og Vestur-Canada. Hon. Foster flutti þar langa og snjalla ræðu um sögu Conservative flokksins í Canada og áhrif hans á stjórnmálastefnu veldisins og framför þess. Einnig talaði hann um stjórnarfar núverandi stjórnar og benti á, hvað honum fanst vera hugavert við það. Margir aðrir snjallir ræðumenn fluttu þar tölur. Samsætið varði fram undir morgun.

Silfurbrúðkaup.

Þau hjón herra Pétur P. Holm og Guðrún kona hans héldu silfurbrúðkaup sitt þann 11. okt. sl., að heimili sínu 2510 Sprague Street, Omaha, Nebr. Voru þar samankomnir fjöldi boðsgesta úr Omaha og nokkrir langt að, svo sem dr. Ólafur J. Ólafsson og kona hans frá Chicago, og nutu þeir allskonar fagnaðar langt fram á nótt. Ræður fluttu þeir Jónas Johnson, John C. Klauck og dr. Ólafsson. Brúðurin, sem er söngkona, skemti með sólós, og einnig Miss Christsen. Fimm heillaóska símskeyti bárust hjónunum um kveldið frá fjarverandi vinum þeirra. Alls voru þeim sendir 23 skrautgripir að gjöf frá vinum og vandamönnum fjær og nær. — Mrs. Guðrún Hólm, ásamt með systur sinni Kristrúnu Johnson, kom til Winnipeg fyrir þremur árum í kynnisför til systur sinnar, Mrs. Jón Th. Clemens, og annara vandamanna og vina.

Heimskringla óskar brúðhjónunum allra heilla, og vonar á sínum tíma að geta sagt frá gullbrúðkaupi þeirra.

Íslenzka stúdentafélagið

hefir ákveðið, að stofna til skemtifundar laugardaginn 6. nóv. Fundurinn verður haldur í salnum undir Únitara kirkjunni, á horni Sherbrooke og Sargent stræta, og byrjar kl. 8 að kveldi. Allir Íslendingar, er nám stunda við æðri skóla þessarar borgar, eru vinsamlega beðnir að koma á fund þennan.

ÞAKKARORÐ. — Ég undirritaður votta hér með þeim heiðurshjónum, herra Ólafi Ólafssyni, bónda að Eyford P.O., N. Dak., og Friðriku konu hans og börnum þeirra — innilegar þakkir fyrir þá framúrskarandi umönnun og hjúkrun, sem þau veittu Stefáni syni mínum sl. sumar.

J. S. Thorarensen.

It's going UP.

Þú getur ekki búist við

að það geri annað en eyðast í reyk. Því ekki að fá nokkur tons af okkar ágætu kolum, og hafa ánægjuna af, að njóta hitans af þeim, þegar vetrarkuldarnir koma. Komið til vor og nefnið þetta bl.

D. E. ADAMS COAL CO.

YARDS Í NORÐUR, SUÐUR, AUSTUR OG VESTURBŒNUM

Aðal Skrifst.: 224 BANNATYNE AVE.

— Tuttugu ára gamall piltur af konungsættum og 50 ára gömul kerling hafa verið handtekin í París fyrir svikserni. Þau höfðu að eins búið eina mánuð í borginni, og lifað í mesta sælifi og unaði. En á þessu tímabili hafði þeim tekist að svíkja 600 þúsund franka virði af peningum og vörum út úr Parísarbúum. Þeim fylgdu nokkur börn, sem gamla konan sagðist eiga. Nú eru bæði hjúin í fangelsi, en börnin voru send á fátækrahæli.

JÓN JÓNSSON, járnsmiður, að 790 Notre Dame Ave. (horni Toronto St.) gerir við alls konar katla, könnur, potta og pönnur fyrir konur, og brýnir hnífa og skerpir sagir fyrir karlmenn. — Alt vel af hendi leyst fyrir litla borgun.

Í kveld (miðvikudag) hefir Ungmennafélag Únitara fund, á venjulegum stað og tíma. Allir félagsmenn beðnir að sækja fundinn.

Til leigu

5 herbergja íbúðarhús á bezta stað á Ellice Ave, með vatns- og ræsa-leiðslu. Kjallari undir öllu aðalhúsinu. $13.00 um mánuðinn.

Finnið S. VILHJÁLMSSON, 711 Ellice Ave., horni Toronto St.

Til sölu

tíu herbergja hús í miðborginni, vel vandað og með öllum nýtízku þægindum, — með sérlega lágu verði. Hkr. vísar á.

Karlmanna $5.00 Skór.

Já, herra! Þer getið fengið móðins, voðfelda og fagra Skó fyrir FIMM DOLLARS, ef þér komið hingað eftir þeim.

Skapið yður ekki þá hugmynd, að þér getið ekki fengið fullnœgjandi FIMM Dollara skó, fyr en þér hafið reynt skó frá okkur.

Gljá folalda- Velour kálf- og Vici geita- og Blýleðurs kálfskinns skór. Þungir eða miðlungs þungir sólar. Beinir eða hollilja leistar. Reimaðir eða spentir.

Allar stærðir og víddir sem til eru búnar, fást hér. —

Ryan-Devlin Shoe Co

494 MAIN ST PHONE 770.

QUILL PLAINS HVEITI LÖND

25,000 EKRUR. Algerlega FYRSTA ÚRVAL frá hinni miklu C.N.R landveitingu. Ofuplógs lond hrein slétt

ÞESSA ÁRS UPPSKERA sannar gæði jarðvegsins. — Enginn steinn eða hrís.—Gott vatn.—Nálægt mörkuðum, skólum og kirkjum.—Vér höfum umráð á öllum Jansen og Claassen lönd unum, og bjóðum þau til kaups með sanngjörnu verði og auðveldum borgunarskilmálum.—Kaupendur geta borgað af hvers árs uppskeru; 6% vextir.— Sölubréfin gefin út beint frá eigendum til kaupenda.—Eastern Townships Bank í Winnipeg og hver banki og "business"-maður í Marshall, Minn., gefur upplýsingar um oss. — Póstspjald færir yður ókeypis uppdrætti og allar upplýsingar.—

John L. Watson Land Co.

316 Union Bank Bldg. - - Winnipeg. Man

Þakkarorð.

Ég undirritaður, sem verið hefi sjúkur og frá verkum um síðastl. tveggja ára tíma og því ekki sjálfur fær um, að ala önn fyrir konu minni og tveimur börnum, finn mér bæði ljúft og skylt, að votta þeim öllum þakklæti, sem á þessu tímabili hafa tekið þátt í kjörum minum með því að gefa mér peninga og aðrar nauðsynjar. Þessir velgjörðamenn eru svo margir, að það yrði oflangt mál, að telja þá alla upp. En þess skal getið, að þau hjón herra Bárður Sigurðsson og kona hans, hafa einatt síðan ég varð sjúkur látið sér sérlega ant um hag minn, og veitt mér mikla hjálp.

Nú síðast gekst safnaðarnefnd Únitara fyrir samkomuhaldi mér til arðs, og hepnaðist það svo ágætlega, að arðurinn af henni varð nokkuð yfir eitt hundrað dollara. Þessa upphæð færðu mér þeir herrar séra Guðmundur Árnason, prestur Únitara safnaðarins, og Gunnar Goodmundson.

Fyrir þessa veglegu gjöf þakka ég af alhug öllum þeim, sem studdu að því, að gera áminsta samkomu svo arðsama, sem og öllum þeim, er nú og fyrri hafa sýnt mér bróðurþel og bjargarhjálp í veikindum minum.

Með innilegasta þakklæti og árnaðaróskum til allra velgjörðamanna minna.

Marteinn Jóhannesson.
303 Toronto Street, Winnipeg.

Þakklætishátíð í Tjaldbúðinni.

"Því sendi mín móðir
mik við þik til fundar,
at orð bærak Agli
at ér varir skyldið.
Hildr mælti þat horna:
Haga svá maga þínum
eigu órir gestir
æðra nest á frestum".

Svo kvað dóttir Ármóðs skegg á Vermalandi, þegar Ármóður ætlaði að ganga fram af Egli Skallagrímssyni og félögum hans með vistum og öli.

Mér datt þetta erindi í hug í Tjaldbúðarkirkjukjallaranum 25. f.m. á þakklætishátíðinni.

Munurinn hefir þó verið mikill á veizlunum. Ármóður veitti einungis skyr og öl, en kvenfélag Tjaldbúðarsafnaðar veitti allskonar amerikanskt lostæti, og Goodtemplara drykki.

Það, sem minti mig á þetta forna sögu atriði var það, hversu ótæpt allskonar vistir voru bornar fram fyrir gestina, svo hver varð að gæta sín að taka ekki meira til sín heldur en holt var fyrir heilsuna.

Þess ber þó að geta, gestunum til hróss, að þeir hafa fremur öllum vonum gætt sín við borðhaldið, því svo vel leið þeim á eftir, að þeir skemtu sér til miðnættis með söng, hljóðfæraslætti og ýmsum smáleikjum.

Slík gleðisamkoma á þakklætishátíðinni átti sérlega vel við eftir jafn hagstætt og gott sumar eins og þetta síðastliðna. Hátíðahald þetta fór mjög ánægjulega fram að öllu leyti. Eftir stutta guðsþjónustu í kirkjunni, var farið niður í salinn, og ef einhverjum hefði orðið það á, að taka ekki eftir orðum prestsins, þar sem hann mintist þess, hve margs vér hefðum að þakka eftir þetta sumar, þá höfðu konurnar, sem fyrir hátíðinni stóðu, séð um að minna á þetta á annan hátt.

Þær vissu það, að skynjun frá umheiminum hefir fleiri vegi en einn til mannsins, og ef að orð prestsins hefðu ekki náð eyra einhverra viðstaddra, þá var reynandi, hvort ekki væri hægt að vekja þakklætistilfinning þeirra gegn um augun. Til þess höfðu þær þau ráð, að skreyta salinn með allskonar kornstöngum, sem sprottið hafa í sumar í þessu landi, svo engínn óblindur maður gat komið svo inn í salinn, að hann myndi ekki eftir því að það var ÞAKKLÆTISHÁTÍÐ.

Ég tel vafasamt, hvort aðrir kunna betur að stjórna þakklætishátíð, heldur en Kvenfélag Tjaldbúðarsafnaðar.

2. 6. 2.

KÆRU SKIFTAVINIR!

Eftir verði nú á ómöluðu hveitikorni, ætti hveitimjöl að vera selt nú lægst á $3.15 hver hundrað pundin. En einmitt nú vil ég fyrir ótiltekinn tíma selja "Cavalier Best Patent" hveitimjöl $2.85 hundrað pundin. Gleymið því ekki, að bírgja ykkur upp með hægilegan forða fyrir veturinn á meðan verð er svona ógurlega lágt.

Næstu viku seljum við 20c kaffi á 17c pundið og 18c kaffi á 15c pundið, og niu sápustykki fyrir 25c. Hvergi er hægt að kaupa karlmanna og drengja alfatnað eins billega og hjá mér, ég hefi miklar birgðir af fötum, sem ég sel með 25 til 40 prósenta afslætti. Sjáið nú, hvað það meinar: — $16.00 karlmanna alfatnað nú fyrir $9.60, $12.00 fatnað nú á $7.20, eða $8.00 drengja alfatnað nú $4.60 og $6.00 fatnað á $3.60. — Gleymið ekki að koma og skoða þessi föt, því ég hefi fastráðið að selja þau með þessu óvanalega lága verði, þar til þau eru uppseld.

Fyrir gripahúðir borga ég nú 10c fyrir pundið. Gleymið því ekki að koma með allar ykkar húðir til mín. Líka með allar aðrar vörur, sem þið hafið að selja, — nema sokkaplögg, af þeim hefi ég nóg nú sem stendur.

E. THORWALDSON
Mountain - - N. Dak.

Hefir þú borgað Heimskringlu?

Jónas Pálsson,

SÖNGFRÆÐINGUR.
Útvegar vönduð og ódýr hljóðfæri.
460 Victor St. Talsími 6803.

TIL SÖLU

í 'Municipality' af Westbourne 320 ekrur af landi, 100 ekrur ræktaðar. Allt girt, og gnægð af vatni. Sanngjarnt verð og góðir borgunarskilmálar.—

Frekari upplýsingar gefur B.L. BALDWINSON á skrifstofu Heimskringlu. —

HEIMSKRINGLU og TVÆR skemtilegar sögur fá nýir kaupendur fyrir að eins $2 00

The Abernethy Tea Rooms

Eru nú undir nýrri ráðsmenskn. Vér getum selt fólki góðar máltíðir og hressingar eftir þann 9. þ. m. —

21 mál íðarseðlar $3.50

472 PORTAGE AVE.

Ómeinguð Hörlérept

beint frá verksmiðjunni á Írlandi. Af því vér kaupum beint þaðan, getum vér selt írsk hörlérept ódýrar en aðrir í borginni. 15 prósent afsláttur næstu 2 vikur.

C. S. S. Malone

552 PORTAGE AVe. Phone Main 1478
16-12-9

MARTYN F. SMITH,

TANNLÆKNIR.
Fairbairn Blk. Cor Main & Selkirk

Sérfræðingur í Gullfyllingu og öllum aðgerðum og tilbúnaði Tanna. Tennur dregnar án sársauka. Engin veiki á eftir eða gómbólga. —

Stofan opin kl. 7 til 9 á kveldin
Office Phone 6944. Heimilis Phone 6462.

Gólfteppa Hreinsun

Vér stoppum og þekjum gamla stóla, legubekki og fleira. — Flyt húsgögn og geymi þau yfir lengri eða styttri tíma. —

W. G. Furnival

312 Colony St. Phone 2041.

Húðir og ógörfuð Loðskinn

Verzlun vor er vor bezta auglýsing. Sendið oss húðir yðar og loðskinn og gerist stöðugir viðskiftamenn.

Skrifið eftir verðlista,

The Lighteap Hide & Fur Co., Limited
P.O.Box 1092 172-176 King St Winnipeg
16-9-10

Ný Kjötverzlun

Allar vörur af beztu tegund.

H. SIMONITE, eigandi
Talsími: 947 110 Isabel St
16-9-10

Drs. Ekern & Marsden,

Sérfræðislæknar í Eftirfylgjandi greinum: — Augnasjúkdómum, Eyrnasjúkdómum, Nasasjúkdómum og Kverkasjúkdómum. : : :

Í Platky Byggingunni í Bænum
Grand Forks, :: N. Dak.

Þarft þú ekki að fá þér ný föt?

EF ÞAU KOMA FRÁ CLEMENT'S, — ÞÁ VERÐA ÞAU RÉTT.

Réttur að efni, réttur í sniði réttur í áferð og réttur í verði.

Vér höfum miklar byrgðir af fegurstu og beztu fataefnum. —

Geo. Clements & Son

Stofnað árið 1874
264 Portage Ave. Rétt hjá FreePress

Th. JOHNSON

JEWELER
286 Main St. Talsími: 6606

JOHN ERZINGER

TÓBAKS-KAUPMAÐUR.
Erzinger's skorið reyktóbak $1.00 pundið
Hér fást allar neftóbaks-tegundir. Óska eftir bréflegum pöntunum.
McINTYRE BLK., Main St., Winnipeg
Heildsala og smá-sala.

G. NARDONE

Verzlar með matvöru, aldini, smá-kökur, allskonar sætindi, mjólk og rjóma, sömul. tóbak og vindla. Óskar viðskifta Íslend. Heitt kaffi eða te á öllum tímum. Fón 7756

714 MARYLAND ST.

Boyd's Brauð

Þekking hefir mikið að segja í tilbúningi brauðs eins og allstaðar annarstaðar. Vor brauð sanna þetta, þau eru bragðbetri og auðmeltari en annara. Reynið þetta, og simið til vor, eða biðjið matsalann um vor brauð.

Boyd's

Bakery Cor Spence & Portage Ave
Phone 1030.

Winnipeg Wardrobe Co.

Kaupa brúkaðan Karla og Kvenna fatnað,— og borga vel fyrir hann.

Phone, Main 6539 597 Notre Dame Ave.

BILDFELL & PAULSON

Union Bank 5th Floor, No 520
selja hús og lóðir og annast þar að lútandi störf; útvegar peningalán o. fl.
Tel.: 2685

J. L. M. THOMSON, M.A., L.L.B.
LÖGFRŒÐINGUR. 255½ Portage Ave.

Hubbard, Hannesson and Ross

LÖGFRÆÐINGAR
10 Bank of Hamilton Chambers
Tel. 378 Winnipeg

ANDERSON & GARLAND

LÖGFRÆÐINGAR
35 Merchants Bank Bldg. Phone: 1561

BONNAR, HARTLEY & MANAHAN

Lögfræðingar og Landskjala Semjarar
Suite 7, Nanton Block, Winnipeg

W. R. FOWLER A. PIERCY.

Royal Optical Co.

327 Portage Ave. Talsími 7286
Allar nútíðar aðferðir eru notaðar við augn skoðun hjá þeim, þar með hin nýja aðferð, Skugga-skoðun, sem kjörin er öllum ágiskunum. —

Dr. G. J. Gislason,

Physician and Surgeon
Wellington Blk. - Grand Forks, N.Dak
Sjerstakt athygli veitt AUGNA, EYRNA, KVERKA og NEF SJÚKDÓMUM.

EKRU-LÓÐIR

3, eða 5 ekru spildur við rafmagns brautina, 5 míla frá borginni. — aðeins 10 mínútna ferð á sporvagninum, og mölborin hestavegur alla leið. Verð $200 ekran og þar yfir. Aðeins einn-fimtungur borgist strax, hitt á fjórum árlegum [illegible]gunum.—

Skuli Hansson & Co.

Skrifst. Talsími 6476. Heimilis Talsími 2274

Heimskringla.

Vér höfum næga skildinga

til að lána yður mót tryggingu í hálóðum og bæjar-fasteignum. Seljum lífsábyrgðir og eldsábyrgðir. Kaupum sölusamninga og veðskuldabréf.

Frekari upplýsingar veita

Skuli Hansson & Co.

56 Tribune Building. Winnipeg.

XXIV. ÁR WINNIPEG, MANITOBA, FIMTUDAGINN 11. NOVEMBER 1909 NR. 6

Vér þurfum ekki að breyta lögun á "MAGNET" á hverju ári



vegna þess, að frá byrjun hefir engin veruleg breyting orðið á innréttingu MAGNET. Af því að uppfinnandinn hafði kynst annara missmíðum á undanfarandi 20 árum. Þá gerði hann MAGNET fullkomna í upphafi, svo að engra breytinga hefir þurft.

Þær viðbætur, sem gerðar hafa verið á MAGNET, svo sem Brake, og sem nú er sett á hverja MAGNET, sem nú er í brúki.

Sú reynsla, sem gefist hefir við notkun vélarinnar, sýnir, að hún er rétt smíðuð, og þarí engra breytinga til að halda MAGNET í fremstu röð fyrir fullkominn aðskilnað og endingu. Gengur ekkert ús sér á 10 árum. Hættulaus, léttsnúið, auðveld að hreinsa. Henni fylgir sparnaður og vinsældir.

Skrifið eftir ókeypis reynslu heima hjá yður og sannfærist.

The PETRIE MANUFACTURING CO., LTD.

WINNIPEG

HAMILTON ST. JOHN.N.B., REGINA, CALGARY, VANCOUVER.

Fregnsafn.

Markverðustu viðburðir hvaðanæfa.

— Borgarar í Alabama eru farnir að kaupa brauð í staðinn fyrir bjór. Bakari einn í Móbile borg sagði nýlega, að brauðverzlun sin hefði á síðasta ári aukist um 25 þúsund dollara, — að síðan vinbann hefði komist á í ríkinu, svo að íbúarnir gætu ekki verið vinnulaunum sinum til áfengiskaupa, þá verðu þeir þeim til fata og matarkaupa, fólkið héldi sig betur, því liði betur og það væri sælla og ánægðara síðan áfengisbannið gekk í gildi.

— Sir Chas. H. Tupper hefir nýlega auglýst, að hann greiði í þetta sinn atkvæði móti McBride stjórninni í British Columbia sökum járnbrautasamnings hennar við Canadian Northern járnbrauta félagið. Sir C. H. Tupper álítur, að samningur þessi sé óhagfræðislegur og að fylkisbúar ættu ekki að ganga að honum.

— Kvenfrelsis kvenfélagið í Vancouver borg er sagt að hafi ákveðið að láta 4 konur sækja um sæti í skólaráði borgarinnar við næstu bæjarkosningar þar.

— Voðalegt morð var framið í Saskatchewan fylki í sl. viku. — Maður nokkur frá Belgíu, að nafni Mesci, vann þar fyrir Thoburn bónda. Mesci bað um leyfi til að fara til bæjar og taka sér land, en bóndi neitaði honum um fararleyfi, og skaut þá Mesci húsbónda sinn til bana og kastaði líkama hans niður í kjallara. Konan og móðir hennar urðu hræddar og flýðu. Þær ætluðu til næsta nágranna að tilkynna atburðinn. En Mesci elti þær, rotaði báðar og skar þær síðan á háls. Tvö börn voru á heimilinu, 2 og 4 ára gömul. Mesci matreiddi fyrir þau og lét þau hátta. Síðan tók hann vagn og hesta húsbónda sins, hlóð nesti og öðrum nauðsynjum á vagninn og flýði. Á þeirri flóttaferð, sem var 45 milur vegar, gisti hann á heimili íslenzks bónda, og keypti eða fékk gefins máltíð hjá öðrum íslenzkum bónda, eftir því sem fregnir hafa borist. Morðingi þessi náðist nálægt Wynyard, og meðgekk strax glæp sinn.— Íbúar í bygðinni eru í æstu skapi yfir þessum voðaglæp, og þeir hafa hafst á orði, að taka manninn af lífi án dóms og laga. En hans er vel gætt af lögregluliðinu, svo að mál hans verði meðferið lögum samkvæmt.

— Heldur litur út fyrir, að loftskeytasendingar séu í framför. — Loftskeyti var nýlega sent til og frá San Francisco yfir 4305 milna vegalengd. Gufuskip að nafni Kórea sendi fyrst skeyti til San Francisco, og fékk svo svar þaðan aftur. En skipið var í þeirri fjarlægð, sem áður er getið. — Japan sendi í fyrra skeyti til San Francisco, en þá gátu Ameríkumenn ekki svarað, höfðu ekki nægilega öflug loftskeytatæki, en nú hafa þeir bætt þau, svo það er ekki til fyrirstöðu lengur.

— Fjárlaga frumvarp Breta var samþykt í neðri málstofunni á fimtudaginn var með miklum atkvæðamun (149 móti — 379 með). Írsku þingmennirnir sumir greiddu ekki atkvæði. Lávarðadeildin tekur nú við málinu.

— Gull hefir fundist á Vancouver eyju við Sombrio ána, um 50 mílur frá Victoria borg. Gullkornin eru þar í jarðvegnum og eru á stærð við hveitikorn, að undanteknum einstöku stærri klumpum. Um 40c virði er sagt að fáist úr hverri pönnu að jafnaði.

— Tíu ára gamall piltur í Quebec fylki hefir verið dæmdur í 6 ára fangelsi fyrir að hafa stolið hestapari, keyrt það 40 mílur og skilið það svo eftir í greinarkeysi. Þessi sami piltur reyndi fyrir 2 árum að valda járnbrautarslysi, en með því að hann var þá svo ungur, að eins 8 ára, var hann látinn sleppa við hegningu. Síðan hefir hann framið hvern glæpinn á fætur öðrum, og brotist inn í nálega hverja búð og mörg íbúðarhús í bænum, sem hann er uppalinn í, og stolið ýmist vörum eða peningum.

— Stjórnin í Alberta fylkinu hefir lofað að lögleiða almennan kosningarrétt fyrir konur í öllum pörtum Alberta fylkis við allar sveitakosningar. Áður hafa konur haft þann rétt að eins í Edmonton og Calgary bæjum. Vitanlega er þessi réttur bundinn fasteigna skilyrði fyrir konur jafnt sem karla.

— Ottawa stjórnin hefir um nokkur undanfarin ár veitt 60 þúsund dollara á ári til þess að gera umbætur í borginni, og til að prýða hana á ýmsan hátt. Nú hefir stjórnin aukið tillag sitt, svo það verði framvegis 100 þús. dollarar á ári. Eins og vitanlegt er, eru allar stjórnarbyggingar skattfriar, en sá halli er jafnaður með þessu árlega tillagi til bæjarins.

— Tom. L. Johnson, sem 4 sinnum hvað eftir annað hefir verið kosinn bæjarstjóri í Cleveland, Ohio, varð undir við borgarstjóra kosningu þar í sl. viku. — Í New York borg var W. J. Gaynor kosinn borgarstjóri. Hann sótti undir merkjum Tammany félagsins, og var sá eini af þess flokks mönnum sem náðu kosningu. Yfirburðir hans voru 75 þús. atkv. W. R. Hearst, einn þeirra, er sóttu um borgarstjóra stöðuna hlaut alls 100 þús. atkvæði.

— Ottawa stjórnin hefir gert samning við Grand Trunk Pacific félagið um að halda uppi skipagöngum milli Prince Rupert og Queen Charlotte eyjar. Ferðir skulu vera vikulegar á sumrin, en aðra hverja viku á vetrum. Stjórn in borgar félaginu $200 fyrir hverja ferð. Þessir samningar gilda til 1. april 1915.

— Séra Pétur Matheson í Richmond bæ í Ontario hefir sagt af sér prestsþjónustu til þess að fara að búa. Fyrir nokkrum tíma komst það upp, að systir þessa prests hafði kælt 2 börn, sem dóttir hennar átti. Þetta hafði hún gert að skipun bóndans, sem faðir var að börnum dóttur sinnar. En er þetta varð uppvíst, flýði bóndi. Prestur elti hann, náði honum og afhenti hann í hendur yfirvaldanna Konan, systir prestsins, hafði einnig verið dæmd í fangavist fyrir barnamorðið, svo að engin var eftir til að hirða um land þeirra hjóna eða sjá um börn þeirra. — Presturinn hefir því ásett sér að fara að búa á landinu og sjá um allar eignir systur sinnar dauðar og lifandi.

— York County Loan félagið hefir sent út 98 þúsund peninga ávísanir til þeirra, sem áttu peninga í félaginu. Upphæðin, sem borguð verður að þessu sinni, er $650,000. Ráðsmenn þrotabúsins segjast munu borga meira síðar, en óvíst hvenær eða hve mikið. — Sagt er, að ekki sé vonlaust, að þeir, sem fé áttu í þessu óhappafélagi, fái einhverntíma alt það, sem þeir hafa í það lagt, að frádskildum vöxtum á fénu. Fasteignir félagsins í Toronto borg og annarsstaðar eru einatt að hækka í verði, og það er vonað, að þær geti selst með svo háu verði að hægt verði að borga 100 cents á dollarinn af öllum skuldum félagsins, svo að enginn þurfi að tapa meiru en því, sem svarar rentum af því fé, sem þeir áttu í félaginu, þegar það varð gjaldþrota.

— Frakkar fleyttu afarmiklu herskipi þann 1. þ.m. Það hefir 22 þúsund hesta afl og skríður nær 20 mílum á tímanum. Skip þetta er eitt af 6 slíkum, sem Frakkar ákváðu árið 1906 að láta smíða. Það hefir Turbine vélar og ber 18 þús. tons.

— Borgarstjóri Roy Woods í Wellston bæ í Bandaríkjunum hefir nýlega tapað lífsábyrgð í Ætna lífsábyrgðarfélaginu. Hann tók ábyrgð hjá félaginu fyrir 9 mánuðum síðan fyrir 5 þús. dollars. Þá var Wellston bær ekki löggiltur, en síðan hefir bæjarstjórinn barist öfluglega fyrir því, að fá bæinn löggiltan. Bæjarbúar hafa skiíst í tvo andvíga flokka, og svo hefir æsingin út af löggildingarmálinu gengið langt, að nokkrir menn af báðum flokkum hafa verið skotnir og margir barðir til óbóta. Út af þessu hafa lífsábyrgðarfélögin fundið sig knúð til, að segja helztu æsingamönnum beggja flokka upp lífsábyrgðarsamningum, og það varð hlutverk Ætna félagsins, að rjúfa samning sinn við bæjarstjóra Woods, sem það taldi líklegt, að á hverri stundu yrði skotinn til bana. Wellston bær er rétt utan við borgartakmörk St. Louis, og er klipinn út úr þeirri borg. Þar hafa safnast saman mestu ruddamenni, og glæpir voru framdir þar svo að segja á hverri stundu sólarhringsins, þar til borgarstjóri Woods kom til sögunnar. Hann hefir með hjálp ýmissra góðra borgara komið allgóðu lagi á bæinn, og sökum þess er hann nú talinn í lífshættu.

— 85 þúsund kassar af hollenzku brennivíni komu frá Rotterdam til Montreal á mánudaginn var. Eigendurnir leigðu heilan hóp vopnaðra manna til að gæta vínsins, þar til það kæmist á óhultan geymslustað. Þessi vínsending er sú stærsta, sem nokkru sinni hefir komið frá Hollandi til Canada.

— Almennar kosningar eiga að fara fram á Englandi í janúar næstk., ef lávarðarnir gerast of afskiftasamir um fjárlagafrumvarp Asquith stjórnarinnar. Sú staðhæfing er gerð í umboði stjórn arinnar af einum ráðgjafanum.

— Útgjalda áætlun borgarstjórnarinnar í New York borg fyrir komandi fjárhagsár er rúmlega 163 miljónir dollara. En þetta yfirstandandi ár hafa útgjöldin orðið rúmlega 156½ milión dollara. Nokkrir nýjir útgjaldaliðir eru í næsta árs útgjaldaáætlun, svo sem 3 miljónir dollara fyrir viðhald skipakvía og til hafnbóta, ¼ milión dollara fyrir nýju vatnsveituna í Richmond, 85 þús. dollara fyrir viðhald Manhattan brúarinnar og ein milíón til uppbótar á því, sem búist er við að kunni að tapast af sköttum, af því að ekki verði hægt að innheimta þá. — Á íslenzka vísu má segja, að árleg úrgjöld New York borgar séu 650 milíón kr., og skattar frá borgarbúum eru áætlaðir að mæta þeirri upphæð. Stjórnarkostnaður borgarinnar nemur árlega 3 miliónum dollara.

— Tuttugu námamenn létu lífið við námaslys, sem varð í Wales á Englandi þann 1. þ.m. Tólf menn létu lífið í dynamit sprengingu í stálgerðarverkstæði í Pennsylvanía ríkinu sama daginn. Það voru alt útlendingar. Það er hlutskiíti þeirra, þar sem annarstaðar í landi hér, að sæta þeirri atvinnu, sem er örðugust, óþrifalegust, hættulegust og lakast launuð.

— Villimenn og mannætur í óbygðum Congo héraðsins eru beztu drengir, vitrir, duglegir, frómir og áreiðanlegir, — svo segir rannsóknarnefnd sú, sem fornfræðafélagið í London sendi fyrir 2 árum suður til Afríku, til þess að rannsaka lífnaðarháttu og lyndiseinkunnir viltu kynflokkanna, sem heima eiga í Congo héraðinu í Afríku. Nefndin er nýkomin heim úr ferð þessari og lætur sérlega vel af villimannaflokkum þessum, — kveðst hvergi hafa átt neitt örðugt með að semja við þá og allstaðar fengið beztu og mannúðlegustu viðtökur. Fólkið er vingjarnlegt í viðmóti, greiðvikið og stranglega áreiðanlegt í öllum viðskiftum, og margt af því skarpviturt fólk, með svo nákvæma þekkingu á umheiminum, að það t. d. setti það söluverð á gripi, sem nefndarmenn fengu hjá því, er var sem næst jafnt því verði er gripirnir mundu hafa selst fyrir í London. En bókmentir þekti fólk þetta svo lítið, að í einu þorpi, sem nefndarmenn komu í, hafði enginn maður séð fréttablað eða bók.

— M. Briand, stjórnarformaður Frakka, lét þess getið í ræðu á laugardaginn var, að stjórn sin mundi leggja alla stund á, að vernda alþýðuskólafyrirkomulagið þar í landi. Hann sagði þá menn vera föðurlandsféndur, sem berðust móti alþýðuskólunum. Hann staðhæfði beinlínis, að forstöðumenn katólsku kirkjunnar væru óvinir ríkisins og að Frakkland ætlaði sér ekki að beygja sig undir skipanir þeirra manna. Alþýðuskólarnir sagði hann að væru von landsins um framtíðar velferð þess. Þess vegna ætlaði stjórnin að vernda þá gegn yfirgangi katólsku biskupanna. — Á sama tíma sem ræða þessi var flutt, voru stórmenni katólsku kirkjunnar á fundi og samþyktu þar ákvæði um, að katólska kirkjan hefði rétt til þess, að ráða yfir mentastofnunum landsins, og að fá til baka allar eignir þær, sem ríkið hefir svift kirkjuna á sl. 2 árum.

— Stjórnin í Nova Scotia hefir lofað að taka drjúgan þátt í sýningunni miklu, sem fyrirhuguð er í Winnipeg árið 1912. Sömuleiðis eru New Brunswick og Ontario stjórnirnar vinveittar sýningunni og ætla að taka þátt í henni.

Richter og Rockefeller.

Blöðin St. Paul Dispatch, dags. 18. okt., og Minneapolis Sunday Tribune, dags. 31. okt. sl., flytja mynd af þeim landa vorum C. H. Richter og auðmanninum mikla John D. Rockefeller, báða á sömu myndinni. Svo stendur á þessu, að þegar herra Richter var í austurríkjunum í sumar, þá komst hann í kynni við gamla Rockefeller, sem bauð herra Richter, að dvelja nokkra daga úti á sumarheimili sínu, og þáði Richter það boð. Meðan Richter dvaldi hjá Jóni gamla, voru myndir teknar af þeim báðum saman, og þessar myndir flytja nú áðurnefnd blöð. Það eru fáir menn í þessu landi, sem örðugra er að komast í kynni við, heldur en John D. Rockefeller. En þegar hann sá Richter, hafði hann orð á því, að sér væri jafnan ánægja, að kynnast mönnum úr vesturhluta landsins, því að þeir bæru með sér einkenni dugnaðar og framtakssemi. — Richter lætur sérlega vel af gamla Jóni, segir hann vera mesta ljúfmenni og heiðurskarl í hvívetna.

OGILVIE'S

Royal Household Flour

Til Brauð og Köku Gerðar

OGILVIE'S ROYAL HOUSEHOLD

Gefur Ævinlega Fullnæging

EINA MYLLAN Í WINNIPEG,—LÁTIÐ HEIMA IÐNAÐ SITJA FYRIR VIÐSKIFTUM YÐAR

Íslands fréttir.

Kartöflur hafa sprottið vel á Íslandi í sumar, einstöku orðið alt að pundi á þyngd. Það er talinn óvanalegur vöxtur þar heima, þó hér finnist oft tvöfalt þyngri kartöflur.

Skáldsögunni "Hölla", eftir Jón Trausta, hefir verið snarað á dönsku, og "Ofurefli", eftir Einar Hjörleifsson, er að koma út á þýzku. Má af því marka, að bækur þessar þykja í röð góðra skáldsagna.

Heiðurslaun úr gjafasjóði Kristjáns 9 hafa hlotið Böðvar Sigurðsson í Vesturhaga í Leirársveit, og Magnús Gíslason á Frostastöðum í Skagafirði, 140 krónur hvor. —

Englendingar, þeir sem í samningum hafa verið við námafélagið, vilja enn eigi fullgera kaup á námunum (Miðdal og víðar), heldur fá lengdan umhugsunarfrestinn. En fyrst vilja þeir láta grafa í kvartsæðina í Miðdal gröf, er sé 50 fet á hvern veg. þann gröft annist námafélagið fyrir þá, og eru 12 menn teknir þar til vinnu, og eiga að halda áfram unz verkinu er lokið.

Á Hólaskóla eru rúmlega 30 nemendur.

Verzlunarskóli Íslands var settur 1. okt. með 42 nemendum í 3 bekkjum, en um 20 fleiri nemendur væntanlegir bráðlega. Við skólann eru 10 kennarar.

Jón Ólafsson er á ný orðinn ritstjóri að blaðinu Reykjavík. Hann auglýsir, að hann leyfi frjálsar umræður í blaðinu um þau mál, er almenning varðar, en gerir það að skilyrði, að riháttur sé drengilegur og ekkert viljandi sagt ósatt um atvik og viðburði.

Aðfaranótt 16. sept. sl. brann norsk fiskiskúta á höfninni í Seyðisfjarðarkaupstað.

Bjarndýrskálfur var nýlega skotinn í Aðalvík í Norður Ísafjarðarsýslu.

þann 7. sept. sl. hvolfdi bát á Arnarfirði, og druknuðu 3 menn. Þeir voru að fara út fjörðinn til smokkfisksveiða, en kom alt í einu rokkviða í seglið og hvolfdi bátnum. — Sama dag druknuðu á siglingu á Akureyrarhöfn Eiríkur Halldórsson frá Veigastöðum og Jóhann Þórarinsson frá Dálksstöðum.

Hann 14. sept. sl. strandaði vélaskúta, eign Gísla Hjálmarssonar kaupmanns við Höfn í Borgarfirði.

Einar myndasmiður kvað hafa í hyggju, að flytja úr Danmörku og búa framvegis í Þýzkalandi.

Íslenzk lagakensla er ákveðið að fari fram við háskólann í Kaupmannahöfn, og mælt að Knud Berlin eigi að hafa hana á hendi.

Gaulverjabæjar sóknuður í Árnessýslu hefir sagt sig úr þjóðkirkjunni, og kosið séra Runólf Runólfsson fyrir prest sinn. Séra Runólfur var fyrir mörgum árum prestur Íslendinga í Vesturheimi.

Séra Haraldur Nielsson hefir að læknisráði sagt af sér prestsembætti við dómkirkjuna í Reykjavík. Raddfæri hans eru svo veikluð, að hann má ekki við að flytja ræður, en talið hættulaust, að hann haldi áfram kenslu við prestaskólann fyrst um sinn að minsta kosti. Séra Friðrik Friðriksson settur til að gegna prestsembætti í dómkirkjunni í stað sr. Haraldar Nielssonar.

— Alexandria Bretadrotning hefir sent dr. F. A. Cook lukkuóskir í tilefni af að hann sé að hennar áliti ófaðr fyrsti maður sem komst til norðurheimskautsins.

— Nýlega er látinn í Ontario fylki einn af þyngstu mönnum í Ameríku. Hann hét Jónatan Miller, var hótelseigandi og vel látinn. Hann vóg 465 pund.

"Andvökur"

LJÓÐMÆLI EFTIR

Stephan G. Stephansson

Kosta, í 3 bindum, $3.50, í skrautbandi.

Tvö fyrri bindin eru komin út, og verða til sölu hjá umboðsmönnum útgefendanna í öllum íslenzkum bygðum í Ameríku.

Í Winnipeg verða ljóðmælin til sölu, sem hér segir:

Hjá Eggert Jóhannssyni, 689 Agnes St., EFTIR KL. 6 AÐ KVELDI.

Hjá Stefáni Péturssyni, AÐ DEGINUM, frá kl. 8 f.h. til kl. 6 að kveldi, á prentstofu Heimskringlu.

Hjá H. S. Bardal, bóksala, Nena St.

Hjá N. Ottenson, bóksala, River Park, Winnipeg.

Utanbæjarmenn, sem ekki geta fengið ljóðmælin í nágrenni sinu, fá þau tafarlaust með því að senda pöntun og peninga til Eggerts Jóhannssonar, 689 Agnes St., Winnipeg, Man.

Wall Plaster

Með því að venja sig á að brúka **"Empire"** tegundir af Hardwall og Wood Fibre Plaster er maður hár viss að fá beztu afleiðingar.

Vér búum til:

"Empire" Wood Fibre Plaster
"Empire" Cement Wall "
"Empire" Finish "
"Gold Dust" Finish "
"Gilt Edge" Plaster of Paris
og allar Gypsum vöruteg-undir. —

Eigum vér að senda yður bækling vorn?

MANITOBA GYPSUM CO. LTD

SKRIFSTOFUR OG MILLUR Í

Winnipeg, - Man.

Heimskringla

Published every Thursday by The Heimskringla News & Publishing Co. Ltd.

Verð blaðsins í Canada og Bandaríkjunum $2.00 um árið (fyrir fram borgað). Sent til Íslands $2.00 (fyrir fram borgað af kaupendum blaðsins $1.50)

B. L. BALDWINSON
Editor & Manager

Office:
729 Sherbrooke Street, Winnipeg
P.O. BOX 3083. Talsími 3512.

Svona lítum vér á málið

Nokkur bréf hafa Heimskringlu borist með umkvörtunum yfir því, hve miklu rúmi hafi verið varið fyrir ritgerðir um deilumál það, sem orsakað hefir sundrung í kirkjufélagi Vestur-Íslendinga, og einstöku þeirra, sem ritað hafa, hafa jafnvel hótað, að segja blaðinu upp, ef þeim ritgjörðum yrði framvegis leyft rúm í blaðinu.

Í tilefni af þessu finnum vér oss skylt, að benda lesendum og kaupendum blaðsins á eftirfarandi atriði:

Í þau 11 ár, sem Heimskringla hefir verið undir núverandi ritstjórn, hefir hún haldið fast við þá stefnu, að láta trúmálin afskiftalaus að mestu leyti. Hún tók að vísu nokkuð ómjúklega í lurginn á "tíundarkenningunni" hérna um árið, af ástæðum, sem töldust vera fullgildar og grundaðar. — Einnig hefir blaðið nokkrum sinnum fundið sig knúð til, að stjaka vitund frá sér, þegar of mjög hefir verið ýtt við því í kirkjuþingsfyrirlestrum eða öðrum ritgerðum, og það ætlar að gera það framvegis, þegar þörf gerist. En um smáhnippingar, sem að blaðinu berast frá einstaklingum víðsvegar úr bygðum landa vorra, er það að segja, að þær hafa örsjaldan verið teknar til greina í dálkum blaðsins, og verða ekki framvegis teknar til greina, nema þegar þær koma frá mönnum, sem ætla má að hafi áhrif á hugi lesendanna.

Vestur-íslenzku prestarnir hafa ekki á liðnum árum ónáðað blaðið með ritgerðum um áhugamál sin. En þeir hafa þó að sjálfsögðu átt sama aðgangsrétt með ritgerðir í blaðið eins og allir aðrir menn, sem í það hafa viljað rita. Það hefði því verið meira en ranglátt, ef Heimskringla hefði nú, í það eina skifti á 11 ára tímabili, sem þeir hafa fundið nauðsyn til að rita í blaðið, farið að neita þeim þess réttar, sem öllum öðrum hefir verið veittur á liðnum árum.

Sundrung sú, sem orðið hefir í kirkjufélaginu hér vestra, er viðburðarikasta og merkilegasta málið, sem komið hefir á dagskrá hjá þjóðflokki vorum hér síðan kirkjufélagið og Goodtemplarafélagið voru mynduð. Það virðist því ekkert tiltökumál, þó þessi atburður sé gerður að umræðuefni í blöðunum, og satt að segja höfum vér engan skilning á því, hvaða tegund mála það getur verið, sem þjóðflokk vorn varðar nokkru, ef hann varðar þetta sundrungarmál engu, eða ekki svo miklu, að það megi ræðast.

Nokkrir þeirra manna, sem kvarta um deilugreinarnar, halda fram því, að þar sem þær séu um kirkju- og trúarleg efni, þá eigi þær að réttu lagi heima í kirkjublöðunum, svo sem Sameiningunni og Breiðablikum. Þetta er satt. En þar með er það ekki sýnt eða sannað, að hin önnur íslenzku blöðin hafi ekki sama rétt til að flytja þær ritgerðir eins og kirkjublöðin hafa. Sannleikurinn í þessu máli er sá, að kirkjutímaritin eru alt of lítil til að geta rúmað umræður um málið, og þó þau hefðu nóg rúm fyrir þær, þá hafa þau ekki þá útbreiðslu, sem nauðsynleg er til þess, að þær umræður komi almenningi fyrir sjónir.

Prestunum er það eins kunnugt eins og öðrum Vestur-Íslendingum, að þó þeir legðu allir saman í, að gefa út eitt kirkjulegt tímarit, þá eiga þeir það ekki á valdi sínu, að tryggja því riti jafnviðtæka útbreiðslu eða áhrif eins og Heimskringla hefir náð, og þess vegna er það blátt áfram eðlilegt, að þeir kjósi að nota dálka blaðsins til þess að fræða almenning um þau atriði, sem þeim eru helgust áhugamál. Og það væri brot móti því frjálslyndi, sem jafnan hefir einkent Heimskringlu, ef hún neitaði þeim áheyrnar í þessu áhugamáli þeirra.

Ekkert mál, sem rætt hefir verið í vestur-íslenzku blöðunum, hefir verið rætt af jafnmörgum mentuðum og rithæfum mönnum, eins og ágreiningsmál kirkjufélagsins. Og ekkert mál hefir rætt verið með meiri gætni, stillingu og kurteisi en þetta mál. Á eina hlið eru þeir séra B. B. Jónsson, forseti kirkjufélagsins, séra K. K. Ólafsson, prestur Gardar-safnaðar, dr. B. J. Brandson og herra Friðjón Friðriksson, — allir viðurkendir gáfu og mentamenn. Á hina hliðina eru þeir séra Fr. J. Bergmann, prestur Tjaldbúðarsafnaðar og kennari við Wesley College hér í borg, og þeir löggfræðingarnir Hjálmar A. Bergman og George Peterson. Hinn fyrnefndi löggfræðurinn fæddur og uppalinn hér í landi, og þó svo ritfær á íslenzka tungu, að þeir dást að, sem skyn bera á slík mál.

Vér fáum ekki betur séð, en að Heimskringla sé fullsæmd af, að flytja ritgerðir allra þessara manna, og að lesendur ættu ekki að álíta það neitt móðgunarefni þó þeim sé boðið að lesa þær ritgerðir, og ekki sízt, þegar þær fjalla allar um það mál, sem flestra hugi hefir hrifið og mestu umtali hafa valdið með Íslendingum, ekki að eins hér vestra, heldur og líka heima á Íslandi, þar sem öll blöð hafa talsvert mikið rætt mál þetta og eru en að ræða það.

Ýmsir hafa kvartað um, að í greinum þessum væru of miklar persónulegar hnippingar og hnútukast. En á þetta höfum vér ekki komið auga, eða ekki skilið það á sama hátt og þeir, sem undan því kvarta. Úr því að málið er deilumál, þannig, að sitt sýnist hverjum, þá virðist það ekkert tiltökumál, þótt komið geti fyrir setningar í greinum beggja málsaðila, sem hvor um sig finnur ástæðu til að rengja. En það verðum vér að segja, að vér minnumst ekki að hafa áður séð umræður í vestur-íslenzku blöðunum um neitt ágreiningsmál, þar sem ritað var með jafn-gætilegum orðum og jafn-laust við alla ásetta áreitni af beggja hálfu. Vér lítum svo á, að almenningur, sem í blöðin ritar, geti haft þann stóra hag af að lesa allar þessar deilugreinar, að af þeim megi læra velsæmi í rithætti og virðingu fyrir skoðunum andstæðinga.

Hvað uppsögn að blaðinu viðvíkur, þá heldur Heimskringla ófrávíkjanlega við þá steinu, sem hún hefir jafnan haft, að veita öllum jafnrétti til að rita í blaðið, og þeim helzt, sem bezt rita og kurteisast. Þeir, sem ekki þola það jafnrétti, verða að senda sínar uppsagnir. Frá því vér tókum við ritstjórn blaðsins, höfum vér annast hana eftir beztu þekkingu og hæfileikum, og þó meira megi heimta, þá er ekki á voru valdi að uppfylla þær kröfur.

Búnaðarskólinn.

Stjórnarnefnd Manitoba Búnaðarskólans hefir nýlega stofnað húshaldsdeild í sambandi við skólann, sérstaklega ætlað fyrir bændadætur, sem kynnu að vilja sinna því námi. Þar er kend öll matreiðsla, kvenfatasnið og saumur, þvottur og strauing, hjúkrun sjúklinga, og annað það, sem hver sú kona þarf að bera skyn á, sem ætlar að geta sint húsmóðurstörfum. — Kensla í þessari deild byrjar þann 3. mai næstk. og varir til 19. ág. þær stúlkur, sem vildu stunda þetta nám geta haft aðsetur á skólanum.

Yfir þessari deild verður kona, sem að öllu leyti er vaxin kenslustörfum. Henni til aðstoðar verða settar konur, sem útskrifast hafa frá slíkum skólum, og eru því vel næfar til þess að kenna öll húsnaldsstörf.

Svo margar fyrirspurnir um þessa nýju deild hafa þegar borist skólanum, að vissa er fyrir því, að aðsóknin verður þar mikil, þegar kenslan byrjar.

Fimm íslenzkir piltar ganga nú á búnaðarskólann og von á fleirum þangað innan skams. Stjórnarnefnd skólans hefir beðið Heimskringlu að geta þess, að henni er ant um, að sem flestir íslenzkir piltar vildu sækja búnaðarskólann og einnig að íslenzkar stúlkur vildu sækja þá kenslu, sem þeim er sérstaklega ætluð. En það er, auk þess sem að framan er getið, sérstök kensla í smjörgerð, sem ætluð er bændakonum og dætrum. Þessi kensla byrjar 3. jan. næstk., og varir tveggja vikna tíma (smjörgerðar kenslan að eins), — eða eins mikið lengur og hver óskar. Það ætti að vera heill herskari af íslenzkum konum og bændadætrum, sem gætu komið hingað að afstöðnu nýári og dvalið hér þær 2 vikur, sem til námsins eru ætlaðar. Og skólastjórnin óskar, að sem flestar þeirra vildu koma og njóta kenslunnar þessar umgetnu 2 vikur eða lengur eftir því sem á stendur. Kostnaðurinn við slíkt nám er svo smávægilegur, að hann er ekki teljandi í samanburði við þann hag af aukinni þekkingu, sem náminu fylgir.

Fanga-vinna.

Fangavinna er eitt af þeim málum, sem mjög hefir verið deilt um í öllum löndum. Þjóðirnar hafa fundið til þess, að það er eitthvað rangt við það fyrirkomulag, sem gerir það nauðsynlegt, að ala árið um kring þúsundir glæpamanna aðgerðalausa og innilukta í fangelsum, þegar öll þörf er á vinnuafli þeirra til nytsamra fyrirtækja, og það kostar engu meira, að fæða þá við vinnu en við iðjuleysi, og litlu sem engu meira að gæta þeirra, þó þeir séu við vinnu. Bandaríkin eru í því sem mörgu öðru á undan öðrum þjóðum, að þau nota vinnukraft fanga sinna til arðs þjóðinni. Colorado, New Mexico og Wyoming ríkin nota fanga sína til þess að byggja mikla braut, sem á að leggja um öll þau ríki. Einnig hafa Washington, Oregon, North Carolina og Georgia ríkin mikil not af vinnu fanga sinna.

Á einum stað í Suður-Colorado er hópur fanga stöðugt við akbrautalagningu. Í þeim hóp eru 88 manns. Þeir bera engan fangabúning og engir vopnaðir gæslumenn eru settir yfir þá, svo sjáanlegt sé. Það lítur svo út, að hverjum sé hægt að strjúka úr þeim hóp, sem langar til þess. En eins víst er líka það, að honum mundi síðar verða náð aftur, og þá mundi hann verða lokaður inni í klefa sínum það sem eftir væri hegningartímabilsins. Þau afdrif ottast fangarnir meira en nokkuð annað — næst lífláti — og þess vegna kjósa þeir heldur að eira við útivinnu sína.

Að eins 5 gæzlumenn eða verkstjórar eru settir yfir þennan hóp. Fangarnir sofa í einu stóru tjaldi. Á daginn er þeim skift í 5 flokka, og er þá einn gæslumaður yfir hverjum flokki. Dagvinnan er 8 kl.stundir. Fangarnir verða að leggjast til hvíldar stundvíst kl. 9 á hverju kveldi nema á laugardagskveldum, þá kl. 10. Skemtanir mega fara fram í tjöldum fanganna, og sumir þeirra eiga sín eigin hljóðfæri. Einnig er þeim leyft að spila á spil. Aðrir æfa boltaleik og hringakast á kveldin áður en dimmir. Í Washington ríkinu einu er þó nokkuð strangari gæzla á föngunum í vinnutímunum, en skemtanir hafa þeir þar sömu.

Þessi fangavinna á héraðsvegum var lögleidd í Washington ríkinu árið 1907, og samkvæmt þeim lögum var vinna byrjuð í héraði, sem fjærst var fangelsinu. Þetta var gert til þess, að reyna til hlýtar, hvernig lögin mundu gefast. Það var byrjað á að byggja akbraut í nær því þverhnýptu bjargi. Til þess að gera veginn þarna efst í klettasnösunum, varð að nota mikið af sprengiefni, og það varð alt að gerast af föngunum. Kletturinn, sem sprengja varð, til að geta búið til veginn, var afarharður, svo að borunin gekk seint. En svo reyndist þó, að meðal dagsverk hvers fanga var að losa um 2½ kúbik vards af hörðum kletti og eitt kúbik yard af mold og möl. Lægsta tilboð, sem fengist hafði fyrir að sprengja klettinn, var $1.50 fyrir hvert kúbik yard og fyrir mold og möl 40c hvert yard, svo að dagsverk hvers fanga var að meðaltali metið $4.05 við þessa vegagerð. Vegurinn var í alla staði vel gerður. Vinnan gekk vel og slysalaust, og ríkið hafði talsverðan hagnað af, að nota fangana til þessa starfa.

Svipuð mannvirki hafa gerð verið með fangavinnu á öðrum stöðum í ríkinu og í öðrum ríkjum. Hér er að ræða um varanleg þjóðþarfa fyrirtæki, og það sýnist ólíkt hyggilegra, að nota glæpaseggi landsins til þess að vinna fyrir mat sínum meðan þeir eru að úttaka hegningu fyrir drýgða glæpi, heldur enn að hneppa þá inn í fangaklefum og ala þá þar á landsins kostnað.

Flestum mönnum er svo varið, að þeir kjósa frelsið, og það er betra fyrir sjálfa fangana, að fá að starfa við útivinnu, heldur en að vera hneptir inni í þröngum og loftillum og misjafnlega þriflegum klefum. Við útivinnuna finna þeir til þess, að þeim er sýnd mannúð, og flestir munu meta það að nokkru.

Eftir því, sem fanginn er afkastameiri og ríkið hefir meiri hag af starfi hans, eftir því mælir sanngirnin meira með því, að bæði sé hegningartíminn styttur, og hitt eigi síður, að hann sé látinn njóta viss arðs af starfi sínu, sem hann fái útborgaðan, þegar hann hefir útent hegningartímabil sitt.

Kveðja.

Það liggja brautir hjarta frá til hjarta
Um heim og geim,
Þær brautir góðs, hins göfga, hreina, bjarta —
Til guðs í þeim.

Þar tálmar enginn vegfarendum veginn,
Né villir frá
Því ljósi, sem að lýsir öllumegin
Að lífsins þrá.

Og þar á minning mannsins dýpstar rætur,
Sem mest gott var,
Og sérhvert tár, sem tilfinningin grætur,
Er tærast þar.

Minn hugur drúpir yfir auðu skarði
Við einrúm stillt.
Ég lát þitt frétti, er gengið var frá garði
Og gröf þín fyllt.

Ég fyrirgef. — En því var þögnin kalda
Á þeirri slóð
Með svefnsinsró og ekki nokkur alda
Sem átti hljóð?

Ég þakka fyrir æskuleiki alla
Á ungdómstíð,
Það sólskin dags, þó skuggar fari að falla
Í fjallahlíð.

Hver gleðistund, sem hlúði að okkar högum,
Mér hreim sinn ber.
Og systir mín, í liðnum lífsins dögum
Þú lifir mér.

Ég þakka fyrir samferð, bros og blómin,
Sem bastu' úr krans,
Og fegurð þá, sem faðminn rétti í hljóminn
Til foss slagans.

Þá stund, er gast þú hug þinn hefjast lítið
Við hæstan dag,
Með söknuðinum síðar fékkst þú grátið
Um sólarlag.

Þó horfin sért og sjáanleg mér eigi,
Og svali um völl,
Þín morgunstjarna birtu ber á vegi,
En bak við fjöll.

Og vertu sæl! Þér sendi' ég kveðju mína
Um svifrúmsspöl.
Og hægt og rótt á hvílu legg ég þína
Mín haustlauf föl.

Kristinn Stefánsson.

Þessar prentvillur

í bæklingnum "Jón Austfirðingur" eru menn beðnir að leiðrétta:

Bls. 21—"láta til skiftis skella", á að vera: lætur til skiftis skella, o.s.frv.

" 22—"hungeltið háróma við", á að vera: hundgeltið hjá-róma við, o.s.frv.

" 26—"hreint og fritt", á að vera: hreint og prýtt.

" 30—"kvalavein", á að vera: kvala kvein, o.s.frv.

" 33—"engan blett undan", á að vera: engan blett auðan, o.s.frv.

" 49—"frá elskanda kyssandi vörum", á að vera: elskuðum kyssandi, o.s.frv.

" 63—"augnabliks tilfinning", á að vera: augnablik 'tilfinning, o.s.frv.

" 64—neðsta línan á að vera: á svipstund fer, o.s.frv.

" 65—"eilifdjúpan heim", á að vera: eilifdjúpan hreim, o. s. frv.

" 78—"bónleit hún fór", á að vera: bónleið hún fór, o. s. frv.

G. J. G.

I.O.G.T.

Þessir embættismenn í stúkunni Heklu nr. 33 voru settir í embætti sín þann 5.þ.m., fyrir ársfjórðunginn frá 1. nóv. 1909 til 1. febr. 1910, af umboðsmanni Kristjáni Stefánssyni:

Æ.T.—Séra Guðm. Árnason.
V.T.—Mrs. Valgerður Jósefsson.
Ritari—B. Magnússon (683 Beverly St.).
F.R.—B. M. Long (620 Maryland St.).
Gk.—Ólafur Bjarnason.
Kap.—Miss Guðfinna Jóhannsson
D.—Miss Guðbjörg Sigurðsson.
V.—Matúsalem Jósefsson.
Ú.V.—Eyvindur Sigurðsson.
A.R.—Svb. Árnason.
A.D.—Miss Sigurveig Christie.
F.Æ.T.—Mrs. Nanna Benson.

Gæslumaður Ungtemplara er sem kunnugt er af hinum góða árangri undanfarna tíð, Mrs. Guðrún Skaptason.

Meðlimir stúkunnar Heklu við byrjun þessa ársfjórðungs 312.

Fundir stúkunnar eru hvert föstudagskveld kl. 8 í I.O.G.T. Hall, Cor. Sargent Av. og McGee Street.

Nýjir meðlimir, menn og konur, velkomnir.

Winnipeg, 6. nóv. 1909.

B. Magnússon.

Stúkan Skuld nr. 34 hélt sinn fyrsta ársfj. fund 3. nóv. 1909. Á fundi þessum fór fram innsetning embættismanna stúkunnar fyrir ársfjórðunginn frá 1. nóv. 1909 til 1. febr. 1910., og setti umboðsm. O. S. Thorgeirsson þá í embætti, sem greinir:

F.Æ.T.—Ásbjörn Eggertsson.
Æ.T.—Jónína Jóhannsson.
V.T.—Christiana Thorarensen.
F.R.—Gunnl. Jóhannsson.
Gk.—Guðjón Hjaltalín.
R.—Sigurður Oddleifsson.
D.—Jórunn Sigurðsson.
Kap.—Guðrún Thorsteinsson.
A.R.—Guðm. Bjarnason.
A.D.—Þóra Þorvarðarson.
V.—Jónas Bergmann.
Ú.V.—Sigurður Sigurðsson.
G.U.T.—Jóna Björnsson.

Að lokinni innsetningarathöfn byrjuðu hinir nýju embættismenn að gegna störfum sínum.

Stúkan Skuld telur þenna ársfj. 210 góða og gilda meðlimi.

Bræður og systur í stúkunni Skuld! Látið nú sannast sem fyr, þar sem veturinn er nú byrjaður, "mentunar, fróðleiks og skemtunatími árstíðarinnar", — þá bæitið nú áhrifum yðar í fullkomlegleikanum fyrir stúkuna okkar, og látið hana verða fjölmennustu og framkvæmdarsömustu stúkuna í Winnipeg-borg á komandi tíð. Það er okkur líka auðvelt, við erum svo mörg.

Yðar í trú, von og kærleika.

Sigurður Oddleifsson, rit.

Sparið Línið Yðar.

Ef þér óskið ekki að fá þvottinn yðar rifinn og slitinn, þá sendið hann til þessarar fullkomnu stofnunar.

Nýtízku aðferðir, nýr vélaútbúnaður, en gamalt og æft verkafólk.

LITUN, HREINSUN OG PRESSUN SÉRLEGA VANDAÐ

Modern Laundry & Dye Works Co., Ltd.
307—315 Hargrave St.
WINNIPEG, MANITOBA
Phones: 2300 og 2301

VEITIÐ ATHYGLI!

Nú gefst yður tækifæri á, að eignast heimili og bújarðir með sanngjörnu verði.

Hús og bæjarlóðir til sölu og skift fyrir bújarðir. Einnig seljum við og skiftum bújörðum fyrir bæjareignir, útvegum kaupendur fyrir eignir yðar, og önnumst um alls konar sölu og skifti.

Við útvegum peningalán með rýmilegum skilmálum, tökum hús og muni í eldsábyrgð, og séljum lífsábyrgðar skírteini með sérstökum hagsmunum fyrir hluthafa fyrir bezta og áreiðanlegasta Bandaríkjafélag. Komið og finnið oss að máli, og skrásetjið eignir yðar hjá oss. Fljótum og áreiðanlegum viðskiftum lofað.

The MONTGOMERY Co.
K.B. Skagfjörð, ráðsmaður.
Rm. 12 Bank of Hamilton
Cor. Main & McDermott.
Skrifstofu talsími, Main 8317.
Heimilis talsími, Main 5223.

KENNARA VANTAR

við The Narrows skóla No. 1450 fyrir 3 mánuði. Kensla byrjar 3. jan. 1910. Umsóknir tiltaki kauphæð og mentastig. Verða að vera komnar til undirskrifaðs fyrir 1. des. næstk.

The Narrows P.O., man.,
7. okt. 1909.

J. R. JOHNSON,
Sec'y-Treas.

Mrs. Williams

er nýkomin til baka úr ferð sinni um gamla landið. Hún fór þangað til að skoða beztu kvenhatta verkstæðin og valdi þar mesta úrval af alls konar kvenhöfuðbúnaðarskrauti og höttum. Hún óskar, að isl. konur vildu skoða vörur sínar sem hún er viss um þeim mundi geðjast að. Verðið sanngjarnt.

704 NOTRE DAME AVE.

23-12-9

The ALBERTA Hreinsunar Húsið

Skraddarar, Litarar og Hreinsarar. Frönsk þur- og gufuhreinsun. Fjaðrir hreinsaðar og gerðar hrokn ar. Kvenfatnaði veitt sérstakt athygli. Sótt heim til yðar og skilað aftur. Allskonar aðgerðir. Fljót afgreiðsla. Verð sanngjarnt. Opið á kveldin. FÓN: Main 3466.

660 Notre Dame Ave., Winnipeg

23-9-10

ROBLIN HOTEL
113 Adelaide St. Winnipeg
Besta $1.50 á dag hús í Vestur-Canada. Keyrsla ókeypis milli vagnstöðva og hússins á nótta og degi. Aðhlynning hins bezta. Við skifti Íslendinga óskast. William Ave strætiskarið fer hjá húsinu
O. ROY, eigandi.

Giftingaleyfisbréf
selur: Kr. Ásg. Benediktsson
540 Simcoe st. Winnipeg

Gimli Hótel
G. E. SÓLMUNDSSON
eigandi
Óskar viðskifta Íslendinga sem heimsækja Gimli-bæ. — Þar er beini beztur í mat og drykkjarföngum, og aðbúð gesta svo góð sem frekast er hægt að gera hana. Hótelið er við vagnstöðina.
Gistið að Gimli-Hótel.

JIMMY'S HOTEL
BEZTU VÍN OG VINDLAR.
VÍNVEITARI T.H.FRASER.
ÍSLENDINGUR.
James Thorpe, Eigandi

A. S. TORBERT'S
RAKARASTOFA
Er í Jimmy's Hótel. Besta verk, ágæt verkfæri; Rakstur 15c en Hárskurður 25c. — Óskar viðskifta Íslendinga. —

MARKET HOTEL
146 PRINCESS ST á móti markaðnum
P. O'CONNELL, eigandi, WINNIPEG
Beztu tegundir af vínföngum og vindlum, aðhlynning góð húsi and bar

Woodbine Hotel
Stærsta Billiard Hall í Norðvesturlandinu
Tíu Pool-borð.—Alskonar vín og vindlar
Lennon & Hall
Eigendur

Arena Rink
Undir nýrri stjórn
Opinn fyrir Hjólskauta skemtun
Hornaflokkur á kveldin

The Dominion Bank
NOTRE DAME Ave. BRANCH Cor. Nena St.
VÉR GEFUM SÉRSTAK AN GAUM AÐ SPARISJÓDS-DEILDINNI. —
VEXTIR BORGAÐIR AF INNLÖGUM.
HÖFUÐSTOLL - - - $3,983,392.38
SPARISJÓÐUR - - $5,300,000.00
H. A. BRIGHT, MANAGER.

Kjör rithöfunda og listamanna.

Inngangsræða við fund "Alþjóðafélagsins fyrir bókmentir og listir" í Khöfn 1909.

Eftir prófessor GEORG BRANDES.

(Niðurlag).

Þá má og minnast þess, hve ákaflega Racine (1639—99) tók sér nærri reiði þá, er konungur lagði á hann, og sem átti rót sína í pólitiskum höfuðórum konungs.

Hirðskáldin voru aldrei stórum hærra sett í metorðastiganum en hirðfíflin, höfðu álika metorð og hirð-stjörnuspámennirnir.

Þó ekki fari fyrir skáldunum eins og Tassó (í Ferrera á Ítaliu 1544—95), að þau verði rugluð við hirðina, eða þeim sé vísað á burt þaðan, eins og Camoens (í Portúgal, 1524—80), heldur hafðir í metum, þá verða þau að borga þessa náð með ómerkilegum tækifæris- og hátíðakvæðum. Til dæmis má nefna hvílíkan fjölda jafnvel Goethe hefir ort af þess könar kvæðum og hve óhæfilega mikið rúm þau fylla í ritum hans.

Í byrjun endurreisnartímabilsins (14. og 15. öld) eiga myndasmiðir og málarar skynsamlegri kjörum að sæta. Gildin í Flórenz panta listaverk hjá Dónatelló (myndasmiður, 1386—1466). Bæjarstjórnin lætur listamennina keppa um að skreyta ráðhússalinn. En á 16. öldinni verða listamenn að lifa á páfanum og þjóðhöfðingjum. Michel Angeló vinnur fyrir Július páfa II., en er í sífeldum kröggum með að fá borgunina, sem hann er þó mjög þurfandi fyrir. Seinna vinnur hann fyrir Medicíættina, er hann þó taldi óhamingju ættborgar sinnar, sem svíft hafði hana frelsi sínu. Málarinn getur með engu móti án velgjörðamanns verið, sem gefur honum fé til að kaupa fyrir efnin í listaverkin. Tizían (1477—1576) fær fyrir "Madonna di Ca Pesaro" 96 dúkata fyrir málverkið, og að auki 6 dúkata fyrir léreftið, sem á var málað, að því er tekið er fram með berum orðum.

Spænski málarinn mikli Velasquez (1465—1523) gat ekki þrifist öðruvísi en sem hirðmálari, og varð að mála sæg af myndum, sem hann var dauðleiður á, til þess að geta einstöku sinnum skotist til að mála það, sem hann langaði til að fást við.

En — hefðu ekki bæði hann, Tizían, Holbein (1497—1543), Rúbens (1577—1640) og Van Dyck (1599—1641) staðið í sambandi við æðstu höfðingja þjóðanna, þá hefðu þeir ekki málað þær myndir af helztu mönnum sinnar aldar, sem oss þykir svo mikið til koma. Í lægri stéttunum hefðu þeir ekki á þeim tíma fundið jafn-einkennilega menn, í rauninni eingöngu "týpiskar" persónur. Við verðum því að sætta okkur við, að þeir hafa oft málað fyrir daginn og veginn, eins og Rúbens gerði fyrir Hinrik IV.

En þegar við hverfum frá þeim listamönnum, sem báru gæfu til að komast undir verndarvængi höfðingjanna og njóta þeirra að staðaldri, hve margir af hinum mestu snillingum urðu þá ekki seint eða snemma að sæta þeim örlögum, að veslast upp í örbirgð og volæði.

Hver getur gleymt örlögum Rembrandts (á Hollandi, 1606—69)? — Harla lítil var sú borgun, er hann, jafnvel meðan bezt lét, fékk fyrir þær myndir, sem nú eru í svo háu verði, að hver einstök þeirra er meira virði en alt, sem Rembrandt fékk fyrir öll listaverk sín um ævi sína alla. Sumar, t. d. "Nætur-vörðinn", er meira að segja ómögulegt að verðsetja nú orðið, því stjórn Hollendinga mundi ekki vilja selja þær, hvað sem í boði væri, enda gæti hún aldrei látið slíkt um sig spyrjast. Á efri árum sínum, þegar list hans var ágætust, gekk hann svo "úr móð", svo að málarar, sem ekki verða neindir í sömu andránni og hann, voru teknir fram yfir hann. Hann varð þá að selja alt, sem hann átti, og dó í mestu örbirgð og volæði.

Þó að miklar séu framfarirnar frá því, sem var á hans dögum, og margt hafi breyzt til batnaðar, sem vér eigum einkum að þakka félagi því, er vér höfum þann heiður og gleði að sjá hér í dag, — þá er þó enn eitt, sem aldrei verður úr bætt með neinni nýrri löggjöf, hin rótgróna heimska mannkynsins.

Samtíðarmenn snillinganna geta ekki metið þá, sem vert er.

Þó að Voltaire (1694—1778) seinna meir yrði auðugur, þá varð hann það ekki af ritum sínum, jafnmikið og þó seldist af þeim. Nei, auður hans átti sér aðrar rætur. Fyrst fékk hann hirðstyrk, 1200 franka á ári frá hertoganum af Orleans, fjórum árum síðar 2000 franka frá konungi, þrem árum síðar 1500 franka frá drotningunni, unz honum lærðist að auðga sig á kaupum og sölum að hætti fjárreiðumanna.

Að Rousseau var svo fátækur, kom sumpart af því, að hann neitaði að taka við bitlingum, og sumpart af því, að bannað var að selja rit hans, af því menn álitu, að trúvillur væru í þeim.

Og við hvílíka örbirgð áttu ekki frægustu tónskáldin að búa, jafnvel fram á vora daga! Annar eins maður og Mózart (1756—91) dó blásnauður; Beethoven (1770—1827) þá með þökkum lítilfjörlegan styrk frá sínum konunglega lærisveini, Rúdolph erkihertoga; Schúbert (1797—1828) dó í fátækt á unga aldri. Og hvílíkt drepandi skuldabasl átti ekki Richard Vagner (1813—1883) við að stríða, unz Loðvík konungur II. skaut skjóli yfir hann!

Af öllum listamönnum eru líklega kvæðaskáldin verst stödd. Chatterton var ekki nema 17 ára, þegar hann réð sér bana (1770) af örvæntingu yfir fátækt sinni, og var þó, eins og ágætur enskur höfundur hefir að orði komist, eftir aldri, gæddur þeirri stórkostlegustu skáldgáfu, sem nokkru sinni hefir birzt á jarðríki. Utan Englands eru örlög hans orðin kunn af sorgarleik De Vignys.

Bezta kvæðaskáld Dana í byrjun 18. aldar, Ambrósius Stub, ól æskualdur sinn, sem lítilsvirtur skrifari og "hrókur alls fagnaðar" (maitre des plaisirs) á búgörðum aðalsmanna, var rekinn burt, jafnskjótt og eitthvað bar út af, og lauk æfinni sem barnakennari í sveitakaupstað. Hann er gott dæmi þess, hvernig fátæk skáld urðu að vera söngkennarar og sníkjugestir, til þess að geta framleytt lífinu.

Jóhannes Ewald, mesta skáld Dana í lok 18. aldar, var svo fátækur, að hann orti sæg af tækifæriskvæðum og brúðkaupsljóðum fyrir borgun, og þeir, sem af forvitni komu til að sjá hann, eins og einn af sýningargripum Kaupmannahafnar, skildu eftir silfurskilding á rekkju hans.

Og svo bágborin voru atvinnuskilyrði höfunda í Danmörku bæði á 18. og 19. öldinni, að tvö mestu skáld þjóðarinnar, sem útlendingar nú strax reka augun í myndastyttur af fyrir framan konunglega leikhúsið í Kaupmannahöfn, gáfu sjálfir út rit sín langa hríð. Holberg seldi sjálfur rit sín úr herbergi sínu, en Phoenixberg nokkur prentaði upp leikrit hans í óleyfi. Kona Oehlenschlegers gekk hús úr húsi og færði áskrifendum sjálf leikrit þau, er þeir höfðu skrifað sig fyrir.

III.

Eftir að höfundar höfðu fengið vernd gegn upp-prentun rita þeirra kom til mála, hvort ekki mætti einnig vernda eignarréttinn á ritum þeirra á öðrum tungum, sem menn öldum saman höfðu skoðað sem allra eign eða engra. Fyrir höfunda, sem rita á stórmálunum, skiftir það enganveginn litlu, hvort rit þeirra eru þýdd í óleyfi, en það er þó ekkert höfuðatriði fyrir þá, með því þeir hafa margar miliónir lesenda að þeim á immálinu í sínu eigin landi, og í öðrum löndum eru líka miliónir manna, sem skilja tungu þeirra. Lesendur þýðinganna geta því naumast orðið eins margir og lesendur frumritsins. En fyrir höfunda, sem rita á tungu smáþjóðar, skiftir spurningin um þýðingarréttinn stórmiklu, með því lesendur þýðingarinnar verða langt um fleiri, en lesendur frumritsins, og tekjurnar af leikriti hans verða svo langt um meiri á hinum fjölmörgu útlendu leikhúsum, en frá fáeinum leikhúsum á ættjörðu hans.

Nú hafa samt um langa hríð einkum stjórnir og þing smálandanna neitað að gera samninga við önnur lönd, sumpart af því, að þau mundu tapa á því, með því að langtum meira væri þýtt á þeirra mál af útlendum bókum, en úr því á aðrar tungur, og sumpart af því, að það yrði þrándur í götu fyrir útbreiðslu menningar, sem brýn þörf væri á — og er þetta enn upp á teningnum hjá Rússum þann dag í dag.

En meðan réttur höfunda fyrir ritum þeirra er ekki trygður þeim með samningum, geta þeir orðið fyrir fleiri tilfinnanlegum skakkaföllum, en þeim, að verða af tekjum af hinum þýddu ritum. Mér er vel kunnugt dæmi þess, að útlendur ránsforleggjari hefir í heilan mannsaldur ekki að eins stungið í vasa sinn öllum arði af ritum eins höfundar (þ.e.: Brandesar sjálfs), heldur og breytt titlum bókanna, bútað þær sundur og selt kafla úr þeim sem heilar bækur, og svo í ofanálag bætt við neðanmálsgreinum, sem mæltu með forlagsbókum hans, sem höfundurinn hafði aldrei séð. Ég þekki dæmi þess, að slíkir ræningjar hafa í fullu lagaleyfi sölsað undir sig alt æfistarf höfundar, án þess að borga honum einn eyri, ekki einu sinni sent honum nokkurt eintak af ritunum.

Það félag, sem hefir gert oss þá gleði, að halda ársfund sinn hér í Kaupmannahöfn, og sem nú er hér statt í þessum sal, hefir barist fyrir því göfuga markmiði, að koma þar á réttlæti og sanngirni, sem örðugra var að koma því við en á nokkru öðru sviði.

Örðugleikarnir voru, eins og ég þegar hefi bent á, fyrst og fremst utanaðkomandi, af því réttarspurningin var látin lúta í lægra haldi fyrir svo nefndum æðri kröfum, nytsemdarkröfunni. Höfundarrétturinn var fyrir borð borinn af því, sem bezt þótti haga í þann og þann svipinn. En þó margt mæli með því, að haga seglum eftir vindi, þá er sú aðferð, þó ekki sé hún einn hinn versti, samt nálega hinn hættulegasti óvinur réttlætisins. Því næst komu til innri örðugleikar, með því að yfirleitt var ekki eins hægt að gefa ákveðnar reglur um andlegan eignarrétt og heimildarrétt líkamlegra muna. Lengi vel vildu menn ekki við hann kannast. Seint og síðar meir létu menn í stað þeirrar hugmyndar koma höfundarrétt (í orðsins eiginlegu merkingu) og ákváðu hann.

Eins og ritari þessa félags, Albert Oesterrieth, hefir svo snildarlega sýnt fram á, var það í rauninni mál eitt á Englandi frá 1763, milli Millar og Taylor, út af kvæði James Thomsons "Árstíðirnar", sem í þessu efni gerði breytinguna og beindi í rétt horf.

En Alþjóðafélagið hefir samt sigrað allar torfærur, bæði innri og ytri, og komið á Bernarsamningnum 1886, er loks stofnaði það ríkjasamband bæði í og utan Evrópu, sem er grundvöllur allrar framtíðarviðleitni í þjónustu réttlætisins á þessu sviði. Í það samband gekk Danmörk, þó seint væri, fyrir 6 árum. Hún hafði dregið það alt of lengi, en hefir nú tekið fullum sinnaskiftum.

Andlegi eignarrétturinn — styzt og næst að kalla hann svo — hefir orðið til þess að mynda heilt nýtt "corpus juris" (lagabálk), og stöðugt bætast nýjar vafamál við, sem úr þarf að greiða. Fátt getur fróðlegra verið, en að lesa hið heljarmikla rit — 1000 bls. í stóru broti —, sem upprunalega er samið af Eugene Pouillet, en nú hefir verið endurbætt og útgefið í annað sinn af hinum ágæta forseta Alþjóðafélagsins, herra Georges Maillard, sem sýnir oss þann sóma, að vera hér viðstaddur. Í formála þeirrar bókar standa þessi fögru orð: "Hverjum mundi forðum hafa dottið í hug þessi réttindi, sem enginn verður nú til að mæla á móti, og sem eingöngu stafa af andlegri vinnu? Hver mundi hafa dirfst að láta sig dreyma um, að þessi heimur, sem mannsandinn hefir skapað, og er jafnóendanlegur og hann sjálfur, væri móttækilegur fyrir jafn örugg ákvæði um notkun hans, eins og þau ákvæði, sem gilda fyrir hinn líkamlega heim, er vér miklumst af að leggja undir oss daglega? Er ekki eins og lögin fái á sig nokkurn blæ af þeirri tign og mikilleik, sem hvílir yfir þeim efnum, er þau eru að skipa fyrir um heimildir á? Eru ekki lögin í þessari nýju mynd að hefjast upp á ókannaða fjallatinda með meira víðsýni en hingað til? Þau heimta daglega meiri og meiri þekkingarforða". —

Stöðugt þarf að greiða úr nýj-

(Framhald á 4. bls)

2 Bækur Gefins
FÁ NÝJIR KAUPENDUR AÐ HEIMSKRINGLU SEM BORGA $2.00 FYRIRFRAM, OG ÞESSUM BÓKUM ÚR AÐ VELJA: —
Mr. Potter frá Texas
Aðalheiður
Svipurinn Hennar
Hvammverjarnir
Konuhefnd
Robert Manton
og Leyndarmál Cordulu frænku. —
Alt góðar sögur og sumar ágætar, efnismiklar, fróðlegar og spennandi. Nú er tíminn að gerast kaupendur Hkr. Það eru aðeins fá eintök eftir af sumum bókunum.
Heimskringla
P.O. Box 3083, Winnipeg

WINNIPEG Business College
Cor. Portage Ave and Fort St.
28. ÁR
FÉKK FYRSTU VERÐLAUN Á SAINT LOUIS SÝNINGUNNI.
Dag og kveldkensla. Telefón 45.
Haustkensla byrjar 1 Sept.
Bæklingur með myndum ókeypis.
Skrifið til: The Secretary, Winnipeg Business College, Winnipeg, Man.

A. S. BARDAL
Selur líkkistur og annast um útfarir. Allur útbúnaður sá bezti. Enfremur selur hann al skonar minnisvarða og legsteina.
121 Nena St. Phone 306

Sendið Heimskringlu til vina yðar á Íslandi

Miss NESBITT
KVENHATTA SALI
112 ISABEL ST.
Býr til alskonar kvenhatta í nýjustu gerð. Skreytir með fjöðrum, blómum og böndum og öðru nýtízku stássi. Endurnýjar og skreytir brúkaða hatta. Alt verk vandað og verð sanngjarnt. Isl. konum boðið að skoða búðina. —
MISS NESBITT,
112 Isabel Street
18-11-9

dögum, sem hann ekki gat varið til slíkra rannsókna, áleit hann til einskis eytt.

Hann lifði því sem næst eingöngu til að rannsaka og nema. Umsjón heimilisins og fjárhagsleg bágindi voru þung byrði fyrir þennan lærða mann, enda hlíðradditi hann sér hjá slíku eftir beztu getu, en þó lagðist það alloft býsna þungt á hann, því heimilið var mannmargt en tekjurnar litlar. Hann átti konu og fimm börn, og var hið elzta 12 ára, því hann hafði gift sig seint.

Bergholm prestur var einn af þeim mönnum, sem óhepnin virtist elta, í öllu, sem hann tók fyrir. Þrátt fyrir hina miklu þekkingu sína og ráðvanda hegðun, hafði hann aldrei fengið inntektarikt prestakall. Hann hafði oft sótt um betra brauð, en aldrei fengið það, sökum skorts á meðmælum. Hann kunni ekki að smjaðra eða bora sér inn undir hjá þeim, sem höfðu völdin, en áleit, að sannir hæfileikar þyrftu engra meðmæla. Hann áleit slíkt vera sér ósamboðið, og aldrei hafði hann getað fengið sig til að lúta hinum stóru. Þetta var ekki hyggilega gert af honum, og því sat hann enn kyr í þessu fátæka prestakalli með hér um bil 50 tunnur af korni í tekjur, eftir 30 ára þjónustu.

Prestinum hafði fallist hugur við þessi óhöpp sín, og ásetti sér því, að lofa öðrum að rífast um feitu embættin, en vera kyr þar sem hann var, og við þennan ásetning hélt hann fast, þrátt fyrir allar áminningar konu hans. Í öllu öðru var presturinn eftirgefanlegur við konu sína, og hann lét hana stjórna heimilinu eins og hún vildi, en nær sem hún hvatti hann til að sækja um feitara prestakall, fékk hún ávalt alvarlegt nei.

Frúin grét, æpti, stappaði á gólfið og spurði mann sinn, hvort hann ætlaði sér að svelta í hel

með konu og börn í þessum vesældar afkima, þar sem hann var nú niðurkominn. Hún talaði um annirnar og þrældóminn, sem á sér hvildi, meðan hann hengi yfir þessum latnesku skruddum, sem ekki væru honum fjögra skildinga virði, og hótaði að skilja við hann, ef hann reyndi ekki að fá betra brauð.

"Kona", sagði presturinn í slíkum tilfellum, sem áttu sér stað í hvert sinn er frú Bergholm frétti að prestakall væri laust, "ég er nógu oft búinn að sækja um brauð, eins og þú veizt, en það er útlit fyrir, að guð vilji ekki að ég yfirgefi þetta pláss, sem ég hefi nú dvalið í yfir 20 ár, og því er það ekki ómaksvert að reyna oftar. Við verðum að vera ánægð með það, sem við höfum. Vertu nú bara róleg, góða Brita Cajsa".

"Róleg", kallaði hún afarreið, "þú talar aldrei um annað en vera rólegur, meðan vesalings konan þín verður að lifa við sífelt eirðarleysi og umbrot", og svo hélt hún áfram að tala, svo vesalings presturinn varð að stinga fingrunum í eyrun og flýja upp á kvistherbergið sitt, og þar, mitt á meðal fornaldarritanna, gleymdi hann bráðlega öllum óþægindum.

Bergholm prestur var að öðru leyti álitinn frumlegur, en þó sérvitur. Hann var mjög oft hugstola, eins og lærðum mönnum hættir til, og fram úr hófi óhagsýnn og klaufalegur í öllu, sem snerti daglega lífið, svo söfnuður hans hafði oft ástæðu til að hlægja að honum, þrátt fyrir hina heiðarlegu og eftirtektarverðu hegðun hans.

Margar sögur voru sagðar af honum þar í héraðinu. Einhverju sinni, þegar hann var að skíra barn, endaveltí hann því. Í annað sinn kom hann í kirkjuna með bréf Ciceros í hendinni, í staðinn fyrir nýja testamentið. Við kirkjuleiðslu konu nokkurar fletti hann upp handbókinni á röngum stað, og byrjaði að lesa um endurlausn syndarans. Konunni varð bilt

við, þegar prestúrinn samkvæmt reglunni spurði hana: "Viðurkennir þú, að með hinni viðbjóðslegu synd þinni hafir þú hneykslað guðs söfnuð?" Maður konunnar, sem var staddur í kirkjunni, hnipti í prestinn og benti honum á villu hans.

Þrátt fyrir alt þetta, virti og elskaði söknarfólkið hann. Höfðingjarnir og hinir ríku, sem bjuggu á stórjörðunum þar í nánd, gáfu honum litinn gaum, nema að því leyti, að þeir buðu honum einstaka sinnum í jólaveizlur sínar, honum til sárra leiðinda, og hlustuðu á prédikanir hans tvísvar á ári. Þar á móti var hann kær vinur hinna fátæku, sem gátu fengið að tala við hann á tilteknum tíma á hverjum degi, og þá var hann ávalt sem einn af þeim, allur lærdómur og þekking á fornöldinni var þá gleymt. Enginn bágstaddur yfirgaf heimili hans án þess að hafa fengið þá hjálp og huggun, sem hann gat í té látið. Þess vegna var hann líka elskaður og virtur af öllum, sem bágt áttu.

Þannig var prestur þessi, sem hafði tekið að sér að kenna Mórits Sterner. Hér um til tveimur árum áður en saga þessi byrjar, var það einn morgun að fátæklega klædd kona, sem leiddi litinn dreng með sér, heimsótti prestinn. Henni var fylgt inn í lestrarherbergi hans, þar sem hann sat við borð í gamla frakkanum sínum. Presturinn lagði frá sér bókina, og horfði hugsandi á konuna, sem stóð innan við dyrnar.

"Herra prestur", sagði hún hikandi, "mér hefir verið sagt, að þú sert góður og miskunnsamur maður, sem aldrei hrekur þá í burtu, sem bágt eiga, og því kem ég til þín".

"Talaðu kona", sagði presturinn, sem rankaði nú við sér, talaðu! Hvað get ég gert fyrir þig?"

Konan sagði honum nú frá neyð sinni. Sagðist hafa átt heima í snotru húsi á að gizka tvær mílur

frá prestssetrinu, og þar hefði sér liðið vel, og stundað uppeldi sonar sína, en sökum hins skyndilega fráfalls manns síns, væri hún nú afarilla stödd.

"Að því er mig snertir", sagði hún, "þá get ég unnið fyrir fæði mínu og piltsins, en að því er snertir kenslu hans, hefi ég engin ráð, því upphæð sú, sem ég hefi fengið fyrir fáeina skrautmuni, er ég átti og seldi, endist ekki til að borga fyrir hann á skóla, og því kem ég til þín að leita ráða í þessu efni".

"Hvað heitir þú, kona?" spurði presturinn.

"Hvað ég heita?" svaraði hún skjálfandi. — "Leyfðu mér að þegja yfir mínu rétta nafni. Ég hefi ekki heimild til að segja frá því".

"Hvað þá! Ekki heimild til að segja þitt eigið nafn?"

"Ó, herra prestur", sagði vesalings konan snöktandi, "ég sver við alt, sem heilagt er, að ég má ekki segja það, — spurðu mig þess vegna ekki um það".

"Sonur þinn er þá lausaleiksbarn?"

"Ó, guð minn góður, þetta líka", sagði konan í lágum örvæntingarróm. "Lausaleiksbarn", sagði hún hátt, "nei, nei, ímyndaðu þér það ekki. Guð er mátt vitni, að hann er fæddur í löglegu hjónabandi, — en, herra prestur, þér vitið að það eru til leyndarmál, sem verða að vera heilög, að það eru til loforð, sem væri synd gegn guði og samvizkunni að rjúfa, brot gegn endurminningu elskaðs manns, sem í gröfinni hvílir. Þú verður að trúa mér, ég þori ekki að nefna nafn manns míns, — því hann bannaði það — og ég verð heldur að líða hneisu, en að óhlýðnast skipunum hans".

"Giftíng þín er þá það, sem menn kalla leynigiftingu", sagði presturinn.

"Já, það er leynigifting, en ég hefi sannanir fyrir lögheimild hennar. Sá tími kemur, ef ég lifi svo

um spurningum. Það ríður á að tryggja höfundarréttinn svo kænlega, að aldrei verði farið í kringum lögin; en þau mega þó heldur ekki vera svo ströng, að þau brjóti bág við fulla skynsemi. Hugsið ykkur t. d., að einhver lagastafur hefði bannað Schúmann að nota tóna úr Marseillaise-laginu í "Tveir lífverðir" (frægt sönglag)! Setjum ennfremur, að einhver lagastafur bannaði öldum og óbornum að gera þær breytingar í riti höfundar, sem nauðsynlegar væru til að halda því á lofti, með því þær yngdu upp ritið.

Það þarf því stöðugt að greiða úr nýjum spurningum. Á hverju ári eru gerðar nýjar uppgötvanir og umbætur, sem útheimta nýjar ráðstafanir og ný verndarákvæði. Þannig geta, t. d., "biógraf"-leikhúsin nú sýnt láthragð leikenda í sjónleik og látið "fónógraf" (hljóðrita) endurróma rödd þeirra. Getur verið, að þessi uppgötvun geri marga minnisháttar leikendur atvinnulausa, en hún ætti líka að veita góðum leikendum rétt til alveg nýrra tekjugreina.

IV.

En þeir andans menn, sem eru í Alþjóðafélaginu, vita bezt sjálfir, að barátta þeirra fyrir réttlætinu er merkaður bás, sem ekki verður út fyrir komist.

Á vorum dögum á það sér líklega hvergi nema á Rússlandi lengur stað, að bækur, sem taldar eru skaðlegar, séu dæmdar til að brennast á báli, og brendar af böðli. Ég þekki höfund, sem hefir orðið fyrir þessari minkun eða sóma *). En samt er nú hvergi lengra komið en það, að hver sá höfundur, sem ekki ritar eins og fólk vill flest, og hver sá listamaður, sem ekki bindur bagga sína sömu hnútum og samferðamenn, á í vök að verjast, — jafnvel í framtíðarlandinu Ameríku, þar sem Edgar Allan Poe (1809—49), ef til vill hinn frumlegasti höfundur landsins, dó í örbirgð og volæði.

Við sjáum þess vegna höfunda svikja og selja sannfæringu sína, til þess að geta lifað. Aftur eru aðrir, sem leggja heilsu sína og næði í sölurnar fyrir verk, sem þeir hafa ekkert upp úr nema frægð fyrir dauðann.

Þegar jafnmikill grúi er út gefinn af bókum, eins og nú er orðið titt, er samkepnin orðin svo mikil, að bæði þarf afl og auðnu til þess að verða ofan á. Illviljuð gagnrýni rýrir ekki að eins álitið, heldur einnig tekjurnar. Réttsýn og réttmæt ritsjá er annars að hverfa, einkum í blöðum stórþjóðanna. Ritsjáin fer kaupum og sölum, eins og auglýsing, sem nær æ fastari og fastari tökum á almenningi, og þeir, sem eru of stoltir til að nota slíka aðferð, bíða af því mikinn hnekki. Flóðbylgja múgsmekksins fer hækkandi, og sá, sem ekki lætur berast af henni, má gá vel að sér, ef hann á ekki að drukna. Alþýðusmekkurinn gerir, að það er orðið óþakklátt verk, að framleiða framúrskarandi ágætisrit.

Öll lagavizka og öll viðleitni Alþjóðafélagsins geta því aldrei látið tekjur listamanna og vísindamanna samsvara því, sem verk þeirra eru í sjálfu sér verð. Alþýðleg rit, t. d. skáldsögur og gamanleikar, munu ávalt gefa meira af sér, en þau rit, sem hærra stefna. Ritsmíðin, sem þó alt veltur á í listinni, verður aldrei borguð. Hrein vísindi munu aldrei gefa jafn mikið af sér, eins og þau vísindi, sem ærð eru í alþýðlegan búning, eða þannig notuð og framsett, að þau verði almenningi að gagni. Hið ágætasta getur ekki í neinni grein orðið launað með peningum, heldur með sæmdinni einni. Og því meiri, sem menningin verður, því réttlátara kemur sæmdin niður. Og þó er jafnvel ekki sæmdin beztu launin, ekki einu sinni þó hún birtist í lofi þeirra, sem bezt hafa vit á. Hin beztu og eiginlegu laun hvers höfundar eru sjálft verkið, sem hann hefir framleitt.

— Eimreiðin.

*) Hér mun átt við Brandes sjálfan. Þýð.

Lady Cook.

Svo heitir mælskukonan enska, sem um þessar mundir er á ferð um Bandaríkin í kvenfrelsiserindum.

Í viðræðu við blaðamann einn nýlega fórust henni orð á þessa leið: —

"Konur í Bandaríkjunum og á Englandi verða búnar að fá jafnréttiskröfum sínum framgengt innan eins árs tíma, — því spái ég. Það er tvísýnt, hvort þessara landa verður bar á undan. Enskar konur eru að heyja dauðastríð fyrir réttindum sínum. Þær eru ákveðnar í því, að halda barátunni áfram til dauðans, og bardagi þeirra er háður með þeirri alvöru og ákafa, sem ekki horfir í að láta líf sitt fyrir málefnið, ef því er að skifta, heldur en að gefast upp. Og svo framarlega, sem þing Breta lætur ekki bráðlega að jafnréttiskröfunum, þá er ég sannfærð um, að afleiðingin verður blóðsúthellingar. Sprengikúlur og önnuð skæð morðvopn verða notuð, og morð verða framin.

"Svo eru konur einbeittar í stefnu sinni, að margar þeirra, sem eru veikbygðar og óhraustar, eru úti dag eftir dag og nótt eftir nótt, til að vinna fyrir máleini sitt, og gefast ekki upp, þó þær verði fyrir ofsóknum frá hendi ruddamenna, og sé þjakað og misþyrmt af skrílnum. Fíngerðustu konur verða að þola alls kyns ill orð og skammarlegar ásakanir á strætum úti, steinum og staurum er kastað í þær, og margar þeirra hafa þannig verið meiddar. En þær láta sig þetta engu skifta. Þær eru við því búnar, að þola á hverju augnabliki, hvað sem fyrir kann að koma. Þær forðast engar hættur og láta ekki bugast fyrir neinu valdi. Þær eru við því búnar, að þola fangavistir og ganga í fötum glæpamanna, eða að svelta sig í hel fyrir málefni sitt. Og þegar svo er komið, að þær harðna við baráttuna í staðinn fyrir að láta bugast fyrir öllu því ofurefli, sem þær eiga við að etja, þá tel ég þeim sigurinn vísan eða dauðann að öðrum kosti í því umróti og eyðileggingu, sem heimurinn verður að taka tillit til og muna eftir.

Munurinn á aðferð þeirri, sem brezkar og amerikanskar konur eru að beita til þess að fá kröfum sínum framgengt, eru í samræmi við eðlis-mismun þjóðanna og menningarstig. Málefnið er það sama, að eins er munurinn á framsóknar aðferðinni. Í Ameríku má svo heita, að bardaginn sé unninn, — var unninn fyrir 40 árum. Alt, sem nú er eftir, til þess að ná algerðum sigri, eiga konurnar undir sjálfum sér. Framgangsmáti og röksemdaleiðsla þeirra hefir verið þannig háttað, að þær hafa óaflátanlega haldið málefni sínu fyrir augum valdhafanna, þar til nú að svo er komið, að öll þjóðin er á þeirra bandi.

Á Englandi er öðru máli að gegna. Þar eru konur háðar hleypidómum gamalla kynslóða. Þar er konan fjórði liður í eignakerfi bóndans. Fyrst er hesturinn, þá hundurinn, þá íbúðarhúsið og seinast konan. — Edward konungur er í hjarta sínu kvenfrelsisvinur, og alþýðan er að snúast á þá sveifina. Hún viðurkennir, að bær konur, sem nú eru að beitast fyrir jafnréttismálinu, séu gæddar meiri vitsmunalegum hæfileikum, heldur enn menn þeir, sem skipa sæti í lávarðadeild þingsins.

Á Englandi er bardaginn í raun réttri um tilverurétt kvenna. Í Ameríku er hann aðallega um lagalega viðurkenningu þess réttar, sem þær þegar hafa öðlast í huga bjóðarinnar, án tillits til stóttaskiftingar, og sem felur í sér styrkleika lýðveldisins".

Bókalisti

N. Ottenson's,—River Park, Winnipeg.

Áfengi og áhrif þess, í b. 0.10
Eggert Ólafsson (B.J.) ... 0.15
Göngu-hrólfs rímur (B.G.) 0.20
Hugsunarfræði (E.B.) 0.15
Huldufólkssögur, í bandi... 0.35(5)
Höfrungahlaup 0.15
Jón Ólafssonar Ljóðmæli í skrautbandi ... ... 0.60(3)
Kristinfræði .... 0.45(2)
Kvæði Hannesar Blöndal 0.15(2)
Málsgreinafræði 0.15
Mannkynssaga (P.M.), í b. 0.85(5)
Mestur í heimi, í b. 0.15
Passíusálmar, í skrautb. ... 0.50
Olnbogabarnið 0.15
Prestkosningin. Leikrit, eftir Þ. E., í b. 0.30
Ljóðabók M. Markússonar 0.50
Friðþjófs sönglög 0.50
Ritreglur (V. A.), í b. ... 0.20
Sálmabók, í b. 0.55
Seytján æfintýri, í b. ... ... 0.35(3)
Siðfræði (H. H.), í b. 1.10
Stafsetningarorðbók, í b. 0.30(3)
Sundreglur, í b. 0.15
Útilegumannasögur, í b. ... 0.45
Útsvarið. Leikrit, í b. ..... 0.35(2)
Verði ljós 0.15
Vestan hafs og austan. Þrjár sögur, eftir E. H., í b. 0.90
Víkingarnir á Hálogalandi eftir H. Ibsen 0.25
Þjóðsögur O. Davíðss., í b. 0.35(4)
Þorlákur helgi 0.15
Þrjátíu æfintýri, í b. ..... 0.35(4)
Ofurefli, skálds. (E.H.), ib. 1.50
Tröllasögur, í b. ... . 0.30(4)
Draugasögur, í b. .... 0.35(4)
Ljóð í Ási .... 0.45(3)
Smásögur, 5 sögur (E.H.) í bandi 0.85
Jómsvíkinga og Knytlinga saga, útg. í Khöfn 1828 Í vönduðu bandi (aðeins fá eintök). Póstgj. 10c 2.00
Skemtisögur eftir Sigurð J. Jóhannesson 1907 ... 0.25
Kvæði eftir sama frá 1905 0.25
Ljóðmæli eftir sama. (Með mynd höfundarins) Frá 1897 .... 0.25
Tólf sönglög eftir Jón Friðfinnsson 0.50
Grágás, Staðarhólsbók, í skrautbandi ... ... :15) 3.00
Sturlunga, Part I. Útgefin í Khöfn af K. Kaalund í bandi ... . (20) 4.50
Nýustu svenskar Musik Bækur, útg. í Stockholm:
Svenska Skol-Qvartetten ...0.60(5)
26te och 27de Tusendet Sv. Skol-Qvartetten ... ... 0.60(5)
Dam Kören ... ... 1.00(5)
Normal-Sangbok .... 0.50(5)

Tölurnar í svigum aftan við (og framan við þar sem póstgjald er meira en 9c) bókaverðið, merkja póstgjald það, sem fylgja verður pöntun utanbæjarmanna.

N. OTTENSON.

Leyndarmál Cordulu frænku.

Nýjir kaupendur að HEIMSKRINGLU sem borga fyrir einn árgang fyrirfram, fá skáldsögu þessa og aðra til, alveg

ókeypis.

Til kaupenda Heimskringlu.

Þessir menn hafa tekið að sér umboðsstöðu fyrir Heimskringlu. Þeir taka á móti nýjum áskriftum að blaðinu, og veita móttöku andvirði þess frá kaupendum í þeirra bygðarlögum.

KRISTMUNDUR SÆMUNDSSON, að Gimli, fyrir Gimli og Nes P.O.

SIGURDUR SIGURDSSON, að Husawick, fyrir Husawick og Winnipeg Beach P. O.

RÖGNVALDUR S. VIDAL, að Hnausa, fyrir Hnausa, Geysir, Árdal og Framnes P.O.

FINNBOGI FINNBOGASON, að Arnes, fyrir Arnes P.O.

JÓN SIGVALDASON, að Icelandic River, fyrir þá bygð.

BJARNI STEFÁNSSON, að Hecla, fyrir Mikley.

G. ELÍAS GUDMUNDSSON, að Bertdale, Sask., fyrir það bygðarlag.

JÓNAS J. HUNFJORD, Markerville, Alta., fyrir Alberta bygðina.

Kaupendur eru beðnir að beina borgunum sínum til þessara ofangreindu manna.

THE BANK OF TORONTO

INNLEGG - - - $30,853,000

VJER OSKUM VIDSKIFTA YDAR

WINNIPEG DEILD: 456 MAIN ST. JOHN R. LAMB, RADSMADUR,

DR. H. R. ROSS
C.P.R. meðala- og skurðlækir.
Sjúkdómum kvenna og barna veitt sérstök umönnun.
WYNYARD, — SASK.

JOHN DUFF
PLUMBER, GAS AND STEAM FITTER
Alt verk vel vandað, og verðið rétt
864 Notre Dame Ave. Phone 3815
Winnipeg

Með því að biðja sérlega um "T.L. CIGAR," þá ertu viss að fá ágætan vindil.
T.L.
(UNION MADE)
Western Cigar Factory
Thomas Lee, eigandi Winnipeg

Redwood Lager og Extra Porter

Styrkið taugarnar með því að drekka eitt staup af öðrum hvorum þessum ágæta heimilis bjór, á undan hverri máltíð. — Reynið !!

EDWARD L. DREWRY Manufacturer & Importer Winnipeg, Canada.

Department of Agriculture and Immigration.

MANITOBA

Þetta fylki hefir 41,169,089 ekrur lands, 6,019,200 ekrur eru vötn, sem veita landinu raka til akuryrkjuþarfa. Þess vegna höfum vér jafnan nægan raka til uppskeru tryggingar.

Ennþá eru 25 miljónir ekrur óteknar, sem fá má með heimilisrétti eða kaupum.

Íbúatala árið 1901 var 255,211, nu er hún orðin 400,000 manns, hefir nálega tvöfaldast á 7 árum.

Íbúatala Winnipeg borgar árið 1901 var 42,240, en nú um 115 þúsundir, hefir meir en tvöfaldast á 7 árum.

Flutningstæki eru nú sem næst fullkomin, 3516 mílur járnbrauta eru í fylkinu, sem allar liggja út frá Winnipeg. Þrjár þverlandsbrauta lestir fara daglega frá Winnipeg, og innan fárra mánaða verða þær 5 talsins, þegar Grand Trunk Pacific og Canadian Northern bætast við.

Framför fylkisins er sjáanleg hvar sem litið er. Þér ættuð að taka þar bólfestu. Ekkert annað land getur sýnt sama vöxt á sama tímabili.

TIL FERDAMANNA:

Farið ekki framhjá Winnipeg, án þess að grenslast um stjórnar og járnbrautarlönd til sölu, og útvega yður fullkomnar upplýsingar um heimilisréttarlönd og fjárgróða möguleika.

R. P. ROBLIN,
Stjórnarformaður og Akuryrkjumála Ráðgjafi

Skrifið eftir upplýsingum til
Joseph Burke, 178 LOGAN AVE., WINNIPEG. Jas Hartley, 77 YORK ST., TORONTO.

lengi, að ég hefi heimild til að opinbera hana, en þangað til verð ég að þola alt, — neyð, volæði, örvilnan, — guð hefir ella ætlað mér þetta".

Bergholm prestur var djúpt hrifinn yfir sorgartilfinningum hennar. Vísindamaðurinn þurkaði sjálfur tár af augum sínum, og horfði með innilegri meðaumkun á vesalings móðurina, sem bað um hjálp fyrir son sinn.

Hjá þessari ungu, fögru, en fölu og mögru konu skein sakleysið og sannleikurinn af svipnum, sem eyddu algerlega efanum, er um stund hafði lúnað í huga prestsins. Hann gat ekki annað, en tekið þátt í kjörum hennar. "Sorg hennar er hreinskilin" hugsaði hann, "hún getur ekki verið hræsnari, það sést á svip hennar".

"Kona", sagði hann, "ég trúi þér, þú getur ekki logið, og þess utan veit ég mjög vel, að það eru til leyndarmál, sem menn verða að bera virðingu fyrir. Ég lofa að taka tillit til þess, hversu undarlegt, sem það kann að vera. Ég vil þess vegna með ánægju hjálpa þér í tilliti til þess, að sonur þinn geti fengið tilsögn. Hvar er hann?"

"Hann bíður mín úti".

"Gott. Ég er fátækur, eins og þú veizt. Ég vildi að ég væri það ekki, svo ég gæti hjálpað þér til hlítar. En ég á sjálfur konu og fáein lítil börn, en hefi lítlar tekjur. Ég skal því sjálfur veita syni þínum tilsögn ásamt elzta drengnum mínum, ef þú vilt setjast að í nánd við heimili mitt. Það verður of dýrt, að senda hann á skólá".

"Hamingjan góða! Þú ætlar sjálfur að kenna honum, herra prestur. Nær ætli ég geti endurgoldið slíka velvild!"

"Sonur þinn skal fá tilsögn borgunarlaust", sagði presturinn, "og ef ég lifi, og hann hegðar sér

vel og er eftirtektasamur, þá skal ég búa hann undir háskólann".

"Guð blessi þig, eðallyndi maður", sagði konan með þakklætistár í augunum. "Þú hefir lyft þungri byrði af huga mínum, því það hefði kvalið mig sárt, að geta ekki látið drenginn minn halda áfram námi sínu fátæktar vegna".

"Gott, gott, en ennþá eitt, — hvar ætlarðu að setjast að?"

"Ég veit það ekki ennþá. Ef ég gæti fengið kofa í nánd við prestssetrið, væri ég mjög ánægð. Ég er viss um, að geta unnið fyrir okkur".

"Ég skal útvega þér kofa", sagði presturinn. "Það er einn slíkur hér í nánd, sem nú er tómur. Að utan er hann raunar mjög hrörlegur, en ég held, að stofan inni sé allgóð. Viltu hann?"

"Já, hr. prestur, margfaldar þakkir — —"

"Kofinn", sagði presturinn, "er í rauninni eign Óðinsvíkureigandans — —"

"Óðinsvík!" sagði hún skjálfandi. "Á ég að búa á Óðinsvíkur-landinu?"

"Já", svaraði presturinn, sem ekki tók eftir gepshræringu hennar. "Óðinsvík er nú eign hins unga greifa Stjernekrans, sem erfði óðalið að föður sínum látnum, er nýlega dó erlendis. Greifinn er farinn til Ítalíu, til að gleyma sorgum sínum, segja menn. En ég skal finna umsjónarmanninn, sem ég er kunnugur, og ég vona þú getir fengið kofann fyrir fáeina dali um árið".

"Þetta líka", sagði hún við sjálfa sig — "ég að búa í kofa á Óðinsvíkur-landinu. Undarleg tilviljun!"

"Ertu ekki ánægð með tillögu mína, kona?" spurði presturinn.

"Jú, hr. prestur, guð blessi yður".

"Nú, jæja, hvað er það helzt, sem þú getur unnið, til þess að hafa ofan af fyrir þér?"

Ég get saumað, ofið og spunnið. Bara ég gæti nú fengið nóg að gera".

"Ég skal útvega þér vinnu. Í sveit þessari eru mörg höfðingjasetur, og hér hefir lengi verið skortur á duglegri saumakonu. Ég skal mæla með þér, svo þú fáir nóg að gera. Til að byrja með, geturðu saumað skyrtur á börnin mín. Ég skal borga þér fyrir það".

"Nei, nei, þú átt ekki að borga mér; ég skal sauma allar ykkar skyrtur fyrir ekkert. Það er það minsta, sem ég get gert, fyrir alla þína góðsemi mér til handa".

"Þey, þey, ég skal borga. Ég hefi þegar lofað að kenna syni þínum kauplaust. Sæktu nú son þinn, svo ég geti séð hann".

Móðirin gekk út og sótti drenginn. Presturinn spurði hana ýmsra spurninga, og var mjög ánægður yfir því, hve fljótt og skynsamlega hann svaraði, og sömuleiðis yfir sviphreina og gáfulega andlitinu hans.

"Það er ágætt, sonur minn", sagði hann. "Þú hefir þegar lært talsvert. Hvað heitirðu?"

"Mórits", svaraði pilturinn.

"Hve gamall ertu?"

"Átta ára".

"Gott, Mórits minn. Ég hefi lofað móður þinni að kenna þér. Heldurðu að þú viljir að ég veiti þér tilsögn?"

"Já, mér þykir svo vænt um, að lesa og læra".

"Ágætt, ágætt. Við skulum lesa fornritin drengur minn, það verður gaman. En þú verður að vera iðinn. Ef við lifum nokkur ár, þá skulum við lesa Virgil, Tacitus og Lucrets. Þú þekkir þá nú ekki enn þá, en ég skal láta þig kynnast þeim, vertu viss um það".

"Enn hvað þú ert góður, herra prestur", sagði móðirin.

"En nú er eitt eftir. Eitthvert eftirnafn verður drengurinn að hafa. Hvað hefir hann verið kallaður hingað til?"

"Hann hefir verið kallaður Johanson, eins og ég og faðir minn, sem var garðyrkjumaður".

"Johanson er að sönnu fallegt nafn, en það er of alment. Lærisveinninn minn verður að bera ennþá fallegra nafn, finst þér það ekki?"

"Jú, prestur minn, findu eitthvert nafn".

"Biðum við nú við", sagði presturinn og hugsaði sig um, "gætum við ekki kallað hann Sterner? Ég átti góðan æskuvin, sem hét svo".

"Jú", sagði móðirin. "Það er fallegt nafn. Stern þýðir stjarna, herra prestur, er það ekki?"

"Jú, það þýðir stjarna, og ég vona að hann verði líka síðar meir dálítil stjarna. Nú, hvað segirðu um þetta?"

"Ágætt. Við skulum kalla hann Sterner, herra prestur. Ég ætla líka að bera það nafn, svo ég heiti eins og sonur minn".

Þetta varð að samkomulagi, og daginn eftir flutti Mórits Sterner ásamt móður sinni í kofann, sem áður er nefndur. Bergholm prestur efndi það, sem hann hafði lofað ekkjunni, að því er meðmælin snerti, svo hún fékk næga vinnu frá höfðingjasetrunum í sveitinni, og gat unnið fyrir sér og drengnum sínum, sem tók daglegum framförum við nám sitt.

Höfðingjalýðurinn fékk nóg til að hugsa um viðvíkjandi húsfrú Sterner og syni hennar.

Hún var dularfull manneskja, sem þeir gátu á engan hátt fengið að vita, hvaðan kom, né hvernig á högum hennar hafði staðið áður fyr, og því var hún allóft umræðuefni þeirra, einkum þó kaffisystranna. Flestir héldu, að Mórits væri óskilgetinn, og að faðir

Sóknargjöldin nýju.

EFTIR
ÞORSTEIN ERLINGSSON,
skáld.

Mörgu er ekki trúað, sem er þó sennilegra en það, að vér Íslendingar leggjum á oss núna árið 1909 nefskatt til presta og kirkju og þó er nú svo komið, að þennan nefskatt eiga allir menn að gjalda á Íslandi, karlar og konur, sem 15 ára eru og eldri, og allir jafnan, 2 kr. og 25 aura hver maður, hvort sem árstekjur hans eru 5 krónur eða 5 þúsund eða hærri.

Hér er ekkert farið í manngreinarálit.

Kristinni kirkju hefir frá öndverðu gengið það fremur slysalega að halda eigin boðorð sín og ég minnist ekki, að hún hafi nokkru sinni öðlast náð til, að þurfa minna að skekkja bókstaf boðorða sinna, en hún hefir þurft að gera hér, til þess þau bæru henni fullan ávöxt í sóknuðunum.

Drengur eða stúlka, sem foreldrar neyðast til að láta frá sér í fyrstu vistina á 15. árinu, eftir ferminguna, og ætlað er að vinna fyrir einhverju kaupi eða þóknun til þess að eignast eitthvað utan á sig, fá nú þann heiður, að leggja jafnan skerf til viðhalds guðs kristni á Íslandi eins og biskupinn, sem hefir 5000 kr. í árslaun auk 1000 kr. í skrifstofufé.

Þessi jafnaðarhugsjón hefir virzt svo fögur í sjálfri sér, að ekki hefir þótt ástæða til að fást um það, þó byrðirnar yrðu dálitið misjafnar í reyndinni. Það hefir því ekki þótt nein frágangssök, þó ekkja með 4 börn, og stúlku á 19. ári elzta, greiði nú 9 kr. í sóknargjöld en nábúi hennar, að kalla má, með 6000 kr. tekjur að minsta kosti, greiði nú að eins 4 kr. og 50 aura.

Ef til vill hafa fröðmuðir þessara laga hugsað sem svo, að Jesú frá Nazaret hefði þótt enn þá vænna um skerf ekkjunnar, ef hann hefði verið stærri, enda hafa þeir nú unnið það, að eigi þessi ekkja að leggja gjald sitt í guðskistuna í heilu lagi, þá fær kistan þar gullþening.

Annað mál gæti það verið, hvernig Jesú hefði líkað hann; en bæði er það, að kirkjan á víst, að hann segir ekkert um þening þessarar ekkju, enda óvíst að honum þætti hann svo mjög stinga í stúf í þeirri kirkju, sem fyrirverður sig ekki fyrir að taka á móti honum — þó það sé hans eigin kirkja.

En það þykir mér sennilegt, að flestallir fátæklingar og smælingjar þessa lands kunni ekki að meta þann heiður, að vera gerðir jafnir efnamönnunum til stuðnings guðsríki, eða jafnokar embættismanna og kaupmanna að áburðarþoli.

Hitt er annað mál, að fátæklingar, unglingar og vinnufólk verða nú að svitna undir þessu um stund, því svo er um þessa byrði búið á baki þeim, að þeir hnútar eru engan veginn auðleystir. Kirkjan er hér í bandalagi við auðugri hluta þjóðfélagsins. Slíkt bandalag er margreynt og hefir oftast lánast vel og verið báðum til stórhags, þar sem bandalag kristinnar kirkju við smælingja þjóðanna hefir stundum orðið henni peningaskaði og er því viðsjárvert altaf.

Lítilmagninn á það nú eingöngu undir alþingi, hvort því þóknast, að þessari byrði verði nokkuru sinni létt af honum aftur.

Og útlitið er engan veginn glæsilegt.

Það eru öll líkindi til, að sú hvöt eða nauðsyn, sem knúði síðasta alþingi til að létta sóknargjöldunum á efnamönnunum og þoka þeim yfir á eignaleysingjana, verði ekki síður til þess að knýja næstu þingin, og þau ef til vill æðið mörg, til þess að neita öllum breytingum á þessum lögum. Meiri hluti þingsins verður eðlilega altaf úr efnaðri hluta þjóðarinnar, sem fasteignatiund og lausafjár og svo ofríð liggur þyngst á.

Þetta mætti nú kalla ekki góðmannlega getsök, að þingmenn hafi haft þann tilgang með lögunum, þeir, sem gáfu þeim atkvæði, að hrinda með því gjaldabyrðinni af sér yfir á efnaleysingjana. En svo lengi, sem nokkurn hugsanlegan tilgang er unt að finna, þá á það að vera hverjum manni óleyfilegt að geta þess til, að löggjafi setji lög tilgangslaust og hugsunarlaust.

Og nefskattinn lögleiddu þeir. Um það verður ekki deilt.

En það má segja til afsökunar, að þingið var mjög umsetið af freistaranum og það illilega og úr ýmsum áttum. Það lítur svo út, sem öllum þórra þingmanna hafi fundizt þessi gjöld öll í heild sinni ranglát, þjóðinni til einskis gagns og öllum almenningi nauðungarkvöð. Þegar svo er ástatt, er það skiljanlegra, að hver þoki af sér. Hér var svo auðvelt fyrir menninga að verða sammála um sameiginlegt gagn sitt. Það er altaf freisting. Og hin freistingin var ekki minni, hversu það var gjörsamlega háskalaust vegna kjósendanna, að létta á eigin öxlum, því mikill hluti þeirra, sem þessu var hrint yfir á, unglingarnir og vinnulýðurinn, á ekki kosningarrétt né kjörgengi til alþingis og var því með öllu bjargarlaus til varnar og getur engum hefndum fram komið, hversu miskunnarlaust, sem hann er húðstrýktur.

Í tilbót mátti eiga von á vísu þakklætí frá háu tiundinni viðsvegar um land fyrir það, að nú var loks búið að koma þessu óþokkasæla gjaldi á þennan lýð, sem ómögulega gat hrundið af sér.

En ég heyrði mann segja í vetur: "Ég þori að ábyrgjast, að prestinum dettur ekki í hug að taka af mér meira en helmingi hærra gjald í ár en í fyrra, þar sem ég hefi verið atvinnulaus oftast og hefi engin ráð til að borga það".

Það getur verið mjög sennilegt, að presturinn sjálfur gerði þetta einmitt ekki, því allir vita það að fjöldi presta hafa gefið fátækum mönnum upp meira og minna af gjöldum og gerir vafalaust enn.

Það getur og vel verið, að bæði prestana sjálfa og þá, sem lögunum fylgdu á alþingi, hafi grunað, að margur prestur, bæði sem brjóstgóður maður og trúboði Jesú frá Nazaret, mundi tæplega eiga hörku í sér til, að ganga sjálfur að fátæklingunum, sem gjalda fyrir börn sín, eða unglingunum og vinnukindunum, þó ábyrgðarleysi alþingis gæfi því nógan styrkinn til þess; það varð því að lösa prestana við, að þurfa sjálfir að kría aurana út úr þessum eignalausa hóp. Alþingi setti því sóknarnefndirnar í þetta fyrir prestana og kirkjurnar og er þeim trúað til að vægja ekki. Það er unnið til, að þyngja á gjaldendum um 6 kr. af hundraði, eða draga það af prestunum, svo þeir þurfi ekki að eyða tíma sínum eða tilfinningum í gjaldheimtuna.

Dálitið er það nú skritið samt, að góðum drengjum og nærgætnum er ætlað að taka með rósamri samvizku og möglunarlaust við þessum krónum og gleyma því, hvaðan þær eru, af því þeir þurftu ekki sjálfir að horfa á, þegar þær voru pindar út úr fátæklingum í kring um þá. En líklega er það hugsað svipað því, sem sagt er um Nikulás Rússakeisara, sem kvað vera brjóstgóður maður, að hann geti með rósemi skrifað undir dauðadómana af því hann þarf ekki sjálfur að horfa á hengingarnar.

Í það skjól getur því enginn fátæklingur flúið, að góðsemd prestsins vægi honum hér. Í því skjóli er nú hár skafl; það er sóknarnefndin, knúin áfram með dagsektum og auk þess séð svo fyrir, að flest af þessum féleysingjum á ekki einu sinni kosningarrétt svo mikið sem til sóknarnefnda.

Auðsjáanlega hefir verið búist við því, að menn myndu reyna að nota trúfrelsisrétt sinn í stjórnarskránni til þess að flýja undan þessari plágu og stofna félagsskap með sér, sem nægði trúarþörf þeirra, en þjakaði þeim minna efnalega, og gat þá svo farið, að hún tekjurnar yrðu einar eftir í þjóðkirkjunni og jafnvel í kristninni hér á landi, og varð því að byrgja það hlið, enda brýtur enginn maður þann slagbrand, sem þingið setti þar. Því þó þú gangir í kirkjufélag eða sért í því, en greiðir þar ekki fullar 2 kr. 25 au. fyrir þig og þína, þá verður þú, eftir orðum 2. gr. laganna, að greiða þjóðkirkjunni allan nefskattinn. Þar stendur ekki einu sinni, að þú greiðir þjóðkirkjunni gjaldmuninn. Það stendur skýlaust, að þú sert því að eins undanþeginn skattinum, að þú greiðir 2 kr. 25 au. í þínum sóknuði.

Hér er því beitt lúgunarlögum við frisöfnuðina líka til þess eitthvað verði þó eftir í þjóðkirkjunni til að gjalda.

Kirkjan eða kristnin hér á Íslandi er ekki að eiga undir því, að verða að laða menn að sér með fortölum eða sannfæra þá með gildi kristinnar trúar. Enda getur verið, að hún telji sér það ekki skylt: "þrýstu þeim til að koma", mun standa einhverstaðar.

Um það hefir verið þráttað, þó lítið hafi verið gert á Íslandi, og ugglaust verður ekki þráttað minna um það á ókomnum öldum, hvort kristin kirkja hafi eflt menningu Norðurállunnar eða spilt henni.

Þeir, sem eitthvað hafa um þetta talað á íslenzku, hafa nær því allir gengið að því sem sjálfsögðu máli, sem engum manni dytti í hug að efa, að kristin kirkja hefði ekki einungis eflt menningu Norðurállu, heldur væri hún meginstoðin undir menningu allrar veraldar og eina stoðin undir siðgæði voru.

Rök þurftu þessir menn eðlilega ekki að færa. Það er sjaldan nauðsyn á að sanna það, sem allir eru sammála um.

Síðast hefir Einar Hjörleifsson tekið í þennan sama streng í Ísafold, einkanlega nú í sumar, og að því er mig minnir, sérstaklega í skjóli Haralds Höffdings prófessors. Ég nefni þetta sérstaklega af því það, sem þeir fara með, tekur sig dálítið út úr hinu masinu, en eins er það að því leyti, að þeim finst ekki þörf á að sýna sannanir eða líkindi á þessu. Svo hárvís er Einar, að minsta kosti, um sitt mál.

Þetta telja þessir menn allir svo sjálfsagt mál, að einskis samanburðar þarf við á siðgæði Suðurlanda að fornu né Norðurlanda við miðaldirnar eða vora tíma.

Ég man ekki betur en Dr. Helgi Pétursson sé eini maðurinn hér, sem hefir vefengt menningarbót eða siðbót kristinnar kirkju og miðað þar þó sérstaklega við það, sem hér varð á Íslandi. Hann er eins og undantekning að því leyti, að hann einn allra skrifar með rökum og glöggum rökum. En þó hann geri þetta, þá hefir enginn sá andæft honum, sem neinn maður þarf að taka mark á, nema ég man ekki um N.kbl.

Þó rök Dr. Helga séu svo löguð, að þau eru beinlínis voði fyrir hina almennu kenningu, og þó fróðir menn viti, að annarstaðar hefir brytt ekki svo lítið á þeirri skoðun, að kristin kirkja hafi einmitt orðið nær eingöngu til niðurdreps menningu og siðgæði, svo vitt sem hún hefir náð yfir, þá hafa þeir auðsjáanlega talið víst, að almenningur hér á landi teldi kirkjuna svo vafalausan grundvöll undir siðgæði sínu og menningu, að um það þyrfti ekki orðum að eyða. Því hins er síður getandi til; að þeir haldi það nú jafnvel sjálfir, að þessi skoðun sé svo hæpin og allur almenningur hér á landi treysti svo lítið á kristna kirju sér til menningar og siðbóta, að bezt sé að eiga sem minst við það fen, og loða séra Matthíasi að stika djúpið, ef hann slarkar ekki yfir það á Pegasusi.

En hvað sem um almenningsálitið er og hefir verið, þá er það víst, að löggjöf þessa lands hefir frá öndverðu talið kirkjuna menningarstoð og hana sterka, og þetta hefir löggjöfin gert frá því árið 1000 og alt fram að anno domini 1909, og fram á það ár þó.

Hér mætti safna rökum að eins og bylgjum hafsins, en hér er nóg að benda á það eitt, að gjöld til hennar hafa verið lögð á þjóðina um langan aldur nákvæmlega á sama hátt eins og gjöld til allra annara menningarstofnana, sem löggjöfin taldi sér lífsskilyrði að vernda og menningu landsins, svo sem var embættismannamentun, réttarfar, löggjöf, löggæzla, heilbrigðisvarðveizla og fleira.

Að kirkjan hefir notið jafnhliða nokkurra einstaklinga gjalda, sem varð að kvöðum eða nefskatti á ýmsar stéttir í landinu, skiftir hér engu máli. Af ríkisins hendi naut hún að öllu sama skilgetins barna réttar, sem hinar menningarstofnanirnar, og aukabitlingarnir stafa sumpart frá þeim tíma, þegar allar tekjur ríkisins stóðu á öðrum grundvelli en nú, og sumpart frá þeim tímum, þegar kirkjan var svo sterk, að hún gat rænt menn fé og kúgað þá eftir velþóknan sinni og hefir svo lengið að halda því fé síðan.

Þetta gat hver önnur stofnun gert í ríkinu öldungis eins, ef hún hefði haft afl til, og ég veit enga, sem ég hefði ekki trúað til þess.

Hvað landið sem ríki og löggjöf þess telur sér menningar- eða nauðsynjastoðir, verður einmitt helzt dæmt eftir því, hve mjög það styrkir þær stofnanir að fé eða vernd, og hvernig það gerir það.

Því það er auðséð á öllu, að ríkið telur hverjum borgara, háum og lágum, skylt að styðja menningarstofnanirnar eftir öllum kröftum sínum, ekki miðað við þá krafta, sem hver maður á til, að bera menningu landsins með, og þar fer ríkið jafnan, eða þykist fara, eftir efnakraftinum nær einum saman.

Þetta hefir nú verið svo um kirkjuna alt þangað til nú í vetur að alþingi tætir í sundur þennan grundvöll svo gersamlega og staðfestir svo mikið djúp milli kirkjunnar og annara menningar- og siðgæðisstofnana, og setur slíkt heljarhaf milli skyldu borgaranna við kirkjuna og þær, að nú þarf mesti fjöldi manna ekki að styðja kristna kirju hér nema með öðrum lítla fingrinum einum og löggjöfin lætur sig það engu skifta, þó aðrir verði að ofbjóða til þess veikum kröftum sínum.

Þegar alt þetta er íhugað, sem hér hefir verið sagt, dettur manni fyrst í hug, að þingið hafi viljað lýsa því hér á sem glöggvastan og ótvíræðastan hátt, að landið geti með engu móti talið kirkjuna menningar- eða siðgæðisstofnun, sem því sé skylt að styðja, úr því það tekur hana svo vandlega út úr þeim. En af því hér sýnist farið í svo miklu ringli og stefnuleysi, þá þorir maður varla svo mikið sem að treysta þessu, þar sem hinn dintinn er verið að lögskipa tillag félagsmannanna til þessarar stofnunar. Það væri þá sama fásinnan, eins og ef þingið færi að hækka eða lækka með lögum tillag Bókmentafélagsmanna, til að mynda, og þó styrkir þingið það félag sem mentastofnun.

Þegar þessi vandræða sorgarleikur löggefandi þings er athugaður, verður ekki betur séð, en þingið hafi lent hér með kirkjuna í sömu náttmyrkrunum og á sama skipbrotinu eins og prestastefnan á þingvelli, þar sem menn hugsa sér þjóðkirkju, sem ríkið heimti enga kenningartryggingu af aðra en þá, að hver kennimaður megi skilja og skýra eins og hann vill jafn sundurleita trúarbók eins og nýja testamentið, þar sem hveitið og illgresið vaxa svo þétt saman, að þar þarf mjúka hönd, manni liggur við að segja móðurhönd, til þess það sé ekki rifið upp, sem mest liggur á að fái að standa.

Þingið, eða fjöldi manna þar, langar auðsjáanlega til að varpa þjóðkirkjunni fyrir borð; það sýnir þingsályktunin meðal annars; en stjórnarskrárhlekkurinn heldur, svo að alt drasliið lafir við þá, og til þess að fara ekki á höfuðið á eftir, er gripið til þessa löggjafarlega óbótaverks, sem ég hefi lýst í fyrri hluta þessarar greinar og er svo svartur blettur, að hann gæti jafnvel orðið bæði þingi og kirkju til skaða og skapraunar.

Út úr ummælum Jens prófasts Pálssonar, sem Ísafold prentar í síðasta tölublaði, skal ég láta þess getið, að þó ég hefði aldrei séð þau og ekki vitað stefnu hans í málnu, þá þekki ég hann nóg til að vita það, að þessi lög eru þverfúg við hugsjónir hans, bæði sakir kirkjunnar og ranglætis þeirra.

Ég skal og gjarnan bæta því við að ég þyrði að nefna hér nöfn fleiri presta og gæti tekið upp á mig að ábyrgjast, að þeir lofa ekki þessi lög, þó ég hafi ekki talað við þá né séð eitt orð frá þeim um lögin.

Berdreymi.

Eftir H. SIENKIEWICZ.

Í samkvæmi einu var einhverju sinni verið að spjalla um hugboð, fyrirboða, furðusýnir og fleira þess konar, sem fólk hefir jafnan gaman af. Meðal annara var þar viðstaddur læknir, sem var alkunnur fyrir efagirni sína. Meðan á þessum umræðum stóð, spurði ein úr kvennahópnum hann, hvort aldrei hefði neitt það komið fyrir hann á æfinni, sem hefði verið honum óskiljanlegt.

"Jú", svaraði læknirinn, "á mínum yngri árum dreymdi mig draum, eða réttara sagt fleiri drauma í röð, sem voru svo kynlegir, að ég hefi aldrei heyrt neitt þvílíkt áður. Ef samkvæmið langar til að heyra söguna, skal ég með ánægju segja hana".

Auðvitað lét samkvæmið í ljósi löngun til að heyra söguna og læknirinn hóf mál sitt á þessa leið: —

"Fyrir tólf árum síðan var ég um tíma í Biarritz til að nota böð. Ég var þá ungur og opinn fyrir áhrifum, enda varð ég brátt ástfanginn í enskri stúlku, sem þangað var komin í sömu erindum og ég. Hún var heldur engin hvers dags kona, heldur harla einkennileg og gat fundið upp á öllum skrattanum til yndis og ánægju.

"Eina nótt tók hún bæði mig og aðra fleiri, sem voru að draga sig eftir henni — því ég var svo sem ekki einn um hituna — út á sjó, og þar vorum við þangað til kl. 3—4 um morguninn. Við vorum að skoða stjörnurnar og tala um, að skeð gæti að sálirnar færu frá einni plánetu til annarar. Ég var orðinn dauðþreyttur, þegar ég loksins komst heim, og datt út af sofandi yfir bréfi, sem ég hafði fundið á skrifborðinu mínu. Ég var varla búinn að loka augunum, áður en mér fanst ég vera kominn í ókunnan stórbæ, og koma þar út úr ókendu húsi, þar sem ég sá likvagn standa fyrir dyrum. Hjá likvagninum stóð stálpaður sveinn, á að gizka 15 vetra, í dökkum frakka með mjóum uppbrotum og tvísettri röð af málmhnöppum. Þegar hann kom auga á mig, lauk hann upp vagnhurðinni og bauð mér með kurteislegum handaburði, að koma inn í vagninn. Þó margt skritið geti komið fyrir í draumum, man ég þó greinilega, að ég varð skelkaður og hröklaðist eitt skref aftur á bak. Við þá hreyfingu hefi ég sjálfsagt rekið hnakkann í bakið á hægindastólnum, því í sama vetfangi vaknaði ég og kendi þá töluvert til í hnakkanum.

"Áður tveir dagar voru liðnir, var ég búinn að gleyma draumnum — í samverunni við stúlkuna mína ensku. En þriðju nóttina endurtók hann sig svo nákvæmlega, að furðu gegndi. Og hvað eftir annað dreymdi mig þennan sama draum með þriggja til fjögra nátta millibili. Og ég fór nú að hugsa um hann meira en góðu hófi gegndi. Merkilegast þótti mér þó, að húsið og vagninn skyldu alt af vera eins og andlit sveinsins, búningur og handaburður jafnan sá sami.

Ég tók nákvæmlega eftir frakkanum, uppbrotunum, málmhnöppunum, bjarta hárinu og gráu augunum, sem langt var á milli, og mintu mig nánast á ýsuaugu.

"Þið munuð verða að játa, að þessi þráláta endurtekning á sama draumnum hafi verið einkar vel fallin til að gera mann sturlaðan og vekja hjá honum hroll og hugraunir.

"Nokkrum vikum seinna ferðaðist ég til Parísar og tók mér bústað á sama hótelinu og stúlkan mín enska. Við komum þangað um kveld, dálitill útvalinn hópur, og vorum út af fyrir okkur. Ég hafði í mesta snatri fataskifti, og gekk að lyftivélinni til þess að komast niður í borðsalinn. Í ganginum hitti ég kunningja mína, sem líka voru á leiðinni að lyftivélinni. En ég varð fyrstur þangað og þrýsti á rafmagnshnappinn. Eftir eitt augnablik heyrði ég núningsbrakið í lyftivélinni, rennihurðinni var skotið frá og ég hrökk aftur á bak, eins og ég hefði séð vofu. Í dyragættinni stóð sem sé fjórtán vetra sveinn með bjart hár og isuaugu, í dökkum frakka með flauelsuppbrotum og málmhnöppum — alveg eins og mér hafði birzt í draumum mínum.

"Hann stóð í dyrunum og bauð mér með kurteislegum handaburði að koma inn í lyftivélina.

"Ég verð að játa, að í fyrsta sinni á æfi minni kann ég, að hárin gætu virkilega risið á höfði manns af hræðslu. Án þess að ég eiginlega vissi, hvað ég gerði, sneri ég mér sem skjótast frá honum og þaut eins og hamstola niður stigann.

Lyftivélin hafði auðsjáanlega orðið að bíða eftir nokkuð mörgu fólki, en ég sat á meðan í forsalnum og reyndi að sefa geðshræringar mínar, því ég fann að ég var orðinn nábleikur. — Og — mér er ekki ljóst — það liðu máske fáeinar sekúndur, máske fáeinar mínútur, þangað til ég alt í einu heyrði ógurlegt óp og heljarhvin — og ég fóll í ómegin á gólfið.

"Þegar ég raknaði við aftur, var forsalurinn troðfullur af mannlikömum, sem verið var að bera burtu með mestu gætni og varkárni.

"Ég fékk seinna að vita, að sveinninn hafði dáið.

"Hver getur skýrt þennan atburð eins og honum þóknast. Það er fyllilega réttmætt, að bregða mér um efagirni, því hefði þetta komið fyrir einhvern annan, þá mundi ég ekki hafa trúað því".

— Eimreiðin. V.G.

LEIÐBEININGAR--SKRA
YFIR ÁREIÐANLEGA VERZLUNARMENN Í WINNIPEG

MUSIC OG HLJÓDFÆRI

CROSS, GOULDING & SKINNER, LTD.
323 Portage Ave. Talsími 4413

MASON & RISCH PIANO CO., LTD.
356 Main Street Talsími 480
W. Alfred Albert, Íslenzkur umboðsmaður

WHALEY ROYCE & CO.
356 Main St. Phone 263
W. Alfred Albert, búðarþjónn.

BYGGINGA og ELDIVIÐUR.

J. D. McARTHUR CO., LTD.
Byggingar- og Eldiviður í heildsölu og smásölu.
Sölust: Princess og Higgins Tals. 5060, 5061, 5062

MYNDASMIÐIR.

G. H. LLEWELLIN,
"Medallions" og Myndarammar
Starfstofa Horni Park St. og Logan Avenue

SKÓTAU Í HEILDSÖLU.

AMES HOLDEN, LIMITED.
Princess & McDermott. Winnipeg.

THOS. RYAN & CO.
Allskonar Skótau. 44 Princess St.

THE Wm. A. MARSH CO. WESTERN LTD.
Framleiðendur af Finu Skótaui. Talsími: 3710
88 Princess St. "High Merit" Marsh Skór

RAFMAGNSVÉLAR OG ÁHÖLD

JAMES STUART ELECTRIC CO.
324 Smith St Talsímar: 3447 og 7802
Fullar byrgðir af alskonar vélum.

GOODYEAR ELECTRIC CO.
Kellogg's Talsímar og öll þarafiðt. áhöld
Talsími 3023. 86 Albert St.

RAFMAGNS AKKOKÐSMENN

MODERN ELECTRIC CO
412 Portage Ave Talsími: 3658
Viðgjörð og Vir-lagning — allskonar.

BYGGINGA-EFNI.

JOHN GUNN & SONS
Talsími 1271 266 Jarvis Ave.
Hafum bezta Stein, Kalk, Cement, Sand o. fl.

THOMAS BLACK
Selur Járnvöru og Bygginga-efni allskonar
76—82 Lombard St. Talsími 600

THE WINNIPEG SUPPLY CO., LTD.
298 Rietta St. Talsímar: 1936 & 2187
Kalk, Steinn, Cement, Sand og Möl

BYGGINGAMEISTARAR.

J. H. G. RUSSELL
Byggingameistari.
í Silvester-Wilson byggingunni. Tals: 1068

PAUL M. CLEMENS
Bygginga-Meistari, 443 Maryland St.
Skrifst.: Argyle Bldg., Garry st. Talsími 8997

BRAS- og RUBBER STIMPLAR

MANITOBA STENCIL & STAMP WORKS
421 Main St. Talsími 1880 P. O. Box 244.
Búum til allskonar Stimpla úr málmi og togleðri

CLYDEBANK SAUMAVÉLA AÐGERÐARMAÐUR. Brukaðar vélar seldar frá $5.00 og yfir
564 Notre Dame Phone, Main 8624

VÍNSÖLUMENN

GEO. VELIE,
Hel dsala Vínsali. 195, 197 Portage Ave. E.
Smá-sölu talsími: 362. Stór-sölu talsími 464.

STOCKS & BONDS

W. SANFORD EVANS CO.
326 Nýja Grain Exchange Talsími 369

ACCOUNTANTS & AUDITORS

A. A. JACKSON,
Accountant and Auditor
Skrifst.—23 Merchants Bank. Tals.: 5702

OLÍA, HJÓLÁS-FEITI OG FL.

WINNIPEG OIL COMPANY, LTD.
Búa til Stein Olíu, Gasoline og hjólás-aburð
Tal-ími 1590 611 Ashdown Block

TIMBUR og BÚLOND

THOS. OYSTAD, 208 Kennedy Bldg.
Viður í vagnhlössum til notenda, búlönd til sölu

PIPE & BOILER COVERING

GREAT WEST PIPE COVERING CO.
132 Lombard Street.

VÍRGIRÐINGAR.

THE GREAT WEST WIRE FENCE CO., LTD
Alskonar virgirðingar fyrir bændur og borgara.
76 Lombard St. Winnipeg.

ELDAVÉLAR O. FL.

McCLARY'S, Winnipeg.
Stærstu framleiðendur í Canada af Stóm,
Steinvöru [Granitewares] og fl.

ÁLNAVARA Í HEILDSÖLU

R. J. WHITLA & CO., LIMITED
264 McDermott Ave Winnipeg
"King of the Road" OVERALLS.

BILLIARD & POOL TABLES.

W. A. CARSON
P. O. Box 225 Room 4 1 Molson Banka.
Öll nauðsynleg áhöld. Ég gjöri við Pool-borð

NÁLAR.

JOHN RANTON
203 Hammond Block Talsími 4670
Sendið strax eftir Verðlista og Sýnishornum.

GASOLINE Vélar og Brunnborar

ONTARIO WIND ENGINE and PUMP CO. LTD
301 Chamber St. Sími: 2688
Vindmillur — Pumpur — agætar Vélar.

BLÓM OG SÖNGFUGLAR

JAMES BIRCH
442 Notre Dame Ave. Talsími 2638
BLÓM - allskonar. Söng fuglar o. fl.

BANKARAR, GUFUSKIPA AGENTR

ALLOWAY & CHAMPION
North End Branch: 667 Main street
Vér seljum Avísanir borganlegar á Íslandi

LÆKNA OG SPÍTALAÁHÖLD

CHANDLER & FISHER, LIMITED
Lækna og Dýralækna áhöld, og hospitala áhöld
185 Lombard St., Winnipeg, Man.

Dr. M. Hjaltason,
Oak Point, Man.

Jóhanna Olson
PIANO KENNARI
557 Toronto St. Winnipeg

Sv. Björnsson,
EXPRES-MAÐUR,
annast um alls kyns flutning um borgina og nágrennið. Pöntunum veitt móttaka á prentstofu Anderson bræðra, horni Sherbrooke og Sargent stræta.

HÚSIÐ

Væntanlegir Piano kaupendur ættu að sannfæra sig um, að klag það, sem þeir skifta við sé áreiðanlegt. Vér getum með ánægju bent á marga skiftavini, sem eru fúsir að votta áreiðanleglek þessa klags í öllum viðskiftum. Vér ábyrgjumst hvert Piano, sem vér seljum, og seljum að eins þær tegundir, sem verskulda meðmæli vor. Vér erum aðalumboðsmenn fyrir

HEINTZMAN & CO

PIANO

Þetta Piano hefir hlotið meðmæli frægustu tónfræðinga, og er vanalega valið af beztu spilurum, sem ferðast um Canada. Albani, Calve, Burmeister, De Pachmann og aðrir hafa brúkað Heintzman & Co. Piano. Komið í búð vora og skoðið vorar miklu birgðir af Grand og Upright Pianos, og sjáið Heintzman & Co. Player-Piano og hlustið á örðug lög spilað á það. Það má spila á Player-Piano hvort heldur með höndum eða gegnstungnum Music ræmum.

Fréttir úr bœnum.

Þann 6. þ. m. gaf séra Fr. J. Bargmann í hjónaband þau herra Ármann trésmið Þórðarson, að Mary Hill P.O., Man., og Mrs. Sólveigu Þorvaldsson hér í borg. Framtiðar heimili þeirra hjóna verður á landi brúðgumans þar vestur í bygðinni.

Herra Rögnvaldur S. Vidal frá Hnausa var hér á ferð í sl. viku í kynnisför til kunningja og vina í Souris, N. Dak. Hann bjóst við að dvelja hálfan mánuð þar syðra.

Herra Jónas Jónsson, frá Leslie, Sask., kom til borgarinnar í sl. viku. Hann hefir dvalið á heimilisréttarlandi sínu þar vestra í sl. 6 mánuði, en kom nú hingað til að stunda fiskiveiðar á eigin reikning á Manitobavatni í vetur. Hann lét vel yfir öllu ástandi í Saskatwan fylki.

Mrs. Kristín Dinuson, sem um nokkrar undanfarnar vikur hefir verið suður í N. Dakota í kynnisför til ættingja sinna og vina, kom til bæjarins í síðustu viku. Eftir tveggja daga dvöl hér hélt hún áleiðis til Gimli, Man., og dvelur þar hjá Mr. og Mrs. Christie á Lakeview Hotel.

Herra John M. Johnson frá Glasston, N. Dakota, og kona hans Guðrún(?), einkadóttir Sigurðar Ísfelds, frá Gardar, N. D., voru hér í borg í sl. viku í kynnisför til ættingja og vina hér í borg og Selkirk og Gimli. Ungu hjónin halda heimleiðis aftur í þessari viku og ætla framvegis að búa í Glasston, N. Dak.

Í KVELD

miðvikudag 10. nóv. hefir Menningarfélagið sinn venjulega hálfsmánaðarfund. Séra Rögnv. Pétursson flytur þar erindi: "Hálfur og Hálfsrekkar". Frjálsar umræður á eftir. Allir velkomnir. Fundurinn byrjar kl. 8.

Páll Jónsson, ungur maður, sem eitt sinn var prentarasveinn hér í Winnipeg og á Gimli, réð sér bana með eitri á gistihúsi einu í Minneapolis, Minn., þann 3. þ.m. Páll sálugi mun hafa verið 22. eða 23. ára gamall. Hann var mesti hæfileika maður, en afvegaleiddur á síðari árum. Móðir hans og systkyni eru nú í Argyle nýlendu, en faðir hans á Sauðárkrók á Íslandi.

LEIÐRÉTTING

Leiðréttingar biðst á því, að í grein um viðhald íslenzkunnar eftir "Athugulan" í No. 4 þessa árgangs, 28. okt. sl., eru þessar tölvillur:

Giftar konur, sem viðhalda íslenzkunni, eru 64, en ekki 10, eins og prentað var. Ógiftar konur, sem viðhalda íslenzkunni, eru 10 en ekki 64 eins og prentað var.

Giftar konur, sem ekki viðhalda íslenzkunni, eru 14, en ekki 58, eins og sagt. Ógiftar konur, sem ekki viðhalda íslenzkunni, eru 58, en ekki 14, eins og sagt var.

Þetta eru lesendur beðnir að athuga.

— Tólf þúsund kolanámamenn í Nova Scotia hafa gert verkfall í námunum þar.

Hvar er Haraldur J. Reykdal?

Hver sá, sem kann að vita um heimilisfang herra Haraldar Jóhannessonar Reykdal, trésmiðs, sem fyrir nokkrum árum átti heima í Chicago borg, er vinsamlega beðinn að tilkynna það á skrifstofu Heimskringlu. S.L.

Til sölu

tíu herbergja hús í miðborginni, vel vandað og með öllum nýtízku þægindum, — með sérlega lágu verði. Hkr. vísar á.

Hefir þú borgað Heimskringlu?

Barna Skór.

VÉR ÞEKKJUM ÞARFIR BARNANNA ÚT Í ÆSAR.

Vér höfum eðlislagaða fótlagaða skó, sem gerðir eru til þess að styrkja ungbörn til að ganga á eðlilegan hátt, — þeir eru ómissandi fyrir ungbörn. Verð

$1 $1.25 $1.50 $1.75 $2

Vér erum sérfræðingar í öllu, sem barnaskóm viðvíkur, og vér þössum þá skó á fætur þeirra, er bezt eiga við

Ryan-Devlin Shoe Co
494 MAIN ST PHONE 770.

QUILL PLAINS HVEITI LÖND

25,000 EKRUR. Algerlega FYRSTA ÚRVAL frá hinni miklu C.N.R landveitingu ... fuplógs lönd hrein. slétt

ÞESSA ÁRS UPPSKERA sannar gæði jarðvegsins. — Enginn steinn eða hrís.—Gott vatn.—Nálægt mörkuðum, skólum og kirkjum.—Vér höfum umráð á öllum Jansen og Claassen löndunum, og bjóðum þau til kaups með sanngjörnu verði og auðveldum borgunarskilmálum.—Kaupendur geta borgað af hvers árs upp skeru; 6% vextir.— Sölubréfin gefin út beint frá eigendum til kaup endanna.—Eastern Townships Bank í Winnipeg og hver banki og "business"-maður í Marshall, Minn., gefur upplýsingar um oss. — Póstspjald færir yður ókeypis uppdrætti og allar upplýsingar.—

John L. Watson Land Co.
316 Union Bank Bldg. - - Winnipeg. Man

Jónas Pálsson,

SÖNGFRÆÐINGUR.
Útvegar vönduð og ódýr hljóðfæri.
460 Victor St. Talsími 6803.

TIL SÖLU

í 'Municipality' af Westbourne 320 ekrur af landi, 100 ekrur ræktaðar. Allt girt, og gnægð af vatni. Sanngjarnt verð og góðir borgunarskilmálar.—

Frekari upplýsingar gefur B.L. BALDWINSON á skrifstofu Heimskringlu.

HEIMSKRINGLU og TVÆR skemtilegar sögur fá nýir kaupendur fyrir að eins $2 00

The Abernethy Tea Rooms

Eru nú undir nýrri ráðsmensku. Vér getum selt fólki góðar máltíðir og hressingar eftir þann 9. þ. m.—

21 máltíðarseðlar $3.50

472 PORTAGE AVE.

Ómeinguð Hörlérept

beint frá verksmiðjunni á Írlandi. Af því vér kaupum beint þaðan, getum vér selt írsk hörlérept ódýrar en aðrir í borginni. 15 prósent afsláttur næstu 2 vikur.

C. S. S. Malone
552 PORTAGE AVe. Phone Main 1478
16-12-9

MARTYN F. SMITH,

TANNLÆKNIR.
Fairbairn Blk. Cor Main & Selkirk

Sérfræðingur í Gullfyllingu og öllum aðgerðum og tilbúnaði Tanna. Tennur dregnar án sársauka. Engin veiki á eftir eða gómbólga. —

Stofan opin kl. 7 til 9 á kveldin
Office Phone 6944. Heimilis Phone 6462.

Gólfteppa Hreinsun

Vér stoppum og þekjum gamla stóla, legubekki og fleira. — Flyt húsgögn og geymi þau yfir lengri eða styttri tíma. —

W. G. Furnival
312 Colony St. Phone 2041.

Húðir og ógörfuð Loðskinn

Verzlun vor er vor bezta auglýsing. Sendið oss húðir yðar og loðskinn og gerist stöðugir viðskiftamenn. Skrifið eftir verðlista.

The Lightcap Hide & Fur Co., Limited
P.O. Box 1092 172-476 King St Winnipeg
16-9-10

Ný Kjötverzlun

Allar vörur af beztu tegund.

H. SIMONITE, eiga di
Talsími: 947 110 Isabel St
16-9-10

Drs. Ekern & Marsden,

Sérfræðislæknar í Eftirfylgjandi greinum: — Augnasjúkdómum, Eyrnasjúkdómum, Nasasjúkdómum og Kverkasjúkdómum. : : :

Í Platky Byggingunni í Bænum
Grand Forks, :: N. Dak.

Þarft þú ekki að fá þér ný föt?

EF ÞAU KOMA FRÁ CLEMENT'S, — ÞÁ VERÐA ÞAU RÉTT.

Réttur að efni, réttur í sniði réttur í áferð og réttur í verði.

Vér höfum miklar byrgðir af fegurstu og beztu fataefnum.

Geo. Clements & Son
Stofnað árið 1874
264 Portage Ave. Rétt hjá FreePress

Th. JOHNSON

JEWELER
286 Main St. Talsími: 6606

JOHN ERZINGER

TÓBAKS-KAUPMAÐUR.
Erzinger's skorið reyktóbak $1.00 pundið
Hér fást allar leftóbaks-tegundir. Óska eftir bréflegum pöntunum.
McINTYRE BLK., Main St., Winnipeg
Heildsala og smá-sala.

G. NARDONE

Verzlar með matvöru, aldini, smá-kökur, allskonar sætindi, mjólk og rjóma, sömul. tóbak og vindla. Óskar viðskifta Íslend. Heitt kaffi eða te á öllum tímum. Fón 7756

714 MARYLAND ST.

Boyd's Brauð

Þekking hefir mikið að segja í tilbúningi brauðs eins og allstaðar annarstaðar. Vor brauð sanna þetta, þau eru bragðbetri og auðmeltari en annara. Reynið þetta, og símið til vor, eða biðjið matsalann um vor brauð.

Boyd's

Bakery Cor. Spence & Portage Ave
Phone 1080.

Winnipeg Wardrobe Co.

Kaupa brúkaðan Karla og Kvenna fatnað,—og borga vel fyrir hann.

Phone, Main 6539 597 Notre Dame Ave.

BILDFELL & PAULSON

Union Bank 5th Flóor, No 520
selja hús og lóðir og annast þar að lútandi störf: útvegar peningalán o. fl.
Tel.: 2685

J. L. M. THOMSON, M.A., L.L.B.

LÖGFRÆÐINGUR. 255½ Portage Ave.

Hubbard, Hannesson and Ross

LÖGFRÆÐINGAR
10 Bank of Hamilton Chambers
Tel. 378 Winnipeg

ANDERSON & GARLAND

LÖGFRÆÐINGAR
35 Merchants Bank Bldg. Phone: 1561

BONNAR, HARTLEY & MANAHAN

Lögfræðingar og Landskjala Semjarar
Suite 7, Nanton Block, Winnipeg

W. R. FOWLER A. PIERCY.

Royal Optical Co.

327 Portage Ave. Talsími 7286.
Allar nútíðar aðferðir eru notaðar við augn skoðun hjá þeim, þar með hin nýja aðferð, Skugga-skoðun, sem kjörin öllum ágiskunum. —

Dr. G. J. Gislason,

Physician and Surgeon
Wellington Blk, - Grand Forks, N.Dak
Sjerstakt athygli veitt AUGNA, EYRNA, KVERKA og NEF SJÚKDÓMUM.

It's going UP.

Þú getur ekki búist við

að það geri annað en eyðast í revk. Því ekki að fá nokkur tons af okkar ágætu kolum, og hafa ánægjuna af, að njóta hitans af þeim, þegar vetrarkuldarnir koma. Komið til vor og nefnið þetta bl.

D. E. ADAMS COAL CO.
YARDS Í NORÐUR, SUÐUR, AUSTUR OG VESTURBÆNUM
Aðal Skrifst.: 224 BANNATYNE AVE.

Nú er verið að undirbúa Tableau-samkomur, sem verða haldnar í samkomusal Únítara 6. og 8. desember næstk. Þessi tegund af samkomum var mjög vinsæl síðastl. vetur. Í þetta sinn verða allar sýningarnar nýjar og mjög vel til þeirra vandað. Prógrammið verður auglýst síðar.

Hr. Árni Sigfússon, frá Brown P.O., Man., kom hingað snöggva ferð í sl. viku. Hann lét vel af uppskeru þar í bygð á þessu hausti. Sjálfur fékk hann 23 búshel hveitis af gamalyrktu landi, en 32 búsh. til jafnaðar af nýplægðu landi. Verð á hveiti var þar í haust 95c búshelið. Honum taldist til, að allur kostnaður við ræktun ekrunnar — plæging, herfing, sáning, sláttur, þresking, tvinni og flutningur til markaðar — yrði ekkert yfir $8.75 á ekru eða heldur minna, svo að hver sú ekra, sem gefið hefir 32 búshel hveitis, færir bóndanum í hreinan arð $21-65 hveitis, eða jafngildi sem næst 80 króna. En þetta er meira fé, en nemur landverði í nýlendunni á yfirstandandi tíma. Í ár hafði hann að eins 75 ekrur undir hveiti.

Skemtifund heldur Ungmennafélag Únítarasafnaðarins laugardagskveldið 13. þ.m. í samkomusal Únítara. Allir félagsmenn eru beðnir að sækja fundinn.

Ótrúlega mikið fjör er að verða í landsölu hér í borginni um þessar mundir, aðallega á Portage Avenue og Notre Dame Avenue og þverstrætum þar á milli og sunnan Portage Ave., alt vestur að Victor stræti. Lóðasölur í borginni nema daglega frá 100 þúsund til kvart-milión dollara, og er það áður óheyrt í sögu þessa bæjar. Meðal annars hafa seldar verið þessar lóðir: — Sv. hornið á Portage Ave. og Langside St. á $525 fetið. Lóð á Notre Dame Ave. nálægt Spence St. á $250 fetið. 66 fet á Notre Dame Ave. fyrir vestan Nena St. á $150 fetið. Hornið á Notre Dame Ave. og Nena St. á $350 fetið. Lóð á Notre Dame Ave. milli Home og Arlington stræta á $100 fetið. 25 feta lóð á Notre Dame Ave. vestan Nena St. á $5,500. 147 fet á horni Notre Dame Ave. og Maryland St. 31,000. 109 fet á Portage Ave., horne Maple St. á $36,000. 165 fet á Notre Dame Ave. vestan Emily St. á 16,500. — Margar fleiri — stærri og smærri — sölu hafa verið gerðar á Portage Ave. og þar í grend. Sömuleiðis nokkrar á Sherbrooke St. sunnarlega fyrir á annað hundrað dollara fetið. Landsalar segja, að salan sé að eins að byrja. Menn í Austur-Canada og Bandaríkjunum hafa símað landsölumönnum að kaupa fyrir sig, og hafa margir þeirra aldrei séð Winnipeg borg.

Til borgarinnar komu í sl. viku þeir herrar Jóhann Kristján Jónsson og O. W. Jónsson, hinn fyrri frá Mikley og hinn síðari frá Guerney P.O., Sask., þar sem hann hefir dvalið í sl. 4 ár. Frá Mikley sögðu þeir ágætt fiskiri í haust, hlutir frá $150 til $200 á mann á rúmum mánaðartíma. Einnig hefir veiði verið ágæt við Deer eyju, og mun hr. Styrkárr Vésteinn hafa haft þar mestan afla. Heilsufar ágætt á Mikley, en gæftingar engar. — Frá Saskatchewan sagði herra O. W. Jónsson góða uppskeru og ágætt hveitiverð, frá 78c til 83c bush. Herra M. G. Guðlaugsson að Guerney P.O. hafði ágæta uppskeru, og fékk um 4 þúsund búshel af No. 1 og No. 2 hveiti. Óræktað land þar umhverfis er nú $15 til $22 ekran, og má telja landverð þar $20 ekruna til jafnaðar. Þau lönd, sem enn eru í höndum Saskatchewan Valley Land félagsins, og annara félaga, fást ekki undir $20 ekran. Héraðið kvað hann vera óaðfinnanlegt að öðru leyti en því, að kvenfólk væri þar of fátt enníþá. Á sl. sumri var þar svo mikil mannekla um uppskerutímann, að hjálp var ekki fáanleg fyrir neina peninga. Guerney bær er að eins 3. ára gamall. Árið 1906 var þar að eins ein verzlunarbúð, en nú eru þar 4 verzlanir, 4 kornhlöður og eitt hótel, 2 kirkjur, lyfjabúð og fjöldi íbúðarhúsa. Alt héraðið umhverfis bæinn er í mestu framför ekki síður en sjálfur bærinn. Herra O. W. Jónsson ætlar að stunda fiskiveiðar við Manitoba vatn á komandi vetri.

Herra Þorsteinn Þorkelsson, kaupmaður á Oak Point hér í fylkinu, kom til bæjarins í verzlunarerindum um síðustu helgi. Hann kvaðst nýlega hafa séð þess getið í Íslandsblöðum, að ein kartafla hefði send verið til Reykjavíkur til sýnis, sem hefði verið 89 kvint að þyngd, og að blaðið, sem fregnina flutti, hefði spurt að endingu, hvort nokkur byði betur.

Jú, hann kvaðst fremur hallast að því, að hann byði sjálfur betur. Hann kvaðst á þessu sumri hafa fengið á fimta þúsund búsh. af kartöflum úr görðum sínum, og að úr einni ekru hefði hann fengið 473 búshel, en það jafngildir fullum þúsund skeppum úr vallardagsláttu. Um þyngd á jarðeplunum sagði hann, að af "Silver Queen" tegundinni hefði hann fengið nokkurar kartöflur, sem hver vóg 5 pd. og 4 únzur, eða 524 kvint. Og ein kartafla af "Money-Maker" tegundinni vóg 5 pd. og 5 únzur, eða 530 kvint, — eða 6 sinnum þyngri en það, sem þeir hafa bezt að bjóða á ættlandinu. — Verðið á jarðeplum var nokkru lægra nú en í fyrra. Í vögnum á járnbrautarsporinu fékk hann 28c fyrir búshel. En mest seldi hann heima í görðum sínum fyrir 25c búshel, en það er 10c minna en hann fékk fyrir búshelið í fyrra. Sérstaklega vandaði hann útsæði það, sem hann keypti til sáningar og kostaði sumt af því 5 dollara bushelið.

Herra Guðmundur Davíðsson, frá Hecla P.O., Man., var hér í borg í sl. viku. Hann sagði, að enskumælandi maður hefði nýlega komið norður í Mikley til þess að líta eftir kalkgrjóti og timbri þar á eynni og í Punk eyju. Um erindi sitt hafði maður þessi verið orðfár, en það mun hafa verið til undirbúnings undir viðar og grjóttekju þar, til sölu í Winnipeg strax og Rauðárstrengirnir eru fullgerðir til skipagöngu. Sú fregn hafði borist til eyjarinnar, að gufu skipið Mikado, eign Stephans Sigurðssonar að Hnausa, hafi rekið á land í Fisher River, og tvísýnt að skipið náist út aftur. Seglbátur hafði og farið í strand við austurlandið, hlaðinn vörum. Og einnig hafði gufuskipið Fern hleypt á grunn skamt sunnan við Hnausabryggjuna og laskast. Báðir þessir síðasttöldu bátar voru eign herra Stephans Sigurðssonar. Nýlega gengu í hjónaband í Hnausabygð þau herra Páll Jónsson, fóstursonur Baldvins bónda í Kárkjubæ, og ungfrú Guðrún Jóhannsdóttir frá Argyle nýlendu. — Undirbúningur undir sveitakosningar í Nýja Íslandi stendur nú yfir. Í Mikley keppa þeir Thorbergur Fjeldsted og Marius Doll um sveitarráðsmannsstöðuna.

Til íslenzkra Bandamanna (Union).

Eins og yður er ljóst, hefir félag vort haft fundi á hverju mánudagskveldi að undanförnu. En á síðasta fundi (1. þ.m.) var þessu breytt þannig, að nú verða fundir hér eftir að eins tvisvar í mánuði, nefnilega Fyrsta og þriðja mánudag í mánuði hverjum, svo næsti fundur verður því mánudagskveldið þann 15. þ.m. á venjulegum stað og tíma, og eru allir félagsmenn alvarlega mintir á, að koma sjálfir á fund þennan og hafa með sér eða senda meðlimsbækur sínar. Yfirskoðunarmenn verða að fá þær til samanburðar.

W'peg, 7. nóv. 1909.

S. J. Austmann, skrifari.
835 Ellice Ave.

TAKIÐ EFTIR!

I.A.C. Hockey Club

tilkynnir hér með meðlimum og aðstoðendum sínum, og öllum Íslendingum, sem áhuga hafa fyrir Hockey, að fundur verður haldur til þess að ræða um myndun

INTERMEDIATE HOCKEY TEAMS,

á skrifstofu þeirra læknanna Björnson og Brandson, föstudagskveldið þann 12. þ.m., kl. 9. Allir boðnir og velkomnir.

EKRU-LÓÐIR

3. til 5 ekru spildur við rafmagns brautina, 5 milur frá borginni, — aðeins 10 mínútna ferð á sporvagninum, og mölborin keyrslovegur alla leið. Verð $200 ekran og þar yfir. Aðeins eitt-fimtipartur borgist strax, hitt á fjórum árlegum afborgunum.—

Skúli Hansson & Co.

Skrifst. Talsími 6676. Heimilis Talsími 2274

Heimskringla.

Vér höfum næga skildinga

til að lána yður mót tryggingu í bújörðum og borgar-fasteignum. Seljum lífsábyrgðir og eldsábyrgðir. Kaupum sölusamninga og veðskuldabréf.

Frekari upplýsingar veita

Skúli Hansson & Co.

56 Tribune Building. Winnipeg.

XXIV. ÁR WINNIPEG, MANITOBA, FIMTUDAGINN 18. NOVEMBER 1909. NR. 7

Fregnsafn.

Markverðustu viðburðir hvaðanæfa

— Strætisbrautaslys varð þann 10. þ.m. í Vancouver borg, eða milli Vancouver og New Westminster. Slysið varð þannig, að vagn hlaðinn þungu timbri sleitnaði aftan úr dráttvélinni, og rann til baka niður langa brekku, sem brautin liggur um. Þessi timburhlaðni vagn rakst svo á fólksflutningavagn, sem kom eftir brautinni frá Vancouver. Allir farþegar, sem á þeim vagni voru, voru ýmist drepnir eða meiddir. Fjórtán manns létu þegar lífið, og 3 aðrir er talið víst að deyi, en 10 særðust. Ströng rannsókn er þegar hafin í þessu máli.

— Blaðið New York Sun, dags. 11. þ.m., segir í heillar framsíðu grein með flannastóru letri, að sykur-einveldið í Bandarikjunum hafi stolið af Bandarikja þjóðinni með tollsvikum fullum 30 miliónum dollara á sl. 20 árum. Blaðið segir, að þessi þjófnaður hafi verið framinn með tilstyrk embættismanna stjórnarinnar og tollþjónanna. Blaðið kveður þetta sannanlegt með því, að allar viðurkenningar fyrir tollborgun félagsins beri með sér þá réttu vigt sykursins, og einnig hina fölsku vigt, sem tollur er borgaður af.

— Dominion þingið var sett þann 11. þ. m. eins og til stóð. Eitt fyrsta verk þingsins var að ihuga skýrslu þeirra, sem mælt hafa út Hudsons flóa járnbrautarstæðið, eða 2 slík stæði. Önnur leiðin hefir verið mæld til Fort Churchhill, og er sú vegalengd talin 465 milur frá Pas til Fort Churchhill, og er áætlað, að sú braut kosti rúmlega 14½ milión dollara. En vegalengdin til Fort Nelson er talin 397 milur, og kostn aður þeirrar brautar áætlaður nær 9 miliónum dollara. En yfirleitt er það skoðun járnbrautarráðgjafans, að hvor leiðin, sem tekin er, þá muni brautin kosta um 18 miliónir dollara. Mælingamenn telja nauðsynlegt, að dýpka höfnina í Fort Churchhill, sem þó er bezta höfnin á vesturströnd Hudsons flóans. En um höfnina í Fort Nelson er það að segja, að þar þarf að grafa alt að 10 mílna langan veg. Þar er og opinn sjór 7 mánuði úr ári, eftir skýrslum Hudsons flóa félagsins frá 1824 til 1894, en 6 mánuði við York Factory og 5 mánuði við Fort Churchhill.

— Borgarstjórinn í Plymouth borg á Englandi hefir ritað svohljóðandi bréf til Sir Edmund Bratford, formanns nefndar þeirrar, sem brezka stjórnin hefir sett til þess að ihuga hver ráð séu bezt til þess að sjá um vitfirringa landsins, sem einatt eru að fjölga.

"Vér eyðum miljónum til þess að byggja dýrar byggingar í unaðslegustu héruðum, og höldum þar heila herskara af embættismönnum til þess að kaupa góða fæðu og á annan hátt reyna að gera þeim lífið sem ánægjulegast sem ekki hafa og aldrei fá nokkra glóru af viti. Þetta er talin mannúð. Læknisfræðisleg vísindi hafa náð þeim framförum, að hægt er að svifta þessa vitfirringa lífi án nokkurs sársauka og koma þeim þannig úr hreinsunareldi vitfirringarinnar. Með þessu móti væri hægt að verja öllu því fé, sem að undanförnu hefir verið eytt til viðhalds vitfirringunum til þess að annast um fæðingarstofnanir, og aðrar slikar mannúðarstofnanir. Væri þetta gert, þá mundi koma stór breyting á hag þjóðarinnar".

Í þessu bréfi er þannig beint farið fram á það, að drepa alla þá vitfirringa, sem ekki er von um að verði læknaðir, til þess að spara þjóðinni þau útgjöld, sem árlegt viðhald þeirra bakar henni. En ekki telja ensku blöðin liklegt, að nefndin muni taka bendingu borgarstjórans til greina.

— Sú fregn kemur frá London, að Sir Robert Perks hafi nýlega sagt af sér þingmannsstöðu til þess að geta gefið sig allan við að byggja skipaskurð frá St. Lawrence ánni vestur til stórvatnanna, svo að hafskip geti farið alla leið frá Atlantshafi til Chicago borgar. Skurðurinn verður 425 milur á lengd, og 10 ár eru ætluð til að fullkomna hann. Skurðurinn kvað eiga að kosta 125 miliónir dollara.

— Kosningar til Ottawa þingsins fóru fram í North Essex kjördæminu í Ontario 12. þ.m. Þar vann Conservative þingmannsefnið með 75 atkv. umíram. Þetta kjördæmi hefir verið Liberal í sl. 20 ár og Laurierstjórnin vann það við síðustu kosningar með yfir 500 atkv. umíram. — Þetta bendir á nokkra breytingu þar eystra.

— Voðalegur húsbruni varð á bóndabýli 3 milur suður frá Warroad í Minnesota á fimtudaginn var. Bóndinn hafði keypt steinoliu í Warroad bæ, og hann brúkaði ofurlitið af henni til þess að kveikja eld í stónni, en við það varð snögg sprenging svo mikil, að hvellurinn heyrðist mílu vegar. — Þar létust fyrst konan og 5 börn þeirra hjóna í eldinum og sjálfur skaðbrendist bóndinn svo, að hann beið bana skömmu á eftir. Maður sem var þar á ferð, bjargði tveim börnum þeirra hjóna, sem annars hefðu einnig farist í eldinum. — Síðar komst upp, að búðarmaður hafði selt bónda gasólin í misgripum.

— Dáleiðsluslys varð í NewYork borg í þessum mánuði. Prófessor Arthur Everton hafði um tíma haldið dáleiðslusýningar í leikhúsi einu þar í borginni, og sýnt list sina á Robert Simpson og ýmsum öðrum, sem gáfu sig undir áhrifin. Alt hafði gengið vel þar til að kveldi 8. þ.m. Það kveld hafði prófessorinn svæft Simpson á leikhúsinu og leikið með hann svo, að áhorfendur gætu séð, að alls engin brögð væru í tafli. En þegar að því kom, að hann ætlaði að vekja manninn aftur, brást honum bogalistin. Við þetta óvænta tilfelli, varð prófessorinn að leita aðstoðar lækna. Nokkrir þeirra gerðu tilraunir til að vekja Simpson, en gátu það ekki, og gáfu það álit sitt, að hann væri dauður. Þó var hann fluttur á sjúkrahús, og þar reyndu þeir prófessor Everton og dr. W. H. Long á allan hátt til að vekja hann til lífsins. En allar tilraunir þeirra urðu árangurslausar, maðurinn vaknaði ekki til lífsins. Þá var prófessor Everton handtekinn og varpað í fangelsi. Hann hélt því enn fastlega fram, að Simpson væri ekki dauður, heldur að eins undir dáleiðsluáhrifum, og hann bað yfirvöldin að senda eftir W. E. Davenport og leyfa honum að gera tilraunir til að vekja Simson. Þessi bæn var veitt. Davenport reyndi að vekja manninn í viðurvist spitala læknanna. En það tókst ekki. Þá var maðurinn krufður, og sást þá, að hjartaæðin hafði rifnað og að öll innýflin voru veikluð. Ofdrykkju var kent um þetta. Líklega verður prófessor Everton annaðhvort sýknaður algerlega eða lítillega hegnt.

— Afskaplegur fellibylur æddi yfir Jamaica eyjuna þann 6. þ.m., en fregnir þaðan eru óljósar af því að sæsiminn hefir gengið úr lagi. En síðasta fregnin sagði, að bylurinn hefði gert feiknatjón á húsum og jarðargróða. Rafþræðir slitnuðu og stólpar brotnuðu og skip fórust. Mestur kvað skaðinn hafa orðið í Kingston borg. En með því að sæsiminn laskaðist í þessum voðabyl eins og áður er sagt, þá er haldið að jarðskjálftar hafi orðið um þessar slóðir. Annars er ekki hægt að fá neinar fregnir þaðan fyr en þær berast með skipum eða sæsiminn er bættur.

—Maður féll 4 tasiur í byggingu sem er í smíðum í Vancouver, B. C. Hann féll af tiunda niður á sjötta loft, en þar tókst samverkamönnum hans að taka fallið af honum. Annar maður féll alla leið niður tíu tasiur og lifði. En ekki getur fréginum, hve mikið hann sé meiddur.

Ungur maður í Brussels í Belgiu skaut móður sina í svefni. Hann var sjálfur steinsofandi, þegar hann framdi verkið. Hann fór á fætur, hlóð byssu sína og gekk inn í svefnherbergi móður sinnar og skaut hana gegnum höfuðið. Við það vaknaði hann og einnig faðir hans. Síðan er pilturinn sem næst vitstola af sorg út af þessu voðalega tiltæki.

Voðalegt manntjón.

Voðalegt slys varð í þorpinu Cherry í Illinois á laugardaginn var. Þar kviknaði í kolanáma og brunnu til bana 470 manns, eftir síðustu fréttum. Þorp þetta er meðfram Chicago, Milwaukee & St. Paul járnbrautinni, 7 milur norður frá Spring Valley bænum. Í náma þessum var unnið nótt og dag. Á laugardagsmorguninn var fóru 484 menn niður í námann til vinnu sinnar. Um daginn tímanlega gaf einn námamaður aðvörun um, að kviknað hefði í hesthúsi á öðrum fleti námans. En það var álitið smávægilegt og því enginn gaumur gefinn þar til kl. 3 um daginn, að alment eldkall var borið um bæinn. En þá var alt í ótíma. Eldurinn hafði læst sig svo um námann og fylt alt af reyk, að við ekkert varð ráðið. Tóli menn gáfu sig fram til að gera björgunartilraunir, en þeir fórust allir ásamt þeim, er niðri voru, svo að alls hafa farist þarna 472 menn. Af þeim 484 verkamönnum, sem fóru að vinna í námanum um morguninn, komust að eins 24 lifs af. Þeir höfðu farið upp á yfirborð jarðar skömmu eftir að eldsins varð fyrst vart og áður en reykjarsvælan var orðin mögn. — Það er ætlun manna, að kviknað hafi í heyi þar niðri, og að eldurinn hafi fljótlega læst sig um námagöngin og fylt alt af reyk, svo að mennirnir hafi kafnað áður en eldurinn náði að brenna þá.

— Síðustu fiskimálaskýrslur hér í Canada sýna, að á sl. ári höfðu 70 þúsundir manna atvinnu við fiskiveiðar og að veiðin var yfir 25 milión dollara virði.

— Marja Mullen, matreiðslukona ein í New York borg, hefir um sl. 40 daga gengið með taugaveikisgerla, án þess þó að finna nokkuð til þeirra eða veikjast eins og lög gera ráð fyrir, en svo eru þeir smittandi, að hvar sem hún hefir unnið á þessu timabili, hafa fjölskyldurnar tekið sýkina. Eftir að læknar þóttust þess fullvissir, að kona þessi væri gerla gróðrarstía, var hún einangruð og læknar hafa daglega skoðað hana um marga undangengna mánuði. Stundum hafa þeir svo dögum skiftir ekki fundið neina gerla með henni, en á öðrum tímum hafa þeir komið ótvírætt í ljós. Yfir þessu eru læknarnir ráðalausir, en hafa þó ásett sér, að halda konunni einangraðri eins lengi og þeir finna nokkra sjúkdómsgerla með henni.

— Skemtileg draugasaga er birt í St. Louis blöðum af ósýnilegum náunga, sem étur mat, eins og ekta íslenzkir draugar var sagt að hefðu gert í fyrri daga. Þessi draugur heldur til í húsi einu þar í borginni, nr. 4128, á Osceola St. Þar býr maður að nafni William Koester með konu sinni og barni, sem nú er 4 ára gamalt. Draugurinn hefir ýmsar glettur í frammi, sem enginn af þeim 200 nábúum, sem þar hafa verið daglega, svo að segja, getur skilið í, þó þeir sjái öll vegsummerkin. Meðal annars opnar hann og lokar aftur regnhlif húsmóðurinnar. Allir sjá að þetta er gert, en enginn er sýnilegur sem gerir það. Stundum, þegar vel liggur á draugsa, tekur hann skóreimina úr skónum, sem húsmóðirin hefir á feti sér, og vefur henni um kústskaftið í eldhúsinu. Borðdúkinn er hann vis til að taka af borðinu, að mörgum ásjáandi, og breiða hann yfir einhverja af myndum þeim, sem á borðstofuveggjunum hanga. Borðin lætur hann dansa um gólfið, svo fólk verður að forða sér undan þeim. Frú Koester hefir sýnt nábúunum, hvernig matur, sem hún leggur á borð í eldhúsinu, hverfur þaðan, án þess nokkur sjáist hafa hönd á honum. Koddarnir úr rúmunum eru teknir og þeim troðið inn í söngvélina eða annarstaðar. Fjögra ára gamla barnið virðist vera eina manneskjan, sem sér þessa veru, og segir barnið að það sé ljósklæddur karlmaður, með mikið hár, bjart og hrokkið.

— Seytján ára gamall piltur, að nafni Thomas Hall, í Jeffersonville í Indiana ríkinu, skaut til bana forseta og féhirðir National bankans og sprengdi svo opinn peningaskápinn. Þessi efnilegi piltur náðist fljótlega.

— Bretar eru nú að byrja að smíða herskip, sem á að kosta 15 miliónir dollara og verður það langstærsta og öflugasta, sem enn hefir smíðað verið. Ekki er enn ákveðið, hve mörg skip af þessari tegund verða smíðuð.

— Það vildi til á veðreiðarsvæði í Vinarborg þann 7. þ.m., að áhorfendum geðjaðist ekki að úrskurði þeirra, sem áttu að dæma um veðreiðarnar. Það var þegar ráðist á dómendur. Lögreglan skarst í leikinn og áhorfendur réðust á hana. Þegar friði varð loks komið á, lágu 50 manns særðir, svo að mörgum þeirra er ekki ætlað lif, og margir aðrir urðu fyrir smáskeinum, en öll hús og annar útbúnaður á svæðinu var algerlega eyðilagt.

— Ítölsk kona að nafni Eusapia Palladine, sem talin er hinn mesti andamiðill í heimi, kom til New York þann 10. þ.m. Hún hélt 3 andaframköllunar samkomur á skipinu á leið vestur yfir hafið. Fjörir menn héldu henni á þessum samkomum til þess að vera vissir um, að engin brögð yrðu höfð í frammi. En samt vann hún það, sem allir undruðust og enginn gat skilið, hvernig gert væri. Á einni slikri samkomu lét hún borð í káetunni hefjast 4 fet frá gólfi. Hún lét og handleggi fljúga um alla káetuna svo að allir sáu þá. Einn farþeginn bað hana að kalla föður sinn fram. Jafnskjótt kom andi hins framliðna í ljós og faðmaði barn sitt. — Alt þetta gerði hún meðan henni var haldið af fjórum mönnum, og í allra augsýn. Sagt er, að kona þessi sé að öllu leyti ómentuð.

— Michigan Central járnbrautarfélagið hefir ákveðið að stofna eftirlaunasjóð, og að veita öllum mönnum í þjónustu sinni eftirlaun ef þeir hafa unnið ákveðinn árafjölda fyrir félagið. Eftirlaunin verða í hlutfalli við verkalaun sem mennirnir hafa haft.

— Mál hefir um nokkurn tíma staðið yfir á Frakklandi móti hefð arfrú einni, að nafni Steinheil. Hún er kærð um, að hafa drepið bónda sinn á eitri og sömuleiðis einn af forsetum Frakklands. Við slikri sök liggur beint líflát. Nú hefir mál þetta verið fyrir rétti nokkra daga og afarmörg vitni verið yfirheyrð, flest þeirra fyrir hönd hins opinbera, sem málið sækir á hendur konunni. En yfirleitt hefir vitnaleiðslan verið konunni í vil, og nú þykir litill efi leika á því, að hún muni verða sýknuð af báðum kærunum. Blöðin, sem áður voru eindregin, og sum æst móti konu þessari, hafa svo skift um skoðanir, að þau eru nú eindregið á hennar máli, og svo er einnig öll alþýða manna.

Fréttabréf.

SPANISH FORK, UTAH,
7. nóv. 1909.

Herra ritstjóri.

Allan síðastliðinn mánuð, og alt til þessa dags hefir tíðarfarið verið hið indælasta, sem hugsast getur: logn og blíða á daginn, en ofurlítið frostkul um nætur. Jörð er alauð, vegir skráþurrir og í bezta lagi til yfirferða. Öll haustvinna hefir því gengið ágætlega og eru bændur nú langt komnir með uppskeru á sykurrófum sínum og að flytja þær til markaðar. Uppskera á þeim reyndist í bezta lagi.

Heilsufar er víðast hvar fremur gott. Þó hefir borið litið eitt á bóluveiki, bæði hér í þessum bæ og eins í nágrenninu, en mjög væg kvað hún hafa verið, og ekki hefir nema einn dáið úr henni, svo frétzt hafi. En hvaðan hún kom, eða hvernig hún barst hingað í þetta bygðarlag, þykist enginn vita. Það hefir ekkert, eða því sem næst, borið á veiki þessari í nokkur undanfarin ár, og héldu því flestir, að hún væri útdauð. En það hefir sjálfsagt ekki verið. Hún hefir leynst einhversstaðar, og því er hún hér nú.

Nú er þessar blessaðar kosningar um garð gengnar, og fóru þær þannig, að Demókratar unnu víðast hvar, nema í Salt Lake City. Þar komst Ameriku-flokkurinn að, og þótti sumum það miður, því í þeim flokki eru ekkert nema vantrúarmenn, sem hvorki borga tíund né fara til messu. Þar í Salt Lake mintist heldur enginn á landindi, en í öllum öðrum bæjum var bindindismálið haft fyrir agn, og unnu Demókratar kosningarnar mest í gegn um það. Hér í vorum bæ verður Bakkus hvorki seldur né drukkinn eftir fyrsta janúar í vetur. Gagn við höfum gott vatnsverk í bænum.

Í dánarfregn þeirri, sem birtist í Hkr. 21. okt. 1909 eftir mig, hefir þetta misprentast: 5. linu, 1. dálki, Björnsdóttir, á að vera Þorbjörnsdóttir; og í 25. línu annars dálks stendur Björnsson, á að vera Þorbjörnsson. Þetta eru lesendur Hkr. vinsamlega beðnir að taka til greina.

Með vinsemd þinn,

E. H. Johnson.

ÚR BRÉI FRÁ VICTORIA, B. C., dags 6. nóvember 1909. —

"Sorg á sorg ofan!" — þetta varð mér að orði, þegar ég, um kl. 4 í dag, sem þá var rétt að enda við að rita æfiminningu Árna heit. Breiðfjörðs, — meðtók símskeyti þetta frá Blaine, Wash. (dags. í dag þ. 6. nóv.) — "Ásgeir Lindal, 2122 Spring Road, Victoria, B. C. Jósef Lindal er drukknaður! Jarðarförin fer fram á mánudaginn [illegible] þádegið. — (Mrs.) Maggie Lindal". — [illegible] þetta hörmulega slys hefir viðburð til, er mér ennþá alveg ókunnugt um. — Jósef heit. Lindal var fæddur í Miðhópi í Víðidal í Húnavatnssýslu fyrir hér um bil 40 árum síðan. Faðir hans er Jónatan bróðir minn Lindal, að Brown P. O., Man., Jónatansson hreppstjóra í Miðhópi, Jósafatssonar, Tómassonar stúdents og fræðimanns Tómassonar á Stóru-Ásgeirsá í Víðidal. — Jósef heit., sem flutti vestur um haf árið 1887, lætur eftir sig ekkju og 4 mjög efnileg börn. Ekkjan, Jónína Margrét, er dóttir hjónanna Jóhannesar og Sólveigar Goodman, sem búa nálægt Blaine. — Þinn einl. J. Ásgeir J. Lindal.

Íslands fréttir.

Lúða veiddist að mun í Hafnarfirði og við Akranes í byrjun oktbermánaðar.

Sláturtíð hófst með októberbyrjun.

Heilsuhælið á Vífilsstöðum að mestu fullgert í októberlok. Verður væntanlega hægt að taka þar til starfa að hjúkrun sjúklinga um hátíðarnar. Ónefndur maður í N.-Múlasýslu hefir arfleitt hælið að öllum eignum sínum eftir sinn dag.

Aðstoðarkennari við lagaskólann er orðinn Jón sonur Kristjáns háyfirdómara Jónssonar.

Landssjóðsstyrkur til unglingaskóla á kjörtímabilinu 1908—1909 er alls 3.170 krónur. Það er um $850, eða tveir þriðju hlutar þeirrar upphæðar, sem varið er til kenslulauna og viðhalds skóla í Winnipeg borg á hverjum degi ársins, sem kensla fer fram á, að ótöldu því fé, sem lagt er í skólahúsin.

Landskjálftamælir er nú settur upp í stýrimannaskólanum í Reykjavík. Svo segir blaðið Ingólfur, að hann muni settur upp á kostnað útlendra landfræðinga, en landið kostar ræksla hans, og er það örlitill kostnaður.

Stormur og stórflóð gerði í byrjun október sl. miklar skemdir, braut báta og byggingar meira og minna. Mótorbát sleit upp og rak á land og brotnaði mjög mikið. Ennfremur sleitt upp mótorbát með nót í og brotnaði hann í spón og nótin skemdist all-mikið. Margar aðrar skemdir urðu og hingað og þangað.

Framfarir í Selkirk.

Herra Sigurgeir Stefánsson, frá Selkirk, var hér í bæ í fyrradag. Hann sagði, að eldspítna verkstæðið þar í bæ starfaði með fullum krafti, og eigendur voni að það borgi sig. Einn stórkaupmaður hér í borg hefir lofað að selja allar þær eldspítur, sem verkstæðið geti búið til. Eldspíturnar hafa reynst ágætar, svo að ekki stendur á sölu þeirra. Hrogntekja fyrir fiskiklök stjórnarinnar hefir á þessu hausti hepnast svo vel, að klökin hafa fengið öll þau hrogn, sem þau hafa getað veitt móttöku. Aðal hrogntekjan er frá fiski í Litlu Saskatchewan ánni, og er það sérstakur og vandasamur atvinnuvegur, að ná hrognunum, og blanda þeim mátulega svo þau komi að notum. — Vatnsveita er nú svo á veg komin í [illegible]irk bæ, að farið er að byggja aflstöðina, og hefir herra Guðjón Ingimundarson akkorð á því verki Vélar þó ókomnar ennþá. Vatnspípur er búið að leggja í allmörg stræti bæjarins. En líklegt þykir, að neyzluvatn verði ekki veitt í húsin fyr en á næsta sumri.

VILJI mosi spretta á spónþaki, stráðu þá kalki efst á þakið. Rakinn leysir það upp, það rennur ofan og drepur mosann.

OGILVIE'S

Royal Household Flour

Til Brauð og Köku Gerðar

Gefur Ævinlega Fullnæging

EINA MYLLAN Í WINNIPEG,—LÁTIÐ HEIMAIÐNAÐ SITJA FYRIR VIÐSKIFTUM YÐAR.

Wall Plaster

Með því að venja sig á að brúka "**Empire**" tegundir af Hardwall og Wood Fibre Plaster er maður hár viss að fá beztu afleiðingar.

Vér búum til:

"Empire" Wood Fibre Plaster
"Empire" Cement Wall "
"Empire" Finish "
"Gold Dust" Finish "
"Gilt Edge" Plaster of Paris
og allar Gypsum vörnutegundir. —

Eigum vér að senda yður bækling vorn?

MANITOBA GYPSUM CO. LTD
SKRIFSTOFUR OG MILLUR I
Winnipeg, - Man.

Heimskringla
Published every Thursday by The Heimskringla News & Publishing Co. Ltd

Verð blaðsins í Canada og Bandar $2.00 um árið (fyrir fram borgað).
Sent til Íslands $2.40 (fyrir fram borgað af kaupendum blaðsins hér $1.50.)

B. L. BALDWINSON
Editor & Manager

Office:
729 Sherbrooke Street, Winnipeg
P.O BOX 3083. Talsími 3512.

Auðsafnshraðinn í Ameríku.

Herra George Paish, ritstjóri blaðsins London Statist, hefir um nokkurn undanfarinn tíma verið að safna skýrslum um það, hve fljótt Bandaríkjamönnum takist að auka auðsafn sitt, og yfirleitt um þjóðfélagsskipun þar í landi. Um þetta hefir hann birt ritgerðir í blaði sínu, og hafa þær orsakað allmiklar umræður í ýmsum blöðum.

Yfirleitt má segja, að vöxtur auðlegðar sé mælir þess, hve mikið þjóðin spari umfram það, sem hún þarf til eigin framkærslu sinnar, en þó er þessi skoðun við ýmsar undantekningar bundin og ýms auka-atriði, sem taka verður til greina, svo komist verði að sannri niðurstöðu í þessu efni.

Herra Paish telur að Bandaríkjaþjóðin auki fjármagn sitt árlega um 5 þúsund miliónir dollara.— Hann styðst í þessari ásetlun að mestu leyti við opinberar skýrslur, sem sýna, að árið 1900 var auðlegð Bandaríkjanna metin $88,517,306,775, en árið 1904 var hún orðin $107,104,211,917, eða með öðrum orðum: Tölurnar sýna, að auðlegðin hafði aukist á 4 árum um 18½ þúsund miliónir dollara, sem lætur nærri að gera 5 þús. milión dollara gróða á ári. Og ágizkun ritstjórans styðst ennfremur við það, að vöxtur auðsins hefir orðið langt um meiri á árunum síðan 1904, heldur en á nokkru tímabili þar á undan. Allar slíkar ágizkanir eru þó háðar talsverðri óvissu, og aldrei er nákvæmlega frá því skýrt, hvernig vexti auðsins sé varið. Það er því talið líklegt, að vöxturinn, sem getið er um á tímabilinu frá 1900 til 1904, geti á parti verið til orðinn fyrir vaxandi verðlag á föstum eignum og lausum, fremur en af því, að þá hafi verið svo miklu meira af þeim en áður var.

Þar sem um lausar eignir er að ræða, þá sýna Dunn's iðnaðarskýrslurnar, að fasteignir landsins voru sem næst 5 prósent meira virði árið 1904 en þær voru árið 1900. En þær skýrslur eru háðar sömu óvissu og allar aðrar slíkar skýrslur, og þær nægja eingöngu til þess, að gefa nokkurnveginn fljóst yfirlit yfir ástandið eins og það við fljóta yfirvegun virðist líta út að vera.

Sennilegt virðist, að mest af auðvextinum liggi í auknu verði fasteigna, landa og húsa. Ofannefndar skýrslur sýna þá verðhækkun að hafa numið 10 þúsund miliónum dollara á framangreindu fjögra ára tímabili. En það er nokkru meira en helfingur af öllum gróðanum, eins og skýrslurnar sýna hann. Líklega liggur þessi framför í nýjum húsum og viðbótum við gömul hús, og verður sá vöxtur að teljast verulegur. En við þetta athugar ritstjórinn það, að veðskuldabréfa upphæð sú, sem árlega sé keypt í Bandaríkjunum, jafnist hvergi nærri á við auðsafnsgróðann. Enda sé það ekki eðlilegt, þar sem svo mikið sé lagt í aukinn húsastofn, til þess að hýsa vaxandi íbúatölu landsins og alls konar vaxandi vöru-birgðir, sem slík mannfjölgun útheimtir. Það sýna skýrslur meðal annars, að á Englandi er árlega varið 300 miliónum dollara til nýrra húsabygginga, og það er ástæða til að ætla, að margfalt þeirri upphæð sé varið í Bandaríkjunum til sömu þarfa, þar sem á hinn bóginn nálega engu er varið til þess á Frakklandi, af því þar er fólksfjölgun engin. Við auknar byggingar má bæta auknum húsbúnaði og auknum vöru-birgðum, og umbótum á byggingalóðum, svo sem vatn og gasleiðslu, og öðru þess háttar, sem alt kostar stórfé, og er því verðmæt aukning landverðsins.

Nú, til þess að sýna, að hækkun auðsafns í Bandaríkjunum sé árlega 5 þúsund miliónir dollara, þá yrði gróðinn að verða $50.00 á mann að jafnaði, ef talið er að 100 miliónir manna séu í ríkjunum, en það er að jafnaði 250 til 300 dollara á hverja fjölskyldu, eða sem næst einn dollar á dag fyrir hvert heimili í landinu. Það virðist engan veginn ólíklegt, að þetta geti verið rétt, því vitanlega eru miliónir manna, sem eiga langt um meira en þetta, og þá aftur aðrar miliónir, sem eiga langt um minna, eða sem næst alls ekkert. Og mun óhætt að telja með þeim flokki svertingjana í Suðurríkjunum, sem yfirleitt eru verukærir og hafast lítið að umfram það, sem þarf til þess að hafa í munn og maga. Enda mun árlegt auðsafn þar afar-lítið. Sú regla er gildandi um heim allan, að þess latari og verukærari og sérhlífnari, sem mennirnir eru, þess minna er unnið til umbóta og framfara í bygðum þeirra, og þess minna, sem unnið er, þess minna verður auðsafnið og framfarirnar. En nú er það vitanlegt, að Bandaríkjaþjóðin er ein sú vitrasta, ötulasta, framgjarnasta, framfarasamasta og menningarmesta og auðugasta þjóð í heimi, og að land hennar í heild sinni er ígildi þess, sem bezt er á hnetti vorum, og þar sem það tvent er samfara, landgæðin og framleiðslumöguleikarnir á eina blið og framsóknarþrá, dugnaður og starfsvit þjóðarinnar á hina, þá þarf engan að undra það, þó auðsafn þjóðarinnar fari árlega vaxandi með undra hraða.

Gróðinn liggur ekki eingöngu í því, sem græðist heima fyrir, heldur einnig í því, sem græðist erlendis á innstæðufé Bandaríkjamanna í námum, járnbrautum, alls konar iðnaðarstofnunum og í löndum og húsagnum.

Óhætt mun að fullyrða, að í ársetlun blaðsins London Statist séu ekki taldar þær 226 miliónir dollara, sem Bandaríkjamenn hafa á síðustu árum lagt í kanadiskar eignir, samkvæmt ársetlun blaðsins Monetary Times í Toronto, eftir að ritstjóri þess blaðs hafði varið fullum 4 mánuðum til þess að safna skýrslum um það mál. Hontelst svo til, að Bandaríkjamenn eigi hér í Canada eignir svo sem hér segir: 168 Bandaríkja verksmiðjur eiga útibús verksmiðjur í Canada, sem séu að jafnaði 600 þúsund dollara virði hver, að meðtöldum fasteignum, vélum og vörum, eða hafa alls höfuðstól, er nemur $100,800,000; innstæðufé Bandaríkjamanna í British Columbia timburtökustofnunum $50,000,000; innstæðufé þeirra í námum $50,000,000; innstæðufé þeirra í landeignum í British Columbia fylki $2,000,000; í niðursuðu verkstæðum $2,000,000; innstæðufé þeirra í timburlöndum og námum í Alberta og Saskatchewan fylkjum $5,000,000; akuryrkjuvéla sölustöðvar $4,000,000, og í búlöndum í sléttufylkjunum $10,000,000. Og nemur þetta alls $226,800,000, eins og áður er sagt.

Nú er það vitanlegt, að það er að eins á allra síðustu árum, sem Bandaríkjamenn hafa lagt nokkra verulega rækt við, að verja fé sínu hér í Vestur-Canada, þó þeir hafi um lengri tíma haft umráð yfir laxveiðum á Kyrrahafsströndinni. Ekki heldur mun í innstæðufé þeirra talin vera þau búlönd, sem Bandaríkjamenn hafa fest sér í Vestur-Canada undir heimilisréttarlögum Canada, því að þar er ekki um "Investment" að ræða,— enda er veiting eignarbréfa fyrir þeim löndum háð því, að landnemarnir gerist kanadiskir borgarar, og þá vitanlega um leið hætti að vera þegnar Bandaríkjanna. Í eignum Bandaríkjamanna er því hér talið eingöngu það fé, sem þeir hafa lagt fram í stofnanir, í gróðaskyni, svo sem fiskiveiðar, náma, timburtekju, landfláka til eignar, þar til það hækkar svo í verði, að þeir hafa verulegan hag af því. Vitanlega er eigna-upphæð Bandaríkjamanna hér í Canada smáræði eitt í samanburði við árlegan eignagróða þeirra heima fyrir, — svo lítil, að ekki verður séð, að þeir hafi neitt þurft að taka nærri sér, eða jafnvel að finna til þess, sem þeir hafa látið af hendi hingað norður fyrir linuna. Og víst er óhætt að ætla, að þeir muni taka drjúgum öflugri þátt í uppbygging landsins og atvinnugreinum þess á komandi árum. Eftir því sem auðsafn þeirra vex hraðara heima fyrir, eftir því verður þeim brýnni þörf að verja ágóðanum þar sem hann ávaxtast fljótast. Og það verður óefað í Vestur-Canada.

Alvarleg bending.

Sir James Whitney, stjórnarformaður í Ontario fylki, sagði nýlega í ræðu, sem hann hélt í Toronto borg, meðal annars þetta:

"Það er nú komið yfir mig, sem flestir menn munu hafa fundið til, er þeir fóru að eldast, — löngun til þess að gera eitthvað eða styrkja eitthvert það fyrirtæki, sem geti orðið heiminum til varanlegs hagnaðar. Það er minn einlægur vilji, sem eins af borgurum Ontario fylkis, að styrkja hverja þá hreyfingu, sem gerð verður á sanngjörnum grundvelli, til þess að minka hinar hryllilegu afleiðingar drykkjuvanans.

"Mér hefir verið sagt, að menn í opinberum embættum ættu að varast að segja álit sitt í öllum tilfellum, af ótta fyrir afleiðingunum. Þetta heyrið þér á strætahornum, og vér lesum um það í blöðunum. Vera má, að þessi steina sé afsakanleg og hyggileg fram að vissu takmarki. En mér hefir aldrei verið borið það, að ég hikaði við að segja sannfæringu mína í nokkru máli, hvort sem sú skoðun hefir verið álitin réttmæt eða ekki.

"Þess vegna segi ég yður nú í allri einlægni, að ég er við því búinn, að styrkja hverja þá sanngjarna hreyfingu, sem ég er sannfærður um, að hafi það markmið, að minka og að lokum algerlega afnema drykkjuskapinn. Og hafandi sagt þetta, leyfið mér að bæta við því, með þeirri einlægni sem þeim einum er mögulegt, sem hefir séð og veit hvað hann er að tala um, að ef sá tími kemur, að hinn áhugamesti vinbannsmaður verði fús til þess, að taka höndum saman við þá meðbræður sína, sem ekki eru algerðir bindindismenn, en eru þó fúsir til að vinna að minkun vínnautnar, — þá verður það samband fengið, sem gerir vinbannsmönnum mögulegt, að vinna málefni sínu meiri framgang á einu ári, en nokkru sinni hefir verið álitið möguleg".

Í þessari bendingu felst hugsun, sem allir sannir hófsemdar og vinbannsvinir gerðu vel í að ihuga rækilega. Íslenzkir Góðtemplarar í Winnipeg og annarsstaðar gætu sér til hagnaðar haft mál þetta til umræðu á fundum sínum.

Holdsveikislæknafundurinn í Noregi.

Sæm. Bjarnhéðinsson læknir er nýlega kominn heim úr för til Noregs, til að vera á holdsveikislæknafundi, sem haldinn var í Björgvin. Þarna voru samankomnir holdsveikislæknar úr öllum heimi, til þess að bera ráð sín saman og segja frá reynslu sinni. Holdsveikin finst nálega í hverju landi heimsins, en mjög mismunandi, og víðast hvar fer hún þverrandi vegna þess, að nú er allstaðar barist mjög á móti henni, og fundurinn taldi nauðsynlegt, að halda þeirri baráttu áfram af alefli og hins vegar, að lækningatilraunir við sjúkdóminn, þar eð líkindi væru til, að hann væri ekki ólæknanlegur, ef hann er tekinn í tíma. Það eru nægar sannanir til viðsvegar um það, að til eru meðöl, sem hafa að minsta kosti bætandi áhrif á sjúkdóminn.

Þarna voru fjórir læknar frá Japan, þar á meðal einn heimsfrægur, prófessor Kitasató, einn kínverskur, fjörugur og fyndinn náungi. Þessir menn töluðu ýmist þýzku eða ensku. Armauer Hansen, holdsveikislæknir Norðmanna og frægastur núlifandi holdsveikislæknir heimsins, var forseti fundarins. Aðalskrifari og starfsmaður fundarins var yfirlæknir dr. Lie, og er hann einnig mjög nafnfrægur holdsveikislæknir. Í byrjun fundarins var útbýtt meðal fundarmanna riti, en í því voru ritgerðir um útbreiðslu holdsveikinnar í heiminum og sögu hennar á Norðurlöndum: í Noregi, Svíþjóð, Íslandi og Finnlandi. Sæmundur Bjarnhéðinsson hafði samið lýsinguna frá Íslandi. Ritið er skrifað á Norðurálfu stórmálunum þremur: ensku, þýzku og frönsku.

Sæmundur læknir fór einnig um Danmörku, kom meðal annars á sýninguna í Árósum og lætur vel af henni.

— Lögrétta.

Hefir þú borgað Heimskringlu?

Til skáldsins Stephans G. Stephanssonar.

Andvökum það olli mér
"andvökurnar" lesa þínar;
heftið fyrsta hjá mér er, —
hafðu beztu þakkir mínar.

Bragðlaust ekkert býður þú,
Beitt og snörp er harpan góða.
Af upp[illegible]ng en ekki trú
Ertu talinn kónour ljóða.

Númer annað næst ég fæ,
narri þolinmæði brestur.
Þegar hinu þriðja næ
þakkaraugum renni vestur.

•

Margur djúp þitt mældi vilt
— mjög á hálsi legið, —
þó helir enginn stælt né stilt
streng, eða betur slegið.

Gef mitt svarið greitt og satt:
Gull er í hverri línu.
Ljóðaharpan gélur glatt
geymd í skauti þínu.

Skúta.

Tvö dauðsföll

á sama heimili í ástum á sama sólarhring.

Þann 11. október sl. andaðist PÁLL GRÍMSSON, 63. ára gamall, á heimili sonar síns Óla, smiðs og byggingameistara í Pembina N.D. Dauða hans bar að snögglega: Hann gekk til svefns að kveldi, heilbrigður að því er séð varð, en fanst liðinn í rúmi sínu að morgni, og áleit læknirinn að hann hefði dáið af hjartabilun, að öllum líkum í svefni.

Páll var kynjaður af Snæfellsnesi á Íslandi, fæddur og uppvaxinn á Knör í Breiðuvík, og þar bjó hann allan sinn búskap, nema fimm síðustu árin sem hann var á Íslandi bjó hann á Seli í Miklaholtshreppi. Hann fluttist til Ameríku árið 1890, ásamt konu sinni, sem er dáin fyrir 10 árum, og settist að í Pembina hjá Óla syni sínum, sem kominn var vestur þremur árum áður, og hjá honum var hann til dauðadags.

Páll var merkur maður að mörgu leyti, enda vel metinn í héraði sínu á meðan hann var heima. Hann var vel greindur maður og upplýstur í góðu meðallagi, var hversdagslega hægur og fáskiftinn, en tæki hann þátt í samræðum manna, var hann áhugamikill í því að verja skoðanir sínar og sannfæringu, og vildi ógjarnan láta hlut sinn fyrir öðrum.

Hann var mikill trúmaður og mun það einkum hafa komið í ljós er skuggar lífsins stækkuðu. Sálmar Hallgríms og orðsnild Vídalíns voru anda hans hinar sætustu svalalindir.

Páll var einn af þeim mörgu, sem ekki finst þeir eiga heima í þessu landi, jafnvel þó þeim líði allvel. Hann mun alla tíð hafa saknað ættjarðar sinnar, þó hann léti lítið á því bera. Og víst er um það, að æfinlega hýrnaði yfir gamla manninum, þegar minst var á þjóðlíf Íslands, atvinnuvegi og lífnaðarhætti frá ungdómstíð hans. En sérstaklega átti við hann að tala um sjóferðir, og aðrar mannraunir í harðviðrum fjallalandsins. Alt, sem laut að hreysti og þreklyndi, samstemdi huga hans og hjarta, enda var hann uppalinn við öldur hafsins og hamrabrjóst jökulsins. Flestir, sem nokkuð kyntust hinum látna manni, munu minnast hans með hlýjum huga.

Liðugum sólarhring eftir lát Páls, eða þann 12. október sl., andaðist á sama heimili eftir þunga legu ekkjan ELINÁ SIGURDARDÓTTIR REINHOLT, 63. ára gömul, eða því sem næst. — Hún var móðir Sigurjónu konu Óla Pálssonar, og höfðu þær mæðgur alla tíð saman verið.

Eliná sáluga fluttist ásamt manni sínum Jóni Reinholt, sem dáinn er fyrir nokkrum árum, til Vesturheims árið 1878, og dvöldu þau hjón fyrst um hríð í Canada, fluttust síðan til Bandaríkjanna, og voru lengstan tímann í bænum Pembina, N.D., og þar mistu þau uppkomna dóttur sína, góða og efnilega stúlku. Var þá Jón sálugi allareiðu orðinn aumingi, sem hann var mjög síðustu ár æfi sinnar. Þannig er það auðsætt, að hin látna kona hefir oft mátt drekka af beiskju-bikar lífsins á langferð sinni, þar sem hún einnig oftast átti við þröngu kosti að búa alla æfi, og margskonar stríð, sem efnaleysinu er samfara.

Eliná sál. hafði verið sérlega fríð kona, nett og vel vaxin, eftir íslenzkum mælikvarða að dæma.— Aðallyndiseinkenni hennar voru glaðlyndi, brjóstgæði og fegurðartilfinning, — eiginleikar, sem eru hinar fegurstu perlur mannlegrar sálar, þegar þeir fá að njóta sín.

Þeir, sem þektu Elínu á yngri árum, segja að hún hafi verið sikát og glöð, næstum hvernig sem lífskjörin voru. Hún var mjög hneigð fyrir að lesa bækur, einkum þær, sem hún fann gleði og fegurð í. Á söng hafði hún miklar mætur, og unni fögrum ljóðum af hjarta.

Þrátt fyrir það, þó að margskonar reynsla og lífsstríð hefðu sett mark sitt á lundarfar hennar á síðari árum, komu oft í ljós hennar fornu eðliseinkenni. En breytt var lundin frá því sem áður var. En hver er sá, sem þunga byrði ber óg ekki þreytist?—því:

"Ef fá menn steina fyrir brauð,
og fyrir rósir þyrna,
og hamli dáðum harðbýl nauð
kann hugur þrátt að stirðna".

Eins og margar fleiri var Elínu misskilin, og mun það hafa verið dimmasti skugginn, sem dapraði hina meðfæddu lífsgleði hennar. — Já, hún var þreytt og þurfti hvíldar við, og þessa hvíld hún hlaut í grafarfrið. Með söknuði og þakklætistilfinningu kveðja hana í anda ástmenn hennar og vinir í sælli von um endurfundi.

Bæði þessi ofannefndu gamalmenni voru jarðsett sinn daginn hvort, og hélt séra Fr. J. Bergmann líkræðurnar, og talaði fagurlega.

Óskað er eftir, að eitthvert íslenzkt blaðanna heima taki upp þessar dánarfregnir.

Thor. Bjarnarson.

ATHUGASEMD.

Kæri ritstjóri:—

Í Hkr. af 21. f.m. er frettabréf frá herra E. H. Johnson í Spanish Fork, Utah, og stendur þar meðal annars: "Mikið er rætt hér um fund norðurpólsins. En fáir vilja trúa því, að hann sé fundinn, úr því þar fanst ekkert land og ekkert fólk. Hefir því lengi verið haldið fram og prédikað hér, að tíu af hinum svokölluðu Ísraels ættkvíslum hafi flutt sig þangað í fornöldinni, þegar vegir þangað voru góðir og greiðkærari en þeir eru nú, og sezt þar að, og aukið kyn sitt og margfaldast frá fáeinum hundruðum og upp í biliónir, eða hver veit hvað".

"Ég ætla ekki að endurrita meira af áðurtéðri grein hr. Einars, né segja til hverra hann meinar þetta, eða í hverju skyni það er skrifað, og læt ég aðra dæma um það eftir eigin vild og þekkingu. En ef hann meinar það til Mormóna, þá er annaðhvort að þetta "hér" meinar sérstaklega lítinn ummálshring, eða hann segir ósatt.

"Deseret News", aðalkirkjublað Mormóna, var með fyrstu blöðum hér vestra, að segja frá afturkomu dr. Cooks, og sagði það fyrir satt. Það blað hefir aftur og aftur fullyrt, að bæði hann og Peary muni hafa komist þangað. Og eftir því, sem ég kemst næst, þá er allur fjöldi Mormóna, sem hefir sömu skoðun. Viðkomandi hvað sérstakir menn og konur hafa trúað, eða trúa þessu viðkomandi, veit ég ekki, en það veit ég, að þetta, sem Einar segir, hefir ekki verið prédikað hér nú mikið lengi, og líklega aldrei. En það er til, bæði á prenti og skrifað, að Brigham Young hafi fyrir 40 (fjörutíu) eða fleiri árum síðan sagt fortakslaust (unqualifiedly), að þær tíu kynkvíslir Ísraels væru þar hreint ekki, og því findust þar aldrei, og sömu skoðun hafa allir, sem ég hefi talað við um þetta, látið í ljós. Ritstjórnargrein, sem birtist í "Deseret News" á laugardagskvöldið var, gefur gott yfirlit yfir skoðanir vísindamanna og sagnfræðinga um þetta efni, og skal ég innan skams senda þá grein til Hkr.

Með virðingu,

John Thorgeirsson.

Thistle, Utah, 4. nóv. 1909.

KENNARA VANTAR

við The Narrows skóla No. 1450 fyrir 3 mánuði. Kensla byrjar 3. jan. 1910. Umsóknir tiltaki kauphæð og mentastig. Verða að vera komnar til undirskrifaðs fyrir 1. des. næstk.

The Narrows P.O., man.,
7. okt. 1909.

J. R. JOHNSON,
Sec'y-Treas.

Sparið Línið Yðar.

Ef þér óskið ekki að fá þvottinn yðar rifinn og slitinn, þá sendið hann til þessarar fullkomnu stofnunar.

Nýtízku aðferðir, nýr vélaútbúnaður, en gamalt og æft verkafólk.

LITUN, HREINSUN OG PRESSUN SÉRLEGA VANDAD

Modern Laundry & Dye Works Co., Ltd.
307—315 Hargrave St.
WINNIPEG, MANITOBA
Phones: 2300 og 2301

Samskot.

Djáknanefnd Tjaldbúðar safnaðar hefir safnað eftirfylgjandi gjöfum til arðs fyrir Mrs. Jón Helgason, sem fyrir fáum vikum misti mann sinn af slysi hér í borg. —

John T. Bergmann og Sigfús Brynjólfsson hvor $10.00; Albert Johnson og Lindal Hallgrimsson, hvor $5.00; Kristján Skagfjörð $3.00; Páll Sigfússon, G.L.Stephanson, Th. Nelson, Kr. Ólafsson, Th. Sólmundsson, Jónas Jónasson, Ágústina Sigurðardóttir og N. Ottenson hvert $2.00; Joseph Stephanson og Oddný Anderson hvort $1.50; Valgerður Oddson, Steingr. Þórarinsson, Fr. Friðriksson, B. Ólafsson, G. A. Jóhannsson, M. Skaftfeld, H. Skaftfeld, Sigfús Pálsson, Björg Hallson, Ingibjörg Hallson, Ólafur Bjarnason, Björn Hallson, Björn Lindal, G. Guðjónsson, Sigurjón Björnsson, John Sigfússon, Vigdís Grímsson, Jónína Auðunnsdóttir, Sigríður Sigfúsdóttir, Friðrik Johnson og Bergþór Kjartansson hvert $1.00; Mrs. S. Anderson, Anna Cameron, Árni Pálsson, Sigurlaug Lindal, Guðríður Gilbert, Stephan Jósephsson, G. Bergþórsson, J. Bergþórsson, Th. Thorsteinsson, J. M. Goodman, Jóhannes Johnson og H. S. Bardal hvert 50c; Th. Thorgeirsson, Th. Reykdal, John Johnson, H. W. Jóhannsson, Kristín Johnson og Mrs. S. Ögmundsson hvert 25c. — Samtals $80.50.

ÞEGAR þú ert að fá hósta, áttu að reyna að verjast honum eins og þú getur, halda honum niðri í þér. Og takist þér það, verður helzt aldrei neitt úr hóstanum. Þegar slímhimnurnar bólgna gefa þær frá sér mikið af slími, til þess að verja sig áhrifum loftsins, sem orsakar bólguna, og ef þú hóstar ekki þessu slími upp, getur loftið ekki komist að slímhimnunum og hóstinn verður engin.

MÝSNAR forðast kamfórulyktina að sögn. Því ætti að vera gott að hafa kamfóru til að verjast þeim, en ekki má kamfóra koma í loðskinn.

TERPENTÍNA hrekur mýs á brott, sé henni belt í holurnar. — Gegn innkulsi og hósta í börnum, er gott að láta þau lykta af henni, nudda henni um brjóst þeirra og væta ullarstrimil í henni og vefja honum um hálsinn. Til að koma í veg fyrir kláðafiðringinn, sem hún orsakar, skal bera Sweet Oil á á eftir. — Terpentína varnar möl í föt. Hún gerir hvít föt hvítari, ef látin er matskeið í þvottavatnið. Saman við 2 hluta af Sweet Oil, er hún góð að fægja með húsmuni, og hún er góð við gigt og verkjum.

Skrifið yður fyrir HEIMSKRINGLU svo að þér getið ætíð fylgst með aðal málum Íslendinga hér og heima.

2 Bækur Gefins

FÁ NÝJIR KAUPENDUR AÐ HEIMSKRINGLU SEM BORGA $2.00 FYRIRFRAM, OG ÞESSUM BÓKUM ÚR AÐ VELJA :—

Mr. Potter frá Texas
Aðalheiður
Svipurinn Hennar
Hvammverjarnir
Konubefnd
Robert Manton
og Leyndarmál Cordulu frænku. —

Alt góðar sögur og sumar ágætar, efnismiklar, fróðlegar og spennandi. Nú er tíminn að gerast kaupendur Hkr. Það eru aðeins fá eintök eftir af sumum bókunum.

Heimskringla
P.O. Box 3083, Winnipeg

WINNIPEG Business College
Cor. Portage Ave and Fort St.
28. AR
FÉKK FYRSTU VERÐLAUN Á SAINT LOUIS SÝNINGUNNI.
Dag og kveldkensla. Telefón 45.
Hausthkensla byrjar 1 Sept.
Bæklingur með myndum ókeypis.
Skrifið til: The Secretary, Winnipeg Business College, Winnipeg, Man.

A. S. BARDAL
Selur líkkistur og annast um útfarir. Allur útbúnaður sá bezti. Enfremur selur hann alskonar minnisvarða og legsteina.
121 Nena St. Phone 306

Sendið Heimskringlu til vina yðar á Íslandi

Miss NESBITT
KVENHATTA SALI
112 ISABEL ST.
Býr til alskonar kvenhatta í nýjustu gerð. Skreytir með fjöðrum, blómum og bóndum og öðru nýtízku stássi. Endurnýjar og skreytir brúkaða hatta. Alt verk vandað og verð sanngjarnt. Isl. konum boðið að skoða búðina. —
MISS NESBITT,
112 Isabel Street
18-11-9

Prestarnir og játningarritin.

Að stofninum til inngangsorð til umræðu, flutt á prestastefnunni á Þingvellli 1909.

Eftir JÓN HELGASON lektor.

Spurningin um afstöðu prestanna til játningarrita kirkjunnar, eða spurningin um kenningarfrelsi presta, er vafalaust ein af þeim spurningum, sem oftast hafa á góma borið og ekki hafa minstum ágreiningi valdið innan vébanda evangelisku kirkjunnar á síðari tímum.

Þetta stendur upphaflega í mjög eðlilegu sambandi við sívaxandi kröfur manna um frelsi einstaklingsins á öllum sviðum mannlífsins, kröfur, sem yfir höfuð að tala einkenna 19. öldina alla og 20. öldin hefir tekið í arf frá henni. Þessar frelsiskröfur eru aftur mjög svo eðlilegur ávöxtur vaxandi skilnings manna á persónulegu mæti einstaklingsins. Að sama skapi, sem mönnum hefir aukist skilningur á mæti mannlegs persónuleika svo sem frjálsrar veru með fullri ábyrgð á öllum sínum gjörðum, hefir mönnum einnig vaxið lífandi óbeit á öllum böndum, er virzt gætu hefta þróun persónuleikans og gjöra honum erfitt fyrir að ná ákvörðun sinni sem frjáls maður.

Eldri tímum var alls ekki ljóst ildi hins mannlega persónuleika sem frjálsrar veru; fyrir því gátu menn þá horft með jafnaðargeði á ýmislegt það, sem vorum tímum rýs hugur við sem beinlínis glæpsamlegu, og ekki að eins sætt sig við það, heldur og varið það. Og svo íhaldssamur er mannsandinn enn í dag, að fjölda annars góðra og göfuglyndra manna veitir afarerfitt að átta sig á þessum frelsiskröfum einstaklingnum til handa, sem uppi eru á vorum tímum, eða að skilja það, að einstaklingurinn geti þróast andlega nema í fullu frelsi.

En að baki kröfunum um kenningarfrelsi presta stendur líka önnur mikilsverð staðreynd, er gjörir þessar kröfur afareðlilegar og því sem næst sjálfsagðar. Það er vaxandi þekking manna á uppruna, eðli og markmiði játningarrita kirkjunnar, sem prestarnir eru heitbundnir við í kenningu sinni, og tilfinningin fyrir því tilfinnanlega mikla djúpi, sem staðfest er milli þess skilnings á guðsorði í ritningunni, sem þar er haldið fram, eða liggur til grundvallar útlistunum þeirra og skilnings kirkjunnar manna á nálægum tíma. Játningarritin eru arfur, sem kristni vorra tíma hefir fengið frá löngu liðnum tímum, þau eru til orðin undir kringumstæðum, sem sérstaklega einkendu þá tíma, með hliðsjón af trúarvefingum, sem þá voru uppi og umfram alt mótuð af þekkingarhætti þeirra tíma og þeim skilningi á kristindóminum, sem þá var álitinn réttur. En tímarnir hafa breyzt og með þeim einnig hugsunarháttur inn. Mannsandinn hefir aldrei staðið í stað, heldur sífelt haldið áfram rannsóknarstarfi sínu og sífelt verið að vaxa að vizku og þroska og skilningi á þessu ljúfasta viðfangsefni hugsandi mannsandans. Margt af því, sem játningarritin innihalda og var álitið rétt og sannleikanum samkvæmt á þeim tímum, er nú álitið sumpart vafasamt og sumpart rangt, og skilningur manna á kristindóminum er í ýmsum greinum orðinn allur annar en þá var. Guðfræði síðari tíma hefir í ljós leitt ýmsar staðhæfnir, sem eldri tíma ekki óraði fyrir og þeir ekki heldur gátu þekt, svo skamt sem þeir voru á veg komnir í þekkingu sinni, og brugðið nýju ljósi upp yfir fjölda gamalla sanninda, sem nú horfa alt öðruvísi við oss en áður gjörðu. En þrátt fyrir þetta hafa menn til skamms tíma átt afarörðugt með að átta sig á því, að nokkra nauðsyn bæri til að losa um játningarhaftið á kennimönnum kirkjunnar, og álitið kröfurnar um kenningarfrelsi presta, ef ekki beinlínis sprotnar af ókirkjulegri sundrungaviðleitni, þá að minsta kosti alt of ótímabærar til þess að þeim væri að nokkru sinnandi.

Sannleikurinn er sá, að hvergi hefir íhaldssemi mannsandans látið fremur til sín taka en einmitt innan vébanda kirkjunnar og trúarbragðanna, og skilningurinn á öllum frelsiskröfum einstaklingnum til handa átt jafnerfitt uppdráttar og þar. Svo hefir þetta verið á öllum tímum og er enn í dag í mörgu tilliti — einnig innan hinnar evangelisku kirkju, sem eftir allri hugsjón sinni hefði einmitt átt að verða heimkynni andlegs frelsis í öllum greinum og þá ekki sízt í þeim efnum, sem hér ræðir um.

Því verður ekki neitað, að með siðbót Lúters ljómar nýr dagur yfir kirkjunni, dagur, sem boðar frelsi frá margra alda ánauð, sannfæringar- og samvizkufrelsi innan kirkjunnar. En það er ekki kirkjunni að þakka, að sú hin kirkjulega frelsishreyfing, sem Lúter hratt af stað, kæfnaði ekki í fæðingunni. Því að það fær ekki dulist neinum, sem þekkir sögu vorrar evangelisku kirkju, að mjög mikið af starfi hennar eftir daga Lúters miðar að því að reisa skorður við því frelsi kirkjunni til handa, sem Lúter barðist fyrir, og fer í ýmsu tilliti í öfuga átt við það, sem hann ætlaðist til í fyrstu. Ég segi í fyrstu, því að það fær ekki dulist, að sjálfur Lúter tekur í ýmsu tilliti að gerast "ólúterskur" með aldrinum og lendir þá jafnvel í mótsögn við sínar eigin siðbótarfrumreglur. Þessi staðreynd, svo skiljanleg sem hún er og afsakanleg, hefði þó ekki þurft að verða framþróun kirkjunnar til meins, ef lærisveinum Lúters og sporgöngumönnum hefði verið það ljóst frá byrjun, að siðbótin er verk hins unga Lúters, sem í mörgu tilliti er nokkuð annar maður en hinn gamli Lúter. En þetta var eftirkomendum Lúters ekki ljóst, og fyrir því gat lútersku orðið að "lútersku", það er: kirkjulegri stefnu, sem fremur auðkendist af anda ófrelsis og þröngsýni, en sönnum frelsis- og framsóknaranda, og hin evangeliska kirkja um langan aldur fjarlægst svo hugsjón sína, að ekkert átti þar síður viðurkent heimilisfang en samvizku og sannfæringarfrelsi einstaklingsins í þeim málum, sem snerta kristindóm og kirkju.

Á þessu hefir orðið mikil breyting á síðustu öld og umfram alt á síðustu mannsöldrunum tveimur, enda frelsiskröfurnar orðið sífelt háværari og erfiðari að leiða hjá sér. En kenningarfrelsi presta er krafa, sem menn hafa enn ekki lengist til að sinna, það hugtak er enn í dag fremur illa séð af öllum þorra þeirra lima kirkjunnar, sem eru sinnandi andlegum málum. En þetta orsakast meðfram af því, að almenningi er ekki fyllilega ljóst, hvað átt er við, þegar talað er um kenningarfrelsi presta. Eina hina fáránlegustu skýringu þessa hugtaks rak ég mig nýlega á í einu kristindómsmálgagninu íslenzka (Bjarma), en tilefnið til þess, að blaðið fer að athuga það mál, er, að ritstjórninni hefir borist til eyrna, að kenningarfrelsi presta sé eitt þeirra mála, sem koma eigi til umræðu á þessari prestastefnu. Sem geta má nærri, fræðir blaðið lesendur sína á, að hér sé um sannarlega "tvíræða nýung" að ræða. Það neitar því ekki, að til sé sannarlegt og kristilegt kenningarfrelsi, — en það sé fólgið í því, að kenna eins og guðsorð kenni. En um það kenningarfrelsi, sem hér eigi að koma til umræðu, farast blaðinu orð á þessa leið: "Hitt kenningarfrelsið er fólgið í því, að smáhopa á hæl undan spiltum aldaranda og kenna ekki eins og guðsorð kennir, alveg afdráttarlaust, heldur auka það ýmist eða skerða eftir því sem hver vill heyra(!)". Og svo bætir blaðið við þessari dýrlegu klausu: "En með því gera menn sig seka í því óráði að breyta á móti sannfæringu sinni(!)". Ég bendi hér á þetta eingöngu sem dæmi þess, hve langt þekkingarleysis-belgingurinn getur leitt annars — að líkindum — góðviljaða menn. En í sjálfu sér er ekki mikil ástæða til að furða sig á slíku hjá blaði þessu eða þeim sem að því standa, er jafnvel annar eins maður og ritstjóri Sameiningarinnar er ekki kominn lengra í skilningi sínum á kenningarfrelsishugtakinu, en raun gefur vitni hinn furðulegi fyrirlestur hans um gildi trúarjátningannа", er út kom í fyrra; þar gefur hann í skyn, að kenningarfrelsiskröfurnar séu allar meira og minna sprotnar af óvild og hatri til kristindóms og kirkju, séu "heiðindómur í kirkjulegum dularklæðum"(!).

Það, sem öllu fremur ríður á í þessu máli, er, að menn geri sér fulla grein fyrir því, hvað hér er um að ræða, — hvað átt er við með "kenningarfrelsi presta".

Spurningin er í sjálfu sér afareinföld. Hún er engin önnur en þessi: Eru kennimenn kirkjunnar í öllum atriðum kristilegrar trúar bundnir við þann skilning á þessum atriðum trúarinnar, sem haldið er fram í játningarritum þeim, sem kirkjan lögum samkvæmt viðurkennir?

Um þetta er spurt — og ekkert annað.

Kenningarfrelsismálið er engin nýung eins og sumir halda. Það hefir t.a.m. verið á dagskrá í Danmörku síðan í byrjun 19. aldar og er það enn. Meðal Dana hefir þessi "heiðindómur í kirkjulegum dularklæðum" — sem séra J.B. kallar svo — ekki átt sér ómerkilegri talsmenn eða ókirkjulegri en menn eins og H. N. Clausen, N. Fr. S. Grundtvig, N. Lindberg, Visby, Vilh. Birkedal, M. Melby, L. Helveg, A. Leth, Otto Möller, Morten Pontoppidan, Skat Rördam, J. H. Monrad o. fl., o. fl.

Öllum þessum mönnum kemur saman um, að kenningarfrelsi presta sé eitt af frumskilyrðunum fyrir sönnum þrifum kirkju og kristindóms. Árið 1881 samþykti fjölmennur prestafundur í Askov áskorun til stjórnarinnar um kenningarfrelsi og fullkomið afnám allra játningaskuldbindinga. Á grundtvigskum "vinafundi" í Óðinsvé 1890 er því haldið fram, að meðan prestarnir séu bundnir af prestaheitinu, komi barátta þeirra gegn vantrúnni að engu haldi, því að vitnisburður þeirra sé ekki frjáls — engin trygging fyrir, að hann byggist á persónulegri sannfæringu. Og ári seinna heldur V. Birkedal því fram, að prestaheitið verði með hverju ári mein-hættulegra fyrir þrif þjóðkirkjunnar og jafnvel sjálfan kristindóminn. Árið 1902 skorar "Kirkeligt Samfund frá 1898", — en í því er meginþorri Grundtvigssinna meðal prestanna — á stjórnina, að breyta prestaheitinu á þessa leið: "Ég, sem veit mig í samhljóðan við hina evang.-lút.-kirkju, lofa að hafa um hönd skírn og kvöldmáltíð eftir innsetningu drottins og venju hinnar dönsku þjóðkirkju og eftir beztu sannfæringu að prédika fagnaðarerindið samkvæmt heil. ritningu" *). Í allri þessari baráttu danskra presta fyrir kenningarfrelsinu, heyrist bergmál orða Grundtvigs: "Hverjum presti í ríkis- eða þjóðkirkju verður að vera heimilt, að segja það, sem hann sem heiðarlegur maður álítur sannast og réttast um bibliu og kristindóm, ef menn á vorum dögum eiga að geta lagt trúnað á orð hans. Sé honum ætlað eingöngu að muðla fyrir munni sér allar trúargreinarnar gömlu, hlýtur að fara fyrir lútersku trúnni líkt og farið hefir fyrir hinni katólsku: Trúin verður mentuðum mönnum ómögulegur hlutur" **).

Á næstliðnum vetri hefir mjög mikið verið rætt um afstöðu presta við játningarritin í norsku kirkjunni. Thv. Klaveness, sem eftir allri andastefnu sinni er fullkominn kenningarfrelsismaður, kom þar hreyfingu á málið með fyrirlestri um "þýðingu játningarritanna í lútersku kirkjunni" ***. Þeir, sem í vetur taka málið upp til umræðu, heimta að vísu ekki fult kenningarfrelsi, heldur heimta þeir flestir, að feldar séu úr gildi nokkrar af játningum þeim, sem lögum samkvæmt gilda í Noregi, og vilja miða játningarskuldbindinguna við postullegu trúarjátninguna eina og fræði Lúters hin minni. Aðalflutningsmenn þessa máls eru nafnkendir menn úr hóp hinna íhaldssömu norsku kennimanna, prestarnir H. N. Hauge frá Skien, sem fyrir nokkru var kirkjumálaráðgjafi, og L. Dahle í Stavanger. Þeir flytja mál sitt á hinum árlega norska kirkjufundi

*) Sbr. einkarfróðlega ritgerð eftir lic. theol. Lindegaard-Petersen: "Symbolforpligtelser i den danske Kirke". Theol. Tidskrift. 1908.

**) Tilvitnuð orð, tekin eftir Norsk Kirkeblad 1909 bls. 186, eru sennilega úr riti Grundtvigs: Den danska Statskirki upartisk betragtet. Kh. 1834.

***) Þetta ágæta erindi er prentað í "For frisindet Kristendom I. Christj. 1906".

ROBLIN HOTEL
113 Adelaide St. Winnipeg
Bezta $1.50 á dag hús í Vestur Canada. Keyrsla ókeypis milli vagnstöðva og hússins á nótta og degi. Á hýnunni hins bezta. Viðskifta Íslendinga óskast. William Ave strætiskarið fer hjá húsinu
O. ROY, eigandi.

Giftingaleyfisbréf
selur: Kr. Ásg. Benediktsson
540 Simcoe st. Winnipeg.

Gimli Hótel
G. E. SÓLMUNDSSON
eigandi
Óskar viðskifta Íslendinga sem heimsækja Gimli bæ. — Þar er beini beztur í mat og drykkjarföngum, og aðbúð gesta svo góð sem frekast er hægt að gera hana. Hótelið er við vagnstöðina.
Gistið að Gimli-Hótel.

JIMMY'S HOTEL
BEZTU VÍN OG VINDLAR.
VÍNVEITARI T.H.FRASER,
ÍSLENDINGUR.
James Thorpe, Eigandi

A. S. TORBERT'S
RAKARASTOFA
Er í Jimmy's Hótel. Besta verk, ágæt verkfæri; Rakstur 15c en Hárskurður 25c. — Óskar viðskifta Íslendinga. —

MARKET HOTEL
146 PRINCESS ST. á móti markaðnum
P. O'CONNELL, eigandi, WINNIPEG
Beztu tegundir af vínföngum og vindl. Góð hús á endurbætt

Woodbine Hotel
Stærsta Billiard Hall í Norðvesturlandinu
Tíu Pool-borð.—Alskonar vín og vindlar
Lennon & Hebb
Eigendur.

Arena Rink
Undir nýrri stjórn
Opinn fyrir Hjólskauta skemtun
Hornaflokkur á kveldin

The Dominion Bank
NOTRE DAME Ave. BRANCH Cor. Nena St.
VÉR GEFUM SÉRSTAK AN GAUM AÐ SPARISJÓÐS DEILDINNI. —
VEXTIR BORGAÐIR AF INNLÖGUM.
HÖFUÐSTOLL - - - $3,983,392.38
SPARISJÓÐUR - - $5,300,000.00
H. A. BRIGHT, MANAGER.

hans hefði yfirgefið móðurina, þegar hún ól hann, og til þess að skýla sneypu sinni og sönnuninni fyrir henni, hefði hún sezt að í þessum lélega kofa.

Né liðu tvö ár. Alt eldist, og málæðið um son hennar var næstum hætt. Auk þess studdi hin blíða og auðmjúka framkoma hennar að því, að illmálgu tungurnar þögnuðu, og margir urðu til að vorkenna hinni starfsömu saumakonu.

Það hlaut líka að hafa þau áhrif á hin eðallyndari hjörtu, að hluttekning þeirra og umönnun fyrir konu þessari vaknaði, sem lifði eingöngu fyrir son sinn. Þessi vesalings yfirgefna kona, með blíða og andríka andlitið, með hið himneska þolgæði, sem skein út úr dökku, fögru augunum hennar, — þessa kona, sem ekki átti annað í heiminum en elskuverða drenginn sinn, sem hún helgaði alla sína daga og nætur — hún, sem bar með sér að hún var af góðu fólki komin, og bjó samt sem áður í lélegum bóndakofa, án þess að sækja nokkuð til annara, og án þess að þiggja styrk af öðrum, þó hún ætti kost á því.

Húsfrú Sterner hafði aldrei heimboð í kofa sínum, og tók aldrei á móti öðrum gestum en þeim, sem komu til að biðja um vinnu. Oft var hún beðin að hjálpa til með saumavinnu á höfðingjasetrunum, og þar eð hún kynti sig sem dugleg og áreiðanleg saumakona, brast hana aldrei vinnu.

Sá eini, sem jafnaðarlega heimsótti húsfrú Sterner, var Berghelm prestur. Þessi eðallyndi maður fann sanna nautn í því, að tala við hana, hún var var svo auðug af göfugum tilfinningum og góðum hugmyndum. Hann efaðist aldrei um, að hún hefði fengið gott uppeldi, og það eð hún var dóttir garðyrkjumanns, áleit hann mentun hennar miklu meiri, en slíkri stöðu fylgir jafnaðarlega.

Mórits var örðinn uppáhald prestsins. Hjá honum fann hann alt það, sem hann óskaði eftir að finna hjá syni sínum, allá þá viðleitni eftir að ná þekkingu, alla andans hæfileika og atgjörvi, sem gáfu honum von um, að hann síðarmeir mundi hljóta virðingu og ánægju af þessum lærisveini sínum. Sonur prestsins var ekki hneigður fyrir bóknám, en sótti meira gaman að smíðavinnu og öðrum störfum, og því hlakkaði presturinn svo mjög til þeirra stundar, er hann ásamt hinum iðna og námfúsa lærisveini sínum gat byrjað að yfirfara hin gömlu gulllaldarrit og í hluttekningarríkri sál að vekja sömu lund um að hinum ágætu fornaldarbókmentum, eins og hann sjálfur bar fyrir þeim, sem einnig hafði verið honum rík huggun á hinni mæðusömu æfibraut hans.

Eins og áður er sagt, voru tvö ár horfin í aldanna skaut. Stjernekrans greifi, eigandi Óðinsvíkur, var á ferð um útlönd, en húsfrú Sterner bjó í góðu næði í kofanum, og borgaði leiguna fyrir hann með því að sauma fyrir umboðsmanninn.

Þessi tvö ár hafði húsfrú Sterner oft átt erfitt, en þó hafði hvorki hún né sonur hennar liðið nauð, meðan hún var heil heilsu. En áreynsla og næturvökur unnu hug á heilsu hennar, svo að hún hafði er ið að halda við rúmið nokkra daga, þegar sagan byrjar.

Það hefði verið auðvelt fyrir húsfrú Sterner, að fá alla þá hjálp, sem hún þurfti, hefði hún viljað, því margir voru fúsir til, að rétta henni hjálparhönd, en hún vildi ekkert þiggja af öðrum. Það má kalla það dramb, sýrvizku eða hvað sem menn vilja, en að betla — vera öðrum til byrði — það var að hennar skoðun margfalt verra en mikill skortur. — "Ég veit það", sagði hún, "að þeir tímar geta komið, að ég verði að leita á náðir kristinnar miskunnsemi, og þegar þar að kemur, skal ég með auðmýkt bera þá byrði, en á meðan mér vinst nokkurt þrek til að geta unnið, á meðan nokkur annar möguleglleiki er til að geta bjargast, þá ætla ég ekki að betla, — heldur vinna fyrir mér með mínum eigin höndum, það er skylda mín. Betl er óheiðarlegt, en vinna er heiðarleg".

Það var stærilæti fátæktarinnar og mikillæti móðurástarinnar, sem vildi að sonur hennar gæti síðarmeir sagt: "Mamma, ég á alt þér að þakka".

Eftir þessa útúrdúra snúum við okkur aftur að þeim októbermorgni, þar sem við yfirgáfum Mórits við bækurnar sínar í kofanum, og móður hans sofandi.

IV.

Lærisveinarnir.

Morguninn var votur og kaldur, hvergi sást til lofts, og öðru hvoru rigndi. Klukkan var hér um bil hálf níu, þegar Mórits lét aftur bækurnar og læddist að rúminu.

Með mikilli varkárni dró hann rúmtjaldið til hliðar, og horfði ástrikum barnsáugum á andlitsdrættina, sem skreyttir voru sælu brosi frá landi draumanna. Hann heyrði hana nefna nafn sitt í svefninum.

"Mórits — sonur minn!" þetta voru orðin, sem læddust yfir varir hinna sofandi konu.

"Hún hugsar um mig, hana dreymir um mig", sagði drengurinn við sjálfan sig. "Ó, góða, elsku mamma".

Hann laut niður og kysti hvítu, mögru hendina, sem lá ofan á rúmfötunum. Svo féll hann á kné, spenti greipar og bað: "Góði guð, gefðu mömmu heilsuna aftur, svo hún geti verið glöð og ánægð, og leyfðu mér að deyja í hennar stað".

Á sama augnabliki hreyfði móðir hans sig og vaknaði. Ánægjubrós lék um varir hennar, þegar hún sá son sinn knéfalla á gólfinu við rúmið sitt, og biðja guð að gefa sér góða heilsu og ánægju.

"Mórits!" sagði hún lágt og opnaði faðm sinn. Drengurinn fól höfuð sitt við brjóst hennar.

"Hvernig líður þér í dag, mamma?" spurði hann.

"Ég er dálítið skárri", svaraði hún þreytulega. "Ég vona að verða bráðum vel frísk".

Til þess að hryggja ekki drenginn sinn, sagði hún þetta, þó hún fyndi að veikin var fremur að aukast en réna.

"Viltu að ég verði heima hjá þér í dag, mamma?"

"Nei, nei, þú mátt ekki vanrækja nám þitt, prestinum kynni að mislíka, ef þú kæmir ekki. Farðu sonur minn. Ég ætla að lesa í bibliunni á meðan, fyrst ég er ekki fær um að vinna".

"Viltu fá nokkuð að borða?"

"Nei, ekki fyr en þú kemur aftur um dagverðartímann. Ég er ekki svöng".

"Gott, mamma. Í kvöld fer ég aftur út í skóg að sækja eldivið, svo þú getir fengið nægan hita. Ég ætla að gera það á hverjum degi, þangað til þú ert orðin svo frísk að geta unnið, svo við getum keypt eitthvað. En hvaðan eigum við að fá mat, það litla, sem við áttum, er þegar búið".

"Hugsaðu ekki um það, litli drengurinn minn, það verða einhver ráð til þess. En farðu nú, svo þú verðir ekki of seinn".

Mórits hlýddi, kysti hönd móður sinnar, tók bækurnar og fór.

Áður en hann kom til þorpsins, varð hann að

(Landstødet), sem sízt verður borin á brýn byltingagirni í nokkurri mynd, en tekur þó vel í þetta mál og samþykkir tillögu um endurskoðun játningarritanna. Síðan hefir málið verið allítarlega rætt frá báðum hliðum í höfuðmálgagni fhaldssteínunnar í norsku kirkjunni (Luthersk Kirketidende).

En því hefi ég brot á þetta, að ég vildi með því sýnt hafa þeim, sem á annað borð vilja sjá það, að kenningarfrelsiskrafan er ekki sprottin af neinni vantrú eða löngun til að kollvarpa, heldur af einlægri virðingu fyrir stöðu hins kirkjulega kennimanns og kennimanninum sjálfum sem siðferðislegum persónuleika.

Þegar vér nú lítum til vorrar eigin kirkju, þá hefir litið verið rætt um þetta mál meðal vor fyr en núna allra síðustu árin og litið um það skrifað, enda skilningur manna á málinu yfirleitt býsna ófullkominn. Fyrir 10 árum hafði prestastefna vor málið á dagskrá, en síðan hefir því litið verið hreyft þangað til hin ágæta ritgerð séra Haraldar Nielssonar "um kenningarfrelsi presta" kom út í Skírni í fyrra sumar, fyrsta tilraunin, sem gerð hefir verið með oss til að skýra málið. Meðal landa vorra vestra hefir málið verið á dagskrá síðustu tvö árin. Séra Fr. J. Bergmann hefir varið kenningarfrelsið með miklum dugnaði í Breiðablikum, en Sameiningin hamast á móti því og flutt hverja greinina annari furðulegri um málið, að ógleymdu kirkjuþingserindi séra Jóns um "gildi trúarjátninganna", sem þegar hefir verið nefnt.

Hér á landi hefir að minsta kosti venjan löghelgað, auk hinna þriggja svonefndu allsherjar játninga fornkirkjunnar, tvær af sérjátningum hinnar evang.-lút.kirkju — Ágsborgar-játninguna og fræði Lúters. Eins og síðar mun sýnt verða, er löglesting þessara játningarrita hjá oss mjög svo vafasöm, nema ef svo mætti segja, að hana leiði af sjálfri lögtekningu hinnar evang.-lút. kirkju, sem kirkju landsins með lögtekning kirkjuordinantíu Kristjáns 3. árin 1541 og 1551. En engu að síður hafa íslenzkir prestar verið eiðbundnir við "játningarrit hinna dönsku kirkna" frá því í lok 17. aldar til ársins 1888, er presta-eiðurinn var með konungsúrskurði numinn úr gildi og presta-heiti sett í staðinn. Samkvæmt því eru prestar vorir á vígsludegi sínum látnir "lofa því, í augsýn allsvitandi guðs að kappkosta að boða guðsorð hreint og óblandið eins og það er kent í heilagri ritningu og trúarjátningabókum vorrar kirkju", eins og 1. gr. prestaheitisins hljóðar. Heitið tekur að vísu ekki eins djúpt í árinni eins og eiðurinn gamli, en munurinn verður minni en búast hefði mátt við, þar sem heit unnið "í augsýn allsvitandi guðs" nálgast óneitanlega allmjög það, sem venjulega er kallað eiður. Og hvað sjálfa játningarskuldbindingunna snertir, þá er hún að því leyti ónákvæmari í heitinu en eiðnum, að eiðurinn nefnir "játningarrit hinna dönsku kirkna", sem vér vitum áreiðanlega hver eru (sbr. Dönsku lög Kr. V. 2. bók 1. kap.), en heitið að eins "trúarjátningabækur vorrar kirkju", sem óvíst er, hvernig ber að skilja, sérstaklega þó, ef svo skyldi reynast, að engin laga stafur væri fyrir því, hvaða játningar giltu hér, svo að vér eftir alt saman værum bundnir við allar þær játningar lútersku kirkjunnar, sem út voru komnar þá er kirkjuordinantían var gefin út 1537. — En hvað sem þessu líður, þá gerir bæði eiðurinn og heitið játningarnar að eins konar kirkjulegum lagabálkum, sem prestunum er gert að skyldu að kenna samkvæmt og öll frávikning frá varðar við lög.

En hvað er við þetta að athuga?

Frá því er þetta kenningarfrelsismál komst fyrst á dagskrá hefir það sérstaklega verið tvent, sem menn hafa fundið þessari skuldbindingu við játningarritin til foráttu. Annað er þetta: Slík skuldbinding er ótilhlýðilegt band á persónulegu frelsi kennimannsins, hlýtur að draga úr andlegum vexti hans og framþróun, og getur jafnvel leitt til yfirdrepsskapar og hræsni í boðun fagnaðarerindisins. Hitt er þetta: Sú trygging, sem slík skuldbinding veitir söfnuðinum fyrir sannleika vitnisburðarins, sem fram er fluttur, er ímyndað. Með henni er hann miklu fremur óbeinlínis sviptur allri tryggingu hvað þetta snertir. Játningahaftið getur einmitt, ef ekki er annað, sem hið gagnstæða verði bygt á, vakið grun um, að presturinn tali það, sem hann talar af því, að hann sé bundinn heiti, sem það geti kostað hann embættið að víkja frá. Á bæði þessi atriði hefir öll höfuðáherzlan verið lögð í baráttunni fyrir kenningarfrelsi presta eins og hún hefir verið háð í Danmörku meginhluta 19. aldarinnar.

Þegar ég nú í dag hefi tekið að mér að innleiða umræðurnar um kenningarfrelsismálið, eru það þó ekki svo mjög þessi tvö atriði, sem fyrir mér hafa vakað. Það, sem ég vildi hafa bent á og rökstutt með kröfum um kenningarfrelsi prestunum til handa er aðallega sögulegs eðlis, þ. e. stendur í sambandi við það, sem kunnugt er orðið um uppruna þeirra rita sjálfra, eðli og markmið. Að gengið hefir verið fram hjá því atriði hingað til að miklu leyti, orsakast eðlilega af því, að hin sögulega rannsókn rita-anna má heita verk síðasta mannsaldursins. Hins vegar liggur það í alutarins eðli, að ekki ber síður á þetta atriði að líta en hin tvö. Því eigi slík rit að geta gilt, sem regla og mælisnúra fyrir oss, þá ættu þau að minsta kosti 1) að hafa upphaflega verið samin í þeim tilgangi, 2) að hafa verið viðurkend sem slík rit af kirkju vorri, 3) að vera í fullkominni samhljóðan við ritninguna sjálfa, og 4) skuldbindingin við þau að vera í fullu samræmi við anda og hugsjón vorrar evangelisku kirkju.

En því betur sém ég athuga málið frá þessari hlið, þess sannfærðari verð ég um, að rangt sé að heitbinda prestana í kenningu sinni við þessi rit, og að tími sé til þess kominn að breyta prestaheitinu hvað þetta snertir.

Ég mun nú leitast við að færa rök fyrir máli mínu.

1. Játningarritin eru — að minsta kosti sum þeirra — alls ekki upphaflega samin í þeim tilgangi að vera bindandi regla og mælisnúra fyrir kirkjuna á öllum tímum. Þess vegna er rangt að heitbinda prestana við þau í kenningu sinni.

Menn tala yfirleitt svo sem játningarritin hafi upphaflega verið samin í þeim ákveðna tilgangi að vera það sem þau hafa orðið fyrir miður heppilega rás tímanna, að þau séu í raun réttri verk hinnar hel. almennu kirkju, sem eftir fyrir heiti úrþttins leiðist af guðs anda, og að þau þess vegna hljóti að áltast engu síður óskeikul rit en sjalf ritningin. Menn skoða því almennt játningarritin svo sem helga dóma kirkjunnar, sem ekki megi snerta, heilagan og ókrenkjanlegan arf, sem oss sé skylt að varðveita og þeygja oss fyrir í mikilli auðmýkt og lotningu. Afleiðingin af þessu hefir þá líka orðið sú, að játningarritin hafa í reyndinni orðið slíkir helgir dómar, sem menn töluðu um með allri lotningu, en snertu ekki, létu sér ekki einu sinni til hugar koma, að kynna sér flest þeirra. Því að sannleikurinn er þessi, að einungis örlítill hluti þeirra manna, sem játa algildi þssara rita, hefir nokkurn tíma augum litið önnur þeirra en fræði Lúters, sem einnig hafa að geyma postullegu trúarjátninguna, og þá oftast án þess að hafa hugmynd um, að þeim bæri slík tign, sem hér ræðir um. Það væri fróðlegt að vita, hve margir menn hér á landi hafa lesið hin játningarritin, sem talin eru að gilda í vorri kirkju, t.a.m. Ágsborgar-játningunna, sem þó svo oft er talað um í bókum og blöðum, að ég nú ekki nefni Nikeu- og Atanasiusar-játningarnar svonefndu. Ég vil auðvitað ekki gera stéttarbræðrum mínum í kirkju Íslands rangt til, en mér liggur þó við að efast um, að þeir hafi allir lesið þessar játningar allar, sem þeir eru heitbundnir við samkvæmt þeirri skuldbindingu, sem þeir hafa undirskrifað á vígsludegi sínum.*)

En svo mikla og verðskuldaða lotningu, sem almenningur ber fyrir ritum þessum, — þá ber því sízt að neita, að mjög mikill vafi leikur á því, hvort nokkurt þeirra er upphaflega samið í þeim tilgangi, sem menn almennt ætla nú.

Þegar siðbótarhöfundarnir sömdu þau játningarritanna, sem talin eru sérjátningar hinnar evangelisku kirkju, gerðu þeir það engan veginn í þeim tilgangi að setja með þeim lög eða réttarreglu fyrir því, hvernig kenningin skuli vera um allar ókomnar aldir í kirkjunni. Þeir brutu ekki af kirkjunni ok hins rómverska páfa, til þess svo í staðinn að setja yfir hana pappírspáfa. Lúter og Melankton þektu altof vel hættuna, sem slík pappírsgögn geta haft í för með sér fyrir samvizku og sannfæringarfrelsi einstaklinganna, til þess að þeim gæti til hugar komið, að semja rit sin í slíkum tilgangi. Hve fjarri það var hugsun siðbótarmanna sýna meðal annars orð Lúters í riti, sem hann gefur út sama árið sem ríkisþingið í Ágsborg er haldið: "Kristileg kirkja hefir ekkert vald til þess að setja neinar trúar-greinar, hefir aldrei gert það og mun heldur aldrei gera það. Allar greinar trúarinnar eru svo nægilega framsettar í heil. ritningu, að engin þörf er á að framsetja fleiri. ..... Kristileg kirkja staðfestir evangeliið og heil. ritningu svo sem þegn, bendir á það og viðurkennir það, eins og þjónninn liti og vopn húsbónda sins".*) Ennfremur sést þetta berlega á því, hversu Melankton leyfir sér blátt áfram að gera þær breytingar á Ágsborgarjátningu, sem honum þótti ástæða til, — og það voru eins og kunnugt er allverulegar efnisbreytingar, — er hann gaf hana út að nýju 1540 (Confessio Augustana variata). Það hefði Melankton ekki gjört, ef hann hefði litið svo á ritið, sem þeir afhentu keisaranum í Ágsborg 1530, að það ætti að vera bindandi regla og mælisnúra fyrir kenningu kirkjunnar um allar ókomnar aldir. Og þegar Lúter amaðist við hinni breyttu Ágsborgar-játningu, gerði hann það engan veginn af því, að hann eignaði ritinu nokkra slíka framtíðar-þýðingu, heldur blátt áfram af því, að hann áleit þær skoðanir réttari, sem haldið hafði verið fram í hinni fyrri útgáfu. Það voru kringumstæðurnar, sem knúðu siðbótar-höfundana til þess að semja þessi rit, — þarfir safnaðanna, sem í mörgu tilliti áttu erfitt með að átta sig á þessu nýja í kenning og helgisiðum, er siðbótin hafði hrundið á stað. Og hvað snertir Ágsborgar-játning sérstaklega, þá átti bein krafa keisarans mikinn — ef ekki mestan — þátt í framkomu hennar, eins og ráða má af sjálfum formálanum fyrir því riti. Þar er svo að orði komist: "Yðar keisaralega hátign hefir frá byrjun þessa ríkisdags í Ágsborg látið birta það kjörfurstum, höfðingjum og ríkisstéttum, að sérhver ríkisstétt skuli samkvæmt boðum yðar keisaralegu hátignar, bæði á þýzkri og latneskri tungu, skýra frá og gera grein fyrir meiningum sínum og álíti. ..... Til þess að sýna þegnlega hlýðni vilja yðar hátignar, leggjum vér hér fram í þessu trúarmáli játningu vorra kennimanna og vora eigin til sönnunar um það, hversu þeir hafa biðað og prédikað lærdóminn söfnuðunum í löndum vorum, hertogadæmum, þegnskyldum héruðum og borgum samkvæmt heilagri ritningu og hreinu guðsorði" **). Þannig verður Ágsborgar-játning til. Hér er alls ekki að ræða um neinar skipanir eða fyrirmæli um það, hvernig kenna skuli á prédikunarstólunum á ókomnum tímum, heldur að eins um lýsing á því, hvernig kent sé þá í evangeliskum söfnuðum, og að tilgangurinn með þeirri yfirlýsingu væri sá aðallega, að hrekja og berja niður ýmsar lygar og heilaspuna um hina nýju kenningu, sem haldið var á lofti af mótstöðumönnum siðbótarinnar. (Meira).

*) Broslegur gerist séra J. B. í Sameiningunni (jan. 1909, bls.325), er hann fer að véfengja það sem "lítt hugsanlegt" að Atanasíusarjátningin "muni með öllu ókunn almenningi á Íslandi", af því að í Grallaranum gamla hafi þó staðið nálega orðrétt þýðing hinnar umræddu játningar. Það er rétt eins og hann áliti, að Grallarinn sé enn í hvers manns hendi á landi hér. Hann á þar við sálminn: "Hvör sem vildi að hólpinn sé", einhvern aumasta leirburðarsamsetning, sem nokkurn tíma hefir prentaður verið í kristninni.

*) Sbr. "Etliche Artikel, so M Luther erhalten will wider die ganze Satansschule" (1530) Erlangen-útgáfa Lúters rita 31. bindi, bls. 122.

**) Sbr. þýðingu Sigurðar Melsteðs bls. 4 (Rvík 1861).

SMJÖR er ágætt gegn tæringu, að borða sem mest af því, og miklu betra en þorskalýsi eða olíur. Það eykur starfsþrekið. Í smjörinu er kolefni ásamt öðrum efnum, sem er líkamanum mjög holt. Smjör er samsett af 7 efnum.

THE
BANK OF TORONTO
INNLEGG - - - $30,853,000
VJER OSKUM VIDSKIFTA YDAR
WINNIPEG DEILD: 456 MAIN ST.
JOHN R. LAMB, RADSMADUR.

Með því að biðja sérlega um "T.L. CIGAR," þá ertu viss að fá ágætan vindil.
T.L.
T.L. CIGAR
(UNION MADE)
Western Cigar Factory
Thomas Lee, eigandi Winnipeg

Redwood Lager og Extra Porter
Styrkið taugarnar með því að drekka eitt staup af öðrum hvorum þessum ágæta heimilis bjór, á undan hverri máltíð. — Reynið !!
EDWARD L. DREWRY Manufacturer & Importer Winnipeg, Canada.

Department of Agriculture and Immigration.
MANITOBA
Þetta fylki hefir 41,169,089 ekrur lands, 6,019,200 ekrur eru vötn, sem veita landinu raka til akuryrkjuþarfa. Þess vegna höfum vér jafnan nægan raka til uppskeru tryggingar.
Ennþá eru 25 miljónir ekrur óteknar, sem fá má með heimilisrétti eða kaupum.
Íbúatala árið 1901 var 255,211, nu er hún orðin 400,000 manns, hefir nálega tvöfaldast á 7 árum.
Íbúatala Winnipeg borgar árið 1901 var 42,240, en nú um 115 þúsundir, hefir meir en tvöfaldast á 7 árum.
Flutningstæki eru nú sem næst fullkomin, 3516 mílur járnbrauta eru í fylkinu, sem allar liggja út frá Winnipeg. Þrjár þverlandsbrauta lestir fara daglega frá Winnipeg, og innan fárra mánaða verða þær 5 talsins, þegar Grand Trunk Pacific og Canadian Northern bætast við.
Framför fylkisins er sjáanleg hvar sem litið er. Þér ættuð að taka þar bólfestu. Ekkert annað land getur sýnt sama vöxt á sama tímabili.
TIL FERDAMANNA:
Farið ekki framhjá Winnipeg, án þess að grenslast um stjórnar og járnbrautarlönd til sölu, og útvega yður fullkomnar upplýsingar um heimilisréttarlönd og fjárgróða möguleika.
R. P. ROBLIN,
Stjórnarformaður og Akuryrkjumála Ráðgjafi
Skrifið eftir upplýsingum til
Joseph Burke, 178 LOGAN AVE., WINNIPEG.
Jas Hartney, 77 YORK ST., TORONTO.

fara yfir straumharða á, sem rann í Venern, eftir brú, sem bygð var yfir ána.

"Mórits, Mórits!" heyrði hann kallað um leið og hann sté upp á brúna, og leit því þangað, sem hann heyrði að kallið kom frá. Þar sá hann dreng á reki við sig, sem hafði bundið langt snæri í litinn bát, er hann lét berast með straumnum.

"Ert það þú, Óskar?" kallaði Mórits af brúnni. "Að hverju ertu að leika þér?"

"Ég er að reyna nýja bátinn minn", svarði Óskar Bergholm fjörlega. "Komdu hingað, þá geturðu séð, hve fallega hann flýtur á vatninu, alveg eins og stórt skip".

"Gott, ágætt", svaraði Mórits, "nú kem ég". Augnabliki síðar var hann hjá stallbróður sínum. Rigning var hætt og dálitið farið að birta til í lofti, svo að sólin gat endrum og sinnum sent geisla sína til jarðar á milli skýjanna.

"Nei, sjáðu sólina", kallaði Óskar og klappaði saman lófum af kæti. "Nú verður eflaust gott veður. Eigum við ekki að fá lánaðan bát hjá gamla mal ranum? Það er svo gaman að róa".

"Þú gleymir því", sagði Mórits, "að við eigum að byrja náms klukkan 9. Við verðum að flýta okkur, annars verðum við of seinir".

"Æ, það er alveg satt", sagði Óskar ergilegur, "maður fær aldrei leyfi til að leika sér, alt af er þessi leiðinlegi lestur. Kant þú þína lexíu?"

"Já. Kant þú þína?"

"Fremur illa. Pabbi sagði raunar við mig í morgun, að ég skyldi lesa hana yfir, og ef ég kynni hana ekki, yrði ég að fara í háðungarkimann, en það er ómögulegt, að skilja þá reglu í málfræðinni, sem við eigum að læra í dag. Ég las stundarkorn, en svo leiddist mér og ég hljóp út með bátinn minn til að leika mér. Hvernig á ég nú að fara að?"

"Ég skal skýra regluna fyrir þér, Óskar minn", sagði Mórits góðlátlega. "Ég skil hana vel og skal kenna þér hana á leiðinni".

"Ég þakka þér fyrir það, en mér þætti þó miklu betra, að sleppa við að lesa í dag. Ég skal segja þér, ég held ég verði að stökkva út í ána í öllum fötunum, og segja svo að ég hafi dottið í hana af óhöppum, þá slepp ég við að lesa, að líkindum".

"Já", sagði Mórits og hló að þessari hugmynd, "en þá verður þú í stað þess að hátta ofan í rúm, svo þér hitni, og það er ekki skemtilegra. Komdu nú með mér, þá ertu góður drengur. Við skulum vera iðnir og hlýðnir".

"Ó, ef ég bara slyppi við latínuna", sagði Óskar og stundi.

"Hún er þó svo skemtileg".

"Já, fyrir þig, sem átt svo hægt með að læra alt", sagði Óskar, um leið og hann gekk frá ánni. "Það er annað mál með mig, sem ekkert get lært".

"Mig furðar það, Óskar, að þú skulir ekki hafa löngun til að læra, sem átt svo lærðan föður".

Drengirnir voru nú komnir að bæjartorginu, og sáu þar mikinn fjölda fólks, meirihlutann kvenfólk og börn. Það leið ekki á löngu, þangað til þeir heyrðu leikið á líru. Hrifinn af ánægju þaut Óskar á undan og tróð sér í gegn um þyrpinguna, en Mórits hélt áfram í hægðum sínum.

"Mórits, Mórits", kallaði Óskar, "hann hefir apa, apa, sem leikur ýmsar iþróttir. Komdu hingað, þá geturðu séð hann".

Þetta var alveg nýtt. Mórits mundi ekki eftir því, að hann hefði nokkurntíma séð apa, og að þessu sinni náði forvitnin yfirráðum hjá honum.

"Ég verð þó að minsta kosti að sjá, hvernig hann litur út", hugsaði hann, "ég verð líka að ná

Óskar út úr mannþrönginni, annars gleymir hann að koma á réttum tíma".

Hann hraðaði sér því gegn um hópinn, þangað sem hann sá Óskar, er með mestu ánægju horfði á iþróttir þær, er apinn lék. Þetta litla, skrítna dýr, dansaði eftir hljóðfalli lírunnar, sem snúið var af gömlum manni með sítt skegg.

"Óskar", sagði Mórits, þegar hann var búinn að horfa stundarkorn á þessi skringilæti, "nú verðum við að fara, faðir þinn bíður".

"Fara, núna?" sagði Óskar, "nei, ég held ekki, ég verð að horfa lengur á apann. Sjáðu, hvernig hann stekkur. Ég hefi aldrei séð neitt eins skemtilegt. Hefir þú?"

"Við getum séð það, þegar við erum búnir".

"Þegar við erum búnir? Nei, þá verður hann farinn. Sko, nú gengur hann með hattinn, bara að ég ætti nú skilding að gefa honum".

"Hérna er einn", sagði gamall bóndi um leið og hann rétti skilding að Óskar, "þú borgar mér hann seinna".

"Kæra þökk, góði Anders", sagði Óskar himinglaður. "Ég skal borga þér hann í kvöld".

Líruleikarinn kom nú til drengjanna, sem stóðu saman, og rétti hattinn að þeim. Óskar kastaði skildingnum kæruleysislega í hattinn, en Mórits horfði með eftirtekt á þennan gamla mann, sem honum fanst hann hafa séð áður, en mundi ekki nær eða hvar. Á meðan leit maðurinn hvatlega á Mórits og rétti honum hattinn.

"Góði maður", sagði Mórits hálfleiminn, "það er leiðinlegt, að ég á enga peninga".

"Mundu eftir að koma að dysinni á föstudaginn kemur kl. 5", tautaði maðurinn um leið og hann gekk fram hjá.

"Það er hann, það er sá rauðhærði, sem bar

eldviðinn minn", sagði Mórits, við sjálfan sig. "En hvernig hefir hann getað elzt svona síðan í gær?"

Drengurinn gat ekkert skilið í þessum undarlega viðburði. Nú var liruleikarinn búinn að ganga hringinn með hattinn sinn, og lék nú fjörugan vals, svo sem í þakklætisskyni fyrir skildingana, sem honum voru gefnir.

"Óskar", sagði Mórits og kipti í handlegg hans, "nú fer ég. Ætlarðu að verða samferða?"

"Nei, ekki strax. Farðu á undan, ég kem bráðum".

"Hvað á ég að segja föður þínum, þegar hann spyr um þig?"

"Segðu, að ég hafi dottið og meitt mig".

"Svei — svei, þú veizt að ég lýg aldrei".

"Nú — segðu þá það sem þér sýnist, en láttu mig í friði", sagði Óskar ergilegur.

Þegar Mórits sá, að stallbróðir hans vildi ekki verða honum samferða, fór hann af stað einsamall.

"Góðan daginn, mi filli", sagði Bergholm prestur, þegar drengurinn kom inn í lestrarklefa hans, og sá kennara sinn vera að lesa í bók í arkarbroti, "hvernig líður mömmu þinni?"

"Ég þakka, mamma er skárri í dag".

"Mér þykir vænt um það, drengur minn. Hefirðu lesið reglurnar um orðskipunarfræði, eins og ég sagði þér?"

"Já, hr. prestur".

"Gott! Diligenta est mater doctrinæ, eins og Lucrets tekur fram með réttu. En veiztu ekki, hvar Oscarus minn er?"

"Jú, hr. prestur, hann er niðri á torginu að horfa á liruleikara".

"Liruleikara? Eru þá slíkar landeyður í okkar bæ? Hann eltir alt einskisvert, þessi drengur".

"En liruleikarinn", sagði Mórits, "hafði apa,

Árni Sigurður Breiðfjörð.

(*F. 5. des. '88, d. 10. okt. '09*).

Eitt hið allra óvæntasta, sviplegasta og sorglegasta slys, sem komið hefir fyrir á meðal Vestur-Íslendinga, var það, sem skeði eftir hádegið á sunnudaginn 10. f.m. (okt.) nákegt Penny's Station (nú nefnt Walhachin) hér í fylkinu, og olli dauða hins unga og efnilega manns Árna Sigurðar Breiðfjörðs.

Tildrög til slysins og hvernig það vildi til, er á þessa leið: —

Verkstjóri einn hér í bænum, Wm. F. Drysdale að nafni, hafði hér um bil fjórum vikum áður en slysið vildi til, farið með nokkura trésmiði héðan úr bænum upp til Penny's Station, við meginspor kanadisku Kyrrahafs járnbrautarinnar (um 30 milur vegar vestur af bænum Kamloops, sem einnig stendur við C.P.R., vestarlega í Klettafjöllunum), — til að byggja þar stórt gestgjafahús. Á meðal trésmiðanna, sem Drysdale fór með héðan úr bænum, voru þrir Íslendingar, þeir Árni heit., Sigurjón frændi hans Mýrdal og Sig. P. Scheving.

Alt gekk nú vel, þar til e.h. hinn ofannefnda sunnudag, að þeir frændurnir, Árni og Jón (en svo er Sigurjón oftast nefndur), ásamt með enskum unglingsmanni héðan úr bænum, R. Beckwith að nafni, fóru á dýraveiðar. Segir eigi af ferðum þeirra félaga fyr en þeir, nokkuð uppi í fjöllunum, veittu jarðgöngum nokkurum eftirtekt, og jafnframt nýlegum dýraslóðum inn í þau, en engum út úr þeim, og hugðust þeir því, eftir því sem næst verður komizt, mundu hræða dýrin, sem traðkurinn var eftir, út úr fylgsnum sinum, svo mögulegt yrði fyrir veiðimennina að skjóta þau. Með þetta fyrir augum, hálf-krýpur svo Jón niður, skamt frá mynni jarðganganna, og hleypir af byssu sinni inn í þau. En við það varð voðalegur vábrestur, eldur, grjót og möl og mold rauk með krafti miklum í allar áttir og myndaði þar, á einu augnabliki, eitt svart og dapurt dauðansský!

Þegar nú Beckwith, sem staðið hafði talsvert fjær þessum óhappagöngum þegar sprengingin varð, en þeir frændur, fór að huga að félögum sinum, varð hann brátt var hinna óttalegu afleiðinga af sprengingunni: Jón lá allmikið skaðaður, einkum á höfði, og því nær meðvitundarlaus, nálægt þeim stað, sem hann hafði kropið niður á, þegar hann skaut; en Árni, sem staðið hafði skamt frá Jóni, þegar slysið skeði, hafði henst um 100 fet niður fjallshlíðina, lá þar stórskaðaður og — örendur!

Þegar Beckwith sá hvar komið var, tókst hann í fang, þó skelfdur væri af þessum óttalega atburði, að koma Jóni til Penny's Station aftur, og hepnaðist honum það vel, þótt leiðin væri alllöng (um 2 milur vegar). En Árni, sem Beckwith varð auðvitað að skilja eftir, var svo tafarlaust sóttur. Jón var strax sendur á næsta sjúkrahús, en það var í Kamloops, og er hann nú talinn á góðum batavegi.

Læknir einn frá Ashcroft þorpi, er Sanson nefnist, kom til Penny's Station, samkvæmt simskeyti þaðan, litlu eftir að slysið vildi til, og leit á lík Árna heit.; kvað hann sprenginguna strax hafa deytt hann, og formlega likskoðun (Coroner's Inquest) því eigi nauðsynlega.

Jarðgöngin — þau hin ofannefndu og óhappasælu — hafa nú verið athuguð og mæld. Þau eru sögð 30 fet á lengd, 5—6 fet á hæð, og 4 fet á breidd, og álitin að vera gömul námagöng. En orsökin til sprengingarinnar sú, að byssukúlan hafi hitt kassa af sprengiefni (dynamit), sem hirðulausir námamenn eða útilegumenn hafi skilið eftir inni í göngunum.

Á sunnudagsmorgninn (10. f. m.) hafði Árni heitinn ritað foreldrum sinum bréf, og tjáð þeim þar í góða liðan sina og þeirra félaga, en kl. rúmt 10 um kveldið kom hingað til bæjarins simskeyti ofan úr fjöllunum um sorgaratburðinn! Átakanleg örlög!

Lík Árna heit. var flutt hingað til bæjarins, og jarðað hér e.h. á miðvikudaginn þ. 13. f. m., með fullum hermanna-heiðri (buried with full military honours), að viðstöddum fjölda manns, — auk hermannanna, sem voru 90 að tölu.

Séra William Drahn, myndarlegur lóterskur prestur, af þýzkum ættum, nýlega hingað kominn, annaðist um guðsþjónustugjörðina. Hann hélt mjög laglega líkræðu og talaði einnig nokkur velvalin orð yfir gröfinni.

Eins og siðvenja er til við jarðarfarir hermanna, þá skutu tóli hermenn þrisvar sinnum blindskotum úr byssum sinum, við gröfina, til virðingar hinum framliðna félaga sinum, sem þá var nýbúið að leggja í hina hinstu hvilu.

Þetta mun vera í fyrsta sinni, sem nokkur Íslendingur hefir verið jarðaður með annari eins viðhöfn.

ÁRNI SIGURÐUR BREIÐFJÖRÐ var fæddur hér í bænum

ÁRNI SIGURÐUR BREIÐFJÖRÐ.

þann 5. des. 1888, og var því eigi nema 20 ára og rúmlega tíu mánaða gamall, þegar hann dó. Foreldrar hans eru hin atorkusömu myndarhjón, Jóhann og Anna Breiðfjörð, sem lengi hafa búið hér í bænum. Faðir Jóhanns var Guðmundur Ólafsson, er bjó í Reykhólasveit í Barðastrandarsýslu, en móðir Guðmundar var Þorbjörg Aradóttir í Reykhólum. Móðir Jóhanns var Sigríður Guðmundsdóttir, Arasonar í Reykhólum, sem síðar giftist Guðbrandi í Hvitadal í Saurbæjarsveit, Sturlaugssyni hins ríka í Rauðseyjum á Breiðafirði. Ein af dætrum þeirra Guðbrandar og Sigríðar er Ólina, sem býr hér í bænum. Önnur þeirra var Margrét heitin, móðir dr. B. J. Brandsonar í Winnipeg. — En systir þeirra Þorbjargar og Guðmundar, barna Ara í Reykhólum, var Sigríður móðir Jochums föður Matthíasar, skáldsins gamla og góða. Þeir Jóhann Breiðfjörð og Matthias Jochumsson eru því primenningar.*)

Anna, kona Jóhanns og móðir Árna heit., er Sigurðardóttir, Árnasonar, Jónssonar frá Giljum í Mýrdal í Vestur-Skaptafellssýslu, en systir hins alþekta öldungs Sigurðar Mýrdals, sem um langt skeið bjó hér í bænum, en nú telur heimilisfang sitt á Point Roberts, enda þótt að hann dvelji hér löngum enn.

Jón, sá er að ofan er nefndur, er sonur Sigurðar Mýrdals. Árni heit. og hann voru því systkina synir.

Vestur um haf flutti Jóhann Breiðfjörð sumarið 1876, með fyrri konu sinni, Guðrúnu Þórðardóttir, Einarssonar prests Torlacius í Otradal á Vestfjörðum. Fyrsta veturinn ('76—'77) dvaldi Jóhann í Mikley í Nýja Íslandi, en þann vetur geysaði bólan, sem kunnugt er, í Nýja-Íslandi og úr þeirri voðalegu veiki misti hann konu sina þá um veturinn. Eftir það dvaldi hann eitt ár í Lower Fort Garry, og annað í Winnipeg, en flutti svo suður til Dakota, og bjó þar á ýmsum stöðum í rúm 9 ár, eða þar til vorið 1888, að hann flutti hingað til bæjarins, þar sem hann hefir búið æ síðan. Í Dakota giftist Jóhann síðari konu sinni Önnu Sigurðardóttir. Þau hafa eignast, auk Árna heit., tvær mjög myndarlegar dætur, Sigríði og Sigurlinu, sem báðar eru giftar; önnur skozkum kaupmanni, William Peden að nafni, en hin enskum verzlunarmanni, Sidney C. Thomson að nafni, sem báðir búa hér í bænum.

Við hið óvænta og ótimabæra fráfall Árna heit. Breiðfjörðs hafa ekki að eins hinir aldurhnigna foreldrar hans og systur, sem og aðrir ættingjar hans og vinir, mist mjög mikið, heldur hafa V.-Íslendingar mist einn af hinum allra-efnilegustu ungu mönnum úr hópi sinum, því að hann var sönn fyrirmynd ungra manna í öllu því, sem betur mátti fara. Það fór alt saman hjá honum. Hann var orðinn mikill maður vexti og karlmenni að burðum, sem faðir hans og forfeður margir. Þá var iðjusemin, verklægnin, verkþekkingin, hugvitssemin, framsýnin, reglusemin, foreldra ástin, orðvarkárnin og siðgæðið yfirleitt, — alt með afbrigðum miklum. Hann var ágætur trésmiður að iðn, en stundaði tinsmíði, tigulsteinshleðslu, steinsteypu o.fl. í hjáverkum, því maðurinn var aldrei óvinnandi. Og alt, sem hann gjörði, leysti hann af hendi með mikilli snild.

Um ást hans á foreldrum sinum og reglusemi hans og siðgæði yfirleitt, má t.d. geta þess, að það kom aldrei fyrir, að hann læri nokkuð í brott frá heimili sinu án þess fyrst að tala um það við foreldra sina og fá leyfi hjá þeim, en heimili sitt hafði hann ávalt í foreldrahúsum. Þá var reglusemin slik, að hann hvorki bragðaði áfengi né brúkaði nokkura tegund af tóbaki, og eru þess sárfá dæmi á þessari óreglu-öld, þar sem að varla getur þann mann, yngri eða eldri, sem ekki brúkar, sér til meiri eða minni skaða, aðrahvora eða báðar þessar háskalegu eiturtegundir: áfengi og tóbak.

Hann var sérstaklega afskiptalaus um annara hagi, óáreitin og orðvar, en ávalt glaður í viðmóti og góðlátlegur við alla. Framsýnn var hann í bezta lagi, enda var hann, þó ungur væri, orðinn allvel efnaður. Þá hafði hann og fyrir nokkru síðan sýnt fyrirhyggju sina með því, að ganga í bræðrafélagið "The Modern Woodmen of America", og keypti sér þar lífsábyrgð upp á $3,000, en það kvað vera sú hæsta lífsábyrgð, sem það félag selur.

Eg gat þess hér að ofan, hve afarmikil eftirsjá væri í Árna heit., ekki að eins fyrir ættmenn hans og vini, heldur og fyrir Vestur-Íslendinga í heild sinni, en ég get með sanni sagt meira en þáð, því að við dauða hans hefir Canadaríki mist einn af sínum efnilegustu sjálfboðaliðum og beztu borgurum. Árni heit. tilheyrði, sem sé, kanadiska sjálfboðaliðinu hér í bænum (nánar: Hann tilheyrði "Company No. 2, in the 5th Regiment of the Canadian Garrison Artillery"), — og var hann af yfirforingjum hersveitarinnar áltinn einn af helztu meðlimum hennar. Sézt þetta meðal annars á því, að hann var einn hinn fyrsti, sem tilnefndur var af 15 hermönnum, sem sendir voru héðan úr bænum austur á 300 ára minningarhátíðina í Quebec í fyrra, og var þó úr 310 mönnum að velja. Og úr öllu fylkinu (B. C.) voru að eins 34 menn sendir í þá för. Var sá hinn friði flokkur nefndur "Quebec liðstillagið" (Contingent).

Árni heit. gekk í herliðið þ. 13. febr. 1907, og hafði því ekki verið í því, þegar hann lézt, nema 2 ár og tæpa tíu mánuði, en þó var, fyrir nokkru síðan, búið að gjöra hann að undirforingja (Corporal) í því.

Hvaða álit að Árni heit. hafði á sér í hernum sézt annars langglöggvast og bezt af bréfi því, sem æðsti foringinn (Captain) í liðsflokknum (Company No. 2), sem hann (Árni) tilheyrði, hefir nú rétt nýlega ritað til annars af tengdasonum Jóhanns, S.C.Thomson's, sem verið hafði í Suður-Afríku stríðinu. Í bréfinu, sem er að öllu leyti ágætlega ritað, segir liðsforinginn (sem jafnframt er skólameistari hér í bænum) meðal annars þetta: —

"..... Jarðarför Árna var sú fjölmennasta, sem sézt hefir hér í mörg ár, enda var engin furða, því að allir þeir menn, sem kynzt höfðu Árna, möttu þann sannleika, að aldrei hefir dregið andann hreinskilnari, karlmannlegri og snjallari piltur.

"Þeim þótti afar-vænt um hann fyrir hans góðu eiginleika.

"Missir Árna er mjög tilfinnanlegur, ekki að eins fyrir liðsflokk vorn (Co'y No. 2), heldur og fyrir alla hersveitina (Regiment), því að menn með hans framúrskarandi áreiðanleika og ágæti hafa ákaflega mikil áhrif til góðs á félaga sina.

"Gjör þú svo vel, að flytja Mr. og Mrs. Breiðfjörð mina innilegustu hluttekningu í þeirra óttalega missir, og fullvissa þú þau um það, að bæði foringjar og undirmenn liðsflokksins hafa aldrei fundið til jafn-mikillar sorgar við missir félaga sins, eins og einmitt nú við dauða Árna.

"Hann var hvers manns hugljúfi; ávalt reiðubúinn til að fórnfæra tíma sinum og hagnaði til hagsmuna fyrir liðsflokkinn, eða hvern einstakan af félögum sinum.

"Það var því engin furða, þó að hann nyti almennt ágætra vinsælda.

"Eg þarf eigi að taka það fram, að það gleddi mig stórum væri ég fær um að gjöra eitthvað fyrir fólk Árna ... ...".

Eg hefi þá skýrt hér, eins rétt og greinilega og föng leyfðu, frá slysinu voðalega, ætt Árna heit. og atgjörvi hans hinu mikla.

Að eins skal því viðbætt, að frásögn Hkr. og Lögb. um slysið er að ýmsu leyti röng, einkum þó fregnin í Hkr. Í báðum blöðunum er það t.d. sagt, að Beckwith, sem var með þeim frændum, þegar slysið vildi til, hafi skotið kúlunni, sem óhappinu olli, en það er rangherm; hver skaut henni, er skýrt frá hér að framan. Þá segir og Hkr.: "Breiðfjörð tættist í smástykki, sem sum hentust 100 fet". Þetta er, eins og sjá má af því, sem að framan er sagt, alveg rangt með farið. Sama er að segja um þá frásögn blaðsins, að þeir frændur hafi "verið að elta smádýr eitt í gömlum námagöngum", því að enginn þeirra félaga fór, svo kunnugt sé, neitt inn í námagöngin.

Mynd af Árna heit., sem tekin var í Quebec í fyrra, fylgir þessari æfiminningu hans.

Og svo finst mér að síðustu, að öll sanngirni mæli með því, að blöðin á Íslandi, eða eitthvað af þeim, gætu um andlát og æfiatriði þessa unga og afar-efnilega Íslendings.

Victoria, B.C., 6. nóv. 1909.

J. Ásgeir J. Lindal.

*) Matthias ætti, að mér finst, eina' að gjöra bögu
út af því, sem ég hef' minnst
á í hrygðar-sögu.

Breiðfjörð gleddist þetur af
bögu gjörðri' af honum,
en þótt kvæðu alt í kaf
aðrir af Braga-sonum.

J.Á.J.L.

Árni Sigurður Breiðfjörð

(F. 5. des.'88, d. 10. okt. '09).

Ó, svart var það þrumu og sorganna ský,
er sveif hingað, ofan úr fjöllum!
Hátt örlaga nornárnar öskruðu' í því,
um "Árna hinn góða", er væri nú frí
frá veraldar voðanum öllum!

Þau Anna og Jóhann, hin öldruðu hjón,
sem einasta mist hafa soninn,
æ beðið nú hafa hið beiskasta tjón,
því blíðlögur horfin er mannlegri sjón
öll foreldra framtíðar-vonin!

Hann Árni var fyrirmynd annara hér
í öllu því fagra og góða. —
Þó sagt virðist mikið, það sannleikur er,
en svona það oftast í heiminum fer,
að góðir fyrst góðanótt bjóða.

Hans fyrirtaks regla og foreldra ást,
og frábærleg þekking á verkum,
hans alúð og drenglyndi, aldrei sem brást,
og iðni og framsýni', er meiri ei sást, —
alt gjörði' hann að manni svo merkum.

Í sjálfboðaliðinu lofstýr hann hlaut,
svo ljómandi', að betri fékk enginn.' —
Hann virðingar allra og vinsældar naut,
sem virtu að nokkru manndómsins skraut,
sem prýddi vorn prúðasta drenginn!

Hans atgjörvið mikla víst arfur er frá
hans ættfeðrum, stórmennum sönnum,
þeim Agli og Snorra og Ólafi pá,
og öðrum, sem frægðin og sæmdin býr hjá,
og teljast með mætustu mönnum.

Vér kveðjum þig, Árni, í síðasta sinn, —
nei, seinna vér, ef til vill, finnumst. —
Þó langur ei yrði hér lífs-dagur þinn,
það ljómar af honum í sálirnar inn! —
Vér grátandi' og glaðir þín minnumst!

J. Ásgeir J. Lindal.

Victoria, B.C.

LEIÐBEININGAR--SKRA
YFIR ÁREIÐANLEGA VERZLUNARMENN Í WINNIPEG

MUSIC OG HLJÓÐFÆRI

CROSS, GOULDING & SKINNER, LTD.
323 Portage Ave. Talsími 4413

MASON & RISCH PIANO CO., LTD.
356 Main Stree Talsími 480
W. Alfred Albert, Íslenzkur umboðsmaður

WHALEY ROYCE & CO.
356 Main St. Phone 763
W. Alfred Albert, búðarþjónn.

BYGGINGA og ELDIVIÐUR.

J. D. McARTHUR CO., LTD.
Byggingar- og Eldiviður í heildsölu og smásölu.
Sölust: Princess og Higgins Tals. 5080, 5081, 5082

MYNDASMIÐIR.

G. H. LLEWELLIN,
"Medallions" og Myndarammar
Svefstofa Horni Park St. og Logan Avenue

SKÓTAU Í HEILDSÖLU.

AMES HOLDEN, LIMITED.
Princess & McDermott. Winnipeg.

THOS. RYAN & CO.
Allskonar Skótau. 44 Princess St.

THE Wm. A. MARSH CO. WESTERN LTD.
Framleiðendur af Þinu Skótaui. Talsími: 3710
88 Princess St. "High Merit" Marsh Skór

RAFMAGNSVÉLAR OG ÁHÖLD

JAMES STUART ELECTRIC CO.
324 Smith St Talsimar: 3447 og 7802
Fullar byrgðir af alskonar vélum.

GOODYEAR ELECTRIC CO.
Kellogg's Talsimar og öll þarðsíút. áhöld
talsími 3023. 86 Albert St.

RAFMAGNS AKKOKÐSMENN

MODERN ELECTRIC CO
412 Portage Ave Talsími: 5658
Viðgjörð og Vir-lagning — allskonar.

BYGGINGA-EFNI.

JOHN GUNN & SONS
Talsími 1271 286 Jarvis Ave.
Höfum bezta Steinn, Kalk, Cement, Sand o. fl.

THOMAS BLACK
Selur Járnvöru og Bygginga-efni allskonar
76—82 Lombard St. Talsími 600

THE WINNIPEG SUPPLY CO., LTD.
298 Rietta St. Talsimar: 1936 & 7187
Kalk, Steinn, Cement. Sand og Möl

BYGGINGAMEISTARAR.

J. H. G RUSSELL
Byggingameistari.
Í Silvester-Willson byggingunni. Tals: 1068

PAUL M. CLEMENS
Bygginga-Meistari, 443 Maryland St.
Skrifst.: Argyle Bldg., Garry st. Talsími 5997

BRAS- og RUBBER STIMPLAR

MANITOBA STENCIL & STAMP WORKS
421 Main St. Talsími 1880 P. O. Box 244.
Búum til allskonar Stimpla úr málmi og togleðri

CLYDEBANK SAUMAVÉLA AÐGERÐARMAÐUR. Brúkaðar vélar seldar frá $5.00 og yfir
564 Notre Dame Phone, Main 8624

VÍNSÖLUMENN

GEO. VELIE,
Hel sölu Vínsali. 185, 187 Portage Ave. B.
Smá-sölu talsími 352. Stór-sölu tal-ími 464.

STOCKS & BONDS

W. SANFORD EVANS CO.
326 Nýja Grain Exchange Talsími 369

ACCOUNTANTS & AUDITORS

A. A. JACKSON,
Accountant and Auditor
Skrifst.—28 Merchants Bank. Ta's.: 5702

OLÍA, HJÓLÁS FEITI OG FL.

WINNIPEG OIL COMPANY, LTD.
Búa til stein Olíu, Gasoline og hjólás-áburð
Tal-ími 1590 611 Ashdown Block

TIMBUR og BULAND

THOS. OYSTAD, 246 Kennedy Bldg.
Viður í vagnhlössum til notenda, bólönd til sölu

PIPE & BOILER COVERING

GREAT WEST PIPE COVERING CO.
132 Lombard Street.

VÍRGIRÐINGAR.

THE GREAT WEST WIRE FENCE CO., LTD
Alskonar virgirðingar fyrir bændur og borgara.
76 Lombard St. Winnipeg.

ELDAVÉLAR O. FL.

McCLARY'S, Winnipeg.
Stærstu framleiðendur í Canada af Stóm, Steinvöru [Graniteware] og fl.

ÁLNAVARA Í HEILDSÖLU

R. J. WHITLA & CO., LIMITED
264 McDermott Ave Winnipeg
"King of the Road" OVERALLS.

BILLIARD & POOL TABLES.

W. A. CARSON
P. O. Box 225 Room 4 1 Molson Banka.
Öll nauðsynleg áhöld. Eg gjöri við Pool-borð

NALAR.

JOHN RANTON
203 Hammond Block Talsími 4670
Sendið strax eftir Verðlista og Sýnishornum.

GASOLINE Vélar og Brunnborar

ONTARIO WIND ENGINE and PUMP CO. LTD
301 Chamber St. Sími: 2989
Vindmillur — Pumpur — agætar Vélar.

BLÓM OG SÖNGFUGLAR

JAMES BIRCH
442 Notre Dame Ave. Talsími 2638
BLÓM - allskonar. Söng fuglar o. fl.

BANKARAR.GUFUSKIPA AGENTR

ALLOWAY & CHAMPION
North End Branch: 667 Main street
Vér seljum Avisanir borgunlegar á Íslandi

LÆKNA OG SPITALAAHÖLD

CHANDLER & FISHER, LIMITED
Lækna og Dýralækna áhöld, og hospitala áhöld
185 Lombard St., Winnipeg, Man.

DR. H. R. ROSS
C.P.R. meðala- og skurðlækuir.
Sjúkdómum kvenna og barna veitt sérstök umönnun.
WYNYARD, — SASK.

Dr. M. Hjaltason,
Oak Point, Man.

Jóhanna Olson
PIANO KENNARI
557 Toronto St. Winnipeg

Sv. Björnsson,
EXPRES-MAÐUR,
annast um alls kyns flutning um borgina og nágrennið. Pöntunum veitt móttaka á prentstofu Anderson bræðra, horni Sherbrooke og Sargent stræta.

JÓN JÓNSSON, járnsmiður, að 790 Notre Dame Ave. (horni Toronto St.) gerir við alls konar katla, könnur, potta og pönnur fyrir konur, og brýnir hnífa og skerpir sagir fyrir karlmenn. — Alt vel af hendi leyst fyrir litla borgun.

SVARTUR PIPAR, malaður, blandaður saman við nýjan rjóma, hrekur burtu flugur.

VEITIÐ ATHYGLI!

Nú gefst yður tækifæri á, að eignast heimili og bújarðir með sanngjörnu verði.

Hús og bæjarlóðir til sölu og skipt fyrir bújarðir. Einnig seljum við og skiftum bújörðum fyrir bæjareignir, útvegum kaupendur fyrir eignir yðar, og önnumst um alls konar sölu og skipti.

Við útvegum peningalán með rýmilegum skilmálum, tökum hús og muni í eldsábyrgð, og seljum lífsábyrgðar skírteini með sérstökum hagsmunum fyrir hluthafa fyrir bezta og áreiðanlegasta Bandarikjafélag. Komið og finnið oss að máli, og skrásetjið eignir yðar hjá oss. Fljótum og áreiðanlegum viðskiftum lofað.

The MONTGOMERY Co.
K.B. Skagfjörð, ráðsmaður.
Rm. 12 Bank of Hamilton
Cor. Main & McDermott.
Skrifstofu talsími, Main 8317.
Heimilis talsími, Main 5223.

Mrs. Williams
er nýkomin til baka úr ferð sinni um gamla landið. Hún fór þangað til að skoða beztu kvenhatta verkstæðin og valdi þar mesta úrval af alls konar kvenhöfuðbúnaðarskrauti og höttum. Hún óskar, að ísl. konur vildu skoða vörur sinar sem hún er viss um þeim mundi geðjast að. Verðið sanngjarnt.
704 NOTRE DAME AVE.
23-12-9

The ALBERTA Hreinsunar Húsið
Skraddarar, Litarar og Hreinsarar. Frönsk þur- og gufuhreinsun. Fjaðrir hreinsaðar og gerðar hrokn ar. Kvenfatnaði veitt sérstakt athygli. Sótt heim til yðar og skilað aftur. Allskonar aðgerðir. Fljót afgreiðsla. Verð sanngjarnt. Opið á kveldin. FÓN: Main 3466.
660 Notre Dame Ave., Winnipeg
23-9-10

JOHN DUFF
PLUMBER, GAS AND STEAM FITTER
Alt verk vel vandað, og verðið rétt
964 Notre Dame Ave. Phone 3815
Winnipeg

HÚSIÐ

Reynsla Vesturlandsins er er sú, að McLean húsið sé áreiðanlegt í öllum viðskiftum Vér höfum sannað almenningi, að hvert Piano, sem vér seljum, er virði vorrar ábyrgar. Þótt af heztu tegundunum er

HEINTZMAN & CO

PIANO

Búintil af "Ye Olde Firm" Heintzman & Co.

Piano, sem er svo gott, að ekkert betra er búið til nokkurstaðar. — Til eru önnur góð Piano, en hinn mikli tónfræðingur De Pachmann segir: "Að hugsa til þess, að ég hefi ferðast um allan heim og brúkað beztu Pianos og að koma svo til Canada og uppgötva Heintzman & Co. Piano, sem er langamlega það bezta, sem ég hefi nokkurstaðar fundið".

Vér höfum miklar birgðir af ágætustu Upright og Grand Pianos, að meðtöldu hinu nýja Heintzman & Co. Player Piano, — hljóðfæri, sem felur í sér sérstaka eiginleika, sem ekkert annað Player Piano hefir til að bera.

528 MAIN ST.
Phone Main 808.

Útibú í BRANDON og PORTAGE LA PRAIRIE.

Fréttir úr bœnum.

Í þessu blaði byrjar fyrirlestur eftir séra Jón Helgason, yfirkennara við prestaskóla Íslands, þann mann, sem nú stendur næst biskupi landsins í þjónustu þjóðkirkjunnar. Þessi fyrirlestur hefir verið gefinn út í bæklingsformi og útbýtt um land alt. Heimskringlu hefir verið sent eintak, með þeim tilmælum, að blaðið prentaði fyrirlesturinn, og með því hann er þrunginn sannsögulegum fróðleik, töldum vér rétt að birta hann.

Af vangá var þess ekki getið í síðasta blaði, að greinin eftir Þorstein Erlingsson skáld var tekin úr blaðinu Ísafold.

Þann 11. þ.m. gaf séra Fr. J. Bergmann saman í hjónaband þau herra S. Stephensen og ungfrú Kristinu Christie, bæði til heimilis hér í borg. Hjónavígslan fór fram í Tjaldbúðarkirkju að viðstöddu miklu fjölmenni.

Þeir herrar Óskar Pálmi og Helgi Jóhannes, synir Kristjáns bónda Helgasonar, að Foam Lake, Sask., komu til borgarinnar á föstudaginn var til þess að stunda nám við búnaðarskólann hér. Aðrir tveir piltar hafa og um þetta leyti komið þaðan til þess að stunda búnaðarskólanám hér í bænum. Það eru þeir bræður Thorsteinn og Pétur, synir herra Steingrims Thorsteinssonar, frá Wynyard, Sask. Á skólanum eru nú þessir 10 íslenzkir nemendur:

Thorsteinn S. Thorsteinson og Pétur S. Thorsteinsson, frá Wynyard, Sask.

Óskar K. Helgason og Pálmi K. Helgason, frá Foam Lake, Sask.

Hákon Kristjánsson, frá Tautallon.

Óskar Olson, Thingvalla.

Steve Sigmar, Argyle.

Kristján Helgason, Argyle.

Hjálmar F. Danielsson, Otto.

Sigfús Sigfússon, Clarklaigh.

Mrs. M. J. Benedictsson talar á fundi stúkunnar Heklu um kvenréttindamálið næsta föstudagskv.

Þríheilagt

samkvæmi var haldið í Fyrstu lútersku kirkjunni á mánudagskveldið var, í tilefni af því, að þá var —

1. 39da hjónabandsafmæli séra Jóns Bjarnasonar og konu hans,
2. 64ða fæðingarafmæli séra Jóns og
3. 25 ára prestsþjónustu afmæli hans hjá þeim söfnuði.

Við þetta tækifæri var séra Jóni gefinn silfurkassi í bókarlagi, gyltur í sniðum og selkiféðraður, — verðmætur skrautgripur. Stutt guðsþjónusta fór fram í kirkjunni, og eftir það flutt ávarp til séra Jóns og ræður, og kórsöngur sunginn. Herra Jón Runólfsson flutti kvæði, er hann hafði samið við þetta tækifæri.

Ungtemplara stúkan ÆSKAN auglýsir sérlega vandaða skemtisamkomu í Good Templars Hall að kveldi þriðjudags 23. þ.m. þar verða sólós, tvísöngvar, hljóðfæraslátur og tveir stuttir leikir, upplestrar og annað þess háttar. Allur undirbúningur undir þessa samkomu hefir verið vandaður og geta menn því búist við ágætri skemtun. Forstöðukonur þessarar stúku óska þess, að landar vorir sæki samkomuna vel. Aðgangur kostar 25c, og veitingar friar.

Ungmennafélag Únítara heldur sinn venjulega hálfsmánaðar fund í Únitarasalnum í kveld (miðvikudag 17. þ.m.).

Kaffisala í Tjaldbúðinni fimtudags og föstudagskveld í þessari viku kl. 8 að kveldi.

Skór með Kid Yfirleðri.

Vér höfum nokkrar ágætar tegundir af karlmanna og kvenna Kidþöktum Skóm með flóka, Elk eða Rubber sólum, —einmitt það sem á við þetta veður. Verðið er frá

Fyrir Karlmenn
$4.50 til $6.50

Fyrir Konur
$3.00 til $5.00

Ryan-Devlin Shoe Co
494 MAIN ST PHONE 770.

Jónas Pálsson,

SÖNGFRÆÐINGUR.
Útvegar vönduð og ódýr hljóðfæri.
460 Victor St. Talsími 6803.

TIL SÖLU

í 'Municipality' af Westbourne 320 ekrur af landi, 100 ekrur ræktaðar. Allt girt, og gnægð af vatni. Sanngjarnt verð og góðir borgunarskilmálar.—

Frekari upplýsingar gefur B.L. BALDWINSON á skrifstofu Heimskringlu.

HEIMSKRINGLU og TVÆR skemtilegar sögur fá nýir kaupendur fyrir að eins $2.00

Þarft þú ekki að fá þér ný föt?

EF ÞAU KOMA FRÁ CLEMENT'S, — ÞÁ VERÐA ÞAU RÉTT.

Réttur að efni, réttur í sniði réttur í áferð og réttur í verði.

Vér höfum miklar byrgðir af fegurstu og beztu fataefnum.

Geo. Clements & Son
Stofnað árið 1874
264 Portage Ave. Rétt hjá FreePress

Th. JOHNSON

JEWELER
286 Main St. Talsími: 6606

JOHN ERZINGER

TÓBAKS-KAUPMAÐUR.
Erzinger's skorið reyktóbak $1.00 pundið
Hér fást allar nefntóbaks-teguadir. Óska eftir bréflegum pöntunum.
McINTYRE BLK., Main St., Winnipeg
Heildsala og smásala.

QUILL PLAINS HVEITI LÖND

25,000 EKRUR. Algerlega FYRSTA ÚRVAL frá hinni miklu C.N.R. landveitingu. Gufuplógs lönd hrein. slétt

ÞESSA ÁRS UPPSKERA sannar gæði jarðvegsins. — Enginn steinn eða hrís.—Gott vatn.—Nálægt mörkuðum, skólum og kirkjum.—Vér höfum umráð á öllum Jansen og Claassen löndunum, og bjóðum þau til kaups með sanngjörnu verði og auðveldum borgunarskilmálum.—Kaupendur geta borgað af hvers árs upp skeru; 6% vextir.— Sölubréfin gefin út beint frá eigendum til kaup endanna.—Eastern Townships Bank í Winnipeg og hver banki og "business"-maður í Marshall, Minn., gefur upplýsingar um oss. — Póstspjald færir yður ókeypis uppdrætti og allar upplýsingar.—

John L. Watson Land Co.
316 Union Bank Bldg. - - Winnipeg. Man

Herra Hjálmar Árnason frá Glenboro kom til borgarinnar um fyrri helgi. Hann var kvaddur til að starfa í dómþingskviðdómi í Portage la Prairie og var þar vikutíma. Flest málin þar kvað hann hafa verið smávægileg, eftir því sem gerist við slík dómþing, að undanteknu einu óþverramáli milli Galiciumanns og konu. En um það mál gat kviðdómurinn ekki orðið á eitt sáttur, svo að það var lagt yfir til næsta dómþings þar í bæ. Herra Árnason lét sérlega vel af verunni þar vestra, kvaðst hvervetna hafa mætt hinu alúðlegasta viðmóti. — Lakast þótti honum, að ókunnugleika vegna átti hann ekki kost á, að finna neina Íslendinga þar í bæ. Frá Portage la Prairie fór Hjálmar til Selkirk, í kynnisför til ýmissa kunningja sinna þar. Hann fór heimleiðis aftur á fimtudaginn var.

FUNDUR.

Stúdentafélagið heldur fund næstkomandi laugardagskveld í Únitara salnum. Fundurinn byrjar kl. 8. Ýms nauðsynjamál liggja fyrir fundinum til umræðu og úrslita, og ættu því meðlimir félagsins að sækja vel fund þenna.

Þeir félagar Gordon, Ironside & Fares hér í bænum hafa bygt 35 þús. dollara útibú í bænum Saskatoon, Sask., og sett landa vorn William Christianson, sem um mörg liðin ár hefir verið ráðsmaður þeirra í Kenora, Ont., yfir það. Herra Christianson fór þangað vestur fyrir 2 árum, og leizt þá svo vel á landið, að hann hvatti félagið til þess að reisa þar útibú. Félagið fór að ráðum hans og setti hann yfir stofnun þessa hina nýju, sem ætlast er til að taki til starfa í næstu viku.

Minnist öll, að stúkan Skuld ætlar að halda mjög góða skemtisamkomu 1. des. næstk. Box Social og margskonar prógram verður þar, einnig kaffi með brauði. Munið að lesa nánari auglýsingu um það í næsta bl. Neíndin.

Nú er verið að undirbúa Tableau-samkomur, sem verða haldnar í samkomusal Únitara 6. og 8. desember næstk. Þessi tegund af samkomum var mjög vinsæl síðastl. vetur. Í þetta sinn verða allar sýningarnar nýjar og mjög vel til þeirra vandað. Prógrammið verður auglýst síðar.

TVÖ GÓÐ HERBERGI eru til leigu hjá G. M. Bjarnason, 672 Agnes Street.

Þann 6. nóv. setti Guðrún J. Skaptason eftirfylgjandi meðlimi í embætti til að gegna störfum í stúkunni Æskan á yfirstandandi ársfjórðungi:

F.Æ.T.—Emma strang.
Æ.T.—Guðrún Jóhannsson.
V.T.—Guðrún Johnson.
O.—Jóhanna Blöndal.
A.R.—Olga Árnason.
K.—Norma Thorbergsson.
F.R.—Jónína Johnson.
G.—Hansina Hjaltalin.
D.—Guðrún Reykdal.
A.D.—Clara Thordarson.
V.—Harald Strang.
Ú.V.—Jónas Jóhannsson.

Meðlimatala stúkunnar er nú 172.

Óskað er eftir, að sem flest barnastúku börnin sæki næsta fund, laugardaginn 20. þ.m. og greiði ársfjórðungsgjald sitt. Um leið verður þeim afhent friir aðgöngumiðar að samkomu barnastúkunnar þriðjudaginn 23. þ.m.

STÓRFENGLEG AFSLÁTTARSALA

Næstu viku verður öll álnavara seld með stórkostlega niðursettu verði, frá 15 til 40 prósent afsláttur af hverju dollarsvirði.

Gleymið því ekki að nota tækifærið. Og svo gefum við ennþá 20 pund af sykri fyrir dollarinn, með hverri 5 dollara verzlun.

Karlmanna og drengja fatnaðurinn selst nú eins og heit kaka, — sami afsláttur inn á þeim meðan upplagið hrekkur.

Fyrir húðir borga ég 10c pundið — smjör 25c og egg 25c.

E. Thorwaldson & Co.,
Mountain - - N. Dak.

Eftirfylgjandi meðlimir voru settir í embætti af umboðsmanni H. Skaftfeld til að gegna störfum í stúkunni Ísland á yfirstandandi ársfjórðungi: —

F.Æ.T.—Sigríður Swanson.
Æ.T.—Hlaðgerður Kristjánsson
V.T.—Guðný Stefánsson.
Rit.—Stefán Pétursson.
A.-R.—Guðm. Johnson.
F.R.—Sig. Sigurðsson.
G.—Magnús Skaftfeld.
Kap.—Mrs. Th. Johnson.
D.—Jón Hafliðason.
A.-D.—Vilborg Gíslason.
V.—Eggert Eggertsson.

Meðlimatala stúkunnar er 63. — Ísland er þannig minsta íslenzka stúkan í Winnipeg. En hún er samt nógu mannmörg til þess að geta þrifist og dafnað vel og gert áhugamáli G. T. reglunnar gagn, ef að eins allir meðlimir hennar vildu leggja hönd á plóginn. Allir meðlimir stúkunnar, sem þetta lesa og ekki hafa sótt fundi reglulega í seinni tíð, eru vinsamlega beðnir að sækja fundi stúkunnar framvegis, og sýna með því að þeir vilji styðja stúkuna í viðleitni hennar til að efla framgang hins mesta áhugamáls allra Góðtemplara. Embættismenn stúkunnar þurfa á styrk allra meðlimanna að halda, og ef þeir láta hann í té, þarf stúkan ekki að kvíða fyrir komandi tíð. Munið eftir að koma á næsta fund 18. þ.m.

Skemtisamkomu og VEITINGAR

Heldur ungtemplara stúkan "Æskan" þriðj dagskv. 23. nóvember í Good Templarsalnum (efri)

PROGRAM:

1. Pianospil—Guðný A. Johnson.
2. Samsöngur—Nokkrar stúlkur.
3. Upplestur—Margrét Clemens.
4. Sólo—Jóhanna Blöndal.
5. stuttur leikur.
6. Tvísöngur—Ólöf Thorlakson og Antonia Thorarinson.
7. Pianospil—Jónína M. Johnson.
8. Upplestur—Guðrún Jóhannsson
9. Stuttur leikur.
10. Tvísöngur— May Thorlakson og E. Thorarinson.
11. Gamanleikur.
12. Sólo—Guðrún Johnson.
13. Samsöngur—Nokkrar stúlkur.
14. Veitingar.

Aðgangur kostar 25c
10c FYRIR BÖRN.

CONCERT OG DANS

til hjálpar Mrs. Neley, ekkju með 2 ungum börnum, verður haldið í Good Templars Hall (efri salnum) þann 25. nóv. Byrjar kl. 8 að kveldi. Auk annara skemtana, sem þar verða, spilar hljóðfæraflokkur Prof. Waddell's bæði á Concert samkomunnar og fyrir dansinum. Þar verður söngur og hljóðfæraslátur og þeir fengnir til að koma fram, sem færastir eru taldir í sínum sérfögum.

Prof. J. Waddell hefir tekið að sér að hjálpa þessari konu, sem á mjög bágt, og hann vonar, að Íslendingar leggi sinn skerf til þess, að aðsóknin verði svo góð, að arðurinn af samkomunni geti orðið konunni handhægur styrkur.

Kona þessi býr á William Ave. Gleymið ekki fimtudagskveldinu þann 25. þ.m. Aðgangur 25 cents.

The Abernethy Tea Rooms

Eru nú undir nýrri ráðsmensku. Vér getum selt fólki góðar máltíðir og hressingar eftir þann 9. þ. m. —

21 máltíðarseðlar $3.50

472 PORTAGE AVE.

Omeinguð Hörlérept

beint frá verksmiðjunni á Írlandi. Af því vér kaupum beint þaðan, getum vér selt írsk hörlérept ódýrar en aðrir í borginni. 15 prósent afsláttur næstu 2 vikur.

C. S. S. Malone
552 PORTAGE AVe. Phone Main 1478
16-12-9

MARTYN F. SMITH,

TANNLÆKNIR.
Fairbairn Blk. Cor Main & Selkirk

Sérfræðingur í Gullfyllingu og öllum aðgerðum og tilbúnaði Tanna. Tennur dregnar án sársauka. Engin veiki á eftir eða gómbólga. —

Stofan opin kl. 7 til 9 á kveldin
Office Phone 6944. Heimilis Phone 6462.

Gólfteppa Hreinsun

Vér stoppum og þekjum gamla stóla, legubekki og fleira. — Flyt húsgögn og geymi þau yfir lengri eða styttri tíma. —

W.G. Furnival
312 Colony St. Phone 2041.

Húðir og ógörfuð Loðskinn

Verzlun vor er vor bezta auglýsing. Sendið oss húðir yðar og loðskinn og gerist stöðugir viðskiftamenn.

Skrifið eftir verðlista.

The Lightcap Hide & Fur Co., Limited
P.O.Box 1092 172-176 King St Winnipeg
16-9-10

Ný Kjötverzlun

Allar vörur af beztu tegund.

H. SIMONITE, eigandi
Talsími: 947 110 Isabel St.
16-9-10

Drs. Ekern & Marsden,

Sérfræðislæknar í Efturfylgjandi greinum: — Augnasjúkdómum, Eyrnasjúkdómum, Nesasjúkdómum og Kverkasjúkdómum. : : :

Í Platky Byggingunni í Bænum
Grand Forks, :: N. Dak.

Boyd's Brauð

Góð heilsa krefst að þér borðið réttilega bakað Brauð, sem gert er úr ómeinguðu mjöli Brauð sem nærir yður Reynið eitt brauð vort—biðjið matsalann um það; ef hann hefir það ekki, þá símið og vagn vor færir yður það. —

Boyd's

Bakery Cor. Spence & Portage Ave
Phone 1030.

Winnipeg Wardrobe Co.

Kaupa brúkaðan Karla og Kvenna fatnað,—og borga vel fyrir hann.

Phone, Main 6539 897 Notre Dame Ave.

BILDFELL & PAULSON

Union Bank 5th Floor, No. 520
selja hús og lóðir og annast þar að lútandi störf; útvegar peningalán o. fl.
Tel.: 2685

J. L. M. THOMSON, M.A., L.L.B.

LÖGFRÆÐINGUR. 255½ Portage Ave.

Hubbard, Hannesson and Ross

LÖGFRÆÐINGAR
10 Bank of Hamilton Chambers
Tel. 378 Winnipeg

ANDERSON & GARLAND

LÖGFRÆÐINGAR
35 Merchants Bank Bldg. Phone: 1561

BONNAR, HARTLEY & MANAHAN

Lögfræðingar og Landskjala Semjarar
Suite 7, Nanton Block, Winnipeg

W. R. FOWLER A. PIERCY.

Royal Optical Co.

307 Portage Ave. Talsími 7286.

Allar nútíðar aðferðir eru notaðar við augn-skoðun hjá þeim, þar með hin nýja aðferð, Skugga-skoðun, sem gjöreyð öllum ágiskunum. —

Dr. G. J. Gislason,

Physician and Surgeon
Wellington Blk, - Grand Forks, N.Dak
Sjerstakt athygli veitt AUGNA, EYRNA, KVERKA og NEF SJÚKDÓMUM.

It's going UP.

Þú getur ekki búist við

að það geri annað en eyðast í reyk. Því ekki að fá nokkur tons af okkar ágætu kolum; og hafa ánægjuna af, að njóta hitans af þeim, þegar vetrarkuldarnir koma. Komið til vor og nefnið þetta bl.

D. E. ADAMS COAL CO.
YARDS Í NORÐUR, SUÐUR, AUSTUR OG VESTURBÆNUM
Aðal Skrifst.: 224 BANNATYNE AVE.

EKRU-LÓÐIR

á. til 5 ekru spildur við rafmagns brautina, 5 míluer frá borginni. — aðeins 10 mínútna ferð á sporvagninum, og mölborin keyrslovegur alla leið. Verð $200 ekran og þar yfir. Aðeins einn-fimtipartur borgist strax, hitt á fjórum árlegum afborgunum.—

Skuli Hansson & Co.

Skrifst. Telefón 6436. Heimilis Telefón 2274

Heimskringla.

Vér höfum næga skildinga

til að lána yður mót tryggingu í bújörðum og bæjar-fasteignum. Seljum lífsábyrgðir og eldsábyrgðir. Kaupum sölusamninga og víxlaskuldabréf.

Frekari upplýsingar veita

Skuli Hansson & Co.

56 Tribune Building. Winnipeg.

XXIV. ÁR WINNIPEG, MANITOBA, FIMTUDAGINN, 25. NÓVEMBER 1909 NR. 8

Fregnsafn.

Markverðustu viðburðir hvaðanæfa

— Frú Steinheil hefir verið sýknuð af kærum þeim, sem færðar voru fram gegn henni fyrir að hafa orsakað bana manns síns og móður hans. Mál þetta sem getið hefir verið um í Heimskringlu áður, hefir staðið yfir í Paris á Frakklandi og verið sótt af kappi miklu og vakið athygli um heim allan.— Svo var lögsóknari ósvífinn í ræðu sinni til kviðdómsins, að hann lýsti nákvæmlega, hvernig alt hefði gengið til, þegar konan var að fremja þessi morð. Við þetta urðu áheyrendur í dómsalnum svo æstir að þeir æptu heitingum að lögsóknara. Þá kvaðst dómarinn mundi kalla 50 hermenn inn í salinn, til þess að reka áhorfendur út, en af því varð þó ekki, með því að lögsóknarinn endaði þá ræðu sína. Verjandi hélt snjalla ræðu, sem varði langt fram á nótt, og undir morgun þann 12. þ.m. var konan sýknuð og samstundis flutt burt úr dómsalnum. Síðan hafa henni boðist stöður í leikhúsum í Ameríku og flestum Evrópulöndum, til þess að sýna sig þar og flytja stutta fyrirlestra — gegn háum launum. Mikill sægur málsmetandi manna hafa og boðið henni kvonfang., En engum slikum tilboðum hefir hún sint.

— Tíu "Svarthandar" félagar í Hazelton í Pennsylvania hafa verið handteknir. Margir borgarar þar höfðu fengið hótunarbréf um liflát, ef þeir borguðu ekki félögunum stórar fjárupphæðir, og 2 íbúðarhús hafa verið sprengd í loft upp með dynamit, af því að eigendur þeirra höfðu ekki borgað það, sem heimtað var. Í húsum þessara 10 manna, sem handteknir voru, fanst mikið af sprengiefni, morðvopnum og skjölum, sem fjölluðu um starfsemi Svarthandarfélagsins.

— Fyrir fáum dögum söfnuðu kvenfrelsiskonur á Englandi liði og heimsóttu Winston Churchill, einn af ráðgjöfunum í stjórn Breta. Hann tók þeim prúðmannlega og hlustaði með athygli á mál þeirra. Í svari sínu gat hann þess, að aðferð sú, sem þær beittu til að koma réttarkröfum sínum fram, væri svo algerlega röng, ofstækisfull og fjarstæð öllu kvenlegu velsæmi, að hvorki mundi sú stjórn, sem nú er við völdin, né nokkur önnur, sem koma kynni í hennar stað, verða fús til þess að veita réttarkröfum kvenna áheyrn, svo lengi sem konurnar héldu áfram ofbeldisverkum sínum og æsingum, — óhemjulegum æsingum. Konurnar skildu við hann í styttingi, og næst þegar þær náðu honum úti á götu, hörðu þær hann með hundasvipum. Fyrir þetta var nokkrum þeirra kastað í fangelsi. — Nú auglýsa konur það opinberlega, að þær muni beita sömu hirtingu við alla hina ráðgjafana, eða eins marga þeirra og þær geti náð til, alt þar til kvenrétturinn sé fenginn. Sumar ganga jafnvel svo langt, að hóta að kasta sprengikúlum, ef þær verði ekki bænheyrðar.

"Andvökur"

LJÓÐMÆLI EFTIR

Stephan G. Stephansson

Kosta, í 3 bindum, $3 50, í skrautbandi.

Tvö fyrri bindin eru komin út, og verða til sölu hjá umboðsmönnum útgefendanna í öllum íslenzkum bygðum í Ameríku.

Í Winnipeg verða ljóðmælin til sölu, sem hér segir:

Hjá Eggert Jóhannssyni, 689 Agnes St., EFTIR KL. 6 AÐ KVELDI.

Hjá Stefáni Péturssyni, AÐ DEGINUM, frá kl. 8 f.h. til kl. 6 að kveldi, á prentstofu Heimskringlu.

Hjá H. S. Bardal, bóksala, Nena St.

Hjá N. Ottenson, bóksala, River Park, Winnipeg.

— Frekari fregnir af ofsaveðri því, sem getið var um í síðasta blaði, að ætt hefði yfir Jamaica eyjuna, skýra svo frá, að um 20 manns hafi látist. Sæsíminn varð brattur 15. þ.m., svo að fregnir berast frá eyjunni, en landsímar eru víða óbættir. Sagt er, að tveir fimtu hlutar allra banana-akra hafi eyðilagst í veðri þessu. Mörg skipu ráku á land upp. Eignatjón er metið 5 miliónir, mest í húsum, brúm og vegum. Rigningarnar vöruðu í sámfleytta sjö sólarhringa, og á þeim tíma féll 90 þumlungar af regni, eða rúmlega 12 þuml. á sólarhring að jafnaði.

— Dáleiðarinn Everton, sem getið var um í síðasta blaði, hefir síðan verið í fangelsi. Til þess að sanna, að dáleiðslan geti ekki haft þau áhrif á menn að sprengja hjartaæðarnar, eins og kom fyrir Robert Simpson á New York leikhúsinu, — þá hefir prófessor Everton fengið leyfi til þess, að sýna dáleiðinga list sína í fangaklefa sínum, meðan nefnd af læknum þar í borginni var þar viðstödd. Meðal annars svæfði hann mann þann, sem settur var til að gæta hans, og lét hann gera ýmsar hreyfingar að læknunum áðjáandi. Vakti svo manninn og færði læknunum heim sanninn um, að hann var eins hraustur eftir eins og áður. Mál prófessorsins er enn ekki leitt til lykta, en líklegt að hann verði sýknaður.

— Á síðasta fjárhagsári var 29½ milión dollara af ríkisfé varið til járnbrautalagninga, þar af nálega 25 miliónum til Grand Trunk Pacific járnbrautarinnar, hinu til annara þjóðbrauta. Þess utan tapaði ríkið rúmlega 800 þús. dollars á starfrækslu Intercolonial járnbrautarinnar. Til skipaskurða var varið yfir 3½ milión dollara.

— Indiána norðarlega í British Columbia fylkinu hafa um tíma látið ófriðlega út af byggingu G. T. P. brautarinnar gegn um héruð þeirra á leið til Prince Rupert. Einn Indiána flokkur sérstaklega, sem hefir um 200 fullorðna karlmenn, hótaði þeim, sem brautina voru að byggja, öllu illu, ef þeir héldu áfram, og neyddu verkamennina til að hætta þar starfi um tíma. Þegar stjórninni í British Columbia var gert aðvart um þetta, sendi hún 50 vopnaða lögreglujóna út þangað. Þeir komu í Indiána bygðina að næturlagi og handtóku þar 8 af leiðtogum Indiána, er æstastir höfðu verið, fluttu þá til Vancouver og drógu fyrir dóm. En þetta sefaði Indiána alls ekki. Þeir hafa síðan látið mjög ófriðlega, svo að stjórnin hefir á ný orðið að senda lögreglulið með gufuskipi norður til Prince Rupert og þaðan norður um land til þess að bæla niður uppreist rauðskinnanna.

— Hveiti það, sem vaxið hefir á sl. sumri við Fort Liard, hefir reynst að vera að gæðum No. 2 Northern, og að vera 94 centa virði hvert búshel. Fort Liard er 200 mílur norður frá sextugustu n rðurbr. Ifnu og 20 mílur fyrir austan takmörk Yukon héraðsins.

— Flota-stefna Ottawa stjórnarinnar er nú komin fram í dagsljósið. Sjö herskip á að byggja, sem ráðgert er að kosti nær 20 miliónir dollara, með tveggja milión dollara viðhaldskostnaði. Laun skipsmanna er áætlað að verði 400 þús. dollars á ári og matvæli er gert ráð fyrir að muni kosta 100 þús. dollara árlega. — Aðgætandi er, að þetta er fyrsta áætlun stjórnarinnar, en líklegt er, að ostnaðurinn við byggingu skipanna, viðhald þeirra og útgerð öll verði langt um meiri en áætlað er. Ráð er gert fyrir, að yfir 14 hundruð manna verði á þessum 7 herskipum.

— Lávarðadeildin á Englandi hefir ákveðið að neita fjárlagafrumvarpi stjórnarinnar samþykkis, þar til búið sé að leggja það undir atkvæði þjóðarinnar. En það þýðir, að almennar kosningar verða að fara fram svo fljótt, sem því verður við komið, og er búist við, að það verði í janúar í vetur.

— Þrjú kaup og fiskiskip strönduðu við Nýfundnaland í ofsaveðri, sem þar gekk um miðjan þennan mánuð. Mörg önnur skip eru töpuð, og búist við, að þau hafi hrakið á haf út og máske farist. Mörg hús fuku af grunnum sínum í ofsaveðri þessu, og rit og talsímastólpar fuku um koll. Bryggjur skemdust víða við ströndina, og fiskihús sjómanna eyðilögðust með öllu á sumum stöðum. Óflug gufuskip hafa verið gerð út til þess að leita að hinum týndu skipum.

— Á tólf mánaða tímabilinu frá 31. marz 1908 til jafnlengdar 1909, létust 438 menn og 1201 særðust við járnbrautavinnu í Canada. Af farþegum með járnbrautalestum létu 26 lífið.

— Knudson stjórnin í Noregi hefir beðið ósigur við nýafstaðnar kosningar þar í landi, og leggur niður völdin í janúar næstk. Hægrimenn og Liberalar hafa í sameiningu náð 68 þingsætum og stjórn verður mynduð úr liði beggja flokkanna, sem nú hafa sameinast.

Námaslysið í Cherry.

— Í síðasta blaði var getið um námaslysið voðalega, sem varð í bænum Cherry í Illinois, þar sem nær 5 hundruð manna var talið að hefðu kafnað og brunnið í námanum. Eins og nærri má geta, voru konur og aðstandendur þessara manna mjög æst, og svo var áfergjan mikil að komast niður í námann, að eigendur hans urðu að setja eða fá sett herlið til þess að verja námaopið og varna fólkinu frá að detta þar niður, eða á annan hátt að fara sér að voða. Gamlir námamenn og ungir, sem ofanjarðar voru, þegar slysið vildi til, voru mjög órólegir og æstir, og þar kom að lokum, að þeir tóku sig til á laugardagskveldið var, um miðnætti, réttri viku eftir að slysið varð, og fóru niður í námann. Á sunnudagsmorguninn komust þeir svo langt, að þeir gátu flutt með sér á yfirborð jarðar nokkra líkami hinna látnu starfsbræðra sinna. Enntremur sögðust þeir hafa heyrt neyðaróp þar niðri í námunni og töldu víst, að þar væru enn einhverjir lifandi. Var þá unnið allan sunnudaginn og mánudaginn að því, að reyna að nálgast þessa menn, og svo fór, að það tókst að ná 22 mönnum lifandi úr námanum á mánudaginn. Alls voru fluttir á yfirborð jarðar 92 menn og voru 70 af þeim dauðir. Fleiri eru enn lifandi í námanum, en milli þeirra og leitarmanna eru göng mikil, sem fallið hafa saman og fylst upp af kolum á 70 feta dýpi, og því voru leitarmenn að rýðja burtu, þegar síðast fréttist, í von um að geta bjargað þeim, sem þar eru inniluktir.

Enn kvað eldur vera í náma þessum eða sumum hlutum hans. Þeir, sem komist hafa lífs af, segjast hafa haldið í sér lífinu með því að lifa á kjötinu af hestum þeim, sem voru í námanum. Allir námafræðingar töldu með öllu ómögulegt, að líf gæti leynst með nokkrum af þeim mönnum, sem eldurinn innilukti í námanum, en gömlu námamennirnir höfðu litla trú á röksemdum námafræðinganna, og þess vegna tóku þeir sig til að leita í námanum, og varð af því sá árangur, sem frá er greint hér að framan.

Sagt er, að í náma þessum séu yfir 50 afkymar, og leitarmenn segjast hafa heyrt högg í ýmsum þeirra, og þeir vona að sér verði svo vel ágengt, þrátt fyrir alla erfiðleika, að þeir verði búnir að kanna hvern einasta afkyma námans um miðja þessa viku.

Borgarstjóri bæjarins gerir sér von um, að hundrað menn kunni að vera lifandi ennþá, og jafnvel eigendur námans eru nú orðnir sömu skoðunar. Og svo er þessi von örugg, að nú er hætt við að smíða fleiri líkkistur í bráð, þar til vissa sé fengin fyrir, hve margir hafi farist í námanum. Fyrst var talið víst, að enginn kæmist lifandi úr þessari voðagröf, og félagið gerði því ráðstafanir til að láta smíða líkkistur fyrir allan hópinn. — Leitarmenn hafa unnið með dæmafáum hetjudug að því, að því að bjarga, og fyrir þeirra framgöngu er það, að nokkrir hafa náðst lifandi úr námanum.

Tupper er á móti.

Sir C. H. Tupper hefir í ræðu, er hann hélt í Revelstoke, B. C., þann 17. þ.m., gefið 7 ástæður fyrir því, hvers vegna hann er andvígur j rnbrautasamninum sem stjórnarinnar. Þær eru þessar:

1. Að engar skorður séu reistar við því, að McKenzie & Mann geti selt öll réttindi sín í hendur einhvers annars félags.
2. Að engir samningar séu gerðir um lækkun fargjalda og flutningsgjalda.
3. Að ekkert sé um það samið, að stjórnin hafi nein umráð yfir því, hve há eða lág far- og flutningsgjöld megi vera.
4. Að engar ráðstafanir hafi verið gerðar fyrir myndun varasjóðs
5. Að engar skaðabætur séu tilteknar, ef félagið standi ekki við samninga sína við fylkið.
6. Að ekki sé um það samið, að fylkisstjórnin megi láta yfirskoða bækur félagsins.
7. Að ekki hafi verið samið um, að byrjað skyldi á byggingu brauta að vestan, frá hafinu.

Enntremur fann hann það að samningunum, að McKenzie & Mann, sem eiga 85 prósent af öllum eignum félagsins, ekki voru skyldaðir til að selja hluti sína í umsjá fylkisstjórnarinnar, sem tryggingu fyrir því, að þeir félagar héldu samning sinn við fylkið.

Ræðumaður hélt því fram, að myndun varasjóðs væri nauðsynleg — að annars gætu þeir félagar varið öllum ágóðanum af starfrækslu brautarinnar til þess að byggja auka-járnbrautargreinar og endastöðvar og annað þess háttar, svo að engir peningar yrðu fyrirliggjandi til þess að borga skuldabréfin, þegar þau féllu í gjalddaga. — Hann benti einnig á, að gróðinn af brautakerfi þeirra félaga í Canada væri 800 þús. dollars á ári. Í Manitoba hefðu samningarnir við þetta félag verið svo vel útbúnir, að fylkisbúar spöruðu 1½ milión dollara minst á ári í lækkuðum far- og flutningsgjöldum. — Hann sagði, að skuldabréf félagsins nemu nú 57½ milión dollara. Dominion stjórnin hefði fyrir þann styrk, sem hún hefði veitt félaginu, fengið umráð yfir far- og flutningsgjöldum, og einnig trygt það, að járnbrautakerfið gæti ekki komist í eigu C.P.R. félagsins. En British Columbia stjórnin fengi ekkert.

Lárus M. Árnason.

Sjaldan hefir mér um æfina orðið eins bilt við og á sunnudag nóv. 14. þ.á., er frétt barst mér, að æskuvinur minn hefði látizt þennan morgun um óttuskeið á spítala í Grand Forks. Ég hafði eigi vitað, að Lárus væri veikur, enn síður að hann lægi banalegu sína í Grand Forks; engin vinahönd, enginn ættingi gat því hlúað að honum á dauðastundunni og þerrað dauðasvitann af brá honum! — En svo hefir farið oft um margan góðan íslenzkan dreng, að hann hefir verið einstæðingur alla æfi barist lífsbaráttunni fjarri ættlandinu, fjarri ástvinum og kunningjum, og fyrst hraðfrétt eða bréf hafa fært vinum — sem gjarnan hefðu óskað, að létta honum dauðastríðið — fregnina um lát hans. Við Íslendingar lifum hér á dreifingu, og svo mun verða lengst af, og er það eigi sízt ókosturinn við veruna hér.

Lárus heitinn var fæddur árið 1861 24. dag febrúarmánaðar að Vilborgarstöðum í Vestmannaeyjum. Voru foreldrar hans merkishjónin Árni Einarsson, sem lengi var hreppstjóri og sáttasemjari í eyjunum, og Guðfinna Jónsdóttir, dóttir prestsins Jóns Austmanns. Lárus var þann veg af góðu bergi brotinn. Hann var settur til menta og um 18 ára aldursbil sendur í Reykjavíkurskóla; hafði séra Brynjólfur prestur Jónsson, hálfbróðir séra Jóns Bjarnasonar, búið hann undir skólann, og kom hann því vel undirbúinn. Úr skóla útskrifaðist hann vorið 1884 og fór til Hafnar sama haust til að stunda læknisnám; dvaldist hann við háskólann 2 næstu árin, en varð þá að hætta, því efnaskortur, sem mörgum efnilegum unglingi í Danmörku hefir á kné komið, krepti að honum, og hann fór því til Chicago, þar sem bróðir hans Kristmundur var áður kominn. Hann var alla tíð um of bjartsýnn og þóttist nú geta betur komið æskuvonum sínum í verk, því í Vesturheimi mundi nóg tækifæri vera fyrir framgjarnan ungling, fullan af glæsilegum framtíðarvonum, og á stuttum tíma mundi hann þar geta aflað sér fjár og frama,— og svo farið heim til Íslands og unnið þar að heill ættjarðarinnar. En öðruvísi fór, þega hann kom til Vesturheims, þá var um þær mundir vinnuekla mikil; hann gat naumlega unnið fyrir sér. Ég var þá nýkominn til landsins, frétti af Lárusi og bauð honum að koma norður til mín. Hann kom þá, og að mínu ráði fór hann að stunda lyfjafræði, og fjórum árum síðar tók hann próf sem lyfjafræðingur. Hann var ágætur í sinni ment og hefði getað orðið mesti sómi Íslendingum, ef hann hefði getað notið sín. — Skömmu síðar fór hann til Grand Forks, vann þar, en einmana eins og hann var, gat hann eigi notið sín og komið sér fram. Hann var einstæðingur, kunni eigi að hræsna og var ómannblendinn, gat aldrei beygt kné fyrir prestum eða prelátum og fór einn sinn veg.

Árið 1899 sá hann sér fært að setja upp á eigin spítur lyfjabúð í Crery, nálægt Devil's Lake. En honum farnaðist eigi vel, af því að hann hafði eigi lært að binda bagga sína eins og aðrir. Dvaldist þó þar til dauðadags, og í Devils Lake hvíla nú bein hans.

Hann var trygglyndur og trúr; mesti snyrtimaður í allri framgöngu og glæsimaður. Heiðarlegri sál og trúfastari, hefi ég aldrei þekt. Fátalaður var hann alla tíð um sína hagi og bar harm sinn í hljóði. Æskuvonirnar höfðu brugðist honum; hann fann, að hann átti aldrei að sjá aftur Ísland, sem hann alla tíð þráði og barnslega gladdist, þegar hann frétti, að nú mundi fara að roða fyrir dagsbrún heima. Ég er viss um, að hinsta hugsun hans hefir verið heim til Íslands.

Friður yfir moldum þínum!

Dr. M. Halldórsson.

Samkoman á Lundar.

Þann 25. okt. sl. var ég staddur að Lundar P.O., Man. Frétti ég þá, að það sama kveld ætti að verða samkoma í húsi Íslendinga þar, svo ég mannaði mig upp og sótti samkomuna.

Prógrammið var: — Ávarp forseta H. Halldórssonar. Ræður fluttu séra Jónas Jónsson og séra G. Guttormsson og skólakennararnir Jóhannes Eiríksson og herra Lars. Upplestur flutti ungfrú Anna Bjarnason og kvæði Hallur Hallsson, og 5 eða 6 ein- og tvísöngvar fóru þar fram. Alls voru 12 ágæt stykki á prógramminu, og síðast var dans fyrir unga fólkið.

Aðgöngumiðar voru seldir við inngangínn, hver fyrir 25c. En hver, sem ekki vildi kaupa aðgöngumiða, fór inn ókeypis. En bezti "Thanksgiving Supper" fylgdi hverjum aðgöngumiða, einnig kaffi og alls konar brauð með því síðari hluta næturinnar. 175 aðgöngumiðar seldust.

Einnig var haldið opinbert uppboð á hálsbindum, og var Jóhannes kaupmaður Halldórsson, frá Oak Point, uppboðshaldarinn, og fórst svo prýðilega, að hvert hálsbindi seldist fyrir frá $1.50 til $3.

Konur þær, sem önnuðust um veitingar, leystu störf sín mjög myndarlega af höndum.

Eftir því, sem mér fanst, voru allar ræðurnar sérlega góðar, og í þakklætisskyni við gjafarann allra góðra hluta.

Á þessari samkomu var ekkert áfengi, og sérleg reglusemi og friður hvíldi yfir samkomunni alla nóttina. Ef vér Íslendingar hefðum kringumstæður til að hafa slikt fyrirkomulag á samkomum vorum út um bygðarlög vor í þessari álfu, sem haft var á þessari samkomu að Lundar, mundi það verða til þess að glæða félagslíf meðal fólksins, jafnt þess unga sem hins eldra.

Ágóðanum af þessari samkomu var varið til þess að borga með orgel, sem keypt hafði verið fyrir samkomuhús Íslendinga að Lundar.

Að endingu þakka ég kærlega öllum þeim, sem stóðu fyrir þessu samkvæmi, fyrir mig og drenginn minn, og óska, að þeir hafi tækifæri til að koma á fót jafngóðri skemtun í hvert skifti, sem stofnað verður þar til samkomu.

Dog Creek, 6. nóv. 1909.

Ó. Thorlacius.

— Maður var nýlega kærður á Frakklandi fyrir að hafa skotið nefið af konunni sinni. Þegar kom í réttinn, kom konan þar fram og bað um, að bóndi sinn yrði sýknaður. Hún kvaðst vera hans eign, og hann hefði rétt til að gera við eign sína það sem honum þóknaðist. Dómarinn var ekki á sama máli og dæmdi manninn í fangelsi.

OGILVIE'S

Royal Household Flour

Til Brauð og Köku Gerðar

Gefur Ævinlega Fullnægingu

EINA MYLLAN Í WINNIPEG,—LÁTIÐ HEIMAIÐNAÐ SITJA FYRIR VIÐSKIFTUM YÐAR.

Wall Plaster

Með því að venja sig á að brúka "Empire" tegundir af Hardwall og Wood Fibre Plaster er maður hár viss að fá beztu afleiðingar.

Vér búum til:

"Empire" Wood Fibre Plaster
"Empire" Cement Wall "
"Empire" Finish "
"Gold Dust" Finish "
"Gilt Edge" Plaster of Paris
og allar Gypsum vörunteg-undir. —

Eiqum vér að senda yður bækling vorn?

MANITOBA GYPSUM CO. LTD

SKRIFSTOFUR OG MILLUR Í

Winnipeg, - Man.

Heimskringla
Published every Thursday by The Heimskringla News & Publishing Co. Ltd
verð blaðsins er aðeins $1.00 um árið (fyrir fram borgað).
Sent til Íslands $1.50 (fyrir fram borgað) af kaupendum blaðsins borgað í [illegible]

B. L. BALDWINSON
Editor & Manager

Office:
729 Sherbrooke Street, Winnipeg
P.O. BOX 3083. Talsími 8312.

Nýtt málefni.

Heimskringla á ekki upptökin að þeirri hugsjón eða uppástungu, sem eftirfarandi grein fjallar um. Hún er skilgetið barn eins af vinum blaðsins, sem sér lengra en nef hans nær, og sem hefir sýnt það með starfi sínu hér í borg, að hann kann að færa sér í nyt þá auðsæinu möguleika, sem jafnan standa opnir þeim mönnum, sem með atorku, hagsýni, ráðdeild og fyrirhyggju leggja fram ódreifða krafta sína til þess að auðga sjálfa sig og jafnframt að geta orðið bjargvættir annara.

Þessi vinur vor gat þess hér á skrifstofunni, að það vekti fyrir sér, að íslenzkir byggingamenn og smiðir væru að kasta frá sér mikilli auðlegð árlega með því að kaupa alt það byggingaefni til húsagerða, sem þeim væri innan handar að taka hjá sjálfum sér, ef þeir að eins vildu hafa samtök til þess.

Hann mintist á, hvernig félagið "Winnipeg Paint and Glass Co." hefði tilorðið fyrir nokkrum árum, hve það hefði byrjað með litlum höfuðstól og hve voldugt það félag væri nú orðið og starfsemi þess umfangsmikil, þar sem það nú hefir viðskifti við einstaklinga og félög um alla Vestur-Canada og hluta af Ontario. Verksvið þess er stöðugt að stækka og fjármagn þess að aukast. Tvö eða máske þrjú samkynja félög eru hér í borg. En þó er samkepnin ekki meiri en svo, að nægilegt rúm er fyrir enn eitt slíkt félag, og þó fleiri væru, og þess meira er verkefnið, sem landið byggist betur upp.

Heimskringla hefir það fyrir satt, að þessi timbursölu félög hér í borg hafi á yfirstandandi tíma nægilegar pantanir fyrirliggjandi til þess að halda þeim herskara af mönnum, sem fyrir þau vinna, við stöðuga atvinnu um næstu 2 ár, þó engar pantanir bættust við þær sem nú liggja fyrir. Á þessu meðal annars byggist sú hugsun, að hér sé að ræða um beint gróðafyrirtæki, og um það fyrirtæki, sem veitt gæti hundruðum landa vorra stöðuga og vel launaða atvinnu árið um kring.

Sá, sem ræddi mál þetta við blað vort, vill láta íslenzka byggingamenn og smiði ganga í félag, er löggilt verði með 100 þúsund dollara höfuðstól, sem þeir leggi til, eða kaupi hluti fyrir. Viss upphæð hlutanna borgist út strax, og hitt á ákveðnum tímabilum. En hlutaborganir allar séu svo tryggðar, að lánstraust á bönkum sé auðfengið.

Með fénu vill hann láta kaupa landspildu á hentugum stað, og nægilega stóra til framtíðar. Slíkar spildur eru enn fáanlegar hér í borg með guðlegu verði. Á hluta af landinu vill hann láta reisa verkstæðið, nægilega stórt og með nauðsynlegum vélum og öðrum áhöldum til þess að reka iðnaðinn. Í verkstæði þessu vill hann láta smíða alla þá hluti, er lúta að húsasmíðum, að meðtöldum hurðum og gluggum. Og einnig mætti smíða þar ýms húsgögn, sem einatt er sala fyrir. Honum telst svo til, að þá stofnfé, sem nefnt hefir verið, sé nægilegt, ekki að eins til þess að kaupa landið og koma upp verkstæðinu með öllum nauðsynlegum vélaútbúnaði og öðrum nauðsynjum, — heldur einnig til þess að kaupa nauðsynlegar viðarbirgðir og annað efni, sem þarf til iðnrekstursins, og yfirleitt til þess, að koma starfinu á fastan grundvöll.

Hann hefir þá skoðun, að þessi stofnun geti innan skams tíma veitt hundruðum Íslendinga stöðuga og arðsama atvinnu, og að starfið geti orðið hluthöfunum ábatasamt. Hann telur engan efa á, að vel megi fá Íslendinga til þess að stjórna slíkri verksmiðju, og eins að annast um markað fyrir framleiðsluna. Enda er það vandaminsta atriðið, og sem næst sjálfgert, þegar stofnunin er orðin þekt.

Gerlegt telur hann, að byrja fyrirtæki þetta í smærri stil, en að framan er gert ráð fyrir, ef mönnum, sem kynnu að vera hlyntir fyrirtækinu og vildu leggja fé í það, fyndist það ráðlegra. En sjálfur hefir hann þá skoðun, að bezt sé að byrja í sem stærstum stíl og undir öllum kringumstæðum [illegible] alt það landrými, sem líklegt væri að kláðið þyrfti til framtíðar.

Þessi uppástunga er bæði viturleg og gagnleg löndum vorum, ef þeir gripa hana á lofti, mynda fljótlega félagið og tryggja sér landspildunna, meðan land er tiltölulega ódýrt. Og svo eru nú margir íslenzkir byggingamenn hér í borg og í Vestur-Canada, að þeim ætti að veita þetta létt. — Salan fyrir framleiðsluna yrði óþrjótandi. Efnið ótelgt, allar nauðsynlegar viðartegundir, mætti fá bæði frá British Columbia og Ontario, og einnig frá Bandaríkjunum, sem svo mætti smíða úr á verkstæðinu eftir þörfum þeirra, er nota þyrftu.

Áður en hægt er að fara nákvæmar út í mál þetta að svo stöddu, eða að sýna reikningslega kostnaðinn við stofnun þessarar verksmiðju, þá efum vér ekki, að hér sé að ræða um nytsaman og arðvænlegan atvinnuveg, sem í nálægri framtíð mundi eflast og blómgast, svo að hann yrði löndum vorum til gagns og sæmdar.

Það mætti búast við, að íslenzkir smiðir mundu nálega eindregið hlynna að slíkri stofnun með viðskiftum sínum, og væri það strax góð hjálp og gæfi vissu um allmikla verzlun. En þó þeir gerðu það ekki, þá þyrfti það ekki að hafa nein tilfinnanleg áhrif á starfsemi verksmiðjunnar, þar sem eftirspurnin meðal hér'endra manna er í ínmikil og nú er, eftir þám vörum, sem verksmiðjan mundi framleiða. Hún yrði vitanlega að keppa með verð og vörugæði við þær verksmiðjur aðrar hér í borg, sem framleiða samkynja vörur, og það mundi henni veita létt að gera. Aðalatriðið er, að verksmiðjan í byrjun fengi ötulan, einlægan og verkfróðan ráðsmann, og það ætti að vera hægðarleikur.

Hugmyndin er þess verð, að hún sé athuguð, og það ættu íslenzkir byggingamenn og smiðir að gera. Þeir ættu að ræða um málið og bera ráð sín saman. Allar nauðsynlegar upplýsingar, sem að þessu lúta, eru fáanlegar og geta verið handhægar. Það verður aldrei betri tími en einmitt nú til þess að stofna slíkan félagsskap, — með því að þeir einir menn eru líklegir til að gangast fyrir félagsmynduninni, sem sjálfir bera gott skyn á þetta mál.

Vínsölubannið í Battle Creek, Michigan.

Blaðið Winnipeg Free Press, dagsett 19. þ.m., flytur ritgerð um áhrif þau, sem orðið hafi af héraðsvínsölubanni, þar sem það hefir verið samþykt í hinum ýmsu af fylkjum Bandaríkjanna. Til dæmis er tekið bærinn Battle Creek í Michigan. Þar er sagt að nær 50 vínsöluhús hafi orðið að hætta starfi, þegar vínsölubannið í Calhoun County gekk í gildi þann 1. maí sl. En ríkislögin ákveða svo, að atkvæðamagnið yfir heila héraðið skuli gilda fyrir hvern sérstakan hluta þess héraðs. Atkvæðagreiðslan í Calhoun County fór svo, að vínbannsmenn unnu með nálega 100 atkvæðum umfram. Bærinn Battle Creek er í þessu County, en þar höfðu vínsvelgir 1150 atkvæði umfram. Og þeim þótti því óréttlátt, að verða að lúta atkvæðum utanbæjarbúa. En svo varð þó að vera, og reynsl an hefir sýnt, að bæjarbúar hafa yfirleitt verið hlýðnir lögunum.

Ástæður íbúanna í Calhoun Co. fyrir því, að greiða atkvæði með vínsölubanninu, eru meðal annars þessar: —

1. Að vaxandi áhugi bindindismanna sé óðum að koma þeirri skoðun inn hjá alþýðu, að áfengisnautn sé skaðleg, og þar af leiðandi sé þeim mönnum óðum að fjölga, er heimti beint vínbann, eins og sjáist bezt á því, að nú séu yfir 30 héruð í ríkinu "þur", sem áður hafi verið "vot".
2. Að vínsalar hafi samtök til þess, með áhrifum vínsins, að ráða yfir atkvæðum kjósendanna í öllum málum, sem þeir láti sig nokkru skifta.
3. Afskifti vínsalanna af landsmálum, sem oft leiði til þess, að beztu menn hiði ósigur fyrir hinum lakari, sem séu áhangendur vínsalanna, og
4. Að vínsalarnir hafi samtök til þess, að óhlýðnast þeim lögum, sem sérstaklega eru til þess ætluð, að takmarka vínsölustarfsemi þeirra.

Vínban slögin í Calhoun Co. banna alla vínsölu. En borgararnir mega samt hafa víniið í heimahúsum sínum, og þeim er ekki bannað að gefa það þar, fullorðnum gestum. Vín má þó ekki hafa í "business" húsum, og lögregluunni er veitt rálega ótakmarkað vald, til þess að leita í slíkum húsum, og taka öll þau vínföng, sem þar kunna að finnast. Lyfsalar mega ekki láta vín af hendi nema eftir ávísun frá lækni.

Lögunum er all-vel hlýtt, og þegar það kemur fyrir, að þau eru brotin, þá er mönnum stranglega hegnt. Það er almennur dómur allra beztu manna í Battle Creek, að vínsölubannið þar í bæ nái tilgangi sínum eins vel og frekast er hægt að búast við.

Battle Creek hefir 30 þús. íbúa. Yfirleitt er bærinn friðsamur og fáir glæpir eru framdir þar. Skýrsl ur lögreglunnar sýna, að á 5 mánuðum árið 1908, frá 1. maí til 1. október, þegar vínsalan var þar í fullum blóma, þá voru 459 manns kærðir fyrir ýmisleg lagabrot, en á samsvarandi tímabili þetta ár, undir vínbanni, voru ekki nema 349 manns kærðir. Lagabrot höfðu því fækkað um 24 prósent, eða nálega einn fjórða, sem bein afleiðing af vínsölubanninu, — og þó í raunini miklu meira, því að meðan vínsalan var leyfð, voru engir kærðir fyrir hana. En síðan hún var tekin af, hafa nokkur lagabrot móti banninu átt sér stað, og þó að eins örfá, eða 7 á 5 mánaða tímabilinu. Nálega allar tegundir glæpa hafa minkað síðan vínsölubannið gekk í gildi. Margar tegund r lagabrota hafa fækkað um helfing, og aðrar algerlega horfið. Þjófnaður hefir stórum minkað og brot gegn velsæmi má heita að algerlega hafi horfið. Iðjuleysi og flækingsháttur hefir og nálega horfið með öllu, og siðgæði bæjarins er að öllu leyti langt um betra en það var áður. Fólkið er iðjusamara og lifir betur, og lifir reglusamara og rólegra lífi.

Verzlunarmenn segja, að vínsölubann í Battle Creek hafi ekki skemt verzlun þeirra, að miklu færri séu nú í fangelsum en áður, og að ástandið sé að öllu leyti betra en áður. Einn maður þar í borginni, sem ekki hafði unnið handtak um 5 ára tíma, byrjaði strax að vinna, þegar vínsöluhúsunum var lokað, og síðan hefir ánægja og friður ríkt á heimili hans.

Það sem íbúum Battle Creek þykir lakast, er það, að næsta County fyrir vestan þá er "vott", og þaðan fá einstöku náungar vínbyrgðir við og við, og nálega öll óregla, sem nú er í bænum, stafar frá víninu úr næsta County.

Verzlun hefir tekið þeim breytingum við vínsölubannið, að kaupmenn selja meira fyrir peninga, en minna upp á lán, en áður átti sér stað, meðan menn áttu kost á, að verja fé sínu í vínsöluhúsunum.

Enn einn sérstakur hagur hefir orðið að vínsölubanninu í Battle Creek: Nokkrir menn hafa flutt þaðan fyrir fult og alt, sem ekki gátu eða vildu án vínsins vera. En það voru náungar, sem máttu missa sig, — og heiðarlegri og gagnlegri borgarar hafa flutt inn í bæinn í þeirra stað.

Íbúarnir í Battle Creek eru ánægðir með "þurkinn" og vilja ekki fá "vætuna" aftur.

Smjörbúið á Lundar.

Herra Guðmundur Breckman frá Lundar P.O. var hér á ferð í sl. viku. Í fréttum sagði hann að smjörgerðarbúið við Lundar — Maple Leaf Creamery — hefði búið til meira smjör á sl. sumri, en á nokkru undangengnu ári síðan það byrjaði. Í vor byrjaði smjörgerðin 8. maí og endaði 15. október. Á þeim tíma — tæpum 5 mánuðum — varð framleiðslan 95 þús. pund, og meðalverð smjörfitunnar varð 21 cent pundið, til bændanna. Til bygðarmanna hefir á þennan hátt verið borgað rúmlega 17 þús. dollarar á þessu tímabili, og er það meira fé, en þeir hafa fengið fyrir rjómann sinn nokkurt undangengið r, enda verðið hærra, sem borgað var fyrir rjómann. Flestir hafa skiftavinir búsins á nokkru einu tímabili orðið 165. Það var þó að eins yfir part af starfstíma búsins. Búið borgaði nokkurn part af starfstíma sínum hærra verð fyrir rjómann, en hann seldist hér í Winnipeg. Í júní sl. fóll verðið hér í bænum niður í 18c, en þá borgaði Lundar smjörgerðarhúsið 20c.

Herra Breckman, sem er ráðsmaður búsins, segir, að gróði verði borgaður af hlutum félagsins á þessu ári, og hann telur víst, að ef allir bændur þar ytra, sem kost eiga á, að senda rjóma sinn til búsins, vildu gera það. Þá mundi framleiðslan aukast að svo miklum mun, að smjörgerðarkostnaðurinn gæti minkað, auk þess sem mikil líkindi eru til þess, að hægt yrði að borga bændum fyrir rjóma sinn jafnvel hærra verð en þeim var borgað í sumar.

Að vísu segir hr. Breckman, að meiri rjómi hafi borist að búinu í sumar, en það gat þægilega tekið á móti. En við því á að gera í vetur með því að bæta það svo, að framleiðsla þess aukist um þriðjung við það sem nú er, og það má gera án þess að auka vélastofninn.

Herra Breckman vonar að með samtaka styrk bænda þar ytra þá verði búinu mögulegt að búa til 150 þúsund pund af smjöri á næsta sumri.

Fréttabréf.

BLAINE, WASH.
8. nóv. 1909.

Herra ritstj. Heimskringlu.

Það er farið að verða nokkuð langt, síðan ég skrifaði þér seinast, svo að ég hygg það sé kominn tími til, að senda þér fáeinar fréttalínur héðan.

Það þarf naumast að minnast á tíðarfarið hér, því flestum mun vera orðið kunnugt, að stórbreytingar í því efni eiga sér ekki stað. Þó vil ég geta þess, að vortíðin var frekar köld, sem hafði þær afleiðingar, að sumar aldinategundir og viðkvæmustu garðjurtir náðu ekki að þroskast. En þar á móti var sumartíðin mjög hagstæð fyrir allan jurtagróður. Það komu alt af við og við regnskúrir, svo ofþurkar gerðu ekkert tjón í þetta sinn. Nú er hausttíðin byrjuð fyrir alvöru, nógar rigningar, en sól og sumar á milli.

Almenn líðan fólks hér má góð heita. Atvinna var hér mikil í sumar hjá niðursuðufélögunum. Auk þess var hér talsverð atvinna við millurnar. En nú eru flestar þakspónsmillur að hætta fyrir óákveðinn tíma, af því verðið á þakspæninum þykir of lágt, til þess að framleiðslan borgi kostnaðinn. Það fá því margir verkamenn hvíld fyrir tíma.

Næstliðinn föstudag vildi hér til sorglegt tilfelli. Einn landi okkar, búsettur heimilisfaðir hér í Blaine, Jósef Lindal, fóll gegnum trjábolafleka við sögunarmillu og druknaði. Hann var jarðaður í dag, að viðstöddum fjölda fólks. Ég býst við, að þessa dauðsfalls verði getið nákvæmar síðar. Ég man ekki eftir, að aðrir landar hafi dáið hér í sumar, en þar á móti hafa talsvert margir fæðst. Þrenn pör af ungu fólki giftu sig hér sl. sumar: John Johnson og Ólína Jósepsson, Christian Davis og Ragnheiður Jónasson og Barney Hansson og Ólína Jónasson. Þetta fólk er alt efnilegt, og má því búast við, að það verði uppbyggilegt fyrir þjóðarheildina.

Tvö kvenfélög eru hér starfandi að mannúðarverkum.

Lestrarfélagið er alt af að auka bókasafn sitt, og hefir marga meðlimi, og má ætla, að það auki þekkingu og menningu fólksins.

Deildin af lífsábyrgðarfélaginu I.O.F. er hér starfandi og hefir talsvert marga meðlimi, flest Íslendinga.

Hinn kirkjulegi félagsskapur með al Íslendinga hér, virðist ekki vera í mikilli framför. Presturinn, séra J. A. Sigurðsson, sem hefir hér ofurlítla deild af sönnuði, hefir verið mjög heilsulítill undanfarið, og þar af leiðandi ekki getað haldið uppi þjónustu. Sunnudagaskóli er hér fyrir íslenzk börn. Mr. J. H. Frost er þar aðallramkvæmdarstjóri. Í sambandi við þessa kirkju og kenslumál vil ég geta þess, að hingað kom næstliðið sumar prestur frá kirkjufélaginu, séra Runólfur Marteinsson, til þess að bjóða fólki hér prestsþjónustu, eðlilega bygða á þeim grundvelli, sem það félag viðurkennir. Hann messaði hér nokkrum sinnum, og varð þess utan persónulega kunnugur mörgum. Hann sýndi í allri sinni framkomu hógværa alvöru, og hann ávann sér það álit hjá öllum að verá góður drengur. Samt var ekki tilboð hans þegið. Fólkið hefir sjálfsagt vantað eitthvað annað en það, sem hann hafði á boðstólum.

Ég hygg, að margir af þeim Íslendingum, sem hér búa, sjái og viðurkenni, að hér væri stór þörf á, að hafa íslenzkan prest, sem vildi og gæti verið siðferðisleg fyrirmynd, kennari og leiðtogi á menningarbrautinni, og sem léti alt sitt kenningakerfi miða til þess að auka og þroska manngildi einstaklinganna og heildarinnar, á andlega og líkamlega vísu. Og frá mínu sjónarmiði skoðað, þá er ekkert starf í heiminum gagnlegra og göfugra. Af því það eina, sem nokkurt varanlegt og verulegt gildi hefir fyrir manninn, er að verða sem mest og bezt persóna, andlega og líkamlega. — Ég býst við, að fólk hér hafi litið svo á, að sú kenningarstefna, sem kirkjufélagið fylgir, sé of bindandi við gamlar og gagnslausar kreddur, sem hindri fólkið frá, að verða andlega sjálfstætt, og dragi úr viðleitni manna til þess að leita sannleikans, auka þekkinguna og stækka manngildið. Og ég býst við, að fyrir þessu áliti meyi færa allgóð rök. Þessar daufu undirtektir, sem Mr. Marteinsson fékk hér, hygg ég að eigi rót sína að rekja til þessarar skoðunar.

Af því að ég hefi verið að minnast á kirkjumálin hér, þá get ég naumast stilt mig um, að láta í ljós álit mitt á kirkjumálaþrætunum meðal Íslendinga í þessu landi. Ég ætla þá fyrst að geta þess, að ég geng út frá því, að allir hugsandi menn, hvaða kirkjufloklki, sem þeir heyra til, og sömuleiðis þeir, sem engri kirkjudeild eru háðir, séu allir að leitast við að keppa að sömu hugsjón, þeirri hugsjón, að ná sem mestri andlegri fullkomnun. Þess vegna hlýtur steinan, sem menn fylgja í þessu efni, að vera í öllum aðalatriðum hin sama, nefnilega, að leitast við af ýtrustu kröftum, að ná sem mestri þekking, mestum sannleik, verða alt af betri og göfugri, komast sem næst þeirri fullkomleika hugsjón, sem þeir tákna með guð og tileinka honum. Sérhver sannleikur, sem maðurinn nær, er að því leyti fullkomnun fyrir hann, því þar er hann orðin sameiginleg heild með guði. "Guð er sannleikurinn".

Eins og kunnugt er, nota menn ýmsar mismunándi aðferðir í hinum smærri atriðum á framsóknarbrautinni, taka mismunandi leiðir, sem hver og einn hyggur að bezt sé til þess að ná tilganginum. Eftir því, sem menn hafa náð minna af sannleikanum, eftir því verða aðferðirnar margbrotnari og vegirnir krókóttari; þeim er enn þá dimt fyrir augum, svo þeir sjá ekki hina beinu og beztu braut. En á meðan maðurinn er að leita, og heldur áfram, þó krókótt fari, er hann á framfarastigi. Hitt er hættulegra fyrir manninn, að fullvissa sjálfan sig um, að hann hafi fundið allan sannleikann og sé þess vegna hárviss um, að vera á réttri leið, þar sem hann hefir engar sannanir og engin skynsamleg rökfærsla mælir með, því með því kemur hann í veg fyrir alla persónulega framför. Hann telur sig fullkominn og leitar því ekki eftir meiri sannleika. Hann verður því von bráðar á eftir tímanum á menningarbrautinni.

Ef að kirkjumáladeilan hefði verið skynsamlegar rökræður um það, hver aðferð og hver vegur væri beztur, fyrir hinn andlega þroska mannsins, og um leið í samræmi við þá fullkomleika, sem guði eru tileinkaðir, — þá hefði hún verið gagnleg og uppbyggileg fyrir fólkið. En því miður var of lítið á henni að græða í þessa átt. Mér finst, að aðalatriðið, sem valdið hefir deilunni, verða í fæstum orðum skýrt með eftirfylgjandi dæmi: Tveir bræður, sem búið hafa saman í sátt og friði í langa tíð, urðu ósáttir út af því, að annar þeirra kraðfist, að þeir fengju sér stærra og bjartara ljós, en það, sem þeir höfðu notað, svo þeir gætu lesið smáa letrið og rannsakað hlutina, sem í kringum þá lágu. Þetta vildi hinn bróðirinn ekki. Hann var ánægður með gömlu týruna, við hana gat hann lesið stóra letrið, enda kunni hann utanbókar mest af því, sem það táknaði. Hann sagði það nægði sér, eins og öllum sínum forfeðrum í marga liði aftur í tímann, og það væri brot á móti þeirra tilskipun, að breyta um ljós. — Hvorugur lét sinn hlut, svo þeir urðu að skilja samvistir.

Mr. G. Eyjólfsson segir í Sameiningunni, þar sem hann er að útskýra málsvörn nýju guðfræðinnar: "Ekkert yfirnáttúrlegt má komast þar að". Það virðist eins og hann sé hálfhræddur við hina nýju guðfræði, sem svo er nefnd, af því hún muni leiða menn frá trúnni á hið yfirnáttúrlega. Og þó hugsa ég, að hann svo skynsamur maður sjái, að þetta svokallaða yfirnáttúrlega er ekki til. Náttúran hlýtur að stjórnast af óumbreytanlegum reglum, og guð og náttúran hljóta að vera í algerðu samræmi. En hitt er það, mennirnir eru komnir stutt á veg að þekkja þær reglur, sem náttúran og lífsheildin fylgir, og þess vegna mynda menn sér ýmsar hugmyndir um tilveruna, og þessar hugmyndir eru það, sem menn kalla trú.

Það getur verið bæði gott og gagnlegt fyrir manninn að trúa, ef að trúarhugmyndir hans koma ekki í bág við frjálsa rannsókn, og draga ekki úr framsókninni að leita sannleikans. Það er gott fyrir manninn, að hafa guðstrú, og sömuleiðis að trúa því, að framhald persónulega lífsins sé til, því sú trú styrkir hann og eykur kapp hans til þess að auka manngildið og stækka sjóndeildarhring þekkingarinnar, um leið og hún bætir hið sameiginlega þjóðfélagslíf. Enda eru líkurnar fyrir framhaldinu miklar, og vonandi að fullkomnar sannanir fáist í nálægri tíð. Af því ég geng út frá því, að hin persónulega þroskun mannsins sé innifalin í meiri þekking, meiri sannleik, þá sé ég ekki í hverju hættan liggur fyrir þá, sem aðhyllast hina nýju guðfræði. En þar á móti er auðsjáanlega hætta á ferðum fyrir gamla kenningarkerfið og þá menn, sem hafa atvinnu við að viðhalda því. Það virðist ekki vera meining G.E., að hættan væri á þá hliðina.

M. J.

Sparið Línið Yðar.

Ef þér óskið ekki að fá þvottinn yðar rifinn og slitinn, þá sendið hann til þessarar fullkomnu stofnunar.

Nýtízku aðferðir, nýr vélaútbúnaður, en gamalt og æft verkafólk.

LITUN, HREINSUN OG PRESSUN SÉRLEGA VANDAÐ

Modern Laundry & Dye Works Co., Ltd.
307—315 Hargrave St.
WINNIPEG, MANITOBA
Phones: 2300 og 2301

VEITIÐ ATHYGLI!

Nú gefst yður tækifæri á, að eignast heimili og bújarðir með sanngjörnu verði.

Hús og bæjarlóðir til sölu og skift fyrir bújarðir. Einnig seljum við og skiftum bújörðum fyrir bæjareignir, útvegum kaupendur fyrir eignir yðar, og önnumst um alls konar sölu og skifti.

Við útvegum peningalán með rýmilegum skilmálum, tökum hús og muni í eldsábyrgð, og seljum lífsábyrgðar skírteini með sérstökum hagsmunum fyrir hluthafa fyrir bezta og áreiðanlegasta Bandaríkjafélag. Komið og finnið oss að máli, og skrásetjið eignir yðar hjá oss. Fljótum og áreiðanlegum viðskiftum lofað.

The MONTGOMERY Co.
K.B. Skagfjörð, ráðsmaður.
Rm. 12 Bank of Hamilton
Cor. Main & McDermott.
Skrifstofu talsími, Main 8317.
Heimilis talsími, Main 5223.

JOHN DUFF
PLUMBER, GAS AND STEAM FITTER
Alt verk vel vandað, og verðið rétt
664 Notre Dame Ave. Phone 3815
Winnipeg

STÓRFENGLEG AFSLÁTTARSALA

Næstu viku verður öll álnavara seld með stórkostlega niðursettu verði, frá 15 til 40 prósent afsláttur af hverju dollarsvirði.

Gleymið því ekki að nota tækifærið. Og svo gefum við ennþá 20 pund af sykri fyrir dollarinn, með hverri 5 dollara verzlun.

Karlmanna og drengja fatnaðurinn selst nú eins og heit kaka, — sami afsláttur inn á þeim meðan upplagið hrekkur.

Fyrir húðir borga ég 10c pundið — smjör 25c og egg 25c.

E. Thorwaldson & Co.,
Mountain - - N. Dak.

ROBLIN HOTEL
115 Adelaide St. Winnipeg
Bezta $1.50 á-dag hús í Vestur-Canada. Keyrsla ókeypis milli vagnstöðva og hússins á nóttu og degi. Aðhlynning hins bezta. Viðskifti Íslendinga óskast. William Ave strætiskarið fer hjá húsinu
O. ROY, eigandi.

Giftingaleyfisbréf
selur: Kr. Ásg. Benediktsson
540 Simcoe st. Winnipeg.

Gimli Hótel
G. E. SÓLMUNDSSON
eigandi
Óskar viðskifta Íslendinga sem heimsækja Gimli bæ. — Þar er beini beztur í mat og drykkjarföngum, og aðbúð gesta svo góð sem frekast er hægt að gera hana. Hótelið er við vagnstöðina.
Gistið að Gimli-Hótel.

JIMMY'S HOTEL
BEZTU VÍN OG VINDLAR.
VÍNVEITARI T.H.FRASER.
ÍSLENDINGUR.
James Thorpe, Eigandi

A. S. TORBERT'S
BAKARASTOFA
Er í Jimmy's Hótel. Besta verk, ágæt verkferi; ilakstur 15c en Hárskurður 25c. — Óskar viðskifta Íslendinga. —

MARKET HOTEL
146 PRINCESS ST. á móti markaðnum
P. O'CONNELL, eigandi, WINNIPEG
Beztu tegundir af vínföngum og vindum, aðhlynning góð húsið endurbætt

Woodbine Hotel
Stærsta Billiard Hall í Norðvesturlandinu
Tíu Pool-borð.—Alskonar vín og vindlar
Lennon & Hebb
Eigendur.

Arena Rink
Undir nýrri stjórn
Opinn fyrir Hjólskauta skemtun
Hornaflokkur á kveldin

The Dominion Bank
NOTRE DAME Ave. BRANCH Cor. Nena St.
VÉR GEFUM SÉRSTAK AN GAUM AÐ SPARI SJÓÐS DEILDINNI
VEXTIR BORGAÐIR AF INNLÖGUM.
HÖFUÐSTOLL - - - $3,983,392.38
SPARISJÓÐUR - - $5,300,000.00
H. A. BRIGHT, MANAGER.

Prestarnir og játningarritin.

Að stofninum til inngangsorð til umræðu, flutt á prestastefnunni á Þingvellir 1909.

Eftir JÓN HELGASON lektor.

(Framhald).

Hversu fræði Lúters hin minni eru orðin til, vitum vér sömuleiðis. Lúter segir það sjálfur í formálanum fyrir fræðunum. "Það, sem hefir knúð mig til að gefa út þessi fræði eða kristilegu kenningu í þessari afarstuttu, einföldu og óbrotnu mynd, er bið aumlega ásigkomulag (í sófnuðunum), sem ég hefi komist að raun um, er ég fyrir skemstu var að vísitéra kirkjurnar. Ódauðlegi guð! Hvílík eymd hefir mér fyrir augu borið! Alþýðu manna, einkum til sveita, brestur alla þekkingu á hinni kristilegu kenningu, og margir sóknarprestar — því miður — eru býsna óhæfir til að kenna! Og þó eiga allir að heita kristnir, vera skírðir og mega neyta hins heilaga sakramentis, en kunna hvorki faðir vor, né trúarjátninguna né boðorðin tíu". Fræðin áttu að vera hjálparmeðal handa prestum við kristindómsfræðslu æskulýðsins. Að úr þeim ætti að verða kirkjulegt játningarrit með lagagildi í kirkjunni um ókomnar aldir, er hlutur, sem Lúter sjálfum hefir aldrei til hugar komið, því að auk þess sem það hefði verið með öllu gagnstætt allri andastefnu Lúters, ber alt snið ritlingsins það með sér, að þar getur ekki verið um játningarrit að ræða í venjulegum skilningi.

Um fornkirkjulegu játningarnar þrjár, hina postullegu, nikeinsku og atanasiönsku, er það að segja, að siðbótarmennirnir viðurkendu þær fyrst og fremst, til þess að sýna með því, að tilgangur þeirra væri alls ekki sá, að slíta sig úr samfélagi við heilaga almenna kirkju, en því næst af því, að þeir álitu þær vera í fullri samhljóðan við ritningunna, eins og þeir skildu hana. Aftur á móti viðurkenna þeir þær ekki af því, að kirkjan hafi með lögum bundið sófnuði sína á öllum tímum við þær, — enda gat Lúter, samkvæmt allri skoðun sinni á kirkjunni, ekki kannast við að kirkjan hefði nokkura heimild til slíks, — né heldur af því, að þeir við rannsókn þeirra hluta hefðu sannfærst um sögulegt sanngildi þeirra. Það hefir orðið hlutverk miklu seinni tíma að rannsaka uppruna þessara fornkirkju-játninga, og þótt ýmislegt sé þar enn myrkri hjúpað, þá er sú niðurstaða rannsóknanna nú talin með öllu áreiðanleg, að engin þeirra beri nafn sitt með réttu eða sé frá þeim tíma, sem áður hefir verið haldið.

Postullega trúarjátningin er alls ekki samin af postulum drottins og ekki einu sinni framkomin á postula tímabilinu. Í þeirri mynd, sem vér þekkjum hana, verður hennar ekki vart fyr en á 6. öld; hefir hún að líkindum verið að smámyndast frá því snemma á 2. öld með þeim hætti, að ný og ný atriði eins og hlóðust utan um skírnar-orðin, til frekari skýringar á þrenningunni, sem skírt var til samfélags við.*)

Níkeu-játningin svonefnda álitu menn lengi fram eftir öldum að væri tilorðin á kirkjuþinginu í Níkea 325. Seinna sannfærðust lærðir menn um, að svo gæti ekki verið, þar sem í játninguna vantaði þann lið Níkeu-játningarinnar, sem mestum ágreiningi hafði valdið, orðin: "af veru föðursins" (ek tes úsias tú patros) og þriðja greinin væri þar miklu fyllri en í Níkeu-játningunni, auk þess sem bannfæringargreinina í niðurlagi játningarinnar vantaði með öllu. Í stað þess var tekið að nefna þessa játningu "játninguna frá Níkeu og Konstantinópel" (Symbolum Níkeu-Constantinopolitanum), af því menn komust að þeirri niðurstöðu, að kirkjufundurinn í Konstantinópel 381 hefði breytt Níkeu-játningunni í þessa mynd, eða "staðfest hana með smávegis viðbótum í greinunum um föðurinn og soninn og mikilvægri viðbót í greininni um heilagan anda"**. En nú er álitið fullsannað, að þessi fornkirkju-játning sé hvorki frá Níkeu né Konstantinópel — í Konstantinópel hafi yfirhöfuð engin játning verið samin — og hafi aldrei verið samþykt sem játning fyrir hina heilögu almennu kirkju á nokkru allsherjar kirkjuþingi. Hún sé miklu fremur tilraun til sambræðslujátningar, sem bæði rétt-trúnaðarmenn, Hálf-Arianar og Andaféndur (pneumatomachar) geti sætt sig við. Hún sé að stofninum til skírnarjátning sú, er notuð hafi verið í Jerúsalem um og eftir miðbik 4. aldar, að eins lítið eitt vikið við í anda Níkeu-játningarinnar af Kýrillusi biskupi í Jerúsalem, sem síðan hafi borið hana fram á fundinum í Konstantinópel sem sinna játningu. Seinna, um miðja 5. öld, hafi biskupinn í Konstantinópel rekist á þessa játningu Kýrills í skjölum kirkjufundarins frá 381, og haldið hana vera játningu fundarins, en ekki athugað, að hér vantaði þann liðinn, sem Atanasius hafði lagt meginþerzluna á í Níkeu ("af veru föðursins") og Konstantinópel fundurinn játast undir. En þrátt fyrir þetta nær þessi játning smámsaman útbreiðslu í kirkjunni, svo að undir lok 5. aldar er tekið að nota hana sem skírnarjátningu í austrænu kirkjunni í stað Níkeu-játningarinnar, og seinna er tekið að nota hana í vestrænu kirkjunni og það jafnvel, um tíma, í stað-

*) Eftirtektavert er það í meira lagi, svo berlega sem það sýnir afstöðu Lúters til postullegu játningarinnar, sem hann annars hefir svo miklar mætur á, að hann leyfir sér að breyta einum lið játningarinnar, þar sem hann setur "ein heilög, kristileg kirkja" í staðinn fyrir "heilög almenn kirkja". Sömu leiðis er það mjög eftirtektavert, hversu hann í riti sínu um skírnina ("Taufbuchlein" frá 1523 og 1526) hefir stytt trúarjátninguna til muna, svo að af 2. gr. er ekki annað eftir en þetta: "á Jesúm Krist son hans eingetinn, drottinn vorn, fæddan og pindan". Naumast er slíkt hugsanlegt, ef Lúter hefði litið á játninguna svo sem bindandi trúarlögmál kirkjunnar á öllum tímum.

**) Sbr. Helgi Hálfdánarson: Saga fornkirkjunnar, bls. 373—74.

inn fyrir sjálfa postullegu skírnarjátninguna.*) Jafnvel meðal katólskra guðfræðinga hefir játning þessi verið talin mjög grunsöm. Þannig telur Vincenzi (í riti "De process. Spiritus sancti", Romæ 1878) játningu þessa "gríska handaskömm frá byrjun 7. aldar", en slíkt nær engri átt.

Um þriðju fornkirkju-játninguna, Atanasíusar-játninguna svonefndu, eru menn fyrir löngu orðnir á eitt sáttir, að hún eigi ekkert skylt við Atanasius biskup, sem mestu réð á fundinum í Níkeu 325. Þetta er meðal annars auðsætt af því, að hér er haft tillit til kenninga, sem ekki verða deilueíni í kirkjunni fyr en á 5. og 6. öld. Fyrri helmingur játningarinnar álitur Harnack að sé saminn í Galliu á 6. öld, sem frekari útskýring Níkeu-játningarinnar handa munkunum, og hafi síðar (á 8. og 9. öld) smámsaman orðið játning frankversku kirkjunnar; þá fyrst hafi síðari helmingnum verið bætt við, en um uppruna hans sé með öllu ókunnugt. Með viðurkenningu þessarar játningar er þrenningarlærdómurinn, í stað þess að vera trúarhugsun, sem manninum ber að tileinka sér með hjartanu, orðinn að kirkjulegri réttarreglu, sem hann verður að lúta, eigi hann að geta orðið sáluhólpinn.***)

Þegar vér nú vitum, að sanngildi fornkirkju-játninganna, hvað sem innihaldi þeirra líður, stendur á mjög svo veikum fótum, að engin þeirra er svo til komin í upphafi, sem alment var álitið um þær mundir, er fyrst var tekið að eiðbinda prestana við þær í kenningu sinni, og að engin þeirra getur til fulls kallast allsherjar-játning kristilegrar kirkju***), — og þegar vér því næst minnumst þess hvernig á evangelisku sérjátningunum tveimur stendur, í hvaða tilgangi þær voru upphaflega samdar, þá fer óneitanlega að verða erfitt, að réttlæta hina hátíðlegu heitbindingu prestanna við slík rit í kenningu sinni, eins og tíðkast hefir hjá oss síðan í lok 17. aldar.

2. En ekki verður auðveldara að réttlæta heitbindingu prestanna við játningarritin, þegar athugað er, hvernig þau hafa náð viðurkenningu og öðlast lagagildi í hinum lútersku löndum, — hvernig þeim blátt áfram hefir að oss fornspurðum verið neytt uppá oss af hinu veraldlega valdi.

Það er mjög svo algeng skoðun, að þótt rit þessi hafi ef til vill ekki í upphafi verið samin í þeim ákveðna tilgangi, að þau skyldu gilda sem réttarregla viðvíkjandi trú og kenningu í kirkjunni um ókomnar aldaraðir, þá hafi nú

*) Sbr. dr. Adolf Harnack: Lehrbuch der Dogmengeschichte 3. verbesserte und vermehrte Auflage 2. bindi, bls. 225—26 og 265—67, sérstaklega neðanmálsgreinin bls. 265—66).

** Sbr. Harnack: Lehrb. d. Dogmengesch. II. bls. 296—298.

***) Grísk-katólska kirkjan viðurkennir að vísu "játninguna frá Níkeu og Konstantinópel", þó ekki í þeirri mynd, sem vér höfum hana (með viðbótinni "og syninum" — filioque). Hvorug hinna játninganna hefir þar "symbólskt" gildi.

kirkjan einu sinni samþykt að svo skuli vera; það sé því ekki annað en einföld hlýðnisskylda vor við þessa vora andlegu móður, að taka þessari ráðstöfun með auðmýkt og undirgefni í þakklátri viðurkenningu þess, að hún hafi þar viljað það eitt, sem hún, leidd af guðs anda, vissi, að oss börnum sínum væri fyrir beztu. Þessari skoðun er ef til vill ekki haldið beint fram, en hún skín þó út úr orðum þeirra manna, sem halda vilja sem fastast við játningarhaltið. Og margur maðurinn er svo gott barn móður sinnar, að hann beygir sig í auðmýkt fyrir þessari ráðstöfun.

En það er þó dálitið að athuga við allan þennan hugsanaferil, svo fallegur, sem hann kann að virðast og kirkjulegur, og það er, að forsendur hans eru býsna veikar. Vér getum auðvitað aldrei fullþakkað vorri andlegu móður, kirkjunni, fyrir þá blessunarstrauma, sem hún, eftir því sem aldir liðu fram, hefir veitt til vor, barna sinna. En þegar vér þökkum henni fyrir játningarritin, að því leyti, sem þau hafa verið notuð sem kenningarhalt á prestana, þá beinum vér þakklætinu í ranga átt.

Kirkjan sem kirkja á miklu minni þátt í innleiðslu og lögfestingu játningarritanna, en alment er haldið.

Ég mintist áðan á uppruna fornkirkju-játninganna þriggja, — hversu uppruni þeirra reyndist nú við nákvæmari rannsóknir að vera allur annar en um eitt tímaskeið hefði verið haldið, — hversu engin þeirra bæri nafn sitt með réttu, hversu engin þeirra yrði talin allsherjar-játning kristilegrar kirkju. En gerum nú ráð fyrir, að t.a.m. "játningin frá Níkeu og Konstantinópel", svo rangnefnd, sem einna helzt ætti að geta talist allsherjar-játning, hefði verið löglega samþykt á einhverjum grískum kirkjufundi af einhverjum grískum biskupum, meðfram neyddum til þess af einhverjum hálfheiðnum eða að minsta kosti lítt kristnum keisara fyrir meira en 1500 árum, — hvaðan ætti sá kirkjufundur að hafa heimildina til þess að binda kirkjuna um fjölda ókominna alda við útlistanir sínar á höfuðatriðum himnar kristnu trúar? Vér vitum auk þessa, að haldnir voru um sama tímaskeið fjöldi kirkjufunda, jafnlöglega samankallaðir, og að frá þeim komu játningar jafnlöglega samþyktar, þar sem góðir og mikilsmetnir kirkjumenn héldu fram ólíkum — ef ekki gagnstæðum — kenningum, en út frá sínum skilningi á ritningunni. Hvers vegna ættu vorir tímar að vera bundnir af ályktunum þessa eina fundar fremur en af ályktunum hinna? Þegar öllu er á botninn hvolft, er það fylgi keisarans, sem styður eina játninguna til sigurs fremur en aðra. Eins og það er veraldlega valdið, sem oftast nær ræður úrslitum fornkirkjufundanna, eins er það veraldlega valdið, sem fylgir ályktunum þeirra fram til sigurs í kirkjunni. Þeir, sem dálitið þekkja til sögu trúarlærdómanna, vita, að það eru ekki svo fáar kenningar, sem hlotið hafa viðurkenningu kirkjunnar fyrir þá sök eina, að menn — óttuðust reiði keisarans! Svo var

2 Bækur Gefins

FÁ NÝJIR KAUPENDUR AÐ HEIMSKRINGLU SEM BORGA $2.00 FYRIRFRAM, OG ÞESSUM BÓKUM ÚR AÐ VELJA: —

Mr. Potter frá Texas
Aðalheiður
Svipurinn Hennar
Hvammverjarnir
Konuhefnd
Robert Manton
og Leyndarmál Cordulu frænku. —

Alt góðar sögur og sumar ágætar, efnismiklar, fróðlegar og spennandi. Nú er tíminn að gerast kaupendur Hkr. Það eru aðeins fá eintök eftir af sumum bókunum.

Heimskringla
P.O. Box 3083, Winnipeg

WINNIPEG Business College
Cor. Portage Ave and Fort St.
28. AR.
FÉKK FYRSTU VERÐLAUN Á SAINT LOUIS SÝNINGUNNI.
Dag og kveldkensla. Telefón 45.
Haustkensla byrjar 1 Sept.
Bæklingur með myndum ókeypis.
Skrifið til: *The Secretary, Winnipeg Business College, Winnipeg, Man.*

A. S. BARDAL
Selur líkkistur og annast um útfarir. Allur útbúnaður sá bezti. Enfremur selur hann alskonar minnisvarða og legsteina.
121 Nena St. Phone 306

Sendið Heimskringlu til vina yðar á Íslandi

Miss NESBITT
KVENHATTA SALI
112 ISABEL ST.
Býr til alskonar kvenhatta í nýjustu gerð. Skreytir með fjöðrum, blómum og böndum og öðru nýtízku stássi. Endurnýjar og skreytir brúkaða hatta. Alt verk vandað og verð sanngjarnt. Isl. konum boðið að skoða búðina. —
MISS NESBITT,
112 Isabel Street
18-11-9

sem dansaði og lék ýmsar íþróttir, sem gaman var að sjá".

"Apa?" sagði presturinn, "hvernig getur mönnum þótt gaman að jafn-litlu dýri?"

"Jú, hann var í litlum, rauðum kjól og hafði húu með björlum í".

"Ó, litli drengurinn minn, Simia est simia etiamsi aurea gestet insignia. En nú skulum við lesa kafla í Cornelius á meðan við bíðum eftir syni mínum, letingjanum þeim. Heldurðu að hann hafi lært lexíuna sína?"

"Ég veit ekki, hr. prestur. Hann mintist á eina reglu, sem hann ekki skildi".

"Mórits minn góður", sagði presturinn, "hefirðu enga yfirhöfn?"

"Nei, hr. prestur".

"Þú mátt ekki vera svona klæðfár, drengur minn. Þú skalt fá gamlan kjól af mér, sem konan mín segir að sé mér ónýtur. Mamma þín getur sniðið og saumað hann handa þér, þegar hún verður frísk. Gjöfin er ekki stór, en hún getur orðið þér að gagni".

"Þér eruð mjög góður, hr. prestur", sagði Mórits, "en ég veit ekki, hvort mamma leyfir —".

"Þegiðu nú, ég segi að þú skulir fá kjólinn. Það er betra, að ég gefi þér hann, en að hann hangi ónotaður og mölétist. Lestu nú lexíuna þína á meðan ég læt í pípuna mína".

Mórits las og presturinn reykti, en leit við og við út um gluggann, hvort Óskar kæmi ekki. Skömmu síðar heyrðist gengið hratt upp stigann, dyrnar voru opnaðar og frú Bergholm kom inn og leiddi Óskar.

Frú Bergholm var að ytra útliti alveg gagnstæð manni sínum. Hann var hár og grannur með reglubundnar líkamshreyfingar, og talaði hægt og skýrt.

Hún var smá vexti en gild og röddin mjó, sem gerðist býsna hvell, þegar hún reiddist. Frúin var að öðru leyti góð manneskja og dugleg húsmóðir, sem hafði aðeins þann smágalla, að hún gat aldrei stjórnað geði sínu. Að þessu sinni hafði Óskar vakið reiði hennar. Eftir að Mórits skildi við hann, hafði hann lent í áflogum við bóndadreng, svo að hann fékk blóðnasir og fót hans rifnuðu.

"Bergholm!" kallaði frúin í dyrunum, "nú skal ég segja þér, að þessi þorpari hefir enn einu sinni verið óþægur. Hann hefir flogist á við Óla hans Anders Persons, sem hefir brotið tönn í honum. Og þarna situr þú, tottar pípuna þín og lest, án þess að gefa því gaum, að barnið þitt er barið og meitt af tændastrákunum. Er nokkurt vit í því, að leyfa drengnum að flækjast hingað og þangað án þess að segja mér það? Hefi ég ekki nóg að annast, þó ég laus við að gæta drengjanna? Hvers vegna agar þú ekki son þinn? Hvers vegna lemur þú hann ekki, þegar hann er óhlýðinn?"

"Þegiðu kona", sagði presturinn, sem þótti mjög slæmt, að drengurinn þeirra heyrði þetta, "og láttu mig í friði. Ég gaf Óskar leyfi til að fara út. Hann átti að koma aftur kl. 9, til að lesa, en hann var að horfa á líruleikara og apa, sagði Mórits mér, og því varð hann of seinn. Hann verðskuldar hegningu fyrir óhlýðnina, og hann skal líka fá hana. Farðu nú og skiptu þér ekki af þessu fremur".

Eftir að frú Bergholm hafði sagt ýmislegt fleira, fór hún og skildi Óskar eftir í ofnkróknum.

"Komdu hingað, Óskar", sagði presturinn.

Drengurinn gekk óhræddur til hans, því hann vissi mjög vel, að faðir hans gat ekki verið harður.

"Drengur", sagði presturinn, "þú hefir verið óhlýðinn. Hver gaf þér leyfi til að vanrækja lestrartímann og fara að fljúgast á við hann Óla hans

Anders Persons? O puer infelix et scelerate".

"Óli sparkaði í vesalings apann, sem var að dansa", svaraði drengurinn. Þá reiddist ég og gaf honum snoppung og svo fórum við að berjast".

"Jæja", sagði presturinn, sem varð hughægra við þessa frásögn, "en þú hefir ekki heimild til að dæma breytni annara drengja í bænum. Þú hefðir átt að segja föður Óla frá því, og þá hefði hann hegnt drengnum fyrir stráksslund hans".

"Anders Person horfði sjálfur á þetta og hló, þegar Óli sparkaði í apann, svo að hann hoppaði hátt upp".

"Humm", sagði presturinn, "við skulum ekki tala um áflogin, en því komstu ekki á réttum tíma, svo Mórits hefir orðið að bíða?"

"Ég vissi ekki hvað klukkan var —"

"Það er engin ástæða. Þú gazt gengið inn og séð hvað hún var".

"Og svo langaði mig til að sjá apann. Hann var svo skemtilegur, og svo var hann klæddur litlum, fallegum kjól eins og pabba míns".

"Humm, humm", sagði presturinn, "kjóllinn minn er í raun réttri gamall, en hann er ekki utan um apa. Kantu lexíuna þína?"

"Ó, já nokkurn veginn".

"Gott, nú skal ég reyna það. Ef þú kant hana ekki, þá færðu að fara í háðungarkimann, eins og ég hét þér í morgun".

Drengjunum var nú hlýtt yfir lexíurnar, og kunni Mórits sína ágætlega vel, en Óskar mjög illa, og því varð hann að standa í ofnkróknum, meðan presturinn las latínu með Mórits. Þegar námstíminn var á enda, fór Mórits heim til mömmu sinnar með gamla kjólinn prestsins.

V.

Postulínsbollarnir.

Það liðu nokkrir dagar, en ekki var húsfrú Sterner orðin frískari. Hún var þvert á móti veikari, þó hún vildi ekki segja syni sínum það. Hann fór á hverju kveldi út í skóg að útvega eldiviið, svo þau hefðu nægan hita. En með degi hverjum sneyddist um vistir, svo að í heilan sólarhring höfðu þau ekkert að nærast á nema lítinn bita af hörðu brauði og nokkrar kartöflur, og Mórits bað árangurslaust um leyfi til að mega segja prestinum frá ástæðum þeirra.

"Nei, sonur minn", sagði móðirin þreytulega, kennarinn þinn er fátækur og hefir marga maga að metta. Við megum ekki vera honum til meiri byrði heldur en við þegar erum".

"En þú deyrð, mamma", sagði drengurinn hnugginn, ef þú færð ekki nærandi mat. Þú ert mjög veikindaleg í dag".

"Góði drengurinn minn", sagði húsfrú Sterner, "það er enn þá eitt ráð til".

"Hvaða ráð er það, mamma?"

"Við verðum að selja postulíns bollapörin okkar. Þau eru verðmikil, og við getum máske fengið nokkra dali fyrir þau".

"Bollana, sem þér þykir svo vænt um, sem faðir minn gaf þér", sagði drengurinn ákafur. "Þá megum við ekki selja".

"Jú, Mórits, það eru engin önnur ráð. Mér

vafalaust í Níkeu forðum og oft síðar.

En "lúterska kirkjan hefir viðurkent þessar fornkirkju-játningar" munu menn segja. Það er þó áltamál. Vér getum sagt, að Lúter og Melankton hafi "viðurkent" þær, en hér hefir líklega verið drepið á það, hvernig á þeirri viðurkenningu hafi staðið. Þeir gjörðu það fyrst og fremst af "praktiskum" ástæðum, til þess með því að sýna, að tilgangur þeirra með siðbótinni væri alls ekki sá, að slíta samfélaginu við heilaga, almenna kirkju, en meðfram af því, að þeir fengju ekki betur séð en að þessar fornkirkju-játningar væru í fullri samhljóðan við guðs orð í ritninguni. En ekki kom þeim til hugar, að gefa út neina skipun um, að þessi rit skyldu hafa ævarandi gildi í kirkjunni né heldur að hnýtbinda skyldi prestana við þau fremur en við þau rítin, sem þeir sjálfir sömdu.

Og hverjir eru það, sem samþykkja Ágsborgar-játninguna? — Menn tala oft svo, sem þetta góða rit hafi verið hátíðlega samþykt á einhverju allsherjar kirkjuþingi fyrir hina evangelisk-lútersku kirkju, — en sagan veit ekki af neinu slíku kirkjuþingi. Hún var afhent Karli keisara V. á ríkisþinginu í Ágsborg árið 1530. En það var ekkert kirkjuþing og þar fór engin atkvæðagreiðsla fram um gildi játningarinnar, enda var ríkisþingið gjörsamlega í höndum katólskra manna. En þá ætla menn ef til vill, að hún hafi verið undirskrifuð af öllum hinum helztu mönnum siðbættu kirkjunnar. En það er nú síður en svo sé. Játningin er undirskrifuð af sjö veraldlegum höfðingjum, hertogum, markgreifum og landgreifum, og að auki af bæjarstjórnunum í Nurnberg og í Reutlingen. "Ég efast um", segir norski presturinn L. Dahle með réttu, "að hægt sé að sanna, að þessir menn hafi haft nokkra sérlega þekkingu til að bera umfram kristna menn á vorum dögum. Seinna voru reyndar bæði játningin sjálf og játningarvörnin líka undirskrifaðar af allmörgum guðfræðingum, þar á meðal nokkrum fremur nafnkendum (t. a. m. Bugenhagen og Marteini Bucer), en flestum þó býsna óþektum. Og auðvitað voru undirskriftarmenn að eins örlítið brot Lúterstrúarmanna, svo að segja má, að játningin eigi "symbólskt" gildi sitt fremur að þakka minnihluta- en meirihlutaályktun, og læt ég ósagt um, hvort mönnum þykir það veita svo miklu meiri tryggingu" *). Hvernig á því stendur að fræðin hafa verið hafin til játningarrits-tignar, rit, sem var ætlað börnum sem kenslubók, er meiri gáta en svo, að hún verði ráðin. Sennilegt er, að Lúter hefði ekki felt sig við þá ráðstöfun, svo mikla áherzlu, sem hann í formálanum fyrir fræðunum leggur á það, að menn gjöri ekki kenninguna að lögmálsoki.

Hvern þátt á svo kirkjan í lögfestingu þessara rita í hinum lútersku löndum? Þeirri spurningu er fljótsvarað. Kirkjan á engan þátt í henni, heldur eingöngu veraldlega valdið. Það eru Aldin-borgar kongarnir dönsku, sem hafa skipað fyrir um það, hvaða játningar skuli gilda sem regla trúar og kenningar í "hinum dönsku kirkjum" (þ. e. í Danmörku og Noregi). En hér á landi? Þótt segja mætti, að með löglestingu hinnar lútersku kirkju hér á landi (í skálholtsstifti 1541 og Hólastifti 1561) séu einnig löglestar þær sérjátningar, sem taka fram hið sérkennilega í trú og kenningu, sem gjörir kirkjuna að evangelisk-lúterskri þá væri með því ekkert um það sagt hvaða játningar skuli gilda hér, og því síður verður sagt að með því sé löglest skuldbinding prestanna við nokkurt játningarrit. Því að hvorki kirkjuordinantia Kristjáns 3. né kirkjuordinantia Kristjáns 4. nefna nokkur játningarrit á nafn. Aftur á móti nefna ær báðar "nokkrar sérlegar Bækur, sem Landsprestarner skulu hafa, hvörjar þeir kunna ekki vel án að vera, efter því að þar útganga á þessum tímum margar slæmar Bækur"; en "sérlegu bækurnar" eru þessar: "1) Heilög Biblía, 2) D. Martini Lutheri Postilla, 3) Confessionis Augustanæ Apologia Philippi (þ. e. játningarvörn Melanktons) *), 4 Loci Communes Philippi (þ.e. trúfræði Melanktons), 5) einhver önnur góð Bók, af hvörre þeir megi vel kunna að útskýra Barnalærdómenn með D. Mart. Luth. Parvo Catechismo og 6) Instructio visitationis Saxonicæ". — Hvorug ordinantian hefir nokkurn prestaeið annan en embættiseiðinn, þar sem ekki er með einu orði minst á nokkurt játningarrit. Við prestsvígsluna er biskupinum boðið, "að leggja fyrer þann, sem Kirkjunnar þjónustu skal meðtaka, eina Bífalning, að hann skule réttilega prédika Evangelium og útdeila Sacramentum tilheyrilega — — og hann skule eirnen iðuglega lesa þá heilögu Skript og iðka sig í henne", — en játningarritin eru ekki neind á nafn. Að biskupar hér á landi, eins og átti sér stað í Danmörku, hafi á eigið eindæmi látið presta, er vígslu tóku, undirskrifa sérsakan prestaeið með skuldbindingu við játningarritin, er næsta óliklegt, með því að hræðslan við "kryptó-kalvínskuna" var hér með öllu ástæðulaus; en það var hennar vegna, að dönsku biskuparnir sumir tóku það upp hjá sér að heimta slíka skuldbindingu af prestum þeim, er vígslu tóku. Um reglulega lögfestingu játningarritanna er ekki að ræða í danska ríkinu fyr en með útkomu dönsku laga Kristjáns konungs 5. árið 1683. Þar er loks ákveðið í 2. bókar 1. kap., að þau trúarbrögð ein skuli líðast í konungsins ríkjum og löndum, sem séu samhljóða heil. ritninguu, postullegu, níkenisku og atanasiönsku trúarjátningunum, hinni óbreyttu Ágsborgar-játningu frá 1530 og fræðum Lúters hinum minni (sbr. einnig 2. bókar 4. kap. 6. gr.). Með þessu eru játningarritin lögfest. En við þessa lögfestingu er það þó að athuga, að sú bók Kristjáns 5. laga, sem lýtur að trúarbrögðunum og prestastéttinni, hefir aldrei í heild sinni verið lögtekin á voru landi. Hið sama má segja um Kirkjurítúal Kristjáns 5., sem út kemur tveim árum síðar (1685), þetta rítúal, sem fyrst fyrirskipar prestaeiðinn. Þótt þessu rítúali hafi verið fylgt hér á landi síðan skömmu fyrir aldamótin 1700 og prestaeiðurinn, sem það fyrirskipar, verið heimtaður af öllum íslenzkum prestum fram að árinu 1888, hefir það aldrei verið lögilega innleitt hér fremur en kristniréttur Kristjáns 5.; má meðal annars sjá það af því, að rítúalið hefir aldrei, að ráðstöfun stjórnarvaldanna, verið útlagt á vora tungu, né nokkurt annað lagaboð verið gefið út um það, að þetta rítúal skuli gilda hér hjá oss. Kirkju-rítúalinu og játningahaftinu með því hefir verið laumað hér inn af stjórnendum landsins að prestastétt landsins og safnaðarlýð fornspurðum án nokkurrar sjáanlegrar lagaheimildar!

En þegar vér nú vitum, að löglesting játningarritanna og skuldbinding prestanna við þau í kenningu sinni, er svo til komin, sem nú hefir verið bent á, ler að verða meir en erfitt að sjá, með hvaða rétti kennimönnum vorum verður haldið í játninga-tjóðrinu úr þessu. Og hafi hin evang. lúterska kirkja lands vors getað komist af án nokkurs játningahafts á prestum sínum í full 150 ár, ætti hún ekki síður að geta komist af án þess hér eftir, svo miklu framar, sem prestastétt vor stendur nú en þá gjörði hún. Hið eina, sem gæti réttlætt skuldbindingu prestanna við játningarritin, skyldi vera það, að rit þessi væru í öllum greinum svo fullkomin, bæði að efni og búningi, að lengra yrði ekki komist, og skal ég því snúa mér að þeirri hlið málsins. —

3. Þegar litið er á efni og búning játningarritanna, fær það ekki dulist, að svo merkileg, sem þessi rit eru, þá eru þau þó ófullkomin mannasmíði, sem í flestu tilliti bera á sér fingraför sinna tíma.

Það gæti í fljótu bragði virzt lítt skiljanlegt, hversu rit þessi vaxa í áliti og gildi eftir því sem líður frá siðbótartímabilinu, sérstaklega þegar þess er gætt, hve fjarri það var siðbótar-höfundinum sjálfum, að eigna slíkt gildi sérjátningum sínum. En til þess eru þó harla eðlilegar orsakir. Fyrst ber að nefna hin miklu umskifti, sem verða við það, að algildi páfans dettur úr sögunni með siðbótinni. Meðan hin miklu ljós siðbótarinnar stóðu enn á uppréttum fótum, var þetta þó ekki svo mjög tilfinnanlegt, því að menn gátu leitað til þeirra með öll sín vafamál, og gjörðu það líka. En þegar fram liðu stundir og þessi ljós voru sloknuð, tóku hinir leiðandi menn kirkjunnar, guðfræðingarnir sjálfir, að gjörast býsna sundurmála í skoðunum sínum á ýmsum trúar- og kenningaratriðum; þá var það eðlilegt, að menn leituðu til rita sjálfra siðbótarhöfundanna, og þá einkum þeirra, sem stóðu í nánustu sambandi við stofnun siðbótarkirkjunnar, til þess að fá leyst úr vanda- og vafaspurningum sínum, það því fremur, sem gjöra varð að sjálfsögðu ráð fyrir fullkominni samhljóðun þeirra við guðs orð í heilagri ritningu. Við þetta hlaut ritum þessum að vaxa álit, sérstaklega þó þeim, sem ætla mætti að hefðu að geyma stefnuskrá hinnar siðbættu kirkju. En svo bættist annað við, sem ekki varð afdrifaminna í þessu tilliti: Kirkjan verður ríkiskirkja og stjórnendur landanna æðstu biskupar hver í sínu landi. Þegar nú til þess kom að skipa fyrir um ýmis andleg mál kirkjunni viðkomandi, þurfti handhægrar lögbókar til þess að lara eftir, svo góð regla mætti haldast, og slíka handhæga lögbók fundu stjórnendurnir þar sem játningarritin voru. Í þessu tilliti nutu þeir — því miður — velmeðtekinnar aðstoðar kirkjunnar manna sjálfra, guðfræðinganna. Í stað þess að halda sem fastast fram þeirri frumreglu evangelisku kirkjunnar, sem Lúter sjálfur hafði sett henni, að ritningin ein skyldi vera regla og mælisnúra trúar og kenningar, taka þeir nú af öllu megni að gylla játningarritin á kostnað ritningarinnar, unz svo er komið að lokum, að ritningin á að útskýrast eftir játningarritunum — og kirkjan, sem kennir sig við Lúter, er í þessu komin út á villibrautir katólsku kirkjunnar, sem Lúter hafði verið að berjast á móti! Hinni lútersku siðbótar-frumreglu er ekki vísu ekki afneitað í orði kveðnu, en í reyndinni er öll játninga-dýrkun 17. aldar guðfræðinganna bein afneitun hennar. Því er ekki að eins haldið fram, að játningarritin gildi að því leyti sem þau séu í ritningunni samhljóða, heldur einnig af því, að iþau séu það. Og því lengur, sem menn einblíndu á samhljóðunina, því minna bar á fyrra atriðinu, og menn taka því einnig smámsaman, einmitt vegna samhljóðunarinnar, að eigna þeim hlutdeild í innblæstri ritningarinnar. Þó létu trúfræðingarnir gömlu sér nægja, að eigna játningarritunum að eins það, sem þeir kölluðu "inspiratio mediata", en hvað gildi þeirra snertir þótti ekki nægja að eigna þeim kirkjulegt gildi, heldur eignuðu menn þeim beinlínis guðdómlegt gildi (auctoritas divina). Þess vegna þótti það ekki nema rétt og tilhlýðilegt, þegar prestaeiðurinn gamli var saminn og settur í rítúalið (1685), að eiðbinda prestana við "hina himnesku kenningu eins og hún er framsett í ..... játningarritum hinna dönsku kirkna". (Niðurl. næst).

*) Sbr. Luthersk Kirketidende 1909, nr.2, bls. 18.

*) Það er eftirtektavert, að Játningarvörnin er hér neind, en ekki Játningin sjálf. Þetta sýnir, að hér getur ekki verið um lögfestingu ákveðinna játningarrita að ræða.

Hvað er að?

Þarftu að hafa eitthvað til að lesa? Hver sá er vill fá sér eitthvað nýtt að lesa í hverri viku, ætti að gerast kaupandi að Heimskringlu.

Hún færir lesendum sínum ýmiskonar nýjan fróðleik 52 sinnum á ári fyrir aðeins $2.00. Viltu ekki vera með?

ÞEGAR kýr fara að geldast, er gott að láta ögn af sykri saman við mjólkina, þegar hún er sett; rjómínn verður meiri.

STRÁI maður muldu álúni, svo sem matskeið, yfir vatnstunnu, sökkva öll óhreinindi strax.

THE BANK OF TORONTO

INNLEGG - - - $30,853,000

VJER ÓSKUM VIDSKIFTA YDAR

WINNIPEG DEILD: 456 MAIN ST. JOHN R. LAMB, RADSMADUR.

Með því að biðja sérlega um "T.L. CIGAR." þá ertu viss að fá ágætan vindil.

T.L. CIGAR

T.L.

(UNION MADE)

Western Cigar Factory Winnipeg

Thomas Lee, ed and

Redwood Lager og Extra Porter

Styrkið taugarnar með því að drekka eitt staup af öðrum hvorum þessum ágæta heimilis bjór, á undan hverri máltíð. — Reynið!!

EDWARD L. DREWRY Manufacturer & Importer Winnipeg, Canada.

Department of Agriculture and Immigration.

MANITOBA

Þetta fylki hefir 41,169,089 ekrur lands, 6,019,200 ekrur eru vötn, sem veita landinu raka til akuryrkjuþarfa. Þess vegna höfum vér jafnan nægan raka til uppskeru tryggingar.

Ennþá eru 25 miljónir ekrur óteknar, sem fá má með heimilisrétti eða kaupum.

Íbúatala árið 1901 var 255,211, nu er nún orðin 400,000 manns, hefir nálega tvöfaldast á 7 árum.

Íbúatala Winnipeg borgar árið 1901 var 42,240, en nú um 115 þúsundir, hefir meir en tvöfaldast á 7 árum.

Flutningstæki eru nú sem næst fullkomin, 3516 mílur járnbrauta eru í fylkinu, sem allar liggja út frá Winnipeg. Þrjár þverlandsbrauta lestir fara daglega frá Winnipeg, og innan fárra mánaða verða þær 5 talsins, þegar Grand Trunk Pacific og Canadian Northern bætast við.

Framfór fylkisins er sjáanleg hvar sem litið er. Þér ættuð að taka þar bólfestu. Ekkert annað land getur sýnt sama vöxt á sama tímabili.

TIL FERDAMANNA:

Farið ekki framhjá Winnipeg, án þess að grenslast um stjórnar og járnbrautarlönd til sölu, og útvega yður fullkomnar upplýsingar um heimilisréttarlönd og fjárgróða möguleika.

R. P. ROBLIN, Stjórnarformaður og Akuryrkjumála Ráðgjafi.

Skrifið eftir upplýsingum til

Joseph Burke, 178 LOGAN AVE WINNIPEG. Jas Hartney, 77 YORK ST. TORONTO

ÁLDREI SKALTU geyma til morguns sem hægt er að gera í dag. Farið í Heimskringlu í dag.

þykir vænt um þessa bolla, — það veit guð", sagði konan og stundi við. "Það eru margar fagrar, ágætar, ástúðlegar endurminningar bundnar við þá, en við verðum að vera ákveðin. Það er enginn sá hlutur til, sem við eigum ekki að vera án, þegar það er guðs vilji".

"En, mamma", sagði drengurinn, "þú sagðir mér, að þú hefðir dregið saman nokkra peninga handa mér. Getum við ekki tekið nokkuð af þeim til að kaupa kjöt og brauð fyrir? Við megum ekki selja uppáhaldsbollana þína, meðan önnur ráð eru til".

"Nei, Mórits, það má ekki snerta þá peninga fyr en þú þarft þeirra með", sagði húsfrú Sterner með talsverðum ákafa. "Ég hefi heitið því, að geyma þessa peninga handa þér. Ef ég vík frá því áformi einu sinni, þá getur auðveldlega skeð, að ég geri það oftar, og á þann hátt tæki það ekki langan tíma, að eyðileggja litla sjóðinn þinn. Við verðum því að gera eins og ég sagði. Þú verður að selja bollana, litli drengurinn minn".

"Og hverjum á ég að selja þá, mamma?" spurði Mórits. "Á ég að fara með þá til Óðinsvíkur?"

"Það gagnar ekki, Mórits. Óðalseigandinn er ekki heima, og umsjónarmaðurinn kaupir naumast slíka hluti. En, eins og þú veizt, þá er stutt til stóra höfðingjasetursins Liljudals. Hefirðu nokkurntíma komið þar?"

"Nei, mamma".

"Nú, það gerir ekkert. Á Liljudal býr gamall, mjög gamall barún, sem heitir Ehrenstam. Hann er góður og vingjarnlegur, enda þótt hann sé stórbokki".

"Stórbokki? — Hvað er það, mamma?" spurði Mórits.

"Veiztu það ekki? Jæja, það er nú það sama,

ég skal segja þér það seinna. Hlustaðu nú á: — Gamla barúninum á Liljudal þykir mikið til listaverka og skrautmuna koma, og á all-mikið safn af þeim, en þó á hann enga bolla, er jafnist við þessa, því þeir eru úr hinu dýrasta Austur-Indía postulíni, og ef neyðin þrýsti ekki eins fast að okkur og hún gerir, þá gætum við selt þá við háu verði. En nú verðum við að gera okkur að góðu, það sem hann vill gefa fyrir þá. Taktu nú bollana og farðu með þá til Liljudals, til að bjóða barúninum þá. Hann þekkir þess konar hluti".

"Hvað mikið á ég að heimta fyrir þá, mamma?"

"Þeir eru mikilsvirði, sonur minn, en þú skalt ekki heimta meira en 4 dali. Vilji hann ekki gefa svo mikið, þá verðurðu að þiggja það, sem hann býður", bætti hún við og stundi.

"Gott, mamma, ég skal gera eins og þú segir".

"Réttu mér fyrst bollana, sonur minn. Ég ætla að skoða þá einu sinni enn".

Mórits tók þá ofan af hillunni með varkárni og rétti mömmu sinni þá. Húsfrú Sterner tók annað parið, þrýsti því að vörum sér, brosti raunalega og tárfeldi um leið.

"Verið þið sæl, þögulu vitni að horfinni lukku", hvísladi hún. "Hversu oft hefi ég ekki raðað ykkur á teborðið, þegar ég átti von á honum, — en nú er það horfið — horfið að eilífu. Nú verð ég möglunarlaust að láta síðustu endurminninguna um horfna tíð".

Húsfrú Sterner fékk Mórits bollana, og hann lagði þá ofan í körfu.

"Farðu nú, drengur minn", sagði húsfrú Sterner. "Þú verður að biðja um að fá að tala við barúninn sjálfan, því þar í húsinu er enginn annar, sem þekkingu hefir á vöru þinni. Þú líklega ratar þangað?"

"Já, mamma. Liljudalur er stóra steinbygging-

in, sem stendur á litlum odda, og þangað liggja löngu trjágöngin frá þjóðveginum?"

"Já, drengur minn".

"Gott, þá ætla ég að fara. Vertu sæl, mamma".

Mórits tók litlu körfuna og fór. Húsfrú Sterner horfði angurmædd á eftir honum.

"Vesalings barnið", sagði hún kjökrandi, "hann verður að fara og selja tvenn bollapör, til þess að geta útvegað sér og móður sinni brauð. Og þó — ef ég vildi, — en, nei, það væri rangt — ennþá er ekki loforð mitt fullkomnað, — ég verð að tæma hinn beiska bikar möglunarlaust. Því hin fyrirlitna garðyrkjumannsdóttir skal ekki gera vart við sig til þess, að krefjast nokkurs af arfinum af syni hans —"

"Það er sonur minn, sem hefir leyfi til að velja, þegar hann hefir náð ákveðnum aldri, hvort hann vill heldur auð og iðjuleysi eða þolanlega afkomu, sem hann hefir sjálfur unnið fyrir. Var það ekki þinn vilji, ástkæri maðurinn minn? Og hin fátæka, yfirgefna, sem þú tókst að þér, mentaðir og elskaðir, ætti hún að breyta gegn honum, — nei, aldrei".

Vesalings veika konan féll í djúpar hugsanir.

Mórits gekk eftir þjóðveginum, þangað til hann kom að trjágöngunum, sem lágu heim að Liljudal, þá gekk hann eftir þeim. Þegar hann kom heim að húsinu, gekk hann að trétröppum, sem hann áleit að væru eldhúsmegin, og þessi tilgáta hans reyndist rétt.

Hann kom inn í stórt eldhús, þar sem nokkrir þjónar voru að starfa að því, að búa til dagverðinn, því klukkan var orðin nærri því eitt. Af önnunum, sem áttu sér stað, og hinum margbreyttu matartegundum, sem í tilbúningi voru, imyndaði Mórits sér, að það ætti að verða margmenn veizla, og fór að verða hræddur um, að hann fengi ekki að finna gamla barúninn, til að selja honum bollana. Hann

herti samt upp hugann, og sneri sér að roskinni konu, sem hann áleit að mundi vera ráðskona, af því hún var betur klædd en hitt fólkið.

"Góða kona", sagði drengurinn með skjálfandi röddu, "ætli ég geti ekki fengið að tala fáein orð við gamla barúninn?"

"Tala við gamla barúninn?" sagði konan undrandi, "og hvert er erindi þitt við hann, drengur minn?"

"Ég hefi nokkuð, sem ég vil selja honum".

"Og hvað er það?" spurði ráðskonan og hló. "Máske þú ætlir að selja barúninum smjör? Ha, ha, ha, þú ert kátlegur piltur".

"Það er ekki smjör, ráðskona góð", sagði Mórits hnugginn, "það er alt annað".

"Nú, hvað er það þá?"

"Það eru tvennir, mjög fallegir tebollar. Mamma, er veik, sagði mér að selja barúninum þá, svo við gætum fengið peninga til að kaupa mat fyrir".

"En, góða barnið mitt", sagði ráðskonan og ypti öxlum, "hvernig getur þér dottið í hug, að gamli barúninn sjálfur fari að kaupa tebolla. Við höfum nóg af þeim".

"Ég veit það, en þessir eru af sérstakri tegund, og mamma sagði, að barúninum mundu líka þeir. Það er hreint Austur-Indía postulín í þeim".

"Viltu lofa mér að sjá bollana þína", sagði ráðskonan, sem kendi í brjóst um drenginn.

Mórits lauk upp körfunni og setti bollana á eldhússborðið.

"Þeir eru sannarlega fallegir", sagði ráðskonan um leið og hún skoðaði þá. "Hvað eiga þeir að kosta?"

"Mamma vill fá fjóra dali. Hún sagði, að þeir væru meira verðir, en við erum svo fátæk, að við

CONCERT OG DANS

til hjálpar Mrs. Neley, ekkju með 2 ungum börnum, verður haldið í Good Templars Hall (efri salnum) þann 25. nóv. Byrjar kl. 8 að kveldi. Auk annara skemtana, sem þar verða, spilar hljóðfæraflokkur Próf. Waddell's bæði á Concert samkomunnar og fyrir dansinum. Þar verður söngur og hljóðfæraslátur og þeir fengnir til að koma fram, sem sérastir eru taldir í sinum sérfögum.

Próf. J. Waddell hefir tekið að sér að hjálpa þessari konu, sem á mjög bágt, og hann vonar, að Íslendingar leggi sinn skerf til þess, að aðsóknin verði svo góð, að arðurinn af samkomunni geti orðið konunni handhægur styrkur.

Kona þessi býr á William Ave.

Gleymið ekki fimtudagskveldinu þann 25. þ.m. Aðgangur 25 cents.

DR. H. R. ROSS

C.P.R. meðala- og skurðlækuir. Sjúkdómum kvenna og barna veitt sérstök umönnun.

WYNYARD, — SASK.

Dr. M. Hjaltason, Oak Point, Man.

Jóhanna Olson
PIANO KENNARI
557 Toronto St. Winnipeg

Sv. Björnsson,
EXPRES-MAÐUR,
annast um alls kyns flutning um borgina og nágrenniið. Pöntunum veitt móttaka á prentstofu Anderson bræðra, horni Sherbrooke og Sargent stræta.

Mrs. Williams

Komið og sjáið
Fínu Flókahattana
sem ég sel fyrir
$3.75
kostuðu áður 7—10 dollara.
704 NOTRE DAME AVE.
23-12-9

The ALBERTA Hreinsunar Húsið

Skraddarar, Litarar og Hreinsarar. Frönsk þur- og gufuhreinsun. Fjaðrir hreinsaðar og gerðar hrokn ar. Kvenfatnaði veitt sérstakt athygli. Sótt heim til yðar og skilað aftur. Allskonar aðgerðir. Fljót afgreiðsla. Verð sanngjarnt. Opið á kveldin. FÓN: Main 3466.

660 Notre Dame Ave., Winnipeg
23-9-10

KENNARA VANTAR

við The Narrows skóla No. 1450 fyrir 3 mánuði. Kensla byrjar 3. jan. 1910. Umsóknir tiltaki kaupkæð og mentastig. Verða að vera komnar til undirskrifaðs fyrir 1. des. næstk.

The Narrows P.O., man.,
7. okt. 1909.

J. R. JOHNSON,
Sec'y-Treas.

Ný íslenzk nýlenda.

Herra ritstj. Heimskringlu.

Það er alt útlit fyrir, að bráðlega myndist íslenzk nýlenda á "Stórusléttunni" svo nefndu í Peace River héraðinu. Hingað eru þrir ungir og einlegir menn komnir frá Blaine, Wash., á leið til Peace River. Það eru þeir G. H. Olson, F. H. Thorarinsson og B. Johnson. Þeir eru á bezta aldri, 22—25 ára, hver öðrum friðari og mannvænlegri, og svo vel vaxnir, að leitun er á betra. Þeir eru um 5 fet og 11 þuml. á hæð, og 165 pund á þyngd. Svipurinn hreinn og djarflegur og framkoman öll prúðmannleg. Hver hreyfing ber vott um lífsfjör þeirra og líkamsþrótt.

Erindi þessara ungu manna til Peace River héraðsins, er að skoða landið og festa sér þar heimilisréttarlönd. En þó búast þeir við, að koma til baka með vorinu, og hverfa aftur til Blaine, til þess að sæta sumarvinnu þar. Því þeir segja, að vinnulaun séu þar svo há, að ferðin þangað borgi sig. En svo búast þeir við að koma aftur til baka að vestan næsta haust, þá allarnir þaðan, og búast þeir þá við, að stór hópur Íslendinga komi með sér, til þess að ná sér í skógalaus lönd, sem óvíða er hægt að fá jafn-frjósöm og þau sem hægt er að fá á "Stóru sléttu". Þessir frumherjar eru velútbúnir með skotvopn og hafa kunnáttu á að veiða moose-dýr sér til fæðu, svo þá mun ekki skorta kjötmeti, því gnægð er af þeim dýrum þar nyrðra.

Íslendingar um víða Ameríku hafa veitt og vesta Peace River héraðinu svo mikla eftirtekt, að úr nálega hverri nýlendu hafa mér borist fyrirspurnir frá einum til 4 mönnum, sem allir biðja um upplýsingar um þetta hérað.

Nú vil ég biðja Íslendinga víðsvegar í bygðum landa vorra að biða rólega, þar til þessir þrir landar vorir koma til baka úr þessari ferð sinni, og mun ég þá reyna að sjá til þess, að Heimskringla geti þá flutt álit þeirra á héraðinu, eins og það kemur þeim sjálfum fyrir sjónir. Ég hafi ráðlagt mönnum þessum að skoða vel landið milli Saskatoon og Bear vatna. Og ég hefi þá skoðun, að Can. Pac. járnbrautarfélagið muni leggja járnbraut um þetta hérað innan skamms tíma. Vötnin eru í miðjum sléttunum. Það er afarþreytandi, að þurfa að ferðast um 5 hundruð mílur vegar til þess að komast til Grand Prairie, og það eftir illum vegum. En þess verður ekki langt að bíða, að brautir þangað verði svo bættar, að ferðin verði greiðfær. Stjórn fylkisins mun sjá um, að vegir verði ruddir gegnum skóga og torfærur. Saskatoon vatn á Grand Prairie er ekki nema 120 mílum nærstar, en Edmonton, um 212 mílum vestar, og ekki nema 270 mílur í beina línu norðvestur frá Edmonton.

Grand Trunk Pacific brautin, sem nú er bygð vestur að ó. hádegisbaug, liggur að eins 140 mílur suður af þessari miklu sléttu.

C. Eymundsson.

Edmonton, 8. nóv. 1909.

Leyndarmál Cordulu frænku.

Nýjir kaupendur að HEIMSKRINGLU sem borga fyrir einn árgang fyrirfram, fá skáldsögu þessa og aðra til, alveg

ókeypis.

Fréttabréf.

TANTALLON,
18. nóv. 1909.

Ritstjóri Heimskringlu.

Kæri herra. — Viltu gera svo vel, að ljá eftirfylgjandi línum rúm í þinu heiðraða blaði.

Miðvikudaginn þann 27. október veittist oss Vatnsdalsnýlendu búum sú mikla ánægja, að þá heimsótti okkur Mrs. M. J. Benedictsson, ritst. Freyju.

Hún flutti fyrirlestur um kvenfrelsi þann 28. okt. í samkomuhúsi bygðarinnar, að viðstöddum meiri hluta nýlendubúa. Allir luku verðugu lofsorði á fyrirlesturinn, bæði fyrir hvað hann var fróðlegur og skörulega fluttur.

Óhætt er að fullyrða, að Mrs. Benedictsson hefir tekist að glæða áhuga margra sem hlustuðu á hana hér með máleini því, sem hún berst fyrir.

Það væri sannarlegt gleðieini, ef heimurinn vildi líta á kvenréttindamálið frá réttu sjónarmiði. — Það er sannarlega kominn timi til að alt mannkynið hefði sömu réttindi í öllum greinum.

Mrs. Benedictsson flutti einnig fyrirlestur um kvenfrelsi í skólahúsi Íslendinga í hinni svokölluðu Dongola bygð þann 1. nóv. Meiri hluti nýlendubúa voru þar viðstaddir. — Glögglega mátti sjá gleðisvip á andlitum kvenfrelsisvinanna þar.

Einnig var Mrs. Benedictsson á sameiniuðum fundi Góðtemplara, að tilmælum margra meðlima þess félagsskapar, sem haldinn var í skólahúsi Dongola bygðar þann 5. nóvember. Talaði hún þar nokkrum sinnum, og þótti flestum, sem þar voru viðstaddir, unun á hana að hlýða.

Óhætt mun að fullyrða, að Mrs. M. J. Benedictsson sé sú mælskasta íslenzka kona fyrir vestan haf, svo kunnugt sé.

Heimleiðis hélt Mrs. Benedictsson þann 6. nóv. Fylgdu henni þakklætis og heillaóskir frá öllum, sem hlyntir eru því göfuga máleini, sem hún hefir helgað alla sína krafta.

Með vinsemd og virðingu,

Tryggvi Thorsteinsson.

Ný slétta fundin.

Blaðið Edmonton Bulletin, dags. 8. þ.m., flytur svolátandi grein :—

Þrir menn komu að norðan í síðustu viku, þeir John Sutherland, frá Grand Prairie, George Moren, frá Granard, og George Southern, frá Pauce Coupe. Hver þessara manna hefir sína sögu að segja um hina takmarkalausu viðáttu þess auðugasta og frjósamasta lands, sem til er undir beru lofti. Og hverri sögu fylgir bænin : "Gef oss vegi".

Herra John Sutherland, sem hefir tekið sér bólfestu á ágætu sléttulandi hjá Saskatoon vatni, sem er í miðri "Stóru-sléttu", fór að heiman 2. óktóber með konu sína og þriggja ára gamla dóttur. Þau keyrðu á vagni, drégnum af hestapari, yfir 550 mílna langan veg, gegn um Duhvegan, Peace River Crossing, Lesser Slave Lake og Athabasca Landing héruðin. Hann hafði 6 daga dvöl á leiðinni, en ferðaðist 20 daga.

Um þetta ferðalag fórust honum svo orð : — "Þetta er bezta árstíðin til ferðalaga. Það eru engar flugur, vegir eru þurrir og gnægð af hestafóðri er allstaðar fáanleg, og væri ekki 100 milna steinurðin á norðurströnd Lesser Slave Lake, sem er örðug yfirferðar með vagn, þá væri ferðin verulega skemtileg" — Herra Sutherland ætlar sér að dvelja í bænum þar til í febrúar, þá flytur hann aftur norður með föng til sumarsins.

Kornuppskera var ágæt norður þar á síðasta sumri. Smith feðgarnir við Bear Creek höfðu 60 ekrur undir ræktun, og fengu 50 búsh. af hörfrum af ekru að jafnaði, eða 3 þúsund búshel alls. Margir aðrir fengu þar ágæta uppskeru. Að eins einn bóndi í héraðinu varð fyrir því óhappi, að haglél eyðilagði uppskeru hjá honum, sem annars var búist við að verða mundi 60 búshel af ekru. Garðávextir þrifust og ágætlega, og einn ig tómatós. Ekki var farið að þreskja, þegar Sutherland fór að heiman, og verður það gert í janúarmánuði. Því þá er búist við að þreskivél sú verði komin þangað norður, sem bændur þar hafa keypt í samlögum. Tveir bændur við Spirit River hafa þreskivél, en þeir hafa svo mikið að vinna með henni, að þeir geta ekki sint þörfum Grand Prairie búa. Sögunarmilla er nýsett upp í Grand Prairie, svo að nú geta bændur fengið þar byg ingavið fyrir $20.00 hver þúsund fet. Áður var ómögulegt að fá bor bygingavið nema með ókaupandi verði. Von er á 50 hestarekrum frá Grand Prairie til Edmonton í vetur, til þess að sækja þangað nauðsynjar. Það á að högg-va veg milli Smoky River og Sturgeon Lake, og við það styttist leiðin til Edmonton um 200 mílur.

Einn af mælingamönnum stjórnarinnar, sem á sl. sumri hefir verið að mæla landið sunnan við Grand Prairie, hefir fundið aðra stórsléttu þar suður af. Hún er sögð 45 mílur á hvern veg, og að öllu leyti eins góð og "stóru-slétta". Hún er og þeim mun nær G. T. P. brautinni en Grand Prairie, sem hún er sunnar. Uppskeran við Lesser Slave Lake hefir á þessu sumri orðið frá 30 til 40 þús. búsh. þresking stóð yfir í byrjun óktóber. Pauce Coupe sléttan er 45 mílur norðvestur af Grand Prairie. Samgöngur eru litlar þangað og fáir bændur þar ennþá. Þar eru vörur dýrar: Sykur 35c pundið, flesk 45c pundið og hveiti 16 dollara sekkurinn. Sveitarstjórnarkosning fór fram í Granard sveitinni — hinni norðlægustu sveit í Canada — þann 18. óktóber sl.

SVONA ER SAGAN FYRIR MÍNUM SJÓNUM.

Mér hefir oft dottið í hug, að rita um þetta máleini og láta það koma fyrir sjónir almennings, yitandi það, að við — eða alt mannkynið — erum að eins manneskjur og ekkert meira, hvaða nafni, sem það nefnist, og í hvaða stétt, sem manneskjan kann að vera, hvort það er heldur prestur eða prestsleysi.

Jæja, hvað um það, ég ætla núna að ræða mest um prestana. Nú er yfirstandandi árið 1909, eftir því sem almanökin segja, og ég hefi ekkert við það að athuga.

En ég hefi verið að leggja það niður fyrir mér : Hver er stefnumismunurinn hjá séra Jóni Bjarnasyni og séra Fr. J. Bergmann í trúarlifinu? Hann er fyrir minum augum enginn. Þið náttúrlega hrekjið það, ef þið getið. Séra J. B. trúir á þrenningu guðdómsins, og það gjörir F. J. Bergmann. Hver er þá mismunurinn? Jú, sá, að séra F. J. Bergmann útþýðir betur ritninguna fyrir alþýðuna,— já, betur en nokkru sinni hefir verið gjört hingað til. Þetta er min sjón á þessu máli. Og hvað á hann skilið fyrir svona framkomu? Líklega að varpast í dýflissu, eins og farið var með Sókrates forðum. En hvers vegna var farið þannig með hann? Af því hann lifgaði og glæddi sannleiksljós þátíðarinnar. Og á sinn máta er eins farið fyrir F.J.B., hann stækkar svo sannleikslljósið fyrir nútimans mönnum, að það verður úr því stórt bál, en það þola ekki samtíðarprestar hans, og ætla því að varpa honum í dýflissu. Og hvers vegna? Af því, að hann einn af láum virðist geta lesið á sálir manna, og sér þar að það þýðir ekki, eða hjálpar ekki, að skamta þeim sama grautinn í sömu skálinni, heldur annað meira og fullkomnara, og það er það, sem hann (séra F.J.B.) gjörir líka. Eftir því sem ég horfi á það.

Og á meðan ég heyri ekki betri prédikara, en hann er, þá halla ég mér að honum og hans skoðunum. Það er að segja, svo lengi, sem hann heldur við þær skoðanir, sem hann nú hefir. Því? Af því það verður fyrst um sinn leitun á eins góðum presti og honum meðal islenzku prestanna.

En eitt þykir mér verst hjá öllum prestum. Það er, hvað þeir eru aðgangsharðir við náungann í peningalegu tilliti, auðvitað fyrir kirkjuna. Auðvitað getur kirkjan eða kirkjulélögin ekki þrifist án peninga. En peningasýki er að ganga of nærri manni. Það er farið að ganga svo vitt, að það verður líkast því eins og maður færi að reita blóðfjaðrirnar af smáfuglinum, sem að eins er farinn að vappa. Er þetta kristilegt, mér er spurn?

Ég segi nei, og aftur nei. Það má koma öllu sínu fram með vægara móti og guði um leið geðfeldara. Og svo er líka eitt með öðru, sem þessi peningafýkn leiðir af sér. Og það er það, að menn að eins óttast kirkjur og kirkjusiði en aldrei elska, og með öðrum orðum, beint og hreint forðast hana. Og þar af leiðandi verður það úr, að menn hata prestana og alt, sem flýtur út af þeirra munni. En hvað peningafýknina snertir, þá er það ekki eingöngu þessi liður, sem ég á við, heldur og allir kúgarar og kvalarar.

S. M.

LEIÐBEININGAR--SKRA
YFIR ÁREIÐANLEGA VERZLUNARMENN Í WINNIPEG

MUSIC OG HLJÓÐFÆRI

CROSS, GOULDING & SKINNER, LTD.
323 Portage Ave. Talsími 4413

MASON & RISCH PIANO CO., LTD.
356 Main Street Talsími 4580
W. Alfred Albert, Íslenzkur umboðsmaður

WHALEY ROYCE & CO.
356 Main St. Phone 263
W. Alfred Albert, hérðarþjónn.

BYGGINGA og ELDIVIÐUR.

J. D. McARTHUR CO., LTD.
Byggingar- og Eldiviður í heildsölu og smásölu.
Sölust: Princess og Higgins Tals. 3060, 5061, 5062

MYNDASMIÐIR.

G. R. LLEWELLIN,
"Medallions" og Myndarammar
Sýnishorn í horni Park St. og Lowan Avenue

SKÓTAU Í HEILDSÖLU.

AMES HOLDEN, LIMITED
Princess & McDermott. Winnipeg.

THOS. RYAN & CO.
Allskonar skótau. 44 Princess St.

THE Wm. A. MARSH CO. WESTERN LTD.
Framleiðendur af hinu skótaui. Talsími: 3710
88 Princess St. "High Merit" Marsh Skór

RAFMAGNSVÉLAR OG ÁHÖLD

JAMES STUART ELECTRIC CO.
324 Smith St Tal-imar: 3447 og 7802
Fullar birgðir af alskonar vélum.

GOODYEAR ELECTRIC CO.
Kellogg's Talsímar og öll þarðhöld. áhöld
talsími 3023. 56 Albert St.

RAFMAGNS AKKOKÐSMENN

MODERN ELECTRIC CO
412 Portage Ave Talsími: 5658
Viðgjörð og Vir-lagning — allskonar.

BYGGINGA-EFNI.

JOHN GUNN & SONS
Talsími 1277 266 Jarvis Ave.
Hafum besta Steinn, Kalk, Cement, Sand o. fl.

THOMAS BLACK
Selur Járnvöru og Bygginga-efni allskonar
76—82 Lombard St. Talsími 600

THE WINNIPEG SUPPLY CO., LTD.
298 Rietta St. Talsímar: 1936 & 2187
Kalk, Steinn, Cement, Sand og Möl

BYGGINGAMEISTARAR.

J. H. G RUSSELL
Byggingameistari.
í Silvester-Wilson byggingunni. Tals: 1058

PAUL M. CLEMENS
Bygginga-Meistari, 443 Maryland St.
Skrifst.: Argyle Bldg., Garry st. Talsími 5997

BRAS- og RUBBER STIMPLAR

MANITOBA STENCIL & STAMP WORKS
421 Main St. Talsími 1880 P. O. Box 244.
Búum til allskonar Stimpla úr málmi og togleðri

CLYDEBANK SAUMAVÉLA AÐGERÐARMAÐUR. Brúkaðar vélar seldar frá $5.00 og yfir
564 Notre Dame Phone, Main 8624

VÍNSÖLUMENN

GEO. VELIE,
Hel dsölu Vínsali. 185, 187 Portage Ave. E.
Smá-sölu talsími: 352. Stór-sölu tal-ími 464

STOCKS & BONDS

W. SANFORD EVANS CO.
326 Nýja Grain Exchange Talsími 369

ACCOUNTANTS & AUDITORS

A. A. JACKSON,
Accountant and Auditor
Skrifst.—28 Merchants Bank. Tals. 7102

OLÍA, HJÓLÁS FEITI OG FL.

WINNIPEG OIL COMPANY, LTD.
Búa til stein Olíu, Gasoline og hjólás-áburð
Tal-ími 1590 611 Ashdown Block

TIMBUR og BULOND

THOS. OYSTAD, 208 Kennedy Bldg.
Viður í vagnhlössum til notenda, bulönd til sölu

PIPE & BOILER COVERING

GREAT WEST PIPE COVERING CO.
132 Lombard Street.

VIRGIRÐINGAR.

THE GREAT WEST WIRE FENCE CO., LTD
Allskonar virgirðingar fyrir bændur og b jarga.
76 Lombard St., Winnipeg.

ELDAVÉLAR O. FL.

McCLARY'S, Winnipeg
Stærstu framleiðendur í Canada af Stóm,
Steinvöru [Graniteware] og fl.

ÁLNAVARA Í HEILDSÖLU

R. J. WHITLA & CO., LIMITED
264 McDermott Ave Winnipeg
"King of the Road" OVERALLS.

BILLIARD & POOL TABLES.

W. A. CARSON
P. O. Box 225 Room 4 i Molson Banka.
Öll nauðsynleg áhöld. Ég gjöri við og col-borð

NALAR.

JOHN RANTON
203 Hammond Block Talsími 4670
Sendið strax eftir Verðlista og Sýnishornum.

GASOLINE Vélar og Brunnborar

ONTARIO WIND ENGINE and PUMP CO. LTD
301 Chamber St. Sími: 2688
Vindmillur -- Pumpur -- ágætar Vélar.

BLÓM OG SÖNGFUGLAR

JAMES BIRCH
442 Notre Dame Ave. Talsími 2638
BLÓM - allskonar. Söngfuglar o. fl.

BANKARAR GUFUSKIPA AGENTR

ALLOWAY & CHAMPION
North End Branch: 667 Main st eet
Vér seljum Avisanir borganlegar á Íslandi

LÆKNA OG SPÍTALAÁHÖLD

CHANDLER & FISHER, LIMITED
Lækna og Dýralækna áhöld, og hús, ítalia áhöld
185 Lombard St., Winnipeg, Man.

Æfiminning.

Þann 5. ágúst sl. lézt að heimili herra Lofts Jörundssonar, 351 McGee st., bóndinn Eiríkur Magnússon Guðmundssonar frá Meðalnesi í Fellum. Hann var jarðsunginn í Brookside grafreitnum af séra Fr. J. Bergmann þann 7. ágúst. Jarðarförin fór fram undir umsjón L. Jörundssonar, að viðstöddum vandamönnum, vinum og mörgum kunningjum þess látna.

Eiríkur sál. var fæddur árið 1842 á Meðalnesi í Fellum. Þar ólst hann upp, þar til hann var 12 ára gamall. Þá fluttist hann að Brekkuseli í Hróarstungum, þar var hann fram á fullorðins ár, og kvæntist þar Guðrúnu Hallgrímsdóttir, Pétursdóttur frá Hákonarstöðum á Jökuldal, sem nú lifir mann sinn. Þau hjónin bjuggu í Brekkuseli þar til árið 1888, að þau fluttu hingað vestur um haf. Þau settust að í hinni svokölluðu Álftavatns nýlendu, og þar hafa þau ávalt búið síðan, þar til sl. vor, að Eiríkur sál. varð að flytja til Winnipeg fyrir lasleika sakir.

Þeim hjónum varð 4 barna auðið. Eitt er dáið, en hin 3, sem nú lifa, eru þessi : Jens Július, nú bóndi í Álptavatns nýlendunni, Ingibjörg Arnfríður, kona Þorsteins Péturssonar í Pine Valley, og Jónína Guðrún, kona Lofts Jörundssonar í Winnipeg.

Eiríkur sál. var vandaður maður í allri umgengni, iðju- og hóflsemdarmaður. Hann var ástríkur eiginmaður og góður faðir. Hans er því sárt saknað af konu hans og börnum, sem nú geyma og heiðra minningu hans í helgri þökk fyrir ástúðlega og trygga samfylgd.

Eiríkur Magnússon.

Dáinn 5. ágúst 1909.

Þú fylgdir mér um farna braut,
þar fann ég ást og gleði,
og léttir hverja lífsins þraut
með ljúfu vinargeði.
Já, það er margt svo hátt og hlýtt,
er helgast minning þinni,
sem hljómar þitt og brosir blitt
að banastundu minni.

Við lífsins stunda skin og skúr
þú skyldu ræktir stærsta,
og reyndist sannur, tryggur, trúr,
með traust á valdið hærsta.
Að sýna dygð í sæld og raun
það sigrar tímans hildi
og veitir andans æðstu laun,
sem aldrei missa gildi.

Ó, hvíl nú rótt, ég þakka þér
hvert þrautaspor og gleði,
þin hreina minning huggun er
nær hrynja tár að beði.
Þó sveipist húmi haustsins stund,
að helgum drottins vilja,
ég bíð í vissri von um fund
þar vinir aldrei skilja.

(Undir nafni ekkjunnar)

Þakkarávarp.

Mrs. Guðleif Einarsson, frá Tantallon, Sask., er um þessar mundir hér í borg að annast um 8 ára gamlan son sinn, Þormis Einarsson, sem hefir verið hér á spitalanum síðan í september sl. og var aflimaður upp við mjöðm hægra megin, af því að beinteering hafði svo skemt allan lærleggínn, að ekki varð við gert á annan hátt. — Kona þessi hefir beðið Heimskringlu, að birta frá sér svolátandi

ÞAKKARÁVARP.

Fáein þakkarorð vildi ég biðja Heimskringlu að flytja inn á hvert heimili landa minna í Vallaskólahéraði og þar í grendinni, fyrir þá miklu hjálp og hluttekningu, sem þeir hafa auðsýnt mér síðan ég kom í bygð þeirra fyrir 3 árum, bláfátæk ekkja með 5 föðurlaus börn, og það sem verst var, að ég var farin að bila að heilsu.

Fólk þetta tók á móti mér með opnum örmum, og hefir síðan með öllu mögulegu móti reynt að létta byrði mina. Í því hafa allir verið samtaka, karlar og konur, ungir og gamlir, að keppast um að sýna mér sem drenglyndasta mannúð og umönnun, með peningagjöfum og allskonar annari hjálpsemi, sem það vissi að mér kom vel og bætt gæti kjör min og barna minna.

Fyrir þetta veglyndi og miklu mannúð bið ég góðan guð að launa einum og sérhverjum, er honum mest á liggur.

Guðleif Einarsson.

I.O.G.T.

Stúkan Ísland hefir engan fund í þessari viku. Hún eftirlét umdæmisstúkunni þetta fundarkveld sitt. Meðlimir stúkunnar Ísland, sem vildu taka á umdæmisstúkustig, ættu að nota þetta tækifæri og koma á fund umdæmisstúkunnar í Únítarasalnum þann 25. þ m.

Á næsta fundi stúkunnar Ísland 2. des. verður haldið bögglaupboð, til arðs fyrir stúkuna. Systurnar ætla að gefa bögglana og vonast til að bræðurnir bjóði vel í þá, svo ágóðinn verði sem mestur.

PRENTUN

VÉR NJÓTUM, sem stendur, viðskipta margra Winnipeg starfs- og "Business"-manna.— En þó erum vér enþá ekki ánægðir — Vér viljum fá alþýðumenn, sem einatt notast við illa prentun að reyna vora tegund. — Vér ábyrgjumst að gera yður ánægða. — Símið yðar næstu prentpöntun til —

'Phone: Main 5944

The ANDERSON Co. COR. SHERBROOKE ST. AND SARGENT AVENUE. WINNIPEG.
PROMPT PRINTERS

HÚSIÐ

Reynsla Vesturlandsins er er sú, að McLean húsið sé áreiðanlegt í öllum viðskiftum Vér höfum sannað almenningi, að hvert Piano, sem vér seljum, er virði vorrar ábyrgar. Hátt af helztu tegundunum er

HEINTZMAN & CO

PIANO

Búinn til af "Ye Olde Firm" Heintzman & Co.

Piano, sem er svo gott, að ekkert betra er búið til nokkurstaðar. — Til eru önnur góð Piano, en hinn mikli tónfræðingur De Pachmann segir: "Að hugsa til þess, að ég hefi ferðast um allan heim og brúkað beztu Pianos og að koma svo til Canada og uppgötva Heintzman & Co. Piano, sem er langamlega það bezta, sem ég hefi nokkurstaðar fundið".

Vér höfum miklar birgðir af ágætustu Upright og Grand Pianos, að meðtöldu hinu nýja Heintzman & Co. Player Piano, — hljóðfæri, sem felur í sér sérstaka eiginleika, sem ekkert annað Player Piano hefir til að bera.

528 MAIN ST.
Phone Main 808.

Útibú í BRANDON og PORTAGE LA PRAIRIE.

Herra Jón Ólafsson, frá Neveton P.O. Man., var hér á ferð í þessari viku. Hann segir sívaxandi framfarahug meðal Íslendinga í Shoal Lake bygð. Þeir eru farnir að taka eftir starfsemi brezkra manna, sem sezt hafa að fyrir austan bygð na á lakari löndum en þeim, sem Íslendingar byggja. Landar vorir eru því með áhuga teknir að vinna að jarðrækt og hafa ýmsir þeirra rutt og plægt um og yfir 20 ekrur á sl. 2 árum. En langeygðir eru þeir orðnir eftir stálteinunum, sem leggjast eiga og framlengja Oak Point brautina norður um bygðina hjá Lundar og þar norður. — Jón hefir mikla trú á jörðum þar í bygðinni, og segir hiklaust, að þær séu eins góðar til búskapar eins og í ýmsum öðrum bygðum, sem betri eru taldar, og hyggur að bygðin eigi mikla framtíð fyrir höndum.

Hekla og Skuld.

Kosningafundur til þess að kjósa fulltrúa fyrir "The Icelandic Goodtemplars of Winnipeg", fyrir næsta ár, verður haldinn fimtudagskveldið 2. desember í neðri salnum í Goodtemplara húsinu.

Kjörfundurinn byrjar stundvíslega kl. 8 e.m., og verður opinn einungis til kl. 10.

Allir góðir og gildir meðlimir stúknanna Heklu og Skuldar hafa þar atkvæðisrétt, og ættu þeir allir að telja sér skylt, að sækja fundinn og greiða atkvæði.

Munið að koma — og — komið á réttum tíma.

Nöfn þeirra, sem í kjöri eru, verða auglýst í næsta blaði.

Winnipeg, 22. nóv. 1909.

B. E. Björnson
(ritari fulltrúanefndarinnar).

Tryggið fjárverð yðar.

Þegar þér kaupið skó yðar hér, þá fáið þér virði peninga yðar,

Ef þér viljið eignast skó, sem fullnægja kröfum yðar, hvað snið, áferð og endingu snertir, þá kaupið þá hér.

KARLA FLÓKASKÓR
$2.00 til $6.50

KVENMANNA FLÓKASKÓR
$2 00 til $5 00

Unglinga og Barna Skór
$1 00 til $3.50

Allar tegundir í Moccasins, Rubbers og Yfirskóm.

Ryan-Devlin Shoe Co
494 MAIN ST PHONE 770.

Frá Saskatchewan fylki komu á föstudaginn var þeir herrar Pétur Anderson, Hannes Lindal, Jóhann Johnson (frá Leslie) og Mrs. P. Johnson (frá Kristnes P.O.) og Miss Lambason (frá Foam Lake). Fólk þetta sagði ágætt tíðarfar og almenna heilbrigði vestra. — Snemma í þessum mánuði andaðist að Leslie Station, Sask., ölduugurinn Sigurbjörn Sigurðsson, hátt á sjötugsaldri. Hann var ættaður úr Vopnafirði, og hafði verið hér í landi 5 eða 6 ár. Hann var til heimilis hjá sonum sínum þar vestra.

Herra Jón Matthíasson, frá Ísafirði á Íslandi, kom til Winnipeg fyrir 4 vikum og hefir dvalið hér síðan. Hann fór af Íslandi fyrir 9 árum og hefir síðan verið í siglingum með Englendingum og aldrei séð Íslending á því tímabili, þar til hann kom nú hingað til borgarinnar. Á þessu 9 ára tímabili hefir Jón siglt um öll höf heimsins og séð öll ríki veraldar og þeirra dýrð. Hann fór núna í vikunni til Selkirk til að finna föður sinn, herra Matthías Þórðarson, sem þar býr.

Þarft þú ekki að fá þér ný föt?

EF ÞAU KOMA FRÁ CLEMENT'S, — ÞÁ VERÐA ÞAU RÉTT.

Réttur að efni, réttur í sniði réttur í áferð og réttur í verði.

Vér höfum miklar byrgðir af fegurstu og beztu fataefnum. —

Geo. Clements & Son
Stofnað árið 1874
264 Portage Ave. Rétt hjá Free Press

Th. JOHNSON
JEWELER
286 Main St. Talsími: 6606

QUILL PLAINS HVEITI LÖND

25,000 EKRUR. Algerlega FYRSTA ÚRVAL frá hinni miklu C.N.R. landveitingu. Gufuplógs lönd hrein. slétt

ÞESSA ÁRS UPPSKERA sannar gæði jarðvegsins. — Enginn steinn eða hrís.—Gott vatn.—Nálægt mörkuðum, skólum og kirkjum.—Vér höfum umráð á öllum Jansen og Claassen löndunum, og bjóðum þau til kaups með sanngjörnu verði og auðveldum borgunarskilmálum.—Kaupendur geta borgað af hvers árs upp skeru; 6% vextir.— Sölubréfin gefin út beint frá eigendum til kaup endanna.—Eastern Townships Bank í Winnipeg og hver banki og "business"-maður í Marshall, Minn., gefur upplýsingar um oss. — Póstspjald færir yður ókeypis uppdrætti og allar upplýsingar.—

John L. Watson Land Co.
316 Union Bank Bldg. - - Winnipeg. Man

Jónas Pálsson,
SÖNGFRÆÐINGUR,
Útvegar vönduð og ódýr hljóðfæri.
460 Victor St. Talsími 6803.

HEIMSKRINGLU og TVÆR skemtilegar sögur fá nýir kaupendur fyrir að eins $2 00

JOHN ERZINGER
TÓBAKS-KAUPMAÐUR.
Erzinger's skorið reyktóbak $1.00 pundið
Hér fá-t allar ceftóbaks-tegundir. Óska eftir bréflegum pöntunum.
McINTYRE BLK., Main St., Winnipeg
Heildsala og smá ala.

G. NARDONE
Verslar með matvöru, aldini, smá-kökur, allskonar sætindi, mjólk og rjóma, sönnul. tóbak og vindla. Óskar viðskifta Íslend. Heitt kaffi eða te á öllum tímum. Fón 7756
714 MARYLAND ST.

Góð skemtun

FYRIR LÁGT VERÐ

Yngra fólkið í Únitarasöfnuðinum sýnir hinar velþektu og vinsælu lifandi myndir af söguviðburðum (Tableaux), sem flestir kannast við frá síðasta vetri, — mánudags- og miðvikudagskveldið 6. og 8. desember næstkomandi. — Auk þeirra verður margt fleira til skemtunar, eins og eftirfylgjandi prógram sýnir. —

Mánudagskveld 6. des.
PROGRAM:

Sýningar úr Friðþjófssögu: —
1. Grátur Ingibjargar (í 4 sýningum).
2. Friðþjófur kemur til Hrings (í 7 sýningum).
3. Dauði Hrings (í 6 sýningum).
4. Sýning úr Grettissögu: Illugi og Þorbjörn Öngull (í 5 sýningum)
5. Söngflokkurinn syngur.
6. Ræða—Séra Rögnv. Péturssoa
7. Lesið upp eftir Mark Twain.
8. Sýning úr Njálu: Gunnar og Hallgerður á Þingvelli.
9. Samtal (atriði úr Brandi eftir Ibsen).
10. VEITINGAR.

Miðvikudagskv. 8. des.
PROGRAM

Sýningar úr Friðþjófssögu: —
1. Grátur Ingibjargar (í 4 sýningum).
2. Friðþjófur kemur til Hrings (í 7 sýningum).
3. Dauði Hrings (í 6 sýningum).
4. Sýning úr Grettissögu: Illugi og Þorbjörn Öngull (í 5 sýningum)
5. Tvísöngur.
6. Ræða.
7. Sýning: Lorelei.
8. Sýning úr Njálu: Gunnar og Kolskeggur.
9. Samtal (atriði úr Faust, eftir Goethe).
10. VEITINGAR.

Aðgöngumiðar kosta 25c og fást við dyrnar.

Undirritaður veitir tilsögn í íslenzku: málfræði, réttritun og lestri, — og gerir uppdrætti af húsum.

S. VIGFÚSSON.
Til heimilis að 673 Agnes St.

Afmælishátið Tjaldbúðarinnar verður haldin þann 15. des. næstk. í kirkjunni. Prógram verður auglýst í næsta blaði.

Herra Jóh. Gillis, frá Víta P.O., Man., var hér í borg í síðustu viku. Í fréttum sagði hann, að 6. þ.m. hefði sléttueldur brent fyrir sér 75 tons af heyi, sem er $200.00 tap, fyrir Guðna Ólafssyni 50 tons og fyrir Galiciumönnum um 50 tons. Bóndi einn þar syðra hafði daginn áður kveikt í brúskum á landi sínu, til þess að hreinsa það. Hann hafði búið eins vel um eins og hann gat, til þess að eldurinn útbreiddist ekki, en nóttina eftir hafði eldurinn ekki slokknað, og á laugardaginn gerði hvast veður, svo að eldurinn útbreiddist og gerði þann skaða, sem að framan er sagt. Um sama leyti var þar Galiciu-fólks giftíng, og var glatt á hjalla. Einn gestanna hampaði rýtíng til að auka veizlugleðina, annar hafði skámbyssu og skaut tveimur skotum og hafði mann í hvoru, eða réttara sagt, karlmann í öðru, en kvenmann í hinu, og meiddi bæði talsvert, svo að lækni varð að sækja. Var sá sem áverkunum olli, tekinn fastur og fluttur fyrir rétt í Emerson bæ.

Ógurlegt hríðarveður varð þar syðra fyrra sunnudag, svo að nú er þar all-gott sleðafæri.

Enginn fundur

verður í Menningarfélaginu í kveld (miðvikudag 24. nóv.), sem orsakast af því, að forstöðuneíndnni brugðust fyrirlesturs-vonir, sem hún hafði reitt sig á. Næsti fundur verður auglýstur bráðlega.

Merkur guðfræðingur.

Séra F. A. Bowers frá Philadelphia, eitt af mestu leiðarljósum lúterskra manna í Vesturheimi, flytur daglega fyrirlestra alla næstu viku hér í borg, í lút. kirkjunni á horni Ellice Ave. og Beverly St.

Ræðuefni: —

Sunnud. 28. nóv. kl. 11 f.h.: Biblíu kenningar.
Sama dag kl. 7 e.h.: Lúteranar í Norður-Ameríku.
Mánud. 29. nóv. kl. 8. e.h.: Trúboð vort í Norður-Ameríku.
Þriðjud. 30. nóv. kl. 8 e h.: Freisting og synd.
Miðvikud. 1. des. kl. 8 e. h.: Eftirsjá og afturhvarf
Fimtud. 2. des. kl. 8. e.h.: Frelsun fyrir trú.
Föstud. 3. des. kl. 8 e. h.: Nauðsyn kirkjunnar.

Sérstakur söngur við allar samkomurnar. Allir eru velkomnir.

The Abernethy Tea Rooms

Eru nú undir nýrri ráðsmensku. Vér getum selt fólki góðar máltíðir og hressingar eftir þann 9. þ. m. —

21 máltíðarseðlar $3.50

472 PORTAGE AVE.

Omeinguð Hörlérept

beint frá verksmiðjunni á Írlandi. Af því vér kaupum beint þaðan, getum vér selt írsk hörlérept ódýrar en aðrir í borginni. 15 prósent afsláttur næstu 2 vikur.

C. S. S. Malone
552 PORTAGE AVe. Phone Main 1478
16-12-9

Boyd's Brauð

Góð heilsa krefst að þér borðið réttilega bakað Brauð, sem gert er úr ómeinguðu mjöli Brauð sem nærir yður Reynið eitt brauð vort—biðjið matsalinn um það; ef hann hefir það ekki, þá sendið og vagn vor færir yður það. —

Boyd's

Bakery Cor Spence & Portage Ave
Phone 1080.

Winnipeg Wardrobe Co.

Kaupa brúkaðan Karla og Kvenna fatnað,—og borga vel fyrir hann.

Phone, Main 6539 597 Notre Dame Ave.

MARTYN F. SMITH,
TANNLÆKNIR.
Fairbairn Blk. Cor Main & Selkirk
Sérfræðingur í Gullfyllingu og öllum aðgerðum og tilbún aði Tanna. Tennur dregnar án sársauka. Engin veiki á eftir eða gómbólga —
Stofan opin kl. 7 til 9 á kveldin
Office Phone 6944. Heimilis Phone 6462.

BILDFELL & PAULSON
Union Bank 5th Floor, No. 520
selja hús og lóðir og annast þar að lútandi störf: útvegar peningalán o. fl.
Tel.: 2685

J. L. M. THOMSON, M.A., L.L.B.
LÖGFRÆÐINGUR. 255½ Portage Ave.

Hubbard, Hannesson and Ross
LÖGFRÆÐINGAR
10 Bank of Hamilton Chambers
Tel. 378 Winnipeg

Gólfteppa Hreinsun

Vér stoppum og þekjum gamla stóla, legubekki og fleira. — Flyt húsgögn og geymi þau yfir lengri eða styttri tíma. —

W.G. Furnival
312 Colony St. Phone 2041.

ANDERSON & GARLAND
LÖGFRÆÐINGAR
35 Merchants Bank Bldg. Phone: 1561

Húðir og ógörfuð Loðskinn

Verzlun vor er vor bezta auglýsing. Sendið oss húðir yðar og loðskinn og gerist stöðugir viðskiftamenn.
Skrifið eftir verðlista.

The Lightcap Hide & Fur Co., Limited
P.O. Box 1092 172-176 King St Winnipeg
16-9-10

BONNAR, HARTLEY & MANAHAN
Lögfræðingar og Landskjala Semjarar
Suite 7, Nanton Block, Winnipeg

W. R. FOWLER A. PIERCY.

Royal Optical Co.
307 Portage Ave. Talsími 7286.
Allar nútíðar aðferðir eru notaðar við augn skoðun hjá þeim, þar með hin nýja aðferð, Skugga-skoðun, sem gjörð er öllum ágiskunum. —

Ný Kjötverzlun

Allar vörur af beztu tegund.

H. SIMONITE, eigandi
Talsími: 947 110 Isabel St
16 9-10

Drs. Ekern & Marsden,
Sérfræðislæknar í Eftirfylgjandi greinum: — Augnasjúkdómum, Eyrnasjúkdómum, Nasasjúkdómum og Kverkasjúkdómum. : : :
Í Platky Byggingunni í Bænum
Grand Forks, :: N. Dak.

Dr. G. J. Gislason,
Physician and Surgeon
Wettington Blk. - Grand Forks, N.Dak
Sjerstakt athygli veitt AUGNA, EYRNA, KVERKA og NEF SJÚKDÓMUM.

SKEMTISAMKOMA

Undir umsjón stúkunnar Skuld, Ó. R. G. T., miðvikudaginn 1. desember n. k. : : : :

1.— ÁVARP FORSETA.
2.— Spilað: "Hvað er svo glatt," o.s.frv. Sungið af öllum.
3.— Jón Runólfsson: LES KVÆÐI.
4.— A. St. Johnson: ÓÁKVEÐIÐ.
5.— F. Friðriksson: FÍÓLÍN SÓLÓ.
6.— Carolína Dalman: Les st bl. Stjarnan
7.— Helgi Sigurðsson: VOCAL SÓLÓ.
8.— Sveinn Sveinsson: UPPLESTUR.
9 — Sigríður Friðriksson: PIANO SOLO
10—Gunnl. Jóhannsson: "KRUDERIE"
11.—H. Thórólfsson: SOLO
12.—R Th Newland: BROT ÚR RÆÐU
13 - KASSA UPPBOÐ.
14. KAFFI MEÐ BRAUÐI — FRÍTT.
15. MUSIC og SKEMTANIR — allskonar.
16. "Eldgamla Ísafold"—sungið af öllum.

Byrjar á slaginu kl. 8 e. h.
Í efri G. T. salnum.

Inngangur fyrir fullorðna kostar 25c
Inngangur fyrir börn kostar 15c

It's going UP.

Þú getur ekki búist við

að það geri annað en eyðast í reyk. Því ekki að fá nokkur tons af okkar ágætu kolum, og hafa ánægjuna af, að njóta hitans af þeim, þegar vetrarkuldarnir koma. Komið til vor og nefnið þetta bl.

D. E. ADAMS COAL CO.
YARDS Í NORÐUR, SUÐUR, AUSTUR OG VESTURBÆNUM
Aðal Skrifst.: 224 BANNATYNE AVE.

Fréttir úr bænum.

Til lesendanna.

Útkoma Heimskringlu hefir tafist þessa viku af því að afleiðslustöð sú, er framleiðir aflið, sem vinnuvélar borgarinnar eru knúðar með, — skemdist svo á þriðjudaginn var, að borgin hefir síðan hvorki haft ljós né afl. — Hvort Heimskringla kemur út á réttum tíma í næstu viku, er enn óvíst, en reynt verður að koma blaðinu út eins fljótt og möguleikar leyfa.

Frá Norður-Dakota kom á fimtudaginn var herra Sigfús Árnason, fyrrum alþingismaður Vestmanneyinga. Hann hafði fengið simskeyti þann 14. þ.m. að koma tafarlaust suður, því að látinn væri þar bróðir hans Lárus Ivísali Árnason, og fór hann því strax suður. Lárus sál. varð jarðsynginn að Devils Lake á miðvikudaginn þann 17. þ.m. undir umsjón Frímúrara félagsins. Dr. Mórítz Halldórsson, ritar um lát þessa manns í þessu blaði. Sömuleiðis hefir hann tekið að sér að annast um dánarbú þess látna, samkvæmt umboði, er Sigfús gaf honum fyrir hönd sína og annara systkina.

Ungmennafélag Únitara hefir ákveðið að hafa skemtifundi í Únitarasalnum annaðhvort laugardagskveld í vetur. Hinn fyrsti slíkur fundur var haldinn 13. þ.m., og skemtu sér vel þeir sem þangað komu. Á laugardaginn kemur er næsti skemtifundur félagsins, og eru félagsmenn beðnir að hafa það hugfast og fjölmenna.

Vancouver-maður hefir keypt hornlóðina á Jessie Ave og Wentworth St. fyrir $25.00 fetið (framhliðar), alls 250 fet.

Látin er hér í borg mánudaginn 22 þ.m. ekkjan Guðný Guðmunds dóttir, frá Akureyri, nær sjötugsaldri. Jarðarför hennar fer fram í dag (miðvikudag) kl. 2.30 frá Fyrstu lútersku kirkjunni.

Conservativar unnu stóran sigur við kosningarnar í British Columbia þann 25.; 20 móti 2 er síðast fréttist

EKRU-LÓÐIR

3. til 5 ekru spildur við rafmagns brautina, 5 mílur frá borginni. — aðeins 30 mínútna ferð á sporvagninum, og mölborin keyrslubraut alla leið. Verð $200 ekran og þar yfir. Aðeins eins-fimtipartur borgist strax, hitt á fjórum árlegum afborgunum.—

Skúli Hansson & Co.

Skrifst. Talsími 6476. Heimilis Talsími 2274

Heimskringla.

Vér höfum næga skildinga

til að lána yður með tryggingu í bújörðum og bæjar-fasteignum. Seljum ábyrgðir á eld-ábyrgðir. Kaupum sölusamninga og víxlskuldabréf.

Fyrsta flokks appelsínur selta

Skúli Hansson & Co

56 Tribune Building. Winnipeg

XXIV. ÁR WINNIPEG, MANITOBA, FIMTUDAGINN, 2. DESEMBER 1909 NR. 9

Fregnsafn.

Markverðustu viðburðir hvaðanæva

— Nýtt deyfilyf er fundið, sem nefnt er "Stovaine". Það hefir verið prófað á 8 hundruð sjúklingum og reynst ágætlega. Nú nýlega var gerður stór uppskurður á hálsi á manni einum á Englandi. Svo var tilfinning mannsins deyfð, að hann fann ekkert til sársaukans við skurðinn, sem þó var mikill. Maðurinn var þó vel vakandi og talaði við læknirinn meðan á uppskurðinum stóð. Prófessor Jonnesko gerði uppskurðinn í viðurvist 40 lækna. Hann sagði læknunum, að á sl. 18 mánuðum hefði hann gert 700 uppskurði, án þess að svæfa nokkurn sjúkling, að eins notað þetta nýja deyfingarmeðal, til þess að deyfa tilfinningar sjúklinganna. Að uppskurðinum loknum, reis sjúklingurinn upp af borðinu og gekk inn í næsta herbergi, þar sem hvíla var uppbúin fyrir hann.

— Missætti er milli Bandaríkjanna og Nicaragua lýðveldisins, út af því, að tveir Bandaríkjaþegnar voru líflátnir þar syðra að fyrirskipun Zelaya lýðveldisforseta. Menn þessir voru staðnir að því verki, að vera að leggja neðansjávar tundurvélar í San Juan ána. Þeir voru kærðir um, að hafa verið í vitorði með nokkrum þar lendum borgurum að stofna til uppreistar móti lýðveldinu, og máli þeirra var stefnt fyrir herrétt, og voru þeir dæmdir sekir og líflátnir. Þegar fregn þessi barst til Bandaríkjanna, tók stjórnin að rannsaka málið, komst að því að þessir menn hefðu haft rétt til þess, að vinna að tundurvéla lagningu, og að Nicaragua stjórnin hefði átt að fara með þá eins og hverja aðra herfanga, en ekki að lífláta þá. Hvað á stjórnarfundi þessum gerðist, vita menn ógerla annað en það, að að honum loknum var farið að útbúa vigskip Bandaríkjanna til brottferðar, og að viðhafa ýmsan annan herútbúnað, sem virðist benda til að Bandaríkjastjórnin ætli að hegna Nicaragua mönnum fyrir tiltækið. Eitt skip var tafarlaust sent suður til Panama, og því sagt að bíða þar frekari skipana. Og önnur skip er ætlað að verði send þangað suður með valið herlið og nægan forða af vistum og vopnum — Hvernig mál þetta kann að fara, er enn óvíst.

— Bandaríkjastjórnin gerir sér von um, að fá í ríkissjóðinn árlega 25 miliónir dollara skattgreiðslufé frá auðfélögum. Það er búist við, að 122 þúsund löggilt félög verði að greiða árlegan skatt í ríkissjóðinn.

— Snjór féll nýlega í norður Ontario fylki, og varð sumstaðar 3 feta djúpur á jafnsléttu. Skaflar urðu víða 6 til 7 feta háir og járnbrautalestir teptust.

— Mynd (frægt málverk) af gömlum Gyðingi, var nýlega seld á Englandi fyrir 72 þús. pund sterling. Eigandinn hafði keypt hana fyrir nokkrum árum fyrir 20 þúsund pund.

— Að bræða timbur er eitt af því, sem til þessa tíma hefir verið álitið ómögulegt. En nú hefir hr. Francis Marre sýnt með ritgerð í blaðinu "La Nature", sem út er gefið í París, að þetta er mögulegt. Hann segir, að ekki að eins sé það mögulegt, heldur sé hægðarleikur að bræða timbrið, þó til þess þurfi mikinn hita, og hann geiur von um, að þess verði ekki langt að bíða, að þetta verði ein af iðngreinum heimsins. Þegar viðurinn er bræddur, þá kemur fram hart efni, sem hann segir nytsamlegt til margra hluta. Til þess að bræða viðinn, verður að geyma hann í loftheldu hólfi, sem hitað er upp í 284 gr. Fahrenheit, eða meir. Við þann hita má ná úr viðnum ýmsum efnum, sem í honum eru, og verða þá eftir að eins sjálfar viðartægjurnar. Síðan eru þær bræddar með 1500 gr. hita í fullar tvær klstundir, og verða þær þá að hörðu efni, sem nota má til mann, sem í vatnið fór. Samt náðlögun sem óskast.

— Þann 14. nóvember rákust 2 farþegjaskip á að næturlagi í Indverska hafinu, með svo miklu afli, að annað skipið sökk eftir 2 mínútur. Eitt hundrað manna drukknuðu. Mennirnir á því skipinu, sem minna skemdist, gerðu alt sem þeir gátu, til að bjarga fólkinu af hinu skipinu. En þeir áttu óhægt aðgöngu fyrir hákarlatorfu, sem þar var í kring og réðist á hvern mann, sem í vatnið fór. Sgmt náð ust um 60 manns lifandi, en margir þeirra höfðu orðið fyrir hákarlabiti, og sumir voru svo skaðaðir, að þeir geta ekki lifað lengi.

— Almennar kosningar í British Columbia þann 25. nóv. fóru þannig, að McBride stjórnin vann þann frægasta sigur, sem nokkur stjórn hefir unnið í Vestur-Canada. Í þinginu eru alls 42 þingmenn. Þar af fengu Conservativar eða McBride stjórnin 38, Liberalar 2 og Sósialistar 2 þingmenn. — McBride fékk yfir 300 samfagnaðarskeyti úr ýmsum áttum strax og kosningaúrslitin urðu kunn. McDonald, leiðtogi Liberala, sagði eftir kosninguna, að hann ætlaði að hætta algerlega við pólitík og að gefa sig framvegis eingöngu við búskap á landi sínu. — Þessi sigur McBride stjórnarinnar er talinn sérlega merkilegur fyrir þá sök, að tveir af fyrri ráðgjöfum hans snérust á móti honum í þessum kosningum, og sömukeiðis ýmsir merkir stuðningsmenn hans, eins og til dæmis Sir Chas. H. Tupper. En íbúarnir í British Columbia litu á það svo, að Tupper hefði í þessu efni farið að óskum C.P.R. félagsins, og því væri minna mark takandi á mótbárum hans en ella mundi vera. McBride sjálfur sótti í tveimur kjördæmum og vann í báðum. Leiðtogi Liberala sótti einnig í tveimur kjördæmum og tapaði í báðum. Margir þeirra, sem sóttu móti Conservative stjórninni, fengu svo fá atkvæði, að þeir töpuðu ábyrgðarfé sínu. — Fylkisbúar vildu fá járnbraut lagða og hafnbætur gerðar í fylkinu, — þess vegna voru þeir svona eindregnir með samningi þeim, sem McBride stjórnin gerði við C.N.R. félagið, og sem allar kosningarnar snerust um.

— Tvær konur voru skotnar til bana í Lexington, Ky., á föstudaginn var, — kona og dóttir hennar 16 ára gömul. Bóndanum og syninum hafði orðið á að lenda í skærum við mann þar, og voru þeir kærðir um að hafa orsakað dauða hans. Lögreglulið var sent heim til þeirra, til að handtaka þá, en konan og dóttirin vörðu þá svo vasklega, að þær voru báðar skotnar til bana. Þá tóku nábúarnir að vopnast og að skjótast í flokka, sumir með ákærðu feðgunum, en aðrir á móti þeim. Lögreglan gat ekki við neitt ráðið, svo að herlið varð að sækja til að skakka leikinn. En feðgunum varð náð að lokum.

— Þjóðverjar biðja um 312½ miljón dollara þingveitingu til herútbúnaðar, og er það stærsta upphæð, sem á nokkru einu ári hefir heimtuð verið þar í landi í þessu augnamiði. Mest af þessu á að ganga til herskipasmíða, bæði til öflugra vígskipa og til torpedó báta og neðansjávar eða kafunarskipa. — Sú skoðun er almenn á Englandi, að þetta sé sýnilegur vottur þess, að Þjóðverjum búi enginn friður í huga, og að ef það fjárlaga frumvarp, sem nú er fyrir þingi Breta verði samþykt, þá hafi það þau áhrif, að verzlun Þjóðverja við Bretland minki að stórum mun, og að Þjóðverjar muni gera það að ádeilu og hernaðar tilefni.

— Dómur hefir fallið í Bandaríkjunum, sem ákveður, að Standard oliufélagið sé ólögmætt félag, stofnað til þess að hefta viðskifti, og dómarinn hefir ákveðið, að það skuli uppleysast innan 30 daga frá birtingu dómsins. Bandaríkjastjórn — sem var málsheljandi, vann sigur í öllum atriðum í málinu. En ætla má, að Standard félagið skjóti dómi þessum fyrir æðsta dómstól landsins.

— Mælt er, að Herbert John Gladstone, sonur gamla Gladstones sál., verði gerður landstjóri í Suður-Afríku. Hann verður því að segja af sér ríkisritarastöðunni í brezka ráðaneytinu.

— Liberalar unnu aukakosninguna í Birtle á laugardaginn var.

— Kolabyrgðir verða nægar í vetur í Vestur-Canada. C.P.R. félagið hefir flutt eina milión tons frá Pennsylvania til Fort William, til að geta mætt þörfum Norðvesturlandsins. Önnur félög hafa og látið flytja mikið af kolum til Port Arthur, sem alt er ætlað til Vesturfylkjanna.

— Tuttugu og fimm þús. manns hafa tekið borgarabréf í Canada á þessu ári. Þar af voru 9000 frá Bandaríkjunum, 4 þús. frá Austurríki, 3 þús. frá Rússlandi, 2 þús. frá Ítalíu og 11 hundruð Þjóðverjar. — Á sama tíma hafa löggilt verið 366 hlutafélög, með samanlögðum 120 milión dollara höfuðstól.

— Kvenfrelsiskonur á Englandi, sem nú eru þar í fangelsi, hafa tekið upp það nýmæli, að neita að brúka nokkurn fatnað í fangelsunum, ef þær fái ekki að vera í sínum eigin fötum. Lögin fyrirskipa, að allir fangar eigi að íklæðast fangabúningi, meðan þeir eru í fangelsi, og þann búning leggur hið opinbera til. En konurnar hafa neitað, að fara í fangafötin, og ganga naktar í klefum sínum, og þær segjast munu halda því áfram, þar til þeim verði leyft að nota sinn eigin fatnað.

— Fjárhagsskýrslur Bandaríkjanna er mælt að sýni nálega 59 milión dollara sjóðþurð á síðasta fjárhagsári, og þó er stjórnin beðin að auka að mun árslaun mikils fjölda af stjórnarþjónum, sem verið hafa í þjónustu ríkisins um fjölda ára. Ástæðan, sem færð er fyrir launahækkunarkröfunni, er sú, að lífskostnaður sé nú svo miklu hærri í Bandaríkjunum en á fyrri árum, að launin séu orðin ósanngjarnlega lág. Inntektir ríkisins á síðasta fjárhagsári eru taldar $603,599,489. Það er rúmlega 2½ meira en á undanförnu ári. En útgjöldin urðu $662,324,445. En það er rúmlega 41 milión dollara meira en á fyrra ári. 31½ milión dollara var varið til Panama skurðarins. Alls hafði stjórnin þá borgað út fyrir það mannvirki nær 83 miliónir dollara. Enn á þó stjórnin óeytt í fjárhirzlunni rúmlega 126 miliónir dollara, svo ríkið er hvergi nærri því, að fara á vonarvöl. Í Bandaríkjunum voru alls 3406 miliónir dollara í umferð við lok fjárhagsársins.

— Hubert Latham flaug nýlega í flugvél sinni á Frakklandi 1345 feta hátt, og er það talið hæsta flug, sem mælt hefir verið í belglausri vél. — Annars er þess getið í þessu sambandi, að Bandaríkjamaðurinn Orville Wright hafi á Englandi í október sl. komist 16 hundruð fet í loft upp. En mælingin var ekki talin áreiðanleg.

— Ósáttin milli Bandaríkjanna og Nicaragua lýðveldisins er orðin svo alvarleg, að Taft forseti sendi á föstudaginn var skipan um, að hafa 3 flutningsskip viðbúin til að flytja hermenn suður til Corinto, hvenær sem kallið kæmi. Það er talið líklegt, að nokkur þúsund hermanna verði send suður á hendur lýðveldinu, ef Zelya forseti lætur ekki tafarlaust að kröfum Bandaríkjanna, er orsakast af líflláti tveggja Bandaríkjamanna fyrir skömmu síðan.

— Grand Trunk Pacific járnbrautarfélagið biður ríkisþingið um leyfi til að mega leggja járnbrautir í ýmsum pörtum Norðvesturlandsins, bæði Manitoba, Saskatchewan og Alberta fylkjum og að mega taka lán, er svari 30 þús. dollars fyrir hverja mílu, sem þannig er lögð í þessum fylkjum.

— Hundrað og fimtíu námamenn í Edmonton gerðu verkfall á laugardaginn var. Orsökin er, að námamenn krefjast ýmsra breytinga og umbóta á vinnu-fyrirkomulaginu, sem námaeigendur hafa ekki viljað veita. Verði verkfallið langdregið, er hætt við, að ekki verði nægar byrgðir af kolum til að hita skóla borgarinnar eða að tryggja það, að aflstöðin geti haldið áfram starfi.

Námaslysið í Cherry.

— Nú virðist algerlega útséð um að ekki náist fleiri menn lifandi úr Cherry námanum, en þeir 20, sem getið var um í síðasta blaði. Tölurnar standa þá svona: —

Í námanum voru, þegar kviknaði í honum, 527 menn.

Undan komust samdægurs 217 menn.

Úr námanum hafa náðst 101 lík.

Lifandi náðust eftir vikutíma 20 menn.

Af björgunarflokknum fórust 10 menn.

Enn eru ófundnir og taldir dauðir 169 menn.

Alls hafa því látist við þetta voðalega slys 310 menn.

Íslands fréttir.

Sími milli Ísafjarðar og Bolungarvíkur var tekinn til afnota 7. okt. þ. á., og er borgað fyrir samtal milli nefndra staða 35 aur., en 15 aur. fyrir samtal milli Ísafjarðar og Hnífsdals.

Jörð alhvít af snjó og kuldatíð á Ísafirði í byrjun okt.

Landmandsbankinn í Kaupmannahöfn hefir sett á stofn útibú í Þórshöfn á Færeyjum. Gunnar Haístein veitir því forstöðu.

Verð á sláturfé með lægra móti á Ísafirði í haust, kjöt 16—20 au.

Barnaskólinn á Ísafirði hafði 165 börn, er hann tók til starfa 1. okt. í haust.

Pétur Zoffoníasson tekur við ritstjórn Þjóðólfs á næsta nýári, og er mælt að hann hafi keypt bl.

Kornyrkja er byrjuð á Norðurlandi undir umsjón ræktunarfélags Norðurlands. Blaðið Norðurland segir um þetta: — "Nú er búið að slá vetrarrúginn og binda hann í knippi, sem reist eru upp til þerris á akrinum. Sjá ferðamenn, sem um akbrautina fara, nýstárlega sjón: Mannhæðarhá kornax vaxin í íslenzkri mold. — Það er talandi vottur þess, hvern árangur jarðræktin getur gefið hér á landi, ef henni er sómi sýndur, og reynsluvísindi nútímans höfð til leiðbeiningar. Fullum þroska hefir vetrarrúgur náð, ein tegund hafra og nokkrar byggtegundir".

Þann 21. okt. veitti bæjarstj. í Reykjavík 42 kórlum og 3 konum styrk úr alþýðustyrktarsjóði.

Verð á íslenzkum fiski gott á Englandi, þar seldist í haust smáfiskur, mest lúða og koli, fyrir 48 kr. skippundið.

Fiskafli ágætur á Ísafirði í byrjun nóv. sl.

Síldveiðarnar é Eyjafirði eru nú búnar. Sumarveiðin varð 150 þús. tunnur, en í fyrra 200 þús. tunnur. En aftur er síldarverðið miklu hærra í ár.

Látinn er 19. okt. Björn augnalæknir Ólafsson, 47 ára gamall. — Hann var fyrsti lærður augnalækn ir á landinu. Mælt að nú taki Andrés læknir Fjeldsted við embætti Björns sál. og flytji til Reykjavíkur.

Kynnisför norðlenzkra bænda til Suðurlands er verið að ráðgera á næsta sumri, þann veg, að 3 bændur úr hverri sýslu í Norðlendingafjórðungi ríði suður — helzt í júnílok — og fari um Suðurlands undirlendið, meira eða minna, komi á þingvöll, í Borgarfjörðinn o.s.frv. Er þetta ráðið í því skyni að auka kynningu norðan- og sunnanbænda. Búist við, að Ræktunarfélagið og Búnaðarfélagið, hvort um sig, veiti einhvern styrk til fararinnar.

Vígslubiskupar eiga að kjósast 16. nóv. þ.á. Mælt að séra Valdimar Briem og Björn Jónsson, prestur á Miklabæ í Skagafirði, verði fyrir kjörinu.

Megn kjötskortur er í Reykjavík. Kjöt ekki fáanlegt fyrir peninga út í hönd.

Góð síldveiði við Reykjavík og Sunnanlands yfirleitt í byrjun nóv. mánaðar. Veðurstallur þá um alt land, en frost í meira lagi.

Tekjur landsímans á 2 ársfjórðungum voru 22,276 kr. á móti 14,506 kr. á sama tímabili í fyrra.

Látin er frú Ida Halldórsdóttir, Friðrikssonar, yfirkennara, eiginkona séra Kristinns Daníelssonar á Útskálum. Varð bráðkvödd í sveini aðfaranótt 12. okt. sl., laðist alheil til sveins um miðnætti, en var örend í sæng sinni um morguninn.

Mótorbbátur frá Vestmannaeyjum fór í október með vörur til Víkur í Mýrdal. Þar varð komist út í hann og eitthvað af vörunum flutt í land, en 2 menn voru eftir í bátnum um kveldið, og lá hann þá fyrir akkerum. Morguninn eftir var hann horfinn. Hann rak mannlausan á land í Landeyjum. En til mannanna tveggja ekkert frézt.

Gaulverjabæjar söfnuður allur hefir sagt sig úr þjóðkirkjunni, og gerst frikirkjusöfnuður.

Regn og stormasamt með ofsa norðanveðri var um land alt vikutíma um miðjan október.

Kennarar lagaskólans ætla að veita ókeypis lögfræðislegar leiðbeiningar á næsta vetri, þann 1. og 3. laugardag í hverjum mánuði frá kl. 7—8 á kveldin meðan skólinn stendur yfir. Allir eiga aðgang að ókeypis leiðbeiningum á þessum tímum.

Nýi kvennaskólinn var vígður í Reykjavík 6. okt. sl.

Kartöflu uppskeran á Akureyri óvanalega góð í haust. Stærsta kartafla þar úr garði var 65 kv.

Ingólfur segir, að landshags skýrslurnar fyrir árið 1908 séu nú svo langt komnar, að blaðið geti frætt lesendur sína á því, að verzlunar-umsetning landsins var um 26 miliónir kr., eða um 5 mil. kr. lægri en árið á undan.

Ingólfur segir 4. nóv.: Námafélag Íslands hefir látið hætta greftri þeim, sem byrjað var á í Miðdal um daginn. Voru menn þeir, er að verkinu unnu, komnir 15 fet niður, er símskeyti kom frá Englandi um, að hætt skyldi greftrinum. — Hvort samningunum um sölu á námunum sé þar með lokið, vitum vér eigi með vissu, en fremur virðist þessi afturkippur benda á það. Sem dæmi þess, hve dýr námagröftur er, má geta þess, að þessi 15 fet munu hafa kostað Námufélag Íslands um 400 kr., að því er sagt er.

Frá Vestmannaeyjum er sagt fiskileysi. Hefir lítið sem ekkert aflast þar um langan tíma. Síldveiði hefir heldur engin verið þar.

— Frank Cherry, einn af efnuðustu bændum í Prince Albert héraðinu, var fyrir nokkrum tíma dreginn fyrir dóm fyrir að neita 13 ára gamalli dóttur sinni um læknishjálp. Stúlkan hafði fótbrotnað. Elzti sonurinn sótti lækni, en bóndi neitaði að leyfa honum að eiga nokkuð við sjúklinginn.

Sonurinn fór þá til lögreglunnar og lét hana sækja föður sinn að lögum fyrir vanrækslu föðurskyldunnar.

"Andvökur"

LJÓÐMÆLI EFTIR

Stephan G. Stephansson

Kosta, í 3 bindum. $3 50, í skrautbandi.

Tvö fyrri bindin eru komin út, og verða til sölu hjá umboðsmönnum útgefendanna í öllum íslenzkum bygðum í Ameríku.

Í Winnipeg verða ljóðmælin til sölu, sem hér segir:

Hjá Eggert Jóhannssyni, 689 Agnes St., EFTIR KL. 6 AÐ KVELDI.

Hjá Stefáni Péturssyni, AÐ DEGINUM, frá kl. 8 f.h. til kl. 6 að kveldi, á prentstofu Heimskringlu.

Hjá H. S. Bardal, bóksala, Nena St.

Hjá N. Ottenson, bóksala, River Park, Winnipeg.

Utanbæjarmenn, sem ekki geta fengið ljóðmælin í nágrenni sinu, fá þau tafarlaust með því að senda pöntun og peninga til Eggerts Jóhannssonar, 689 Agnes St., Winnipeg, Man.

Ísl. Conservative Club

HELDUR FUND Í ÚNITARASALNUM Á HORNINU Á SHERBROOKE OG SARGENT, Á FÖSTUDAGSKVELD Í ÞESSARI VIKU, 3. DESEMBER. —

ALLIR MEÐLIMIR KLÚBBSINS, FRÁ ÞVÍ Í FYRRA, ERU BEÐNIR AÐ SÆKJA FUNDINN OG KOMA Í TÍMA,—KLUKKAN 8 AÐ KVELDI —

B. L. BALDWINSON, forseti.

OGILVIE'S

Royal Household Flour

Til Brauð og Köku Gerðar

Gefur Æfinlega Fullnæging

EINA MYLLAN Í WINNIPEG,—LÁTIÐ HEIMA IÐNAÐ SITJA FYRIR VIÐSKIFTUM YÐAR

Wall Plaster

Með því að venja sig á að brúka "Empire" tegundir af Hardwall og Wood Fibre Plaster er maður hár viss að fá beztu afleiðingar.

Vér búum til:

"Empire" Wood Fibre Plaster
"Empire" Cement Wall "
"Empire" Finish "
"Gold Dust" Finish "
"Gilt Edge" Plaster of Paris
og allar Gypsum vörutegundir. —

Eigum vér að senda yður bækling vorn?

MANITOBA GYPSUM CO. LTD

SKRIFSTOFUR OG MILLUR I

Winnipeg, - Man.

Heimskringla

Published every Thursday by The Heimskringla News & Publishing Co. Ltd.

[illegible]

S. L. BALDWINSON
Editor & Manager

Office:
29 Sherbrooke Street, Winnipeg
BOX 3083. Talsími 3512.

Ríkisreikningarnir.

Fjármálin eru eitt af þeim atriðum, sem alla varðar. Inntektir og útgjöld hvers einstaklings er mæli framkvæmda hans og sjálfstæðis og framtíðar útlits. Það, sem að þessu leyti gildir fyrir einstaklinginn, það gildir eins fyrir þjóðfélagið í heild sinni. Þegar bóndinn "heldur við", eins og það er nefnt á íslenzku, það er að segja, þegar inntektirnar af starfsemi hans nægja til þess að mæta útgjöldunum, þá er hann sjálfstæður. Séu inntektirnar meiri en útgjöldin, þá er hann á þroskaskeiði efnalega, og gefur von um að verða bjargvættur bræðra sinna. En ef hann, fyrir einhverjar ástæður, eyðir einatt meiru en hann vinnur fyrir, þá er gjaldþrot í vændum fyr eða síðar. Og það gjaldþrot hefir þau áhrif á samborgarana, að þeir verða að jafna reikningana með auka álögum á sig í einhverri mynd. Undan þessu verður ekki komist. Afleiðingarnar eru óhjákvæmilegar. Þeir, sem einhverntíma hafa orðið fyrir því, að komast í skuldir, vita bezt, hve örðugt það er, að komast úr þeim aftur. Og eins vita þeir það allra manna bezt, að heill hópur slíkra manna hefir ekki þrek til þess, að ná nokkurntíma eftir það fullkomnu sjálfstæði, heldur deyja þeir frá skuldunum og skilja þær eftir sem arfleifð til afkomenda sinna, ef nokkrir eru.

Eins er það með þjóðirnar, að hvenær sem ein kynslóð sekkur ríkinu í skuldir umfram það, sem hún hefir lagt til umbóta landsins, þá þýðir það aukin útgjöld fyrir allar komandi kynslóðir, unz þær skuldir eru að fullu greiddar með vöxtum.

Einstaklingarnir geta, og gera það oft, að svikja skuldunauta sína, og gera sig gjaldþrota jafnvel þó þeir hafi næg efni til þess að standa í skilum. Þeir meta þann illfengna hagsmun meira en eigið manngildi sitt, — eða réttara sagt, þeir auglýsa og verðleggja manngildi sitt með prettvísinni.

En ríkin eða þjóðfélögin, skoðuð sem heild, geta ekki þannig svikist undan skuldum sínum, og mun enda aldrei detta slíkt í hug. Þegar þau komast í skuld, þá verða þær skuldir að borgast fyrr eða síðar, og að fullu með vöxtum. Það er ófrávíkjanlegt skilyrði fyrir framtíðar-tiltrú og lánstrausti, bæði heima fyrir og út á við, og þjóðirnar þurfa jafnan á slíku lánstrausti að halda. Einstaklingurinn getur beitt allskonar ráðleysi, eyðslusemi og slóðaskap og og farið á hreppinn. Meðbræður hans verða þá að leggja á sig aukaútgjöld til þess að halda honum við lífið. En þjóðfélögin, sem heild, geta aldrei farið efnalega á sveitina, svo að aðrir megi til að bjarga þeim. Sé ein stjórn óframhyggin og eyðslusöm, þá getur hún að vísu sökt ríki sínu í skuldir. En aðrar þjóðir þurfa aldrei að borga þær skuldir — að undanteknum hernaðar-skaðbótum, sem eru sérstaks eðlis —, heldur verða sjálfir íbúar landsins, kynslóð fram af kynslóð, að sveitast heitu blóði þar til vanspilun forfeðranna er að fullu bætt með því, að skuldir þær, sem þeir hafa bundið afkomendum sínum á herðar, séu borgaðar upp í topp.

Gildar ástæður geta legið að því, að bæði einstaklingar og heilar þjóðir komist í og safni skuldum, ef sérstök óhöpp bera að höndum, eða harðæri verður í löndum. En í viðvarandi góðæri, þegar iðnaðar og verzlunarlíf þjóðanna er í mesta blóma, þá virðist ekki ósanngjarnt að gera kröfu til þess, að stjórnarráðsmenskunni sé hagað þannig, að skuldir vaxi ekki umfram aukinn bústofn, eða þá upphæð, sem varið er til verulegra og varanlegra umbóta í landi.

Ríkisreikningarnir eru sá geisli, sem lýsir þessum málum og sýnir þjóðinni fjárhagsástand sitt eins og það er, um leið og þeir gefa bendingu um, í hverja átt framtíðar-fjárhagurinn stefnir. Því að það skal strax fram tekið, að þegar þjóðirnar safna skuldum, á hvaða tíma og af hverjum ástæðum, sem það kann að vera, öðrum en þeim, sem stafa af varanlegum umbótum í landi, þá geldur þjóðin þess, — ekki að eins með því, að verða að greiða vexti af þeim skuldum, unz höfuðstóllinn er borgaður að fullu, heldur einnig og miklu fremur á þann hátt, að það lamar svo lánstraustið, að framtíðar lántökur þeirra ríkja eru háðar hærri vaxtagreiðslu, en annars mundi eiga sér stað, og þeim mun hærri, sem lánstraustið er meira lamað og tiltrúin minni. Og þessir baggar bindast einatt heim á herðar, sem saklausir eru, sem áttu engan þátt í eyðslusemínni og skuldaviðjunum, sem hún leiddi af sér, og gáfu ekkert tilefni til þeirra, af þeirri einföldu ástæðu, að þeir voru þá ekki komnir í þennan heim.

Með hliðsjón af þessum hugleiðingum, gefur lestur síðustu ríkisreikninga Canada, sem nýlega eru útkomnir í bókarformi og nú yfir síðasta fjárhagsár, ástæðu til alvarlegra íhugana um framtíðarhorfur ríkisins.

Samkvæmt ríkisreikningunum hafa útgjöldin á síðasta fjárhagsári orðið á þessa leið: —

Vanaleg útgjöld ...	$84,064,233
Útgjöld til varanlegra umbóta ...	42,593,166
Styrkveitingar til járnbrauta	1,785,887
Styrkur til verksmiðju eigenda	2,467,306
Útgjöld alls	$130,910,594
Tekjur alls ...	85,093,404
Sjóðþurð varð	$45,817,190

Auk þessa tók stjórnin að sér á síðasta fjárhagsári, að yfirfara skýrslur um eignir ríkisins, og að strika út af lista þær eignir, sem sýnt væri að væru einskisvirði. Með þeim afföllum, sem þannig urðu, minkuðu ríkiseignirnar, og þjóðskuldin ók að sama skapi, svo að í raun réttri má segja að sjóðþurðin hafi orðið nálega 46 miliónir dollara.

Þjóðskuldin er því nú orðin 324 miliónir dollara, eða nákvæmlega, samkvæmt reikningunum, $323,930,279, og af þeirri upphæð varð þjóðin að borga á síðasta ári rúmlega 11½ milión dollara í vöxtu, eða meira en áttunda hluta af öllum ríkis inntektunum, og skuldin og útgjöldin og vaxtagreiðslan fer áreiðanlega hækkandi á þessu yfirstandi fjárhagsári.

Ef spurt er um það, hvernig fé þessu hafi verið varið, og hvers vegna sjóðþurðin sé svona gífurleg, þá er svarið: —

Grand Trunk Pacific fékk	$24,892,351
Til annara brautafél. og opinberra verka ...	15,659,997
Ríkislanda kostnaður	,797,746
Til hermála	1,243,071
Styrkveitingar til járnbrauta	1,785,887
Styrkur til verksmiðju eigenda ...	2,467,306

Þessir liðir allir eru taldir til varanlegra umbóta í ríkinu. En mjög er það mikið álitamál, hvort það sé rétt talið, og þó í raun og veru ekki, því ljóst má það vera hverjum hugsandi manni, að það, sem varið er til hermálanna, einkanlega á friðartímum og enda jafnvel á öllum tímum, getur ekki skoðast sem varanlegar umbætur í landi. Og sama er að segja um styrk til verksmiðju eigenda, sem nú, undir frjálsverzlunar-stjórninni, er orðinn meiri á hverju einu ári, en hann hefir nokkru sinni fyr verið í sögu ríkisins.

Það var sá tími, að "Líberal" flokkurinn taldi það beint rán á ríkisfé, sem varið var til styrktar atvinnuvegunum, en nú telja þessir sömu menn þetta "rán" vera til varanlegra umbóta í landi og þjóðinni til mestu hagsbóta, að fé hennar sé rænt til arðs verksmiðjueigendunum. Ekki verður því neitað, að hin síðari hugsjón þeirra er viturri miklu og réttmætari en sú fyrri. En hins vegar virðist það rangt, að telja þau útgjöld til varanlegra umbóta í landi, og auka þjóðskuldina um þá upphæð, sem styrkveitingunum nemur.

Frá sjónarmiði Conservativa, þá eiga framleiðendur og verksmiðjueinrekendur sanngjarna kröfu til styrks hjá þjóðinni, þar sem sýnt er, að þess sé þörf. En ekki þó svo, að þjóðin fyrir það stoini sér í skuldir. Við þennan lið er því ekki neitt það, sem með réttu verði talið varanlegt nema skuldin sjálf og vaxtagreiðslan af henni.

En almennu útgjöldin, sem talin eru rúmlega 84 miliónir dollara, eða meira en tvöfalt það, sem hæst var undir Conservative stjórnum, — felast í þeim liðum, sem taldir eru undir vanalegan stjórnartilkostnað, svo sem hér segir: —

Vextir af þjóðskuldinni	$11,604,584
Dómsmálakostnaður...	1,240,364
Til Akuryrkjumála ...	1,403,569
Laun stjórnarþjóna	3,283,265
Til Fiskimála	951,728
Jarðfræðilegar mælingar	247,659
Til Innflutninga	979,326
" sóttvarna	121,665
" Indiána deilarinnar	1,307,245
" löggjafar	1,543,327
" ljóshúsa og vita	2,721,801
Styrkur til gufuskipa og póstflutninga ...	1,684,683
Til her- og landvarnamála	5,221,644
Til strandgæzlu	1,201,804
" fangahúsa	545,112
" opinberra verka ...	12,300,184
" járnbrauta og skipaskurða	987,691
Tillag til fylkjanna ...	9,117,143
Til eftirlauna	585,351
" tollheimtu	1,904,951
Ríkislanda kostnaður...	548,607
Til innlands tollheimtu	643,704
" pósthússdeildarinnar	6,592,368
Járnbrauta og skipaskurða gjaldheimtu kostnaður	10,780,125
Til yfirlits kostnaðar við vigt og mál.....	160,495
Ýmislegur kostnaður ...	1,378,224

Það er ýmislegt í þessum útgjaldaliðum, sem er eftirtektavert og þess virði að íhuga, ef rúm og tími leyfði. En mest hlýtur þá menn að svíða, sem áður héldu fram frjálsverzlunarstefnunni, undan þeim lið, sem sýnir að stjórnin borgar yfir hálfa þriðju milión dollara á ári, til þess að geta — samkvæmt eigin staðhæfingum hennar — rænt af þjóðinni nær 50 miliónum dollara í tollum af vörum, henni til blessunar og landinu til uppbyggingar!

En ekkert í útgjaldalistanum, skoðað sérstaklega, gefur almenningi nokkra upplýsingu um það, hvernig, með því að taka yfir 85 miliónir dollara inn á einu ári í tekjum — eða yfir 1½ milión dollara á viku — stjórninni hefir tekist að safna skuldum, sem nema 150 þúsundum dollara á hverjum sólarhring, að sunnu- og helgidögum undanskildum.

Enginn getur með sanngirni borið á móti því, að Canada er náttúru-auðugt land, og líklegt til þess að eiga mikla og fagra framtíð fyrir höndum. En því aðeins getur sú framtíð orðið eins og hún á að verða, að nú sé tekið til að breyta talsvert um fjármálastefnuna, þannig, að þjóðskuldin sé ekki aukin umfram það, sem bætt er við innstæðu þjóðbúsins í varanlegum eignum, þeim eignum, er til þess miði, með hæfilegri starfrækslu, að tryggja íbúum ríkisins vaxandi afnot þeirra, og vaxandi velsæld einstaklingum þjóðarinnar og landsheildinni aukinn þroska.

Það virðist vera kominn tími til þess, að skifta um ríkisstjórn í Canada.

Lítil athugasemd við greinina "Nýj skýring."

Í Heimskringlu nr. 52 þ.á. stendur grein með yfirskriftinni "Nýj skýring". Aðaleínið í grein þessari er það, að sýna mönnum fram á, að aldur mannkynsins fyrir Nóaflóð hafi alls ekki verið svo hár sem biblían okkar skýrir frá, og í raun og veru ekki hærri en æfialdur manna gerist nú á tímum, 70 til 80 ár.

Ritstjórinn, eða sá, sem ritað hefir grein þessa, styðst við ritgerð, er hann segir að birzt hafi nýlega í blaðinu "Jewish World". Segir hann að á elztu tímum gamla testamentisins hafi árið verið einn tunglmánuður eða 29½ dagur, og eftir þeim reikningi verði aldur manna ekki hærri en hjá síðari alda kynslóðum.

Þegar þessi nýja skýring er athuguð og frásögn biblíunnar höfð til hliðsjónar, verður maður þess fljótt var, að þetta getur hreint ekki staðist. Í fám orðum sagt, það er getgáta og lýgi, á engum sennilegum rökum bygð, eins og margt annað, sem kemur frá þessum lærðu mönnum, er alt þykjast víta og skilja.

Ýmsir hafa ritað um tímatalið í fornöld, en þó ekki á íslenzku nema að eins tveir menn, sem mér er kunnugt um: Magnús Stephensen í Viðey reit um það í Klausturpósti og Gísli dócent Brynjólfsson í Andvara. Ekki minnist Gísli á þetta tímatal, og Magnús ekki heldur; — en Magnús Stephensen færir samt rök að því, að tímatalið hafi verið alt annað en nú. Hann segir, að fyrir Nóaflóð muni árið hafa verið 3 mánuðir — árstíð — og sá tímareikningur hafi haldist fram á daga Abrahams, enda segir hann, að ýmsir þjóðflokkar í Asíu telji árið enn í dag 3 mánuði. Um annan tímareikning getur hann ekki, og þótti hann þó fjölfróður maður á sinni tíð.

En þrátt fyrir þetta verður aldur manna fyrir flóðið afarhár.

Metúsala verður 242 ára og 3 mánaða gamall eftir voru tímatali. Það er hár aldur, en þó er hann ekki eins dæmi.

Danskur maður að nafni Menósa er ferðaðist um Suður og Austurlönd á 17. öld, og reit ferðasögu sína í 3 bindum, getur um mann einn, er varð 252. ára gamall á voru tímatali, eða nálega 10 árum eldri en Metúsala. Tíu konungar höfðu tekið við ríkisstjórn um hans daga. Maður sá hafði verið skóghöggvari alla sína æfi, og lifað mjög reglubundnu og tilbreytingalausu lífi, hvað fæði snerti og erfiði. Þegar elleíti konungurinn tók við ríkisstjórn, fanst honum svo mikið um þetta, að hann skipaði gamla manninum að hætta öllu erfiði og setjast við sitt konungsborð, og njóta svo hvíldar og næðis það sem eftir væri æfinnar. En það varð skammur tími, er hann naut þeirrar sælu, því hann sýktist á þriðja degi og dó litlu síðar. Hann mun hafa verið sá allra elzti maður, sem lifað hefir á okkar jörðu, ef Menósa segir rétt frá.

Eins og áður er sagt, getur þetta tunglmánaðar ártal alls ekki staðist, hvað snertir þessa elztu menn biblíunnar, enda þó það hafi einhverntíma verið til. Hitt er miklu líklegra og sennilegt, að árstíðirnar hafi verið látnar skifta tímanum, því allvíða á jörðunni eru þær mjög ólíkar.

Ef tunglmánaðar ártalið hefði tíðkast fyrir Nóaflóð, fer manni að þykja þeir býsna bráðþroska og fjörugir þessir elztu biblíumenn.

Adam er sagður 130 ára gamall, þegar Set fæðist, sem er þriðji sonurinn. Eftir okkar tímatali hefði hann þá átt að vera 10 ára og 10 mánaða gamall, og þá hefði hann átt að vera 7 eða 8 ára þegar hann eignaðist fyrsta soninn — Kain.

Eftir þessum tímareikningi verður þá Set 8 ára og 9 mánaða, þegar Enos sonur hans fæðist, og þessu líkt verður um hina flesta, er mynda ættarkeðjuna niður til Nóa. Enos eignast son 7 ára og 6 mánaða gamall. Kenan eignast son 5 ára og 10 mánaða gamall. Mahalel eignast son 6 ára og 3 mánaða gamall, og Henok eignast son, þegar hann er 5 ára og 5 mánaða gamall. Að eins Jared eignast son, þegar hann er á 14. ári. Og hinu sögufrægi Metúsala er orðinn rúmlega 15½ árs gamall, er Lamek sonur hans, faðir Nóa, er í heiminn borinn.

Hver heilvita maður hlýtur að sjá, að þetta er tóm fjarstæða. Þess eru engin dæmi í sögunni, að nokkur maður hafi orðið barnsfaðir 5 eða 6 ára gamall. Það hefir enda ekki komið fyrir innan við 12 ára aldur, svo ég viti, og líklega eru þau dæmi sárfá, séu þau nokkur til.

Alt annað verður uppi á teningnum sé farið eftir árstíðar ártalinu.

Þá verður Adam 32 og 6 mánaða gamall, er Set, þriðji sonur hans fæðist. Það sýnist þó vera sennilegra.

Líkt verður um hina alla, er mynda ættbálkinn niður að Nóa.— Þegar sonurinn fæðist, er Set meira en 26 ára, Enos er á 23. ári, Kenan á 18. ári, Mahalel á 19. ári. Jared á 41. ári, Henok á 17. ári og Metúsala er kominn á 47. árið, þegar Lamek fæðist, faðir Nóa.

Þetta sýnist vera svo sennilegt, að ekki virðist þörf á, að gera við það neina athugasemd. Og þar með vona ég, að þessi "nýja skýring" sé orðin að engu. En þessi lærði Gyðingur verður að ljúga upp einhverju öðru, sem er ofurlítið sennilegra en þetta, ef menn eiga að trúa honum næst.

Ég býst við, að mörgum finnist það samt ótrúlegt, að aldur þessara manna, er biblían segir frá, hafi getað verið svona hár, enda þó hann styttist um þrjá fjórðu parta, og skal því alls ekki neitað, að þeir hafa mikið til sins máls. Aldur þeirra verður samt afarhár, frá 220 til 240 ár, og jafnvel þar yfir. En saga síðari alda sýnir þó, að þeir menn eru alls ekki fair. sem náð hafa geyshám aldri, og slaga langt upp í hina elztu menn biblíunnar, ef talið er eftir árstíðum. Og skal ég tilfæra hér nokkur dæmi þessu til sönnunar.

Englendingurinn Pétur Zoray varð 185 ára gamall, og stofnandi biskupsstólsins í Glasgow, St. Mungo, varð 183. ára. Væri nú aldur þessara manna talinn eftir árstíðar árum, væri það 740 og 732 ár, og er þá ekki mismunurinn orðinn mjög mikill, nema á þeim allra elztu. En þeir eru margir fleiri, sem náð hafa mjög háum aldri. Tómas Parri varð 152. ára, Jón Anderson í Á-sókn á Austgotalandi varð 147 ára, Drakenberg 146 ára, Jenkins 169 ára, og margir fleiri hafa orðið fjörgamlir menn á síðari tímum, sem ég læt hér ótalda.

Hafi allur manna almenn verið svona hár fyrir Nóaflóð, er ekki ósennilegt, að einhverjar góðar og gildar orsakir hafi legið þar til, en sem vér nú ekki þekkjum. — Margar þjóðir í Austurálfunni munu á þeim tímum hafa lifað hjarðmannalífi, frjálsu og glöðu og alveg áhyggjulaust fyrir framtíðinni. Þeir munu hafa verið andlega og líkamlega ósýktir, og er það meira en sagt verði um menn almennt á vorum dögum. Þeir munu hafa lifað óháðir öllu lagavaldi, nema því eilífa. Þá voru svínastíur og glæpaforöð heimsmenningarinnar ekki til, eða ómynduð, svo þeir gátu ekki fengið neina löngun til, að hafa þar úr sér lífsleiðindin, hafi einhverjir verið þjáðir af þeim kvilla, eins og menn eru nú. Það var því ekki hægt, að stytta lífið á þann hátt.

Fyrstu frumbúar heimsins hafa líklega þurft að fullnægja færri ástríðum, en siðmenningar kynslóð síðari alda, og hafa samt lifað sælla og hreinna lífi en vér. Það er sennilegt, að þeir hafi betur gætt hófs og reglusemi í hvívetna þótt ómentaðir væri, en hin lærðu stórmenni nútíðarinnar. Ofdrykkja og skækjulifnaður með mörgu fleiru illu og ógeðslegu, sem stytt-ir mannlífið að mun og sýkt hefir seinni alda kynslóðir, hefir sjálfsagt ekki verið orðið "móðins" í þá daga.

Skyldi nú ekki þetta alt til samans vera nægilegt til að gera aldursmuninn?

E. S. Wium.

Frá Leslie, Sask.

Herra C. A. Clark, kaupmaður að Leslie Station, Sask., kom til Winnipeg í sl. viku. Hann segir framfór vænlega þar vestra. Nýlega var löggilding fengin fyrir Leslie bæ. Elfros sveit var löggilt í sumar, og nú fara þar fram fyrstu kosningar til sveitarráðs. Útnefndir hafa verið í bæjarstjórn í Leslie þeir St. D. B. Stephanson, kaupmaður og félagi hr. Clarks, Dr. Sig. Júl. Jóhannesson og James Forrester, og hyggur hann að allir þessir menn nái kosningu. Enda er það Íslendingum fyrir beztu, að samlandar þeirra komist þar að embættum, og það því fremur, sem hér er um tvo hæfileika og ágætismenn að ræða. Útnefning til sveitarstjórnar í Elfros fer fram 6. þ.m., og má ætla, að þar verði einnig Íslendingar í kjöri Herra Clark telur nauðsynlegt, að kjósendur vandi til kosninga og velji hæfustu mennina, því miklu varðar um, hvernig ráðsmenskan er í byrjuninni í þessum sveitarfélögum báðum. Verið er að byggja Good Templar Hall í Leslie bæ, 24x60 fet að stærð, og er hr. Jón Hallson formaður yfir smiðinu. Þetta verður alment fundarhús fyrir bæjarbúa, og er það hin mesta nauðsyn, að eiga slíkan samkomustað.

Nýlega var myndað í Leslie bókmenta og kappræðufélag. Embættismenn þess félags eru: Heiðursforseti séra Runólfur Fjeldsted, forseti séra J. S. Prentice, vara-F. C. Hornby, skrifari James Forrester. Í stjórninni eru einnig: Formaður kappræðunefndarinnar C. A. Clark, formaður bókmentanefndarinnar E.C.Bomford og formaður veitingunefndarinnar Mrs. Hornby. Félagið gefur út blað, sem nefnist "Critic", og er Dr. Sig. Júl. Jóhannesson ritstjóri þess. Kappræðu og prógramssamkomur eru á hverju fimtudagskveldi í vetur fyrst um sinn.

Leslie bær hefir nú á annað hundrað íbúa, og er í framfór. Ennþá er þorpið ekki tveggja ára gamalt, en þó eru þar nú orðið alls konar verzlanir og aðrar þær stofnanir, sem venjulega fylgja nýbygðum manna, — nema hótel er þar ekkert ennþá.

— Ritstjóri einn frá Englandi er um þessar mundir að ferðast um Canada. Hann segir, að aðalerindi sitt sé að komast eftir, hvernig þeim þúsund miliónum dollars hafi verið varið, sem Bretar hafi lánað til Canada. Hann segir, að brezkir auðmenn hafi mikla trú á þessu landi, og að upphæð sú, sem þeir láni árlega hingað vestur, sé um 150 miliónir dollara.

Sparið Línið Yðar.

Ef þér óskið ekki að fá þvottinn yðar rifinn og slitinn, þá sendið hann til þessarar fullkomnu stofnunar.

Nýtízku aðferðir, nýr vélaútbúnaður, en gamalt og æft verkafólk.

LITUN, HREINSUN OG PRESSUN SÉRLEGA VANDAÐ

Modern Laundry & Dye Works Co., Ltd.
307—315 Hargrave St.
WINNIPEG, MANITOBA
Phones: 2300 og 2301

VEITIÐ ATHYGLI!

Nú geist yður tækifæri á, að eignast heimili og bújarðir með sanngjörnu verði.

Hús og bæjarlóðir til sölu og skift fyrir bújarðir. Einnig seljum við og skiftum bújörðum fyrir bæjareignir, útvegum kaupendur fyrir eignir yðar, og önnumst um alls konar sölu og skifti.

Við útvegum peningalán með rýmilegum skilmálum, tökum hús og muni í eldsábyrgð, og seljum lífsábyrgðar skírteini með sérstökum hagsmunum fyrir hluthafa fyrir bezta og áreiðanlegasta Bandaríkjafélag. Komið og finnið oss að máli, og skrásetjið eignir yðar hjá oss. Fljótum og áreiðanlegum viðskiftum lofað.

The MONTGOMERY Co.
K.B. Skagfjörð, ráðsmaður.
Rm. 12 Bank of Hamilton
Cor. Main & McDermott.
Skrifstofu talsími, Main 8317.
Heimilis talsími, Main 5223.

JOHN DUFF
PLUMBER, GAS AND STEAM FITTER
Alt verk vel vandað, og verðið rétt
664 Notre Dame Ave. Phone 3815
Winnipeg

DR. H. R. ROSS
C.P.R. meðala- og skurðlækuir.
Sjúkdómum kvenna og barna veitt sérstök umönnun.
WYNYARD, — SASK.

Dr. M. Hjaltason,
Oak Point, Man.

Jóhanna Olson
PIANO KENNARI
557 Toronto St. Winnipeg

Sv. Björnsson,
EXPRES-MAÐUR,
annast um alls kyns flutning um borgina og nágrennið. Pöntunum veitt móttaka á prentstofu Anderson bræðra, horni Sherbrooke og Sargent stræta.

Mrs. Williams
Komið og sjáið
Fínu Flókahattana
sem ég sel fyrir
$3.75
kostuðu áður 7—10 dollara.
704 NOTRE DAME AVE.
23-12-9

The ALBERTA Hreinsunar Húsið
Skraddarar, Litarar og Hreinsarar. Frönsk þur- og gufuhreinsun. Fjaðrir hreinsaðar og gerðar hrokn ar. Kvenfatnaði veitt sérstakt athygli. Sótt heim til yðar og skilað aftur. Allskonar aðgerðir. Fljót afgreiðsla. Verð sanngjarnt. Opið á kveldin. FÓN: Main 3466.
660 Notre Dame Ave., Winnipeg
23-9-10

2 Bækur Gefins

FÁ NÝJIR KAUPENDUR AÐ HEIMSKRINGLU SEM BORGA $2.00 FYRIRFRAM, OG ÞESSUM BÓKUM ÚR AÐ VELJA :—

Mr. Potter frá Texas
Aðalheiður
Svipurinn Hennar
Hvammverjarnir
Konuhefnd
Robert Manton
og Leyndarmál Cordulu frænku. —

Alt góðar sögur og sumar ágætar, efnismiklar, fróðlegar og spennandi. Nú er tíminn að gerast kaupendur Hkr. Það eru aðeins fáeint tk eftir af sumum bókunum.

Heimskringla
P.O. Box 3083, Winnipeg

The Business College
Cor. Portage Ave and Port St
28. AR
FÉKK FYRSTU VERÐLAUN Á SAINT LOUIS SÝNINGUNNI
Dag og kveldkensla. Telefón 45.
Haustkensla byrjar 1 Sept.
Bæklingur með myndum ókeypis.
Skrifið til: The Secretary, Winnipeg Business College, Winnipeg Man.

A. S. BARDAL
Selur líkkistur og annast um útfarir. Allur útbúnaður sá bezti. Enfremur selur hann alskonar minnisvarða og legsteina.
121 Nena St. Phone 306

Sendið Heimskringlu til vina yðar á Íslandi

MISS NESBITT
KVENHATTA SALI
112 ISABEL ST.
Býr til alskonar kvenhatta í nýjustu gerð. Skreytir með fjöðrum, blómum og böndum og öðru nýtízku stássi. Endurnýjar og skreytir brúkaða hatta. Alt verk vandað og verð sanngjarnt. Isl. konum boðið að skoða búðina —
MISS NESBITT,
112 Isabel Street
1-11-9

Prestarnir og játningarritin.

Að stofninum til inngangsorð til umræðu, flutt á prestastefnunni á Þingvellli 1909.

Eftir JÓN HELGASON lektor.

(Niðurlag).

En hvað er nú við þetta að athuga?

Við þetta er það að athuga, að hér er verið að eiðbinda (eða eins og nú er: heitbinda) kirkjunnar þjóna við ófullkomin mannasmíði.

Hvað snertir postullegu trúarjátninguna, þá stendur að vísu nokkuð öðruvísi á henni en hinum játningarritunum, að því leyti sem flestir liðir hennar eru svo til orðrétt teknir úr nýja testamentinu; en einmitt þess vegna ætti ekki að vera þörf á sérstakri heitbindingu við hana, þar sem prestarnir eru bundnir við guðs orð í heilagri ritningu. *)

Um hinar játningarnar allar er það að segja, að þær bera á sér margvísleg fingraför hins rikjandi aldaranda þeirra tíma, sem þær eru framkomnar á, eru mótaðar af hugsunarhætti, sem er harla ífjarlægur hugsunarhætti vorra tíma, og innihalda jafnvel kenningar, sem óhætt mun að segja um, að erfitt sé að samríma evangelii Jesú Krists, að ekki sé meira sagt.

Líti maður á Níkeu-játninguna, svo ég haldi því nafni þó rangt sé, þá blandast engum hugur um, að þar talar býzantínska guðfræðin í alveldi sínu, mótuð af hugsunarhætti þeirra tíma eins og hann var, gagnsýrður af hinni grísku heimspeki, lítt skiljanlegur vorri hugsun og jafn ósamrímanlegur rökfræði vorra tíma og sálarfræði. Níkeu-játningin er miklu fremur háspekileg útlistun trúarinnar, en einföld kirkjuleg játning þennar; en lítt er jafn-óviðunandi í trúarjátningu, sem háspekilegar útlistanir þeirra hluta, sem "auga ekki sá og eyra ekki heyrði og ekki hefir komið upp í huga nokkurs manns". Auk þessa hefir játningin sífelt meðfram tillit til trúfræðilegra ágreiningsmála, sem allur meginþorri nútíðarmanna kristinna hefir enga minstu hugmýnd um og botnar ekkert í.

Um Atanasíusar-játninguna er að flestu leyti hið sama að segja, en hún hefir það þó fram yfir hinar játningarnar, að hún hefir að geyma atriði, sem beint verða að teljast ókristileg. Hún heimtar trú á háspekilegar útlistanir á sambandi guðdómspersónanna í þrenningunni, og á sambandi hinnar guðlegu og mannlegu náttúru frelsarans sín á milli, gjörir þessa trú að beinu sáluhjálparskilyrði og miskilur þannig með öllu hugtakið "sáluhjálpleg trú". Þrisvar sinnum þykir ástæða til að taka það fram, að ómögulegt sé að verða hólpinn nema maður trúi hinum litt skiljanlegu úthistunum. En slíkt er algerlega gagnstætt þeim anda kristnu trúarinnar, sem ætti að vera ráðandi í sliku játningarriti. Alt slíkt er talað af öðrum anda en hans, sem sagði: "Komið til mín allir þér, sem erfiðið og þunga eruð hlaðnir, ég mun veita yður hvíld", án þess að minna á nokkrar játningar, — en hann fékk líka þann dóm hjá samtíð sinni, að hann "talaði ekki eins og hinir skriftlærðu".

Svo ég því næst snúi mér að sérjátningum vorrar eigin kirkju, þá verður því ekki neitað, að Ágsborgar-játningin er ágætt rit og merkilegt, þegar miðað er við þann tíma, sem hún er framkomin á. En alt fyrir það ber hún á hverri blaðsíðu meira og minna ákatakanleg merki sinna tíma, merki þeirra kringumstæðna, sem leiða til þess, að hún er samin, og þess tilgangs, sem hún er samin í. Og jafn-áreiðanlegt er hitt, að þar er haldið fram kenningum, sem fæstir — ef nokkurir — sem skyn bera á þau efni, mundu fáanlegir til að verja á vorum tímum. Enda hefir jöldi hinna ágætustu manna kirkjunnar á næstliðinni öld í einlægni játað með kirkjusagnfræðingnum ágæta, Neander, að þótt þeir gjörðu það fylsta tilkall til að kallast evangelisk-lúterskrar trúar, væri sér þó ómögulegt að samsinna öllu því, er stæði í játningunni frá Ágsborg, — og er það því síður furða, sem sjálfur höfundurinn, Melankton, gat það ekki er frá leið, svo sem kunnugt er. Hitt hefði verið miklu meiri furða, ef kristnir menn á vorum tímum, sem þekkja játninguna, hefðu getað samsint henni í öllum greinum. Ég skal drepa á nokkur atriði. — Hver vill á vorum dögum verja 14. gr., sem stranglega fyrirbýður alla leikmanna-prédikun í kirkjunni? *) Eða hver vill nú á dögum undirskrifa fyrirdæmingardóm 9. gr. yfir Endurskírendum og öðrum, sem halda því fram, að börn geti orðið hólpin án skírnar, og atyðja með því að þeirri litt kristilegu skoðun, að börnin, sem óskírð deyja, glatist? Jafnvel hinn mikli trúfræðingur 17. aldarinnar Jóh. Gerhard gat ekki fylgt játningunni hér fyrirvaralaust og minti á orð Ágústins, að það væri "ekki vöntun sakramentanna heldur fyrirlitning fyrir þeim, sem leiddi dóm yfir manninn". Ég vil ennfremur minna á 11. gr. um skriftirnar, þar sem kent er að halda skuli í söfnuðunum heimullegri aflausn; ég veit ekki betur, en að þessi grein sé gjörsamlega fallin úr gildi hvarvetna í hinni evang. lútersku kirkju. Ég vil einnig nefna 2. gr., þar sem kent er, að upprunaspillingin eða erfðasyndin dæmi seka og steypi í eilífa glötun þeim, sem ekki endurfæðist fyrir skírn og heilagan anda. Og loks mætti ég minna á 17. gr. og það, sem þar er kent um eilífa útskúfun og fyrirdæmingardóminn, sem þar er uppkveðinn yfir þeim, sem haldi fram þúsundáratúlkinnigunni.

Ég veit það vel, að alt þetta þótti "góð latína" á sínum tíma og hneykslaði fáa menn, ef nokkurir hafa verið, slíkur sem hugsunarháttur manna var. En skilningur manna á guðsorði hefir breyzt svo mjög á þeim 400 árum, sem liðin eru síðan Lúter hóf siðbót sína, að það verður að teljast býsna viðurhlutamikið að skuldbinda kennimenn vorra tíma við jafn-vafasöm kenningaratriði og þessi.

Loks ber að minnast á fræði Lúters hin minni. Vafalaust voru þau ágætt rit á sínum tíma; en mundi nokkur af alvöru vilja halda því fram, að það rit samsvari kröfum vorra tíma eða inniheldi svo fullnægjandi skýringu þeirra hluta sem skyldi, er þar er verið að útskýra? Ég vil benda á útlistunina, sem þar er gefin á sakramentunum báðum — hverju eru menn bættari? Skírnin er látin tákna, "að hinn gamli Adam í oss eigi daglega að drekkjast og deyja — — og síðan daglega fram að koma og upp aftur að risa nýr maður" — útskýring, sem ekki stendur í neinu sambandi við athöfnina, eins og hún er um hönd höfð vor á meðal, og hefir auk þessa alls ekkert tillit til ungbarnaskírnarinnar. Eða mundi nokkur þora að halda því fram, að útskýring Lúters á kveldmáltíðarsakramentinu væri þess eðlis, að það yrði með réttu talið goðgá, að víkja frá henni? Eða mundi það, sem sagt er um töfra (magisk) -áhrif orðsins í báðum þessum útlistunum verða talin fyllilega evangelisk kenning? Eftirtektavert er það, að engin af barnalærdómsbókum vorum hefir treyst sér til, að halda skýringu Lúters í þessum efnum, en reynt að koma með nýjar skýringar, sem ekki eru Lúters. Og þó á það að vera regla og mælisnúra fyrir trú og kenningu presta vorra, sem haldið er fram í fræðunum!

En þar sem nú játningarritin samkvæmt þessu, sem nú hefir verið tekið fram, eru og verða ófullkomin mannaverk, liggur í hlutarins eðli, að óráð er að eigna þeim lagagildi í kirkjunni fyrir allan tíma. Þau geta að vísu sýnt oss, hvernig menn á ýmsum tímum hafa skilið og útlistað hin guðlegu sáluhjálparsannindi,— þau geta vel staðið sem metrasteinar meðfram vegi hinnar kirkjulegu framsóknar, er sýna hve langt menn voru komnir í skilningi hins opinberaða orða á þeim og þeim tímum, en með því að eigna þeim það algildisvald, sem þau hafa haft í kirkjunni — ef ekki á borði, þá í orði — síðan daga 17. aldar trúfræðinganna, hafa menn gjört þau að tjóðursteinum, sem í mörgu tilliti hafa staðið eðlilegri framþróun í vegi. Menn gengu út frá því, að játningarritin hefðu að geyma hinn algjöra sannleika í öllum greinum, af því að kenning þeirra kom heim við það, sem var sannleikur í þeirra augum og réttur skilningur á guðsorði. En hitt hugkvæmdist þeim ekki, að öll guðfræði og allar guðfræðilegar útlistanir eru háðar takmörkunum sinna tíma, að engin játningarrit eða trúfræðikerfi hafa nokkru sinni flutt sannleikann í fullkomnari mynd en þeirra tímar höfðu höndlað hann, og að öll játningarrit og trúarlærdómakerfi og kirkjufundaályktanir eru alfelt mótað af hugsunarhætti einhverrar ákveðinnar stefnu og með hliðsjón á alveg sérstökum sögulegum kringumstæðum. Í fæstum orðum: þeir gleymdu hinu gamla, góða postullega orði, sem aldrei fyrnist, orðinu um þekkinguna, sem er í molum.

En þar sem vér verðum að játa að þeking vor sé öll í molum, getur það aldrei réttlæzt til lengdar, að heitbinda kennimenn kirkjuunar við útlistanir longu liðinna alda á sannindum kristindómsins, eins og þar væri um hinn algjöra sannleika að ræða.

4. En það sem að síðustu gjörir kröfuna um kenningarfrelsi presta oku öðru fremur rettmæta er þó það, að þess; eiðbinding eða heitbinding prestanna við játningarritin riðalgjörlega í bága við höiuðfrumreglu vorrar evangelisk lútersku kirkju, sem var undirrót allrar siðbótarinnar.

Hver var þessi höfuðfrumregla?

Þessi höfuðfrumregla var sú, að heilög ritning skyldi vera hin eina óbrigðula regla og mælisnúra trúar og kenningar í kirkjunni á öllum tímum. Hvers vegna? Af því að heilög ritning og hún ein hefði að geyma hinn eilífa og óbreytilega sannleika til sáluhjálpar. Það var lifandi tilfinning Lúters fyrir því, að katólska kirkjan hefði hrakist af réttri braut inn á skaðlegar villubrautir, er hún setti erfikenninguna (en til erfikenningarinnar ber að telja játningarritin) yfir ritninguna, er meðal annars hratt honum út í baráttu við veraldarinnar voldugasta félag — hina katólsku kirkju — og knúði hann til að yfirgefa móðurskaut kirkjunnar, er hann sá hve fjarri það var henni, að þekkja sinn vitjunartíma. Og þetta var enn ekki fallið í gleymsku er Samlyndisreglan varð til — hið mikla trúfræðilega deilurit, sem víða í lúterskum löndum hefir verið lögfest játningarrit, þótt ekki sé það svo hjá oss né í hinu danska riki. Í inngangi rits þessa, sem er samið á árunum 1570—80, er gjörð grein fyrir afstöðu játningarritanna til ritningarinnar, með svofeldum orðum: "Játningarritin hafa ekki dómaravald, því að sá heiður ber ritningunni einni saman, heldur eru þau að eins vitnisburður um trú vora og útskýring hennar, er sýnir hvernig hinar helgu bækur (ritningarinnar) hafa verið útlagðar og útlistaðar í kirkju guðs á ýmsum tímum í þeim atriðum, sem ágreiningi hafa valdið, af þeim kennendum, sem þá lifðu, og með hvaða röksemdum þeim lærdómum hefir verið hrundið, sem komu í bága við heilaga ritningu". Og um ritninguna segir svo í upphafi inngangsins: "Vér trúum, kennum og játum, að hin eina regla og mælisnúra, sem allir lærdómar og allir kennendur eiga að dæmast eftir, sé einvörðungu hin spámannlegu og postullegu rit gamla og nýja testamentisins. ..... Öll önnur rit gamalla og nýrra kennenda, hverju nafni sem nefnast ber ekki að meta til jafns við heilaga ritningu ..... og ekki að veita þeim viðtöku sem öðru eða

(*Framhald á 4. bls*)

*) Svo aðdáanleg, sem þessi játning er fremur öllum öðrum trúarjátningum, verður þó ekki sagt, að hún sé fullkomin játning hinnar kristnu trúar fremur en aðrar. Því verður naumast mótmælt, sem dr. A. Harnack hefir sagt, að fullkomin geti sú játning ekki talist, þar sem ekki sé "haft neitt tillit til prédikunar frelsarans, framkomu hans allrar gagnvart fátækum og sjúkum, tollheimtumönnum og hersyndugum til persónunnar eins og hún ljómar á móti oss í guðspjöllunum" (sbr. A. Harnack: Reden und Aufsatze I. bls. 254).

*) Jafnvel hinn mikli játningatalsmaður, séra Jón Bjarnason í Winnipeg, hefir neyðst til að loka augum sínum fyrir þeirri grein. Eins Sigurbjörn kand. hjá oss.

ROBLIN HOTEL
115 Adelaide St. Winnipeg
Beztu $1.50 á dag hús í Vestur Canada. Keyrsla ókeypis milli vagnstöðva og hússins á nóttu og degi. A hverjum degi bezt. Við skiftum Íslendinga óskast. William Ave strætisvagnarið fer hjá húsinu
O. ROY, eigandi.

Giftingaleyfisbréf
selur: Kr. Ásg. Benediktsson
540 Simcoe st. Winnipeg.

Gimli Hótel
G. E. SÓLMUNDSSON
eigandi
Óskar viðskifta Íslendinga sem heimsækja Gimli-bæ. — Þar er beini beztur í mat og drykkjarföngum, og aðbúð gestsins svo góð sem frekast er hægt að gera hana. Hótelið er við vagnstöðina.
Gistið að Gimli-Hótel.

JIMMY'S HOTEL
BEZTU VÍN OG VINDLAR.
VÍNVEITARI T.H.FRASER, ÍSLENDINGUR.
James Thorpe, Eigandi

A. S. TORBERT'S
RAKARASTOFA
Er í Jimmy's Hótel. Besta verk, ágæt verkfæri; Rakstur 15c eða Hárskurður 25c. — Óskar viðskifta Íslendinga. —

MARKET HOTEL
146 PRINCESS ST. á móti markaðnum
P. O'CONNELL, eigandi, WINNIPEG
Beztu tegundir af vínföngum og vindl. Góð aðhlynning góð hús endurbætt

Woodbine Hotel
Stærsta Billiard Hall í Norðvesturlandinu
Tíu Pool-borð.—Alskonar vín og vindlar
Lennon & Hebb
Eigendur

Arena Rink
Undir nýrri stjórn
Opinn fyrir Hjólskauta skemtun
Hornaflokkur á kveldin

The Dominion Bank
NOTRE DAME Ave. BRANCH Cor. Nena St.
VÉR GEFUM SÉRSTAK AN GAUM AÐ SPARISJÓÐS DEILDINNI. —
VEXTIR BORGAÐIR AF INNLÖGUM.
HÖFUÐSTOLL - - - $3,983,392.38
SPARISJÓÐUR - - $8,300,000.00
H. A. BRIGHT, MANAGER.

verðum að gera okkur ánægð með það, sem við getum fengið fyrir þá".

"Fjóra dali fyrir tvenna bolla?" sagði ráðskonan, "það er mjög ósanngjarnt. Mamma þín er ekki með sjálfri sér".

"Mamma er fátæk og hefir ekkert að borða", sagði Mórits grátandi. "En hún er eins hyggin og aðrir".

"Hvað heitir þú, drengur minn?" spurði ráðskonan.

"Mórits Sterner".

"Ó, þú ert sonur fátæku saumakonunnar, sem á heima í þorpinu. Svo hún er orðin veik, vesalings konan. Hún er annars vingarnleg og starfsöm og saumar ágætlega, þann vitnisburð verð ég að gefa henni, því hún hefir saumað margt fyrir mig".

"Jæja, kona góð", sagði Mórits, "þá líklega leyfið þér að ég fái að tala við barúninn".

"Það er ómögulegt í dag, drengur minn, því það verður mjög fjölment við dagverðinn, og barúninn er nú að fara í sparifötin. Auk þess hafa margir gestir frá Stokkhólmi verið hér undanfarna daga. En ég kenni í brjósti um mömmu þína, og því ætla ég að gefa þér ögn af mat. Þegar hann er búinn, þá geturðu komið aftur og fengið meira, unz mamma þín er svo frísk, að hún getur unnið".

"Þér eruð mjög góð", sagði drengurinn, "en móðir mín hefir fyrirboðið mér að þiggja ölmusu. Hún segist ekki vilja betla, heldur vinna fyrir sér".

"Það er alveg rétt gert af móður þinni meðan hún er heilbrigð", sagði ráðskonan með dálitili þykkju. "En þar eð hún er veik nú og getur ekki unnið, þá verður hún að líkindum, eins og aðrir, að þiggja liðsinni annara. Það er engin minkun. Segðu mömmu þinni það".

"Ég get þá ekki fengið að selja bollana mína?" sagði drengurinn angurvær.

"Ef þeir væru ekki svona dýrir, kynni ég máske að kaupa þá".

"Um hvað eruð þið að spjalla?" spurði kvenrödd bak við þau.

"Ó, jómfrú Lovisa", sagði ráðskonan við laglega og beinvaxna stúlku, sem komin var inni eldhusið, "hérna er drengur, sem vill selja tvenna bolla. Máske þú vilji kaupa þá?"

"Hvað eiga þeir að kosta?" spurði jómfrúin um leið og hún gekk til þeirra.

"Hann vill fjóra dali fyrir þá".

"Fjóra dali! Það er býsna hátt verð. En þeir eru sannarlega fallegir líka. Kanske barúnsfrúin vilji kaupa þá, henni þykir mikið til postulíns koma".

"Jæja, láttu drenginn þá fylgjast með þér upp á loftið til hennar", sagði ráðskonan. "Ég kenni í brjóst um barnið, hann á fátæka og veika móður, en vill ekki þiggja ofurlitið af mat, sem ég bauð honum. Ég býst við, að móðir hans hafi of mikið sjálfsálit til að vilja betla".

"Komdu með mér, litli vinur", sagði fallega berbergisþernan. "Ég skal reyna að útvega þér kaupanda, ef þú selur ekki of dýrt, því annars er ég hrædd um, að barúnsfrúin vilji ekki skifta við þig. Hún er ein af þeim, sem þykir vænt um skildingana", bætti hún við hlæjandi, — "en við skulum nú reyna samt".

Mórits lét bollana sína ofan í körfuna, og fylgdist með þernunni upp breiðan steinstiga, sem lá upp á efsta loftið. Síðan gengu þau eftir löngum gangi og að dyrum, sem voru við endann á honum.

"Hinkraðu við hérna, drengur minn", sagði þernan, "ég ætla að fara inn og spyrja frúna, hvort hún vilji tala við þig".

Fáum augnablikum síðar kom hún aftur og bénti honum að koma inn. Mórits hlýddi, en feiminn var hann, honum sýndist alt svo stórt og ríkmannlegt, og um leið og hann sté á verðmiklu gólfábreiðuna, skalf hann.

"Hérna er drengurinn, náðuga frú", sagði þernan.

Mórits leit upp og horfði í kring um sig. Á skrautlegum legubekk sat kona, á að gizka þrítug, andlitið var laglegt, en ekki gáfulegt. Kring um munninn vottaði fyrir hæðnisdráttum, sem voru aðal einkenni andlitsins. Hún vas býsna feit, og klædd fallegum fötum. Á fótaskörinni, hjá fótum hennar, sat litið stúlkubarn, á að gizka 4 ára. Hún var framúrskarandi fögur og ljósmórauðu augun hennar voru mjög fjörleg og gáfnaleg. Í hægindastól, rétt hjá legubekknum sat ungur maður með gáfulegan andlitssvip. Annari hendinni studdi hann á veggborð, en í hinni hélt hann á bók. Lítill drengur hér um bil 6 ára gamall, hljóp um gólfið með skrautlegan barna-daggarð í hendi, og lék sér að því, að höggva með honum út í loftið. Strax og Mórits sá þessar manneskjur, datt honum í hug fólkið í vagninum, sem fór svo illa með hann, þegar hann kom úr skóginum með eldiviðarbaggann sinn.

"Það hlýtur að vera sama fólkið", hugsaði hann með hryllingi. "Litli drengurinn, sem barði mig með svipunni, frúin með barnið í kjöltu sinni, vingjarnlegi maðurinn, sem sneypti drenginn, — þau eru hér öll. Það vantar að eins harðúðuga manninn, sem skammaði mig og kallaði mig þjóf, en hann kemur máske bráðum".

Af þessum hugsunum varð Mórits svo hræddur, að hann gat naumast staðið.

"Hvað er það, drengur minn?" sagði frúin kæruleysislega. "Þú ert með eitthvað, sem þú vilt selja?"

"Já, náðuga frú", sagði Mórits og studdi sig við dyrastafinn, "ég hefi tvenna fallega tebolla, sem ég vil selja".

"Lofaðu mér að sjá þá", sagði hún og stóð upp. Láttu þá hérna á borðið undir speglinum".

Mórits hrestist ögn. "Guði sé lof, hún þekkir mig ekki", hugsaði hann. Hann gekk að borðinu og opnaði körfuna sína og lét tebollana á borðið.

"Það er reglulegt Austur-Indía postulín", sagði frúin við sjálfa sig um leið og hún horfði í gegn um annan bollann, "ég verð að eignast þá". Við drenginn sagði hún: "Hvað eiga þeir að kosta?"

Mórits neindi verðið.

"Fjóra dali?" sagði barúnsfrúin, eins og þernan áður, "en það er ósanngjarnt verð".

"En mamma sagði —"

"Mér stendur á sama, hvað mamma þín hefir sagt", sagði frúin óþolinmóð, "ef þú gerir þig ánægðan með einn dal fyrir parið, þá skal ég kaupa þau".

Það var auðurinn, sem var að þoka niður verði fyrir fátæktinni, gegn betri vitund, þui frúnni var vel kunnugt um, að bollarnir voru miklu meira virði heldur en drengurinn bað um fyrir þá, en hún áleit sig eiga að njóta hagsmuna af fátækt hans og vandræðum, "því hann þiggur það sem ég býð", hugsaði hún, "ef ég slaka ekki til".

"Nú, jæja", sagði hún, "gerirðu þig ánægðan með tvo dali fyrir bæði pörin?"

Mórits hugsaði sig um litla stund og horfði niður fyrir sig, en þegar hann leit upp aftur, sýndist honum ungi maðurinn í hægindastólnum hrista höfuð sitt. Þetta jók honum dug. Hann ákvað að taka ekki tilboðinu.

PRESTARNIR OG JÁTNINGARRITIN.

(Niðurlag frá 3. bls.)

meiru en vitnisburði um það, í hvaða mynd og á hvaða stöðum kenning spámannanna og postulanna hefir varðveitt verið hrein eftir liðna daga postulanna".

Hér eru tekin af öll tvímæli. Samkvæmt þessu eiga játningarritin sjálf að prófast og dæmast eftir ritningunni, og geta því ekki verið að álita sem lög eða reglur fyrir því, hvað kenna skuli í kirkjunni. Og því getur ekki heldur verið réttlátt að miða heitbindingu prestanna við þessi rit jafnhliða ritningunni, því að þá er ritningin ekki lengur yfir játningunum, heldur hrundið úr því sæti, sem henni ber einni saman. Vilji kirkjan vera trú sinni eigin frumreglu og bera heiti sitt "evangelisk-lútersk" með réttu, getur hún ekki bundið þjóna sína við neitt annað en guðs orð í ritningunni, því að það og ekkert annað hefir eftir kirkjunnar eigin skoðun, að geyma hinn algjöra sannleika til sáluhjálpar.

Er það nú hugsun mín með öllu þessu, að afnema beri að öllu leyti játningarrit kirkjunnar eða að að skipa beri nefnd manna til að endurskoða þau, ef ske kynni að ráða mætti bót á einhverjum gallanum, eða til að semja nýja játningu, er betur samsvari kröfum tímans og þörfum? Nei, fjarri fer því. Ekkert af þessu hefir mér til hugar komið.

Ég vil ekki láta hagga hið minsta við þessum ritum; ég vil lofa þeim að standa óbreyttum eins og vér höfum fengið þau að erfðum frá liðnum tímum og hvorki fella þar nokkuð burtu né auka þar nokkru við. Aftur á móti er hugsun mín sú, að tími sé kominn til þess að hætta að nota þessi rit sem tjóðurhæla fyrir kennimenn kirkjunnar; ég vil, að hætt sé að heitbinda prestana við játningarritin og að hitt sé látið nægja, að þeir lofi eftir beztu samvizku að kenna samkvæmt guðsorði í ritningunni, ef ekki þykir nægja það heitið, sem þeir hafa gjört þegar áður fyrir altari drottins í viðurvist safnaðarins og gefið vígsluveitanda og vottum hönd sína uppá.

Ég hefi engu minni mætur á játningarritum vorum en þeir, sem vilja nota þau sem tjóðurhæla; — ég hefi mætur á þeim sem metra-steinum á framþróunar braut kirkjunnar, er sýna hve langt menn voru komnir í tileinkun hins guðdómlega sannleika á þeim tímum, er reistu þessa steina; — ég hefi mætur á þeim vegna þeirra fjársjóða kristilegrar þekkingar og lífsreynslu, sem í þeim birtist, og því vil ég líka að prestunum sé gjört að skyldu að kynna sér þessi rit sem bezt og tileinka sér það af innihaldi þeirra, sem hefir varanlegt gildi; því að þekking þeirra og réttur skilningur á efni þeirra er í mörgum greinum nauðsynlegt skilyrði fyrir réttum skilningi kirkju- og trúarlífsins á vorum dögum.

En lengra vil ég ekki fara. Og lengra álít ég, að kirkjan megi ekki fara, vilji hún vera trú sinni eigin hugsjón. Heitbundið prestana við játningarritin eins og lögbók væri getur kirkjan ekki nema þá um leið að riða í bága við eigin frumreglu sína sem evang.-lútersk kirkja. Sé það rétt álitið, að játningarritin séu ófullkomin mannasmíði, sem því lýjóta að úreldast er tímar líða fram, verður það alls ekki réttlætt hvorki að láta vinna eið að þeim né heldur skuldbinda menn til að kenna samkvæmt þeim með hátíðlegu loforði fyrir augsýn allsvitanda guðs. Kirkjan getur heimtað slíkt loforð eða heit af þjónum sínum að því er snert[illegible], að prédika evangelium Jesú Krists, en ekki fram yfir það. Jesús hefir sjálfur sagt á hátíðlegri stundu: "Farið ..... og kennið þeim að halda alt, sem ég hefi boðið yður!" það ætti kirkjunni að geta nægt. *) — —

Ég býst við því, að einhver kunni að segja: "Sá, sem gengið hefir í kirkjunnar þjónustu upp á þessi skilyrði, hefir alls engan rétt til að kvarta yfir ótilhlýðilegu ófrelsi. Hann vissi að hverju hann gekk, og hefði því átt að geta tekið ráð í tíma. Kirkjan hlýtur að mega heimta af þjónum sínum, að þeir prédiki hennar trú en ekki hvaða trú aðra sem þeir vilja".

Einhverju á þessa leið hefi ég nýlega séð hreyft í einhverju blaði, og mörgum kann ef til vill að þykja það viturlega mælt og rökrétt. En rökfærslan er þó ekki eins óhrekjandi og virðast kann í flýtu bragði. Forsendur eru ekki sem áhyggilegastar.

Hvernig er varið r é t t t i kirkjunnar? Þessi spurning þarf frekari athugunar við svo oft sem ranglega er talað um "rétt" kirkjunnar í þessu sambandi.

Þess er þá fyrst af öllu að gæta, en er þó eitt af því, sem mönnum hvað mest hættir til að gleyma: að s a n n l e i k u r i n n s t e n d u r y f i r k i r k j u n n i *), svo að hér getur aldrei verið um neinn algjöran rétt að ræða kirkjunni til handa. Því næst er þess að minnast, að kirkjan er eftir hugsjón sinni samsafn Jesú lærisveina, sem vilja hlýða h a n s raustu og halda alt það, sem h a n n hefir boðið. Hún er ambátt drottins og hefir engan r é t t annan en þann sem drottinn hefir henni á herðar lagt sem s k y l d u. Réttur kirkjunnar og skylda rennur saman í eitt. Réttur og skylda kirkjunnar sem félags er að boða evangelium Jesú Krists og það er réttur hennar og skylda að heimta af þjónum sínum, að þeir boði þetta evangelium; því að evangelium Jesú Krists er öllu öðru fremur guðsorð í heilagri ritningu. Væri því nú svo farið, að evangelium Jesú Krists og játningar kirkjunnar væri í öllum greinum samhljóða, gæti það réttlæzt — þótt þess gjörðist þá ekki beint þörf — að kirkjan heitbindi þjóna sína við játningarnar. En nú eignar kirkjan ekki játningum sínum neinn óskeikulleika. — Lútersku 17. aldar trúfræðingarnir gerðu það að vísu, en þeir eru ekki kirkjan. — Og þá getur kirkjan ekki heldur með góðri samvizku heitbundið þjóna sína við játningarnar, — hún getur ekki lagt heitbönd á þjóna sína.

---

*) Sbr. grein G. O. Klövstads prests, í Luthersk Kirketidenda 1909. I. bls. 89—90.

*) Sbr. fyrirlestur Thv. Klaveness í For frisindet Kristendom.

sem þótt þau ekki aftri þeim frá að rannsaka evangelium Jesú Krists, gjöra þeim að skyldu að halda því leyndu fyrir söfnuðum sínum, sem ekki kemur heim við játningarritin. Kirkjan getur ekki leyft sér slíkt. Hún syndgar með því gagnvart guði og sjálfri sér. Með því að tjóðra þjóna sína, tjóðrar hún sjálfa sig og hefir alla framþróun sína. *)

Þess vegna hlýtur markmið vort að vera það, að losna sem fyrst við heitbindingu prestanna við játningarritin. Dagur hennar ættu fyrir löngu að vera taldir, og gagn hefir hún aldrei gjört. Þeir tímar, sem mest gjörðu að því að binda kenninguna við játningarritin, urðu undanfarar einhverra hinna köldustu og dimmustu daga, sem runnið hafa upp yfir kirkju vora, daga skynsemistrúarinnar gömlu. Trygg ingin, sem heitbindingin átti að veita, hefir reynst einskisvirði. Heitið hefir alið hræsnina og aftraað framförunum, sem ávalt eru frelsinu samfara. Það hefir og oft og tíðum gjört mennina, sem því voru bundnir, að beygðum, áhugalitlum og ósjálfstæðum bókstafsþjónum, í stað þess að gjöra þá að glöðum, upplitsdjörfum og sjálfstæðum samverkamönnum guðs.

---

*) Sbr. grein Klövstads L. K. 1909. I. bls. 90.

TIL SÖLU

í 'Municipality' af Westbourne 320 ekrur af landi, 100 ekrur ræktaðar. Allt girt, og gnægð af vatni. Sanngjarnt verð og góðir borgunarskilmálar.—

Frekari upplýsingar gefur B.L. BALDWINSON á skrifstofu Heimskringlu. —

Bókalisti

N. Ottenson's,—River Park, Winnipeg.

Áfengi og áhrif þess, í b. 0.10
Eggert Ólafsson (B.J.) ... 0.15
Gönguhrólfs rimur (B.G.) 0.20
Hugsunarfræði (E.B.) 0.15
Huldufólkssögur, í bandi... 0.35(5)
Höfrungahlaup 0.15
Jón Ólafssonar Ljóðmæli í skrautbandi ... ... 0.60(3)
Kristinfræði .... 0.45(2)
Kvæði Hannesar Blöndal 0.15(2)
Málsgreinafræði 0.15
Mannkynssaga (P.M.), í b. 0.85(5)
Mestur í heimi, í b. 0.15
Passíusálmar, í skrautb. ... 0.50
Olnbogabarnið 0.15
Prestkosningin, Leikrit, eftir þ. E., í b. 0.80
Ljóðabók M. Markússonar 0.50
Friðþjófs sönglög 0.50
Ritreglur (V. Á.), í b. ... 0.20
Sálmabók, í b. 0.55
Seytján æfintýri, í b. ... ... 0.35(3)
Siðfræði (H. H.), í b. 1.10
Stafsetningarorðbók, í b. 0.30(3)
Sundreglur, í b. 0.15
Útilegumannasögur, í b. ... 0.45
Útsvarið. Leikrit, í b. ..... 0.35(2)
Verði ljós 0.15
Vestan hafs og austan. Þrjár sögur, eftir E. H., í b. 0.90
Víkingarnir á Hálogalandi eftir H. Ibsen 0.25
Þjóðsögur Ó. Davíðss., í b. 0.35(4)
Þorlákur helgi 0.15
Þrjátíu æfintýri, í b. ..... 0.35(4)
Ofurefli, skálds. (E.H.), íb. 1.50
Tröllasögur, í b. ... . 0.30(4)
Draugasögur, í b. .... 0.35(4)
Ólöf í Ási .... 0.45(3)
Smælingjar, 5 sögur (E.H.) í bandi 0.85
Jómsvíkinga og Knytlinga saga, útg. í Khöfn 1828 í vönduðu bandi (aðeins fá eintök). Póstgj. 10c 2.00
Skemtisögur eftir Sigurð J. Jóhannesson 1907 ... 0.25
Kvæði eftir sama frá 1905 0.25
Ljóðmæli eftir sama. (Með mynd höfundarins) Frá 1897 .... 0.25
Tólf sönglög eftir Jón Friðfinnsson 0.50
Grágás, Staðarhólsbók, í skrautbandi ... ... :15) 3.00
Sturlunga, Part I. Útgefin í Khöfn af K. Kaalund í bandi ... . (20) 4.50
Nýustu svenskar Musik Bækur, útg. í Stockholm:
Svenska Skol-Qvartetten ...0.60(5)
26te och 27de Tusendet Sv. Skol-Qvartetten ... ... 0.60(5)
Dam Kören ... ... 1.00(5)
Normal-Sangbok .... 0.50(5)

Tölurnar í svigum aftan við (og framan við þar sem póstgjald er meira en 9c) bókaverðið, merkja póstgjald það, sem fylgja verður pöntun utanbæjarmanna.

N. OTTENSON.

Skrifið yður fyrir HEIMSKRINGLU svo að þér getið ætíð fylgst með aðal málum Íslendinga hér og heima.

THE BANK OF TORONTO

INNLEGG - - - $30,853,000

VJER OSKUM VIDSKIFTA YDAR

WINNIPEG DEILD: 456 MAIN ST. JOHN R. LAMB, RADSMADUR.

Með því að biðja sérlega um "T.L. CIGAR." þá ertu viss að fá ágætan vindil.

T.L. CIGAR (UNION MADE)

T.L. Western Cigar Factory Thomas Lee, eigandi Winnipeg

Redwood Lager og Extra Porter

Styrkið taugarnar með því að drekka eitt staup af öðrum hvorum þessum ágæta heimilis bjór, á undan hverri máltíð. — Reynið !!

EDWARD L. DREWRY Manufacturer & Importer Winnipeg, Canada.

Department of Agriculture and Immigration.

MANITOBA

þetta fylki hefir 41,169,089 ekrur lands, 6,019,200 ekrur eru votn, sem veita landinu raka til akuryrkjuþarfa. Þess vegna höfum vér jafnan nægan raka til uppskeru tryggingar.

Ennþá eru 25 miliónir ekrur óteknar, sem fá má með heimilisrétti eða kaupum.

Íbúatala árið 1901 var 255,211, nu er hún orðin 400,000 manns, hefir nálega tvöfaldast á 7 árum.

Íbúatala Winnipeg borgar árið 1901 var 42,240, en nú um 115 þúsundir, hefir meir en tvöfaldast á 7 árum.

Flutningstæki eru nú sem næst fullkomin, 3516 mílur járnbrauta eru í fylkinu, sem allar liggja út frá Winnipeg. Þrjár þverlandsbrauta lestir fara daglega frá Winnipeg, og innan fárra mánaða verða þær 5 talsins, þegar Grand Trunk Pacific og Canadian Northern bætast við.

Framför fylkisins er sjáanleg hvar sem litið er. Þér ættuð að taka þar bólfestu. Ekkert annað land getur sýnt sama vöxt á sama tímabili.

TIL FERDAMANNA:

Farið ekki framhjá Winnipeg, án þess að grenslast um stjórnar og járnbrautarlönd til sölu, og útvega yður fullkomnar upplýsingar um heimilisréttarlönd og fjárgróða möguleika.

R. P. ROBLIN,
Stjórnarformaður og Akuryrkjumála Ráðgjafi.

Skrifið eftir upplýsingum til

Joseph Burke, 178 LOGAN AVE WINNIPEG. Jas Hartney, 77 YORK ST. TORONTO

ALDREI SKALTU geyma til morguns sem hægt er að gera í dag. Pantið Heimskringlu í dag.

"Tveir dalir, náðuga frú", sagði hann, "endast ekki til að bæta úr þörfum móður minnar meðan hún er veik, svo þori ég heldur ekki að selja þá undir því verði, sem hún tiltók".

"Taktu þá bollana og farðu þína leið", sagði frúin, "ég hefi boðið þér meira en þeir eru verðir".

Mórits tók upp annan bollann í því skyni, að láta hann ofan í körfuna aftur, en á meðan virtast frúin hugsa sig um.

"Heyrðu, drengur", sagði hún alt í einu, "ég skal gefa þér 3 dali. Ertu ekki ánægður með það?"

"Ég get ekki selt þá undir 4 dölum", svaraði Mórits, sem óx hugur við það, að maðurinn í hægindastólnum leit hvetjandi til hans.

"Ef þú vilt ekki þiggja það, sem mamma býður þér, þá rek ég daggarðinn minn í gegn um þig", sagði litli barúnssonurinn og veifaði sverðinu sinu rétt við andlitið á Mórits.

"Georg, Georg! Láttu hann kyrran", kallaði maðurinn í hægindastólnum.

En Georg gaf því engan gaum, hann bar vopnið að Mórits og hitti hann í handlegginn. Vesalings drengurinn varð svo hræddur, að hann misti bollann, sem datt á röndina á marmaraborðinu og brotnaði.

"Georg", sagði ungi maðurinn í hægindastólnum, og greip í handlegg drengsins, "þú mátt skammast þín fyrir, að meiða vesalings drenginn, sem ekkert ilt hefir gert þér".

"Góði meistari, skiftu þér ekki af þessu", sagði barúnsfrúin með kæruleysissvip. "þetta eru að eins smámunir. Hvers vegna ætti maður að gera sér miklið far um smámuni?

Meistarinn stundi og slepti handleggnum á Georg, en Mórits horfði á bollabrotin með tárin í augunum. Í þessum svifum voru dyrnar opnaðar og inn kom

skrautbúinn maður með virðingar auðkenni á brjóstinu.

"Það er kominn tími til fyrir okkur að fara ofan í gestasalinn. Gestirnir eru að koma", sagði hann um leið og hann stóð inn fyrir dyrnar. "Eruð þið tilbúin?"

Þessi rödd kom Mórits til að fara að skjálfa. Hann leit upp og á þann, sem talaði, og þekti undireins hörkulegu andlitsdrættina, sem höfðu gert hann hræddan einu sinni áður. Nú varð barúninum litið á Mórits, og lét strax brún sjga og sagði illúðlega:

"Hvað er þessi drengur að gera hér? Leiðir þú betlarastráka inn í þín herbergi, Cæcilia?"

"Afsakaðu, vinur minn", sagði frúin, "mér kom til hugar, að kaupa tvenna bolla úr Austur-India postulini af honum".

"Tvenna tebolla?" sagði barúninn og ypti öxlum, "hvaða heimska er þetta? Farðu, drengur, eða ég fleygi þér út", sagði hann við Mórits.

Grátandi tók drengurinn bollaparið, sem eftir var, lét það í körfuna og gekk svo til dyranna.

"Hr. barún", sagði ungi maðurinn í hægindastólnum, "ég held það sé skylda mín að segja þér frá því, að Georg hefir af keskni brotið annan bollann, svo er það á þínu valdi að ákveða, hvort fítæki drengurinn á að fá nokkra skaðabót eða ekki".

"Einmitt það", sagði barúninn, "gefðu honum þá fáeina skildinga og láttu hann svo fara. Hinkraðu við, drengur".

Mórits stóð kyr.

"Sjáðu, Georg", sagði barúninn við son sinn um leið og hann rétti honum smáseðil, "fáðu betlarastráknum þetta, drengur minn".

"En, hr. barún, bollinn var að minsta kosti 3 dala virði, því hann var úr úrvals postulíni", sagði meistarinn.

"Hvað segirðu, 3 dali fyrir einn tebolla? Ertu búinn að missa vitið? Gerðu eins og ég sagði þér, Georg, — og snáfaðu svo burt, drengur", sagði hann við Mórits.

Drengurinn gekk til betlaraungans — þannig nefndi barúninn börn allra fátæklinga, sem voru illa klædd — og rétti honum seðlinn, en Mórits hratt hendi hans frá sér, lauk upp dyrunum og þaut fram í ganginn, grátandi af gremju yfir rangrætinu, sem honum var sýnt.

"Sá rauðhærði sagði satt", hugsaði hann, "þeir ríku eiga enga miskunn. Hvað ætli mamma segi? Og hvernig á ég að útvega henni mat, meðan hún er veik?"

Grátandi þaut hann ofan stigann og opnaði dyrnar. Einn vagninn eftir annan kom akandi að inngangströppunum. Tveir þjónar í einkennisbúningi opnuðu dyrnar að gestasalnum, og kölluðu með hárri röddu nafn hvers gests um leið og hann gekk inn. Um leið og Mórits litli opnaði dyrnar til að fara út, ók skrautlegur vagn með fjórum brúnum hestum fyrir að dyrunum. Drengnum varð bilt við og faldi sig bak við hurðina, en gægðist samt út um rifuna milli stafs og hurðar, til að sjá hver kominn væri.

Það kom að eins einn ungur maður, um 24 ára gamall, út úr vagninum. Andlitsfallið var reglubundið og fagurt, hárið svart og hrokkið hvildi yfir bjarta enninu, óvanalegt fjör logaði í augunum, — en þó var svipurinn þungur og stúrinn, sem minti ósjálfrátt á hinn fallna höfuðengil, eins og honum er lýst í Miltons Paradisarmissi. Þunnu, lokuðu varirnar, virtust ekki vanar við að hlægja, og dimmleita fjörið, sem ólgaði í augunum, sýndist vera af öðru tagi en geislar ljóssins. Þessi ungi maður, sem var dökk-klæddur, gekk eftir anddyrinu að salshurð-

inni, sem strax var opnuð af dyraverðinum. Mórits heyrði hann kalla hárri röddu:

Stjernekrans greifi frá Öðinsvík.

Dyrnar lokuðust. Mórits fékk ekki meira að vita um þenna mann, sem hvarf inn í salinn, þar sem hann stóð skjálfandi með tár í augum bak við hurðina.

"Stjernekrans greifi", hugsaði Mórits undrandi. "Hann er þá kominn aftur heim til sín — það vissi ég ekki".

Undir eins og þessi skrautlegi vagn greifans ók frá dyrunum, skauzt Mórits út, og hljóp sem fætur toguðu yfir garðinn. Hann var kominn að hliðinu milli garðsins og trjágangsins, þegar hann heyrði kallað:

"Stattu við, drengur. Ég vil tala við þig".

Mórits sneri sér við. Það var ungi maðurinn, sem í hægindastólnum hafði setið, er nú kom hlaupandi til hans.

"Litli vinur minn", sagði ungi maðurinn, "komdu hérna ögn til hliðar, ég þarf að tala við þig".

Mórits gekk með honum að hliðarbyggingu og þar fóru þeir inn.

"Drengur minn", sagði maðurinn, "þér var gert rangt til þarna uppi, mjög rangt, — ég verð að viðurkenna það".

"Þakka þér fyrir, herra minn", sagði Mórits snöktandi. "Þú hlýtur að vera fátækur, fyrst þú ert svona vingjarnlegur".

"Ég er ekki rikur, vinur minn", svaraði maðurinn og brosti raunalega, "en við skulum ekki tala um það. Þú baðst um 4 dali fyrir tebollana. Var það ekki?"

"Jú, herra minn".

"Nú, það var að eins hálfvirði, því þeir eru

Fréttabréf.

MARKERVILLE, ALTA.
17. nóv. 1909.

(Frá fréttaritara Hkr.)

Um þann 10. þ.m. brá til vetrarveðráttu, með hægu frosti og litlu snjóföli. Síðast var plægt hér þann 6. Nú í dag nokkur snjókoma með talsverðu frosti. Geldir gripir eru nú að koma alveg á gjöf. Hausttíðin hefir verið ágæt og hagkvæm til alls. Eru skepnur í bezta ástigkomulagi eftir haustið. Flestir bændur luku við að baksetja akra sína. Er það áríðandi ekki síður hér en annarstaðar, að hafa sem mest undirbúna akrana, að haustinu, svo sáning geti byrjað í tíma að vorinu.

Umferðarveiki hefir stungið sér niður hér á sumum bæjum í haust Nýskeð vildi það slys til, að kona Kristjáns Sigurðssonar, hnigin að aldri, datt hættulega og meiddist stórkostlega í handleggnum.

Á fundi 14. þ.m. sagði Alberta söfnuður sig enn úr sambandi við kirkjufélagið með miklu meiri atkvæðamun en áður.

Nýske var hér á ferð Geirhjörtur bóndi úr Gardar bygð, Dakota, að heilsa upp á gamla kunningja sína. Bjóst hann við að fara til Edmonton. Mun hafa verið að grenslast um land hér vestra.

Misprentast hefir í síðustu fréttum héðan, þar sem sagt er: verð á tveggja ára stýrum og geldum kúm 3¾c, en átti að vera 2¾c; — þetta er hér með leiðrétt.

GARDAR, N. DAK.
26. nóv. 1909.

Herra ritstjóri. —

Þar sem svo mikið hefir verið rætt og ritað um kirkjumál Gardar bygðar að undanförnu, má virðast að það sé vert að geta þess sem gert er.

Þann 21. þ.m. var haldinn fundur af Lúters söfnuði, og samþykt að kalla séra K.K.Ólafsson fyrir prest. Hann hefir nú verið ráðinn fyrir prest hér, með sömu launum, sem hann hafði frá Gardar söfnuði og upp á sömu kjör. Höfum vér Gardar búar því vissu nú fyrir prestsþjónustu framvegis.

Það hefir komið í ljós, að fleiri hluti bygðarmanna æskir eftir að hafa séra Kristinn fyrir prest, sýnist það því ekki óhugsandi, að leitt geti til friðar með því. Hér hefir ekki verið gerður neinn greinarmunur á safnaðarmönnum og utan safnaðar, hvað prestsverk snertir, og verður að líkindum ekki gert hér eftir. Menn sjá þar með, hvað skæmt það er, að sundr ung skuli eiga sér stað í safnaðarmálum í einu litlu bygðarlagi, eins og hér er, og hvað það veikir allar félagsskapar framkvæmdir. Því væri mjög æskilegt, að leitt gæti til samkomulags og friðar í bygðinni. Þetta síðasta atriði virðist vera í huga flestra bygðarmanna, og vonandi er, að það til góðs leiði.

Það ætla ég, að Heimskringla eigi þakkir skilið fyrir það, að leyfa báðum málspörtum í þessu máli hlutdrægnislaust rúm í blaðinu. Því þó ýmislegt hafi komið óviðfeldið, og jafnvel ósatt, þá mun svo bezt jöfnuður, að hverjum sé leyft að koma til dyra sem hann er klæddur.

Með vinsemd,
Stephen Eyjólfsson.

JÓN JÓNSSON, járnsmiður, að 790 Notre Dame Ave. (horni Toronto St.) gerir við alls konar katla, könnur, potta og pönnur fyrir konur, og brýnir hnífa og skerpir sagir fyrir karlmenn. — Alt vel af hendi leyst fyrir lítla borgun.

Dauðinn.

Einn er græðir manna meina,
meiri fremd og auði,
veitir næðið örugt eina,
er sá nefndur "Dauði".

Þeim und kramar krossi stynur,
krankleiks vafinn helsi,
reynist hann hinn vænsti vinur,
veitir líkn og frelsi.

Hann þó köllum gestinn grimma,
gleði við sem spyrnir,
þegar út á djúpið dimma
draga ástvinirnir.

Vér, sem eftir strönd á stöndum,
störum yfir sjáinn,
reyrðir hörðum hrygðarböndum
hörmum vininn dáinn.

Við hann sárt oss verður skilja, —
veik því oft er trúin, —
gröf nær sjáum holdið hylja
háski sýnist búinn.

Huggun bezt þá vonin veitir,
vili burt sem hrindir,
skuggum hels hún blökkum breytir
bjartar ljóss í myndir.

Sumir trúar hæðst úr hæðum
herma land þeir sjái,
vafið unaðs reðstu gæðum,
er þeir síðar nái.

Aðrir sjá ei utan rökkur,
útsýnið þeim dylur
þykkur efans þokumökkur
þeirra sjón er hylur.

Á meinblandið öfugstreymi
ekki grand vér minnumst,
nær í andans aðalheimi
alvakandi finnumst.

Þar mun skýrast sjónin sanna,
séð þá fáum bræður,
að hér gangi örlaganna
eilíf speki ræður.

Vissum eftir vísdóms-lögum —
vér sem skynjum eigi, —
er hér stjórnað allra högum
eins á nótt sem degi.

Í því trausti eg vil deyja,
er mín kemur stundin,
stríðið alls óhræddur heyja,
herrans forsjá bundinn.

S. J. Jóhannesson.

ÚR BRÉFI FRÁ PINE VALLEY, 20 nóv. 1909. — "Fréttir eru engar markverðar. Þreskingu ekki lokið. Heilbrigði almennt góð. Allir hér, sem minst hafa á Búnaðarskólablað Heimskringlu, hafa gert að því góðan róm, enda mun flestum koma saman um það, að starfsviði búnaðarskólans sé öllum þarflegt að kynnast. Þetta áminsta blað er eitthvert hið mynd arlegasta blað, sem ég hefi átt kost á, að sjá á íslenzku máli. — Óskandi væri, að hugir námfúsra stefndu að skólanum.

Búnaðar athöfn aukn**A**
Allir vér, — jafnvel gamal**L**. —
Lærum með dáð og djörfun**G**,
Dafnar þá hagur jafna**N**.
Viðsýni andans auðg**I**
Iðinn hver mentir viðu**R**,
Nálgast þá heiðurs hámar**K**.

— Haldist lof Kringlu og Baldvins.

Um kirkjumálin þykir okkur sumum hér all-vænt að lesa. Hægt og varlega er barist, og atlögurnar sýnast ekki mjög skaðsamar enn sem komið er. Þykir sumum, sem forngervingar láti undan síga, og nýgervingar öllu betur vopnum búnir. Þau eru annars farin að gerast dálitið söguleg kirkjuþingin, einkum hið síðasta. Útdráttur úr því mun í stuttu máli eitthvað á þessa leið:

Klaufalega fór kirkjuþing
hjá klerkaráði tíu;
um séra Bergmann þeir sveigðu
hring,
svo hann ei fengi lýju.
Af síðustu Árbók í Sameining
sumir fengu klýju.
Friðjóns lögmálið flyktust kring
49".

þakkarorð

Ég undirrituð votta hér með mitt innilegasta þakklæti öllum þeim, sem sýndu mér hjálp og hluttekningu sína, er ég varð fyrir því sorglega tilfelli, að missa mann minn Jóseph Lindal þann 5. nóvember sl. Ég bið algóðan guð að launa þessum vinum og blessa þá.

Blaine, 21. nóv. 1909.
Margrét Lindal.

Eins og nágrönnum mínum er kunnugt, hefi ég haft á hendi póstkeyrslu um nágrennið við Hensel nú í nokkur ár. Hefi ég þá endrum og eins fært mönnum úti í sveitinni stöku smámuni úr bænum, sem þeir hafa gleymt eða hefir van hagað um í svipinn. Þetta hefir ætíð verið mér til ánægju, án þess að mér kæmi endurgjald til hugar. En þrátt fyrir það hafa ýmsir í nágrenninu orðið til þess, að færa mér töluvert af höfrum handa keyrsluhestum mínum til launa fyrir þessa smágreiða. Nöfn sumra þessara kunningja minna eru mér kunnug, og væri mér ljúft að birta þau, ef ég héldi ekki, að það væri þeim á móti skapi.— Svo hefir og komið fyrir, að menn hefir borið að heimili mínu í þessum erindum, þegar ég hefi ekki verið heima, og hafa sumir þeirra ekki gert vart við sig á annan hátt en að skilja eftir gjöfina úti við hesthús mitt, og hefi ég þá aldrei fengið að vita hverjir þeir voru. — Öllum þessum gefendum er ég innilega þakklátur og skuldbundinn.

Yðar einlægur,
John Wilker.

Hensel, N. D., 23. nóv. 1909.

PRENTUN

VÉR NJÓTUM, sem stendur, viðskipta margra Winnipeg starfs- og "Business"-manna.— En þó erum vér enþá ekki ánægðir.— Vér viljum fá alþýðumenn sem einatt notast við illa prentun að reyna vora tegund. — Vér ábyrgjumst að gera yður ánægða. — Símið yðar næstu prent pöntun til —.

'Phone: Main 5944

The ANDERSON Co. COR. SHERBROOKE ST. AND SARGENT AVENUE. WINNIPEG.
PROMPT PRINTERS

Dóttir Roosevelts.

Ný bók kom út í Berlín á Þýzkalandi þann 16. nóv., rituð af ungfrú Emmu Kraeble, sem var bústýra keisarans í Kóreu árið 1905, þegar Alice dóttir Roosevelts Bandaríkja forseta, var þar á ferð.

Í bók þessari lætur ungfrú Kraeble fremur illa af háttsemi forsetadótturinnar, þykir framkoma hennar hafa verið í meira lagi ókvenleg og ruddaleg, svo að allir þar eystra, sem heyrðu og sáu til hennar, hafi stórlega undrast.

Viðtökum þeim, er forsetadóttirin fékk í Kóreu, er lýst á þessa leið: —

Þegar það fréttist, að Roosevelt forunneytið hefði verið í heimboði hjá keisara Japana, brá keisarinn í Kóreu strax við, og bauð þessum tignu ferðamönnum, að þiggja veizlu af sér í höfuðstað sínum. — Svar upp á þetta tilboð kom svo undraflýtt til baka, að keisarahirðin var í vandræðum með, að geta haft nægan undirbúning til þess að veita þessum heiðursgestum frá Bandaríkjunum sæmilega og viðeigandi móttöku.

Keisarinn ákvað, að móttakan skyldi fara fram á þeim stað, sem keisarafrúin var lögð til hvílu,eftir andlát hennar, því sá staður er talinn helgasti blettur í allri Kóreu, og móttaka þar er því sá mesti heiður, sem keisarinn getur veitt nokkrum gesti.

Þessi staður er um mílu vegar fyrir utan múra Seul borgar, og er hinn fegursti og kyrlátasti, sem hugsast getur. Í þessum lundi, við gröf keisaraekkjunnar, skyldi móttakan og veizlan vera, þangað var sendur stór hópur æðstu embættismanna ríkisins og aðstoðarlið þeirra, og þangað voru og flutt öll nauðsynleg föng til veizluhaldsins.

Skömmu eftir að keisarahirðin var komin í grafarlundinn, veltist yfir oss reykjarmökkur mikill, og út úr honum skaut sveit ríðandi manna. Fremst í þessum hóp var skvettulegur kvenriddari, klæddur rauðum reiðfötum, og undir þeim sást í rauðar, aðskornar buxur, sem náðu niður í gljáandi stigvél. Í höndunum veifaði kona þessi svipu og í munninum hafði hún vindil.

Þetta var ungfrú Alice Roosevelt. Vér stóðum agndofa. Vér höfðum búist við alt annari framkomu. Allir hneigðu sig og létu öllum auðmýkindalátum, eftir ströngustu Kóreu hirðsiðum. En "Rough Riders" dóttirin virtist skoða það alt sem gamanleik. — Samkvæmt stöðu minni, sem forstöðukona við hirðina, stamaði ég út nokkrum fagnaðar-kveðjuorðum og heiðursgesturinn svaraði því með fáeinum þakkarorðum og ekki meir. Hún virtist hafa allan hugann við hin stórfeldu goðalíkneski og steinlikneski af dýrum, sem þar halda vörð yfir gröfum hinna framliðnu meðlima keisaraættarinnar í Kóreu. Hún kom auga á steinlíkneski af fíl, sem henni virtist geðjast sérlega vel að. Forsetadóttirin þaut af hesti sínum í einu vetfangi, og var samstundis komin upp á fílinn, hrópandi á herra Langford að taka nú mynd af sér.

Hirðliðið stóð agndofa. Léttúð á svo helgum stað var einsdæmi í sögu Kóreu. Það þurfti vissulega amerikanska ólyrirkeitni til þess að haga sér þannig í framandi landa!

Það var alvarlegt augnablik og endaði með því, að þá var farið að bera fram tevatn og aðrar hressingar. Alice var athugalaus um það, sem fram fór í kring um hana. Ekki þakkaði hún með einu orði fyrir þá sæmd, sem henni hafði verið sýnd. Hún talaði smám saman ofurlítið við Mrs. Morgan, konu amerikanska sendiherrans, og tók duglega til sin af kampavíni og öðru sælgæti.

Alt í einu skipaði hún að söðla hest sinn, og reið svo burt í loftinu með fylgiliði sínu eins og Buffalo Bill".

Nokkur andmæli hafa þegar komið fram gegn ýmsum af staðhæfingum Kraeble um framkomu forsetadótturinnar, og sérstaklega er því mótmælt, að hún hafi reykt vindil. En höfundur bókarinnar situr fast við sinn keip, og segir, að svo mörg vitni hafi séð þetta, að óþarít sé um það að deila, og meðal þeirra sé sendiherra Bandaríkjanna og kona hans, sem Bandaríkjaþjóðin ætti að geta borið það traust til, að þau hjón segi satt frá því er gerðist, þó hún kynni að vilja vélengja samhljóða vottorð allrar keisarahirðarinnar í Kóreu um þennan atburð.

Höfundur bókarinnar segir og að herra Taft hafi ekki verið með flokknum í þessari ferð til Kóreu, en lætur að öðru leyti ekki getið, hvar hann hafi þá haldið sig.

LEIÐBEININGAR--SKRA
YFIR ÁREIÐANLEGA VERZLUNARMENN Í WINNIPEG

MUSIC OG HLJÓÐFÆRI
CROSS, GOULDING & SKINNER, LTD. 323 Portage Ave. Talsími 4413
MASON & RISCH PIANO CO., LTD. 356 Main Stree Talsími 480 W. Alfred Albert, Íslenzkur umboðsmaður
WHALEY ROYCE & CO. 356 Main St. Phone 263 W. Alfred Albert, bóðarþjónn.

BYGGINGA og ELDIVIÐUR.
J. D. McARTHUR CO., LTD. Byggings- og Eldivður í heildsölu og smásölu. Sölust: Princess og Higgins Tals. 5060, 5061, 5062

MYNDASMIÐIR.
G. H. LLEWELLIN, "Medallions" og Myndarammar Starfstofa Horni Park St. og Logan Avenue

SKÓTAU Í HEILDSÖLU.
AMES HOLDEN, LIMITED Princess & McDermott. Winnipeg.
THOS. RYAN & CO. Allskonar Skótau. 44 Princess St.
THE Wm. A. MARSH CO. WESTERN LTD. Framleiðendur af Finu Skótaui. Talsími: 3710 88 Princess St. "High Merit" Marsh Skór

RAFMAGNSVÉLAR OG ÁHÖLD
JAMES STUART ELECTRIC CO. 324 Smith St. Talsímar: 3447 og 7862 Fullar byrgðir af alskonar vélum.
GOODYEAR ELECTRIC CO. Kellogg's Talsímar og öll þarðsláts áhöld Talsími 3023. 86 Albert St.

RAFMAGNS AKKOKÐSMENN
MODERN ELECTRIC CO 412 Portage Ave Talsími: 5658 Viðgjörð og Vir-lagning — allskonar.

BYGGINGA-EFNI.
JOHN GUNN & SONS Talsími 1277 266 Jarvis Ave. Höfum beata Stein, Kalk, Cement, Sand o. fl.
THOMAS BLACK Selur Járnvöru og Byggiinga-efni allskonar 76—82 Lombard St. Talsími 600
THE WINNIPEG SUPPLY CO., LTD. 298 Rietta St. Talsímar: 1936 & 2187 Kalk, Steinn, Cement, Sand og Möl

BYGGINGAMEISTARAR.
J. H. G. RUSSELL Byggingameistari. Í Silvester-Willson byggingunni. Tals: 1068
PAUL M. CLEMENS Bygginga-Meistari, 443 Maryland St. Skrifst.: Argyle Bldg., Garry st. Talsími 8997

BRAS- og RUBBER STIMPLAR
MANITOBA STENCIL & STAMP WORKS 421 Main St. Talsími 1880 P. O. Box 244. Búum til allskonar Stimpla úr málmi og togleðri

CLYDEBANK SAUMAVÉLA AÐGERÐARMAÐUR. Brúkaðar vélar seldar frá $5.00 og yfir 564 Notre Dame Phone, Main 8624

VÍNSÖLUMENN
GEO. VELIE. Hef dsölu Vínsvíl. 185, 187 Portage Ave. E. Smá-sölu talsími: 352. Stór-sölu tal-fmi 464

STOCKS & BONDS
W. SANFORD EVANS CO. 326 Nýja Grain Exchange Talsími 369

ACCOUNTANTS & AUDITORS
A. A. JACKSON, Accountant and Auditor Skrifst.— 28 Merchants Bank. Tals. 3702

OLÍA, HJÓLÁS-FEITI OG FL.
WINNIPEG OIL COMPANY, LTD. Býa til Stein Olíu, Gasoline og hjólás-aburð Tal-ími 1590 611 Ashdown lock

TIMBUR og BÚLOND
THOS. GYSTAD, 208 Kennedy Bldg. Vður í vagnhlössum til notenda, búlönd til sölu

PIPE & BOILER COVERING
GREAT WEST PIPE COVERING CO. 132 Lombard Street.

VÍRGIRÐINGAR.
THE GREAT WEST WIRE FENCE CO., LTD Allskonar virgirðingar fyrir bændur og b-rgarra. 76 Lombard St. Winnipeg.

ELDAVÉLAR O. FL.
McCLARY'S, Winnipeg. Stærstu framleiðendur í Canada af Stóm, Steinvöru (Graniteware) og fl.

ÁLNAVARA Í HEILDSÖLU
R. J. WHITLA & CO., LIMITED 264 McDermott Ave Winnipeg "King of the Road" OVERALLS.

BILLIARD & POOL TABLES.
W. A. CARSON P. O. Box 225 Room 4 1 Molson Banka. Öll nauðsynleg áhöld. Ég gjöri við pool-borð

NALAR.
JOHN RANTON 203 Hammond Block Talsími 4670 Sendið strax eftir Verðlista og þýnishornum.

GASOLINE Vélar og Brunnborar
ONTARIO WIND ENGINE and PUMP CO. LTD 301 Chamber St. Sími: 2688 Vindmillur — Pumpur — Agætar Vélar.

BLÓM OG SONGFUGLAR
JAMES BIRCH 442 Notre Dame Ave. Talsími 2638 BLÓM - allskonar. Söng fuglar o. fl.

BANKARAR, GUFUSKIPA AGENTR
ALLOWAY & CHAMPION North End Branch: 667 Main st eet Vér seljum Ávísanir borganlegar á Íslandi

LÆKNA OG SPITALAÁHOLD
CHANDLER & FISHER, LIMITED Lækna og Dýralækna áhöld, og hospitala áhöld 185 Lombard St., Winnipeg, Man.

Dánarfregn.

Föstudaginn þann 15. okt. sl. andaðist að heimili sínu í Akrabygð í Norður Dakota heiðurskonan Guðrún Pálina Halldórsson, sjötíu ára að aldri, eftir rúmlega þriggja mánaða sjúkdómslegu.

Guðrún sál. var fædd 15. ágúst 1839 á Eskifirði í Suðurmúlasýslu. Voru foreldrar hennar Páll Ísfeld Eyjólfsson og Gróa Eiríksdóttir Jónssonar, prests að Kolfreyjustað. Ólst hún upp hjá foreldrum sínum, fyrst á Eskifirði, en síðar að Eyvindará í Eyðaþinghá.

Árið 1866 giftist Guðrún eftirlifandi manni sínum, Eiríki Halldórssyni frá Egilsstöðum á Völlum. Byrjuðu þau búskap að Uppsölum í Eyðaþinghá, en fluttust ári síðar að Eyvindará í sömu sveit. Árið 1876 fæðu þau hjón sig að Egilsstöðum á Völlum og bjuggu þar rausnarbúi, þar til 1889, að þau fluttu til Ameríku. Keyptu þau bújörð og settist að skamt frá Akra í íslenzku bygðinni í Norður-Dakota, og bjuggu þar góðu búi síðan.

Þeim hjónum varð fimm barna auðið, af hverjum þrjú eru enn á lífi: Anna Þrúður, kona Friðriks Jónssonar kaupmanns í Hensel, N.D.; Halldór, bóndi í Akra bygð, og Páll lögmaður og bankagjaldkeri í Cavalier, N. D.

Guðrún sáluga var merkiskona í hvivetna. Var heimili hennar sannur griðastaður þeim, er þangað leituðu í raunum sínum, því hún mátti ekki aumt sjá.

Íslenzk gestrisni gekk þar um beina, og gladdi alla, sem að garði komu, ríka og snauða. Glaðlyndi hennar og skemtiræðum var viðbrugðið. Var það hverjum ánægjustund að eiga tal við hana, því gáfur voru nægar og minni hið bezta. Enda var hún flestum betur heima í fornsögum vorum, og fögur íslenzk kvæði léku liðugt á tungu hennar, því hún hafði yndi af skáldskap og skildi vel.

Vinföst og trygglynd var hún umfram alt. Enda reyndist oft sannur bjargvættur þeim, sem í nauðir rak. Eru það því ótal fleiri en skyldmennin, sem syrgja þessa góðu konu, — konu, sem hafði reynst þeim traustasti vinurinn, vissasta hjálparstoðin og bezti ráðanauturinn. N.

LEIÐRÉTTING.

Athugasemd við fréttagrein eftir mig í Hkr. nr. 5, dags. 4. þ.m., þar sem ég minnist á kaupgjald og vinnutíma, sem á að vera þannig: Almennust vinna 10 stundir á dag, að eins á fylkisbrautum 8 stundir á dag, $2.50 þó borgað í kaup. Þetta bið ég þg, heiðraðr ritstjóri, vinsamlega að lagfæra, því vísvitandi vil ég engin ósannindi eftir mér fréttist.

South Bend, Wash., 22. nóv. '09.
G. J. Austfjörð.

Merkur guðfræðingur.

Séra F. A. Bowers frá Philadelphia, eitt af mestu leiðarljósum lúterskra manna í Vesturheimi, flytur daglega fyrirlestra alla næstu viku hér í borg. í lút. kirkjunni á horni Ellice Ave. og Beverly St.

Ræðuefni: —

Miðvikud. 1. des. kl. 8 e.h.: Eftirsjá og afturhvarf.
Fimtud. 2. des. kl. 8. e.h.: Frelsun fyrir trú.
Föstud. 3. des. kl. 8 e.h.: Nauðsyn kirkjunnar.

Sérstakur söngur við allar samkomurnar. Allir eru velkomnir.

Hvað er að?

Þarftu að hafa eitthvað til að lesa? Hver sá er vill fá sér eitthvað nýtt að lesa í hverri viku, ætti að gerast kaupandi að Heimskringlu.

Hún færir lesendum sínum ýmiskonar nýjan fróðleik 52 sinnum á ári fyrir aðeins $2.00. Viltu ekki vera með?

Til
GUÐRÚNAR MAGNÚSSON,
938 Lipton St., Winnipeg.

Þitt hjarta stungið holund er,
hörðum berst með slögum.
Ég bið og vona að birtist þér
bjarmi af sælli dögum.

R. J. Davíðsson.

HÚSIÐ

Reynsla Vesturlandsins er er sú, að McLean húsið sé áreiðanlegt í öllum viðskiltum Vér höfum sannað almenningi, að hvert Piano, sem vér seljum, er virði vorrar ábyrgar. Bútt af helztu tegundunum er

HEINTZMAN & CO

PIANO

Búint laf "Ye Olde Firm," Heintzman & Co.

Piano, sem er svo gott, að ekkert betra er búið til nokkurstaðar. — Til eru önnur góð Piano, en hinn mikli tónræðingur De Pachmann segir: "Að hugsa til þess, að ég hefi ferðast um allan heim og brúkað beztu Pianos og að koma svo til Canada og uppgötva Heintzman & Co. Piano, sem er langsamlega það bezta, sem ég 'befi nokkurstaðar fundið".

Vér höfum miklar birgðir af ágætustu Upright og Grand Pianos, að meðtöldu hinu nýja Heintzman & Co. Player Piano, — hljóðfæri, sem felur í sér sérstaka eiginleika, sem ekkert annað Player Piano hefir til að bera.

528 MAIN ST.
Phone Main 808.

Útibú í BRANDON og PORTAGE LA PRAIRIE.

Fréttir úr bænum.

Íslenzki Conservative Klúbburinn heldur fyrsta yetrarfund sinn eftir sumarhvildina næsta föstudagskv. 3. þ.m. í Únitarasalnum. Sjá auglýsingu á öðrum stað.

Herra Guðni Thomson, frá Svold P.O., N.D., kom til Winnipeg í sl. viku, í kynnisför til ýmsra kunningja hér frá fyrri árum. Hann hefir verið svo önnum kafinn við búskapinn þar syðra, um 20 ára tíma, að hann hefir ekki gefið sér tíma til, að finna kunningjana hér fyr en nú. Í þessari ferð fer hann og norður til Gimli, til að heimsækja sína mörgu vini þar í nýlendunni. Hve lengi hann mundi verða í þeirri ferð, lét hann ósagt. En líklegt taldi hann, að hann dveldi neðra þar nokkra daga áður en hann legði heimleiðis aftur.

Stúdentafélagið heldur sinn venjulega fund í samkomusal sínum þann 4. des. næstk. Fjörug kappræða fer þar fram, og ætti það að vera öðfun meðlimum félagsins að sækja vel fundinn.

Herra Jacob Hall, frá Edinburg, sem um tíma hefir verið í kynnisför til Ásvaldar bróður sins að Wynyard, Sask., kom til bæjarins úr ferð þeirri í síðustu viku. Jacob hafði ekki komið þangað vestur fyr en nú, og leist honum vel á landið þar og búskap bænda. Segir hann land þar vestra vera ágætt, og að hveitiuppskera þar í sumar hafi verið frá 25 til 30 búsh. af ekru að jafnaði, af góðu hveiti, að undanskildri spildu þeirri, sem skemdist af hagléli, sem þar kom 18. júlí sl. Jacob segir tvímælalaust, að land þar sé svo gott, að það verði í háu verði með tímanum. Hann fór heimleiðis á laugardaginn var.

Vér viljum minna fólk á skemtisamkomu er stúkan Skuld heldur í kveld—miðvikudag. — Gott prógrum; frían veitingar. Alt fyrir 25c.

Skrautleg Stafrof

ALPHABET OF PATRIOTISM og ALPHABET OF FAITH, með margfitu pennaflúri, fuglum og myndum, fást nú til kaups hjá undirskrifuðum á 35c hvort, bæði á 60c. Einnig stórar og góðar myndir af Hállgrími Péturssyni og Jónasi Hallgrímssyni, á 35c hvor, báðar á 60c. Bæði stafrófin og báðar myndirnar til samans á $1.00. Borgist með póstávísan. — Ég spái því, að einhverjir vilji fá eitthvað af þessum myndum, bæði til að eiga sjálfir, og svo líka til að gefa einhverjum vini sínum, nær eða fjær, á Jólunum.

F. R. JOHNSON,
8059—11th Ave. N.W., Seattle, Wash

Barnastúkan Æskan hélt samkomu sína í Únitarasalnum á miðvikudagskveldið í sl. viku. Og þó að blöðin kæmust ekki út, og samkoman því ekki auglýst á þessum stað og tíma eins og ætlað var, þá var samt aðsóknin svo mikil, að flest sætin voru skipuð. Samkoman fór vel fram, og gaf þess ljósan vott, að börnin höfðu verið vel æfð. Framkoma þeirra var eins og bezt mætti búast við af fullorðnum, og hin ýmsu stykki á prógramminu voru vel af hendi leyst. En bezt þeirra var brúðusöngurinn, enda var þá svo mikið lófaklapp, að hann varð að endurtakast.

Heimskringla hefir verið beðin að geta þess, að ekki hafi verið hægt að fresta samkomunni lengur sökum undirbúnings, sem þegar var gerður, svo sem búningar leigðir og fleira.

Fullkomnustu Karla Skór Með Vægu Verði.

Vér leggjum ánerslu á, að hafa góða karla skó með vægu verði.—Vér heimtum ekki óhæfilegt verð fyrir góða skó,—Reynið vora $5.00 og $5.50 skó.—

Lag, Snið, Efni og áferð er alt fullkomið.—Reimaðir kða hneptir.—Gljá eða Svart leður, Vici eða Box Calf, — með háa eða láa hæla

Ryan-Devlin Shoe Co
494 MAIN ST PHONE 770.

Hekla og Skuld.

Þann 24. þ.m. voru þessir útnefndir sem fulltrúar fyrir Goodtemplara stúkurnar Heklu og Skuld, "The Icelandic Good Templars of Winnipeg": —

Frá stúkunni Heklu:

Kr. Stefánsson,
Jóhannes Sveinsson,
Ól. Bjarnason,
B. E. Björnsson,
Guðm. Árnason.

Frá stúkunni Skuld:

Ásm. Jóhannsson,
Ásbjörn Eggertsson,
Sw. Swainson,
Sveinn Pálmason,
Guðj. Hjaltalín,
Magnús Johnson.
Gunnl. Jóhannsson.

Kosningafundurinn verður 2. des. og þá verða kosnir 9 menn af þessum 12, sem nú eru í kjöri.

Á. E.

QUILL PLAINS HVEITI LÖND

25,000 EKRUR. Algerlega FYRSTA ÚRVAL frá hinni miklu C.N.R. landveitingu. Gufuplógs lönd hrein, slétt

ÞESSA ÁRS UPPSKERA sannar gæði jarðvegsins. — Enginn steinn eða hrís.—Gott vatn.—Nálægt mörkuðum, skólum og kirkjum.—Vér höfum umráð á öllum Jansen og Claassen löndunum, og bjóðum þau til kaups með sanngjörnu verði og auðveldum borgunarskilmálum.—Kaupendur geta borgað af hvers árs upp skeru; 6% vextir.— Sölubréfin gefin út beint frá eigendum til kaup endanna.—Eastern Townships Bank í Winnipeg og hver banki og "business"-maður í Marshall, Minn., gefur upplýsingar um oss. — Póstspjald færir yður ókeypis uppdrætti og allar upplýsingar.—

John L. Watson Land Co.
316 Union Bank Bldg. - - Winnipeg, Man

Góð skemtun

FYRIR LÁGT VERÐ

Yngra fólkið í Únitarasöfnuðinum sýnir hinar velþektu og vinsælu lifandi myndir af söguviðburðum (Tableaux), sem flestir kannast við frá síðasta vetri, — mánudags- og miðvikudagskveldið 6. og 8. desember næstkomandi. — Auk þeirra verður margt fleira til skemtunar, eins og eftirfylgjandi prógram sýnir. —

Mánudagskveld 6. des.

PROGRAM:

Sýningar úr Friðþjófssögu: —
1. Grátur Ingibjargar (í 4 sýningum).
2. Friðþjófur kemur til Hrings (í 7 sýningum).
3. Dauði Hrings (í 6 sýningum).
4. Sýning úr Grettissögu: Illugi og Þorbjörn Öngull (í 5 sýningum)
5. Söngflokkurinn syngur.
6. Ræða—Séra Rögnv. Pétursson
7. Lesið upp eftir Mark Twain.
8. Sýning úr Njálu: Gunnar og Hallgerður á Þingvelli.
9. Samtal (atriði úr Brandi eftir Ibsen).
10. VEITINGAR.

Miðvikudagskv. 8. des.

PROGRAM

Sýningar úr Friðþjófssögu: —
1. Grátur Ingibjargar (í 4 sýningum).
2. Friðþjófur kemur til Hrings (í 7 sýningum).
3. Dauði Hrings (í 6 sýningum).
4. Sýning úr Grettissögu: Illugi og Þorbjörn Öngull (í 5 sýningum)
5. Tvísöngur.
6. Ræða.
7. Sýning: Lorelei.
8. Sýning úr Njálu: Gunnar og Kolskeggur.
9. Samtal (atriði úr Faust, eftir Goethe).
10. VEITINGAR.

Aðgöngumiðar kosta 25c og fást við dyrnar.

Þann 25. þ.m., kl. 2 e.m. lézt að Hnausa P.O. í Nýja Íslandi Mrs. Jóhanna Bjarnadóttir Eymundson.

Herra Þorgrímur Pétursson, sem í sumar er leið hefir unnið hjá bændum í Morden bygð, kom til bæjarins um síðustu helgi. Hann segir góðar fréttir þaðan. Afbragðs uppskera þar af ágætu hveiti. Hann segir bændur þar á góðum framfaravegi, og á leið til auðæfa. Þorgrímur fer á morgun norður í Geysir bygð, í Bífröst sveit, og ætlar að dvelja þar í vetur.

Hinn venjulegi hálfsmánaðar starfsfundur Ungmennafélags Únitara verður haldinn í kveld (miðvikudag 1. des.). Allir félagsmenn — og sérstaklega embættismenn og þeir sem eru í sérstökum nefndum — eru mintir á að sækja fundinn. Hafið þetta hugfast.

Á fundi stúkunnar Ísland í þessari viku (2. des.) verður bögglauppboð til arðs fyrir stúkuna. — Systurnar ætla að gefa bögglana. Þær búast við, að bræðurnir fjölmenni á fund og bjóði vel í bögglana. — Allir íslenzkir Goodtemplarar, sem unna stúkunni langra lífdaga og góðs gengis, ættu að koma á þennan fund, og stuðla að því að þetta uppboð geti hafst þann árangur, sem systurnar ætlast til.

Lesendur vorir eru mintir á, að sækja vel samkomur Únitara á mánudaginn og miðvikudaginn í næstu viku, 6. og 8. þ.m. Þar verða sýndar lifandi myndir. Sýning sú er nýstárleg, og til hennar hefir verið vandað eftir beztu föngum. Forstöðunefnd samkomunnar hafir hafst mikinn viðbúnað og margar æfingar, og lofar fjörugri og unaðsríkri skemtun. En hún væntir þess og mælist til þess, að samkomurnar verði svo vel sóttar, að húsfyllir verði, og segir að enginn muni sjá eftir aðgöngugjaldinu, sem er 25c, — enda fylgja því frían ágætis veitingar.

Lesendur vorir í Selkirk eru mintir á, að lesa með athygli auglýsingu herra Sigvalda Nordals í þessu blaði. Hann auglýsir vörur sínar með svo óvanalega lágu verði, að slíkt hefir ekki þekst þar í bæ á þessum vetri. Maðurinn er svo áreiðanlegur, að honum er trúandi til að standa við tilboð sitt og það er kaupendunum stór hagur, að gripa gæsina meðan hún gefst.

Dakota Íslendingar ættu að athuga auglýsingu hr. Elis Thorwaldsonar, Mountain, N.D., í þessu blaði, og nota sér "kjörkaupin á öllum sköpuðum hlutum". Landar ættu að fjölmenna í búðina á Mountain og reka þar fjöruga verzlun meðan góði gállinn er á Elis.

— Einn af embættismönnum Bandaríkjastjórnarinnar segir, að íbúarnir á Sarangani eyju, ekki all-langt frá Manila, selji dætur sínar til ópíum kaupmanna. Hver stúlka kostar eina únzu af ópíum.

Kæru Skiftavinir:

Ég er nú nýkominn heim úr ferð til stórbæjanna St. Paul og Minneapolis, þar sem ég hefi keypt stórt upplag af allra handa nýjum vörum, sem fólk nauðsynlega þarf með núna fyrir jólin og nýárið, og sem eru mjög hentugar Jólagjafir, hvert heldur er fyrir föður, móðir, systir, bróðir, frænda, frænku eða kunningja.

Og heilt vagnhlass keypti ég af allra handa húsmunum. Komið og sjáið þá og spyrjið um verð áður en þér kaupið annarstaðar.

Kjörkaup verða gefin á öllum sköpuðum hlutum, sem í búðinni eru, framyfir nýár. Og hæsta verð borgum við fyrir alla bændavöru.

30c fyrir egg, 25c fyrir smjör, 12 til 15 cents fyrir pundið í gripahúðum.

Gleymið ekki að biðja um 20 pd. af sykri fyrir dollarinn.

$95.00 Hús-orgel, lítið brúkað, fæst nú fyrir $50.00, og skilmálar góðir.

E. Thorwaldson & Co.,
Mountain - - N. Dak.

Á VÖRTUR skaltu bera Castorolíu, í einn mánuð eða svo daglega, og þær hverfa.

Nei, Sko!

ALLAN þennan mánuð (dés) sel ég vörur mínar með sér lega lágu verði.—Notið því tækifærið.—Allir vita, sem áður hafa við mig verzlað, að vörur mínar eru af beztu tegund, og allir fá rétta vigt og fljóta afgreiðslu. — Til dæmis:—

17 pd af Rósp. Sykri fyrir		$1.00
18 pd af púður Sykri	"	1.00
14 pd af Mola Sykri	"	1.00
9 pð af bezta Rio Kaffi	"	1.00
20 pd af Hrísgrjónum	"	1.00
20 pd af Sagogrjónum	"	1.00
20 pd af Hvítum baunum		1.00
20 pd af Splitbaunum	"	1.00
3 pd af Sveskjum	"	0.25
3 pd af Rúsínum	"	0 25
3 pd af hreins. Kúrennum		0.25
8 stykki Royal Crown sápu		0.25
3 pd kanna Baking Powder		0 25
1 pd " G. S. " "		0.15
3 pd af Sætabrauði fyrir		0.25
3 pd af Sóda Biscuits	"	0.25

Og allt annað þessu líkt. Gefið landa yður tækifæri meðan hann er á vegum yðar, landar góðir!

W. NORDAL
West Selkirk, -- Man.

Jónas Pálsson,

SÖNGFRÆÐINGUR.
Útvegar vönduð og ódýr hljóðfæri.
460 Victor St. Talsími 6803.

HEIMSKRINGLU og TVÆR skemtilegar sögur fá nýir kaupendur fyrir að eins $2.00

The Abernethy Tea Rooms

Eru nú undir nýrri ráðsmensku. Vér getum selt fólki góðar máltíðir og hressingar fyrir þann 9. þ. m. —

21 máltíðarseðlar $3.50

472 PORTAGE AVE.

Omeinguð Hörlérept

beint frá verksmiðjunni á Írlandi. Af því vér kaupum beint þaðan, getum vér selt írsk hörlérept ódýrar en aðrir í borginni. 15 prósent afsláttur næstu 2 vikur.

C. S. S. Malone
552 PORTAGE AVe. Phone Main 1478
16-12-9

MARTYN F. SMITH,

TANNLÆKNIR.
Fairbairn Blk. Cor Main & Selkirk

Sérfræðingur í Gullfyllingu og öllum aðgerðum og tilbún aði Tanna. Tennur dregnar án sársauka. Engin veiki á eftir eða gómbólga —

Stofan opin kl. 7 til 9 á kveldin
Office Phone 6944. Heimilis Phone 6462.

Gólfteppa Hreinsun

Vér stoppum og þekjum gamla stóla, legubekki og fleira. — Flyt húsgögn og geymi þau yfir lengri eða styttri tíma. —

W. G. Furnival
312 Colony St. Phone 2041.

Húðir og ógörfuð Loðskinn

Verzlun vor er vor bezta auglýsing. Sendið oss húðir yðar og loðskinn og gerist stöðugir viðskiftamenn.

Skrifið eftir verðlista.

The Lightcap Hide & Fur Co., Limited
P.O. Box 1092 172-176 King St Winnipeg
16-9-10

Ný Kjötverzlun

Allar vörur af beztu tegund.

H. SIMONITE, eigandi.
Talsími: 947 110 Isabel St.
16 9-10

Drs. Ekern & Marsden,

Sérfræðislæknar í Eftirfylgjandi greinum: — Augnasjúkdómum, Eyrnasjúkdómum, Nasasjúkdómum og Kverkasjúkdómum. : : :

Í Platky Byggingunni í Bænum
Grand Forks, :: N. Dak.

Þarft þú ekki að fá þér ný föt?

EF ÞAU KOMA FRÁ CLEMENT'S, — ÞÁ VERÐA ÞAU RÉTT.

Réttur að efni, réttur í sniði réttur í áferð og réttur í verði.

Vér höfum miklar byrgðir af fegurstu og beztu fataefnum. —

Geo. Clements & Son
Stofnað árið 1874
264 Portage Ave. Rétt hjá FreePress

Th. JOHNSON

JEWELER
286 Main St. Talsími: 6606

JOHN ERZINGER

TÓBAKS-KAUPMAÐUR.
Erzinger's skorið reyktóbak $1.00 pundið
Hér fæst allar nefntóbaks-tegundir. Óska eftir bréflegum pöntunum.
McINTYRE BLK., Main St., Winnipeg
Heildsala og smá-sala.

G. NARDONE

Verzlar með matvöru, aldini, smá-kökur, allskonar sætindi, mjólk og rjóma, sönul. tóbak og vindla. Óskar viðskifta Íslend. Heitt kaffi eða te á öllum tímum. Fón 7756

714 MARYLAND ST.

Boyd's Brauð

Góð heilsa krefst að þér borðið réttilega bakað Brauð, sem gert er úr ómeinguðu mjöli Brauð sem nærir yður Reynið eitt brauð vort—biðjið matsalinn um það; ef hann hefir það ekki, þá símið og vagn vor færir yður það. —

Boyd's

Bakery Cor Spence & Portage Ave
Phone 1080.

Winnipeg Wardrobe Co.

Kaupa brúkaðan Karla og Kvenna fatnað,—og borga vel fyrir hann.

Phone, Main 6539 597 Notre Dame Ave.

BILDFELL & PAULSON

Union Bank 5th Floor, No. 520
selja hús og lóðir og annast þar að lútandi störf; útvegar peningalán o. fl.
Tel.: 2685

J. L. M. THOMSON, M.A., L.L.B.

LÖGFRÆÐINGUR. 255½ Portage Ave.

Hubbard, Hannesson and Ross

LÖGFRÆÐINGAR
10 Bank of Hamilton Chambers
Tel. 378 Winnipeg

ANDERSON & GARLAND

LÖGFRÆÐINGAR
35 Merchants Bank Bldg. Phone: 1561

BONNAR, HARTLEY & MANAHAN

Lögfræðingar og Landskjala Semjarar
Suite 7, Nanton Block, Winnipeg

W. R. FOWLER A. PIERCY.

Royal Optical Co.

307 Portage Ave. Talsími 7286.

Allar nútíðar aðferðir eru notaðar við augn skoðun hjá þeim, þar með hin nýja aðferð, Skuggs-skoðun, sem kjörgripa öllum ágiskunum. —

Dr. G. J. Gislason,

Physician and Surgeon
Wellington Blk. - Grand Forks, N.Dak
Sjerstakt athygli veitt AUGNA, EYRNA, KVERKA og NEF SJÚKDÓMUM.

It's going UP.

Þú getur ekki búist við

að það geri annað en eyðast í reyk. Því ekki að fá nokkur tons af okkar ágætu kolum, og hafa ánægjuna af, að njóta hitans af þeim, þegar vetrarkuldarnir koma. Komið til vor og nefnið þetta bl.

D. E. ADAMS COAL CO.
YARDS Í NORÐUR, SUÐUR, AUSTUR OG VESTURBŒNUM
Aðal Skrifst.: 224 BANNATYNE AVE.

EKRU-LÓÐIR

3. til 8 ekru spildur við rafmagns brautina, ½ míla frá borginni. — aðeins 10 mánaðna ferð á sporvagninum, og málborin kaupsamningur alla leið. Verð $200 ekran og þar yfir. Aðeins einn-fimtipartur borgist strax, hitt á fjórum árlegum afborgunum.—

Skuli Hansson & Co.

Skrifst. Talsími 6476. Heimilis Talsími 2274

Heimskringla.

Vér höfum næga skildinga

til að lána yður mót tryggingu í bújörðum og borga-fasteignum. Seljum lífsábyrgðir og eldsábyrgðir. Kaupum sölusamninga og veðskuldabréf.

Frekari upplýsingar veita

Skuli Hansson & Co.

56 Tribune Building. Winnipeg.

XXIV. ÁR WINNIPEG, MANITOBA, FIMTUDAGINN, 9 DESEMBER 1909 NR. 10

Fregnsafn.

Markverðustu viðburðir hvaðanæfa

— Deilumál það, sem um 25 ára tíma hefir staðið yfir milli Bandaríkjanna og Chile lýðveldisins er í þann veg að verða leitt til lykta á friðsamlegan hátt. Sendiherra Bandaríkjanna til Chile hefir stungið upp á því, að málið sé lagt í gerð Bretakonungs til endilegra úrslita, og báðar stjórnirnar hafa samþykt þá tillögu. — Mál þetta er svo tilkomið, að stjórnin í Boliviu veitti fyrir mörgum árum Bandaríkjafélagi einu ákveðin sérhlynnindi, og giltu þau á landssvæði, sem þá lá undir Boliviu lýðveldið. En þegar stríðið varð milli Boliviu og Chile, þá tapaði Bolivía og varð að láta af hendi við Chile þann hluta ríkisins, sem þessi hlynnindi giltu í. Þegar friðarsamningar voru formlega gerðir, þá skuldbatt Chile sig til þess, að viðurkenna réttindi þau, sem félag þetta hafði fengið hjá Boliviu. En Chile hefir ekki staðið við þann samning. Nú telst Bandaríkjastjórninni svo til, að skaðabætur þær, sem félagið á heimtingu á að fá, nemi yfir eina milión dollara. En Chile telur það langt of mikið. Bretakonungur á nú að kveða á um það tvent, hvort Chile beri að halda þann samning, sem hún gerði við Boliviu, um að viðurkenna rétt félags þessa, og sé svo, þá hverja upphæð Chile beri að borga félaginu.

— Fágætt göfuglyndi er það, sem þeir Wilson Bræður, verzlunarfélag eitt í Victoria borg í British Columbia, hafa sýnt einum ótrúum þjóni sínum, Charles Richard. Hann hafði stolið 2 þúsund dollara virði af eignum frá félaginu fyrir nokkrum árum, en húsbændur hans höfðu fyrirgefið honum þetta afbrot, og haldið áfram að veita honum atvinnu. Nú nýlega komst það upp, að hann hafði á ný haft af þessu félagi 6 þús. dollara virði af eignum þess. Þetta játaði hann fyrir réttinum, og að síðari upphæðin hefði verið algjörlega fráskilin hinni fyrri. Þegar hér var komið sögunni, bar félagið þá bón fram fyrir dómarann, að hann legði eins væga hegningu á þennan ótrúa þjón, eins og lögin frekast leyfðu, og gat þess um leið, að meðan hann yrði í fangelsi að afplána hegninguna, þá ætlaði félagið að borga honum fult kaup og að afhenda konu hans það, svo hún og börn þeirra hjóna þyrftu einskis í að missa einalega við glæp mannsins.

— Ljótt mál hefir um nokkurn undanfarinn tíma staðið yfir í Ontario móti bónda einum þar. Það hefir sannast, að hann hefir myrt konu sína og tvo syni þeirra hjóna, í því augnamiði — að álitið er — að geta kvongast ungri konu, sem sannast hefir að hann var nákunnugur. — Litill efi er á, að þessi náungi verður hengdur.

— Mælingamenn eru nú sem óðast að mæla út járnbrautarstæði frá Edmonton norður til Fort McMurray. Mælingunum eiglum á að vera lokið fyrir vetrarlok og brautina á að byrja að byggja á næsta sumri.

— Tveir loftsiglingamenn týndu nýlega lífi á þýzkalandi. Þeir voru í lagar í Berlín loftsiglinga félaginu. Þeir fundust 500 mílur frá þeim stað, sem þeir höfðu lagt upp frá. Nálægt þeim lá loftsarið, og var belgur þess rifinn. Helzt halda menn að þeir hafi rekist á klettagnípu, og að báturinn hafi þá orðið fyrir þessum skemdum, en mennirnir kastast til jarðar og meiðst svo, að þeir gátu ekki komist til mannabygða og dáið þarna úr hungri.

— Á orði er, að Messinaborg verði endurreist bráðlega. Skýli þau, sem þar hafa verið sett upp handa þeim, sem komust lífs af úr jarðskjálftanum og afleiðingum hans, eru ónógir íbúðarstaðir til frambúðar. Nefnd manna hefir verið kosin til þess að leita styrktar hjá landsstjórninni til að byggja borgina upp að nýju, og á annan hátt að hlynna að atvinnuvegum þeirra, sem þar hafa hafst við síðan þeir sluppu úr eldinum í fyrra.

— Bandaríkjastjórnin hefir slitið öllu pólitisku samneyti við Nicaragua lýðveldið og sett 400 hermenn þar á land. Sendiherra Nicaragua í Wasjington hefir fengið burtfararleyfi óbeðið, en hann segist þó ekki ætla að fara burt úr Bandaríkjunum fyrst um sinn, því að Zelaya, forseti Nicaragua lýðveldisins sé vinur sinn, og sig langi til, að vinna honum það gagn, sem hann geti. Bandaríkjastjórnin hefir virt viðleitni sendiherrans með því, að setja flokk hermanna kring um embættisbústað hans í Washington, svo að hann geti verið þar óhultur fyrir hugsanlegum árásum æsingamanna.

— Sagt er, að dr. Cook hafi horfið úr New York borg fyrir nokkrum tíma, og veit enginn, hvar hann er niður kominn. Tveir menn hafa nýlega komið fram, sem segjast hafa séð hann á heilsuhæli nokkru í Bandaríkjunum. — Læknirinn þar hefir verið spurður um þetta, en hann hefir neitað að gefa nokkurt ákveðið svar.

— Svo hefir um samist, að berserkirnir Jack Johnson (svertingi) og James Jeffries berjist um alheimskappa nafnbót á næsta sumri, að líkindum í Californiu. — Herra Tex Richard hefir boðið þeim 101 þúsund dollara og ágóðann af sýningum þeirra hreyfimynda, sem teknar verða af bardaganum. Aðrir hafa gert ágæt tilboð. Einn bauð 110 þúsund dollara og helfing ágóða af hreyfimynda sýningunum. Annar bauð 80 prósent af öllum inntektum fyrir aðgöngumiða að bardaganum og allan ágóðann af myndasýningunum. Svo kvað vera umsamið, að sá þeirra, sem vinnur bardagann, fái 100 þúsund dollara í sinn hlut. — Berserkirnir hafa gengið að boði Tex Richards, og hefir hann því alla stjórn á bardaganum og bær inntektir, sem af honum verða fyrir aðgöngumiða og annað þess háttar.

— Gull og silfur hefir fundist í jörðu nálægt Pleasant Home í Manitoba fylki. Thomas Wells var að grafa brunn á landi sínu, og fann þá bæði gull og silfur á 60 feta dýpi. Glersandur fanst þar einnig, og er talinn verðmæt vara. Herra Wells hyggur, að hér sé að ræða um auðuga gullnámu og ætlar strax að láta byrja gröft til málmleitunar. — Þetta gefur von um, að allur grjórhryggurinn, sem liggur eftir endilángri Gimlisveit vestanverðri, kunni að fela í sér mikla málm-auðlegð.

— Eldur kom upp í borginni Baltimore, Md., þann 2 þ.m., og gerði milión dollara eignatjón í aðal verzlunarhluta borgarinnar.— Fimm menn úr slökkviliðinu sköðuðust mikið við starf sitt.

— Alberta fylki hefir á sl. tólf mánuðum framleitt 2½ milión pd. smjörs, sem metið er til verðs á 600,000 dollara. Það eru rúmlega 50 smjörgerðarhús í fylkinu. Á sama tímabili hefir ostagerð fylkisins numið 28 þús. dollara virði.

— Svertingjaprestur að nafni John Howard, var brendur á báli í Atlanta borg í Georgia riki þann 2. þ.m. Presturinn var að keyra með hestapari, en mætti manni í sjálfhreyfivagni. Hestar prestsins fældust, er þeir sáu mótorvagninn. Við þetta reiddist prestur svo, að hann skaut 3 skotum á manninn í vagninum, en hann svaraði með 2 skotum, og hæfði prest í báðum og særði hann. Þegar múgurinn, sem var á strætinu, sá hvað gerst hafði, var prestur tekinn og bundinn við tré og brendur lifandi. — Þannig er siðmenning vorra tíma í kristnum mannfélögum í framfara- og menningarmestu löndum heimsins.

— Rusl og sorp, svo sem gamlar blikkdósir og bein og annað þess háttar, gaf á sl. ári bæjarstjórninni í Liverpool á Englandi $1500 inntektir. Nú hefir bæjarstjórnin fengið sér sérstaka vél til þess að gera sér peninga úr öllu sorpi, borgarinnar, og gerir sér von um, að græða vel á því starfi.

— Voðastormar hafa ætt yfir England í byrjun þessa mánaðar og gert stórtjón á skipastól landsins, og einnig á landeignum, talsímaþræðir slitnar, talsíma og ritsíma stólpar brotnað, bryggjur og skipakviar eyðilagst. Víst er að yfir 14 gufuskip hafa strandað, og mesti fjöldi af smáskipum farist. Yfir hundrað manna hafa týnt lífi. Skip hafa rekist á við strendur landsins í þessu ofveðri og sokkið.

— Lávarðadeildin á Englandi telur 613 manns, og hafa þeir eftirfylgjandi nafnbætur: 3 af konungaættum, 2 erkibiskupar, 24 biskupar, 335 barúnar, 123 jarlar, 22 hertogar, 23 markgreifar, 42 greifar. Í deildinni sitja 16 frá Skotlandi og 23 frá Írlandi. — Það eru þessir 613 náungar eða fleirtala þeirra, sem taka að sér að segja, hvernig þær 40 miliónir manna skuli haga málum sínum, sem nú byggja brezku eyjarnar, þrátt fyrir það, þó enginn þeirra sé kosinn af þjóðinni til þess að ráða yfir málum hennar, — og margir þeirra eru jafnvel ófærir til að ráða sínum eigin málum svo mynd sé á.

— Ábyrgð á vöruflutningaskipum, sem ganga eftir stórvötnunum milli Austur- og Vestur-Canada, fellur úr gildi þessa daga. En svo mikið er fyrirliggjandi af vörum til flutnings báðar leiðir, að líklegt þykir, að skipin verði látin ganga alt fram að jólum, eða þar til ís leggur á vötnin með löndum, svo ekki verði fært inn á hafnir.

— Gamli Andrew Carnegie sagði á fundi í New York þann 1. þ.m. að Bandaríkjaþjóðinni bæri brýnust skylda til að hjálpa svertingjum í Suðurríkjunum. Hann var að tala á ársfundi Armstrongs félagsins, sem heldur uppi Hampton háskólanum, í þeim tilgangi að menta svertingja. Carnegie sagði, að svertingjar væru nú búnir að ná hærra menningarstigi, en Skotar hefðu staðið á fyrir 200 árum, og að enginn mannflokkur hefði náð jafnmiklum framförum á jafnlöngu tímabili eins og svertingjar í suður Bandaríkjunum hefðu gert á sl. 40 árum.

— Maður nokkur á níræðisaldri í Oxbridge, Ont., gerði 4 atrennur til sjálfsmorðs í vikunni sem leið, en mistókst í öll skiptin. Nú getur hann enga grein gert fyrir þessu tiltæki, en er þó talinn með fullu ráði.

— Vínbanns atkvæðagreiðslan í Alabama riki fór svo, að þeir þyrstu unnu með 1509 atkvæðum umfram. Öll þau héruð innan ríkisins, sem áður voru "þur", eru því á ný orðin "vot". Fimtán hundruð ræðumenn héldu daglega fundi um alt ríkið í heilan mánuð á undan kosningunum, og bæklingar gengu eins og skæðadrífa inn á hvert heimili frá hvorttveggja málsaðilum. Öðru megin voru prestar, kennarar og uppeldisfræðingar, hins vegar vínsalar og bjórbruggarar og sægur lögfræðinga.— Mælt er að vínsalar í St. Louis, Louisville Cincinnati og öðrum borgum hafi lagt fram mikið fé til þessara kosninga.

— Bankastjóri einn í Austur-Canada gaf þá upplýsingu um síðustu helgi, að bændum í Vestur-Canada hefði á sl. 3 mánuðum verið borgað rúmlega 52 miliónir dollara fyrir kornvöru uppskeru þeirra á þessu ári, og þó að eins fáir nokkurn hluta uppskerunnar, mikill fjöldi bænda geymi hveiti sitt ósett langt fram á vetur eða næsta vor, í von um verðhækkun, eða öllu heldur vissu um verðhækkun. Því sú væri orðin fóst reynsla hér í Vesturlandinu, að hveiti og aðrar korntegundir stíga upp á vorin og framan af sumrinu. Það er þess vegna aðallega þeir fátækustu, sem selja hveiti sitt á haustin, og þeim hefir komið það vel, að fá þessar 200 miliónir króna. — (Það borgar sig að búa í Canada!)

Barði G. Skúlason.

BARÐI G. SKÚLASON

lögfræðingur í Grand Forks, N. D., býður sig fram til Washington þingsins með yfirlýsingu um stefnu sína, sem hann gerir í blaðinu Grand Forks Daily Herald, dags. 26. nóv. sl. Stefnuskrá sína lofar hann að auglýsa síðar, en lætur þess jafnframt getið, að nái hann kosningu, þá muni hann starfa sem "Progressive Republican" að því, að fá tollmálalöggjöf Bandaríkjanna breytt í það horf, sem ákveðið var í stefnuskrá Repúblíkana á síðasta þjóðfundi þeirra, og að vinna á móti tollmálastefnu Cannon flokksins, sem hann segir að nú hafi yfirráð í þjóðþinginu. Hann mælist til stuðnings allra Repúblíkana í North Dakota ríki.

Barði er einn af gáfuðustu og mentuðustu Vestur-Íslendingum. — Hann er löglærður vel og kennari við lagadeild Grand Forks háskólans. Nú sem stendur er hann þingmaður í North Dakota þinginu, og hefir getið sér þar svo góðan orðstír, að hann er talinn viss að ná kosningu til Congressins, þegar til kosninga kemur.

Barði geíur von um, að verða með tímanum einn af helztu þjóðskörungum Bandaríkjanna. Hæfileikar mannsins verðskulda, að hann fái öflugan stuðning íslenzkra kjósenda ekki síður en annara íbúa ríkisins.

"Andvökur"

LJÓÐMÆLI EFTIR

Stephan G. Stephansson

Kosta, í 3 bindum. $3 50, í skrautbandi.

Tvö fyrri bindin eru komin út, og verða til sölu hjá umboðsmönnum útgefendanna í öllum íslenzkum bygðum í Ameríku.

Í Winnipeg verða ljóðmælin til sölu, sem hér segir:

Hjá Eggert Jóhannssyni, 689 Agnes St., EFTIR KL. 6 AÐ KVELDI.

Hjá Stefáni Péturssyni, AÐ DEGINUM, frá kl. 8 f.h. til kl. 6 að kveldi, á prentstofu Heimskringlu.

Hjá H. S. Bardal, bóksala, Nena St.

Hjá N. Ottenson, bóksala, River Park, Winnipeg.

Utanbæjarmenn, sem ekki geta fengið ljóðmælin í nágrenni sinu, fá þau tafarlaust með því að senda pöntun og peninga til Eggerts Jóhannssonar, 689 Agnes St., Winnipeg, Man.

OGILVIE'S

Royal Household Flour

Til Brauð og Köku Gerðar

Gefur Ævinlega Fullnæging

EINA MYLLA VESTAN WINNIPEG. LÁTIÐ HEIMAÐNAÐ SITJA FYRIR VIÐSKIFTUM YÐAR.

Fréttir úr bænum.

Á sl. 11 mánuðum hefir bæjarstjórnin veitt leyfi til að byggja 3 þúsund ný hús, sem til samans kosta á tíundu milión dollara. — Sennilegt er, að þegar árið er liðið, þá nemi byggingaleyfin tíu miljónum. En eins og nú er, þá er Winnipeg þriðja borg í röðinni þeirra, sem flest hús hafa byggt á þessu ári, í Canada.

Íslenzki Conservative Klúbburinn

hélt fyrsta fund sinn eftir sumarhvíldina á föstudagskveldið var, í Únitarasalnum, til undirbúnings undir kosningafund, sem haldinn verður á sama stað, næsta föstudagskveld þann 10. þ.m.

Á þessum fundi voru útnefndir til embætta þessir:

Til forseta—Albert Goodman.

Til varaforseta—Jóhannes Gottskálksson, Ásmundur Jóhannsson, Vésteinn Benson og Sigfús Anderson.

Til skrifara—Eiríkur Sumarliðason og Einar Lúðvíksson.

Til féhirðis—James Goodman og Teitur Thomas.

Fundurinn samþykti, að kosnir skyldu 3 varaforsetar, svo að embættismenn klúbbsins yrðu 6 talsins.

Meðráðamenn skulu kosnir 6, og voru þessir tilnefndir: Jóseph B. Skaptason, Stefán Péturssonn, Finnur Stefánsson, Jón Guðmundsson, Jóhannes Strang, Jón Thorsteinsson, Magnús Pétursson, Harry Bergman, Sveinn Pálmason, Skúli Hansson, Marino Hannesson og Sigfús Jóelsson.

Fundurinn samþykti, að útnefningum skyldi haldið opnum til næsta fundar, svo að meðlimum klúbbsins gæfist kostur á, að bæta við nöfnum þeirra manna, sem þeir kynnu að vilja kjósa í embætti á næsta fundi.

Einnig var samþykt, að fyrsti spilafundur verði á sama stað á mánudagskveldið í næstu viku, þann 13. þ.m.

Íslenzkir Conservativar allir eru beðnir að fjölmenna á kosningafundinn á föstudagskveldið kemur, og koma svo snemma, að hægt verði að byrja fundinn stundvíst kl. 8, því mikið verður að vinna á þeim fundi.

Bæjarstjórnin er um þessar mundir önnum kafin að kalla inn skatta frá bæjarbúum. Nálega ½ milión dollara komu inn þann 30. nóvember. Frá 15. til 30. nóvember fékk bærinn inn nokkuð á aðra milión dollara í sköttum. Á þessu tímabili gaf bærinn 2 prósent afslátt og sökum þess urðu borganir svona stórkostlegar, sem eru þær mestu á jöfnu tímabili, sem nokkurntíma hafa komið í bæjarsjóð.

Herra Björn Benson (sonur Kristmundar heitins Benjamínssonar, fyrrum að Gimli), sem býður hefir í Vancouver borg við Kyrrahaf í sl. 8 ár, kom þaðan að vestan í sl. okt. með konu sína, henni til heilsubótar, og dvelja þau hjón í Selkirk bæ til næsta vors, en hyggja þá til vesturferðar aftur.— Í fréttum sagði herra Benson, að um 200 Íslendingar væru búsettir í borginni, en íbúatalan er þar nú alls yfir 100 þúsundir, í stað þess að þar voru að eins 35 þúsundir, þegar hann kom þangað fyrir 8 árum. Vancouver borg hefir því tekið öllu greiðari framförum á þessu tímabili, en Winnipeg borg. Löndum vorum þar líður vel. Atvinna er nægileg og kaupgjald gott. Algengir verkamenn hafa þar $2.50 á dag fyrir 8 klstunda vinnu. En handverksmenn frá $3.50 til $5.00 á dag. — Landverð í borginni og umhverfis hana er orðið hátt, og húsaleiga var há fyrir 2 árum, en hefir heldur lækkað síðan. Í þeim hluta borgarinnar, sem verkamenn halda aðallega til í, er leiga á 6 til 8 herbergja íbúðarhúsum frá $20.00 til $25.00 um mánuðinn. En 8 til 10 herbergja hús, í þeim hlutanum er ríkara fólkið á heima í, kosta frá $50.00 til $60.00 um mánuðinn. Framfærslukostnaður er þar engu meiri, eða jafnvel minni heldur en hér í Winnipeg. Verkamenn með með 4 til 5 manns í fjölskyldu lifa þar sæmilega fyrir $20.00 um mánuðinn, auk húsaleigu. Nauðsynjavara er yfirleitt engu dýrari þar en í Manitoba. Fatnaður heldur ódýrari en hér. Það taldi herra Benson víst, að Vancouver borg ætti mikla framtíð í vændum.

Nýlátin er í Pasadena í Californiu kona H. M. Howels, yfirdómara í Manitoba fylki. Hún fór þangað suður í haust til vetrardvalar sér til heilsubótar.

Sú uppástunga er gerð af umsjónarmanni stræta í Winnipeg, að hér eftir sén makadam strætin olíu borin, í stað þess að vera vökvuð með vatni, því olían er talin ódýrari til þeirra nota en vatnið. Aðrar stórborgir hafa reynt þetta og gefist vel. Hér verður þetta reynt á næsta vori.

Wall Plaster

Með því að venja sig á að brúka "Empire" tegundir af Hardwall og Wood Fibre Plaster er maður hér viss að fá beztu afleiðingar.

Vér búum til:

"Empire" Wood Fibre Plaster
"Empire" Cement Wall "
"Empire" Finish "
"Gold Dust" Finish "
"Gilt Edge" Plaster of Paris
og allar Gypsum vörurteg undir. —

Eigum vér að senda yður bækling vorn?

MANITOBA GYPSUM CO. LTD

STEINPÍPUR OG MILLUR Í

Winnipeg, - Man.

Heimskringla

Published every Thursday by The Heimskringla News & Publishing Co. Ltd

verð blaðsins í Canada og bandar $2.00 um árið (fyrir fram borgað).
Sent til Íslands $2.40 (fyrir fram borgað af kaupendum blaðsins hérlendis $1.50.)

B. L. BALDWINSON
Editor & Manager

Office:
729 Sherbrooke Street, Winnipeg
P.O BOX 3083. Talsími 3512.

Ná-klukkan

hefir hringt í lávarðadeildinni á Englandi með atkvæðagreiðslu þeirri, sem þar fór fram um fjárlagafrumvarp neðri málstofunnar. Lávarðarnir felldu frumvarpið með 350 atkvæðum gegn 75 atkv., þann 1. þ.m. Allmiklar æsingar höfðu orðið í málstofunni, og svo var áhuginn mikill, að einn lávarður á tíræðisaldri, sem ekki hefir komið í málstofuna um margra ára tíma, lét flytja sig þangað, til þess hann gæti greitt atkvæði móti frumvarpinu.

Strax og atkvæðagreiðslan varð kunn, tók Asquith stjórnin að búa sig undir að rjúfa þingið, og að efna til almennra kosninga. Þinginu var slitið 3. þ.m., en rofið verður það í janúar næstk. og þá talarlaust gengið til nýrra kosninga. Ætlað er, að til undirbúnings þessara kosninga verði haldnir 100 þús. pólitiskir opinberir fundir, sem skiftast milli flokkanna þannig: Ftjórnarsinnar 20 þúsund fundi, andstæðingar 20 þús. fundi; Unionista og Liberal þingmannsefni 40 þús. fundi, verkamenn og Sósíalistar 10 þús. fundi, og kvenfrelsiskonur 10 þús. fundi.

Enginn efi leikur á því, að bardagi þessi verður sá strangasti, sem háður hefir verið við nokkrar kosningar þar í landi. Hann verður um það, hvort kosnir fulltrúar þjóðarinnar til þingsins eigi að ráða fjármálum hennar og öðrum áhugamálum, eða hvort nokkrir ábyrgðarlausir lávarðar, sem ekkert annað hafa sér til ágætis en tignarnafnið — margir hverjir —, og stór landeignir, sem ættir þeirra hafa komist yfir í fornöld, með ýmsum hætti öðrum en beinum kaupum, — eiga að bera fulltrúa þjóðarinnar ofurliði.

Alt til þessa hefir það verið föst regla á Bretlandi, eins og í öðrum löndum, að þjóðin hefir sjálf ráðið málum sínum gegn um kosna málsvara til þings, en lávarðarnir alls ekki, enda hefir þeirra deild aldrei fyr, um síðasta 270 ára tímabil, leyft sér að ónýta gerðir neðri málstofunnar, hvað fjarveitingar snertir, eins og hún hefir nú gert.

Strax að atkvæðagreiðslu lávarðanna aflokinni, bar Asquith stjórnarformaður fram í þinginu mjög stranglega orðaða andmæla þingsályktunartillögu um aðferð lávarðanna, og fór hörðum orðum um deild þeirra. Tillaga þessi var samþykt með 349 atkvæðum móti 134 atkv.

Verkamanna flokksforinginn í þinginu hét stjórninni eindregnu fylgi verkamanna.

Balfour lávarður, foringi andstæðinga, lét þá skoðun í ljós, að kjósendurnir mundu samþykkja aðferð lávarðanna. En þótt hann sé foringi andstæðinga í neðri deildinni, talaði hann þó máli stjórnarinnar í lávarðadeildinni. Hann er því milli steins og sleggju, andvígur stefnu lávarðanna, en leiðtogi andstæðinga Asquith stjórnarinnar í neðri málstofunni. Og það er ætlun manna, að hann hafi mælt þvert um hug sér, því af tvennu illu myndi hann heldur kjósa að stjórnin yrði ofan á en lávarðarnir

Man. Búnaðarskólinn.

Akuryrkjufélögin hafa sýningu á búnaðarskólanum dagana frá 14. til 19. febrúar næstkomandi, að báðum þeim dögum meðtöldum. Þá verða veittar sérstakar upplýsingar í að dæma um gildi bújár og korntegunda, og einnig í því, að viðra með nýtízku búnaðaráhöldum.

Búnaðarfélögin halda fundi að kveldi 14. og 15., kl. 7.30.

Þann 16. verður haldinn opinber fundur undir forustu Hon. R. P. Rollins, forsætisráðherra og akuryrkjumála ráðgjafa.

Þann 17. og 18. heldur Vesturlands aldina og blómaræktunar félagið ársfund sinn á Manitoba Búnaðarskólanum.

Öllu þessu eru þeir beðnir að veita athygli, sem hafa áhuga fyrir búnaðarframförum þessa lands.

Hertogarnir.

Hertogatignin gengur næst konungstigninni. Hertogatignin svarar til jarlstignar, eins og henni er lýst í íslenzku og norsku sögunum En tigninni fylgja skyldur og útgjöld, svo að ekki er annara meðfæri að bera hana með sæmd en þerra, sem haka umráð mikilla eigna.

Á Bretlandi eru 27 hertogar. En misjafnlega eru þau stór hertogadæmin, og lítill og óverulegur er her sá, sem hertogarnir geta boðið út sér til styrktar, ef á liggur — enda eru nú hernaðarlög og skyldur alt aðrar en þær voru í fyrri daga.

Rithöfundur einn, sem ritar um þetta mál, segir svo frá, að hertogarnir séu "rétt eins og aðrir menn", nema hvað margir þeirra eru smærri að líkamsþyggingu en almennt gerist, jafnvel á Bretlandi, og andlegi vöxturinn í mörgum tilfellum að sama skapi. En allir eru þeir lærðir og vel mentaðir.

Þessi rithöfundur segir meðal annars: —

"Ég minnist þess, að fyrir nokkurum árum sat ég til borðs með 2 hertogum. Samkvæmið var alfjölment, en hertogarnir voru minstu mennirnir í herberginu. — Hins vegar er Portland hertoginn stór og sérlega fríður maður. — Sumir hertoganna eru vellauðugir, aðrir eru í sífeldri peningaþröng, og geta tæplega staðist þau útgjöld, sem stöðu þeirra fylgir. — Aðal auðlegð þeirra felst í landeignum, og þaðan fá þeir inntektir sínar. Fyrir 50 árum voru hertogarnir og aðrir stór-landeigendur á Bretlandi auðugustu menn þjóðarinnar. En síðan hafa inntektir þeirra farið stöðugt minkandi, af því að rentur af eignunum hafa fallið mikið, og á sama tíma hafa skattarnir vaxið, og svo hafa hin ýmsu önnur útgjöld þeirra vaxið í samræmi við þjóðarandann, sem æ gerir stærri og stærri kröfur til lífsþægindа og unaðar með hverju ári, sem líður. En nú hefir risið upp með þjóðinni heill hópur af miljóna mönnum, sem grætt hafa á iðnaði og verzlun. Að eins fáir af hertogunum geta í nokkuð efnalega mælt sig við þessa auðmenn.

Að undanteknum hinum konunglegu eða konungsættar hertogum (Cumberland, Connaught, Albany, Lancaster, Cornwall og Rothesay) — þá eru að eins 27 hertogar á Bretlandi.

Eftirfylgjandi skýrsla sýnir nafn hertogadæmanna, ekrufjölda þeirra og ársinntektir hertoganna.

Nafn	Ekrufjöldi.	Tekjur.
Norfolk	49,806	£75,596
Somerset	25,387	37,577
Beaufort	51,085	56,226
Richmond	286,411	79,683
Grafton	25,773	39,254
St. Albans	8,988	10,955
Leeds	24,237	33,381
Bedford	86,300	142,000
Devonshire	198,572	180,750
Marlborough	23,511	36,557
Rutland	70,137	97,486
Hamilton	157,386	73,636
"		67,006
Buccleuch	460,108	217,163
"		4,000
"		10,000
Argyll	175,000	51,000
Atholl	202,000	42,000
Montrose	103,447	24,872
Roxburghe	60,418	50,917
Portland	183,199	88,350
"		19,570
Manchester	27,312	40,360
Newcastle	35,547	74,541
Northumberland	186,397	176,048
Leigster	73,100	55,877
Wellington	19,116	22,162
Sutherland	1,358,545	141,667
Abercorn	78,662	53,400
Westminster	19,749	38,994
Fife	249,200	73,814

Þar sem inntektir af sama hertogadæmi eru taldar tvisvar eða þrisvar, þá er það af því, að inntektirnar eru í fleiri liðum en að eins af landeigninni, svo sem námum eða öðrum hlynnindum, sem liggja undir hertogadæmin, svo sem sjóhöfnum, bryggjum, veiðileyfum og fleiru þess háttar.

Til þess að vita árlegar inntektir þessara náunga, sem hvorki vinna né spinna, í dollaratali margfaldast pundatalan með 5, eða með 18 til að sýna krónutalið.

Skrá þessi sýnir inntektirnar eins og þær voru fyrir 25 árum, og geta því verið nokkuð breyttar nú frá því sem þá var. En mikil er breytingin ekki, nema sem því nemur, sem land kann að hafa hækkað í verði á þessu tímabili, og skattar því einnig aukist. Á þessu 25 ára tímabili hafa og rentur lækkað nokkuð. En inntektirnar munu þó nú vera nokkuð svipaðar því, sem var fyrir fjórðungi aldar.

Ýmsir þessara hertoga eiga stór húseignir í beztu borgum landsins og hluti í námum og verksmiðjum sem gefa góðan arð í flestum árum.

Útsæði gefins

Dominion stjórnin biður þess getið, að nú verði bændum í Canada úthlutað sýnishornum af völdum tegundum allskyns kornávaxta og jarðepla, sem þeir geti gert tilraunir með, til þess að umbæta korn og jarðepla tegundir sínar. Þessar völdu tegundir eru fengnar aðallega frá fyrirmyndarbúum ríkisins í Indian Head, Sask., Brandon, Man., og Ottawa, Ont. Korntegundirnar eru: Hafrar, vorhveiti, bygg, baunir og mais, og kartöflur. Hver bóndi, sem biður um þetta, fær: 4 pund af höfrum og 5 pund af hveiti og byggi, sem nægir til að sá í einn tuttugasta hluta úr ekru af hverri tegund um sig; af mais, baunum og kartöflum fá þeir 3 pund af hverju

Þessar eru tegundirnar, sem útbýtt verður:

Hafrar:—Banner, Abundance, Danish Island, Wide-Awake, White Grant, Thousand Dollars og Improved Ligowo. Alt ljósar tegundir.

Hveiti.— Rauðleitar tegundir: Red Fife (Beardless), Marquis, Stanley og Chelsea (Early Beardless), Preston, Huron og Pringles Champlain (Early Bearded). Af hvítum tegundum eru: White Fife (Beardless) og Bobs (Early Beardless).

Bygg.—Sexraðað: Mensury, Odessa og Mansfield. Tvíraðað: Invincible, Standwell og Canadian Thorpe.

Baunir.—Arthur og Golden Wine, Indian Corn, til súrsunar. Snemmvaxnar tegundir: Angel, Midnight, Compton's Early og Longfellow. Síðvaxnar tegundir: Selected Leaming, Early Mastodon og White Cap Yellow Dent.

Kartöflur.—Snemmvaxnar: Rochester Rose og Irish Cobbler. Síðvaxnar: Gold Coin, Carman No. 1 og Money Maker. Hinar síðvöxnu tegundir gefa jafnaðarlega meiri uppskeru en þær sem fyr sprettu.

Að eins eitt sýnishorn er sent hverjum bónda. Til dæmis: Sá, sem fær hafra, getur ekki fengið neitt annað sýnishorn, hvorki af hveiti, byggi, baunum, Indian Yorn né kartöflum. Öll sýnishornin eru send með pósti, ókeypis.

Beiðni um þessi sýnishorn ætti að sendast til: Director of Experimental Farm, Ottawa, á tíma bilinu frá 1. desember til 15. febrúar. Síðari beiðnir geta ekki orðið teknar til greina. Biðjendur tiltaki þá tegund, sem þeir vilja fá, og hvað þeir kjósi helzt annað, ef það, sem þeir biðja um, er uppgengið. Bændurnir eru ámintir um, að senda beiðnir sínar snemma. — Engin frímerki þarf að láta á bréf sem send eru til Central Experimental Farm, Ottawa.

Bændur eru og mintir á, að Indian Corn er ekki sent út um land fyr en 1. apríl, og kartöflur ekki fyr en víst er, að þær frjósi ekki í flutningnum.

Frá Oak Point er ritað dags. 3. þ.m.: "Tíðarfar töluvert kalt, og nokkuð mikill snjór, sleðafæri yfir alt. Fiskimenn almennt byrjaðir að fiska, — má heita góð veiði, verð í bezta lagi.

Til kjósendanna í þriðju kjördeild

Heiðruðu Íslendingar!

Sökum þess, að skorað hefir verið á mig af mörgum nýtum og góðum mönnum í þriðju kjördeild, sem bera hag hennar fyrir brjósti, að sækja um skólastjórnarembættið í þeirri deild, þá hefi ég afráðið, að gefa kost á mér, og vonast ég eftir, að íslenzkir kjósendur treysti mér svo vel, að þeir verði mér hliðhollir, bæði með áhrifum sínum í kjördeildinni og atkvæðum sínum, þegar á kjörstað kemur.

Ástæðan fyrir því, að ég gef kost á mér fyrir umsækjanda í skólastjórnina fyrir þriðju kjördeild, er fyrst og fremst sú, að mér finst, að þar eð um þrír fjórðu hlutar allra Íslendinga í Winnipeg eiga heima í þessari kjördeild borgarinnar, þá mættu þeir sér að skaðlausu eiga einn mann úr sínum flokki í skólastjórninni — svo lengi eru þeir búnir að borga skatta og skyldur til skólanna — svo mikinn sóma hafa íslenzkir nemendur leitt yfir skóla og mentamál borgarinnar með lærdómi sínum og framkomu.

Að minsta kosti mælir alt með því, að þriðja kjördeild kjósi sér mann úr sinni eigin deild, — mann, sem þekkir og skilur þarfir hennar og vandamál. En eins og sakir standa nú, þá er enginn embættismaður kjördeildarinnar búsettur innan takmarka hennar, og mótsækjandi minn eigi heldur. Nú liggur það í augum uppi, að kunnugra og annara muni þeim mönnum vera um umbótaþarfir og velferðarmál kjördeildarinnar, sem eiga þar eignir og heimili, en þeim, sem ekki eru búsettir innan takmarka hennar.

Það er óþarft fyrir mig að taka það fram, þar sem ég hefi í fleiri ár verið búsettur í þriðju kjördeild, og á allar mínar eignir þar, að ef ég næði kosningu, þá myndi ég gera alt, sem í mínu valdi stendur, til þess að auka velgengni þessarar kjördeildar, í smáu sem stóru.

Mér er það sterkt áhugamál, sem ég af fremsta megni mundi framfylgja, ef ég næði kosningu, að hér í kjördeildinni sé komið á fót háskólalegri kenslustofnun (Collegeate Institute). Alt mælir með því, eftir hinum hraða vexti vesturborgarinnar á liðnum árum, að hér verði áður langt um líður meginstöð fjölskylduhúsa og íbúða í Winnipeg. Það væri því óneitanlega engin vanþörf á, að bygð væri hin fyrnefnda stofnun í þriðju kjördeild, svo allur sá fjöldi barna og unglinga, sem slíkar stofnanir myndu sækja, gæti búið sig undir hærri mentun nærri heimilum sínum, en þyrfti eigi að sækja hana langan veg inn í verzlunarpart borgarinnar, sem bæði hefir ýms óþægindi og ókosti í för með sér.

Nú í tvo vetra hefir kveldkensla átt sér stað í sumum af barnaskólum borgarinnar, til þess að þeir, sem ekki geta notið dagkenslu alþýðuskólanna, eða eigi hafa gengið á barnaskóla í æsku, geti fengið ókeypis fræðslu. Eftirtektavert virðist það, að enginn slíkur kveldskóli skuli hafa verið settur á stofn í þriðju kjördeild. Þó væri það eflaust gagnlegt fyrir Íslendinga og aðra útlendinga, sem nýlega eru komnir að heiman frá ættjörð sinni, og eigi skilja mál þessa lands, að geta lært það kostnaðarlaust, skamt frá sér, í tómstundum sínum á kveldin, auk annarar mentunar.

Ef ég næ kosningu, skal ég láta mér ant um að laga þetta. Og ég lofast til, að reyna af alefli að stuðla að því, að skólamál borgarinnar komist í það horf, að eigi þurfi árlega að senda burt úr borginni mörg þúsund dollara, til þess að nemendum veitist tækifæri til að afla sér æðri mentunar en hér er fáanleg.

Virðingarfylst
yðar einlægur
B. PETURSSON.
Cor. Wellington & Simcoe Sts.
Tel.: Main 324.

Úr ýmsum áttum.

— Chatham bær í Ontario hefir í ráðum að lita betur eftir kínverskum þvottahúsum þar í bæ en gert hefir verið til þessa. Aukalögin, sem um þetta hafa verið samin, leggja $50 árlegt starfsgjald á hvert þvottahús. Ákvæði eru einnig um það í lögunum, að ekki megi vera neinn samgangur milli þvottahússins og bústaða vinnendanna, — að ekki megi væta línið til strauningar með því að íra vatni á það út á milli tannanna, eins og Kínverjum er tamt að gera. Kínverjar hafa lagt mál þetta undir dómstólana, til þess að fá þessi ákvæði laganna ónýtt. Ástæða bæjarstjórnarinnar fyrir því, að leggja $50 starfsskatt á þvottahúsin var sú, að Kínverjar gætu staðið sig við, að borga þennan skatt. En til þess að sanna þetta fyrir dómi, lét bæjarstjórnin stefna ráðsmönnum Dominion Express félagsins þar í bænum, til þess að bera fyrir réttinum vitni um, hve mikla peninga Kínverjar sendu árlega heim til föðurlandsins. En ráðsmenn félagsins neituðu að gefa slíkar upplýsingar. Nú hefir bæjarstjórnin krafist þess af Latchford dómara, að hann skyldi félagið til að opinbera þetta leyndarmál.

Bréf eiga að Heimskringlu:
Skapti A. Sigvaldason.
Kr. A. Benediktsson (2 bréf).
Jónas J. Danielsson.
Ívar Jónasson.
Mrs. Arndís Sigurðsson.
Mrs. Guðlaug Runólfsson.

Svæsinn hríðarbylur var hér í nær 3 sólarhringa um síðustu helgi, og nú er snjófall orðið nálega eins mikið og stundum fellur á heilum vetri.

JÓN JÓNSSON, járnsmiður, að 790 Notre Dame Ave. (horni Toronto St.) gerir við alls konar katla, könnur, potta og pönnur fyrir konur, og brýnir hnífa og skerpir sagir fyrir karlmenn. — Alt vel af hendi leyst fyrir lítla borgun.

Hólmfríður Húnford.

Fædd 20 jan. 1889. *Dáin 24. okt. 1908.*

Á haustkvöldi lífsins með þverrandi þrótt
ég þreyttur í stríði mág beygi
við leiði þitt, "Fríða", svo húmkalt og hljótt,
sem helgast af umliðnum degi.

Þín braut er hér gengin, hið blómríka vor
með brosið frá tuttugu árum,
í göfugri minning þess gróandi spor
nú glóa af þakklætistárum.

Þú dóst meðan æfinnar árdagur skein,
það eitt er mér huggun og gleði.
Þú gekst héðan burtu svo göfug og hrein
til guðs, sem að dögunum réði.

Þitt dæmi var fagurt, um flughraða stund
þú foreldrum byrðina léttir,
og öllu því veika, með viðkvæma lund,
þú vermandi hendina réttir.

Að leita þess sanna er hugsjónin há,
sem heimur ei máir af skildi,
sú heilaga köllun er himninum frá
og hefir sitt eilífa gildi.

Hvað stoðar sá auður, sem eyðist í mold?
Þeir afkasta smáu hans vinir,
því miljóna-eigandinn fellur að fold
eins fölur og snauður sem hinir.

Þú græddir þann sjóð — meðan lífið var léð —
sem ljómar þó dagarnir streymi,
og gerir svo dýrðlegan dáinna beð,
þá dimmir í stundanna heimi.

Ég minnist þín, dóttir, það æðsta þú átt,
sem inst er á hjarta mitt grafið,
þú kveiktir það ljós, sem að lyftir mér hátt,
og lýsir frá strönd yfir hafið.

Ég syrgi þig, "Fríða", unz dagurinn dvin
og dauðinn mig leysir úr böndum,
þá finnumst við aftur þar fögnuður skin
á friðarins himnesku löndum.

(Fyrir hönd föður hinnar látnu).
M. MARKÚSSON.

Sparið Línið Yðar.

Ef þér óskið ekki að fá þvottinn yðar rifinn og slitinn, þá sendið hann til þessarar fullkomnu stofnunar.

Nýtízku aðferðir, nýr vélaútbúnaður, en gamalt og æft verkafólk.

LITUN, HREINSUN OG PRESSUN SÉRLEGA VANDAÐ

Modern Laundry & Dye Works Co., Ltd.
307—315 Hargrave St.
WINNIPEG, MANITOBA
Phones: 2300 og 2301

VEITIÐ ATHYGLI!

Nú gefst yður tækifæri á, að eignast heimili og bújarðir með sanngjörnu verði.

Hús og bæjarlóðir til sölu og skift fyrir bújarðir. Einnig seljum við og skiftum bújörðum fyrir bæjareignir, útvegum kaupendur fyrir eignir yðar, og önnumst um alls konar sölu og skifti.

Við útvegum peningalán með rýmilegum skilmálum, tökum hús og muni í eldsábyrgð, og seljum lífsábyrgðar skírteini með sérstökum hagsmunum fyrir hluthafa fyrir bezta og áreiðanlegasta Bandaríkjafélag. Komið og finnið oss að máli, og skrásetjið eignir yðar hjá oss. Fljótum og áreiðanlegum viðskiftum lofað.

The MONTGOMERY Co.
K.B. Skagfjörð, ráðsmaður.
Rm. 12 Bank of Hamilton
Cor. Main & McDermott.
Skrifstofu talsími, Main 8317.
Heimilis talsími, Main 5223.

JOHN DUFF
PLUMBER, GAS AND STEAM FITTER
Alt verk vel vandað, og verðið rétt
664 Notre Dame Ave. Phone 3815
Winnipeg

DR. H. R. ROSS
C.P.R. meðala- og skurðlækir.
Sjúkdómum kvenna og barna veitt sérstök umönnun.
WYNYARD, — SASK

Dr. M. Hjaltason,
Oak Point, Man.

Jóhanna Olson
PIANO KENNARI
557 Toronto St. Winnipeg

Sv. Björnsson,
EXPRES-MAÐUR,
annast um alls kyns flutning um borgina og nágrennið. Pöntunum veitt móttaka á prentstofu Anderson bræðra, horni Sherbrooke og Sargent stræta.

Mrs. Williams
Komið og sjáið
Fínu Flókahattana
sem ég sel fyrir
$3.75
kostuðu áður 7—10 dollara.
704 NOTRE DAME AVE.
23-12-9

The ALBERTA Hreinsunar Húsið
Skraddarar, Litarar og Hreinsarar. Frönsk þur- og gufuhreinsun. Fjaðrir hreinsaðar og gerðar hrokn ar. Kvenfatnaði veitt sérstakt athygli. Sótt heim til yðar og skilað aftur. Allskonar aðgerðir. Fljót afgreiðsla. Verð sanngjarnt. Opið á kveldin. FÓN: Main 3466.
660 Notre Dame Ave., Winnipeg
23-9-10

2 Bækur Gefins

FÁ NÝJIR KAUPENDUR AÐ HEIMSKRINGLU SEM BORGA $2.00 FYRIRFRAM, OG ÞESSUM BÓKUM ÚR AÐ VELJA :—

Mr. Potter frá Texas
Aðalheiður
Svipurinn Hennar
Hvammverjarnir
Konuhefnd
Robert Manton
og Leyndarmál Cordulu frænku. —

Alt góðar sögur og sumar ágætar, efnismiklar, fróðlegar og spennandi. Nú er tíminn að gerast kaupendur Hkr. Það eru aðeins fáein eintök eftir af sumum bókunum.

Heimskringla
P.O. Box 3083, Winnipeg

WINNIPEG Business College
Cor. Portage Ave and Fort St.
28. AR
FÉKK FYRSTU VERÐLAUN Á SAINT LOUIS SÝNINGUNNI.
Dag og kveldkensla. Telefón 45.
Haustkensla byrjar 1 Sept.
Bæklingur með myndum ókeypis.
Skrifið til: The Secretary, Winnipeg Business College, Winnipeg, Man.

A. S. BARDAL
Selur líkkistur og annast um útfarir. Allur útbúnaður sá bezti. Enfremur selur hann alskonar minnisvarða og legsteina.
121 Nena St. Phone 306

Sendið Heimskringlu til vina yðar á Íslandi

MISS NESBITT
KVENHATTA SALI
112 ISABEL ST.
Býr til alskonar kvenhatta í nýjustu gerð. Skreytir með fjöðrum, blómum og böndum og öðru nýtízku stássi. Endurnýjar og skreytir brúkaða hatta. Alt verk vandað og verð sanngjarnt. Isl. konum boðið að skoða búðina. —
MISS NESBITT,
112 Isabel Street
1-11-9

Notið tækifærið meðan tími er til.

Lesið hvert orð í eftirfylgjandi grein og hafið hagnað þar af.

Síðan Heimskringla auglýsti það að hver nýr kaupandi að blaðinu fengi 1000 DOLLARA SLYSA-ÁBYRGÐ um eins árs tíma, sem ÓKEYPIS KAUPBÆTI, — hafa nokkrir landar vorir sent áskriftargjöld sín hingað á skrifstofuna. En þeir eru nokkru færri, en útgefendur bjuggust við, og svo miklu færri en átt hefði að vera, að líklegt er, að annaðhvort hafi tilboðið ekki verið lesið eins nákvæmlega og átt hefði að vera, eða að það hafi að einhverju leyti verið misskilið. Vér vitum með vissu, að tilboðið þykir veglegt og að enginn efast um, að það sé í einlægni gjört. Þess vegna mætti vænta þess, að fólk vort hefði í stórhópum fært sér það í nyt.

Nú til þess að tilboðið líði mönnum ekki úr minni, setjum vér hér á ný nokkrar þær skýringar, sem áður voru gerðar í þessu efni, í þeirri von, að lesendur veiti þeim eftirtekt og færi sér í nyt þetta góða tilboð Heimskringlu, sem fyrst. Útgáfunefnd blaðsins hefir samið svo um við ábyrgðarfélagið, að hún getur veitt þennan $1000.00 ábyrgðar-kaupbæti um nokkra næstu mánuði til nýrra kaupenda, sem senda $2.50 fyrir 15 mánaða áskrift að blaðinu.

Skilyrðin fyrir að geta fengið þennan $1000. ábyrgðar kaupbæti eru þessi. — Að hver sá, karl eða kona, ungur eða gamall, og án tillits til heimilisfestu, sem gerist kaupandi að Heimskringlu, og sendir fyrirfram 15 mánaða borgun fyrir blaðið — $2.50 — fær tafarlaust sent með næsta pósti eða afhent hér á skrifstofunni, ef hann býr í borginni, fullgilt ábyrgðarskírteini IMPERIAL GUARANTEE AND ACCIDENT INSURANCE félagsins fyrir EITT ÞÚSUND DOLLARS. Þetta skírteini er undirritað af þeim herrum A. L. Davis, forseta og aðal-ráðsmanni, og E. Williams, skrifara og aðstoðar-ráðsmanni félagsins, að 46 King Street west, Toronto, Canada.

Félag þetta er formlega löggilt með einnar milión dollara höfuðstól, þar af uppborgað 200 þúsund dollars, og 100 þúsund dollars afhentir Ottawa stjórninni, samkvæmt ákvæðum ábyrgðarlaga ríkisins. Félagið er því að dómi ríkisstjórnarinnar gott og gilt, og hefir fullnægt öllum lagaskilyrðum eins og hvert annað félag, sem starfar í sams kyns verkahring í Canada veldi. Heimskringla hefir komist að samngjörnum skilmálum við þetta félag, — annars væri blaðinu ómögulegt að gera það tilboð, sem það nú gerir nýjum kaupendum. Ástæðan fyrir þessu er sú, að félagið ætlar innan fárra mánaða, að senda umboðsmenn hingað til Vesturlandsins til þess að ferðast um sveitirnar og selja slysa-ábyrgðir. En til þess að það verði sem fyrst almenningi kunnugt, verður það að verja talsverðu fé til auglýsinga. Með því að gera samninga við blaðið, eða blöðin, sparar félagið þennan auglýsingakostnað, því að blöðin gera hann á eigin reikning, og gera þannig félagið kunnugt því að kostnaðarlausu. Einmitt fyrir þennan auglýsingasparnað er félaginu gert mögulegt að vera sanngjarnt í kröfum sínum við skírteinasölu til blaðanna. En blöðunum á hinn veginn er það hagur, af því það eykur vinsældir þeirra og útbreiðslu að geta látið kaupendur sína njóta hlynninda, þannig, að þeir, sem blöðin kaupa, fái þá slysaábyrgð fyrir alls ekkert, sem annars mundi kosta þá frá 6 til 10 dollars á ári.

Vitanlega gildir ábyrgðarskírteini það, sem Heimskringla gefur, að eins 12 mánaða tíma. En handhafi þess getur að þeim tíma liðnum endurnýjað það við sjálft félagið, og þá fyrst fá þeir áþreifanlega vissu um þetta kostaboð blaðsins, þegar þeir þurfa sjálfir að borga endurnýjunar kostnaðinn, ef þeir vilja halda áfram að tryggja sig gegn slysum.

Félagið nefnir ábyrgð sína

TAKMARKAÐA SLYSA-ÁBYRGÐ.

sem er innifalin í því, að félagið borgar svo sem hér segir :

Fyrir líftjón af slysum	$1000.00
" augum	1000.00
" blindu á báðum	
" tap beggja handa fyrir ofan úlliið	1000.00
" tap beggja fóta fyrir ofan ökla	1000.00
" tap handar og fóts ofan úlnliðs og ökla	1000.00
" tap annarar handar ofan úlnliðs	250.00
" tap annars fótar ofan ökla	250.00
" tap sjónar á öðru auga	100.00

Og með því skilyrði að þetta tap komi fyrir innan 30 daga frá því slysið verður, og sé óháð öllum öðrum ástæðum en líkamlegum meiðslum, og einungis ef slík meiðsli koma fyrir eins og hér segir :

1. Á meðan ábyrgðarhafi er farþegi í því rými, sem ætlað er farþegum á formlegu tæki, sem ætlað er til mannflutninga, — járnbrautarvagni, gufuskipi, mótorvagni, mannkeyrsluvagni eða öðrum opinberum flutningstækjum, sem ætlað eru eingöngu til mannflutninga, og í tilefni af slysi, sem verður meðan ábyrgðarhafi er þar farþegi.
2. Á meðan ábyrgðarhafi er farþegi í lyftivél, sem eingöngu er notuð til fólksflutninga, í tilefni af slysi, sem sú lyftivél verður fyrir meðan hann er farþegi.
3. Ef hann verður fyrir meiðslum af bruna í íbúðarhúsi, hóteli, leikhúsi, búð eða gripahúsi, eða ferst þar í eldi eða kafnar í reyk. En þessi grein skal ekki ná til þeirra, sem starfa að því, að slökkva eldinn, hvort sem þeir eru sjálfboðar eða vinna fyrir borgun.
4. Á meðan hann er að vinna við þreskivél eða gras- eða kornsláttuvélar, eða
5. Ef hann bíður bana af eldingu eða fellibyl,
6. Ef hann er sleginn af hesti eða stunginn af nautgrip.

Skyldi það koma fyrir, að ábyrgðarhafi verði fyrir meiðslum, sem til eru greind í 1. og 2. lið, sem ekki varða líftjóni, en gera hann óverkfæran, þá borgar félagið honum

7½ DOLLAR Á VIKU
Í SEX VIKUR

meðan hann er frá verkum, en ekki lengur fyrir hvert slysatilfelli.

Sjálfsmorð eru hér tekin til greina þannig, að félagið borgar ekkert í slíkum tilfellum, né heldur ef sá látni eða meiddi hefir orðið fyrir áfalli af kæruleysi, eða til þeirra, sem eru undir 16 ára eða yfir 65 ára aldur, né heldur borgar það nokkuð fyrir þau slys, sem menn kunna að verða fyrir meðan þeir eru undir áhrifum víns eða sem beinlínis eða óbeinlínis orsakast af áhrifum þess.

Skriflega tilkynningu um meiðsli verður að senda tafarlaust til Imperial Guarantee and Accident Insurance Company, 46 King St. west, Toronto, Ont., með nöfnum vitna. Sé slík tilkynning ekki send innan 10 daga frá því slysið varð, þá borgar félagið engar skaðabætur. Sannanir um meiðsli verða að vera fullkomnaðar innan tveggja mánaða frá því að slysið varð.

Til þess að ábyrgðin sé bindandi fyrir félagið, verður ábyrgðarhafi að rita nafn sitt með bleki eða óafmáanlegu ritblýi á þar til ætlaða eyðu á ábyrgðarskírteininu og á beiðniform það, sem því fylgir. Hvorttveggja þetta verður þeim sent beint frá skrifstofu Heimskringlu.

Hér sjá lesendur ljóst og greinilegt yfirlit yfir ábyrgðarskilyrðin, sem gilda í Canada, Bandaríkjunum, Evrópu og í Mexico.

Vér treystum því, að skilyrðin séu fult eins aðgengileg í þessu eins og í nokkru öðru slíku félagi, og með því að það er nauðsynleg fyrirhyggja, að hafa slíka ábyrgð, þá vonum vér að Íslendingar meti hana svo mikils, að þeir gerist kaupendur Heimskringlu og fái ábyrgðina þannig í eitt ár sér alveg að kostnaðarlausu.

Þau slys geta einatt borið að höndum, sem undir skilyrðum þessa ábyrgðarskírteinis trygði ábyrgðarhöfum þau hlynnindi og þá vernd, sem að framan er getið.

Áður hafa engin íslenzk blöð boðið kaupendum sínum svo góða kosti, og Heimskringla er eina íslenzka blaðið, sem getur gert það samkvæmt samningi milli þess og félagsins.

Útgáfunefnd Heimskringlu vonar, að margir verði til þess að nota þetta tilboð, enda býst hún ekki við, að geta boðið þeim betri kjör framvegis, né með lægra verði, því

ÁBYRGÐIN KOSTAR EKKERT.

Vér vildum og mega benda Vestur-Íslendingum á það, að Heimskringla hefir á síðasta ári veitt kaupendum sínum meira lesmál en nokkurt annað íslenzkt blað hefir gert með jafngóðu lesmáli og með jafnlágu verði. — Vér staðhæfum :

1. Að Heimskringla sé fréttafróðasta íslenzkt blað.
2. Að Heimskringla sé eina frjálslynda íslenzkt blað fyrir vestan haf, svo að ef hún hætti að vera til, þá ættu Vestur-Íslendingar hvergi aðgang að neinu blaði, sem því nafni er nefnandi, með skoðanir sínar um öll þau mál, sem þeir kynnu að vilja ræða.
3. Að Heimskringla hafi á síðasta ári fært lesendum sínum meira af fróðlegu og vel sömdu lesmáli, en nokkurt annað íslenzkt blað.
4. Að í tiltölu við lesmálsmagnið og allan frágang sé Heimskringla ódýrust allra íslenzkra blaða.
5. Að Heimskringla verðskuldi stuðning allra sannra Vestur-Íslendinga.
6. Að Heimskringla sé fullkomlega þess virði, sem kaupendur eru beðnir að borga fyrir hana — og það án nokkurs tillits til þess kaupbætis, sem útgáfunefndin nú býður með henni.
7. Að útgáfunefnd blaðsins óskar, að sem allra flestir Vestur-Íslendingar vildu kaupa blaðið.
8. Að allir kaupendur borgi það skilvíslega.
9. Að nú er hentugur tími fyrir fólk, að gerast kaupendur að blaðinu.
10. Að enginn geti gert útgáfunefndinni meiri þægð með öðru en því, að kaupa Heimskringlu eða útvega henni kaupendur.
11. Að engin vinagjöf vestan um haf sé fólki á Íslandi ánægjulegri en að þeim sé send Heimskringla.
12. Að guð hjálpar aldrei öðrum en þeim, sem reyna að hjálpa sér sjálfir.

Hvar er Haldóra?

Frá Íslandi hefir Hkr. borist fyrirspurn um heimilsifang Sæunnar Haldóru Sigurðardóttir frá Ölduhrygg í Svarfaðardal í Eyjafjarðarsýslu, sem flutti hingað vestur fyrir mörgum árum. Móðir stúlku þessarar er Guðrún Sofía Friðriksdóttir, sem nú er á holdsveikra spítalanum í Laugarnesi við Rvík. Hana langar til að fá fréttir af Haldóru sinni. Hver, sem veit um heimilisfang Haldóru, er vinsamlega beðinn að tilkynna það á skrifstofu Heimskringlu við fyrstu hentugleika.

ROBLIN HOTEL
115 Adelaide St. Winnipeg
Beztu $1.50 á dag hús í Vestur-Canada. Keyrsla ókeypis milli vagnstöðva og hússins á nóttu og degi. Aðhlynning hins bezta. Viðskifti Íslendinga óskast. William Ave sporvagnarið fer hjá húsinu
O. ROY, eigandi.

Giftingaleyfisbréf
selur: Kr. Ásg. Benediktsson
540 Simcoe st. Winnipeg.

Gimli Hótel
G. E. SÓLMUNDSSON
eigandi
Óskar viðskifta Íslendinga sem heimsækja Gimli-bæ. — Þar er beini beztur í mat og drykkjarföngum, og aðbúð gesta svo góð sem frekast er hægt að gera hana. Hótelið er við vagnstöðina.
Gistið að Gimli-Hótel.

JIMMY'S HOTEL
BEZTU VÍN OG VINDLAR.
VÍNVEITARI T.H.FRASER,
ÍSLENDINGUR.
James Thorpe, Eigandi

A. S. TORBERT'S
BAKARASTOFA
Er í Jimmy's Hótel. Besta verk, ágæt verkfæri; Rakstur 15c en Hárskurður 25c. — Óskar viðskifta Íslendinga. —

MARKET HOTEL
146 PRINCESS ST. á móti markaðnum
P. O'CONNELL, eigandi, WINNIPEG
Beztu tegundir af víni, fönguum og vindl um, aðhlynning góð. húsið endurbætt

Woodbine Hotel
Stærsta Billiard Hall í Norðvesturlandinu
Tíu Pool-borð.—Alskonar vín og vindlar.
Lennon & Hebb,
Eigendur.

Arena Rink
Undir nýrri stjórn
Opinn fyrir Hjólskauta skemtun
Hornaflokkur á kveldin.

The Dominion Bank
NOTRE DAME Ave. BRANCH Cor. Nena St.
VÉR GEFUM SÉRSTAK AN GAUM AÐ SPARISJÓÐS-DEILDINNI. —
VEXTIR BORGAÐIR AF INNLÖGUM.
HÖFUÐSTOLL - - - $3,983,392.38
SPARISJÓÐUR - - $8,300,000.00
H. A. BRIGHT, MANAGER.

mjög sjaldgæfir. Ég ætla að kaupa af þér bollana, sem eftir eru, fyrir sama verð og þú settir á bæði pörin".

"Er það alvara þín, góði herra?" sagði Mórits mjög glaður. "Guð launi þér. Þá þarf mamma mín ekki að deyja af hungri".

"Nei, nei, hún skal ekki gera það", svaraði ungi maðurinn viðkvæmur. "Fáðu mér bollana, svo skaltu fá þína borgun".

Mórits opnaði körfuna, tók upp bollana og rétti hinum eðallynda kaupanda þá. Hann tók 4 dali úr vasabók sinni og rétti Mórits, um leið og hann kallaði á þjón, sem fram hjá gekk, og skipaði honum að fara með bollana inn í eldhús.

"Vertu nú sæll, drengur minn", sagði hann svo við Mórits. "Ef ég get gert eitthvað fyrir þig eða mömmu þína, komdu þá hingað aftur. Við verðum hér tímakorn ennþá".

"Má ég enn biðja einnar bónar?" sagði Mórits.

"Hver er hún?"

"Að fá að vita nafn þitt".

"Hvað gagnar það þér?"

"Þá get ég beðið guð að varðveita þig", sagði Mórits með saklausri alvörn, "því þá veit ég hvað hann heitir, sem bjargaði móður minni".

"Segðu mér fyrst, hvað þú heitir, barnið mitt gott?" sagði ungi maðurinn, hrifinn af frómlyndi og þakklátsemi drengsins.

Mórits sagði honum nafn sitt.

"Nú, jæja", sagði ungi maðurinn. "Ég heiti Holm meistari".

"Holm meistari", endurtók drengurinn lágt. "Því skal ég aldrei gleyma. Þakka þér fyrir, herra".

Holm tók í hendi fátæka drengsins og snéri svo aftur til aðalbyggingarinnar.

Léttur í spori og glaður í huga hraðaði Mórits

sér heim í fátæklega kofann. Erindi hans hafði borið góðan árangur á endanum, því nú hafði hann 4 dali í hendinni. "Nú skal mamma fá góða og heita súpu". — Þessi hugsun hresti hann sérstaklega.

Það var alls ekki undarlegt, þó drengurinn gerði samanburð í huga sínum á leiðinni, eftir alt, sem fyrir hann hafði komið þennan dag.

VI.

Jakob Kron.

Nú var dagurinn kominn, sem Mórits hafði loðað finna þann rauðhærða að kveldinu kl. 5. Þegar hann kom heim frá náminu, var kl. 4, svo ennþá var einn klukkutími til hinnar ákveðnu stundar.

Mórits hafði ekki sagt móður sinni frá þessum fyrirhugaða fundi. Hann vissi, að hún mundi banna sér að fara þangað, og því yrði hann að hlýða. Hann var því lengi í efa um, hvort hann ætti að fara eða vera kyr heima. Að einu leyti virtist honum rangt, að gera nokkuð það, sem var gagnstætt vilja móður hans, er hann ávalt hafði hlýtt með mestu nákvæmni, en að öðru leyti langaði hann mjög mikið til að finna þennan undarlega mann. Forvitni hans ók líka ekki lítið við það, að fyrir fáum dögum hafði hann séð þennan unga mann í gamalsmannsgerfi, og vildi fá að vita, hvernig á því stóð. Áhrifamikill áhugi og óskiljanleg samhygð knúði hann til þessara samfunda. "Hinn rauðhærði" — hugsaði hann — "er fátækur, einmana og gæfusnauður, eins og ég, en hann er þeim mun verr farinn, að

hann veit ekki af neinum, sem elski sig, þar sem ég hefi mína góðu mömmu. Hvers vegna ætti ég þá að hætta við að finna hann, eins og hann bað mig að gera? Og hann hefir orðið fyrir ofsóknum og ranglæti af þeim ríku, eins og ég og máske enn meiru. Mér þætti gaman að þekkja atvikin, sem hafa bolað honum út úr skólanum, sem hann stundaði nám sitt í".

Þannig hugsaði Mórits, og hann ákvað með sjálfum sér, að finna þann rauðhærða við dysina, um leið og hann færi að sækja eldiviðinn, eins og hann var vanur að gera á kvöldin.

Það, sem mest knúði hann til samfundanna, var þó hluttekning sú og góðsemi, sem Jakob Kron lét honum í té við fyrstu viðkynningu þeirra í skóginum. Mórits þráði að elska, og sá, sem hafði sýnt honum velvild, gat reitt sig á þakklátsemi hans.

Fyrir þá 4 dali, sem Mórits hafði fengið hjá hinum eðallynda unga manni, gat húsfrú Sterner birgt sig upp fyrir nokkra daga. Af hinni nærandi fæðu styrktist hún líka, svo hún gat unnið nokkrar stundir á dag, og bjóst við innan skamms að geta lokið við þær 12 skyrtur, sem umsjónarmaður Óðinsvíkur hafði beðið hana að sauma, og sem hún bjóst við, að fá nokkra dali fyrir í saumalaun.

Klukkan var að ganga 5. Mórits fór í kápu sína, sem móðir hans hafði búið til úr kjólnum, er presturinn gaf honum. Í henni, var hann óhultur fyrir regni og jafnvel kuldanum líka.

"Ég fer nú að sækja eldivið, mamma, og þó ég verði nokkuð lengi, máttu ekki verða hrædd um mig", sagði Mórits.

"Hvers vegna býstu við að verða lengur í burtu en vanalega, Mórits?" spurði móðir hans.

"Það er gott veður í kvöld, mamma", sagði Mórits feiminn, því hann var alveg óvanur að segja

ósatt, "svo ætla ég að tína fáein grös í skóginum. Presturinn hefir loðað mér að byrja á grasafræðinni, og mér þykir það svo gaman".

Þetta var líka satt, presturinn hafði sagt lærisveinum sínum, að tína blóm og önnur grös af jörðunni, þar eð hann ætlaði að kenna þeim fyrstu reglurnar í grasafræðinni.

"Gott, góði drengurinn minn", sagði húsfrú Sterner, sem ekki tók eftir feimni hans, "leitaðu þá að grösunum þínum, en vertu ekki of lengi. Þú veizt, að ég er ávalt óróleg, þegar þú ert ekki heima".

Mórits fór. Kvöldið var fagurt, komið fast að sólsetri, en rökkrið ekki byrjað. Auk þess var fult tungl, svo hann þurfti ekki að óttast myrkrið.

Þegar Mórits kom að dysinni, var hinn "rauðhærði", eins og hann var vanur að kalla hann, ekki kominn. Hann fór því inn í skóginn, tíndi saman eldivið í bagga handa sér, og sleit upp í flýtir eins mörg blóm og grös og hann gat, til þess að móður sína skyldi ekki furða á því, að hann kæmi tómhentur heim. Meðan hann var að því, heyrði hann gengið hratt eftir veginum, leit því við og sá, að það var hinn rauðhærði. Hann var í sömu lörfunum og í fyrsta sinni, er þeir sáust, og ógreidda rauða hárið og skeggið ásamt tryllingslega svipnum, gerði hann mjög ógeðslegan útlits.

Jakob Kron sá drenginn og gekk að dysinni.

"Það var rétt, drengur minn", sagði Jakob, um leið og hann klappaði á herðar hans. "Ég sé að maður má reiða sig á þig. Nú skulum við tala saman dálítla stund, því ég hefi umhyggju fyrir þér. En fyrst af öllu : Hvernig líður mömmu þinni?"

"Mömmu líður miklu betur", svarði Mórits. — "Hún er farin að geta unnið aftur, og við höfum líka fengið dálítla hjálp í vandræðum okkar. Þess

Jóhannes Jósefsson,

glímuk pp, og félagar hans.

Ef Jóhannes Jósefsson hefði lifað á söguöld vorri, þá væri af honum mikil saga. Eflaust mundi hann ungur hafa lagst í víkingu, herjað víða um lönd og hafi hvervetna sigur. Má vera, að hann hefði getið sér góðan orðstír með Væringjum suður í Miklagarði. — Slíkt mundi hafa þótt mikill frami og sögur af ferðum hans og hreysti verkum sagðar á alþingi.

Tímarnir breytast. En víkings lundin deyr ekki út með öllu fyr en þjóðareðliðdeyr. Neistinn lifir undir felhellunni, eins og óljós draumur. Og óðar en varir, blossar hann upp, verður að íþróttaeldmóði, sem læsir sig um fagurskapaða limi æskumannsins og knýr til afrauna.

Svo er um Jóhannes. Hann hefir öll einkenni þeirra manna, sem miklir kappar þóttu með forfeðrum vorum: ágæta líkamsburði, frábæran fimleik í margs konar íþróttum, en fyrst og fremst þau andans einkenni, sem veita hvorutveggju vöxt og viðgang: metnaðinn fyrir sína og þjóðarinnar hönd, kappið og harðfylgið. Á örskömmum tíma hefir hann öllum öðrum fremur hrundið íslenzku glímunni til nýs vegar og gengis heima. Og nú fer hann með félögum sínum land úr landi og sýnir glímuna öðrum þjóðum við ágætan orðstír. Ég hefi fyrir mér fjölmargar úrklippur úr enskum, skozkum, dönskum, norskum og þýzkum blöðum, sem getið hafa um sýningar þeirra félaga. Og það er gaman að sjá, að þessi för þeirra er sigurför íslenzku glímunnar hvar sem hún kemur, og það er mesta furða, hve fljótt svo alþýðlegt íþrótt vinnur hylli.

En engu minna lof en glíman sjálf fær sjálfsvörn sú, er Jóhannes hefir fundið upp og að mestu hvílir á grundvelli glímunnar. Hann sýnir, hvernig með þessum varnarbrögðum má verjast árásum hnífstungumanns, boxara, eða þriggja vopnlausra manna í senn.

Þeir félagar hafa verið hér í mánuð og á hverju kveldi sýnt íþróttir sínar í Zirkus Busch, mesta "padreimi" borgarinnar. Undir eins fyrsta kveldið fengu þeir hlýjustu viðtökur, og allan mánuðinn hefir glímunni verið tjaldað sem aðal-tálbeitunni. Glíman fer lofsamlega ummæli í eitthvað 20 Berlínarblöðum, sem ég hefi séð, og Lokal Anzeiger, eitt helzta blaðið, hikaði ekki við, að telja hana bezta atriðið af öllu, sem sýnt var í Zirkus Busch. Myndir hafa komið af þeim í nokkrum blöðum.

Mikið þykir um það vert, hve glíman sé tiguleg líkamsíþrótt, hreyfingarnar fagrar og vel fallnar til líkamsþroska. Glímumennirnir og framkoma þeirra falla vel í geð. Sem dæmi set ég hér ummæli úr Sport-Welt, 14. september.

"Gaman var að Íslendingunum og íþróttum þeirra. Beinvaxnir, knálegir menn, ekki ofhlaðnir vöðvum og fitu, svo sem fitukeppskempur og boljakar, heldur ítur-vaxnir með mjúkum limum: fagrir, tiguleg ir líkamir, fimir sem kettir, og þó yndisþokki í hverri hreyfingu. Sjálfsvörn þeirra fellur mönnum mjög vel í geð. Hún er ekki eins svakaleg og Jiu-Jitsu, sem oss hefir um langa hríð verið misþyrmt með, en engu síður örugg. Íslendingar eru viðkeldnir menn og enn þá blátt áfram í framgöngu. Vonandi er, að þeir varðveiti enn langa hríð á leiksviðinu sitt eðlilega látbragð".

Nú fara þeir félagar til Pétursborgar, og verða ef til vill á Rússalandi í vetur. Heimurinn stendur þeim opinn. En hvar sem þeir koma beina þeir um stund hugum áhorfendanna til Íslands. Og þegar þeir fara, skilja þeir eftir endurminningu um tápmikla íslenzka æskumenn, og einkennilega íþrótt. Að baki þeim sjá áhorfendurnir hilla upp þjóð, sem þeir að vísu víta lítil deili á, en þeim finst hún muni vera ung og hraust og íturvaxin — og standa á gömlum merg.

Það er á æskunnar valdi, hvort sú verður reyndin.

Berlin, 10. okt. 1909.

Guðm. Finnbogason.

— Ísafold.

Um sundskóla.

Ég var staddur hér 1. ágúst sl. og horfði á kappsundið við Skerjafjörð, sem fór fram hjá sundskála Ungmennafélags Reykjavíkur. Ég horfði á sundmennina með undrun og aðdáun og held að það hafi ítestir gert, sem þar voru staddir, sérstaklega þar sem kalt var í veðri og kvika var dálítil.

Það var verst, að þessi hópur var of lítill. En af hverju voru þeir svona fáir, sundmennirnir, — ekki nema 9? Hvað kemur til þess að sú íþrótt, sem er hollust og heilsusamlegust af öllum íþróttum, er ekki iðkuð meira í höfuðstað þessa lands (Reykjavík) á 20. öldinni, en svo, að einir 9 menn keppa á sundi á þjóðháticinni sjálfri og það ungir menn tiltölulega allir? Hver er, og hver hefir verið prándur í götu þessarar íþróttar? Þessa spurningu lagði ég fyrir Pál Erlingsson sundkennara, þá er ég gekk einn morgun suður að sundskálanum ekki alls fyrir löngu. Herra Páll Erlingsson svaraði iljótlega: "Ég er ekki í neinum vafa um það, að hann er sá, að almenningur þekkir ekki gæði þessarar heilsusamlegu íþróttar", og hann bætti við: "þ v í m i ð u r".

"En er þetta ekki farið að breytast?" spurði ég. "Jú, dálítið, ekki get ég neitað því", svaraði Páll, "en mikið vantar á, að sundið sé almennt, og fyr verður það ekki þjóðinni til heilla. Versti þrándurinn fyrir framtíðina er, að foreldrar og aðstandendur þeirra, sem upp vaxa nú á þessu tímabili, hafa ekki nógan áhuga fyrir því, að ala upp hrausta og tápmikla syni og dætur". — "Er sundskálinn ekki notaður mikið?" spurði ég. "Ég læt það vera", svaraði Páll, "hingað koma margir, bæði karlar og konur, — tíðin hefir verið tvo slæm þennan mánuð, sem skálinn hefir verið opinn, og þrátt fyrir það hafa margir komið, en oftast þessi sömu andlit, og það daglega", — og svo sýndi hann mér dagbókina, sem allir voru skrifaðir í, og sá ég þar dag eftir dag nöfn nokkura ungra meyja héðan úr bænum og svo nöfn þeirra ungu manna, sem bera íþróttirnar hér á herðum sér, ekki síður þessa en aðrar, til fyrirmyndar og eftirbreytni. "Hefir verið margt manna hér?" sagði ég við Pál. "Já, og fjörugt oft", bætti Páll við. "Það er eins og nýtt líf festist í menn, þegar þeir eru búnir að synda hér spölkorn út, og allir láta það í ljósi við mig, áður en þeir fara, hvað þeim liði nú vel. Þeir geti ekki lifað án þess að baða sig við og við, og ég vona, að það komi fleiri og fleiri undir það lögmál tilveruinnar. En hængur er á. Það þurfa fleiri að læra en kunna". — "Er sundlaugin ekki opin?" spurði ég. "Ekki ennþá", svaraði Páll. "En ég vona að hún verði opnuð nú hið allra fyrsta, því það hafa margir komið hingað og sagt, að þeir skyldu synda, ef þeir bara kynnu og væru vanir. Suma hefi ég fengið til að fara úr, en tíminn sem þeir hafa getað verið niðri, hefir verið svo stuttur, að sundtökin hafa lítið æfst. En þessi stofnun á einmitt að vera áframhald af laugunum. Þar á að kenna sundtökin og svo, þegar þeim er náð, er æfingastaðurinn hér. — Ég vildi setja hér þau lög, að enginn drengur gæti fermst, sem ekki kann sundtökin, og ég vona, að sá dagur renni upp yfir þennan bæ, að ungu drengirnir keppist hver við annan að verða mestir á sundi. Ég vil þæta því við, að enginn drengur ætti að geta verið þektur fyrir, að ganga á síðum buxum eftir fermingunna, sem ekki kann að synda.

Stefnir.

Þessa grein höfum vér prentað upp eftir Reykjavíkurblaðinu Lögréttu í þeim tilgangi, að vekja enn á ný athygli landa vorra hér á þessari fögru, heilsusamlegu og gagnlegu íþrótt, sem var í svo miklu afhaldi hjá Íslendingum til forna. Flestum læknum ber saman um, að þessi íþrótt sé einhver sú heilsusamlegasta, og bentti Dr. Ó. Stephensen á þetta í hinum ágæta fyrirlestri, sem hann flutti fyrir Menningarfélagið og prentaður var í síðasta árgangi Hkr.

Framfarir í skurðlækningum.

Frakkneskur læknir, Alexis Carrel að nafni, sem undanfarin ár hefir starfað við Rockefellers-stofnunina í New York, hefir nýlega verið í Parisarborg og haldið þar fyrirlestra fyrir skurðlæknum, sem vakið hafa óvenjumikið umtal og eftirtekt.

Hve óvenjulega mikið honum hefir tekist, umfram það, sem áður var kunnugt, á hann mest að þakka því, hve afar-listfengur hann er á að sauma saman æðar. Hann hefir tekið stykki út úr slagæðinni á hundi og sett annað stykki, frá öðrum hundi í staðinn og látið það gróa saman. Hann hefir líka skorið stykki úr slagæðum og sett stykki úr blóðæð í staðinn. Við það breyttist blóðæðaspottinn smátt og smátt, svo hann fór að líkjast slagæðunum. Hann hefir ekki að eins flutt æð frá einu dýri yfir til annars af sömu tegund, heldur líka æðar úr mönnum yfir í dýr.

En hann hefir gert það, sem meira er. Hann skar t. d. bæði nýrun úr hundi. Lét svo annað nýrað á sinn stað aftur og saumaði það þar fast. Hundinum batnaði eftir áverkann og liðið sem ekkert hefði í skorizt. Af öðrum hundi skar hann annan afturfótinn og setti við sárið afturfót af öðrum hundi jafnstórum. Þetta greri og hundurinn gekk eins og áður.

Oft tókst Carrel lækni að halda líkamshlutum þeim og líffærum, er hann skar út úr dýrum, lifandi um lengri tíma. Hann geymdi þessa líkamsparta í glerflátum, sem loft komst ekki að, inni í ísskáp. En áður en hann færi að nota þá til tilrauna sinna, þýddi hann þá upp gætilega, saumaði þá svo inn í skepnurnar, þar sem hann ætlaði þeim rúm. Líkamspartarnir urðu aftur lifandi, án þess að breytast til verulegra muna. Á litlum hundi skar hann dálítinn spotta úr einni slagæðinni og felti í skarðið jamlangan spotta af æð úr fótlegg af manni, sem tekinn hafði verið af honum. Þessi spotta úr slagæð mannsins hafði legið í ísskáp í einn sólarhring, greri þó fljótt við slagæðaendana á hundinum, og nokkrum mánuðum síðar var varla hægt að finna, hvar samskeytin voru. Lakar gekk þetta, þegar um heil líffæri var að ræða. Þó tókst Carrel að halda nýra, sem skorið var úr skepnu, lifandi í nokkra klukkutíma, setti það svo í aðra skepnu og fékk það til að taka þar til starfa.

Carrel lækbir er ekki í neinum vafa um það, að takast muni að gera ýmsar þær skurðlækningar á mönnum, er ekki hafa þótt tiltækilegar hingað til. Til dæmis muni mega, áður en langt um líður, skera burtu mein þau, sem stundum koma á slagæðar manna og setja óskemda slagæðahluti í stað þeirra. Eins væri hugsanlegt að setja í menn ný liðamót í stað liðamóta, er molast hefðu í sundur. Þýzkur skurðlæknir, Lexer að nafni, hefir þegar gert þetta á kanínum. Hann sýndi kaninurnar á skurðlæknafundi, sem haldinn var í Berlínarborg. Hann hafði tekið úr þeim liði og heil bein og sett önnur bein í staðinn. Kaninurnar voru hinar sprækustu og gengu eins og aðrar kanínur.

Carrel er jafnvel svo stórhuga, að halda að ekki sé óhugsandi, að skifta um hjarta í mönnum. Aðalvandinn sé að vera nógu fljótur, af því að heilinn taki svo afarfljótt breytingum, þegar blóðrásin hætti. Með innspýtingu á blóði hefir tekist, að láta hjarta í dauðri skepnu fara að slá aftur. Og tilraun hefir verið gerð til þess, að skifta um hjarta í skepnum. Þær lifðu á eftir örlítla stund, en algerlega meðvitundarlausar. Heilinn var dauður.

Þegar Guðmundur Hannesson var nýkominn heim úr siglingu hér um árið, kom til hans kerling og bað hann að setja í sig nýja þvagblöðru. Hún hafði heyrt, að hann hefði haft tvær slíkar blöðrur heim með sér frá útlöndum; önnur væri farin og var hún hrædd um að hin mundi ganga upp.

Ætli kerlingin eigi það eftir, að fá í sig nýja þvagblöðru?

— Norðurland.

THE BANK OF TORONTO

INNLEGG - - - $30,853,000

VJER OSKUM VIDSKIFTA YDAR

WINNIPEG DEILD: 456 MAIN ST.

JOHN R LAMB, RADSMADUR.

Með því að biðja sérstaklega um "T.L. CIGAR." þá ertu viss að fá ágætan vindil.

T.L. CIGAR

(UNION MADE)

T.L.

Western Cigar Factory

Thomas Lee, eigandi Winnipeg

Ewald Lagel Extra Porter

Styrkið taugarnar með því að drekka eitt staup af öðrum hvorum þessum ágæta heimilis bjór, á undan hverri máltíð. — Reynið !!

EDWARD I DREWRY Manufacturer & Importer Winnipeg, Canada.

Department of Agriculture and Immigration.

MANITOBA

Þetta fylki hefir 41,169,089 ekrur lands, 6,019,200 ekrur eru votn, sem veita landinu raka til akuryrkjuþarfa. Þess vegna höfum vér jafnan nægan raka til uppskeru tryggingar.

Ennþá eru 25 miljónir ekrur óteknar, sem fá má með heimilisrétti eða kaupum.

Íbúatala árið 1901 var 255,211, nu er hún orðin 400,000 manns, hefir nálega tvöfaldast á 7 árum.

Íbúatala Winnipeg borgar árið 1901 var 42,240, en nú um 115 þúsundir, hefir meir en tvöfaldast á 7 árum.

Flutningstæki eru nú sem næst fullkomin, 3516 mílur járnbrauta eru í fylkinu, sem allar liggja út frá Winnipeg. Þrjár þverlandsbrauta lestir fara daglega frá Winnipeg, og innan fárra mánaða verða þær 5 talsins, þegar Grand Trunk Pacific og Canadian Northern bætast við.

Framför fylkisins er sjáanleg hvar sem litið er. Þér ættuð að taka þar bólfestu. Ekkert annað land getur sýnt sama vöxt á sama tímabili.

TIL FERDAMANNA:

Farið ekki framhjá Winnipeg, án þess að grenslast um stjórnar og járnbrautarlönd til sölu, og útvega yður fullkomnar upplýsingar um heimilisréttarlönd og fjárgróða möguleika.

R. P. ROBLIN,

Stjórnarformaður og Akuryrkjumála Ráðgjafi.

Skrifið eftir upplýsingum til

Joseph Burke, 178 LOGAN AVE WINNIPEG. Jas. Hartney, 77 YORK ST., TORONTO.

ÁLDREI SKALTU geyma til morguns sem hægt er að gera í dag. Panta Heimskringlu í dag.

vegna þurfum við ekki þeirrar hjálpar, sem þú varst svo góður að bjóða mér um daginn, en ég kom samt til að heyra, hvað þú ætlaðir að segja mér".

"Því betra, góði Mórits minn", sagði Jakob, "en nú skulum við fara yfir að skóginum bak við dysina. Þ r g t r en inn séð okkur, þó einhver fari um veginn".

Þeir settust á niður liggjandi tré, þannig, að dysin var að baki þeim, en skógurinn að framan. Þar gat enginn séð eða heyrt þá tala.

"Segðu mér nú fyrst", sagði Mórits, "hvernig á því stóð, að fyrir fáum dögum varstu gamalmenni og fakkaðir um með líru og apa, en nú ertu aftur ungur maður? Varstu í dularbúningi?

"Jú, drengur minn, ég hitti gamlan líruleikara, sem lá veikur, hér um bil í mílu fjarlægð héðan. Hann gat ekkert unnið sér inn með lírunni sinni, og því bauð ég honum að fara í stað hans, gegn helmingnum af gróðanum, og það þáði hann".

"En af hverju vildirðu dulbreða þig?"

"Að sumu leyti af því ég vildi ekki láta þekkja mig, og að öðru leyti af því, að gamall maður vekur meiri meðaumkun en ungur maður. Ég útvegaði mér lust skegg og gamla, gráa hárkollu, ferðaðist svo á milli hafna jaðsetur nna, lét apann dansa og lék á lírunni fyrir borgin. Ég gróddi mikið af peningum. Þetta voru í raun réttri prettir, en það er enginn synd, að svikja þá ríku til að hjálpa þeim fátæku".

"Heldurðu það?" sagði Mórits hugsandi. "En mamma segir, að als konar svik séu synd".

"Já, mamma þín segir það, en líklega þekkir hún ekki öll svikin, barnaskjóna og svivirðingarnar, sem þeir ríku bjóða okkur. Ef ég segði þér æfisögu mína, þá myndirðu samsinna því, að öll sú heind,

sem ég get látið þeim ríku í té, sé bæði sanngjörn og verðskulduð".

"Segðu mér þá æfisögu þína", sagði Mórits fjörlega. "Það er eitthvað við þig, sem segir mér, að þú hafir verið lánlaus, og þess vegna kenni ég í brjósti um þig. En hvers vegna berð þú umhyggju fyrir mér?"

"Af því örlög þín líkjast mínum, enda þó ég voni, að þau taki betri stefnu. Með mig hafa forlögin leikið sér og farið illa með mig".

"Líkjast forlög mín þínum? Á hvern hátt?"

"Af því þú ert fátækur og einmana, eins og ég hefi verið, — af því að þú hefir að eins mömmu þína til að elska og treysta, eins og ég hafði, — af því þú ert kúgaður af þeim ríku, eins og ég, — af því þú að lítandum ert laungetinn eins og ég, og ofurseldur tilviljunum og fátækt af einhverjum ríkum og háttstandandi föður. Þess vegna elska ég þig, þess vegna vil ég segja þér kafla úr æfisögu minni, þér til aðvörunar, — — voðalegrar aðvörunar. Þú ert ungur, trúgjarn og viðkvæmur, — — ég vil gera þig tortryggin og harðan, því það eru til menn, sem þú verður að tortryggja, vinur minn, ef þú vilt ekki verða eins ógæfusamur og ég er. Ég held ég geri þér gagn með því".

"Heldurðu það?" spurði Mórits efandi.

"Jú, drengur minn, af því að til eru tvö öfl, sem stjórna heiminum, hið vonda og hið góða. Þau eru ávalt samhliða og nálægt langt. Þú þekkir enn þá ekki nema það góða, en ég ætla að kenna þér að þekkja það vonda".

Hvers vegna viltu gera það?"

"Þ ar ég sérist ætla að kenna þér að þekkja það vonda, þá meina ég ekki með því að gera þig sjálfan vondan. Því það gæti ég aldrei réttlætt. En þú skilur það, að þegar maður gengur eftir urðarbrautum, eins og lífsleiðin er, þá verður maður að hafa leiðsögumann, sem getur sagt manni, hvar hættulaust sé að ganga, og jafnframt bent manni á undirdjúpin, sem maður þarf að varast".

"Já", sagði Mórits, "ég skil meiningu þína".

"Jæja, ég skal vera leiðsögumaður þinn, ég skal benda þér á undirdjúpin, sem þú enn ekki þekkir. Því það skal ég fullvissa þig um, að á lífsleiðinni eru til voðaleg regindjúp".

"Þekkir þú þau?" spurði Mórits með hryllingi.

"Já, ég þekki þau, barnið mitt", svaraði hinn, og um leið brá fyrir beisku brosi á andliti hans, "ég hefi falið í þau".

Hinn rauðhærði þagnaði um stund. Rökkrið breiddist yfir nágrennið og tunglið gægðist upp yfir sjóndeildarhringinn og sendi geisla sína á milli trjánna þangað sem þeir sátu. Í einu fjarutrénu sóng næturgalinn, og kvöldblærinn suðaði í skóginum — annars var alt kyrt og þögult.

Hinn rauðhærði huldi andlitið í höndum sínum, og virtist sokkinn ofan í bitrar endurminningar. Við hlið hans sat barnið, sem undrandi horfði á þennan einkennilega tötraklædda kennara.

Mismunurinn var líka einkennilegur. — Þessi svipdimmi, óhemjulegi maður, gagntekinn af ástríðum og siðferðislegum og líkamseðlislegum þjáningum, — — og við hlið sína á honum þetta barn, sem enn þá var ókunnugt heiminum, og því vonda, sem í honum býr, hlustandi með eftirtekt og áhuga á mann þennan, sem búinn var að ganga gegn um hinn bitra skóla lífsins, og nú ætlaði að innræta hinu auðtrúa barni hin voðalegu leyndarmál þess.

"Mórits", sagði Jakob loksins, "hefir móðir þín kent þé að trúa á guð?"

"Já".

"Trúðu á hann, drengur, — það er rétt gert af

þér — — trúðu eins lengi og þú getur á góða forsjón, sem stjórnar lífi mannanna. — — Ég vil ekki svíkja þig þessari trú — — hún gerir þig farsælan, — — ég hefi líka trúað, — ég hefi líka verið sæll".

"Trúðu þá ekki lengur á guð?" spurði drengurinn með hryllingi.

"Barnið mitt", sagði Jakob, "ég sagði þér nýlega að til væru tvö öfl, sem stjórna heiminum, — hið vonda og hið góða, en yfir þeim ræður þriðja aflið, — — það er það afl, sem þú kallar guð, en ég kalla forlög".

"Forlög" — sagði drengurinn skjálfandi.

"Já, eða tilviljun, ef þú vilt það heldur. Setjum svo, að við mecðalri okkar alvöru og atorku tökum okkur stöðu undir fána hins góða, — setjum svo, að við stríðum, líðum, og að oss blæði í baráttunni gegn hinu vonda afli, — heldurðu að slíkt stríð leiði ávalt til sigurs? — Nei, barnið mitt, ég hefi átt í þessu stríði í mörg ár. — — Í mörg ár hefi ég barist gegn freistingunum, neyðinni, glæpunum, örvilnaninni, — og hvað heldurðu að ég hafi unnið við það? Ekki annað en neyð, glæpi og örvilnan. Af því að ég var fátækur, var ég varnarlaus gegn ofsóknunum og svívirðingunum, sem mér voru sýndar. Því skal ég segja þér, barnið mitt, það er að eins eitt afl til, sem stundum getur staðið jafnfætis forlögunum, og það er afl — — gullsins. — En gullið vekur fíknir, og fíknunum verður að fullnægja. — En á hvers kostnað? Hinna táplitlu, fátæku, varnarlausu. Þeir ríku virða þess vegna hver annan, en velja fórnir sínar meðal hinna fátæku. Ef hinn niðurbeiði maður kærir þá fyrir réttvísinni, loka þeir munni hans með gulli eða valdi".

"Já", sagði Mórits, sem með vaxandi ákafa hlustaði á skoðanir þessar, "já, þú segir satt. Þeir

Kjósendur í 3. kjördeild

Áhrita yðar og atkvæða leyfi ég mér virðingarfylst að æskja eftir um næstu skólastjórnar kosningar. þann 14. þ m.—

Yðar einlægur

B. Pétursson.

Umsækjandi í skólastjórnina.

Cor. Wellington & Simcoe. Telephone, Main 324.

KJÓSENDUR Í WARD 4!

—

John T. Haig

biður um atkvæði yðar og áhrif til endurkosningar sem skólanefndarmaður.

Greiðið atkvæði með framfaramanni til þess að halda áfram framfarasteinu í framfaraborg!

Skólanefndar-Fulltrúi.

KJÓSENDUR Í WARD 4!

Frúr og herrar: —

Ég bið yður virðingarfylst um atkvæði yðar og áhrif til kosningar í skólanefndina fyrir 4. kjördeild. Ég bý og rek starf mitt í deildinni, og hefi gert það um mörg undangengin ár. Vér ættum að hafa málsvara, sem býr í kjördeildinni.

Yðar hlýðinn þjónn,

J. E. RILEY.

Fréttabréf.

SPANISH FORK, UTAH.

1. des. 1909.

Herra ritstjóri. — Ég held ég verði að ráðast í, að para þér fáeinar línur í dag, þó fátt sé auðvitað um mikilhæfar fréttir. Það líður öllum vel hér í umdæminu, og það sama heyrum við frá náungunum. Friður og rósemi hvílir nú yfir öllum, síðan logn komst á hinn pólitiska sæ. Menn ala sig nú eingöngu í bindindishugleiðingum, og telja á fingrum sér, hve mörgum prósentum heimurinn okkar verði betri árið sem kemur, en hann var árið sem nú er að líða. Friður sé með þeim.

Tíðarfarið er gott. Alautt enn í fjallanna dölum, en töluverður snjór í fjöllum. Regn fell talsvert í enda fyrra mánaðar, sem gerði jörðinni hér um pláss ómetanlega mikið gagn, með tilliti til framtíðarinnar.

Heilsufar er heldur gott, og mikið kvað bóluveikin vera í rénun. Smákvilla, sem stinga sér niður hér og þar, teljum vér ekki. Og engir nafnkendir hafa látist, svo vér munum.

Nú er verið af miklu kappi að setja niður staurana fyrir raflýsingu í bæ vorum, og býst ég við að skrifa þér næsta bréf við þess konar ljós. Reyna þá að senda þér eitthvert góðgæti til jólalesturs með mér.

Frekar seinkar uppfýsingunum viðvíkjandi fundi norðurpólsins. — það er ekki nóg með það, að þar fanst hvorki fólk né land, heldur er það nú orðið "hér um bil áreiðanlegt", að þar er hvorki "Aldingarðurinn Eden" eða "Náströnd", og ekki svo mikið sem einn "eiturdropi" eða brot úr "höggormshrygg". Á þessu eru bæði ég og aðrir vísindamenn "hlessa" (sbr. Hkr. 23. ár, dags. 28. jan. 1909). Vér höfðum svo oft heyrt — og náttúrlega trúðum því — að margt fólk byggi við norðurpólinn. Og ginu sinni veittist oss sá makalausi heiður, að fá að hlusta á einn vísindamann, sem gekk næst spámanni að viti, og sagði hann, að það væri stórt op á hnetti vorum við norðurpólinn, og ánni í þessu opi, og máske öllum hnettinum, væri þetta fólk. Einhver spurði hann þá, hvaðan það heldi "ljós og il", og kvað hann það hafa hvorttveggja frá sólunni, þegar hún gengi fyrir opið á pólnum!

Mín hugmynd um mál þetta, eins og það liggur fyrir núna, er þessi: Að vesalings fólkið í opinu, eða innan í hnettinum, sérstaklega þó nálægt pólnum, hafi orðið hrætt, þegar það hevrði fótatakið í þeim Cook og Peary, og geltið í Eskimóa hundunum, og flúið fyrir þá sök frá ættlandi sinu og óðulum þar, og farið, — hver veit hvert? Ekki svo mjög ólíkleg tilgáta, að það hafi farið í gegn um hnöttinn, "skiljanlega" alla leið til suðurpólsins, og sé þar nú. En opið á norðurpólnum hafi lukst aftur, likt og hafið rauða gerði forðum. Verum við, heldtu vísindamennirnir "hérna", ekki orðnir eins gamlir og haltir eins og við erum, þá mundum við fljótlega skreppa þangað, til þess að færa heiminum heim sanninn um það, að hugmyndir vorar og vísindi, um fólk, land, aldingarð, náströnd, eitur, eld, ís og höggormshryggjarliði á norðurpólnum, væri alt annað en eintómt bölvað rugl, eða vísdómsvindur, eins og sumum gárungum þóknast að nefna það.

Og svo sjáum við hvað setur.

Þinn,

E. H. Johnson.

Geigvænlegur sjó hrakningur.

Mánudaginn þann 11. okt. að áliðnu lagði gufuskipið Flora frá Björgvinjargufuskipafélagi á stað frá Húsavík beint til Ísafjarðar áleiðis hingað til Reykjavíkur. Hefir það verið í förum hér við land í sumar að staðaldri, frá Noregi, til farþegaflutnings og kaupvarnings. Farþega hafði það innan borðs rúma 80, en skipshöfn 13—14 manns.

Þegar leið á nótt gerði afspyrnurok á norðan með megnu kafaldsfjúki; var þá komið á miðjan Húnaflóa. Ekki var viðlit að halda áfram ferðinni í þeim aftökum, með náttmyrkri, og var þá stefnt til hafs á veðrið.

Veður þetta stóð fulla 3 sólarhringa, fram undir morgun á föstudaginn. Þá fór að lina.

Aðfaranótt miðvikudags braut sjór stjórnpallinn efri, áttavitaklefann og sjálfan áttavitann, en þeir meiddust allir, er staddir voru uppi á pallinum, 4 að tölu: skipstjóri, stýrimaðurinn æðri og 2 hásetar. Einn lenti á skipsbátnum, annar á bátströnunum, þriðji niðri á öldustokk, og var mikil mildi, að hann lenti ekki utanborðs. Hann meiddi sig það í síðuna, að hann lá 2—3 daga.

Það var þó verst, að stýrishjólið brotnaði, og varð ekki stýrt framar. Rak þá skipið á hliðinni miðvikudag allan og fram eftir fimtudegi. Þá tókst að komast að efra stýrishjólinu og notast við það. Hafði verið ófært eftir þiljunum fyr en það, vegna klaka. Þar var annar áttaviti, en bilaður. En 2 voru vara-áttavitar undir þiljum. Annar þeirra var hafður í reykingaklefanum, og reynt að stýra eftir honum, en það var mjög erfitt.

Fimtudagsmorgunin þóttust ein hverjir sjá land, imynduðu sér það vera Grænland, en líklegra þykir, að það hafi verið hafís. Þá var haldið í suður, en gekk seint, með því að bilað hafði eitthvað í vélinni, svo að gufa mistist út.

Ekkert vissu þeir, hvar þeir voru staddir. Þeir rendu færi 170—180 faðma, en höfðu engan botn.

Föstudagsmorgun slotaði veðrinu, og rofaði það til um hádegisbil, að mæld var sólarhæð. Þá voru þeir 9 mílur danskar útnorður af Látrabjargi, á 70 fðm. dýpi. Þá hvesti aftur stórum, en kyrði sjó um sólarlag, í skjóli af landi; það var Skor. Þá var haldið undir Rauðasand og lagst á Keflavík, er dimma tók. Morguninn eftir, laugardag, var gert við vélina og lagað það, sem hægt var, og eftir það lagt á stað til Patreksfjarðar stundu eftir hádegi; komið þar í rökri.

Meðal farþega var stúlka, er komið hafði á skipsfjöl á Akureyri áður en farið var til Húsvíkur, dottið þá í sjónn og lagst á járnrimlana yfir gangvélinni til að þurka sig, lent eftir það fram í hásetaklefa, og verið lokuð þar inni, er veðrið skall á og hásetar fengu nóg að gera á þiljum uppi, en komust ekki þangað aftur fyrir sjódrifi yfir skipið og klaka. — Komst hún ekki úr þeirri prisuns fyr en eftir 3 sólarhringa, bragðaði hvorki þurt né vott og sat í kolniðamyrkri. Henni hélt við vitskerðing, er lokið var upp fyrir henni.

Framganga skipstjóra er orðlögð fyrir vaskleika og árvekni. Hann sofnar ekki dúr nær 3 sólarhringa. Hann heitir Stuhr.

Frá Patreksfirði fór Flora til Ísafjarðar og kom hingað miðvikudagskveldið 20. okt.

— Ísafold.

Kjósendur í 3. Kjördeild.

Íslenzku konur og menn!

Með því að á mig hefir verið skorað af fjölda mörgum kjósendum 3. kjördeildar, að sækja um hæjarfulltrúa embættið fyrir kjördeildina, þá hefi ég afráðið að gefa kost á mér, sem umsækjandi þeirrar stöðu nú við næstu kosningar.

Ég hefi í fleiri ár verið búsettur og rekið atvinnu í þriðju kjördeild. Og um leið og ég óska eftir atkvæðum og áhrifum allra kjósenda kjördæmisins, þá leyfi ég mér sérstaklega að mælast eftir stuðning frá öllum atkvæðisbærum konum og mönnum, sem búa fyrir norðan Portage Ave., því öll sanngirni virðist með því mæla, að allur sá fjöldi kjósenda, sem búa í kjördeildinni milli Portage Ave. og Notre Dame Ave., kysi sér fulltrúa í borgarráðið úr þeim parti kjördeildarinnar. En nú í fleiri ár hefir fulltrúi kjördeildarinnar verið kosinn úr suð-austurhorni hennar. Og væri eigi nema sanngjarnt, að því yrði breytt.

Eins og sakir standa nú, þá er ekki einn einasti kjörstaður í kjördeildinni fyrir sunnan Portage Ave., eftir því sem hin nýja skifting deildarinnar ber með sér. Samt sem áður eru hinir fjórir núverandi embættismenn kjördeildarinnar teknir næstum alla leið sunnan frá Armstrong's Point, og enginn þeirra búsettur í deildinni nú sem stendur. Hin nýja kjörskrá þriðju kjördeildar telur að eins 750 kjósendur fyrir sunnan Portage Ave., á móti 6000 kjósendum, sem fyrir norðan hana eru. Vissulega væri það ekki nema rétt, og til gróða fyrir kjördæmið, að þessir 6000 kjósendur hefði að minsta kosti einn fulltrúa í borgarstjórninni.

Í vesturparti kjördeildarinnar milli Portage Ave. og Notre Dame Ave., er að minsta kosti eitt þúsund nýj heimili, sem þarfnast greiðari ferða, með strætisvögnum, en nú á sér stað. Ef ég yrði kosinn, þá reyndi ég af fremsta megni að fá framlengda sporvegina vestur Notre Dame Ave. og Sargent Ave., og fá nýtt spor á milli NotreDame og Portage Ave., sem samtengt yrði endastöðvum beggja brautanna.

Stræti þau í vesturhænum, sem þegar eru talsvert byggð, þarfnast ræsa, gangstétta og steinlagningar. Hinar snotru gangstéttir og steinlögðu stræti fyrir sunnan Portage Ave., sýna hvað fulltrúar kjördeildarinnar geta til vegar komið fyrir viss umdæmi. Ef ég yrði kosinn, þá vildi éa vera sanngjarn til allra parta kjördeildar minnar, og vera sterklega á móti því, að ræsi, gangstéttir og steinlagning ætti sér stað á þeim götum, sem ekki eru bygðar, og þar af leiðandi þurfa engra umbóta.

Ég er algjörlega á móti því, að nokkur ósiðferðishús séu leyfð í nokkrum parti borgarinnar. Það var vilji fólksins í kjördeildinni okkar, sem sópaði allri slíkri óheill burtu fyrir nokkrum árum síðan, og ég hefi þá trú, að vilji fólksins geti útrýmt því böli úr öllu borginni. Það ætti að vera jafn-auðvelt að hreinsa þessa borg frá þessum ósóma, eins og átt hefir sér stað í öðrum borgum, ef lögunum er að eins framfylgt nógu stranglega. Ef ég verð kosinn, þá lofast ég til að gera alt, sem í mínu valdi stendur, til að losa borgina við þessa óhamingju.

Mörg önnur mikilsvarðandi málefni munu koma til meðferðar í borgarráðinu næstu tvö ár. — Skyldi nægilegur meirihluti skattgjaldenda greiða atkvæði með aukalögunum um að byggja baðhús og listasafnsbyggingu, þá álít ég að þriðja kjördeild ætti eigi að vera eftirskilin. St. James skemtigarðurinn, sem snýr að Portage Ave., myndi ágætur staður fyrir byggingu undir lista-gripasafn. — Ég er líka hlyntur því, að annar mið-skemtigarður (Central Park) ætti að eiga sér stað milli Ellice og Sargent Avenues, nokkuð fyrir vestan Maryland Str. — Ellice Ave., Sargent Ave. og Arlington Str. verða og eru þegar orðnar aðalgötur vesturborgarinnar, og þarfnast því umbóta og eftirlits.— Að brúa Assineboine ána hjá Arlington Str. verður líka málefni, sem þarft er að athuga áður langt um líður.

Ef ég verð kosinn, þá skal ég af fremsta megni sýna sama áhuga, sömu viðleitni og sömu trúmenskn í starfsmálum borgarinnar og ég veiti minu eigin starfi, og mun gera alt, sem í minu valdi stendur, til að auka hag fólksins í þriðju kjördeild og allra borgarbúa yfirleitt.

Vonandi eftir áhrifum yðar og atkvæðum, er ég yðar einlægur

JAMES W CAMPBELL,

Cor. Ellice & Simcoe. Tel. 4801

— Mrs. Hayden, bóndakona í Cowley héraðinu í Alberta beið bana af eldsbruna 2. þ.m. Hún hafði kveikt eld í stó sinni, og til að lífga hann hafði hún helt olíu í eldinn, en loginn læsti sig eftir bununni í könnuna, svo hún sprakk og um leið kviknaði í fötum konunnar og í húsinu. Í dauðans ofboði þaut konan til að bjarga 6 mánaða gömlu barni sínu og koma því á óhultan stað, og það tókst henni. En þá voru föt hennar og hún sjálf svo brunnin, að hún dó. — (Slik tilfelli ættu að kenna fólki varkárni með olíu. En undarlegt er það, að þó slík tilfelli séu svo að segja dagleg einhversstaðar í landinu, og þau séu alt af auglýst og fólk sífelt varað við að nota olíu til uppkveikju, — þá er eins og því sé alls ekkert skeytt, og fólkið heldur stöðugt áfram að ráða sér bana og brenna upp hús sín, af einskæru kæruleysi um hættuna sem því fylgir að nota olíu til uppkveikju.

Auglýsing.

Fáeinar úrvalslóðir, allar hreinsaðar og sléttar eins og gólfið, uppi á hinu fagrasta hveli norðaustarlega í Ballard, í grend við heimili mitt, hvar lóðir eru óðum að stiga í verði og mikið er að byggjast, — get ég nú selt hverjum þeim, sem fljótlega vill sinna þessu — munnlega eða bréflega, á $550 hverja lóð, $100 borgist út í hönd, en kaupandi má ráða skilmálum á hinu; vextir 8 prósent. Stærð lóðanna er 42x128 fet eftur að 14 feta breiðum bakvegi. Eignarréttur er hinn traustasti. — Það er kunnugra en frá þurfi að segja, að

NÚ ER TÆKIFÆRID TIL AD ÁVAXTA PENINGA SÍNA Í SEATTLE FASTEIGNUM

Ég ræð löndum minum hiklaust til að kaupa þessar lóðir, og það mun sannast, að þeir, sem fara vilja að ráðum minum í þessu efni, munu bera ágóða mikinn úr býtum og hrósa happi yfir kaupunum seinna meir.

Virðingarfylst,

F. R. JOHNSON,

8059 11th Ave. N.W., Seattle, Wash.

Leyndarmál Cordulu frænku.

Nýjir kaupendur að HEIMSKRINGLU sem borga fyrir einn árgang fyrirfram, fá skáldsögu þessa og aðra til, alveg

ókeypis.

LEIÐBEININGAR--SKRA

YFIR ÁREIÐANLEGA VERZLUNARMENN Í WINNIPEG

MUSIC OG HLJÓÐFÆRI

CROSS, GOULDING & SKINNER, LTD. 323 Portage Ave. Talsími 4413

MASON & RISCH PIANO CO., LTD. 356 Main Street Talsími 480 W. Alfred Albert, Íslenzkur umboðsmaður

WHALEY ROYCE & CO. 356 Main St. Phone 263 W. Alfred Albert, búðarþjónn.

BYGGINGA og ELDIVIDUR.

J. D. McARTHUR CO., LTD. Byggingar- og Eldiviður í heild-sölu og smásölu. Sölust.: Princess og Higgins Tals. 3080, 3081, 3082

MYNDASMIÐIR.

G. H. LLEWELLIN, "Medallions" og Myndarammar Sérfræðingur Horni Park St. og Lowan Avenue

SKÓTAU Í HEILDSÖLU.

AMES HOLDEN, LIMITED Princess & McDermott. Winnipeg.

THOS. RYAN & CO. Allskonar skótau. 44 Princess St.

THE Wm. A. MARSH CO. WESTERN LTD. Framleiðendur af Hinu skótaui. Talsími: 3710 88 Princess St. "High Merit" Marsh Skór

RAFMAGNSVELAR OG AHÖLD

JAMES STUART ELECTRIC CO. 324 Smith St Tal-símar: 8447 og 7802 Fullar byrgðir af alskonar vélum.

GOODYEAR ELECTRIC CO. Kellogg's Talsímar og öll þarfnæti. áhöld Talsími 3023. 56 Albert St.

RAFMAGNS AKKOKÐSMENN

MODERN ELECTRIC CO 412 Portage Ave Tal-sími: 5658 Viðgjörð og Vir-lagning — allskonar.

BYGGINGA-EFNI.

JOHN GUNN & SONS Talsími 1277 266 Jarvis Ave. Höfum bezta Stein, Kalk, Cement, Sand o. fl.

THOMAS BLACK Selur Járnvöru og byggingar-efni allskonar 76—82 Lombard St. Talsími 600

THE WINNIPEG SUPPLY CO., LTD. 298 Rietta St. Talsímar: 1936 & 2187 Kalk, Steinn, Cement Sand og Möl

BYGGINGAMEISTARAR.

J. H. G RUSSELL Byggingameistari, í Silvester-Wilson byggingunni. Tals: 1068

PAUL M. CLEMENS Bygginga-Meistari, 443 Maryland St. Skrifst.: Argyle Bldg., Garry st. Talsími 5997

BRAS- og RUBBER STIMPLAR

MANITOBA STENCIL & STAMP WORKS 421 Main St. Talsími 1580 P. O. Box 244. Búum til allskonar Stimpla úr málmi og togleðri

CLYDEBANK SAUMAVÉLA AÐGERDARMAÐUR. brúkaðar vélar seldar frá $5.00 og yfir 564 Notre Dame Phone, Main 8624

VÍNSÖLUMENN

GEO. VELIE Hel dsölu Vínsali. 185, 187 Portage Ave., E. Smá-sölu talsími: 352. Stór-sölu tal: 1-1-4[illegible]

STOCKS & BONDS

W. SANFORD EVANS CO. 326 Nýja Grain Exchange Tal-sími 5[illegible]

ACCOUNTANTS & AUDITORS

A. A. JACKSON, Accountant and Auditor Skrifst.—28 Merchants Bank. Tals.: 3702

OLÍA, HJÓLÁS FEITI OG FL.

WINNIPEG OIL COMPANY, LTD. Búa til Stein Olíu, Gasoline og hjólásfeiti Tal-sími 1596 611 Ashdown Block

TIMBUR og BÚLONDI

THOS. OYSTAD, 3-6 Kennedy Bldg. Viður í vagnhlössum til notenda, búlönd til sölu

PIPE & BOILER COVERING

GREAT WEST PIPE COVERING CO. 132 Lombard Street.

VÍRGIRÐINGAR.

THE GREAT WEST WIRE FENCE CO., LTD Alskonar girðingar fyrir bændur og borgara. 76 Lombard St. Winnipeg.

ELDAVÉLAR O. FL.

McCLARY'S, Winnipeg. Stærstu framleiðendur í Canada af Stóm, Steinvöru (Graniteware) og fl

ÁLNAVARA Í HEILDSÖLU

R. J. WHITLA & CO., LIMITED 264 McDermott Ave Winnipeg "King of the Road" OVERALLS.

BILLIARD & POOL TABLES.

W. A. CARSON P. O. Box 225 Room 4 1 Molson Banka. Öll nauðsynleg áhöld. Er gjörð við reed-hest.

NALAR.

JOHN RANTON 203 Hammond Block Talsími 4639 Sendið strax eftir Verðlista og Sýnishornum.

GASOLINE Vélar og Brunnborar

ONTARIO WIND ENGINE and PUMP CO. LTD. 301 Chamber St. Sími: 2088 Vindmillur — Pumpur — annar Vélar.

BLÓM OG SONGFUGLAR

JAMES BIRCH 442 Notre Dame Ave. Talsími 2638 BLÓM - allskonar. Söng fuglar o. fl.

BANKARAR, GUFUSKIPA AGENTR

ALLOWAY & CHAMPION North End Branch: 667 Main st eet Vér seljum Avísanir borganlegar á Íslandi

LÆKNA OG SPÍTALAÁHÖLD

CHANDLER & FISHER, LIMITED Lækna og Dýralækna áhöld, og hospítala áhöld 185 Lombard St., Winnipeg, Man.

TIL KJOSENDANNA

Ég óska virðingarfylst eftir atkvæðum yðar og áhrifum til þess að kjósa mig í

BOARD OF CONTROL

FYRIR ÁRID 1910

KOSNING FER FRAM 14. DESEMBER 1909.

VIRÐINGARFYLST YÐAR

James Graham Harvey.



CONTROLLER

McARTHUR

mælist virðingarfylst til þess, að þér merkið atkvæðaseðla yðar fyrir kosningu hans.

Stjórnmálaleg reynsla og Business-dómgreind.

Símið 6108 eða komið til 616 McIntyre Block, til þess að fá upplýsingar um kjörstaðina.

3 | McARTHUR | MERCHANT | X

Kjósendur í Ward 3.

ATKVÆÐA YÐAR OG ÁHRIFA ÓSKAST VIRÐINGARFYLST FYRIR

J. W. Campbell

TIL ÞESS AÐ FESTA ÞÁ REGLU, AÐ ÞEIR EINIR SKULI HALDA MÁLSVARA UMBODI FYRIR KJÓRDÆMI, SEM SJÁLFIR EIGA HEIMILISFESTU Í UMDÆMINU. —

Það eru ýmsar ástæður

fyrir því, að Heintzman & Co. Píanó er bezt þekt og vinsælasta Canadiskt Píanó meðal hátttvandandi söngfræðinga.

"VE OLDE FIRME"
HEINTZMAN & CO.
PIANO

Heintzman & Co. Píanó eru gerð úr beztu efnum sem fáanleg eru, og smíðuð af heimsins beztu hljóðfæra smiðum. Sérhvert Hintzman & Co Píanó vottar smiðshæfileika félagsins. Tónmun er söngfagur og er svo líkur manulegum söngh'jóðum sem hægt er að fá hann, og hreyfing öll er létt og liðug. Endingin á Aeintzman & Co Píanó sezt bezt á sumum elztu hljóðfærum félagsins, — sem enn þá eru nærri eins góð og þau voru spónný. —

Komið og skoðið byrgðir vorar eða skrifið eftir bæklingi með myndum. —

528 Main St. — Phone 808
Og í Brandon og Portage La Prairie

Skrautleg Stafrof

ALPHABET OF PATRIOTISM og ALPHABET OF FAITH, með marglitu pennaflúri, fuglum og myndum, fást nú til kaups hjá undirskrifuðum á 35c hvort, bæði á 60c. Einnig stórar og góðar myndir af Hallgrími Péturssyni og Jónasi Hallgrímssyni, á 35c hvor, báðar á 60c. Bæði stafrófin og báðar myndirnar til samans á $1.00. Borgist með póstávísan. — Ég spái því, að einhverjir vilji fá eitthvað af þessum myndum, bæði til að eiga sjálfir, og svo líka til að gefa einhverjum vini sínum, nær eða fjær, á Jólunum.

F. R. JOHNSON,
8059—11th Ave. N.W., Seattle, Wash

Kjósendum í 4. kjördeild er bent á, að herra John T. Haig sækir um endurkosningu, sem skólanefndarmaður fyrir þá kjördeild. Maðurinn er mikill hæfileikamaður, hefir komið vel fram í nefndinni og verskuldar endurkosningu. Kjósendur ættu að íhuga þetta, þegar þeir ganga til kosninga.

Gamli James G. Harvey, sem um mörg undangengin ár hefir starfað hér í bæjarstjórn og nú síðustu árin sem meðlimur Control nefndarinnar, sækir á ný um kosningu til þess starfa. Heimskringla mælir hið bezta með honum. Hann er gætinn karl og skynsamur, og getur í hverju tilfelli það eitt, sem hann telur rétt. Og hann ann öllum framförum, en lítur jafnframt nákvæmlega eftir fjárhag borgarinnar. Kjósið Harvey!

Moccasins og Leggings.

Nú er árstíðin fyrir Moccasins og Leggings, og vér höfum nóg af öllum beztu tegundunum.

Moccasins:

Barna	50c, 75c
Drengja	$1.00, $1.25
Kvenna	$1.00, $1.25
Karla ...	$1.25, $1.50, $1.75

Leggings:

Barna	$1.00 til $1.25
Stúlkna	$1.00 til $1.25
Kvenna	$1.00 til $1.75
Kvenna risthlífar	50c til $1.25

Ryan-Devlin Shoe Co
494 MAIN ST PHONE 770.

TÍNDIST

svart leðurveski í Únitarasalnum á mánudagskveldið var. Í því voru $8.00 í peningum og 2 lyklar. Finnandi skili þessu á skrifstofu Hkr. gegn sanngjörnum fundarlaunum.

C. O. F.

Stúkan VÍNLAND, No. 1146, C.O.F., heldur fund á fimtudagskvöldið 9. þ.m. á venjulegum stað og tíma. Félagsmenn eru hér með mintir á að koma. K.S.

Hluthafa-ársfundur

í Heimskringlu News & Publishing Company verður haldinn að skrifstofu blaðsins, 729 Sherbrooke St., Winnipeg- Mánudaginn 9. janúar 1910, kl. 8 að kveldi. Þetta tilkynn ist hluthöfum til íhugunar.

Útgáfunefndin.

I. O. F.

Stúkan FJALLKONAN, No. 149, I.O.F., heldur næsta fund sinn að 601 Beverly St. þann 13. des. kl. 3 e.m. Áríðandi að allir mæti. Þeir, sem ekki mæta, verða að gjöra sig ánægða með gjörðir hinna, sem mæta, viðvíkjandi máli sem liggur fyrir stúkunni.

A. E. Eldon, ritari.

Þarft þú ekki að fá þér ný föt?

EF ÞAU KOMA FRÁ CLEMENT'S, — ÞÁ VERÐA ÞAU RÉTT

Réttur að efni, réttur í sniði réttur í áferð og réttur í verði.

Vér höfum miklar byrgðir af fegurstu og beztu fataefnum. —

Geo. Clements & Son
Stofnað árið 1874
264 Portage Ave. Rétt hjá FreePress

QUILL PLAINS HVEITI LÖND

25,000 EKRUR. Algerlega FYRSTA ÚRVAL frá hinum miklu C.N.R. landveitingu. Gufuplógs lönd hrein. slétt

ÞESSA ÁRS UPPSKERA sannar gæði jarðvegsins. — Engin steinn eða hrís.—Gott vatn.—Nálægt markaðum, skólum og kirkjum.—Vér höfum umráð á öllum Jansen og Claassen löndunum, og bjóðum þau til kaups með sanngjörnu verði og auðveldum borgunarskilmálum.—Kaupendur geta borgað af hvers árs uppskeru; 6% vextir.— Sölubréfin gefin út beint frá eigendum til kaupendanna.—Eastern Townships Bank í Winnipeg og hver banki og "business"-maður í Marshall, Minn., gefur upplýsingar um oss. — Póstspjald færir yður ókeypis uppdrætti og allar upplýsingar. —

John L. Watson Land Co.
316 Union Bank Bldg. - - Winnipeg, Man

Th. JOHNSON
JEWELER
286 Main St. Talsími: 6606

JOHN ERZINGER
TÓBAKS-KAUPMAÐUR.
Erzinger's skorið reyktóbak $1.00 pundið
Hér fá allar reftóbaks-tegundir. Óska eftir bréfleum pöntunum.
McINTYRE BLK., Main St., Winnipeg
Heildsala og smá-sala.

G. NARDONE

Verzlar með matvöru, aldini, smá-kökur, allskonar sætindi, mjólk og rjóma, sömul. tóbak og vindla. Óskar viðskifta Íslend. Heitt kaffi eða te á öllum tímum. Fón 7756

714 MARYLAND ST.

Fréttir úr bœnum.

Snjófall gerði í Manitoba um síðustu helgi, og fyrri hluta þessarar viku, og hefir það orðið svo mikið, að fádæmi eru, jafnsnemma á vetri. En laus er mjöllin víðast. Blöðin segja snjófallið vera um 2 fet á jafnsléttu, og hefir það heft lestagang og aðrar samgöngur víða í fylkinu. Svipaðar fréttir eru frá Austurfylkjunum og að sunnan.

Frá Íslandi komu á föstudaginn var þann 3. þ.m. þessir: Halldór Arnason (frá Winnipeg), Jón Jónsson (frá Wynyard, Sask.) og Aðalsteinn Halldórsson, vélastjóri frá Akureyri. Tveir þeir fyrnefndu fóru heim á sl. sumri og komu nú vestur aftur, en Aðalsteinn er alkominn hingað. Þeir segja allgóða hausttíð á Íslandi fram að október byrjun, en þá brá til verra og gerði vonskuveður, sem hélst allan október, svo að þegar þeir fóru var kominn hnédjúpur snjór. Atvinna mjög dauf á Íslandi og lítið um peninga. Fiskafli góður í sumar, en aflalaust í haust. Af Akureyri fóru þeir Jón og Aðalsteinn þann 9. nóvember sl. með Flóru, en Halldór fór með Ceres, og hittust þeir því allir í Skotlandi. Þeir Jón og Aðalsteinn voru með Flóru þegar hún lenti í hraknigi þeim, sem getið er um á öðrum stað hér í blaðinu. Jón fór vestur til Wynyard á mánudaginn var, en Aðalsteinn dvelur hér í borg fyrst um sinn.

Herra Björn Pétursson, kaupmaður sækir um sæti fyrir 3. kjördeild í skólaráði borgarinnar. Og hann er einí Íslendingurinn, sem á þessu ári sækir um opinbert embætti í sambandi við stjórnmál Winnipeg borgar.

Heimskringla hefir ætíð haldið fram því, að Íslendingar eigi að eiga og þurfi að eiga sæti bæði í bæjarráðinu sjálfu og í skólaráðinu, og blaðið hefir jafnan mælt með því, að íslenzkir kjósendur ættu að styrkja landa sína til þess að komast í þær stöður, — að öllu öðru jöfnu. Og sama gildir enn. — Íslendingar ættu því að styrkja herra Pétursson að málum við þessar kosningar. Þeir hafa úrslit kosninganna í 3. kjördeild algerlega í sínum höndum, og undir atkvæðum þeirra er það komið, hvort hann vinnur eða tapar.

Kjósið Björn Pétursson fyrir skólaráðsmann!

Mr. og Mrs. J. J. Johnson, frá Tantallon, Sask., kom hingað til bæjarins um síðustu helgi. Hann og bróðir hans höfðu á sl. sumri 300 ekrur undir hveitirækt. En hagl eyðilagði uppsoeru á 240 ekrum, og metur hann tjónið af því hagli 4 þúsund dollara. Annars hafði hagl skemt uppskeruna hjá meiri hluta bænda þar í bygð, að nokkru leyti, og varð því búskapurinn ekki eins arðsamur og bændur höfðu gert sér vonir um.

Stúdentafélagið heldur fund næstkomandi laugardag, 11. des., kl. 8 að kveldi. Fundurinn verður haldinn í samkomusal Tjaldbúðarsafnaðar, í þetta sinn, og eru meðlimir félagsins beðnir að muna eftir því. Fjörug kappræða fer fram á fundinum, ásamt fleiru, sem þar verður til skemtunar.

Góð skemtun
FYRIR LÁGT VERÐ

Yngra fólkið í Únitarasöfnuðinum sýnir hinar velþektu og vinsælu lifandi myndir af söguviðburðum (Tableaux), sem flestir kannast við frá síðasta vetri, —

Miðvikudagskv. 8. des.
PROGRAM

Sýningar úr Friðþjófssögu: —
1. Grátur Ingibjargar (í 4 sýningum).
2. Friðþjófur kemur til Hrings (í 7 sýningum).
3. Dauði Hrings (í 6 sýningum).
4. Sýning úr Grettissögu: Illugi og Þorbjörn Öngull (í 5 sýningum)
5. Tvísöngur.
6. Ræða.
7. Sýning: Lorelei.
8. Sýning úr Njálu: Gunnar og Kolskeggur
9. Samtal (atriði úr Faust, eftir Goethe).
10. VEITINGAR.

Aðgöngumiðar kosta 25c og fást við dyrnar.

Í KVELD

miðvikudag 8. þ.m. verður seinni Tableau-Samkoman í Únitarasalnum, Fyrri samkoman, á mánudagskveldið var, tókst mjög vel, og skemtu menn sér hið bezta. Hún var vel sótt. Samkoman í kveld verður engu síðri, og þar eð ýmislegt nýtt er á prógramminu, eins og sjá má á augl. hér í blaðinu, ætti að verða húsfyllir í kveld.

Herra Eiríkur H. Bergmann, frá Gardar, N. Dak., var hér á ferð um síðustu helgi.

Herra G. M. K. Björnsson, frá Icelandic River P.O., sem hér hefir dvalið í Winnipeg meiri part af sl. 5 árum til lækninga við tæringu í hryggjarliðunum, kom í síðustu viku sunnan úr Dakota, þar sem hann dvaldi 6 vikna tíma undir umsjón og lækningu Dr. Móritz Halldórssonar í Park River. Við suðurferð sína og veru þar hefir herra Björnsson fengið talsverðan bata, fullkomlega eins mikinn og frekast var hægt að búast við eða vænta á jafnstuttum tíma. Hann lætur sérlega vel af því, hve Dr. Halldórsson hafi reynst sér vel og lagt sig allan til að bæta sér, svo sem frekast var unt. Hann segir, að Mórits lækni hafi allan nýjasta úthúnað til lækninga allra eða flestra sjúkdóma, sé sérlega heppinn í læknisstörfum sínum og hafi verið mjög vægur í kröfum með borgun. Herra Björnsson biður Heimskringlu að votta Dr. Halldórsson sitt innilegasta þakklæti fyrir einkar alúðlega umönnun meðan hann dvaldi hjá honum.

Allir bræður í stúkunni Ísland eru mintir á, að fara að búa sig undir að koma með böggla á fund stúkunnar þ. 16. þ.m. Bögglarnir verða boðnir upp og keyptir af systrunum. Bögglauppboðið síðasta fimtudagskveld gekk mjög vel og er stúkan þakklát öllum sem að því unnu. Og sérstaklega þakkar hún bræðrum og systrum úr stúkunum Heklu og Skuld fyrir aðstoð í þessu efni.

15. AFMÆLIS-Hátíð Tjaldbúðarkirkju 15. desember '09

verður haldin í Tjaldbúðarkirkju kl. 8 að kveldi.

PROGRAM:

1. Pálson söngflokkur.
2. Fiólín Sólo—Miss Oddson.
3. Vocal Solo—Mrs. Lulu Johnson
4. Ræða—Séra Friðrik Bergman.
5. Fjórar raddir.
6. Ræða—B. L. Baldwinson.
7. Vocal Solo—Alex Johnson.
8. Kvæði—M. Markússon.
9. Fjórar raddir.
10. Upplestur—Miss Bergman.
11. Söngflokkurinn.
12. Ókeypis ágætar veitingar.

Aðgangur: Fullorðnir 25c; börn 15c.

Kæru Skiftavinir:

Ég er nú nýkominn heim úr ferð til stórbæjanna St. Paul og Minneapolis, þar sem ég hefi keypt stórt upplag af allra handa nýjum vörum, sem fólk nauðsynlega þarf með núna fyrir jólin og nýárið, og sem eru mjög hentugar Jólagjafir, hvert heldur er fyrir föður, móðir, systir, bróðir, frænda, frænku eða kunningja.

Og heilt vagnhlass keypti ég af allra handa húsmunum. Komið og sjáið þá og spyrjið um verð áður en þér kaupið annarstaðar.

Kjörkaup verða gefin á öllum sköpuðum hlutum, sem í búðinni eru, framyfir nýár. Og hæsta verð borgum við fyrir alla bændavöru.

30c fyrir egg, 25c fyrir smjör, 12 til 15 cents fyrir pundið í gripahúðum.

Gleymið ekki að biðja um 20 pd. af sykri fyrir dollarinn.

$95.00 Hús-orgel, lítið brúkað, fæst nú fyrir $50.00, og skilmálar góðir.

E. Thorwaldson & Co,
Mountain - - N. Dak.

ÁÐUR en menn taka inn bragðvond lyf, er gott að tyggja ögn af smára, hann deyfir smekkinn.

Nei, Sko!

ALLAN þennan mánuð (des) sel ég vörur mínar með sérlega lágu verði.—Notið því tækifærið.— Allir vita, sem áður hafa við mig verzlað, að vörur mínar eru af beztu tegund, og allir fá rétta vigt og fljóta afgreiðslu. — Til dæmis:—

17 pd af Rúsp. Sykri fyrir	$1.00
18 pd af góður Sykri "	1.00
14 pd af Mola Sykri "	1.00
9 pd af bezta Rio Kaffi "	1.00
20 pd af Hrísgrjónum "	1.00
20 pd af Sagogrjónum "	1.00
20 pd af Hvítum baunum	1.00
20 pd af Splitbaunum "	1.00
3 pd af Sveskjum "	0.25
3 pd af Rúsínum "	0.25
3 pd af hreins. Kúrennum	0.25
8 stykki Royal Crown sápu	0.25
3 pd kanna Baking Powder	0.25
1 pd " G. S. " "	0.15
3 pd af Sætabrauði fyrir	0.25
3 pd af Sóda Biscuits "	0.25

Og allt annað þessu líkt. Gefið landa yður tækifæri meðan hann er á vegum yðar, landar góðir!

W. NORDAL
West Selkirk, -- Man.

The Abernethy Tea Rooms

Eru nú undir nýrri ráðsmensku. Vér getum selt fólki góðar máltíðir og hressingar eftir þann 9. þ. m.—

21 mál íðarsedlar $3.50

472 PORTAGE AVE.

Omeinguð Hörlérept

beint frá verksmiðjunni á Írlandi. Af því vér kaupum beint þaðan, getum vér selt írsk hörlérept ódýrar en aðrir í borginni. 15 prósent afsláttur næstu 2 vikur.

C. S. S. Malone
552 PORTAGE AVE. Phone Main 1478
16-12-9

MARTYN F. SMITH,
TANNLÆKNIR.
Fairbairn Blk. Cor Main & Selkirk

Sérfræðingur í Gullfyllingu og öllum aðgerðum og tilbún aði Tanna. Tennur dregnar án sársauka. Engin veiki á eftir eða gómbólga —

Stofan opin kl. 7 til 9 á kveldin
Office Phone 6944. Heimilis Phone 6462.

Gólfteppa Hreinsun

Vér stoppum og þekjum gamla stóla, legubekki og fleira. — Flyt húsgögn og geymi þau yfir lengri eða styttri tíma. —

W. G. Furnival
312 Colony St. Phone 2041.

Húðir og ógörfuð Loðskinn

Verzlun vor er vor bezta auglýsing. Sendið oss húðir yðar og loðskinn og gerist stöðugir viðskiftamenn.

Skrifið eftir verðlista.

The Lightcap Hide & Fur Co., Limited
P.O. Box 1092 172 176 King St Winnipeg
16-9-10

Ný Kjötverzlun

Allar vörur af beztu tegund.

H. SIMONITE, eigandi
Talsími: 947 110 Isabel St,
16-9-10

Drs. Ekern & Marsden,

Sérfræðislæknar í Eftirfylgjandi greinum: — Augnasjúkdómum, Eyrnasjúkdómum, Nasasjúkdómum og Kverkasjúkdómum. : :

Í Platky Byggingunni í Bænum
Grand Forks, :: N. Dak.

J. L. M. THOMSON, M.A., L.L.B.
LÖGFRÆÐINGUR. 255½ Portage Ave.

Hubbard, Hannesson and Ross
LÖGFRÆÐINGAR
10 Bank of Hamilton Chambers
Tel. 378 Winnipeg

ANDERSON & GARLAND
LÖGFRÆÐINGAR
35 Merchants Bank Bldg. Phone: 1561

BONNAR, HARTLEY & MANAHAN
Lögfræðingar og Landskjala Semjarar
Suite 7, Nanton Block, Winnipeg

W. R. FOWLER A. PIERCY.

Royal Optical Co.
307 Portage Ave. Talsími 7286.

Allar nútíðar aðferðir eru notaðar við augn skoðun hjá þeim, þar með hin nýja aðferð, Skuggaskoðun, sem kjörsýni öllum ágiskunum. —

Dr. G. J. Gislason,
Physician and Surgeon
Wellington Blk. - Grand Forks, N. Dak

Sjerstakt athygli veitt AUGNA, EYRNA, KVERKA og NEF SJÚKDÓMUM.

It's going UP.

Þú getur ekki búist við

að það geri annað en eyðast í reyk, því ekki að fá nokkur tons af okkar ágætu kolum, og hafa ánægjuna af, að njóta hitans af þeim, þegar vetrarkuldarnir koma. Komið til vor og nefnið þetta bl.

D. E. ADAMS COAL CO.
YARDS Í NORÐUR, SUÐUR, AUSTUR OG VESTURBŒNUM
Aðal Skrifst.: 224 BANNATYNE AVE.

EKRU-LÓÐIR

3. til 8 ekru spildur við rafmagns brautina, 5 milur frá borginni, — aðeins 10 mínútna ferð á sporvagninum, og málborin kaupsamningur alla leið. Verð $200 ekran og þar yfir. Aðeins eina-fimtiparter borgist strax, hitt á fjórum árlegum afborgunum.—

Skuli Hansson & Co.

Skrifst. Talsími 6476. Heimilis Talsími 2734

Heimskringla.

Vér höfum næga skildinga

til að lána yður mót tryggingu í bújörðum og bæjar-fasteignum. Seljum lítbúðabréfir og eldsábyrgðir. Kaupum sölusamninga og veðskuldabréf.

Frekari upplýsingar veita

Skuli Hansson & Co.

56 Tribune Building. Winnipeg.

XXIV. ÁR WINNIPEG, MANITOBA, FIMTUDAGINN, 16. DESEMBER 1909 NR. 11

HÉR ER STÓR LISTI af Matvöru

þeirri, sem fólk þarf til JÓLANNA. Þetta eru alt GÓÐAR vörur með allra lægsta söluverði:

2 könnur Strawberries á 25
3 " Plums fyrir 25
2 " PineApples fyrir 25
Pitted Cherries, vanal. seldar á 20c en nú fyrir 15
3 könnur af Corn fyrir 25
3 " af Peas fyrir ... 25
Besta Japan Hrísgrjón 6 pund fyrir..... 25
5 pakkar af Jelly fyrir 25
Molasses kannan á.... 10
Hunang, flaskan á 20
3 pund af Smábrauði á 25
3 " af Ginger Snaps 25
SodaBiscuits-kassinn á 20
5 punda fata af Jam á 45
NÝ EGG, tylftin á 32½
4 pd af Cooking Figs á 25
3 pd af Dates fyrir.... 25
Oranges,—(þessar góðu sætu, steinlausu,): 30c. 40c og 50c dúsinið
Candy, pundið frá 10—40c
Fruit Nectar, stór flaska vanalega 35c, nú fyrir 25
Minni fl. vanaverð 25 á 20
Ginger Wine flaskan á 35
Cherry Wine flaskan á 35
Fíkjur í kössum 10
Pickles í flöskum, vana legt verð 25c, nú fyrir 18
Pickles, minni flöskur, vanaverð 15—20c nú 10
3 pd. af reyktri Ýsu á 25
Bestu hreinsaðar Rúsínur 3 pund fyrir 25
Bestu lausar Kúrennur 3 pund fyrir..... 25
3 pakkar af Rúsínum á 25
Lemons, dúsinið fyrir 30
Shredded Wheat, vana verð 20c pakkinn, nú 15
Jólakerti í kössum á 10

Gleymið ekki að fá yður ögn af harðfisknum sem vér höfum nú.

CLEMENS, ÁRNASON & PÁLMASON

Phone: Main 5343. 678—682 Sargent Ave.

Þessi verðlisti gildir til jóla — munið það

Fregnsafn.

Markverðustu viðburðir hvaðanæva

— Gústaf konungur í Svíaríki hefir tekið upp það markverða nýmæli, að ferðast um meðal verkamanna dulaðdur, og að vinna með þeim. Nýlega vann hann næstum heilan laugardag með hópi verkamanna að því, að bera kolapoka upp úr skipi, sem verið var að afferma í Stokkhólmi. Í samræðum við vini sína um kveldið, lét hann þess getið, að hann mundi halda áfram að ferðast um meðal verkalýðsins og að vinna að ýmsum störfum, sem fyrirfellust meðal þeirra. Með þessu eina móti kvaðst hann geta komist að skoðunum verkamanna á málum þeirra og á landsmálum yfirleitt, og það væri sér nauðsynlegt, til þess að geta sniðið löggjöf landsins eftir þörfum vinnendanna. Hann kvaðst í þessari fyrstu vinnuferð sinni hafa komist að ýmsum skoðunum verkalýðsins, sem sér hefði áður verið með öllu ókunnugt um. — Hann kvaðst álíta það skyldu þjóðhöfðingja, engu síður en nauðsyn, að komast sem næst og kynnast sem bezt hagnaðarháttum, þörfum, eftirlöngunum og mentastigi verkalýðsins í ríkjum sínum.

— Nýlega er látin Marja prinsessa af Orleans, kona Valdimars prins, yngsta sonar Kristjáns níunda. Hún dó úr lungnabólgu, og var á fimtugsaldri. Hún var listfeng kona og vinsæl af alþýðu í Danmörku.

— Frumvarp hefir verið lagt fyrir Ottawa þingið til breytinga á bankalögum Canada. Meðal annars er þar farið fram á það, að hvenær sem 15 hluthafar krefjist þess, þá skuli bankastjórnin skyldug til að kalla almennan hluthafafund og þar leggja fram hverja þá reikninga bankans, sem krafist verði, svo að hluthafarnir fái algerlega frjálsan aðgang að þeim til yfirlits. Þetta er gert til þess, að hægt sé, hvenær sem hluthafarnir þykjast hafa ástæðu til að gruna stjórnina um illa meðferð bankafjárins, — að yfirfara reikninga bankans í smáu og stóru, án þess að þurfa að hiða til lögákveðins ársfundar. Óvíst er ennþá, hvort þetta atriði nær samþykki þingsins, þó svo ætti að vera.

— Sú fregn barst í síðustu viku frá Englandi, að Dr. Cook, pólfari, hafi siglt með gufuskipinu Philadelphia áleiðis til Danmerkur. Ekki hafði hann umgengist neitt annað fólk á skipinu og fáir vissu, að hann væri um borð.

— Einn liðurinn í vitnaleiðslu þeirri, sem komið hefir fram í rétti í Japan gegn mönnum þeim, sem kærðir eru um að hafa myrt Ito greifa, eru hrevfimyndir, sem sýna, hvernig morðið var framið, og er það í fyrsta sinni að slíkar myndir hafa verið notaðar sem réttargagn. Svo stendur á þessu, að Rússastjórn hafði sent myndasmið til þess að fylgja Ito greifa eftir á ferðum hans um Manchuriu og til Kína, því þangað átti hann að fara til þess, að skrifa stjórnarskrá fyrir Kínastjórn. Þessi myndasmiður var til staðar, þegar ráðist var á Ito greifa og honum veitt banasárið. Myndirnar af þessum atburði eru sagðar svo skýrar, að þær sýni nákvæmlega hvern andlitsdrátt og hverja hreyfingu þeirra, sem þar voru viðstaddir.

— Vancouver og Prince Rupert kjötfélagið hafa nýlega keypt í Suður-Alberta 10 þúsund ekrur lands og á því 2 þúsund nautgripi og 400 hesta. Alt fyrir 250 þúsund dollara.

— Lögmaðurinn Francis J. Heney, sem fyrir nokkrum árum lögsótti og fékk dæmda í fangelsi ýmsa af mönnunum í borgarráði San Francisco borgar, sótti nýlega um kosningu sem lögmaður borgarinnar, — en hann tapaði með 15 þús. atkvæða mun.

— Vegna þess, hve baðmull hefir mjög hækkað í verði, hafa nokkur dúka-vefstæði á Englandi orðið ýmist að hætta starfi algerlega um tíma, eða að láta vinnendur sína vinna að eins hálfan tíma. — Margar þúsundir manna tapa þannig atvinnu um káveturinn.

— Voða-rok var á Erievatni í síðustu viku, og varaði það fulla 3 sólarhringa. Fátt skip brann upp á vatninu í þessu veðri, og skipstjórinn lagði frá því með 12 menn í björgunarbátnum, og eru menn hræddir um, að þeir hafi allir farist. Yfir 50 manns hafa týnt lífi í þessum byl á vatninu.

— Dr. Samuel Bailey í Des Moines í Iowa hefir í ræðu, sem hann flutti fyrir aldinræktunar félaginu þar í ríkinu þann 9. þ.m., gert þá staðhæfingu, að öruggasta lækning við áfengislöngun sé að neyta sem mest aldina og að drekka epla-Cider. Hann sagði það sannreynt, að þeir, sem lifðu að miklu leyti á kjötmeti, væru hneigðastir til áfengisnautnar, en hinir síður, sem mest lifðu á kornmat og ávöxtum. Mál þetta hefir síðan verið rætt í ýmsum blöðum og vísinda. og mentamenn hafa undantekningarlaust talið þessa kenningu Dr. Bayley's rétta.

— Hillingar eru "gerðar eftir máli" í Hopkins University. Pról. R. W. Wood hefir stjórnað þeim sýningum þar, til fróðleiks nemendunum. Hann sýndi nýlega afrikanska sandauðn og hillingar á henni. Sandauðnina gerði hann með því, að bera sand á 15 feta langa járnplötu, sem hann hitaði með gasi, þar til sandurinn náði vissum hita, Með spegilgleri kastaði hann sólargeisla á hvítan pappír, sem hann hafði út við endann á sandplötunni. En pappírinn var látinn tákna sjóndeildarhring himinhvolfsins. Þegar sandurinn náði vissu hitastigi, þá virtist þeim, sem horfðu eftir sandfletinum, eins og stórt vatn vera á auðninni, og á bak við það sandhólar. Þetta var sýnishorn af hillingum, og svo virtist það náttúrlegt sem væri það úti á víðavangi.

— Lúterskur prestur, Ole Fugelskie, sem vann að trúboði í Minnesota, fanst örendur í tamarac-flóa á fimtudaginn var. Kirkja hans var í Spooner í Norður-Minnesota, og hann var á leið þangað til að flytja þar guðsþjónustu, en varð úti í skóginum.

— Sendiherra Rússa í Parísarborg sendi nýlega stjórn sinni þá fregn, að stjórn Japans hefði fastákveðið, að leggja Kóreu eyjuna algerlega undir japanska ríkið, þó það sé beint brot á móti friðarsamningum þeim, sem Japanar gerðu við Rússa. Þessi ákvörðun hefir verið tekin síðan Kóreumenn myrtu Ito greifa.

— Denver borg hefir bygt leikhús og starfrækir það sem þjóðeignastofnun. Borgarstjórinn þar R. W. Speer á upptökin að þessari hugmynd. Hann ræddi mál þetta mjög við borgarbúa, og hélt því fram, að sveitarfélagið ætti að sjá íbúum sínum fyrir almennilegum skemtistað, engu síður en að sópa strætin fyrir þá. Hann kvað og aðgöngugjald að leikhúsum vera alt of hátt, og með ýmsum fortölum fékk hann bæjarráðið til þess, að takast í fang að byggja leikhús. — Leikhúsið tók til starfa 1. nóvember sl. Á fyrsta mánuðinum varð inntektin 12 þúsund dollarar, með því að meðal-aðsókn að húsinu var um og yfir 2 þús. áhorfendur á dag. Beztu leikflokkar í landinu eru fengnir til að leika þar. Flokkarnir fá 70 prósent, en bærinn 30 prósent af ágóðanum. — Þetta er fyrsta þjóðeigna-leikhús í Bandaríkjunum.

Hannes Þorsteinsson

RITSTJÓRI,

er fæddur 30. ágúst 1860 á Brú í Lisau,stungum. Foreldrar hans voru: Þorsteinn bóndi (dáinn 12. júní 1904) Narfason og Sigrun (d. 5. apríl 1894) Þorsteinsdóttir hreppstjóra á Drumboddsstöðum.

Olst hann upp hjá foreldrum sínum til tvítugs aldurs, og réri hann þá til sjávar á vetrarvertíðum hin sðari árin. Gekk inn í I. bekk lærða skólans 1880, og útskrifaðist þaðan sumarið 1886 með I. einkunn. Vorið 1887 tók hann próf í forspjallsvísindum við prestaskólann með einkunninni "ágætlega", og embættispróf í guðfræði frá sama skóla í ágúst 1888 með I. einkunn. Hafði svo á hendi um nokkur ár ýms kenslustörf í Reykjavík, þar á meðal stundakensla í latínuskólanum.

HANNES ÞORSTEINSSON.

Á nýári 1892 tók hann við ritstjórn Þjóðólfs, sem hann varð þá eigandi að, og hefir verið það síðan, og hefir blað hans haft meiri alþýðuhylli undir hans ritstjórn en flest önnur íslenzk blöð, og þar af leiðandi reynst sigursælt í þeim málum, sem það hefir veitt fylgi sitt.

Árið 1901 var hann kosinn 1. þingmaður Árnesinga og hefir haldið því sæti síðan, þrátt fyrir megnan andróður mótstöðumanna sinna. Á síðastliðnu þingi, 1909, var hann kosinn forseti neðri deildar, og reyndist hann vel kjörinn til þess starfa.

Hannes er frjálslyndur og fylgir óhikað sannfæringu sinni, hver sem í hlut á. Hann lætur sér einkar ant um hagsmuni kjördæmis sins, og eitt er víst, að þjóðræknari mann finnum við vart meðal Íslendinga. Þess vegna var það, að hann fylgdist með þjóðræðis- og landvarnar-mönnum, þegar blaðamanna ávarpið var birt haustið 1906. Sömuleiðis einn af Þingvallafundar boðendum sumarið eftir (1907), að hann matti meira heill og réttindi Íslands en bli dt flokksfylgi við ýmsa vini sína og hina svonefndu heimastjórnarmenn.

Eins og flestum Vestur-Íslendingum mun kunnugt, þá hefir hann manna mest unnið á móti útflutningum til Vesturheims, og er mér óhætt að fullyrða, að margir meðal Vestur-Íslendinga leggja honum það ekki til ámælis, og það meira að segja ekki einu sinni sjálfir agentarnir, sem þó fengu stundum hjá honum óvægilegar hnútur fyrir ferðirnar heim, þegar þeir voru að leiðbeina löndum sínum af landi burt. því flestir sáu hvað á bak við lá; hann fann sárt til þess, hve mikið tjón það var fyrir ættjörðina, þegar heilir hópar af hraustu og efnilegu fólki streymdu til Ameríku, og flest af því horfið henni til fulls. Eigi að síður kann hann að meta mannkosti Vestur-Íslendinga og drengilega framkomu gagnvart ættjörðinni heima. Annars er nú, sem betur fer, alþjörlega horfinn rígur sá og misskilningur, sem áður átti sér stað mill Austur- og Vestur-Íslendinga.

Hannes er allra manna fróðastur, einkum í fornum sögum og ættfræði. Hann er skemtinn í viðræðum og minnið óbilandi. — Það mun áreiðanlegt, að hann láti af ritstjórn við blaðið um næstkomandi nýár.

Hann er giftur Jarðþrúði Jónsdóttur, háyfirdómara Péturssonar, bróður Péturs biskups. S.Á.

Framanskrifuð grein um Hannes ritstj. Þorsteinsson, með mynd hans, er tekin í blaðið samkvæmt tilmælum herra Sveins Árnasonar, sem ritað hefir greinina í tilefni af því, að Hannes Þorsteinsson leggur niður ritstjórn Þjóðólfs um næstu áramót, eftir 17 ára starf við blaðið. Ritstj.

OGILVIE'S

Royal Household Flour

Til Brauð og Köku Gerðar

Gefur Ævinlega Fullnægingu

EINA MYLLAN Í WINNIPEG.—LÁTIÐ HEIMAÞNAÐ SITJA FYRIR VIÐSKIFTUM YÐAR

DÁNARFREGN.

Þann 13. nóv. sl. lézt að heimili sínu Sheridan í Oregon, STEFÁN bóndi BRYNJÓLFSSON, á 71. aldursári, — ættbróðir Brynjólfs Brynjólfssonar, að Mountain í Norður Dakota. Stefán var tvígiftur: Fyrri kona hans var Guðrún Guðmundsdóttir frá Árbæ í Skagafjarðardölum, Síðari konan, Helga Erlendsdóttir frá Hnefilsdal í Norðurmúlasýslu, lifir enn hjá dóttur þeirra, sem er gift í Sheridan.

Stefán var vandaður og valinkunnur að öllu og hinn mesti dugnaðarmaður, — og fylgir honum í gröfina virðing og þakklæti allra, sem þektu hann.

Fréttir fjær og nær.

PINE VALLEY, MAN.

8. des. 1909.

Eins og lög gera ráð fyrir fóru fram útnefningar til sveitarstjórnar í Municipality of Sprague þriðju daginn þann 7. þ.m. Þessir voru tilnefndir:

Til oddvita: J. Stephenson og P. Pálmason.

Meðráðamenn: Ward 1—B. G. Thorwaldson, S. J. Magnússon (Íslendingar), John G. Thomson og E. Kleng (Norðmenn).

Ward 2—P. Dalman (Isl.) og Dan Uoonson (þjóðv.).

Ward 3—William Badry (franskur) og Peter Lind (svenskur).

Þessir 4 síðastnefndu eru kosnir gagnsóknarlaust. En samt þurfa kosningar að haldast í öllum deildum, og er það skemt, því þeim peningum, sem það kostar, hefði verið betur varið til annara umbóta. Kjósandi.

MINNEOTA, MINN.

6. desember 1909.

Mannslát: Síðan ég skrifaði síðast, hefir hér dáið Stefán G. Sigurðsson, frá Ljósavatni.

S. S. G. var um eitt skeið einn í fremstu röðum hér í bygð. Hann var lipurmenni í mörgum greinum, kátur, fjörugur og gestrisinn. — Fyrir nokkrum árum flutti hann héðan vestur til Dakota og nam þar land.

Tíðarfar hefir verið nú um stund ákaflega óstöðugt, snjóbrotur, regn og stormar. Í dag er frost, 10 stig fyrir neðan zero.

Verzlunarhorfur góðar, afurðir allar í háu verði; daglaun í algleymingi, verkamannaekla, það er að segja þeirra, er vilja vinna, — gnægð af iðjulausum letingjum.

S. M. S. Askdal.

— Skaðabótamál var nýlega fyrir rétti á Englandi. Blaðið London Standard hafði haft einhver orð um það, að Richard Cadbury sál. hefði grætt milióna auð sinn á að búa til sjókólaði, sem framleitt hefði verið með þrælavinnu, þannig, að hann hefði keypt sjókólaði efnið frá St. Thomas eyjunni við strendur Afríku. Sú eyja liggur undir Portúgal, og þeir sem rækta sjókólaði-efnið eru sann-nefndir þrælar. Fyrir þessi ummæli höfðuðu erfingjar Cadbury sál. skaðabótamál móti blaðinu, og unnu það á þann hátt, að þeim var dæmt einn farthing í skaðabætur, sem er sama sem 2 aurar eða hálft cent.

Kappspil um "Turkey."

Allir meðlimir Íslenzka Conservative Klúbbsins ættu að koma á fund á fostudagskveldið í þessari viku (17. þ. m.), og sýna kunnáttu sína í "Pedro"-spili. Sá sem vinnur fær stóran "Turkey" að verðlaunum.

— Fjölmenn nefnd hefir beðið Laurier stjórnina um ríflegan styrk 2½ miljón dollara til þess að koma hér á heimssýningu í Winnipeg árið 1912. Sir Wilfrid sagði að upphæð sú, sem búist væri við að verja til sýningarinnar, væri of lítil, og að stjórnarstyrkur sá, sem um væri beðið, væri alt of mikill. Þess vegna kvaðst hann verða að fá tíma til að hugleiða málið, áður en hann gæti gefið nokkurt ákveðið svar.

Wall Plaster

Með því að venja sig á [illegible] brúka "Empire" [illegible] dir af Hardwall og Wood Fibre Plaster er [illegible] hér [illegible] ess að fá [illegible] afleiðingar

Vér [illegible] um til:

"Empire" Wood Fibre Plast
"Empire" Cement Wall "
"Empire" Finish "
"Gold Dust" Finish "
"Gypsolite" Plaster of Par[illegible]
[illegible] Gypsum [illegible]

Eru [illegible] ráð að sjá [illegible] bygging yðar?

MANITOBA GYPSUM CO. LTD

STEINPRÓFUR OG MULAR I

Winnipeg, - Man

Fundarboð.

Almennur fundur enska Conservative Klúbbsins verður haldinn í Maw Block á fimtudagskveldið í þessari viku (16. þ.m.) kl. 8 að kveldi, til þess að útnefna embættismenn klúbbsins fyrir næsta ár. Margir ágætir ræðumenn verða þar. Meðal þeirra Hon. R. B. Roblin.

Íslendingum er sérstaklega boðið að vera á fundinum.

Heimskringla

Published every Thursday by The Heimskringla News & Publishing Co. Ltd

verð blaðsins í Canada og Bandaríkjunum $2.00 um árið (fyrir fram borgað). Sent til Íslands $2.00 (fyrir fram borgað) (innborgunar blaðsins kostar $1.50)

B. L. BALDWINSON
Editor & Manager.

Office:
729 Sherbrooke Street, Winnipeg
P. O. BOX 3083. Talsími 3512.

Sykur einveldið.

Allir, sem hafa bragðað sykur, vita, að hann er sætur og í mesta máta ljúffengur. En afleiðingarnar af verzlun þeirrar vöru eru ekki eins ljúffengar öllum þeim, er að henni vinna, einkanlega þegar svikseminni sykur-einveldisins hefir orðið uppvís, því að nú hefir stjórnin tekið til sinna ráða, og ekki að eins opinberað alþýðu alt leyndarmálið, heldur einnig hegnt þeim, sem sekir voru.

Fyrir nokkrum tíma síðan var það uppgötvað í tollhúsi New York borgar, að sykur einveldið í Bandaríkjunum hefir lagt það í vana sinn, að vega aðkeyptan sykur með röngum vogum, sem sýndu minni sykur en vera átti. Þetta hefir verið gert til þess, að spara einveldinu frá 2 til 10 prósent af þeim tolli, sem því bar að borga samkvæmt landsins lögum. Þetta hefir gengið þannig um fjöldamörg ár, og Bandaríkjastjórninni telst svo til, að hún eigi stórfé hjá einveldinu. Þeir, sem kærðir voru um sviksemi, voru undirtyllu-þjónar sykur-einveldisins, og hægri stéttar embættismenn stjórnarinnar, því að það þykir hjóslega sannað, að sviksemin hafi ekki getað átt sér stað, nema með vitund og tilhjálp vissra tollþjóna.

Þegar herra Loeb, sem fyrstur gerði þessa uppgötvun, fór að grenslast betur um þetta mál, komst hann að því, að ekki að eins undirtyllu-þjónar, heldur einnig háttstandandi embættismenn einveldisins, voru sekir í tollsvikunum, og þeir verða sóttir að lögum fyrir glæpi þá, sem sýnt er að þeir hafa gert sig seka í.

Þessi tollsvik hafa eftir þeim gögnum, sem fram eru komin, verið mjög viðtæk, og ýmsir þeir menn verið bendlaðir við þau, sem talið er líklegt, að verði að flýja landið, til þess að komast hjá fangelsi.

Það hefir og sannast við nánari rannsókn, að tollsvikin öll eru miklu stórfeldari en í fyrstu var ætlað. Vöruflutningaskjölin sýna, að af 20 miljón tons af sykri, sem einveldið keypti og borgaði fyrir flutning á, taldi það að eins 16 miljónir tons til tollgreiðslu og sveik þannig stjórnina um tollgreiðslu á 4 miljónum tonna. En svik einveldisins náðu ekki eingöngu til tonnatalsins eða þyngdar sykursins, heldur einnig til gæða hans. Hann var á tollskýrslunum talinn að vera af miklu lægri tegund, en hann var í raun og veru. Lögin gera ráð fyrir misjafnlega háum toll á sykri, eftir gæðum vörunnar eða sætindamagni, en sætindamagnið er mælt með vísindalegum og einkar nákvæmum mæli, er nefnist "polariscope", og þau verkfæri geta að eins þeir menn notað, sem sérstaklega hafa lært til þess. Það er álitið, að sá liður toll-laganna, sem lýtur að sykurtegundum, sé ekki annara meðfæri að skilja rétt en þeirra, sem sérstaklega hafa lært sykurmælingar, og að tvísýnt sé, að nokkur maður, sem nú er í þinginu skilji þennan lið tillögunnar rétt. En sykur-einveldið hefir ýmsa menn í sinni þjónustu, sem skilja þessi atriði. Enda á það hæðernið að þessum lið í tillögunum, hann var þar settur eins og einveldið hafði orðað hann, og hann er þannig orðaður, að ekki maður af miljón er til, sem skilur þennan lið fullkomlega eða kann að mæla sykurmagnið. Að eins 2 eða 3 æfðir lyfja-sérfræðingar hafa þann starfa, að mæla sætindamagn sykursins, og það er bókstaflega ómögulegt, að andmæla því, sem þeir segja um sykurgæðin, og það eru þessir náungar, sem talið er að hafi verið aðal-svikatólin í auðveldisins höndum. En sérfræðingar stjórnarinnar hafa komist að því, að einveldið hafi með svikavog sinni haft af stjórninni frá 1 til 2 centa toll á hverju sykurpundi, eða nákvæmlega, frá .95 til 1.95, eftir sætindamagni sykursins. Á voginni er talið að einveldið hafi haft af stjórninni 80 miljónir dollara minst og alt að 156 miljónum, og á auglýstum sykurgæðum aðrar 80 miljónir. Alt þetta hefir því tekist að hafa af ríkisfjárhirzlunni um margra ára tíma.

Það hefir lagst á meðvitund embættismanna Washington stjórnarinnar, að þetta sykur-einveldi sé það óskammfeilnasta félag, sem til sé í landinu. Félag þetta var fyrir 15 árum uppvist að megnri sviksemi og féllu þá hlutir þess um fjórðung verðs. En vissir Senatorar komu þá félaginu til hjálpar, svo að hlutir þess náðu fullverði eftir fáar vikur. Lítill efi þótti á því leika, að sykur-einveldið hefði þá keypt Senatorana, eða marga þeirra, sér til styrktar, en þein sönnun fékst ekki nema móti einum, sem alt í einu fékk eignarhald á 1500 hlutum í félaginu, án þess að geta sýnt, að hann hefði beðið um þá eða borgað fé fyrir þá. — Nokkrir aðrir Senatorar urðu um sömu mundir vel fjáðir. Margir efrimálstofumenn heimtuðu þá rannsókn í máli þessu öllu, en Gorman Senator, sem þá réð lögum og lofum í deildinni, gerði alt sem í hans valdi stóð, til að koma í veg fyrir það. En svo fór þó að lokum, að nefnd var sett til að rannsaka málið, og það endaði svo, að milligöngumaðurinn milli félagsins og Senatoranna kaus heldur að sæta fangelsi en að ljósta upp um skjólstæðinga sína.

Önnur hneyksli, sem félag þetta hefir valdið, hafa við og við komið fram. En alt af hefir einveldið haldið velli, og hugsanlegt er, að svo verði enn þá, þó allir vita nú starfsaðferð þess og syndasekt gagnvart þjóðinni. Það eina, sem einveldi þetta hefir sér til ágætis, er það, að varan sem það selur, er sæt og ljúffeng.

Armleggur laganna.

Hið svo nefnda "Scotland Yard" spæjarafélag á Englandi, hefir um langan aldur verið talið hið öflugasta félag sinnar tegundar í heimi, og er þó Rússum viðbrugðið fyrir kænsku í að elta uppi glæpamenn, og fá þeim hegnt, hvar sem þeir eru í heiminum.

En Bandaríkin hafa sýnt það á sl. árum, að þau eru ekki eftirbátur nefnnar þjóðar í heimi í þessu efni. Herra James McCafferty í New York, formaður leynilögreglunnar þar, teygir arm laganna út í yztu afkyma heimsins til þess að þreifa þar eftir glæpamönnum, og svo er sú þreifing nákvæm, að varla er nokkur sá maður, sem sekur gerist við lög Bandaríkjanna, að hann ekki náist og sæti hegningu, hvar í heiminum, sem hann felur sig. Enginn slíkur maður er nokkursstaðar óhultur fyr en dauðinn heimsækir hann, og líkurnar eru hundrað móti einni, að lögreglan nái honum fyr en hann varir.

Það gildir að einu, hvort flóttamaðurinn felur sig í hinum þéttbygðustu stórborgum í heimalandi sínu eða útlöndum, eða hann dylst í fámennustu útjaðra sveitum eða óbygðum héruðum, sem jafnvel ekki eru nefnd á uppdráttum landanna. Hvort sem hann hefst við í frumskógum óbygðanna eða á eyðiey úti í reginhafi, og hvort sem hann gengur undir sínu rétta nafni eða gerfinafni, og hvernig sem hann breytir útliti sínu og lífskjörum, — þá rekur jafnan að sama brunni, að hann finst. Þegar hann hefir í einhverjum afkyma veraldar talið sér trú um, að hann sé úr allri hættu og að glæpur hans sé gleymdur; þá vaknar hann áður enn varir upp við það, að lagaarmleggur Bandaríkjanna er útréttur frá 300 Mulberry Street, og gripur hann heljartaki og togar hann til Bandaríkjanna á þann stað, sem glæpurinn var framinn og lætur hann þar sæta ábyrgð allra sinna misgerða.

Herra McCafferty hefir í þjónustu sinni ýmsa skörpustu og slungnustu spæjara í heimi. Þeir eru fingurnir á armlegg laganna, og þeir halda í heljargreipum sínum hverju því, sem þeir ná taki á. Þessir menn setja sig í sífelda lífshættu í viðureign sinni við svæsnustu glæpaseggi landsins. Stundum týna þeir lífi fyrir skotum glæpamanna þeirra, sem þeir eiga í höggi við, en einatt eru þá aðrir til að halda áfram baráttunni unz sigur er fenginn. Þessir spæjarar staðhæfa, að þegar glæpamaðurinn hefir verið handsamaður, þá létti honum fyrir brjósti með því, að öllum undankomu áhyggjum létti þá á honum. En á flóttanum sén þeir sífeldlega órólegir og ótta slegnir. Þeir gruna alla, sem þeir mæta um, að vera spæjarar, líkt eins og margir á Íslandi gruna alla þá, sem koma héðan að vestan til að finna ættingja og vini á fóðurlandinu, um að vera stjórnar-agentar í þeim erindagerðum að efla útflutning fólks úr landinu.

Sem dæmi þess, hvernig þessir Bandaríkja spæjarar leysa verk sín af hendi, skal hér getið nokkurra náunga, sem þeir hafa elt og handteknir.

Það eru að eins nokkrir dagar síðan Francis G. Bailey, ræningjaforingi á gufuskipinu Goldsboro sem sigldi frá New York í fyrra vor með 400 dollara virði af ýsu, var fluttur til baka til New York, eftir að hafa verið stöðugt eltur yfir 10 þúsund mílna langan veg, af David Wilbur, einum af spæjurum New York lögreglunnar. Og Frank Price var hjálparmaður hans í þessum langa eltingaleik. Og svo er sagt, að handtekning þessa manns sé eitt frægasta verkið, sem unnið hafi verið undir stjórn McCafferty's. Bailey þessi, forseti Export Shipping félagsins, sem hafði skrifstofu á neðri Broadway. Hann keypti vörurnar í skipið með lánum og loforðum um borgun síðar. Hann hafði með sér á skipinu Albert bróður sinn og 2 aðra menn, og þessir 4 menn sigldu skipinu til Honduras. Þeir breyttu nafni skipsins og nefndu það "Atlafida", og seldu Honduras stjórninni það. Þeir keyptu síðan 2 þúsund ekru banana akur, skipuðu upp vörum sínum og byrjuðu að byggja bæ á eigin reikning. Bailey hafði stúderað framsalslögin og komist að þeirri niðurstöðu, að ekki væri hægt að framselja sig. En lagaarmur Banda ríkjanna teygði sig eftir honum, og þeim til mestu undrunar, var hann og hinir 3 félagar hans framseldir í hendur Beery spæjara, sem þá var um borð í gufuskipi á höfninni í Puerto Cortez. Beery, sem var einn síns liðs, fékk tvo menn til að hjálpa sér með að hafa gát á þessum náungum, þá daga, sem hann beið þess, að skipið legði í haf. En Beery þurfti að sofa, og eina nóttina tókst Bailey að læðast fram hjá hinum varðmönnunum, og komst þannig undan. Beery komst með hina 3 fangana til New York, og Albert Bailey var dæmdur til fangavistar í Sing Sing fangelsinu. Francis Bailey hvarf algerlega, eins og sjórinn hefði glevpt hann, og Wilbur spæjari var sendur til að hafa upp á honum. Hann hafði aldrei séð Bailey, en hann hafði mynd af honum eins og hann bar fyrir sjónir, þegar hann gekk skrautbúinn eftir Broadway í New York. Wilbur hafði stöðugar gætur á þeim, sem komu til að heimsækja Albert Bailey í Sing Sing fangelsinu, og hann komst að því, að allir þessir náungar áttu heima í New York, og hann kom sér í kynni við suma þeirra og vini og kunningja þeirra. Meðal þeirra var ungfrú Catherine M. Slocum, sem kendi á skóla á Long Island. Og hann komst að því, að hún og Francis Bailey höfðu verið kunnug áður en hann hvarf. Hún átti vinkonu í Brooklyn, sem var gift lyfsala. Wilbur komst í kunningskap við lyfsalann og síðar við báðar konurnar. Ekkert þeirra dreymdi um, að hann hefði nokkurt samband við lögregluliðið. Á öllu þessu tímabili var ungfrú Slocum að skrifa bréf, líklega til Bailey. En þau voru einatt sett í annað umslag, og á það var ritað til lögmanns í Montreal, sem svo sendi bréfin áleiðis. Hún fékk og bréf með rithönd Baileys. En þau komu einnig gegn um Montreal lögmanninn, og gáfu þess vegna enga vitneskju til Wilburs.

Snemma í júní fór ungfrú Slocum í ferðalag í sumarfríinu. Wilbur komst á sömu vagnlestina, án þess hún vissi af því. Blaðadrengur gekk um lestina með lít-póstspjöld til sölu. Ungfrú Slocum keypti eitt þeirra, tók ritblý sitt og ritaði áritun á spjaldið. Hún fékk það svo vagnþjóninum, og bað hann að koma því í póstinn á næstu baðstöð. Á spjaldið var ritað: "Col. Edward Shannon Kirkconnel", og áfangastaður þess var smá-pósthús eitt í útjaðri British Columbia fylkis. Með þessu var engan veginn gefið til kynna, að Kirkconnel og Bailey væru í neinu sambandi. En samt fór Wilbur til British Columbia. Hann fann felustað Baileys, og það var svolítil flaggstöð úti í skógi, um 30 mílur frá Vancouver. Þar frétti hann, að Kirkconnel væri nýkominn í héraðið, og að hann hefði keypt 30 ekrur af skóglandi með fram Fraser ánni, og að 7 ekrur væru hreinsaðar. Hann bjó þar í loggakofa, en hafði nýlega bygt sér snyrtilegt smáhýsi, sem ætlað væri tveimur til íbúðar. Wilbur fann Kirkconnel út á akri að raka upp að kartöflum, með japönskum vinnumanni.

"Mér virtist", segir Wilbur, eins og ég hefði gert árangurslausa ferð. Maðurinn, sem nefndi sig Kirkconnel var hár vexti, grannur og axlasiginn, eins og hann kom mér fyrir sjónir í verkafötum sínum. Hann hafði á sér dökkmórauða skyrtu, gular dúkbuxur og gróðgerð stígvél, sem voru reimuð hálfa leið að hnjám upp. Hann var alskeggjaður og með gamlan stráhatt á höfði. Skeggið var úfið eins og það hefði ekki verið greitt í mánuð. Ég spurði hann, hvort hann væri Col. Kirkconnel, og jatti hann því. Þá spurði ég hann, hvort hann hefði aldrei gengið undir öðru nafni, og kvaðst hann eftir augnabliks umhugsun ekki hafa gert það. Ég tók þá upp mynd hans, hún líktist honum ekki meira en ég gerði. En hann vissi það ekki. Ég sagði honum, að ég væri þangað kominn til þess að taka hann með mér til New York. Hann varð hugsi nokkra stund og stakk um leið hójárninu sínu í lausa moldina. Mér datt í hug, að honum mundi nær skapi, að reka járnið í mig. En ég var við öllu búinn, og ég held hann hafi séð nokkurn veginn hvernig öllu var háttað. Hann sagði, að við gætum enga lest fengið fyr en kl. 8 að kveldinu, en bað mig að koma heim í kofa sinn á meðan og gera mig þar heima kominn. Ég frétti, að hann hefði keypt landið í nafni ungfrú Slocum og að hann hélt því sem vergi hennar. Frank Price spæjari kom með nauðsynleg framsalsskjöl, og á leiðinni austur sagði Bailey okkur nákvæmlega frá öllum sínum ferðum. Það stóð heima upp á dag, að við handtókum hann í Whannock réttu ári eftir að hann kastaði sér útbyrðis af skipinu í Puerto Cortez.

En á meðan hægri armleggur Bandaríkjalaganna teygði sig eftir Bailey, þá teygðist vinstri armleggurinn suður til Guayaquil í Equator í Suður-Ameríku, til þess að hremma Elínu Spencer, sem kærð var — ranglega, eins og síðar sannaðist — fyrir að lokka ungar stúlkur suður til Panama, til óskirlífis undir því yfirskyni, að þær ættu að vinna þar á leikhúsinu.

Þó að frú Spencer væri saklaus, þá var nauðsynlegt að beita slungnum kænskubrögðum til að komast fyrir sannleikann í máli þessu. En það varð brátt ljóst, að kæran mót frú Spencer var bygð á fölskum vottorðum.

Frú Spencer var um þessar mundir í Panama, og þangað voru sendir 2 spæjarar, þeir Griffin og Kessermark. Meðan þeir voru á leiðinni, flutti hún sig frá Panama og þegar þeir komu þangað, gátu þeir ekki fundið hana, án þess þó að hún reyndi á nokkurn hátt að hylja sig. En það vissu ekki spæjararnir. En samt komust þeir til Guayaquil og fluttu hana með sér þaðan til New York. Þar var mál hennar rannsakað og hún sýknuð með heiðri. Með þessu var það sýnt, að lögin láta sér eins ant um, að vernda þá, sem saklausir eru, eins og að festa sök og koma fram hegningu á þá seku.

Meðan þessir atburðir voru að gerast, var spæjaradeildin ekki aðgerðalaus annarsstaðar. Flood spæjari var sendur til Lundúna til þess að elta þar uppi Eleanor Lorraine Beattie, og Fitzsimmons spæjari var sendur til Redonda Beach í Californiu til þess að handsama Preston la Bay.

Eleanor Beattie var skörp kona og barst mikið á meðal heldra fólksins í New York. Hún var kærð fyrir að hafa svikið heilmikið af silfurvarningi út af Gorham Manufacturing félaginu, með því að kaupa það undir nafni þeirra, sem hún hafði komist í kunningsskap við. Einn af piltunum, sem vann í verkstæði félagsins og séð hafði konuna, dró upp mynd af henni. Af þeirri mynd þektist hún og var handtekin.

Preston la Bay vann fyrir félag í New York. Hann var kærður um að hafa stolið 7½ þús. dollarg virði af peningum. Skömmu eftir hvarf hans andaðist bróðir hans. Þegar hann sá það í blöðunum, gat hann ekki stilt sig um, að rita huggunarbréf til móður sinnar. Það varð honum að falli, því spæjaradeildin komst í bréfið og sendi eftir manninum, og fann hann í fylgsni sínu.

Eins var það með hinn slungna Dr. R. C. Taylor, sem kærður var um stórfeld námasvik, en strauk undan 33 þús. dollara ábyrgð að mæta fyrir rétti á ákveðnum degi. McConnell spæjari var sendur til að elta hann til Mexico og Suður-Ameriku. En þar tapaði spæjarinn algerlega slóð hans, en hélt samt áfram leitinni um 3. ára tíma, þar til loks að hann náði honum nálægt heimili hans í Philadelphia. Þá rak hann þar verzlun undir naíninu O. O. Oxford. Spæjarinn átti afar örðugt með að finna þennan mann. Hann hafði mynd af honum, sem tekin var í New York, þegar hann rak námasvika-verzlun sína, en O. O. Oxford var alskeggjaður og með öllu ólíkur myndinni. Samt gat spæjarinn áttað sig á manninum. Svo fór hann til ríkisstjórans í Pennsylvania, og fékk leyfi hjá honum til að taka manninn fastan og flytja hann sem fanga til New York, en á meðan á því stóð, komst doktorinn undan og hefir síðan ekki til hans spurst.

Paul Kelly, mótormaður á Lbrautinni í New York borg, sem árið 1905 var kærður um, að hafa viljandi orsakað brautarslys, sem varð 12 manns að bana, tókst að fela sig þar til í júlí 1907. Hann fór fyrst til St. Louis, að leita sér atvinnu. En er hann sá þar mynd sína í hverju blaði og kæruna, sem var á móti honum, þá varð hann hræddur og komst undan til New Mexico, og komst þar í brautavinnu. En heimþrá ásótti hann svo, að hann gat ekki stilt sig um, að fara til San Francisco, og fékk hann þar atvinnu. En hann var svo þunghúinn og undarlegur, að samverkamenn hans tóku eftir því, að hann mundi búa yfir einhverju áhyggjuefni. Einn þessara manna mintist á þetta við kunningja sinn, sem var í leynilögreglunni, og sá fór að athuga manninn, og þekti hann þá af myndum, sem verið höfðu af honum í blöðunum. Spæjarinn fékk þúsund dollara fyrir að handsama þennan mann.

Wilbur spæjari náði í aprílmánuði í fyrra Daniel R. Delaney, sem hafði strokið með 30 þúsund dollara af annara fé. Hann fanst í helli einum uppi í fjöllum og hafði dulist þar 5 mánaða tíma. Hann fanst af bréfum, sem hann skrifaði konu sinni. Spæjararnir komust í bréfin og eltu svo flóttamanninn. Þeir bjuggu sig út eins og veiðimenn, og nálguðust þannig flóttamanninn. Hann hafði hjá sér tvo stóra hunda. Delaney hafði búið sig undir, að verjast öllum ásóknum. Hann var vel vopnaður og hafði nægar skotfærabyrgðir í hellinum. En spæjararnir komust í fylgsni hans meðan hann var úti í skógi á veiðum. Og þegar hann kom heim aftur, þá réðust þeir á hann og tóku vopnin af honum áður en hann vissi, hvaðan á sig stóð veðrið.

"Kid" Regan, sem kærður var fyrir að hafa myrt Roy Joyce á Broadway í New York í aprílmánuði 1905, lék lausum hala í nærfelt 4 ár áður hann yrði tekinn til fanga. Á því tímabili ferðaðist hann um öll Bandaríkin, veðjaði á bardagamenn og veðreiðar, og þegar hann var orðinn félaus, vann hann sem þjónn á veitingahúsum. Peabody spæjari var grunaður um, að hafa hjálpað honum til undankomu, og til þess að reka það ámæli af sér, varði Peabody miklum tíma á eigin reikning og nokkurum hundruðum dollara til þess að finna flóttamanninn. Meðal annars frétti hann, að Regan hefði komist í fangelsi í New Orleans, en verið slept þaðan aftur. Síðar frétti Peabody, að Regan var að starfa að veðreiðum í Californiu. Var þá lögreglunni þar gert aðvart, og hún náði manninum í desember sl., rétt fyrir jólin.

Vito Damiano drap fyrir nokkrum mánuðum landa sinn í New York borg og flýði. Hans var leitað, en árangurslaust. Hann var Ítali. Nokkru síðar stóð svo á, að lögreglan í New York borg gerði áhlaup á Svarthandarfélags hæli eitt, og fann þar meðal annars prófapakka. Í pakka þessum var póstsspjald frá Damiano, sem tilkynti, að hann hefði komist leiðar sinnar til bróður síns í Buenos Ayres í Braziliu. Spæjari var sendur þangað, og það tók 8 mánaða tíma, að fá yfirvöldin þar til að láta hann lausan. Þessi náungi er nú að úttaka 7 ára fangavist.

Margar fleiri sögur líkar þeim, sem hér hafa taldar verið, mætti segja. Það er í mörgum tilfellum svo, að flóttamenn segja sjálfir til sín með bréfum til kunningja sinna. Sambandið milli póstmála og lögregludeildanna er þannig, að lögreglan hefir aðgang að hverju því bréfi, sem hún óskar að opna, og flóttamaðurinn má eiga það víst, að svo framarlega, sem hann riti nokkrum kunningja sínum einn staf, eða nokkur fyrir hans hönd, þá er lögreglan hárviss, að komast að því löngu á undan þeim, sem bréfin fá, því lögreglan er búin að lesa þau. — Lögreglan sparar ekkert, hvorki menn né fé, til þess að handsama hvern þann, sem sakaður er um glæp, þó hún þurfi að eyða árum af tíma og þúsundum dollara til að fullkomna starf sitt.

Einn með síðustu glæpamönnum sem eltur hefir verið, er J. E. Boeck, sem kærður var fyrir að hafa stolið 200 þús. dollara virði af gullstássi. Hann var eltur um allan heim, yfir til Kína og þaðan til baka til San Francisco og náðist þar.

Sparið Línið Yðar.

Ef þér óskið ekki að fá þvottinn yðar rifinn og slitinn, þá sendið hann til þessarar fullkomnu stofnunar.

Nýtízku aðferðir, nýr vélaútbúnaður, en gamalt og æft verkafólk.

LITUN, HREINSUN OG PRESSUN SÉRLEGA VANDAÐ

Modern Laundry & Dye Works Co., Ltd.
307—315 Hargrave St.
WINNIPEG, MANITOBA
Phones: 2300 og 2301

VEITIÐ ATHYGLI!

Nú geíst yður tækifæri á, að eignast heimili og bújarðir með sanngjörnu verði.

Hús og bæjarlóðir til sölu og skift fyrir bújarðir. Einnig seljum við og skiftum bújörðum fyrir bæjareignir, útvegum kaupendur fyrir eignir yðar, og önnumst um alls konar sölu og skifti.

Við útvegum peningalán með rýmilegum skilmálum, tökum hús og muni í eldsábyrgð, og seljum lífsábyrgðar skírteini með sérstökum hagnunum fyrir hluthafa fyrir lægsta og áreiðanlegasta Bandaríkjafélag. Komið og finnið oss að máli, og skrásetjið eignir yðar hjá oss. Fljótum og áreiðanlegum viðskiftum lofað.

The MONTGOMERY Co.
K.B. Skagfjörð, ráðsmaður.
Rm. 12 Bank of Hamilton
Cor. Main & McDermott.
Skrifstofu talsími, Main 8317.
Heimilis talsími, Main 5223.

JOHN DUFF
PLUMBER, GAS AND STEAM FITTER
Alt verk vel vandað, og verðið rétt
664 Notre Dame Ave. Phone 3815
Winnipeg

DR. H. R. ROSS
C.P.R. meðala- og skurðlækir.
Sjúkdómum kvenna og barna veitt sérstök umönnun.
WYNYARD, — SASK.

Dr. M. Hjaltason,
Oak Point, Man.

Jóhanna Olson
PIANO KENNARI
557 Toronto St. Winnipeg

Sv. Björnsson,
EXPRES-MAÐUR,
annast um alls kyns flutning um borgina og nágrennið. Pöntunum veitt móttaka á prentstofu Anderson bræðra, horni Sherbrooke og Sargent stræta.

Mrs. Williams
Komið og sjáið
Fínu Flókahattana
sem ég sel fyrir
$3.75
kostuðu áður 7—10 dollara.
704 NOTRE DAME AVE.
23-12-9

The ALBERTA Hreinsunar Húsið
Skraddarar, Litarar og Hreinsarar. Frönsk þur- og gufuhreinsun. Fjaðrir hreinsaðar og gerðar hrokn ar. Kvenfatnaði veitt sérstakt athygli. Sótt heim til yðar og skilað aftur. Allskonar aðgerðir. Fljót afgreiðsla. Verð sanngjarnt. Opið á kveldin. FÓN: Main 3466.
660 Notre Dame Ave., Winnipeg
23-9-10

ROBLIN HOTEL
115 Adelaide St. Winnipeg
Besta $1.50 á dag hús í Vestur-Canada. Keyrsla ókeypis milli vagnstöðva og hótelsins á nóttu og degi. Athygnisverð hressingarstofa. Vín og vindlar. Íslendingum ávallt óskað velkomins. William Ave strætiskarið fer hjá húsinum
O. ROY, eigandi.

JIMMY'S HOTEL
BEZTU VÍN OG VINDLAR.
VÍNVEITARI T.H.FRASER,
ÍSLENDINGUR.
James Thorpe, Eigandi

A. S. TORBERT'S
RAKARASTOFA
Er í Jimmy's Hótel. Besta verk, ágæt verkfæri; Rakstur 15c en Hárskurður 25c. — Óskar viðskifta Íslendinga.—

MARKET HOTEL
146 PRINCESS ST Á móti markaði
P. O'CONNELL, eigandi, WINNIPEG
Bezta ölföng ávallt á boðstólum

Woodbine Hotel
Stærsta Billiard Hall í Norðvesturlandinu
Tíu Pool-borð.—Ágætar vínföng og vindlar
Eigendur

Ómeingað Hörlérept
beint frá verksmiðjunni á Írlandi. Af því vér kaupum beint þaðan, getum vér selt írsk hörlérept ódýrar en aðrir í borginni. 15 prósent afsláttur næstu 2 vikur.
C. S. S. Malone
552 PORTAGE AVe. Phone Main 1478
16-12-9

Hvað er að?
Þarftu að hafa eitthvað til að lesa? Hver sá er vill fá sér eitthvað nýtt að lesa í hverri viku, ætti að gerast kaupandi að Heimskringlu.
Hún ferir lesendum sínum ýmiskonar nýjan fróðleik 52 sinnum á ári fyrir aðeins $2.00. Viltu ekki vera með?

The Dominion Bank
NOTRE DAME Ave. BRANCH Cor. Nena St.
ÍSLENZKA TÖLUÐ.
VÉR GEFUM SÉRSTAK AN GAUM AÐ SPARI SJÓÐS DEILDINNI. —
VEXTIR BORGAÐIR AF INNLÖGUM.
HÖFUÐSTOLL - - - $3,983,392.38
SPARISJÓÐUR - - $5,300,000.00
H. A. BRIGHT, MANAGER.

Er það ekki grát-hlægilegt?

Þegar ég ritaði í Heimskringlu um daginn um yfirlýsingu prestafundarins, varð ég fyrir þeim heiðri, sem ég held engum öðrum hafi hlotnast, að greininni var svarað, áður en hún var öll komin á prent. Og það var sjálfur forseti kirkjufélagsins, sem sýndi mér þessa virðingu með bráðlæti sínu. Hann gat þess um leið, að svarið væri að eins til bráðabyrgða, og ég hefi síðan beðið óþreyjufullur eftir því svari, sem mér skildist mér vera lofað eða hótað að seinna ætti að koma, og sem ætti að hafa ævarandi gildi eins og síðasti árgangur Sameiningarinnar. Ég vonirnar um það svar hafa brugðist, eins og þær vonir, sem ég hafði áður gert mér um það, að forseti kirkjufélagsins myndi beita drenglyndi og sannsögli í þessari kirkjudeilu. Séra Friðrik Hallgrímsson hefir samt að nokkru leyti bætt upp fyrir þessa gleymsku forsetans með því að taka mig til bæna út af þessari sömu grein. Og fyrst útséð er um, að forseti kirkjufélagsins endi loforð sitt, finst mér ekki til neins, að biða lengur með að svara þeim atriðum í grein séra F.H. og bráðabyrgða svari séra Björns, sem mér finst nauðsynlegt að svara.

Mér hefir ekki komið til hugar að neita því, að allir hafi sama rétt til þess að láta í ljós skilning sinn ekki einungis á gjörðum síðasta kirkjuþings, heldur einnig á hvaða öðru atriði, sem er. Það veit séra Björn vel. En því neita ég afdráttarlaust, að séra Björn hafi það páfavald að geta lýst yfir því, að engum hafi verið gefið neitt tilefni til að ganga af þingi, eða að einn skilningur á gjörðum síðasta kirkjuþings sé réttur og allir aðrir rangir. Það páfavald neita ég líka hinum sex prestunum um, og einnig neita ég þeim um réttinn til að tala fyrir nokkra aðra en sjálfa sig, þegar þeir eru að staðhæfa, að kirkjuþingið hefði getað samþykt þetta eða hitt. Það verður hver kirkjuþingsmaður að segja fyrir sjálfan sig, hvað hann hefði getað samþykt, og það verður hver einstaklingur að dæma um það fyrir sjálfan sig, hvað það var, sem þingið í sumar samþykti. Um það segir gjörðabók þingsins sína eigin sögu, og engin prestayfirlýsing né nokkur önnur yfirlýsing, sem nú er gjörð, getur breytt neinu þar að nokkru leyti.

Um tölu þeirra, er teljast til lútersku kirkjunnar í Bandaríkjunum, ætla ég ekki að víla. Mér er kunnugt um, hve mikilhæfur og máttugur forseti kirkjufélagsins er, og efast því ekki um, að kraftaverk hans síðan á sl. kirkjuþingi séu þýðin að setja rugling á allar skýrslur um tölu lúterstrúarmanna, svo að ekki sé óhugsandi, að tala þeirra í Bandaríkjunum sé nú um tólf miljónir. En hitt er áreiðanlegt, að þessar miljónir, sem séra Björn hefir bætt við, finnast enu ekki í neinum skýrslum. Samkvæmt síðustu skýrslum, og það skýrslum, sem gefnar eru út upp á ábyrgð Bandaríkjastjórnarinnar, er tala lúterstrúarmanna í Bandaríkjunum að eins 2,122,494, en ekki um tólf miljónir, eins og séra Björn staðhæfir. Það kemur því málinu ekkert við, hvort ég er kunnugur eða ókunnugur því, "hvernig skýrslum kirkjunnar er háttað", því séra Björn fer viðvíkandi með ósannindi, þegar hann segir, að tölurnar, sem ég vitnaði til, séu teknar úr safnaða-skýrslum lútersku kirkjunnar. Hér er um skýrslu stjórnarinnar að ræða, sem á að ná yfir alla lúterstrúarmenn í Bandaríkjunum, en alls ekki um skýrslu neins kirkjufélags eða kirkjudeildar. Ég vona því, að séra Björn misvirði það ekki við mig, þó ég trúi betur skýrslum Bandaríkjastjórnarinnar en honum, að minsta kosti þangað til hann er búinn að gera betur grein fyrir starfi sínu síðan á síðasta kirkjuþingi en hann hefir enn gert.

Það getur líka hver heilvita maður, sem nokkuð hugsar út í þetta, séð hvaða fjarstæða og vitleysa þessi staðhæfing séra Björns er. Í öllum Bandaríkjunum er fólksfjöldinn ekki nema rúmar 80 miljónir. Af þeim hóp staðhæfir séra Björn, að tólf miljónir séu lúterskar. Væri það satt, þá væri sjöunda hver manneskja í öllum Bandaríkjunum lútersk. Dettur séra Birni í hug, að hann fái einu sinni æstasta meðhaldsmann sinn til að trúa annari eins vitleysu?

Annað atriði vil ég benda á, sem mér finst ekki styðja málstað séra Björns. Þessi skýrsla stjórnarinnar sýnir, að tæpir 40 af hverju hundraði í Bandaríkjunum tilheyra nokkurri kirkjudeild. Þó maður hugsaði sér því, að fólksfjöldinn í Bandaríkjunum væri orðinn 90 miljónir, þá yrðu eftir því hlutfalli tæpar 36 miljónir, sem teldust til allra kirkjudeilda, og af þeim hóp vill séra Björn að fólk trúi, að 12 miljónir, eða þriðja hver manneskja, séu lúterskar. — Hræddur er ég um, að hann treysti um og á trúgirni fólks.

Í þessu sambandi er það líka eftirtektavert, að séra Björn gerir þessa staðhæfingu í bréfi sínu til Gardar-safnaðar, þar sem hann þó um leið segir, að sóknuðurinn, með því að segja sig úr sambandi við kirkjufélagið sé að segja skilið við lútersku kirkjuna. Hann segir: "Þér sjáið því, að þér ekki einungis slitið sambandi við kirkjufélag vort, heldur líka trúarlegu sambandi við gjörvalla lúterska kirkju í Vesturheimi". (Sam. 24, 179). Þó hafði sóknuðurinn enga aðra synd drýgt en þá, að neita að bæta síðasta árgangi Sameiningarinnar við trúarjátningar sínar. Þó veit ég ekki til, að nokkur önnur deild lútersku kirkjunnar en kirkjufélag séra Björns hafi þá trúarjátningu. Og eftir yfirlýsingu prestafundarins að dæma, þá eru þeir sárfáir, jafnvel innan vébanda kirkjufélagsins, sem kannast við síðasta árgang Sameiningarinnar sem trúarjátning sína. Og ef engir aðrir eru lúterskir, þá væri nær sanni að segja, að til hinnar lútersku kirkju í Bandaríkjunum teldust tólf manns en tólf miljónir. Samt væri reynandi fyrir séra Björn, að gera þessa staðhæfingu í Sameiningunni og láta svo samþykkja hana á næsta kirkjuþingi. Því létt ætti þeim prestunum að ganga, að fá annað eins lítilræði og þetta samþykt, þegar þeim tókst í sumar að fá óvinsælasta árganginn af óvinsælasta blaðinu, sem út er gefið á íslenzku vestanhafs, bætt við trúarjátningar kirkjufélagsins.

Um það, hvaða tegund innblásturs-kenningar kirkjufélagið heldur fram, finst mér óþarfi að fara mörgum orðum. Mér finst, að það sé sýnt svo greinilega fram á það í nóvemberblaði Breiðablika, að það sé einmitt bókstafs-innblástur, sem kirkjufélagið kennir, að enginn sanngjarn maður ætti að láta sér til hugar koma, að reyna lengur að berja því inn í fólk, að kirkjufélagið hafni henni ekki fram. Ég held, að ef þeir séra Björn og séra F. H. lesa þá grein rækilega, og eins greinina í septemberblaði Breiðablika með fyrirsögninni: "Handaþvotturinn", þá muni þeir sannfærast um, að ég hafði rétt fyrir mér. Mér er ómögulegt að skilja, að hægt sé að fara mikið lengra en séra Björn fer í 9. árg. Aldamóta, þar sem hann segir, að alt, sem höfundar biblíunnar hafa ritað, "sé algerlega satt og sé samþykt af guði, svo alt, sem stendur í biblíunni, sé þar að hans vilji, EINS OG HANN SJÁLFUR VILDI SEGJA ÞAÐ og sé því hans orð, talað upp á hans ábyrgð". Eða eins og séra Jón kemst að orði, að guðs andi stýri öllu máli höfundanna, "RÁÐI ÖLLUM ÞEIRRA ORÐTÆKJUM" (Sam. 5, 177). Og úr þessu er ekki verið að draga neitt nú, því í bráðabyrgða svari sínu til mín segir séra Björn: "Öll tilferð orð í ritgerðum vorum stöndum vér við hjartanlega".

Engri rökfærslu beitir séra F.H. til þess að svara þeirri staðhæfing minni og annara, sem okkur finst við hafa rökstutt hýsna rækilega, að kirkjufélagið hafi gert síðasta árgang Sameiningarinnar að trúarjátning sinni. Ef sú staðhæfing er grát-hlægileg fjarstæða, þá er ekkert mark takandi á því, sem þeir sögðu, er harðast börðust fyrir því, að fá tillögu Friðjóns Friðrikssonar samþykta, og þá eru þessir fjörutíu og níu, sem greiddu atkvæði með þeirri tillögu um leið orðnir grát-hlægilegir. — Man séra F.H. ekki eftir því, að þeir, sem töluðu mest með þeirri tillögu, sögðu, að vegna deilu þeirrar, sem átt hefði sér stað innan kirkjufélagsins, vildu þeir nú fá leyfi til, að bera fram trúarjátning sína og sýna með því, hvar þeir stæðu? Man hann ekki eftir sögunni um katólsku piparmeyjuna, sem ég heimfærði upp á Wilhelm Paulson einmitt í sambandi við þetta trúarjátninga tal? Og trúarjátningin, sem borin var fram, var tillaga Friðjóns Friðrikssonar, og með tilvitnaninni er síðasti árgangur Sameiningarinnar gerður einn partur hennar (incorporated by reference) með eins skýrum orðum og unt er að hugsa sér, og er hann því nú orðinn trúarjátning kirkjufélagsins. Það var meirihlutinn sjálfur, sem skýrði þetta trúarjátning sína, og finst séra F. H. ekkert grát-hlægilegt við það, hvað margir meðlimir kirkjufélagsins eru nú þegar búnir að afneita þessari trúarjátning opinberlega, þar á meðal sjö prestar kirkjufélagsins?

Annað atriði í þessu sambandi vil ég minna séra F.H. á, sem mér finst rétt að almenningur fái að vita, til þess að geta dæmt um það, hvor okkar hefir rétt fyrir sér.

Strax og tillaga F. F. hafði verið samþykt, bar ég fram tillögu mína, sem fór fram á það, að þingið lýsti yfir því, að enginn hefði með þeirri samþykt verið gerður rækur, þrátt fyrir það, þó hann fylgdi skoðunum minnihluta. Og þegar ég bar þá tillögu fram, skoraði ég á meirihlutann að greiða tillögu minni atkvæði og sýna með því, að tilgangur meirihlutans með því að samþykkja tillögu F.F. hefði að ein verið sá, að leggja fram sína eigin trúarjátning en alls ekki að þrengja þeirri trúarjátning upp á minnihlutann. En hvaða svar fengum við? Niðurlagið á tillögu minni var felt, þar sem farið var fram á, að við mættum halda okkar trúarskoðunum eftir sem áður. Með öðrum orðum, þá urðum við að fallast á þá trúarjátning eða fara. Lái séra F.H. okkur það, þó við kysum heldur að fara en að láta þrengja upp á okkur þeirri trúarjátning, sem sjálfir prestar kirkjufélagsins nú afneita, en sem samþykt hafði verið að væri bindandi en ekki leiðbeinandi?

Ekki býst ég við, að séra F.H. ásaki okkur minnihlutamenn fyrir þá vörn á gjörðum síðasta kirkjuþings, sem haldið hefir verið uppi af prestum og leiðtogum kirkjufélagsins. Og nú vill svo vel til, að einn af þessum sjö prestum, sem þykjast geta sagt, hvað þeir hefðu getað látið kirkjuþingið samþykkja, varði þessa þing-samþykt meir en mánuði eftir kirkjuþing með því að halda því fram opinberlega, að meirihlutinn hefði að eins verið að bera fram sina eigin trúarjátning. Á safnaðarfundi, sem haldinn var í þingvallasöfnuði (Eyford), meir en mánuði eftir kirkjuþing til að ræða þetta mál, sagði séra Kristinn: "ÞAÐ VAR EKKI RANGT AF ÞESSUM FJÖRUTÍU OG NÍU AÐ BERA FRAM SÍNA TRÚARJÁTNING". Þá undanskildi séra Kristinn engan meirihlutamann, — ekki einu sinni sjálfan sig. Samt skrifar hann undir presta-yfirlýsinguna, þar sem þessi staðhæfing er kölluð fjarstæða, sem ekki sé orðum eyðandi á. Finst séra F.H. ekkert grát-hlægilegt við þetta? Finst honum það ekki grát-hlægilegt, að meirihlutinn skyldi bera það fram, sem hann sjálfur kallar trúarjátning sína, og samþykkja um leið, að allar trúarjátningar séu bindandi, en yfirgefa svo þessa trúarjátning eins og sökkvandi skip, og algerlega afneita henni, þegar sjö prestum á fundi kemur saman um, að ekki dugi að reyna að halda henni að fólki? Ef leikmenn kirkjufélagsins fylgja prestunum alla þessa hringferð, eru þeir leiðitamari og ósjálfstæðari en Íslendingar alment gerast.

Einföldu barnaskapur er það af séra F.H., að bjóða mér að kæra sig fyrir næsta kirkjuþingi fyrir það, að afneita þessari nýju trúarjátning. Ég hefi aldrei gengist fyrir því, að fá nokkurn rekinn úr kirkjufélaginu, og nú, þegar ég hefi sjálfur verið rekinn úr því, er mér það alveg óviðkomandi, hvort séra F.H. er leyft að vera í því eða ekki. Og ekki er ég svo skyni skroppinn, að mér dytti í hug að bera það mál undir kirkjuþing, þar sem þeir prestarnir ráða lögum og lofum, sem með séra F.H. skrifuðu undir presta-yfirlýsinguna, er afneitar síðasta árgangi Sameiningarinnar. Því ef þeir dæmdu séra F.H. sekan fyrir þá sök, væru þeir um leið að dæma sjálfa sig. Og trúlegt er, að þeir séu búnir

(*Framhald á 4. bls*)

WINNIPEG Business College
Cor. Portage Ave and Fort St.
28. AR.
FÉKK FYRSTU VERÐLAUN Á SAINT LOUIS SÝNINGUNNI.
Dag og kveldkensla. Telefón 45.
Haustkensla byrjar 1 Sept.
Bæklingur með myndum ókeypis.
Skrifið til: *The Secretary, Winnipeg Business College, Winnipeg, Man.*

A. S. BARDAL.
Selur líkkistur og annast um útfarir. Allur útbúnaður sá bezti. Enfremur selur hann alskonar minnisvarða og legstein.
121 Nena St. Phone 306

Sendið Heimskringlu til vina yðar á Íslandi

Giftingaleyfisbréf
selur: Kr. Ásg. Benediktsson
540 Simcoe st. Winnipeg.

Arena Rink
Undir nýrri stjórn
Opinn fyrir Hjólskauta skemtun
Hornaflokkur á kveldin

2 Bækur Gefins
FÁ NÝJIR KAUPENDUR AÐ HEIMSKRINGLU SEM BORGA $2.00 FYRIRFRAM, OG ÞESSUM BÓKUM ÚR AÐ VELJA: —
Mr. Potter frá Texas
Aðalheiður
Svipurinn Hennar
Hvammverjarnir
Konuhefnd
Robert Manton
og Leyndarmál Cordulu frænku. —
Alt góðar sögur og sumar ágætar, efnismiklar, fróðlegar og spennandi. Nú er tíminn að gerast kaupendur Hkr. Það eru aðeins fá eintök eftir af sumum bókunum.
Heimskringla
P.O. Box 3083, Winnipeg

þvinga okkur með valdi til að þegja, og troða okkur undir fótunum, — — það hefi ég reynt nýlega".

"Nær og hvar?"

Mórits sagði honum frá ferð sinni til Liljudals, og hve svivirðilega sú fjölskylda hefði breytt við hann í annað sinn.

"Já", sagði Jakob heiftarlega, "þannig eru þeir ríku. Og svo á maður ekki að hafa heimild til að hata þá, — hata þá biturt og djúpt og langrækið".

"Mér hefði aldrei komið til hugar, að jafnlitið barn og barúnssonurinn gæti verið eins illgjarnt", sagði Mórits; "þó ég láti hitt eiga sig".

"Ó, það er ekkert óvanalegt. — — Úr djöflaeggjum koma djöflaungar, segir máltækið. Eins og faðirinn er, verður sonurinn, þegar hann hefir breytni hans til að begða sér eftir. En hann má gæta sín, — það getur farið fyrir honum eins og þeim, sem hér var myrtur, — — hann var líka barún".

"Ó, það var voðalegt starf, — ógurlegur glæpur"

"Já, það segja menn", sagði hinn rauðhærði, — — "það var voðalegur glæpur, segja þeir. En hver veit um það? Það geta verið til kringumstæður, sem mýkja það alt".

"Þekkir þú nokkrar slíkar viðvíkjandi þessu morði?"

"Það kemur engum við", svaraði Jakob hranalega, — — "við ætluðum að tala um annað. Ég loðaði að segja þér frá ýmsum viðburðum á minni liðnu æfi. Viltu heyra þá?"

"Já, segðu frá", svaraði Mórits.

"Taktu nú vel eftir því, sem ég segi. Margt af því skilur þú ekki núna, en það koma þeir dagar, að þú skilur það, og þá vona ég að það beri ávöxt".

"Jæja, láttu mig þá heyra söguna".

"Faðir minn", sagði Jakob, eftir dálitla umhugsun, "eða réttara sagt sá, sem ég í æsku áleit vera

föður minn, var fátækur verkamaður í Vestur-Gautlandi. Hann hafði verið hermaður og var þá kallaður Kron, og það nafn bar hann upp frá því.

"Verkamaðurinn Kron var kominn yfir fimtugt, þegar honum kom sú heimska til hugar, að giftast ungri stúlku, dóttur nýdáinna, bláfátækra foreldra. Hann kendi í brjósti um stúlkuna, og var þess utan hneigður til ásta, enda kveiktu hin dökku, fjörugu augu stúlkunnar undir eins óslökkvandi ástaþrá í huga hans. Hann var að sönnu fátækur eins og hún en hann gat þó boðið henni heimili, og svo giftust þau. Tveim árum síðar fæddist ég.

"Nábúarnir töluðu mikið aftur og fram um það, að ég væri ekki sonur föður mín, —

"Ekki sonur föður þíns", sagði Mórits. "Hvernig á að skilja það?"

"Það er nú eitt af því, sem þú skilur ekki núna. En kærðu þig ekki um það, mundu það bara.

"Nábúarnir sögðu, að ég væri óskilgetinn, en faðir minn gaf því engan gaum. Hann trúði þeim ekki og þótti vænt um mig.

"Í bænum, sem faðir minn átti heima í, var undirbúningsskóli. Hann varð þess var, að ég hafði góðar gáfur, og vildi helzt að ég yrði prestur, og kom mér því í skólann. Nokkrir af efnaðri borgarbúunum skutu saman nokkrum peningum fyrir fót og bækur handa mér.

"Ég var mjög iðinn og náði fljótlega áliti nærri því allra kennaranna. Ég segi nærri því allra, því einn þeirra gat aldrei hlýtt mig, og ég veit enn í dag ekki hvers vegna. Ég var kominn upp í 4. bekk og framfarir minar voru framúrskarandi. Ég var búinn með Cornelius, var farinn að lesa myndbreytingarnar eftir Ovids og byrjaður á auðskildum ritum Xenophons. Frönsku og þýzku hafði ég lært tilsagnarlaust, og auk þess var ég ágætinn bezt að mér í

landafræði, sögu og stærðfræði. Framtiðarútlit mitt var því mjög gott, og þegar ég heimsótti for eldra mína, sem þá ójuggu skamt fyrir utan bæinn, grét móðir mín af gleði, en faðir minn klappaði á herðar mér og sagði: 'Þú verður duglegur prestur með tímanum'.

"Faðir minn var múrsmiður. Einhverju sinni er hann vann hjá auðmanni nokkrum, datt hann ofan af vinnupallinum, kom niður á höfuðið, braut það og dó samstundis. Vesalings móðir mín, sem var táp lítil, gat ekki unnið fyrir sér og hafði ekkert að lifa af, var nú látin á öreigahælið, mjög lélega stofnun alla staði, sem stóð rétt á móti hýðingastaurnum skamt fyrir utan bæinn, líklega til að minna menn á, að fátækt og glæpir taka höndum saman, eins og auður og lestir.

"Ég man eftir því, hve oft ég sat hjá móður minni í þessari dimmu og röku holu, sem hún var lokuð inni í. Þar lá hún á deigri hálmhrúgu, með lélegt brekan yfir sér. Ég las í biblíunni og sálmabókinni fyrir hana, og sorg hennar rénaði ögn, þegar hún heyrði róm minn. Ég var það eina, sem hún átti í heiminum, og ég bjóst við, að komast einhverntíma í heiðarlega stöðu, þá ætlaði ég að sækja hana á öreigahælið og flytja hana heim til mín, og úr því skyldum við aldrei skilja. Þannig voru vonir okkar og fyrirætlanir.

"Um þetta leyti kom atvik fyrir, sem beindi lífi mínu í aðra átt, eyðilagði allar vonir mínar og framtiðardrauma.

"Í sama bekk og ég var 14 ára gamall auðmannssonur. Hann var latur og fávís, en samt var hann í áliti hjá sumum af félögum sínum, af því kennararnir, sem gengust fyrir auðnum og valdinu, hjálpuðu

honum á allan hátt. Fyrir þetta var hann hataður af öðrum, enda var hann hlutdrægur og öfundsjúkur.

"Litli barúninn, eins og kennararnir kölluðu hann, ofundaði mig af framförum mínum og því, hve gott álit hinir sanngjarnari kennarar höfðu á mér. Illa upp alinn, eins og auðmanna börnin oftast eru, notaði hann hvert tækifæri til að sverta mig í augum kennara þeirra, er hann heimsótti. Auk þess var hann mjög meinlegur í orðum oft og tíðum við mig. — Snaðpagest kallaði hann mig æðið oft, af því að vissa daga vikunnar gáfu ýmsar fjölskyldur mér að éta. Við bættu buxunum mínum, ruddalegu skónum og rauða hárinu hæddist hann. Ég tók þetta alt með ró, af því bekkjarbræður okkar voru mín megin.

"En einu sinni — það var um jólaleytið — hæddist hann að móður minni, á þann hátt að fullyrða að ég væri óskilgetinn. Þetta þoldi ég ekki og barði hann svo að hann datt.

"Nú var allur friður úti. Að verkamanns sonur skyldi leyfa sér að berja barún, það var crímen læsæ majestatis, sem ekki mátti vera óhegnt. Organdi af vonsku þaut hann til kennara þess, sem hann vissi, að ekki gat liðið mig, og kvartaði sáran yfir þeirri háðung, sem hann, höfðingjasonurinn, hefði orðið fyrir.

"Meistari Wenglin — svo hét kennarinn — var nýlega orðinn skólastjóri og hafði því mest vald í sínum höndum. Hann var bráðlyndur mjög og ósanngjarn, sem allir skólapiltar hræddust og hötuðu meira en gamla bakarann, eins og fallni höfuðengillinn oft er nefndur. Einn af verðleikum hans var sá, að hann dvaldi á veitingahúsum um nætur og spilaði þar við ýmsa illræmda borgara. Klukkan 7 á morgnana, þegar skólatíminn byrjaði, hætti hann loks að spila, og það er auðvelt að gizka á, hvernig

ER ÞAD EKKI GRÁT-HLÆGILEGT.

(Niðurlag frá 3. bls.).

að hvísla að séra F.H., hvaða úrskurð þeir muni fella í því máli, og því væri til lítils að halda pról í því máli fyrir þeim. Enda er mér líka í fersku minni síðan í sumar, hvað réttlátur og sanngjarn sá prestadómstól er. Svo er það líka, að mér finst nokkuð vafasamt, hve mikið er í það varið, að hafa í flokki með sér mann, sem eigi stendur betur við sannæringu sína, og álít það því ekki ómaksins vert, að reyna að koma honum út úr kirkjufélaginu, ef hans eigin samvizka segir honum ekki, að hann er að gera minni mann úr sér með því, að þiggja þá kosti, sem mönnum með hans trúarskoðanir hafa verið settir til þess að fá að vera í kirkjufélaginu framvegis.

Ég hef í miðið heldur kosið, að fara ekki neitt út í þessa sálma, en fyrst séra F.H. kemur með beinu áskorun til mín ætla ég að láta það eftir honum, að segja honum hreinskilnislega, að mér finst að hann ekki eiga heima í kirkjufélaginu, nema fyrir þá einu ástæðu, að hann hefir tekið þann kostinn, að þegja yfir trúarskoðunum sínum, sem okkur, er út gengum, fanst ódrengilegt að ganga að.

Það var á allra vitund fyrir kirkjuþingið í sumar, að séra F. H. var skoðanabróðir okkar minnihl tama na. Og meðal annars hefir það verið notað sem dæmi um sanngirni meirihlutans, að séra F. H. var tilnefndur í kjörbréfanefndina og var endurkosinn skrifari, þó hann væri minnihlutamaður, og meirihlutinn hefði sem bezt getað komið að manni úr sínum flokki. Þetta er eitt af því, sem þeir telja meirihlutanum til hróss Gunnar Björnsson í Sameiningunni og séra Kristinn í Heimskringlu.

Og það sést bezt á bréfi séra Jóns Bjarnasonar til Þórhalls biskups, sem birtist í Nýju Kirkjublaði 15. okt. þ. á., að menn með þær trúarskoðanir eru ekki álitnir að eiga heima í kirkjufélaginu. Þar skorar séra Jón á séra Þórhall að ráða sera Friðrik Bergmann "til þess sem fyrst að segja sig út úr kirkjufélaginu", og segir, að séra F.B. eigi "ekki lengur andlegt heimili í kirkjufélagi voru eins og um það er búið — meðal annara af honum sjálfum — í grundvallarlögum þess".

Og þessi ummæli ná auðvitað til okkar allra, sem líkar skoðanir höfum, og um leið til séra F.H. Og eftirgangur tillögu F.F. var að útbýja ágreiningsmálið á þinginu í sumar, eins og séra F.H. skýrir frá, þá liggur það í augum uppi, að tilgangur þeirrar tillögu var sá, að banna allar aðrar trúarskoðanir innan kirkjufélagsins en þær, sem þar eru teknar fram. — Hvaða rótt hefir þá séra F.H. til sinna skoðana? Alls engan nema hann þegi yfir þeim. Kosturinn, sem okkur var öllum boðinn, er greinilega tekinn fram af Finari Hjörleissyni í þessum orðum:

Ódrengskapinn og hræsnina hefir hið evangeliska lúterska kirkjufélag Íslendinga í Vesturheimi að þessu sinni gert að skilyrði þess, að verða ekki gerður rækur".

Séra F. H. hefir verið svo litilþægur að þiggja þennan kost. Til þess hefir hann neyðst til, að afneita sinu eigin afkvæmi, yfirlýsingu þeirri, sem hann bar fram á þinginu í sumar, og gera sig ánægðan með það, að hún sé opinberlega kölluð "slæður", "óákveðin og þokukend", "alveg ótæk" o. s. frv., og nú síðast af forseta sínum jafnlangsins sagt í bréfi til Þórhalls biskups, sem ásamt bréfi séra Jóns birtist í Nýju Kirkjublaði 15. okt. þ.á., "þó hlauzt fremur ólán en hitt af tillögu hans", þegar þeir prestarnir kjassa hann og klappa honum privat og segja, að sú tilraun hafi verið hreinasta meistaratykki, og ekkert í henni, sem þeir gátu ekki getað samþykt. Gaman væri að vita, hvort þeir séra Björn og séra Kristinn hafa ekki drepið titlinga hvor framan í annan, þegar þeir voru að telja séra F. H. trú um þetta.

Ekki skil ég í því, að þeir séra Kristinn og sera Björn þakki séra F.H. fyrir það, að koma því upp um þá, að þeir blóti í laumi og játi alt aðrar skoðanir privat en þeir halda fram opinberlega. Finst séra F.H. annass ekki grát-hlægilegur þessi hvislingaleikur, sem hann segir, að hann og séra Kristinn hafi komið í á kirkjuþingi? Finst honum, að séra Kristinn með nokkru, sem hann hvislar að honum, muni hafa dregið nokkuð úr samþyktum þingsins? Finst honum það samboðið virðingu sinni, að gera sig ánægðan með líkt? Okkur, sem höfðum mannskap í okkur til þess að spyrja opinberlega að því, hvort við mættum vera með, var svarað upphátt af séra Kristni, að við yrðum að eiga um það við okkar eigin samvizkur, og af meirihlutanum í heild sinni, að við gætum það ekki, ef við héldum okkar trúarskoðunum. Því var okkur hinum ekki kendur þessi nýi hvislinga-leikur og sagt, að það væri alt undir því komið, hvað séra Kristinn hvísladi að okkur, en ekkert undir samþyktum þingsins? Því var okkur ekki sagt, að við ættum ekki að taka neitt mark á því, þó prestarnir berðust opinberlega á móti bibliu-rannsókn og með bókstafs-innblæstri, heldur væri það eitt að marka, em séra Björn hvísladi að manni, þó það kæmi beint í bága við það, sem hann og hinir prestarnir sendu opinberlega? Var það ekki vegna þess, að þeir fundu til þess sjálfir, að þessi aðferð var sú ómynd, að þeir skömmuðust sín fyrir að reyna að beita henni við nokkurn annan en séra F.H., og þessu líka, að hún myndi ekki duga við aðra?

Dettur nú séra F.H. í hug, að hann fái fólk til þess, að taka nokkurt mark á því, sem þeir séra Björn og séra Kristinn segja, þegar hann er sjálfur að segja þeim það til hróss, að þeir haldi fram alt öðrum skoðunum privat, en þeir gera opinberlega? Finst honum framkoma þeirra manna á kirkjuþingi og síðan á kirkjuþingi vera sú, að hægt sé að nafa hana til fyrirmyndar? Finst honum ekki háðarlegur þessi hvislinga-leikur og þetta pukur? Finst honum það sína vel við, til dæmis, af séra Kristni, að sla því út, að ólögætum atkvæðum hafi verið komið að á úrgöngu-fundinum á Gardar, í þeirri von, að fólk muni halda að hér hafi verið um ranglæti af hálfu meirihlutans í söfnuðinum að ræða, þegar sannleikurinn er, að samkvæmt þeim bókstaf safnaðarlaganna, sem hann er að setta fingur út í, var hann ajállur hvorki lögmætur meðlimur né prestur Gardar-safnaðar, og var því að brjóta lögin með því, að taka og greiða atkvæði á fundinum. Finst séra F.H. ekki, að það hafi verið mjög tilhlýðilegt af þeim séra Birni og séra Kristni, að setja Gardar-söfnuði þann kost, að hann yrði að sitja kyr í kirkjufélaginu eða missa prestinn, í þeirri von, að meðlimir safnaðarins myndi ganga að þeim kosti, að selja sannæringu sína fyrir einn kirkjufélags prest, þó engum geti dulist, að þá hefði söfnuðurinn gert talsvert lakari kaup en Esaú forðum, þegar hann seldi frumburðarrétt sinn fyrir baunirnar? Og þegar söfnuðurinn neitaði, að láta kúga sig á þennan hátt, finst séra F.H. það þá ekki hafa verið bibliu rannsókn í lagi, þegar þeir séra Kristinn og séra Björn rannsökuðu ritningarnar á þann hátt, sem leyfilegt er að rannsaka þær innan kirkjufélagsins, og fundu ætni hins rangláta ráðsmanns fyrir séra Kristinn að breyta eftir, og komust að þeirri niðurstöðu, að nauðsynlegt væri fyrir séra Kristinn, á meðan hann enn væri bjónandi prestur Gardar-safnaðar, að vinna að því, að kljúfa þann söfnuð og mynda annan söfnuð, til þess að sá söfnuður tæki við honum í hús sín, er hann yrði settur frá ráðsmensku?

Séra F. H. hefir sjálfur bent á, að ekki sé takandi mark á öllu, sem séra Björn heldur fram opinberlega. Mér finst, að ekki sé heldur alt satt, sem hann segir privat. Maður sér, til dæmis, að séra Björn hefir skrökvað því privat að biskupi Íslands, að séra Friðrik Bergmann hafi ferðast um meðal safnaðanna í ýmsum bygðum, og að reynt sé til á allar lundir, að fá söfnuði til að ganga úr kirkjufélaginu, og segja prestum sínum upp þjónustu. Þó veit séra Björn vel, að það er engin hæfa fyrir þessu, og veit, að sannleikurinn er sá, að hann sjálfur hefir heimtað það af prestum kirkjufélagsins, að þeir neiti að þjóna söfnuðum, sem segja sig úr kirkjufélaginu, til þess með því að reyna að kúga söfnuðina til að standa í kirkjufélaginu, og er nú óbeinlinis að mælast til þess við biskup Íslands, að hann sendi okkur enga presta. Líka hefir séra Björn skrökvað því privat að Alberta-söfnuði, að óánægjan út af fjármála-skiftum safnaðarins við kirkjufélagið sé að eins einum manni að kenna, þó hann viti, að þetta séu helber ósannindi. Líka hefir hann sagt Alberta-söfnuði það privat, að hann megi ekki taka tillit til ráðleggingar annars kirkjuþingsmanns sins í sumar vegna þess, að hann sé Únítar. Maðurinn, sem um er að ræða, er Jónas Hall. Og það vill svo vel til, að hann hefir verið álitinn góður og gildur meðlimur kirkjufélagsins, síðan það var stofnað. Hann sat sem erindreki á fyrsta kirkjuþinginu, sem haldið var, og sat nú á síðasta kirkjuþinginu, sem haldið var á meðan kirkjufélagið var lúterskt. Á meðan kirkjufélagið hélt við sína upprunalegu steinu, gat hann verið með. En þegar það bætti síðasta árgangi Sameiningarinnar við trúarjátningar sínar og svo þar ofan í kaupið lagði ramm-katólskan skilning í allar trúarjátningar, varð hann að fara eins og við fleiri.

Séra Björn skrökvaði því privat suður á Mountain, að einn af fulltrúum Tjaldbúðar-safnaðar hefði sagt sig úr söfnuðinum á úrgöngufundi safnaðarins. Og hann sagði mönnum það privat þar suður frá, þegar þeir prestarnir gerðu herferð sína um Dakota-nýlenduna eftir prestafundinn fræga, að tilgangur yfirlýsingar prestafundarins væri sá, að láta fólk vita, að þeir prestarnir ætluðu sér að HÆTTA að halda fram bókstafs-innblæstri. Opinberlega segir hann, að þeir afi aldrei haldið honum fram. Hvað er að marka annan eins rærigraut? Er nokkru orði hans trúandi? Þann innri mann, sem nú er að koma í ljós, hlýtur séra Björn einlægt að hafa hæft að geyma, því séra Kristinn neitar því algerlega, að séra Björn hafi nokkuð breyzt. Og von er því, að þann áliti hann, næst sjálfum sér, eppilegasta manninn til að vera forseta kirkjufélagsins.

Ég get vel skilið, að séra F.H. taki sárt til yfirlýsingar prestafundarins, því hún er svo óákveðin og þokukend, að margan mun gruna hann um faðerni. En ég vona, að hann taki það ekki illa upp fyrir mér, þó ég segi honum hreinskilnislega, að mér finst sú yfirlýsing vera eintómt ráðaleysis rugl.

Hjálmar A. Bergman.

Úr ýmsum áttum.

AÐ FESTA UPP VEGGJAPAPPÍR. Sé gamall pappir undir, er bezt að strjúka votum hvitþvottsbursta nokkrum sinnum yfir hann, svo má skafa pappirinn burt með blikki eða því um líku. Láttu hálft pund af muldu limi standa í vatni yfir nóttina, hitaðu svo það vatn að morgninum, svo limið renni og bættu nú mátulega miklu af vatni í, berðu þetta á veggina og láttu það þorna. Limið á veggjapapprinn er þannig búið til: 5 pund hveiti í vatn, svo það verði líkt þykkum velling, fáein grains af Currosive Sublimate (eitur). Það er þynt með köldu vatni, svo það verði sem jafningur. Nú er látin saman við 2¼ únzu finsteytt álún. Nú er helt heitu vatni yfir þennan velling, og ávalt hrært í á meðan á sömu leið. Andir eins og það hefur sig og skiftir lit, er klístrið búið, ofurlítlu köldu vatni er helt á toppinn, svo það freyði ekki, og nú á það að kólna. Pappírslengjurnar verða að vera mátulegar, og nú er klístrið borið á þær, neðri endi lengjunnar er brotinn inn á sig, svo hann límist ögn, svo er efri endi hennar fyrst límdur á veggjinn, og nú er bursti eða "Whiskbroom" notaður til að strjúkja lengjuna jafnt á veggjinn; strjúka skal niður og frá miðju út á kanta, neðst er svo losaður endinn. Svona er farið með hverja lengju.

— Fjórir svertingjar voru hengdir án dóms og laga í Meridan bæ í Mississippi ríkinu í sl. viku. Þeir höfðu myrt farandsala á Þrnum vegi og tekið vörur hans og peninga og skift því með sér.

THE BANK OF TORONTO

INNLEGG - - - $30,853,000

VJER OSKUM VIDSKIFTA YDAR

WINNIPEG DEILD: 456 MAIN ST. JOHN R. LAMB, RADSMADUR.

Með því að biðja sælnlega um "T.L. CIGAR," þá ertu viss að fá ágætan vindil.

T.L. CIGAR (UNION MADE)

T.L.

Western Cigar Factory
Thomas Lee, eigandi Winnipeg

Redwood Lager og Extra Porter

Styrkið taugarnar með því að drekka eitt staup af öðrum hvorum þessum ágæta heimilis bjór, á undan hverri máltíð. — Reynið !!

EDWARD L. DREWRY Manufacturer & Importer Winnipeg, Canada.

Department of Agriculture and Immigration.

MANITOBA

Þetta fylki hefir 41,169,089 ekrur lands, 6,019,200 ekrur eru vötn, sem veita landinu raka til akuryrkjuþarfa. Þess vegna höfum vér jafnan nægan raka til uppskeru tryggingar.

Eunþá eru 25 miliónir ekrur óteknar, sem fá má með heimilisrétti eða kaupum.

Íbúatal árið 1901 var 255,211, nu er nún orðin 400,000 manns, hefir nálega tvöfaldast á 7 árum.

Íbúatala Winnipeg borgar árið 1901 var 42,240, en nú um 115 þúsundir, hefir meir en tvöfaldast á 7 árum.

Flutningstæki eru nú sem næst fullkomin, 3516 mílur járnbrauta eru í fylkinu, sem allar liggja út frá Winnipeg. Þrjár þverlandsbrauta lestir fara daglega frá Winnipeg, og innan fárra mánaða verða þær 5 talsins, þegar Grand Trunk Pacific og Canadian Northern bætast við.

Framför fylkisins er sjáanleg hvar sem litið er. Þér ættuð að taka þar bólfestu. Ekkert annað land getur sýnt sama vöxt á sama timabili.

TIL FERDAMANNA:

Farið ekki framhjá Winnipeg, án þess að grenslast um stjórnar og járnbrautarlönd til sölu, og útvega yður fullkomnar upplýsingar um heimilisréttarlönd og fjárgróða möguleika.

R. P. ROBLIN.
Stjórnarformaður og Akuryrkjumála Ráðgjafi

Skrifið eftir upplýsingum til
Joseph Burke, 178 LOGAN AVE., WINNIPEG. Jas Hartney, 77 YORK ST., TORONTO

ALDREI SKALTU geyma til morguns sem hægt er að gera í dag. Puntið Heimskringlu í dag.

skapi hans var varið, þegar hann tapaði á nóttunni. Piltarnir sáu strax, hvort hann hafði verið heppinn eða ekki. Í fyrra tilfellinu var hann rólegur og svaf allan kenslutímann við kennaraborðið, en í því síðara lét hann reiði sína bitna á saklausum piltunum, og var þá augnatillit hans ámóta hlýlegt og mannýgs bola.

"Meistari Wengelin hefir ekki verið heppinn í nótt — var viðkvæði pilta, sem þýddi það sama og sagt væri: nú er von á snoppungum.

"Fyrir þessu ruddamenni var það að barúnssonurinn kærði mig, og hitti svo á, að hann var þá í versta skapi, enda hafði hann bölvað og hótað að brjóta hvert bein í 'bóndaþrælnum'. En mér var gert aðvart í tíma.

"Áður en kenslutími meistara Wengelins byrjaði, kom einn af kunningjum minum þjótandi til min og sagði: Jakob, meistari Wengelin hefir verið óheppinn í nótt, og aðalshvolpurinn hefir kært þig. Þeir koma báðir. Það er úti um þig. Hann litur út eins og hann ætli að éta menn lifandi, og hann heldur á reyrprikinu í hendinni.

'Ég varð afarhræddur. Ég heyrði fótatak hans úti í ganginum. Eftir fáein augnablik varð ég að standa frammi fyrir þessum voðalega manni. Hvað var hægt að gera? Ég opnaði gluggann og þaut út um hann, um leið og meistarinn kom inn í bekkinn.

"Hræðslan lét mér vængi. Ég hljóp eins og sá vendi væri á hælunum á mér til öreigahælisins, og faldi mig hjá móður minni. 'Hér er ég óhultur — hugsaði ég — þeir leyfa sér ekki, að taka mig burt frá móður minni veikri'.

"En samt var það gert. Meistari Wengelin sendi drávarinn að sækja mig, og skipaði honum að koma með mig dauðan eða lifandi.

"Ég var nú dreginn til skólans, þar sem meistarinn beið min með reyrprikið í hendinni.

"Ég ætlaði að verja mig með því, að segja frá móðganinni, sem mér var sýnd, — en það gagnaði ekki. Meistarinn vildi ekki hlýða á vörn mina, hann vildi að eins berja mig.

"Engar afsakanir, drengur", þrumaði hann út úr sér, "ef þú þegir ekki, þá drep ég þig".

"Ég þagnaði og hindraði tár min frá að koma í ljós. Ég ásetti mér að sýna þrjósku og horfði hiklaust í hin tryltu augu meistarans. Af þessu varð hann enn reiðari, þaut til min og byrjaði að berja mig.

"Hegningin stóð yfir langa stund, en á meðan sagði ég ekki eitt orð, hljóðaði aldrei og bað ekki um vægð. Blóðið rann okan eftir mér, en ég beit á jaxlinn og þagði. Loks slepti þessi böðull mér, af því hann gat ekki meira, en ég gekk til sætis mins gramur í huga.

"Þenna dag byrjaði ógæfa min; þenna dag byrjaði ég að hata. Wengelin meistari gaf mér fyrstu lexiuna af því tagi.

"Nokkrum dögum seinna kom það fyrir, að ráðist var á litla barúninn á götunni, og var hann þá barinn svo um munaði af nokkrum skólabræðrum sínum, sem hötuðu hann eins og ég. Aldrei komst það upp, hverjir gerðu þetta, en grunurinn féll á mig, og ekkert tillit var tekið til þess, þó ég reyndi að fullvissa þá um, að ég væri saklaus.

"Á skólunum, eins og þeim er nú til hagað, er ekkert eftirlit haft með kennurunum. Þeir kveða upp ranglátu dóma, án þess mögulegt sé að skjóta þeim til æðri réttar. Þeir eru sakaraberar, dómarar og böðlar. — Eins og ég sagði, grunurinn féll á mig, og niðurstaðan varð, að ég var rekinn úr skóla — —"

Nú þagnaði hinn rauðhærði og starði hugsandi á tunglið, sem breiddi birtu sína yfir skógínn.

"Meira, segðu meira", sagði Mórits, sem var hrifinn af þessari sorglegu æskusögu.

"Meira, já", sagði Jakob, sem vaknaði eins og af draumi, "þú vilt fá að heyra það, sem eftir er, drengur minn?"

"Já, hverja ögn", svaraði Mórits ákafur.

"En, endirinn er sorglegur, drengur minn".

"Enda þótt, mig langar til að heyra hann samt.

"Jæja, hlustaðu þá á. Fregnin um ógæfu mina gerði út af við móður mína, sem lengi hafði verið brjóstveik. Allar vonir hennar brugðust, allir draumar hennar um breytingu til batnaðar á högum hennar urðu að engu, þegar ég var rekinn úr skóla. Hún þoldi þetta ekki. Nokkrum dögum síðar stóð ég við banasæng hennar.

'Drengur minn', sagði móðir min rétt fyrir andlátið, 'ég hefi leyndarmál að segja þér. Beygðu þig niður og hlustaðu: þú ert ekki sonur verkamannsins Kron. Faðir þinn, Jakob, er auðugur herramaður, þú verður að finna hann og biðja hann að hjálpa þér, vesalings barnið mitt'.

"'Hver er þá faðir minn?' spurði ég, þegar móðir min þagði. 'Segðu mér nafn hans áður en þú deyrð'.

"Með skjálfandi röddu nefndi móðir min nafnið, Ég stóð sem agndofa. Það var nafn drengs þess, sem var orsök í því, að ég var rekinn úr skóla".

"Hann var bróðir þinn", sagði Mórits með hrylling, því nú fór hann að skilja, hve voðaleg saga þessi var. "Ó, það er viðbjóðslegt!"

"Leikur forlaganna", tautaði Jakob. "Já, það var bróðir minn, sem var orsök í ógæfu minni".

"Segðu meira", hróaði Mórits.

Sá rauðhærði hélt áfram:

"'Jakob', sagði móðir min —

"Faðir þinn er mjög rikur maður, og þó að hann sé harður, þá mun vakna hjá honum meðaumkun, þegar hann sér þetta:'

"Um leið og hún sagði þetta, tók hún úr hálmhrúgunni, sem hún lá á, litið, gullbúið ráðhjarta, sem fest var við svarta silkiræmu. Ég horfði undrandi á skrautgrip þenna, sem ég hafði aldrei áður séð.

"'Jakob', sagði móðir min titrandi, 'þetta ráðhjarta gaf faðir þinn mér einu sinni, til merkis um ást sína. Þegar hann hafði fengið það, sem hann vildi, lét hann mig hafa ráðhjartað, en annað ekki, því hjarta hans er harðara en það. Hann fór leiðar sinnar, en síðan hefi ég hvorki heyrt hann né séð, en ég veit að hann er yfirmaður í hernum, býr á stóru höfðingjasetri í Vestur-Gautlandi og er nú ekkjumaður'.

"Móðir min nefndi heimilisnafnið.

"'En hvað á ég að segja honum?' spurði ég. 'Þú átt að sýna honum þetta hjarta, þessa gersemi, sem ég hefi geymt og varðveitt í allri minni neyð. Hann hlýtur að þekkja það, því hérna á gullumgerðinni standa stafirnir J.E., sem er fangamark hinnar framliðnu konu hans'.

"Móðir min rétti mér hjartað, og ég hengdi það um hálsinn á mér.

"'Mamma', sagði ég svo, 'veiztu hvort faðir minn átti son við konu sinni?'

"'Nei, svaraði móðir min, sem var að deyja, 'það veit ég ekki. — Ó, guð! — — ég dey — — fyrirgefðu mér — — fyrirgefðu mér, minn framliðni eiginmaður, að ég sveik þig! — — Fyrirgefðu —'

"Með þessi orð á vörunum dó hún. Ég lokaði augum hennar og þaut burt".

Hinn rauðhærði hélt höndunum fyrir andlitinu.

Embættismanna kosningar.

Miðvikudaginn þann 22. þ. m. kl. 8 að kveldi eru allir meðlimir stúkunnar **ÍSAFOLD**

I.O.F. nr. 1048, beðnir að mæta á fundi í sambomusal Únítara, horni Sherbrooke og Sargent. — Kosning embættismanna fer þá fram, — og ýmislegt annað sem liggur fyrir fundi. — Og því mauðsynlegt að meðlimir mæti, — og sem flestir.—

J. W. MAGNUSSON, ritari.

Athugasemd við frétta-pistil.

Gardar, N. D., 6. des. 1909.

Hvaða meining er í fréttagrein Stefáns Eyjólfssonar?

Býst hann við svoleiðis friði og samkomulagi, að Gardarsöfnuður, sem séra Kristinn rak á afrétt í sumar sem leið, komi til baka með vetrinum í húsaskjól til Lúterssafnaðar? Eða telur hann Gardarsöfnuð uppleystan og utanveltu?

Það amaðist enginn við séra Kristni í sumar. Hann hefði getað haldið áfram að þjóna Gardarsöfnuði eins og áður, ef hann hefði viljað, því þó kirkjuþingsstarf hans væri flestum ógeðfelt, þá er hann einn af uppalningum bygðarinnar, hefir komið sér vel í nágrenni og stendur til bóta eins og allir góðir unglingar, sem eru að byrja lífsstarf sitt. Því var honum ekki sett það skilyrði, að ganga úr kirkjufélaginu, þó hann héldi áfram, eða neitt annað skilyrði. En nú er jafn-líklegt, að séra Kristinn hafi frekar samvizku til að þjóna Gardarsöfnuði enn þá, og einnig hitt, að Gardarsöfnuður fari að skríða undir nokkurn kirkjufélags hempufald.

Að utansafnaðarmenn hafi notið prestsþjónustu hér að undanförnu, kemur málinu lítið við. Þeir hafa verið örfáir, og gjöld til safnaðarþarfa þegin frá þeim eins og öðrum, enda lögð fram nokkurn vegin blutfallslega við safnaðarfólk.

Safnaðarmála sundrungin í bygð inni, er engum öðrum en Lúterssafnaðarmönnum að kenna. Ég veit ekkert um sannfæring þeirra á nokkrum sköpuðum hlut, sem trúmál snertir. Þeir voru ekkert yfirheyrðir, eða beðnir að taka aðra trú en þá, sem þeir höfðu. En það var alt um að gera fyrir þeim, einhvers vegna, að halda öllum bygðarmönnum á játningarklafa kirkjufélagsins. Þegar það mislukkaðist, þá gengu þeir úr Gardarsöfnuði. Þess vegna situr illa á nokkrum þeirra að kvarta um sundrung, eða ófrið, ímyndaðan að mestu leyti. Bygðin er ekki fámennari nú, en þegar þeir byrjuðu, og ég veit ekki til, að neitt hafi komið fram síðan, sem þá var ekki fyrirsjáanlegt, svo þeir geta verið sælir í sinni kirkjufélagstrú, og ánægðir með, að vera lausir við sorann. Ef skiftingin var góð og heilavænleg í sumar, eins og þá var haldið fram, þá ætti hún ekki síður að vera það nú.

Ég geri þessar fáu athugasemdir við Gardar-fréttirnar vegna þess, að í fljótu bragði álítið gæti ókunnugum skilist, að Lúterssöfnuður hefði nú Gardarsöfnuð á milli tannanna, og kirkjufélagið væri í þann veginn að kyngja öllu saman, þó það hafi sjálfsagt ekki verið meining fréttaritarans.

Dakota-búi.

Bréf úr Cypress-bygð.

Glenboro, 20. nóv. '09.

Herra ritstjóri: —

Það er langt síðan Hkr. hefir fengið fréttir af okkur hér vestur frá. Sannast að segja hefir verið fremur tíðindalitið að undanförnu. Almenningur hefir verið önnum kafinn við haustvinnuna alt fram að þessum tíma. Hveitislátur byrjaði hér almennt laust fyrir miðjan ágúst, en þresking strax og slætti var lokið, seinustu dagana af ágúst. Þreskingu var víðast lokið í september lok.

Sjaldan eða aldrei í manna minnum hefir tíðarfarið verið hagstæðara fyrir haustvinnuna heldur en einmitt nú í haust. Stöðugir þurkar og hitar, að eins einn dagur tapaðist frá þreskingu fyrir bleytu. Uppskeran var vel í meðallagi víðast, hveiti sem næst 15 bush. af ekrunni til jafnaðar, hafrar 40 til 50, bygg 20 til 30. Verð á hveiti hefir verið í Glenboro í haust 80—90c. Allur fjöldi bænda hefir ekki selt, eru að bíða eftir hærra verði. Viðskiftalífið hefir því verið með daufara móti.

Búnaðarblaði Hkr. var allstaðar tekið með fögnuði hér vestra, og loforðið lokið á ritstjórann og útgáfunefndina fyrir hvað mikið var lagt í sölurnar til þess að gera það myndarlegasta útgáfu af fréttablaði, sem gefið hefir verið út á íslenzku máli. Landbúnaðurinn er sterkasti þátturinn og farsælasti í þjóðlífi voru hér, og Hkr. á þakkir skyldar fyrir þá viðleitni sem hún sýnir með að opna augu á fólki fyrir þeim sannleika.

BÓKAFREGN.—Nýlega hafa oss borist í hendur "Andvökur", ljóðmæli skáldsins Stephans G. Stephanssonar. Er það kærkominn gestur, óefað, öllum Vestur-Íslendingum, og ætti að vera öllum Íslendingum, hvar sem þeir eru í heiminum, sem unna skáldskap, íslenzkri tungu og þjóðerni. Þessi bók ætti að ryðja sér braut inn á hvert einasta íslenzkt heimili hér vestra, — ekki til þess að liggja þar á hyllunni eða í bókaskápnum ósnert, heldur til þess að vera lesin og kærð spjaldanna í milli. Þar er listfengi skáldskaparins á háu stigi og heilbrigð lífsskoðun liggur þar hvarvetna til grundvallar, — sem miklu varðar.

Þá höfum vér einnig komið auga á "Austurlönd", eftir herra Ágúst Bjarnason. Er það afar merkileg bók, og ætti að vera keypt af öllum frjálshugsandi mönnum. Þar fær maður vísindalegt óg óhluttdrægt yfirlit yfir trúarbragðakerfi fornþjóða Austurlanda, framsett á lipru og mjög viðfeldnu íslenzku máli. — Trúarbrögðin hafa á öllum tímum haft mikil og viðtæk áhrif á siðu og lífnaðarháttu þjóðanna, og ekkert er nauðsynlegra þeim, sem vill kynna sér sögu mannkynsins, en að þekkja greinilega trúarskoðanakerfi hinna ýmsu þjóða. Blindar trúarkreddur og hjátrúar villumyrkur hefir verið stærsti þrándur í götu á frelsis og framsóknarbraut mannkynsins, á öllum öldum. Og blindar trúarkreddur eru enn þann dag í dag stór hindrun á vegi framþróunarinnar í andlegum skilningi núna á 20. öldinni, og það hjá sumum hinum helztu mentaþjóðum heimsins. Hve ljós eru ekki merkin?— Stórt tilhlökkunareíni er að eiga nú von á trúar og heimsspekissögu Grikkja og Rómverja frá sama höfundi. Vísindarit herra Bjarnasonar ættu að seljast vel hér vestra. Hann er einn allra snjallasti rithöfundaur og vísindamaður sem Íslendingar eiga, og afkastamikill líka.

DEILUMÁL kirkjufélagsins hafa vakið athygli viðsvegar meðal Íslendinga. Gaman og fróðlegt hefir verið, að horfa á þann leik. Nú lítur út fyrir, að hlé sé að verða á stríðinu. Það, sem mest einkennir þessar deilur er, hve hógværlega báðir málspartar hafa sótt þetta stríð. Er það gleðilegt tákn tímanna. Nokkuð er þó djúpt tekið í árina í Sameiningunni, þegar minnihlutinn er kallaður uppresistarmenn, og að það hafi að eins verið ruslið, sem gekk úr kirkjufélaginu, sbr. hismið og hveitið. Líklegt er, að séra Friðrik svari því í Breiðablikum. Röklega og fimlega beitir séra Friðrik penna sinum, enda stendur hann eetur að vígi. Óefað er hans kenning nær sannleikanum, þó hún sé kannske að meira eða minna leyti skökk. Fáir eru þeir nú á tímum hugsandi menn, sem geta gert sig ánægða með bókstafs-innblásturskenninguna. Það var gott og blessað, að trúa því í gamla daga, þegar veraldlegt og kirkjulegt kúgunarvald gat haldið hugsun fólksins í fjötrum fáfræðis og þekkingarleysis. Það var gott í villumyrkri 17. aldarinnar, þegar brennisteinssvæla helvítis ætlaði að kæfa mannkynið andlega og líkamlega. En nú er öldin önnur, nú er frelsis og rannsóknaröld, öld meiri þekkingar, meiri birtu og mannúðar, og nú vill fólkið ekkert hafa með svoleiðis kenningar, — enda fækkar nú stöðugt áhangendum gömlu guðfræðinnar. Nýja guðfræðin byggist á vísindalegri rannsókn, og henni vex líka stöðugt fiskur um hrygg í öllum helztu mentalöndum heimsins. Séra Friðrik er ötull talsmaður þeirrar stefnu, — þeirrar stefnu, sem ríkjandi er við alla helztu guðfræðisskóla Norðurállunnar. Séra Fr. J. Bergmann er á þessum tíma einn allra glæsilegastur maður í hópi Vestur-Íslendinga, fólkið er hrifið af honum, og haldi hann áfram eins vel og hann hefir byrjað, verður hann sönn trúar stríðshetja.

DAUÐSFALL. — Þann 24. okt. andaðist í Glenboro unglingsstúlkan Helga Kristín Björnsdóttir, á 17. ári Hún var búin að þjást í mörg ár af illkynjuðum sjúkdómi, er síðast snerist upp í tæringu. Hún var fædd í Argyle byggini 14. júní 1893. Foreldrar hennar voru þau Björnin Björn Benediktsson (d. 20. maí sl., að Big Point, Man.) og Sigríður Jónsdóttir, ættuð úr Þingeyjarsýslu.

Þegar Kristín sál. var tveggja vikna, tóku þau hjónin Sigurjón Stefánsson og Helga Jóhannsdóttir hana til fósturs. Fimm ára gömul misti hún fóstra sinn. Síðan ólst hún upp með fóstru sinni, sem hefir alt af annast hana eins og bezta móðir. Í gegn um alt veikindastríðið var hún ávalt reiðubúin að kljúfa þrittugan hamarinn til þess að henni gæti liðið sem bezt.

Kristín sál. var góð og skynsöm stúlka, ávann sér hvlli allra, sem kyntust henni. — Hún var jarðsungin af séra Sigurði Christopherssyni og jörðuð í grafreit Argyle Íslendinga.

G. J. OLESON.

Heimskringla þakkar

1)—Mutual Life Insurance Co. fyrir stórfeldan skrifstofu Calendar í líku formi og á liðnum árum. Aðal-skrifstofur þessa félags eru í Waterloo, Ont., en R. D. McKinnon er ráðsmaður þess hér í borg, með skrifstofur að 219 McDermot Ave.

2)—Þeim herrum Ólafsson & Sveinsson, fóðursölum á horni James og King stræta hér í borg, fyrir 2 Calendars, myndskreytta. Á öðrum er mynd af konu, sem situr við arinn í húsi sínu og er með barn sitt í fanginu. Á hinum er mynd af stálpuðu barni, sem heldur í hestinn sinn. — Hvorttveggja myndirnar eru snotrar, og dagatalið neðan við svo stórt, að það sést langar leiðir.

Talsími þeirra félaga er 97. Þeir sinna greiðlega öllum mjöl og fóður pöntunum, og selja góða vöru.

3)—Herra Birni Péturssyni, kaupmanni á horni Wellington og Simcoe stræta hér í borg. Hann verslar með alls konar matvæli, járnvöru og yfir höfuð alt annað, sem kröfur 20. aldarinnar heimta til nauðsynja og unaðar. Björn gefur stórmannlega. Heimskranglu hefir hann sent 3 Calendars, hvern öðrum skrautlegri og dýrmætari. Á einum þeirra er undra fögur kona, skrautbúin eins og drotning, á öxl hennar ritur stálþaður ketlingur, en að brjósti hennar hallar sér söngfugl. Á öðrum er skrautbúin kona í blómalundi, með blómkörfu á handleggnum. Á hinum þriðja, sem er í körfu lögun, er mynd af ungum, hraustlegum járnsmiði, sem stendur við amboltan sinn. Að baki honum sést járnbrautar gufuvél, en framundan gufuskip, hvorttveggja á fullri ferð — Myndir þessar eru upphleyptar og svo vel gerðar, að þær líkjast fremur virkileikanum en mynd hans.

Allir þessir Calendars eru hin mesta húsprýði og gefa þegjandi bendingu um, að það muni borga sig vel, að koma sér vel við kaupmann Björn Pétursson.

4)—Þeim herrum R. J. Tait & Shuster, klæðskerum, 522 Notre Dame Ave. Þeir gera föt eftir máli og eru vandvirkir. Talsími þeirra er 5358. Calendar þeirra er mynd bóndabýli, sem stendur við þjóðbraut og nálægt brúðuðu vatnsfalli. Tungl veður í skýjum, en skógur og grund sjást dauflega. Ljós er í eldhúsglugga, er býður vegfaranda velkominn.

Leyndarmál Cordulu frænku.

Nýjir kaupendur að HEIMSKRINGLU sem borga fyrir einn árgang fyrirfram, fá skáldsögu þessa og aðra til, alveg

ókeypis.

Fréttir.

— Björnstjerne Björnsson, hið fræga skáld Norðmanna, hefir um tíma verið sjúkur, og nú í síðustu viku var talið tvísýnt um líf hans. Hann er nú orðinn 77 ára gamall, og er sem stendur í Paris á Frakklandi. Hann var flutt þangað til uppskurðar við sjúkdómi, sem hefir þjáð hann um undangengin nokkur ár. Læknar þeir, sem stunda hann, segja að hann sé fyrir dauðans dyrum og mjög líklegt að hann komist ekki á fætur aftur.

— Allar mælingar og útreikningur Dr. Cooks í sambandi við norðurpólsfund hans komst til Kaupmannahafnar þann 8. þ.m., og var afhent til geymslu í vörslur hins danska akuryrkjufélags, þar til háskólaráðið veitir þeim móttöku til rannsóknar.

— Nýja stjórnin á Tyrklandi hefir komist að því, að gamli soldáninn hafði lagt inn á Imperial bankann í Berlín á þýzkalandi 3 miljónir dollara í peningum, og samið svo um, að ekkert af þeirri upphæð skyldi útborgast nema með undirskrift sinni og innsigli. Nýja stjórnin hefir því ekki getað fengið bankann til að selja sér fé í hendur, fyr en hún getur sýnt ávísun undirskrifaða af gamla afdankaða soldáninum. Og vandinn er, að ná þeirri undirskrift.

— "Marathon" eða langhlaup eru nú flestum kunn orðin. En nú hefir fólkið tekið upp á því, að æfa "Marathon"- eða lang-dansa. Nú hafa 53 pör í bænum Butte í Montana byrjað þessa dansa í stórum sal þar í borginni, að 500 áhorfendum viðstöddum. Alt gekk vel nokkra klukkutíma, en þar kom að lokum, að sumir urðu að láta undan, og að síðustu urðu að eins 3 pör eftir á gólfinu, — eftir 14 klukkustundir og 41 minútur. Sex stúlkur, sem byrjuðu dansinn, urðu svo veikar, að þær voru sendar á sjúkrahús. Það slitnaði æð í höfðinu á einni þeirra, önnur varð meðvitundarlaus, þriðja fékk krampaflog, og mesti fjöldi valt um koll af þreytu. Lögin voru, að enginn mátti stansa augnablik frá því hann byrjaði, þar til hann yrði að ganga úr leiknum og gefast upp, og enginn mátti bragða neitt — þurt eða vott — meðan á dansinum stóð. Þau 3 pör, sem unnu, fengu verðlaun: Karlmennirnir sitt gullúr hver og konurnar demants hringa.

— Íbúarnir í Neepawa bæ, Man., eru að stofna bræðra-eldsábyrgðarfélag. Hin núverandi eldsábyrgðarfélög eru svo dýr, að bæjarbúum þykir það óþolandi. Þeir segjast geta selt ábyrgðir með fjórðungs afslætti í sínu nýja félagi.

LEIÐBEININGAR--SKRA

YFIR ÁREIÐANLEGA VERZLUNARMENN Í WINNIPEG

MUSIC OG HLJÓÐFÆRI

CROSS, GOULDING & SKINNER, LTD.
323 Portage Ave. Talsími 4413

MASON & RISCH PIANO CO., LTD.
356 Main Street Talsími 4480
W. Alfred Albert, Íslenzkur umboðsmaður

WHALEY ROYCE & CO.
356 Main St. Phone 263
W. Alfred Albert, búðarþjónn.

BYGGINGA og ELDIVIÐUR.

J. D. McARTHUR CO., LTD.
Byggingar- og Eldiviður í heild-sölu og smásölu, Aðalst.: Princess og Higgins Tals. 5080, 5081, 5082

MYNDASMIÐIR.

G. H. LLEWELLIN,
"Medallions" og Myndarammar
8 arfstola Formi Park St. og Lowan Avenue

SKÓTAU Í HEILDSÖLU.

AMES HOLDEN, LIM TED
Princess & McDermott. Winnipeg.

THOS. RYAN & CO.
Alskonar skótau. 44 Princess St.

THE Wm. A. MARSH CO. WESTERN LTD.
Framleiðendur af fínu skótaui. Talsími: 3710
88 Princess St. "High Merit" Marsh Skór

RAFMAGNSVELAR OG AHÖLD

JAMES STUART ELECTRIC CO.
324 Smith St Talsímar: 3447 og 7802
Fullar byrgðir af alskonar vélum.

GOODYEAR ELECTRIC CO.
Kellogg's Talsímar og öll þarfnæst. áhöld
Talsími 3023. 56 Albert St.

RAFMAGNS AKKOKÐSMENN

MODERN ELECTRIC CO
412 Portage Ave Talsími: 5658
Viðgjörð og Vir-lagning — allskonar.

BYGGINGA-EFNI.

JOHN GUNN & SONS
Talsími 1277 266 Jarvis Ave.
Höfum bezta Stein, Kalk, Cement, Sand o. fl.

THOMAS BLACK
Selur Járnvöru og byggingar-efni allskonar
76—82 Lombard St. Talsími 600

THE WINNIPEG SUPPLY CO., LTD.
298 Rietta St. Talsímar: 1936 & 2187
Kalk, Steinn, Cement, Sand og Möl

BYGGINGAMEISTARAR.

J. H. G RUSSELL
Byggingameistari.
Í Silvester-Wilson byggingunni. Tals: 1068

PAUL M. CLEMENS
Bygginga-Meistari, 44 Maryland St.
Skrifst.: Argyle Bldg., Garry st. Talsími 8997

BRAS- og RUBBER STIMPLAR

MANITOBA STENCIL & STAMP WORKS
421 Main St. Talsími 1980 P. O. Box 244.
Búum til alskonar Stimpla úr málmi og togleðri

CLYDEBANK SAUMAVÉLA AÐGERÐARMAÐUR. brúkaðar vélar seldar frá $5.00 og yfir
564 Notre Dame Phone, Main 8624

VÍNSÖLUMENN

GEO. VELIE,
Heildsölu Vínsali. 185 187 Portage Ave. E.
Smásölu talsími 352. Skrifstofu talsími 684.

STOCKS & BONDS

W. SANFORD EVANS CO.
326 Nýja Grain Exchange Talsími 3699

ACCOUNTANTS & AUDITORS

A. A. JACKSON,
Accountant and Auditor
Skrifst.—28 Merchants Bank. Tals.: 5792

OLÍA, HJÓLÁS FEITI OG FL.

WINNIPEG OIL COMPANY, LTD.
Búa til Stein Olíu, Gasoline og hjólás-áburð
Talsími 1590 611 Ashdown Block

TIMBUR og BÚLONDUR

THOS. OYSTAD, 208 Kennedy Bldg.
Viður í vagnhlössum til notenda, búlond til sölu

PIPE & BOILER COVERING

GREAT WEST PIPE COVERING CO.
132 Lombard Street.

VIRGIRÐINGAR.

THE GREAT WEST WIRE FENCE CO., LTD
Alskonar virgirðingar fyrir bændur og borgara.
76 Lombard St, Winnipeg.

ELDAVÉLAR O. FL.

McCLARY'S, Winnipeg.
Stærstu framleiðendur í Canada af Stóm, Steinvöru [Graniteware] og fl.

ALNAVARA Í HEILDSÖLU

R. J. WHITLA & CO., LIMITED
264 McDermott Ave Winnipeg
"King of the Road" OVERALLS.

BILLIARD & POOL TABLES.

W. A. CARSON
P. O. Box 225 Room 4 1 Molson Bankas.
Öll nauðsynleg áhöld. Ég gjöri við Pool-borð

NALAR.

JOHN RANTON
203 Hammond Block Talsími 4676
Sendið strax eftir Verðlista og Sýnishornum.

GASOLINE Vélar og Brunnborar

ONTARIO WIND ENGINE and PUMP CO. LTD
303 Chamber Sts. Sími: 2386
Vindmillur -- Pumpur -- Agnetar Vélar.

BLÓM OG SÖNGFUGLAR

JAMES BIRCH
442 Notre Dame Ave. Talsími 2638
BLÓM - allskonar. Söng fuglar o. fl.

BANKARAR.GUFUSKIPAAGENTR

ALLOWAY & CHAMPION
North End branch: 667 Main street.
Vér seljum Avísanir borganlegar á Íslandi

LÆKNA OG SPITALAAHÖLD

CHANDLER & FISHER, LIMITED
Lækna og Dýralækna áhöld, og hospitala áhöld
185 Lombard St., Winnipeg, Man.

— Leópold Belgiukonungur er sagt að sé hættulega veikur af gigt. Hann hefir og nýlega fengið 2 slög og er svo máttlaus, að honum er ekki ætlað að lífa nema skamma stund.

— Alfons Spánarkonungur kvað vera að fram kominn af tæringu, — sjúkdómi, sem hefir legið í ætt hans og banað föður hans og bróður og ýmsum nánfrændum. Hann er ungur maður.

"Andvökur"

LJÓÐMÆLI EFTIR

Stephan G. Stephansson

Kosta, í 3 bindum, $3.50, í skrautbandi.

Tvö fyrri bindin eru komin út, og verða til sölu hjá umboðsmönnum útgefendanna í öllum íslenzkum bygðum í Ameríku.

Í Winnipeg verða ljóðmælin til sölu, sem hér segir:

Hjá Eggert Jóhannssyni, 689 Agnes St., EFTIR KL. 6 AÐ KVELDI.

Hjá Stefáni Péturssyni, AÐ DEGINUM, frá kl. 8 f.h. til kl. 6 að kveldi, á prentstofu Heimskringlu.

Hjá H. S. Bardal, bóksala, Nena St.

Hjá N. Ottenson, bóksala, River Park, Winnipeg.

Utanbæjarmenn, sem ekki geta fengið ljóðmælin í nágrenni sinu, fá þau tafarlaust með því að senda pöntun og peninga til Eggerts Jóhannssonar, 689 Agnes St., Winnipeg, Man.

Guðbert E. Jochumsson.

Dáinn 26. maí, 1909.

Þá maísólin mild í heiði skein
úr hafi rann upp hrygðar-skýið svarta
og huldi gleði-röðul-skánað bjarta. —
Það beyrðist eitthvert hljóðlegt andláts-kvein.

Hér var enginn tími að tala' um grið; —
hjartastaðinn hitti vélakraftur, —
húsfaðirinn stóð nú eitt upp aftur:
hné þar örent heiðurs-prúðmennið.

* * *

Nú er fenginn friður, sonur minn!
Guði sé lof! sem gaf og tók — ég segi:
Guði sé lof! — mér bregst það heldur eigi, —
þú frelsarann góða fundið hefur þinn.

Þín alsystkyn er eftir lifa þ r j ú
og á t t a í minu öðru hjónabandi,
sem ennþá dvelja hér á dauðans landi,
öll þér senda ástarkveðju nú.

Þér samfagna nú sonur og dóttir þín,
móðir kær og minir fjórir synir
og margir fleiri ættingjar og vinir;
um örskamt bil þú eflaust bíður mín.

Þú fékkst ei kveðja konu þína og börn,
en fyrir drottinn muntu bæn fram bera
og biðja hann þeim alt í öllu vera, —
þeirra huggun, þeirra hjálp og vörn.

Nú er á enda alt þitt böl og stríð. —
Þú vanst á meðan var þér léntur dagur,
og vonaðir þinn batna mundi hagur;
þín er því byrjuð eilíf friðartíð. —

FAÐIRINN.

Auglýsing.

Fáeinar úrvalslóðir, allar hreinsaðar og sléttar eins og gólfið, uppá hinu fagrasta hveli norðaustarlega í Ballard, í grend við heimili mitt, hvar lóðir eru óðum að stiga í verði og mikið er að byggjast, — get ég nú selt hverjum þeim, sem fljótlega vill sinna þessu — munnlega eða bréflega, á $550 hverja lóð, $100 borgist út í hönd, en kaupandi má ráða skilmálum á hinu; vextir 8 prósent. Stærð lóðanna er 42x128 fet aftur að 14 feta breiðum bakvegi. Eignarréttur er hinn traustasti. — Það er kunnugra en frá þurfi að segja, að

NÚ ER TÆKIFÆRID TIL AD ÁVAXTA PENINGA SÍNA Í SEATTLE FASTEIGNUM

Ég ræð löndum mínum hiklaust til að kaupa þessar lóðir, og það mun sannast, að þeir, sem fara vilja að ráðum mínum í þessu efni, munu bera ágæta mikinn úr býtum og hrósa happi yfir kaupunum sínna meir.

Virðingarfylst,

F. R. JOHNSON,

8059 11th Ave. N.W., Seattle, Wash.

Það eru ýmsar ástæður

fyriyr því,að Heintzman & Co. Píanó sé bezt þekt og vinsælasta Canadiskt Píanó meðal háttstandandi söngfræðinga.

"VE OLDE FIRME"
HEINTZMAN & CO.
PIANO

Heintzman & Co. Píanó eru gerð úr beztu efnum sem fáanleg eru, og smíðuð af heimsins beztu hljóðfæra smiðum. Sérhvert Heintzman & Co Píanó vottar smiðshæfileika félagsins. Tónninn er söngfagur og er svo líkur mannlegum söngh jóðum sem hægt er að fá hann, og hreyfingöll er létt og liðug. Endingin Heintzman & Co. Píanó sezt bezt á sumum elztu hljóðferum félagsins, — sem enn þá eru nærri eins góð og þau voru spunný. —

Komið og skoðið byrgðir vorar eða skrifið eftir bæklingi með myndum. —

528 Main St. — Phone 808
Og í Brandon og Portage La Prairie

Skrautleg Stafrof

ALPHABET OF PATRIOTISM og ALPHABET OF FAITH, með margltu pennaflúri, fuglum og myndum, fást nú til kaups hjá undirskrifuðum á 35c hvort, bæði á 60c. Einnig stórar og góðar myndir af Hallgrimi Péturssyni og Jónasi Hallgrimssyni, á 35c hvor, báðar á 60c. Bæði stafrófin og báðar myndirnar til samans á $1,00. Borgist með póstávisun. — Ég spái því, að einhverjir vilji fá eitthvað af þessum myndum, bæði til að eiga sjálfir, og svo líka til að gefa einhverjum vini sínum, nær eða fjær, á Jólunum.

F R. JOHNSON.
8059—11th Ave. N.W., Seattle, Wash

Bæjarkosningarnar

á þriðjudaginn var fóru þannig, að borgarstjóri Evans og allir bæjarfulltrúar og meðráðamenn, sem um endurkosningu sóttu, voru kosnir með miklum atkvæðamun.

Landi vor, hr. Björn Pétursson, náði, því miður, ekki kosningu.

J. J. Wallace kosinn í 3. deild.

LEIDRÉTTING. — Í fréttum, í síðasta blaði voru hafðar eftir herra B. Benson, frá Vancouver, var gefið í skyn, að faðir hans, hr. Kristmundur Benjaminsson, væri látinn. Þetta er rangt. Herra Kr. Benjaminsson er á lifi og dvelur n rður við Íslendingafljót. — Þeir feðgar eru báðir beðnir velvirðingar á misprentun þessari.

Jólasýning
— vor á —
Skófatnaði

Vér höfum alt fyrir alla.

Skó til að brúka útiið og samkvæmisskó. Morgunskó af öllum tegundum. Allar tegundir af vetrarskóm: Romeos, Juliet Flókaskó sem halda fótunum ávalt notalega heitum. Alls konar Leggings, einnig Moccasins og Rubbers, og allskonar Skautaskó.

Ryan-Devlin Shoe Co
494 MAIN ST PHONE 770.

Embættismenn kosnir.

Á fundi, sem Íslenzki Conservative Klúbburinn hélt þann 10. þ. m., voru þessir menn kosnir í embætti fyrir yfirstandandi ár:

Patron: Hon. Robert Rogers.

Heiðursforsetar: Hon. R. P. Roblin og B. L. Baldwinson.

Forseti: Jóh. Gottskálksson.

Varaforsetar: Ásm. P. Jóhannsson, Sveinn Pálmason og W. Benson.

Skrifari: R. Th. Newland.

Gjaldkeri: Teitur Thomas.

Meðráðamenn: J. B. Skaptason, K. Johnson, H. Pétursson, A. Goodman, S. Pétursson og M. Pétursson.

Í prógramsnefnd fyrir yfirstandandi ár voru útnefndir: Ásm. Jóhannsson, J. Gottskálksson, R. Th. Newland, S. Pétursson og J. B. Skaptason.

Í spilanefnd: Ásm. Jóhannsson, James Goodman, A. Goodman, K. Johnson og W. Benson.

Næsti fundur í klúbbnum verður haldinn á föstudagskveldið í þessari viku (17. þ.m.) í Únitarasalnum. Þá verður spilað "Pedro" kappspil um Turkey, sem gefinn er af J. B. Skaptasyni.

Það er sérstaklega áríðandi, að allir nefndarmenn mæti, því þá verður aðráðið, hvar klúbburinn heldur fundi sina framvegis í vetur.

R. Th. Newland, ritari.

Þarft þú ekki að fá þér ný föt?

EF ÞAU KOMA FRÁ CLEMENT'S, — ÞÁ VERÐA ÞAU RÉTT

Réttur að efni, réttur í sniði réttur í áferð og réttur í verði.

Vér höfum miklar byrgðir af fegurstu og beztu fataefnum.

Geo. Clements & Son
Stofnað árið 1874
264 Portage Ave. Rétt hjá Free Press

Th. JOHNSON
JEWELER
286 Main St. Talsími: 6606

JOHN ERZINGER
TÓBAKS-KAUPMAÐUR.
Erzinger's skorið reyktóbak $1.0 pundið
Hér fást allar tegóbaks-tegundir. Óska eftir bréfum pöntunum.
McINTYRE BLK., Main St., Winnipeg
Heildsala og smá sala.

QUILL PLAINS HVEITI LÖND

25,000 EKRUR. Algerlega FYRSTA ÚRVAL frá hinu miklu C.N.R. landveitingu. Gufuplógs lönd hrein, slétt

ÞESSA ÁRS UPPSKERA sannar gæði jarðvegsins. — Enginn steinn eða hrís.—Gott vatn.—Nálægt markaðum, skólum og kirkjum.—Vér höfum umráð á öllum Jansen og Claassen löndunum, og bjóðum þau til kaups með sanngjörnu verði og auðveldum borgunarskilmálum.—Kaupendur geta borgað af hvers árs uppskeru; 6% vextir.— Sölubréfin gefin út beint frá eigendum til kaupendanna.—Eastern Townships Bank í Winnipeg og hver banki og "business"-maður í Marshall, Minn., gefur upplýsingar um oss. — Póstspjald færir yður ókeypis uppdrætti og allar upplýsingar.—

John L. Watson Land Co.
316 Union Bank Bldg. - - Winnipeg, Man

Fréttir úr bænum.

Klukkan 3 á föstudagsmorgunnin var kom eldur upp í mjólkurbús byggingunni við Manitoba Búnaðarskólann og brann hún til kl. Skaðinn metinn 35 þúsund dollara. Engin hjó í húsi þessu og hafði eldurinn því náð mikilli fótfestu áður en hans varð vart. Búnaðarskólinn hefir nú eigin eldslökkvitæki, en þau gátu ekki bjargað húsinu, að eins varnað því, að eldurinn læsti sig í nærliggjandi byggingar. Eldsábyrgð á húsinu batt eignatjónið að fullu.

Tveit gegnsósaðir glæpaseggir gerðu tilraun til að ræna hús eitt hjá Deer Lodge, hér í umhverfi borgarinnar, að kveldi þess 7. þ. m. En þegar þeir grímuklæddu, með skammbyssurnar spentar, ætluðu að ráðast á konu þá, sem til dyranna kom er þeir hringdu bjöllunni, — þá réðist einn náunginn á þá, sem þeir höfðu fengið með sér til hjálpar við þetta verk, og kleyfti 6 skotum úr byssu sinni á eftir öðrum þeirra, en hitti ekki. Þeir þutu báðir út í myrkrið, en annar náðist strax. — Þessi náungi, sem þeir höfðu fengið með sér, var levnilögregluþjónn, — en það vissu glæpaseggirnir ekki. Þeir hafa báðir verið áður í fangelsi fyrir rán, annar þeirra um 5 ára tíma, en eru nýlega komnir út úr fangelsinu, þeir fá nú aftur húsaskjól fyrst um sinn.

Herra Einar Teitsson, sem fyrir nokkrum vikum kom hingað vestur frá Íslandi, en fór nýlega vestur í land, — á póstspjald frá Íslandi á skrifstofu Heimskringlu. Hver sem kann að vita um áritun til hans, geri svo vel að tilkynna það á skrifstofu blaðsins, svo hægt sé að senda honum spjaldið.

Herra Hjálmar Hjálmarsson og kona hans, sem í sl. 10 vikur hafa verið á kynnisferð til ættingja og vina í Norður Dakota og í Álptavatnsnýlendu, komu til borgarinnar um fyrri helgi og héldu heimleiðis héðan um síðustu helgi. — Herra Hjálmarsson kvað þau hjón hafa haft hina mestu ánægju af þessari ferð frá byrjun til enda, og svo voru viðtökurnar, sem þau hjónin fengu allstaðar, ágætar að hann kvað sér ómögulegt að gera neinn greinarmun á því. Í Dakotaferðinni fóru þau hjón suður til Grand Forks og þaðan 200 mílur vestur í Mouse River bygð og þar dvöldu þau í 12 daga. Vel leizt Hjálmari á land þar syðra, landið alt einn óslitinn hveitiakur, að undanskildum indælis heyflákum á einstöku stöðum. Upham bær er snoturt þorp, með 6 stórum kornhlöðum, og bendir það á, að þar sé unnið að jarðrækt og kornyrkju í stórum stíl, enda er þar ekkert að sjá nema eintóma akra á allar hliðar út frá bænum. — Í Álptavatnsnýlendu varð hann var við talsverðan áhuga á að fara að rækta landið. En að gæðum þolir það land ekki samanburð við landið syðra. Honum virtist bændur þar ekki gefa kynbótum nautgripa nógu mikinn gaum, en hins vegar kvað hann þá hafa mestu mjólkurbú, sem hann hefði orðið var við í bygðum Íslendinga. Einn bóndi þar hafði í sumar 80 dollara (eða 300 kr.) inntekt á mánuði af 15 kúm. — Í Winnipeg borg kvaðst Hjálmarsson ekki þekkja sig, svo hefði hún stækkað frá því hann bjó hér fyrir 20 árum. — Herra Hjálmarsson bað Heimskringlu að færa öllum þeim, sem svo mikla gestrisni sýndu þeim hjónum á þessari ferð þeirra, sinar og konu sinnar alúðarfylsu þakkir fyrir viðtökurnar.

Afmælishátíð Tjaldbúðarinnar er í kveld (miðvikudag).

Hörkufrost var hér í sl. viku, alt að 35 stig fyrir neðan zero, á miðvikudagskveldið og fimtudagsmorguninn.

Lystigarðsnefnd Winnipeg borgar hefir samþykt, að hefja meðyrðamál móti blaðinu Voice hér í borg, ef það afturkallar ekki óhróðursummæli, sem það flutti um verkstýra nefndarinnar í útgáfunni 5. nóv. sl. Líklegt er, að blaðið geti ekki sannað ummæli sín og afturkalli þau, heldur enn að fara fyrir rétt með málið.

Í KVELD

miðvikudag 15. des. verður fundur Menningarfélaginu. Umræðuefni: Stefna og tillögur prestafundarins á þingvelli síðastliðið sumar. Málshefjendur: Rögnvaldur Pétursson og Guðmundur Árnason.

Allir velkomnir.

Á fimtudagskvöldið kemur verður böggla-uppboð á fundi stúkunnar Ísland, og þá bjóða systurnar upp böggla og kaupa þá. Vonandi, að bræðurnir sjái um, að nóg verði á boðstólum, svo systurnar þurfi ekki að fara tómhentar heim aftur.

Blaðið Free Press hér í borginni auglýsir, að það sé búið að láta gera stóran stjörnuturn uppi á þakinu á byggingu sinni, og setja þar upp öflugan sjónauka. Blaðið segir, að turninn sé opinn frá kl. 7 til 12 á hverju kveldi, og að hver, sem þess óskar, getur fengið að fara þar upp og rannsaka stjörnur himinsins. Aðgöngumiðar eru afhentir á skrifstofu blaðsins.

Finnur Finnsson, málari, frá Geysir P.O., var hér á ferð í sl. viku, og um síðustu helgi. Hann dvaldi hér vikutíma í verzlunarerindum. Hann hefir komist að kaupsamningum við Hudsonsflóafélagið, og telur, að þar fái hann vönduðustu vörur, sem þekkjast í Vestur-Canada. En býst þó við, að geta selt þær frekar ódýrara, en gerist norður þar. Hann tekur allar bændavörur í skiftum. Hr. Finnsson vonar, að sveitungar sinir komi og skoði þessar nýju vörur frá Huðsons Bay félaginu. — Verzlun hans verður fyrst um sinn að þingvöllum.

Mrs. M. J. Benedictsson heldur kvenfrelsisræðu í kvöld (miðvikudag) á fundi G. T. st. SKULD.

Á jóladagsinn verður enginn fundur í barnastúkunni Æskan, en á nýárskvöld kl. 7 verður í efri sal Goontemplara skemtifundur fyrir börnin, aðstandendur þeirra og alla alþýðu. Þar verður jólatré og allar góðar skemtanir, en enginn inngangsevrir. Óskað er, að sem allra flest börn komi á næsta fund (þann 18.) til undirbúnings.

Friðrik Sveinsson,
MÁLARI,

hefir verkstæði sitt nú að 245 Portage Ave. — herbergi nr. 43 Spencer Block — beint á móti pósthúsinu. Hann málar myndir, leiktjöld, auglýsingaskilti af öllum tegundum, o. s. frv. — Heimili: 618 Agnes St.

William Coles var í sl. viku dæmdur í 3. mánaða fangelsi og til 15 vandarhagga hýðingar fyrir að berja konuna sina. Konan kom öll blá, bólgin og marin fyrir rétt. Hún kvað þau hjón hafa verið gift í 19 ár, en á sl. tveimur árum hefði bóndi sinn drukkið mikið og farið illa með sig. En barsmíð sú, sem hún nú sérstaklega kvartaði undan, var svo mikil, að nokkrar tennur hefðu hrokkið úr taungörðunum. Coles kvaðst hafa haft fulla ástæðu til að berja konuna, því hún hefði verið fjarverandi, þegar hann hafði komið heim.

Eldur kom upp á fimta lofti í Sterling húsagna byggingunni stóru á Main og Fort strætum, kl. 2 á fimtudaginn var, og gerði 175 þúsund eignatjón áður en slökt varð.

Kæru Skiftavinir:

Ég er nú nýkominn heim úr ferð til stórbæjanna St. Paul og Minneapolis, þar sem ég hefi keypt stórt upplag af allra handa nýjum vörum, sem fólk nauðsynlega þarf með núna fyrir jólin og nýárið, og sem eru mjög hentugar Jólagjafir, hvert heldur er fyrir föður, móðir, systir, bróðir, frænda, frænku eða kunningja.

Og heilt vagnhlass keypti ég af allra handa húsmunum. Komið og sjáið þá og spyrjið um verð áður en þér kaupið annarstaðar.

Kjörkaup verða gefin á öllum sköpuðum hlutum, sem í búðinni eru, framyfir nýár. Og hæsta verð borgum við fyrir alla bændavöru.

30c fyrir egg, 25c fyrir smjör, 12 til 15 cents fyrir pundið í gripahúðum.

Gleymið ekki að biðja um 20 pd. af sykri fyrir dollarinn.

$95.00 Hús-orgel, lítið brúkað, fæst nú fyrir $50.00, og skilmálar góðir.

E. Thorwaldson & Co,
Mountain - - N. Dak.

EINN HLUTI af ediki og 2 hlutar af vatni er gott að busta úr gylta ramma.

Nei, Sko!

ALLAN þennan mánuð (des) sel ég vörur mínar með sérlega lágu verði.—Notið því tækifærið.— Allir vita, sem áður hafa við mig verzlað, að vörur mínar eru af beztu tegund. og allir fá rétta vigt og fljóta afgreiðslu. — Til dæmis:—

17 pd af Rósp. Sykri fyrir	$1.00
18 pd af púður Sykri "	1.00
14 pd af Mola Sykri "	1.00
9 pd af bezta Rio Kaffi "	1.00
20 pd af Hrísgrjónum "	1.00
20 pd af Sagogrjónum "	1.00
20 pd af Hvítum baunum	1.00
20 pd af Splitbaunum "	1.00
3 pd af Sveskjum "	0.25
3 pd af Rúsínum "	0.25
3 pd af hreins. Kúrennum	0.25
8 stykki Royal Crown sápu	0.25
3 pd kanna Baking Powder	0.25
1 pd " G. S. " "	0.15
3 pd af Sætabrauði fyrir	0.25
3 pd af Soda Biscuits "	0.25

Og allt annað þessu líkt. Gefið landa yður tækifæri meðan hann er á vegum yðar, landar góðir!

W. NORDAL
West Selkirk, - - Man.

Stúdentafélagið.

Stúdentafélagið hélt fund síðastliðið laugardagskveld, eins og auglýst hafði verið. Fundurinn var fjölmennur, og er það góður vottur vaxandi áhuga hjá meðlimum fyrir gengi félagsins.

Að loknum starfsmálum þeim, er lágu fyrir fundinum, fór fram kappræða, sem fjórir tóku þátt í, tveir mót tveim. Efni þrætunnar var þannig: "Ákveðið, að Kanadamenn ættu að eiga og viðhalda herskipaflota og stjórna honum sjálfir".

Óhætt mun að segja, að báðar hliðar berðust vel og drengilega fyrir sínu máli, og mátti oft þekki milli sjá, hvorir hafa myndu; en eins og oftast vill verða, þá barist er, að aðirhvorir verði ofan á, svo fór og í þetta sinn. Þeim Gordon Paulson og Jónasi Jónassyni, er héldu fram jáhlið málsins, var dæmdur sigurinn.

Af því að nú fara í hönd jólaprófin, var ákveðið að hafa næsta fund ekki fyr en í janúar. Þá vonum vér að geta komið saman á fundi til að óska hver öðrum gleðilegs nýárs. Næsti fundur verður auglýstur síðar.

S. E. Björnsson.

Hluthafa-ársfundur

í Heimskringlu News & Publishing Company verður haldinn að skrifstofu Blaðsins, 729 Sherbrooke St., Winnipeg- Mánudaginn 9. janúar 1910, kl. 8 að kveldi. Þetta tilkynnist hluthöfum til íhugunar.

Útgáf nefndin.

Jónas Pálsson,
SÖNGFRÆÐINGUR.
Utvegar vönduð og ódýr hljóðfæri
460 Victor St Talsími 6803.

MARTYN F. SMITH,
TANNLÆKNIR
Fairbairn Blk. Cor Main & Selkirk
Sérfræðingur í Gullfyllingu og öllum aðgerðum er tilhöna eði Tanna Tennur dregnar án sársauka Engin veiki á eftir eða gombólga —
Stofan opin kl. 7 til 9 á kveldin
Office Phone 6944. Heimilis Phone 6462.

Húðir og ógerfuð Loðskinn
Verzlun vor er vor bezta auglýsing. Sendið oss húðir yðar og loðskinn og gerist stöðugir viðskiftamenn.
Skrifið eftir verðlista.
The Liberty Hide & Fur Co, Limited
P.O. Box 1962 172 176 King St Winnipeg
16-9-10

Drs. Ekern & Marsden,
Sérfræði-læknar í Eitrfylgjandi greinum: — Augnasjúkdómum, Eyrnasjúkdómum, Nasa-sjúkdómum og Kverkasjúkdómum.
Í Plotky Byggingunni í gegnum Grand Forks, N. Dak.

Boyd's Brauð
Betri en nokkuru sinni áður. Vér notum beztu hveiti tegundir og erum sifelt að gera nýjar umbætur á vélum vorum.—Engin brauð jafnast við vor brauð að hollnustu, sætsemd og smekkgæðum. — Biðjið matsalann um þau.
Boyd.
Bakery Co. Spencer & Portage Ave.
Phone 6880.

Winnipeg Wardrobe Co.
Kaupi brúkaðan Karla og Kvenna fatnað,— og borga vel fyrir hann.
Phone, Main 6539 597 Notre Dame Ave.

BILDFELL & PAULSON
Union Bank 5th Floor, No. 520
selja hús og lóðir og annast þar að lútandi störf: útvegar peninga lán o. fl.
Tel.: 2685

J. L. M. THOMSON, M.A., L.L.B.
LÖGFRÆÐINGUR. 255½ Portage Ave.

Hubbard, Thorvaldson and Ross
LÖGFRÆÐINGAR
10 Bank of Hamilton Chambers
Tel. 378 Winnipeg

ANDERSON & GARLAND
LÖGFRÆÐINGAR
35 Merchants Bank Bldg. Phone: 1561

BONNAR, TRUEMAN & THORBURN
Lögfræðingar og Landskjala Semjarar
Suite 7, Nanton Block, Winnipeg

W. R. FOWLER A. PIERCY.

Royal Optical Co.
307 Portage Ave. Talsími 7286.
Allar aðgerðir sem eru nauðsynlegar hjá þeim, þar með hinar nýja aðferð, Scurgoscopian, sem [illegible] allum ágætiskröfum. —

Dr. G. J. Gislason,
Physician and Surgeon
Wellington Blk - Grand Forks, N Dak
Sérstakt athygli veitt AUGNA, EYRNA, KVERKA og NEFSJÚKDÓMUM

It's going UP.

Þú getur ekki búist við

að það geri annað en eyðast í revk. Því ekki að fá nokkur tons af okkar ágætu kolum, og hafa ánægjuna af, að njóta hitans af þeim, þegar vetrarkuldarnir koma. Komið til vor og nefnið þetta bl.

D. E. ADAMS COAL CO.
YARDS Í NORÐUR, SUÐUR, AUSTUR OG VESTURBÆNUM.
Aðal Skrifstofa 224 BANNATYNE AVE.

EKRU-LÓÐIR

3. til 5 ekru spildur við rafmagnsbrautina, 5 mílur frá borginni, — aðeins 10 mínútna ferð á sporvagninum, og mölborin vegalengd alla leið. Verð $300 ekran og þar yfir. Aðeins eina-fimtipartur borgist strax, hitt á fjórum árlegum afborgunum.—

Skúli Hansson & Co.

skrifst. Tel-fón 6078. Heimilis T.-fón 2278

Heimskringla.

Vér höfum næga skildinga

til að lána yður mót tryggingu í bújörðum og bæjar-fasteignum. Seljum lítháhrýðir og olíu-áhrýðir. Kaupum sölusamninga og víxlskuldabréf.

Frekari upplýsingar veita

Skúli Hansson & Co.

56 Tribune Building. Winnipeg.

XXIV. ÁR WINNIPEG, MANITOBA, FIMTUDAGINN 23 DESEMBER 1909 NR. 12

Dánarfregn.

Látinn er í Reykjavík þann 16. þ. m. HALLGRÍMUR SVEINSSON, fyrrum biskup yfir Íslandi. Jarðarför hans fer fram í dag.

Fregnsafn.

Markverðustu viðburðir hvaðanæfa

— Vínbanns atkvæðagreiðslan í Vestur-Canada, sem farið hefir fram í mörgum sveitum viðsvegar, hefir sýnt mikið jafnvægi með þeim "þuru" og "votu"., svo sigurvinningar eru sem næst jafnmarkar á báðar hliðar, og einatt voru mjög lítlir yfirburðir þeirra, sem unnu.

— Mál var nýlega höfðað móti blaði einu í Toronto borg fyrir það, að í frettum, sem blaðið flutti af gerðum réttarhaldanna þar í borg, hafði það ekki minst á einn lögmannninn eða störf hans þar. Hann heimtaði af dómaranum, að hann skyldaði blaðið til að geta um það, sem hann synni í réttinum eins og aðrir löðfræðingar. Dómarinn kvaðst ekkert vald hafa til þess, að mæla fyrir um það, hvað blöðin skyldu flytja, enda væri það ekki í sínum verkahring að stúdla að því, að hann fengi ókeypis auglýsingar. En líklega mundi blaðið minnast hans, ef hann borgaði því ákveðna upphæð fyrir hverja lesmálslínu eins og fyrir hverja aðra auglýsingu.

— Tveir menn, kapt. A.W.Loose og D. H. Dunkie, hafa komið fram með elðlesta staðhæfingu um það, að dr. Cook hafi aldrei fundið norðurpólinn, heldur hafi þeir gert allt þá útreikninga fyrir hann, sem sannað gætu sögusögn hans um, að hann hefi komist þangað. Þeir segja lenga sögu um þetta mál, og blaðið London Times, sem einnitt hefir verið andvígt dr. Cook í þessu pólarfundarmáli hans, flytur sögunna þann 9. b.m. — Eftir sögusögn þessara manna að dæma er svo að sjá, sem dr. Cook viti alls ekkert í stjörnufræði, og sé ekki fer um, að nota mælingaverkferi svo að nokkur mynd sé á. — Þeir segja, að hann hafi lofað að borga sér 4 þúsund dollara fyrir útreikning þeirra, en ekki gellið þeim nema $200, þess vegna hafi þeir áltið rétt, að opinbera svikseminn. — Annars eru þá allir útreikningar dr. Cooks komnir í hendur háskólaráðsins í Kaupmannahöfn, til yfirlits þar, og undir dómi ráðsins er það komið, hvort hægt verður að sanna sviksemi á dr. Cook. Háskólaráðið segir, að það muni taka þina merkustu sérfræðinga sína nokkra mánuði að komast að niðurstöðu í þessu máli.

— Tala barna á skólaskrám í Toronto borg er 37 þúsundir.

Fann ekki pólinn?

Háskólanefnd sú í Kaupmannahöfn, sem sett var til þess að yfirfara sannanagögn þau, sem dr. Frederick Cook fékk henni til sönnunar því, að hann hefði fundið norðurpólinn, hefir lokið starfi sínu fyr en búist var við, og hefir gefið þann úrskurð, að gögnin séu ónóg til að sanna kröfu hans til pólfundarins. Svo er að sjá, sem dr. Cook hafi alls engin gögn lagt fyrir nefndina önnur en sína eigin sögusögn um fundinn. Engar skýrslur lagði hann fram um mælingar eða nokkuð annað, sem styðjast mætti við frá vísindalegu sjónarmiði, — ekki svo mikið sem dagbók þá, er hann kvaðst hafa ritað ferðasögu sína og mælingar í. Allir nefndarmenn voru samdóma um þann úrskurð, að dr. Cook hefði ekki fundið pólinn, en um hitt kom þeim ekki saman, hvort hann sé visvitandi svikari eða bríálaður. Dr. Cook er nú í Evrópu. Hann sigldi frá New York með Cunard línu skipi 27. nóv., fór til Naples 11. des. og er nú í Kristianíu. Hans er von til Kaupmannahafnar á hverri stundu.

— Níu menn fundust nýlega í smábát á Erie vatni. Þeir voru allir sitjandi í bátnum, en allir guddfrosnir. Þeir voru á skipinu Bessemer, og hafa yfirgefið það, þegar það fórst á vatninu, og ætlað sér að ná landi í litla bátnum, en þriggja sólarhringa blindhríðar og hörku frostbylur fraus þá alla á þóftunum, og þar sátu þeir, er þeir fundust.

— Látinn er í sl. viku Leópold Belgíukonungur. Prince Albert, Count of Flanders, tekur þar við ríki. Að vísu átti Leópold konungur 2 syni unga með konu af lágum stigum, sem hann hafði leynilega kvongast. En ætlað er, að hvorugur þeirra geti átt ríkiserfða tilkall.

— Kosningabaráttan á Englandi er að verða skemtileg. Hvar sem lávarðarnir tala eru þeir beittir hrakyrðum og öðrum ójöfnuði á fundum, svo að Unionistar eru í vandræðum með ræðumenn. Margir af lávörðunum þverneita, að taka nokkurn þátt í kosningunum, og aðrir neita að koma fram opinberlega á fundum, af ótta við kjósendur. Lítill efi virðist leika á því, að alþýðan enska sé andvíg lávörðunum og stefnu þeirra. Lávarðarnir Pembrooke og Denbigh voru svo illa leiknir á fundi í London bann 15. b.m., að þeir mistu alverlega móðinn og hafa neitað, að vinna nokkuð að kosningunum framar. Austin Chamberlain var einnig svo illa leikinn á fundi kjósenda sinna í Broomsgrove, að hann varð að hætta að tala áður en hann var hólfnaður með ræðu sína. — Hinsvegar eru ekki allir með stjórnarsinnum. Kvenfrelsiskonur réðust á vagn þann, sem ríkisfhirðir Lloyd George keyrði keyrði í á leið til þess að flytja ræðu á Queens Hall í London b. 15. b.m., og léku Lloyd George ómjúklega, bristu hann og skóku, og æptu að honum. En hann þæðti og brosti. En múgurinn, sem safnaðist í kring, ruddi konunum frá vagninum, þegar hann sá hvað um var að vera, svo ríkiskanslarinn komst áleiðis. — Og Hon. A. J. Balfour, leiðtogi andstæðinganna, er veikur um þessar mundir, og læknar hafa bannað honum að fara út úr húsi í nestu 2 mánuði. Andstöðin allsherjar er virðist því vera illa staddur í þessum kosningum. — Með veikan leiðtoga og lávarðana í lestinni.

— Kona ein í Indianapolis kaus heldur að fara í fangelsi en að eiga bæmarða fjandmann. Hún hafði skrifast á við bóndamann einn um nokkurn tíma, og svo fóru bréfaskriflirnar vel með þeim, að hún hét að giftast bóndanum. Hann var allvel fjáður og sendi henni víð og víð talsverðar peningaupphæðir, til þess að mýkja tilfinningar hennar og glæða ástina til sín. Svo kom að því, að bóndinn kom að sækja brúði sína, og þá vaknaði hún til fulls af giftingardraumunum. Hinn tilvonandi leit út alt öðruvísi en hún hafði búist við. Hann var sem næst blindur og svo heyrnarsljófur, að hann hafði með sér evrnatrekt sem hann stakk inn í eyrað og hélt þar, til þess að geta heyrt það, sem kallað var í eyra hans. Skildinga hafði hann með sér, og bar þá í gömlum sokkbol, sem hann hélt í höndum og slepti aldrei. Hann var rauður á hár og skegg, óhreinn og úfinn og svo ógeðslegur, að konan neitaði alverlega að giftast honum. Þá heimtaði hann til baka það fé, sem hann hafði sent henni, en hún var búin að eyða því. Karl reiddist svo af konu og fjármissinum, að hann stefndi konunni og fékk hana dæmda í tveggja mánaða fangelsi og bangaðfór hún brosandi og sagði dómaranum um leið, að hún vildi heldur ala þar allan aldur sinn, en að eyðileggja söngrödd sína á því, að óska í eyrun á karlinum, eins og hún yrði að gera, ef hún giftist honum.

— Svikamálið móti þeim Arbuckle bræðrum, sykurgerðarmönnum í Brooklyn, fyrir rangt vigt á sykri og þar af leiðandi tollgreiðslu svik, sem hefir er að standa yfir síðan 1898, hefir endað þannig, að félagið hefir borgað stjórninni nær 700 þúsund dollara í peningum, og lofað að syndga ekki framar.

— Maður hefir nýlega verið leystur úr fangelsi í Vancouver borg, eftir að hafa setið þar í 18 mánuði fyrir glæp, sem hann var sakaður um, en sem nú er sannað, að hann aldrei framdi, og var því algerlega saklaus.

— Þingið í Ástralíu hefir til meðferðar lagafrumvarp um, að gera verkfall að glæp, þannig, að verkfallaleiðtogarnir fái eins árs hegningarhússvist, en aðrir, sem taka þátt í þeim, að eins 2 mánaða fangelsi.

Enn eitt framfaraspor Roblin stjórnarinnar.

Hveitiræktarfélagið í Manitoba hélt ársþing sitt í Brandon borg í sl. viku. Á þingi því auglýsti Roblin stjórnin að hún tæki þjóðeign korngeymslubúra (Elevators) á stefnuskrá sína, og mælti ist til þess, að Hveitiræktarfélagið kysi nefnd manna til þess að afla allra mögulegra upplýsinga lútandi að þessu þjóðeignamáli, og að sú nefnd ætti svo fund með stjórninni til þess að undirbúa lagafrumvarp þessu viðvíkjandi.

Allur þingheimur gerði hinn bezta róm að þessu máli. Stjórninni er ant um, að sníða lögin í samræmi við þarfir og óskir bændanna. Ráðgjafi Coldwell, sem mætti á þessu þingi, auglýsti einnig, að Manitoba þingið kæmi saman í febrúar næstkomandi.

Síðar mun nákvæmar verða sagt frá þessu mikla nauðsynjamáli, sem Roblin stjórnin — fyrst allra stjórna í Canada — hefir tekið að sér að berjast fyrir.

— Í járnbrautafregnum frá Ottawa er þess getið, að járnbrautaráðgjafi Laurier stjórnari nar hafi samþykt breytingar á legu Oak Point brautarinnar norður þaðan, en í hverju sú breyting er fólgin getur fréttin ekki um. Líklegt er þó, að brautin verði lögð þar, sem þegar er búið að undirbúa brautarstæðið.

Lloyds ábyrgðarfélagið á Englandi hefir nú viðurkent, að Ástralíu gufuskipið Waratah með 3 hundruð manns um borð, muni hafa farist. Ekkert hefi frézt af skipi þessu síðan 5. júlí sl. Lloyds félagið hefir því borgað 1¼ milión dollara ábyrgð, sem á því var.

— Bandaríkjastjórnin hefir nýlega sent til Canada mann einn að nafni Andre Loving, sem búinn var að hafa heimili í Bandaríkjunum í samfleytt 49 ár. Maður þessi er nú eríinn 62. ára gamall. Hann kom til Bandaríkianna, þegar hann var 13 ára gamall og hefir dvalið þar síðan. Hann kvongaðist þar, en misti konu sína og hefir síðan verið einn síns liðs. Nú er hann orðinn svo lítækur, að hann var hvorki á því opinbera, og þá upptötvaði stjórnin það, að hann ætti ekki heimili í Bandaríkjunum og sendi hann því til Canada, þar sem hann er fæddur.

— Zelaya, fors. Nicaragua lýðveldisins, hefir lagt niður völdin. Uppreistarmenn þar í landi hafa um nokkurn undanfarinn tíma herjað á herdeildir forsetans, og þeim hefir veitt svo mikið betur, að hann hefir ekki séð sér fært að halda völdum lengur.

— Fimm af mönnum þeim, sem kærðir voru um sviksemi í þjónustu sykurgerðar félagsins í Bandaríkjunum hefir kviðdómur fundið seka. Lögin ákveða tveggja ára fangelsi og 5 þúsund dollara sekt fyrir hvern þeirra. Enn standa yfir mál móti nokkrum þeirra, er kærðir hafa verið.

— Milión dollara skuldamál hefir verið höðað móti prins Miguel í Paris. Hann giftist fyrir nokkrum vikum síðan ungfrú Anita Stewart í New York borg. Það var auðmannafélag á Frakklandi og í Ástralíu, sem höfðu lánað honum stórar peningaupphæðir, þegar hann þurfti að berast á, og með þeim skilaði, að hann borgaði þeim að fullu strax og hann væri búinn að fá ríka giftingu. Og nú heimta þeir heila milión dollara. En prinsinn neitar að borga meira en höfuðstólinn með vöxtum. En lánardrotnar hans neita að þiggja þetta og segja að prinsinn hefði ekki kengið stúlkuna nema hann hefði notið aðstoðar þeirra og auðæfa.

— Ein af kvenfrelsiskonunum í Lundunum, Mary Leigh að nafni, hefir hafið mál móti ríkisráðherra Gladstone og yfirmönnum fangahúss þess, sem hún hefur verið í um nokkurn undanfarinn tíma. Málið er hafið fyrir það, að konan hefir verið neydd til þess að taka fæðu í fangahúsinu móti vilja sínum. Konan segir, að læknirnn og fangavörðurinn hafi sprautað í sig fæðunni, einnig inn um nasirnar, á meðan 6 lögreglumenn héldu henni niðri á stól. Læknirinn opnaði þá munn hennar og sprautaði upp í hana blandi af mjólk og hrærðum eggjum. Og þetta var gert eftir að búið var að fylla hana af sápu með pípu, sem rekin var í nasir henni.

Sjöfalt verð borgað.

Nýtt bryggjumál hefir verið leitt fram í dagsljósið í Ottawa. Laurierstjórnin þurfti að kaupa bryggju í bænum Richibucts í New Brunswick. Bryggjan var eign manns að nafni O'Leary, og hann var Conservative. Nokkur bréf gengu milli hans og Pugsleys ráðgjafa. O'Leary bauð að selja stjórninni landið og bryggjuna fyrir 700 dollara. En stjórnin neitaði því boði. Þá fór herra Thomas Murray, góður vinur stjórnarinnar, til Ottawa að ræða um bryggjukaupin við hana. Áður það keypti hann bryggjuna af O'Leary fyrir 700 og seldi svo stjórninni hana fyrir 5 þúsund dollara. Verkfræðingur stjórnarinnar sór það fyrir þingnefnd þeirri í Ottawa, sem mál þetta hafði til meðferðar, að hann hefði mælt með því, að þessi upphæð yrði borguð til Murray, þó hann hefði vitað, að O'Leary hefði borðið stjórninni bryggjuna fyrir $700. Ríkisfhirðirsjóðs var þannig rænd um $4,300 á þessum kaupum.

Skýrsla

um ársfund deildar hins Íslenzka Bókmentafélags í Kaupmannahöfn 1909.

Ársfundur deildarinnar var haldinn mánudaginn 29. nóv. 1909. Forseti lagði fram endurskoðaðan reikning fyrir árið 1908. Tekjur deildarinnar höfðu verið á árinu kr. 6522.90, útgjöld kr. 5565.72. Í sjóði voru við árslok kr. 23477.04. Reikningurinn var samþyktur umræðulaust.

Þá skýrði forseti frá bókaútgáfu félagsins á liðna árinu. Reykjavíkurdeildin hefði gefið út Skírnir 82. ár, Íslenzkt fornbréfasafn VIII. 3 og Sýslumannæfir Boga Benedikts sonar III. 4. Hafnardeildin hefði gefið út Lýsingu Íslands eftir Þorv. Thoroddsen I. 2, Safn til sögu Íslands IV. 2 og Æfisögu Jóns Ólafssonar Indíafara I. Á árinu verður gefið út af Reykjavíkurdeildinni Skírnir 83. ár, Ísl. fornbréfasafn IX. 1 og Sýslumannæfir Boga Benedíktssonar IV. 1; af Hafnardeildinni: Lýsing Íslands eftir Þorv. Thoroddsen II. 1. Safn til sögu Íslands IV. 3. Æfisaga Jóns Ólafssonar Indíafara II. og Íslendingasaga eftir B. Th. Melsted II. 3. Bókaútgáfan hefði verið mun meiri enn undanfarin ár. Næsta ár yrðu hér í deildinni engin ný rit gefin út, en einungis framhald áður samþyktra rita.

Þá skýrði forseti frá ástæðum fyrir fresti ársfundar. Hann gat þess, að stjórnin hefði í haust sent fyrirspurn til félaga í deildinni viðvíkjandi heimflutningsmálinu. Meiri hluti deildarmanna hefði verið heimflutningi mótfallinn, í Ameríku hefðu 21 verið með heimflutningi, 22 á móti, í Danmörku 10 með, 25 móti, í öðrum löndum 1 með, 21 móti, alls 32 með, 63 móti Félagið "Árgalinn" í Ameríku hafði sent skriflega fundarályktun gegn heimflutningi, sem forseti las upp.

Þá fór fram stjórnarkosning. Stjórnin var endurkosin: Forseti prof. Þorvaldur Thoroddsen, varaforseti Gísli Brynjólfsson læknir, skrifari Sigfús Blöndal undirbókavörður við kgl. bókasafnið, bókavörður Pétur Bogason stud. med. & chir. Í varastjórn voru kosnir: Varaforseti Mag. Bogi Th. Melsted, varaféhirðir þór. E. Tulinius stórkaupmaður, varaskrifari Stefán G. Stefánsson cand. jur., og varaþókavörður Vernharður Þorsteinsson stud. mag. Endurskoðunarmenn voru kosnir þeir Stefán Jónsson stud. med. & chir. og Jónas Einarsson stud. mag.

Þrjátíu nýir félagar voru teknir inn á fundinum.

Kvæði

flutt á fimtán ára afmæli Tjaldbúðarkirkju, 15. desember, 1909.

Í fimtán ár höfum vér haslað oss völl
og hugdjarfir stormunum varist,
í fimtán ár þrifist í þessari höll
og þéttir í fylkingu barist;
vér treystum á sannleikans sigrandi stál
og samlyngi, kærleik og menning,
og aldrei oss verður að eilífu tál
sú algilda heilnæma kenning.

Í fimtán ár sóknina höfum vér háð
og hafið í staðfastum merki,
vér trúðum á göfgi og guðlega náð
og gengum sem bræður að verki.
Þó stríðið sé þungt, eru gjöldin vor góð,
þau gróa með rísandi bárum;
það pund, er vér leggjum í sannleikans sjóð,
er sigurinn komandi árum.

Með fögnuði saman vér sitjum í kvöld,
hve sælt er að minnast þess farna,
hver stundin og dagur og árið og öld
er einungis leiftrandi stjarna,
en verkin þau geymast og gildi hvers manns
er guðlegum vísdómi falið;
hvert efnasta smáblóm kær eilífan krans,
ef að eins það sanna er valið.

Að vinna sem bræður, og létta hvers leið
er lífsmarkið hæsta á jörðu,
það ljósgeislum fágar hið skammvinna skeið
og skýlir í stormunum hörðu.
Ef eining og kærleikur haldast í hönd
til himins má leiðina brúa,
þá birtir og hlýnar á stundanna strönd,
með styrkinn að vona og trúa.

M. Markússon.

SPURNING. — Ber ekki Canadian Northern járnbrautarfélaginu að borga skólagjald af löndum sínum, sem liggja í skólahéraði þar sem engin sveitarstjórn er (Unorganized Territory)? Og ef ekki, af hvaða ástæðum?

Svar. — C. N. R. félaginu ber ekki að borga skatta af löndum sínum. það er með lögum undanþegið skattgreiðslu, af þeirri ástæðu meðal annars, að félagið á í raun réttri engin lönd. Félagið tekur að eins eignarbréf fyrir löndunum jafnóðum og þau seljast, og skoðast þau því í raun réttri sem ríkislönd þangað til. En ríkislönd eru eins og kunnugt er undanþegin skattgreiðslu. Ritstj.

Heimskringla þakkar

1) G. Helgason, kjötsala að 530 Sargent Ave. hér í borg fyrir tvo prýðisfagra Calendars fyrir árið 1910. — Á öðrum getur að líta bóndabýli út við skógarrunna, þar situr ungur piltur á bekk við brautina, og hjá honum stendur hani. Pilturinn hefir hanann í handarkrika sínum, og er með alvörusvip miklum að sýna honum egg, sem hann heldur á í líkunni Undir myndinni er tímatalið fyrir komandi ár, með stórum tölum. — Á hinum er kaupstaður yndir fjallshlíð. þar er hafskip við bryggju, og nokkrir bátar umhverfis á höfninni, — sérlega fagur Calendar hverju íslenzku auga. Dagatal er undir myndinni. — Hr. G. Helgason er áreiðanlegur verzlunarmaður, selur vélla vöru með sanngjörnu verði. Talsími hans er: Main 2474.

2) Árnason & Son, járnvörusölum í Churchbridge, Sask., þeir verzla einnig með akuryrkjuvélar, málvélar (Victor Gramaphones) o. fl. þ. h. — Á almanaki þeirra fyrir árið 1910 er mynd af tveimur ljónum, sem nefnd eru "verðir skarðsins", og er tekin eftir einu af frægustu málverkum Breta. Myndin er með litum og hin náttúrlegasta, eins og myndirnar á almanökum G. Helgasonar. Undir henni eru 12 stórar mánaðardagatöflur. Mesta húsprýði.

3) Dominion bankanum fyrir algengan skrifstofu Calendar.

4) Wellington Grocery Store, horni Wellington og Victor Sts., Th. Thorarinson og HalldórBjarnason, eigendur, — fyrir fagran Calendar. Á myndinni er sýnt skrautlegt hafskip undir seglum, hlaðið allskonar matvöru, og svo náttúrlegt, sem maður sjái það tilsýndar á höfninni. Þeir Skagar verði með vandaða vöru og selji með lágu verði. Talsími þeirra er Main 2162.

OGILVIE'S

Royal Household Flour

Til Brauð og Köku Gerðar

Gefur Ævinlega Fullnæging

EINA MYLLAN Í WINNIPEG,—LÁTIÐ HEIMAÞNAÐ SITJA FYRIR VIÐSKIFTUM YÐAR

Wall Plaster

Með því að venja sig á að brúka "Empire" tegundir af Hardwall og Wood Fibre Plaster er maður hár viss að fá beztu afleiðingar

Vér búum til:

"Empire" Wood Fibre Plaster
"Empire" Cement Wall "
"Empire" Finish "
"Gold Dust" Finish "
"Gilt Edge" Plaster of Paris

og allar Gypsum vöruteg. undir. —

Eigum vér að senda yður bækling vorn?

MANITOBA GYPSUM CO. LTD

SKRIFSTOFUR OG MILLUR Í

Winnipeg, - Man.

Heimskringla

Published every Thursday by The Heimskringla News & Publishing Co. Ltd.

Verð blaðsins í Canada og Bandaríkjunum $1.00 um árið (fyrir fram borgað). Sent til Íslands $1.50 (fyrir fram borgað af kaupendum blaðsins hérlendis $1.)

B. L. BALDWINSON
Editor & Manager

Office:
729 Sherbrooke Street, Winnipeg
P. O. BOX 3083. Talsími 3512.

Útbreiðsla talsíma í Manitoba.

Í öllum greinum iðnaðar og verzlunar hafa verið miklar framfarir hér í Vestur Canada á sl. 10 árum. En líklega í engri grein meiri en í útbreiðslu tals manna.

Það var sá tími, að menn litu á þessi nútíma þægindi með augum efasemda og þótzt vantrúar. Menn litu svo á, að talsímar væru óþarfa þægindi, sem sérstaklega væru ætluð þeim ríku. Að þeir væru í raun réttri hvergi nauðsynlegir nema þar sem rekin væri verzlun í stórum stíl, eða á stórum iðnaðarstofnunum, og jafnframt til þægindi fyrir þá ríku. Það var almenn skoðun, að notkun talþráðanna væri svo kostnaðarsöm, að bændur eða iðnaðarmenn í bæjum stæðust ekki þau útgjöld, og hefðu í rauninni enga þörf fyrir talsíma, og þessi skoðun hefir verið ríkjandi hjá öllum þorra fylkisbúa fram að allra síðustu árum. En nú er þó orðin breyting á þessu. Menn hafa hér sem annarstaðar lært af reynslunni. Þeir, sem hafa haft talsíma í húsum sínum og bezt þekkja og eru færir um að dæma notagildi þeirra, eru ákafastir meðhaldsmenn þeirra. Og þeir, sem ekki hafa haft þá, hafa tekið eftir því, hve mikil þægindi þeir eru þeim, sem hafa þá. Það er og vitanlegt, að þó notkun talþráðanna þyki dýr, þá vilja þó þeir, sem eitt sinn hafa fengið þá í hús sitt, með engu móti missa þá aftur þaðan, þó þeir þyrftu að borga tvöfalt verð fyrir notkun þeirra við það sem nú er. Þessi reynsla er nú orðin svo almenn, að nálega allir borgarbúar kannast við og viðurkenna hagsmuni þá, sem því fylgja, að hafa talsíma í húsi sínu. Öllum er það kunnugt, að verzlun og viðskifti öll manna á meðal gerast með mæltu máli. Menn verða að geta náð hver til annars, til þess að talast við munnlega. En tíminn er hverjum manni dýrmætur, sem lag hefir á að nota hann, og það er ólíkt þægilegra og fljótlegra að geta "kallað mannsinn upp" og talað við hann í makindum, þó hann sé í tveggja eða þriggja eða tuttugu mílna fjarlægð, heldur enn að þurfa að takast ferð á hendur til þess að ná tali af honum. Vinnusamningar, vörukaup og pantanir og annað þess háttar, gerist nú daglega með talsíma í bæjum og sveitum þessa fylkis. Fari eitthvað aflaga hvað verkfæri snertir eða stykki brotni í vél bóndans, þarf hann ekki að keyra langar leiðir til að fá gert við það, heldur notar hann talsímann sinn og pantar þannig nýtt stykki í stað þess, sem bilað hefir, og það er sent til hans með fyrstu vagnlest, sem fer um hérað hans. Verði einhver snögglega veikur, þarf ekki annað en að síma til læknis og segja honum frá sjúkdóms einkennunum, og getur þá læknirinn í mörgum tilfellum sent viðeigandi meðul án þess að fara að heiman, til þess sjálfur að skoða sjúklinginn. — Alt þetta eru þægindi, sem ekki verða metin til fjár. — Ein læknislerð, sem oft má spara með símanum, geti, ef hún þyrfti að gerast, kostað eins mikið og nemur talsíma gjaldinu í 6 til 12 mánuði. Alt þetta eru menn nú almennt farnir að sjá og viðurkenna og þess vegna eru nú þúsundir og tugir þúsunda heimila hér í fylkinu farin að hafa talsíma í húsum sínum sem nauðsynjatæki, sem fyrir nokkrum árum litu á þá sem leikfang og ónauðsynlega útgjaldabyrði. Og einatt vex eftirspurnin eftir talsímunum og notkun þeirra ár frá ári.

Það var því ráð í tíma tekið og byggt á sannri fyrirhyggju, þegar stjórn þessa fylkis gerði talsímakerfi fylkisins að þjóðeign. Allmargir voru þeir þó þá í byrjun hér í fylkinu, sem ekki gerðjaðist að þeirri ráðsmensku stjórnarinnar, en við reynsluna og vaxandi þekkingu á notagildi símanna er eftirspurnin einatt að aukast, þar til nú er svo komið, að um 26 þús. fylkisbúar hafa talsíma í húsum sínum, í stað 1850 fyrir 10 árum.

Útbreiðsla talsímans í Manitoba á tæpu 10 ára tímabili er sem fylgir:—

	1900	1904	1909
Stjórnar talsímastöðvar	7	16	95
Sveita talsímastöðvar	....	....	17
Stjórnar talsímanotendur í Winnipeg	1318	4552	11584
Stjórnar talsímanot. í fylkisbæjum	532	1672	5199
Stjórnar tals manotendur í sveitum	....	....	4884
Sveitafél ga talsímanotendur	....	....	3918
Langleiða línur, mílnatala	22	892	5180

Í stuttu máli er útbreiðslan þannig:—

Ártal	Símastöðvar	Notendur	Mílur Langleiða
1900	7	1850	222
1904	16	6224	892
1909	120	25585	5180

Þessi skýrsla er samin mjög nýlega, eða um síðustu mánaðamót, en við árslok verður talan hærri, því að afar sá sægur verkamanna, sem stjórnin hefir í þjónustu sinni, er nú daglega önnum kafinn að setja talsíma í hús borgarbúa. — Tala talsímanotenda hefir aukist yfir 2 þúsund á þessu ári í borginni, og svo mátti nú heita, að hver meðalmaður, þó ekki stundi hann verzlun eða aðra sérstaka iðngrein — finni þörf fyrir talþráð í húsi sínu.

Þessi aukning á notkun talsímans er eitt órækt merki þess, hve mjög Winnipeg borg fer stækkandi ár frá ári. Langmestri útbreiðslu hefir þetta þarfatæki náð hér síðan það var gert að þjóðeign, og til þess liggja tvær ástæður: Fyrst sú ástæðan, að fólk er farið að læra að meta notagildi talsímans betur nú en nokkru sinni fyr, og í öðru lagi vegna þess, að árleg notkun þeirra hefir lækkað í verði, þó lítið sé, síðan þeir voru gerðir að þjóðeign. Svo hjálpar það og til að auka vinsældirnar, að gróði sá, sem af starfinu verður, rennur í fylkissjóð, sjálfum fylkisbúum til hagsmuna, en ekki í sjóð privat einokunarfélags, eins og áður átti sér stað.

Á þessu ári hafa og 2500 bændur fengið talsíma í hús sín, auk þeirra 2500 sem áður höfðu þá. Þess utan hafa 4000 talsíma notendur, sem áður notuðu sveitafélaga talsímakerfi, nú fengið samband við fylkiskerfið, svo að réttu lagi hefir fylkissímanum aukist 9000 notendur út til sveita.

Hinar svonefndu langvega línur, sem nú liggja um nálega öll bygð héruð fylkisins, eru á sjötta þúsund milur talsins. Nálega alt það kerfi hefir verið bygt síðan stjórnin tók við yfirráðum símans. Það má því svo heita, að nálega hver bóndi, hvar sem hann býr í fylkinu, geti talað við fólk í Winnipeg borg eða á hverjum öðrum stað innan fylkistakmarkanna, sem hann óskar, og er það í mörgum tilfellum til stórhagnaðar fyrir bændur.

Á Sherbrooke stræti hér í borg, spölkorn suður frá skrifstofu þessa blaðs, er verið að byggja talsímastöð, sem á að annast um þarfir vesturhluta borgarinnar og geta afgreitt 10 þúsund talsímanotendur. Ein slík stöð er þegar fullgerð á Jessie Avenue í Fort Rouge, og næsta ár á að byggja þá þriðju — fyrir norðurhluta borgarinnar.

Tilgangur stjórnarinnar er að fullkomna borgarkerfið svo, að það geti sint þörfum 40 til 50 þús. talsímanotenda við lok næsta árs. Stjórnin gerir sér von um, að innan 6 til 7 ára verði 100 þúsund talsímanotendur í Manitoba. Nú þegar eru fyrirliggjandi 3 þúsund pantanir fyrir talsímalagningu, og talið áreiðanlegt, að ekki færri en 7 þúsund bændur í fylkinu muni bætast við á komandi ári. Árleg afnot bænda-talsímanna kosta nú $20.00.

En þessi aukning starfseminnar kostar peninga og mikið umstang. Á sl. ári hefir fylkisstjórnin t. d. sett upp 1¼ miljón talsímastaura, sem taka yfir jafnmikla vegalengd eins og frá Winnipeg til Toronto. Á staura þessa hafa verið strengdir þræðir, sem vega talsvert á aðra miljón punda. Og aðrar nauðsynjar í samræmi við þetta starf hafa verið að sama skapi.

Það gefur að skilja, að niðurfærsla fyrir notkun talsímans geti ekki orðið mikil á fyrstu árunum, meðan verið er að leggja stórfé til byggingu og línu-lagninga. En eins vist er það líka, að eftir því sem árin líða, og þeim fjölgar í þúsunda og tuga þúsunda tali, sem nota talsímann, þá lækkar árlegt gjald fyrir notkun hans að miklum mun, eða að starfið gefur af sér þeim mun meiri gróða, sem rennur í fylkissjóð. Og í hvoru tilfellinu sem er, þá hafa fylkisbúar sjálfir hagnaðinn af þessari eign sinni, og sjálfsagt verður þess ekki langt að bíða, að gróði fylkisins af talsímakerfinu verði frá hálf til heil miljón dollara á ári, um fram það, sem orðið hefði, ef Bell félagið gamla hefði hal ið áfram einveldi sínu hér í fylkinu.

Ekki a ðsvarað

Hvað kemur til þess að svo margir menn vinna og þræla meira en orka þeirra leyfir, án þess að þurfa þess? Hvers vegna vinna þeir, sem eiga nóg fyrir sig og sína, másandi og blásandi til þess að ná í meiri auð? Af hverju stafar það, að menn, sem í byrjuninni unnu að því smátt og smátt, að safna ákveðinni upphæð, til að geta stofnað eitthvert fyrirtæki, enda með því, að brjóta lögin, til þess að geta mokað saman auð, sem þeir vita ekki, hvað þeir eiga að gera við?

Ég er að eins að spyrja.

Þetta er fyrir drengi.

Faðirinn var mjög hnugginn. Hann kallaði einkason sinn fyrir sig, því það, sem hann vildi segja honum, átti ekki að fara fleiri á milli.

"Góði drengurinn minn", sagði hann, "þú hefir lent í slæmum solli, hinir nýju lagsbræður þínir eru mjög illa ræmdir og leika sér að löstunum. Þeir drekka, reykja og blóta, — í einu orði sagt, þeir eru þar helzt, sem siðferðisgóðir drengir ættu ekki að koma. Þetta er ekki hæfilegur félagsskapur fyrir þig, góða barnið mitt, og því bið ég þig innilega, að forðast framvegis þennan soll, sem þú ert nú í".

"Þú þarft ekki að vera hræddur um mig", sagði drengurinn glottandi, "ég veit svo mikið, að ég get séð um mig sjálfur".

Þung stuna, sorgfult og áhyggjulegt tillit frá föðurnum endaði samtalið milli feðganna.

Þegar drengurinn kom út frá föður sínum, var ekki laust við, að hann gerði með sjálfum sér gys að hinum úreltu og einföldu skoðunum föður sins. Piltturinn, sem fengið hafði góða mentun, áleit sem sjálfsagt, að hann hlyti að vera svo miklu hygnari og framsýnni en faðir hans, sem engrar skólamentunar hafði notið.

Árin liðu, drengurinn var orðinn fullorðinn maður. Þá hittum við hann í réttarsalnum, og dómnefndin er nýbúin að dæma hann sekan í illvirki.

Þegar dómarinn spurði hann, hvort hann hefði nokkuð að segja sér til málsbóta, sagði hann:

"Ég hefi gengið lastaveginn, unz ég stansaði í höndum réttvísinnar sem glæpamaður. Ég byrjaði með óhlýðni við foreldra mína. Ég hugsaði, að ég væri reyndari og vitrari en faðir minn, og virti því að vettugi hans fóðurlegu aðvaranir og góðu ráð. En ég hafði ekki fyr snúið bakinu að heimilinu og foreldrum mínum, en freistingarnar yfirféllu mig, sem þyrst rándýr, og ég hrasaði. Hinn illa valdi félagsskapur, sem faðir minn varaði mig við, varð til að eyðileggja mig. Faðir minn var hygnari en ég".

Takið eftir þessari viðurkenningu, drengir, sem eruð byrjaðir að álita ykkur lærðari, hygnari og framsýnni en foreldrar ykkar. Hafið það huglast, að óhlýðni við foreldra og aðra yfirboðara, er hið fyrsta spor á glötunarinnar vegi. Dæmin, sem sanna það, eru, því miður, helzt of mörg.

Lauslega þýtt af

S. M. LONG.

Svar til Hjálmars A. Bergmans.

Í Heimskringlu, sem út kom í gær, er grein frá Hjálmari A. Bergman, sem á meðal annars að vera nokkurskonar svar til mín út af grein minni í blaðinu 28. okt. síðastliðinn. Ég skil það vel, að hann hafi þurft að hugsa sig lengi um, áður en hann birti á prenti annan eins samsetning af hártogunum og illgjörnum aðdróttunum. En má ferslumenn verða stundum að sætta sig við það, að halda uppi vörn, þó að málstaður sé ekki sem beztur. Enda ber greinin það með sér, að hún er ekkert annað en einn þáttur í þeim ófagra leik, sem leikinn hefir verið síðan á síðasta kirkjuþingi, að ófrægja með öllu móti kirkjufélagið og presta þess.

Mergurinn málsins hjá H.A.B., að því er mig snertir, virðist vera sá, að bera mér á brýn ódrengskap og hræsni. Hann virðist þó gjöra það hálf hikandi; því hann fer þá krókaleið, að tilkæra orð eftir Einar Hjörleifsson, og reyna svo að heimfæra þau upp á mig. Ég hugsa að E. H. sé ekkert þakklátur fyrir það, að vera þannig notaður sem skálkaskjól. Mér vitanlega hefir E. H. aldrei gefið mér þann vitnisburð, að ég sé ódrengur eða hræsnari. Ég veit ekki til, að nokkur maður hafi gjört það annar en H.A.B. Fyrir þeim, sem þekkja mig, þarf ég ekki að verja mig gagnvart þessum óhróðri. Það veit vinur minn H.A.B. vel. En hann getur huggað sig við það, að einhverjir, sem hvorugan okkar þekkja, kunni að trúa honum. Og þá væri þó dálítið afrekað með þessu fallega drengskaparbragði! —

Það getur verið bæði skemtilegt og gagnlegt, að ræða ágreiningsmál opinberlega, þegar málsaðilar gæta velsæmis og stillingar og styðja mál sitt skynsamlegum rökum. En að eiga orðastað við menn, sem slíkum vopnum beita, er alls ekki ánægjulegt fyrir þá, sem ekki vilja gjöra svo lítið úr sér að hafa sömu aðferð. — Ég ætla þess vegna ekki að eiga neitt frekara við þessa ógeðslegu grein H.A.B. Ég ætla að eins að mótmæla afdráttarlaust þrennu, sem hann ber mér á brýn.

Ég mótmæli því afdráttarlaust, að ég hafi nokkurntíma farið í felur með trúarskoðanir mínar. Og hvað sérstaklega snertir þau trúarlegu og guðfræðislegu ágreiningsmál, sem upp á síðkastið hafa verið á dagskrá hjá okkur, þá hefi ég um flest þeirra ritað eða rætt opinberlega, svo að um skoðanir minar á þeim málum þurfa þefr, sem það varðar mestu, ekki að vera í neinum efa.

Sömuleiðis mótmæli ég því, að ég hafi nokkurntíma verið samþykkur sumum þeim kenningum, sem "minnihlutinn" svonefndi virðist aðhyllast, þó að ég fylgdi þeim flokki í skólamálinu á kirkjuþingunum í Winnipeg 1907 og Selkirk 1908. H.A.B. á greiðan aðgang að því, að fá að vita, hversvegna mér var ómögulegt að fylgja stefnuskrá minnihlutans á síðasta kirkjuþingi, ef hann langar til að vita það. En um það atriði fer ég ekki að ræða frekar opinberlega, nema ég sé til þess neyddur. Síðustu árin tvö hefi ég gert alt, sem í mínu valdi stóð, til þess að koma í veg fyrir flokkadrætti og flokksdeilur innan kirkjufélagsins, þó að árangurinn af þeirri viðleitni minni hafi ekki orðið betri en raun er á orðin. En í því efni hefi ég ekkert að fela eða fyrirverða mig fyrir. Alt skraf H.A.B. um það, að ég "eigi ekki heima" í kirkjufélaginu, er því ekkert annað en grát-hlægilegt vandræða-bull.

Og loks mótmæli ég því, að ég hafi nokkurntíma gefið það í skyn, að þeir séra Björn B. Jónsson eða séra Kristinn K. Ólafsson hafi haldið fram við mig einslega öðrum guðfræðisköðunum en þeim, sem þeir hafa opinberlega haldið fram. Hver heilvita maður, sem les grein mína í Heimskringlu 28. okt. þá., sem H.A.B. þykist vera að svara, getur gengið úr skugga um það, hve algjörlega tilhæfulaus sú aðdróttun er.

Mér þykir fyrir því, að þurfa að verja mig fyrir slíkum persónulegum árásum af hendi H.A.B. Og þess hefði ég heldur ekki þurft, ef hann hefði rætt málið með stillingu og rökum, í stað þess að fara að ástæðulausu út í persónuleg ónot. — Út í slíkt mannorðs-nart dettur mér ekki í hug að fara.

Baldur, Man., 17. des. 1909.

Friðrik Hallgrímsson.

SILFURPLET til heimilisnotkunar er búið til úr: 3 únzur Chloride of silver, 6 únzur Salt of Tartar, 2 únz. Prepared Chalk, 3 únzur salt. Borið á með votum korktappa, dýft í þetta duft.

Í dalnum.

Þeir sáu þar sem þurt var land,
og þakið alt með leir og sand,
að gróður engan gaf sú jörð
með gráan lit og spiltan svörð

Í hálfa öld var um það rætt,
hvert yrði nokkuð landið bætt.
Og úr því spunnust ótal ráð,
sem enginn maður gæti skráð.

Þeir sömdust ei að sveitabrag,
en svófu fram á miðjan dag.
Á kvöldum var með rökum rætt
og reiknað alt, sem gæti bætt.

Þá sett var átján ára nefnd
og alla þar á fundi stefnd.
En bráðum samt af þófi þreytt
hún þagði hreint og sagði ei neitt.

Það mörgum virtist mesta þraut,
að manntalsskýrslan fór í graut.
Og liðsforingja listin ring
var liðins tíma útþynning.

Og svona landið sat og beið,
um síðir fanst þá opin leið:
"Ef þangað yrði vatni veitt
það væri betra en ekki neitt."

Og öllum seitlum veitt þá var
á víð og dreif til frjóvgunar.
Að lokum fóll í farveg einn
sá feikna lögur, ekki hreinn.

Þá svo varð mikið sullum bull,
og sérhver dæld á barma full,
að margur hélt, sem vatnið vóð,
það væri komið Nóa flóð.

En ekkert bætti land né lýð,
þó langvint yrði mas og stríð,
Og allir þóttust segja satt,
en svikust um að borga skatt.

S. S. ÍSFELD.

Sparið Línið Yðar.

Látið þer oskir ekki að fá þvottinn yðar rifinn og slitinn, þá sendið hann til þessarar fullkomnu stofnunar.

Nýzku aðferðir, nýr vélaútbúnaður, en gamalt og aft verkalýð.

LITUN, HREINSUN OG PRESSUN SÉRLEGA VANDAÐ

Modern Laundry & Dye Works Co., Ltd.
307—311 Hargrave St.
WINNIPEG, MANITOBA
Phones: 2300 og 2301

VEITIÐ ATHYGLI!

Nú gefst yður tækifæri á, að eignast heimili og bújarðir með sanngjörnu verði.

Hús og bæjarlóðir til sölu og skift fyrir bújarðir. Einnig seljum við og skiftum bújörðum fyrir bæjareignir, útvegum kaupendur fyrir eignir yðar, og önnumst um alls konar sölu og skifti.

Við útvegum peningalán með rýmilegum skilmálum, tökum hús og muni í eldsábyrgð, og seljum lífsábyrgðar skírteini með sérstökum hagsmunum fyrir hluthafa fyrir bezta og áreiðanlegasta Bandaríkjafélag. Komið og finnið oss að máli, og skrásetjið eignir yðar hjá oss. Fljótum og áreiðanlegum viðskiftum lofað.

The MONTGOMERY Co.
K.B. Skagfjörð, ráðsmaður.
Rm. 12 Bank of Hamilton
Cor. Main & McDermott.
Skrifstofu talsími, Main 8317.
Heimilis talsími, Main 5223.

JOHN DUFF
PLUMBER, GAS AND STEAM FITTER
Alt verk vel vandað, og verðið rétt
664 Notre Dame Ave. Phone 3815
Winnipeg

DR. H. R. ROSS
C.P.R. meðala- og skurðlækir.
Sjúkdómum kvenna og barna veitt sérstök umönnun.
WYNYARD, — SASK.

Dr. M. Hjaltason,
Oak Point, Man.

Jóhanna Olson
PIANO KENNARI
557 Toronto St. Winnipeg

Sv. Björnsson,
EXPRES-MAÐUR,
annast um alls kyns flutning um borgina og nágrennið. Pöntunum veitt móttaka á prentstofu Anderson bræðra, horni Sherbrooke og Sargent stræta.

Mrs. Williams
Komið og sjáið
Fínu Flókahattana
sem ég sel fyrir
$3.75
kostuðu áður 7—10 dollara.
704 NOTRE DAME AVE.
23-12-9

The ALBERTA Hreinsunar Húsið
Skraddarar, Litarar og Hreinsarar. Frönsk þur- og gufuhreinsun. Fjaðrir hreinsaðar og gerðar hrokn ar. Kvenfatnaði veitt sérstakt athygli. Sótt heim til yðar og skilað aftur. Allskonar aðgerðir. Fljót afgreiðsla. Verð sanngjarnt. Opið á kveldin. FÓN: Main 3466.
660 Notre Dame Ave., Winnipeg
23-9-10

WINNIPEG Business College
Cor. Portage Ave and Fort St.
28. AR.
FÆK FYRSTU VERÐLAUN Á SAINT LOUIS SÝNINGUNNI.
Dag og kveldkensla. Telefón 45.
Haustkensla byrjar 1 Sept.
Bæklingur með myndum ókeypis.
Skrifið til: The Secretary, Winnipeg Business College, Winnipeg, Man.

A. S. BARDAL
Selur líkkistur og annast um útfarir. Allur útbúnaður sá bezti. Enfremur selur hann al konar minnisvarða og legst ina.
121 Nena St Phone 306

HEIMSKRINGLU o. TVÆ skemtilegar sögur f. yfir kn. endur fyrir aðeins $2 00

Giftingaleyfisbréf
selur: Kr. Ásg. Benediktsson
540 Simcoe st. Winnipeg.

— THE —
"Arena"
Þessi vinsæli skautaskáli hér í vesturbænum er nú opinn. Ísinn er ágætur.
18DA MOUNTED RIFLES BAND SPILAR Á ARENA.
KARLM. 25c.—KONUR 15c.
Chas. L. Trebilcock, Manager.

2 Bækur Gefins

FÁ NÝJIR KAUPENDUR AÐ HEIMSKRINGLU SEM BORGA $2.00 FYRIRFRAM, OG ÞESSUM BÓKUM ÚR AÐ VELJA :—

Mr. Potter frá Texas
Aðalheiður
Svipurinn Hennar
Hvammverjarnir
Konuhefnd
Robert Manton
og Leyndarmál Cordulu frænku. —

Alt góðar sögur og sumar ágætar, efnismiklar, fróðlegar og spennandi. Nú er tíminn að gerast kaupendur Hkr. Það eru aðeins f eintök eftir af sumum bókunum.

Heimskringla
P.O. Box 3083, Winnipeg

Bréf til Heimskringlu.

LOS ANGELES, CAL.
5. desember 1909.

Kæri herra ritstjóri!

Ég held ég hafi talað um, að senda þér eina línu, en þegar til kemur, þá hefi ég raunar lítið sem ekkert að segja. Bæði er nú það, að lítið hefir borið við hér, er stórtíðindi megi heita síðan ég kom hingað suður fyrir 2 mánuðum síðan, og svo er ég ekki nægilega kunnugur, enda þó ég væri hér vetrartíma fyrir 2 árum síðan. Ég dvel ekki í sjálfum bænum Los Angeles, heldur San Pedro, sem er aðal hafnarbær frá Los Angeles, eða réttara sagt var, því nú hefir sá "helagi Pétur" sameinast aðalbænum. Við erum hér 3 samlandar, gamlir klúgar, og hér yndislegt að vera að vetrinum til. — Einhver strjálingur mun vera af Íslendingum uppi í aðalbænum, en því miður veit ég ekki, hvar þeir halda til. Ég er þó svo gerður, að mér langar æfinlega til að kynnast löndum, ef ég veit af þeim nærlendis, og kann bezt við mig meðal þeirra.

En það var nú ekki þetta, sem ég ætlaði að minnast á, heldur var það á sýninguna í Winnipeg 1912. — Hvernig stendur annars á, að enginn skuli minnast á hluttöku Íslendinga í henni síðan þú gerðir tillögur þínar í vor er leið, og sem ég gerði þá dálítlar athugasemdir við? Eins og ég tók fram þá, leizt mér vel á þær tillögur þínar yfir höfuð, og bjóst við, að margir mundu láta meiningu sína í ljósi um þær, og máske koma fram með nýjar tillögur, en ekkert hefi ég séð af því tagi. Mér finst þó alveg ólæt, að sleppa alveg hugmyndinni um, að landar taki þátt í sýningunni, og reyni að gera það myndarlega og á þann hátt, sem álíta mætti að helzt vekti eftirtekt og yki þekkingu á landinu almennt. Að sjálfsögðu mundi það aðallega lenda á Íslendingum í Winnipeg, að gangast fyrir að koma því í verk, en ljúft ætti það að vera öllum Íslandsvinum, að hjálpa til með ráði og dáð, eftir því sem afstaða og kringumstæður leyfðu. Mig minnir, ritstjóri góður, að þú létir þess getið í vor, að mörgum mundi virðast óþarflega snemma vakið máls á þessu efni, en mér virðist mjög á annan veg. Tíminn má, að mínu áliti, ekki styttri vera. Það tekur langan tíma, að afla sýningarmuna og áhalda og safna nauðsynlegri fjárupphæð. Sjálfsagt tel ég að ykkur íslenzku ritstjórunum verði einkum ætlað, að gera tillögur og ræða málið, og um leið birta skoðanir og tillögur annara. Og ef ég mætti leggja orð í belg, þá teldi ég heppilegast, þegar málið hefir verið rætt nokkuð, að boðað yrði til almenns fundar þar í Winnipeg og nefnd kosin til að hafa aðalframkvæmdir á hendi, en hún útvegaði sér svo umboðsmenn út um Íslendingabygðirnar, bæði til að gangast fyrir fjársöfnun, útvega muni og annarar aðstoðar. Fjölyrði svo ekki frekara um þetta, en treysti því, að þú gerir þitt til að málið ekki falli algerlega niður. Þó skal ég geta þess strax, að heldur kýs ég enga hluttöku en einhverja ómynd.

Hérna um daginn las ég ritdóm eftir Jón Runólfsson (Lögberg nr. 45) um "Jón Austfirðing" etc. (kvæði Gutt. J. Guttormssonar), og geðjaðist mér vel að. Mér hefir æfinlega geðjast ágætlega að þeim ljóðum, sem ég hefi séð eftir Jón sjálfan og langað til að kynnast honum, en það verður nú líklega "með seinni skipunum". En þegar hann minnist þar á skáldin á Íslandi, þá verð ég að geta þess, að þó að hann, eðlaust, kunni miklu betur að meta og dæma um skáldskap en ég, þá virðist mér hann óþarflega og ósanngjarnlega harðhentur á Guðm. Guðmundssyni, og illa trúi ég því, að margir skrifi undir dóm hans um "Strengleika" skilyrðislaust. Hins vegar er það alveg satt, að Guðmundi hefir stórlega farið fram upp á síðkastið og ljóð hans að verða talsvert eigameiri. — Hvað viðvíkur H. Hafstein, þá er ég Jóni að því leyti samdóma, að hann hefir ávergi nærri fengið þá viðurkenningu, sem honum ber sem skáldi. Það er alveg satt, að á meðal hinna yngri skálda, með alt bölsýnið og ömurleikann, má heita að hann standi sem "klettur úr hafinu", sem skáld karlmenskunnar, traustsins, sjálfstæðisins og áræðisins (Einar Benediktsson fer að nokkru leyti í sömu átt). En það fer að líkindum hér, sem oftar, að meðalmennirnir fá sinn heiður og laun "þegar í þessu lífi" (og það stundum um of), en þeir, sem skara fram úr, mikilmennin, verða að bíða eftir viðurkenningunni, þar til þeir eru komnir undir græna torfu.

Satt að segja er ég farinn að hálf-þreytast á deilunum um kirkjufélagið og kenningarfrelsi presta, og álít, að úr þessu mætti láta kirkjulegu málgögnin eigast við um það. Þó má víst telja heppilegt og tímabært, að flytja hinn fræðandi fyrirlestur Jóns Helgasonar lectors, er Hkr. hefir verið að birta undanfarið.

Sig. Magnússon.

HNAUSA, MAN.
14. des. 1909.

Það hefði þótt fyrirsögn fyrir nokkrum árum, ef sagt hefði verið að verða mundi vatnsekla hér í Nýja Íslandi; en nú er svo komið, að talsverður hörgull var víða orðinn á því bæði sumar og vetur þessi síðustu ár, svo ýmsir hafa látið bora eftir vatni á löndum sínum í ár. Mr. Sigtr. Jónasson á Gimli hefir unnið að þessari brunnborun, og alt af náð nægu vatni á 50—100 feta dýpi, og það svo miklu á nokkrum stöðum, að það hefir gosið sjálft upp úr pípunum, og hefir þá orðið að hafa sig alla við, að fá sem fyrst vald yfir því. Mun herra Sigtryggur nú vera búinn að bora eftir vatni og ná því hjá nær 20 bændum. Það er hið mesta þarfaverk og hlýtur að hafa mikil verðhækkunaráhrif á þessi lönd. O.G.A.

Dánarfregn.

Þann 24. ágúst sl. andaðist minn ástkæri faðir Helgi Danielsson, að heimili tengdasonar sins Daða Jónssonar og Önnu dóttur sinnar, að Gardar, N.D., 83. ára gamall, eftir tveggja mánaða legu og tveggja daga rúmlestu.

Hann var jarðsunginn 25. s.m. af séra Kristni K. Ólafssyni, að Eyford, N.D. Þar hvílir hann við hlið konu ástkæru eiginkonu Friðriku Jakobínu Sæmundsdóttur, sem andaðist 10. des. 1901.

Helgi sál. var fæddur á Eiði á Langanesi í Norður-Þingeyjarsýslu á Íslandi. Foreldrar hans voru þau Daniel Jónsson og HelgaEymundsdóttir. Hann misti foreldra sína í æsku, og ólst upp hjá systkinum sínum til 29 ára aldurs, að hann kvongaðist Friðriku Jakobínu Sæmundsdóttur frá Heiði á Langanesi. Þar bjuggu þau hjónin 9 ár, fluttu þá að Hrollaugsstöðum í sömu sveit og bjuggu þar 11 ár. Þau eignuðust 7 börn, 2 þeirra dóu ung en 5 lifa, 2 synir og 3 dætur, sem öll eru í Ameríku. Tvö þeirra búa að Gardar, N.D., Daniel, ógiftur, og Anna, gift Daða Jónssyni. Hin 3 búa í Swan River dalnum í Manitoba: Sæmundur (giftur Egilsínu Halldórsdóttur Egilssonar), Þórdís (gift Gunnari G. Pálssyni) og Guðbjörg Oktavía (gift Sigurbirni Friðbjörnssyni).

Sjö árum síðar fluttist Helgi sál. og kona hans til Ameríku og settust að hjá Jóhanni Torfasyni og konu hans í Mountain bygð í Pembina Co., N.D., og dvöldu hjá þeim 2 ár. Flutti þá til Danielssonar síns að Eyford og voru hjá honum 9 ára tíma. Síðustu 11 ár æfi sinnar dvaldi Helgi sál. hjá Daða og Önnu dóttur sinni, með styrk Danielssonar sins.

Síðari hluti æfinnar var Helga sál. mjög erfiður, þar sem hann var búinn að vera blindur í 20 ár, en hann bar það með frábærri stillingu og þolinmæði. Hann var ástríkur eiginmaður og umhyggjusamur og góður faðir.

Blessun og friður hvíli yfir moldum hans!

Við fjarverandi börn hins látna þökkum alúðlega þeim hjónum Daða Jónssyni og Önnu systur okkar alla umönnun, sem þau veittu föður okkar, og einnig Daniel bróður okkar, sem annaðist útförina með mesta sóma. Svo þökkum við öllum þeim, sem viðstaddir voru jarðarför föður okkar sál.

Dóttir hins látna.

Ólöf í Ási.

Hún Ólöf í Ási var hrakin og hrjáð
og heygð niðr í fordóma haugum,
en hreint er hún gull, þá að henni er gáð
með heilbrigðrar skynsemis augum.

Við sjáum þar mannlífsins sorgdimman leik,
þar sól rann á himninum öfug.
Þó inst væri Ólöf mjög viðkvæm og veik,
hún var þó í sannleika göfug.

Alt hennar líf var ein óslitin þrá
eftir ástanna svaladrykk hollum.
Hún sá lækjarsprænur, er sýndust frá
saltblöndum leirugum pollum.

Hve oft er líf okkar óslitin þrá
eftir ástanna svalandi lindum,
og inst inni í sál vorri uppdrögum þá
ógrynni' af fölsuðum myndum.

Ég veit að hann Gvendur í garð okkar hjó,
hann getur um breyskleika syndir.
Með list og með kyngi hann kænlega dró
af karlmönnum svartari myndir.

Hrein snild er hans Guðmundar hugsana vél,
í heim er hann listanna settur.
Hann Ástadís drengjanna dregur upp vel, —
þar er dráttur hver einasti réttur.

R. J. Davíðsson.

Góð Jóla- og Nýársgjöf.

GEFIÐ VINI YÐAR EINN árgang af Heimskringlu í jólagjöf. Sú gjöf mun festa vináttu yðar á minni hans betur en nokkur önnur gjöf.— Í hvert skifti sem blaðið kemur til hans, þá minnist hann yðar.

ROBLIN HOTEL
115 Adelaide St. Winnipeg
Bezta $1.50 á dag hús í Vestur-Canada. Keyrsla ókeypis milli vagnstöðva og hússins á nóttu og degi. Áhlynning hins bezta. Viðskifti Íslendinga óskast. William Ave strætiskarið fer hjá húsinu
O. ROY, eigandi.

JIMMY'S HOTEL
BEZTU VÍN OG VINDLAR.
VÍNVEITARI T.H.FRASER, ÍSLENDINGUR.
James Thorpe, Eigandi

A. S. TORBERT'S
RAKARASTOFA
Er í Jimmy's Hótel. Besta verk, ágæt verkfæri; Rakstur 15c en Hárskurður 25c. — Óskar viðskifta Íslendinga. —

MARKET HOTEL
146 PRINCESS ST. á móti markaðnum
P. O'CONNELL, eigandi, WINNIPEG
Beztu tegundir af víufóngum og vindl um, áðhlynning góð húsið endurbætt

Woodbine Hotel
Stærsta Billiard Hall í Norðvesturlandinu
Tíu Pool-borð.—Ágætar vín og vindlar.
Lennon & Hebb,
Eigendur.

Ómeinguð Hörlérept
beint frá verksmiðjunni á Írlandi. Af því vér kaupum beint þaðan, getum vér selt írsk hörlérept ódýrar en aðrir í borginni. 15 prósent afsláttur næstu 2 vikur.
C. S. S. Malone
552 PORTAGE AVe. Phone Main 1478
16-12-9

Hvað er að?
Þarftu að hafa eitthvað til að lesa? Hver sá er vill fá sér eitthvað nýtt að lesa í hverri viku, ætti að gerast kaupandi að Heimskringlu.
Hún færir lesendum sínum ýmiskonar nýjan fróðleik 52 sinnum á ári fyrir aðeins $2.00. Viltu ekki vera með?

The Dominion Bank
NOTRE DAME Ave. BRANCH Cor. Nena St.
ÍSLENZKA TÓLUÐ.
VÉR GEFUM SÉRSTAK AN GAUM AÐ SPARI-SJÓDS-DEILDINNI. —
VEXTIR BORGAÐIR AF INNLÖGUM.
HÖFUÐSTOLL - - - $3,983,392.38
SPARISJÓÐUR - - $8,300,000.00
H. A. BRIGHT, MANAGER.

þegar hann tók þær burtu, sá Mórits að hann hafði grátið.

Þessi þverúðarfulli af rotamaður grét af endurminningunni um móður sína, sem dó í fátækrahælinu.

"Hvernig gekk það svo seinna?" spurði Mórits.

VII.

Jakob Kron.

(Framhald).

"Þegar búið var að jarðsetja móður mína", sagði Jakob Kron, "lagði ég af stað til að finna föður minn. Ég kom þangað um kvöld í desembermánuði í kuldaveðri. Heimili hans var stórt og skrautlegt og stóð í Elfsborgar greifadæmi, því faðir minn, sem var barún, var yfirmaður við Elfsborgar herdeildina.

"Ég komst að því, áður en ég kom þangað, að faðir minn var nýgiftur ríkri hefðarmey, sem sagt var að hann elskaði mikið.

"Eins og ég sagði, kom ég til nýgiftu hjónanna um vetrarkvöld, það snjóaði mikið, og mér var mjög kalt, enda hafði ég ekkert fengið að borða allan daginn.

"Ég gekk inn í eldhúsið, en þar var enginn maður, svo ég settist þar út í horn og beið. Eftir litla stund voru dyr að innra herbergi opnaðar, og hálfvaxinn drengur kom hlaupandi út í eldhúsið. Ég þekti hann strax, það var óvinur minn, — — bróðir minn.

"Hann hafði farið heim, til að dvelja um jólin

hjá föður sínum, meðan ég, svangur og kaldur, varð að vaða í gegn um snjóinn til þess seinna — — en, biddu vægðar, þú færð að vita það strax.

"Bróðir minn sá mig ekki, því hann hljóp í gegn um eldhúsið án þess að líta við króknum þar sem ég sat. Strax á eftir kom einn af þjónunum. Ég stóð upp, heilsaði auðmjúklega og spurði, hvort ég gæti fengið að tala við barúninn. Hann hugsaði stundarkorn, en fylgdi mér svo til herbergis hans, sem var á fyrsta sal.

"Faðir minn var að skrifa. Þegar ég kom inn, leit hann upp og spurði hryssingslega, hvað ég vildi. Titrandi gekk ég til hans og lagði rafhjartað á borðið. Hann greip það strax, og ég sá, að hann skifti lit.

"Hvað á þetta að þýða, drengur?" sagði hann loks ruddalega.

"Ég flutti honum kveðju móður minnar, sagði honum að ég hefði verið rekinn úr skóla sökum ósamlyndis við son hans, hálfbróður minn, og bað hann innilega að veita mér dálítla hjálp, því annars yrði ég að deyja úr hungri. Geturðu gizkað á, hverju faðir minn svaraði?"

"Nei, hverju svaraði hann?" spurði Mórits með ákafa.

"Hann stakk rafhjartanu í vasa sinn, ofur rólega, og það var eina sönnunin, sem ég hafði. Greip síðan í bjöllustrenginn og hringdi. Þjónn kom inn.

"'Taktu þennan strák og fleygðu honum út', sagði faðir minn, 'hann hefir hagað sér skammarlega og verið orðljótur. — Og ef þú' — um leið og hann snéri sér að mér — 'kemur oftar fyrir augu mér, þorpari, þá skal ég láta þig þar, sem þú sérð hvorki sólina né tungl. Út með hann!

"Þjónninn, sem var sterkur maður, þreif til mín og hrinti mér út. Svo var mér hrint ofan stigann

og rekinn út í kuldann og kafaldið. Þetta var í fyrsta skifti, sem ég fann föður minn, Mórits".

"Guð minn góður, þetta er hræðilegt", sagði drengurinn.

"Þarna stóð ég þá — sagði hinn rauðhærði — úti fyrir húsi föður míns, þar sem ljós sást í hverjum glugga, án skýlis og án þess að hafa nokkuð til að sefa hungur mitt með. Þá festi hatrið rætur í huga mínum. Ég leit til himins, hann var skýjum hulinn og engin stjarna sást. Ég lyfti upp hendi minni og sór að hata, fyrst föður minn og bróður, og svo alla auðmenn, sem væru eins innrættir og þeir.

"Ég var nýbyrjaður 14. árið, en nám mitt og þjáningar höfðu orðið til þess, að skynsemi mín þroskaðist snemma.

"Af því ég gat ekki fengið vinnu, varð ég að sníkja mér að borða. Nokkrum dögum eftir að ég heimsótti föður minn, faldi ég mig í rökkrinu úti í garðinum og beið hans. Þegar hann kom, greip ég stóran stein og kastaði honum í höfuð hans. Hann datt niður þegjandi. Ég hljóp til hans og leit á hann. Hann var ekki dauður, því hann hreyfði sig. Ég vissi ekki, hvað ég gerði, — ég ætlaði að fara að fullkomna morðið, en þá var tekið sterklega í handlegg minn. Það var sami þjónninn og rak mig út, sem nú hafði fylgt húsbónda sínum, en verið spottakorn á eftir. Ég var staðinn að verkinu. Faðir minn varð skjótt jafngóður, en ég beið dómsins í fangelsinu. Af því ég var svo ungur, var ég dæmdur til að hýðast opinberlega og að vera fjögur ár í betrunarhúsinu. Veiztu hvað betrunarhús er, Mórits?"

"Ég held það sé hús, þar sem menn eiga að betrast og hætta öllu illu háttalagi".

"Já, það er tilgangurinn, eftir nafninu að dæma,

en það er eitthvert hið bitrasta háð af stjórninni".

"Því þá það?"

"Af því að það ætti að heita spillingarhús, en ekki betrunarhús. Hver ögn af dygð, sjálfsvirðingu og samvizku, sem til er í manni, sem látinn er í slíkt ræningjabæli, hverfur gjörsamlega, en í staðinn þróast hatur, glæpir og örvilnan".

"Og þú varst lokaður inni á slíkum stað?" sagði Mórits.

"Já, fyrst var ég hýddur opinberlega við hýðingastaurinn, beint á móti öreigahælinu, þar sem móðir mín dó, og í ásýnd fyrverandi skólabræðra minna, sem nú litu á mig sem ímynd svívirðingarinnar, og svo var ég lokaður inni í betrunarhúsinu til að betrast, — — ha, ha, ha.

"Eftir fjögra ára samveru með ræningjum, þjófum og alls konar glæpamönnum, ósvífnum, þrællyndum og óguðlegum, fleygði mannfélagið mér út á götuna, heimilislausum, ættingjalausum og án þess ég væri fær um að vinna fyrir mér á heiðarlegan hátt.

"Ég var 18 ára gamall. Það góða, sem mér var kent meðan ég var barn, var ekki með öllu kulnað út. Hugur minn var fullur af hatri að sönnu, en samt forðaðist ég að stela, en ásetti mér að fá vinnu.

"Hefirðu meðmæli? spurðu menn mig, þegar ég bað um vinnu. Ég hafði enginn önnur meðmæli en þau, að ég hefði verið fjögur ár í betrunarhúsinu fyrir morðtilraun, þegar ég var 13 ára. Menn sneru sér frá mér með fyrirlitningu og létu mig fara. Allstaðar þar sem ég kom, var sama spurningin og sama svarið.

"Voðaleg örvilnan greip huga minn. Ég fór til Stokkhólms að leita að vinnu, en þar var hinu sama að mæta, háði, blóti og rekinn burt af öllum. Ég flæktist enn nokkrar vikur um Stokkhólmsgöturnar,

Menningarfélagsfundir.

Miðvikudaginn þann 27. október flutti séra Guðmundur Árnason fyrirlestur um heimspekinginn fræga Immanuel Kant og siðfræðis kenningar hans. — Ágrip af þessum fyrirlestri hefir nýlega verið birt í Heimir, og kemur þessvegna ekki í Hkr.

Á Menningarfélagsfundi 10. nóv. flutti séra Rögnvaldur Pétursson erindi, er hann nefndi "Hálfur og Hálfstrekkar".

Las hann fyrst upp kafla úr skáldriti Ibsens "Peer Gynt", samtal Peer Gynts við Anitru á eyðimörkinni, og lagði síðan út af kafla þessum sem texta.

Kvaðst hann sjá ýms mörk á þjóðlífi voru, er svipuðu til þess er greint væri frá í þessari viðræðu í Peer Gynt. Félagslíf vort væri bert og snautt og einslaust. Sumum þeim eldri virtist vera kveld í félagslífi voru. Raun ar væri brölt, stundum æsing, en engin nýj mál væru á dagskrá. Þjóðlíf vort væri á förum, væri að deyja inn í hérlent þjóðlíf. Foringjarnir væru hálfir. Kirkju hefðum vér lengið til að viðhalda guðsmeðvitundinni. Reglur og stúkur til að efla bræðralagshugmyndina, efla kærleikann, og blöð til sannleiksleitar, — til að gefa okkur sál. Borgin Peeropolis væri bygð, en það erfiðasta væri nú eftir, — "Að verða menn með mönnum hér, þars mæld oss leiðin er". Í því efni væri langt í land.

Fyrir 10 árum hefði dýrlingadýrkun tiðkast hjá oss. Menn hefðu trúað á séra Jón Bjarnason. Trúin á séra Jón væri nú horfin, — "Nýja guðfræðin" komin til sögunnar, sem vildi erfa alt og breiða sig út yfir alt. Séra Jón af henni talinn erki-óvinur trúarinnar. Heimildir nýju guðfræðinnar hver upp á móti annari. Skynsemis-heimildin dæmdi til dæmis g a d a r e n s k u svínasöguna ógilda, en heimsókn Maríu til Elisabetar guðlega opinberun. Tveir vegir væru áfram, — annaðhvort beint, eða mæta hverjum á hálfri leið. Hálfleikurinn væri viðurstygð — bezt að ganga hreint og beint að verki. Vonaðist til, að þjóð vor eignaðist sál, — hún hefði nóg rúm fyrir hana.

Viðvíkjandi nafni því, er hann hefði gefið erindi þessu, væri það ekki meining sín, að líkja hálfleika mönnunum í þjóðlífi voru við fornkonungin á Hörðalandi og kappa hans, nema að eins að því leyti, sem nafnið benti til.

Góður rómur var gerður að fyrirlestrinum og var fyrirlesaranum greitt þakklætis atkvæði.

Næst talaði séra Guðmundur Árnason. Kvaðst vera samþykkur flestu í fyrirlestrinum, það væru of margir hálfir og hálfstrekkar meðal vor. Félagslífið andlaust, en þegar þörfin væri mest, kæmu misilmenni fram, — þetta sýndi sagan oss, — eins myndi verða í voru þjóðlífi. Einlægnin og heilleikin vektu aðdáun og traust. Sú dýrkun, sem verið hefði á séra Jóni Bjarnasyni, hefði að sínu áliti verið meira sprottin af því, hvað hann var framúrskarandi einlægur og trúhuitur, heldur enn af því, hve mikill hæfileikamaður hann væri, — þó hann vitanlega hefði mikla hæfileika.

Þar næst talaði séra J. P. Sólmundsson. Dáðist að því, hve vel málsnefjandi hefði haldið á hinum skaðlega texta úr "Peer Gynt". Umræðuefnið væri afar lúkið, barátta í þessu efni ætti sér stað með al allra heimsins þjóða. Það er svo margt, sem kemur í bága, hvað við annað. Enginn getur losnað við mótsagnir. Slys geta jafnvel hlotist af því, að menn eru of trúir sínum félagsskap. — Það það hefði verið dáðst að séra Jóni Bjarnasyni, sem trúarhetju. Í síðasta fyrirlestri, er hann hélt, talar hann um að "komast upp á múlann" og að hann ætli aldrei að láta þaðan haggast. En vel að merkja, ef allir tækju sér þá stöð, hver upp á sínum "múla", væri úti um alla framför í heiminum. — Stephan G. Stephansson, gamall Menningarfélagsmaður, væri nú eldri, vitrari og reyndari en á fyrri árum. Nú vildi hann rétta öllum b r ó ð u r h ö n d, sem kæmu í áttina, þó ekki kæmu þeir alla leið. Þorsteinn Erlingsson vildi nú líka fagna hverjum vagni, "sem eitthvað í áttina lúður", — ekki reka í hann hornin. — Sjálfur kvaðst ræðumaður ekki vera kominn upp á "múlann", líklega aldrei komast það, — væri bara hálfur með hnén í brekkunni.

Næst talaði forseti (Stefán Thorson) nokkur orð. Hann kvaðst vera "hálfur" og einn af "Hálfstrekkum". Þegar ekki var hægt að komast í höfnina beint, væri bezt að slaga. Barningur með miðlungs skipshöfn, væri árangurslaus. Þeir, sem þannig reyndu að fara "beint", slitu kröftum sínum til einskis, uppgæfust og væru engu nær takmarkinu. Þeir "hálfu", sem slöguðu, næðu höfninni (kom með dæmi til skýringar). — Vér verðum að taka mennina eins og þeir eru, og haga okkur eftir því. — Viðvíkjandi því, að þjóðlíf vort væri að deyja inn í hérlent þjóðlíf, þá væri það æskilegt. Takmarkið hér er að mynda e i n a þjóð, ekki að viðhalda þjóðernishnolum. Því fyr, sem þessu takmarki er náð, því betra. — Jón Ólafsson hefði einu sinni óskað, að vér Íslendingar gætum orðið "saltið" í þjóðernisgrautnum, sem hér er verið að sjóða saman, og það væri æskilegt, — en lezt læri á því að saltið rynni í grautnum, en væri ekki í kögglum. — Ef viðhald íslenzkrar tungu hér meðal vor í Vesturheimi á að kosta það, að hún sé kend börnum vorum af láterskri afturhalds þjátrúar stofnun, og au yrðu fyrir áhrifum, sem þaðan rynnu, væri sú hljópípa of dýru verði keypt. Betra að leggja hana niður strax. — Þeir, sem færu upp á "múla", steinrynnu og yrðu engum til gagns.

Þá tók til máls Sigfús B. Benedictsson. Hrósaði mjög erindinu og starfi prestsins hér, sem hefði flutt það. Ef vér værum "hálfir" væri það ekki hans skuld, því heilleika og hreinskilni hefði hann reynt að innræta okkur meðan hann starfaði á meðal vor.

Mrs. M. J. Benedictsson neitaði því, að þeir, sem færu upp á "múla", þyrftu endilega að steinrenna. Múlarnir væru margir, hver upp af öðrum.

Fleiri töluðu: Sveinbjörn Árnason, Mrs. F. Swanson og ritari, og að síðustu málshefjandi. Hann mótmælti því, að forsetinn gæti réttilega kallast "hálfur". Hann hefði ætlað sér að ná vissri hæð og þangað hefði hann komist.

Friðrik Sveinsson, ritari.

Hvar er Haraldur J. Reykdal?

Hver sá, sem kann að vita um heimilisfang herra Haraldar Jóhannessonar Reykdal, trésmiðs, sem fyrir nokkrum árum átti heima í Chicago borg, er vinsamlega beðinn að tilkynna það á skrifstofu Heimskringlu. S.L.

Tilsögn í íslenzku.

Undirritaður veitir tilsögn í íslenzku: málfræði, réttritun og lestri, — og gerir uppdrætti af húsum.

S. VIGFÚSSON.
Til heimilis að 673 Agnes St.

Sendið Heimskringlu til vina yðar á Íslandi

Minni Íslendinga erlendis.

Flutt á hátíðadegi Eyfi ðinga, 1909

(Kvæði það, sem hér fylgir, var Heimskringlu afhent til birtingar. Það var flutt af herra Benedikt Einarssyni á Auðnum í Þingeyjarsýslu, á samkvæmi miklu, sem haldið var á Grund í Eyjafirði í marzmánuði sl., að viðstöddum nær 500 manns. Þar hafði og herra Hólmgeir Þorsteinsson flutt kvæði fyrir minni Vestur-Íslendinga).

Vér eigum bræður í útlands bygð,
sem oss er jafnan ljúft að minnast, —
varir fjarlægra vina trygð,
þó veiti örðugt að finnast.
Til vor í anda þeir horfa heim,
á hugsjón marga Ísland vísar þeim,
því land við land það bindur band,
sem barnið tengir við móður.

Þeir muna ársól um óttustund
úr Ægis bláu sölum renna,
þeir muna blómskrúð á mærri grund,
þeir muna eldfjöllin brenna,
þeir muna jökla með alda ís
og æskulíf í vorsins paradís,
og sólarkoss, er kvikan foss
á kveldi sveipaði ljóma.

Þeir muna ættlandsins forna frægð,
þó fjarri sögueyjar ströndum,
og hyggja frelsið og fjársins nægð
að finna í menningarlöndum.
Og heilög blóðskylda hvetur þá
að heiðra móður girta köldum sjá.
Með bros og tár vor æskuár
í ótal minningum lifa.

Þeir leiða mentun í landið heim, —
nú lýsir þekking milli stranda.
Og störfin sérfræða þjóðleg þeim
vér þökkum glaðir í anda.
og þegar sagan er þýdd og kend,
er þeirra minst og vinarkveðja send
út yfir sæ, með sól og blæ,
í söng og minningaræðum.

B. E.

Í TÓMSTUNDUM

Það er sagt, að margt megi gera sér og sínum til góðs og nytsemda, í tómstundunum. Og það er rétt. Sumir eyða öllum sínum tómstundum til að skemta sér; en aftur aðrir til hins betra: að læra ýmislegt sjálfum sér til gagns í lífinu. Með því að eyða fáum mínútum, í tómstundum, til að skrifa til HEIMSKRINGLU og gerast kaupandi hennar, gerið þér ómetanlegt gagn,—þess fleiri sem kaupa þess lengur lifir íslenzkan Vestanhafs.

THE
BANK OF TORONTO

INNLEGG - - - $30,853,000

VJER OSKUM VIDSKIFTA YDAR

WINNIPEG DEILD: 456 MAIN ST. JOHN R. LAMB, RADSMADUR,

Með því að biðja sérstaklega um "T.L. CIGAR," þá ertu viss að fá ágætan vindil.

T.L. CIGAR

(UNION MADE)

T.L.

Western Cigar Factory
Thomas Lee, eigandi Winnipeg

Redwood Lager og Extra Porter

Styrkið taugarnar með því að drekka eitt staup af öðrum hvorum þessum ágæta heimilis bjór, á undan hverri máltíð. — Reynið !!

EDWARD L. DREWRY Manufacturer & Importer Winnipeg, Canada.

Department of Agriculture and Immigration.

MANITOBA

Þetta fylki hefir 41,169,089 ekrur lands, 6,019,200 ekrur eru vötn, sem veita landinu raka til akuryrkjuþarfa. Þess vegna höfum vér jafnan nægan raka til uppskeru tryggingar.

Ennþá eru 25 miliónir ekrur óteknar, sem fá má með heimilisrétti eða kaupum.

Íbúatala árið 1901 var 255,211, nu er nún orðin 400,000 manns, hefir nálega tvöfaldast á 7 árum.

Íbúatala Winnipeg borgar árið 1901 var 42,240, en nú um 115 þúsundir, hefir meir en tvöfaldast á 7 árum.

Flutningstæki eru nú sem næst fullkomin, 3516 mílur járnbrauta eru í fylkinu, sem allar liggja út frá Winnipeg. Þrjár þverlandsbrauta lestir fara daglega frá Winnipeg, og innan fárra mánaða verða þær 5 talsins, þegar Grand Trunk Pacific og Canadian Northern bætast við.

Framför fylkisins er sjáanleg hvar sem litið er. Þér ættuð að taka þar bólfestu. Ekkert annað land getur sýnt sama vöxt á sama tímabili.

TIL FERDAMANNA:

Farið ekki framhjá Winnipeg, án þess að grenslast um stjórnar og járnbrautarlönd til sölu, og útvega yður fullkomnar upplýsingar um heimilisréttarlönd og fjárgróða möguleika.

R. P. ROBLIN,
Stjórnarformaður og Akuryrkjumála Ráðgjafi.

Skrifið eftir upplýsingum til

Joseph Burke. 178 LOGAN AVE., WINNIPEG.
Jas. Hartney 77 YORK ST., TORONTO.

ALDREI SKALTU geyma til morguns sem hægt er að gera í dag. Pantið Heimskringlu í dag.

án þess að hafa skýli yfir höfuð mitt, eða vita á hverju ég ætti að lifa næsta dag. Þetta var um vetur og kuldinn mikil. Ég varð oftar en einu sinni að grafa mig ofan í hauga, til þess að drepast ekki úr kulda.

"Það var kvöld nokkurt í rökkrinu, að ég var yfirkominn af örvilnan. Ég hafði ekkert fengið að borða í tvo daga, og fótagarmarnir mínir voru svo rifnir, að ég gat naumast hulið magra skrokkinn minn. Ég stóð á gangtröðinni við Norðurbrú og horfði ofan í strauminn. 'Hér skal ég frið finna', hugsaði ég. Ég ætlaði að kasta mér yfir girðinguna efst í strauminn, þegar ég heyrði vagn koma frá torginu, og sá að hann stefndi á brúna. 'Ég skal kasta mér undir hestana og vagninn', hugsaði ég, — 'það er fyrirhafnarminni dauðdagi en að berjast við iskaldar bárurnar'.

"Vagninn nálgaðist. Ég leit á mennina í vagninum, og sá að það var faðir minn, sem sat við hliðina á ungu, fallegu konunni sinni, en á fremra sætinu lá bróðir minn endilangur.

"Nú, jæja, kallaði ég, því betra. Ég skal deyja undir hjólunum á vagninum á föður míns. Blóð mitt skal skvettast á fatnað hans og bera vott um grimd hans. Ég flýtti mér og fleygði mér niður fyrir framan hestana.

"Vagn föður míns rann yfir mig.

"Hver fjandinn! Getur ekki þessi lúalegi hundur farið úr vegi! Þetta voru orðin, sem ég heyrði tölað í vagninum, og svo ók hann áfram, en ég lá aflvana í blóði mínu.

"Lögreglu þjónarnir tóku mig og fluttu á sjúkrahús. Ég náði ekki þeim tilgangi mínum að deyja. Eftir langa dvöl á sjúkrahúsinu batnaði mér, og svo var mér enn á ný slept út í heiminn. Menn bæðu,

að ég hefði orðið fyrir vagninum af óaðgæzlu, og ég skeytti ekki um að leiðrétta þá.

"Ég hafði sló föður minn aka yfir mig, án þess að gæla því gaum, og án þess að stöðva vagninn til að vita, hvernig mér liði. Þetta mannúðarsnauða kæruleysi, þessi kalda, grimma eigingirni vakti að nýju hatrið í huga mínum, — gaf mér þrek til að lifa — lifa fyrir hefndina.

"Nú ætla ég að hlaupa yfir tvö ár af æfi minni eftir að ég kom af sjúkrahúsinu. Ég segi þér máske seinna, hvar ég var þann tíma, en mótdræg voru þau. — Ég var tuttugu ára gamall, þegar ég var svo heppinn að erfa.

"Móðir mín átti bróður, sem með iðjusemi og dugnaði hafði dregið svo mikið saman, að hann gat keypt jörð í Vestur-Gautlandi. Að því búnu dó hann ógiftur, og ég sannaði erfðarétt minn og fékk jörðina.

"Nú byrjuðu betri tímar fyrir mér. Ég fékk nú ákveðið starfssvið. Vonir mínar höfðu rætzt, ég þurfti nú að rækta landið mitt og gat unnið fyrir mér án þess að stela eða betla.

"Með viðbjóði sneri ég baki við hinum fyrri lífernisháttum mínum, og stundaði bú mitt með umhyggju. Ég segi það satt, barnið mitt, að eðli mitt hefir aldrei verið vont, ég þráði heiðarlegt og starfsamt líf. — — það er ekki mér að kenna, hvernig ég er, heldur forlögunum.

"Í tvö ár bjó ég á jörðinni minni, stundaði jarðrækt og las með köflum, því fróðleiksfýsn mín var aftur vöknuð. Ég fékk mér bækur og byrjaði þar sem ég hætti, þegar ég var rekinn úr skóla.

Vinnan og velmegunin rýrði hatrið til hinna ríku, enda þótt mér sviði að hugsa um liðna æfi. Og svo var ég orðinn stiltur, að ég gat horft á bróður minn riða fram hjá í hermannabúningi, án þess að ráðast

á hann. Ég fyrirleit hann jafnframt og ég aumkaði hann.

"Ég verð að geta þess hér, að jörðin, sem ég erfði, var að eins tvær mílur frá heimili föður míns, og því var það, að ég sá bróður minn svo oft fara fram hjá. Stundum leit hann kæruleysislega á heimili mitt og mig, án þess þó að þekkja mig.

"Eins og ég sagði, hafði ég búið tvö ár á jörðunni minni, þegar ég feldi ást til ungrar stúlku, laglegrar dóttur bónda nokkurs skamt frá.

"Jóhanna, þannig hét ástmey mín, hafði einnig fengið ást á mér, svo þegar ég hóf bónorðið, fell hún í faðm minn og hét mér eilífri trygð.

"Við giftumst, og henni þótti undur vænt um mig — það hélt ég — og gerði mér lífið svo létt með umhyggjusemi.

"Þannig liðu nokkrir mánuðir, og ást mín á Jóhönnu óx með degi hverjum.

"Ég fór oft til næsta kaupstaðar til þess að selja vörur mínar, og var þá alloft eina nótt í kaupstaðnum, því vegurinn þangað var langur.

"Einu sinni — það var að áliðnu sumri — sagði ég við konu mína: Jóhanna, á morgun ætla ég í kaupstað til að selja nokkrar tunnur af rúgi. Ég get ekki komið aftur fyr en daginn eftir morgundaginn, en þú mátt ekki láta þér leiðast, litla kerling mín.

"Gott, Jakob, svaraði hún. Þá ætla ég að vefa á meðan og byrja á skyrtunum þínum. En vertu eklá lengi, því mér leiðist alt af þegar þú ert ekki hjá mér.

"Ég kyssti konu mína fyrir þessi orð. Daginn eftir fór ég af stað, þegar lýsti af degi, og kom í kaupstaðinn fyrir hádegi.

Af tilviljun gengu viðskiti mín hraðara, en ég hafði búist við, og af því ég hafði ekkert að gera.

réðí ég af að halda heimleiðis. Ég gladdist eins og barn af hugsuninni um, að geta glatt konu mína með heimkomu minni, þar eð hún átti ekki von á mér. Ég kom heim um sólsetur, lét hestinn inn og læddist svo heim, til að geta horft á mína elskuðu konu inn um gluggann.

"Grunar þig, hvað ég sá? — — Nei, það getur þú ekki skilið, — — það er alt of óeðlegt".

Tilfinningarnar báru Jakob ofurliða, þessi endurminning virtist honum sárna mest. Hann þagði, horfði til jarðar og tár fellu frá augum hans.

"Hvað sástu?" sagði Mórits, "segðu mér það. Var kona þín dáin?"

"Dáin, nei, — það hefði verið þúsund sinnum betra en það sem ég sá.

"Ég sá konu mína í faðmi annars manns — — og sá maður var — — bróðir minn".

"Guð minn góður — — hann aftur".

"Ég veit ekki hvað ég hugsaði, eða hvað ég fann til á þessari voðastundu, sem helsærði hjarta mitt, er áður var flakandi í sárum. Ég man það að eins að ég þrýsti hinu föla andliti minu að rúðunni og horfði meðvitundarlaus með starandi augum á þessar manneskjur.

"Bróðir minn vafði konu mína að hjarta sér og kysti hana. Um leið og ég sá þetta, var sem glóandi járni væri stungið í hjarta mitt, en ég stóð kyr og gat ekki hreyft mig.

"Alt í einu heyrði ég konu mína reka upp hræðsluóp, og sá hana hniga niður á stól um leið og hún benti á gluggann. Bróðir minn sneri sér við. Andlit mitt, aflagað af reiði og sorg, virtist gera hann hræddan. Eina sekúndu horfðum við hvor í annars augu, og ég veit, að í mínum augum hefir verið óslökkvandi hatur. Áður en ég gat hreyft

HAVERGAL COLLEGE

WINNIPEG

HEIMILIS- OG DAGSKÓLI FYRIR STÚLKUR, MEÐ "KINDERGARTEN" DEILD.

KENNSLU GREINAR

Undirbúninga kennsla til háskóla, með sérstakri áherslu á Music og Listir. Nú, er fyrverandi nem. eður vorir, hafa hlotið fræðaheiti við Toronto Conservatory of Music og Royal Drátlistar skólann. Líkams æfing er í kennslugreinum. Skautasvell, allskonar útbúnaður fyrir leikl. alt á skólaflötinni. Upplýsinga skrá veitir forstöðukonan, MISS JONES, L. L. A., St. Andrews [Scotland].

KENNSLA BYRJAR Þriðjudag 21. SEPT.

Embættismanna kosningar.

Miðvikudaginn þann 22. þ. m. kl. 8 að kveldi eru allir meðlimir stúkunnar ÍSAFOLD I.O.F. nr. 1048, beðnir að mæta á fundi í samkomusal Únítara, horni Sherbrooke og Sargent. — Kosning embættismanna fer þá fram, — og ýmislegt annað sem liggur fyrir fundi. — Og því nauðsynlegt að meðlimir mæti, — og sem flestir.—

J. W. MAGNUSSON, ritari.

Afsetningarmálið.

Lögrétta, dags. 24. nóv. sl., skýrir frá því, að Björn Jónsson, ráðherra Íslands, hafi þann 22. nóvember með embættisbréfi vikið bankastjórn Landsbankans frá störfum hennar, algerlega fyrirvaralaust og frestlaust. Jafnframt afsetningur tilkynningunum hafði ráðherrann sent landritarann og einn af skrifstofustjórunum til þess í nafni ráðherra að telja peninga og setja inn í embætti hina nýju stjórnendur þá Björn Kristjánsson (sem bankastjóra), Karl Einarsson sýslumann og Magnús Sigurðsson lögfræðing (sem gæslustjóra). Svo þurfti þetta fljótlega að afgerast, að frávikna stjórnin mátti ekki afgreiða þá viðskiftamenn, sem þá voru í bankanum. En bankanum var samstundis lokað um nokkrar klukkustundir. Gæzlustjórarnir frávíknu eru þeir valinkunnu heiðursmenn Kristján Jónsson dómstjóri og Eiríkur Briem.

Samtímis og þetta fór fram í bankanum, var útbýtt á götum borgarinnar svolátandi yfirlýsingu: —

TILKYNNING FRÁ STJÓRNARRÁÐI ÍSLANDS.

Í dag hefir forstjórum Landsbankans í Reykjavík, framkvæmdarstjóra Tryggva Gunnarssyni og gæslustjórunum Eiríki Briem og Kristjáni Jónssyni, verið vikið frá stöðu sinni við bankann sökum margvíslegrar, megnrar og óafsakanlegrar óreglu í starfsemi þeirra í stjórn bankans og frámunalega lélegs eftirlits með honum.

Um leið og stjórnin tekur það fram, að ráðstöfun þessi er nauðsynleg og óumflýjanleg eftir því sem fram er komið frá rannsóknarnefnd Landsbankans, lýsir hún því hér með yfir, að bankinn heldur áfram störfum sínum, og telur hún sjálfsagt að styðja bankann til þess að standa í skilum við alla sína skuldheimtumenn á hverjum tíma sem er, og hefir hún, ef þörf yrði slíkrar aðstoðar, gert þar að lútandi ráðstafanir utanlands og innan, og verður yfir höfuð gert alt, sem unt er og jafnskjótt sem verða má, til þess að kippa bankanum í rétt horf.

Hr. Björn Kristjánsson kaupmaður og alþingismaður er settur framkvæmdarstjóri bankans, og gæslustjórar til bráðabirgða (nokkrar vikur) þeir Karl Einarsson sýslumaður og Magnús Sigurðsson yfirréttarmálfærslumaður, vegna sérstaklegs kunnugleika þeirra á högum bankans eftir rannsóknina.

Stjórnarráð Íslands,
22. nóv. 1909.

Björn Jónsson.

Dómstjóri Kristján Jónsson hefir út af þessu ritað ráðherra Íslands svolátandi bréf:

SVAR TIL RÁÐHERRA.

Með bréfi, dags. í dag, hafið þér, ráðherra Íslands, vikið mér úr gæslustjórastöðu við Landsbankann, og segið þér, að það sé sakir margvíslegrar, megnrar og óafsakanlegrar óreglu í starfsemi minni í stjórn bankans og frámunalega lélegs eftirlits með honum. Heimild til þessa þykist þér hafa í 20. gr. bankalaganna 18. sept. 1885; þessi lagagrein heimilar þó eigi að víkja gæslustjóra frá, nema um "stundarsakir". Býst ég við að skilja beri frávikninguna á þá leið, svo að hún verði þó að minsta kosti á yfirborðinu samkvæm lögum.

Eigi hafið þér, ráðherra, áður tjáð mér, hverjar mínar yfirtroðslur séu, og eigi hafið þér gefið mér kost á, að bera hönd fyrir höfuð mér, eða koma með neina vörn af minni hálfu, áður en þessi ráðstöfun var gerð. Hefir það þó hingað til verið talin sjálfsögð skylda sæmilegrar stjórnar, þegar um ráðstöfun er að ræða, sem að nokkru er þessari lík. Þér hafið dæmt mig, án þess að láta mig sjá sakargiftirnar, og án þess að heyra vörn mína. Þetta er eigi samboðið siðari stjórn.

Ég neita því gersamlega, að ég hafi að neinu leyti sýnt vanrækslu í starfi mínu við bankann, og staðhæfi, að ég hafi int miklu meira starf af hendi fyrir bankann en lögin heimta af mér, og ég hef haft svo nákvæmt eftirlit með bankanum sem hægt hefir verið eftir öllum atvikum, og lögin ætlast til.

En aðallega skrifa ég yður þetta til þess, að benda yður á það, sem yður virðist vera ókunnugt um, nfl. að eftir lögum nr. 12. 9. júli 1909, mun ég 1. janúar næstkomandi taka sæti í stjórn bankans og mun frávikningarráðstöfun yðar eigi geta haft nein áhrif á stöðu mína þar. Alþingi (efri deild alþingis) hefir kosið mig fjórum sinnum gæslustjóra við bankann, sem sé 1897, 1901, 1905 og 1909 fyrir tímabilið frá 1908—1914. Nú síðast (1909) var ég kosinn með öllum atkvæðum samhljóða. Þessar kosningar getið þér ekki gert ónýtar, eigi fremur hina síðastneindu þeirra en hinar fyrri.

Lögin ákveða hinum þingkosnu gæslustjórum ársþóknun fyrir starfa þeirra, og er þóknun þessi eigi miðuð við vikur, daga eða mánuði. Ég mun því heimta fulla þóknun fyrir yfirstandandi ár, eins það sem eigi er búið að greiða. Kröfu minni mun ég framfylgja eins og lög segja til.

Ég skal eigi að þessu sinni minnast á það, að þér hafi stofnað Landbankanum í voða með rannsóknarráðstöfunum yðar síðan í vor, eins og þeim hefir verið hagað, né heldur skal ég nú orðlengja um það, að þessi síðasta ráðstöfun yðar stofnar honum í hinn mesta háska. Það liggur yður líklega í léttu rúmi. Þér lýsið starfsemi minni og framkomu með orðum, sem eru ósamboðin heiðarlegum ráðherra, og mér ómakleg, enda alveg tilefnislaus.

Þér beitið mig saklausan ranglæti rétt eins og það sé hégómamál. Svo greindarleysisleg er aðferð yðar öll, að mér hlýtur að detta í hug þetta gamla orðtak: "Quos vult perdere Jupiter, prius dementat".

Að sjálfsögðu mun ég kæra til næsta alþingis yfir aðförum yðar gegn mér.

Reykjavík, 22. nóv. 1909.

Kristján Jónsson.

Í sama blaði ritar og herra Tryggvi Gunnarsson svolátandi grein:

OFSÓKNIN.

Mánudaginn 22. nóvember, kl. 1, þegar afgreiðsla í Landsbankanum stóð sem hæst, fékk ég og báðir gæslustjórarnir sitt bréfið hver, þess efnis, að vér ættum samstundis að víkja úr bankanum vegna "megnrar óreglu og frámunalega lélegs eftirlits með honum", en ekkert sérstakt atriði var neint, hvar í þessi óregla væri falin, né hvaða verk við bankann vér hefðum vanrækt. Oss var ekkert gert aðvart áður og enginn kostur gefinn á því, að upplýsa málið eða svara fyrir oss.

Samstundis sem vér höfðum lesið bréfin, kom bankastjórinn, í umboði ráðherrans, og heimtaði, að afhendingin færi fram samstundis. Ég spurði, hvort svo miðið þyki á þessari afhendíng um há-afgreiðslutímann, að ég mætti ekki afgreiða litla stund þá menn, sem höfðu komið með lánbeiðnir, þar af sumir úr sveit. Svarið var neitandi, og í því kom hinn splunkunýi bankastjóri, uppfómaður af uppfyllingu sinna margra ára óska. — Það kostar ekki svo litla fyrirhöfn, að komast í 6000 kr. sæti.

Ég varð því að reka út alla gesti bankans og láta loka honum um hádegi, til þess að afhenda þá peninga, sem heimtaðir voru tafarlaust. Viðstaddir voru landritarinn og einn skrifstofustjórinn. Sá splunkunýi taldi peningana, og gæslustjórarnir níðu góndu ánægðir yfir því, að hafa þó eitthvað upp úr langri og trúrri þjónustu fyrir ráðherrann. En sýnilega brá viðtakanda í brún, þegar búið var að telja peningana og það sást, að ekkert vantaði. Þar brást krókur, sem heldur en ekki átti að hengja á.

Af þessu stutta ágripi sést, að framferði ráðherrans gagnvart bankastjórninni var fullkomlega eins og að vér allir þrir værum glæpamenn, sem vísir væru til að stela úr bankanum, — fyrir það skal hann síðar fá að svara. — Vér vorum levndir öllum ráðagerðum ráðherrans, áður en afsetningarbréfin komu; ekki gefinn kostur á því, að færa nokkrar varnir, áður en dómurinn var feldur, og afhending á eignum bankans heimtuð tafarlaust, um há-afgreiðslutíma bankans, þegar ráðherra bjóst við, að vér sist værum viðbúnir. Það er því engin furða, þótt B.J. yrði svipbungur, þegar hann frétti, að peningaforði bankans væri afhentur í bezta lagi, og engan eyri vantaði á það, sem áttí að vera eftir bókum bankans. Þarna brást bogalistin jafn-hervönum manni. Marga hefir hann hildi háð, ekki síður en Skuggasveinn.

Þegar störfum í bankanum var lokið, gekk ég heim, en sá á leiðinni hóp manna, sem var að lesa uppfesta skammarauglýsing frá ráðh. um bankastjórnina; heyri ég þá að einn þeirra segir: "Mikið hrakmenni er hann B.J., fyrst að reka mennina frá án saka, og svo festa upp á götum bæjarins róg og lygar um þá". Ég gekk til þeirra og sagði: "O, nokkuð svo, — verra ætlaði ráðherran sér að hafa það; hann er búinn að láta leita að glæp síðan í apríl og ætlaði að tylla honum þarna niður, en smalarnir hans hafa ekki reynst fundvísir. Þið standið hér óánægðir yfir því, hve auglýsingin er svívirðileg, en hann situr heima í ráðherrastólnum sáróánægður yfir því, að geta ekki auglýst eitthvað mergjað, annað en þessa gömlu og vanalegu Ísafoldar-lygi, sem gerir aðra tortryggilega, en sannanirnar vanta. En hann sleppur ekki í þetta sinn; hann skal fá að sanna þau atvik, sem gefi honum rétt til að fara að bankastjórnarmönnunum sem glæpamönnum. Það er ekki sopið kálið, þó í ausuna sé komið, og ekki skal ég harma það, þótt hann sé nú að tegla til fótagaflinn í stjórnarlíkkistuna sína.

Líklega kemur fáum mönnum til hugar, að vandlæting ráðh. við bankastjórnina sé sprottin af umhyggju fyrir hag Landsbankans. Árið 1901 voru þeir B.J. og B.Kr. aðal forgöngumenn þess, að leggja Landsbankann niður; síðan hefir hvorugur þeirra sagt eitt vingjarnlegt orð í garð bankans; þvert á móti notað hvert tækifæri til að níða hann og stjórn hans. Og ennfærri verða þeir, sem álíta að bankanum fari fram við þessa nýju stjórn. Alt þetta vafstur ráðh. með rannsóknarnefnd og stjórnarafsetning er einungis sprottið af hatri til einstakra manna og hefndargirni.

Hvað mig sjálfan snertir, þá tek ég það rólega, þótt hann taki af mér stöðu mína ástæðulaust. Ég kannast við, að B.J. er vorkunn, þó hann vilji hefna sín á mér, því oft hefi ég verið þröskuldur á vegi hans, og enginn veit nema hann og ég, hve oft ég hefi hindrað hann frá, að koma fram skemdarverkum sínum gegn föðurlandi okkar beggja. Ég lít til baka með þægilegri endurminningu um, að ég gat gert þetta, og kýs miklu heldur að taka á móti nokkrum óþægindum nú, heldur en að hitt hefði misheppnast. Eðlilega ergir það hann. En hvort það er ráðvandlegt að nota opinberar stöður til hefndarverka, verða lesendur að dæma um.

Ég skil hefndarhug B.J. til mín, en leiði minn hest frá því, að skilja meðferð B.J. á háyfirdómara Kr. Jónssyni, sem er honum fremri af viti og mannkostum öllum. Hann hefir í mörg ár verið samverkamaður og hjálparhella B.J. í landsmálum, og loks hjálpað honum upp í valdasessinn, sem hann aldrei skyldi hafa gert. En strax sem B.J. er sestur í sætið, og þykist ekki þurfi hans lengur, þá sparkar hann í Kr.J. og rekur hann frá með þeim ummælum, að hann hafi sviksamlega gætt stöðu sinnar og hafi "frámunalega lélegt eftirlit" við bankann, og svo lætur hann festa upp á götuhornum bæjarins hennan fallega vitnisburð. Vel er nú launuð margra ára vináttu og hjálp. En ekkert sýnir betur en þetta innri mann B. J. Svona er maðurinn, þegar hann er skoðaður í spegli. Þetta er ekki tilviljun eða eins dæmi. Í mörg ár var Valtýr Guðmundsson uppáhaldsvinur B.J., svo Ísafold gat aldrei hælt honum nóg fyrir vitsmuni og ættjarðarást. En jafnskjótt sem B.J. þykist ekki þurfa að brúka hann lengur, þá sparkar hann í V. G. og gerist forgöngumaður þess, að smána hann og reka af þingi. Mörg fleiri dæmi man ég, en grein þessi yrði of löng, ef ég ritaði þau hér. Þetta ætti að vera næg bending til þeirra þingmanna, sem hann á síðasta þingi leiddi eins og kindur í bandi, hvers þeir eiga von, þegar átrúnaðargoðið þeirra þarf ekki lengur að brúka þá. Hann er nú kominn hæst á hefðartindinn og þykist hafa þar traust sæti, svo hærðarleikur sé, að kippa þessum upp úr forinni, upp í hálaunuð sæti, en svo fleygja hinum í fyrrf staðinn. Hann er búinn að greiða rannsóknarnefndinni 3000 kr. — og mikið eftir ennþá. Ekki er þetta fé samt úr vsa B. J. Það er hans síður, þegar hann er að gæða vinum sínum eða hefna sín á óvinum, þá tekur hann fé úr landssjóði. Landsmenn eru nógu einaðir.

Ef til vill kunna sumir að ætlast til þess, að ég hrekti hér með rökum áburð B.J. á bankastjórnina, en það yrði oflangt mál hér, og verður reynt að gera það á öðrum stað.

Í huga B.J. á hann ekkert föðurland; þess vegna þarf hann ekki að hugsa um það. En hann á sig sjálfan, og því þarf hann að hugsa um sig. Og hann á óvini, sem hann þarf að hefna sín á. Þetta held ég verði þráðurinn í æfisögu B.J., þegar hún verður rituð, og stjórnarárin hans verða í sögu landsins látlaus norðan-stórhriðarbylur, þar sem einskis gróðurs má vænta.

Þegar ég minnist á æfisögu, þá kemur mér í hug, hvort B.J. hafi aldrei hugkvæmst það, að æfisaga hans verði dálítið keimlík æfisögum Gissurar Þorvaldssonar og Marðar gamla, nema hvað hann er minni hölkingi en þeir og að öllu minna í hann spunnið.

Tryggvi Gunnarsson.

Blaðið Lögrétta endar grein sína um þetta mál á þessa leið:

Hafa nú þessir menn, K.E. og M.S. (hinir settu gæslustjórar), traust þjóðarinnar, sem er eigandi bankans, móti þeim Eiríki Briem og Kristjáni Jónssyni, — og hefir Björn Kristjánsson traust hennar á móti Tryggva Gunnarssyni? — Þessu hvorutveggju er hiklaust hægt að svara neitandi. Þó Björn sé gamall kaupmaður, hefir hann ekkert við bankastörf fengist. Hinir eru alveg óþektir menn.

Þeir Eiríkur Briem og Kr. Jónsson eru kosnir gæslustjórar bankans af alþingi. Eftir gömlu bankalögunum hefir ráðherra heimild til að víkja þeim frá um stundarsakir. En eftir nýju bankalögunum, sem koma í gildi 1. jan. næstk., hefir hann enga heimild til þess. Það getur þingið eitt gert, sem þá hefir kosið. Þeir Eiríkur Briem og Kristján Jónsson taka því sæti í bankastjórninni aftur undir eins fyrsta daginn, sem bankinn verður opnaður eftir nýárið, hvað sem ráðherra segir. En þetta mun hann alls ekki hafa athugað, þegar hann vék þeim frá".

Svo er að sjá á Lögréttu, að Reykjavíkurbúum, og þá væntanlega öllum þorra alþýðu á Íslandi, þyki ráðgjafinn hafa beitt hér valdi sínu nokkru frekar, en æskilegt hefði verið, og að landsbúar eigi sanngjarna kröfu á hendur ráðgjafa til þess að hann upplýsi málið miklu nákvæmar en gert er í stjórnarráðs yfirlýsingunni, áður en kjósendur sætti sig við þessa ráðsmensku hans. Hins vegar er óhugsandi, að ráðgjafinn hefði tekið þetta spor nema hann hefði ekki að eins haft fulla sannfæringu heldur einnig fulla vissu fyrir því, að þetta væri nauðsynlegt bankans vegna og þjóðarinnar. Ennþá hefir vörn sú eða ástæður þær, sem hann hefir haft fyrir þessu snögga viðbragði, ekki borist hingað vestur. Það er hvorttveggja til, að málgagn hans Ísafold færi þær ástæður, þegar Íslandspóstur kemur næst, því vel má vera, að ráðgjafinn taki þá stefnu, að geyma allar frekari skýringar um þetta mál þar til þing kemur saman næst.

Að vísu er alls ekki víst, að æsingarnar út af þessari afsetningu bankastjórnarnnar hafi valdið eins miklu uppþoti eins og Lögrétta lætur í veðri vaka, eða að afsetningin sé eins algerlega ástæðulaus eins og blaðið fullyrðir að hún sé. En hins vegar eiga þeir menn hér hlut að máli, sem til þessa tíma hafa haft svo mikið alþýðutraust, að almenningi er það ekki láandi, þó hann vilji fá vissu sína um það, hvort menn þessir séu svo embættislega sekir, að þeir verðskuldi þá harðýðgi og vanvirðu, sem þeir með þessari afsetningu hafa orðið fyrir. Því að þeim mönnum öllum ólöstuðum, sem mynda hina nýju bankastjórn, þá liggur það á meðvitund Vestur-Íslendinga, að þeir séu í engu trúverðugri en hinir, sem burt var vikið.

En eins og tekið hefir verið fram þá er ekki annað hugsandi, en að ráðgjafinn hafi haft einhverjar sér fullnægjandi ástæður fyrir því spori, sem hann hefir stigið, og ef þær ástæður verða ekki birtar nokkurn veginn nákvæmlega og ljóslega í blaði hans, þá getur ekki hjá því farið, að þær verði gerðar kunnar á næsta alþingi.

LEIÐBEININGAR--SKRA

YFIR ÁREIÐANLEGA VERZLUNARMENN Í WINNIPEG

MUSIC OG HLJÓÐFÆRI

CROSS, GOULDING & SKINNER, LTD.
323 Portage Ave. Talsími 4413

MASON & RISCH PIANO CO., LTD.
356 Main Stre Talsími 4 80
W. Alfred Albert, Íslenskur umboðsmaður

WHALEY ROYCE & CO.
356 Main St. Phone 263
W. Alfred Albert, hljóðfærafræðingur.

BYGGINGA og ELDIVIÐUR.

J. D. McARTHUR CO., LTD.
Fyggingar- og Eldiviður í heild- og smásölu.
Sölust: Princess og Higgins Tals. 3061, 3062, 3062

MYNDASMIÐIR.

G. H. LLEWELLIN,
"Medallions" og Myndarammar
Stærstu birgðir Park St. og Lowan Avenue

SKÓTAU Í HEILDSÖLU.

AMES HOLDEN, LIMITED
Princess & McDermott. Winnipeg.

THOS. RYAN & CO.
Allskonar skótau. 44 Princess St.

THE Wm. A. MARSH CO. WESTERN LTD.
Framleiðendur af fínu skótaui. Talsími: 3710
88 Princess St. "High Merit" Marsh Skór

RAFMAGNSVELAR OG AHÖLD

JAMES STUART ELECTRIC CO.
374 Smith St Tal-ímar: 3647 og 7802
Fullar birgðir af alskonar vélum.

GOODYEAR ELECTRIC CO.
Kellogg's Talsímar og öll þarðsíut. áhöld
Talsími 3023. 56 Albert St.

RAFMAGNS AKKOÐSMENN

MODERN ELECTRIC CO
412 Portage Ave Talsími: 5658
Viðgjörð og Vir-lagning — allskonar.

BYGGINGA-EFNI.

JOHN GUNN & SONS
Talsími 1271 566 Jarvis Ave.
Höfum bezta Stein, Kalk, Cement, Sand o. fl.

THOMAS BLACK
Selur Járnvörur og byggingaefni allskonar
76—82 Lombard St. Talsími 600

THE WINNIPEG SUPPLY CO., LTD.
298 Rieties St. Tal-ímar: 1906 & 7187
Kalk, Steinn, Cement, Sand og Möl

BYGGINGAMEISTARAR.

J. H. G RUSSELL
Byggingameistari.
Í Silvester-Wilson byggingunni. Tals: 1068

PAUL M. CLEMENS
Byggingar-Meistari, 443 Maryland St.
Skrifst.: Argyle Bldg., Garry st. Talsími 5997

BRAS- og RUBBER STIMPLAR

MANITOBA STENCIL & STAMP WORKS
421 Main St. Talsími 1880 P. O. Box 244.
Búum til allskonar Stimpla úr málmi og togleðri

CLYDEBANK SAUMAVÉLA AÐGERÐARMAÐUR, brukaðar vélar seldar frá $5.00 og yfir
564 Notre Dame Phone, Main 8624

VÍNSÖLUMENN

GEO. VELIE,
Heildsala Víngerð. 185, 187 Portage Ave. E.
Smásala talsími 352. Nátt-sala tal-ími 494.

STOCKS & BONDS

W. SANFORD EVANS CO.
326 Nýja Grain Exchange Talsími 340

ACCOUNTANTS & AUDITORS

A. A. JACKSON,
Accountant and Auditor
Skrifst.—28 Merchants Bank. Talsími 3702

OLÍA, HJOLÁS FEITI OG FL.

WINNIPEG OIL COMPANY, LTD.
Fáa til stein Olíu, Gasoline og hjólás-aburð
Tal-ími 1390 611 Ashdown Block

TIMBUR og BULONDI

THOS. OYSTAD, 3-8 Kennedy Bldg.
Viður í vagnhlössum til notenda, bulónd til sölu

PIPE & BOILER COVERING

GREAT WEST PIPE COVERING CO.
132 Lombard Street.

VIRGIRÐINGAR.

THE GREAT WEST WIRE FENCE CO., LTD
Alskonar virgirðingar fyrir bændur og borgara.
76 Lombard St. Winnipeg.

ELDAVELAR O. FL.

McCLARY'S, Winnipeg.
Stærstu framleiðendur í Canada af Stóm, Steinvöru [Granitewares] og fl.

ÁLNAVARA Í HEILDSÖLU

R. J. WHITLA & CO., LIMITED
264 McDermott Ave Winnipeg
"King of the Road" OVERALLS.

BILLIARD & POOL TABLES.

W. A. CARSON
P. O. Box 225 Room 4 4 Nelson Banka.
Öll nauðsynleg áhöld. Ér sjöri við Pool-borð

NALAR.

JOHN RANTON
203 Hammond Block Talsími 4670
Sendið strax eftir Verðlista og Sýnishornum.

GASOLINE Vélar og Brunnborar

ONTARIO WIND ENGINE and PUMP CO. LTD
301 Chamber St. Sími: 2688
Vindmillur -- Pumpur -- agætar Vélar.

BLÓM OG SÖNGFUGLAR

JAMES BIRCH
442 Notre Dame Ave. Talsími 2638
BLÓM - allskonar. Söng fuglar o. fl.

BANKARAR.GÆFUSKIFTA AGENTR

ALLOWAY & CHAMPION
North End branch: 667 Main st eet
Vér seljum Avísanir borgunl gar á Íslandi

LÆKNA OG SPÍTALAÁHÖLD

CHANDLER & FISHER, LIMITED
Lækna og Spítalaáhöld, og hospitals áhöld
185 Lombard St., Winnipeg, Man.

KAUPID af þeim og verzlið við þá sem auglýsa starfsemi sína í Heimskringlu og þá fáið þér *betri* vöru með *betra* verði og *betur* útilátnar.....

Auglýsing.

Fáeinar úrvalslóðir, allar hreinsaðar og sléttar eins og gólfið, uppá a hinu fagrasta hveli norðaustarlega í Ballard, í grend við heimili mitt, hvar lóðir eru óðum að stiga í verði og mikið er að byggjast, — get ég nú selt hverjum þeim, sem fljótlega vill sinna þessu — munnlega eða bréflega, á $550 hverja lóð, $100 borgist út í hönd, en kaupandi má ráða skilmálum á hinu; vextir 8 prósent. Stærð lóðanna er 42x128 fet aftur að 14 feta breiðum bakvegi. Eignarréttur er hinn traustasti. — Það er kunnugra en frá þurfi að segja, að

NÚ ER TÆKIFÆRIÐ TIL AÐ ÁVAXTA PENINGA SÍNA Í SEATTLE FASTEIGNUM

Ég ræð löndum mínum hiklaust til að kaupa þessar lóðir, og það mun sannast, að þeir, sem fara vilja að ráðum mínum í þessu efni, munu bera ágóða mikinn úr býtum og hrósa happi yfir kaupunum seinna meir.

Virðingarfylst,

F. R. JOHNSON,
8059 11th Ave. N.W., Seattle, Wash.

PRENTUN

VÉR NJÓTUM, sem stendur, viðskipta margra Winnipeg starfs- og "Business"-manna.— En þó erum vér enþá ekki ánægðir — Vér viljum fá alþýðumenn sem einatt notast við illa prentun að reyna vora tegund. — Vér ábyrgjumst að gera yður ánægða. — Símið yðar næstu prentpöntun til —

'Phone: Main 5944

The ANDERSON Co. COR. SHERBROOKE ST. AND SARGENT AVENUE. WINNIPEG.
PROMPT PRINTERS

J. J. H. McLean & Co LIMITED

HÚSIÐ

VÉR ERUM jafnan við því búnir, að láta vænta-lega viðskiftavini dæma um breytni vora við viðskiftavini vora á liðinni tíð, hvílum vor um viðskiftum við þá. Vér seljum beztu Piano tegundir, og hikum ekki við að byrj ast þau.

Vér erum aðal-umboðsmenn fyrir —

Heintzman & Co.

PIANO

Sem hefir reynst svo vel á þvi er sönnun þess að það er gert af beztu efnum. Um 60 ár hefir það verið, og er enn bezt allra Canadiskra Piano og með þeim beztu í heimi —

Hinir margu tónræðingar sem notað hafa þetta Piano hafa allir lokið einróma lofsorði á það, sem hafandi ynd burða tónfegurð —

528 MAIN ST. PHONE MAIN 808
Útibú í BRANDON OG PORTAGE LA PRAIRIE.

Skrautleg Stafrof

ALPHABET OF PATRIOTISM og ALPHABET OF FAITH, með marglitu pennaflúri, fuglum og myndum, fást nú til kaups hjá undirskrifuðum á 35c hvort, bæði á 60c. Einnig stórar og góðar myndir af Hallgrími Péturssyni og Jónasi Hallgrimssyni, á 35c hvor, báðar á 60c. Bæði stafrófin og báðar myndirnar til samans á $1.00. Borgist með póstávísun. — Ég spái því, að einhverjir vilji fá eitthvað af þessum myndum, bæði til að eiga sjálfir, og svo líka til að gefa einhverjum vini sínum, nær eða fjær, á Jólunum.

FRIÐJÓN VESTMAN
8059—11th Ave. N.W. Seattle, Wash

"Musical Recital."

Nemendur Jónasar Pálssonar og Th. Johnsonar fólins Lara ætla að leggja saman í að halda Recital samkomu um miðjan janúar næstkomandi. Nánar auglýst síðar.

I. O. G. T.

Stúkan Hekla heldur engan fund á aðfangadagskvöldi, en á gamlárskvöld verður fundur á venjulegum stað og tíma. Sérstaklega vandað prógram fyrir þann fund.

C. O. F.

Court VÍNLAND, C.O.F., nr. 1146, heldur aukafund kl. 8 fimtudagskvöldið 30. þ.m., að 687 Wellington Ave. Embætt smenn fyrir komandi ár verða kosnir á þeim fundi. Félagsmenn eru mintir á að fjölmenna. K. S.

JÓLA Morgun-Skór

HÉR GEYMIR SANTA CLAUS JAFNAN MORGUNSKÓ SÍNA.

Mesta Morgunskó sýning, sem nokkru sinni hefir verið í Winnipeg. Kven Sateen Morgunskór, úr gljáleðri mjúku, og flóka. Allar tegundir á öllu verði frá 65c til $5.00

Karlmanna Iljaskór, Opera, Everett, Romeos og Mullifiers, úr flóka, mjúku gljáleðri eða geitaskinni. Allir hinir nýjustu litir. Verðið frá ... ... 75c til $3.00

Drengja, Stúlkna og Barna Iljaskór.

MOCCASINS, úr flóka, gljáleðri og mjúkleðri, frá ... 50c til $2.25

Ryan-Devlin Shoe Co
494 Main ST PHONE 770

Þakkarorð.

Ég finn mér bæði ljúft og skylt, að þakka öllum þeim mörgu, er að einhverju leyti hafa sýnt mér hjálp og hluttekningu í raunum minum, síðan ég varð fyrir þeirri sorg, að missa manninn minn á svo hryggilegan og snöggleg an hátt.

Hér er ekki rúm til að nefna nöfn allra þeirra, er hafa gert sér að skyldu, að rétta mér hjálpandi hönd og hughreystandi orð og aðlað. En sérstaklega vil ég þó mi nast með þakklætistilfinningu þeirra heiðurshjónanna Mr. og Mrs. Sigurðar Anderson, og ennfremur Ljónanna Mr. og Mrs. Sigfúsar Pálssonar, sem fyrir tilhlutun Tjaldbúðar djáknanefndarinnar gengust fyrir samskotum fyrir mig hönd, er námu $80.00. Þessa myndarlegu gjöf finn ég mig ekki fera til að þakka eins vel og bæri, en ég er viss um, að hún launast á snum tíma. Að eins vil ég óska þess af heilum hug og hjarta, að alt það, sem göfugast er og bezt í heimi þessum megi vera förunautar allra þeirra, er gera það að hámarki lífsstarfs sins að líkna og hjálpa sem flestum af þeim, er bágst eru sorgum og örbirgð.

Gleðileg jól, vinir mínir! Gleðileg jól!

Mrs. Friðda Helgason.

Þarft þú ekki að fá þér ný föt?

EF ÞAU KOMA FRÁ CLEMENT'S, ÞÁ VERÐA ÞAU RÉTT

Rétt efni, réttur frágangur, rétt ferð og rétt í verði.

Í honum miklar birgðir af fegurstu og beztu fataefnum.

Geo. Clements & Son
Stofnað árið 1874
304 Portage Ave. Rétt hjá Free Press

Th. JOHNSON
JEWELER
280 Main St. Talsími: 6616

JOHN ERZINGER
TÓBAKS-KAUPMAÐUR.
Erzinger's sögu frægi tóbak $1.0 pundið og allar eftóbaks-teg. ætir. Óska eftir bréflegum pöntunum.
McINTYRE BLK., Main St., Winnipeg
Heildsala og smá sala.

G. NARDONE
Verzlar með matvöru, aldini, sælu-kökur, allskonar sætindi, mjólk og rjóma, sígarettur tóbak og vindla. Óskar við kifta Íslend. Heitt kaffi eða te á öllum tímum. Fón 7756
714 MARYLAND ST.

Boyd's Brauð
Góð Brauð eru lang ódýrari en vond brauð. Vor brauðum vorum fer ekkert til ónýtis. Þau halda sér algerlega og missa ekki keim sinn á sólarhring. Gerð á beztu vélum — Biðjið matsalann um þau eða simið eftir vögnum vorum.
Boyd's
Bakery Co. Spence & Portage Ave.
Phone 6880.

Winnipeg Wardrobe Co.
Kaupir brúkaðan Karla og Kvenna fatnað, og borga vel fyrir hann.
Phone. Main 6539 597 Notre Dame Ave.

BILDFELL & PAULSON
Umboðssalar Fasteigna Sölumenn
selja hús og lóðir og annast þar að lútandi störf; útvegar peningalán o. s. frv.
Tel.: 2995

J. L. M. THOMSON, M.A., L.L.B.
LÖGFRÆÐINGUR. 255½ Portage Ave.

Jónas Pálsson,
SÖNGFRÆÐINGUR.
Utvegar vönduð og ódýr hljóðfæri.
460 Victor St. Talsími 6803.

ANDERSON & GARLAND
LÖGFRÆÐINGAR
35 Merchants Bank Bldg. Phone: 1561

BONNAR, TRUEMAN & THORBURN
Lögfræðingar og Landskjala Semjarar
Suite 7, Nanton Block, Winnipeg

W. R. FOWLER A. PIERCY.

Royal Optical Co.
307 Portage Ave. Talsími 7286.
Allar nútíðar aðferðir eru notaðar við augn skoðun hjá þeim, þar með hin nýja aðferð, Skugga skoðun, sem kjörsýnt öllum ágiskunum. —

Dr. G. J. Gislason,
Physician and Surgeon
Wellington Blk - Grand Forks, N. Dak
Sjerstakt athygli veitt AUGNA, EYRNA, KVERKA og NEF SJÚKDÓMUM.

QUILL PLAINS HVEITI LÖND

25,000 EKRUR. Algerlega FYRSTA ÚRVAL frá hinum miklu C.N.R. landveitingum. Sofnuðlógs lönd hrein, slétt

ÞESSA ÁRS UPPSKERA sannar gæði jarðvegsins. — Engin steinn eða hrís.—Gott vatn.—Nálægt mörkuðum, skólum og kirkjum.—Vér höfum umráð á öllum Jansen og Claassen löndunum, og bjóðum þau til kaups með sanngjörnu verði og auðveldum borgunarskilmálum.—Kaupendur geta borgað af hvers árs uppskeru; 6% vextir.— Skýrslubréfin gefin út beint frá eigendum til kaupendanna.—Eastern Townships Bank í Winnipeg og hver banki og "business"-maður í Marshall, Minn., gefur upplýsingar um oss. — Póstspjald færir yður ókeypis uppdrætti og allar upplýsingar. —

John L. Watson Land Co.
316 Union Bank Bldg. - - Winnipeg, Man.

Almanakið 1910

er útkomið og verður sent umboðsmönnum til sölu eins fljótt og hægt er.

AÐAL-INNIHALD ÞESS ER: —Mynd af Almannagjá. — Gisli Ólafsson, með mynd. Eftir F.J.B. — Mynd af íslenzkri baðstofu. — Hvað er föðurlandið? — Íslenzkur Sherlock Holmes. Saga. Eftir J. M. Bjarnason. — Safn til landnámssögu Ísl. í Vesturheimi. I. Álftavatnsbygð. Eftir Jón Jónsson frá Sleðbrjót. — Skógareldurinn. Sönn saga hetjuskapar og mannrauna. Blaðsíða úr lífsbók hinna harðsnúnu frumbúa Norðvesturlandsins er orðið hafa á hinum víðáttumiklu vegum skógareldanna. Jón Runólfsson þýddi. — Helztu viðburðir og mannalát meðal Ísl. í Vesturheimi. — og margt fleira smávegis, — 118 blaðsíður lesmál.

Kostar 25 cent.

Pantanir afgreiddar strax.

O. S. Thorgeirsson.
678 Sherbrooke St., Winnipeg
Talsími 4342.

SMJÖR geymist ágætlega með því að smyrja bráðinn sykur utan um það með busta, en áður þarf að kæla smjörið vel á ís.

Friðrik Sveinsson,
MÁLARI,
hefir verkstæði sitt nú að 245 Portage Ave. — herbergi nr. 43 Spencer Block — beint á móti pósthúsinu. Hann málar myndir, leiktjöld, auglýsingaskilti af öllum tegundum, o. s. frv. — Heimili: 618 Agnes St.

MARTYN F. SMITH,
TANNLÆKNIR.
Fairbairn Blk. Cor Main & Selkirk
Sérfræðingur í Gullfyllingu og öllum aðgerðum og tilbúnaði Tanna. Tennur dregnar án sársauka. Engin veiki á eftir eða gómbólga —
Stofan opin kl. 7 til 9 á kveldin
Office Phone 6944. Heimilis Phone 6462.

Húðir og ógörfuð Loðskinn
Verzlun vor er vor bezta auglýsing. Sendið oss húðir yðar og loðskinn og gerist stöðugir viðskiftamenn.
Skrifið eftir verðlista.
The Lichtenstein Hide & Fur Co., Limited
P.O. Box 1062 172 176 King St Winnipeg
16-9-10

Drs. Ekern & Marsden,
Sérfræðislæknar í Eturfylgjandi greinum: — Augnasjúkdómum, Eyrnasjúkdómum, Nasasjúkdóm um og Kverkasjúkdómum. : : :
Í Platky Byggingunni í Bænum
Grand Forks, :: N. Dak.

Fréttir úr bænum.

Gleðileg jól!

Það slys varð hér í borginni á föstudaginn var, að Vilhjálmur Grímsson, einkleypur verkamaður, varð fyrir einum af strætisvögnum borgarinnar og beið bana af meiðslum. Vagninn var á ferð vestur Notre Dame avenue og mun Vilhjálmur sál. hafa ætlað að komast yfir strætið fyrir framan vagninn, en orðið of seinn, svo að vagninn sló hann á hliðina, og var það svo mikið högg, að hvorki lifði á leiðinni. Maðurinn varð strax meðvitundarlaus og var fluttur á sjúkrahúsið og andaðist þar samdægurs. — Vilhjálmur sál. var frá Skógum í Vopnafirði, en hafði heimili að 563 Simcoe St. hér í borg. Systkini hans hér eru: Kristján (í Argyle nýlendu), Gísli í Álftavatnsnýlendu), Vigdís (til heimilis á Toronto St. hér í bænum) og önnur systir (einnig hér í borginni). — Vilhjálmur sál. var vel látinn maður.

Herra Bjarni Dalmann, bæjarráðsfulltrúi og kaupmaður í Selkirk kom hingað um endurkosningu í bæjarstjórn þar. Bjarni er talinn drengur mætur og er vinsæll í borginni. Menn hafa sem sagt vist, að hann náði endurkosningu, og til þess munu Íslendingar sjá með atkvæðum sínum.

Herra Ingólfur Sigurðsson, járnsmiður, frá Reykjavík, kom hingað til borgarinnar í sl. viku. Að heiman kom hann fyrir nokkrum dögum með heim Ásgeirsini Halldórssyni og Hjálmari Arnesyni, en varð eftir af heimá leiðinni og tafðist þar til nú.

Tvö börn brunnu inni í smáhýsi einu í Fort Rouge hér í borg í sl. viku. Faðirinn var að vinna, en móðirin, sem var heima með börnin, hljóp skreppið út til að finna einhverja í nágrenninu, og meðan hún var í burtu kviknaði í húsinu og börnin brunnu með því. Ætlað er, að ef mikil elður hafi komist í stóptunna og kviknað í út frá henni.

Metropole hóteliið á Ross Ave. brann í fyrra morgun (þriðjudagsmorguninn) svo að segja til kaldra kola. Eldurinn kom upp í því kl. 3, og hesti sig svo fljótt um húsið, meðan allir voru í fasta svefni, að fólkið komst með naumindum út, og einn maður brann þar til bana og 4 eða 5 manns skröðuðust talsvert. Margt fólk var í húsinu og það komst lifandi undan einungis með því, að stökkva út um loftgluggana niður á strætið. Húsþéndinn kom með naumindum konu sinni og tveimur börnum úr eldinum með því að velja þau í rekkjuvoðir og kasta þeim út um gluggann á svefnherbergi þeirra hjóna. Um 40 manns voru í húsinu og hvert mannsbarn tapaði aleigu sinni þar, en gátu að eins forðað lífinu með því, að stökkva nakin út um gluggana.

Í þessari viku var hér í borg hr. Runólfur Runólfsson, frá Last Mountain, Sask. Hann segir 5 íslenzka landnema í bygð sinni, og líður þeim öllum vel. Uppskera hafði á parti mishepnast sumurin 1907 og 1908, en á þessu sumri var uppskeran góð: Hafrar um 70 búsél og hveiti frá 25 til 40 búsél af ekru, og alt að 45 búsél sumstaðar. Runólfur og Þorsteinn bróðir hans höfðu í sumar um 5 þús. bu. af korni. Verð á hveiti var frá 80 til 85 cents búsélið.

Úr bréfi frá Bellingham, Wash., 13. des. 1909: — "Fréttir eru fáar héðan. Allgóð líðan meðal þeirra fáu Íslendinga hér í bænum. Ákafar rigningar hafa gengið hér síðustu dagana af nóvember og það sem af er þessum mánuði, og gert hér í kring mikla skemdir. Hús og járnbrautir hafa skolast burtu og á annan hátt orðið mikið eignatjón".

Hin vanalega árlega sýning Winnipeg borgar á næsta sumri stendur yfir í tíu daga, frá 13. til 23. júlí. Þetta tilkynnist að tilmælum sýningarnefndarinnar.

Herra Sigvaldi Nordal, kaupmaður í Selkirk, var hér á ferð í sl. viku. Hann kvað það borga sig vel, að auglýsa í Heimskringlu. Hann sagði, að eftir að auglýsing sín um kjörkaurin hefði birst í blaðinu hefði orðið ós hjá sér af ágætum vöskiftavinum. En það þótti honum verst, að ein vöruteg und var af vangá auglýst talsvert ódýrari, en hann ætlaðist til, og tapaði hann talsvert á því. Hkr. bauð að bæta honum skaðann, en það mál er enn ójafnað. — Samt bjóst hann við að auglýsa í þessu blaði, þegar hann hefir næstu kjörkaupasölu.

Þann 18. þ.m. gaf séra Friðrik J. Bergmann saman í hjónaband þau hr. Jón Stefánsson (Contractor) og unu frú Guðbjörgu Jónsdóttir, bæði til heimilis hér í borg. Heimili ungu hjónanna verður framvegis að 567 Simcoe St.

Herra Daniel Danielsson, að 471 Toronto St. hefir tekið að sér umboðsstöðu fyrir SINGER saumavélafélagið. Hann segist hafa beztu saumavélar í landinu og vonar að fá marga íslenzka skiftavini hér í borg og í bygðum Íslendinga. — Hann er einl Íslendingurinn hér í borg, sem selur þessar ágætu saumavélar. Vægir söluskilmálar.

Meðal þeirra, er stæðið hafa próf í "Civil Service Examination" hér í borg, er Vilhjálmur Friðfinnsson, sonur herra Jóns Friðfinnssonar tónskálds og Önnu konu hans. — Pilturi þessi er efnilegur og stendur til að fá embætti í ríkisþjónustunni.

Lesendunum er bent á, að ARENA skautaskálinn er nú í ágætu ásigkomulagi. Ísinn er svo góður sem hægt er að hugsa sér. Ágætur hornleikendaflokkur spilar þar. Aðgöngugjald til að skemta sér á ísnum, er 25c fyrir karlmenn og 15c fyrir konur.

Jólatréssamkoma

verður í Únitara kirkjunni á aðfangadagskveld jólin. Allir velkomnir að koma og einnig að láta gjafir sínar á tréð. Ókeypis veitt móttaka í kirkjunni aðfangadaginn eftir kl. 1 e.m.

Svo er að sjá, sem járnbrautarfélög þau, sem starfa hér í Vestur-Canada hafi einlægan áhuga á því, að hér í borg verði haldin heimssýning. Nú er mælt að C.P.R., C.N.R. og G.T.P. járnbrautafélögin hafi öll komið sér saman um, að gefa hálfa milión dollara hvert til sýningarinnar, ef hennar verði frestað til ársins 1913 til 1914. Það er og víst víst, að Great Northern járnbrautarfélagið muni leggja ríflegan styrk til sýningarinnar. — Það er nú talið algerlega víst, að sýningunni verði frestað samkvæmt því framanskrifaða, og að þegar hún verði haldin, þá verði það í miklu stærri stíl en upphaflega var ráðgert.

Hjónaefni ein hér í borg fundust skotin í höfuðið í herbergi annars þeirra, að 146 Rupert St. þann 15. þ.m. Þessi hjónaefni voru Geo. Emmett (löggeglubjónn C.P.R. félagsins) og Bertha McLean, saumakona. Bæði eru vel kynt og hafa besta orð á sér. Brúðkaup þeirra átti að fara fram 15 jan. næstk. Svo er að sjá, sem skotin í höfðum þeirra séu ekki hættulegs, bæði eru á spítalanum. Enginn veit, hvernig þetta hefir viljað til.

Bæjarstjórnin hér er í aðsigi með að fá lagaákvæði gerð um það, að þau atkvæði, sem greidd eru í bæjarstjórnarkosningum fyrir Kontrólers, séu gerð ógild, ef greidd eru fyrir ferri en 4. Slik ákvæði hafa verið gerð í Toronto borg, og gefast vel. Hér eru kjósendur farnir að taka upp á því, að greiða atkvæði sín að eins fyrir einn Kontróler, þó þeir eiji á að greiða atkvæði fyrir 4, og afleiðingin er sú, að þeir menn geta hæglega náð embættum, sem ekki er víst að kæmust þangað, ef kjósendur gætu þörfnast skyldu, að greiða fyrir eins marga umsækjendur eins og sæti eiga í nefndinni.

Hið vinsæla almanak O. S. Thorgeirssonar er nýútkomið. Verður minst á það nánar í næsta blaði.

Joseph Martin, K.C., hefir heiðrað sína gömlu vinkonu Heimskringlu með því, að senda henni "Business Card" sitt, sem sýnir, að hann hefir nú lögfræðiskrifstofur sínar að 218 Caxton House, Westminster S.W., London, England, og að sæsíma áritun hans er "Marcax, London". Ennfremur er þess getið á nafnspjaldinu, að Martin gamli flytji mál fyrir leyndarráði Breta, og að hann sinni sérstaklega kanadiskum skjólstæðingum.

Kæru Skiftavinir:

Ég er nú nýkominn heim úr ferð til stórborganna St. Paul og Minneapolis, þar sem ég hefi keypt stórt upplag af allra handa nýjum vörum, sem fólk nauðsynlega þarf með núna fyrir jólin og nýárið, og sem eru mjög hentugar Jólagjafir, hvert heldur er fyrir föður, móðir, systir, bróðir, frænda, frænku eða kunningja.

Og heilt vagnhlass keypti ég af allra handa húsmunum. Komið og sjáið þá og spyrjið um verð áður en þér kaupið annarstaðar.

Kjörkaup verða gefin á öllum sköpuðum hlutum, sem í búðinni eru, framyfir nýár. Og hæsta verð borgum við fyrir alla bændavöru.

30c fyrir egg, 25c fyrir smjör, 12 til 15 cents fyrir pundið í gripahúðum.

Gleymið ekki að biðja um 20 pd. af sykri fyrir dollarinn.

$95.00 Hús-orgel, lítið brúkað, fæst nú fyrir $50.00, og skilmálar góðir.

E. Thorwaldson & Co.,
Mountain - - N. Dak.

Hluthafa-ársfundur

í Heimskringlu News & Publishing Company verður haldinn að skrifstofu blaðsins, 729 Sherbrooke St., Winnipeg, Mánudaginn 9. janúar 1910, kl. 8 að kveldi. Þetta tilkynnist hluthöfum til íhugunar.

Ólafur Pétursson, ritari.

It's going UP.

Þú getur ekki búist við

að það geri annað en evðast í revk, því ekki að fá nokkur tons af okkar ágætu kolum, og hafa ánægjuna af, að njóta hitans af þeim, þegar vetrarkuldarnir koma. Komið til vor og nefnið þetta bl.

D. E. ADAMS COAL CO.
YARDS Í NORÐUR, SUÐUR, AUSTUR OG VESTURBÆNUM
Aðal Skrifst.: 224 BANNATYNE AVE.

Gleðilegt nýtt ár!

Heimskringla.

Hagsælt nýtt ár!

XXIV. ÁR | WINNIPEG, MANITOBA, FIMTUDAGINN, 30. DESEMBER 1909 | NR. 13

Þegar belgurinn rifnar.

Fregnsafn.

Markverðustu viðburðir hvaðanæfa

— Mr. J. J. Coe, bóndi nálægt Moose Jaw í Sask., brá sér nýlega til Detroit í Michigan og keypti þar 30 mótorvagna fyrir sig og nágranna sína, sem allir eru bændur eins og herra Coe. Hver vagn kostaði frá 4½ til 5 þúsund dollara. Coe sagði nágrönnum sínum áður en hann fór suður, að hann ætlaði að kaupa sér sjálfhreyfivagn. Um 30 af nágrönnum hans báðu hann þá strax að kaupa fyrir sig um leið, og fengu honum jafnharðan bankaávísanir fyrir verði vagnanna. Hann borgaði félaginu, sem hann keypti vagnana hjá, yfir 100 þúsund dollara í peningum.

— Í járnbrautarslysi, sem varð á Great Northern brautinni við Monticello í Minnesota á laugardagskveldið 19. þ.m., brann mikill póst flutningur. Meðal annars brunnu þar yfir 100 pokar af blöðum og 2 sekkir af brélum frá Canada, og 5 sekkir af Bandaríkja-bréfum, og einnig nokkuð af ábyrgðarbréfum. Alls brunnu þar um 15 þús. bréf. Mest af hinum ábyrgsta pósti, sem brann, voru jólasendingar.

— Mælt er, að Peary norðurpólsfari sé í undirbúningi með að hefja leiðangur til suðurpólsins á sama skipi og með sömu skipshöfn og hann hafði í síðustu norðurpólsför sinni.

— Að ekki sé trútt um sættir með Japönum og Rússum verður nú ekki lengur duliið. Rússar eru að senda 50 þús. hermanna til Manchuriu, til að verja landið. — Það er í almæli í Pétursborg, að ekki að eins ætli Japanar að leggja algert eignarhald á Kóreu, þvert ofan í Portsmouth samninginn, heldur ætli þeir einnig að taka Manchuriu herskildi, og er sagt að þeir séu nú sem óðast að undirbúa til þess. Japanar eru að auka her sinn á sjó og landi, og hafa skipað öllum fjarverandi hermönnum að koma strax heim og tengjast herdeildum sínum. Þeir hafa pantað frá Þýzkalandi miklar byrgðir af alls konar lækna-verkfærum, meðulum og sára-umbúðum. Einnig hafa þeir harðlega bannað allan útflutning frá Japan til Manchuria, og það þykir Rússum iskyggilegasta tiltækið, og telja það ljóslega benda á, hvern hug Japanar hafi til þess landshluta.

— C. T. Warriner, féhirðir fyrir eitt af öflugustu járnbrautafélögum í Bandaríkjunum, strauk fyrir nokkrum tíma. En hann náðist aftur. Hann hefir nú játað, að hafa stolið frá félaginu 640 þús. dollars. Hann var dæmdur í 6 ára fangavist.

— Í síðustu viku var stjórnarformaðurinn í Kóreu stunginn til bana, að ætlað er af einum samlanda sínum, 20 ára gömlum pilti, sem tilheyrir Anarkista félagi þar í landi. Pilturinn var kristinn að nafninu til. Samtímis var æðsti valdsmaður Breta í Bombay á Indlandi myrtur meðan hann var að horfa á leik í stærsta leikhúsinu þar í borginni. — Um sama leyti var yfirmaður lögreglunnar í St. Pétursborg myrtur með sprengivél. — Ennfremur var um sama leyti gerð tilraun til að myrða stjórnarformanninn í Rúmeníu. Þremur skotum var hleypt á hann af ungum verkamanni, 2 skotin hittu ekki, en eitt særði manninn lítillega. — Og enn um sama leyti var hús eitt í St. Pétursborg sprengt í loft upp með tundurvél. Þeir, sem þar voru, létu lífið. Alt útlit er fyrir, að öll þessi illverk séu gerð að ráðum eða eftir fyrirskipunum sama félags.

— Bæjarstjórnin í Cleveland hefir veitt strætisbrautafélaginu þar 25 ára einka-starfsleyfi með þeim skilmála, að fargjöld séu 3 cents, en skifti-fargjöld (Transfers) 4 cents, og að ef félagið fái ekki 6 prósent ágóða af innstæðufé sínu á ári, undir þessu fyrirkomulagi, þá skuli öll fargjöld vera 4 cents.

— Leópold Belgíukonungur eftirlét 56 milión dollara virði í fasteignum. Áður en hann dó, bjó hann svo um hnútana, að börn hans (3 dætur) frá fyrra hjónabandi, skyldu ekki fá meira en sína miliónina hver. Hann neitaði jafnan í lifanda lífi að borga til dætra sinna nokkurn hluta af móðurarfi þeirra, og í erfðaskrá sinni sá hann svo um, að þær fengju ekkert af honum. Hins vegar gaf hann barónsfrú Vaughan (eftirlifandi konu sinni) og börnum þeirra meiri hlut eigna sinna. Leópold hafði eftir að hann varð ekkjumaður leynilega kvongast konu þessari og átt með henni 2 sonu. Miklar æsingar eru í Belgíu út af ástandi þessarar konungsfjölskyldu. Ein af dætrum hins látna konungs hefir lagt kröfu þeirra systra allra fyrir dómstólana, með þeim ásetningi, að gera erfðaskrá föður sins ógilda, svo þær systur geti náð öllum eignunum á sitt vald, en ekkjan og börn hennar verði svift arfinum. Hinn nýi konungur í Belgíu hefir látið þann vilja sinn í ljós, að hann vilji hlynna að systrunum og styðja að því með ráði og dáð, að þær nái eignunum á sitt vald. En óvíst er, hve áhrifamukill hann verður í þessu efni, því ekki virðist hann vinsæll þar í landi enn sem komið er. Einn Sósialisti í þinginu gerði þá uppástungu, að hinn nýi konungur væri beðinn að segja af sér konungstign samstundis. En formaður stjórnarinnar neitaði að láta bera þá uppástungu upp til atkvæða.

— Til málsóknar stendur í St. Catherine bæ í Toronto. Nálega öll börn þau, sem nógu eru stálpuð til þess að geta unnið, hafa yfirgefið skólana til þess að vinna sér inn fáein cents jólavikuna, og skólarnir eru þess vegna sem næst tómir. Kennararnir hafa hótað málsókn á hendur foreldrum allra þessara barna.

— Stjórnarformaður Asquith á Englandi hefir tekið það sterklega fram í ræðu, sem hann hélt nýlega, að sjóher Breta sé svo öflugur, að hann hafi fulla yfirburði á heimsins höfum um mörg komandi ár.

— Montreal borg telur 450 þúsundir íbúa, eð 260 milión dollara virði af skattskyldum eignum. — Toronto borg telur 350 þúsund íbúa, með 269 miliónir í skattskyldum eignum. Áætlaðar inntektir Montreal borgar á komandi ári eru 6 miliónir, en Toronto borgar 6½ milión dollarar. Toronto borg hefir því bæði meiri skattskyldar eignir og meiri ársinntektir, þó þar sé 100 þúsund íbúum færra en í Montreal borg.

— Zelaya, fyrrum forseti Nicaragua lýðveldisins, hefir beðið ak gerðan ósigur fyrir uppreistarmönnum og flúið land sitt. Hann hafði komist um borð í mexikanskt herskip til að forða lífinu. Sagt er, að Bandaríkin muni ekki skifta sér af honum framar.

— Bæjarstjórnin í Montreal hefir með atkvæðagreiðslu samþykt að borga Controllers þar 10 þús dollara árslaun. En sjálfur borgarstjórinn á að fá 6 þúsund dollara þóknun á ári fyrir starfa sinn.

— Vesalings dr. Cook fær marga hnútu í blöðunum um þessar mund ir. Herra Ch. Wade, einn af elztu og nánustu kunningjum hans, hefir rétt nýlega skýrt frá því, að dr. Cook hafi fengið svo mörg hótunarbréf um líflát, að hann hafi orðið sturlaður á geðsmununum af ótta, og farið í felur. Sjálfur segist Wade hafa um tíma geymt hinar upprunalegu skýrslur dr. Cooks viðvíkjandi pólarfundi hans, af því að doktorinn þorði ekki að hafa þær í sínum vörzlum, af ótta fyrir því, að einhver mundi ráða sér bana til þess að komast yfir þær. Þess vegna hafi það verið ráðið, að doktorinn skyldi flýja, og það hafi hann gert, klæðst dularbúningi, rakað af sér alt skeggið og tekið upp dularnafn. Herra Lonsdale, skrifari læknisins, var sendur til Kaupmannahafnar með afrit af þeim skjölum, sem áttu að sanna pólarfundinn, en sjálfur ætlaði læknirinn að ferðast með konu sinni til Genoa í Sviss, með upprunalegu skjölin. Þau hjón yfirgáfu hótelið, þar sem þau dvöldu þann 24. nóvember. Til Evrópu komst hann undir nafninu Hunter. En kona hans sigldi þann 4. des. frá New York með hin margumræddu skjöl. Ekki hafði spurst neitt til þeirra hjóna í Evrópu, er síðast fréttist, og enginn veit með vissu, hvar dr. Cook er niður kominn.

— Jóla-bylur hefir ætt yfir mikinn hluta af Ameriku og gert tjón mikið á ýmsum stöðum. Flóðalda ruddi um koll 3 hundruð húsum í bænum Chelsea, Mass., og um 2 þúsund manns, sem í þeim bjó, komst naudulega undan, að eins druknuðu þar í rúmi sínu ein gömul og úrvasa hjón. Þau höfðu leigt herbergi í kjallara, en hann fylti áður en þau gætu forðað sér. Flóðgarður 65 ára gamall hafði bilað, svo að vatnið úr ánni, sem bærinn stendur við, æddi með ógna krafti yfir vesturhluta hans, þar sem þéttbygðast var, og flæddi yfir allan vesturhluta bæjarins, um hálfa mílu á hvern veg, og varð vatnið frá 4—12 fet á dýpt. Lögregluliðið vann í bátum að því að bjarga þeim mörgu, sem í vatnið höfðu lent, og frelsaði þannig margt fólk frá druknun. Rafafls og gasleiðslustöðvarnar urðu ónýtar í bráðina. En það vildi til, að flóðalda þessi gekk yfir bæinn kl. 10 á sunnudagsmorguninn, svo að dagsljós var. — Blindveðursbylur æddi einnig yfir austurfylkin á sunnudaginn var. Féll þá 18 þuml. snjór í New York borg og vindhraðinn varð míla á mínútu. Allar samgöngur teptust algerlega. Í Brooklyn mistu 4 manns líf í þessum byl, og margra milión dollara virði í eignum og umbótum hefir eyðilagst í þessu veðri. Skip hafa víða skemst og farist.

—Eldi sló í klæðagerðarhús mikið í Lundúnum þann 20. þ.m. og gerði 1½ milión dollara eignatjón. Húsið, sem var 5-lyft þakti ekrulóð, og var fult af vörum. Húsið var fult af fólki, þegar eldsins varð fyrst vart, en eftir rúma kl.stund lá alt í ösku. Alt fólkið komst með naumindum út úr húsinu, nema 3 persónur, sem brunnu til bana. Margir brendust til stórskemda í þessum eldi. — Það er tekið til þess, að John Burns, málsvari verkamanna í London þinginu og einn af ráðgjöfum Asquith-stjórnarinnar, vann á þriðja kl.tíma að því, að slökkva eld þennan og bjarga úr honum og gekk fram eins og hetja að því starfi — og á eftir mætti hann á pólitiskum fundi eins og hann kom frá eldinum, allur blóðugur og sviðinn og í brendum og sundurtættum fötum.

OGILVIE'S
Royal Household Flour
Til Brauð og Köku Gerðar
Gefur Ærfinlega Fullnæging
EINA MYLLAN Í WINNIPEG,—LÁTIÐ HEIMAIÐNAÐ SITJA FYRIR VIÐSKIFTUM YÐAR.

— George Thornton í Woodstock í Ontario var í sl. viku dæmdur í tveggja ára fangelsi fyrir að eiga 3 konur.

— Maður brann til bana í Pittsburg, Pa., við að sýna hreyfimyndir. Það hafði kviknað í myndastrimlinum. Tveir aðrir brunnu og hættulega og 8 særðust í troðningi sem fólkið gerði til þess að komast út úr húsinu þar sem myndirnar voru sýndar.

— Stjórnendur C.P.R. félagsins segja, að allar inntektir félagsins á þessu ári muni verða um 100 miliónir dollara, — meira en allar ríkisinntektir Canada á yfirstandandi fjárhagsári, eins og þær eru áætlaðar af fjármálaráðgjafa ríkisins. — Inntektir C.P.R. félagsins fara nú óðfluga vaxandi með hverju ári og eru meiri á þessu en nokkru undangengnu ári. Inntektir félagsins að frádreginni brautakerfinu eru af gufuskipum, hótelum og ritsíma starfi. Brautarkerfið sjálft gefur af sér 85 miliónir dollara.

— Frá Suður og Vestur Evrópulöndum koma þær fregnir, að um jólaleytið hafi snögglega hlýnað svo í veðrinu, að orðið hafi sumarhiti, og að annað eins hafi ekki áður komið fyrir í sl. 150 ár. Sérstaklega hafa hitarnir verið miklir á Spáni, Frakklandi og í Sviss. Þessi hita-alda kom svo snögglega, að á Frakklandi, til dæmis, þar sem leikhúsin höfðu verið hituð upp til þess ekki skyldi verða of kalt, þar varð í miðjum leik að kæfa eldana og opna allar dyr og glugga, og þó varð hitinn svo mikill, að leið yfir suma áhorfendur. Á Ítalíu hefir hitinn brætt ís og snjó úr fjallahliðum og myndað stór vatnsföll. Enginn snjór nú sjáanlegur neðar en 4 þúsund fet yfir sjávarmál. Samtímis þessu hafa víða fallið stórfeldir regnskúrir og vatnsflóð hafa gert talsvert eignatjón. Vindbyljir hafa og orðið snöggir og feykt húsum. Ráðherrasetrið í Lisbon fauk til grunna og þar eyðilagðist mikið af verðmætum og fáséðum myndastyttum og öðrum listaverkum.

— Kosningar fara fram á Englandi þann 15. janúar. Blaðið Morning Post, aðal-málgagn Union ista, viðurkennir að Asquith-stjórnin muni vinna kosningarnar, og hafa 114 atkvæði umfram í þinginu. Blaðinu telst svo til, að Unionistar muni hafa þar 278 sæti, Liberalar 260, Nationalistar 83 og verkamenn 29. Nationalistar og verkamenn fylgja Liberal stjórninni fast að málum. — Það sýnist enginn efi leika á því, að stjórnin vinni stóran sigur, og að lávarðadeildin verði eftir það í minni metum en nokkru sinni áður.

— Byggingaleyfi í Vancouver, B. C., hafa á þessu ári numið yfir 7 miliónum dollara.

— Blaðið Ottawa Journal getur þess, að konur séu að mynda kvenréttindafélag þar eystra, og að tilgangurinn sé, að þær taki þátt í næstu Dominion kosningum og komi þannig fram opinberlega í fyrsta sinni í Canada sem sérstök félagsheild. Þetta kvenréttindafélag er þegar myndað og stjórnarnefnd kosin. Umferðarkonur eru ráðnar, sem nú eru á ferð í ýmsum hlutum ríkisins, til þess að efla félagið að nýjum meðlimum. Ennþá hefir félagið hvergi komið fram opinberlega, heldur unnið af þögulu kappi og með svo mikilli leynd, sem ent hefir verið. Ekki eru konur fastráðnar í því, að koma fram með nokkra stefnuskrá við næstu kosningar, nema þær finni sig fullsterkar til þess að fylgja henni fram til streytu. En ákveðið kvað það vera, að fylgja yfirleitt dæmi enskra kvenna í því, að gripa fram í fyrir ræðumönnum á málfundum, og á annan hátt að gera stjórnmálamönnum lífið svo leitt, sem frekast er unt. Tálgangur þessa félags er, að stofna deildir um alt Canada veldi með því augnamiði, að tryggja konum landsins pólitiskt jafnrétti við karlmenn.

— Sú ráðstöfun er gerð í Ottawa, að öllum brúargerðafélögum í heimi skuli boðið að gera tilboð í að endurbyggja brúna miklu yfir St. Lawrence fljótið hjá Quebec. Ætlað er, að það taki 4 ár, að byggja brúna, svo að hún verður ekki fullger fyr en árið 1914, í fyrsta lagi.

Úr bréfi

frá Ketchikan, Alaska, dags. 18. des. sl.: — "Héðan er mjög fátt að frétta, en það lítið það er, þá er það gott. Velliðan allra í heild sinni. Nokkur gamalmenni látíst nú hér í seinni tíð, en fjöldi barna fæðst í þeirra stað. Hér hafa verið mjög margar giftingar í haust. — fleiri en nokkru sinni áður á jöfnu tímabili. — Útlit er fyrir, að hér muni verða harður vetur. Haustveðráttan var ill fram í nóvemberlok. Í nóvember voru hér miklar hríðar með stormi og frosti, svo að elztu Indíánar segjast ekki muna jafn-illa veðráttu. Í byrjun þessa mánaðar var kominn 28 þuml. snjór alt að sjó fram. En 2. þ.m. snerist til sunnanáttar og rigndi um nokkra daga, svo nú má heita auð jörð hér við sjóinn. Nú er reglulegt Indiána sumar, — blessuð blíða á hverjum degi með miklu sólskini".

Wall Plaster

Með því að venja sig á að brúka "**Empire**" tegundir af Hardwall og Wood Fibre Plaster er maður hár viss að fá beztu afleiðingar.

Vér búum til:

"Empire" Wood Fibre Plaster
"Empire" Cement Wall "
"Empire" Finish "
"Gold Dust" Finish "
"Gilt Edge" Plaster of Paris
og allar Gypsum vörutegundir. —

Eiqum vér að senda yður bækling vorn?

MANITOBA CYPSUM CO. LTD
SKRIFSTOFUR OG MILLUR I
Winnipeg, - Man

Heimskringla

Published every Thursday by The Heimskringla News & Publishing Co. Ltd

Verð blaðsins í Canada og Bandar. $2.00 um árið (fyrir fram borgað), fleet til Islands $2.50 (fyrir fram borgað af kaupendum blaðsins hér $1.50.)

B. L. BALDWINSON,
Editor & Manager

Office:
729 Sherbrooke Street, Winnipeg
P.O. BOX 3083. Talsími 3512.

Þjóðeign á kornhlöðum.

Öll tákn tímanna benda í þá átt, að með vaxandi mentun og aukinni þekkingu þjóðanna, þá hallist stjórnmálamenn þeirra með hverju líðandi ári meira og meira að þeim lið þjóðmegunarfræðinnar, sem kneíst þess, að löggjöf landanna sé sem mest í höndum alþýðunnar, en minst á valdi einstaklinga, og að yfirleitt séu öll þau þjóðlegu tæki, sem að því lúta, að þjóðin fái rekið starf sitt (iðnað og verzlun), sem mest í höndum og á ráði sjálfs fólksins, en ekki í umsjá og undir stjórn einstaklinga eða auðfélaga, sem sjálfir dragi til sín allan arð af notkun þeirra, í stað þess, að arðurinn ætti að renna í alþýðusjóð, almenningi til afnota og hagnaðar.

Þetta er nefnt þjóðeignarstefnan. Alment er svo skoðað, að hún hafi ekki enn náð föstum tökum á huga meinnar þjóðar, en eins víst er þó það, að hún er nú á síðari árum mjög að ryðja sér braut og nær vafalaust fullveldi sínu með mentuðu þjóðunum fyr eða síðar. En fyrst hjá þeim, sem framgjarnastar eru og lengst eru komnar í siðmenningu, framleiðslu og viðskiftavísindum.

Stjórnmálamennirnir eru einatt seinir til breytinga. Það hvílir á þeim þung ábyrgð, sem völdin hafa, og þeim er því áhugamál, að geta séð fótum sínum forráð í öllum sínum stjórnarathöfnum, þeir vilja geta réttlætt þær fyrir þjóðinni, því hennar verkamenn eru þeir, settir til að gæta hagsmuna hennar í öllu. Það er því sjaldan, að stjórnir takist í fang, að gera meinar stórstigar breytingar, frá því, sem verið hefir, fyr en þær eru búnar að sannfæra sjálfar sig um það, að alþýðan, eða mikill meiri hluti hennar, krefjist þeirra breytinga, eða sætti sig við þær. Með þessu er og viðurkent, að umbóta breytingar eða hreyfingar eigi sjaldnast upptök sín hjá sjálfum valdhöfunum eða stjórnmálamönnum þjóðanna, heldur hjá alþýðunni eða valdalausum einstaklingum hennar. Allar þær umbótahreyfingar, sem miða í jafnaðaráttina eða jafnaðarmenskuáttina eiga hagfeldastan vermirest með þeim þjóðum, sem minstar hafa stéttaskiftingar. Í gömlu konungsstjórnarlöndunum, þar sem keisaraveldi og aðalsmannastétt er annars vegar en fáfróð og fátæk alþýða hins vegar, eiga umbótahreyfingarnar einatt örðugt uppdráttar, og eru í sumum tilfellum sem næst ómögulegar En í lýðstjórnarlöndum, þar sem alþýðan er lagalega og valdslega sjálfstæðust, er þeim bezt fagnað og fljótast viðteknar og komið í framkvæmd. En þó eru til lönd og veldi, sem að nafninu til eru undir konungsstjórn, þar sem þjóðfrelsið í löggjöf og framkvæmdum er svo mikið, að það má heita óhindrað. Eitt slíkt veldi er Canada. Hér er þjóðin í raun réttri fult eins frjáls eins og þó hún hefði "officially" viðurkenda lýðstjórn, — ekki að eins veldisheildin, heldur einnig hvert fylki í þeirri veldisheild.

Í Manitoba höfum vér stjórn eins sannfrjálsa í framkvæmdum eins og hún er alþýðuholl, og þó hún beri nafnið Conservative eða íhaldsstjórn eða afturhaldsstjórn, eins og ýmsir nefna hana og reyna að telja almenningi trú um að hún sé, — þá liggja þarfa og þjóðþrifastörf eftir þá stjórn — Roblin stjórnina —, sem hver sanngjarn og skynbær maður hlýtur að meta og virða stjórnina fyrir.

Roblin stjórnin hefir sýnt það þau 10 ár, sem hún hefir verið við völdin, að hún hefir verið hlyntari þjóðeignastefnunni heldur en nokkur önnur stjórn, sem nokkur sinni hefir verið í Canada. Það hefir hún sýnt í þessum þremur atriðum aðallega: —

Í fyrsta lagi: Með járnbrautasamningi þeim, sem hún gerði við Canadian Northern félagið skömmu eftir að hún kom til valda, og sem, þó það væri ekki beint kaup á kerfi félagsins í þessu fylki, fól þó í sér þjóðeigna prinsipið svo greinilega, að þjóðin hefir fengið umráð far- og flutningsgjalda, og hefir með því sparað sér miliónir dollara með þeim samningi. En auk þess veitir samningur þessi fylkinu rétt til, eftir rúm 20 ár hér eftir, að kaupa alt kerfið og gera það að algerðri þjóðeign, ef það óskar þess, og fylkið verður þá orðið svo mannmargt og auðugt, að það geti tekist þau kaup í fang.

Í öðru lagi: Talþráðakaup Roblin stjórnarinnar, sem gerir alla talþræði í þessu fylki að algerðri þjóðeign, og sem nú þegar hefir reynst svo vel, að kerfið hefir stórum aukist og viðskiftamenn margfaldast á síðustu árum, eins og nákvæmar var frá skýrt í síðasta blaði. Þessi ráðsmenska Roblin stjórnarinnar gefur fylkisbúum ekki að eins von heldur algerða tryggingu þess, að þeir með liðandi árum hafi margra milión dollara hag af þjóðeign þessa tækis, miðað við það, sem þeir urðu að borga meðan talþræðirnir voru í eign privat auðmanna.

Í þriðja lagi: Þjóðeign á kornhlöðum í Mantoba.

Sú stefna er að eins nýlega auglýst og ennþá ekki komin í framkvæmd. En stjórnin hefir tekið hana upp samkvæmt einhuga ósk hveitiræktar bænda í þessu fylki, og er það ljós sönnun þess, að stjórninni er ant um, að láta að óskum fylkisbúa í öllu því, er hún sér að miðað geti til sannra þjóðþrifa.

Enginn vafi leikur á því, að þessi liður í stefnuskrá Roblin stjórnarinnar, þegar hann kemst í framkvæmd, hlýtur að hafa talsvert mikil útgjöld í för með sér. En hins vegar er það og áreiðanlegt, að stefnan verður fylkisbúum til hins mesta hagnaðar og blessunar.

Enginn getur verið þessu kornhlöðumáli kunnugri en þeir menn eða sá flokkur manna, sem elur allan aldur sinn við kornræktaratvinnuveginn og á mikið af hagnaði sínum af þeirri starfsemi undir því, að haganlega sé búið um geymslu hveitisins, flutning þess til markaðar og sölu þar í sinu rétta ásigkomulagi. Hvað Manitoba bændurna snertir, þá hefir það fyrir löngu verið sannað, að þeir uppskera langsamlega þá beztu og dýrmætustu tegund hveitis, sem fáanleg er nokkursstaðar í þessari heimsálfu, eða jafnvel í öllum heimi, og að hveiti þeirra selst hæsta verði á heimsmarkaðnum, þegar það kemst þangað óblandað öðrum lakari tegundum. En með kornhlöðurnar allar í höndum privat auðmanna og auðfélaga, hefir reynslan orðið sú, að Manitobahveiti hefir aldrei komist til markaða í Evrópu fyr en búið var að blanda því saman við aðrar lakari tegundir, til þess að bæta þær og hækka verð þeirra, en um leið rýra álit á Manitoba hveiti og lækka verð þess.

Bændurnir eru sannfærðir um, að þeir fái viðunanlega breytingu á þessu ástandi, þegar hveitigeymsluhlöður fylkisins eru orðnar þjóðeign, og að þeinn hagnaður í þeirra vasa verði árlega alt að 5 miliónum dollara, auk þess sem varan fái þá viðurkenningu á heimsmarkaðinum, sem náttúrugæði hennar verðskulda.

Þessi þrjú framangreindu atriði eru öll í samræmi við þjóðeignarstefnuna. Hin tvö fyrgreindu hafa gefist vel. Það þriðja, sem enn er ekki komið í framkvæmd, gefur von um að reynast ekki síður. Það hefir og það til síns ágætis, að það er beint eftir vilja fólksins og beiðni. Þar er engin flokkaskiftíng eða skoðanamunur. Allir eru sammála um, að vér ættum að gera hveitigeymsluhlöður vorar að þjóðeign. Það má því fyllilega treysta á það, að bændurnir skifti við sín eigin geymslutæki, og að þeim verði svo stjórnað, að hveitigeymslan verði látin kosta sem næst það, sem hún er virði, og að séð verði um, að hveitið komist á skip til sölu utanlands í því ástandi sem það er í, þegar það fer í geymsluhúsin.

Bændur gera sér von um, að þegar stefna þessi er komin í framkvæmd, þá auki hún kornverðið héðan að miklum mun frá því, sem nú er. Næsta fylkisþing mun löghelga þessa þjóðeignastefnu og þegar þau lög eru heyrinkunn orðin, þá er tími til þess að ræða um þau. Það eina, sem nú er víst orðið í sambandi við þau er það, að þau verða sniðin algerlega samkvæmt vilja bændanna í þessu fylki.

Ísland og fólk þess.

Herra David Östlund frá Reykjavík, sem um nokkurn undanfarinn tíma hefir verið á ferðalagi hér í landi, en hélt heimleiðis aftur um síðustu mánaðamót, ritaði meðan hann dvaldi hér í álfu grein um Ísland og íslenzku þjóðina. Ritgerðin er prýdd með 3 myndum: 1) af konu í íslenzkum faldbúningi, 2) af reisulegum bóndabæ og 3) af konu í íslenzkum peisubúningi. Grein þessi birtist í Detroit Free Press sunnudaginn 28. nóv. sl.

Greinin er vel rituð, á góðu ensku máli og ber landi og þjóð mjög vel söguna. Í íslenzkri þýðing er greinin á þessa leið:

"Hvergi á jarðríki býður náttúran undursamlegri eða margbreyttari fyrirburði en á Íslandi, en sem umheimurinn hefir litla eða enga þekkingu á. Þar sjást jöklarnir í sínu jötunveldi, og hundruð eldfjalla hefja tinda sína upp móti skýjunum. Undraverðar goslindir spýta sjóðandi vatni upp í loftið. Miðnætursólin heldur þar veldi sínu á sumrin, en á vetrarkveldunum leiftra skínandi norðurljós um himinhvolfið.

Um meira en þúsund ára bil hefir þjóð þessa lands orðið að heyja baráttu við öfl náttúrunnar, á sjó og landi, og hefir orðið sigursæl. Þær 90 þúsundir manna, sem byggja Ísland, hafa geymt hinar fornsögulegu bókmentir og goðafræði Norður-Evrópu þjóðanna. — Þess vegna hefir Ísland verið nefnt "Grikkland Norðurheims".

Vissulega hlýtur slíkt land og slík þjóð að vekja athygli skynsamra nútíðarmanna. Ísland er 40,500 fermílur að stærð, eða litlu stærra en Írland. Loftslagið er mjög mismunandi. Aðal hálendið, sem tekur yfir mestan hluta landsins, er frá 1650 til 2 þúsund fet yfir sjávarmál. Frá hæð þessari rísa ævarandi jökulbungur, eins og skýstólpar, við loftið, og norðantil er landið óallátanlega í helgreipum frosts og snjóa. Flatarmál jöklanna og hins ísþakta hálendis er áætlað að vera 5500 fermílur, eða meira en áttundi hluti alls landsins. Vatnajökull einn mælist 3300 fermílur.

Eitt af markverðustu einkennum Íslands er það, að þó loftslagið sé afarkalt þar uppi á hálendþá er það miklu mildara meðfram ströndum landsins. Gólfstraumurinn lykst um landið og veitir því mildara veðurlag á vetrum heldur en er í Danmörku eða jafnvel á Norður-Ítalíu að vetrarlagi. Sumurin eru heit. Meðalhitinn í Reykjavík er 53 stig á Fharenheit. Sumarið varir að eins 3 mánuði og hlýindi sólarinnar á því tímabili eru svo lítil, að ekkert vex þar nema gras og litillega kartöflur og aðrir garðávextir. Korn vex þar ekki og aldini geta ekki þroskast.

Meðal furðuverka náttúrunnar á Íslandi munu heitu laugarnar vera bezt þektar. Margar þeirra eru í landinu, misjafnar að stærð og fegurð. Hin stærsta þeirra er tveggja daga leið frá höfuðborginni Reykjavík. Sú lind gýs vanalega einu sinni á dag, og kastar þá feikna straumi sjóðandi hveravatns 120 fet upp í loftið, og er það hin dýrðlegasta sjón. Sumar hitalindirnar eru þjóðinni hin mestu þarfaföng. Ein slík hitalind er hálfrar klukkustundar ganga frá Reykjavík. Borgarbúar nota laug þessa til fataþvotta. Á hverjum degi sjást konur ganga út úr borginni með stóra poka af óhreinum fötum á bakinu, og í höndunum kaffikönnu og nestisböggul, og meðan þær eru að þvo í laugarhúsinu setja þær könnur sínar og matvæli niður í hverinn og matreiða þannig meðan þær eru að vinna.

Á einum stað á norðausturlandinu hafa hagsýnir menn notað laugavatn til þess að veita því eftir skurðum í kartöflu og kálgarða, til þess að ila jarðveginn, og er sagt að það hafi gefist vel. Einna sögulegast þektar eru laugarnar í Reykholti, þar sem sagnfræðingurinn Snorri Sturluson bjó fyrir 700 árum síðan. Hann veitti heitu vatni úr laugunum til böðunar, og baðlaugin er við lýði enn þann dag í dag.

Annað sérkenni Íslands eru eldfjöllin. Þau teljast í hundruðum. Þeirra frægast er Hekla, sem gosið hefir 18 sinnum á því þúsund ára tímabili, sem saga landsins nær yfir. Hið fyrsta þessara eldgosa varð árið 1104, og hið síðasta í september 1845. Sum þessara eldgosa voru afar-mikillengleg, en geigvænlegast allra þeirra varð 13. júlí árið 1300. (Hér er slept úr orðréttri lýsingu Þorvaldar Thoroddsens á þessu eldfjalli).

Hveraleir frá Heklu og öðrum eldfjöllum þekur stóra fláka landsins, og gerir það víða að óræktanlegri auðn.

Ferðalag á Íslandi er ólíkt því, sem viðgengst í flestum menningarlöndum. Það eru fáir akvegir á landinu, að undanskildum þeim fáu hundruðum kilómetra, sem liggja umhverfis höfuðborgina. En fólkið býr of dreift og er of fátækt til þess að geta lagt menningarlanda þjóðbrautir. Vegalengdirnar eru líka miklar og landið er strjálbygt, eins og áður er sagt, jafnvel meðfram ströndum þess. Ferðalög og samgöngur á landi verða að gerast á hestbaki. Lítlu íslenzku hestarnir fullnægja öllum þeim kröfum. Þeir hlaupa léttilega yfir grjót og klungur, þar sem aðrir hestar mundu detta og fótbrotna. Hestarnir hafa alist upp með þjóð landsins í þúsund ár og eru landinu svo að segja samgrónir. Án slíkra hesta væri óygðin í landinu ómöguleg. Einn slíkra hesta getur hæglega borið mann eða 200 punda vöruþunga 60 til 70 kilómetra á dag, og vanalegt er, að mennirnir þreytist fyr en hestarnir. Þegar kemur að vatnsföllum, þar sem ekki eru brýr eða ferjur, þá leggja hestarnir út í ískalt jökulvatnið með byrði sína og synda yfir um, án nokkurs hiks eða þvingunar.

Vegalengdirnar, sem ferðast verður milli ýmsra staða, eru afarlangar. Það er ekki ósjaldan meira en dagleið milli bæja og býla, og ari svo, að hríðarbylur skelli á vegfarandann, getur líf hans verið í veði. Til þess að koma í veg fyrir slíka hættu, hefir landsstjórnin látið gera sæluhús meðfram mörgum hinna svokölluðu þjóðbrauta, og margir ferðamenn hafa forðað lífi sínu með því að njóta þar skýlis.

Í höfuðborginni og öðrum bæjum eru timburhús almennust. Vanalegast eru þau járnþakin. Það skemmir útlit þeirra, en er talið hyggilegt vegna loftrakans, og einnig af því, að það er eldvörn utan frá.

Á Íslandi eru engir skógar. Timbur er innflutt frá Noregi og Svíþjóð og er afardýrt. Flest íslenzk bændabýli eru því gerð úr torfi og grjóti, og eins lítið af trjávið notað í þau eins og frekast má verða.

Lífið á þessum bændabýlum er hæglátt og einmanalegt. Íslenzki bóndinn þarf hvorki að plægja né sá. Starf hans er að annast um gripi sína, vanalega nokkur hundruð fjár og nokkrar kýr og hesta. Mesti annatími hans er heyskapartíminn, að slá, þurka og hirða heyin sín. Þá vinna konur og á engjum með karlmönnum, og það sem fólkið verður að leggja hart að sér um sláttinn, getur það bætt upp á hinum löngu vstrarkveldum, þegar það fær nóg næði til hvildar og lesturs.

Ísland fanst á níundu öld eftir Krists burð. Það var árið 872, að Haraldur hárfagri varð konungur í Noregi. Nokkrir af höfðingjum landsins neituðu að hlýða lögum hans eða að gjalda honum skatta, kusu heldur að flytja úr landi. Á næstu 60 árum fluttu margir af beztu mönnum landsins yfir til Íslands og settust þar að. Þar fengu þeir notið fulls frelsis og nægilegt landrými. Á þennan hátt myndaðist íslenzka þjóðin.

Ísland var lýðveldi um nær 400 ár. Þjóðin valdi sína eigin leiðtoga og hélt alþing á þingvöllum, þeim undursamlegasta hluta landsins, þar sem eldgos hafa skapað varanleg minnismerki. Nú er Ísland undir vernd Dana, því Íslendingar hafa aldrei selt af hendi sjálfstjórnarrétt sinn. Og það skal sagt Dönum til heiðurs, að árið 1902 veittu þeir Íslendingum sjálfstjórn. Þjóðin hefir því nú ekki eingöngu sitt eigið þing, heldur einnig sinn eigin Íslands ráðgjafa, sem stendur alþingi ábyrgð gerða sinna.

Ísland hefir haft litlar samgöngur við umheiminn á sl. þúsund árum. Um langan aldur gengu að eins 6 seglskip til landsins árlega, flytjandi fólkinu matvæli og aðrar nauðsynjar og takandi í staðinn það, sem landsmenn höfðu til útflutnings, aðallega fisk og ull.

Hin einmanalega tilvera hefir sett mark sitt á þjóðina. Fólkið er þunglynt, hugsandi og gefið fyrir söng og skáldskap. Mál Íslendinga er vel lagað eftir þörfum þeirra, frábærlega auðugt að orðum og framburðar fagurt.

Það er eitt af merkverðustu eiginleikum Íslendinga, að þeir hafa verndað mál sitt óblandað gegn um aldaraðir. Hvert íslenzkt barn getur lesið gömlu sögurnar, sem ritaðar voru fyrir 7 hundruð árum og skilið þær til hlýtar.

Gáfur Íslendinga eru þess verðar að á þær sé minst. Fram að þessum tíma hefir nauðungarkensla ei átt sér stað í landinu, en þrátt fyrir það getur hvert 14 ára gamalt barn í landinu skrifað, lesið og reiknað. Fólkið hefir lagt svo mikla alúð við mentun barna sinna að lagaákvæði um nauðungarkenslu hafa verið ónauðsynleg. — Margur bóndi, sem aldrei sá skóla eða nokkurn mentaðan mann nema prestinn sinn, fékk frá honum nokkur undirstöðuatriði í einhverju útlendu máli, hefir af sjálfsdáðum lært 2 eða máske 3 útlend tungumál, auk móðurmálsins, svo að hann getur lesið bókmentir heimsins.

Í engu landi eru jafnmargar bækur prentaðar í tiltölu við fólksfjölda. Um 100 bækur eru gefnar út á ári, auk 15 fréttablaða og 10 tímarita, til að fullnægja lestrarfýsn 80 þúsund manna.

Glæpir eru hart nær óþektir í landinu. Um langan tíma hefir að eins eitt fangahús verið þar, og það hefir oft staðið tómt.

Bindindi hefir náð djúpum rótum á Íslandi. Um tíundi hluti þjóðarinnar tilheyrir bindindisfélögum og þessi hreyfing hefir samhygð alls þorra alþýðunnar. Þegar Good Templars héldu 25 ára afmælishátíð sína þar í landi þann 10. janúar sl., þá veitti biskup landsins þeim leyfi til þess, að nota kirkjur landsins til hátíðahaldsins, og þær voru notaðar. Þá voru sungnir andlegir sigursöngvar, og það af gildum ástæðum, þann 10. september 1908 bað íslenzka þjóðin með opinberri atkvæðagreiðslu alþingi sitt um, að lögleiða algert vínbann í landinu. Slík lög samþykti alþingi þann 1. maí sl., og konungur staðfesti þau með undirskrift sinni samkvæmt tilmælum ráðgjafa Íslands.

Framtíðarhorfurnar eru góðar. Það er nú sýnt og sannað, að landið er miklu auðugra, en menn höfðu ætlað fyrir nokkrum árum. Gull, kopar, járn og aðrir málmar hafa fundist á síðasta ári. Fiskistöðvar landsins eru mjög auðugar, en hafa verið lítið notaðar af landsmönnum þar til á allra síðustu árum. Tekjur landsins eru nú 6 sinnum meiri en þær voru fyrir 30 árum, og framtíðin felur mikið í skauti sínu fyrir land miðnætur sólarinnar.

Úr bréfi frá Guernsey, Sask.

21. des. 1909.

Herra ritstj. Hkr.

Ég vildi biðja þig að leiðrétta það, sem stóð í Heimskringlu fyrir nokkru síðan, að ég hafi á þessu hausti fengið 5 þúsund bush. af No. 1 og 2 hveiti. Þetta er ekki rétt. Ég fékk 1900 bush. af No. 1, 2 og 3 hveiti og 3 þúsund bush. af höfrum. Hveitiuppskeran varð 25 bush. af ekru á nýju landi og um 18 bush. á gamalyrktu. Þetta er fyrsta teljandi uppskera hér á 3. ára timabili, og var bændum orðin þörf á henni.

Ég minnist ekki, að hafa ennþá séð í Heimskringlu getið um hið svonefnda Manitou-vatn, sem er um 15 milur hér suðvestur frá, og er salt eins og sjór. Það er orðið víðfrægt austur og suður um öll ríki. Ég sá í einu ensku blaði, að vatn úr því hefir verið flutt austur til Montreal og New York, sem heilsulyf fyrir auðmenn þar. Vatn þetta hefir fengið á sig mikið orð, sem holt lækningalyf. Í ráði kvað vera, að byggja heilsuhæli við vatn þetta strax á næsta sumri, og nú þegar eru þar nokkrir sumarbústaðir.

Ærinn Watrous, sem stendur næst vatninu (á G. T. P. brautinni) vex óðum, og er það mest að þakka vatni þessu hinu fræga. Það er 8 til 10 mílur á lengd og 1—2 mílur á breidd.

Þú getur minst á vatn þetta í blaði þínu, ef þér finst það vera þess virði. Vera má, að einhver Íslendingur vildi reyna það til lækninga.

M. G. Guðlaugsson.

JÓN JÓNSSON, járnsmiður, að 790 Notre Dame Ave. (horni Toronto St.) gerir við alls konar katla, könnur, potta og pönnur fyrir konur, og brýnir hnífa og skerpir sagir fyrir karlmenn. — Alt vel af hendi leyst fyrir lítla borgun.

Herra Jón Hólm, gullsmiður að 770 Simcoe St., biður þess getið, að hann selji löndum sínum gull- og silfur-muni og gigtarbelti. — Belti þessi eru óbrigðul við gigt, ef þau eru notuð samkvæmt fyrirskipunum Jóns. Kosta að eins dollar og kvart.

KAUPIÐ af þeim og verzlið við þá sem auglýsa starfsemi sína í Heimskringlu og þá fáið þér *betri* vörur með *betra* verði og *betur* útilátnar.....

Sparið Línið Yðar.

Ef þér óskið ekki að fá þvottinn yðar rifinn og slitinn, þá sendið hann til þessarar fullkomnu stofnunar.

Nýtízku aðferðir, nýr vélaútbúnaður, en gamalt og æft verkafólk.

LITUN, HREINSUN OG PRESSUN SÉRLEGA VANDAÐ

Modern Laundry & Dye Works Co., Ltd.
307—315 Hargrave St.
WINNIPEG, MANITOBA
Phones: 2300 og 2301

JOHN DUFF
PLUMBER, GAS AND STEAM FITTER
Alt verk vel vandað, og verðið rétt
664 Notre Dame Ave. Phone 3815
Winnipeg

DR. H. R. ROSS
C.P.R. meðala- og skurðlækuir.
Sjúkdómum kvenna og barna veitt sérstök umönnun.
WYNYARD, — SASK.

Dr. M. Hjaltason,
Oak Point, Man.

Jóhanna Olson
PIANO KENNARI
557 Toronto St. Winnipeg

Mrs. Williams
Komið og sjáið
Fínu Flókahattana
sem ég sel fyrir
$3.75
kostuðu áður 7—10 dollara.
704 NOTRE DAME AVE.
23-12-9

"Andvökur"
LJÓÐMÆLI EFTIR
Stephan G. Stephansson
Kosta, í 3 bindum, $3.50, í skrautbandi.

Tvö fyrri bindin eru komin út, og verða til sölu hjá umboðsmönnum útgefendanna í öllum íslenzkum bygðum í Ameríku.

Í Winnipeg verða ljóðmælin til sölu, sem hér segir:

Hjá Eggert Jóhannssyni, 689 Agnes St., EFTIR KL. 6 AÐ KVELDI.

Hjá Stefáni Pétursyni, AÐ DEGINUM, frá kl. 8 f.h. til kl. 6 að kveldi, á prentstofu Heimskringlu.

Hjá H. S. Bardal, bóksala, Nena St.

Hjá N. Ottenson, bóksala, River Park, Winnipeg.

Utanbæjarmenn, sem ekki geta fengið ljóðmælin í nágrenni sínu, fá þau tafarlaust með því að senda pöntun og peninga til Eggerts Jóhannssonar, 689 Agnes St., Winnipeg, Man.

Leyndarmál Cordulu frænku.

Nýjir kaupendur að HEIMSKRINGLU sem borga fyrir einn árgang fyrirfram, fá skáldsögu þessa og aðra til, alveg

ókeypis.

WINNIPEG Business College
Cor. Portage Ave and Fort St.
28. AR.
FÉKK FYRSTU VERÐLAUN Á SAINT LOUIS SÝNINGUNNI.
Dag og kveldkensla. Telefón 45.
Hausthensla byrjar 1 Sept.
Bæklingur með myndum ókeypis.
Skrifið til: *The Secretary, Winnipeg Business College, Winnipeg, Man.*

A. S. BARDAL
Selur líkkistur og annast um útfarir. Allur útbúnaður sá besti. Enfremur selur hann alskonar minnisvarða og legsteina.
121 Nena St. Phone 306

HEIMSKRINGLU og TVÆR skemtilegar sögur fá nýir kaupendur fyrir að eins $2.00

Giftingaleyfisbréf
selur: Kr. Ásg. Benediktsson
540 Simcoe st. Winnipeg.

—THE—
"Arena"
Þessi vinsæli skautaskáli hér í vesturbænum er nú opinn. Isinn er ágætur.
18DA MOUNTED RIFLES' BAND SPILAR Á ARENA.
KARLM. 25c.—KONUR 15c.
Chas. L. Trebilcock, Manager.

2 Bækur Gefins

FÁ NÝJIR KAUPENDUR AÐ HEIMSKRINGLU SEM BORGA $2.00 FYRIRFRAM, OG ÞESSUM BÓKUM ÚR AÐ VELJA :—

Mr. Potter frá Texas
Aðalheiður
Svipurinn Hennar
Hvammverjarnir
Konuhefnd
Robert Manton
og Leyndarmál Cordulu frænku. —

Alt góðar sögur og sumar ágætar, efnismiklar, fróðlegar og spennandi. Nú er tíminn að gerast kaupendur Hkr. Það eru aðeins fá eintök eftir af sumum bókunum.

Heimskringla
P.O. Box 3083, Winnipeg

Útskúfaði sonurinn.

Ég sat í skrifstofu minni og var að reykja, þegar Martin Parocsy kemur þjótandi inn.

Gamli maðurinn var þektur að hörku og ófyrirleitni, og var þess utan mjög ágjarn. Hann var ríkur og hafði mikil áhrif í bæjarstjórninni.

"Hvað get ég gert fyrir þig?" spurði ég.

"Ég ætla að gera einn af sonum mínum arflausan".

"Einn af sonum þínum? Hvern?

"Hann Karl, hann er elztur".

"En hann spilar ekki, drekkur aldrei og skuldar engum.

"En hann hefir gift sig, óræstið að tarna".

"Gift sig? Hverri?"

"Stúlkunni, sem hann hefir búið með, það er voðalegt".

"Það gét ég ekki séð. Ég álít það vel gert af honum, einkum þar hann á 4 ára gamlan son við henni".

"Ungan Paroscy, ha, ha, ha", hló karlinn beisklega. "Ég drep hann, ef ég sé hann".

"Þú gerðir réttara í, að taka þessu með ró".

"Taka þessu með ró? Aldrei. Og forfeður mínir, hvað hugsar þú? Borgara stelpa í fjölskyldu minni".

"Það hefir ýmislegt verra komið fyrir í heiminum en þetta, og þó hreyfir hann sig enn".

"Nei, slíkt hefir aldrei komið fyrir. Já, ef hún hefði nú átt eitthvað, en hún átti naumast fötin á sig. Hræðilegt. Ó, veslings forfeður mínir, hvað segið þið?"

"Þeir segja ekkert. Ég hefi líka átt forfeður, og þó að ég hafi stundum gert einhverja heimsku, hafa þeir þagað".

Karlinn varð fokreiður, stappaði í gólfið og sagði:

"Nú, jæja, tali ekki forfeðurnir, þá tala ég". — Hann barði á brjóst sér. — "Ég ætla að sýna prakkaranum hver ég er. Hérna er uppkastið".

Hann dró blað upp úr vasa sínum og las með hárri röddu, að Karl Parocsy hefði fyrirgert rétti sínum til föðurástar sinnar og arfs eftir sig, og að sér dytti ekki í hug, að borga neina skuld, sem hann kynni að komast í.

"Hvað kostar að auglýsa þetta í opinberu blaði?"

"Ellefu og hálfan dal".

"Margir peningar, mjög margir peningar, fæst það ekki fyrir minna?"

"Nei auglýsingaverði er aldrei breytt".

Hann fór ofan í vasa sinn og tók upp peningana. Þegar hann lagði fyrsta seðilinn á borðið, sagði hann:

"Nær verður þetta auglýst?"

"Í næsta númeri".

Þegar næsti seðill kom, segir hann:

"Með stórum stöfum og feitum, svo að fólk, sem brúkar gleraugu geti líka lesið þetta".

Svo fleygði hann seðil á borðið.

"Og enga prentvillu, mundu það. Hvað er þetta mikið? Sjö. Ó, er það ómaksins vert, að vera faðir? Svo bætti hann við því sem vantaði, og stundi hátt. Tók hatt sinn og kvaddi og fór.

Eftir þetta lét hann vitja um auglýsinguna á hverjum degi, unz blaðið kom út, en þá kom það í ljós, að ég hafði gleymt að setja hana í blaðið.

Þá kom hann sjálfur heldur hávær, og valdi ekki orð sín af betra taginu.

Loks gat ég þó stilt hann dálitið, með því að lofa honum að senda það inn í prentsmiðjuna í dag.

En til allrar ógæfu gleymdi ég því aftur, en þá kom hann eldrauður og stynjandi, en ég tók á móti honum með þessum orðum:

"Það er komið í prentsmiðjuna og búið að setja það".

"Gott, gott", sagði hann og fór.

Stundu síðar lagði ég frá mér pennann, tók auglýsingu hans og peningana, og ætlaði að fara með það í prentsmiðjuna. En á leiðinni þangað, mæti ég aftur gamla manninum, sem nú hélt á ljóshærðum dreng á handlegg sínum.

"Það var gott að ég fann þig", sagði hann.

"Mig — hvað viltu nú? Hún er þegar prentuð".

"Ó, ó, við skulum koma inn, ég þarf að tala við þig. Svona, litli drengur, nú geturðu gengið sjálfur".

Drengurinn hélt á svipu í hendinni, lamdi henni um fætur karlsins og sagði:

"Foli — brúni foli".

Sá "brúni" brosti viðkvæmur og tautaði:

"Sko þorparann, hann vill gera afa sinn að hesti".

"Hvort eigum við að fara? Inn í hesthúsið?"

"Nei, vinur minn, til þessa manns".

Þegar karlinn kom inn, sagði hann bliður á svip:

"Nú er ég illa staddur. Er búið að prenta auglýsinguna?"

"Já".

Karlinn klóraði sér bak við eyrað og sagði:

"Er ekki mögulegt að breyta henni?"

"Ómögulegt".

"Nú, en hún má ekki koma í ljós".

"Hvað er nú að? Þú varst þó áfram um, að láta hana koma fyrir almennings sjónir".

"Ég hefi fundið þetta barn, eða réttara, hann fann mig".

"Er þessi drengur máske —"

"Já, nú skal ég segja þér söguna. Þegar ég fór frá þér áðan og var kominn inn í næstu götu, varð ég var við fáeina drengi, sem léku sér þar, og hugsaðu þér bara, einn þeirra kemur til mín og segir:

"Þú, frændi, maður, þessir drengir segja, að þú sért afi minn".

"Ég aðgætti hann vel, þekti andlitsdrætti Karls í andliti hans og hrinti honum frá mér. Þá tekur hann sér stöðu beint fyrir framan mig og segir: 'Þú, frændi, hrintu ekki, því þá hrindi ég aftur'. Ættarástin gerði nú vart við sig í huga mínum, svo ég sagði: 'Hvað svo meira?' Hann horfði fast á mig og sagði: 'Ef þú ert afi minn, þá verður þú að gefa mér sykur'.

"Nú, eins og ég sagði, hugur minn mýktist, ég tók hann upp og bar hann hingað. Er hann ekki myndarlegur?"

"Jú, snoturt barn", sagði ég.

"Já, en auglýsingin má ekki sjást, eru engin ráð til, að útiloka hana úr blaðinu?"

"Með því eina móti, að eyðileggja upplagið og prenta annað nýtt".

Hann fell um háls mér af fögnuði og sagði:

"Hvað kostar það?"

Hér um bil 40 dali. Ég skal sjá um, að það verði gert".

"Það má kosta, hvað sem vera vill. Sendu mér svo reikninginn. Ég má reiða mig á, að enginn sjái auglýsinguna?"

"Eins víst og sólin skín núna".

"Það er gott. Það er gott. — Vertu sæll".

Síðan forðast hann að finna mig, af því hann heldur að hann skuldi mér 40 dali, og þó er það í raun réttri ég, sem skulda honum 11½ dal.

Ef hann vissi það.

Það er alveg víst, að það borgar sig að auglýsa í Heimskringlu.

Smávegis.

ÞEGAR maður vinnur úti í heitu veðri, er miklu betra að væta ullnliðina við og við með köldu vatni, en að fylla magann af því.

HVÍTMÁLAÐ TRÉ þvoist úr hreinu vatni með Pearline í. — Svartmálað tré nuggist með tusku, gegnvættri í steinolíu eða terpentínu.

STANDI í manni er gott að rétta upp vinstri handlegginn eins hátt og unt er.

RAUÐIR borðdúkar missa ekki litinn í þvotti, ef ögn af Borax er blandað saman við síðasta vatnið og þeir þurkaðir í skugga.

GOTT er að bera línolíu á tréð í vagnhjólum, þá losnar gjörðin síður, en gera verður það oft, sé gjörðin laus.

Draumur.

Hann Helgi magri birtist mér í blundi,
hann burtsofnaði, farni höfðinginn.
Hann horfði til mín, hátt hann mælti og stundi:
Ég hata þennan falska nafna minn.

Hann dregur nafn mitt dýpra og dýpra niður
og dirfist fjár að nota fyrir plóg.
Að véla út fé það var minn aldrei siður! —
nú varla í haugnum finna má égró.

Mér maður þessi mun ei skyldur vera,
með mauralund og nirfilslegar brár.
Ég heimta að hann hætti nafn mitt bera
og halta þorleif leiki næsta ár.

SJÖFN.

Engin veit hvað átt hefir fyr en mist hefir.

" LÍÐUR ÖNDUÐ ÁNÆGJAN
OFAN Í HÖNDUR MÍNAR ".
B. J.

Ég ljóða mín stefin, sem einyrki oft
fyrir einn mann, og það er ég sjálfur,
og þá get ég haft þau svo lifandi-laus
við launsmjaðurs hræsninnar gjálfur.

Þau virðast mér einasta ununin þá,
nær einveru köstin mig grípa,
því síðan að Backus ég brást þér svo mjög,
mig býsna oft leiðindin klípa.

Því þú varst mitt yndið á æfinnar braut,
hið æðsta, sem heimur má bjóða:
Að sitja við borðið með brögnum í hóp,
sem brosandi kunna að ljóða.

Þú skilur það ekki, sem ei hefir reynt
og ert því á Templara fundum,
hvað vinirnir Backus og Bragi svo vel
búa til gleðina stundum.

Ég syrgi þig Backus, sem bróðir og vin,
ég bráðum mun aftur þér játast,
og skil þá við kreddufult Templara tal,
sem tvíhendir vopnið að látast.

G. J. G. (Good Templari).

ROBLIN HOTEL
115 Adelaide St. Winnipeg
Bezta $1.50 á dag hús í Vestur-Canada. Keyrsla ókeypis milli vagnstöðva og hússins á nóttu og degi. Aðhlynning hins bezta. Viðskifti Íslendinga óskast. Íslenzkr veitingamaður afgreiðir yður —
O. ROY, eigandi.

JIMMY'S HOTEL
BEZTU VÍN OG VINDLAR.
VÍNVEITARI T.H.FRASER.
ÍSLENDINGUR.
James Thorpe, Eigandi

A. S. TORBERT'S
RAKARASTOFA
Er í Jimmy's Hótel. Besta verk, ágæt verkfæri; Rakstur 15c en Hárskurður 25c. — Óskar viðskifta Íslendinga. —

MARKET HOTEL
146 PRINCESS ST. á móti markaðnum
P. O'CONNELL, eigandi, WINNIPEG
Bestu tegundir af vínföngum og vindlum, aðhlynning góð, húsið endurbætt

Woodbine Hotel
466 MAIN ST.
Stærsta Billiard Hall í Nordvesturlandinu
Tíu Pool-borð.—Alskonar vín og vindlar
Gisting og fæði: $1.00 á dag og þar yfir
Lennon & Hebb,
Eigendur.

Omeinguð Hörlérept
beint frá verksmiðjunni á Írlandi. Af því vér kaupum beint þaðan, getum vér selt írsk hörlérept ódýrar en aðrir í borginni. 15 prósent afsláttur næstu 2 vikur.
C.S.S. Malone
352 PORTAGE AVe. Phone Main 1478
16-12-9

Hvað er að?
Þarftu að hafa eitthvað til að lesa? Hver sá er vill fá sér eitthvað nýtt að lesa í hverri viku, ætti að gerast kaupandi að Heimskringlu.
Hún færir lesendum sínum ýmiskonar nýjan fróðleik 52 sinnum á ári fyrir aðeins $2.00. Viltu ekki vera með?

The Dominion Bank
NOTRE DAME Ave. BRANCH Cor. Nena St.
ÍSLENZKA TÖLUÐ.
VÉR GEFUM SÉRSTAK AN GAUM AÐ SPARISJÓÐS-DEILDINNI. —
VEXTIR BORGAÐIR AF INNLÖGUM.
HÖFUÐSTOLL - - - $3,983,392.38
SPARISJÓÐUR - - $5,300,000.00
H. A. BRIGHT, MANAGER.

mig, opnaði bróðir minn dyrnar við hliðina á glugganum, þaut út og stökk á bak hesti sínum, sem stóð úti.

"Ég sá hann ríða hart eftir þjóðveginum — hefði ég haft hlaðna byssu í hendinni, þá hefði ég skotið hann, en ég gat ekkert, hann fór óhindraður. Ég var eyðilagður og óskaði mér dauða, en ég varð að lifa til að hefna mín. Ég fór inn, kona mín sat agndofa við gluggann. Þegar ég kom inn, stóð hún upp, fletti fötunum frá brjósti sínu, rétti mér hnífinn og sagði:

"Ég hefi svikið þig, Jakob, rektu hnífinn í hjarta mitt.

"Nei, svaraði ég, en farðu frá augunum á mér, óræstið þitt.

"Ég þreif í handlegg hennar og fleygði henni út. Tár hennar og bænir egndu reiði mína. Daginn eftir seldi ég jörðina mína og flúði burtu. Hinn góði ásetningur minn var aftur truflaður af forlögunum.

"Síðan hefi ég flækst um heiminn eins og Gyðingurinn gangandi, Mórits, friðlaus og órólegur. Hvernig ég hefi lifað, tala ég ekki um, en ég hefi notað hvert tækifæri til hefnda, og ætla að gera það hér eftir".

"Hvað varð af bróður þínum?" spurði Mórits.

"Hann er dauður, hann var skotinn hér á þessum stað", svaraði Jakob.

"Er það hann, sem var deyddur hér? Og hver deyddi hann?" spurði Mórits.

"Morðinginn hefir ekki fundist".

"Hvað hét bróðir þinn?"

"Ég hefi svarið, að nefna það nafn aldrei, spyrðu mig þess vegna ekki um það", sagði Jakob.

"Lifir faðir þinn enn?"

"Já, hann lifir, og er jafn-vondur og hann var".

"Býr hann á Vestur-Gautlandi?"

"Nei, hann er fluttur til Stokkhólms. Hann er ríkur, á fallega konu og tvö börn, er í miklu áliti og virtur af öðrum, en ég, sonur hans, — — dauði og djöfull!"

"Ævisaga þín er voðaleg", sagði Mórits, "ég skil auðvitað ekki alt, en svo mikið skil ég, að mennirnir hafa farið ver með þig heldur en hund".

"Já, barnið mitt", sagði Jakob, "þú segir satt, og af því skynsemi þín er óvanalega vel þroskuð á þínum aldri, hefi ég sagt þér þetta. Ég held ég hafi gert þér gagn með því.— Meðan maður er barn, álítur maður heiminn góðan, og heldur að allir séu eins hreinir og saklausir og maður er sjálfur, en þar af leiðir, að maður er svikinn og fótum troðinn, eins og fram hefir komið við mig. Það er fallegt, að vera góður, óeigingjarn og hjálpsamur, en ráði maður ekki yfir öðrum eiginlegleikum en þessum, þá er maður verjulaus bráð fyrir grimd og eigingirni. Maður er lambið, sem úlfurinn helrifur. Vilji maður forðast þessi forlög, verður maður að bíta frá sér, og það er það, sem ég vil innræta þér".

"En heldurðu þá", sagði Mórits, "að allir ríkir menn séu eins vondir og faðir þinn og bróðir, og fjölskyldan, sem var svo vond við mig? Heldurðu ekki, að til séu eðallyndir og góðir menn meðal hinna ríku?"

"Jú, það efast ég ekki um, því það er engin regla undan tekningarlaus. En það fylgir auðnum, að kveikja vondar fiknir, lesti og eigingirni. Það er ekkert til, sem er eins skemmandi og auðurinn. Það er líka eðlilegt og auðskilið. Hugsaðu þér barn, uppalið á ríku heimili við þá vissu, að það, án nokkurrar fyrirhafnar, samkvæmt hinum ósanngjörnu erfðalögum, verði eigandi að miklum auð. Er nokkuð heimskulegra og skaðlegra en það, að ríkið lætur

sum af börnunum alast upp við þessa vissu, en segir hinum: Starfaðu, starfaðu, þó þú fáir ekki svo mikið kaup, að þú getir verið viss um, að eignast þak yfir höfuðið, né bita brauðs til að sefa hungur þitt. Ég spyr: er þetta réttlæti?"

"Það er það líklega ekki, en getum við gert við því, að forsjónin skiftir svona ójafnt?"

"Getum við gert við því? — — Þetta segja allir. En ég segi, að við getum það".

"Á hvern hátt?"

"Ég vil ekki fullyrða, að við getum lagað það að öllu leyti", svaraði Jakob, — — "nei, það verður alt af stór munur milli ólíkra einstaklinga. Á aðra hlið standa gáfurnar, snildin, starfsemin, dygðin, — — en á hina heimskan, léttúðin, vonleysið, glæpirnir. Ég ætla að reyna að gera þér skiljanlegt, hvernig það er og hvernig það gæti verið. Mismunurinn verður ekki burt numinn. Mennirnir geta barist gegn forunum, en ekki yfirunnið þau, en þau hafa skapað þennan mismun. En það má jafna þennan mismun að nokkru, byggja brú yfir þetta hyldýpi, þó ekki sé hægt að fylla það. Þú lítur efandi á mig, skilur mig ef til vill ekki, eða þér finst skoðun mín ósanngjörn. Nú, jæja, ég skal reyna að tala ljósara.

"Ég sagðist ætla að sýna þér, hvernig það er og hvernig það gæti verið. Það er þannig, að yfir þetta hyldýpi, sem ómögulegt er að fylla, liggur engin brú nú sem stendur, sem þeir geta notað, er við dimmu hliðina standa, til þessa að komast yfir að björtu hliðinni, þegar þá langar til. Slík brú verður að eins bygð á hinum ósýnilegu bogum mannkærleikans, sem reynir að bæta úr því, er forlögin hafa brotið, — — sem hraðar sér að rétta hinum fallna hendi sína.

"Ætli að slík ást sé ekki til; vill ekkert af hvítu börnunum rétta hinum svarta bróður sínum hendina? Jú, ég vil ekki neita því, að slík ást sé til. Dygðin, gáfurnar, ráðsnildin reyna óaflátanlega að byggja slíkar brýr, til þess að koma þeim, sem í myrkri eru staddir, þangað sem ljósið er, til þess að hugga, mýkja, hjálpa. Ég neita því ekki. En þeim tekst það ekki — og vegna hvers? Af því að við bjartari hlið hyldýpisins er til fjórða aflið — auðurinn. Hann er það afl, sem eyðileggur brýrnar, er mannkærleikurinn byggir. Og svo langt er spilling tímans komin, að auðurinn er sterkari en öll hin öflin. — Þetta vald eyðileggur starf hinna, sagði ég. Já, því það vald vill ríkja svo óháð, sem það getur, það óttaðist fátæktina meira en alt annað því það hugsar sem svo: komi hún yfir á okkar hlið, þá vill hún að við skiftum milli okkar, en ég vil engin skifti hafa. Vegna þessa verða hinir yfirgefnu, fátæku glæpamenn að vera kyrrir í myrkrinu, — — það er engin hendi til, sem leiðir þá yfirum hyldýpið, því ætli mannkærleikurinn að rétta þeim hendi sína, gerir eigingirnin hana aflvana. — Þannig er það, barnið mitt, og þannig verður það að mestu leyti, við getum ekki lagað það".

"En þú sagðir áðan, að það mætti laga það".

"Já, að nokkru leyti", svaraði Jakob, "það myndi eflaust lagast mikið, ef auðurinn væri sviptur valdi sínu í mannfélaginu, þegar dygðin, gáfurnar og ráðsnildin hafa samtök til að steypa honum, í fám orðum, þegar mannkynið öðlast æðri skynsemdar og mannúðarlög, sem takmarka vald eigingirninnar. Og þó ekki væri hægt að fylgja þessum lögum í öllu, þá væri það mikil bót, að þau væru til".

"Ég skil þig ekki", sagði drengurinn, "en mig grunar, að þú hafir að mörgu leyti rétt fyrir þér".

"Ég sagði þér, að það sem þú ekki skildir núna, það myndir þú skilja síðar, þegar þú ert kominn lengra í skóla lífsins. Ég talaði ekki til þín sem

Goðafræði Norðurlanda.

Blaðið Deseret Semi-Weekly News, dags. 16. nóv. sl., flytur langa ritgerð eftir landa vorn, hr. John Thorgeirson í Thistle bæ í Utah í Bandaríkjunum, þar sem hann gegnir friðdómara starfi. — Blaðið flytur ritstjórnargrein um ritgerðina, mjög hlýlega orðaða í garð þessa íslenzka rithöfundar og fræðimanns.

Herra Thorgeirson byrjar grein sína með upphafsorðum úr Snorra Eddu hinni nýrri, um upphaf sköpunarinnar, og um kenningar þeirrar bókar um Óðinn Alföður og þá, sem með honum komu frá Asíu til Norðurlanda, og gerðu sér bygð í Sigtúni í Sviariki, í grend við Stokkholm, og stofnsetti þar stjórn og samdi lagabálk, er áhangendur hans skyldu hlýða. Ráðaneyti hans var 12 dómarar, sem höfðu það starf, að vaka yfir velferð þjóðlélagsins, dæma í þrætumálum, stjórna trúarlegum samkomum, og sjá um, að þjóðlélagið héldi sér fast við feðratrúna, sem Óðinn flutti með sér frá Asíu til Norðurlanda.

Snorri staðhæfir, að íbúar Norðurlanda hafi um margar aldir talað og ritað á máli því, sem Óðinn mælti á, er hann kom frá Asíu, og að fokkur hans hafi verið friðsamt fólk og haghent, hafi kunnað til akuryrkju og ýmissa handiðna, og verið listfengt.

Yfirleitt er öll greinin lýsing og upptalning á innihaldi Snorra Eddu, með þeim athugasemdum, sem herra Thorgeirsson finnur ástæðu til að gera við það. Hann tekur upp í grein sína útdrætti úr ritgerðum annara höfunda, t. d. eftir prófessor Rasmus B. Anderson, Samuel Laing o.fl., til að sýna trúarlíf og lifnaðarháttu þessa fólks og félagsskipun alla hjá því.

Um hina týndu 10 kynflokka af Ísraelsætt, segir höf. það vera skoðun sína, að þetta fólk, sem þannig kom frá Asíu, sé í raun réttri hinar tíu týndu kynkvíslir, — týndir vegna þess, að söguritarar fornaldarinnar mistu sjónar á þeim í grend við Caspían hafið.

Síðla í ritgerðinni eru lífsreglur eða trúarjátning Óðins í 13 liðum,

1. Viðurkenning manngildis [illegible] leika, sem krefst stöðugrar baráttu við ástríðurnar og umbótafýsnina gagnvart öðrum.
2. Hugrekki og [illegible] að þola mótgang lífsins og til að berjast gegn óvinum.
3. Baráttan fyrir frelsi til þess að afla sér þekkingar og auðæfa, svo að sjálfstæði mannsins yrði bygt jafnt á mentalöngun hans og starfsemi.
4. Fastheldni við loforð og eiða.
5. Hreinskilni og trúfesta, engu síður en fyrirhyggja í ástamálum, og trygð við vini manns, en fyrirlitning fyrir varmensku og barátta til dauðans gegn óvinum.
6. Virðing fyrir ellinni.
7. Greiðvikni, örlæti og gjafmildi gagnvart fátæklingum.
8. Gætin fyrirhyggja í orðum og athöfnum.
9. Hófsemi, ekki að eins í nautnum lífsins, heldur einnig í meðferð valds.
10. Nægjusemi og glaðvæð.
11. Siðprýði og kurteisi í umgengni.
12. Löngun til þess að ávinna sér hylli meðbræðranna, sérstaklega til þess, að safna að óss tryggum ættmennum og vinum.
13. Gætileg meðhöndlun á líkömum hinna dánu.

Grein þessi er öll vel rituð, og ber þess vott, að höfundur hennar hefir hugsað mikið og kynt sér vel þessi mál. Hún ber þess vott, að hún sé eftir alvöruþrunginn, þaulesinn og mentagjarnan gáfumann. Enda farast ritstjóranum svo orð, að auðsætt er að hann metur bæði málefnið og framsetningu þess eins og hvorttveggja verðskuldar.

Þakkarávarp.

Mig langar til að senda þeim mörgu góðu mönnum og konum, sem hafa á margvíslegan hátt bæði peningalega og verklega hjálpað mér og konunni minni í hennar miklu veikindum — nokkur þakkar orð, um leið og ég læt hér með fylgja nöfn sumra þeirra.

Peningagjafir: Böðvar Helgason $5.00, O. G. Oddleifsson $3.00, Mrs. Þ. G. Oddleifsson $1.00 og Jón Björnsson $4.00. Sömuleiðis léðu þau hjónin Mr. og Mrs. Oddleifsson okkur stúlku í viku og tóku ekkert fyrir. Einnig tóku þau hjónin Mr. og Mrs. Eir. Johnson yngsta barn okkar, og er það hjá þeim fram á þennan dag. Sömuleiðis tók Mr. Jón Jónasson eitt barnið, og var það hjá honum í sex mánuði, og fór vel um það. Og Bjarni Ólafsson tók eitt barnið og var það hjá honum í fjóra mánuði í góðum höndum. Sömuleiðis tóku Jóhann Sæmundsson og kona hans af mér eitt barnið um tveggja og hálfsmánaðar tíma, alt fyrir alls enga þóknun. — Einnig má geta þess, að nágrannar okkar Mr. og Mrs. H. Jakobsson hafa reynst okkur mjög vel og hafa á ýmsan hátt bætt úr böli okkar, svo sem þeim hefir verið unt.

Öllum þessum góðu manneskjum vottum við okkar innilegasta hjartans þakkkæti fyrir alt það sem þær hafa látið af hendi, til þess að hjálpa okkur, og skum, að þar sem að við erkki líkleg til að geta að neinu borgað þetta, þá megi guð, alt sér, launa ykkur þessar og göfugu gjafir.

Einnig viljum við þakka Mr. og Mrs. Sig. Oddleifsson í Winnipeg og Mr. og Mrs. Þorl. Nielsson í Winnipeg alla þá miklu hjálp, sem þau auðsýndu okkur á meðan hún var á sjúkrahúsinu. Við þökkum og líka innilega og sérstaklega dr. J. P. Pálssyni fyrir alla hans miklu og góðu hjálp og biðjum við góðan guð að blessa starf hans, hvar sem hann er eða fer. Svo þökkum við aftur öllu þessu fólki alla þessa hjálp, og biðjum guð að blessa það og leiða það ætíð.

Mrs. Mr. Bessason,
Mr. Kr. Bessason.

Geysir, 20. des. 1909.

Kona framtíðarinnar.

Madama Melba, söngkonan nafnkunna, hefir nýlega sagt að hún væri hlynt atkvæðisrétti kvenna, og við það tækifæri hefir hún meðal annars sagt:

"Mér er kært að geta mér til, hvernig kona framtíðarinnar muni líta út. Ég spyr sjálfa mig hvað eftir annað um hvað hún muni tala, hvað hún muni gera, og fyrst af öllu, hvernig hún muni klæðd.

"Eðlisávísun mín segir mér það um framtíðarkonuna, að frelsið, sem hún berst fyrir og nær, muni ekki skerða heimilisást hennar. — Þrátt fyrir það, að hin mikla bók lífsins liggur opin fyrir konunni, mun hún þó kannast við böndin, sem binda hana við heimilið, binda hana æ fastar og fastar eftir því sem æfin líður áfram. Konan mun ávalt halda áfram að vera kona. Lífsreynslan kennir henni að meta heimilið sem einskonar griðastað.

"Ætli konan verði fallegri?

"Ég held hún verði fágaðri í framkomu sinni. Notkun heilans hlýtur að breyta andliti hennar, gáfurnar og vitsmunirnir sjást á svipnum".

Viðvíkjandi klæðnaði framtíðarkonunnar, segir madama Melba:

"Hún mun klæða sig í mjúkan og hlýjan fatnað með hreinum litum. Allskonar tízkutildur mun hverfa. Samræmi í klæðnaði hennar fær yfirráðin, tal hennar og framkoma verður sæmilegt, og hún mun forðast alt fals og tilgerð".

Hefir þú borgað Heimskringlu?

Bókalisti

N. Ottenson's,—River Park, Winnipeg.

Áfengi og ábrif þess, í b. 0.10
Eggert Ólafsson (B.J.) ... 0.15
Gönguhrólfs rímur (B.G.) 0.20
Hugsunarfræði (E.B.) 0.15
Höfrungahlaup 0.15
Jón Ólafssonar Ljóðmæli í skrautbandi ... ... 0.60(3)
Kristinfræði .... 0.45(2)
Kvæði Hannesar Blöndal 0.15(2)
Málsgreinafræði 0.15
Mannkynssaga (P.M.), í b. 0.85(5)
Mestur í heimi, í b. 0.15
Olnbogabarnið 0.15
Prestkosningin. Leikrit, eftir Þ. E., í b. 0.30
Ljóðabók M. Markússonar 0.50
Friðþjófs sönglög 0.50
Ritreglur (V. Á.), í b. ... 0.20
Seytján æfintýri, í b. ... ... 0.35(3)
Siðfræði (H. H.), í b. 1.10
Sundreglur, í b. 0.15
Útsvarið. Leikrit, í b. ..... 0.35(2)
Verði ljós 0.15
Vestan hafs og austan. Þrjár sögur, eftir E. H., í b. 0.90
Víkingarnir á Hálogalandi eftir H. Ibsen 0.25
Þjóðsögur Ó. Davíðss., í b. 0.35(4)
Þorlákur helgi 0.15
Þrjátíu æfintýri, í b. ..... 0.35(4)
Ofurefli, skálds. (E.H.), íb. 1.50
Draugasögur, í b. .... 0.35(4)
Ölöf í Ási .... 0.45(3)
Smælingjar, ó sögur (E.H.) í bandi 0.85
Skemtisögur eftir Sigurð J. Jóhannesson 1907 ... 0.25
Kvæði eftir sama frá 1906 0.25
Ljóðmæli eftir sama. (Með mynd höfundarins) Frá 1897 .... 0.25
Tólf sönglög eftir Jón Friðfinnsson 0.50
Nýustu svenskar Musik Bækur, útg. í Stockholm:
Svenska Skol-Qvartetten ...0.60(5)
26te och 27de Tusendet Sv. Skol-Qvartetten ... ... 0.60(5)
Dam Kören ... ... 1.00(5)
Normal-Sangbok .... 0.50(5)
Safn til sögu Íslands og ísl. bókmenta í b., III. bindi og það sem út er komið af því fjórða. (53c) $9.45
Íslendingasaga eftir B. Melsted I. bindi í bandi, og það sem út er komið af 2. b. (25c) 2.85
Lýsing Íslands eftir Þ. Thoroddsen í bandi (16c) 1.90
Fernir forníslenzkir rímnaflokkar, er Finnur Jónsson gaf út, í bandi .... (5c) 0.85
Alþingisstaðir hinn forni eftir Sig. Guðm.son, í b. (4c) 0.90
Um kristnitökuna árið 1000, eftir B. M. Ólsen (6c) 0.90
Sýslumannaæfir eftir Boga Benediktsson, I. og II. b. innbundið .... (55c) 8.10
Íslenzk fornbréfasafn, 7 bindi innb., 3 h. af 8. b. ($1.70) 27.80
Biskupasögur, II. b.innb.(42c) 5.15
Landfræðissaga Íslands eftir Þ. Th., 4 bindi innb. (55c). 7.75
Rithöfundatal á Íslandi 1400—1882, eftir J.B., í b. (7c) 1.00
Upphaf allsherjarríkis á Íslandi eftir K.Maurer, í b. (7c) 1.15
Auðfræði, e. A. Ól., í b. (6c) 1.10
Presta og prófastatal á Íslandi 1869, í bandi .... (9c) 1.25
B. Thorarinsson ljóðmæli, með mynd, í bandi 1.50
Bókmentasaga Íslendinga eftir Finn Jónsson, í b. (12c) 1.80
Norðurlandasaga eftir P. Melsted, í bandi .... (8c) 1.50
Nýþýdda biblían ..... (35c) $2.65
Sama, í ódýru bandi (33c) $1.60
Nýjatestamentið, í vönduðu bandi .... (10c) 0.65
Sama, í ódýru bandi ... (8c) 0.30

Tölurnar í svigum tákna burðargjald, er sendist með pöntunum.

Um leið og ég nú auglýsi þessar bækur, sem ég nú nýlega hefi fengið frá Bókmentafélaginu í Kaupmannahöfn, skal þess hér með getið, að þær eru allar í vönduðu bandi. Það er ekki maskínu band, heldur handbundið, og vel vandað að öllu leyti. Það af þessum bókum, sem enn þá ekki eru alveg útkomnar, til dæmis Sýslumannaæfir, Fornbréfasafnið, Safn til sögu Íslands, þegar hvert bindi er búið, þá skal ég útvega kaupendunum tilbúinn kjöl á þau bindi frá bókbindaranum, sem hefir bundið inn þessar bækur, ef beðið er um.

Ég legg ekkert á bandið. Það kostar mig 65c á allar af stærri bókunum, og kaupendur fá það fyrir það sama. Hér mundi slíkt band kosta $1.50 til $2.00 á bókina

Einnig læt ég þá, sem pantað hafa hjá mér sögu þiðriks af Bern vita, að það verður ekki langt þar til hún kemur, í það minsta fáein eintök.

Einnig á ég von á nokkrum eintökum af Flateyjarbók í bandi.

N. OTTENSON,
River Park, Winnipeg, Man.

THE BANK OF TORONTO

INNLEGG - - - $30,853,000

VJER OSKUM VIDSKIFTA YDAR

WINNIPEG DEILD: 456 MAIN ST. JOHN R. LAMB, RÁDSMADUR.

Með því að biðja sérstaklega um "T.L. CIGAR," þá ertu viss að fá ágætan vindil.

T.L.

make T.L. CIGAR

(UNION MADE)

Western Cigar Factory
Thomas Lee, eigandi Winnipeg

Redwood Lager og Extra Porter

Styrkið taugarnar með því að drekka eitt staup af öðrum hvorum þessum ágæta heimilis bjór, á undan hverri máltíð. — Reynið !!

EDWARD L. DREWRY Manufacturer & Importer Winnipeg, Canada.

Department of Agriculture and Immigration.

MANITOBA

Þetta fylki hefir 41,169,089 ekrur lands, 6,019,200 ekrur eru vötn, sem veita landinu raka til akuryrkjuþarfa. Þess vegna höfum vér jafnan nægan raka til uppskeru tryggingar.

Ennþá eru 25 miliónir ekrur óteknar, sem fá má með heimilisréttti eða kaupum.

Íbúatala árið 1901 var 255,211, nu er hún orðin 400,000 manns, hefir nálega tvöfaldast á 7 árum.

Íbúatala Winnipeg borgar árið 1901 var 42,240, en nú um 115 þúsundir, hefir meir en tvöfaldast á 7 árum.

Flutningstæki eru nú sem næst fullkomin, 3516 mílur járnbrauta eru í fylkinu, sem allar liggja út frá Winnipeg. Þrjár þverlandsbrauta lestir fara daglega frá Winnipeg, og innan fárra mánaða verða þær 5 talsins, þegar Grand Trunk Pacific og Canadian Northern bætast við.

Framför fylkisins er sjáanleg hvar sem litið er. Þér ættuð að taka þar bólfestu. Ekkert annað land getur sýnt sama vöxt á sama tímabili.

TIL FERDAMANNA:

Farið ekki framhjá Winnipeg, án þess að grenslast um stjórnar og járnbrautarlönd til sölu, og útvega yður fullkomnar upplýsingar um heimilisréttarlönd og fjárgróða möguleika.

R. P. ROBLIN,
Stjórnarformaður og Akuryrkjumála Ráðgjafi.

Skrifið eftir upplýsingum til

Joseph Burke, 178 LOGAN AVE., WINNIPEG. Jas. Hartney, 77 YORK ST., TORONTO.

ALDREI SKALTU geyma til morguns sem hægt er að gera í dag. Pantið Heimskringlu í dag.

barns, heldur sem verðandi unglings og manns. — En samtal okkar er búið að vara of lengi, það er orðið framorðið og mömmu þinni leiðist. Taktu nú eldiviðarbaggann og farðu. Við sjáumst væntanlega aftur. En gleymdu ekki því, sem ég hefi sagt þér: óþrjótandi hatur til hinna ríku".

Jakob stóð upp og bjóst til að fara. Mórits tók byrði sína og gekk út á þjóðveginn með honum.

"Vertu sæll, Mórits", sagði Jakob, "nú skilja leiðir okkar, en gleymdu ekki því, sem þú hefir heyrt"

"Aldrei!" sagði Mórits fjörlega, "aldrei skal ég gleyma þessu kvöldi né hræðilegu sögunni þinni, — Vertu sæll".

Þeir skildu. Mórits hraðaði sér heim, en Jakob stóð kyr og horfði á eftir honum.

"Hvað ætli mamma segi?" hugsaði Mórits. "Ég hefi verið lengi í burtu og hún er sjálfsagt orðin hrædd um mig. Á ég nú að segja henni alt, sem fyrir mig hefir komið í kvöld?"

Hugsun þessi gerði Mórits órólegan. Hann vildi ekki dylja hana neins, en var hræddur um, að hún reiddist sér, ef hann segði henni, að hann hefði fundið þann rauðhærða, af því hún var búin að banna honum að tala við hann.

Mórits var því hálfskelkaður, þegar hann gekk inn í kofann, þar sem mamma hans sat við vinnu sína. Húsfrú Sterner talaði ekkert um fjarveru hans, því þegar hún sá blómin, hélt hún að hann hefði eytt tímanum til að leita þeirra. Mórits gat ekki komið sér að því, að hryggja móður sína með því, að segja henni frá fundi sínum og Jakobs, og þagði því.

* * *

VIII.

Óðinsvík.

Eberhard greifi Stjernekrans, ríki óðalseigandinn og erfingi hins ágæta höfðingjasetturs Óðinsvíkur, var, eins og áður er um getið, kominn aftur heim til sín.

Eftir að við síðast sáum Eberhard á hinum voðalega Helkletti í Tyrol, hafði hann farið víða um lönd, "eltur af forlögum sínum", eins og hann sagði sjálfur. Hann hafði gist í fögru dölunum á Ítalíu og Sikiley, heimsótt hin dularfullu Austurlönd, skoðað nafn sitt í sedrusviðinn á Lábanon og mókt í skugga Pálmatrjánna í Afríku. Með fáum orðum: hann hafði notið inndælis lífsins.

Hann hafði snúið aftur til Norðurálfunnar. Yfir Spánar og Frakklands fögru landssvæði hraðaði hann ferð sinni til höfuðborgar heimsins, miðdepils menningarinnar, Parísar. Þar dvaldi hann einn vetur, en þegar vorið kom, var hann orðinn sárleiður á hinum viðstöðulausu skemtunum stórborgarinnar og lagði af stað gangandi til Rínarfljótsins, ásamt frönskum manni, sem náð hafði vinfengi hans.

Alt sumarið ferðaðist hann um Þýzkaland, en þegar haustið kom, ákvað hann alt í einu, að fara heim til Svíþjóðar og setjast að á arfleifð sinni. Eberhard var að eins 23. ára að aldri, en var samt farinn að verða leiður á lífinu. Hann var það, sem Frakkar kalla "un homme blasé". Tveggja ára þrotlausar skemtanir af öllum tegundum, sem til eru í suðurlöndum, höfðu eins og vant er, skilið eftir auð hugarfylgsni og leiðindi.

Þess vegna þurfti greifinn hvildar við, til þess að geta safnað nýjum kröftum, og til þess að hugsa um lífið í kyrð og einveru skóganna heima, eins og hann sjálfur sagði:

Eberhard greifi var forlagatrúarmaður í orðsins fylsta skilningi. Lesarinn hefir séð, að Jakob Kron var málsvari þeirrar skoðunar, en hann kemst að því, að skoðanir þeirra í þeim efnum voru harla ólíkar.

Forlagatrúar skoðanin, ekki Grikkjanna, heldur þessara tíma, styðst annaðhvort við verulegt, og að því er virðist óafmáanlegt misvægi lífsins, misvægi, sem eyðileggur æskuvonirnar, gerir tilraunir vorar í þarfir hins góða gagnslausar, og fleygir okkur aflvana ofan í hyldýpi svivirðinga og glæpa, eða að hún er að eins fræðikerfi, sem lastagjarnt hugarfar býr til handa sér, í því skyni að geta þaggað niður í samvizku sinni með hjúni alkunnu setningu Platos: það voru forlög mín.

Á milli þessara tveggja tilviljana er alls ekkert samhæfi. Því eins og það er ógæfan, þjáningarnar, örvilnanin, er orsaka glæpi, sem í fyrra tilfellinu mynda þessa skoðun, þá er það í síðara tilfellinu skoðanin sjálf, sem er orsök í ógæfu, þjáningum og glæpum.

Eberhard Stjernekrans var ekki reyndur forlagatrúarmaður. Engin áþreifanleg ógæfa, eða þar af leiðandi sárandi tilfinning, hafði nokkru sinni orðið á vegi hans. En hann var uppalinn í skauti auðsins, og frá æsku vanur að fá allar sínar óskir uppfyltar, því móðir hans var óstöðulaus og óhyggin, svo að hann sem drengur gat stjórnað henni, og þegar hann seinna meir vildi hafa sama frelsi, komst hann að raun um, að vilji föður síns var aflmeiri en hans eigin, en þá bölvaði hann forlögunum, sem neituðu honum um frelsi.

Um það leyti kyntist Eberhard frönskum ferðamanni, sem var fjarskyldur greifainnu Stjernekrans, og kom að heimsækja föður hans.

Þessi kynning var undirstaða hins illa, sem snemma þroskaðist í sálu unglingsins. Uppalinn við stórviðri stjórnarbyltingarinnar, hafði Crispin — svo hét þessi gestur — lifað æsku sína á þeim tímum, sem trúin var ekki viðurkend í föðurlandi hans. — Hann hafði fylgt vagninum, sem götudísin, er átti að tákna hamingjugyðjuna, var flutt í til Notre Dame undir sigurópi múgsins. Hann hafði séð Marat fleygja sér niður á jörðina í miklu þrumuveðri og hrópa: "Sé nokkur guð til, þá deyði hann mig með eldingum sínum, annars neita ég því, að hann sé til".

Hann geymdi hinar svæsnustu guðsafneitunarskoðanir, þrátt fyrir það, að Napóleon hafði endurreist trúna á Frakklandi. Þessar skoðanir flutti hann með sér til Svíþjóðar, og þar eð hann í hinum unga Stjernekrans greifa fann viljugan og eftirtektasaman lærisvein, reyndi hann að innræta honum þetta skoðanakerfi meðan hann dvaldi í Óðinsvík.

Þeir lásu saman Voltaire og Diderot, og töluðu aftur og fram um kenningar þeirra, sem þóttu myrkar, enda báru þær framúrskarandi hræðilega ávexti.

Óðinsvík var meðal hinna stærstu höfðingjasetra í Wermlandi. Aðalbyggingin var reist á miðri 17. öld, og stóð á hjalla fast við Wenern. Á tvo vegi var stórvaxinn eikarskógur. Á þeirri hlíð, sem að vatnnu vissi, var gengið ofan af einum hjalla á annan, unz maður kom að vatnsbakkanum sjálfum. Stór jurtagarður var fyrir meðan hjallana, og voru þar gróðursett mörg fáséð grös frá suðurhluta Norðurálfunnar og úr hitabeltinu. Gosbrunnar voru víða í jurtagarðinum og voru vatnsþrórnar úr marmara. Á

HAVERGAL COLLEGE

WINNIPEG

HEIMILIS- OG DAGSKÓLI FYRIR STÚLKUR, MEÐ "KINDERGARTEN" DEILD.

KENNSLU GREINAR

Undirbúnings kennsla til háskóla, með sérstakri áherslu á Music og Listir. Nú, og fyrverandi nemendur vorir, hafa hlotið fremgarorð við Toronto Conservatory og College of Music og Royal Drettlistar skólann. Líkams æfing er ein kennslugreinin. Skautasvell, allskonar útbúnaður fyrir leiki, alt á skólafóstinni. Upplýsinga skrá veitir forstöðukonan, MISS JONES, L. L. A., St. Andrews [Scotland].

KENNSLA BYRJAR Þriðjudag 21. SEPT.

Peningar.

Eftir P. A. Conradi.

"Peningarnir stjórna heiminum", er gamalt orðtak. En það voru einu sinni þeir tímar, að heimurinn komst af án peninga. Áður en peningar voru til, var öll verzlun skiftiverzlun. Í fornöldinni, þegar mannkynið skiftist í smáhópa, sem alt af áttu í erjum, urðu menn samt að verzla hver við annan. Verzlun af þessu tagi er að eins vinnuskifti. Einn selur það, sem hann framleiðir, fyrir það, sem hann ekki getur framleitt. Þrátt fyrir ófriðinn og illdeilurnar, urðu menn að finna ráð til þess, að verzla friðsamlega.

Á tiltekna friðaða staði lögðu þeir vörur sínar, sem eitthvað vildu selja. Og sá, sem þurfti að kaupa þá vöru, fór þangað með sína vöru, og lét hana þar í staðinn. Auðvitað urðu menn að gæta þess, að taka ekki meira en þeim bar. Enn þá eru til pláss í Miðafríku, þar sem þessi erfiða verzlun á sér stað. Slíkir verzlunarstaðir voru á gamalnorsku máli kallaðir "kaupangr". Þetta orð er enn notað, sem nafn ábýlis í Noregi, og í Svíaríki er það kallað "köping", en í Danmörku "kjöbing", t.d. í Nykjöbing. "Kaupstaðir" þessir voru vanalega á landamerkjum milli landa þeirra, er tveir ættflokkar áttu yfir að ráða, því landamerkin voru í raun réttri álitin helg, og þess vegna voru verzlunarstaðir þessir nefndir "markaðir" (á gamalnorsku "mark", sem þýðir: landamæri), en á nýnorsku "Marked".

Það liggur í eðli hlutarins, að sumar vörutegundir voru í háu verði, sem sjaldan breyttist, af því eftirspurnin var meiri en framleiðsl[illegible] Slíkar vörur urðu smátt og s[illegible]tt að viðskiftaeyri. Á sumum stöðum voru vörur þessar korn, á öðrum stöðum nautgripir. Þær voru í fornöldinni það, sem við nú skiljum við peninga. Sönnun fyrir þessu finst í gömlum skattalögum, þar sem afgjald jarðanna er ákveðið að skuli vera svo og svo margar tunnur af "hartkorn". Þar sem nautpeningsrækt var aðalatvinnuvegur, var skattskyldan goldin með "húðum". Á gamalnorsku þýddi orðið "fé" bæði nautgripi og aðra fjármuni. Á gamalli ítölsku eða latínu stafar orðið peningar (pecunia) af nafninu nautgripir (pecus).

Mennirnir lærðu að meta not málmanna löngu áður en þeim hepnaðist að framleiða þá á ódýran hátt. Þar af leiddi, að gull, silfur, kopar og síðar járn, voru í háu, óbreyttu verði í samanburði við önnur notkunarefni, og útrýmdu þeim því bráðlega sem viðskiftamiðlum. Elztu málmpeningarnir, sem forfeður okkar notuðu, voru koparbútar. Þeir hafa fundist í gömlum gröfum á Ítalíu. Þegar einhver maður dó, lögðu þeir, sem eftir lifðu, koparbút í munn hans, sem átti að vera borgun til ferjumannsins fyrir að flytja hann yfir ána, sem aðskildi þenna heim og hinn. Endurminningin um koparbútana felst í orðinu "eyrir", sem er hið elzta gamalnorska nafn peninganna, á nýnorsku "öre". Gull og silfur var bæði notað sem skraut og peningar. Gullþráður eða silfurþráður, ámóta gildur og vanalegir blýantar, var beygður saman svo hann myndaði hring og borinn um hálsinn. Eldgamalt orð á forn-indversku er "manya", sem þýðir hnakka og háls; gamalnorska orðið "menja", þýðir hálsband. Orð þetta gerir vart við sig í öllum Norðurálfumálunum, t. d. í danska orðinu "Mynt", enskunni "money", frönskunni "monnoie", ítölskunni "moneta", gamalírsku "manadh", og allstaðar þýðir það peninga. Seinna er slíkur peningahringur, sem var borinn um hálsinn, kallaður "bauguf" í gamalnorskunni. Orðið þýðir í raun réttri eitthvað, sem var beygt eða sem bognar. Þegar hringurinn var notaður sem borgun, kom kaupandi og seljandi sér saman um, hve stóran hluta af hringnum skyldi nota sem borgun fyrir vöruna, gerðu á þeim stað merki í hringinn og beygðu hann svo fram og aftur unz hann brotnaði. Hafi maður þessa aðferð í huga sínum, getur maður skilið, hvers vegna engilsaxneska orðið "bygean", þ.e. að brjóta af, hefir síðar náð þýðingunni "að kaupa" (á ensku "buy" — "bought"). Þegar mönnum tókst, að búa til nógu litlar metaskálar, voru þessir silfur eða gullbútar viktaðir. Þessar litlu peningavogir voru lagðar í öskjur, svo menn gætu með hægu móti borið þær í vösum sínum, og hafa fundist á Norðurlöndum og víðar. Á gamalnorsku var gjafmildur maður kallaður "baugabrota", þ. e. hringbrjótur.

Með tímanum varð mikill fjöldi af gull og silfurbútum í umferð manna á meðal, og til þess að þurfa ekki að vega þá í hvert sinn voru þeir merktir, og þeir, sem báru tiltrú hvor til annars, fóru þá eftir merkjunum. Þessir merktu gull og silfurbútar voru fyrir stutt leika sakir kallaðir "mark" á gamalnorsku, "march" á gamalþýzku, "marc" á engilsaxnesku. Eins og menn vita, varð orð þetta síðar að nafni peninga í öllum teutoniskum löndum. Spönsku peninganöfnin "peso" og "peseta" þýða líka "partur" og "lítill partur". En gríska peningsnafnið "drachma" á rót sína að rekja til þeirra tíma, er gangeyrir var viktaður. Viktareiningin var lögð til grundvallar við lyfsalaviktir flestra landa (á ensku "dram"). Þessir viktuðu og merktu málmbútar voru notaðir bæði sem peningar og vogarlóð. (Samanber norsku vogareininguna "mark" — "mörk" — ½ pund). Enska peningsnafnið "pound sterling" minnir einnig á vogareininguna. "Sterling" er stytting á engilsaxneska orðinu "easterling", sem norðurlanda kaupmenn (austlendingar) voru kallaðir. Sterling eða Easterling þýðir þannig: "samkvæmt vikt austlendinganna". — Þá hefir verið, eins og nú, munur á ensku pundi og norsku.

Það er auðvelt að hugsa sér öll þau óþægindi og þrætur, sem slíkir peningar voru valdir að. Ef menn báru ekki traust til eigenda þessara merktu málmbúta, var merkið þýðingarlaust, því enginn bar ábyrgð á því. Menn skorti tryggari ábyrgð en eins manns ummæli um það, að merkið væri rétt, en á þeim tímum var löndunum skift í smá ríki og sambands samningar ókunnir, svo slík tryging var ekki auðfengin. Friður var sjaldgæfur, en smábardagar altíðir.

Það er einkennilegt við ásigkomulag þeirra tíma, að það var ekki ríkið, heldur verzlunarfélag, sem fyrst auðkendi peninga sína, en hvort það var bær í fylkinu Lydia í Litlu-Asíu, eða gríska eyjan Ægina, sem fyrst tók upp þennan gagnlega sið, vita menn ekki með vissu. En áreiðanlegt er það, að menn höfðu mótaða peninga 700 árum fyrir byrjun tímatals okkar. Samt liðu mörg hundruð ár áður en þessi aðferð var tekin upp í norðurhluta Evrópu. Og mótun peninga, sem síðar varð svo þýðingarmikil, kom ekki samtíðarmönnunum að fullu gagni, því þegar mótuðu peningarnir fjarlægðust heimili sitt, voru þeir viktaðir eins og áður, og afleiðingin varð sú, að allir stærri bær forn-aldarinnar mótuðu peninga. Rómverska stjórnin hindraði alls ekki einstaklinga eða bæi í því að móta peninga. Nýlenda Rómverja á Bretlandi hinu mikla, hafði mótaða peninga 150 árum fyrir tímatal vort. Til eru peningar frá hinu gamla Camulodunum (Colchester) 43 árum eftir Krists fæðingu. Það er undravert, hve stórt svæði peningar þessir náðu yfir, en það var því að þakka, að þeir voru viktaðir, og reyndust að gilda jafnmikið og þeir voru merktir fyrir. Rómverskir, þýsantiskir og arabiskir peningar frá því 14 árum e. Kr., hafa fundist í þúsundatali á Norðurlöndum.

Miðaldirnar gerðu enga breytingu á þessum kringumstæðum. Rómversku keisararnir heimtuðu raunar, að ríkið hefði einkarétt til að móta peninga, en þeir fengu ekki kröfum sínum framgengt. Á miðöldunum hafði hver bær og hver borg sitt eigið peningamót. Svo fóru konungarnir að láta móta peninga. Konungur Frakka gat ekki fengið einkarétti sínum gildi, en Karl mikli, þýzkalands keisari, gat náð einkarétti í sínu ríki. Þegar hann dó, árið 914, færðist peningamótunin í gamla horfið. Erkibiskuparnir mótuðu peninga frá 953 til 1801. Á Englandi voru konungarnir hepnari. Norsku konungarnir í Dublin höfðu sitt eigið peningamót.

Frá tímum hinna fyrstu rómversku keisara var það venja, að mynd þeirra stóð annarsvegar á peningunum, og helst þessi síður enn í dag. Á hinni hliðinni stóð venjulega goðmynd fyrst í stað, seinna stóð þar eitthvert merki, sem stóð í sambandi við þann bæ eða borg, er peningarnir voru mótaðir í. Á velmegunardögum Ítalíu stóð blóm (florina) annars vegar á peningunum og því voru þeir kallaðir "Florimer". Önnur lönd tóku upp þennan sama sið, þar á meðal Frakkar, sem nefndu peninga sína "francs" (franskir menn). Árið 1518 var peningamótun gerð í bænum Joachimsthal í Böhmen, og þóttu stóru silfurdalirnir, sem þar voru mótaðir, taka öðrum fram. Fyrst voru þeir nefndir "Joachims thaler", seinna "thaler", og hélzt það nafn fram yfir miðja 19. öld. Spánverjar tóku upp nafn þetta sem "dalera", og Norðurlönd sem "daler". 2. apríl 1792 var mótun dalanna lögleidd í Noregi.

Ófriðarhorfur?

Sú fregn kom á jólum frá Japan, að stjórnin þar liti með áhyggju og grunsemd á flutning rússneskra hermanna í þúsunda og tuga þúsunda tali til Manchuriu. Á þessu mun bygð sú ákefð, sem Japanar hafa beitt, á sl. 3 mánuðum að hervæðast svo öfluglega, sem efni þeirra og ástæður leyfa, svo að þeir séu við öllu búnir, ef til þess kemur, að þeir þurfi að veita viðnám ágangi Rússa austur þar.

Rússar hafa um nokkurn undanfarinn tíma verið að senda herdeildir til Harbin og nærliggjandi staða, og stjórn Japana litur svo á, sem sá hermannaflutningur sé upphaf á herliðs samdrætti, sem hafi þann eina tilgang, að gera von bráðar árás á Japan.

Stjórn Japana hefir sent skriflegar fyrirspurnir um þetta til Rússlands og fengið það svar, að tilgangurinn sé eingöngu sá, að gefa hermönnunum kost á að ferðast um Rússaveldi og kynnast hinum ýmsu landshlutum þess um leið og þeir haldi við heræfingaskyldu sinni, hvar sem þeir kunni að vera staddir innan takmarka ríkisins.

Þetta svar hefir ekki reynst Japönum fullnægjandi. Þeir benda á þessi atriði meðal annars, sem styðji grunsemi þerra: Að Rússar hafi sent þangað austur 40 þúsund fullvíga hermenn síðan 1. sept. sl., vel útbúna að vopnum og öllu öðru, sem lúti að algerðum hernaði, en ekki að heræfingum eingöngu. Að Rússar hafi síðan í ág. sl. stöðugt verið að flytja alls kyns hergögn austur þangað, og að lið það, sem sent hafi verið austur, sé hið valdasta, sem til sé í öllu Rússaveldi, og ennfremur, að hver herdeild sé undir forustu herforingja, sem tekið höfðu þátt í stríðinu milli Rússa og Japana. Að nú á yfirstandandi tíma séu 15 herdeildir Rússa á leið þangað austur, í sjáanlega alt öðru en heræfingaskyni. Að það sé vitanlegt, að rússneska þjóðin óski einskis fremur en þess, að mega fara í stríð við Japana, til þess að reyna að jafna hallann, er hún varð fyrir í síðustu viðureign þeirra.

Blöð Rússa halda fram því: — Að tilgangur Japana sé að leggja undir sig Kóreu og hafnstaðina Port Arthur og Dalny, og að það sé Rússum hin mesta þjóðarsmán, ef þeir láti það viðgangast. Að það sé bein skylda Rússlands, að vera svo útbúið þar eystra, að Rússar geti veitt öfluga mótspyrnu ef Japanar haldi sér ekki í skeíjum samkvæmt Portsmouth friðarsamningnum, og að Rússar hafi fastlega ásett sér, að hefja stríð á hendur Japana innan 12 mánaða eða fyrir árslok 1910, ef Japanar sýni sig í samningsrofum.

Þessar og aðrar slíkar fregnir eru sífeldlega sendar til Japan frá Pétursborg, og á þeim ásamt öðru byggist sá viðbúnaður, sem Japanar hafa heima fyrir, til þess að skerast í leikinn áður en Rússar eru búnir að safna miklum her og herafla inn í Norður Manchuriu.

Það er nú öllum þjóðum kunnugt, að Ito greifi, meðan hann lifði, var friðarpostuli, og að undir hans stjórn var Japan ant um, að mega hafa frið við allar þjóðir. En við fráfall hans tók, Katasura greifi við stöðu þeirri, sem Ito greifi hafði haft á hendi. Og Katasura er herskár mjög og hefir síðan hann tók við völdum gengið ákaft fram í því, að auka og bæta herútbúnað Japana allan, bæði til lands og sjávar. Þetta vita Rússar eins vel og aðrar þjóðir, og þykir því máske betra, að láta til skarar skriða áður en Japanar hafa gerst þeim ofjarlar þar austurfrá. Rússum sviður undan ósigrinum, sem þeir biðu í síðustu viðureign sinni við Japana, og verða ekki í rónni fyr en þeir hafa gert aðra tilraun til þess að ná svo mikilli fótfestu þar eystra, að þeir geti verið sínir eigin húsbændur í sínu eigin ríki. Eins og nú stendur eru þeir það ekki, og óvíst að þeir verði það eftir næstu atrennu, hvenær sem hún verður.

Fréttabréf.

BARONS, ALTA.
(Áður Blayney)
20. des. 1909.

Háttvirti vin:

Með þakklæti fyrir Heimskringlu sendi ég þér hér með andvirði blaðsins.

Fréttir héðan eru þær helztar, að við höfum nú fengið járnbraut hér í gegn frá Lethbridge til Carmangay. Enn hafa þó ekki lestir gengið reglulega eftir henni, en ziga að byrja það þessa viku. Fjórir þeir eru að byggjast meðfram þessari braut, Kibb, Noble, Barons og Carmangay, og eru tveir þeir síðasttöldu orðnir býsna stórir á ekki lengri tíma — byrjað að byggja í ágúst sl. — hvor þeirra hefir nú tvær kornhlöður (í Barons eiga þær að verða átta), og allskonar verzlun er byrjuð í þeim bæjum eins og er í hinum eldri.

Það þykir víst einhverjum, sem lifir árið 2009 fróðlegt að lesa tíðindi frá árinu 1909, sem gerst hafa meðal Vestur-Íslendinga, sérstaklega í kirkjumálunum. Trúarjátninga fjölgunin á kirkjuþinginu það ár í Winnipeg. Úrganga séra Friðriks J. Bergmanns fyrir ofmikið frjálslyndi og hinna ýmsu safnaða, eða réttara þó burtrekstur. Kostirnir, sem forsetinn bauð mönnum upp á til að fá að vera í félaginu, og svo yfirlýsingin, sem alt innsiglar. Og þá mun einhverjum þykja ekki síður grát-hlægilegt að lesa þetta nýja trúarjátningarrit, eins og það hefir verið að flestu leyti úr garði gert síðan "ballið" byrjaði. Við hvað ætli þessi nýja játning verði kend í framtíðinni? Winnipeg? Og þá kölluð "Winnipeg játningin frá 1909". Eða hin íslenzka kirkjufélags játning. Eða "Friðjóns játningin"? Efins að það væri þó allskostar rétt, ef maðurinn var ekki einn um að búa út hina frægu tillögu.

Jón Christjánsson.

SIGLUNES P.O.
14. des. 1909.

Sumarið var hér í allra bezta lagi, og með lægsta móti í vatnin svo engjalönd notuðust vel. Hausttíðin indæl. Snjóaði ekki fyr en um miðjan nóv., og gat varla héitið að kæmu frost fyrir þann tíma. Gripahöld eru því góð, og ætla má að heybirgðir séu nægar. Skógareldar geysuðu hér allvíða. En hægt var að verja norðurbygðirnar hér með samtökum bænda. En talsverður kostnaður var við það, og auðvitað eins og oft fer, að þeir urðu harðast úti, sem ósérplægnastir voru. Og mun Helgi kaupmaður á Narrows hafa gengið þar ósérplægnast fram.

Þann 5. þ.m. gerði hér snjóhríð, er stóð yfir látlaust í 5 daga. Er því snjófall hér óvanalega mikið, um 22 þuml. djúpur snjór í skógum. Tíðarfar síðan óstilt og ilt til athafna á allan hátt.

Fiskafli víða í betra lagi, en ilt að koma fiskinum frá sér til mark aðar. Nú hefði komið sér vel hefði járnbrautin verið komin til Narrows, eins og Roblin lofaði, því nú kostar bændur og fiskimenn hér flutningur í vetur til og frá markaði mörg þúsund dollara.

Póstferðir héðan og öll skil á pósti eru litt þolandi. Bréf til Winnipeg eru oft um 20 daga á leiðinni. Mörg bréf koma aldrei fram, eða þá eftir langan tíma. Bögglar koma rifnir upp, o.fl. — En það er hálf milión í póstsjóði ríkisins óeydd. Það er hugguninn! Til hvers á að brúka hana? Er hún á rentu til að safna fé til póstumbóta?

HÆSI batnar oft við það að hafa upp í sér litinn mola af Borax, þangað til hann bráðnar.

LEIÐBEININGAR--SKRA

YFIR ÁREIÐANLEGA VERZLUNARMENN Í WINNIPEG

MUSIC OG HLJÓÐFÆRI

CROSS, GOULDING & SKINNER, LTD.
323 Portage Ave. Talsími 4413

MASON & RISCH PIANO CO., LTD.
356 Main Street Talsími 480
W. Alfred Albert, íslenzkur umboðsmaður

WHALEY ROYCE & CO.
356 Main St. Phone 263
W. Alfred Albert, búðarþjónn.

BYGGINGA- og ELDIVIÐUR.

J. D. McARTHUR CO., LTD.
Bygginga- og Eldiviður í heildsölu og smásölu.
Sölust: Princess og Higgins Tals. 3060, 3061, 3062

MYNDASMIÐIR.

G. H. LLEWELLIN,
"Medallions" og Myndarammar
Starfstofa Horni Park St. og Logan Avenue

SKÓTAU Í HEILDSÖLU.

AMES HOLDEN, LIM TED
Princess & McDermott. Winnipeg.

THOS. RYAN & CO.
Allskonar Skótau. 44 Princess St.

THE Wm. A. MARSH CO. WESTERN LTD.
Framleiðendur af Finu Skótaui. Talsími: 3710
88 Princess St. "High Merit" Marsh Skór

RAFMAGNSVÉLAR OG ÁHÖLD

JAMES STUART ELECTRIC CO.
324 Smith St. Talsímar: 3447 og 3802
Fullar byrgðir af alskonar vélum.

GOODYEAR ELECTRIC CO.
Kellogg's Talsímar og öll þarabíldi. áhöld
Talsími 3023. 56 Albert St.

RAFMAGNS AKKOKÐSMENN

MODERN ELECTRIC CO
412 Portage Ave Talsími: 5658
Viðgjörð og Vir-lagning — allskonar.

BYGGINGA - EFNI.

JOHN GUNN & SONS
Talsími 1277 266 Jarvis Ave.
Höfum bezta Stein, Kalk, Cement, Sand o. fl.

THOMAS BLACK
Selur Járnvöru og Bygginga-efni allskonar
76—82 Lombard St. Talsími 600

THE WINNIPEG SUPPLY CO., LTD.
298 Rietta St. Talsímar: 1986 & 2187
Kalk, Steinn, Cement, Sand og Möl

BYGGINGAMEISTARAR.

J. H. G. RUSSELL
Byggingameistari.
í Silvester-Willson byggingunni. Tals: 1068

PAUL M. CLEMENS
Bygginga - Meistari, 443 Maryland St.
Skrifst.: Argyle Bldg., Garry st. Talsími 8997

BRAS- og RUBBER-STIMPLAR

MANITOBA STENCIL & STAMP WORKS
421 Main St. Talsími 1880 P. O. Box 244.
Búum til allskonar Stimpla úr málmi og togleðri

CLYDEBANK SAUMAVÉLA AÐGERÐAR-MAÐUR. Brúkaðar vélar seldar frá $5.00 og yfir
564 Notre Dame Phone, Main 8624

VÍNSÖLUMENN

GEO. VELIE
Heildsölu Vínsali. 185, 187 Portage Ave. E.
Smá-sölu talsími 852. Stór-sölu talsími 464.

STOCKS & BONDS

W. SANFORD EVANS CO.
326 Nýja Grain Exchange Talsími 369

ACCOUNTANTS & AUDITORS

A. A. JACKSON,
Accountant and Auditor
Skrifst.—28 Merchants Bank. Tals.: 5702

OLÍA, HJÓLÁS-FEITI OG FL.

WINNIPEG OIL COMPANY, LTD.
Búa til Stein Olíu, Gasoline og hjóla-ásburð
Talsími 1590 611 Ashdown Block

TIMBUR og BÚLÖND

THOS. OYSTAD, 208 Kennedy Bldg.
Viður í vagnhlössum til notenda, búlönd til sölu

PIPE & BOILER COVERING

GREAT WEST PIPE COVERING CO.
132 Lombard Street.

VÍRGIRÐINGAR.

THE GREAT WEST WIRE FENCE CO., LTD
Alskonar vírgirðingar fyrir bændur og borgara.
76 Lombard St. Winnipeg.

ELDAVÉLAR O. FL.

McCLARY'S, Winnipeg.
Stærstu framleiðendur í Canada af Stóm, Steinvöru [Graniteware] og fl.

ÁLNAVARA Í HEILDSÖLU.

R. J. WHITLA & CO., LIMITED
264 McDermott Ave Winnipeg
"King of the Road" OVERALLS.

BILLIARD & POOL TABLES.

W. A. CARSON
P. O. Box 225 Room 4 í Molson Banka.
Öll nauðsynleg áhöld. Ég gjöri við Pool-borð

NÁLAR.

JOHN RANTON
203 Hammond Block Talsími 4670
Sendið strax eftir Verðlista og Sýnishornum.

GASOLINE Vélar og Brunnborar

ONTARIO WIND ENGINE and PUMP CO. LTD
301 Chamber St. Sími: 2888
Vindmillur — Pumpur — Agætar Vélar.

BLÓM OG SONGFUGLAR

JAMES BIRCH
442 Notre Dame Ave. Talsími 2638
BLÓM - allskonar. Söng fuglar o. fl.

BANKARAR, GUFUSKIPA AGENTR

ALLOWAY & CHAMPION
North End Branch: 667 Main street
Vér seljum Ávísanir borganlegar á Íslandi

LÆKNA OG SPITALAAHÖLD

CHANDLER & FISHER, LIMITED
Lækna og Dýralækna áhöld, og hospítala áhöld
185 Lombard St., Winnipeg, Man.

Smávegis.

STÓRGRIPAHÚÐ skal leggja í rennandi vatn, þangað til hárið er svo laust, að skafa má það af með spitu. Þegar það er búið, á að hengja hana upp, svo hún þorni hárramsmegin. Sé húðin stór er bezt að kljúfa hana eftir hryggnum, hún er þá hægri viðfangs. — Svo er hún látin í bala eða vatnsheldan kassa, í botni hans sé þml. þykt lag af birkibörk, og í hverri lykkju á húðinni sé einnig barkarlag, svo er helt á vatni svo miklu, að húðin sé að eins í kafi. Eftir 14—20 daga þarf að skifta um börk. Skeri maður flís úr kantinum á húðinni og sé hún rauðbrún í gegn, þá er hún börkuð, en sé hvít rönd í miðju hennar, þá er hún ekki fullbörkuð. Mörgum þykir betra, að nærfurþunn hvít rönd sé í miðjunni, þá dregur húðin síður vatn. Sé börkurinn soðinn og húðin látin í lútina kalda, barkast hún fyr. Barkaðar húðir eru góðar í skó og ótalmargt annað á heimilum bænda.

HUNDAR ÁTU KIRKJU. — Fyrir skömmu var trúboði einn að ferðast um meðal Eskimóa við Cumberlandsund í norðurhöfum. Trúboðinn fékk þá til að byggja kirkju, og það gerðu þeir — úr því eina efni, sem handhægt var: selskinnum. Þegar smíðinu var lokið, var kirkjan uppljómuð með lýsislömpum, og síðan var hún vígð með því, að trúboðinn hafði þar töfralampa sýningu. En svo kom það fyrir fáum vikum síðar, að hópur soltinna hunda réðust á selskinnskirkjuna og átu hana upp til agna. Það var stórhríðarveður og hörkufrost og hundarnir voru aðframkomnir af hungri og voru því hinir grimmustu. Lætin í þeim heyrðust til húsa, og trúboðinn og margir menn með honum fóru til að bjarga guðshúsinu, en hungruðu hundarnir máttu sín betur, og sofnuðurinn og trúboðinn urðu að flýja. En hundarnir héldu velli og gerðu sér máltíð af kirkjunni.

CLORIDE OF LIME, — láttu ögn af því á fjalir og settu þær í fjós með opnum gluggum, flugurnar fara óðara.

Skrifið yður fyrir HEIMSKRINGLU svo að þér getið ætíð fylgst með aðal málum Íslendinga hér og heima.

Hver vill eiga skildinga?

Herra Magnús J. Borgfjörð að Hólar P.O., Sask., biður þess getið, að hann hafi umboð til þess að lána peninga og selja eldsábyrgðir viðsvegar í Quill og Valley bygðum. Félög þau, sem hann hefir umboð fyrir, eru traust og áreiðanleg. Hann selur Hudsons flóa félags lönd og C.N.R. félags lönd og lönd, sem eru eign privat félaga.

Þeir, sem vildu fá sér landskika eða skildingalán, ættu að finna Magnús að máli. — það kostar ekkert, að tala við hann og upplýsingar veitir hann öllum ókeypis.

Auglýsing.

Fáeinar úrvalslóðir, allar hreinsaðar og sléttar eins og gólfið, uppi á hinu fagrasta hveli norðaustarlega í Ballard, í grend við heimili mitt, hvar lóðir eru óðum að stiga í verði og mikið er að byggjast, — get ég nú selt hverjum þeim, sem fljótlega vill sinna þessu — munnlega eða bréflega, á $550 hverja lóð, $100 borgist út í hönd, en kaupandi má ráða skilmálum á hinu; vextir 8 prósent. Stærð lóðanna er 42x128 fet aftur að 14 feta breiðum bakvegi. Eignarréttur er hinn traustasti. — Það er kunnugra en frá þurfi að segja, að

NÚ ER TÆKIFÆRID TIL AD ÁVAXTA PENINGA SÍNA Í SEATTLE FASTEIGNUM

Ég ræð löndum mínum hiklaust til að kaupa þessar lóðir, og það mun sannast, að þeir, sem fara vilja að ráðum mínum í þessu efni, munu bera ágóða mikinn úr býtum og hrósa happi yfir kaupunum seinna meir.

Virðingarfylst,

F. R. JOHNSON,

8059 11th Ave. N.W., Seattle, Wash.

The A. & S. Mc Lean & Co Limited

HÚSIÐ

VÉR ERUM jafnan við því búnir, að láta væntanlega viðskiftavini dæma um breytni vora við viðskiftavini vora á liðinni tíð, í öllum vorum viðskiftum við þá. Vér seljum beztu Pianó tegundir, og hikum ekki við að ábyrgjast þau.

Vér erum aðal-umboðsmenn fyrir —

Heintzman & Co.

PIANO

Sem hefir reynst svo vel, að það er sönnun þess að það er gert af beztu efnum. Um 60 ár hefir það verið, og er enn, bezt allra Canadizkra Pianó, og með þeim beztu í heimi.—

Hinir mörgu tónfræðingar sem notað hafa þetta Pianó hafa allir lokið einróma lofsorði á það, sem hafandi yfirburða tónfegurð.—

528 MAIN ST. PHONE MAIN 808

Útibú í BRANDON OG PORTAGE LA PRAIRIE.

Fréttir úr bænum.

Fasteignaskattar í bæjarsjóð hafa borgast óvanalega vel á þessu hausti. Á tímabilinu frá 15. til 30. nóvember, þegar 2 prósent afsláttur á sköttum var veittur, borguðust $1,230,000, og á tímabilinu frá 1. til 15. desember, þegar 1 prósent afsláttur var veittur, borguðust $407,000. Alls á rúmum mánuði $1,637,000. [illegible] hæð borgarjumar er 2½ milljón dollara. Þetta benda á talsverð eyðslu hjá borgarbúum á þessu hausti.

Einhver vinur Heimskringlu hefir sent blaðinu bækling um Ketchikan, fyrstu borg í Alaska. Þar er nákvæm lýsing af borginni, legu hennar, aldri, atvinnuvegum og framför. Margar myndir eru í bæklingnum, til þess að sýna borgina frá öllum hliðum, og af þeim virðist það ljóst, að útsýnið er þar hið fegursta og líkast því, sem sést á Íslandi og í Noregi. — Nokkrir Íslendingar hafa dvalið þar vestra um sl. 5 til 10 ár og farnast þar vel, að náma- og aðra atvinnu. Nokkrar auglýsingar eru í bæklingnum, þar með ein frá þeim Kriedler og Clemenson (Cement Workers). Þar þykist Heimskringla kenna nafn herra Benedicts Clemenssonar, sem fór héðan fyrir nokkrum árum vestur til Jakobs bróður sins, sem þar var fyrir. Annars eru þar nú þrir Clemensbræðurnir, ásamt fáeinum öðrum Íslendingum.

Jólaleikir og ýmsar skemtanir hjá stúkunni Skuld í kveld (miðvikudag). Allir Goodtemplars ættu að fjölmenna.

Herra Sigurður Sigurðsson, frá Winnipeg Beach P.O., var á ferð hér í bænum í síðustu viku. Í fréttum sagði hann meðal annars, að kosningar í Gimli sveit hefðu farið svo, að stjórn sveitarinnar sé eins og síðasta ár öll í höndum Galiciumanna, — að eins einn Íslendingur í stjórninni, herra Sigurður Finarsson, endurkosinn fyrir fyrstu kjördeild. — Í Mikley segir hann að atkvæði hafi fallið jafnt með þeim Thorbergi Fjeldsted og Mariusi Doll, en að kjörstjórinn hafi dæmt Thorbergi sætið í sveitarráðinu. — Bæjarfélag hefir verið myndað á Winnipeg Beach. Bæjarstæðið nær eina mílu norður fyrir Boundary Line, og er sá hluti þess klipinn út úr Gimli sveit. Bæjarstjórn hefir verið útnefnd þar, og er herra Helgi Sturlaugsson einn í henni. Engar kosningar voru þar hafðar, allir kosnir í einu hljóði.

Stúkan Ísland hefir ákveðið að halda skemtisamkomu þann 20. jan. næstk., sem sérstaklega verður vandað til. Prógram verður auglýst í næstu blöðum.

Bandalag Tjaldbúðarsafnaðar hefir á[illegible] ÚTACHET AND SOCIAL þann 17. jan. næstkomandi. Góð prógram verður [illegible]

Á gamlaárskveld ætlar Únitarasöfnuðurinn að koma saman í kirkjunni kl. 11 til að kveðja gamla árið og heilsa hinu nýja. Líklega verður ekki annað prógram en það, að fólk skiftist á heillaóskum fyrir komandi ár og þakklæti fyrir samvinnuna á liðna árinu. — Þetta er fallegur siður, sem styður að samúð og samvinnu á komandi ári.

Það gleymdist að geta þess í síðasta blaði, að í kappspil bardaganum um "Tyrkjann" í Íslenzka Conservative Klúbbnum þann 17. þ.m. bar hr. TeiturThomas sigur úr býtum.

Jólatrés og skemtisamkomu held ur barnastúkan Æskan í efri Goodtemplarasalnum á laugardagskveldið í þessari viku, kl. 7. Aðgangur ókeypis. Allir velkomnir.

Stúkan Ísland heldur sinn venjulega vikufund á fimtudagskveldið í þessari viku. Hver einasti meðlimur, sem mögulega fær því viðkomið, ætti að gleðja systur sínar og bræður með því að koma á þennan seinasta fund á árinu, — og strengja þess heit, að sækja vel fundi stúku sinnar næsta ár. Það væri bezta nýársgjöfin, sem stúkan gæti fengið, og gjöf sem meðlimunum ætti að vera ljúft og skylt að gefa. P.

Skrautleg Stafrof

ALPHABET OF PATRIOTISM og ALPHABET OF FAITH, með marglitu pennaflúri, fuglum og myndum, fást nú til kaups hjá undirskrifuðum á 35c hvort, bæði á 60c. Einnig stórar og góðar myndir af Hallgrími Péturssyni og Jónasi Hallgrímssyni, á 35c hvor, báðar á 60c. Bæði stafrófin og báðar myndirnar til samans á $1.00. Borgist með póstávísan. — Ég spái því, að einhverjir vilji fá eitthvað af þessum myndum, bæði til að eiga sjálfir, og svo líka til að gefa einhverjum vini sínum, nær eða fjær, á Jólunum.

F R. JOHNSON,
8059—11th Ave. N.W., Seattle, Wash

Bandalagsfundur.

Mánudaginn 3. janúar heldur Bandalag Tjaldbúðarsafnaðar opinn fund í fundarsal sínum kl. 8 e. m. Sérlega vandað prógramm: Söngur, hljóðfærasláttur, ræður, upplestur, og síðast en ekki sist kaffi. Alt gratis.

C. O. F.

Court Vinland, C.O.F., nr. 1146, heldur fund í kveld (fimtudag), að 687 Wellington Ave. Áríðandi að félagsmenn fjölmenni.

Sendið Heimskringlu til vina yðar á Íslandi

Skó-afsláttar Sala

GÓÐ SALA Á GÓÐUM TÍMA

Karlmanna Flókaskór, reimaðir, með flópasólum og fóðraðir. Vanaverð $3.00. Nú fyrir $2.25

Stúlkna Flókaskór, hneptir, fóðraðir og með flókasólum. Vanaveeð $2.25. Nú fyrir $1.75

Barna Flókaskór, hneptir, flókasólar. Vanav. $1.75. Nú fyrir $1.25

Barna Flókaskór, hneptir, leðursólaðir. Vanaverð 75c, 85c og $1.00. Nú fyrir 60c

Ryan-Devlin Shoe Co
494 MAIN ST. PHONE 770.

hér með, að sá sem öllu stjórnar, launi yður þá miklu velvild mér sýnda. Eg óska að eins, að ef mér auðnast að fá heilsu aftur, að ég megi sýna þeim í einhverju það þakklæti og viðurkenning, sem þeir eiga skilið. — Hér með óska ég ykkur öllum blessunar um ófarnar æfibrautir.

Kristján Halldórsson.

Hluthafa-ársfundur

í Heimskringlu News & Publishing Company verður haldinn að skrifstofu blaðsins, 729 Sherbrooke St., Winnipeg- Mánudaginn 9. janúar 1910, kl. 8 að kveldi. Þetta tilkynn ist hluthöfum til íhugunar.

Útgáfunefndin.

Heimskringla þakkar

1) Canada Paint félaginu fyrir þriggja feta langan Calendar, sýnandi stórt hafskip undir fullum seglum og undir því 12 mánaða dagatöflur stórar.

2) Stephenson & Clark, kaupmönnum í Leslie, Sask. Calendar þeirra er stór litmynd af fögru bóndabýli, þar sem skiftast á sléttur og skógar. Á hinum græna fleti framundan húsinu er stór kindahópur. Á brúnni, sem liggur yfir lítið vatnsfall eða bæjarlæk, stendur ung kona og hjá henni bróðir hennar, lítill stubbur, en neðan við brúna er ungur maður með hestapar, og situr á öðrum hestinum og er að tala við systkinin á brúnni. Myndin er hin prýðilegasta og gefendunum til stórsóma. Þeir Stephenson og Clark hafa á sér gott orð sem ötulir og áreiðanlegir kaupmenn, og 1910 Calendar þeirra ber þess vott, að þeir geri arðsama verzlun.

Almanakið 1910

er útkomið og verður sent umboðsmönnum til sölu eins fljótt og hægt er.

AÐAL-INNIHALD ÞESS ER: —Mynd af Almannagjá. — Gísli Ólafsson, með mynd. Eftir F.J.B. — Mynd af íslenzkri baðstofu. — Hvað er fóðurlandið? — Íslenzkur Sherlock Holmes. Saga. Eftir J. M. Bjarnason. — Safn til landnámssögu Ísl. í Vesturheimi. I. Álftavatnsbygð. Eftir Jón Jónsson frá Sleðbrjót. — Skógareldurinn. Sönn saga hetjuskapar og mannrauna. Blaðsíða úr lífsbók hinna harðsnúnu frumbúa Norðvesturlandsins er orðið hafa á hinum voðalegu vegum skógareldanna. Jón Runólfsson þýddi. — Helztu viðburðir og mannalát meðal Ísl. í Vesturheimi, — og margt fleira smávegis, — 118 blaðsíður lesmál.

Kostar 25 cent.

Pantanir afgreiddar strax.

O. S. Thorgeirsson,
678 Sherbrooke St., Winnipeg
Talsími 4342.

Friðrik Sveinsson,
MÁLARI,

hefir verkstæði sitt nú að 245 Portage Ave. — herbergi nr. 43 Spencer Block — beint á móti pósthúsinu. Hann málar myndir, leiktjöld, auglýsingaskilti af öllum tegundum, o. s. frv. — Heimili: 618 Agnes St.

MARTYN F. SMITH,
TANNLÆKNIR.
Fairbairn Blk. Cor Main & Selkirk

Sérfræðingur í Gullfyllingu og öllum aðgerðum og tilbún aði Tanna. Tennur dregnar án sársauka. Engin veiki á eftir eða gómbólga. —

Stofan opin kl. 7 til 9 á kveldin
Office Phone 6944. Heimilis Phone 6462.

Húðir og ógörfuð Loðskinn

Verzlun vor er vor bezta auglýsing. Sendið oss húðir yðar og loðskinn og gerist stöðugir viðskiftamenn.

Skrifið eftir verðlista.

The Lightcap Hide & Fur Co., Limited
P.O.Box 1092 173-175 King St. Winnipeg
16-9-10

QUILL PLAINS HVEITI LÖND

25,000 EKRUR. Algerlega FYRSTA ÚRVAL frá hinni miklu C.N.R. landveitingu. [illegible] lógs lönd hrein, slétt

ÞESSA ÁRS UPPSKERA sannar gæði jarðvegsins. — Enginn steinn eða hrís.—Gott vatn.—Nálægt mörkuðum, skólum og kirkjum.—Vér höfum umráð á öllum Jansen og Claassen löndunum, og bjóðum þau til kaups með sanngjörnu verði og auðveldum borgunarskilmálum.—Kaupendur geta borgað af hvers árs upp skeru; 6% vextir.— Sölubréfin gefin út beint frá eigendum til kaup endanna.—Eastern Townships Bank í Winnipeg og hver banki og "business"-maður í Marshall, Minn., gefur upplýsingar um oss. — Póstspjald færir yður ókeypis uppdrætti og allar upplýsingar.—

John L. Watson Land Co.
316 Union Bank Bldg. - - Winnipeg, Man.

"Recital"

það, sem í síðasta blaði var getið um [illegible] ra Jónasar Pálssonar [illegible] son, fiólinspiara, [illegible] a í janúarmanuði, — [illegible] í efri Goodtemplara salnum þri[illegible] dagskveldið 11. janúar kl. 8. Að[illegible] ur ókeypis. Samskot tekin. [illegible] beðnir að fylla salinn.

Hinn 20. des. sl. fór fram kosning á embættismönnum í hinu íslenzka smiðafélagi, og voru þessir kosnir: Forseti B. S. Þorbergsson (endurkosinn), varaforseti Stefán Kristjánsson, skrifari S. J. Austmann (endurkosinn), féhirðir Pálmi Sigurðsson, gjaldkeri Jón Pálsson (endurkosinn), vörður Rafnkell Bergsson og dróttseti Árni Jónsson. — Yfirskoðunarmenn: B. M. Long og Jóhann Vigfússon. Fulltrúar: Jóh. Gottskálksson, Halldór Halldórsson og Ármann Þórðarson. Erindsrekar við önnur félög —: Til Building Trades Council S. J. Austmann, til District Carpenter Council J. Gottskálksson og Hannes Thomson.

S. J. Austmann, rifari.

Stúkan Hekla, nr. 33, af A.R.G.T., heldur tuttugustu og aðra afmælishátíð sína föstudaginn 7. jan. næstkomandi.

Margskonar skemtanir, svo sem ræðuhöld, söngur, upplestrar og hljóðfærasláttur fara fram. Auk þess verða veitingar. Allir íslenzkir Goodtemplarar, þar á meðal meðlimir barnastúkunnar, hér í Winnipeg eru boðnir og velkomnir endurgjaldslaust.

Samkoman byrjar kl. 8 í efri salnum í Goodtemplarahúsinu. — Bræður og systur, yngri og eldri, — fjölmennið.

Forstöðunefndin.

Á beztu heimilum

hvar sem er í Ameríku, þar munið þér finna HEIMSKRINGLU lesna. Hún er eins fróðleg og skemtileg eins og nokkuð annað íslenzkt fréttablað í Canada

Almanakið vinsæla.

Almanak O. S. Thorgeirssonar fyrir árið 1910 er nýútkomið úr prentsmiðju hans, stærra nú en nokkru sinni áður, en kostar þó ekki nema 25c.

Fremst í þessu kveri, sem hefir inni að halda um 120 bls. af lesmáli, er hið algenga mánaða og dagatal, með nákvæmri skýrslu yfir ýmsa merkisviðburði og öðrum fróðleik, svo sem um sól og tungl myrkva, um tímatal Forn-Egypta og Grikkja og um hátíðir, þar er og visindaleg veðurfræðistafla, upptalning viðburða úr Íslandssögu, og fleira þess háttar, — alt sérlega fróðlegt.

Af hinu eiginlega lesmáli kversins er fyrst æfiminning eftir Gísla sál. Ólafsson, með ágætri mynd af honum; ritgerð þessi er vel samin og sönn lýsing af hinum látna og lífsstarfi hans. Næst er saga eftir skáldið J. Magnús Bjarnason, skemtileg og vel samin, eins og alt eftir þann höfund. — Þá er safn til landnámssögu Íslendinga í Vesturheimi, er tekur yfir rúmar 50 bls. Sá bálkur er ritaður af fyrrum alþingismanni Jóni Jónssyni, frá Sleðbrjót, og fjallar um bygðir Íslendinga austan Manitoba vatns, vestan aðal hádegisbaugs. — Þá er þýdd saga, "Skógareldurinn", eftir Jón Runólfsson. — Síðast er kafli um helztu viðburði og mannalát meðal Vestur-Íslendinga. — Tvær myndir íslenzkar prýða þetta almanak, önnur af Almannagjá og hin af íslenzkri baðstofu.

Þetta almanak er prýðisvel úr garði gert og fróðlegt, og langódýrasta bókin, sem út er gefin vestanhafs og um leið sú fróðlegasta. Sala þess ætti að verða svo mikil, að það yrði herra Thorgeirsson til eins mikils arðs eins og það er honum til sóma.

TAKIÐ EFTIR!

Söngflokkur Goodtemplara ætlar að hafa æfingu næsta þriðjudagskveld í samkomusal sínum. Það er áríðandi, að allir, sem tilheyra flokknum komi, því þá verður byrjað að æfa fyrir samkomu, ef nógu margir vilja taka þátt í æfinguni.

Sveitarstjórnarkosningar í Nýja Íslandi.

Sveitarstjórnarkosningar í Nýja Íslandi fóru svo, að í Gimli bæ var Jóhannes Sigurðsson endurkosinn bæjarstjóri. Meðráðamenn voru kosnir þeir Guðmundur Erlendsson, Stefán Eldjárnsson, Baldvin Anderson og Benedikt Frímannsson. — Í Bifröst er mælt að herra Sveinn Thorvaldsson hafi náð kosningu til sveitarstjóra. Meðráðamenn voru þar kosnir þeir Gunnsteinn Eyjólfsson (með litlum meiri hluta yfir Jón Nordal) og þeir Oddur G. Akraness og Tryggvi Ingjaldsson, báðir gagnsóknarlaust. Frá Mikley hefir ekki frézt, en þar voru í kjöri þeir Marius Doll og Þorbergur Fjeldsted. — Mælt er, að kosningar hvervetna í bygðinni hafi sóttar verið af miklu kappi.

ÞAKKARÁVARP.

Kæru vinir mínir!

Þessi fáu orð eiga að færa yður mitt hjartans innilegt þakklæti fyrir þá peningahjálp, sem gerði mér það mögulegt, að lesta mér lækninga í hlýrra loftslagi. Það er sannarlegt kærleiksverk, að létta undir þá þungu byrði, sem langvarandi heilsuleysi ollir. Eg bið

Þarft þú ekki að fá þér ný föt?

EF ÞAU KOMA FRÁ CLEMENT'S, — ÞÁ VERÐA ÞAU RÉTT

Réttur að efni, réttur í sniði réttur í áferð og réttur í verði.

Vér höfum miklar byrgðir af fegurstu og beztu fataefnum. —

Geo. Clements & Son
Stofnað árið 1874
264 Portage Ave. Rétt hjá FreePress

Th. JOHNSON
JEWELER
286 Main St. Talsími: 6606

JOHN ERZINGER
TÓBAKS-KAUPMAÐUR.
Erzinger's skorið reyktóbak $1.00 pundið
Hér fást allar neftóbaks-tegundir. Óska eftir bréflegum pöntunum.
McINTYRE BLK., Main St., Winnipeg
Heildsala og smásala.

G. NARDONE

Verzlar með matvöru, aldini, smá-kökur, allskonar sætindi, mjólk og rjóma, sönnul. tóbak og vindla. Óskar viðskifta Íslend. Heitt kaffi eða te á öllum tímum. Fón 7756

714 MARYLAND ST.

Boyd's Brauð

Góð Brauð eru lang ódýrari en vond brauð. [illegible]r brauðum vorum fer ekkert til ónýtis. Þau halda sér algerlega og missa ekki keim sinn á sólarhring. Gerð í beztu vélum.— Biðjið matsalann um þau eða símið eftir vögnum vorum.

Boyd's

Bakery Cor Spence & Port. Phone 1030.

Winnipeg Wardrobe Co.

Kaupa brúkaðan Karla og Kvenna fatnað,—og borga vel fyrir hann.

Phone, Main 6539 597 Notre Dame Ave.

BILDFELL & PAULSON
Union Bank 5th Floor, No. 520
selja hús og lóðir og annast þar að lútandi störf; útvegar peningalán o. fl.
Tel.: 2685

J. L. M. THOMSON, M.A., L.L.B.
LÖGFRÆÐINGUR. 255½ Portage Ave.

Jónas Pálsson,
SÖNGFRÆÐINGUR.
Utvegar vönduð og ódýr hljóðfæri.
460 Victor St. Talsími 6803.

ANDERSON & GARLAND
LÖGFRÆÐINGAR
35 Merchants Bank Bldg. Phone: 1561

Drs. Ekern & Marsden,
Sérfræðislæknar í Eftirfylgjandi greinum: — Augnasjúkdómum, Eyrnasjúkdómum, Nasasjúkdómum og Kverkasjúkdómum. : : :
Í Platky Byggingunni í Bænum
Grand Forks, :: N. Dak.

W. R. FOWLER A. PIERCY.

Royal Optical Co.
307 Portage Ave. Talsími 7286.
Allar nútíðar aðferðir eru not[illegible] við augn skoðun hjá þeim, þar með hi[illegible] nýja aðferð, Skuggа-skoðun, sem kjö[illegible] öllum ágiskunum. —

Dr. G. J. Gislason,
Physician and Surgeon
Wellington Blk - Grand Forks, N Dak

Sjerstakt athygli veitt AUGNA, EYRNA, KVERKA og NEF SJÚKDÓMUM

It's going UP.

Þú getur ekki búist við

að það geri annað en eyðast í reyk. Því ekki að fá nokkur tons af okkar ágætu kolum, og hafa ánægjuna af, að njóta hitans af þeim, þegar vetrarkuldarnir koma. Komið til vor og nefnið þetta bl.

D. E. ADAMS COAL CO.
YARDS Í NORÐUR, SUÐUR, AUSTUR OG VESTURBÆNUM
Aðal Skrifst.: 224 BANNATYNE AVE.

Gleðilegt nýtt ár!

Heimskringla.

Hagsælt nýtt ár!

XXIV. ÁR | WINNIPEG, MANITOBA, FIMTUDAGINN, 6 JANÚAR 1910 | NR. 14

Fregnsafn.

Markverðustu viðburðir hvaðanæfa

— Flóð á Spáni í sl. viku gerði feikna eignatjón. Að eins þrjú hús standa eftir í Christiana bæ og í bænum Lavicella fór hver bygging nema ein kirkja. Bonaventa bær með 5 þús. íbúum var yfirflotinn vatni í 5 daga. Margir smábæir og uppskera á stórum landssvæðum hefir algerlega eyðilagst í þessum flóðum. Um liftjón þó hvergi getið þar.

— Snarpar umræður urðu um jólin í Belgíuþinginu útaf konungs mötunni, sem stjórnin hafði ákveðið að vera skyldi 3,300,000 frankar eða 660 þús. dollars. Socialistar vildu láta setja konung af völdum og veita honum ekkert fé, en nota höllina og meðlylgjandi byggingar fyrir sjúkrahús og heilsu hæli og verja fénu til viðhalds þurfalingjum en svo lauk að stjórnin vann sitt mál með 100 athv. mót 29. Konungs matan er sú sama sem Leopold konungur hafði meðan hann lifði. Hinn nýji konungur átti kost á að lá hana aukna en hafnaði því boði.

— Útlit er fyrir talsverða hækkun á hveitiverði á þessum vetri. Síðustu fregnir segja, að hveitiuppskeran í Argentínu verði í minna lagi og að í ýmsum öðrum löndum einkanlega á Spáni og í Portugal séu ekki sem glæsilegastar horfur.

— Átta grimmir og soltnir úlfar eltu nýlega bónda einn sem var að keira gegnum skóg í Montgomery héraðinu í Illinois. Þegar bóndi sá að hann kæmist ekki undan vörgum þessum, kastaði hann af sér loðkápu sinni og henti í Úlfana en komst, meðan þeir voru að rífa hana í sig, með illan leik út úr skógnum og barst þá næg hjálp til að reka vargana á flótta.

— Verkfræðingar eru að undirbúa til skurðagraftar undir Boston borg. Gaung þau eiga að gerast fyrir járnbrautarfélag og eiga að vera til þess að tengja járnbrautarstöðvar félagsins sem eru sín í hverjum enda bæjarins. Í sambandi við þetta verk er ákveðið að lestir félagsins verði hér eftir knúðar með rafafli en ekki gufu, bæði innan takmarka borgarinnar og í umhverfi hennar.

— Nokkrum háttstandandi embættismönnum í Youkon var nýlega víkið frá embætti undir því yfirskini, að þeirra væri þar ekki lengur þörf. Menn þessir eru nú á leið til Ottawa, að finna húsbændur sína. Í Vancouver sögðu þeir, að sú sanna ástæða fyrir atvinnu tapinu væri, að þeir hefðu neitað að fylgja kingmannsefni stjórnarinnar að málum við síðustu rikiskosning ar. Þeir kétu þess jafnframt getið, að ef ekki yrði breytt svo sanngjarnlega við þá, þegar austur kæmi, að þeir mættu vel við una, þá mundu þeir hafa ýmsar þær upplýsingar að gefa í sambandi við stjórnarfarið þar vestra, sem gera mætti að umtalsefni á þessu þingi.

Safnaðarfélag eitt í Lundúnum gaf um jólin 70 þús. dollara í peningum til 12 þúsund fátæklingi borginni og er það sú stærsta gjöf, sem nokkurt safnaðarfélag hefir útbýtt meðal þurfalinga þar í borg.

— Træptow stjörnuturninn á Þýzkalandi hefir fengið nýjan sjónauka, sem er öflugri miklu en nokkur annar, sem gerður hefir verið og stækkar 4500 sinnum. — Hann kostaði $12,500.

— Rannsókn í bænum Buffalo, N. Y., hefir leitt í ljós mikla eyðslu semi á almenningsfé. Það hefir sannast, að sumir "Contractors" hafa fengið sjöfalt verð fyrir verk sin, við það, sem þau hefðu kostað, ef tilboð hefðu verið gerð í verkin af öðrum mönnum. Þannig heldur nefndin því fram, að þau verk, sem bærinn lætur sjálfur vinna á eigin reikning, séu látin kosta alt of mikið, og að orsökin sé sú, að langt of margir menn séu í bæjarþjónustunni, svo að hver einn hafi miklu minna starf en hann gæti afkastað. Afleiðingin er, að heilum hóp manna verður af arlaust hleypt út á gaddinn, um hávetur, sem unnið hafa fyrir borgina, og þeirra störfum bætt á hina, sem haldið verður eftir.

— Stjórnarnefndin í "Explorers' Club" í New York hefir á fundi þann 24. des. sl. samþykt að strika nafn dr. Cooks af félagaskránni, og er hann með því gerður rækur úr því félagi fyrir sviksemi gagnvart almenningi og félaginu, í því, að hafa þókst hafa klifr að upp á hæzta tindinn á McKinley fjalli. Klúbbur þessi hefir á síðustu árum rannsakað þetta mál nákvæmlega, og hefir komist að þeirri niðurstöðu, að doktorinn hafi gldrei komist upp á fjallið, þó hann segðist hafa gert það. Þess er getið í fréttum frá Kaupmannahöfn, að sannanagögn þau, sem rannsókuð hafi verið af háskólaráðinu þar um pólarfund dr. Cooks muni bráðlega verða afhent lögreglunni til geymslu, í safni því er lýtur að glæpamönnum. — Samtímis þessu er Peary pólfari að færast upp metorðastigann, þiggur nú gullmedaliur og ýmsar sæmdir af landfræðifélögum og hefir fengið fulla viðurkenningu sem hinn eini og fyrsti finnandi norðurpólsins.

— Yfir 2 þúsund taugaveikis sjúklingar voru í Montreal borg á jólunum, og talan fer daglega hækkandi. Læknarnir hafa sent ávarp til borgarbúa um að neyta ekki vatns til nokkurra muna nema það hafi áður verið soðið.

— Eitt Chicago blað getur þess, að búlönd Bandaríkjabænda, að meðtöldum byggingum og búfé, séu metin á 30 þús. miliónir dollara, eða 44 prósent meira en árið 1900.

— Þeir Count Zeppilin og Pról. Hergeseil frá Strassborg láta þess getið, að þeir ætli í félagi að kanna norðurheimskautið með hjálp loftskipa, á komandi sumri. Ákveðið er, að þeir hefji ferð þessa á tveimur loftskipum, sem bæði verða útbúin með loftskeytatækjum. Þegar kemur norður í heimsskautið, á annað skipanna að halda kyrru fyrir meðan hitt flýgur áleiðis til pólsins. Komi svo nokkuð fyrir, er hindri ferð þess skips, þá er hinu skipinu tilkynt það með loftskeyti, og skal það þá strax fara til hjálpar. Pról. Hergeseil, sem nú er í New York, segist leggja af stað til Þýzkalnds innan fárra daga, til þess að byrja að undirbúa þessa ferð. Hann segir örðugasta spottann af leiðangri þessum vera 800 milna langan veg frá Cross Bay til pólsins, en segir að með hagstæðum vindi megi komast það á 30 til 40 klstundum, eða máske á skemri tíma. Í rauninni segir hann sjálfa pólarförina vera auka-atriði, — aðaltilgangurinn sé, að auka þekkingu heimsins á öllu ásigkomulaginu umhverfis heimsskautið, við norðurströnd Grænlands og þar norður af. Ráð er gert fyrir ýmsum örðugleikum í sambandi við för þessa en einna helzt að því leyti að geta einatt átt kost á, að bæta gasi í belginn, jafnótt og þess verður þörf. En allan útbúnað til þess ætla þeir að undirbúa og koma í lag á tilteknum stöðum áður en aðalferðin verður byrjuð norður. Zeppelin greifi er nú sem óðast að smíða skipin til fararinnar, hvort þeirra verður nær 400 feta langt, með alúminum umgerð, 30 til 35 gashólfum og útbúið fyrir 38 manns. En ekki ætlar hann að fleiri en 12 manns muni taka þátt í förinni. — Búist er við, að þýzka stjórnin kosti allan þennan útbúnað, og þann kostnað annan, sem leiðir af þessum leiðangri.

— Morocco-búar hafa á ný gert uppreist mót veldi Spánar. Uppreistarmenn réðust þann 29. des. á ýms vígvirki Spánar, en urðu fyrir halla í öllum þeim viðureignum. Samt ætla þeir að halda áfram ásóknunum. Þeir eru vel vopnum búnir og djarfir til atlögu. En Spánarstjórn er við því búin, að senda aukinn herafla til Morocco til að bæla niður allar óeirðir og kúga þegna sina til friðar.

— Bardaginn um vínsölubannið sem háður var í yfir 170 sveitum á mánudaginn var í Ontario fylki, fór svo, að vínbannsmenn unnu í 61 sveitum, vínsvelgir í 65, en ekki frétt um 35 sveitir. Atkvæðagreiðsla fór fram í 10 sveitum, þar sem vínsölubann var áður í, og greiddu tvær af þeim atkvæði með að leyfa vínsölu aftur, en átta með því að halda vínsölubanni áfram. Vínsala var aftekin í 129 sveitum alls þar í fylkinu núna um nýárið.

Verðskuldað vinahót.

Síðastliðið gamlaárskvöld var með meira móti gestkvæmt hjá Kristni skáldi Stefánssyni og Guðrúnu Jónsdóttur, konu hans, að 676 Home Street hér í borginni. Þá hófu um 40 menn og konur leiðangur á hendur þeim hjónum, frá Birni kaupmanni Pétursyni, og var Jón fasteignasali Bildfell foringi flokksins.

Ekki höfðu þau hjónin haft neinn vígbúnað heima fyrir, enda gerði ei herfólk þetta boð á undan sér, og varð því litt um vörn að ræða, þegar flokksforingi ruddist inn í húsið í broddi fylkingar með alt lið sitt á hælum sér. Voru þau hjón höndum tekin af öllum þeim, sem inn komu, en þó laus látin von bráðar, og herförinni snúið upp í heiðurssamsæti.

Tilefni leiðangursins var það, að á liðnu ári voru liðin 25 ár síðan Kristinn og Guðrún gengu í hjónaband, og vildu vinir þeirra eigi láta það ár svo hjá líða, að þeim væri eigi gert það eftirminnanlegt með neinu móti.

Samsætið byrjaði með því, að Jón Bildfell ávarpaði hin öldnu brúðhjón með nokkrum vel völdum orðum, og skýrði orsakir þessarar fagnaðarsamkomu.

Þá flutti Þorsteinn Þ. Þorsteinsson kvæði, ort til þeirra hjónanna, við þetta tækifæri, og skrautritað af Þorsteini. Kvæðinu var útbýtt prentuðu meðal gestanna og var það síðan sungið af öllum.

Séra Rögnvaldur Pétursson las næst upp ávarp til hjónanna, skrautritað af Þorsteini, og afhenti þeim gjafir, sem gestirnir höfðu með sér tekið: Guðrúnu gullúr, sett demöntum, ásamt gullfesti, en Kristni gullbúinn göngustaf úr íbenviði. Á hvorutveggja gripinn var grafið: "Til minningar um 25 ára hjónaband. Á gamlárskvöld 1909. — Frá vinum", ásamt fangamarki og nöfnum þeirra hjóna og ártölunum "1884—1909".

Þökkuðu þau hjónin gjafir þessar með nokkrum orðum. Sögðust vera innilega glöð yfir gripum þess um, en þó meir yfir innileik þeim, sem lýsti sér í hugarfari vina sinna til sín.

Auk þeirra, sem að framan eru taldir, töluðu þessir gestir: Magnús lögmaður Brynjólfsson, Finnur Jónsson, Skapti B. Brynjólfsson, Stefán Thorson, Mrs. Jónína G. Christie og Árni fasteignasali Eggertsson.

Á milli ræðanna sungu menn þjóðsöngva, og stýrði Gísli prentari Jónsson söngnum.

Að ræðunum enduðum voru veitingar frambornar, og að þeim loknum skemtu menn sér við spil og annan fagnað, eftir hvers eins geðþótta, og fór alt samkvæmið fram hið ágætasta. Buðu menn hver öðrum gleðilegt nýár og þökkuðu hver öðrum fyrir gamla árið. Dvöldu gestir saman í bezta fagnaði lengi nætur, unz þeir héldu heim til sín glaðir og ánægðir úr herferð þessari, sem mun vera einhver sú mesta, sem háð hefir verið meðal Íslendinga í Winnipeg.

Þessir voru samankomnir:

Mr. og Mrs. Björn Pétursson, Mr. og Mrs. Árni Eggertsson, Mr. og Mrs. Hannes Pétursson, Mr. og Mrs. Björn Blöndal, Mr. og Mrs. Rögnv. Pétursson, Mr. og Mrs. Guðm. Christie, Mr. og Mrs. Lindal Hallgrímsson, Mr. og Mrs. Jón Bildfell, Mr. og Mrs. Gísli Jónsson, Mr. og Mrs. Stefán A. Johnson, Mr. og Mrs. Guðjón Thomas og Mr. og Mrs. Th. S. Borgfjörð og Mr. og Mrs. Finnur Jónsson.

Mrs. Jón Helgason, Mrs. Stefán Pétursson og Mrs. Magnús Pétursson.

Miss Sigríður Johnson og Miss Ingibjörg Pétursson.

Mr. Björn Walterson, Mr. Jóseph B. Skaptason, Mr. S. B. Brynjólfsson, Mr. Magnús Brynjólfsson, Mr. Þorsteinn Þ. Þorsteinsson, Mr. Guðm. Ingimundsson og Mr. Stefán Thorson.

Íslands fréttir.

Séra Matthías Jochumsson varð 74. ára þann 11. nóv. sl.

Tvær hafnarbryggjur eru nú fullgerðar á Akureyri. Sú innri var fullger í byrjun nóv. sl. Stærð hennar er 11 þús. ferálnir og geta 2 hafskip legið við hana í einu.— Ytri hafnarbryggjan er 17 þús. ferálnir, þegar öll lóð hennar er meðtalin. — Þegar innri bryggjan var fullger, voru tvær samkomur haldn ar þar í kaupstaðnum, til þess að minnast þessa fyrirtækis, — önnur á sjálfri bryggjúnni, hin í Goodtemplarasalnum. Ræður fluttu: Guðlaugur Guðmundsson bæjarfógeti, Stefán Stefánsson skólastjóri, Friðbjörn Steinsson, Bjarni Einarsson o.fl. — Víst má telja, að Akureyri sé nú betur útbúin að bryggjum en nokkur annar bær á landinu.

Biskup Íslands ætlar á næsta sumri að þiggja heimboð kirkjufélags Vestur-Íslendinga á 25 ára afmælishátíð félagsins.

Jón Bergsveinsson sildarmatsmaður er á ferð í útlöndum, til þess að leitast fyrir um markað á íslenzkri síld. Tilgangur hans er, að ferðast einnig til Vesturheims í sömu erindagjörðum.

Nýlátinn er í Reykjavík Erlendur Magnússon gullsmiður.

Kristján Jónsson dómstjóri hefir steínt rágjafa Íslands yrir ummælin í tilkynningunni frá stjórnarráðinu í sambandi við frávikning gæzlustjóra bankans. — Blaðið Þjóðólfur ræðir málið með stillingu og viðurkennir, að óregla hafi átt sér stað í bankanum.

Guttormi Vigfússyni umboðsmanni landssjóðsjarða og fyrrum alþingismanni víkið frá umboðsstörfum fyrir margra ára vanskil. Sveinn Ólafsson í Firði er settur umboðsmaður.

Ráðgjafi Íslands hefir afráðið að höfða mál gegn ritstjóra Norðra fyrir meiðandi og óþverraleg ummæli í því blaði.

Svæsinn kighósti gengur á Norðurlandi. Sex börn hafa dáið úr honum í Siglufirði.

Blaðið Norðurland, dags. 27. nóv. sl., skýrir frá ástæðum þem, sem komið hafi landsstjórninni til þess að skifta svo snögglega um starfsmenn við Landsbankann. Ástæðurnar, sem blaðið telur, eru meðal annars þessar:

1. Eð 260 víxillán, að upphæð 140 þús. kr., hafi verið veitt ólögl. af starfsmönnum bankans, án heimildar bankastjórnarinnar,
2. Lög og reglur um sjálfskuldarábyrgðarlán hafi verið margbrotin.
3. Lán hafi verið vanrækt.
4. Reikningar bankans hafi ekki í mörg ár verið bornir undir óvskurð landsstjórnarinnar, eins og lögin fyrirskipa að gera skuli.
5. Lántökuheimildir hefir oft vantað.
6. Sparisjóður bankans ógerður upp um 8 ár, þannig, að bækur innleggjenda hafa ekki verið bornar saman við höfuðbók bankans, til þess að athuga, hvort tölunum bæri saman. Það hafi sannast, að tölunum beri e k k i allstaðar saman.
7. Rannsóknarnefndin lítur svo á, að bankastjórnin hafi verið nauða-ókunnug bankanum.
8. Að bankastjóri hafi oft einn ákveðið tryggingu sjálfskuldarábyrgðarlána, og að mörg slík lán hafi verið illa trygð.
9. Óinnheimtir vextir og afborganir af lánum svo árum skifti.
10. Skulda-lögsóknir margoft misráðnar og of seint ákveðnar.
11. Að lántökuheimildir hafi vantað.
12. Ýmsar bækur í mestu óreiðu, sumar alls ekki færðar. Reikningsfærsla aðfinnanverð.

Svo er að sjá á blöðunum, að enn sé ekki alt talið, þó ekki séu fleiri kærur frambornar að svo stöddu. — En séu hinar framangreindu kærur á rökum bygðar, mun flestum þykja ærnar sakir til starfsmannaskifta, og hvergi í heimi mundi slík óregla við bankastörf hafa verið látin viðgangast.

Þann 25. okt. varð Jón Chr. Stefánsson, timburmeistari á Akureyri, áttræður, og var þá hinn mesti sómi sýndur af bæjarmönnum, með heiðursávarpi frá bæjarstjórninni og ýmsum félögum bæjarins.

Fjárskaðar urðu í Hjaltastaðaþinghá í október sl. Vatnavöxtur mikill hljóp í Selfljótið og fórust 70 kindur í fljótinu, og miklir heyskaðar urðu í því votviðrakasti.

Áramóta hugleiðingar.

TÍMANS hjól er æ á iði,
oft vér fáum séð,
nýjar myndir, nýja siði,
nýjum herrum með.

Ósjálfrátt í orði og verki
— augljóst virðist mér, —
sinnar tíðar móðurmerki
maður á sér ber.

Vits og heimsku vegamótum
veröld stendur á,
hún af vanans fornu fótum,
falla bráðum má.

Vísindin ei vilja skeita
venjum fortímans,
skynsemis við ljós þau leita
leið að sannleikans.

Rökkur enn þótt heim vorn hjúpi
hryggilega svart,
þau úr regin dulardjúpi
dregið hafa margt.

Keppir fram og æðrast eigi
andi gagnrýnans,
mörg þó liggi ljón á vegi
linast sókn ei hans.

Rofa nú til sólar sýnist,
seigt þó gangi og fast,
skynið vex, en villan tínist,
vitið smá-þroskast.

Árið sem er upp að renna
— ég hygg sennilegt, —
eitthvað lánist oss að kenna
ei sem fyr var þekt.

Heimi trú þótt héti liði,
heit það löngum brázt.
Þekkingar á sönnu sviði
sigur loks mun fást.

S. J. Jóhannesson.

OGILVIE'S
Royal Household Flour
Til Brauð og Köku Gerðar
Gefur Ævinlega Fullnæging
EINA MYLLAN Í WINNIPEG,—LÁTIÐ HEIMA IÐNAÐ SITJA FYRIR VIÐSKIFTUM YÐAR

Wall Plaster
Með því að venja sig á að brúka "Empire" tegundir af Hardwall og Wood Fibre Plaster er maður hár viss að fá beztu afleiðingar.
Vér búum til:
"Empire" Wood Fibre Plaster
"Empire" Cement Wall "
"Empire" Finish "
"Gold Dust" Finish "
"Gilt Edge" Plaster of Paris
og allar Gypsum vörutegundir. —
Eigum vér að senda yður bækling vorn?
MANITOBA GYPSUM CO. LTD
SKRIFSTOFUR OG MILLUR Í
Winnipeg, - Man.

Heimskringla

Published every Thursday by The Heimskringla News & Publishing Co. Ltd

Á blaðinu í Canada og landar [illegible] um árið (fyrir fram borgað), sent til Íslands $2.50 (fyrir fram [illegible] af kaupendum blaðsins borgi $1.50.)

S. L. BALDWINSON
Editor & Manager

Office:
729 Sherbrooke Street, Winnipeg
P. O. BOX 3083. Talsími 3512.

Kartöflu sjúkdómur.

Akuryrkjudeild Dominion stjórnarinnar hefir nýlega gefið út ritling um kartöflu sjúkdóminn, sem gosið hefir upp í Nýfundnalandi, og með ráðleggingum viðvíkjandi útrýmingu hans.

Sjúkdómur þessi hefir haldist við í ýmsum Evrópulöndum í sl. 13 ár. Það var prólessor Schilberszky, sem fyrstur manna uppgötvaði hann á Ungverjalandi árið 1896. Sjúkdómur þessi líkist mest þeim sjúkdómi, sem komið hafði fram fyr á árum í sykurrófum í Algeríu. Vísindamenn þektu sjúkdóm þennan svo lítið, að þeim hvorki bar saman um orsakirnar sem til hans lágu, né gátu verið sammála um, hvert nafn ætti að gefa honum, og hefir hann því til þessa dags verið nefndur ýmsum nöfnum. En í rauninni er þetta hrúðursjúkdómur, sem étur sig inn í jarðepliið, og getur orðið alt að hálfum þumlungi á þykt á yfirborði mikils hluta þess.

Árið 1898 var gerð fyrsta tilraun til að stemma stigu fyrir útbreiðslu sýkinnar, á þann hátt, að ákvæði voru gerð um það, að hver sá, sem reyndi að leyna sjúkdómnum, skyldi sæta þungum sektum. Jafnframt voru lýsingar af sýkinni sendar til allra landa, í því skyni, að vísindamenn gætu rannsakað, hvort sýkin væri þar til staðar. En þrátt fyrir þetta hefir sýkin breiðst út um flest ríki Evrópu, og nú er hún orðin landföst hér í álfu, — hefir gert vart við sig í Nýfundnalandi, eins og að framan er sagt.

Sýkinnar verður ekki vart fyr en að farið er að taka upp kartöflurnar á haustin, og þar sem hún nær fótfestu, má svo heita, að engin kartafla sé heilbrigð, sem upp er tekin úr akrinum. En einmitt vegna þess, að kartöflurnar vaxa neðanjarðar, þá útbreiðist sjúkdómurinn, án þess að hans verði vart fyr en upp er tekið.

Augun í heilbrigðum jarðeplum, eru ýmist hvít eða rósrauð, en í þessum sýktu jarðeplum eru þau eins og járnrið sitji á þeim. Sýkin kemur fyrst fram í augum eða holum jarðeplanna og breiðist svo þaðan út á yfirborðið. Bændum er ráðlagt að gefa nákvæmar gætur að þessu, því að mörg kartafla getur í fljótu bragði litið út sem heilbrigð, sem þó hefir vott sýkinnar í holunum, og sé þeim jarðeplum sáð, þá útbreiðist sýkin. Í jarðeplaaugunum lýsir sýkin sér þannig, að þar er móraurður nabbi, stundum á stærð við tituprjónshaus, stundum nokkuð stærri.

Það er talið áreiðanlegt, að sýkin í Nýfundnalandi stafi af því, að til útsæðis hafi verið notuð jarðepli, sem þannig voru sýkt í augunum eða holunum, án þess bændur hafi tekið eftir því, og að þau jarðepli hafi verið aðkeypt frá Evrópu.

Orsakir veikinnar eru ennþá óþektar, svo að þó ekki sé líklegt, að þær geti breiðst út um Canada frá Nýfundnalandi, þá er þó engin trygging fyrir því, að sýkin geti ekki fengið landfestu hér.

Ritlingur sá, sem að framan er getið, ráðleggur þessi varnarmeðul gegn sýkinni: Leggja skal borðið á akurinn, er myndi eins og gólf, á það skal svo láta kartöflurnar og þvo þær úr þessari lyfblöndu: 1 partur "Bichloride of Mercury" eða "Corrosine Sublimate" mót 800 pörtum vatns. Síðan skal grafa djúpa holu í akurinn og þar láta í hinar skemdu kartöflur og jarðeplagrasið og brenna það þar. Nú brenna kartöflurnar ekki vegna vökvans, sem í þeim er, og skal þá moka ofan á þær í gryfjuna 5 þuml. lagi af óbrendu kalki. Best er að setja jarðeplin í lög í gryfjuna og hafa mikið kalk milli laganna. Sé kalk ekki handbært, má nota viðarsag, sem vætt hefir verið í áðurnefndu Bichloride of Mercury, blandað þannig í vatn að einn partur sé móti hverjum 500 pörtum vatns. Til þess er ætlast, að gryfjur þessar séu gerðar þar í löndum bænda, sem ekki þarf að snerta við í næstu 3 ár á eftir. Síðan skal plægja akurinn, sem sýktu jarðeplin hafa vaxið í, og bera síðan í hann óbrent kalk, svo nemi 4 til 5 tons á hverja ekru. En sé ekki kalkið fáanlegt, þá verður að vökva akurinn með framangreindri Bichloride of Mercury blöndu, 1—800 parta. Í þann akur skal ekki sá jarðeplum næsta ár, heldur einhverri annari tegund. Það kostar mikla fyrirhöfn, og mik il fjárútlát, að fylgja þessum varúðarreglum, en það er nauðsynlegt að gera það, eða svo segir læknirinn.

Heimskringla hefir talið rétt, að beina athygli bænda að þessu málefni, þó vonandi komi ekki til þess að sýkin berist hingað til Vesturlandsins.

"Lobstick" fyrir Heimskringlu.

Ferðamenn, sem leið eiga norður um land til Great Slave Lake, hafa um mörg liðin ár haft þann sið, að búa til "Lobstick", sem minnisvarða þar sem eitthvað sérstakt hefir borið við á leið þeirra, sem þeir hafa álitið í sögur færandi.

"Lobstick" þetta er vanalega búið til á þann hátt, að ferðamaðurinn klífrar upp í tré, og velur til þess það stærsta, sem finst á því svæði, sem tíðindin gerast á. Hann heggur limið af trénu eins ofarlega og hægt er, en skilur að eins eftir skúf í toppi trésins. Síðan neglir hann spjald á trjábolinn, rétta hæð sína frá rót þess, og ritar nafn sitt á spjaldið. Stundum er flaska sett í skúf þann, sem skilinn er eftir í toppi trésins og í hana látin lýsing þess viðburðar, sem skeð hafði, og sem gaf tilefni til þessa "Lobstick".

Á bakkanum að sunnanverðu Great Slave árinnar, um 35 milur suður af Smith Landing, bjó maður til Lobstick veturinn 1908, og henti flösku upp í trétoppinn, sem geymir í sér Jólablað Heimskringlu sem út var gefið árið 1907, ásamt sögu af hrakningi og lífsháska, sem ferðamaður þessi og félagar hans lentu í það haust.

Ferðamaðurinn skrifaði á sérstakan miða, sem einnig var settur í flöskuna, þessi orð:

1. Hverjum þeim Íslendingi, sem fyrstur les nafn mitt á spjaldinu við rætur trésins, og sannar það með því, að senda mér afskrift spjaldsins, skal ég gefa fimm dollara.
2. Sá fyrsti Íslendingur, sem finnur flöskuna í trétoppinum og lýsir rétt, hvernig þar er búið um hana og gengið frá henni, skal fá hjá mér $25.00.
3. Sá hinn sami skal fá $50.00 fyrir að senda flöskuna til Heimskringlu óopnaða. — Þessir peningar skulu verða verða borgaðir 30 dögum eftir auglýsingu fundarins. Nafn mitt er í flöskunni og á spjaldinu. Íslendingur, sá eini af félögunum.

Það er hægðarleikur, að finna þetta Lobstick, með því að spyrja verzlunarmenn Hudsons flóa félagsins, hvar Íslendingurinn hafi strand að í ísburðinum árið 1908 og dvalið í 30 daga án skýlis.

Í flöskunni er lýsing af landslaginu og ennfremur það sem nú skal greina: Nöfn allra bezt þektu Indiána þar um slóðir. Nöfn allra dýra, sem hafast við þar í héraðinu. Lýsing af tveimur fegurstu plássunum í þessu héraði. Nöfn á öllum Indiána flokkum í héraðinu, og lýsing á siðvenjum þeirra og háttalagi. Varað við bragðarefum meðal þeirra. Lítil saga af fiskiveiðatúr við Great Slave Lake, og segir frá þeim urmul af fiski, sem á einum degi veiddist í net. Segir einnig frá fiskum í því vatni, sem hvergi finnast annarstaðar í veröldinni, og sem nefndur er "Connes", sem þýðir "hinn óþekti". Smásaga af öllum þeim urmul fugla, sem nemur miliónum, sem samansafnast við Athabasca vatn. Saga af hættulegum ferðum eftir smávötnum á ís, vegna kaldaverzlu. Hættuleg villidýr í marzmánuði. Hvernig maður getur komið í veg fyrir, að verða nokkurntíma áttaviltur. Og hvernig og hvar megi afla sér fæðu allan árshringinn.

Lesandinn máske álítur þenna Lobstick litið heiðursmerki fyrir Heimskringlu. En hann sýnir þó það, að ferðamaðurinn hefir metið Heimskringlu svo mikið fram yfir önnur íslenzk blöð, að hún ein flaggar í einu hæsta trénu, sem stendur á bökkum Great Slave árinnar. Og það er að eins vegna þess, að Heimskringla er það frjálslyndasta blað, sem þjóð vor á, að ég virti hana — hana eina — svo mikils, að búa til "Lobstick" í hennar nafni, sem einhverntíma verður rannsakað af söguritara, enskum, ef ekki íslenzkum, og rannsakað á hverju tungumáli þau skjöl eru, sem þessi flaska hefir að geyma.

Svæði það, sem þessi Heimskringlu "Lobstick" stendur á, er svo fagurt, að lýsing þessi gæti veitt hverjum manni unaðsríka stund, sem með alvöru gefur sér tóm til að íhuga fegurð og yndisleik smávatnanna og smáfjallanna og stórskóganna og straumþungu árnar, sem liðast fram með rótum fjallanna. Það eina, sem getur gert lífið leitt að næturlagi, er hið drungalega og drynjandi spangól úlfanna, sem hafast við inn í fylgsnum frumskóganna og gilja-drögum lágfjallanna.

Gleðlegt nýár! Aukist heiður þinn og margfaldist þín útbreiðsla. Það er mín ósk til Heimskringlu.

Norðurstjarnan.

HATUR.

"Bölvaðu ekki sólunni, Bjarni minn! Hún gerir hvorki gott né ilt", sagði karlinn.

Vanalega höfum við hrosað að þessum orðum. Nú skulum við athuga þau alvarlega. Að baki orðunum stendur atburður: Einhver Bjarni hefir bölvað sólunni. Karlinn undrast slíka fúlmensku, og ræður honum frá að gera það.

En hvað gat komið Bjarna til að bölva sólunni? Sennilega hefir honum þótt hún gera sér eitthvað ilt. Hún hefir valdið honum einhvers sársauka. Sársaukatilfinningin hefir vakið honum löngun til að gera sólunni eitthvað ilt í staðinn. En hann nær ekki til hennar, og verður því að láta sér nægja með að senda henni tóninn. Athöfn Bjarna ber því vott um þrent: 1. Sólin hefir haft áhrif á Bjarna. 2. Þessi áhrif hafa valdið honum sársauka. 3. Sársaukinn hefir knúð fram vilja og starf (formælinguna).

Og það er svipur á Bjarna, þar sem hann stendur í sólskininu, slær dimmum skugga á jörðina og formælir sjálfri sólunni. Hann er líklegur til að taka óþyrmilega í lurginn á sólunni, ef hann næði til hennar. En til allrar hamingju er hann ekki megnugur þess að hrinda henni af himni.

Það sálarástand, sem þessi athöfn Bjarna er sprottin af, nefnum við reiði. Og samkvæmt því, sem sagt hefir verið, er reiðin sársaukatilfinning, sem vekur og elur illvilja.

* * *

Nú þykjumst við skilja athöfn Bjarna. Hann hefir verið reiður. En hvers vegna biður karlinn hann að blóta ekki sólunni? Skýringuna á því gefur karlinn sjálfur: "Hún (sólin) gerir hvorki gott né ilt". Þeim, sem hvorki gerir gott né ilt, er ekki vert að blóta — engin ástæða til að reiðast honum. Þetta er kenning karlsins, en ekki öll. Um leið og hann segir þetta beinlínis, þá viðurkennir hann óbeinlínis, að réttmætt sé að reiðast þeim, sem annaðhvort gerir gott eða ilt. Og allir skilja, að hann á við þá, sem ilt gera. Í rómi hans er auðþekt rödd almenningsálitsins: Ilt verk er réttmæt orsök til reiði.

* * *

En hvað er þá ilt verk? Karlinn álítur sólin geri hvorki gott né ilt. Margur brosir að honum og þykist vita betur. Sólin! — hún, sem snýr um sig jörðunni og gefur henni yl og ljós, hún sem heldur við öllu lífi á jörðunni, — hún "gerir hvorki gott né ilt"! Nei, karl minn, segðu nú ekki lengur!

Það er eitthvað athugavert við þetta. Við skulum reyna að skýra okkur það með dæmi.

Það er liðið á Góu. Kvöld — glaða tunglsljós, hjarn og svell yfir öllu landi, hörkufrost, alveg jarðlaust. Bóndi ekur korni úr kaupstað. Sleðinn hans fer um á einum svellbunkanum. Það hegst gat á grjónapoka. Bóndi verður þess ekki var og heldur leið sína. Grjónin slæðast, en bóndi nær heim og harmar skaðann. Hungraðir fuglar koma á slóðina og gera sér glaða stund. Svo fljúga þeir allir á braut nema einn; hann situr kyr og frýs við svellið. Ef til vill lifa fuglarnir einu sumri lengur fyrir þessa Góu-gjöf — allir, nema hann, sem fraus við svellið. Hann frýs í hel.

Hefir nú bóndinn gert fuglunum gott eða ilt?

Hann hefir slætt [illegible] Hismagni á leið þeirra — eins og [illegible] sólin á jörðuna. En hann vissi [illegible] kki, hvað hann gerði. Hann gaf [illegible] glunum ekkert. Verk hans var óviljaverk. Þess vegna gerði hann fuglunum, sem lifðu, ekkert gott, og þeim, sem dó, ekkert ilt. Ef hann hefði alið suma fuglana en svelt hina — með vilja, þá fyrst var um góðverk eða illverk að ræða.

Jæja, karl minn! Sólin gerir hvorki gott né ilt, þó hún skæði yl og ljósi á leiðir mannanna, nema því að eins, að hún geri það viljandi. En hvað veizt þú um vilja eða viljaleysi sólarinnar?

Orð karlsins — svona skilin — eru bygð á þeirri skoðun, að óviljaverk — hvort sem lífandi eða dauðir valda — séu hvorki góð né ill í sjálfu sér: Þess vegna eigi þau ekki að vekja velþóknun eða vanþóknun (reiði) gagnvart gjörendum verkanna, hvort sem þau eru þolanda góð eða ill. Það er almennt álitið heimskulegt, að reiðast dauðum hlutum, þó þeir séu óðruvísi en á er kosið. Og oftast þykir rétt og fagurt, að "taka viljann fyrir verkið" — hvort sem er til ills eða góðs.

Niðurstaða þessara athugana verður svo þessi:

1. Reiði er sársaukatilfinning, sem veldur illvilja.
2. Ilt verk er talið réttmæt eða eðileg orsök reiði.
3. Ilt verk er sú tegund illverka, sem sprottin er af löngun til að gera öðrum ilt.

Famkvæmt þessu eru orsakir almennrar reiði persónur — viljandi verur —, reiðin sjálf sálarástand persónu, og afleiðingar hennar verða að koma fram við persónur. Hún er því að öllu persónuleg og má ekki blanda henni saman við sársauka tilfinningu, sem hlutir eða hugsjónir valda.

* * *

Barátta fyrir hugsjónum og gegn hugsjónum, er háð af persónum og fyrir persónur. Sé sú sársaukatilfinning sem hugsjónirnar valda, eða við þær er bundin, nefnd reiði, þá er sú reiði alt annars eðlis en persónulega reiðin. Hún getur verið sprottin af ást á þeim, sem barist er við um hugsjónina, þó sú barátta geti aftur valdið persónulegri reiði.

* * *

Svo snúum við aftur að persónu legu reiðinni. Hún er ein tegund sárra tilfinninga. En sár tilfinning er sálarsýki. Hún er afleiðing af röskun sálarlegs jafnvægis. Langanir þær og vilji, sem bundin er við sársaukatilfinninguna, og það, sem af þeim sprettur í orði og verki, það eru tilraunir persónunnar til að ná sálarjafnvægi á ný — græða sárin, lækna meinin. Og meinin eru ýmislegs eðlis. Þau þurfa misjafnra meðala.

Stundum leggjast mýs á fé fé manna, og naga á því bakið. Eg hefi heyrt, að ekkert væri jafngræðandi slík sár eins og nýdrepin mús, rist sundur og lögð við sárið. Sönnur veit ég ekki.

Svipuð er trú manna um reiðina. Hún læknast bezt með sársauka annara — helzt þeirra, er valdið hafa. En einmitt vegna þess, að eðli reiðinnar er slíkt, þá er hún afarhættuleg sálarsýki.

"Það skríða svo margar af mannkynsins nauðum
úr músétnu hold á lifandi sauðum

Því meira, sem reiðin fyllir sál manns, þess sjúkari er sálin, því hættar er hún stödd. En sem betur fer, er hún oftast skammæ. Þó getur hún orðið langvinn, tekið sig upp aftur og orðið að ólæknandi sjúkdóm, sem eyðir sálarmögnunum eins og tæring. Slík reiði — langvinn og þaulsætin — nefnist hatur.

Sá, sem hatar, ber stöðugan sársauka í sál sinni, og gengur með þann ásetning, að gera þeim, sem sársaukanum veldur, alt það ilt, er hann megnar. Athygli hans vakir yfir öllum högum óvinarins og biður tækifæris til að fá höggstað á honum. Hugsanamáttur hans eyðist til að finna ráð, sem skaða megi óvininn. Mesta ánægja hans verður, að vita hinum liða illa eða sjá hann liða. Þannig eyðast sálarmögn hans sjálfs í þjónustu hugsana og athafna, sem fjandsamlegar eru lífi annara og heill. Skæðari og skaðlegri óvin andans og siðmenningarinnar en hatrið getur því ekki. Það er langvinn og smittandi sálarsýki — andleg tæring.

Og þó eru ýmsir svo blindir að álíta hatrið heilbrigt, og telja það jafnvel merki mikilleiks, að geta geta hatað — eldheitt og ískalt. En það er álíka eins og að telja það hraustleikamerki, að maður geti fengið 40 stiga hita og hamslausan hroll eða köldu.

Það þarf margfalt meira þrek og heilbrigðari sál til að geta lifað án haturs en haldin því. Það þarf miklu meira andans ágæti til að fyrirgefa en hefna. Það þarf margfalt meiri og fullkomnari sál til að geta elskað aðra en hatað þá. Þess vegna er hatrið óðal smáu sálnanna — "moldvörpuandans" — er "er sig einan séðan fær"; — en kærleikurinn er óðal stóru sálnanna, viðsýnu — þeirra, sem mest nálgast fegurstu guðshugmyndir mannanna.

Ef öllum þeim andans mögnum, sem eytt hefir verið til að hata og hugsa öðrum ilt, hefði verið varið til þess að elska og hugsa öðrum gott, ef öllu því starfi, sem eytt hefir verið til að ofsækja óvini, kvelja þá og rifa niður verk þeirra, hefði verið varið til að bæta hag mannanna og byggja með þeim — þá væri heimurinn fegri og himininn rýmri og menninir meiri og göfugri en þeir eru nú.

Auðvitað á hatrið eðlilegar orsakir. En svo er um alt í heimi þessum. Frá því sjónarmiði er auð velt að sanna réttmæti haturs eins og kærleikans, sjúkdómsins eins og heilbrigðinnar. En sé á því bygt, að lífið sé betra en dauðinn — og með því einu móti verður tilverustriðið afsakanlegt, með því einu móti verður nokkurt minsta vát í því — þá er sjálfsagt hverjum heilbrigðum manni að berjast móti féndum lífsins: sjúkdómunum, í hverri mynd og af hverri tegund, sem þeir eru.

Þetta er líka alment viðurkent gagnvart sjúkdómum líkamans. Læknarnir standa á verði gegn öllum sýnilegum og ósýnilegum óvinum líkamans, standa á verði með knífa og meðul og sóttvarnir og samgöngubönn. Sjúkrahúsin eru opin öllum, sem eiga einhvers megnuga vini eða fé. Allskonar eitur er lokað inni í lyfjabúðum og krossað — eins og kongsvinir — og illir andar.

En meðan læknar líkamans og verðir vaka að starfi sínu, þá fara blöð og bækur og tungur um löndin og sá sóttkveikjum haturs og illgirni í sálir mannanna. Og það er svo sorglega lítið gert til að hefta för þeirra og framkvæmdir. Gagnvart þeim stendur fjöldinn varnarlaus. Og sálirnar sýkjast og siðmenningin lötrar — lötrar. Og svona hlýtur að ganga, meðan rétt ur reiðinnar er viðurkendur og hatrið heiðrað. En mikil furða er það, að þeir menn semskilja, að ekki þýðir að reiðast dauðum hlut — skuli ekki einnig skilja, að fásinna er að reiðast lifandi hlut (persónu), þó orsökum þundinn vilji eigi þátt í því, að hann sé til óþægindа. Og sé heimska að ala reiði, þá er enn meiri heimska að ala hatur.

Skynsamur maður forðast eða færir burt þá hluti, sem valda honum óþægindа. Hann veit, að það er betra ráð en að refsa þeim. Eina ráðið til að losna við óþægindi af völdum illra vilja, er að forðast þá eða nema þá burt. Og illir viljar verða aldrei numdir burt að öllu með hatri eða beiðnum. Slíkt ýfir sárin og eykur illviljann. Það verður að nema burt ástæðurnar fyrir því, að viljarnir eru vondir. Og það verður að eins gert með því, að græða sár sálnanna, og verja þær fyrir því, sem veitt getur ný sár.

* * *

Íslendingar hafa löngum verið sundurlyndir. Þeir hafa líka verið heiftræknir og hatursfullir margir. Það sýna bardagar og brennur fyrri alda.

Enn eru Íslendingar sundurlyndir og enn eru þeir hatursfullir. Það sýna deilur dagblaðanna o.fl. Þeir, sem nú bera þyngst orð hver á annan, mundu naumast hika við að bera vopn hver á annan, ef það væri siður. Hugarfarið virðist vera hið sama og áður. Siðmenningunni vinst furðu seint, þó menn læri fleira en fyr, þekki fleiri og hærri hugsjónir, og þykist berjast fyrir þeim.

Líkamlega sjúkur maður þroskast lítið eða ekki, þó hann eldist að árum, því sýkin eyðir mögnum þroskans. Og siðmenningunni miðar seint í hatursjúkum sálum. Þær ná ekki að þroskast.

Þung er ábyrgðin, sem hvílir á læknum líkamlegra meina. En þyngri er sú, sem hvílir á þeim, er gerast andlegir útverðir og leiðtogar lýðsins. Undir þeim er að miklu komin andleg heilbrigði — siðmenning þjóðanna. Ef þeir eru sjálfir sjúkir, smitta þeir og sýkja þjóðarandann. Þeir, sem vekja og glæða hatur og úlúð og illar hugs anir í sálum mannanna, þeir spilla þeim — sýkja þær. Þeir ósiða þjóðirnar — tefja siðmenninguna. Og því miður eigum við Íslendingar marga slíka leiðtoga.

* * *

Okkur greinir á um margt. Það er eðlilegt, því aldrei sjá tveir alveg hið sama, á sama augnabliki — því síður fleiri. Þó ætti öllum, sem annars skifta sér nokkuð af högum þjóðar sinnar, að koma saman um, að vilja siðmenta hana. Eg vil ekki efast um, að slíkur sé vilji leiðtoga vorra. En hvers vegna nota þeir þá tæki, sem hljóta að tefja siðmenninguna? Hvers vegna reyna þeir að ala hatur í sálum landa sinna? Vita þeir ekki, hvaða afleiðingar slkt hefir? Vita þeir það ekki, blaðamennirnir, að fjöldi þeirra greina, sem blöðin flytja, er þess eðlis, að þær hljóta annaðhvort að vekja hatur og úlúð og illar hugsanir, hvar sem blöðin eru lesin, eða þá iskalda fyrirlitningu? Vita þeir ekki, að með slíku starfi spilla þeir þjóð sinni, sýkja sálirnar — sá illgresi í andans akur fósturjarðarinnar?

* * *

Sorglegur atburður er það í menningarsögu okkar Íslendinga, að íslenzkir menn skuli hafa orðið til þess, að deila um Danahatur Íslendnga. Það væri að vísu ekki svo hættulegt, þó einstakir menn eyddu tíma og kröftum til að þrátta um þetta. En þegar deilan er orðin svo hávær, að almenningur verður að hlýða á hana, og þess eðlis, að hún hlýtur að glæða gamalt hatur í huga þjóðarinnar, þá er hún skaðleg. Og hörmulegast er það, að gáfaðir menn og þjóðhollir skuli há slíkan bardaga, þó þeir geri það í beztu meiningu, því hann er háður gegn siðmenningu þjóðarinnar.

Í sjálfstæðs- og menningarbar, áttu vorri er oss einskis framar þörf en andlegrar heilbrigði. Þess vegna eru þeir einir oss hollir, sem megna að göfga sálir vorar — eyða hatrinu — auka mannúðina og kærleikann.

Karl Finnbogason.

—NORÐURLAND.

Sparið Línið Yðar.

Ef þér óskið ekki að fá þvottinn yðar rifinn og slitinn, þá sendið hann til þessarar fullkomnu stofnunar.

Nýtízku aðferðir, nýr vélaútbúnaður, en gamalt og æft verkafólk.

LITUN, HREINSUN OG PRESSUN SÉRLEGA VANDAÐ

Modern Laundry & Dye Works Co., Ltd.
307—315 Hargrave St.
WINNIPEG, MANITOBA
Phones: 2300 og 2301

"Andvökur"

LJÓÐMÆLI EFTIR
Stephan G. Stephansson

Kosta, í 3 bindum, $3.50, í skrautbandi.

Tvö fyrri bindin eru komin út, og verða til sölu hjá umboðsmönnum útgefendanna í öllum íslenzkum bygðum í Ameríku.

Í Winnipeg verða ljóðmælin til sölu, sem hér segir:

Hjá Eggert Jóhannssyni, 689 Agnes St., EFTIR KL. 6 AÐ KVELDI.

Hjá Stefáni Pétursyni, AÐ DEGINUM, frá kl. 8 f.h. til kl. 6 að kveldi, á prentstofu Heimskringlu.

Hjá H. S. Bardal, bóksala, Nena St.

Hjá N. Ottenson, bóksala, River Park, Winnipeg.

Utanbæjarmenn, sem ekki geta fengið ljóðmælin í nágrenni sinu, fá þau tafarlaust með því að senda pöntun og peninga til Eggerts Jóhannssonar, 689 Agnes St., Winnipeg, Man.

Leyndarmál Cordulu frænku.

Nýjir kaupendur að HEIMSKRINGLU sem borga fyrir einn árgang fyrirfram, fá skáldsögu þessa og aðra til, alveg

ókeypis.

WINNIPEG Business College

Cor. Portage Ave and Fort St.

28. AR.

FÉKK FYRSTU VERÐLAUN Á SAINT LOUIS SÝNINGUNNI.

Dag og kveldkensla. Telefón 45.

Haustkensla byrjar 1 Sept.

Bæklingur með myndum ókeypis.

Skrifið til: *The Secretary, Winnipeg Business College, Winnipeg, Man.*

A. S. BARDAL

Selur líkkistur og annast um útfarir. Allur útbúnaður sá besti. Enfremur selur hann al-skonar minnisvarða og legsteina.

121 Nena St. Phone 306

HEIMSKRINGLU og TVÆR skemtilegar sögur fá nýir kaupendur fyrir að eins **$2 00**

Giftingaleyfisbréf

selur: Kr. Ásg. Benediktsson

540 Simcoe st. Winnipeg.

—THE—

"Arena"

Þessi vinsæli skautaskáli hér í vesturbænum er nú opinn. Ísinn er ágætur. 18DA MOUNTED RIFLES BAND SPILAR Á ARENA. KARLM. 25c.—KONUR 15c.

Chas. L. Trebilcock, Manager.

ROBLIN HOTEL

115 Adelaide St. Winnipeg

Bezta $1.50 á-dag hús í Vestur Canada. Keyrsla ókeypis milli vagnstöðva og hússins á nóttu og degi. Aðhlynning hins bezta. Viðskifti Íslendinga óskast. Íslenzkr veitingamaður afgreiðir yður. —

O. ROY, eigandi.

JIMMY'S HOTEL

BEZTU VÍN OG VINDLAR. VÍNVEITARI T.H.FRASER, ÍSLENDINGUR.

James Thorpe, Eigandi

A. S. TORBERT'S

RAKARASTOFA

Er í Jimmy's Hótel. Besta verk, ágæt verkfæri; Rakstur 15c en Hárskurður 25c. — Óskar viðskifta Íslendinga. —

MARKET HOTEL

146 PRINCESS ST. á móti markaðnum

P. O'CONNELL, eigandi, WINNIPEG

Beztu tegundir af vínföngum og vindum. aðhlynning góð húsið endurbætt

Woodbine Hotel

406 MAIN ST.

Stærsta Billiard Hall í Norðvesturlandinu Tíu Pool-borð.—Alskonar vín og vindlar

Gistin, og fæði: $1.00 á dag og þar yfir

Lennon & Hebb,

Eigendur.

Um ljósin.

Kvekdið, sem rafljósin mistu sinn mátt
í myrkrinu fólkið sat,
að afla sér ljósbirtu á einhvern hátt
óðar fór hver sem gat.
Kasta varð öllum finheitum frá, —
á ferðum var ekki neitt grín, —
að uppgjafa lömpum menn leituðu þá
til að lýsa upp skrauthýsin sín.

Einstöku kaupmanni upphugsast ráð,
áhyggja í myrkrinu vex,
þeir opnuðu búð sína af einskærri náð
eftir að klukkan var sex.
Brjóta má lög, þegar bráðliggur á, —
að búa við myrkur er hart.
Tylftir af kertum keypti fólk þá,
sem kostuðu dollar og kvart.

En — nú er þó sannarlegt skin eftir skúr,
skuggi sést enginn á ferð,
því bætt er nú rafljósa-aflinu úr, —
um alt ríkir ljósánna mergð.
Og skammdegis húmið er horfið um sinn,
það hækkar á loftinu sól,
sjálf ljósanna hátíð hringd er nú inn:
þau heilögu, blessuðu J ó l.

* * *

Um árslok að gjöfunum gætum við þá,
sem g u ð hefir öllum veitt.
Jafnt dimmu og björtu dögunum á
Drottinn hefir oss leitt.
Þakki nú h o n u m hvert hjarta hrært,
sem hugsar um gleði og sorg. —
Margt andlegt og líkamlegt l j ó s brennur skært,
sem lýsir upp W i n n i p e g borg.

G. H. H j a l t a l í n.

PRENTUN

VÉR NJÓTUM, sem stendur, viðskipta margra Winnipeg starfs- og "Business"-manna.— En þó erum vér enþá ekki ánægðir — Vér viljum fá alþýðumenn sem einatt notast við illa prentun að reyna vora tegund. — Vér ábyrgjumst að gera yður ánægða. — Símið yðar næstu prentpöntun til —

'Phone: Main 5944

The ANDERSON Co. COR. SHERBROOKE ST. AND SARGENT AVENUE. WINNIPEG.

PROMPT PRINTERS

Smávegis.

SKINN af hundum, köttum eða rabbitum og öðrum smádýrum, séu lögð í vatn er fljóti yfir þau og liggi þar 24 stundir, þá skal taka þau upp, breiða þau á sívalan staur, ofnrör eða því um líkt og skafa holdrosann með sljófum hnífi, unz hann er hreinn. Sjóddu eitt pund álún og hálft pund af salti í fjórum pottum vatns; þegar saltið og álúnið er runnið, skaltu hella þessu í leirkrukku. Láttu það nú kólna, þar til þú þolir ofan í með hendina, láttu svo skinnin ofan í og nuggaðu þau og nuggaðu í 10—15 mínútur eins og þú getur. Lát þau svo liggja í þessum legi 48 klukkustundir. Svo skaltu taka löginn, sjóða hann aftur, og nugga skinnin aftur í 10 mínútur, og láttu þau enn liggja í leginum í 48 klukkustundir. Svo eru skinnin tekin upp úr, undin vel og hengd yfir sívala ása með hárið niður og látin þorna í skugga en ekki sól. Á hverjum morgni og hvert kvöld verður að teygja þau vel á alla kanta. Þegar þau eru orðin þur og mjúk, leggist þau á borð, með hárið upp, og maður hristir gott lag af fínni tréösku yfir þau. Þannig liggja þau í 24 klukkustundir. Svo eru þau barin með spítu, síðan bustuð vel, og lögð fyrir með hárin saman. — Ofannefnd lút dugar fyrir 4 lítil skinn, en 2 stór, sem liggi þá lengur í bleyti.

RYÐ Á PLÓGUM. Kauptu 4 únzur af Sulphuric Acid, blandaðu því saman við mörk af vatni. — Heltu ögn af þessari blöndu á ryðið, en láttu ekkert koma á fötin eða skinnið,— það brennir eins og eldur. Sé ryðið mikið, verður að gera þetta þrisvar eða fjórum sinnum. Nuggaðu svo ryðið af með sandi og vatni. Berðu svo feiti á.

GEGN BLÓÐEITRUN og höggormabiti er súr mjólk ágæt að baða liminn í, helzt að halda honum niðri lengi, lengi. Eins ef maður stingur sig á nagla í fótinn.

EGGJAGEYMSLA. Fjórir pottar af loftleskjuðu kalki leysist upp í 4 pottum af vatni, hrærist vel. Bættu við 2 kúfuðum skeiðum af Cream of Tartar og hrærðu vel í. Eggin lætur þú í leirkrukku, mjóa endann niður og hellir leginum á þau, svo þau séu í kafi. Þau geymast þannig jafnvel í 3 ár.

FÁIR þú kalk í augað, skaltu þvo það upp úr sætu vatni.

SENNEPSPLÁSTUR er búinn til úr sennepi og eggjahvítu, hann dregur en brennir ekki.

CARBOLVATN skyldi maður ætíð eiga á heimili sínu. Það er gott við öll sár, og ágætt að hella því á gólfið í rúmin í hænsnahúsið og víðar.

STERKT sjóðandi álúnsvatn, borið á veggi, rúmstæði og víðar, hrekur burt veggjalús. — Álún í hvítþvott er ágætt.

LÁTTU 4 eða 6 þunnar spítur í botninn á tunnu, láttu svo tveggja þumlunga þykt lag af hálmi þar ofan á, síðan ösku ofan á hálminn, svo tunnan sé nær því full, hell nú vatni á, en hafðu krana við botninn á tunnunni og hleyptu vatninu gegn um hann í bala, heltu vatninu aftur og aftur yfir öskuna. Í 20 gallón af þessari öskulút lætturðu 3 pund af feiti og eitt pund Sal Soda, sýður þetta yfir hægum eldi, unz sápan er mátulega þykk.

RJÓMA OG MJÓLKUR ÍLÁT skal ávalt þvo í köldu vatni á undan því heita, annars festast agnirnar svo, að vart er unt að ná þeim, eins og lyktin segir til.

TIL AÐ EYÐA FARFALYKT í nýmáluðum húsum, er gott að setja vatnsfilát inn með nokkrum sundurskornum laukum í, og loka svo vel.

HARÐVIÐARASKA er ágæt kringum tré, sem sáð hefir verið.

The Dominion Bank

NOTRE DAME Ave. BRANCH Cor. Nena St.

ÍSLENZKA TÖLUÐ.

VÉR GEFUM SÉRSTAK AN GAUM AÐ SPARISJÓÐS-DEILDINNI. —

VEXTIR BORGAÐIR AF INNLÖGUM.

HÖFUÐSTÓLL - - - $3,983,392.38

SPARISJÓÐUR - - $5,300,000.00

H. A. BRIGHT, MANAGER.

LEIÐBEININGAR--SKRA

YFIR ÁREIÐANLEGA VERZLUNARMENN Í WINNIPEG

MUSIC OG HLJÓÐFÆRI

CROSS, GOULDING & SKINNER, LTD. 323 Portage Ave. Talsími 4413

MASON & RISCH PIANO CO., LTD. 356 Main Street. Talsími 480. W. Alfred Albert, Íslenzkur umboðsmaður

WHALEY ROYCE & CO. 356 Main St. Phone 263. W. Alfred Albert, bústarþjónn.

BYGGINGA- og ELDIVIÐUR.

A. D. McARTHUR CO., LTD. Bygging og Eldiviður í heildsölu og smásölu. Sölust.: Princess og Higgins Tals. 5060, 5061, 5062

MYNDASMIÐIR.

G. H. LLEWELLIN. "Medallions" og Myndarammar. Starfstofa Horni Park St. og Logan Avenue

SKÓTAU Í HEILDSÖLU.

AMES HOLDEN, LIMITED. Princess & McDermott. Winnipeg.

THOS. RYAN & CO. Allskonar Skótau. 44 Princess St.

THE Wm. A. MARSH CO. WESTERN LTD. Framleiðendur af Finu Skótaui. Talsími: 3710. 88 Princess St. "High Merit" Marsh Skór

RAFMAGNSVÉLAR OG ÁHÖLD

JAMES STUART ELECTRIC CO. 324 Smith St. Talsímar: 3447 og 7802. Fullar byrgðir af alskonar vélum.

GOODYEAR ELECTRIC CO. Kellogg's Talsímar og öll þarafiðt. áhöld Talsími 3023. 36 Albert St.

RAFMAGNS AKKOKÐSMENN

MODERN ELECTRIC CO. 412 Portage Ave. Talsími: 5658. Viðgjörð og Vir-lagning — allskonar.

BYGGINGA - EFNI.

JOHN GUNN & SONS. Talsími 1277. 266 Jarvis Ave. Höfum bezta Stein, Kalk, Cement, Sand o. fl.

THOMAS BLACK. Selur Járnvöru og Bygginga-efni allskonar. 76—82 Lombard St. Talsími 600

THE WINNIPEG SUPPLY CO., LTD. 298 Rietta St. Talsímar: 1936 & 2187. Kalk, Steinn, Cement, Sand og Mól

BYGGINGAMEISTARAR.

J. H. G. RUSSELL. Byggingameistari. Í Silvester-Wilson byggingunni. Tals: 1068

PAUL M. CLEMENS. Bygginga-Meistari. 443 Maryland St. Skrifst.: Argyle Bldg., Garry st. Talsími 5997

BRAS- og RUBBER STIMPLAR

MANITOBA STENCIL & STAMP WORKS. 421 Main St. Talsími 1880. P. O. Box 244. Búum til allskonar Stimpla úr málmi og togleðri

CLYDEBANK SAUMAVÉLA AÐGERÐARMAÐUR. Brúkaðar vélar seldar frá $5.00 og yfir. 564 Notre Dame. Phone, Main 8624

VÍNSÖLUMENN

GEO. VELIE. Heildsöla Vínsali. 195, 197 Portage Ave. E. Smá-sölu talsími 352. Stór-sölu talsími 464.

STOCKS & BONDS

W. SANFORD EVANS CO. 326 Nýja Grain Exchange. Talsími 369

ACCOUNTANTS & AUDITORS

A. A. JACKSON. Accountant and Auditor. Skrifst.— 28 Merchants Bank. Tals.: 5702

OLÍA, HJÓLÁS-FEITI OG FL.

WINNIPEG OIL COMPANY, LTD. Búa til Stein Olíu, Gasoline og hjólás-áburð. Talsími 1590. 611 Ashdown Block

TIMBUR og BÚLOND

THOS. QVSTAD, 208 Kennedy Bldg. Viður í vagnhlössum til notenda, búlönd til sölu

PIPE & BOILER COVERING

GREAT WEST PIPE COVERING CO. 132 Lombard Street.

VÍRGIRÐINGAR.

THE GREAT WEST WIRE FENCE CO., LTD. Alskonar vírgirðingar fyrir hesta og borgara. 76 Lombard St. Winnipeg.

ELDAVÉLAR O. FL.

McCLARY'S, Winnipeg. Stærstu framleiðendur í Canada af Stóm, Steinvöru (Granitewares) og fl.

ÁLNAVARA Í HEILDSÖLU

R. J. WHITLA & CO., LIMITED. 264 McDermott Ave. Winnipeg. "King of the Road" OVERALLS.

BILLIARD & POOL TABLES.

W. A. CARSON. P. O. Box 225. Room 4 í Molson Banka. Öll nauðsynleg áhöld. Fer gjöri við Pool-borð

NÁLAR.

JOHN RANTON. 203 Hammond Block. Talsími 4670. Sendið strax eftir Verðlista og Sýnishornum.

GASOLINE Vélar og Brunnborar

ONTARIO WIND ENGINE and PUMP CO. LTD. 301 Chamber St. Sími: 2688. Vindmillur — Pumpur — Ágætar Vélar.

BLÓM OG SÖNGFUGLAR

JAMES BIRCH. 442 Notre Dame Ave. Talsími 2638. BLÓM - allskonar. Söng fuglar o. fl.

BANKARAR, GUFUSKIPA AGENTR

ALLOWAY & CHAMPION. North End Branch: 667 Main street. Vér seljum Avísanir borgunlegar á Íslandi

LÆKNA OG SPITALAÁHÖLD

CHANDLER & FISHER, LIMITED. Lækna og Dýralækna áhöld, og hospítala áhöld. 185 Lombard St., Winnipeg, Man.

Byrjið nýja árið með því að kaupa Heimskringlu

Með því að biðja sérlega um "T.L. CIGAR," þá ertu viss að fá ágætan vindil.

T.L.

Smoke the T.L. CIGAR

(UNION MADE)

Western Cigar Factory. Thomas Lee, eigandi. Winnipeg

Redwood Lager og Extra Porter

Styrkið taugarnar með því að drekka eitt staup af öðrum hvorum þessum ágæta heimilis bjór, á undan hverri máltíð. — Reynið !!

EDWARD L. DREWRY Manufacturer & Importer Winnipeg, Canada.

fjórðu hlið byggingarinnar var stór garður og frá honum lá trjágangur, með gömlum, risavöxnum eikartrjám á báðar hliðar, næstum því þúsund faðma langur, sem endaði við þjóðveginn.

Óðinsvíkur og Liljudalslöndin lágu samhliða, og var Liljudalsbyggingin reist á dálitlu nesi, sem skagaði út í vatnið, eins og áður er um getið. Bæði höfðingjasetrin sáust frá kofanum, sem húsfrú Sterner bjó í, sem, eins og áður er sagt, stóð á Óðinsvíkur landinu.

Það var að austan og vestan að eikarskógurinn umkringdi Óðinsvík. Hér og hvar um skóinn voru skurðir og brautir, sem sandur var borinn ofan í, er lá að umgirtu svæði í miðjum skóginum að austanverðu, er hávaxin tré skýldu að. Þar var móður Eberhards jarðsett. Innan í miðri girðingunni stóð marmarasúla og í hana var greypt nafnið: "Mathilde Stjernekrans". Svæði þetta var á allan hátt vel um gengið, og eftir að Eberhard greifi var heim kominn, lét hann skreyta minnisvarðann með nýjum blómum á hverjum degi. Því þessi ónáttúrlegi sonur, sem hafði myrt föður sinn, geymdi blíðar endurminningar um móður sína, sem hafði leitt hann inn á ranga lífsbraut.

Það var um kvöldið, daginn eftir að Mórits hlustaði á sögu Jakobs í nánd við dysina, að tveir menn í þunnum yfirhöfnum gengu fram og aftur um eina af brautunum, sem lá að grafreitnum. Annar þessara manna var að sjá miðaldra, lágur en þreklegur. Andlit hans bar vott um viljaþrek, og dökku, fjörlegu augun báru vott um hyggindi. Dökt hrokkið hár umkringdi háa ennið hans, sem sorg og þjáningar höfðu myndað hrukkur á hér og hvar. Hann virtist kominn yfir fertugs aldur. Þessi maður var Crispin, sem Eberhard hafði fundið í París og fengið til að

fylgja sér til Svíþjóðar. Báðir voru nú komnir að grafreitnum, þar sem margir svarðbekkir stóðu.

"Við skulum setjast, Crispin minn", sagði hinn yngri, "ég er þreyttur".

"Á þessum stað", sagði Crispin eftir stutta þögn, "sátum við fyrir nokkrum árum síðan og lásum La p u c e l l e eftir Voltaire. Manstu eftir því?"

"Já, þú varst ágætur kennari".

"Og á meðan við lásum, kom faðir þinn að okkur óvörum, þreif bókina af okkur og bannaði mér harðlega að láta þig lesa slík óguðleg rit. Faðir þinn gat ekki áttað sig á snildinni hjá Voltaire".

"Nei", svaraði Eberhard, "faðir minn var maður eins og fólk er flest, því vil ég ekki neita".

"Dauðdagi hans var mjög einkennilegur, eftir því að dæma, sem þú hefir sagt mér", sagði Crispin. "Þú varst sjálfur viðstaddur, þegar hann datt ofan í Innfljótið".

"Já", svaraði Eberhard skjálfandi, "ég var viðstaddur".

"Og þú gazt ekki hjálpað honum?"

"Nei, nei. En við skulum ekki tala um þessa sorglegu tilviljun. Faðir minn sefur rólega á botni Innfljótsins, — lofum honum að sofa í friði".

"Já", sagði Crispin hugsandi, "þú segir satt, látum þá dauðu hvíla í ró. Þeir eru ekki á flækingi. Menn deyja, og þá er alt búið".

"Já", svaraði Eberhard, "lög aleyðsiunnar ná til okkar allra. Þau eru síðasti hlekkurinn í nauðsynjakeðjunni. — — Ó, vinur minn, við erum að eins leiksoppar".

"Já, að sönnu", svaraði Crispin, og horfði dökku augunum sínum rannsakandi á Eberhard, "að sönnu erum við leiksoppar, en þó eru til menn, sem eru ístöðuminni en við, og sem við þess vegna getum leikið okkur að. Heimslögin stjórna mannkyninu,

en innbyrðis hefja einstakir menn sig yfir aðra með aflinu, en lög aflsins eru að merja, merja hverja mótstöðu, sem verður fyrir þér, unz þú sjálfur verður marinn af öðrum þér aflmeiri. Og hvaðan kemur aflið, ef ekki frá gullinu og mannvitinu? Dygðinni, segja menn. Ég neita því, ég þekki ekki dygðina, það er að skilja þá, sem siðfræðingarnir dást svo mjög að. En ég hefi séð þeim fórnað fyrir dygðir sínar, sem heimurinn hefir kallað eðallyndasta. Ég hefi staðið hjá höggstokk Lúðvíks sextánda og aftökupalli Maríu Antoniettu, — ég hefi séð dygðafyrirmyndir þúsundum saman lita öxina með blóði sínu, þar sem aflið og mannvitið ruddi sér braut sigri hrósandi. Á þessum viðburðum byggist trú mín, eða réttara vantrú, því þannig nefna guðfræðingarnir það.

"Ég sagði, að Lúðvík sextándi hefði fallið. En hvers vegna? Af því hann var heiðarlegur maður, fyrirmynd í hegðun, siðferði og réttlæti. Lúðvík fjórtándi rikti þar á móti öruggur í hálfa öld, af því hann var samvizkulaus maður, ötull og sveifst einskis. Sá, sem vill drotna, verður að vera samvizkulaus og trúlaus".

"En Napóleon fell líka", sagði Eberhard.

"Já, af því hann ætlaði sér of mikið. Hann vildi ráða yfir öllum heiminum, og skoraði jafnvel sjálf forlögin á hólm. Hans eigin ofstopi feldi hann, því þess er að gæta, að afl, sem ekki stjórnast af mannviti, fellur um sjálft sig. Of mikill ofstopi er jafn óhyggilegur og of mikið réttlæti og of mikil dygð. Robespierre, Danton og Marat, sanna það greinilega".

"En þú sagðir áðan, að alt afl ætti að merja, þangað til það yrði marið af öðru sterkara afli", sagði Eberhard. "Ef þessi lög gilda, hver þörf er þá á takmörkun?"

"Leggðu réttan skilning í orð mín, Eberhard. Af því dauðinn fyr eða síðar eyðileggur okkur, eru þessi lög gefin. En það má flýta eða tefja fyrir þeirri stund, ef fyrfrætlunum vorum er kænlega stjórnað. Það er ekki nóg að vera ljón, maður verður líka að vera refur".

"Þú segir satt", svaraði Eberhard, "mótmæli mín voru heldur ekki sprottin af efasemi, heldur af löngun til að heyra þig færa ítarlegri rök fyrir skoðunum þínum, þessum skoðunum, sem heimskan kallar fjarstæður. Þú segir satt, og ég skal sýna, að ég er kennara mínum samboðinn".

"En það má ekkert ístöðuleysi finnast hjá þér, Eberhard, þú mátt ekki líkjast móður þinni, — — og þó, hún var frönsk. — — Þú hefir erft fjörið hennar, ég vil ekki ásaka þig fyrir það, ef þú hefir einnig þrautseigju Norðurlanda íbúanna".

"Móðir mín, já, hún var fjörug. Þú þektir hana unga?"

Einkennilegt bros lék um varir Crispins, þegar hann heyrði þessa spurningu, og í augum hans var sem eldur brynni, þegar hann svaraði:

"Já, Eberhard, ég þekti hana — — dálítið. Hún var af sömu ættinni og ég er, eins og þú veizt".

"Hún hefir að líkindum verið mjög fögur, þegar hún var ung", sagði Eberhard.

"Hún var mjög falleg, — framúrskarandi fríð".

"Þegar ég man eftir henni, var hún mjög föllelt og leit út fyrir, að vera beygð af sorg. Hafi ég séð rétt, þá hefir hún geymt einhverjar óþægilegar æskuendurminningar, sem hafa svift hana lífsgleðinni".

"Getur vel verið", svaraði Crispin stuttlega.

Á þessu augnabliki kom þjónn til þeirra.

"Herra greifi", það er kominn ferðamaður, sem langar til að tala við þig vitnalaust".

"Það er gott, ég skal koma".

HÚSIÐ

VÉR ERUM jafnan við því búnir, að láta væntanlega viðskiftavini dæma um breytni vora við viðskiftavini vora á liðinni tíð, í öllum vorum viðskiftum við þá. Vér seljum beztu Píanó tegundir, og hikum ekki við að ábyrgjast þau.

Vér erum aðal-umboðs menn fyrir —

Heintzman & Co.

PIANO

Sem hefir reynst svo vel, að það er sönnun þess að það er gert af beztu efnum. Um 60 ár hefir það verið, og er enn, bezt allra Canadiskra Píanó, og með þeim beztu í heimi.—

Hinir mörgu tónfræðingar sem notað hafa þetta Píanó hafa allir lokið einróma lofsorði á það, sem hafandi yfirburða tónfegurð.—

528 MAIN ST. PHONE MAIN 808

Útibú í BRANDON OG PORTAGE LA PRAIRIE.

Fréttir úr bænum.

Veikindi í húsi ritstjórans í sl. 2 vikur og þriggja daga lega annars prentarans hefir gert það ómögulegt, að koma út nema 4 blaðsíðum af Heimskringlu þessa viku.

Þann 1. þ.m. gaf séra Oddur V. Gíslason í hjónaband þau herra Gísla Ó. Gíslason og ungfrú S. M. Crawford, að Westbourne, Man.

West Winnipeg Band ætlar að halda Concert og Dans í lok þessa mánaðar. Íslenzku drengirnir vona að landar sínir fjölmenni á þá samkomu. Þeir lofa að gera þetta beztu samkomuna, sem þeir haka nokkru sinni haldið hér í borg. — Þessi hljóðlæraflokkur hefir í allan vetur spilað á einum helzta skauta skálanum hér, og hefir þótt mikið til hans koma.

Þann 23. des. sl. heimsóttu séra Friðrik J. Bergmann nokkrir vinir hans og færðu honum að gjöf mjög vandaðan legubekk. Samtímis heimsóttu Mrs. Bergmann nokkrar vinkonur hennar og færðu henni að gjöf verðmæta og fallegan borðbúnað. Þau hjónin þökkuðu gestunum fyrir þessar gjafir með nokkrum hlýlegum og vel völdum orðum. Að því búnu skemtu menn sér við samræður og rausnarlegar veitingar. — Á nýársdag var öllu þessu ofanneinda fólki boðið til samsætis hjá þeim séra Friðrik og konu hans. Þetta heimboð var að öllu leyti mjög ánægjulegt, skorti hvorki höfðinglegar veitingar né fjörugar samræður. Samsæt þetta stóð yfir fram á nótt, og allir skildu ánægðir, fullvissir um, að hafa varið vel tímanum á fyrsta degi ársins.

Séra Einar Vigfússon, frá Kristnes P.O., Sask., kom til bæjarins í sl. viku, og hyggur að vera hér eystra um tveggja mánaða tíma hjá dóttur sinni og tengdasyni á Gimli. Hann segir, að margir bændur í Saskatchewan geymi hveiti sitt í von um hærra verð síðar, þykir verðið lágt þar vestra nú sem stendur. Heilsa fólks góð og vellíðan yfirleitt.— Á jóladagskveldið hafði verið haldin samkoma að Foam Lake. Um 200 manns voru þar saman komnir. Þar var jólatré og messugerð. Sr. Einar Vigfússon flutti þá guðsþjónustu. Hann hefir hafst nægilegt að starfa þar í bygðunum að prestsverkum og stundum meira en hann hefir getað komist yfir.

Stúdentafélagið heldur fund næstk. laugardagskveld, þ. 8. janúar. Fundurinn verður í fundarsal Tjaldbúðarsafnaðar. Kappræða verður háð að loknum starfsmálum.

Manitoba stjórnin hefir pantað 150 þús. talsímastaura frá þeim Nelskn og Cassidy hér í borg. Verðið er 200 þús. dollarar. Þetta er stærsta staura-kaup, sem gert hefir verið í Canada.

Ungmennafélag Únítara heldur starfs og skemtifund í kveld (miðvikudag) í samkomusal sínum. — Meðlimir beðnir að fjölmenna.

Herra Charles Barber, dýraverndunar embættismaður Manitoba fylkis, aðvarar fylkisbúa um, að þeir megi ekki hafa á borðum sínum akurhænur, rjúpur, lóur, eða heiðlóur, skógarsnipur, hrossagauka eða kjöt af neinum þeim dýrum, sem nefnd eru í 3. og 4. gr. dýraverndunarlaganna, hvorki fyrir heimilisfólk né gesti. Slíkt er brot móti nefndum lögum og liggur sekt við.

Það ber að líta að þeim tíma, að allir, sem keypt hala veiðileyfi til að veiða stærri dýr, eiga að skila aftur þeim leyfum á stjórnarskrifstofu akuryrkju deildarinnar. Hr. Barber biður þess getið, að hann óski, að fylkisbúar fylgi nákvæmlega þeim reglum, sem settar eru í lögunum, að skila veiðileyfum sínum strax að enduðu hverju veiðitímabili.

Þeir, sem óska að senda hausa eða hami af fuglum eða dýrum út úr fylkinu, verða að fá leyfi til þess hjá akuryrkjudeildinni, samkvæmt "a" lið 22. greinar nefndra laga.

Goodtemplarastúkan SKULD heldur sinn fyrsta fund á þessu ári í kvöld (miðvikudag), og er svo til ætlast, að fundurinn verði fjölmennur, því öllu bindindisfólki er boðið upp á andlega og líkamlega hressing.

Hluthafa-ársfundur

í Heimskringlu News & Publishing Company verður haldinn að skrifstofu hlaðsins, 729 Sherbrooke St., Winnipeg mánudaginn 10. janúar 1910, kl. 8 að kveldi. Þetta tilkynn ist hluthöfum til íhugunar.

Útgáfunefndin.

Herra J. K. Jónasson, kaupmaður að Dog Creek, var hér á ferð í verzlunarerindum í sl. viku. Hann sagði líðan allgóða þar nyrðra. — Herra Jónasson hefir umboð frá Heimskringlu til þess að taka á móti áskriftum að blaðinu og borgunum fyrir það, frá kaupendum þess þar í bygð. Til hægðarauka geta þeir því snúið sér til hans í þessum efnum, og hann mun breyta vel og sanngjarnlega við viðskiftamenn blaðsins, ekki síður en við eigin skiftavini sína.

Frá Íslandi kom nú um áramótin herra Þorsteinn Björnsson, frá Bæ í Andakílshreppi í Borgarfjarðarsýslu, útlærður guðfræðingur.

Kvæðið "Um ljósin", eftir hr. G. H. Hjaltalín, átti að hafa komið í síðasta blaði, en varð rúmleysis vegna að bíða þessa blaðs, og er höfundur þess beðinn velvirðingar á drættinum.

Bandalag Tjaldbúðarsafnaðar hefir ákveðið að hafa CONCERT AND SOCIAL þann 11. jan. næstkomandi. Gott prógram verður auglýst síðar.

"Recital"

þriðjudaginn 11. þ.m. í Good Templars Hall halda nemendur þeirra Jónasar Pálssonar pianokennara og Th. Johnsonar fiolinkennara.

Á prógraminu verða 17 stykki, öll vönduð, og 8 nemendur frá hvorum kennara koma fram til að sýna list sína.

Íslendingar ættu að fjölmenna svo á þessa samkomu, að húsfyllir verði.

Aðgangur frí. Samskot tekin.

Kork sóladir Skór

Vér höfum SKÓTAU sem krefst þess, að allir sem meta fóta þægindi, veiti því athygli.—

Hugsið yður

Fætur yðar snerta jörðina 6 þúsund sinnum á klstund þegar þér gangið. Það þýðir 6 þús. rikki á taugakerfið og hryggjarmænuna. Korksóla Skór vorir eru og þannig tilbúnir, að þeir varna rikkjum á taugakerfið og mænuna. Væta eða kuldi fer ekki í gegnum þá, er þeir halda fótunum í þægilegu ástandi.

Fyrir kvenmenn $4.50 til $6.00
Fyrir karlmenn $6.00

Ryan-Devlin Shoe Co
494 MAIN ST. PHONE 770

Hveitiræktarfélagið í Manitoba hefir valið nefnd manna til þess í samvinnu við Roblin stjórnina, að undirbúa frumvarp til laga um þjóðeign á kornhlöðum í fylkinu. Nefndin á að mæta stjórninni í dag (miðvikudag).

Ungfrú Ingunn Hallgrímsdóttir, frá Meðalheimi í Húnavatnssýslu, ef hún er hér í borg, er vinsamlega beðin að finna að máli Mrs. Ingibjörgu Goodman, að 702 Simcoe St., við fyrstu hentugleika.

— Tolltekja Bandaríkjastjórnar í New York borg var á sl. ári 117½ miliónir dollara,— rúmlega 40 miljónum meira en á undangengnu ári.

Hver vill eiga skildinga?

Herra Magnús J. Borgfjörð að Hólar P.O., Sask., biður þess getið, að hann hafi umboð til þess að lána peninga og selja eldsábyrgðir víðsvegar í Quill og Valley bygðum. Félög þau, sem hann hefir umboð fyrir, eru traust og áreiðanleg. Hann selur Hudsons flóa félags lönd og C.N.R. félags lönd og lönd, sem eru eign privat félaga.

Þeir, sem vildu fá sér landskika eða skildingalán, ættu að finna Magnús að máli. — það kostar ekkert, að tala við hann og upplýsingar veitir hann öllum ókeypis.

JOHN DUFF
PIPE FITTER, GAS AND STEAM FITTER
Alt verk vel vandað, og verðið rétt
664 Notre Dame Ave. Phone 3815
Winnipeg

DR. H. R. ROSS
C.P.R. meðala- og skurðlækuir.
Sjúkdómum kvenna og barna veitt sérstök umönnun.
WYNYARD, — SASK.

KAUPIÐ af þeim og verzlið við þá sem auglýsa starfsemi sína í Heimskringlu og þá fáið þér *betri* vörur með *betra* verði og *betur* útilátnar.....

Dr. M. Hjaltason, Oak Point, Man.

Jóhanna Olson
PIANO KENNARI
557 Toronto St. Winnipeg

Mrs. Williams
Komið og sjáið
Fínu Flókahattana
sem ég sel fyrir
$3.75
kostuðu áður 7—10 dollara.
704 NOTRE DAME AVE.
23-12-9

Dr. G. J. Gislason,
Physician and Surgeon
Wetlington Blk - Grand Forks, N.Dak
Sjerstakt athygli veitt AUGNA, EYRNA, KVERKA og NEF SJÚKDÓMUM

W. R. FOWLER A. PIERCY.

Royal Optical Co.
307 Portage Ave. Talsími 7286.
Allar nútíðar aðferðir eru notaðar við augn skoðun hjá þeim, þar með hin nýja aðferð, Skurga-skoðun, sem gjörð er öllum ágiskunum. —

ANDERSON & GARLAND
LÖGFRÆÐINGAR
35 Merchants Bank Bldg. Phone: 1561

MARTYN F. SMITH,
TANNLÆKNIR.
Fairbairn Blk. Cor Main & Selkirk
Sérfræðingur í Gullfyllingu og öllum aðgerðum og tilbún aði Tanna. Tennur dregnar án sársauka. Engin veiki á eftir eða gómbólga. —
Stofan opin kl. 7 til 9 á kveldin
Office Phone 6944. Heimilis Phone 6462.

Húðir og ógörfuð Loðskinn
Verzlun vor er vor bezta auglýsing. Sendið oss húðir yðar og loðskinn og gerist stöðugir viðskiftamenn.
Skrifið eftir verðlista.
The Lightcap Hide & Fur Co., Limited
P.O. Box 1092 172-176 King St Winnipeg 16-9-10

Þarft þú ekki að fá þér ný föt?
EF ÞAU KOMA FRÁ CLEMENT'S, — ÞÁ VERDA ÞAU RÉTT
Réttur að efni, réttur í sniði réttur í áferð og réttur í verði.
Vér höfum miklar byrgðir af fegurstu og beztu fataefnum. —
Geo. Clements & Son
Stofnað árið 1874
264 Portage Ave. Rétt hjá Free Press

Th. JOHNSON
JEWELER
286 Main St. Talsími: 6606

JOHN ERZINGER
TÓBAKS-KAUPMAÐUR.
Erzinger's skorið reyktóbak $1.00 pundið
Hér fást allar nefntóbaks-tegundir. Óska eftir bréflegum pöntunum.
McINTYRE BLK., Main St., Winnipeg
Heildsala og smásala.

G. NARDONE
Verzlar með matvöru, aldini, smá-kökur, allskonar sætindi, mjólk og rjóma, sönnul. tóbak og vindla. Óskar viðskifta Íslend. Heitt kaffi eða te á öllum tímum. Fón 7756
714 MARYLAND ST.

Boyd's Brauð
Góð Brauð eru lang ódýrari en vond brauð. Ver brauðum vorum fer ekkert til ónýtis. Þau halda sér algerlega og missa ekki keim sinn á sólarhring. Gerð í beztu vélum.— Biðjið matsalann um þau eða símið eftir vögnum vorum.
Boyd's
Bakery Cor Spence & Portage Ave
Phone 1080.

Winnipeg Wardrobe Co.
Kaupa brúkaðan Karla og Kvenna fatnað,— og borga vel fyrir hann.
Phone, Main 6539 397 Notre Dame Ave.

BILDFELL & PAULSON
Union Bank 5th Floor, No. 520
selja hús og lóðir og annast þar að lútandi störf; útvegar peningalán o. fl.
Tel.: 2685

Jónas Pálsson,
SÖNGFRÆÐINGUR.
Útvegar vönduð og ódýr hljóðfæri.
460 Victor St. Talsími 6803.

J. L. M. THOMSON, M.A., L.L.B.
LÖGFRÆÐINGUR. 255½ Portage Ave.

It's going UP.

Þú getur ekki búist við
að það geri annað en eyðast í reyk. Því ekki að fá nokkur tons af okkar ágætu kolum, og hafa ánægjuna af, að njóta hitans af þeim, þegar vetrarkuldarnir koma. Komið til vor og nefnið þetta bl.
D. E. ADAMS COAL CO.
YARDS Í NORÐUR, SUÐUR, AUSTUR OG VESTURBÆNUM
Aðal Skrifst.: 224 BANNATYNE AVE.

Þjónninn fór.

"Viltu verða samferða, Crispin?" spurði greifinn "eða viltu bíða hér?"

"Farðu bara, ég bíð hér";

Eberhard fór.

Þegar Eberhard var horfinn, stóð Crispin upp af svarðbekknum, krosslagði hendurnar á brjóstinu og horfði fast á grafarmerkið og nafnið.

"Mathilde Stjernekrans", tautaði hann með sjálfum sér. — — þú sveikst mig — — þú tókst annan fram yfir mig, enda þótt þú hefði fylstu ástæðu til að vera mér þakklát — — enda þótt ég stofnaði lífi mínu í hættu til að frelsa þig og foreldra þína frá að vera hálshöggin, — — enda þótt þú hefðir lofað mér ævarandi trygð, — — eiðar þínir gleymdust — og þú sveikst mig, — — vei þér — — því ég hefi hefnt mín, — — ekki á þér, heldur á syni þínum, sem þú elskaðir umfram alt. Þú kvaddir þennan heim með þessari voðalegu vissu, sem ég hvísla í eyra þér, af því þú vissir, að Crispin gengur ekki á bak orða sinna".

"Hér, við þína eigin gröf, svikula kona, hefi ég sáð fræ eyðileggingarinnar í sálu hans, innrætt honum sjúkleiksku, sem fyr eða síðar dregur hann ofan í undirdjúp glötunarinnar, og ég skal ekki sleppa af honum berdinni fyr en ég er viss um algerða eyðileggingu hans. Og svo skal ég hlægja og segja: þetta er fræðileikurinn. Glæpur móðurinnar leggur byrðina á herðar soninn.

Þegar Crispin sagði þetta, var sem hin djöfullega gleði brytði eldingu yfir dökka, kjarklega andlitið hans. Svo snéri hann sér við, vafði að sér yfirhöfninni og rölti heim til hallarinnar.

IX.

Rafhjartað.

Það er nú stuttlega búið að minnast á fólkið, sem mest kemur við þessa sögu, og skal því, með lesarans leyfi hlaupið yfir fjögur ár, sem ekkert markvert hafa að geyma.

Eftir nokkuð á mánaða dvöl heima, fór Eberhard greifi aftur af stað í ferðalag, ásamt með kennara sínum, Crispin. Föðurmorðinginn hafði aldrei frið fyrir þeirri logandi óró, sem bjó í huga hans.

Húsfrú Sterner sat og saumaði í kofanum sínum enn sem áður, og Mórits var nú orðinn stór og stæðilegur piltur, 14 ára gamall. Hann naut enn tilsagnar hjá Bergholm presti, sem lagt hafði ástfóstur við hann, sökum hinna sjaldgæfu námshæfileika hans.

Leikbróðir hans og æskuvinur, Óskar Bergholm, var þar á móti hættur við nám, af því að faðir hans sá, að hann gat ekki numið latinu né grísku. Óskar var á verzlunarskrifstofu í Stokkhólmi, og skrifaði foreldrum sínum og Mórits mjög oft, því hann hélt vináttu við hann.

Jakob Kron hafði ekki gert vart við sig, hann var horfinn, og ekki vissi Mórits, hvað af honum var orðið, en endurminningin um samfund þeirra við dysina, hvarf ekki úr huga hans, og áhrif þau, sem æfisaga Jakobs hafði á lífsskoðan hans, voru óafmáanleg, þrátt fyrir hinar ólíku og ástríku kenningar

móður hans, og hina hreinu siðferðiskenningu Bergholms prests.

En árin liðu hjá, og ekkert var, sem minti Mórits á viðburð þenna. Hann hafði ekki séð þessa vondu höfðingjafjölskyldu í öll þessi ár, sem var orsök í samfundum hans við Jakob, og beiskju ranginda þeirra, sem honum höfðu verið sýnd, hafði tíminn mýkt áþreifanlega. En hugmyndir þær, sem líina hjá okkur, þegar við erum börn, skilja seint við okkur, og svo var það með Mórits. Hann tortrygði höfðingjafólkið, sem hann vissi að var ríkt, en tilfinningar þessar lét hann aldrei uppi, því hann grunaði, að hvorki móðir sín né presturinn mundu fallast á þær.

Það var síðari hluta laugardags, í byrjun ágústmánaðar, hiti var mikill um hádaginn, en kólnaði ögn er sól lækkaði á lofti.

Bergholm prestur sat á tröppunni fyrir utan húsdyr sínar, með reykjarpípuna sína í munninum. Við hliðina á honum sat Mórits í utanhafnarskyrtu, með stráhatt á höfði, og las hátt í Virgils Oneide. Um leið og Mórits las bragliðina, sló presturinn hljóðfallið á tröppuna með fætinum. Hann var framúrskarandi kátur. Honum þótti svo skemtilegt, að heyra þessi uppáhaldsljóð sín lesin af eftirlætisgoði sínu, — þessu eftirlætisgoði, sem hann hafði sjálfur mentað og þótti auka virðing sína og metnað.

"Bene legiste, dilectissime!" sagði presturinn, þegar pilturinn þagnaði, "en við skulum láta þetta nægja í dag, við verðum að geyma seinni tímanum nokkuð af þessum fyrirtaks fögru ljóðum. En hvert er álit þitt á ljóðmælum þessum?"

"Þau eru mjög falleg, guðdómleg", sagði Mórits. "Nú á tímum finst enginn, sem yrkir þannig".

"Nei, þeir láta það nú vera, þeir góðu herrar", sagði presturinn. "Samt sem áður verðum við að

viðurkenna, að við eigum góð skáld, og þó eiga þjóðverjar þau enn betri".

"Já", sagði Mórits, "ég er nálega búinn með 'Ræningjana' eftir Schiller, sem þú léðir mér í vikunni sem leið, og það er naumast hægt að hugsa sér nokkuð jafn hryllilegt, tryllingslegt og fagurt. Ég á þér ósegjanlega mikið að þakka, góði kennari minn, að þú hefir gert mig hæfan til að geta veitt slíkum snildar skáldskap móttöku".

"Það er fallegt, drengur minn, að vera þakklátur, og mér þykir miklu vænna um þig af því, að þú elur slíkar tilfinningar. En þú hefir ríkulega endurgoldið mér með hlýðni þinni og iðni. Ef þú heldur þannig áfram, Mórits, þá verður þú lærður og mikils metinn maður, og mér er huggun að því í mínum erfiðu heimilisástæðum".

"Mér er mikil ánægja, að heyra þessi orð, því ég er þér mjög þakklátur fyrir alt gott, sem þú hefir auðsýnt mér, herra prestur. Ég óska nú samt, að þú þurfir engrar huggunar við, en getir ávalt verið ánægður".

"Ó, drengur minn, hvar finst sá maður, sem ekki þarf annara hluttekningar og ástar við, við hvert spor frá vöggu til grafar? Ó, ég þarf þess fremur en margir aðrir. Ég hefi miklar áhyggjur. Fjárhagslegar ástæður minar, með fimm börn á ungum aldri, eru býsna erfiðar. Drengurinn hefir að sönnu góða stöðu, en ég er hræddur um, að hann kunni að láta leiðast á afvegu í Gautaborg, sökum þess að hann er talhlýðinn. Ég vildi, að þú gætir verið hjá honum, því hann ber mikið traust til þín. Að því er telpurnar minar snertir, þá er það þó enn verra. Þrjár þeirra viija ekkert læra. Ég hvorki get né vil látið þær á skóla, og þó vil ég, að þær verði mentaðri en bændadætur vanalega eru. Konan verður að þekkja fleira en matreiðslu. Yfirstandandi tími krefst þess,

Heimskringla.

XXIV. ÁR | WINNIPEG, MANITOBA. FIMTUDAGINN, 13. JANÚAR 1910 | NR. 15

Fregnsafn.

Markverðustu viðburðir hvaðanæfa

— Fjármálastjóri Breta Lloyd-George gat þess á fundi í Plymouth á laugardaginn var, að mest af ríkisinntektum Breta væri borgað af útlendingum, í sköttum, sem lagðir væru á þá, — að Bretar seldu útlendingum 517 miljónir punda sterling virði af vörum á ári, og hefðu ágóðann af því. þess utan fengju Bretar 100 mil. sterling á ári af skipastóli sínum. Hann kvað útlendingana borga Bretum fjórfaldan skatt: — 1. vaxtaborgun af lánuðu fé, 2. ágóði af seldum vörum, 3. ágóði af vöruflutningum til og frá Englandi, og 4. ágóði af vörum keyptum frá útlöndum. — Kosningar eiga að byrja á Englandi á laugardaginn kemur, í nokkrum kjördæmum. Þá er búist við að kosnir verði 48 Liberalar, 2 verkamenn og 17 Unionistar.

— Hestaþjófar, sem um langan undanfarinn tíma hafa unnið að því, að stela hestum beggja mégin Bandaríkja línunnar og selja þá hinu megin, hafa náðst. Þessir þrír menn voru 2. þ.m. dæmdir af dómara í Norður-Dakota, tveir þeirra til 10 ára fangavistar hvor, og sá þriðji, sem ljóstaði upp um sig og félaga sína, fékk líkan dóm, en var samstundis slept lausum. Menn þessir hafa grætt vel á starfi sínu á nokkrum síðustu árum. Þeir hafa stolið hundruðum hesta í Manitoba og Saskatchewan og selt þá fyrir sunnan línu. Einnig stolið þar syðra og svo selt hér norður frá.

— Yfir 90 þúsund manns frá Bandaríkjunum hafa flutt til Canada árið sem leið, og hver þeirra, að jafnaði, flutt með sér yfir þús. dollara virði í peningum og eignum. Svo að alls hafa menn þessir auðgað Vestur-Canada um 100 miljónir með innflutningi sínum, að ótöldum þeim staðskröftum og þekkingu, sem þeir hafa til brunns að bera.

— Howard, dómari í yfirrétti New York borgar, hafði nýlega "Graft" mál til íhugunar og yfirvegunar. Hann hafði sjálfur útnefnt menn til þess, að ákveða skaðabætur til landeigenda, sem orsakast höfðu af því, að vatnsþró mikil hafði verið gerð til að tryggja New York borg nægilegan vatnsforða. Þegar nefndin hafði lokið starfi sínu, varð það ljóst, að borgin varð fyrir hartnær einnar miljón dollara útlátum að eins fyrir starf nefndarinnar og ferðakostnað hennar, að ótöldum öllum skaðabótunum. Dómarinn varð afarreiður fyr þessum reikningi, sem hann hafði áætlað að ekki mundi fara yfir 100 þús. dollara. — Í dómsákvæði sínu sagði hann um "Graft" meðal annars þetta: — "Almenningur ætlast til og býst við "Graft", og skemmir jafnvel herfang sitt til þess að eyða öllum einum sínum, hvenær sem hann ákveður að framkvæma eitthvert stórvirki, og hann horfir með jafnaðargeði, afskiftaleysi og jafnvel velþóknun á það, að eignir hennar séu dregnar úr höndum hennar. "Graft" er atriði, sem eins virkilega verður að taka til greina eins og steinlím eða timbur í byggingu. Þessi "Kake-olf" eru farin að álítast sjálfsagður. Allir, sem gera áætlanir um kostnað við byggingar og önnur mannvirki, gera ráð fyrir "Graft". Reiknið út, hvað járnbrauta eða önnur félög geta bygt brautir sínar og annað fyrir — bætið við það 40 per cent, og þér hafi allan kostnaðinn við fyrirtækið. Það mundi verða skoðað sem kenjar, að ætlast til þess, að nokkurt opinbert verk væri unnið ráðvandlega fyrir að eins það sem það kostar".

— Mrs. Russell Sage gaf Yale háskólanum 650 þús. dollara í nýársgjöf.

— Franskur maður að nafni la Grange flaug nýlega í loftfari sínu 124 milur á 2 kl.stundum 32 mínútum, eða 48 mílur á kl.stund.

— Pólitiskir útidyrafundir á Írlandi hafa verið æriið róstusamir á sl. nokkrum vikum. Hópar ríðandi manna hafa hleypt á harða stökki gegn um mannþröngina, svo að áheyrendur hafa orðið að hröklast undan og fundirnir að hætta. Hafi lögreglan ætlað að skerast í leikinn, þá hafa riddararnir ráðist á hana, og hún einnig orðið að forða sjöri með fótum sínum — flýja.

— Strathcona lávarður hefir gefið 25 þúsund dollara til taugaveikisspítala, sem byggja á í Montreal borg, og hefir boðið 100 þúsund í viðbót til sjóðmyndunar fyrir þá stofnun.

— Nú er það víst, að dr. Cook og kona hans éru við baðstað einn á Þýzkalandi, og segir doktorinn í bréfi til bróður sins, sem er í New York, að heilsa sín sé mjög að batna og að sér líði vel síðan hann hafi komist burt úr margmenninu. Hann gerir ráð fyrir, að gera aðra ferð til pólsins með frændum sínum, til þess að sanna þeim, að hann hafifundið pólinn.

— Brockville bær í Ontario hefir átt sitt eigið vatnsleiðslukerfi í 17 ár, og einatt hafst góðan ágóða af því. Á sl. ári varð ágóðinn nær 8 þús. dollars, og þó hefir gjaldið lækkað að stórum mun á síðari árum.

— Þrjár þjóðir keppa nú um, að finna suðurpólinn: Bretar, Frakkar og Bandaríkjamenn. National Geographical Society í Washington auglýsir, að það sé að undirbúa til leiðangurs þangað suður. Frakkar eru þar syðra um þessar mundir, sigldu þangað í október sl. frá Rio de Janeiro, undir stjórn Dr. Jean Charcot. Bretar ætla að verja 100 þús. dollara í leiðangur suður á pólinn, og helzt er í orði að þaðan verði gerðir 2 leiðangrar, og að stjórnin kosti annan þeirra. Þeim er sjáanlega ant um að finna pólinn.

— Merkileg saga var sögð í rétti í Parísar borg fyrir fáum dögum. Hjón ein höfðu verið kærð fyrir svikseemi, og æfisaga þeirra var rakin fyrir réttinum. Maðurinn heitir Omar Gubattas, en kona hans er amarikönsk leikkona að nafni Sylvia Thompson. Gubattas vann sem aðstoðar matreiðslumaður á gistihúsi í Parísarborg, en þótti tilvera sin fremur daufleg þar og atvinnuvegur sinn lítilljörlegur. Hann fór því til Vinarborgar, en strauk þaðan með eldabusku móður sinnar og fór til New York. Þá var hann 17 vetra. Næst komst hann til California og lenti þar í tveggja mánaða fangelsi fyrir prettí. Hann gekk þá undir nafninu "Count Herrick" og hafði góða tiltrú, svo að kaupmenn lánuðu honum óspart fé og varning, sem hann borgaði aldrei þagar hann kom út úr fangelsinu, tók hann sér nafnið "Count Hernack" og fór til San Francisco. Þar komst hann í kynni við Sylviu Thompson. Þau fluttu í fyrra til Parísar, keyptu strax mótorvagn og keyrðu í honum til Austurríkis, en borguðu aldrei fyrir vagninn. Þau leigðu sér skrauthýsi af dómara einum í bænum Aussee. Leigan var þúsund dollarar á mánuði, en þau borguðu hana aldrei. Lögreglan fór nú að hafa afskipti af þessum hjúum, en þá flýðu þau til Ameriku. Í aprílmánuði sl. fóru þau til Lousanne á Frakklandi og hafa lifað þar kongalifi um 6 mánaða tíma. Í október fóru þau á ný til Parísar, leigðu sér beztu íbúðina í einu finasta hóteli borgarinnar, og komu sér í kynni við ítalska auðkonu af háum stigum. Hún gerði þau kunnug ýmsum stórkaupmönnum borgarinnar. Nú þóttust hjúin vera af konungaættum frá Austurríki, og höfðu því ótakmarkaða tiltrú, með því líka að þau dvöldu í íbúð, sem þeim var leigð fyrir 16 þús. dollara um árið, þá var þeim auðgert að villa kaupmönnum sjónir. Einn þeirra lánaði þeim 40 þús. dollara virði af demöntum og öðrum skrautgripum, sem þau létust ætla að gefa hinum konunglega frænda sínum í afmælisgjöf. Þau seldu þessa skrautmuni strax og lifðu um tíma á fénu. Næst fluttu þau í sérstakt stórhýsi og settu upp búhokur. Þá fengu þau hjá einum kaupmanni 6 þúsund dollara virði af fatnaði. Næst reyndu þau að fá 28 þús. dollara virði af demöntum hjá kaupmanni þar í bænum, en hann hafði frétt af þeim og lét taka þau föst.

— Bretastjórn hefir gefið það kosningaloforð, að hún muni sjá um, að Írlandi nautpeningi frá Argentina verði eftirleiðis leyfð landganga á Bretlandi til að keppa við nautpening frá Bandaríkjunum, og er vonað að þetta hafi þau áhrif að lækka að mun kjötverð þar í landi og auka fylgi stjórnarinnar.

— Bandaríkjastjórnin hefir lagt þá tillögu fyrir Rússastjórn, að Rússar selji allar járnbrautir sínar í Manchuria fylkinu til Kína. Í þessari tillögu felst það, að auðmenn þeirra ríkja, sem hagsmuna hafa að gæta þar eystra, annist fjármál brauta þessara og stjórni starfi þeirra. Tilgangur Bandaríkjanna með þessari tillögu er sá, að tryggja það, að brautakerfi þessu verði stjórnað hlutdrægnislaust og með þeim tilgangi einum, að láta starfið borga sig, og að hindra það, að kerfið verði notað í hernaðar eða pólitísku skyni, og mundi það miða til þess, að tryggja frið þar eystra. — Það var eitt af erindum Ito greifa til Harbin, þegar hann var myrtur þar, að ræða þessi mál við umboðsmenn Rússa. Það er ætlun manna, að úrslit þessa máls séu að mestu komin undir því, hvernig Japan taki þessari málaleitun. Bandaríkjastjórnin lætur þess jafnframt getið, að Bretar og Bandaríkjamenn hafi fengið leyfi til að leggja járnbraut frá Algun í Norður-Manchuriu til Chin Chowfu í Kína, og að stjórnir beggja þessara ríkja séu ákveðnar í því, að styðja forgöngumenn þessa fyrirtækis. Mælt er að Rússum geðjist vel að þessari ákvörðun, og að þeir séu líklegir til að ganga að tilboði Bandaríkjanna, ef Japanar gefa jafnframt samþykki sitt til þessa.

— Í Canada eru nú taldir 7,350,000 íbúar, við byrjun þessa árs. — Í Strandfylkjunum teljast 1,037,112 í Quebec fylki 2,088,461, í Ontario fylki 2,619,025, í Manitoba 466,268, í Saskatchewan 341,521, í Alberta 273,859, í Brtiish Columbia 289,516 og í héruðum þeim öllum, sem enn ekki hafa fengið fylkismyndun, 58,309. — Í Manitoba er talið, að íbúatalan hafi aukist um 211,057 síðan árið 1901.

— Voða-norðanstormur, sem æddi um strendur Nova Scotia þann 4. og 5. þ.m., hrakti til hafs um 20 til 25 fiskibáta. Skip voru þegar gerð út til að leita þeirra og bjarga bátshöfnunum, og náðu þau öllum nema 8 bátum. Á þeim voru 40 manns, og eru þeir taldir frá, með því að ofsarok var á sjó og norðan stórhríðargaddur, svo að skýlislausum mönnum var ekki lífi næturlangt úti á rúmsjó. — Stjórnin gerði út nokkra gufubáta til að leita manna þessara, en þeir fundust hvergi. — Næsta dag fréttist, að allir bátarnir hefðu fundist að einum undanteknum. Voru þeir komnir 40 mílur út á haf og menn á þeim stórskemdir af frosti, en lifandi þó og flestir læknandi. En týndi báturinn er talið að hafi farist.

— Vetrarkuldar á norðurhluta Spánar eru sagðir meiri nú um nýárið, en elztu menn þar muna til. Margt manna hefir frosið til bana. Úlfar, óvanalega grimmir hafa í hópum vaðið inn í smáþorpin, og drepið nautgripi sér til lífs. Mörg skip eru ísbundin inni á höfnum þar, og íbúarnir líða allskyns skort og kvalir kuldans vegna.

— Þrír Anarkistar réðust á veikan mann, auðugan, í húsi hans í Chicago, að morgni 6. þ.m., og réðu honum bana að konu hans ásjáandi. Þeir höfðu áður sent honum mörg hótunarbréf, ef hann léti ekki af hendi við þá það fé, sem þeir heimtuðu. En hann hafði engu skeytt þeim hótunum.

— Heldur gengur baráttan þunglsga fyrir lávörðunum á Englandi. Hvert einasta blað á Bretlandi og í Ameríku viðurkennir, að þeir verði illa undir í næstu kosningum, og margir þeirra fá ekki að tala á fundum fyrir ólátum. Desborough lávarður var svo illa leikinn á fundi í Canterwell, að hann varð að flýja af fundinum. Komst þó þaðan ómeiddur.

---

50 ára afmæli Einars Hjörleifssonar var í öndverðum desember mánuði. Blöktu þá fánar á stöngum og vinir hans fluttu honum heillaóskir og silfurbikar, í honum voru yfir 700 kr. í peningum.

Gunnar H. Jensen.

Heimskringla telur sér sæmd í að eiga kost á því, að flytja mynd þá hér að ofan af vestur-íslenzkum manndómi, um leið og hér er að nokkru getið mannsins, sem hún er af og starfi hans.

Gunnar H. Jensen er fæddur í Reykavík á Íslandi 15. nóv. 1877. Hann fluttist hingað vestur með móður sinni, frú Ástríði Jensen, einni fegurstu íslenkri konu, sem flutt hefir vestur um haf. Þau mæðgin komu til Winnipeg fyrir 24 árum síðan. Þá var Gunnar 8 ára. Hann ólst hér upp með móður sinni um hríð. Vesturheims loftslagið virðist hafa átt einkar vel við hann. Hann gekk hér á skóla og dafnaði andlega og líkamlega, svo fljótt varð það auðsætt, að í honum bjó vænlegt mannsefni.

Ekki hafði hann á skóla og uppvaxtarárum sínum mikil mök við hina íslenzku sambekkinga sína, en varði tímanum utanskóla til lesturs og íhugunar á hérlendu þjóðlífi, jafnframt því sem hann þá greip hverja þá smávægilega atvinnu, sem gæfi honum fé nokkurt í aðra hönd, og með því létti að nokkru byrðinni af móður sinni.

Eftir nokkurra ára dvöl hér, fór Jensen frá Winnipeg, mun hafa þótt fremur þröngt um sig í svo litlum og frumbýlingslegum bæ, sem þá var hér, og starfsstækifærin alt of takmörkuð jafn stórhuguðum framsóknaranda sem hans var jafnvel þá á barnsaldrinum. Winnipeg búar mistu því sjónar á Gunnari um stund, og þegar nokkrum árum síðar fréttist til hans, þá var hann orðinn ráðsmaður fyrir leikhús eitt í bænum New Westminster í British Columbia, undir þeim samningum, að hann hefði þriðjungs ágóða af gróðanum af starfi leikhússins, og bæri jafnframt sinn þriðja hluta af tapi, ef nokkurt yrði. Þá var hann að eins 20 ára gamall. En með því að hann hafði ráðsmensku hússins í sinni umsjá, þá var það að nokkurru leyti undir honum sjálfum komið, hvernig starfið gengi, og með ötulleik sínum og fyrirhyggju samfara prúðmannlegri framkomu tókst honum þar að græða nokkurt fé. Nú var Gunnar orðinn fulltíða maður, 6 feta hár og þrekinn að sama skapi, og hugurinn þó ennþá stærri. Honum fór að finnast bærinn of litill og verksviðið of takmarkað, og framtíðin öll tvísýn, ef látið væri þannig reka á reiðanum, að hann bindi sig of fast við starf þetta. Hann skáldi því við félaga sína, og leitaði gæfunnar suður í Bandaríkjum, í landinu, sem ætíð býður opinn faðm öllum nýtum drengjum, og drjúg laun fyrir dyggilega unnið starf. Þar syðra dvaldi hann nokkur ár, og hefir víst á því tímabili varið vel tíma sínum, staðskröftum og gáfnahæfileikum, og vaxið mjög að reynslu og verzlunar og starfslegri þekkingu. Engar sögur futtust af honum hingað norður fyr en fyrir 4 árum, að hann kom hingað og settist hér að um hríð sem aðstoðar ráðsmaður fyrir deild þeirri, sem North West Thresher félagið í Stillwater í Minnesota stofnaði hér í borginni. Nú til þess að verzlun félagsins gæti gengið eins vel hér í canadiska Norðvesturlandinu eins og félagið óskaði, varð það að hafa hér ötulan, áreiðanlegan og hyggjinn farandsala, en slíkir menn eru vandfengnir, og þó að félag þetta hefði nokkur hundruð manna í þjónustu sinni þá, bar þó að þeim brunni, að það hafði ekki völ nema á einum manni, sem það vildi trúa fyrir því starfi. Sá maður var Gunnar Jensen. Hann var því sendur til Regina, höfuðborgar Saskatchewan fylkis, og skyldi hann hafa aðalstöðvar sínar þar, en ferðast fram og aftur um vesturfylkin og selja akuryrkjuverkfæri félagsins, einkanlega þreskivélar. Þetta starf hefir hann haft á hendi um nærfelt 4 ár, og svo hefir honum gengið verzlunin vel, að önnur félög, sem verzla í Vestur-Canada með samkynja vörur, þóttust verða fyrir halla í samkepninni við Gunnar. Og sjáanlegt var þeim það, að ekki var nema eitt ráð tiltækilegt til þess að komast hjá samkepni þessa ötula Íslendings, sem gekk "eins og grenjandi ljón" um bygðir bænda og seldi vörur húsbænda sinna áður en hin félögin gátu komist á brautir hans, — þetta eina ráð var að fá Gunnar í þjónustu sína. En með því, að ekki gat nema eitt þeirra trygt sér þjónustu hans, þá varð aðalspursmálið fyrir þeim, hvert þeirra gæti boðið honum bezt laun. En sú samkepni félaganna varð árangurslaus. Gunnar tók lítið tillit til launa-tilboðanna, en lagði áherzluna á verkfæra-gæðin. Og svo fór að lokum, er hann hafði sannfært sig um það, hvert félagið hefði bezt verkfæri á boðstólum, að hann fastréð, að hafa húsbændaskifti. Hann yfirgaf því North West Tresher félagið þann 31. des. sl., en byrjaði starf sitt næsta morgun — á nýársdag — fyrir Avery Thresher Company, sem alþekt er um Vestur-Canada undir nafninu "Yellow Fellow". Gunnar er því nú orðinn aðal-ráðsmaður (General Agent) fyrir félag þetta í Vestur-Canada. Skrifstofur hans verða í Regina borg, og þar býst hann við að dvelja með fjölskyldu sína framvegis, jafnframt því, sem hann sjálfur hygst að ferðast um Vesturfylkin í erindum húsbænda sinna.

Að hafa náð svo virðulegri stöðu fyrir jafn voldugt félag og vinsælt er sómi hverjum manni, og ekki á annara færi en þeirra, sem gæddir eru jöfnum höndum afburða hæfileikum og góðum mannspörtum.

Gunnar Jensen er um 32. ára gamall, fríður sýnum, bjartur á brún og brá, og hinn karlmannlegasti, en mesta prúðmenni í allri framkomu. Hann er vel þektur meðal íslenzkra bænda í Saskatchewan, ekki síður en hérlendra, og í öllum framtíðarviðskiftum sínum við þá má óhætt fullyrða, að hann lætur sér ant um það, að breyta svo sanngjarnlega við þá, sem staða hans leyfir honum. — Gunnar hefir mætur miklar á íslenzku bændunum í Vestur-Canada og hann mun láta sér ant um að hylla þá með kosta verzlunarkjörum, hvar og hvenær sem fundum hans og þeirra ber saman.

Vonandi verður hann lengi ráðsmaður þessa félags, sem hann segir að hafi í verzlun sinni þær ágætustu þreskivélar og önnur akuryrkjuverkfæri, sem fáanleg séu í Canada.

Íslands fréttir.

Ingólfur og Lögrétta bárust hingað um síðustu helgi, og ná fram að 15. des. sl. En þjóðviljinn og Ísafold ekki sést hér í sl. tvo mánuði, hvernig sem á því stend-ur. Í blöðum þeim, sem komið hafa, einkanlega Lögréttu, eru helzt engar fréttir, alt blaðið fult af óbóta skömmum um ráðherrann út af afskiftum hans af bankamálinu, og öllu öðru, sem að einhverju leyti nær til hans, og þó ekkert það nýtt um bankamálið, sem ekki var áður kunnugt, nema ef vera skyldi það, að gæslustjórarnir nýju neiti eða hafi neitað að sitja lengur í embættum sínum, og að í þeirra stað séu settir þeir Hannes Þorsteinsson ritstjóri og Jón Hermannsson skrifstofustjóri.

Um "heimflutning Vestur-Íslendinga" ritar einhver "Vestur-Íslendingur", og gerir árás á kirkjufélags prestana og aðra forkólfa þess félagsskapar fyrir fjandskap þeirra gegn ættjörðinni. Grein sú er í Lögréttu, en S. A. Gíslason svarar henni í Ingólfi og mælir þar máli Vestmanna yfirleitt.

Þjólnaðir sagðir næstum daglegir viðburðir í Reykjavík um þessar mundir.

Ingólfur getur þess, að herra Páll Bergsson frá Duluth í Minnesota, sem um tíma hefir dvalið á Íslandi, hafi farið alfarinn til Vesturheims í nóv. sl. — Það er þessi sami Páll, sem í fyrra ritaði fyrirlestur um Ísland og Ameríku, til þess að sanna yfirburða-gæði Íslands yfir Ameríku, og ferðaðist svo um landið til að flytja fyrirlesturinn, sumpart fyrir borgun frá íslenzkum þjóðvinum og sumpart fyrir borgunar-loforð, sem síðar reyndust tál. Nú hefir maðurinn flúið frá öllum gæðunum eystra, minna en allslaus, til ókostanna vestanhafs.

Ritstjóri Ísafoldar hefir stefnt Jóni Ólafssyni fyrir grein hans í Reykjavík dags. 30. nóv. sl.

Tveir bankafræðingar danskir hafa verið sendir til Íslands til að kynna sér ástand Landsbankans.

OGILVIE'S
Royal Household Flour
Til Brauð og Köku Gerðar
Gefur Ævinlega Fullnæging
EINA MYLLAN Í WINNIPEG,—LÁTIÐ HEIMA IÐNAÐ SITJA FYRIR VIÐSKIFTUM YÐAR

Wall Plaster

Með því að venja sig á að brúka "Empire" tegundir af Hardwall og Wood Fibre Plaster er maður hár viss að fá beztu afleiðingar.

Vér búum til:

"Empire" Wood Fibre Plaster
"Empire" Cement Wall "
"Empire" Finish "
"Gold Dust" Finish "
"Gilt Edge" Plaster of Paris
og allar Gypsum vörunteg-undir. —

Eiqum vér að senda yður bækling vorn?

MANITOBA GYPSUM CO. LTD
SKRIFSTOFUR OG MILLUR I
Winnipeg, - Man.

Heimskringla

Published every Thursday by The Heimskringla News & Publishing Co. Ltd

Verð blaðsins í Canada og bandar. $2.00 um árið (fyrir fram borgað). Sent til Íslands $2.40 (fyrir fram borgað af kaupendum blaðsins hér $1.50)

B. L. BALDWINSON
Editor & Manager

Office:
729 Sherbrooke Street, Winnipeg
P. O. BOX 3083. Talsími 5312.

Vínbannið í Ontario.

Enginn sá, sem veitt hefir vínbannshreyfingunni í Bandarjkjunum og í Canada á sl. nokkrum árum nokkurt náið athygli, getur komist hjá þeirri ályktun, að algert vínbann á öllu meginlandi Vesturheims komist á með tíð og tíma. Á sumum stöðum er það nú þegar í gildi, á öðrum stöðum á það máske langt í land að ná gildi. En einatt er að þokast í "þurviðrisáttina", og það kemur að því einhverntíma, að vínsalan verður gerð landræk.

Nýjasta sönnunin, sem í þá átt bendir, eru vínbannskosningarnar nýafstöðnu í Ontario fylki. Það eru í því fylki 606 sveitir. Af þeim voru fyrir síðustu vínbannskosningar 324 vínlausar en 472 með vínsöluleyfi. Í janúar 1908 voru vínbannskosningar haldnar í 55 sveitum. Lögin eru þannig í Ontario, að vínbannsmenn verða að hafa þrjá fimtu hluta allra greiddra atkvæða, til þess að vínbannið komist á. Samt unnu vínbannsmenn þá í 21 sveitum, og í öðrum 21 sveitum höfðu þeir fleirtölu atkvæðaf þó þeir næðu ekki þremur fimtu hlutum. Hefði vilji fleirtölu kjósenda mátt ráða í þessu eins og öðrum málum, þá hefðu vínbannsmenn borið sigur úr býtum í 42 sveitum. Eða með öðrum orðum: Atkvæðagreiðslan sýndi, að sex sjöundu hlutar þess hluta af fylkinu, sem atkvæðagreiðslan fór fram í, voru hlyntir vínbanni, að eins einn sjöundi hluti þess svæðis tjáði sig andvigan banninu. Þessi sigur bindindismanna var svo ákveðinn og að sumu leyti óvæntur, að hann veitti þeim djörfung til þess að ganga feti framar nú um sl. nýár. Þá voru tekin vínbannsatkvæði í yfir 160 sveitum, og afleiðingin af þeirri atkvæðagreiðslu varð sú, að nú hefir talsvert meira en helfingur allra sveita fylkisins algert vínbann.

Það er og eftirtektavert, að í langflestum þeim sveitum, sem einusinni hafa lögleitt bannið, er því viðhaldið með atkvæðagreiðslu hvenær sem hún er látin fara fram. Þetta bendir óneitanlega á, að fylkisbúar hafi andstygð á afleiðingum vínnautnarinnar, og að þeir séu sér þess meðvitandi, að af henni stafar hvergi neitt gott, en allstaðar og æfinlega meira og minna ilt, — að undanteknum þeim tilfellum, þar sem þess er neytt sem meðala að læknisráði.

Í Toronto borg var vínsöluhúsunum á sl. ári fækkað úr 150 niður í 110, og í þeim sveitum, sem með 3 fimtu atkvæða lögleiddu bannið, fækkaði vínsölukránum um 57, svo að í öllu fylkinu var þeim fækkað um 167.

Skýrslur yfir vínsöluleyfi í Ontario fylki á sl. 27 árum eru ljósastur vottur þess, hve mjög vínbanni hefir þar þokað áfram á þessu tímabili. Árið 1875 voru alls þar í fylkinu veitt 6186 vínsöluleyfi, en á árinu 1908 að eins 2436. Í sl. 18 ár hefir vínsöluleyfum þar fækkað að mun á hverju ári, þar til nú, eftir síðustu atkvæðagreiðslu, að þau eru ekki fleiri en einn þriðji þess er var fyrir fjórðungi aldar.

Hver sá ferðamaður, sem leggur út í langferð og kemst tvo þriðju hluta leiðar sinnar ölúinn og með með meira starfsþoli en hann hafði, þegar hann hóf ferð sína, hann er líklegur til þess með tíð og tíma, að komast alla leiðina. Enda eru nú Ontario búar orðnir svo sannfærðir á því, að algert vínbann komist þar á um alt fylkið, að jafnvel blöð sjálfra vínsalanna eru farin að viðurkenna ósigur sinn og Bakkusar í nálægri framtíð.

Svipað er ástandið í Quebec fylki. Í því fylki eru yfir þúsund sveitir, og meira en helfingur þeirra hafa nú lögleitt vínbann innan takmarka sinna.

Eins er það í Bandarikjunum, að meira en helfingur alls þess landssvæðis hefir löggilt vínbann, og yfir 12 þúsund vínsöluhúsum hefir verið lokað þar á sl. 12 mánuðum, — ekki að eins þeim, sem í sveitum voru, heldur einnig víða í bæjum og borgum. Til dæmis eru þessar höfuðborgir nú orðnar "þurrar", — hafa löggilt vínbann: — Atlanta í Georgia, Lincoln í Nebraska, Concord í New Hampshire, Montpelier í Vermont, Charleston í West Virginia, Raleigh í North Carolina, Nashville í Tennessee, Augusta í Maine, Jackson í Mississippi, Montgomery í Alabama, Topeka í Kansas, Guthrie í Oklahoma, Bismarch í North Dakota.

Af þessum litla lista er það auðsætt, að vínbannið er að ná allföstum tökum í Bandarikjunum. Það er viðurkent, að vínbannið á lang-örðugast uppdráttar í stórborgunum. En þarna eru þó bæir, sem brotið hafa af sér vínnautnarhlekkina, og lítill efi er talinn á því, að svo muni fleiri bæir á eftir fara þar í landi.

Allra nýjustu fréttir frá Ontario, af síðustu vínbanns atkvæðagreiðslu þar, sýna, að vínbannsmenn hafa "þurkað" upp 121 bæi með 61 vínsöluleyfum og 103 þorp með 36 vínsöluleyfum, auk 52 sveita með 114 vínsöluleyfum. Alls tóku þeir þannig af á þriðja hundrað vínsöluleyfi við þessar kosningar.

Kornyrkjumennirnir.

Herra ritstjóri: —

Eftirfylgjandi greinarkorn vil ég biðja Heimskringlu að ljá rúm í sínum velmetnu dálkum, af þeirri ástæðu, að mér vitanlega hefir ekkert verið birt viðvíkjandi félagi því, er greinin fjallar um, í íslenzku blöðunum, nema ef vera skyldi lítilsháttar auglýsingar, er óenskulæsir íslenzkir bændur hafa ef til vill litla eftirtekt veitt.

En með því hugmyndin, sem liggur til grundvallar fyrir stofnun félagsins, sem um er að ræða, er að verða "brennandi" spursmál yfirstandandi tíma, virðist mér að Íslendingar eigi "helga heimting á" að blöð þeirra ræði málið eins ýtarlega og kostur er á. Ein af greinum þess máls, sem mikla eftirtekt hlýtur að vekja í nálægri framtíð, er þjóðeign kornhlaða (Public Ownership of Elevators). Um það munu næstkomandi fylkis- og ríkiskosningar að mesti leyti velta. Það væri því ekki úr vegi fyrir íslenzka kjósendur — bændur sérstaklega — að kynna sér þessi mál vandlega áður en þeir greiða atkvæði við næstu kosningar.

Svo góðs vona víst allir til Heimskringlu, að hún — samkvæmt yfirlýstri stefnu sinni — veiti móttöku fræðandi greinum um nefnd mál, eða upplýsi fáfróða eftir því sem að höndum ber. Greinin, sem á eftir fer, er tekin úr einu af lang-merkustu blöðum í Canada, The FamilyHerald & Weekly Star í Montreal, og þarf hún ekki frekari skýringa við.

"Velgengni sú, er Grain Growers' Grain Company (Kornyrkjumanna kornkaupafélag) hefir átt að fagna, hefir komið af stað meira umtali og heilabrotum um gjörvalt Vesturlandið, en nokkurt annað fyrirtæki af þeirri tegund hefir áður gert. Margir eru háverir með lofi um félagið, nokkrir álíka háverir að lasta það. En áður en vér dæmum, skulum vér líta á málið frá öllum hliðum. — Látum oss þá skoða það frá sjónarmiði bóndans.

Uppskeran er ávöxtur vinnu, hún er afrakstur erfiðis og áhyggju heillar árstíðar. Hver sá, er ábatast við höndlun uppskerunnar á markaðinum, græðir á erfiði bóndans að svo miklu leyti. Fáir kornverzlunarmenn hafa hrúgað saman auðfjár af uppskerunni, sem framleidd var með vinnunni. Bændurnir höfðu vinnuna, þeir erfiðuðu seint og snemma, meðan hinir "fáu útvöldu" lifðu í dýrðlegum fögnuði, í glæsilegum höllum, njótandi afrakstursins af erfiði bændanna, álitnir landsins borgarar í fyrstu röð.

Ovenju björt hugsjón fór að brjótast um í höfði bændanna. Hún var þetta: Því getum við ekki, bændurnir, hverra erfiði hefir framleitt kornið, notið ágóðans af að koma því korni á markaðinn? Það er okkar, og — hafi okkar vinna framleitt það, hvers vegna eigum við þá ekki tilkall til ágóðans af, að koma korninu á heimsmarkaðinn, í staðinn fyrir að gera aðra stórríka á afrakstri erfiðis okkar, — því getum við ekki orðið þess ágóða aðnjótandi?

Afleiðing þessara alvarlegu hugleiðinga var stofnun kornyrkjumanna kornkaupfélagsins í júli árið 1906, með því fyrirkomulagi, að hverjum bónda væri úthlutað ágóðanum af að koma korninu á markaðinn, eftir hlutdeild hans í stofnfé félagsins. Það er bændafélag eingöngu, einungis bændur geta átt hluti í félaginu. Og enginn einstaklingur fleiri en fjóra hluti. Ágóðanum af starfi félagsins er skift milli hluthafa á hverju ári að loknu ársstarfi. Á fyrsta ári höndlaði félagið 2½ milión bush. af korni, 5 miliónir annað árið og þriðja árið 7½ milión. Yfirstandandi ár er búist við, að starf félagsins taki langt fram liðnum árum. Það hefir fengið 19 vagnhleðslur (carloads) á einum degi, og nálægt einni milión bushela á viku, og góðar vonir eru um, að ársstarfið verði yfir 20 miliónir bushela. Árið sem leið var $53,000 skift meðal hluthafa, árið áður $30,000.

Einnig á félagið að miklu leyti vikublaðið Grain Growers' Guide, sem hefir 15,000 áskrifendur og ræðir félagsmál bænda auk annars fróðleiks. Eins og önnur stór verzlunarfélög hefir bændafélagið öflugan viðskiftabanka, og nema þau viðskifti alt að $400,000 á viku.

Alt þetta hefir gert verið á einungis þremur árum, og má því heita byrjun ein. "Jöfnuður" er einkunnarorð þeirra. "Réttsýni" er gyðjan, sem þeir hefja í öndvegi. Markmið þeirra er, "að hver og einn njóti arðsins af erfiði sínu" og að koma í veg fyrir, að hinir fáu lifi í allsnægtum af erfiði hinna mörgu auðframleiðenda.

Stofnun þessa félags hefir ekki og mun ekki afstýra öllum rangindum, sem alþýða má þola. Það er einungis spor í rétta átt, tilraun einnar stéttar, að eiga sjálf arðinn af erfiði sínu, en það er hið öllu-stærra spursmál nútímans.

Þetta er hreyfing, sem einlægir umbótamenn ættu að gleðjast af. Hver einasti bóndi ætti að vera stoltur af, að eiga hlutdeild í slíku félagi og samgleðjast í velgengni þess. Miklu hefir allareiðu verið afkastað, en meiri sigurvinningar eru fyrir höndum áður en okinu verður lyft af herðum alþýðu, sem nú liggur svo þungt á henni.

Engan skyldi furða, þó félag þetta fái hnútukast, en lesendur ættu að athuga gaumgæfilega, hvaðan hnútur þær koma, og mun þá engan undra á neinu því er sagt kann að verða eða gert á móti félagi þessu".

Jón á Ríp.

ATHS. — Heimskringla þakkar "Jóni á Ríp" fyrir greinina hér að framan. Heimskringla hefir áður minst á þjóðeign á kornhlöðum, og ástæðurnar, sem sú stefna byggist á, og hinar væntanlega heillariku afleiðingar af henni. En eins og gefur að skilja, er ritstjórinn því máli ekki eins kunnugur, út í allar æsar, eins og athugulir og fróðir bændur. — Heimskringla mælist því til, að íslenzkir bændur, sem upplýst geta málið, vildu rita um það í blaðið, ljóst og greinilega, svo að íslenzki bændaflokkurinn í Vestur-Canada fái séð það og skilið eins og þýðing hans verðskuldar. Ritstj.

Heitstrenging Norðra,

2. desember 1909.

Fjúkið æddi um fold og ver,
frostið klæddi rúðugler,
Norðri ræddi, næðið þver,
nú er fæddur Desember.

Árið klykkja út skal sá,
öllu rykkja úr skorðum má,
storms með hnykkjum hauðrið á
hríðar stykkjum kastar þá.

Í hann fengið afl ég spann,
orkan lengi styður hann,
menskur enginn maður kann
mátt við drenginn reyna þann.

Höldum slengir hels í kver,
hræðir mengi hvar hann fer,
á Mistar-vengi Mjölnir ber,
móti enginn stendur her.

Hans þér slarkið hugnast lítt;
hann skal arka um frónið vítt,
hrista bjarkir hart og títt,
hefla um markir linið hvítt.

Marga kvela máttar ströng
munu élja slögin löng
stadda heljar-húms við göng
hans þá beljar Líkaböng.

Inn í selið bröltu brátt,
búðu vel um hverja gátt.
Skríða í felur maður mátt
meðan élið grenjar hátt.

F.

Ávarp og kvæði.

[Ávarp það og kvæði sem hér fer á eftir, var flutt í heiðurssamsæti er skáldinu Kristni Stefánssyni og Guðrúnu Jónsdóttur konu hans var haldið af vinum þeirra sl. gamlárskveld, og getið var um í síðasta blaði,—en rúmleysis vegna gat ekki komið í því bl.].

KRISTINN STEFÁNSSON,
GUÐRÚN JÓNSDÓTTIR.
1884—1909.

KÆRU VINIR!

Á árinu sem í dag er að enda, eru liðin tuttugu og fimm ár síðan þið genguð í hjónaband og reistuð ykkur heimili. Ávalt síðan hafið þið búið á þessum stöðvum, og vér, sem höfum átt því láni að fagna að kynnast ykkur vel, um lengri eða skemmri tíma, getum ekki látið þessa stund svo framhjá fara, að vér á engan hátt minnumst þeirrar ástúðar, sem þið hafið sýnt oss á umliðnum árum.

Við þetta tækifæri dragast hugir vorir sérstaklega að þeim stað, sem vér nú erum stödd á, — heimili ykkar. Í langan tíma hefir þetta heimili verið oss, vinum ykkar, sólskinsblettur, þar sem vér öll svo oft höfum notið óblandinnar ánægju. Til þess höfum vér oft fundið, og enn fremur, að þessi staður hefir tvímælalaust mátt teljast einn aðal bústaður vestur-íslenzkrar ljóðagerðar. Fyrir hvorttveggja þökkum vér Og um leið og vér komum hingað, til að þakka liðin ár, viljum vér um þessi áramót árna ykkur gæfu og gengis um komandi tíma.

Ekki sem laun, heldur sem vináttuvott, er oss hefir alt of sjaldan auðnast að sýna, viljum vér biðja ykkur að þiggja gripi þá, er fylgja þessum kveðjuorðum vorum. Þeir eru fáein vinaorð, samantekin í samrunnið efni, og óskum vér að þið njótið þeirra vel og lengi.

Heill og hamingja búi ávalt meðal ykkar!

FRÁ VINUM.

Winnipeg, á gamlárskveld, 1909.

VÉR heilsum ykkur, öldnu brúðhjón, ungu,
og árnum heilla, vottum samhug, þökk!
Þið geymduð frelsi og æskueld í tungu,
svo aldrei gleði lífs í harmdjúp sökk.
Of vinir ykkar minnast þess og muna
hve mæt var koman — aldrei gestaraun.
Og því er sælt með ykkur nú að una
og eins og sýna þakkarvott — ei laun.

Að baki eru leiðir löngu gengnar,
þá lágu saman ykkar fyrstu spor.
Hve margar, síðan, eru ei óskir fengnar —
sjálf aldur-mörkin geyma blómlegt vor.
— Í fjórðung aldar eining sálna tveggja
með orku viljans lægði sjó og vind.
— Í fjórðung aldar leið þeim tókst að leggja
um landnemanna auðn, á sigurtind.

Í söngvum skáldsins sumardísir vaka
þótt svelli jörð á þennan gamlársdag,
Þær spá um yndi ára við sem taka
og endurróma vorsins frjálsa lag.
— Í kvöld skal gleðin örva orð á tungu
unz ársins nýi morgunn tekur völd.
Og þeir, sem aldrei áður fyrri sungu
þeir ættu að mega til að syngja í kvöld.

ÞORSTEINN Þ ÞORSTEINSSON.

Fréttabréf.

(Frá fréttaritara Hkr.).

MARKERVILLE, ALTA.
31. desember 1909.

Það, sem af er þessum vetri hefir mátt heita bezta tíð — til nálægs tíma. Snjór fallið mjög lítill, og frost ekki stigið hátt, nema einstöku sinnum, en stormbyljir nokkuð oft. Í dag er skift um veður, fannkomuhríð af norðri, með ofsastormi og talsverðu frosti, og lítur út fyrir, að nýja árið muni kasta sömu köldu kveðjunni á okkur, sem gamla árið kveður með.

Árið, sem er nú að kveðja okkur, leyfir sér góðan orðstýr, hefir verið gott og farsælt, — verið eitt af beztu árum hér í Alberta. Alt greri vel í meðallagi, en notaðist yfirleitt í bezta lagi, bæði heyfóng og uppskera af ökrum.

Heilsufar hefir alment verið viðunanlegt, en sorgleg slysatilfelli hafa orðið, sem skilja eftir sárar og saknandi minningar í hugum flestra.

Verzlun hefir reynst líkt og undanfarin ár, en markaður á vörum bænda heldur betri en næstliðin ár Atvinna betri og jafnar yfir en mörg ár undanfarin, svo allir, sem hafa viljað vinna, hafa getað haft atvinnu.

Nýlega er dáin seinni kona Sigurðar bónda Grímssonar, að Burnt Lake, Ingibjörg Magnúsdóttir, ættuð af Ytri Laxárdal í Skagafjarðarsýslu. Hún var búin að liggja þunga legu bæði heima og á sjúkrahúsinu í Red Deer.

Á jóladaginn vildi til hörmulegt slys á veginum frá Innisfail til Markerville. Norskur maður, Oli Johnson að nafni, frá Penhold, fór keyrandi frá Innisfail ásamt öðrum manni áleiðis til Markerville. En skamt frá Innisfail kom fælt hestapar á eftir þeim, með aktýgjum og keyrslufæri við sig, með þvílíkum hraða, að eigi var undankomu auðið, heldur fór það yfir mennina, sem orsakaði það, að báðir mennirnir meiddust, Oli sál. svo stórkostlega, að það leiddi hann til bana eftir fáar klukkustundir. Oli sál. hafði búið hér við Markerville í mörg ár, en var nú fluttur til Penhold, með börn sín 6 eða 7 að tölu, öll ung eða littþroskuð. Hann var myndarmaður og drengur góður og vel virtur af þeim, sem þektu hann. — Mr. og Mrs. Thompson, merkishjón hér við Markerville, tóku til sín barnahópinn þegar slysið var orðið, og er slíkt veglyndi mikið og góðverk. — Jarðarför Ola sál. fer fram í dag í grafreit Alberta safnaðar.

Skemtanir hafa verið hér nokkrar um jólin, svo sem jólatréssamkomur og dans. — Séra P.Hjálmsson messaði á jóladaginn í isl. kirkjunni að Markerville, — eftir ósk einhverra úr Alberta söfnuði.

Með því ýmsum kann að þykja undarlegt, að ekki kemur framhald af landnámsþætti Alberta Íslendinga í næsta árs almanaki hr. Ólafs S. Thorgeirssonar, þá vil ég geta þess hér, að hann einhverra ástæðna vegna varð að láta stílsetja almanakið svo snemma í haust (fyrir 1. sept.), að 2. kafli sögunnar gat með engu móti verið fullger. En að framhaldið komi, er lítið vafamál.

Svo óska ég ritstjóra Heimskringlu og öllum sönnum Íslendingum friðar og hamingju á nýja árinu, sem nú fer í hönd.

Herra Jón Hólm, gullsmiður að 770 Simcoe St., biður þess getið, að hann selji löndum sínum gull- og silfur-muni og gigtarbelti. — Belti þessi eru óbrigðul við gigt, ef þau eru notuð samkvæmt fyrirskipunum Jóns. Kosta að eins dollar og kvart.

70 ára gamall maður hefir vanalega varið 25 árum til að sofa, 14 árum við vinnu, 10 árum til skemtana, 6 árum til að eta og drekka, 6 árum í ferðalög, 3 árum til klæða sig í og úr lötum sínum og 6 árum til að vera veikur og til alls og einskis.

Þetta ár (1909) eru 40 ár liðin síðan embættismaðurinn Hermann í Austurríki fann upp bréfspjöldin. Flestir kannast við bréfspjöldin, en fáir við manninn.

Árslengd jarðstjörnunnar Eros, sem á braut sína milli jarðarinnar og Mars, er 643 dagar, en Marsárið er 687 dagar.

Sparið Línið Yðar.

Ef þér óskið ekki að fá þvottinn yðar rifinn og slitinn, þá sendið hann til þessarar fullkomnu stofnunar.

Nýtízku aðferðir, nýr vélaútbúnaður, en gamalt og æft verkafólk.

LITUN, HREINSUN OG PRESSUN SÉRLEGA VANDAÐ

Modern Laundry & Dye Works Co., Ltd.
307—315 Hargrave St.
WINNIPEG, MANITOBA
Phones: 2300 og 2301

"Andvökur"

LJÓÐMÆLI EFTIR
Stephan G. Stephansson

Kosta, í 3 bindum, $3 50, í skrautbandi.

Tvö fyrri bindin eru komin út, og verða til sölu hjá umboðsmönnum útgefendanna í öllum íslenzkum bygðum í Ameríku.

Í Winnipeg verða ljóðmælin til sölu, sem hér segir:

Hjá Eggert Jóhannssyni, 689 Agnes St., EFTIR KL. 6 AÐ KVELDI.

Hjá Stefáni Péturssyni, AÐ DEGINUM, frá kl. 8 f.h. til kl. 6 að kveldi, á prentstofu Heimskringlu.

Hjá H. S. Bardal, bóksala, Nena St.

Hjá N. Ottenson, bóksala, River Park, Winnipeg.

Utanbæjarmenn, sem ekki geta fengið ljóðmælin í nágrenni sínu, fá þau tafarlaust með því að senda pöntun og peninga til Eggerts Jóhannssonar, 689 Agnes St., Winnipeg, Man.

Leyndarmál Cordulu frænku.

Nýjir kaupendur að HEIMSKRINGLU sem borga fyrir einn árgang fyrirfram, fá skáldsögu þessa og aðra til, alveg

ókeypis.

WINNIPEG Business College
Cor. Portage Ave and Fort St.
28. AR.
FÉKK FYRSTU VERÐLAUN Á SAINT LOUIS SÝNINGUNNI.
Dag og kvöldkensla. Talsími 46.
Haustbekkir byrjar 1 Sept.
Bæklingur með myndum ókeypis.
Skrifið til: The Secretary, Winnipeg Business College, Winnipeg, Man.

A. S. BARDAL
Selur líkkistur og annast um útfarir. Allar útbúnaður sá besti. Enfremur selur hann alskonar minnisvarða og legsteina.
121 Nena St. Phone 306

HEIMSKRINGLU og TVÆR skemtilegar sögur fá nýir kaupendur fyrir að eins $2 00

Giftingaleyfisbréf
selur: Kr. Ásg. Benediktsson
540 Simcoe st. Winnipeg.

—THE—
"Arena"
Þessi vinsæli skautaskáli hér í vesturbænum er nú opinn. Isinn er ágætur. 18DA MOUNTED RIFLES BAND SPILAR Á ARENA. KARLM. 25c.—KONUR 15c.
Chas. L. Trebilcock, Manager.

ROBLIN HOTEL
115 Adelaide St. Winnipeg
Besta $1.50 á-dag hús í Vestur Canada. Keyrsla ókeypis milli vagnstöðva og hússins á nóttu og degi. Aðhlynning hins bezta. Við skifti Íslendinga óskar. ÓLAFUR G. ÓLAFSSON, Íslendingur, afgreiðir yður. Heimsækjið hann.—
O. ROY, eigandi.

JIMMY'S HOTEL
BEZTU VÍN OG VINDLAR.
VÍNVEITARI T.H.FRASER, ÍSLENDINGUR.
James Thorpe, Eigandi

A. S. TORBERT'S
RAKARASTOFA
Er í Jimmy's Hótel. Besta verk, ágæt verkfæri; Rakstur 15c en Hárskurður 25c. — Óskar viðskifta Íslendinga.—

MARKET HOTEL
146 PRINCESS ST. á móti markaðnum
P. O'CONNELL, eigandi, WINNIPEG
Bestu tegundir af víni og vindlum, aðhlynning góð húsið endurbætt

Woodbine Hotel
498 MAIN ST.
Stærsta Billiard Hall í Norðvesturlandinu
Tíu Pool-borð.—Alskonar vín og vindlar
Gisting og fæði: $1.00 á dag og þar yfir
Lennon & Hebb
Eigendur.

Saga um Valentine.

Eftir
EDVARD EGGLESTON.

Þegar vinur minn Grum, höfuðsmaður í sjóher Bandaríkjanna, borðar dagverð hjá mér, verð ég ávalt dálítið leiminn. Ég veit að hann er vanur við ýmiskonar vín og ídýfur, vanur að reykja smávindil á milli kræsinganna, vanur þeim matartegundum, sem enginn, er þeim er óvanur, getur neytt án þess að veikjast eða deyja. Þegar höfuðsmaðurinn er búinn að snúa miðborðinu, sem maturinn, vínið og kryddið stendur á, þrisvar sinnum, áður en hann velur sér það, sem hann helzt vill, og augu hans virðast leita að ginnandi ídýfu og rauðvíni, þá finn ég hvað lítilsvert, jafnvel það bezta, sem ég hefi að bjóða, er í raun réttri. Ég er hræddur um, að óþolinmóðir lesendur verði í líku skapi yfir þessari litlu, ómerkilegu sögu, sem ég ætla að segja. Ég hefi nefnilega veitt því eftirtekt, að jafnvel hinar minstu sögur nú á tímum eru blandaðar sterku kryddi, og ég vil síður gera lesendum mínum vonbrigði. Ég ætla því hreinskilnislega að geta þess fyrirfram, að ég hefi engan Cayennepipar, enga ginnandi ídýfu, ekkert konjak, enga smávindla, ekkert dráp, ekkert sjálfsmorð, engin sundurmarin hjörtu, engar ástaþrætur, engan reiðan föður, engar skammbyssur og knífa, ekkert rottueitur, ekkert ópíum, enga slungna njósnara, ekkert morðmál, ekkert tilfinningarlaust daðurkvendi, engan þaulkæfðan þræl með yfirskegg. Þeir, sem eftir þessa aðvörun þora að halda áfram að lesa, verða að taka afleiðingunum eins og þær gerast.

Hubert sagði, að mér væri velkomið að prenta hana, ef ég að eins breytti nöfnunum. Það var af tilviljun, að ég heyrði hana. Við sátum og ræddum um kvenfrelsismálið. Ég er vinur kvenfrelsisins, en Húbert, hinn velæruverði Húbert Lee, sóknarprestur í þeirri einu kirkju, sem til er í Allenville, er það ekki, enda þó ég þykist hafa haft áhrif á hann í þeim efnum. En þar eð samræðurnar fóru fram í hans eigin húsi, og hann að líkindum hefir viljað láta þær enda skemtilega, sagði hann mér frá því, að fyrir hálfu öðru ári síðan hefði hann leikið glettilega á einn kvenfrelsisvininn, og það hefði enginn minni maður verið en Hood læknir, sem hafði verið heilbrigðisumsjónarmaður minn og Huberts frá fyrstu byrjun. Gagnstætt flestum stöðubræðrum sínum hafði hann ávalt verið ákafamaður, og auður sá, sem honum safnaðist á síðari árum, hafði að engu breytt honum, að minsta kosti ekki að því, er fræðikerfi hans snerti. Að öðru leyti var gamli læknirinn ekki ósamkvæmur sjálfum sér, því hann hafði kent einkadóttur sinni, Corneliu, sömu iðn og hann sjálfur stundaði, og ég held að hún hafi lokið prófi sínu með ágætum vitnisburði, enda þótt hún hafi nýlega eyðilagt það framtíðarútlit sitt með því að gifta sig. En í félagslegu tilliti er hann orðinn stórbokkalegur, og umgengst aðallega hina ríkari nágranna sína, og það lítur ekki sérlega vel út hjá manni, sem var andvígur auðmönnum meðan hann var sjálfur fátækur. Ég býst við, að Hubert hafi sjálfur fundið þetta. Að minsta kosti varð ég þess var, og hafði því meiri skemtun af samræðunni, sem hann sagði mér frá.

Hún byrjar með því, að vinur minn hafði verið fjarverandi í 3 ár á prestaskólanum, og öðlaðist þar ágætan vitnisburð, þrátt fyrir fátækt og erfiðar kringumstæður. Að afloknu prófi tókst hann á hendur að þjóna kaupstaðarsöfnuði einum, meðan prestur hans var á skemtiferð um Evrópu í nokkra mánuði, og ávann sér hylli og aðdáun safnaðarins. Að því búnu kom hann heim í smábæinn okkar, til að hvíla sig og ráða við sig, hvert af þremur prestaköllum, sem honum stóðu til boða, hann ætti að taka að sér. Fáum dögum áður en hann ætlaði burt aftur, kom honum til hugar að heimsækja Hood lækni. Klukkan var 9 fyrir hádegi, aðstoðarmaður læknisins var að vitja sjúklinga, en gamli maðurinn sat í viðtalsherbergi sínu, til þess að vera til staðar, ef einhver vildi ráðfæra sig við hann. Þennan morgun kom enginn til hans, það var ekki svo vel, að kalda eða fingurmein sendu honum neinn mann til að draga úr leiðindunum. Ef til vill af þessum orsökum, eða þá sökum gamals kunningsskapar, tók læknirinn ágætlega á móti Húbert og byrjaði þegar á fjörugum samræðum. Cornelía, sem var þar til staðar, kvaðst þurfa að búa sig undir próf og settist því með bókina út við gluggann.

"Ég er hræddur um, að ég trufli þig, læknir", sagði Húbert.

"Nei, alls ekki. Beck læknir, sem er aðstoðarmaður minn, annast störf mín að mestu leyti, og að einu eða tveimur árum liðnum tekur hann við þeim að öllu leyti".

"Hann og ungfrú Cornelía?" spurði Húbert hlæjandi, því að það var almæli, að hún og ungi læknirinn mundu ganga í félagsskap með fleira en læknisstörfin.

Hvort það var nú til þess að vekja eftirtekt hennar, eða af öðrum ástæðum, þá hagaði Húbert samræðunum þannig, að þær snerust að kvenréttindum, og ungi presturinn og gamli læknirinn komu með úrval af ástæðum fyrir hæfileikum og hæfileikaleysi kvenna til ýmsra starfa. Þegar Húbert að síðustu var kominn í dálítil vandræði, sagði hann:

"Nú skal ég segja þér frá kynlegum atvikum, sem ungur stúdent í sama bekk og ég á prestaskólanum, varð fyrir. Ég get nú naumast haldið, að þú sért hrifinn af ástasögum, en mig langar þó til að segja þér frá þessari, af því ég held þú getir naumast notað þínar skoðanir við hana. Þú veizt að að ýmsar kenningar eru óhæfar til framkvæmda".

"Haltu áfram Húbert, haltu áfram, ég er fús til að hlusta á söguna. Að því er mínar skoðanir snertir, þá má allstaðar koma þeim að". Gamli læknirinn nuddaði höndunum saman ánægjulega.

"Þessi vinur minn, sem ég mintist á, hét Henry Gilbert" sagði Húbert, og var fátækur eins og ég. Fyrir löngu síðan, þegar hann var lítill drengur og sonur fátækrar ekkju, átti hann heima í næsta húsi við Morton nokkurn, sem á þeim árum var velmegandi kaupmaður, og er nú orðinn meðal auðugustu manna í því héraði. Það var dálítið hlið á girðingunni milli nágrannanna, og þar af leiðandi var vinur minn leikbróðir Jennie Mortons frá því þau fóru að geta gengið hjálparlaust. Hann bjó til hús handa henni úr gömlum fjölum, hann lagði tigulsteinana þannig, að hún gæti notað þá, og bjó til leikföng úr furukvistum. Þegar hann stækkaði, og faðir Jennie varð ríkari og skreytti heimili sitt, dró Henry sig fremur í hlé. Þó héldu þau áfram að birta hvort öðru tilfinningar sínar með máli augnanna.

Henry fór snemma í háskólann. Þegar hann átti hvíld frá námi, þá fundust þau. En hinn vaxandi mismunur á félagslegri stöðu þeirra gat ekki annað en gert vart við sig. Vinir Jennie stóðu ofar í virðingaröðinni en hans. Foreldrum hennar kom aldrei til hugar að bjóða honum í samkvæmi, og þó þau hefðu gert það, þá kom peningaskorturinn og slitni frakkinn hans í veg fyrir það, að hann þæði það. Hann var dálítið drembinn. Honum sárnaði, að sér var enginn gaumur gefinn. Að sönnu var Jennie þeim mun vingjarnlegri, en hann áleit að það væri af meðaumkun, það var drambið, sem kveikti þessa skoðun hjá honum. Samt sem áður ásetti hann sér fastlega, að reyna að ná þeirri stöðu, sem gerði honum mögulegt að biðja um hana sér til konu, sem jafningi hennar. En, þú þekkir ekki eins vel og ég, læknir, hvernig skyldan getur þvingað mann, þegar maður finnur að prestsstaðan er sér eiginlegust. Undir áhrifum þessarar þvingunar ásetti vinur minn sér að verða guðfræðingur, en þá hlaut að liggja fyrir honum tíu ára fátækt að minsta kosti. Hvernig átti hann nú að ráða fram úr þessu?

Í þessum vandræðum sínum sneri hann sér að guðfræðisprófessor nokkrum, sem honum var vel við, til að fá hjá honum leiðbeiningar og heilræði. Prófessorinn ráðlagði honum, að biðja ekki ríkrar stúlku, kvað hana lítt hæfa til að þola skort og mótlæti, sem prestsstöðunni fylgdi, og það væri að vissu leyti óheiðarlegt af honum, að vilja bjóða henni slík kjör. Ef þú þektir hugsunarháttt hans, myndurðu geta nærri, hver áhrif þetta hafði á hann. Ef hann hætti við að verða prestur, fanst honum að hann svíkja bæði guð og skyldu sína, ef hann fengi hana, þá breytti hann minkunarlega gagnvart henni, sem hann vildi að yrði gæfurikari en hann sjálfur".

"Ég vona að hann hafi ekki slept henni", sagði læknirinn.

"Jú, hann gerði það nú samt. Með prestsstöðuna fyrir augun, fórnaði hann ást sinni. Með gæfu hennar fyrir augum, fórnaði hann vonum sínum. Í þrjú ár þorði hann ekki að koma heim. En þegar hann hafði lokið prófi sínu og þjónað annars prests embætti í 9 mánuði, fanst honum hann eiga að fara heim og sjá móður sína. Svo þegar hann kom í þorpið og sá gamla skólann og kirkjuna, vöknuðu hjá honum ótal endurminningar, sem hann hafði reynt að gleyma. Götunar í jurtagörðunum, en einkum eplatrén, vöktu aftur ástríðurnar hjá honum í fullum mæli. Hann gekk um gólf í herbergi sínu alla nóttina, og leit við og við á hús hins ríka nágranna síns. Honum gramdist að hafa lofað sjálfum sér því, að sjá aldrei Jennie Morton aftur. Það er ekki unt að vita, hveru endir þessi barátta hefði fengið, ef utan að komandi atvik hefðu ekki gripið fram í.

Hann heyrði það nefnilega sagt, að Jennie væri heitbundin liðsforingja Pearson, sem var meðeigandi í verzlun föður hennar. Pearson kom líka á heimili föður hennar á hverju kvöldi, sem var bónorði hans hlyntur.

Samt sem áður var ekki eitt orð satt um þessa trúlofun, því hún var búin að neita Pearson þrisvar. Þegar hann kom í fjórða sinn, loðaði hún því, föður sins vegna, að hugsa um þetta einn vikutíma áður en hún svaraði. Henry hafði nú líka verið heima í tíu daga, án þess að finna hana, svo allar hennar vonir í þá átt virtust gagnslausar. Þegar vikan var liðin, komst hún eftir því, að Henry ætlaði að fara aftur að tveim dögum liðnum. Í eins konar örvilnan ásetti hún sér að taka tilboði Pearsons, en hann spilti fyrir sér með sjálfstrausti sínu.

Í næsta skifti, sem hann kom eftir að Jennie var búin að ráða við sig að taka honum, var hún svo vingjarnleg við hann, að hann vissi ekki, hvernig hann átti að haga sér. Hann fór því að hrósa henni, og sökum þess að hann hélt sig þekkja alla launkima í kvenhjörtum, hældi hann henni fyrir öll giftingatilboðin, sem hún hefði fengið.

"Ég ætla að eins að segja þér", sagði hann, "að það er stór hópur manna, sem myndi leggja höfuð sín við fætur þína, ef þeir væru jafningjar þínir. Það er nú þessi ungi prestur, Gilbert held ég hann heiti, sem kom að finna móður sína, er býr í ómálaða kofanum hérna bak við. Ég hefi séð þennan pilt standa kyrran á götunni og horfa á eftir þér, og á hverju kvöldi, þegar ég fer heim, situr hann við gluggann, sem snýr hingað. Hann er skotinn í þér, heimskinginn sá. En ég hlæ að honum og hugsa með mér: 'Þig langar víst til að komast jafnhátt og hún'. — Ó, það er gaman að þessu".

Þessi fáu orð eyðilögðu framtíðarhorfur Pearsons. Hann gat ekki skilið, af hverju viðmótskuldi sá stafaði, er hún nú sýndi honum, og sem alt hans sólskin hafði engin áhrif á.

Vesalings Jennie. Þú getur ímyndað þér læknir, hvernig henni leið, þar sem hún gekk aftur og fram um herbergi sitt alla nóttina. Hún gat nú skilið hinn hugrakka tilgang Henry Gilberts að nokkru leyti. Alt af gaf hún gætur að ljósinu í húsi ekkjunnar, og var að hugsa um Henry. Hún var viss um það, að ætti nokkuð að verða úr sambandi þeirra, þá yrði hún að byrja, en hún komst að eins að þeirri niðurstöðu, að Henry ætlaði að fara að einum degi liðnum. Ég efast nú raunar um, að maður með þinum skoðunum á kvenréttindum, myndi samþykkja það, að hún stigi fyrsta sporið til að flýta fyrir sameining sinni og Henrys".

"Jú, það myndi ég glaður samþykkja", sagði læknirinn.

"En hún gat ekkert ráð fundið. Pearson kom henni aftur til hjálpar, án þess að vilja það. Daginn eftir, er hún sat að morgunverði, fékk hún mjög snoturt "Valentine" frá honum. ("Valentine" eru ásta-

(*Framhald á 4. bls.*)

2 Bækur Gefins

FÁ NÝJIR KAUPENDUR AÐ HEIMSKRINGLU SEM BORGA $2.00 FYRIRFRAM, OG ÞESSUM BÓKUM ÚR AÐ VELJA:—

Mr. Potter frá Texas
Aðalheiður
Svipurinn Hennar
Hvammverjarnir
Konuhefnd
Robert Manton
og Leyndarmál Cordulu frænku. —

Alt góðar sögur og sumar ágætar, efnismiklar, fróðlegar og spennandi. Nú er tíminn að gerast kaupendur Hkr. Það eru aðeins fá eintök eftir af sumum bókunum.

Heimskringla
P.O. Box 3083, Winnipeg

Hver vill eiga skildinga?

Herra Magnús J. Borgfjörð að Hólar P.O., Sask., biður þess getið, að hann hafi umboð til þess að lána peninga og selja eldsábyrgðir viðsvegar í Quill og Valley bygðum. Félög þau, sem hann hefir umboð fyrir, eru traust og áreiðanleg. Hann selur Hudsons flóa félags lönd og C.N.R. félags lönd og lönd, sem eru eign privat félaga.

Þeir, sem vildu fá sér landskika eða skildingalán, ættu að finna Magnús að máli. — það kostar ekkert, að tala við hann og upplýsingar veitir hann öllum ókeypis.

JÓN JÓNSSON, járnsmiður, að 790 Notre Dame Ave. (horni Toronto St.) gerir við alls konar katla, könnur, potta og pönnur fyrir konur, og brýnir hnífa og skerpir sagir fyrir karlmenn. — Alt vel af hendi leyst fyrir litla borgun.

Hvað er að?

Þarftu að hafa eitthvað til að lesa? Hver sá er vill fá sér eitthvað nýtt að lesa í hverri viku, ætti að gerast kaupandi að Heimskringlu.

Hún færir lesendum sínum ýmiskonar nýjan fróðleik 52 sinnum á ári fyrir aðeins $2.00. Viltu ekki vera með?

að kvenfólk öðlist fjölbreyttari þekkingu en það nú hefir".

"Ég er þér samþykkur í þessu, því ég get ímyndað mér, hve ánægjulegt það væri fyrir þig, ef góða konan þín gæti talað við þig um þau efni, sem þú ert hrifinn af", sagði Mórits. "En að því er dæturnar snertir, þá vona ég, að sú elzta veiti þér ánægju með námi sinu".

"Ég vona það líka. María er góð stúlka, og hefir ánægju af að lesa og læra. Hún er vel greind, og getur með tímanum orðið góð kenslukona. En Lovísa, Lotta og Ulla eru alls ekki hneigðar fyrir nám, og svo heldur Brita Caisa því fram, að þær geti orðið fullkomnar fyrir lífið, þó þær læri ekkert annað en búsýslu. Hún eykur leti þeirra".

Nú kom prestskonan út ásamt dætrum sínum, og settist hjá manni sínum. Hún var blóðrjóð í framan, því hún kom beina leið frá eldstæðinu, og hafði þar sneypt vinnukonuna, sem brotið hafði kaffibolla. Engin af dætrunum var enn 13 ára. María var elzt, og var hún bæði fríð og gáfuleg, en hinar voru tilkomulausar.

"Góði Bergholm minn", sagði konan, "við verðum að hafa vinnukonuskifti næsta hjúaskildaga".

"Hvers vegna, Brita mín? Mér finst Stína vera allgóð".

"Já, þér finst og finst", sagði frúin áköf, "og veiat ekki, hvað þér finst. Nú hefir þessi lélega stúlka brotið einn af beztu kaffibollunum mínum af kæringarleysi, en þú hugsar ekki um það".

"Kona", sagði presturinn alvarlegur, "talaðu ekki við mig um kaffibolla, ég hefi annað að hugsa um".

"Já, þú hefir latínuna og grískuna og alt hitt ruglið, en hvað vesalings konan þín verður að þola, hugsar þú ekkert um. Því brennirðu ekki gömlu skrudduskrattana?"

"Kona, syndgaðu ekki gegn grísku fornöldinni með því að tala um það, sem þú þekkir ekki. Ég hefi ásett mér, að kenna Maríu latínu. Hvað segirðu um það, telpa mín?"

"Kenna Maríu latínu!" sagði frúin bálvond. "Þetta dettur þér í hug. Það er held ég nóg, að hún læri þetta franska rugl, sem þú ert að troða í hana. Kenna henni latínu, nei, þá fer ég mína leið"

"Nú, nú, taktu þetta ekki fyrir fulla alvöru", sagði presturinn og hló, hann hafði að eins ætlað að hræða konu sína dálítið, "en þú verður að hvetja hinar telpurnar til að vera iðnar við námið. Þær giftast líklega aldrei, og þurfa því að læra eitthvað, svo þær geti unnið fyrir sér".

"Nei, nei, þær skulu aldrei verða kenslukonur. Mér líkar betur að þær kunni búsýslu".

"Góða Brita, þó þú hafir ekkert lært sjálf, þá ættirðu ekki að koma í veg fyrir að börnin —".

"Ekkert lært", sagði hún þóttafull, "að heyra þetta. Ég skal segja þér, að ég hefi lært nóg til að passa þig og heimili þitt, og ef þú ert ekki ánægður með það, því tókstu mig þá fyrir konu?"

"Nú, nú, góða mín", sagði presturinn blíðlega, "ég meinti ekkert ilt með þessu og viðurkenni hæfileika þína í fylsta máta. Vertu ekki reið, því það er engin ástæða til þess".

"Nú, við skulum þá ekki minnast frekar á þetta", sagði hún rólegri. "En hamingjan góða, þarna kemur stór vagn, og hann kemur hingað. — Hver ætli það sé?"

"Ég held það sé vagninn prófastsins", svaraði presturinn um leið og hann tók pípuna út úr sér.

"Flýttu þér inn í eldhúsið, María, og settu ketilinn yfir glóðina, og þið, telpur litlu, verðið að klæða ykkur betur. En að sjá mig, mikil skelfing! — Bergholm, farðu í hinn kjólinn".

"Nei, það kemur mér ekki til hugar, gamli frakkinn minn er fullgóður".

"Þú ert og verður forhertur", sagði frúin um leið og hún hljóp inn, án þess að líta við manni sínum.

Vagninn var nú kominn inn í garðinn. Ofan úr honum kom fyrst litill maður, mjög feitur, í prestskjól, síðan löng og mögur kona, og seinast ungur maður, á að gizka 18 ára. Þetta var prófastur Wassholm með konu sína og son. Bergholm prestur gekk á móti gestum sínum.

"Velkominn, velkominn, góði bróðir", sagði hann dálítið feiminn. — "Velkomin prófastsfrú. Ég bjóst ekki við jafn kærkomnum gestum".

"Gjörir ekkert, Bergholm prestur", sagði frúin og brosti vingjarnlega, en á meðan lagaði prófasturinn hárkollu sína, og sonurinn, sem var nemandi í latínuskóla, stakk höndum sínum í vasana.

Gestunum var boðið inn í stofuna, og þangað kom prestskonan í fallegasta kjólnum sínum.

Mórits gekk inn á eftir gestunum, og settist út í horn hálfleiminn. Þegar kurteisisávörpunum var lokið, sagði prófasturinn:

"Ég kem til að flytja þér nýungar, bróðir".

"Einmitt, og hverjar eru þær?"

"Þær eru, að við fáum nýja höfðingjafjölskyldu hingað í sóknina, og að gamli barúninn í Liljudal liggur fyrir dauðanum. Eins og þú veizt, gengur eignin að erfðum til einkasonar hans, sem nú á heima í Stokkhólmi, en er bráðum væntanlegur hingað með skyldulíði sínu. Hann er sagður mjög drambsamur maður".

"Þá er gamli barúninn líklega mjög veikur", sagði frú Bergholm.

"Já, það er alls ekki undarlegt", sagði frú Wassholm, "hann er kominn yfir áttrætt og fer að þurfa

hvíldar við. En það verður gaman að kynnast barúnsfrú Ehrenstam, sem er sögð mjög mentuð kona. Ef til vill gerir framkoma hennar breytingu á félagslífinu, sem ekki er neitt ánægjulegt eins og stendur. En það þekkir þú nú ekki, frú Bergholm, þú ert svo sjaldan með".

Við verðum að segja lesaranum, að frú Wassholm var, að minsta kosti í eigin ímyndun, 'framúrskarandi mentuð og áhrifamikil kona'. Hún hafði oft kvartað um bókmentalegan fróðleikksskort hjá heldra fólkinu í prófastsdæminu. Þar var enginn til, sem gat talað um fagurlista bókmentir henni til skemtunar, enda leit hún með fyrirlitningu niður á þetta fólk, þar sem engin manneskja fanst, er hún gæti felt sig vel við. Þessi hávaxna, horaða prófastsfrú, skoðaði sig því eins og eins konar svan á meðal gæsa.

Prófastsfrúin var þannig einskonar bókiðnakvendi, það sem sumir kalla ritkvensu, spjall hennar hljóðaði því mest um fagrar listir, einkum skáldskap. Með rannsakandi hugsun talaði hún um Shakespeare, Byron og Göthe, enda þótt hún þekti þá naumast meira en að naníninu til. Fáein vers kunni hún frá þeim tíma að hún var kenslukona, og notaði þau bæði þegar þau áttu við og áttu ekki við. Málfræðin var ekki hennar meðfæri, en það lítið hún kunni, notaði hún margvíslega. Í fjöruga félagslífinu var því litið á hana með einskonar undrun, og gárungarnir kölluðu hana 'pilsa-prófessorinn'.

Að því er snerti manninn hennar, þá var hann sem prófastur enginn bókmentamaður. Þekking hans var ekki meiri en svo, að hann að eins slapp í gegn um prestaskólann. Þegar hempan var fengin, tók hann lífið með ró og hætti við alla umhyggju. Eitt var það þó, sem hann bar af öðrum í, og það var að drekka öl. Hann hafði ávalt stóra könnu stand-

SAGA UM VALENTINE.

(Niðurlag frá 3. bls.).

bréf þau kölluð, sem rituð eru á Valentinusar degi, hinn 14. febr.). Henni varð strax ljóst, hvernig hún átti að haga sér. Þennan dag var sankti Valentinusar dagur. Hún afsakaði sig um leið og hún stóð upp frá borðinu, og gekk svo til herbergis sins.

Að senda vini sínum "Valentine" var hin fyrsta hugsun hennar. En hvernig? Sitt nafn þorði hún ekki að setja undir bréfið, því skeð gat, að henni skjátlaði í því, að hún mætti reiða sig á ást hans, eða þá að það særði dramb hans, að hún gerði tilraun til að nálgast hann. Hún fór að leita að pappír í borðskúffunni sinni, og rakst þar á litinn trébát, sem Henry hafði smíðað handa henni fyrir mörgum árum síðan. Hann hafði kallað bátinn "Framtíð", en hvorugt þeirra vissi á þeim árum, hvernig stafa skyldi orðið, svo rétt væri. Þarna var nú litli, gamli báturinn, sem hann hafði gefið henni, og sem hann hafði oft sagt, að þau ættu bæði að sigla á síðarmeir. Þau höfðu mjög oft hlegið að hinu rangt stafaða nafni bátsins.

Jennie var ekki lengi að draga upp mynd af bátnum, og til þess að hlutaðeigandi skyldi þekkja hann, stafaði hún nafnið á myndinni, eins og það stóð á stjórborðs bógi bátsins: "VOON".

Ekkert annað orð stóð í bréfinu. Hún læsti því og lét það á pósthúsið. Enginn kaupmaður hefir nokkru sinni sent aleigu sína með lélegu skipi og horft á það hverfi með veikari von um góðan endir, heldur enn hún. Bænir Spánverja voru ekki líkt því eins heitar, þegar hin ósigrandi "Armada" sigldi af stað. Bænarorðum hennar er ekki mögulegt að lýsa, þegar litli báturinn fór með vonir hennar og hjarta sem seglfestu, án annars vinds í seglunum en óskir hennar.

Hún settist við gluggann og beið þar, unz hún sá Herbert ganga á pósthúsið, eins og hann var vanur. Þrem mínútum síðar gekk hann heim með opið bréfið í hendinni, í sjáanlegri geðshræringu Nokkru síðar fór hann aftur á póst húsið. Hafði hann skrifað svar?

Jennie fór aftur á pósthúsið, og þar var svarið til hennar í lokuðu bréfi. Hún var ekki lengi að komast heim og opna bréfið. Í því var mynd af öðrum bát, sem nefndur var "Örvilnan". Neðan undir myndinni voru þessi orð: "Báturinn þinn er mjög fagur og álitlegur, en þar eð mér hefir verið sagt, að allir hásetar og skipstjóri séu ráðnir á hann, hefi ég ráðið mig á þennan bát". Smátt og smátt komst hún að meiningunni. Henry var hræddur um að hún, sem hann áleit heitbundna, væri að daðra við hann. Ég held nú, læknir, að þér geðjist ekki að fleiri bréfaskrift um af hennar hendi?"

"Hvers vegna ekki? Hefir ekki kvenmaðurinn jafn mikinn rétt til að láta í ljósi vilja sinn í þeim efnum eins og karlmaðurinn? Þegar líka að fjármunalegu og félagslegu kostirnir eru hennar megin, verður það alloft skylda hennar að byrja á samdrættinum. Það eru margar stúlkur, sem gera það, án þess að vera lastaðar fyrir það af öðrum".

"Nú, jæja, þú veizt að ég er aftur haldsmaður, læknir, en það gleður mig, hvað þú ert geðfastur. — Hún sendi nýtt "Valentine". Ég er hræddur um, að hún hafi notað bátinn heldur mikið. En þegar alt í heiminum er bundið við líkamleg orðatiltæki, þá tjáir ekki að vera kostavandur. Jennie bjó aftur til mynd af bátnum með rangt stafaða nafninu, en neðan undir myndina skrifaði hún þessi orð: "Enginn skipstjóri er énn ráðinn á bátinn".

Seint um kveldið kom þetta svar í lokuðu bréfi til hennar: Ég bið mér veitta skipstjórastöðuna, ef þú fylgir með sem hafnsögumaður".

"Ágætt", sagði læknirinn, "ég hefi ávalt haldið fram ótakmörkuðu frelsi konunnar í þessu efni".

"Ég skal nú samt koma þér í vandræði áður en lýkur, læknir. — Sama kvöldið ætlaði Gough, mealhólspostulinn, að flytja fyrirlestur þar í bænum. Vinur minn fór þangað, ekki til að hlusta á Gough heldur til að sjá Jennie Morton. Sökum áhrifa hinnar endurvöknuðu vonar, hafði honum ekki komið til hugar, að heimsækja hana. Burtförinni var frestað og öllum áhyggjum gleymt. Af því hann vissi, hverja mótstöðu fyrir sér lægi að yfirvinna, áleit hann — hafi hann annars hugsað nokkuð — að varlega þyrfti að fara. En skömmu eftir að fyrirlesturinn var byrjaður, sá hann alla Mortons fjölskylduna nema Jennie. Þá fyrst kom honum til hugar, að hún biði hans heima. Það var alls ekki auðvelt að komast burtu, því hann var meðal þeirra instu, en hugsunin um, að Jennie biði hans heima, hratt öllum erfiðleikum brott úr huga hans, svo hann ruddist til dyra eins og hann væri að flýja eld. Hann fann Jennie, og hafði aldrei áður átt jafn skemtilegt kvöld, en næsta morgun, þegar hann vaknaði, gerði kvíðinn og hrygðin vart við sig, því faðir Jennie var mótfallinn þessum ráðahag".

"Hann hafði enga heimild til að skifta sér af þessu", sagði læknirinn ákafur. "Þú sérð að ég held fast við mína stefnu".

"En ef ég segi alla söguna, þá er ég hræddur um, að þú gerir það ekki", sagði Húbert.

"Hvað þá, er hún ekki búin enn?"

"Ég bið afsökunar, læknir, af því ég hefi beitt dálítlu undirferli. Ég átti mikið á hættu. Ég hefi ýkt sum atvikin í sögunni, því satt að segja, þá er ég sjálfur aðalpersónan".

Læknirinn leit snögglega á dóttur sína. Hún laut niður að bókinni, og síða og þykka hárið hennar huldi andlitið gersamlega. Læknirinn gekk að hinum glugganum og leit út. Húbert sat kyr eins og smurðlingur. Að fáum augnablikum liðnum sagði læknirinn:

"Cornelia".

Hún leit upp eldrauð í framan. Tárin blikuðu í augum hennar, og ég efast ekki um, að bæn hafi búið í huga hennar.

"Þú ert góð stúlka. Ég hafði ætl að þér annan, en þú hefir heimild til að velja sjálf. Guð blessi ykkur bæði. En það er slæmt, að Húbert er ekki lögmaður, honum er lagið að flytja mál".

Að þessu sögðu tók hann hattinn sinn og gekk út.

Þetta eru samræðurnar, sem Húbert sagði mér frá um daginn þegar ég var gestur hans. Nú kom kona hans inn, laut niður að vöggunni og tók upp barnið.

"Mér finst", sagði Húbert, "að þið, sem skrifið ástasögur, gerið rangt í því, að láta þær enda við brúðkaupið. Sæludagarnir byrja í raun réttri ekki fyr en með fyrsta barninu".

"Hvað heitir litla stúlkan?" spurði ég.

"Von" svaraði móðirin.

"Von Valentine", sagði faðirinn með þýðingarmiklu brosi.

"Þá stafið þið að líkindum Von með tveimur o-um", sagði ég.

"Þú slæmi Húbert", sagði kona hans, "nú hefirðu þvaðrað. Þú heldur að öllum þyki gaman að þessari sögu, af því að sjálfum þér þykir hún skemtileg".

Æfiminning.

Eins og skýrt er frá í Heimskringlu, sem birtist 23. des. f.á., dó Vilhjálmur Grímsson þann 17. s.m. af völdum strætisvagns. Blaðið skýrir rétt frá slysinu og getgátum manna, að hann hafi ætlað að hlaupa fyrir framan vagninn en orðið of seinn.

Vilhjálmur var fæddur að Ytra-Nýpi í Vopnafirði 1854, líklega snemma í júnímánuði. Foreldrar hans voru Grímur Snjólfsson Eiríkssonar á Stórabakka og Guðlaug Gísladóttir frá Höfn á Norðurströnd. Vilhjálmur ólst upp hjá foreldrum sínum fram um fermingaraldur. Fór hann fyrst að hálfu til Jósephs bónda Hjálmarssonar í Skógum í Vopnafirði, og síðar að öllu sem ársmaður, og átti þar heimili, þar til hann flutti til Canada 1893, og dvaldi eftir það alljafnast í Winnipeg.

Faðir hans er lifandi enn, og á heima í Álptavatns nýlendu, en móðir hans er dáin fyrir löngu síðan. Systkini átti Vilhjálmur 4 hér vestan hafs: Gísla, Kristján, Vigdísi og Pálínu, sem öll eiga heima í Manitoba fylki.

Vilhjálmur giftist aldrei, var einhleypur daglaunamaður, og vann tíðast að byggingavinnu. Hann var verkmaður ágætur, og svo viljugur, að orði er á brugðið.

Eftir að hann fór að Skógum, vann hann að veiðiskap á Vopnafirði, og við fjárslátrun á haustum, og þótti vaskleikamaður við alla vinnu.

Hann fékk enga mentun í ungdæmi, en mun þó snemma hafa lesið sér bækur til gagns og meninga. Hann var vel að sér í Noregskonungasögum, Íslendingasögum og rímum, og öllu, sem er sann-íslenzkt, og ættjarðarvinur mikill, þoldi engum níð til Íslands eða þjóðar sinnar. Í einu orði sagt: hann var Íslendingur í hvevetna, og drengur mikill. Hann var sigla ður og jafngeðja, ræðinn og góðsamur, þó árræðinn og kappsamur, þegar honum réð svo við að horfa.

Hann var frjálslyndur í trúarbrögðum og þjóðmálum, fylgdi Conservative flokknum fast og einarðlega að málum.

Veit ég vel þú sjálfur sér
Sólar æðri bólin,
Þó vistaskiftin veldust þér
Vilhjálmur um Jólin.

K. Ás. Benediktsson.

THE DOMINION BANK

HORNI NOTRE DAME AVENUE OG SHERBROOKE STREET

Höfuðstóll uppborgaður: $4,000,000 00
Varasjóður - - - $5,400,000 00

SPARISJÓÐS DEILDIN:

Vér veitum sparisjóðs innleggjendum sérstakt athygli, og borgum hæztu vexti á sparisjóðs innleggjum af $1.00 og yfir. — Barna innlegg velkomin. — Seljum peningaávísanir á ÍSLAND.

H. A. BRIGHT RÁÐSMAÐUR.

Með því að biðja sérstaklega um "T.L. CIGAR," þá ertu viss að fá ágætan vindil.

T.L. CIGAR

(UNION MADE)

T.L.

Western Cigar Factory
Thomas Lee, eigandi Winnipeg

Redwood Lager og Extra Porter

Styrkið taugarnar með því að drekka eitt staup af öðrum hvorum þessum ágæta heimilis bjór, á undan hverri máltíð. — Reynið !!

EDWARD L. DREWRY Manufacturer & Importer Winnipeg, Canada.

Department of Agriculture and Immigration.

MANITOBA

Þetta fylki hefir 41,169,089 ekrur lands, 6,019,200 ekrur eru votn, sem veita landinu raka til akuryrkjuþarfa. Þess vegna höfum vér jafnan nægan raka til uppskeru tryggingar.

Ennþá eru 25 miliónir ekrur óteknar, sem fá má með heimilisrétti eða kaupum.

Íbúatala árið 1901 var 255,211, nu er nún orðin 400,000 manns, hefir nálega tvöfaldast á 7 árum.

Íbúatala Winnipeg borgar árið 1901 var 42,240, en nú um 115 þúsundir, hefir meir en tvöfaldast á 7 árum.

Flutningstæki eru nú sem næst fullkomin, 3516 mílur járnbrauta eru í fylkinu, sem allar liggja út frá Winnipeg. Þrjár þverlandsbrauta lestir fara daglega frá Winnipeg, og innan fárra mánaða verða þær 5 talsins, þegar Grand Trunk Pacific og Canadian Northern bætast við.

Framför fylkisins er sjáanleg hvar sem litið er. Þér ættuð að taka þar bólfestu. Ekkert annað land getur sýnt sama vöxt á sama tímabili.

TIL FERDAMANNA:

Farið ekki framhjá Winnipeg, án þess að grenslast um stjórnar og járnbrautarlönd til sölu, og útvega yður fullkomnar upplýsingar um heimilisréttarlönd og fjárgróða möguleika.

R. P. ROBLIN,
Stjórnarformaður og Akuryrkjumála Ráðgjafi.

Skrifið eftir upplýsingum til

Joseph Burke. 178 LOGAN AVE., WINNIPEG.
Jas. Hartney 77 YORK ST., TORONTO.

QUILL PLAINS HVEITI LÖND

25,000 EKRUR. Algerlega FYRSTA ÚRVAL frá hinni miklu C.N.R. landveitingu. Gufuplógs lönd hrein, slétt

ÞESSA ÁRS UPPSKERA sannar gæði jarðvegsins. — Enginn steinn eða hrís.—Gott vatn.—Nálægt mörkuðum, skólum og kirkjum.—Vér höfum umráð á öllum Jansen og Claassen löndunum, og bjóðum þau til kaups með sanngjörnu verði og auðveldum borgunarskilmálum.—Kaupendur geta borgað af hvers árs upp skeru; 6% vextir.— Sölubréfin gefin út beint frá eigendum til kaup endanna.—Eastern Townships Bank í Winnipeg og hver banki og "business"-maður í Marshall, Minn., gefur upplýsingar um oss. — Póstspjald færir yður ókeypis uppdrætti og allar upplýsingar.—

John L. Watson Land Co.
316 Union Bank Bldg. - - Winnipeg, Man.

Á beztu heimilum

hvar sem er í Ameríku, þar munið þér finna HEIMSKRINGLU lesna. Hún er eins fróðleg og skemtileg eins og nokkuð annað íslenzkt fréttablað í Canada

Ungfrú Ingunn Hallgrímsdóttir, frá Meðalheimi í Húnavatnssýslu, ef hún er hér í borg, er vinsamlega beðin að finna að máli Mrs. Ingibjörgu Goodman, að 702 Simcoe St., við fyrstu hentugleika.

ALDREI SKALTU geyma til morguns sem hægt er að gera í dag. Pantið Heimskringlu í dag.

andi hjá rúmi sínu, með sterku öli í, til þess að geta slökt þorstann með því, þegar hann vaknaði. Hins vegar við rúmið stóð önnur kanna með þunnu öli í, sem prófastsfrúin drakk. Einhverju sinni hafði orðið skiki á könnunum, svo að þegar prófasturinn vaknaði um nóttina sárþyrstur og teigaði úr könnunni, sem hjá honum stóð, þá varð hann bráðlega var við, að þetta öl var ekki úr hans könnu, spýtir því ölinu á gólfið og segir: "Guð fyrirgefi mér mína vondu synd, þetta held ég að sé þunt öl".

Þessi virðulegi sálusorgari hafði enn einn eiginleika, sem ekki má gleyma að minnast á. Hann var í meira lagi undirförull og brögðóttur. Þegar hann sótta um Nadesdahla prestakall, þar sem hann nú var prestur, var Bergholm prestur líka einn þeirra, sem um það sótti, og voru flestir bændanna með honum, en með smjaðri og auðmýkt lánaðist Wassholm, að fá höfðingjana á sitt band, svo að þegar atkvæði voru greidd, hafði hann þrjú umfram Bergholm. Þessi lati, fávísi, öldrekkandi sælkeri fékk því þetta inntektarika embætti, en hinn fróði, sparsami og sivinnandi prestur Bergholm, varð að sitja kyr við sitt magra embætti, sistriðandi við fátæktina. En þannig gengur það í heiminum.

Lýsinguna af Wassholm prófasti og konu hans, höfum við látið í ljósi af því, að þau koma oftar við sögu þessa, en nú skulum við snúa að efninu aftur.

Kaffið var komið inn, og frú Bergholm var byrjuð á bókmentalegum samræðum við Bergholm prest, sem var staddur í miklum vandræðum af því, að frúin fann ýmislegt til að setja út á framleiðslu hinna nýrri bóka. Það var sem sæti hann á nálum. Stundum sagði hann 'hum', 'nú' eða 'já'. Hann færði sig til á stólnum, þurkaði svitann framan úr sér, stóð upp og gekk fram og aftur um gólfið, já, og seinast reykti hann framan í ritkvensuna í örvilnan sinni, en ekkert dugði. Frúin hélt þrumandi ræðu um Schiller, Göthe, Jean Paul og fleiri. Allar þýzku bókmentirnar sagði hún að væru gagnslaust rugl, sem ættu heima í eldiviðarkassanum til að kveikja upp við eld. Síðast sagði hún, að 'Hermann og Dorothea' væri mishepnuð stæling af Hómer.

Þetta þoldi Bergholm prestur ekki, að talað væri svona svívirðilega um uppáhaldshöfundinn hans, hjáguðinn hans, — og það af kvenmanni —.

"Kona", sagði hann með þrumuröddu, en þagnaði strax, af því kona hans barði á bakið á honum um leið og hún gekk hjá. "Prófastsfrú ætlaði ég að segja", sagði hann sneyptur, "þér dæmið of hart. Hómer er ekki og verður aldref úreltur. Rit hans eiga enn ekki sinn jafningja".

"Getur vel verið, Bergholm prestur", sagði frúin og brosti, "ég skal ekki þræta um það. Mér finst samt, að þessar fornaldarbókmentir taki of hátt sæti, sem efni í mentun. Hví skyldi maður eiga að eyða tíma sínum við latínu og grísku nám?"

Presturinn svaraði ekki, en leit til frúarinnar með mikilli fyrirlitningu.

Á meðan á þessum viðræðum stóð, hafði skólanemandinn gengið til Mórits, sem sat kyr út í horni.

"Heyrðu, drengur minn", sagði hann í reigingslegum róm, og stakk höndum í vasa sína, "hvað heitir þú?"

Mórits horfði undrandi á hann, honum virtist svipur hans innantómur og drembinn, og svaraði því í stýttingi:

"Ég heiti Mórits Sterner, en hvað heitir þú?"

Skólanemandinn hélt sig hafa heyrt rangt. Gat það verið, að þessi strákur í utanhafnarskyrtu segði 'þú' við hann, elzta son prófastsins?

En Mórits endurtók: "Hvað heitir þú?"

Hinn mikillláti skólanemandi svaraði engu, sneri sér frá Mórits og gekk til móður sinnar og prestsins til að taka þátt í samræðum þeirra.

Loksins kvaddi prófasturinn, og var sem steini væri létt af Bergholm presti, er hann sá vagninn fara.

"Þetta er sú leiðinlegasta kona, er ég hefi kynst", sagði hann við Mórits. "Aldrei hefi ég heyrt eins mikið af heimsku í einu. Guð varðveiti mig frá slíkum mentamaurildum".

"Já", sagði kona hans, "þarna sérðu árangurinn af þessu menta-uppeldi, og svona viltu að dætur þínar verði".

"Nei, nei, Brita, ég vil að þær verði mentaðar, en þetta er engin mentun, það er nær því að vera brjálsemi. Hefir nokkur maður nokkurntíma heyrt annað eins? Hún hlýtur að vera af göflum gengin, þessi kerling. Nei, þá verð ég að meta móður þína mörgum sinnum meira, Mórits, þó hún sé fátæk, hún er kona með mentaðri hugsun. Lestu nú einn blaðsíðu í Hómer fyrir mig, svo ég geti gleymt þessu rugli".

Mórits opnaði bókina og las stundarkorn, og við það kættist presturinn aftur.

"Sjáðu nú, drengur minn", sagði hann, þegar Mórits hætti, "hérna er bók, sem ég skal lána þér, ég er nýbúinn að fá hana frá Carlstad. Það er skáldrit, sem heitir 'Semiramis', samið af manni, sem dylur nafn sitt. Við skulum vita, hvort þér líkar það ekki".

Mórits tók við bókinni, þakkaði og fór, þegar hann var búinn að lofa því, að koma daginn eftir, til að hjálpa þessum eljusama vísindamanni að raða niður nokkrum þurtum, er hann hafði sjálfur safnað.

"Mamma", sagði Mórits, þegar hann var kominn inn í kofann, þar sem móðir hans sat við saumaskap, "nú hefi ég fengið nýja bók hjá prestinum. Þú er

skáldsaga, sem sögð er mjög falleg, ef þú vilt, þá skal ég lesa í henni á meðan þú ert að vinna.

"Já, gerðu það, góði drengurinn minn. Það er ávalt skemtilegt, að heyra eitthvað fallegt".

Mórits lauk upp bókinni og fór að lesa.

Það var um kvöldið, daginn eftir að prófasturinn heimsótti Bergholm prest. Mórits sat og hallaði sér upp að bolnum á tré nokkru, sem stóð á bakka árinnar, er rann gegn um bæinn, sem íbúðarkofi móður hans stóð utan við. Hann sat kippkorn fyrir neðan brúna, sem áður hefir verið á minst. Vatnið streymdi yfir bera fæturna á Mórits, sem hafði tekið af sér skóna. Nokkru neðar en hann sat, var mylla, sem þá var að vinna. Vatn árinnar myndaði á þessum stað myllutjörn, en frá henni lá breiður skurður, sem flutti vatnið að hjólinu.

Frá brúnni var fögur útsjón þangað sem myllan var, en þar fyrir neðan blasti Wenern við sjón manna, umkringdur af bökkum, sem þaktir voru eikar og birkitrjám. Það var komið undir kvöld, sól farin að lækka á lofti og sendi geisla sína langs eftir vatnsfletinum. Mórits hélt á bók í hendinni. Það var skáldritið 'Semiramis', sem hann las í. Efni þess var á þessa leið:

Þegar hin mikla, volduga dritning assyriska ríkisins var bara, átti hún heima í smalakofa, sem stóð í dalverpi á milli fjallanna. Hjarðmennirnir fundu hana í skóginum, áðtu hana vera dóttur einhverrar gyðju, og veittu henni því mikla virðingu. Þegar hún náði fullorðinsaldri, var hún hin fegursta stúlka í Asíu. Fegurð hennar þótti yfirnáttúrleg, og enginn þoldi til lengdar að horfa á hana. Þá kom það einu sinni fyrir, að villidýr réðist á hana, er hún

Menningarfélagsfundur

var haldinn 15. des. Umræðuefni fundarins var: Prestafundurinn á Þingvöllum í sumar sem leið.

Fyrst talaði séra Guðm. Árnason. Vék hann aðallega máli sínu að fyrirlestrum þeim, er þeir fluttu séra Jón Helgason ("Prestarnir og játningarritin") og séra Böðvar Bjarnason ("Um aðskilnað ríkis og kirkju"). — Tillögur séra Böðvars fanst honum ekki vera heppilegar eða eins frjálslyndar og æskilegt væri, — óheppilegt, að blanda kirkjumálum inn í stjórnmál. "Frjáls þjóðkirkja" væri mótsögn í orðum, — til þess að ná því þyrftu allir menn að vera samhuga, annars yrðu menn ófrjálsir. Frjálsast kirkjufyrirkomulag væri líklega hjá Congregationalistum, þar sem hver söfnuður er óháð stofnun, sjálfum sér ráðandi í öllum málum. Þar væri prestur og söfnuður alveg frjálsir. Þegar kirkjan er háð landsstjórninni, eru söfnuðurnir ekki frjálsir. Eitt nauðsynlegt skilyrði fyrir lífandi trúarlífi er það, að í hverjum trúarbragðalegum félagsskap séu aðeins þeir, sem þar eiga réttilega heima. Í þjóðkirkju hljótá ætíð að vera svo og svo margir, sem eru þar með hangandi hendi. Ríkiskirkjufyrirkomulagið hlýtur þess vegna að leiða af sér hræsni. Einar Hjörleifsson hefði látið í ljósi þá skoðun, að nokkur hætta gæti verið af því á Íslandi, að aðskilja kirkjuna frá ríkinu, að hún þá yrði afturhaldssamari, ofstækisfyllri og þröngsýnni — svipuð ev. lúterskri kirkju landa vorra í Vesturheimi — og að skóli hennar myndi þá verða svipaður afturhaldsskóla þeim í Chicago, er hinir yngri prestar kirkjufélagsins hafa fengið á sína trúarlegu uppfræðslu, og sem væri svo miklu þröngsýnni heldur en þjóðkirkju prestaskólinn heima á Íslandi. Nokkur ástæða gæti verið fyrir þessum kvíða E. H., en ekki virtist ræðumanni þetta samt vera gild ástæða móti aðskilnaði ríkis og kirkju heima. Ófrelsis og afturhaldsandi magnaðist ef til vildi, slikt væri hugsanlegt, en svo hefði frjálslyndis og framfara-andinn líka tækifæri að þroskast og útbreiðast. Ekki kvaðst ræðumaður vera í nokkrum vafa um það, að aðskilnaður ríkis og kirkju yrði affarasælast fyrir fóðurland vort.

Næst tók ræðumaður til íhugunar fyrirlestur séra Jóns Helgasonar "Prestarnir og játningarritin". Séra J.H. vill ekki, að prestarnir séu skyldaðir til að kenna samkvæmt játningarritunum. Til að verða nýtir menn, þurfi menn að vera frjálsir, einstrengingslegt aðhald að játningarritunum leiði til hræsni. Hann rekur sögu trúarl játninganna og sýnir fram á, að Ágsborgar trúarjátningin hafi ekki verið ætluð af Lúter eða Melankton til að vera gildandi um aldur og æfi, en hún hafi svo verið gerð bindandi af eftirmönnum þeirra. En hvað er það þá, sem á að vera bindandi? Biblían. Bendir á, að Lúter hafi mótmælt valdi katólsku kirkjunnar, en sett ritninguna í hásætið. Biblían sé eini mælikvarðinn. Prestarnir eigi að lofa að kenna samkvæmt guðs orði í ritningunni. Í þessari afstöðu séra J.H. virtist ræðumanni hrapalleg mótsögn. Þegar hann er búinn að rekja sögu og skýra frá tildrögum trúarjátninganna, þá eiga þær ekki að vera bindandi, en hvaðan tekur hann sér þann rétt, að dæma þær ógildar en bibliuna gilda? Því vart mun það hafa verið meining guðspjallahöfundanna, fremur en höfunda trúarjátninganna, að það, sem þeir færðu í letur, yrði bindandi um aldur og æfi. Ef háheimspekilegar athuganir við Níkeu trúarjátninguna eru ekki bindandi, hvers vegna ætti þá háheimspeki 4. guðspjallsins að vera bindandi? Eða Opinberunarbókin, "ritverk vitfirringsins á Patmos eyju", sem Ingersoll kallaði, — og ekki að ástæðulausu. Á sama hátt og trúarjátningarnar voru gerðar bindandi, voru rit Nýjatestamentisins gerð bindandi á 1., 2., 3. og 4. öld. Mótsögnin hjá séra J.H. liggur í því, að beita ekki sömu aðferðinni við Nýjatestamentið og játningarritin. Útskýringin er náttúrlega sú, að hér sé um lúterska menn í lúterskri kirkju að ræða. Lúter setti bibliuna í hásætið, en þess ber að gæta, að þannig bibliudýrkun getur leitt af sér sama þröngsýni og ófrelsi eins og páfi og kirkjuvald. Stór framför væri það hjá þeim kirkjuleiðtogunum heima, ef þeir vildu viðurkenna hina herri kritik, ekki að eins í orði, heldur á borði, með því að taka afleiðingunum, sem af henni fljóta. Engin von væri um veruleg framför fyr en hreinskilnislega væri gengið frá þessum málum. Bezt að kirkjan yrði frjáls, þá lifnaði heil og lifandi trú, — ekki skoðana blendingur, sundurleitur og ósamrýmanlegur. Ekki kvaðst ræðumaður álíta það rétt, sem haldið væri fram af séra J.H., að konungar eða verzlega valdið hefði neytt trúarjátningunum upp á Norðurlönd. Sökin í þessu efni myndi liggja hjá guðfræðingunum.

Næst talaði séra Rögnv. Pétursson, og ræddi hann einkum fyrirlestur þann, er séra Sigurður Sívertsen flutti "um fyrirkomulag kirkjunnar í framtíðinni". Ræðumaður kvaðst þeirrar skoðunar, að kirkjan ætti að réttu lagi að vera þjóðkirkja. Það væri sú eina virkilega eða mögulega afstaða hénnar, en ekki með því fyrirkomulagi, sem séra S.S. mælti með. Sé kirkjan nauðsynleg stofnun, ætti hún að vera ríkiskirkja. Það hefði verið bent á Congregationalista kirkjuna sem fyrirmynd, en kirkjan sem ríkiskirkja, gæti líka verið frjáls. Um leið og ríkið leggur niður þá stofnun, sem kennir trúfræði, heimspeki og siðfræði, kemur úlfúð og fjandskapur upp á milli hinna ýmsu trúarflokka. — kirkjan verður þá sníkjusveppur, lifir þá á hræsni — á því að viðra sig upp við aðra. En hvernig á að tryggja kenningarfrelsi í ríkiskirkju? Til dæmis með því, að við þá uppfræðslu, sem kirkjan veitir, séu viðurkend þau allsherjarlög, að söguvísindin fái að njóta sín, — hærri kritikin. Þá yrði engum dogmum viðhaldið, og þá ekki hægt að úttroða nemendur með partisku. Kirkjan kendi trúfræði, siðfræði og heimspeki. — Í öðru lagi til að tryggja frelsið mætti leysa þau bönd, sem nú eru á þjóðkirkjunni. Menn eru eðlilega skiftir í skoðunum, — ekki hægt, að steypa alla í einu móti, — en hverri sókn mætti veita heimild til að semja sína trúarjátningu. Séra S.S. vill, að þjóðkirkjan haldi áfram að vera sú sama og hún hefir verið, í aðalatriðunum, en að hún verði að ýmsu leyti færð undan yfirráðum hinnar borgaralegu stjórnar, og að alþingi skili af sér þeirri heimild, að hlutast til um kirkjumálin, til prestastéttarinnar, og prestarnir og einn leikmaður úr hverri sókn hafi kirkjumálin með höndum. Svona fyrirkomulag myndaði ríki innan ríkis. Þessi tillaga væri varhugaverð. Á þannig löguðu þingi yrðu prestar öllu ráðandi, og þá enginn hlutur hæggari og vísari en trúbragðalegar ofsóknir. Ástæður þær, sem séra S. S. færði fyrir þessari tillögu væru, að þá myndi vakna andlegur áhugi, kirkjulöggjöf verða betur borgið og vænlegri til uppbyggingar, — en ræðumaður kvað sína skoðun, að það yrði til niðurdreps. Séra S.S. kvartaði um, að prestar færu alt af fækkandi á alþingi, og taldi það óhapp. Ekki kvaðst ræðumaður geta samsint því, — það væri naumast eftirsóknarvert, að fara að mynda katólskt vald á Íslandi nú á tímum.

Næst talaði hr. Sig. Vigfússon. Hann kvaðst hafa nokkuð að athuga við ræðu málshefjanda (G. Á.). Trúarjátningar hafa ekki myndast á sama hátt og biblían, þær væru undirliðir hennar og bygðar á henni. Rétt væri það og hrósvert af séra J.H., að halda fast við bibliuna, sem trúarheimild. Að hafa presta ábyrgðarlausa nær engri átt, einhver mælisnúra hlýtur að vera til. Að vissu leyti hefir Nýjatestamentið orðið til á svipaðan hátt og trúarjátningarnar, en Nýjatestamentið, vel að merkja, stendur á eða vex upp af Gamlatestamentinu, og bækur Gamlatestamentisins urðu ekki til á neitt svipaðan hátt og trúarjátningarnar, og væru ekki til að tryggja nokkuð, sem var til á undan þeim. Gamlatestamentið væri lögmál, mannkynssaga, spádómar og prédikanir, — sagan rituð af sannleiksfróðum mönnum. Líklega hafa höf. í fyrstu ekki ætlast til, að rit sín yrðu bindandi, eða mælisnúra, en svo reyndust þau svo ágæt, að þau voru gerð að mælisnúru. Gildi Gamlatestamentisins grundvallast einkanlega á spádómunum og Nýjatestamentið er rit, sem vitnar um það, að spádómarnir hafi komið fram.

Næst talaði ritari. Kvaðst ekki sjá, að mögulegt yrði að breyta sanngjarnlega við alla undir ríkiskirkjufyrirkomulaginu, þar sem skoðanir í trúarefnum væru sundurleitar og allar ósannanlegar. Naumast rétt, að jafna kirkjunni við skólana, sem jafn-réttháa til að njóta styrks ríkisins. Í skólunum væru kend vísindaleg sannindi, sem öllum kæmi saman um, þar væri ekki um nokkra katólska eða lúterska reikningsfræði að gera, eða landafræði. Sanngjarnara virtist það, að kirkjan liði á "sníkjum", þ.e.a.s. því sem fólk leggur til hennar af frjálsum vilja, heldur enn að ríkið taki með valdi fé til viðhalds kirkjunni frá þeim — sem eru eigi allfáir — sem enga kirkju vilja styrkja.

S. B. Benedictsson andmælti mjög eindregið nokkru sambandi milli ríkis og kirkju, og P. M. Clemens sömuleiðis.

Séra Rögnv. Pétursson talaði aftur. Hann kvað kirkjuna eina af menningartilraunum mannsandans, og með sama rétti á sér og skólar og ætti skilið sömu virðingarstöðu, en þá virðing misti hún, ef hún þyrfti að sníkja — þá legði hún sig undir kvöð. Amerikönsku kirkjurnar væru stólpar undir auðvaldi, — gjafirnar yrðu að borgast, kirkjan væri mýld. Viðvíkjandi þeirri mótbáru, að kirkjan flytti kenningar, sem væru sundurleitar og ósannanlegar, þá mætti benda á, að til væru ýmsar stofnanir eða skólar í heimsspeki, einnig í læknisfræði. Congregationalista kirkjan, með sínu frjálsa fyrirkomulagi, væri á flótta í Bandaríkjunum.

Séra G. Á. talaði síðast. Hann gat ekki séð, að nokkur umbót væri væntanleg með sameining ríkis og kirkju. Þar sem kirkjan væri háð ríkinu, eins og t.d. á Þýzkalandi, væri hún næstum nauðbeygð til að dansa eftir pípu þess flokks, er völdin hefði, og þetta findi fólkið í kirkjunni svo vel, að nú væru stórhópar af verkalýðnum og jafnaðarmönnum að yfirgefa kirkjuna, vegna þess að hún gerði þeim lægra undir höfði, léts sig ekki varða þeirra málefni.

Á næsta fundi 12. janúar flytur herra Stefán Thorson erindi "Um glæpamenn".

Friðrik Sveinsson, ritari.

Sendið Heimskringlu til vina yðar á Íslandi

Bréf úr south Cypress sveit

Glenboro, 27. des. 1909.

Þann 21. des. sl. samfara sveitarkosningum voru háðar hér kosningar um vínsölubann (Local Option), og unnu bindindismenn sigur í sveitinni með 28 atkvæðum í meiri hluta. Er það í fyrsta sinn, sem vínsölubann hefir komist á hér. Eftir 1. júní næstk. gefst mönnum því kostur á, að reyna, hvort leiðir meiri blessun yfir fólkið vínsala eða vínsölubann. Vínsala heldur áfram í öllum næstliggjandi sveitum, sem kosið var í, og halda þær sveitir því áfram að vera "svartar" á landabréfi bindindismanna.

Hr. Kristán Jónsson, kaupmaður á Baldur, var kosinn oddviti sveitarráðs Argyle-sveitar við kosningarnar þar þann 21., með miklum atkvæðamun. Hann mun vera fyrstur Íslendingur, sem það embætti skipar í sveitinni.

Þann 7. janúar næstk. ætla Conservativar að útnefna þingmannsefni fyrir Cypress kjördæmið til Manitoba þingsins. Hr. George Steele, núverandi þingm. kjördæmisins, hefir reynst mjög vel kjördæmi sínu, og er því viss að fá útnefningu flokksins á ný, ef hann vill gefa kost á sér. Í móti sækir F. H. Mitchell, lögmaður í Glenboro, fyrir hönd Liberala.

Nýdáin er í Glenboro konan María Jónsdóttir, kona hr. Kr. Sigurðssonar, 75 ára gömul, þingeysk að uppruna.

Veðurátta hefir verið býsna hörð hér það sem af er vetrinum. Mikill snjór yfir alt.

Gleðilegt og farsælt nýtt ár til allra!

G. J. OLESON.

Það kostar minna en 4 cent á viku

að fá HEIMSKRINGLU heim til þín vikulega árið um kring. Það gerir engan mismun hvar í heiminum þú ert, — því HEIMSKRINGLA mun rata til þín. Þú hefir máske heyrt að "blindur er bóklaus maður", en ef þú mátt missa 4c. á viku fyrir HEIMSKRINGLU þá verður þú hvorugt. 4c. á viku eða $2 um árið. Skrifið eftir Hkr. nú þegar. til P. O. Box 3083 Winnipeg, Man.

Kæru Vestur-Íslendingar.

Gleðilegt nýtt ár í nafni alls þess góða, sanna, háa, göfuga, sem hvorki er við stað né stund bundið.

Því hefir verið haldið fram, að við með tímanum mundum hverfa inn í þessa lands þjóðlíf eins og dropi í hafið. Ég býst við, að einhver innvortis ónot fylgi þeirrá tilhugsun hjá öllum þorra eldra fólks, og mætti benda á dæmi í þá átt. Enda sýnist áhugi vera að vakna fyrir því, að koma í veg fyrir, að afkomendur vorir í fyrsta lið gleymi ætterni sínu, eða þyki minkun við það að kannast.

Bræður vorir og systur eru að vakna til sjálfstæðis meðvitundar heima á Íslandi, því enn þá köllum við heim. Er ekki þetta einmitt hinn hentugi tími til að styrkja þjóðerni vort. Spursmálið er: Á öll íslenzka þjóðin að hverfa eins og dropi í hafið, eða á hún að lifa? Og ef hún á að lifa, þá þarf hún að taka öllum þeim framförum, andlegum og líkamlegum, sem hæfileikar hennar leyfa, og þá er verkefnið orðið stórt.

Vilja vantar okkur sjálfsagt ekki og er hann góður, þó með því móti, að hann í framkvæmd komist. Heimskringla lætur ekkert tækifæri ónotað til að sýna efnalegt sjálfstæði Vestur-Íslendinga. Það á því vel við, að hún flytji hugmynd mína, sem er þessi, að Vestur-Íslendingar myndi félag, sem búi sig undir að taka til starfa með samgöngur til Íslands, þegar hin fyrirhugaða Hudsonsflóa járnbraut er búin. Ég hugsa mér fyrirtækið framkvæmanlegt, og þætti vænt um, að sjá álit mér færari manna um þetta mál.

Á jóladaginn 1909.

Vestur-Íslendingur.

Til kaupenda Heimskringlu.

Þessir menn hafa tekið að sér umboðsstöðu fyrir Heimskringlu. Þeir taka á móti nýjum áskriftum að blaðinu, og veita móttöku andvirði þess frá kaupendum í þeirra bygðarlögum.

KRISTMUNDUR SÆMUNDSSON, að Gimli, fyrir Gimli og Nes P.O.

SIGURÐUR SIGURÐSSON, að Husawick, fyrir Husawick og Winnipeg Beach P. O.

RÖGNVALDUR S. VIDAL, að Hnausa, fyrir Hnausa, Geysir, Árdal og Framnes P.O.

FINNBOGI FINNBOGASON, að Arnes, fyrir Arnes P.O.

JÓN SIGVALDASON, að Icelandic River, fyrir þá bygð.

BJARNI STEFÁNSSON, að Hecla, fyrir Mikley.

G. ELÍAS GUÐMUNDSSON, að Bertdale, Sask., fyrir það bygðarlag.

JÓNAS J. HUNFJORD, Markerville, Alta., fyrir Alberta bygðina.

Kaupendur eru beðnir að beina borgunum sínum til þessara ofangreindu manna.

Smávegis.

Einu sinni var Franz Jósef á veiðum í Týról og viltíst. Seint um kvöldið kom hann að kofa í skóginum og gekk inn. Fólkið í kofanum sat að kvöldverði. Keisarinn spurði til vegar að næsta smábæ, þar sem hann átti litla veiðihöll. Fólkið þekti ekki keisarann, og áleit hann vera einhvern ferðamann, og hálfvaxinn unglingur svaraði honum: "Settu þig þarna á bekkinn við ofninn, þegar ég er búinn að borða, skal ég ganga með þér".

Keisarinn settist á bekkinn, og þegar drengurinn hafði matast, fóru þeir af stað, og þegar þeir komu til bæjarins sagði drengurinn:

"Áttu hérna heima?"

"Já, í þessu húsi þarna", og benti á höllina.

"Það getur ekki verið. Þú ætlar þó ekki að telja mér érú um, að þú sért keisarinn?"

"Þú getur nú komið með mér og sannfærst um það". Þegar drengurinn varð þess vís, hver maður þessi var, fór hann að gráta.

"Herra keisari", sagði hann, "þú mátt ekki reiðast mér — ég hélt ekki —"

"Hugsaðu ekkert um það, fáðu þér nú brauðbita og vínsopa, þá geturðu sagt, að þú hafir borðað við sama borð og keisarinn".

Þegar drengurinn fór, hélt hann á nýjum tíu gylllina pening í lófanum.

KINDARSKINN þarf fyrst að þvo afbragðsvel úr sterku sápuvatni og svo úr hreinu vatni. Tak svo hálft pund af salti og hálft pund af álúni og leys það upp í sjóðandi vatni, legg svo skinnið í þetta vatn í 12 stundir, tak það svo upp og hengdu það yfir ás, svo að vatnið sigi af því, spyttu það svo á þil, eða helzt á gólfið; áður en það er alveg þurt, skal strá einni únzu af álúni og einni únzu af saltpétri í holdrosann, smámuldu og vel blönduðu, legg svo skinnið saman og hengdu það upp í skugga í 2 eða 3 daga og hafðu hliðaskifti á hverjum morgni Taktu það nú ofan og skafðu holdrosann með sljófum hnif, uns það er hreint, og eltu það svo.

GOUST heitir minsta þjóðveldi heimsins. Það er í Frakklandi í héraðinu Basses-Pyrenees, er 1 ferh. km. að stærð með 120 íbúum, sem aðallega lifa af því, að vefa ull og silki. Eltu menn ríkisins stjórna því, og þar eru engir skattar. Máske það sé orsök þess, að þar verða allir svo æfagamlir.

KALDABRAS, eða köld kveiking á járni verður að gerast með miklum þrýstingi. Á brotin, sem kveikja á saman, er borið: 6 hlutar af brennisteini, 6 hlutar af blýhvítu og 1 hluti af borax, — blandað saman og hrært út í sterkri brennisteinssýru. Að viku liðinni er járnið heilt.

Friðrik Sveinsson,

MÁLARI.

hefir verkstæði sitt nú að 245 Portage Ave. — herbergi nr. 43 Spencer Block — beint á móti pósthúsinu. Hann málar myndir, leiktjöld, auglýsingaskilti af öllum tegundum, o. s. frv. — Heimili: 618 Agnes St.

LEIÐBEININGAR--SKRA

YFIR ÁREIÐANLEGA VERZLUNARMENN Í WINNIPEG

MUSIC OG HLJÓÐFÆRI

CROSS, GOULDING & SKINNER, LTD. 323 Portage Ave. Talsími 4413

MASON & RISCH PIANO CO., LTD. 256 Main Stree Talsími 4 5 0 W. Alfred Albert, Íslenskur umboðsmaður

WHALEY ROYCE & CO. 356 Main St. Phone 263 W. Alfred Albert, bókarþjónn.

BYGGINGA og ELDIVIÐUR.

J. D. McARTHUR CO., LTD. Bygginga- og Eldiviður í heildsölu og smásölu. Sölustæði: Princess og Higgins Tals. 3060, 3061, 3062

MYNDASMIÐIR.

G. H. LLEWELLIN, "Medallions" og Myndarammar Starfstofa Horni Park St. og Logan Avenue

SKÓTAU Í HEILDSÖLU.

AMES HOLDEN, LIM TED Princess & McDermott. Winnipeg.

THOS. RYAN & CO. Allskonar Skótau. 44 Princess St.

THE Wm. A. MARSH CO. WESTERN LTD. Framleiðendur af Finu Skótaui. Talsími: 3710 88 Princess St. "High Merit" Marsh Skór

RAFMAGNSVÉLAR OG ÁHÖLD

JAMES STUART ELECTRIC CO. 324 Smith St. Talsímar: 3447 og 7802 Fullar byrgðir af alskonar vélum.

GOODYEAR ELECTRIC CO. Kellogg's Talsímar og öll þarfnöt. áhöld Talsími 3023. 56 Albert St.

RAFMAGNS AKKOKÐSMENN

MODERN ELECTRIC CO 412 Portage Ave Talsími: 5658 Viðgjörð og Vir-lagning — allskonar.

BYGGINGA - EFNI.

JOHN GUNN & SONS Talsími 1277 266 Jarvis Ave. Höfum besta Stein, Kalk, Cement, Sand o. fl.

THOMAS BLACK Selur Járnvöru og Bygginga-efni allskonar 76—82 Lombard St. Talsími 600

THE WINNIPEG SUPPLY CO., LTD. 298 Rietta St. Talsímar: 1936 & 2187 Kalk, Steinn, Cement, Sand og Mól

BYGGINGAMEISTARAR.

J. H. G RUSSELL Byggingameistari. í Silvester-Willson byggingunni. Tals: 1068

PAUL M. CLEMENS Bygginga - Meistari, 443 Maryland St. Skrifst.: Argyle Bldg., Garry st. Talsími 8997

BRAS- og RUBBER STIMPLAR

MANITOBA STENCIL & STAMP WORKS 421 Main St. Talsími 1880 P. O. Box 244. Búum til allskonar Stimpla úr málmi og togleðri

CLYDEBANK SAUMAVÉLA AÐGERÐARMAÐUR. Brúkaðar vélar seldar frá $5.00 og yfir 564 Notre Dame Phone, Main 8624

VÍNSÖLUMENN

GEO. VELIE, Heildsölu Vínsali. 185, 187 Portage Ave. E. Smá-sölu talsími 352. Stór-sölu talsími 454.

STOCKS & BONDS

W. SANFORD EVANS CO. 326 Nýja Grain Exchange Talsími 369

ACCOUNTANTS & AUDITORS

A. A. JACKSON, Accountant and Auditor Skrifst.—25 Merchants Bank. Tals.: 5702

OLÍA, HJÓLÁS-FEITI OG FL.

WINNIPEG OIL COMPANY, LTD. Bða til Stein Olíu, Gasoline og hjólás-áburð Talsími 1590 611 Ashdown Block

TIMBUR og BÚLÖND

THOS. OYSTAD, 208 Kennedy Bldg. Viður í vagnhlössum til notenda, búlönd til sölu

PIPE & BOILER COVERING

GREAT WEST PIPE COVERING CO. 132 Lombard Street.

VÍRGIRÐINGAR.

THE GREAT WEST WIRE FENCE CO., LTD Alskonar virgirðingar fyrir bændur og borgara. 76 Lombard St. Winnipeg.

ELDAVÉLAR O. FL.

McCLARY'S, Winnipeg. Stærstu framleiðendur í Canada af Stóm, Steinvöru (Graniteware) og fl.

ÁLNAVARA Í HEILDSÖLU

R. J. WHITLA & CO., LIMITED 264 McDermott Ave Winnipeg "King of the Road" OVERALLS.

BILLIARD & POOL TABLES.

W. A. CARSON P. O. Box 225 Room 4 1 Molson Banka. Öll nauðsynleg áhöld. Ég sjeri við Pool-borð

NALAR.

JOHN RANTON 203 Hammond Block Talsími 4670 Sendið strax eftir Verðlista og sýnishornum.

GASOLINE Vélar og Brunnborar

ONTARIO WIND ENGINE and PUMP CO. LTD 301 Chamber St. Sími: 2668 Vindmillur -- Pumpur -- agætar Vélar.

BLÓM OG SÖNGFUGLAR

JAMES BIRCH 442 Notre Dame Ave. Talsími 2638 BLÓM - allskonar. Söng fuglar o. fl.

BANKARAR, GUFUSKIPA AGENTR

ALLOWAY & CHAMPION North End Branch: 667 Main street Vér seljum Avísunir borganlegar á Íslandi

LÆKNA OG SPÍTALAAHÖLD

CHANDLER & FISHER, LIMITED Lækna og Dýralækna áhöld, og hospitala áhöld 185 Lombard St., Winnipeg, Man.

Byrjið nýja árið með því að kaupa Heimskringlu

FJARLÆGÐ jarðar frá sólu er að jafnaði hér um bil 140 milión kílómetrar. Járnbrautarlest með 60 km. hraða á klukkustund, þyrfti 270 ár til að komast til sólarinnar. Farseðillinn mundi kosta um 7 miliónir króna, ef miðað er við 5 au. fyrir hvert km.

3,400 miliónir ára álítur hinn franski vísindamaður Remond vera liðnar síðan vatnið byrjaði starfsemi sína á jörðunni.

Skýtla.

Kennarinn: Skrifaði Shakespeare öll sín leikrit??

Drengurinn: Ég veit ekki.

Kennarinn: Hvernig gætir þú vitað það?

Drengurinn: Þegar ég dey skal ég fara til himnaríkis og spyrja hann.

Kennarinn: En nú, ef hann væri þar ekki?

Drengurinn: Þá getur þú spurt hann.

Almanakið 1910

er útkomið og verður sent umboðsmönnum til sölu eins fljótt og hægt er.

AÐAL-INNIHALD ÞESS ER: —Mynd af Almannagjá. — Gísli Ólafsson, með mynd. Eftir F.J.B. — Mynd af íslenzkri baðstofu. — Hvað er fóðurlandið? — Íslenzkur Sherlock Holmes. Saga. Eftir J. M. Bjarnason. — Safn til landnámssögu Ísl. í Vesturheimi. I. Álftavatnsbygð. Eftir Jón Jónsson frá Sleðbrjót. — Skógareldurinn. Sönn saga hetjuskapar og mannrauna. Blaðsíða úr lífsbók hinna harðsnúnu frumbúa Norðvesturlandsins er orðið hafa á hinum voðalegu vegum skógareldanna. Jón Runólfsson þýddi. — Helztu viðburðir og mannalát meðal Ísl. í Vesturheimi, — og margt fleira smávegis, — 118 blaðsíður lesmál.

Kostar 25 cent.

Pantanir afgreiddar strax.

O. S. Thorgeirsson,

678 Sherbrooke St., Winnipeg Talsími 4342.

Verið ánægðir aðeins með hið bezta.

Það orðspor, að nábúi yðar sé aldrei ánægður með neitt nema hið bezta, getur látið sem lastmælgi í eyrum yðar, og geðið í skyn eyðslusemi.— En er þetta þannig?

Vér vitum að það er ekki svo þegar um PIANO KAUP er að ræða.—Það er alveg víst.

HEINTZMAN & CO.

Upright Piano

eru gerð til endingar, því að gamla Heintzman félagið hefir hálfrar aldar reynslu aðbaki sér, sem hinir frægustu PIANO SMIÐIR, og því orðspori verður fél. að halda framvegis. — Það er áferðarfagurt PIANO og ágætlega smíðað. Það veitir eigendunum mikla skemtun.

A. E. McLean & Co. LIMITED.

528 Main St. — Phone 808

Og í Brandon og Portage La Prairie

Fréttir úr bænum.

Embættismenn bæjarstjórnarinnar hafa látið til sín taka á sl. 2 vikum. Á þeim tíma hafa þeir tekið 26 þús. pund af matvælum, sem kaupmenn höfðu til sölu, og ónýtt þau. Matvælin voru við nákvæma rannsókn talin svo skemd, að þau væru ekki manna matur. Meðal þeirra var 15,550 pd. af fiski, 7155 pd. af þurkuðum aldinum, 1600 pd. af brjóstsykri, 800 pd. af Mince Meat, 333 pd. af kjöti, 300 pd. af ostrum, 340 pund af aldinum, 66 pd. af fuglum, 43 pd. af kálfskjöti og 33 pd. af smjöri. Á sama tímabili gerðu þessir menn 87 ferðir til hinna ýmsu mjólkurbúa, sem selja mjólk í borginni, og fundu þau yfirleitt í góðu ástandi. Að eins eina mjólkursali var sektaður fyrir að hafa óhreinar mjólkurkönnur, og 50 pundum af mjólk hans var helt niður.

Herra Sveinn Kristjánsson, sem lengi bjó í Gimlisveit sunnanverðri, en hefir í sl. 4 ár dvalið á heimilisréttarlandi sínu í Saskatchewan fylki, — kom hingað vestan frá Wynyard fyrir jólin, til að finna sína mörgu kunningja hér og í Nýja Íslandi. Hann fer vestur aftur um næstu helgi.

Herra Thos. H. Johnson, þingmaður fyrir Vestur Winnipeg, var í sl. viku útnefndur á fundi í Good Templar Hall, til þess að sækja um endurkosningu fyrir kjördæmið við næstu fylkiskosningar.

Samið er um, að Grand Trunk Pacific og Canadian Northern járnbrautarfélögin skuli hér eftir nota sameiginlega öll járnbrautarspor C. N. R. félagsins, innan takmarka Winnipeg borgar, og þá að sjálfsögðu einnig nýju vagnstöðina hjá Broadway.

Herra Magnús J. Borgfjörð, að Hólar, Sask., biður þess getið, að "Quill og Valley bygðir" sé rangnefni, heldur beri að nefna svæðið Quill Valley bygð. Heimskringla biður velvirðingar á villunni og bendir jafnframt Quill Lake búum og öðrum þar vestra á það, að Magnús er enn bráðlifandi og selur lönd og lánar skildinga.

Í KVELD

(miðvikudag) er fundur í Menningarfélaginu. Herra Stefán Thorson flytur þar erindi "Um glæpamenn" Frjálsar umræður á eftir. Allir boðnir og velkomnir. Fundur settur kl. 8. Komið í tíma.

Kaldir dagar!

Blaðið Tribune flutti í sl. viku töflu yfir mestu kuldadaga, sem komið hafa hér í síðustu 14 ár. Gráðurnar taldar á Fahrenheit mælir — neðan zero: —

Ár.	Dagar.	Gr. n. ðan Zero
1896	4. janúar	42.4
1897	25. febrúar	40.9
1898	10. janúar	30.3
1899	6. febsúar	46.5
1900	9. febrúar	24.8
1901	2. janúar	35.2
1902	28. janúar	36.1
1903	15. febrúar	36.7
1904	24. janúar	41.4
1905	10. janúar	39.1
1906	23. janúar	35.5
1907	15. janúar	38.6
1908	29. janúar	36.0
1909	6. janúar	46.1

Þetta er tekið eftir ábyggilegum mæli við St. John háskólann hér í borg. Kaldasti dagur, sem komið hefir í Manitoba síðan bygð hófst, var á jóladaginn árið 1875, þá um kvöldið steig kuldinn niður - 53½ stig fyrir neðan zero, og næstur honum var 6. febr. 1899 með 46½ stiga frost. Samt fór fólk hér allra sinna ferða og sakaði ekki. — Hann er hollur Manitobakuldinn.

Herra Jónas Jónassan, aldinasali í Fort Rouge, hefir sent Hkr. einn kassa af hinum alþektu, ágætu Prince Rupert vindlum, í nýársgjöf. Það eina, sem að þeim má finna, er það, að þeir eyðast, þegar í þeim er kveikt. En — guðsást fyrir gjöfina, Jónas, og fegin vill Heimskringla eiga þig að.

Sú krafa er gerð til fylkisstjórnarinnar, að hún leggi til 80 þúsund dollara úr fylkissjóði, til þess að byggja barnahæli hér í borg. Svar hennar ólengið enn þá.

Munið eftir samkomu Bandalags Tjaldbúðar safnaðar. Prógram auglýst á öðrum stað í blaðinu. Það mælir með sér sjálft. Samkoman ætti að verða vel sótt.

Samkomunni, sem getið var um hér í blaðinu að stúkan Ísland ætlaði að halda þann 20. þ.m., — hefir verið frestað til þess 27. það verður sérstaklega vel vandað til þessarar samkomu: Stuttur gamanleikur verður sýndur, sem enginn getur horft á óhlægjandi, og beztu ræðumenn, söngmenn og skáld, sem völ er á meðal Íslendinga í þessum bæ, koma þar fram, Veitingar á eftir skemtunum. Nákvæmar auglýst síðar.

Á fundi stúkunnar Ísland í þessari viku verður kappræða um þetta efni: "Ákveðið, að dagblöð og tímarit hafi meiri áhrif á andlegt líf manna, en öll önnur öfl til samans". Játandi hliðina taka að sér þeir Eggert Árnason og H. Skaftfeld, og neitandi þeir Helgi Sigurðsson og S. A. Bjarnason.

Fjós, 8x10 að stærð, fæst keypt með sanngjörnu verði að 573 Simcoe Street.

Jólablað Framtíðarinnar kom út í síðustu viku, 32 blaðsíður, í skrautkápu, og með myndum: Af móðurinni og barninu helga, af Marteini Lúter og séra Jóni Bjarnasyni og konu hans. Þess utan er sérstök mynd af sofandi stúlkubarni á framhlið skrautkápunnar. Lesmálið í blaði þessu er margbreytilegt og vel valið. Þar með nokkur ljóðmæli og einn jólasálmur með nótum.

Hér með tilkynnist, að herra Sigurður Jónsson, að Bantry, N. Dak., hefir tekið að sér umboð fyrir Heimskringlu í bygðarlagi sínu þar syðra. Hann tekur móti áskriftum að blaðinu og borgun fyrir það. Heimskringla óskar, að kaupendur þar vildu snúa sér til hans með borganir. Það getur verið þeim hægðarauki, — og að þeir, sem ekki eru kaupendur "Kringlunnar", vildu gera svo vel, að afhenda honum áskriftir sínar að henni.

Maður var nýlega dæmdur hér í Winnipeg til tveggja ára fangavistar og hýðingar fyrir ósæmilegar árásir á gifta konu á heimili hennar, þar sem hann kom í bóksöluerindum.

Í kvæðinu "Draumur", sem nýlega birtist hér í blaðinu, var mannsnafnið í síðustu hendingunni rangprentað. Þar var það látið vera: "og halta Þorleif leiki næsta ár", en átti að vera Þórólf.

Í Heimskringlu, dags. 23. des. sl., var kvæði "Minni Íslendinga erlendis" sagt að vera eftir Benedikt á Auðnum í Þingeyjarsýslu.— Þetta var rangt. Höfundurinn var Benedikt Einarsson, hreppstjóri, á Hálsi í Saurbæjarhreppi í Eyjafirði. Samkvæmið var haldið á Heitdag Eyfirðinga. Þar hafði og herra Hólmgeir Þorsteinsson flutt einkar snjalla ræðu fyrir minni Vestur-Íslendinga, og talað mjög hlýlega í þeirra garð.

Próf voru tekin á Manitoba búnaðarskólanum núna fyrir jólin, og sýndu þau, að þeir 10 Íslendingar, sem þar stunda nám, hafa notað tímann vel og náð sæmilega háum einkunnum. — Svo er nú aðsóknin að skóla þessum orðin mikil, að þótt hann rúmi á þriðja hundrað nemendur, þá biðja fleiri um inngöngu en hægt er að rúma þar, og hefir því skólastjórnin orðið að vísa nokkrum frá, sem síðast hafa æskt eftir upptöku. — Það er þegar komið á daginn, að óumflýjanlegt verður að stækka skólann að mun í nálægri framtíð.

Íslenzki Hockey klúbburinn "Falcons" keptí á föstudagskvekdið var við Winnipeg Hockey klúbbinn í Arena skautaskálanum, og unnu þar sigur með 5 móti 2. "Fálkarnir" keppa aftur næsta föstudagskvöld kl. 10 á móti Victoria Hockey klúbbnum, á sama stað. Þeim þætti vænt um, að sjá sem flesta Íslendinga þar. Þeir leika betur, þegar kunningjar þeirra eru viðstaddir, og þeir ætla sér að vinna sigur á Victoria piltunum.

Nýja árið byrjaði vel í byggingarlegu tilliti. Fyrsti maður hér í borg að taka út byggingaleyfi, var landi vor Jón T. Bergman. Hann fékk leyfi til að byggja 3 íbúðarhús á Home St., milli Sargent og Ellice Aves., sem hvert á að kosta $2,500. Einnig íbúða-stórhýsi, sem hann ætlar að byggja á Furby St., milli Ellice og Portage Ave. Það á að kosta 35 þús. dollara. — Það er skoðun byggingafróðra manna, að á þessu ári verði byggingar reistar hér í borg fyrir 15 miljónir dollara.

Séra Steingrímur N. Thorlaksson gaf saman í hjónaband í Selkirk bæ þau herra Magnús Sigurðsson og ungfrú Margréti Valgerði Thorsteinsson, bæði frá Keewatin í Ontario. Hjónavígslan fór fram á nýársdag. Brúðhjónin héldu heimleiðis aftur á fimtudaginn var.

Herra Thomas Costello, frá Milton, N. Dak., kom til bæjarins í sl. viku, og hyggur að starfa hér að steinvinnu.

Nú er tækifærið til að kaupa Flókaskó.

Hlý búð, full af hlýjum skóm. Ef þú ekki hagnýtir þér þessa skósölu, gengur þú fram hjá tækifæri til að spara peninga.

20 PRÓSENT AFSLÁTTUR á öllum karla Flókaskóm.
20 PRÓSENT AFSLÁTTUR á öllum kvenna Flókaskóm.
20 PRÓSENT AFSLÁTTUR á öllum drengja og stúlkna Flókaskóm.
20 PRÓSENT AFSLÁTTUR á öllum barna Flókaskóm.

Komið hingað, ef þér viljið fá góða og notalega vetrarskó.

Ryan-Devlin Shoe Co
494 MAIN ST PHONE 770

CONCERT OG SOCIAL

Bandalag Tjaldbúðar safnaðar hefir eins og áður hefir verið auglýst "Concert and Social" í Tjaldbúðiani þann 17. þ.m. (næstk. mánudagskvöld) kl. 8.

PROGRAM.

1. Piano Duett—Sigurveig Vopni og Lára Halldórsson.
2. Recitation—Jónína Hallson.
3. Vocal Solo—Pearl Johnson.
4. Ræða—Séra F. J. Bergmann.
6. Duett—Jónína Thorsteinsson og Jónína Snædal.
6. Clarinet Solo—Walter Dalman.
7. Ræða—Cand. theol. Þorsteinn Björnsson.
8. Violin Solo—Clara Oddson.
9. Recitation—Minnie Johnson.
10. Solo—Maggie Anderson.
11. Ræða—Björn Björnsson.
11. Vocal Solo—Alex. Johnson.

"Eldgamla Ísafold", o.s.frv.

Ókeypis veitingar í salnum á eftir.

Aðgangur 25c.

Concert og Dans.

West Winnipeg Band ætlar að halda Concert og Dans þann 31. þ.m. í Goodtemplarahúsinu (efri salnum). Íslenzku drengirnir vona, að landar sínir fjölmenni á þá samkomu. Þeir lofa að gera þetta beztu samkomuna, sem þeir hafa nokkru sinni haldið hér í borg — Þessi hljóðfæraflokkur hefir í allan vetur spilað á einum helzta skauta skálanum hér, og hefir þótt mikið til hans koma.

Þorrablótið að Leslie, Sask.

þann 20. þ.m verður vafalaust með lang-fjölmennustu samkomum Íslendinga vestanhafs. Bygð þessi er nú orðin stærst íslenzk bygð, og mannval að sama skapi.

Saskatchewan Íslendingar ættu að sýna sjálfum sér þá virðingu að fjölmenna á Miðsvetrar samsætið, sem auglýst er á öðrum stað í þessu blaði.

Bréf eiga að Heimskringlu:
Miss hilda Johnson.
Jónas Danielsson.
Mrs. Arndís Sigurðsson.
Mrs. Kr. Ástríður Johnson.

Herra P. O'Connell, eigandi Market hótels, óskar öllum Íslendingum gleðilegs og ársæls árs, um leið og hann þakkar þeim fyrir viðkynningu og viðskifti, sem hann óskar að verði áframhaldandi.

Herra P. O'Connell er einn allraáreiðanlegasti hóteleigandi hér í bæ. Hótel hans er ágætlega sett fyrir utan og innanbæjar menn. Til hægðarauka verkamönnum skiftir P. O'Connell við þá á peningum og bankaávisunum, hvenær sem er. Hann hefir lengi auglýst í Heimskringlu.

Fyrirlestur

FLYTUR
S. B. Benedictsson
UM
SIGURBJÖRN STEFÁNSSON
miðvikudaginn þann 19. þ. m.
Samkomusal Unitara
Cor. Sargent & Sherbrooke.
Byrjar kl. 8 síðdegis.
AÐGANGUR ÓKEYPIS
Samskot tekin.

Fyrirlesturinn gengur út á að lýsa skoðunum og lyndiseinkunnum þessa manns, ásamt ágripi af æfisögu hans. Lifleg umræður á eftir.

Komið öll, yður skal ekki leiðast, komið snémma. Komið.

ÓFUNDSÝKI

Ef ég væri einum búinn
og ekki í neinum sófnuði
myndi prestur kærleik knúinn
keyra inn með herliði
til að heiðra mig og mína.
Af mínum dygðum færi að skína.

Ef mér fylgdi aura pæla,
eignaðist ég gildan staf,
mér þá allir myndu hæla
og mínum kostum láta af.
Ei þarf neinar sögur sanna
um sóma dygðir ríkra manna.

Brúðgumi.

JOHN DUFF
PLUMBER, GAS AND STEAM FITTER
Alt verk vel vandað, og verðið rétt
664 Notre Dame Ave. Phone 3815
Winnipeg

DR. H. R. ROSS
C.P.R. meðala- og skurðlækuir.
Sjúkdómum kvenna og barna veitt sérstök umönnun.
WYNYARD, — SASK.

Dr. M. Hjaltason, Oak Point, Man.

Jóhanna Olson
PIANO KENNARI
557 Toronto St. Winnipeg

Mrs. Williams
Komið og sjáið
Fínu Flókahattana
sem ég sel fyrir
$3.75
kostuðu áður 7—10 dollara.
704 NOTRE DAME AVE.
23-12-9

ANDERSON & GARLAND
LÖGFRÆÐINGAR
35 Merchants Bank Bldg. Phone: 1561

MARTYN F. SMITH,
TANNLÆKNIR.
Fairbairn Blk. Cor Main & Selkirk
Sérfræðingur í Gullfyllingu og öllum aðgerðum og tilbún aði Tanna. Tennur dregnar án sársauka. Engin veiki á eftir eða gómbólga. —
Stofan opin kl. 7 til 9 á kveldin
Office Phone 6944. Heimilis Phone 6462.

Þarft þú ekki að fá þér ný föt?

EF ÞAU KOMA FRÁ CLEMENT'S, — ÞÁ VERÐA ÞAU RÉTT

Réttur að efni, réttur í sniði réttur í áferð og réttur í verði.

Vér höfum miklar byrgðir af fegurstu og beztu fataefnum.

Geo. Clements & Son
Stofnað árið 1874
264 Portage Ave. Rétt hjá Free Press

Th. JOHNSON
JEWELER
286 Main St. Talsími: 6606

JOHN ERZINGER
TÓBAKS-KAUPMAÐUR.
Erzinger's skorið reyktóbak $1.00 pundið
Hér fást allar nefntóbaks-tegundir. Óska eftir bréfum pöntunum.
McINTYRE BLK., Main St., Winnipeg
Heildsala og smá-sala.

G. NARDONE
Verslar með matvöru, aldini, smá-kökur, allskonar sætindi, mjólk og rjóma, sönnl. tóbak og vindla. Óskar viðskifta Íslend. Heitt kaffi eða te á öllum tímum. Fón 7756
714 MARYLAND ST.

Boyd's Brauð
Góð brauð eru ódýrari en vondbrauð. Það getið þér sannfærst um með því að reyna brauð vor. Þau þorna ekki eins fljótt og lakari brauð. Gerð úr valdasta hveiti og geyma í sér svo mikil næringarefni sem mögulegt er að fá. Þau eru keirð heim á hvert heimili. —
Boyd's
Bakery Cor Spence & Portage
Phone 1030.

Winnipeg Wardrobe Co.
Kaupa brúkaðan Karla og Kvenna fatnað, — og borga vel fyrir hann.
Phone, Main 6539 397 Notre Dame Ave.

BILDFELL & PAULSON
Union Bank 5th Floor, Nr. 520
selja hús og lóðir og annast þar að lútandi störf: útvegar peningalán
Tel.: 2685

Jónas Pálsson,
SÖNGFRÆÐINGUR
Útvegar vönduð og ódýr hljóðfæri.
460 Victor St. Talsími 6803

J. L. M. THOMSON, M.A., L.L.B.
LÖGFRÆÐINGUR. 285½ Portage Ave.

Dr. G. J. Gislason,
Physician and Surgeon
Wellington Blk. Grand For. Oak
Sérstakt athygli veitt AUGNA EYRNA, KVERKA og NEFSJÚKDÓMUM

Húðir og ógerfuð Loðskinn
Verzlun vor er vor bezta auglýsing. Sendið oss húðir yðar og loðskinn og gerist stöðugir viðskiftamenn.
Skrifið eftir verðlista.
The Lightcap Hide & Fur Co, Limited
P.O. Box 1092 172-176 King St. Winnipeg

W. R. FOWLER A. PERRY

Royal Optical Co.
307 Portage Ave. Talsími 7289
Allar nútíðar aðferðir eru notaðar við augnaskoðun hjá þeim, þar með hin nýja aðferð. Skugga-skoðun, sem kjósa öllum ágiskunum.

It's going UP.

Þú getur ekki búist við
að það geri annað en eyðast í reyk. Því ekki að fá nokkur tons af okkar ágætu kolum, og hafa ánægjuna af, að njóta hitans af þeim, þegar vetrarkuldarnir koma. Komið til vor og nefnið þetta bl.
D. E. ADAMS COAL CO.
YARDS Í NORÐUR, SUÐUR, AUSTUR OG VESTURBŒNUM
Aðal Skrifst.: 224 BANNATYNE AVE.

MIÐSVETRAR-SAMSŒTI

(EINGÖNGU FYRIR ÍSLENDINGA)

verður haldið að Leslie þann 20. þ.m. í hinu nýja samkomuhúsi Good Templara.

Samkomu-skrá:

(PRÓGRAMME)

Talað fyrir ýmsum minnum.
Sungin þar við eigandi nýorkt kvæði, m.m.
Íslenzkur hornleikaflokkur spilar.
Nógur og góður íslenzkur matur fyrir magann.
Dans að aflokinni samkomuskrá.

Aðgöngumiðar kosta 75 cent og fást í lyfjabúðinni í Leslie, hjá Hallgrimi kaupmanni Sigurðssyni, Kristnes, og við inngangin, ef ekki er útselt áður.

Að eins 150 aðgöngumiðar geta orðið seldir.

Samkoman heíst stundvíslega kl. 8 síðdegis.

Leslie, Sask., 6. janúar 1910,
FRAMKVÆMDARNEFNDIN.

Heimskringla.

XXIV. ÁR | WINNIPEG, MANITOBA, FIMTUDAGINN, 20. JANÚAR 1910 | NR. 16

Kosningarnar á Englandi

Kosið var í 74 kjördæmum á Englandi á laugardaginn var. Þar af fékk Líberal stjórnin 34 fylgjendur, Unionistar 32 og verkamenn 8 — Í nokkrum kjördæmum voru Unionistar kjörnir gagnsóknarlaust, og hafa þeir því náð alls 43 fylgjendum móti stjórnarinnar 34. En bæði verkamenn og Írar fylgja stjórninni að málum í þinginu, svo að stjórninni er talinn vís sigurinn, þó að Unionistar hafi í þessar fyrstu atrennu náð 18 sætum, sem áður voru stjórnarsæti, en stjórnin hins vegar ekki náð nema 3 sætum, sem áður tilheyrðu Unionistum, og verkamannaflokkurinn náði einu sæti, sem þeir höfðu ekki áður.

Almennu atkvæðin hafa í þessari fyrstu atrennu fallið svo, að Unionistar fengu 373,148, Líberalar 303,208 og verkamenn 68,671. — Unionistar hafa því náð rétt um 1269 atkvæðum umfram báða hina flokkana. En þá eru Írar ótaldir, og þeir fylgja stjórninni, eins og áður er sagt.

London borg sendir 12 menn á þing, og hafa flokkarnir, Unionistar og Líberalar, skift þeim jafn á milli sín.

Kosningar verða daglega í ýmsum pörtum landsins alla þessa og næstu viku. En í næsta blaði verður væntanlega hægt að segja nokkurnveginn nákvæmlega um úrslitin þó allar kosningar verði þá ekki um garð gengnar.

Á mánudaginn var gengu kosningarnar á Englandi í vil stjórninni, og lýtur nú út fyrir, að hún sé viss að vinna, en hafi þó ekki mikla yfirburði fram yfir andstæðinga sína, þegar leikslokin fréttast.

Fregnsafn.

Markverðustu viðburðir hvaðanæfa

— Eitt þúsund menn og konur biðu við dyrnar á Lethbridge landskrifstofunni að morgni 10. þ. m., til þess að keppa um að ná í 61 Township af búlöndum, sem þar var slegið opnum til heimilisréttartöku, og sem sagt er að sé það síðasta af ókeypis löndum, er fáanleg eru í Suður-Alberta. Lönd þessi liggja suður við landamærin milli Canada og Bandaríkjanna. Sumir landtakenda, sem þar voru, höfðu beðið 3 daga eftir því að komast að skrifstofunni.

— Eldur í 4 stórverzlunarhúsum í bænum Grand Rapids í Michigan gerði miliión dollara eignatjón þann 12. þ.m.

— Gufuskipið Czarina strandaði þann 12. þ.m. á klettarifi við vesturströnd Ameríku. 29 manns mistu líf sitt, að eins tveir komust lífs af. Slysið varð að næturlagi í dimmviðri og stórsjó.

— Síðustu skýrslur akuryrkjudeildarinnar í Ottawa sýna, að á liðna árinu hefir hveitiuppskeran í Canada orðið 166 miliónir 744 þús. bushel, eða 21½ bush. af ekru að jafnaði, með 85c meðal markaðsverði, sem gerir verð allrar hveitiuppskerunnar 141 milíón dollara. Þetta sýnir, að bóndinn hefir fengið $18.27 í peningum fyrir hveitiafurðir hverrar ekru. Hveitiuppskeran gaf bændum 50 milión dollara meira á síðasta ári, heldur enn á næsta ári á undan.

— Eldur kom upp í konungshöll Grikkja síðastliðna jólanótt. Þar var jólatré, og hafði af einhverjum ástæðum hvikna í því sem á því var, þegar öll konungsfjölskyldan var þar viðstödd. Svo varð eldurinn magnaður, að konungsfjölskyldan komst með naumindum ómeidd út úr höllinni, en nokkur hluti hallarinnar brann til ösku. Tíu dagar Grikkja er 6. janúar og þá var það, sem saga þessi gerðist.

— Maður dó í St. Louis í sl. viku. Hann vann að því, að tína upp rusl af götunum. Allir héldu að hann væri mesti fátæklingur, en eftir hann fundust þó í hreysi hans 60 þúsund dollara í peningum og verðbréfum, sem hann hafði nurlað saman.

— Fimtíu ára hjónaband. —

JÓN HALLSSON og INGIBJÖRG SÆBJARNARDÓTTIR HALLSSON.

Gullbrúðkaup hjóna eru sjaldgæfir viðburðir í sögu Vestur-Íslendinga, og ættu þess vegna að álítast þess verðir, að þeirra sé að einhverju minst.

Í þessari borg hefir slíkur viðburður ekki komið fyrir meðal Íslendinga, svo vér höfum kynni af, fyrri en þann 16. nóvember síðastliðinn, þegar halda hefði átt hátíðlegt 50 ára brúðkaupsafmæli eða hjónabandsafmæli hjóna þeirra, sem Heimskringla flytur myndir af í dag, — þeirra valinkunnu og vinsælu Hallson-hjóna, sem með oss hafa búið hér í borg í samfleytt 17 ár, og jafnan, að verðleikum, notið fylstu virðingar landa vorra hér, og allra annara, er kynni hafa haft af þeim.

Hvers vegna slíkur viðburður hefir verið látinn líða framhjá, án þess að hans væri að nokkru getið eða hinum öldruðu heiðurshjónum nokkur sómi sýndur eða ánægjustund veitt, er oss algerlega hulið og óskiljanlegt. Því vér teljum það algerlega áreiðanlegt, að hefðu hjón þessi verið talin í hinna svoneíndu ríkra manna röð, þá hefðu landar vorir ekki leyft viðburði þessum að líða svo hjá, að hans hefði ekki verið minst með veizluhaldi og sæmdargjöfum, hinum háöldruðu hjónum til arðs og ánægju. Og í því tilefni er grein þessi rituð, að leiða athygli Winnipeg Íslendinga að því, að þeir ættu að skoða sér það sæmdarauka, að láta ekki framvegis slíka viðburði gerast hér í borg, án þess þeirra sé minst á viðeigandi og þeim velsæmandi hátt, og að öll vanræksla í þessu efni er ámælisverð og má ekki látast afskifta eða átölulaus.

Ef einhver kynni að álíta, að hér sé um málefni að ræða, sem Heimskringlu komi ekkert við og varði ekkert um, þá liggur við þeirri skoðun það svar, að blaðið telur sér alt það viðkomandi, sem snertir íslenzkt félagslíf, og mæklu meira, og það telur sér skylt, að benda löndum vorum á hvað eina sem bæta má um og betur virðist mega fara en nú er.

Vér viljum benda á, að af öllum þeim, sem í hjónaband ganga, eru ekki fleiri en ein hjón af þúsundi hverju, sem auðnast að lifa hálfa öld í hjónabandi, og sist af öllu í eins unaðsríku og alfarasælu hjóna bandi og því, sem hér ræðir um. Slíkir viðburðir eru þess vegna með öllum menningarþjóðum skoðaðir heiðursviðburðir, og þjóðfélögin álíta sér það skylt, að minnast þeirra á einhvern opinberan hátt. Og þess heldur eru slíkir viðburðir minnisverðir, þegar, eins og hér á sér stað, hjónin hafa alið upp hóp af heiðarlegum og uppbyggilegum borgurum fyrir sitt þjóðfélag.

Og til þess, að þessi viðburður falli ekki svo algerlega í gleymsku að hans sé að engu getið, þá hefir Heimskringla, sem af stökustu tilviljun hefir rétt nýlega frétt um þetta, talið sér skylt, að flytja myndir af hjónum þessum, með stuttu æfiágripi þeirra beggja.

Jón Hallson er fæddur 17. október 1833, að Torfastaðaseli í Jökulsárhlíð í Norður-Múlasýslu á Íslandi. Foreldrar hans voru Hallur Jónsson og Guðrún Eiríksdóttir. Þau fluttu að Ekru í Hjaltastaðahreppi í sömu sýslu með son sinn 6 mánaða gamlan, og dóu þar bæði á sama vetri, þegar Jón var 10 ára gamall. Fór hann þá til fóðursystur sinnar, Ingibjargar, konu Guðmundar Gíslasonar, og ólst þar upp til fullorðins ára.

Indíbjörg Sæbjarnardóttir, kona Jóns Hallssonar, er fædd 2. október 1840, að Hrafnabjörgum í Hjaltastaðaþinghá. Ólst hún þar upp með foreldrum sínum, þar til að hún giftist Jóni þann 16. nóvember árið 1859.

Þau hjón hafa eignast 15 börn, og eru 5 þeirra á lífi, öll fullorðin og búsett hér vestra. Þau eru: Eiríkur bóndi að Mary Hill P.O., Man.; Jón, bóndi að Hólar P.O., Sask.; Hallur, bóndi að Lundar, Man.; Björn, handiðnamaður, búsettur hér í borg, og málfríður Björg, saumakona, sem býr með foreldrum sínum.

Þau Jón og Ingibjörg Hallsson bjuggu að Márseli í Jökulsárhlíð við lítil efni og vaxandi ómegð, þar til árið 1892, að þau fluttust til Canada, og settust að hér í borg, og hafa þau dvalið hér jafnan síðan.

Hingað vestur komu þau hjón með 5 börn, en mistu strax fyrsta haustið hér vestra tvö þeirra, hvorttveggju dætur. Eiríkur, elzti sonur þeirra hjóna, var kominn hingað vestur fjórum árum á undan foreldrum sínum, og hafði halt sig hér vel áfram. Og það var fyrir áeggjan hans, að foreldrarnir fluttu vestur. En svo voru þau þá efnalítil heima fyrir, að þau höfðu ekki af eigin ramleik nægan farareyri, og það var fyrir sérstaka góðvild og framtakssemi herra Jóns Jónssonar frá Sleðbrjót, að þau hjón fengu þá peninga, sem þau þurftu til fararinnar. Jón Sigurðsson, bóndi að Mary Hill, Man., lagði þeim og þá það lið, er hann mátti, og fyrir afrek þeirra nafnanna, einkum þó Jóns frá Sleðbrjót, varð þeim auðin vesturferðin. Þegar hingað kom, tók Eiríkur sonur þeirra á móti þeim og systkinum sínum. Gaf hann þá strax foreldrum sínum kú og veitti þeim aðra nauðsynlega hjálp, til þess að koma sér þægilega fyrir.

Jón Hallsson hafði orðið fyrir áfalli 4 árum áður en hann fór af Íslandi, og var því of heilsuveill til þess að þola hér algenga daglaunavinnu. Samt stundaði hann hana eftir mætti fyrstu árin, en varð síðan að breyta til, og tók þá að stunda viðarsögun við heimili ýmsra borgarbúa, og það starf hefir hann rekið jafnan síðan, þar til í fyrra, að elli-lasleiki bannaði honum frekari störf en þau, sem gera þarf á hans eigin heimili.

Þegar Jón kom hingað vestur árið 1892, var Winnipeg bær lítill og vinna af skornum skamti og illa borguð, eftir nútíðar mælikvarða. Maryland stræti var þá í vesturjaðri borgarinnar, og jafnvel þar var bygðin strjál.

Börn Jóns og Ingibjargar, sem voru 13, 15 og 17 ára, er þau komu hingað, fengu brátt atvinnu, eða 2 þau elztu. Jón vann á ölgerðarhúsi, en lærði þó ekki að drekka. En Björg fékk atvinnu við fatasaum og stundar þá iðn til þessa dags. Foreldrarnir höfðu því brátt nokkurn styrk af þessum tveimur börnum sínum, en Björn — sá yngsti — tók þá að stunda skólanám.

Nokkru eftir þetta flutti Eiríkur búferlum á heimilisréttarland sitt og seldi hann þá foreldrum sínum smáhýsi sitt hér í borg, með tilheyrandi fjósi og kostaði það $100. En ekki voru þá efnin meiri en svo, að þau hjón gátu að eins borgað fjórðung kaupverðsins. Nú með því, að þau áttu ekkert land undir smáhýsi þetta, lét Jón kæra það á blett, sem var útmældur fyrir stræti. Þar var hann friðhelgur um stund, og var nú orðinn sjálfseignar eða óðaldbóndi. Síðar keypti Jón sonur þeirra 2 bæjarlóðir á Ellice Avenue, og flutti húsið þangað. Nú er þar hið reisulegasta hús, og búa gömlu hjónin í því með Björgu dóttur sinni, en eignina eiga þau í sameiningu hún og Jón bróðir hennar.

Skömmu eftir að þau hjón komu hingað vestur, myndaðist Tjaldbúðarsöfnuður. Hann var stofnaður af 19 manns, og voru þau Hallsons hjónin og Björg dóttir þeirra í tölu stofnendanna, og hafa styrkt þann söfnuð jafnan síðan, eftir efnum og ástæðum. Björg hefir lengi verið kennari á sunnudagaskólanum og skrifari hans.

Aldrei hafa þau hjón auðug verið, eða komist yfir meiri efni en svo, að þau væru myndarlega sjálfstæð. En vel hafa þau annast fjölskyldu sína og komið börnunum til manns. Jón er trésmiður góður, eins og Eiríkur, Björn er tinsmiður og Björg stundar klæðasaum. — En ánægjulegt hefir heimili þeirra hjóna jafnan verið, og gestrisnin í íslenzkum stíl. Þau hafa sameinað í fari sínu þá kostina, sem leiða af sér gæfu, velsæld og góða heilsu. En þeir kostir eru: starfsemi, sparneytni, þrifnaður og stök reglusemi í öllum atriðum húskaparins. Og nú á gamalsaldrinum njóta þau svo góðrar heilsu, sem frekast má vænta á þeirra háa aldri. Þau hafa lifað rólegu og ánægjusömu lífi á sínu snotra og friðsæla heimili hér í borginni. — Alt útlit er fyrir, að þau hjón eigi ennþá eftir að búa með oss um mörg ár.

Þau hjón hafa notið náðar drottins í ríkum mæli síðan þau komu til þessa lands, og það má fullyrða, að vinir þeirra allir ala þá ósk og von í huga, að æfikvöld þeirra verði þeim eins friðsælt eins og sambúð þeirra í hjónabandinu hefir verið löng og unaðsrík.

— Loftsiglingar fóru fram í Los Angeles í Californiu fyrri hluta þessa mánaðar. Louis Paulham frá Frakklandi sýndi þar 1 ítsiglingu, sem enginn maður hefir áður gert. Hann flaug í belglausri flugvél yfir 5 þúsund fet í loft upp, eða nærri míllu vegar upp frá jörðu, og hafði fult vald yfir vél sinni á öllu ferðalaginu. Hann hélt sér í lofti á flugi þessu fullar 50 mínútur, og það tók hann 7½ mínútu að komast aftur niður á jörðina. Næst reyndu þeir sig Glenn Curtiss og Paulham hvor flugið gæti með meiri hraða, en svo voru þeir jafnir, að á 16 mílna vegi varð Curtiss 5 sekúndum á undan hinum.

— Látinn er Peter Klees, bæjarfógetadómari í Aurora bæ í Ontario. Hann var maður aldraður og var 595 pund að þyngd. Líkkistan verður 7 fet og 2 þuml. á lengd, 3 fet og 10 þuml. á breidd og 2 fet og 2 þuml. á dýpt. Til þess að koma kistunni með líkinu í út úr húsinu, verður að rífa hluta úr framgafli hússins, því engar dyr eða gluggi eru þar nógu stór til þess að kistan komist út um, og enginn líkvagn í bænum nógu stór til þess að rúma hana, svo að nota verður sterkan vörubíltningsvagn eða sleða til að aka henni til grafar.

— Fangi einn í Sing Sing fangelsinu í New York, sem hangað var dæmdur fyrir nokkrum tíma í 6 ára betrunarhúsvist, hefir fundið ráð til, að hafa með svikræmi hafði sem þúsund dollara virði af gull- og eðalsteinum út úr náunga sínum, hefir fengið tilkynningu um, að hann sé orðinn erfingi að einni miljón dollara.

OGILVIE'S

Royal Household Flour

Til Brauð og Köku Gerðar

Gefur Æfinlega Fullnæging

EINA MYLLAN Í WINNIPEG,—LÁTIÐ HEIMAIÐNAÐ SITJA FYRIR VIÐSKIFTUM YÐAR.

MIÐSVETRARSAMSÆTI.

(ÞORRABLÓT)

Eins og undanfarin ár stofnar klúbburinn Helgi magri til miðsvetrarsamsætis (þorrablóts) á þessum vetri. Verður það haldið í hinni stóru Manitoba-höll, miðvikudaginn 16. febrúar næstkomandi. Alt kapp lagt á, að það veizluhald verði eins gott og tilkomumikið og áður. Fyrirkomulag skemtananna auglýst síðar.

Þetta látið nægja sem svar hinum mörgu fyrirspurnum úr nýlendum Íslendinga og hér í borginni.

HELGI MAGRI.

18. jan. 1910.

— Gull mikið fanst nýlega í Porcupine héraðinu í Ontarion, ekki all-langt frá Matheson vagnstöðinni, á járnbraut þeirri, sem Ontario stjórnin á og liggur þar norður um fylkið. Þeir, sem borað hafa eftir málmi þar, hafa á 135 feta dýpi fundið svo mikið gull, að nemur 20 þús. dollara í hverju tonni grjóts, eða $10.00 í hverju pundi þess. Fundur þessi var talinn svo ótrúlegur, þegar fregnin um hann barst fyrst út um heiminn, að menn áttu bágt með að leggja trunað á hann. Áreiðanlegir námafræðingar voru því gerðir út, til að kanna þetta hérað og bora víðsvegar um það, og skýrslur þeirra eftir ítarlega rannsókn eru á þá leið, að þess lengra, sem niður komi, þess meira sé gullið, og að það sé ekki að eins á litlum bletti, heldur dreift jafnt um alt þetta stóra hérað. Hver vagnlest, sem gengur þangað norður, flytur nú námamenn svo hundruðum skiftir inn í héraðið, sem allir ætla að taka sér námalóðir og leita gullsins. Fundur þessi er talinn sá merkasti í sögu námaiðnaðarins í þessu landi og víðar.

— Sú fregn kemur frá Cuba, að canadiska nýlendan við Ocean Beach þar á eynni sé í aumlegu ástandi. Margir menn frá Canada höfðu flutt þangað í von um fljót uppgrip auðs án mikillar fyrirhafnar. Þeir höfðu lesið auglýsingar landeignafélaga og annara manna, sem þar hafa hagsmuna að gæta, og skildu þær auglýsingar svo, að auðurinn lægi þar ofanjarðar, og hver gæti hirt hann sem vildi, án mikillar fyrirhafnar. En þegar suður kom, vöknuðu þeir við vondan draum. Þeir höfðu myndað sér nýlendu og voru á leið til framfara, ef alt hefði gengið vel. En á sl. hausti æddi fellibylur yfir nýlendusvæðið, og nálega gereyddi því. Það komu 3 fellibyljir hver eftir annan, sem sópuðu burtu öllu, sem fyrir var, svo að alt hvarf á svipstundu. En fólkið komst þó lífs af. Þetta fólk er sagt að vera iðjusamt og reglubundið. Margt af þessu fólki hefir leitað til Canastjórnar um styrk til að komast til baka og ýmsir einnig til gufuskipafélaganna um frí ferð heimleiðis aftur til Canada. Einn maður, sem ferðaðist nýlega þar um sveitina, skrifar svo: "Ég get ekk hugsað mér neitt mannlegt ástand aumra en þessa canadiska nýlendufólks. Það er alt ímynd angistar og vonleysis. Gallinn er, að vér getum ekki talað spænsku, og þó vér séum fúsir að vinna, hvað sem fyrir kemur, þá getum vér enga vinnu fengið".

Nokkrar lausastökur.

FERSKEYTTAR,

Misjöfn eru manna kjör,
misjafnt varið pundi;
sumir auðs og frama för
fara á hundasundi.

Ýmsa brestur móð og mátt
móti galdri norna,
oft því verður aflafátt
illu við að sporna.

Margir í viðjum mótlætis,
mæddir á róli lífsins,
berast eins og fánýt fis
fyrir stormum kífsins.

Muna glaðan myrðir það
mæðu vaða í ósum;
sumum hlaðast óhöpp að,
aðrir baða í rósum.

Kemur fram í margri mynd
manna ósjálfstæði,
suma trúin tízku-blind
teymir af vizkusvæði.

Tíminn breyta trúnni má
til hins betra og verra,
bezt mun að heita einan á
algæzkunnar herra.

Aldrei skyldum óttast vér
örlaga-svipur hörðu,
kærleikurinn einn því er
æðstur á himni og jörðu.

Ómissandi oss þá trú
er í hjarta geyma,
því á henni byggist brú
beggja milli heima.

S. J Jóhannesson.

Hinn 10. nóvember sagði kennarinn við nemendur sína: "Í dag eru tveir nafnkunnir þýzkir menn fæddir, nefnilega Marteinn Lúter og Schiller".

"Voru þeir tvíburar?" spurði litli Karl.

Wall Plaster

Með því að venja sig á að brúka "**Empire**" tegundir af Hardwall og Wood Fibre Plaster er maður hár viss að fá beztu afleiðingar.

Vér búum til:

"Empire" Wood Fibre Plaster
"Empire" Cement Wall "
"Empire" Finish "
"Gold Dust" Finish "
"Gilt Edge" Plaster of Paris
og allar Gypsum vöruuteg-undir. —

Eigum vér að senda yður bækling vorn?

MANITOBA GYPSUM CO. LTD
SKRIFSTOFUR OG MILLUR Í
Winnipeg, - Man.

Heimskringla

Published every Thursday by The Heimskringla News & Publishing Co. Ltd

verð blaðsins í Canada og Bandar $2.00 um árið (fyrir fram borgað).
Sent til Islands $2.40 (fyrir fram borgað af kaupendum blaðsins hér $1.50.)

B. L. BALDWINSON
Editor & Manager

Office:
729 Sherbrooke Street, Winnipeg
P.O. BOX 3083. Talsími 3512.

Góð uppskera.

Skýrslur yfir starfsemi Canadisku fyrirmyndarbúanna á árinu 1909 eru ný-útkomnar, og syna þær, að uppskeran hefir verið góð í öllum fylkjum ríkisins, og betri yfirleitt en alment gerist hjá bændum, og bendir það á, hvað jörðin getur framleitt, þegar hún er ræktuð á grundvelli þekkingar og hæfilegrar búreynslu.

Canadisku fyrirmyndarbúin eru 7 talsins, og eru á þessum stöðum:

1. Í Ottawa, Ontario.
2. Í Nappan, Nova Scotia.
3. Í Brandon, Manitoba.
4. Í Indian Head, Saskatchewan.
5. Í Lethbridge, Alberta.
6. Í Lacombe, Alberta.
7. Í Agassiz, British Columbia.

Bæði loftslag og jarðvegur er talsvert mismunandi í þessum fylkjum, og því ekki hægt að vænta jafnrar uppskeru allra sáðtegunda í öllum fylkjunum. En það sýna skýrslurnar greinilega, að landið er gott og frjósamt og meira en borgar bóndanum áhyggjur þær og erfiði, sem hann leggur í ræktun þess.

Það sést og ljóslega af skýrslunum, að Manitoba bóndinn fær mesta uppskeru af öllum korntegundum allra bænda í Canada, og meira en meðallag af hinum öðrum tegundum yfirleitt.

Fyrir Lethbridge búið í Alberta eru tvennar tölurnar. Þær efri eru hærri miklu, og sýna meðaluppskeru af ekru þess lands, sem vatni er veitt á, hinar síðari og lægri tölur sýna uppskeru af þeim löndum, sem engu vatni er veitt á. Vatn til áveitu kostar þar í fylkinu 50c á hverja ekru, og tölurnar sýna, að þau vatnskaup borgi sig vel fyrir bóndann, þar sem í sumum tilfellum uppskeran af áveitulöndunum er þriðjungi meiri, og í öðrum tilfellum meira en tvöfalt við það, sem fæst af þurrum löndum.

Skýrsla þessi er í mesta máta fróðleg, og getur verið bændum góður leiðarvísi til þess að sjá, hverja uppskeru þeir ættu að fá í hverju meðalári.

Hausthveiti virðist ekki hafa verið sáð nema í Lethbridge, og af þeim tveimur tegundum, sem þar var sáð, varð meðaluppskeran 18 bushel og 15 pd. af ekru.

Aftur orsakaðist sú afarlitla uppskera af baunum á búinu í Lacombe, sem skýrslan sýnir, af haglstormi, sem eyðilagði hana. En sama má segja um allar korntegundir í Vestur-Canada, að þær mundu reynast mun meiri en skýrslurnar sýna, ef uppskeran skemdist ekki meira og minna á ýmsum stöðum árlega af hagli. En með öllum þeim óhöppum, sem fyrir hafa komið, og sem einatt koma fyrir bændaflokkinn um heim allan, — þá eru skýrslur þessar í heild sinni ljóst dæmi þess, í hve ágætu landi vér erum settir.

Ekki er það heldur alveg ónýtt fyrir gripabóndann, að geta árlega kipt upp úr ekru lands 40 til 80 þús. pundum af rófum eða næpum og alt að 70 þús. pundum af Mangels, og frá 25 til 35 þús. pundum af Indian Corn, sem alt er frægasta skepnufóður.

Skýrslurnar sýna og, að meðal kartöflu uppskeran á öllum búunum hefir verið nær 400 bushel a, ekru.

Þegar þess er nú gætt, að landið er þessi fyrirmyndarbú hafa til afnota, er engu betri — þó þau að sjálfsögðu séu haganlega valin — heldur en önnur lönd fjölda bænda, þá virðist ekki ósanngjarnt að ætlast til þess, að uppskera bændanna nálgaðist það, sem skýrslurnar sýna, eins fljótt að minsta kosti eins og þeir hafa náð þeirri þekkingu, sem stjórnendur fyrirmyndarbúanna hafa á jarðræktinni.

Þeir bændur, sem láta sér ant um þessi mál, ættu að senda til The Director Experimental Farm, Ottawa, eftir skýrslum þessum. Þar kynnast þeir, hverjar tegundir hafa gefið bezta uppskeru í hverju fylki fyrir sig, og það eitt getur verið þeim ardsöm leiðbeining í starfi þeirra framvegis.

Meðfylgjandi tafla sýnir meðaluppskeru hverrar nefndrar sáðtegundar af hverri ekru á hverju fyrirmyndarbúi.

Tafla yfir uppskeru fyrirmyndarbúanna í Canada árið 1909.

	VOR-HVEITI 12 tegundir.	HAFRAR 20 tegundir.	BYGG 6 raðað 10 tegundir.	BYGG 2 raðað 10 tegundir.	BAUNIR 16 tegundir.	INDIAN CORN 13 tegundir.	NÆPUR 12 tegundir.	MANGELS 10 tegundir.	RÓFUR 5 tegundir.	SYKUR-RÓFUR 5 tegundir.	KARTÖFLUR.
Ottawa	26 bu., 22 pd.	57 bu., 4 pd.	52 bu., 6 pd.	43 bu., 12 pd.	40 bu., 22 pd.	28,152 pd.	58,542 pd.	56,920 pd.	35,680 pd.	30,833 pd.	300 bushel tarp.
Nappan	27 " 19 "	47 " 11 "	47 " 16 "	44 " 38 "	17 " 46 "	35,934 "	66,839 "	72,346 "	40,458 "	27,295 "	407 bushel 28 pund.
Brandon.....	44 " 27 "	101 " 15 "	65 " 30 "	55 " 16 "	38 " 23 "	25,047 "	37,642 "	47,265 "	38,544 "	36,166 "	353 " 1 "
Indian Head	28 " 49 "	73 " 18 "	51 " 8 "	42 " 34 "	46 " 20 "	36,028 "	51,700 "	48,880 "	31,759 "	28,820 "	516 " 48 "
Lethbridge ...	38 " 48 "	77 " 23 "	59 " 18 "	66 " 27	19 " 4 "	19,293 "	41,340 "	40,788 "	16,156 "	45,787 "	468 " 10 "
" ...	27 " 11 "	58 " 17 "	36 " 18 "	33 " 36 "	19 " 6 "	10,508 "	13,200 "	23,205 "	13,068 "	16,562 "	151 " 2 "
Lacombe ...	26 "	32 " 46 "	24 " 5 "	25 " 3 "	3 " 50 "	23,588 "	22,159 "	10,904 "	13,953 "	9,504 "	242 " 16 "
Agassiz	22 " 31 "	79 " 28 "	46 " 43 "	46 " 20 "	41 " 16 "	38,133 "	60,115 "	61,595 "	62,040 "	27,555 "	260 " 1 "

Skemtihús úr ís.

Íshöll mikla í 7 deildum er verið að byggja í Montreal borg, og á hún að kosta $6,350, eða 25 þús. kr. Höll þessi á að verða mjög skrautleg, og verður um 6 tasiur á hæð. Stærð hússins er 60 fet á lengd, 40 fet á breidd, og neðsta lýfting 14 feta há, en hæsti turninn verður nálega 100 fet á hæð. Margir smærri turnar eru á kastalanum með flaggstöngum og fánum. Ísinn er útskorinn, svo að höllin er að öllu hin skrautlegasta. Ýmsir sjónleikir verða látnir fara þar fram. Þar verða og lúðraflokkar, veitingaherbergi og veizlusalir, og vonar nefndin, sem stendur fyrir verki þessu öllu, að 50 þúsund gestir sæki þangað, sem allir borga inngangseyrir. Nefndin vonar að fá $15,000 inntektir af fyrirtækinu, og að það muni borga sig vel. Tilgangurinn með þessu fyrirtæki er sá, að auglýsa Canada — canadiska vetra og canadiska leiki — og ekki síst að auglýsa Montreal borg. Mesti fjöldi Bandaríkjamanna hafa þegar ritað til Montreal, og beðið um að geyma sér gististofur á hótelunum í íshöllinni, svo þeir geti sótt skemtanir þær, sem fram eiga að fara í þessari íshöll frá 27. janúar til 5. febrúar.

"Recital"

Eins og auglýst var í blöðunum Lögbergi og Heimskringlu héldu þeir hr. Jónas Pálsson, pianokennari, og hr. Th. Johnson, fiólinkennari, hljóðfæraspils söngsamkomu í sameiningu þann 11. þ.m. í efri Goodtemplara salnum á Sargent Avenue.

Samkoma þessi var svo vel sótt, að hvert einasta sæti var upptekið, og nokkrir urðu að standa, og sýnir það bezt, hversu mikinn áhuga fólk vort hér í Winnipeg hefir fyrir svona löguðum skemtunum. Enda ætti það að vera gleði efni öllum góðum mönnum, hversu marget af vorum íslenzka uppvaxandi æskulýð hefir tekið ástfóstri við hina "dásömu drotning meðal lista", — sönglistina. Enda er nú svo stórkostlega högum breytt hjá oss Vestur-Íslendingum frá því sem áður var hér framan af, á frumbýlingsárunum, þegar allur tími og umhyggja varð svo sem að sjálfsögðu að ganga til þess, að sjá sér og sínum fyrir daglegum þörfum, og koma fyrir sig fótum í ókunnu landi.

Og þar af leiðandi urðu þeir, sem óslökkvandi löngun höfðu til að komast niður í söng, -að mestu leyti að sigla sinn eigin sjó leiðsagnarlaust, og vita allir, hvað sú leið er seinfarin og torsótt. En nú hafa flestir þeir, er áhuga hafa fyrir þeirri list, bæði efni og kringumstæður til að láta börn sín njóta uppfræðslu í söng, undir stjórn góðra kennara.

Herra Jónas Pálsson hefir nú allareiðu hlotið álit og traust, sem góður og áhugasamur kennari. Og á þeim Recitals, sem hann hefir haft undanfarin ár, hafa nemendur hans jafnan komið sér og kennara sínum fram til sóma.

Herra Th. Johnson er sá eini Íslendingur, mér vitandi, hér vestanhafs, sem er kominn sem næst fullkomnun í fiólins-spili. Enda hefir hann í fjölmörg ár stundað nám hjá beztu kennurum hér í borginni og leikur mæta-vel á það hljóðfæri. Jafníramt námi sínu hefir hann lengst af stundað kenslu, mest meðal hérlendra manna. Mjög væri því eðlilegt, að þeir Íslendingar, er löngun hefðu til að læra á fiðlu, sneru sér til hans í því efni.

Á skemtisamkomunni voru 17. stykki, og var byrjað með því, að 14 af nemendum Mr. Johnsons spiluðu saman Ensemble-Overture og fór það fremur vel. En Miss Ethel Middal lék píano undirspilið og einnig við flest hin fiólin-sóló lögin, og fórst það prýðisvel. Yfirleitt voru lögin vel valin, eftir þroskastigi nemendanna, og vel með þau farið, og sum jafnvel ágætlega.

Af því sem nemendur hr. Johnsons spiluðu þótti mér mest koma til fiólin sóló Baldur Olsons og Salome Halldorsson, enda munu þau vera búin að fá mesta æfingu.

Lítli L. Oddson (frá Selkirk) spilaði skozka þjóðlagið "Annie Laurie" í fjórum mismunandi útsetningum (Variations), og tókst það ljómandi vel.

Clara Oddson spilaði líka vel, en píano undirspilið með hennar lagi hefði getað farið betur.

Nemendur herra Jónasar Pálssonar léku allir utanbókar, eftir minni, og var það því meira aðdáanlegt, hversu vel þeir leystu það af hendi, jafnvel þeir yngstu. Til dæmis spilaði Jakobína Thorgeirsson prýðisvel lagið sitt: Love Song.

Harold Green spilaði indælt lag eftir Anton Rubinstein, og gerði það vel, að öðru leyti en því, að mér virtist það vera spilað of fljótt. Missir við það fegurð og hátíðleik.

Stefán Sölvason (frá Selkirk) spilaði stykki úr tónleiknum "Il Trovatore", eftir Verdi, ítalska tónskáldið fræga, og leysti það af hendi með sinni vanalegu snild. Það er stór nautn í því, að hlýða á þann pilt leika á píano. Og allar hans hreyfingar, þá hann renni höndunum eftir hljóðlærinu, hafa á sér svo mikinn listablæ, að slíkt muni jafnvel vera eins dæmi meðal Íslendinga hér á hans aldri, og það er stór heiður fyrir hr. J. P. að hafa kent þessum pilti þangað sem hann er kominn.

Í ráði kvað vera fyrir þeim hr. Pálsson og hr. Johnson, að endurtaka þessar samkomur mánaðarlega í vetur, og er það lofsvert, því bæði æfir það unglingana í að koma fram opinberlega, og gefur almenningi tækifæri til að hlýða á list þeirra, sér til uppbyggingar og ánægju.

Jón Friðfinnsson.

ÞORSTEINN Þ. ÞORSTEINSSON:

Með undan sinuheyi.

I.

EINKUNNARORÐ.

(*Georg Brandes*).

Hæst upp í ljóss og listarinnar heima!
Leita til botns í djúpi hugsananna!
Fram, út í heim, til fjarra landa og manna!
Fram hæst og dýpst um alla lífsins geima!

II.

VORKVÆÐIÐ MITT.

Í þetta sinn varð þér ei vængurinn frjáls
og verður því hreiðrið að byggja. —
Í annríkis-fjötrum um hálfberan háls
á hálmstráum vetrarins liggja.
Með hálfluktum augum þú horfir á Víðbláins ljóma
og heyrir í svefnmóki dýrðlegu söngvana óma.

III.

HAMINGJULEYSI.

Þótt oss fagra drauma dreymi
drepur reynslan fylling vona.
Eg held æði öfugstreymi
inst í hjarta Snælands sona.

IV.

ÓÞEKTAR ANGINN.

Vor sár-dýpsta þrá með eitt ljúflings lag
og ljós það, sem bjartast oss skín,
hún er svo keipótt sem brekótt barn,
sem baðar út öngum og hrín.
Þótt gimsteina fengi hún og gull og pell
hún grenjaði um hálín.

V.

BREYTING KRISTINDÓMSINS.

Þeir kendu trúna fyrrum með hrottaskap og hreysti
og hlutu frama.
En nú er kirkjan notuð sem kænlegt vörumerki
á "Kína" og "Brama".

VI.

EFTIR SUMBL.

Hún Hljómlist hafði heimboð mikið,
þar hörpuna sjálfur Bragi sló.
Og Bakkus sópaði úr salnum rykið,
en Sjöfn um hjónaleysin bjó.
Á gestina Lyst og velsæld veitti,
en Vordís öll borðin rósum skreytti. —
Þar hefir mér hlotnast beini beztur,
og blessað er þar að vera gestur.

VII.

SAMRÆMI NÁTTÚRUNNAR.

Arfinn í sorpinu hæsta vöxt hlýtur í hlaðvörpum.
Allar heims glæsiustu gorkúlur spretta í góðum söfnuðum.

VIII.

ÉG ALDREI —

(*Richard Brinsley Sheridan*).

Ég aldrei sá ljómann, sem augum skín,
ef eigi þau horfðu djúpt í mín.
Eg aldrei varanna sætleik sá,
ef sóttust ei mínar þar koss að fá.

IX.

VÖGGUVÍSA.

Lullu-bía litla Þrá,
láttu þig fagurt dreyma —
Fyrir utan ægi blá,
áttu sólskinsheima.

X.

JÓLARÓSIN.

Sem fóstri minn tæki mig fang sitt í,
og fóstra mig kysti á munninn,
svo verma, um jólin, enn vinarorð hlý
frá viðkvæmri hluttekning runnin.
Og þau hafa hitað mér, þessi jól,
og þítt það, sem leyst gat ei desembersól:
þá fegurstu rós, sem æska mín ól,
og átti í fóstrinu heima skjól
uns æskuljós út voru brunnin.
Þá fenti það unga yndisblóm
und áranna hretum í gaddsins klóm.
Það klökknaði eigi við klukknanna hljóm
og kirkjan gekk yfir það járns á skóm.
En vinarorð ásthlýtt gat ónýtt þann dóm,
sem atvik því kváðu í döprum róm.
Nú syng ég um rós þá við sælunnar brunninn
— ég syng og ég faðma hana — kyssi hana á munninn.

Stúdentafélagið

heldur skemtifund næstkomandi laugardagskveld kl. 8, í fundarsal Únítara. Allir íslenzkir nemendur við æðri skóla borgarinnar eru vinsamlega beðnir að sækja fundinn.

Næsta laugardag þar á eftir, þ. 29. þ.m., verður háð síðasta kappræða í Stúdentafélaginu á vetrinum. Þar verður barist um bikar þann, er dr. Brandson gaf síðastliðið haust meðlimum félagsins, að reyna sig fyrir í kappræðu samkepninni.

Fundur þessi verður opinn öllum, og væri því æskilegt, að sem flestir Íslendingar sýndu meðlimum félagsins þá velvild, að koma á fundinn til að heyra, hvað þeir hafa að segja. Þess mun enginn iðrast. Takið því vel eftir auglýsingum Stúdentafélagsins í næstu blöðum.

Samkomunni, sem getið var um hér í blaðinu að stúkan Ísland ætlaði að halda þann 20. þ.m., — hefir verið frestað til þess 27. það verður sérstaklega vel vandað til þessarar samkomu: Stuttur gamanleikur verður sýndur, sem enginn getur horft á óhlæjandi, og beztu ræðumenn, söngmenn og skáld, sem völ er á meðal Íslendinga í þessum bæ, koma þar fram, Veitingar á eftir skemtunum. Nákvæmar auglýst á öðrum stað.

Einn embættismaður akuryrkjudeildarinnar í Washington lét þess nýlega getið í samræðu við blaðamann, að þó Bandaríkin hefðu á sl. ári mist 40 þúsundir manna til Canada, þá hefðu þau á sama tímabili fengið þaðan 51,910 manns. Ennfremur gat hann þess, að margir þeirra, sem farið hefðu til Vestur-Canada til að vinna sér inn heimilisréttarlönd, kæmu suður aftur til varanlegrar aðsetu strax og þeir væru búnir að fá eignarbréf fyrir löndum sínum þar.

Sparið Línið Yðar.

Ef þér óskið ekki að fá þvottinn yðar rifinn og slitinn, þá sendið hann til þessarar fullkomnu stofnunar.

Nýtízku aðferðir, nýr vélaútbúnaður, en gamalt og æft verkafólk.

LITUN, HREINSUN OG PRESSUN SÉRLEGA VANDAÐ

Modern Laundry & Dye Works Co., Ltd.
307—315 Hargrave St.
WINNIPEG, MANITOBA
Phones: 2300 og 2301

"Andvökur"

LJÓÐMÆLI EFTIR

Stephan G. Stephansson

Kosta, í 3 bindum, $3.50, í skrautbandi.

Tvö fyrri bindin eru komin út, og verða til sölu hjá umboðsmönnum útgefendanna í öllum íslenzkum bygðum í Ameríku.

Í Winnipeg verða ljóðmælin til sölu, sem hér segir:

Hjá Eggert Jóhannssyni, 689 Agnes St., EFTIR KL. 6 AÐ KVELDI.

Hjá Stefáni Pétursyni, AÐ DEGINUM, frá kl. 8 f.h. til kl. 6 að kveldi, á prentstofu Heimskringlu.

Hjá H. S. Bardal, bóksala, Nena St.

Utanbæjarmenn, sem ekki geta fengið ljóðmælin í nágrenni sínu, fá þau tafarlaust með því að senda pöntun og peninga til Eggerts Jóhannssonar, 689 Agnes St., Winnipeg, Man.

Leyndarmál Cordulu frænku.

Nýjir kaupendur að HEIMSKRINGLU sem borga fyrir einn árgang fyrirfram, fá ákáldsögu þessa og aðra til, alveg

ókeypis.

2 Bækur Gefins

FÁ NÝJIR KAUPENDUR AÐ HEIMSKRINGLU SEM BORGA $2.00 FYRIRFRAM, ÓG ÞESSUM BÓKUM ÚR AÐ VELJA :—

Mr. Potter frá Texas
Aðalheiður
Svipurinn Hennar
Hvammverjarnir
Konubefnd
Robert Manton
og Leyndarmál Cordulu frænku. —

Alt góðar sögur og sumar ágætar, efnismiklar, fróðlegar og spennandi. Nú er tíminn að gerast kaupendur Hkr. Það eru aðeins fá eintök eftir af sumum bókunum.

Heimskringla
P.O. Box 3083, Winnipeg

Hver vill eiga skildinga?

Herra Magnús J. Borgfjörð að Hólar P.O., Sask., biður þess getið, að hann hafi umboð til þess að lána peninga og selja eldsábyrgðir víðsvegar í Quill og Vealey bygðum. Félög þau, sem hann hefir umboð fyrir, eru traust og áreiðanleg. Hann selur Hudsons flóa félags lönd og C.N.R. félags lönd og lönd, sem eru eign privat félaga.

Þeir, sem vildu fá sér landskika eða skildingalán, ættu að finna Magnús að máli. — það kostar ekkert, að tala við hann og upplýsingar veitir hann öllum ókeypis.

JÓN JÓNSSON, járnsmiður, að 790 Notre Dame Ave. (horni Toronto St.) gerir við alls konar katla, könnur, potta og pönnur fyrir konur, og brýnir hnífa og skerpir sagir fyrir karlmenn. — Alt vel af hendi leyst fyrir lítla borgun.

Hvað er að?

Þarftu að hafa eitthvað til að lesa? Hver sá er vill fá sér eitthvað nýtt að lesa í hverri viku, ætti að gerast kaupandi að Heimskringlu.

Hún færir lesendum sínum ýmiskonar nýjan fróðleik 52 sinnum á ári fyrir aðeins $2.00. Viltu ekki vera með?

Fréttabréf frá Washington-eyju.

Washington Island, Wis.
28. des. 1909.

Herra ritstjóri: —

Eitt er það, meðal annars, sem ég ekki hefi fengist við um æfina, en það er að skrifa blaðagreinir, en um leið og ég sendi borgun fyrir blað yðar, með þakklæti fyrir marga gagnlega og ánægjulega stund, sem lestur blaðsins hefir veitt mér, — ætla ég að sýna lit á, að senda yður nokkrar línur, en bið fyrirfram afsökunar á því, sem miður mætti fara.

Eins og mörgum af lesendum Heimskringlu mun kunnugt, er eyja þessi, sem við búum, kend að því í sögu landnáms Íslendinga hér vestan hafs, að hinir fyrstu landar, sem fluttu að heiman, en það var árið 1870, tóku sér bólfestu hér, og lifa þrir þeirra hér enn í góðu gengi, nefnilega: Jón Gíslason, Árni Guðmundsson og Guðmundur Guðmundsson. Hinn fjórði, sem með þeim kom, er dáinn fyrir mörgum árum síðan. En um þetta mál er annars óþarfi hér að ræða, því um það var all-ítarlega skrifað í Almanaki hr. Ólafs Thorgeirssonar hér um árið, en ég set þetta eins og lítilsháttar formála fyrir fréttunum, sem ég ætlaði að sýna lit á að senda yður.

Skal ég þá byrja á því að geta þess, að all-margar framfarir hafa átt sér stað á eyju vorri, hin síðustu 10 eða 12 ár sérilagi. Á því tímabili höfum við fengið póst daglega frá meginlandinu, og er hann nú fluttur ókeypis til allra samdægurs, eða þá næsta dag, — það er að segja, hann er fluttur í póst-skrín (Mail Boxes) nálægt hverju heimili, sem meðfram hinni ákvörðuðu braut liggja; sumir hafa þó nokkurn spöl að ná í póst sinn, sem búa út frá brautinni, en hún er 25 mílur á lengd. — Skal þess getið hér, að þá fyrstu landar komu hingað, fengu þeir að eins póst mánaðarlega, ef þá var fært yfir sundið, sem ekki var ætíð um vetrartímann. Síðan var bætt úr þessu, svo að póstur var fluttur hingað tvisvar á mánuði. Að nokkrum tíma liðnum og eftir ítrekaðar áskoranir til póststjórnarinnar, var það af náð látið í té, að aðeins vika skyldi vera á milli póstferða til og frá eyjunni. Svo varð það tvisvar í viku, og nú er það daglega, sem áður er sagt frá og hefir verið í fleiri ár. En geta má þess, að oft er ilt yfirferðar yfir sundið, sem nefnt er Death's Door, og ber nafn með rentu, og ekki ósjaldan á vetrum og haustum, að dagar koma, sem ófært er yfirferðar, bæði vegna ísskriðs og annara erfiðleika. — Þá lagði sambandsstjórnin talsíma (málþráð, — hvort orðið er betra?) yfir sundið og yfir eyju þessa frá suðri til norðurs og út á Rock Island, sem liggur norður héðan, og eru endastöðvar á norðurenda hennar. — Oft njóta hjú góðra gesta, og má svo segja um lagningu símans, sem stjórnin lét framkvæma, til þess að komast í brátt samband við björgunarstöð og vita, bæði á eyjunum fyrir sunnan og norðan okkur, sem hún vitanlega hefir yfirráð og umsjón yfir, en af þessu leiddi, að eyjarskeggjar höfðu gott af fyrirtækinu, og leyft að brúka talsímann ókeypis yfir eyjuna frá Detroit Harbor til Jackson Harbor, og svo hefir það oft komið að góðu haldi síðan, að komast í brátt samband við umheiminn. — Félag var myndað hér í haust, með $1000 höfuðstól, til að leggja talsíma um eyjuna eða hluta af henni, og er það nú bráðum fullgert. Er landi vor, Jón Gíslason, forseti félagsins.

Það munu vera eitthvað 10 ár síðan fólk úr stórborgunum, einkanlega Chicago og St. Louis, byrjaði að koma hingað um sumartímann (í sumarfríinu) sér til endurlifgunar og hvildar og heilsubótar, eftir arg, þras og ryk þessara stórbæja. Enda fjölga nú sumargestir okkar árlega, og mun það ekki vera ofsagt, að tvö til þrjú hundruð séu hér um styttri eða lengri tíma í sumarfríinu. Sumt af fólki þessu hefir keypt sér lóðir meðfram vatninu, einkanlega við Detroit Harbor, og hefir bygt sér snotra sumarbústaði, og er land meðfram ströndinni komið í hátt verð. Flestir halda þó til á gistihúsum, sem bygð hafa verið í þeim tilgangi, að hýsa þetta fólk. Og hefir landi vor Benedikt Jónsson bygt stærsta hótelið, og í sumar lét hann reisa snoturt íveruhús nálægt höfuðbólinu, sem hann leigði fjölskyldu sumarlangt fyrir góða borgun. Vitanlega mun það kallað gróðavon í því, að halda gesti fyrir $7.00 til $10.00 um vikuna, en gallinn er sá, að fólkið er nokkuð óstöðugt, sumt að eins fáa daga í senn, og sumartíminn stuttur, en kostnaður allmikill, svo ágóðinn verður ekki meir en í meðallagi. En að koma þessa fólks sé að mörgu leyti ágóði fyrir eyjuna yfir höfuð, það efar enginn.

Fiskiri hefir verið gott hér í sumar. Mótorbátar eru nú brúkaðir eingöngu, seglbátarnir lagðir á hilluna. Sagt hefir verið, að Michigan vatnið væri fiskisælasta stöðu vatn í heimi, og mun satt vera, að svo hafi verið og er líklega enn, þó hlutir séu máske ekki jafnaðarlega eins háir eins og fyrir 30—35 árum síðan, þá hefir þeim, sem gera fiskiveiðar að atvinnu sinni, stórum fjölgað árlega, enda láta ríkisstjórnirnar "planta" svo miliónum skiftir af fisk-klaki (fry) á ári hverju í vatnið, einkum silung (Trout). Hvítfiskur, sem fjarska mikið veiddist af hér um það leyti sem fyrstu landar komu hingað og nokkur ár á eftir, er hér um bil alveg horfinn af okkar fiskimiðum, og er það að eins endur og sinnum, að fiskur af þeirri tegund slæðist í netin. Helzt er það skoðun manna, að hvítfiskiriinu hér hafi verið gjöreytt af feykilegri og ónáttúrlegri ágirnd, með því að möskvar á netum voru hafðir svo smáir, að fátt komst undan, og þar eð þessi ágæti fiskur gengur fast upp að landsteinum um vissan tíma árs, voru gildrur (Pond Nets) lagðar fyrir hann, og honum þannig sópað upp. — Aðrir halda, að fiskurinn að eins hafi haft vistaskifti og flutt sig til annara heimkynna, en hvert, vita þeir ekki.

Tíðin hefir verið einkar góð síðasthliðið sumar og uppskera þar af leiðandi með betra móti. Það sem bændur helzt rækta til markaðar, eru baunir (ertur) og jarðepli, og fæst jafnaðarlega frá einum til eins og hálfs dollars fyrir bushel af baunum. Af kartöflum var sent til markaðar yfir 30,000 bushel í haust en verð á þeim var lágt, líklega að meðaltali um 30 eða 32 cents. Aldinarækt er orðin hér almenn, og hefir t.d. á síðustu tveimur árum verið gróðursett um 10,000 kirsiberjatré. Sú tegund vex vel og gefur fljótan arð, þar sem eplatré eru miklu seinni að bera ávöxt. Samt er líka allmikið ræktað af eplum hér.

Af löndum er alt bærilegt að segja. Heilbrigði hér almennt og engin af okkar þjóðflokki dáið nýlega. Við höfðum ágætt veður hér fram til byrjunar þessa mánaðar, en þá brá hann og hefir síðan verið nokkuð kalt með snjókomum endur og sinnum, og hefir höfuðáttin verið á norðan eða komið frá pólnum, sem þeir segja að dr. Cook hafi aldrei fundið.

Um leið og ég óska yður, herra ritstjóri ásamt lesendum yðar, góðs og happasæls nýárs, vildi ég biðja yður að taka viljann fyrir verkið, og afsaka hvað áfátt kann að vera í pistli þessum, því fár er smiður í fyrsta sinn.

Hannes Johnson.

Úr bréfi.

Heiðraði ritstjóri: —

Hér með sendi ég þér þá áskriftargjald mitt fyrir Heimskringlu yfir þetta nýbyrjaða ár, sem ég óska að verði gott og gleðilegt til allra blaðsins kaupenda, og vona ég að það haldi áfram sömu jafnréttisstefnu, og það hefir sýnt sig fyrir að fylgja þetta liðna ár. Ég er ekkert með því, að blaðið hætti að flytja trúmálaritgerðir, enda þótt margir kynnu að óska þess. Því þótt hún sé ekki trúmálablað, þá sæmir henni sem frjálsu blaði að flytja þau málefni, eins vel og trúmálablöðin álíta sér sæmilegt að flytja málefni þótt ekkert snerti trúmálin. En auðvitað er fyrir almenning enginn gróði að miklum hluta þess trúmála vaðals sem blöðin hafa orðið að flytja sl. ár, af því svo mikið af efninu er tekið frá öðrum til að verja sig með. Það er eins og þekkingarsviðið sé svo þrælbundið að fara hvergi út fyrir það, sem aðrir hafa áður — vitanlega — undanfarið til að koma ábyrgðinni af sér á þá. Ef aðrir löngu dauðir geta fundist í lærdómunum, sem dæmi til orða og athafna, þá er sjálfsagt að trúa þeim sem óskeikulum til hugsana og opinberana frá guði, en nútímans menn hafa reglulegt vantraust þessara skólalærðu, að tala eða hugsa frá sömu hugsana uppsprettu og hinir gömlu. Alt þarf að dragast út frá lærdómunum og fornritunum, ef gilda skal annað en vitleysa. En auðvitað er það gott, að vera kunnugur alls konar bókvísi, en hitt þó enn þá betra, að hafa tamið sér svolítla hugsana praktisku, til þess að vera því vaxinn, að uppbyggja af annara grundvelli, sem þeir hafa lagt fyrir eftirkomendurna að byggja ofan á, svo ekki þurfi alt af að uppéta hina að öllu leyti áður matreiddu sálarfæðu í óendan legar aldir fram. Með því að uppéta alt eftir öðrum, sést ekki framförin eða hugar-praktiskan vera nein. Menn hafa alt of lengi sofið á trúhræsnis koddanum, sem kennararnir hafa undir höfuð þeirra lagt og nefnt heilaga dúnsvæfla. En það er nú, við framvaxandi vitsmuni og praktíseringu bæði andlega og efnislega, að koma fram annað á teningnum en þeir hafa kent oss. Ekki svo að skilja samt, að þeir hafi ekkert kent oss rétt, síður en svo, en því hefir verið mjög ábótavant, sem þeir hafa ákveðið alfullkomið. Það fer nú tíðin, leitin og prófin að sanna án alls vafa.

Með kæru þakklæti til Heimskringlu fyrir alla framkomu, bæði í trúmálum og öðrum málum, — segi ég ekki meira að þessu sinni.

Með vinsemd og virðingu,
B. G. Backman.

Þau náðu sama

Skömmu eftir að Franz Jósef var orðinn keisari í Austurríki, ferðaðist hann um Ungverjaland eftir járnbrautunum. Allstaðar þar sem hann kom, var þjöldi manna, sem mæltist til að fá að tala við hann, í því skyni að biðja hann einhvers. Þegar hann kom á járnbrautarstöðina Kesckemet, — voru þar saman komnir 200 hermenn, sem allir óskuðu eftir, að fá að tala við hann. Honum var orðið skapþungt, og var að því komin að missa þolinmæðina, þegar honum varð litið á unga og fagra stúlku í hópnum, sem horfði á hann tárvotum bænaraugum. — Hann benti henni að koma og spurði, hvað að henni gengi. Hún sagð honum kjökrandi, að hún og ungur herforingi elskuðu hvort annað, en þau gætu ekki gifst, af því herforinginn gæti ekki sett 6000 gyllina ábyrgð, eins og lögin kreðjust af herforingjum.

"Gráttu ekki", sagði keisarinn, "við skulum finna einhver ráð við þessu".

"Hvað þá, herra keisari", sagði hún. "Ætlar þú að veita okkur undanþágu frá lögunum?"

"Nei, það má ég ekki, ég verð að hlýða lögunum eins og aðrir, en komdu nú með mér".

Keisarinn fór með hana inn í biðsalinn, bað um penna og blek, skrifaði ábyrgðarbréf fyrir 6000 gyllinum og setti sitt nafn undir, að ásjáandi hinum undrandi hirðmönnum.

"Heldurðu að þetta dugi ekki", sagði hann brosandi, um leið og hann rétti henni skjalið.

"Ó, herra keisari", stamaði hún.

"Það er satt", sagði keisarinn. "Ég verð líka að gefa ykkur brúðargjöf".

Hann sneri sér að aðstoðarmanni sínum, og skipaði honum að gefa stúlkunni 100 gyllini. Að því búnu flýtti hann sér út, fór inn í járnbrautarvagninn og hélt áfram ferð sinni.

Á beztu heimilum

hvar sem er í Ameríku, þar munið þér finna HEIMSKRINGLU lesna. Hún er eins fróðleg og skemtileg eins og nokkuð annað íslenzkt fréttablað í Canada

ROBLIN HOTEL
115 Adelaide St. Winnipeg
Borðs $1.50 á dag hús í Vestur Canada. Keyrsla ókeypis milli vagnstöðva og hússins á nóttu og degi. Athyglisverð hlaðborð. Vín, vindlar og öl. ÓLAFUR G. ÓLAFSSON, Íslendingur, afgreiðir yður. Heimsækið hann. —
O ROY, eiga di.

Business College
Cor. Portage Ave. and Fort St.
28. ÁR
FÉKK FYRSTU VERÐLAUN Á SAINT LOUIS SÝNINGUNNI.
Dag og kveldkensla. Telefón 45.
Haustkensla byrjar 1 Sept.
Bæklingur með myndum ókeypis.
Skrifið til: The Secretary, Winnipeg Business College, Winnipeg, Man.

A. S. BARDAL
Selur líkkistur og annast um útfarir. Allur útbúnaður sá bezti. Enfremur selur hann alskonar minnisvarða og legsteina.
121 Nena St. Phone 806

HEIMSKRINGLU-TVÆR skemtilegar sögur fá nýir kaupendur fyrir aðeins $2.00

Giftingaleyfisbréf
selur: Kr. Ásg. Benediktsson
540 Simcoe st. Winnipeg

THE "Arena"
Þessi vinsæli skautaskáli hér í vesturbænum er nú opinn. Ísinn er ágætur. 18DA MOUNTED RIFLES BAND SPILAR Á ARENA. KARLM. 25c.—KONUR 15c.
Chas. L. Trebilcock, Manager.

JIMMY'S HOTEL
BEZTU VÍN OG VINDLAR.
VÍNVEITARI T.H.FRASER,
ÍSLENDINGUR.
James Thorpe, Eigandi

A. S. TORBERT'S
RAKARASTOFA
Er í Jimmy's Hótel. Besta verk, ágæt verkfæri; Rakstur 15c en Hárskurður 25c. — Óskar viðskifta Íslendinga. —

MARKET HOTEL
146 PRINCESS ST á móti markaðnum
P. O'CONNELL, eigandi, WINNIPEG
Beztu tegundir af vínföngum og aðhlynning góð.

Woodbine Hotel
466 MAIN ST.
Stærsta Billiard Hall í Norðvesturlandinu
Tíu Pool-borð.—Alskonar vín og vindlar
Gistin. og fæði: $1.00 á dag og þar yfir
Lennon & Hebb
Eigendur.

gætti hjarðar fóstra sins í skóginum, og lá við sjálft að hún biði bana af, en þá kom ungur hjarðmaður hlaupandi, réðist á móti dýrinu og drap það. Semiramis var úr allri hættu, en hjarðmaðurinn var horfinn í skóginn áður en hún gat þakkað honum. Ó! Hann elskaði hana, en velsæmistilfinning hans bannaði honum, að kreíjast endurástar hennar sem launa fyrir hetjustarf sitt. Hann leit svo á málefnið, að hún, gyðjudóttirin, verðskuldaði tignari eiginmann en sig. Þegar konungurinn síðarmeir gifti hinni, þegar hún eftir dauða hans varð drotning yfir hinu fegursta ríki í Asíu, þegar gæfan, sigursældin og virðingin umkringdu hana, þegar aðdáun milióna og hávær siguróp glumdu við í kringum sigurhrósvagninn hennar, — þá stóð ungi hjarðmaðurinn, sem hafði frelsað líf hennar, í nokkurri fjarlægð, og naut þeirrar beisku ánægju, að horfa á fegurð hennar, þá gekk hann sama veg og hún ók, eins og þegar hundur eltir húsbónda sinn, án þess að ryðjast nokkru sinni í gegnum fólkshópinn og segja við hana: — Ó, drotning, þegar þú varst barn, þá frelsaði ég líf þitt, — — ég krefst endurgjalds fyrir það. Þegar hún svo að síðustu mátti sin miður gegn óvinum — þegar skjaldmeyjardrotningin lét líf sitt undir sverði þeirra, þá ruddi hjarðmaðurinn sér braut til hennar, en af því að hann gat ekki bjargað lífi hennar, dró hann sverð sitt úr sliðrum og stakk því í sitt eigið hjarta, og fell svo dauður niður við hliðina á líki hennar, — — þögult og endurgjaldslaust hafði líf hans verið, — — þögull og endurgjaldslaus varð dauði hans.

Þetta viðkvæma efni hafði andrika skáldið dregið upp með svo glöggum litum, að Mórits tárfeldi. — Hann vissi ekki, að hverju hann átt helzt að dást, hjarðmanninum, drotningunni eða höfundinum.

"Þannig hefði ég líka breytt", sagði hann við

sjálfan sig. "Þessi hjarðmaður var meiri en þeir voldugustu, og mestu hetjurnar í her drotningarinnar, því hann yfirvann sjálfan sig, þar sem þeir að eins yfirunnu aðra. — Það er guðdómlegt, að leggja sjálfan sig í sölurnar fyrir bróður sinn eða systur, — þó er meira varið í, að gera það án þess á beri, og án þess að kreíjast launa, — — þó er mest varið í, að gera það fyrir óvini sína, að endurgjalda mótgerðir með velgerningum. — — Já, ég trúi því, enda þótt að Jakob Kron vildi kenna mér það gagnstæða, — — vildi kenna mér að hata. — Ég get ekki hatað mennina, af því það stríðir á móti eðli mínu. Ég á ekki, satt að segja, hatað þá ríku, sem hinn ógæfusami Jakob var að hvetja mig til. — Ég er fátækur, það er satt, en vinna mín gerir mig máske ríkan einhverntíma. Ef ég sver að hata þá ríku, þá hefi ég ei til vill svarið að hata sjálfan mig á ókomna tímanum. — Jakob Kron, ógæfa þín hefir truflað skynsemi þína; ég sé það svo greinilega núna síðan ég las skáldrit þetta. Ungi hjarðmaðurinn fékk líka vanþakklæti að launum — hann var liti sigldur, fátækur og einmana — en hann hataði ekki, hann að eins elskaði, — Jakob trúði ekki á guð, hann sagði, að það væru forlögin, sem stjórnuðu heiminum. Mennirnir, sagði hann, geta ekki yfirunnið forlögin, þeir geta að eins barist við þau, til þsss að biða ósigur á endanum. Það eru margir, sem eru dæmdir til að líða þrotlausa neyð, til örvilnunar, glæpa og volæðis, sem þrátt fyrir alla baráttu sína aldrei geta náð neinu betra, meðan ekki er annað en auðurinn, sem stjórnar heiminum, meðan snildin, gáfurnar, dygðin, mannástin, sem hann neitaði ekki að væru til, fá ekki leyfi til að brúa hyldýpið, sem aðskilur hin útskúfuðu myrkranna börn frá hinum útvöldu, þeim gæfuriku. — Þetta sagði Jakob Kron — því gleymi ég aldrei, — — en getur

þetta verið þannig? — — Þessi spurning hefir oft vakið efa hjá mér. — — Getur það verið þannig? Getur eigingirni, sárbitur kuldi og vanþakklæti undanteknigarlaust átt heima hjá þessum flokk manna, sem Jakob Kron formælti og skoraði á mig að hata? Ég fer að halda það gagnstæða".

Nú trufluðust hugleiðingar drengsins af atvikum, sem áttu sér stað á þjóðbrautinni litlu ofar en hann sat.

Skrautlegur ferðavagn nam staðar við endann á brúnni. Roskinn maður, miðaldra kona, tíu ára gamall drengur og lítil stúlka um 8 ára aldur, stigu ofan úr vagninum.

"Ef þú vilt, Cæcilia", sagði maðurinn, "þá skulum við láta vagninn halda áfram gegn um þorpið á undan okkur. Útsjónin hérna er þess verð, að henni sé veitt athygli".

"Þú skalt ráða, vinur minn", svaraði frúin. — "Farðu í hægðum þínum á undan okkur, ökumaður".

Vagninn hélt áfram.

Af því tréð skygði á Mórits, svo hann sást ekki frá brúnni, gat hann séð og heyrt alt, sem fram fór.

Mórits þóttist í þessu fólki þekkja sömu höfðingjafjölskylduna, sem lék hann svo illa fyrir fjórum árum síðan, og setti því að honum ósjálfráðan hroll.

Ferðafólkið stóð kyrt á miðri brúnni. Frúin var í einskonar leiðslu yfir fegurð útsýnisins, en maður hennar benti drengnum sínum á kirkjurnar og höfðingjasetrin, sem sáust þaðan. Litla stúlkan var látin afskiftalaus, hún hallaði sér að rimlagirðingunni annars vegar á brúnni, og skemti sér að því, að kasta smásteinum í vatnið.

Girðingin var gömul og fúin, og þegar barnið hallaði sér út yfir hana, til að horfa á hringina, sem steinninn framleiddi á vatninu, brotnaði hún, og barnið fell ofan í straumiðuna og hljóðaði um leið.

"Guð minn góður, Ísabella!" sagði móðirin, sem eins og vaknaði af draumi, þegar barnið datt.

Frúin riðaði til á brúnni og studdi sig við það, sem eftir var af girðingunni.

Nærri því á sama augnabliki og barnið datt, sáu foreldrarnir dreng nokkurn fleygja sér í ána og synda rösklega þangað, sem dökka hárið hennar Ísabellu flaut ofan á vatninu.

Það var Mórits, sem þrátt fyrir æsku sína var orðinn æfður sundmaður, og nú, samkvæmt hinu eðlilega hugarfari sínu, fann til innilegrar gleði yfir því, að geta hefnt sín á þessu höfðingjafólki með því að bjarga barni þess.

Með því að beita öllu afli sínu, hepnaðist Mórits að komast þangað, sem barnið var, ná í hár þess og halda höfðinu upp úr vatninu. Móðirin hljóp ofan af brúnni og þangað, sem Mórits hafði setið, þaðan horfði hún með ósegjanlegri angist á baráttu hans gegn straumnum, sem útlit var fyrir, að mundi taka hann og barnið með sér. Faðirinn gekk á eftir konu sinni, en þar eð hann ekki var syndur, stóð hann og horfði á Mórits og barnið sitt, án þess að veita nokkra hjálp. Þó sendi hann son sinn ofan að myllunni, til þess að biðja um bát og láta straumhlemminn falla ofan í rennuna, svo að dóttir hans flæktist ekki undir hjólið.

Drengurinn hljóp af stað, en áður en hann var kominn miðja leið, var straumurinn búinn að hrekja Mórits með barnið í nánd við hjólið. Honum var innan handar að frelsa sjálfan sig, en hann var búinn að ráða það við sig, að láta heldur líf sitt en að sleppa barninu, og þess vegna beitti hann öllum kröftum sínum gegn straumnum.

Angist móðurinnar var takmarkalaus. Hún þagðist niður á bakkann, og leit eftir hverri hreyfingu,

Íslands fréttir.

Blöðin Ísafold, Reykjavík og Þjóðviljinn nýkomin vestur fjalla mest um bankamálið. Ekki verður það duliið, að rithátturr og röksemdir Ísafoldar um það mál alt bera eins og gull af eiri af því, sem ritað er í Lögréttu og Reykjavík. Bæði hin síðarnefndu blöð full af ruddalegum skömmum og aðdróttunum, en Ísafold flytur málið eins og sá, er ábyrgðar hefir að gæta. Stillilegast og óhlutdrægnislegast virðist Þjóðviljinn skýra frá málunum. Blað það er sýnilega algerlega óháð. Um aðsúgsinn, sem 4 eða 5 þúsund manns gerðu að húsi ráðherrans kl. 3 sunnudaginn 28. nóv. sl., gefur Þjóðviljinn greinilegastar fréttir.: Áskorun hafði verið borin upp á fjölmennum útidyrafundi um, að ráðherranu segði af sér embætti. En sú áskorun náði engum samþyktum fyrir óhljóðum, og segir Þjóðviljinn það hafa verið sýnilegt, að báðir málsaðilar hafi safnað liði á fund þennan. Jón alþm. frá Múla var kvaddur til þess, að skýra ráðherranum frá álvktun fundarins, og gekk þá allur mannfjöldinn, karlar, konur, unglingar og börn með Jón í broddi, rakleiðis að bústað ráðherrans. Þess utan þusti þangað mannfjöldi úr öllum áttum, því öllum var forvitni á að vita, hvað gerðist. Telur blaðið, að mikill meirihluti hafi verið þar í forvitnisskyni eingöngu, og því sé ómögulegt að segja, hve margir hafi verið tillögunni sinnandi, eða hve margir móthverfir. Svo segir blaðið: Jón í Múla reyndi hvað eftir annað að taka til máls, en honum var varnað þess með ópum og óhljóðum. Gekk á ýmsum ófagnaðarópum yfir ráðherra og húrraópum fyrir honum, og varð ekki af ræðuhöldum né erindislokum. Nema hvað ráðherra talaði á slitringi milli óhljóðanna og lét sem hann væri þakklátur fyrir heimsóknina, og taldi stjórnarráðstöfun sína eigi að eins hyggilega og réttmæta, heldur og sjálfsagða og óhjákvæmilega. Tvístraðist mannfjöldinn síðan smám saman, án þess erindinu yrði nokkru sinni lokið.

Um aðaldeilumálið út af frávikning bankastjórnarinnar, segir Þjóðviljinn að vegna æsinga og hlutdrægni blaðanna fái landslýður ekki áttað sig á, hvor málspartur réttara hafi, og leiðir hjá sér að skýra málið að nokkru. En eftir því, sem enn er framkomið, verður ekki annað séð, en að ráðgjafinn hafi haft ekki að eins lulla ástæðu, heldur einnig brýna skyldu til að skerast í leikinn. Að eins getur það verið álitamál, hvort aðferð hans hafi verið heppileg.

Ísafold hins vegar fegrar og réttlætir afstöðu ráðherrans í öllum atriðum. Blaðið fer virðulegum orðum um alla hina fráförnu bankastjórn, telur þá sæmdarmenn mikla og algerlega ráðvanda, en segir að þeir hafi trassað verk sitt, svo að ekki hafi verið viðunandi. Gæslustjórarnir hafi komið á bankann stundvíst kl. 12 daglega, og farið þaðan stundvíst kl. 1, hvernig sem á stóð. Þeir hafi sett sig niður meðan þeir töluðu, tekið í nefið og boðið öðrum úr dósunum, en tíminn hafi þeim aldrei enst til að stunda starf sitt eins og átt og þurft hefði að vera. Nýju gæslustjórarnir verji hinsvegar frá 3½ til 4½ klstundum daglega við störf sín þar og hafi nóg að starfa allan þann tíma. Jafnframt skýrir blaðið einstök stríði, sem knáð hafi ráðherrann til að víkja bankastjórunnni úr sessi. Svo sem það, að ábyrgðarlausir bankaþjónar hafi lánað stórfé úr bankanum án vitundar eða samþykkis bankastjóra eða gæslustjóra. Um þetta segir blaðið meðal annars: Engin skyldi ímynda sér, að enn væri upptalin öll afreksverk hinnar fráviknu bankastjórnar, eða öll kuri komin til grafar. Það hefir ekki verið til þessa getið um 76 þús. krónur í afsögðum víxlum, og að miklu leyti ófáanlegum, að öllum líkindum, svo ótrúlega hafa þeir verið vanræktir, eða um 26 víxlana á sama manninum, félausum, og 22 á öðrum, jafnfélausum, — þeir eru höfuðskuldarar að þeim öllum, hvort sem bankastjórnin hefir keypt þá sjálf eða starfsmenn bankans. Eða um 57 þús. króna skuldina á öðrum manni, í víxlum og ábyrgðum, eftir að hann hefir sökkhlaðið veðum alt sem hann á í föstu, ef ekki lausu með, að meira eða minna leyti. Skuldheimtulögsóknir margoft stórum misráðnar, ekki hirt um þær fyr en komið er í óefni, einmitt fyrir óreglu bankastjórnarinnar, í stað þess að reyna að komast að samningum í tíma. Fleygt þá í málferslumenn í einni dembu, — einu sinni 150 þús. krónum.

Mælt að Kristján Jónsson dómstjóri muni hættur að hugsa til, að setjast í gæslustjórasessinn í bankanum eftir nýárið, en ætli að láta sér nægja með, að halda til streytu meiðyrðamálum á hendur ráðherranum.

Frostharka á Íslandi í desember sl., um miðjan mánuð, varð mest 19½ gr. á Reaumur á Grímsstöðum á Fjöllum, 13 gr. á Akureyri, en vægri annarsstaðar á landinu.

Talsverður afli sunnanlands í byrjun desember mánaðar, stundum 60 fiska hlutir á dag. Síldartorfur gengu einnig inn á Reykjavíkurhöfn, en engin tæki þar til ádráttar eða viðburðir í þá átt.— (Það hefði verið vel gert af blaðinu Reykjavík, sem flytur þessa fregn, að benda íbúum höfðuðstaðarins á, að þeim væri það bæði sæmra og arðmeira, að afla sér áhalda og mannskapar til þess að ausa upp úr gullkistumi svo nefndu handa sér til næsta máls — þó ekki væri meira, — en að verja öllum tíma sínum til að rífast og skammast og rógbera hvern annan).

New York Life.

Félag þetta hefir nýlega gefið út 65. ársskýrslu sína, og sýnir þar meiri framför á liðna árinu, en flest eða öll önnur lífsábyrgðarfélög í landi þessu. Félagið hefir á sl. ári selt lífsábyrgðir fyrir rúmlega 146 miliónir dollara, og er í því á undan öllum öðrum samskonar félögum í heimi.

Eignir félagsins eru sannaðar að vera rúmlega 600 miliónir dollara, og gildandi lífsábyrgðarupphæð félagsins við áramótin síðustu var yfir 2 þúsund miliónir dollara. — Inntektir félagsins á árinu urðu yfir 104 miljónir dollara, en útgjöldin til ábyrgðahafa hartnær 52 miliónir, eða rétt um ein milión á hverri viku ársins. Auk þess lánaði ábyrgðarhöfum nær 9 miljonir íón dollara gegn 5 prósent vöxtum. — Alls voru í gildi um áramótin 981,590 lífsábyrgðir, hafði fjölgað um 3,381 á árinu. Eignir félagsins hafa aukist um 42½ milíón dollara á árinu. Félagaið borgað ábyrgðarhöfum nær 9 miliónir dollara í ágóða á sl. ári, sem þeir gátu kosið um að fá í peningum eða láta það ganga upp í iðgjalda borganir til félagsins.

Félagið hefir sýnt framför í öllum atriðum á sl. ári, einnig í lánveitingum til ábyrgðarhafa, þau lán voru nær 5 miliónum minni árið 1909, heldur enn á næstliðnu ári. Það sýnir vaxandi fjármagn í höndum ábyrgðarhafanna og um leið vaxandi sjálfstæði, sem er eðlileg orsök af batnandi árferði og fjöri í allri atvinnu, verzlun og iðnaði.

Þeir Íslendingar, sem halda lífsábyrgðum í þessu félagi, mega telja það ánægjuefni, að félagið hefir getað sýnt eins mikla framför og vænlegar horfur eins og skýrsla þess ber með sér.

Sendið Heimskringlu til vina yðar á Íslandi.

Gott ráð við andvökum.

(ÓKEYPIS).

Um andvöku-nótt, ef þinn hugur flýgur um heim,
Svo hratt að þú færð ekki kallað hann heim,
En konuhöfuð er — þér kært — nær armi,
Með kyrð þoka því upp að þínum barmi.
Vef um hálsinn valaslá,
Svo vangi hennar liggi þér brjósi á.
Likt eins og austrænan utan af mörk
Angan frá blómum sendir, af krónu á björk, —
Eins muntu finna unaðsþokka
Anga í gegn um mjúka konu lokka.
Dragðu nú andann djúpt og hægt,
Svo drósar höfuð ruggi vægt,
Farmóður hugur á flugi um geim
Feginn og lúinn mun þá sjálfur koma heim.
Nú bíða þarft að eins stutta stund
Áður en hreppir draumsætan blund. —
Ég trúði ei fyr en reyndi: Það hefir sama mátt
að svala og friða síðan hárið varð grátt.

HREGGVIÐUR.

Fréttabréf.

SPANISH FORK, UTAH.
5. janúar 1910.

Herra ritstjóri. — Eg mun hafa dregist á það við þig, þegar ég ritaði þér seinast, að ég skyldi pára þér fáeinar línur þegar ráðljósin væru komin í bæ vorn, — skrifa þér við svoleiðis ljós, svo það sem ég klóraði yrði ögn læsilegra, og nú er ég sestur niður til að efna það.

Þessi marg-umtala og marg-lofaða raflýsing komst niður hér í bæ vorum á aðfangadagskvöldið. Var þá svoleiðis ljós brúkað í flestum búðum og fáeinum íbúðarhúsum, og röð af þeim sett eftir aðalgötunni, og voru það sannköllud viðbrigði, — líktist næstum jólagjöf. Allir virtust vera hrifnir og ánægðir með þetta, því "City ljós" hefir ekki sést hér fyrri, í þessi 56 ár, sem Spanish Fork er búin að lifa. Já, umbreytingin var mikil. Trúuðum mönnum, eins og mér, fanst það líkast því, að þeir væru komnir á ljóssins og sælunnar land, eftir að hafa ráðað í myrkri allan sinn aldur. Svona leið jólavikan, allir voru lukkulegir og skemtu sér náttúrlega mæta vel. Svo kom blessað nýja árið, og þá varð nú ekki minni gleðin hjá þeim trúuðu. Saloon-unum var þá öllum lokað, og allir voru komnir í bindindi, næstum áður en þeir vissu af, og síðan höfum vér nú verið að syngja "Friður í Spanish Fork og fólksins velviljan yfir Saloon-unum". — Bæjarstjórnin nýja, sem tók við völdunum um nýárið, hefir nú samið afarströng hegningarlög fyrir þá, sem hér eftir kunna að drýgja þær syndir, að selja Bakkus. Liggja nú við þessum brotum bæði fjárútlát og fangelsi, — það er, frá 50—300 dollara útlát, og frá 30 daga til 6 mánaða fangelsi fyrir fyrsta brot. Komi það fyrir aftur, skal hvorutveggja aukið til góðra muna. Þykir Bakkusar vinum þetta vera hörð lög, en bindindis hetjur syngja náttúrlega hósianna.

Tíðarfarið hefir verið mjög kalt allan desember, og er það enn. Segja gamlir menn og sannsögul dagblöð, að jafnmikil frost og kuldi hafi hér áður aldrei komið um þetta leyti ársins, í 30 ár, og því trúi ég líka, því þetta er sá kaldasti desember mánuður, sem ég hefi séð hér í 20 ár. Samt er heilsufar og líðan fólks í bezta lagi, yfir höfuð að tala.

Herra Gísli E. Bjarnason og kona hans brugðu sér í lystitúr til Idaho í byrjun desember, en komu heim aftur rétt fyrir jólin. Væntanlega skýrir herra Bjarnason síðar frá ferð sinni í blöðunum, og lætur oss vita, hvað í þeirri ferð gerðist til tíðinda og hvernig honum leist á land og lýð í Idaho.

Oss löndunum líður öllum bærilega, að undanteknum hr. Hjálmari Bjarnasyni. Hann hefir nú legið rúmfastur og sárþjáður í 7—8 vikur, og er enn lítið á batavegi. Sjúkdómur hans er lungnatæring, sem hann hefir haft í nokkuð mörg undanfarin ár.

Enda ég svo þennan miða með beztu óskum um hagsælt nýtt ár fyrir þig og alla lesendur Heimskringlu.

Með virðingu, þinn

E. H. Johnson.

THE DOMINION BANK

HORNI NOTRE DAME AVENUE OG SHERBROOKE STREET

Höfuðstóll uppborgaður: $4,000,000 00
Varasjóður - - - $5,400,000 00

SPARISJÓÐS DEILDIN:

Vér veitum sparisjóðs innleggjendum sérstakt athygli, og borgum hæztu vexti á sparisjóðs innleggjum af $1.00 og yfir. — Barna innlegg velkomin. — Seljum peningaávísanir á ÍSLAND.

H. A. BRIGHT RÁÐSMAÐUR.

Með því að biðja sérlega um "T.L. CIGAR." þá ertu viss að fá ágætan vindil.

T.L.

T.L. CIGAR

(UNION MADE)

Western Cigar Factory
Thomas Lee, eigandi Winnipeg

edwood Lager
Extra Porter

Styrkið taugarnar með því að drekka eitt staup af öðrum hvorum þessum ágæta heimilis bjór, á undan hverri máltíð. — Reynið !!

EDWARD L. DREWRY Manufacturer & Importer Winnipeg, Canada.

Department of Agriculture and Immigration.

MANITOBA

Þetta fylki hefir 41,169,089 ekrur lands, 6,019,200 ekrur eru votn, sem veita landinu raka til akuryrkjuþarfa. Þess vegna höfum vér jafnan nægan raka til uppskeru tryggingar.

Enn þá eru 25 miliónir ekrur óteknar, sem fá má með heimilisrétti eða kaupum.

Íbúatala árið 1901 var 255,211, nu er hun orðin 400,000 manns, hefir nálega tvöfaldast á 7 árum.

Íbúatala Winnipeg borgar árið 1901 var 42,240, en nú um 115 þúsundir, hefir meir en tvöfaldast á 7 árum.

Flutningstæki eru nú sem næst fullkomin, 3516 mílur járnbrauta eru í fylkinu, sem allar liggja út frá Winnipeg. Þrjár þverlandsbrauta lestir fara daglega frá Winnipeg, og innan fárra mánaða verða þær 5 talsins, þegar Grand Trunk Pacific og Canadian Northern bætast við.

Framför fylkisins er sjáanleg hvar sem litið er. Þér ættuð að taka þar bólfestu. Ekkert annað land getur sýnt sama vöxt á sama tímabili

TIL FERÐAMANNA:

Farið ekki framhjá Winnipeg, án þess að grenslast um stjórnar og járnbrautarlönd til sölu, og útvega yður fullkomnar upplýsingar um heimilisréttarlönd og fjárgróða möguleika

R. P. ROBLIN,
Stjórnarformaður og Akuryrkjumála Ráðgjafi

Skrifið eftir upplýsingum til

Joseph Burke, 178 LOGAN AVE WINNIPEG — Jas. Hanley, 7 YORK ST TORONTO

ALDREI SKALTU geyma til morguns sem hægt er að gera í dag. Pantið Heimskringlu í dag.

sem Mórits gerði. Faðirinn var þar á móti kaldur og rólegur.

Nú var Mórits kominn í nánd við hjólið, en malarinn hafði enn ekki látið straumhlemminn falla. Þá beitti Mórits afli sínu af ákafa miklum, svo honum lánaðist að ná í annan hliðarbjálka skurðsins með hendinni, og gat á þennan hátt dregið sig með barnið út úr sterkasta straumnum, og nærri því á sama augnabliki lét malarinn straumhlemminn falla.

Með annari hendinni hélt Mórits utan um barnið, en með hinni hendinni greip hann í kaðal, sem malarinn kastaði til hans. Svo komu tveir aðrir menn og drógu hann og barnið að landi.

Mórits þakkaði þeim fyrir hjálpina, tók síðan barnið í fang sér og gekk á móti foreldrunum, sem hröðuðu sér til hans.

Á leiðinni skoðaði hann andlit barnsins, sem var í yfirliði, með nákvæmni. Það var fölt, en undurfagurt, og lék bros um hinar lokuðu varir. Dökt hár umlukti hið háa og bjarta enni hennar. Mórits hafði aldrei séð jafn fagurt barn, enda þrýsti hann því með móðurlegri viðkvæmni að brjósti sínu, og ýtti hinum votu, dökku lokkum til hliðar.

Móðirin hafði hraðað sér og mætti honum nú á miðri leið.

"Barnið mitt — Ísabella mín — er hún dauð?" sagði hún sárhrygg um leið og hún tók við barninu.

"Ég held ekki", svaraði Mórits. "Hjartað slær ennþá, en nokkuð hægt að sönnu".

"Af stað! Það verður að fá hjálp!" sagði hún og þaut í burt, án þess að segja meira.

Mórits stóð kyr og horfði á eftir henni. "Hún lætur ekki svo mikið sem þakklæti í fé" tautaði hann. "Jakob Kron sagði satt".

Hann hugsaði til hjarðmannsins í skáldritinu,

sem hann hafði lesið, og við það hrestist hann, sneri sér við og ætlaði að fara burt eftir krókstíg á milli trjánna.

Barúninn hafði nú náð konu sinni og svo fóru þau að reyna að endurlífga barnið, sem þeim hepnaðist innan skamms, svo litla stúlkan opnaði augun.

Þá heyrði Mórits að barúnsfrúin sagði við mann sinn:

"Drengurinn — sem dró hana upp úr vatninu? — — hvar er hann? Maður verður þó að borga honum eitthvað fyrir ómakið".

"Þú segir satt", svaraði barúninn.

Svo sneri hann sér að Mórits, sem var að fara, og bað hann að koma. Mórits gerði það, ekki af því, að hann vænti launa fyrir björgunarstarf sitt, heldur af forvitni, til þess að heyra hvað þessi dramb sami maður ætlaði að segja.

"Vinur minn", sagði barúninn við hann. "Þú hefir breytt vel, ég er þér þakklátur fyrir að hafa bjargað barninu mínu". Þú ert fátækur?"

"Já", svaraði Mórits.

Barúninn tók upp vasabókina sína, þá sömu, sem hann fyrir fjórum árum síðan opnaði til að taka úr litla seðilinn, er vera átti borgun fyrir tebollann, er sonur hans braut. En í þetta sinn var það tíu dala seðill, sem hann tók úr henni.

"Skoðaðu til, vinur minn", sagði hann við Mórits, "hérna er nokkuð handa þér fyrir ómakið".

Drengurinn leit á hann með fyrirlitningu, hopaði á hæl og krosslagði handleggina. —

"Herra", sagði hann, "ég fleygði mér ekki út í ána í því skyni, að vinna mér inn peninga. Ég hefi bjargað barninu þínu með því að hætta mínu eigin lífi, og þú lætur þér ekki detta í hug, að þakka fyrir það með einu orði. Þú býður mér borgun, án þess

að virða mig viðlits. Farðu, ég vil ekki þína peninga".

"Hver fjandinn, hvers konar þorpari ert þú?" sagði barúninn öskuvondur, því þeir ríku reiðast ávalt, þegar þeir verða varið við sjálfsvirðingu hjá þeim fátæku. "Þú þykist of góður til að taka á móti þóknun? — — Hver ert þú? — Máske dulklæddur prins?" bætti hann við í háðslegum róm.

"Hver ég er, kemur þér ekki við", svaraði Mórits, gramur yfir hrokanum, sem lá í orðum barúnsins. "En ég ætla þó að segja þér það, að ég er sami drengurinn, sem þú og sonur þinn börðuð hérna á þjóðveginum, af því ég hafði tyk mér aftan á vagninn þinn, og við sama tækifæri kallaðir þú mig lygara og þjóf, — — sami drengurinn, sem sonur þinn nokkrum dögum síðar braut fyrir tebolla úr Austur-India postulíni, sem ég ætlaði að selja til þess að geta fengið mat handa móður minni veikri fyrir andvirðið, og sem þú ætlaðir að borga með tóli skildingum. Í það skifti tók ég ekki á móti borgun fyrir það, sem mér var rangt gert — — í dag vil ég því síður þiggja borgun fyrir velgerning minn. Vertu sæll, hérna!"

Um leið og drengurinn sagði þetta, fór hann.

Á meðan á þessu stóð, var Ísabella orðin hér um bil jafngóð. Þegar hún sá, að Mórits ætlaði að fara, þaut hún á fætur og tók utan um Mórits, eins og hún vildi halda honum kyrrum. Mórits komst við, klappaði á höfuðið á henni og losaði sig með hægð.

"Ísabella", kallaði barúnsfrúin, "hvað ertu að gera? Þetta er ósæmilegt háttalag".

Mórits hló en hlátur hans var gremjuþrunginn. Svo laut hann niður, tók bókina, sem hann hafði verið að lesa í, hneigði sig fyrir barúninum og konu hans og fór. Barúninn horfði á eftir honum illur í skapi.

"Þetta er ljóti þorparinn", heyrði hann barúninn segja, og þá svaraði kona hans:

'Já, það má ekki vænta annars af þessu fólki".

Þegar Mórits var kominn heim að kofa móður sinnar, ergilegur yfir því, að hafa nú í þriðja sinn mætt háði og fyrirlitningu af fólki þessu, þrátt fyrir það, að hann galt því ranglætið með velgerning, fór hann úr utanhafnarskyrtu sinni, svo hún gæti þornað.

Hann sá nú hlut nokkurn, sem hann hafði ekki tekið eftir áður, hanga fastan í fellingum skyrtunnar. Þegar hann fór að athuga hlut þennan nákvæmar, sá hann að það var dálítið rafhjarta í gullumgerð, sem fest var við svartan silkilinda.

Til þess að geta skoðað þennan hlut enn betur, gekk hann út að glugganum.

Á gullumgerðinni voru stafirnir J. E., sem nú voru orðnir nær óþekkjanlegir sökum slits.

Alt í einu datt Mórits í hug saga Jakobs Kron, sem hann sagði honum í skóginum. Hann hafði þá minst á slíkan skrautgrip, sem hann erfði eftir móður sína, og var merktur sömu stöfum.

"Getur það verið mögulegt, að þetta sé sami gripurinn?" spurði Mórits sjálfan sig.

Átti hann að trúa því, að þessi herramaður, sem hafði misboðið honum svo mjög, væri faðir hins ógæfusama Jakobs, væri sami maðurinn og kastað hafði syni sínum út úr sínu húsi, hafið mál á móti honum og látið kaghýða hann.

"Ó, já", sagði Mórits við sjálfan sig, "það er mjög sennilegt. Framkoma hans gegn mér styrkir þessa getgátu".

Mórits var í efa um, hvað hann ætti að gera við þennan skartgrip, sem hann hafði fundið. Honum var það ljóst, að litla stúlkan mundi hafa borið hann um hálsinn, og að hann hefði fest sig í skyrtunni sinni, þegar hann var að bjarga lífi hennar.

Bændaþingið

sem haldið var í Brandon dagana 15., 16. og 17. des. sl., var hið lang-fjölmennasta og þýðingarmesta, ekki að eins fyrir Manitoba fylki, heldur jafnvel fyrir alt Canadaveldi. Þar voru samankomnir 600 bændur, og var því borgarsalur Brandon bæjar troðfullur.

Þar sem ég var einn af þeim, sem sendur var á þennan fund, vildi ég segja nokkur orð um ýms atriði. Við áttum að verða þrir héðan frá Sinclair, en annar veiktist og hinn hafði veikt barn, svo ég varð að fara einn, og þótti mér það lakara.

Þegar ég fór yfir nafnaskrána, gat ég hvergi fundið nöfn af neinum Íslendingum, og dró ég þá ályktun, að Íslendingar væru enn ekki vaknaðir alment til meðvitundar um þessi mörgu og miklu velferðarmál, — já, þau mikilvægustu og yfirgripsmestu mál, sem nokkurntíma hafa komið á dagskrá í Manitoba fylki. Já, landar, komið nú strax og verið með. Það er sama, hvað ríkir þér eruð og velstandandi, þið megið ekki við þeim missi eða stórtapi, að vera ekki með.

Þér vitið allir, hvað Bændafélagið meinar. Það meinar í fáum orðum þetta: Að koma öllum afurðum bænda á beztu markaði heimsins, og koma þeim beint frá bændum til þeirra, sem kaupa, og fella þannig burtu alla millimenn, sem hafa lifað og enn lifa á annara brauði. Með öðrum orðum: Að rýma til og ryðja burtu öllum hrifsandi samsteypu einveldisklóm, sem hrifsa til sin eða kaupa bænda vöru með hálfvirði, og selja svo út aftur til fólksins í bæjum og borgum fyrir fjórfalt verð. Bændur selja gripi fyrir 3 cent pundið, fólkið kaupir aftur fyrir 12 og 15 cent pundið. Vér erum hér í einu bezta hveitibelti heimsins og ættum að hafa ódýrt brauð. Vér seljum hveiti ómalað til Englands, þeir mala og koma því ímat og selja brauðið til fólksins þar fyrir minna verð, en vér fáum það fyrir.

Akuryrkjumálin eru þýðingarmikil fyrir alla, og jafnvel mestu framleiðslumál vor hér í landi, og þeim samfara er hið mikla "Elevator" mál, sem nú, eftir langt stríð og kostbært, er allvel á veg komið. En þó er ekki sopið kálið enn með það, því stjórnin mun vilja hrinda ábyrgðarbagganum á herðar bændum áður en öllu er lokið. En mikill er sigurinn samt, og meinar hvorki meira né minna en frá 15 til 20 cents á hverju hveitibúséli, svo nú má með sanni segja, að nú gerast skrefin stór.

Í þeim bæjum, þar sem ekkert bændafélag var, var hveitiverðið sl. haust á "Elevators" frá 6—8 cents lægra en þar, sem bændur höfðu samtök. — Bændum hefir oft verið núið um nasir, með öðru fleiru góðgæti, að ómögulegt sé að sameina þá. Og ég er á því, að eitthvað sé til í þessu. En sá, sem hefði viljað koma inn í borgarsalinn í Brandon á meðan öll þessi hundruð bænda voru þar, hefði ugglaust komist á aðra skoðun. Þar fór alt fram eins bróðurlega og frekast gat orðið. Þar kom aldrei fyrir hin minsta misklið með eitt eða neitt. Þeir fluttu margir mál sín þar eins vel og vönustu lögmenn, með stillingu en stöðugum sígandi krafti. Já, og alt af í horfið, og alt af áfram. Og ekkert vantar nú eins raunalega eins og einmitt það, að svo marga vantar, sem enn ekki hafa gerst meðlimir kornyrkjumannafélagsins, eins og íslenzku blöðin kalla það. En hér er verkefni fyrir fleiri en þá, sem yrkja hveitistöngina. Hinir ættu líka allir að vera með, sem stunda griparæktkinda, svína og fugla, því allstaðar eru hér agentar og óþarfa millimenn, sem eru þrepskildir á vegi fyrir velmegun framleiðendanna, og þeirra, sem ættu að kaupa frá fyrstu hendi. Því ekki misti þetta þing sjónar á kjötverzlunareinveldinu. Með öðrum fleiri á það eftir að fá sín makleg málagjöld. En ómögulegt er að gera alt í einu — ekki síst, þegar vantar meira en helming af fylkingunni.

Þótt margir vinni með hug og dáð að félagsskap þessum, þá er þó mesti aragrúi af ýmiskonar mönnum, sem láta engan hlut ónotaðan til að ríla þennan félagsskap bænda til grunna, ef mögulegt væri. Þeir sjá, hvað til sins friðar heyrir, ef þessu heldur áfram. Þeir sjá sitt stórlengilega tap, en áviðning fyrir framleiðendur og allan verkalýð landsins.

Jafnvel dagblöð, sem virtust vera bændum hlynt, gerast nú frekar fáorð um þessi mál. Hver blaðskekillinn fylgir sinni pólitisku stjórn, eða óstjórn, og er smeykur við að þegja, en þó enn smeykari við að segja. Vita um brestina. Þetta er annars aumkunarlegt ástand, og kæmu svona lagaðar fréttir af Rússum eða Tyrkjum, þá væru blöð vor full af fréttum og vandlæting yfir slíku ástandi, og þökkuðu guði fyrir að lifa í góðu landi við góða stjórn og skinandi löggjöf. — Já, þetta er einmitt einn liðurinn, en verður að bíða sins tíma.

Málgagn eða vikublað þessa Bændafélags er The Grain Growers' Guide. Það er fyrirtaksgott blað og fræðandi, og gengur hreinlega og skýrlega frá öllu, sem það hefir meðferðis, sem er oft æðimargt. Enginn bóndi ætti án þess blaðs að vera. Það kostar að eins $1.00 árið.

Þá má alls ekki gleyma gestrisni Brandon bæjarstjóra. Hann hélt öllum þessum hóp manna samsæti í Brandon borgarsal, með samspili og samsöng, sem var mesta snild, og hvert stykkjið öðru betra, og gekk langt fram á nótt. Sjálfur stóð borgarstjóri fyrir skemtun þessari, og valdi þar af betri endanum. Einnig hélt hann mjög lipra ræðu og bauð alla velkomna, og kvaðst hann hafa svo til ætlast, að samsæti þetta yrði óaðfinnanlegt, og það væri það að öllu leyti nema einu, sem væri það, að Brandon bær hefði ekki nógu stóran sal til að taka á móti gestum sínum, en hann kvaðst skyldi bæta úr þessu fyrir næsta bændaþing (og var þá lófaklapp mikið). — Hann þakkaði gestunum fyrir duglega framkomu og fyrir mikið og nauðsynlegt starf, sem allareiðu væri komið í framkvæmd, sem væri til óútreiknanlegrar blessunar fyrir allan verkalýð landsins, hornanna á milli. Að endingu miðlaði hann vindlum til allra gestanna.

Að endingu leyfi ég mér að skora fastlega á alla bændur, sem enn eru ekki í þessum félagsskap, að sameina sig sem allra fyrst Bændafélaginu. Svo bezt geta þeir komið í lag öllu því nauðsynlega, að bændur sjálfir hjálpi til. Látið ekki lengur ásannast, að ekki sé hægt að hafa samtök með bændum, — sópa þeirri skoðun burtu með mörgu öðru, sem nauðsynlegt er að breyta. Bændur eru vaknaðir til meðvitundar um, að gamla fyrirkomulagið er ilt og óhafandi, og algerð breyting verður að koma þeim í vil. Þeir hætta ekki fyr og þiggja ekkert minna.

Sinclair, 3. jan. 1910.

A. JOHNSON.

Vínbannsmálið.

Herra ritstjóri: —

Mig langar til að fara nokkrum orðum um vínbannskosningarnar, sem fóru fram í Kenora, Ont., 3. þessa mánaðar (janúar), sérstaklega um aðferð þá, sem vínsölumenn brúkuðu við kosningarnar,— svo langar mig til að gera dálitla athugasemd út af því.

Eins og öllum er kunnugt, sem nokkuð þekkja til Kenora, eða Rat Portage, sem áður var, þá hefir sá bær verið orðlagður fyrir drykkjuskap, — svo langt sem menn muna eftir, og er það mjög slæmt fyrir jafn fallegt pláss að náttúru til eins og Kenora er. Vínsölumenn hafa ætíð haft yfirhöndina. Þeir hafa grætt mikla peninga og boðið öllum byrginn, og hefir aldrei verið ráðist í, að reyna að útrýma víninu úr bænum fyrri en í sumar sem leið, að allar kirkjur bæjarins sameinuðu sig, ásamt Keewatin bæjarbúum að herja á vínsölumenn, til að svifta þá þeim lagalega rétti, en þó í raun og veru óréttri, sem þeir hafa, að meðhöndla og selja áfenga drykki.

Í fyrstu var katólska kirkjan með hinum kirkjunum að undirbúa fyrir baráttuna, en sökum þess, að meiri hluti vínsölumanna voru katólskir, og þeir hótuðu að hætta að veita kirkjunni peningalegan styrk, þá gugnaði sá flokkurinn, og gafst upp strax í byrjun. En hinir héldu áfram og sameinuðu sig í eitt stórt félag, er samanstóð af mörgum leiðandi mönnum bæjarins, af öllum stéttum, ásamt öllum prestunum. Vínsölumenn reyndu undireins að stemma stigu fyrir tilraunum félagsins, með því að hafa hótanir í frammi við ýmsa menn, er í félaginu stóðu, og gerðu alt, sem þeir gátu, til að fá suma af þeim gerða ræka úr stöðum þeim, er þeir voru í. Tveir voru sérstaklega ofsóttir, annar af þeim var og er bankastjóri. En þeim tókst ekki að koma þeim frá. Allar aðferðir vínsölumanna voru líkar þessari. Ekkert var of óhreint fyrir þá að upphugsa eða brúka til að koma sínu fram. Þeir héldu þessu stöðugt áfram þangað til kosningadaginn 3. janúar, þá drógu þeir saman alla herskara sína, sýnilega og ósýnilega,skeyttu engum hernaðarreglum, en brúkuðu öll brögð og ólög, — keyptu menn og skepnur, blöð og bækling, hraðlestir og hesta, og þar fyrir utan greiddu margir af þeim atkvæði oftar en einu sinni, sumir fjorum og fimm sinnum. Þeir treystu peningunum að koma sér í gegn um þessi lagabrot, ef það skyldi verða tekið fyrir.

Alt þetta sýnir, hvað skaðleg vínsalan er, og hvað hættulegir þeir menn eru fyrir mannfélagið, sem vinna við það, að útbýta áfengi. Hvað bindindismenn snerti, þá vöruðust þeir að brúka nokkra þá aðferð, sem væri móti lögum landsins, eða óráðvönd á nokkurn hátt. En þrátt fyrir það, var undirbúningur þeirra undir baráttuna svo góður, að ég hefi ekki séð fullkomnari. Og það sögðu þeir, sem farið höfðu í gegn um margan harðan pólitiskan bardaga, að þeir hefðu aldrei séð fullkomnari undirbúning. Aldrei hefi ég séð betri samtök hjá neinu félagi, eins og því, er vann að baráttunni gegn víninu. Þar voru allir sem einn, og einn sem allir. En þrátt fyrir alt þetta biðu vínsölumenn sigur úr býtum, hvað atkvæðagreiðslu snertir, og geta því haldið áfram að útbýta eitri að minsta kosti í önnur þrjú ár, — eitrinu, sem deyfir og deyðir beztu tilfinningar þeirra, sem brúka það, sem snýr heilbrigðri skynsemi í brjálæði, sem kemur mörgum mönnum til að fremja þau ódæði og glæpi, sem þeir mundu fyrirverða sig fyrir að fremja, ef þeir væru ekki undir áhrifum bess. — Eitur, sem gerir margar konur að ekkjum, og mörg börn að munaðarleysingjum, — eitur sem smýgur inn í alt mannfélagið, sem eitrar heimilislífið hjá svo mörgum, það helgasta, sem til er í mannlífinu.

Ég vildi mælast til, að við Íslendingar gerðum alt, sem í okkar valdi stæði til að útrýma þessu áfengi, sem kemur svo mörgu illu til leiðar, og sameinum okkur, ásamt innlendum bindindisvinum, hvar sem við erum staddir, til þess að geta unnið sem bezt að því. Við Íslendingar getum komið miklu til leiðar. ef við verðum sam taka. Ég efast um, að það sé nokkur þjóðflokkur til, sem getur afkastað jafnmiklu, mann fyrir mann, eins og íslenzka þjóðin, þegar hver einstaklingur og allir í einni heild gera sitt bezta. Það er varla sú menta- eða iðn-grein til, sem landar vorir hafa ekki skarað fram úr í, þar sem þeir hafa ásett sér það. Landar vorir heima á Íslandi hafa gefið okkur gott eftirdæmi með vínbanniið, eins og margt annað. Látum okkur ekki verða langt á eftir þeim. Við höfum góða ástæðu til að vera þakklátir fyrir, að tilbeyra slíkri þjóð, sem hefir hvergi sinn jafningja að hreysti, göfuglyndi, ráðvendni eða æru, — þjóð, sem er svo meðtækileg fyrir alt gott. — Það ætti að vera okkar mesta áhugamál, að halda uppi heiðri þjóðar vorrar, með því, að reynast ætíð góðir borgarar og sannir bræður og systur. Við megum ekki láta félagsskap vorn klofna, einkanlega ekki þann félagsskap. sem sérstaklega er ætlaður til þess, að veita okkur andlega mentun og styrk. Ég er guði þakklátur fyrir, að ég er Íslendingur, og ég er þakklátur fyrir að vera kanadiskur borgari.

Þann 10. jan. 1910.

Wm. Christianson.

Saskatoon, Sask.

Merkilegur fornleifafundur.

Í ágústmánuði 1898 fann maður að nafni Olaf Ohman, sem heima á nálægt Kensington í Douglas County í Minnesota, stein með rúnaletri.

Steinninn er flatur, 30 þumlunga langur, 16 þumlunga breiður og 7 þumlungar á þykt og vegur 230 pund. Á steininn er höggvið rúnaletur á báðar hliðar, sem gerir alls 62 orð.

Þegar steinninn fanst, var mikið um hann talað og ritað, því margir hugðu hér norrænar rúnir vera, sem sýndu, að Norðmenn eða Íslendingar hefðu verið um þessar slóðir löngu áður en Columbus fann suðurhluta þessa mikla lands. En þegar rúnafræðingarnir fóru að lesa á stein þennan, kom þeim saman um, að letur þetta væri ekki norrænar rúnir, heldur risp, sem þeir ekkert skildu í, og helzt liti út fyrir að vera eftir Indiána, og féll svo niður talið um "Kenington steininn" svokallaða, og tók Ólafur Ohman hann og hafði fyrir þrep við hlöðudyrnar hjá sér.

En nú er nýr maður kominn til sögunnar, nefnilega Hjálmar Rued Holand, frá Wisconsin, sem er maður glöggur mjög á allar fornleifar. Fyrir 4 árum síðan fór Hjálmar að finna Ólaf Ohman, sem býr á jörð sinni nálægt Kensington, eins og áður er sagt. — Ólafur er fæddur í Minnesota, en er af sænskum ættum, og varð Hjálmar þess fljótt vís, að Ólafur var ekkert nema sakleysið sjálft og óljúgfróður, sem bauðst til að gefa H. steininn, sem hann kvaðst hafa fundið klemdan fastan í klofi á eskitré miklu, skamt upp frá rótum þess. Nú fór Hjálmar með steininn heim til sín, sem var orðinn maður og illa til reika.

En fljótt komst hann að því, að letur það, sem á steininum var, er alveg hið sama og Suður-Gotar notuðu á 13. og 14. öld. Og eftir að hafa rýnt í rúnir þessar, gat herra Holand lesið alt, sem á steininn er skráð, sem er á þessa leið:

"Vér héldum vestur í landaleit frá Vínlandi, 8 Gautar og 22 Norðmenn. Vér slógum tjöldum gegnt hinum tveimur skerjum, sem liggja í vatninu eina dagleið í norður frá þessum steini. Þegar vér komum aftur heim að tjöldum vorum, fundum við 10 af félögum vorum fljótandi í blóði sínu og dauða. A. V. M. (Ave Maria!) verndi oss frá voða! Vér höfum 10 menn við skip vort, sem er austur við sjó 41 dagleið héðan frá þessari eyju. Ár 1362".

En hvar var vatnið með tveimur skerjunum, eina dagleið í norður frá steininum?

Úr þessari ráðgátu varð að leysa, eða alt var ónýtt.

Nú fór Hjálmar að leita að skerjunum í vatninu, og eftir talsverða fyrirhöfn og ferðalag, fann hann prest, sem gat sagt honum, hvar þetta væri að finna. Og var nú ferðinni heitið þangað í skyndi.

Já, alt stóð heima við það, sem rað var á Kensington steininn! Pelican vatn var eina dagleið norður frá steininum, með tvö sker í suðurenda þess. Já, og eyja eða hólmi skógi vaxinn var hinu megin við skerin. Eyjan, þar sem tjaldað var og 10 mennirnir voru myrtir (af Indiánum?), líklegast meðan að félagar þeirra voru að veiða eitthvað til matar.

Ef þetta, sem hér að framan er ritað, er áreiðanlegt, er enginn vafi á því, að Norðmenn hafa verið á ferðalagi við og við frá því Leifur hepni fann austurströnd Norður-Ameriku árið 1000 eftir Krists burð, og þar til á 14. eða 15. öld.

Þessi Hjálmar R. Holand er fæddur í Ameríku af norskum foreldrum, og vel þektur rithöfundur og fornmenjafræðingur, og er því líklegt talið, að það sem hann segir um stein þennan, sé áreiðanlegt, og væri óskandi að svo væri, og um leið viðurkent af Ameríkumönnum og hinum mentaða heimi, að Bjarni Herjúlfsson hafi fyrstur manna séð Ameríku, en Leifur Eiríksson fyrstur stigið af hvítum mönnum fæti á þetta mikla undraland. Og ef nokkuð verður af því, að heimssýning verði haldin hér í Winnipeg á komandi árum, ættum vér Íslendingar að minnast forfeðra vorra, hinna miklu sjógarpa, með því að sýna, ef mögulegt væri, velbúið víkingaskip, skarað skjöldum og skipað hraustum drengjum! Og láta heiminn sjá, að kynþáttur víkinganna lifir enn, og við kunnum að "stýra dýrum knerri" og erum reiðubúnir að "höggva mann og annað", ef þörf gjörist.

Winnipeg, 5. jan. 1910.

Sn. Jóh. Austmann.

LEIÐBEININGAR--SKRA
YFIR ÁREIÐANLEGA VERZLUNARMENN Í WINNIPEG

MUSIC OG HLJÓÐFÆRI

CROSS, GOULDING & SKINNER, LTD.
323 Portage Ave. Talsími 4413

MASON & RISCH PIANO CO., LTD.
356 Main Stree Talsími 480
W. Alfred Albert, Íslenzkur umboðsmaður

WHALEY ROYCE & CO.
356 Main St. Phone 263
W. Alfred Albert, báðarþjónn.

BYGGINGA og ELDIVIÐUR.

J. D. McARTHUR CO., LTD.
Byggingas- og Eldiviður í heildsölu og smásölu.
Sölust: Princess og Higgins Tals. 5060, 5061, 5062

MYNDASMIÐIR.

G. H. LLEWELLIN,
"Medallions" og Myndarammar
Starfstofa Horni Park St. og Logan Avenue

SKÓTAU Í HEILDSÖLU.

AMES HOLDEN, LIM TED
Princess & McDermott. Winnipeg.

THOS. RYAN & CO.
Allskonar Skótau. 44 Princess St.

THE Wm. A. MARSH CO. WESTERN LTD.
Framleiðendur af Finu Skótaui. Talsími: 3710
88 Princess St. "High Merit" Marsh Skór

RAFMAGNSVÉLAR OG ÁHÖLD

JAMES STUART ELECTRIC CO.
324 Smith St. Talsímar: 3447 og 7802
Fullar byrgðir af alskonar vélum.

GOODYEAR ELECTRIC CO.
Kellogg's Talsímar og öll þarðsíut. áhöld
talsími 3023. 56 Albert St.

RAFMAGNS AKKOKÐSMENN

MODERN ELECTRIC CO
412 Portage Ave Talsími: 5658
Viðgjörð og Vír-lagning — allskonar.

BYGGINGA - EFNI.

JOHN GUNN & SONS
Talsími 1277 266 Jarvis Ave.
Höfum bezta Stein, Kalk, Cement, Sand o. fl.

THOMAS BLACK
Selur Járnvöru og Byggings-efni allskonar
76—82 Lombard St. Talsími 600

THE WINNIPEG SUPPLY CO., LTD.
298 Rietta St. Talsímar: 1936 & 2187
Kalk, Steinn, Cement, Sand og Mól

BYGGINGAMEISTARAR.

J. H. G RUSSELL
Byggingameistari.
í Silvester-Willson byggingunni. Tals: 1068

PAUL M. CLEMENS
Byggingar - Meistari, 443 Maryland St.
Skrifst.: Argyle Bldg., Garry st. Talsími 5997

BRAS- og RUBBER STIMPLAR

MANITOBA STENCIL & STAMP WORKS
421 Main St. Talsími 1880 P. O. Box 244.
Búum til allskonar Stimpla úr málmi og togleðri

CLYDEBANK SAUMAVÉLA AÐGERÐARMAÐUR. Brúkaðar vélar seldar frá $5.00 og yfir
564 Notre Dame Phone, Main 8624

VÍNSÖLUMENN

GEO. VELIE,
Hel'dsöla Vínsali. 185, 187 Portage Ave. E.
Smá-sölu talsími 352. Stór-sölu talsími 464.

STOCKS & BONDS

W. SANFORD EVANS CO.
326 Nýja Grain Exchange Talsími 369

ACCOUNTANTS & AUDITORS

A. A. JACKSON,
Accountant and Auditor
Skrifst.—28 Merchants Bank. Tals.: 5702

OLÍA, HJÓLÁS-FEITI OG FL.

WINNIPEG OIL COMPANY, LTD.
Búa til Stein Olíu, Gasoline og hjóláss-burð
Talsími 1590 611 Ashdown Block

TIMBUR og BÚLOND

THOS. OYSTAD, 208 Kennedy Bldg.
Viður í vagnhlössum til notenda, búlönd til sölu

PIPE & BOILER COVERING

GREAT WEST PIPE COVERING CO.
132 Lombard Street.

VÍRGIRÐINGAR.

THE GREAT WEST WIRE FENCE CO., LTD
Alskonar virgirðingar fyrir bændur og borgara.
76 Lombard St. Winnipeg.

ELDAVÉLAR O. FL.

McCLARY'S, Winnipeg.
Stærstu framleiðendur í Canada af Stóm, Steinvöru (Granitewares) og fl.

ÁLNAVARA Í HEILDSÖLU

R. J. WHITLA & CO., LIMITED
264 McDermott Ave Winnipeg
"King of the Road" OVERALLS.

BILLIARD & POOL TABLES.

W. A. GARSON
P. O. Box 225 Room 4 í Molson Banka.
Öll nauðsynleg áhöld. Ég gjöri við Pool-borð

NALAR.

JOHN RANTON
203 Hammond Block Talsími 4670
Sendið strax eftir Verðlista og Sýnishornum.

GASOLINE Vélar og Brunnborar

ONTARIO WIND ENGINE and PUMP CO. LTD
301 Chamber St. Sími: 2688
Vindmillur — Pumpur — Agætar Vélar.

BLÓM OG SÖNGFUGLAR

JAMES BIRCH
442 Notre Dame Ave. Talsími 2638
BLÓM - allskonar. Söng fuglar o. fl.

BANKARAR,GUFUSKIPA AGENTR

ALLOWAY & CHAMPION
North End Branch: 667 Main street
Vér seljum Avísanir borgunlegar á Íslandi

LÆKNA OG SPITALAÁHÖLD

CHANDLER & FISHER, LIMITED
Lækna og Dýralækna áhöld, og hospitala áhöld
185 Lombard St., Winnipeg, Man.

Byrjið nýja árið með því að kaupa Heimskringlu

PRENTUN

VÉR NJÓTUM, sem stendur, viðskipta margra Winnipeg starfs- og "Business"-manna.— En þó erum vér enþá ekki ánægðir — Vér viljum fá alþýðumenn sem einatt notast við illa prentun að reyna vora tegund. — Vér ábyrgjumst að gera yður ánægða. — Símið yðar næstu prent-pöntun til —

'Phone: Main 5944

The ANDERSON Co. COR. SHERBROOKE ST. AND SARGENT AVENUE. WINNIPEG.
PROMPT PRINTERS

Það kostar minna en 4 cent á viku

að fá HEIMSKRINGLU heim til þín vikulega árið um kring. Það gerir engan mismun hvar í heiminum þú ert, — því HEIMSKRINGLA mun rata til þín. Þú hefir máske ekki tekið eftir því, að vér gefum þér

$1.00 virði af sögubókum

með fyrsta árgangnum Skrifið eftir Hkr. nú þegar, til P. O. Box 3083 Winnipeg, Man.

Friðrik Sveinsson,
MÁLARI,

hefir verkstæði sitt nú að 245 Portage Ave. — herbergi nr. 43 Spencer Block — beint á móti pósthúsinu. Hann málar myndir, leiktjöld, auglýsingaskilti af öllum tegundum, o. s. frv. — Heimili: 618 Agnes St.

JOHN DUFF
PLUMBER, GAS AND STEAM FITTER
Alt verk vel vandað, og verðið rétt
664 Notre Dame Ave. Phone 3815
Winnipeg

Skrítlur.

Pétur kom inn í verzlunarbúð á Strandgötunni til þess að ráðstafa reikning sínum.

"Góðan daginn, Pétur minn, hvernig líður uxanum þínum?" sagði einn búðarmaðurinn háðslega.

"Ó, þakka þér fyrir, honum líður vel, hann bað kærlega að heilsa. Hann bað mig að skila kveðju til ættingja sinna í bænum".

Það kom fyrir á einum strætisvagninum hérna um daginn, að gamall maður tók ofan hattinn sinn til að heilsa stúlku, sem inn kom, en var svo óheppinn að missa hárkolluna sína ofan á keltu annarar stúlku um leið. Hún hló svo mikið að þessu, að hún misti út úr sér fölsku tennurnar á gólfið.

Miðaldra maður, dálítið feitlaginn, ætlaði að taka upp tennurnar og rétta henni, en var þá svo óheppinn að missa glasaugað sitt á gólfið, svo það brotnaði. Hann var nefnilega eineygður og hafði laglega málað auga úr gleri í tómu augatóftinni.

"Hamingjan góða", sagði bóndi, sem sat aftast í vagninum, "næst býst ég við að sjá nefið detta af einhverjum".

100,000 milíónir hestöfl er vatnskraftur alls heimsins álitinn að vera. Sé þúsundasti hlutinn af afli þessu notaður, vegur það upp á móti afli allra steinkola, sem brent er.

"Betra en nokkuð Píanó er ég hefi áður notað".
ALBANI.

"Heimsins bezta hljóðfæri".
DE PACHMANN.

Þetta eru aðeins fá orð, en sanna þó hina miklu yfirburði sem

Heintzman & Co. PÍANÓ

hefir yfir önnur hljóðfæri. — Hinn mesti Píanóspilari, sem komið hefir til Canada, hefir kosið að nota þetta hljóðfæri.

Hin mikla hljómfegurð og áreiðanlegheit að öllu leyti, gerir það hið bezta Píanó fyrir hvert heimili. — Endist í mannsaldur. —

Vér gefum vel fyrir gamla hljóðfærið þitt í skiftum fyrir nýtt Heintzman. —

J. J. H. McLean & Co LIMITED.
528 Main St. — Phone 808
Og í Brandon og Portage La Prairie

Fréttir úr bœnum.

B. L. Baldwinson brá sér vestur í Saskatchewan á þriðjudaginn var til að sitja þorrablót Leslie manna og finna bygðarbúa í erindum Heimskringlu.

Herra Nikulás Ottenson, umsjónarmaður River Park hér í borg, fór á mánudaginn var héðan áleiðis til Íslands, til að finna þar ættingja og vin. Í þeirri ferð fer hann og til Danmerkur og annara Evrópulanda. Hann vonar að koma vestur hingað aftur í maí næstkomandi.

Blaðið Free Press gat þess á laugardaginn var, að Almenni spítalinn væri í svo mikilli peningaþröng, að hann skorti nær því eina milíón dollara, og að farið verði fram á, að Winnipeg bæjarsjóðurinn verði beðinn að leggja til þá peningaupphæð. Aðallega á að verja því fé til þess, að bæta og auka byggingar spítalans og útbúnað allan.

Lesið auglýsingu um samkomu stúkunnar Ísland, sem haldin verður í Únitarasalnum þann 27. þ.m. Nefndin hefir auðsjáanléga gert sér far um, að vanda til samkomunnar, svo að allir sem þangað koma fá peninga sinna virði og vel það, — auk þess sem ágóðinn gengur til að styrkja gott málefni.

Íslenzki Conservative klúbburinn hýður íslenzka Liberal klúbbnum að þreyta kappspil við sig næsta föstudagskveld í samkomusal Únitara. Kappspilið er Pedro-spil. — Allir verða að vera komnir kl. 8 síðdegis, sem þátt taka í kappspilinu.

Guðfræðis kandídat Þorsteinn (nýkominn að heiman) hélt fyrirlestur á samkomu Bandalagsins í Tjaldbúðinni á mánudagskveldið var. Samkoman var mjög vel sótt.

Herra Pétur Anderson frá Leslie, Sask., kom til bæjarins í sl. viku og sagði almenna velliðan vestur þar og ágæta tíð síðan um jól. — Hveitiverð að hækka, er nú 90c þar í bygð, en búist við það komist upp í dollar eða hærra. Fjöldi bænda þar vestra geymir hveiti sitt í von um hærra verð. Herra Anderson býst við að dvelja nokkura daga hér í borginni.

Herra Oddur G. Akraness var hér á ferð í vikunni sem leið. Hann kom með konu sína veika, sem er að leita sér lækninga hér. Hann segir grasbrest í sinni bygð í ár, svo mikinn, að víða hafi ekki lengist meira enn einn þriðji úr töðugörðum, en útengi sæmilega sprottið og nýting góð. En gripir voru feitir og vænir í haust. Fiskiafli góður norður á vatni, en erfitt að koma honum til markaðar vegna afar-snjóþyngsla á vatninu. Þar af leiðandi hefir hækkað flutningsgjald á fiskinum, en markaður er góður fyrir fisk í ár.

Eins og getið er um á öðrum stað í blaðinu, þá heldur West Winnipeg Band CONCERT og DANS mánudagskveldið 7. febrúar (Ekki 31. janúar eins og áður var auglýst) í Goodtemplara húsinu (efri salnum). Auk þess sem flokkurinn spilar þá, spilar einnig Miss Olga Simonson á fiólin, og er hún svo alkunn orðin fyrir list sína meðal Íslendinga, að öll meðmæli eru óþörf.

Úr bréfi frá Mimir, Sask., 4. jan. 1910: — "Hér er alt tíðindalítið. Síðasta sumar var hér mjög gott. Uppskera var heilt yfir hér um pláss bæði góð og mikil, og una menn hér vel hag sínum. Tíðarfar hefir verið gott það sem af er vetrinum og mjög snjólítið enn. Þessa síðustu daga hefir verið skarpt frost en stilt veður. Alt land hér með stökum tölum tilheyrir auðkýlögum, og er því haldið í geypi-háu verði, um $20 ekran, og er það stór hnekkir fyrir bóndann".

Herra John Samson, lögregluþjónn, meiddist mikið hér í borg í síðustu viku. Einhver keyrslumaður keyrði yfir hann á norður Main St., og skaðaði hann svo, að talsvert er tvísýnt um bata ennþá.

Í ráði er að koma hér á eignabjörgunardeild í sambandi við slökkvilið borgarinnar. Starf þessa björgunarliðs á að vera, að ná vörum og innanstokksmunum úr þeim húsum, sem eldur kviknar í, og að vernda þær frá skemdum og fyrir þjófum. Ætlað er, að kostnaðurinn við stofnun þessarar deildar, sem skipuð sé 9 mönnum, verði 24 þús. dollara, og árlegur viðhaldskostnaður 10 þúsund doll.

Herra Ingvar Ólafsson, frá Foam Lake, kom til bæjarins á laugardaginn var. Hann er á leið í skemtiferð vestur að Kyrrahafi, en dvelur hér viku tíma áður en hann heldur lengra áleiðis. Herra Ólafsson hefir í hyggju að skoða bygðir Íslendinga á ströndinni, alt frá Vancouver og Victoria til Seattle, og einnig að skoða Prince Rupert bæ. Væntanlega verður honum samferða á þessu ferðalagi herra Þórður Vatnsdal, kaupmaður í Wadena. Herra Ólafsson býst við að verða 10 vikur á þessu ferðalagi.

Kristján Ásgeir Benediktsson verður að finna á skrifstofu Heimskringlu um nokkurar komandi vikur. Þeir, sem vilja tala um fast, eignasölu eða fá leyfisbréf, geta talað við hann gegn um talsíma 3512 eða fundið hann að máli þar.

Herra F. Samson frá Gardarbygð kom hingað til bæjarins þ. 12. þ.m., og dvaldi hér vikutíma. Hann segir snjóminna þar syðra en hér norðurfrá. Heilsufar og velliðan fólks í bezta lagi.

Herra Ólafur Johnson úr Gardar bygð, sem brá sér fyrir 3 vikum vestur til Leslie, Sask., kom til baka hingað til bæjarins í síðustu viku, og er að fá sér augnalækningu. Dr. Smith er læknir hans, og finst herra Johnson að hann muni bæta sér sjónina að góðu leyti. Hann fer bráðum suður aftur.

Fjós, 8x10 að stærð, fæst keypt með sanngjörnu verði að 573 Simcoe Street.

Heim til Íslands.

Herra Nikulás Óssurarson, ráðsmaður Winnipeg strætisvagnafélagsins í River Park, lagði héðan af stað til Íslands síðastliðinn mánudag. Herra Óssurarson býst við að verða burtu um þriggja mánaða tíma.

Í tilefni af þessari ferð herra Óssurarsonar héldu nokkrir kunningjar hans honum samsæti í húsi herra L. Jörundssonar þann 14. þ.m. Ýmsir töluðu hlýleg orð í garð heiðursgestsins og óskuðu honum lukkulegrar ferðar.

Hr. M. Markússon flutti honum eftirfylgjandi kvæði við þetta tækifæri: —

Far vel á braut úr bræðra sveit,
frá brjóstum stígur ósk vor heit
að farsæl verði förin.
Haf þakkir fyrir fylgd og dáð,
þinn félagsanda, hug og ráð,
sem léttu lífsins kjörin.

Já, heill sé þeim, er býr sér braut
og bugast lætur ei við þraut,
en horfir jafnan hærra.
Ef sóknin þyngist, sortna ský,
in sanna hreysti felst í því
að stíga sporið stærra.

Far heill um storð og stoltan ál,
með styrkar taugar, hetjusál,
að finna fóstru þína,
og berðu kveðju hlýja heim
frá hlýrunum í vesturgeim,
er muna móður sína.

M. Markússon.

Bændafélags fundur

verður haldinn í Geysir skólahúsi laugardaginn 29. jan. 1910. Fundurinn byrjar kl. 8 e.m. Áríðandi, að sem flestir séu viðstaddir.

Geysir, Man., 13. jan. 1910.
J. PÁLSSON,
Sec. & Treas.

Ársfundur

Fyrsta Únitarasafnaðarins í Winnipeg verður haldinn sunnudaginn þann 30. janúar næstk. í kirkjunni að aflokinni messu. Þá verða lagðar fram skýrslur um starf safnaðarins á liðna árinu og kosin safnaðarnefnd fyrir næsta ár.

Áríðandi að þessi fundur verði vel sóttur.

J. B. SKAPTASON,
forseti.

Góð skemtun og veitingar.

Stúkan Ísland hefir ákveðið að hafa skemtisamkomu í Únitarasalnum þann 27. janúar.

PROGRAM.

1. Ávarp forseta.
2. Ræða—S. B. Brynjólfsson.
3. Instrumental Music—Miss S. og Master Frederickson.
4. Ræða—Ónefndur.
5. Sólo—Gísli Johnson.
6. Upplestur—Þorst. Þ. Þorsteinssteinsson.
7. Instrumental Music—Miss S. og Master Frederickson.
8. Recitation—Miss R. Swanson.
9. Stuttur leikur, "Biðillinn".

VEITINGAR

Inngangur 25c fyrir fullorðna.
15c fyrir börn.

Hér með tilkynnist, að herra Sigurður Jónsson, að Bantry, N. Dak., hefir tekið að sér umboð fyrir Heimskringlu í bygðarlagi sínu þar syðra. Hann tekur móti áskriftum að blaðinu og borgun fyrir það. Heimskringla óskar, að kaupendur þar vildu snúa sér til hans með borganir. Það getur verið þeim hægðarauki, — og að þeir, sem ekkí eru kaupendur "Kringlunnar", vildu gera svo vel, að afhenda honum áskriftir sínar að henni.

Kven Skór Þægilegir til Göngu.

Kvenn Vici Kid, flóka-fóðraðir skór, með góðum gönguselum eða til skautaferða.—

Þessir skór eru mjög ódýrir á $2 50 og $3.00. — En til þess að rýmka til fyrir vorbyrgðum þá seljum vér þá á

$1.95

Ryan-Devlin Shoe Co
494 MAIN ST. PHONE 770.

Bríet.

Þegar Einar Hjörleifsson fyrir nokkru hélt fyrirlestra sína um skapstórar konur, gleymdi hann að geta einnar, sem hann vel hefði mátt minnast á, og það var hún Bríet.

Ekki af þeirri ástæðu að Bríet sé skapmeiri en kvenfólk er yfirleitt, og ekki heldur vegna þess, að hún sé lík þessum konum í því, að hún, ef hún legði hug á einhvern, mundi vilja þann mann feigann, eða æsa elskhuga sína til að berast á banaspjótum.

Ekki mundi slíkt að hennar skapi.

Hún myndi ekki heldur líkt og Hallgerður láta vinnukonuna sína fara út í bæ að hnupla, ef hana skyldi eitthvert kveld vanta ost eða smjör með brauði sínu.

Fjarri sé það mér, að drótta slíku að Bríeti.

Hún myndi heldur borða þurt en gera slíkt.

En hitt er það, að mér finst henni samt í ýmsu svipa til þeirra Hallgerðar og Guðrúnar Ósvífursdóttur.

Og á ég þar helzt við skörungsskap hennar, framgöngu og karlmannskjark.

Vér getum ekki hugsað oss Bríeti sitja heima við sauma sína og vagga krökkunum, eða sinna öðrum húsmóðörstörfum.

Og vér getum ekki hugsað oss hana elda grauta.

En vér sjáum hana greinilega fyrir augum vorum, þar sem hún berst í broddi fylkingar fyrir auknum rétti kvenna, og þar sem hún situr við skrifborð sitt og eys upp úr sér á pappírinn hverri greininni á fætur annari.

Allar brennandi af áhuga og ást á málefninu.

Það er enginn efi á því, að ef Bríet hefði fæðst á Englandi, þá væri hún ein af áköfustu atkvæðisréttar konunum þar.

Hún mundi hafa vakið óróa á kvenfélagsfundum, gert ólæti í þinghúsinu, barið Asquith, og lögreglan þar hefði átt fult í fangi með Bríeti.

Og hún mundi ekki síður en ensku konurnar hafa lagt alt í sölurnar fyrir sannfæringu sína, látið hneppa sig í fangelsi, gera sig útlæga og jafnvel haldið kvenréttindaræðu af höggpallinum, ef á hefði þurft að halda.

Því hún lætur ekki fremur en áðurgreindar konur bugast af neinu, og kjarkurinn er óbilandi.

En nú er Bríet ekki borin á Englandi, heldur norður í Húnavatnssýslu, og þess vegna er hún bara í bæjarstjórn.

En þar kveður líka að henni.

Þar ræður hún ein.

Hvert það mál, sem ekki hefir fylgi Bríetar, er dauðadæmt.

Það skiftir einu, hvort það er erfðafestumál, gasmál eða Kjögx, — smátt og stórt er þar komið undir Bríeti og hún ræður afdrifum þess alls.

En hún notar vald sitt vel og viturlega.

Aðrir fá líka að tala og engum meinar hún að greiða atkvæði sitt.

Bríet hefir um mörg ár verið ritstýra Kvennablaðsins, og hverjum þeim kvenmanni, sem er það áhugamál, að kynsystur hennar verði ekki ávalt undir í viðureigninni við karlmennina, er það ljúf skylda að kaupa blaðið.

Enda hefir henni smámsaman tekist svo mjög að glæða áhuga kynsystra sinna í þessum efnum, að margar þeirra eru jafnvel farnar að borga árgjaldið.

En þetta er æðsta hugsjón allra ritstjóra, og oftast að eins fagur draumur, sem aldrei rætist.

Það er því einkennilegra, hvað Bríeti hefir orðið mikið ágengt í kvenfrelsisbaráttunni, þar sem hún lengst af hefir barist næstum ein sins liðs, enda hefði mál hennar varla náð eins mikið fram að ganga, þrátt fyrir framúrskarandi dugnað hennar, hefði ekki bæði þing og stjórn verið setin mönnum í kvenhollara lagi.

Og þeir eru menn að meiri fyrir.

Bríetar er mjög oft getið í erlendum blöðum, og í Danmörku er hún alþekt, sem aðalfrömuður kvenréttindabaráttunnar í landi voru.

Flestir Danir vita að eins þetta þrent um Ísland, að hér er Hekla, Geysir og Bríet.

En sumir halda jafnvel, að Bríet búi hér ein.

Nú er hún farin mjög að eldast og er komin á forngripasafnið.

Þar hjálpar hún Matthíasi og leiðbeinir gestum, sem þangað koma, og leysir það verk þannig af hendi, að öllum þykir mikið til koma.

Því hún er enn hinn mesti skörungur.

— Colurius í Ingólfi.

Fyrirlestur

FLYTUR
S. B. Benedictsson
UM
SIGURBJÖRN STEFÁNSSON
miðvikudaginn þann 19. þ. m. í
Samkomusal Unitara
Cor. Sargent & Sherbrooke.
Byrjar kl. 8 síðdegis.
AÐGANGUR ÓKEYPIS
Samskot tekin.

Fyrirlesturinn gengur út á að lýsa skoðunum og lyndiseinkunnum þessa manns, ásamt ágripi af æfisögu hans. Líflegar umræður á eftir.

Komið öll, yður skal ekki leiðast, komið snémma. Komið.

DR. H. R. ROSS
C.P.R. meðala- og skurðlækir.
Sjúkdómum kvenna og barna veitt sérstök umönnun.
WYNYARD, — SASK.

Dr. M. Hjaltason, Oak Point, Man.

Jóhanna Olson
PIANO KENNARI
557 Toronto St. Winnipeg

Anderson & Garland,
LÖGFRÆÐINGAR
35 Merchants Bank Building
PHONE: MAIN 1561.

MARTYN F. SMITH,
TANNLÆKNIR.
Fairbairn Blk. Cor Main & Selkirk
Sérfræðingur í Gullfyllingu og öllum aðgerðum og tilbún aði Tanna. Tennur dregnar án sársauka. Engin veiki á eftir eða gómbólga. —
Stofan opin kl. 7 til 9 á kveldin
Office Phone 6944. Heimilis Phone 6462.

Þarft þú ekki að fá þér ný föt?
EF ÞAU KOMA FRÁ CLEMENT'S, — ÞÁ VERÐA ÞAU RÉTT
Réttur að efni, réttur í sniði réttur í áferð og réttur í verði.
Vér höfum miklar byrgðir af fegurstu og beztu fataefnum. —
Geo. Clements & Son
Stofnað árið 1874
264 Portage Ave. Rétt hjá Free Press

Th. JOHNSON
JEWELER
286 Main St. Talsími: 6606

JOHN ERZINGER
TÓBAKS-KAUPMAÐUR.
Erzinger's skorið reyktóbak $1.00 pundið
Hér fást allar neftóbaks-tegundir. Óska eftir bréflegum pöntunum.
McINTYRE BLK., Main St., Winnipeg
Heildsala og smásala.

G. NARDONE
Verslar með matvöru, aldini, smá-kökur, allskonar sætindi, mjólk og rjóma, sönul. tóbak og vindla. Óskar viðskifta Íslend. Heitt kaffi eða te á öllum tímum. Fón 7756
714 MARYLAND ST.

Boyd's Brauð
Góð brauð eru ódýrari en vondbrauð. Það getið þér sannfærst um með því að reyna brauð vor. Þau þorna ekki eins fljótt og lakari brauð. Gerð úr valdasta hveiti og geyma í sér svo mikil næringarefni sem mögulegt er að fá. Þau eru keirð heim á hvert heimili. —
Boyd's
Bakery Cor. Spence & Portage Ave
Phone 1080.

Winnipeg Wardrobe Co.
Kaupa brúkaðan Karla og Kvenna fatnað,—og borga vel fyrir hann.
Phone, Main 6539 597 Notre Dame Ave.

BILDFELL & PAULSON
Union Bank 5th Floor, No 520
selja hús og lóðir og annast þar að lútandi störf; útvegar peningalán o. fl.
Tel.: 2685

Jónas Pálsson,
SÖNGFRÆÐINGUR.
Útvegar vönduð og ódýr hljóðfæri.
460 Victor St. Talsími 6803.

J. L. M. THOMSON, M.A., L.L.B.
LÖGFRÆÐINGUR. 255½ Portage Ave.

Dr. G. J. Gislason,
Physician and Surgeon
Wettington Blk. - Grand Forks, N Dak
Sjerstakt athygli veitt AUGNA, EYRNA, KVERKA og NEF SJÚKDÓMUM

Húðir og ógerfuð Loðskinn
Verzlun vor er vor bezta auglýsing. Sendið oss húðir yðar og loðskinn og gerist stöðugir viðskiftamenn.
Skrifið eftir verðlista.
The Lightcap Hide & Fur Co., Limited
P.O. Box 1092 172-176 King St Winnipeg
16-9-10

W. R. FOWLER OPTICIAN
Royal Optica
307 Portage Ave. Tel. 7286
Allar nútíðar aðferðir er[illegible] augn skoðun hjá þeim, þar [illegible] aðferð, Skugga-skoðun [illegible] öllum ágiskunum. —

It's going UP.

Þú getur ekki búist við
að það geri annað en eyðast í reyk. Því ekki að fá nokkur tons af okkar ágætu kolum, og hafa ánægjuna af, að njóta hitans af þeim, þegar vetrarkuldarnir koma. Komið til vor og nefnið þetta bl
D. E. ADAMS COAL CO.
YARDS Í NORÐUR, SUÐUR, AUSTUR OG VESTURBÆNUM
Aðal Skrifst.: 224 BANNATYNE AVE

CONCERT and DANCE
West-Winnipeg Band
K. HALL, Conductor.
ASSISTED BY
OLGA SIMONSON,
VIOLINIST.
Good Templars Hall, CORNER SARGENT AND McGEE
MONDAY EVENING FEBRUARY 7th, 1910
COMMENCING AT 8:30. TICKETS 35c.

Heimskringla.

XXIV. ÁR | WINNIPEG, MANITOBA, FIMTUDAGINN, 27 JANÚAR 1910 | NR. 17

Fregnsafn.

Markverðustu viðburðir hvaðanæfa

— Marskálkur Selari á Ítalíu hefir nýlega lýst yfir því, að innan sex mánaða sé hann reiðubúinn að senda firðskeyti milli Norðurálfunnar og Canada. Stöð hans verður í Caltana nálægt Pisa. Segir hann að fregnskeyti sin verði fullkomnari og fljótari en nokkur, sem enn eru þekt.

— Síðastliðinn mánudag sáu stjörnufræðingar í Jóhannesborg í Suður-Afríku, nýja halastjörnu, og næstu tvo daga sáu stjörnufræðingar í Cambridge á Englandi sömu stjörnu. Þeir halda að þessi halastjarna sé alveg óþekt. Hún kemur frá sólu og er skær, sem reykistjarnan Mercurius.

— Á fjölmennum bændafundi, sem haldinn var í Albertafylkinu þann 20. þ.m. var samþykt, að senda fylkisstjórninni þar áskorun um, að byggja kornhlöður, sem séu fylkiseign. Haldið að stjórnin muni fara sér hægt að veita bændum þessa beiðni þeirra.

— Gamall maður var nýlega að kljúfa eldivið austur í Nova Scotia — 5 ára gömul stúlka var að hlaupa í kring. Hún hljóp undir öxina, og karlinn sneið höfuð af barninu, og dó það þegar. Hann var afi stúlkunnar, og bersi hið versta af síðan hann henti óhapp þetta.

— Bóndi nálægt Mose Jaw, Sask. sem var einbúi, fanst nýlega brunn inn. Bróðir hans fór að heimsækja hann, en kom að kofanum brunnum til ösku, og bein og leifar af einbúanum í öskunni.

— Bandamenn og Japanar hafa verið að reyna að bræða saman með sér samning viðvíkjandi innflutningi Japana til Bandaríkjanna. En hafa ekki getað komið sér saman um sum atriði. Þeir hafa því leitað tilstjórnarvaldanna á Stór-Bretlandi, að gerast aðal-miðill. Því hafa Bretar tekið, — lofa að fjalla um málið og afstöðnum kosningum á Bretlandi.

— Lord Crawford, fyrverandi forseti stjörnufræðinga félagsins í Lundúnum, hefir nýlega aðvarað stjórnina á Bretlandi um yfirvofandi hættu á þegnum hennar í Afríku, sem stafi af Hallet halastjörnunni. Hann segir, að leiðtogar innlendu þjóðflokkanna þar, bæði viltir og hálfviltir, ætli að nota sýn eða birtingu neíndrar halastjörnu, til að innprenta undirsátum sínum, að stjarnan sé guðlegt teikn, sem þýði það eitt og ekkert annað, en að þeir eigi að eyðileggja, myrða, brenna og drepa alla hvíta menn, og einnig þá af þeirra eigin þjóðflokkum, sem kristni hafa tekið. Telur hann þetta svo alvarlegt mál, sem enga bið þoli aðgerðalaust. Hann hefir ráðlagt stjórninni, að festa upp stórar myndir og útskýringar um nefnda stjörnu, og hafa sérstaka menn, sem líti eftir þessu og skýri fólki munnlega frá, hvernig á loftsýn þessari stendur, einkum á Egyptalandi og þar í kring. Mælt er, að stjórnin bregðist vel við þessari aðvörun og ráðleggingu.

— Mælt er, að dr. Cook, norðurfari, sé nú á geðveikrahælinu alþekta í Heidelberg á Þýzkalandi, og sé þungt haldinn.

— Ríksdag (þing) kom saman í Svíþjóð þann 17. þ.m., og hélt Gústaf konungur hásætisræðuna. Áætlaðar tekjur fyrir fjárhagsárið 1911 kr. 229,411,000, nær tvö hundruð og þrjátigu mil. kr., en er 56 mil kr. lægra enn fyrir þetta ár (1910). Hann kvað þingið þurfa að leggja nýja tollbyrði á þjóðina. Tollurinn á að leggjast á kaffi og aðrar daglegar nauðsynjar fólksins og eignir þess og önnur óðul. Herkostnaður þjóðarinnar er áætlaður mikið lægri fjárhagsár það, sem hér er um að ræða.

— Mælt er, að fyrverandi forseti Bandaríkjanna Roosevelt hafi sent bréf til Washington, dagsett 21. desember fyrra ár í Nairobi í Afríku. Hann skýrir þar frá því, sem hann hafi komist yfir og safnað á ferð sinni. Hann segist hafa safnað 8,846 sýnishornum af spendýrum (hryggdýrum), fjölda sýnishorna af lindýrum og ýmsum ormategundum, fleiri þúsund af jurtum, og 2000 myndir teknar af lifandi og dauðu, og landi, sjá og lofti, og lostsýni, ásamt nokkuru safni, sem viðkomi mannfræðinni.

— Á föstudaginn var fór lest af teinum á svoneíndri Spanish fljóts brú. Staður þessi er nálægt Sault Ste. Marie, Mich. Lestin var á Soo línu C.P.R. félagsins og var á leið til Minneapolis og Montreal. Tveir vagnar fóru ofan í ána. Um 75 menn fórust þar og margir meiddust meira og minna, og hafa sumir af þeim dáið þá þetta er ritað, og 31 lík hafa verið slædd upp af 75, sem haldið er að hafi lent í fljótinu. Þetta járnbrautarslys er eitthvert hið hroðalegasta, sem komið hefir fyrir nú nýlega. Eru ekki fullar fréttir komnar af því ennþá.

— Hon. Davíð Lloyd-George, fjár málaráðgjafi á Englandi, fékk víða ónota viðtökur á ræðupöllum í síðustu kosningum, en hvergi verri enn í Grimsby. Þrátt fyrir vernd lögregluliðsins, mátti hann flýja fundarsalinn, og komst naumulega undan. Hann fékk þar ekki betri útreið enn í Birmingham um árið, þegar Búastríðið stóð yfir, og hann slapp þaðan með því móti, að fara í einkennisföt eins lögregluþjónsins, sem stóð yfir honum. Það, sem aðallega vakti fjandskap áheyrendanna var það, að hann hélt ræðu einn daginn, sem kosningarnar stóðu yfir á Engl. Það athæfi er skoðað brot móti stjórnarskrá Breta. Annað það, að hann spáði hraklega fyrir her Þjóðverja, ef þeir ættu við enska sjóherinn. Fórust honum þannig orð: — "Ef þýzki flotinn í heimskuæði ræðst á flota Stór-Bretalandi, mun hann innan fárra stunda gista sæverbotninn meðfram ströndum Þjóðverjalands". Þessi orð þóttu óheyrileg af ráðgjafans munni, þar eð að eins var um pólitiskar kosningar að ræða, sem Þjóðverjar skiftu sér ekkert af. Áheyrendurnir hrópuðu í þúsundatali til hans: "Traitor! Pro-Boer!" í sífellu. Lögregluliðið varði hálfmílu svæði í kring um fundarsalinn, meðan yfirmaður með flokk manna kom ráðgjafanum út, og faldi hann í óásjálegum járnbrautarskála, meðan símað var eftir bifreið að flytja hann burtu. Á meðan reit hann bréf, sem honum þóttu nauðsynleg. Sveit lögregluþjóna fylgdi honum á bílreiðinni langar leiðir.

— Þingið í Ottawa hefir stuttar setur þessa daga. Laurier er að flakka um og halda ræður um sjóherssstofnun Canadaríkis. Hann segir, að það verði stórvægilegur floti, þegar alt sé komið í kring, en forðast að minnast á fyrirkomulag og hvenær það verði gert. Hann talar líka mikið um nýja skipaskurði og stækkun þeirra, sem nú eru. Þetta á alt að gérast í heimahögum hans þar eystra. Enn þá sem komið er hefir þingið verið atkvæðadauft og latrækt.

— Frá Calcutta fréttist, að herliðið þar hafi gert samsæri á móti stjórninni. Tíu menn voru teknir fastir. Haldið að samsærið sé ekki mjög útbreitt né öflugt ennþá sem komið er.

— John D. Rockefeller hefir skipað menn undir vopn á herragarði sínum Pocantico Hills. Þetta þykir sanna það, sem sagt var fyrir stuttu, að setið væri um líf karlsins.

— Joseph Martin, "Svarti Joe", sem allir í Canada kannast við, komst að í kosningunum á Englandi. Hann sótti um þingmensku þar í sumar og náði ekki. Verður líklega lítil heillaþúfa þar í þinginu, frekar enn hann var í Manitoba, Ottawa og British Columbia.

— Frá Madrid er sagt, að Alfonso konungur stjórni ríki sínu með járnglófum. Rekur greifa og hertoga frá völdum og fleygir mörgum í myrkvastofur. Hann þykist gera þetta til að stansa innanríkisuppreist. — Aðrir segja, að hann geri það af grimd og fávisku. Herinn er hafður undir vopnum, og á hraðbergi til vonar og vara. En konungur æsir upp hálfan hluta þjóðarinnar með aðferð sinni. — Kannske þeim svipi saman, ráðherra Íslands og Alfonso kongi?

— Þriðjudagsmorguninn stóðu kosningarnar á England þannig: — Andstæðingar stjórnarinnar 221, stjórnarsinnar 199, verkamannaflokkurinn 37 og Nationalistar 68. Verksinnar fylgja liberölum ætíð, en Nationalistar fara þangað sem bezt er boðið. Útlitið það sama, að stjórnin haldi völdum með litlum yfirburðum. Í brezka þinginu eru 670 þjóðkjörnir, er því eftir að kjósa nær 150 þingmenn ennþá.

— C.P.R. félagið hefir veitt J. D. McArthur járnbrautabyggjara alt verk á brú, sem það lætur byggja yfir um suður Saskatchewan ána. Brúin er 3,000 fet á lengd og 146 fet fyrir ofan vatnsflöt. Brú þessi á að byggjast í sumar.

— Canadian Northern og Grand Trunk félögin hafa veitt Thos. Kelly and Sons byggingu á brú yfir Assiniboine ána. Brúin verður austan við Aðalstrætisbrúna í Winnipeg.

— Á þriðjudagsnóttina sem leið hljóp vöxtur í ána Seine á Frakklandi, og flæddi strax og stórum um Parísarborg, og horfði til vandræða þá þetta er ritað. Langvarandi og þungar rigningar valda flóðinu.

— Járnbrauta forsprakkinn alkunni James J. Hill hefir nýlega staðhæft, að fólk éti og drekki í gengdarlausu óhófi. Það éti fyrir vana og lyst mikið meira enn því sé þörf á. 40c á dag segir hann að sé nægilegt hverjum einum í mat og drykk. Það, sem þar er framyfir, er eyðsla og heilsuspillir. Karlinn hefir óefað rétt fyrir sér að miklu leyti.

— J. Jardine, annar liberalinn, sem komst að í seinustu kosningum í British Columbia, hefir kvatt flokk sinn, svo nú eiga liberalar þar einn í þinginu, svo ekkert rifrildi þarf að vera um foringja hjá þeim.

Íslands fréttir.

Í stórhríðarveðrunum snemma í desember sl. brotnuðu símasúlur, bæði af völdum veðurs og snjóflóða, á Austfjörðum, og símslit urðu á nokkrum stöðum.

Taugaveiki sögð á Blönduósi, og 4 hús í sóttverði. Danskur beykir dáinn úr veikinni.

Jörð og bú Eiðaskólans selt á leigu, samkvæmt skilyrðum þeim, sem ákveðin voru á sameinuðum sýslufundi Múlasýslnanna 31. ág. 1909. Búið og jörðina hefir fengið Þorkell bóndi Jónsson á Fljótsbakka. Móti honum sóttu 3 aðrir.

Látin eru: Ármann Bjarnason, fyrrv. verzlunarmaður á Vestdalseyri, og Solveig Runólfsdóttir.

Tveir menn fórust í snjóflóði 9. des. í svoneíndu Skriðuvíkurgili, milli Njarðvíkur og Borgarfjarðar. Þeir voru 3 saman að sækja steinolíu að Krosshöfða, því verzlanir í Borgarfirði voru þrotnar að steinolíu. Í áðurnefndu gili féll snjóflóð mikið og reif með sér 2 mennina, sem fremstir gengu. Sá, sem af komst, flýtti sér til bæja að fá hjálp, fundust mennirnir í snjódyngjunni og báðir dauðir. Þeir hétu Sveinn Gunnarsson og Björgvin Guðjónsson, báðir ungir og ókvæntir.

Lagis lagði allþykkan aðfaranótt þess 17. desember á Seyðisfirði. Mótorbáta úti á firðinum rak töluvert og einn sökk. Virtur á $9000 kr., var óvátrygður.

Tvær merkiskonur dánar í Héraði: Bergljót Sigurðardóttir á Skeggjastöðum í Fellum, og Margrét Þorgrímsdóttir prests Árnasonar, að Hofteigi, kona Kristjáns á Hvanná. Báðar á áttræðisaldri.

— (Austri).

Í Reykjavík dó 18. f.m. Pétur Pétursson, ættaður úr Skagafirði, fyrst vzrzlunarmaður og vtrzlunarttjóri, síðar lögregluþjónn og bæjargjaldkeri, — faðir Dr. Helga Péturssonar jarðfræðings og fleiri barna.

— (Reykjavík).

Í haust druknaði Jón Friðfinnsson, vinnumaður á Skútustöðum við Mývatn. — Dánir: Halldór Kjartan Þorkelsson, Rvík; Helgi Helgason úr Keflavík dó á frakkneska spítalanum; Margrét Jónsdóttir af Akranesi; Sigríður Eymundsdóttir ekkja í Lækjargötu, og Solveig Runólfsdóttir, kona á Bergstaðastræti.

Ferðamanna leiðarvísir er nýútkominn eftir Íslandsvininn Dr. C. Kuckler. Hann er ætlaður útlendum ferðamönnum, og þykir vandað vel til hans.

Tekjur landsímans á þriðja ársfjórðungi nema 25,536.05 kr. En í fyrra á sama ársfjórðungi voru tekjurnar rúm 19,000 kr.

"Stúlkan frá Tungu" heitir nýtt leikrit eftir Indriða Einarsson.

— (Ísafold).

Jón Stephánsson

kaupmaður í Pine Valley, var kosinn sveitaroddviti í Municipality of Sprague, Man., í desembermán. f.á. Þeir Stephánsson og Pálmason sóttu um stöðuna, en Jón Stephánsson hafði all-mikla yfirburði yfir Pálmason á kosningadegi. Mælt er, að kaupmaður Jón Stephánsson hafi litið unnið að kosningu sinni.

Jón Stephánsson mun ættaður úr Borgarfirði í N.-Múlasýslu. — Dvaldi á Seyðisfirði um tíma áður en hann flutti til Ameríku. Búinn að vera hér vestra yfir 20 ár. Var fyrst lengi í Norður Dakota, og hafði þar verzlun. Flutti svo til Winnipeg og setti þar upp fataverzlun. Hætti henni eftir hríð og fór til Klondyke, þegar gullsýkin þar stóð í blóma. Var þar svo árum skifti, leigði mörk og seldi eldivið í stórum stíl. Eftir nokkur ár kom hann til Winnipeg aftur, en skildi bróðir sinn eftir við viðartökuna og söluna. Þá fór Jón í félag við Einar sál. Ólafsson, og stundaði fasteignasölu um tíma. Fyrir 5 árum keypti hann verzlun suðaustur í Pine Valley og bygði bráðlega sölubúð mikla. Hefir hann verzlað þar síðan, og hefir langstærstu kaupverzlun þar, á flesta eða alla vísu.

Jón Stephánsson kaupmaður er velkyntur allstaðar, bæði á meðal Íslendinga og annara þjóðamanna. Hann er þéttur í lund og þéttur á velli, drengur góður og vel að sér í verzlunarsökum og bréfaviðskiftum. Það er ekki minsti efi á því, að Jón reynist sveitinni ötull og ráðvandur. Að honum kveður þar syðra mest og bezt, til hvers sem jafna skal. Hann hefir gott mannorð allstaðar á farinni ævislóð. — Hérlendum verzlunarmönnum þykir mikið til hans koma, og segja hann fyrstu raðar mann í orðheldni og áreiðanlegleik.

Milli dúranna.

Þegar vizkan datt í dá
Dafnaði fögur sólin,
Þá var heimskan hafin á
hæðsta veldisstólinn.

Stundum leiðist lífið mér,
Löng finst dauða biðin.
En skyldi ég eins vel eins og hér
Í uppheimunum liðinn?

Hann vildi feginn safna seim,
Og sagðist vera ríkur.
Þó hafði 'ann aldrei átt í heim
Utan á sig flíkur.

Hugurinn er hér og þar,
Hátt og lágt hann sveimar,
Það er eins og allstaðar
Opnist nýjir heimar.

Þú faldar þér með fannhvítt traf.
Fallega var því hagað:
Það, sem ekki guð þér gaf,
Geta fötin lagað.

Helgasta þá mér ég met
Minninguna þína:
Er á dansi drottinn lét
Dýrðina þína skína.

Í þorsteins vildi ég þyrna nú,
— Þó mér varð til baga,
Að þyrnum gengið eg hef á
Alla mína daga.

E. S.

OGILVIE'S
Royal Household Flour
Til Brauð og Köku Gerðar
Gefur Ævinlega Fullnæging
EINA MYLLAN Í WINNIPEG,—LÁTIÐ HEIMAIÐNAÐ SITJA FYRIR VIÐSKIFTUM YÐAR.

Guðmundar-slagur.

Björn og Ari Bárðarson
Birt mér hafa sögur,
Rekkar snjallir, — renni ég von,
Raula þessar bögur.

Út í kylju, hvin og krap
Knerri stýrði á bylgju,
Húnvetninga hetjuskap
Hlaut í ættarfylgju.

Þóttí heldur harðlengur
Hann í sókn og vörnum,
Greypilega grimmefldur
Guðmundur frá Tjörnum.

Þegar út við Íslandshaf
Átti slaginn stóra,
Tíu og átta keyrði í kaf
Kaska álmaþóra.

Ekki þóttu atlot blíð
Undir vopnaköllum,
Holskeflurnar hremdu lýð,
Hergnýr söng í fjöllum.

* * *

Akur- smáu -eyri hjá
Orðstír sá ei þrotni: —
Frakkar láu fullir þá
Flatir á sjávarbotni.

Mér þó dvíni mærðarspjöll,
Máls- á -línu slóðum,
Afreks- skíni -atvik snjöll
Íslands fínu þjóðum.

K. Ásg. Benediktsson.

Ester drotning.

Á öðrum stað í þessu blaði auglýsir söngflokkur Fyrstu lútersku kirkju söngsamkomu, þar sem sungin verða ljóðin um Ester drotningu (Queen Ester). Ljóðum þessum til skýringar, skal hér lítið eitt skýrt frá efni þeirra.

Ester drotning var fædd í Persíu 500 árum fyrir Kr.b. Hún misti foreldra sína í æsku, og arfleiddi frændi hennar hana er hún var á barnsaldri. Hann hét Mordecai. Hann tók snemma eftir fegurð hennar og fékk henni hið bezta uppeldi. Konungur ríkisins tók hana sér að konu og gerði hana að drotningu sinni. Haman var æðsti ráðgjafi konungs og trúnaðarmaður. Haman hataði Mordeca af því að hann vildi ekki sýna honum lotningu, samkvæmt skipun konungs. Hann vissi ekki, að Mordecai var fóstri drotningarinnar.

Í hefndarskyni fékk hann útgefna skipun um, að drepa alla Gyðinga í landinu. Mordecai komst að launráðum hans, fór til drotningar og bað hana að biðja konung að þyrma samþjóðarmönnum sínum, Gyðingunum, og hættir hún á það, þó að það varðaði lífláti, því samkvæmt lögum var sá dauðasekur, sem gekk óboðinn á konungsfund.

Konungur hlýðir á bænir hennar og Haman bíður lægra hlut. Nú heyrir konungur, að Mordecai hafi bjargað lífi hans án þess að hann vissi, og án þess að hann hafi hlotið nokkra viðurkenningu fyrir það. Sendir þá konungur eftir Haman og spyr hann: "Hvernig á að breyta við þann mann, sem konungurinn vill heiðra?" Haman veit ekki, við hvaða mann konungurinn á, býst við, að það sé hann sjálfur, og vill láta sýna honum viðhafnarmikla sæmd. Þá býður konungur honum að veita Mordecai þessa sæmd.

Haman er sem steini lostinn, en verður þó að framkvæma skipun konungs. Þegar konungur veit um hin grimmilegu fjörráð Hamans við Mordecai, skipar hann að hengja Haman á gálganum, sem hann hafði ætlað að hengja Mordecai á, en Mordecai verður æðsti ráðgjafi konungs, og er því tekið með miklum fagnaðarlátum í ríkinu.

Góð skemtun og veitingar.

Stúkan Ísland hefir ákveðið að hafa skemtisamkomu í Únítarasalnum þann 27. janúar.

PROGRAM.

1. Ávarp forseta.
2. Ræða—S. B. Brynjólfsson.
3. Instrumental Music—Miss S. og Master Frederickson.
4. Óákveðið—Hjálmar Gíslason.
5. Sóló—Gísli Johnson.
6. Upplestur—Þorst. þ. Þorsteinssteinsson.
7. Instrumental Music—Miss S. og Master Frederickson.
8. Recitation—Miss R. Swanson.
9. Stuttur leikur, "Biðillinn".

VEITINGAR

Inngangur 25c fyrir fullorðna.
15c fyrir börn.

Frúin (við kandidatinn)i: "Eg má ekki leyfa þér að verða dóttur minni samferða á skemtigöngu hennar".

Kandídatinn: "Þú berð þá ekki traust til mín?"

Frúin: "Jú, það geri ég".

Kandídatinn: "Þá ekki til dóttur þinnar?"

Frúin: "Jú, líka til hennar. En ekki til ykkar beggja, þegar þið eruð saman".

Wall Plaster

Með því að venja sig á að brúka "Empire" tegundir af Hardwall og Wood Fibre Plaster er maður hár viss að fá beztu afleiðingar.

Vér búum til:

"Empire" Wood Fibre Plaster
"Empire" Cement Wall "
"Empire" Finish "
"Gold Dust" Finish "
"Gilt Edge" Plaster of Paris
og allar Gypsum vöruuteg-undir. —

Eiqum vér að senda yður bækling vorn?

MANITOBA GYPSUM CO. LTD
SKRIFSTOFUR OG MILLUR I
Winnipeg, - Man.

Heimskringla
Published every Thursday by The Heimskringla News & Publishing Co. Ltd

Á íslenzku í Canada og Íslandi um árið (fyrir fram borgað).
Sent til Íslands $1.50 (fyrir fram af kaupendum blaðsins hér $1.50.)

G. L. BALDWINSON
Editor & Manager

Office:
729 Sherbrooke Street, Winnipeg.
P.O. BOX 3083. Talsími 3512.

Gleðilegt tákn tímans.

Auðskilið er það hverjum hugsandi manni, með spónfylli af þekkingu, að ekki var mikils að vænta frá fyrstu íslenzku innflytjendunum sem komu til þessa lands. Fátækir í tvennum skilningi, þá á alt er lítið. Fátækir af auðævum og lítakir í þekkingu á bérlenda vísu. Ég man það eins vel og ég sé sólina í dag, þegar ég heyrði fyrst nefnt orðið V e s t u r h e i m u r. Þá var ég á níunda ári. Atburður þessi bar við á kveldvöku, og logaði þá ljós á lýsislampa í baðstofunni. Það var litlu fyrir jólin 1870. Mótbýlismaður móður minnar, Björn sál. Jónsson í Ási, þá nefndur Björn í Ási. Síðar kallaður: "Björn bróðir Kristjáns skálda". Það var maðurinn, sem gaf mér þessa fræðslu, fyrstur allra manna. Hann kom til okkar, og var skrafhreifinn að venju. Voru þá einhverir að tala um menn, sem höfðu farið til Brasiliu. Um Brasiliu-ferðir heyrði ég talað, þegar ég var að eins fjögra ára. Að þessu sinni heyrði ég Björn segja: "Ég held Brasiliu-ferðir séu ekki hollar Íslendingum, vegna hitans þar. En ég hefi mikla trú á Vesturheims-ferðum. Ég hefi lesið nokkuð um reynslu Norðmanna og Svía þar vestra. Ég trúi því, að þar sé framtíðarland og frjósemi mikil". Eins og gefur að skilja, þekti ég ekki þetta land, Vesturheimur, þó ég muni, að ég heyrði Ameríku nefnda fleiri árum áður. Þrátt fyrir feimni og óframfærni, réðist ég að Birni og spurði hann hvar þessi Vesturheimur væri. Hann sagði mér, að Vesturheimur væri sama land og Ameríka, og að þetta land væri á vesturhveli hnattarins. Um kveldið var mikið rætt um Vesturheims-ferðir. Ég man ekki betur enn Björn segði, að ef mikið yrði um vesturflutning frá Íslandi, þá langaði sig til að brjótast þangað. Enda kom það á daginn, að hann lét verða af því.

Hvort þetta er útidúr frá því máli, sem ég er að biðja að rita um, læt ég ósagt. En ég tími naumast að sleppa honum, og læt hann þess vegna fjúka með.

Eins og tekið var fram hér á undan, þá var ekki mikils að vænta af burtflytjendum frá Íslandlandi. Þeir fluttu í aðra heimsálfu, vísa og stóra, inn í hringiðu allra þjóða glæsimanna og angurgapa. Naumast gat nokkur búist við öðru en þeir týndu í Rauðahafinu íslenzku þjóðerni. Enda voru skilnaðarkveðjur þjóðbræðranna miður heppilegar til að glæða ævarandi ást og trygð til þeirra, sem eftir sátu. Saga Vestur-Íslendinga sýnir það einnig, að þeir áttu við engin sældarkjör að búa frumnemarnir, fyrstu árin. Um kjör þeirra hefir nokkuð verið ritað, þó flest sé lélega í letur fært. En mikið má af því ráða. Þó hefi ég fundið hér vestra gamla menn, er segja landnemasögu sína og annara nákvæmar og betur enn ritað er, ennþá sem komið er.

Vel hefði mátt búast við í byrjun, að Íslendingar týndu hér máli sínu og þjóðarminningu. Undir þeim kringumstæðum fóru þeir frá ættlandinu, og undir þeim væntanlegu skilyrðum námu þeir sér bólfestu í Vesturheimi. En hamingju sé lof! það fór öðruvísi, en búast mátti við. Þeir héldu nokkurn veginn hópinu, eins og kunnugt er. Fyrir ötulleik fárra manna komst lag á fót meðal landnemanna. Það, ásamt dálitlum kirkjulegum félagsskap, hjálpaði viðhaldi tungunnar, og hitt einkum, að þeir höfðu við fáa að tala nema sjálfa sig. Þeir landar, sem lentu í bæina, lærðu auðvitað að meira og minna leyti enska tungu, og spjölluðu fritt. Sumir urðu svo ástfangnir í henni, að þeir fyrirlitu móðurmálið, og vildu ekki annað tala enn ensku, enda hátt þeir töluðu hana rammbjagaða og skilningsvilta. Þegar kom vestur vildi sumt kvenfólk ekki láta íslenzku til sín heyra úti á götunum. Hún var of gróf í eyrum þessara "götu-lorða", sem helzt gáfu sig að þeim. En þessi órækt við íslenzka tungu hefir rénað. Nú eru það sára-fáar manneskjur, sem skammast sín fyrir móðurmál sitt. Enda hafa blöðin ámint fólk, að gleyma ekki íslenzkri tungu. Svo var byrjuð kensla í íslenzkri tungu við Wesley College. Hvort mikið eða lítið gagn hefir að henni orðið eru skiftar skoðanir á. Hreint hefir hún ekki spilt.

Í sumar sem leið hafði Fjaldbúðarsöfnuður kennara í 2 mánuði, til að segja unglingum til í íslenzkri tungu. Mun það hafa borið góðan árangur. Fyrsti lúterski söfnuðurinn heldur uppi kenslu í íslenzkri tungu í allan vetur, og hefir góða og marga kennara. Sú kensla hlýtur að bera ávöxt. Enda veitir ekki af. Margt af yngra, fullorðna fólkinu, hefir að miklu leyti mist sjónar á móðurmál sínu nú þegar.

Æskilegt væri, að hin andlega stétt vestanhafs mannaði sig til, hvervetna á meðal Íslendinga, að gera það að skyldu og skilyrði, að hver einasti unglingur fengi þolanlega kenslu í íslenzkri tungu og bókmentasögu Íslands. Vonandi er, að bæði kirkjufélagið og minnihluti, sem nefndur er svo nú, og þar að auki Únitarar, tæku saman höndum í þessu máli. Ég treysti bæði séra Jóni Bjarnasyni og séra Fr. J. Bergmann, að vera samhentir í þessu efni. Hér ræðir um íslenzkt þjóðerni og viðhald þess á komandi tíma.

Séra Rögnvaldur Pétursson hefir ritað margt gott og uppbyggilegt, og er íslenzkur í anda, og skrifar að mörgu leyti lipurt íslenzkt mál. Hann hefir einkanlega góðan stilsmáta á íslenzkri tungu yfirleitt. Hið sama er að segja um séra Guðmund Árnason, að hann er einnig mjög íslenzkur í anda, og prýðisvel að sér, og óefað einn af sterkustu ættjarðarvinum hér vestra.

Mér finst það vera heilög skylda allra sannmentaðra manna, að vinna að því með oddi og egg, að viðhalda íslenzku og íslenzkum bókmentum, hvernig sem trúarskoðanir þeirra eru. Í þessu efni liggur þunginn á íslenzkum prestum fyrst af öllum. Þar næst á íslenzkum blöðum og tímaritum. — Ég efast ekki um það, að íslenzk tunga á eftir að vaxa að veg og virðingu hér vestra. Ég er gagnkunnugur mörgum hámentuðum mönnum hér, í öllum stöðum lífsins, og þó fæstir þeirra beri mikil kensl á íslenzkar bókmentir eða tungu, þá eru allir sammála, að Íslendingar mega hvorki glata né gleyma gullaldarmáli Norður anda. Íslendingar þurfa þess vegna ekki að minkast sín fyrir íslenzka tungu. Íslenzk tunga er í fremstu röð af öllum þeim tungumálum, sem lifa á tungum fólksins. Og hún hlýtur lof og hrós hjá bezt mentuðum mönnum þessarar aldar, sem nokkurt skyn bera á, og þær bókmentir, sem skrásettar eru í hennar orðum.

Ég óska og vona, treysti og trúi, að vegur íslenzkrar tungu fari vaxandi dag frá degi, og hún verði öndvegistunga Norðurlanda, eins og gríska og latína hafa verið öndvegistungur bókmentanna frá suðurhluta Norðurálfunnar um hart nær 16—17 aldir.

Ég skal ekki liggja á liði mínu, að hljóma íslenzka tungu meðan ég fæ mælt mál. Í henni fæddist ég. Með hana dey ég á vörum. — Alt, sem ég get gert.

Um fasteignasölu

síðasta ár og nú sem stendur er það að segja, að hún fer stöðugt batnandi. Síðasta ár byrjaði dauflega, en brá til batnaðar, þegar kom fram á sumarið. Seinni part sumarsins var afarmikið bygt í þessum bæ, bæði stórbyggingar og einstök hús. Mest stóðu fasteignasölufélög á bak við stórbyggingarnar og einstök hús í betri röð. Að eins örfá hús voru bygð af mönnum, sem ætla sér að eiga þau að staðaldri. Bæjarlóðir stóðu hér um bil í stað fram í október. Fóru þá að finnast kaupakippir hér og hvar. Byrjuðu á Portage Ave. og Fort St. Fluttust þaðan á Notre Dame Ave., þá á Sargent Ave. og Sherbrooke St. Þaðan fluttust þeir norður á Logan Ave. Þaðan norður á Main St., og þar í grend munu þeir dvelja nú. Á öllum þessum strætum flugu lóðir langt fram yfir það verð, sem þær voru keyptar fyrir áður. Eigendur héldu, að þeir gætu fengið, hvað sem þeir heimtuðu, og vildu ekki nýta góð tæð. En gullöldurnar hjöðnuðu stræti frá stræti.

Hvernig stendur á þessum kaupum og uppsprengingum fer tvennum sögum. Fasteignasalar segja, að auðmenn á Englandi, í Austur-Canada og Bandaríkjunum hafi svo mikið álit á Winnipeg, sem framtíðarstórborg, að lóðir fari óðum hækkandi. Aðrir halda, að fasteignasölufélögin séu að slá reyk í augu fólksins til þess að fá það í uppnám, og koma þeim, sem peningaráð hafa, til að kaupa lönd og lóðir, hvort sem þeir eru fjær eða nær. Má vera, að hvorttveggja hafi við nokkuð að styðjast. Um síðustu ár hafa lánsfélög og bankar haldið peningum sínum inni, og innheimt jafnvel af útistandandi lánum. Vilja þau nú lána þessa peninga út aftur gegn góðum vöxtum og veði. Er því eðlilegt, að auðmenn vilji fá gengd í veðistöðina aftur. Fasteignasala er einkar vel fallin til þess að spila út og inn peningum, fyrir þá er áræði hafa til þess. Sumir græða, enn aðrir tapa, eins og reynslan hefir sýnt. Auðfélögin geta lagt fram útgerðina, en vinnan verður að koma frá einstaklingunum, og það er um að gera, að fá sem flesta, og sem mest viðskifti. —

Eftir því sem að horfir nú, þá bendir flest á, að fasteignasala fari heldur hækkandi en lækkandi á þessu ári í Winnipeg. Hún verður óefað á annan hátt enn hún var hér fyrir 4—5 árum. Þá gátu allir bygt smáhýsi, hvort sem þeir áttu nokkuð eða ekki neitt. Sumum lánaðist að græða fé á því, en aðrir töpuðu öllu. Nú er þessu öðruvísi komið. Viðarsalar og aðrir efnissalar, ásamt lánfélögunum, eru langt um erfiðari viðfangs enn þá. Fátæklingum og eignaleysingjum er nú fyrirmunað að reyna lukkuna. Þetta er gott á aðra hliðina, að þeir geta engu tapað, sem engu voga. En gamalt máltæki segir líka: "Vogun vinnur og vogun tapar", og þannig hefir öllum reynst. Framvegis verða það ekki nema efnamenn og fasteignasalar, sem byggja í þessum bæ, svo að nokkuru nemi. Enn fremur er það engum efa undirorpið, að stórbyggingum fer hér óðum fjölgandi, eftir því, sem borg þessi dafnar og stækkar. Lóðirnar eru orðnar svo verðháar, að hvert ferhyrningsfet þarf að koma að notum og bera ávöxt.

Síðastliðið ár bygðu Íslendingar all-mörg hús, en fáir sem bygðu stórhýsi. Herra Th. Oddson fasteignasali bygði þrjú marghýsi (terrace), og er nú að byggja "block" á Ellice Ave., ásamt nokkurum íveruhúsum. Herra Loftur Jörundsson húsasmiður bygði 12 hús í félagi við tvo aðra. Hann er nú að byggja marghýsi, og ætlar bráðlega að byrja á 2 öðrum. Báðir þessir menn hafa gefið mönnum mikla vinnu, og stöðuga vinnu síðasta sumar, og gefa enn þá. Þeir láta Íslendinga sitja fyrir vinnunni að mestu leyti. Þeir hafa goldið kaup gott og greiðlega. Mælt er, að L. Jörundsson hafi nú 30 Íslendinga í vinnu. Oddson hafði marga menn framundir jól, og enn þá nokkurra.

Það er lofsvert, að þessir menn láta Íslendinga sitja fyrir atvinnu, og það svo stórmannlega, að vinnan er nær árið í kring fyrir marga af verkamönnum þeirra. Þetta er sporið í áttina, svo að Íslendingar, sem eru duglegir og framgjarnir ættu innan lítils tíma að geta haft nóg verk handa íslenzkum daglaunamönnum. Er það stór heiður, að þeir gera það nú og síðar. Þetta ætti að leiða til meiri samheldni meðal Íslendinga og þjóðernisfestu þeirra í þessu landi, og þá er vel að verið, þegar þann veg er steínt.

Auðvitað hafa nokkurir aðrir íslenzkir verkveitendur haft verk með höndum, og veitt íslenzkum daglaunamönnum atvinnu á sama tíma. En ég hygg að þeir Oddson og Jörundsson séu nú stærstir og stöðugastir í þessu efni. Herra Sveinn Brynjólfsson hafði stórvirki með höndum í fyrra og fram eftir vetri, og lét íslenzka daglaunamenn sitja fyrir verkum, og fórst það drengilega. Og hann hefir einnig haft verk alt að þessu, ei all-langt frá Winnipeg, og vann eitthvað af Íslendingum hjá honum. Fátækum daglaunamönnum kemur einkar vel að fá vinnu sem flesta daga í árinu, hjá áreiðanlegum mönnum, eins og allir þessirmenn eru.

Alt bendir á það, að þetta ár verði hér mikil vinna og há daglaun. Mörg stórhýsi á að bygga, og bærinn ætlar að gera allmiklar umbætur. Einnig verður bygt mikið af íveruhúsum í G.T.P. bæjarstöðinni, norðaustan við bæinn. Sömuleiðis verður mikil vinna við járnbrautir í Vestur-Canada.

K. ÁSG. BENEDIKTSSON.

Vér missum af fleiri vinum fyrir það, sem vér biðjum þá um, heldur en fyrir það, sem vér neitum þeim um.

Ólöf Sigurðardóttir.

Ort undir nafni A. J. Johnson's, í Chicago, sonar hinnar látnu.

[*ÓLÖF SIGURÐARDÓTTIR var fædd að Birkarstöðum í Fljótshlíð, 5 desember, 1852. Hún var dóttir merkishjónanna Sigurðar Ísleifssonar (Gissurarsonar frá Seljalandi) og Ingibjargar Sæmundsdóttur (Jó sonar frá Eyvindarholti), sem voru alsystir hins þjóðkunna dugnaðarmanns Tómasar Sæmundssonar á Breiðabólstað í Fljótshlíð. — Árið 1878 giftist hún Kristjáni bónda Jónssyni að Marteinstungu í Holtum í Rangárþingi, sem á heimili hún á bak að sjá dnamt 6 börnum af 7 er þau hjón eignuðust. — Hún andaðist síðastl. haust, 31. okt. 1909.*]

HÚN kom eins og haglél frá himni blá,
sú harmfrétt, að þú værir dáin. —
Ó, móðir! Þig aldrei ég aftur má sjá!
Í austur ég stari' út í bláinn.
Þar drúpir við dagslokin — þráin.

Þá grátna þig kvaddi ég síðsta sinn,
og sigldi á djúpið víða,
hve lítið þá dreymdi drenginn þinn,
hvað dauðans var skamt að bíða.
Hve lífið er fljótt að líða.

Þín móðurhönd var svo holl og blíð,
sem hjarta vort bezt getur kosið.
Þín viðkvæmni' og ást svo ung og þýð,
að alt, sem af harmi var frosið,
það bræddi þitt sólskins brosið.

Og því er svo margt að þakka þér,
sem þögnin og minningin geymir.
Af ástríku geði þú unnir mér.
Þér ekki mitt hjarta gleymir —
það mynd sinnar móður dreymir.

Nú grætur hinn aldraði ástvin þig,
og umhyggju þakkar með tárum.
Og börnin þín horfa' á hinn hinsta stig
með hugsunum döprum og sárum. —
Þitt skarð fyllist eigi með árum.

Þér hvíldar að njóta er hlýtt og rótt,
þótt húmi nú um þinn bæinn. —
Hver minning þín hrekur burt hugans nótt,
og hækkar og lengir daginn,
sem argeislar austan um sæinn.

ÞORSTEINN Þ. ÞORSTEINSSON.

Trúvakning í Manchúríu.

Um það mál hefi séra James Webster langt erindi í Toronto borg á síðustu jólum. Í því erindi er margt fróðlegt, mörg fróðleg hugvekja fyrir hugsandi fólk, en engin þó fróðlegri eða ihugunarverðari en sú, hvernig þeim guðsbörnum þar eystra, sem mynda trúboðsflokkinn, tekst að dáleiða þessa óupplýstu sauði til þess að gefa hvað sem hönd á festir, og í sumum tilfellum aleigu sína sér til sáluhjálpar.

Fyrst gat séra Webster þess, að trúboðsflokkinn þar eystra mynduðu Skotar, Írar og Danir, eða menn frá þeim þjóðum, sem með konum þeirra teldust alt að hundraðs manns, sem hann segir að með einum huga finni til þess, að þeir séu fullir af heilögum anda. En reynsla þeirra þar eystra segir hann að hafi verið sumum þeirra óvænt. En það var sú reynsla, að Manchuriu búar hafa undir áhrifum trúboðanna tekið svo miklum sinnaskiftum, að þeir, sem áður voru heiðinglega sinnaðir, sérdrægir og ágjarnir, ganga nú í þúsunda og tuga þúsundatali að dyrum guðshúss, þar sem trúboðarnir kenna. Sumir hinna umventu koma með korn í pokum á bakinu, aðrir koma með kálfa í bandi, — þar leiða blindir blinda —, og enn aðrir koma með aleigu sína af peningum. Og öllu er svo grautað saman í guðskistuna, og trúboðarnir taka feginsamlega við hverju, sem gefst, hvaðan sem það kemur, og hvernig sem það er fengið, og skila engu aftur, — rétt eins og gerist með guðsbörnum þjóðar vorrar nú á dögum, — það er að segja: að skila engu aftur.

Þessi trúarofsa hreyfing segir Webster að hafi gengið yfir Manchuriu frá sjó til Sungart og frá hinum austlægustu landamærum til hinna vestustu, og til fjölda margra stað, þar sem útlendir trúboðar hafi aldrei stigið fæti.

Séra Webster er einkar hæverskur. Hann gefur guði alla dýrðina. Hann segir, að trúboðarnir hafi svo sem engin afskipti haft af þessu. Þeir hafi staðið hjá meðan kraftaverkin gerðust. Þó viðurkennir hann það í ræðu sinni, að þeir hafi fríviljuglega unnið að því, að taka á móti gjöfunum og gera sér gott af þeim, en á meðan stóð guð hjá og gerði ekkert og fékk ekkert.

Séra Webster fór mörgum fögrum orðum um það, hve ánægjulegt það hefði verið, að sjá alt þetta fólk, — sínir elskulegu bræður og systur hafi grátandi flutt gjafir sínar í trúboða-búið, af fögnuðinum, sem fylt hafi gefendurna yfir því, að nú væru þeim allar syndir fyrirgefnar. Til dæmis sagði hann, að á einum fundi, sem hann sjálfur sótti, hefði svo litið út, sem allir hefðu óskað að mega gefa. Samkoma sú eða fundur var haldinn í Thieling, og var stjórnað að öllu leyti af Kínverjum sjálfum. Þar kvaðst hann hafa setið og horft á fólk koma með gjafir sínar. Einn kom með grjónapoka á bakinu og setti hann niður við fætur þess, er fundinum stýrði, og gat þess um leið, að hann hefði enga peninga, og hefði því orðið að taka af því, sem til var.

Annar kom til messunnar með ungan kálf, og batt hann við dyr tjaldbúðarinnar. Sá kvaðst hvorki eiga korn né peninga, en að eins eiga þennan kálf, og sér væri ant um að gefa hann fyrir sálu sinni.

Næst kom ekkja, gömul og grátandi. Hún kom sér ekki að því, að segja upphátt það, sem henni lá þyngst á hjarta, svo hún hvísladi því að einni af trúboða konunum, og bað leyfis að mega gefa guði eitt kopar-cent, — þann eina penning, sem hún átti í eigu sinni. Kona þessi var tötrum klædd og ákaflega fátæk, en henni var leyft að gefa centið. Trúboðinn tók við því og hélt því á lofti, til þess að sýna söfnuðinum áhrif trúarinnar, og stakk því svo í vasa sinn.

Við þetta átakanlega dæmi, sem ekkjan gaf, grét allur söfnuðurinn af fögnuði, og allir tóku að gefa það, sem þeir gátu við sig losað. Einn maður gaf byssuna sína. Hann kvaðst elska byssuna meira en alt annað, sem hann ætti, og aldrei skilja hana við sig, en nú gæti hann ekki staðist mátið lengur, og fékk hann þá trúboðanum byssuna.

Margar konur komu og fram, og reittu af sér skrautgripi sína og gáfu þá í guðskistuna. Sumar gáfu vasaúrin sín, bæði úr gulli og silfri. Og svo segist prestinum frá, að afleiðingin af þessari gjafakepni hafi orðið sú, að gjafasýkin útbreiddist um alla Manchuriu.

Söfnuður sá, sem trúboðarnir hafa myndað í Mukden borg hefir 2 launaða presta, og borgar þeim að öllu leyti af eigin efnum.

Séra Webster endaði ræðu sína með þeirri staðhæfingu, að sér fyndist stundum, að trúboðar ættu ekkert erindi þangað austur, því trúvakningin meðal Kínverja á þessu landssvæði væri svo öflug, að þeir væru einfærir um, að annast sín andlegu málefni.

Skýring á metrisku máli og vigt.

LENGDARMÁL.

Aðaleiningin er meter (hér um bil 39 amerískumskir þml.). Skammstafanir: Km. (kilómeter), M. (meter), Cm. (centimeter).

1 dönsk míla er 7½ km.
1 ensk míla 1609 metrar.
1 yard er 91½ centimeter.
1 þuml. 2½ centimeter.
Kilómeter er 1000 metrar.
Meter er 100 centimeter.

FLATARMÁL.

Aðaleiningin er: Ar. Skammstöfun: Ha. (hektár).
1 ekra er 40½ ar.

LAGARMÁL.

Aðaleiningin er: Liter. Skammstafanir: Hl. (hektóliter, L. (liter), Dcl. (deciliter).

Lagartunna er 115 litrar.
1 bushel er 35¼ litrar.
1 gallon er 3 og fjórir fimtu litrar.

ÞYNGDARMÁL.

Aðaleiningin er: Gram. Skammstafanir: Kg. (kilógram), Hg. (hektógram), Gr. (gram).

1 danskt pund er 500 gram.
1 enskt pund er 454 gram.

Sparið Líníð Yðar.

Ef þér óskið ekki að fá þvottinn yðar rifinn og slitinn, þá sendið hann til þessarar fullkomnu stofnunar.

Nýtízku aðferðir, nýr vélaútbúnaður, en gamalt og æft verkafólk.

LITUN, HREINSUN OG PRESSUN SÉRLEGA VANDAÐ

Modern Laundry & Dye Works Co., Ltd.
307—315 Hargrave St.
WINNIPEG, MANITOBA
Phones: 2300 og 2301

"Andvökur"

LJÓÐMÆLI EFTIR
Stephan G. Stephansson

Kosta, í 3 bindum, $3 50, í skrautbandi.

Tvö fyrri bindin eru komin út, og verða til sölu hjá umboðsmönnum útgefendanna í öllum íslenzkum bygðum í Ameríku.

Í Winnipeg verða ljóðmælin til sölu, sem hér segir:

Hjá Eggert Jóhannssyni, 689 Agnes St., EFTIR KL. 6 AÐ KVELDI.

Hjá Stefáni Péturssyni, AÐ DEGINUM, frá kl. 8 f.h. til kl. 6 að kveldi, á prentstofu Heimskringlu.

Hjá H. S. Bardal, bóksala, Nena St.

Utanbæjarmenn, sem ekki geta fengið ljóðmælin í nágrenni sínu, fá þau tafarlaust með því að senda pöntun og peninga til Eggerts Jóhannssonar, 689 Agnes St., Winnipeg, Man.

Leyndarmál Cordulu frænku.

Nýjir kaupendur að HEIMSKRINGLU sem borga fyrir einn árgang fyrirfram, fá skáldsögu þessa og aðra til, alveg

ókeypis.

Sam. (1909, 115), og er því eitt atriði Winnipeg játningarinnar, "að blóðbaðið í Kanaan hafi verið miskunnarverk, og það eitt hið helzta, sem vér höfum nokkurstaðar frásögur um.

Og nú er eitt eftir enn. Það er kenning kirkjufélagsins, að trúarjátningar séu "mörk" — andleg eyrnamörk — sem hver kirkjudeild sé skyldug til að merkja sauði sína með, alveg eins og bændur á Íslandi eru skyldir að merkja sauðfé sitt. (sl. Ár. 4-24). Þó þessi skilningur á gildi trúarjátninga sé ekki beinlínis fyrirskipaður í Winnipeg játningunni sjálfri, er honum haldið fram í einu aðalheimildarritinu, fyrirlestri séra J.B. "Gildi trúarjátninga" (Ár. 4).

Og allar þessar kenningar eru til orðnar á einn og sama hátt. Til þess að "mótmæla" einhverju, sem séra F. J. Bergmann heldur fram í tímariti sínu Breiðablikum. Alt er þetta undirstaðan fyrir Winnipeg játning kirkjufélagsins.

Hér læt ég staðar numið að sinni, þó margt fleira megi tilnefna því til sönnunar, að hér er um alt aðra trúarlega stefnu að ræða, en þá, sem kirkjufélagið hafði í öndverðu. Um alt annan kristindóm að ræða en þann, sem kendur var um þvert og endilangt Ísland, og ritsjóri Sam. kendi og sagðist kenna, þegar hann stóð uppi í trúmáladeilunni við séra Pál Þorláksson í Nýja Íslandi. (Sb. "Nauðsynleg hugvekja", séra J.B., 1879l bls. 3—4). Allar þessar kenningar mundi hann þá hafa kallað "kreddusláttt", og varað við þeirri "hættulegu tilhneiging þessarar stefnu, til að búa til trúarlærdóma og gera þá síðan bindandi fyrir samvizku manna" (N.H. 10). Og í því gæti ég verið honum hjartanlega samdóma. Ég held því fram, að hér sé kirkjufélagið komið inn á alt aðra kristindómsstefnu en þá, sem það upphaflega var myndað til að styrkja og efla. Og að hér sé nú innan kirkjufélagsins, í öllum algleymingi sínum, farin að stinga upp höfðinu — nei, sé nú búin að brjótast til valda — sú "villustefna Missouri guðfræðinnar, sem fólgin er í því, að setja mannasetningar ofar guðs heilaga orði í ritningunni. Þetta, sem ávalt hefir talið verið eitt af hinum ókristilegu einkennum páfakirkjunnar" (N. H. 10). Að nú sé einmitt í kirkjufélaginu farið mjög að brydda á því "kærleiksleysi og ranglæti, sem Missouri synodan, eða menn af hennar flokki, beita andspænis mótstöðumönnum sínum í trúar- og kirkjumálum" (N. H. 11). Þetta kom áþreifanlega fram í þeirri kúgunarsamþykt, sem síðasta kirkjuþing gerði, að láta það varða burtrekstri úr kirkjufélaginu, ef minnihlutamenn dirfðust að flytja skoðanir sínar innan kirkjufélagsins, og fylgja þeim. — Eins í þeim ummælum ritstj.Sam. um þá, sem af þingi gengu út af þeirri þingsamþykt. að þeir væru "upphlaupsmenn" (Sam. 24-5, 143). Og grein forseta kirkjufélagsins, séra B.B.J., þar sem hann óbeinlínis vísar á bug úr kirkjufélaginu öllum, sem ekki geta með meirihluta þingsins samþykt það, að stefna Sam. sé "réttmæt" stefna kirkjufélagsins (sb. Sam. 24-6, 161-3). Í þessu sambandi má líka vitna til "Lán úr óláni" (Sam. 24-7, 193-196), þar sem leiðtoga minnihlutans, séra F.J.B., er jafnað við Herostratos, prælinn gríska sem sér til frægðar brendi Diönuhofið í Efesusborg, en skoðanabræður hans eru kallaðir trúarlegt "hismi" og "sori". Og hvað á maður að segja um bréf forseta kirkjufélagsins til biskupsins á Íslandi (Nýtt Kirkjublað 1909, 20, 236—7), þar sem hann ber það upp á séra Fr.J.B., þar sem hann gefur í skyn, að hann (F.J.B.) sé að ferðast um í söfnuðunum í þeim erindagerðum, "að fá söfnuðina til að ganga út úr kirkjufélaginu, og óbeinlínis skorar á biskupinn og prestastéttina á Íslandi, að verða ekki þeim prestlausu söfnuðum, sem úr ganga, að liði. Og þetta á svipuðum tíma og hann reit bréfið til Gardar-safnaðar — stílað til skrifara safnaðarins — út af útgöngu þess safnaðar, sem hann endar með þessum fögru og kristilegu ummælum :

"Enda ég svo bréf þetta með því að óska söfnuðinum blessunar guðs, og með einlægri velvild til yðar (skrifarans) persónulega". (Sam. 24-6, 180).

Ennfremur, því til sönnunar, að ritstjóri Sam. — og þá um leið Sameiningin og kirkjufélagið — sé nú andvígur þeirri guðfræði og trúarstefnu, sem ráðandi var í íslenzku kirkjunni og kirkjufélagiinu, þegar það var myndað, tilæri ég eftirfylgjandi kafla úr "Nauðsynlegri hugvekju" :

"En hvergi kemur þó þetta kærleiksleysi og ranglæti Missourimanna .... eins sterklega fram eins og þegar þeir eru að eigo við hina nýrri guðfræðinga, en svo kalla þeir alla hina lútersku guðfræðinga þýzkalands, sem líkað hafa á 19. öld, ásamt með fjölda guðfræðinga, sem sumpart hafa enga ákveðna stefnu eða jafnvel alveg ókristilega. Öllum þessum mönnum er blandað saman, því það er nóg til þess að verða settur í gapastokkinn, ef maður er ekki samhljóða synodu-mönnum í öllu. Um innblástur ritningarinnar kennir t.a.m. ekki einn guðfræðingur lútersku kirkjunnar á þessum tíma sama sem Missouri-synodan hefir "slegið föstu" ("að hvert einstakt orð í bibliúnni hafi verið hinum heilögu rithöfundum beinlínis lesið fyrir af heilögum anda". N. H. 40), og þetta eina atriði er nóg til að gera alla hina lútersku guðfræðinga utan Missouri-synodunnar og þeirra synodna, sem henni hafa gengið á hönd, að trúarvillingum. Að svo miklu leyti, sem heimsréttlætingar lærdómur Missouri-manna er kunnugur hinum lútersou guðfræðingum þýzkalands þá hefir hann svo eðlilegt er mætt þar mótmælum, en um þau mótmæli hafa Missourimenn sagt, að þar hafi "DJÖFULLINN TALAÐ ÚT ÚR ÞEIM.

Það er til ónýtis, að telja upp nokkra hinna ágætustu lútersku guðfræðinga, sem synodu-menn hafa sett í gapastokkinn, með því þeir eru íslenzkri alýðu ókunnir. En ég vil þó geta þess, að um trúfræði Martensens biskups í Danmörku, sem meira álit hefir á sér, heldur en flestir ef ekki allir aðrir (lúterskir) guðfræðingar Norðurlanda á vorum tíma bæði hjá sinni eigin þjóð og annarsstaðar, hefir Walter (forseti Missouri-synodunnar) felt svolátandi dóm, sem lærisveinar hans náttúrlega ekki hika við að undirskrifa jafnvel að óséðu : "HIN SVOKALLAÐA TRÚARFRÆÐI MARTINSENS ER HRÆRIGRAUTUR AF HINUM HRYLLILEGUSTU TRÚARVILLUM." Það er vel vert fyrir Íslendinga, að merkja sér þennan dóm, því hann er í raun réttri dómur yfir þeirri trúfræði, sem alt til þessa hefir kend verið hinum íslenzku prestaefnum á prestaskólanum í Reykjavík, frá því fyrst er hann var stofnaður. Pétur biskup Pétursson og Sigurður lektor Melsted, sem hafa þar á hendi kenslu í trúfræðinni (Dogmatik), hafa nefnilega lagt bók Martinsens til grundvallar fyrir fyrirlestrum sínum og mér vitanlega ekki vikið frá henni í neinu" (N. H. 58-9).

Og ennfremur :

"Hið lakasta við norsku synoduna er nú, ef til vill, ekki það, að hún hefir tekið eftir Missourisynodunni svo marga bogna og óheilsusamlega lærdóma, og framfylgir þeim með þvilíkum ofsa og áfergju, heldur það, að hún ávalt ber það fram blákalt, að hún sé einmitt að gróðursetja hér í Ameríku óbreyttan lærdóm móðurkirkjunnar norsku, og það enda þótt hún hafi fengið svo mörg mótmæli frá hinum merkustu guðfræðingum bæði meðal presta og háskólakennara í Norgei. ..... En eins þykir mér það lakara en alt annað við kristniboðs aðferð séra Páls þorlákssonar hér meðal Íslendinga, ef hann heldur áfram að telja mönnum trú um samhljóðan sína við þær kristindómshugmyndir, sem heima eiga á Íslandi" (N. H. 59-60-61).

Út af öllu saman þessu dettur mér nú í hug saga af tveimur svertingjadrengjum, sem voru að rífast. Annar var mjög málóða og jós úr sér heilum árstraum illyrða og ókvæðis-nafna yfir hinn, sem með mikilli stillingu hlustaði þegjandi á meðan sá lét dæluna ganga, sem var að skamma hann. Loksins, þegar sá fyrri var búinn að ausa úr sér öllu, sem honum gat dottið í hug, segir hinn : "Ertu nú búinn að tala út? Hefirðu nú ekkert meira til að segja?" — "Nei, ég hefi nú ekkert meira að segja", sagði sá fyrri. Hinn segir þá við þann, sem var að skamma hann : "All those things you call me, you are" (alt þetta, sem þú kallar mig, ert þú).

Mætti nú ekki Walter og Missouri- og Norska-synodan segja um ritstj. Sam. og kirkjufélagið : — "Alt, sem hér að framan er tilfært úr 'Nauðsynlegri hugvekju', og sem þú forðum sagðir þjóð þinni um mig og Missouri- og Norsku-synoduna, ert þú og kirkjufélag þitt". — Að hverju leyti er kirkjufélagið nú frjálslyndara en Missouri-synodan, sem þú segir um (í N.H.) að sé hin lang-ófrjálslyndasta lúterska kirkjudeild, sem enn hefir komið fram í mannkynssögunni? Eða Norska-synodan, sem þú segir um (N.H. 11) að sé bara "norsk útgáfa af Missourisynodunni"? Er trúarofstækið, réttrúnaðardrambið og dómsýkin gagnvart þeim, sem ekki í einu og öllu samþykkja stefnu Sam., sem þá einu "réttmætu stefnu", orðið öllu minna í kirkjufélaginu nú, en það var í Missouri- og Norsku-synodunum, þegar "Nauðsynleg hugvekja var rituð á móti þeim, sem varnarrit fyrir þann kristindóm, sem þá, og að svo miklu leyti, sem ég fæ séð er enn, kendur um þvert og endilangt Ísland, og sem bæði ég og aðrir kirkjufélagsmenn, er fermdir vorum á Íslandi um þann tíma, lofuðum með okkar fermingarheiti, að "standa stöðugir í til vors endadægurs?

Eður nú höfuðprestur kirkjufélagsins nokkuð minna á móti nýju 19. aldar guðfræðingunum, en Missouri-menn gerðu þá? Er ekki biskupinn, prestaskólakennararnir og mærri allir helztu guðfræðingar Íslands settir í villutrúar gapastokkinn af ritstj. Sam. og þeim kirkjufélagsprestum, sem fastast fylgja honum að málum? Missouri-menn sögðu um 19. aldar guðfræðinga, að "djöfullinn talaði út úr þeim". En Sam., málgagn kirkjufélagsins, líkir Breiðablikum við "aftur-urgöngu", "Glám", "þórólf bægifót", o.s.frv. Talsmönnum nýju guðfræðinnar er líkt við "Lucifer" og "Herostratos", prælinn, sem brendi Díönu musterið. og sagt er að "illur andi einhversstaðar haldi á penna þeirra" (sbr. Sam. 24-7-193 og 232, og Ár. 5-54). Og hver er þá mismunurinn? Eða réttrúnaðardrambið? Forseti kirkjufélagsins jafnar ritstj. Sam. við Elías, meistarann, enn sjálfum sér við Elísa, lærisveininn, og ritstjóri Sam. tekur sér til mannjafnaðar St. Pál (sbr. Ár. 4-151 og Ár. 5-18-19-20). Hafa Missouri-mennirnir nokkru sinni hreykt sér hærra? Þá er umburðar- og kærleiksleysið! Í margt mætti vitna í þessu sambandi. Kirkjufélagið rak þann eina kennara, sem það átti, og til þess æran, að standa fyrir skólastofnun þess, fyrir þá einu sök, að hann gat ekki samsint öllu, sem Sam. hafði að segja um nýju guðfræðiaa og í garð móðurkirkjunnar á Íslandi, og horfði ekki í það að fórna skólafyrirtæki sínu til þess að verða af með kennarann (sbr. Sam. 23-162). Býður nokkur betur? Þá er framkoma forseta kirkjufélagsins í sambandi við útgöngu Gardar-safnaðar úr kirkjufélaginu. Hann ógnar aumingja Gardarsöfnuði með því, að við það að stiga það spor, hafi söfnuðurinn ekki einasta slitið sambandi við kirkjufélagið, heldur líka öllu trúarlegu sambandi við gjörvalla lúterska kirkju í Vesturheimi (sbr. Sam. 24-6-179). Og þetta tiltæki safnaðarins virðist vera í augum forsetans eins viðurhlutamikið og þó söfnuðurinn hefði gengið út úr kristninni. Og svo, þegar þetta fráslitna flak, með brotið mastur, rifin segl, og slitinn rá og reiða, leiðsagnar, stjóra og stefnulaust, rekandi á reginhafi vantrúarinnar, í dauðans hættu — frá hans sjónarmiði að minsta kosti — sendir sitt neyðaróp heim til móðurl kirkjunnar á Íslandi, á þær einu björgunarstöðvar, sem hugsanlegt er, að hjálp g e t i komið frá, — hraðar forsetinn sér til að skora á biskupinn og prestastéttina á Íslandi, að verða nú e k k i að liði. Ekki að skjóta út björgunarbátnum! Nei, ekki í "opposition" við kirkjufélagið (sbr. N. Kbl. 1909, 20-23-7). Það er eins og það sé álitin "synd til dauða" (Sam. 23-11-334) fyrir nokkurn söfnuð, að ganga úr kirkjufélaginu. Hver söfnuður, sem það gerir, er víst í augum höfuðpresta og helztu forkólfa þess "óalandi, óferjandi öllum bjargráðum". Hve nær hefir Missouri-synodan eða forstöðumenn hennar farið lengra?

(Framhald).

Sendið Heimskringlu til vina yðar á Íslandi.

THE DOMINION BANK

HORNI NOTRE DAME AVENUE OG SHERBROOKE STREET

Höfuðstóll uppborgaður : $4,000,000.00
Varasjóður - - - $5,400,000 00

SPARISJÓÐS DEILDIN :

Vér veitum sparisjóðs innleggjendum sérstakt athygli, og borgum hæztu vexti á sparisjóðs innleggjum af $1.00 og yfir. — Barna innlegg velkomin. — Seljum peningaávísanir á ÍSLAND.

H. A. BRIGHT RÁDSMAÐUR.

Með því að biðja sérlega um "T.L. CIGAR," þá ertu viss að fá ágætan vindil.

T.L.

(UNION MADE)

Western Cigar Factory
Thomas Lee, eigandi Winnipeg

Redwood Lager og Extra Porter

Styrkið taugarnar með því að drekka eitt staup af öðrum hvorum þessum ágæta heimilis bjór, á undan hverri máltíð. — Reynið !!

EDWARD L. DREWRY Manufacturer & Importer Winnipeg, Canada.

Department of Agriculture and Immigration.

MANITOBA

Þetta fylki hefir 41,169,089 ekrur lands, 6,019,200 ekrur eru votn, sem veita landinu raka til akuryrkjuþarfa. Þess vegna höfum vér jafnan nægan raka til uppskeru tryggingar.

Ennþá eru 25 miliónir ekrur óteknar, sem fá má með heimilisrétti eða kaupum.

Íbúatala árið 1901 var 255,211, nu er nún orðin 400,000 manns, hefir nálega tvöfaldast á 7 árum.

Íbúatala Winnipeg borgar árið 1901 var 42,240, en nú um 115 þúsundir, hefir meir en tvöfaldast á 7 árum.

Flutningstæki eru nú sem næst fullkomin, 3516 mílur járnbrauta eru í fylkinu, sem allar liggja út frá Winnipeg. Þrjár þverlandsbrauta lestir fara daglega frá Winnipeg, og innan fárra mánaða verða þær 5 talsins, þegar Grand Trunk Pacific og Canadian Northern bætast við.

Framför fylkisins er sjáanleg hvar sem litið er. Þér ættuð að taka þar bólfestu. Ekkert annað land getur sýnt sama vöxt á sama tímabili.

TIL FERDAMANNA :

Farið ekki framhjá Winnipeg, án þess að grenslast um stjórnar og járnbrautarlönd til sölu, og útvega yður fullkomnar upplýsingar um heimilisréttarlönd og fjárgróða möguleika.

R. P. ROBLIN,
Stjórnarformaður og Akuryrkjumála Ráðgjafi

Skrifið eftir upplýsingum til
Joseph Burke, 178 LOGAN AVE WINNIPEG. Jas Hartney, 77 YORK ST., TORONTO

ALDREI SKALTU geyma til morguns sem hægt er að gera í dag. Pantið Heimskringlu í dag.

ANNAR KAFLI.

I.

Jólakvöldið.

1. Í Liljudal.

Jólin voru komin. Þau eru allstaðar hátíðleg haldin, bæði hjá ríkum og fátækum, en á mjög mismunandi hátt.

Í Liljudal eru líka komin jól. Komdu inn í salinn, lesari góður.

Það er nýlega búið að kveykja ljósin, fegurðin og skrautið blasir hvervetna við auganu. Barúnsfrúin situr í legubekknum og er að skoða myndir í bók, sem liggur á borðinu fyrir framan hana. Hún er klædd úrvalsfatnaði, við hverja hreyfingu hennar skrjáfar í silkikjólnum. Barúninn gekk um gólfið aftur og fram, en börnin sveimuðu kring um ríkmannlega jólaborðið.

Það þarí naumast að minnast á það við lesarann, að fjölskylda þessi er hin sama og Mórits hafði kynst þrisvar sinnum áður, á býsna óþægilegan hátt.

Barún Ehrenstam var nýlega sextur að á þessari óðalseign sinni, sem hann fékk að föður sínum látnum, og var nú alfluttur frá Stokkhólmi, þar sem hann áður bjó. Eins og áður er getið, var faðir hans áttræður, þegar hann veiktist og dó.

Barún Ehrenstam var farinn að eldast. Hann var orðinn 54 ára, og hárið var byrjað að grána, en ekki hafði aldurinn mýkt harða lundarfarið hans. Barúninn var tvígiftur, og átti einn son með fyrri konu sinni, sem dó slysalega. Þessi sonur liktist barúninum í öllu, enda syrgði faðirinn hann lengi, og með meiri viðkvæmni en vænta mátti af honum. Seinni kona barúnsins var af ríkri aðalsætt, og talin ein hinna mentuðustu kvenna í höfuðborginni. Með henni átti hann tvö börn, Georg og Ísabellu. Sonurinn var 10 ára gamall, en dóttirin 8.

Auk þessara fjögra persóna, sem þegar eru nefndar, var hin fimta til staðar í sal þessum, sem lesarinn fylgdi okkur inn í.

Þessi persóna var meistari Hólm, sem um nokkur ár hafði verið kennari Georgs, enda þótt tilraunir hans í þá átt hefðu borið litinn árangur.

Hólm var þrítugur að aldri, andlit hans var ekki beinlínis fagurt, en samt sem áður mjög viðfeldið. Oft lék þunglynt bros um varir hans, en engin beiskja fylgdi því samt, því orsök þess var ást en ekki hatur.

Meistari Hólm var einn af þessum eðallyndu tilfinningamönnum; laus við alla eigingirni, sem fann eins mikið til annara ógæfu og sinnar eigin. Þunglyndið, sem hvíldi yfir svip hans, orsakaðist ekki af hans eigin þjáningum og baráttu, sem þó höfðu átt sér stað stundum, heldur af óánægju yfir hinum

ranglátu lífskjörum mannanna, — baráttu hins góða gegn hinu illa í heiminum.

Hólm hafði ávalt fátækur verið. Hann var af bændafólki kominn, og átti það mest sjálfsafneitun sinni og sparsemi að þakka, að hann náði þessu mentastigi og þessari stöðu. Föður Georgs litla líkaði vel við Hólm, og vildi ekki missa hann, enda gerði hann þannig lagaða samninga við hann, að Hólm sá sér hag í að vera kyr.

Samningur þessi var þannig, að þegar liðin væri ákveðin áratala, þá skyldi Hólm ásamt lærisveini sínum fá að heimsækja framandi lönd, og að því búnu skyldi hann fá leigulaust land til lífstíðar ábúðar.

Á þennan hátt voru framtíðarvonir meistara Hólms uppfyltar, og sökum þess umbar hann ar móðganir, sem honum voru gerðar á heimili barúnsins, með þolinmæði, sökum þess reyndi hann eftir megni að fræða lata og þrjóska lærisveininn sinn, sökum þessa lokaði hann augum sinum fyrir hörkunni, eigingirninni og skortinum á mannkærleika, sem átti sér stað á þessu auðuga höfðingjaheimili.

Þessi ár voru löng, leiðinleg og þreytandi fyrir hinn unga mann. Eína ánægjan, sem hann naut, var að fræða Ísabellu.

Þessi litla stúlka var auðsveipin við kennara sinn, enda þótt hún oft og tíðum væri óþæg foreldrum sínum, og hann hafði því mikla ánægju af að kenna henni, og búa hana undir lífið, og það því meiri ánægju, sem hún var óvenjulega vel gáfuð.

"Hún bætir mér það, sem ég verð að líða hér", hugsaði kennarinn. "Henni ætla ég að innræta mínar lífsskoðanir, því hún skilur mig".

Þessi hugsun huggaði hann, og — ásamt von um betri ókominn tíma — gaf honum þrek til að þola alt.

Eins og áður hefir verið minst á, var barún Ehrenstam að ganga fram og aftur um gólfið í herbergínu, en kona hans skemti sér við að skoða myndir, og börnin sveimuðu kring um jólaborðið. Meistari Hólm sat við gluggann og horfði á himininn, sem var fjölstirndur.

"Cæcilia", sagði barúninn, sem stóð kyr fyrir framan konu sina, "ég hefi gleymt að segja þér að á sunnudaginn kemur verðum við að halda fjölmenna miðdegisveizlu og dans um kvöldið. Vilt þú undirbúa þessa veizlu?"

"En, Alfreð minn góður", svaraði barúnsfrúin "þú gleymir því, að við erum enn að trega föður þinn, sem dáinn er fyrir tæpum fimm mánuðum".

"Einmitt það", svaraði barúninn. "Á dauði áttræðs gamalmennis að banna mér að halda miðdegisveizlu? Hvaða bull er þetta?"

"Jæja þá, vinur minn", svaraði frúin, "og hverjum ætlar þú að bjóða í veizluna?"

"Fyrst og fremst nágranna okkar, Stjernekrans greifa, sem nýlega er kominn heim úr ferðalagi sínu. Það er aðallega hans vegna, að ég stofna til þessarar veizlu. Ég hefi skrifað nöfn hinna gestanna á lista, og hann skal ég fá þér".

"Svo Stjernekrans greifi er þá kominn heim?"

"Já, og hann ætlar sér nú að verða kyr heima. Ég skal segja þér", sagði barúninn lágt og settist hjá konu sinni, "að ég hefi hugsað mér að ná samþykki greifans á áformi, sem mér hefir hugkvæmst".

"Hvaða áform er það?"

Barúninn benti með augunum til Ísabellu, sem á þessu augnabliki var að rífast við bróður sinn um piparköku, er þau vildu bæði eiga, og svaraði :

"Ég hefi hugsað mér greifann, sem hæfilegt mannsefni dóttur okkar, þegar hún að fáum árum liðnum er komin á giftingaraldur. Greifinn er enn

ROBLIN HOTEL
115 Adelaide St. Winnipeg
Besta $1.50 á-dag hús í Vestur-Canada. Keyrsla ókeypis milli vagnstöðva og hússins á nóttu og degi. Áðhlynning hins bezta. Viðskifti Íslendinga óskast. ÓLAFUR G. ÓLAFSSON, Íslendingur, afgreiðir yður. Heimsækjið hann. —
O. ROY, eigandi.

WINNIPEG Business College
Cor. Portage Ave and Fort St.
28. ÁR.
FÉKK FYRSTU VERÐLAUN Á SAINT LOUIS SÝNINGUNNI.
Dag og kveldkensla. Telefón 45.
Haustkensla byrjar 1 Sept.
Bæklingur með myndum ókeypis.
Skrifið til: *The Secretary, Winnipeg Business College, Winnipeg, Man.*

A. S. BARDAL
Selur líkkistur og annast um útfarir. Allar áhöldnæur sá bezti. Enfremur selur hann alskonar minnisvarða og legsteina.
121 Nena St. Phone 306

HEIMSKRINGLU og TVÆR skemtilegar sögur fá nýir kaupendur fyrir að eins $2 00

Giftingaleyfisbréf
selur: Kr. Ásg. Benediktsson
540 Simcoe st. Winnipeg.

—THE—
"Arena"
Þessi vinsæli skautaskáli hér í vesturbænum er nú opinn. Isinn er ágætur. 18DA MOUNTED RIFLES BAND SPILAR Á ARENA. KARLM. 25c.—KONUR 15c
Chas. L. Trebilcock, Manager.

JIMMY'S HOTEL
BEZTU VÍN OG VINDLAR.
VÍNVEITARI T.H.FRASER, ÍSLENDINGUR.
James Thorpe, Eigandi

A. S. TORBERT'S
RAKARASTOFA
Er í Jimmy's Hótel. Besta verk, ágæt verkfæri; Rakstur 15c en Hárskurður 25c. — Óskar viðskifta Íslendinga. —

MARKET HOTEL
146 PRINCESS ST á móti markaðnum
P. O'CONNELL, eigandi, WINNIPEG
Beztu tegundir af vínföngum og vindlum. aðhlynning góð hús end bezt

Woodbine Hotel
466 MAIN ST.
Stærsta Billiard Hall í Norðvesturlandinu
Tíu Pool-borð.—Alskonar vín og vindlar
Gisting og fæði: $1.00 á dag og þar yfir
Lennon & Hebb
Eigendur.

Þrumufleygarnir frá Múlatindinum.

"Langt mál og leiðinnlegt", segir ritstjóri Sameiningarinnar að ég hafi ritað í Heimskringlu, þar sem ég frá sjónarmiði lögspeki minnar leitist við að sanna réttmæti upphlaupsins í kirkjufélaginu íslenzka, lúterska, héri sem kom fyrir á síðastliðnu sumri, með þeirri óskaplegu staðhæfing, að kirkjufélagið en ekki uppreistarmennirnir hafi skift um trúarstefnu. Með grundvallarlögum félagsins, eins og þau voru í upphafi, hafi það skuldbundið sófnuði sína til þess, að fylgjast ávalt kenningarlega, eða trúarlega, með móðurkirkjunni á Íslandi. Og þar sem nýja guðfræðin sé nú vitanlega orðin ráðandi hjá hinum kirkjulegu höfðingjum þar heima, þá sé það svo sem að sjálfsögðu skylda vor allra hér að snúast eins".

"Eiginlega eru það þá eftir þessu menn meirihlutans í trúardeilumálinu á kirkjuþingi síðasta, sem brotið hafa félagslögin — þeir og skoðanabræður þeirra í sófnuðunum víðsvegar um land — en hinir — uppreistarmennirnir — með leiðtoga sínum, ritstjóra Breiðablika, eru sýknir saka".

"Maður verður helzt orðlaus andspænis öðrum eins málarekstri. En eðlilega getur þeim, sem Njálssögu eru kunnugir, út af þessu dottið í hug lögmaðurinn, sem tók að sér að halda uppi vörn í brennumálinu ógleymanlega — á alþingi — Eyólfur Bölverksson. Mjög svipað hlutverk hefir hr. G. P. tekið að sér vor á meðal, og ekki öllu minna áræði sýnt í þessari framgöngu sinni. Og hvort sem nokkur verður annar gróði, þá ætti að minsta kosti að hafast upp úr því viðlíka lögmenskufrægð og sú, er hinum manninum hlotn. aðist".

"En ofraun varð seinasta varnarbragðið í brennumálinu Þórhalli Ásgrímssyni, og Eyjólfur Bölverksson féll á lagaflækjum sínum og liggur enn óbættur. Í því öllu er lærdómur fyrir oss" (Sam. 24-9-274).

Svo eru þá mörg orð þessa "óskeikula málgagns", og set ég þau hér sem aðdáanlegt sýnishorn þess, hvað því "réttmæta málgagni" er leikin sú list, "að leika lausum hala" við sannleikann. Og þegar málstaður þess er kominn í krappan sjó, — þá að gera andmælsmönnum sínum upp orðin, — búa þeim til málstaðinn — síðan að ráðast á þennan ímyndaða málstað og rífa hann niður, ef rök eru engin fyrir hendi til að ræða málið.

Hér er átt við grein mína "Hin upphaflega lögbundna stefna kirkjufélagsins", í Heimskringlu (24-2, 14. okt. 1909).

Ekkert orð á ég í þessari Sam. grein og enga hugsun nema þá, að það er nú einmitt kirkjufélagið, sem hefir skift um trúarstefnu — meðlihlutinn frá síðasta kirkjuþingi, en ekki minnihlutinn — sem Sam. kallar uppreistarmenn.

Ekki skal ég deila um það við ritstjóra Sam., að þessi grein mín hafi verið leiðinleg. Sjálfsagt hefir honum fundist það, og er það nokkur vorkunn. Enginn finnur til þess betur en ég, hvað mig skortir mikið á við hann um ritsnildina. "Málið er mér "ekki leikur" eins og honum. Og skáldlegu hugsanirnar og samlíkingarnar "hlaupa ekki ástfangnar upp í fangið" á mér eins og honum. Ekki hefi ég tekið til máls þessari kirkjumálaþeilu í því skyni, að sýna mína ritsnild. Ég geng ekki fyrir neins manns rúm, otandi fram mínum ritsnildarskalla, til þess að spyrja þann, sem fyrir er, hvort hann þykist jafnsnjallur mér. Það er af alli öðrum ástæðum, að ég, og aðrir, hafa kastað sér út í þessa ritdeilu, síðan um kirkjuþingið í sumar. Fyrir mér hefir sú hugsun vakað, að minsta kosti, að ef þessir þegðu, mundu steinarnir tala". Ég hefi litið svo á, að sumar samþyktir síðasta kirkjuþings í deilumálinu, ríði svo í bága við kristilegt samvizkufrelsi og vor eigin grundvallarlög, að fyrir leikmenn kirkjufélagsins sé það meiri vansi en nokkur dygð, að þumba það alt fram af sér.

Það verður að hafa það, þótt Sam. þyki greinar mínar flóknar og illyrtar, langar og leiðinlegar. Þó á sér sé látið skilja, að það sé ósvinna fyrir l ö g m e n n að ráðast á nokkuð af því, sem síðasta kirkjuþingi þóknaðist að löggilda, sem "réttmæta stefnu kirkjufélagsins". Engrar afsökunar finst mér ég þurfi að biðja Sam. um fyrir þessa mína tiltekt. Nokkur er það þó bót í máli, að auðsjágnlega hefir ritstjóri Sam. enst til þess að lesa greinar mínar, hvað leiðinlegar, sem þær kunna að hafa þótt. Er það meira en ritstjórar sumra íslenzku blaðanna hafa enst til með nokkrar ritgerðir í þessu máli sem hjá ritstjóra Sam. eru í miklum metum hafðir sem rithöfundar, og sem mest hrista blek úr penna í Sameiningunni og Áramótum (sjá Þjóðólf 66-40 og Fjallkonuna 26-40).

Það, sem ég hélt fram í áðurnefndri grein minni, er í aðalatriðunum sem fylgir:

1. Að kirkjufélagið hafi í öndverðu verið stofnað í þeim tilgangi, að viðhalda og gróðursetja hér í álfu þann skilning á lútersku kristindóm, sem almennt ríkti í kirkjunni á Íslandi, þegar kirkjufélagið var stofnað.

2. Að ekkert ákvæði sé til í grundvallarlögum kirkjufélagsins því til fyrirstöðu, að skýringar yngri og eldri guðfræðinnar geti ekki verið jafn réttháar í kirkjufélaginu.

3. Að í engum þrengri skilningi — eftir grundvallarlögunum — sé kirkjufélagið bundið játningarritum lútersku kirkjunnar, fremur en kirkjan á Íslandi er.

4. Að alt annar skilningur á lúterskum kristindóm, en sá, sem ríkti í kirkjunni á Íslandi, þegar kirkjufélagið var stofnað, hafi ríkt og ríki enn í lútersku kirkjunni í þessu landi.

5. Að það hafi verið íslenzki en ekki amer.kanski skilningurinn, sem kirkjufélagið með grundvallarlögum sínum hafi skuldbundið sig til að efla.

6. Að þegar kirkjufélagið var stofnað hafi þeir sófnuðir og einstaklingar, sem í það gengu, haft ástæðu til að ala þá von í brjósti, að eiga samleið með móðurkirkjunni í trúarlegum skilningi.

7. En í þess stað hafi reyndin orðið sú, að ritstjóri Sam., með eindregnu fylgi allra yngri presta kirkjufélagsins, sem voru mentaðir og mótaðir trúarfræðislega á General Council skólanum í Chicago, hafi unnið að því af miklu kappi, að slíta kirkju vora hér af brjóstum móðurkirkjunnar, rétt eins og prestar Norðmanna, sem voru mentaðir og mótaðir guðfræðislega á Missouri-synodu skólunum, gerðu með norsku synodyna.

8. Að nú, síðustu árin, hafi kirkjufélagið á raun réttri verið eitt stórt trúboð fyrir General Council upp á kostnað Íslendinga.

9. Að upphaflega hefði enginn kostur verið að stofna kirkjufélagið undir þeirri stefnuskrá, sem löggilt var á síðasta kirkjuþingi.

10. Að þær trúarskoðanir, og sá trúarskilningur, sem Íslendingar fluttu út með sér úr móðurkirkjunni, sé nú gerður hornreka, réttlaus og rækur úr kirkjufélaginu.

11. Að síðasta kirkjuþing hafi samþykt spánnýja trúarjátning fyrir kirkjufélagið.

12. Að með ákvæðinu, að trúarjátningar séu bindandi, sé kirkjufélagið orðið katólsk í skilningi sínum á játningarritunum.

Að öllu þessu leiddi ég þá þau rök, sem mér í svipinn þótti við eiga. þar til þeim er hrundið að einhverju leyti, finst mér ekki ástæða til að tilfæra fleiri, þó þau séu fyrir hendi.

En frambjá öllu því gengur Sam. Annars hefir orðið lítið um vörnina fyrir blessuðum prestunum í þessu deilumáli, síðan um síðasta kirkjuþing. Órökstuddar yfirlýsingar, útúrsnúningar og upphrópanir, er alt, sem þeir hafa enn fundið málstað sínum til varnar gagnvart herra H. A. Bergman og mér, nema ef telja skal tilraun séra Friðriks Hallgrímssonar að svara H.A.B., og sem minnir mann helzt á Gísla Þorsteinsson, þegar hann átti við Grettir Ásmundarson. Eða að taka annað dæmi, dettur manni í hug drengur, sem slæst í leik, þar sem aðrir drengir eru að elta grátt gaman, og eins og ekki er tiltökumál, "fær á hann", hleypur svo burt kjökrandi heim til mömmu sinnar og klagar: "Hjálmar barði mig, ég leik mér ekki við þann óhræsisstrák framar". En séu prestarnir ánægðir með þessa vörn í deilumálinu, er engin ástæða fyrir okkur að kvarta.

Aldrei verður það hrakið með eintómum órökstuddum yfirlýsingum, hvað margir prestar kirkjufélagsins, sem undir þær skrifa, eða með upphrópunum, að tillöguFriðjóns Friðrikssonar og síðasta árgangi Sam. hafi verið bætt við játningarrit kirkjufélagsins. Sjálf gefur yfirlýsingin sér það nafn, — "þá j á t n i n g u k i r k j u f é l a g s i n s" stendur þar (Ár. 5-153). Og alveg á sama hátt er þessi játning orðin til eins og aðrar játningar kirkjunnar, — eftir langvarandi deilu um viss kenninga eða trúaratriði, sem fram eru tekin og síðan slegið föstu eða löggilt með þingsamþykt, sem óyggjandi sannleikur, og því regla fyrir kenningu þeirrar og þeirrar kirkjudeildar.

Í þessari nýju játning kirkjufélagsins — Winnipeg játningunni frá 28. júní, 1909 — var það gert að bindandi kenningarreglu kirkjufélagsins, að alt, sem Sameiningin á liðnu ári hefir haldið fram, sé "réttmæt stefna". Eftir þeirri kenningarreglu, sem þar er viðhöfð, er hver prestur kirkjufélagsins skyldur að kenna, "en ekki eins og haldið er fram af séra Fr. J. Bergmann í Breiðablikum" (Ar. 5-153). Aðalkjarni og mergur (essence and gist) þessarar nýju játningar er það, að alt er eins og Sameiningin segir, en ekki eins og Breiðablik segir.

Þetta er heldur engin dauð játning — Winnipeg játningin. Það bólar ekki svo lítið á þeirri nýju tegund trúar, hingað og þangað um kirkjufélagið, sem þessi jatning er regla fyrir. Til dæmis því trúaratriðinu, að nýja guðfræðin sé skrýmsli. Það fengum við k rkjuþingsmenn að heyra frá einum leiðtoga meirihlutans, í umræðunum þann ógleymanlega dag, þegar jatningin varð til. Þá eru þeir vist ekki svo fáir, háréttrúaðir, í Fyrsta lút. sófnuðinum og annarsstaðar út um kirkjufélagið — þeir, sem eru "hið skíra réttrúnaðargull" og "hveiti" kirkjufélagsins, með Sameiningar stimpli", — sem ekki mundu frekar innhýsa Breiðablik, en þó Glámur, Þórólfur Bægifótur eða aðrar aðturgöngur berðu að dyrum og bæðust núsvistar. Og furðanlega marga hefir Sam. tekist að sannfæra um það, að biskupinn á Íslandi sé nokkurskonar heiðingi, og þar af leiðandi er Nýtt kirkjublað farið að mæta viðtökum hjá þeim "réttrúuðu" og Breiðablik. Skáldsögur Einars Hjörleifssonar hafa stórkostlega fallið í gildi hjá hinum sömu síðan ritstjóri Sam. gerði hann að erkibiskupi Íslands. Það er vandalaust að sanna það, að bæði er þessi nýja trú og trúarjátning til og furðanlega rik orðin sumstaðar í kirkjufélaginu. Og þeir eru þó nokkrir, sem að sjálfsögðu skoða þessa játning bindandi fyrir samvizku sína, til þess að geta talist góðir og gildir kirkjufélagsmenn. Þá er kenningin sú farin að slá rótum hér og hvar út um kirkjufélagið, að undir vissum skilyrðum sé það "skylda að biðja guð af öllum mætti um stórmikla tímanlega hegning yfir þann, sem brýtur svo að aðrir sjái afdrif hans og steypi sér ekki í eilifa glötun með viðlíka syndum", og að þessi aðferð er svo margfalt betri en nokkur önnur, að hver maður ætti að kynna sér hana til hlýtar". Þessa há-kristilegu Sam. reglu fyrir bænarþjónustunni er orðrétta að finna í janúarblaði Sam. 1909, bls. 336 — einmitt í þeim árganginum, sem samþyktur var og innlimaður í Winnipeg játninguna, og er þá svo sem að sjálfsögðu "réttmæt og bindandi regla fyrir bæninni". Ennfremur er þessi kenning skýrð og útfærð af séra Guttormi Guttormssyni í júníblaði sama árgangs þar sem svo er komist að orði: "og setjum nú svo, að bölbænirnar stæðu ekki í sálmunum (Daviðs sálmum), að þar væri allar bænir gegn óvinum sniðnar eftir orðum og dæmi frelsarans, þá finst mér að sálmarnir hefðu orðið að einni stórri, háskalegri lýgi (Sam. 24-4-107-8). Og á sama stað segir sami höfundur: "Þannig talar mannlegur brestur upp á guðs ábyrgð og ber sannleikanum vitni". Ennfremur ver þessi höfundur þessa kenningu í nóvemberblaði Sam. 1909. Svo það er ekki spursmál um það, að þetta er "réttmæt" og "bindandi" stefna fyrir hann. Þá má ekki ganga framhjá þeirri kenningu kirkjufélagsins, í júníbl.

2 Bækur Gefins

FÁ NÝJIR KAUPENDUR AÐ HEIMSKRINGLU SEM BORGA $2.00 FYRIRFRAM, OG ÞESSUM BÓKUM ÚR AÐ VELJA: —

Mr. Potter frá Texas
Aðalheiður
Svipurinn Hennar
Hvammverjarnir
Konuhefnd
Robert Manton
og Leyndarmál Cor dulu frænku. —

Alt góðar sögur og sumar ágætar, efnismiklar, fróðlegar og spennandi. Nú er tíminn að gerast kaupendur Hkr. Það eru aðeins fá eintök eftir af sumum bókunum.

Heimskringla
P.O. Box 3083, Winnipeg

Hver vill eiga skildinga?

Herra Magnús J. Borgfjörð að Hólar P.O., Sask., biður þess getið, að hann hafi umboð til þess að lána peninga og selja eldsábyrgðir víðsvegar í Quill og Valley bygðum. Félög þau, sem hann hefir umboð fyrir, eru traust og áreiðanleg. Hann selur Hudsons flóa félags lönd og C.N.R. félags lönd og lönd, sem eru eign privat félaga.

Þeir, sem vildu fá sér landskika eða skildingalán, ættu að finna Magnús að máli. — Það kostar ekkert, að tala við hann og upplýsingar veitir hann öllum ókeypis.

JÓN JÓNSSON, járnsmiður, að 790 Notre Dame Ave. (horni Toronto St.) gerir við alls konar katla, könnur, potta og pönnur fyrir konur, og brýnir hnífa og skerpir sagir fyrir karlmenn. — Alt vel af hendi leyst fyrir litla borgun.

Hvað er að?

Þarftu að hafa eitthvað til að lesa? Hver sá er vill fá sér eitthvað nýtt að lesa í hverri viku, ætti að gerast kaupandi að Heimskringlu.

Hún færir lesendum sínum ýmiskonar nýjan fróðleik 52 sinnum á ári fyrir aðeins $2.00. Viltu ekki vera með?

Átti hann að fara að finna þetta drambsama fólk og skila því þessum skartgrip? Sumar ástæðurnar mæltu með því, en aðrar á móti því.

"Látla, fallega stúlkan hefir borið grip þennan við brjóstin sín", sagði hann. "Mig langar til að geyma hann til endurminningar um hana".

"Og auk þess er hjarta þetta líklega eign Jakobs Kron. Það eina, sem hann erfði eftir móður sína, en faðir hans rændi frá honum ranglátlega. Það mundi gleðja hann að fá það aftur, ef ég hitti hann nokkurntíma. — Auk þessa þekki ég ekki nafn þessarar fjölskyldu, veit ekki, hvar hún á heima, og að reyna að ná í vagninn hennar er gagnslaust héðan af. Ég verð því fyrst um sinn að geyma grip þennan, en mömmu minni ætla ég að segja frá öllu, og þá segir nún mér, hvað ég á að gera".

Húsfrú Sterner var ekki heima, hún hafði farið að skila einhverri flík, sem hún hafði saumað handa öðrum, og kom nú inn úr dyrunum rétt í því, að Mórits var að enda við hugsun sína.

Þegar hún sá Mórits standa við gluggann í vota klæðnaðinum sínum, skoðandi einhvern hlut, sem hún áleit vera verðmikinn skrautgrip, greip hana bæði hræðsla og undrun.

"Hvað hefir komið fyrir þig, barnið mitt?" spurði hún all-óróleg. "Hvers vegna ertu svona votur, og hvað er það, sem þú ert að skoða?"

"Settu þig niður, mamma mín góð, svo skal ég segja þér alt saman", sagði Mórits. "Það er ekki eins hættulegt og þú heldur".

Frú Sterner settist niður, og Mórits sagði henni í hverja hættu hann hefði stofnað sér, og hverri móðgun hann hefði orðið fyrir af þessari fjölskyldu, sem fyrir fjórum árum síðan hefði sýnt honum svo mikið ranglæti, einnig hverjar viðtökur hann hefði veitt hinu smánarlega ölmusutilboði barúnsins. En

um samband Jakobs Kron við þetta rafhjarta, sem hann áleit vera hans eign, talaði hann ekki, því hann hafði aldrei minst á samfundi þeirra við nokkurn mann, en tilfinningarnar, sem saga Jakobs hafði skilið eftir í barnshjartanu, vöknuðu nú á ný. Efi, óró og gremja ríktu nú í huga hans, samt vildi hann ekki hryggja móður sína með því, að segja henni neitt um hugsanir sínar af þessu tagi. Það var eðlisleiðsla barnsástarinnar, sem hamlaði honum frá því.

Þegar Mórits var búinn að segja frá viðburði þessum, sem hann dró þó all-mikið úr, tók móðir hans hann í faðm sinn og sagði:

"Elskaða barnið mitt, þú hefir vogað lífi þínu fyrir þá, sem hafa breytt illa við þig — það er mikilfenglegt — það er eðallynt — og guð launar þér fyrir það".

"Já, mamma", sagði drengurinn gremjulega, — "það vona ég, því mennirnir launa manni með vanþakklæti og svívirðingum".

"Ó, góði Mórits minn", sagði húsfrú Sterner, "þetta fólk hefir að sönnu breytt illa við þig, en þú mátt ekki dæma það of hart — verður að fyrirgefa því, hve illa, sem það hefir leikið þig. Heimurinn er nú þannig, Mórits minn, og hleypidómarnir, sérdrægnin, dramið verður að hafa sína málsvara, alveg eins og eðallyndið, þolgæðið og litillætið. Við getum ekki breytt því, við getum að eins kvartað yfir því, að það er þannig, en við megum ekki áfella, ekki hata — við verðum að umbera skortinn á þægilegu umgengninni hjá þeim, og hugsa sem svo: — þeir vita ekki betur".

"Vita ekki betur", sagði Mórits gramur, "og þegar þeir ríku, þegar höfðingjarnir ekk vita betur, — hvernig á þá að ætlast til þess af fátækum almúga?"

"Margir af þessum höfðingjum eru aldir upp af þeim flokki manna, sem álíta hleypidómana góða og gilda, enda þótt þeir hafi skaðleg áhrif á líferni þeirra. Þetta verðum við að athuga, og eigum þess vegna að vera vægir í dómum okkar. Umburðarlyndið, sonur minn, venur manninn á að breyta eftir skipun guðs. Frelsarinn var hæddur, fyrirlitinn, kvalinn og auðmýktur, en hann bað fyrir óvinum sínum og sagði: Faðir, fyrirgefðu þeim!"

"Það er satt, mamma", sagði Mórits, "og ég ætla að reyna að hegða mér eins og hann, eins og þú hefir kent mér að gera. Já, ég er fús á, að elska alla menn, og ég skal reyna að gleyma því, sem mér er gert á móti skapi, fyrst þú vilt það".

"Gerðu það. sonur minn", sagði móðirin og kysti hann, "gerðu það, þá verðurðu eðallyndur og lánsamur maður. Hatrið gerir hjartað hart og kalt, ástin blítt og viðkvæmt".

"En", sagði drengurinn, "mig langar til að vita, hvaða fjölskylda þetta er. Veizt þú það ekki, mamma?"

"Nei", svaraði móðir hans, "þú manst að ég var veik, þegar þú fanst hana fyrir fjórum árum síðan. Síðan hefi ég ekki komið að Liljudal, og þess vegna ekki spurt um nafnið. Nú er það of seint, því gamli barúninn, sem þau voru þá í heimsókn hjá, liggur fyrir dauðanum, ef hann er ekki dáinn, og nýtt vinnufólk komið þangað, sem líklega getur ekki frætt okkur um þetta".

"Nú — hvað á ég þá að gera við þennan skartgrip, sem ósjálfrátt er kominn í mínar hendur?"

"Þú verður að geyma hann. Það getur skeð að þú finnir það einhverntíma, og þá geturðu skilað honum aftur".

"Þú heldur þá, að ég megi hafa hann fyrst um sinn?" spurði Mórits glaður.

"Já, barnið mitt, ég sé ekkert rangt við það. Þess utan er skartgripur þessi lítils virði, og þó hann væri það ekki, þá ræður þú ekki við það, því fólk þetta hefir að öllum líkindum yfirgefið okkar nágrenni. Geymdu hann því, þangað til þú finnur eigandann. Hann getur mint þig á barnið og þennan viðburð, og þegar hún sér hann, hlýtur hún að minnast þess, að þú bjargaðir henni frá dauða. Nú skulum við borða kveldmatinn okkar og fara svo í rúmið, það er orðið framorðið".

Mórits hengdi rafhjartaðið um hálsinn á sér. "Það skal verða verndargripur minn", hugsaði hann. "Á meðan ég ber það við brjóst mín, skal hugur minn að eins geyma góðar hugsanir".

Vesalings drengurinn hugsaði ekki um það, að ólán fylgdi grip þessum. Hann hafði gleymt því, að það var geymt í hálminum, sem hin deyjandi kona hvildi á í fátækrahælinu, og það leiddi ógæfu og bölvun yfir son hennar síðar.

Um þetta hugsaði hann ekki, því myndin af litla, fallega barninu, sem borið hafði skartgrip þenna, sveif fyrir hugskotssjónum hans.

Sumarið og haustið leið, án þess Mórits yrði var við fjölskyldu þessa, og þar eð hann áleit að hún hefði að eins verið á ferðalagi, spurði hann sig ekki fyrir um hana, enda sagði hann engum öðrum en móður sinni frá viðburði þessum, sem hann var aðalhetjan í.

Framtíðarhorfur.

EFTIR H. G. WELLS.

Fyrir fáum árum skrifaði hinn nafnkunni enski rithöfundur, H.G. Wells, greinar í Fortnightly Review, þar sem hann reynir að skygnast inn í ásigkomulag mannlífsins á tuttugustu öldinni.

Ætlunarverk hans er, að rannsaka framtíðarfræin, sem liggja geymd í nútimanum, og af ásigkomulagi þessara fræva að geta sér til, hvers konar vöxtur muni spretta upp af þeim. Til þess þarf auðvitað bæði hugsjónagáfu og dómgreind, en höfundurinn virðist eiga báða þessa hæfileika.

I.

FLUTNINGSTÆKI TUTTUGUSTU ALDARINNAR.

Hve afarmikla þýðingu fyrirkomulag flutningstækjanna hefir fyrir þjóðlélögin, þarf ekki að minnast á. Stækkun borganna, hin hraða mannfjölgun í Ameríku og þátt-taka Kínverja í pólitík Norðurálfunnar, er alt saman bein afleiðing af framför flutningstækjanna. Wells lætur því greinar sínar byrja á yfirliti yfir framför samgöngufæra 20. aldarinnar. Markvert er það, en ekki að ástæðulausu, að hann byrjar forspá sína með því að líta aftur í tímann. Hann spyr: Hvernig atvikaðist það, að við fengum járnbrautir? Það skeði auðvitað ekki af því, að þörfin fyrir slík flutningstæki væri meiri en áður. Ferðavagnar og póstvagnar voru um 1800 nægilegir fyrir þarfir Norðurálfubúa, og sérhver skynugur embættismaður í hinu rómverska eða kínverska ríki, hlýtur að hafa fundið brýnni þörf fyrir hraðari samgöngufæri, heldur en ferðamenn Norðurálfunnar árið 1800. Ekki verður orsökin fundin í skyndilegri uppgötvun gufunnar, því bæði gufan og afllræðismöguleikar hennar að nokkru leyti hafði þekst í tvö þúsund ár. Orsakirnar, sem komu eimreiðinni af stað, voru óbeinar, og þessi óbeini upprunni járnbrautanna hefir orsakað stór óþægindi sem erfitt verður að laga á ókomna tímanum. Það vildi svo til, að kolin á Englandi, sém þurfti að nota í stað hinna þverrandi skóga, lágu í dældum undir gegnvotri leirjörð. Til þess að geta náð í kolin, var því nauðsynlegt að dæla vatninu burt, og hagsýnum mönnum kom þá til hugar gufan, sem um langan tíma hafði verið vanrækt. Fyrri hluta 17. aldar hafði gufan verið notuð til að dæla burtu vatni af einni eða tveimur stórum ábúðarjörðum á Englandi og enda þótt þessar gufudælur væri fremur tilbúnar sem fágæti en til afnota, lá þó beinast við að vinna í sömu áttina. Savery, Newcomen og fjöldi annara iðnfræðinga, sem Watt þó yfirgnæfði, breyttu smátt og smátt þessar fágætisdælu í atvinnu, stofnuðu málmsteypuhús, sköpuðu nýja mannvirkjafræði, og nærri því ósjálfrátt urðu gufuvélavagnarnir afleiðingin. Þegar ein öld var liðin við endurbætur á gufudælunni, var að eins eftir að láta hjól undir hana og senda hana af stað um vegu heimsins. Um 1804 var Trevithick búinn að koma gufuvélarvagninum af stað og gera hann fjárhagslega hagstæðan. Frá hans hendi þrammaði hann áfram, hægt og hægt í byrjuninni, en síðar — þegar Stephenson tók við taumunum — hraðara og hraðara, unz hann lagði jörðina undir sig. Nú voru menn búnir að eignast gufuvélarvagn, sem fallegra þykir að kalla eimreið, en sökum þess að uppruni hennar var óbeinlínis, var hún í raun réttri gufuvél til að dæla með, löguð fyrir nýtt starf. Það var eimreið, sem hafði fullkomnast án tillits til þyngdarinnar. Af þessu leiddi óþægindi, sem mjög hafa tafið fyrir járnbrautaviðskiptunum, sem enn í dag eru liðin sökum hinnar almennu trúar á nauðsyn framkvæmda þeirra. Eimreiðin var of stór og þung fyrir þjóðvegina. Þess vegna varð að láta undir hana stálteina, og nú er svo komið, að við getum ekki ímyndað okkur eimreið án teina. En í raun réttri er engin nauðsyn að ferðast á teinum, og að það er gert, er að kenna tilviljunartálmunum og sigranlegum erfiðleikum.

Því, hver er aðalsteinan með eimreiðina? Að hún sé létt og liðugt flutningstæki, sem getur hreyft sig með miklum hraða til hvaða staðar sem er. Hún ætti með tempruðum hraða að geta farið langs eftir þjóðvegunum og yfir götur borganna. En fyrir allan hraðann flutning um langar leiðir, þyrfti hún að hafa sérstakar brautir bygðar í þeim tilgangi. Ef menn hefðu unnið að þessari hugsjón frá byrjun, myndu menn nú eiga framkvæmdarikt samgöngufærakerfi. Í staðinn fyrir teinkerfið, sem engar verulsgar breytingar leyfir, myndu menn eiga samstætt kerfi, sem alt af hefði mátt laga og endurbæta. Menn hefðu getað notað þessar nýju vélar og vagna á brautum, án þess að teija fyrir flutningum og samgöngum. Gallinn er sá, að menn ekki fylgdu þessari hugsjón strax frá byrjun, en lögðu leið sína til gufudælanna. Breiddin á milli teinanna var auðvitað miðuð við venjulega vagna, sem einum hesti var ætlað að draga. Menn álitu eimreiðina ódýra uppóót fyrir hestinn, og sáu ekkert undarlegt við það, að láta breidd hestavagnanna ákveða breidd eimreiðarinnar. Fyrstu farþegunum var hnoðað saman í vagnana, en þeir voru vanir því, og fundu ekkert athugavert við það.

Nú um stundir álíta menn járnbrautirnar eins sjálfsagðar og loft og vatn. En ef menn losnuðu við blindu vanans litla stund, myndu menn fljótt sjá, að þetta möskvaríka járnbrautanet, sem vafið er um heiminn, er ekki annað en röð af hestavögnum, dregnir áfram eftir teinum af dæluvélum á hjólum. Á maður að ímynda sér, að slík samgöngufæri verði enn notuð í hundrað ár?

Hið núverandi teinakerfi er svo afardýrt og vanabundið við okkur, að það er efasamt, að járnbrautaeigendur af eigin hvötum geri nokkra verulega breytingu í þá átt, að hraðinn verði meiri og vistin í vögnunum þægilegri. Eina þjörgunin er innifalin í því, að teina-eimreiðin fái heppinn keppinaut, og hinn svonefndi mótor (hreyfivél) virðist ætla að verða það. Gáfaðir vélfræðingar beita öllu sínu andlega afli til að fullkomna hann, svo það er líklegt, áður langt um líður, að í honum fáum við öflugt, létt og liðugt samgöngutæki, hentugt til flutninga um langar leiðir.

Það er aðallega í þrjár stefnur, að mótorinn sýnist vera að fullkomnast.

Fyrst er vöruflutnings mótorinn, sem nú má sjá víðast í stórborgunum afhendandi vörur og böggla af ýmsu tagi. Fyr eða síðar munu kostirnir við slíkt fyrirkomulag styðja að myndun stórra vöruflutnings félaga, sem munu nota þessa mótorvagna til að flytja stórar birgðir af vörum um langar leiðir.

Þá er næstur farþegja mótorvagninn, sem að líkum verður einstaklingseign, en mun þó jafnframt verða leigður öðrum til afnota. Hann mun mega nota til flestra ferða, nema þeirra afarlöngu, og það liður varla á löngu, þangað til hann getur farið 450 km. á dag. Kosturinn við þetta flutningstæki er, að maður er frjáls og sjálfráður. Maður getur farið hart eða hægt, á degi eða nóttu, eftir eigin vild. Maður getur numið staðar og borðað dagverð, þar sem maður vill, dvalið nokkrar stundir hér eða þar og látið vagninn bíða.

Svo er almennings mótorvagn, sem mun útiloka hestavagnana, sporbrautavagnana og járnbrautir í útjöðrum borganna. Meðan samkepnin við borgabrautirnar stendur yfir, geta þessir almennings mótorvagnar naumast náð nægum hraða, sökum umferðar hestavagnanna. Mótorfélögin munu þess vegna biðja um og fá leyfi til, að leggja sérstaka vegi af nýrri gerð, og um þá munu mótorvagnarnir ná óviðjafnanlegum hraða. Þessir sérstöku mótorvegir, verða byrjun hinnar miklu breytingar, því undir eins og þeir eru orðnir algengir, fleygir afnotum þeirra áfram með miklum hraða, svo járnbrautirnar verða eins konar olnbogabörn. Í byrjuninni verða mótorvegirnir stuttir, en þeir munu brátt lengjast og þeim mun fjölga unz landið er þakið af mótorbrautum.

Þessar mótorbrautir þurfa auðvitað að vera breiðar og sléttar, og steinnurnar nákvæmlega aðskildar.

Hvernig ætli þá fari með járnbrautirnar? Eðlilega verður bardaginn harður í byrjuninni, en undir eins og nokkrar mótorbrautir eru notaðar daglega, er ekki óliklegt, að sum járnbrautafélög svífti teinunum af brautum sínum og breyti þeim í mótorbrautir. Eða þá að járnbrautafélögin sjái sér fært, að lækka farþegagjaldið, eða breikka á milli teinanna, svo vagnarnir geti verið þægilegri. Því fáir ferðamenn munu gefa því gaum, hvort ferðin er einum klukkutíma skemmri eða lengri, ef vel fer um þá. Auk þess er það sennilegt, að þær járnbrautir, sem ekki er hægt að breikka, snúi sér að því, að flytja vöru, svo sem kol, timbur og fleira, sem ekki er gott að flytja á mótorvögnum. Það er því ekki líklegt, að járnbrautirnar hverfi algerlega, heldur að þær verði notaðar til þess sem þær eru hentugastar.

Spursmálið um flutningstæki framtíðarinnar, hefir afarmikla þýðingu fyrir ásigkomulag stórborganna á ókomna tímanum. Umferðin um götur stórborganna er nú mjög óþægileg, bæði að því er snertir þrengsli, og svo hávaðinn í sporbrautavögnum, almenningsvögnum, vöruvögnum og öðrum akkerum, og að síðustu bleytan, sem safnast saman undir hjólum vagnanna og hófum hestanna. Nútíðar menn álíta þessa umferð á götunum óumflýjanlega, og þó er allur þessi vagnagrúi, eins og járnbrautin, börn 19. aldarinnar. Í stórborgunum í fornöld og í stórborgum Austurlanda, voru göturnar aðaljega ætlaðar til að ganga um þær, og þannig á það að vera. Borgirnar eru pláss, þar sem menn ganga um sér til skemtunar, eins og menn gera í kring um jurtagarða sína og í aldingörðunum, eða í húsum sínum, — pláss, þar sem menn kaupa nauðþurftir sínar, finna kunningja sína og kynnast mönnum. Þannig hlýtur það aftur að verða, og þannig getur það aftur orðið, um það þarf ekki að efast.

En hvernig geta menn losnað við vagna-umferðina á götunum, mun verða spurt um. Ef menn hugsa sig um, sjá þeir bráðlega, að sé vöruflutningsvögnunum slept eru allir hinir vagnarnir flutningstæki þeirra manna, er eiga langa leið að ganga, bæði sporvagnar og aðrir vagnar. Færum allan flutning þessara fótgangandi manna, annaðhvort ofan í jörðina eða upp í loftið, og látum allan vöruflutning fara fram á ákveðnum brautum á ákveðnum tímum, þá er gátan ráðin. Göturnar verða þá aftur eign fótgöngumanna og hjólreiðmanna.

Að því er vöruflutninginn snertir, hefir London ýmsar reglur, sem fyrirbjóða flutning á sumum þungum vörum frá kl. 10 til 7. Þetta er byrjunin á takmörkun vöruflutninga, sem með tímanum verður margbrotnari og hagfeldari.

Þá er eftir flutningurinn á fótgangandi mönnum. Þau flutningstæki þurfa að vera hraðfara og ávalt á ferðinni, svo enginn þurfi að bíða eftir því að komast af stað, og þannig löguð, að farþegar geti farið af þeim og á án þess þau nemi staðar. Það flutningstæki, sem hentugast virðist til þessa, er hinar veltandi gangstéttir eða pallar, sem lélegt sýnishorn sást af á Parísarsýningunni. Þessir veltandi pallar myndu verða mjög hentugir, væru alt af á ferðinni og aauðvelt að fara af þeim og á. Þeir gætu sigið ofan í jarðgöng, eins og neðanjarðar brautirnar, og þá mætti hefja upp í loftið eins og hæðabrautirnar, með föstum gangstéttum við hliðina. Í 24 feta breiðum jarðgöngum mætti hafa tvo palla 3 feta breiða og einn pall — þann hraðskreiðasta — 6 feta breiðan. Hver þessara palla ætti að geta farið 6 km. lengra á klt. en hinir gangandi menn, og sá hæsti og breiðasti ætti að geta farið 42 km. á klt. Að 30—40 árum liðnum munu jarðgöngin í London ekki verða sótug né með brennisteinsþef eins og núna, heldur sópuð, björt og þægilega útbúin, og þegar farþegarnir koma ofan í þau, munu þeir ávalt finna palla með þægilegum sætum, sem taka þá með sér undir eins. Að koma þessum veltandi pöllum fyrir í jarðgöngum, mun þó sjaldnast verða hagfelt, að líkum verður þeim oftast lyft upp í loftið eins og hæðabrautunum, sem nú eiga sér stað.

Þegar vöruflutningurinn á þenna hátt er bundinn við ákveðnar brautir og ákveðna tíma, og öll farþega-umferðin hafin í loft upp eða sigin í jörð niður, verður auðvelt að gera göturnar margfalt þægilegri til umferðar fyrir göngumenn og hjólreiðmenn. Gangtraðirnar geta breikkað. Skýlur gegn sólskini og regni verða yfir öllum götum, og þar mundu ekki kosta meira heldur enn fyrirhöfnin við að verjast ryki og bleytu kostar nú.

MONTE CARLO spilabankinn er eign hlutafélags, er samanstendur af hinum helztu aðalsmönnum Norðurálfunnar. Árságóðinn, sem skiftist milli hluthafanna, er jafnaðarlega frá 10 til 15 miljónir kr. Furstinn í Monaco fer til baðanna 1,000,000 kr., og þess utan 360,000 kr. til hirðarhalds. Auk þess borgar bankinn allar skattgreiðslur hans. Til þess að sendar óþreyta spilara heim til sín, er árlega varið 98,000 kr. Til þess að fá fróðleik hlóð til að [illegible] Árleg[illegible] borgað 300,000 kr. [illegible] forstinn 1902 hluti í [illegible] er hver heirra 400 franka virði. Af þeim hlutum fer hann j[illegible] árlega 40 prósent af ágóða.

Bókalisti

N. Ottenson's. — R ver Par., Winnipeg.

Ljómæli Páls Jónssonar í bandi	(3)	0.85
Sama bók (að eins 2 eint.	(3)	0.60
Diönusöngvar (útselt um tíma	(2)	0.30
Jökulrósir		0.15
Dalaróntir	(3)	0.20
Kvæði H. Blöndal	(2)	0.15
Hamlet	(3)	0.45
Ljóðmæli Jóns Árnasonar á Viðámýri, 1879	(4)	0.60
Tíðindi Prestafélagsins í hinu forna Hólastifti	(2)	0.15
Áttungurinn	(2)	0.45
Grant skipstjóri	(2)	0.40
Leynisambandið	(2)	0.35
Eðli óveðursins	(3)	0.55
Umhverfis jörðina á áttatíu dögum	(3)	0.60
Valdimar múnkur	(3)	0.55
Kynlegur þjófur	(3)	0.40
Blindi maðurinn	(3)	0.15
Fjórblaðaði smárinn	(3)	0.10
Kapítola (í II. bindum)	(3)	1.25
Áfengi og áhrif þess, í b.		0.10
Eggert Ólafsson (B.J.)		0.15
Gönguhrólfs rímur (B.G.)		0.20
Hugsunarfræði (E.B.)		0.15
Höfrungahlaup		0.15
Jón Ólafssonar Ljóðmæli í skrautbandi		0.60(3)
Kristinfræði		0.45(2)
Kvæði Hannesar Blöndal		0.15(2)
Málsgreinafræði		0.15
Mannkynssaga (P.M.), í b.		0.85(5)
Mestur í heimi, í b.		0.15
Olnbogabarnið		0.15
Prestkosningin. Leikrit, eftir þ. E., í b.		0.30
Ljóðabók M. Markússonar		0.50
Friðþjófs sönglög		0.50
Ritreglur (V. Á.), í b.		0.20
Seytján æfintýri, í b.		0.35(3)
Siðfræði (H. H.), í b.		1.10
Sundreglur, í b.		0.15
Útsvarið. Leikrit, í b.		0.35(2)
Verði ljós		0.15
Vestan hafs og austan. Þrjár sögur, eftir E. H., í b.		0.90
Víkingarnir á Hálogalandi eftir H. Ibsen		0.25
Þjóðsögur Ó. Davíðss., í b.		0.35(4)
Þorlákur helgi		0.15
Þrjátíu æfintýri, í b.		0.35(4)
Ofurefli, skálds. (E.H.), íb.		1.50
Draugasögur, í b.		0.35(4)
Ölöf í Ási		0.45(3)
Smælingjar, 5 sögur (E.H.) í bandi		0.85
Skemtisögur eftir Sigurð J. Jóhannesson 1907		0.25
Kvæði eftir sama frá 1905		0.25
Ljóðmæli eftir sama. (Með mynd höfundarins) Frá 1897		0.25
Tólf sönglög eftir Jón Friðfinnsson		0.50
Nýustu svenskar Musik Bækur, útg. í Stockholm:		
Svenska Skol-Qvartetten		0.60(5)
26te och 27de Tusendet Sv. Skol-Qvartetten		0.60(5)
Dam Kören		1.00(5)
Normal-Sangbok		0.50(5)
Safn til sögu Íslands og ísl. bókmenta í b., III. bindi og það sem út er komið af því fjórða.	(53c)	$9.45
Íslendingasaga eftir B. Melsted I. bindi í bandi, og það sem út er komið af 2. b.	(25c)	2.85
Lýsing Íslands eftir Þ. Thoroddsen í bandi	(16c)	1.90
Fernir forníslenzkir rímnaflokkar, er Finnur Jónsson gaf út, í bandi	(5c)	0.85
Alþingisstaðir hinn forni eftir Sig. Guðm.son, í b.	(4c)	0.90
Um kristnitökuna árið 1000, eftir B. M. Ólsen	(6c)	0.90
Sýslumannaæfir eftir Boga Benediktsson, I. og II. b. innbundið	(55c)	8.10
Íslenzk fornbréfasafn, 7 bindi innb., 3 h. af 8. b.	($1.70)	27.80
Biskupasögur, II. b.innb.	(42c)	5.15
Landfræðissaga Íslands eftir Þ. Th., 4 bindi innb.	(55c)	7.75
Rithöfundatal á Íslandi 1400—1882, eftir J.B., í b.	(7c)	1.00
Upphaf allsherjarríkis á Íslandi eftir K.Maurer, í b.	(7c)	1.15
Auðfræði, e. A. Ól., í b.	(6c)	1.10
Presta og prófastatal á Íslandi 1869, í bandi	(9c)	1.25
B. Thorarinsson ljóðmæli, með mynd, í bandi		1.50
Bókmentasaga Íslendinga eftir Finn Jónsson, í b.	(12c)	1.80
Norðurlandasaga eftir P. Melsted, í bandi	(8c)	1.50
Nýþýdda biblían	(35c)	$2.65
Sama, í ódýru bandi	(33c)	$1.60
Nýjatestamentið, í vönduðu bandi	(10c)	0.65
Sama, í ódýru bandi	(8c)	0.30

Tölurnar í svigum tákna burðargjald, er sendist með pöntunum.

N. OTTENSON,
Bar. Winnipeg, Man.

Sé nauðsynlegt ekki stjórnað með þekkingu, verða ávextir hennar einskisvirði.

LEIÐBEININGAR--SKRA

YFIR ÁREIÐANLEGA VERZLUNARMENN Í WINNIPEG

MUSIC OG HLJÓÐFÆRI

CROSS, GOULDING & SKINNER, LTD.
323 Portage Ave. Talsími 4413

MASON & RISCH PIANO CO., LTD.
356 Main Street Talsími 4580
W. Alfred Albert, Íslenzkur umboðsmaður

WHALEY ROYCE & CO.
356 Main St. Phone 263
W. Alfred Albert, bókarþjónn.

BYGGINGA og ELDIVIÐUR.

J. D. McARTHUR CO., LTD.
Bygginga- og Eldiviður í heildsölu og smásölu.
Sólust: Princess og Higgins Tals. 3060, 3061, 3062

MYNDASMIÐIR.

G. H. LLEWELLIN,
"Medallions" og Myndarammar
Starfstofa Horni Park St. og Logan Avenue

SKÓTAU Í HEILDSÖLU.

AMES HOLDEN, LIMITED
Princess & McDermott. Winnipeg.

THOS. RYAN & CO.
Allskonar Skótau. 44 Princess St.

THE Wm. A. MARSH CO. WESTERN LTD.
Framleiðendur af Finu Skótaui. Talsími: 3710
88 Princess St. "High Merit" Marsh Skór

RAFMAGNSVÉLAR OG AHÖLD

JAMES STUART ELECTRIC CO.
324 Smith St Talsímar: 3447 og 7802
Fullar byrgðir af alskonar vélum.

GOODYEAR ELECTRIC CO.
Kellogg's Talsímar og öll þarðfnst. áhöld
Talsími 3023. 86 Albert St.

RAFMAGNS AKKOKÐSMENN

MODERN ELECTRIC CO
412 Portage Ave Talsími: 5658
Viðgjörð og Vir-lagning — allskonar.

BYGGINGA-EFNI.

JOHN GUNN & SONS
Talsími 1277 296 Jarvis Ave.
Hafum bezta Stein, Kalk, Cement, Sand o. fl.

THOMAS BLACK
Selur Járnvöru og Bygginga-efni allskonar
76—82 Lombard St. Talsími 600

THE WINNIPEG SUPPLY CO., LTD.
298 Rietta St. Talsímar: 1936 & 2187
Kalk, Steinn, Cement, Sand og Möl

BYGGINGAMEISTARAR.

J. H. G. RUSSELL
Byggingameistari.
Í Silvester-Wilson byggingunni. Tals: 1068

PAUL M. CLEMENS
Bygginga-Meistari, 443 Maryland St.
Skrifst.: Argyle Bldg., Garry st. Talsími 5997

BRAS- og RUBBER STIMPLAR

MANITOBA STENCIL & STAMP WORKS
421 Main St. Talsími 1880 P. O. Box 244.
Búum til allskonar Stimpla úr málmi og togleðri

CLYDEBANK SAUMAVÉLA AÐGERÐARMAÐUR. Brukaðar vélar seldar frá $5.00 og yfir
564 Notre Dame Phone, Main 8624

VÍNSÖLUMENN

GEO. VELIE,
Heildsala Vínsali. 195, 197 Portage Ave. E.
Smá-sala talsími 332. Stór-sala talsími 464.

STOCKS & BONDS

W. SANFORD EVANS CO.
326 Nýja Grain Exchange Talsími 369

ACCOUNTANTS & AUDITORS

A. A. JACKSON,
Accountant and Auditor
Skrifst.—28 Merchants Bank. Tals.: 5762

OLÍA, HJÓLÁS-FEITI OG FL.

WINNIPEG OIL COMPANY, LTD.
Búa til Stein Olíu, Gasoline og hjólás-áburð
Talsími 1590 611 Ashdown Block

TIMBUR og BÚLÖND

THOS. GYSTAD, 206 Kennedy Bldg.
Vjður í vagnhlössum til notenda, búlönd til sölu

PIPE & BOILER COVERING

GREAT WEST PIPE COVERING CO.
132 Lombard Street.

VÍRGIRÐINGAR.

THE GREAT WEST WIRE FENCE CO., LTD
Alskonar virgirðingar fyrir bændur og borgarbúa.
76 Lombard St. Winnipeg.

ELDAVÉLAR O. FL.

McCLARY'S, Winnipeg.
Stærstu framleiðendur í Canada af Stóm, Steinvöru (Graniteware) og fl.

ÁLNAVARA Í HEILDSÖLU.

R. J. WHITLA & CO., LIMITED
364 McDermott Ave Winnipeg
"King of the Road" OVERALLS.

BILLIARD & POOL TABLES.

W. A. CARSON
P. O. Box 225 Room 4 1 Molson Banka.
Öll nauðsynleg áhöld. Eg gjöri við Pool-borð

NÁLAR.

JOHN RANTON
203 Hammond Block Talsími 4639
Sendið strax eftir Verðlista og Sýnishornum.

GASOLINE Vélar og Brunnborar

ONTARIO WIND ENGINE and PUMP CO. LTD
301 Chamber St. Sími: 2585
Vindmillur — Pumpur — Agætar Vélar.

BLÓM OG SÖNGFUGLAR

JAMES BIRCH
442 Notre Dame Ave. Talsími 2653
BLÓM - allskonar. Söng fuglar o. fl.

BANKARAR, GUFUSKIPA AGENTR

ALLOWAY & CHAMPION
North End Branch: 667 Main street
Vér seljum Avísanir borganlegar á Íslandi

LÆKNA OG SPITALAAHÖLD

CHANDLER & FISHER, LIMITED
Lækna og Dýralækna áhöld, og hospítala áhöld
185 Lombard St., Winnipeg, Man.

Byrjið nýja árið með því að kaupa Heimskringlu

— Fyrir nokkru var þess getið hér í blaðinu, að kona í Ontario, að nafni Mrs. Scott, hefði verið kærð um að hafa drepið tengdaföður sinn sjötugan. Þess var og þá getið, að gamli maðurinn hefði farið illa með hana. Nú hefir kviðdómur í Ontario dæmt konuna sýkna, og henni því slept heim til bónda og barna. Konan játaði, að hafa skotið gamla manninn til bana, en gat jafnframt sannað, að hann hefði oftlega misþyrmt sér, og að hann hefði tvisvar verið dreginn fyrir rétt fyrir þær misþyrmingar, og að hún hefði verið orðin svo aðþreytt, að hún þoldi það ekki lengur. Kviðdómurinn leit svo á, sem konan hefði haft nægar ástæður fyrir verknaði sínum, og að tengdafaðir hennar hefði sökum ilsku sinnar verið réttdræpur. Þess vegna var hún dæmd sýkn af þeim glæp, sem hún játaði á sig. — Sama hefði að sjálfsögðu orðið uppi á teningnum, ef bóndi hennar hefði átt hlut að máli, og er þetta dómsákvæði því tímabær aðvörun til allra bænda um að breyta sanngjarnlega við konur sínar.

Andi konunnar hans.

Í fyrri nótt kom Sörli seint heim, hann hafði verið á andatrúarfundi og var þreyttur, svo hann háttaði strax.

Stundu síðar vaknaði hann og heyrði eitthvert skrölt í næsta herbergi.

"Hver er þar?" kallaði hann hátt.

Ekkert svar, en nú heyrði hann heldur ekki hávaðann.

"Er nokkur þarna?" kallaði Sörli aftur.

Enginn svaraði.

"Ætli það geti verið andi?" hugsaði Sörli. "Ég held ég verði að reyna".

Hann settist upp í rúminu og kallaði:

"Ef þú ert andi, gerðu þá svo vel að berja þrjú högg".

Nú heyrði hann greinilega þrjú högg í næsta herbergi.

"Ert þú andi móður minnar?"

Ekkert svar.

"Ert þú andi konunnar minnar sálugu?"

Nú var barið þrisvar.

"Líður þér vel, þar sem þú ert?"

Aftur var barið þrisvar.

"Vilt þú mér nokkuð?"

Þögn.

"Fæ ég oftar að heyra til þín?"

Þrjú högg.

"Sjáumst við aftur?"

Ekkert svar. Sörli beið nokkra stund eftir svari, en þegar honum leiddist, sneri hann sér að vegginum og sofnaði.

Þegar hann kom á fætur daginn eftir, varð hann þess var, sér til undrunar, að andi konunnar hans hafði tekið með sér úrið hans, vasabókina, brjóstnál úr gulli og allan bezta fatnaðinn, sem hékk í hliðarherberginu.

Það kostar minna en 4 cent á viku

að fá HEIMSKRINGLU heim til þín vikulega árið um kring. Það gerir engan mismun hvar í heiminum þú ert, — Þvf HEIMSKRINGLA mun rata til þín. Þú hefir máske ekki tekið eftir því, að vér gefum þér

$1.00 virði af sögubókum

með fyrsta árgangnum Skrifið eftir Hkr. nú þegar. til P. O. Box 3083 Winnipeg, Man.

Ánægjan af verkinu samsvarar ekki ætíð sigurvinningnum.

Hégómamennirnir hlusta á hræsni sinna eigin lugsana, og halda að það sé rödd mannorðins.

JOHN DUFF
PLUMBER, GAS AND STEAM FITTER
Alt verk vel vandað, og verðið rétt
664 Notre Dame Ave. Phone 3815
Winnipeg

"Betra en nokkuð Píanó er ég hefi áður notað".
ALBANI.

"Heimsins bezta hljóðfæri".
DE PACHMANN.

Þetta eru aðeins fá orð, en sanna þó hina miklu yfirburði sem

Heintzman & Co. PÍANÓ

hefir yfir öðrum hljóðfæri. — Hinn mesti Píanóspilari, sem komið hefir til Canada, hefir kosið að nota þetta hljóðfæri.

Hin mikla hljómfegurð og áreiðanlegheit að öllu leyti, gerir það hið bezta Píanó fyrir hvert heimili. — Endist í mannsaldur. —

Vér gefum vel fyrir gamla hljóðfærið þitt í skiftum fyrir nýtt Heintzman. —

528 Main St. — Phone 808
Og í Brandon og Portage La Prairie

Fréttir úr bænum.

Tíð hefir verið stilt og frekar frostvægt síðustu viku.

Þann 20. janúar komu þeir Guðni Eyjólfsson frá Reykjavík og Sigurður Sigurðsson úr Vestmannaeyjum. Þeir lögðu af stað frá Reykjavík þann 26. f.m. Höfðu góða ferð nema milli Englands og Halifax, og voru 10 sólarhringa á leiðinni yfir Atlantshaf og hreptu stórveður. Tíðarfar frekar gott. Góður afli á botnvörpunga. Opnum bátum lítið haldið út. Heilsufar gott yfirleitt. Bankauppþotið rénað að nokkuru, en lítið vita menn meira þar um enn áður. — G. Eyjólfsson ætlar suður að Gardar, N. Dakota. Hann segir fólk muni langa til að komast vestur hingað. Stafi af peningaleysi, atvinnuskorti og pólitiskum ófriði.

Dr. O. Stephensen var kallaður vestur á Oak Point í síðustu viku, og kom til baka á mánudaginn. — Hann kom inn með sjúklinginn og telur hann óhultan.

Bóksali H. S. Bardal er á förum heim til Íslands og Danmerkur. — Hann fer sem útflutninga agent Laurier stjórnarinnar og kvað verða u.n 6 mánuði burtu. Mælt er, að systir hans, Mrs. Hánriksson, fari líka austur um haf.

Herra John Gislason, Churchbridge, kom til bæjarins nýskeð. Kom með dreng sinn til lækninga. Hann lætur vel af líðan manna þar vestur frá. Uppskera góð og kornverð hátt síðasta haust. — Heilsufar gott og vetrartíð heldur létt það sem af er.

Frétst hefir frá Minneota, Minn., að Halldór Nickelson bóndi þar hafi skotið sig fyrra mánudag. Hann bjó þar á einni fallegustu jörðinni, og var efnamaður áður.

Frá Mountain., N. Dak., hefir spurst, að Mountain söfnuður hélt safnaðarfund sinn þ. 16. þ.m. og sagði sig úr lögum við Kirkjufélagið. Með úrsögn voru greidd 56 atkv. og 27 voru greidd á móti henni. Fundurinn fór fram með sátt og samlyndi.

Margt er talað um aðfarir ráðherrans á Íslandi. Menn falla í tvo flokka, sem eðlilegt er. Fjölmargir eru á móti ráðherranum fyrir atferli hans við bankastjórana. Þeir hafa álit mikið, sem einhverir atkvæðamestu menn, sem nú eru uppi á Íslandi. Töluvert hefir þegar verið kveðið um Björn ráðherra af vísum, — hneigjast allar á móti atförum hans.

Klukkan 3 á sunnudagsmorguninn var varð jarðskjálftamælirinn í St. Boniface var við jarðskjálfta, sem varaði 15 mínútur, og svæsnastur þær 5 fyrstu. Umsjónarmaðurinn álítur, að hann hafi haft upptök sín í 2,500 mílna fjarlægð. Sama jarðskjálfta varð vart í Cleveland í Ohio. Getgáta, að hann hafi átt uppruna sinn í Mexico, en engin vissa ennþá.

Herra Aðalbjörn Guðmundsson og systir hans ungfrú Steinunn komu til bæjarins á föstudaginn var, frá Gardar, N. Dakota. Þau eru á skemtiferð hér nyrðra. Þau dvöldu hér í Winnipeg þangað til á mánudaginn að þau fóru vestur til Winnipegosis. Þau eru að heimsækja ættingja sina hér í Manitoba.

Mr. og Mrs. Jimmy Thorpe fóru vestur að hafi í síðustu viku og ætla að ferðast um vesturströndina um tíma. Mr. Thorpe hefir "Jimmy's Hotel, og konan er íslenzk, Björg Runólfsdóttir. Eru þau kunn Íslendingum. Formaður Thorpe's á hótelinu er Thomas Fraser, Íslendingur, sem er velkyntur fjær og nær, og öllum viðskiftamönnum að drenglyndi kunnur.

HerraEyjólfur Oleson kom heim í síðustu viku frá Nýja Íslandi. Hann lætur vel af líðan fólks þar. Fiskiafli ágætur norður á vatni. Færð verið þung, en brautir nú farnar að troðast og snjó rifið og krepjaði, svo hann hélt akfæri, vel sækjandi á vatninu.

Herra Thoroddur Halldórsson, Pine Valley, var hér á ferð um helgina er leið.

Íslenzki Liberal klúbburinn vann Íslenzka Conservative klúbbinn síðasta föstudagskveld. Spilað 18 borð, Conservativar fengu 99, en Liberalar 120.

Ungmennafélag Únítara er að undirbúa tvo smáleiki, sem það ætlar að leika um miðjan næsta mánuð. Leikirnir eru framúrskarandi skemtilegir, og félagið lofar að vanda undirbúninginn eftir beztu föngum. Nokkrum hluta ágóðans verður varið til hjálpar bágstöddu fólki. — Takið eftir auglýsingu í næsta blaði.

Stúdentafélagið hélt skemtifund síðastliðið laugardagskveld, eins og auglýst hafði verið. Þar var samankominn fjöldi af íslenzku námsfólki. Til skemtunar var: — ræður, söngur og hljóðfæraslátur. Blað það, er stofnað var í vetur í félaginu, var lesið upp og var gerður að góður rómur, að verðleikum. Tilgangur blaðs þessa er að flytja greinar og kvæði, ásamt fleiru til skemtunar og fróðleiks. Skal það lesið upp á hverjum fundi. Þar mun oft mega vænta góðra skemtana og fróðlegra hugvekna, eins og þegar hefir raun á orðið. Auk þess, sem frá hefir verið skýrt, fóru fram veitingar og ýmsar skemtanir á eftir. Fundurinn var að öllu leyti hinn skemtilegasti.

Annaðkveld

(fimtudaginn 27. þ.m.) heldur stúkan Ísland samkomu í Únítarasalnum, eins og auglýst er á öðrum stað. Skemtanir verða góðar og fjölbreyttar: Ræður, einsöngur, hljóðfæraslátur, saga, upplestur, stuttur gamanleikur o.fl. Veitingar á eftir. Fólk ætti að fjölmenna á þessa samkomu.

Stúdentafélagið

heldur fund í Tjaldbúðarkirkju næstk. laugardagskveld. Byrjar kl. 8. — Þar fer fram kappræða sú, er auglýst var í síðustu blöðum. Efni hennar er þannig: "Ákveðið, að mannkynssagan sýni, að germönsku og skandinavisku þjóðirnar sýni meiri hæfileika en Forn-Grikkir sýndu". Þeir herrar Walter Lindal og Björn Hjálmarsson halda fram jákvæðu hliðinni, en Gordon Paulson og Jónas Jónasson þeirri neikvæðu. —Auk kappræðanna verður skemt með söng og hljóðfæraslætti. Allir Íslendingar fjær og nær eru boðnir og velkomnir á fund þenna. Þar gefst gott tækifæri til að sjá og heyra námsmanna og námsmeyja hópinn. — Aðgangur ókeypis, en samskot verða tekin.

Í KVELD

miðvikudag 16. þ.m.) verður hinn venjulegi hálísmánaðar fundur í Menningarfélagiau. Herra Hallur Magnússon flytur erindi á fundinum. Frjálsar umræðór á eftir. Allir velkomnir.

Íslenzki Liberal klúbburinn býður Íslenzka Conservative klúbbnum í kappspil næsta föstudagskveld kl. 8 í Goodtemplarasalnum á Sargent Ave. og McGee. Allir, sem taka þátt í Pedro-spilinu, þurfa að vera komnir kl. 8 síðd.

Séra Einar Vigfússon á bréf á skrifstofu Heimskringlu.

TIL SÖLU — Alveg nýtt Orgel fæst keypt með góðum borgunarskilmálum. Hkr. vísar á seljanda. — Nú er tækifæri, bregðið við strax.

Dánarfregn.

AðfarJnótt þess 20. jan. dó bændaöldungurinn Ólafur Thorsteinsson í Pembina. Velþektur og vellátinn. Mun getið síðar.

Kennara vantar

við Háland skóla No. 1227. Sex mánaða kensla, byrjar 15. april — skólafrí ágústmánuð, byrjar aftur 1. september. Umsækjendur tiltaki kauphæð oa mentastig. Umsóknir verða að vera komnar til undirritaðs fyrir 20. marz næstk.

Hove P.O., Man., 15. jan. 1910.
S. EYJÓLFBSON,
(4t) Sec.-Treas.

Áskorun

til Íslendinga á austurströnd Manitobavatns.

Af því okkur finst, að við Íslendingar séum á eftir öðrum þjóðflokkum með tillag til Almenna hospitalsins í Winnipeg, þá viljum við skora á landa okkar á austurströnd Manitobavatns, að taka sig nú til og safna samskotum fyrir þessa nauðsynlegu stofnun, og viljum við sérstaklega mælast til, að póstmeistarar og verzlunarmenn veiti slíkum samskotum móttöku, og sendi þau til íslenzku vikublaðanna, Heimskringlu og Lögbergs, í Winnipeg, ásamt lista yfir gefendur, sem við tresystum blöðunum til að prenta.

Við erum allareiðu búnir að safna Eitt Hundrað Dollars, og búumst við töluvert meiru, og kemur sá listi af gefendum út bráðlega.

Oak Point, Man., 20. jan. 1910.
PÁLL REYKDAL,
J. H. JOHNSON.

* * *

Samkvæmt framanritaðri áskorun, leyfir blaðið Heimskringla sér, að mæla sem bezt fram með þessum samskotum. Oss er kunnugt um, að Íslendingar í framannefndri bygð hafa notið athvarfs og hjálpar hjá General Hospital í Winnipe.
Ritstj.

Karlmanna Fjaðra-Skór.

Með flóka- eða Elkskinnssólum. Og með Rubber hælum. Skór sem hæfa þessari ártíð. Venjulegt verð er $4.00, $4.50 og $5.00. Sérstakt söluverð

$1.95

Ryan-Devlin Shoe Co
494 MAIN ST. PHONE 770.

NÝ ÍSL VERZLUN.

Herra A.S.Bardal keypti WINNIPEG PICTURE FRAME FACTORY" 595 Notre Dame Ave. fyrra föstudag, og ætlar að flytja það um 1. marz í búðina í stórhýsi sínu að 117 Nena St. Hr. E. Price hefir tekið að sér að stjórna verkstæðinu. Hefir hann mjög góða þekkingu á því verki, því að hann hefir stjórnað samskonar verkstæðum bæði í Nýja Sjálandi og á Englandi. Hefir hann góð meðmæli frá báðum þessum löndum. — Bardal býst við að selja sumt af vörunum, sem eru í búðinni, með mjög niðursettu verði í næstu viku. — Þeir, sem kynnu að vilja eignast ódýrar myndir, ættu að lita inn í búðina að 595 Notre Dame Ave. þessa dagana. Þar eru margar myndir, sem freista áhorfenda til kaupa og hengja á veggi í fallegu húsunum til skrauts.

Ársfundur

Fyrsta Únítarasafnaðarins í Winnipeg verður haldinn sunnudaginn þann 30. janúar næstk. í kirkjunni að aflokinni messu. Þá verða lagðar fram skýrslur um starf safnaðarins á liðna árinu og kosin safnaðarnefnd fyrir næsta ár.

Áríðandi að þessi fundur verði vel sóttur.

J. B. SKAPTASON,
forseti.

Bændafélags fundur

verður haldinn í Geysir skólahúsi laugardaginn 29. jan. 1910. Fundurinn byrjar kl. 8 e.m. Áríðandi, að sem flestir séu viðstaddir.

Geysir, Man., 13. jan. 1910.
J. PÁLSSON,
Sec. & Treas.

Fjós, 8x10 að stærð, fæst keypt með sanngjörnu verði að 573 Simcoe Street.

ESTHER.

Söngflokkur fyrsta Lútersku safnaðar heldur

SAMSÖNG

mánudagskveldið 14. febr. næstk., í fyrstu Lútersku kirkjunni hér í borginni.—

SUNGIÐ VERÐUR

QUEEN ESTHER

(CONTATA).

hin frægu söngljóð, úr efni Estherbókar, í ein- tví- þrí- og fjórröddaðum söngvum. Söngflokkurinn fjölmennur

Byrjar klukkan 8.

INNGANGUR 35c
Börn 6 til 12 ára 25c

P.S.—Takið eftir skýringu á efni ljóðanna á öðrum stað í þessu blaði.

I.O.G.T.

Systurnar í stúkunni HEKLU bjóða öllum íslenzkum Goodtemplars, ungum og gömlum, til kaffisæmsætis á næsta fundi 28. þ.m. Þá fer einnig fram kosning embættismanna fyrir næstkomandi ársfjórðung. B.M.

STAKA.

Alt er jafnt þá öllu lýkur,
Enginn munur er að sjá.
Egginn snauður, enginn ríkur, —
Ávalt torfan hylurná.

Hjörtur Guðbrandsson.

KENNARA VANTAR

til Laufás S. D. yfir 3 mánuði frá 1. april. Tilboð, sem tiltaki mentastig ásamt kaupi, sendist undirrituðum fyrir 28. febr. næstkomandi.

Geysir, Man., 8. jan. 1910.
B. JÓHANNSON.

STAKA

Árni á Króknum*) kynti bál,
Kappi að smíðum hraður.
Eldþrunginn við steðja og stál
Stóð þar landnámsmaður.

Guðm. Sigurðsson.

*) Sauðárkrókur. Höf.

Almanakið 1910

er útkomið og verður sent umboðsmönnum til sölu eins fljótt og hægt er.

AÐAL-INNIHALD ÞESS ER: —Mynd af Almannagjá. — Gísli Ólafsson, með mynd. Eftir F.J.B. — Mynd af íslenzkri baðstofu. — Hvað er föðurlandið? — Íslenzkur Sherlock Holmes. Saga. Eftir J. M. Bjarnason. — Safn til landnámssögu Ísl. í Vesturheimi. I. Álftavatnsbygð. Eftir Jón Jónsson frá Sleðbrjót. — Skógareldurinn. Sönn saga hetjuskapar og mannrauna. Blaðsíða úr lífsbók hinna harðsnúnu frumbúa Norðvesturlandsins er orðið hafa á hinum voðalegu vegum skógareldanna. Jón Runólfsson þýddi. — Helztu viðburðir og mannalát meðal Ísl. í Vesturheimi, — og margt fleira smávegis, — 118 blaðsíður lesmál.

Kostar 25 cent.

Pantanir afgreiddar strax.

O. S. Thorgeirsson,
678 Sherbrooke St., Winnipeg
Talsími 4342.

KAUPIÐ af þeim og verzlið við þá sem auglýsa starfsemi sína í Heimskringlu og þá fáið þér *betri* vörur með *betra* verði og *betur* útilátnar.

DR. H. R. ROSS

C.P.R. meðala- og skurðlækuir.
Sjúkdómum kvenna og barna veitt sérstök umönnun.
WYNYARD, — SASK.

Dr. M. Hjaltason, Oak Point, Man.

Jóhanna Olson
PIANO KENNARI
557 Toronto St. Winnipeg

Anderson & Garland,
LÖGFRÆÐINGAR
35 Merchants Bank Building
PHONE: MAIN 1561.

MARTYN F. SMITH,
TANNLÆKNIR.
Fairbairn Blk. Cor Main & Selkirk
Sérfræðingur í Gullfyllingu og öllum aðgerðum og tilbún aði Tanna. Tennur dregnar án sársauka. Engin veiki á eftir eða gómbólga. —
Stofan opin kl. 7 til 9 á kveldin
Office Phone 6944. Heimilis Phone 6462.

Þarft þú ekki að fá þér ný föt?

EF ÞAU KOMA FRÁ CLEMENT'S, — ÞÁ VERÐA ÞAU RÉTT

Réttur að efni, réttur í sniði réttur í áferð og réttur í verði.

Vér höfum miklar byrgðir af fegurstu og beztu fataefnum. —

Geo. Clements & Son
Stofnað árið 1874
264 Portage Ave. Rétt hjá FreePress

Th. JOHNSON
JEWELER
286 Main St. Talsími: 6606

JOHN ERZINGER
TÓBAKS-KAUPMAÐUR.
Erzinger's skorið reyktóbak $1.00 pundið
Hér fást allar neftóbaks-tegundir. Óska eftir bréflegum pöntunum.
McINTYRE BLK., Main St., Winnipeg
Heildsala og smásala.

G. NARDONE
Verzlar með matvöru, aldini, smá-kökur, allskonar sætindi, mjólk og rjóma, sönnul. tóbak og vindla. Óskar viðskifta Íslend. Heitt kaffi eða te á öllum tímum. Fón 7756
714 MARYLAND ST.

Boyd's Brauð

Góð brauð eru ódýrari en vondbrauð. Það getið þér sannfærst um með því að reyna brauð vor. Þau þorna ekki eins fljótt og lakari brauð. Gerð úr valdasta hveiti og geyma í sér svo mikil næringarefni sem möguleegt er að fá. Þau eru keirð heim á hvert heimili. —

Boyd's

Bakery Cor. Spence & Portage Ave
Phone 1080.

Winnipeg Wardrobe Co.

Kaupa brúkaðan Karla og Kvenna fatnað,—og borga vel fyrir hann.

Phone, Main 6539 597 Notre Dame Ave.

BILDFELL & PAULSON
Union Bank 5th Floor, No. 520
selja hús og lóðir og annast þar að lútandi störf; útvegar peningalán o. fl.
Tel.: 2685

Jónas Pálsson,
SÖNGFRÆÐINGUR.
Útvegar vönduð og ódýr hljóðfæri.
460 Victor St. Talsími 6803.

J. L. M. THOMSON, M.A., L.L.B.
LÖGFRÆÐINGUR. 255½ Portage Ave.

Dr. G. J. Gislason,
Physician and Surgeon
Weltington Blk. - Grand Forks, N.Dak
Sjerstakt athygli veitt AUGNA, EYRNA, KVERKA og NEF SJÚKDÓMUM.

Húðir og ógörfuð Loðskinn

Verzlun vor er vor bezta auglýsing. Sendið oss húðir yðar og loðskinn og gerist stöðugir viðskiftamenn.
Skrifið eftir verðlista.

The Lightcap Hide & Fur Co., Limited
P.O.Box 1092 172-176 King St Winnipeg
16-9-10

W. R. FOWLER A. PIERCY.

Royal Optical Co.
307 Portage Ave. Talsími 7286.
Allar nútíðar aðferðir eru notaðar við augn skoðun hjá þeim, þar með hin nýja aðferð, Skugga-skoðun, sem gjöreyðir öllum ágiskunum. —

It's going UP.

Þú getur ekki búist við

að það geri annað en eyðast í reyk. Því ekki að fá nokkur tons af okkar ágætu kolum, og hafa ánægjuna af, að njóta hitans af þeim, þegar vetrarkuldarnir koma. Komið til vor og nefnið þetta bl.

D. E. ADAMS COAL CO.
YARDS Í NORÐUR, SUÐUR, AUSTUR OG VESTURBÆNUM
Aðal Skrifst.: 224 BANNATYNE AVE.

CONCERT and DANCE

West-Winnipeg Band
S. K. HALL, Conductor.
ASSISTED BY
OLGA SIMONSON,
VIOLINIST.
Good Templars Hall, CORNER SARGENT AND McGEE
MONDAY EVENING FEBRUARY 7th, 1910
COMMENCING AT 8.30. TICKETS 35c.

Heimskringla.

XXIV. ÁR | WINNIPEG, MANITOBA, FIMTUDAGINN, 3 FEBRÚAR 1910 | NR. 18

Fregnsafn.

Markverðustu viðburði hvaðanæfa

Í Nýja Sjálandi hefir fundist höfuðkúpa af manni, sem uppi hafi verið áður enn nokkurar sögur byrjuðu, og á svo lágu mannkynsstigi, að það hefir ekki verið mönnum kunnugt enn þá. Vísindamenn í Nýja Sjálandi og Ástraliu eru önnum kafnir að skoða hufuðskelina í krók og kring, og vísindamenn í Ameriku standa á öndinni yfir undrum þessum. Höfuðkúpan nær litið upp fyrir augnatóftir. — Vísindamennirnir halda, að hún hafi geymst í jörðu um 4,000 ár.

— Prófessor Frainkel, sem er þýzkur sérfræðingur í berklafræði, segir að tæringarveiki verði horfin eftir 40 ár hér frá. Að vísu verði hún finnanleg á víð og dreif meðal mannkynsins, en hún verði þá alls ekki ríkjandi í hættulegu veldi, sem nú á dögum. Hann kveðst að nokkru leyti byggja umsögn sína á þjóðskýrslum. Fram að 1886 hafi 32 persónur af hverjum 10,000 dáið úr tæringu á Prússlandi. En við vaxandi þekkingu á berklafræðinni og umbætur á aðhlynningu sjúklinganna, sem dr. Cook sé frumhafi að, hafi dauðsföll tæringarveikra fallið ofan í 21 af 10,000 árið 1900. Árið 1908 hafi dauðsföllin fallið af í 16 af 10,000.

— Það hefir verið kunnugt, og oft um það talað, að börn á Rússlandi fremdu sjálfsmorð, en það hefir ekki verið jafnmikið talað um sjálfsmorð barna á Þjóðverjalandi. Eftir skýrslum um mál þetta, hafa 400 börn á Rússlandi framið sjálfsmorð árið 1907, en á Þjóðverjalandi 600 sama ár. Öll hafa þau verið neðan sextán ára aldurs. Langflest af þeim hafa verið á barnaskólum. Barnaskólakensla er hörð og þung fyrir nemendurna á Þýzkalandi, og er haldið, að hún yfirbugi lífslöngunarjafnvægi barnanna.

— Það er staðhæft á Englandi, að jarlinn af Carrington verði eftirmaður Greys landstjóra, sem nú er í Canada.

— Ein af þremur stærstu silfurnámum í heimi er í South Wales í Ástralíu. Hún er í héraði því, sem heitir Broken Hill. Úr henni fæst árlega kring um 40 miljónir lóða af silfri, fyrir utan kopar, tin og gull og aðra málma. Þar sem silfrið er mest, er það 95 hundruðustu. Fátækur Þjóðverji fór til Ástralíu 1869. Árið 1884 var hann landamerkjavörður, og átti ennþá erfiða daga. Hann hét Karl Rasp. Þar sem hann ferðaðist um, tók hann eftir steinum, sem kallaðir voru járnsteinar. Hann var ekki jarðfræðingur og ekki steinafræðingur, og sízt af öllu námafræðingur. Honum hugkvæmdist, að í steinunum væri tin í staðinn fyrir járn, eftir hörkunni að dæma. — Hann hefir áefað verið vel máli farinn, því hann myndaði námafélag á stuttum tíma, og fékk fé til að byrja með. Áður hafði hann valið sér námutök, með því að leggja hellur í hvert horn, því menn taka sér ekki námureiti þar með hælreki, sem viðast er algengt. Hann byrjaði með sex mönnum og var hinn sjöundi sjálfur, og voru félagar hans allir bjarðmenn eins og hann sjálfur. Hver hlutur var tíu shillingar. Kaupgjald handa þeim öllum átti ekki að fara fram úr $35 um vikuna. Þeir mældu sér sjö hellumerkta námareiti, og byrjuðu á námagreftri. Félagið var skýrt :— "Broken Hill Proprietary Mining Company". Áhaldalausir, búandi við ill samgöngufæri, máttu þeir til að selja nýrri tíma námafélagi fjórtánda hlutann af námunum og síðar tuttugasta og áttunda hlutann. Ekki vissu félagarnir, að aðrir málmar væru í námum þeirra enn tin, zink og kopar, þangað til 1889, að það kom í ljós, að þar voru afar auðugar silfurnámur. Eftir 25 ár frá námatöku, voru námurnar orðnar þær auðugustu silfurnámur, sem unnar eru nú í dag. Í Broken Hill námunum vinna ennþá 6000 námamenn, fyrir utan fjölda verkamanna, sem vinna að hreinsuninni í Port Pirie.

— Páfinn í Rómaborg liggur á bænum, og biður guð grátandi að miskuna Parísarbúum. Hann segir, að flóðið sé sent af guðs forsjón, að hegna þjóðinni fyrir fráhvarf hennar frá heilagri kirkju.

— Barún Otto Orban, stórlandeigandi í Vienna, ætlaði nýlega að ríða gegn um skóginn Transylvanía. Úlfar veittust að honum á leiðinni, svo að reiðskjótinn fældist og barúninn féll af baki, og úlfarnir átu hann upp til agna.

— Sagt er, að barún Emil Karl von Mueller sé nýtekinn til fanga í Los Angeles fyrir margkvæni. Hann á að hafa gifst 50 konum á síðustu 10 árum. Hefir flekað fé af þeim öllum og strokið síðan frá þeim. Ein af þeim lét taka hann til fanga, og ber þessar kærur á hann.

Flóðið í París.

Eins og getið er um í síðasta blaði var flóð mikið í Parísarborg. Því hefir haldið áfram síðan. Hefir það valdið stórskemdum. Byggingar hrunið og margt fólk farist. Fjöldi fólks hefir yfirgefið hús og eignir og flúið burtu til að forða lífinu. Brýr, sem stýfluðu flóðið, hafa verið sprengdar með dynamit. Á föstudaginn var unnur 100,000 verkamenn að því, að forða þeim hluta borgarinnar, sem stóð í mestri hættu. Vélastjórar og verkstjórar hafa vakað dag og nótt, þar til þeir hafa hnigið aflvana og meðvitundarlausir niður. Búist við, að hin mikla bygging, Palace de l'Opera, falli þá og þegar. — Flóðið hefir sprengt skurði neðanjarðar á mörgum stöðum, og grafið undan undirstöðum byggginga og stræta. Mesta hættan sem stendur, er í hinu gamla latneska hverfi borgarinnar. Á mánudaginn hrundi Palace Concordes gang- og akvegir, og svelgdi flóðið bæði fólk og hesta, sem þar var statt. Veður hefir verið sárkalt. 300,000 hermenn kallaðir út á vörð. Ræningjar og óþjóðalýður skotinn niður, í þeim hluta borgarinnar, sem íbúarnir hafa flúið. Herliðið hefir skipanir, að hlífa engum af þeim gestum. Vonast eftir, að flóðið vari ekki mjög lengi fram úr þessu en fari smáfjarandi.

Á sunnudaginn var fór flóðið í Parísarborg að réna. Það lækkaði strax sumstaðar um 14 þuml., en hækkaði í útjöðrum. Veður var ágætt og loftmælirinn þar hættur að spá rigningu, og vonir um, að flóðið sé yfir. En réni það ekki hraðara en hér er sagt, verður fljótið Seine ekki hjaðnað ofan í sinn vanalega farveg fyrri en undir miðjan febrúar.

Flóðið hefir gert og gerir enn ómetanlegar skemdir á öllum mannvirkjum ofan og neðanjarðar í borginni. Það hefir sprengt saurrennur borgarinnar, grafið undirstöðu undan byggingum og strætum, eyðilagt allan fjarska af byggingum og innanhússmunum. Fimm eða sex stóreflis brýr hafa verið sprengdar af fljótinu, til að veita því sem greiðasta framrás. Enginn veit enn þá, hvað margt fólk og gripir hafa farist í flóðinu. Enginn veit um, hvað margir þjófar og ræningjar hafa verið skotnir í kring um auðar og yfirgefnar byggingar.

Í útjöðrum borgarinnar er vatnið upp á annað lyfti, og sumstaðar húkir fólkið á húsþökum og kemst hvergi.

Fyrir utan alt þetta, þá er ennþá eitt ótalið, sem til sögunnar kemur, þá flóðið rénar, og sem er það óttalegasta af öllu : Það er lítill efi á, að drepsótt gýs upp í borginni. Vatnið úldnar, lík og dýraskrokkar liggja í dýkjunum í þúsundatali. Flóðið hljóp í líkhvelfingarnar (Catacombes), eins og gefur að skilja, og út úr þeim veit enginn hvað mikið er flotið. Læknaráð Frakklands situr á ráðstefnu nótt og dag, að ræða um mál þetta. En hvað er hægt að gera? Allir skurðir og saurrennur í borginni eyðilagt og saman fallið og ekkert úrrensli, svo mögulegt sé að þvo borgina, svo að nokkru ráði og gagni komi, fyrri en eftir langan tíma.

Annara þjóða auðkýfingar og spjátrungar, sem svallað hafa tímum saman í Parísarborg, finustu borg heimsins, tína saman pjönkur sínar, og komast ekki eins fljótt burtu eins og þeir óska. Kveðja nú hvorki "kong né prest", "spilakompur né dansmeyjar" sínar. — Einkum kvað vera asi mikill á Bandaríkjamönnum, og þeir einna ötulastir, að komast út úr þessari Sódóma með einhverjum ráðum.

Borgin hefir verið ljósalaus um lengri tíma, því allar aflstöðvar eru ónýttar og eyðilagðar.

Páfinn hefir beztu vonir um, að Guð bænheyri sig og tortími ekki borgarlýðnum, sem hann telur vafalaust að Guð hafi haft í hyggju að gera, fyrir þverúð og stórsyndir landslýðsins með alneitun hinnar katólsku kirkju sem ríkiskirkju. Úr afskiftum guðlegs kraftar má máske of mikið gera. En engum vafa er það undirorpið, að þó Parísarborg hafi verið fáguð og björt, glysgjörn og töfraudi að utan, þá hefir hún að mörgu leyti að innan líkst dauðra manna gröfum.

— Sagt er, að flóð sé að byrja á Ítaliu. Fljótið Arno flóir yfir bakka sína og ber fram gripi og trjávið. Þetta er nálægt borginni Florence. Talsímar og ritsímar eyðilagðir, lestagangur og samgöngur hættar. Enn ekki hægt að segja, hvað flóð þetta verður stórfengilegt eða gripur yfir stórt svæði. Rigningar, snjóleysing og ofsastormar valda flóðinu. Í Napples hafa ofviðri valdið stórskemdum á vegum. Sjór gengur langt á land upp. Einnig hafa skemdir miklar orðið í Messina. Kofar, sem fólk í jarðskjálftaplássunum hafði flúið í, eru nú vatni flotnir. Svo er bleytan og leðjan mikil, að þar er naumast fært gangandi fólki.

Kosninga-úrslit.

Eftir að frétta úr 3 kjördæmum á Bretlandi. Kosningaúrslit þannig : —

Liberals	274
Conservative	271
Labor	40
Nationalists	82

Stjórnin heldur því völdum, að minsta fyrst um sinn. Þessir 40 verkamanna þingmenn fylgja henni og Nationalists líka fyrst um sinn, þar til að útséð er annaðhvort að stjórnin efnir loforð sín um heimastjórn á Írlandi, eða svíkur þau. Geri hún hið síðara, er hætt við, að Írar verði henni ekki fylgispakir til lengdar.

Íslands fréttir.

Lögrétta nýkomin segir : —

Magnús Blöndahl alþm. kvað nú vera oltinn úr framkvæmdarstjóra stöðunni hjá Völundi, margt sagt um afreksverk hans fyrir það félag. —— Honum óhaldið heiðurssamsæti enn.

Milli Jóla og Nýárs kom marahláka eftir hörð frost.

Dönsku bankamennirnir fóru heimleiðis með Vestu rétt um Jólin, að loknu starfi í Landsbankanum. Ekkert kváðust þeir láta uppi um starf sitt við nokkurra aðra menn en Landmándsbankastjórnina, gerði hún þá hvað henni lítist, að birta árangurinn opinberlega eða ekki. Menn bíða átektanna.

Mjög mikið kvartað um lata afgreiðslu í Landsbankanum. Sérvizka og skriffinsku vöflur ganga úr hófi. Óánægja gerist almenn yfir viðskiftareglu. Dæmi, að menn hafa hlotið að bíða 6 daga eftir afgreiðslu á smáviðskiftum. Búist við, að Björn Sigurðsson kippi þessu í lag, þá drottinn sendir hann upp í örkina, hvað á að ske um nýárið.

Skagfirðingar og ráðherrann. Þingmenn Skagfirðinga hafa boðað til þingmálafundar á Sauðárkrók þ. 8. janúar, til þess að ræða um aðgerðir ráðherrans í Landsbankamálinu. Í fundarboðinu segir, að borin verði fram tillaga þess efnis, að skora á ráðherra, að stofna til aukaþings (sjá þjóðviljann 24. des. 1909).

Báðir þingmenn Skagfirðinga, sem kunnugt er, eru meirihlutamenn, og yrði það ekki ósómasamlegt fyrir kjördæmi þeirra, ef þar yrði fyrst skorin upp herör innan meirihlutaliðsins, gegn stjórnarfari Björns Jónssonar.

Úr Skagafirði skrifað snemma í des. f.á.: Tíð hin bezta, góður fiskiafli á Sauðárkrók, næg hafsíld til beitu. — Ráðherra vittur fyrir burtrekstur bankastjóranna Briems og Kr. Jónssonar.

Frægur skólapiltur.

Jóseph Thorson, sem mynd hefir áður komið af í Heimskringlu, hlaut Rhodes háskólaverðlaunin, að úrskurði Manitoba skólaráðsins, þann 28. janúar síðastliðinn. Það eru sömu verðlaun og Skúli Johnson hlaut í fyrra, og sem

Jóseph T. Thórson.

stundar nú nám við Oxford háskólann á Englandi.

Jóseph Thorson er sonur Stefáns Thorson hér í borg. Pilturinn er víst fæddur hér í Winnipeg, og er víst fæddur hér í Winnipeg, og er nú um tvítugtj Hann gekk fyrst á Carlton barnaskólann til undirbúnings, síðan á Winnipeg Collegiate. Hann gekk inn í Manitoba College fyrir 3 árum. Honum hefir gengið námið þar afbragðsvel, og eftir að eins 4 ára skólanám, sem þó ekki er úti fyrri en næsta vor, hefir skólaráðið veitt honum hærstu verðlaun fyrir lærdóm og gáfur. Enda er það að maklegleikum, því Thorson hefir fengið hærri einkunir í öllum greinum yfirleitt en nokkur annar piltur á Manitoba háskólanum síðan sá skóli byrjaði.

Thorson er einnig íþróttamaður mikill, og hefir sýnt það oftar en í eitt skifti, bæði fyrir hönd skólans og annara félaga. Hann er einnig mælskumaður og vann fyrstu verðlaun fyrir kappræðu annan vetur sinn á Manitoba skólanum, og fyrstu verðlaun fyrir mælsku á þriðja skólavetri þar. Hann hefir verið málsvari þess skóla á móti háskólanum í North Dakota. Hann er forseti University Debating Union, og forseti bókmentafélags Manitoba skólans. Hann er viðurkendur sem vellærður maður, og tilheyrandi fleiri félögum, sem bókmentir stunda, og í metum hvevetna.

Hann fer til Oxford háskólans næsta haust, og þegar hann hefir lokið námi sínu þar, er mælt að hann muni stunda lög hér í Winnipeg.

Mikill fróðleikur.

Árbókin 1909, sem "Bureau des Longitudes" hefir fyrir nokkru síðan gefið út, flytur ýmsan fróðleik.

Um heimsálfurnar segir hún : Evrópa er 10,100,000 ferhyrnings kílómetrar að stærð, með 437 miliónum íbúa, eða 43 manneskjur á hverjum ferh. km. Afríka er 31,500,000 ferh. km., með 126 miliónum íbúa, eða að eins 4 menn á hverjum ferh. km. Asía er 41,600,000 ferh. kílóm., með 875 miliónum íbúa, eða 21 mann á hverjum ferh. km. Ástralía er 11,000,000 ferh. km., með 51 milión íbúa, eða 4—5 menn á hverjum ferh. km. Jafn þétt ábúð er í Norður-Ameríku með 116 miliónir íbúa á 26 mil. ferh. km. Suður-Ameríka hefir 2 menn á hverjum ferh. km., hún er 18,500,000 ferh. km. að stærð, með 45 miliónum íbúa.

Veraldarhöfin þekja 374,200,000 ferh. km. Af því tekur Kyrrhafið á sitt bak 170 miliónir og Atlants hafið 100 miliónir. Heimsálfurnar fimm, ásamt vötnum sínum og ám, þekja 138,700,000 ferh. km. Eftir því verður yfirborð jarðarinnar sem næst 513 mil. ferh. km., og fólkstalan 1650 mil. manneskjur

Stærstu ríkin eru (að meðtöldum nýlendunum) Brezka ríkið með 34,534,800 ferh. km., rússneska ríkið með 22,392,000, Kína með 11,383,000, Frakkland með 10,904,000, Bandafylkin með 9,691,000, Brasilía með 6,055,000, þýzka ríkið með 3,199,000, Argentína með 2,686,000, Belgía (og Kongo) með 2,412,000, Danmörk (ásamt Íslandi, Færeyjum og Grænlandi) með 2,345,000, Portúgal með 2,171,000, og Holland með 2,079,000 ferh. km.

Að því er íbúatölu ríkjanna snertir, er enska ríkið nr. 1 með 403 miliónir, Kína með 350 mil., rússneska ríkið með 152 miliónir, Bandaríkin með 90 mil., Frakkland með 81, þýzkaland með 78, Japan (og Kórea) með 62, Austurríki og Ungverjaland með 50, Holland með 44, tyrkneska ríkið með 38, Ítalía með 36, Belgía (og Kongo) með 37, og spænska ríkið með 20 miliónir íbúa.

Miliónaborgir heimsins eru : — London 7,021,000 (190), New York 4,113,000 (1906), París 2,763,800 (1906), Chicago 2,049,000 (1906), Berlín 2,040,000 (1905), Wien 2,000,000 (1907), Tokio 1,489,000 (1903), Philadelphia 1,442,000 (1906), St. Pétursborg 1,429,000, Moscow 1,359,000 (1907), Konstantínópel 1,106,000, Buenos Ayres 1,048,000 (1906), og Peking 1,000,000.

Hæstu fjöll heimsins eru : Í Asíu Mount Everett 8,840 metrar, í Ameríku Aconcagua 7,040 metrar, í Afríku Kilimandscharo 6,010 m., í Evrópu Elbruz í Kákasus 5,629 m. og Montblanc 4,810 metrar.

Lengstu fljótin eru : Í Afríku Nil 6,400 kilómetrar, í Ameríku Amazonain 5,500 km., í Asíu Jennissei 5,500 km., og í Evrópu Volga 3,400 kilómetrar.

Stærsta vatnið er í Afríku. það er Victoria Nyanza, 83,300 ferhyrningskilómetrar að stærð.

Þorrablót eitt enn.

Winnipeg Íslendingar væru dauðir úr öllum æðum, ef ekki héldi þeir enn álíka miðsvetrarsamkvæmi og undanfarin ár.

Enda var enginn friður að Kristnesi, en stöðugt barið að dyrum og spurt : Hvað er um þorrablót? Á ekki að verða þorrablót? Blessaður Helgi, láttu það ekki farast fyrir.

Og þó Helgi sé farinn að letjast nokkuð og hafi eigi ávalt fengið þökk sem skyldi, lét hann tilleiðast að lokum, og lætur nú þau boð út ganga, að veglegt þorrablót skuli haldið 16. Febrúar í Manitoba höll, og allir Vestur-Íslendingar skuli þangað velkomnir.

Það verða ræður fluttar yfir borðum eins og áður og mælt fyrir minnum, en sum helztu skáld vor yrkja dýran óð til að gera daginn minnisstæðan. Svo skemta menn sér með ræðum, söng, hljóðfæraslætti og dansi eins lengi og lystir í þessari ljósum prýddu höll.

Munu fáir vilja verða af með slíkan fagnað, heldur minnast þess enn, að "Íslendingar viljum vér allir vera", og senda fósturjörð sinni hlýjan hug og heitar kveðjur.

Komið allir, menn og meyjar, karlar og konur, og munið daginn —Imbrudaginn, 16. febrúar næstk.

HELGI.

OGILVIE'S

Royal Household Flour

Til Brauð og Köku Gerðar

Gefur Ævinlega Fullnæging

EINA MYLLAN Í WINNIPEG,—LÁTIÐ HEIMAIÐNAÐ SITJA FYRIR VIÐSKIFTUM YÐAR.

Áskorun

til Íslendinga á austurströnd Manitobavatns.

Af því okkur finst, að við Íslendingar séum á eftir öðrum þjóðflokkum með tillag til Almenna hospítalsins í Winnipeg, þá viljum við skora á landa okkar á austurströnd Manitobavatns, að taka sig nú til og safna samskotum fyrir þessa nauðsynlegu stofnun, og viljum við sérstaklega mælast til, að póstmeistarar og verzlunarmenn veiti slíkum samskotum móttöku, og sendi þau til íslenzku vikublaðanna, Heimskringlu og Lögbergs, í Winnipeg, ásamt lista yfir gefendur, sem við tresystum blöðunum til að prenta.

Við erum allareiðu búnir að safna Eitt Hundrað Dollars, og búumst við töluvert meiru, og kemur sá listi af gefendum út bráðlega.

Oak Point, Man., 20. jan. 1910.

PÁLL REYKDAL,
J. H. JOHNSON.

* * *

Samkvæmt framanritaðri áskorun, leyfir blaðið Heimskringla sér, að mæla sem bezt fram með þessum samskotum. Oss er kunnugt um, að Íslendingar í framannefndri bygð hafa notið athvarfs og hjálpar hjá General Hospital í Winnipe.

Ritstj.

Misprentast hefir vísa þessi í síðasta blaði Hkr.:

Alt er jafnt þá öllu lýkur,
Engan mun er þar að sjá.
Enginn snauður eða ríkur
Úr því Moldin hylur ná.

Hjörtur Guðbrandsson.

TIL SÖLU — Alveg nýtt Orgel fæst keypt með góðum borgunarskilmálum. Hkr. vísar á seljanda. — Nú er tækifæri, bregðið við strax.

Wall Plaster

Með því að venja sig á að brúka "Empire" tegundir af Hardwall og Wood Fibre Plaster er maður hár viss að fá beztu afleiðingar.

Vér búum til :

"Empire" Wood Fibre Plaster
"Empire" Cement Wall "
"Empire" Finish "
"Gold Dust" Finish "
"Gilt Edge" Plaster of Paris
og allar Gypsum vöruutegundir. —

Eiqum vér að senda yður bækling vorn ?

MANITOBA GYPSUM CO. LTD
SKRIFSTOFUR OG MILLUR I
Winnipeg, - Man.

Heimskringla

Published every Thursday by The Heimskringla News & Publishing Co. Ltd

verð blaðsins í Canada og Bandar. $2.00 um árið (fyrir fram borgað). Sent til Íslands $2.40 (fyrir fram borgað af kaupendum blaðsins hérlendis $1.50)

B. L. BALDWINSON
Editor & Manager

Office:
729 Sherbrooke Street, Winnipeg.
P.O. BOX 3083. Talsími 3512.

Andvökur.

Ljóðabækur eftir Stephán G. Stephánsson. Reykjavík. Kostnaðarmenn: Nokkrir Íslendingar í Vesturheimi. 1909.

Andvökur eru þrjár bækur. Tvær tru komnar hingað. Sú síðasta eða halinn er eftir austur á Íslandi ennþá (enda er nú halastjörnu-vetur mikill!) Hún á að birtast hér vestra í vor.

Mikið er búið að tala og rita um þessar ljóðabækur. Blöðin Heimskringla, Lögberg og Breiðablik hafa hlaðið þær lofsorði og málað upp höfundinn með afburðahóli. Heimskringla byrjaði. Sagði ekki mikið um bókmentagildi ljóðmælanna, en mintí væntanlega kaupendur bókanna á skáldalofið, sem höf. hefði fengið, og sem hann á, yfirleitt, skilið. Lögberg fór mjúkum orðum um málskraft, djúpsyndi og ættjarðarást höfundarins, en hlífðist við þungri gagnrýni. Fyrirlesturinn, sem síðar var prentaður í Breiðablikum, er ein samanhangandi lofdýrð. Þeir, sem heyrðu hann fluttan og þeir, sem hafa lesið hann á prenti, finst fátt um hann, eftir því sem ég hefi heyrt og verið sagt. Stephani er eflaust svo varið, sem hverjum skynsömum manni, að hann ætlast til að njóta sannmælis og sanngirni, en kærir sig óliklega um fagurgala upp fyrir alt, sem var og er, í íslenzkum bókmentum. Það oflof snýst um og verður að ömurlegu háði, þótt meiningin hafi átt að vera bróðurkærleiki og hjartagæzka.

Bækurnar eru í bandi, um 650 bls. báðar. Frágangur í góðu meðallag, þó móti fyrir prentun víðast gegn um blöðin. Prentvillur nokkurar, þó ekki stórbagalegar. Vandaðri frágangur var á "Ferð og flugi", sem Jón Ólafsson annaðist um útgáfu á fyrir hér um bil 10 árum.

"Andvökur" eru í dumbrauðu léreftbandi, með gyltum nöfnum bóka og höfundar. Þess vegna svipdökkur. Manni finst þessi litur næstum minna á vota flagjörð á hausttíma, þá himininn er þrunginn garrabólstrum, og allra veðra von er í nánd. Tilkomumeira hefði verið, að hafa mynd á léreftinu af Klettafjallunum, bæ skáldsins, láta það koma út að morgni og skygnast til veðurs, þá árdegisroði er að hverfa úr djúpum dölum, en sólgiltir tindar gnæfa himni viður. Umbúðirnar hefðu orðið kostbærari, en átt miklu betur við andlegt sjónarsvið höf., og innihald ljóðmælanna. Sama um bækur sem menn, að búningurinn mælir stórum með, ef smekklegur er. Sá búningur mundi öllum hafa geðjast, og sjálfsagður skáldsins vegna, því St.G.St. er nú almennt kallaður "Stephán Fjallaskáld" eða "Fjallaskáld".

Stephán er þektur fyrir mörgum árum sem skáld, — frumlegur, sérfari, hugsanadjúpur, með fjallaloft í kring um sig. Hann hefir stundum tekið til sinna ráða, sem málið áhrærir. Mörgum hefir ekki fallið við lífsskoðanir hans. Stafar það af því, að hann hefir ekki verið almennur trúmaður, þá mælt er á bibliunnar metaskálar. Hann hefir orkt um bibliuna, Guð og Krist, og trúna, skop og ádeilukvæði, en það hefir trúarsterku fólki ekki geðjast. Stephán er vítur, stórvirkur og kaldur, þegar hann ræðst móti því, sem honum er ógeðfelt. Heggur þá bæði hart og titt, og veitir meira af holundar og mergundarsárum, en rispum og smáskeinum. Enginn hefir lýst Stephani betur enn gamli Matthías, sem segir hann vitran, kaldan og strembinn, en skálda gersimi.

Stephán lætur á því bera allvíðast, að hann sé sjálfstæður og einn síns liðs í ljóðagerð, hæðnarðari og djúphygnari en önnur skáld. Í hans beztu kvæðum er alt þetta samkvæmt sannleika. Auðvitað getur enginn neitað því, sem skyn ber á skáldskap, að skáldskapur hans er misjafn, sumt hálfstaglað, teygt sundur og saman. Hljómfagurt rim og form eru víða hjá skáldinu, en mörg þau kvæði eru léttmetislegri, enn þau, þar sem rímið og hættirnir eru stirðari, nema þegar hann fjallar um söguljóð, s.s.: Illuga-drápa, og Hervör á haugi Angantýrs. Óefað er hið fyrrnefnda eiithvert það allra bezta, sem skáldið hefir orkt út af sögum vorum, og eru söguljóð hans öll prýðisvel af hendi leyst.

Það tekur oflangan tíma og rúm í vikublaði, að fara að eltast við skáldskapargildi kvæðanna. Sum kvæðin eru í fremstu röð í fleiri aldir. Þau minna lesarann á þá Bjarna og Grím Thomsen, það sem hreim og málfæri áhrærir, vit og kjarna-hugmyndir. Manni mætti samt koma til hugar, að sum kvæðin hefðu vel mátt vera óprentuð. Þó þau séu ekki í lélegasta lagi, þá er þess að gæta, að úrvalskvæði skáldsins eru svo mörg og stór, að þau mundu meir en nægja honum að ná nafninu: "Stephán Fjallaskáld". En þar sem hann hefir selt eða gefið öðrum útgáfuréttinn, þá má það vel vera, að þeir menn hafi óskað eftir að fá vissa arkatölu og stærð af ljóðmælum hans, á því tímabili, sem þessi kvæði hans ná yfir. Það má álitast nokkurn veginn nær sanni, að úrvalsljóðStepháns hefðu getað rúmast í þeim 2 bókum, sem þegar eru prentaðar. Þar af leiðandi má álíta, að verð bókanna hefði getað verið þriðjungi lægra. Og þar sem sumum máske er nú um megn fram að kaupa alt verkið, þá hefðu þeir gjört sér að góðu að kaupa bækurnar fyrir jafnvel dálitið hærra verð enn þær tvær eru seldar, og þar af leiðandi hefði skáldverkið orðið ennþá útbreiddara enn ella. Reynslan sker úr þessu. Það kemur í ljós, hvort táp er í lofinu öllu, sem Stephani hefir verið sungið, af sérstökum flokkum hér vestan hafs og einstökum manni, eða fám mönnum austan hafs, þegar markaði er slitið á ljóðabókum þessum. Þeim, sem fátt segja, en standa "sem klettur úr hafinu", eru forsjálastir. Þeim er engin dýrð, sem guma og skjalla merkan mann, í eigingjörnum tilgangi, hvort sem eru nær eða fjær. Last er betra enn lof, hverjum vitrum manni. Af því þekkir hann sjálfan sig betur, og sína samtímismenn og mentun þeirra nánara. Staðreynd sögunnar sýnir, að þau mikilmenni, sem samtíðin hossar upp á hátind lofs og vegsemdar, þeirra ljós dvínar. Þeir, sem samtíðin rekur löðrunga og olnbogaskot, þeirra minning glæðist frá einni kynslóð til annarar. Öldungis sama hvert um skáldskap, pólitiskar stefnur, eða trúmál er að ræða.

En það má St.G.St. hugga sig við að beztu ljóð hans lifa langt fram um aldir. Þau eru orkt í íslenzkunnar anda, að megini. Kjarninn úr þeim geymist. Svo geymdust og brot úr ljóðum Íslendinga, sem Grænland bygðu, hjá Íslandi og niðjum þeirra, þótt ólíku sé saman að jafna, landnámi Íslendinga í Vesturheimi og Íslendinga á Grænlandi.

Ég stansa að einu, í sambandi við þessa útgáfu, sem er það, að ég hefi ekki séð ritdóm um þessi Ljóðmæli í auðstur-íslenzku blöðunum. Þó mega ritdómar hafa birst þar í blöðum, enn þó ekki margir, vegna þess, að ég les meginið af blöðum frá Íslandi. Ljóðmælin voru gefin út í Reykjavík, eins og kunnugt er, og eftirlitsmaður hédan að líta eftir útgáfunni. Þau eru eflaust vel auglýst á Íslandi og ódýrari þar, enn hér, svo þau ættu að vekja þar mikla eftirtekt. Guðmundur Friðjónsson á Sandi hefir af fremsta megni breitt út þekkingu skáldsins á Íslandi. Þegar alt þetta kemur saman, þá ætti salan og viðtökur ljóðmælanna, að reynast æðið góð á Íslandi, ef nokkur meining fylgir málum.

Þess væri óskandi, að salan gengi svo vel, að kostnaðarmenn fengju sína fyrirhöfn borgaða, og höfundurinn fengi afgang til styrktar för til ættlandsins. Þangað mun hann sárlanga að koma, áður enn dagar hans eru taldir.

Með virðingu og metum fyrir skáldinu.

K. Asg. Benediktsson.

Fimtíu ára hjónaband.

Grein sú og myndir, sem birtust í Heimskringlu 20. jan. þ.árs, hafa vakið eftirtekt og umtal. Margir eru blaðinu þakklátir fyrir að hafa tekið málið upp. Bæði fólk, sem að þeim gömlu hjónum stendur, og félagsskapur sá, sem þau voru meðal stofnenda að, munu nú þegar hafa hafist handa til að sýna þessum gömlu hjónum verðskuldaðan heiður. Er vel, ef það verður sýnt myndarlega.

ANNAD MÁL.

Íslendingar hér - Winnipeg halda samkomur í óða önn. Máske ekki meiri enn að venju, en óefað ekki færri. Það er ekkert að tala um það, þó að félög og kirkjur haldi samkomur, eða menn taki höndum saman fyrir nauðliðandi menn. Nú er maður hér í bæ, sem búinn er að liggja í rúminu um 3 ár. Hann var framan af legunni úti á landi. Hann var fluttur til bæjarins næstliðið sumar, og er hjá venzlafólki sínu, sem fæðir hann og hýsir fyrir ekkert. Maður þessi hefir verið undir læknishendi nú um langan tíma. Finst sér vera heldur að batna. Hann var aflaus neðan mittis, en er nú það betri, að hann getur hreyft tærnar og finst sér aukast styrkur hjá lækni sínum. Læknirinn er alúðarfullur maður, sem eðlilega þarf að fá einhverja þægð fyrir alla sína fyrirhöfn. En sjúklingurinn er allslaus. Þarna er tækifæri, að sýna sannan bróðurkærleika fyrir kærleikselskandi fólk. Hafið jafnan fátæka hjá yður. Það, sem þér gerið einum af þessum minstu, það gerið þér mér, sagði konungurinn frá Nazaret, og munu margir minnast þessara orða með viðkvæmni og vilja til hins góða.

Í haust sem leið hélt Únitarasöfnuðurinn í Winnipeg samkomu fyrir mann, sem líkt er staddur að heilsuleysi. Hún lánaðist svo vel, að inn komu yfir hundrað dalir. Það var góð hjálp fyrir sjúklinginn og hús hans, og söfnuðinum til sóma á allar greinar.

Nú er bæði brýn nauðsyn og tækifæri, að sýna veglyndi þessum umtalaða sjúkling, að hjálpa honum til að borga lækni sínum eitthvað. Heimskringla leggur þetta mál á dagskrá fyrir góða menn, og gefur allar nauðsynlega upplýsingar bæði einstökum mönnum og félögum, sem vilja hjálpa þessum sjúklingi, hvort heldur með samskotum einsstakra manna eða með samkomum.

Hjálpin þarf að koma fljótt.

Hefir Ísland mist okkur?

Þeirri spurningu hefði verið svarað játandi nú fyrir nokkrum árum — en tíminn leiðir í ljós það sem framtíðin hylur í skauti sinu. — Flestir hugsandi menn finna nú glögt, að austur og vestur Íslendingar eru tengdir þeim böndum, sem tekur langan tíma til að slita.

Ég held það sé rétt með mál farið, þó ég segi, að við hér vestra höfum fyrri orðið til að rétta hendur heim, og er það náttúrlegt, því við mistum meira. Því þrátt fyrir þessa lands gæði og marga breytingu til batnaðar, hefir það reynst mörgum úyrkeypt, og öllum verður föðurlandið í fersku minni, hvar í heimi sem lifa.

Lítið hefir verið gert í ræðum og ritum í þá átt, að sameina þessa tvo parta íslenzku þjóðarinnar, sem Atlantshafið skilur, eða með öðrum orðum, að brúa þetta breiða sund. Er ekki þetta mál þess virði, að það sé tekið til íhugunar? Hefir það ekki eins mikið til síns ágætis eins og margt af því, sem birtist í blöðunum á íslenzku máli?

Sumum máske þykir þetta óþarfi, að hreyfa þessu máli. En ég spyr: Er það óþarfi, að elska móðurmálið? Er það óþarfi, að elska föðurlandið, þótt oft hafi óblítt reynst? Hver góður sonur og hver góð dóttir elska föður og móður, þó þau muni eftir hirtingunni. Nokkrum kann að sýnast þetta svo mikið stórmál, að þeir veigra sér við að hugsa um það. Það var stórmál, þegar forfeður okkar byrjuðu að hugsa um að leggja út á hið ólgandi haf, ólærðir, á mjög svo lélegum skipum. En það var það stórmál, sem er grundvöllur undir tilveru okkar og sem við þann dag í dag erum stoltir af. Ég skal taka það fram, að Austur-Íslendingar gera alt of lítið til að tryggja blóðskyldubönd in. Ísland á marga velmentaða menn. Það á mikið af skáldum, mikið af ungum efnismönnum sem bera lands og þjóðar velferð fyrir brjósti. Allir þessir menn hafa gott af að heimsækja okkur við og við. Engin hætta, við erum gestrisnir ennþá, og margur sveitarómaginn orðinn bjargálnamaður.

Ef það svo yrði að framkvæmd í nálægri tíð, að við færum að heimsækja hvor aðra, og gerðum það sem bræður og systur, en ekki sem "agentar", sem enginn Íslendingur ætti að fást til, — hugsa ég að það kæmi betur í ljós, að Ísland hefði ekki mist okkur, og það ætti hér marga syni og dætur, sem teldu skyldu sína að leggja töluvert fram til viðreisnar föðurlandinu.

Kæru Íslendingar, austan hafs og vestan! Tengið saman huga og hönd. Alt of mikið af hæfileikum okkar fer til ónýtis, eða verra en það. Hérna er það mál, sem engan skemmir, — vinnið því, og vinnið allir.

Vestur-Íslendingur.

HUGRÚNARHARMUR.

Sat ég í salkynni
svásrar æsku
einlæguisórar
ást mér sungu.
Sunnar svalheimi
sevi undi,
brosti á björtum
blíðheims morgni

Skinu í skuggsjá
skilningsþurðar
lendur ljósofnar
laukum sprotnar.
Hvet ein hilling mín
heima alin
fram á furðulönd
fagnaðs benti.

Alt var það óvit
ungra drauma —
grimmir gerningar
geislum luktir. —
Hrundu til heljar
himinborgir.
Vargar váskapa
vorsól gleyptu.

Málvini mína
mæddi aldur,
ástvinum öllum
eðar brugðust,
sjálf sat ég grætt
í sorgarnaustum
uppskolað ein
fra ygldum sævi. —

Laug mér ár æsku
ald nu þulur,
sól kvað hann skína
þars er sorti eilífur.
Laug mér lofnarveig
lævi blönduð,
Drotna varð mér drukkur
dauðlegt eitur.

Heill og hamingja
heimskra sálna
endast í órum
æviglapa.
Líkt og mýrarljós
missýninga
eða saltvíkurtýra
svikinna vona.

Far vel friðrofi
feigðarskapa!
Albúin er ég
að enda göngu.
Kveð ég engan
og ei mig gráta
svikulir, sífngjarnir
samfarendur.

Þorsteinn Þ. Þorsteinsson.

María Jónsdóttir.

Þann 18. des. sl. þóknaðist forsjónínni að burtkalla til annars lífs mína hjartkæru eiginkonu Maríu Jónsdóttir. Hún dó að heimili okkar í Glenboro eftir stutta legu. Banamein hennar var afleiðing af slagi, sem hún fékk stuttu áður en hún dó samfara ellilasleika.

María sál. var fædd að Látlagarði í Dalsmynni í Höfðahverfi í Þingeyjarsýslu á Íslandi árið 1834, á jóladaginn, og varð því tæpra 75 ára, er hún lézt. Frá Látlagarði fluttist hún með foreldrum sínum barn að aldri að Bergstöðum í Reykjahverfi í sömu sýslu. Þrettán ára fór hún í vist til föður míns sál., Sigurðar Ólafssonar, sem þá bjó á Þóroddsstöðum í Kinn og dvaldi þar í 6 ár, en fluttist þá ásamt foreldrum mínum, að Hrappstöðum í sömu sveit, og bjuggum þar í 10 ár; brugðum þá búi og dvöldum um næsta þriggja ára bil á Hólsfjöllum, ég í vinnumensku, en hún sjálfrar sín. Af Hólsfjöllum fluttum við vestur um haf árið 1891, og settumst að í Argyle byginni í Manitoba, og þar vorum við á ýmsum stöðum í 10 ár. Síðustu 8 árin hefir heimili okkar verið í Glenboro bæ í Cypress sveitinni. Eina dóttur barna eignuðumst við, Sigríði að nafni. Hún giftist um tvítugsaldur Kristjáni Jóhannssyni, ættuðum úr Reykjadal, en hún dó skömmu seinna og eftirskildi eina dóttur. Tókum við hana að henni látinni og fórum með hana til Ameríku. En skömmu eftir að vestur kom, dó hún einnig. Alt þetta var til hinnar mestu sorgar fyrir okkur. En alt þetta mótlæti, eins og oftar í lífinu, bar María sál. með hinni mestu stillingu og þolinmæði og umburðarlyndi, í trú, von og kærleika.

María sál. var sönn og elskuverð eiginkona og heimilismóðir, skyldurækin og umhyggjusöm í stærstu merkingu orðanna. Við fráfall hennar er sloknað það skærasta ljós, sem hefir lýst mér, og ljómað upp veginn. En deginum hallar nú óðum, og þá er æfisólin sígur í æginn, rennur ypp ný sól og nýr dagur. Þá verður eilíf samleið, hinu megin við hið dimma hlið dauðans, þar höfug tár skilnaðarins aldrei titra á hvarmi tilfinninga og sorga.

María sál. var góð og vönduð kona bæði til orða og athafna, hún var brjóstgóð og viðkvæm fyrir öllu, sem veikt var. Hún vildi öllum gott gera, mönnum og málleysingjum, og mátti ekkert aumt sjá. Hún var prýðilega vel gáfuð, fjörug og ræðin og skemtileg í samræðum. Hún lagði sig mikið eftir bókum og blöðum og var því um marga hluti fróð. Bezti lesari og söngkona. Trúkona var hún í orðsins réttu merkingu, þó hún hafnaði mörgum úreltum hjátrúarkreddum og hindurvitnum hinnar dauðu bókstafstrúar. Það var hin lifandi trú kærleikans og samhygðarinnar, sem gagntók hjarta hennar og sál og leiðbeindi henni á vegferð lífsins með sterkri lotningu fyrir hinum góða, ósýnilega krafti tilverunnar. Blessuð sé minning hennar. Friður hins góða fylgi henni, sem fylgdi henni gegn um lífið, út yfir takmörk þers, út yfir gröf og dauða.

Jarðarförin fór fram frá heimilinu 22. des. slj Séra Friðrik Hallgrímsson flutti húskveðju og líkræðu og jós hina látnu moldu.

Kristján Sigurðsson.

* * *

Ég leyfi mér hér með að þakka öllu því heiðursfólki, sem af hreinu hjartalagi sýndu mér hluttekningu og hjálpuðu mér á ýmsan hátt við þetta sorgartilfelli. Á nafn er ég knúður að nefna Jón Ólafsson smið, Björn Einarsson og konu hans Steinunni, Eldjárn Jónsson, Jón Thordarson, Miss Stefaníu Stefánsson og A. S. Bardal frá Winnipeg. Af hrærðu hjarta bið ég þann, sem lætur ljósið skína og alt gott gefur, að launa öllum þessum velgerðamönnum minum rikulega allar þeirra velgerðir mér til handa.

K.S.

Sparið Línið Yðar.

Ef þér óskið ekki að fá þvottinn yðar rifinn og slitinn, þá sendið hann til þessarar fullkomnu stofnunar.

Nýtízku aðferðir, nýr vélaútbúnaður, en gamalt og æft verkafólk.

LITUN, HREINSUN OG PRESSUN SÉRLEGA VANDAD

Modern Laundry & Dye Works Co., Ltd.
307—315 Hargrave St.
WINNIPEG, MANITOBA
Phones: 2300 og 2301

"Andvökur"

LJÓDMÆLI EFTIR

Stephan G. Stephansson

Kosta, í 3 bindum, $3 50, í skrautbandi.

Tvö fyrri bindin eru komin út, og verða til sölu hjá umboðsmönnum útgefendanna í öllum íslenzkum bygðum í Ameríku.

Í Winnipeg verða ljóðmælin til sölu, sem hér segir:

Hjá Eggert Jóhannssyni, 689 Agnes St., EFTIR KL. 6 AD KVELDI.

Hjá Stefáni Péturssyni, AD DEGINUM, frá kl. 8 f.h. til kl. 6 að kveldi, á prentstofu Heimskringlu.

Hjá H. S. Bardal, bóksala, Nena St.

Utanbæjarmenn, sem ekki geta fengið ljóðmælin í nágrenni sínu, fá þau tafarlaust með því að senda pöntun og peninga til Eggerts Jóhannssonar, 689 Agnes St., Winnipeg, Man.

Það kostar minna en 4 cent á viku

að fá HEIMSKRINGLU heim til þín vikulega árið um kring. Það gerir engan mismun hvar í heiminum þú ert, — því HEIMSKRINGLA mun rata til þín. Þú hefir máske ekki tekið eftir því, að vér gefum þér

$1.00 virði af sögubókum

með fyrsta árgangnum Skrifið eftir Hkr. nú þegar, til P. O. Box 3083 Winnipeg, Man.

PRENTUN

VÉR NJÓTUM, sem stendur, viðskipta margra Winnipeg starfs- og "Business"-manna.— En þó erum vér enþá ekki ánægðir. — Vér viljum fá alþýðumenn sem einatt notast við illa prentun að reyna vora tegund. — Vér ábyrgjumst að gera yður ánægða. — Símið yðar næstu prent. pöntun til —

'Phone: Main 5944

The ANDERSON Co. COR. SHERBROOKE ST. AND SARGENT AVENUE. WINNIPEG.
PROMPT PRINTERS

2 Bækur Gefins

FÁ NÝJIR KAUPENDUR AÐ HEIMSKRINGLU SEM BORGA $2.00 FYRIRFRAM, OG ÞESSUM BÓKUM ÚR AÐ VELJA :—

Mr. Potter frá Texas
Aðalheiður
Svipurinn Hennar
Hvammverjarnir
Konuhefnd
Robert Manton
og Leyndarmál Cordulu frænku. —

Alt góðar sögur og sumar ágætar, efnismiklar, fróðlegar og spennandi. Nú er tíminn að gerast kaupendur Hkr. Það eru aðeins fá eintök eftir af sumum bókunum.

Heimskringla
P.O. Box 3083, Winnipeg

Hver vill eiga skildinga?

Herra Magnús J. Borgfjörð að Hólar P.O., Sask., biður þess getið, að hann hafi umboð til þess að lána peninga og selja eldsábyrgðir viðsvegar í Quill og Valley bygðum. Félög þau, sem hann hefir umboð fyrir, eru traust og áreiðanleg. Hann selur Hudsons flóa félags lönd og C.N.R. félags lönd og lönd, sem eru eign privat félaga.

Þeir, sem vildu fá sér landskika eða skildingalán, ættu að finna Magnús að máli. — Það kostar ekkert, að tala við hann og upplýsingar veitir hann öllum ókeypis.

JÓN JÓNSSON, járnsmiður, að 790 Notre Dame Ave. (horni Toronto St.) gerir við alls konar katla, könnur, potta og pönnur fyrir konur, og brýnir hnífa og skerpir sagir fyrir karlmenn. — Alt vel af hendi leyst fyrir lítla borgun.

Hvað er að?

Þarftu að hafa eitthvað til að lesa? Hver sá er vill fá sér eitthvað nýtt að lesa í hverri viku, ætti að gerast kaupandi að Heimskringlu.

Hún færir lesendum sínum ýmiskonar nýjan fróðleik 52 sinnum á ári fyrir aðeins $2.00. Viltu ekki vera með?

Þrumufleygarnir frá Múlatindinum.

(Niðurlag).

Þá er "kreddusláttur inn", eða sú hættulega tilhneiging að búa til trúarkerðóma og gera þá síðan b i n d a n d i fyrir samvizkur manna, kominn á góðan rekspöl í kirkjufélaginu. Heilir árgangar af Sameiningunni löggiltir og gerðir bindandi, með öllum sínum fáránlegu afturgöngu-bölbæna kenningum, og öðru þessu líkt. Það var þó ekki nema einu sinni á ári — á allraheilagramessu — sem Norska synodan fyrirskrifaði sóknuðum sínum bölbænina þessa gegn páfanum í Rómaborg: "Lát Satan troðast undir fætur vora og LÁT mann syndarinnar og son glötunarinnar TORTÍMAST af anda þíns munns" (N. H. 20). En kirkjufélagið kennir, að "þessi aðferð" sé "svo margfalt BETRI en nokkur önnur, að HVER maður ætti að kynna sér hana til hlýtar" (Sam. 23-11, 336).

Skiljanlegt er, að eins og nú er komið málstað kirkjufélagsins, í þessari trúmáladeilu, að æðstu prestum þess sé nokkur hugsvölun í því, að "biðja guð af öllum mætti", að "brjóta sundur tennurnar í munni" mótstöðumanna þeirra, og "mölva jaxlana" úr þeim (sbr. Sálm. 58). En er nú ekki þessi bölbæna kenning öll þvert öfug við "þann kristindóm, sem kendur var um þvert og endilangt Ísland, og þann trúarlegan skilning, sem ríkti með Vestur-Íslendingum, þegar kirkjufélagið varð til og eignaðist sín grundvallarlög"?

Ef það er rétt, og það er og hefir alt af verið skilningur minn, að svo sé, er það þá ekki alveg rétt ályktað, að kirkjufélagið sé komið inn á nýja kristindómsstefnu, með samþyktinni frá síðasta kirkjuþingi — "að stefna sú, sem málgagn kirkjufélagsins, Sameiningin, hefir haldið fram á liðnu ári, sé RÉTTMÆT stefna kirkjufélagsins"? — Aldrei í íslenzkri kristni veit ég til að sú kenning hafi verið flutt fyr.

Þá er mörkunarkenningin um trúarjátningar. Hefir sú kenning verið flutt á meðal Íslendinga fyr enn á kirkjuþinginu í Selkirk árið 1908? Og er það ekki hrein og bein hugsunarvilla, að hver kirkjudeild sé skyldug að marka trúarkreddur sínar á samvizkur og trúarvitund (andleg eyru) meðlima sinna, eins og bændur á Íslandi voru skyldir að marka fé sitt? Ef þessi kenning er rétt, þá eru mannssálirnar (sauðirnir) séreign kirkjudeildanna, alveg eins og fé á Íslandi er séreign bændanna. En á ekki konungurinn — guð — alt fé — sálirnar? En kirkjan, smalinn, hirðirinn, enga einustu kluf? "Sér eignar smali fé, þó enga kindina eigi", er máltækið. — Þó hefir engum smala á Íslandi haldist það uppi, að marka fé húsbóndans undir sitt mark. Hver sá smali, sem leyfði sér það, mundi verða lögsóttur um sauðaþjófnað.

Um inntlásturs kenninguna segir N.H., bls. 58: "að enginn guðfræðingur á þessum tíma (1879) kenni það sama, sem Missouri-synodan hefir 'slegið föstu', nfl., 'að hvert einásta orð í biblíunni hafi verið hinum heilögu rithöfundum beinlínis lesið fyrir af heilögum anda'." (N.H.40). Er ekki kirkjufélagið bóið að gera þá kenningu að sinni eigin? Ritstjóri Sam. kennir um innblásturinn: — "að guðs andi stýri öllu máli þeirra (höfundanna), ráði öllum þeirra orðtækjum" (Sam. 5, 177). En forseti kirkjufélagsins kennir: — "að alt, sem stendur í biblíunni, sé þar að hans (guðs) vilja, eins og hann sjálfur vildi segja það, og sé því hans orð, talað upp á hans á b y r g ð" (Ald. 9). Er hér nokkur mismundur?

Og er þá ekki líka ritstj. Sam kominn að sömu niðurstöðunni og Walter, forseti Missouri-synodunnar, komst að forðum, að kristindómurinn, sem ritstjóri Sam. forðum varði niðri í Nýja Íslandi gagnvart villukenningum Missourimanna — sami kristindómurinn, sem myndaði kirkjufélagið, — að "það sé hrærigrautur af hinum hryllilegustu trúarvillum" (N.H. 59). Í fyrirlestrinum, sem hann flutti á kirkjuþinginu í sumar og kallaði "sjálfsvörn", segir hann: — "það voru um þetta leyti í sögu íslenzks þjóðlífs í heild þess að verða ljósaskifti, ákveðnari, auðsærri en nokkru sinni áður. Íslenzka þjóðin hafði alla öldina áður, í andlegu tilliti, verið eins og á milli vita; trú og vantrú runnin saman í eitt bæði hjá klerkum og leikmönnum, — alt í endalausum, óskiljanlegum, ömurlegum hrærigraut, og grá þoka yfir öllu" (Ár. 5, 43).

Og er hér ekki gamla, ísmeygilega synodu-aðferðin viðhöfð til þess að troða þessum kreddum inn í trúarmeðvitundir manna? Einmitt sama aðferðin, sem ritstjóri Sam. þá var svo illa við, og það eftir vonum? Er það ekki stöðugt barið fram, blákalt, af honum sjálfum og þeim prestum kirkjufélagsins, sem fylgja Sameiningarstefnunni, að einmitt þeir séu hér að gróðursetja, í Ameríku, óbreyttan lærdóm móðurkirkjunnar íslenzku? Að einmitt þeir fylgi þráðbeint hinni upphaflegu lögbundnu stefnu kirkjufélagsins. Rekur maður sig ekki á það nálega á hverri blaðsíðu í Sameiningunni þar sem um trúar-ágreiningin er að ræða? Ég tek bara af handahófi: — "Síðan í fyrra á kirkjuþingi ..... hefir það verið lýðum ljóst, að vor á meðal vill ryðja sér til rúms nýr andi, ... sem kemur í algjöran bága við trúarstefnu kirkjufélags vors eins og hún hefir verið frá því er það fyrst varð til" (Sam. 23-5, 139—9).

"Um það og ekkert annað er baráttan, hvort kirkjufélagið í heild sinni, og þá að sjálfsögðu, einnig allir prestar þess og sóknuðir, skuli í reyndinni, samvizkusamlega og svikalaust standa við meginmál sinna eigin grundvallarlaga ellegar ekki" (Afturgöngugreinin, Sam. 23, 6—167).

Eftir þessu standa prestar kirkjufélagsins samvizkusamlega og svikalaust við meginmál grundvallarlaga kirkjufélagsins nema þeir líki Breiðablikum við afturgöngur, Glám, Þórólf bægifót, o. s. frv.

Svona má halda áfram í gegn um allan árganginn, þann, sem síðasta kirkjuþing löggilti sem "réttmæta stefnu".

Inn í yfirlýsingu Fr. Fr., sjálfa Winnipeg-játninguna, er sömu hugsuninni troðið. Og næsti árgangur Sam., eins og ekki er tiltökumál, heldur samvizkusamlega stefnunni. Í júníblaði Sam. 1909, bls. 142, stendur:

"Með þessu (að samþykkja tillögu Fr. Fr.) hafði þingið skýrt úr því skorið, að kirkjufélagið héldi framvegis fast við stefnu þá, sem það hefir að undanförnu farið eftir samkvæmt grundvallarlögum sínum".

Það á að vera þá, eftir því, fyrirskipað með grundvallarlögunum, "að ekkert má vera eins og Breiðablik heldur fram". Vitanlega ekki eins og afturgangan! Breiðablik hafði haldið því fram, að trúarjátningar væru "leiðbeinandi". Það þurfti endilega að "slá því föstu" með kirkjuþingssamþykt, að sú kenning væri vitlaus, og svo var sú samþykt barin í gegn, að trúarjátningar eru bindandi, þar til þær eru afnumdar" (Ár. 5, 153). Fyrr vildi kirkjuþingið taka þann kostinn, að leggja katólska skilninginn í trúarjátningarnar, en að vera í samræmi við nokkuð af því, sem "Breiðablik heldur fram". Og, um leið brjóta anda sinna eigin grundvallarlaga.

Hefir nú ekki ritstjóri Sameiningarinnar sjálfur lent í þokunni? Gráu, þykku, Missouri kreddusláttar þokunni? Afturhalds, þröngsýnis, trúarofsa þokunni? Hann og kirkjufélagið, að svo miklu leyti, sem "stefna sú, sem málgagn kirkjufélagsins Sameiningin hefir haldið fram á liðnu ári" er orðin þess réttmæt stefna? Og til þess, að vera ekki í samhljóðan við n e i t t af því, sem "Breiðablik heldur fram", gengur sig lengra og lengra inn í þokuna?

Hver önnur trúarhæð en Missouri-synodu trúarhæðin er það, sem hann og forseti kirkjufélagsins — með aðstoð og ötulu fylgi þeirra kirkjufélagsprestanna, sporgöngumönnum þeirra, og sem með þeim skrifuðu undir Winnipeg-játninguna, — hafa nú, seinustu árin, verið að reka hjörðina upp, með miklu argi og erfiðismunum, og miklum þeim hávaða, sem misjafnri smalamensku er ætíð samfara, og hver íslenzkur smali þekkir svo vel, að óþarfi er hér að nefna, — upp úr barnahögunum? Upp úr haglendi þess kristindóms, sem kendur var um þvert og endilangt Ísland, þegar kirkjufélagið var myndað, og gróðursettur var hér með grundvallarlögum þess. Upp úr öllu grænu haglendi kristindómsins. Upp frá hinu hægt rennanda vatni. Upp úr öllu haglendi. Yfir holt og hraun og klungur gömlu guðfræðinnar, trúarjátninga og kreddusláttar. Upp í grjótbeltið, þar sem hjörðin hefir ekkert nema geitnaskófina á steinunum — geitnaskóf 17. aldar guðfræðinnar — til að kroppa. — Ekkert vatn að drekka, nema leirugar deilugreinasprænur úr Sameiningunni um trúmálin. Og þar er hjörðin réttuð til þess að marka hana. Marka hana undir Sameiningar markið. Mörg voru þau hrossaleg fjármörkin, sem rist og skorin voru á eyru vesalings lambanna á Íslandi: Hamarskorið, silhamrað, miðhlutað, stýft og sneitt, geirstýft, hálftaf, tvístýft og þrístýft, sneiðrilað og stúfrifað, tvírifað og þrírifað, — ekki að nefna alla bita, fjaðrir, göt og spretti, sem eyrun á íslenzku sauðfé voru útflúruð með. Og lítið var oft orðið eftir af eyranu, þegar markið var alt komið á, glögt og áþreifanlegt. Ósköp vorkendi ég lömbunum það, að þurfa að láta marka sig, þegar ég var lítill drengur! Þau voru hrifsuð frá móðurinni í stekknum, farið með þau hrædd og nauðug inn í dilkinn. Svo voru þau klemd í sjálfheldu, og svo var markið skorið á. Þau emjuðu upp af sársaukanum. Svo komu þau út úr dilknum aftur mörkuð, eymdarleg og niðurlút, og stundum blóðug aftur á bóga.

En hvað er nú alt þetta hjá því óskaplega marki, sem kirkjufélagið samkvæmt þeirri nýju mörkunarkenningu, er s k y l d u g t t i l að rista og krassa á trúarmeðvitund og sannfæringu — andleg eyru — allra þeirra, sem réttmætir kirkjufélagsmenn hér eftir mega kallast, — þeirra, sem geta talist til hins skíra réttrúnaðar-gulls og hreina hveitis kirkjufélagsins, — þeirra, sem af öllu hjarta og allri sannfæringu geta skrifað undir yfirlýsinguna frá síðasta kirkjuþingi um það "að stefna Sameiningarinnar, eins og henni hefir verið haldið fram á liðnu ári, sé réttmæt stefna kirkjufélagsins. Fyrst eru hinar þrjár almennu játningar kirkjunnar, svo játningar lútersku kirkjunnar, og þar á ofan síðasti árgangur Sameiningarinnar. Þar hefir kirkjufélagið fyrir andlegt fjármark þrístýfing trúarjátninganna, og þá rifuna í hverja, að þær séu bindandi. Og svo kemur Sameiningar-markið til. Það er hvatt, eða hvötin sú, að hafa alt á hornum sér við alla þá, í kirkjufélaginu að minsta kosti, sem ekki geta skrifað undir alt, sem Sameiningin segir, og hafi á móti öllu, sem Breiðablik segir. Og þar ofan í eru allar kreddurifurnar. Sjálfsagt er ekkert íslenzkt fjármark til þessu líkt. Og lítið verður víst orðið eftir af eyranu, heilbrigðri og skynsamlegri trúarsannfæring og meðvitund, þegar alt þetta mark er komið á, glögt og áþreifanlegt. Mér dettur í hug ein íslenzk þjóðsaga, sem vel má heimfæra upp á þessa mörkunarkenningu.

Fé var nýrekið af afrétt og bændurnir voru að draga það í sundur. Menn urðu í vafa um mörkin og fóru í skammir og rifrildi. Þá kom Kölski á réttarvegg inn og lýsti sinu marki:

"Marki mínu lýsi ég hér,
menn svo viti að það er satt:
þrírifað í þrístýft er
og þrettán rifur ofan í hvatt"

Sagan segir, að þá hafi öllum sýnst alt fé í réttinni vera undir þessu marki, og að menn hafi lent í áflog og barsmíð út af fénu.

Er nú ekki að fara líkt fyrir kirkjunni, þar sem mörkunar aðferðin er gerð að skyldu?

Og á þessu trúarlega — víðsýnis — Nebo er forseti kirkjufélagsins staddur með "tjaldbúðina" sína, kirkjufélagið (sbr. Trúarlegt víðsýni", þingsetningarræðuna fögru, Ár. 5, með hverri hann setur kirkjuþingið, sem með þröngsýni sínu rak 7 sóknuði, — fimtapartinn af öllum meðlimum kirkjufélagsins.

Og þar, í trúarhæðinni, finst honum "svo hátt" og svo er hún "himni nærri", að þar "hverfur alt hið smáa, hið lága færist fjær, en færist aftur nær hið helga og háa". Þar uppi í hæðinni "skín

ROBLIN HOTEL

115 Adelaide St. Winnipeg

Bezta $1.50 á dag hús í Vestur Canada. Keyrsla ókeypis milli vagnstöðva og hússins á nóttu og degi. Aðhlynning hins bezta. Viðskiftavinir talaðir á íslenzku. ÓLAFUR G. ÓLAFSSON, Íslendingur, afgreiðir yður. Heimsækið hann. —

O. ROY, eigandi.

WINNIPEG Business College

Cor. Portage Ave and Fort St.

28. AR

FÉKK FYRSTU VERÐLAUN Á SAINT LOUIS SÝNINGUNNI.

Dag og kveldkensla. Telefón 45.

Haustkensla byrjar 1 Sept.

Bæklingur með myndum ókeypis.

Skrifið til: The Secretary, Winnipeg Business College, Winnipeg, Man.

A. S. BARDAL

Selur líkkistur og annast um útfarir. Allur útbúnaður sá bezti. Enfremur selur hann alskonar minnisvarða og legsteina.

121 Nena St. Phone 306

HEIMSKRINGLU og TVÆR skemtilegar sögur fá nýir kaupendur fyrir að eins $2 00

Giftingaleyfisbréf

selur: Kr. Ásg. Benediktsson

540 Simcoe st. Winnipeg.

— THE —

"Arena"

Þessi vinsæli skautaskáli hér í vesturbænum er nú opinn. Isinn er ágætur. 18DA MOUNTED RIFLES BAND SPILAR Á ARENA. KARLM. 25c.—KONUR 15c.

Chas. L. Trebilcock, Manager.

JIMMY'S HOTEL

BEZTU VÍN OG VINDLAR. VÍNVEITARI T.H.FRASER, ÍSLENDINGUR.

James Thorpe, Eigandi

A. S. TORBERT'S

RAKARASTOFA

Er í Jimmy's Hótel. Besta verk, ágæt verkfæri; Rakstur 15c en Hárskurður 25c. — Óskar viðskifta Íslendinga. —

MARKET HOTEL

146 PRINCESS ST á móti markaðnum

P. O'CONNELL, eigandi, WINNIPEG

Beztu tegundir af vínföngum og vind um. aðhlynning góð húsi end bætt

Woodbine Hotel

466 MAIN ST.

Stærsta Billiard Hall í Norðvesturlandi undir Tíu Pool-borð.—Alskonar vín og vindlar Gisting og fæði: $1.00 á dag og þar yfir

Lennon & Hebb

Eigendur.

þá ungur, að eins liðlega tvítugur. Hann er stórríkur, en við eigum, eins og þú veizt, álíka miklar eignir. Þegar við föllum frá, getur Ísabella fengið Liljudal, sem greifinn mun gera sig ánægðan með af því að löndin liggja saman. Georg getur þá fengið ættareign þína í Austur-Gautlandi, sem ásamt öðrum eignum mínum verður helmingi meira virði en Liljudalur. — Nú, hvað segir þú um þetta áform, vina mín?"

"Mér finst það ágætt. En heldurðu að greifinn vilji bíða svona lengi? Það eru að minsta kosti átta eða níu ár þangað til Ísabella getur gift sig".

"Hvers vegna ætti hann ekki að geta beðið? Ég ætla blátt áfram að segja honum áform mitt, og ég er viss um að hann samþykkir það, enda er ekki hægt að hugsa sér annað hagkvæmara fyrir báða hlutaðeigendur".

Vegna hávaðans, sem nú gall við úr einu salshorninu, þar sem jólaborðið stóð, urðu hjónin að hætta samtalinu. Þegar þau litu þangað, sáu þau Ísabellu liggja endilanga á gólfinu, því Georg hafði hrint henni.

"Hvaða læti eru þetta, börn?" kallaði barúninn reiður. Getið þið aldrei lært að koma ykkur saman. Stattu upp, Ísabella".

Ísabella stóð upp. Hún grét ekki, kvartaði ekki um sársauka, en horfði á bróður sinn með megnustu fyrirlitningu.

"Pabbi", kallaði Georg geðillur, "Ísabella vildi taka kökuna mína, hún var búin með sína og vildi fá mína líka".

"Komdu hingað, Ísabella", sagði barúninn hrysingslega.

Litla stúlkan hafði tylt sér niður á fótaskör úti í horni, studdi höfuðið í höndum sér og horfði á

gólfið, án þess að gefa orðum föður síns nokkurn gaum.

"Heyrirðu ekki hvað pabbi sagði, elskan mín?" sagði frúin kvíðandi, sem grunaði að óveður væri í nánd.

"Ísabella", sagði barúninn með uppgerðar ró, "viltu hlýða og koma hingað?"

Barnið hreyfði sig ekki.

"Ísabella", sagði Hólm, með blíðu og vingjarnlegu röddinni sinni, "því viltu ekki hlýða foreldrum þínum? Það er rangt, að gera það ekki".

Hún leit upp undir eins og hún heyrði kennara sinn tala. Stóð upp og gekk til föður síns þegjandi, sem horfði gremjulega á hana.

"Hvers vegna ertu óhlýðin, Ísabella?" sagði hann.

Hún svaraði engu, en horfði ófeimin á föður sinn.

"Þú svarar ekki", sagði barúninn og þreif í handlegg hennar. "Georg segir, að þú hafir ætlað að taka hans köku, og þú þegir".

"Georg laug", svaraði Ísabella kuldalega.

"Því segir þú það þá ekki, ef það er satt?"

"Af því ég veit, að mér er ávalt ætlað að gera rangt".

"Þú mátt ekki trúa henni, pabbi", sagði Georg, "það er hún, sem lýgur".

"Þegiðu, drengur", sagði frúin. "Þetta er skemtilegt jólakvöld, eða hitt heldur. Alfreð minn góður, það er ekki ómögulegt, að Ísabella sé saklaus. Hvort ykkar átti kökuna, litla stúlkan mín?"

"Það var mín kaka", svaraði Ísabella.

"Nei, það var mín", kallaði Georg vonskulega.

Ísabella svaraði ekki, en horfði fast á bróður sinn með stóru, dökku augunum sínum. Georg stóðst ekki augnatillit hennar og leit niður.

"Það er sjáanlegt, að það er telpan, sem lýgur",

sagði barúninn. "Þögn hennar, vöflur hennar, — alt bendir á það".

"Það get ég enganveginn séð", sagði frúin, hálfhikandi yfir dirfsku sinni. "Vesalings Ísabella er sjálfsagt saklaus".

"Einmitt það", sagði barúninn og hleypti brúnum, "svo þín vizka álítur það trúlegra".

"Mamma má halda hvað hún vill", sagði Georg frekjulega. "Pabbi trúir mér og það dugir".

"Georg", sagði Hólm, stóð upp, gekk til drengsins, tók í handlegg hans og horfði fast á hann, — "Georg, það ert þú, sem segir ósatt. Það var kaka systur þinnar, en ekki þín, það er ég viss um".

"Ég veit, að meistarinn dregur ávalt taum Ísabellu", sagði drengurinn ilskylega. "En það er pabbi, sem ræður hér".

"Herra", sagði barúninn gremjulega, "þegar ég er sjálfur við hendina, þá þarft þú ekki að hlutast til um uppeldi barnanna".

Þunglyndislegt bros lék um varir unga eðallynda mannsins. Hann stundi dálítið og sagði svo þægilega en alvarlega:

"Ég áleit mig gera rétt í því, herra barún, að hamla þér frá því að gera það, sem ég áleit vera rangt".

"Það, sem þú áleizt", sagði barúninn fokvondur. "Er það þá áreiðanlegt, að það, sem þú álítur rett, sé rétt?"

"Það fullyrði ég ekki, — en —"

"Hr. meistari", sagði barúninn, "starf þitt sem siðakennari nær að eins til kenslustundanna og þeirra stunda, sem við getum ekki sjálf haft eftirlit með þeim, gleymdu ekki þessu".

Holm svaraði ekki. Hann leit angurværum augum á Ísabellu, og settist svo aftur við gluggann.

"Ísabella", sagði barúninn hörkulega, "þú ert ó-

ráðþægin og þrálynd. Gættu þín, ég er ekkert leikfang. Ef ég breytti rétt við þig, þá ættir þú enga jólagjöf að fá".

"Góði Alfreð", sagði frúin skjálfrödduð, "þú ert of harður við vesalings barnið, og svo veiztu ekki, hvort þeirra er sekt".

"Veit ég það ekki", sagði barúninn reiður. "Ég veit, að þú hefir skemt telpuna, og alið upp í henni þessa óráðþægni og þrályndi. Farðu burtu, Ísabella, settu þig niður og þegiðu. Við tölumst við seinna".

Ísabella gekk til kennara síns, sertist niður hjá honum og leit á hann tárvotum augum.

"Það var mín piparkaka", hvíslaði hún. "Ég veit að þú trúir mér".

"Já", sagði kennarinn lágt, um leið og hann strauk dökka hárið hennar frá bjarta enninu.

Ísabella lagði höfuð sitt á kné hans og grét.

"Gráttu ekki, góða barnið mitt", sagði Hólm vingjarnlega. "Ég skal segja þér fallega sögu á morgun".

"Já, skemtilega sögu", sagði Ísabella og þerraði burtu tárin. "Má ég koma inn til þín fyrir hádegið?"

"Já, já, og svo skal ég sýna þér nýja myndabók".

Litla stúlkan laut niður og kysti hendi kennarans.

Ánægjan var horfin úr salnum. Barúninn gekk um gólfið og talaði ekki orð, honum leiddist sjáanlega.

"Þetta leiðinlega sveitalíf", tautaði hann. "Hvers vegna fór ég frá Stokkhólmi? — Til þess að njóta sveitaloftsins og hugsa um heilbrigði mína. — Ég gef ekki fjóra skildinga fyrir það alt saman".

Hann stundi þungan.

"Heyrðu, vina mín", sagði hann við konu sína.

ÞRUMUFLEYGARNIR FRÁ MÚLATINDINUM.

(Niðurlag frá 3. bls.).

sólin svo bjart, að birtast huldir vegir, og augað eygir gegn um tíma og rúm". Það sem þó er af öllu bezt uppi þar á þessari hæð trúarinnar, er "hinn sæluríki friður, sem þar drotnar" (Ár. 5, 7).

Og hvert er það "Kanaan"? Hvert er það land fyrirheitisins, sem þaðan blasir við auganu fram undan? Það er General Counsel. Þaðan koma hluttekningarbréfin, uppörfunarorðin og tilboðin til kirkjufélagsins um það, að knýtast því nánari böndum. Setur reyndar föðurlega ofan í við kirkjufélagið fyrir það, að síðasta kirkjuþing hafi ekki verið nógu ákveðið. Það hefði átt að reka minnihlutann skýrt og skorinort og höspurslaust. Ekki undir yfirskini, eins og það gerði. En General Counsel virðir viljann fyrir verkið, og breiðir nú út faðminn á móti kirkjufélaginu.

En ritstjóri Sameiningarinnar, sem er sprækastur fjallgöngumaðurinn, kemur fram úr þokunni á hátindinum. Enginn nema hann nær "Múlatindinum". En eins og þeir, sem lengi hafa gengið í þokunni, kemur hann út úr henni umsnúinn og áttalaus, ringlaður og ramvilltur. Þekkir nú ekki afstöðuna — gömlu Missouri trúarhæðina — þar sem hann einu sinni var svo vel kunnugur. Finst hann nú vera kominn upp á sjálfan Olymps tind réttrúnaðarins. Frá þessari sundlandi andans sjónarhæð, sem skýjum ofar gnæfir upp í heiðan himininn, horfir hann út yfir íslenzka kristni. En nú sér hann alt í gegn um þokuna. Hún er nú fyrir neðan hann. Það verður oft nokkuð torkenniligt, sem maður sér í gegn um þokuna. Þar verður margt að missýningum. Nú er hann fyrst farinn að sjá með augum Walters, Missouri-synodu forsetans fræga, sem ekki er heldur furða, þar sem hann lítur nú út yfir kristnina frá sömu sjónarhæðinni og Walter gerði. Þarna niðri í dalnum sýnist honum kristindómurinn, sem framleiddi sjálfan hann, kristindómurinn, sem "kendur var um þvert og endilangt Ísland", þegar hann myndaði kirkjufélagið, — sami kristindómurinn, sem hann svo vel og snjallmannlega og með svo mikilli djörfung og hugprýði varði niðri í Nýja Íslandi, fyrir villulærdómum Missori- og Norsku-synodanna, þegar hann aleinn stóð uppi í baráttunni á móti gjörvallri lútersku kirkjunni í Ameríku, — kristindómurinn, sem kirkjufélagið með 2. grein grundvallarlaganna hátíðlega lofaðist til að efla "hvervetna sem það næði til", — verða að "graut", — endalausum, óskiljanlegum, ömurlegum hrærigraut, og grá þoka yfir öllu. Þar grillir nú í Einar Hjörleifsson, sem eins og Lucifer, er með biskup Íslands, séra Jón Helgason, séra Harald Níelsson, séra Valdimar Briem og aðrar helztu kirkjulegu stjörnurnar á trúarhimninum íslenzka — að hverfa norður og niður". Og nú ræðst hann á sömu trúarhugmyndirnar, sem hann eittsinn varði, og eins og Sevas, úr kerum sínum, úthlutar hann nú mönnum og málefnum "góðu eður illu eftir hugþótta sínum". Hann sér nú litla hópinn sinn í réttinni þarna upp undir Múlatindinum. Þá "hristir hann sína lokka, og eplin hrynja niður á hina réttrúuðu". — "Þið eruð hið skíra réttrúnaðar-gull og -hveiti kirkjufélagsins". "Þið með Sameiningar-markinu". En nú sér hann líka þyrpingu sauðanna, sem ekki vilja láta marka undir Sameiningar-markið, og sem eru nú allstaðar að ryðjast út úr réttinni, í stórum hópum, út um dyrnar og yfir réttarveggina, og drífa niður fjallshlíðina. "Þá skekur hann skjöld sinn hinn skúfaða, ljómandi ægiskjöld. Þá brestur á stormur og ofviðri". Þá syrtir fyrir sól. "Þá hylur hann fjöllin dimmum skýjum, og lætur koma eldingar og stórar þrumur". Hann slöngvir sínum þrumufleygum niður fjallshlíðina, eftir þessum þverbrotnu, þvermóðskufullu sauðum, sem eru orðnir þreyttir á að kroppa eintóma geitnaskóf, og taka á rás ofan í haglendið.

"VARGUR Í VÉUM!",
"MÖRÐUR VALGARDSSON!"
"JÚDAS FRÁ KARÍOT!"
"CHIMERA—RAGGEIT!"
"VÍGA-HRAPPUR!"
"SAUÐAÞJÓFUR!"
"AFTURGANGA!"
"GLÁMUR!"
"ÞURÓLFUR BÆGIFÓTUR!"
"UPPHLAUPSMENN!"
"HEROSTRATOS!"
"ÞRÆLAR!"
"BRENNUVARGAR!"
"HISMI!"
"SORI!" og
"EYÓLFUR BÖLVEGKSSON!"

þrumar það niður frá Múlatindinum, svo það hvín og syngur í öllu, og bergmálar í klettunum alt í kring. Seinustu nafnbótina á ég (sbr. Sam. 24-9, 274). Ég tek mér það til þakka. Innan um aðrar eins samlíkingar um málgögn, menn og málefni, er sist ástæða til þess að kvarta, þó manni sé líkt við Eyjólf Bölverksson. Sagan segir um Eyjólf, að hann hafi verið af góðum ættum, kominn frá Ólafi feilan í föðurætt, en frá Miðfjarðarskeggja í móðurætt, friður sýnum, virðingamaður mikill, "ok allra manna lögkænastur, svá at hann var hinn þriðji mestr lögmaðr á Íslandi". Ekki geri ég tilkall um neitt af þessu. En látum ritstjóra Sam. einan um samlíkingarnar. Þær eru honum tamastar. Og enginn mun neita honum um þá list að gera þær sláandi. Má vera, að það sé engu minni fjarstæða, að jafna mér við Eyjólf Bölverksson en sjálfum sér við Njál, látum nú vera sankti Pál. Í augum ritstjóra Sam. er málstaður minnihlutamanna frá síðasta kirkjuþingi líkur málstað Flosa og brennumanna. Í hans augum sekir við lögin — lög kirkjufélagsins, — brennumenn, er hafa kveikt í kirkjufélaginu (sbr. Sam. 24-7, 193—6). Að svo er ekki í raun og sannleika, hefi ég leitast við að sýna fram á, — að í engu séum við minnihlutamenn sekir við lög kirkjufélagsins, þegar þau eru rétt skilin og heimfærð. En að einmitt meirihlutinn á síðasta kirkjuþingi hafi brotið grundvallarlögin með því, að berja í gegn yfirlýsinguna afarasælu" (Fr. Fr.). Þar hafi kirkjuþingið löggilt, eða leitast við að löggilda, katólskan skilning á trúarjátningum kirkjufélagsins, og þar af leiðandi vitanlega brotið sína stjórnarskrá. Að þessu hefi ég, finst mér, leitt þau rök, sem naumast verði hrakin með eintómum órökstuddum yfirlýsingum, hvað margir prestar kirkjufélagsins sem undir þær skrifa. Ennþá eina vörn frambera þeir, blessaðir, í þessu máli — gamla varnar aðferð katólsku kirkjunnar. Um þetta ímst ritstj. Sam., að ég hafi tekið að mér svipað hlutverk og Eyjólfur Bölverksson gerði, þegar hann tókað sér vörnina í brennumálinu. En hverjir kveiktu í? Hverjir eru hér brennumenn? Var ekki "yfirlýsingin afarasæla" kyndillinn? Kveikti hún ekki bálið? Kom hún ekki frá þeim sjálfum? Lömdu þeir hana ekki gegn um þingið? Hafa ekki þeir, ritstj. Sam. og hinir 48, sem voru rigbundnir á klafanum hans, lagt eldinn í hofið? "Hver kveikti í Rómaborg?" spurði lýðurinn keisarann forðum. "Þeir kristnu", svaraði Nero. Sagan segir annað. Ritstj. Sam. sakar ritsj. Breiðablika um það, að hafa kveikt í kirkjufélaginu, — gert sér það til frægðar. Hann er syndahafurinn, sem leiddur er út á eyðimörkina. Sagan kveður á sínum tíma upp sinn dóm um það líka.

Og brennumálið vann Eyjólfur Bölverksson. Hann vann það að lögum með sinni miklu lögkænsku. Hann vann það rétt á sama hátt og aðrir heiðvirðir lögmenn vinna mál, með því að þreyta lögin. Hann vann það líka fyrir afglöp Marðar, sem sótti, og enginn var lögmaður, þó hann málaskúmur væri. Má ekki hér rekja Marðarsporin, glögg og gleið, innskeif og ógeðsleg, innan um allan þennan trúmálaflækju málatilbúning forkólfa kirkjufélagsins á hendur ritstjóra Breiðablika, í því skyni fyrst, til þess að bola honum frá kennaraembætti kirkjufélagsins, síðan út úr kirkjufélaginu? Og þar kom Eyjólfur máli Marðar, að þeir, sem brennumálið sóttu, áttu þann kost einan, að grípa til ofbeldisins, fram fyrir hendur lagganna, hleypa upp dóminum og berjast, til þess að verjast því, að þeir sjálfir yrðu sekir skóggangsmenn. Allur þingheimur barðist. Margir féllu. Kári drap Eyjólf. Það var Eyjólfi líka fyrirhugað frá fyrstu. Það vissu allir á Alþingi, sem nokkuð þektu málsaðila og málavöxtu, að sá mundi leggja líf sitt við, sem að sér tók lögvörnina í brennumálinu. Það vissi Eyjólfur líka, en lét þó hvergi hræðast, og þreytti svo vörnina, "at ekki var von framar". Engin manngjöld komu fyrir Eyjólf, sett er það. Hallur af Síðu lagði líka Ljót son sinn ógildan, og vann það til sátta og friðarins. Það bætti Halli "allr þingheimurinn, ok var þat ekki minna fé enn átta hundruð sillfrs, enn þat váru fern manngjöld. En betur hefir sagan bætt Eyjólf. Fyrir málsvörnina hans eigum vér Íslendingar nú þann dag í dag það óviðjafnanlegt sýnishorn af íslenzku réttarfari til forna, að hvergi getur annað eins, og sem aldrei mun firnast.

En á síðasta kirkjuþingi var enginn Hallur af síðu.

Er nú ekki málstaður kirkjufélagsins kominn nokkuð svipað máli Marðar? Og einhverja betri vörn en órökstuddar yfirlýsingar, upphrópanir og útúrsnúninga hljóta nú höfuðprestar kirkjufélagsins að leggja í rétt, svo framarlega sem samvizka þeirra í allri þessari trúmáladeilu er eins góð og þeir gefa í skyn, svo að "þeir, sem lasta þeirra góðu hegðun" — hér í sambandi við — "verði sér til skammar í því, sem þeir mæla gegn þeim" (sbr. Ár. 5, 20).

Og hafi um það eitt og alt verið barist, að kirkjufélagið lognaði við ritstjóra Breiðablika, eg nú sigurinn unninn. En sigurinn sá verður kirkjufélaginu líklega að viðlíka frægð og láni, eins og sigurinn á Hjörungavogi yfir Jómsvíkingum varð Hákoni hlaðajarli forðum. Enda unninn með líku móti. Hákon jarl fórnaði sér til sigurs fimm vetra syni sínum þorgerði Hörgabrúði. Þá slóst tröllið í bardagann með jarli og seiddi upp galdraveðrið og haglélið mikla, sem Jómsvíkingar gátu ekki vegið á móti. En Hávarður höggvandi sá flagðið sjálft, þar sem hún sat í stafni á skipi jarls, þrútin og ljá, og skaut ár af hverjum fingri, og varð maður fyrir huerri ör.

En kirkjufélagið, — hefir það ekki fórnað sínu eigin afkvæmi, skólafyrirtækinu? Fórnað því Hörgabrúði trúarofstækisins. Enda hefir flagðið það slegist í bardagann með ritstj. Sam. og kirkjufélags forkólfunum. Sært upp alt þetta dæmalausa ofviðri og rétt. trúnaðar haglél. Setið í stafni á barðanum þeirra, blá og þrútin, og skotið ör af hverjum fingri.

Aldrei varð þessi stríðsaðferð Hákonar jarls vinsæl hjá Noregsmönnum. Aldrei gátu þeir fyrirgefið honum þetta tiltæki hans.

Minnisstætt verður það Vestur-Íslendingum, hvernig kirkjufélagið fór með skólamál þeirra. Og seint munu þeir trúa því fyrir öðruj

"Og hvað er þá orðið alt okkar starf eftir tuttugu og fimm sumur?

Skólafyrirtækinu fórnað! Steindautt! Það 'liggur í salti" (Sam. 24, 145). En því er það ekki grafið? Engin fórn hefir risið upp úr salti.

Og kirkjufélagið klofið í tvent!

"Vel hefir Esajas spáð um yður, er hann segir: Lýður þessi heiðrar mig með vörunum, en hjarta þeirra er langt í burtu frá mér. Þeir dýrka mig til einskis, því að þeir kenna lærdóma, sem eru manna boðorð" (Matth. 15—79).

"Í því öllu", líka, "er lærdómur fyrir oss".

GEO PETERSON

Á beztu heimilum

hvar sem er í Ameríku, þar munið þér finna HEIMSKRINGLU lesna. Hún er eins fróðleg og skemtileg eins og nokkuð annað íslenzkt fréttablað í Canada

Það er alveg víst, að það borgar sig að auglýsa í Heimskringlu.

THE DOMINION BANK

HORNI NOTRE DAME AVENUE OG SHERBROOKE STREET

Höfuðstóll uppborgaður: $4,000,000 00
Varasjóður - - - $5,400,000 00

SPARISJÓÐS DEILDIN:

Vér veitum sparisjóðs innleggjendum sérstakt athygli, og borgum hæztu vexti á sparisjóðs innleggjum af $1.00 og yfir. — Barna innlegg velkomin. — Seljun peningaávísanir á ÍSLAND.

H. A. BRIGHT RÁÐSMAÐUR.

Með því að biðja sérlega um "T.L. CIGAR," þá eruð viss að fá ágætan vindil.

T.L. CIGAR

T.L.

(UNION MADE)

Western Cigar Factory
Thomas Lee, eigandi Winnipeg

Redwood Lager og Extra Porter

Styrkið taugarnar með því að drekka eitt staup af öðrum hvorum þessum ágæta heimilis bjór, á undan hverri máltíð. — Reynið !!

EDWARD L. DREWRY Manufacturer & Importer Winnipeg, Canada.

Department of Agriculture and Immigration.

MANITOBA

þetta fylki hefir 41,169,089 ekrur lands, 6,019,200 ekrur eru votn, sem veita landinu raka til akuryrkjuþarfa. Þess vegna höfum vér jafnan nægan raka til uppskeru tryggingar.

Ennþá eru 25 miljónir ekrur óteknar, sem fá má með heimilisrétti eða kaupum.

Íbúatala árið 1901 var 255,211, nu er hún orðin 400,000 manns, hefir nálega tvöfaldast á 7 árum.

Íbúatala Winnipeg borgar árið 1901 var 42,240, en nú um 115 þúsundir, hefir meir en tvöfaldast á 7 árum.

Flutningstæki eru nú sem næst fullkomin, 3516 mílur járnbrauta eru í fylkinu, sem allar liggja út frá Winnipeg. Þrjár þverlandsbrauta lestir fara daglega frá Winnipeg, og innan fárra mánaða verða þær 5 talsins, þegar Grand Trunk Pacific og Canadian Northern bætast við.

Framför fylkisins er sjáanleg hvar sem litið er. Þér settuð að taka þar bólfestu. Ekkert annað land getur sýnt sama vöxt á sama tímabili.

TIL FERDAMANNA:

Farið ekki framhjá Winnipeg, án þess að grenslast um stjórnar og járnbrautarlönd til sölu, og útvega yður fullkomnar upplýsingar um heimilisréttarlönd og fjárgróða möguleika.

R. P. ROBLIN,
Stjórnarformaður og Akuryrkjumála Ráðgjafi.

Skrifið eftir upplýsingum til

Joseph Burke, 178 LOGAN AVE WINNIPEG.
Jas. Hartney, 77 YORK ST., TORONTO.

ALDREI SKALTU geyma til morguns sem hægt er að gera í dag. Pantið Heimskringlu í dag.

"Leiktu eitthyað skemtilegt á hljóðfærið. Það minnir mig á hina gömlu, góðu daga".

Frúin gekk yfir að hljóðfærinu. Að afstöðnum forleiknum byrjaði hún á nýju lagi, sem hún lék prýðisvel en tilfinningarlítið.

"Þetta felli ég mig ekki við", tautaði barúninn hálfergilegur, "leiktu heldur fyrir mig danslag".

"Það er betra, að þú sækir listann yfir veizlugestina, sem hér eiga að vera á sunnudaginn", sagði kona hans. "Það er gaman að vita, hverir nágrannar okkar eru, því ég er flestum þeirra ókunnug, eins og þú veizt".

"Nú, það get ég gert", svaraði barúninn, "en svo vona ég, að við fáum teið og jólagjafirnar, svo þetta blessað kvöld fái enda".

Barúninn fór ofan í sérherbergi sín, sem voru á neðra gólfi. Eftir dálitla leit fann hann listann, og lagði af stað með hann í hendinni upp til konu sinnar.

Um leið og hann opnaði herbergisdyr sínar og stó fram í anddyrið, sem var vel bjart, voru útidyrnar skyndilega opnaðar og inn kom maður.

Maður þessi var tötrum klæddur betlari, og bar föla, horaða andlitið ljósan vott þess, að hann átti við skort að búa. Hárið var rautt og sitt og augun jafn tryllingsleg, sem í soltnu villidýri.

Barúninum varð bilt við, að sjá þennan ófrýnilega mann, stóð kyr og leit illúðlega til hans.

"Hvaða erindi átt þú?" sagði hann eftir stla þögn í höstum róm. "Heldur þú, að mitt heimili taki á móti slíkum þussum sem þér?"

Tryllingslegt og háðslegt bros lék sem snöggvast um varir mannsins, en hann fól það strax og sagði í bænarróm:

"Herra, það eru jól. Allir eru glaðir, ánægðir, saddir — allir, nema ég. Ég á ekkert heimili, þar

sem ég get dvalið um þessa hátíð, ég á engan matarbita, sem ég get slökt hungur mitt með, ég á engan fatnað, sem veitir mér skjól gegn kuldanum".

"Hvað kemur þetta mér við?" sagði barúninn hryssingslega. "Farðu til fjandans og vertu ekki að væla og skæla framan í mig".

Barúninn ætlaði að fara.

Þá þýtur betlarinn til hans, grípur í handlegg hans og segir:

"Ó, hafðu meðaumkun með mér — vertu miskunnsamur. Gefðu mér fáeinar gamlar flíkur, gefðu mér mat og lofaðu mér að vera hérna um jólin, mildi herra, annars dey ég af kulda, því ég þekki engan stað, þar sem ég fæ húsaskjól".

"Sleptu mér, maður", sagði barúninn um leið og hann hrinti betlaranum frá sér. "Svei, svei", bætti hann við og þurkaði frakkaermina með vasaklútnum, "leyfir þú þér að snerta mín föt, skarnhraukurinn þinn! Vera hér um jólin! Hefir nokkur heyrt slíkt? — þakka þér fyrir — til þess að þú gætir fengið tækifæri til að stela frá mér, býst ég við. Ó, farðu til helvítis".

"Stela frá þér", sagði betlarinn auðmjúkur. — "Láttu þér ekki detta það í hug. Ég er fátækur, en ég er ráðvandur —"

"Þú ráðvandur", greip barúninn fram í fyrir honum og brosti fyrirlitningarlega.

"Herra, vertu miskunnsamur", sagði betlarinn í bænarróm. "Þú, sem ert svo ríkur, hugsaðu um þá, sem bágt eiga. Áttu enga tilfinningu handa þeim?"

"Tilfinningu", sagði barúninn háðslega, "nei, þorpari, slíkt barnseðli á ekki við mig. Hvaða gagn væri líka að því, að kenna í hrjósti um slíka flæk, inga og fúlmenni sem þig? Þú skalt verða látinn í fangelsi — þar er þitt heimili. Snautaðu út!"

"Herra, gættu að, hvað þú gerir, einhverntíma hegnir guð þér".

"Það snertir að eins mig. Farðu út".

Barúninn opnaði dyrnar, þreif í handlegg betlarans og hrinti honum út, en betlarinn hélt fast í hurðina, hrinti barúninum frá sér og sagði rólega:

"Barún Alfreð Ehrenstam! Þú ert ekki maður, þú ert óargadýr. Ólánið eltir þig. Þú íðrast einhverntíma þessarar stundar — hugsaðu um syni þína, þann sem myrtur var og þann, hvers gæfu þú eyðilagðir — þrælmenni!"

Áður en barúninn gat áttað sig, var betlarinn horfinn.

"Var það hann? Getur það hafa verið hann?" sagði barúninn og strauk hendinni upp um ennið. — "Nú, það er það sama — það kemur ekki mér við".

Svo gekk hann upp stigann með nafnaskrána í hendinni.

Seinna um kvöldið komu jólagjafirnar í ljós, handa barúnsfrúnni og börnunum. Barúnsfrúin fékk verðmikið gullúr með gimsteinum, og Ísabella fékk nýja hálsfesti í staðinn fyrir rafhjartað, sem hún hafði mist.

---

2. Óðinsvík.

Við hröðum okkur gegn um skemtilega skóginn frá Liljudal til Óðinsvíkur, til þess að sjá helgihald jólanna þar.

Við göngum inn í svefnherbergi greifans á neðsta gólfi. Það var stórt og skrautlegt herbergi, lýst með tólf logandi vaxkertum, fult af myndum, vopnum, bókum og ýmsikonar listaverkum.

Eberhard greifi var nýkominn heim frá meginlandinu. Hann var orðinn leiður á ferðalaginu, ætlaði því að dvelja heima um hríð og fara síðan til höfuðstaðarins.

Glaðlegur hávaði heyrðist frá herbergi þessu. Greifinn hafði fáeina gesti hjá sér, unga, fjöruga, léttlynda, kærulausa menn, engu heimili háða og engu alvarlegu starfi bundna. Hann hafði boðið þeim til sín til að spila við sig vist og drekka með sér púns. Greifinn, og Crispin, sem hafði fylgst með honum til Svíþjóðar, af því hann gat ekki án hans verið, voru hneigðir fyrir að leggja mikið undir við spilalistir sínar, — það espar veikar taugar og fjörgar magnlausar sálir.

Þeir voru enn ekki byrjaðir að spila, en alt var undirbúið í skrautlegu herbergi við hliðina á svefnklefanum. Lautinant U. hafði tekið að sér að búa til púnsið, og hélti saman við kampavíni úr tveim flöskum, samkvæmt fyrirmælum Eberhards. Lautinant X. undirbjó spilaborðið hjá legubekknum, en barún Y. hlýjaði sér við ofninn, sem varvel heitur.

Eberharð og Crispin sátu saman í svefnherberginu á meðan hinir voru að undirbúa alt fyrir spilið. Þeir töluðu saman mjög lágt á meðan hinir ekki trufluðu þá með fyrirspurnum og öðru.

"Kristur, já" — sagði Crispin, sem svar upp á það, sem Eberharð hafði sagt — "hann hefir óefað verið einn meðal hinna gáfuðustu manna, sem á jörðunni hafa lifað, að svo miklu leyti, sem sagan um hann er annað en skáldsaga. Þú sérð, að alt líf hans, sérhvert orð hans, er tilraun til að ná þjóðhylli, — enda hefir engum hepnast það eins vel og honum. Vitaskuld varð hann fyrir hatri prestanna og hinna skriftlærðu, en við því má hver lýðræsandi búast. Eins og vant er þurfti frjálslyndið — sem í fylsta mæli kom í ljós hjá Kristi — að hefja baráttu

LEIÐBEININGAR--SKRA
YFIR ÁREIÐANLEGA VERZLUNARMENN Í WINNIPEG

MUSIC OG HLJÓÐFÆRI

CROSS, GOULDING & SKINNER, LTD.
323 Portage Ave. Talsími 4412

MASON & RISCH PIANO CO., LTD.
356 Main Street Talsími 4480
W. Alfred Albert, íslenzkur umboðsmaður

WHALEY ROYCE & CO.
356 Main St. Phone 263
W. Alfred Albert, búðarþjónn.

BYGGINGA- og ELDIVIÐUR.

J. D. McARTHUR CO., LTD.
Byggingar- og Eldiviður í heildsölu og smásölu.
Sölust.: Princess og Higgins Tals. 5060, 5061, 5062

MYNDASMIÐIR.

G. H. LLEWELLIN,
"Medallions" og Myndarammar
Stærstofa Horni Park St. og Logan Avenue

SKÓTAU Í HEILDSÖLU.

AMES HOLDEN, LIMITED
Princess & McDermott. Winnipeg.

THOS. RYAN & CO.
Alskonar Skótau. 44 Princess St.

THE Wm. A. MARSH CO. WESTERN LTD.
Framleiðendur af Fínu Skótaui. Talsími: 3210
88 Princess St. "High Merit" Marsh Skór

RAFMAGNSVÉLAR OG ÁHÖLD

JAMES STUART ELECTRIC CO.
324 Smith St. Talsímar: 3447 og 7802
Fullar byrgðir af alskonar vélum.

GOODYEAR ELECTRIC CO.
Kellogg's Talsímar og öll þarðsíút. áhöld
talsími 3023. 356 Albert St.

RAFMAGNS AKKOKÐSMENN

MODERN ELECTRIC CO
412 Portage Ave Talsími: 3658
Viðgjörð og Vír-lagning — allskonar.

BYGGINGA-EFNI.

JOHN GUNN & SONS
Talsími 1271 266 Jarvis Ave.
Höfum bezta Stein, Kalk, Cement, Sand o. fl.

THOMAS BLACK
Selur Járnvöru og Bygginga-efni allskonar
76—82 Lombard St. Talsími 600

THE WINNIPEG SUPPLY CO., LTD.
298 Rietta St. Talsímar: 1936 & 7187
Kalk, Steinn, Cement, Sand og Möl

MATHESON AND GAY
Húsasmiðir, sutakarar og viðgerðarmenn
221 Higgins Ave. Winnipeg

BYGGINGAMEISTARAR.

J. H. G. RUSSELL
Byggingameistari.
Í Silvester-Willson byggingunni. Tals: 1068

PAUL M. CLEMENS
Bygginga-Meistari, 443 Maryland St.
Skrifst.: Argyle Bldg., Garry st. Talsími 8997

BRAS- og RUBBER STIMPLAR

MANITOBA STENCIL & STAMP WORKS
421 Main St. Talsími 1980 P. O. Box 244.
Búum til allskonar Stimpla úr málmi og togleðri

CLYDEBANK SAUMAVÉLA ADGERÐARMAÐUR. Brúkaðar vélar seldar frá $5.00 og yfir
564 Notre Dame Phone, Main 8624

VÍNSÖLUMENN

GEO. VELIE
Hei dsölu Vínsali. 185-187 Portage Ave. E
Smá-sölu talsími 352. Stór-sölu talsími 464.

STOCKS & BONDS

W. SANFORD EVANS CO.
326 Nýja Grain Exchange Talsími 369

ACCOUNTANTS & AUDITORS

A. A. JACKSON,
Accountant and Auditor
Skrifst.—78 Merchants Bank. Tals.: 5702

OLÍA, HJÓLÁS-FEITI OG FL

WINNIPEG OIL COMPANY, LTD.
Búa til Stein Olíu, Gasoline og hjólás-áburð
Tal-sími 1590 611 Ashdown Block

TIMBUR og BÚLOND

THOS. OYSTAD, 208 Kennedy Bldg.
Viður í vagnhlöðum til notenda, búlönd til sölu

PIPE & BOILER COVERING

GREAT WEST PIPE COVERING CO.
132 Lombard Street.

VÍRGIRÐINGAR.

THE GREAT WEST WIRE FENCE CO., LTD
Alskonar virgirðingar fyrir beitiur og beitiara.
76 Lombard St. Winnipeg.

ELDAVÉLAR O. FL.

McCLARY'S, Winnipeg.
Stærstu framleiðendur í Canada af Stóm, Steinvöru [Granitewares] og fl.

ÁLNAVARA Í HEILDSÖLU

R. J. WHITLA & CO., LIMITED
264 McDermott Ave Winnipeg
"King of the Road" OVERALLS.

BILLIARD & POOL TABLES.

W. A. CARSON
P. O. Box 229 Room 4 1 Molson Banka.
Öli nauðsynleg áhöld. Ég gjöri við Pool-borð

NALAR.

JOHN RANTON
203 Hammond Block Talsími 4670
Sendið strax eftir Verðlista og Sýnishornum

GASOLINE Vélar og Brunnborar

ONTARIO WIND ENGINE and PUMP CO. LTD
304 Chamber St. Sími: 2988.
Vindmillur — Pumpur — Agætar Vélar.

BLÓM OG SÖNGFUGLAR

JAMES BIRCH
442 Notre Dame Ave. Talsími 2638
BLÓM - allskonar. Söng fuglar o. fl.

BANKARAR.GUFUSKIPA AGENTR

ALLOWAY & CHAMPION
North End Branch: 667 Main street
Vér seljum Avisanir borganlegar á Íslandi

LÆKNA OG SPÍTALAÁHÖLD

CHANDLER & FISHER, LIMITED
Lækna og Dýralækna áhöld, og hospitala áhöld
185 Lombard St., Winnipeg, Man.

Byrjið nýja árið með því að kaupa Heimskringlu

Skamma stund verður hönd höggvi fegin.

Forseti kirkjufélagsins, séra Björn B. Jónsson, er í tveim greinarkornum, sem birzt hafa í Lögbergi, að réttlæta ummæli sín í bréfi til Gardar-safnaðar, er gerðar voru dálitlar athugasemdir við í Breiðablikum. Maðurinn hlýtur að hafa verið í meira en lítið slæmu skapi, því hann talar þar meðal annars um, að ég hafi verið að svívirða lúterska kirkju og marg-tekur það hreystyrði, eins og finnist honum sætt í munni.

En til þess var engin átylla gefin í ummælum mínum í Breiðablikum. Ekkert orð var þar talað í neinum slíkum tilgangi, né heldur gáfu þau nokkrum rétthugsandi manni tileíni til annars eins dóms.

Ég efaðist um, að tólf miljónir væri í lúterskri kirkju, eins og séra Björn hafði sagt, og ég sýndi fram á, hve óralangt væri frá því, að þetta ætti sér stað. Séra Björn er enga vitund nær að færa sönnur á þetta mál sitt eftir öll sín skrif.

Síðustu skýrslur gefa töluna í lúterskri kirkju í Bandaríkjunum, og við þá tölu er bezt að halda sér. Sú tala er þar 2,112,494, eða að eins rúmar tvær miljónir. Nú talar séra Björn um, að í þeirri tölu séu ekki börn, innan fermingar. Má vera að svo sé. En það breytir skelfing litlu. Tökum til dæmis ísl. kirkjufélagið. Eftir síðustu skýrslu voru í því 1908 eimr 4,656 fermdir, en 2,558 ófermdir, eða hér um bil þriðjungur. Eftir því má nú gjöra það fyrir séra Björn, úr því hann vill ógna Gardar-söfnuði með börnunum líka, að bæta þriðju miljóninni við og segja, að í lúterskri kirkju í Bandaríkjunum séu þrjár miljónir sálna. En það er enn svo langt frá tóll-miljóna markinu, að mann sundlar. Þótt nú farið væri að gera það séra Birni til geðs að segja, að í lúterskri kirkju væri helmingur barna, til að hjálpa forsetanum út úr þessum klipum, næði það skamt á leið. Það nær engri átt, að telja þar fjórar miljónir. Og manntals-skrifstofa Bandaríkja mundi álíta það fremur hégómlegt talna-tildur, sæi hún það gert. En jafnvel fjórar miljónir eru langt frá tólf miljónum, — svo langt, að séra Björn má ekki kippa sér upp við, þó menn láti sér ekki ógna með öðrum eins staðhæfingum.

Raunmast eru Íslendingar heldur svo skyni skropnir, að þeir láti telja sér trú um, að í þessu sambandi sé nokkurt minsta vit í, að telja alla þá, sem verið GÆTI lúterskir menn, af því forfeður þeirra hafa verið lúterskir. Við þurfum í því efni eigi annað en hugsa um sjálfa oss. Eftir sömu áætlan má telja 30 þúsund Íslendinga hér í Ameriku, og við þá áætlan hefir verið miðað síðari ár alment í tali manna á milli, er slikt ber á góma. Í kirkjufélaginu voru kring um sjö þúsund sálir, ekki fjórðungur. Ef einhver segði nú: Blessaður, þú mátt gá að þér, að ganga ekki út úr kirkjufélaginu, því í því volduga kirkjufélagi eru ekki færri en 30 þúsund manns. Hvað myndi sagt verða? Myndi ekki margur reka upp stór augu? Hvað skyldi Únitarar segja? Hvað skyldi öllum þeim, sem utan kirkjufélags standa, verða að orði?

Mikill bilmings-blástur yrði rekinn upp hvarvetna þar sem íslenzk tunga er töluð, ef einhver risi upp og segði með miklum drýgindum, jafnvel þó það ekki væri gert í embættisbréfi: "Lítum til hins mikla og göfuga lúterska kirkjufélags. Til þess telst um 30 þúsundir manna í Ameriku" (Sbr. Bréf til Gardar-safnaðar, Sam. ág.1909, bls. 179). Væri ekki slik staðhæfing fremur til að gera kirkjufélagið auvirðilegt í augum manna, en til þess að gera veg þess meiri, einkum ef sú fráleita staðhæfing væri ger af forseta þess?

Sama er að segja um þetta vísinda-tildur, sem sett er upp í bréfinu. Þar eru nefndir tveir lút. vísindamenn. Sér eru nú hver ósköpin, ef það skyldi vera einir tveir vísindamenn í tveim eða þrem miljónum! En svo var bent á í Breiðablikum, að jafnvel þessir tveir vísindamenn væri svo settir, að vísindaleg störf þeirra væri engin sæmdar-aukning lúterskri kirkju, af því mennirnir væri ekki í þjónustu hennar. Báðir voru skamma stund kennarar við lút. prestaskóla, en urðu þá að hverfa þaðan, sáróánægðir, og beita kröftum sínum annars staðar.

Engu af þessu hefir séra Birni tekist að hrinda.

Bréfið frá dr. Jacobs sannar einmitt mál mitt. Hann kannast við, að dr. Hilprecht hafi verið óánægður. "Dr. Hilprecht WAS NOT PLEASED that our Faculty, with his best interests at heart, answered his request for our advice by advising his acceptance". Þetta þýðir séra Björn með: Ekki þótti dr. Hilprecht ánægjulegt fyrir sig, o. s. frv. Það var svo langt frá því, að honum þætti það ánægjulegt, að hann var óánægður, — was not pleased.

Út af hverju var hann óánægður? Hann hafði verið kosinn kennari við prestaskólann í Philadelphia, samkvæmt orðum dr. Jacobs, fyrir skömmu, — When he was elected — stendur í bréfinu. En um leið, að þegar hann hafi verið kosinn, hafi ekkert autt embætti verið þar handa honum. Því var hann þá kosinn? Um það er ekkert sagt. Sjálfsagt hefir dr. Hilprecht búist við því, að hann hafi ekki verið kosinn án þess, að þar væri nein staða handa honum. Svo fær hann köllun frá Hartford, til að vera kennari þar, utan lútersku kirkjunnar. Hann vill ekki taka þeirri köllun, og spyr kennara prestaskólans, sem hann þjónaði, ráða. Býst augsýnilega við, að þeir segi: "Við megum ekki missa þig, en viljum fyrir hvern mun hafa þig. Ekki eru vísindamenn of margir í lúterskri kirkju". En sú von bregst honum. Mót von er honum sagt: Þú mátt fara. Hér er ekkert autt rúm handa þér. Það er þér sjálfum fyrir beztu. — Líklegt var nú reyndar, að maður eins og dr. Hilprecht vissi sjálfur, hvað honum væri fyrir beztu. Út af þessu verður hann óánægður og myndi margur hafa orðið í hans sporum.

Hvaða vit er nú í, að telja þeirri kirkju vísindaleg störf þess manns til gildis, sem svo hefir verið farið með?

Annars sést á hinu gætilega og stillilega bréfi dr. Jacobs, hvernig málið hefir verið lagt honum í hendur. Hann er að verja dr. Hilprecht þar, eins og ég hafi verið að bera á hann einhverjar sakargiftir. Eins og þeir vita, sem orð min lásu, gerði ég ekkert þess konar. Ég sagði um þá báða, dr. Hilprecht og dr. Clay, að þeir væri íhaldssamir (conservative) guðfræðingar. Mér hefir aldrei til hugar komið, að ég eigna honum nokkura neikvæða guðfræði (negative theology), né haldið því fram, að hann tilheyrði nokkurri eyðandi stefnu — destructive school. En það lítur svo fyrir, að dr. Jacobs hafi látið sér skiljast þetta af upplýsingum þeim, sem honum hafa verið gefnar. Og sjálfsagt álítur hann eftir sömu upplýsingum, að þetta sé nú hvorttveggja mín steina.

Hið eina, sem ég hefi fullyrt, er að hvorugur þessara manna haldi fram kenningunni um óskeikulleika bibliunnar (the infallibility or inerrancy of the Bible) eða mundu vilja kannast við kenningar séra Björns um, að hvert orð sé þar tamið upp á ábyrgð guðs. Ef nú séra Björn hefði fengið vottorð þessara manna fyrir því, að það væri kenning þeirra og trúarjátning, skyldi ég fúslega hafa kannast við, að þá hefði ég misskilið. Það hefði þá verið einungis því að kenna, að ég hefi ekkert orð séð eftir þá því til stuðnings. En ég bið rólegur átektanna þangað til.

Þar sem dr. Jacobs talar um neikvæða guðfræði, setur séra Björn nýja guðfræði innan sviga, til að koma ísjenzkum lesendum í skilning um, að ný guðfræði og neikvæð guðfræði sé eitt og hið sama. Það er sama listin og Missouri-sýnódan, ein voldugasta deild lúterskrar kirkju í Bandaríkjunum, hefir lengi leikið. Í Nauðsynlegri hugvekju eftir séra Jón Bjarnason stendur:

"En hvergi kemur þó þetta kærleiksleysi og ranglæti Missourimanna eins sterklega fram og þegar þeir eru að eiga við hina 'nýrri guðfræðinga', en svo kalla þeir alla hina lútersku guðfræðinga þýzkalands, sem lifað hafa á 19. öld, ásamt fjölda guðfræðinga, sem sumpart hafa enga ákveðna stefnu eða jafnvel alveg ókristilega. Öllum þessum mönnum er blandað saman, því það er nóg til að verða settur í gapastokkinn, ef maður er ekki samhljóða sýnódumönnum í öllu" (bls. 58).

Dr. Jacobs myndi eflaust dæma nokkuð á annan veg um ágreinings málin í ísl. kirkjufélaginu, ef honum yrði ljóst hið sanna samhengi. Það eru einungis Missouri-öfgarnar, sem þeirri deilu hefir valdið.

Dr. Clay þykist ekki einu sinni muna, að hann hafi séð mig. Og séra Björn hefir viljað koma þessu inn í meðvitund manna með því, að prenta þann kafla skáletri. En það vill svo vel til, að ég man daginn, er við sáumst, staðinn, þar sem viðtalið var, og öll tildrög. Það var 23. febrúar 1901, síðari hluta dags á háskólanum í Philadelphia. Það var veturinn, sem heilsa mín bilaði, og ég var austur frá. Það vill svo vel til, að ég á dagbók frá þeim tímum, mjög nákvæma, og er öllum, er sjá vilja, velkomið að koma heim til mín og skoða. Það er bók í fremur stóru broti, og ártal og mánaðardagar prentað efst. En hver blaðsíða rituð eins þéttu letri og unt er fyrir að koma, á meðan ég var í ferðinni. Hún nær yfir veru mina í Philadelphia, New York og Washington. Byrjar 16. febr., er ég fór frá Battle Creek, og nær fram að 16. des. sama ár. Í hana var ritað á hverju kveldi, áður ég gekk til svefns.

Ég ætla nú að setja hér alt, sem stendur þar 23. febr, til þess að lesendum gangi sem bezt um að dæma, en geta þess um leið, að maðurinn, sem með mér var og nefndur er, er Gunnlaugur Jónsson, bróðir Stefáns kaupmanns Jónssonar í bæ þessum. Hann var þá guðfræðinemi við prestaskólann lúterska í Mt. Airy. Hann varð mér samferða þenna laugardag yfir á háskólana.

Á þessari dag,bókar blaðsíðu stendur:

Saturday, February 23, 1901.

"Við Gunnlaugur fórum niður til Philadelphia og vorum allan fyrri hluta dagsins á bókasöfnunum. Ég var að leita að upplýsingum um syndafallið, en fann engar bækur, sem eigiflega var nokkurt gagn í. Ætlaði að fá Professor Cheyne's nýja Bible Dictionary, sem nú eru komin út tvö bindi af. En þeir höfðu einungis fyrra bindið, en í öðru bindinu voru þær greinarnar, sem ég þurfti á að halda. Ég fór líka að gamni minu að gæta að, hvað þeir hefðu af bókum um goðafræði Norðurlanda, og fann ég þar lítið nýtt, nema nýja þýðingu af Bugge's Studier á ensku. — Þaðan fórum við vestur í háskólabæinn, sem eru margar byggingar á stóru svæði, hver annari stærri og einkennilegri, heill heimur út af fyrir sig, sem stöðugt er að vaxa. Maður skilur fyrst, hvað orðið universitas þýðir, þegar maður virðir fyrir sér annan eins óskaplegan klasa af stórbyggingum og hugsar um, að þarna eru eittthvað 300 kennarar. — Fórum inn í háskólasafnið, sem er eitt hið merkilegasta, og þar inn í babylonisku deildina. Fundum þar dr. Clay, sem er lúterskur prestur, lærisveinn og aðstoðarmaðr dr. Hilprechts, sem er nýkominn frá Babylon hinni gömlu með fjarskan allan af nýfundnum leirspjöldum, og þó miklu meira á leiðinni. Kom heim sem snöggvast til að halda fyrirskipaða fyrirlestra, en er svo á fórum aftur til Constantinopel, þar sem hann þarf að taka á móti mörgum hundruðum af þessum spjöldum. — Dr. Clay mintist á dr. Weidner, og sagði hann væri stærsti windbag í Ameriku. Hann hafði nýlega sagt í fyrirlestri í Liturgical Association, að í guðfræðinni væri 32 greinar, og hann væri eini maðurinn í Ameriku, sem gæti kent þær allar".

Ég hefi tilfært alt, sem í bókinni stendur frá þessum degi (23. febr. 1901) af því það sýnir tildrög og samhengi. En ég tek það fram, að þessi ummæli um dr. Weidner hefði ég aldrei látið birtast á prenti, ef eigi hefði átt að gera mig að ósannindamanni að hlutum, sem voru deginum sannari. Ég hefi virðingu fyrir manninum, og þessi ummæli skertu þá virðingu mina alls ekki. En ég tilfæri þau að eins til að sýna, hve óánægður dr. Clay var. Hann hafði mörg fleiri ummæli um skólann í Chicago, sem ég hirði ekki eftir að hafa. Hann getur borið á móti þessu eins og hann vill. Ég segi mína sögu eins og gekk, úr því ég var til neyddur. Mega menn svo ráða, hverju þeir trúa. Vitaskuld var enginn hraðritari viðstaddur. En naumast trúi ég, að ekki sé þeir menn til þar austur, og það æði margir, sem eigi kannast við orðið windbag í þessu sambandi.

Mér finst nú að ég hafi fært fullar sannanir fyrir máli mínu. Báðir kennarar urðu eftir örstuttan tíma að fara frá lút. prestaskólum sáróánægðir. Síðan eru þeir í þjónustu ólúterskra manna við háskólastofnanir, sem fylgja stefnu tímans í guðfræði og öðrum efnum eins og bezt má verða, og eru launaðir þar. Samt hefir dr. Clay verið tímakennari í hebresku við skólann í Mt. Airy fjögur síðustu ár.

Hvernig hægt er að telja störf þeirra lút. kirkju til gildis, á ég fremur erfitt með að skilja. Rannsóknir þeirra eru sannarlega ekki rannsóknir lút. kirkju að neinu leyti. Og torskiljið hlýtur flestum að verða, hvers vegna það er háskalegra, að ganga út úr kirkjufélaginu þeirra vegna. Því í raun og veru hefir lút. kirkjan sagt við þá eins og hina, er út hafa gengið úr kirkjufélaginu: Þið hafið hér ekkert að gera!

Séra Björn ætlar ekki einungis að bera kirkjufélagið á háhesti yfir allar torfærur, heldur og alla lút. kirkjuna í landi þessu. Hann mælir þar í miklum vígahug, eins og væri hann annar Herkúles. En hingað til hefir honum verið svo hnotgjarnt með kirkjufélagið, jafnmikill fífuvetlingur og það er, að menn hljóta að verða með öndina í hálsinum um afdrifin, er hann hefir sett upp þenna afarmikla tólf miljóna hatt.

En svo vill svo vel til, að hvorugt þarf á neinni vernd að halda, að því er mig snertir. Það er langt frá, að ég vilji draga úr veg nokkurs, hvorki lúterskrar kirkju í heild sinni, kirkjufélagsins né séra Björns. En ég vil fá að segja sannleikann, hver sem í hlut á, Hann er ávalt sagna beztur. Lúterskan tel ég mig með engu minna rétti en bræður mínir í kirkjufélaginu, og vegur lúterskrar kirkju vildi ég væri sem mestur.

En hann verður því að eins mikill, að satt sé sagt og ekki borið fram hégómlegt hól, þar sem sannleikurinn heimtar, að talað sé um galla og annmarka.

Sá sonur gerir henni mestan sóma, sem hreinskilnislega kannast við bresti hennar og yfirsjónir. Sá auvirðir hana mest, sem ber á hana hégómlegt hól fyrir það, sem sízt skyldi.

F. J. Bergmann.



McKenzie's Vestræna FRÆ.

VALID fyrir Vesturlandið. Bezt fyrir Vesturlandið. Vaxa bezt í Vesturlandinu. Eiga bezt við Vesturlandið. Hver áreiðanlegur og framtaksamur kaupmaður selur McKenzie's FRÆ. Ef kaupmaður yðar hefir þau ekki, þá sendið pantanir yðar beint til vor. —

A. E. McKenzie Co. Ltd
BRANDON, Man. — CALGARY, Alta.

Ég hugsa um þig.

Ég hugsa um þig, hjartkæra feðranna Frón
Með fjöllin og vötnin þín bláu,
Með elfur og fossa og lækí og lón,
Með lautir og brekkurnar háu,
Með dali og hliðar og gljúfur og gil,
Með gnístandi kulda og sólþrunginn yl.

Ég hugsa um alt, sem á brjóstum þú ber,
Oq blómgast með lífskrafti þínum.
Eg hugsa um drynjandi, eldþrunginn hver,
Með ólgandi gosstraumum sínum.
Ég hugsa um fjölmarga ljóðandi lind,
Og litbjartan jökul, á bláfjallatind.

Ég hugsa um angandi glithlómagnótt,
Og glymjandi söngfuglakliðinn.
Ég hugsa um töfrandi hásumarsnótt,
Með himneska, draumljúfa friðinn.
Ég hugsa um kvöldroðans geislandi glóð,
Sem gagntekur hugann og kallar fram ljóð.

Ég hugsa um eldinn, sem brýst þér um brár
Með bölþrungið, ógnandi gengi,
Sem veitir stundum svo voðaleg sár,
Að víst ber þú menjarnar lengi.
Ég hugsa um lagar þíns lognöldu-rót,
Sem laugar þinn hraunsteypu, ísrunna fót.

Ég hugsa um skipin, sem sigla þinn sæ,
Þau sízt úr huga mér líða, —
Í grimmasta roki og blíðasta blæ
Við bylgjurnar öflugar stríða.
Ég hugsa um vini, sem flutti ég frá,
Og fæ hér aldrei að líkindum sjá.

Ég hugsa um fjölstirnda himin inn þinn,
Með hrífandi norðljósa strauma.
Ég hugsa um bernskunnar blómreitinn minn,
Og blíðustu æskunnar drauma.
Í hrygð og gleði ég hugsa um þig vál,
Og helga þér alt, sem bezt á ég til.

Björn Pétursson.

TIL VINAR.

Í andans garði grýttum láttu vora,
um glerhált svell þú rennur æfistig.
Ég hefi marga sprengt í svellið spora,
þeir sporar hafa enn ei stöðvað þig.

En aftur mun í andans garði vora,
og enn mót sólu ræsin breiða sig.
Ég reyni enn að sprengja í svellið spora,
— þeir sporar munu að síðstu stöðva þig.

Loks með ró þú lítur þá til baka
á lífsins grýtta, jökulkalda slóð,
og sérð á stundum sveigja lífsins klaka
særðra vina eldheitt hjartablóð.

Margt þá andans svífur fyrir sjónum:
þú sérð þar visin blóm, er hafðir grætt;
þú sérð þar val með veslings rjúpu í klónum,
með vængi stýfða og hjartað sundur tætt.

Í fölskum hjúpi flögð í borgum sveima,
falskar hörpur slá um vetrarkvöld.
Lauslyndis og losta flýjum heima,
en lifum þar, sem kærleikur á völd.

Sjöfn.

Heimsækjið STÓRU Hljóðfæra-Söluna.

Nýja búðin okkar á horni Portage Ave og Hargrave St er nær tilbúin og vér flytjum í hana bráðlega. —

Vér höfum gnægð af Pianós sem verða að seljast áður en vér flytjum. Og þessvegna eru niðursettir prísar á mörgum góðum hljóðfærum. — Sömuleiðis höfum vér mikið af brúkuðum hljóðfærum til sölu með mjög lágu verði. —

Heintzman & Co.
PIANO

Verður ekki niðursett. Þau eru ætíð seld fyrir samaverð. Vér höfum ýmsar tegundir af Heintzman & Co. Pianos fyrir $425.00 og þar yfir. Það væri sem að slá af gullpening um að slá af venjulegu verði Heintzman & Co. Pianó. —

McLean J. J. H. McLean & Co LIMITED

528 Main St. — Phone 808
Og í Brandon og Portage La Prairie

Fréttir úr bænum.

Síðan síðasta blað kom út hefir verið ágætisveður, stundum sólbráð og hitar.

Í síðustu viku var hér á ferð Bjarni Pétursson, frá Mountain, N. Dak. Hann kom norðan frá Siglunes P.O. Var að finna skyldfólk sitt. Varðist alla stórtíðinda.

Nafnaskrá Winnipeg borgar fyrir árið 1910 (um nýár), sem er nýkomin út, telur nú íbúatölu borgarinnar (ásamt St. Boniface) 172,865, og mun það láta nær sanni. Á næsta hausti verður fólkstalan sjálfsagt nokkuð yfir 200,000.

Mrs. Anna Thordarson á Sherbourne St., á bréf á skrifstofu Hkr.

Laugardaginn var komu þeir Sigurður Jónsson Reyknesingur og Guðmundur Sigurðsson frá Dog Creek, inn á skrifstofu Hkr. Tíðarfar og heilsufar gott og fiskiveiðar með bezta móti og verð hátt. Herra Guðmundur Sigurðsson biður Hkr. að geta þess, að hann hafi breytt um pósthús sitt, og sé það nú og framvegis að Dog Creek P.O., Man.

Póstmeistari McIntyre í Winnipeg hefir fengið skipun frá póststjórninni í Canada, að loka pósthúsinu framvegis á sunnudögum. Skipun þessi öðlaðist gildi fyrsta þessa mánaðar. Hingað til hefir pósthúsið verið opið, svo allir þeir sem eiga bréfaskúffur í því, gæti náð póstinum á sunnudögum jafnt og aðra daga. En sú náð er þrotin nú. Þetta verða menn að muna

Þorsteinn Þorsteinsson Hólm dó á almenna spítalanum hér í bæ á laugardaginn var, eftir nokkurra vikna legu.

Aðfaranótt föstudagsins andaðist hér í bænum að heimili móður sinnar og stjúpföður, Mr. og Mrs. Sigurjóns Björnssonar, ungfrú Ingibjörg Björnsdóttir Oleson. — Hún var fædd að Dallandi í Norðurmúlasýslu 9. maí 1885. Fluttist hingað vestur fyrir tæpum 7 árum síðan. Banamein hennar var vatnssýki. Hún var jarðsungin frá Únítara kirkjunni þann 31. jan. sl. Yfir líkinu töluðu séra Rögnv. Pétursson og séra Guðm. Árnason.

Sú frétt barst frá Duluth, Minn., að látist hafi þann 25. jan. sl. Albert Johnson, ungur og efnilegur námsmaður, var í þann veginn að útskrifast við lærðaskóla bæjarins. Hann var sonur Kristjáns Jónssonar grafreitsvarðar í Duluth. Banamein hans var botnlangabólga. Hans verður nánar minst í næsta blaði.

Frétst hefir, að Andrés Jóhannesson, að Brú, sé dáinn, og jarðarförin hefði átt að fara fram á þriðjudaginn. Hans verður getið nánar í Heimskringlu síðar.

Hið venjulega árssamsæti Únítara verður haldið á sunnudagskvöldið kemur í samkomusal safnaðarins. Þar verða lesnar upp skýrslur fráfarandi embættismanna og rædd ýms nauðsynjamál söfnuðinum viðkomandi.

Missagt var í síðasta blaði Hkr. að Ísl. liberal klúbburinn biði Ísl. conservative klúbbnum í kappspil næsta föstudag. Það átti að vera næsta mánudag, vegna þess að lib. klúbburinn hefir ei húsrúm nema á mánudagskveld, þ.e. eitt kveld í viku hverri. Svo er nú það.

Hjónavígslur.

Þessar persónur hafa verið gefnar í hjónaband af séra F. J. Bergmann síðastliðinn janúarmánuð:

Arthur Edmund Bowen Bridgewater og Helga Jacobson, 12. jan.

Pétur Björnsson og Sigríður Anderson, 15. jan.

Hinrik Bjerring og Sigurbjörg Pálsdóttir, 23. jan.

Öll til heimilis í Winnipeg.

Fólk er beðið að minnast þess, að þann 4. marz næstk., heldur kvenfélag Tjaldbúðarsafnaðar Concert og Social, og verður vel til þeirrar samkomu vandað.

Þann 25. f.m. héldu Skotar 151 árs afmæli í minningu skozka þjóðskáldsins Robert Burns, með afarmiklu hátíðahaldi og viðhöfn hér í borg.

Á mánudagskveldið spiluðu ísl. pólitisku klúbbarnir kappspil, eins og getið var um að stæði til. Þeir spiluðu 22 borð, 44 á hvora hlið. Conservativar unnu, höfðu 15 vinninga yfir. Liberal klúbburinn stóð fyrir þessu kappspili og bar fram rausnarlegar veitingar meðan á spilamennskunni stóð.

Búist er við, að þriðja kappspilið milli klúbbanna verði háð bráðlega.

G. L. Stephenson hjónin, 715 William Ave., fóru í skemtiför til Minneapolis nýskeð, og ætla að ferðast um Bandaríkin og alla leið til Los Angeles í California, þar sem Mrs. Clark, systir Mrs. Stephanssons, býr. Þau verða í burtu 5—6 vikur.

Stúdentafélagið

hefir fund næstk. laugardagskveld, í fundarsal Únítara. Fundurinn byrjar kl. 8. — Íslendingar fjær og nær eru beðnir að taka vel eftir auglýsingu Stúdentafélagsins í næsta blaði.

Skírnir, tímarit hins íslenzka Bókmentafélags, er nýkominn á skrifstofu Heimskringlu Verður minst bráðlega.

Miss Margrét Johnson, dóttir Arngríms Johnson, Victoria, B.C., kom til bæjarins í síðustu viku, og er að leita sér heilsubótar í Manitoba. Hún fer til Baldur, Man., bráðlega. Hún er skólakennari í Victoria.

Frá Siglunes P.O., Man., er oss ritað 18. f.m., að elzti sonur fyrverandi alþm. Jóns Jónssonar frá Sleðbrjót hafi legið mjög þungt haldinn í brjósthimnubólgu síðan fyrir jól, en sé nú heldur á batavegi.

Ungan efnabónda vantar fallega og þrifna ráðskonu. Heimili fáment og góðment. Kaup hátt og áreiðanlegt. Gripið tækifærið, og snúið yður til núverandi ritstjóra Heimskringlu, tafarlaust.

Fylkisþingið í Manitoba er kallað saman fimtudaginn 10. febrúar næstkomandi.

Næsta föstudagskveld ætlar ísl. Hockey klúbburinn, The Falcons, að leika á móti Monarch klúbbnum á Arena Rink. Leikurinn byrjkl. 8½ á mínútunni. Aðgangur 25 cent. Þessir Íslendingar verða í leiknum: Emil Goodman (ingoal), C. Benson (point), Steve Dalman (C. point), A. Jóhannesson (central), St. Stephansson (rover), Óli Eiríksson (right wing) og Bill Halldórsson (left wing).

Enginn vafi er á, að þessi kappleikur verður ákaflega hart sóttur af leikendum, því hér er um hæsta vinning að ræða. Sjö Íslendingar á móti 7 enskum. Íslendingar ættu að vera þar viðstaddir eins margir og mögulegt er, og sýna, að þeir hafi fullan áhuga fyrir sínum mönnum og leikslokum. Fjölmenni Íslendinga við þennan kappleik örfar og glæðir kapp þeirra Íslendinga, sem eru í kappleiknum. En hér má ekkert af draga og engu muna, ef Íslendingar vilja bera sigur af enskum. Hér er ekki að tala um neinar enskar rolur, heldur þaulæfða garpa og heljarmenni til leika og listar.

Í Hkr. 20. jan. er getið um, að Ólafur Johnson frá Gardar sé hér að leita sér lækninga við augnveiki. Þetta hefir misprentast, á að vera eyrnaveiki, en ekki augnveiki.

Eimreiðin.

Eimreiðin, 1. hefti, XVI. árg., er nýkomin til Heimskringlu. Efnisyfirlit: —

Vísindalegar nýjungar og stefnubreyting tímans, Þorv. Thoroddsen.

Úr yngsta kveðskap Svja (kv.), Matth. Jochumsson.

Bleiksmýrar-verksmiðjan (saga), Jón Trausti.

Hvað gamall varð Adam, ritstj.

Ferðaminningar frá Saxlandi, Sigurður Nordal.

Tvö smákvæði, Jakob Jóhannesson.

Hver er konan fegri? ritstj.

Stærsti bær heimsins, ritstj.

Kímnismolar, ritstj.

Liðhlaupinn (þýdd saga), ritstj.

Ný notkun mómýra, ritstj.

Loftsiglingar og fluglist, með 5 myndum, Guðm. G. Bárðarson.

Ritsjá, eftir ýmsa.

Íslenzk hringsjá, eftir ýmsa.

Kafli úr bréfi.

K. Ásg. Benediktssyni er skrifað frá Edinburg, N. Dak., 28. jan., svohljóðandi fréttir: Góð tíð, heilsufar fólks heldur gott, þóihefir illkynjað kvef stungið sér niður. Enginn dáið úr því. — Í Gardarbygð dó fyrir viku síðan gamall maður, Einar Thorlacius, faðir Hallgríms Thorlaciusar bónda þar í bygð. Einar sál. var jarðsunginn 26. jan. af séra Hansi Thorgrímssen, að Gardarkirkju, að viðstöddum mannfjölda. — Verð á hveiti er hér nú $1.00, bygg 50c, hafrar 35c, hör $1.75 bush.; smjör 35c, egg 25c. (Annað heimulegt).

Í vikunni sem leið sást halastjarna hér í borg frá kl. 6—7 ein 3 kvöld. Hún gekk niður í vestri hér um bil miðja vega milli miðaftans og náttmála. Stjörnufræðingar halda að hún komi frá sólu og hafi ekki sést áður.

Unglings-piltur

lipur og dálitið skólagenginn, getur fengið gott tækifæri til að læra prentiðn hjá undirrituðum.

THE ANDERSON CO.
S.e. Cor. Sherbrooke & Sargent.

Sérstök Sala

Barnaskór $1.50 og $2.25 virði fyrir aðeins
$1.00

Stúlkuskór $2.00 og $3.00 virði fyrir aðeins
$1.40

Vici Kid og Patent leður skór, hneptir eða reimaðir, með léttum eða þunguin sólum. Barna stærðir 8 til 10½. Og stúlku stærðir 11 til 1½. —

Ryan-Devlin Shoe Co
494 MAIN ST. PHONE 770.

Spurningar.

Heiðraði ritst. — Þegar safnað er almennum samskotum til að kaupa stáss-úr og festi og gefa vissum manni það í heiðursskyni hafa þá safnendurnir nokkurra heimild til að draga af samskotafénu, og kaupa þessa hluti að eins fyrir þá upphæð, sem þeim þóknast, enda þótt safnendurnir segist ætla afganginn handa fátæku fólki?

SVAR: Þegar safnað er fé handa vissum manni, með frjálsum samskotum, þá er sjálfsagt að fé eða jafngildi þess gangi að öllu leyti til þess manns, sem samskotamenn gáfu peningana.

1. Hvaða heimilisfestu hefir John D. Rockefeller.
2. Er góð atvinna fyrir konu, sem tekur sauma heim til sín í Regina?
3. Kona biður mig að spyrja, hvort að hún geti fengið styrk hjá stjórninni til að ná heimilisréttarlandi. Hún hefir barist fyrir 4 börnum úti á landi í 10 ár og hefir aldrei þegið sveitarstyrk.

SVÖR. —

1. John D. Rockefeller býr oftast á búgarði sínum Pocantico Hills, N. Y., U.S.A.
2. Oss er ókunnugt um saumavinnu í Regina.
3. Hver sú kona, sem hefir fyrir ómaga eða ómögum að sjá, og uppfylt getur landtökulögin, getur tekið heimilisrétt, sem karlmaður.

Fyrirspurn.

Hver, sem veit um Kristinn Lármann, sem í síðasta apríl var í Kelvington P.O., Sask., geri svo vel, að láta mig vita um heimilisfestu hans.

Guðbjörg J. Magnúsdóttir,
Baldur, Man.

ESTHER.

Söngflokkur fyrsta Lútersku safnaðar heldur

SAMSÖNG

mánudagskveldið 14. febr. næstk., í fyrstu Lútersku kirkjunni hér í borginni.—

SUNGIÐ VERÐUR

QUEEN ESTHER

(CONTATA).

hin frægu söngljóð, úr efni Estherbókar, í ein- tví- þrí- og fjórröddaðum söngvum. Söngflokkurinn fjölmennur

Byrjar klukkan 8.

INNGANGUR 35c
Börn 6 til 12 ára 25c

P.S.—Takið eftir skýringu á efni ljóðanna á öðrum stað í þessu blaði.

FYRIRSPURN. — Hver, sem getur gefið mér upplýsingar um Þorstein Sigurðsson frá Borgarhöfn í Suðursveit í Austur-Skaftafellssýslu, bið ég svo vel gera og láta mig vita, hvað þeir vita síðast um hann. Síðast, sem ég frétti til hans, var hann kominn til Nome Alaska.

Ben. Ra'nkelsson,
Oak Po nt, Man.

KENNARA VANTAR

til Laufás S. D. yfir 3 mánuði frá 1. april. Tilboð, sem tiltaki mentastig ásamt kaupi, sendist undirrituðum fyrir 28. febr. næstkomandi.

Geysir, Man., 8. jan. 1910.
B. JÓHANNSON.

Kennara vantar

við Háland skóla No. 1227. Sex mánaða kensla, byrjar 15. april — skólafrí ágústmánuð, byrjar aftur 1. september. Umsækjendur tiltaki kauphæð oa mentastig. Umsóknir verða að vera komnar til undirritaðs fyrir 20. marz næstk.

Hove P.O., Man., 15. jan. 1910.
S. EYJÓLFSSON,
(4t) Sec.-Treas.

Almanakið 1910

er útkomið og verður sent umboðsmönnum til sölu eins fljótt og hægt er.

AÐAL-INNIHALD ÞESS ER:

—Mynd af Almannagjá. — Gísli Ólafsson, með mynd. Eftir F.J.B. — Mynd af íslenzkri baðstofu. — Hvað er föðurlandið? — Íslenzkur Sherlock Holmes. Saga. Eftir J. M. Bjarnason. — Safn til landnámssögu Ísl. í Vesturheimi. I. Alftavatnsbygð. Eftir Jón Jónsson frá Sleðbrjót. — Skógareldurinn. Sönn saga hetjuskapar og mannrauna. Blaðsíða úr lífsbók hinna harðsnúnu frumbúa Norðvesturlandsins er orðið hafa á hinum voðalegu vegum skógareldanna. Jón Runólfsson þýddi. — Helztu viðburðir og mannalát meðal Ísl. í Vesturheimi, — og margt fleira smávegis, — 118 blaðsíður lesmál.

Kostar 25 cent.

Pantanir afgreiddar strax.

O S. Thorgeirsson,
678 Sherbrooke St., Winnipeg
Talsími 4342.

BONNAR, TRUEMAN & THORNBURN,
LÖGFRÆÐINGAR.
Suite 5-7 Nanton Blk. Tals. 766
Winnipeg, Man. P.O.BOX 223

DR. H. R. ROSS
C.P.R. meðala- og skurðlækuir.
Sjúkdómum kvenna og barna veitt sérstök umönnun.
WYNYARD, — SASK.

Dr. M. Hjaltason, Oak Point, Man.

Jóhanna Olson
PIANO KENNARI
557 Toronto St. Winnipeg

Anderson & Garland,
LÖGFRÆÐINGAR
35 Merchants Bank Building
PHONE: MAIN 1561.

MARTYN F. SMITH,
TANNLÆKNIR.
Fairbairn Blk. Cor Main & Selkirk
Sérfræðingur í Gullfyllingu og öllum aðgerðum og tilbún aði Tanna. Tennur dregnar án sársauka. Engin veiki á eftir eða gómbólga —
Stofan opin kl. 7 til 9 á kveldin
Office Phone 6944. Heimilis Phone 6462.

Þarft þú ekki að fá þér ný föt?

EF ÞAU KOMA FRÁ CLEMENT'S, — ÞÁ VERÐA ÞAU RÉTT

Réttur að efni, réttur í sniði réttur í áferð og réttur í verði.

Vér höfum miklar byrgðir af fegurstu og beztu fataefnum. —

Geo. Clements & Son
Stofnað árið 1874
264 Portage Ave. Rétt hjá FreePress

Th. JOHNSON
JEWELER
286 Main St. Talsími: 6606

JOHN ERZINGER
TÓBAKS-KAUPMAÐUR.
Erzinger's skorið reyktóbak $1.00 pundið
Hér fást allar neftóbaks-tegundir. Oska eftir bréflegum pöntunum.
McINTYRE BLK., Main St., Winnipeg
Heildsala og smásala.

G. NARDONE
Verzlar með matvöru, aldini, smá-kökur, allskonar sætindi, mjólk og rjóma, sönul. tóbak og vindla. Óskar viðskifta Íslend. Heitt kaffi eða te á öllum tímum. Fón 7756
714 MARYLAND ST.

Boyd's Brauð

Brauðin frá okkur eru bragð betri, auðmelt og geymast betur en venjuleg brauð. Eru búin til úr úrvals hveiti af marg æfðum bökurum. Biðjið matsalann ykkar um þau, eða símið okkur og vér skulum senda brauðvagninn til ykkar

Boyd's

Bakery Cor. Spence & Portage Ave
Phone 1080.

Winnipeg Wardrobe Co.
Kaupa brúkaðan Karla og Kvenna fatnað,—og borga vel fyrir hann.
Phone, Main 6539 597 Notre Dame Ave.

BILDFELL & PAULSON
Union Bank 5th Floor, No. 520
selja hús og lóðir og annast þar að lútandi störf; útvegar peningalán o. fl.
Tel.: 2685

Jónas Pálsson,
SÖNGFRÆÐINGUR.
Útvegar vönduð og ódýr hljóðfæri.
460 Victor St. Talsími 6803.

J. L. M. THOMSON, M.A., L.L.B.
LÖGFRÆÐINGUR. 255½ Portage Ave.

Dr. G. J. Gislason,
Physician and Surgeon
Weltington Blk - Grand Forks, N Dak
Sjerstakt athygli veitt AUGNA, EYRNA, KVERKA og NEF SJÚKDÓMUM.

Húðir og ógörfuð Loðskinn

Verzlun vor er vor bezta auglýsing. Sendið oss húðir yðar og loðskinn og gerist stöðugir viðskiftamenn.
Skrifið eftir verðlista.

The Lightcap Hide & Fur Co., Limited
P.O. Box 1092 172-176 King St Winnipeg
16-9-10

W. R. FOWLER A. PIERCY.

Royal Optical Co.
307 Portage Ave. Talsími 7286.
Allar nútíðar aðferðir eru notaðar við augn skoðun hjá þeim, þar með hin nýja aðferð, Skuggaskoðun, sem gjörð er öllum ágiskunum. —

It's going UP.

Þú getur ekki búist við

að það geri annað en eyðast í revk. Því ekki að fá nokkur tons af okkar ágætu kolum, og hafa ánægjuna af, að njóta hitans af þeim, þegar vetrarkuldarnir koma. Komið til vor og nefnið þetta bl.

D. E. ADAMS COAL CO.
YARDS Í NORÐUR, SUÐUR, AUSTUR OG VESTURBÆNUM
Aðal Skrifst.: 224 BANNATYNE AVE.

CONCERT and DANCE

West-Winnipeg Band
S. K. HALL, Conductor.
ASSISTED BY
OLGA SIMONSON,
VIOLINIST.
Good Templars Hall, CORNER SARGENT AND McGEE
MONDAY EVENING FEBRUARY 7th, 1910
COMMENCING AT 8.30. TICKETS 35c.

Heimskringla.

XXIV. ÁR | WINNIPEG, MANITOBA, FIMTUDAGINN, 10 FEBRÚAR 1910 | NR. 19

Fregnsafn.

Markverðustu viðburðir hvaðanæfa

Ófriðlega leit út um miðja síðustu viku með Tyrkjum og Grikkjum út af Criteyjar-málinu. Tyrkir höfðu sent her á landamærin og höfðu liðsbúnað mikinn. Grikkir hjuggust fyrir heima. Frá Athenu borg fréttist 3. þ.m., að sjóflota Tyrkja væri kominn á fullan gang áleiðis til Criteyjar, og aldrei hefðu ófriðarskýin verið eins svört og þrungin, sem þá, og búist við ófriði á hverri mínútu. Sama dag sendi enska stjórnin frá Malta 1 dreka, 3 herskip og 4 eyðileggendur áleiðis til Grikklands. Einnig er viðbúnaður milli Rússakeisara og Emmanuel konungs á Ítalíu. Búist við, að þeir hafi gert áætlun um yfirvofandi ófrið á þessum stöðvum, þegar keisarinn heimsótti Ítalíu konung í sumar er leið. Allir stjórnendur Norðurálfunnar standa með öndina í hálsinum. Hver vill hafa hagnað handa sér út úr málinu á Critey. Líklegast, að eyjan verði að halda áfram að vera undir hervernd stórveldanna, eins og að undanförnu.

– Nýlega kom til Gimli majór Moody, sem hefir 5 ár verið liðsforingi í Fort Churchhill fyrir Royal Northwest Mounted Police. Með honum kom Eskimói, hreinn og óblandaður. Mælt að Gimlibúar hafi veitt honum mikla eftirtekt, en þetta Eskimóatetur hegðaði sér blátt áfram sem aðrir ferðamenn.

— The Canadian Real Estate Co. í Toronto hefir nýlega keypt 150,000 ekrur af landi í suður Tramping Lake héraðinu í Saskatchewan, fyrir $13 ekruna. Sýna þessi kaup álit á landi og verðhækkun í Vesturlandinu.

— Þingið í Canada hefir talað um, að gefa $50,000 til fólks í Parísarborg, sem nú stendur uppi allslaust og eignalaust.

— C.P.R. félagið ætlar að byggja vagnstöðva höll í Regina, sem kostar $600,000. Mælt að William McKenzie, formaður McKenzie & Mann járnbrautarkonga félagsins, sitji nú á ráðstefnu við stjórnina í Ottawa, og vilji taka að sér að byggja hina fyrirhuguðu Hudson Bay braut. C.N. brautin, sem áðurnefndir félagar eiga, er nú komin alla leið til Pas Mission, 60g þar á að byrja Hudson Bay brautina. Meini stjórnin nokkuð með þessari Hudson Bay braut, þá er líklegt, að hún gefi þeim félögum verkið, því þeir standa bezt að vígi þar norður frá.

— Nýlega háðu tveir strákar á Ítaliu hnífa-einvígi út af tíu ára gamalli stúlku. Þeir voru 11 ára gamlir. Einvígið etdaði þannig, að annar hlaut holstungu í kviðinn og féll óvígur. En hinn strákurinn hvarf og stelpan með, og hefir ei spurst til þeirra síðan. Þessir strákar eru taldir þeir yngstu, sem einvígi hafa háð í ástamálum.

— Dauður maður fanst nýlega á á C.P.R. brautinni nálægt Brandon. Haldið að hann sé Pat.Burns, sem alveg nýskeð var búið að hleypa út úr fangahúsinu.

— Laugardaginn var alt ófriðar óveður dottið í dúnalogn um stund hjá Tyrkjum. Strax og Englendingar sendu herskip sín frá Malta áleiðis til Grikklands lögðu Tyrkir ylgisvipinn niður. Þeir vita sem er, að Englendingar láta ekki stjaka stórum við sér. Englendingar hafa síðan þeir náðu tangarhaldi á Egyptalandi, sem að nafninu til hangir undir veldissprota Tyrkja, verið bakskjöldur Hundtyrkjans, bæði í rúss-tyrkneska stríðinu og endrarnær. — Blöðin segja, að Englendingar hafi sýnt þarna stjórnkænsku, sem sé dæmalaus, því þjóðverjar hafi verið að siga upp hergá þar syðra, og ætlað sér að krækja þar í spón og bita. Séu Austurríki og Þýzkaland samtaka í þessu, en hin stórveldin séu samtaka um, að viðhalda friðnum. Það er að flestu leyti happasælt, að viðhalda friðnum. En þegar það er gert með þeim afleiðingum, sem búsifjar þær er Tyrkir veita lífi og eignum kristinna manna, þá fer það að verða efamál, hvort friðurinn borgar sig. Norðurálfan hefir samtaka viljað drífa Hundtyrkjann burt úr Norðurálfunni um mörg ár. Og Norðurálfan hefði verið búin að því, ef Englendingar stæðu ekki stöðugir upp við bakhluta Tyrkjans. Hver ber ábyrgðina fyrir öllum hryðjuverkum Tyrkjans, frammi fyrir allsherjardómara, þá skoðað er alt niður í kjölinn? Sá hluti af þeirri ábyrgð, sem kann að koma í hlut Englands, er ekki þjóðinni sjálfri að kenna. Langt frá. En hennar pólitisku bragðarefir eiga óefað sinar rentur með rentu renturn eftir ógreiddar. Svo eru blöðin að básúna um stjórnvit og frægð þessara manna. — Djúpt er nú rist.

30 stafir í einu orði

— Í Edmonton Bulletin, mánudaginn þann 10. janúar sl., stendur svohljóðandi grein: "Blaðið hefir kaupendur í öllu loftslagi og löndum. Það er sent til Íslands með pósti, og utanáskri't eins móttakanda þar er: Larus Fjildsted, ypirvjittarmalaplutningsmaður, Reykjovild, Iceland". Blaðið spyr: "Hver þekkir? Orðin og ritháttinn á það sjálfsagt við. — Þetta er þá sýnishornið af afturfararskeiði íslenzkrar tungu í Edmonton héraðinu. Víða er pottur brotinn, enn út yfir allan þjófabálk tekur þetta afskræmi málsins. En þó er sýnishornið á þessum rithætti ekki hótinu lakara, en hjá sumu fólki, sem hvorki vill tala eða rita íslenzku, þegar það skrifar ensku, sem það segist kunna svo vel, að það geti hreint ekki fengið af sér að tala móðurmál sitt, því það kunni svo litið í því í samanburði við enska tungu. — Já, slík og þvílík tungumála kunnáttu!

— Blaðið Hemlandet, sem er sænskt og gefið út í Chicago, sýnir mynd og segir frá undradreng ellefu ára gömlum, þann 18. f.m. Sagan hljóðar svo á ísl. tungu: — Einum tvisvar sinnum áður hefir Hemlandet minst stuttlega á reikningsfróða undrabarnið, W. J. Sides, sem nýlega byrjaði nám við Harvard háskólann, og er að eins ellefu ára að aldri. Líklegast er, að bæði foreldri hans séu af rússneskum Gyðingaættum. Tveggja ára gamall kunni Villi að tala hreint mál og lesa reiprennandi. Þriggja ára var hann vel skrifandi og stilsetti bréf á ritvélar. Honum var ekki veitt annað nám en það, sem foreldrar hans veittu honum. Níu ára gamall tók hann próf í lífferafræði í læknadeildinni á Harvard háskólanum, þar sem hann heldur námi áfram enn þá. Í dag talar hann þessi tungumál: frönsku, rússnesku, þýzku, grísku, latínu, ensku og móðurmálið. — Hann er farinn að fást við umbætur og þýðingar á orðskviðum og málsháttum í móðurmálinu. Fyrir ári síðan bjó hann til nýtt kerfi í "logaritmetriu" (firðar-tölvisi. Hann fer nú gegn um þá hærstu tölvisi, sem hann getur fengið kenslu í á Harvard háskólanum. Fyrir skömmu síðan hélt hann fyrirlestur fyrir kennurum skólans og kærisveinum um stærðfræði, lengd, breidd og hæð. Sá fyrirlestur vakti almenna undrun og aðdáun, af ellefu ára gömlum dreng. — Í dagfari er hann sem barn á hans aldri, kátur og leikgjarn. Foreldrarnir reyna að hindra, að hann hugsi ekki og lesi of mikið fyrir aldursskeið það sem hann er á. Hann er hneigður fyrir skáldsagnalestur, og uppáhaldssögur hans eru sögur og ævintýri Christian Hans Andersons.

— Nýlega kom til Edmonton James Whitestein, eitir árs veru norður í óbygðum. Hann er búinn að vera landamerkjavörður norður á öræfum í mörg ár. Síðasta ferð hans varði rúmt ár. Hann ferðaðist meðfram Sikanni fljótinu, sem rennur fram við Fort Nelson, norður í British Columbia. Þar hitti hann Indiánaflokk, sem hann segir að séu útilegu Indián-Foringi þessa flokks fullyrðir hann að sé Johnny-Gun-a-Noot, sem drap mann fyrir 5 árum og sem stjórnin í British Columbia hefir lagt $1200 til höfuðs. James vissi ekki neitt um það höfuðlé fyr en nú. En hann álítur Indiánann og flokk hans muni líka hafa valdið dauða þeirra Macloid drengjanna frá Edmonton, og einnig vera valda að hvarfi annara hvítra manna, sem horfið hafa þar norður frá kring um Fort Nelson.

— Á mánudaginn var talaði þingmaður Winnipeg borgar, Alex. Haggart, í þinginu í Ottawa. — Hann gerði fyrirspurn til yfirpóstmálastjórans í Canada, hvort það væri rétt hermt, að pósthúsinu í Winnipeg væri lokað á sunnudögum. Í síðustu 30 ár hefðu borgarbúar haft frjálsræði til aðná úr brélaskúffum sínum bréfum og bögglum, sem þeir ættu, og þyrftu að hafa daglegan aðgang að. Nú væri póstmálastjórnin búin að neita þeim um aðgang að réttmætri leigustöð. — Ráðgjafi R. Lemieux kvaðst hafa fengið hraðskeyti frá Winnipeg, sem mæltu sterklega móti þessari breytingu. En til þess að fullnægja kröfum ýmsra trúbragðafélaga, hefði póstmálastjórnin gefið út þessa skipun að engar pósthússdyr mætti vera opnar á messudögum, í stærri borgum ríkisins. — Þingmaður Winnipeg borgar spurði, hvort það væri virkileg alvara ráðherrans, að búa til og innleiða nýjar reglur og lög, sem að eins kirkjulýður og prestar beimtuðu, — ekki meira né markverðara. — Ráðgjafinn svaraði, að vegna mótmæla frá Winnipeg yrði þessi stjórnarskipun yfirveguð og íhuguð. — Sjáið katólska kirkjuvaldið, hér sem annarstaðar, sem rekur Laurierstjórnina sem seppa á undan sér.

— Mikið er rætt og ritað um endalok kosninganna á Englandi. Stjórnin er lömuð og segir ekki neitt, og hún hefir ekki haft ráðaneytisfund ennþá. Hún er í meiri hluta vegna þess, að verkamannaþingmennirnir hafa með henni. — Nationalistar, sem eru Írar, eru nú sundraðir, og gruna yfirleitt Asquiths stjórnina um hillingar og græsku. Fái stjórnin ekki konung Breta til að samþykkja, að víkja efri málstofunni á bug, þá er líklegt, að hún sé þegar fallin. En konungur mun trauðla samþykkja það, eða hafa þar nokkurra hönd í bagga með. Þess vegna er alt, sem bendir á, að stjórnin verði skammæ við völdin.

Fréttabréf.

SEATTLE, WASH.
27. jan. 1910.

Herra ritstj. Hkr.

Tíðarfar hefir verið hér með versta móti í vetur, rigningar framan af vetrinum. Um jólaleytið urðu svo miklir kuldar, að eigi hafa aðrir meiri komið í 12—15 ár. Vötn frusu upp, svo ísinn varð frá 6—10 þumlunga þykkur. Fólk alment rendi sér á skautum í tvær vikur. Slikt kemur ekki oft fyrir hér. Nú fyrir 3 vikum breyttist tíðarfarið aftur, og eru nú rigningar á hverjum degi, og búumst við Seattle búar við, að svo muni viðra, þar til um mánaðamótin Góu og Einmánuð.

Heilsufar fólks hefir verið fremur slæmt, margir slæmir af kvefi og mörgum öðrum kvillum, sem stafað hefir af óhollu tíðarfari. Í vetur hafa dáið: Guðmundur Ögmundsson, gamall maður, ættaður úr Norðurmúlasýslu á Íslandi. Fluttist hingað frá Minneota, Minn., fyrir eitthvað 10—11 árum. Lifa hann ekkjan og tvö uppkomin börn, sem hér eru, (Valhjálmur, ógiftur, og Friðrika, gift Ágúst Goodman, sem hingað fluttist frá Selkirk, Man., fyrir nokkrum árum). — Einnig er nýdáin kona Hjálmars Vopna, hún dó um síðastliðin mánaðamót. — Nýlega er og dáinn Óli Guðmndsson, ungur maður (um þrítugt), frá Urriðafossi í Árnessýslu á Íslandi. Banamein hans var tæring, búinn að vera veikur í heilt ár. — Nú nýskeð misti Sig. söngfræðingur Helgason elztu dóttur sína, 12 ára gamla, Mariu að nafni. Þau hjón, Mr. og Mrs. Helgason, mistu og líka aðra dóttur rétt áður. — Fyrir fimm vikum slasaðist Ísak timburmeistari Johnson þannig, að hann braut vinstra handlegg, en hinn fór úr olnbogaliðnum. Mr. Johnson er á góðum batavegi. — Einnig slasaðist Mrs. Gunnar Sveinsson (um eitt skifti í Winnipeg), hún varð fyrir strætisvagni. Læknar hafa góða von um, að hún komist til heilsu aftur.

Félagslíf má heita gott hér á meðal landa, þegar tekið er tillit til þess, hvað fáir þeir eru. Hér eru starfandi tvö félög, sem vinna bæði að líku takmarki, að því leyti, að takmark þeirra er að efla og glæða íslenzkt félagslíf og siðferðislegt heilbrigði. Þessum félögum hefir orðið vel ágengt. Félögin eru: Goodtemplara stúkan Ísland, sem nú er rúmlega ársgömul og hefir nú yfir 60 meðlimi. Margir af þeim hafa mikinn og góðan áhuga fyrir Templara starfinu, — enda var ekki vanþörf á Goodtemplarastúku hér á meðal landans. Svo er Vestri, sem stofnaður var fyrir 9 árum. Það félag hefir komið "ár sinni svo fyrir borð", að öll líkindi eru til að það lifi á meðan íslenzkir fjölskyldufeður eru búsettir í Seattle borg. Samkomulag er hið bezta á milli þessara félaga, og er það vottur um góða starfsemi í framtíðinni.

Þá er kirkjulegur félagsskapur hér ekki svo lítill, og hefir verið í mörg ár. Honum veitir forstöðu séra J. A. Sigurðsson. Í sumar veiktíst presturinn, svo að læknar ætluðu honum ekk' líf, og þar af leiðandi varð ekki messað um langan tíma, þar til um jólaleytið. Þá var presturinn kominn svo til heilsu, að hann gat haldið áfram guðsþjónustum og mun framvegis gera, ef heilsa hans leyfir.

Þá vil ég nefna eitt félag ennþá, sem nefnir sig "Svan". Það er söngfélag og samanstendur af 16 stórum og sterkum karlmönnum. Því veitir forstöðu Sig. söngfræðingur Helgason. Margir þessara manna eru söngmenn með afbrigðum, og má nefna þá G. Matthiasson og S. B. Sumarliðason. Báðir þessir menn hafa stundað nám við söngfræðisskóla í ein 5—6 ár. Þetta söngfélag ætlar að halda "Recital" á einu leikhúsi bæjarins þann 22. febr. næstk.

J. K. Steinberg.

Séra Jón J. Clemens.

Blaðið Guelph Daily Herald, gefið út í Guelph, Ont., Can., skýrir frá, að séra Jón J. Clemens hafi verið settur inn sem þjónandi prestur þann 23. janúar síðastliðinn hjá St. Paul lúterska söfnuðinum. Hann var áður prestur í La Crosse, Wis. Séra M. J. Bieber, stofnandi og forseti hins Central Canadian kirkjufélags, setti séra J. J. Clemens inn í embættið í morgunmessunni. Hinn nýji prestur safnaðarins prédikaði fyrir söfnuði sínum um kveldið. Var fjöldi þar viðstaddur.

Séra Jón Jónsson Clemens er fæddur í Reykjavík, höfuðstað Íslands, 5. sept. 1872. Fólkstal í Reykjavík er nú full 11,000, en fólkstal á Íslandi er yfir 80,000 nú. Ísland tilheyrir Danaveldi. Lútersstrú er kirkjutrú Íslendinga.

Séra Jón J. Clemens gekk á barnaskóla heima á Íslandi þar til hann flutti til Chicago 1883, ásamt móður sinni og bræðru. Faðir hans fór litlu á undan þeim þangað. Séra Jón gekk þar mentaveginn, og á Lutheran Theological Seminary í Chicago, og útskrifaðist þaðan 1896. Á skólaárum var hann missióner, og varð það til þess, að söfnuðurinn St. Peter's English Luteran myndaðist 1895. Í júnímánuði gerðist hann prestur íslenzkra safnaða að Glenboro og Grund, Man., og þjónaði þeim söfnuðum þar til árið 1901. Þá hann gerðist Field Missionary íslenzka kirkjufélagsins í Ameríku í október 1901, og hélt þeim starfa fra í janúar 1902. Hann hafði þá enn nú sama starfa í Wisconsin til þess árið 1904, þá var hann kallaður þjónandi prestur til Holy Trinity Church í La Crosse, Wis., í janúar 1904, og þjónaði þar þangað til ofannefndur söfnuður kallaði hann fyrir prest sinn.

Hinn nýi söfnuður hans vonar og óskar, að séra Jón J. Clemens dvelji hjá sér um langan tíma, og starf hans verði söfnuðinum til hins bezta.

Jón Þorkelsson Clemens, faðir séra Jóns, og 2 bræður, Páll og Þorkell, búa hér í Winnipeg. Jón Þorkelsson Clemens er timburmeistari, Páll dráttmeistari, Þorkell kaupmaður.

K.Á.B.

OGILVIE'S
Royal Household Flour

Til Brauð og Köku Gerðar

Gefur Ævinlega Fullnæging

EINA MYLLAN Í WINNIPEG,—LÁTIÐ HEIMAIÐNAÐ SITJA FYRIR VIÐSKIFTUM YÐAR.

Bréfkafli frá Pembina.

Rétt núna las ég í Lögbergi frá 3. febr. bréfkafla frá Pembina dagsettan 31. jan., sem segir frá safnaðarfundi, sem Pembina söfnuður hélt sunnudaginn 30. jan. Ef bréfkafli þessi er skrifaður af sannleikselskandi manni, sem ekki er ómögulegt, þá hafa orðið alt of mörg pennafeil hjá hinum sama, þegar hann reit þessa fundarfregn. Skal ég því setja hana hér eins og hún hefði átt að vera, ef óhlutdrægnislega hefði verið sagt frá.

"Hér var haldinn safnaðarfundur í gær, eins og lög gera ráð fyrir, og þó að slikir fundir séu sjaldan sögulegir, þá má það heita saga til næsta bæjar, sem þar gerðist að þessu sinni. Séra N. St. Thorláksson hefir þjónað Pembina söfnuði undanfarin ár", — og virzt vera sæmilega liðinn, en á þessum fundi sagði meirihluti safnaðarmanna honum upp starfi hans sem prests, með árs fyrirvara. Flutningsmaður uppsagnar tillögunnar var annar djákni safnaðarins, en hinn djákninn studdi tillöguna. — Þar sem nú báðir þessir menn eru með elztu styrktarmönnum safnaðarins, og heiðviðrir og vandaðir í allri sinni framkomu, þá verður að álita svo, að eitthvað muni hafa verið athugavert við framkomu prestsins gagnvart söfnuðinum.

Þannig mun vera rétt sagt frá úrslitum þessa fundar. Auðvitað mun það rétt hermt, sem fyrri málsgrein bréfkaflans í Lögbergi endar á, nefnilega: "Látið var í ljósi, að þetta væri gert til að efla frið", o.s.frv., en þar hefðu ekki átt að vera nein upphrópunarmerki, því þau eru í þessu sambandi skammstafaðar dylgjur, sem fela bak við sig miður góðgjarna meiningu.

Niðurlag bréfkaflans hefði ekki átt að birtast, því það getur ef til vill orðið tilefni til stórrar deilu, enda er það að eins slúðurskynjuð ósannindi, og ódrengileg og klaufaleg tilraun til að kasta skugga á heiðarlegt fólk.

Hið bezta heilræði, sem hægt er að gefa bréfritaranum er, að hann láti hér staðar numið, því það er honum sjálfum og hans flokki fyrir beztu.

Pembina-búi.

Sendið Heimskringlu til vina yðar á Íslandi

Þorrablótið

er á leiðinni með kappsamlegum undirbúningi. Ræðumennirnir eru að hugsa ræður sínar og skáldin að keppast við að yrkja. Búist við að fyrir þessum minnum verði mælt: Minni Íslands, minni brezka veldisins og minni Winnipeg-bæjar. Fjöldi fólks út um sveitir að búa sig til farar. Mesti hörgull á saumastúlkum er í borginni. Svo marga kjóla er verið að sauma, að þær eru allar önnum kafnar.

Verðmunur dálítill frá því í fyrra, en óhjákvæmilegur alveg. INNGÖNGUSEÐLAR nú $1.50 fyrir hvern einstakling. Mun enginn láta sér það fyrir brjósti brenna. Inngönguseðla ættu menn að kaupa sem fyrst, þeir fást í bókaverzlun H. S. Bardal og hjá meðlimum klúbbsins.

Dagurinn: 16. febrúar 1910.
Staðurinn: Manitoba höll.
Tækifærið: Þorrablót Vestur-Íslendinga.

Munið þetta ungir og gamlir og fjölmennið ykkur í nyt.

HELGI.

"Andvökur"

LJÓÐMÆLI EFTIR
Stephan G. Stephansson

Kosta, í 3 bindum, $3 50, í skrautbandi.

Tvö fyrri bindin eru komin út, og verða til sölu hjá umboðsmönnum útgefendanna í öllum íslenzkum bygðum í Ameríku.

Í Winnipeg verða ljóðmælin til sölu, sem hér segir:

Hjá Eggert Jóhannssyni, 689 Agnes St., EFTIR KL. 6 AÐ KVELDI.

Hjá Stefáni Péturssyni, AÐ DEGINUM, frá kl. 8 f.h. til kl. 6 að kveldi, á prentstofu Heimskringlu.

Hjá H. S. Bardal, bóksala, Nena St.

Utanbæjarmenn, sem ekki geta fengið ljóðmælin í nágrenni sínu, fá þau tafarlaust með því að senda pöntun og peninga til Eggerts Jóhannssonar, 689 Agnes St., Winnipeg, Man.

KAUPIÐ af þeim og verzlið við þá sem auglýsa starfsemi sína í Heimskringlu og þá fáið þér *betri* vörur með *betra* verði og *betur* útilátnar.....

Wall Plaster

Með því að venja sig á að brúka "Empire" tegundir af Hardwall og Wood Fibre Plaster er maður hár viss að fá beztu afleiðingar.

Vér búum til:

"Empire" Wood Fibre Plaster
"Empire" Cement Wall "
"Empire" Finish "
"Gold Dust" Finish "
"Gilt Edge" Plaster of Paris
og allar Gypsum vörutegundir. —

Eigum vér að senda yður bækling vorn?

MANITOBA GYPSUM CO. LTD
SKRIFSTOFUR OG MILLUR I
Winnipeg, - Man.

Heimskringla

Published every Thursday by The Heimskringla News & Publishing Co. Ltd

Verð blaðsins í Canada og Bandar $2.00 um árið (fyrir fram borgað). Sent til Íslands $2.00 (fyrir fram borgað af kaupendum blaðsins hérlendis $1.50.)

B. L. BALDWINSON,
Editor & Manager

Office:
729 Sherbrooke Street, Winnipeg
P.O. BOX 3083. Talsími 3512.

Styrjaldir Critеyinga.

Um all-langan tíma hefir miskliið og styrjaldir verið milli kristinna manna og Móhammeðstrúarmanna á eyjunni Crit. Þó kom litt til vopnaviðskifta fyr en eftir miðja öldina sem leið. Uppreist hófst 1866 og varaði til 1868. Uppreistarmenn kúguðu stjórnina til að lofa umbótum á stjórnarfarinu, en stjórnin lét tímann líða, um dal og hól, og hafði engan lit sýnt á, að efna loforð sín 1876. Þá sá soldáninn sér ekki lengur fært, að hafast ekkert að í málinu. Bjó hann þá til sáttmála, með aðstoð þingsins í Berlín, og útnefndi kristinn landsstjóra yfir eyna. Þessu mótmælti æðsta hershöðingjavaldið. Árið eftir gripu kristnir menn til vopna, en upphlaupið var stöðvað, og sáttmálinn lagður í gerðardóm, og eyjunni haldið undir herstjórn þangað til árið 1894. Þá gerðu stórveldin málamiðlun, sem leiddi til þess, að kristinn landsstjóri var skipaður á eyjunni.

En friðurinn gat ekki staðið lengi hjá Criteyingum. Tveimur árum síðar hófst ný uppreist. Soldán gaf sitt samþykki,að þjóðþing væri myndað og kallað saman. Þá neituðu uppreistarmenn að leggja frá sér vopnin, og væntu styrks frá Grikkjum. Criteyingar ætluðu að losna undan yfirráðum Tyrkja og koma á sjálfstjórn í skjóli Grikklands. Í febrúar 1897 gekk grikst herlið á land á Crítey og réðist á tyrkneska herliðið. — Grikkir treystu á beinan eða óbeinan styrk frá stórveldunum, Austurríki, Englandi, Frakklandi, Þjóðverjalandi, Ítalíu og Rússlandi. En úr þeim vonum varð ekkert. En þessi stórveldi lýstu því yfir, að Criteyju skyldi vera leyft fullkomið stjórnfrelsi í sérmálum sínum, en samband við Grikkland væri ekki að tala um. Stórveldin settu þannig lagaðan frið á eyna, og skipuðu Grikkjum, að kveðja herlið sitt hið skjótasta burtu af eynni. En Grikkir neituðu, og gáfu út yfirlýsingu um sambandsstjórn Criteyinga og Grikkja á eyjunni eftir stuttan tíma. Því mótmæltu Tyrkir, og fengu síðan samþykki stórveldanna um, að málið yrði lagt fyrir til nýrra aðgjörða, og réttur soldáns til eyjarinnar væri viðurkendur. Stórveldin höfðu eyjuna undir hergæzlu sinni þar til síðasta ár. Criteyingar áttu að hafa áframhaldandi sjálfstjórn.

Fyrir fáum dögum kvaddi konungur Grikklands þingið saman. Þá ákváðu Criteyingar, að senda þangað erindsreka sína, sem sambandshluti Grikklands. Þessar aðfarir þeirra hleyptu báli og brennu í tyrknesku stjórnina, þegar frétt, þar komu til Constantinópel. Hún hefir því sent flotann af stað til Criteyjar, en landher til landamæra Grikklands.

K.Á.B.

Breski sjóflotinn.

Það er hagfræði og hagfræði ekki, þá um sjóherinn er að ræða. Það má handfjatla ástandið bæði með og mót í gögnunarleguin sönnunum, næstum að vild hvers og eins. Þegar verið er að ræða um tölu hans og útgerð, á pólitiskan og ópólitiskan hátt, að hann sé ekki kostbær, þá verða menn að muna það, að dýrmæti hersins byggist eingöngu á ábyrgð arvaldinu, sem stendur á bak við hann, og hlutdrægni þeirra, sem stofna hann og æfa. Segir herskólinn honum hállan eða allan sannleikann? T.a.m. var nýlega staðhæft: — áður en 2 ár enduðu (í des. 1911) þá yrðu þjóðverjar búnir að hleypa af stokkunum niu hræðsluleysingjum (Dreadnoughts) eða hræðsluleysingja hersnekkjum. En á sama tíma ætlaði Bretland að eins að byggja fimm herskip af sama tagi. Þetta er í sjálfu sér fullur sannleiki. En þegar farið er að skoða ofan í kjölinn, þá sést framkvæmd og manndómur hins brezka herveldis að eins til herskipabygginga, en engar framkvæmdir í hernaðar umbótum herliðsins sjálfs, eins og við hefði mátt búast.

Þjóðverjaland máske byggir svo og svo mörg herskip innan tveggja ára, en hingað til hefir það ekki haft tækifæri til að vinna það þrekvirki. Það vaknaði til meðvitundar um umhætur í sjóflotanum, þegar það sá fyrsta hræðsluleysingja hlaupinn af stokkunum. Það bygði að eins 2 herskip 1906, en ekki eitt 1907. Árið 1909 var þar ekki veltiár, og er eðlilegt, að ríkið vilji framvegis bæta upp það sem það er orðið á eftir á þessum tíma. Á þessu umræddu tímabili bygðu Englendingar ekki færri enn niu herskip. Þau ár stóð England betur að vígi með framkvæmd og bygginga afstöðu. Skipin eru: Lord Nelson, Agamemnon, Dreadnought, Superb, Temeraire, Bellerophon, Invincible, Indomitable og Inflexible, öll nú í brúki, og voru bygð svo fljótt, að þau koma ekki hagfræðisskýrslunum við fyrr en 2 síðustu ár.

Í staðinn fyrir hállan sannleika, er þetta allur sannleikinn: Bretaveldi hefir hleypt af stokkunum 7 flotaskipum, og Lord Nelson og Agamemnon, sem bera 16,500 tonn og eru hálfsystkini "Dreadnoughts" — á meðan þjóðverjaland hefir bygt 2 herskip, sem bera 13,000 tonn hvort fyrir sig.

Þar að auki hefir England fullgert 5 fleiri hræðsluleysingja, og koma 3 af þeim í flotann áður enn þetta fjárhagsár er liðið. Þjóðverjaland er að smíða 6 herskip, og ganga tvo af þeim í flotann næsta sumar.

Þar að auki hefir England í smíðum 8 smærri herskip, en þjóðverjaland 5 annaðhvort í smíðum eða til smíðunar, og verður 1 þeirra fullgert bráðlega.

Nú sem stendur hefir England 20 stór herskip, smíðuð og í smíðum, og þjóðverjaland 13 á móti.

Ennfremur má bæta hér við tölu embættis- og umboðsmanna, sem eru þjónandi í sjóliði stórveldanna. Tölurnar eru réttar:

Síðustu skýrslur um sjólið stórveldanna.

Stöður	Engl.	Frakkl.	Þýzkal.	Bandar.
Flotaforingjar	96	45	36	37
Kapteinar	625	338	274	221
Fylkingastjórar	2,326	1,368	1,425	949
Stýrimenn	408	147	208	313
Vélastjórar	987	576	363	
Læknar	513	385	260	296
Gjaldkerar	484	193	207	201
Herprestar	120			22
Vara-yfirmenn	2,105	1,810	2,308	606
Liðsmenn	99,300	49,312	47,467	43,490
M. Officers	457		104	334
Annað sjólið	20,991 *		1,415	55,112
Samtals	128,522	54,174	54,067	55,548

* Innfelur strandverði.

Skýrsla þessi sýnir, að í samanburði við annara þjóða flota mega Bretar vera ánægðir með sjólið sitt. Lið og skip þeirra geta mætt hverjum 2 annara þjóða flotum, að tölu og stærð. Að svo komnu er ekkert að óttast frá þjóðverjum.

Þetta er útdráttur úr grein, sem birtist í Daily Telegraph í London þann 7. des. síðastliðinn, og sem skrifuð er af velfærum manni, sem er fregnriti blaðsins við brezka flotann.

K. Ásg. Benediktsson.

Framtíðarhorfur.

EFTIR H. G. WELLS.

II.

STÓRBORGIR TUTTUGUSTU ALDARINNAR.

Á nítjándu öldinni hefir framför stórborganna verið afarmikil, en á sama tíma hefir tilhneiging til fólksfækkunar í sveitunum gert vart við sig. Eftirtektaverðust er samt stækkun stórborganna. Að fólkið hópar sig saman í borgirnar frá 500,000 upp í 4 til 5 miljónir eins og nú á sér stað, er eins dæmi í veraldarsögunni, að Kínaveldi undanskildu. Áður fyrri hafði engin borg, annarstaðar en í Kína og ef til vill Rómaborg og Babylon, meira en eina miliión íbúa, og það er efasamt, hvort Rómaborg hefir nokkru sinni haft meira en eina milión íbúa, nema þá um stutta stund. Nú eru vissulega tíu borgir í heiminum með meira en milión íbúa, og tuttugu borgir virðast innan skamms ætla að ná þeirri upphæð. Þar, sem fólk hópbr sig saman á litlu svæði, köllum við borgir, en þær eiga litið sammerkt við borgir 18. aldarinnar. Jafnframt og fólkið hópast saman um þessa nýju miðdepla, fækkar það í sveitunum, eins og áður er sagt, en samt sem áður er fækkun þess í sveitunum til tölulega lítil á móts við stækkun borganna.

Fljótt álitið mætti ætla, að þroskunin á 20. öldinni héldi í sömu átt. Það er auðséð, að niðurjöfnun mannfjöldans í hverju landi, stjórnast af samgöngufærunum — kring um hina eðlilegu miðdepla hópast ávalt mannfjöldinn saman — og það mætti líta svo á, að samgöngufærin, sem við bentum á í greininni á undan þessari, yrði til þess að auka mannfjöldann og viðskiftin í kring um þessa miðdepla. Við höfum heyrt svo mikið og margt um "úrlausnarefni stórborganna", og ætlun okkar um sívaxandi mannfjölda á ókomna tímanum, er svo rótgróin að við ósjálfrátt notum þriliðureikninginn til að skapa okkur hugmynd um framtíð stórborganna. Þar eð London hefir á hundrað árum sjöfaldast að stærð, þá hlýtur hún að tvö hundruð árum liðnum að verða o.s.frv. En ef við sleppum þessu ógrundaða reikningsdæmi, og sundurliðum þau öfl, sem vinna undir yfirborðinu, verður niðurstaðan öll önnur. Þá mun okkur finnast mjög sennilegt, að íbúar stórborganna dreifist á ókomna tímanum, svo að ómögulegt verði á landabréfum að merkja þær með stórum eða smáum punktum. Borgir ókomna tímans verða ekki borgir í sama skilningi og nú, þær munu verða al. gerlega ný breyting á fólksdreifingunni.

Það verður ekkert fundið að þeim lögum, sem alment eru álitin orsök tilveru og stækkunar stórra borga. Stórar borgir munu ávalt myndast, þar sem mörg samgöngufæri eða verzlunaræðar lenda saman, og skilyrðið fyrir hinni eðlilegu stækkun þeirra verður tala samgöngufæranna og fjör viðskiftalífsins. En því má heldur ekki gleyma, að aðferð fólksins til að hópa sig saman um þessa miðdepla, er bundin við ásigkomulag samgöngufæranna.

Fjárhagslegur miðdepill borganna er og verður auðvitað bryggjurnar og uppskipunarstaðir, eða — þar sem um járnbrautaborgir er að ræða — járnbrautastöðvarnar, þangað sem farþegarnir koma, þar sem vörurnar eru látnar í hús og geymdar, til þess að dreifa þeim síðar. Þeir, sem verzlanirnar eiga eða stjórna þeim, og þeir, sem vinna við þær að einu eða öðru leyti, verða að eiga heimili innan vissra fjarlægðar takmarka. Á vissu tímabili í stækkun borganna, munu þrengslin í kring um viðskifta miðdepil þeirra verða svo megn, að þar verður ekkert pláss fyrir fjölskyldu heimili. Í kring um þennan miðdepil hlýtur því að myndast viðskiftasvæði, og næst fyrir utan það verða fjölskylduheimili þeirra, sem á einhvern hátt vinna að verzlun. Fyrir utan þenna hring verða útvæði borganna, þar eiga þeir heimili, sem minni afskifti hafa af viðskiftalífi þeirra. Hve þéttir þessir hringir verða, er undir því komið, hve liðlega og fljótt menn geta komist að verzlunarsvæðinu. Það, sem aðallega takmarkar stærð borganna, hefir verið og mun verða tímalengdin, sem þarf til þess að komast frá heimilí sínu í skrifstofuna, að búðarborðinu eða á verkstæðið, er vanalega mun vera ein klukkustund hvora leiðina. Frá þessu sjónarmiði getum við með nákvæmni sagt, hve stórar hinar ýmsu tegundir borga muni verða. Þar, sem að eins um fótgangandi menn er að tala — eins og í kínversku borgunum — mun hringgeislinn frá verzlunarmiðdeplinum út á borgarjaðarinn, naumast verða meira en 6 kilómetrar. Þar, sem borgirnar standa við skipgengar ár, verða þær ekki hringmyndaðar, heldur lagaðar sem sporbaugur, og verzlunarmiðdepillinn verður eins lagaður. Í þeim borgum má hugsa sér 12 kilómetra langan veg frá miðju út á yztu rönd.

Séu hestavagnar notaðir í hringmynduðu borgunum, getur hringgeislinn orðið 9 til 10 km., og í þeirri fjarlægð geta menn búið, sem nota vagnana, og samt sem áður verið borgar-íbúar. Þegar Viktoría drotning tók við stjórn, hefir London sennilega verið af þessari stærð, en gat heldur ekki stækkað meira fyr en hraðari flutningsfæri voru fengin. Þá komu járnbrautirnar og gufuskipin til sögunnar. Járnbrautirnar opnuðu mikinn fjölda af verzlunarleiðum, og gufuskipin gerðu allan vöruflutning hraðari og áreiðanlegri. Í byrjuninni voru þessi flutningsfæri ekki notuð innan borganna, þau störfuðu langan tíma sem eins konar miðsóknarafl, er að eins stækkaði umsetning viðskiftanna og þrengdi að miðdepli borganna. Þjóðfélagssaga tveggja síðari þriðjunga 19. aldarinnarl sýnir oss þess vegna voðalega þéttan hóp af manneskjum í 12. km. breiðum borgum, þjáðan af andlegum og líkamlegum harðrétti, sem var jafnvel verri en hungursneyð eða drepsóttir. Ekki að orsakalausu voru stórborgir 19. aldarinnar kallaðar hringiður — aðdragandi, mátteyðandi, þeytandi fórnum sínum niður í regindjúpið.

En stórborgirnar munu vart halda áfram að vera slíkar hringiður. Öflin, sem á 19. öldinni hafa stutt að vexti þeirra, og sem ennþá hafa miðsóknarafls áhrif á þær, geta einnig starfað í miðflóttaafls áttina; sá tími nálgast, þegar íbúarnir dreifast um stórt svæði, til mikils hægðarauka fyrir þá, er heimili eða aðsetur eiga í miðju þeirra. Það eru nú þegar farin að sjást merki til allra breytinga. Fyr á tímum voru stórborgirnar hringmyndaðar og breyttu ekki lögun við stækkunina, nú eru víðast hvar álmur út úr þeim langs með brautum samgöngutækjanna.

Það er afarmikil fólksdreifing frá borgunum út um landið í vændum. Þar eð borgir fyrir fótgöngumenn eru 12 og borgir, sem nota hestaflið 18—24 km. í þvermál, leiðir af því, að borgir með útjaðra-járnbrautum, sem fara má eftir 45 km. á klukkustund, geta orðið 90 km. í þvermál. Slíkt borgarstæði verður eins víðáttumikið og Ijórði hlutinn af Belgíu. En 45 km. á klukkustund er fremur hægur hraði, og með þeirri þroskun flutningstækjanna, sem minst var á í fyrri greininni, má ætla, að stærstu borgirnar verði 300 k . í þvermál árið 2000, sem er nær því eins stórt svæði og alt Írland. Það munu naumast vera öfgar, þó sagt sé, að árið 2000 geti Londonbúar valið sér heimili hvar sem er í Englandi og Wales, sunnan við Nottingham og austan við Exeter. Jafnvel þó mannfjöldinn, sem að meiru eða minna leyti lifir af borgastfirfum, yrði 40 miliónir, ætti bygðarlag hans að geta orðið loftbreint og hæfilega gisið (á jafnstóru svæði).

Hingað til höfum við skoðað dreifingu borgarbúanna frá sjónarmiði flutningstækjanna. Nú skulum við athuga hin öflin, sem dreifingin byggist á, á þann hátt, að meta gildi miðsóknaraflsins gagnvart miðflóttaaflinu, þau öfl, sem draga menn til borganna, og þau öfl, sem draga menn frá borgunum út á landið.

Áhrif miðflóttaaflsins eru auðsæ. Fyrst er ástin á náttúrunni, á skóginum, hálendi, láglendi og sjónum. Hún kemur að sönnu ekki hreint og beint í ljós á vorum dögum, en klæðir sig ýmsum huliðshjúpum: löngun til fiskiveiða, dýraveiða, siglinga eða hjólreiða. Í öðru lagi er hið náskylda dálæti á garðræktun, og löngunin til að búa í sínu eigin ríki, sem hjá því nær öllum fjölskyldum er inngrónin, að hafa sitt eigið út af fyrir sig ásamt landbletti, þar sem unt er að haga sér eftir eigin vild. Þegar hér við bætast hin hollu áhrif sveitalífsins á heilsufar barnanna, og mögulegleikinn til að verja þau fyrir áhrifum spillingarinnar, er oft gerir vart við sig í fólksríkum borgum, liggur opið fyrir sjónum manna, að þessum miðflóttaöflum er þannig varið, að engar nýjar uppgötvanir geta veikt þau, og engar líkur til að þau hætti nokkurntíma að beita áhrifum sínum á mannlegt eðli.

Sé nú starfsemi miðsóknaraflanna tekin til athugunar gagnvart þessu, sér maður strax, að þau að mestu leyti eiga rót sína að rekja til ríkjandi tilviljunar kringumstæða, og að þau þverra jafnframt og uppgötvanirnar og hagfeld afnot þeirra gera okkur óháðari sveitunum. Fyrst og fremst er hægðaraukinn við að kaupa það, sem maður þarfnast í miðju borganna. En það er auðséð, að telefóninn og póststjórn með hagkvæmara fyrirkomulagi, muni smátt og smátt gera íbúum sveitanna þau viðskifti jafn hæg og borgabúunum. Telefón samræður, samræður, frá hvaða stað sem er og til hvaða staðar sem er, í jafn litlu landi og Englandi, mun í framtíðinni naumast kosta meira en bréfspjald, og hvers vegna ætti ekki póststjórnin á ókomna tímanum, að geta flutt tveggja punda böggul 300 km. langa leið fyrir lítið gjald, og tiltölulega fyrir þyngri sendingar. Það sézt ekkert því til hindrunar, að póststjórnin geti síðar á 20. öldinni flutt blöðin beina leið frá prentsmiðjunum til dyra kaupendanna, hvert sem vera skal innan þessarar vegalengdar, og útvegað hverju heimili alt, sem það þarfnast frá borgaverzlununum, að undanteknum kolum, kjöti, grænmeti og drykkjarvörum. Hið áðurnefnda miðsóknarafl hættir því alveg starfi sínu.

Svo er nú hægðaraukinn í borgunum, að sækja skólana og ná í lækna. Hér koma aftur flutningstækin til sögunnar, því þess fljótari og betri sem þau eru, því lengra geta menn átt heima frá skóla og læknir. Auk þess verða hvorki skólar eða læknar bundnir við miðju borganna á ókomna tímanum, þeir verða dreifðir út um hinar strjálbygðu útborgir, þar sem loftið er heilnæmara og lífið frjálslegra.

Þriðja miðsóknaraflið er hin almenna eftirsókn eftir samkomum og leikhúsum. Saman við það blandast ýmsar eigingjarnar hvatir, t.d. glysgirni og þráin til skemtigangna. En þessi öfl leiða til þess, að mynda minniháttar miðdepla á hinu stóra svæði, — miðdepla fyrir leikhús, söng og hljóðfæraslátt, skóla, nýbreytni í klæðnaði, fegurð og skraut. Þó er það sennilegt, að fjöldi af fólki, sem ekki hefir efni á, að hafa tvískift bú, muni af þessu afli verða kyrsett í borgunum eða mjög nærri þeim um langan tíma.

Sérstakt einkenni við framtíðarinnar stóru borgarsvæði, verða hinir minni háttar miðdeplar. Þar munu smátt og smátt bakarar, slátrarar og sveitavörusalar setjast að. Þangað mun einnig safnast sá flokkur manna, sem á 20. öldinni mun hafa vaxandi áhrif á þjóðlífið, nefnilega: umbætendur iðnfræðinnar, smásalar, stórsmiða og smásmiða starfsmenn sem nauðsynlegir eru til viðhalds rafmagnsáhöldum og öðrum vélabúnaði, sem framtíðarheimilin verða útbúin með, — reiðhjólum, hreyfivélum, hljóðritum, talsímum og því um líku. Margar viðskiftategundir munu heldur kjósa að reka starf sitt í hinum þægilegu minniháttar miðdeplum, heldur en í aðal-miðdepli borganna, til dæmis bókaútgefendur. Og þá er ekkert sennilegra en að prentarar, bókbindarar, dráttlistarmenn og myndskurðarmenn fylgist með þeim.

Það er engum efa undirorpið að talsíminn vinnur að dreifing borgabúanna. Fyrir hans aðstoð þarf sjaldnar að ganga í verzlunarbúðirnar til að kaupa. Húsfrúin getur talað við alla verzlara í nágrenninu, alla stórkaupmenn í aðal-miðdeplinum, allar bókhlöður, alla leikhúsmiðasala, öll pósthús, alla lækna, skóla, o.s.frv., án þess að ganga eitt spor. Og kaupmaðurinn getur setið á skrifstofu sinni, samið um viðskifti sín — rökrætt, hótað og logið eins miklu og honum finst þörf á.

Dreifing velmegandi og óháðu flokkanna, orsakar vitanlega einnig dreifingu verkamannaflokkanna. Starfssvið verkamannanna dreifast, og þeir eiga hægra með, að fjarlægja heimili sín frá verkstæðunum.

Framanskráðar bendingar virðast nægilegar til að sýna, að stórborgir nútímans verða að eins "saga" á ókomna tímanum. Í stað þeirra koma borgahéruð eða borgafylki, með margvíslegri sjáanlegri tilbreytni, alls ólík lystihúsaþyrpingunum, sem nú tíðkast, því húsin verða naumast bygð í því skyni, að leigja þau öðrum, heldur að eins til íbúðar fyrir eigandann, og eftir hans eigin fegurðarviti. Hvert eitt hérað mun auk þess fá sitt sérstaka snið og útlit og á leiðinni í gegn um þessi borgafylki mun maður sjá falleg hvít hlið og girðingar, vel ræktaða grasbletti og frjósama garða. — Borgahéruðin munu ávalt breytingum undirorpin.

Stundum gengur maður fram hjá miðdepli, þar sem húsin eru þéttari og skrautbúnir karlar og konur eru á skemtigöngum, hlustandi á tóna hljóðfæranna, svo sér maður næst garðræktarsvæði með jarðberja reitum, ávaxtatrjám og grænmetisblettum, þar næst kemur maður á svæði, sem liggur með fram á, vatni eða sjó, og sér þar fallega máluð bátaskýli innan um víðirunna. Gegn um öll þessi svæði renna breiðir mótorvegir, sem minst var á í fyrri greininni, þaktir af hraðfara vélum, sem af líkindum verða fallegar til að sjá. Hér og hvar eru hópar af litlum húsum kring um verksmiðju, sem í staðinn fyrir sótuga reykháfa mun hafa skrautlega máluð vinds eða vatnshjól, til að safna og geyma afl handa vélunum, og við og við mun maður fara fram hjá smábæjum með sömu lögun og nú gerist. Það er engin ástæða til, að það fagra í sveitunum hverfi, en mismunurinn á borg og sveit hverfur, nema að því er snertir strjála og þétta bygð. Sveitastörf munu fara fram í borgunum, og borgastörf í sveitunum.

Herra Jón Hólm, gullsmiður að 770 Simcoe St., biður þess getið, að hann selji löndum sínum gull- og silfur-muni og gigtarbelti. — Belti þessi eru óbrigðul við gigt, ef þau eru notuð samkvæmt fyrirskipunum Jóns. Kosta að eins dollar og kvart.

Hvort sem leiðin þín liggur.

Hvort sem leiðin þín liggur,
um lönd eða höf,
gefðu sérhverjum sumar
og sólskin að gjöf. —
Klappa blíðlega á barnskoll,
og brostu þeim mót,
sem að harmana hylja
við hjarta sína rót.

Það er samhygðar sólskin,
sem sæld veitir mest,
það er lang fagrast ljósið
og lífsyndið bezt.
Sérhvert sann-kærleiks atlot
og sann-ástar hót,
er vort eilífa lífið
og almeina bót.

Hvert sem leiðin þín liggur,
þá líttu þar hýr,
þar sem sárdöpur sorgin
í sinninu býr.
Sérhvert hugtak og handtak,
sé hlýlegt og þýtt.
Sérhvert orðtak og andtak,
sé ástlegt og blítt.

Það er margt sem að mæðir
þá mótlætis sál,
sem alt finst sér ögri,
sem ósliðrað stál.
Hér er heimsauðn svo helköld
sem hafissins gljá
þeim, sem alslausir æðrast
og engin ráð sjá.

Hvert sem leiðin þín liggur,
þá legðu þeim ráð,
sem að dauðvona dreymir
um drottins síns náð.
Gef þeim dug þinn og djörfung
að dafna sinn þrótt.
Gef þeim söng þinnar sólar
að syngja burt nótt.

Sérhvert vinarorð vermir
sem vorsólarljós.
Sérhver greiði og góðvild
er gæfunnar rós. —
Hvort sem leiðin þín liggur
um lönd eða höf,
gefðu sérhverjum sumar,
og sólskin að gjöf.

Þorsteinn P. Þorsteinsson.

Sparið Línið Yðar.

Ef þér óskið ekki að fá þvottinn yðar rifinn og slitinn, þá sendið hann til þessarar fullkomnu stofnunar.

Nýtízku aðferðir, nýr vélaútbúnaður, en gamalt og sæft verkafólk.

LITUN, HREINSUN OG PRESSUN SÉRLEGA VANDAÐ

Modern Laundry & Dye Works Co., Ltd.
307—315 Hargrave St.
WINNIPEG, MANITOBA
Phones: 2300 og 2301

THE DOMINION BANK

HORNI NOTRE DAME AVENUE OG SHERBROOKE STREET

Höfuðstóll uppborgaður: $4,000,000 00
Varasjóður - - - $5,400,000 00

SPARISJÓÐS DEILDIN:

Vér veitum sparisjóðs innleggjendum sérstakt athygli, og borgum hæztu vexti á sparisjóðs innleggjum af $1.00 og yfir. — Barna innlegg velkomin. — Seljum peningaávísanir á ÍSLAND.

H. A. BRIGHT RÁÐSMAÐUR.

Með því að biðja sérlega um "T.L. CIGAR," þá ertu viss að fá ágætan vindil.

T.L. CIGAR

(UNION MADE)

T.L.

Western Cigar Factory
Thomas Lee, eigandi Winnipeg

Redwood Lager og Extra Porter

Styrkið taugarnar með því að drekka eitt staup af öðrum hvorum þessum ágæta heimilis bjór, á undan hverri máltíð. — Reynið !!

EDWARD L. DREWRY Manufacturer & Importer Winnipeg, Canada.

Department of Agriculture and Immigration.

MANITOBA

Þetta fylki hefir 41,169,089 ekrur lands, 6,019,200 ekrur eru vötn, sem veita landinu raka til akuryrkjuþarfa. Þess vegna hölum vér jafnan nægan raka til uppskeru tryggingar.

Ennþá eru 25 miliónir ekrur óteknar, sem fá má með heimilisrétti eða kaupum.

Íbúatala árið 1901 var 255,211, nú er hún orðin 400,000 manns, hefir nálega tvöfaldast á 7 árum.

Íbúatala Winnipeg borgar árið 1901 var 42,240, en nú um 115 þúsundir, hefir meir en tvöfaldast á 7 árum.

Flutningstæki eru nú sem næst fullkomin, 3516 mílur járnbrauta eru í fylkinu, sem allar liggja út frá Winnipeg. Þrjár þverlandsbrauta lestir fara daglega frá Winnipeg, og innan fárra mánaða verða þær 5 talsins, þegar Grand Trunk Pacific og Canadian Northern bætast við.

Framför fylkisins er sjáanleg hvar sem litið er. Þér ættuð að taka þar bólfestu. Ekkert annað land getur sýnt sama vöxt á sama tímabili.

TIL FERDAMANNA:

Farið ekki framhjá Winnipeg, án þess að grenslast um stjórnar og járnbrautarlönd til sölu, og útvega yður fullkomnar upplýsingar um heimilisréttarlönd og fjárgróða möguleika.

R. P. ROBLIN,
Stjórnarformaður og Akuryrkjumála Ráðgjafi.

Skrifið eftir upplýsingum til

Joseph Burke, 178 LOGAN AVE. WINNIPEG.
Jas. Hartney, 77 YORK ST., TORONTO.

ALDREI SKALTU geyma til morguns sem hægt er að gera í dag. Pantið Heimskringlu í dag.

Hugleiðingar

eftir safnaðarfundinn að Mozart P. O., Sask.

Mikið hefir verið ritað og rætt um það mikla meiðsl, er hinn íslenzki þjóðlíkami (vor Vestur-Íslendinga að minsta kosti) varð fyrir á hinu láterska kirkjuþingi í Winnipeg síðastliðið sumar. Já, margt hefir verið talað um það mál aftur á bak og áfram, en allur hefir hitinn snúist utan um það, hver meiðslinu hafi valdið, og þá sársaukanum, sem það leiddi af sér. Um hitt hefir verið minna hugsað, að finna meðal við því og lækna það, áður en ólyfjan kæmist að því og það yrði ólæknandi. Og úr því menn hafa nú ekki getað orðið á eitt sáttir um, hver meiðslinu hefir valdið, gætu menn þá ekki orðið ásáttir um meðalið og græða meinið að fullu og losna við sársaukann? Meinið þarf að vera læknað að fullu áður en næsta kirkjuþing kemur saman, svo biskup Íslands finni hér heilbrigða líkamsparta en ekki kranka. Ef vér viljum sjálfir ekki lækna meinið, hver mun þá geta það? Og hvað er þá kristilegur vilji okkar.

Hverjir eru nú líklegastir til, að finna meðal við meiðslinu? Líklega þeir, sem voru viðstaddir, þegar það átti sér stað. Þeir vita bezt, hvar í götunni hellan lá, sem orsakaði það.

Ég, sem einn limur á þjóðlíkama Vestur-Íslendinga, vil leggja það til þessara mála: að allir íslenzkir lúterskir söfnuðir í Ameríku, innan kirkjufélags og utan, kjósi og skori á tólf menn að koma saman á heppilegum stað og gera út um öll þessi mál, svo allir mættu vel við una. Sex menn ættu að vera af hvorri hlið, meiri og minnihluta síðasta kirkjuþings, og finst mér menninirnir mættu vera þessir: Meirihlutamenn — séra Björn B. Jónsson, séra Stingrímur Thorlaksson, séra Friðrik Hallgrímsson, séra Hans Thorgrimsen, séra Runólfur Fjeldsted og séra Runólfur Marteinsson. En af minnahluta: Séra Fr. J. Bergman, Hjálmar Bergman, Gunnlaugur Pétursson, Gamaliel Þorleifsson, Sigurður Sigurðsson og Friðrik Bjarnason. Þessum mönnum treysti ég öllum til þess að ráða málunum svo vel til lykta, að öllum megi vel líka. Ef þeir svo kæmú saman fyrsta maí, þegar blessuð sólin hefir leyst klakabönd vetrarins, og kyst í ást síns eðislitlu blómin til starfa á grund og hól, þegar öll náttúran er að endurfæðast og klæðast nýju, lifandi blómskrúði. Ó, hvenær finst okkur guð vera nær okkur en þá? Myndi þessum góðu mönnum þá ekki finnast það líka? Myndi það ekki verða hvöt fyrir þá til þess að leysa klakabönd huga vorra og kappkosta að framleiða rósir mannúðar og kærleika, af mannást síns guðlega eðlis, svo okkur mætti finnast í návist þeirra rósa, að guð hafi aldrei verið nær okkur. Jú, sannarlega, og svo sannarlega sem þeir myndu biðja: Faðir vor allir upphátt í anda Krists, svo sannarlega myndi guð senda þeim oddamanninn, konung mannkynsins, í mannúð og kærleika, guðsást og réttlæti. Og þannig ættu allir kviðir vorir að vera skipaðir jöfnum tölum, en Kristur eini oddamaðurinn. Þá væri og líka ljúfara að hlíta kviðdómum vorum en oft er. Ég veit þá líka, að þegar sex og sex vildu falla á hvora hlið, af þessum tólf mönnum, þá mundi hann alt af skýra svo úr málum, að öllum mætti vel líka, og að síðusu leiða þá alla upp á eina fagra hæð, þar sem svo allir hinir gætu sameinast þeim í endurfæðing og klæðst andlegu, lifandi blómskrúði eins og náttúran, móðir vor, að sínu leyti — þá væri vor, sannarlegt vor.

Allir góðir menn ættu að lána fylgi sitt til að hrinda þessu göfuga máli í framkvæmd. Og mikin heiður á sú hliðin skilinn, sem fyr byrjar á verkinu.

Kannske af því ég er gamall Gardar-búi, hefi ég haft huga minn þar að öðrum þræði meðan ég hefi skrifað þessar línur, en að hinum þræðinum hjá sjálfum mér og söfnuðinum hérna að Mozart.

John S. Laxdal.

Dánarfregn.

Þann 8. ágúst 1909 andaðist að heimili Markúsar Jónssonar í Argyle-bygð sómamaðurinn Sigurður Sigurðsson, 76 ára að aldri.

Hann var fæddur á Hrappstöðum í Laxárdal í Dalasýslu 22. maí 1833. Sama vorið fluttist hann með foreldrum sínum Sigurði Bjarnasyni og Kristínu Jónsdóttir, að Ljárskógaseli í sömu sveit, sem sökum fjarlægðar frá Ljárskógum var lagst í eyði, en sem hann með sínum viðfræga dugnaði bygði upp og ræktaði tún og engjar og bjó þar góðu búi, þar til hann dó 14. ágúst 1853. Tók þá Sigurður, sem alist hafði þar upp hjá foreldrum sínum, við búsforráðum og stýrði búinu með móður sinni þar til vorið 1856, að móðir hans giftist í annað sinn, ekkjumanninum Þórði Þorvarðarsyni, og sama dag giftist Sigurður Margréti Egilsdóttur, frá Hornstöðum í sama hreppi. Var hann þar hjá móður sinni og stjúpa, þar til vorið 1858, að hann flutti að Gröf í sömu sveit, og byrjaði þar búskap og bjó þar í 2 ár. Þá misti hann konuna frá þremur ungum börnum. Brá hann þá búi, og tóku þau þá móðir hans og stjúpi til fósturs yngsta barnið Kristínu, þá þriggja mánaða gamla, en Ingibjörgu, þá 2. ára, kom hann til fósturs hjá vandalausum, en Jóhannes, elzta barnið, fór hann með í vinnumensku til tengdaforeldra sinna Egils og Margrétar. Síðan eftir þriggja ára veru hans þar, fluttist hann að Hróðnýjarstöðum í sömu sveit með Jóhannes son sinn, og gerðist fyrirvinna þar hjá ekkjunni Ingibjörgu Einarsdóttir og með henni stýrði hann búinu, þar til vorið 1867, að hann fór til ekkjunnar Margrétar Einarsdóttur, sem þar bjó á sama bæ, hverri hann giftist næsta haust á eftir, og bjó með henni þar til vorið 1883, að hann flutti vestur um haf til Winnipeg. Með honum komu þangað 3 börn hans, stjúpdóttir hans, Margrét Jónsdóttir, og fóstursynir þeirra tveir, Árni Jónsson í Winnipeg og Bergjón Jónsson, nú vestur á Kyyrrahafsströnd, sem hann hafði tekið kornunga af fátækum foreldrum þar í sveitinni. Í Winnipeg bjó hann þar til veturinn 1885, að hann misti seinni konu sína. Þá flutti hann til Argyle bygðar til Kristjáns Jónssonar Dalmanns og Kristínar dóttur sinnar, sem nú eru bæði dáin. Vorið 1892 fór hann til Jóhannesar sonar síns, sem þá byrjaði búskap þar í bygðinni, skamt frá Baldur. Hjá honum var hann þar til Jóhannes dó, 16. okt. 1904. Þá fór hann til Markúsar Jónssonar og Margrétar stjúpdóttur sinnar, og hjá þeim var hann þar til hann andaðist. Markús og Margrét og börn Sigurðar voru náskyld að ætterni.

Af börnum Sigurðar þremur er eitt á lífi, Ingibjörg, gift Böðvari G. Laxdal í Winnipeg.

Á yngri árum þótti Sigurður mikilmenni, í fremri hænda röð, góður búhöldur og sterk stoð sveitar sinnar. Smiður var hann góður bæði á tré og járn. Prúðmenni var hann í daglari, greindur vel og skemtinn í viðræðum og fróður um marga hluti. Bókamaður var hann mikill og fylgdist með tímanum, með því að lesa yll þau blöð og bækur, er hann hafði föng á að ná í, er út komu á íslenzku, bæði hér og á Íslandi, því hann unni jafnan heitt fósturjörðinni, sem sannur Íslendingur. Þótt hann ekki léti mikið á sér bera á mannamótum, elskuðu og virtu hann allir, sem nokkra kynningu af honum höfðu og honum voru samferða á lífsleiðinni. Hans er því sárt saknað af vinum og vandamönnum.

Blessuð veri okkur hans ógleymanlega minning.

Aðstandendur hins látna.

Bókalisti

N. Ottenson's,—River Park, Winnipeg.

Ljóðmæli Páls Jónssonar í bandi .... (3)	0.85
Sama bók (að eins 2 eint.) (3)	0.60
Diönusöngvar (útselt um tíma ... ... (2)	0.30
Jökulrósir	0.15
Dalaróntir .... (3)	0.20
Kvæði H. Blöndal ..... (2)	0.15
Hamlet .... (3)	0.45
Ljóðmæli Jóns Árnasonar á Víðimýri, 1879 ... ... (4)	0.60
Tíðindi Prestafélagsins í hinu forna Hólastifti ..... (2)	0.15
Áttungurinn .... (2)	0.45
Grant skipstjóri .... (2)	0.40
Leynisambandið .... (2)	0.35
Börn óveðursins .... (3)	0.55
Umhverfis jörðina á áttatíu dögum .... (3)	0.60
Valdimar múnkur .... (3)	0.55
Kynlegur þjófur .... (3)	0.40
Blindi maðurinn .... (3)	0.15
Fjórblaðaði smárinn ..... (3)	0.10
Kapítola (í II. bindum) (3)	1.25
Áfengi og áhrif þess, í b.	0.10
Eggert Ólafsson (B.J.) ...	0.15
Gönguhrólfs rímur (B.G.)	0.20
Hugsunarfræði (E.B.)	0.15
Höfrungahlaup	0.15
Jón Ólafssonar Ljóðmæli í skrautbandi	0.60(3)
Kristinfræði	0.45(2)
Kvæði Hannesar Blöndal	0.15(2)
Málsgreinafræði	0.15
Mannkynssaga (P.M.), í b.	0.85(5)
Mestur í heimi, í b.	0.15
Olnbogabarnið	0.15
Prestkosningin. Leikrit, eftir Þ. E., í b.	0.30
Ljóðabók M. Markússonar	0.50
Friðþjófs sönglög	0.50
Ritreglur (V. Á.), í b. ...	0.20
Seytján æfintýri, í b.	0.35(3)
Siðfræði (H. H.), í b.	1.10
Sundreglur, í b.	0.15
Útsvarið, Leikrit, í b.	0.35(2)
Verði ljós	0.15
Vestan hafs og austan. Þrjár sögur, eftir E. H., í b.	0.90
Víkingarnir á Hálogalandi eftir H. Ibsen	0.25
Þjóðsögur Ó. Davíðss., í b.	0.35(4)
Þorlákur helgi	0.15
Þrjátíu æfintýri, í b.	0.35(4)
Ofurefli, skálds. (E.H.), íb.	1.50
Draugasögur, í b.	0.35(4)
Ölöf í Ási	0.45(3)
Smælingjar, 5 sögur (E.H.) í bandi	0.85
Skemtisögur eftir Sigurð J. Jóhannesson 1907 ...	0.25
Kvæði eftir sama frá 1905	0.25
Ljóðmæli eftir sama. (Með mynd höfundarins) Frá 1897	0.25
Tólf sönglög eftir Jón Friðfinnsson	0.50
Nýustu svenskar Musik Bækur, útg. í Stockholm:	
Svenska Skol-Qvartetten ...	0.60(5)
26te och 27de Tusendet Sv. Skol-Qvartetten	0.60(5)
Den Kören	1.00(5)
Normal-Sangbok	0.50(5)
Safn til sögu Íslands og ísl. bókmenta í b., III. bindi og það sem út er komið af því fjórða. (53c)	$9.45
Íslendingasaga eftir B. Melsted I. bindi í bandi, og það sem út er komið af 2. b. (25c)	2.85
Lýsing Íslands eftir þ. Thoroddsen í bandi (16c)	1.90
Fernir fornislenzkir rímnaflokkar, er Finnur Jónsson gaf út, í bandi .... (5c)	0.85
Alþingisstaðurinn hinn forni eftir Sig. Guðm.son, í b. (4c)	0.90
Um kristnitökuna árið 1000, eftir B. M. Ólsen (6c)	0.90
Sýslumannaæfir eftir Boga Benediktsson, I. og II. b. innbundið .... (55c)	8.10
Íslenzk fornbréfasafn, 7 bindi innb., 3 h. af 8. b. ($1.70)	27.80
Biskupasögur, II. b.innb.(42c)	5.15
Landfræðissaga Íslands eftir þ. Th., 4 bindi innb. (55c).	7.75
Rithöfundatal á Íslandi 1400—1882, eftir J.B., í b. (7c)	1.00
Upphaf allsherjarríkis á Íslandi eftir K.Maurer, í b. (7c)	1.15
Auðfræði, e. A. Ól., í b. (6c)	1.10
Presta og prófastatal á Íslandi 1869, í bandi .... (9c)	1.25
B. Thorarinsson ljóðmæli, með mynd, í bandi	1.50
Bókmentasaga Íslendinga eftir Finn Jónsson, í b. (12c)	1.80
Norðurlandasaga eftir P. Melsted, í bandi .... (8c)	1.50
Nýþýdda biblían ..... (35c)	$2.65
Sama, í ódýru bandi (33c)	$1.60
Nýjatestamentið, í vönduðu bandi .... (10c)	0.65
Sama, í ódýru bandi ... (8c)	0.30

Tölurnar í svigum tákna burðargjald, er sendist með pöntunum.

N. OTTENSON,
River Park, Winnipeg, Man.

JOHN DUFF
PLUMBER, GAS AND STEAM FITTER
Alt verk vel vandað, og verðið rétt
664 Notre Dame Ave. Phone 3815
Winnipeg

sneri sér að þjóni sínum, "komstu með Lacrymæ Christi vinið, eins og ég sagði þér?"

"Já, herra greifi, flöskurnar fjórar standa í kælihólfinu í matvælaskápnum".

"Setjumst þá að snæðingi, herrar mínir", sagði greifinn.

Þeir settust nú allir að borðinu. Angela sat í hásætinu, til hægri handar henni var Crispin, en við hina vinstri hlið barún Y. Barúninn var frá sér numinn af fegurð meyjarinnar. "Ó, hvað þessi greifi er lánsamur", hugsaði hann í hvert sinn er hún sneri fallega andlitinu sínu að honum.

Samræðurnar fóru fram á frönsku, sem Angela talaði ágætlega, enda þótt hún væri ítölsk að uppruna. Skynsamlegt og fyndið spaug stytti tímann, kampavinið freyddi í glösunum og hinar áfengu perlur Lacrymæ Christi vínsins unnu sitt starf.

Kinnar hinnar ungu ítölsku meyjar voru rauðar sem rós. Orð hennar urðu fyndnari, fjörugri og gáfulegri eftir því sem á nóttina leið, sem hvarf eins og draumur frá hinum hrífnu áheyrendum.

"Fagra meyja", sagði barún Y., um leið og hann fylti glasið hennar með freyðandi kampavíni, "leyfðu mér að drekka minni þitt. Það er íbúi hinna köldu Norðurlanda, sem átta mánuði ársins eru þakin snjó og ís, sem leyfir sér að klingja glasi sínu við glas blómarósarinnar frá Suðurlöndum, þar sem snjórinn þekkist að eins að nafninu".

Angela klingdi sínu glasi við sessunaut sinn, drakk úr því hvern dropa og sagði:

"Herra barún, ég er fædd á bökkum Garglianos árinnar, og þó er ég viss um, að jafn heitt blóð renur um ykkar æðar og okkar".

"Þú skjallar Sviana, fagra Angela", sagði Crispin. "Við erum vanir að kalla þá Norðurlanda Frakka, en það er að eins máltæki, sem þarf skýringar. Í

skrautgirni, skemtunum og nautnum taka þeir okkur til fyrirmyndar, en þegar kemur til dugnaðar og framkvæmda, eru þeir oftast seinir og ígrundandi".

"Ó, þið framkvæmdamenninirnir", sagði Angela, "eruð óþolandi með ykkar gort. Þið hafið hulið föðurland ykkar í blóði, skelft allan heiminn, og hvers vegna? Af hinni aumkunarverðu metnaðargirni, sem ykkar eigin ímyndun hefir skapað í ykkur með því að koma því inn í skoðun ykkar, að þið væruð fullkomnasta þjóð heimsins. Og nú, þegar þið eruð búnir að brenna musteri frelsisins og friðarins, standið þið himinglaðir yfir öskuhrúgunni, klappið saman lófunum og kallið eins og Herostratus: "Sko, þetta höfum við gert okkur til ævarandi heiðurs".

Crispin hló og svaraði:

"Þú gleymir hugsjóninni, jómfrú. Við höfum að minsta kosti í byrjuninni barist fyrir henni, enda þótt hinar voldugu bylgjur heimsstraumsins hafi seinna hrakið okkur í aðra átt".

"Hugsjónum", sagði Angela áköf, "komdu ekki með neitt rugl um hugsjónina. Eigingirnin og sjálfsálitið hafa teymt ykkur, enda þótt ég viðurkenni, að stöku aular hafi fórnað sjálfum sér fyrir málefnið. Meðan múgurinn í heild sinni lét leiðast af ástríðum sínum, og af þjóðsnápunum, sem voru leiknir í því, að æsa hann og espa, kúga og nota til sinna eigin hagsmuna. Og á meðan þið dróuð sigurvagn ykkar eftir götunum í Paris, og á lélega fánanum ykkar stóðu orðin: 'Liberté, Egalité, Fraternité', lögðuð þið hlekki á þjóðina og létuð blóð hinna eðalýndustu sona hennar streyma frá höggstokknum. Nei, ég get ekki hugsað um stjórnarbyltingu ykkar, hún er verri en alt annað vont".

"Hamingjan góða. Þú ert reglulegur stjórnfræðingur, fallega jómfrú", sagði lautinant X. hlæjandi.

"Ég leyfi mér að drekka minni þitt fyrir það, að þú varðir svensku þjóðina gegn þessum orðvonda franska manni".

"En fyrir það", sagði hún og sneri sér að Crispin, "hafið þið líka orðið að þola harða hegningu. Ef þið hefðuð kunnað að framkvæma hugsjónir ykkar á frjálsan og viðeigandi hátt, þá hefði hið franska lýðveldi staðið enn í dag, og þið orðið forgöngumenn siðmenningarinnar, en í stað þess hafið þið eyðilagt alla ávexti stjórnarbyltingarinnar, og stynjið undir enn þyngra oki en áður. Þetta sýnir, að þið talið djarft, en að störf ykkar eru vanhugsuð, svo að í samanburði við Sviana eruð þið lítils virði".

"Það voru forlögin", sagði Crispin, "það voru forlögin. Við erum öll leiksoppar þeirra".

"Nei, þetta gengur fram úr hófi", sagði Eberhard greifi. "Hver hefir vakið máls á pólitik? Hann ætti að minsta kosti að drekka mörk af vatni í hegningarskyni".

"Ó, hver rækallinn", sagði Crispin hlægjandi, "það var nú raunar ég, en ég mælist til, að mér sé gefnar upp sakir".

"Hve lengi ætlið þér að dvelja í kalda landinu okkar, fagra jómfrú?" spurði lautinant U.

"Komandi ár fer ég aftur til Milano", svaraði Angela, "ég er fyrsta söngmær við leikhúsið þar. Það var að mestu leyti forvitni minni að kenna, eftir að sjá föðurland Karls tólfta, að ég kom hingað með vini mínum Stjernekrans greifa".

"Þú ert söngmær", sagði barún Y. alveg hissa. "Það væri sannarleg ánægja, að heyra þig syngja".

"Hver mundi neita jafn kurteisum manni um slíkt?" sagði Angela brosandi. "Þegar kvöldverði er lokið, þá skal ég syngja eitt lag".

"Það er ágætt", sagði Crispin. "Ég er viss um, að þú ert eins fullkomin í söng og pólitik".

"Og ég er viss um, að þú ert fullkomið átvagl", sagði Angela og leit á fullan diskinn hjá Crispin. "Við getum nú samt samið um vopnahlé, ef þér sýnist".

"Nei, frið frið", sagði Crispin um leið og þau drukku hvort öðru til. "Frakkland og Ítalía semja um frið, og þið, herrar mínir, ákveðið skilyrðin".

"Og þessi skilyrði?" spurði greifinn hlægjandi.

"Frakkland", sagði Crispin, "viðurkennir Ítalíu sem óháð ríki, er stjórnast eftir sínum eigin lögum, ég viðurkenni yfirburði þess".

"Friðarskilyrðin eru aðgengileg", sagði Angela, "það vantar að eins eitt —"

"Og það er?"

"Að Frakkland viðurkenni sig yfirunnið með valdi sannleikans".

"Það er nú verra", svaraði Crispin, "en það verður svo að vera samt. Friðarins vegna verð ég samþykkja þetta auðmýkjandi skilyrði".

"Fyltu glösin með Lacrymæ Christi", sagði greifinn við þjóninn. Svo var drukkin skál þessa friðar, sem samþyktur var af öllum stórveldunum.

Síðan var staðið upp frá borðinu, og Eberhard lét einn þjóna sinna sækja hörpuna hennar Angelu. Hún tók við hörpunni, lék á hana og söng jafnframt svo skemtilegt lag með svo unaðslegri rödd, að engin orð fá lýst þeirri fegurð, sem í söngnum lá.

Söngmeyjan þagnaði, en áheyrendurnir sátu þegjandi af undrun.

Eberhard lá fram á borðið með krosslagðar hendur og horfði á Angelu. Þegar lagið var til enda sungið, stóð Angela upp af legubekknum. Hún og Crispin litu hvort á annað þýðingarmiklu augnaráði, eins og tíðkast í París og á Ítalíu.

Greifinn sá það ekki, hann var sokkinn ofan í hugsanir sínar.

2 Bækur Gefins

FÁ NÝJIR KAUPENDUR AÐ HEIMSKRINGLU SEM BORGA $2.00 FYRIRFRAM, OG ÞESSUM BÓKUM ÚR AÐ VELJA :—

Mr. Potter frá Texas
Aðalheiður
Svipurinn Hennar
Hvammverjarnir
Konubefnd
Robert Manton
og Leyndarmál Cordulu frænku. —

Alt góðar sögur og sumar ágætar, efnismiklar, fróðlegar og spennandi. Nú er tíminn að gerast kaupendur Hkr. Það eru aðeins fá eintök eftir af sumum bókunum.

Heimskringla
P.O. Box 3083, Winnipeg

Hver vill eiga skildinga?

Herra Magnús J. Borgfjörð að Hólar P.O., Sask., biður þess getið, að hann hafi umboð til þess að lána peninga og selja eldsábyrgðir viðsvegar í Quill og Valley bygðum. Félög þau, sem hann hefir umboð fyrir, eru traust og áreiðanleg. Hann selur Hudsons flóa félags lönd og C.N.R. félags lönd og lönd, sem eru eign privat félaga.

Þeir, sem vildu fá sér landskika eða skildingalán, ættu að finna Magnús að máli. — Það kostar ekkert, að tala við hann og upplýsingar veitir hann öllum ókeypis.

JÓN JÓNSSON, járnsmiður, að 790 Notre Dame Ave. (horni Toronto St.) gerir við alls konar katla, könnur, potta og pönnur fyrir konur, og brýnir hnífa og skerpir sagir fyrir karlmenn. — Alt vel af hendi leyst fyrir lítla borgun.

Hvað er að?

Þarftu að hafa eitthvað til að lesa? Hver sá er vill fá sér eitthvað nýtt að lesa í hverri viku, ætti að gerast kaupandi að Heimskringlu.

Hún færir lesendum sínum ýmiskonar nýjan fróðleik 52 sinnum á ári fyrir aðeins $2.00. Viltu ekki vera með?

Dánarfregn.

Fimtudaginn 20. jan. lézt að heimili sínum í bænum Pembina í Norður Dakota merkisöldungurinn Ólafur Thorsteinsson, sem þar hafði lengi búið og var mörgum Vestur-Íslendingum að góðu kunnur.

Hann var fæddur í Tungu í Grafningi 1. janúar 1831, og var því 79 ára gamall og tuttugu daga, er hann lézt. Hann ólst upp með föður sínum, unz hann var 25 ára gamall. Þá giftist hann Guðrúnu Eyjólfsdóttur frá Þorlákshöfn. Hann var saman við hana að eins eitt ár. Þá ól kona hans honum tvíbura, tvo drengi, Þorstein og Eyjólf, en beið um leið bana af barnsförum.

Þrítugur giftist hann annað sinn, og gekk þá að eiga núlifandi ekkju Elínu Stefánsdóttur, dóttur séra Stefáns Stefánssonar á Felli í Mýrdal. En móðurafi Elínar var Ólafur Árnason, bróðir Valgerðar Árnadóttur Briem á Grund í Eyjafirði, ömmu séra Valdimar Briem og þeirra systkina. Hafði Elín verið í Hruna með séra Jóhanni Briem, frænda sínum, frá því hún var 15 ára, og þaðan giftist hún Ólafi Þorsteinssyni. Reistu þau bú í Tungu og bjuggu þar í 14 ár.

Ólafur heitinn var listasmiður og lagði á alt gjörva hönd. Gull og silfursmíð hafðf hann numið til hlítar, en höndin var svo hög og hugur hans svo lagtækur, að allar smíðar léku honum í hendi, svo hann mátti listhagur heita.

Árið 1878 fluttust þau hjón til Nova Scotia og voru þar fjögur ár. Til Pembina komu þau 1882, og þar hafa þau síðan búið. Synir Ólafs af fyrra hjónabandi fluttust báðir með honum og er Þorsteinn Ólafsson giftur maður í Pembina. Þau Ólafur og Elín áttu þrjár dætur barna, og lifa allar: Jórunn, kona Arnljóts Ólafssonar á Gimli, Guðrún, ekkja eftir Bjarna Jónsson frá Kirkjubóli í Norður-Múlasýslu, og Stefanía Kristín, kona séra Jónasar Sigurðssonar í Seattle. Hjónaband þeirra Ólafs og Elínar hafði verið hið ástúðlegasta, enda voru þau samvalin um mannkosti, og hún hið mesta ljúfkvendi, fríð og góð og vel gefin eins og hún á ætt til.

Ólafur heitinn var skýrleiksmaður hinn mesti og fylgdist með í því, sem ritað var á íslenzka tungu, fram í andlátið. Hann átti stóra lund og gáfuga, svo þeim þótti öllum mikið til koma, er þektu. Á Íslandi er hans minst af mörgum sem ágætasta manns.

Jarðarför hans var fjölmenn eftir því, sem ástæður voru til, þar sem ekki fleiri Íslendingar eru saman komnir. Prestarnir séra Steingrímur Thorlaksson og F. J. Bergmann töluðu báðir.

F. J. B.

Friðrik Sveinsson,

MÁLARI,

hefir verkstæði sitt nú að 245 Portage Ave. — herbergi nr. 43 Spencer Block — beint á móti pósthúsinu. Hann málar myndir, leiktjöld, auglýsingaskilti af öllum tegundum, o. s. frv. — Heimili: 618 Agnes St.

Fréttapistill frá Utah.

Íslendingum hér þykir helzt of sjaldan sjást fréttir héðan í Heimskringlu. Það helztu og markverðasta af því tagi er eftir hið alþekta lipurmenni okkar, herra Einar H. Johnson, sýnir lesendunum að við séum til.

Heimskringla er hér mjög velkominn gestur, því hún færir okkur fréttir, meir en nokkurt annað íslenzkt blað, frá löndum fjær og nær.

Hér í Spanish Fork búa það margir landar, að það nær yfir alt Ísland, frá öllum fjórðungum landsins, og næstum frá öllum sýslum. — Hér hefir verið fremur venju kaldur nokkuð og frosthaður vetur, 15 gr. undir zero. Snjókomur samt ekki miklar, nema til fjalla nokkuð meiri. Almenn velliðan, og landar vorir standa öðrum þjóðflokkum hér fullkomlega jafnfætis, bæði mentalega og verklega.

Af félagsskap er samt fátt að skrifa. Hið íslenzka verzlunarfélag hefir fyrir löngu lagt árar í bát, Og foringjar helgidaga samkvæma, það er þeir íslenzku, gefa meiri gætur að skýjunum, nefnilega veðri og vindi.

Þann 18. þ.m. var haldinn ársfundur hins Íslenzka lestrarfélags. Það hefir allar sögubækur og fleiri bækur, og þykir mörgum það mikil skemtun að lesa þær. Samt getur manni ekki dulist, hve herfilega sumar fornsögur Íslendinga eru neyðarlega skemdar með seinni útgáfunum. Mörg sögulog orð og setningar alveg tapað í þeim nýju. Auk þess eru þær bútaðar í sundur, í stað þess að manni mundi þykja heppilegra, að þær væru sameinaðar. Svo eru bækurnar fyltar með þessum vísnaskýringum, sem fáir eða jafnvel engir lita við að lesa. En sú áætlun, sem gerð er um það, hvenær viðburðirnir skeðu, hvaða ár, það er mjög skemtilegt.

Líka væri æskilegt, að áætlun væri gerð um ýms hin gömlu nöfn, svo sem Bjarmaland, Bláland, Risaland, o.fl., hvað þau hétu nú o.s.frv.

Landar eru hér vel á framfaravegi. Ýmsir hafa bygt nýlega fallegg og mjög vönduð íveruhús, og kostað börn sín á háskóla. Þeir halda fast við gamla og góða siði, sem þeir höfðu lært í föðurlandinu, það er: staðfesta og áreiðanlegheit í orðum og verkum, líka almenn gestrisni, sem einkennir þjóðflokk vorn.

Núna rétt fyrir jólin var mér og konu minni boðið heim af löndum okkar og vinum norður í Idaho. Það var Mrs. Þórdís Jónsson og synir hennar. Það fólk er frá Önundarstöðum í Rangárvallasýslu, og bjó hér í Spanish Fork nokkur ár, flutti héðan fyrir nálegt 11 árum til Idaho, tók þar upp órækt-að land, og hefir gert það að frjósömum akurlöndum, og afla nú á því svo þúsundum bushela skiftir af korntegundum. Mrs. Þórdís flutti í nefnt hérað með 4 sonum sínum og dóttur, sem hafði tvo syni meðferðis, þá börn að aldri. Guðrún dóttir Þórdísar var álitin hér ein af þeim myndarlegustu og beztu stúlkum á meðal íslenzka þjóðflokksins, en varð fyrir því óláni, að giftast flakkararæfli, — eins og fleirum hefir viljað til. Hún átti samt með honum 2 börn, sem lifðu, og varð strax heilsulaus. — Þá tók Mrs. Þórdís móðir hennar hana til sín með báðum börnunum, og hefir alið þá drengi upp með aðstoð sona sinna. Nú er Guðrún dáin fyrir nokkrum árum, en synir hennar Jón og Davíð eru enn hjá ömmu sinni, og stunda nám á háskólanum í Logan í Utah.

Ég og kona mín, Halldóra Árnadóttir, þáðum heimboð Mrs. Þórdísar, og lögðum af stað með járnbrautinni þann 1. des. sl. og vorum nótt í höfuðborginni SaltLake, komum næsta dag kl. 4 e.m. til Alexander í Idaho. Það er næsta járnbrautarstöð við heimili Mrs. Þórdísar og sona hennar. En rétt um það leyti byrjaði vetrarkuldinn, með snjó og frosti, sem hefir haldist við að mestu leyti síðan. Þorgeir sonur Þórdísar var á nefndri stöð með akfæri-sleða, útbúinn að mæta okkur, með loðfeldi og eldfjöruga hesta, keyrandi okkur í flugfart heim til sín. Þar voru fyrir bræður hans, Þorbjörn og Önundur Jónssynir og móðir þeirra, að bjóða okkur velkomin. Kolbeinn bróðir þeirra er dáinn, mesti myndar og efnisdrengur, — elskaður og virtur af öllum, sem hann þektu. Ingimundur bróðir þeirra býr í Reymond, Alberta, Can., — hagleiksmaður mesti. — Þó veðrið væri hálfstirt, gat ég samt vel séð, a þetta duglega fólk hafði mikið gert þann tíma, sem það hefir búið þar. Þeir bræður eru líka þjóðhagir smiðir bæði á tré og járn, og elskaðir og virtir af öllum í héraðinu. Móðir þeirra er nafnfræg fyrir dugnað og myndarskap, nú komin yfir 70 ár. — Þau búa þar mesta rausnarbúi. Allir eru þar velkomnir að hvíla sig yfir nóttina, eða nætur, og skemta sér. Þá stund, sem við dvöldum þar, var alt af einhver gestur eða gestir. Þeir bræður og móðir þeirra eru hin glöðustu heim að sækja og leika sér og spila við gesti sína.

Okkar heimboð af nefndu fólki mátti fremur nefnast heiðursheimboð. Það gaf okkur $40.00 í peningum fyrir utan aðrar gjafir. Þar með stöðug veizla á meðan við dvöldum þar.

Þaðan fórum við svo til Logan, Utah. Loftur sonur okkar býr þar og er yfirkennari á barnaskóla. Þangað komum við nálægt kl. 8 að kveldi. Loftur var á vagnstöðinni að mæta okkur og leiðbeina að húsi sínu. Þegar við komum þar inn, þá sáum við 3 unga menn við stúderingar, og þektum engan þeirra. Það voru þá dóttursynir Þórdísar, áðurnefndir, Jón og Davíð Jónssynir. og sonarsonur hennar, Þorbjörn Canon. Þessa 3 drengi hefir hún alið upp, og eru þeir allir á háskólanum. Jón og Davíð líkjast mestpart í móðurætt sína, sem ég álít mikla lukku fyrir ir þá. Enda eru hinir 3 nefndu ungu menn mjög efnilegir og mannvænlegir, berandi þess skýran vott, að þeir hafi haft gott uppeldi. Loftur okkar hefi 370 börn á sínum skóla og 7 kennara. Ég var þar nokkra daga, að kynna mér reglur skólans, og þótti mjög merkilegt, hvað kennararnir höfðu góða stjórn á börnunum. Ég óskaði, að ég væri orðinn barn, og mætti hafa sama tækifæri, því slíkt hafði ég aldrei áður séð né heyrt. Alt var svo reglubundið, bæði kensla og hegning var gert með hinni mestu kurteisi, svo líklega að það mátti heita, að maður væri staddur á hinu fjörugasta og reglubundnasta leikhúsi. Ég hafði ekki þekt annað en ólund, þumbaraskap, hroka og óregln við kenslu á mínum ungdómsárum. — En öllum þjóðum fer stöðugt fram í siðferði og mentun. Enda er ekki vonlegt, að blessaðir prestarnir á Íslandi kynnu eða gætu kent öðrum reglulega, sem aldrei höfðu lært það sjálfir. Hér væri sá kennari fljótt látinn hætta öllum kenslustörfum, sem tæki sig til og færi að slá börnin utanundir eða berja þau, — og það með mestu skömm. Og hvað kennurunum tókst vel, að láta börnin stór og smáganga í röðum eftir hljóðfæraslætti út og inn. Ég lagði merki til, að barn gekk of hart og kennarinn rétti að því kvarðann, þá hneigði það sig og beið að eins þar til hin voru jöfn. — Þetta var þar sem raðirnar komu saman og voru tvöfaldaðar til útgöngu frá herbergjunum.

Næst kom ég á búnaðarskólann. Þar var margt að sjá, sem hér væri oflangt upp að telja. Ég get með sanni hrósað þægilegheitum prófessoranna, sem voru blátt áfram og lítillátir eins og börn, og tilbúnir að sýna manni alt í þeirra verkahring. Þar munu vera nálægt 700 stúdentar. Það eru bæði drengir og stúlkur. Loftur minn sýndi mér í gegn um allan skólann, og gerði mig þektan öllum yfirmönnum hans. Við komum á heræfinga salinn. Það er stórt herbergi með sementuðu steingólfi. Þar voru stúdentar með byssur sínar. Og yfirforinginn vel miðaldra maður að sjá, þaulæfður úr her Bandaríkjanna, sem stjórnin hefir sent þangað og heldur hann þar á sinn kostnað til að kenna heræfingar. Hann gaf merki, en foringjarnir kölluðu upp. Það var líkt fallbyssuskoti, þegar allar byssurnar stöppuðu í gólfið í einu. Ég hafði mikið gaman af, að sjá tilburði þeirra og búnað.

Heldur er okkur hér farið að leiðast kirkjuþingsblaðrið í Heimskringlu. Mig minnir, að áður fyr hafi verið birt í blaðinu, að það tæki ekki trúmálagreinar. En hvað? Nú koma heilir dálkar og heil blöð með þessu botnlausa trúmálarugli, sem menn sýnast sjálfir ekkert vita og skilja. Og alt er likt hvað öðru, sannanalaust og botnlaust. Okkur er farið að leiðast þóf þetta, eins og Skarphéðni forðum.

Enda ég svo þessar línur með óskum beztu um happasæla framtíð Heimskringlu, og velliðan lesenda hennar á komandi ári.

Spanish Fork, 21. jan. 1910.

Gísli E. Bjarnason,

frá Hrífunesi í vestur Skaftafellssýslu, nú til heimilis í Spanish Fork, Utah.

Hlutirnir hafa oft svo breytilegt útlit, að staðföstum manni getur orðið á, að mótmæla sjálfum sér.

Góð áform eru frækorn góðra verka, sérhver maður á að sá þeim, hver sem uppskerunnar nýtur.

Margir flytja lofræður um framliðna menn, sem þeir öfunduðu og ofsóttu meðan þeir lifðu.

ROBLIN HOTEL
115 Adelaide St. Winnipeg
Bezta $1.50 á dag hús í Vestur Canada. Keyrsla ókeypis milli vagnstöðva og hótels á nóttu og degi. Áhlynning hin bezta. Vínföng af öllu tagi. ÓLAFUR G. ÓLAFSSON, Íslendingur, afgreiðir yður. Heimsækið hann. —
O. ROY, eigandi.

WINNIPEG Business College
Cor. Portage Ave and Fort St.
28. ÁR
FÉKK FYRSTU VERÐLAUN Á SAINT LOUIS SÝNINGUNNI.
Dag og kveldkensla. Telefón 45.
Haustkensla byrjar 1 Sept.
Bæklingur með myndum ókeypis.
Skrifið til: The Secretary, Winnipeg Business College, Winnipeg Man.

A. S. BARDAL
Selur líkkistur og annast um útfarir. Allur útbúnaður sá bezti. Enfremur selur hann al skonar minnisvarða og legst-ina.
121 Nena St Phone 306

HEIMSKRINGLU og TVÆR skemtilegar sögur fá nýir kaupendur fyrir að eins $2 00

Giftingaleyfisbréf
selur: Kr. Ásg. Benediktsson
528 Simcoe st. Winnipeg

THE "Arena"
Þessi vinsæli skautaskáli hér í vesturbænum er nú opinn. Ísinn er ágætur. 18DA MOUNTED RIFLES BAND SPILAR Á ARENA. KARLM. 25c.—KONUR 15c.
Chas. L. Trebilcock, Manager.

JIMMY'S HOTEL
BEZTU VÍN OG VINDLAR.
VÍNVEITARI T.H.FRASER, ÍSLENDINGUR.
James Thorpe, Eigandi

A. S. TORBERT'S
RAKARASTOFA
Er í Jimmy's Hótel. Besta verk, ágæt verkfæri; Rakstur 15c en Hárskurður 25c. — Óskar viðskifta Íslendinga. —

MARKET HOTEL
146 PRINCESS ST á móti markaðnum
P. O'CONNELL, eigandi, WINNIPEG
Bezta tegundir af vínföngum og vindlum, aðhlynning góð, hús endurbætt

Woodbine Hotel
466 MAIN ST.
Sæmsta Billiard Hall í Norðvesturlandinu
Tíu Pool-borð.—Alskonar vín og vindlar
Gisting og fæði: $1.00 á dag og þar yfir
Lennon & Hebb
Eigendur.

gegn afturhaldinu, vanafestunni, hverra flutningsmenn Gyðingaprestarnir voru. Þeir hrósuðu sigri um stund, og meistarinn, trúarhöfundurinn, var negldur á krossinn. En hugmyndir hans héldu áfram að ryðja sér braut. Hvers vegna? "Af því þær voru guðdómlegar", segja menn. Nei, alls ekki! ..... Af því þær leiddu í ljós skoðanir, skilning á lífinu, sem hafði meiri áhrif á almenning, þennan einfalda, fávísa múg, sem stjórnast fremur al tilfinningum en hugsunum. Þegar ég var barn, leiddu tilfinningarnar mig einnig, þá var Kristkenningin mér heilög og alsönn. En þegar ég var kominn upp í efri bekk í skóla lífsins, breyttist ég í hugsandi mann úr tilfinningarikum aula, og fann þá, að ég hafði aðhylst glæsilegar hugsjónir, sem skynsemi min gat ekki tekið gildar, ekki samþykt. Ég fann það, þegar ég sá, að ástin, sú ást, sem Kristur prédikar um, stjórnar ekki heiminum, heldur er það eigingirnin, sem er einvöld, en í félagið við hana er gullið, gáfurnar og klókindin. Ég hefi séð þessa valdaríku eigingirni halda almúganum í skefjum með trúfræðisruglinu og ráðvendniskenningunum, sem ávalt hafa verið voðalegt vopn í hennar höndum. Ég hefi heyrt prestana þruma frá prédikunarstólnum um synd og óráðvendni, og strax að messunni lokinni stinga syndagjöldum hinna iðrandi manna í vasa sinn með háðslegu brosi. Þetta hefir knúð mig til að yfirgefa braut mannkærleikans og ganga inn á veg eigingirninnar, þó ég þrátt fyrir það viðurkenni, að það hafi verið rangt að afmá trúna í Frakklandi á stjórnarbyltingartímunum, því án trúar er ekki unt að stjórna almúganum —"

"Mon cher Eberhard", kallaði lautinant U. úr hinu herberginu, "sittu nú ekki þarna í alla nótt, komdu og smakkaðu púnsið, það er ágætt".

"Gott, ég kem strax".

"Spilaborðið er tilbúið", kallaði lautinant X.

Greifinn og franski maðurinn stóðu upp og gengu inn í hitt herbergið, þar sem full glös af úrvals púnsi biðu þeirra.

"Herrar mínir", sagði greifinn, um leið og hann lyfti upp glasinu sínu, "okkar aðferð við helgihald jólanna er eflaust hin viðfeldnasta. Ég mæli með því, að við drekkum skál gleðigyðjunnar. Alla mína æfi hefi ég á hennar vegum gengið, og í kvöld gefur hún mér enn glaða stund í gamla ættlandinu mínu, sem ég hefi ekki séð um langan tíma. Síðustu jólin var ég í Neapel, þar var sannarleg sæla að vera ungur, fjörugur og fallegar stúlkur drukku skál mína í Lacrymæ Christi. Í kvöld er ég aftur staddur meðal æskuvina minna, sem ekki hafa gleymt mér — og hér er vín, spil og stúlkur. Á meðan við getum notið alls þessa, höfum við ekki yfir neinu að kvarta. Lifi gleðin, herrar mínir".

Þeir drukku fjörlega úr glösunum, enda þótt þeim virtist hinn alvarlegi svipur greifans mótmæla því, sem hann hafði sagt.

"Og nú til vinnunnar", sagði barún Y, um leið og hann tók upp ný spil. "Lífið er stutt, en listin löng, það er því ekki vert að eyða tímanum".

"Þú segir satt", sagði greifinn og reynd. að brosa, "við skulum draga okkur saman".

Þeir dróu nú sitt spilið hvor. Greifinn fékk spaðadrotninguna, Crispin gosa, svo þeir urðu saman, en lautinant U. fékk kong, svo hann varð að sitja hjá. Meðan hinir spiluðu, fékk hann sér skáldsögu í bókaskápnum og fór að lesa.

"Morbleu, hr. Crispin", sagði lautinantinn eftir litla stund. "Landi þinn Crebillon, sem skrifað hefir þessa sögu, hefir verið gáfaður maður".

"Ó", svaraði franski maðurinn, "slíkar skáldsögur sem þessi, eru úr gildi gengnar. Mon dieu, Eberhard, þú stingur konginn minn? Þú hlýtur að hafa góð spil á hendi".

"Afsakaðu, moncher, það var óaðgæzla".

"Þrír yfir, það gerir tólf", sagði barún Y. — "Leggðu frá þér bókina, mon frére, og komdu hingað og dragðu. Hringurinn er búinn".

"Við skulum ekki gleyma víninu, herrar mínir", sagði Eberhard. "Við skulum renna þessu óhappi niður með einu glasi, Crispin! Litla slemm! Það er óvanalegt".

"Það er þér að kenna", svaraði Crispin. "Því stakstu konginn minn?"

Eberhard svaraði engu, en fylti stórt glas með púnsi og tæmdi það.

"Við skulum syngja", kallaði hann, "fjórraddaðan söng".

"Gott", svöruðu hinir, "en hvað eigum við að syngja?"

"Ég sting upp á Marseillæsen", svaraði X., af af því fransku maður er hér hjá okkur".

"C'est bon!" sagði Eberhard. "Allons enfants".

Marseillæsen var nú sunginn, og þótti Crispin mikil ánægja í, að heyra þetta tryllingslega lag, sem svo margar sorglegar endurminningar eru tengdar við.

"Nú skulum við fara að spila aftur".

Nú varð það Eberhards hlutskifti að sitja hjá. Á meðan þeir spiluðu, hélt hann áfram að drekka, en þótt hann drykki mikið, þá sá ekki á honum samt. Nokkrum sinnum leit Crispin til greifans og hló af illgirnislegri ánægju, þegar hann sá, hve mikið hann drakk.

"Citoyen", hvíslað barún Y. að Crispin, "ég er hræddur um, að hinn góði greifi drekki meira en hann þolir".

"Ekkert á hættu", svaraði Crispin jafn-lágt; — hann getur drukkið hálft lagarkvartil, án þess að það sjáist á honum".

Það var líka satt, greifinn varð alls ekki drukkinn, en að eins hreifur, og þungi, dimmi, svipurinn hans breyttist svo, að hann varð óeðlilegur og bitur, enda þótt hann sjálfur ætlaðist til, að hann væri glaðlegur.

Lautinant X., sem ef til vill var minst spiltur af þessum mönnum, gat ekki varist hryllingi þegar hann leit á greifann. Það var eins og hann gæti rannsakað hið myrka djúp, sem hugur hans geymdi.

Greifinn var óheppinn þetta kvöld, en það virtist fremur gleðja hann en hryggja, því hann borgaði alimikla peningaupphæð brosandi.

"Kvöldverðurinn bíður, herrar mínir", sagði greifinn. "Ég hefi geymt ykkur óvænt augnagaman sem jólagjöf. Komið og sjáið".

Þrungnir af forvitni fylgdu þeir greifanum inn í fallega borðsalinn hans.

Það var líka sannarlegt augnagaman. Við annan endann á borðinu, sem var þakið sjaldgæfu sælgæti, stóð forkunnarfögur ungmeyja, klædd eftir nýustu Parísar tízku. Þeim, sem inn komu, virtist hún vera opinberun fegurðarinnar, utan við sig af undrun stóðu þeir kyrrir við dyrnar og skygðu fyrir augun með höndum sínum, eins og þeir hefðu orðið fyrir ofbirtu.

"Angela", sagði greifinn á frönsku, "ég kem hér með þrjá af æskuvinum mínum, sem ég vil kynna þér, þeir eru: barún Y. og lautinantarnir U. og X."

Unga stúlkan svaraði með yndislegri hneigingu, og um leið og hún brosti sáust spékoppar í kinnum hennar.

"Ég vona", sagði greifinn, "að þú reynist gestum mínum góð húsmóðir. Charles", bætti hann við og

LEIÐBEININGAR--SKRA
YFIR ÁREIÐANLEGA VERZLUNARMENN Í WINNIPEG

MUSIC OG HLJÓÐFÆRI

CROSS, GOULDING & SKINNER, LTD.
232 Portage Ave. Talsími 4413

MASON & RISCH PIANO CO., LTD.
256 Main Street. Talsími 4580
W. Alfred Albert, íslenzkur umboðsmaður

WHALEY ROYCE & CO.
356 Main St. Phone 763
W. Alfred Albert, hljóðfærjóm.

BYGGINGA- og ELDIVIÐUR.

J. D. McARTHUR CO., LTD.
Byggingas- og Eldiviður í heildsölu og smásölu.
Sölust.: Princess og Higgins Tals. 5060, 5061, 5062

MYNDASMIÐIR.

G. H. LLEWELLIN,
"Medallions" og Myndarammar
Starfstofa Horni Park St. og Logan Avenue

SKÓTAU Í HEILDSÖLU.

AMES HOLDEN, LIM TED
Princess & McDermott. Winnipeg.

THOS. RYAN & CO.
Alskonar skótau. 44 Princess St.

THE Wm. A. MARSH CO. WESTERN LTD.
Framleiðendur af Finu Skótau. Talsími: 3710
88 Princess St. "High Merit" Marsh Skór

RAFMAGNSVÉLAR OG ÁHÖLD

JAMES STUART ELECTRIC CO.
324 Smith St. Talsímar: 3447 og 7802
Fullar birgðir af alskonar vélum.

GOODYEAR ELECTRIC CO.
Kellogg's Talsímar og öll þarfnlát. áhöld
talsími 3022. 86 Albert St.

RAFMAGNS AKKOKÐSMENN

MODERN ELECTRIC CO
412 Portage Ave Talsími: 5658
Viðgjörð og Vir-lagning — allskonar.

BYGGINGA-EFNI.

JOHN GUNN & SONS
Talsími 1271 256 Jarvis Ave.
Höfum besta Stein, Kalk, Cement, Sand o. fl.

THOMAS BLACK
Selur Járnvöru og Byggingas-efni allskonar
76—82 Lombard St. Talsími 600

THE WINNIPEG SUPPLY CO., LTD.
298 Eleventa St. Talsímar: 7186 & 7187
Kalk, Steinn, Cement, Sand og Möl

MATHESON AND GAY
Húsasmiðir, smiðkarar og viðgerðarmenn
221 Higgins Ave. Winnipeg

BYGGINGAMEISTARAR.

J. H. G RUSSELL
Byggingameistari.
í Silvester-Willson byggingunni. Tals: 1068

PAUL N. CLEMENS
Bygginga - Meistari, 443 Maryland St.
Skrifst.: Argyle Bldg., Garry st. Talsími 5997

BRAS- og RUBBER STIMPLAR

MANITOBA STENCIL & STAMP WORKS
471 Main St. Talsími 1980 P. O. Box 244.
Búum til allskonar Stimpla úr málmi og togleðri

CLYDEBANK SAUMAVÉLA AÐGERÐAR-MAÐUR. Brúkaðar vélar seldar frá $5.00 og yfir
564 Notre Dame Phone, Main 8624

VÍNSÖLUMENN

GEO. VELIE
Hef dæðlu Vínsmit. Nr. 187 Portage Ave. E
Sendi-sölu talsími: 352. Búð-sölu talsími 684.

STOCKS & BONDS

W. SANFORD EVANS CO.
326 Nýja Grain Exchange Talsími 369

ACCOUNTANTS & AUDITORS

A. A. JACKSON,
Accountant and Auditor
Skrifst.—78 Merchants Bank. Tals.: 5702

OLÍA, HJÓLÁS-FEITI OG FL.

WINNIPEG OIL COMPANY, LTD.
Búa til Stein Olíu, Gasoline og hjólás-áburð
Talsími 1590 611 Ashdown Block

TIMBUR og BÚLOND

THOS. OYSTAD, 208 Kennedy Bldg.
Viður í vagnhlössum til notenda, búlönd til sölu

PIPE & BOILER COVERING

GREAT WEST PIPE COVERING CO.
132 Lombard Street.

VÍRGIRÐINGAR.

THE GREAT WEST WIRE FENCE CO., LTD
Alskonar virgirðingar fyrir bændur og borgara.
76 Lombard St. Winnipeg.

ELDAVÉLAR O. FL.

McCLARY'S, Winnipeg.
Stærsta framleiðendur í Canada af Stóm,
Steinvöru (Granitowares) og fl.

ÁLNAVARA Í HEILDSÖLU

R. J. WHITLA & CO., LIMITED
264 McDermott Ave Winnipeg
"King of the Road" OVERALLS.

BILLIARD & POOL TABLES.

W. A. CARSON
P. O. Box 229 Room 4 i Molson Banka.
Öll nauðsynleg áhöld. Ég gjöri við Pool-borð

NÁLAR.

JOHN RANTON
203 Hammond Block Talsími 4670
Sendið strax eftir Verðlista og Sýnishornum

GASOLINE Vélar og Brunnborar

ONTARIO WIND ENGINE and PUMP CO. LTD
301 Chamber St. Sími: 2268
Vindmillur — Pumpur — Agætar Vélar.

BLÓM OG SÖNGFUGLAR

JAMES BIRCH
442 Notre Dame Ave. Talsími 2638
BLÓM - allskonar. Söng fuglar o. fl.

BANKARAR, GUFUSKIPA AGENTR

ALLOWAY & CHAMPION
North End Branch: 667 Main street
Vér seljum Ávísanir borganlegar á Íslandi

LÆKNA OG SPÍTALAÁHÖLD

CHANDLER & FISHER, LIMITED
Lækna og Dýralækna áhöld, og hospitala áhöld
185 Lombard St., Winnipeg, Man.

Heiðurssamsæti.

Hinn 30. des. 1909 var haft heiðurssamsæti fyrir herra T. Ingjaldsson, Framnes P.O., ásamt fjölskyldu hans, í safnaðarkirkju Árdalsbygðar, og tóku 3 pósthúsdæmi þátt í, að stofna til þessa samsætis: Árdal, Framnes og Víðir og sýnir það bezt, hve margir bera virðingu og velvild til þessa manns fyrir hans framúrskarandi dugnað í öllum verklegum framfaramálum bygðarinnar.

Samsætið var sett kl. 2 e.m., að viðstöddu 170 manns. Forseti samsætisins var herra P.S.Guðmundsson, póstmeistari að Árdal, og setti hann samsætið með fögrum og vel völdum orðum til heiðursgestsins og gestanna yfir höfuð. Þar næst las herra Jón M. Borg, fjörð upp gott kvæði. Síðan söng söngflokkur bygðarinnar "Hvað er svo glatt", os.frv., undir forustu þeirra Th. Hallgrímssonar og Anna Bjarnasonar. Svo las herra Jón J. Húnfjörð upp ávarp til heiðursgestsins. Þá var heiðursgestinum afhent af Þórarni Stefánssyni vandað gullúr með festi og "Locket", og var grafið annars vegar á úrið þessi orð: "Lítill þakklætisvottur til herra T. Ingjaldssonar frá nokkrum vinum hans, árið 1909. Einnig var grafið annars vegar á "Locketið" nafn hans í skamstöfum.

Heiðursgesturinn þakkaði fyrir gjöfina með mörgum fögrum orðum. En þó þakkaði hann sérstaklega fyrir þann heiður og þá almennu velvild, er sér væri sýnd.

Að þessu loknu varð nokkurt hlé á skemtunum og gengu menn að borðum, sem hlaðin voru góðum og ljúffengum veitingum, og snæddu með góðri lyst.

Séra Jóhann Bjarnason mælti fyrir minnum heiðursgestsins og fjölskyldu hans.

Síðan var aftur gengið til skemtana. Hr. Friðrik Nelson las upp kvæði. Einnig las herra Eirikur Jóhannsson upp gott kvæði eftir St. G. Stephansson. Hr. Sigurmundur Sigurðsson kaupmaður hélt ræðu. Einnig voru boðnir nokkrir heiðursgestir að þessu samsæti, og héldu þeir allir góðar og áhrifamiklar ræður. Séra Jóhann Bjarnason hélt ræðu um heimilið, dr. Jóhannes Pálsson talaði um framfaramál, Thómas Björnsson um félagsmál. Einnig hélt herra Sigurjón Sigurðsson kaupmaður ræðu. — Ræður þessara manna voru þeim til sóma og áheyrendunum til stórrar uppbyggingar og skemtunar.

Fjárframlög til þessa samsætis voru svo rifleg og almenn, að töluverður afgangur varð kostnaðinum, og nefndin, sem stóð fyrir samsætinu, kom sér saman um, að skilta þeim peningum milli allra hinna bágstöddustu í bygðinni, í heiðursskyni við heiðursgestinn, sem er einhver hinn gjafmildasti og hjartabezti maður innan þessarar bygðar.

Föngflokkurinn skemti við og við með söng.

Að loknum skemtunum gengu menn aftur til snæðings, og var þá komið langt fram á nótt, og fóru allir glaðir og ánægðir til heimkynna sinna.

* * *

ÁVARP

til hr. T. Ingjaldssonar, Framnes.

Þetta ávarp flyt ég í nafni allra, sem hér eru inni, og margra annara, sem eru fjarverandi.

Kæri vinur og félagsbróðir. Við, sem komin erum hér saman, bjóðum þig hér velkominn, ásamt vinum þínum og vandamönnum, og óskum og vonum, að þessi stund megi verða þér og oss öllum sem ánægjulegust. Það er ásetningur vor, að minnast þess í dag, hvern ig þú með drengskap, dáð og sóma hefir staðið fremstur í framkvæmd, þegar um framfaramál þessarar bygðar hefir verið að ræða. Vér óskum og vonum, að þessi litla tilraun, sem vinir þínir gera til þess að gleðja þig í dag, megi færa þér heim sanninn um það, að þó þú hafir ekki safnað auðlegð eða peningum þau ár, sem þú ert búinn að lifa og starfa meðal vor, þá hefir þú samt eignast það, sem er meira vert enn gull og silfur, sem er tiltrú, virðing og kærleikur meðbræðra þinna.

Hafðu hugheilar þakkir fyrir þína drengilegu og óeigingjörnu starfsemi að framförum og félagsskap í bygð vorri allan þann tíma, sem þú hefir búið hér hjá oss.

Vér óskum þér og þínum til lukku og blessunar á ókomna tímanum, og vonum, að þú eigir eftir að koma í framkvæmd mörgu góðu og þarflegu verki til nytsemdar og blessunar fyrir oss alla og megir bera úr býtum þau laun, sem hverjum góðum og gagnlegum manni bera með réttu.

Svo tak við þeim litla þakklætisvott, sem þér nú verður réttur af vinarhönd, til minningar um þessa stund. Hann á eftir tilætlun vor, vina þinna, að minna þig á, að vér kunnum að meta það, að þú hefir varið þínum tíma til að berjast við að sigra þá örðugleika sem samfara eru frumbýlingslífinu í óruddu landi.

Drottinn blessi þig og öll þín störf, og gefi þér og þínum langa og góða lífdaga. Þess óska hinir mörgu vinir þínir nær og fjær.

* * *

Til
TRYGGVA INGJALDSSONAR.

Á nafni þínu sigursöngvar hefjast
við sérhvern unninn leik í þinni bygð,
og þegar okkar vona-vagnar tefjast,
er vant að heita á þína orku-dygð.
Í hetjuspor þín harla seint munu fenna,
þú hefir bezt af öllum leitt og stutt,
og það er engum þraut að viðurkenna
að þú hef'r leið að takmarkinu rutt.

Þú vaski, djarfi vegabótamaður,—
þér vitni bera sjálfs þín gildu rök,
og hér hjá okkur er þinn sögustaður;
hér eru saman flest þín Grettistök.
Og þér varð ekki afláfátt mátt í raunum,
þó aldrei væri launin meiri en hálf. —
Haf viðurkenning, lof og þökk að launum!
en launin beztu — eru verkin sjalf.

G.J.G.

Dánarfregn.

Þau sorglegu tíðindi bárust hingað til bæjarins á þriðjudaginn var, 1. þ.m., að þau hjón Kristján og Guðrún Johnson í Duluth, Minn., hefði orðið fyrir þeirri sorg, að missa son sinn, Albert að nafni, ungan og efnilegan námsmann, þriðjudaginn 25. jan. sl. Hann sat í efsta bekk lýðháskóla Duluth bæjar, og hefði útskrifast í vor, ef aldurinn hefði til unnist.

Albert heitinn var fæddur í marz mánuði 1892, í Woodlands í Duluth bæ. Foreldrar hans hafa búið þar yfir 20 ár, og hefir Kristján faðir hans verið í þjónustu bæjarins um þann tíma, sem umsjónarmaður grafreits borgarinnar (Forest Hill Cemetary). Fimtudaginn þann 20. sl. veiktist Albert heitinn af botnlangabólgu, og gekk undir uppskurð. En á þriðjudagsmorgun, eins og að ofan segir, var hann dáinn. Hann var efnismaður mikill, ágætur námsmaður, friður og fallega vaxinn, dagfarsprúður, hægur og orðvar. Munu margir minnast þess, er komið hafa til foreldra hans hin síðari ár, hve mikill efnismaður sonur þeirra var, full sex fet á hæð, íturvaxinn, svipurinn hreinn og alúðlegur. Hann var mikils metinn meðal þeirra er þektu hann og ástsæll innan skóla.

Í Duluth blaðinu einu segir frá láti hans á þessa leið:

"Albert Johnson, er tekið hefði burtfararpróf frá Central High School hér í bænum á þessu vori, andaðist í gærkveldi á St. Luke's spítalanum eftir uppskurð við botnlangaveiki. Buck, forseti skólans, tilkynti lát hans í morgun, þegar skólinn kom saman til bæna. Eftir hádegið í dag komu bekkjarnautar hans saman til þess að ráðstafa, hvaða þátt þeir gætu tekið í útförinni. Kom heim ásamt um, að allur bekkurinn skyldi fylgja honum til grafar.

Albert Johnson var einn vinsælasti pilturinn í skólanum. Hann var í miklu áliti meðal kennaranna. Fyrir viku síðan var hann í skóla og að því er virtist heill heilsu".

Foreldrar hans eru bæði ættuð af Vesturlandi. Kristján úr Borgarfirði syðra og nafrændi séra Péturs Hjálmssonar og þeirra systkina. En Guðrún kona Kristjáns er systir Bjarna kaupmanns Vestmanns í Churchbridge, Sask. Albert heitinn var einkasonur þeirra, og verður þeim því missirinn sár, með því líka að þar var efnilegum æskumanni og góðum syni á bak að sjá.

R. P.

Á beztu heimilum

hvar sem er í Ameríku, bar munið þér finna HEIMSKRINGLU lesna. Hún er eins fróðleg og skemtileg eins og nokkuð annað íslenzkt fréttablað í Canada

Fréttabréf.

MARKERVILLE, ALTA.
(Frá fréttaritara Hkr.).
31. janúar 1910.

Allan þennan mánuð hefir verið indæl tíð hér í þessu plássi, svo góð, að eigi hefir janúar verið eins blíður og hagstæður síðan veturinn 1889, fyrsta veturinn, sem Íslendingur voru hér. Nú fyrirfarandi daga verið þíðviðri með litlu næturfrosti, svo þann litla snjó, sem kominn var, hefir tekið upp að miklu leyti. Í dag féll snjór dálítill, en ekki lítur út fyrir framhald á snjókomu. Annars má heita, að tíðin í vetur hafi verið svo góð, að maður varla hafi orðið var við að veturinn væri kominn. Sleðafæri hefir verið slæmt og stppult, sem hefir gert töf og örðugleika á öllum flutningum, og vel má búast við, að ekki verði gott færi að staðaldri eftir þennan tíma.

Heilsa fólks alment heldur góð. Þó hefir kvefveiki stungið sér niður á stöku heimili, en engínn lagst af henni, svo spurst hafi.

Mikið er unnið að skógarhöggi hér norðvestur frá bygðinni, og saga margar myllur nú yfir langan tíma.

Herra Sigfús Goodman, frá Wynyard, Sask., kom fyrir nokkru síðan ásamt dóttur sinni, og hefir dvalá hér síðan.

Louis Hillman, frá Mountain, N. Dak., var hér á ferð fyrir stuttu, í kynnisferð til frænda og kunningja.

Hjarðmannatal

TILEINKAÐ HELGIRITUM "SAMEININGARINNAR."

1. Nú skal telja tígulegri
   "Trúarskinnu",
   Presta þá, sem prýða landið,
   Og prédika um sálna ástandið.
2. Harður Jón með húspostillu
   hóar sauðum
   Dag og nótt í Drottins réttir,
   Þó dauðans margir verði ettir.
3. Megnið skortir messuþórinn
   móti standa
   Óvætti, sem ofar galar,
   Afréttir og fjöllin smalar.
4. Friðrik er á fleygigöngu
   fram og aftur,
   Frelsarans vill fénu smala,
   Frikirkju á töðu ala.
5. Á Wesley kennir vísindin
   sá víga-Baldur,
   Bitran hjör og bagal skekur,
   Breiðablikum eftir rekur.
6. Séra Bjarni biður heitt
   og blessar fólkið.
   Á honum hafa allir mætur,
   Um hann tala daga og nætur.
7. Sínum Drotni sent hann hefir
   sauðavalið,
   Eilifðar í instu drögum
   Unir það í grænum högum.
8. Biskupssonur bænir þylur
   bændum vestra,
   Sauðahirðir sagður góður,
   Í saltaranum afar fróður.
9. Í eftirleitir frægur fer hann
   fram til jökla,
   Tínir saman týnda sauði,
   Tiglar þeim á himnabrauði.
10. Í Selkirk Vestri séra Níels
    sauði rekur,
    Upp í fjöll og inn í hraunin,
    Oft þó þverri messulaunin.
11. Gnaga þeir þar gulan lauk
    og grænar hvannir,
    Frelsarans í fiskinausti
    Feitir standa á næsta hausti.
12. Runólfur í réttaskilum
    reynist glöggur,
    Ný-íslenzku nesin hirðir,
    Nestis þótt að réni byrgðir.
13. Sífelt vill á söluþingum
    sauði kaupa,
    Trúar- inn í -dilkinn draga,
    Drottins á þeim mörkin laga.
14. Bjarnason í "Bræðratungum"
    beitir fénu,
    Nægar líka gjafir gefur,
    Guðs-firninga-stráið hefur.
15. Höfuð skoðar, heila vigtar
    hempuverinn.
    Ungu fólki andagt vekur,
    Ósiðsemi burtu rekur.
16. Hirðir vestra hjarðir Drottins
    hökla-Baldur,
    Pétur Hjálmsson prestur fróður,
    Prédikari talinn góður.
17. Mislita og marga sauði
    mun hann reka
    Þéttan, ofan Þórisdalinn,
    Þrekið ekki brestur halinn.
18. Síra Einar sauðagæzlu
    sint oft hefir,
    Æruverður aldinn prestur.
    Orðsins þjónninn talinn beztur.
19. Á háan sess í helgum steini
    hann er sestur,
    Kempulegur Kristi hirðir,
    Kærleikann og trúna virðir.
20. Runólfur á reginsléttum
    rekur sauði.
    Á báðar hliðar veltir vöngum,
    Vonar lygnir augum þröngum.
21. Í rétt ei stöðvar stóra jaka,
    styggva og feita,
    Hvernig sem hann glennir
    greipur
    Garðinn trúar yfir hleypur.
22. Séra Oddur sauðapössun
    sínnir tíðum.
    Segja þeir að Sankti Pétur
    Setja muni fátt á vetur.
23. Og selji þeir í Chicago nú
    salv og plástra,
    Handastrok og heilaspuna,
    Holdið sjúkt og náttúruna.
24. Guttormur á grasafjalli
    gemsa telur,
    Útilegu eltir kindur,
    Ólmur eins og smali blindur.
25. Bölbæna og blessana hann
    bendu þylur,
    Ritninganna rýting otar,
    Róm-katólsku stundum notar.
26. Hjörtur Leó hempusíður
    hirðir lömbin
    Inni í húsum út í haga
    Ársins flesta sunnudaga.
28. Helkundu á heiði breiða
    hann títt lötrar,
    Öða-þoku oft í villist,
    Einkum þegar slóðin fyllist.
29. Sauðamanna sendi ég tölu
    Sameiningu,
    Á helgum snaga í himnaríki
    Hangi það í fullu líki.
30. Heiti vort er hérna skýrt
    í hreimi Braga:
    Hærstur álma Hnikarsskara
    Og hnigið náið ljóssins Hara.

Eyrarsveit.

Á Eyrarsveit eitthvað að minnast
ég ætti nú. skyldugt það er,
því aldrei við fáum að finnast,
þó fögnuður væri það mér.

Æ, ég er svo langt undan landi,
að litið ei hana ég fæ.
En þá skal minn þróttgóður andi
nú þjóta strax austur um sæ.

Til fannhvítu fjallanna heima,
þar fegurð er afburðum með,
því enginn, nei, enginn kann
gleyma,
sem eitthvert sinn hefir þau séð.

Á Möninni muni vill bíða,
og mæðinni kasta um stund,
og líta yfir firðina fríða,
og fjöllin og dali og grund.

Og þaðan sést alt fram að Eyri,
hvar áður hann Steindór minn var
og Skorin, og fjalltindar fleiri
og fallegu ströndina þar.

Og Grundarfjörð gleðst 'ann að
líta
og gullfagra Mélrakka ey,
og víkur og vogana hvíta
og velbúin, siglandi fley.

Til hliða er nafjalla,röðin
og hnúkur að baki manns er,
en framundan Fellið og Stöðin
og freyðandi boðar og sker.

Það dræpi alt dáðleysi niður,
að dvelja á Möninni um stund,
því heiðloftið hájökla viður
er heilsubót óglaðri lund.

Og hugur manns fengi þar fjaðrir
og flýgi um sólroðinn geim,
en niðri hann er, sem við aðrir,
við erfiði bundinn og heim.

Og Grundarfoss beljandi brunar
af björgunum, þrunginn af mátt,
í gljúfrunum glymur og dunar, —
hann grenjar svo dæmalaust hátt.

Hvað þykir þér, fossinn minn
fríði?
Að færðu ei unnið neitt gagn.
En kannske að komi þær tíðir,
sem kunna að nota þitt magn.

Eða grætur þú góðvini forna
og gullaldar tímabil eins?
Að gráta hið gamla og horfna
er gagnslaust og ekki til neins.

En gæti þinn geysandi kraftur
þó grátið með tímanum inn
þar farsæld og framkvæmdir aftur,
þá firntist sízt hróðurinn þinn.

Ó, fögur er sveitin mín fríða,
sá fagrasti blettur á grund,
með grænar og grösugar hliðar
og glampandi vötnin og sund.

Og litfríða, ljómandi dali
og lækina þjótandi og ár,
og háreista hamranna sali
og hrynjandi fossa og gjár.

Af Möninni hugur minn hraður
sig hefir nú Skáladals til.
Hann æ var minn uppáhalds-
staður,
og ennþá ég minnast þess vil.

Ég ann þér, minn ástkæri dalur,
þar áður ég hoppaði og lék,
minn blessaði barnæsku-salur
í burt frá þér hug minn ei rek.

Þar rann ég um hæðir og hjalla,
og hóla og rennsléttu grund,
ég þekki hvern stein þar og stalla,
þar stóð ég oft glaður í lund.

Og horfði á gnýpurnar gráu,
og Grjótá, er bálreið fram óð,
og blómskreyttu brekkuna smáu,
þar blágrýtis höllin mín stóð.

Hjá þér var æ frelsi og friður,
og faðmurinn sí-opinn þinn.
Nú höllin mín hrunin er niður
og horfinn mér eldurinn minn.

En væri ég fleygur sem valur
á vormorguns ljómandi stund,
ég flýgi í faðminn þinn, dalur,
og fjallanna á áanna grund.

Jónas J. Daníelsson

SPAKMÆLI.

Ótti og reiði eru tvær bleyður,
látir þú undan þeim, leita þær á,
veitir þú viðnám, víkja þær frá.

Margir glata ánægju yfir því
sem þeir eiga, af því þeir sækjast
eftir því, sem þeir ekki eiga.

Vaninn getur gert það geðfelt,
að neita sjálfum sér um ánægju.

Öfund og reiði stytta lífið. Hugsýki gerir mann gamlan áður en
tími er til þess kominn.

Ef þú gætir þín ekki, þá er hætt
við, að tjón sé í nánd.

Iðjuleysi er þungbært, óhóf skaðlegt, fávizka óþolandi.

Hugsun, sem logar af frekum girndum, myrkvar og ruglar skilninginn.

Leyndarmál Cordulu frænku.

Nýjir kaupendur að HEIMSKRINGLU sem borga fyrir einn árgang fyrirfram, fá skáldsögu þessa og aðra til, alveg

ókeypis.

McKenzie's
ÚRVALS
FRÆ
Fyrir Vesturlandið

Hver framtaksamur kaupmaður selur þau. Ef kaupmaður yður hefir þau ekki, þá skrifið eftir enska fræ-lista vorum, og pantið beint frá oss. Þyggið engar eftirlíkingar,—heimtið McKENZIE'S fræ. Hreinleiki þeirra er óviðjafnanlegur og lífsafl þeirra hið sterkasta.

BRANDON, MAN. **A. E. McKenzie Co., Ltd.,** CALGARY, ALTA.
VESTURLANDSINS MESTU FRÆSALAR.

Heimsækjið STÓRU Hljóðfæra-Söluna.

Nýja búðin okkar á horni Portage Ave og Hargrave St er nær tilbúin og vér flytjum í hana bráðlega. —

Vér höfum gnægð af Pianós sem verða að seljast áður en vér flytjum. Og þessvegna eru niðursettir prísar á mörgum góðum hljóðfærum. — Sömuleiðis höfum vér mikið af brúkuðum hljóðfærum til sölu með mjög lágu verði. —

Heintzman & Co.

PIANO

Verður ekki niðursett. Þau eru ætíð seld fyrir samaverð. Vér höfum ýmsar tegundir af Heintzman & Co. Pianos fyrir $425.00 og þar yfir. Það væri sem að slá af gullpening um að slá af venjulegu verði Heintzman & Co. Pianó. —

J. J. H. McLean & Co LIMITED

528 Main St. — Phone 808

Og í Brandon og Portage La Prairie

Fréttir úr bænum.

Tíðin einlægt hin óliðasta síðan seinasta blað kom út.

Nýkomið bréf úr Rvík segir mikinn vesturfarahug þar, en peningaleysi hamli öflugum útflutningi. Stjórnarfar gersamlega óþolandi, og útlit fjármála landsins vonlaust um lengri tíma. Fólk leitar til Vestur-Íslendinga að hjálpa því einhvernveginn úr skorti og óstjórn, sem nú er .....".

Íslendingar eru beðnir að taka eftir auglýsingu Stúdentafélagsins, sem birt er á öðrum stað í blaðinu. Verðlaun verða gefin fyrir beztu ræðuna, sem flutt verður. Ennfremur verður á þessari samkomu verðlaunum útbýtt, þeim, er bezta ritgerð hefir ritað, og þeim, er bezt kvæði hefir ort fyrir ritgerða og kvæða samkepni félagslima á þessum vetri.

Herra Hinrik Jónsson frá Selkirk var hér á ferð nú í vikunni. Hann er "section" formaður á rafurmagnsbrautinni milli Winnipeg og Selkirk. Engar sérstakar fréttir segir hann, annað en vinnudeyfð nú sem stendur í Selkirk.

Mrs. Jón Th. Clemens kom heim til sín í siðustu viku. Hún hefir dvalið meira en árlangt suður í La Crosse, Wis., hjá séra Jóni J. Clemens, syni sinum.

Seytjándi ársfundur Únitarasafnaðarins var haldinn sunnudaginn 30. jan. og framhald af honum á sunnudagskvöldið var að afloknum messu. Skýrslur embættismanna safnaðarins voru lesnar upp og sýndu þær að fjárhagur hans er yfirleitt mjög góður. — 18 nýir meðlimir höfðu bæzt við á árinu. — Þessir voru kosnir í safnaðarnefnd: Jóseph B. Skaptason, Skapti B. Brynjólfsson, Þorsteinn S. Borgfjörð, Stefán Pétursson, Hannes Pétursson, Hallur Magnússon og Friðrik Sveinsson. Fulltrúar safnaðarins í "Unitarian Conference of Manitoba" voru kosnir: Friðrik Sveinsson og S. J. Austmann. — Að fundinum afloknum var samsæti haldið og tók um 150 manns þátt í því. Ræður voru fluttar af Rev. W. Vrooman, presti enska Únitarasafnaðarins hér í Winnipeg, S. B. Brynjólfssyni Páli M. Clemens, séra Rögnvaldi Péturssyni, séra Guðm. Árnasyni og Þorst. S. Borgfjörð, auk forseta safnaðarins J. B. Skaptasyni, sem stýrði samsætinu.

Þing Goodtemplara stórstúkunnar í Manitoba og Norðvesturlandinu verður sett þriðjudagskveldið þann 15. þ.m. í Goodtemplarahúsinu. Þingið stendur yfir þann 16. og 17.

Hér var á ferð í síðustu viku herra Albert Guðmundsson, Sinclair P.O. Hann lét vel af líðan fólks þar vestur frá. Hann setti upp smiðju að Ewart vagnstöðinni síðastliðið vor, og hefir rekið þar smiðar og gefist vel.

Herra Kr. Johnson Bárdal, Sinclair P.O., kom til bæjarins á mánudaginn. Hann tekur til starfa við þingið, sem kemur saman í dag (10.).

Mrs. M. J. Benedictsson, ritstj. Freyju, fer nú vestur til Wild Oak og Big Point. Hún fer þangað til að halda fyrirlestra í nafni og umboði kvenréttindafélaganna. Þegar hún hefir lokið fyrirlestrum sínum þar vestra, ætlar hún að halda þeim áfram norður í Ný-Íslandi. — Það er skylda hvers góðugs karlmanns, að vera hlyntur kvenréttindum. Síðan mannkynið kom í þennan heim, hefir helft réttinda þess verið fótum troðin. Mál komið, að reisa þau við.

Fulltrúar stúkunnar Skuld hafa hafa ákveðið að hafa Tombolu 21. þ.m. á G.T. Hall, til arðs fyrir stúkuna. Chr. Johnson og Sigfús Jóelsson bjóða Tombólugestunum frían dans á eftir. Auglýst nánar í næsta blaði.

Kvæði um Ásmund Björnsson, frá Svarfhóli, sem dó í Ágúst í fyrra vestur við haf, kemur í næsta blaði. Það er eftir O. T. Johnson frá Edmonton, Alta.

Ungmennafélag Únitarasafnaðarins ætlar að leika tvo leiki þann 1 og 3. marz næstk. Leikirnir heita: "Franska töluð hér" og "Rektu hann út". Auglýst nánar í næsta blaði.

Í KVELD

(miðvikudag 9. febr.) í verður venjulegur fundur í Menningarfélaginu. Séra Rögnvaldur Pétursson flytur þar erindi um "Áhrif skólanna í fornöld á þjóðmálin". Öllum heimilt að taka til máls á eftir. Allir velkomnir.

Þann 3. febr. sl. voru settir í embætti í stúkunni Ísland fyrir þenna nýbyrjaða ársfjórðung af umboðsmanni stúkunnar H. Skaftfeld: —

F.Æ.T.—Miss H. Kristjánsson.
Æ.T.—Mrs. H. Skaftfeld.
V.T.—Miss Th. Johnson.
Kap.—Mrs. F. Swanson.
Ritari—Niels Gíslason.
F.R.—S. Sigurðsson.
Gk.—M. Skaftfeld.
D.—Miss V. Friðriksson.
A.D.—Miss G. Eggertsson.
V.—Mr. Eggertsson.

Fulltrúar frá stúkunni til stórstúkuþings eru: Hreiðar Skaftfeld, Hjálmar Gíslason og Stefán Pétursson. Til vara: Mrs. H. Skaftfeld, Mrs. F. Swanson og Magnús Skaftfeld.

Séra Guðmundur Árnason fer núna í vikunni vestur í Álptavatns bygð og messar þar næsta sunnudag. Í stað hans messar séra Rögnv. Pétursson í Únitara kirkjunni hér á sunnudaginn kemur.

Í nýkomnu Norðurlandi er ritgerð eftir Guðmund Friðjónsson til séra Jóns Bjarnasonar, og heitir: "Utan af víðavangi". Hún er svar gegn því, sem séra Jón mintist á Einar Hjörleifsson og greinarhöfundinn í fyrirlestri sínum á síðasta kirkjuþingi, og sem prentaður er í síð. Aramótum. Greinin er all-svæsin og þungorð, eins og höfundinum er gjarnt til.

The Vulcan Iron Works Company hefir nýlega keypt 20 ekrur af landi vestarlega á Notre Dame Ave. fyrir 60,000. Borgin seldi félaginu landið, og ætlar félagið í framtíðiani að færa baggastöð sína þangað.

Herra Sigurður Guðmundsson, N. Dak., var hér á ferð í síðustu viku. Hann var að finna dóttur sína Mrs. Pétur Hermannsson, sem Mr. P. Hermannsson kom með til lækninga í fyrri viku. Hún er nú á batavegi. — Hr. S. Guðmundsson segir vellíðan, tíðarfar hagstætt og heilsufar gott í sinni bygð.

Í síðasta blaði eru 2 línur samanhangandi í greininni um Jóseph Thorson stúdent. Þetta var leiðrétt í próförkinni af mér, en af vangá komst sú leiðréttíng gegn um prentstofuna án eftirtektar. — Hr. J. Thorson beðinn velvirðingar á þessu. Ritstj.

--ÁRS-- samkoma

STÚDENTAFÉLAGSINS

í Tjaldbúðinni

þriðjudagskveldið

15. febrúar.

PROGRAM

1. Piano Solo—Miss E. L. Middal
2. Ræða: "Hinn ungi Vestur-Íslendingur"—Kr. J. Austman.
3. Quartette—Piltar.
4. Ræða: "Stjórnarbyltingin á Frakklandi"—Miss Salome Halldórsson.
5. Orchestra.
6. Ræða: "Johanna d'Arc"—Miss Th. Jackson.
7. Ræða: "Landnám"—Hallgr. Johnson.
8. Quartette—Ungar stúlkur.
9. Ræða: "Bjarni Thorarinsen"—Baldur Johnson.
10. Quartette—Blandaðar raddir.
11. Ræða: "Plato"—J. G. Jóhannsson.
12. Ræða: "Jean Valjean"—Gordon Paulson.
13. Söngur—Karlar.

Byrjar kl. 8. Aðganga 25c.

Dr. G. J. Gíslason,
Physician and Surgeon
18 South 3rd Str, Grand Forks, N.Dak

Athygli veitt AUGNA, EYRNA og KVERKA SJÚKDÓMUM. ÁSAMT INNVORTIS SJÚKDÓMUM og UPPSKURÐI. —

C. O. F.

COURT VÍNLAND No. 1146, C.O.F., heldur fund á fimtudagskveldið kl. 8, 10. þ.m., á venjulegum stað (í Goodtemplara salnum) Áríðandi að sem flestir komi. Embættismanna kosningar verða að fara fram. Einnig verður útbýtt á fundinum CALENDAR yfir þetta ár, sem C.O.F. stúkurnar hér í bænum hafa gefið út.

K. S., ritari.

ESTHER.

Söngflokkur fyrsta Lútersku safnaðar heldur

SAMSÖNG

mánudagskveldið 14. febr. næstk., í fyrstu Lútersku kirkjunni hér í borginni.—

SUNGIÐ VERÐUR

QUEEN ESTHER

(CONTATA).

hin frægu, söngljóð, úr efni Estherbókar, í ein tví- þrí- og fjórröddaðum söngvum. Söngflokkurinn fjölmennur

Byrjar klukkan 8.

INNGANGUR 35c

Börn 6 til 12 ára 25c

P.S.—Takið eftir skýringu á efni ljóðanna á öðrum stað í þessu blaði.

Februar Sala.

VÉR ætlum að hafa stórsölu á vöru-afgangi, sem byrjar 11. þ.m og helst til þess 19. Hafið augun opin fyrir auglýsingum vorum í dagblöðunum.

Ryan-Devlin Shoe Co
494 MAIN ST. PHONE 770.

DRAUMUR.

Meðan kosningarnar á Íslandi stóðu yfir 1908, dreymdi mig fyrstu nætur í September, að ég þóttist stödd á sléttum grundum, og var einsömul. Sá þá mann, sem lá á grundinni skamt frá mér. Hann talaði hátt og af spádómsanda. Heyrði ég hann segja: "Yfir Ísland ganga þrjár stórbrennur, og í hinni síðustu brenna hjörtu þeirra, sem tala". Ekki man ég fleira enn þessi orð, því mér félst um þau.

Gerið svo vel, heiðraði ritstjóri, að taka draum þenna í blað yðar.

Draumkonan.

ATHS.—Vér þekkjum, að kona sú, sem segir þenna draum, er ein af nafnkendustu konum, bæði meðan hún bjó á Íslandi og eftir að hún kom hingað vestur, sem langt er nú síðan. Ritstj.

Bréf úr Winnipeg til Kr. Ásg. Benediktssonar: — "Það sem eftirtektavert og lesandi er í Hkr. 3. þ.m., er ritdómur þinn um "Andvökur", og fréttirnar, sem eru vel sagðar og skilmerkilegar, eins og þér er títt, sem rithöfundi. St.G. St. ætti að vera þér þakklátur. Þú ert eini, hreinskilni ritdómarinn, sem ennþá hefir minst hans hér vestan hafs. Þú virðist allra manna hæfastur að dæma um bókmentagildi hér vestra, og jafnvel hvar sem nú er leitað á íslenzka tungu. Þér þökk og heiður, Kristján Ásgeir! Þú ert skapaður rithöfundur, og átt það sæti fyrstur manna á meðal mentaðrar alþýðu. Ég bjóst ekki við, að sjá mikið af kirkjumálaglamri og prestadeilum, þegar þú værir við Hkr., en nú lætur þú alt fyllast. Ég læt vera greinina eftir þenna Geo. Peterson. Hún er nokkuð smellin upp í Múlanum. Þá prestana Björn og Friðrik ættu blöðin ekki að hafa innan rúms, þar tvö kirkjumálarit eru hér á vergangi manna millum.

Haltu áfram að rita í hamingju nafni, hvað sem tautar.

Þinn fornvin,
H.G.J."

Leitað hjálpar.

Ekkja með 4 börn ung, sem misti mann sinn í sjóinn fyrir 3 árum, leitar til VesturÍslendinga að styrkja sig til að komast til Canada í sumar komandi. Hún þarf að fá $145.00 styrk. Það er þegar búið að safna handa henni $70.00, en afgangsins er vant ennþá. — Þeir, sem vildu styrkja þessa fátæku ekkju og munaðarleysingja, gerðu vel að senda það, sem þeir viljá láta af mörkum til Heimskringlu. Móti því verður tekið þar og kvitterað í blaðinu. Styrkurinn þyrfti að koma sem fyrst. Ekkja þessi á nú heima á Akranesi, og er sunnlenzk. Börnin sögð mannvænleg eftir aldri.

Unglings-piltur

lipur og dálítið skólagenginn, getur fengið gott tækifæri til að læra prentiðn hjá undirrituðum.

THE ANDERSON CO.

S.e. Cor. Sherbrooke & Sargent.

FYRIRSPURN. — Hver, sem getur gefið mér upplýsingar um Þorstein Sigurðsson frá Borgarhöfn í Suðursveit í Austur-Skaftafellssýslu, bið ég svo vel gera og láta mig vita, hvað þeir vita síðast um hann. Síðast, sem ég frétti til hans, var hann kominn til Nome Alaska.

Ben. Rankelsson,
Oak Point, Man.

Fólk er beðið að minnast þess, að þann 4. marz næstk., heldur kvenfélag Tjaldbúðarsafnaðar Concert og Social, og verður vel til þeirrar samkomu vandað.

Vjer erum **FLUTTIR**

MEÐ ÞVÍ AÐ VIÐskifti vor og verzlun er altaf að aukast, höfum vér verið nauðbeygðir til að flytja í stærri, betri og meir-viðeigandi skrifstofur. Vér erun nú að

SUITE 47 Aiken's Block,

(aðrar dyr fyrir vestan vorn gamla stað). — Þar munum vér taka á móti vinum vorum með glöðu geði. —

SKÚLI HANSSON AND CO.
47 Aiken's Bldg.
Talsími: Main 6476.
P. O. Box 833.

Jóhanna Olson
PIANO KENNARI
557 Toronto St. Winnipeg

Kennara vantar

við Kristnes skóla (No. 1267). Kensla byrjar 1. marz og stendur yfir átta mánuði. (Þó er gert ráð fyrir mánaðarfríi um heitasta tímann). Umsækjandi tiltaki kaupupphæð, mentastig og reynslu í kenslustörfum

G. NARFASON,
Kristnes P.O., Sask.

Kennara vantar

við Fishing Lake skóla No. 326. Sex mánaða kensla, byrjar . mai 1910. Gott kaup boðið. Umsækjendur þurfa að hafa 2nd eða 3rd Class Certificate, og geta veitt byrjendum tilsögn í söng. Tilgreini kaupupphæð og sendi tilboð sín fyrir 1. marz til

J. F. LEIFSON,
Quill Plain P.O., Sask.

KENNARA VANTAR

til Laufás S. D. yfir 3 mánuði frá 1. apríl. Tilboð, sem tiltaki mentastig ásamt kaupi, sendist undirrituðum fyrir 28. febr. næstkomandi.

Geysir, Man., 8. jan. 1910.
B. JÓHANNSON.

Kennara vantar

við Háland skóla No. 1227. Sex mánaða kensla, byrjar 15. april — skólafrí ágústmánuð, byrjar aftur 1. september. Umsækjendur tiltaki kauphæð oa mentastig. Umsóknir verða að vera komnar til undirritaðs fyrir 20. marz næstk.

Hove P.O., Man., 15. jan. 1910.
S. EYJÓLFSON,
(4t) Sec.-Treas.

DR. H. R. ROSS

C.P.R. meðala- og skurðlækir.
Sjúkdómum kvenna og barna veitt sérstök umönnun.

WYNYARD, — SASK.

Dr. M. Hjaltason, Oak Point, Man.

Anderson & Garland,
LÖGFRÆÐINGAR
35 Merchants Bank Building
PHONE: MAIN 1561.

MARTYN F. SMITH,
TANNLÆKNIR.
Fairbairn Blk. Cor Main & Selkirk

Sérfræðingur í Gullfyllingu og öllum aðgerðum og tilbún aði Tanna. Tennur dregnar án sársauka. Engin veiki á eftir eða gómbólga. —

Stofan opin kl. 7 til 9 á kveldin
Office Phone 6944. Heimilis Phone 5462.

Þarft þú ekki að fá þér ný föt?

EF ÞAU KOMA FRÁ CLEMENT'S, — ÞÁ VERÐA ÞAU RÉTT

Réttur að efni, réttur í sniði réttur í áferð og réttur í verði.

Vér höfum miklar byrgðir af fegurstu og beztu fataefnum. —

Geo. Clements & Son
Stofnað árið 1874
264 Portage Ave. Rétt hjá FreePress

Th. JOHNSON
JEWELER
286 Main St. Talsími: 6606

JOHN ERZINGER
TOBAKS-KAUPMAÐUR.
Erzinger's skorið reyktóbak $1.00 pundið
Hér fæst allar neftóbaks-tegundir. Óska eftir bréflegum pöntunum.
McINTYRE BLK., Main St., Winnipeg
Heildsala og smásala.

G. NARDONE

Verslar með matvöru, aldini, smá-kökur, allskonar sætindi, mjólk og rjóma, sömul. tóbak og vindla. Óskar viðskifta Íslend. Heitt kaffi eða te á öllum tímum. Fón 7736

714 MARYLAND ST.

Boyd's Brauð

Brauðin frá okkur eru bragð betri, auðmelt og geymast betur en venjuleg brauð. Eru búin til úr úrvals hveiti af marg æfðum bökurum. Biðjið matsalann ykkar um þau, eða sími okkur og vér skulum senda brauðvagninn til ykkar

Boyd's

Bakery Cor. Spence & Portage Ave
Phone 1080.

Winnipeg Wardrobe Co.

Kaupa brúkaðan Karla og Kvenna fatnað,—og borga vel fyrir hann.

Phone, Main 6539 597 Notre Dame Ave.

BILDFELL & PAULSON
Union Bank 5th Floor, No. 520
selja hús og lóðir og annast þar að lútandi störf; útvegar peningalán o. fl.
Tel.: 2685

Jónas Pálsson,
SÖNGFRÆÐINGUR.
Útvegar vönduð og ódýr hljóðfæri.
460 Victor St. Talsími 6803.

J. L. M. THOMSON, M.A., L.L.B.
LÖGFRÆÐINGUR. 255½ Portage Ave.

BONNAR, TRUEMAN & THORNBURN,
LÖGFRÆÐINGAR.
Suite 5-7 Nanton Blk. Tals. 766
Winnipeg, Man. P.O.BOX 223

Húðir og ógörfuð Loðskinn

Verzlun vor er vor bezta auglýsing. Sendið oss húðir yðar og loðskinn og gerist stöðugir viðskiftamenn. Skrifið eftir verðlista.

The Lightcap Hide & Fur Co., Limited
P.O.Box 1092 172-176 King St Winnipeg 16-9-10

W. R. FOWLER A. PIERCY.

Royal Optical Co.
307 Portage Ave. Talsími 7286.

Allar nútíðar aðferðir eru notaðar við augn-skoðun hjá þeim, þar með hin nýja aðferð, Skugga-skoðun, sem gjörð er öllum ágiskunum. —

It's going UP.

Þú getur ekki búist við

að það geri annað en eyðast í reyk. Því ekki að fá nokkur tons af okkar ágætu kolum, og hafa ánægjuna af, að njóta hitans af þeim, þegar vetrarkuldarnir koma. Komið til vor og nefnið þetta bl.

D. E. ADAMS COAL CO.
YARDS Í NORÐUR, SUÐUR, AUSTUR OG VESTURBÆNUM
Aðal Skrifst.: 224 BANNATYNE AVE.

Heimskringla.

XXIV. ÁR | WINNIPEG, MANITOBA, FIMTUDAGINN, 17 FEBRÚAR 1910 | NR. 20

Fregnsafn.

Markverðustu viðburðir hvaðanæfa

— Um miðjan fyrra mánuð voru óvanalegir hitar og hlákur á Svisslandi. Hitinn steig upp 70 stig, og hefir slíkt ekki komið fyrir í þeim mánuði síðan 1741. Ís fór af vötnum og ám, og fljótin Rhine og Rhone flæddu upp á bakka. Snjór í fjöllum hvarf upp 1400 yards frá sjávarflöt. Allar iss- og snjó-skemtanir fóru að forgörðum.

— A. Gvillimen, sem búið hefir í Vestur-Canada í 18 ár, er nú metinn að eiga í búlöndum og gripum einn fjórða úr milión á dalavísu. Hann er franskur og kom til Winnipeg 1891, og átti þá ekki eyrir í eigu sinni. Hann fór fljótlega í bændavinnu nálægt Forget, Sask., og tók þar heimilisréttarland eftir fáa mánuði. Hann hafði enga peninga, en tók $10.00 til láns hjá bónda þeim, sem hann vann fyrir. Hann fetaði sig smátt og smátt upp á við. Hann var heppinn með uppskerur. Nú á hann 6,880 ekrur af bezta hveitilandi í Saskatchewan.

— Senator Dano frá Prince Albert, ræddi um samgöngubætur á vatnsleiðum hér í Vesturlandinu. Hann heldur því fram, að með tiltölulega litlum kostnaði megi ná vatnsleið frá Edmonton gegn um Medicine Hat til Winnipeg á Saskatchewan ánni, eftir Manitobavatni og Winnipegosis, og muni sú flutningsleið stórum jafna og lækka núverandi flutningsgjald.

— Mælt er, að Mackenzie og Mann hafi keypt Dunsmuir kolanámurnar á Vancouver eynni fyrir 11 miliónir dala. Sumir segja, að Pierpont Morgan standi á bak við kaupin og stálgerðarverkstæði verði sett þar á fót.

— Sjómaður nokkur, sem sigldi með Galliciu, sem er eitt af línuskipum Hamburg-American félagsins, ætlaði að stela $800,000 í gulli, sem sent var með nefndu skipi milli Suður-Ameríku og þjóðverjalands. En ráðagerð hans komst upp í tæka tíð, áður en hann varð mönnum að tjóni, og peningarnir sátu á sínum stað.

— Franska stjórnin hefir sent þakkir sínar til Canada fyrir þau 50 þús. dollara, sem Ottawa þingið samþykti að veita til þeirra, sem beðið höfðu eignatjón við stórflóð þau, sem urðu á Frakklandi fyrir fáum vikum.

— Peary pólfari fékk að gjöf 10 þús. dollara frá íbúum New York borgar. Honum var afhent gjöfin í viðurvist 4 þúsund manna, og var hún gefin honum í heiðursskyni fyrir norðurpólsfund hans. Peary þáði gjöfina, en gat þess jafnframt, að hann gæfi þessa upphæð alla til þess leiðangurs, sem landfræðifélag Bandaríkjanna er að gera út til að leita suðurpólsins. Á þessum fundi var og samþykt, að biðja Bandaríkjaþingið að veita Peary hæfilega viðurkenningu fyrir starf hans í þágu ríkisins.

— Bandaríkjamenn eru þegar teknir að búa sig undir þjóðlega fagnaðarviðtöku Roosevelts forseta, þegar hann kemur úr Afríkuferð sinni í júní næstk., og hafa þegar ákveðið, að Republican Club í New York skuli hafa veg og vanda af viðtökunni og sjá um, að hún verði að öllu leyti sú virðingarmesta og stórfeldasta.

— Hvítir menn og svartir í Tennessee ríkinu börðust með skotvopnum í sl. viku. Þar féllu 3 svertingjar í valinn. Einn var prestur, og hafði hann verið foringi blökkumanna. Ekki er getið um, hve margir hvítir menn hafi fallið. Tvö hundruð negrar tóku þátt í slagnum. Hinir hvítu voru færri en lögreglan hjálpaði þeim.

— Svo var mikill kuldi í austurríkjum Bandaríkja í byrjun þessa mánaðar, að einstöku frusu til bana, þá var frost í zero marki, og vindhraðinn 40 milur á klukkustund.

— Fornleifar hafa fundist í Arizona, í 14 milna fjarlægð frá bænum Cochise. Þar var verið að grafa skurð til vatnsveitinga og fundust þá ýmsir hlutir og áletraðar töflur, sömuleiðis hauskúpur og mannabein. Tuttugu feta langur grjótgarður fanst og þar niðri. Telja menn víst, að þar hafi borg staðið í fornöld. Það hefir verið hætt við skurðgröftinn og Smithsonian félagið hefir tekið að sér að kanna rústirnar.

— Nú loksins er fullfrétt um kosningarnar á Englandi. Liberalar hafa 3 sæti á þingi umfram Unionista, en 125 fleirtölu, ef allir verkamenn og Írar, sem nefnast Nationalistar, fylgja stjórninni að málum. Annars er það nú sýnt, að írsku þingmennirnir hafa öll ráðin sem stendur. Án þeirra getur Asquith stjórnin engu komið til leiðar og Írar heimta að sér verði veitt sérstök heimastjórn áður en nokkuð annað sé gert.

— Upphlaup mikið hefir verið gert í miðlylkjum Indlands, og margir hafa þar fallið á vígvelli. Bretar hafa sent herafla til að bæla uppreistarmenn niður, sem hafa gert áhlaup ekki aðeins á herbúðir Breta þar, heldur einnig á lögreglustöðvar og skóla landsins, og brent og pínt þá, sem fallið hafa í hendur þeirra, án tillits til aldurs eða kynferðis. Upphlaupið var byrjað á Bastarhæðunum af ræningjaflokki einum, sem hefir þar aðsetur. Ennþá er aðalverustaður þeirra ekki fundinn, en það er víst, að þeir flýja einatt til hæðabýla sinna, er þeir hafa gert áhlaup á þorpin þar í grend.

— Atkvæði eiga að takast í Chicago borg þann 5. apríl næstk. um það, hvort vínsölu skuli útrýmt úr borginni. Bindindismenn allir og kirkjusöfnuðurnir hafa nú hinn mesta viðbúnað undir atkvæðagreiðsluna.

— Fyrrum varaforseti Bandaríkjanna, herra Fairbanks, sem um þessar mundir er á ferð um Evrópu, hafði beiðst viðtals við páfann og verið lofað því. En síðar var það leyfi afturtekið með því, að páfinn neitaði að mæta honum, nema hann hætti við það áform sitt, að flytja ræðu á fundi amerkanskra metódista, sem hann hafði samið um að flytja. Fairbanks neitaði að ganga að þessum kostum, og hefir fengið mikið hrós fyrir og mörg þakkarhraðskeyti frá Bandaríkjunum. Þykir með þessu sýnt, hve kaldan hug páfinn beri til allra, er ekki vilja beygja sig undir hans kirkjulega vald.

— Gyðingahatur hefir gert vart við sig í Montreal. Borgari einn þar hafði leigt hús sitt, en leiguliðinn hafð leigt Gyðingi hluta af húsinu með sér. Fyrir þetta vildi eigandi hússins rýfta leigumálanum, og höfðaði mál móti leiguliða sínum. En dómarinn brást illa við, og kvað málið með öllu ósanngjarnt og að Gyðingar væru eins heiðvirðir borgarar og nokkrir aðrir. Nú ræða blöðin um það, hvort Gyðingar nefnist þessu nafni sökum trúar sinnar eða þjóðernis og lýst sitt hverjum.

Templarar á þingi í W'peg.

Þing Goodtemplara stórstúkunnar í Manitoba og Norðvesturlandinu, var sett þriðjudagskveldið þann 15. þ.m. í Goodtemplarahúsinu. Þingið stendur yfir þann 16. og 17.

Morðfrétt

Í vikunni sem leið kom maður að nafni H. Schwartz frá Austurríki hingað. Hann hafði verið hér og búið með konu og átt með henni 3 börn. Hvarf svo heim til ættlandsins og dvaldi þar um stund. Mælt að fyrri kona hans hafi búið þar með 2 börn, en hún og börnin voru dáin, þegar hann kom heim á fornar stöðvar. Þá flýtti hann sér vestur um haf aftur, og fann konu þá, sem hann hélt við sem frillu hér. Vegna skorts höfðu börnin verið tekin af henni og sett á barnaheimili, einum tveimur vikum áður enn hann kom. Hún var því ein heima. Vildi hann að hún tæki saman við sig aftur, en hún aftók það með öllu. Mun hafa haft grun um, hvernig honum fórst við eiginkonu og börn í heimalandinu.

Eftir nokkurt þjark, skaut hann hana og sjálfan sig á eftir.

Íslands fréttir.

Árið 1910 þriðjudaginn 4 janúar var dómsmálastjóri Kristján Jónsson með fógetaúrskurði settur í fyrverandi gæzlustjórastöðu sína. Úrskurðurinn hljóðar svo: —— "Gjörðarþeiðandanum Kristjáni Jónssyni veitist aðgangur að Landsbankahúsinu og bókum bankans og skjölum.

Jón Magnússon".

Prestaskólakennari Eiríkur Briem er sagt að ætli að halda frávíkningarmálum sínum að öllu leyti til alþingis.

Grettisbikarinn hlaut Stefán Ólafsson frá Fúlutjörn fyrir kappsundið á nýársdag 1910. Hitastig sævar og lofts var þá 0.0. Hann synti 25 faðma á 48 sekúndum.

Kristján Jónsson háyfirdómari hefir nú stefnt báðum bankastjórunum, Birni Kristjánssyni og Birni Sigurðssyni, fyrir bankans hönd.

Þann 7. janúar dó fyrrverandi háyfirdómari L. E. Sveinbjörnsson

Alþingismaður Benedikt Sveinsson hefir keypt Fjallkonuna og er nú ritstjóri hennar.

Á fundi, sem þingmenn Skagfirðinga héldu á Sauðárkrók 8. janúar, var samþykt af meirihluta áskorun til ráðherra, að kalla saman aukaþing það bráðasta.

Þorvaldur E. Böðvarsson lézt á Akranesi 31. desember sl.

Ýmsir staðir í undirbúningi að halda fundi um bankamálið.

Skýrsla frá rannsóknarnefnd bankans er ennþá ókomin.

Mokafli allan desembermánuð suður á Miðnesi, þegar gæftir hafa verið, og mjög vænn fiskur.

Hitar miklir á Íslandi um jólaleytið. Á þrettánda var hitinn á Þórshöfn 19½ stig og á Seyðisfirði 12 stig, og er það fátíður hiti á Íslandi jafnvel að sumarlagi.

Nafnverð á hlutum í Íslands banka hefir hækkað, er nú 101.

Fasteignaverzlan talsverð í Rvík um nýársleytið og þar fyrir.

Magnús Þorkelsson á Hjalteyri við Eyjafjörð, á þrítugsaldri, skaut sig til bana um jólaleytið í vetur.

Snjókyngi mikið á Íslandi í janúar og sleðaferðir tíðar.

Sveinn Gunnarsson frá Húsavík og Björgvin Guðnason af Austfjörðum fórust í snjóflóði í Borgarfirði eystra þann 9. des. sl.

Þann 12. janúar sl. varð húsbruni á Arnarstapa á Snæfellsnesi. Húsið með öllum innanstokksmunum brann til ösku. Fólk bjargaðist naumlega á nærklæðunum og brendust þó sumir nokkuð. Vatnsleysi, ásamt hvössum austanvindi með frosti gerði björgun ómögulega.

Safnaðarfundur.

Sólheimasöfnuður hélt árslund sinn 22. jan. að viðstöddum meiri hluta heimilisfeðra og lausra manna, en engin kvennmaður var þar viðstaddur, og var þó veður hið ákjósanlegasta, og ýms mál mjög áríðandi á dagskrá, jafnt snertandi konur sem menn, eins og t.d. það, að hafna prestinum eða hafa hann áfram.

Ég sótti fund þennan í þeim tilgangi, að ganga í söfnuðinn, ef mér findist ég geta átt þar heima, og hafði ég beztu von um það, með safnaðarfund þann í huga, sem haldinn var í júní sl. í húsi Friðriks Guðmundssonar, af tilefu góðum og gildum safnaðarmönnum, sem gerðu þá yfirlýsingu, að allra viðstaddra samþykki, að lylgja nýrri guðfræðisstefnunni, eins og Heimskringla sýnir litlu síðar út komin. En svo bregðast krossfré sem önnur tré, og varð ég þess fljótt var á fundinum, að annað hljóð var komið í strokkinn, — halda nú hlutunum leyndum í staðinn fyrir að yfirlýsa þeim. Horfa nú til baka og verða að saltstólpa, í stað þess að halda áfram.

Fyrst voru lög safnaðarins lesin upp á fundinum, þó að forundran prestsins, sem náttúrlega var staddur á þessum fundi. Ekkert þótti athugavert við lögin, svo þá var lesin upp fundargerð frá síðasta ársfundi. Skildist mér þá, að söfnuður þessi kallaði ekki annað safnaðarfundi en ársfundi sína. Ekki var margt að gerðabók þessari að finna. Þó vildi einn safnaðarmanna, Halldór Auðunnsson, fá að vita, því fundargerð frá junifundinum ekki væri lesin upp, og svaraði skrifari því, að það hefði ekki verið lögmætur safnaðarfundur. Þó var sá fundur auglýstur af safnaðarskrifara og að vitund safnaðarforseta, og safn aðarfulltrúi var skrifari á þeim fundi, og meir enn einn þriðji heimilisfeðra viðstaddir, og gerðir fundarins lutu allar að trúmálum. Er hann þá ekki réttkallaður safnaðarfundur, og nógu lögmætur að minsta kosti til þess, að gerðabók hans væri lesin upp á ársfundi, og þá gerð að engu þar með atkv.-greiðslu? Ef þá reyndist ekkert nýtilegt í henni, hefði engann horft til baka, þá hefði þessi gangur málsins verið sjálfsagður, og þá hefði söfnuðurinn verið fjölmennari enn hann er nú.

Næst var utanfélagsmönnum boðið að ganga í söfnuðinn, og voru fimm slíkir á fundi. Einn gekk inn. Annar sagði: "Ekki núna". Þriðji: "Nei". Fjórði á þá leið, að lög þeirra væru ekki stiluð á þann veg, að hann gæti átt heima hjá þeim. En ég vildi fá að vita, hvorri stefnunni söfnuðurinn fylgdi, en það var óákveðið. Bað ég þá forseta að skora á fundinn, að ganga til atkvæða um, hvorri stefnunni hann vildi fylgja, nýrri guðfræðinni eða gömlu bókstafstrúnni, og sagðist ég ætla að ganga í söfnuðinn, ef hann fylgdi nýrri stefnunni, en ég gæti ómögulega verið með honum, ef hann fylgdi bókstafnum. En söfnuðurinn vildi ekki láta prestinn sjá, og presturinn vildi ekki láta söfnuðinn sjá, hvoru megin atkvæðin urðu fleiri. Því ástandið var svo líkt hjá þeim eins og garminum henni Björgu, sem gæfan vildi ei brosa greið, nefnilega: ef sumir vissu það um suma, sem sumir vita um suma, þá yrði sumum ekki við suma eins og sumum er við suma. Þá sagðist ég ekki geta fylgt svona félagsskap, sem ekki ætti neinn fána. Þá fóru menn að mæla af sjóði hjartans, og sagði einn, að þeir væru ekki skyldugir, að seðja forvitni mína. Annar, að ég væri góður maður, og hann vildi, að ég gengi í söfnuðinn, en hann áliti mig ekki betri en sig, og hefði hann gengið í sófnuðinn þegjandi og skilyrðislaust, bara skrifað nafnið sitt í bókina. Þriðji sagði, að lögin væru fáninn, og fullgóður fáni líka, og tók prestur strax í þann streng. Hinn fjórði sagði, að ég hefði verið Únitari, en auðvitað mætti ég breyta skoðun minni, ef ég vildi, og þakkaði ég honum fyrir hans frjálsmannlega leyfi.

Þá töluðu forseti og skrifari frá júnifundinum allvinsamlega í minn garð, og virtust vilja gera nokkuð fyrir mig. Skrifarinn sagðist þora að ábyrgjast, að meirihluti safnaðarins væru fylgjendur nýrri stefnunnar, en áleit ekki nauðsynlegt, að fundurinn skæri úr því. Forseti júnifundarins vildi og leysa hnútinn fyrir mig, og fullyrti líka, að safnaðarfólk væri fleira nýrri stefnu megin, og enginn bókstafstrúarmaður sagðist hann vera, en áleit varúðarvert, náttúrlega (og presturinn líka), að láta söfnuðinn sýna vilja sinn í þessu atriði.

Nú varð ég alveg hissa. Var þetta maðurinn, sem átti svo ljómandi fallega grein í Lögbergi fyrir rúmu ári síðan, þar sem hann skoraði á söfnuðina, þá auðvitað húsbændur prestanna, og taldi það skyldu þeirra, að útklíá deilumál kirkjufélagsins? Og þá sami maðurinn, sem setti hina gullfallegu yfirlýsingu í Heimskringlu sl. sumar, yfirlýsinguna frá júnifundinum góða, þar sem hann átti svo drengilegan þátt í, og vildi sýna það (með hinum mönnunum auðvitað) kirkjuþinginu í Winnipeg, hvar söfnuðurinn stæði. Nú datt mér ósjálfrátt í hug: ef enginn söfnuður gengi betur fram í, að útklíá deilumálin vor trúarlegu en þessi söfnuður, og eiga þó þennan forvígismann, þá yrði langt að bíða heillavænlegrar samvinnu í þessa áttina.

Þar næst var inntökubeiðni minni vísað frá, en presturinn ráðinn til að messa þriðja hvern sunnudag næstkomandi ár, í staðinn fyrir sjötta hvern eins og áður og laun ákveðin $200, í staðinn fyrir $100 áður. Nú voru nógu margir á fundi, að ráða þessu máli til lykta, þótt rétt áður væru menn sagðir alt of fáir á fundi til að útkljá. hverri trúarstefnu söfnuðurinn skyldi fylgja.

Það eitt vil ég segja um viðureign prests og safnaðar, að það væri nóg efni í stóra skáldsögu,— en grát-hryggilega.

Eftir að alt þetta var nú skeð, þá fanst skrifara safnaðarins, eða forseta júnifundarins, það eiga betur við, að breyta nafni safnaðarins, Sólheimasöfnuður væri svo gosalegt, og tók prestur strax í þann strenginn, og sagði sér findist það eitthvað svo "búskaparlegt". Og fanst mér þá heldri menn vera farnir að líta býsna björtum augum á verkahring okkar bændanna. Svo urðu allir á eitt sáttir, að kalla söfnuðinn eftir láglendi, og heitir hann nú fyrst um sinn "Sléttusöfnuður".

Fátt gerðist fleira á fundi þessum, er í frásögur sé færandi. Þó skal þess getið, að Snorra Kristjánssyni var greitt hiðursatkvæði fyrir mikið og gott starf í þarfir safnaðarins, nfl. fyrir söngkenslu og söngstjórn við messugerðir, og áleit prestur það minsta kosti $25 virði, en Snorri vildi ekki taka borgun. Hann fór því ekki erindisleysu á fundinn, þótt hann ekki fengi að ganga í söfnuðinn fyrir óhreinskilni safnaðarmanna. Reyndar fékk hann ekki heiðursatkvæði þetta fyr en á bak sér á heimleiðinni.

Einn maður gekk úr söfnuði á fundinum, og gaf hann söfnuðinum það sama að sök, sem söfn. hefir gefið kirkjufélaginu, fyrir því að hann (söfn.) hefir ekki viljað ganga í sameininguna. Annar sagði sig úr lögum við prest og söfnuð daginn eftir, eftir messu, og fleiri eru taldir að vera á förum, og er það slæmt, þar sem ekki er um nema klaufaskap að kenna.

Því hefi ég skrifað þessar línur, að sá er vinur, sem til vamms segir, og til að sýna öðrum söfnuðum sjálfa sig í spéspegli, eins og t.d. Quill Lake söfn., sem sagði sig úr lögum við kirkjufélagið í sumar, og tapaði tveimur af gömlu meðlimunum, en fékk tuttugu nýja í staðinn, bara á svipstundu, og kannske tuttugu eða fleiri síðan. Og síðast en ekki síst skrifa ég þetta, ef verða mætti til þess, að söfnuðurinn framvegis gangi lengra á móti utanfélagsmönnum, en hér átti sér stað á þessum fundi, svo trúfélagslegt samkomulag mætti komast í betra horf hjá okkur.

John S. Laxdal,

Mozart, 24. jan.

Þakkarorð

Hér með vottum við undirrituð okkar innilegt þakklæti öllum þeim, sem með nærveru sinni heiðruðu útför okkar elskulegu dóttur og stjúpdóttur, Ingibjargar B. Oleson, sem jarðsungin var þann 31. jan. sl., og einnig þeim, sem skreyttu kistu hennar með blómum, og yfirleitt öllum þeim, sem rétt hafa okkur hjálparhönd á þessum þungbæra vetri.

Sérstaklega þakkar móðirin séra Rögnv. Péturssyni, sem í fjarveru mannsins hennar sýndi henni svo mörg og sönn vinarmerki, og að síðustu sat við dánarbeð hinnar framliðnu alla síðustu nóttina sem hún háði dauðastriðið, — fyrir þetta og svo margt annað vottar hún séra Rögnv. Péturssyni sitt innilegasta þakklæti og biður guð að launa honum og blessa öll hans störf á komandi tíma.

Mrs. J. Björnsson,
S. Björnsson.
511 Beverly St.

OGILVIE'S
Royal Household Flour

Til Brauð og Köku Gerðar

Gefur Ævinlega Fullnæging

EINA MYLLAN Í WINNIPEG,—LÁTIÐ HEIMAIÐNAÐ SITJA FYRIR VIÐSKIFTUM YÐAR.

"Andvökur"

LJÓÐMÆLI EFTIR
Stephan G. Stephansson

Kosta, í 3 bindum, $3 50, í skrautbandi.

Tvö fyrri bindin eru komin út, og verða til sölu hjá umboðsmönnum útgefendanna í öllum íslenzkum bygðum í Ameríku.

Í Winnipeg verða ljóðmælin til sölu, sem hér segir:

Hjá Eggert Jóhannssyni, 689 Agnes St., EFTIR KL. 6 AÐ KVELDI.

Hjá Stefáni Péturssyni, AÐ DEGINUM, frá kl. 8 f.h. til kl. 6 að kveldi, á prentstofu Heimskringlu.

Hjá H. S. Bardal, bóksala, Nena St.

Utanbæjarmenn, sem ekki geta fengið ljóðmælin í nágrenni sinu, fá þau tafarlaust með því að senda pöntun og peninga til Eggerts Jóhannssonar, 689 Agnes St., Winnipeg, Man.

Wall Plaster

Með því að venja sig á að brúka "**Empire**" tegundir af Hardwall og Wood Fibre Plaster er maður hár viss að fá beztu afleiðingar.

Vér búum til:

"Empire" Wood Fibre Plaster
"Empire" Cement Wall "
"Empire" Finish "
"Gold Dust" Finish "
"Gilt Edge" Plaster of Paris
og allar Gypsum vörunteg. undir. —

Eigum vér að senda yður bækling vorn?

MANITOBA GYPSUM CO. LTD
SKRIFSTOFUR OG MILLUR Í
Winnipeg, - Man.

Heimskringla

Published every Thursday by The Heimskringla News & Publishing Co. Ltd

Verð blaðsins í Canada og Bandaríkjunum $2.00 um árið (fyrir fram borgað), hjá til Íslands $2.40 (fyrir fram borgað af kaupendum blaðsins hér $1.50)

B. L. BALDWINSON,
Editor & Manager

Office:
729 Sherbrooke Street, Winnipeg
P.O. BOX 3083. Talsími 3512.

Ég kom og sá

hina stóru nýlendu Íslendinga í Saskatchewan fylkinu.

Það eru liðin löng 5 ár síðan sú löngun lifnaði í huga mínum, að líta yfir landsvæði það hið mikla og fagra, sem Bandaríkja Íslendingar og aðrir framgjarnir og "fjárglöggir" landar vorir hér úr norðurbygðum voru um þær mundir "að leggjast á". Eg þóttist hafa nægilega þekkingu á hygni og búviti Bandaríkja Íslendinganna, að minsta kosti, til þess að renna grun í það, að eitthvað mundi vera varið í þann skika af landum Jótvarðar konungs, sem þeir legðu svo mikið kapp á að leggja undir sig, að þeir vildu vinna það til, að rifta vistarráðum við þann hluta Bandaríkjanna, sem þeir höfðu tekið ástfóstri við þegar frá barnæsku, og sem þeir almennt nefndu "God's Country". Mér duld ist ekki, að það hlyti að vera lífvænlegur verustaður, sem þeir dæmdu betri en "guðslandið". Og þó að á þeim tíma sem frumherjarnir að sunnan voru að skoða landsvæði þetta, og þá strax í kyrrþey að búa sig undir þangað flutning, þeir lykju ekki allir sama lofsorði á landið, — þá er mér nú eftir ferðina þangað orðið nokkurn veginn ljóst, hvers vegna þeim var það ekkert hugleikið, að gylla svo gæðin þar, að þangað flyktust tafarlaust stórir hópar landsækjenda. Með þessu er alls ekki sagt, að það hafi komið til af því, að þeir vildu "sitja að súpunni einir", — heldur má það hafa verið orsökin, að þeir gætu gjarnan þegið, að þeim gæfist tími til að festa löndin fyrir sig og nágranna sína þar syðra, áður en alt það bezta úr þeim yrði uppétið af öðrum. Að minsta kosti er ég nú í huga mínum viss um það, að enginn þeirra er þá — fyrir 5 árum — þegar landnám þetta hófst, fór þangað vestur í skoðunarferð, — hefir lyft penna til þess að lýsa landi þar nokkuð nálægt því eins glæsilega og mér virðist það verðskulda. Og það ætla ég mér heldur ekki að gera — af ótta fyrir því, að það kunni að verða taldar ölgar einar og gyllingar. Enda þess engin þörf, þar sem nú eru nálega öll heimilisréttarlönd innan takmarka hins íslenzka landnáms upptekin, og lítið eða ekkert annað eftir en það, sem þeir ekki hafa viljað taka, sem sestir eru að þar í bygðinni.

En svo ég byrji á sögunni eins og hún hefir gengið, þá var ég fyrir 5 árum, þegar landnám þetta hófst fyrir alvöru fátækur bárnamaður og einyrki, líðandi svona milli húsgangs og bjargálna, og þó heldur nær húsgangi. Ég brann í skinninu af löngun til að geta komist vestur að líta yfir landið, en það var bæði að "Kringlan" var þá í niðurníðslu og mátti ekki missa þann stuðning, sem ég gat af veikum mætti veitt henni á tímum neyðarinnar, og svo var ég þá fyrir löngu afdankaður í ríkisþjónustunni, og gat því ekki ferðast á landsins kostn, að, en um eigin efnahag ekki að ræða, — dalirnir höfðu gloprast niður um bilaðan brókarvasa, og úrræðaítök engin til, er á mætti treysta. Þess vegna hefi ég orðið að sitja við sultarpottinn jafnan síðan, með hugann þrunginn löngunar, þar til í janúar sl. að Jóhannes Paulson í Leslie bæ lét það boð út ganga, að þorrablót skyldi haldið að Leslie á al-íslenzka vísu. Þá hljóp órói í allan minn kropp. Ég fór að hugsa um skyrið og rjómann, um kjötmetið ýmislega og laufabrauðið íslenzka, og magavökvinn, eða það sem eftir var af honum, æddi eins og stórflóð fram í munnvikin. Þá var það, að ég þoldi ekki mátið lengur, en spratt upp úr ritstjórnarstólnum, æddi niður á landskrifstofu C.P.R. félagsins, til herra Griffins Land-Commissioner félagsins, tjáði honum mitt eymdarástand og bað um farseðil til Wynyard og til baka, án endurgjalds, og fékk það umyrðalaust. Við þetta upplukust min augu svo, að ég sá hvert mikilmenni ég var orðinn, er ég fékk frían flutning milli sveita, eins og ég hafði heyrt getið um að veitt væri stundum ýmsum mönnum þar heima á ættjörðinni, sem ekki hefðu afgangs lífsþörfum skotsilfur í kistuhandraðanum. Ég trúi að slík greiðvikni nefnist þar "að þiggja sæmd". — Ég þáði sæmdina, og lagði af stað héðan þann 16. janúar, til þess að vera við öllu búinn, er á blótið kæmi í Leslie, sem auglýst hafði verið að fram skyldi fara þann 20. Fyrsti áfanginn endaði í Yorkton. Lestin, sem héðan fór að morgni dags, kom þangað um matmálstíma um kveldið, og fór þaðan ekki aftur áleiðis fyr en næsta morgun. Gisting þar var því sjálfsögð.

Á lestinni vestur varð ég var við herra Svein Kristjánsson, sem fyrrum bjó í Gimlisveit sunnanverðri, en sem ágirndin hafði rekið á gamalsaldri þangað vestur fyrir 4 eða 5 árum, og nú býr þar á ágætu óðali sínu. Við gerðumst félagar og dvöldum báðir á sama gistihúsinu, og leið okkur vel þar. Bezta hótelið þar er Yorkton Hotel. Húsfreyjan þar er íslenzk, þar starfar landi vor Björn Hjörleifsson. Hann keypti fyrstur manna í ferð þessari Heimskringlu og borgaði hana ($2.00) fyrirfram, og ég bað guð að blessa hann meðan dalirnir entust.

Næsta dag um hádegi komum við til Leslie. Á leiðinni þangað vestur var ég einatt að hugsa um blótið: Hvað matseðillinn mundi kosta, hann yrði víst ekki gefinn. Hvernig ég ætti að fara að því að verða nógu svangur, svo ég gæti fengið virði þeirra peninga, sem ég þyrfti að borga fyrir "billettið". Ég var að vona, að aðgöngumiðarnir yrðu seldir sanngjörnu verði. Ég hafði reynslu fyrir því frá fyrri árum, að þess hærra, sem verið var á aðgöngumiðum að slíkum hlutum þess rýrari varð alt sem framreitt var þar. Á vagnstöðinni var fjöldi manna, flest Íslendingar, og þar var ég tafarlaust handtekinn af dr. Sigurði Júl. Jóhannessyni, sem öllum er kunnur að glöggskygni og góðum mannspörtum. Hann hefir víst lesið, hvað mér var í huga, hann kipti í mig og slepti ekki takinu fyr en ég var kominn heim í hús hans. Þar beitti hann í mig sjóðandi sælgætiskaffi með sykri og svo góðum rjóma, að slíkan getur ekki af þeirri mjólk, sem Winnipeg búar eiga að venjast.

Eftir að þetta alt var skeð, fór ég að litast um í bænum og finna þá Íslendinga, sem þar voru búsettir. Ég hafði tekið eftir því, þegar lestin stansaði í Leslie, að maður einn, stór og vígalegur, hafði þotið að henni og kipt út úr henni 3 eða 4 tunnusekkjum, úttroðnum með bréf og blöð, og hlaupið með þá alla í fanginu inn í stórhýsi eitt þar í grend. Mér varð hálf ótrótt við þessa sýn. Ég mintist þess er ég hefi stundum lesið um stigamenn, sem ráðist hafa á járnbrautarlestar og tekið þaðan alt fémætt úr flutningavögnunum. Ég lét það vera mitt fyrsta verk, eftir kaffidrykkjuna hjá dr. Sig. Júl. Jóhannessyni, að læðast að þessu stórhýsi og gægjast inn umm skráargatið á útidyrahurðinni. Sá ég þá að það var sölubúð mikil, og að sólin skein á skallann á Hermanni Nordal, sem áður var við bókaverzlun herra H. S. Bardals hér í borg. Ég gekk því hvatlega inn og heilsaði manninum, sem var önnum kafinn að afgreiða viðskiftavini verzlunarinnar. Búð þessi er stór og svo voru vörubyrgðir þar miklar, að gangrúm var þar af skornum skamti. Inst í búðinni var afþiljuð skrifstofa, og þar sá ég á efri hluta hins mikla manns, sem tekið hafði póstpokana úr lestinni. Þekti ég þar herra Stephán D. B. Stephánsson, kaupmann og eiganda þessarar verzlunar. Hann var fyrrum umferðarsali fyrir De Laval skilvindufélagið, með aðalstöðvar sínar í Winnipeg, en yfirgaf þá stöðu og tók sér land í Saskatchewan og setti upp verzlun að Leslie í félagi með herra C. A. Clark, sem áður var meðeigandi í Lakeview Hotel í Gimli bæ. Nú hefir Clark selt Stefáni sinn hluta í verzlaninni og gerst stórbóndi á 3 löndum, sem hann á þar í bygðinni. Stefán er því alvaldur eigandi þessarar miklu verzlunar, og hefir þess utan póstafgreiðslu þar í bænum, og fyrir 3 eða 4 önnur pósthús þar í bygð. Stefán hafði sokkið upp undir hendur í bréfa og blaðahaugana, sem voru þar á gólfinu, og var nú ekkert ræningjalegur, en rétti póstinn á báða bóga til réttra viðtakenda. Síðar frétti ég, að hann sé talinn með mikilsmetnustu borgurum bæjarins. Hann er þar nú í bæjarstjórn, og talið víst, að hann verði þar bæjarstjóri við næstu kosningar. Privat heimili hans er í snotru, nýbygðu húsi utarlega í bænum.

Næst heimsótti ég herra Lárus Árnason söðlasmið, sem áður bjó í Brandon borg í Manitoba, en hefir nú bygt sér allvænlegt hús í Leslie, og hefir þar bæði privat íbúð og verzlunar og vinnustofu. Hann hefir aktýgja verzlun og hefir nægar byrgðir af vönduðum vörum, sælur ódýrt og er talinn lipur og áreiðanlegur í öllum viðskiftum. — Það væri rétt gert af löndum vorum þar vestra, að líta inn til nafna mins, þegar þeir þurfa að fá sér aktygi, eða aðrar leðurvörur. Nafni minn hefir náð því áliti þar vestra, að heildsöluaktýgjasalar í Vestur-Canada keppast nú um að byrgja hann upp með úrvalsvörur, vilji hann að eins sæta tilboðum þeirra.

Næst varð fyrir mér herra Guðmundur Johnson skraddari, sem áður dvaldi í Winnipeg og stundaði klæðasaum um daga en bjó til gott kaffi í Bárdalsbúð á kveldin. Guðmundur tók sér heimilisrétt þar vestra í grend við Leslie, en bygði sér verkstæði í bænum, og stundar þar jöfnum höndum klæðasaum og kaffisölu, og hefir meira að gera en hann fær orkað. Guðmundur var fenginn til að búa undir blótið, og varði hann til þess fullum vikutíma með stóran hóp kvenna sér til aðstoðar. Honum varð vel til kvenfanga, því að hann er friður sýnum og glæsimenni, gætinn, stiltur og hinn prúðmannlegasti. Verk það, sem hann með hjálparkonum sínum hafði unnið til undirbúning blótsins, kom greinilega í ljós á samkomunni.

Í Leslie mætti ég herra Tómasi Pálssyni og Jóhannesi syni hans. Tómas bjó fyrrum austast í landnámi þessu, í grend við Foam Lake, en býr nú á landi sínu örskamt frá Leslie bæ. Hann hefir unnið manna mest að því, að setja menn niður í þessa nýlendu og valið löndin fyrir fjölda af bygðarbúum og sett þá niður á þau eftir eigin geðþótta, og þó jafnframt með tilliti til óska og þarfa innflytjendanna sjálfra. Og það orð fer af honum, að hann hafi leyst alt það vandasama verk snildarlega af hendi, og er honum hvervetna borinn hinn bezti orðstír. Jóhann sonur hans er nú fullþroska maður, nýkvongaður. Ég þekti hann fyrst í Þingvallanýlendu fyrir nær 20 árum. Þá var hann 4 ára drenghnokki og svo óþægur við foreldra sína, að ég hefi ekki þekt annan verri. En nú er hann í fremstu röð íslenzkra prúðmenna þar vestra, ötull, hygginn og hinn alþýðlegasti í viðmóti. Ég tel víst, að sá maður eigi glæsilega framtíð, ef hann gætir sín og gripur tækifærin, sem þar fara vafalaust fjölgandi með hverju líðandi ári. Jóhann hefir til skams tíma átt hlut í lyfjabúð bæjarins með dr. Sig. Júl. Jóhannessyni, en kvað nýlega hafa selt hlut sinn og gerst félagi föður síns í akuryrkjuverkfæra verzlun, sem þeir feðgar hafa þar í bænum.

Hannes Lindal, sem á liðnum árum hefir unnið að fasteignaverzlan í Winnipeg, en flutti fyrir 2 árum til Leslie og setti þar upp timburverzlan, býr nú þar við góðan kost. Hann hefir myndarlega skrifstofu og geymsluhús í sambandi við timburstöð sína á öðru aðalstræti bæjarins. Lindal er aðlaðandi verzlunarmaður og nýtur tiltrúar og álits og það sem bezt er, verzlunar bygðarmanna. En það grunar mig, að hann langi aftur í sollinn hingað til Winnipeg. Lóðaverzlun lét honum vel hér, og henni fylgdi alt af talsvert af skildingum. Svo er maðurinn ennþá ógiftur, en hér er mesta úrval af skrautgjörnum konum, sem hæglega gætu eytt öllum eigum ástríks bónda, ef þær ættu hann. Lindal heldur til hjá herra Pétri Andersyni, — þeim, er mest bygði af húsum hér í Winnipeg, og mest græddi allra ungra manna hér í borg fyrir fáum árum. Hann eirði hér ekki einlífinu, tók sér því kvonfang og festi ráð sitt. Lönd Péturs, 2 eða 3, liggja að Leslie bæjarstæðinu. Hús hans þar er hið fegursta og svo vel búið að húsmunum, að vart mun betra í auðmannahúsum hér í Winnipeg. Þar gisti ég síðari hluta þorrablótsnæturinnar og svaf vært þegar ég fór þaðan um morguninn flaug mér í hug, að lánsamar væru þær konur, sem gerast húsfreyjur á slíkum heimilum, og þar sem önnur aðbúð er að sama skapi unaðsrík og ánægjuleg. Ég frétti þar vestra, að Pétur muni hafa í hyggju, að láta rífa lönd sín sundur með gufuafli og snúa þeim upp í akurlönd nú á næsta sumri. Pétur langar til að gripa gull upp úr frjómoldinni þar, eins fljótt og þess er kostur.

(Framhald).

KAUPIÐ af þeim og verzlið við þá sem auglýsa starfsemi sína í Heimskringlu og þá fáið þér *betri* vörur með *betra* verði og *betur útilátnar*.....

ÞORSTEINN Þ. ÞORSTEINSSON:

AFKLIPPUR.

I.

TIL SKÚLA OG JÓSEFS.

(Íslenzku drengjanna, sem voru veitt verðlaunin úr Rhodesstyrktarsjóðnum, 1909 og 1910).

Þökk! Ástarþökk! Þið ungu börn hins unga lands!
Þið íslenzk börn á vegum framfaranna!
Þið brautryðjendur — blys á vegi hins unga manns,
þið börnin tvö frá landi elds og fanna!
Þið skjólstæðingar vits og vegs og frama
í vorum smáa hóp, sem örlög lama! —
Ó, látið sannleiks sólargeisla upp ljóma
þá svörtu nótt, sem færði oss í dróma —
yfir þann myrkurs læðing lífs vors þungu skapa,
sem lætur flest það gófga og sanna hrapa
hjá frónskum börnum — fyrir ættarstapa!

II.

HRYLLINGUR.

Kaldari hatri og haftsins næðing,
er hluttekning dónans, sem alt af er fús
þitt gófgasta að helbinda í lastanna læðing,
og leikur sér að þér sem köttur að mús.

III.

VÉR FUNDUM SÁRT —

Vér fundum sárt, er yndis-atlot brást,
hve ástin horfna var oss mikils virði.
Samt varð oss mest hin ónotaða ást
að ætiharmi — lífsins þyngsta byrði.

IV.

HUGSAÐU UM ÞAÐ.

Vertu í tunguni trúr,
tryggur og hreinn í lund.
Hugsaðu um það hýr sveinn
á hverri stund.

Vikivaki.

Hvort þú, lesari, ungur ert eða orðinn skar,
er hamingja þín þitt hjartalag og hugarfar.

V.

ELLEFTA BOÐORÐIÐ.

Mér hefir fundist alt af eitt
öllum hinum meira:
Það, að geyma hjartað heitt —
hugsa ekki um fleira.

VI.

SÖNGVÍSA.

Æ, sofðu ástin unga —
þú æskudrauma þrá,
því vöknuð veröld þunga
þú verður strax að sjá.
En ljúft í draumsins dvala
býr dýrðarmyndin þín,
sá engill unaðssala,
sem aldrei vöku skín.

VII.

WINNIPEG-TÍZKA.

Hann bróður sinn svíkur sem *business*-maður,
en biður til guðs alveg rétt-trúaður.

VIII.

ÞAÐ SAKAR EI HÓT —

Það sakar ei hót hvernig endirinn er:
hvernig atvik að síðustu misbjóða þér;
þótt þau þyrmi ei því, sem skal deyja.
Hitt er meir: að það lifi, sem lífið er sjálft;
að það lifi og þroskist, en sé ekki hálft,
eða brot, sem að börnin þín fleyja.

IX.

LJÓTT ER EF SATT VÆRI!

(Kirkjuhugleiðing).

Ef það er satt að sundur kraminn andi,
sé sjálfum guði bezta fórn og þægð,
þá verður heilbrygð hugsun loks að strandi
en heimsku og ógerð veitist dýrð og frægð.

X.

STÚLKAN, SEM ÉG KÝS MÉR.

(Martialis,—43- 104 e.K.—)

Þú spyr, ef ég vildi um búskapinn breyta
hvernig brúði ég veldi mér þá.
Ekki þá, sem er annaðhvort frúm eða feimin,
því mér fellur það hvorugt að sjá.
Sú, sem játar strax öllu, hún ofmettar þrárnar,
hin, sem of lengi neitar, er sál minni nótt.—
Mærin sú, sem á ást mína að eignast, hún má ei
segja of oft sitt "Nei", eða "Já" sitt of fljótt.

Sparið Línið Yðar.

Ef þér óskið ekki að fá þvottinn yðar rifinn og slitinn, þá sendið hann til þessarar fullkomnu stofnunar.

Nýtízku aðferðir, nýr vélaútbúnaður, en gamalt og æft verkafólk.

LITUN, HREINSUN OG PRESSUN SÉRLEGA VANDAÐ

Modern Laundry & Dye Works Co., Ltd.
307—315 Hargrave St.
WINNIPEG, MANITOBA
Phones: 2300 og 2301

The **Farmer's Trading Co.**
(BLACK & BOLE)

HAFA EINUNGIS BESTU VÖRUTEGUNDIR.

Einu umboðsmenn fyrir:—
"SLATER" Skóna góðu.
"FIT-RITE" Fatnaðinn.
"H. B. K." prjónafélagið.
"HELENA" pils og 'waist' kvenfatnaði.
Bestu matvörutegundir.
"DEERING" akuryrkju verkfæri o, s. frv.

Beztu vörur Lágt verð

Fljót og nákvæm afgreiðsla.

Farmers' Trading Co.,
THE QUALITY STORE
Wynyard, Sask.

JOHN DUFF
PLUMBER, GAS AND STEAM FITTER
Alt verk vel vandað, og verðið rétt
664 Notre Dame Ave. Phone 3815
Winnipeg

Æfiminning.

Eins og getið var um hér í blaðinu fyrir skömmu, andaðist að heimili móður sinnar hér í bænum Ingibjörg Björnsdóttir Oleson. — Banamein hennar var vatnssýki. Hún var langan tíma búin að þjást af heilsuleysi, og var því hvíldin henni blessun og líkn er hún kom, þótt snemma væri æfinnar.

Ingibjörg sál. var fædd að Dallandi í Norðurmúlasýslu 9. maí 1885. Foreldrar hennar voru þau Jóna Kristín Jónsdóttir og fyrri maður hennar Björn Ólafsson, er bjuggu á Dallandi. Föður sinn misti hún árið 1889, en ólst upp hjá móður sinni og seinna manni hennar Sigurjóni Björnssyni, unz þau fluttu hingað til lands vorið 1903.

Eftir að hingað kom, var hún aðallega til heimilis hjá móður sinni og stjúpa. Þó var hún árlangt hjá frændfólki sínu norður í Árdalsbygð, fyrst eftir að hún kom vestur, herra Eríka Jónssyni og konu hans.

Framan af æfi var hún mjög hraust og kendi einskis meins fyrr en árið áður en hún flutti af Íslandi, að hún lagðist í taugagigt. Þann sjúkdóm bar hún eftir það. Á annan í Jólum lagðist hún banaleguna, og andaðist aðfaranótt föstudagsins 28. jan. sl.

Ingibjörg sál. á 4 systkini á lífi, er alsystir hennar Þorbjörg til heimilis á Seyðisfirði í Norður-Múlasýslu, en hin 3 hálf-systkini eru hér hjá foreldrum sínum í bænum.

Ingibjörg sáluga var há og grönn, stilt og prúðmannleg, fáláta og fáskiftin, er stafaði af langvarandi heilsuleysi.

Hún var jarðsungin frá Únítarakirkjunni hér í bænum mánudaginn 31. jan. sl., að viðstöddum fjölda ættingja og vina. Ræður fluttu séra Rögnvaldur Pétursson og séra Guðmundur Árnason.

Guð blessi hvíld hennar og vini og vandamenn um alla tíma.

Vinur.

LEIÐBEININGAR--SKRA
YFIR ÁREIÐANLEGA VERZLUNARMENN Í WINNIPEG

MUSIC OG HLJÓÐFÆRI

CROSS, GOULDING & SKINNER, LTD.
323 Portage Ave. Talsími 4413

MASON & RISCH PIANO CO., LTD.
269 Main Street Talsími 4480
W. Alfred Albert, Íslenzkur umboðsmaður

WHALEY ROYCE & CO.
356 Main St. Phone 263
W. Alfred Albert, búðarþjónn.

BYGGINGA og ELDIVIDUR.

J. D. McARTHUR CO., LTD.
Byggings- og Eldividur í heildsölu og smásölu.
Sölust: Princess og Higgins Tals. 5060, 5061, 5062

MYNDASMIÐIR.

G. H. LLEWELLIN.
"Mechanics" og Myndarammar
Searfstofa Horni Park St. og Logan Avenue

SKÓTAU Í HEILDSÖLU.

AMES HOLDEN, LIMITED
Princess & McDermott. Winnipeg.

THOS. RYAN & CO.
Alskonar Skótau. 44 Princess St.

THE Wm. A. MARSH CO. WESTERN LTD.
Framleiðendur af Finu skótaui. Talsími: 3710
88 Princess St. "High Merit" Marsh Skór

RAFMAGNSVÉLAR OG ÁHÖLD

JAMES STUART ELECTRIC CO.
324 Smith St. Talsímar: 3447 og 7802
Fullar byrgðir af alskonar vélum.

GOODYEAR ELECTRIC CO.
Kellogg's Talsímar og öll þarabúð. áhöld
talsími 3023. 56 Albert St.

RAFMAGNS AKKOKDSMENN

MODERN ELECTRIC CO
412 Portage Ave Talsími: 5658
Viðgjörð og Vír-lagning — alskonar.

BYGGINGA-EFNI.

JOHN GUNN & SONS
Talsími 1277 266 Jarvis Ave.
Höfum besta Stein, Kalk, Cement, Sand o. fl.

THOMAS BLACK
Selur Járnvöru og Bygginga-efni allskonar
76—82 Lombard St. Talsími 600

THE WINNIPEG SUPPLY CO., LTD.
298 Rietta St. Talsímar: 1936 & 2187
Kalk, Steinn, Cement, Sand og Möl

MATHESON AND GAY
Hásasmiðir, smiðkarar og viðgerðarmenn
221 Higgins Ave. Winnipeg

BYGGINGAMEISTARAR.

J. H. G RUSSELL
Byggingameistari.
í Silvester-Willson byggingunni. Tals: 1068

PAUL M. CLEMENS
Bygginga-Meistari, 443 Maryland St.
Skrifst.: Argyle Bldg., Garry st. Talsími 5997

BRAS- og RUBBER STIMPLAR

MANITOBA STENCIL & STAMP WORKS
421 Main St. Talsími 1580 P. O. Box 244.
Búum til alskonar Stimpla úr málmi og togleðri

CLYDEBANK SAUMAVÉLA AÐGERÐAR-MAÐUR. Brúkaðar vélar seldar frá $5.00 og yfir
564 Notre Dame Phone, Main 8624

VÍNSÖLUMENN

GEO. VELIE.
Hef ódýu Vínsali. 235, 237 Portage Ave. E
Smá-sölu talsími: 352. Stór-sölu talsími 464.

STOCKS & BONDS

W. SANFORD EVANS CO.
326 Nýja Grain Exchange Talsími 369

ACCOUNTANTS & AUDITORS

A. A. JACKSON,
Accountant and Auditor
Skrifst.—24 Merchants Bank. Tals.: 5702

OLÍA, HJÓLÁS-FEITI OG FL.

WINNIPEG OIL COMPANY, LTD.
Býða til Stein Olíu, Gasoline og hjólás-áburð
Talsími 1509 611 Ashdown Block

TIMBUR og BÚLÖND

THOS. OYSTAD, 208 Kennedy Bldg.
Vður í varnhlössum til notenda, búlönd til sölu

PIPE & BOILER COVERING

GREAT WEST PIPE COVERING CO.
132 Lombard Street.

VÍRGIRÐINGAR.

THE GREAT WEST WIRE FENCE CO., LTD
Alskonar vírgirðingar fyrir bændur og borgara
76 Lombard St. Winnipeg.

ELDAVÉLAR O. FL.

McCLARY'S, Winnipeg.
Stærstu framleiðendur í Canada af Stóm, Steinyðru [Graniteware] og fl.

ÁLNAVARA Í HEILDSÖLU

R. J. WHITLA & CO., LIMITED
264 McDermott Ave Winnipeg
"King of the Road" OVERALLS.

BILLIARD & POOL TABLES

W. A. CARSON
P. O. Box 225 Room 4 í Molson Banka.
Öll nauðsynleg áhöld. Ég gjöri við Pool-borð

NÁLAR.

JOHN RANTON
203 Hammond Block Talsími 4670
Sendið strax eftir Verðlista og Sýnishornum

GASOLINE Vélar og Brunnborar

ONTARIO WIND ENGINE and PUMP CO. LTD
301 Chamber St. Sími: 2668
Vindmillur -- Pumpur -- Agætar Vélar.

BLÓM OG SÖNGFUGLAR

JAMES BIRCH
442 Notre Dame Ave. Talsími 2638
BLÓM - allskonar. Söng fuglar o. fl.

BANKARAR, GUFUSKIPA AGENTR

ALLOWAY & CHAMPION
North End Branch: 667 Main street
Vér seljum Avísanir borganlegar á Íslandi

LÆKNA OG SPÍTALAÁHÖLD

CHANDLER & FISHER, LIMITED
Lækna og Dýralækna áhöld, og hospítala áhöld
185 Lombard St., Winnipeg, Man.

Athugasemd.

Í 17. nr. Hkr. er ritgerð eftir Mr. Kr. Á. Benediktsson. Fyrri partur greinarinnar er um fasteignasölu Winnipeg borgar. Enga athugasemd ætla ég að gera við þann part, því ég veit, að Mr. K. Á.B. er miklið færari að skrifa um kost og ókost á þeirri atvinnugrein, þar sem hann hefir verið í fleiri ár talsvert við hana riðinn, en ég aldrei.

Sinni partur ritgerðarinnar er um íslenzka verkveitendur í þessum bæ. Mér þykir frásögnin dálitið villandi fyrir fjarverandi lesendur blaðsins. Mr. K.Á.B. nafngreinir þar að eins þrjá, en hefði verið mikið réttara, að nafngreina í það minsta þrenna þrjá. Hvers vegna að ganga fram hjá mönnum, sem hafa verið verkgefendur í mörg ár, sumir yfir tuttugu ár, svo sem Sigfús Anderson, Jón J. Vopni og Gísli Goodman. Líka mætti nefna Jón T. Bergmann, sem hefir verið verkgefandi í fleiri ár, byggði fjölda húsa á síðasta sumri, og hefir alt af menn í vinnu að búa undir fyrir næsta sumar. Jóhannes Sveinsson hefir líka bygt bæði stór- og smáhýsi, og ætlar að halda áfram. Árni Eggertsson hefir látið byggja mörg hús. Allir þessir menn hafa ætíð látið landa sína sitja fyrir verkum.

Mr. Kr.Á.B. segir, að það sé lofsvert, að íslenzkir verkgefendur láta landa sína sitja fyrir atvinnu. Ég held þeir tapi engu við það, blessaðir, að hafa landa sína í vinnu. Ég heyrði Hugh Ross, sem hér var í mörg ár verkgefandi, segja, að íslenzkir verkamenn væru þeir rtúverðugustu og beztu menn, sem fyrir sig ynnu,— og fleiri hafa gefið þeim sama vitnisburð. Ég held það sé ekki nema óþarfa skjall, að segja það blátt áfram hrosvert, að íslenzkir verkveitendur láta landa sína sitja fyrir vinnu. Hitt er það, að það er mjög hrósvert, ef íslenzkir verkveitendur fara vel með verkamenn sína, því að það er eins mikill munur eins og á nótt og degi fyrir daglaunamanninn, að vinna fyrir góðan eða vondan mann. Tökum til dæmis verkgefanda, sem litur með fyrirlitningu á verkamenn sína, rekur þá áfram eins og hunda, talar aldrei hlýlegt orð til þeirra, er alt af að vonskast yfir því, að verkið gangi seint og illa, og sitja um öll tækifæri að setja kaupið niður við mennina. Verkamaðurinn, sem þarf að vinna fyrir svona höfðingja, hatar hann, gleðst yfir öllum hans óhöppum, og er yfirleitt sama, hvor endinn á honum upp snýr. Ekki er svona sambúð heppileg, fyrir hvoruga hliðina, og óskandi, að Íslendingar þræði ekki þennan veg, þar sem annar betri er til.

Ég vildi að allir Íslendingar, sem eru og verða verkveitendur, vildu breyta við menn sína eins og Mr. Loftur Jörundsson gerir, því hann er verkamanna vinur. Það sýnir öll framkoma hans við verka menn sína öll þessi ár síðan hann byrjaði að vera verkgefandi, hefir hann goldið smiðum það hæsta kaup, sem hefir verið í bænum, og aldrei gert minstu tilraun til að lækka kaupið hvorki vetur né sumar. — Það hlóu margir að sögu, sem var borin hér um bæinn í fyrra vetur. Mr. Jörundsson frétti, að sumir mennirnir, sem áður höfðu unnið fyrir hann, væru farnir að vinna á stórhýsinu hans Mr. Brynjólfssonar (sem Mr. K.Á. B. minnist á), af því Mr. Jörundsson hafði þá enga vinnu. Hann fer og sækir mennina, og sagðist verða að tína til eitthvað handa þeim að gera, — hann gat ekki vitað menn sína vera að vinna þar fyrir hálft kaup. Þetta var svo drengilega gert, að mér er sönn ánægja að setja það hér..

Einhverntíma seinna er ég að hugsa um, að skrifa meira ýtarlega um verkgefendur og verkamenn þessa bæjar. Ég hefi verið daglaunamaður í Winnipeg um 20 ár, og hefi þekt bæði vonda og góða verkgefendur, af ýmsum þjóðum. Ég skal vera óhlutdrægur, og gefa hverjum þá lýsingu, sem hann verðskuldar, hvort sem hún verður fögur eða ljót, — því þess bera að geta, sem gert er.

B. M. LONG.

* * *

Svar til B. M. Longs.

Herra Long hefir öðlast hvöt hjá sér, að leiðrétta part úf ritgerð minni um íslenzka verkveitendur. Slæmt er að lýsa því yfir, að mér er ekkert gagn að þeirri föðurlegu hirtingu, sem þessi rithöfundur vikur að mér, því eftirtekt og skilningur hans hefir verið út í einhverri selstöð, þegar skriðan hljóp úr höfði hans.

Ég var að tala um menn þá, sem stærst verk og mesta vinnu veittu um háveturinn. Ég stend við, að ég hefi rétt farið með alt sem ég sagði. Og ef Long vill fá skýrslur frá banka hr. Lofts Jörundssonar um upphæð og verkamannatölu á nefndum tíma, þá er það þegar leyft og til reiðu, hve nær sem er.

Það hneykslar B.M.Long, að ég skuli ekki telja alla, sem kofa hafa bygt eða fáein smáhýsi. Svar þar til liggur þann veg, að ég ræddi að eins um þá menn, sem veittu vinnu í stórum stíl á nefndu tímabili. Ég gat þess, að þeir hefðu bygt og væru að byggja á síðustu timum. Það skoða ég syndlaust og alls ekki vítavert. B.M.Long fer sem öðrum, að sé einhverra minst fyrir verk þeirra, þá vaknar hjá þeim eðlishvöt, sem ekki er neitt mannborleg: Fyrst að skamma ritarann, þar næst að mjatla utan af þeim, sem um er talað, og síðast, að skjalla einhvern eða einhverja. Hann hefði gjarnan mátt vera búinn að rita og ræða um einhvern, sem hann vildi, án þess að ég hefði skilt mér hið minsta af því. En sumum mönnum er svo varið, að þeir hvorki hugsa né aðhafast neitt, nema elta uppi það, sem aðrir segja, og ætla að fita anda sinn og álit sitt á því.

Um eftirrekstur og orðbragð verkveitenda, hefir litla þýðingu að tala í þessu sambandi. Það lá alveg utan við grein mína. Það er að eins kerlingasögu krydd hlaupið út úr heila B.M.Longs. Má honum verða vegsemd af.

Að Sveinn Brynjólfsson hafi borgað mönnum, sem unnið höfðu hjá L. Jörundssyni ekki nema "hálft kaup", hefi ég ekkert heyrt um, og varðar ekkert um, og legg engan trúnað á kerlingasögur hr. B. M. Longs fyrr né síðar í því efni.

Af því B.M.Long er kunningi minn, þá ætla ég að ráðleggja honum, að vanda betur þessa tilvonandi ritgerð sína en hann gerir á þessum formála, sem á þrykk nú gengur.

K. Ásg. Benediktsson.

A beztu heimilum

hvar sem er í Ameríku, þar munið þér finna HEIMSKRINGLU lesna. Hún er eins fróðleg og skemtileg eins og nokkuð annað íslenzkt fréttablað í Canada

Ásmundur Björnsson.

Fæddur 1870 *Dáinn í júlí, 1909.*

Alt hið bjarta sýnist svart,
sorg ef hart á næðir;
ytra skart er því óparft
þegar hjartað blæðir.

Ásm Björnsson.

Þitt fregna lát, minn góði gamli vinur,
var geði mínu sannarlega kvöl;
að þú, sem aldrei virtist veill né linur,
nú víkur frá oss eftir skamma dvöl,
það vekur harm í hugum flestra landa, —
það hryggir alla, sem þér kyntust mest.
Og eflaust syrgja sárt þeir næst þér standa,
með sorg er lýstir forðum manna bezt.

Ég veit þú undir illa hóli manna,
en orða bundist fæ ég ekki samt.
Að þú varst sannur sonur forfeðranna,
þú sýndir bæði í orði og verki jafnt.
Og mannkosti svo marga og stóra barstu,
Af mörgum einn að jafnan reyndist þú,
og fremstur æ í flokki þeirra varstu,
er frjálsa hyltust skoðun lífs og trú.

Ég minnist nú svo margs, sem áður skeði
á meðan saman hér við áttum leið;
að vera með þér var oss æ til gleði, —
þin víkingslund ei stríði neinu kveið.
Og orð þín mörg ég ætíð festi í minni,
og aldrei mun ég fást að gleyma þeim. —
þau andans ljós, sem lýstu sálu þinni,
þau loga skærast nú um allan heim.

Þú þráðir líta þjóð á æðra sviði,
þar þekking býr, í sannleiksleit sem felst;
en hér í landi menningar á miði
við málið okkar trygðum jafnan hélst.
Þú varst því einn af okkar mestu hetjum,
við Ísland tengdur þráðum trygðabands; —
mjög ólíkt því sem áður fyr við hvetjum
til áframhalds und merkjum föðurlands.

Að minnast þín með að eins fáum orðum,
er ofraun þeim, sem gerir þenna brag.
Þú félst und merkjum manndóms þess er forðum
var metinn jafnt og gullið nú í dag. —
Þú feðramálið festir þér í minni
og fékst ei til að vísa því á dyr,
og ljósin öll, sem lýstu hugsun þinni,
þau loga skærar sýnast nú en fyr.

O. T. Johnson.

ROBLIN HOTEL
115 Adelaide St. Winnipeg
Bezta $1.50 á dag hús í Vestur-Canada. Keyrsla ókeypis milli vagnstöðva og hússins á nóttu og degi. Áhöldunum hins bezta. Viðskifti Íslendinga óskast. ÓLAFUR G. ÓLAFSSON, Íslendingur, afgreiðir yður. Heimsækjið hann.—
O. ROY, eigandi.

WINNIPEG Business College
Cor. Portage Ave and Fort St.
28. ÁR.
FÉKK FYRSTU VERÐLAUN Á SAINT LOUIS SÝNINGUNNI.
Dag og kveldkensla. Talsími 48.
Haustkensla byrjar 1 Sept.
Bæklingur með myndum ókeypis.
Skrifið til: The Secretary, Winnipeg Business College, Winnipeg, Man.

A. S. BARDAL.
Selur líkkistur og annast um útfarir. Allur útbúnaður sá bezti. Ennfremur selur hann alskonar minnisvarða og legsteina.
121 Nena St. Phone 306

HEIMSKRINGLU og TVÆR skemtilegar sögur fá nýir kaupendur fyrir að eins $2.00

Giftingaleyfisbréf
selur: Kr. Ásg. Benediktsson
528 Simcoe st. Winnipeg.

—THE—
"Arena"
Þessi vinsæli skautaskáli hér í vesturbænum er nú opinn. Isinn er ágætur. 18DA MOUNTED RIFLES BAND SPILAR Á ARENA. KARLM. 25c.—KONUR 15c.
Chas. L. Trebilcock, Manager.

JIMMY'S HOTEL
BEZTU VÍN OG VINDLAR.
VÍNYRKJARI T.H.FRASER, ÍSLENDINGUR.
James Thorpe, Eigandi

A. S. TORBERT'S
BAKARASTOFA
Er í Jimmy's Hótel. Besta verk, ágæt verkfæri; Rakstur 15c en Hárskurður 25c. — Óskar viðskifta Íslendinga. —

MARKET HOTEL
146 PRINCESS ST. á móti markaðnum
P. O'CONNELL, eigandi, WINNIPEG
Beztu tegundir af vínföngum og um. aðhlynning góð húsi end bezt

Woodbine Hotel
566 MAIN ST.
Sömuleiðis Billiard Hall í Norðvesturlandinu
Tíu Pool-borð.—Alskonar vín og vindlar
Gisting og fæði: $1.00 á dag og þar yfir
Lennon & Webb
Eigendur.

sem presturinn færðist undan, þá dugði það ekki. Lovísa tók í annað frakkalafið, Óskar í hitt, og hinar þrjár litlu stúlkurnar ýttu á hann. Húsfrú Bergholm hló að vandræðum manns síns, og þegar hann bað hana um hjálp, þá hjálpaði hún börnunum að ýta honum áfram.

"En börn, Brita Caisa", kallaði presturinn, bæði hlæjandi og ávítandi, "eruð þið frávita, ætlið þið að rífa mig í sundur, svona, svona, látið þið mig nú í friði.

"Nei, pabbi verður að dansa, pabbi verður að dansa", kallaði allur hópurinn, "það er gott fyrir pabba að dansa".

Við það sat. Presturinn varð að fara með, þangað til börnin hættu og röðuðu sér í kring um jólatréð.

Systurnar höfðu ekki veitt því eftirtekt, að Óskar hvarf meðan á dansinum stóð, en söknuðu hans, þegar hætt var.

"Hvað varð af Óskari?" sagði María.

Það vissi enginn.

Loksins opnuðust dyrnar og inn kom jólahafur með myndarlegum hornum, telpurnar hljóðu bæði af gleði og hræðslu. Hafurinn var allur loðinn og gekk á fjórum fótum, en stirður og klaufalegur var hann í hreyfingum sínum.

Á gornum hafursins hékk karfa með lokuðum bögglum í.

"Þetta er sjálfsagt Óskar bróðir", kallaði Ulla, og klappaði saman lófunum. "Sko, þarna kemur hann og ætlar að stanga mig, hjálp, systur".

En þær hlóu, hlupu á móti hafrinum og tóku körfuna af hornum hans. Hafurinn hljóp í kring um stofuna, stangaði húsfrú Bergholm í bakið, hljóp svo út og sást ekki framar. Skömmu á eftir kom

Óskar inn, en ekki kvaðst hann víta neitt um þenna ferlætta gest, þegar hann var spurður um hann.

Svo voru böglarnir opnaðir og jólagjafirnar komu í ljós. Það voru ekki verðmiklar gjafir, en þær voru þegnar með ánægju og hjartanlega fyrir þær þakkað.

Barnabækur handa yngri systrunum, fáeinar þýzkar og franskar bækur handa Maríu, vesti handa Óskari, brúða handa Ullu og annað smávegis, sem foreldrar og börn geta glatt hvert annað með á víxl, verulegs kostnaðar. Þetta var öll dýrðin, sem framleiddi gleðina á þessu fátæka prestsheimili.

Óskar gaf föður sínum verðmikið eintak af Virgili opera, sem hann keypti á uppboði í Gautaborg. Hann hafði oft heyrt föður sinn óska sér að hann ætti það, og þarf ekki að lýsa ánægju gamla mannsins yfir gjöf þessari.

"Þú hefir gert mig sannarlega ánægðan", sonur góður", sagði presturinn, um leið og hann klappaði á öxl Óskars. "Þessi bók er mjög sjaldgæf, — — og svo fallega bundin".

"Já, sagði Óskar, "og samt fékk ég hana með góðu verði, því í Gautaborg kæra menn sig ekki um latínu, og þess vegna bauð enginn í hana. En á morgun kemur Móritz, og það mun gleðja hann að sjá þessa bók. Ó, mig langar svo mikið til að sjá hann aftur. Er hann orðinn stór?"

"Já", svaraði presturinn, "hann er stór og duglegur. Annað kvöld kemur hann hingað. Ég bauð honum að koma í kvöld, en hann vildi heldur vera heima hjá móður sinni, blessað barnið. Húsfrú Sterner er orðin vesæl aftur. Vesalings konan, hún eyðileggur líf sitt fyrir son sinn með vinnunni".

"Er enginn, sem hjálpar henni?"

"Hún vill enga hjálp þiggja. Hún er ein af þessum eðallyndu, stoltu og sterku konum, sem held-

ur vilja líða skort en vera öðrum til byrði. Hingað til hefir hún lifað af vinnu sinni, þó erfitt hafi gengið stundum, en um það talar hún aldrei. E hún að eins lifir svo lengi, að uppeldi sonar hennar sé lokið, þá deyr hún ánægð, því fyrir hann eingöngu lifir hún. Ó, það er aðdáunarverð móðir".

"Og Móríts?" spurði Óskar, "hann er sjálfsagt eins og hann var, frómur og góður, iðinn og duglegur við grammatica latina?"

"Honum hefir mikið farið fram í því síðastnefnda. Umhyggja hans fyrir móðurinni, réttlæti og ráðvendni hans eru söm og áður, svo ég hefi fylstu ástæðu til að vera ánægður með hann, en samt sem áður er ég órólegur fyrir framtíð hans".

"Hvers vegna, pabbi?"

"Ég er hræddur um, að í þessari námfúsu sálu felist sterkar ástríður. Með réttri leiðbeiningu verður hugsun hans án efa ástrík og mild, en ef hann ratar í ógæfu og verður fyrir rangæti og ofsóknum, er ég hræddur um, að hjá honum þróist hatur í stað ástar. Meðan móðir hans lifir, er honum engin hætta búin, en ef hann missir hana og verður einmana og án leiðbeiningar, er honum hætta búin; hann getur að sönnu unnið sigur á mótlætinu, en hann getur líka fallið. Grunur minn segir mér að fyrir honum liggi þungar þrautir".

"Og húsfrú Sterner hefir enn ekki auglýst, hver faðir Móritz er, eða hvað hann hét?"

"Nei, ég veit ekki, hvað hann hefir heitið. Það lítur út fyrir, að hún hafi með eiði lofað að þegja yfir því. Mér hefir hún sagt, að maður sinn hafi látið menta sig áður enn hann gekk að eiga hana. Seinna meir tók hann sér ferð á hendur til útlanda, og skildi hana og barnið eftir allslaus. Hann dó á bezta aldri af slysatilfelli, og gat ekki leyst hana frá loforði því, sem hún hafði gefið honum, að opinbera

ekki giftingu þeirra. Þetta loforð hefir hún dyggilega eínt, þrátt fyrir það, að henni var innan handar að sanna heimild sonar sins til nokkurs hluta þess arís, sem í heild sinni hefir orðið annars eign".

"Er það ekki of langt farið", sagði Óskar, "að fórnæra löglegri heimild sinni, og setja sig og son sinn í voða í framtíðinni, sökum loforðs, sem gefið var dauðum manni?"

"Það er margt, sem mælir bæði með og móti, en hún álítur sig breyta rétt. Og hvað sem sagt er um þessa skoðun, þá er hún aðdáunarverð".

"Svona nú", sagði frú Bergholm, "maturinn er komínn á borðið, og ef þið ekki komið strax, þá kólnar hann".

"Það er gott, Brita Caisa, það er gott", sagði presturinn. "Ég er líka orðinn svangur. Er búið að bera á borð fyrir vinnufólkið, og er það ánægt?"

"Já, og það hefir fengið jólagjafir. Stína og Jóhanna sína svuntuna hvor og Pétur vesti. Það er nú að borða og fjasar og masar svo um munar".

Foreldrarnir og börnin settust nú að borðinu.

"Gott, gott, þá skulum við fara að borða". Maturinn var hvorki margbrotinn né kostbær, en kryddið var ást og ánægja, sem öllum kom vel.

Þegar staðið var upp frá borðum, settist presturinn í hægindastólinn sinn og kallaði börnin til sín.

"Börn", sagði presturinn, "við höfum nú skemt okkur og verið kát. Guð hefir borið umhyggju fyrir okkar líkamlegu nauðsynjum, og þó við séum fátæk, þá höfum við notið þessara jóla með ánægju. Áður en við háttum, verðum við því að þakka guði allar hans góðu gjafir. Viljið þið það ekki?"

"Jú, jú", svöruðu öll börnin, "lestu sálm fyrir okkur, góði pabbi, fallegan jólasálm".

"Það skal ég gera", svaraði presturinn, "en farið

Miðsvetrarsamsæti Íslendinga í Saskatchewan.

Miðsvetrar-samsæti var haldið hér að Leslie þann 20. þ.m., eins og auglýst hafði verið í íslenzku blöðunum. Samsæti þetta var haldið í hinu nýbygða samkomuhúsi Goodtemplara, og mun hafa verið hin fjölmennasta samkoma, sem haldin hefir verið hér í þessari bygð, því alls mun þar hafa verið samankomið um hálft þriðja hundrað manns.

Samsætis-skrá samkomunnar var eftirfylgjandi:

Samkoman sett kl. 8 síðdegis, með stuttri ræðu af formanni framkvæmdarnefndarinnar, hr. Snorra Pálssyni. Tilgangi samkomunnar lýst og allir beðnir velkomnir.

Þar eftir var sungið: "Hvað er svo glatt sem góðra vina fundur". Borðhald hófst að því búnu, og tóku víst allflestir ósleitilega til matar, enda var þar gnægð hangikjöts, sperðla, rúllupylsu og sviða, ásamt fleirum mat íslenzkum, en hvorki var þar hákarl eða harður fiskur, og þótti mörgum lakara; en þá vöru mun ekki auðvelt að útvega sér nema með lengri tíma, því kunnugt er oss um það, að allmikið var gert til að ná í harðfisk, en kom fyrir ekki.

Eftir að menn höfðu matast um stund, hófust ræðuhöld, og talaði fyrstur fyrir minni Íslands hr. dr. Sig. Júl. Jóhannesson, og þar eftir var sungið nýorkt kvæði eftir hr. cand. Lárus Sigurjónsson. Næstur talaði fyrir minni fornmanna hr. Guðmundur Eyfjörð, og þar eftir sungið kvæði eftir hr. Lárus Nordal. Þá talaði fyrir minni Vestur-Íslendinga hr. prestur R. Fjeldsted. Fyrir þessu minni hafði ekki verið orkt neitt kvæði, en hornleikaraflokkur frá Wynyard lék fjörugt lag eftir ræðuna. Þá mælti Grímur Laxdal fyrir minni kvenna, og var þar eftir sungið kvæði eftir hr. Jón Jónsson frá Mýri. Fyrir minni bygðarinnar talaði hr. Jón S. Thorlacius, og var þar eftir sungið kvæði eftir hr. dr. Sig. Júl. Jóhannesson.

Hér var samsætis-skránni aðallega lokið, að undanteknum dansi fyrir unga fólkið. En áður hann hófst voru þeir heiðursgestirnir hr. B. L. Baldwinson og hr. Friðjón Friðriksson, frá Winnipeg, beðnir að tala fáein orð.

Talaði þá fyrst hr. B. L. Baldwinson, af svo miklu fjöri, sem honum er lagið, að ekki var eitt það andlit, er ekki hló, og varð af góð skemtun, og mikið lófaklapp.

Þar næst talaði hr. Friðjón Friðriksson með sinni vanalegu gagnorðu stillingu, og var ekki síður að því góður rómur gefinn.

Milli ræðuhaldanna var ýmist sungið eða hornleikaraflokkurinn spilaði. Fór hvorutveggja fram undir handleiðslu hr. tónfræðings Helga Helgasonar, frá Wynyard, og máttu allir þakka honum og flokk hans ágæta skemtun, enda mun það og einhuga hafa verið gert.

Þegar hér var komið, voru borð tekin upp og nú var unga fólkinu gefinn kostur á, að sýna sina frábæru fótamentun, enda mun mörgum hafa þótt mál komið til, að fá að hreyfa fæturna með fallega stúlku í fanginu, ekki sízt þeim, sem álíta ekkert annað eiga að vera á prógrammi á samkomum en dans. Þegar menn um tíma höfðu tekið úr sér hrollinn með því að hringsnúast og hampa kvenfólkinu, var framborið kaffi til hressingar, og þá sagði hr. Jón Jónsson frá Munkaþverá ágrip af ferðasögu sinni til Íslands á síðastliðnu sumri og hausti. Þar næst talaði Grímur Laxdal nokkur orð fyrir minni hr. Helga Helgasonar tónskálds og hornleikaraflokksins, og þar eftir var sungið kvæði eftir hr. Lárus Nordal.

Síðast talaði hr. dr. Sig. Júl. Jóhannesson til gestanna, þakkaði öllum komuna og gaf mönnu vonir um það, að hann mundi ekki liggja á liði sínu til þess að menn á næsta vetri á sama tíma og sama stað gætu fengið skemtun líka þessari, og ekki lakari. Var að því góður rómur gerður.

Dansinn hélt áfram, þar til dagur var um alt loft. Skildust þá allir sáttir og sammála um það, að ekki hefði betri skemtun verið haldin hér í vesturbygðum áður.

VIÐVERANDI.

Frumort kvæði flutt á samsætinu.

MINNI BYGÐARINNAR.

Það foreldrum ber, þegar barnið er fætt,
að byggja því framtíðarvegi,
að varðveita líf þess og láta þess gætt,
að lifandi glatist það eigi,
að veita því svölun og saðning og yl
og sönnustu mentun, er lifið á til.

Að skapa því krafta og djörfung og dug
og drenglyndi, einurð og nenning;
að leiðbeina sól inn í sál þess og hug
og sjálfstæði, þroska og menning;
að styrkja svo hjarta þess, hönd þess og fót,
að hægt sé til viðnáms, ef snúist er mót.

Já, barnið á heimting á handleiðslu þess,
er hóf það úr tilveruleysi;
hvert foreldri eignast með svikurum sess,
þótt sjálfu sér hástóla reisi,
ef barnið sitt viljandi vanrækt það sér
og veitir ei alt það, sem mögulegt er.

En hvort er sá betri — ef hann væri til —
sem hallmælir bygðinni sinni,
sem á ekki' í hjarta sér hlýju né yl
til hennar, svo grannar hans finni?
Nei, hann er ei betri — það hamingjan veit, —
en hann finnur enginn í þessari sveit.

Oss bygðin er öll eins og óskabarn kært,
vér öll eins og foreldri hennar;
hvert blóm, sem hún vekur, skal vökvað og nært,
hvern veikjandi þistil skal brenna.
Guð blessi hvern einasta blett, sem hún á,
hvert blað, sem hún fellir, hvert vaxandi strá.

Sig. Júl. Jóhannesson.

MINNI FORNMANNA.

Þótt árin liði í aldaskaut
sem ís í sæ,
er fornmannanna frægðarbraut
samt fögur æ.

Því bautasteina betri en gull
þeir bygðu sér.
Og hvar finst Egils óðsnild full
með okkur hér?

Og fræknleik Gunnars, göfgi Njáls
æ girnist þjóð.
Og fróðleik Snorra, fegurð máls
hún fékk í sjóð.

Og Helga magra höfðingsskap
í háum rann.
Já, það er ekkert þjóðartap
að þekkja hann.

En lukku Ingólfs landið hlaut,
sem lagt er snæ,
og fornmannanna frægðarbraut
sést fögur æ.

LÁRUS NORDAL

MINNI HELGA HELGASONAR.

Nú velkominn vertu á fagnaðarfund,
með fjörið og lífið í æðum.
Þú færir í huga vorn fjölmarga stund
það fegursta úr skáldanna kvæðum.

Þú syngur í hugann svo heillandi ró
með hljómfögru tónunum þýðu.
Þú syngur í hugann svo þróttmikið þó,
en þrungið af laðandi blíðu.

Þótt haustið sé komið og hárið sé grátt,
þig hefir ei tónsnildin flúið.
Ó, syngdu enn lengi! Ó, syng fram á nótt,
unz sagt verður: "Lagið er búið".

L. NORDAL.

MINNI KVENNA.

Mér verður örðugt orðaval
að yrkja minni kvenna,
því ef það sanna segja skal
það sumir hræsni kenna.
Vér getum lofað látin sprund
og lýsing gefið sanna,
en gírnumst ekki Gyðings-lund
við grafir spámannanna.

Ég veit að konan verður frjáls,
er vizkan lögum ræður.
Þá leggja menn ei hlekk um háls,
en hönd, sem gölgir bræður.
Ég veit þá konan vinnur það,
er vann á tímum öllum:
þeim helgidómi hlúir að,
er heimili vér köllum.

Þó vikki kvenna verkasvið
og vald þær meira hljóti
þeim hverfur ei sitt helga mið
í heims-lífs öldurót.
Þær munu snemma sýna og seint,
hvað sé þeim öllu kærra,
því móðurástin merki hreint
ber merkjum öllum hærra.

Af öllu hjarta óskum vér,
að ástarhíti kvenna
nú megni alt sem miður fer
úr mannlífinu brenna,
svo alt hið dimma glæpa gróm
með göngu hvers dags þverri,
en göfuglyndis gullin blóm
skýrt glói' í sálu hverri.

JÓN JÓNSSON, (frá Mýri)

Hver vill eiga skildinga?

Herra Magnús J. Borgfjörð að Hólar P.O., Sask., biður þess getið, að hann hafi umboð til þess að lána peninga og selja eldsábyrgðir víðsvegar í Quill og Valley bygðum. Félög þau, sem hann hefir umboð fyrir, eru traust og áreiðanleg. Hann selur Hudsons flóa félags lönd og C.N.R. félags lönd og lönd, sem eru eign privat félaga.

Þeir, sem vildu fá sér landskika eða skildingalán, ættu að finna Magnús að máli. — það kostar ekkert, að tala við hann og upplýsingar veitir hann öllum ókeypis.

JÓN JÓNSSON, járnsmiður, að 790 Notre Dame Ave. (horni Toronto St.) gerir við alls konar katla, könnur, potta og pönnur fyrir konur, og brýnir, hnífa og skerpir sagir fyrir karlmenn. — Alt vel af hendi leyst fyrir litla borgun.

Hvað er að?

Þarftu að hafa eitthvað til að lesa? Hver sá er vill fá sér eitthvað nýtt að lesa í hverri viku, ætti að gerast kaupandi að Heimskringlu.

Hún færir lesendum sínum ýmiskonar nýjan fróðleik 52 sinnum á ári fyrir aðeins $2.00. Viltu ekki vera með?

THE DOMINION BANK

HORNI NOTRE DAME AVENUE OG SHERBROOKE STREET

Höfuðstóll uppborgaður: $4,000,000.00
Varasjóður - - - $5,400,000.00

SPARISJÓÐS DEILDIN:

Vér veitum sparisjóðs innleggjendum sérstakt athygli, og borgum hæztu vexti á sparisjóðs innleggjum af $1.00 og yfir. — Barna innlegg velkomin. — Seljum peningaávísanir á ÍSLAND.

H. A. BRIGHT, RÁÐSMAÐUR.

Með því að biðja sérlega um "T.L. CIGAR," þá ertu viss að fá ágætan vindil.

T.L. CIGAR

(UNION MADE)

T.L.

Western Cigar Factory
Thomas Lee, eigandi Winnipeg

Redwood Lager og Extra Porter

Styrkið taugarnar með því að drekka eitt staup af öðrum hvorum þessum ágæta heimilis bjór, á undan hverri máltíð. — Reynið !!

EDWARD L. DREWRY Manufacturer & Importer Winnipeg, Canada.

Department of Agriculture and Immigration.

MANITOBA

Þetta fylki hefir 41,169,089 ekrur lands, 6,019,200 ekrur eru vötn, sem veita landinu raka til akuryrkjuþarfa. Þess vegna höfum vér jafnan nægan raka til uppskeru tryggingar.

Ennþá eru 25 miliónir ekrur óteknar, sem fá má með heimilisrétti eða kaupum.

Íbúatala árið 1901 var 255,211, nu er hún orðin 400,000 manns, hefir nálega tvöfaldast á 7 árum.

Íbúatala Winnipeg borgar árið 1901 var 42,240, en nú um 115 þúsundir, hefir meir en tvöfaldast á 7 árum.

Flutningstæki eru nú sem næst fullkomin, 3516 mílur járnbrauta eru í fylkinu, sem allar liggja út frá Winnipeg. Þrjár þverlandsbrauta lestir fara daglega frá Winnipeg, og innan fárra mánaða verða þær 5 talsins, þegar Grand Trunk Pacific og Canadian Northern bætast við.

Framför fylkisins er sjáanleg hvar sem litið er. Þér ættuð að taka þar bólfestu. Ekkert annað land getur sýnt sama vöxt á sama tímabili.

TIL FERDAMANNA:

Farið ekki framhjá Winnipeg, án þess að grenslast um stjórnar og járnbrautarlönd til sölu, og útvega yður fullkomnar upplýsingar um heimilisréttarlönd og fjárgróða möguleika.

R. P. ROBLIN,
Stjórnarformaður og Akuryrkjumála Ráðgjafi

Skrifið eftir upplýsingum til

Joseph Burke, 178 LOGAN AVE., WINNIPEG.
Jas. Hartney, 77 YORK ST., TORONTO.

ALDREI SKALTU geyma til morguns sem hægt er að gera í dag. Pantið Heimskringlu í dag.

"Hefirðu nokkurntíma heyrt slíkan söng?" hvíslaði barún Y. að lautinant X.

"Nei, aldrei á æfi minni".

"Ég held ég vildi gefa tíu ár af æfi minni til þess að mega eiga þessa stúlku í tíu stundir", sagði barún Y.

"Þey, Eberharð getur heyrt til okkar".

"Það er nú engin hætta á því, hann er of hrifinn af að horfa á hana til þess. En sjáðu, hve myrkt tillit hans er. Það gengur eitthvað að leikbróður okkar, hann er naumast með sjálfum sér".

"Ég hefi oft haldið það", hvíslaði X., það er einhver sár og dulin sorg, sem kvelur hann. Máske Angela ætli að yfirgefa hann, og þá furðar mig ekki, þó hann sé stúrinn".

"En hvar og hvernig hefir hann náð í þessa stúlku?"

"Ó, hann er ríkur, og fyrir peninga fær maður alt. — Ef ég ætti milión vildi ég eyða helmingi hennar til að tæla þessa fögru stúlku frá honum".

"Það er orðið framorðið, svo við verðum að fara", sagði lautinant U., sem nú kom til þeirra.

Gestirnir kvöddu nú og fóru, þegar þeir voru búnir að kyssa á hendi Angelu og þakka henni fyrir skemtanina. Crispin fór til herbergja sinna, en áður litu þau hvort til annars, hann og Angela, því þau gátu talað saman með auðgunum, sem maður kallar svo.

Eberharð og söngmærin voru nú einsömul.

"Ó, Angela", sagði greifinn áfergjulega, og tók hana í faðm sinn ..... "en hvað þú ert fögur. Ég elska þig".

Hann þrýsti henni að brjósti sínu og ætlaði að kyssa hana, en hún smaug úr faðmi hans.

"Ekki núna, — — góða nótt", sagði hún.

Hún sneri sér við og ætlaði að fara.

Greifinn þaut á eftir henni, greip í kjólinn hennar og sagði:

"Ó, Angela, lofaðu mér að koma með þér".

Hún sneri sér að honum og lék þá hæðnisbros um varir hennar, en það sá greifinn ekki.

"Eberharð", sagði hún, "ég var of eftirgefanleg, þegar ég fylgdi þér til þessa lands. Ég iðrast þess of seint. Þú verður að fara með mig til ættlands míns aftur".

"Þú elskar mig þá ekki", sagði greifinn örvænt-andi.

"Flóniið þitt", sagði þessi fagra stúlka um leið og hún strauk lokkana frá enni hans og horfði glettnislega í augu honum, "hlýt ég ekki að elska þig meira enn ættland mitt, fyrst ég yfirgaf það til að fylgja þér? En alt hefir sín takmörk. Flyttu mig aftur til Milano og vertu þar hjá mér. Ástin kell til dauða hér á Norðurlöndum".

"Ó, segðu ekki þetta, það gerir mig örvilnaðan", sagði Eberharð og þrýsti henni að brjósti sínu. — "Taktu líf mitt — taktu eignir mínar — taktu alt, sem þú vilt, Angela, en elskaðu mig að eins".

"Hve mörgum stúlkum hefir þú ekki sagt þetta sama, Eberharð", svaraði Angela. "Maður getur ekki reitt sig á þig í neinu".

"Ég get svarið það, að ég hefi aldrei elskað nokkra stúlku neitt líkt því, sem ég elska þig", sagði greifinn með ákefð. "Þú ert sú eina, sem kveikt hefir í huga mínum það ástarbál, sem liggur við að svifta mig vitinu".

"Nú, jæja — ég skal trúa þér — En nú ætla ég að bjóða þér góða nótt".

"Angela", sagði greifinn og féll á kné frammi fyrir henni, "af hverju ertu svona voðalega köld? Ó, leyfðu mér að fylgjast með þér".

"Nú, jæja, komdu þá", sagði hún eftir litla umhugsun.

Eberhard stóð upp og fór með henni.

3. Á prestssetrinu.

Við skulum nú yfirgefa höfðingjasetrin, fyrst við erum búnir að sjá, hvernig þar eru haldin jól, og heimsækja annað heimili.

Í litlu stofunni á prestssetrinu var ekki búið að kveikja ljós, en eldurinn í ofninum brann ljörlega, og í kring um hann sat öll fjölskyldan.

Undirbúningnum undir hátíðina var nú lokið, og húsmóðirin sat glöð og ánægð við hlið manns síns, mitt á meðal barna sinna, því Óskar hafði komið heim fyrir jólin. Stúlkurnar fjórar, María, Lovísa, Lotta og Ulla hópuðust utan um föður sinn, en Óskar sat á fótaskemil við fætur móður sinnar, og taldi upp það fallegasta, sem hann hafði séð í Gautaborg, hversu iðinn hann væri og hversu ánægður hann væri með núverandi stöðu sína. Friður og ánægja ríkti yfir öllum og öllu á þessu fátæka prestssetri.

"Brita Caisa", sagði presturinn, "hefirðu sent nokkuð til Stínu Lísu og dóttur hennar, sem er veik?"

"Já, góði Bergholm minn, ég hefi sent þeim brauð og ljós og fleira. En Greta átti engan eldivið og var kalt, svo ég sendi henni fatnað og heitan mat. Var það rétt?"

"Já, góða kona", svaraði presturinn, "við verðum að hjálpa þeim fátæku að svo miklu leyti, sem

við getum. Það er leiðinlegt, að ríku höfðingjarnir í Liljudal og Óðinsvík skuli ekkert hlynna að hinum fátæku verkamönnum sínum. En ég skal minna þá á skyldu sína, ef þeir koma nokkru sinni í kirkju. Það getur nú verið, að þeir þekki ekki kringumstæðurnar, en þá þarf að láta þá vita um þær".

"Það borgar naumast ómakið", sagði frúin, "þeir skeyta ekkert um þá, sem bágt eiga".

"Ég verð einhverntíma að heimsækja þessa herra, og þá skal ég segja þeim sannleikann aldráttarlaust"

"Þeir bara hlæja að þér, góði minn", sagði frúin, "láttu þá eiga sig sjálfa".

"Brita Caisa", sagði presturinn alvarlegur, "það er skylda mín. Hvergi í Wermlandi er jafnmikil fátækt og hjá verkamönnum Stjernekrans greifa og barúns Ehrenstams. Greifinn er nýlega kominn heim úr ferðalagi og þekkir ekki ástæðurnar, svo það verður að segja honum frá þeim. Það var öðruvísi ástatt á Óðinsvík meðan faðir þessa greifa lifði. Hann sá um, að enginn ætti bágt. Það verður að minna soninn á, að feta í fótspor föður síns. En eigum við ekki að fara að kveikja ljósin á jólatrénu, svo börnin geti skemt sér? Ulla mín góð, hlauptu fram í eldhús og segðu Stínu að koma inn og kveikja".

Allar litlu stúlkurnar þutu fram og kölluðu hver í kapp við aðra: "Stína, Stína, þú átt að koma inn og kveikja á jólatrénu. Komdu fljótt. Ó, það er gaman!"

Jólatréð var flutt út á mitt gólfið og ljósin kveikt, börnin voru fyrirtakskát, einkum Óskar.

"Nú skulum við dansa í kringum það", sagði Lotta. "Komdu nú pabbi og mamma, þið verðið að dansa með okkur".

Foreldrarnir máttu til að vera með. Hvernig

Á hólmi freistinganna.

Prédikun, flutt í Fjalldalakirkju 13. febr. 1. sunnudag í föstu, 1910, eftir

F. J. Bergmann.

BÆN.—Mildiríkj faðir á himnum. Hugur vor lyftir sér sorgbitinn fram fyrir þig, því vér finnum sárt til synda vorra og yfirsjóna og játum og skiljum, hve illa vér oft og tíðum höfum farið að ráði voru, einmitt á reynslustundum lífsins, sem þú sendir oss, til að ná þroska og fullkomnun í hinu góða. Vér fyrirverðum oss, er vér hugleiðum, að börn, sem eiga svo elskulegan föður, skuli eigi hafa látið sér betur hepnast að lifa samkvæmt heillögum vilja þínum.

En vér biðjum þig, þú sem ert þolinmóður og átt það langlundargeð, sem aldrei þreytist: Kenn oss að sigra á hólmi freistinganna. Þegar hið illa í oss og umhverfis oss leitast við að toga oss af réttri leið og koma oss til að svíkja hið sannasta og bezta, sem vér þekkjum, hjálpa oss þá, blessaði faðir á himnum, að standa stöðugir, eins og hann stóð stöðugur, sem þú gafst heiminum. Kenn oss þá að skilja vora eigin velferð. Og kenn oss þá að feta í heilögu fótsporin hans. Vér biðjum í Jesú nafni, Amen.

Ræðutexti Mt. 4. 1—11.

Við freistingarsögu frelsarans könnumst vér allir. Hún er eitt af því, sem komið er inn í meðvitund kristinna manna. Eitthvað dularfult og óskiljanlegt verður þar ávalt, sem hugur vor á eftir að gera sér grein fyrir og leysa úr og geymast verður ellilðinni. En svo er um svo margt hið æðsta og göfugasta, er vér eigum. Það er stærra en svo, að vér ráðum við það í þessu lífi.

Frásagan um freistinguna hlýtur að hafa komið til lærisveinanna frá frelsaranum sjálfum. Hún kom fram við hann einan og þar voru engin mannleg vitni til frásagnar. Og líklega hefir það eigi verið fyrr en þeir voru orðnir honum vel kunnugir og handgengnir, að hann hefir sagt þeim frá því dularfulla sálarstríði, sem hann átti í, áður hann hóf kenningu sína og lausnarstarf á Gyðingalandi.

Flestir eru fámálugir um slíka hluti, — eftir því varasamari, sem meira er í þá spunnið. Endurminningarnar um sársaukann, er fylgt hefir, eru eins og fleinn, sem hnitið hefir í hjartastað. Eitthvað af hjartataugunum fylgir, ef út er kipt. En hann hlífði sér eigi við neinum sársauka, vor vegna. Hann hefir vitað, hve dýrmæt hún yrði öllum heimi. Vér fáum ekki skilið, hvernig kristnin mætti án hennar vera.

Þau atvik, er sýna oss inn í sálir mannanna, eru dýrmætari atvikin í lífi þeirra. Þau eru tiltölulega fá í samanburði við hin ytri atriði, sem vér fyllum oft huga vorn með og græðum lítið á. Baráttan í eyðimörkinni, baráttan í grasgarðinum og angistarópið á krossinum eru alt sams konar atvik. Þau sýna oss inn í sálu frelsarans. Vér stöndum hugfangnir og steini lostnir. Dýpstu strengir sálar vorrar fara að titra. Vér þekkjum sjálfa oss. Og vér skiljum, að sál hans var háð sama sársaukans lögmáli og sálir vorar.

En torvelt hefir það eflaust verið umfram flest annað, að koma lærisveinunum í skilning um þetta, sem fram við hann hefir komið. Það er hverjum hversdagsmanni ofætlan, að skilja hugarstríð göfugmennis, er stendur honum óumræðilega mikið ofar að sálargöfgi og sálargáfum. Og lærisveinarnir voru eigi annað en hversdagsmenn. Hve fátækt þeirra sálarstríð hefir verið í samanburði við hans! En eitthvað slíkt hafa þeir samt þekt og kannast við af eigin reynslu. Lítill lykill opnar oft stórar dyr.

Hið fyrsta, sem vér látum oss skiljast, er að freistingarsagan sé alls eigi um neinn ytri atburð, er fram hafi farið með líkamlegum hætti, heldur einungis andlegur atburður á svæði sálarlífsins. Hún er eins veruleg fyrir því, — enn verulegri dirfist ég að segja. Hún leiðir oss fyrir sjónir baráttuna, sem fram kom í sálu frelsarans, er hann gerði sér ljóst, að Messíasar-starfið var honum ætlað.

Skírnin var honum köllun og vígsla til þess háleita embættis. Köllunar-augnablikið ef til vill stærsta augnablikið á æfi hvers manns, þegar hið dýpsta og sannasta, sem til er í eðli hans, rís upp og segir til sín. Ætlunarverkið blasir við og birtist í fegurð og dýrð, — hið stærsta og háleitasta, sem hugurinn getur þanið sig út yfir. Því minna er engum ætlað.

En á eftir fer vitur maður að velta fyrir sér, hvað það kosti. Maður, sem mikið er gefið, sér sársaukann og baráttuna framundan. Hann rennir grun í, að þetta muni ekkert minna kosta en sjálfsfórn. Vitaskuld hafa ókomnar þrautir varpað enn þá gleggri skugga inn í sálu hans en nokkurs annars, og af því það liggur í mannlegu eðli, að óttast fórnina og skjálfa, og titra frammi fyrir henni, kemur sú freisting fram í huga vorum, að beygja af leið eða beita einhverjum brögðum svo fórnin verði eigi jafn-tilfinnanleg.

Markúsar guðspjall er elzt allra guðspjallanna og þess vegna næst viðburðunum. Það segir frá freistingunni með lang-fæstum orðum, er hljóða svo:

"Og þegar (eftir skírnina) knýr andinn hann út á eyðimörkina, og hann var á eyðimörkinni fjörutíu daga og hans var freistað af Satan, og hann var meðal villidýranna; og englarnir þjónuðu honum".

Frásögur þeirra Matteusar og Lúkasar eru að minsta kosti einum tíu til tuttugu árum yngri. Þær má því helzt skoða sem skýringar kristinna manna seint á fyrstu öld á því, sem fram kom við frelsarann. Á austurlenzku líkingamáli er þar bent á freistingaratriðin, hver þau hafi verið. Það, sem fram fór í sálu frelsarans, verður eins lifandi fyrir hugskotssjónum vorum og þettirnir í grískum harmsöguleik.

Fyrst steinarnir og brauðin. Jesú vissi um hungrið á Gyðingalandi og — hungrið í heiminum. Hann þekti fátæktina og skortinn. Tilfinning óumræðilega næm einmitt fyrir þessu örbirgðarböli mannanna, var honum meðfædd. Hann sá hvarvetna Lazarus fyrir dyrum ríka mannsins. Honum hefir blætt það böl í augum frá því, er hann fyrst veitti lífinu eftirtekt.

Nú var freistingin þessi: Breyt nú þeim steini í brauð. Læknaðu hungrið. Léttu af heiminum þessu kvalræði — þessari skerandi fátækt, sem liggur eins og martröð á mannfélaginu. Beittu öllum mætti þínum til að bæta úr líkamlegum skorti, sem gerir lífið að kvalafullri prísund fyrir meiri hluta mannkynsins. Láttu endurlausnarverk þitt vera í því fólgið, að margfalda fiskana og brauðin, svo allir fái nóg og tólf karfir fullar að leifum. Það skal ganga fljótt. Og það skal ganga vel. Slíkt kunna allir að meta. Og hvorki skulu farísear né fræðimenn fá reista rönd við, að lýðurinn kannist við lausnarverkið mikla.

En það var eigi hið æðsta. Æðra og göfugra ætlunarverk en þetta hafði hann séð sér ætlað, er hann stóð á bökkunum við Jórdan og vatnið draup úr hári hans. "Maðurinn lifir ekki af brauði einu saman, heldur af sérhverju orði, sem fram gengur af guðs munni". Brauðið er gott. En hugsanir guðs eru betri. Sælt er að seðja líkamlegt hungur. Sælla er þó að veita hungruðum mannsanda næring. Sú leiðin er ólíkt erfiðari — og blóð í hverju spori. En hana geng ég. Ég má ekki taka niður fyrir mig.

Þá kemur önnur freisting. Sá, sem steypti sér niður af þakbrún musterisins, yrði viðurkendur þegar í stað. Með þeim hætti átti lýðurinn von á Messíasi — fallandi niður af himni, eins guðdómlegri jartegn og glæsilegri, í augsýn alls fólksins. Sú von var heimska ein og hjátrú. En mátti nú eigi taka þessa hjátrú og heimsku í þjónustu sína? Var eigi sjálfstæðisþrá þjóðarinnar eðlileg? Var unt að inna af hendi fegurra ætlunarverk fyrir þjóð sína, en hrista af henni okið rómverska og gjöra hana að voldugri þjóð, sem orðið gæti miðstöð guðsríkisins á jörðunni? Það er óhætt að rísa á móti legiónunum og járnglófanum rómverska, þó ægilegur sé. Ráðið er: Hann mun bjóða englum sínum um þig og þeir munu bera þig á höndum sér, til þess þú steytir ekki fót þinn við steini.

En sá, sem beitir röngum brögðum, freistar drottins guðs sins. Gyðinglegt alveldi yfir heiminum yrði mönnunum fátæklegt fagnaðarerindi. Englar drottins hverfa frá þeim, sem ætla að leysa ætlunarverk lífsins af hendi með því að beita brögðum. "Ekki skaltu freista drottins guðs þíns".

Og sú falska augnabliks-útsýn hvarf í skyndi. En sama freistingin eftir hann síðar á öllum vegum. Hvað eftir annað verðum vér hennar varir. "Sýndu oss teikn af himni; þá skulum vér trúa". — "Ef þú ert guðs sonur, þá stíg niður af krossinum".

Hann er sendur eigi Gyðingum einum, heldur öllum heimi. Hugurinn hvarflar um alt yfirborð jarðar, þar sem búið er af mönnum. Hvernig er unt að ná til allra? Hvernig fær guðsríkið breiðst út um allan heim? Hann hefir hugsað um blindni og hleypidóma mannanna. Hann hefir hugsað um baráttuna, sem þetta myndi kosta. Hann hefir hugsað um þann óratíma, sem þetta myndi hafa í för með sér? Er engin auðveldari leið? Sú, að beita sömu aðferð og þeir, sem áður hafa leitað valda. Voldugum herra og máttugum vill heimurinn lúta. Veikan og vanmáttugan lávarð smánar hann og fyrirlítur, hversu máttugur, sem hann kann að vera í veikleikanum. Neyð þú heiminn til hlýðni og hann fellur þér til fóta á skömmtíma. — En þá verða mennirnir þrælar, en engi frjálsir þjónar — og endurlausn engin. Vík burt, Satan! Drotin guð þinn átt þú að tilbiðja og þjóna honum einum!

Alment var álitið, að sá illi ríkti í heiminum, að minsta kosti allstaðar utan Gyðingalands. Sam kvæmt því er sá illi látinn bjóða Jesú alt þetta veldi sitt, svo framarlega sem hann vildi kannast við tign hans.

Alt þetta eru hugmyndir hins fyrsta safnaðar, sem flektur var, mjög eðlilega, í hugsunarhætti þjóðar sinnar og aldar. Líkingamál frelsarans þekkist á því, hve nærri hann hélt sér veruleika lífsins. Hér er farið langt frá honum og þess vegna eru frásögur hinna síðari guðspjallamanna um freistinguna svo undur ólíkar líkingum hans og dæmisögum og hvíla á vanþekking þeirrar tíðar. Fjallið ofur-háa, er sjá má af um öll ríki veraldar, hvergi til. Menn ímynda sér jörðina flata eins og borð. Hafa enn enga hugmynd um hitt, að hún er hnöttur, og að veraldarríki eru hinum megin á hnettinum undir fótum vorum, eigi síður en vor megin. Og af því máttur hins illa var svo mikill í hugum manna á þeirri tíð, fundu þeir ekki til óhæfunnar, sem í því felst, að honum hafi verið gefið vald til að bera frelsarann eins og eifi undir hönd sér gegn um loftið. Austurlenzku ímyndunarafli þeirrar tíðar eru þetta eðlilegar myndir. En oss eru þær með öllu óeðlilegar og verða trú vorri hættulegir ásteytingarsteinar, svo framarlega sem vér höldum fast við bókstafinn.

Í bæninni, sem Jesú kendi lærisveinum sínum, — kristninnar dýrlegu fyrirmyndarbæn, faðir-vor, stendur: Eigi leið þú oss í freistni! Sú bæn tengir freistingu frelsarans við freistingar vorar. Þær eru öldungis sama eðlis. Og hans dæmi á hólmi freistinganna ævarandi fyrirmynd öllum mönnum, er þeir eru í sömu sporum staddir.

En hví eiga freistingarnar sér stað? Hví eru þessi kefli lögð fyrir hrösunargjarnan fót mannsins? Freistingarnar eru einn allraáþreifanlegasti veruleiki lífsins. Þær virðast gefnar oss í sama skyni og allir örðugleikar. Oss finst ósjaldan lífið ofurefli. Örðugleikarnir kröftum vorum langt of vaxnir. En þetta er ávalt hégómi og ímyndan. Lífið er aldrei ofurefli. Örðugleikarnir aldrei ofætlan. Þeir eru gefnir oss til að glíma við og æfa og stæla krafta vora á. Öll framför lífsins í því fólgin, að vinna bug á örðugleikum. Fjallið fyrir framan mig til að fara yfir og segja öðrum til vegar. Fljótið þarna eigi til að vinna mönnum mein og granda lífi þeirra, en til að kenna þeim að leggja brú yfir, og láta það þjóna sér. Hið illa er alt örðugleikar, er vér eigum við að etja. Þeir örðugleikarnir erfiðastir viðfangs, er vér berum hið innra með oss. Og sá örðugleikinn skaðvænlegastur allra í fari manns ins, sem fólginn er í tilhneigingunni til að hlífa sér sem mest, leggja sem allra-minst á sig, velja auðveldustu leiðina ávalt og komast hjá, að leggja nokkuð í sölur. Sú tilhneiging er freisting, sem eltir oss menn á öllum vorum vegum frá vöggu til grafar. Og hún gerir minna en ekki neitt úr lífi ótal margra.

Öll hin vandasama list lífsins virðist í því fólgin, að taka stöðugt á af alefli og draga aldrei af kröftum. Á þann hátt slíta menn kröftum, vitaskuld. En kröftum vorum er ætlað að slitna. Það er eina lifið, að fá að slíta þeim út í baráttu og stríði fyrir einhverju, er oss virðist svo gott og göfugt, að vér höfum engan frið fyrir, nema fá sem bezt af hendi leyst. Lífsins mikla freisting er að svíkjast um.

Hve nær svíkjast menn um? Þegar þeir breyta ekki eftir beztu vitund. Þegar þeir fara ekki eftir því æðsta og göfugasta, sem borist hefir inn í huga þeirra. Í hvert sinn, sem þeir hlífa sér, — velja auðveldustu leiðina í stað þeirrar torveldustu, svíkja þeir sjálfa sig og um leið lávarð lífsins og herra. Hver, sem hygst að forða lífi sínu, týnir því. Glötunin er í því fólgin, að svíkjast um, — taka niður fyrir sig, — gera eitthvað minna og lélegar, en maður átti að gera. Hjálpræðisvegurinn, sem Jesús vildi öllum kenna, að seilast ávalt eftir hinu mesta, inna ætlunarverkið af hendi, hvað sem kostar, vera trúr æðsta hugboði kærleikans, þó lífið sjálft liggi við. Á þann hátt varð hann frelsari mannanna, eilífur og ógleymanlegur.

Til hvers eru freistingarnar? Á hólmi þeirra falla svo margir. Allir menn að einhverju leyti. Og vér getum bætt við: Allir menn að svo skelfing miklu leyti. Sárustu endurminningarnar, sem fylgja oss til grafar, eru um ósigrana, er vér oft bíðum á þeim hólmi. Þaðan rann öll vor óhamingja. Þeirra vegna hættu englar lífsins að bera oss, svo fótur vor steyttist ekki á steini. Ávalt var það sjálfum oss að kenna. Ávalt gátum vér unnið sigur, ef lundin hefði verið nógu traust og trúmenskan nógu mikil.

En stöku sinnum, sumir langoftast, aðrir við og við, unnum vér sigur fyrir einhvern æðri mátt. Guð var þá svo máttugur í oss, eins og hann var í syni sínum elskulegum, Jesú, að vér létum oss eigi ginna af réttri leið, en héldum oss dauðahaldi við hinar æðstu kröfur.

Við hverja slíka sigurvinning efldist með oss alt það, sem varanlegt gildi hefir. Það, sem vér flytjum með oss yfir í eilífðina, bárum vér smám saman með oss eins og verðlaun af hólmi freistinganna. Þær voru þrautir, sem lyrir oss voru lagðar, til að festa lund vora, og kenna oss að þjóna vilja hins hæsta. Til þess Kristsmótið geti fram komið á lund vorri, verður faðir vor himneskur að láta líf vort freistingum háð, eins og hans líf var.

Hví kendi þá Jesús oss að biðja: Og eigi leið þú oss í freistni? Eitthvað af sársaukanum, sem hann hefir orðið að þola á hólmi freistinganna, hefir runnið inn í þá bæn. Hann þekti manneðlið. Hann vissi, hve óumræðilega veikum fótum það stendur á þeim hólmi. Lát ekki freistinguna verða um megn! Gef máttinn til að standast! Hann kennir oss eigi, að biðja um freistingalaust líf. Það væri sama og að biðja um þroskalaust líf. Freistingarnar eru líka guðs vilji. Og hann kendi oss að segja: Verði þinn vilji.

En lífið er svo undur-varasamt. Varasamt, eins og fór yfir hálan ís. Varasamt, eins og sigling um haf, þar sem sjóræningjar eru á ferð. Á tímum sjóræningjanna voru skipin oftast nær með svikum teygð af réttri leið, áður á þau vari ráðist. Áður þau lögðu á haf út, komust ræningjarnir vanalega að því, að einhver af skipshöfninni var óánægður eða óvandaður. Við þann hinn sama gerðu þeir kaup, að villa áttavísirinn er út kæmi á hafið. Það var gert með því, að smeygja járni inn í kompásinn, sem vilti nálina, svo hún sýndi rangar áttir, og stýrt var alt annað en skyldi. Hvað eftir annað var þetta gert. Engan grunaði. Dag eftir dag var stýrt eftir vanalegum reglum og öllu álitið óhætt. En svo kom þar, að skipið lenti þar er ræningjarnir biðu þess og varð þeim að auðveldri bráð.

Svo er með margan manninn farið. Og svo má fara með oss alla, ef vér gætum vor eigi. Allir höfum vér eitthvað af járninu, sem beygir nálina af réttri leið. Biðjum því hann, sem svo sterkur var á hólmi freistinganna, að ljá oss veikum himneskt fulltingi sitt, svo vér berum þaðan ekki minkun og hamingjuleysi, heldur það sem varanlegt gildi hefir fyrir þetta líf og hið tilkomanda. Amen, í Jesú nafni!)

Fréttabréf.

FRAMNES P.O.

Jan. 26. 1910.

Herra ritstjóri Hkr.

Af því nú er orðið svo langt síðan að ég hefi sent blaðinu nokkrar línur, dettur mér í hug, að biðja þig að gera svo vel, að gefa þessum línum pláss í þínu heiðraða blaði.

Þó tíðast sé að skrifa fréttir í blöðin utan af landsbygðinni og ég felli mig við það betur en margt annað, sem í þeim er, til dæmis trúmálaþrætur og óáreiðanlegar sagnir í stjórnmálum, — þá samt verða nú fréttir frá mér fremur litlar. Ég ætla samt að lýta dálítið til baka á umliðna tímann og minnast dálítið á tíðarfarið. Næstliðið vor var ákaflega kalt, en sökum þess, að allir höfðu nóg hey, líða skepnur manna enga nauð. Gróður varð því mjög seinn. Svo bættist þar ofan á, að aldrei ringdi og varð því grasvöxtur með langrýrasta móti, en af því að tíðin var svo ljómandi góð alt sumarið út, þá heyjuðu menn yfirleitt í meðallagi. Og það, sem mest er í varið, er að hey manna eru miklu kraftbetri en vanalega hefir átt sér stað, og þar af leiðandi hafa menn miklu meira gagn af búpeningi sínum en að undanförnu. Einnig var hausttíðin svo góð og hagkeld, bæði fyrir menn og skepnur, að menn varla muna eftir annari eins hausttíð, sem hélst alt fram að desember. Þá fyrst urðu menn varir við, að veturinn væri kominn. Síðan janúar byrjaði, hefir verið einmuna blíða á degi hverjum.

Þessi góða hausttíð kom sér mjög vel og flýtti ákaflega mikið fyrir því, sem gera þurfti í þessu bygðarlagi, ekki sízt fyrir járnbrautarvinnunni, sem annars hefði að líkindum ekki komist nærri því eins fljótt í gegn.

Fólki líður hér yfirleitt vel og er ríkt af góðum framtíðarvonum um batnandi hag af góðum samgöngufærum, þegar "brúnn" fer að draga að og frá afurðir þær, sem landið og bændurnir framleiða.

Auk þeirra, sem áður verzluðu hér, eru þeir nú byrjaðir að verzla kapteinn Sigtryggur Jónasson og hr. Sigurjón Sigurðsson, og verzla þeir í stórum stíl, — og svo koma fleiri. Og er vonandi, að verzlunin batni að mun, þegar brautin er komin í vinnandi ástand. Margir álíta nú samt, að verzlun batni ekki tiltölulega eins og vera mætti vegna félagsskapar verzlunarstéttarinnar, sem er allstaðar sýnilegur strax og kemur fáar mílur út frá stórborgunum, — en það er líka vonandi, að bændur séu svo lífið farnir að vakna til meðvitundar um, að þeim sé einnig nauðsyn að hafa meiri félagsskap en verið hefir til að bæta hag sinn á einn eða annan hátt.

Smjörgerðar stofnunin hér í Árdalsbygð hefir rekið starf sitt með meira fjöri á næstliðnu sumri en að undanförnu, og fengu menn nú 2½ cens meira fyrir hvert pund enn í fyrra, og er þó verð á smjöri minna en í fyrra á aðalmarkaðnum.

LÝÐUR VÍÐFÖRLI OG JÓN EINFÖRLI.

Hvernig líkaði þér messan í dag? sagði Lýður.

Jón svarar: Ef að presturinn með holdveikiskenning sinni hefði haft þann tilgang, að kenna fólkinu, hvaða áhrif þessi og aðrir sjúkdómar hefðu á skynjanafæri mannsins, þá gat hún orðið gagnleg og uppbyggileg. En að búa til kenningar og meðhöndla þær á þann hátt, og í þeim tilgangi, að svæfa skynsemina en æsa tilfinningarnar, — það er sorglegt einkenni miðaldanna í nýju formi. Og til þess að forða sjálfum mér frá voða, ákallaði ég hin eilífu öfl, og bað af heilum hug um styrk til að viðhalda vakandi skynsemi, gegn öllum kenningum, svo engin áhrif næðu til að dáleiða mig eða taka frá mér heilbrigða hugsun.

Þú varst á kosningafundinum í dag, Jón minn? sagði Lýður.

Já, ég sat þar til þess að vita um útkomuna.

Lærðir þú þar nokkuð nýtt eða uppbyggilegt?

Já, segir Jón. Ég hefi aldrei veitt því eftirtekt fyrri, að manngildi einstaklinganna verður að einni sameiginlegri heild í árangri atkvæðagreiðslunnar, og það þarf því ekki annað en deila atkvæðatölunni í árangurinn til þess að finna hina andlegu stærð hvers kjósanda.

FRÆ FYRIR VESTURLANDIÐ.

McKenzie's FRÆ eru BEZT

McKENZIE'S ÚRVALS FRŒ

LÍTIÐ EFTIR McKENZIE'S SÝNISKÖSSUM MEÐ ÚTSÆÐI ÞEIRRA Í, SEM ERU Í HVERRI BÚÐ. EF KAUPMAÐUR YKKAR HEFIR ÞAU EKKI, ÞÁ SKRIFIÐ EFTIR VORUM ENSKA BÆKLINGI SEM VEITIR YKKUR ALLAR UPPLÝSINGAR. — VALIÐ FYRIR VESTURLANDIÐ — RÆKTAÐ FYRIR VESTURLANDIÐ OG ÞVÍ VIÐEIGANDI. ÚRVALS LÍFSÞRÓUN.

MUNIÐ!

Við erum EINU ALLRA FRÆ TEGUNDA SALAR í Vesturlandinu Vér stúderum jarðveginn og selj um fræ fyrir hann.

BUILT ON QUALITY

TRUE TO LIFE

A.E.McKENZIE Co. LTD.

BRANDON, MAN CALGARY, ALTA.

Seedsmen to Western Canada.

Fréttabréf.

Úr bréfi frá Duluth, 7. feb. '10:

— "Það, sem af er vetrinum, hefir tíðin verið sú indælasta, sem hugs ast getur, frostvæg og mjög lítill snjór. Útlit það bezta hér með næga vinnu á þessu ári. Málmgrjóts og kolabryggja er í orði að hér verði bygð með fleiru. Svo er nú þegar byrjað á að grafa og slétta undir hin löngu síðan fyrirhuguðu stálverkstæði. Fimm ára "Cintract" var gefin út í byrjun janúar mánaðar sl. fyrir 10 milíón dollara vinnu. Byggingarnar verða hér upp með St. Louis ánni, því þar hefir stálgerðar einveldið keypt 17 hundruð ekrur lands, og hinu megin við St. Louis ána (Wisconsin megin) hefir það keypt rúmlega 18 hundruð ekrur, og er mælt að það pláss eigi að vera fyrir gripakví. Sagt er, að Canadan Northern járnbrautarfélagið ætli að leggja spor sín eftir endilöngum bezta hluta borgarinnar, West Duluth, og er mörgum illa við það. Endastöð hennar verður fyrir austan Iron Bay, niður við vatn, og þar er sagt að eigi að byggja málmgrjóts bryggju og skipakví. Einnig malt að bygt verði milli 41. og 45. Ave. Á Garfield Ave. ætlar Boston kolafélagið að byggja afarmikla og volduga kolabryggju, fyrir eina milíón dollara. Það er bezta útlit fyrir, að hér verði ein samanhangandi keðja af bryggjum og verksmiðjum, alla leið frá D. m. og N. hér megin St. Louis árinnar inn í land".

Leitað hjálpar.

Ekkja með 4 börn ung, sem misti mann sinn í sjóinn fyrir 3 árum, leitar til Vestur Íslendinga að styrkja sig til að komast til Canada í sumar komandi. Hún þarf að fá $145.00 styrk. Það er þegar búið að safna handa henni $70.00, en afgangsins er vant enn þá. — Þeir, sem vildu styrkja þessa fátæku ekkju og munaðarleysingja, gerðu vel að senda það, sem þeir vilja láta af mörkum til Heimskringlu. Móti því verður tekið þar og kvitterað í blaðinu. Styrkurinn þyrfti að koma sem fyrst. Ekkja þessi á nú heima á Akranesi, og er sunnlenzk. Börnin sögð mannvænleg eftir aldri.

Nöfn þeirra, sem þegar hafa afhent Hkr. peninga til styrktar þessari konu, verða prentuð í næsta blaði.

KENNARA VANTAR

að Diana S.D. No. 1355, Manitoba, helzt frá 1. apríl næstk. til 1. des. Umsækjandi þarf að hafa 3. eða 2. stigs kennarapróf, og helzt fær um að leiðbeina börnum í söng. Gott kaup borgað góðum og ástundunarsömum kennara. Skólinn þægilegur, staðan létt; skilvís laun.

Sendið umsókn fyrir 30 marz til undirritaðs.

MAGNUS TAIT, Sec.-Treas.
P.O.Box 145, Antler, Sask.

Heimsækjið STÓRU Hljóðfæra-Söluna.

Nýja búðin okkar á horni Portage Ave og Hargrave St er nær tilbúin og vér flytjum í hana bráðlega. —

Vér höfum gnægð af Pianós sem verða að seljast áður en vér flytjum. Og þessvegna eru niðursettir prísar á mörgum góðum hljóðfærum. — Sömuleiðis höfum vér mikið af brúkuðum hljóðfærum til sölu með mjög lágu verði. —

Heintzman & Co.
PIANO

Verður ekki niðursett. Þau eru ætíð seld fyrir samaverð. Vér höfum ýmsar tegundir af Heintzman & Co. Pianos fyrir $425.00 og þar yfir. Það væri sem að slá af gullþening um að slá af venjulegu verði Heintzman & Co. Pianó. —

J. J. H. McLean & Co Limited
528 Main St. — Phone 808
Og í Brandon og Portage La Prairie

Fréttir úr bænum.

Í greininni á 3. síðu þessa blaðs um miðsvetrar samsæti Íslendinga í Saskatchewan er nafn samkomustjóra sagt að vera Snorri Pálsson, en á að vera Thomas Paulson.

Næsta RECITAL, sem nemendur þeirra Jónasar Pálssonar pianókennara og Th. Johnsonar fiólínkennara hafa, fer fram í Goodtemplarasalnum efri á fimtudagskveldið 3. marz næstk. kl. 8. Aðgangur ókeypis, en samskota leitað. Þar spila meðal annara Stefán Sölvason, frá Selkirk, sem nú er alment viðurkendur fyrir íþrótt sína.

Nýlátinn er í Hólar-bygð í Saskatchewan Jóhann Borgfjörð, faðir Magnúsar Borgfjörðs, landsöluumboðsmanns þar. Jóhann sál. var á háum aldri, hafði dvalið langvistum hér í borg, en flutt vestur á heimilisréttarland sitt þar vestra fyrir fáum árum. Jarðarför hans átti að hafa farið fram þann 11. þ.m.

Frá Íslandi kom á föstudaginn var Páll Bergsson, fyrrum frá Duluth í Minnesota. Samtímis kom og ungfrú Guðrún Bjarnadóttir frá Reykavík. Páll hefir dvalið á Íslandi 2 ár sl. Hann flytur fyrirlestur "Um Ísland" í Únítarasamkomusalnum á Sherbrooke St. næsta miðvikudag 23. þ. m. — Heimskringla getur fullyrt, að það verður skemtilegt og fróðlegt mál, svo að landar vorir hafa ekki áður varið kvarti fyrir betri skemtun. Það er óvíst, að þeim bjóðist annað eins tækifæri til að fræðast um nátiðar ástandið þar heima. Íslendingar ættu því að fylla samkomusalinn, borga kvartinn og hlusta með báðum eyrum.

Sami fyrirlestur verður fluttur í Selkirk næsta dagt

Þann 11. þ.m. gaf séra Rögnv. Pétursson í heilagt hjónaband þau herra Þorstein Þ. Þorsteinsson skáld og ungfrú Rannveigu Einarsson leikkonu, bæði til heimilis hér í borg. Heimili þeirra verður framvegis að 732 McGee St. Heimskringla óskar þeim langra lífdaga og hamingjusamra.

Ungmennafélag Únítarasafnaðarins ætlar að leika tvo leiki þann 1 og 3. marz næstk. Leikirnir heita: "Franska töluð hér" og "Rektu hann út". Sjá augl. í þessu blaði.

Herra Kristmundur Sæmundsson frá Gimli, umboðsmaður Heimskringlu, var hér á ferð í sl. viku.

Herra Kári Þórarinsson, bóndi að Mozart, Sask., var hér á ferð í sl. viku, áleiðis til Norður Dakota. Hann á þar hálfa Section af landi, og fór suður í þeim erindum, að ráðstafa ræktun þess á komandi vori.

Herra Jón Samson lögregluþjónn er nú kominn svo til heilsu eftir áfall það, sem hann varð fyrir í sl. mánuði, að hann er aftur tekinn við lögregluþjóns starfi sínu.

Í Keewatin bæ í Ontario vildi það til í síðustu viku, að íslenzkur maður, Bjarni Björnsson að nafni, 70 ára gamall, styttá sér aldur með hengingu. Blöðin segja, að hann hafi búið þar með konu einni, sem nýskeð hafi yfirgefið hann, og hann þá ekki getað lifað við það mótlæti.

Bændafélagsfundur

verður haldinn 26. þ.m. á Geysir skólahúsinu, kl. 2 e.h. Korn mál og önnur mál verða þá afgreidd. Fjölmennið og komið í tíma, það verður ekki beðið eftir mönnum.

Geysir, Man., 12. febr. 1910.
B. JÓHANNSSON,
skrif. og féh.

Dr. G. J. Gíslason,
Physician and Surgeon
18 South 3rd Str., Grand Forks, N.Dak

Athygli veitt AUGNA, EYRNA og KVERKA SJÚKDÓMUM. Á-SAMT INNVORTIS SJÚKDÓM-UM og UPPSKURÐI. —

TIL LEIGU

12 herbergi með ljósum og hita, uppbúin eða óbúin, eitt eða fleiri leigt. Snúið yður til 559 Sargent Ave., rétt á móti Tjaldbúðarkirkju.

Herra Kolbeinn S. Thordarson, að 552 Bannatyne Ave., sem um nokkra undanfarna mánuði hefir unnið að land og fasteignasölu með herra Árna Eggertssyni, hefir nú byrjað land og fasteignaverzlun á eigin reikning undir nafninu CANADA REALTY AND BUSINESS AGENCY, í Suite 56 Tribune Block, 211 McDermot Ave. hér í borg. Hann kaupir og selur fasteignir, og skiftir á eignum manna, lánar peninga og selur eldsábyrgðir. Einnig selur hann verzlanir þeirra kaupmanna, hvort heldur hér í borg eða úti á landsbygðunum, sem vilja selja þær, og útvegar verzlanir þeim, sem kaupa vilja. Kolbeinn hefir stundað fasteignaverzlun af og til í sl. 3 ár, og hefir náð svo góðu sambandi, að hann telur víst, að verzlun sín muni ganga greiðlega. Hann óskar bréfaskifta við væntanlega viðskiftavini.

Kappspil.

Íslenzki Conservative Klúbburinn býður hér með Íslenzka Liberal klúbbnum að þreyta kappspil í annað sinn í samkomusal klúbbsins (Cor. Sherbrooke og Sargent) föstudagskveldið 25. þ. m. Allir, sem ætla að taka þátt í kappspilinu, ættu að vera til staðar í klúbbsalnum kl. 8.

Stúkan Hekla heldur samkomu föstudaginn 25. þ.m.

VINNUKONA ÓSKAST sem allra fyrst á góðu heimili. Hkr. vísar á staðinn.

Manitoba þingið var sett á fimtudaginn var þann 10. þ.m. — Stjórnarformaður Roblin er um þessar mundir í heilsuleit suður í Bandaríkjum, en Hon. Robert Rogers, ráðgjafi opinberra verka, er staðgöngumaður stjórnarformannsins í fjarveru hans.

Bréf til nánustu ættingja þorsteins sál. Hólm, sem nýlega andaðist hér í borg, er á skrifstofu þessa blaðs. Ættingjar vitji þess innan 60 daga.

Stúkan Skuld auglýsir Tombólu á öðrum stað í þessu blaði. Hún lofar góðum dráttum og úrvalsskemtunum öllum gestum sínum, og vonar að aðsókn verði mikil. Lesið auglýsinguna.

Tilkynning

HÉR MEÐ TILKYNNIST, að samkvæmt 7. gr. í kap. 115 P.S.C., að Bifröst sveit hefir áformað, að byggja brú yfir Íslendingafljót, hjá Riverton í Manitobafylki, og hefir afhent uppdrætti og lýsingu á ofangreindum stað ráðgjafa opinberra verka í Ottawa og samstæðu af hvorutveggju á skrifstofu "Registrar of Deeds" í Lisgar skrásetningardeild, í Selkirk, Manitoba, með því að þeirri deild tilheyrir staður sá, sem brúin á að byggjast á, og er að leita samþyktar stjórnarráðsins í Ottawa á þessu.

Dagsett að Hnausa í Manitoba þennan 10. dag. febrúar 1910.

B. MARTEINSSON,
skrifari og féhirðir Bifröst sveitar.

Tombóla

Fulltrúar Goodtemplara stúkunnar SKULD halda Tombólu næsta mánudagskveld (21. þ. m.) til arðs fyrir stúkuna. Aðgöngumiðar 25c og fylgir einn dráttur, á meðan þeir endast. (Nefndin áábyrgist 400 drætti). Almenningur má ganga að því vísu, að til þessarar Tombólu verður vandað alveg eins vel eins og SKULD er vön að gera við slík tækifæri. Ætti það að vera nægileg trygging fyrir því, að allir þeir, sem á tombóluna koma, FARI ÞAÐAN HEIM GLAÐIR OG ÁNÆGÐIR.

Drættirnir eru nýir og vandaðir. Til dæmis má nefna: niðursoðna ávexti og margskonar Groceries, skótau, sogulmagnaðan kvenhatt (búinn til fyrir þetta sérstaka tækifæri) og ennfremur ½ Cord af góðum eldiviði (gefið af hr. T. S. Ólafsson, 619 Agnes St.).

Tombólan byrjar kl. 8 e.h. — Komið bræður, systur og bindindisvinir og hjálpið voru göfuga máleini.

Þegar Tombólan er afstaðin, bjóða þeir herrar Chr. G. Johnson og Sig. Jóelsson öllum Tombólugestunum frían dans. Góð skemtun fyrir unga og aldna.

NEFNDIN.

Næsýnt fólk

Missir sjónar á vorri miklu skósölu, nema það bregði við strax. — Hún er að draga til lykta. Vaknið upp áður en salan er búin, og kennið oss ekki um að hafa ekki aðvarað yður. — Nú er skó tækifæri. —

Karlmanna skór, $5 og $7 virði, fyrir $3.70. Kven skór, $4 og $5 virði, fyrir $2.85. Stúlku skór, $2.50 og $3.00 virði fyrir $1.40. Barna skór, $1.50 og $2.25 virði, fyrir aðeins $1.00. —

Ryan-Devlin Shoe Co
494 MAIN ST. PHONE 770.

Í Hkr. verða birtar vikulega föstupréðikanir þær, sem séra Fr. J. Bergmann flytur í Tjaldbúðarkirkju á tímabilinu frá 13. febrúar til 20. marz, — alls 12 ræður.

Efni ræðanna er:

1. Hugarfarið í baráttu lífsins.
2. Á hólmi freistinganna.
3. Takið framförum í fagurri lífsbreytni.
4. Kærleikurinn fer ekki í manngreinarálit.
5. Stórar og smáar yfirsjónir.
6. Hvernig vinnur þú bug á hinu illa?
7. Frjáls og ófrjáls.
8. Hungur heimsins.
9. Immanuel — guð er með oss.
10. Köllun konunnar.
11. Leiðin til tignar.
12. Sannleikurinn kryndur og krossfestur.

Fyrirlestur um ÍSLAND

heldur Páll Bergsson í samkomusal Únítara kirkjunnar, miðvikudag 23. þ.m., byrjar kl. 8½ e.m. Vonandi, að allir vilji heyra eitthvað um gamla landið.

Aðgangur 25c.

Sami fyrirlestur verður fluttur í Selkirk næsta dag

I.O.G.T.

Þann 5. þ.m. setti Mrs. J. B. Skaptason í embætti í barnastúkunni ÆSKAN eftirfarandi börn:

F.Æ.T.—Guðrún Jóhannsson.
Æ.T.—Norma Thorbergsson.
VjT.—Helga Borgfjörð.
Ritari—Emma Strang.
A.R.—Guðrún Johnson.
Kap.—Clara Thorlakson.
F.R.—Björn Blöndal.
Gk.—Guðrún Reykdal.
D.—Hansína Hjaltalín.
A.D.—Hólmfríður Jóhannson.
V.—Georg Vigfússon.
U.V.—Theodor Sveinsson.

Gæslustjórar frá fullorðnra stúkunum eru: Heklu—Mrs. Guðrún Búason, Skuld—Mrs. G. Jóhannsson, Íslandi—Mrs. Th. Johnson.

Í stúkunni eru nú 177 meðlimir, og þeir eru allir ámintir um, að sækja stórstúku samkomuna, sem haldin verður í kveld (miðvikudag) kl. 7 í Goodtemplarasalnum. Þar verður útbýtt 3 verðlaunum til þeirra stúlkna, sem flesta meðlimi hafa fengið í stúkuna á sl. ári. Verðlaunin hljóta nú: 1. Guðrún Johnson, 2. Norma Thorbergsson og 3. Hansína Hjaltalín.

Embættis-meðlimir st. Heklu frá 1. febr. til 1. maí þ.á.:

F.Æ.T.—Séra G. Árnason.
Æ.T.—Sigurbjörn Pálsson.
V.T.—Anna Oddson.
R tari—B. Magnússon, 663 Beverly St.
Fjármálaritari—B. M. Long, 620 Maryland St.
Gjaldk.—Jóhann Vigfússon.
Dróttseti—Sólveig Pálsson.
Kap.—Agnes Jónsdóttir.
Vörður—Kr. Byron.
Útv.—Halldór Gíslason.
Aðst.rit.—Svb. Árnason.
Aðst.drótts.—Valg. Oddson.
Gæslum. Ungtempl. — Guðrún Búason.

Kjörtími tveggja hinna síðasttöldu til 1. febr. 1911.

Meðlimir stúkunnar 317.

B. M.

Kvenhjálp óskast.

Vantar - Sem fyrst, kvenfólk til að sauma "Overalls" í saumavélum, —

Snúið yður strax til

Northern Shirt Co.
148 PRINCESS ST.

Vjer erum
FLUTTIR

MEÐ ÞVÍ AÐ VIÐskifti vor og verzlun er altaf að aukast, höfum vér verið nauðbeygðir til að flytja í stærri, betri og meir-viðeigandi skrifstofur. Vér erum nú að

SUITE 47
Aiken's Block,

(aðrar dyr fyrir vestan vorn gamla stað). — Þar munum vér taka á móti vinum vorum með glöðu geði. —

SKÚLI HANSSON AND CO.
47 Aiken's Bldg.
Talsími: Main 6476.
P. O. Box 833.

Jóhanna Olson
PIANO KENNARI
557 Toronto St. Winnipeg

Kennara vantar

við Kristnes skóla (No. 1287). Kensla byrjar 1. marz og stendur yfir átta mánuði. (Þó er gert ráð fyrir mánaðarfríi um heitasta tímann). Umsækjandi tiltaki kaupupphæð, mentastig og reynslu í kenslustörfum

G. NARFASON,
Kristnes P.O., Sask.

Kennara vantar

við Fishing Lake skóla No. 326. Sex mánaða kensla, byrjar . maí 1910. Gott kaup boðið. Umsækjendur þurfa að hafa 2nd eða 3rd Class Certificate, og geta veitt byrjendum tilsögn í söng. Tilgreini kaupupphæð og sendi tilboð sín fyrir 1. marz til

J. F. LEIFSON,
Quill Plain P.O., Sask.

KENNARA VANTAR

til Laufás S. D. yfir 3 mánuði frá 1. apríl. Tilboð, sem tiltaki mentastig ásamt kaupi, sendist undirrituðum fyrir 28. febr. næstkomandi.

Geysir, Man., 8. jan. 1910.
B. JÓHANNSON.

Kennara vantar

við Háland skóla No. 1227. Sex mánaða kensla, byrjar 15. april — skólafrí ágústmánuð, byrjar aftur 1. september. Umsækjendur tiltaki kaupheð oa mentastig. Umsóknir verða að vera komnar til undirritaðs fyrir 20. marz næstk.

Hove P.O., Man., 15. jan. 1910.
S. EYJÓLFSON,
(4t) Sec.-Treas.

DR. H. R. ROSS
C.P.R. meðala- og skurðlækuir.
Sjúkdómum kvenna og barna veitt sérstök umönnun.
WYNYARD, — SASK.

Dr. M. Hjaltason,
Oak Point, Man.

Anderson & Garland,
LÖGFRÆÐINGAR
35 Merchants Bank Building
PHONE: MAIN 1561.

MARTYN F. SMITH,
TANNLÆKNIR.
Fairbairn Blk. Cor Main & Selkirk
Sérfræðingur í Gullfyllingu og öllum aðgerðum og tilbúnaði Tanna. Tennur dregnar án sársauka. Engin veiki á eftir eða gómbólga —
Stofan opin kl. 7 til 9 á kveldin
Office Phone 6944. Heimilis Phone 6462.

Þarft þú ekki að fá þér ný föt?

EF ÞAU KOMA FRÁ CLEMENT'S, — ÞÁ VERÐA ÞAU RÉTT

Réttur að efni, réttur í sniði réttur í áferð og réttur í verði.

Vér höfum miklar byrgðir af fegurstu og beztu fataefnum. —

Geo. Clements & Son
Stofnað árið 1874
264 Portage Ave. Rétt hjá FreePress

Th. JOHNSON
JEWELER
286 Main St. Talsími: 6606

JOHN ERZINGER
TOBAKS-KAUPMAÐUR.
Erzinger's skorið reyktóbak $1.00 pundið
Hér fást allar ueftóbaks-tegundir. Óska eftir bréflegum pöntunum.
McINTYRE BLK., Main St., Winnipeg
Heildsala og smásala.

G. NARDONE
Verslar með matvöru, aldini, smá-kökur, allskonar sætindi, mjólk og rjóma, sönnul. tóbak og vindla. Óskar viðskifta Íslend. Heitt kaffi eða te á öllum tímum. Fóc. 7756
714 MARYLAND ST.

Boyd's Brauð

Hver kona getur haft gott brauð á borðum með því að kaupa Boyd's brauð. Fólk er borðar brauð vor er altaf að fjölga. Ef þér reynið það einu sinni þá hafið þér það ávalt. Biðjið um það í verslun yðar eða símið til vor eftir vagn.

Boyd's
Bakery Cor Spence & Portage Ave
Phone 1080.

Winnipeg Wardrobe Co.

Kaupa brúkaðan Karla og Kvenna fatnað, — og borga vel fyrir hann.

Phone, Main 6539 597 Notre Dame Ave.

BILDFELL & PAULSON
Union Bank 5th Floor, No. 520
selja hús og lóðir og annast þar að lútandi störf; útvegar peningalán o. fl.
Tel.: 2685

Jónas Pálsson,
SÖNGFRÆÐINGUR,
Útvegar vönduð og ódýr hljóðfæri
460 Victor St. Talsími 6803.

J. L. M. THOMSON, M.A., L.L.B.
LÖGFRÆÐINGUR. 255½ Portage Ave.

BONNAR, TRUEMAN & THORNBURN,
LÖGFRÆÐINGAR.
Suite 5-7 Nanton Blk. Tals. 766
Winnipeg, Man. P.O.BOX 223

Húðir og ógörfuð Loðskinn

Verzlun vor er vor bezta auglýsing. Sendið oss húðir yðar og loðskinn og gerist stöðugir viðskiftamenn.
Skrifið eftir verðlista.

The Lightcap Hide & Fur Co., Limited
P.O. Box 1092 172-176 King St Winnipeg
16-9-10

W. R. FOWLER A. PIERCY.

Royal Optical Co.
307 Portage Ave. Talsími 7286.
Allar nútíðar aðferðir eru notaðar við augn skoðun hjá þeim, þar með hin nýja aðferð, Skuggs-aðferðin, sem gjörð er öllum ágiskunum. —

Tveir Gamanleikir.

"Franska töluð hér"
og "Rektu hann út"

tveir afarskemtilegir gamanleikir þýddir úr ensku, verða leiknir undir umsjón UNGMENNAFÉLAGS ÚNÍTARA

Laugard. 26. febr. og miðvikud. 2. marz

í samkomusal Únítara. Á milli þátta verður skemt með hljóðfæraslætti og fleiru. Aðgöngumiðar kosta 25 cents, en skemtunin af að horfa á þessa leiki er margfalt meira virði. Komið þess vegna. Ungmennafélagið ábyrgist, að enginn fari óánægður heim aftur. Byrjar kl. 8 e.m.

It's going UP

Þú getur ekki búist við

að það geri annað en eyðast í reyk, því ekki að fá nokkur tons af okkar ágætu kolum, og hafa ánægjuna af, að njóta hitans af þeim, þegar vetrarkuldarnir koma. Komið til vor og nefnið þetta bl.

O. E. ADAMS COAL CO.
YARDS Í NORÐUR, SUÐUR, AUSTUR OG VESTURBÆNUM
Aðal Skrifst.: 224 BANNATYNE AVE.

LEIÐBEININGAR--SKRA
YFIR ÁREIÐANLEGA VERZLUNARMENN Í WINNIPEG

MUSIC OG HLJÓÐFÆRI

CROSS, GOULDING & SKINNER, LTD. 323 Portage Ave. Talsími 4413

MASON & RISCH PIANO CO., LTD. 356 Main street. Talsími 4480. W. Alfred Albert, íslenzkur umboðsmaður

WHALEY ROYCE & CO. 356 Main St. Phone 263. W. Alfred Albert, hljóðfærafræðingur.

BYGGINGA og ELDIVIÐUR.

J. D. McARTHUR CO., LTD. Bygginga- og Eldiviður í heildsölu og smásölu. Sölust: Princess og Higgins. Tals. 5060, 5061, 5062

MYNDASMIÐIR.

G. H. LLEWELLIN, "Medallions" og Myndarammar. Starfstofa Horni Park St. og Lorne Avenue

SKÓTAU Í HEILDSÖLU.

AMES HOLDEN, LIMITED. Princess & McDermott. Winnipeg.

THOS. RYAN & CO. Allskonar skótau. 44 Princess St.

THE Wm. A. MARSH CO. WESTERN LTD. Framleiðendur af fínu skótaui. Talsími: 3710. 88 Princess St. "High Merit" Marsh Skór

RAFMAGNSVÉLAR OG AHÖLD

JAMES STUART ELECTRIC CO. 324 Smith St. Tal-símar: 8447 og 7302. Fullar birgðir af alskonar vélum.

GOODYEAR ELECTRIC CO. Kellogg's Talsímar og öll þarfnist áhöld. Talsími 3023. 56 Albert St.

RAFMAGNS AKKOKDSMENN

MODERN ELECTRIC CO. 412 Portage Ave. Tal-sími: 5658. Viðgjörð og Vir-lagning — allskonar.

BYGGINGA-EFNI.

JOHN GUNN & SONS. Talsími 1177. 256 Jarvis Ave. Hölum besta Ste n, Kalk, Cement, Sand o. fl.

THOMAS BLACK. Selur Já-viðar og Bygginga-efni allskonar. 76–82 Lombard St. Talsími 600

THE WINNIPEG SUPPLY CO., LTD. 298 Rietta St. Talsímar: 1996 & 2187. Kalk, Steinn, Cement, Sand og Möl

MATHESON AND GAY. Hásmiðir, smiðakarar og viðarsarmenn. 221 Higgins Ave. Winnipeg

BYGGINGAMEISTARAR.

J. H. G RUSSELL. Byggingameistari. Í Silvester-Wilson byggingunni. Tals: 1068

PAUL M. CLEMENS. Bygginga-Meistari, 443 Maryland St. Skrifst.: Argyle Bldg., Garry st. Talsími 5997

BRASS og KUBBER STIMPLAR

MANITOBA STENCIL & STAMP WORKS. 431 Main St. Talsími 1980. P. O. Box 244. Búum til alskonar Stimpla úr málmi og teg. bréfa

C. VIDEBANK SAUMAVÉLA AÐGERÐARMAÐUR. Gömlu góðar vélar seldar frá $5.00 og yfir. 564 Notre Dame. Phone, Main 8624

VÍNSÖLUMENN

GEO. VELIE. Hef ávallt Vínsali. 185, 187 Portage Ave. E. Smá-sölu talsími 892. Stór-sölu tal-sími 464.

STOCKS & BONDS

W. SANFORD EVANS CO. 326 Nýja Grain Exchange. Talsími 369

ACCOUNTANTS & AUDITORS

A. A. JACKSON, Accountant and Auditor. Skrifst.—28 Merchants Bank. Tals.: 5702

OLÍA, HJÓLÁS-FEITI OG FL.

WINNIPEG OIL COMPANY, LTD. Búa til stein Olíu, Gasoline og hjólás-áburð. Tal-sími 1599. 611 Ashdown Block

TIMBUR og BÚLAND

THOS. CYSTAD, 26 Kennedy Bldg. Viður í vagnhlössum til notenda, búlönd til sölu

PIPE & BOILER COVERING

GREAT WEST PIPE COVERING CO. 132 Lombard Street.

VÍRGIRÐINGAR.

THE GREAT WEST WIRE FENCE CO., LTD. Alskonar virgirðingar fyrir bændur og borgara. 76 Lombard St. Winnipeg.

ELDAVÉLAR O. FL.

McCLARY'S, Winnipeg. Stærstu framleiðendur í Canada af Stóm, Steinvöru [Graniteware] og fl.

ÁLNAVARA Í HEILDSÖLU

R. J. WHITLA & CO., LIMITED. 264 McDermott Ave. Winnipeg. "King of the Road" OVERALLS.

BILLIARD & POOL TABLES

W. A. CARSON. P. O. Box 225. Room 4 í Molson Banka. Öll nauðsynleg áhöld. Eg gjöri við Pool-borð

NALAR.

JOHN RANTON. 203 Hammond Block. Talsími 4670. Sendið strax eftir Verðlista og sýnishornum

GASOLINE Vélar og Brunnborar

ONTARIO WIND ENGINE and PUMP CO. LTD. 301 Chamber St. Sími: 2968. Vindmillur — Pumpur — Agæter Vélar.

BLÓM OG SÖNGFUGLAR

JAMES BIRCH. 442 Notre Dame Ave. Talsími 2634. BLÓM - alskonar. Sönglfuglar o. fl

BANKARAR OG FUSKIPA AGENTAR

ALLOWAY & CHAMPION. North End Branch: 667 Main st. east. Vér seljum Avísanir borgunl-gar á Íslandi

LÆKNA OG SPÍTALAÁHÖLD

CHANDLER & FISHER, LIMITED. Lækna og Hjúkrunar áhöld, og hospítala áhöld. 185 Lombard St., Winnipeg, Man.

STRAX Í DAG er BEZT AÐ GERAST KAUPANDI AÐ HEIMSKRINGLU. — ÞAÐ ER EKKI SEINNA VÆNNA.

PRENTUN

VÉR NJÓTUM, sem stendur, viðskipta margra Winnipeg starfs og "Business"-manna.— En þó erum vér enþá ekki ánægðir — Vér viljum fá alþýðumenn sem einatt notast við illa prentun að reyna vora tegund. — Vér ábyrgjumst að gera yður ánægða. — Símið yðar næstu prent. þöntun til —

'Phone: Main 5944

The ANDERSON Co. COR. SHERBROOKE ST. AND SARGENT AVENUE. WINNIPEG.
PROMPT PRINTERS

Skýrsla

yfir starf smjörgerðarhússins að Churchbridge, Sask., árið 1909.

Byrjað að taka rjóma 15. maí, hætt 1. okt., 160 bændur sendu rjóma. Meðalverð borgað fyrir smjörolíu (Butter Fat) var 20c pd. þar sem bændur fluttu sinn eigin rjóma, var þeim borgað meðalverð flutningskostnaðar rjómans, er nam 2c á pundið. Að flytja rjómann að smjörgerðarhúsinu og að búa til smjörið kostaði 3.65 á pundið. Sundurliðaður reikningur yfir tekjur og gjöld á árinu er sem hér segir: —

Tekjur.

41164 pd. af smjörolíu gerði 49491 pd. af smjöri	$11353.48
Áður seldust fyrir	16.00
Gamall vatnskassi	10.00
Leifar frá fyrri árum í Molsons Bank	57.11
Tekjur samtals	$11438.59

Gjöld.

Skuld frá fyrra ári	$ 260.77
Rentur á Aktíum	240.38
Ís	91.60
Eldsneyti	62.90
Eldsábyrgðargjald	81.75
Goldið bændum fyrir smjör	8232.80
Goldið fyrir flutning rjómans	809.67
Kaup smjörgerðarmanns	503.50
Önnur vinnulaun	10.50
Kaup skrifara og féhirðis	75.00
Smjörlíkt, salt og þess háttar (af því óeytt $120.00 virði)	523.31
Rentur fyrir bankalán, frímerki og pappír	54.00
Bæjar skattur	20.02
Endurborgun fyrir ofborgun á smjöri ...	76.24
Flutningur á smjöri og áhöld	75.46
Í sjóði	280.67
Gjöld samtals	$11438.59

J. Einarsson, forseti.
A. Loptsson, skrif. og féh.

Sjáið Kr. Ásg. Benediktsson.

Hann er ósköp reiður, aumingja maðurinn.

Þegar ég las útúrsnúningssvarið frá honum til mín í síðustu Hkr., þá datt mér í hug hendingar eftir Bólu-Hjálmar, sem hann sagði við hrokagikk, búðarloku á Akureyri, sem var að sýna Hjálmari litilsvirðingu með því að snúa út úr orðum hans, taka af honum hattinn, osfrv. Þá sagði Hjálmar:

"Hvernig lætur húðarbykkju húsgangs skrattinn.
Skyldi hann vilja skíta í hattinn?"

Ég hefi annars ekki minstu löngun til að skarnyrðast við Kr.Á.B. Ef hann er svo mikill stórbokki, að hann getur ekki þolað, að það sé gerð kurteis og litil athugasemd við það, sem hann hefir skrif að, án þess að ilskast út af því, þá er hann varla viðtalsverður, og sízt í heiðvirðu blaði, því lesendum Hkr. er meinilla við alt persónulegt hnotabit.

Það eina, sem ekki er skrifað út í hött í svari Kr.Á.B., er ráðleggingin til mín, að reyna að gera betur, því ef hún er gefin í einlægni, þá er hún þakkarverð,— og allir þeir, sem ekki eru orðnir staurblindir stórbokkar, vilja alt af reyna að gera betur.

B. M. LONG.

Fólk er beðið að minnast þess, að þann 4. marz næstk., heldur kvenfélag Tjaldbúðarsafnaðar Concert og Social, og verður vel til þeirrar samkomu vandað.

Þorsteinn Hólm.

1. Þú hefir lengi liðið strítt,
lækning varstu feginn,
þér var mörkuð gata grýtt
gegn um lífsins teiginn.

2. Yfir hraun sú leiðin lá,
lífs með reynslu nægri,
andartaki fyrsta frá
fram að banadægri.

3. Sjaldan blitt þér brostu við
blómum skreyttir hagar,
heldur frost og fárviðrið,
fáir sólskinsdagar.

4. Þó að brautin þætti hál,
þung og byljótt veður,
saupstu þína sorga-skál
sálarþreki meður.

5. Hata gjörðir hræsni og tál,
hrekki og falsið svarta.
Glaða lund og góða sál
geymdir þrátt í hjarta.

6. Fast þú sazt við Bakkus borð,
böli hugðir farga,
röng þér söng hann unaðsorð,
eins og þrátt við marga.

7. Sumir litu á þína þá
þrautasvölun niður.
Hægt er mörgu að hneykslast á
— heimsins er það siður.

8. Þegar einhver liggur látt,
lúinn, sár og móður,
og ei getur hreykt sér hátt,
hærra sínum bróður.

9. Úti er þraut og unnið stríð,
— engu þá er glatað.
Önnur við þér brosir blíð
braut, sem færðu ratað.

10. Vegur háll er veraldar
veikum manna sonum,
fjölda margar freistingar
fella oss á honum.

11. Meðan varir ver og storð,
vötn og storma setur,
hljóta að standa Urðar-orð,
enginn breytt þeim getur.

* * *

Þorsteinn sál. Hólm var fæddur snemma að vori til 1860 í Móabúð í Eyrarsveit í Snæfellsnessýslu. Foreldrar hans voru alkunnur sjósóknari á þeirri tíð og ormaður þorsteinn Þorsteinsson, sem þessi visa var gerð um:

"Út á sjó fer áleitinn,
oft á kjóa súða,
þykir nógu þaulsætinn
Þorsteinn Móabúða", —

og Björg Sigurðardóttir, alsystir Jóns á Þórðarstöðum í Eyrarsveit. En hálfbræður Þorsteins sál. Hólms voru: Jón, sem druknaði með föður sínum á síðasta vetrardag árið 1860; Jóhannes frá Bár, sem druknaði á Rifsleiðum fáum árum síðar; Þorsteinn yngri frá Móabúð, sem einnig druknaði á leið innan úr Stukkishólmi, og Gísli, sem lengi var í Stykkishólmi. Hálfsystir Þorsteins Hólms var Margrét kona Guðmundar á Naustum í Eyrarsveit. En einasta eftirlifandi skyldmenni hans er, það frekast ég veit, Gísli, sonur Guðmundar á Naustum og Margrétar. Hann bjó á Vatnabúðum í Eyrarsveit síðast þegar ég vissi, og er kvæntur Katrínu Helgadóttur, frá Hrappkelsstöðum, móðursystur Jónasar söngkennara Pálssonar í Winnipeg. — Þetta er að eins skrifað til leiðbeiningar þeim, sem hafa með dánarbú Þorsteins heitins að gera.

Jónas J. Daníelsson.

Til Þorsteins Þorsteinssonar.

Að skrá þér mitt þakklæti skylt er og ljúft, —
þó skar mig í hjartað hver lína. —
"Hugrúnar-grátur" hann gróf sig svo djúpt
í gljúpnuðu sálina mína.

Þú talar þar þrungið og töfrandi mál,
það týnist mér aldrei úr minni.
Þú skygnist í Hugrúnar harmþrungnu sál
og heyrir hvað gerist þar inni.

Við rötum ei veginn, ef varða er ei nær,
í villu oft snæljósin draga.
Aldan á meðan að unnarstein þvær
þá endurtekst Hugrúnar saga.

Án þess ég sendi þér of mikið hól: —
Þú anda vorn hrífur úr læðing,
vetrar í frostunum vermir þín sól,
í vorgolu breytir þú næðing.

Þú kindir hjá þjóð vorri kærleikans bál,
af kjnnunum þerrar þú tárin,
úr brjóstunum dregur þú baneitrað stál
og balsami hellir í sárin.

Hvar, vinur, þú sáir þar vex fögur rós,
þar villigras finst ei né mosi.
Vonanna skíni þér vermandi ljós
og vinirnir falslaust þér brosi.

R. J. Davíðsson.

ROBLIN HOTEL
115 Adelaide St. Winnipeg
Bezta $1.50 á dag hús í Vestur-Canada. Keyrsla ókeypis milli vagnstöðva og hússins á nóttu og degi. Áðhlynning hins bezta. Viðskifti Íslendinga óskast. ÓLAFUR G. ÓLAFSSON, Íslendingur, afgreiðir yður. Heimsækið hann.—
O. ROY, eigandi.

Winnipeg Business College
Cor. Portage Ave and Fort St.
28. ÁR.
FÉKK FYRSTU VERÐLAUN Á SAINT LOUIS SÝNINGUNNI.
Dag og kveldkensla. Telefón 45.
Hausthkensla byrjar 1 Sept.
Bæklingur með myndum ókeypis.
Skrifið til: The Secretary, Winnipeg Business College, Winnipeg, Man.

A. S. BARDAL
Selur líkkistur og annast um útfarir. Allur áðbúnaður sá besti. Ennfremur selur hann alskonar minnisvarða og legsteina.
121 Nena St. Phone 306

HEIMSKRINGLU og TVÆR skemtilegar sögur fá nýir kaupendur fyrir að eins $2.00

Giftingaleyfisbréf
selur: Kr. Ásg. Benediktsson
528 Simcoe st. Winnipeg.

— THE —
"Arena"
Þessi vinsæli skautaskáli hér í vesturbænum er nú opinn. Isinn er ágætur. 18DA MOUNTED RIFLES BAND SPILAR Á ARENA. KARLM. 25c.—KONUR 15c.
Chas. L. Trebilcock, Manager.

JIMMY'S HOTEL
BEZTU VÍN OG VINDLAR.
VÍNVEITARI T.H.FRASER, ÍSLENDINGUR.
James Thorpe, Eigandi

A. S. TORBERT'S
RAKARASTOFA
Er í Jimmy's Hótel. Besta verk, ágæt verkfæri; Rakstur 15c en Hárskurður 25c. — Óskar viðskifta Íslendinga.—

MARKET HOTEL
146 PRINCESS ST. á móti markaðnum
P. O'CONNELL, eigandi, WINNIPEG
Bezta tegundir af vínföngum og vindlum. Góð áðhlynning góð hús endurbætt

Woodbine Hotel
466 MAIN ST.
Sérstakur Billiard Hall í Norðvesturlandinu. Tíu Pool-borð.—Alskonar vín og vindlar.
Gistin. og fæði: $1.00 á dag og þar yfir
Lennon & Hebb
Eigendur.

hinn himneski faðir hefir lagt á mig. Ástkæra barnið mitt, sem ég hefi liðið svo mikið og beðið svo mikið fyrir, ætlarðu að hætta að trúa því, sem ég frá fyrstu æsku þinni hefi reynt að gróðursetja í huga þínum? Ætlarðu að afneita guði?"

Húsfrú Sterner þagnaði, stóð fyrir framan son sinn með upplyftum höndum og starði á hann með sjónlausu augunum, eins og hún vær að gæta að, hvað fram færi í huga hans.

Við þessa sjón hvarf beiskjan úr huga drengsins, og breyttist í sorg, svo að hann fleygði sér niður fyrir fætur móður sinnar og bað hana fyrirgefningar á því, að hann hefði gert byrði hennar þyngri.

"Móritz", sagði hún í huggandi róm. "Guð hefir hegnt mér harðlega, en öll von er ekki dauð, það getur skeð, að ég fái sjónina aftur, þetta getur hafa orsakast af of mikilli áreynslu og of mörgum tárum. Þú hefir máske heyrt, að menn geta grátið sig blinda, en sú blinda er ekki ævarandi"

"Sérðu ekkert, mamma?" spurði Móritz, "sérðu ekki hendina á mér, sem ég held fyrir augum þínum?"

"Nei, sonur minn, alt er svart — svart eins og gröfin".

"Ó, guð minn góður! Þetta kom svo skyndilega yfir þig. Ég hélt að menn mistu sjónina smátt og smátt, en ekki svona alt í einu".

"Það er líka oftast tilfellið, en þó kemur hitt fyrir stundum. Ég hefi líka verið veik í augunum um langan tíma, eins og þú veizt".

"Ó, móðir mín, hvílíkt jólakvöld".

"Já, en mest gremst mér að hugsa um framtíð þína, drengurinn minn. Hvernig á ég nú að geta unnið fyrir þér og mér?"

"Þú skalt ekki lengur vinna fyrir mér", sagði

Móritz með ákafa, "nú er það ég, sem skal vinna fyrir þér".

"Þú", sagði móðirin, "þú ert ekki vanur við neina vinnu, sem gefur af sér peninga, sem við þurfum til að lifa af".

"Nei, en ég er ungur og sterkur, ég skal vinna á við tvo, ég ætla að fara til höfðingjasetursins og þreskja í hlöðunni. Ég skal höggva eldivið og hvað annað, sem mér er sagt að gera, og við skulum geta lifað af vinnunni minni. Ég skal fórna mínum síðustu krónum fyrir þig, mamma, það máttu reiða þig á".

"En námið þitt, barnið mitt, hvernig fer um það?"

"Ég skal ekki vanrækja það. Þegar dimt er orðið á kvöldin og við hættum vinnunni, þá ætla ég að lesa. Ég er nú kominn svo langt, að ég get lært hjálparlaust, en bækurnar vona ég að presturinn láni mér. Síðari hluta sunnudaganna fer ég til hans, til að fá leiðbeiningu með það, sem ég ekki skil. Ó, mamma, við skulum ekki þurfa að betla, ég skal vinna fyrir okkur".

Húsfrú Sterner svaraði engu, en opnaði faðm sinn, og fleygði Móritz sér að brjósti hennar. Þannig stóðu þau lengi grátandi.

II.

Blinda konan og sonur hennar.

Ráðsmaður Óðinsvíkur sat í innra herbergi sínu og rakaði skegg sitt. Þetta var tveim dögum eftir jól. Úti var kuldaveður og því kynti hann ofninn duglega.

Sjöhólm ráðsmaður áleit sig fallegan mann. Hann hafði jaðarskegg og rakaði því að eins hökuna.

Hann var rauðleitur í andliti, ekki gáfulegur, en útsjónarmaður var hann og af því hrósaði hann sér líka. Af því hann var laglegur, hafði hann áhrif á stúlkurnar í grendinni, og því var það ekki að undra, þegar hann sat á móti speglinum þannig, að hann gleymdi umheiminum og hugsaði um sinn ytri mann, æfði sig í því, að bregða á sig aðlaðandi og þægilegum svip, og að bera höfuðið tígulega. Það leit svo út, sem hann væri ánægður með æfingar sínar, því hann brosti ánægjulega að mynd sinni í speglinum. Svo tók hann gítarinn og lék nokkra söngtóna áður en hann ætlaði út að gá að verkafólkinu.

Herbergisdyr hans voru opnaðar, og inn kom ungur drengur. Hann leit kæruleysislega á hann og sagði:

"Góðan daginn, Móritz, kemurðu með hálslínið mitt?"

"Nei, svaraði drengurinn hnugginn, "mamma getur ekki saumað meira".

"Hvers vegna?"

"Af því hún er orðin blind".

"Blind", endurtók ráðsmaðurinn, "er hún orðin blind? Hvernig skeði það?"

"Ég veit það ekki, en hún hefir líklega unnið of mikið. Hún misti sjónina alt í einu".

"Þetta var slæmt", sagði ráðsmaðurinn, "hún saumaði prýðisvel. Þú mátt koma með efnið í hálslínið aftur. Hvar á ég nú að fá það saumað? Blind! Þetta er ljóta tilfellið".

"Herra ráðsmaður", sagði Móritz í bænarróm, "móðir mín getur nú ekki unnið héðan af, og við verðum að deyja úr hungri, ef þú miskunnar þig ekki yfir okkur".

"Ég", sagði ráðsmaðurinn og hleypti brúnum, "hvað get ég gert fyrir ykkur?"

"Þú getur gefið mér vinnu á þessu heimili fyrir þolanleg daglaun. Ég er ungur og sterkur og býst við að geta unnið eins og hver annar. Viltu gera það?"

"Það er ekki ómögulegt, en það er slæmt, að þú skulir verða að hætta við námið".

"Ég verð að læra á kvöldin", sagði Móritz, "en lífsviðurhald móður minnar gengur fyrir öllu".

"Jæja, hvaða vinnu viltu fá?"

"Ég skal koma snemma á morgnana og þreskja með vinnumönnunum, svo get ég klofið eldivið eða sótt hann út í skóg, eða eitthvað því um líkt. Vertu nú svo miskunnsamur, að neita mér ekki".

"Þú skalt fá vinnuna", sagði ráðsmaðurinn, sem kendi í brjósti um drenginn og móður hans. "Þú skalt fá vinnuna. En það er satt, hvað ertu gamall?"?

"Ég er fimtán ára".

"Gott, ég skal gefa þér 24 skildinga á dag, og

THE DOMINION BANK

HORNI NOTRE DAME AVENUE OG SHERBROOKE STREET

Höfuðstóll uppborgaður: $4,000,000 00
Varasjóður - - - $5,400,000 00

SPARISJÓÐS DEILDIN:

Vér veitum sparisjóðs innleggjendum sérstakt athygli, og borgum hæztu vexti á sparisjóðs innleggjum af $1.00 og yfir. — Barna innlegg velkomin. — Seljum peningaávísanir á ÍSLAND.

H. A. BRIGHT RÁÐSMAÐUR.

Með því að biðja sérstaklega um "T.L. CIGAR," þá ertu viss að fá ágætan vindil.

T.L.

(UNION MADE)

Western Cigar Factory
Thomas Lee, eigandi Winnipeg

Redwood Lager
Extra Porter

Styrkið

taugarnar með því að drekka eitt staup af öðrum hvorum þessum ágæta heimilis bjór, á undan hverri máltíð. — Reynið !!

EDWARD L. DREWRY Manufacturer & Importer Winnipeg, Canada.

Department of Agriculture and Immigration.

MANITOBA

Þetta fylki hefir 41,169,089 ekrur lands, 6,019,200 ekrur eru vötn, sem veita landinu raka til akuryrkjuþarfa. Þess vegna höfum vér jafnan nægan raka til uppskeru tryggingar.

Enþá eru 25 miliónir ekrur óteknar, sem fá má með heimilisrétti eða kaupum.

Íbúatala árið 1901 var 255,211, nu er nún orðin 400,000 manns, hefir nálega tvöfaldast á 7 árum.

Íbúatala Winnipeg borgar árið 1901 var 42,240, en nú um 115 þúsundir, hefir meir en tvöfaldast á 7 árum.

Flutningstæki eru nú sem næst fullkomin, 3516 mílur járnbrauta eru í fylkinu, sem allar liggja út frá Winnipeg. Þrjár þverlandsbrautir lestir fara daglega frá Winnipeg, og innan fárra mánaða verða þær 5 talsins, þegar Grand Trunk Pacific og Canadian Northern bætast við.

Framför fylkisins er sjáanleg hvar sem litið er. Þér ættuð að taka þar bólfestu. Ekkert annað land getur sýnt sama vöxt á sama tímabili.

TIL FERDAMANNA:

Farið ekki framhjá Winnipeg, án þess að grenslast um stjórnar og járnbrautarlönd til sölu, og útvega yður fullkomnar upplýsingar um heimilisréttarlönd og fjárgróða möguleika.

R. P. ROBLIN,
Stjórnarformaður og Akuryrkjumála Ráðgjafi.

Skrifið eftir upplýsingum til

Joseph Burke, 178 LOGAN AVE., WINNIPEG.
Jas. Hartney, 77 YORK ST., TORONTO.

ALDREI SKALTU geyma til morguns sem hægt er að gera í dag. Pantið Heimskringlu í dag.

Framtíð íslenzkrar tungu fyrir vestan haf.

Það er líkast til að ég sé að reisa mér hurðarás um öxl, að taka mér fyrir hendur að skrifa um það mál. En svo er mál með vexti, að ég flutti dálítla ræðu um þetta efni í félaginu Ingólfi hér í Vancouver í fyrra, að ýmsir kunningjar mínir hafa hvatt mig til, að birta hana í blöðunum. En af þeim ástæðum, að ræða sú var sérstaklega stiluð til félagsins Ingólfur, þá birtist hún ekki hér, alveg orðrétt, eins og hún var þar flutt.

Það er svo sem auðvitaður hlutur, að um þetta mál er ekki hægt að rita, án þess að það séu nokkurskonar spádómsgrillur, eins og nú horfir við, hvort sem maður ætlar að halda því fram, að íslenzk tunga lifi hér, eða maður ætlar að halda hinu gagnstæða fram.

Ég skal nú strax með góðu við það kannast, að ég er ekki spámannlega vaxinn, og geri heldur enga kröfu til þess, að ég sé spámaður. Ætla ég ér því, að tala um þetta atriði rétt eins og sléttur og réttur leikmaðuri en "ekki sem neitt andans tröll, sem enginn getur bifað.

Það er enginn efi á því, kæri lesari, að það eru mjög misskiftar skoðanir um þetta málefni. Það eru sumir, sem halda því fram, og því miður eru þeir alt of margir, sem fleipra um það, að íslenzk tunga eigi hér skamma framtíð fyrir höndum. Nokkrir eru, sem halda að það geti skeð, að hún lifi hér í ein tvö til þrjú hundruð ár, og flestir álíta, að hún hljóti einhverntíma að deyja hér út.

Það munu nú ýmsir segja, að það sé öll von til þess, að almenningur sé þessarar skoðunar, þar sem aðrir eins menn eins og Einar Hjörleifsson, Jón Ólafsson og ýms önnur mikilmenni hafa slegið þessu fram, — já, rekið það beint framan í nasir og augu lýðsins, með svo spámannlegum orðum, að fólkið hefir haldið, að þar væru upprisnir spámennirnir Daníel og Jeremías og aðrir þeirra nótar. En þar sem ég get nú ekki séð, að Einar Hjörleifsson sé neitt spámannlegar vaxinn, en flestir aðrir menn, sem ég hefi séð, með allri virðingu þó fyrir hans hágöfgu persónu, og andans atgjörvi sem skálds, þá ætla ég að prótestera á móti honum af öllum þeim kröftum, sem ég hefi á að skipa. Og sama er að segja um Jón minn Ólafsson, og hin önnur mikilmenni. Þeir hafa líkast til verið svo "langt fyrir handan landslög og rétt", eins og Jón Ólafsson hefir verið stundum, eftir hans eigin sögusögn, að maður þarf líkast til ekki að óttast mjög mikið spádómsfleipur þeirra.

Ég ætla ekki, kæru lesendur, að fara að þylja yfir ykkur nokkra samskonar spádóma, og þessir menn hafa gert, eða þeirra nótar. Mig langar ekkert til, að fylla hóp þeirra manna, sem gera nöfn sín fræg með því, að niðurlægja þjóðernissjálfstæði Íslendinga. Það er skoðun mín, að það sé hin stærsta en þó um leið sú auðvirðilegasta vöntun á þjóðernislegu sjálfstæði, ef hún (þjóðin) tekur upp á þeim ósóma, að tina tungumálinu, — tungumáli því, sem forfeður þjóðarinnar töluðu, tungumáli því, sem móðir okkar talaði og kendi okkur að tala. Og hvað íslenzkuna áhrærir, þá er hún svo sögufrægt mál, að enginn, sem á annaðborð lærir hana, og sem hefir einhverja ofurlítla þekkingu, lætur sér detta í hug, að glata henni. Íslenzkan, sem er móðir allra hinna skandinavisku mála, íslenzkan, sem búin er að lifa í gegn um ótal aldaraðir, — íslenzkan, sem hinir ágætu fornaldarguðir Norðurlanda, Óðinn og Þór, Baldur og Freyr, töluðu og lögðu sínum ágætu köppum og skáldum í munn. Hún má aldrei deyja og hún mun aldrei deyja, svo lengi sem eyjan fríða og fagra í Norðursjónum er til, en ekki í sjó sokkin.

Sannast að segja höfum við fremur fátt að byggja á með það, að tungan geti ekki lifað hér. Við höfum engar sagnir af því, svo mér sé kunnugt, að nokkur þjóðflokkur, sem flutt hefir til Vesturheims, hafi glatað tungumáli sínu. Vér getum bent á Frakka hér í Canada og Spánverja í Suðurríkjunum og Norðmenn og Svía í Bandaríkjunum, einkum þó Norðmenn, sem búnir eru að lifa svo hundruðum ára skiftir í Bandaríkjunum, en hafa nú jafnvel stærri bóka og blaðamarkað þar heldur enn heimaþjóðin. Einnig má benda á þjóðflokka þá, sem fyrir voru hér, áður en hvítir menn fóru að byggja þessi Vesturheimslönd, nefnilega Indíánar. Þeir hverfa fyr sem þjóðflokkar, vegna þess, að þeir eiga svo örðugt með að geta lifað undir sömu lífsskilyrðum og hvítu þjóðflokkarnir, heldur enn það, að þeir glati feðra tungu sinni.

Og meðan vér höfum svona glögg dæmi fyrir okkur, ættum vér sizt að vera að vola með það, að vér munum glata móðurmáli voru.

Ég ætla nú að reyna, kæru lesendur, að benda ykkur á ýmsar líkur þær, sem ég hefi fyrir mér í jafnvel eins langa framtíð fyrir því, að íslenzkan eigi hér langvarandi framtíð fyrir höndum, já, höndum í þessu mikla landi Ameríku eins og hún á á sjálfu Íslandi.

Við höfum sögur af því, að á 17. öld, og langt fram á hina 18., já, jafnvel fram á 19. öld, var þjóðtungan á Íslandi komin í svo mikla niðurlægingu, orðin svo veik, hrum og skæld, að það var engin sjón orðin að sjá hana eða heyra. En af því hún átti eins fagran uppruna, var í fyrndinni fylgikona hinna frægustu manna og kvenna, þá voru engin líkindi til, að hún dæi. Hún var tungumál, sem tilheyrði miklu andans fólki, fólki, sem að jafnaði hefir heilbrigða sál í heilbrigðum líkama. Hún var tungumál, sem talað var af þeim konum, sem færar voru um, að fæða af sér mikla og merka syni, syni, sem ekki höfðu ferköntuð höfuð, heldur fallega sporöskjulöguð, svo að hljómöldur hins hreimsnjalla máls stönsuðu ekki í hornunum og dóu þar. Nei, þær gátu alt af verið á ferðinni, hljómöldur málsins, í sálarfylgsnum hinna prúðu höfða. Og þeir voru kappar ótrauðir í, að víðfrægja hið íslenzka tungumál. Þeir skrifuðu bækur og ritgerðir, og þeir orktu ljóð og drápur. Þeir klæddu málið í alt það skraut sem það áður hafði átt, og jafnvel meira. Ég get tilnefnt aðra eins menn eins og Eggert Ólafsson, Sveinbjörn Egilsson, Jónas Hallgrímsson og Konráð Gíslason, sem sem allir áttu ósegjanlega mikinn þátt í því, að leysa íslenzka þjóðmálið úr því afturfarar ástandi, sem það var í komið. Ég ætla einnig að taka það fram, að þetta voru menn, sem lengu sína fullnustu mentun á Kaupmannahafnarháskóla.

Þegar ég kom hingað vestur yfir haf, í hina miklu borg á meginsléttum Manitoba-fylkis, borgina Winnipeg, tók ég eftir því, að íslenzkan hjá landsmönnum mínum þar var orðin hörmuleg. Síðan eru nú yfir 19 ár. Þá voru til meðal Vestur-Íslendinga tvö vikublöð, Heimskringla og Lögberg, og eitt mánaðarrit, Sameiningin. Ef þessi vikublöð og eina tímarit hefðu ekki verið til, og ég tala nú ekki um, ef þau hefðu aldrei orðið til, þá hefði íslenzkan hér vestanhafs ekki vera orðin mikils virði nú í dag. En eins og það er víst, að ef bókmentir einhverrar þjóðar deyja út, að þá deyr þjóðin, að minsta kosti sem þjóð, — eins er það og líka víst, að ef bókmentir einhverrar þjóðar lifa og blómgast, þá lifir þjóðin og vex og dafnar að líkamlegum og andlegum framförum.

[Niðurlag í næsta bl.]

202 miliónir tonna af steinkolum hafa verið framleiddar jafnaðarlega á Bretlandi hinu mikla, — af þeim hefir verið flutt burt um 40 miliónir tonn. Af járni er framleitt 14 miliónir tonn, af blýi 35 þús. tonn, af zinki 19,000 tonn og af aluminum 310 tonn.

2 Bækur Gefins

FÁ NÝJIR KAUPENDUR AÐ HEIMSKRINGLU SEM BORGA $2.00 FYRIRFRAM, OG ÞESSUM BÓKUM ÚR AÐ VELJA:—

Mr. Potter frá Texas
Aðalheiður
Svipurinn Hennar
Hvammverjarnir
Konuhefnd
Robert Manton
og Leyndarmál Cordúlu frænku. —

Alt góðar sögur og sumar ágætar, efnismiklar, fróðlegar og spennandi. Nú er tíminn að gerast kaupendur Hkr. Það eru aðeins fá eintök eftir af sumum bókunum.

Heimskringla
P.O. Box 3083, Winnipeg

Smávegis.

Einhverju sinni var Dunker lögmaður að flytja mál gegn ungum manni, sem hafði móðgað föður sinn.

Hann las upp ákæruna, en í hvert skilti, sem hann kom að þeim móðgandi orðum, er sonurinn hafði sagt við föður sinn, hljóp hann yfir þau og bætti svo við: "sagði sonurinn". Þetta fanst einum af kviðdómendunum leiðinlegt, stóð því upp og sagði:

"Hvað sagði þá sonurinn?"

Dunker leit einkennilega til hans og sagði svo með mestu hægð:

"Settu þig niður á skítugan rassinn og haltu bölvuðum kjaftinum á þér saman — sagði sonurinn.

Maðurinn: "Heyrðu nú kona góð, nú ættir þú að hætta að rífast. Geturðu ekki rekið Karólínu burtu úr húsinu fyrst hún er til einskis hæf? Þú kennir henni hvort sem er um alt, sem aflaga fer á heimilinu".

Konan: Einmitt af þeirri ástæðu get ég ekki mist hana, því ef hún fer, við hvern á ég þá að rífast?

"Ermack" heitir stærsta skipið í heiminum, sem brýtur ís, mætti eins vel heita jakaþrjótur. Það var smíðað á Englandi handa Rússum, í því skyni að geta haldið opinni leið við norðurstrendur Rússlands. Í nánd við Spitsbergen fór það í gegn um 15—16 feta þykkan ís, hér um bil eina mílu á sólarhring. Ísbreiðan, sem Ermack fór í gegn um, var 350 kilómetra löng.

Magnalium heitir blendingur af megnesium og aluminium, sem þjóðverjinn Ludwig Mack fann upp. Málmur þessi hefir alla kosti aluminumsins, en enga af ókostum þess.

ÍMYNDUNARAFLID. — Maður nokkur, sem ætlaði að halda fyrirlestur, kom með flösku með sér, opnaði hana og sagði áheyrendunum, að sig langaði til að vita, hve fljótt lyktin breiddist út um salinn. Áður en 15 sekúndur voru liðnar, réttu mennirnir á fustu bekkjunum aðra hendina upp yfir hofuð sitt, sem merki þess að nú lyndu þeir lyktina, og innan 40 sekúnda voru menn á fremstu bekkjunum búnir að rétta upp sínar hendur. Áður en minuta var liðin, stóðu sumir á instu bekkjunum upp í því skyni að fara, af því þeir þoldu ekki lyktina. Þá sátu tveir þriðjungar af áheyrendunum með upprétta hendur. Í flöskunni var hreint vatn.

Í Bandaríkjunum eru 39 staðir með nafninu Berlín, 21 heita Hamborg, 23 Paris, 23 Pétursborg og 13 London.

St. Kilde er minsta ríkið í heiminum. Það er eyja vestur af Hebriderne, hér um bil 2 ferh. kílometrar að stærð. Íbúarnir eru 2—3 hundruð fiskimenn, sem búa í litlum og lélegum kofum, því hús eru þar engin og því stóð hallir. Ríki þessu er ávalt stjórnað af kvenmanni, sem eyjarbúar velja til þess. Ef hún giftir sig, er önnur stúlka kosin til að vera drotning. Mat og klæðnað fær hún í kaup, annað ekki.

þið fram í eldhús og kallið á vinnufólkið, svo það geti tekið þátt í helgihaldi með okkur".

Stína, Jóhanna og Pétur komu inn og hlustuðu með athygli á bænina.

Hinn eðallyndi prestur las með sterkri og áhrifamikilli raustu fyrir áheyrendunum, sem allir urðu hrifnir og tárfeldu, og þegar hann stóð upp til að lýsa blessun sinni yfir hópnum, þá féllu allir á kné niður.

Á sömu stundu og harpan hennar Angelu í stofunum í Óðinsvík trylti huga áheyrendanna þar, knéféll prestsfjölskyldan í litlu stofunni sinni, og þakkaði guði alt hið góða, sem hann hafði veitt henni og öðrum mönnum á umliðnum tíma.

---

4. Í kofanum.

Áður en við kveðjum jólin, skulum við skoða eina mynd enn.

Við lítið borð, sem þakið var grófgerðum en hvítum dúk, sat húsfrú Sterner og saumaði, við birtuna af einu kertaljósi, sem stóð á borðinu. Hún var að enda við flik, sem hún hafði lofað að ljúka við fyrir jólin.

Móritz hafði gengið út til að sækja vatn í lækinn, svo hún var einsömul.

Á borðinu hjá henni lá opin sálmabók, sem hún lest í við og við.

Hún var að ljúka við vinnu sína, þegar Móritz kom inn með fulla vatnskönnu í hendinni.

"Ertu ennþá að vinna, mamma?" sagði drengurinn, gekk til hennar og kysti hana. Þú mátt ekki

sauma meira í kvöld, það eru jól, og svo eru augun þín veik".

"Ég er nú búin með vinnu mína, Móritz minn", sagði móðir hans blíðlega. "Nú skulum við ekki vinna meira. Ég bjó til krans úr grösunum, sem þú tindir og lagði hann á borðið, sko, fer það ekki vel? Grænn er litur vonarinnar, hvítur dauðans, sonur minn".

Móritz horfði á móður sína með vaxandi kvíða, hún talaði með ákafa, og augu hennar líktust því að hún hefði hitaveiki. Roði var í kinnum hennar, sem annars voru fölar, og hún andaði hart og þungt.

"Guð minn góður", sagði Móritz sárhræddur, þú ert ekki frísk, mamma, þú hefir vakað of lengi, þú hefir unnið meira en þú hefir verið fær um".

"Ekki frísk?" svaraði húsfrú Sterner og brosti. "Jú, sonur minn, mér hefir aldrei liðið betur. Englarnir á himnum, sem sungu við vöggu frelsarans, munu heimsækja okkur í kvöld, Móritz. Ég sé þá koma, hvíta, geislandi, guðdómlega fagra; þeir leika á hörpurnar sínar, við skulum taka undir með þeim".

"Mamma, mamma, þú talar óráð", sagði Móritz, sem var hræddur við svipbreytingu hennar.

"Tala óráð? — Nei, kæri Móritz minn, ég tala ekki óráð. Sérðu ekki þessar himnesku verur, finnurðu ekki ilminn af liljunum og sóleyjunum; blærinn leikur um enni mitt svo blíðr og viðkeldinn ..... ó, guð, hvílíkt jólaborð! Sérðu ekki, að englarnir breiða yfir það fyrir okkur?"

Húsfrú Sterner studdi hönd undir kinn meðan Móritz baðaði enni hennar í köldu vatni. Hann var hræddur við þetta óráð móður sinnar.

"Sonur minn, sonur minn", sagði húsfrú Sterner, um leið og hún leit upp, "ég er ekki veik. Þú þarft ekki að vera hræddur, það er nú liðið hjá, ég var eitthvað svo undarleg stundarkorn og talaði óráð,

máske ég hafi lagt of mikið að mér við vinnuna, eins og þú sagðir, en nú er ég betri, hú líður mér vel".

"Guð gefi að það sé svo, elsku mamma, en þú ert svo heit í framan, er ekki bezt fyrir þig að hátta? Ég skal bera þig að rúminu þínu, og syngja fyrir þig þangað til þú sofnar".

"Nei, nei, Móritz, ég vil ekki sofa núna. Er þetta ekki jólakvöld? Það er búið að kveikja á ljósahjálminum á heimilum þeirra ríku ..... þeirra gæfusömu. Við höfum að eins eitt ljós, við eigum ekkert jólasælgæti, engar jólagjafir, en við skulum þakka guði fyrir það, sem við höfum. Við skulum láta vonina gleðja okkur og vera þolinmóð í þrautunum. Ó, sonur minn, hinn góði guð hefir lagt á okkur þungar þrautir, en hann hefir gert það okkur til góðs".

Móritz svaraði ekki. Eitthvað í huga hans vefengdi orð hennar, en hann vildi ekki styggja hana og þagði.

"Móritz", sagði húsfrú Sterner, "mér er svo ilt í augunum, mér finst svo skuggsýnt. Lestu sálm fyrir mig á meðan ég bý til matinn og smakka á jólaölinu, sem blessaður presturinn sendi okkur.

"Það skal ég gera, mamma, en á ég ekki fyrst að kveikja eld í ofninum?"

"Jú, Móritz minn, en vertu fljótur".

Móritz lét eldivið í ofninn og kveikti í honum.

"Nú er ég búinn, nú skal ég lesa, mamma".

Hann fór að lesa. Móðir hans lagði höfuð sitt á borðið, byrgði augun með höndum sínum og grét.

Móritz las lengi, svo þagnaði hann. Móðir hans hóf upp höfuð sitt og leit í kring um sig.

"Guð minn góður, Móritz, hvað er þetta? Því hefir þú slökt ljósið og látið deyja í ofninum?"

"Ljósið ..... eldinn", sagði Móritz sárhræddur.

"Hvað meinarðu, mamma? Ljósið lifir og eldurinn logar".

"Lifir ljósið og logar í ofninum?" sagði húsfrú Sterner með svo sárri tilfinningu, að orðin gagntóku huga drengsins. "Ertu viss um að það logi Móritz minn?"

"Mamma, vesalings mamma, hvernig stendur á þessu? Sérðu ekki eldinn ..... sérðu ekki mig ..... son þinn?"

Hann féll á kné við fætur hennar, kysti hendi hennar og baðaði hana í tárum.

"Nei, sonur minn, é get ekki séð þig, og mun ekki oftar sjá þig, af því ég er ..... ó, guð minn..... ég er blind".

"Blind", kallaði Móritz ofsahræddur, "blind ..... ó, nei, nei. ..... það er ekki mögulegt. Þú spaugar bara. ..... það getur ekki verið mögulegt".

"Jú, Móritz", svaraði móðirin. "Það er tilfellið, ég hefi lengi verið hrædd um þetta, og nú er það orðið".

"Mamma, mamma", sagði Móritz grátandi. "Þú blind! Ó, það er voðalegt, og þú getur ennþá sagt að þetta sé reynsla, sem lögð sé fyrir þig þér til góðs".

"Talaðu ekki svona, Móritz. Hvað er þetta stutta líf? Hve lítla þýðingu hefir það ekki sem við lifum hér? Við höfum vonina um annað líf, eilíft líf".

"Vonina", endurtók Móritz í bitrum róm, "þessa góðu von ..... já, við eigum að hugga okkur við hana, hún er meinabótin, þegar við kvörtum um raunir okkar. Ó, mamma, þú sem ert svo góð, svo ráðvönd, svo þolinmóð. Þú ert orðin blind. Og hvers vegna, hvers vegna?

"Móritz", sagði móðir hans, "talaðu ekki þannig. Orð þín særa mig meira heldur en þessi ógæfa, sem

Heimskringla.

XXIV. ÁR | WINNIPEG, MANITOBA, FIMTUDAGINN, 24 FEBRÚAR 1910 | NR. 21

Fregnsafn.

Markverðustu viðburðir hvaðanæfa

— Canadian Northern járnbrautarfélagið auglýsir, að það ætli á þessu árj að leggja yfir 500 mílur af járnbrautum í Vestur-Canada. Ekki er sagt, hvar þær eigi að leggjast, en líklega verður mest af þeim lagt í Manitoba.

— Gamli Joseph Chamberlain, sem nýlega var kosinn þingmaður á Englandi, er svo máttfarinn, að tveir menn urðu að bera hann inn í þinghúsið og setja hann í sæti sitt, og sonur hans varð að rita nafn hans á þingmannaskrána, en karl gerði kross við. Sjálfur var hann svo máttfarinn, að hann gat ekki skrifað nafn sitt. Líklegt er, að hann komi ekki aftur á þingið á öllu þessu nýbyrjaða kjörtímabili.

— Hundrað manns uoru meiddir og særðir í uppreist, sem strætisbrautamenn gerðu í Philadelphia á sunnudaginn var. Mælt er, að afleiðingin af þessu verði sú, að 100 þúsund verkamanna muni gera verkfall til hjálpar þeim, sem þegar höfðu gert það.

— Frú Curie, ekkja eftir prófessor Curie á Þýzkalandi, þann er fyrstur fann "radium" efnið, hefir fundið nýtt efni, sem hún nefnir "polonium", og segir það vera 5 þúsund sinnum sjaldgæfara og vandfengnara en "radium". Hún vann í 140 daga samfleytt að því, að finna þetta efni og vanna eðli þess, og segir hún það hafi líkt eðli og "radium",en eyðist fljótar.

— Edward konungur hefir keypt skrauthýsi eitt á einum fegursta hluta af Italiu, og hygst að hafa þar sumardvöl framvegis með drotningu sinni.

— Blaðið Express í Lundúnum segir sjóflotadeild Breta hafa fast ákveðið, að láta hér eftir brenna olíu á öllum herskipum Breta í stað kola, sem til þessa hafa notað verið. Hermálaráðgjafinn hefir pantað 50 þús. tons af olíu, til að byrja með, en geymsluhylki hafa verið gerð til að geyma 500 þús. tons.

— Innflutningur til Bandaríkjanna á sl. ári varð nær milión manns, eða nákvæmlega 957,105. Flest af fólki þessu kom beint frá Eðrópulöndum.

— New York, New Haven og Hartford járnbrautarfélagið hefir látið búa til rafmagnsdráttvél, sem er áþyrgst að draga 2 þús. tons með 45 milna hraða á kl.-stund. Þessi vél hefir verið reynd og gefist svo vel, að félagið telur áreiðanlegt, að hún geti dregið 75 til 100 fullfermda járnbrautavagna og með miklu meira en umsömdum hraða.

— Prófessor Lowell, yfirstjörnufræðingur í Flagstaff stjörnuturnfnum í Arizona, hefir nýlega fundið það, sem hann kallar mannvirki mikið á Marz jarðstjörnunni. Segist hann hafa séð þar nýjan skurð þúsund mílna langan og geta tekið mynd af honum. Myndir þær, sem teknar voru af þessum hluta stjörnunnar í sl. maímánuði, sýndu ekki skurð þenna, svo að marzbúar hljóta að hafa verið afarmikilvirkir, ef þeir hafa grafið hann síðan. Prófessorinn telur þó engan efa á, að svo sé, og aðrir stjörnufræðingar hallast að þeirri skoðun, því þeir kveðast hafa séð merki til þessa skurðar á tímabilinu frá maí til september sl., og síðan hafi hann einatt vaxið eða stækkað. — Telja þeir því víst, að lífandi verur búi á stjörnu þessari.

— Mickail Duke, sonur rússnesku keisarahjónanna, varð nýlega uppvís að því, að hafa kvongast konu af lágum stigum, sem fengið hefir skilnað frá 3 eiginmönnum. Keisarinn kvað vera fokvondur út af þessum afglöpum sonar síns, og keisarafrúin er svo æst, að hún neitar að líta son sinn augum. — En sá ungi herra kærir sig kollóttan.

— Sagt er, að Bandaríkjastjórnin hafi ákveðið að veita lautinant Peary gullmedalíu fyrir pólarfund hans, fremur enn að gera hann að aðmíráli.

— Talsverð óánægja hefir að undanförnu verið með talsímanotendum í Kaupmannahöfn, og margir þeirra hafa haft í frammi ljótt orðbragð í samtali sínu við miðstöðvarnar, þegar þeim fanst sér ekki vera sint sæmilega fljótt. Talsímafélagið setti þá fónógraf í miðstöðina, sem tók niður og geymdi alt, sem talað var. Síðan steindi félagið nokkrum notendum fyrir ósæmilegt orðbragð, og þegar þeir fyrir réttinum neituðu sekt sinni, þá var málvélin sett af stað svo að dómarinn gæti bæði heyrt, hvað talað hefði verið, og eins þekt málróm þess er talaði. Þessi sannanagögn félagsins voru svo ljós og svo að segja áþreifanleg, að félagið vann hvert málið á fætur öðru, og þeir seku voru sektaðir. Síðan hefir orðbragð talsímanotenda þar í borginni batnað að miklum mun.

— Mannskemdir og uppþot mikil hafa orðið á Þýzkalandi um miðjan þennan mánuð. Stjórnin hafði lagt fyrir þingið og fengið þar sam þykt kosningalög, sem Sósialistum geðjaðist ekki að. Samstundis stofnuðu þeir til æsingafunda víðsvegar í Berlínarborg og orsökuðu upphlaup þar á strætunum. Lögreglan átti fult í fangi með að koma á spektum, og ekki fyrr en búið var að berjast lengi og marg ir höfðu særst varð frið komið á. Á ýmsum stöðum þar í landi, utan höfuðborgarinnar, urðu og uppþot mikil út af þessu frumvarpi. Börðust menn á strætum og torgum unz margir láu eftir á vígvellinum drepnir og særðir. Mest var barist með sverðum og rýtingum. Sumir mistu eyrun, aðrir hendur, og sumir voru stungnir á hol. — Mest kvað að þessu í bæjunum Holstein, Neumunsteer, Halle, Keonigsberg, Duisborg og fleiri stöðum. Lögreglan mátti ekkert við þeim mikla mannfjölda, sem safnaðist saman til að hlusta á ræður Sósialista. Í Berlin voru æsingafundir haldnir á 40 stöðum sama daginn, ýmist í samkomuhúsum eða úti í lystigörðum borgarinnar og á leikhúsunum. Mesta fjölda manna var varpað í fangelsi, en þeir sendir á sjúkrahús, er særðir voru til muna.

— Yfir 150 manna týndu nýlega lífi í Miðjarðarhafinu. Skipið, sem fólk þetta var á, strandaði, og að eins einn farþegi komst lífs af. Mörg börn voru meðal farþeganna — flest frönsk og ítölsk.

— Lyfsali einn í Paris var nýlega handtekinn og kærður um misþyrming á konu sinni. Fólk hafði tekið eftir því, að hún hafði hvergi sést á mannamótum um margra mánaða tíma, og lögreglunni var tilkynt, að ekki mundi fara sem bezt um hana. Lögreglan heimsótti því lyfsalann og kitaði konunnar í húsi hans. Svefnherbergi lyfsalans urðu þeir að brjóta upp til þess að komast þar inn, og þar fundu þeir konuna, festa með öflugum járnhlekkjum við herbergisvegginn og mjög illa til reika. Þannig hafði henni verið haldið í prísund um tveggja ára tíma. Lyfsalinn játaði sök á sig, kvaðst elska konu sína mikið, en vera hræddur um hana fyrir öllum öðrum mönnum.

— Nefnd manna hefir farið þess á leit við British Columbia stjórnina, að hún setji á stofn sérstaka skóla, til þess að menta þar þá Kínverja og Japana, sem nú eru orðnir afar fjölmennir þar í fylkinu. Því er haldið fram, að börn þessa fólks alist þar upp án allrar mentunar, og að þeim sé ekki kent að tala eða lesa ensku. Einn af þingmönnum fylkisins gat þess í þinginu þar nýlega, að það væri niðurlæging fyrir börn hvítra manna, að verða að sitja á sama bekk í alþýðuskólunum með austrænum börnum, og að ef fylkisstjórnin vildi ekki koma á fót sérstökum skólum fyrir þau, þá mundi Nanaimo borg takast í fang að koma upp sérstökum skólum á eigin reikning., Búist er við, að stjórnin muni taka þetta mál til alvarlegrar íhugunar og að líkindum mynda slíka skóla.

— Nefnd fransk-kanadiskra borgara hefir beðið Ontario stjórnina að breyta svo skólafyrirkomulagi mentamálanna þar í fylkinu, að kent verði á alþýðuskólunum, sem sé móðurmál barnanna, hvort sem þau séu ensk, frönsk, þýzk eða af öðrum þjóðflokkum. Aðallega lagði nefndin áherslu á, að kend væri þar franska og franskar bókmentir, og að það mál yrði viðurkent jafngilt enskunni. Stjórnin lofaði, að taka beiðni þessa til íhugunar.

— D. A. Wilson, hóteleigandi og stjórnmálamaður í Clearfield,Pennsylvania, var 11. þ.m. dæmdur í 500 dollara sekt og 18 mánaða fangelsi fyrir að nota falsk farbréf á Pennsylvania járnbrautinni. — Hann hafði keypt farbréf, er gilti fyrir 12 mílur, en hafði breytt því svo, að það gilti fyrir lengri vegalengd.

— Mál var nýlega höfðað móti ritstjóra einum í London á Englandi fyrir mannorðspell, og gaf dómarinn honum kost á að biðja fyrirgefningar, en ritstjórinn neitaði því tilboði, — kvaðst heldur vilja þola 20 ára fangelsisdóm.

Góð frammistaða.

Tekjuafgangur Roblin stjórnarinnar á sl. ári hefir orðið

$624,000.00

— Stjórnin á Italiu hefir borið fram í þinginu frumvarp til laga um, að láta byggja 40 þúsund alþýðuskóla í ríkinu. Skulu þeir vera eign sveitafélaganna og byggðir á þeirra kostnað, en stjórnin eða ríkið lánar sveitunum peningana, sem áætlað er að nemi 48 miliónum dollara. Í þingræðum um frumvarp þetta var það staðhæft, að fullur helfingur þjóðarinnar væri með öllu ólæs og óskrifandi. Stjórnin vill og gera aðrar umbætur á mentamálunum, sem áætlað er að kosti ríkið 8 miliónir dollara á ári. En svo er að sjá á fréttum þaðan, sem þingmenn yfirleitt séu því mög andstæðir, að nokkur breyting sé gerð á núverandi ástandi. Ætla má samt, að stjórnin hafi ekki borið frumvarp þetta fram fyrr en hún var búin að tryggja sér fleirtölu þingmanna með því.

— Ungfrú Dorothe Toye, frá Portage la Prairie hefir nýskeð komið fram sem söngkona í Parísarborg, og er af helztu söngfræðingum þar talin að hafa fágæta og undraverða söngrödd. Hún syngur tenor-rödd svo vel, að helztu söngfræðingar borgarinnar segja Caruso geti ekki gert það betur, og soprano-rödd hennar er talin jafngildi þess, sem nú þekkíst bezt í heimi sönglistarinnar. Mælt er, að kona þessi geti sungið tvísöng, bæði soprano og tenor raddir í einu. Henni hefir verið boðið að koma til Lundúna og syngja þar, og mun hún taka því tilboði. — Stúlka þessi ólst upp um tíma hér í Winnipeg með foreldrum sínum, en flutti síðar til Portage la Prairie. Hún á 7 systur, sem allar eru söngkonur, þó engin þeirra jafnist við hana.

— Fyrir fáum dögum kvongaðist hér í borg herra Fred Carroll, sonur herra A. H. Carrolls fylkisþingmanns, sem býr hjá Wawanesa hér í fylkinu. En tæpast var hann fyrr kominn heim með brúði sína en ung kona ein þar vestra skaut hann að heimili hans, veitti honum sár, sem hún mun hafa ætlast til að hann biði bana af. En læknar telja víst, að hann nái heilsu aftur. Um orsakir til þessa tilræðis stúlkunnar hefir ekki frézt greinilega, en líklega hefir henni þó fundist, að hún vera að reka réttar síns að einhverju leyti, eða að hefna sín fyrir ímyndaða eða virkilega ástæðu.

Íslands fréttir.

Eftirfylgjandi símskeyti, dagsett í Reykjavík 22. jan. sl., er prentað í blaðinu Austra: — Alit rannsóknarnefndar Landsbankans birt. Niðurstaða: Varasjóður lánaður út, tap á bankalánum full 400,000 krónur hjá þurfamönnum, þrotamönnum og öðrum óreigum. Að vitni bókara hefir það verið kunnugt bankastjórninni árum saman, að víxla og ávísana-eign bankans hefir verið mörg þúsund krónum minni en bankarefkningur tilærir. Stórlé í sjálfskuldarlánum herfilega vanrækt, enda mikið ólöglega veitt að játning bankastjórnar sjálfrar; mjög mikið af víxlum ólöglega keypt, jafnvel af starfsmönnum bankans; sum bókfærsla í ólagi, og sumar áríðandi bækur alls ekki haldnar. Þetta, sem bygt er á bók um bankans, skjölum og öðrum skilríkjum, sýnir, að bankastjórnin hefir brotið lög og reglugerð bankans í mjög mikilvægum atriðum, vanrækt mjög stórmargar mikilvægar skyldur sínar, og bakað bankanum stórtjón. Landsstjórn telur þó bankann eiga fyrir skuldum.

Fundur haldinn í Mjóafirði 15. jan. sl. til að ræða um bankamálið. Þar samþykt: "Fundurinn lýsir fullu trausti á ráðherranum og stjórn hans yfirleitt ....."

Jarðskálfti varð á Íslandi 22. jan. sl. Víða allsnarpir kippir, en snarpastir á svæðinu frá Húsavík til Sauðárkróks, Rúður brotnuðu í gluggum sumstaðar og hurðir skektust í dyraumbúningi. Ekki varð hans vart í Árness eða Rang árvallasýslum.

Um sama leyti brann í Reykjavík íbúðarhús Lárusar Benediktssonar, virt á 30 þús. kr. Og sömuleiðis prentsmiðja D. Östlunds. Næstu hús stórskemd. Engu bjargað. Manntjón ekki.

Sími verður á þessu ári lagður frá aðalsímalínunni í Skagafirði, milli Skriðdals og Sauðárkróks, nálægt Víðvík. Kostnaður áætlaður 30 þús. kr. Verður fyrst einungis talsímastöð á Siglufirði, en ef nauðsyn krefur verður þar sett upp ritsímastöð. Stafrækslu stöðvarinnar hefir hreppurinn tekið að sér að annast, að öllu á sinn kostnað.

Fólksfjöldi í Reykjavík var í sl. nóvember 11,194.

Þann 11. jan. sl. skipaði ráðherra Friðbjörn Aðalsteinsson símritara á landsímastöðinni á Akureyri.

Tveir bréfberar verða skipaðir í Reykjavík, annar fyrir vestur, en hinn fyrir austurbæinn. Þeir fá eitt þúsund kr. í árslaun hvor.

Allþykk snjóbreiða á jörðu á Suðurlandi í byrjun þessa mánaðar, en frost vægt.

Verzlunarskýrslur frá Kaupmanahöfn, dags. 7. jan., segja: Allar íslenzkar vörur hafi selst vel á sl. ári, rjúpur 70au. parið, engin eftirspurn eftir prjónlesi, en búist við fyrir alsokka 70 au., hálfsokka 50 au., sjóvetlingar 40 au. og fingravetlingar 65 au., hvít ull 62 au., en mislit 52 au., saltfiskur (smáfiskur) 50 kr., málfiskur 64 kr., ísa 42 kr., heilgafiski 42 kr., langa 55 kr., harðfiskur óseljanlega vara, lýsi, ljóst hákarlslýsi, 210 punda tunna, 30 kr., dökt 26 kr., þorskalýsi ljóst 26 kr. og dökt 24 kr., gott meðalalýsi 38 kr., síld í lágu verði, lítil eftirspurn eftir saltkjöti, verðið 50 kr. tunnan. Aðfluttar vörur: Rúgur 6 kr. 100 pd., rúgmjöl 6½ kr., hveiti 10 kr. 100 pd., kaffi 37 au., hvítisykur 17 au. pd. Fremur horfur á, að út lend nauðsynjavara hækki í verði.

Mælt er, að töluverðar sprungur hafi komið í Reykjanesvitann í jarðskjálftakippunum laugard. 22. jan. sl.

Bráðapest hefir gert vart við sig á ýmsum stöðum í Dýrafirði og Arnarfirði.

Lögin um tugamál og tugavog nú komin í gildi á Íslandi, að því leyti, að við tollskyldar vörur skuli eingöngu notað tugamál og tugavog, að því er snertir að ákveða tollgjöld til landssjóðs.

Glímumennirnir erlendis

Skömmu eftir nýárið voru þeir í Odessa suður á Rússlandi að sýna listir sínar.

Þar kom það fysir eitt kvöld, að svoli einn meðal áhorfenda ruddi sér fram á leiksviðið og krafðist þess, að fá að berjast við glímumennina með hníf — hrópaði, að vörn þeirra mundi vera eintóm svik. Áhorfendur æptu, að maðurinn yrði að fá að reyna sig við Íslendingana —, gekk svo litla stund, unz einn Íslendinganna hrópaði, að það væri svo sem velkomið.

Hófst svo bardaginn. Rússinn ruddist að Íslendingnum með hnífinn blikandi á lofti. En áður 10 sekúndur voru liðnar lá Rússinn æpandi og skrækjandi á gólfinu með brotinn handlegg, en Íslendingurinn stóð yfir honum sigri hrósandi með morðkuta hans í hendi, og áhorfendur ætluðu að keyra húsið niður með lófaskellum.

Daginn eftir þetta afrek heimsótti lögreglustjórinn í Odessa glímumennina og bað þá að kenna lögregluforingjum bæjarins varnarbrögð sín. Það gerðu þeir. Voru í Odessu vikutíma og kendu lögregluliðinu glímubrögðin.

Svo mikið orð fór af þessum bardaga í Cirkus Odessa, að glímumennirnir hafa haft fult hús, hvar sem þeir hafa komið síðan í rússneskum bæjum. (Eftir danska blaðinu Politiken).

— Ísafold.

LEIÐRÉTTING.

Í hinu nýprentaða lagi minu, "I t g r i e v e m e", sem Nordheimer Piano & Music Co., Montreal, hafa gefið út, hefi ég séð þessa prentvillu:

Á orðunum: "r e s t (here) c o m — í síðustu hendingu lagsins í Sóló-partinum, eru tvo — c —, ean eiga að vera tvö — d —, en í fjórraddaða-partinum er lagið rétt á þessum umrædda stað, og vil ég biðja þá, sem nota lagið, að leiðrétta villuna í solo-partinum samkvæmt því.

Að svo stöddu mun þetta lag að eins fást hjá útgefanda, og hjá H. S. Bardal, Winnipeg. Verð: 60 cts.

Icel. River, 14. febr. 1910.

G. E y j ó l f s s o n.

SPURNINGAR.

Heiðraði ritstjóri Heimskringlu, viltu gera svo vel og svara þessum spurningum í þínu heiðraða blaði: —

1. Hafa verzlunarmenn lagalegan rétt til að setja rentur á skuldir manna?
2. Og ef évo er, hvað mega þeir setja þær háar?
3. Hvað liggur við því, ef þeir leggja á skuldir hærri rentur en lög ákveða?

Fáfróður.

SVÖR. — 1) Já. 2) Löglegar rentur. 3. Þeir geta ekki innheimt með lögum, ef þeir setja hærri rentur en lög ákveða, nema öðruvísi sé umsamið Ritstj.

Til minnis.

Nautgripi, hesta og landbúnaðarverkfæri tek ég í skitum fyrir gott hús í Winnipeg. Húsið er með öllum hæst-móðins þægindum. — Þetta ætti að geta komið sér þægilega fyrir einhvern. Skrifið, talsímið eða talið við.

G. J. GOODMUNDSON,
Talsími: Main 4516. 702 Simcoe

"20. öldin" endurrisin kemur út þessa viku.

JÓN JÓNSSON, járnsmiður, að 790 Notre Dame Ave. (horni Toronto St.) gerir við alls konar katla, könnur, potta og pönnur fyrir konur, og brýnir hnífa og skerpir sagir fyrir karlmenn. — Alt vel af hendi leyst fyrir litla borgun.

OGILVIE'S
Royal Household Flour
Til Brauð og Köku Gerðar
Gefur Æfinlega Fullnœging
EINA MYLLAN Í WINNIPEG,—LÁTIÐ HEIMAIÐNAÐ SITJA FYRIR VIÐSKIFTUM YÐAR.

Munið eftir fyrirlestrinum um Ísland í Únítarasalnum í kveld, — miðvikudag.

HVÖT.

Íslenzkir bændur og búalið! — Fetið í fótspor herra Björns Árnasonar, Point Robert, Wash., sem á Alaska-Yukon-Pacific sýningunni fékk Bronze Medal fyrir stærstu Gooseberries, sem komu úr því ríki. Björn hefir margar tegundir af trjám og berjarunnum, sem skreyta garð hans.

Það er talið víst, að í Winnipeg verði haldin aðal-sýning fyrir afurðir og aðra framleiðslu Canadaríkis árið 1913, — munið eftir, að verða samferða í samkepninni við aðrar þjóðir! J.J.

KENNARA VANTAR

fyrir Swan Creek skóla, No. 746, um sjö mánaða tíma, frá 1. maí til 1. desember. Umsækjendur tilgreini mentastig og kaup, sem vænst er eftir, og sendi tilboð sín til

JOHN LINDAL, Sec'y-Treas.
Lundar, Man.

Myndasýning

Næstkomandi þriðjudagskvöld, 1. marz, verða sýndar fjölbreyttar myndir í Tjaldbúðarkirkju, undir umsjón Djáknanefndarinnar. Aðgangur fyrir fullorðna 25c, fyrir börn innan 12 ára 15c. Byrjar s t u n d v í s l e g a kl. 8.

Ágóðanum verður varið til að hjálpa bágstöddum.

Hlynnið að góðu málefni, fyllið kyrkjuna.

Kaffi verður selt í salnum á eftir sýningunni.

Wall Plaster

Með því að venja sig á að brúka "Empire" tegundir af Hardwall og Wood Fibre Plaster er maður hár viss að fá beztu afleiðingar.

Vér búum til:

"Empire" Wood Fibre Plaster
"Empire" Cement Wall "
"Empire" Finish "
"Gold Dust" Finish "
"Gilt Edge" Plaster of Paris
og allar Gypsum vörutegundir. —

Eigum vér að senda yður bækling vorn?

MANITOBA GYPSUM CO. LTD
SERIPSTOFUR OG MILLUR Í
Winnipeg, - Man.

Heimskringla

Published every Thursday by The Heimskringla News & Publishing Co. Ltd

Verð blaðsins í Canada og Bandaríkjunum $2.00 um árið (fyrir fram borgað), sent til Íslands $2.00 (fyrir fram borgað af kaupendum blaðsins hérlendis $1.50)

B. L. BALDWINSON,
Editor & Manager

Office:
729 Sherbrooke Street, Winnipeg
P. O. BOX 3083. Talsími 3512.

Ég kom og sá

ÍSLENDINGA Í SASKATCHEWAN FYLKI.

(Framhald).

Um kvöldið kom til bæjarins nafrændi minn Magnús Pálsson Magnússonar frá Akureyri, til þess að sækja póstinn. Foreldrar hans komu frá Íslandi fyrir nokkrum árum og dvöldu hér með börn sín þriggja ára tíma. En fluttu síðan vestur á heimilisréttarland, sem Páll tók þar. Nú hefir Magnús sonur hans einnig fest sér þar land, og gert umbætur á því, en dvelur þó í foreldrahúsum. Með honum fór ég heim til hans, og gerði það heimili að aðalaðsetursstað mínum meðan ég dvaldi í bygðinni. Páll kom þangað félítill með stóra fjölskyldu, en hefir komið sér vel fyrir, rúnar tvær mílur frá bænum, og bygt þar svo gott hús, að það verður, þegar það er fullgert, með þeim beztu í sveitinni. Sjálfur vinnur hann að mestu hjá öðrum við timbursmíðar, én synir hans og kona annast um búið þegar hann er ekki heima. — Magnús keyrði mig um allan eystri hluta bygðarinnar, frá Foam Lake vestur til Elfros bæjar, á einni viku.

Eftir næturgistingu hjá Páli fór ég með honum og konu hans og 2 sonum til Leslie, því nú var runninn upp sá mikli dagur, er blóta skylda að kveldi. Ég hafði frétt, að samkoman ætti að vera í húsi því hinu nýja, er íslenzkir Goodtemplarar hafa bygt þar í bænum. Það er vandað hús, um eða yfir 60 fet á lengd, og 24 eða fult það á breidd, einlyft og ennþá ómálað, og ekki fullgert að innan. En vand að er það að viðum, og verður eflaust aðalfundarsalur bæjarins um nokkur komandi ár. Ég gerði tvær tilraunir til þess, að fá keyptan aðgönguseðil að þorrablótinu, en fékk ekki. Var mér þá sagt, að prentaðir hefðu verið 150 seðlar og mundu flestir þeirra uppseldir, en sá fanst hvergi, sem hafði meðferðis þá miða, er óseldir voru. Ég beið því milli vonar og ótta um, að geta fengið aðgang að blótinu.

Þennan dag mætti ég herra Friðjóni Friðrikssyni, sem þar var staddur í lífsábyrgðarerindum fyrir The Great West Life Insurance Co. hér í Winnipeg, velþekktu og áreiðanlegt félag, og það eina sinnar tegundar, sem hefir aðalskrifstofur sínar í Vestur Canada. Við Friðjón sátum inn á skrifstofu H. Lindals um kveldið, fengum við þá boð að koma strax niður í Goodtemplarahúsið nýja, en með því að framdyr þess voru enn ekki opnar, skutumst við inn um bakdyrnar, eins og sárþyrstir sögunarkarlar stundum gerðu hér í fyrri daga, þegar þeir leituðu sér hressingar á hótelunum í Winnipeg á sunnudagskveldum og öðrum tímum, þegar vínsala var forboðin. Þarna sáum við salinn í allri sinni dýrð. Við innri enda hans er upphækkaður leik- og ræðupallur, 16 feta breiður, að mér sýndist. Á aðalgólfi salsins höfðu verið settar 4 borðaraðir, langs eftir því, með sætum fyrir 60 manns við hvert borð, og þess utan var eitt borð sett uppi á ræðupallinum. En yfir þeim palli var strengt tjald þvert yfir húsið, með áletruðum þessum orðum: "Allir eitt", og virtist mér þýðing þeirra nokkuð óljós og tvíræð, en þarna stóðu þau eins og stafur á bók fyrir allra augum.

Um hundrað manns höfðu komið alla leið vestan frá Wynyard um daginn til að sitja blótið, og nú varð það ljóst, að í stað 150 aðgöngumiða, sem seldir höfðu verið, þá mundu að minsta kosti 300 manns sækja samkomuna. En mér virtist ekki rúm í salnum fyrir öllu fleiri en 250 manns, og þá full-þétt áskipað við öll borðin. Ég fór að kvíða fyrir vistaskorti og kenna í brjósti um vesalings Guðmund Jónsson og konur hans, sem matreitt höfðu til þessa hins mikla hátíðahalds, og sem máttu nú búast við að fullnægja þörfum 300 manna af forða þeim sem ætlaður var 150 eða í mesta lagi 200 manns.

Klukkan var orðin 8. Borðin öll hlaðin með indælustu íslenzkum kræsingum: Hangikjöti svo góðu, sem bezt þektist á Íslandi, því að land þar í eystri hluta bygðarinnar er víða kjarrvaxið, og því hið bezta til sauðagöngu; magálar, rúllupilsur, sperðlar, reyktir bringukollar, blóðmör, skyr og rjómi, laufabrauð og rúgbrauð með smjöri, og kaffi.

Helgi Helgason, söngfræðingur frá Wynyard, hafði komið með 9 menn úr hornleikendaflokki sínum þaðan að vestan. Flokkur þessi stóð nú með hljóðfæri sín þarna á pallinum. Thomas Paulson forseti samkomunnar var í sæti sínu, og Guðmundur Jónsson og konur hans höfðu raðað sér á ákveðna staði víðsvegar í salnum, til þess að vera til taks að þjóna gestunum, sem nú stóðu óþreyjufullir við framdyr hússins. Það var auðséð á öllu, að vandað hafði verið til þessarar samkomu, og engu því gleymt og ekkert það vanrækt, sem gera þurfti til þess að veizlan yrði sem virðulegust og gestunum unaðsrík. Klukkan 8.20 voru framdyrnar opnaðar, og inn þyrptist fólkið og samtímis þeyttí lúðraflokkur Helga fagnaðarlag móti gestunum.

Þegar menn höfðu gengið til sæta, setti forseti samkomuna með nokkrum velvöldum orðum, — að öðru leyti en því, að hann bað gestina velvirðingar á því, hve alt væri fátæklegt og undirbúningur ónógur. Þetta mátti hann láta ógert, því hann sérði með þessu mínar nærnu tilfinningar, og líklegast einnig tilfinningar Friðjóns Friðrikssonar. Við — eða ég veit fyrir mig — ég fann til þess, hve langt við hér í höfuðborginni höfum verið á eftir með þau þorrablót, sem hér hafa haldin verið, því miðsvetrarsamsæti, sem Leslie búar nú héldu, — að öllu öðru en húsakynnum, og ljósum, og það hvorttveggja hefir verið þeim ósjálfrátt, sem fyrir blótunum hafa staðið.

Að endaðri ræðu forseta var tekið til snæðings. Hvert sæti var skipað, en fram við dyrnar stóðu um 60 manns, sem ekki gátu fengið sæti, og urðu því að standa meðan þeir, sem sezt höfðu, voru að tína í sig íslenzka sælgætið af borðunum. Undir borðum voru fluttar ræður og kvæði samkvæmt fyrirfram ákveðnu prógrammi. En lúðraflokkur Helga spilaði á milli þeirra stykkja, og það svo vel, að það vakti aðdáun allra gestanna. Um ræður og kvæði þarf ég ekki að tala því grein um það hefir send verið til þessa blaðs, og var hún prentuð í síðasta blaði.

Að loknu prógramminu gat forseti þess, að herra Friðjón Friðriksson og ég værum heiðursgestir á blótinu, og að við yrðum að ávarpa söfnuðinn, og það gerðum við, og þóttumst með því hafa fengið veizlumatinn með kjörkaupum.

Eftir miðnætti voru borð rudd og dansleikur hafinn, og varaði sú skemtun fram á morgun. Var það almannarómur, að blót þetta hefði tekist ágætlega, og má því vænta, að slíkar samkomur verði árlega haldnar þar framvegis. — Enda hafa Leslie búar þegar látið þess getið, að þeir ætli næsta ár að halda þorrablót með ennþá meiri undirbúningi og ennþá ramíslenzkara í sniði en jafnvel þetta blót var, og það má trúa dr. Sig. Júl. Jóhannessyni til þess að sjá um að svo verði, því hann er allra manna ákveðnastur Íslandsvinur, og beitir öllum sínum miklu áhrifum til þess að halda uppi orðstír þess og auka sæmd þess út á við.

Þess verð ég að geta hér, að guðfræðikandidat Lárus Sigurjónsson flutti einkar-fagurt kvæði á þorrablótinu í Leslie, en neitaði að leyfa að það yrði prentað. Lárus er eins gáfaður eins og hann er lærður, og það er Vestur-Íslendingum skaði, hve dulur hann er. Maðurinn ætti að koma fram með það, sem hann hefir bezt að bjóða. Það mundi meir enn þola samanburð við það annað, sem mentamenn vorir leggja fram til fróðleiks og uppbyggingar fólki voru hér vestra.

Áður en ég skil við Leslie bæ, verð ég að geta þess, að þar hitti ég herra Jón Sivertsen, sem fyrir mörgum árum var hér í Winnipeg um tíma. Jón var hinn kátasti og sællegur í útliti. Hann er skrautmaður mikill og ber gilta hnappa í fötum sínum á helgidögum og hátíðum. Starf hans er, að hlynna að heimilum bæjarbúa og annast um eldiviðarbyrgðir þeirra í fjarveru bændanna.

Um þorrablótið voru að flytja inn í Leslie bæ þeir félagar Thorvaldur Thorvaldsson, bróðir þeirra kaupmannanna Eliasar á Mountain og Stigs á Akra, N. D., — og Hallgrímur G. Sigurðsson, sem verzlun höfðu að Kristnes P.O. Þeir félagar keyptu stóra algenga verzlun þar í bænum, og eru nú sestir þar að. Þeir verzla þar með allar almennar vörutegundir, hafa góða vöru og selja með sanngjörnu verði. Þessir menn báðir hafa talsverða verzlunarreynslu og eru líklegir til þess, að gera góða verzlun meðal landa sinna og annara viðskiltavina þar vestra.

Að loknu blótinu fór ég af stað með Magnúsi Pálssyni Magnússonar, og keyrðum við norður um bygðina, tókum miðdagsverð hjá Lúðvík H. J. Laxdal, syni Sigurðar Laxdals frá Akureyri. Hann býr skamt norður frá Leslie bæ. Hjá honum er Sigurður faðir hans — nú hniginn á gamalsaldur, en furðu hress og fjörugur enn þá. Um kveldið náðum við háttum hjá Grími Laxdal, fyrrum kaupmanni á Húsavík. Grímur kom hingað vestur í fyrra sumar, algerlega einalaus, en kona hans og börn komu á sl. sumri. Ég bjóst við, undir kringumstæðunum, að koma þar að hálfgildings útilegumanns hreysi, því að Grímur er norðast í nýlendunni, á þessu svæði, og liggur land hans að Indíána-bygð, sem þar er norður af, um 12 mílur fyrir norðan Leslie bæ. En ég komst að raun um, sem oftar, að varhugavert er að byggja á líkum, því hjá Grími fann ég prýðisgott íveruhús, svo að ekki eru mörg önnur betri þar um svæði, og er þó húsið ekki fullgert enn þá, því að hann hefir hálft í hverju í hyggju, að flytja það á land sonar sins, sem tekið hefir sér heimilisréttarland innar í bygðinni, áfast við land Lúðvíks Laxdals frænda sins. Grímur hafði og góð fjós og í þeim um 20 gripi, sem hann á sjálfur, og hirti um þá eins og þaulæfður bóndi. Ég undraðist, hve miklu maðurinn hefir getað komið í verk á jafnstuttum tíma, og þó ég vissi, að hann er jötun duglegur og ákafamaður að hafa sig áfram, þá datt mér ekki í hug, að hann væri búinn að búa svona vel um sig og umbæta land sitt eins og ég sá merki til. Það er enginn efi á því, að haldi hann áfram að vinna með sama kappi framvegis eins og hann hefir gert síðan hann kom hingað vestur, þá verður hann sæmilega auðugur maður með tímanum. Ég átti nokkurt tal við konuna hans um kveldið, og sagði hún mér, að sér hefði brugðið mjög við umskiftin, frá því að búa við allsnægtir sem kaupmannskona á Íslandi, en hafa nú orðið að sætta sig við frumbyggjalífið í útjaðri ungrar nýlendu í strjálbýlu fylki. En mér sýndist á framreiðslu borðréttanna um kveldið og borðbúnaðarins, sem þar var, og ýmsra annara húsgagna, sem ég sá þar inni, að hún mætti hrósa happi yfir því, að hafa aldrei fengið neina reynslu eða þekkingu á hinu sanna frumbýlingslífi, eins og íslenzkir landnemar urðu við að búa á fyrri árum hér vestra. Og það má með sanni segja um alla, sem sezt hafa að í nýlendu þessari, að þeir hafa að miklu leyti — ég vil segja að öllu leyti — hlaupið yfir frumbýlingsástandið, eins og landar vorir hafa þekt það í öðrum nýlendum. Grímur var hinn kátasti og lék á alls oddi. Það var eins og hann væri fæddur og uppalinn við búskapinn og sæi ekkert nema geisla unaðs og allsnægta framundan sér.

Járnbrautarfélag eitt hefir lagt vegstæði yfir land Gríms og með útbúnaði til þess að hafa þar vagnstöð. Fari svo, að vagnstöð verði á landi hans, þá getur svo farið, og er líklegt mjög, að þar myndist þorp, og þá tel ég að Grímur verði þar vel settur, og að land hans verði verðmætt.

Næstu nótt gisti ég hjá Jóni Einarssyni, timburmanni frá Winnipeg, sem búið hefir þar vestra í sl. 3 ár, eða þar um bil. Jón hefir bygt sér prýðisgott hús, og gert miklar umbætur á landinu, og kann þar vel við hag sinn. Hann kvaðst á sl. hausti hafa fengið yfir hundrað búsel af höfrum af ekru lands og af hveiti 33 búsel, — ef ég man rétt. Talsverður Willow og grannur Poplar skógur er á landi hans, svo að útsýnið þar er sama og ekkert. Annars sagði hann mér, að þar væri fallegt á sumrin, og má vel vera, að svo sé, þó lítið sæist þar út frá um þennan tíma árs. (Meira).

5,000 enskir prestar hafa enga fasta atvinnu, að sagt er.

28,000 dansspor sté stúlka í Rómaborg á einni nóttu. Enginn af karlmönnunum sté fleiri en 15 þúsund. Sporin voru talin með þar til gerðri vél.

Bretaveldi.

Minni, flutt á miðsvetrarsamsæti "Helga magra" 16. febr. 1910.

Þú GUÐ, öflga þjóð, þú veldi vort,
eitt vöku-ljóð í f tækt ort,
með útlenzkt tungutak!
Ei ljóð, sem á svo hlýan hreim
hann hæfi, Bretland, völdum þeim,
sem ráða yfir hálfum heim
með hauksins vængjablak.

Nei, ljóð, sem fyrst vill þakka þér
að þú að hfa kendir mér —
að opna augu mín. —
Þú gafst oss mikið—: góðan leir;
samt gáfum vér þér ennþá meir:
vér lifum þér unz ljósið deyr —
vér liðin erum þín.

En fremri mætti förin vor,
og fegurri þín eigin spor
ef heima væri heilt.
En áhrif bæði ill og góð
í útlönd berst frá heimaþjóð;
því gerir oft þitt berkla blóð
oss brjóstið þungt og veilt.

Í Byron's óð, í Shelley's söng,
frá Shakespear's þungu Líkaböng
þér drundi drottins raust.
Sú raust, sem spámanns andinn á,
sá æðsti tónn, sem þekkja má;
sú elding, sem þeim æðsta frá
í arfann neista laust.

En brann þitt hismi — hjómsins glys,
varð heilagt frelsið þjóðar blys
í sérhvers sókn og gjörð,
þótt gætt þín hafi guðshönd sterk
í gegnum flest þín ægi-verk,
og skrýði rauðum silkiserk
þitt sigur-nafn á jörð.

Nei, innra frelsi einstaklings,
er afmarkað af löggjöf þings
en ei af andans dáð.
En hún er sannur sigur lands
í sálu lýðs — hvers einstaks manns,
og dýrri krúnu keisarans
og konungs guðs af náð!

Því keisarans og konungs stóll,
mun kaldari en norðurpóll
er þroski þjóða vex.
Er allir heimta heiður sinn,
sitt heila frelsi — manndómins,
þótt nú þeir húrri í himininn
sitt heróp: *Vivat rex*!

Hin dýpsta samúð manns til manns,
á meginlöndum kærleikans,
hún er hin eina stjórn,
sem varðveitt getur lönd og lýð
og látið hverfa grimdar-stríð,
svo alt vort líf ei alla tíð
sé eilíf blóðsins fórn. —

Þú öflga þjóð, þú veldi vort,
lát vá-magn gulls þíns finna skort,
lyft örbirgð upp til vegs!
Lát sögu þinnar sérhvert strand
með samhug knýta ástarband. —
Heyr drottins raust! Þú drótt, þú land,
þú *dei gratia rex!*

ÞORSTEINN Þ. ÞORSTEINSSON.

Auðæfi Saskatchewan fylkis.

Þegar vér viljum gera oss grein fyrir stærð landa eða hluta, eða hvers annars, sem vera skal, þá gerum við það með samanburði við önnur löndi, hluti o.s.frv., og mælikvarði fyrir auðæfum fylkja, borga eða einstaklinga verður sá sami, nefnilega, samanburður við önnur fylki, borgir eða einstaklinga.

Saskatchewan fylki er ungt og í uppvexti, og auðæfi þess lítt sjáanleg enn sem komið er. Það væri því engin furða, þó það þyldi ekki samanburð við önnur eldri fylki og "states" á þessu mikla meginlandi (Ameriku). Af eftirfarandi skýrslu geta menn þó fengið nokkura hugmynd um, hvernig það þolir samanburð við þau.

Eftir skýrslum frá "Bureau of Information and Statistics", voru á árinu 1909 4,085,000 undir hveiti, sem gáfu af sér til samans 90,255,000 bús., sem gerir til jafnaðar 22.1 af hverri ekru. Undir höfrum voru 2,240,000, sem gáfu af sér til samans 105,465,000 bus., sem gerir 47.1 af ekrunni. Undir byggi voru 244,000 ekrur, sem gáfu af sér til samans 7,833,000 eða 32.1 af ekrunni. Undir Flax voru 319,100, sem gáfu af sér til samans 4,448,700, sem gerir 13.9 af hverri ekru.

Til samans voru í öllu fylkinu árið 1909 6,898,559 ekrur undir korntegundum, og gerir það til jafnaðar á hvern "farm" 84.5 ekrur. Ef að taldir eru með garðar og því um líkt, þá hefir á því ári verið sáð alls í 7,016,272 ekrur, en 1908 var ekki sáð néma í 5,881,802 ekrur.

Ef vér nú berum uppskeru Saskatchewan fylkis á árinu 1909 saman við uppskeru annara fylkja í Canada og ríkja í Bandaríkjunum, þá sjáum vér, að Minnesota með 94,000,000 og North Dakota með 90,700,000, eru þau einu, sem hafa framleitt meira hveiti á því ári. Og næst á eftir Saskatchewan fylki kemur Kansas með 87,000,000 bus. Í Minnesota voru 16.8 bushel af ekru til jafnaðar, í N. Dakota 13.7, í Saskatchewan 22.1 og Kansas 14.1.

Illinois og Iowa voru þau einu ríki, sem framleiddu meiri hafra en Saskatchewan fylki. Hið fyrnefnda gaf af sér 159,000,000, hið síðarnefnda 116,000,000, á móti Sask. með 105,465,000. Til jafnaðar af hverri ekru var í Illinois 36.6, í Iowa 27.0, Sask. 47.1 og í Minnesota 30.3.

Það telst svo til, að bændur í Sask. hafi fengið til jafnaðar fyrir hvert hveiti bushel 84c, sem gerir inntekt þeirra fyrir hveiti á umtöluðu ári $75,780,700.

Og með því að gera hafra bush. á 26c til jafnaðar, þá hafa þeir fengið fyrir þá $27,420,900.

Það telst svo til, að það hafi verið í Saskatchewan fyrsta júlí 1909 429,766 hross, og séu þau til samans $21,488,800 virði; 234,458 mjólkurkýr $8,637,946 virði; 594,632 nautgripir af öðrum tegundum $11,692,640 virði; 152,601 kindur $539,305 virði; 352,385 svín $1,938,117 virði, og verð alifugla er gert $1,058,911.

Auðmagn Sask. fylkis verður því til samans í uppskeru og lifandi pening árið 1909 $178,421,961, og skiftist það upp á milli 81,303 bænda, eða sem næst $2,194.53 til jafnaðar á mann, og var það framleitt á 12 hundruðustu af akurlendi fylkisins, eða sem næst 8. parti. Það er því auðvelt að ímynda sér, að Saskatchewan fylki verði langt á undan öllum fylkjum og ríkjum í Ameriku innan skamms tíma með afurðir landbúnaðar. Það hefir verið bætt við á þessu ári 1,758,000 af nýju landi, sem verður sáð í á komandi vori. Og mun óhætt að fullyrða, að ekkert líkt því sé bætt við af nýju landi í þeim tveim ríkjum, Minnesota og North Dakota, sem nú eru lítið eitt á undan Saskatchewan fylki í hveitirækt.

Að tilgreindar tölur hvað viðvíkur Saskatchewan fylki séu nokkurn vegin áreiðanlegar, má marka af því, að þær eru samdar eftir skýrslum frá 20,000 bændum víðsvegar í fylkinu, og sannaðar (verified) með skýrslum frá nokkrum þús. þreskjara (threshermen).

Það má bæta því við, að það teljast í fylkinu alls 842 kornhlöður (Elevators), er rúma til samans 24,279,000.

Fylkinu er skift í níu uppskerusvæði (Crop Districts), og má af sérstökum skýrslum þeim viðvíkjandi sjá "hverjir sig þar bera bezt", en í bráðina læt ég þetta nægja.

J. J.

KENNARA VANTAR

að Diana S.D. No. 1355, Manitoba, helzt frá 1. apríl næstk. til 1. des. Umsækjandi þarf að hafa 3. eða 2. stigs kennarapróf, og helzt fær um að leiðbeina börnum í söng. Gott kaup borgað góðum og ástundunarsömum kennara. Skólinn þægilegur, staðan létt, skilvís laun.

Sendið umsókn fyrir 30 marz til undirritaðs.

MAGNUS TAIT, Sec.-Treas.
P.O.Box 140, Antler, Sask.

Sparið Línið Yðar.

Ef þér óskið ekki að fá þvottinn yðar rifinn og slitinn, þá sendið hann til þessarar fullkomnu stofnunar.

Nýtízku aðferðir, nýr vélaútbúnaður, en gamalt og æft verkafólk.

LITUN, HREINSUN OG PRESSUN SÉRLEGA VANDAÐ

Modern Laundry & Dye Works Co., Ltd.
307—315 Hargrave St.
WINNIPEG, MANITOBA
Phones: 2300 og 2301

The Farmer's Trading Co.
(BLACK & BOLE)

HAFA EINUNGIS BESTU VÖRUTEGUNDIR.

Einu umboðsmenn fyrir:—
"SLATER" Skóna góðu.
"FIT-RITE" Fatnaðinn.
"H. B. K." prjónafélagið.
"HELENA" pils og 'waist' kvenfatnaði.
Bestu matvörutegundir.
"DEERING" akuryrkju verkfæri o, s. frv.

Beztu vörur Lágt verð

Fljót og nákvæm afgreiðsla.

Farmers' Trading Co.,
THE QUALITY STORE
Wynyard, Sask.

JOHN DUFF
PLUMBER, GAS AND STEAM FITTER
Alt verk vel vandað, og verðið rétt
664 Notre Dame Ave. Phone 3815
Winnipeg

Fyrsta bréf að sunnan.

Herra ritst. Hkr.

Ég sezt nú niður til að rita yður nokkrar línur. Ef ég man rétt, þá hefir víst ekki verið ritað mikið um Bandarikjapolitík í íslenzkum blöðum hér vestan hafs síðan haustið 1896, að þeir Guðmundur Dalmann og Geo. Peterson leiddu saman hesta sína, sem endaði með því, að þeir Guðmundur og Bryan töpuðu, en George og McKinley unnu. Síðan hefir repúblikanaflokkurinn setið við völdin. Á þessu sama timabili hefir repúblikanska stjórnin liðið eða leyft dýrðlingum sínum að rýja, kúga og sjúga þjóðina, þar til útlitið er orðið mjög iskyggilegt fyrir land og lýð. Hinn politiski himinn er nú dimmur sem nótt, og ekki þarf spámannlega vaxinn stjórnmálagarp til að sjá, að politiskt óveður með þrumum og eldingum er í nánd.

Já, eins og ég sagði í byrjun, — Bandarikja Íslendingar hafa litið fræt lesendur íslenzku blaðanna um politiska ástandið hér syðra nú í seinni tíð. Hvort sem það kemur til af því, að þeim þykir hér ekkert varhugavert, eða þeir eru of pennalatir, læt ég ósagt. — En nú, af því síðasta blað Baldurs (dags. 2. febr.) minnist litillega á Bandarikja politik, og mælist til, að vér Íslendingar hér syðra sýnum svo mikla þjóðræktarsemi, að gefa Barða G. Skúlasyni atkvæði vor við næstu kosningar, þar eð hann fylgi uppreistarmannaflokknum hér og hafi sýnilega nú skipað sér þar á bekk, sem mestur er heiðarleikinn og þjóðarumhyggjan í sameiningu, — þá finst mér mál komið, að einhver taki til máls, og sýni hvernig sakir standa hér syðra.

Það munu vera mjög fáir Íslendingar hér í Dakota, sem ekki vildu unna Barða kosningu á sambandsþing (Congress) Bandamanna, ef hans politiska afstaða stæði ekki í vegi.

Barði er með beztu lögfræðingum rikisins, stjórnmálamaður góður, framúrskarandi mælskur og drengur hinn beztí. En "grísir gjalda en gömul svín valda", er gamalt máltæki, — Barði hlýtur að gjalda þess nú hjá öllum þeim, sem bera velferð þjóðarinnar fyrir brjósti, að hann því miður, fyrir nokkrum árum síðan gekk í lið þess flokks, sem nú er búinn að missa alla tiltrú þjóðarinnar. — Hann mun iðrast þess fyrr eða síðar, að hann nokkurntíma lagði lag sitt við þann stjórnmálaflokk, sem hefir haft og hefir það fyrir stefnu sína, að vernda þá ríku, en ásælast hina fátæku, og veitir auðvaldinu alls konar einkaréttindi á kostnað alþýðu. Flokkur, sem rambar nú á glötunarbarmi af sinni eigin spillingu. Hvers syndir eru svo svartar og rótgrónar, að það er óhugsandi, að fáeinir uppreistarmenn (Insurgents) innan þess flokks geti afmáð þær. — Nei, allir uppreistarmenn, að minu áliti, sem sigla undir þess flokks flaggi, telja fyrir sönnum umbótum, af þeirri einföldu ástæðu, að svo lengi, sem þeir eru kosnir á sambandsþingið sem repúblikanar, svo lengi situr republikan stjórnin við völdin, sem er meiri og minni orsök í hinu iskyggilega politiska ástandi nú á dögum.

Enginn má þó skilja orð mín svo, að ég mefi einskis umbótatilraunir uppreistarmanna, þær eru virðingarverðar svo langt sem þær ná. Ég veit líka, að það þarf bæði kjark og þrek, þegar fáeinir þingmenn gera uppreist (þó ekki sé nema gegn einstöku atriðum) á móti sínum eigin flokk, sem er hinn voldugasti og bezt "organiseraði" stjórnmálaflokkur veraldarsögunnar, og sem heldur þeim undir strönguin flokksaga. Jafnvel forsetinn sjálfur, Mr. Taft, hefir ávítað þá fyrir sitt uppistand í þinginu, svo þeir hafa dregið inn hornin og auðmýkst. Mr. Taft hefir fyllilega látið þá skilja, að það væri þeirra heilög skylda, að fylgja þeim flokk að málum í öllum atriðum, sem þar til heyrðu, og að halda saman flokknum (Party Solidarity) væri meira áríðandi en ýmsar umbætur, er þeir gengjust fyrir. Sem sagt, það er hið "organiserða" vald republikan flokksins (The Organized power of the Republican Party), sem þarf að hræðast og varast.

Er þá mögulegt, að yfirvinna republikan flokkinn með því að kjósa þingmenn, sem samkvæmt flokksböndum eru undir áhrifum og aga hans?

Svo er nú ýmislegt athugavert við stefnuskrá uppreistarmanna, sem ég mun minnast á seinna. Þó er það verra: Þeir eru sundurdreifðir (Unorganized), hafa engan reglulegan flokksforingja, og sitt vil hver, en flestir af þeim hafa þó það sameiginlegt, að húrra fyrir Taft, og láta í ljósi sína ítrustu von og traust á hans stjórnmálastefnu.

En hver er þá stefna Mr. Tafts, og hvernig hefir hann komið fram gagnvart velferðarmálum þjóðarinnar síðan hann varð forseti? Það mun ég segja yður í næsta bréfi. En svo mikið get ég þó sagt yður strax, að Mr. Taft er bara leiksoppur auðvaldsins, og um leið vinur Aldrichs, Cannons og Ballingers, en hefir hina mestu óbeit á Pinchot, Glavia og La Foli, og þeirra líkum.

"Uppreist hefir verið byrjuð af minna en því, sem amerisk alþýða líður nú á dögum", sagði nýlega Senator Joseph L. Bristow frá Kansas (sem er þó republikan). Og Mr. Bristow segir það sama og hver annar óhlutdrægur maður myndi segja um það, ef hann segði nokkuð. Þegar svo er komið, að verkamenn, sem vinna þó næstum daglega og eru reglumenn hafa ónóg fyrir sig og sína, af því einokunarfélögin hafa skrúfað upp verð á öllum nauðsynjavörum svo fram úr öllu hófi keyrir, þá getur maður farið nærri um það, hvernig þeim muni líða, sem enga atvinnu hafa.

Það er því ekki óhugsandi, að fólkið geri uppreist áður en soginn er úr því allur mergur og blóð.

Þess vegna segi ég, að ef ástandið er eins iskyggilegt eins og demókratar og populistar segja að það sé, eða jafnvel eins og republikan uppreistarmennirnir segja að það sé, — þá er enginn maður, sem lofar að fylgja republikanska flokknum, sem er orsök í þessu fyrirkomulagi, fær um að vernda fólkið í þessu hættulega ástandi.

Dakota Íslendingur.

"Hulda."

Svo heitir kvæðabók, sem ei kom fyrir all-löngu hingað vestur. Hún er eftir skáldkonuna Unni Benediktsdóttur, bónda á Auðnum í Laxárdal í Suður-Þingeyjarsýslu. Skáldkonan hefir tekið sér gervinafnið Hulda og orkt öll ljóð sín undir því.

Bókin er prentuð í Gutenbergs prentsmiðjunni í Rvík. Útgefandi og kostnaðarmaður Sigurður Kristjánsson, Rvík. Hún er 170 bls. Prýðilega vönduð að öllum frágangi.

Af hendingu hefi ég lesið nokkuð í þessari bók, enda þó hennar hafi ekki orðið vart á skrifstofuHeimskringlu.

Ljóðabók þessi er áreiðanlega þess virði, að hennar sé getið í blaði, sem leitast við að fræða lesendur sína um eitt og annað.

1. Er hún langbezta og vandaðasta útgáfa, sem birst hefir á prenti eftir íslenzka skáldkonu.

2. Hún er táhrein við þá sjúkdóma, sem heita "ádeilur" og "ónot" til manna og málefna, sem allar aðrar ljóðabækur á íslenzku bera með sér út á meðal lesendanna, að meiru eða minna leyti.

3. Að hún fer mjög smekklega með móðurmálið og íslenzkan ljóðaanda, svo fáir munu eftir leika á þá strengi.

4. Skáldtilþrif eru ekki risavaxin og hamremmuleg, sem hjá hinum gömlu og eldri skáldajöfnum. En tilþrifin eru einstaklega þýð og aðlaðandi fyrir eyra og tilfinningar ljúfhugsandi manna.

Kvæði þessarar konu hafa uppruna og hljóm í fegurð og töfraríki náttúrunnar. Hún ljóðar um lautirnar, lækina, fossana, fjöllin, dalina, hlíðarnar, fuglana, blómin, hafið, öldurnar, blæinn og himininn. Hún nær tökum og tónum á öllu þýðlega, í mjúkum, íslenzkum anda. Henni svipar náið í máli til þorsteins Erlingssonar. Hún yrkir þulur og forn lög með hrífandi fegurð. Eitt sýnishornið er:

"LJÁÐU MÉR VÆNGI".

"Grágæsa móðir!
ljáðu mér vængi",
svo geti ég svifið
suður yfir höf.
Bliknuð hallast blóm í gröf,
byrgja ljósið skuggatröf;
ein ég hlýt að eiga töf
eftir á köldum ströndum,
ein ég stend á auðum sumarströndum.
Langt í burt ég líða vil,
ljá mér samfylgd þína!
Enga vængi á ég til,
utan löngun mína.
Lof mér við þitt létta fley
litið far að binda;
brimhvít höf ég óttast ei
eða stóra vinda.
Okkar bíður blómleg ey
bak við sund og tinda.
Eftir mér hún ekki beið, —
yzt við drangann háa
sá ég hvar hún leið og leið
langt í geiminn bláa,
langt í geiminn vegalausa bláa.

Annað sýnishorn:

MORGUNSÆLA:

Skýin hvít á himni bláum
hallir reisa í árdagsblænum;
birtir yfir breiðum sænum,
brennur dögg af vallarstráum.

Yfir fjörðinn fagra, tæra
fer hinn ungi morgunsvali.
Innar lít ég álfadali
unaðsbjarta, sólskinsværa.

Finst mér eins og okkar bíði
allur þessi morgunljómi.
Yfir hverju æskublómi
er sem blær og söngur líði.

Á forna vísu kann hún að slá gigjustrengi, bæði í máli og óði. Þar yrkir hún þannig:

HUGBUÐ.

Grátþrunginn himininn
grúfir yfir jörð.
Kvöldstjarnan skær
að skýjabaki
auglit sitt hylur,
horfin er sól,
dimmir náttskuggar
dali fylla.

Einmana vindur
á vegum úti
líður langt í geim
léttum vængjum.
Vorblómum látnum
hann leiði býr
og grætur síðan
á gröfum þeirra.
— — — — —
— — — — —

Hlægja hugstóran
heiptir Skuldar,
getur þó enginn
við örlög þreytt.
Leiðarstjörnu
veit ég ljóma enga
vondjörfum, ungum
veglaranda.

Þessi sýnishorn eru gripin úr lausu lofti. Öll kvæðin eru ljúf og unaðsrík, svo naumast er hægt að velja eitt öðru fremur.

Þó Hulda líði um fjöll og djúpa dali á Ægisöldum og með árdagsgeislum, þá er hún sí og æ sú sama hugþekka Hulda.

Með vaxandi viðsýni og förum til annara þjóða og landa mundi henni vaxa stórvaxnari skáldablóm. En íslenzkari getur hún naumast orðið. Hún er kjörin af tímanum mögnum, að færa þjóð sinni hjúflingalög og leiðarsteina. Það einmitt á tímanum, sem hærst í landi láta elgur og vaðall óþýðra og grófgerðra skáldsagna höfunda.

Þessi ljóðabók ætti að vera á hverju einasta heimili, þar sem börnum er kendur bókalestur. Að máli og þýðleik, efni og gölgi ber hún af öðrum bókum. Hún er hin ákjósanlegasta ljóðabók til að vekja og glæða fegurð, ást og aðdáun á íslenzkri náttúru, íslenzku máli og íslenzku sálaratgervi yfir höfuð og há-hugsandi konu. Hún er heilbrigð og holl óspiltum sálum.

Verð bókarinnar mun vera $1.25 hér vestan hafs, og er það ekki ýkjahátt, því hún er í sterku skrautbandi, og vönduð að öllu leyti.

K. Ásg. Benediktsson.



McKenzie's Vestræna FRÆ.

VALID fyrir Vesturlandið. Bezt fyrir Vesturlandið. Vaxa bezt í Vesturlandinu Eiga bezt við Vesturlandið. Hver áreiðanlegur og framtakssamur kaupmaður selur McKenzie's FRÆ. Ef kaupmaður yðar hefir þau ekki, þá sendið pantanir yðar beint til vor. —

A. E. McKenzie Co. Ltd
BRANDON, Man. — CALGARY, Alta.

Dánarfregn.

Í Heimskringlu 16. september f. á. er með fáum en velvöldum orðum minst á fráfall ekkjunnar Madame Guðrúnar Ólafsdóttur Thomsen, sem dó 10. fyrnefnds mánaðar, 76 ára gömul.

Guðrún sáluga var fædd 19. desember 1832. Foreldrar hennar voru Ólafur Jónsson, bóndi á Efra-Samtúni í Lögmannshlíðarsókn í Eyjafirði, og kona hans Lilja Gunnlaugsdóttir. Ólafur var Jónsson, bónda á Vöglum, Benediktssonar á Krossastöðum á Þelamörk, Guðmundssonar prests til Þönglabakka og síðar til Grundarþinga (dó 1748), Jónssonar bónda á Höfða á Höfðaströnd, Helgasonar bónda í Vík í Héðinsfirði, nálægt 1622.

Um fullorðins aldur mun Guðrún sál. hafa komið á Austurland. Var hún bæði í Vopnafirði og á Seyðisfirði, og þar giftist hún verzlunarstjóra Hans Friðrik Ágúst Thomsen 1. dag febrúarmánaðar 1862.

H.Fr.Á. Thomsen var fæddur 29. marz 1829 í Flensborg á Þýzkalandi, þar sem faðir hans Lárenz Thomsen stundaði bakaraiðn. H. Thomsen kom til Íslands 1843, og var fyrst búðardrengur hjá Thomsen föðurbróður sínum, sem hafði þá verzlun í Reykjavík. Hann var þar ellefu ár. Eftir fráfall föðurbróður sins fór hann á Seyðisfjörð, og var þar við verzlun Thomsens frænda sins, fyrst um sinn bókhaldari, síðan sem verzlunarstjóri, unz sú verzlun hætti. Þá keypti ensk verzlun verzlunarhúsin og var Thomsen sál. verzlunarstj. fyrir þá þar til 1866, að hann hætti því starfi, en reisti ári síðar bú á Skálanesi í Seyðisfirði, og bjó þar til dánardægurs, 16. ágúst 1885.

Thomsen sál. var friður maður sýnum og tilkomumikill, prúðmenni í allri háttsemi, orðvar og orðheldinn, trúr vinur, góður faðir barna sinna og ástrikur ektamaki. Hann skildi þýzku, ensku, svensku, dönsku og íslenzku.

Þeim Thomsen og Guðrúnu sál. varð 8 barna auðið, 5 synir og 3 dætur, sem öll eru enn á lifi, nema einn sonur, sem druknaði á 12. ári. Það var því stóra fjölskyldu fram að færa, enn efnahagur ætið fremur af skornum skamti, en Guðrún sál. var framúrskarandi elju og atorkukona, siglöð og hughraust, hvað sem að höndum bar, sýndi það sig aldrei betur en þegar hún mista manninn, og stóð ein uppi efnalitil með 8 börn, þó sum af þeim væru komin til vinnu. Mundi flestum hafa fallist hugur, en það var ekki því líkt. Hún kom börnum sinum sómasamlega á framfæri, og auk þess hennar annáláða góðgerðasemi, sem hún sýndi nær því ótakmarkað frá því fyrsta hún hafði húsum að ráða til hins síðasta. Heyrði ég hana segja svo oftar en einu sinni: "Mér verður æfinlega eitthvað til" Það traust, ásamt hennar gláðværu og góðu lund og óbilandi líkams og sálar þreki, hefir eflaust stutt hana og styrkt til alls hins góða, er hún framkvæmdi á hennar löngu, og sem öðrum sýndist, oft erfiðu lífsleið.

Blessuð sé hennar minning.

S. M. L.

18. febrúar 1910.

Leitað hjálpar.

Ekkja með 4 börn ung, sem misti mann sinn í sjóinn fyrir 3 árum, leitar til VesturÍslendinga að styrkja sig til að komast til Canada í sumar komandi. Hún þarf að fá $145.00 styrk. Það er þegar búið að safna handa henni $70.00, en afgangsins er vant enn-þá. — Þeir, sem vildu styrkja þessa fátæku ekkju og munaðarleysingja, gerðu vel að senda það, sem þeir vilja láta af mörkum til Heimskringlu. Móti því verður tekið þar og kvitterað í blaðinu. Styrkurinn þyrfti að koma sem fyrst. Ekkja þessi á nú heima á Akranesi, og er sunnlenzk. Börnin sögð mannvænleg eftir aldri.

Þessir hafa þegar gefið í ofannefndan styrktarsjóð: —

Th. S. Borgfjörð, W'peg ...	$2.00
Friðrik Kristjánsson, W'peg	1.00
Óneíndur, W'peg	1.00
Gísli Gíslason, W'peg	1 00
Óneíndur, W'peg	2.00
Kristín Jackson, Elfros	2.00
Jóreiður Grímsdóttir, Wynyard	1.00
Óneínd	0.25
Mrs. Rebekka Johnson, Winnipeg	$5.00
Ágúst Jónsson, W'pegosis	2.00
Guðjón Goodman, W'peg ...	1.00
Samtals	$18.25

Þeir, sem kynnu að vilja gefa í þennan sjóð — og þeir verða vænt anlega margir — geri svo vel, að hraða samskotunum, svo hægt verði að senda féð til ekkjunnar, svo hún geti komið með börn sín hingað vestur á komandi sumri.— Sjóðmyndunin er mörgum létt verk, — um viljann ofast Heimskringla ekki.

Um myndina.

Myndin, sem hér með fylgir, er birt í Hkr. að óskum fjölmargra kaupenda blaðsins úr Manitoba, Saskatchewan og Norður Dakota. — Með birtingu myndarinnar má enginn skilja svo, að Heimskringla hafi að nokkuru leyti breytt skoðun sinni á núverandi stjórn Íslands eða fylgiflokk hennar, — heldur er myndin hér sett til þess að sýna, að menn þar heima eru að þokast áfram í dráttlistinni, eins og andlitsmyndirnar sýna, því þar má þekkja hvern einstakling:

Stóri björninn er ráðgjafinn, hrúturinn er Björn Kristjánsson, kötturinn Einar Hjörleifsson, apinn Indriði Einarsson, grisinnBjarni Jónsson frá Vogi, refurinn er Dr. Jón Þorkelsson, snákurinn er Thorefélagið og asninn er hér vestra álitinn að vera Ari Jónsson, má vera að þar sé mislesið.

Allir þessir náungar eru sýndir að sitja við landssjóðspottinn, og rotturnar og haninn eru þau sníkjudýr, sem næst standa því, að fá einhvern bita, eftir skilningi dráttlistarmannsins, sem alment er talinn að vera Haunes Hafstein.

Myndin er að því leyti góð, að ekki þarf annað en breyta andlitum hvenærisem stjórnarskifti verða á Ísl.



Heimsækjið STÓRU Hljóðfæra-Söluna.

Nýja búðin okkar á horni Portage Ave og Hargrave St er nær tilbúin og vér flytjum í hana bráðlega. —

Vér höfum gnægð af Pianós sem verða að seljast áður en vér flytjum. Og þessvegna eru niðursettir prísar á mörgum góðum hljóðfærum. — Sömuleiðis höfum vér mikið af brúkuðum hljóðfærum til sölu með mjög lágu verði. —

Heintzman & Co. PIANO

Verður ekki niðursett. Þau eru ætíð seld fyrir samaverð. Vér höfum ýmsar tegundir af Heintzman & Co. Pianós fyrir $425.00 og þar yfir. Það væri sem að slá af gullpening um að slá af venjulegu verði Heintzman & Co. Pianó. —

J. J. H. McLean & Co.

528 Main St. — Phone 808
Og í Brandon og Portage La Prairie

Fréttir úr bænum.

Þorrablótið í Manitoba Hall á miðvikudagskveldið var var nákvæmlega eins og í fyrra, nema hvað aðgangur að því kostaði nú nokkru meira en þá, eða $1.50. Aðsóknin var svipuð því, sem var í fyrra, eða heldur minni, þó fleira nokkuð af ungu dansfólki, en heldur færra af fullorðnu fólki.

Sem íslenzkt þorrablót komst það ekki í nokkurn samjöfnuð við það, sem haldið var að Leslie, Sask., þó hér kostaði aðgangurinn $150, en vestra að eins 75c.

Þrjár aðalræður voru fluttar á þessu blóti: 1) Um Ísland (B. L. Baldwinson), 2) Um Bretaveldi, hana flutti Jón Stefánsson læknaskólanemandi, og var hún flutt af mælsku og sannfæringarafli, og 3) Um Winnipeg borg, hana flutti hr. Árni Eggertsson, ræða sú var vel hugsuð og hafði í sér nýstárlegar kenningar, svo sem þá, að innan fárra ára mundi mega koma á beinum skipaferðum frá Winnipeg til Íslands gegn um innanlands ár og vötn og Hudsons flóann.

Kvæði voru og flutt eftir þá Hannes Blöndal, Sigurð J. Jóhannesson og tvö kvæði eftir Þorstein þ. Þorsteinsson.

Ýmsir héldu og ræður eftir að hið formlega prógram var um garð gengið. Samkoman varaði langt fram á nótt.

Mesti fjöldi manna og kvenna úr hinum ýmsu Íslendinga bygðum í Manitoba, Saskatchewan og Norður Dakota hafa verið hér í bænum sl. viku, og alt fram að þessum tíma. Heimskringla hefði helzt viljað geta flutt nöfn allra þeirra, en með því að ekki hefir tekist að ná nema nokkru af nöfnunum, hirtum vér engin þeirra að þessu sinni.

Látinn er í Mikley í Winnipegvatni herra Stefán Jónsson járnsmiður, sem fyrir fjórðungi aldar bjó í Austur-Selkirk, og hefir síðan búið í Mikley. Hann var tæpra 78 ára gamall, og eftirlætur ekkju nær áttræða. Þau hjón héldu gullbrúðkaup sitt fyrir nokkrum árum. — Stefán sál. var hæfileikamaður mikill, glaðlyndur og dreng lyndur og þjóðhagasmiður, og vinsæll mjög. Jarðarför hans fór fram á laugardaginn var.

Kvenfélag Únitara heldur samkomu 16. marz næstkomandi í samkomusal Únitara. Takið eftir auglýsingu í næsta blaði.

Myndina af "Kjötpottinum" hefir "20. öldin" lánað Heimskringlu til prentunar.

Í vikunni sem leið gaf séra Rögnvaldur Pétursson saman í hjónaband þau herra Jacob Benderson, bónda í Pine Valley bygð, og ungfrú Guðrúnu Jónsdóttir, úr sömu bygð.

Hornlóðin á Notre Dame Ave. og Albert St. var seld í síðustu viku fyrir 2 þúsund dollara hvert fet framhliðar.

Ungmennafélag Únitarasafnaðarins ætlar að leika tvo leiki þann 1 og 3. marz næstk. Leikirnir heita: "Franska töluð hér" og "Rektu hann út". Sjá augl. í þessu blaði.

TIL LEIGU

tvö herbergi að 515 Toronto St.

Kappspil.

Íslenzki Conservative Klúbburinn býður hér með Íslenzka Liberal klúbbnum að þreyta kappspil í annað sinn í samkomusal klúbbsins (Cor. Sherbrooke og Sargent) föstudagskveldið 25. þ. m. Allir, sem ætla að taka þátt í kappspilinu, ættu að vera til staðar í klúbbsalnum kl. 8.

Dr. G. J. Gíslason,
Physician and Surgeon
18 South 3rd Str., Grand Forks, N Dak

Athygli veitt AUGNA, EYRNA og KVERKA SJÚKDÓMUM ÁSAMT INNVORTIS SJÚKDÓMUM og UPPSKURÐI —

TIL LEIGU

12 herbergi með ljósum og hita, uppbúin eða óbúin, eitt eða fleiri leigt. Snúið yður til 559 Sargent Ave., rétt á móti Tjaldbúðarkirkju.

Til bæjarins komu í síðustu viku þeir herrar Th. Vatnsdal kaupmaður í Wadena og Ingvar Olson kaupmaður í Foam Lake, sem um síðastliðinn mánaðartíma hafa verið að ferðast á Kyrrahafs ströndinni, frá Victoria og Vancouver til Blaine, Everett, Ballard, Seattle, Tacoma, Bellingham og annara staða, og fundu landa á sumum þessum stöðum. Nokkuð þótti þeim saggakent loftslag þar vestra, en útsýni lagurt. "Boom" sögðu þeir í fasteignasölu í Vancouver og Victoria, en sérstaklega þó í Vancouver, svo að menn, sem keyptu þar lóðir fyrir 3—4 árum tífalda nú peninga sína og meira en það, þegar þeir selja aftur.

Herra Þórður Kolbeinsson, frá Tantallon, Sask., var einn þeirra mörgu gesta, sem voru hér í borg í sl. viku. Hann hefir selt land sitt sem hann hefir búið á í sl. 20 ár, og ætlar með vorinu að flytja með tveimur fullorðnum sonum sínum vestur á takmörk fylkisins í Township 28, Range 28 vestur af þriðja hádegisbaug. Þar hafa þeir feðgar náð 6 búlöndum og tengdasonur Þórðar öðrum 2 löndum. Auk þessara hafa aðrir Íslendingarnáð þar 13 búlöndum, sem þeir flytja á næsta vor. Þeir eru: Þorsteinn og Magnús Ingimarssynir (2 lönd hvor), Sigurður og Mikael Jónssynir (2 lönd hvor), Elías Olson (2 lönd), Mrs. Sigríður Ásgrímsson (2 lönd) og Guðmundur Guðmundsson Bjarnasonar frá Reykjavík (1 land). — Þórður var þar vestra á sl. sumri, og segir hann þar vera góða landskosti, dálítið mishæðótt flatlendi, skóglaust. — Járnbraut er verið að leggja þar um bygðina, og vagnstöð er innan hálfrar mílu frá landnámi þessu. Þar er og gnægð af ágætu uppsprettuvatni á nálega hverri Section. Kolanámi er í 100 mílna fjarlægð og liggur járnbraut frá landnáminu að náma þessum. — Land þetta er að frjósemi svipað því, sem er umhverfis Moose Jaw bæ. Skógur er enginn nær en 35 mílur frá landnáminu, þar sem Red Deer og Saskatchewan árnar mætast. Heyskapur er lítill nálægt landnáminu, en löndin að öðru leyti góð. — Þórður segir, að flest lönd séu þegar upptekin meðfram brautinni, en ennþá megi fá góð heimilisréttarlönd innan 10 mílna frá brautinni. Þórður segir, að landar sínir renni björtum augum til framtíðarinnar þar vestra. — Næsta pósthús ennþá er í 35 mílna fjarlægð frá landnáminu og heitir Kindersley. Þangað er brautin nú fullger, en með vorinu, er hún verður lögð um nýlenduna, verður sett þar pósthús, sem þá verður auglýst.

Séra Fr. J. Bergmann fór til N. Dakota í sl. viku, og kom heim aftur í fyrrakveld.

Munið eftir RECITAL þeirra Jónasar Pálssonar og Th. Johnson í Goodtemplarahúsinu þann 3. marz næstk. Þar verður spilað fiólin "sextette" eftir herra Jón Friðfinnsson tónfræðing. Það lag ættu allir að heyra. Aðgangur ókeypis. Samskota leitað.

Signor Marconi hefir látið þess getið, að hann muni byggja öfluga loftskeytastöð í Winnipeg borg í nálægri framtíð.

Herra Sigurður Baldwinson, frá Narrows P.O., Man., kom til bæjarins um síðustu helgi í landtökuerindum. Í fréttum sagði hann góða líðan bygðarbúa og heilsufar gott. Markaðsverð á öllum lifandi peningi það bezta á sl. hausti, sem verið hefir um langan tíma. Fiskiafli góður á þessum vetri og verð gott, þó Hugh Armstrong hafi reynt að þoka fiskiverðinu niður. Félagslíf meðal bygðarbúa fer batnandi, og skólamál héraðsins komin í all-gott horf.

Samkoma til arðs fyrir byggingarsjóð Goodtemplara verður haldin í samkomusal þeirra á föstudagskveldið í þessari viku. Goodtemplarar vona, að Íslendingar sæki samkomu þessa svo vel, að salurinn verði þéttskipaður og arður samkomunnar sem mestur. — Prógram er gott og aðgangur að eins 25c. Sjá að öðru leyti auglýsingu á öðrum stað. — Stúkan Hekla stendur fyrir samkomunni.

Til bæjarinss kom í sl. viku herra Benedikt J. Anderson, frá Glenboro, til uppskurðar við botnlangasýki. Skurðurinn var gerður í gær.

Herra C. P. Walker, eigandi Walker leikhússins, hefir keypt Winnipeg leikhúsið á Notre Dame Ave. fyrir 80 þús. dollara. Auk þess ætlar hann að byggja nýtt leikhús hér í borg á komandi sumri.

Þæginda Skór

Maður getur ekki unnið þægilega, þegar kreppir að fótum hans. Ef skórnir yðar þrengja að tánum, hælunum eð ristunum, þá eru þeir ekki þægilegir skór. Vorir þæginda skór eru gérðir á fótþæginda-leistum. Þeir eru áferðarfagrir hið ytra og sléttir og þægilegir hið innra. Leðrið, lagið og þæginindin fylgjast að.

Verðið: $3.00 til $5.00

Ryan-Devlin Shoe Co
494 MAIN ST PHONE 770

Herra Árni Sigfússon, bóndi að Brown P.O., Man., lagði af stað héðan á föstudaginn var í skemtiferð vestur á Kyrrahafsströnd, og býst við að skoða bygðir Íslendinga þar um næstu 2—3 mánuði. Í bakaleiðinni hyggur hann að koma við í Calgary og Edmonton

Herra Tryggvi Ingjaldsson, að Framnes P.O., Man., biður Heimskringlu að færa nefnd þeirri, sem stóð fyrir samsæti því, er honum var haldið 30. des. sl., sitt alúðarfylsta þakklæti fyrir heiður þann, sem honum var með þessu sýndur, og ennfremur til allra þeirra, sem tóku þátt í því. Herra Ingjaldsson óskar, að þar spurningar mættu hætta, sem sendar hafa verið til Heimskringlu í tilefni af samskotum þeim, sem nefndin gekst fyrir, þar eð þær spurningar virðast miðaðar eingöngu að því, að kasta skugga á meðferð nefndarinnar á samskotafénu. En hann telur nefnd ina hafa unnið í þessu efni óaðfinnanlega vel.

Laugardaginn þann 12. þ.m. lézt hér í Winnipeg Mrs. Rosa Ingibjörg eiginkona Charles E. Mintoft úr langvarandi tæringarsýki. Mrs. Mintoft var dóttir þeirra hjóna Sigurðar Erlendssonar og Medonínu Indriðadóttur, er búa að 415 Simcoe St. Þau hjón hafa dvalið hér vestra um 22. ára tíma, og dóttir þeirra var hjá þeim síðustu mánuði æfi sinnar. Mrs. Mintoft var rúmlega 22. ára gömul og hafði verið tæp 2 ár í hjónabandi. Jarðarför hennar fór fram mánudaginn 14. þ.m.

Herra Víglundur Vigfússon, frá Churchbridge, hefir verið hér í borg nokkra daga í kynnisför til gamalla kunningja. Hann lét og gera skurð í neðri vör sína og taka þaðan ber, sem þar hefir verið sl. 7 ár. Fyrir 3 árum var hann hér undir X-geisla lækningum við sama sjúkleik, en fékk þá ekki fulla bót. Nú vonar hann að batinn verði framhaldandi, því skurðurinn tókst vel. Hann lætur mikið af því, hve vel sér hafi verið tekið af þeim læknunum Björnson og Brandson, og einnig yfir veru sinni á spítalanum, og biður hann Heimskringlu að flytja læknunum sitt alúðarfylsta þakklæti, og sömuleiðis herra Jóni Ólafssyni fóðursala fyrir gestrisni hans og góða hjálp. Víglundur fór heimleiðis í dag.

Samkoma

til arðs fyrir byggingarsjóð Goodtemplara verður haldin undir umsjón stúkunnar Heklu næstkom.

föstudagskv., 25. þ.m.,

í efri sal Goodtemplara hússins.

PROGRAM.

Piana Solo—Mrs. S. Paulson.
Upplestur—Miss Jódís Sigurðson
Vocal Solo—Miss E. Thorwaldsson.
Samsöngur—Söngflokkur.
Upplestur—E. Árnason.
KAPPRÆÐA—Ákveðið: Að Íslendingum sé heillavænlegra sambandið við Dani eins og það er, heldur enn algerður aðskilnaður. Séra G. Árnason, játandi. B. Magnússon, neitandi.
Samsöngur—Söngflokkur.
Eldgamla Ísafold—Allir.

Aðgangur 25c.

Kvenhjálp óskast.

Wanted Sem fyrst, kven fólk til að sauma "Overalls" í saumavélum. —

Snúið yður strax til

The Shirt Co.
118 PRINCESS ST.

Vjer erum FLUTTIR

MEÐ ÞVÍ AÐ VIÐskifti vor og verzlun er altaf að aukast, höfum vér verið nauðbeygðir til að flytja í stærri, betri og meir-viðeigandi skrifstofur. Vér erum nú að

SUITE 47 Aiken's Block,

(aðrar dyr fyrir vestan vorn gamla stað). — Þar munum vér taka á móti vinum vorum með gleðu geði.

SKÚLI HANSSON AND CO.
47 Aiken's Bldg
Talsími: Main 6476.
P. O. Box 833.

Jóhanna Olson
PIANO KENNARI
557 Toronto St. Winnipeg

Skáldið og leikmeyjan

Skáldið fræga vel sem valdi
vestur'-íslenzka dömu bezta,
leikmeyjan, sem fögur Freyja,
fjölnis mjaðar höfund laðar.
Ásta læðing bundin bæði
bandi, sem að ei má granda.
Gæfan þau um alla æfi
elti, og þeim í dúnsæng velti.

Gunni.

Kennara vantar

við Fishing Lake skóla No. 326. Sex mánaða kensla, byrjar . mai 1910. Gott kaup boðið. Umsækjendur þurfa að hafa 2nd eða 3rd Class Certificate, og geta veitt byrjendum tilsögn í söng. Tilgreini kaupupphæð og sendi tilboð sín fyrir 1. marz til

J. FLEIFSON,
Quill Plain P.O., Sask.

KENNARA VANTAR

til Laufás S. D. yfir 3 mánuði frá 1. apríl. Tilboð, sem tiltaki mentastig ásamt kaupi, sendist undirrituðum fyrir 28. febr. næstkomandi.

Geysir, Man., 8. jan. 1910.
B. JÓHANNSON.

Kennara vantar

við Háland skóla No. 1227. Sex mánaða kensla, byrjar 15. april — skólafrí ágústmánuð, byrjar aftur 1. september. Umsækjendur tiltaki kauphæð oa mentastig. Umsóknir verða að vera komnar til undirritaðs fyrir 20. marz næstk.

Hove P.O., Man., 15. jan. 1910.
S. EYJÓLFSSON,
(4t) Sec.-Treas.

DR. H. R. ROSS
C.P.R. meðala- og skurðlækuir.
Sjúkdómum kvenna og barna veitt sérstök umönnun.
WYNYARD, — SASK.

Dr. M. Hjaltason, Oak Point, Man.

Anderson & Garland,
LÖGFRÆÐINGAR
35 Merchants Bank Building
PHONE: MAIN 1561.

MARTYN F. SMITH,
TANNLÆKNIR.
Fairbairn Blk. Cor Main & Selkirk
Sérfræðingur í Gullfyllingu og öllum aðgerðum og tilbún aði Tanna. Tennur dregnar án sársauka. Engin veiki á eftir eða gómbólga. —
Stofan opin kl. 7 til 9 á kveldin
Office Phone 6944. Heimilis Phone 6662.

Þarft þú ekki að fá þér ný föt?

EF ÞAU KOMA FRÁ CLEMENT'S, — ÞÁ VERÐA ÞAU RÉTT

Réttur að efni, réttur í sniði réttur í áferð og réttur í verði.

Vér höfum miklar byrgðir af fegurstu og beztu fataefnum.

Geo. Clements & Son
Stofnað árið 1874
264 Portage Ave. Rétt hjá Free Press

Th. JOHNSON
JEWELER
286 Main St. Talsími: 6606

JOHN ERZINGER
TOBAKS-KAUPMAÐUR.
Erzinger's skorið reyktóbak $1.00 pundið
Hér fást allar reftóbaks-tegundir. Óska eftir bréflegum pöntunum.
McINTYRE BLK., Main St., Winnipeg
Heildsala og smá-sala.

G. NARDONE
Verzlar með matvöru, aldini, smá-kökur, allskonar sætindi, mjólk og rjóma, sömul. tóbak og vindla. Óskar viðskifta Íslend. Heitt kaffi eða te á öllum tímum. Fón 7756
714 MARYLAND ST.

Boyd's Brauð

Hver kona getur haft gott brauð á borðum með því að kaupa Boyd's brauð. Fólk er borðar brauð vor er altaf að fjölga. Ef þér reynið það einu sinni þá hafið þér það ávalt. Biðjið um það í verslun yðar eða símið til vor eftir vagn.

Boyd's

Bakery Cor Spence & Portage Ave
Phone 1080.

Winnipeg Wardrobe Co.

Kaupa brúkaðan Karla og Kvenna fatnað,—og borga vel fyrir hann.

Phone, Main 6539 597 Notre Dame Ave.

BILDFELL & PAULSON
Union Bank 5th Floor, No 520
selja hús og lóðir og annast þar að lútandi störf; útvegar peningalán o. fl.
Tel.: 2685

Jónas Pálsson,
SÖNGFRÆÐINGUR.
Útvegar vönduð og ódýr hljóðfæri
460 Victor St. Talsími 6803.

J. L. M. THOMSON, M.A., L.L.B.
LÖGFRÆÐINGUR. 285½ Portage Ave.

BONNAR, TRUEMAN & THORNBURN,
LÖGFRÆÐINGAR.
Suite 5-7 Nanton Blk. Tals. 766
Winnipeg, Man. P.O.BOX 223

Húðir og ógörfuð Loðskinn

Verzlun vor er vor bezta auglýsing. Sendið oss húðir yðar og loðskinn og gerist stöðugir viðskiftamenn.
Skrifið eftir verðlista.

The Lightcap Hide & Fur Co., Limited
P.O.Box 1092 172-176 King St Winnipeg
15-9-10

W. R. FOWLER A. PIERCY.

Royal Optical Co.
307 Portage Ave. Talsími 7286.
Allar nútíðar aðferðir eru notaðar við augn-skoðun hjá þeim, þar með hin nýja aðferð, Skuggs-skoðun, sem gjöreyðir öllum ágiskunum. —

Tveir Gamanleikir.

"Franska töluð hér" og "Rektu hann út"

tveir afarskemtilegir gamanleikir þýddir úr ensku, verða leiknir undir umsjón UNGMENNAFÉLAGS ÚNÍTARA

Laugard. 26. febr. og miðvikud. 2. marz

í samkomusal Únitara. Á milli þátta verður skemt með hljóðfæraslætti og fleiru. Aðgöngumiðar kosta 25 cents, en skemtunin af að þorfa á þessa leiki er margfalt meira virði. Komið þess vegna. Ungmennafélagið ábyrgist, að enginn fari óánægður heim aftur. Byrjar kl. 8 e.m.

It's going UP

Þú getur ekki búist við

að það geri annað en eyðast í reyk. Því ekki að fá nokkur tons af okkar ágætu kolum, og hafa ánægjuna af, að njóta hitans af þeim, þegar vetrarkuldarnir koma. Komið til vor og nefnið þetta bl

D. E. ADAMS COAL CO.
YARDS Í NORÐUR, SUÐUR, AUSTUR OG VESTURBÆNUM
Aðal Skrifst.: 224 BANNATYNE AVE.

Heimskringla.

XXIV. ÁR | WINNIPEG, MANITOBA, FIMTUDAGINN, 3. MARZ 1910 | NR. 22

Fregnsafn.

Markverðustu viðburðir hvaðanæfa.

— 5 miljón dollara byggingu á að byggja á þessu ári í Chicago á horni Madison og Clark stræta.

— 20 miljón dollara félag er að biðja Quebec þingið um leyfi til mega leggja járbrautir milli Montreal borgar og Montreal eyjar í St. Lawrwnce ánni, bæði undir ána og upp í loftinu yfir vatnsfleti árinnar.

— Fjármálastefna British Columbia stjórnarinnar var opinberuð í Victoriaþinginu í sl. viku. Samkvæmt henni gerir stjórnin ráð fyrir að borga út á þessu fjárhagsári nær 8 miljónum dollara af þeirri upphæð verður nálega 3 miljónum varið til vega og brúagerða. Stjórnin telur að inntektirn ar verði sem næst 750 þús. dollara minni en útgjöldin.

— 22 febrúar, fæðingardagur Washingtons, varð í meira lagi róstusamur í Philadelphia borg. Þá voru 12 manns skotnir til bana þar á strætunum. Sumt af því voru konur. Hundruð voru barðir með bareflum og mörgum var traðkað undir fótum fjöldans. Konur voru einnig barðar og troðnar niður í leirugar göturnar, og börn voru meidd til óbóta. — Bardaginn varaði í tvær klukkustundir milli lögregluliðsins og nokkurra hermanna og 10 þúsund verkfallsmanna, að meðtöldum liðveitendum þeirra. Svo stóð á, að strætisbrautafélagið ætlaði að láta vagna sína ganga eftir einu stræti borgarinnar í trássi við verkfallsmenn, en verkfall á brautum félagsins hefir staðið yfir í nokkurn tíma. Félagið pantaði því eina deild ungra hermanna, sem áttu að verada menn þá, er stýrða vögnunum. Þegar það varð hljóðbært, að þessir ungu hermenn ættu að vera þar til staðar, safnaðist fólkið þangað og tók að ávarpa þá ólögrum orðum þegar þeir komu. Kona ein rak upp óp mikið alt í einu og réðst á einn hermanninn, og samtímis réðust margir menn á hvern einn hermann og tóku af þeim byssurnar og skotfærin, klæddu þá úr treyjunni eða skáru hnappana af þeim, og veltu svo hermönnunum í leirugu strætinu, þá kom riddaradeild á harða stökki og hleypti á mannfjöldann. Riddararnir börðu með bareflum og brutu hauskúpur og handleggi hvar sem högg á lenti. Konur jafnt sem karlar voru barðar, beinbrotnar og meiddar. Þá var tekið að skjóta á riddaraliðið. Skarst nú lögreglan í leikinn, og voru þá tveir eða þrír lögreglumenn þegar skotnir, og nú fór skothríðin fyrir alvöru að byrja. Tilraun var gerð til þess, að láta einn vagn ganga eftir strætinu, en vagninn var brotinn og menn þeir, er í honum voru, ýmist drepnir eða stórmeiddir. Klukkan 5 síðdegis var lögreglan búin að koma á friði að mestu. Síðan hefir friður sá haldist.

— Talþráðunefnd Manitobafylkis hefir lagt fram skýrslu sína fyrir síðasta árs starf, og sýnir skýrslan að fylkið hefir haft góðan hagnað af kerfinu. Inntektir á sl. ári urðu 751 þús., að frádregnum ýmsum tekjuliðum, en útgjöldin rúmlega 482 þúsund dollarar; ágóðinn því nálega 272 þúsund dollarar, sem er laglegur skildingur og miklu betur kominn í fylkissjóð en í vasa Bell félagsins eða nokkurs annars einokunarfélags. Þess ber að geta, að stjórnin borgaði 186 þúsund dollara í vexti af lánsfé, svo að hreinn gróði af talþráðunum varð rúmlega 104 þús. doll.

— Stjórnin í Ontario hefir á orði að borga fargjöld að parti eða öllu leyti — þeirra innflytjenda, sem vilja setjast að þar í fylkinu.

— Foringi verkamanna í brezka þinginu hefir tilkynt Asquith stjórninni, að hún verði að takmarka vald lávarðanna á undan öllu öðru, annars snúist verkamenn á móti henni í þinginu. Redmond, foringi írsku þingmannanna, sem með sanni má segja að með sínum 86 fylgjendum hafi ráð Asquith stjórnarinnar í hendi sér, — hefir einnig haldið fram því, að takmörkun lávarðavaldsins verði

Enn einu hisminu færra.

þingsins fyrsta afrek, og þar næst að veita Írlandi heimastjórn eða sjálfstjórn. Mælt er að Írar muni taka þessari tilkynningu mótþróalaust, þó þeim þyki ilt að vera einatt settir til síðu með áhugamál sín. Í lávarðadeildinni lét Lansdowne lávarður þess getið, að efri málstofan myndi nú samþykkja fjármálafrumvarp stjórnarinnar, sem þeir lávarðarnir höfðu áður neitað, án þess þó að þeim hefði snúist hugur. Sýnir þetta, að lávarðarnir sjá sitt óvænna í viðskiftum við þjóðkjörnu þingmennina.

— Kína stjórn hefir bannað útflutning hveitis úr Norður Manchuríu. Stórveldin hafa kvartað undan þessu, en Kínastjórn svarar, að hún muni einnig bráðlega banna allan útflutning korntegunda úr Suður-Manchuríu. Ekki getur fregnin um ástæður til þessa útflutningsbanns, nema Rússland getur þess til, að þetta sé gert í hefndarskyni við sig, fyrir járnbrautabrask Rússa og önnur afskipti þeirra af þessum hluta Kínaveldis.

— Dómsmálaneindin í rússneska þinginu hefir haft til íhugunar tillögu, sem einn af andstæðingum stjórnarinnar bar nýlega fram í þinginu, um að afnema dauðahegninguna þar í landi. Dómsmálaneíndin hefir harðlega andmælt þessari tillögu, þykir ómissandi að dauðahegningunni sé viðhaldið. Nefndin sýnir fram á, að aftökur séu færri miklu en morð þau, sem framin eru og morðtilraunir. Flest morð á Rússlandi eru framin í sambandi við rán og þjófnað og þung hegning þurfi að liggja við slíkum glæpum, segir nefndin.

— Manitoba stjórnin hefir lagt fyrir þingið frumvarp til laga, er veitir Manitoba fylki rétt til þess að kaupa eða taka löglestu allar kornhlöður í fylkinu, hvort sem þær eru eign privat manna eða félaga, að undanteknum þeim kornhlöðum, ef nokkrar eru, sem eru eign járnbrautafélaga. Í frumvarpi þessu er farið fram á, að Manitoba stjórnin megi, kaupa, taka á leigu, byggja, viðhalda og starfrækja korngeymsluhlöður, hvar sem vera skal í fylkinu; að stjórnin skuli hafa vald til þess, að taka með lagavaldi í sína eigu kornhlöður, sem aðrir eiga, eins og að framan er sagt, ef ekki semst á annan hátt, og nauðsynlegar lóðir í sambandi við þær, og þau nærliggjandi lönd, sem nauðsynleg kunna að álítast til fullnægjandi starfrækslu korngeymslubúranna. Og stjórnin hafi einnig leyfi til að semja um kaupverð á öllu þessu við eigendurna. En ef samningar takast ekki, skal verðið ákveðið af þar til settri gerðarnefnd. Sú nefnd skal meta verðið sanngjarnlega, og að eins ákveða þá borgun, sem eignirnar eru virði, en ekki borga neitt fyrir einkaleyfi eða væntanlegan gróða. Tekið er fram, að stjórnin megi innan þriggja mánaða segja upp kaupum á þeim eignum, sem fengnar eru með gerðarnefndar ákvæðisverði, ef þeim þykir ástæða til þess. — Stjórnin áskilur sér rétt til þess, að selja eða leigja eignir þessar eða hluta af þeim til sveitafélaga í þessu fylki, með því verði, er um kann að verða samið. Til þessara kaupa ákveður stjórnin sér rétt til þess, að taka peningalán, er beri 4 prósent árlega vexti, og skuli lánið greitt innan 40 ára. Réttur er áskilinn til þess, að velja 3 menn, er annast skuli um starfrækslu þessara korngeymslubúra. Skulu þeir valdir af stjórninni, borgað af fylkisfé, og sviftir embættum af stjórninni, ef ástæður eru til þess. Engan þingmann má velja til þessa starfs. Starfsmönnum þessum er með frumvarpinu settar strangar reglur um, að haga starfi sínu án hlutdrægni, og að veita öllum viðskiftavinum jafnrétti.

— Óvanalegir kuldar hafa verið í vestur Bandaríkjunum síðari hluta febrúar mánaðar, víða yfir 20 stig fyrir neðan zero, og í Montana varð kuldinn 56 stig fyrir neðan zero þann 28. febrúar. Í Canada varð og víða mikill kuldi, alt að 35 stig fyrir neðan zero, og má það heita kaldasti kaflinn, sem komið hefir á þessum vetri.

— Jarðskjálfti á Krítey 18. febr. sl. feldi nokkur hús af grunnum sínum og varð sex manns að bana.

— Canadian Pacific járnbrautarfélagið auglýsir, að það ætli á þessu ári að verja 6 miljónum dollara til þess að byggja járnbrautir í Vestur-Canada, aðallega í Saskatchewan, Alberta og British Columbia.

— Bæjarstjórnin í Windsor bæ í Ontario hefir samþykt að láta hringja inni-bjöllu á kveldin. — Hvert það barn, sem einsamalt er úti á götum bæjarins eftir klukkan 9 á kveldin, verður sett í umsjá lögreglunnar.

— Fregn frá Reykjavík dagsett 23. febrúar sl. og prentuð hér í dagblöðunum, segir, að snjóflóð hafi orðið í Hnífsdal í Ísafjarðarsýslu og að 23 menn hafi látið lífið við það. Nánari fregnir enn þá ekki fáanlegar.

— Stjórnin í Portúgal hefir komist að því, að landsmenn þar hafa haft mikinn viðbúnað til uppreistar. Hermenn hafa verið settir til þess að gæta þess vandlega, að

OGILVIE'S
Royal Household Flour

Til Brauð og Köku Gerðar

Gefur Æfinlega Fullnœging

EINA MYLLAN Í WINNIPEG.—LÁTIÐ HEIMAIÐNAÐ SITJA FYRIR VIÐSKIFTUM YÐAR.

Flutt í Gullbrúðkaupi Mr. og Mrs. Jóns Hallssonar,

24. februar 1910

Heiðruðu gestir, vinirnir vaka,
vonin og ástin þar samstilla lag.
Sælt er að lifa og lita til baka,
læra, og þakka hvern samverudag.

Fimmtiu árin, hrímguðu hárin
hylla lög aldraði beimur og sprund,
gleðin og tárin, sælan og sárin
sameinuð gylla nú hamingju stund.

Nú stafar geislum haustsins sigur-sunna
á sambúð tveggja, gifturíka braut,
hve sælt og ljúft að eiga vin og unna,
það yfirbugar sérhvert stríð og þraut.
Sjá hálfrar aldar hnígur sól að baki,
er helgum eldi vermir beggja sál,
og því er skylt, að vinir glaðir vaki
og vígi gulli þessa hjónaskál.

Það mark er öllu heimsins veldi hærra,
þar hjörtun tengja ódauðkikans bönd.
Já, víst er hverju lífsins láni stærra
um langa braut að styðjast vinar hönd,
og þá er létt hið þyngsta starf að vinna,
og þraut og reynsla hljóta sigurkrans,
því gölgar sálir frið og gleði finna
í fögru skauti ljóss og kærleikans.

Í kvöld er sælt að fagna hér og finnast,
og friði helga sérhvert bros og tár;
í kvöld er ljúft á liðna tíð að minnast,
og lofa drottinn fyrir horfin ár.
Í kvöld er sælt að sitja hér og ræða,
og sjá hvað gengin braut oss hefir kent,
það greiðir leið til ljóssins sigurhæða,
því lífsins reynsla er hin sanna ment.

Já, gleðjumst meðan leiðir saman liggja,
og lærum það, sem gefur hæstan arð:
vor félagsbönd og bræðrahug að tryggja
og byggja þar, sem tíminn heggur skarð,
hið góða fræ með degi hverjum dafnar
og dreifir blómum yfir hjarn og þraut,
og hann, er flestum sannleiksperlum safnar,
er sögukappinn, þegar lýkur braut.

Þið sælu hjón, er hafið leiðst svo lengi,
í ljósi því, sem aldrei neinum brást,
þið hafið lært að stilla saman strengi
og starfa dygg í helgri von og ást.
Þið hafið örugg hita dagsins borið,
þó höndin lýist skarpt er veljans stál,
og enn í hjörtum vermir blíða vorið,
er vígði forðum ykkar hjónaskál.

Frá vinum ykkur hlýjar þakkir hljóma,
er hafið gullnu sigurmarki náð,
í hálfrar aldar aftanroðans ljóma
nú endurskína samtengd verk og ráð.
Þótt lækki sól í svölum tímans heimi,
hin sæla von oss helgar þennan fund,
að haustið blíða blómin ykkar geymi,
er breiði lauf að hinstu dagsins stund.

M. MARKÚSSON.

þeim berist engin vopn eða skotfæri utan frá. Hver höfn landsins er nákvæmlega umsetin og aðrir staðir meðfram ströndum landsins þar sem hægt kynni að vera að lenda skipum. Sömuleiðis er höfð sterk gát á öllum borgum, þar sem menn geta safnast saman. — Stjórnin vonar, að geta kæft þessar uppreistarhreyfingar þegar í fæðingu þeirra.

— Það nýmæli hefir prestur einn í New York tekið upp, að aðskilja konur og karla í kirkju sinni. Segir hann, að karlar njóti sín ekki, þegar konur séu hjá þeim. Annar prestur hefir tekið upp það nýmæli, að setja til síðu vissan hluta af loftsvölunum í kirkju sinni fyrir þá karlmenn, sem reykja. Segir hann að þeir veiti ræðunum af stólnum meira athygli, ef þeir fái að reykja meðan á guðsþjónustunni stendur.

— Canadian Pacific járnbrautarfélagið hefir 1600 mílur af vatnsveitusknðum íAlberta fylki, og á komandi sumri ætlar félagið að verja miljónum dollara til þess að veita vatni á 800 þúsund ekrur lands í því fylki.

— Dr. Cook sigldi með konu sinni frá Andes, Chile, þann 28. febr. til Argentina. Hann neitaði, að ræða pólarfundarmál sitt eða að segja nokkuð um það, hvort hann kæmi nokkurntíma aftur til Bandaríkjanna.

— Mathers dómari hefir unnið embættiseið sinn sem yfirdómari í Kings Bench réttinum hér í fylkinu.

Ávarp til Íslendinga á nýá sdag 1910.

VANCOUVER, B. C.

Nú er nýársdagur.
Njótum lífsins glaðir,
hópur frænda fagur,
frelsis vonar staðir.
Langt frá föðurlandi
ljóðin skulu óma.
Bundnir ættarbandi
berum helga dóma.

Sjáið hvernig sólin
sjáleg hækka tekur,
bráðum birtir póliun,
burtu myrkrið hrekur
morgungeisli mætur,
myndar vonir hlýjar,
kvíðann hverfa lætur,
kraftinn endurnýjar.

Því er vert að vaka,
vetrar kasta drunga,
tímamótum taka,
treysta á gamla og unga,
bindast ættarböndum,
björt sé von í huga,
vinna hraustum höndum,
hafa þor að duga.

Hugsjón horfir víða,
hún er ekki bundin:
veldur von og kvíða
vegleg nýársstundin, —
hvort mun hreldur gleðjast,
hryggðartárum fækka,
hvort mun svangur seðjast,
sorgar stunur lækka?

Hvort mun lýgin leiða
ljóss í birtu dregin,
gera vegi greiða
göfugt innra megin?
Hvort mun banvæn blekking
burt úr huga snúa,
sólbjört sannleiksþekking
sjálf hjá mönnum búa?

Bezt er spurn að spara,
spádóm ekki þylja,
gömlum gátum svara
gengur illa að skilja.
Þögult árið þegir,
það vill engu lofa.
Tröllsleg upp sig teygir
tímans gamla vofa.

Á ég alla skora
ársins fyrsta daginn
hafa þrek að þora,
það mun bæta haginn.
Íslendingar erum,
upp með þjóðar merki!
Alt það gott sem gerum
guð er með í verki.

Látið landnám stækka,
löng er óbygð ströndin,
látið hugsjón hækka,
hetjan eignast löndin.
Verum frelsisvinir,
vinnum þjóðarbætur, —
sannir Íslands synir,
sannar Íslands dætur.

SIGURÐUR JÓHANNSSON.

Til minnis.

Nautgripi, hesta og landbúnaðarverkfæri tek ég í skiftum fyrir gott hús í Winnipeg. Húsið er með öllum hæst-móðins þægindum. — Þetta ætti að geta komið sér þægilega fyrir einhvern. Skrifið, talsímið eða talið við.

G. J. GOODMUNDSON,
Talsími: Main 4516. 702 Simcoe

JÓN JÓNSSON, járnsmiður, að 790 Notre Dame Ave. (horni Toronto St.) gerir við alls konar katla, könnur, potta og pönnur fyrir konur, og brýnir hnífa og skerpir sagir fyrir karlmenn. — Alt vel af hendi leyst fyrir lítla borgun.

Wall Plaster

Með því að venja sig á að brúka "**Empire**" tegundir af Hardwall og Wood Fibre Plaster er maður hár vissa að fá beztu afleiðingar.

Vér búum til:

"Empire" Wood Fibre Plaster
"Empire" Cement Wall "
"Empire" Finish "
"Gold Dust" Finish "
"Gilt Edge" Plaster of Paris
og allar Gypsum vöruutegundir. —

Eiqum vér að senda yður bækling vorn?

MANITOBA GYPSUM CO. LTD
SKRIFSTOFUR OG MILLUR I
Winnipeg, - Man.

Heimskringla

Published every Thursday by The Heimskringla News & Publishing Co. Ltd

Verð blaðsins í Canada og Bandar $2.00 um árið (fyrir fram borgað), sent til Íslands $2.00 (fyrir fram borgað af kaupendum blaðsins borðl.50.)

B. L. BALDWINSON,
Editor & Manager

Office:
729 Sherbrooke Street, Winnipeg
P.O. BOX 3083. Talsími 3512.

Ég kom og sá

ÍSLENDINGA Í SASKATCHEWAN FYLKI.

(Framhald).

Frá Jóni fórum við Magnús aust ur til Foam Lake bæjar. Það er austasti bær Íslendinga bygðarinnar, rúmlega ársgamall, en þó svo stór, að hann er mikið stærri en Churchbridge þorp, sem er 23. ára gamalt. Í Foam Lake eru til dæmis tvær stórar korngeymsluhlöður, (Elevators), einn banki, eitt hótel, margar verzlanir og önnur starfshús. Bærinn hefir 3 góð stræti, eða fleiri. Íslendingar eru fáir í bænum. Helzta verzlanin þar er eign þeirra John Veums og Ólafs Péturssonar. Báðir frá North Dakota. Þeir félagar verzla með allskyns vörur og hafa reglulega deildabúð. Það er lang umfangsmesta verzlanin í nýlendunni. Í bænum býr og Bjarni Guðmundsson, timbursmiður, sem var hér í Winnipeg fyrir nokkrum árum, og hefir hann þar yfirfljótanlega atvinnu með góðu kaupi. Bjarni á land þar í bygðinni, en býr ekk á því nú, heldur hefir bygt sér snoturt hús í bænum og býr í því. — Þar eru og þeir Halldórsson bræður, og stunda akuryrkjuvélaverzlun, og að ég hygg einnig ábyrgðar- og peningaláns-störf. Eða sé það ekki svo, þá er tími fyrir þá náunga að byrja á því meðan bærinn er ungur. Það er alt af gott, að verða ögn á undan öðrum, ef mögulegt er, og þeitarnir eru báðir mannvænlegir og gefa von um að verða "Successful Business Men". Herra Ingvar Olson hefir þar og timburverzlun, og græðir vel fé. — Veglegt og hið vandaðasta skólahús er verið að byggja í bænum. Þar er og stórt hótel, og allur er bærinn svo myndarlegur, að mikil furða er hve miklu þar hefir verið komið í verk á tæpum 2 árum.

Það tók okkur Magnús 5 daga, að ferðast um austurhluta þessarar bygðar, vestur að Elfros bæ, sem er næsti bær fyrir vestan Leslie. Við komum þangað um kveld Bærinn er eins og allir aðrir bæjir þar í nýlendunni, ungur, ekki fullra tveggja ára. Samt voru þar kornhlöður, banki og aðrar slíkar stofnanir. Þar eru nokkrar verzlan ir, og eru þær flestar eign landa vorra. Þeir Sigurður Sturlaugsson og Árni Kristjánsson hafa þar mikla járnvöru og vélaverzlan. Óli Jóhannsson og Jón Hallgrímsson hafa algenga vöruverzlan. Pétur Bjarnason og Sigurður Bjarnason hafa þar Pool-room og rakarastofu. Ef til vill eru þar aðrir Íslendingar, sem reka þar starf, þó ég yrði þeirra ekki var. Greiðasöluhús er þar í bænum, og þar hafði ég kveldverð að boði og á kostnað herra Bjarnasonar rakara. En mér var sagt, að um gistingu yæri þar ekki 'að gera, og fór ég því til herra Guðvalda Jackson, sem býr í stóru og ágætu timburhúsi nær mílu vegar frá bænum. Það hjónin tóku mér eins og ég væri sonur þeirra úr helju heimtur, og skemtu mér vel með fjörugum samræðum og góðum beina um kveldið fram á miðnætti. Heimilið alt er hið prýðilegasta utan og innan, og fólkið alúðlegt að satna skapi. Guðvaldi minti mig á ýms æfintýri,er skeð höfðu á ferð hans vestur um landið hér, þegar hann kom sem innflytjandi frá Íslandi fyrir fjórðungi aldar. Ég hafði fylgst með hópi þeim yfir landleiðina, en var búinn að gleyma ýmsu því, sem honum var ferskt í minni, því maðurinn er skýr í bezta lagi. Meðal annars sagði hann mér eina sögu, sem bæði gerðist á Íslandi og í Ameríku, og sem er svo vaxin, að ekki er rétt að láta hana með öllu glatast, með því að hún sýnir,við hverja örðugleika vesturfarar eiga oftlega að etja, og hve erfitt þeim getur orðið, að koma eignum sínum í það verð heima fyrir, að þeir fái reitt saman í fargjaldið vestur, og hve litið verður úr peningunum, þegar hingað kemur.

Guðvaldi hafði verið sjálfseignarbóndi á einni af allra beztu jörðum í Vopnafirði. Hann hafði þar stórt bú til lands og sjávar og margar skepnur. Þegar hann hafði ákveðið, að flytja til Vesturheims, veitti honum hægt að selja jörðina og lifandi peningi. Einnig varð hann af með sjávarútveginn með einhverju móti. En búslóðina alla á því stóra búi flutti hann inn í Vopnafjarðarkaupstað og lét selja hana þar við opinbert uppboð. Búslóðin var, eins og nærri má geta af svo miklu búi, allstór og umfangsmikil, og hefir að sjálfsögðu kostað allmikið fé, því margir húsmunir voru þar góðir. Búslóðin var flutt sjóveg inn í Vopnafjarðarkaupstað, og var hún margir bátsfarmar, og kostaði flutningur hennar í sjálfu sér talsverða peninga. En á uppboðinu hljóp öll búslóðin fyrir — segi og skrifa — 35 krónur. En kona Guðvalda hafði sjálf selt nýjan kvensöðul, sem kostað hafði 60 kr., ásamt með beizli og silfurbúinni svipu, — alt þetta seldi hún hæstbjóðanda fyrir 12 krónur. Svo öll þessi mikla búslóð, að meðtöldum reiðtýgjum konunnar, seldist fyrir 47 krónur, eða sem næst 12 dollara í hérlendum peningum. Tólf manns voru áhangandi Guðvaldi á vesturferð hans, og fyrir alla þessa varð hann að kaupa farbréf í Quebec til Winnipeg, en hvert farbréf innflytjenda kostaði þá $12 milli nefndra staða. Nú kom það fyrir, þegar komið var af stað frá Quebec, að Guðvaldi hafði á vagnlestinni einu farbréfi færra en hann átti að hafa og hafði borgað fyrir. Hann varð því neyddur til þess, að kaupa annað farbréf, en gerði það með mestu ólund, og taldi sig brögðum beittan. Vitanlega átti hann aðgang að mér með að fá síðar lagfæringu á þessu, og hann miati mig á, hvernig við hefðum í tvo daga unnið að því á lestinni, að skoða númerin á farbréfum allra í þeim stóra innflytjendahóp, sem á lestinni var, þar til við vorum búnir að fá allar samstæðurnar og gátum sannað, að villan hafði orðið hjá farbréfasalanum í Quebec borg. Nokkrum mánuðum síðar fékk Guðvaldi sent sér verð þessa farbréfs frá Quebec, og með rentum. Hann gat þess, hve illa sér hefði fallið það á lestinni, að þurfa að snara út í einni sviphend ing og án allrar sanngirni öllu því fé, er fengist hafði á Íslandi fyrir alla búslóðina af hans mikla búi, að viðbættu því, er kona hans hafði fengið fyrir reiðtýgin sín, — fyrir borgun á einu farbréfi frá Quebec til Winnipeg. Honum fanst ferðalagið fíer á landi verða æriö kostbært á þeim dögum.

Magnús, sem keyrt hafði mig um austurhluta bygðarinnar, var nú orðinn ókunnugur vegum þar vestra og hélt því heimleiðis aftur. En Eymundur sonur Guðvalda tók að sér að keyra með mig um bygðina einn dag. Og næsta dag tók herra Sigurður Sturlaugsson, kaupmaður í Elfros, mig að sér og keyrði mig vestur á bóginn, þar til við komum til herra Guðmundar Guðmundssonar bóksala, sem býr nokkrar mílur norðan við Wynyard, við austurendann á Stóra Quill vatni. Hjá honum var ég eina nótt. Ég hafði ætlað mér að finna herra Jóhann Stefánsson, ættaðan frá Kroppi í Eyjafirði og bróðir Vilhjálms mannfræðings Stefánssonar. Jóhann dvaldi fyrrum í Norður Dakota, en flutti vestur fyrir fáum árum og tók sér heimilisréttarland í grend við heimili Guðmundar. Mér hafði verið sagt, að Jóhann væri allra manna kunnugastur öllum leiðum þar um bygðina. En til allrar óhamingju var hann fjarverandi og enginn vissi, hvenær hans var von heim aftur, því maðurinn er konulaus., En það orð leikur á böslurum þar vestra, að þeir séu fremur lausir við einbúa heimili sín, og tel ég það ekki ámælisvert. Ég mundi hafa verið eins "reikull í ráði", hefði ég nú verið á þeirra aldri og í þeirra sporum. Ég hafði ætlað mér að fá Jóhann til að keyra mig um allan vesturhluta bygðarinnar, á hvert einasta heimili, og leit ég svo á, að það gæti verið gott fyrir okkur báða. En nú stóð ég uppi ráðþrota, og Guðmundur sá þann kost vænstan að koma mér sem skjótast burt af sínu heimili, og þótt hann ætti illa heimangengt um þessar mundir, réðst hann þó í, að leggja fram hesta og kerru og að keyra sjálfur með mig út um bygðina. Hann var með mér í 5 daga, og á þeim tíma fundum við fjölda manna, því fákar Guðmundar voru fjörugir og maðurinn sjálfur ákafur að reka erindi þeirra, er hann starfar fyrir. Á þeim dögum, sem við vorum saman, seldi ég flestar Heimskringlur, — því eins og þeir geta skilið, sem mest þekkja sálarástand mitt, þá var ferð þessi til Saskatchewan ekki eingöngu gerð í þeim tilgangi, að lita yfir snæviþakið landið um háveturinn, heldur jafnframt og máske aðallega til þess, að útvega Heimskringlu eins marga nýja kaupendur þar í bygðinni eins og kostur væri á með góðu móti. Þess vegna var það, að á þeim dögum, sem við Guðmundur vorum saman og keyrðum um þéttbygðasta hluta nýlendunnar a lla vegu umhverfis Wynyard, þá bárust blaðinu flestir kaupendur, og þakka ég það að mestu leyti agents-hæfileikum fylgdarmannsins. Ég sagði honum þá, og mér finst eins enn þá, að ef Laurierstjórnin ætlar að senda nokkurn mann til Íslands á næsta ári, til þess að starfa þar að innflutningum, þá getur hún ekki valið vænni dreng en Guðmund eða nokkurn, sem líklegri væri til þess að laða að sér menn og konur þar heima á Íslandi, til hingað ferðar.

Ég skyldi "þetta" á Gvend, að væri hann vel alinn á stjórnarkostnað og látinn ferðast, þá gæti hann á stuttum tíma stórum aukið íbúatölu ríkisins. — Þessi meðmæli, sem gerð eru í allri einlægni, eiga þó meðfram að vera lítilfjörleg þóknun fyrir gistinguna, sem hann veitti mér, því ég mun hafa gleymt, að greiða fyrir hana í silfri. En það, sem ávantar, geta Saskatchewan búar goldið fyrir mig með því, að kaupa óspart bækur að Guðmundi, og borga þær fullu verði og reifjalaust.

Á þessari hringferð okkar Guðmundar umhverfis Wynyard bæ fann ég marga landa, sem ég þekti og fleiri, sem ég ekki þekti, en Guðmundur þekti alla. Allir tóku okkur vel. Við höfðum beint erindi til allra þeirra, sem ekki keyptu blaðið Heimskringlu, að bjóða þeim og biðja þá, og grátbæna, að kaupa "Kringluna". En til hinna, sem þegar voru kaupendur, gerðum við okkur það til erindis, að þakka þeim kærlega fyrir liðin viðskifti og láta þá vita, að "Kringlan" vildi fegin eiga þá að framvegis.

Sumstaðar fengum við líka nokkurt verkefni, til dæmis á heimili Einars Granda. Allir þekkja Einar Granda, sem lengi bjó í Norður Dakota, en barst með fram straumnum hingað norður til þess að auðga sjálfan sig á ekrum kongsins, og jafnframt að auðga Saskatchewan fylki með starfsþrótti sínum, því maðurinn er risavaxinn og víkingur til allra starfa. Hann var önnum kafinn með hóp manna við eldiviðarsögun með mótorvél, þegar við komum þangað, og kvaðst varla mega vera að því, að sinna jafnvel sjaldsénum gestum. En gat þó ekki á sér setið, að gjægjast ekki inn í hús sitt, þar sem við Guðmundur sátum við hlaðið borð af bezta mat, sem kona hans hafði framreitt.

Við sögunina voru þeir Kristján Bjarnason, bróðir séra Jóhanns Bjarnasonar, prests að Íslendingafljóti, og félagi hans. Þeir áttu vél þá hina miklu, sem gekk fyrir gasolin-afli, og gera það að atvinnu, að saga eldivið fyrir bygðarbúa. Kristján bað mig að geta þess í 'Heimskringlu, að hann óskaði, að bygðarbúar vildu muna það, að hann starfar að viðarsögun, og vildu leita til sín, hver einn og einasti, þegar þeir þyrftu að láta saga eldivið fyrir sig. Ég lofaði að skila þessu, og þykist nú hafa gert það. Heimilisfang þeirra félaga er í Wynyard, að mér var sagt.

Annar maður, Þorlákur Jónasson, bað þess getið, að hann hefði vél til þess að steypa með cement steina, stóra og smáa, og af kunnugum var mér sagt, að steinar þeir væru jafn-gildi að öllum frágangi þeirra, er beztir fást í Winnipeg borg. Þorlákur selur þá svo ódýrt, eftir gæðum, að bygðarbúar ættu að láta hann hafa nóg að gera. Hann ekki að eins steypir steina í húsveggi með vanalegum nýtízku lofthólfum, heldur býr hann einnig til aðra smærri í múrsteinslögun til strompagerðar, og annars þess háttar. Pantanir allar afgreiddar "upp á stundina".

Meðal annara sem ég fann og má ekki gleyma, var herra Jón J. Westdal. Hann býr fáar mílur fyrir vestan Wynyard bæ. Ég hafði mætt honum í bænum í skyndi og boðið honum Heimskringlu. En hann kvað réttast, að ræða mál það heima hjá sér, því að svo vandasamt atriði gætu menn ekki afgreitt úti á gatnamótum. Sá ég því minn kost beztan, að eiga ekkert við þann náunga að sinni, en ég hugsaði honum þegjandi þörfina síðar, er mig bæri þar að garði, er hann byggi, og þangað kom ég næsta sunnudagskveld þar á eftir. — Ég ætti máske ekki að geta þess, að ég hefði hafst nokkuð að á sunnudögum, en mér kom til hugar, að úr því prestarnir nota þann dag móti guðs og bibliunnar lögum, til þess að gera mest af því starfi, sem þeir þiggja laun sín fyrir, þá mundi mér eins og þeim vera óhætt að "syndga upp á náðina". Ég hefi fyrir löngu sannfært sjálfan mig um það, að ef þeir komast allir til himnaríkis — blessaðir —, þá muni ég einhvern veginn dragnast þar inn á eftir sem þeir komast á undan. Og svo er líka guði fyrir þakkandi, að ég get dálitið prédikað sjálfur, jafnvel á biblíulega vísu, ef því er að skilta, eins og lesendur þessa blaðs hafa þegar komist að raun um, og sem þeir kannast við. — En ég er að fara út frá efni sögunnar.

Ég kom til Jóns þetta sunnudagskveld og átti glaða stund á því rausnar- og þrifa heimili. Jón og fólk hans tók mér eins og ég væri gamall vinur þess, og þar var framreiddur kveldverður líkastur því, sem bezt gerist í veizlum í Winnipeg borg. Fólk það virðist búa við góð lífskjör, og þó fanst mér á viðræðum Jóns, að hann ekki vera allskostar ásáttur með ástandið hér í landi. Maðurinn er áreiðanlega ákafa starfsmaður og ákveðinn í því, að ryðja sér braut til auðlegðar og frama hér í landi. Hann og synir hans hafa þarna heila Section af ágætu akuryrkjulandi í hjartastað bygðarinnar, og ég þori að setja haus minn í veð, að sú landspilda verður innan fárra ára ekkert minna en 50 þúsund króna virði í íslenzkum peningum. Mér leizt svo vel á það heimili, að ég varð fullviss um, að þar yrði vaxandi velmegun í búi.

Svo var Jón skrafhreifinn og skemtilegur, að undir dáleiðsluáhrifum hans hafði ég gleymt erindinu, þar til hann minti mig á það, þegar ég var að kveðja, og lét ég þá ekki dragast að skrá nafn hans á kaupenda lista blaðsins.

Næsta dag lagði ég leið mína austur á bóginn, alt austur undir Mozart bæ, en kom þó ekki í sjálfan bæinn. Enda er þar lítið af Íslendingum, að undanteknum þeim Jóhanni Kr. Johnson og Thorsteini Laxdal, sem reka þar algenga vöruverzlun og farnast vel. Þeir verzla í félagi undir nafninu Johnson & Laxdal.

Þá nótt gisti ég hjá Friðriki Bjarnasyni, sem býr þar við góðan kost, og er höfðingi heim að sækja, og hefir komið sér vel fyrir, en mun þó hyggja á, að komast betur inn í bygðina við hentugt tækifæri.

(Meira).

Dansmærin.

Hún dansinn í bernskunni lærði af list;
hún lærði hann einan — alt hitt var mist.

Hún dansandi þaut yfir dans-sali létt
og dansaði bernskuna' í einum sprett'.

En dansinn hjá foreldrum fékk ei náð
er fyrir honum var einskis gáð.

Hún dansaði samt. — Þau báðu hana bezt:
"Þú barn okkar kæra! Þér sjálfri er það verst.

"Í dansinum nautnanna drekkur þú skál,
en dreggjarnar nísta þitt hjarta sem stál.

"Því dansinn er æskunnar daðrandi tál,
sem dýrstu rós unglingsins brennir úr sál".

Þá dansaði hún valsandi foreldrum frá
og fortölur þeirra ei hlustaði á.

Hún dansaði burt frá þeim fet eftir fet.
Þá faðirinn stundi, en móðirin grét.

Hún dansaði uns sá hún hinn sí-unga Heim.
Hann sætlega tók henni höndum tveim.

Þau dönsuðu æskuna aftur á bak —
það einkum í valsi er fyrirtak.

Hún dansandi rètti honum roðann af kinn.
Hann rétti henni aftur fölvann sinn.

Hún dansandi gaf honum hjarta og hönd,
sinn hvíta líkam, sitt mál og önd.

Hann dansandi gaf henni vindling og vín
og vafði hana í silki og hálín.

Þá dansandi mælti hann: "Ég dái þig!
Nú dansarðu ei framar við aðra en mig".

Hún dansaði við hann dag og nótt.
Í dimmunni mest þá alt var hljótt.

Þau dönsuðu lengi dátt og kátt,
uns dofnaði fjör hennar smátt og smátt.

Og dansinn að lokum varð þreytandi þraut,
en þá var um seinan að skifta um braut.

Þá dansarinn glotti: "Vit drósin fín!
Ég Djöfullinn sjálfur er, heillin mín!"

Þá dansaði hún nauðug, en Djöfullinn hló:
"Sko Dauðann, sem bíður þín handan við sjó!".

Þá dansandi hugsaði hún heim til sín
og hjartað varð gagntekið angri og pín.

Og dansandi hljóðaði hún heim til sín:
"Ó, hjartkæru foreldrar! Komið til mín!"

En dansinn svo breytt hafði dapri mey,
að dóttur týnda þau þektu ei.

Þá dansandi leiksystkin liðs bað mey,
en leiksystkin mæltu: "Burt heimska grey!".

Hún dansandi hrópaði Drottinn á,
en Drottinn hvorki heyrði né sá.

Loks dansandi um grið hún Djöfulinn bað.
Þá dátt hló hann: "Fjandinn hafi það!"

Svo dansaði hann með hana á Dauðans fund,
hann dansaði með þeim á íslögð sund.

Þau dönsuðu þrjú út á Dauðans svell.
Með Dauðanum valsaði hún stutt — og féll!

ÞORSTEINN Þ. ÞORSTEINSSON.

Sparið Línið Yðar.

Ef þér óskið ekki að fá þvottinn yðar rifinn og slitinn, þá sendið hann til þessarar fullkomnu stofnunar.

Nýtízku aðferðir, nýr vélaútbúnaður, en gamalt og æft verkafólk.

LITUN, HREINSUN OG PRESSUN SÉRLEGA VANDAÐ

Modern Laundry & Dye Works Co., Ltd.
307—315 Hargrave St.
WINNIPEG, MANITOBA
Phones: 2300 og 2301

The Farmer's Trading Co.
(BLACK & BOLE)

HAFA EINUNGIS BESTU VÖRUTEGUNDIR.

Einu umboðsmenn fyrir:—
"SLATER" Skóna góðu.
"FIT-RITE" Fatnaðinn.
"H. B. K." prjónafélagið.
"HELENA" pils og 'waist' kvenfatnaði.
Bestu matvörutegundir.
"DEERING" akuryrkju verkfæri o, s. frv.

Beztu vörur Lágt verð

Fljót og nákvæm afgreiðsla.

Farmers' Trading Co.,
THE QUALITY STORE
Wynyard, Sask.

JOHN DUFF
PLUMBER, GAS AND STEAM FITTER
Alt verk vel vandað, og verðið rétt
664 Notre Dame Ave. Phone 3815
Winnipeg

Sherwin-Williams PAINT
fyrir alskonar húsmálningu.

Prýðingar-tími nálgast nú. Dálítið af Sherwin-Williams húsmáli getur prýtt húsið yðar utan og innan. — Brúkið ekker annað mál en þetta. — S.-W. húsmálið málar mest, endist lengur, og er áferðarfegurra en nokkurt annað hús mál sem búið er til. — Komið inn og skoðið litarspjaldið. —

Cameron & Carscadden
QUALITY HARDWARE
Wynyard, -- Sask.

"Andvökur"

LJÓÐMÆLI EFTIR
Stephan G. Stephansson
Kosta, í 3 bindum, $3.50, í skrautbandi.

Tvö fyrri bindin eru komin út, og verða til sölu hjá umboðsmönnum útgefendanna í öllum íslenzkum bygðum í Ameríku.

Í Winnipeg verða ljóðmælin til sölu, sem hér segir:

Hjá Eggert Jóhannssyni, 689 Agnes St., EFTIR KL. 6 AÐ KVELDI.

Hjá Stefáni Péturssyni, AÐ ÞEGINUM, frá kl. 8 f.h. til kl. 6 að kveldi, á prentstofu Heimskringlu.

Hjá H. S. Bardal, bóksala, Nena St.

Utanbæjarmenn, sem ekki geta fengið ljóðmælin í nágrenni sínu, fá þau tafarlaust með því að senda pöntun og peninga til Eggerts Jóhannssonar, 689 Agnes St., Winnipeg, Man.

Kærleikurinn fer ekki í manngreinarálit,

Prédikun flutt í Gardar-kirkju 2. sd. í föstu 20. f-br. 1910.

EFTIR *F. J. Bergmann.*

BÆN. — Himneski faðir! Ver hjá oss á þessari helgu stund og drag þú hugi vora og hjörtu til þín. Fyrirgef oss kærleikslevsið mikla, sem vér svo oft höfum gert oss seka í. Kenn oss, drottinn, að hugsa ávalt um þig sem föður og mennina eins og börn þín — alla menn, eigi að eins þá, sem oss eru líkir að öllu, heldur líka þá, sem oss eru ólíkir og kunna að einhverju leyti að fara aðrar leiðir en vér. Lát oss skiljast, að þér er ant um alla, og að þú vilt láta alla menn verða snortna af kærleika þínum. Kenn oss þá öllum, sem þegar erum snortnir af himneskum eldi kærleikans, að ganga erindum hans til annara manna, svo vér berum fagnaðarboðskap kærleikans frá einni mannssál til annarar. Fyrir Jesúm Krist, son þinn elskulegan Amen.

Ræðutexti:
Kanverska konan, Mt. 15 21—28.

Frelsari vor er að yfirgefa Galileu um tíma, þar sem hann hafði starfað. Hann verður þess var, hvernig óvinahugurinn, sem farisear og ferðamenn æstu upp á móti honum, var smám saman að verða sterkari. Menn heimtuðu tákn og stórmerki með meiri og meiri frekju. Hann fékk naumast frið til að gera fólkinu skiljanlega kenningu sína. Hann vill nú draga sig í hlé um tíma með lærisveina sína, til þess að fá þá til að sökkva huga sínum niður í þær háleitu hugsanir heiminum til frelsis, sem hann umfram alt vildi að festi rætur í hjarta þeirra.

Hann virðist fara út fyrir landamæri Galileu, yfir til Fönikíu. þar voru Týrus og Sídon helztar borgir. Týrus er hér um bil þrjátíu og fimm milur enskar norðvestur frá Genesaret-vatni, en Sídon tuttugu og fimm mílum norðar.

Báðar liggja borgir þessar á Miðjarðarhafsströndinni og voru lengi frægar í fornöld. Íbúar Týrus borgar voru með allra frægustu siglingamönnum fornaldarinnar. Safnaðist þar mikil auðlegð saman vegna gler-gjörðar, sem þar átti sér stað í stórum stíl. Auk þess varð borgin fræg fyrir liti, sem þaðan voru seldir um heim allan. En þó voru siglingar og alls konar fyrirtæki í sambandi við hafið aðal-auðsuppsprettan. Á tímum frelsarans var hún enn voldug borg og mannmörg. Nú eru ei eftir nema rústir einar af borg þeirra Hírams og Jessabel. þar stendur nú lélegur kotbær.

Sídon (eða Zidon,— Fiskibær) var keppinautur Týrusar. Hún varð voldug verzlunarstöð, þó þar verið upphaflega fiskiver eitt. Löngu á undan Týrus. Jesaja spámaður talar um Týrus sem dóttur Sídonar (23 19). En á dögum Salómó var dóttirin orðin móðurinni meiri og orðin markaðsstöð þjóðanna (Jes. 23 3). Páll postuli prédikaði í Sídon á leið sinni til Ítalíu (Ps. 27 3).

Markús segir, að frelsarinn hafi farið inn í hús nokkurt. "Og vildi að enginn vissi". Hann var kominn til að leita hvíldar og næðis. En orðrómurinn var kominn á undan honum. Fregnir af mönnum og málefnum bárust í þá daga eigi síður en nú. Um lækningar hans og kraftaverk hefir mikið orð gengið einnig með heiðingjunum, löngu áður en hann kemur til þeirra. Hvarvetna veikindi og hvarvetna í mannabygðum eitthvert böl við að stríða. Og hvarvetna þráir mannshjartað jafn-sárt að losast við það.

Hann fær eigi dulist. Heiðingja kona ein heyrir um komu hans. Hún var grísk, segir Markús, kynj uð úr Fönikíu sýrlenzku. Matteus nefnir hana blátt áfram kanverska Um leið og sagt er, að hún hafi verið grísk, er tekið fram, að hún hafi verið heiðingi. En þegar hún er nefnd kanversk, er tekið fram, að hún hafi verið ættuð af þeirri þjóð, sem Gyðingar höfðu rekið úr landi og dæmd var til eyðingar á svipaðan hátt og frumbyggjar þessa lands, Indiánar. Eftir öllum líkum hefir konan kunnað vel að mæla á gríska tungu. En um leið mælt því máli, sem þarna var tíðast í landi, a r a m í s k u, sama mál og Gyðingar töluðu. Á því máli hefir hún eflaust átt tal við frelsarann.

Herra, sonur Davíðs, miskunna þú mér! Svo ávarpar hún Jesúm. Saga Gyðinga var sjállsagt kunn um þessar slóðir. Sagnir lifðu á vörum fólksins um fóstbræðralag þeirra Hírams, þjóðhöfðingja Fönikíumanna, og Davíðs, Ísraelskonungs. Og von Gyðinga um, að eignast voldugan Davíðsson til að hefja þá til nýs vegs og frama, hefir líka verið alkunna á þessum stöðum. Nú héldu margir, að Jesús væri þessi voldugi Davíðssonur. Heiðingjakonan, sem nú er í miklum nauðum stödd, og þarf á hjálp hans og liðsinni að halda, dregur á það engan efa. Hún heilsar honum með hinu mesta tignarnafni, sem til var með þjóð hans. Nokkura verulega Messíasartrú getur hún ekki hafa haft á honum, þessi grísku-mælandi heiðingjakona. En hún hefir óbifanlega trú á mætti hans til að lækna.

Dóttir mín er þungt haldin af anda. Svo eru orð hennar hjá Matteusi. Markús segir, að hún hafi átt dóttur, sem hafi haft óhreinan anda. Í þeim bibliuþýðingum, sem vér höfum hingað til átt, stendur: Dóttir mín kvelst þunglega af djöflinum. Í þeirri ágætu þýðingu, sem vér nú höfum eignast, stendur þarna orðið andi í staðinn fyrir djöfull. Nafn nýja testamentisins fyrir höfðingja hinna illu anda er Satan. Það merkir andstæðingur eða óvinur. En gríska orðið diabolos eða djöfull merkir rógberi, og er látið jafn-gilda hebreska orðinu.

Orðið andi á mjög merkilega sögu. Það heitir d a i m ó n á grísku. Í kvæðum skáldsins Hómers, merkir það vanalega g u ð, einhvern guðdóm. Snemma á öldum var samt farið að gera greinarmun á guðum og öndum. Menn létu sér þá skiljast, að andar væru verur mitt á milli guða og manna. Þeir væri ósýnilegir íbúar jarðarinnar, — sálir þeirra manna, er uppi hefði verið á hinu fullsæla gullaldar-tímabili mannkynsins. — Í þessum skilningi talar gríska skáldið H e s i o d um anda. En aðrir grískir höfundar viðhöfðu það um sálir þeirra manna, er uppi voru á svo-nefndri silfur-öld. En það var kynslóð, sem fyrirleit guðina. Á þann hátt fór orðið að hafa vonda merkingu. Einnitt á þeim tíma, þegar orðið var látið fela í sér hugmyndina um illa veru og guðunum andstæða, tóku grísku-mælandi Gyðingar það upp í mál sitt. Í nýja testamentinu höfum vér eins konar smækkunarmynd af orðinu, eins og sagt væri a n d a k o r n á vöru máli, og er þar látið tákna vonda anda, er standa í þjónustu hins illa andahöfðingja.

Allar þessar sögur um anda í sambandi við sjúkdóma og veikindi í nýja testamentinu, bera vott um hugsunarhátt og þekkingarstig samtíðarinnar. Yfirleitt voru sjúkdómar kendir illum öndum, er kæmist inn í líkama mannsins, og kæmi þar ýmsis konar sturlun til vegar. Einkum þótti þetta sjálfsagt, er óvanalegir og geigvænlegir sjúkdómar voru á ferðum, eins og til dæmis brjálsemi. Þá var það illur andi, sem veikindunum kom til leiðar. Og væri brjálsemin á fjarska háu stigi, litu menn svo á, að ara-grúi illra anda hefði fengið vald yfir slíkri aumingja mannssál. Það hlaut að vera óumræðilega hrylllileg hugsan fyrir foreldra, þegar börnin þeirra áttu hlut að máli.

Vitaskuld ætti allir hér að tala varlega. Vér skiljum naumast enn, hvað brjálsemi er. Vísindin eru þar stöðugt að komast dýpra og dýpra. Hinn dularfulli grunnur eðlis vors er enn ókannaður, að kalla má. Vér þekkjum að eins yfirborðið, og oss sundlar, er vér horfum niður í hyldýpið. Vér erum svo miklu stærri en vér vitum og víðfeðmi mannssálarinnar miklu meira en vér gerum oss í hugarlund.

Í þessari frásögu sjáum vér það bezt. Það er eigi til sú þraut, sem kærleikurinn til sárþjáðrar dóttur myndi eigi koma þessari heiðingjakonu til að vinna. Hún færi gegn um eld og vatn hennar vegna. Hún gengi til yztu endimarka jarðar til að frelsa barnið sitt frá þessum voða.

Það lítur út fyrir, að frelsarinn hafi fyrst ætlað að láta hana fara, án þess að sinna henni. Hann var ekki hingað kominn til að lækna. Hann var orðinn þreyttur á þeim lækninga-undrum. Þótt hann hefði til þess varið öllum tíma sínum, hefði hann aldrei getað læknað þús undasta hlutann af meinum mannanna. Og jafn-óðum hefði þau vaxið fram aftur. Það var óvinnandi verk, að hjálpa mannkyninu á þann hátt. Og lærisveinarnir vildu fyrir hvern mun sem fyrst við hana losast, þessa heiðnu kvinnu.

Hann segist að eins sendur sinni eigin þjóð, eftir frásögn Mattheusar. Markús lætur hann segja: Lofaðu börnunum að seðjast fyrst, því það er ekki fallegt, að taka brauðið barnanna og kasta því fyrir hvolpana. Hann gefur með því orði heiðingjunum von um, að til þeirra skuli fagnaðarboðskapur inn koma, þegar börnin sé södd. En hins vegar notar hann, eftir því sem frá er sagt, í þetta skifti hina hörðu málvenju þjóðar sinnar. Gyðingar nefndu heiðingjana ólátt áfram hunda. Hann talar í líkingu. Og ef hægt hefði verið að firta þessa heiðingjakonu, myndi hún hafa stygst við orð hans og horfið frá. En hógværð er svo mikil í hjarta hennar, að lund hennar styggist eigi hið allraminsta.

Hún heimtærir líkinguna þegar upp á sjálfa sig. Hún segir: Ég er ánægð með molana. Þeir fullnægja mér! — þetta hógværa og trúarsterka svar, þótti frelsaranum svo fagurt, að hann veitti henni þegar bæn hennar. "Mikil er trú þín! Verði þér sem þú vilt!" Glöð og fagnandi hvarf hún heimleiðis og fann, að brjálsemin var horfin frá barninu hennar, sem hún hefir elskað eins og lifið í brjósti sér. Hvílíkur fögnuður! Hvílíkur óumræðilegur sigur!

Kærleikurinn fer ekki í manngreinarálit. Hann getur það ekki, lær sig aldrei til þess. Það er eðli hans gagnstætt. Heiðinginn leitar til Gyðingsins, þó hann eigi von á, að Gyðingurinn smái hann. Kærleikurinn þrýstir — þolir alt, umber alt. Sá kærleikur ber ávalt sigur úr býtum. Og þegar jafnvel kærleikur mannanna fer ekki í manngreinarálit, þegar hann er hreinn og falslaus, eins og kærleikur þessarar móður, — hvernig skyldi þá kærleikur guðs nokkuru sinni fara í manngreinarálit? Engin svo voluð mannssál til á þessari jörð, að hún sé eigi óskabarn kærleikans. Hér er hinn dýrlegi miðdepill þess fagnaðarerindis, sem Jesús kom til að flytja heiminum: Kærleikurinn, sem stýrir heiminum, og öllu ræður, fer aldrei í manngreinarálit. Hann tekur hvert einasta mannsbarn í faðm sinn, sem hann vill þýðast. — Fyrir þetta er kristindómurinn orðinn alheimstrúarbrögð. Hann verður það betur og betur eftir því, sem þessi skilningur ryður sér til rúms.

Manngreinarálitið er enn með kristnum mönnum eins og ryð, sem nagar egg úr beittum brandi. Hér er enn fátækur og ríkur. Auðurinn metinn mikils, þó lítið sé honum samfara af sálarhöfgi. Fátæktin smáð og gengið fram hjá eins og rakka, þó mikið sé af sönnu manngildi og falslausri lífsbreytni. Lánleysinginn látinn veltast í óláni sínu. Lánsmaðurinn of hreinn til að láta hann stíga yfir þröskuld sinn. Ólánið ávalt kent þeim sjálfum, er í ratar, þó oft sé mannfélagið sjálft skuld í. — Drykkjumaðurinn fyrirlitinn og á hann bent, er hann fær eigi lengur sjálfum sér borgið, og hefir sóað eínum sinum. En mannfélagið selt honum drykkinn, lagt snöruna fyrir fót honum, til að auka tekjur sínar.

Oss blöskrar kærleiksleysið með þeirri þjóð, er skoðar sjálfa sig guðs barn, en talar um allar þjóðir aðrar sem hunda. Í fornöld var um hundinn talað með miklu meiri fyrirlitningu en nú, og verður þess vart á all-mörgum stöðum í bibliunni. Alt ilt var hundseðlinu eignað: — hugleysi, sviksemi, leti, sóðaskapur. — Hér er vanalega orðið eigi viðhafst, heldur eins konar gælu-orð, sem af því er dregið. Með því er broddurinn sárasti brotinn af. Jafnvel Páll postuli segir: Gefið gætur að hundunum (Fil. 3 2). Á hann þá við Gyðinga þá, er á hans dögum heftu framgang kristindómsins á allar lundir. Í ótal mörgu getum vér tekið postulann Pál til fyrirmyndar. En er kristinn maður nú á dögum tekur hann sér til fyrirmyndar í þessu, auvirðir hann sjálfan sig og lætur þjónustuna verða fyrir lasti (2. Kor. 6 3).

Nú er umbrota-öld mikil með þjóð vorri, baráttutímar og æsinga. Aldrei hefir hugur þjóðar vorrar jafn-stór verið til að brjótast áfram á öllum svæðum. Öllum slíkum fjörkippum, sem andlegt líf tekur með þjóðunum, fylgja skuggar og flekkir. Sökum þeirra óska oft værukærir menn fremur eftir logni og láðeyðu í andlegum efnum og barma sér mjög út af þeirri vargöld og viga, er yfir standi. Víst eru skuggarnir miklir og flekkirnir ljótir og þá skyldi allir varast af öllum mætti. Skuggunum þarf að dreifa og flekkina að fægja. Til þess skyldi góður hver verja lífi og kröftum, og þá er eigi til engis barist. Verst af öllu er logn og láðeyða á andans hafi. Þá blaktir ekkert segl og hver fjöl fúnar. Vér vonum, að eitthvað af soranum, sem er í lund þjóðar vorrar sé nú burt að brenna. Og að dagurinn verði bjartari og fólkið friðara fyrir að hafa lent í mannraun svo mikilli.

Óviðurkvæmileg orð eru einn sárasti meinbugur þjóðlífs vors. Í umræðum um alvarleg mál, hvort heldur stjórnmál eða trúmál, er illum nöfnum látið rigna og leikurinn einatt svo ömurlega grár. Nú viðhafa menn samt sjaldan orð ið hundur um andstæðinga sína. Það gera eigi nema þeir frekustu, og mælist illa fyrir. En önnur orð eru komin í staðinn. Til dæmis orðið heiðingi. Það er nú ósjaldan notað sem skotvopn. Það er vissulega engu betra. Upphaflega merkir það úlfinn, sem helst við á heiðum uppi — þenna útlaga mannfélagsins og ímynd alls gæfuleysis, sem því hefir aldrei tekist að temja né tryggja. Og þó sú merking sé nú glötuð, er það ávalt notað um þá, sem verið er að reyna að gera útlæga í almenningsálitinu og vekja upp hleypidóma móti. Það er ilt orð og syndsamlegt og kærleikanum gagnstætt. Sönnum kristindómi er það eins mikill ósómi og það væri með þjóðunum, ef einhver ein, sem kallaði sig kristna, risi upp nú á dögum og færi að kalla hinar hunda. Enda væri það óhugsandi. Svo mikið hefir siðferðis-vitund mannanna þó þokað áfram.

En kærleikurinn fer ekki í manngreinarálit.

Mál hans er hlýtt við vin og óvin. Hann umber alt og er þolinmóður. Hann er eigi fljótur að styggjast og fer erindum sínum eins fyrir því, þó honum sé að einhverju misboðið. Illu nöfnin eru slæm; þau særa og meiða. Hið meðfædda manneðli vort yglist gegn þeim. En vér ættum engan gaum að gefa þeim. Eigi láta þau ýfa lund vora hið allra-minsta. Ganga fram hjá þeim eins og vissum vér ekki af þeim. Þau vinna oss aldrei nokkurt mein. Koma þeim einum í koll, sem viðhafa.

Muna skyldum vér heldur, að sælir eru hógværir, því þeir munu landið erfa (Mt. 5 5). Sá kærleikur, sem temur sér að erfa eigi annara mótgerðir, ber ávalt sigur úr býtum. Hann fær ávalt sama svarið: Mikil er trú þín; verði þér sem þú vilt.

Kærleikurinn fer ekki í manngreinarálit.

Frelsarinn bað fyrir óvinum sínum á krossinum. Hann bað fyrir öllum þeim, sem mest höfðu móðgað hann. Þeim, sem höfðu kallað hann mathák og vínsvelg. Þeim, sem sagt höfðu, að hann guðlastaði. Þeim, sem staðhæfðu, að hann væri að rifa niður verk Móse og spámannanna. Þeim, er létu sér um munn fara, að hann talaði lastyrði gegn musterinu og guðsþjónustunni og öllu því, sem Gyðingum var heilagt. Þeim, er yfir honum feldu ranglátan dóm og negldu hann saklausan upp á krossins tré meðal ræningja, — eigi fyrir nokkura aðra sök en þá, að hann bar sannleikanum vitni. Fyrir öllum þessum mótgerðamönnum bað hann og lagði allan hita sálar sinnar inn í þá bæn: Faðir, fyrirgef þeim; þeir vita ekki hvað þeir gera.

Eigum vér eigi eitthvað af sömu lund? Höfum vér eigi líka eitthvað af þeim kærleika, sem ekki fer í manngreinarálit? Annars berum vér eigi nafnið hans að verðungu. Annars kunnum vér eigi að fara með faðir vor. Annars eigum vér ekkert af hans skilningi á manneðlinu. Þeir vita eigi, hvað þeir gera!

Enginn, sem rangt gerir, veit í raun og veru, hvað hann er að gera. Það er alt í blindni gert, að lang-mestu leyti. Það er svo margt, sem blindninni veldur. Lund, sem menn fá ekki ráðið við. Ástríður, sem verða mönnum ofurefli. Fáfræði og fávizka, ýmist sjálfráð eða ósjálfráð. Ólíugur skilningur á einu og öðru, sem fest hefir rætur í huga manns og menn fá eigi losað sig við.

Sá, sem eignast vill þann kærleika, sem ekki fer í manngreinarálit, verður að muna eftir öllu þessu, þegar hann er að hugsa um yfirsjónir og mótgerðir. Þeir vita ei, hvað þeir gera. Vér vissum eigi sjálfir, hvað vér, vorum að gera, er vér frömdum það, sem rangt var. Vér gerðum oss eigi grein fyrir, afleiðingunum sáru og skaðvænlegu, sem syndin ávalt hefir í för með sér. Þess vegna ætti hver einasti kristinn maður ávalt að geta sagt: Faðir, fyrirgef þeim; þeir vita ekki, hvað þeir gera.

Treystum kærleikanum, vinir mínir. Treystum því, að hann bænheyri oss ávalt og komist við af neyð vorri, eins og kanverska heiðingjakonan. Treystum því, að tilveran öll sé í góðum höndum. Að ekki er til böl svo stórt eða mótlæti svo mikið eða neyð svo sár, að eigi sé lækning til við því öllu. Treystum því af alefli. Og lífið verður sigur. Mannkynssagan öll eitt áframhaldandi guðdómlegt lækninga-undur frá upphafi til enda.

Kærleikurinn fer ekki í manngreinarálit.

Treystum því, af því Jesús Kristur hefir fullvissað oss um það. Lifum og breytum eftir því. Og lífið verður bjart og unaðsríkt og blessað fyrir oss alla, eins og frelsarinn vildi, að það yrði.

Amen, í Jesú nafni.

Það er alveg víst, að Það borgar sig að auglýsa í Heimskringlu.

þess utan morgunmat og miðdagsmat hvern virkan dag. Strax og skyggja fer á kvöldin, máttu fara heim til móður þinnar og stunda nám þitt. Betri kjör hefir enginn af hinum verkamönnunum, og ég vona því, að þú verðir iðinn og ötull. Ég kenni í brjósti um þig og mömmu þína. En nokkuð af kaupi þínu verður að ganga upp í leiguna fyrir kofann, sem þið eruð í. Hingað til hefir móðir þín borgað leiguna með vinnu eða peningum. Nú verður þú að borga hana með eins dags vinnu í hverri viku. Borgunina fyrir hina 5 dagana færðu á hverju laugardagskvöldi. Ertu ánægður með þetta?"

"Já, þakka þér fyrir", sagði Móritz ánægður. "Nú get ég unnið fyrir móður minni og endurgoldið henni alla þá ást, sem hún hefir sýnt mér".

"Það er rétt ..... það er rétt, en mundu nú eftir að vera kominn í hlöðuna í seinasta lagi kl. 6 á morgnana. Það er enn eftir að þreskja mikið af korni, svo við verðum að nota hvern dag, sem mögulegt er til þess. Ég skal sjá um, að þú fáir þokkalega vinnu og þurfir ekki að vera í fjósinu".

"Þú ert góður maður, herra ráðsmaður. Guð blessi þig".

"Gott, gott, drengur minn. Á morgun geturðu byrjað".

"Ég skal vera hér á morgun kl. 6. En ég hefi enn eina bón til þín".

"Segðu mér hvað það er, drengur minn", sagði ráðsmaðurinn.

"Þú átt svo margar skemtilegar bækur", sagði Mórits. "Viltu gera svo vel og lána mér eina, svo ég geti lesið í henni á kvöldin fyrir mömmu"

"Velkomið", sagði ráðsmaðurinn, stóð upp og gekk að bókaskápnum. "Hvað viltu fá? Hér er "Jakob von Buchenstein", "Kerið í dalnum", "Loftsiglingamaðurinn", eða þykir þér meira varið í ljóðmæli? — Sko, hérna eru Kjelgrins ritin, nokkuð af Leopolds og Fredmans bréfunum. Nú veit ég, hvað þú átt að taka, hér er "Fjallahöllin Dumfreis" og "Höllin Kenilworth" eftir Walter Scott. Þær bækur held ég að móður þinni líki".

Móritz tók við bókunum, þakkaði og fór.

"Það er undarlegt", sagði ráðsmaðurinn við sjálfan sig, "hvað þessi drengur líkist húsbónda mínum ... Nú, nú ..... menn vita ekki um alt ..... máske gamli greifinn ..... hann! Það væri sannarlega einkennilegt, ef það ætti sér stað, og hann ynni að þreskingu í hlöðu bróður sins, án þess að vita það".

Ráðsmaðurinn leit í spegilinn og lagaði hálsklútinn sinn.

"Það var leiðinlegt, að hún skyldi verða blind", tautaði hann við sjálfan sig, "hún saumaði ágætar skyrtur. En nú hefi ég gert góðverk með því að aðstoða þau. ..... Og samt sem áður ásaka menn mig fyrir hörku og miskunnarleysi. Og hvers vegna? Af því fáeinar húsmannafjölskyldur, sem ekki gátu gert það, sem þær áttu að gera, voru reknar burt, og fáeinar gamlar kerlingar hafa drepist úr sulti. — Fjandinn fjarri mér! Á ég að sjá um, að allar kerlingar hafi nóg að éta, og fylla landeign húsbónda míns með veikum og vanburða hræðum, sem ekkert gagn geta unnið. Nei, sveí mér þá. Geti það ekki unnið, þá verður það að fara, ég get ekki hjálpað því. Það er annað mál með Sterner og móður hans, þeim ætla ég að hjálpa, því í fyrsta lagi hefir hún saumað ágætar skyrtur fyrir mig, og í öðru lagi er drengurinn ef til vill bróðir greifans, ekki sammæðra auðvitað. Að þeir eru svo líkir, er nokkur sönnun þess. ..... Nú — við skulum sjá hvað setur".

Ráðsmaðurinn leit aftur í spegilinn, og raulaði gamankvæði. Móritz gekk beina leið heim til prestsins, fór upp á loft og inn í lestrarstofu hans,

þar fann hann kennara sinn í fjörugri samræðu við Óskar.

Móritz var búinn að segja prestinum frá ógæfu þeirri, sem móðir hans varð fyrir, og hann hafði tvisvar ásamt Óskar syni sínum heimsótt hana og reynt að hugga hana, þótt hann sjálfur ætti bágt með að verjast gráti.

"Nú — nú", sagði Móritz um leið og hann kom inn, "ég fór og fann ráðsmann Óðinsvíkur, og fæ vinnu hjá honum sem verkamaður. Hvað segið þið um það?"

"Verkamaður?" sagði presturinn hissa. "Þú að verða verkamaður! Nei, drengur minn, það má ekki eiga sér stað".

"En hún móðir mín? Á hún þá að deyja úr hungri?"

"Við vorum að tala um ykkur, ég og Óskar", sagði presturinn. Móðir þín getur auðvitað ekki saumað hér eftir, en hún getur að líkindum spunnið, ef hún æfir sig í því, enda þótt hún sé blind. Við ætlum að útvega henni vinnu, og safna samskotum handa henni. Ég ætla að finna alla höfðingjana, sem hún hefir saumað fyrir, og ég er viss um, að þeir gefa henni dálítla upphæð með ánægju, fyrst svona er komið fyrir henni".

"Nei, nei", sagði Móritz, "við viljum ekki lifa af ölmusu, mér og mömmu sárnar það. Ég ætla að vinna nokkra tíma daglega í Óðinsvík, og svo ætla ég að læra á kveldin, og lesa upp það, sem þú hefir kent mér. Það getur skeð, að móðir mín fái sjónina aftur, eða, heldurðu ekki að það sé mögulegt, herra prestur?"

"Jú, jú, ég held það vissulega, drengur minn", sagði presturinn. "Ég hefi gert lækninum í Carlstadt boð að koma, af því ein af vinnukonunum minum er veik, og þegar hann er kominn, skal ég biðja

hann að koma með mér til móður þinnar og ráðleggja henni það, sem hann álítur heppilegast. En ertu ákveðinn í því, að vinna fyrir daglaunum í Óðinsvík?"

"Já, það er ekki um annað að gera, því á ölmusu viljum við ekki lifa meðan annars er kostur. En á kvöldin kem ég einstökusinnum hingað til að fá leiðbeiningar, ef ég má?"

"Já, drengur minn, komdu þegar þú vilt. Guð veit, hvernig þetta gengur".

"Ó, það verða einhver úrræði".

"Já", sagði presturinn. "Þú segir satt. Guð hjálpar þeim, sem hjálpa sér sjálfir".

"Mórits", sagði Óskar, "í Gautaborg er ágætur augnalæknir, sem jafnframt er mannvinur er enga borgun heimtar af fátæklingum. Í vor er bezt að þú komir með móður þína til Gautaborgar. En þú verður áður að skrifa mér, svo ég geti útvegað ykkur verustað, og svo skal ég fylgja ykkur til læknisins. En hvað það verður gaman, Móritz, að sýna þér Gautaborg".

"Já, já, góði Óskar, það skal ég gera", sagði Móritz glaður, "ég skal ganga til Gautaborgar með mömmu og heimsækja þig þar. ..... Guð gefi að augnalæknirinn geti gefið henni sjónina aftur".

"Við skulum vona það, Móritz, hann hefir hjálpað svo mörgum. En ef þú getur, þá reyndu að spara dálítið af daglaunum þínum, svo þú eigir fáeina skildinga og getir dvalið nokkra daga í Gautaborg, ef þess þarf".

"Það skal ég gera", sagði Móritz, sem gladdist mikið við þessa von, "ég ætla að flýta mér heim og segja mömmu frá þessu, ég er viss um, að það gleður hana stórkostlega".

Þegar Móritz hafði kvatt prestinn og Óskar, flýtti hann sér heim.

THE DOMINION BANK

HORNI NOTRE DAME AVENUE OG SHERBROOKE STREET

Höfuðstóll uppborgaður: $4,000,000.00
Varasjóður - - - $5,400,000.00

SPARISJÓDS DEILDIN:

Vér veitum sparisjóðs innleggjendum sérstakt athygli, og borgum hæztu vexti á spari-sjóðs innleggjum af $1.00 og yfir. — Barna innlegg velkomin. — Seljum peningaávísanir á ÍSLAND.

H. S. BRIGHT RÁÐSMAÐUR.

Með því að biðja sérlega um "T.L. CIGAR." þá ertu viss að fá ágætan vindil.

T.L. CIGAR

(UNION MADE)

T.L.

Western Cigar Factory
Thomas Lee, Ltd. Winnipeg.

Redwood Lager og Extra Porter

Styrkið taugarnar með því að drekka eitt staup af öðrum hvorum þessum ágæta heimilis bjór, á undan hverri máltíð. — Reynið !!

EDWARD L. DREWRY Manufacturer & Importer Winnipeg, Canada.

Department of Agriculture and Immigration.

MANITOBA

þetta fylki hefir 41,169,089 ekrur lands, 6,019,200 ekrur eru votn, sem veita landinu raka til akuryrkjuþarfa. Þess vegna höfum vér jafnan nægan raka til uppskeru tryggingar.

Ennþá eru 25 miljónir ekrur óteknar, sem fá má með heimilisrétti eða kaupum.

Íbúatala árið 1901 var 255,211, nu er hún orðin 400,000 manns, hefir nálega tvöfaldast á 7 árum.

Íbúatala Winnipeg borgar árið 1901 var 42,240, en nú um 115 þúsundir, hefir meir en tvöfaldast á 7 árum.

Flutningstæki eru nú sem næst fullkomin, 3516 mílur járnbrauta eru í fylkinu, sem allar liggja út frá Winnipeg. Þrjár þverlandsbrauta lestir fara daglega frá Winnipeg, og innan fárra mánaða verða þær 5 talsins, þegar Grand Trunk Pacific og Canadian Northern bætast við.

Framför fylkisins er sjáanleg hvar sem litið er. Þér ættuð að taka þar bólfestu. Ekkert annað land getur sýnt sama vöxt á sama tímabili.

TIL FERDAMANNA:

Farið ekki framhjá Winnipeg, án þess að grenslast um stjórnar og járnbrautarlönd til sölu, og útvega yður fullkomnar upplýsingar um heimilisréttarlönd og fjárgróða möguleika.

R. P. ROBLIN.
Stjórnarformaður og Akuryrkjumála Ráðgjafi.

Skrifið eftir upplýsingum til

Joseph Burke, 178 LOGAN AVE., WINNIPEG. Jas Hartney, 77 YORK ST., TORONTO.

ALDREI SKALTU geyma til morguns sem hægt er að gera í dag. Pantið Heimskringlu í dag.

Framtíð íslenzkrar tungu fyrir vestan haf.

(Niðurlag).

Á þessum 19 eða 20 árum síðan ég kom til Canada, hafa bæði blöð og tímarit fjölgað, og sum af þeim hafa verið sómasamlega vönduð, bæði að máli og búningi, t. a. m. Sameining, Aldamót, Vinland, og nú síðast Breiðablik. Einnig má telja Dagskrá meðan hún lifði, blað það var ritað á góðu máli. Blöð og tímarit eru mjög góð meðul til að viðhalda tungunni, eða endurreisa hana, ef svo vill verkast láta. Ég þarf ekki annað en minna á Fjölnir og Fjölnismenn, hvað þeir gerðu gott til viðreisnar málinu á Íslandi.

En svo eru blöðin eigi einhlýt, nema með svo feldu móti, að ritstjórarnir séu vel færir menn í móðurmálinu, sem sagt, kunni það til hlýtar, og séu þá svo sannhugsandi menn, að þeir gefi almenningi góðar og gagnlegar hugvekjur, viðvíkjandi viðhaldi málsins og meðferð á því. Ég verð að játa það, að að því hafa vestur-íslenzku ritstjórarnir unnið alt of lítið, enda sumir alls eigi færir til þess. En samt sem áður eru blöðin og tímaritin okkar hér vestan hafs góðra gjalda verð fyrir þátt þann, sem þau hafa átt og eiga að viðhaldi Íslenzkunnar hér vestanhafs. Og ég á von á því, að áður en mjög langt líður færist blöð vor og tímarit í ásmegin, og komi því í framkvæmd, sem þarf, til þess að hreinsa íslenzkuna af öllum sora, sem hún er orðin gruggug af hérna megin hafsins. Einkum munu tímaritin gera það, því þau eru betur til þess fallin, því alt það eini, sem þau flytja, geymist betur hjá almenningi, heldur enn það, sem vikublöðin hafa meðferðis.

Nú á hér um bil 20 árum hafa Vestur-Íslendingar auðgað hinar íslenzku bókmentir að töluverðum mun. En á fyrstu árum þeirra hér, gerðu þeir það lítið eða ekkert. Við eigum skáld og hagyrðinga á meðal vor, og eftir marga af þeim hafa komið út sögur og ljóðabækur. Og þó sumt af því sé lélegt og ófullkomið, þá er sumt aftur býsna gott og fullkomið, og hefir fengið góðan dóm hjá okkar beztu mönnum hjá heimaþjóðinni. Ef til vill er enginn hlutur betri til viðhalds tungunni, heldur enn skáldskaparverkin, því engir menn þurfa jafndjúpa þekkingu á móðurmáli sínu, eins og skáldin, og að öllum jafnaði eru það mennirnir, sem bezt vald hafa á málinu, og mennirnir, sem mest elska málið.

Einnig er það takandi til greina, að almenningur hefir unun af að lesa og nema góðan skáldskap. Og þegar sannleikurinn er sagður hlutdrægnislaust, þá eiga Vestur-Íslendingar skájd, sem þeim mun þykja vænt um, og þeir munu nema ljóðin þeirra og sögurnar, og frá þeim munu þeir fá allra sterkustu hvötina til þess að kunna að elska og virða sitt göfuga og fagra feðranna mál. Þeir munu í því tilliti taka undir með skáldinu, með hjartanlegri ánægju, og segja og breyta eftir:

"Ylleppar í enskum skóm
aldrei skulum vera".

Það eru sumir, sem halda fram, að í mentalegu tilliti séu kirkjurnar lítils eða einskis virði. En samt sem áður er engum blöðum um það að fletta, að kirkjulega starfsemin meðal Vestur-Íslendinga hefir verið fram undir þennan tíma rauði þráðurtun, sem hefir haldið þeim saman hér á dreifingunni, og viðhaldið móðurmáli þeirra beinlínis og óbeinlínis. — Enda hafa sumir prestarnir verið þess vel megnugir, að láta gott af sér leiða í þá átt, að viðhalda móðurmál voru, eins og t.d. séra Jón Bjarnason, séra Hafsteinn Pétursson og séra Friðrik Bergmann. Enda var það í upphafi tilgangur "Hins evangelisk lúterska kirkjufélags Íslendinga í Vesturheimi", að viðhalda íslenzkri tungu. Enda ættu þeir að vita það og skilja, allir hinir leiðandi menn í þeim félagsskap, að það er eitt aðallífsskilyrði félagsins að íslenzkan lifi. En þó kirkjufélagið beri kannske ekki gæfu til að verða þar aðalkraftur inn, þá mun sagan sýna það, að hjá því eru upptökin að því, að íslenzk tunga deyr hér seint eða aldrei. Í gegn um starfsemi þess er það, að íslenzk tunga var viðurkend af háskólaráði Manitoba, og að íslenzkukennari var ráðinn við Wesley College og Gustav Adolph College, og framtíðin ein verður að sýna, hvort það verður ekki allra þýðingarmesta sporið, sem Vestur-Íslendingar hafa stigið í baráttunni fyrir því, að viðhalda móðurmálinu. En það er von mín og trú, að út frá einhverjum háskólanum, annaðhvort í Canada eða Bandaríkjunum, komi einhver eða einhverjir, sem fæddir eru af vestur-íslenzkri móður, einhverjir, sem verði jafnokar Jónasar og Konráðs, og að þeir hreinsi riðblettina, sem fallnir verða á málið, og komi því í það horf, að það deyi aldrei meðal Vestur-Íslendinga.

Eins og spádómarnir um fall og dauða íslenzkrar tungu eru lítilfjörlegir, að sama skapi eru þeir lúalegir, því þeir lýsa svo átakanlega lágum hugsunarhætti um þjóðina. En þar eð íslenzka þjóðin er af svo ágætu bergi brotin, að miklum meiri hluta, og hún yfirleitt er sér þess vel meðvitandi, þá dettur mér ekki í hug, að einn þriðji partur af þjóðinni, sem nú eru hér fyrir vestan haf, fari nokkurntíma að gerast þeir ættlerar, að tapa þjóðtungunni. Og eitt er enn, sem ég leyfi mér að benda á, að eftir þennan tíma eru öll líkindi til, að samgöngur milli heimaþjóðarinnar og Vestur-Íslendinga fari mjög vaxandi, bæði með skemtiferðum og jafnvel í viðskiftalegu tilliti, og verður það góður styrkur til viðhalds íslenzkunnar hér hjá oss.

Því hefir verið hreyft, að minsta kosti í daglegu tali, að íslenzku konurnar hér vestan við hafið séu kæringarminni með viðhald þjóðernis síns og feðratungu heldur enn vér karlmenn, og styðst sá orðrómur aðallega við það, að það eru meira en þrjú tilfelli á móti einu þannig, að íslenzkar konur giftast útlendum mönnum, heldur enn að íslenzkir menn giftist útlendum konum. Ég viðurkenni það, að þetta er býsna sláandi dæmi. En ég er þá illa svikinn, ef blessuð íslenzka konan sækir ekki í sig veðrið með vaxandi mentun og vaxandi sjálfstæði, og að íslenzka kvenþjóðin sjái sóma sinn í því, að viðhalda hinu hreimfegursta tungumáli, sem nokkur móðir hefir orðið aðnjótandi að kunna, til þess að kenna börnum sínum.

Já, heiðruðu lesendur. Með gleði og ánægju sé ég það framundan mér, sem í bjartri og hreinni skuggsjá, hvar hinar friðu og sálarhraustu íslenzku konur sitja með ánægju-glitrandi bjarma í augum sér, yfir starfinu, sem þær eru að gera, þegar þær eru með eldlegum áhuga að kenna börnunum sínum og barnabörnum "móðurmálið mæta og blíða, sem málmi öllum er fegurra og skærra".

Já, íslenzka móðirin fyrir vestan haf, mun rísa úr dvala og hugsunarleysi um skyldu sína. Hún mun finna ættleraskapinn, sem í því er, að glata hinu forna og fræga feðramáli, — hún mun verða undirstaðan, sem aldrei bilar, hún mun verða sterkasti þátturinn til viðhalds hinni íslenzku tungu fyrir vestan haf.

Ég held, að ég hafi nú bent á meginþáttu þá, sem mér virðast vera líklegir til viðhalds hinu íslenzka máli hér fyrir vestan haf. Ég ætla því að endingu að draga þá saman í eina heild til hægðarauka fyrir mína heiðruðu lesendur, sem munu hafa löngun til að slá stryk yfir ályktanir mínar.

Fyrsti þátturinn er þá þjóðernis meðvitundin. Annar þáttur: fegurð og söguleg frægð tungumálsins. — Þriðji þáttur: Útgáfa blaða og tímarita og annara bókmenta. — Fjórði þáttur: Hin kirkjulega starfsemi meðal Vestur-Íslendinga. — Fimti þáttur: Viðurkenning íslenzkunnar í háskólum rikjanna. — Sjötti þáttur: Samgöngur og viðskiftalíf milli Austur- og Vestur-Íslendinga. Og sjöundi þáttur: Uppvakning hinna vestur-íslenzku mæðra, til að kenna og viðhalda íslenzkunni hjá börnum sínum.

J. P. Ísdal.

UPPHRÓPUN.

Þegar ég á sl. sumri gekk inn í hinn lúterska söfnuð Íslendinga í Pembina, vissi ég ekki annað en ég þar sameinaðist sannkristilegum félagsskap, en síðan hefi ég komist að raun um hið gagnstæða — ef hafa má fyrir mælikvarða hina gömlu og góðu setningu: "Af ávöxtunum skuluð þér þekkja þá", osfrv.

Af þeim parti safnaðarins, sem mestu hefir ráðið til skams tíma, hefi ég halt þá kynningu síðan ég sameinaðist honum, að ég álit betra, að standa utan við allan félagsskap en að fylla þann flokk. Og til að gera grein fyrir þessu, set ég eftirfarandi niðurlagsorð:

Kristur sagði: "Meiri gleði er á himnum yfir einum syndara, sem iðrun gerir, en yfir níu og níutíu réttlátum, sem ekki þurfa bóta við".

En ég segi: Meiri reiði er í Pembina yfir einum "heiðingja" er gengur inn í kristinn söfnuð, en yfir níu og níutíu, sem það ekki gera.

Margrét Sveinsdóttir.

ROBLIN HOTEL

115 Adelaide St., Winnipeg

Bezta $1.50 á dag hús í Vestur-Canada. Keyrsla ókeypis milli vagnstöðva og hússins á nóttu og degi. Athlynning hins bezt. — Við skiftum Íslenzkum ávísunum. ÓLAFUR G. ÓLAFSSON, Íslendingur, afgreiðir yður. Heimsækjið hann. —

O. ROY, eigandi.

Winnipeg Business College

Cor. Portage Ave and Fort St.

28. ÁR.

FÉKK FYRSTU VERÐLAUN Á SAINT LOUIS SÝNINGUNNI.

Dag og kveldkensla. Telefón 45.

Haustkensla byrjar 1 Sept.

Bæklingur með myndum ókeypis.

Skrifið til: *The Secretary, Winnipeg Business College, Winnipeg, Man.*

A. S. BARDAL.

Selur líkkistur og annast um útfarir. Allur útbúnaður sá bezti. Enfremur selur hann alskonar minnisvarða og legsteina.

121 Nena St. Phone 306

HEIMSKRINGLU og TVÆR skemtilegar sögur fá nýir kaupendur fyrir að eins $2.00

Giftingaleyfisbréf

selur: Kr. Ásg. Benediktsson

528 Simcoe st. Winnipeg.

— THE —

"Arena"

Þessi vinsæli skautaskáli hér í vesturbænum er nú opinn. Isinn er ágætur. 18DA MOUNTED RIFLES BAND SPILAR Á ARENA. KARLM. 25c.—KONUR 15c.

Chas. L. Trebilcock, Manager.

JIMMY'S HOTEL

BEZTU VÍN OG VINDLAR. VÍNYRKJARI T.H.FRASER, ÍSLENDINGUR.

James Thorpe, Eigandi

A. S. TORBERT'S

RAKARASTOFA

Er í Jimmy's Hótel. Besta verk, ágæt verkfæri; Rakstur 15c en Hárskurður 25c. — Óskar viðskifta Íslendinga. —

MARKET HOTEL

146 PRINCESS ST á móti markaðnum

P. O'CONNELL, eigandi, WINNIPEG

Bezta tegundir af vínföngum og vindl. Góðar veitingar góð hús and betri

Woodbine Hotel

466 MAIN ST.

Stærsta Billiard Hall í Norðvesturlandinu Tíu Pool-borð.—Alskonar vín og vindlar Gistin og fæði: $1.00 á dag og þar yfir

Lennon & Hess Eigendur.

Hann sagði nú móður sinni frá öllum þessum ráðagerðum, og til þess að hryggja ekki son sinn, lét hún sem það gleddi sig mikið, enda þótt hún með sjálfri sér teldi víst, að hún lifði ekki til vorsins.

Morguninn eftir var Móritz kominn til Óðinsvíkur áður en bjart var orðið, hann gekk inn í hlöðuna, þar sem vinnumennirnir voru að þreskja, og krafðist þess af verkstjóranum að hann mætti byrja á vinnunni. Verkstjórinn var hrotti og drambsamur, og sérstaklega þrælslegur við alla þá, sem hann átti yfir að segja. Hann studdi höndunum á mjaðmirnar og glápti á drenginn.

"Hvern fjandann viltu hingað, slæpingurinn þinn?" sagði hann. "Heldurðu að þessi vinna sé hentug börnum? Farðu norður og niður".

"Ráðsmaðurinn hefir lofað mér vinnu", sagði Móritz óláteg, "og það liggur því fyrir mér að þreskja, hvort sem þér líkar betur eða ver".

"Ráðsmaðurinn hefir ekki minst á það einu orði" svaraði verkstjórinn. "Þangað til hann skipar það, farðu enga vinnu".

"Ég verð þá að bíða á meðan", svaraði drengurinn rólegur.

Móritz beið nú fyrir utan dyrnar, þó kalt væri, því verkstjórinn vildi ekki leyfa honum að vera inni.

Loksins kom ráðsmaðurinn til að lita eftir verkinu. Móritz gekk til hans og sagði honum eins og var.

"Hvað á þetta að þýða, Andrés Pétur", sagði ráðsmaðurinn við verkstjórann, sem tók ofan húfuna sína auðmjúkur, "vilt þú ekki láta drenginn þreskja, þegar ég hefi leyft það?"

"Ég vissi ekki, að þú hefðir leyft það", svaraði verkstjórinn, "og svo hélt ég að unglingur þessi væri of kraftalitill fyrir slíka vinnu".

"Hann er nógu sterkur", sagði ráðsmaðurinn, "láttu nú sjá, að þú breytir vel við hann, því hann er undir minni vernd. Farðu nú inn í hlöðuna, Móritz, og taktu þreskibareflið. Verkstjórinn segir þér, hvar þú átt að vera".

Móritz var nú vísað á sitt pláss í hlöðunni, en hann varð þess bráðlega vís, að verkstjórinn hataði hann. Ýmist fann hann að því, að Móritz þreskti of hart eða of hægt. Vinnumennirnir hlóu að þessum nýja verkamanni, og hrintu honum stundum.

Þannig gekk það allan daginn, en Móritz umbar þetta alt með þolinmæði, og hélt áfram að þreskja af öllu megni.

Loksins fór að skyggja, vinnunni var hætt. — Vinnumennirnir fóru til herbergja sinna, en Móritz gekk í hægðum sínum heim á leið.

Móritz var hryggur yfir meðferðinni, sem hann hafði mætt þenna dag, þess utan var hann þreyttur, og settist því á stein við veginn og fór að gráta.

"Ó, guð minn góður, hve sælt væri ekki að mega deyja", sagði hann. Í þessum heimi er ekki annað en mótlæti".

Á sama augnabliki var stutt á herðar honum og sagt: "Af hverju grætur þú, vesalings drengur?"

Hann kannaðist við málrómínn, leit upp og sagði: "Jakob Kron!"

"Þú þekkir mig þá, Móritz Sterner?" sagði Jakob. "Þú hefir ekki gleymt samræðum okkar fyrir fjórum árum?"

"Nei, þeim gleymi ég aldrei".

"Ertu búinn að sannfærast um, að heimurinn sé eins og ég lýsti honum?"

"Já, þú sagðir satt", svaraði Móritz, "það eru tíl forlög —"

"Sem við verðum að stríða við", greip Jakob fram í, "en ekki með vopnum ráðvendninnar og sakleysisins, því eigingirnin tekur þau frá okkur, heldur með vopnum allsins, framkvæmdanna ..... afbrotanna, sem menn kalla svo ..... Önnur úrræði eru ekki til".

"Nei, nei, afbrotamaður verð ég aldrei", sagði Móritz, "það mundi deyða móður mína, sem er orðin blind".

"Er móðir þín orðin blind?"

"Já, svaraði Móritz grátandi.

"Af hverju lifið þið þá?"

"Ég vinn fyrir daglaunum á þessu höfuðbóli þarna. Mér eru borgaðir tuttugu og fjórir skildingar fyrir daginn".

"En námið þitt?"

"Ég er neyddur til að hætta við það um stund, til þess að vinna fyrir mér og móður minni".

"Og þeir segja, að til sé guð, sem hjálpi þeim ráðvöndu", kallaði Jakob afarreiður. "Bölvaður sé þessi heimur".

Jakob þagnaði. Nú mundi Móritz eftir rafhjartanu, sem hann bar á brjósti sínu. Hann vildi vita, hvort það væri það sama og Jakob hafði sagt honum frá, tók það upp og sagði:

"Þekkirðu þetta?"

"Hver skrattinn", sagði Jakob, "það er það sama og móðir mín átti. Hvernig fékst þú það?"

Móritz sagði honum söguna um atburð þann, sem kom rafhjartanu í hans hendur.

"Hann hefir þá hengt þenna menjagrip um háls dóttur sinnar", tautaði Jakob, "þenna menjagrip, sem hann gaf hinni tældu konu, og sem hann síðar rændi frá henni og syni hennar. ..... Það er voðalegt".

"Hefirðu séð föður þinn síðan þú sagðir mér frá honum?" spurði Móritz.

"Já, ég hefi séð hann einu sinni síðan, það var

á aðfangadagskvöld jóla. Ég hélt máske, að tíminn hefði mýkt skap hans, og kom til hans svangur og tötrum klæddur, bað hann að gefa mér að borða og lofa mér að vera þar yfir nóttina. Hann var verri en tígrisdýr, hann fleygði mér út eins og áður, og ég sór að hefna mín, og það skal ég gera".

"Hvað heitir faðir þinn, og hvar á hann heima?"

"Móritz", sagði Jakob, "seinna meir geta kringumstæðurnar lagast svo, að þú kynnist þessari fjölskyldu, og það ef til vill fyrr en þig varir. Ef ég segði þér nafn hans, mundir þú skila honum rafhjartanu, en það vil ég ekki, og því segi ég þér ekki nafn hans. Geymdu því rafhjartað og geymdu það vel".

"Því vilt þú ekki fá það?"

"Af því það getur síðar meir orðið mér til gagns við hefnd mína, og þessi menjagripur hjálpað þér til þess. Að fáum árum liðnum getur tilviljanin látið þig kynnast þessari bölvuðu fjölskyldu — minni fjölskyldu, og þá verður þú að hugsa til hins forsmáða sonar, sem sofnar svangur á sama tíma og systkini hans lifa við allsnægtir. Geymdu það þess vegna, það er betur geymt hjá þér en mér".

"Það liggur illa á þér, hatur þitt er enn beiskara, en þegar ég sá þig síðast", sagði Móritz.

"Já, því nú hefi ég kvalist fjögur ár til viðbótar".

"Af hverju hefirðu lifað þessi fjögur ár?"

"Ef þig langar til að vita það, komdu þá með mér", sagði Jakob fljótlega og rétti honum hendi sína.

Eðlisleiðslan skaut Móritz skelk í bringu, svo hann svaraði:

"Nei, ég fer ekki með þér, ég ætla að ganga mína götu einn, hve óslétt sem hún er".

"Jæja, gaktu hana þangað til þú gefst upp",

LEIÐBEININGAR--SKRA
YFIR ÁREIÐANLEGA VERZLUNARMENN Í WINNIPEG

MUSIC OG HLJÓÐFÆRI

CROSS, GOULDING & SKINNER, LTD.
Pianos; Player Pianos; Organs; "VICTOR" og "EDISON" Phonographs; T. H. Hargrave, íslenzkur umboðsmaður.
323 Portage Ave. Talsími 4413

BYGGINGA- og ELDIVIÐUR.

J. D. McARTHUR CO., LTD.
Byggingar- og Eldiviður í heildsölu og smásölu. Sölustæði: Princess og Higgins Tals. 5060, 5061, 5062

MYNDASMIÐIR.

G. H. LLEWELLIN,
"Medallions" og Myndarammar
Starfstofa Horni Park St. og Logan Avenue

SKÓTAU Í HEILDSÖLU.

AMES HOLDEN, LIMITED
Princess & McDermott. Winnipeg.

THOS. RYAN & CO.
Allskonar skótau. 44 Princess St.

THE Wm. A. MARSH CO. WESTERN LTD.
Framleiðendur af Fínu Skótaui. Talsími: 3110
88 Princess St. "High Merit" Marsh Skór

RAFMAGNSVÉLAR OG ÁHÖLD

JAMES STUART ELECTRIC CO.
324 Smith St. Talsímar: 8447 og 7802
Fullar birgðir af alskonar vélum.

GOODYEAR ELECTRIC CO.
Kellogg's Talsímar og öll þarfnist. áhöld
talsími 3023. 86 Albert St.

RAFMAGNS AKKOKÐSMENN

MODERN ELECTRIC CO
412 Portage Ave Talsími: 5658
Viðgjörð og Vir-lagning — allskonar.

BYGGINGA-EFNI.

JOHN GUNN & SONS
Talsími 1277 266 Jarvis Ave.
Höfum bezta Stein, Kalk, Cement, Sand o. fl.

THOMAS BLACK
Selur Járnvöru og byggingu-efni allskonar
76—82 Lombard St. Talsími 600

THE WINNIPEG SUPPLY CO., LTD.
296 Rietta St. Talsímar: 1936 & 7187
Kalk, Steinn, Cement, Sand og Möl

MATHESON AND GAY
Húsasmiðir, smikkarar og viðgerðarmenn
221 Elgvine Ave. Winnipeg

BYGGINGAMEISTARAR.

J. H. G. RUSSELL
Byggingameistari.
í Silvester-Willson byggingunni. Tals: 1068

PAUL M. CLEMENS
Bygginga-Meistari, 443 Maryland St.
Skrifst.: Argyle Bldg., Garry st. Talsími 8997

BRAS- og RUBBER STIMPLAR

MANITOBA STENCIL & STAMP WORKS
421 Main St. Talsími 1880 P. O. Box 244.
Búum til alskonar Stimpla úr málmi og togleðri

CLYDEBANK SAUMAVÉLA AÐGERÐAR-MAÐUR. Brúkaðar vélar seldar frá $5.00 og yfir
564 Notre Dame Phone, Main 8624

VÍNSÖLUMENN

GEO. VELIE.
Hef ávalt, Vínsali. 185, 187 Portage Ave. E
Smá-sölu talsími 352. Stór-sölu talsími 654.

STOCKS & BONDS

W. SANFORD EVANS CO.
326 Nýja Grain Exchange Talsími 369

ACCOUNTANTS & AUDITORS

A. A. JACKSON,
Accountant and Auditor
Skrifst.—78 Merchants Bank. Tals.: 5702

OLÍA, HJÓLÁS-FEITI OG FL.

WINNIPEG OIL COMPANY, LTD.
Selja til Stein Olíu, Gasoline og hjólás-áburð
Talsími 1599 611 Ashdown Block

TIMBUR og BÚLOND

THOS. OYSTAD, 208 Kennedy Bldg.
Viður í vagnhlössum til notenda, búlönd til sölu

PIPE & BOILER COVERING

GREAT WEST PIPE COVERING CO.
132 Lombard Street.

VÍRGIRÐINGAR.

THE GREAT WEST WIRE FENCE CO., LTD
Alskonar virgirðingar fyrir bændur og borgara
76 Lombard St. Winnipeg.

ELDAVÉLAR O. FL.

McCLARY'S, Winnipeg.
Stærstu framleiðendur í Canada af Stóm, Steinvöru [Graniteware] og fl.

ÁLNAVARA Í HEILDSÖLU.

R. J. WHITLA & CO., LIMITED
264 McDermott Ave Winnipeg
"King of the Road" OVERALLS.

BILLIARD & POOL TABLES.

W. A. CARSON
P. O. Box 225 Room 4 1 Molson Banka.
Öll nauðsynleg áhöld. Ég gjöri við Pool-borð

NALAR.

JOHN RANTON
203 Hammond Block Talsími 4670
Sendið strax eftir Verðlista og Sýnishornum

GASOLINE Vélar og Brunnborar

ONTARIO WIND ENGINE and PUMP CO. LTD
301 Chamber St. Sími: 2988
Vindmillur — Pumpur — Agætar Vélar.

BLÓM OG SÖNGFUGLAR

JAMES BIRCH
442 Notre Dame Ave. Talsími 2638
BLÓM - allskonar. Söng fuglar o. fl.

BANKARAR.GUFUSKIPA AGENTR

ALLOWAY & CHAMPION
North End Branch: 667 Main street
Vér seljum Ávísanir borgunlegar á Íslandi

LÆKNA OG SPÍTALAÁHÖLD

CHANDLER & FISHER, LIMITED
Lækna og Dýralækna áhöld, og hospitala áhöld
185 Lombard St., Winnipeg, Man.

STRAX Í DAG er BEZT AÐ GERAST KAUPANDI AÐ HEIMSKRINGLU. — ÞAÐ ER EKKI SEINNA VÆNNA.

Ekkjan á Akranesi

sem borið hefir það traust til mannúðar og veglyndis Vestur-Íslendinga, að þeir mundi fúsir til þess, að rétta sér svo öfluga fjárhagslega hjálparhönd, að hún af því fé, sem þeir gefa henni, geti komist hingað vestur til Canada á næsta sumri, með sín 4 munaðarlausu börn, — virðist ætla að fá ósk sina uppfylta. En nokkuð seint gengur söfnunin, — seinna en vera ætti.

Þegar vér hugsum til þess, að ef hver einasti Vestur-Íslendingur vildi gefa eitt einasta cent í sjóð þennan, þá fengi ekkjan þúsund kr. í peningum héðan að vestan. En bæði er það, að ekki má vænta þess, að hver einasti Vestur-Íslendingur gefi í sjóð þennan, né heldur er það æskilegt, að þeir yrðu svo smátækir, að gefa að eins 1 cent hver. En dæmið er hér tekið til að sýna, hver upphæð fengist, ef allir yrðu samtaka. — Þetta hafa og landar vorir skilið, því að ein kona hefir gefið fyrir 500 manns, önnur (óneind) úr Saskatchewan fylki fyrir 800 manns og kvenfélagið "Frækorn" í Grunnavatnsbygð hefir gefið fyrir þúsund manns.

Vér höfum orðið þess varir, að ýmsir, sem annars hefðu viljað gefa, hafa látið það ógert af því að Heimskringla hefir ekki getað sagt þeim nafn og áritun þessarar konu, og vér viðurkennum, að það var klaufaskapur, að hafa ekki í tíma gert það að skilyrði fyrir samskotasöfnun hér í blaðinu, að nafn ekkjunnar og nafn látins manns hennar, og núverandi heimilisfang hennar á Íslandi væri tilkynt hér á skrifstofunni, — bæði vegna þess, að almenningur hefir alls enga tryggingu fyrir því, að peningunum sé ekki á þennan hátt safnað undir röngu yfirskyni, og svo geta margir verið svo gerðir, að þeir vildu senda ekkjunni gjafir sínar beint í bréfi til hennar.

Nú hefir þó blað þetta gert ráðstöfun til þess, að fá þær upplýsingar um ekkju þessa, sem vér teljum að gefendurnir eigi heimtingu á að mega vita, án þess þó, að nafn hennar verði að svo stöddu opinberað í blaðinu. Konu þeirri í Pipestone bygð hér í fylkinu, sem stendur fyrir hjálp til ekkjunnar, tilkynnist því hér með, að Heimskringla ætlast til þess að hún sendi hingað á skrifstofuna við fyrstu hentugleika þær upplýsingar viðvíkjandi skjólstæðingi hennar, sem gefendur í sjóðinn eiga sanngjarna heimtingu á að fá ef þeir óska þess.

Það hefir verið auglýst, að ekkjan þurfi að fá $145 til fargjaldsþarfa. En Vestur-Íslendingar mega ekki gleyma því, að þarfirnar í sambandi við vesturferð eru fleiri en að eins fargjöldin. Úr því ekkjunni er á annað borð hjálpað, þá þarf að gera það svo drengilega, að hún geti ekki að eins borgað fargjöldin, heldur einnig fatað sig og börn sín til ferðarinnar, og að hún hafi nægan fjárforða fyrir sig og þau til ferðarinnar, — að því ógleymdu, að innflutningalög Canada heimta, að hver innflytjandi hafi í peningum, er hann lendir af skipi hér, að minsta kosti 25 fyrir hvern farþegja. Að öðrum kosti hefir stjórnin vald til þess, að senda þá beint til baka til sins heimalands, ef þeir hafa ekki lögákveðna upphæð.

Vér lítum svo á mál þetta, að ekkjan þurfi talsvert meira fé en 145 dollara, ef vel á að vera, og vér erum þess fullvissir, að Vestur-Íslendingar verða fúsir til þess af allsnægt sinni, að veita henni nauðsynlega fjárupphæð, sem vér teljum að ætti að vera ekki minna en 250 dollarar

Heimskringla óskar, að landar vorir vildu hraða samskotunum, og gera þau svo rífleg, að ekkjunni megi verða þau að fullum notum. Upphæðin, sem um er beðið, er svo lítil, að þá munar sama og ekkert um, að láta þá upphæð af mörkum.

Vér setjum hér útdrátt úr 3 bréfum, sem sýna, hve hjartanlegan þátt sumir gefendur taka í þessu máli:

1)—"Hér með fylgja Átta Dollars til styrktar ekkjunni fátæku á Akranesi, svo hún geti komist með börn sín hingað vestur komandi sumri. En þess bið ég, að nafns mins sé ekki getið".

2)—"Ég hefi lesið hjálparleitunargrein í Heimskringlu 10. febrúar og sendi hér með $2.00 í hjálparsjóðinn, með þeirri ósk, að sem flestir vildu gera likt, eftir ástæðum. Mér finst blöðið renna til skyldunnar, að hjálpa þessari fátæku ekkju á Akranesi til þess að flytja hingað vestur á komandi sumri, og einkanlega þegar ég sá, að hún var úr Borgarfjarðarsýslu, því þar dvaldi ég þau 33 ár, sem ég lifði á gamla landinu, og þekti margt fólk að góðu á Akranesi".

3)—"Í tilefni af hjálparleitun til fátækrar ekkju á Akranesi á Íslandi, sem blað þetta flytur, var fundur haldinn í kvenfélaginu "Frækorn" við Grunnavatn, Man. Á fundinum var ákveðið að gefa ekkju þessari $10.00, og var mér falið á hendur, að senda þér peningana, og tilkynna þér, að ákvörðun félagsins er, að ef næg upphæð er komin til fargjalds fyrir neðnda fjölskyldu, þá biður félagið þig að geyma þessa peninga, þar til ekkjan er komin hingað vestur, og að afhenda henni þá þessa litlu upphæð. Ennfremur óskast, að þú minnist þessarar litlu upphæðar ásamt öðrum peningum, er þú veitir móttöku í sama tilgangi".

Þetta síðasta bréf sýnir, að gefendurnir hafa haft það á meðvitundinni, að ekkjan þyrfti meira fé en fargjöldunum nemur, og er það rétt athugað. En það er of seint, að fá henni skildingana, þegar hún kemur hingað vestur. Hún þarf að hafa þá, þegar hún lendir í Quebec.

Þess vegna vonar Hkr. og liður, að Vestur-Íslendingar hraði samskotunum, og geri þau svo rífleg, að þau verði að fullu gagni.

Menningarfélagsfundur

Á fundi, sem haldinn var 12. janúar sl., flutti forseti félagsins, hr. Stefán Thorson, erindi "Um glæpamenn".

Meðhöndlun glæpamanna kvað hann vera eitt af stórmálum heimsins. Siðastliðna hálfa öld hefði tala glæpamanna hækkað að miklum mun í Canada og Bandaríkjunum. Sumum virtist, að hér væri að ræða um vaxandi og ólæknandi sjúkdóm á þjóðlikamanum. Ekki kvað ræðumaður svo vera, en meðhöndlun glæpamanna væri mjög svo ábótavant. Það þutfti að ráða bót á þessari meinsemd á visindalegan hátt, en ekki með þeim hætti, sem tíðkast hefði.

Síðan skilgreindi ræðum. kvað glæpamenn væri. Glæpamaðurinn væri hjáróma því mannfélagi, sem hann væri í. Skýrði svo nokkuð flokkun þá, er mannfræðingar gera á glæpamönnum.

Pólitiskir glæpamenn væru þeir, sem væru andstæðir því fyrirkomulagi, sem hefðin helgaði, — af því þeim findist það ilt. Þeir væru lýðhollir, findu til þess, að alþýðan væri sárt leikin, væru meðliðunarsamir og geðríkir. Í þessum flokki glæpamanna hefðu verið sumir heimsins mestu umbótamanna.

Svo væru þeir, sem rofið hefðu stjórnarskrár (Nap. 3.), og þeir, sem fremdu ódáðaverk með tilstyrk þeirra, er völdin hefðu (t.d. Jos. Chamberlain).

Svo væru geðríkir glæpamenn eða glæpamenn af slysum. Þeir, sem fremdu glæp af því, að gert er á hluta þeirra, og af því að aðrir drýgja glæp (t.d. Harry K. Thaw) þess konar glæpamenn bæri ekki að óttast.

Einnig mintist hann nokkuð á "occasional", "habitual" og "professional" glæpamenn, en aðallega talaði hann um "instinctive" glæpamenn, eða glæpamenn af eðlisfari, sem væru fæddir glæpamenn — annaðhvort "atavistic" forkynjungar) eða "degenerates"(ættlerar). Skýrði þýðingu þessara orða með dæmi. "Atavism" forkynjun) væri það, er eitthvað væri sótt langt fram í ættir. Þeir menn, er væru forkynjungar, svipuðu til forfeðra vorra, er þeir voru á villimannastiginu. Forkynjungarnir fæddust mörgum öldum of seint. Hjá oss nú væru þeir taldir glæpamenn, en hefðu þeir verið uppi á því timabili í fyrndinni, sem þeir réttilega tilheyrðu, hefðu þeir ef til vill verið taldir hetjur. Venjulega væru forkynjungar likamlega hraustir.

"Degenerates", eða ættlerar, væru aftur á móti likamlega veikláðir.

Síðan lýsti ræðum. all-itarlega og skýrði með myndum likamlegu útlitl og ýmsum sérkennum, er mannfræðingar hefðu tekið eftir á glæpamönnum, er þeir hefðu skoðað á fangahúsum. Ræðum. tók það fram, að myndir þær, er hann hefði til sýnis, ættu ekkert skylt við höfuðkúpufræði eða heila-(spuna) fræði, þá er "Phrenology" nefnist, sem væri alls ekkert viðurkend sem visindagrein, og ekkert tillit tekið til hennar af visindalegum mannfræðingum.

Skyldleika kvað ræðumaður vera á milli glæpamanna, villimanna, vitfirringa og flogaveikra.

Ræðum. kom með ýms dæmi úr æfisögum nafntogaðra glæpamanna til skýringar á sálarástandi þeirra — samvizkuleysi, hjátrú, hrottaskap og guðhræðslu.

Nokkuð mintist ræðum. á Hebrea til forna og glæpaskrá þeirra. Sumt af því, sem hjá þeim hefði verið taldir glæpir, og sem grimmi leg dauðahegning lá við, kvað hann nú alls ekki vera talið glæpur hjá hinum siðaðri þjóðum, og sýndi þetta á hve miklu lægra siðferðisstigi Hebrear hefðu verið þá. Til dæmis, árás á konu eins manns var hjá þeim talinn glæpur móti eign. Slikt væri nú ætið talinn glæpur móti persónu. Þær þjóðir, sem taka harðara á glæp móti persónu en glæp móti eign, eru á miklu hærra siðferðisstigi.

Þá gerði ræðum. nokkurn samanburð á glæpum karla og kvenna. Kvenmenn sagði hann að stæði nær frummanninum (Primitive Man) en karlmenn, en "atavism" ætti sér miklu sjaldnar stað milli kvenna enn karla. Hvað glæpaeðlið áhrærði, áleit ræðum. að likt myndi á komið með konum og körlum, þó glæpaskýrslur bæru með sér, að þeir siðarnefndu drýgðu fleiri glæpi. Með vaxandi frelsi fyrir konur myndi glæpatilfelli fjölga meðal þeirra. Minst bæri á glæpum meðal kvenna, sem lítið frelsi hefðu og væru fastastar við heimilið, t.d. á Spáni ogGrikklandi. Með þessu kvaðst ræðum. alls ekki vera að mæla á móti kvenfrelsi eða jafnrétti kvenna við karla.

Fyrirlesarinn kvaðst að miklu leyti hafa stuðst við rit hinna nafnkendari mannfræðinga við samning þessa erindis, svo sem Lombroso, Ferri, Travis, Dostojeffski, Havelock Ellis o.fl. Siðari hluta þessa erindis kvaðst hann myndi flytja í apríl, og gerði þá ráð fyrir að tala um glæpamenn, sem framleiddir eru af ríkinu og heimilunum.

Að erindinu loknu var flytjanda greitt þakklætisatkvæði.

Talsverðar umræður urðu á eftir, og tóku þátt í þeim: Séra Guðm. Árnason, Skapti B. Brynjólfsson, Sigfús B. Benedictsson, séra Rögnv. Pétursson, Mrs. Margrét Benedictsson, Hallur Magnússon, Mrs. Ingibjörg Goodman og Mrs. Sigríður Swanson.

Innri mynd mannsins.

Long fer líkt og sumum öðrum, sem glepsað hafa í hælinn á mér, hann gín við beitunni. Það er óbrigðult meðal við hrokadrjúga einfeldninga að hirta þá með eigin afglöpum þeirra. Ég sýndi Long hógværlega fram á framhleypni hans og kerlingasögu-mas. Það dettur honum heldur ekki í hug að verja. En beint til Akureyrar þýtur hann og úðar þar í visnabing úr meira enn hálfrar aldar sorphaugi, og á hvínandi fartinni vestur á skrifstofu Hkr. og spúir þar sálarfæðu sinni á svæfla og sængur blaðsins, og ætlar að steindrepa mig með ólyktinni. Snyrtimennið! En ólyktin fylgir sál Longs, en berst mér ekki. Heldur eru tómir varasjóðir vits og þekkingar hjá öðrum eins kerlingarbelgjum og þessum vesalingi.

Búast hefði mátt við hjá manni, sem fer með annað enn kerlingarsögur, að hann nefndi eitthvað af þessum orðljótu verkveitendum, sem hann er að bakbíta, m.fl. sem stóð í keringarsögu-stil í "aths." hans. Hann, sem búinn er að húsganga á milli þeirra um 20 ár, ætti að geta það. Hann má sjálfsagt drjúgt um tala, að hann hefir ekki verið oft verkveitandi sjálfum sér né öðrum. En lúalegt er það, að bakbíta velgjörðamenn sína upp til hópa, því að það er sannarlega þakkavert, að fá atvinnu hjá öðrum, þegar hún er ekki til af sjálfsdáðum. Þá skoðun hefi ég og fleiri góðir menn. Og eðlilegt er það, að verkveitandi finni að missmíðum þeirra, sem eru hroðvirkir og hálfgerðir "fúskarar", að minsta kosti annað veifið.

Long þykist ætla að taka ráðleggingu minni, að gæta betur að sér næst. Hann sýnir það líka. Aldrei hefir hann orðið sér meir til minkunar enn í síðasta blaði, og hefir þó sumt verið krumlengið, sem hann hefir ekið á tún í blöðum áður. Og enginn hefir ataðHkr. fábjánalegar enn hann. Og svo eru góð loforð um áframhaldandi sálarástands myndir hans.

Ég ætla að láta þetta nægja þar til þriðja útgáfan af sálarmynd Longs birtist, sem vonandi er, að ekki verði langt að bíða, því nú er myndaöld mikil í landi. — Ég verð ekki með öllu óvarbúinn við Long. Það stendur svoleiðis á gömlum tímum og viðburðum.

K. ÁSG. BENEDIKTSSON.

McKenzie's
ÚRVALS
FRÆ
Fyrir Vesturlandið

Hver framtakssamur kaupmaður selur þau. Ef kaupmaður yður hefir þau ekki, þá skrifið eftir enska fræ-lista vorum, og pantið beint frá oss. Þyggið engar eftirlíkingar,—heimtið McKENZIE'S fræ. Hreinleiki þeirra er óviðjafnanlegur og lífsafl þeirra hið sterkasta.

BRANDON, MAN. **A. E. McKenzie Co., Ltd.,** CALGARY, ALTA.
VESTURLANDSINS MESTU FRÆSALAR.

KENNARA VANTAR

að Diana S.D. No. 1355, Manitoba, helzt frá 1. apríl næstk. til 1. des. Umsækjandi þarf að hafa 3. eða 2. stigs kennarapróf, og helzt fær um að leiðbeina börnum í söng. Gott kaup borgað góðum og ástundunarsömum kennara. Skólinn þægilegur, staðan létt, skilvís laun.

Sendið umsókn fyrir 30 marz til undirritaðs.

MAGNUS TAIT, Sec.-Treas.
P.O.Box 145, Antler, Sask.

KENNARA VANTAR

fyrir Swan Creek skóla, No. 746, um sjö mánaða tíma, frá 1. maí til 1. désember. Umsækjendur tilgreini mentastig og kaup, sem vænst er eftir, og sendi tilboð sín til

JOHN LINDAL, Sec'y-Treas.
Lundar, Man.

Sendið Heimskringlu til vina yðar á Íslandi.

JÓNAS HALLDÓRSSON,
SNIKKARI.

Fæddur 20. júní, 1839. *Dáinn 2. nóvember, 1909.*

Þú fæddist í dalnum, með gróandi grund,
við gilið og hamrana svarta.
Þar brosti fyrst sólin við barnsglaðri lund
og brimhvítur fossinn um árdegisstund
þar hilti við brúnina bjarta.

Hann heillaði hjartað með seiðandi söng
og svásúða glitrandi stjörnum,
en niður frá honum, sem linflétta löng,
rann liðandi áin um dalbúans göng,
með eyrum og álftsetnum tjörnum.

Þar saztu við árbakkans úðaþung blóm
í algleymi barnslegrar sælu
und himninum bláa og hafossins róm
og hlustaðir dreymandi' á bergmálsins óm
í kveldúðans svalandi kælu.

Svo fölnuðu blómin á bakkanum þeim,
og bernskan varð eftir í dalnum.
Þá lagðirðu út í þann alvörugeim,
sem einir þeir vita, er langa mest heim
að bernskunnar bláfjalla salnum.

En hamingjan skein þér úr hádegisstað,
að hjarta sér ungmennið vaði,
og benti því áfram á einstigi það,
hvar einstaklings vegurinn liggur í hlað.
Þar hlaustu hvað hugur þinn kraði.

Það er sem óg sjái þig sveinunum hjá
og siðprúðum verkstjórnar herra,
með gleðina í auga og brosið á brá
og bartuna mannúðarspeglinum frá,
sem eftir það aldrei nam þverra.

Þá vaknaði starfsþráin, styrkur og þor,
þú stefndir í átthagann forna.
Þar steigstu til mynja þau menningarspor,
að minning þín lifir, sem skínandi vor,
til arðs fyrir ófædda og borna.

Þín hæmilisiðja var ástúðar gljúp,
og ávalt var starfandi munðn,
en föðurleg umhyggja eiliðar djúp,
sem aldrei var búin í hátiða hjúp,
en hversdags í fötunum fundin.

Slík dæmalaus iðja og eiliðar starf
mér oft verður torráðin gáta.
Og gleðilegt væri, ef gengju í arf
þær guðlegu dygðir, þó víki í hvarf
sá maður, er megum nú gráta.

Þín samvizka aldrei til óþreyju fann,
hún alt af var hvít eins og mjöllin,
því snemma í æsku hún friðarland fann;
og fleira þú áttir, sem gjörði þig mann,
já, — trúna, — sem flutt getur fjöllin.

Ég ætla' ekki að tala um viðskilti vor,
það verður að bíða síns tíma, —
en þú gekst oft fyrir mig þreytuleg spor,
og þín vegna liði' ég mitt legursta vor,
þó hyldi það hausthélu grima.

Þú talaðir eitt sinn, í einrúmi þó,
um indæla fossinn í dalnum, —
og langt er ei síðan. Þá hugur þinn hló
og hljóp eins og drengur um grundir og mó
í bernskunnar bláfjalla salnum.

Nú heyri' ég þig tala við brosandi blóm,
þar's bernskan varð eftir í dalnum,
und hamrinn u bratta og háfossins róm,
þú hlustar en dreymandi á bergmálsins óm
í blíðhimins bláfjalla salnum.

Jón Jónatansson.

Ísafold er vinsamlega beðin að birta þetta.

Heimsækjið STÓRU Hljóðfæra-Söluna.

Nýja búðin okkar á horni Portage Ave og Hargrave St er nær tilbúin og vér flytjum í hana bráðlega. —

Vér höfum gnægð af Pianós sem verða að seljast áður en vér flytjum. Og þessvegna eru niðursettir prísar á mörgum góðum hljóðfærum. — Sömuleiðis höfum vér mikið af brúkuðum hljóðfærum til sölu með mjög lágu verði. —

Heintzman & Co.

PIANO

Verður ekki niðursett. Þau eru ætíð seld fyrir samaverð. Vér höfum ýmsar tegundir af Heintzman & Co. Pianos fyrir $425.00 og þar yfir. Það væri sem að slá af gullpening um að slá af venjulegu verði Heintzman & Co. Pianó. —

J. J. H. McLean & Co LIMITED

528 Main St. — Phone 808
Og í Brandon og Portage La Prairie

Fréttir úr bœnum.

Þeir herrar Jón Þorsteinsson og Guðni Filippusson, báðir frá Rvík, komu til Winnipeg þann 23. febr. sl., eftir þriggja vikna ferð frá Íslandi. Þeir segja jarðbönn af snjó á Suðurlandi. Harðæri nú á Íslandi og atvinnuleysi. Mikill útflutningahugur í fólki. Jón er "plumber", og fékk af náð að vinna fyrir fæði við það starf. Guðmundur er málari, og fékk 25 kr. um mánuðinn, en fæðið kostaði hann 30 kr. um mánuð, — hann var því ekki matvinnungur. Báðir eru menn þessir stórir vexti, á bezta aldri og hinir mannvænlegustu.

Heimskringlu er bent á, að maður sá á myndinni frá Íslandi, sem prentuð er í síðasta blaði, sem getið er til að sé Ari Jónsson, sé Magnús Blöndal.

Munið eftir MUSIC RECITAL nemenda þeirra Jónasar Pálssonar og Th. Johnsonar í Goodtemplarasalnum í kveld (fimtudag). Aðgangur ókeypis. Sú bezta skemtun í þessum bæ, sem fæst með því verði.

Dr. B. J. Brandson ætlar að flytja erindi um tæringarsjúkdóma á Menningarfélagsfundi, sem haldinn verður í Únitara kirkjunni á miðvikudagskveldið í næstu viku, þann 9. þ.m. Vonað er, að svo margir sæki fyrirlestur þenna, að húsfyllir verði. Málefnið er þýðingarmikið, ræðumaður er mælskur og ræðan verður fróðleg. Aðgangur ókeypis. Frjálsar umræður á eftir.

Um síðustu helgi var hér í borg Kr. J. Reykdal frá Baldur og Pétur Goodman frá Grund, Man. Goodman hefir um 7 ára tíma verið umferðarsali fyrir "The National Manufacturing Co., Limited". Félag þetta hefir verksmiðjur í Brockville og Ottawa, með útibúum í Barrie, Brockville, Stratford, Hamilton og Ottawa, Ont., Regina, Sask., Brandon, Man, Edmonton, Alta., Moncton, N.B., og Summerville, P.E.I. Félagið býr til og verzlar með eldastór, eldhúss "Cabinets", hitunarofna, vagnvogir, rjómaskilvindur og "Fanning Mills". Goodman segir hluti þessa ágæta og verið mjög sanngjarnt.

Vegna þess, að verið er að breyta söngpallinum í Únitarakirkjunni, verður samkomusalurinn niðri notaður til guðsþjónustu næsta sunnudagskvöld. Þetta er fólk vinsamlega beðið að muna.

Fundur verður haldinn í Stúdentaféleginu næsta laugardagskveld í fundarsal Tjaldbúðarkirkju kl. 8. Áríðandi er, að meðlimir félagsins mæti.

Kvenfélag Únitara heldur samkomu 16. marz næstkomandi í samkomusal Únitara. Takið eftir auglýsingu í næsta blaði.

Herra Páll Bergsson flutti fyrirlestur um Ísland í Únitarasalnum á miðvikudagskveldið í sl. viku. Hældi hann mjög landskostum þess og hvatti vestur-íslenzka bændur og bændasyni til heimferðar, — þá er hefðu verklega þekkingu og peningaleg efni, en réði hins vegar ekki efnalausum mönnum til þess að flytja þangað í atvinnuleit. Um 20 áheyrendur voru í húsinu.

Eldur í T. D. Deegans fatasölubúð á Main st. 23. febr. gerði 8 þúsund dollara eignatjón.

Spurning:

Til hvers eða hverra getur maður snúið sér með bókapantanir frá bókverzlun N. Ottensonar í River Park, meðan hann er fjarverandi? Spurull.

SVAR. — Pantanir sendist til: "N. Ottenson, River Park, Winnipeg", og verður þeim sint eins og hann væri sjálfur viðstaddur.

Er það samkvæmt lögum, að systkinabörn megi ganga í hjónaband? Fáfróður.

SVAR.— Já. Ritstj.

Látinn er hér í borg aðfaranótt síðasta laugardags, 26. febr., öldungurinn Árni Árnason, frá Sauðárkrók á Íslandi, 90 ára gamall. Hann hafði verið hér í landi sl. 4 ár. Hann eftirskilur háaldraða ekkju og 5 börn, 4 af þeim hér vestra og eitt á Íslandi. Banamein hans var afleiðing af því, að æð hafði sprungið í honum. Æfiágrip Árna sál. verður síðar birt hér í blaðinu.

Þembina söfnuður hefir samþykt að ganga úr Kirkjufélaginu, með 37 atkv. gegn 25.

Kappspilið, sem Ísl. Conservative klúbburinn bauð Ísl. Liberal klúbbnum að þreyta, var eins og til stóð háð á föstudagskveldið var. Vinningar urðu jafnir, 66 á hvora hlið. Þetta er 3. kappspilið, er klúbbarnir hafa þreytt í vetur, hafa unnið sitt spilið hvor og jafnspilað nú síðast.

Í ræðunni "Kærleikurinn fer ekki í manngreinarálit" hafa misprentast þessi orð: Í byrjun ræðunnar stendur f e r ð a m e n n, á að vera f r æ ð i m e n n. Seint í ræðunni stendur: s t a ð f e s t u, á að vera s t a ð h æ f ð u. Ein setning hefir ruglast, en með góðvilja geta menn skilið málið.

Great Northern járnbrautarfélagið hefir ákveðið að byggja vörustöð á Ross Ave., en ekki fólksflutningastöð.

Dr. G. J. Gíslason,
Physician and Surgeon
18 South 3rd Str, Grand Forks, N.Dak

Athygli veitt AUGNA, EYRNA og KVERKA SJÚKDÓMUM. ÁSAMT INNVORTIS SJÚKDÓMUM og UPPSKURÐI. —

TIL LEIGU

12 herbergi með ljósum og hita, uppbúin eða óbúin, eitt eða fleiri leigt. Snúið yður til 559 Sargent Ave., rétt á móti Tjaldbúðarkirkju.

Gullbrúðkaup.

Gullbrúðkaup þeirra valinkunnu Hallsons hjóna, sem Hkr. sýndi myndir af fyrir fáum vikum, var hátíðlegt haldið í Tjaldbúðarkirkju síðasta fimtudagskveld, þann 24. febr. Kvenfélag safnaðarins stóð fyrir framkvæmdum og fórst vel. Klukkan 8 stundvíst var gömlu hjónunum ekið í skrautvagni til kirkjunnar. Var þá þegar komið þar saman allmargt fólk, og hélt straumurinn áfram til kirkjunnar þar til kl. 8.30, þá mun hala verið þar 250 til 300 manns. Séra Fr. J. Bergmann hóf þá aðalathöfnina, sem byrjaði með söng og hljóðfæraslætti. Eftir það hélt hann snjalla en hjartnæma ræðu um þýðing hjónabandsins og þann grundvöll, sem byggja yrði á, svo það færi vel, — taldi þar til helzt trúna á guð og traustið á honum. Eftir að annar sálmur hafði sunginn verið, var haft uppihald til þess, að óska gömlu hjónunum til hamingju, og það gerði hvert einasta mannsbarn, sem í kirkjunni var, með handabandi., en þau stóðu á meðan. Eftir það var öllum söfnuðinum boðið til veizlu í samkomusal kirkjunnar, og var hann þéttsetinn. Voru þar ríkmannlegar veitingar frambornar. Ræður voru fluttar meðan setið var undir borðum, og lesið upp kvæði, sem birt er hér í blaðinu á öðrum stað. Einnig var gömlu hjónunum flutt skrautritað ávarp frá Goodtemplurum þessa bæjar. Þá rétti séra Fr. J. Bergmann þeim sína pyngjuna hvoru, og var gull nokkurt í hvorri. Frétt höfum vér, að það hafi verið alls $100, eða $50 fyrir hvort þeirra, eða $1 fyrir hvert hjónabandsár þeirra, og var það vel viðeigandi. — Fyrir hönd hjónanna þakkaði Kristján Stefánsson með lipurri, vel hugsaðri ræðu öllum þeim, er stutt höfðu að því, að veita þeim sæmd þá og ánægju, sem þau með samsæti þessu nutu. — Klukkan 11 var samkomunni slitið og gömlu hjónin keyrð heim aftur í hús sitt.

Í KVELD

(miðvikudag) verða leiknir í síðara skiftið í Únitarasalnum leikfrnir "Franska töluð hér" og "Rektu hann út", sem Ungmennafélag Únitara stendur fyrir. Þeir, sem horfðu á þessa leiksýningu á á laugardagskveldið var, segja að skemtun hafi verið góð. Fjölmennið í kveld.

Kvenfélag Tjaldbúðar safnaðar hefir frestað samkomu sinni til 15. marz.

21. marz.

Lesið auglýsingu frá fulltrúanefnd SKULDAR í næstu vikublöðum. Hún heldur samkomu 21. þ.m. fyrir alla. Ágóðann gefa þeir stúkunni

Bréf að Hkr. eiga:

Sigurður Vilhjálmsson.
Magnea Gunnarsson.
O. J. Johnson.
Arndís Sigurðsson.
Mrs. Sigurbjörg Pálsdóttir.
Marja K. Johnson, 2 bréf.

Samkoma

verður haldin í efri sal ísl. Goodtemplarahússins að tilhlutun ísl. G.T. stúknanna, (ÍSLANDS, SKULDAR og HEKLU), fimtudaginn 10. MARZ næstkomandi; byrjar kl. 8 að kveldi.

Fé því, sem inn kemur, verður varið til hjálpar Sigurði Gíslasyni, sem nú dvelur að 735 Alverstone St. Winnipeg. og búinn er að vera veikur MEIR EN ÞRJÚ ÁR, og er ástvinum horfin og eignalaus.—

PRÓGRAM FYRIR SAMKOMUNA ER SEM FYLGIR:

1. Piano Sóló.
2. Mr. D. D. Þorsteinsson flytur kvæði
3. Mr. B. L. Baldwinson, ræða.
4. Miss O. Oliver, Sóló.
5. Mr. Skapti B. Brynjólfsson, ræða
6. Mr. Halldór Þórólfsson, Sóló.
7. Mr. Ól. A. Egertsson, óákveðið.
8. DANS til kl. 12, undir forustu Mr. S. Björnsson. Miss S. Vopni spilar fyrir dansinum —

Háttvirtu Winnipeg Íslendingar! sem svo oft hafið rétt nauðstöddum löndum ykkar hjálparhönd, haldið því áfram, og fjölmennið á samkomu þessa. Og þið sem eruð skaparanum þakklát fyrir heilbrigði ykkar, og hafið ekki ratað í svona mikla raun eins og þessi maður, sýnið þakklátssemi ykkar með því að sækja samkomun, eða á einhvern annan hátt að rétta þessum lang þjáða manni hjálparhönd. —

Inngangseyrir er 25c.
Komið í tíma!

Fyrir hönd forstöðunefndarinnar,
BJARNI MAGNÚSSON.

It's going UP

Þú getur ekki búist við

að það geri annað en eyðast í reyk. Því ekki að fá nokkur tons af okkar ágætu kolum, og hafa ánægjuna af, að njóta hitans af þeim, þegar vetrarkuldarnir koma. Komið til vor og nefnið þetta bl.

D. E. ADAMS COAL CO.
YARDS Í NORÐUR, SUÐUR, AUSTUR OG VESTURBŒNUM
Aðal Skrifst.: 224 BANNATYNE AVE.

Góðir Skór.

Ef þér brúkið áferðarilla skó, þá er það yður sjálfum að kenna.

Vegalengdin til þessarar búðar er það bil sem aðskilur yður frá Skó-ánægju.

Vér erum hér til að þjóna yður, og höfum alskyns skóbyrgðir af beztu tegundum, og sem eiga við árstíðina. Karlm. skór vorir gefa oss daglega nýja vini. Komið og skoðið þá sem vér höfum á $5.00.

Ryan-Devlin Shoe Co
494 MAIN ST. PHONE 770.

Dánarfregn.

Sunnudaginn 13. febrúar lézt að heimili sonar sins Stefáns J. Hallgrímssonar að Gardar, N.D., konan Þórey Jónsdóttir, kona Jónasar bónda Hallgrímssonar, sem þar hefir búið. Hún hafði lengi þjáðst af krabbameini og þrem sinnum verið gerður á henni holdskurður, og varð það að síðustu banamein hennar eftir miklar þrautir.

Þórey Jónsdóttir var fædd í Nýjabæ í Hjaltadal í Skagafjarðarsýslu 27. okt. 1849. Faðir hennar, Jón Jónsson, druknaði á Akureyrarpolli 1857. Móðir hennar, Kristrún Kristjánsdóttir, komst til hárrar elli og dó fyrir nokkrum árum í Miklagarði í Eyjafirði. Stefán sál. alþingismaður á Steinsstöðum, föðurbróðir Þóreyjar, tók hana 12 ára, og var hún hjá þeim heiðurshjónum unz hún giftist 24. júní 1874. Þrjú börn mistu þau, einn son og tvær dætur, en tveir synir þeirra lifa, annar, Stefán bóndi að Gardar, og er faðir hans og yngri bróðir nú hjá honum. — Þau hjón, Þórey og Jónas, flutttust til Ameríku árið 1883, og hafa búið að Gardar síðan.

Jarðarför Þóreyjar heitinnar fór fram á laugardag 19. febr., að viðstöddu miklu fjölmenni. Húskveðju og líkræðu í kirkjunni flutti séra F. J. Bergmann. Í kirkjunni talaði líka séra K. K. Ólafsson.

Þórey sál. var mesta myndarkona og öllum þeim harmdauði, er hana þektu. Hún var kona föst í lund og trygg, kjarkmikil og örugg í hvívetna og sannkallað ljós á heimili sínu. Hún er nú hörmuð af manni sínum, tveimur sonum og samferðafólkinu öllu.

Þakkarorð.

Hér með þökkum við undirrituð ástsamlega öllum þeim, er héldu okkur samsæti í Tjaldbúðarkirkju, fimtudag 24. febr., til að minnast gullbrúðkaups okkar hjónanna. — Sömuleiðis þökkum við hjartanlega þá höfðinglegu gjöf, sem okkur var afhent við það tækifæri, hundrað dollars í gulli. En það, sem okkur fanst mest af öllu til um, var, að við skyldum eftir 50 ára langferð gegn um blitt og stritt eiga svo marga vini, sem fundu hjá sér hvöt til að sýna okkur svo mikla ástúð og kærleik. Fyrir þetta biðjum við hann að launa, er aldrei gleymir því, sem vel er gert.

Mr. og Mrs. J. Hallson.

Í samskotasjóð Akranes ekkjunnar hafa þessir lagt:

Kvenfélagið "Frækorn" ..	010.00
Aðalsteinn Kristjánsson	2.00
Mrs. "ónefnd", Elfros, Sask.	8.00
J. T. Bergmann, W'peg ...	10.00
Mrs. "ónefnd", W'peg	1.00
Sigurjón Jónsson, W'peg ...	1.00
Mrs. S. Landy, Brú	3.00
Erlendur Jónsson, South Bend, Wash.....	5.00
Snæbjörn Jóhannsson, South Bend, Wash.	2.00
Samtals	$42.00
Áður auglýst	18.25
Alls innkomið	$60.25

Land til sölu

liðugar 100 ekrur, rétt við Big Quill vatn, í hinni frjósömu Wynyard bygð, 15 ekrur "brotnar" reiðubúnar til sáningar. Nokkur skógur og heyskapur, en er þó að mestu leyti alt akurlendi. Á landinu er vírgirðing og góður brunnur. Óskast, að landið seljist fyrir sáningu í vor.

Kaupandi snúi sér til ritstjóra Heimskringlu eða Box 120, Wynyard, Sask. 31.3

800,000 tonn af hunangi fást árlega í Evrópu, sem eru um 11,430,000 dollara virði. Í hinum ýmsu löndum er framleiðslan:

TIL SÖLU:

160 ekrur af bezta landi, stutt frá járnbrautarstöð. — Fyrsti maður með $7.00 fær hér góð kaup. — Finnið

Skúli Hansson & Co.
47 Aikens' Bldg.
Talsími. Main 6476 P. O. Box 833

LEIÐRÉTTING.

Í dánarfregninni eftir Marju sál. Jónsdóttur, sem birtist í Hkr. 3. febr. sl., eru lesendur beðnir að minnast eftirfylgjandi leiðréttingar: Dálkslinur 17 til 25 að ofan falli burt, en þetta komi í staðinn: Hún var á 16. ári, þegar hún fór til föður míns, fluttist ásamt foreldrum mínum þegar hún var 21 árs að Hrappsstöðum í sömu sveit. Á Hrappsstöðum dvöldum við í 23 ár, þar giftum við okkur árið 1866. Frá Hrappsstöðum fluttym við að Hól í sömu sveit og bjuggum þar 10 ár, ólugðum þá bú, o. s. frv. K. S.

Kennara vantar

við Mary Hill skóla No. 987, fyrir sex mánaða tímabil frá 1. maí. Umsækendur tiltaki kaup, mentastig og æfingu í kenslustörfum. — Sendið tilboð fyrir 1. apríl.

S. SIGFÚSSON,
Sec'y-Treas.

Kennara vantar

við Waverly skóla no. 650. Kenslutími 6 mánuðir, frá 15. apríl til 15. okt. Umsækendur tilgreini mentastig og kaupgjald, sem óskað er eftir. Umsóknir sendist til undirritaðs fyrir 20. marz 1910.

Glenboro P.O., Man. 21.marz'10
G. J. OLESON,
Sec'y-Treas.

Kennara vantar

fyrir The Narrows S. D. 1450, frá 1. apríl til 30. júní næstkomandi. Umsóknir verða að tiltaka kaupháð og mentastig umsækjanda. Verða að vera komnar til undirskriaðs fyrir 10. marz næstk.

The Narrows P.O., Man.
10. febr. 1910.
J. R. JOHNSON,
Sec'y-Treas.

Kennara vantar

við Thor skóla No. 1430. Kensla byrjar fyrsta apríl, og varir til árslokа. Umsækjandi tiltaki kaup og mentastig. Tilboðum veitt móttaka til 20. marz næstkomandi.

EDVALD ÓLAFSSON
Brú P.O., Man.

Jóhanna Olson
PIANO KENNARI
557 Toronto St. Winnipeg

DR. H. R. ROSS
C.P.R. meðala- og skurðlækuir.
Sjúkdómum kvenna og barna veitt sérstök umönnun.
WYNYARD, — SASK.

Dr. M. Hjaltason,
Oak Point, Man.

Anderson & Garland,
LÖGFRÆÐINGAR
35 Merchants Bank Building
PHONE: MAIN 1561.

MARTYN F. SMITH,
TANNLÆKNIR.
Fairbairn Blk. Cor Main & Selkirk
Sérfræðingur í Gullfyllingu og öllum aðgerðum og tilbúnaði Tanna. Tennur dregnar án sársauka. Engin veiki á eftir eða gómbólga. —
Stofan opin kl. 7 til 9 á kveldin
Office Phone 6944. Heimilis Phone 6602.

Þarft þú ekki að fá þér ný föt?

EF ÞAU KOMA FRÁ CLEMENT'S, — ÞÁ VERÐA ÞAU RÉTT

Réttur að efni, réttur í sniði réttur í áferð og réttur í verði.

Vér höfum miklar byrgðir af fegurstu og beztu fataefnum. —

Geo. Clements & Son
Stofnað árið 1874
204 Portage Ave. Rétt hjá FreePress

Th. JOHNSON
JEWELER
286 Main St. Talsími: 6606

JOHN ERZINGER
TOBAKS-KAUPMAÐUR.
Erzinger's skorið reyktóbak $1.00 pundið
Hér fást allar neftóbaks-tegundir. Óska eftir bréflegum pöntunum.
McINTYRE BLK., Main St., Winnipeg
Heildsala og smásala.

G. NARDONE
Verzlar með matvöru, aldini, smá-kökur, allskonar sætindi, mjólk og rjóma, sömul. tóbak og vindla. Óskar viðskifta Íslend. Heitt kaffi eða te á öllum tímum. Fón 7756
714 MARYLAND ST.

Boyd's Brauð
Hver kona getur haft gott brauð á borðum með því að kaupa Boyd's brauð. Fólk er borðar brauð vor er altaf að fjölga. Ef þér reynið það einu sinni þá hafið þér það ávalt. Biðjið um það í verslun yðar eða símið til vor eftir vagn.
Boyd's
Bakery Cor. Spence & Portage Ave
Phone 1080.

Winnipeg Wardrobe Co.
Kaupa brúkaðan Karla og Kvenna fatnað,—og borga vel fyrir hann.
Phone, Main 6539 597 Notre Dame Ave.

BILDFELL & PAULSON
Union Bank 5th Floor, No. 520
selja hús og lóðir og annast þar að lútandi störf; útvegar peningalán o. fl.
Tel.: 2685

Jónas Pálsson,
SÖNGFRÆÐINGUR,
Útvegar vönduð og ódýr hljóðfæri
460 Victor St. Talsími 6803.

J. L. M. THOMSON, M.A., L.L.B.
LÖGFRÆÐINGUR. 285½ Portage Ave.

BONNAR, TRUEMAN & THORNBURN,
LÖGFRÆÐINGAR.
Suite 5-7 Nanton Blk. Tals. 766
Winnipeg, Man. P.O.BOX 223

Húðir og ógörfuð Loðskinn
Verzlun vor er vor bezta auglýsing. Sendið oss húðir yðar og loðskinn og gerist stöðugir viðskiftamenn.
Skrifið eftir verðlista.
The Lightcap Hide & Fur Co., Limited
P.O.Box 1692 173-176 King St Winnipeg 16-9-10

W. R. FOWLER A. PIERCY.
Royal Optical Co.
307 Portage Ave. Talsími 7286.
Allar nútíðar aðferðir eru notaðar við augn-skoðun hjá þeim, þar með hin nýja aðferð, Skuggs-skoðun, sem gjörreynd öllum ágiskunum. —

Heimskringla.

XXIV. ÁR | WINNIPEG, MANITOBA, FIMTUDAGINN, 10 MARZ 1910 | NR. 23

Fregnsafn.

Markverðustu viðburðir hvaðanæfa

— Uppreistarmenn í Nicaragua biðu mikinn ósigur í bardaga við stjórnarliðið þann 23. febr. sl., og féllu þar yfir 800 manna og margir særðust. Bardaginn stóð yfir nokkra daga, og höfðu uppreistarmenn betur fyrstu dagana, en þá sendi stjórnin þúsund æfða hermenn liði sínu til hjálpar, og það gaf henni sigur að svo stöddu. For íngjar uppreistarmanna höfðu áður verið í ráðaneyti stjórnarinnar.

— Megn svik hafa komist upp í hermáladeild Rússa. Háttstandandi embættismenn hafa orðið upp vísir að því, að hafa selt Japönum ýmsar mjög mikilvægar upplýsingar og afskriftir af skjölum, sem leynd áttu að haldast. Þessir náungar verða tafarlaust skotnir, en stjórnin óttast, að nú sé engum lengur trúandi fyrir launmálum herdeildarinnar.

— Umræður í Washington þinginu út af pólarfundi Pearys, fóru í þá átt, að hann væri skyldaður til þess, að leggja fram sannanir um fundinn, helzt til Kaupmannahafnar háskólans, áður en þingið samþykti að viðurkenna hann.

— Herdeildir Kína hafa ráðist á og sigrað íbúana í austúr Tíbet héraðinu í Afríku, og tóku síðan Lhasa borg, sem til þessa hefir verið lokuð öllum hvítum mönnum. Dalai Lama, aðalhöfðinginn þar í landi, hefir flúið borg sína og gerst gestur Breta og skjólstæðingur í lendum þeirra á Indlandi.

— Fjármáladeild Bandaríkjanna hefir safnað skýrslum um gulltekju heimsins á síðasta ári, og telst svo til, að hún sé 442 miliónir dollara. Í öllum löndum hefir gulltekjan orðið meiri á síðasta ári en á fyrri árum, — hefir aukist um 15 miliónir í Afríku, á fimtu milión í Bandaríkjunum og 3 miliónir í Mexico, og hartnær jafn-mikið á austur Indlandi. En gulltekja heimsins er langmest í 3 löndum, eins og eftirfylgjandi töllur sýna: — Í Afríku 166½ milión, Bandaríkjunum 64½, Austur-Indlandi 73½, Rússlandi 28, Mexico 22½, India 10½, Canada 10, Kína 8½. Hin önnur lönd gefa af sér 1½ til 3½ miliión dollara virði af gulli hvert árlega.

— Frú Astor, eiginkona auðmannsins mikla í New York, hefir fengið skilnað frá bónda sínum. Henni er leyft að giftast aftur, en honum er bannað að kvongast meðan þessi kona lifir. Hún á ennfremur að fá 10 miliónir dollara af eignum bónda síns, og þess utan 300 þús. dollara árlegan lifeyri.

— 2,698 heimilisréttarlönd voru tekin í Vestur-Canada í sl. janúar mánuði, þar af nálega eitt þúsund lönd tekin af Bandaríkjamönnum. Þess utan hefir einn maður í Nebraska keypt 5 þúsund ekrur af landi í Saskatchewan, til þess að láta vinna þær eins fljótt og mannafli fæst til þess. Fyrir land þetta borgaði hann nálega 100 þúsund dollara.

— 16-tasíu skrifstofu byggingu ætlar C.P.R. félagið að láta byggja í Toronto borg á þessu komandi sumri. Það hefir einnig í hyggju, að byggja stórt hótel í borginni, er vera skuli það finasta í öllu Canada.

— Einn bæjarfulltrúi í Denver hefir farið þess á leit við bæjarráðið, að það með lögum takmarki lengd á pilsum kvenna, þannig, að þau verði nokkuð styttri en nú tíðkast.

— Gufuskipið "Muritania" kom til New York 28. febr. eftir þá verstu ferð, sem skipið hefir haft enn þá yfir Atlantshaf. Á þessari ferð tapaði það akkeri, sem kostaði $10,000, og 50 föðmum af keðju, sem var að sama skapi stórfengleg. Svo var veður illt, þegar skipið lagði út frá Liverpool, að það gat ekki sett hafnsögumann sinn í land í Queenstown á Írlandi, eins og venja er, og varð því að sigla með hann til New York. Hann var sjóveikur alla leið á hafinu.

— Emil J. Moyer, 70 ára gamall skólakennari í bænum Gerald, Mo., hefir beðið um inngöngu á Missouri háskólann, til að nema þar akuryrkjufræði, söngfræði og sagnfræði.

— William Dresher í New York hefir verið kærður um fjölkvæni, og hefir játað sekt sína. Hann er að eins 20 ára gamall.

— Háskóla prófessor einn í New York fékk nýlega sent sér með skipinu "Anglican", frá London, 6 mýs, sem kostuðu 10 þúsund dollara. Þær eru sérstakrar tegundar og svo sjaldfengnar, að tylftin af þeim selst fyrir $20,000.

— Morokko stjórnin hefir undirgengist að borga 12 milión dollara skaðabætur til Frakklands fyrir tap, sem reis út af Casablanca ospektunum, sem þar urðu fyrir nokkru.

Rockefeller-sjóðurinn.

— Gamli John Rockefeller, Bandaríkja auðmaðurinn mikli, hefir áformað að gefa allan sinn mikla auð til menta og mannúðar þarfa. Í þessu augnamiði hefir senator Gallinger frá New Hampshire, borið fram í Senatinu í Washington frumvarp til laga, er leyfi ráðstöfun fjárins samkvæmt erfðaskrá Rockefellers að honum látnum. Jón gamli hefir áður gefið 52 miliónir dollara til menta og vísindalegra þarfa, en nú ætlar hann að gefa þessa fáu skildinga, sem hann á eftir — 500 miliónir dollara.

Fé þessu skal skift í 3 deildir, sem allar tilheyra einni stofnun, er nefnist "Rockefeller Foundation".

Fyrsta deildin á að hafa mestan hluta eignanna til umráða. Því fé skal varið til stuðnings þeim líknarstofnunum landsins, sem þegar eru stofnsettar, og einnig til þess að mynda aðrar slíkar stofnanir.

Önnur deildin á að hafa mentamála styrkveitingar til meðferðar, og skal starfsfé hennar ekki vera minna en hundrað miliónir dollara.

Þriðja og lang-minsta deildin hefir umsjón yfir því fé, sem ætlað er til viðhalds fjölskyldu gamla mannsins.

Í frumvarpinu er tekið fram, að erfðafénu skuli varið til þess: 1) að afla þekkingar og útbreiða hana; 2) að efla og styrkja menningu Bandaríkja þjóðarinnar og eigna hennar og áhrifa í öðrum löndum.

Þetta er af öllum talin langstærsta gjöf, sem nokkur maður hefir gefið, og geta sumir til, að karl muni hafa gert þetta til að gera nafn sitt ódauðlegt og tryggja sér velvildar minningu hjá þjóð sinni, — jafnframt því, sem hann með þessu gefur öðrum heilnæmt eftirdæmi.

— Ofsarigningar í New York ríki hefir gert svo mikið flóð í Herkimer bæ, að yfir 2 þúsund íbúar urðu að yfirgefa heimili sín, til þess að forða lífi sínu. Að eins 7 fjölskyldur urðu eftir í bænum. Ekkert vatn er fáanlegt í bænum, sem hæfilegt er til drykkjar, og megn veikindi hafa þar af leiðandi gert vart við sig í bænum. Eignatjón af flóðinu er metið ein milión dollara. Í bænum Wilkesbarre, í Wyoming dalnum í Pennsylvanía, urðu 12 hundruð fjölskyldur að yfirgefa heimili sín, sökum vatnsflóðs í Susquehanna ánni. Ísstýflur í Hudson ánni í Albany borg í New York ríki hafa og gert mikið eignaspell.

— Snjóflóð í Klettafjöllunum, meðfram Great Northern járnbrautinni, þann 2. þ.m., varð 80 manns að bana.

— Kjötmeti er að stiga í verði. Heildsöluverð á svínakjöti var í sl. viku í Chicago 10½c pundið; en nautakjöt hafði hækkað um fjórðung verðs og sauðakjöt um stötta part frá því sem áður var.

— Kona ein og barn hennar brunnu til bana á heimili þeirra í Entwistle bæ í Alberta fyrra laugardagskveld.

— Púðursprenging í einu af göngunum í Treadwell námunum, nálægt Juneau í Alaska, þann 3. þ.m., var 60 mönnum að bráðum bana, en 100 aðrir særðust. Þessi sprenging varð 11 hundruð fetum undir yfirborði jarðar, svo að undankoma var alls ómöguleg.

— Sáttanefnd sú, sem Dominion stjórnin hefir sett til þess að jafna ágreiningínn, sem orðið hefir milli Grand Trunk járnbrautarfélagsins og sumra þjóna þess, út af verkalaunum, hefir komist að þeirri niðurstöðu, að þjónar þessir ættu að fá 6 prósent launahækkun, þannig, að talsimaþjónar ættu að fá minst $50.00 á mánuði í laun á aðallínum félagsins og $46.00 á aukalínum, auk húsnæðis, ljóss og eldiviðar.

— Roblin stjórnin hefir lagt fyrir þingið lagafrumvarp er fer fram á, að leyfa henni að verja $50,000 til þess að byggja, starfrækja og viðhalda slátrunarhúsi og gripamarkaði hér í borg, þar sem allir bændur eigi kost á, að selja gripi sína eða að fá þeim slátrað, og selja svo til hæstbjóðanda. — Gott fyrir bændur.

— Massey fjölskyldan í Toronto hefir gefið háskólanum þar 3 verðmætar húseignir í borginni.

— Inntekta tollur Canada ríkis á sl. 11 mánuðum hefir orðið rúmlega 54 miliónir dollara.

— Tveir hópar manna hafa verið sendir til að leita að kolanámum í norður Ontario. Það hafa fundist kol þar á ýmsum stöðum, en óvíst enn, hve mikil þau eru. Menn þessir eiga að verja næstu 3 mánuðum til leitarinnar.

— Járnbrautarslys varð í Ontario-fylki fyrir skömmu, við brú eina sem lá yfir Spanish ána. Þar týndu 40 manns lífi og margir fóru í ána, sem varð bjargað. Vagnstjórinn, sem skaðbrendist við slysið, lét sér hvergi bregða við sár sín, en óð út í ána og bjargaði þaðan mörgum farþegum. Að því loknu lét hann binda um sár sín. Fyrir þennan dugnað gaf félagið honum gullúr og $500 í peningum.

— Stjórnin á Þýzkalandi hefir sent orð til allra þegna sinna í Bandaríkjunum, þeirra, sem ennþá hafa ekki gerst borgarar þar, að ganga tafarlaust undir læknisrannsókn, til þess að komast að því, hvort þeir séu færir um að ganga í hernað. Yfir tvö hundruð þjóðverjar, sem eiga heima í Texas, hafa fengið skipun um, að koma til sendiherra þjóðverja í Galveston og ganga þar undir læknisskoðun. Sendiherrann hefir fengið skipun um, að senda alla fullhrausta þjóðverja, sem ennþá eru þýzkir þegnar, heim til ættjarðarinnar, svo að beir geti gengið þar í herþjónustu. Þvkir þetta með ýmsu fleiru benda til þess, að þjóðverjar séu að vígbúa sig.

— Á orði er, að heimssýningunni, sem haldast á hér í Winnipeg, muni verða frestað til ársins 1914.

— Rússastjórn hefir sent til Kínastjórnar andmæli gegn þeirri fyrirhugun Kínverja, að byja járnbraut frá Tsitsihar til Algun. Rússar segja, að sú braut spilli fyrir Rússa-Kína austurbraut sinni svo mjög, að hagnaðurinn af henni verði 5 miliónum rúbla minni á ári en ella. Þess utan liggi hún svo nálægt landamærum sínum, að Rússaveldi sé af því hætta búin, jafnvel þó brautin liggi öll innan landamæra Kínaveldis. Með þessu hafa Rússar bannað Kínverjum, að byggja járnbraut í sínu eigin ríki og fyrir sitt eigið fé. — Tæpast hefðu þeir þorað að bjóða Japönum slíkan yfirgang.

— Frá Spokane, Wash., er sagt, að tíu manns hafi náðst lifandi úr vagnlest, sem varð undir snjóflóðinu mikla, sem nýlega varð í Klettafjöllunum á Great Northern brautinni, og sem getið er um í þessu blaði.

— Þingið í Belgíu er um þessar mundir að ræða um auðlegð Leópold konungs, er andaðist ekki alls fyrir löngu. Nokkrir þingmanna héldu fram því, að hann hefði með röngu lagt undir sig 30 milión franka virði af ríkiseignum, og að ríkið ætti réttmætt tilkall til þess fjár úr dánarbúi hans.

— Enn eitt snjóflóðið varð á laugardagsmorguninn var vestur í Klettafjöllunum, nálægt Rogers Pass járnbrautarstöð C. P. R. félagsins. Snjóflóð þetta varð 62 mönnum að bana. Þeir voru verkamenn félagsins og voru að vinna við að hreinsa snjó af brautinni með snjómokstursvél. Þrjátíu lík höfðu náðst, er þetta er ritað. — Dagblöðin segja, að yfir 800 manna hafi látið lífið í snjóflóðum í Klettafjöllunum nú á örstuttum tíma, þar af 62 Canada-megin, í síðasta snjóflóðinu, sem minst er á hér að ofan.

"Recital"

það, sem nemendur þeirra Jónasar Pálssonar og Th. Johnsonar héldu í Goodtemplarahúsinu í síðustu viku, var svo vel sótt, að margir urðu að standa, er hvert sæti uppi og niðri hafði verið upptekið, og nokkrir þeirra, er síðast komu, urðu frá að hverfa húsinu vegna rúmleysis.

Á prógraminu voru alls 23 stykki, þar af 16 pianospil og 7 fiðluspil. Piano-nemendurnir eru á ýmsu stigi, eftir því, hve lengi þeir hafa notið tilsagnar. Viðurkendust þeirra allra eru þau Ruth Kirkpatrick og Stefán Sölvason, bæði frá Selkirk. Þó spiluðu þau hvorugt eins vel í þetta síðasta skifti, eins og þau hafa stundum áður gert, og má vera, að það hafi komið af því, að stykki þeirra voru afar-örðug, og þau hafi ekki hafst tíma til að æfa þau nægilega vel til undirbúnings þessa Recitals.

Guðrún Nordal frá Selkirk spilaði sitt stykki einna bezt allra piano-nemendanna, að þessu sinni. Hún var óþeimin og hafði sýnilega æft lagið vel.

Annars verður ekki annað sagt, en nemendurnir yfirleitt kæmu fram sjálfum sér og kennurum sínum til sóma.

Hvað Stefán Sölvason snertir, þá er auðsætt, að hann hefir betra "touch" og nær betri "tone" úr hljóðfærinu en nokkurt hinna, sem fram komu á samkomunni. Og í sambandi við þetta má geta þess, að Selkirk nemendurnir skara fram úr Winnipeg nemendunum, — annaðhvort af því, að þeir hafa betri námshæfileika eða þeir æfa sig betur, leggja meiri alúð við námið.

Alls voru á þessari samkomu um 20 fiðlinspilarar, sumir þeirra þaulæfðir, og ekki nemendur herra Johnsonar, en voru þarna af áhuga fyrir list sinni, og til að hjálpa til að örfa nemendurna til óragrar framkomu. Um nemendur herra Johnsonar má segja, að þeir hafa á síðari tíma tekið miklum framförum. Ungfrú Clara Oddson, sem enn er barn að aldri, er farin að spila ágætlega, enda var hún sú eina á þessari samkomu, sem alvarlega var kölluð fram aftur. M. Magnússon gerði og góð áhrif á áheyrendurna. Hann gefur von um, með góðri æfingu, að verða góður spilari.

Sextette lag það eftir Jón Friðfinnsson, sem nú var spilað í fyrsta skifti, er í raun réttri ekki nýtt lag, heldur endursköpun í eitt þau tvö lög, er hann áður hafði samið, "Sumar" og "Vöggukljóð", að viðbættu í endann "Táp og fjör og friskir menn". En vel fór á stykkinu eins og það var útsett fyrir 6 hljóðfæri, og þó var miðparturinn ekki eins vel spilaður og mátt hefði vera.

Hitt má segja, að samkoman öll var góð og áheyrendum til mikillar gleði. Slík Recitals eru upp-byggileg í tvennum skilningi: þau örfa nemendurna til þess að æfa sig vel til undirbúnings framkomu þeirra opinberlega, og þau hjálpa til þess, að venja nemendurna við, að kasta frá sér allri feimni og að veita áheyrendum það bezta, er þeir eiga á valdi sínu. Í öðru lagi eru slík Recitals mentandi fyrir áheyrendurna í því, að þeir, sem sækja samkomurnar reglulega, læra eftir nokkurn tíma, að dæma af eigin þekkingu um framför nemendanna. Þeir fá einnig smekk fyrir og læra að meta fegurð þá og göfgi, sem felst í sönglistinni, svo að þeim tíma er vel varið, sem þeir nota til að sækja slíkar samkomur.

Og að síðustu eru þessar æfingar góð og áhrifamikil auglýsing fyrir kennarana, því undir framkomu nemenda þeirra er það komið, hvort almenningur vill treysta þeim til að menta börn sín í þessari fögru list.

Ekkjan á Akranesi.

Til leiðbeiningar þeim hinum mörgu í Bandaríkjunum og Vestur-Canada, sem nánar vilja vita um konu þá á Íslandi, sem Vestur-Íslendingar eru að styrkja til vesturferðar, heldur en Hkr. hefir áður getað gefið, og sem hafa látið í ljósi vilja til að styrkja hana, ef þeir vissu hver hún væri, — skal þess hér með getið, að ekkjan heitir Marja Magnúsdóttir, Gunnlaugssonar, úr Þingvallasveit. Hún býr á Þaravöllum á Akranesi í Borgarfjarðarsýslu. Konan er sögð mesta fyrirmyndarkona, og börn hennar eru öll efnileg, en ung. Hún mun hafa allan hug á, að þurfa ekki að verða til þyngsla sveitarfólki sínu þar heima, en finnur örðugt fyrir eina konu, að hafa ofan af fyrir 4 börnum, eins og þar árar nú. Þess vegna hefir hún skrifað Mrs. Helgu Thordarson, að Antler P.O., Sask., og beðið hana hjálpar. Mrs. Thordarson er fús til þess, að taka á móti Marju og börnum hennar, þegar þau koma vestur, en hefir ekki af eigin ramleik efni á, að senda henni fargjöldin. Og af þeirri astæðu hefir Hkr. tekið að sér, að hrinda þessu máli áleiðis með hjálp góðra manna.

Þess skal og getið, að samskotum í þennan hjálparsjóð verður veitt móttaka á skrifstofu þessa blaðs til 31. þ.m., — svo að þeir, sem vildu gefa í sjóðinn, geri svo vel, að senda skildingana sem allra fyrst.

Í þennan samskotasjóð hafa gefið þessir, síðan síðasta blað kom út: —

Sölvi Sölvason, Narrows	$1.00
Bjarni Halldórson, Narrows	1.00
F. Bjerring, Narrows	1.00
Árni Sigurðsson, Narrows	0.50
Har. Sigurðsson, Narrows	0.50
Mrs. S. Tighe, W'pegosis ...	2.00
Mrs. Finnur Jónsson, W'peg	1.00
Miss Guðrún Thorarinsson Winnipeg	1.00
J. K. Einarsson, Hensel, N.D.	2.00
Mrs. Margrét S. Thorvaldsson, Icel. River	2.00
Miss Guðrún Magnússon, Winnipeg	1.00
Skapti B. Brynjólfsson, Winnipeg	5.00
Óneíndur, Lundar	1.00
Óneíndur, Cold Springs	0.50
Mrs. B. Stephansson, Elphinstone, Man.	5.00
"Þjóðerniið", félag á Winnipeg Beach	10.00
Samtals	$34.50
Áður auglýst	60.25
Alls innkomið	$94.75

Þakkarorð

Ég undirrituð votta hér mitt alúðarfylsta þakklæti öllum þeim vinum mínum, sem hafa á ýmsan hátt veitt mér hjálp sína, síðan ég fyrir rúmu hálfu ári misti heilsuna. Það yrði oflangt mál, að nefna alla, sem hafa hjálpað mér, en sérstaklega vil ég minnast hr. Jóns Magnússonar og skyldfólks hans, sem á margan hátt hefir hjálpað mér. Ennfremur íslenzka söngflokksins, "Glee Club", sem afhenti mér að gjöf $30.05, sem var arður af samkomu, sem flokkurinn hélt undir forustu herra Jóns Magnússonar, þann 28. jan. sl. — Fúnnig $50.00, er mér var afhent síðasthliðið ár, samskot, er félagsbræður og systur í Foresterstúkunni í Blaine gengust fyrir. Alla þessa hjálp bið ég algóðan guð að launa þessum vinum mínum.

Blaine, Wash., 6. febr. 1910.

Þórður Gíslason.

OGILVIE'S

Royal Household Flour

Til Brauð og Köku Gerðar

Gefur Æfinlega Fullnæging

EINA MYLLAN Í WINNIPEG,—LÁTIÐ HEIMAIÐNAÐ SITJA FYRIR VIÐSKIFTUM YÐAR.

Smoking Concert

CONSERVATÍVAR Í VESTUR-WINNIPEG ætla að hafa "SMOKING-CONCERT" í efri sal Goodtemplara hussins miðvikudagskveldið

16. MARZ

Ágætir ræðumenn, svo sem Hon. ROBT. ROGERS og fl. flytja þar erindi. — Einnig verður gott söng-prógram. — Allir velkomnir. — Fjölmennið á þennan fund — Komið klukkan 8.

Wall Plaster

"EMPIRE" VEGGJA PLASTUR kostar ef til vill ögn meira en hinar verri tegundir, —en berið saman afleiðingarnar.

Vér búum til:

"Empire" Wood Fibre Plaster
"Empire" Cement Wall "
"Empire" Finish "
"Gold Dust" Finish "
"Gilt Edge" Plaster of Paris og allar Gypsum vörur undir. —

Eigum vér að senda yður bækling vorn?

BÚIÐ TIL EINUNGIS HJÁ

MANITOBA GYPSUM CO. LTD

SKRIFSTOFUR OG MILLUR Í

Winnipeg, - Man.

Heimskringla

Published every Thursday by The Heimskringla News & Publishing Co. Ltd

Verð blaðsins í Canada og Bandaríkjunum $2.00 um árið (fyrir fram borgað), Sent til Íslands $2.00 (fyrir fram borgað af kaupendum blaðsins borðl. $2.)

B. L. BALDWINSON.
Editor & Manager

Office:
729 Sherbrooke Street, Winnipeg
P.O. BOX 3083. Talsími 3512.

Ég kom og sá

ÍSLENDINGA Í SASKATCHEWAN FYLKI.

(Framhald).

Nú var botninn dottinn úr vegabekkingu Guðmundar þar í bygð, og fékk ég því Pál, son Sigurjóns Sveinssonar bónda, til þess að keyra með mér um vestasta hluta-ann til Candahar. Páll er ungur fjörmaður og keyrir eins og gapi, — en skelfing þykir stúlkunum, þessum fáu, sem dvelja þar vestra gaman að keyra með honum — til kirkju? Með Páli gekk ferðin talsvert greiðara en ég hafði búist við, því bæði er þar strjálbygðara en eystra, og svo eru þar ýmsir landnemar, sem ekki voru heima.

Meðal annara komum við til herra Steingríms Jónssonar, eins efnaðasta og landrýmasta bónda þar um slóðir. Einnig til Steingríms Þorsteinssonar og Tryggva Friðrikssonar. Tryggvi bjó áður lengi í Argyle nýlendu, en flutti vestur fyrir nokkrum árum. Hjá honum dvöldum við tíma-korn. Dóttir hans ein er Music kennari, og mun ætla nú með komandi vori að setjast að í Wynyard bæ, og stunda list sína þar. Candahar bær er lítill ennþá, að eins í fæðingu. Stærsta byggingin þar er kornhlaða mikil. Í bænum býr hr. Thorviður Halldórsson timbursmiður, í snotru eigin húsi. Hjá honum höfðum við miðdagsverð. Hann er að byggja stórt greiðasöluhús, sem var langt til fullgert er við vorum þar. Þar hefir sölubúð herra Jón sonur Jóns Jónssonar frá Munkaþverá í Eyjafirði. Hann hefir og aðra búð í Wynyard bæ, og faðir hans býr á landi þar skamt frá bænum, í prýðisgóðu timburhúsi. Þar verzla og þeir félagar Hjálmarsson og Steinson, frá Argyle. Þeir hafa algenga vöruverzlun.

Í grend við Mímir pósthús býr Jón Jónsson (frá Mýri), skirleiksmaður og skáld. Ég hafði ekki séð hann síðan við skildum á Akureyri árið 1873. Þá vorum við báðir ákvarðaðir að fara með sama skipinu frá Akureyri til Englands, áleiðis til Ameríku. En þegar til kom, þá var ekki rúm í því litla skipi fyrir alla, sem skrásettir höfðu verið til fararinnar. Ég komst með skútunni, en Jón varð eftir, og dvaldist honum þá heima um 30 ára skeið. Hann hefir því verið hér í landi að eins fá ár, en býr nú góðu búi þar vestra.

Í austurleið frá Candahar og Mímir gistum við hjá BirniGuðnasyni, í ágætu, nýbygðu timburhúsi. Og næstu nótt hjá Friðriki Thorfinnssyni, tengdasyni Sigurjóns Sveinssonar. Hann býr í nýju og ágætu timburhúsi og virðist búa við allsnægtir. Mér list svo á þann náunga, að hann muni verða stórbóndi þar í sveit með tíð og tíma.

Næsta dag fórum við til Wynyard. Nú var ferðinni um nýlenduna lokið, og dvaldi ég daglangt þar í bænum til að litast um og finna ýmsa, er þar búa.

Wynyard er snotur bær með 200 íbúum eða þar um bil. Hann liggur skamt suður frá austurenda Big Quill vatns og litlu vestar. Þar er kornhlaða, banki og stórt hótel, allvandað. Þar er landskrifstofa Dominion stjórnarinnar og einnig önnur landsölu skrifstofa, því tveir af hæstandandi embættismönnum C.P.R. félagsins hafa þegar sett syni sína í landsölu og peningalánsstöðu þar í bænum, og bendir það með öðru fleiru á það, að C.P.R. félagið hafi áformað, að beita öllum áhrifum sínum til þess að byggja upp bæinn. Félagið hefir og gert og er að gera meira í bæ þessum, en í nokkrum hinna, sem ég hefi komið í. Félagið hefir bygt þar ágæta vagnstöð, sem var sem næst fullger, er ég var þar. Félagið hefir einnig látið byggja þar allstórt "Roundhouse" og er að byggja útbúnað til að hafa kolaflutningsstöð þar í bænum. Margar verzlanir eru í bænum, og svo telst til, að þar séu nú 18 eða 20 verzlunar og starfsstofnanir, og er það mikið í bæ, sem enn þá er ekki fullra tveggja ára gamall.

Af Íslendingum, sem þar reka starf, eru helztir þessir: H. J. Halldórsson. Hann hefir algenga vöruverzlun, als kyns matvöru, fatasölu o.fl. Búð hans er stór og vel fylt af úrvals vörum. Hann er og póstmeistari þar í bænum, og fer þaðan orð af honum, að hann stundi starf það með mikilli alúð og skyldurækni. Annar verzlunarmaður þar er Jón Jónsson, Jónssonar frá Munkaþverá, sem fyr er getið. Hann hefir fata og skóverzlun og einnig húsgagnasölu. Einnig hefir herra S. A. Sigfússon þar stóra algenga vöruverzlun. Í hans búð keypti ég þá beztu 5 centa vindla, sem ég hefi enn þá fengið í Vestur-Canana. Og víst er það, að ef hann selur allar vörur sínar jafn-ódýrt eftir gæðum eins og hann selur vindlana, þá ætti hann að gera mikla verzlun. Þar í bænum vinnur og Kristján Bergþórsson á kjötmarkaði, en svo var mér sagt, að hérlendur maður ætti markaðinn.

Að eins fáir Íslendingar búa í Wynyard. Meðal þeirra er herra Sigurjón Eiríksson. Hann er verzlunarstjóri fyrir McGregor & Williams timburfélagið. Hann selur og skilvinduvélar og akuryrkjuverkfæri, og hefir þess utan mjólkursölu þar í bænum. En sonur hans mun aðallega annast um þann lið verzlunarinnar. Sigurjón er og lögregluþjónn þar í bænum. Maðurinn er, eins og þeir vita, sem þekkja hann, stór og sterkur, en svo friður og alúðlegur í viðmóti, að hann er í mestu vinsældum við bæjarmenn og bygðarbúa yfirleitt, og það virðist svo, sem þeir keppist um, að hlaða á hann ábyrgðarmiklum og vandasömum trúnaðarstörfum. Til dæmis má þess geta, að þegar ég kom til Wynyard var hann nýkominn frá Regina, hafði hann setið þar á þingi miklu, er bændur héldu, og getið sér góðan orðstír. Hann sagði mér sjálfur, að þar hefðu verið samankomnir margir stórir menn, og að hann hefði verið stærsti Íslendingurinn á fundinum, en það hefði komið til af því, að hann hefði verið eini Íslendingurinn í þeim mikla hóp. Aðrir landar höfðu verið kosnir til þess að sækja þing þetta ásamt Sigurjóni, en þeir áttu ekki heimangengt um það leyti og gátu því ekki verið þar viðstaddir.

Í Wynyard býr og Símon Sveinsson timbursmiður. Hann er kvongaður Sólveigu dóttur Sveins bónda Kristjánssonar, sem áður er nefndur. Hann hefir þar vinnu-fljótanlega atvinnu og er í uppgangi.

Mörg hús eru myndarleg í Wynyard, en eitt ber þó af þeim öllum, — ekki svo mjög vegna stærðarinnar, heldur fyrir það, að það stendur á hæð í útjaðri bæjarins, og þaðan sést eigi að eins yfir allan bænn, heldur einnig afarlangt umhverfis hann. Hús þetta er eign og íbúð herra Helga Helgasonar, söngfræðings. Húsið er enn þá ekki fullgert, en verður fullgert á komandi vori, því maðurinn er einatt að vinna við það. Ég heimsótti Helga og dvaldi hjá honum nokkra stund. Hann býr þar einbúalífi. En gestkvæmt er hjá honum stundum, þá sá ég á þeim fjölda stórra blásturshljóðfæra, sem hengu þar á veggnum. Í því húsi hefir hann söng og hljóðfæraæfingar, og eru 18 manns í hornleikendaflokki þeim, sem hann hefir myndað, og söngflokk hefir hann einnig myndað með 16 manns, 8 karlmönnum og 8 kvenmönnum, og svo sagðist honum sjálfum frá, að flokkur sá syngi vel. Alt var á tjá og tundri í húsinu, enviðurinn um alt gólfið niðri, því hann var að efna til aðalstigans í húsið, en söngbækur og blöð á borðum og stólum, eins og á þeim toldi, og einnig ritföng á borðinu. Helgi hefir unnið full 4 ár í Saskatchewan fylki, og unnið sér eignarrétt á heimilisréttarlandi þar sunnarlega í bygðinni, og svo sagði hann mér, að hann metti gróða sinn síðan hann kom þar í fylkið, fult þúsund dollara á ári, að jafnaði. Og það skildist mér einnig, að hann hefði lagt út prógram fyrir sig í nálægri framtíð, sem hann gerði sér von um, að reynast mundi arðsamt. Hann kvaðst vera hjartanlega ánægður þarna í bænum og sagði að fólkið væri eindregið mannval. Allir væru sér góðir og keptust um að gera sér lífið sem ánægjulegast. Enda kvað hann Seskatchewan fylki vera það lífvænlegasta pláss, sem hann hefði þekt um dagana, og svo skild ist mér, sem hann mundi ílengjast í Wynyard framvegis.

Frá Wynyard bæ hélt ég með lestinni austur til Leslie, og ætlaði að tefja um stund hjá herra Kristjáni Matthíassyni, sem þar er verkstjóri fyrir C.P.R. félagið. Ég hafði loofað að koma heim til hans, en sá, þó seint væri, að ef ég sendi það loforð, þá mundi það baka mér tveggja daga töf, því kestagangur þaðan austur er að eins annanhvern dag. Þess vegna fann ég mig til þess neyddan, að svíkja Kristján í trygðum, og geri hér með iðrunar-játningu mína. En hug hefi ég á því, er mig ber næst þar að, sem hann býr, að bæta upp fyrir heitrofið með því, að tefja hjá honum góða stund, því maðurinn er svo gerður, að hann lætur ekki gestum sínum leiðast.

Í Leslie frétti ég, að Jóhann Thorleifsson gullsmiður hefði gullstássverzlun í Yorkton, og ásetti ég mér, að finna hann í heimleiðinni, og með því að lestin, sem gekk frá Leslie austur, fór ekki lengra en til Yorkton um kveldið, og nú var laugardagur, vissi ég að ég yrði að bíða í þeim bæ yfir sunnudaginn. Ég lét það því verða mitt fyrsta verk, er ég kom þar, að á laugardagskveldið, að finna búð Jóhanns, og ég þurfti ekki lengi að leita, því hann hefir aðalgullstássbúðina þar í bænum, á aðalstrætinu, örskamt frá vagnstöðinni. Á framhlið hennar var letrað: "G. Thomas & Co." og datt mér þá strax í hug, að þarna væri Guðjón Thomas gullsmiður í Winnipeg landi kominn. Hann væri þegar tekinn til að leggja undir sig stóran hluta af gullstássverzlun canadiska Norðvestlandsins, því hann hefir í félagi með Jóhanni tvær slíkar búðir. Aðra, þá stærri, í Yorkton bæ, og hina minni í Salcoats bæ, og veitir henni forstöðu Kristján, fóstursonur Jóhanns, og undir hans vfirumsjón. Ég hafði þekt þá báða hér í Winnipeg fyrir nokkrum árum. En svo var nú orðin mikil breyting á þeim, að ég ætlaði naumast að þekkja þá. Jóhann er orðinn svo feitur, að hann "rær í spikinu", og svo miklu friðari og höfðinglegri, en mig minti að hann væri. En Kristján, sem var örlítill drenghnokki og grannur eins þvengur, þegar hann var hér í borg, er nú orðinn nær 6 fótamaður, og hinn gervilegasti. Jóhann Thorleifsson býr í snotru húsi í útjaðri borgarinnar, þar sem fína fólkið heldur sig, og þang að fór ég um kveldið til þess að spara mér máltíð. Ég var orðinn svo vanur, að éta á annara kostnað í ferð þessari, að ég gat ekki fengið mig til að kaupa mat, þó svangur væri, meðan nokkur von var um lífsbjörg ókeypis, — og það var engin fyrirstaða á góðum veitingum þar um kvöldið, og svo fór ég þá vel að mat mínum, að mér var boðið að koma þangað næsta dag til frekari veizlu, og það lét ég ekki segja mér tvisvar. Ég sá, að Jóhann bjó þarna við allsnægtir og ég vissi, að hann munaði lítið um, að sletta í einn flæking einum eða tveim málsverðum.

Yorkton bær hefir stækkað mjög á síðari árum, og telur nú, að mér var sagt, um 12 þúsund íbúa. Margar byggingar eru þar vandaðar, og auðsjáanlega bygðar með tilliti til framtíðarþarfa. Allur er bærinn þrifalegur og útsýni þar sagt fagurt að sumarlagi. Steyptar gangstéttir voru þar á aðalstrætum, 10 eða 12 feta breiðar, og ber það vott um örlæti bæjarstjórnarinnar, á kostnað gjaldþegnanna. Dominion stjórnin hefir látið byggja þar nokkrar opinberar byggingar, sem allar eru bæjarprýði og kostbærar og sniðnar að stærð og efni frekar með tilliti til framtíðarvaxtar bæjarins, heldur enn núverandi þarfa. Öll nýtízku tæki eru þar í bænum, nema strætisvagnar, og þeirra verður vart langt að bíða. Grand Trunk Pacific járnbrautin á að liggja um bæ þennan og verður væntanlega tekin þar til starfa á komandi sumri. Land í bænum er þó ekki afardýrt ennþá, nema á aðalstætunum. En þar stígur það nú óðum í verði.

Einn Wesley skóla stúdent, Árni Stefánsson, er þar við laganám, og á hann væntanlega góða framtíð þar í fylkinu að loknu námi.

Frá Yorkton lagði ég leið til Churchbridge. Ég hafði ekki komið þar í 19 ár, frá því, er bygð sú var að myndast, en keyrði þá um hana alla með herra ThomasiPálssyni, sem þá bjó þar. Mér varð það mesta vonbrigði, að sjá, hve lítill Churchbridge bær er. Hann er tiltölulega lítið stærri nú, en hann var fyrir 20 árum. Herra Bjarni D. Westmann hefir þar almenna vöruverzlun, og aðra slíka verzlun hefir herra Sveinbjörn Loftsson, sem áður bjó í grend við bæinn. Og svo hafa þeir Árnason & Son járnvöru og verkfæraverzlun, og má þá segja að að mestu séu talin "business" húsin þar í bænum. Allgott hótel er þar og tvær eða þrjár kornhlöður.

Ég hom til bæjarins snemma morguns, um það leyti, sem fólk var að fara á fætur, en bráðlega fann ég Sveinbjörn Loftsson kaupmann, og þáði hjá honum bæði morgunkaffið og síðar miðdagsverð. Og maturinn var svo mikill og góður — þeir velta í matarsælgætinu þar vestra — að ég varð frá mér numinn af fyllinni og gersamlega gleymdi bæði að þakka fyrir velgerðirnar og að kveðja húsbóndann, og gerði ég því nú það hvorttveggja hér með.

Ég fékk herra Guðbrand Árnason kaupmann þar til að keyra með mig um Þingvalla og Lögbergs bygðir, og komum við á flest heimili í þeim báðum, á hálfum öðrum degi. Ég þekti þar ýmsa bændur að fornu fari. Allir tóku þeir okkur vel.

Eins var um sveitina þar eins og Churchbridge bæ, að mér virtust framfarir að ýmsu leyti ekki hafa orðið þær, sem búast hefði mátt við á jafn-löngu tímabili og liðið er síðan landnám það hófst. Að vísu er erfitt að dæma um þetta, þegar land alt er undir snjó En áreiðanlegt er, að t.d. vegabætur hafa þar orðið tiltölulega litlar á þessu langa tímabili. — Hins vegar hafa íslenzku bændurnir þar nú orðið allstóra akra og prýðisgóð hús, sumir þeirra reglulegar stórhýsi. Og sagt var mér að flestir þeirra væru vel efnaðir og sumir meira en það. Jóhannes Einarsson í Lögbergs nýlendu hefir svo stórt og vandað hús, að það jafngildir betri tegund húsa í Winnipeg borg. Freysteinn Jónsson og Björn Jónsson hafa og ágæt hús, Freysteinn þó betra, að ég hygg. Og fleiri bændur þar hafa ágæt hús. En alt var fólkið í bygðum þessum daufara og hæglátara, en þegar vestar dró, og bendir það á, að Þingvalla og Lögbergs búar hafa átt við örðugri lífskjör að búa á liðnu árunum. En ánægðir virtust þeir eigi að síður, og tvísýnt að þeir vildu skifta kjörum við vesturbúa, þótt þeir ættu kost á því. Enda eru þeir nú orðnir þarna hagvanir og búnir að búa um sig, og líður vel eins og er. (Meira).

Gísli S. Borgfjörð.

I.

DÁNARLJÓÐ.

FLUTT YFIR LEIFUM HINS LÁTNA.

SVO hljómlaust sem dytti hismi á fold
falla hálf-stuðluð orð mér af vör. —
Að vita þig látinn og lagðan í mold
þegar lífi gaf þér fagnandi svör!
Er þú kaust þér að reyna þitt þrek og þinn þrótt —
kljúfa hinn þunga straum hreystinni með,
þá var lokuð þín braut og hin niðdimma nótt
bjó þér náhjúp á fsköldum beð.

Og því grátum vér nú, þegar æskan er elt
út í ólif af forsjónar mund —
þegar lífsríkið unga er lamað og felt,
sem þó langaði á hásumars fund —
þegar hjálpþurfa ellin er hnipin og særð
eftir heldöpru nóttina þá —
þegar ástin og vináttan ein eru færð
út á eyðimörk sorginni hjá.

Já, vér grátum þig vinur! vér allir og einn
sem að áttum þér leiðina með.
Þinn vinfasti, látprúði hugur var hreinn —
það var heiðríkt íð norræna geð. —
Vertu vinur vor sæll! Far vel vinur á braut!
og vor vinkveðja séu vor tár,
sem þér fylgja í aldanna eiltíðarskaut —
yfir áranna myrkur og sár.

II.

SONARMISSIR.

ORT Í NAFNI FÖÐURSINS, SŒMUNDAR BORGFJÖRÐS.

HÝRIR voru dagar
og heiðar nætur
meðan þú sonur
á samleið dvaldir.
Þá var mér líf
leikur mætur.
Alt var mér yndi
í augsýn þinni.

Daprir eru dagar
og dimmar nætur
síðan þú mér sonur
af samleið hvarfst.
Höfugt er höfuð
hærum undir,
grátur í kverkum
en gjall í hjarta.

Harma ég þig ástmögur
heilum seva,
æska og aðstoð
elli mæddrar.
Sælt var að una,
sælt var að þola
alt með þér ungi
ættar-hlynur.

Oft mér svöðu-sár
sviða ollu,
en heitust mér svellur
hold þessi.
Herða mèr harmar
hjartastrengi,
unz brostnir falla
í biðsal grafar.

Lít ég ljós-eyjar
laukum skrýddar,
baðast þær köldum
brotsjó æfi.
Þær eru hjarta
höfu á djúpi,
ómlönd míns anda
í útsæ þagnar.

Þær eru minningar
þinna lífs-vona,
æfi-óska,
sem aldur deyddi.
Tíni ég þar blóm
af tárum sprottin,
heiðar róskrónur
míns hjartablóðs.

Kvakar söngfugl
á kvisti grænum,
lofgjörð hann ljóðar
lífsins herra,
en þögn míns þunglyndis
þökk ei megnar
fram að flytja
föður ára.

Því er mér ómótt
um æfigöngu,
myrkvuð himinljós
mökkva sorgar. —
Sonur minn! Sonur minn!
seint og snemma
grátandi býð ég þér
góðar nætur!

ÞORSTEINN Þ. ÞORSTEINSSON.

land, Geo. Allan, Chas. Robinson, R. M. Douglas. Th. Ingimarsson, Jóh. Johnson, N. Vigfússon, W. L. Brown, P. Cropp, $1 hvert; H. Fisher, J. Bjarnason, Homer S. Moore, F. Rim, Mrs. St. Thompson, F. Hooper, H. E. Forster, H. A. Mayrick, Óneíndur, Thos. Forster, R. Greer, A. Austin, F. E. Kirby, Snorri Jónsson, Tryggvi Thorsteinsson, Jón Guðmundsson, H. Magnússon og O. Oddson, 50c hvert, og Jón Kr. Jónsson, 45c.

Með vinsemd, fyrir hönd félagsins.

Tantallon, Sask.

Sigmundur Johnson,
Snorri Johnson.

Sparið Línið Yðar.

Ef þér óskið ekki að fá þvottinn yðar rifinn og slitinn, þá sendið hann til þessarar fullkomnu stofnunar.

Nýtízku aðferðir, nýr vélaútbúnaður, en gamalt og æft verkafólk.

LITUN, HREINSUN OG PRESSUN SÉRLEGA VANDAÐ

Modern Laundry & Dye Works Co., Ltd.
307—315 Hargrave St.
WINNIPEG, MANITOBA
Phones: 2300 og 2301

The **Farmer's Trading Co.**
(BLACK & BOLE)

HAFA ÁVALLT BESTU VÖRUTEGUNDIR.

Einu umboðsmenn fyrir:—
"SLATER" Skóna góðu.
"FIT-RITE" Fatnaðinn.
"H. B. K." prjónafélagið.
"HELENA" pils og 'waist' kvenfatnaði.
Bestu matvörutegundir.
"DEERING" akuryrkju verkfæri o, s. frv.

Beztu vörur Lágt verð

Fljót og nákvæm afgreiðsla.

Farmers' Trading Co.,
THE QUALITY STORE
Wynyard, Sask.

JOHN DUFF
PLUMBER, GAS AND STEAM FITTER
Alt verk vel vandað, og verðið rétt
664 Notre Dame Ave. Phone 3815
Winnipeg

Sherwin-Williams PAINT
fyrir alskonar húsmálningu.

Prýðingar-tími nálgast nú. Dálítið af Sherwin-Williams húsmáli getur prýtt húsið yðar utan og innan. — Brúkið ekker annað mál en þetta. — S.-W. húsmálið málar mest, endist lengur, og er áferðarfegurra en nokkurt annað hús mál sem búið er til. — Komið inn og skoðið litarspjaldið. —

Cameron & Carscadden
QUALITY HARDWARE
Wynyard, -- Sask.

Gjafir til Alm. spítalans.

Herra ritstj. Hkr.

Gerðu svo vel að veita móttöku $35.75, sem Goodtemplarastúkan "Frækorn" hefir safnað fyrir almenna sjúkrahúsið í Winnipeg. Það er okkur sönn ánægja, að geta sýnt þennan litla lit á, að styrkja þessa mikilvægu líknarstofnun, sem ætti að vera hverjum góðum manni ljúft og skylt að rétta hjálparhönd. Óskandi, að fleiri stúkur sjái sér fært, að vinna eitthvað í líka átt.

Eftirfylgjandi er listi yfir gefendur að ofangreindri upphæð:

Sigurður Johnson $5; J. J. Johnson, A. Parks, J. H. Dumford, $2 hver; Mr. og Mrs. Th. Kolbeinsson, Stephan Kolbeinsson, W. C. Payner, R. P. Payner, A. C. Parker, Wm. Hambridge, Geo. Mark-

Til minnis.

Nautgripi, hesta og landbúnaðarverkfæri tek ég í skiftum fyrir gott hús í Winnipeg. Húsið er með öllum hæst-móðins þægindum. — Þetta ætti að geta komið sér þægilega fyrir einhvern. Skrifið, talsímið eða talið við.

G. J. GOODMUNDSON,
Talsími: Main 4516. 702 Simcoe

ROBLIN HOTEL
115 Adelaide St. Winnipeg
Beztu $1.50 á-dag hús í Vester-Canada. Keyrsla ókeypis milli vagnstöðva og hússins á nóttu og degi. Aðhlynning hins bezta. Viðskifti Íslendinga óskast. ÓLAFUR G. ÓLAFSSON, Íslendingur, afgreiðir yður. Heimsækjið hann. —
O. ROY, eigandi.

Winnipeg Business College
Cor. Portage Ave and Fort St.
28. AR.
FÉKK FYRSTU VERÐLAUN Á SAINT LOUIS SÝNINGUNNI.
Dag og kveldkensla. Telefón 45.
Haustkensla byrjar 1 Sept.
Bæklingur með myndum ókeypis.
Skrifið til: *The Secretary, Winnipeg Business College, Winnipeg, Man.*

A. S. BARDAL
Selur líkkistur og annast um útfarir. Allur útbúnaður sá besti. Enfremur selur hann alskonar minnisvarða og legsteina.
121 Nena St. Phone 306

HEIMSKRINGLU og TVÆR skemtilegar sögur fá nýir kaupendur fyrir að eins $2.00

Giftingaleyfisbréf
selur: Kr. Ásg. Benediktsson
528 Simcoe st. Winnipeg.

—THE—
"Arena"
Þessi vinsæli skautaskáli hér í vesturbænum er nú opinn. Ísinn er ágætur. 18DA MOUNTED RIFLES BAND SPILAR Á ARENA. KARLM. 25c.—KONUR 15c.
Chas. L. Trebilcock, Manager.

JIMMY'S HOTEL
BEZTU VÍN OG VINDLAR.
VÍNVEITARI T.H.FRASER.
ÍSLENDINGUR. : : : : :
James Thorpe, Eigandi

A. S. TORBERT'S
RAKARASTOFA
Er í Jimmy's Hótel. Besta verk, ágæt verkfæri; Rakstur 15c en Hárskurður 25c. — Óskar viðskifta Íslendinga. —

MARKET HOTEL
146 PRINCESS ST. á móti markaðnum
P. O'CONNELL, eigandi, WINNIPEG
Bestu tegundir af vínföngum og vindum, aðhlynning góð húsið endurbætt!

Woodbine Hotel
466 MAIN ST.
Stærsta Billiard Hall í Norðvesturlandinu
Tíu Pool-borð.—Alskonar vín og vindlar
Gisting og fæði: $1.00 á dag og þar yfir
Lennon & Hebb
Eigendur.

Hvernig vinnur þú bug á hinu illa?

Prédikun, flutt í Tjaldbúðarkirkju 3. sunnud. í föstu, 27. febrúar 1910.

EFTIR *F. J. Bergmann.*

BEN.—Liknsami faðir! Fyrirgef oss margfaldar syndir vorar. Fyrirgef oss, hve lítils vér mátum oft lífið, og hve illa vér fórum með það. Fyrirgef oss, hve seinir vér vorum að skilja, hve óumræðilega dýrmætt lífið á að vera hverjum manni. Fyrirgef oss, að vér oft létum berast fyrir straumi og lifðum baráttulausu lífi, án þess að keppa eftir þeirri fullkomnun og þeim þroska, sem þú ætlaðir oss. Þú lézt oss fæðast í heim þenna til þess að vinna bug á hinu illa. Vér áttum að leggja heiminn að einhverju leyti að fótum þér. Þú ætlaðir oss að vinna bug á hinu illa í oss og umhverfis oss. Þú sendir eingetinn son þinn í heiminn til að frelsa oss frá hinu illa. Hann sýndi oss á ógleymanlegan hátt, hvernig þú ætlast til, að allir, sem á þig trúa, verji lífi sínu. Kenn oss að verja lífi voru eins og hann. Gef oss hugarfarið hans, kærleiksríku lundina hans, vísdóminn hans, brennandi áhugann hans, að vinna bug á hinu illa. Amen í Jesú nafni.

Ræðutexti:

Lk. 11, 14—28.

Fyrra helming föstutímans, gefa guðspjallatextarnir, sem valdir hafa verið, tilefni til hugleiðinga um baráttuna gegn hinu illa. Á fyrsta sunnudag í föstu hefir guðspjallið öðlast það arfgenga nafn með þjóð vorri: Djöfullinn freistar Jesú. Annan sunnudag í föstu: Kanverska konan — eða frásagan um það, hvernig frelsarinn læknaði brjálaða dóttur heiðingja konu einnar, sem til hans leitaði. Þriðja sunnudag í föstu: Jesús rak út djöful. Það er sagan, sem vér höfum fyrir oss í dag.

Baráttan gegn hinu illa er of til vill stærsti veruleiki lífsins eða þeirrar tilveru, sem vér þekkjum hér. Lífið hér á þessari jörð virðist að lang-mestu leyti vera baráttu líf. Baráttulaust líf er ekkert líf. Það er aðgerðaleysi, dauði, afturför. Lífið í öllum myndum barátta. Eins langt og augað eygir er það í hættu og háska. Eðlishvötin ávalt sú sama, að forðast hættuna. Þroskinn, vöxturinn og viðgangurinn, sem öllu lífi er ætlaður, næst einungis með því, að hver lifandi vera taki á öllum kröftum til að varðveita líf sitt og losa það úr heljargreipum.

Enginn hefir kent oss mönnum þetta eins vel og mannkynsfrelsarinn. Enginn sýnt, hvernig manninum er ætlað að verja lífi sínu, eins og hann. Enginn gengið eins á hólm við hið illa og hann. Freistingarsagan sýnir oss, hvernig hann sparn hinu illa frá sér, frá eigin sálu sinni, svo það yrði honum eigi að meini. Hinar sögurnar sýna oss, hvernig hann bægir því frá öðrum og losar þá úr viðjum þess. Kenningin hans og verkin hans öll höfðu sama markmið: Að vinna bug á hinu illa og fá mennina til að slíta af sér fjötra þess.

Miklu opnari augum hefir hann lítið lífið en vér. Í augum hans er tilveran öll háð andlegu valdi. Hann sér mikið af illu hvarvetna, og það gengur honum sárt til hjarta. Hann hefir alls enga skýringu gefið oss á því, hvers vegna það sé til, og hví lífið þurfi að vera þessum baráttu-skilyrðum háð,— svo fult sársauka og kvöl, böli og neyð. Hann hefir að eins gert mennina enn betur sjáandi en þeir voru áður. Kent þeim að horfa hinu illa beint í augu, gera sér ljósa grein fyrir hættunni, sem lífi og velferð er af því búin, og vera sífelt að finna bót við hverju böli. Hann treystir ávalt mætti síns himneska föður. Tilveran er öll á hans valdi. Alt hlýtur því að fara vel. Hann er sístarfandi og hann vill, að mennirnir sé einnig sístarfandi með honum að velferð sinni og heildarinnar allrar. Og starfið er í því fólgið, að lyfta öllu í æðra veldi en það er, vinna bug á einhverjum örðugleikum, sem síðast eftir því sannasta og bezta, sem hugurinn þráir.

Í frásögu þessari er hann enn að lækna. Hér er mállaus maður, þar sem hann ber að. Fólkið álítur, að málleysi hans sé orsakað af illu andavaldi. Svona skamt var þekkingin á leið komin. Jesús læknar manninn, svo hann fer að mæla. Hve óumræðileg lækning er í því fólgin, að menn eru nú öldungis hættir að trúa því, að hinir mörgu meinbugir lífsins sé af völdum illra anda. Þá var hið illa svo máttugt í huga manna, að naumast sá til sólar. Nú er hið góða orðið svo voldugt, að það er stöðugt að vinna kraftaverk.

Fólkið undraðist yfir mætti hans. Sumir hafa orðið glaðir og lofað guð, sem er góður. Aðrir lögðu illa út. Sumir sögðu: hann er góður; guð er í verki með honum. Aðrir sögðu: Sá illi, andahöfðinginn sjálfur, veitir honum fulltingi sitt. Sumir sögðu: það er sigur hins góða. Aðrir: það er sigur hins illa. Svo misjafnt dæma menn og skilja þann dag í dag, cét og einatt.

Trúin á hið illa var mikil með Gyðingum á dögum frelsarans. Hún hvildi eins og farg yfir þjóðinni. Örlög þjóðarinnar áttu þátt í því. Hagur hennar var bágur, hugurinn dapur. Það var eins og alt hefði snúist henni til ógæfu. Hún hafði verið bjartsýn í lengstu lög. Í gamla testamentinu verður trúarinnar á illan anda mjög lítið vart. Satan er að eins nefndur á þrem stöðum í gamla testamentinu, og mjög vafasamt, hvort orðið er þar viðhaft sem eiginnafn. Í 21. kap. fyrstu Kronikubókar, er frá því sagt, að Satan hafi hafist gegn Ísrael og engt Davíð til að telja Ísrael. En í 24. kap. 2. Samúelsbókar er önnur frásögn um sama fólkstalið. Sú frásögn er miklu eldri en hin, er Kronikubókin hefir. Í þessari eldri frásögu er Satan ekkert nefndur, heldur sagt, að reiði Jahve hafi upptendrast gegn Ísrael, og hann hafi sagt við Davíð: Far þú og tel Ísrael, og Júda. En af því guð hengdi Davíð og Ísrael stórkostlega fyrir fólkstal þetta með drepsótt, er hreif burt eigi færra en sjötíu þúsundir manns, fær eigi höfundur Kronikubókanna, sem ritar einum 250 árum síðar, skilið, hvernig unt sé að samrýma þetta réttri guðshugmynd. Þess vegna bendir hann á óvin mannanna í andaheiminum sem þann, er komið hafi þessu óheilla-atviki til leiðar. Báðar frásögurnar bera að eins vott um skilning höfundanna og skýring á þessu atriði í sögu þjóðarinnar. Og er engin furða, þótt hann sé nokkuð ólíkur, þar sem hálf þriðja öld er á milli þeirra. Annar segir, að upptökin hafi verið hjá guði. Hinn hjá Satan.

Hinir tveir staðirnir eru miklu ákveðnari. Hinn fyrri er hjá spámanninum Sakaría. Álíta menn spádómsbók hans framkomna kring um árið 520 fyrir Krist. Í byrjan 3. kapítula segir spámaðurinn, að hann hafi séð í sýn Jósúa, æðsta prest, þar sem hann stóð frammi fyrir engli Jahve og Satan honum til hægri handar að ákæra hann. Svipaður þessum stað er hinn alkunni staður í Jobs-bók. Það stórmerka skáldrit byrjar með formála í óbundnum stíl, þar sem meðal annars þetta stendur:

Nú bar svo til einn dag, að synir guðs komu til þess að ganga fyrir Jahve og kom Satan og meðal þeirra. Mælti þá Jahve til Satans: Hvaðan kemur þú? Satan svaraði Jahve og sagði: Ég hefi verið að reika um jörðina og arka fram og aftur um hana. Og Jahve mælti til Satans: Veittir þú athygli þjóni mínum Job? Því að enginn er hans líki á jörðu, maður ráðvandur og réttlátur, guðhræddur og grandvar. Og Satan svaraði Jahve og sagði: Ætli Job óttist guð fyrir ekki neitt? Hefir þú ekki lagt skjólgarð um hann og hús hans og alt, sem hann á, hringinn í kring? Handaverk hans hefir þú blessað og fénaður hans breiðir sig um landið. En rétt þú út hönd þína og snert þú alt, sem hann á, og mun hann formæla þér upp í opið geðið. Þá mælti Jahve til Satans: Sjá, veri alt. sem hann á, á þínu valdi; en á sjálfan hann mátt þú ekki leggja hönd þína. Gekk Satan þá burt frá augliti Jahve.

Eins og öllum gefur að skilja, er þetta ekki frásögn um neinn verulegan atburð, heldur er þetta skáld skapur, hugmyndasmíð höfundarins. Hann lætur þenna stórfenglega harmsöguleik hefjast á himni. Þar lætur hann Satan koma fram fyrir drottin og telur hann með sonum guðanna — elohim. Engrar óvinganar verður vart milli hans og guðs. En hann er mönnunum óvinveittur og þolir ekki, að þeim sé hrósað. Hann vill sannfæra Jahve um, að þeim sé ekki trúandi. Þeir falli frá, er þeir verði fyrir miklu mótlæti. Skáldið lætur hann koma fram sem málfærslumann gegn Job, að eins til að gera lífandi í huga lesendanna reynslu Jobs og sigurinn mikla, er hann að síðustu öðlast. En hann getur ekkert, nema með fullu leyfi guðs og verður að lúta vilja hans í öllu.

Jobsbók álíta menn, að til hafi orðið annaðhvort á herleiðingar tímabilinu, austur í Babylon, eða þá fljótt eftir heimkomuna. Lengra en þetta var trúin á hinn illa ekki komin um það leyti. En á tímabilinu frá heimkomunni og til þess tíma, er frelsarinn var uppi, tók trúin á hið illa fjarska miklum þroska hjá þjóðinni. Menn álíta nú alment, að það hafi verið fyrir áhrif frá Persum, sem þeim mun meiri áhrif höfðu á hugsunarhátt þjóðarainnar, af því þeir höfðu reynst Gyðingum betur en aðrar heiðingjaþjóðir og gefið þeim heimfararleyfið, er þeir þráðu sárar öllu öðru. En með Persum var trúin á hið illa ákaflega sterk. Veldi hins illa var eftir hugsunarhætti þeirra jafnmáttugt veldi hins góða, eða enn voldugra. Vonbrigðin, sem þjóðin varð fyrir við heimkomuna, og hin ömurlega barátta, er hún stóð uppi í fyrir sjálfstæði sínu, þar sem leikslok voru stöðugur ósigur, hafa eflaust átt í því drjúgan þátt. Þessa þroski trúarinnar á hið illa með þjóðinni kemur bezt fram í apokrýfisku riti, hinni svoneíndu Enoks bók, sem kom fram á síðustu öld fyrir Krists burð. En hann stendur í sambandi við hugsunarhátt, er gekk yfir heim allan um það leyti. Menn hugsuðu sér veröldina fulla illum öndum. Gyðingar hugsuðu sér helzt heiminn allan utan Gyðingalands, sem veldi hins illa. Eftirtektavert er, að í Jóhannesarguðspjalli virðast hinir illu andar nálega horfnir sýnum. Þar sýnist hinn illi höfðingi nálega standa einn uppi andspænis guði og Kristi.

Með vanalegum yfirburðum hugsunarinnar sýnir frelsarinn við þetta tækifæri, eins og oftar, hve andstæðingar hans fari með mikið óvit. Þér segið, að ég reki illa anda út með fulltingi andahöfðingjans. Er hann þá orðinn sjálfum sér sundurþykkur? Sé hann farinn að rífa niður fyrir sjálfum sér, er veldi hans eigi lengur eins óttalegt og þér haldið. Ríki hans fer þá eigi staðist. Það voru líka fleiri á Gyðingalandi, sem ráku út illa anda en hann. Á það bendir hann þeim. Lærisveinar farisea og fræðimanna læknuðu líka á þenna hátt og virðist oft hafa heppnast. Er það þá sá illi, sem hjálpar þeim? Þeir lækna í yðar umboði. Þess vegna skulu þeir vera dómendur yðar. Eigi var unt að láta þá verða sér meir til minkunar fyrir heimsku sína.

Nei, þér vitið, að það er eigi svo, segir frelsarinn. Það, sem ég gjöri, á að sannfæra yður um mátt hins góða yfir hinu illa. Það er guðlegur máttur til að frelsa frá hinu illa, sem þér hér hafið orðið varir. Máttur hins illa er eigi eins mikill og þér ætlið. Guð er óumræðilega mikið máttugri. Sá, sem gengur út í baráttuna í hans nafni, öðlast máttinn hans til að vinna bug á hinu illa. Ég rek illa anda út með guðs fingri — guðlegum mætti. Látið það vera tákn þess, að guðsríki sé til yðar komið.

Á hvern hátt er guðsríki komið? Á þann hátt, að nú áttí mönnum að skiljast, að baráttan gegn hinu illa væri ekki vonlaus, heldur þvert á móti, að guð almáttugur, faðir alls sem lifir, — hann, sem sendi elskulegan son sinn til jarðar, mönnum til frelsis, og var máttugur í honum, vill vera máttugur í hverjum einasta manni, sem á hann trúir. Hann ljær hverjum þeim, sem uppi stend ur í baráttunni gegn hinu illa að dæmi frelsara vors Jesú Krists, guðlegan mátt til að sigra í þeirri baráttu. Lífið er sigur, en eigi ósigur. Guðsríki er komið til allra, sem trúa, að guð vilji ekki dauða syndugs manns, heldur að hann snúi sér og lifi. Guðsríki er komið til allra manna, sem trúa því, að kærleikurinn sé sterkasta aflið, sem starfandi er í heiminum. Að hann sé hvert augnablik að lækna og likna og sigra. Guð er kærleikurinn. Sá, sem á hann trúir og hefir hann í sálu sinni, eins og frelsarinn, hann er stöðugt að vinna bug á hinu illa með guðs fingri. Á þenna hátt var guðsríki til þeirra komið.

En í enn sannara skilningi á það að vera til vor komið. Trúin á alveldi guðs er sannarlegt guðsríki hverri manníssál, sem hana eignast. Sú trú, að hann sé einvaldur konungur, og enginn höfðingi til svo máttugur, að hann fái slegið nokkurn hlut úr hendi hans, er kristin trú, — sú trú, sem drottinn vor Jesús Kristur vildi gefa heiminum — hún og engin önnur. Í hana held ég mér dauðahaldi og er öruggur. Um leið og ég læt hana þroskast í sálu minni, veit ég, að ég er að íklæðast Kristi. Ég er þá að berjast við hið illa í sjálfum mér og umhverfis mig á sama hátt og hann. Og ég er þá að horfa út yfir tilveruna alla sömu björtu trúaraugum og hann.

En þessi trú á alveldi guðs og alveldi kærleikans á erfitt með að ryðja sér til rúms í hjörtum mannanna. Hve litinn gaum menn hafa gefið orðum frelsarans. Sá illi hefir verið svo óumræðilega máttugur höfðingi í hugum manna. Ósjaldan tala kristnir menn svo sem væri allur heimurinn á valdi hans. Miðaldaguðfræðin á í því mikinn þátt. Menn gátu naumast snúið sér þvers fótar, án þess að mæta hinum illa. Hann tók á sig alls konar gerfi og var allstaðar á ferðum og sýndist alt hafa í hendi sér. Samt var máttur hins góða eigi þorrinn. Á móti minsta hnjóti þess mátti hann sín ekkert jafnvel í miðaldatrúnni. Krossmarkið eitt eða dropi af vígðu vatni var nóg til að fæla hann langa vegu.

Frelsarinn talar um hann sem bundinn. Hann hverfur aftur að einhverju leyti til hugmyndar gamla testamentisins um hann, sem þann, er hlýða verði vilja drottins og lúta heilögu alveldi hans. Hann segist sjá Satan falla af himni sem eldingu (Lk. 10, 18), það var þegar lærisveinarnir sjötíu hurfu aftur til hans með fögnuði og sögðu: Jafnvel illir andar eru oss undirgefnir í þínu nafni. Það er honum forboði þess, að trúin á mátt hins illa þverri í mannssálunum. Hann hugsar ávalt um hið illa sem yfirbugaðan óvin, fjandsamlegt afl, sem lagt sé í bönd, og hver einasti maður eigi að ljá lið og krafta til að fjötra.

Nú er miðaldamyrkrið fyrir löngu um garð gengið. Trúin á guð og það, sem gott er, hefir þroskast óumræðilega mikið. Krossmörkin og vígða vatnið horfið úr mótmælenda heiminum, þar sem þau enn eru við lýði, uggir mig, að trúin á áhrif þeirra sé að eins skuggi hjá því, sem eitt sinn var. En trúin á þann kærleikans guð, er öllu ræður, allstaðar er nærverandi, starfandi og frelsandi, læknandi og liknandi, hún hefir eflst og þroskast og aldrei verið jafn-björt og frjálsum mönnum jafn-samboðin og nú. Trúin á föður drottins vors Jesú Krists og þann, sem hann sendi, er, þrátt fyrir alt, hið sanna lífsloft þessarar aldar. Hún er stöðugt að binda hið illa. Henni er líklega, þrátt fyrir margar syndir, gefið meira vald til að stíga ofan á höggormu og sporðdreka og yfir öllu óvinarins veldi, en flestum öldum öðrum (Lk. 10, 19).

En að sama skapi sem trúin á

sagði Jakob. "Við finnumst einu sinni enn. Vertu sæll".

Hann fór, en Móritz gekk hugsandi heim á leið. Móðir hans var að æfa sig í að spinna, til að stytta einverutíma sinn.

"Ert það þú, Móritz?" sagði hún þegar hann kom inn.

"Já, mamma", svaraði drengurinn og lézt vera kátur. "Ég hefi unnið duglega fyrir þig, það máttu reiða þig á".

"Vesalings Móritz minn", sagði móðirin, "þú ert sjálfsagt þreyttur?"

"Nei, nei, ég ætla nú að kveikja ljós og lesa í alt kvöld á meðan þú spinnur".

Móritz kveikti ljósið og las í nokkrar stundir viðstöðulaust. Á meðan spann móðir hans og sagði ekki eitt orð.

"Ég held það gangi vel, mamma", sagði Móritz um leið og hann hlóð saman bókum sínum. Á kvöldin les ég upp það, sem ég hefi lært, og í vor göngum við til Gautaborgar, þar vona ég þú fáir sjónina aftur og getir unnið eins og áður, svo að ég geti haldið áfram námi mínu".

"Guð gefi það rætist, elsku Móritz minn, en nú er ég þér til byrðar".

"Segðu ekki þetta", sagði Móritz ákafur. "Hefir þú ekki unnið og liðið fyrir mig? Og er það ekki skylda mín, að endurgjalda þér alla þessa ást?"

"Móritz", sagði móðir hans, "ég hefi verið að hugsa um breytni mína í dag, og er komin að þeirri niðurstöðu, að ég hafi ef til vill breytt rangt gagnvart þér, með því að láta þig vinna í Óðinsvík til þess að þurfa ekki að lifa af annara gjöfum. Það er ef til vill ekki annað en heimskulegt dramb, sem hefir komið mér til þessa. Presturinn hefir beðist

til, að safna samskotum handa okkur, en við höfum bæði neitað því. Það er máske rangt".

"Nei, nei", svaraði Móritz, "láttu mig að minsta kosti halda áfram að vinna í vetur. Séu þá engin úrræði önnur, þá getum við þegið þetta. Það er engin hneisa að vinna fyrir sér við heiðarlegt starf, og hví skyldi ég ekki geta unnið eins og aðrir fátæklingar?"

"En ....." sagði húsfrú Sterner.

"Ekkert enn, elsku mamma", sagði Móritz, "þú verður að lofa mér að ráða í þessu efni. Mér þykir að sönnu vænt um bækurnar mínar, en mér þykir þó vænna um þig en alt annað, og þú skalt ekki þurfa að lifa af ölmusum á meðan ég get unnið fyrir þér".

Við þetta sat. Móðir hans kom ekki með fleiri mótbárur, þegar hún vissi að syni hennar var ánægja í að vinna fyrir hana. Þannig liðu dagarnir, hún fékk nógan hör til að spinna frá nálægustu auðmönnum, og vaninn gerði að hún að síðustu gat spunnið eins vel eins og hún hefði sjón. Móritz hélt áfram að vinna á Óðinsvík, og eftir því sem kraftar hans uxu og hann vandist vinnunni, varð hún honum auðveldari. Verkstjórinn og vinnumennirnir hættu líka að striða honum, þegar hann svaraði þeim engu, og þess utan voru þeir hræddir við ráðsmanninn, sem daglega fékk meiri og meiri ástúð á Móritz. Verkalaunin voru greidd honum á tilteknum tíma, og það sem hann og móðir hans unnu fyrir, nægði þeim til lífsviðurhalds, og Móritz gat þess utan dregið saman fáeina skildinga til hinnar fyrirhuguðu Gautaborgar ferðar.

Þegar Móritz kom heim frá Óðinsvík á kvöldin, stundaði hann nám sitt, en móðir hans spann. Stundum skrifaði hann niður hugsanir sínar, því nú höfðu hugsjónirnar tekið við stýrinu af skynseminni með köflum.

Allir andagiftarmenn—og að Móritz var einn af þeim sannast síðar—verða fyrir þessum óglöggu tímabilum, hálf-truflaðum hugsanagraut. Meðan hugsanirnar eru ekki hreinar, verða hugsjónirnar ekki bjartar. Þær eru dularfullar og ólögulegar, en bera þó með sér, að eigandi þeirra muni einhverntíma gleðja mannkynið með fögrum og fullkomnum myndum úr hugardjúpi sínu.

Margar breytingar áttu sér stað í huga þessa þjáða unglings þenna vetur, en hann duldi þær fyrir móður sinni, af því hann hélt, að það mundi auka henni sorg.

Efasemdanna vondi andi náði yfirráðum yfir huga hans, og hvernig sem hann reyndi til að verða af með hann, kom hann ávalt aftur. Fátæktin og neyðin voru ekki einær um, að gera hann þverúðarfullan, hann var of góður og ráðvandur til þess. Það þurfti alt annað til að koma því inn í huga hans.

Og þetta annað kom, það var vonzkan, fyrirlitningin, vanþakklætið. Það var eitrið úr hinum voðalegu fjarstæðum, sem Jakob Kron, samkvæmt lífsreynslu sinni, gróðursetti í sálu drengsins, ásamt með því takmarkalausa vanþakklæti, sem fjölskylda sú sýndi honum, er hann lagði líf sitt í hættu fyrir til að bjarga barni hennar. Þetta kveikti hjá honum vantraust til mannanna, og efa á tilveru réttlátrar forsjónar.

Móritz reyndi af öllu megni að verjast þessum hugsunum, sem á hann réðust með miklu afli. Ástin á móður hans hjálpaði honum mikið, og hefði hann orðið fyrir einhverri litilfjörlegri gæfu, þá hefði það getað rekið þessar hugsanir algerlega á burt, og gróðursett aftur hjá honum ráðvendni og rósemi.

Og eftir slíkri gæfu-tilviljan vonaðist Móritz ávalt.

"Að nokkrum árum liðnum verð ég óháður maður, og þá skal móðir mín ekki þurfa að búa í slíkum kofa sem þessum, hún skal búa hjá mér, og ég skal gera henni ellina létta og sælurika, eins og hún hefir gert æsku mína sælurika. Þá vona ég að alt verði gott, ég átta mig þá á lífinu, fæ aftur fult traust á forsjónínni og lifi í sátt og samlyndi við heiminn".

Þannig var von drengsins, og enda þótt hún skugga slæi á hana, þegar móðir hans mistí sjónina, þá dó hún samt ekki alveg. Hugsun þessi lifnaði ávalt við, þegar vel lá á drengnum, enda þótt hún flýði í fylgsni innri vitundarinnar, meðan hinn dimmi efi hélt orustu í huga hans. Stundum birtist vonin í draumum hans, eins og frelsandi engill, og veifaði að honum hinni hvítu lilju friðarins.

Þannig leið veturinn. Móritz var á þessum tíma orðinn að minsta kosti tveim árum eldri, því andans barátta breytir drengnum furðu fljótt í ungling og unglingnum í mann. Vorið var að byrja, snjóinn leysti og lævirkinn var farinn að syngja. Móritz sem aldrei vann lengur í Óðinsvík en frá kl. 6 á morgnana til kl. 4 eftir hádegi, kom inn til móður sinnar með fyrsta vorblómið í hendi sér á blíðum apríldegi, og sagði með glaðlegri röddu en hann var vanur að tala:

"Mamma, vorið er komið, komdu út og finndu, hve hlýtt sólin skín. Að fám vikum liðnum förum við til Gautaborgar, þar vona ég að þú fáir sjónina aftur, svo þú getir séð blómin og fuglana og glaðst yfir skrauti sumarsins".

Móðirin brosti af ánægju yfir kæti sonarins, tók hendi hans og lét hann leiða sig út, til þess að vorgolan gæti kælt enni hennar.

HVERNIG VINNUR þú BUG Á HINU ILLA!?

(Niðurlag frá 3. bls.).

líknaraman guð og alveldi kærleikans hefir þroskast, hefir trúin á hið illa dvínað. Máttur þess og veldi verður minna og minna í hugum manna. Flestir trúhneigðir nútíðarmenn eiga bágt með, að hugsa sér hið illa eins og ævaranda stórveldi, sem kærleikurinn geti eigi haft nokkur ráð með að frelsa eða vinna bug á. Þér geta aldrei hugsað sér kærleikann og visdóminn ráðþrota. Þeir láta sér skiljast, að alt verði á einhvern hátt á endanum að lúta valdi hans og vilja. Enginn höfðingi og ekkert vald fái staðist gegn honum. Hitt er hægt að skilja, að um alla eilíð muni kærleikurinn eiga fullnóg verkefni, að hefja það á hærra stig og fullkomnara, sem vilst hefir af réttri leið og orðið hefir á eftir í lífsbaráttunni, annaðhvort af eigin eða annara völdum.

Jafnvel efagjörnum manni ætti að vera unt að trúa, að til geti verið í öðru lífi eitthvert vansæluástand, er kalla mætti "vondan stað", þó vér vitum, að þar sé ekki um staði að ræða. Vér sjáum svo margan manninn búa sér sjálfum v o n d a n s t a ð hér í þessu lífi með breytni sinni. Og allar líkur og þekking bendir til, að sálarástand mannsins geti aldrei umskapast mjög skyndilega heldur sé það, sem varanlegt gildi hefir í fari hvers manns lengi að vaxa og þroskast. Hafi einhver eigi náð tilætluðum þroska í hinu góða hér, verður ef til vill sársaukinn út af því að hafa farið illa með lífið þeim mun lengra þar. En er eigi sársaukinn ávalt bending um nýja framför, nýjan þroska? Þá fyrst finnur maðurinn til, þegar hið nýja líf er að brjótast fram. Mannssálin er dofin og sinnulaus, þegar hún er á leið út í myrkrið. En er sársaukinn vaknar, fer hún að sækja í ljósið. Svo er hér. Og svo er eigi ólíklegt, að það verði þar. Hið illíla ætlunarverk kærleikans virðist því hljóta að vera, að tæma vonda staðinn og hjálpa hverju farlama barni, sem vilst hefir, aftur inn í ljósið. Myndi kærleikur góðrar móður til barna sinna nokkuru sinni gefast upp? Myndi sá kærleikur, ef hann hefði alvizkuna og almættið við að styðjast, nokkuru sinni verða ráðþrota? Gg verður eigi guðshugmynd vor veil, svo framarlega, sem vér ætlum hinum himneska föður vorum minna? Sú fagra og manninum eðlilega von skapar vart neinum nokkurt víti. En eigi má fremur leggja hana við hégóma en annað, sem heilagt er.

Hvernig vinnur þú bug á hinu illa? Það er spurningin mikla, sem þessi guðspjalls-saga leggur fyrir oss. Frelsari vor lét alt starf sitt og allan þann lífskraft, sem hann átti yfir að ráða hér í mannheimum, miða að því, að vinna bug á hinu illa. Hann fórnaði öllu, jarðnesku heimili, sambúð og kærleikum móður sinnar og bræðra, ástsæld og viðurkenning á fósturjörðu sinni, — öllu, sem talið er eftirsóknarvert hér á þessari jörð — sínu dýrmæta blóði að síðustu, er þeir festu hann upp á tréð, þeir Hannas og Kaifas, er töldu sig æðstu höfuðpresta guðs í víðri veröld.

En hann vissi, að með því myndi hann opna augu heimsins. Hann vissi, að fórnarleiðin er eina sigurleiðin. Ætti mannkynið nokkuru tíma að læra að verja lífi sínu vel, þurfti umfram alt að kenna mönnunum að fórna, — fórna sjálfum sér, lífi og kröftum. Fórnæringarinnar-lögmál virðist ganga gegn um alt lífið. Kærleikurinn er stöðugt að leggja alt, sem hann á, í sölur fyrir eitthvað, sem hann þráir að frelsa. Hann gleymir sjálfum sér, þegar hann sér eitthvað eða einhvern á vondum stað. Hann hlífir sér ekki. Hann dregur ekki af sér. Hugsar ekki um langlífi né góða daga. Hann tekur á af alefli, þangað til hver taug sljitnar við átakið, þangað til bakið brotnar og hjartað brestur — og nóttin kemur. Sá, sem eitthvað hefir af þessum kærleika og fórnarfúsleik, hann hefir lært af frelsara sínum, að vinna bug á hinu illa. Honum verður ávalt eitthvað ágengt.

Sá, sem ætlar sér að vinna bug á hinu illa, verður sjálfur að vera betri en óvinurinn, sem hann gengur á hólm við. Annars er barattan vonlaus. Hólmgangan verður því að byrja í heimahögum. Vér verðum fyrst að heyja baráttu við eigið eðli og ástriður. Naumast vinnur nokkur bug á illu hjá öðrum, sem hann hefir eigi fyrst unnið bug á hjá sjálfum sér, — eða reynt að buga. Látum því hvern byrja á sjálfum sér. Freistingarsagan sýnir oss, að jafnvel frelsarinn var ekki undan því þeginn.

Uppruni hins illa og tilgangur er dularfullur. Yfir þeirri gátu er mannsandinn ávalt að grufla, en úrlausn að líkindum geymd eilífðinni. En eitt vitum við, og það er þetta: Hið illa gerir vart við sig í oss og umhverfis oss. Það birtist í tilhneigingunni til að virða lífið vettugi, láta sér ekkert verða úr því, hella því niður í skarnið, og verða sjálfur minna en ekki neitt. Þetta er óvinurinn mikli, sem hver maður þarf að ganga á hólm við og vinna bug á. Annars býr hann sér vondan stað. Og að losast úr þeim vonda stað, kostar hann sársauka meiri, en vér eigum orð til að lýsa.

Eina frelsið er að elska það, sem Jesús elskaði, og verja lífi sínu eins og hann varði því. Elska föðurinn á himnum og treysta honum. Elska alt, sem hann elskar, og leggja alt í sölur fyrir það. Elska sannleikann og réttlætið og sakleysið, og styðja öllum mætti lífs og sálar. Hjálpa hverjum farlama aumingja, sem vér náum til, ofurlítið áfram. Vera stöðugt að lyfta og láta lyftast. Gleðja einhvern, sem grætur. Og bera þeim ljós, sem staddur er í myrkri. Kenna þeim að trúa almætti hins góða, sem hræddur er og óttast kann, að tilveran sé í illum höndum.

Frelsari vor!! Kenn oss, að vinna bug á hinu illa.

Herra Jón Hólm, gullsmiður að 770 Simcoe St., biður þess getið, að hann selji löndum sínum gull- og silfur-muni og gigtarbelti. — Belti þessi eru óbrigðul við gigt, ef þau eru notuð samkvæmt fyrirskipunum Jóns. Kosta að eins dollar og kvart.

Hundrað ára afmæli Gríms Péturssonar.

Hver situr á rúmi og raular
rímur um forna drótt?
Grár fyrir hærum 'ann húkir
og horfir í auða nótt.

Kjarkur og seigla í svörum,
sindrandi augnaráð,
býtur hann beiskju á vörum,
brúnin er hnikla-gráð.

Veiztu um aldur og æfi
— útlitið segir margt.
Hvaðan úr heiminum kom 'ann
hingað? Það skal nú sagt.

Íslenzkur maður er hann,
Agli er kominn frá
Skallagrímsniðja að norðan
Norvegi sigldur frá.

Frændi 'ins stóra og sterka,
stoltur, en hlær sem barn,
vinur 'ins mikla og merka,
mægður við ís og hjarn.

Hann átti sína sögu
sælasta' í dalnum þeim,
þar sem að norðljós niða.
Nú er hann kominn heim.

Mörg hafði snúðhörð snurða
snúist um lífs þíns ár, —
enda var ekki að furða,
aldurinn varð svo hár.

Þó flaugstu, örn í anda,
yfir það jökulrið.
Aldrei þú flýðir fjanda,
fullhugi stóðstu við.

Svo mikinn þrótt og þorið
þú hafðir síðstu ár,
þig langaði til að lifa,
ljúka við hundrað ár.

Hvað mikið áttirðu eftir
um það bezt fræða skrár.
Minning þín mun þó lifa
meir en í hundrað ár.

Þetta menn þyrftu að skilja,
þegar að dóu blys,
móti þíns mætti og vilja
myrti þig að eins slys.

Lítið ég gat og gerði —
grundin er bleik og hlíð —,
vona ég þó að verði
vinur í seinni tíð.

Aldrei ég hjúkur-hendur
hlaut til að rétta lið,
hræddur við hörmung manna,
hjartanu óaði við.

Gott er oss góðu að treysta,
gott er að eiga trú,
gott er í guði að lifa,
gott er að deyja eins og þú.

Margar sögur þú mundir
mannraunum gömlum úr,
hlóstu þá glatt, und hærum
hreggviðra dundi skúr.

Sæir þú saklaust barnið,
svo var þinn akur frjór,
blíðlæti' í augum uxu,
urðu þau skær og stór.

Annars sem alt af voru
ákafleg, hörð og smá,
tindrandi tvö sem fóru
til og frá hlutum á.

Áttir þú sjálfs þíns sögu,
sagðirðu hana þrátt.
Þar var nú margt til minja
merkilegt, stórt og smátt.

Sagði hann eina sögu, —
sem betr.r væri heygð —:
einhver á landinu ljósa
lifi hans vildi feigð.

Þá var hann gamli Grímur
garpur að hreysti og hug,
ungur og fær eins og fuglinn,
fjandanum vek á bug.

Nú er hann gamli Grímur
genginn í barndóm inn,
ungur og fær eins og fuglinn
fleygur, í annað sinn.

Hver situr nú rúmið og raular
rímur um forna drótt?
Grár fyrir hærum er horfinn
í himinsins bláu nótt.

Veit ég þú situr sætið
sólar við yl og mátt.
Þökk fyrir lítillætið,
lof fyrir stórt og smátt.

* * *

Hví var hann svo gjarn á gleði,
gjarn til meira lífs?
Hví var ljós í lúnu geði,
lauf í sprungum þýfs,
yfir heimsins harmaslóðir
hugtök órugluð?
Var það ekki, vinir góðir,
vitundin um guð?

Jón Jónatansson.

Fyrirspurn.

Á. var úti að kvöldi dags í myrkri, á heimleið eftir hálli skógarbraut. Fann hann að eitthvað var rangt við aktýgi á hesti sínum, svo hesturinn tryltist, og var ekki hægt að halda honum til baka. A. vissi af snjólausum bletti sem hann hafði í hyggju að reyna að stöðva hestinn á, en áður en það var hægt, mætti hann B., sem einnig var úti að keyra. Varð þar slæmur árekstur, hestur A. setti um "cutter" B., sem var nýr, og skemdi hann töluvert. A. býður að borga aðgerð að hálfu leyti, en B. heimtar nýjan "cutter". Hvað mundi rétt vera?

SVAR: — A. hefir gert gott boð. Vér hyggjum, að hvor þeirra A. og B. ætti að bera sinn skaða bótalaust. Ritstj.

Skrifið yður fyrir HEIMSKRINGLU svo að þér getið ætíð fylgst með aðal málum Íslendinga hér og heima.

Í hverju tonni af sjo er 7 aura virði, eða sem næst 2 centa virði af gulli. Getur nokkur fundið það með reikningi, hve mikið gull sjórinn geymir?

THE DOMINION BANK

HORNI NOTRE DAME AVENUE OG SHERBROOKE STREET

Höfuðstóll uppborgaður: $4,000,000.00
Varasjóður - - - $5,400,000 00

SPARISJÓÐS DEILDIN:

Vér veitum sparisjóðs innleggjendum sérstakt athygli, og borgum hæztu vexti á sparisjóðs innleggjum af $1.00 og yfir. — Barna innlegg velkomin. — Seljum peningaávísanir á ÍSLAND.

H. A. BRIGHT RÁÐSMAÐUR.

Með því að biðja sérlega um "T.L. CIGAR," þá ertu viss að fá ágætan vindil.

T.L.

(UNION MADE)

Western Cigar Factory
Thomas Lee, eigandi Winnipeg

Redwood Lager og Extra Porter

Styrkið taugarnar með því að drekka eitt staup af öðrum hvorum þessum ágæta heimilis bjór, á undan hverri máltíð. — Reynið !!

EDWARD L. DREWRY Manufacturer & Importer Winnipeg, Canada.

Department of Agriculture and Immigration.

MANITOBA

Þetta fylki hefir 41,169,089 ekrur lands, 6,019,200 ekrur eru vötn, sem veita landinu raka til akuryrkjuþarfa. Þess vegna höfum vér jafnan nægan raka til uppskeru tryggingar.

Ennþá eru 25 miliónir ekrur óteknar, sem fá má með heimilisrétti eða kaupum.

Íbúatala árið 1901 var 255,211, nu er nún orðin 400,000 manns, hefir nálega tvöfaldast á 7 árum.

Íbúatala Winnipeg borgar árið 1901 var 42,240, en nú um 115 þúsundir, hefir meir en tvöfaldast á 7 árum.

Flutningstæki eru nú sem næst fullkomin, 3516 mílur járnbrauta eru í fylkinu, sem allar liggja út frá Winnipeg. Þrjár þverlandsbrauta lestir fara daglega frá Winnipeg, og innan fárra mánaða verða þær 5 talsins, þegar Grand Trunk Pacific og Canadian Northern bætast við.

Framför fylkisins er sjáanleg hvar sem litið er. Þér ættuð að taka þar bólfestu. Ekkert annað land getur sýnt sama vöxt á sama tímabili.

TIL FERDAMANNA:

Farið ekki framhjá Winnipeg, án þess að grenslast um stjórnar og járnbrautarlönd til sölu, og útvega yður fullkomnar upplýsingar um heimilisréttarlönd og fjárgróða möguleika.

R. P. ROBLIN,
Stjórnarformaður og Akuryrkjumála Ráðgjafi.

Skrifið eftir upplýsingum til

Joseph Burke, 178 LOGAN AVE., WINNIPEG.
Jas Hartney, 77 YORK ST., TORONTO.

ALDREI SKALTU geyma til morguns sem hægt er að gera í dag. Pantið Heimskringlu í dag.

III.

Samsærið.

Við verðum að fara til Óðinsvíkur aftur, til að greina frá viðburði, sem þar kom fyrir þetta sama vor.

Eberharð var ekki heima, hann hafði brugðið sér til bæjar nokkurs þar skamt frá. Angela, ástmey hans, sat í legubekknum í herbergi sínu, klædd fögrum morgunbúningi. Harpan lá við hliðina á henni, og léku fingur Angelu um strengi hennar eins og í draumi.

Þá var barið að dyrum.

"Loksins", tautaði söngmeyjan. "Kom inn", bætti hún við.

Dyrnar voru opnaðar og inn kom Crispin, vinur greifans.

"Þú hefir látið mig bíða lengi", sagði Angela hálfönug, "það eru nú nærri tvær stundir síðan greifinn fór, og þann tíma hefðum við átt að nota til að komast að ákveðinni niðurstöðu um áform okkar".

"Ég hélt þú værir ekki komin á fætur, fagra Angela", sagði Crispin, settist við hlið hennar og tók í hendi hennar. "Greifinn kemur ekki heim fyr en um miðjan dag, og þangað til eru enn þrjár stundir. Við getum þess vegna talað saman í góðu næði"

"Heyrðu nú, Crispin", sagði Angela eftir stutta þögn, "þegar þú komst mér til að reyna að kveikja ást greifans til mín, og fara með honum til þessa

útkjálkalands, tjáðir þú mér, hve mikinn og góðan hag ég hefði af því. Það hefir að nokkru leyti ræzt, því greifinn hefir gefið mér margt og mikið, en grunur minn hefir einnig ræzt. Ég er orðin leið á því, að vera alt af svona innilokuð, og þrái að komast aftur til míns fagra og ágæta föðurlands. Ég dey úr kulda, ef ég verð að vera hér lengur. Þú verður því að binda enda á loforð þitt og flytja mig aftur heim til mín, því Eberharð sleppir mér aldrei, ef hann má ráða".

"Ágætt, ágætt", sagði Crispin og nerí saman höndum sínum af ánægju. "Þú hefir prýðisvel stutt að framkvæmd heíndar minnar. Þegar ég frelsaði þig frá flökkumannahópnum, sem þú fylgdist með eins og munaðarleysingi í föðurlandi mínu, og útvegaði þér stöðu við leikhúsið í Mailand, grunaði mig ekki, að þú gætir orðið mér til sikra nota. Ég bjóst í hæsta lagi við því, að þú yrðir ástmey mín, gengir mér í konu stað, en þú hefir ekki að eins verið það, þú hefir aðstoðað mig í hefnd minni — og það er meira".

Hatarðu hann þá svona gífurlega?"

"Þú veizt, Angela, hverja sorg móðir hans bakaði mér í æsku minni með ótrygð sinni, ótrygð, sem ekki á sinn líka, því með því að voga lífi mínu frelsaði ég hana og fjölskyldu hennar frá dauðanum, hún lofaði mér eilífri trygð, en sveik mig. Þá sór ég þess dýran eið, að ofsækja hana og ætt hennar með órjúfandi hefnd. Dauðinn tók hana og mann hennar frá mér, sonurinn er einn eftir, og hann skal mega líða fyrir afbrot móður sinnar. Þess vegna gleður það mig, að þú hefir lagt þína fjötra á hann, Angela".

Söngmærin horfði á Crispin undrandi og óttasleg-in. Hann var á þessu augnabliki framúrskarandi fagur, því ánægjan yfir hefndinni gerði hann svipbliðan. Alt í einu stökk hún á fætur, lagði höndur um háls honum, þrýsti honum að sér og sagði:

"Þú, þú ert maður, Crispin. Maður getur á sama tíma elskað þig, dást að þér og óttast þig. Ég ann þér hugástum".

Crispin hló og sagði:

"Sá tími nálgast, sem við getum búið út af fyrir okkur, Angela. Við skulum yfirgefa þetta land, þegar við höfum eyðilagt Eberharð og svikið hann, bæði að því er snertir vináttu og ást. Já, hann skoðar mig sem vin og þig sem fylgikonu. Hann skal vakna af þessum draum, en þá verðum við komin burtu með fjármuni þá, sem hann hefir gefið okkur. Þú hefir fengið verðmiklar gjafir, Angela?"

"Já", svaraði söngmærin, "ég hefi selt hylli mína háu verði; — hann hefir gefið mér marga gimsteina".

"Og hann elskar þig enn jafnt og áður?"

"Meira en nokkru sinni áður. Í gærkveldi t.d., þegar ég mintist á það að skilja við hann og fara til Ítaliu, þá féll hann á kné og bað mig að deyða sig heldur strax, því hann gæti ekki lifað án mín. Heldurðu að hann skjóti sig, þegar við erum farin?"

"Ekki held ég það, hann er of huglaus til þess. En hann skal verða ofsareiður, örvilnaður, hann skal kasta sér í hyldýpi drykkjuskapar og lasta, og að síðustu skal hann, eyðilagður á sál og líkama, án trúar og án vonar, falla í faðm dauðans".

"Hefnd þín er fullkomin", sagði Angela. "Ég vil ekki verða fyrir hatri þínu, þá er betra að deyja strax".

Crispin leit á söngmærina svo háðslega, svo djöfullega, að hana hrylti við og varð hrædd.

"Hamingjan góða", sagði hún, "þú litur stundum til mín svo einkennilega, svo voðalega, að ætla

mætti, að þú hataðir mig í stað þess að elska mig. Þykir þér ekki lengur vænt um mig?"

"Elska þig!" sagði Crispin. "Jú, Angela, ég elska þig með öllum þínum löstum, af því það er ég, sem hefi alið þig upp, af því þú ert ímynd skoðana minna. Þess vegna elska ég þig og skal elska þig, Angela".

"Þú djöfull!" sagði Angela og kysti hann, "loksins hefi ég unnið ást þína. En nú skulum við tala um kringumstæður okkar".

"Já", sagði Crispin, "áform mitt er þetta: Eftir fáar vikur ætlar greifinn að halda mikla veiðiför. Áður en við ríðum af stað um morguninn, tekur þú allar gersemar þínar og peninga með þér út í skóginn. Alt annað lætur þú vera, fatnaðinn, hörpuna, því greifinn verður eitthvað að hafa til endurminningar um ástmey sína —", bætti hann við og brosti. "Auk þessa vakir hann yfir þér með blíðri afbrýði, sem gerir okkur ómögulegt að flýja, nema með mestu varkárni. Þegar veiðimennirnir hafa dreift sér, notum við tækifærið og læðumst burt. Í fyrsta bænum, sem við komum í við Wenern, dulbúum við okkur. Þú verður að fara í karlmannsföt og látast vera þjónn minn. Svo förum við með skipi til Gautaborgar og þaðan til Frakklands, og setjumst að í Provence".

"Ágætt", sagði Angela, "bara að það hepnist nú. En ef hann eltir okkur og nær okkur?"

"Á því er engin hætta, við tökum fljótustu hestana, sem hann á, og auk þess hefir hann engan lagalegan rétt yfir okkur. Hestana sendum við honum aftur, og svo skil ég eftir bréf til hans, þar sem ég lýsi vináttunni og ástinni, sem við berum til hans — ásamt með æfisögu móður hans".

"Þú ert voðamaður, Crispin", sagði Angela, "afl þitt og slægð þín er djöfulleg".

Góði kunningi John S. Laxdal

Þú kaust heldur að senda þínar andríku hugleiðingar dagblöðunum þó máliö sé svo gott sem við mig einan, heldur en að tala við mig heima fyrir, þó fundum okkar beri nokkrum sinnum saman. Af hvaða ástæðu? Langar þig svona mikið til að viðtrægja mín skoðanaskifti, lióhlaup og fleðuhátt, eins og þú beinir að mér? Er þetta það sama, sem þú kreist af þínum félagsbræðrum? Ertu viss um, að þú hafir þekt og skiliö máliö, þegar þú býður því þitt fóstur?

Þú talar um fund, sem haldinn var hjá mér í sumar, en ekki innfærður í gjörðabók safnaðarins, og skoðar þetta sem ódæði, og hefir þetta fyrir ástæðu til að ákveða, að ég hafi skift um skoðanir. Þú upplýsir almenning um, að ég sé sami maðurinn, sem hafi ritaö ljómandi fallega grein í Lögberg í fyrra um vald og skyldu alþýðunnar til að taka þátt í trúmáladeilum til uppbyggingar fyrir nýju guðfræðina. En svo bregðist krosstré, sem önnur tré. Nú sé komið annað hljóð í strokkinn, sem miði til sundrungar fyrir Sléttusöfnuð.

Þegar ég sem fulltrúi safnaðarins boða til almenns fundar, þá er það eitt af tvennu, að ég gjöri slíkt í samkomulagi við safnaðarnefndina, eða samkvæmt áskorun frá minsta kosti 10 meðlimum safnaðarins. En svo hefi ég þar fyrir utan máske leyfi til að boða til fundar, hvenær sem ég þykist hafa ástæðu til þess, sem meðborgari míns sveitarfélags.

Þannig var það, að ég óskoraður og einn boðaði til almenns fund ar hjá mér í sumar, af þeirri ástæðu, að ég skoðaði það nauðsynlegt, að kirkjuþingið, sem hlaut að meðhöndla trúmáladeilurna, — hefði sem flestar yfirlýsingar þeirra manna, er slíkt léti sig varða, svo að þingið gæti betur áttað sig á, hver ástæða alþýðunnar væri í því máli.

Þar af leiðandi hafði þessi fundargerð ekkert að gera í gerðarbók safnaðarins.

Að ég sé kominn í mótsögn við mína eigin skoðun og yfirlýsing á fundi þessum, því neita ég. Enda er þér það sjálfum og fleiri nágrönnum mínum kunnugt, að ég hefi ekki getað felt mig við gerðir meirihlutans á síðasta kirkjuþingi, þó ég ekki áliti það sigurvænlegustu aðferðina, hvorki í þessu né nokkru öðru máli, að hliðra aldrei til um hársbreidd, og hika aldrei á fyrstu mínútu, að framkvæma vanhugsuð loftkastalasmíði.

Ástæðan fyrir því, að söfnuðurinn í heild sinni neitaði að ákveða með atkvæðagreiðslu, hverjum megin í trúmáladeilunni hann stæði, var skýrt tekin fram, nefnil. sú, að slíkt hlyti að leiða til sundrungar, að meiru eða minna leyti, vegna þess að í söfnuðinum mundu vera menn af báðum flokkum, sem væru með slíkri aðferð eins og manaðir saman til óuppbyggilegra og þýðingarlausra þráttana.

Þetta hefðir þú átt að geta sett þig inn í, sem ætlaðir í næstseinasta blaði Heimskringlu að sameina og sætta helzt alla Íslendinga í Ameríku.

Eins og nú standa sakir, lá heldur engin brýn ástæða til að ákveða neitt um þetta, nema ef vera skyldi sú, að fá þig í söfnuðinn, sem að nokkurra manna áliti var þó grát-hlægilegt, og kannske efni í dálitla skáldsögu, að þú skyldir vera að sækja um inngöngu í lúterskan söfnuð. Þú, sem á fundi í þessum söfnuði hafðir lýst því yfir, að þú værir eingyðistrúarmaður. Þú, sem ekki varst fáanlegur til þess, á þessum umræddu fundi, að mótmæla því, að þú værir Únitari.

Skyldi nú engum detta í hug, að á bak við þessi afskifti þín lægi sú ástæða, að reyna til að sundra þessum söfnuði?

Ég hefði ótilneyddur ekki kosið að gera úr þessu opinbera deilu. Enda svara ég ekki í þetta sinn öðru en því, sem miðaði til lítils, virðingar fyrir mig í grein þinni. Ég kann að hafa meitt sómatilfinning þína. En því varstu að gera þetta að blaðamáli?

Þinn einl. kunningi,

Friðrik Guðmundsson.

DÁNARFREGN.

SP. Fork, Utah, 26. febr. '10.

Herra ritstj. Hkr.

Hjálmar bóndi Bjarnason, ættaður af Vatnsnesi í Húnavatnssýslu, 66 ára að aldri, andaðist að heimili sínu hér í bænum þann 21. þ.m., kl. 4.30 e.m. Hann var jarðsunginn í dag. Væntanlega verður hans og helztu æfiatriða hans getið í þessu blaði, þegar hentugleikar leyfa.

E. H. Johnson.

Bændamál.

Þjóðeignastefnan er mjög að ryðja sér til rúms. Aðalástæðan fyrir því er, hve stór-mikill hluti auðs-framleiðslunnar lendir hjá tiltölulega sárfáum mönnum, og almenningi blöskrar, hve dregið er úr arði bónda og verkamanns, svo hinn ríki verði æ ríkari. Í því landi, sem náttúruafurðir eru miklar, ber auðvitað lang-mest á verzlunarfélagslegum samtökum auðmanna og fjárhættu spilara, til að draga til sín sem beztan hluta af gróða hvers fyrirtækis. Ekki að eins, að fyrirtæki eru stofnsett, sem eingöngu eru af gróðahvöt, heldur og líka er kræk í allar æðar verzlunarinnar, til að gerast millimenn frá fyrsta framleiðanda til notendanna. Þetta hefir að heitá má til þessa tíma gengið vel fyrir slungna gróðamenn. Alþýðan hefir lítið skift sér af, en fundist í bráðina, að hún hafi haft gott af. Atvinna hefir aukist, landsvæði bygst, iðnaður fullkomnast og nýar iðngreinir komið upp. Að sönnu eru þetta þýðingarmikil atriði í sjálfu sér fyrir þjóðfélagið, en án þeirra var eigi mögulegt fyrir fjárplógsmenn, að leiða auðinn í sína vasa, þar eð ekkert kemur af sjálfu sér. Eitthvað varð að aðhafast til að gera umsetning og veltu á samlagsauðlegð gróðamanna. Og til að tryggja það sem bezt og gera það sem varanlegast, var leitað til löggjafarinnar hjá bæja- eða héraðsstjórn, hjá fylkis- eða ríkisstjórn, eða þá, og aðallega, hjá landsstjórn. Við viljum fá styrk, peningagjöf eða landagjöf. Við viljum fá sérréttindi, t. d., að enginn megi keppa á móti okkur um ákveðinn tíma. — Þetta sögðu peninga-samlagsmenn. Og við viljum fá vernd, undanþágu skatta og önnur hlunnindi, er við uppástöndum, ef við eigum að taka að oss til bygginga og starfrækslu þetta eða hitt opinbera verk efni, sem um er að ræða. Í stuttu máli, löggjöfin skal vera þannig samin, að gróði vor verði sem mestur og varanlegastur um leið.

En svo fór almenningi að finnast nóg um. Peningamennirnir voru búnir, þá vel var að gáð, að flækja net, sem flestir borgarar lentu í. Fyrst voru járnbrautafélögin, bæði sunnan línu og norðan, er óskabörn voru hinna ýmisu stjórna. Bar mjög á auðlegð nokkura manna fyrir sunnan, er við þann félagsskap voru riðnir, t.d. Vanderbilt, Gould, Harriman, Morgan, Hill og margir fleiri. Flutningsgjöld, styrkveitingar, undanþágur, sérréttindi gerðu menn þessa ríka. Hví bygði ekki landsstjórnin þessar járnbrautir, svo gróðinn lenti allur hjá þjóðinni sjálfri, heldur en í höndum fárra manna? Er ekki betra, að tíu menn eigi sína 10 dalina hver, held ur en að einn eigi 100 dali en hinir níu ekki eitt cent? Eða hvað hann Rockefeller og hans félagar hafa grætt á olíueinokuninni, sumpart á lagalegan en líka mjög svo á ólöglegan hátt, eða á opinberan og sviksamlegan hátt! Hví stemdi ekki stjórnin stigu við öðru eins gróðafyrirtæki og gerði olíuverzlun að þjóðeign? Var ekki betra, að fólkið í landinu sparaði svo og svo mikla upphæð árlega á olíukaupum, en borga það út í vasa Rockefellers og nokkura annara? Hví bygðu eigi borgir, sér til afnota, sínar eigin rafurmagns og gasstöðvar, og gefa þannig íbúunum miliónir þær, er árlega fara í vasa eigenda þessara fyrirtækja? Hví eru hin stóru slátrunar og niðursuðuhús fyrir löngu búin að gera eigendur sína að marg-miliónerum? Af því aðallega, að þeir eru milliliðsmenn, kaupa með samtökum af framleiðanda eins lágt og hann má til að selja fyrir, en selja svo aftur notendum — með samtökum — með eins háu verði eins og fólk vill borga fremur en án vera. Hví stofnsettu ekki borgirnar sín eigin slátrunarhús, svo kjöt fengist með sanngjörnu verði og miliónirnar, sem fara í vasa Swifts, Armours og annara kjötmangara sunnan línu og norðan, væru eign fólksins í landinu?

Þessi sósialiska stefna--sameign þjóðarinnar á ýmsum nauðsynjastofnunum—er eina úrlausnin. Prívat félagsskapur, er á að gera fjöldanum verulegt gagn, myndast að eins annaðhvort til að devja af kraftleysi eða lenda í klónum, að maður svo segir, á auðfélagasamsteypunni, er kreistir lífið úr öllum óháðum eða gegnstríðandi félagsskap.

Þetta veit kornyrkjumanna félagið mjög vel (Grain Growers' Association). Þessi félagsskapur bænda í Manitoba og Saskatchewan, og "Hinir sameinuðu bændur" í Alberta, hefir verið eins og kunnugt er, við lýði í nokkur undanfarin ár. Þeim hefir með hverju árinu verið að vaxa fiskur um hryg, og fá lagfæring á ýmislegu, er hveitiverzlun er samfara. Bændur sáu, að auðfélagssamsteypa hafði dregið net sín fyrir. Þeir (auðmennirnir) svifust einskis til þess að draga sem mest til sín, bæði með yfirhilming laganna, og með beinna óráðvendni. Þessir milliliðir voru ekki að eins ónauðsynlegir, heldur og bændastéttinni fjárhagslega til hnekkis. Bændur í Vesturfylkjunum settu því á stofnuskrá sína: Þjóðeign kornhlaða. Þeir fóru því þess á leit við stjórnarformennina, að fylkin tæku að sér að koma stofnuninni á fót, en eins og kunnugt er, komu formenn stjórnanna sér saman um, að þeir hefðu ekkert lagalegt vald til að færaст slíkt í fang, nema ef samþykki sambandsstjórnarinnar fengist. Svo það virtist, að í bráð væri loku skotið fyrir frekari aðgerðir.

Bændur voru yfirleitt ekki á sama máli. Þeir báru fram kröfur sínar við hvert viðeigandi tækifæri, um leið og unnið var kappsamlega að, að auka meðlimatölu félagsins meðal bændanna. Deildir kornyrkjumannafélagsins voru á stofn settar svo að segja í hverjum smábæ meðfram öllum járnbrautum Vesturlandsins. Ársþing félagsins sérilagi í Manitoba voru fjölmenn og mörg nauðsynjamál rædd og yfirveguð, nefndir kosnar til að frétta um og fá lagfæring á ýmsum atriðum, er snerti kornrækt, flutningsgjöld járnbrauta, gripaverzlun o.s.frv., er annmörkum var háð að einhverju leyti.

Stjórnirnar, sem sáu, hve sterkur og áhrifamikill félagsskapur bændanna var að verða—bolmagn þeirra til hvers er þeir vildu beita sér allir í einu var meira en fylkisstjórnirnar vildu hafa á móti sér —komu sér því saman um, að kröfum bændanna yrði nú að sinna

Á þingi bænda í desember sl. áttu bændur ekki von á, að Coldwell ráðgjafi hefði nokkurn fagnaðarboðskap að bera fram. Það kom kur í bændaflokkinn, því þeir hugsuðu, að ráðgjafinn væri kominn til að biðja og lofa í flokks sins þarfir, en ekki bænda, en svo var þó beinlínis ekki. "Ég var kjörinn", sagði Mr. Coldwell, "til að tilkynna yður, að Manitobastjórnin er fús til, að verða við kröfum yðar og koma í framkvæmd þjóðeign kornhlaða". Hvílík þó sigurvinning! hrópuðu bændur.

TILLÖGUR UM ÞJÓÐEIGN KORNHLAÐA Í MANITOBA.

Nefnd sú, sem kjörin var af kornyrkjumannafélaginu, samanstóð af 14 færustu mönnum félagsins, og þar að auki R. A. Bonnar, málfærslumanni Grain Growerrs' Grain félagsins. Nefnd þessi hitti ráðgjafa Manitoba stjórnar að máli 5. jan. sl. Ráðgjafarnir tóku nefndarmönnum mjög vel, og gerðu alls engar athugasemdir við eftirfarandi tillögur hennar:

"Ætlast er til, að fylkið taki þá ábyrgð á sig, að reiða fram fé það er þarf til að koma nýju kerfi kornhlaða á fót, sem í því er innifalið, að kaupa þær hlöður, sem nú eru til, eða byggja nýjar, eða hvorttveggja".

"Það er ekki ætlast til, að stjórnin taki lán þetta upp á gjaldþol fylkisins, eða að hún taki lán til að starfrækja og viðhalda fyrirtækinu, heldur hitt, að stjórnin gefi út skuldabréf, borganleg á svo sem 40 árum. Sá tími er ekki álitinn of langur, því spursmálslaust er fyrirtækið álitið varanlegt — og sérstaklega, að þar sem gjald á korn það, er í kornhlöðurn ar kemur, á ekki að eins að borga vinnuna og viðhaldskostnað, heldur og líka til að mynda fúlgu eða sjóð (Sinking Fund) til afborgunar skuldabréfunum, þegar þau falla í gjalddaga".

"Álit um tilkostnað.— Tekjur þær, er fást við að starfrækja kerfið, yrði lagt til grunvallar fyrir því, hve mikið fé þyrfti til að borga vinnulaun, viðhaldskostnað, rentu á skuldabréfum og árlega upphæð í fúlgu til afborgunar skuldinni, — sem þjóðeignar fyrirtæki, en ekki gróðafyrirtæki, — en að eins að það borgi tilkostnað. Er álitið, að allar hlöður verði skattfríar".

"Það er álitið, að þrjár miliónir dollara þurfi til að byggja nýtt kerfi, eftir þörfum fylkisins nú. En ef þær kornhlöður, sem nú eru til, væru keyptar eftir virðingarverði þeirra, mundi minna en tvær miliónir þurfa til þess. En allmikil upphæð væri nauðsynleg til að endurbyggja og breyta hinum ýmsu kornhlöðum. Þegar búið er að lögleiða nýja fyrirkomulagið, á þingið að leyfa útgáfu skuldabréfanna upp á reikning fylkisins, og þegar skuldabréfin eru seld, á stjórnin að veita fé eftir því, sem þörf krefðist".

"Tekjur kornhlaðanna væru: — Fyrir að taka á móti, hreinsa og geyma 15 fyrstu dagana—hveiti 1¾c (sama og nú er), hafra 1c, bygg 1½c og hörfræ 2c á hvert bushel. Eftir 15 fyrstu dagana: einn þrítugasti úr centi á dag fyrih hvert bushel korns. Með þessu gjaldi á umsjónarnefndin (Excecutive Committee) að borga ábyrgð. Aðrar tekjur eru og mögulegar".

"Stjórnarnefnd skal kosin, er veiti fyrirtækinu forstöðu. Hún skal samanstanda af 3 mönnum, kosnum til lífstíðar, svo framarlega, að hver nefndarmaður sé starfi sínu vaxinn og hegði sér vel að öllu leyti. Nefndarmennina skal stjórnarnefnd kornræktarfélagsins velja, en stjórnin skipar þá í embætti. Ef nefndarmanni verður vikið úr stöðu, eða segir af sér, eða deyr, skal útnefning í auða skarðið eða skörðin, fara fram eins og í fyrsta skiftið. Starfrækslu eftirlit á gerðum nefndarinnar, og burtrekstur eins eða fleiri manna úr henni, má gera með tvennu móti: 1) Fylkisþingið hefir vald til að láta rannsaka starf nefndarinnar, og ennfremur, að með tveim þriðju atkvæða þingmanna getur þingið vikið mönnum úr nefndinni. 2) Þegar eiðfest umkvörtun hefir send verið framkvæmdarnefnd kornyrkjumannafélagsins og sú nefnd getur ekki komið lagkæring á við stjórnarnefnd kornhlaðanna, þá skal umkvörtunin lögð fyrir áfrýjunarrétt fylkisins (Court of Appeal) eða þrjá menn, sem skipa hann, og skal dómstóll sá hafa vald til, að vikja nefndarmanni—eða mönnum—úr embætti, ef nægilegar ástæður eru sýndar fyrir því, að svo sé rétt að gera. Allir reikningar og bókhald nefndarinnar, bæði á aðalskrifstofunni og allstaðar annarsstaðar, skal vera háð rannsókn og skýrslugerð endurskoðara fylkisins (Prov. Auditor). Hann sé skyldugur að rannsaka fjármála ráðslag nefndarinnar við enda hvers starfstímabils, og færa þinginu skýrslu þar um, er sé sérstök og óháð öðrum opinberum reikningum fylkisins. Sú skýrsla skal sýna: Nákvæmt yfirlit yfir tekjur og gjöld fyrirtækisins; hve margar hlöður hafi bygðar verið á árinu; hve starfsmenn séu margir, og allar aðrar upplýsingar, sem almenningur á heimtingu á að vita um".

(Niðurlag).

Sinn brest l ir hver mest.

Það er ekki þrotabú af þussaskapnum hjá þér Kr. Á. Benediktsson, enda sýnist þú að vilja nú borga alt með honum, en það gengur ekki drengur. Öll þín framkoma í þessum bæ er svo áþreifanlega á móti þér, að allar þessar daunillu hnútur, sem þú ert að reyna að kasta í mig, komast aldrei þangað, sem þú ætlar þeim. Þú hefir átt þær svo lengi, unnað þeim svo mikið, að þær vilja nú ekki við þig skilja.

Fjórar slíkar hnútur reynir þú að senda mér í síðustu Hkr. En ég finn ekki, að nokkur þeirra hitti mig. Allir þeir Íslendingar, sem þekkja okkur báða, og þeir eru margir, vita, að þær eiga hvergi betur heima en hjá sjálfum þér. Með öðrum orðum, þú varst í öllum fjórum atriðum að rýsa sjálfum þér. Það skal ég með óhrekjandi rökum sanna, ef ég þarf að skrifa af þér nákvæma lýsingu, svo þú þekkist víðar enn í heimahögum.

En áður enn ég geri það, vil ég mælast til, að þú kastir til mín þessari gömlu hnútu, sem þú gefur í skyn að mundi hitta mig illa. Ég get þá tekið hana til yfirveguar á sama tíma.

B. M. LONG.

Ólína Guðrún Guðmundsdóttir.

Þann 21. nóvember sl. þóknaðist hinni alráðandi forsjón, að burtkalla til annars lífs mína hjartkæru eiginkonu Ólinu Guðrúnu Guðmundsdóttur. Hún dó á heimili okkar, Vita, Man., eftir stutta legu, að eins tvo sólarhringa. Banamein hennar var "Obstruction of the Bowels".

Ólína sál. var fædd á Íslandi 1. september 1867. Fluttist til Canada, er hún var 11 ára. Gáfist eftirlifandi manni sínum Jóhanni Gíslasyni árið 1884. Þeim varð 9 barna auðið, þar af eru 7 á lífi, 2 mjög ung, það yngsta að eins tæpra 11 mánaða.

Ólína sál. var vel gáfuð og tryggur vinur vina sinna. Hún stundaði alt, sem í hennar verkahring var, með stakri umhyggju. Hér finst sem víða undir svipuðum kringumstæðum, að heimilið sé lítilsvirði án móðurinnar. Í augum syrgjendanna er alt dimt, sem áður var bjart.

Friður hins algóða, sem fylgdi henni gegn um lífið, fylgi henni út yfir takmörk lífsins, út yfir gröf og dauða.

Líkið var flutt til Argyle til foreldra hennar. Hún var jarðsungin af séra Friðrik Hallgrímssyni í grafreit eystri hluta bygðarinnar.

Jóhannes Gíslason.

ÞAKKARÁVARP.

Á samkomu, sem lestrarfélagið "Dagsbrún" hélt 4. des. sl., gaf herra N. Ottenson í River Park, Winnipeg, félaginu $10.00 virði í bókum, sem komnar eru til félagsins. Fyrir þessa höfðinglegu gjöf þakkar félagið herra N. Ottenson, og óskar honum allra heilla á ferðalagi hans til ættjarðarinnar.

Víðir P.O., 28. febr. 1910.

Forseti félagsins.

710 miljónir af eggjum er árlega borðað í Paris. Meðalverð á hverri tylft er um 20c.

Tuttugasta Öldin

er nú vöknuð og kemur endurhrest, glöð og kát til áskrifendanna og langar til að komast inn á hvert íslenzkt heimili.

Hún kemur nú sigri hrósandi, full af framtíðarvonum, þó hún sé smá vexti að sinni, með þeim tilgangi að gleðja og fræða, og ætlar að kappkosta, að verða gott $1.00 virði á ári. Hún hefir góðan tilgang og h l ý t u r því að sigra.

Oss vantar umboðsmenn víða, skrifið oss um kostaboð fyrir nýja áskrifendur.

Áritun til blaðsins er: —

"Tuttugasta Öldin"
Winnipeg, - - Man.

FRÆ FYRIR VESTURLANDIÐ. McKenzie's FRÆ eru BEZT

McKENZIE'S ÚRVALS FRŒ

LÍTIÐ EFTIR McKENZIE'S SÝNISKÖSSUM MEÐ ÚTSÆÐI ÞEIRRA Í, SEM ERU Í HVERRI BÚÐ. EF KAUPMAÐUR YKKAR HEFIR ÞAU EKKI, ÞÁ SKRIFIÐ EFTIR VORUM ENSKA BÆKLINGI SEM VEITIR YKKUR ALLAR UPPLÝSINGAR. — VALIÐ FYRIR VESTURLANDIÐ — RÆKTAÐ FYRIR VESTURLANDIÐ OG ÞVÍ VIÐEIGANDI. ÚRVALS LÍFSÞRÓUN.

MUNIÐ!

Við erum EINU ALLRA FRÆ TEGUNDA SALAR í Vesturlandinu
Vér stúderum jarðveginn og selj um fræ fyrir hann.

BUILT ON QUALITY — TRUE TO LIFE

A.E.McKENZIE Co. LTD.
BRANDON, MAN CALGARY, ALTA
Seedsmen to Western Canada.

LEIÐBEININGAR--SKRA
YFIR AREIÐANLEGA VERZLUNARMENN Í WINNIPEG

MUSIC OG HLJÓÐFÆRI
CROSS, GOULDING & SKINNER, LTD.
Pianos; Player Pianos; Organs; "VICTOR" og "EDISON" Phonographs; T. H. Hargrave, Íslenzkur umboðsmaður.
323 Portage Ave. Talsími 4413

BYGGINGA- og ELDIVIÐUR.
J. D. McARTHUR CO., LTD.
Byggingu- og Eldiviður í heildsölu og smásölu. Sölust: Princess og Higgins Tals. 5060, 5061, 5062

MYNDASMIÐIR.
G. H. LLEWELLIN,
"Medallions" og Myndarammar
Starfstofa Horni Park St. og Logan Avenue

SKÓTAU Í HEILDSÖLU.
AMES HOLDEN, LIM TED
Princess & McDermott. Winnipeg.
THOS. RYAN & CO.
Allskonar Skótau. 44 Princess St.
THE Wm. A. MARSH CO. WESTERN LTD.
Framleiðendur af Finu Skótaui. Talsími: 3710
88 Princess St. "High Merit" Marsh Skór

RAFMAGNSVÉLAR OG ÁHÖLD
JAMES STUART ELECTRIC CO.
324 Smith St. Talsímar: 3447 og 7802
Fullar byrgðir af alskonar vélum.
GOODYEAR ELECTRIC CO.
Kellogg's Talsímar og öll þarfnöfut áhöld
Talsími 3023. 56 Albert St.

RAFMAGNS AKKOKÐSMENN
MODERN ELECTRIC CO
417 Portage Ave Talsími: 5658
Viðgjörð og Vir-lagning — allskonar.

BYGGINGA-EFNI.
JOHN GUNN & SONS
Talsími 1277 206 Jarvis Ave.
Hafum bezta Stein, Kalk, Cement, Sand o. fl.
THOMAS BLACK
Selur Járnvöru og Byggingu-efni allskonar
76—82 Lombard St. Talsími 600
THE WINNIPEG SUPPLY CO., LTD.
298 Rietta St. Talsímar: 1936 & 2187
Kalk, Steinn, Cement, Sand og Möl
MATHESON AND GAY
Húsasmiðir, smikkarar og viðgerðarmenn
221 Higgins Ave. Winnipeg

BYGGINGAMEISTARAR.
J. H. G. RUSSELL
Byggingameistari.
Í Silvester-Willson byggingunni. Tals: 1068
PAUL M. CLEMENS
Byggingu-Meistari, 443 Maryland St.
Skrifst.: Argyle Bldg., Garry st. Talsími 5997

BRAS- og RUBBER STIMPLAR
MANITOBA STENCIL & STAMP WORKS
421 Main St. Talsími 1980 P. O. Box 244.
Búum til allskonar Stimpla úr málmi og togleðri

CLYDEBANK SAUMAVÉLA AÐGERÐARMAÐUR. Brúkaðar vélar seldar frá $5.00 og yfir
564 Notre Dame Phone, Main 8624

VÍNSÖLUMENN
GEO. VELIE,
Heildsöla Vínsali. 185, 187 Portage Ave. E.
Smá-sölu talsími 352. Stór-sölu talsími 464.

STOCKS & BONDS
W. SANFORD EVANS CO.
326 Nýja Grain Exchange Talsími 369

ACCOUNTANTS & AUDITORS
A. A. JACKSON,
Accountant and Auditor
Skrifst.—28 Merchants Bank. Tals.: 5702

OLÍA, HJÓLÁS-FEITI OG FL.
WINNIPEG OIL COMPANY, LTD.
Búa til Stein Olíu, Gasoline og hjólás-áburð
Talsími 1590 611 Ashdown Block

TIMBUR og BÚLOND
THOS. OYSTAD, 208 Kennedy Bldg.
Viður í vagnhlössum til notenda, búlönd til sölu

PIPE & BOILER COVERING
GREAT WEST PIPE COVERING CO.
132 Lombard Street.

VÍRGIRÐINGAR.
THE GREAT WEST WIRE FENCE CO., LTD
Alskonar virgirðingar fyrir bændur og borgara.
76 Lombard St. Winnipeg.

ELDAVÉLAR O. FL.
McCLARY'S, Winnipeg.
Stærstu framleiðendur í Canada af Stóm, Steinvöru [Granitewares] og fl.

ÁLNAVARA Í HEILDSÖLU.
R. J. WHITLA & CO., LIMITED
264 McDermott Ave Winnipeg
"King of the Road" OVERALLS.

BILLIARD & POOL TABLES.
W. A. CARSON
P. O. Box 225 Room 4 1 Melson Banka.
Öll nauðsynleg áhöld. Ég gjöri við Pool-borð

NALAR.
JOHN RANTON
203 Hammond Block Talsími 4670
Sendið strax eftir Verðlista og Sýnishornum

GASOLINE Vélar og Brunnborar
ONTARIO WIND ENGINE and PUMP CO. LTD
301 Chamber St. Sími: 2985
Vindmillur — Pumpur — Agætar Vélar.

BLÓM OG SÖNGFUGLAR
JAMES BIRCH
442 Notre Dame Ave. Talsími 2634
BLÓM - allskonar. Söng fuglar o. fl

BANKARAR, GUFUSKIPA AGENTR
ALLOWAY & CHAMPION
North End Branch: 667 Main street
Vér seljum Avisanir borganlegar á Íslandi

LÆKNA OG SPITALAÁHÖLD
CHANDLER & FISHER, LIMITED
Lækna og Hjúrakrna áhöld, og hospitala áhöld
185 Lombard St., Winnipeg, Man.

Heimsækjið STÓRU Hljóðfæra-Söluna.

Nýja búðin okkar á horni Portage Ave og Hargrave St er nær tilbúin og vér flytjum í hana bráðlega. —

Vér höfum gnægð af Pianós sem verða að seljast áður en vér flytjum. Og þessvegna eru niðursettir prísar á mörgum góðum hljóðfærum. — Sömuleiðis höfum vér mikið af brúkuðum hljóðfærum til sölu með mjög lágu verði. —

Heintzman & Co. PIANO

Verður ekki niðursett. Þau eru ætíð seld fyrir samaverð. Vér höfum ýmsar tegundir af Heintzman & Co. Pianos fyrir $425.00 og þar yfir. Það væri sem að slá af gullpening um að slá af venjulegu verði Heintzman & Co. Pianó. —

J. J. H. McLean & Co LIMITED

528 Main St. — Phone 808

Og í Brandon og Portage La Prairie

Fréttir úr bænum.

Frá Íslandi hefir borist sú fregn, að öldungurinn Páll Melsted sagnfræðingur sé látinn, 97 ára gamall.

Á mánudaginn var gaf séra F. J. Bergmann saman í hjónaband herra Leif Thorsteinsson Oddson (fasteignasala í Winnipeg) og ungfrú Helgu S. Vilhjálmsdóttur. — Hjónavígslan fór fram að 448 Sherbrooke St., að heimili foreldra brúðgumans. Samsægurs fóru ungu hjónin í skemtiferð til Minneapolis, St. Paul, Milwaukee, Chicago og víðar um Bandaríkin. Þegar þau koma aftur, setjast þau að í Bellavista stórhýsinu á Ellice Ave. Heimskringla óskar þessum ungu og efnilegu hjónum allrar hamingju og velgengni í framtíðinni.

Annan þessa mánaðar voru gefin saman í hjónaband af séra Guðmundi Árnasyni, að heimili Sigurjóns Johnsons, 131 Horace St., Norwood, herra Jón J. Anderson og ungfrú Mary Eliza Holden. Brúðguminn, sem um undanfarin nokkur ár hefir dvalið vestur á Kyrrahafsströnd, er vel þektur á meðal Íslendinga hér í bænum frá fyrri tíð. Brúðurin kom á síðastliðnu hausti frá London á Englandi. Þau lögðu af stað samdægurs áleiðis til Prince Rupert í British Columbia, þar sem framtíðarheimili þeirra verður. Heillaóskir Heimskringlu fylgja þessum hjónum.

Þann 8. þ.m. gaf séra Rögnvuldur Pétursson saman í hjónaband að Skálholt, Man., þau Carl Eymundsson, frá Alberta, og ungfrú Sophie Olafsson þar úr bygð.

Heimskringla óskar brúðhjónunum allrar hamingju.

Á föstudaginn var andaðist í Selkirk Frederick L. Winock, stjúpfaðir Mrs. Jóhönnu Johnson, sem býr að 142 Scotia St., Lincoln Park, hér í bænum. Hann var 98 ára að aldri, þýzkur að ætt. Hann var jarðsunginn á laugardaginn var.

Munið eftir hjálparsamkomunni fyrir Sigurð Gíslason, sem auglýst er í þessu blaði, og haldin verður í kveld (fimtudag), kl. 8, í efri sal Goodtemplarahússins. Þessi maður hefir legið rúmfastur í meira en þrjú ár. Hann er algerlega efnalaus og því kominn upp á aðstoð góðra manna. Allir mannvinir ættu því að taka höndum saman við Goodtemplara þessa borjar til að gera samkomu þessa svo arðberandi, að það geti orðið að verulegu liði fyrir þennan sjúka mann. Landar góðir, látið ekkert sæti vera autt í Goodtemplarahúsinu í kveld (fimtudag).

Conservativar í Vestur Winnipeg ætla að halda samkomu (Smoking Concert) í efri sal Goodtemplarahússins miðvikudagskveldið í næstu viku, 16. marz. Hon. Robt. Rogers og aðrir ræðuskörungar flytja þar ræður. Ágætt söngprógram verður þar og á boðstólum, og vindlum útbýtt ókeypis. Allir velkomnir. (Sjá augl. á 1. bls.).

Blaðið "Duluth News Tribune", dags. 26. febr., getur þess, að landi vor Leifur Magnússon, sem áður kendi bókstafareikning og verzlunar landafræði á Central háskólanum þar í bænum, hafi verið skipaður skrásetjari bókahlöðunnar miklu í Washington, og að hann hafi þegar flutt til höfuðstaðarins til þess að taka við embætti sínu 2. þ.m. Herra Magnússon hefir dvalið mestan sinn aldur í Duluth borg, og útskrifaðist af háskólanum þar með bezta vitnisburði árið 1905. Hann var einn af 3 nemendum þess skóla, sem stóðst próf skólans til þess að verða sendur sem "Rhodes Scholar" til Oxford á Englandi, en í stað þess að fara þangað tók hann kennarastöðu við Pelican Rapids skólann, og varð síðar yfirkennari við Howard Lake háskólann. Í sl. nóvember gekk hann undir sérstakt próf, sem ætlað er þeim, er vinna við það starf, sem hann nú hefir fengið, og hann leysti það próf svo vel af hendi, að hann var kosinn til að skipa þetta vandasama embætti í Washington.

Snáleikir þeir tveir, sem leiknir voru í samkomusal Únitara á miðvikudagskveldið í sl. viku, voru — þegar á alt er litið — þeir beztu, sem þar hafa leiknir verið, og tóku langt fram Tableaux þeim sem þar hafa stundum sýnd verið, og stundum farið lakar en skyldi. Leikirnir í síðustu viku, "Rektu hann út" og "Franska töluð hér", voru báðir góðir og þó sérstaklega sá síðarnefndi, og vel leiknir. Þeir mundu hafa álitist vel frambærilegir á hverju meðal leikhúsi hér í landi. Húsið var fult. Ungmennafélagið mun ætla að sýna þessa leiki í þriðja sinn innan skamms.

Á fyrstu bls. er auglýst, að samskotin til ekkjunnar á Akranesi séu orðin 94.75. Síðan hafa blaðinu borist samskot, er safnað hafa Th. Ingimarsson, Tantallon, Eymundur Johnson, W'peg og Jón Eiríksson, W'peg Beach, til samans $48.55. Nöfn gefenda þessarar upphæðar verða auglýst í næsta blaði.

Kvenfélag Únitara safnaðarins auglýsir samkomu í þessu blaði, sem haldin verður á miðvikudaginn í næstu viku, 16. marz. Vér bendum lesendum á að veita þeirri auglýsingu athygli.

Dr. G. J. Gíslason,
Physician and Surgeon
18 South 3rd Str, Grand Forks, N Dak
Athygli veitt AUGNA, EYRNA og KVERKA SJÚKDÓMUM ASAMT INNVORTIS SJÚKDÓMUM og UPPSKURÐI —

Söngfélag G. T.

heldur fund með sér, á sunnudaginn kemur, kl. 2 e. h., í G. T byggingunni. Mjög áríðandi að allir félagar söngflokksins mæti.

Þann 3. þ.m. lézt á Rochester spítalanum í Minnesota Gunnsteinn Eyjólfsson söngfræðingur, bóndi við Íslendingafljót. Hann hafði farið þangað suður fyrir skömmu til uppskurðar við gallsteinasýki. En heilsan svo bilaði, að skurðurinn varð honum ofraun.

Í bréfkafla frá Duluth, sem nýlega var birtur hér í blaðinu og fjallaði um umræður sem gerast eiga þar á komandi sumri, er misprentað orðið "gripakvi", átti að vera geymsluplass fyrir unnið og óunnið járn, m.fl.

Í næsta blaði kemur ritgerð eftir Dr. Sig. Júl. Jóhannesson, sem kom oss í hendur ofseint fyrir þetta blað.

Nokkrir af vinum þeirra Þorst. þ. Þorsteinssonar skálds og konu hans gerðu þeim hjónum óvænta heimsókn á föstudagskveldið var. Þeir voru um 40 í hóp og höfðu meðferðis dálitinn hlut, er þeir gáfu þeim hjónum til menja um virðingu sína og velvildarhug. Þó þessi fjölmenna heimsókn kæmi þeim hjónum alveg á óvart, var engin fyrirstaða á góðum viðtökum, og varð dvölin gestunum svo ánægjuleg, að komið var yfir miðnætti áður nokkur þeirra fór að hugsa til heimferðar.

Í KVELD

(miðvikudag) er Menningarfélagsfundur. Dr. B. J. Brandson flytur þar fyrirlestur um tæringarsjúkdóma. Er búist við, að fólk fjölmenni, því málefnið varðar almenning miklu. Aðgangur ókeypis. Fundurinn verður í þetta sinn haldinn í samkomusal Únitara, sem stafar af breytingu á söngpalli kirkjunnar.

Frá Mikley voru hér í sl. viku þeir Thorbergur Fjeldsted og Jóhann K. Guðjónsson. Í fréttum sögðu þeir gott heilsufar og vellíðan þar nyrðra. Afli heldur tregur í vetur, og hvítfiksveiði brugðist að mestu á suðurvatninu. Fiskverð með betra móti: Hvítfiskur 6c, pikkur 4½c, birtingur 2½c og gullaugu 2c. Þetta er gangverð í Gimli bæ, og er betra en verið hefir yfirleitt. — Lestrarfélag Mikleyinga hélt nýlega mikla samkomu þar á eynni til arðs fyrir félagið. Til skemtana voru haldnar ræður og söngur. Einnig var þar kökuskurður. Styrkárr Vésteinn flutti þar frumort kvæði. Fyrir kökuskurðinum töluðu: Ungfrú Jacobína Sigurðsson fyrir ógiftu hliðina, en herra Stephan Sigurðsson fyrir hönd hinna giftu. Og svo var fast fylgt málum á báðar hliðar, að áheyrendur gerðu með framlögum sínum köku þessa þann dýrasta mat, sem skamtaður hefir verið þar á eynni, því inntektir urðu $84.16. Gifta fólkið vann með 56.55 móti $27.61.

C. O. F.

COURT VÍNLAND No. 1146 heldur fund á venjulegum stað kl. 8 fimtudagskveldið 10. þ.m. Félagsmenn eru mintir á að koma.

K. S.

Samkoma

verður haldin í efri sal fsl. Goodtemplarahússins að tilhlutun fsl. G.T. stúknanna. (ÍSLANDS.SKULDAR og HEKLU), fimtudaginn 10. MARZ næstkomandi; byrjar kl. 8 að kveldi.

Fé því, sem inn kemur, verður varið til hjálpar Sigurði Gíslasyni, sem nú dvelur að 735 Alverstone St. Winnipeg, og búinn er að vera veikur MEIR EN ÞRJÚ ÁR, og er ástvinum horfin og eignalaus. —

PRÓGRAM FYRIR SAMKOMUNA ER SEM FYLGIR:

1. Piano Sólo.
2. Mr. Þ.Þ.Þorsteinsson flytur kvæði
3. Mr. B. L. Baldwinson, ræða.
4. Miss O. Oliver, Sólo
5. Mr. Skapti B. Brynjólfsson, ræða
6. Mr. Halldór Þórólfsson, Sólo.
7. Mr. Ól. A. Eggertsson, óákveðið.
8. DANS til kl. 12, undir forustu Mr. S. Björnsson. Miss S. Vopni spilar fyrir dansinum —

Háttvirtu Winnipeg Íslendingar! sem svo oft hafið rétt auðstöddum löndum ykkar hjálparhönd, haldið því áfram, og fjölmennið á samkomu þessa. Og þið sem eruð skaparanum þakklát fyrir heilbrigði ykkar, og hafið ekki ratað í svona mikla raun eins og þessi maður, sýnið þakklátssemi ykkar með því að sækja samkomuna, eða á einhvern annan hátt að rétta þessum langþjáða manni hjálparhönd.

Inngangseyrir er 25c.
Komið í tíma!

Fyrir hönd forstöðunefndarinnar,
BJARNI MAGNÚSSON.

It's going

Þú getur ekki búist við

að það geri annað en eyðast í reyk, því ekki að fá nokkur tons af okkar ágætu kolum, og hafa ánægjuna af, að njóta hitans af þeim, þegar vetrarkuldarnir koma. Komið til vor og nefnið þetta bl.

D. E. ADAMS COAL CO.
YARDS Í NORÐUR, SUÐUR, AUSTUR OG VESTURBÆNUM
Aðal Skrifst.: 224 BANNATYNE AVE.

Komið með drenginn hingað

og vér skulum láta hann hafa Skó sem gefa þægindi og slitna vel.—

Þegar þú kemur í búð vora næst, þú láttu sýna þér vora

$2.00 og $2.50 Drengja Skó.

Ryan-Devlin Shoe Co
494 MAIN ST PHONE 770.

Ungmennafélag Únitara hefir skemtifund í samkomusal sínum á laugardagskveldið kemur.

Vér viljum minna lesendurna á að lesa auglýsingu um samkomu, sem kvenfélag Tjaldbúðar safnaðar ætlar að hafa á þriðjudagskveldið kemur.

Bréf eiga á skrifstofu Hkr.:

Miss Ragnheiður J. Davidson.
Miss Bertha Stephanson,
Mrs. Arndís Sigurðardóttir.
Miss María K. Johnson (2).
Mr. S. Vilhjálmsson.
Mrs. W. S. Taylor.

LEIÐRÉTTING.

Í 21. tbl. Hkr. er skýrt frá láti Mrs. Rósu Ingibjargar Mintoft, og er þar sagt, að hún hafi verið rúmlega 22. ára er hún dó, en átti að vera rúmlega 20 ára. Þetta er fólk beðið að athuga.

SAMKOMA

verður haldin undir umsjón kvenfélags Únitara í samkomusal safnaðarins þann

16. marz.

PROGRAM

1. Piano Solo—Jóhanna Blöndal.
2. Upplestur—Þ. Þ. Þorsteinsson.
3. Solo—Gísli Jónsson.
4. Ræða—Skapti B. Brynjólfsson.
5. Recitation—Rannveig Swanson
6. Solo—Ólöf Goodman.
7. Upplestur—Matthildur Kristjánsson.
8. Óákveðið—Ólafur Eggertsson.
9. Upplestur—Kristján Stefánsson
10. Upplestur—Eggert Árnason.
11. Solo—Gísli Jónsson.
12. Veitingar.

Byrjar kl. 8. Inngangseyrir 25c

CONCERT OG SOCIAL

Kvenfélag Tjaldbúðar safnaðar heldur Concert og Social í Tjaldbúðarkirkju næstk. þriðjudagskv.

15. MARZ.

PROGRAM:

Söngflokkurinn syngur.
Violin Solo—Clara Oddson.
Solo—Miss B. Hjálmarsson.
Upplestur—Guðbjörg Sigurðsson.
Duett—Violet Marteinson og Nellie Parnum.
Solo—Maggie Anderson.
Ræða—Þorstina Jackson.
Söngur—Litlar stúlkur.
Violin Solo—Miss S. Halldorson
Duett—Mrs. P. Thorlakson og A. Johnson.

Hljóðfæraslátur fer fram á meðan á veitingum stendur.

Aðgangur kostar 25 cent.

21. marz.

Lesið auglýsingu frá fulltrúanefnd SKULDAR í næstu vikublöðum. Hún heldur samkomu 21. þ.m. fyrir alla. Ágóðann gefa þeir stúkunni

Land til sölu

liðugar 100 ekrur, rétt við Big Quill vatn, í hinni frjósömu Wynyard bygð, 15 ekrur "brotnar" reiðubúnar til sáningar. Nokkur skógur og heyskapur, en er þó að mestu leyti alt akurlendi. Á landinu er virgirðing og góður brunnur. Óskast, að landið seljist fyrir sáningu í vor.

Kaupandi snúi sér til ritstjóra Heimskringlu eða Box 120, Wynyard, Sask. 31.3

TIL SÖLU:

160 ekrur af bezta landi, stutt frá járnbrautarstöð. — Fyrsti maður með $7.00 fær hér góð kaup. — Finnið

Skúli Hansson & Co.
47 Aikens' Bldg.
Talsími, Main 6476 P. O. Box 833

Atvinna óskast.

Mrs. Guðrún Magnússon, 938 Lipton St., biður þess getið, að hún óski eftir daglaunavinnu á heimilum. Hún mælist til, að þeir Íslendingar, sem kynnu að hafa einhverskonar þvotta eða hreingerningarvinnu, létu sig sitja fyrir því. Kona þessi býr vestarlega í borginni, svo að þeir, sem vildu unna henni þess, að fá að vinna fyrir sér, geri svo vel að senda henni póstspjald að ofangreindu húsnúmeri.

Ef auglýsing yðar er í Hkr. þá verður hún lesin

Kennara vantar

við Mary Hill skóla No. 987, fyrir sex mánaða tímabil frá 1. maí. Umsækendur tiltaki kaup, mentastig og æfingu í kenslustörfum. — Sendið tilboð fyrir 1. apríl.

S. SIGFÚSSON,
Sec'y-Treas.

Kennara vantar

við Waverly skóla no. 650. Kenslutími 6 mánuðir, frá 15. apríl til 15. okt. Umsækendur tilgreini mentastig og kaupgjald, sem óskað er eftir. Umsóknir sendist til undirritaðs fyrir 20. marz 1910.

Glenboro P.O., Man. 21.marz'10
G. J. OLESON,
Sec'y-Treas.

Kennara vantar

fyrir The Narrows S. D. 1450, frá 1. apríl til 30. júní næstkomandi. Umsóknir verða að tiltaka kauphæð og mentastig umsækjanda. Verða að vera komnar til undirskrifaðs fyrir 10. marz næstk.

The Narrows P.O., Man.
10. febr. 1910.
J. R. JOHNSON,
Sec'y-Treas.

kennara vantar

við Thor skóla No. 1430. Kensla byrjar fyrsta apríl, og varir til ársloka. Umsækjandi tiltaki kaup og mentastig. Tilboðum veitt móttaka til 20. marz næstkomandi.

EDVALD ÓLAFSSON
Brú P.O., Man.

Jóhanna Olson
PIANO KENNARI
557 Toronto St. Winnipeg

DR. H. R. ROSS
C.P.R. meðala- og skurðlækuir.
Sjúkdómum kvenna og barna veitt sérstök umönnun.
WYNYARD, — SASK.

Dr. M. Hjaltason, Oak Point, Man.

Anderson & Garland,
LÖGFRÆÐINGAR
35 Merchants Bank Building
PHONE: MAIN 1561.

MARTYN F. SMITH,
TANNLÆKNIR.
Fairbairn Blk. Cor Main & Selkirk
Sérfræðingur í Gullfyllingu og öllum aðgerðum og tilbún aði Tanna. Tennur dregnar án sársauka. Engin veiki á eftir eða gómbólga. —
Stofan opin kl. 7 til 9 á kveldin
Office Phone 6944. Heimilis Phone 6462.

Þarft þú ekki að fá þér ný föt?

EF ÞAU KOMA FRÁ CLEMENT'S, — ÞÁ VERÐA ÞAU RÉTT

Réttur að efni, réttur í sniði réttur í áferð og réttur í verði.

Vér höfum miklar byrgðir af fegurstu og beztu fataefnum. —

Geo. Clements & Son
Stofnað árið 1874
264 Portage Ave. Rétt hjá FreePress

Th. JOHNSON
JEWELER
286 Main St. Talsími: 6606

JOHN ERZINGER
TOBAKS-KAUPMAÐUR.
Erzinger's skorið reyktóbak $1.00 pundið
Hér fást allar neftóbaks-tegundir. Óska eftir bréfögum pöntunum.
McINTYRE BLK., Main St., Winnipeg
Heildsala og smásala.

G. NARDONE
Verslar með matvöru, aldini, smá-kökur, allskonar sætindi, mjólk og rjóma, sömul. tóbak og vindla. Óskar viðskifta Íslend. Heitt kaffi eða te á öllum tímum. Fón 7756
714 MARYLAND ST.

Boyd's Brauð
Það er mismunur á brauði. Reynið eitt af vorum brauðum og þér finnið fljótt muninn. Fólk kaupir brauð vor af því, að þau eru heilsusamleg, og einnig af því, að þau geymast lengur fersk enn önnur br. Biðjið matsalann um þau. —
Boyd's
Bakery Cor. Spence & Portage Ave
Phone 1080.

Winnipeg Wardrobe Co.
Kaupa brúkaðan Karla og Kvenna fatnað,—og borga vel fyrir hann.
Phone, Main 6539 597 Notre Dame Ave.

BILDFELL & PAULSON
Union Bank 5th Floor, No. 520
selja hús og lóðir og annast þar að lútandi störf; útvegar peningalán o. fl.
Tel.: 2685

Jónas Pálsson,
SÖNGFRÆÐINGUR.
Útvegar vönduð og ódýr hljóðfæri
460 Victor St. Talsími 6803.

J. L. M. THOMSON, M.A., L.L.B.
LÖGFRÆÐINGUR. 285½ Portage Ave.

BONNAR, TRUEMAN & THORNBURN,
LÖGFRÆÐINGAR.
Suite 5-7 Nanton Blk. Tals. 766
Winnipeg, Man. P.O.BOX 223

Húðir og ógörfuð Loðskinn
Verzlun vor er vor bezta auglýsing. Sendið oss húðir yðar og loðskinn og gerist stöðugir viðskiftamenn.
Skrifið eftir verðlista.
The Lightcap Hide & Fur Co., Limited
P.O.Box 1092 172-176 King St Winnipeg
16-9-10

W. R. FOWLER A. PIERCY.

Royal Optical Co.
307 Portage Ave. Talsími 7286.
Allar nútíðar aðferðir eru notaðar við augn skoðun hjá þeim, þar með hin nýja aðferð, Skuggs-skoðun, sem gjörð er öllum ágiskunum. —

Heimskringla.

XXIV. ÁR | WINNIPEG, MANITOBA, FIMTUDAGINN, 17 MARZ 1910 | NR. 24

Fregnsafn.

Markverðustu viðburðir hvaðanæfa.

— Í Parísarborg var maður að nafni Duez handtekinn 8. þ. m., kærður um milión dollara bjófnað. Hann hefði að stjórninni verið settur til þess, að ráðstafa öllum eignum þeirra safnaða katólsku kirkjunnar, sem voru sundurleystir með lögum árið 1901. Dómsmálastjóri Frakka komst að því í fyrra að eitthvað var athugavert við reikningsfærslu Duez, og lét þá víkja honum frá embættinu, og setti 3 menn í stað hans. Duez hefir játað sök sína og mál þetta hefir verið gert að umtalsefni í þinginu. Ýmsir þingmenn létu þá skoðun í ljós, að nokkrir háttstandandi menn mundu riðnir við þjófnaðinn, og forsetinn hefir lofað að láta rannsaka málið og hegna þeim seku, hverjir sem hlut eigi að máli.

— Mælt er, að sonardóttir Edwards konungs eigi bráðlega að gefast Manuel Portúgals konungi, og hefir Edward konungur ferðast til Parísar til þess að hitta þar forseta Frakklands, sem svo fór með honum á fund Manuels, væntanlega til þess að gera út um konu-kaupin.

— J. P. Cudahy, sonur kjötkonungsins auðuga í Chicago, fann nýlega bankastjóra einn heima í húsi sínu í svo mikilli návist við konu sína, að hann barði bankastjórann til óbóta, svo að hann varð að flytjast á sjúkrahús. Búist við, að þau hjón verði að skilja — konan er afarreið út af meðferðinni á bankastjóranum, og kveðst aldrei vilja líta mann sinn augum framar.

— Sú fábeyrða kæra hefir komið fram gegn lækni einum í Kansas City, að hann hafi tamið sér þá list, að setja sóttkveikjuefni í sjúklinga sína, með þeim ásetningi, að stytta þeim aldur. Helzt voru það taugaveikisgerlar, sem hann á að hafa sett í þá. Átta slíkar kærur eru á hann bornar og staðfestar af þar til settri dómnefnd, sem ítarlega hefir rannsakað þær. — Einnig hefir kona hans verið kærð um, að hafa gert hið sama við 15 sjúklinga. Bæði hjónin eru nú undir kæru fyrir morð. Dr. Hyde, svo heitir læknirinn, er kærður um, að hafa drepið tengdaföður sinn og son hans á eitri, og einnig að hafa drepið nafrænda konu sinnar með blóðtöku. Óvíst enn, hvernig mál þetta lyktar, en það lítur illa út fyrir lækninum.

— Lloyd George, fjármálastjóri Breta, hefir gert þá staðhæfingu í brezka þinginu, að lávarðadeildin hafi orsakað ríkissjóðnum 28½ milión dollara fjártjón með því að neita að samþykkja fjárlagafrumvarp stjórnarinnar. Hann segir, að ríkissjóðurinn hafi tapað svo miklum tekjum, sem bein afleiðing af uppboti lávarðanna, og að þess vegna sé stjórnin neydd til þess, að taka peningalán til þess að mæta almennum útgjöldum, þar til fjárlagafrumvarpið nái samþykki beggja deilda þingsins, og að rentur af því fjárláni nemi 10 þús. doll. á dag.

— Kúasmalar á Texas sléttunum, sem jafnan að undanförnu hafa notað reiðhesta til að komast yfir jörðina í smölunarerindum sínum, eru nú hættir við hestana, og nota í þeirra stað létta sjálfhreyfi eða mótorvagna, og telja þá langt um betri enn hesta, bæði fljótari og traustari til smalamenskunnar.

— Látinn er nýlega í Welland, Ont., Wm. Wills, 102. ára gamall. Hann var með fullri heilsu fram að síðustu mánuðum æfi sinnar, og var talinn elztur maður þar um slóðir.

— Þingnefnd Breta er um þessar mundir að rannsaka hjónabandslöggjöf ríkisins, með þeim tilgangi að endurbæta löggjöfina svo að hjónaskilnaðir verði auðfengnari en nú á sér stað. Enn þá hefir nefndin ekki lokið starfi sínu, en svo mikið vita menn samt, að hún hyggur á umbætur eða breytingar í þá átt, að gera hjónum auðveldari skilnaðinn en áður hefir verið.

Smoking Concert

CONSERVATÍVAR Í VESTUR-WINNIPEG ætla að hafa "SMOKING-CONCERT" í efri sal Goodtemplara,

Í kveld, miðvikudag 16. marz.

Ágætir ræðumenn, svo sem Hon. ROBT. ROGERS og fl. flytja þar erindi. — Einnig verður gott söng-prógram. — Allir velkomnir. — Fjölmennið á þennan fund — Komið klukkan 8.

— Þrettán ára gamul stúlka í Kaupmannahöfn varð nýlega vör við mann, er kom þar út úr dimmum gangi milli húsa, og hafði hann úttroðna vasa sína, og sá á lítið bronze-líkneski út úr einum þeirra. Stúlkan réðist að menninum og heimtaði að vita, hvað hann hefði í fórum sínum, og hvar hann hefði náð því. Maðurinn, sem var innbrotsþjófur, taldi víst, að hann hefði verið staðinn að stuldinum, og fékk stúlkunni umsvifalaust hluti þá, sem hann hafði tekið. En stúlkan var ekki ánægð með þetta, heldur elti þjófinn þar til hún hafði náð í lögregluþjón, sem tók manninn fastan.

— Fullur helmingur íbúanna í Monaco gerðu þann 7. þ.m. leiðangur að höll prins þess, sem þar ræður ríki, og heimtuðu, að hann veitti þegnum sínum stjórnarskrá. Sögðu þeir, að Monaco væri nú sá eini staður á jarðríki, sem lyti algerlega einveldi, og að slíkt mætti ekki viðgangast lengur. — Prinsinn tók mannfjöldanum vel, og lofaði að hugleiða beiðni þeirra, en gaf að öðru leyti engin ákveðin loforð. — Monaco er ítalsk jarlsdæmi, — það minsta í heimi, að eins 8 fermílur. Þar er Monte Carlo spilastaðurinn nafnkunni, sem veitir ríki þessu allar inntektir þess. Fólksfjöldi er þar talinn að vera 17,000, en ekki nema 12000 þeirra eru þegnar prinsins.

— Hreinn ágóði af peningasláttu stofnun Canada síðan hún tók til starfa hefir orðið $63,857.86.

— Einn þingmaðurinn í British Columbia, A. H. B. MacGowan, frá Vancouver, hélt nýlega þar í þinginu stranga skammaræðu um dómarana þar í fylkinu. Hann sagði meðal annars, að í áliti almennings væru tveir þeirra vitfirringar, einn væri heimskingi, einn væri glæpamaður og einn væri strokumaður, sem réttvísin hefði ekki náð lögháldi á. Hann staðhæfði, að einn dómarinn hefði svælt undir sig allar eignir ekkju nokkurar í Yukon héraðinu og strokið svo með eignirnar burt úr héraðinu, en hefði tveim árum síðar verið gerður að yfirréttardómara í British Columbia. — MacGowan vildi láta gera það að lögum, að enginn sá yrði gerður dómari, sem væri sannaður að því, að hafa drýgt glæpi, eða sem hefði verið kærður um glæp, sem hann hefði ekki getað hreinsað sig af, eða sem nokkurn blett hefði á mannorði sínu. — Þingmanninum var bent á, að dómarar væru skipaðir af Ottawa stjórninni, og að þangað gæti hann snúið sér með umbóta tillögur sínar.

— Hvítir matreiðslumenn í San Francisco heimta, að hér eftir sé engum austræningjum (Jöpum eða Kínverjum) leyft að stunda matreiðslu þar í borg. En hæfilegur tími skal húsbændum þeirra settur til að reka þá frá atvinnu.

— Uppreistarmenn í Nicaragua hafa beðið þar algerðan ósigur. Stjórnarherinn hefir náð á sitt vald mestu af vopnum þeirra, og margir hafa flúið á náðir stjórnarhersins. Sagt er, að nú séu að eins tæpir 300 uppreistarmenn undir vopnum, og flestir á flótta út úr landinu, eins hratt og þeir geta komist.

— Reikningar Grand Trunk Pacific járnbrautarinnar voru til umræðu í Ottawa þinginu í sl. viku. Þá bað stjórnin um 27 miliónir dollara fyrir braut þessa. Járnbrautaráðgjafinn viðurkendi, að brautin hefði kostað ríkið nálega 68 miliónir dollara fram að síðustu áramótum, eða nákvæmlega $67,890,697.00, og að áætlaður kostnaður á hverja mílu sé 63½ þús. dollara. Stjórnin áætlar, að hver míla á sléttlendinu kosti 33 þús. dollara, en í fjöllunum miklu meira, þó sú upphæð sé ekki nákvæmlega ákveðin.

— Bretastjórn áætlar 200 milión dollara útgjöld til hernaðarþarfa á þessu yfirstandandi fjárhagsári. Mest af þessari feikna fjárupphæð verður varið til að efla sjóflotann.

— Frumvarp er fyrir Ottawa þinginu, sem væntanlega verður að lögum. Það skyldar Bell talsíma félagið til að veita hverju öðru talsíma félagi samtengingu við Bell kerfið, og með þeim skilmálum, sem járnbrautanefnd ríkisins ákveður. Bell félagið gerði alt, sem í þess valdi stóð, til að vinna á móti, að þetta yrði gert að lögum, en búist við, að það verði að lúta í lægra haldi.

— Jarðskjálfti varð í San Francisco á fimtudaginn 10. þ.m. Borgarbúar urðu afarhræddir og margir flýðu hús sín. En annars varð ekkert tjón að.

— Kona ein í Virden, Man., beið í sl. viku bana af að éta ósætt kjöt, sem hún hafði keypt sér til matar. Önnur kona veiktist og hættulega af sömu ástæðum, en lifir þó.

— Tólf þúsund námamenn í Ástralíu, sem gerðu verkfall í sl. nóvember, tóku aftur til starfa í sl. viku. Kol, sem kostuðu $7.00 tonnið, þegar verkfallið byrjaði, stigu upp í $16.00. Fyrirliðar verkamanna, sem æst höfðu til eignaspells á námaeignu..., voru dæmdir í fangavistir, og með það endaði verkfallið.

— Háskóla á að byggja fyrir Saskatchewan fylki, er sé settur í Regina borg. Samskot til hans nema nú 350 þús. doll. Massey fjölskyldan í Toronto hefir lofað, að leggja til alt það fé, er þurfi til að byggja aðalbyggínguna, og verður það að líkindum ekki minna en 250 þús. doll. Til þess er ætlast, að byggingu skólans verði hraðað svo, að hægt verði að byrja þar kenslu í september næstkomandi, í bráðabyrgðar byggingu, því líklegt er, að það taki 2 til 3 ár, að koma upp varanlegum skólahúsum.

— Fjórir menn mistu líf á laugardaginn var við dýnamit sprenginu á Bowen eyju, 18 mílur frá Vancouver borg, þrir Japanar og einn hvítur maður.

— Í Montreal borg andaðist á sunnudaginn var George Murray, elzti ritstjóri og bókmentamaður þar í borg. Hann var 25 ár ritstjóri blaðsins Montreal Star, og síðar ritstjóri Montreal Standard. Hann samdi ljóð og ritaði sögur, og var með hámentuðustu bókmentamönnum landsins, Hann varð 79 ára gamall.

— Þrjú ung börn brunnu til bana á bóndabæ 3 mílur frá Rapid City, á laugardaginn var. Bóndinn var að sækja vatn, en konán úti í hænsnahúsi. Svo varð eldurinn bráður, að konan gat ekki bjargað börnunum, sem í óviti höfðu kveikt í húsinu. Bóndinn kom að, þegar eldurinn hafði náð svo föstum tökum að engu varð bjargað.

— Svo er nú ísinn veikur í Fort William, að skip geta komist þar út og inn á höfnina. Aldrei fyr hefir höfnin verið svo íslaus um þennan tíma árs.

— Ís braut snögglega af Saga læk í Montana ríki og drekti þúsund sauðkindum.

— Bandaríkin eru nú og hafa lengi verið í kyrþey í óða önn að víggbúa bæði Atlantshafs og Kyrrahafs strendur sínar, einnig Filips- og Hawai-eyjar og Panamaskurðinn. Þeir setja upp víðsvegar þar sem þurfa þykir hinar öflugustu fallbyssur og annan nauðsynlegan herútbúnað til varnar, ef á er ráðist. General Arthur Murray, háttstandandi embættismaður í strandvarnadeild hermálanna, lét það nýlega uppi, að Bandaríkjastjórn hefði fyrir nokkrum tíma síðan komist á snoðir um, hvernig Japanar mundu haga atlögu sinni, ef til þess kæmi, að þeir lentu í ófriði við Bandaríkin. Þeir mundu fyrst reyna að taka Filipseyjar, síðan Hawai-eyjar, þá Panamaskurðinn og Kyrrahafsströndina. En ekki kvaðst hann búast við neinum ófriði, og Bandaríkin væru friðelskandi eins og allir vissu, — en ef til kæmi, mundu Japanar ekki koma þeim á óvart.

Brúðkaupsvísur

til Leifs Oddssonar og Helgu S. Olgeirsson.

7. marz 1910.

Fregnin víða flaug um land,
Fagnaði margur drengur,
Háleitt þá í hjónaband
Helga og Leifur gengu.

Samangefin, sæl í lund
Suður í álfu fóru.
Lukkan hái Leif og sprund
Leiði í smáu og stóru. —

Hvar sem lendir leiðarfar
Lífs um kveld og morgna,
Greiði veg um grund og mar
Gleðin himinborna. —

Ótæmandi eignist seim,
Örlæti ei dvíni,
Ættarmótið íslenzkt þeim
Og öllum niðjum skíni.

Gamall kunningi.

Ekkjan á Akranesi.

Antler, Sask.

Herra ritstj. Hkr.

Samkvæmt tilmælum þínum og óskum gefendanna til styrktar ekkjunni á Akranesi, skrifa ég þessar línur.

Ekkjan er Marja dóttir Magnúsar Gunnlaugssonar og Guðrúnar Björnsdóttur, er síðast, er ég vissi, voru á Spóamýri í Mýrasýslu. En Marja ólst upp hjá föður mínum, Eiríki Grímssyni að Gjábakka í Árnessýslu, og giftist þaðan Pétri Gestssyni að þaravöllum á Akranesi, sem drukknaði árið 1907 frá 4 börnum þeirra hjóna. Síðan hefir ekkjan verið til heimilis hjá tengdaforeldrum sínum, að þaravöllum, en þau eru bláfátæk og orðin fjörgömul.

Með beztu þökk fyrir tilhlutun Hkr. í þessu máli, og einnig til gefendanna í heild sinni, er ég, fyrir hönd ekkjunnar,

Með vinsemd og virðingu,
Mrs. Helga Thordarson

* * *

Í sambandi við framanskráð bréf skal þess getið, að með $5.00 gjöf frá kvenfélaginu "Hlín" í Gíunnavatns bygð, er tekið fram, að gjöfin sé gerð í því skyni, að hún verði notuð til fargjalds til Ameríku. Ýmsir aðrir gefendur hafa tekið fram þetta sama. Þeim er sár-illa við, að féð sé notað til nokkurs annars en þess, sem það er gefið til, — vilja ekki, að það sé notað til að éta það út á Íslandi, og treysta því, að fénu sé ekki safnað hér undir fölsku yfirskyni, heldur sé látið ganga til fargjalda ekkjunnar og barna hennar. — Það auglýsist því hér með, að Heimskringla mun sjá til þess, að það fé, sem blaðinu hefir borist í þessu skyni, verði ekki notað til annars en þess, sem það er gefið til.

Tveir af gefendunum hafa boðið að taka sitt barnið hvor af ekkjunni, þegar hún komi vestur, einkanlega piltbörn. En væntanlega mun hún kjósa, að hafa þau hjá sér, ef þess er kostur. Og kona sú hér vestra, sem tekist hefir í fang, útvega fargjaldsféð, og að taka á móti ekkjunni, hefir væntanlega útsjón til þess, að koma henni svo fyrir, að hún geti haft börn sín hjá sér, fyrst um sinn að minsta kosti.

Þeir, sem hafa lagt í sjóðinn síðan seinasta blað kom út, eru þessir: —

Mrs. Th. Sveinsson, Húsavík	1.00
Halldór Einarsson, Vestfold	1.00
Jónas Jóhannesson, Winnipeg Beach	1.00
Jón J. Westman, Elfros	1.00
Ónefndur, Mímir	1.00
Kona úr Borgarfirði, Baldur	1.00
Mrs. Ónefnd, Argyle	2.00
B. Bjarnason, Mountain	1.00
Thorv. Thorvaldsson, Árnes	2.00
Albert Jónsson, Árnes	1.00
Sigurjón Jónsson, Árnes	1.00
Bjarni Peterson, Árnes	0.50
Jón Jónsson, Árnes	1.00
Ónefndur, Árnes	0.50
Jón Einarsson og fjölskylda, Winnipegosis	3.00
Bergur G. Mýrdal og kona hans, Belmont	1.50
Helgi Sigurðsson, Hecla	1.00
Kvenfél. Hlín, Markland	5.00
S. Gíslason, Winnipeg	1.00
Krákur Jónsson, Selkirk	0.25
O. S. Thorgeirsson, W'peg	2.00
Árni Eggertsson	10.00
Jóhannes P. Borgfjörð, Eddlestone, Sask.	1.00
Mrs. Kristjana Dínuson, Svold	1.00
Mrs. Hnappdal, Winnipeg	1.00
J. H. Lindal, Hólar	2.00

Safnað af Christian Árnason, Minneota, Minn. (Nöfn gefenda í næsta blaði) 33.35

Safnað af Eyvindi Johnson, Winnipeg: —

Eyvindur Johnson	$ 1.00
Mrs. D. Jónasson	1.00
Mrs. Margrét Johnson	2.00
Mr. & Mrs. B. Lindal	2.00
Stefán Sveinsson	1.00
Jón Bildfell	1.00
G. Eggertsson	0.50
B. Magnússon	0.50
Miss S. Salomon	0.25
Árni Johnson	0.25
Friðlundur Johnson	025
Magnús Johnson	0.25
L. J. Hallgrímsson	1.00
Carl Goodman	1.00
S. K. Hall	0.50
Mrs. Þorsteinsson	0.30
Þ. Þorsteinsson	0.50
Ónefnd	0.50
Ónefnd	0.25
Ónefndur	0.50
Mrs. Gillis	1.00
Wellington Grocery	0.50

Safnað af Th. Ingimarsson, Tantallon, Sask. (allir í Tantallon, nema 3 síð.):

Jóhannes T. Kolbeinsson	$ 0.50
Th. Ingimarsson	2.00
J. J. Bartels	0.75
M. Ingimarsson	0.50
G. Eggertsson	1.00
Mrs. Guðríður Kolbeinsson	1.00
Stephan Kolbeinsson	0.50
Oliver Bárdal	0.50
Th. Gíslason	0.50
G. Gíslason	0.50
V. Gíslason	0.50
H. Bárdal	0.50
Einar Bjarnason	0.75
Miss K. Halldórsson	0.25
Mrs. Guðlaug Halldórsson	0.25
Hannes Benediktsson	1.25
Sveinn Vopni	0.50
Guðjón Vopni	1.50
Sigurður Vopni	0.50
Paulson Bros.	1.00
J. Magnússon	0.50
Sn. Jónsson	0.50
Ingimar Marison	0.50
Dóri Magnússon	0.25
Joe Johnson	0.50
Mrs. Helga Ingjaldsdóttir	0.25
Mrs. T. Thorsteinsson	0.50
Tryggvi Thorsteinsson	0.50
Hjálmar Eiríksson	1.00
J. J. Johnson	1.00
S. Johnson	1.00
Kristján Johnson	0.50
Narfi Vigfússon	0.50
J. Jósafatsson	1.00
Th. Sigurðsson	1.00
O. Oddson	0.25
A. E. Backman, Jarbo P.O.	1.00
C. Thordarson, Gerald P.O.	0.50
H. Hjálmarsson, Þingvallanýlendu	0.50

Safnað af Jóni Eiríkssyni, á Winnipeg Beach: —

Jón Eiríksson	1.00
Mrs. Guðný Magnúsdóttir	1.00
G. J. P. Olson	1.00
Mrs. Ingunn Mattison	1.00
Miss Walla Mattison	1.00
H. Hermannsson	0.50
Mrs. G. S. Hermannsson	0.25
M. Hermannsson	0.25

Safnað af Mrs. Guðný Sigurdson, frá Íslendingum í Grafton, N. D.: —

Mrs. S. Anderson	0.10
E. Eastman	0.25
Mrs. B. Gíslason	0.25
Miss Inga Magnússon	0.25
Mrs. G. Benson	0.25
Mrs. C. Anderson	0.25
C. Anderson	0.25
Guðjón Árman	0.50
Severt Severtson	0.50
Sigurður Tómasson	0.50
H. B. Sigurðsson	0.50
Mrs. S. Severtsson	0.50
Miss Sarah Eiríksson	0.50
Miss Thora Háwardson	0.50
Miss Sarah Hawardson	0.50
Miss Maggie Sigurðsson	0.50
Miss Anna Alexander	1.00
Mrs. Guðný Sigurdson	0.90
Vantalið (sjá leiðréttingu á öðrum stað í blaðinu)	1.00
Samtals	$134.65
Áður auglýst	94.75
Alls innkomið	$229.40

OGILVIE'S
Royal Household Flour

Til Brauð og Köku Gerðar

Gefur Ævinlega Fullnæging

EINA MYLLAN Í WINNIPEG,—LÁTIÐ HEIMAIÐNAÐ SITJA FYRIR VIÐSKIFTUM YÐAR.

Wall Plaster

"EMPIRE" VEGGJA PLASTUR kostar ef til vill ögn meira en hinar verri tegundir,—en berið saman afleiðingarnar.

Vér búum til:

"Empire" Wood Fibre Plaster
"Empire" Cement Wall "
"Empire" Finish "
"Gold Dust" Finish "
"Gilt Edge" Plaster of Paris
og allar Gypsum vöruteg. undir. —

Eigum vér að senda yður bækling vorn?

BÚIÐ TIL EINUNGIS HJÁ
MANITOBA GYPSUM CO. LTD
SKRIFSTOFUR OG MILLUR I
Winnipeg, - Man.

Heimskringla

Published every Thursday by The Heimskringla News & Publishing Co. Ltd

Verð blaðsins í Canada og Bandaríkjunum er $2.00 um árið (fyrir fram borgað).
Sent til Íslands $2.00 (fyrir fram borgað af kaupendum blaðsins hér $1.50.)

B. L. BALDWINSON,
Editor & Manager

Office:
729 Sherbrooke Street, Winnipeg
P. O. BOX 3083. Talsími 5512.

Fjármála-ræðan.

Hon. Hugh Armstrong flutti fjármálaræðu sína í fylkisþinginu fyrir skömmu, og sýndi, að tekjuafgangur Roblin stjórnarinnar á sl. ári hefir verið meiri en á nokkru undangengnu ári í sögu fylkisins, eða alls $624,118.67. Ræðan öll er löng og fróðleg. Í þessu blaði er ekki rúm nema fyrir stuttan útdrátt úr henni, og hann er á þessa leið:

Það er hlutverk mitt, sagði ræðumaður, að flytja þinginu í dag fjármálareikning fylkisins fyrir liðna fjárhagsárið, og mér er sönn ánægja að geta þess, að árið hefir verið hagsælt ekki að eins fyrir fylkið í heild sinni, heldur einnig vonandi fyrir hvern einstakan þingmann. Framför þessa fylkis stendur í nánu sambandi við framför alls Vestur-Canada. Allir hljóta að játa, að sl. ár var með þeim hagsælustu, sem komið hafa í þessu landi. Framför vor hefir dregið að oss allra þjóða athygli, og margir hafa flutt búferlum hingað á liðna árinu. Bezta sönnun um vöxt og viðgang fylkisins er jafnaðarreikningur bankanna. Árið 1904 var hann 294 miliónir dollara, en árið 1909 var hann 770 miliónir dollara. Inntektir pósthússins í Winnipeg voru 1904 256 þúsundir, en árið 1909 voru þær 580 þús. doll. á 8 mánuðum. Tolltekjur Winnipeg borgar árið 1904 voru 2½ milión dollara, en 1909 voru þær 3¼ milión dollara. Markaðsverð allra korntegunda í þessu fylki á sl. ári var 75 miliónir dollara.

Þetta er ánægjulegt ástand. Það bendir á frjósemi jarðvegsins og dugnað fylkisbúa, sem ég er sannfærður um, að mann fyrir mann og konu fyrir konu eru betur gæddir að líkamsburðum og andlegu atgerfi, en nokkurt annað fólk í heimi.

Á síðasta ári hafa skuldabréf fylkisins verið seld fyrir $2,041,633.34. Af þessari upphæð var 262 þús. dollarar til dómsmálaþarfa, 750 þús. til að auka talþráðakerfið, yfir ein milión dollara var fyrir framræslu, að mestu vestan Manitobavatns, til þess að þurka upp yfir hálfa milión ekrur af landi. Verðið, sem fékst fyrir þessi skuldabréf, var 99.50 fyrir part og 100 prósent fyrir hitt. Vextir eru 4 prósent. Stjórnin tékk þessa peninga hér í Winnipeg sölukostnaðarlaust. Þetta er hærra verð, að einu tilfelli undanskildu, en nokkru sinni hefir fengist fyrir skuldabréf fylkisins, og að svo miklu leyti sem ég veit, betra verð en nokkurt annað fylki hefir fengið fyrir skuldabréf sín. Þetta sýnir, að fjármálamenn bera fult traust til þessa fylkis.

Talþráðanefndin áætlaði á síðasta ári, að hún mundi verja hálfri milión dollara til aukningar kerfisins í fylkinu. En svo var mikil eftirsókn eftir talþráðum í fylkinu, að í ágústmánuði sl. varð hún að fá aukið starfsfé. Stjórnin gerði þá samning við Union bankann, að veita nefndinni hálfa milión dollara, og nefndin brúkaði $367,000 af þeirri upphæð. Svo að alls varð kostnaðurinn á árinu sem næst 1½ milión dollara. Síðar minnist ég á, hverri upphæð er búist við að verja á komandi ári.

Mér er ánægja að geta þess, að inntektir fylkisins hafa á síðasta ári verið með bezta móti, og yfir 200 þúsund dollara umfram áætlun. Þetta er að þakka auknum inntektum frá öllum uppsprettum. Útgjöldin hafa og orðið rúmlega 172 þús. doll. minni, en gert var ráð fyrir, svo að algengar inntektir hafa orðið $624,118.67 umfram algeng útgjöld.

Stjórnin ætlar í júlímánuði næstkomandi að borga að fullu 940 þúsund dollara skuldabréf Manitoba & Northwestern járnbrautafélagsins, og 900 þúsund dollara af skuldabréfum South Western járnbrautafélagsins, og stjórnin ætlar að gera það án þess að taka svo mikið sem eins dollars lán til þeirra skuldaúkninga. Vér ætlum einnig að borga að fullu gömlu Hudsonsflóa járnbrautarskuldabréfin, um 256 þús. dollara, og vér ætlum að gera það, án þess að taka nokkurt lán. Alls verða skuldir þær, sem vér borgum, af því fé, sem Roblin stjórnin hafir safnað í fylkissjóð á sl. 10 árum, sem árlegum tekjuafgöngum, — nokkuð á þriðju milión dollara.

Þessi stjórn hefir síðan hún kom til valda ekki tekið nema eitt lán til almennra stjórnarþarfa, og helfingur þess fjár gekk til að borga áfallna skuld, sem gamla stjórnin eftirskildi. Þó hefir stjórnin lagt ríflega til sjúkrahúsa, akuryrkjumála, til sveita til vega- og brúagerða, til mentamála, og þess utan hefir stjórnin varið yfir 1½ milión dollara til opinberra bygginga. Og 31. desember sl. hafði stjórnin í peningum á bönkum $1,374,000, auk geymslusjóðs, og í gærkveldi átti stjórnin á bönkum 1,650,000 dollara. Á sl. ári urðu inntektir stjórnarinnar $3,376,898.-60, en útgjöldin hafa orðið $2,752,-723.83.

Andstæðingar vorir segja oss, að vér gætum ekki haft tekjuafganga, ef vér ekki fengjum fé frá aukatekjulindum. Vér játum þetta, og höfum árlega sýnt, hvaðan inntektirnar hafa komið. Vér fáum fé frá lindum, sem fyrverandi fylkisstjórn ekki tók tillit til, svo sem frá járnbrautum, auðfélögum og öðrum slíkum uppsprettum. Á þennan hátt höfum vér fengið síðan árið 1900 nærfelt 1¼ milión dollara, og þessi upphæð er stór hluti af samanlögðum tekjuafgöngum Roblin stjórnarinnar, sem til samans eru orðnir $3,007,156.29, eða með öðrum orðum, nokkuð á fjórðu milión dollara.

Á þessu tímabili höfum vér varið til varanlegra fylkisþarfa $1,-534,653.97, og þetta fé hefir verið tekið algerlega af algengum stjórnartekjum.

Vér höfum reynt á sl. ári að stjórna fylkinu með allri sparsemi, og þó að leggja eins riflega til almennra fylkisþarfa og unt hefir verið.

Á síðasta ári gerði stjórnin samning um kaup skólabóka, og selur nú skólabækur hér í Manitoba fullum þriðjungi ódýrar, en sömu bækur seljast fyrir í Saskatchewan fylki.

Næst gat ræðumaður um talþráða starfsemi stjórnarinnar, og sýndi fram á þann hagnað, sem fylkið hefði haft við það, og gat þess um leið, að ákveðið væri, að verja á þessu ári 2½ milión dollara til þess að auka kerfið í fylkinu.

Ræðumaður gat þess, að ekki þyrfti að telja þær skuldir á fylkinu, sem talþráðakerfið hefði kostað, af því það væri aukin eign fylkisins og arðberandi, og stæði því vel fyrir skuldinni.

Hann sagði að fylkið þyrfti engar skuldir að borga fyr en árið 1923, eftir að búið væri að borga þær skuldir, 1. júlí næstk., sem hann hefði áður getið um. Og hann lét í ljós þá skoðun sína, að fylkið mundi 1923 verða fært um, að borga að fullu þær skuldir, sem þá féllu í gjalddaga, án þess að taka nokkurt peningalán, — ef komandi stjórnir gættu sönnu varúðar og sparsemdar, og fjárhagslegra hygginda, sem Roblin stjórnin hefði gert á sl. 10 árum.

Næst gat hann þess að tillög stjórnarinnar á sl. ári hefðu verið: Til mentamála 440½ þús. dollara, til sjúkrahúsa 111½ þús. dollara, til sveitafélaga 150 þús. dollara og til annara þarfa rúmlega 44 þús. dollara, eða alls 746½ þúsund dollara.

Skylduverk.

Það er skylduverk hvers manns, að þegja ekki lengur en góðu hófi gegnir um ýms þau mál, er almenning varðar. Þögnin er talin gullvæg, — og hún er það undir vissum kringumstæðum; en hún getur orðið að skæðustu ósannindum á vissum tímum og við viss tækifæri: "Ef ég þegi, þá lýg ég", sagði Washington forðum, og það var þá gullvægur sannleikur, — það er oft gullvægur sannleikur.

Ég er einn þeirra mörgu, er um langan tíma hafa þegjandi hlustað á allan þann gauragang, sem fram hefir komið austan hafs og vestan í sambandi við stjórnarbaráttu Íslendinga heima. Vestur-íslenzku blöðin—sem annars geta sjaldan verið sammála um nokkurn skapaðan hlut eða óskapaðan—tóku saman höndum, sórust í fóstbræðralag—eftir því sem bezt varð séð—fyrir rúmu ári síðan til þess að níða sérstakan flokk manna heima á Íslandi. Þá var barist þar um völd og líklega stefnu, — barist af alefli á báðar hliðar. Skylda vestur-íslenzku blaðanna var að gefa Íslendingum hér rétta, óhlutdræga hugmynd um það, hvernig í öllu lá; þau áttu að birta á víxl greinir úr blöðum beggja flokkanna heima, til þess að almenningur gæti séð sóknir og varnir, kærur og svör, og gæti sjálfur dæmt um málstað hvors flokks fyrir sig. Hugsið ykkur mann svo þröngsýnan, að hann læsi annaðhvort Heimskringlu eða Lögberg. Mundi hann fá rétta hugmynd um stjórnarfar hér? Mundi hann ekki halda, að allir íhaldsmenn væru þjófar og bófar, ef hann læsi einungis Lögberg? Og mundi hann ekki hugsa það sama um hinn flokkinn, ef hann læsi einungis Heimskringlu? — Og hugsið ykkur mann svo þröngsýnan, að hann læsi einungis annaðhvort Sameininguna eða Breiðablik nú á dögum. Mundi hann ekki fá þá hugmynd, að sannleikurinn væri allur öðru megin og lýgin öll hinu megin? Vissulega væri ekkert líklegra.

Það fór fjarri því, að blöðin hér flyttu óhlutdrægar frásagnir um baráttuna heima. Verstu ákæru- og skammagreinar mótstjórnarblaðanna voru birtar hver á fætur annari, en svörin við þeim alltíð birt — eða örsjaldan. — Með öðrum orðum, blöðin hér vestra komu fram eins og einhliða, keyptur eða leigður lagaflækjumaður, sem reynir af ýtrasta megni að sverta annan málspartinn, en fegra hinn, án tillits til þess, hvor hafi rétt fyrir sér og hvor rangt. — Vilji menn efast um þetta, þá vísa ég þeim á Lögberg, Heimskringlu og Baldur á meðan baráttan stóð yfir heima.

Sanngirni er það umfram alt, sem þjóðirnar verða að kröfjast af blaðamönnum sínum. Drengskapur í bardagaaðferð þeirra á að vera þeim heilög skylda; en drengskapar hefir eigi ávalt verið gætt í afskiftum vestur-íslenzku blaðanna af austur-íslenzkum stjórnmálum í seinni tíð.

Margir menn, sem hafa haft viðbjóð á þessari aðferð, hafa gjört sig seka um þá yfirsjón, að þegja við öllu, og ég fyrir mitt leyti er einn þeirra manna. En grein sú, er birtist í Lögbergi 3. marz eftir herra Baldur Sveinsson með fyrirsögninni "Drengskaparheitið", knýr mig—og ef til vill marga fleiri í þessari bygð og annarsstaðar til þess, að taka penna í hönd og reyna að sýna það, sem hér er um að ræða, á sanngjarnari hátt en gjört hefir verið í vestur-ísl. blöðunum, — á sanngjarnari hátt frá okkar sjónarmiði að minsta kosti.

Mér þykir fyrir því, að verða að eiga orðastað við kunningja minn og skólabróður, hr. B.S., og mér þykir sérstaklega fyrir því, að fornvinur minn, hr. Benedikt Sveinsson, bróðir hans, skuli hallast þeim megin á sveifina, sem hann nú gjörir; skuli frá mínu sjónarmiði hafa farið út á villigötur í stjórnmálum, eins og margir aðrir efnilegir ungir menn heima. En ein skyldan getur verið annari meiri, og ritskyldan eða sagnarskyldan er mér sjálfsagðari nú en þagnarskyldan, og það jafnvel þó maður verði að ámæla beztu vinum sínum. Ég hugsa mér í þessu máli að sýna óhikað með rökum, hversu langt hefir verið farið frá sannleikanum í sumum atriðum, og hvernig honum hefir verið hallað í öðrum atriðum. Ég ætla ekki að gjöra það á þann hátt, að lýsa því yfir, að enginn heiðarlegur maður geti verið annarar skoðunar, eins og B.S. gjörir; ég ætla að sýna þau gögn, sem ég hefi og reyna að stýra þeim langt frá skerjum hlutdrægni, þröngsýnis eða flokksfylgis.

Ég veit það fyrirfram að Heimskringlá fylgir annari skoðun en ég í þessu máli, en ég þekki svo frjálslyndi ritstjórans í flestum málum að fornu fari, að ég efast ekki um, að hann veiti hjáróma röddum jafnt tækifæri og hinum, sem betur virðast falla inn í hljóm fjöldans. Ég hefi leitast við, að kynna mér báðar hliðar málsins, lesið blöð beggja flokkanna jöfnum höndum, borið saman sóknir og varnir, ákærur og svör. Ég mun síðar birta helztu ákærurnar og svörin jafnframt.

Um drengskaparheit og efndir þeirra af hálfu H. Hafsteins, verður ef til vill eitthvað sagt síðar. Þjóðin á eftir að skrifa æfisögu Hannesar Hafsteins og Björns Jónssonar, og verði hún skráð með hönd réttlætisins, sannleikans og óhlutdrægninnar, þá vildi ég heldur hafa verið Hannes Hafstein en Björn Jónsson. Skyldu ekki fleiri vera þeirrar skoðunar, ef þeir hugsa vel um æfiferil og opinbera framkomu þeirra beggja?

Þökk sé Heimskringlu fyrir það, að hún birti myndina. Það sýnir frjálslyndi hennar, og væri sú mynd dregin hér og birt í ensku blaði undir svipuðum kringumstæðum, þá mundi hún vera kölluð meistaraverk. (Frh.).

Sig. Júl. Jóhannesson.

OLÍNA PÁLSSON.

ORT FYRIR LÁRU JOHNSON.

Það kent var okkur ungum, þá að bar dauða manns,
að englar bjartir kæmu og tækju sálu hans.

Þeir fluttu 'hana frá vetri á sólrík sumarlönd.
Þar söng hún frelsiskvæði á ódauðleikans strönd.

Og nær sem góður vinur úr vina hverfur hóp,
vér vitum englar flytja 'hann til þess, sem lífið skóp.

Hvert einlægt hjartans góðverk, sem göfgi heiðust er,
er gæfu-engill sannur, er látnum fylgir þér.

Þín mætust verk og hugsun, þín beztu andans orð,
er aleigan, sem flytirðu í hinsta sinn um borð.

Og hún er sjálfs þíns andi, en sumarlöndin þín:
hin sæla, ljúfa minning, sem vinum þínum skín.

Og söngur þinn er endur-rödd þess alls, sem vanstu bezt,
en ódauðleikans strönd in í skuggsjá lífsins sést.

Því eilíf hrópar þrá vor á meira líf og ljós —
hún leið til himins ryður og brúar dauðans ós.

Í lífgjafarans skauti hún liðinn ástvin sér;
á leiðinni til Emaus hann fyrir sjónir ber.

Og þú, sem látin hvílir, þú leið með vinum átt,
sem ljós á þeirra vegum, sem stjarna skær um nátt.

Þeir þakka af öllu hjarta það alt, sem ást þín gaf,
og augu þeirra grátandi fylgja þér á haf.

Þeir geyma þína minning í gljúpum hjartans reit —
þar gróa in fögru blóm þín og prýða lífsins sveit.

Og góðverkin þín fögru þér fylgja yfir dröfn,
sem friðar-englar bjartir á sæla lífsins höfn.

ÞORSTEINN Þ. ÞORSTEINSSON.

Menningarfélagsfundur

Þessi fundur var haldinn 26. jan. sl. Á þeim fundi flutti Hallur Magnússon erindi, er aðallega fjallaði um uppeldismál. Hvatti hann til meiri áhuga á uppfræðslumálum og meiri afnota þeirrar mentunar og fróðleiks tækifæra, sem fyrir lægju. Mintist nokkuð leikja þeirra, er hann tók þátt í sem barn, t. d. blindingaleik. Síðan hann náði fullorðinsaldri, hefði hann lagt bernskuleikina niður. Samt virtist honum hann sjá allmarga blindinga í leik lífsins meðal fullorðna fólksins. — Ilt að vera óupplýstur, þó verra, að þykjast vita það, sem maður ekki veit og skilja það, sem maður ekki skildi. Bezt að horfa djörfum, rannsakandi augum á alt, hafa alt af hugfast að auka þekkinguna og þroska skilninginn. Eigin rannsókn hollust. En margir gera sér enga grein fyrir fyrirburðum lífsins, og afleiðingin er andleg doðasótt. — "Vér vinnum aldrei veginn nema hálfan". — Tilgangurinn með ferð vorri gegn um lífið, er að auka þekkinguna og göfga sálina, en fjöldinn virðist ekki gefa sér tíma til "að lyfta hug sem hæst". Tíminn lítill til bóklesturs, fáfræðin samt ekki alveg því að kenna. Sumir lesa mikið, en ekki til uppbyggingar, — druagasögur, rómant og dagblöðin með öllu sínu rusli. Íslendingar eiga nóg af góðum og skemtilegum bókum. Rithöfundar vorir hafa opnað oss fagran heim hugmynda og hugsjóna, og margar góðar þýðingar úr öðrum málum eru líka til.

Íslendingar líklega á hærra menn ingarstigi en aðrar þjóðir, þó enn séu meðal vor stórir hópar, sem ekki geta leynt sinni andlegu nekt. Uppeldi barna mjög svo ábótavant. Mentunarþrá þeirra stundum barin niður. Þeim ekki leyfður aðgangur að ýmsu, er þau vilja forvitnast um og fræðast um. Foreldri ráða mestu um, hvernig næsta kynslóð verður. Þau ættu að hvetja unglingana til að auðga sálina, gefa þeim gott eftirdæmi. Börn eru eftirtektasöm og breyta eftir því, sem þau sjá fyrir sér haft. Uppeldið háleitasta starf. Synir og dætur taka við af okkur og skapa næstu kynslóð. Foreldri ættu að hvetja til lesturs í heimahúsum, ef ekki er hægt að ganga skólaveginn. Varast skyldi, að eitra sálirnar með hryðjuverkasögum. Lærdómur á byggja upp göfugra mannfélag. Vonaði, að Skuld varpaði gullaldarblæ yfir framtíð íslenzkrar alþýðu.

Flytjanda var greitt þakklætisatkvæði.

Næst talaði Skapti B. Brynjólfsson. Alt af kvað hann vera farið betur og betur með börnin. Þegar kristin trú var lögtekin, hafi innleiðst agi á börnum. Stundum hefðu þau verið hýdd á langaföstu, án þess þau gæfu sérstaka ástæðu til. Nú alt á annan veg, betur farið með þau og þeim kent fleira. Talsverður munur væri á þjóðunum, sumar dygðarikar og aðrar dvöðasnauðar. Siðferðislega stæðum vér Íslendingar hátt, og værum vel að okkur. Spursmál, hvort nokkur þjóð væri eins vel upplýst, svona upp og ofan. Íslendingar hugsa meira og standa kannske betur að vígi en sumar aðrar þjóðir, þó fámennir séu. Ef einhver hugsjón fæðist, er hún óðara orðin eign allra. Til dæmis munu bækur Ágústs Bjarnasonar vera almennt lesnar af íslenzkri alþýðu, og íslenzk alþýða fróðari um þau efni sem þær fjalla um, en alþýða annara þjóða.

Næst talaði varaforseti Páll M. Clemens. Fanst það vera að bera í bakkafullan lækinn, að hæla Íslendingum; vér ættum síður að gera það sjálfir, nóg að fá hólið utan að. Íslendingar sem þjóð myndi ekki vera fremri öðrum mentuðum þjóðum. Innihald ísl. blaða væri lakara en fremsta bls. á enskum blöðum. Íslendingar viðhefðu enn og mæltu með hýðingum á börnum. Hér í landi væri búið að leggja þær niður, en áherzlan lögð á, að kenna börnum, ekki hegna þeim.

Skapti B. Brynjólfsson hélt því fram, að Íslendingar stæðu að jafnaði framar öðrum þjóðum, þó þeir næðu ekki hámarki annara þjóða, þá væri enginn sori í þjóðlífi Íslendinga í líkingu við það, sem ætti sér stað hjá öðrum þjóðum. Hegning í skólum nauðsynleg. Bezt auðvitað að fara að börnunum með góðu fyrst, ef það dugar ekki, þá með hörku. Herstjórn nauðsynleg á skólum.

Næst talaði séra Guðm. Árnason. Meira hefði verið talað um uppeldishliðina, heldur enn um mentun í viðtækari skilningi. Uppeldið ætti að miða að því, að gera menn mentaðri. Benedikt Gröndal hefði sagt, að mentun væri alt það, sem gerði manninn að manni, en svo er orðið oft notað yfir bókvit eða skólalærdóm. Mentun er miklu meira heldur enn bókment eða skólalærdómur. — Mentun er bæði verkleg og bókmentaleg, — alt það, sem gerir manninn að sem fullkomnustum manni. Stundum eru þeir kallaðir hálfmentaðir, sem gengið hafa á gagnfræðisskóla. Slík orðatiltæki eru vitleysa — engin hálf eða heil mentun til. Sumir segja betri enga mentun en nasasjón. Það er heldur ekki rétt. Betra að vita lítið en ekkert, þó misbrúkun geti átt sér stað. Tvær tegundir mentunar — skólamentun og sjálfsmentun. Sá, sem er skólagenginn, er venjulega kallaður mentaður maður, komínn á annað stig enn óskólagenginn maður. En skólaganga er engin sönnun fyrir mentun. Skólar hjálparmeðal til mentunar, auðvitað bezta hjálparmeðalið. Samt hafa sumir náð ágætis mentun án skólagöngu, t. d. einn af mestu spekingum og rithöfundum 19. aldarinnar Herbert Spencer. Lesum ljóð Stephans G. Stephanssonar, í þeim finnum vér að er eins holl og góð mentun eins og "lærðir" hafa að bjóða. Vitanlega hættir stundum sjálfmentuðum mönnum, sem hafa aflað sér þekkingar gegn um bóklestur, við að misskilja, þýða alt eftir sínum hugsunarhætti, og vera nokkuð einhliða og sérvitrir.

Næsta talaði Mrs. Ingibjörg Goodman. Sumir ágætismenn hefðu staðið ráðþrota yfir barnauppeldi. Þetta umræðuefni væri afarmikilvægt. Viðvikjandi því, sem varaforsetinn hefði vikið að sjálfhælni Íslendinga, þá væri sú sjálfhælni ekki gerð af stærilæti, heldur til þess, að upptöfra unga fólkið, — halda betri partinum upp fyrir því sem fyrirmynd. Og það kvað hún sína reynslu, að meira myndu börn líkamlega hirt meðal enskra en íslenzkra. Ekki stæðu Íslendingar að baki enskum við lærdóm, á það benti frægðarför Skúla Jónssonar og væntanleg för Jósephs Thorsonar (sonar forsetans) til Englands. Íslendingar væru álitnir af sumum að standa að baki hérlendu þjóðarinnar í verklegri þekkingu, en þegar þeir fengju tækifæri til jafns við innlenda, væri ekki víst, að þeir stæðu svo mikið að baki þeirra í þessu efni heldur. Á það benti það, að barnaskóli hér í bænum (Wellington Scool) hefði fengið 10 verðlaun á heimssýningunni í Seattle fyrir skólaverk (hannyrðir), og af þeim 10 verðlaunum áttu íslenzkar stúlkur 8, og kennari þessara stúlkna var íslenzkur kvenmaður.

Síðast talaði S. B. Benedictsson. Kvað hann líkamlegar hirtingar á ungum eða gömlum óforsvaranlegar. Uppeldisfræði þyrftum vér að leggja ræk við. Prestarnir ættu að vera leiðbeinandi í þeim efnum, og benda okkur á bækur og höfunda, sem ágætastir væru.

Á fundinum fóru fram embættismannakosningar og hlutu þessir kosningu: Forseti Stefán Thorson, varaforseti Páll M. Clemens, ritari Friðrik Sveinsson, gjaldkeri Hannés Pétursson. Meðráðendur: Séra Rögnv. Pétursson og séra Guðm. Árnason. Nokkrir gengu inn í félagið á fundinum.

Friðrik Sveinsson, ritari.

Sparið Línið Yðar.

Ef þér óskið ekki að fá þvottinn yðar rifinn og slitinn, þá sendið hann til þessarar fullkomnu stofnunar.

Nýtízku aðferðir, nýr vélaútbúnaður, en gamalt og sæt verkafólk.

LITUN, HREINSUN OG PRESSUN SÉRLEGA VANDAÐ

Modern Laundry & Dye Works Co., Ltd.
307—315 Hargrave St.
WINNIPEG, MANITOBA
Phones: 2300 og 2301

Sherwin-Williams PAINT
fyrir alskonar húsmálningu.

Prýðingar-tími nálgast nú. Dálítið af Sherwin-Williams húsmáli getur prýtt húsið yðar utan og innan. — Brúkið ekker annað mál en þetta. — S.-W. húsmálið málar mest, endist lengur, og er áferðarfegurra en nokkurt annað hús mál sem búið er til. — Komið inn og skoðið litarspjaldið. —

Cameron & Carscadden
QUALITY HARDWARE
Wynyard, -- Sask.

JOHN DUFF
PLUMBER, GAS AND STEAM FITTER
Alt verk vel vandað, og verðið rétt
664 Notre Dame Ave. Phone 3815
Winnipeg

THE DOMINION BANK

HÖRNI NOTRE DAME AVENUE OG SHERBROOKE STREET

Höfuðstóll uppborgaður: $4,000,000.00
Varasjóður - - - $5,400,000.00

SPARISJÓÐS DEILDIN:

Vér veitum sparisjóðs innleggjendum sérstakt athygli, og borgum hæztu vexti á sparisjóðs innleggjum af $1.00 og yfir. — Barna innlega velkomin. — Seljum peningaávísanir á ÍSLAND.

H. V. BRIGHT RÁÐSMAÐUR.

Með því að biðja sérstaklega um "T.L. CIGAR," þá ertu viss að fá ágætan vindil

T.L. CIGAR

T.L.

(UNION MADE)

Western Cigar Factory
Thomas Lee, eigandi Winnipeg

Redwood Lager
og Extra Porter

Styrkið taugarnar með því að drekka eitt staup af öðrum hvorum þessum ágæta heimilis bjór, á undan hverri máltíð. — Reynið !!

EDWARD L. DREWRY Manufacturer & Importer Winnipeg, Canada.

Department of Agriculture and Immigration.

MANITOBA

Þetta fylki hefir 41,169,089 ekrur lands, 6,019,200 ekrur eru vötn, sem veita landinu raka til akuryrkjuþarfa. Þess vegna höfum vér jafnan nægan raka til uppskeru tryggingar.

Ennþá eru 25 miljónir ekrur óteknar, sem fá má með heimilisrétti eða kaupum.

Íbúatala árið 1901 var 255,211, nu er nún orðin 400,000 manns, hefir nálega tvöfaldast á 7 árum.

Íbúatala Winnipeg borgar árið 1901 var 42,240, en nú um 115 þúsundir, hefir meir en tvöfaldast á 7 árum.

Flutningstæki eru nú sem næst fullkomin, 3516 mílur járnbrauta eru í fylkinu, sem allar liggja út frá Winnipeg. Þrjár þverlandsbrauta lestir fara daglega frá Winnipeg, og innan fárra mánaða verða þær 5 talsins, þegar Grand Trunk Pacific og Canadian Northern bætast við.

Framför fylkisins er sjáanleg hvar sem litið er. Þér ættuð að taka þar bólfestu. Ekkert annað land getur sýnt sama vöxt á sama tímabili.

TIL FERDAMANNA:

Farið ekki framhjá Winnipeg, án þess að grenslast um stjórnar og járnbrautarlönd til sölu, og útvega yður fullkomnar upplýsingar um heimilisréttarlönd og fjárgróða möguleika.

R. P. ROBLIN,
Stjórnarformaður og Akuryrkjumála Ráðgjafi.

Skrifið eftir upplýsingum til
Joseph Burke, 178 LOGAN AVE., WINNIPEG. Jas Hartney, 77 YORK ST., TORONTO.

ALDREI SKALTU geyma til morguns sem hægt er að gera í dag. Pantið Heimskringlu í dag.

HUNGRIÐ Í HEIMINUM.

(Niðurlag frá 3. bls.).

ráðum. Þeim, sem eigi kunna að fara með fé sitt, verður að setja fjárhaldsmenn. Sparsemi og ráðdeild mætti kenna, miklu betur en gjört er. Að fara illa með fé sitt, ætti að vera álitið miklu saknæmara en gjört er. En það verður ekki fyrr en það er álitinn glæpur, að hafa fé af fákænum óráðsmönnum. Fjárbrögðin, sem höfð eru í frammi, er einn allra-tilfinnanlegasti meinbugur á siðmenningu nútíma. Harðneskja auðfélaganna og fégræðgi, sem lætur fjölda manns slíta lífi og kröftum fyrir laun svo lítil, að vinnumaðurinn á miklu verri æfi en vinnudýrið, er einn af stórglæpum vorrar aldar. Og það verður bylting, blóðug og hrylllileg, í heiminum, nema bót verði á því stórböli ráðin. Fjárbrögð í opinberri umsýslu og embættisrekstri, er eitt allra háskalegasta mein þjóðanna, því þau ala upp í óhlutvöndum mönnum óráðvendni og glæfra í daglegum viðskiftum. Það er eitur, sem drepur niður allri þjóðarvelferð.

Svo ótal margt mætti laga og leiðrétta. Mörgu er verið að kippa í lag, og margt annað verður fært á rétta leið á öldinni, sem að eins fyrsti áratugur nú er liðinn af. Kristslundin er að þroskast með mönnunum, þó þroskinn sé nokkuð seinfara. Ætlunarverk mannkynsins er svo stórt, að vér sjáum ekki út yfir. Það, sem fyrir utan sjóndeildarhringinn liggur, þráir mannshjartað ávalt mest. Það er eitt einkenni Krists-lundarinnar að vera stöðugt að setja hönd fyrir auga, til að skygnast eftir því, sem enginn hefir enn komið auga á. Með því móti finna menn stöðugt bót við böli. Krists-lundin veit, að ekkert böl er til, er nöfnunum tjái að nefna, sem eigi má finna bót við. Það er ávalt eitthvað fyrir hendi, sem má margfalda, ef þráin er nógu sterk og trú á mátt hins góða ólíkandi.

Krists-lundin fær öllu til vegar komið. Ekkert göfugt ætlunarverk er henni ofurefli hér á þessari jörð. Jartegnanna tímar eru ekki liðnir. Vér þurfum vissulega eins mikið á kraftaverkum að halda þann dag í dag, og forðum á Gyðingalandi. Frelsarinn vildi eigi láta lærisveina sína ætla, að hann einn gæti unnið kraftaverk. Hann vildi einmitt fá þá til að trúa, að sami mátturinn væri þeim gefinn. Þeir gerðu kraftaverk. Og það fékk honum og þeim óumræðilega mikillar gleði.

Krists-lundin er stöðugt að vinna kraftaverk. Hún margfaldar brauðin og fiskana, þann dag í dag. Hún lætur það ná langt, sem heimslundin eyðslusama lætur hrökkva skamt. Krists-lundin á eftir að bæta úr fátæktarbölinu stórkostlega. Hún á eftir að lækna hungrið, sem á sér stað í heiminum, svo margfalt betur en ennþá hefir tekist. Hún finnur nýja vegi og ný ráð. Eftir því, sem hún kemst inn hjá fleirum, verður mátt ur hennar meiri og jartegnir hennar dýrlegri. Og þegar allir hafa eignast eitthvað af henni, breytist eyðimörkin í akurlendi, og meinbugir lífsins snúast í blessan.

Í hverju er þá Krists-lundin fólgin? Að hverju leyti er hún í þessu efni ólík annari lund? Þeir, sem hafa tileinkað sér hana, eða eitthvað af henni, þeir sjá og vilja sjá alt, sem að er. Þeir gera sér grein fyrir meinbugum lífsins eins og þeir eru, án þess að breiða yfir og án þess að afsaka. Enginn hefir haft eins opin augu fyrir meinum mannanna og Jesús. Og enginn hefir fundið jafn-sárt til út af þeim og hann. Af öllum orðum hans er auðsætt, hve óumræðilega sárt hann hefir fundið til með fátækum.

Ætlunarverk kristindómsins er nú að kenna mönnum þetta: Að opna augu sín, kannast við meinbugi lífsins og finna til eins sárt út af þeim og frelsarinn gerði. Það er ekki víst, að kirkjan sé heppilegasta stofnunin til endilegra framkvæmda. Það er ríkið, sem ræsir beztar mentastofnanir. Og það er ríkið, sem beztum sjúkrahælum og líknarstofnunum kemur upp og heldur við. Það verður ríkið, sem sér um ellistyrkinn og atvinnumálin. Það verður ríkið, sem fjarlægir áfengisbölið, og kennir þeim að fara með efni sín, sem ekki kunna. Það er ekki ætlunarverk kirkjunnar, að hrifsa alt þetta til sín og hafa áhyggju og umsvif fyrir öllum þessum verklegu framkvæmdum. Þær eru náðargáfa ríkisins, en ekki kirkjunnar.

En það er háleitt ætlunarverk kirkjunnar, að flytja mönnunum fagnaðarerindi hugsjónanna. Það er hún, sem þarf að hafa frelsarans opnu augu og sjá meinbugina. Og það er hún, sem þarf að finna sára stinginn gegn um hjarta sitt eins og hann, þar sem mannfélagsbölin eru annars vegar. Þá tekst henni að vekja og sannfæra og hrinda framkvæmdum á stað. Og það er umfram alt hlutverkið hennar heilaga. Hún á að miðla andlegum auð. Hún á að kenna öðrum eins og góð móðir, að láta jöfnuðinn og kærleikann vera sem mestan á heimilinu.

Hún á eigi að eins að láta sér umhugað um, að hungrið líkamlega í heiminum sé læknað. Hún þarf að vekja hungur. Hungur og þorsta eftir réttlæti. Hungur og þorsta eftir Krists-lundinni, sem kennir sárt í brjóst um hungrað fólk á eyðimörku.

Hungur og þorsti eftir frelsaranum, lund hans og hugarfari, þarf að vakna hjá öllum. Vér kunnum að eiga einhverja byrjan. En hún er svo fátækleg. Hún er álíka og fimm byggbrauð og tveir smáfiskar handa fimm þúsundum. En frelsarinn er oss nærstaddur nú eins og þá. Og hann er jafn-máttugur og jafn-fús til jartegna nú eins og þá. Bið þú hann að ganga nær og leggja blessan sína yfir þá ófullkomnu byrjun til Krists-lundarinnar, sem þú kant að eiga. Og eitthvað líkt kemur fram við þig og það, sem frá er sagt á eyðimörkinni.

Hann gefi oss öllum náð til þess, í Jesú nafni. Amen.

Herra Jón Hólm, gullsmiður að 770 Simcoe St., biður þess getið, að hann selji löndum sínum gull- og silfur-muni og gigtarbelti. — Belti þessi eru óbrigðul við gigt, ef þau eru notuð samkvæmt fyrirskipunum Jóns. Kosta að eins dollar og kvart.

Fréttabréf frá Mikley.

Herra ritstj. Hkr.

Það kemur sjaldan fyrir, að við sjáum fréttagrein í blöðunum úr okkar kæru Mikley. Það er eins og við séum ekki menn með mönnum, þó við séum fátækir. Eða munu blöðin ekki vilja taka smá-fréttabréf frá okkur? Á það skal nú reyna.

Fiskafli hér við Mikley í vetur hefir verið með minna móti, og lítið heldu menn, sem fiskveiði hafa stundað, haft upp úr þessum vetri, ef ekki hefði verið vel borgað fyrir hann, sem má algerlega þakka hr. G. Sólmundssyni á Gimli hótel. Hann hefir keypt hér fisk af æðimörgum þennan vetur. Hann lét ekki uppi fiskprísa sina í haust fyrr en aðrir kaupmenn voru búnir að kveða upp prísinn og varð hans prís hærri en hinna, og líkaði sumum það illa. En ekki lét hr. Sólmundsson hér við staðar nema, því þegar nokkuð var liðið af veiðitímanum, kemur hr. Sólmundsson eins og engill og hækkar verð á öllum fiski um ¼ part. Það gekk svo fram af sumum, sem ekki urðu Sólmundsons náðar aðnjótandi, að þeir urðu mállitlir um stund. En Sólmundsson er góður drengur, sem margir vita, og keypti hann því nokkra kassa af fiski af þeim, sem málstirðastir urðu við hækkun á fiskverði hans. Ég gæti trúað, að hr. G. S. fengi nálega allan fisk hér næsta vetur, að minsta kosti verðskuldar hann það eftir framkomu sinni hér í vetur. Hver hefir gert betur enn G. Sólmundsson, Gimli Hotels eigandinn á Gimli?

Þann 26. þ.m. (febr.) hélt Lestrarfélagið okkar samkomu og kökuskurð í nýja samkomuhúsinu, sem bygt var í haust. 60—70 manns munu hafa verið á samkomunni. Um kökuskurðinn keptu gift kona og ógift stúlka. Fyrir giftu hliðina talaði hr. S. Sigurðsson, Hnausa, og veittist honum það létt, því maðurinn er vel gáfum gæddur og eldfjörugur. Menn urðu svo hrifnir af tölu hans, að enginn stans varð á 5 og 10 dollara seðlum, þegar gengið var í kring fyrir konuhliðina. Það var eins og hr. Sigurðsson sópaði seðlunum frá hverjum manni með sínum sterklega armlegg, þegar hann hélt sína snjöllu og fjörugu ræðu. Hr. G. Sólm.son frá Gimli gekk í kring fyrir konuhliðina, og hefir enginn hér náð eins miklum peningum inn eins og hann, því hann er lipurmenni og átti alls ekki bágt með að haga orðum sínum þannig að ná í centin. Hattinn mátti hann tæma þrisvar, og þeir báðir, sem í kring fóru. Þó hatturinn væri ekki svo þungur, að hr. Sólmundsson ætti erfitt með að bera hann, þá var seðlahrúgan svo mikil fyrirferðar, að hatturinn fékk ógleði og vildi spú upp úr sér. Það er haft eftir Sólmundssyni, að sér þætti hart, ef Gvendur yrði undir þegar hann byrjaði göngu sína.

Fyrir ógiftu hliðinni talaði Miss Sigurgeirsson, og talaði hún vel, eins og ætið, þegar hún hefir talað á samkomum. Sá sem gekk í kring fyrir ógiftu hliðina, var J. Benson, stór og þrekinn maður, og leit svo út í fyrstu, sem hann mundi blása Sólmundssyni allstaðar frá sér, svo hann hefði ekkert tækifæri, því Sólm.son er heldur smár vexti að sjá, þegar 6—7 feta háir menn eru við hlið hans. En oft eru smáu mennirnir fljótir og snarir í öllum hreyfingum, og sannaðist það hér hvað Sólm. áhrærði, því hann fór þrisvar í kring meðan hinn fór einu sinni. Það er haldið, að Sólmundsson hafi ekki komið skuldingalaus á þessa samkomu, og ekki farið með þá alla heim aftur. Og allir þekkja Stefán með ákafann að verða aldrei undir.

Gifta hliðin hafði 30—40 dollara umfram. Alls kom inn fyrir kökuna $85. Á annað hundrað dollara gaf samkoman af sér. Þessa peningaupphæð megum við að miklu leyti þakka þeim herrum Sólmundsson og Sigurðsson, og verður þessi samkoma tileinkuð þeim, svo lengi sem nokkur samkoma verður haldin hér í Mikley. Báðir þessir menn eru gamlir Mikleyingar, og hafa þeir sýnt með þessu, að þeir hafa verið hér áður og þykir vænt um Mikleyinga og eyjuna sína gömlu. Við sýnum þessum herrum, Sigurðsson og Sólmundsson, mest og bezt þakklæti okkar fyrir þann góða árangur, sem för þeirra hafði í þetta sinn hingað, með því að kaupa vörur okkar hjá Sigurðsson og selja þeim fiskinn okkar að vetrinum. Það er betra þakklæti en orðaglamur, sem oft er lítils-virði? Hvar hefir dýrari kaka verið étin af jafn-láum löndum, sem hér þann 26. febr. 1910.

Heyrst hefir, að félag í Winnipeg sé búið að kaupa öll stjórnarlönd austan á Mikley, frá Hecla og norður. Þeir vita, að Mikleyingar geta gefið þeim ærlega kökusneið, þegar þeir byrja vinnuna sína hér.

Fáfróður.

2 Bækur Gefins

FÁ NÝJIR KAUPENDUR AÐ HEIMSKRINGLU SEM BORGA $2.00 FYRIRFRAM, OG ÞESSUM BÓKUM ÚR AÐ VELJA:—

Mr. Potter frá Texas
Aðalheiður
Svipurinn Hennar
Hvammverjarnir
Konubefnd
Robert Manton
og Leyndarmál Cordulu frænku. —

Alt góðar sögur og sumar ágætar, efnismiklar, fróðlegar og spennandi. Nú er tíminn að gerast kaupendur Hkr. Það eru aðeins fá eintök eftir af sumum bókunum.

Heimskringla
P.O. Box 3083, Winnipeg

ég hefi eignast á ferðalögum mínum. Þú skalt sjá, að þetta verður listaverkasafn með tímanum".

"Og ástarinnar", bætti barúninn við og hló.

"Já, sannarlega, en þú mátt ekki ætla, að það sé eingöngu lostl, sem tengir mig við Angelu. Nei, auk þess, sem hún er fögur, er hún framúrskarandi vel gáfuð".

"Þú segir satt ..... við skulum halda áfram".

"Nei, við skulum fara heim að kofanum og rannsaka plássið. Ég er þyrstur og get máske fengið að drekka þar".

"Þú getur riðið þangað", sagði barúninn, sem ekki vildi láta Móritz sjá sig, "ég bíð hér á meðan, en vertu ekki lengi".

Greifinn fór, og barúninn sá hann fara af baki og ganga inn í kofann, en hann var lengur en barúninn hafði búist við, þegar hann kom út, virtist hann vera alvarlegur og hugsandi.

"Nú", spurði barúninn, "hvað sástu í kofanum?"

"Undarlegt", tautaði greifinn án þess að svara barúninum; "svo nákvæmlega líkir".

"Hvað sástu?" spurði barúninn óþolinmóður.

"Ég sá ..... dreng", svaraði greifinn hugsandi.

"Ekkert annað?"

"Jú, konu, sem var að spinna, enda þó hún væri blind. Hver er þessi kona? Hún er ekki almúgakona, og sonur hennar er —"

Greifinn þagnaði skyndilega.

Hví skyldi hún ekki vera blátt áfram almúgakona?" sagði barúninn, sem ekkert lézt vita.

"Hvers vegna? ..... Af því alt útlit hennar bendir á siðmenningu, ... af því ýmislegt í kofanum hennar bendir á fyrverandi velmegun".

"Hvað heitir hún?" spurði barúninn.

"Ég spurði ekkert að því. Sonur hennar, á að gizka 15 ára gamall, sat við að lesa í Tacitus. Hann

sagðist vinna á heimili mínu fyrir daglaunum, sem ráðsmaður minn geldur honum. Hann hefir fengið tilsögn hjá fátæka prestinum, sem er góður maður og fróður, en nokkuð undarlegur, held ég."

Greifinn varð aftur hugsandi, en svo hrökk hann við eins og hann vaknaði af vondum draum.

"En hvað þeir eru líkir", tautaði hann. "Það var að öllu leyti hans andlit ..... og mitt líka. ..... Það er voðalegt. ..... Og hringurinn með bláa steininum. ..... Ég hefi séð hann áður og ég hefi leikið mér að honum í æsku minni. ..... Getur það verið mögulegt? ..... Skyldi faðir minn .....?"

Greifinn þagnaði, þegar hann sá, að barúninn horfði á hann. Barúninn að sínu leyti var hræddur um, að greifinn kendi í brjóst um ekkjuna og son hennar, en við nánari athugan fanst honum óhugsandi, að hann, sælkerinn og trúleysinginn, hefði meðaumkun með nokkurri manneskju. Svo fór hann að hugsa um orsökina til geðshræringar greifans, en af því hann hafði ekki tekið eftir, hve líkir hann og Móritz voru, komst hann ekki að neinni niðurstöðu með það, og byrjaði því aftur á sama umtalsefninu og áður.

"Nú, nú", sagði hann, "hugsarðu enn um byggginguna, eftir að þú ert búinn að skoða plássið?"

"Já, já", kallaði greifinn ákafur, eins og hann vaknaði af draumi, "já, þau verða að fara ..... þessi endurminning —"

Hann þagnaði, eins og honum fyndist hann hafa sagt of mikið. Barúninn horfði forvitnislega á hann en fékk ekkert að vita, því greifinn þagði, og án þess að tala eitt orð héldu þeir áfram. En þessi þögn var rofin með stynjandi: —

"Auðmjúkur þjónn, hávelborni herra greifi og hávelborni herra barún! Ykkar auðmjúkur þjónn!"

Orð þessi virtust koma frá maganum á litla,

hnöttótta prófastinum Wassholm, sem við hlið konu sinnar, kenslukonunnar, sat í lélegum vagni með einum hesti fyrir, er átti bágt með að draga byrði sína upp brekku, þar sem reiðmennirnir náðu þeim.

"Auðmjúkur þjónn", svaraði greifinn kuldalega. "Hvert á að fara?"

"Ég er á heimleið, náðugi herra greifi. Ég var að heimsækja veikan mann og þjónusta hann, og konan mín fór með mér í stað aðstoðarprestsins".

Prófasturinn, sem áleit sig að hafa talað ágæta fyndni, stundi upp hlátri, sem var mjög líkur skvampi í öltunnu.

"Það er alveg rétt", sagði barúninn og leit um leið á mögru prófastsfrúna, "að prófasturinn taki frúna með sér, þegar aðstoðarpresturinn er heima, og svo þvert á móti".

"Ha, ha, ha! Hávelborni herra barúninn er kátur og fyndinn", sagði prófasturinn og leit um leið til konu sinnar, til að sjá, hvernig hún tæki hlátri sínum.

En það varð ekki séð, að henni líkaði þessi orð vel, því hún leit kuldalega á barúninn og sneri sér að greifanum.

"Þú ert á skemtiferð þenna guðdómlega vormorgun, herra greifi", sagði hún og brosti yndislega, "ó, ég gat heldur ekki neitað mér um, að fullnægja löngun minni, að koma út og skoða hina fögru náttúru, anda að mér vorblænum og leyta fuglasöngnum að töfra eyra mitt".

Greifinn leit á hana undrandi. Hann átti ekki von á, að heyra þetta skrúðmál frá bændavagni. "Hvernig stendur á þessu?" hugsaði hann.

"Þú ert lánsamur, herra greifi", sagði prófastsfrúin, "þú ert lánsamur, sem gengið hefir um hina fögru dali á Ítalíu um ilmríkar nætur. Ó, hversu

oft, þegar vanalífsins blýþungi hvíldi á mínum sumarfuglavængjum".

"Sumarfuglavængjum", tautaði barún Ehrenstam, sem varð að bíta í varirnar til að verjast hlátri, "hún er líkari náttuglu en sumarfugli. Þetta er gaman".

"..... Ég hefi", sagði prófastsfrúin, "með eilífri löngunarkvöl, látið huga minn dvelja við grafir Tassos og Hómers ....."

Nu þoldi barúninn ekki mátið lengur, hann stakk vasaklútnum upp í sig, sló í hest sinn og flúði.

Eberhard ætlaði með honum, en virtist alt í einu muna eftir einhverju, stöðvaði hest sinn og sagði:

"Herra prófastur, mér þætti vænt um, ef þú vildir fræða mig um nokkuð".

"Velkomið, ef ég get, herra greifi".

"Veiztu ekki hvaða kona það er, sem býr í einu húsinu mínu í nánd við bæinn; hún er blind og á dreng, sem notið hefir tilsagnar hjá sóknarprestinum?"

"Ó, það er húsfrú Sterner", sagði prófasturinn. Um hana getur Bergholm prestur bezt frætt þig. Það eina, sem ég veit, það er, að hún hefir verið dulgift ríkum manni, sem dó skyndilega og skildi hana og son hennar eftir í fátækt, og, að hún getur sannað stöðu sína þegar hún vill, af því hún hefir skriflegar sannanir, en að loforð, sem hún hefir gefið sínum framliðna manni, bindur tungu hennar. Þessa sögu gat hún sagt Bergholm presti, og hann hefir tekið að sér, að kenna syni hennar. Þau hafa verið á eign þinni í nokkur ár. Þetta er alt skiljanlegt: Drengurinn er ástar-afkvæmi, sem menn kalla svo, og nú vill móðirin gylla frásöguna. Þetta er alment".

"Já, ... eflaust", sagði greifinn hugsandi. ..... "Vertu sæll, hr. prófastur. Þökk fyrir fræðsluna".

"Auðmjúkur þjónn, hávelborni herra greifi, auð-

ROBLIN HOTEL
115 Adelaide St. Winnipeg
Bezta $1.50 á-dag hús í Vestur-Canada. Keyrsla ókeypis milli vagnstöðva og hússins á nóttu og dagi. Athlynning hins bezta. Viðskifti Íslendinga óskast. ÓLAFUR G. ÓLAFSSON, Íslendingur, afgreiðir yður. Heimsækjið hann. —
O. ROY, eigandi.

A. S. BARDAL
selur líkkistur og annast um útfarir. Allur útbúnaður sá bezti. Enfremur selur hann alskonar minnisvarða og legsteina.
121 Nena St. Phone 306

HEIMSKRINGLU og TVÆR skemtilegar sögur fá nýir kaupendur fyrir að eins $2 00

Giftingaleyfisbréf
selur: Kr. Ásg. Benediktsson
528 Simcoe st. Winnipeg.

—THE—
"Arena"
Þessi vinsæli skautaskáli hér í vesturbænum er nú opinn. Isinn er ágætur. 18DA MOUNTED RIFLES BAND SPILAR Á ARENA. KARLM. 25c.—KONUR 15c.
Chas. L. Trebilcock, Manager.

JIMMY'S HOTEL
BEZTU VÍN OG VINDLAR.
VÍNVEITARI T.H.FRASER.
ÍSLENDINGUR.
James Thorpe, Eigandi

A. S. TORBERT'S
RAKARASTOFA
Er í Jimmy's Hótel. Besta verk, ágæt verkfæri; Rakstur 15c en Hárskurður 25c. — Óskar viðskifta Íslendinga. —

MARKET HOTEL
146 PRINCESS ST. á móti markaðnum
P. O'CONNELL, eigandi, WINNIPEG
Beztu tegundir af víni og vindum, aðhlynning góð hús^ endurbætt

Woodbine Hotel
466 MAIN ST.
Stærsta Billiard Hall í Norðvesturlandinu
Tíu Pool-borð.—Alskonar vín og vindlar
Gistin, og fæði: $1.00 á dag og þar yfir
Lennon & Hebb
Eigendur

A beztu heimilum
hvar sem er í Ameríku, þar munið þér finna HEIMSKRINGLU lesna. Hún er eins fróðleg og skemtileg eins og nokkuð annað íslenzkt fréttablað í Canada

Hungrið í heiminum.

Prédikun, flutt í Tjaldbúðarkirkju 4. sunnud. í föstu, 6. marz 1910.

EFTIR *F. J. Bergmann.*

BEN: — Himneski faðir! Vér þökkum þér af hjarta, að þú hefir veitt oss alla hluti, er vér þurftum, til líkama og sálar, fram á þenna dag. Lát oss aldrei gleyma, að það er þú, sem gefur. Lát þakklátssemi hjartna vorra vaxa með vizku og aldri, og gef að vér lærum betur og betur að meta þinn eilífa föðurkærleik. Vér þökkum þér um fram alt sendingu sonar þíns í heiminn og þá andans auðlegð, sem mönnum veittist með honum. Kenn oss, að leita til hans með þrá í hjarta, til að svala hungri og þorsta sálar vorrar. Kenn oss að líta hungursneyð heimsins sömu augum og hann. Lát oss alla af honum læra, að miðla þeim einhverju, sem minna hafa. Kenn þeim, sem mikið hefir af veraldlegri auðlegð, að verja henni stöðugt til að ráða bót á fátækrabölinu. Og kenn þeim, sem mikið hefir af andans auð, að verja lífi og kröftum til að koma öðrum í skilning um kærleikshugsanir þínar, heiminum til frelsis. Í Jesú nafni, amen.

Ræðutexti:

Jesús mettar 5000 manna (Jóh. 6, 1—15).

Þrátt fyrir framfarirnar miklu, sem eiga sér stað í heiminum, er stöðugt mikið af fátækt og örbirgð, hungri og neyð. Mikil var fátæktin á Gyðingalandi á dögum frelsarans og mikil er hún og tilfinnanleg þann dag í dag, þó margt hafi lagast. Siðmenningin er nú langt á leið komin hjá því sem þá var. Á þessum nítján hundruð árum, sem liðin eru, hafa mannfélagskjörin í mentuðum heimi stórkostlega batnað. Þó á fólk á þeim forn-helgu stöðum enn við undur erfiðar ástæður að etja, — fátækt svo mikla og örbirgð, að oss, er í betri heimkynnum búum, myndi eigi þykja lífvænt. Sárt mundi frelsarinn finna til fátæktar og skorts enn, ef hann væri hér á jörð, eins og á holdsvistardögum sínum. Þó hann væri uppi með auðugustu þjóð heims, myndi kjör öreiganna engu síður ganga honum til hjarta en á Gyðingalandi forðum.

Og nú eins og þá er það eigi líkamlegt hungur eitt, er að heiminum gengur. Menn ganga með hungur í sálum sínum eigi síður — hungur svo skerandi sárt, oft og tíðum, að menn hafa engan frið. Svefn flýr af augum. Gleðin verður að gráti, yndið að ama, óbragð að lífinu. Menn horfa í allar áttir, en finna hvergi nokkurt sólbros. Innri maðurinn allur eins og opin und. Fuglar himins hafa skýli og refar greni. En maðurinn innur einatt hvergi hugarangri sínu fróunarblett. Margrar friðlausrar mannssálar myndi frelsarinn verða var, ef hann gengi hér út og inn með oss, eins og forðum á fósturjörðu sinni.

Mikill hluti mannkynsins myndi enn á þessari tuttugustu öld koma mannkynsfrelsaranum fyrir sjónir eins og hjörð án hirðis. Honum myndi finnast fólkið tvístráð og dreift. Hann myndi verða var hungursins í hjarta þess, kenna stingsins, sem það ber fyrir brjósti. Því hann mátti ekkert aumt sjá. Hann komst við af öllum bágindum mannanna. Hvar, sem Kristslundarinnar verður vart, hefir hún þau einkenni. Ósjaldan örvæntum vér um mennina. Þeir eru svo harðir, illvígir, grimmir. En annað veifið rekum vér alla örvænting á dyr. Því fáir eru þeir, sem eigi komast við af annara raunum, er augað á annað borð opnast. Og þá rennur flestum blóð til skyldu. En augað er svo sljótt, sinnuleysið svo mikið. Lazarus í sárum sínum. Og skynlaus skepnan dinatt fyrri til meðaumkunar.

Hungrið! Að það enn skuli geta átt sér stað. Svo mikið af auðlegð og alls nægtum hér á þessari jörð. Svo margir, sem hafa langt — langt um fram allar þarfir. Svo margir, sem veltast í munuð og nautn og prjáli og óhemju eyðslusemi. Og samt svo ómurlega margir, sem ekki hafa nóg til næsta máls. Ganga með stöðugan kvíðboga fyrir, að þeir og börnin þeirra muni falla af sulti og seyru þá og þegar. Hvern dag liggur leiðin fram hjá dyrum þeirra auðugu, áður skriðið er heim í barlómsbælið. En hvert sem vonin flögrar, finnur hún harðlæstar dyr og hrekkur frá. Þá er tilveran aum og ilt að heita maður.

Þú segir ef til vill eða hugsar í hjarta: Þetta er óþarfa tal. Hér er ekkert hungur. Við búum í allsnægtanna landi. Hér brestur engan, sem á annað borð vill hjálpa sér sjálfur. Hér er ungt land, olnbogarúm nóg, auðæfi handa öllum. Hér er hungrið sjálfskaparvíti og fátæktin löstur. Svo er oft mælt af mörgum og fjöldinn trúir. Þakklátir skulum vér fyrir landrýmið og vinnubrögðin. Hvorttveggja er dýrmætt. Og sæl sú kynslóð, sem nú er uppi og nýtur. Hve miklu erfiðara verður þeim, sem á eftir oss koma, að leita sér bjargar, þegar landið er orðið fult af fólki og hver hönd hrifsar af annari.

En finna skyldum til með fátækum bróður. Það er svo skamt síðan að sá, sem nú hefir alls nægtir, sat að hálfum hleif og höllu keri. Hungrið hefir setið á næstu nesjum hjá flestum af oss. Eyðimerkurútsýnið ættum vér við að kannast. Vér ólumst upp í landi, þar sem enginn var akur, engin kornstöng, ekkert ax til að fylla mælinn. Þar alast þeir upp enn, sem oss eru skyldastir og oss tekur sárast til. Og vér vitum, að líf þeirra er látlaus barátta við örbirgðina og hungrið—þessa bleiku vofu, sem orðin er vor þjóðarfylgja. Þess vegna skyldum vér tala lágt og varlega.

Hún á eigi heldur að eins heima á fósturjörðu vorri, vofan sú. Hún á heima líka hér fyrir vestan álinn breiða. Hér í þessum nýja heimi með heimilisréttarlönd og svarta frjómold í hverri akurrein og olnbogarúm og alls nægtir, — hér á líka fátæktin heima og vefur sinn ömurlega þráð inn í örlagavef þjóðarinnar. Lýðveldið mikla fyrir sunnan oss á heima í einhverju auðugasta landi á hnettinum. Náttúran hrúgar þar afurðum sínum í skaut þjóðarinnar, svo naumast fær hún birgt aflann inni. Þar kunna menn líka að vaka og vinna og færa sér í nyt. Þar liggja menn ekki á liði sínu. Og þó þar sé margur, sem ekki er annars bróðir í leik, en hrifsar og hremsar hlut miklu stærra en honum ber, er þar þó til svo mikið af mannúð og hróðurhug og samúð, að vart getur annars staðar meiri. Og hvergi er jöfnuður eins mikill í frelsi og mannréttindum og þar. Orðin fátækt og eyðimörk ætti þar að vera ókunn. Og hugtakið hungur naumast að vera skiljanlegt.

En það er öðru nær. Vofan sú er á ferðum þar eigi síður en annars staðar. Mestu alvörumenn þjóðarinnar og mikilhæfustu rithöfundar gera hana að umtalsefni, hver á sínu leiti. Hún er á ferðum þar eigi síður en annars staðar. Mestu alvörumenn þjóðarinnar og mikilhæfustu rithöfundar gera hana að umtalsefni, hver á sínu leiti. Sú staðhæfing hefir nýlega verið gerð af fróðum höfundi og gætnum, að eigi færra en fjórar miljónir manna sé ómagar og þurfamenn í Bandaríkjum. Að tala jafn-há sé fólk allslaust með öllu, sem láti böl sitt liggja í þagnargildi og beri harm sinn í hljóði. Og að tíu miljónir lifi við kaup, er sé mikils til of lágt til að viðhalda líkamsþrótti og vinnukröftum. Hann staðhæfir, að þetta sé bygt á skýrslum og öldungis áreiðanlegum rannsóknarheimildum. En bætir við um leið, að þó tölur þessar væri einni eða tveim miljónum of háar, myndi siðferðisleg hólmgöngu-áskoran þeirra til þjóðarinnar verða jafn-brýnandi fyrir því (Rauschenbusch).

Þegar athugað er, að fyrir fáum árum gátu Bandaríkin hrósað sér af, að þar væri engir þurfamenn, sjáum vér, að öldungis sömu örlög blína þeirri þjóð í augu, er vér búum með. Hún hefir enn ekki komið auga á fátæklinga sína. Það er Bandamönnum til sóma, að þeir eru farnir að sjá og kannast við. Það er ávalt fyrsta spor í áttina til umbóta. Um leið og fólksfjöldi margfaldast í landi og ein stórborg ris upp á fætur annari, rekur líka hungurvofan upp höfuð og skýtur þeim skelk í bringu, sem kunna að sjá tákn tímanna. Auðugustu lönd heims eru eigi undanskilin fremur en fátækustu. Munurinn að eins þessi: Í auðugu landi er fjöldi fólks auðkýfingar og bjargálnamenn. Í fátæku landi er auðurinn svo sem enginn, allir fátækir að kalla má, svo þar liggur fátæktin ofan á mosanum eins og fjallagrös eftir regnskúr. Í auðugu landi er hún grafin niður í mosann, af því sólskinið er mikið. Hvarvetna er svo og svo mikill hluti hverrar þjóðar brauðlaus og örmagna úti á eyðimörk. Og hvarvetna stígur þar upp hróp eftir frelsara, er kunni að margfalda brauðin og fiskana.

Því er oft borið við, að fátækt og örbirgð sé sjálfskaparvíti. Svo margir, er eigi kunna að fara að ráði sínu. Mikið af óhófi, eyðslusemi, iðjuleysi, óreglu, ráðleysi. Víst er þetta dagsanna að nokkuru leyti. Mikið af hamingjuleysi mannanna á upptök sín í hugarfylgsnum sjálfra þeirra og mannrænuleysi. En einnig þetta atriði í sambandi við fátæktina hefir verið rannsakað. Ljós grein hefir verið fyrir því ger með nákvæmustu rannsókn að því er snertir England og Bandaríkin, að örbirgðarorsakirnar eru þó að lang-mestu leyti þeim öldungis óviðráðanlegar, er öreigar verða. Það hefir verið sýnt og sannað, að í löndum þessum stafa tveir þriðju hlutar fátæktar-bölsins af atvinnubresti, óhöppum og heilsuleysi, en að eins einn þriðjungur af sjálfskaparvíttum svonefndum. Tveir þriðju hlutar allrar fátæktar runnir af atvinnuskorti svo og svo langa kafla ársins, veikindum, elli, — og dauða þeirra, er hafa fyrir öðrum að sjá (Peabody). Einn þriðji hluti er þá eftir, sem stafar af því, er menn alment nefna sjálfskaparvíti.

En svo þegar hugsað er um, að sjálfskaparvítið lang-stærsta, er flestum verður að fótakefli og gerir að ósjálfbjarga öreigum, er ofnautn álengis, og að álengissalan er löghelguð og lögheimiluð, af þjóðum og mannfélögum, minkar þessi þriðjungur, sem orsakaður er af sjálfskaparvítum all-tilfinnanlega. Álengssölunni er haldið við vegna skattsins, er hún leggur í sjóð ríkisins. Stjórnir landanna egna þessa snöru og leggja hana á leið borgaranna. Fjöldi sjálfbjarga manna hleypur í hana og verður ósjálfbjarga. Svo er þeim kent um gæfuleysi sitt og ráðleysi. Og þó liggur í augum uppi, að mannfélaginu sjálfu er að langmestu leyti um að kenna. Manni kemur ósjálfrátt til hugar sagan um dr. Lawson og geðveikrahælið. Hann var að reyna að skilja heilvita frá vitskertum. Hann bað þá alla, að þurausa vatnsþró, sem vatn rann stöðugt í úr opnum krana. Vitskertir jusu og jusu. Heilvitar lokuðu krananum og jusu svo. Ósjaldan megum vér spyrja: Er mannfélagsskipulagið heilvita eða vitskert?

En frelsarinn er á ferðinni nú eins og á Gyðingalandi forðum. Hann er stöðugt að lækna vitskerta og kenna þeim að loka krananum. Og um leið og menn láta sér lærast það, kemur fram jartegnin dýrlega á eyðimörkinni. Brauðin og fiskarnir margfaldast. Fimm þúsundir manna, auk kvenna og barna, brauðlausra örvænis-aumingja, fá saðningu. Hungurvofan hverfur lengra inn í eyðimörkina.

Hvarvetna í kristnum heimi eru kristnir áhugamenn um þetta að hugsa nú á dögum. Þeir líta svo á, að hér eigi kirkjan að leggja fram drjúgastan skerf til úrlausnar. Það sé hún, er vinna eigi eyðimerkur-undrið fyrir nútíðar-kynslóðina. Og víst er um það, að lítið hefir hún eignast af lund Jesú Krists, svo framarlega, sem hún finnur eigi til með fátækum. Og ónýtur þjónn er hún orðin, er rekinn verður á dyr, ef hún leggur eigi fram drjúgan skerf til að ráða bót á mannbugum lífsins.

Ölmusugjafir hennar eru alkunna. Mjög mikið af hylli sinn hefir hún áunnið sér með þeim. En betur og betur finna menn til þess, að ölmusugjafirnar eru máttvana kraftaverk. Þær loka eigi krananum. Veita aumingjunum, er standa við austurinn, að eins stundar-fró. Það er álíka og ætla sér að græða eyðimerkur-sandinn og breyta í blómengi með því að bera þangað smám saman vatn í skjólu. Kristnin hellir miklu af efnum og örlæti á þann hátt niður í sandinn og sér ekkert strá vaxa upp. Sandauðnin stækkar, ef til vill, en minkar ekki.

Jafnvel gamla testamentið er fult áminninga um miskunn og líkn við fátæka: Sæll er sá, sem gefur gaum bágstöddum; á mæðudeginum bjargar Jahve honum, stendur í einum sálminum (41, 2). Sæll er sá, sem miskunnar sig yfir hina voluðu, segja Orðskviðirnir (14, 21). Þú skalt fúslega uppljúka hendi þinni fyrir bróður þínum, fyrir þurfamanninum og hinum fátæka í landi þínu, segir höfundur fimtu Móse-bókar. Sú fasta, sem mér líkar, er að leysa fjötra rangsleitninnar, láta rakna bönd oksins, gefa frjálsa hina hrjáðu og sundurbrjóta hvert ok; það er, að þú miðlir hinum hungraða af brauði þínu, hýsir bágstadda, hælislausa menn, — ef þú sér klæðlausan mann, að þú klæðir hann og firrist eigi þann, sem er hold bitt og blóð, segir höfundur siðari hluta spádóms-bókar Jesaja (58, 6—7). Og eftir þessu munu góðir menn og guðelskandi hafa breytt á gamla testamentistíðinni. Frá alda öðli hafa Gyðingar látið sér allra manna annast um fátæklinga sína.

Um leið og Jesús hóf kenningu sína, lét hann öllum skiljast, að hún ætti að vera fátækum fögnuður. Hann var fram kominn með hana fyrst og fremst til að gleðja þá. Í Nazaret heimfærir hann orð Jesaja upp á sig: Hann (drottinn) smurði mig til að flytja fátækum gleðilegan boðskap (Lk, 4, 18). Og eitt af því, sem hann lætur flytja Jóhannesi skírara fregnir af í fangelsið er það, að fátækum sé nú boðað fagnaðarerindi (Mt. 11, 5). Allir muna orðið indæla: Komið til mín, allir þér, sem erfiðið og eruð þunga hlaðnir, og ég mun veita yður hvíld (Mt. 11, 28). — Sælir eruð þér, fátækir, því yðar er guðs ríki, eru orðin, sem Lúkas lætur hann byrja fjallræðuna með (Lk. 6, 20). — þann, sem til mín kemur, mun ég alls ekki burt reka (Jóh. 6, 37). — Hinu auðuga ungmenni, er til hans kom, segir hann að selja eigur sínar og gefa fátækum (Mt. 19, 21). — Fátæka hafið þér ávalt hjá yður (Jóh. 12, 8). — Gef þeim, sem biður þig, og snú ekki bakinu við þeim, sem vill fá lán hjá þér (Mt. 5, 42). — Seljið eigur yðar og gefið ölmusu, útvegið yður pyngju, sem eigi fyrnist, ótæmandi fjársjóð á himnum. Því að hvar sem fjársjóður yðar er, þar mun og hjarta yðar vera (Lk. 12, 33n). Á þessa leið kendi hann, vor blessaði frelsari, um fátækt og örbirgð.

Og þó í mörgu hafi verið áfátt, hefir þessi kenning um að liðsinna fátækum, verðið tekin til greina ekkert síður, að sumu leyti frenur, en margt annað, sem hann kendi. Það hefir verið mikið gefið, og er þann dag í dag. Flestir sólnuðir nú á dögum hafa einhverja liknar-starfsemi með höndum, og margir kristnir einstaklingar eru einlægt að gefa. Samt sem áður sér eigi högg á vatni. Fátæktin jafn-ömurleg ár frá ári. Vatnsþrónin jafn-full, hve mikið sem ausið er, af því hún fyllist jafnótt af vatninu úr opnum krana.

Hve nær verður honum lokað? Það er bágt að segja, hve nær það verður. En hitt ætti öllum að vera ljóst, að það er eina ráðið. Annars verða allar ölmusugjafir að litlu liði eða engu. Mannfélagið þarf að sjá um, að þeir, sem minni máttar eru, verði eigi bornir fyrir borð í samkeppninni. Meðan það er eigi gjört, er mannlífið eigi á mikið æðra stigi en dýralífið. Það þarf að sjá um, að allir, sem vilja vinna, hafi atvinnu, og að sú atvinna sé sæmilega launuð, svo þeir, er vinna baki brotnu, geti með sparsemi og fyrirhyggju séð fyrir sér og sínum, og heilsu og kröftum sé borgið. Þegar einhver ekki vill vinna, verður að lækna iðjuleysis-ósómann eins og hvern annan sjúkdóm, með einhverjum

(*Framhald á 4. bls.*)

"Og þú ert engill, Angela", sagði Crispin hlæjandi. "Manstu hvar ég sá þig í fyrsta sinn? Það var í Toulouse, þar sem ég dvaldi einn vetrartíma. Flökkumannahópur kom til bæjarins, og hjá honum sá ég þig, keypti þig af honum, og ól þig upp og útvegaði þér svo atvinnu, og í staðinn fyrir þetta lofaðir þú mér þeirri ást, sem að eins dauðinn getur slitið".

"Ég man það mjög vel", sagði Angela, "ég er munaðarlaus og ómögulegt hefir reynst að komast eftir, hverjir foreldrar mínir hafa verið. Á öxl minni er brennimerkt rós, og snýr höggormur sig utan um legg hennar. Er mögulegt, að hugsa sér nokkuð ljótara? Og enginn veit, hvað þetta þýðir. Sjáðu", sagði Angela, og sýndi honum öxl sína.

"Ég veit það, ég veit það, Angela", sagði Crispin, um leið og hann leit á öxl hennar. "Það er ljótt merki, sem ekki er unt að skilja nú, en verður máske mögulegt á ókomna tímanum".

"Það getur skeð, en ég held þó ekki", sagði Angela. "En nú verðum við að skilja, greifinn getur komið nær sem helzt. Að nokkrum vikum liðnum förum við úr Sviariki".

"Og komum hingað aldrei aftur".

"Staðfestu það með handabandi".

Þau tóku saman höndum.

"Frakkland og Ítalía gera samsæri", sagði Angela. "Það verður Svíþjóð, sem fyrir hallanum verður."

"Já, það verður Svíþjóð. Vertu sæl".

Hann fór, en Angela tók hörpuna og lék á hana, þegar greifinn kom inn fám mínútum síðar.

"Hvar hefirðu verið?" sagði Angela um leið og greifinn settist hjá henni.

"Í Liljudal. — Og þar var mér boðið konuefni—"

"Konuefni? Hver er hún?"

"Dóttir hjónanna".

"Eiga þau nokkra dóttur á giftingaraldri?"

"Nei, hún er ekki nema níu ára, en barún Ehrenstam álítur, að ég geti beðið þangað til hún er orðin nógu gömul. Hann hefir rétt fyrir sér í því. Ég að gifta mig! Ha, ha, ha!"

"Þú hefir líklega afþakkað þetta tilboð?"

"Nei, ég vildi ekki gera hann óánægðan, þegar þess þurfti ekki. Ég lofaði að hugsa um þetta og bindast engri annari, og það verður mér ekki erfitt að eina".

"Stúlkan verður mjög rík".

"Ó, já", svaraði greifinn, "en hvað kæri ég mig um það, hún eignast líklega nokkrar tunnur gulls, en ég á nóg, og meðan þú ert hjá mér, fagra Angela, vil ég enga aðra. Þú ert sú eina, sem ég vildi giftast, en það vilt þú ekki. Þú elskar frelsið of mikið til þess að velja það".

"Já", sagði Angela, "ég gifti mig aldrei. Þú verður að muna, að ég er brúður listarinnar, og að fólkið í Maíland kreíst að fá að sjá mig aftur".

"Þá fer ég með þér. Ég yfirgef þig aldrei", sagði greifinn.

Hann þrýsti henni að brjósti sér með miklum ákafa, en hún reif sig úr faðmi hans og sagði:

"Þú kreistir mig í sundur, Eberharð. Vertu sæll, ég fer nú að klæða mig. Við ætlum hvort eð er að aka okkur til skemtunar í kvöld."

Eins fljót og fluga hvarf hún inn í svefnherbergi sitt, og læsti því að sér.

"Himinn og helvíti, hvílíkur kvenmaður!" sagði Eberharð, stóð upp og þaut út.

IV.

Ráðagerð um byggingu.

Barún Ehrenstam hafði ekki gleymt gremju sinni til drengsins, sem bjargaði Ísabellu, og sem honum fanst hafa litilsvirt sig með því, að þiggja ekki ölmusuna, sem hann bauð honum.

Barúninn var einn af þessum hugsunarlágu mönnum, sem reyna að breiða ofan yfir framið ranglæti með öðru verra. Hann iðraðist ekki eftir það, hvernig hann hafði breytt við drenginn, en hálfskamm aðist sín stundum fyrir það samt, og það jók gremju hans.

Hann hafði spurt sig fyrir um drenginn, og þótti slæmt, að hafa hann í nágrenninu, því hann ótóst við, að verða að líta undan, ef hann mætti honum aftur, og þess vegna hafði hann hugsað um, með hverju móti hann ætti að fá greifann til að segja ekkjunni upp leigunni. Hann hafði bannað konu sinni og börnum, að minnast á þessa tilviljun með Ísabellu. Hann vildi ekki láta neinn vita, að það var dóttir hans, sem drengurinn bjargaði, eða að hann sjálfur hefði verið svo vanþakklátur, að sýna drengnum enga viðurkenningu. Ef þetta fréttist, vissi hann að það yrði lagt út sér til minkunar, en það gat hann ekki þolað.

Hann hefði raunar getað styrkt ekkjuna og drenginn, og á þann hátt komið í veg fyrir alt umtal, en hann var of drambsamur til þess. Það var því að

eins eitt ráð, og það var að eyðileggja móðurina og soninn og fá þau rekin í burtu. En hvernig?

Morgun nokkurn urðu þeir samferða til að heimsækja nágranna sinn, greifinn og barúninn, og lá þá leið þeirra framhjá kofanum, sem hin blinda ekkja áttí heima í. Þar, sem kofinn stóð, var útsýnið ljómandi fagurt.

Barúninn stöðvaði hest sinn, benti með svipunni á kofann og sagði:

"Hvernig lízt þér á þennan kofa, Stjernekrans greifi?"

"Hann stendur á fögrum stað", svaraði greifinn, "ég held að hann sé min eign".

"Ef ég ætti Óðinsvík, þá veit ég hvað ég mundi gera".

"Hvað helzt?"

"Þá rifi ég kofann niður og bygði skemtihús, eins og þau, sem tíðkast á Ítalíu, og léti hann vera heimili ástmeyjar minnar".

"Þetta er ágæt hugmynd", sagði greifinn, "ég samþykki hana. Ég læt byggja samskonar skemtihús og þau, sem eru í Tívoli, Neapel og Róm; ég hefi uppdrætti af þeim".

"Og fallega ítalska stúlkan þín mun álíta sig vera komna til ættlands sins", sagði barúninn. "Auk þess má gróðursetja suðurlanda blóm og ávexti í kring um húsið, þá verður það enn líkara. Þú vænt-anlega býður mér til kvöldverðar og til að heyra hljóðfæraslátt, þegar það er búið".

"Það skal ekki líða langt um, þangað til það er búið", svaraði greifinn. "Þegar ég kem heim, skipa ég ráðsmanni minum, að láta fólk ó fara úr kofanum og let svo strax byrja á smíðinu. Það ætti að geta orðið mér skemtileg umbreyting á sumrin að vera hér, og svo læt ég flytja hingað öll listaverkin, sem

Bændamál.

(Niðurlag).

"Skyldur nefndarinnar: Ef eigendur hinna núverandi kornhlaða vilja selja þær, væri það fyrsta verk nefndarinnar, að ákveða hvað þær væru verðar hver fyrir sig, og þá eins fljótt og auðið er, að fá hlöðunum breytt, eins og nýja fyrirkomulagið útheimti, nfl. að hveiti hvers bónda sé í sérstakri stýju, og ávalt á nefndin að hafa vakandi auga fyrir hagsýnni ráðsmensku. — Til að ákveða hvers virði hver hinna gömlu kornhlaða sé, skal fyrst taka til greina, hve mikið gagn sé í henni til almennings nota. Hve mikið hún hafi gengið af sér síðan hún var bygð. Hve starfsumsetningin sé mikil. Hve hentug hún sé til starfrækslu nýja fyrirtækinu. Margar kornhlöður eru ekki mikils virði, þegar búið væri að breyta þeim og að sumu leyti byggja upp aftur með einlægum sérstökum hólfum (bins) og með fljótum hreinsunar og móttökuútbúnaði. — Með þessum ákvæðum mætti nefndin fá allnákvæmt virðingarverð hverrar korn hlöðu, með litlum tilkostnaði. — Svo er næst að gera tilboð um kaupin, eftir að nefndin hefir þannig ákveðið hvers virði kornhlöður í fylkinu séu. Ef núverandi eigendur kornhlaðanna neita að selja fyrir upphæð þá, sem boðin er, skal nefndin eins fljótt og greiðlega og auðið er setja af stað byggingu á nýju kerfi, en hafa þó áður gert nákvæma ætlun um kostnaðinn. Nýju hlöðurnar skulu allstaðar vera samsvarandi, hvað lag, byggingu, vélar og starfsaðferð snertir".

"Aðferð. — Móttökumaður í hlöðunni á að halda eftir sýnishorni af öllu korni, sem hlöðunni berst. það á þannig að gerast, að hann taki ögn af hverju ekki, eftir að það er hreinsað, og láti í ílát þar til ætlað. Eftir að bóndinn hefir flutt alt það inn, er hann ætlar sér á því tímabili, verður sýnishornið í ílátinu það réttasta, sem hægt er að fá af korninu. Ef bóndi óskar, getur hann látið móttökumanninn senda part af sýnishorninu (er skyldi innsigla) til skrifstofu nefndarinnar í Winnipeg. Þar á nefndin að hafa herbergi, er hin ýmsu sýnishorn eru geymd og sýnd í. Bezt að ílátin séu úr gleri. Hvert ílát skal sýna með áföstu spjaldi hvaðan sýnishornið kom, númer vagnsins, er það korn var í, og hvaða umboðsmanni salan hefir verið falin á hendur. Hveitikaupmenn munu svo mjög heimsækja þennan sýnishorna-sal nefndarinnar, velja það, er þeim líkar, og kaupa, ef semst um verð. — Kaupmenn, hvort heldur þeir keyptu í umboði innlendra eða útlendra malara, hefðu ábyrgð nefndarinnar fyrir því, að kornið skyldi vera nákvæmlega eins og sýnishornið. Þessi ábyrgð, að sérhver slatti korns, eign sérstaks manns sé sér, og óblandað öðru korni, ætti að leiða til. þess, er flestir bændur óska eftir, að sýnishorna verzlun (Sample Market) kæmist á fót. Þegar korn er komið í flutning, verður það flokkað (graded), þegar þangað kemur, alveg eins og verið hefir, og gæðastig ákveðið, og ef kaupmaður hefir keypt eftir sýnishorni, léti hann hólfa það í stór-kornhlöðunum austurfrá, með öðru korni keyptu á líkan hátt. Móttökumönnum í kornhlöðunum verður gert að skyldu, að geyma afrit af allri vigt, bæði í hólfin og úr þeim aftur í járnbrautarvagn. Reglugerð yrði samin honum til leiðbeiningar, með svo ströngum ákvæðum, að móttökumaður gæti staðfest með eiði alla vigt í hlöðuna og úr henni. Með því móti getur nefndin ábyrgst bónda alla vigtina, er í vagnbyrði hans var látið. Hingað til hefir oft orðið mjög mikill mismunur á vigt vagnbyrða við endastöðvahlöðurnar austur frá og því er látið var í vagninn við heimahlöðuna. Bóndinn hefir oftast nær orðið fyrir skakkafallinu, því hann megnaði ekkert sem einstaklingur móti járnbrautarfélaginu. Með nýja fyrirkomulaginu væri það nefndin, er kreðist fullrar vigtar fyrir bóndann, lekalausra vagna, og fullrar ábyrgðar járnbrautarfélagsins. Og þar sem nákvæm afrit allra vigta eru til reiðu, ætti nefndinni að vera tiltölulega auðvelt, að fá kröfu sína að fullu tekna til greina. Ábyrgð allra voga og vigtunar og allra sýnishorna kemur því til leiðar, að hægt verður að kaupa og selja kornvöru innan fylkis eða héraðs, svo sem alls konar skepnufóður til mölunar og útsæðis. Þetta er nokkuð, sem hingað til hefir ekki verið svo auðvelt, þegar kornið einu sinni hefir verið komið í hlöður kaupfélaganna. Þegar hveiti er flutt í hlöðu, skal takast af fyrir rýrnun (shrinkage) ¾ af 1 prósent (þrir fjórðu úr busheli af hverjum 100 bush.), og svo aftur þegar lermt er á vagn ¾ af 100 prósent (alls 1 af hundraði af hreinsuðu hveiti). Þessi fjórði partur á að vera fyrir því, er fer til spillis (fer niður) í meðferð. Ef nokkurt afgangs korn er eftir í hlöðunum við enda starfstímabilsins, gengur andvirði þess í sjóð nefndarinnar eða fyrirtækisins".

"Stræta-hveiti. — Ákvæði um korn það, sem kallað er "strætahveiti" (Grain sold on the street) mætti gera þannig: Af því geymslupláss, má taka af í hverri hlöðu það, sem nauðsynlegt sýnist fyrir þetta korn. Hólf má leigja strætakaupmönnum eða öðrum, með fyrirvara og með samþykki nefndarinnar. Í engu tilfelli má móttökumanni, sem er þjónn þess opinbera, vera leyft að kaupa hveiti, né vera milligöngumaður annara í því efni. Ef um kaupmann er að ræða, kemur hann sér saman við bóndann um gæðastig og verð, og borgar svo kornið út í hönd, en korn hans er vegið og látið í hólf kaupmannsins, af móttökumanni, og farið að öðru leyti með það eins og bændahveiti".

"Flokkun. — Það er ekki ætlast til né liðið, að móttökumenn ákveði gæðastig nokkurs korns. Þá það er komið í hlöðuna, er það komið undir umsjón og ábyrgð nefndarinnar, og hún afhendir kaupanda það korn, sem sýnishorn þess var af, og tekið var eftir öllum formlegum reglum af umboðsmanni nefndarinnar við hlöðuna".

"Þegar korn er flutt inn, fær bóndi móttökuviðurkenning (Storage receipt) fyrir hverju æki. Viðurkenningin sýnir dagsetning, hve þungt, hreinsað og óhreinsað og númer á hólfinu, sem kornið var látið í. Þegar vagnbyrði er komin, getur bóndi, ef hann vill, skilað til baka öllum móttökumiðunum, og fengið í þeirra stað vöruhússviðurkenning (warehouse receipt) frá móttökumanni, er sýnir, hve mikið korn bóndinn á í hlöðunni. Út á viðurkenninguna getur bóndinn dregið peninga, ef honum svo sýnist. Í hlöðunni er allra hveiti í ábyrgð, og í öllum tilfellum verður alt geymslugjald að borgast áður en korninu fer úr umsjón nefndarinnar.

"Í sambandi við þetta fyrirtæki mætti við eina hlöðu eða fleiri hafa mölunar eða kurlunar vél, svo bændur gætu fengið fóðurkorn malað fyrir sanngjarnt verð, og, yrði þá síður hætt við útbreiðslu skaðlegs illgresis fræs. Starfsemi þessi hefði litinn aukakostnað í för með sér, en yrði tekjugrein fyrir þjóðeignar kornhlöðukerfið".

"Nefndin yrði að senda stjórninni skýrslu við og við, er sýndi, hve margar kornhlöður væru til og starfrækslu þeirra, hve margir verkamenn, hve mikil kornumsetningin sé, um allar tekjur og útgjöld, os.frv. Þegar þing sæti, legði stjórnin fram sérstaka skýrslu um alt ástand fyrirtækisins".

"Nægilega marga farand-eftirlitsmenn skipaði nefndin, er athuguðu alt, sem kornhlöðunum kæmi við, og vitjuðu þeirra á óákveðnum tímum, kæmu fram með tillögur til nefndarinnar, ef þeir sæu að eitthvað mætti endurbæta, o.s.frv. Móttökumenn við hlöðurnar sendu nefndinni skýrslu á hverjum degi, um viðskifti dagsins o.fl.

"Allir móttöku og eftirlitsmenn, eða hver sá, er ábyrgðarstarf hefði við kornhlöðukerfið, yrðu að vera ráðvandir og heiðarlegir menn. Áður en stöður væru umsækjendum veittar, yrðu þeir að sýna, að þeir væru nógu vel að sér til að takast stöðuna á hendur. Ennfremur yrðu þeir að leggja fram vottorð frá minst tveimur áreiðanlegum mönnum, að umsækjandi væri í alla staði heiðarleg persóna. Svo skyldi hann vinna eið, líkt og embættismenn hins opinbera gera nú. Ef móttökumaður gerði tilraun til að hafa af bændum eða kerfinu, eða falsa skýrslur, lægi við því hegning, sekt eða fangelsi, eða hvorttveggja. Allir móttökumenn væru og í hegðunarábyrgð. Ekki skyldi sú ábyrgð nema hærri upphæð en $2,000, og á nefndin að borga öll slík ábyrgðargjöld".

Stöðuhækkunar aðferð (System of prómotion) ætti að koma á fót, líkt og er hjá stórum iðnaðarfélögum, í því skyni, að geta haft þá menn áframhaldandi í þjónustu kerfisins, sem reynst hefðu beztir og hæfastir".

"Vissan hluta inntektanna mætti á hverju ári setja til síðu, í því skyni að mynda og viðhalda eftirlaunasjóð, til þess að þeir starfsmenn, sem unnið hafa ákveðinn árafjölda við starfrækslu kerfisins, fengju árleg eftirlaun. Tilgangurinn er sá, að ná í og halda hæfum og trúum starfsmönnum".

"Næsta þing Manitoba fylkis lögleiði þjóðeignar fyrirkomulag kornhlaðanna".

Til þess að stjórnareign eða þjóðeign kornhlaðanna verði að fullum notum fyrir bændur í Vestur-Canada, verða öll sléttufylkin þrjú að lögleiða og starfrækja kerfi með sama fyrirkomulagi. Saskatchewan og Alberta fylkin verða vafalaust ákveðin í, að fara að dæmi Manitoba í þessu máli, enda kvað stjórnarformaður Scott í Saskatchewan hafa tilkynt Manitoba stjórninni það í haust, að sín stjórn tæki upp þjóðeignar fyrirkomulagið, en mælst til að hin tæki málið upp, léti þingið fjalla um það og koma því á fót.

Annað atriði er og þýðingarmikið í þessu sambandi, og það er þjóðeign endastöðva kornhlaðanna (Terminal Elevators) austur við vötnin, í Fort William og Port Arthur. Bændur vilja, og hafa hvað eftir annað farið þess á leit með bænarskrám og sendinefndum til ríkisstjórnarinnar í Ottawa, að hún keypti og starfrækti þessar kornhlöður. Og þar að mun koma, líkt og með byggingu Hudsonflóa brautarinnar, að stjórnin verður að sinna kröfum Vesturlandsbænda, og taka þessi nauðsynjamál til verulegra framkvæmda.

Ef Ottawa stjórnin þverskallast bænum bænda í kornhlöðumálinu þar eystra, taka þeir til sinna ráða og framkvæmda, sem er í því falið, að leigja kornhlöður C. P. R. félagsins í Fort William. Þeir voru fyrir árslokin komnir á góðan rekspöl með það, og mun það eflaust takast, ef annað betra fæst ekki. En þegar tilboð Manitoba fylkisstjórnarinnar kom alveg að óvæntu um þjóðeign kornhlaðanna í fylkinu — og má segja Vesturfylkjunum um leið — þá sáu bændur, að þjóðeign hlaðanna austurfrá var svo nauðsynlegri en annars hefði verið.

M. T.

Annað bréf að sunnan.

Herra ritstj. Hkr.

Ég sagði í fyrra bréfi mínu til yðar, að ég skyldi segja yður í næsta bréfi, hvernig Mr. Taft — sem uppreistarmenn (Insurgents) byggja alla sína von og traust á, hafi komið fram í vellerðarmálum þjóðarinnar síðan hann varð forseti.

Það var mikið um dýrðir á fundinum í Chicago sumarið 1908, þeg- Mr. Taft var útnefndur af repúblikanaflokknum til að sækja um orsetastöðuna þá um haustið.

Það hafði reyndar verið uppistand í herbúðum repúblikana nokkra undanfarna mánuði, því afturhaldsmenn (Reactionaries) í þeim flokki, fulltrúar auðvaldsins, létust vera á móti því, að Taft yrði útnefndur, og þóttust hafa aðra í sigti, er betri mundu reynast. En Roosevelt forseti lét nú ekki að sér hæða á þeim dögum. Hann veifaði stóru stikkunni (the big stick), svo ótt og títt yfir höfðum þeirra, að tvær sýndust á lofti í einu. Hann skaut því svo miklum skelk í bringu afturhaldsmanna, að felmstursfullir lofuðu þeir hans hátign að bæta ráð sitt og útnefna Taft, þegar á fundinn kæmi. — Þess vegna, eins og ég sagði í byrjun, var mikið um dýrðir, er á fundinn kom, því nú voru þeir allir sáttir og sammála um, að útnefna Taft.

Þeir byrjuðu fundinn með því, að lofa og vegsama Roosevelt, en entu með því, að neita að taka inn á stefnuskrá sína flest þau endurbótamálefni, er hann (Roosevel) hafði barist mest og bezt fyrir, nema að breyta toll-lögunum, því þeir vissu, að það var svo megn óánægja allstaðar yfir hinum alræmdu verndartollalögum, að það var óhugsandi, að vinna kosningarnar, ef ekki væri lofað að breyta þeim.

William Howard Taft var þar útnefndur til að sækja um forsetastöðuna, með lófaklappi, bumbuu og básúnum. Nokkru síðar var Mr. Taft sendur út af örkinni til að prédika fyrir fólkinu. Þá kom upp sá kvittur, að loforð repúblikana um að breyta tollinum gætu meint eins vel tollhækkun eins og tollækkun. Kom það þá einatt fyrir, þegar Mr. Taft var orðinn hás og rámur á ræðupallinum, að einhver af tilheyrendum var svo ódrenglundaður, að spyrja hann, hvort ætti að hækka eða lækka tollinn samkvæmt stefnuskrá flokks hans, þá lá við að yrði skák og mát. En mát mátti það þó ekki verða og þar, að Taft áleit þetta vera bara peð-skák, þá hrókeraði hann og varði sig í horninu. Hann sagðist vera fullmektugur að svara fyrir sinn flokk í þeim efnum. Í ræðu, er hann hélt í Des Moines, Iowa, sagði hann meðal annars með þrumandi röddu: "Það er skilningur minn, að endurskoðun toll-laganna, samkvæmt loforðum repúblikan flokksins, meini verulega toll-lækkun, og ég hika ekki við að segja, með allri þeirri áherzlu, er ég hefi til, að ef minn flokkur kemst til valda næsta nóvember, þá má trúa því, að hann efnir loforð sín".

Teningunum var kastað. Fólkið trúði og treysti Taft, og hann var kosinn í trú, von og kærleika.

Svo rann upp sá stóri dagur, er Mr. Taft skyldi setjast í forsetasætið. Þann dag geysaði eitthvert það versta óveður yfir Washinetbæ, er sögur fara af. Hinir hjátrúarfullu kváðu slíkt vera ills vita og boða komandi pólitiskt óveður, er blési kafteini Taft og hásetum hans útbyrðis af stjórnarsnekkjunni.

Jæja, þeir um það, þeir hrakspágaukar. En Taft settist brosandi í forsetasætið, og hóaði nú þingmönnunum saman til að breyta toll-lögunum samkvæmt loforðum flokks sins.

Þá var nú fyrsta verkið, að kjósa forseta fyrir neðri málsstofuna (Speaker of the House).

Maður er nefndur Joseph Cannon. Hann hafði verið forseti neðri málstofunnar í fjölda mörg ár. Á honum höfðu margir þingmenn hinn mesta ýmugust. Hann hafði verið þrándur í götu Roosevelts hins hugstóra, og þeir óttuðust að hann yrði nú horn í síðu Tafts hins broskeita. Þeir tóku því saman ráð sín, og hugðu að koma karlfuglinum fyrir kattarnef og kjósa annan þingforeta. En sá gamli var nú ekkert barn í leik. Hann hræddist ekki atlögur uppreistarmanna, því hann vissi, að auðvaldið mundi skjóta upp skildi á móti örfum þeirra. Þó fór svo, að örfarnar urðu ótrulega margöngular og útlitið mjög óskyggilegt. Þá flúði karl þingsalinn, og meira hræddur en meiddur komst hann til Hvítahússins, þar sem forsetinn tók á móti honum með opnum örmum. Öttasleginn féll karl á kné og bað Taft í nafni Aldrichs, Rockefellers og Morgans, að ljá sér nú lið. Minti hann Taft á allar þær miliónir dollara, er þeir höfðu safnað og lagt sjálfir til í kosningasjóðinn, að þeim ætti hann að þakka, að hann væri nú forseti Bandaríkjanna. Og sjá, William Howard Taft hastaði á hinn pólitiska öldusjó og Joseph Cannon stiklaði þurrum fótum í forsetasætið.

(Niðurlag).

"Andvökur"

LJÓÐMÆLI EFTIR

Stephan G. Stephansson

Kósta, í 3 bindum, $3.50, í skrautbandi.

Tvö fyrri bindin eru komin út, og verða til sölu hjá umboðsmönnum útgefendanna í öllum íslenzkum bygðum í Ameríku.

Í Winnipeg verða ljóðmælin til sölu, sem hér segir:

Hjá Eggert Jóhannssyni, 689 Agnes St., EFTIR KL. 6 AÐ KVELDI.

Hjá Stefáni Péturssyni, AÐ DEGINUM, frá kl. 8 f.h. til kl. 6 að kveldi, á prentstofu Heimskringlu.

Hjá H. S. Bardal, bóksala, Nena St.

Utanbæjarmenn, sem ekki geta fengið ljóðmælin í nágrenni sinu, fá þau tafarlaust með því að senda pöntun og peninga til Eggerts Jóhannssonar, 689 Agnes St., Winnipeg, Man.

JÓN JÓNSSON, járnsmiður, að 790 Notre Dame Ave. (horni Toronto St.) gerir við alls konar katla, könnur, potta og pönnur fyrir konur, og brýnir hnífa og skerpir sagir fyrir karlmenn. — Alt vel af hendi leyst fyrir lítla borgun.

RAKARA vantar
[Barber]
að ELFROS, SASK. — Um sækjendur sendi tilboð sín til:—
E. & P.B. Peterson,
LOCK BOX 48.
ELFROS P.O., - SASK.

McKenzie's Vestræna FRÆ.

VALIÐ fyrir Vesturlandið. Bezt fyrir Vesturlandið. Vaxa bezt í Vesturlandinu. Eiga bezt við Vesturlandið. Hver áreiðanlegur og framtakssamur kaupmaður selur McKenzie's FRÆ. Ef kaupmaður yðar hefir þau ekki, þá sendið pantanir yðar beint til vor. —

A. E. McKenzie Co. Ltd
BRANDON, Man. — CALGARY, Alta.

Áskorun.

Á fundi, sem nokkrir kjósendur úr báðum stjórnmálaflokkum áttu með sér í Narrows í dag, var það samþykt, að skora á herra Skapta B. Brynjólfsson í Winnipeg, að gefa kost á sér til þingmensku fyrir Gimli kjördæmi við næstu fylkiskosningar, og óska þess, að hann kæmi fram sem óháður báðum hinum núverandi stjórnmálaflokkum fylkisins.

Fundurinn leyfir sér að óska þess, að öll hin íslenzku dagblöð í Manitoba birti yfirlýsingu þessa, og leyfir sér um leið að skora á alla hina heiðruðu kjósendur í Gimli kjördæmi, að veita herra Skapta B. Brynjólfssyni fylgi sitt, ef hann gefur kost á sér, til þingmensku.

Vér teljum kjósendum sæmd að því, að eiga hann fyrir þingmann, og teljum það happ fyrir báða stjórnmálaflokkana, að hann eigi sæti í þinginu, því vér teljum víst, að hann veiti óflugt fylgi hverju góðu máli, frá hvorum flokknum, sem því er haldið fram.

Narrows P.O., 11. marz 1910.

S. Pétursson, forseti.
Guðm. Jónsson, skrifari.

Rangsleitni.

Mótto:—

Þeir hugsa að vinna háleitt verk
í herrans nafni, efalaust:
Sem taka fyrir kjarksins kverk
og kyrkja sannfæringar raust. —

St. G. Stephánsson.

Í 9. tölublaði Lögbergs skrifar meðritstjóri þess blaðs Baldur Sveinsson, grein með fyrirsögninni "Drengskaparheitið". — Innihald og tilgangur greinarinnar er að svívirða fyrv. ráðherra H. Hafstein. Aðferðin, sem greinarhöf. brúkar máli sínu til stuðnings, er sú, að bregða H. um ódrengskap, kallar hann "skálk". Orsök ritsmíðar þessarar er skopmynd, sem Heimskringlu barst að heiman, og birt var, en sem greinarhöf. vissi ekkert frá hverjum kom, og því síður að hann hefði hugmynd um eftir hvern væri, að eins af því honum þótti myndin ljót, og frekar líkindi til að hún væri send af einhverjum úr flokki þeim, sem fylgdi fyrv. ráðherra, — þótti honum sjálfsagt, að ættfæra hana til Hafsteins sjálfs, eins og yfirleitt alt ilt, orð og gjörðir innan þess flokks.

Mér væri frekar ljúft, að láta greinarhöf. njóta sannmælis, því alt til þessa hefir hann verið mér að frekar góðu kunnur, en ég sé ekki, hvernig hægt er með tilliti til drengskapar, kinnroðalaust, að skrifa jafn-ódrengilega og lítilmannlega eins og raun varð á hér. — Það er ekkert það mikilmenni, og enginn sá góður drengur, að ekki megi kalla lítilmenni, ef rökum eða sannsögli er ekki gaumur gefinn. Slíkt má öllum gera. En hverjir gera slíkt aðrir en lítilmenni? — Margur heldur mann af sér. — Nei, á annan hátt hefði greinarhöf. betur átt að geta slegið sig til riddara.

Ég tók það fram, að greinarhöf. leitast við að eigna H. Hafstein alt það, sem honum þykir vítavert innan flokks heimastjórnarmanna. Hver heilvita maður sér, hvað slík aðdróttun hefir við að styðjast. Til þess má að vísu jafnt færa rök, eins og það væri skuld núverandi ráðherra, að greinarhöf. eða einhver úr sama flokki og hann tilheyrir sýndu þá fúlmensku að ráðast á beztu menn þjóðarinnar fyrir ímyndaðar sakir eða tilbúnar, og þar að auki ekki geta staðið fyrir máli sínu.

Hvað snertir árásirnar á stjórnarfar H.H., pólitisk áhrif hans og ljáreyðslu, skal hér ekki fjölyrt, því hvað þau mál snertir voru röksemdir ekki teknar til greina af greinarhöf., og skoðast þau ummæli því töluð út í bláinn. Aftur skal bent á það, að aðalmál þau, sem fyrv. stjórn leiddi til lykta, hafa hlotið viðurkenning hjá þjóðinni, og skal til dæmis tekið ritsimamálið.

Að endingu vil ég leyfa mér að leiða athygli manna að því, að greinarhöf., Baldur Sveinsson, var æstur fylgismaður landvarnarmanna, sem kölluðu sig, en sem nú eru flestir (a.m.k. forkólfarnir eins og Bjarni frá Vogi) sestir að kjötkatli hinnar nýju stjórnar. — Með tilliti til þess, legg ég það undir dóm óvilhallra manna, hvort þeim manni er treystandi til að skýra hlutdrægnislaust frá pólitiskum málum þjóðar vorrar, og það jafnvel þó að ritsmíð sú, sem hér hefir verið svarað, sé ekki tekin til greina.

Magnús Matthíasson.

---

37 miliónir hektólítrar af víni fást vanalega í Frakklandi árlega, sem er hér um bil 200 milión dollara virði. Af því eru 936,000 hektólítrar gott vin, sem næst $9,000,000 virði.

The Farmer's Trading Co.
(BLACK & BOLE)

HAFA EINUNGIS BESTU VÖRUTEGUNDIR.

Einu umboðsmenn fyrir:—
"SLATER" Skóna góðu.
"FIT-RITE" Fatnaðinn.
"H. B. K." prjónafélagið.
"HELENA" pils og 'waist' kvenfatnaði.
Bestu matvörutegundir.
" DEERING " akuryrkju verkfæri o, s. frv.

Beztu vörur Lágt verð

Fljót og nákvæm afgreiðsla.

Farmer's Trading Co.,
THE QUALITY STORE
Wynyard, Sask.

Tuttugasta Öldin

er nú vöknuð og kemur endurhrest, glöð og kát til áskrifendanna og langar til að komast inn á hvert íslenzkt heimili.

Hún kemur nú sigri hrósandi, full af framtíðarvonum, þó hún sé smá vexti að sinni, með þeim tilgangi að gleðja og fræða, og ætlar að kappkosta, að verða gott $1.00 virði á ári. Hún hefir góðan tilgang og hlýtur því að sigra.

Oss vantar umboðsmenn skrifið oss um kostaboð fyrir áskrifendur.

Áritun til blaðsins er:
"Tuttugasta Öldin" LTD
Winnipeg, - -

Heimsækjið STÓRU Hljóðfæra-Söluna.

Nýja búðin okkar á horni Portage Ave og Hargrave St er nær tilbúin og vér flytjum í hana bráðlega. —

Vér höfum gnægð af Pianós sem verða að seljast áður en vér flytjum. Og þessvegna eru niðursettir prisar á mörgum góðum hljóðfærum. — Sömuleiðis höfum vér mikið af brúkuðum hljóðfærum til sölu með mjög lágu verði. —

Heintzman & Co.
PIANO

Verður ekki niðursett. Þau eru ætíð seld fyrir samaverð. Vér höfum ýmsar tegundir af Heintzman & Co. Pianos fyrir $425.00 og þar yfir. Það væri sem að slá af gullpening um að slá af venjulegu verði Heintzman & Co. Pianó. —

McLean J. J. H. McLean & Co LIMITED
528 Main St. — Phone 808
Og í Brandon og Portage La Prairie

Fréttir úr bænum.

Fyrir nokkru vildi það slys til unglingsmanninum Ola Marteinsson Johnson prentara, að hægri hendi hans meiddist mikið í vél, sem hann var að vinna við. Hann var fluttur á St. Boniface spítalann, og voru strax teknir tveir fingur af hendinni. Einum átti að reyna að bjarga, en það tókst ekki því litlu síðar varð að taka hann af líka. Svo nú eru að eins eftir á hendinni þumalfingur og litlifingur. Pilturinn er nú á batavegi. — Bróður þessa pilts, Ragnari, vildi einnig slys til fyrir nokkru. Hann datt ofan af byggingu, sem hann var að vinna við, og beinbrotnaði. Hann var fluttur á Almenna spítalann og lá þar í rúman mánuð, en er nú kominn svo til heilsu aftur, að hann gat farið til móður sinnar á Big Point, Man., og dvelur þar nú.

Herra Andrés Gíslason frá Dog Creek, var hér í bænum um síðustu helgi. Hann sagði framfarahug mikinn í mönnum þar nyrðra og líðan góða. Herra Jón Metúsalemsson hefir bygt sér vandaðan timburhús á steingrunni með miðflóttahitun. Björn sonur hans hefir keypt vél til skógrunðnings. Hann og Stefán Hrútjörð hafa ákvarðað, að plægja 50 ekrur hvor á löndum sínum á komandi sumri. Aðal-áhugaefni bygðarmanna segir hann vera, að fá vatnið lækkað, svo lönd bænda, sem næst því búa, geti þornað og orðið hæf til akuryrkju.

Ýmsir hafa spurt um beztu aðferð til peningasendinga til Íslands, svo fullvirði fáist þar. Svarið er, að bezt er og tryggast, að senda peninga með bankaávísan eða póstávísan. Hvorttveggja jafn-trygt, og í báðum tilfellunum fæst fullgildi peninganna.

Í KVELD (miðvikudag) er samkoma kvenfélags Únítara í samkomusal safnaðarins. Samkoman verður eflaust skemtileg og uppbyggileg. Meðal annara flytur hr. Skapti B. Brynjólfsson þar ræðu, og margir aðrir koma þar fram, sem vert er að hlusta á. Fjölmennið. Sjá augl. á öðrum stað.

Byggingamaður Jóhann Gíslason sem um mörg ár hefir bygt hús og selt hér í Winnipeg, kom í síðustu viku snöggva ferð til bæjarins. Í vetur hefir hann bygt 9 hús vestur í Souris, og ætlar að byggja fleiri. Hann segir sumt byggingaefni ódýrara þar enn hér.

Þann 11. þ.m. kom herra Árni Thorlacius hingað frá Reykjavík. Hann er bróðir Björnúlfs málara, sem hér hefir dvalið nokkur ár.

Í samskotalistanum til Akranes ekkjunnar hefir í Hkr. þann 3. þ. m. misprentast nafn eins gefanda í South Bend, Wash., og upphæð sú, er hann sendi. Þar stóð Snæbjörn Jóhannsson $2.00, átti að væra: Sæbjörn Jóhannsson $3.00. Gefandinn beðinn velvirðingar á þessari misprentun.

Herra Sigurbjörn Jónsson, frá Selkirk, kom til bæjarins á mánudaginn. Hann skýrði frá, að slys hefði viljað til þar um morguninn. Sonur Guðmundar heit. Ásmundssonar, um 10 ára að aldri, varð fyrir strætisvagninum og meiddist svo mikið, að annan handleggínn varð að taka af strax upp við öxl. Hann varð dáinn fyrir meiri meiðslum. — Síðar fréttist, að pilturinn hafi látist kl. 5 e.h. á mánudaginn.

Herra Krákur Jónsson, skósmiður frá Selkirk, var hér í borg í þessari viku. Hann segir, að húsfrú Sigurbjörg, kona Sigvalda Nordals, hafi verið hættulega veik um nokkra undanfarna daga og rænulaus sl. 3 dægur.

Hr. Charles H. Worby, sem var skrifari á Jimmy's Hotel, og kunnur er mörgum Íslendngum að góðu, hefir keypt Grand Central Hotel í Killarney, Man., og flutti þangað í síðustu viku. Hann giftist líka á nefndum tíma íslenzkri stúlku, Miss Campbell. Hkr. óskar þeim til hamingju.

Miðvikudagskveldið 23. þ. m. flytur hr. Friðrik Sveinsson erindi á Menningarfélagsfundi "Um andatrú".

Guðmundur Erlendsson, bæjarráðsmaður á Gimli, var hér í síðustu viku. Hann lét vel yfir líðan Gimlimanna. Viðvíkjandi fiskveiði í vatninu í vetur, kvað hann hana mundi yfirleitt hafa verið með bezta móti í norðurvatninu, og þar eð fiskurinn væri í háu verði, mundu margir hafa góðan hag á veiðinni í vetur. Ýmsar umbætur sagði hann yrðu gerðar í Gimli bæ á þessu ári.

Eaton félagið bað í sl. viku bæinn um leyfi til að bæta enn einu lofti ofan á búð sína. Það verður hið áttunda. Gert er ráð fyrir, að þessi viðbót kosti $55,000.

Th. Johnson, gullsmiður hér í borg, vill fá myndarlegan pilt, 15 til 16 ára, til að læra úr og gullsmíði. Ágætt atvinnutilboð. Sjáið manninn.

Maður einn í Toronto borg hefir höfðað mál móti nýgiftri konu hér í bænum. Hann segir að hún hafi svikið sig í trygðum og vill fá $2,000 fyrir heitrofin.

Kostnaður við viðhald og umbætur á skemtigörðum bæjarins hefir síðasta ár numið $98,465. Þar í er innifalið umbætur, trjáplöntun og viðhald á Boulevards og Brookside grafreitnum.

Stúdentafélagið

Stúdentafélagið heldur fund næsta laugardagskveld í fundarsal Únítara. Kosningar embættismanna fyrir næstkomandi ár eiga þá að fara fram, og er því áríðandi, að allir meðlimir félagsins mæti.

Dr. G. J. Gíslason,
Physician and Surgeon
18 South 3rd Str, Grand Forks, N.Dak
Athygli veitt AUGNA, EYRNA og KVERKA SJÚKDÓMUM ASAMT INNVORTIS SJÚKDÓMUM og UPPSKURÐI —

Í KVELD

(miðvikudag, 18. þ.m.) halda Conservativar í Vestur.Winnipeg reykinga-samkomu í efri Goodtemplara salnum. Þar flytur ráðgjafi opinberra verka, Hon. Robt. Rogers, ræðu, ásamt fleiri ræðuskörungum Einnig verður þar góður söngur. Vænta má þess, að Hon. Robt. Rogers skýri þar stefnu Roblin stjórnarainnar og afrek hennar á liðnum árum. Þess vegna ættu sem allra flestir íslenzkir Conservative kjósendur að sækja þessa samkomu, og allir aðrir borgarar, sem unna hagsýni og heiðvirðri stjórn viðgangs hér í fylkinu. — Byrjar kl. 8. Munið að koma í tíma. Allir velkomnir.

Þann 26. febr. andaðist að Clinton, Iowa, Kristján Jónsson læknir (frá Ármóti). Blaðið "Decorah Posten" segir meðal annars þetta í sambandi við andlátsfregn hans: Dr. Jónsson var einn meðal hinna allra nafnkendustu lækna í eystri hluta Iowa ríkis. Hann hafði verið læknir í Clinton í 19 ár. Hann varð 46 ára gamall. Banamein hans var krabbamein í maganum. Í erfðaskrá sinni hefir hann gefið $1000 til hvors af tveimur spítölum bæjarins, $500 til hins danska kirkjufélagsskapar í bænum, og bókasafn sitt og öll lækningaáhöld til læknaskólans á Íslandi. Afgangurinn af eignum hans, sem nema $50,000, skiftist jafnt milli 2. bræðra og systur hins látna á Íslandi og Miss Hulda C. Eckström í Rockford, Ill., sem hafði unnið hjá honum sem skrifari hans.

Þeir herra, Illhugi Ólafsson og Jón Björnsson, og Mrs. S. Hjaltdal, frá West Selkirk, komu hér á skrifstofuna í gærdag (15.). Þau höfðu verið í kynnisferð til North Dakota, til vina og venslafólks þar, á Akra, Mountain, Edinborg og Gardar. Þau létu vel af ferðinni suður, og biðja Heimskringlu, að votta öllum þeim, er þau kyntust í þessari ferð, alúðarþakkir fyrir ástúðlegar viðtökur, er þeim voru hvarvetna sýndar.

Samkomu þeirri, sem fulltrúar st. Skuldar höfðu auglýst 21. þ. m., hefir verið frestað til óákveðins tíma, af þeirri ástæðu, að fulltrúarnir gátu ekki haft þann undirbúning, sem þeir vildu hafa, svo að samkoman yrði verulega myndarleg.

Nokkrar stúlkur ætla að halda Tombólu og Dans í Goodtemplarahúsinu mánudagskveldið þann 4. apríl. Ágóðinn gengur til byggingarsjóðs stúkunnar Heklu. Nánar auglýst síðar.

Þar eð efri fundarsalur Goodtemplarahússins er leigður miðvikudagskveldið 16. þ.m., — gefst meðlimum stúkunnar Skuldar það til vitundar, að stúkan hefir sinn venjulega vikufund í neðri salnum í G.T. húsinu þetta kvöld. Munið eftir þessu, háttvirtu meðlimir í st. Skuld.

Sig Oddleifsson.

TIL SÖLU:

160 ekrur af bezta landi, stutt frá járnbrautarstöð. — Fyrsti maður með $7.00 fær hér góð kaup. — Finnið

Skúli Hansson & Co.
47 Aikens' Bldg.
Talsími, Main 6476 P. O. Box 833

SAMKOMA

verður haldin undir umsjón kvenfélags Únítara í samkomusal safnaðarins þann

16. marz.

PROGRAM

1. Piano Solo—Jóhanna Blöndal.
2. Upplestur—Þ. Þ. Þorsteinsson.
3. Solo—Gísli Jónsson.
4. Ræða—Skapti B. Brynjólfsson.
5. Recitation—Rannveig Swanson
6. Solo—Ólöf Goodman.
7. Upplestur—Matthildur Kristjánsson.
8. Óákveðið—Ólafur Eggertsson.
9. Upplestur—Kristján Stefánsson
10. Upplestur—Eggert Árnason.
11. Solo—Gísli Jónsson.
12. Veitingar.

Byrjar kl. 8. Inngangseyrir 25c

Dorothy Dodd Skór.

Í sólskini, í stormi, við verk eða hvað sem er eru "Dorothy Dodd" skór altaf í góð. Fyrhvert tækifæri.

Hver kona ætti að koma og og sjá þessa fallegu ný-tísku skó áður en þær kaupa.

Ryan-Devlin Shoe Co
494 MAIN ST. PHONE 770.

Íslenzkur nudd-læknir.

Ungfrú Dosia Ch. Halldórsson er fyrir fáum mánuðum komin hingað frá Kaupmannahöfn, og hefir sett sig niður í Suite 312, Kennedy Block á Portage Ave., gegnt Eaton búðinni. Ungfrú Halldórsson hefir um nokkurra ára tíma stundað nudd-lækninganám á vísindalega vísu við Clod-Hansen Institute í Khöfn, og tekið fullnaðarpróf í þeirri grein. Síðan stundaði hún þær lækningar við konunglega Friðriks spítalann um tveggja ára tíma, og síðar við Sanatorium í Silkeborg á Jótlandi. Ungfrú Halldórsson hefir fjölda meðmælabréfa frá frægum læknum viðsvegar í Evrópu, og einnig frá dr. Harris í Pembina, N. D., þar sem hún dvaldi tveggja mánaða tíma. — Ungfrú Halldórsson læknar ýmsa sjúkdóma með nuddlækningum sínum, veitir einnig andlits-"massage" með rafmagnsáhöldum, tekur burt freknur og hár af andliti, og eykur fegurð karla og kvenna á ýmsan hátt — Ungfrú Halldórsson er hingað komin til þess að starfa í þarfir landa sinna og þeirra annara, sem heimsækja hana í starfsstofum hennar á Portage Ave. Hún óskar, að Íslendingar þeir, sem hafa læknanleg líkamslýti, vildu finna sig sem fyrst. Viðtal og ráðleggingar ókeypis.

Skrifstofu talsími: 7723
Heimilis talsími: 5572.

Tilkynning.

Að tilhlutun prógramsnefndar stúkunnar Skuldar, er sú breyting viðtekin, að annarhvor fundur þess félags er "business" fundur, en hinn (eftir kl. 9) skemtifundur, sér í lagi fyrir unga fólkið í stúkunum. Nú í kveld (miðvikudag) er skemtifundur í neðri sal G.T. hússins. Barnastúkan og aðrir Goodtemplarar velkomnir. J.

LEIÐRÉTTING. — Í dánarfregn Þóreyjar sál. Jónsdóttur, konu Jónasar Hallgrímssonar, að Gardar, N. Dak., sem birt var í Hkr. 3. marz, er fæðingarár hennar talið 1849, en það vae 1847. Þetta biðj ég Hkr. að lagfæra.

Gardar, 12. marz 1910.
Jónas Hallgrímsson.

Fyrirspurn.

Sá, sem kynni að vita, hvar hr. Stefán Magnússon, sem fluttist til Winnipeg frá Reykjavík sl. vor, nú er, er vinsamlega beðinn að láta undirritaðan vita.

Jón Kr. Jónsson,
Box 33, Tantallon, Sask.

Menningarfélagsfundur.

Menningarfélagsfundur var haldinn í samkomusal Únítarasafnaðarins miðvikudagskveldið 9. þ.m. Á þeim fundi flutti dr. B. J. Brandson erindi "Um berklaveiki". Hann sagði sögu veikinnar að fornu og nýju, skýrði einkenni og eðli hennar, og gerði ítarlega grein fyrir, hvaða varúðarreglur væru nauðsynlegar til að stemma stigu fyrir henni, og hvaða lækninga aðferðir gæfust bezt. Að aðalerindinu loknu sýndi dr. Stewart (forstöðumaður hælsuhælis fylkisins við Ninette) margar myndir á tjaldi með ljósvél, — af gerlum, sýktum líkamsþörtum, ýmsu veikinni viðkomandi og starfi félags þess, er myndað hefir verið til að vinna bug á veikinni. Dr. Brandson skýrði myndirnar ítarlega. Fyrirlesturinn var ágætlega fluttur og í hæsta máta fróðlegur,—enda aðsókn svo mikil, að margir urðu að standa.— Góður rómur var gerður að fyrirlestrinum og flytjanda greitt þakklætisatkvæði. — Að síðustu talaði dr. Stewart nokkur orð um sama efni, lagði mönnum ríkt á hjarta — eins og fyrirlesarinn — að leita lækningar við veikinni sem allra fyrst að hennar yrði vart.

Þakkarorð og afsökun.

Nefnd sú, sem stóð fyrir hjálparsamkomu Sigurðar Gíslasonar sl. fimtudagskveld, hefir í einu hljóði falið mér (sem ritara sinum), að færa öllum, sem styrktu þessa samkomu, sitt alúðarfylsta þakklæti. Hlutdeild sú, sem yfirleitt var tekin í þessu fyrirtæki, sýnir ljóslega, að mikið má gera, þegar viljinn er góður. Auk þess, hve margir sóttu þessa samkomu eða keyptu aðgöngumiða án þess að nota þá, hjálpaði mjög mikið til, að gera árangurinn ánægjulegan, að stúkurnar Hekla og Skuld gáfu húsánið, íslenzku vikublöðin Heimskringla og Lögberg auglýsinga kostnaðinn, hr. Ólafur Þorgeirsson aðgöngumiðana og það fólk, sem kom fram á prógramminu, fyrirhöfn sína, o.s.frv.

Í öðru lagi biður nefndin samkomugestina velvirðingar á, að tvö atriðin, sem auglýst höfðu verið í prógramminu, gátu ekki komið fram, af ástæðum, sem nefndinni var óviðráðanlegt að bæta úr.

Virðingarfylst,
B. Magnússon.
Winnipeg, 14. marz 1010.

Land til sölu

liðugar 100 ekrur, rétt við Big Quill vatn, í hinni frjósömu Wynyard bygð, 15 ekrur "brotnar" reiðubúnar til sáningar. Nokkur skógur og heyskapur, en er þó að mestu leyti alt akurlendi. Á landinu er virgirðing og góður brunnur. Óskast, að landið seljist fyrir sáningu í vor.

Kaupandi snúi sér til ritstjóra Heimskringlu eða Box 120, Wynyard, Sask. 31.3

Kennara vantar

við Mary Hill skóla No. 987, fyrir sex mánaða tímabil frá 1. maí. Umsækendur tiltaki kaup, mentastig og æfingu í kenslustörfum. — Sendið tilboð fyrir 1. apríl.

S. SIGFÚSSON,
Sec'y-Treas.

Kennara vantar

við Waverly skóla no. 650. Kenslutími 6 mánuðir, frá 15. apríl til 15. okt. Umsækendur tilgreini mentastig og kaupgjald, sem óskað er eftir. Umsóknir sendist til undirritaðs fyrir 20. marz 1910.

Glenboro P.O., Man. 21.marz'10
G. J. OLESON,
Sec'y-Treas.

Kennara vantar

við Thor skóla No. 1430. Kensla byrjar fyrsta apríl, og varir til ársloka. Umsækjandi tiltaki kaup og mentastig. Tilboðum veitt móttaka til 20. marz næstkomandi.

EDVALD ÓLAFSSON
Brú P.O., Man.

Jóhanna Olson
PIANO KENNARI
557 Toronto St. Winnipeg

DR. H. R. ROSS
C.P.R. meðala- og skurðlækuir.
Sjúkdómum kvenna og barna veitt sérstök umönnun.
WYNYARD, — SASK.

Dr. M. Hjaltason, Oak Point, Man.

Anderson & Garland,
LÖGFRÆÐINGAR
35 Merchants Bank Building
PHONE: MAIN 1561.

MARTYN F. SMITH,
TANNLÆKNIR.
Fairbairn Blk. Cor Main & Selkirk
Sérfræðingur í Gullfyllingu og öllum aðgerðum og tilbún aði Tanna. Tennur dregnar án sársauka. Engin veiki á eftir eða gómbólga. —
Stofan opin kl. 7 til 9 á kveldin
Office Phone 6944. Heimilis Phone 6462.

Þarft þú ekki að fá þér ný föt?

EF ÞAU KOMA FRÁ CLEMENT'S, — ÞÁ VERÐA ÞAU RÉTT

Réttur að efni, réttur í sniði réttur í áferð og réttur í verði.

Vér höfum miklar byrgðir af fegurstu og beztu fataefnum. —

Geo. Clements & Son
Stofnað árið 1874
264 Portage Ave. Rétt hjá FreePress

Th. JOHNSON
JEWELER
286 Main St. Talsími: 6606

JOHN ERZINGER
TOBAKS-KAUPMAÐUR.
Erzinger's skorið reyktóbak $1.00 pundið
Hér fást allar neftóbaks-tegundir. Óska eftir bréflegum pöntunum.
McINTYRE BLK., Main St., Winnipeg
Heildsala og smásala.

G. NARDONE
Verslar með matvöru, aldini, suð-kökur, allskonar sætindi, mjólk og rjóma, sömul. tóbak og vindla. Óskar viðskifta Íslend. Heitt kaffi eða te á öllum tímum. Fón 7756
714 MARYLAND ST.

Boyd's Brauð
Það er mismunur á brauði. Reynið eitt af vorum brauðum og þér finnið fljótt muninn. Fólk kaupir brauð vor af því, að þau eru heilsusamleg, og einnig af því, að þau geymast lengur fersk enn önnur br. Biðjið matsalann um þau. —
Boyd's
Bakery Cor. Spence & Portage Ave
Phone 1080.

Winnipeg Wardrobe Co.
Kaupa brúkaðan Karla og Kvenna fatnað,—og borga vel fyrir hann.
Phone, Main 6539 597 Notre Dame Ave.

BILDFELL & PAULSON
Union Bank 5th Floor, No. 520
selja hús og lóðir og annast þar að lútandi störf; útvegar peningalán o. fl.
Tel.: 2685

Jónas Pálsson,
SÖNGFRÆÐINGUR.
Útvegar vönduð og ódýr hljóðfæri
460 Victor St. Talsími 6803.

J. L. M. THOMSON, M.A., L.L.B.
LÖGFRÆÐINGUR. 285½ Portage Ave.

BONNAR, TRUEMAN & THORNBURN,
LÖGFRÆÐINGAR.
Suite 5-7 Nanton Blk. Tals. 766
Winnipeg, Man. P.O.BOX 223

Húðir og ógörfuð Loðskinn
Verzlun vor er vor bezta auglýsing. Sendið oss húðir yðar og loðskinn og gerist stöðugir viðskiftamenn.
Skrifið eftir verðlista.
The Lightcap Hide & Fur Co., Limited
P.O.Box 1092 172-176 King St Winnipeg 16-9-10

W. R. FOWLER A. PIERCY.
Royal Optical Co.
307 Portage Ave. Talsími 7286.
Allar nútíðar aðferðir eru notaðar við augn-skoðun hjá þeim, þar með hin nýja aðferð, Skuggs-skoðun, sem gjöreyðir öllum ágiskunum. —

It's going UP.
Þú getur ekki búist við
að það geri annað en eyðast í reyk. Því ekki að fá nokkur tons af okkar ágætu kolum, og hafa ánægjuna af, að njóta hitans af þeim, þegar vetrarkuldarnir koma. Komið til vor og nefnið þetta bl.
D. E. ADAMS COAL CO.
YARDS I NORÐUR, SUÐUR, AUSTUR OG VESTURBÆNUM
Aðal Skrifst.: 224 BANNATYNE AVE.

Heimskringla.

XXIV. ÁR | WINNIPEG, MANITOBA, FIMTUDAGINN, 24. MARZ 1910 | NR. 25

Fregnsafn.

Markverðustu viðburðir hvaðanæfa

— Sir Charles McLaren hefir borið fram í brezka þinginu 8 lagafrumvörp, sem öll lúta að því, að auka mannréttindi og bæta kjör kvenna þar í landi. Kona hans er ein af fyrirliðum kvenréttinda hreyfingarinnar á Englandi. Hún heimtar, að hjónabandslögunum sé breytt, svo að konur séu ekki með giftingunni settar skör lægra en menn þeirra, eða konur þurfi að vera bændunum undirgefnari heldur en bændurnir konum sínum, og að þær skuli njóta jafnréttis yfir eignum beggja hjónanna. Ennþá er ekki frétt um innihald allra þeirra lagafrumvarpa, sem Sir McLaren ber fram í þinginu. En ljóst er það, að uppreist kvenfrelsiskvenna þar í landi er að hafa áhrif á löggjafa þjóðarinnar, og að líkindi eru til þess, að konur fái bráðlega flest eða öll þau réttindi, sem þær krefjast.

— Strætisbrauta verkfallið í Philadelphia er á enda. Félagið tapaði 1½ miljón dollara á 24 dögum, og hluthöfunum kom saman um, að koma á sáttum áður en alt væri tapað.

— Frakkar eru að bæta loftherinn sinn að miklum mun. Þeir hafa nú mörg loftskip, sem hafa frá 6 til 8 þús. teningsfet af gasi og fara í logni 37 til 44 mílur á klukkustund. Hermálastjóri Frakka lítur svo á, að þjóðverjar kunni að herja á Frakkland, og þá setji þeir tafarlaust 900 þúsund manns á vígvöllinn víðsvegar um landið, og að þeir muni flytja þennan her í 6 loftförum. Þess vegna verði Frakkar að eiga öflugri loftför og geta flogið svo hátt í lofti og með svo miklum hraða, að skot óvinanna nái þeim ekki. Hann álítur, að auk þess sem kasta megi sprengiefni af skipum þessum í herbúðir óvinanna. þá megi líka nota almenn skotvopn á þá frá loftskipunum.

— Maður að nafni Joseph Larose var nýlega dæmdur í tveggja vikna fangelsi fyrir fjölkvæni. — Báðar konur hans mættu í réttinum. Sú fyrri kvaðst ekkert vilja með hann hafa, en hin síðari kvaðst ekki geta án hans lifað. Dómarinn leyfði honum að búa með seinni konu sinni eftir að hann hefði lokið hálfsmánaðar fangelsisvist.

— Capt. Hovgaard, danski sjóliðsforinginn, er nýlega látinn. — Hann var talinn með beztu sjóliðsforingjum á Norðurlöndum.

— Fjársvikin miklu á Frakklandi, sem getið var um í síðasta blaði, er meiri en þá var komið í ljós. Það er nú sannað, að skrifari ráðsmanna kirkjueignanna hefir á sl. 3 árum náð undir sig 400 þús. doll. virði af kirknafénu, og þegar eytt mestu af því. Það er alment álit á Frakklandi, að pólitiskir leiðtogar fyrri stjórna hafi notað manninn sem verkfæri til þess að auðga sjálfa sig. En Briand, núverandi stjórnarformaður, hefir sannað, að hann á engan hlut í þessum glæpum, og að hann fyrir þremur árum gerði sitt ýtrasta til þess, að fá þáverandi stjórn til þess, að hafa strangar gætur á piltum þeim, sem nú eru undir ákærum fyrir þjófnað í þessu sambandi. Hann hefir lofað, að láta hegningu koma í koll hverjum, er sekur reynist.

— Dómari einn í Brussels í Belgíu sektaði í sl. viku konu eina þar í borg um 2 þúsund d. fyrir að hafa stungið mann einn í augað með hattprjóni, svo að hann misti sjón á því auganu. Konan gat sannað, að áverkinn var óviljaverk og að hún hefði ekki vitað um það fyrr en eftir á, en það var ekki álitin næg málsvörn.

— William McKenzie, formaður C.N.R. félagsins, sagði í London í London í sl. viku, að Hudsonsflóa brautin yrði fullger innan þriggja ára. En óvíst væri ennþá, hvort Canadastjórn eða C.N.R. félagið byggði brautina frá Saskatchewan ánni norður að flóanum.

— George Wrigcott í Rainy River varð undir í borgarstjórakosningum, sem fram fóru þar 15. þ.m. Sama daginn, að kveldi, var hann handtekinn og kærður um, að hafa í félagi með M. T. Cathcart nokkrum svikið 15 þúsund d. út úr fylkisstjórninni í Ontario, á þann hátt, að þeir félagar hafi keypt úlfaskinn í Winnipeg og flutt þau til Ontario og látið heita, að þeir hefðu drepið dýrin í Norður-Ontario, og heimtað af stjórninni og fengið borgað verðlaun fyrir drápið. Nú hefir komist upp, að alt þetta eru svik, og mennirnir eru báðir í fangelsi. Verðlaunin eru 25 d. fyrir hvert dýr, svo á þessari atvinnu voru þeir félagar fljótir að auðgast. Þeir hafa báðir játað sekt sína, og bendla 9 Indiána við glæpinn.

— Kvenfrelsiskonur á Englandi eru hróðugar yfir því ákvæði stjórnarinnar, að vægt verði til við þær í fangelsunum, þannig, að þær megi klæðast þar sínum eigin fötum, og þurfi ekki sjálfar að halda fangaklefum sínum hreinum.

— Borgarstjórinn hér í Winnipeg hefir tekið lán á Montreal bankanum svo nemur 2½ miljón dollara. Lánið er gert fyrir hönd Winnipegborgar og verðið, sem hann fékk, var 103½, eða fyrir utan allan kostnað 101, og er það lang-hæsta verð, sem skuldabréf þessarar borgar hafa nokkru sinni selst fyrir. — Þetta sýnir, að traust auðmanna á framtíð þessarar borgar er óðum að aukast.

— Blaðið Eyeopener er óvinsælt í Austur-Canada. Lögreglustjórnin í Hamilton, Ont., lét það boð út ganga þann 14. þ.m., að hvert eintak þar í borg skyldi gert upptækt. Allir drengir, sem höfðu blaðið til sölu, urðu að skila því á lögreglustöðvarnar.

— Mesti fjöldi innflytjenda frá Evrópulöndum eru nú að flytja til Canada. Mörg hundruð þeirra er sagt að komi daglega með skipum til Halifax. Áfangastaðir flestra þeirra er Vestur-Canada.

— Komandi kynslóðir verða gerðar eftir máli, — eða svo segir prófessor W. E. Castle, kennari við Harvard háskólann. Hann hefir um langan undanfarinn tíma gert ýmsar vísindalegar ælunartilraunir með kaninur og önnur dýr, og honum hefir tekist, að sýna afleiðingar af því starfi sínu, sem vísindamenn hafa jafnt undrast og dáðst að. Á þessum tilraunum byggir prófessorinn þá staðhæfing sína, að þess verði ekki langt að bíða, að takast megi að gera mannlegar kynbætur með aðstoð vísindanna, svo að fyrirfram megi með vissu ákveða lyndiseinkunnir ófæddra einstaklinga. — Endursköpun mannkynsins er lyfjafræðisleg, segir hann, og það er eins auðvelt að hafa stjórn á því eins og öðrum lyfjafræði tilraunum, sem gerðar eru í tilraunastofunum Vér þurfum að eins að þekkja lögmálið og fylgja því, og þá er gátan ráðin, og vér getum framleitt menn og konur með þeim einkennum, sem vér óskum. — Prófessorinn gerir kröfu til þess, að hafa uppgötvað þetta lögmál og hafa náð valdi yfir því.

— Bændur í Brandon héraðinu byrjuðu að sá í akra sína þann 15. þ.m., og aðrir eru teknir að plægja akrana. Einnig er bændavinna á ökrum alment byrjuð í Lethbridge héraðinu og víða annarsstaðar í Suður-Alberta fylki.

— Það er ekkert harðæri í Crows Nest skarði í Klettafjöllunum. Kolanámamenn, sem vinna þar akkorðs-vinnu, hafa undanfarinn tíma haft frá $150 til $250 í kaup mánaðarlega um háveturinn. Íbúatalan þar í skarðinu er talin 9 þúsund manns og kaup vinnendanna er 175 þús. doll. á mánuði. Um 5 þúsund ton af kolum eru daglega tekin þar úr jörðu. 20 miljónum dollara hefir verið varið þar í iðnaðar fyrirtæki. En það, sem helzt amar að íbúunum er drykkjuskapur. Menn vinna þar fyrir meiru kaupi, en þeir hafa vit á að nota réttilega. Algengir daglaunamenn fá $3.50 á dag. Engir Austræningjar vinna þar í námunum. En annars eru þar nálega allra siðaðra landa þjóðir. Svo er sagt, að við náma þessa sé borgað betra kaup, en nokkursstaðar annarsstaðar í heimil, og að þar gætu verkamenn orðið auðugir, ef þeir hefði mannrænu til þess að vera reglumenn.

— Fimtíu fiskimenn fyrir norðan Neva á Rússlandi voru í sl. viku að fiska langt út á ís. Ísspilda mikil með mönnunum á losnaði og rak til hafs. Talið víst, að mennirnir hafi allir farist.

— Allmikið uppþot varð á föstudaginn var á stjórnarnefndarfundi verkamannafélagsins í Chicago, er endaði þannig, að einn maður var skotinn og annar barinn til óbóta. Ástæðan til uppþotsins var ósátt út af fjármálum félagsins.

— Englands banki hefir hækkað vexti af lánum úr 3½ til 4 prósent, af þeirri ástæðu, að sýnilegur fjárforði er 25 miliónum minni en hann var fyrir nokkrum mánuðum síðan. Svo mikið fé hefir verið sent til útlanda.

— Maður einn í Bavaríu hefir ritað lögreglunni, að hann sé af guði úrvalinn til þess að drepa alla þá, sem keyra í mótorvögnum og að eyðileggja vagnana, þar til búið sé að gera sérstaka vegi fyrir þá, svo börnum landsins sé ekki hætta búin af keyrslu slíkra vagna. Maðurinn hefir þegar byrjað sitt hámeska embætti með því að drepa 5 menn og eyðileggja 1 vagn. Hann kveðst vera að hegna fyrir dráp þriggja barna, sem hafi orðið undir mótorvögnum, og að hann hafi sjálfur átt eitt þeirra.

— Sakamál hafa verið höfðuð á hendur nokkrum kjötniðursuðukonungum í Bandaríkjunum, fyrir að hindra það, að almenningur geti fengið kjötmeti sitt með sanngjörnu verði. Stjórnin hefir látið rannsaka kjötbirgðir þeirra, og fundið mikið, bæði af fuglum og öðrum kjötmat, sem geymt hafði verið svo lengi, að það var talið svo skemt orðið, að ekki væri mannafæða, en geymslan gerð í því augnamiði, að auka eftirspurnina og þar af leiðandi söluverðið.

— Lávarðarnir á Englandi kváðu vera í alvarlegum undirbúningi með, að gera umbætur á fyrirkomulagi deildarinnar. Rosebery lávarður flytur þingsályktunartillögur því viðvíkjandi. Helzta umbótin mun liggja í því, að lávarðatitillinn eingöngu veiti ekki þingseturéttindi, heldur sé það bundið fleiri skilyrðum.

Íslands fréttir.

Snjóflóðið í Hnífsdal, sem þar varð 18. febr. sl., og sem lítillega var minst á hér í blaðinu, varð nær 20 manns að bana og margir meiddust. Um þetta segir blaðið Vestri, dags. 19. febr., meðal annars: — Þorri hefir verið harður mjög og snjóasamur, og nú síðasta hálfan mánuð hafa verið sífeldar stórhríðar á norðan. Snjórinn er fádæma mikill, og óminnilegar hengjur hafa myndast í öllum fjallabrúnum, er móti suðri vita. Hnífsdals þorpið stendur inst við Hnífsdals víkina, og nokkur hluti þess liggur að norðanverðu vikurinnar, undir snjóbröttu og háu fjalli, sem nefnt er Búðarhyrna. Þeim megin víkurinnar er er ekkert undirlendi. Klukkan 8.45 á föstudagsmorguninn heyrðist vábresturinn. Nokkur hluti hengjunnar í Búðarhyrnunni losnaði og valt með ægilegum hraða ofan Búðargilið. Snjóflóðið breiddist út, er gilinu slepti, og náði þá yfir nálega 150 faðma breitt svæði. Það náði frá norðurenda Heimabæjarhússins nýja og nokkuð norðurfyrir Búðarbæinn. Hraðinn var mikill og flóðið sópaði burtu öllu, sem varð á vegi þess; eldsnögt eins og byssuskot æddi það yfir,— enginn fékk minsta svigrúm til að bjarga sér. Tjónið er ægilegt. 19 menn biðu bana á svipstundu, og margir meiddust, og óvíst, hvort þeir lifa allir af. — Tvær sjóbúðir, sem stóðu fast við sjóinn, sópuðust burtu með öllu, sem í þeim var. Búðarbærinn lenti í miðju snjóflóðinu. Hann eyðilagðist því nær alveg, og nokkur hluti hans sópaðist burtu, en fólki varð bjarg að úr baðstofunni, flestu meiddu. Tveir læknar frá Ísafirði og lögreglustjórinn þar fóru þegar út í Hnífsdal, er fregnin barst þeim af þessu slysi. Fjöldi manna mokaði snjóinn alan daginn, gröfu upp líkin og björguðu því, sem bjargað varð. Fram á kveld voru líkin að reka á land. — Mikill hluti hengjunnar situr enn í brúnum og vofir yfir þorpinu. Fólkið hefir þegar flutt úr húsum þeim, er í mestri hættu standa, ef annað snjóflóð kemur.

Þann 23. febr. fréttist um fádæma ótíð á Ísafirði. Sama að frétta af Norðurlandi og revndar allstaðar á landinu. Símastaurarnir sumstaðar nærri í kafi. Símslit mega víða um land. Símasambandi ókleyst í marga daga, bæði við Ísafjörð og Akureyri. Slíkan njóavetur muna menn naumast síðan harðindaveturinn 1881—2.

Rósa Jónsdóttir fyrirfór sér í Reykjavík 22. febr., með því að kasta sér út af bryggju í sjóinn,— hafði verið geðveik.

Benedikt Diðriksson í Kaldarholti í Holtum, nær áttræður að aldri, varð úti milli bæjar og fjárhúsa þann 13. febr., hafði vilst í stórhríðarbyl.

Látin á Akureyri ungfrú Ingveldur Matthíasdóttir, skálds, 11. febr. sl., úr brjósttæring.

Innbrotsþjófur í Reykjavík var dæmdur í 16 mánaða fangelsi. — Stúlka, sem var honum meðsek, fékk 8 mánuði.

Fréttabréf.

GLENBORO, MAN.

12. marz 1910.

Það er nokkuð langt síðan ég skrifaði síðast, er ég því að hugsa um, að senda "Kringlu" minni nokkrar línur, til þess að láta fólk sjá, að við erum lifandi, og fylgjumst með.

Það fyrsta er þá, að tíðin hefir verið mjög góð, það sem af er þessu ári, að undanteknum kafla í febrúar, sem var mjög kaldur. Nú að undanförnu hafa verið hinar mestu blíður, svo snjór er að mestu horfinn, og útlitið mjög vorlegt sem stendur.

Séra Rögnv. Pétursson, Únítaraprestur frá Winnipeg, var hér á ferð fyrir stuttu. Hann prédikaði í Glenboro í samkomuhúsi Íslendinga þar á sunnudaginn 6. marz, og í samkomuhúsi Íslendinga í Cypress bygðinni, norðaustur af Glenboro, á þriðjudagskveldið 8. s.m. Fólk var mjög ánægt yfir því, að fá svona góðan gest, og gazt mjög vel að ræðum hans og hinni prúðmannlegu framkomu hans. Aflaði hann sér því margra vina á meðan hann dvaldi hér. Ræður hans eru tilþrifamiklar og töluvert vísindalegar, ramíslenzkar og aðlaðandi. — Eftir messu þann 8. gaf hann saman í hjónaband þau hr. Carl Eymundsson, frá Edmonton, Alberta, og ungfrú Ásdísi Sophíu Tryggvadóttir Ólafssonar, Skálholt P.O. Að aflokinni hjónavígslu athöfninni, var tilbúin rikmannleg veizla í húsi herra Brynjólfs Jósephssonar, er foreldrar brúðarinnar höfðu stofnað til, og voru þar um 65 manns í boði. Þá voru skemtanir um hönd hafðar í samkomuhúsi. Unga fólkið dansaði, en hinir eldri skemtu sér við samræður og spil. Að afliðandi miðnætti hófust ræðuhöld. Séra Rögnvaldur tók ræðupallinn, ávarpaði brúðhjónin, talaði mjög hlýjum og viðeigandi orðum til þeirra og óskaði þeim allra heilla í lífsbaráttunni framundan. Síðan ávarpaði hann veizlugestina fyrir hönd brúðhjónanna, hlýjum þakklætis og vinar orðum. — Auk prestsins héldu þar ræður: J. J. Anderson, Indriði Sveinsson frá Winnipeg, G. S. Johnson, Chris. Sigmar o.fl. Síðast talaði prestur nokkur orð, og var þá prógrammi lokið. Var það allra rómur, að honum hefði farist þetta mjög vel. Var þá tekið að stiga dans aftur, þar til sest var að kaffidrykkju seinna um nóttina. En er dagur ljómaði um austurloft, fóru menn að hugsa til heimferðar, og með hjartað fult af þakklæti til brúðhjónanna fyrir góða og myndarlega skemtun veitta hélt hver til síns heimkynnis. Allar ræðurnar, sem fluttar voru, og minningargjafirnar, sem brúðhjónunum voru afhentar við þetta tækifæri, báru ljósan vott um hið hlýja hugarþel, er allir báru til þeirra. — Brúðhjónin keyrðu samdægurs til Carberry, og tóku þar Canada Kyrrahafslestina til Calgary, Alberta. En áður en þau setjast um kyrt þar vestra, ferðast þau um íslenzku bygðirnar meðal frændfólks og kunningja.

Herra Indriði Sveinsson, frá Winnipeg hefir verið hér á ferð um undanfarinn tíma, í kynnisför til frændfólks og gamalla kunningja. Hann brá sér einnig til Souris, Man., til þess að heimsækja systur sína, sem þar býr. Hr. Sveinsson er glöggur maður og vel mentur, því kærkominn gestur, hvar sem hann fór. Hann hefir að undanförnu stundað verzlunarstörf í Winnipeg borg. Hann heldur heimleiðis innan fárra daga.

Nýfluttir eru frá Glenboro þeir herrar Chris. Hjálmarsson og Torfi Steinsson, til Candahar í Saskatchewan fylki. Þeir hyggja að reka þar algenga vöruverzlun í stórum stíl. Hr. Hjálmarsson var áður í verzlunarfélagi hinna alþektu Sigmar Bros. & Co. í Glenboro.

G. J. Oleson.

Dánarfregn.

Laugardaginn 5. marz lézt að heimili sínu í Souris, North Dakota, Amy Flora Halldórsson, kona Halldórs B. Halldórssonar, bróður Magnúss læknis Halldórssonar. — Hún hafði lengi verið veil að heilsu og var því fráfall hennar ekki óvænt, þó sárt sé að sjá svo unga hníga í valinn.

Amy heitin var fædd 25. júlí 1882, og var því 28 ára gömul. Hún var dóttir Magnúss Stephanssonar, sem nú er til heimilis að Edinburg, N. D. og Valgerðar Jónsdóttur, f. Bergmann, systur séra Friðriks J. Bergmann. En móður sína misti hún er hún var liðugt tveggja ára gömul. Ólst hún upp ýmist með föður sínum, er kvæntist annað sinn, eða móðurforeldrum, þangað til hún giftist 30. nóv. 1899. Þau hjón fluttust til McHenry County í North Dakota, og námu þar land í grend við bæinn Voltaire. Þaðan fóru þau 1904 um haustið til Souris, þar sem þau síðan hafa búið. Er Halldór nú ritstjóri blaðsins "Souris Messenger".

Þau hjón hafa átt við heilsuleysi mikið að stríða, hvort í sínu lagi, og varð ekki barna auðið. Hefir Magnús læknir, bróðir hans, reynst þeim svo vel í því stríði, að ekki hefir betur mátt. Hefir hvað eftir annað verið búist við dauða hvors um sig, en hann ávalt getað hjálpað. Faðir Amy hefir einnig verið hjá þeim lengum tímum síðustu ár, og gert alt, er í hans valdi hefir staðið, til að liðsinna þeim og hjúkra, með stakri þolinmæði og sjálfsafneitan.

Jarðarförin fór fram að Gardar 10. þ.m., að viðstöddu miklu fjölmenni. Halldór, maður Amy, gat ekki verið viðstaddur, sakir lasleika. Séra Kristinn K. Ólafsson talaði við jarðarförina, því sá, sem þetta ritar, gat ekki komið.

Amy heitin var góð kona, hæggerð og háttprúð, og elskuð og virt af öllum, sem hana þektu. Er hún hörmuð af manni sínum, föður sínum, ömmu og ættingjum öllum.

F.J.B.

JÓN JÓNSSON, járnsmiður, að 790 Notre Dame Ave. (horni Toronto St.) gerir við alls konar katla, könnur, potta og pönnur fyrir konur, og brýnir hnífa og skerpir sagir fyrir karlmenn. — Alt vel af hendi leyst fyrir lítla borgun.

OGILVIE'S

Royal Household Flour

Til Brauð og Köku Gerðar

OGILVIE'S ROYAL HOUSEHOLD

Gefur Æfinlega Fullnægingu

EINA MYLLAN Í WINNIPEG,—LÁTIÐ HEIMAIÐNAÐ SITJA FYRIR VIÐSKIFTUM YÐAR.

Samskot til almenna spítalans hér í Winnipeg.

Fröstöðunefnd Almenna spítalans hér í borg biður Hkr. að votta alúðarþökk sína öllum þeim, sem lagt hafa í sjóð þann, að upphæð $132.50, sem þeir herrar J. H. Johnson og Paul Reykdal á Oak Point, Man., sendu nýlega frá þessum: — J. H. Johnson, $20.00; Paul Reykdal og G. M. Johnson, $10.00 hvor; J. J. Freeman, John Sigurdson, Skúli Sigfússon, O. W. Jónsson, Björn Sigurðsson, J. Halldórsson, Th. Thorkelsson, S. Cohen, Lake Manitoba Trading & Lumber Co., $5.00 hver; Bjarni Jónsson, $4.00; Steinir Dalman $3.00; A. E. Hackland og Angus Prithard $2.00 hvor; J. M. Gíslason og Jón Björnsson, $1.50 hvor; Einar Johnson, B.J. Eiríksson, Guðni Jónsson, Jón Howarðsson, Sæbjörn Magnússon, S. Sigbjörnsson, Jónas Jónsson, J. B. Johnson, R. Eríksson, Th. Gíslason, Björn Erlendsson, V. J. Guttormsson, Jóhannes Jónsson, H. Hördal, Árni Jóhannsson, Magnús Ólafsson, John Sigurðsson, Paul B. Johnson, S. C. Harris, Jón Westman, Sigfús Sigurðsson, Pétur Pétursson, S. J. Freeman, Jón Bjarnason, G. Mýrdal, St. Skagfeld, P. K. P. Bjarnason, St. Vigfússon, V. J. Lindal, Stefán Johnson og Jón Magnússýn, $1.00 hver; Vinur, 50c.

Fyrirspurn.

Sá, sem kynni að vita, hvar hr. Steffán Magnússon, sem fluttist til Winnipeg frá Reykjavík sl. vor, nú er, er vinsamlega beðinn að láta undirritaðan vita.

Jón Kr. Jónsson,
Box 33, Tantallon, Sask.

Wall Plaster

"EMPIRE" VEGGJA PLASTUR kostar ef til vill ögn meira en hinar verri tegundir, —en berið saman afleiðingarnar.

Vér búum til:

"Empire" Wood Fibre Plaster
"Empire" Cement Wall "
"Empire" Finish "
"Gold Dust" Finish "
"Gilt Edge" Plaster of Paris
og allar Gypsum vöruteg-undir. —

Eiqum vér að senda yður bækling vorn?

BÚIÐ TIL EINUNGIS HJÁ

MANITOBA GYPSUM CO. LTD

SKRIFSTOFUR OG MILLUR Í

Winnipeg, - Man.

Heimskringla

Published every Thursday by The Heimskringla News & Publishing Co. Ltd

Verð blaðsins í Canada og Bandar. $2.00 um árið (fyrir fram borgað). Sent til Íslands $2.50 (fyrir fram borgað af kaupendum blaðsins hér $2.00.)

B. L. BALDWINSON.
Editor & Manager

Office:
729 Sherbrooke Street, Winnipeg
P.O. BOX 3083. Talsími 3512.

Hvernig vér skoðumst.

Winnipeg spítalinn hefir nýlega sent Heimskringlu starfsskýrslu sína fyrir síðastliðið ár (1909). Það er all-umfangsmikil bók, á annað hundrað bls. að stærð, fróðleg og itarleg í öllum greinum.

Útgjöld spítalans á árinu urðu $177,343.31 og inntektir nálega eins miklar. Af inntektunum borguðu sjúklingarnir rúmlega 104 þús. dollara. Fylkisstjórnin lagði til 29½ þús., Winnipeg borg rúm 11 þús., Dominion stjórnin rúmlega 4 þús., frá kirkjusöfnuðum $600, og hitt með gjöfum og samskotum.

Eitt Hundrað og Ellefu (111) íslenzkir sjúklingar nutu hjúkrunar á spítalanum á árinu.

Skýrslurnar sýna, að hver af þeim 5371 sjúklingum, sem þar nutu hjúkrunar á árinu, var á spítalanum að jafnaði 20¼ daga, og að kostnaður við hvern sjúkling varð að meðaltali $1.54 á dag.

Eftir þessu hafa Íslendingar notið að meðaltali hjúkrunar á spítalanum sl. ár fyrir Hálft Fjórða Þúsund Dollara.

Hvað höfum vér nú lagt til þessarar stofnunar á árinu?

Tíu einstaklingar hér í borg hafa til samans gefið $181.70, þar af A. S. Bardal einn $100.00. Og Fyrsta lúterska kirkjan $16.25. Eða alls frá Íslendingum hér í borg $200.00.

Hver er það þá, sem vér ætlumst til að greiði fyrir oss rúmlega þrjú þúsund Dollara, sem til vantar? Sveitin? Finst ekki löndum vorum tími til kominn, að hætta þeim ósið, að leggjast u[illegible] á sveitina, þó sjúkdóm beri að höndum? Eða erum vér ekki orðnir nægilega efnaðir til þess að standast sjálfir kostnaðinn við vor eigin veikindi?

Vænta má þess að vísu, að skýrslan beri ekki með sér alt það fé, sem frá Íslendingum hefir borist til spítalans á sl. ári, með því að líklegt er, að einhverjir af sjúklingunum hafi borgað fyrir veru sína þar. En hins vegar er lítill efi á því, að vér sem þjóðflokkur höfum ekki goldið alt það, sem oss bar að gjalda. Og til þess er hér minst á þetta atriði, að benda löndum vorum á, að þeir ættu að veita stofnun þessari meiri fjárhagslegan styrk, en þeir hafa áður gert. Vér eigum hér heilan hóp manna, sem ekkert munaði um, að gefa spítalanum $10.00 á ári. Það væri þeim sómi og stofnuninni að miklu liði. Svo ætu og hin ýmsu félög og söfnuðir gefið nokkra upphæð árlega. Þörfin er brýn og efnin næg sé viljinn góður.

Annað bréf að sunnan.

(Niðurlag).

Svo voru ný toll-lög samin og þóttu þau lítil endurbót á gömlu lögunum, enda sögðu demókratar og sumir af uppreistarmönnum Cannon og Payne — sem var höfundur frumvarpsins — óspart til syndanna. En gamli Joe vildi engar málalengingar hafa og lét samþykkja þau refjalaust, og sendi þau svo til efri málstofunnar til endurskoðunar. En þá tók nú ekki betra við, því gamli Aldrich, skjólstæðingur einokunar félaganna — kom nú til sögunnar og færði tollinn upp á við hvað sem hver sagði. Hann hafði gamla hráskinns svipu, er Roosevelt forseti hafði átt, er hann var kúasmali í Norður Dakota, en hafði í ógáti og flaustri gleymt henni í Hvíta-húss-jósinu, er hann þaut af stað til Afríku á dýraveiðar. Mr. Taft hafði fundið hana fyrsta morgninn, er hann kom í stjórnarfjósið. Hafði hann skenkt Aldrich svipuna, og sagt, að hún mundi koma að góðu haldi á uppreistarseggina. Gamli Aldrich hafði síðan skreytt hana með dollurum, á hverjum voru myndir af ýmsum auðkonungum Bandaríkjanna. Nú veifaði karl svipunni með braki og brestum og rak flokksbræður sína áfergislega inn í hátolla-kviarnar.

Þó sluppu þeir La Follette, Cummings, Dolliver, Kristow og fleiri og leituðu á náðir Tafts, sem þeir áttu vera foringja sinn. Þeir sögðu honum skýrt og skorinort, að hann hefði lofað toll-lækkun og þar af leiðandi náð forsetastöðunni, því þjóðin hefði trúað og treyst á hans útskýringar í tollmálinu. Það væri því hans hellög skylda, að beita áhrifum sínum á þingið að fá verulega toll-lækkun áður en lögin yrðu samþykt. Þeir skoruðu á hann, að reyna að frelsa flokk sinn frá, að standa sem afhjúpaður svikari frammi fyrir allri þjóðinni. En Taft bara snörist á hæli, og sagði þeim, að það væri þingsins "business" að semja toll-lög, en ekki sitt. Sagðist þó mundi reyna, að fá einhvern afslátt, þegar þingið væri búið að samþykkja lögin (get some reduction in conference of both houses). Og það fékk hann, en samt urðu nýju toll-lögin alt að 2 prósent að meðaltali hærri en gömlu lögin, sem þjóðinni þótti alveg óhafandi, og sem voru stýluð eftir óskum einokunarfélaganna, á almennings kostnað.

Einhverja óljósa hugmynd hafði samt Mr. Taft um, að þjóðin væri óánægð með toll-lögin. Svo hann hristi af sér rykið og lagði af stað í langferð um land alt, til að sannfæra fólkið um, að nýju toll-lögin væru hreint meistarastykki. Hann byrjaði í Boston, og sagði þeim þar, að Mr. Aldrich væri hinn mesti föðurlandsvinur, sem óhætt væri að trúa fyrir velferðarmálum þjóðarinnar. Svo hélt hann af stað vestur um land og stansaði ekki nema í stórborgum. Þegar hann kom til Minneapolis, lagði hann krók á leið sína til Winona, smábæjar eins í Minnesota. Þar átti heima Mr. Tawney, sá eini af öllum Minnesota þingmönnunum, er hafði fylgt Cannon og Aldrich gegn um þykt og þunt í tollmálinu. Þennan einkavin einokunarfélaganna þurfti forsetinn endilega af heimsækja, í virðingarskyni fyrir hans góðu frammistöðu. Þar hélt Mr. Taft þrumandi ræðu og sagði Winona búum meðal annars, að nýju toll-lögin væru hin langbeztu, er repúblikana flokkurinn hefði nokkurntíma samþykt. Hann áleit, að þeir, sem hefðu greitt atkvæði sitt á móti þeim, væru ekki góðir repúblikanar, og að halda saman sínum flokk gengi fyrir öllu. Mr. Tawney varð mjög montinn af þessari yfirlýsingu og hefir verið það síðan.

Nú fyrir eitthvað tveim vikum síðan hélt Mr. Taft ræðu í New York, og endurtók þar, að Payne-Cannon-Aldrich-Taft toll-lögin sé þau beztu toll-lög, er nokkurntíma hafi verið samþykt, og bætir því svo við: — "Stefnuskrá repúblikana flokksins lofaði ekki toll-lækkun á nokkurn hátt, að eins lofaði hún endurskoðun". Og þetta er maðurinn, sem uppreistarmenn (Insurgents) húrra fyrir og vonast eftir að leiði sig út úr eyðimörkinni. Hvenær ætli opnist augu þeirra, svo þeir sjái, að Aldrich, Cannon og Taft er eitt og hið sama, frá hverjum er engin viðréttingar von?

Og nú kemur landi vor, Barði G. Skúlason, til sögunnar og lofar, ef hann verði kosinn, að vinna að toll-lækkun, samkvæmt stefnuskrá repúblikana flokksins. Cannon, Aldrich og Taft segja, að þar standi hvergi, að toll-lækkun sé lofað.

Hverjum eiga menn nú að trúa? Taft er gamall dómari og ætti því að vera fær um, að dæma rétt í þessu máli.

En það ber þó flestum repúblikana blöðum saman um nú á dögum, að ef Taft sjálfur hefði ekki prédikað verulega toll-lækkun fyrir kosningarnar, þá væri hann ekki forseti nú. — "Aumur er höfuðlaus her", — nú eru uppreistarmenn búnir að missa höfuðið, þar sem Taft er nú ótvíræðlega genginn í lið afturhaldsmanna og stendur nú tvísaga frammi fyrir allri þjóðinni.

Svo til frekari sannana, að Taft er með Aldrich og auðvaldinu, mætti benda á, hvernig hann hjálpaði honum (Aldrich) til að eyðileggja tekjuskatts frumvarpið, sem demókratar og uppreistarmenn í efri málstofunni voru reiðubúnir að samþykkja. Einnig, hvernig hann hefir komið fram í kola og skóga verndunarmálinu, þar sem hann hefir haldið hlífisskildi yfir öðrum eins þrjót og auðvaldstóli sem Ballinger er, en rekið úr þjónustu stjórnarinnar landsins þörfustu menn, svo sem Pinchot og Glavis.

Á nú fólkið að kjósa á ný repúblikanska þingmenn upp á nýjar brellur og nýjar tálbeitur? Eru borgarar landsins orðnir svo sinnu lausir um sína eigin velferð og þjóðarinnar, að þeir láti hafa sig fyrir ginningarfífl ár eftir ár? Ég vona þó, að Bandaríkja-Íslendingar sýni það á næsta kosningardegi, að þeir þekki sinn forna frelsisfána frá hinu repúblíkanska kúgunar-flaggi.

Dakota-Íslendingur.

Menningarfélags-fundur.

9. FEBRÚAR 1910.

Séra Rögnvaldur Pétursson hafði ætlað að flytja erindi á þessum fundi "Um áhrif skólanna í fornöld á þjóðmálin", en kvaðst ekki hafa það erindi tilbúið, en með leyfi fundarins myndi hann fara nokkrum orðum um annað efni, sem að líkindum myndi vekja talsverðar umræður, — nefnilega "Afstöðu þjóðflokks vors gagnvart kirkjunni".

Nýlega hefði hann heyrt mann nokkurn flytja erindi. Í því hefði hann nokkuð vikið að kirkju og trú. Ummæli hans hefðu borið það með sér, að hann hefði misskilið, hvað orðið "trú" táknaði.

Meðal þjóðar vorrar bæri allmikið á óvild og kala til kirkju- og trúmála. Þetta kæmi fram í kvæðum og ritum (las upp nokkur sýnishorn). Þessi afstaða hefir slæm áhrif á skoðanir manna í öðrum efnum, og skapar virðingarleysi. Gefur þá kirkjan ástæðu til þess, að henni sé engin virðing sýnd? Saklaus væri hún engan vegin, en ekki ynni hún til allrar þeirrar grófgerðu gamansemi og oflátungsskapar þeirra, sem á hana deildu. Miklu myndi fólkið vesælla, ef enginn kristindómur væri til. Af um 30,000 landa vorra vestanhafs, myndi var einn fimti partur vera í kirkjulegum félagsskap. Fólki kemur ekki saman, ef spurt er: Hvers vegna ertu ekki með? Svörin eru: Get ekki verið með þessum eða hinum. Ofmikil kritik allir eru dómarar um, hvernig verkið eigi að vera af hendi leyst, hvernig sálmar eigi að vera, siðir, o.s.frv. Þessi frekju vandfýsni er svo ákaflega ríkjandi hjá oss. Af þessu sprettur svo virðingarleysi gagnvart öðrum alvörumálum lífsins. Nýskeð hefði hann talað við konu nokkra um sunnudagaskóla, hún kvaðst varla geta haldið börnum sínum heima frá honum. Þau vildu fara á skólann, en þessi trúbrögð, sem þar væri kend, og eiginlega öll trúbrögð mannanna, bara til bölvunar. Svona hugsuðu sumir, teldu alt eftir, sem þeir gerðu fyrir kirkju og trúmál, þætti það alt ofgert og hefðu kirkjuna að háði og spotti. Án trúar væri lífið ljótt, ekki upplyftandi. Að trúa að eins á það, sem maður sæi í kring um sig, væri ekki nóg. Lífsskoðanir yrðu þá óskynsamlegar, ef trú væri kastað. Hver væri þá grundvöllur undir siðfræði, ef vér sleptum trú á "Moral Universe", að tilveran í heild sinni sé góð? Trúin er kjölfesta, sem er oss nauðsynleg á siglingu lífsins.

Fegurri lýsingu á trúarlífi getur ekki en í skáldsögu Victor Hugos "Les Miserables", bæði hjá biskupnum katólska og sögubetjunni Jean Valjean, — það eina, sem gat gert líf hans að dýrðlegri fyrirmynd var trúar-sannfæringin.

Trúin er nauðsynlegur þáttur í framþróunarsögu mannsins. Öll beztu verk, öll bókment, sem til er, öll mannúðarfélög, alla uppfundningar eru afrakstur trúar, ekki vantrúar. Charles Darwin sagði, að ef hann hefði ekki haft trú á því, að það sanna og góða hefði eilíft gildi, hefði hann aldrei lagt út í hina frægu rannsóknarför sína á skipinu "Beagle".

Næst talaði Stefán Thorson. — Fanst málshefjandi hafa málað ástandið með óþarflega dökkum litum. Talsvert af þessari grófgerðu gamansemi í kirkjunnar garð væri auðvitað hneykslanleg, því hvernig sem á kirkjumálin væri litið, væri þau alvörumál, sem öllum kæmi við. Ef kyrkjan er ill eða ónýt stofnun, væri það alvarlegt, að einn fimti hluti landa vorra hér í álfu skuli aðhyllast hana. Ef hún á hinn bóginn er þarfleg stofnun, er það einnig alvarlegt, að að eins einn fimti hluti gefur henni gaum.

Næst talaði Árni Jónsson. — Kvaðst ekki sjá, að trú og kirkja þyrftu endilega að fylgjast að, — trúin myndi alt af vera til, þó engin kirkja væri til. Reynsluvísindin myndu að líkindum aldrei verða svo fullkomin, að ekki þyrfti trúarinnar við. Trúin væri meðsköpuð manninum, þó sumir þykist vera trúlausir. Kirkjan oft spilt fyrir sannri og göfugri trú. Kirkjan ekki frumkvöðull trúarinnar. Vísindamennirnir skapa göfugri trú en kirkjan. Kirkjutrúarjátningamennirnir eru að tapa.

Næst talaði Stefán Thorson. — Sjálfsagt getur trú verið gagnleg án kirkju. Og er það ekki einmitt kirkjunni sjálfri að kenna, hve margir eru fyrir utan? Kirkjan yfirleitt hefir ekki snert fólkið, — ekki hjálpað fólkinu að lifa á nokkurn hátt í borgaralegum málum. Aldrei tekið málstað hinna undirokuðu í heild, heldur að eins líknað einstaklingum. Þess vegna væru svo margir utan kirkju. Hún hefði ekki gefið fólkinu lífsins vatn eða brauð. Einusinni hefði maður heima á Íslandi, sem var nýkominn frá messu, verið spurður, hvernig honum hefði líkað, — "álika vel og að drekka fúla mysu óþyrstur". Kirkjan byði mönnum ennþá—því miður—fúla mysu, og menn væru óþyrstir í hana. Kirkjan verður að breyta til; ef hún beitti sér fyrir velferðarmál, myndi fleiri styðja hana. Íslenzku kirkjurnar hér í bæ hefðu aldrei snert við nokkrum velferðarmálum til þessa. Kirkjan yfirleitt hefir tekist á hendur, að flytja dauða menn til himnaríkis. Það er ósannað, hversu það hefir tekist. En hún hefir ekki reynt, að flytja guðsríki niður á jörðina. Nokkur afsökun væri fyrir því, að hent væri gaman að sumum blaðagreinum, sem komið hafa frá kirkjumönnum hér vestra (t.d. G. Peterson). Kirkjan bæri jafnvel ekki æfinlega virðing fyrir sjálfri sér.

Næst talaði Thorsteinn S. Borgfjörð. — Áleit trú nauðsynlega og líka kirkju, sem þegar að væri gætt, væri hópur af fólki með sameiginlega lífsskoðun. Samvinna og félagsskapur affarasæll í trúar- og kirkjumálum eins og öðrum málum. Þeir, sem hefðu svipaða stefnu, ættu að flokka sig saman og ekki að vera of hótfyndnir og ófélagslegir, heldur vera með og reyna að laga það, sem þeim finst umbótavert. Það væri mannlegra heldur enn að standa fyrir utan með kuldaglotti og kritiséra. Vildi ráðleggja hverjum, að sameinast þeirri kirkjudeild, sem hann findi að væri sitt andlega heimili. Aðfinningar og hnútur í kirkjunnar garð væru farnar að verða nokkuð þreytandi.

Næst talaði séra Guðm. Árnason. — Útásetningar í kirkjunnar garð væru margar sprotnar af ósanngirni og mentunarleysi, — en samt sem áður gerði kirkjan sér —því miður—alt of mikið far um, að vera langt á eftir tímanum. Ofmikið væri blandað saman trú og kirkju, trú er ekki sama og kirkja og trú er ekki sama og kristindómur. Langt frá því, að þeir, sem fyrir utan standa séu trúlausir. Tvær stefnur hafa lengi verið uppi í heimsspeki: "Materialismus" og "Idealismus" (hlutsæi og hugsæi). Þessar stefnur komu fram hjá Forn-Grikkjum, og stríða hvor við aðra. Vér mættum ætla, að trúmennirnir væru allir "Idealistar", — en "Materialistar" geta líka verið trúmenn. Trúin er tilfinning fyrir því, sem er fyrir utan mann sjálfan. Eftir því, sem svið vísindanna stækkar, eftir því eykst trúin. Þó að trúin hverfi fyrir þekkingunni, þá spyr mannsandinn alt af meir og meir eftir því, sem vísindaleg þekking eykst. Ekki líklegt, að maðurinn komist nokkurn tíma á það stig, að þekking hans grípi yfir alt. Trúin er tilraun, að setja sjálfan sig í samband við heildina og finna samræmi í tilverunni. Það er verksvið trúarinnar. Kirkjan myndast svo af samfélagi þeirra manna, er samkynja lífsskoðanir hafa. Þeir reyna svo að færa öðrum heim sanninn. Of oft hendir það, að kirkjan gleymir köllun sinni.

Næst talaði Hannes Pétursson. — Áleit mjög svo varhugavert, að tala biturlega um andlega volaða. Nokkur afsökun fyrir þá, sem deila á kirkjuna, því trúin er tilfinningamál, og kirkjukenningarnar sumar misþyrma svo trúartilfinningum og siðferðistilfinning margra góðra og göfugra manna utan kirkjunnar, að "kritik" verður á stundum kannske nokkuð bitur.

Næst talaði séra Rögnv. Pétursson. Kvaðst hafa meint, að kvarta um og benda á, að í stað þeirrar kirkju, sem trúin hefir myndað, og í stað trúarinnar er kominn hugsunarháttur, sem hendir gaman að þessum hlutum, sem eru alvarlegir. Gróf gamansemi sem stendur öllu góðu fyrir þrifum. Kirkjan væri nauðsynlegasta stofnun, sem enn hefði verið sett á fót. Engin önnur stofnun gæti tekið við starfi hennar. Kannske kirkjan hafi aðallega tekist á hendur að flytja dauða menn til himnaríkis, — en er það ekki betra en það, sem andstæðingar hennar leitast við að gera, — færa lifandi menn til helvítis. Kirkjan hefir alt af reynt, að stofna guðsríki á jörðunni, — boðað frið, reynt að skýra og greina siðferðistilfinningu mannsins.

Forseti talaði að síðustu nokkur orð. — Kvaðst ekki geta borið virðingu fyrir kenningum kirkjunnar, og ekki fyrir kirkjunni sem heild. Hún boðaði vanþóknun guðs og niðurlægði manninn. Hún hefði hafið þau áhrif á sig, að gera sig næstum því að aumingja, og þegar sér loks hefði tekist, að kasta af sér hjátrúar-byrði hennar, hefði það verið sitt mesta þrekvirki. Kirkjan er sögð að vera hin helzta og nauðsynlegasta stofnun mannanna. Kannske svo sé. En til þess að hún verði að tilætluðu gagni verður hún að breyta til, því hún hefir alt til þessa verið á eftir tímanum.

Friðrik Sveinsson, ritari.

Tunglsljós.

ALT GLJÁIR af flöktandi glömpum,
það leiftrar af tendruðum lömpum
um leiðir á háskafla kömpum,
þó skuggarnir slökkvi, er skjótt
þar tendrað á ný þessa nótt.
Og fabreðans kristallar klingja, —
þeir hvervetna kring um mig hringja
og hugan með líkaböng þyngja.
Nú opið er algeimsins rúm,
því helbjarma sveipað er húm.

Það stirnir á marmara stöngla,
það blánkar á kristallsinns köngla
þar klukkurnar dimmróma söngla
og hvellandi glym-bjöllu gjöll
sér hella' yfir villulands völl. —
Nú blaktir hver skíma á skari,
sem út undan blíknuðu bari
hið brestandi Glámsauga stari,
og vofan — hin ferlega Fönn,
þar glottir við gnístandi tönn.

Og álfar á íshöllum dansa
með mjallhreins, krýthvíta kransa,
sem kvikir og silfraðir glansa.
Hver skikkja er skærasta glit
með regnbogans ljóma og lit.
Alt hljómar af dynkjum og dunum
er renna þeir áfram í runum,
sem regndropar verði að bunum
og hverfist í demanta dýrð,
þá náttúran skini er skírð.

Af skógnátta felmtri ég fyllist,
að heimkynni álfanna hyllist,
og hér frá mér sjálfum ég villist,
en leiðslan er laðandi, góð,
við glampa og glym-bjöllu hljóð.
Um dauðan er rólegt að dreyma, —
að síðustu hér á ég heima
og hvergi er eins auðvelt að gleyma.
Hve dauðalegt, dýrðlegt og kalt!
hve töfrandi óttalegt alt!

Guttormur J. Guttormsson.

Til "N. N."

Þann 17. þ.m. flutti Lögberg dálítla greinar (ó)mynd, með yfirskrift til Heimskringlu ráðsmannsins, og í svigum "aðsent". Já, má vel vera, að hún hafi verið búin að fara yfir fjöll og fyrn áður en hún komst á sinn stað,— og má líka vera, að hún hafi komið á sinn stað strax úr fæðingunni: verið heima tilbúin. Undir hana er ritaður "N. N." Hvað á að lesa úr þeim N.N. er ráðgáta, máske Norðan og Neðan. Hvað sem er um það, ber nafnlausi höfundurinn með sér af hvaða sauðahúsi hann er, þar eð honum er svo létt um, að sletta til Tjaldbúðar safnaðar og prests hans, þar sem hann segir: "Máske fólk séra Bergmanns ætli sér að bæta einum árgangi af Heimskringlu við trúarjátningar sínar, þegar allar þessar fösturæður eru komnar út, og verða þá söfnuðir hans ekki á flæðiskeri staddir". — Það er eitthvað sauðkindarlegt, að hafa einn söfnuð í fleirtölu (lambinu líkt!).

Góða von hefi ég um, að Tjaldbúðar söfnuður verði eins vel staddur á sínu skeri með föstuprédikanir séra F. J. Bergmanns, eins og N.N. (lambið) og hans fylgifiskar með sína ógleymanlegu Sam einingar trúarjátning, og allan þann mikla liðsafla af draugum og forynjum, sem í henni eru upptaldir. — Skyldi nú ekki Lögberg verða lesið með eins góðu geði, þó tekin væri ein blaðsíða fyrir stólræður séra Jóns Bjarnasonar og burt feldar í staðinn leikhúss auglýsingarnar með öllum þeirra skrípamyndum, svo sem strípað kvenfólk og því um líkt?

22, 10.

Ósatt

er það, eins og fleira í greinarstúf Magnúsar Matthíassonar (Jochumssonar), að ég kalli Hannes Hafstein "skálk". Það hefi ég ekki gert, en "annar maður" er nefndur því nafni í grein minni.

Það er hægur vandi, og meir en samboðinn "heimastjórnardrengskapnum", að ranglæra og falsa prentuð ummæli mín, en þó verða þeir menn að leita annara bragða, sem ætla sér

"að taka fyrir kjarksins kverk
og kyrkja sannfæringarraust" —

mína. Magnús einn má vita, hvort hann telur það samboðið sínum drengskap, að beita mig þessum brögðum. Ég vil ekki trúa öðru, að óreyndu, en hann iðrist fljótfærni sinnar og þess, að hafa haft mig fyrir rangri sök. Ég vil vona, að ósannindi hans séu sprottin af því, að hann hafi misskilið ummæli mín, eða ekki gefið sér tíma til að lesa þau r é t t t.

Baldur Sveinsson.

Sherwin-Williams PAINT
fyrir alskonar húsmálningu.

Þrýðingar-tími nálgast nú. Dálítið af Sherwin-Williams húsmáli getur prýtt húsið yðar utan og innan. — B r ú k i ð ekker annað mál en þetta. — S.-W. húsmálið málar mest, endist lengur, og er áferðarfegurra en nokkurt annað hús mál sem búið er til. — Komið inn og skoðið litarspjaldið. —

Cameron & Carscadden
QUALITY HARDWARE
Wynyard, -- Sask.

JOHN DUFF
PLUMBER, GAS AND STEAM FITTER
Alt verk vel vandað, og verðið rétt
664 Notre Dame Ave. Phone 3815
Winnipeg

ROBLIN HOTEL
115 Adelaide St. Winnipeg
Borta $1.50 á-dag hús í Vestur-Canada. Keyrsla ókeypis milli vagnstöðva og hússins á nóttu og degi. Áðhlynning hins besta. Viðskifti Íslendinga óskast. ÓLAFUR G. ÓLAFSSON, Íslendingur, afgreiðir yður. Heimsækjið hann. —
O. ROY, eigandi.

A. S. BARDAL
Selur líkkistur og annast um útfarir. Allur útbúnaður sá bezti. Enfremur selur hann allskonar minnisvarða og legsteina.
121 Nena St. Phone 306

HEIMSKRINGLU og TVÆR skemtilegar sögur fá nýir kaupendur fyrir að eins $2.00

Giftingaleyfisbréf
selur: Kr. Ásg. Benediktsson
528 Simcoe st. Winnipeg.

— THE —
"Arena"
Þessi vinsæli skautaskáli hér í vesturbænum er nú opinn. Ísinn er ágætur. 18DA MOUNTED RIFLES BAND SPILAR Á ARENA. KARLM. 25c.—KONUR 15c.
Chas. L. Trebilcock, Manager.

JIMMY'S HOTEL
BEZTU VÍN OG VINDLAR.
VÍNVEITARI T.H.FRASER,
ÍSLENDINGUR. : : : : :
James Thorpe, Eigandi

A. S. TORBERT'S
RAKARASTOFA
Er í Jimmy's Hótel. Besta verk, ágæt verkfæri; Rakstur 15c en Hárskurður 25c. — Óskar viðskifta Íslendinga. —

MARKET HOTEL
14 PRINCESS ST á móti markaðnum
P. O'CONNELL, eigandi, WINNIPEG
Beztu tegundir af vínföngum og vindl. Góð áðhlynning góð hús endurbætt

Woodbine Hotel
466 MAIN ST.
Sunna Billiard Hall í Norðvesturlandinu. 5 Pool-borð.—Alskonar vín og vindlar
Gisin og fæði: $1.00 á dag og þar yfir
Eigendur

Á beztu heimilum
hvar sem er í Ameríku, þar munið þér finna HEIMSKRINGLU lesna. Hún er eins fróðleg og skemtileg eins og nokkuð annað íslenzkt fréttablað í Canada

Köllun konunnar.

Prédikun, flutt í Tjaldbúðarkirkju 5. sunnud. í föstu, 13. marz 1910.

EFTIR *F. J. Berymann.*

BÆN. — Vér þökkum þér, himneski faðir, fyrir óumræðilegan kærleik þinn til vor manna. Vér þökkum þér, að þú hefir gefið oss verk að vinna og gert oss að samverkamönnum þínum. Vér vitum, drottinn, að það er eina lífið, að vera víljugt verkfæri í hendi þinni, og eini fögnuðurinn, að vita fyrir víst, að vér erum að framkvæma heilagan vilja þinn. Vér vitum, að þú ert sjálfur stöðugt að lyfta tilverunni á hærra og hærra stig, og að þú ætlast til, að hver maður ljái lið og orku til að lyfta með þér. Kenn oss, elskulegi faðir, að álíta það heilaga köllun vora. Kenn oss það öllum, hvort heldur manni eða konu. Gef oss þjónslundina, sem segir: Tala þú, drottinn, þjónn þinn heyrir. Legg blessun þína yfir starfsemi konunnar. Hjálpa þú hverri konu með oss, að gegna þeim heilögu skyldum, er þú hefir fengið henni að rækja. Lát þú mannfélagið leysa af henni öll óeðlileg bönd, svo hún geti hlýtt rödd samvizku sinnar og unnið hvert gott verk, sem hún finnur hjá sér köllun til. Vér biðjum í nafni frelsara vors Jesú Krists, amen.

Ræðutexti:

Sjá, ég em ambátt drottins.
(Lk. 1, 38).

Kirkjan nefnir þenna sunnudag: Boðunardag Maríu. Guðspjallskaflinn, sem degiaum hefir verið valinn, segir frá því, er María, Jesú móðir, fékk vitneskju um, að hún hefði sérstaka köllun að ræksa. Köllunar-augnablikið er hverjum manni helgasta augnablik æfinnar. Líf hans fer að svo undir miklu leyti eftir því, hvernig hann verður við þeirri köllun. María sagði: Sjá, ég em ambátt drottins!

Köllunar-hugmyndin er ein af helgustu hugmyndum mannanna. Fyrr eða síðar á mannsæfinni verður einhverrar heilagrar vöknunar vart með flestum. Margir muna einstök augnablik æfi sinnar, er andlegt líf þeirra reis af dvala. Þangað til höfðu þeir ráfað eins og í svefni, líkast þeim, sem eigi er vaknaður til fullrar vitundar um sjálfan sig. Lífið hefir verið þeim þýðingarlaus leikur. Þeim hefir fundist það svo langt eins og það aldrei myndi líða. Stærsta löngunin sú, að gleyma sér í glaumnum og grafa sig svo langt inn í hann, að slög stundaklukkunnar hættu að óma í eyrum. Svo eyðir margur unglingur æsku sinni, og lætur þá ganga með sáran sting í hjarta, er á horfa, og bera velferð hans fyrir brjósti.

En svo fara smám saman aðrar og betri hugsanir að gera vart við sig. Er ég einn að fara illa að ráði mínu? Flestir aðrir láta sér ant um lífið og láta sér verða mikið úr því. Ég sóa því og treð í skarnið. Sumir vakna snögglega, aðrir með löngum tíma, smátt og smátt, og láta sér verða ljóst, að lífið er dýrlegasti veruleikinn af öllu, sem til er. Og öll velferð undir því komin, að fara vel með.

En hvernig á ég að fara vel með?! Hvaða ætlunarverk skyldi lífið hafa handa mér? Þegar sú hugsun fer að gera heitt um hjartað, hefir margur maðurinn frá fyrstu tíð og fram á þenna dag orðið var við heilaga rödd í innra manni sínum, er sagt hefir: Láttu lífið verða þér heilagt með þessu móti. Eða réttara: Augað opnast; eitthvert ætlunarverk blasir við. Þetta vil ég láta verða æfistarf mitt. Þessu hlutverki vil ég helga líf og krafta. Með því einu móti verður lífið mér heilagt. Um leið vaknar kærleikur svo mikill í hjartanu til þessa sérstaka ætlunarverks, að manninum finst, að lífið yrði ljótt og vanheilagt í höndum hans, svo framarlega sem hann af einhverjum ástæðum neyddist til að verja því til einhvers annars. Með þeim, sem eitthvað mikið er í spunnið, verður þessi tilfinning ljósust. Köllunin fellur eins og eldur af himni í sálir þeirra. Hún er þeim svo heilög, að fyrr vildi þeir ganga í opinn dauðann, en svíkja hana.

Mestu alvörumenn, sem uppi hafa verið, hafa litið svo á, sem væri þeir kallaðir af guði sjálfum, til að vinna það verk, er þeir gerðu að æfistarfi sínu. Það hefir verið heilög sannfæring þeirra. Að sýna ótrúmensku eða hlífa sér í nokkurum hlut, eða gera kaup á miðri leið, hefir þeim fundist að að svíkja guð almáttugan, herra himins og jarðar, hann sem öllu stjórnar. Heldur en að gera það, hafa þeir lagt líf og lífsgæði öll í sölur — brotið sig í mola, fórnað öllum þrótti, er þeir áttu yfir að ráða, dag eftir dag, unz kraftar þurru. Þeir menn hafa heiminum til mestrar blessunar orðið. Þeir hafa verið ljósin stóru, er lýst hafa upp aldirnar.

Fagurlega er þessari köllunarhugmynd komið fyrir í orðunum, er guðspjallssagan leggur Maríu á varir: Sjá, ég em ambátt drottins. Svo tala rétthugsandi menn og konur á öllum tímum, er köllun drottins kemur til þeirra. Þetta orð hennar verður mönnum ævarandi fyrirmynd. Kristindómurinn allur er guðleg köllun. Skilningur þeirra, sem lengst eru komnir, þessi: Sannur kristindómur er guðsþjónusta — það, að gerast þjónn hins sannasta og göfugasta, er hugurinn rúmar, með fullkominni trúmensku. Þetta sannasta og bezta, sem hugurinn rúmar, er oss gefið með Kristi. Það er hann sjálfur og hið fullkomna fórnarlíf, er hann lifði. Kristinn maður — trúr þjónn. Sonar-myndin, er heiminum var gefin, þjónsmynd. Hann kom til að bera sannleikanum vitni. Hver maður um leið til þess kvaddur. að bera sannleikanum vitni með honum, bæði í orði og verki. Og hve nær, sem þörf gerist, til að líða með honum — verða píndur og pyndaður með honum vegna sannleikans. Það er dýrleg köllun allra lærisveina mannkynsfrelsarans.

Köllun konunnar kemur oss eðlilega í hug út af guðspjallinu. Kveneðlið er að mörgu sérstakt. Náttúran hefir fengið konunni það sérstaka ætlunarverk að vera móðir. Móðurkölluninni fylgja skyldur öðrum háleitari. Velferð og örlög komandi kynslóða, að miklu leyti lögð í móðurhönd. Sú hönd, er heldur ruggunni, vaggar örlögum mannanna. Móðurkærleikurinn dýrlegasti drátturinn í mannlegu eðli. Hvergi verður það eins augljóst, að vér erum guðsættar. Skyldleikur manneðlisins og guðdómsins sést þar lang-ljóst. Honum fylgir margt annað: Viðkvæmni, lotning, trú, tilbeiðsla. Kvenlundin viðkvæma hefir tilfinningu miklu næmari fyrir ósýnilegum andans heimi og þeim áhrifum, er þaðan koma. Guð hefir frá upphafi vega lang-mest talað við mennina gegn um mæður þeirra. Hann heldur því áfram til dagsins enda.

Frá upphafi mannkynssögunnar hefir mannfélagið samt látið konuna sitja við skarðan hlut. Staða hennar hefir frá alda öðli verið óæðri en mannsins. Engu ákvæði ritningarinnar hefir verið rækilegar fylgt en þessu: Hann skal drotna yfir þér (1. M. 3, 16). Þó er það sjálfsagt eitt hið vafasamasta. Hví skyldi annar helmingur mannkynsins hafa rétt til að drotna yfir hinum? En það ákvæði er frá þeim tímum, að réttur hins sterkara réð öllu. Þá var konan eign mannsins eins og hjörðin í haganum. Hann mátti gera við hana, hvað sem sýndist. Jafnframt gægðist þó hugsjónin fram: Hún á að standa manninum við hlið og vera honum meðhjálp (1. M. 2, 18nn).

Á dögum forfeðra Gyðinga er bent á fáeinar konur, er stóðu mönnum sínum nokkurn veginn jafnhliða: Sara, Rebekka, Rakel. Á lausnardögum Hebrea úr Egiptalandi sendi guð þeim eigi að eins þá bræður, Móse og Aron, heldur líka systur þeirra Mirjam til forystu, eins og spámaðurinn Míka (6, 4) kemst að orði. Á dögum Dómaranna var Debóra eigi að eins spákona í orðsins beztu merkingu, heldur líka reglulegur dómari (Dóm. 4, 4): Kona hét Debóra; hún var spákona og eiginkona manns þess, er Lapidót hét; hún var dómari í Ísrael um þessar mundir. Hún sat undir Debóru-pálma á Efraim-fjöllum, og Ísaels menn fóru þangað upp til hennar, að hún legði dóma á mál þeirra. Það er göfugur vitnisburður um konu á þeirri tíð.

Á dögum konunganna sýna dæmi þeirra Ísebelar, sem var drotning í Norður-ríkinu, og Ataliu, dóttur hennar, er til sömu tignar komst í Suður-ríkinu, hve langt konur gátu komist á þeim tímum í að ná völdum miklum í stjórnmálum. Sagan um Elkana og Hönnu sýnir, hvilikum jöfnuði hjónabandskærleikurinn kom þá til leiðar, þó ástæður væri erfiðar, þegar hann var fullkominn. Hún sýnir líka, að konur á þeirri tíð tóku jafnan þátt mönnum sínum í helgum athöfnum, svo sem fórnfæringum og guðsþjónustu, þegar réttur þeirra var eigi fyrir borð borinn (1 S. 1, 1nn). Sama sýnir sagan af Manóa og konu hans í Dómarabókinni (13, 20 23), ein af hinum undurfögru sögum Gyðinga, sem kristnum almenningi er lítið kunn. Af Esrabók (2 65) sjáum vér, að konur tóku þátt í musterisþjónustunni og prýddu hana söngvi sínum.

Aftur er réttur konunnar fremur lítill í löggjöf fimtu Móse-bókar. Þó er séð um, öðrum þræði, að hann sé eigi með öllu fyrir borð borinn, og dálítill grundvöllur lagður til þeirrar réttlætis-kröfu, sem Malakí kemur fram með um hjónabandið (3 14nn), þar sem hann segir: Jahve var vottur að sáttmálsgjörðinni milli þín og konu æsku þinnar, er þú hefir nú brugðið trúnaði við, enda þótt hún væri förunautur þinn og eiginkona þín eftir gjörðu sáttmáli. Hefir ekki einn og hinn sami gefið oss lífið og viðhaldið því? Og hvað heimtar sá hinn eini? Guðs sæði! Gætið yðar því í huga yðar, og bregð eigi trúnaði við eiginkonu æsku þinnar. Því ég hata hjónaskilnað, segir Jahve, Ísraels guð, og þann, sem hylur klæði sín glæpum, segir Jahve hersveitanna. Gætið yðar því í huga yðar og bregðið aldrei trúnaði. — Það eru fögur orð og bera þess ljósan vott, hve hugsjónirnar risu upp með dýrð og veldi í hugum mannanna, jafnvel fyrir komu frelsarans í heiminn. Þá megum vér heldur eigi gleyma óðnum fagra, sem konunni er sunginn í Orðskviðunum (31, 10—31):

Væna konu, hver hlýtur hana?
hún er mikils meira virði en perlur.
Hjarta manns hennar treystir henni,
og ekki vantar, að honum fénist.
Hún gjörir honum ekkert illt
alla æfidaga sína.
Hún sér um ull og hör
og vinnur fúslega með höndum sínum.
Hún er eins og kaupförin,
sækir björgina langt að.
Hún fer á fætur fyrir dag,
skamtar heimilisfólki sínu og
segir þernum sínum fyrir verkum.
Hún hefir augastað á akri og kaupir hann,
af ávexti handa sinna plantar hún vingarð.
Hún gyrðir lendar sínar krafti
og tekur sterklega til armleggjunum.
Hún finnur, að atvinna hennar er arðsöm;
á lampa hennar sloknar ekki um nætur.
Hún réttir út hendurnar eftir rokknum
og fingur hennar grípa snældnna.
Hún breiðir út lófann móti hinum bágstadda
og réttir út hendurna móti hinum snauða.
Hún er ekki hrædd um heimilisfólk sitt, þótt snjói,
því að alt heimilisfólk hennar er klætt skarlati.
Hún býr sér til ábreiður,
klæðnaður hennar er úr baðmull og purpura.
Maður hennar er mikils metinn
í borgarhliðunum,
þá er hann situr með öldungum landsins.
Hún býr til skyrtur og selur þær,
og kaupmanninum fær hún belti.
Kraftur og tign er klæðnaður hennar
og hún hlær að komandi degi.
Hún opnar munninn með speki,
og ástúðleg fræðsla er á tungu hennar.
Hún vakir yfir því, sem fram fer
á heimili hennar
og etur ekki letinnar brauð.
Synir hennar ganga fram og segja hana sæla,
maður hennar gengur fram
og hrósar henni:
"Margar konur hafa sýnt dugnað,
en þú tekur þeim öllum fram!"
Yndisþokkinn er svipull og fríðleikinn hverfull,
en sú kona, sem óttast Jahve,
á hrós skilið.
Gefið henni af ávexti handa hennar
og verk hennar skulu lofa hana í borgarhliðunum.

Það er fagur óður þetta um köllun konunnar frá svo gamalli tíð, og ætti að vera í hvers manns huga.

Á nýja testamentistíðinni verðum vér þess varir, að konur Gyðinga hafa glatað einhverju af fornu frjálsræði. Er það fyrir áhrif af kenningum fræðimannanna. Kenningar þeirra um hjónaskilnað voru hinar fráleitustu. Sá flokkur þeirra, er kendur var við Hillel — og Gamaliel, kennari Páls postula, heyrði til — hélt því fram, að illa soðinn réttur eða stundar-kunningsskapur við aðra konu, gæfi manninum nægan rétt til að láta eiginkonu sína fara frá sér.

Til að komast í skilning um þessi skaðlegu áhrif, þurfum vér eigi annað en bera saman söguna í 1. Mósebók (24) um það, er fram fór við brunninn, er þjónn Abrahams var í kvonbænum til handa Ísak, við sögu nýja testamentisins um það, er fram fór við Jakobsbrunninn í Samaríu. Lærisveinarnir standa steini lostnir af furðu, er þeir finna frelsarann þar í viðræðu við konu (Jóh. 4, 27).

En með frelsaranum verður breyting svo mikil í umgengni við konur og virðingunni, sem fyrir þeim er borin, að vér fáum seint gert oss nógu ljósa grein fyrir. Með breytni sinni og háttalagi við konur, hratt hann af stað byltingu í hugsunarhætti mannanna, sem unnið hefir stórvirki, en á þó mikið eftir. Það var ekki einungis kenning hans um skírlífi (Mt. 5, 27), um hjónaband og hjónaskilnað (5 31 32), heldur öllu fremur viðmót hans, breytni og hugsunarháttur allur, er kom breytingu þessari til leiðar. Hann var móður sinni hlýðinn og eftirlátur sonur. Og í hópi vildustu vina sinna hafði hann þær Betaníu-systur báðar, Maríu og Mörtu, og er auðsætt, hvilik unun honum hefir verið dvölin á heimili þeirra og viðræður við þær.

En hið sérstaka í hugsunarhætti hans og háttalagi kemur þó bezt í ljós, þegar eitthvað af meinbugum lífsins er annars vegar, og harðneskjufult almenningsálit og farísealeg hleypidóma tilhneiging á hlut að máli. Sögurnar um hersyndugu konuna með alabastursbuðkinn í húsi Fariseans (Lk. 7, 37nn) og Maríu Magdalenu (8, 2) sýna bezt, hve gagn-ólík hegðan hans var í garð þeirra, sem eitthvað mikið höfðu brotið og menn hafa ávalt haft megnastan ímugust á, hegðan allra annarra, eins og líka sagan um samversku konuna, sem áður var bent á. Jarðvegurinn var í þessu efni þýrstur eftir regni. Þess vegna lét heldur eigi gróðurinn lengi bíða sín.

Á tímum postulanna heldur byltingin áfram stórum stígum, Í söfnuðinum elzta í Jerúsalem voru konur þegar frá fyrstu byrjan taldar með lærisveinahópnum. Einkum nutu þær, sem verið höfðu með frelsaranum, sérstakrar virðingar (Ps. 1, 14). þær fengu einnig hlutdeild í andagjöfinni miklu á hvítasunnu (2, 1nn 17). Þær höfðu eins konar þjónsembætti á hendi í söfnuðunum, eins og sjá má af dæmi Föbe, sem var bjargvættur margra og postulans Páls sjálfs (Róm. 16, 1n), og dæmi þeirra Evódíu og Sýntýke (Fil. 4, 2). Og

(*Framhald á 4. bls.*)

mjúr þjónn!" kallaði prófasturinn á eftir greifanum leið og hann reið burt. "Hann þurfti að flýt sér. Finst þér það ekki, Anna Lísa?"

Góði Wassholm", svaraði frúin hnakkakert, "hvð á ég oft að segja þér að ég heiti ekki Anna Lís heldur Anna Louisa. Ég kann svo illa við þet Lísu nafn".

Fyrirgefðu, góða Anna Louisa", sagði prófasturinn,em virti konu sína mikils, "ég skal aldrei oftar segjþetta".

vo sló hann í hestinn sinn, sem ekki virtist sérlegajörugur, fremur en hann sjálfur.

berharð flýtti sér að ná í barúninn, sem kominn varpottakorn á undan.

Dulgsiting", sagði greifinn við sjálfan sig. "Þaer ómögulegt. Það getur ekki hafa verið hann. — Þó — hann er svo líkur — og umfram alt, hrinrinn með bláa steininum, sem ég þekti strax aftu — En hver getur vitað þetta. — Hvernig, sem þessvíkur við, þá verða þau að fara, — fara burt úr grenninu. — Þessi endurminning er mér erfið hvo eð er. — Mig dreymir ásýnd hans á nóttunni, og í skyldi ég þá eiga á hættu, að sjá hana líka á dagn?"

Á var greifinn búinn að ná barúninum, og við þaðrufluðust hugsanir hans.

Jú", sagði Ehrenstam, "lofaðu mér nú að heyra endna á skrúðmælgi frúarinnar, hvernig losnaði húnið gröf Hómers?"

Hún hætti þar, því henni varð svo bilt við burr þína, að hún gat ekkert sagt. Við skulum riðarðara, svo þau nái okkur ekki".

ir hertu nú á ferðinni og komu bráðla þangað, semir höfðu ætlað.

iginn eftir lét Eberharð greifi kalla á ráðsmannsinn. Það kom sjaldan fyrir, að greifinn tal-

aði við ráðsmann sinn, því hann treysti ráðvendni hans, og gaf lítinn gaum að skilagreinum þeim, sem ráðsmaðurinn fékk honum fjórum sinnum á ári. Hr. Sjöhólm varð því bilt við orðsending þessa, því hann bjóst við endurskoðun á reikningunum, sem hann vissi með sjálfum sér, að ekki voru alveg réttir, en fór samt undir eins að finna greifann.

"Ég gerði boð eftir þér, herra minn", sagði greifinn, "til að ráðgast við þig um byggingu, sem mér hefir komið til hugar að láta setja upp. Það er skemtihús með ítölsku sniði, sem ég á við".

"Hvar á að byggja það, herra greifi?" spurði ráðsmaðurinn, sem nú rénaði hræðslan.

Greifinn sagði honum, hvar byggja skyldi, og sagði svo: "Þú verður því að láta íbúa kofans flytja burt innan mánaðar, svo byrja megi á smíðinu".

"Ég verð að vekja athygli þitt á því, hr. greifi", sagði ráðsmaðurinn, "að í kofa þessum býr mjög fátæk kona, sem er blind, og að sonur hennar vinnur fyrir húsaleigunni hér á heimilinu".

"Ég veit það ..... ég veit það", sagði greifinn óþolinmóður. "Ég man að ég hefi heyrt slíkar sögur. Ein eða önnur saklaus sveitastúlka, sem hefir verið ofurlitið lauslát ..... er það ekki?"

"Að líkindum", svaraði ráðsmaðurinn og brosti. "En þau verða líklega að liggja úti, ef þau þurfa að flytja úr kofanum. Viltu leyfa þeim að búa í öðrum kofa, sem tilheyrir Óðinsvík?"

"Nei, alls ekki, hvað gagnaði það líka? Nú er heldur enginn kofi laus".

"Nei, eins og stendur er það ekki, en það mætti losa einhvern þeirra. Það er nú; til dæmis, Lárus í Hestagarði, hann er fyllisvín og kerling hans engu betri".

"Nei", sagði greifinn, "Lárus verður þar sem

hann er, en ekkjan og sonur hennar verða að vera sér út um heimili einhversstaðar annarsstaðar".

Ráðsmaðurinn varð alveg hissa, hann hafði ekki vanist því, að greifinn skifti sér af húsmönnum sínum.

"Þú getur fengið ekkjunni þessa peninga", sagði greifinn, "svo hún sé ekki alveg hjálparlaus. Hún fær sér einhversstaðar verustað. En hugsaðu nú um að útvega byggingarefnið. Vertu sæll".

Ráðsmaðurinn fór og gekk beina leið til hlöðunnar, þar sem Móritz var að vinnu sinni.

Ráðsmaðurinn kallaði á Móritz og sagði: "Ég hefi slæmar nýungar að segja þér, drengur minn. Greifinn ætlar sér að byggja skemtihús, þar sem kofinn ykker stendur, og hefir skipað ykkur að flytja burt innan mánaðar".

"Flytja?" sagði Móritz og fölnaði. "Hamingjan góða, hvar ætli við getum fengið verustað?"

"Ó, þið hafið einhver ráð", sagði ráðsmaðurinn. "Svo eru hér peningar handa móður þinni, svo hún sé ekki alveg í vandræðum, sem greifinn gefur henni".

"Peningar, nei", sagði Móritz, og ýtti hendi ráðsmannsins frá sér.

"Ertu frávita, drengur?"

"Húsbóndi þinn hefir heimild til, að reka okkur úr kofanum, en peninga hans vil ég ekki".

"Hugsaðu þig um, Móritz", sagði ráðsmaðurinn alvarlegur. "Mundu eftir móðir þinni blindri".

"Hún samþykkir breytni mína. Enga ölmusu. Það eru hennar einkunnarorð", svaraði Móritz.

"Í þetta sinn ættir þú samt að leita álits hennar, en ég skal nú geyma peningana, og þegar þú þarft þeirra, þá geturðu sótt þá til mín".

"þakka þér fyrir, herra ráðsmaður".

Ráðsmaðurinn fór, en Móritz snéri aftur til

vinnu sinnar, hugsandi um framtíðina, og þessi vandræði, sem nú báru að höndum.

Það var komið kvöld, ekkjan og sonur hennar sátu þegjandi í kofa sínum. Tárin streymdu hvíldarlaust úr sjónlausu augunum hennar.

"Við eigum þá að flytja", sagði húsfrú Sterner veiklulega. "Já, ég finn að ég verð bráðum að flytja langt, langt í burtu til hans, sem bíður mín".

"Segðu ekki þetta, mamma", sagði Móritz örvilnaður. "Þú verður að lifa ..... öll von er enn ekki dauð".

"Ó, sonur minn, við höfum verið mjög fátæk og margt andstætt hefir mætt okkur í þessum kofa, en marga ánægjustund höfum við líka átt hér. Ó, hvers vegna á að reka okkur héðan?"

"Til að byggja hér skemtihús", svaraði Móritz. "Þar sem við sitjum núna, verður bráðum skrautlegt, hér verður drukkið, leikið á hljóðfæri og dansað. Fagrar myndir prýða veggina, marmaralíkneski verða látin í öndina, og ilmur suðrænna blóma breiðist um alt. Nú, er það ekki gott, að fá slíka breytingu? Gamall, fúinn fátæklinga kofi, hví ætti hann að fá að standa, þegar efnin eru til að byggja skemtihús fyrir? Jafn fátæklegur kofi og þetta hefir ekki fellið í smekk greifans, þegar hann hefir riðið hér fram hjá ..... nei, þessi kofi verður að fara ..... jafn ljótur kofi ....."

"Drengurinn þagnaði.

"Þú mátt ekki vera svona óánægður, Móritz minn. Við verðum að taka þessu með hugþokka".

"Já", sagði Móritz, "þó mennirnir rífu hjartað úr brjósti þínu, mundir þú segja í andlátinu: Ég verð að taka þessu með þolinmæði. En geðslag

KÖLLUN KONUNNAR.

(Niðurlag frá 3. bls.).

brátt verður þetta að opinberu kvendjákna-embætti, eins og sjá má af fyrra Timóteusar-bréfi (3, 11).

Kenning Páls postula um konuna og köllun hennar, er annars fremur torskilin, eins og t.d. staðurinn í 7. kap. fyrra Korintu-bréfs sýnir, stórmerkilegur þó hann sé. Þessu sinni yrði of-langt mál að athuga hann. En tvent verðum vér að hafa í huga, er vér reynum að skilja orð postulans og hugsunarhátt um hjónabandið. Annars vegar á hann von á dómsdegi þá og þegar. Þess vegna álítur hann, að um enn alvarlegri hluti sé að hugsa en hjónaband. Tíminn er takmarkaður, segir hann. Þess vegna eigi hér oftir þeir, sem kvæntir eru, að vera eins og þeir væri það ekki (1. Kor. 7, 29). Þá standa líka olsóknartímar yfir. Vegna yfirstandandi neyðar, er af þeim ris, álítur hann manni og meyju heppilegast, að lifa án hjónabands. Í Efesus-bréfinu, sem fært er í letur töluvert síðar, er hjónabandið látið jartegna samfélag Krists og kirkjunnar (5, 22—33).

En á einum stað í fyrra Korintu-bréfi (14, 34nn) virðist postulinn takmarka all-tilfinnanlega frelsi það, sem konur sýnast hafa haft á fyrstu tímum eftir hvítasunnu viðburðinn. Þar bannar hann þeim að tala á safnaðarsamkomum, segir blátt áfram, að þar skuli þær þegja. Vilji þær einhvers spyrja, geti þær spurt menn sína heima. Út af þessu banni postulans, sem virðist svo óeðlilegt og ranglátt, hafa deilur allmiklar átt sér stað með kristnum mönnum. Þrátt fyrir alt hefir niðurstaðan orðið sú, að gengið hefir verið beint á móti þessu banni, konum verði leyft að kenna í skólum og tala á safnaðar-samkomum, og þetta orðið til mikillar blessunar. Er það ljóst dæmi þess, hvernig menn breyta ávalt eftir því, sem þeim skilst réttast muni, þó það sé þvert á móti einhverjum ritningar-stað, þrátt fyrir allan réttrúnað og bókstafs-trú. Þeir halda þá postulanum Páli hafi getað skjátlað, eða hverjum öðrum, sem í hlut á.

En líkur all-sterkar eru til þess, að hér sé Páli eignað eitthvað, sem hann á ekki. Þó ummæli þessi standi á þessum stað í flestum handritum, er þó heill handritaflokkur, sem lætur þessi vers (34 35) standa síðast í kapítulanum (á eftir 40. versi). Þar standa þau ekki í nánu hugsana sambandi. Líkur eru því til, að einhver afritari hafi ritað þau upphaflega á spázíuna frá eigin brjósti, af því þetta var kenning, sem honum var ant um, og á þann hátt hafi hún komist inn í textann. Upphaflega hafa konur tekið fjörugan þátt í safnaðarlífi, eins og ávalt hefir átt sér stað, þar sem nýtt trúarlíf hefir vaknað. Síðar, þegar fram liðu stundir, fóru menn að hafa imugust á því af þroskaleysi og vegna umheimsins, sem leit það hornauga og lagði illa út. Þá rís upp mótspyrna og menn leitast við að styðja þá mótspyrnu með postullegu banni.

Páll bannar líka konum að taka þátt í opinberri bænagjörð án þess að hafa höfuðblæju, af þvi þetta þótti brot gegn háttprýði siðlátra kvenna í Korintu-borg (1. Kor. 11, 3—15). Jafnréttis-krafan reis upp með kristindóminum, þegar í fyrstu byrjan, og fékk að vera óáreitt um stund. En mannfélagið er enn eigi nógu þroskað til að skilja; jafnréttis-hreyfingin rekur sig fljótt á, og postulinn Páll var nógu vitur til að koma í veg fyrir að slíkir smámunir hefti framför og úthreiðslu kristindómsins. Hann segir kristnum konum blátt áfram í þessu efni, að beygja sig fyrir almenningsálitinu. Og vér efumst ekki um, að hann hafi gert öldungis rétt og verið leiddur af æðra vísdómi.

En þegar postulinn fer að styðja þetta bann með stöðum úr 1. Móse-bók, finnum vér ósjálfrátt, að það er gyðinglegur guðfræðiheilaspuni og ekkert annað. Hann segir til dæmis, að konur verði að hylja höfuð sín vegna englanna. Hann hefir þar í huga sögurna um englana, sem ástfangnir urðu í dætrum mannanna, og fléttuð er inn í 1. Móse-bók (6, 2nn). En hún er vitanlega ekkert annað en æfintýr utan úr heiðingja heiminum, sem borist hefir Gyðingum og þeir reynt að nota, án þess þó það hafi aukið trúar-auðlegð þeirra sýnilega. Helzt vildum vér mega hugsa, að hér sé ekki postulanum sjálfum heldur um að kenna, en að einhver annar hafi bætt þessu inn.

Einu orði postulans megum vér ekki gleyma, af því það er svo dýrlegt: Hér er ekki Gyðingur né grískur, hér er ekki þræll né frelsingi, hér er ekki karl né kona, því að þér eruð allir einn maður í Kristi Jesú (Gal. 3, 28). Hann hefir sannarlega haft fyllingu guðsandans í hjarta, er þessi dýrlega og frjálsmannlega hugsan fæddist í sálu hans. Hann hugsar um alt þjóðahatrið, sem átti sér stað. Hann hugsar um stærilætið og stéttariginn, er öllum kærleika manna á milli var hinn versti þrándur í götu. Hann hugsar um óréttlæti mannanna gagnvart konunni og ánauðarhlekkina, sem helmingur mannkynsins var hneptur í. Og hann hrópar guðlegum móði: Niður með þetta alt! Allur þessi rangláti mannamunur og manngreinarálit skal hverfa. Allir menn eiga að verða bræður og systur, jafningjar hver í áliti annars, eins og þeir eru jafningjar frammi fyrir guði.

Smám saman hefir kristninni þokað áfram síðan á dögum Páls postula. Mikill munur er orðinn á kjörum kvenna og stöðu þeirra í mannfélaginu. Byltingin, er frelsarinn hóf, hefir haldið áfram. Á miðöldunum var konan dýrkuð eins og yfirnáttúrleg vera. Sú kvendýrkan komst í algleyming eða náði hæsta stigi í Maríu-dýrkaninni. Annars vegar er þessi furðulega tilbeiðsla og guðsmóður-dýrkan fram komin í hugum manna vegna ófullkominnar guðshugmyndar. Menn geta eigi tileinkað sér kenningu frelsarans um föður-kærleik guðs og fúsleik hans að fyrirgefa. Menn fá sig eigi til að skilja, að hann heyri bænir syndugra manna. Að sönnu er Jesús árnaðarmaður vor hjá guði. En í dýrð sinni situr hann föðurnum til hægri handar. Kvenlundin er enn viðkvæmari. Hún kemst mest við af neyð mannanna, hún, guðs móðir, með konu hjartað viðkvæma og blíða, og sálu sundurnista af sorgarsverðinu beitta. Hún bar mennina fram á bænarörmum við soninn og hefir á hann meiri áhrif en nokkur annar. Hann flytur að síðustu mál mannanna fyrir föðurnum, og þá er bænheyrslan fengin. En þér sjáið, hve vegurinn er langur og leiðin torsótt. Og það er vegna þess, að eitthvað er eftir af hugmyndinni um ráðan guð, sem þurfi að hafa mikla eftirgangsmuni við, áður hann láist til að fyrirgefa. Öllum ætti að geta skilist, hve ólíkt þetta er þeirri guðshugmynd, er frelsarinn gaf oss í dæmissögunni um glataða soninn.

Hins vegar er Maríu-dýrkanin ljós vottur þess, hvernig hugsjón, sem er lítilsvirt og vanrækt, hefnir sín, ef ég má svo að orði komast. Hugmyndin um jafnrétti konunnar, sem felst í kristindóminum og Jesús hafði hrundið út meðal mannanna með svo miklum mætti, var lítilsvirt og réttur konunnar margvíslega fyrir borð borinn. Oss furðar, hve skamt er komið þann dag í dag. Jafn aðgangur að skólum og mentastofnunum fyrst veittur í þeirra minni, sem nú eru uppi. Eignarréttur kvenna enn í ólagi víðast hvar. Og réttur til að ráða fram úr málum, er almenningsheill varða, sama sem enginn. Áhrifin beinu á löggjöf landanna engin. Og hvöt sama sem engin til að hugsa um almenn mál, sem þó snerta velferð kvenna engu síður en karla. Alt þetta stendur sálarþroska konunnar í vegi. Hæfileikar hennar fá því að eins að njóta sín, að öllum hömlum sé hrundið og hún fái að gegna hverju því starfi, er hún finnur hjá sér guðlega köllun til.

Það er hálagt mál, þetta köllunar-mál. Það er mál milli guðs og hverrar einstakrar mannssálar. Enginn getur sagt mér, hver sé köllun mín, nema guð. Hann einn skipar þar til verka, hvort heldur konum eða körlum. Hvötin, sem einstaklingarnir finna með sér til að velja eitt ætlunarverk öðru fremur, er frá honum. Það er hann, sem þrýstir henni fram og lætur hana verða að brennandi löngun í mannshjartanu. Bæði karl og kona hafa þá tilfinningu, að öll velferð lífsins sé í vedi, ef sú köllun er virt vettugi.

Látum fagnaðar-erindi Jesú Krists ná til allra jafnt. Látum það fá svo fullkomið vald yfir hugsunarhætti vorum, að vér séum sífelt að leiðrétta ranglætið, jafna ójöfnuðinn og láta alla menn njóta sama réttar. Konan er ljós heimilisins. Hún á í sama skúningi að verða ljós mannfélagsins. Konan, með sína glöggu sjón inn í andans heim, sína næmu siðferðistilfinning, sína heitu trú og brennandi bænarmál, er morgum köldum og sinnulitlum manni lífvörður og leiðtogi á leiðinni til eilifðarinnar. Slíkum lífverði og leiðtoga er konunni ef til vill ætlað að verða mannkyninu öllu á komandi tímum fyrir sannleiksvald fagnaðar-erindisins, til að gera manninn frjálsan.

Guð gefi náð til þess, í Jesú nafni. Amen.

Ef auglýsing yðar er í Hkr. þá verður hún lesin

Hugsað heim.

Vestur greiðist vonin sér —
vina leiðum sínum,
vorsins breiðist þrá að þér —
þúfna heiðum mínum.

Þó að bæja og borga líf
búi í haginn sínum,
samt mér ægir undir hlíf,
yndis blæjum mínum.

Tíminn líður, tungan máls —
treinir lýðum stundu,
mín því bíða í bænum frjáls
börnin þýð í lundu.

Skal að vanda vefja þá
vina bandi trygða sinna.
Má í anda síðar sjá
sælulandið vona minna.

K.J.B.

Glímu-hugvekja.

Kæru Vestur-Íslendingar, — að eins fáein orð. — Ég hefi beðið óþreyjufullur eftir að sjá einhvern taka til máls, helzt gamlan glímumann. Eins og við vitum hérnamegin hafsins, hefir vaknað áhugi heima á föðurlandinu fyrir að æfa þá fögru list og þjóðlegu, sem við köllum á íslenzku glímu. Árangurinn af þessu hefir orðið sá, að nokkrir Íslendingar hafa ráðist í, að sýna téða list í útlöndum, og ef taka má mark á því, sem blöðin segja, þá hefir þetta vakið ekki einusinni eftirtekt heldur aðdáun hvarvetna.

Við að athuga þetta, kemur sú spurning upp í huga minum: Eiga Vestur-Íslendingar að tapa þessari list og verða með því eftirbátar jafnaldra sinna á Íslandi? Ég býst við, að margir hugsi sem svo, að hér sé ekki mikið að missa, og vildi ég vinsamlega benda þeim á, að íhuga þetta mál, áður en þeir slá því föstu. Það má telja íslenzkri glímu margt til gildis, og eitt er, að hún mun vera einhver sú bezta líkamsæfing, sem hugsast getur. Og hver, sem kann vel að glíma, er ekki upptækur fyrir hverjum lúðulaka.

Til að hrinda þessu í framkvæmd ætti hinir ungu Íslendingar í hinum mannflestu bygðum og borgum, af þeim þjóðflokki, að mynda félagsskap, sem einungis setti sér það markmið, að æfa sig í íslenzkri glímu. Tilsögn ætti að geta fengist, fyrst hjá þeim, sem hafa kunnað að glíma, þegar þeir komu að heiman. En best væri að fá einn eða tvo góða glímumenn heiman af Íslandi til að kenna. — Þegar svo töluverð æfing væri fengin, þá kæmu glímu-samkomur með góðum verðlaunum fyrir þá, sem mesta list sýndu.

Þau eru að fjölga hjá okkur, þorrablótin, og er það sízt að lasta. En lítið er þar af íslenzkri list, þegar sumt af ræðum og kvæðum er frá dregið. Því að éta sig saddan af alls konar góðgæti og fara svo að dansa, getur trauðlega kallast sérstaklega íslenzkt, því það munu flestar þjóðir gera. Mér finst að íslenzk glíma ætti vel við einmitt á svona samkomum, ásamt fleiru íslenzku, því ef þær eru ekki þjóðlegar, verður fátt sem með þeim mælir.

Ungu Vestur-Íslendingar, myndið félagsskap til að læra íslenzka glímu. Hún gerir ykkur að hraustum, djörfum drengjum, og það er það, sem Íslendingar eiga að vera, hvar í heimi sem eru.

Vestur-Íslendingur.

THE DOMINION BANK

HORNI NOTRE DAME AVENUE OG SHERBROOKE STREET

Höfuðstóll uppborgaður: $4,000,000.00
Varasjóður - - - $5,400,000.00

SPARISJÓÐS DEILDIN:

Vér veitum sparisjóðs innleggjendum sérstakt athygli, og borgum hæztu vexti á sparisjóðs innleggjum af $1.00 og yfir. — Barna innlegg velkomin. — Seljum peningaávísanir á ÍSLAND.

H. A. BRIGHT, RÁÐSMAÐUR.

Með því að biðja sérstaklega um "T.L. CIGAR," þá ertu viss að fá ágætan vindil.

T.L.

T.L. CIGAR (UNION MADE)

Western Cigar Factory
Thomas Lee, eigandi Winnipeg

Redwood Lager og Extra Porter

Styrkið taugarnar með því að drekka eitt staup af öðrum hvorum þessum ágæta heimilis bjór, á undan hverri máltíð. — Reynið !!

EDWARD L. DREWRY Manufacturer & Importer Winnipeg, Canada.

Department of Agriculture and Immigration.

MANITOBA

Þetta fylki hefir 41,169,089 ekrur lands, 6,019,200 ekrur eru vötn, sem veita landinu raka til akuryrkjuþarfa. Þess vegna höfum vér jafnan nægan raka til uppskeru tryggingar.

Ennþá eru 25 miljónir ekrur óteknar, sem fá má með heimilisrétti eða kaupum.

Íbúatala árið 1901 var 255,211, nú er hún orðin 400,000 manns, hefir nálega tvöfaldast á 7 árum.

Íbúatala Winnipeg borgar árið 1901 var 42,240, en nú um 115 þúsundir, hefir meir en tvöfaldast á 7 árum.

Flutningstæki eru nú sem næst fullkomin, 3516 mílur járnbrauta eru í fylkinu, sem allar liggja út frá Winnipeg. Þrjá þverlandsbrauta lestir fara daglega frá Winnipeg, og innan fárra mánaða verða þær 5 talsins, þegar Grand Trunk Pacific og Canadian Northern bætast við.

Framför fylkisins er sjáanleg hvar sem litið er. Þér ættuð að taka þar bólfestu. Ekkert annað land getur sýnt sama vöxt á sama tímabili.

TIL FERDAMANNA:

Farið ekki framhjá Winnipeg, án þess að grenslast um stjórnar og járnbrautarlönd til sölu, og útvega yður fullkomnar upplýsingar um heimilisréttarlönd og fjárgróða möguleika.

R. P. ROBLIN,
Stjórnarformaður og Akuryrkjumála Ráðgjafi.

Skrifið eftir upplýsingum til

Joseph Burke, 178 LOGAN AVE., WINNIPEG.
Jas Hartney, 77 YORK ST., TORONTO

ALDREI SKALTU geyma til morguns sem hægt er að gera í dag. Pantið Heimskringlu í dag.

mitt er ekki þannig ..... ég hefi ekki þessi þolgæði ..... vil ekki hafa þau ..... ég vil berjast ..... ég vil ekki vera fórnarlamb. ..... Ó, þessi greifi".

"Móritz, Móritz", sagði móðir hans, "minstu þess, að greifinn hefir heimild til að reka okkur burtu, og að hann vildi gefa okkur peninga í því skyni að hjálpa okkur. Ó, hann er fráleitt eins harður og hann er er sagður. Máske hann sé í raninni hjartagóður, þó auðurinn hafi truflað hann. Hann var vingjarnlegur við okkur í gær".

"Já, til þess að reka okkur út úr kofanum í dag".

Móritz var í vondu skapi, en þegar reiði hans rénaði, settist hann við hlið móður sinnar og sagði:

"Mamma, nú veit ég, hvað við skulum gera".

"Hvað þá, barnið mitt?"

"Ég hefi dregið ögn saman af daglaunum mínum, og þennan mánuð, sem eftir er, vinn ég sem áður, en þegar hann er liðinn, förum við til Gautaborgar að finna augnalæknirinn, sem Óskar sagði okkur frá. Hann mun geta hjálpað þér, þú færð sjónina aftur, svo dveljum við þar í borginni, og ég ætla að kenna börnum að lesa. Á þann hátt vinn ég fyrir okkur. Heldurðu það ekki?"

"Jú, barnið mitt, þetta áform er ekki slæmt", svaraði móðir hans. "En samt skulum við leita ráða prestsins".

"þarna kemur hann", sagði Móritz, um leið og hann leit út um gluggann. "Hann eðallyndi mannvinur".

"Góðan daginn, vesalings vinir mínir" sagði presturinn, um leið og hann kom inn. "Hvernig líður ykkur? Ég varð að líta inn og sjá ykkur um leið og ég gekk hér fram hjá. Þú komst ekki til

mín í gærkvöldi, Móritz, ég vonaðist þó eftir þér, og ætlaði að lesa með þér nokkuð af Tacitus annalis".

"Þakka þér fyrir, herra prestur", sagði húsfrú Sterner, þú ert ávalt svo góður og eðallyndur gagnvart mér og drengnum mínum, en við höfum nú orðið fyrir erfiðum áhyggjum".

"Hvaða áhyggjur eru það?"

Húsfrú Sterner sagði honum frá áformi greifans.

"Það er heimska", sagði presturinn argur, "mikil heimska. Skemtihús? Hvað ætli hann ætli að gera við fleiri en hann hefir, sá góði herra? Mig langar til að segja honum, hve ónauðsynlegt þetta er".

Presturinn var ergilegur mjög og tautaði eitthvað við sjálfan sig. Loks gekk hann til blindu konunnar og sagði:

"Kona, ég skal reyna að útvega þér annan verustað, ef til vill betri en þennan. Látum svo greifann eiga sig".

"Ó, herra prestur", sagði Móritz, "þú ert svo góður, en ég var búinn að hugsa mér annað áform, og sagði mömmu það rétt í því þú komst".

"Hvaða áform var það, drengur minn?"

Móritz sagði honum, hvað sér hefði komið til hugar.

"Það er ekki vitlaust", svaraði presturinn, "í öllu falli verðið þið að fara til Gautaborgar. Ég fékk bréf frá Óskar í dag".

"Ó, hvernig líður honum?" spurði Móritz.

"Vel, hann er við góða heilsu. Hann segist hafa verið í samkvæmi með augnalækninum, og að hann hafi lofað, að gera alt, sem í sínu valdi stæði, til að gera við sjónleysi mömmu þinnar. Eru þetta góðar nýungar?"

"Ágætar", svaraði Móritz. "Sá góði Óskar, en hvað ég skal elska hann".

"Gerðu það", sagði presturinn klökkur. "Þið verðskuldið hver annars vináttu ..... En nú verð ég að fara ..... Verið þið nú ekki hnuggin ..... en leitið ykkur huggunar í trúnni. ..... Alt getur enn orðið gott. Þá von verðið þið að ala. Um þetta áform ykkar skulum við tala seinna.

Svo fór þessi eðallyndi maður í burtu, þegar hann var búinn að kveikja huggun í huga þessara sorgmæddu mæðgina. Mórits svaraði ekki, hann studdi hönd undir kinn í þungum hugsunum.

III.

Hin mikla veiðiför.

Eberharð greifi hafði ætlað, eins og áður er sagt, að halda stórkostlega veiðiför í maímánuði, og ferðast ríðandi aftur og fram um skóginn. Þessi markverði dagur var nú runninn upp, en þar eð ýmsar tilviljanir, sem eru mikilsverðar fyrir aðalpersónurnar í þessari sögu, komu fyrir þenna dag á ýmsum stöðum og undir mismunandi kringumstæðum, er nauðsynlegt að skýta sögunni niður í kafla svo hún verði skiljanlegri, og skal þá hver kafli nefndur atvik, og byrjum því á

Fyrsta atvik.

Það var snemma um morguninn, klukkuna í Óðinsvikur-salnum vantaði 15 mínútur í fjögur, sólin var nýlega komin upp, svo geislar hennar voru magnlitir.

Allir í húsinu virtust vera sofandi, ekkert hyrðist, þar ríkti fullkomin grafarkyrð.

Alt í einu opnuðust tvær dyr, sem voru hvor á móti annari í salnum. Leiðin um aðrar dyrnar lá í gegn um herbergi að svefnklefa Angelu, en um hinar dyrnar að herbergjum Eberhards, og notaði Crispin eins og þá stóð eitt þeirra. Tvær persónur röðuðu sér hver á móti annari, karlmaður og kvenmaður. Kvenmaðurinn var tæplega hálfkæddur, andleggir hennar og fætur voru berar, og háls og herðar huldust að eins af svörtu og síðu hári.

"Angela", sagði karlmaðurinn, "getum viðalað saman hættulaust? Sefur hann?"

"Eins og steinn", svaraði Angela hlæjandi. "Ég gerði þó nokkurn hávaða, þegar ég læddist burt en hann vaknaði samt ekki".

Það er gott. Við skulum þá koma öllu gott lag. Að tveim stundum liðnum verða gestir komnir. Við skulum flýta okkur".

"Ég hefi bundið mína muni saman í einn bagga, og falið hann undir legubekknum í búningsklefum. Nú skal ég sækja hann".

"Já, flýttu þér nú".

Angela gekk burt, en að tveim mínútum liðnum kom hún aftur með stóran bagga.

"Það er ekki vert, að við séum hér", sagði Crispin. "Komdu með mér inn í mitt herbergi".

"Ráðum, en segðu mér fyrst frá ráðstöfunum þínum?"

"Ég sendi farangur okkar til Carlstað með inda nokkrum, sem býður hér úti í garðinum. Þröld komum við þangað á eftir honum, og í nótt rum við með skipi til Gautaborgar. Um alt erið fyrirfram við skipstjórann. Peninga okkar o.fl. steina verðum við að bera á okkur, en ferðaann með farangri okkar afhendir bóndinn skipstjórnum.

"Andvökur"

LJÓÐMÆLI EFTIR

Stephan G. Stephansson

Kosta, í 3 bindum, $3.50, í skrautbandi.

Tvö fyrri bindin eru komin út, og verða til sölu hjá umboðsmönnum útgefendanna í öllum íslenzkum bygðum í Ameríku.

Í Winnipeg verða ljóðmælin til sölu, sem hér segir:

Hjá Eggert Jóhannssyni, 689 Agnes St., EFTIR KL. 6 AÐ KVELDI.

Hjá Stefáni Péturssyni, AÐ DEGINUM, frá kl. 8 f.h. til kl. 6 að kveldi, á prentstofu Heimskringlu.

Hjá H. S. Bardal, bóksala, Nena St.

Utanbæjarmenn, sem ekki geta fengið ljóðmælin í nágrenni sinu, fá þau tafarlaust með því að senda pöntun og peninga til Eggerts Jóhannssonar, 689 Agnes St., Winnipeg, Man.

The Farmer's Trading Co.

(BLACK & BOLE)

HAFA EINUNGIS BESTU VÖRUTEGUNDIR.

Einu umboðsmenn fyrir:—
"SLATER" Skóna góðu.
"FIT-RITE" Fatnaðinn.
"H. B. K." prjónafélagið.
"HELENA" pils og 'waist' kvenfatnaði.
Bestu matvörutegundir.
"DEERING" akuryrkju verkfæri o. s. frv.

Beztu vörur Lágt verð

Fljót og nákvæm afgreiðsla.

Farmer's Trading Co.,
THE QUALITY STORE
Wynyard, Sask.

Fréttabréf frá Sinclair.

Herra ritstj. Hkr.

Hinir ritfærari menn hér niðast ekki oft á blöðunum með fréttir héðan. það er lang-helzt þá eitthvað bjátar á, að þeir taka til pennans, en þar fyrir utan vita lesendur blaðanna lítið um oss hér. Þetta álít ég ekki algerlega rétt. Mér finst, að alt sem er gott og geta heitið góðar fréttir, ætti eins vel að vera birt eins og hið lakara og ekki síður.

Héðan eru auðvitað engin stórtíðindi að skrifa, vellíðan yfir höfuð. Veturinn hefir verið frostasamur með köflum, en brautir mjög góðar og frekar snjólitið.

Töluverðar umbætur hafa orðið hér sl. ár, að ýmsu leyti. Þannig hafa komið upp töluvert margar góðar byggingar hér í Sinclair, svo sem stór og vönduð járnbr.-stöð og kirkja, einnig sölubúð stækkuð um nær helming, og önnur að byggjast (verkíærahús). Og með vorinu á að byggja stóran og mikinn alþýðuskóla, nú verið að draga grjót og möl í undirveggi. Einnig hafa bygð verið úti á lands bygðinni lagleg íveruhús, og risavaxin korngeymsluhús og fjós, og ýmislegt fleira.

Við höfum hér þrjár vel haganlegar járnbrautir fyrir bygðina, — ein liggur um bygðina miðja, önnur við norðurenda, og sú þriðja við suðurenda bygðarinnar. Og enn mun eiga að leggja járnbraut á milli mið og suður brautanna. Það mun vera C.N.R. Hinar þrjár eru allar C.P.R. Einnig hefir C.N.R. skábraut hér fyrir norðan, vestur í kolanámur. Pipestone bygðin er því eflaust orðin ein hin mesta járnbrautabygð Íslendinga. Enda er margt orðið hér breytilegt við það, sem áður var, og það svo mjög, að ótrúlegt mundi þykja, ef lýst væri. þannig mætti til dæmis geta þess, að um 3 mílur frá Sinclair liggja þrjú lönd, sem enginn vildi hvorki kaupa eða eiga, en hér um daginn voru öll þessi lönd seld fyrir 20 d. ekrann löndin eru alls ónunin og maður keypti þau, sem býr skamt frá og þekti þau vel.

Alt er hér orðið afar-dýrt, nema nautgripir, enda er lítið af þeim hér, — alt byggingaefni uppsprengt og vörur og fleira.

Járnbrautirnar allar hér hlið við hlið. Það er sannarlega fögur sjón í heiðskíru veðri. Einn sunnudag í haust taldi ég 12 lestir renna austur eftir miðlinunni, með 28—42 vagna hver lest. Einnig allar nætur alt af stanslaus straumur.

Þá erum við hér einnig búnir að fá hinn mikla talþráð, þó enn að eins í mið- og norðurhluta bygðarinnar. Þeir í suðurhlutanum hafa ánægjuna af að hugsa sér, að með tímanum fái þeir hina gullnu snúru strengda heim til sín.

Bændafélags samsæti mikið var haldið hér þann 1. febrúar. Sátu menn og konur við ræðuhöld og góðan mat langt fram á nótt. Að gefa hér nokkurra skýring á þeim ræðum, yrði of langt mál fyrir mig, en þó mætti í fám orðum segja á þessa leið:

Að flestir íslenzkir bændur eru hér nú í fylkinu, og taka duglegan þátt í því stríði, sem nú á sér stað. Krafa Bændafélagsins virðist vera réttlát, sem er, að mega eftirleiðis halda því, sem áður hefir verið af þeim stolið, sem er á öllum afurðum og með margvíslegu móti, og ekki að eins lifa þar af heilir herskarar, heldur einnig græða stórfé.

Mr. F. G. Kerr, einn af tölumönnum, bar það skýrt fram, að kornhlöðufélögin stælu í miliónatali af bændum. Þessa sögu hefir hann sagt um öll fylkin hér vestra — en sjálf félögin vilja ekkert við þessu róta, þau eru Mr. Kerr og öðrum fleirum samdóma.

Það er vonandi, að Manitobastjórnin verði nú eins einlæg í gjörðum sínum til bændanna, eins og hún var fljót og viljug að taka að sér málið. Og ekki er úr vegi, að láta stjórnmálamenn vita hreinan sannleikann: að fari stjórnin að dinu eða neinu leyti óðruvisi að en hún hefir lofast til að gera í bændamálunum, þá eru dagar hennar taldir fyrir fult og alt, — en fari hún vel með málin, eins og henni er í lófa lagt, þá fær hún verðskuldað fylgi allra bændafélagsmanna.

Það væri gott, ef Heimskringla vildi ræða þetta mál betur. Baldur hefir komið með góðar greinar, og á skilið þakkir fyrir, og ekki nóg með það, heldur einnig stuðning, þar sem blaðið er nú í fjárþröng; ég mælist því til, að Baldur taki mig á lista sinn, sem nýjan áskrifanda, og vonast eftir að fleiri geri hið sama.

Þá má alls ekki ganga þegjandi fram hjá öllu því fólki, sem var hjá okkur í sumar sem gestir. Það mátti heita stanslaus straumur alt sumarið,— alla leið sunnan úr ríkjum, frá Chicago og Dakota og stór hópur frá Winnipeg. Flest af þessu fólki hafði átt hér heimili fyr eða síðar og var að sjá gömlu stöðvarnar og einnig vini og vandamenn. Síðastur en ekki síztur var Mr. Sigurjón Bergvinsson, með konu sína Önnu og 2 syni, þorkel og Gísla. Hann er háaldraður, bjó lengi á Sörlastöðum í Fnjóskadal á Íslandi, og var þar reglulegur höfðingi sinnar sveitar, og gegndi þar oddvitastörfum í mörg ár, vel metinn og virtur af öllum, sem hann þektu. Hann jós út fé til fátækra, því fátækt gat hann ekki séð óbætta. Þessi mikli öldungur kom nú vestan frá Keisir, Sask. Þar hefir hann búið í nokkur ár á heimilisréttarlandi sínu, og var á leið austur til Morden bygðar fyrir veturinn. Við hér sár-öfundum ykkur Morden fólk af þessum gestum ykkar, það er svo margt göfugt og gott, mörg gullkornin, — en haldið því saman til birtingar síðar meir í endurminningunni. Mr. S. Bergvinsson er mjög spaugsamur og fyndinn í tali og því sérlega skemtandi, og talar oft í hljóðum, því hann er lipurt skáld. Það sannast á honum þessar góðu hendingar: "Andinn getur hafist hátt, þótt höfuðið lotið verði. Við bjóðum þau öll og alla hina gestina velkomna aftur, — og þökk fyrir komuna.

Áður en ég enda línur þessar, má ég til með að minnast dálítið á okkar eigið prógram. Um þetta leyti árs er hér mest til skemtana skautahringir og svo ýmislegt þeim meðfylgjandi, svo sem Carnival og Curling, og fylgir venjulega heilmikil dans á eftir. Þetta gengur allan veturinn, því að skautaskáli er hér í hverjum bæ eða þorpi. Svo þegar búið er í bráð hjá einum, byrjar aftur ballið hjá hinum, svo að þeir, sem ekkert mega missa, verða oft að sæta löngum og köldum keyrslum og fleiru.

Ef prúðlega er dansað, þá er það góð list, en svo sagði mér einn, sem út við vegg sat og á horfði, að í eyra sér hefði alt af verið sem hvislað þessari gömlu visu, — svona breyttri: —

"Ungur sveinn og siðprúð meyja
sendast nú í hamförum,
og var þeirra ástarkvæði
að þjappa og stappa fótunum".

og svo framvegis.

Kaupgjald var hér gott sl. sumar. Munu flestir hafa borgað hér $3.00 til $3.50 á dag um uppskerutímann. Þeir Íslendingar, sem útivinnu ætla að stunda næsta sumar, ættu að muna þetta.

Nú er byrjað að plægja hér með gufukrafti. Þeir félagar, Júlíus Bjarnason og Jóhann Davíðsson, keyptu plóginn í haust og plægðu vel og mikið. Þeir hafa einnig þreskiúthald og vinna fyrir landa sína, mest í syðri parti bygðarinnar. Þeim hefir gengið mjög vel. Þeir láta Íslendinga ætíð sitja fyrir öllum öðrum, og trúlegt er, að þeir fái þann góðvilja sinn endurgoldinn.

"Picnic er hér ætíð haft 1. júlí hvers árs, og standa sunnan og norðan menn, sem við köllum, fyrir því hátíðahaldi til skiftis. Stóðu norðanmenn fyrir deginum sl. sumar, og höfðu mikla og góða skemtun. Sunnanfólk kom snemma morguns á staðinn, og hafði þó langa keyrslu. Vér hér að norðan ætlum að gera hið sama og meir. Við hlökkum til, þegar að þeim tíma kemur, því þegar á leiðina dregur sést hinn háfleygi íslenzki fálki, og hin flöggin dálítið neðar. Ég man þá tíð, að við höfum oft á þeim ferðum fengið góðar viðtökur og veitingar, og stundum fengið töluvert þétta skál af vel góðu skyri, sem ekki var unt að losna frá fyrr en búið var. Um afleiðingarnar vita þeir, sem við það áttu.

Söfnuðurinn hér hefir beðið séra Bjarna Þórarinsson um þjónustu sína um tíma nú í sumar, og eru það góðar fréttir. Vonandi, að hann geti orðið við þeirri bón.

Töluvert er enn eftir, sem mætti telja fréttir, en ég læt hina, sem betur kunna pennadráttinn, hafa fyrir því.

A. Johnson.

Lítil athugasemd nr. 2

EFTIR E. S. WIUM.

"Trúvakningin í Manchuriu" heitir greinarstúfur; er nýlega birtist í Hkr. Nafnlaus er hann, og getur því verið eftir ritstjórann sjálfan. Hvað frásögnina snertir, styðst grein þessi við það erindi, er séra James Webster flutti í Toronto-borg um jólin 1909, eða svo segir höfundurinn sjálfur.

Ekki er það ætlun mín, að tína saman öll þau fúkyrði og rangar getsakir, er greinarhöf. lætur fjúka garð trúboðanna þar eystra.

Aðalþráðurinn er í raun og veru ekki annað en megnasta kristindómshatur og fyrirlitning á slíku starfi, og kemur það í ljós á ýmsan hátt í hæðilegum orðum. Dylst það engum skynbærum manni, að hér ræður sami andinn, sem stýrði penna þess, er reit fúkyrða greinina frægu gegn tíundar ritgerð séra Jóns Bjarnasonar, er mörgum hlýtur enn að vera minnisstæð.

Hann lætur það í veðri vaka, að trúboðarnir þar eystra, hafi sjálfir gert sér gott af gjafafénu, — nefnilega eytt því í eigin þarfir. Honum sárgremst, að frétta um allar þessar frjálsu gjafir til trúboðanna — en sérstaklega verður honum þó tíðrætt um kálfana; hann sársér eftir kálfskjötinu, og dettur manni þá í hug, að sú fæða muni vera sjaldséð á hans eigin borði.

Og þá er koparcentið frá fátæku ekkjunni. Það finst honum vera hin mesta ósvifni, að trúboðinn skyldi veita því viðtöku, — en hefði koparcentið verið tekið af henni með "týranna" valdboði, sem lítill skerfur í stjórnarsjóð, til að kaupa nýtt orustuskip eða öfluga fallbyssu, sem með einu kúlukasti gæti tætt í sundur og limlest mörg hundruð mannslíkami — eða til að reisa skrautlegar vínsölukrár, eða "praktugt" leikhús, — þá mundi hann hafa fengist minna um þetta smáræði, því þá hét það lögboðinn skylduskattur í þarfir hinnar dýrðlegu heimsmenningar vorra tíma.

Enginn skyldi ætla, að trúboðarnir hafi veitt fé þessu viðtöku í þeim einum tilgangi, að eyða því í eigin þarfir, heldur að eins til þess, að efla með því útbreiðslu kristinnar trúar í gelendanna eigin landi, og gera kristniboðsskólana þarlendu enn öflugri enn áður. — Það er alkunnugt, að kristnaðir heiðingjar í austur- og suður-löndum, styrkja mikið trúboðið sjálfir, bæði með fjegjöfum og trúboðsstarfsemi, og þetta hafa vissulega margir af gelendunum vitað sjálfir eins vel og greinarhöfundurinn, hver sem hann er.

En hér er bæði blindur og rangsýnn dómari. Honum finst, sem öllu því fé sé afar-illa varið, enda þótt gefið sé af frjálsum vilja, sem gengur til eflingar kirkju og kristindómi í heiðingja löndum, og enda hvar sem er í víðri veröld,— hann virðist hata alt þess konar. Líklega af því, að hann er meðal hinna altýndu sauða, er aldrei koma til skóla fyr en á dómsdegi.

Dæmi.

Einhverju sinni bar það til tíðinda í heimsfrægu stórborginni W., að maður nokkur ónefndur var sendur þaðan út á landsbygðina, sem erindsreki stjórnarinnar, til að kaupa sannfæringu manna fyrir peningaborgun út í hönd í einu vissu þingmanns kjördæmi, og skyldi hann borga eftir verðlagsskrárverði. Þessar sannfæringar verðlagsskár geta stundum verið talsvert mismunandi eftir árferði, — en meðalverð allra meðalverða á sannfæring manna þetta ár, var að eins 5 d., og voru það hin beztu kjörkaup, sem stjórnin gat fengið, — því sannfæringar "prisinn" er stundum 10 d. og fer jafnvel upp í 20 d., — en slíkt okurverð kemur þó sjaldan fyrir, nema þegar góðæri gengur yfir landið, því þá eru menn dýrseldir á þessa andlegu vörutegund.

Þetta er nú að eins eitt dæmi af þúsund mörgum, og það er frá vesturlöndum. Það gerist mitt í hinum mentaða heimi, og sýnir eins vel og nokkuð annað, að fleiri eru dáleiddir á vorum dögum en Austurlandabúar, og að fleiri kúnna þá lymsku-list, að dáleiða fólkið, en trúboðarnir einir. Greinarhöf. er snjall í því, að sjá flísina í sins bróður auga, — en vaglið sér hann ekki, það gera fjandans grænu gleraugun hans.

Þessi sami maður lét þess getið, við einn af kunningjum sínum, að árstekjur sínar í borginni væru 18 hundruð d. á ári, en skatt til hins opinbera yrði hann að gjalda 5 hundruð d. af áðurnefndri upphæð. Honum fanst þetta reyndar allmikið, en fékst þó vonum fremur lítið um það, þó hann með stjórnarvaldboði væri neyddur til, að láta af hendi nálega þriðjunginn af árstekjum sínum. — Hefði hann verið skyldaður til þess með lögum, að gjalda þessa fjárupphæð í þarfir kirkju og kristindóms, myndi hafa kveðið við annan tón, — en þetta fé fór í "heimskistuna" en ekki fjárhirzlu guðs, — það var munur.

Það sýnist vera mörgum ljúfara, að leggja fram of fjár á ári hverju til að efla ríki djöfulsins, eða til að "endurreisa helvíti" á jörðu þessari, eins og Tolstoi greifi nefnir það, — því þegar þess er á leit farið, að þeir gefi fáein cent til styrktar kirkju og kristindómi, — eða ef þeir heyra getið um gjafir annara til slíkra stofnana, þá fá þeir "sárustu iðrakvöl", svo þeir engjast saman líkt og særðir ánamaðkar.

Það er satt, að víða er þannig ástatt í heimi vorum, að "blindur eiðir blindan", en hvergi er þetta þó jafn-átakanlegt eins og meðal stjórnmálamanna. Hið sama má einnig segja um ýmsa blaðamenn, því að það eru þeir, sem hafa blásið reyk og ryki í augu alþýðunnar og gert hana svo ærða, að hún veit nú tæpast sitt rjúkandi ráð í mörgum greinum. ekki sízt hvað trúmálin snertir. Ef engir væru blindari til enn trúboðarnir austurfrá, mundu færri vera viltir af réttri leið en nú eru.

Sjálfsagt hefði greinarhöf. farið um þetta vægari orðum og færri, ef það hefðu verið trúboðar tízkuuðfræðinnar, sem hér áttu hlut að máli, t. d. ef það hefði verið Pilatus yngri með silkiblæurnar,— n þessir Austurlanda trúboðar fylgja gömlu guðfræðinni, þess vegna fá þeir sinn áfellisdóm.

Margs er óliklegar til getið, en að ekkjan blásnauða og tötrum klædda, er gaf guði sínum koparcentið, komi til að eiga meira "til góða" í reikningnum hinumegin, en greinarhöf. sjálfur, enda þótt hann kunni að vera "klæddur í pell og purpura", eins og ríki maðurinn. Þessi saga minnir mig líka á aðra gjöf samskonar, er gefin var fyrir mörgum öldum, — einnig af ekkju, og hvaða dóm hún fékk fyrir gjöf sína,— og,— það af þeim herra, sem einn getur rannsakað hjörtu mannanna.

Hér er þá min skoðun og mín trú á kirkju og kristindómi, — á útbreiðslu guðsríkis hér á jörðu,— hún er nokkuð önnur en hjá greinarhöfundinum.

En allar þessar árásir á kirkjuna og kristindóminn eru í raun og veru alveg þýðingarlausar, — því enda þótt gamla guðfræðin, þ.e. hinn ólafsaði kristindómur, — eigi sér nú fendur nálega á hverju strái, er ekkert tækifæri láta ónotað til að ofsækja hann bæði í ræðum og riti, þá er honum þó sigurinn vís að lokum, því sá er sterkari, er um stjórnvölinn heldur en allur hans óvinasægur, samanlagður.

Það er betra að fara gætilegar, og gá að, hvar stigið er, áður sólin gengur undir, því þegar myrkrið er skollið á, getur það verið um seinan.

Eitt er hér sérstaklega eftirtektavert, það er hugarfars munurinn. Kristnir Austurlandabúar vilja gefa Guði sínum alt, sem þeir eiga, — en Vesturlandamenn að eins örlítið brot, og meira hlutinn alls ekkert.

"Af ávöxtunum skuluð þér þekkja þá".

Prófessor Warnburg í Berlín álítur sólarhitann vera 6249 gr. Celz.

McKenzie's
ÚRVALS
FRÆ
Fyrir Vesturlandið

Hver framtakssamur kaupmaður selur þau. Ef kaupmaður yður hefir þau ekki, þá skrifið eftir enska fræ-lista vorum, og pantið beint frá oss. Þyggið engar eftirlíkingar,— heimtið McKenzie's fræ. Hreinleiki þeirra er óviðjafnanlegur og lífsafl þeirra hið sterkasta.

BRANDON, MAN. **A. E. McKenzie Co., Ltd.,** CALGARY, ALTA.
VESTURLANDSINS MESTU FRÆSALAR.

LEIÐBEININGAR--SKRA
YFIR AREIÐANLEGA VERZLUNARMENN Í WINNIPEG

MUSIC OG HLJÓÐFÆRI
CROSS, GOULDING & SKINNER, LTD.
Pianos; Player Pianos; Organs; "VICTOR" og "EDISON" Phonographs; T. H. Hargrave, íslenzkur umboðsmaður.
323 Portage Ave. Talsími 4413

BYGGINGA- og ELDIVIÐUR.
J. D. McARTHUR CO., LTD.
Bygginga- og Eldiviður í heildsölu og smásölu. Sölust: Princess og Higgins Tals. 3260, 5061, 5062

MYNDASMIÐIR.
G. H. LLEWELLIN.
"Medallions" og Myndarammar
Starfstofa Horni Park St. og Logan Avenue

SKÓTAU Í HEILDSÖLU.
AMES HOLDEN, LIM TED
Princess & McDermott. Winnipeg.
THOS. RYAN & CO.
Alskonar Skótau. 44 Princess St.
THE Wm. A. MARSH CO. WESTERN LTD.
Framleiðendur af Finu Skótaui. Talsími: 3710
88 Princess St. "High Merit" Marsh Skór

RAFMAGNSVÉLAR OG ÁHÖLD
JAMES STUART ELECTRIC CO.
324 Smith St. Talsímar: 3447 og 7802
Fullar birgðir af alskonar vélum.
GOODYEAR ELECTRIC CO.
Kellogg's Talsímar og öll þarfnæti. áhöld talsími 3023. 86 Albert St.

RAFMAGNS AKKOKÐSMENN
MODERN ELECTRIC CO
412 Portage Ave Talsími: 5658
Viðgjörð og Vir-lagning — allskonar.

BYGGINGA - EFNI.
JOHN GUNN & SONS
Talsími 1277 266 Jarvis Ave.
Höfum besta Stein, Kalk, Cement, Sand o. fl.
THOMAS BLACK
Selur Járnvöru og Bygginga-efni allskonar
76—82 Lombard St. Talsími 600
THE WINNIPEG SUPPLY CO., LTD.
298 Rietta St. Talsímar: 1936 & 7187
Kalk, Steinn, Cement, Sand og Möl
MATHESON AND GAY
Húsasmiðir, smiðkarar og viðgerðarmenn
221 Higgins Ave. Winnipeg

BYGGINGAMEISTARAR.
J. H. G. RUSSELL
Byggingameistari,
Í Silvester-Willson byggingunni. Tals: 1068
PAUL M. CLEMENS
Bygginga - Meistari, 443 Maryland St.
Skrifst.: Argyle Bldg., Garry st. Talsími 8997

BRAS- og RUBBER-STIMPLAR
MANITOBA STENCIL & STAMP WORKS
471 Main St. Talsími 1880. P. O. Box 244.
Búum til alskonar Stimpla úr málmi og togleðri

CLYDEBANK SAUMAVÉLA AÐGERÐARMAÐUR. Brúkaðar vélar seldar frá $5.00 og yfir 564 Notre Dame Phone, Main 8624

SVEINBJÖRN ÁRNASON.
Fasteignasali. Selur hús og lóðir, eldsábyrgðir og lánar peninga. Skrifstofa: 12 Bank of Hamilton. Phone main 3122. Hús-Phone 8695.

VÍNSÖLUMENN
GEO. VELIE,
Heildsölu Vínsali. 185, 187 Portage Ave. E.
Sná-sölu talsími 352. Stór-sölu talsími 464.

STOCKS & BONDS
W. SANFORD EVANS CO.
326 Nýja Grain Exchange Talsími 369

ACCOUNTANTS & AUDITORS
A. A. JACKSON,
Accountant and Auditor
Skrifst.—28 Merchants Bank. Tals.: 5702

OLÍA, HJÓLÁS-FEITI OG FL.
WINNIPEG OIL COMPANY, LTD.
Búa til Stein Olíu, Gasoline og hjólás-áburð
Talsími 1590 611 Ashdown Block

TIMBUR og BÚLÖND
THOS. OYSTAD, 208 Kennedy Bldg.
Viður í vagnhlössum til notenda, búlönd til sölu

PIPE & BOILER COVERING
GREAT WEST PIPE COVERING CO.
132 Lombard Street.

VÍRGIRÐINGAR.
THE GREAT WEST WIRE FENCE CO., LTD
Alskonar virgirðingar fyrir bændur og borgara.
76 Lombard St. Winnipeg.

ELDAVÉLAR O. FL.
McCLARY'S, Winnipeg.
Stærstu framleiðendur í Canada af Stóm, Steinvöru [Granitewares] og fl.

ÁLNAVARA Í HEILDSÖLU.
K. J. WHITLA & CO., LIMITED
264 McDermott Ave Winnipeg
"King of the Road" OVERALLS.

BILLIARD & POOL TABLES.
W. A. CARSON
P. O. Box 225 Room 4 i Molson Banka.
Öll nauðsynleg áhöld. Ég gjöri við Pool-borð

NÁLAR.
JOHN RANTON
203 Hammond Block Talsími 4670
Sendið strax eftir Verðlista og Sýnishornum

GASOLINE Vélar og Brunnborar
ONTARIO WIND ENGINE and PUMP CO. LTD
321 Chamber St. Stmi: 2088
Vindmillur — Pumpur — Agætar Vélar.

BLÓM OG SÖNGFUGLAR
JAMES BIRCH
442 Notre Dame Ave. Talsími 2638
BLÓM - allskonar. Söng fuglar o. fl.

BANKARAR, GUFUSKIPA AGENTR
ALLOWAY & CHAMPION
North End Branch: 667 Main street
Vér seljum Avísanir borganlegar á Íslandi

LÆKNA OG SPÍTALAÁHÖLD
CHANDLER & FISHER, LIMITED
Lækna og Dýralækna áhöld, og hospítala áhöld
185 Lombard St., Winnipeg, Man.

Tuttugasta Öldin

er nú vöknuð og kemur endurhrest, glöð og kát til áskrifendanna og langar til að komast inn á hvert íslenzkt heimili.

Hún kemur nú sigri hrósandi, full af framtíðarvonum, þó hún sé smá vexti að sinni, með þeim tilgangi að gleðja og fræða, og ætlar að kappkosta, að verða gott $1.00 virði á ári. Hún hefir góðan tilgang og hlýtur því að sigra.

Oss vantar umboðsmenn víða, skrifið oss um kostaboð fyrir nýja áskrifendur.

Áritun til blaðsins er: —

"Tuttugasta Öldin"
Winnipeg, - - Man.

RAKARA vantar
[Barber]
að ELFROS, SASK. — Um sækjendur sendi tilboð sín til:—
E. & P.B. Peterson,
LOCK BOX 48.
ELFROS P. O., - SASK.

Herra Jón Hólm, gullsmiður að 770 Simcoe St., biður þess getið, að hann selji löndum sínum gull- og silfur-muni og gigtarbelti. — Belti þessi eru óbrigðul við gigt, ef þau eru notuð samkvæmt fyrirskipunum Jóns. Kosta að eins dollar og kvart.

Yfirburða Vottur um

HEINTZMAN & CO.

PIANO

sýnir sig í ýmsum atriðum.— Það er engin fals-lýsing, að þetta hljóðfæri sé langt yfir öllum öðrum í tónfegurð og smíða ágæti. —

Frægustu söng- og tónfræðingar sem ferðast um Canada — fólk með yfirburða þekkingu — velja allir þetta Piano.

Ending þess og vaxandi tónfegurð með aldri hljóðfæranna, hefir komið öllum leiðandi söngkenslustofnunum til þess að nota þessi Piano.

En bezt af öllum sönnunum er vitnisburður þeirra mörgu þúsunda Canada manna og kvenna sem eiga og nota þessi fögru hljóðfæri, og hafa daglega ánægju af þeim.

Vér tökum gömul PIANO í skiftum fyrir ný. —

Mc Lean & Co LIMITED

528 Main St. — Phone 808
Og í Brandon og Portage La Prairie

Fréttir úr bœnum.

Stjórnarráð Manitoba háskólans hefir með 21 atkv. gegn 2 samþykt að þiggja tilboð herra F. W. Heuback um að gefa skólanum 160 ekrur lands í Taxedo Park, rétt sunnan Assiniboine árinnar. Gjöfin er bundin því skilyrði, að fylkisháskólabyggingarnar verði reistar þar. Landið er afar verðmætt og gjöfin því hin höfðinglegasta. — Stjórnarráðið samþykti ennfremur, að nauðsynlegt sé, að endurskapa alt fyrirkomulag háskólans, og að honum sé viðhaldið af fylkisfé, og sé undir aðalumsjón fylkisins í samráði með háskólastjórninni.

Fjúrutíu feta byggingarlóð á Sherbrokke st. austanverðu, nálægt Portage Ave., var í sl. viku seld fyrir 8 þús. dollara, — útborgað í peningum.

Leikfélag íslenzkra Goodtemplara er að æfa stóran og merkilegan sjónleik, sem það ætlar að sýna kring um mánaðamótin marz og apríl. Leikurinn heitir "Heimkoman", er eftir þýzkan höfund, en þýddur á íslenzku af Indriða Einarssyni.

Frá Íslandi hefir frézt, að gufuskipið Laura hafi strandað á Skagaströnd á fimtudaginn var. Margir farþegar voru með skipinu og varð þeim öllum bjargað ásamt skipshöfninni. En um sjálft skipið er ekki annað sagt, en að það sé í hættu fyrir skemdum, ef því verði ekki bráðlega bjargað.

Í KVELD

(miðvikudag 23. marz) flytur hr. Friðrik Sveinsson erindi á Menningarfélagsfundi. Hann ætlar að tala um andatrú. Allir velkomnir.

Th. Johnson, úr- og gullsmiður hér í borg, óskar að fá 15—16 ára gamlan pilt til að læra úr- og gullsmíði. Vænlegt vinnutilboð fyrir einhvern efnilegan sveitapilt. Skrifið Th. Johnson, Cor. Main & Graham St., Winnipeg.

Hinn vinsæli sjónleikur "Æfintýri á gönguför" verður leikinn af leikfélagi Gokdtemplara um 20. april nk. Nánar auglýst síðar.

Herra Sveinbjörn Arnason timburmaður hefir byrjað fasteigna o eldsábyrgðarsölu í Room 12 í Hamilton bankabyggingunni, á horni Main og McDermot strætá. Hann útvegar einnig peningalán og sinnir eignaskiftum og þeim öðrum störfum, sem fasteignasölunni eru samfara. Hann hefir stundað starf þetta síðan í des. sl. og auglýsir nú í þessu blaði. Hann óskar eftir viðskiftum Íslendinga.

Gamanleikirnir

"Franska töluð hér" og "Rektu hann út"

verða leiknir í síðasta sinni laugardagskveldið kemur

26. MARZ

í samkomusal Únitara. Leikirnir eru, sem kunnugt er, hin bezta skemtan, og auk þeirra verður ágætur hljóðfæraslátur.

Missið ekki af þessu síðasta tækifæri til góðrar skemtunar á þessum vetri. Komið kl. 8, því salurinn fyllist fljótt.

Í fregn frá Mikley var þess fyrir skömmu getið hér í blaðinu, að ungfrú Jakobina Sigurðsson hefði talað fyrir kökuskurði. Nafnið er rangt, — það átti að vera Jakobína Kr. Sigurgeirsdóttir.

Gamanleikirnir "Rektu hann út" og "Franska töluð hér" verða leiknir í Únitarasalnum á laugardagskveldið kemur kl. 8. Það eru skemtilegustu og fjörugustu leikir, sem leiknir hafa verið hér lengi, og það ætti því að verða húsfyllir þar á laugardagskveldið. Aðgangurinn kostar að eins 25c. (Sjá auglýsingu á öðrum stað).

Lipur og hreinlát stúlka getur fengið vist. Skrifið umsókn í P.O. Box 3083, Winnipeg.

Númer 21. af þessa árs Heimskringlu verður keypt hér á sorifstofunni. Sex eintök óskast.

Stúdentafélagsfundur verður haldinn í fundarsal Fyrstu lútersku kirkjunnar næsta laugardagskveld kl. 8. Allir stúdentar velkomnir.

þakkarorð

Við undirrituð þökkum öllum þeim, er sóttu brúðkaupsveizlu okkar í Skálholt samkomuhúsi, fyrir norðan Glenboro, þann 8. marz sl., fyrir allar þær höfðinglegu gjafir, sem okkur voru afhentar, og skulum við lengi geyma þær til minningar um vinina. Einnig þökkum við þeim herrum: G. J. Oleson, G. S. Johnson, Indriða Sveinsson, Jóni Anderson, Brynjólfi Josephson, Chris. Sigmar og séra Rögnv. Pétursyni fyrir þann kærleika, er okkur var veittur í ríkum mæli, þá þeir ávörpuðu okkur ásamt boðsgestum.

Mr. og Mrs. C. Eymundson.
Markerville, Alta., 14. Marz '10.

TIL SÖLU:

160 ekrur af bezta landi, stutt frá járnbrautarstöð. — Fyrsti maður með $7.00 fær hér góð kaup. — Finnið

Skúli Hansson & Co.
47 Aikens' Bldg.
Talsími, Main 6476 P. O. Box 833

Dr. G. J. Gíslason,
Physician and Surgeon
18 South 3rd Str, Grand Forks, N.Dak

Athygli veitt AUGNA, EYRNA og KVERKA SJÚKDÓMUM ASAMT INNVORTIS SJÚKDÓMUM og UPPSKURÐI —

Konuna vantar vinnu.

Mrs. Guðrún Magnússon, að 938 Lipton st., óskar að fá vinnu við þvott, húshreinsun eða annað þess háttar. Hún er bláfátæk, hefir 3. ára gamalt barn að ala önn fyrir, og þarf atvinnu. Vinnuveitendur vitji hennar að 938 Lipton st.

Samhrygðar-ávarp.

Þar eð almáttugum guði hefir af visdómi sínum náðar þóknast að burtkalla af heimili bróður vors, Guðmundar Einarssonar og fjölskyldu hans, þann 12. marz 1910 — þeirra einkadóttir og systir SVANHVÍT, sé það því hér með ályktað, að A.O.U.W. stúkan í Hensel, N. D., vottar nefndum bróður og fjölskyldu vora hjartanlegustu samhygð í þeirra sáru sorg, í nafni C. H. og P.

Fred. Johnson, ritari.

"Lesið að tarna".

Um leið og ég þakka löndum minum ágæt viðskifti árið sem nú er nýliðið, síðan ég byrjaði aftur á handverki mínu, — þá leyfi ég mér að geta þess, að ég hefi tekið inn í búð mína talsverðar byrgðir af alls konar skófatnaði, eins vönduðu og útlits laglegum og nokkursstaðar er unt að fá í borginni. Verðið er eins sanngjarnt og mögulegt er, og vonast ég eftir þér minnist þessa, þegar þér þurfið á nýjum skóm að halda, og eins þess að ég er eini Íslendingurinn í borginni, sem verzla með skófatnað.

Einnig er ég ætíð reiðubúinn að gera við skóna yðar þegar þeir fara að bila.

Virðingarfylst,
JÓN KETILSSON,
623 Sargent Ave.

Síðasta TOMBÓLAN og DANSINN á vetrinum

í efri sal Goodtemplar hússins, undir umsjón nokkurra stúlkna, mánudagskvöldið

4. APRÍL.

Inngangur og einn dráttur 2 c. Byrjar kl. 7.30 e.m.

Dansinn byrjar strax eftir að allir drættir eru seldir. Munið því eftir, að koma sem fyrst og draga drættina, svó þið getið dansað sem lengst.

JOHNSONS ORCHESTRA spilar fyrir dansinum.

DANSINN STENDUR YFIR TIL KL. 2 AÐ MORGNI.

Herra Victor Anderson stýrir dansinum.

ICE CREAM og LEMONADE með sætabrauði verður selt.

Ágóðinn verður gefinn til byggingrsjóðs stúkunnar Heklu.

Hangikjöt.

G. Eggertsson, kjötsali á Wellington ave., hefir útvegað sér afarmiklar byrgðir af ágætu hangikjöti til páskanna, sem hann selur með kjörkaupsverði. Heimskringla hefir náð í málsverð af þessu kjöti og getur vottað um gæði þess. Íslendingar ættu að hraða sér til hr. Eggertssonar og byrgja sig upp meðan úr sem mestu er að velja af páskakjötinu.

Skemtisamkoma

verður haldin í Argyle Hall miðvikudagskveldið þann

30. MARZ

undir umsjón kvenréttindafélagins "Vonin". Byrjar kl. 6 að kveldi.

Prógram verður fjölbreytt og einkar-skemtilegt: — Séra Runólfur Marteinsson flytur fyrirlestur um kvenréttindi, og séra Friðrik Hallgrímsson ræðu um mjög alvarlegt málefni.

Íslenzki söngflokkurinn á Baldur hefir lofað að gera sitt bezta, og er það vissa fyrir indælli skemtan.

Allir hafa aðgang að fríum veitingum á eftir.

Inngangseyrir er 30 cts.

Forstöðunefndin.

Vor Skór nú á reiðum höndum

Vér óskum viðskifta yðar, — og búð vor, sem er heimili vorskónna, sendir kveðju til allra vina sinna og auglýsir vilja sinn og möguleik til til þess að skóa yður fyrir vorið.—

Vér getum sýnt yður þær beztu skótegundir sem gerðar eru, og á verði sem er sanngjarnt. —

Afgreiðsla fullkomin. —

Ryan-Devlin Shoe Co
494 MAIN ST PHONE 770.

Ekkjan á Akranesi.

Í hjálparsjóð hennar hafa þessir lagt síðan síðasta bl. kom út:

Egill Egilsson, W'peg	1.00
R. Th. Newland, W'peg	1.00
S. J. Jóhannesson, W'peg	2.00
G. J, Oleson, Glenboro, Man.	1.00
Ásta Árman, Pembina, N. Rak. (safnað)	8.25
Jakob Freeman, Gardar, N. Dak. (safnað)	31.05
Friða Johnson, W'peg	2.00
Ólafur Björnsson, W'peg	2.00
Mrs. Guðrún F. Guðmundsdóttir, Akra, N.D. (safn.)	21.80
M. Ólafsson, Hensel, N. Dak. (safnað)	7.00
G. P. Thordarson, W'peg	5.00
Mrsj Margrét Byron, Selkirk	2.00
Point Douglas búi, W'peg	1.00
Kvenfélagið "Eining" Pembina, N. D.	5.00
Kvenfélagið á Gardar, N.D.	10.00
Mrs. S. G. Árnason, South Hill P.O., Vancouver	10.00
Mrs. H. Magnússon, Glenboro	1.00
Stefanía Stefánsson, Glenboro (safnað)	16.85
Thorl. Jónasson, Wynyard, Sask. (safnað)	57.25
Sigurbjörn Guðmundsson, Mountain, N.D. (safnað)	6.50
Kvenfélagið "Framsókn", Wynyard, Sask.	10.00
Árni Sveinsson, Glenboro	3.00
Sigurður Mýrdal, Victoria, B. C. (safnað)	23.25
Mrs. R. Bjarnason, Nes, Man.	3.00
Samtals	$230.90
Áður auglýst	$229.40
Alls innkomið	$460.30

Rúmleysis vegna verða nöfn gefenda á söfnunarlistunum að bíða þar til síðar. Verða auglýst við fyrstu hentugleika.

Minnisvarðar

úr málmi, sem nefndur er "White Bronze", eru fallegustu, varanlegustu og um leið ódýrustu minnisvarðar, sem nú þekkjast. Þeir eru óbrjótanlegir, ryðga ekki og geta aldrei orðið mosavaxnir, eins og steinar; ekki heldur hefir frost nein áhrif á þá. Þeir eru bókstaflega óbilandi og miklu fegurri en hægt er að gera minnisvarða úr steini (Marmara eða Granit). Aft letur er upphleypt, sem aldrei máist eða aflagast. Þeir eru jafn dýrir, hvort sem þeir eru óletraðir eða alsettir letri, nefnilega: alt letur, og myndir og merki, sem óskað er eftir, er sett á fritt. — Kosta frá fáeinum dollurum upp til þúsunda. Fleiri hundruð tegundir og mismunandi stærðir úr að velja.

Þessir minnisvarðar eru búnir til af THE MONUMENTAL & BRONZE CO., Bridgeport, Conn. Þeir, sem vilja fá nákvæmar upplýsingar um þessa ágætu minnisvarða, skrifi til undirritaðs, sem er umboðsmaður fyrir nefnt félag.

Thor. Bjarnarson,
BOX 304
Pembina - - N. Dak.

TILBOÐ UM KEYRSLU

Stjóraarnefnd North Star Creamery félagsins æskir eftir skriflegum tilboðum þeirra, sem kynnu að vilja taka að sér, að flytja rjóma þann, er félagið þarf að láta flytja að smjörgerðarverkstæði sínu á næsta sumri. Umsækjendur tiltaki greinilega, hvaða kjör þeir vilja fá, hvort heldur daglaun fyrir mann og "team", eða ákveðna upphæð fyrir hvert smjörpund, er kemur úr rjóma þeim, er þeir flytja, eða hvort tveggja. Ennfremur, hvaða borgunarskilmála þeir setja.

Undirritaður veitir tilboðum móttöku til 15. april nk. og gefur frekari upplýsingar þeim, er þess æskja.

Framnes, Man., 17. marz 1910.
JÓN JÓNSSON, Jr.

Til sölu

ágæt bújörð, 160 ekrur að stærð, 2½ milu frá Mozart, 90 ekrur eru plægðar. 300 dollara timburhús, góð fjós fyrir 30 gripi, stórt korngeymsluhús, gott og mikið vatn í brunni, 4000 trjám plantað við byggingarnar, og virgirðing alt í kring um landið (2 virar).

Frekari upplýsingar fást hjá
TH. JÓNASSON,
P.O. Box 57 Wynyard, Sask.

Aðvörun.

Hér með eru bændur þeir, sem búa meðfram Íslendingafljóti (Icelandic River) í Bifröst sveit, aðvaraðir um, að flytja ekki mykju eða annan óþverra í fljótið, eða svo nærri því, að straumurinn taki það með sér, þegar fljótið leysir í vor.

Ennfremur er þeim, sem hafa nú þegar gert sig seka í þessu, hér með gefið til kynna, að þeir verða að draga á burt það, sem líkindi eru til að fljótið nái í, þegar það leysir eða hækkar.

Ef einhver eða einhverjir trassast við að gera sem hér er fyrirlagt, verður heilbrigðisnefnd fylkisins tilkynt það samkvæmt 47. gr. Public Health Act Manitoba fylkis.

Icl. River, 4. marz 1910.
J. P. PÁLSSON, M.D.
(Health Officer).
S. THORVALDSSON
(Reeve).

Land til sölu

liðugar 100 ekrur, rétt við Big Quill vatn, í hinni frjósömu Wynyard bygð, 15 ekrur "brotnar" reiðubúnar til sáningar. Nokkur skógur og heyskapur, en er þó að mestu leyti alt akurlendi. Á landinu er virgirðing og góður brunnur. Óskast, að landið seljist fyrir sáningu í vor.

Kaupandi snúi sér til ritstjóra Heimskringlu eða Box 120, Wynyard, Sask. 31.3

Kennara vantar

fyrir Walhalla S. D. No. 2062, fyrir 6 mánaða kenslu, frá 15. april. Umsækjandi tiltaki kaup og menta stig fyrir Saskatchewan fylki. Tilboð sendist til undirritaðs fyrir 10. april.

J. CHRISTIANSON,
Sec'y-Treasj
Hólar P.O., Sask.

Kennara vantar

við Mary Hill skóla No. 987, fyrir sex mánaða tímabil frá 1. maí. Umsækendur tiltaki kaup, mentastig og æfingu í kenslustörfum. — Sendið tilboð fyrir 1. april.

S. SIGFÚSSON,
Sec'y-Treas.

Jóhanna Olson
PIANO KENNARI
557 Toronto St. Winnipeg

DR. H. R. ROSS
C.P.R. meðala- og skurðlækir.
Sjúkdómum kvenna og barna veitt sérstök umönnun.
WYNYARD, — SASK.

Dr. M. Hjaltason,
Oak Point, Man.

Anderson & Garland,
LÖGFRÆÐINGAR
35 Merchants Bank Building
PHONE: MAIN 1561.

MARTYN F. SMITH,
TANNLÆKNIR.
Fairbairn Blk. Cor Main & Selkirk
Sérfræðingur í Gullfyllingu og öllum aðgerðum og tilbún aði Tanna. Tennur dregnar án sársauka. Engin veiki á eftir eða gómbólga. —
Stofan opin kl. 7 til 9 á kveldin
Office Phone 6944. Heimilis Phone 6462.

Þarft þú ekki að fá þér ný föt?

EF ÞAU KOMA FRÁ CLEMENT'S, — ÞÁ VERÐA ÞAU RÉTT

Réttur að efni, réttur í sniði réttur í áferð og réttur í verði.

Vér höfum miklar byrgðir af fegurstu og beztu fataefnum. —

Geo. Clements & Son
Stofnuð árið 1874
264 Portage Ave. Rétt hjá FreePress

Th. JOHNSON
JEWELER
286 Main St. Talsími: 6606

JOHN ERZINGER
TOBAKS-KAUPMAÐUR.
Erzinger's skorið reyktóbak $1.00 pundið
Hér fæst allar nefóbaks-tegundir. Óska eftir bréflegum pöntunum.
McINTYRE BLK., Main St., Winnipeg
Heildsala og smásala.

G. NARDONE
Verslar með matvöru, aldini, sæt-kökur, allskonar sætindi, mjólk og rjóma, sömul. tóbak og vindla. Óskar viðskifta Íslend. Heitt kaffi eða te á öllum tímum. Fón 7756
714 MARYLAND ST.

Boyd's Brauð
Brauð vor ættu að vera daglega á borðum yðar. Þau eru ætíð góð. Vér bökum þau úr bezta hveiti, og höfum eitt af beztu barfam í Vestur-Canada Biðjið matsalann um brauðvor eða símið Main 1030 og vér færum yður þau heim daglega
Boyd's
Bakery Cor. Spence & Portage Ave
Phone 1030.

Winnipeg Wardrobe Co.
Kaupa brúkaðan Karla og Kvenna fatnað,—og borga vel fyrir hann.
Phone, Main 6539 597 Notre Dame Ave.

BILDFELL & PAULSON
Union Bank 5th Floor, No. 520
selja hús og lóðir og annast þar að lútandi störf; útvegar peningalán o. fl.
Tel.: 2685

Jónas Pálsson,
SÖNGFRÆÐINGUR.
Útvegar vönduð og ódýr hljóðfæri
460 Victor St. Talsími 6803.

J. L. M. THOMSON, M.A., L.L.B.
LÖGFRÆÐINGUR. 255½ Portage Ave.

BONNAR, TRUEMAN & THORNBURN,
LÖGFRÆÐINGAR.
Suite 5-7 Nanton Blk. Tals. 766
Winnipeg, Man. P.O.BOX 223

Húðir og ógerfuð Loðskinn
Verzlun vor er vor bezta auglýsing. Sendið oss húðir yðar og loðskinn og gerist stöðugir viðskiftamenn.
Skrifið eftir verðlista.
The Lightcap Hide & Fur Co., Limited
P.O.Box 1092 172-176 King St Winnipeg
16-9-10

W. R. FOWLER A. PIERCY.
Royal Optical Co.
307 Portage Ave. Talsími 7286.
Allar nútíðar aðferðir eru notaðar við augn-skoðun hjá þeim, þar með hin nýja aðferð, Skugga-skoðun, sem gjörreynd öllum ágiskunum. —

It's going UP.
Þú getur ekki búist við
að það geri annað en eyðast í reyk. Því ekki að fá nokkur tons af okkar ágætu kolum, og hafa ánægjuna af, að njóta hitans af þeim, þegar vetrarkuldarnir koma. Komið til vor og nefnið þetta bl.
D. E. ADAMS COAL CO.
YARDS I NORÐUR, SUÐUR, AUSTUR OG VESTURBÆNUM
Aðal Skrifst.: 224 BANNATYNE AVE.

Heimskringla.

XXIV. ÁR | WINNIPEG, MANITOBA, FIMTUDAGINN, 31. MARZ 1910 | NR. 26

Fregnsafn.

Markverðustu viðburðir hvaðanæfa

— Útflytjendur frá Englandi, sem á þessu ári flytja til Canada, eru talsvert betur efnum búnir en þeir, sem komið hafa á fyrri árum. Tvö hundruð innflytjendur sigldu frá Liverpool þann 23. þ.m., og sá fátækasti þeirra hafði 1200 dollara, en flestir höfðu um 5000 dollara hver. Þeir hafa allir í hyggju, að gerast bændur í Vestur-Canada.

— Íbúarnir í Minnesota ríki hafa skotið saman og myndað $22,000 sjóð, sem ætlaður er til þess, að veita ekkju hins vinsæla mikilmennis John A. Johnsons, sem þar var ríkisstjóri, hundrað dollara mánaðarlegar inntektir meðan hún lifir. — Þessi umönnun fyrir ekkjunni sýnir, hve vinsæll bóndi hennar var af Minnesota búum.

— Síðustu ársskýrslur kvenréttindafélagsins á Englandi sýna, að á árinu 1909 voru 291 félagskonur handteknar, 163 dæmdar í fangavistir, 36 voru nærðar í klefum sínum með því að sprauta fæðunni með valdi inn í þær, og 110 sveltu sig þar til þær voru leystar úr fangelsi. Samanlagt fangelsis tímabil félagskvenna á árinu jafngilti 28 ára tíma.

— Þýzkur maður að nafni Hering, nýlega kominn til Canada, var fyrir 10 mánuðum dæmdur í tveggja ára fangelsi fyrir hestaþjófnað. Þegar hann var búinn að vera 9 mánuði í fangelsinu, meðgekk annar maður að nafni King, að hann væri sekur um þjófnaðinn og að Hering væri algerlega sýkn saka. Nú hefir dómsmálastjórinn í Ottawa skipað að sleppa Hering úr fangelsinu.

— Ís braut af Rauðá hjá Emerson þann 21. þ.m., og hefir ísinn aldrei leyst svo snemma áður í manna minnum. Annars hefir þessi vetur verið með þeim beztu, sem komið hafa í Manitoba í langa tíð. Nú algerlega snjólaust víðast hvar og gras óðum að grænka.

— Rússar hafa gert gangskör að því, að rannsaka hag handverksmanna þar í landi, og komist að þeirri niðurstöðu, að meðal verkalaun sumra handverksmanna séu $12.50 á mánuði, og oft minni en það, og að verkalaun í landinu hafi lækkað um fjórðung á sl. 3 árum. Ástand alþýðunnar yfirleitt mjög bágborið.

— Franska þingið hefir með 280 atkv. gegn 3 lögleitt verkamanna eftirlaun og ellistyrk þar í landi. Mál þetta hefir staðið yfir um 4 ára tíma, og er nú loksins leitt til lykta. Inntektir í sjóð þennan eru með þrennu móti: Fyrst með skattálögum frá verkalýðnum, 9 franka frá hverjum karlmanni, 6 franka frá konum og 4½ franka frá unglingum, sem vinna. Í öðru lagi tillag frá vinnuveitendum, er jafngildi því, sem verkalýður lands ins leggur til. Og í þriðja lagi tillag úr ríkissjóði, og er sú upphæð áætluð 180 miljónir franka fyrsta árið, en máske nokkru minna síðar. Eftirlaun veitast öllum, sem eru 65 ára eða eldri, eða eftir 30 ára vinnu, en þá með lægri eftirlaunaborgun. Full eftirlaun verða 414 frankar á ári, að undanskildum verkamönnum, sem vinna hjá bænduin, sem borga lægri skatt en aðrir og fá lægri eftirlaun. Áætlað er, að 17 miljónir gamalmenna á Frakklandi verði aðnjótandi eftirlauna og ellistyrks.

— Þess var nýlega getið í Hkr., að tveir menn í Fort Francis hefðu verið dæmdir í fangelsi fyrir að hafa 25 þúsund dollara út úr Ontario stjórninni með svikum, undir því yfirskini, að þeir hefðu drepið úlfa, sem þeir létu stjórnina borga verðlaun fyrir. Nú er uppkomið, að Moses Finkelstein og Benjamin Levison, tveir Gyðinga kaupmenn í Winnipeg, muni hafa átt hlut í glæp þessum, og hafa þeir báðir verið handteknir, kærðir um meðsekt í svikunum. Svo er að sjá af vitnaleiðslunni, að þessir kaupmenn hafi lánað Fort Frances náungunum skinnin, fyrir $1.00 hvert skinn, til þess að flytja þau til Ontario og brúka þau þar sem sannangögn til þess að geta svikið fé út úr stjórninni.

Ber mér að gæta bróður míns?

Levison hafði lánað um hundrað skinn í þessu augnamiði, en fengið þau aftur, þegar stjórnin var búin að borga verðlaunin fyrir þau. — Herra Finkelstein virðist ekki hafa látið Fort Frances mennina hafa skinn sín nema einu sinni, og hann segist hafa selt þeim skinnin algerlega, án þess að vita til hvers þau ættu að notast. Líklegt mjög, að hann segi þar satt.

— Stórkostleg mútumál standa um þessar mundir yfir í Pittsburg í Pennsylvania ríkinu. Svo er að sjá á öllum fregnum þaðan, að þeir menn, sem nú skipa þar bæjarstjórn, hafi lagt það í vana sinn, að þiggja mútur fyrir atkvæði sín. Margir þeirra hafa þegar játað sök á sig, og sagt frá, hverjir mútunar borguðu, og enn er máli þessu ekki svipað því lokið. Einn bæjarstjórnarmanna, sem játaði að hafa tekið við mútufé, en neitaði að gefa upplýsingar um, hver hefði borgað það, var settur í fangelsi fyrir þögn sína, og sagt að hann slyppi ekki þaðan aftur fyrr enn hann leysti hreinskilnislega frá skjóðunni. Annar bæjarstjórnarmanna hefir verið dæmdur í 3½ árs fangelsi, og að þeim tíma liðnum má hann búast við öðrum málum á hendur sér, sem líklega halda honum í fangelsinu svo tugum ára skiftir. Líklegt þykir að allir bæjarráðsmenn verði sakfeldir. En hegningu frestað um óákveðinn tíma, hvað þá snertir er hafa játað sekt sína og gefið sækjanda hins opinbera allar upplýsingar, sem í þeirra valdi stóð. Einn bæjarráðsmaður játaði að hafa fengið 500 dollara fyrir atkvæði sitt í eitt skifti og 600 dollara í annað skifti, á sama tíma sem ýmsir félagar hans í bæjarstjórninni fengu að eins $50 fyrir atkvæði sín. — Enn sem komið er, hafa að eins smásýlin flækst í net réttvísinnar, en búist við, og vonandi, að stórfiskarnir, þeir sem atkvæðin keyptu, náist síðar.

— Þingskýrslur sýna, að á sl. ári fluttu nær 11 þúsundir manna úr Quebec búlerlum til Bandaríkjanna.

— Bæjarstjórnin í Montreal hefir að undanförnu verið að rannsaka kæli-geymsluhúsin þar í borg. — Meðal annars hafa í einu slíku kælihúsi fundist 2 þúsund sauðarskrokkar, sem búnir eru að liggja þar full 2 ár, vegna þess, að eigendurnir bíða eftir verðhækkun á kjötinu, vilja ekki selja fyrr en þeir geta fengið vist afarverð. — Það þykir efasamt, hvort kjöt þetta sé nú ætt. — Ostrur seldust með afarháu verði þar í borg á þessum vetri. Samt voru mörg hundruð tunnur af ostrum í kælihúsinu, og skemdust þar svo, að fyrir nokkrum dögum varð að eyðileggja 128 tunnur. Eigendurnir biðu einatt eftir hærra verði, þar til varan var orðin óæt. Nú ætlar bæjarstjórnin að íhuga, hvort þessi langa geymsla hafi þau áhrif, að hækka verð vörunnar, og ef svo reynist, þá verður gengið lagaveginn til þess að banna svo langa geymslu á vörum í kælihúsum.

— Rússakeisari varð nýlega af stakri tilviljun sjónarvottur að því, hvernig rússneskir herforingjar græða fé sitt og landeignir. Svo stóð á, að hann var að ferðast á skemtiskipi sínu til Ítalíu. En fyrir sérstaka óhagstæða veðuráttu kom skipið við í Odessa borgarhöfn nokkrum klukkustundum fyrr en áætlað var. Keisarinn stóð upp á skipsbrúnni, og er hann beitti sjónauka sínum á land, tók hann eftir því, að hermannaflokkar, sem þar voru að æfingum, höfðu á sér gamla og marglita fataræfla, og sem voru leifar af hermannafatnaði, sem með lögum var afnuminn fyrir þremur árum. Hermáladeildin hafði lagt fram eina milión rúblur til þess að fata herdeildirnar í Odessa héraðinu, og keisarinn bjóst við að sjá hvern einasta hermann í nýjum fötum. Honum brá í brún við sjón þessa og hafði orð á því, og komst þá að þeim sannleika, að hermennirnir áttu engin önnur föt en þeir stóðu uppi í. En keisarinn hafði ýmsar hermálaskýrslur og reikninga með sér, og sá á þeim, að reikningar höfðu fyrir 12 mánuðum verið sendir fyrir nýja alfatnaði handa hverjum einasta hermanni. Keisarinn komst og að því, að þetta var ekki eins dæmi, heldur var þetta svona víðar á Suður-Rússlandi. Hann lét tafarlaust setja Senator Garin til þess að rannsaka ástandið í þessu efni á öllu Rússlandi, og að grandskoða alla reikninga hermáladeildarinnar, til að komast að raun um réttmæti þeirra. Síðan Garvin tók til starfa hefir hann látið handtaka 65 sveita-herforingja, herforða umsjónarmenn og fl., og býst við að láta handtaka aðra 80 foringja innan næstu þriggja mánaða, — alla fyrir svik og þjófnað. Garin segir, að sanna megi, að herforingjar landsins hafi árlega stolið af ríkisfé, sem ætlað er til hernaðarþarfa, ekki minna en 55 miljónum dollara, og hann hótar því, að þeir, sem fyrir herrétti reynist sannir að sök, verði sviftir embætti og öllum eignum sínum föstum og lausum. Hann fullyrðir, að allir herforingjar landsins, frá þeim hæstu til þeirra lægstu, myndi eitt þjófasamsæri. En keisarinn kvartar sáran yfir því, að ekki séu til neinir ráðgjafar eða þjóðvinir, sem fáist til að segja sér um ástandið, svo hann geti ráðið bót á því, sem aflaga fer.

— Dr. John J. Hurley í Boston hefir fundið upp deyfilyf, sem gerir mögulegt, að gera uppskurði á fólki, án þess það finni til og hafi þó fulla meðvitund, og án þess að nokkuð blæði. Læknirinn segir, að það sé hægðarleikur, að gera nákvæmustu uppskurði á öllum pörtum höfuðsins, augum nefi og hálsi, án þess að sjúklingurinn hafi nokkur óþægindi af því. Þeir, sem vilja reykja vindil, meðan uppskurðurinn er gerður, mega gera það, og þeir mega borða fylli sína bæði undan og eftir uppskurðinum.

— Dans mikill var haldinn á skemtiskála í Buda Pesth þann 28. marz sl. Mörg hundruð karla, kvenna og barna voru þar inni, þegar eldur kom upp í skálanum og breiddist út svo fljótt, að fólkið gat ekki forðað sér. Biðu þar bana af bruna og meiðslum um 400 manna.

Íslands fréttir.

Lögrétta, dags. 22. febr.sl., segir að snjóflóðið í Hnífsdal hafi orðið 23 mönnum að bana, en 20 liggi í sárum. Þeir dánu eru: Sigurður Sveinsson, aldraður maður með þremur börnum (Sigurði og Daníel Sigfússonum og Guðbjörgu Lárusdóttur, öll á skólaaldri), Lárus Eyvindsson, Tómas Kristjánsson og eitt barn hans, Þorleifur Þorfinsson með konu og þremur börnum, Magnús Danielsson með konu og einu barni, Margrét Bárðardóttir og dóttir hennar, Lárus Sigurðsson og Ingimundur Benjamínsson.

Fyrir ódrengilegar getsakir og illmæli um Thorefélagið hefir Lögrétta orðið að greiða 100 kr. til heilsuhælisins á Vífilsstöðum, og afturkalla orð sín, til þess að friast við glæpamálsrannsókn.

Bæjarstjórn Reykjavíkur veitti í vetur 700 krónur til þess að láta fátæk börn fá ókeypis mat í barnaskóla bæjarins, og var 100 börnum daglega gefinn matur í skólanum, — haframjölsgrautur og mjólk. Sagt að hver máltíð kosti 7 aura, og hvert barn fái eina máltíð á dag til jafnaðar. Borgarstjóranum finst þetta hafa gengið svo vel, að hann vill að fátækrastyrkur sé framvegis veittur á þennan hátt, öllum þeim í bænum, sem ekki eru sjálfbjarga, þannig, að hvet slík fjölskylda geti fengið ókeypis mat á tilsettum stað í bænum, í stað þess styrks, sem þær fá nú.

Sigurður bóksali Erlendsson í Reykjavík hefir gefið Heilsuhælinu á Vífilsstöðum húseign sína númer 6 á Laugavegi, ásamt stórri ágætri lóð, sem talin er mikilsvirði. Áskilið, að hann hafi lífstíðarbústað sinn í húsinu. Gjöfin er óvenjulega rausnarleg, því eign þessi er aleiga mannsins, sem nú er kominn á gamalsaldur.

Sunnudagskveldið og aðfaranótt mánudagsins 18. marz var ofsaveður og skiptjón í Reykjavík. Þá slitnuðu nokkur hafskip upp þar á höfninni og strönduðu. Sjógangurinn var ógurlegur og skipin streyttust á móti, flest komin í hnapp vestan til á höfninni, og mörg mjög nærri Elíðaeyjargrandanum, en um hann steyptist hvítt brimlöðrið alla leið frá eynni til lands. Eitt skipið veltist í brimgarðinum skamt frá eynni. Manntjón varð ekki, en skiptjónið varð um nóttina frá kl. 2—4. Fimtán skip urðu fyrir skemdum og mörg mistu báta og sum akkeri sín. Bátarnir ráku brotnir á land.

Síðasti fundur á vetrinum

í íslenzka Conservative Klúbbnum verður haldinn í fundarsal klúbbsins (Únítarasalnum) á mánudagskveldið kemur

4. April.

Verðlaunum verður útbýtt til þeirra þriggja, sem flesta vinninga hafa haft í Pedrospili á vetrinum.

Einnig verður spilað Pedrokappspil og gefin sérstök verðlaun þeim, sem flesta vinninga hefir þá um kveldið.

Vindlum útbýtt ókeypis.

Allir meðlimir klúbbsins eru ámintir um að sækja fundinn og hafa kunningja sína með sér.

OGILVIE'S
Royal Household Flour

Til Brauð og Köku Gerðar

Gefur Ævinlega Fullnægingu

EINA MYLLAN Í WINNIPEG,—LÁTIÐ HEIMAIÐNAÐ SITJA FYRIR VIÐSKIFTUM YÐAR.

— Geo. Bradbury þingmaður hefir komið því til leiðar, að Ottawa stjórnin ætlar að láta grafa fiskigöngu-ál meðfram St. Andrews flóðlokunum, svo fiskur frá Winnipeg vatni geti komist upp eftir Rauðá. Þessa hafði ekki verið gætt, þegar uppdráttur á flóðlokunum var gerður.

Við hafið.

Hlusta ég á hafsins óð,
háreist aldan syngur.
Þau ég ungur lærði ljóð,
lítill út í fjöru stóð, —
skemti skelja glingur.

Árin liðu út á sjó
oft stóð líf í voða,
margt þar að hættu hló
hugur djarfur, — ferjan mjó
milli brims og boða.

Vissi ég að víkings lund
var hinn bezti arfur,
horfa fast á hættustund,
hugsa í land um vinafund,
stýra í stafni djarfur.

Alt af komst ég inn á höfn
óskemdur úr voða, —
veit þó margra vina nöfn
vera falin undir dröfn
milli brims og boða.

Æfi liða árin fljótt,
ekki er líf í voða,
held því áfram hægt og rótt,
horfi í bjarta dauðans nótt,
óttast enga boða.

Veit ég glögt að víkingslund
var hinn bezti arfur. —
Hræðist ekki hinstu stund,
hugsa um sælan vinafund.
Stend á ströndu djarfur.

SIGURÐUR JÓHANNSSON.

Til Baldurs Sveinssonar

B. Sveinssyni farast orð um H. Hafstein á þessa leið í grein sinni í Lögbergi:

"Að sumu leyti er hann líklegasti maðurinn til þess, en þó er ekki fyrir að synja nema einhver maður annar kunni að finnast í flokki hans sá skálkur, að þetta tuddabragð hafi framið".

Þrátt fyrir þessi ummæli, sem virðast vera tvímælalaus, lýsir greinarhöf. það ósannindi mín, að hann kalli H. H. "skálk", heldur sé það þessi "annar". Ég vil ekki ganga út frá því, að greinarhöf. hafi svo hraparlega gleymt móðurmálinu þann tíma, sem hann hefir dvalið hér, að honum hefði ekki átt að takast, að koma álíti sínu í ljósari búning, ef hann þá í hugskoti sínu álítur sig misskilinn, og orð sín rangfærð. — Getur greinarhöf. virkilega ekki fallist á það, að einmitt þetta "annar" gefur í skyn dylgjur, sem ekki verða misskildar?

Nei, — Baldur minn Sveinsson, ef þú ætlar þér að gerast hér leiðandi ljós, og upplýsa hugskot landans um velferðarmál þjóðar vorrar og menn þá, sem að þeim standa, því sem blaðamaður stendur þú öðrum betur að vígi til þess — þá nærðu því takmarki ekki á annan hátt betur en að segja hlutdrægnislaust frá, og forðast allar dylgjur, sem varpa skugga á málefni og mannorð einstakra manna að ástæðulausu. Og dylgjur eiga alt af rót sína að rekja til óhreinskilni og hugleysis til að láta í ljós sína eiginlegu meining.

Að svo stöddu skal hér nú staðar numið af minni hálfu. Aðeins vil ég bæta því við, að fljótfærninnar, sem greinarhöf. tileinkar mér, mun ég ekki iðrast. Aftur vil ég benda honum sjálfum á þetta, og vona um leið að hann hagnýti sér, að —

hraðmælt tunga
nema haldendr eigi
oft sér ógótt of gelr. —

Magnús Matthíasson.

Ekkjan á Akranesi.

Í hjálparsjóð hennar hafa lagt síðan síðasta bl. kom út: ...

B. D. Westmann, Churchbridge	$ 5.00
F. Finnbogason (safnað), Árnes, Man.	20.00
Kvenfél. "Liljan", Wynyard	5.00
Stefán Björnsson, Brú, Man.	1.00
E. Guðl. Norman, Duluth	1.00
Ónefnd ekkja, Mimir, Sask.	1.00
Mrs. J. E. Laxdal, Oakburn, Man.	2.00
Mrs. Guðbjörg Guðmundsdóttir Johnson (safnað), Winnipegoses, Man.	29.00
Mr. og Mrs. C. Eymundsson, Markerville	4.00
Miss Thorey Emerson, Deloraine	1.00
H. O. Loftsson, Churchbridge	2.00
Eyjólfur Gunnarsson, Churchbridge	1.00
Sveinbjörn Loftsson, Churchbridge	2.00
Sigurður Hannesson, Winnipeg Beach	0.50
Mrs. A. G. Breiðfjörð, Seamo	1.00
Ólafur Thorlacius, Dog Creek	1.00
Samtals	$ 76.50
Áður auglýst	460.30
Alls innkomið	536.80

Wall Plaster

"EMPIRE" VEGGJA PLASTUR kostar ef til vill ögn meira en hinar verri tegundir, —en berið saman afleiðingarnar.

Vér búum til:

"Empire" Wood Fibre Plaster
"Empire" Cement Wall "
"Empire" Finish "
"Gold Dust" Finish "
"Gilt Edge" Plaster of Paris
og allar Gypsum vöruutegundir. —

Eigum vér að senda yður bækling vorn?

BÚIÐ TIL EINUNGIS HJÁ
MANITOBA GYPSUM CO. LTD
SKRIFSTOFUR OG MILLUR Í
Winnipeg, - Man.

Heimskringla

Published every Thursday by The Heimskringla News & Publishing Co. Ltd

Verð blaðsins í Canada og Bandaríkjunum er $2.00 um árið (fyrir fram borgað), sent til Íslands $2.00 (fyrir fram borgað af kaupendum blaðsins hér $1.50)

B. L. BALDWINSON,
Editor & Manager

Office:
729 Sherbrooke Street, Winnipeg
P.O. BOX 3083. Talsími 5512.

Ég kom og sá

ÍSLENDINGA Í SASKATCHEWAN FYLKI.

(Niðurlag).

Það er hvorttveggja, að ég varð að fara út úr bænum nokkra daga, svo ég gat ekki þann tímann sint blaðinu, og eins hitt, að svo mikið berst nú að blaðinu úr ýmsum áttum — þó sumt af því mætti vel missast úr því — að ég hefi ekki komist að í tveimur síðustu blöðum með það, sem eftir er af ferðasögu minni um Saskatchewan — fyrir ös.

Annars á ég ekki nema lítið eftir ósagt um landnám þetta, því eins og gefur að skilja getur maður ekki orðið nákunnugur öllu á fáum dögum, sem að landnámi þessu lýtur, þó maður fljúgi—svo að segja—yfir sveitina um hávetrartímann, og það í svo miklum flýti, að ekki gefist kostur á, að sjá og taka við nema nokkra af þeim, sem þar búa.

En það, sem mig undraði einna mest, er ég fór um landið, var það, að hver blettur þar skyldi ekki hafa verið tekinn upp mörgum árum fyrri en gert var.

Seytján ár eru nú liðin síðan 5 eða 6 íslenzkir bændur, sem áður voru í Þingvalla nýlendunni, yfirgáfu þá nýlendu og tóku sér bólfestu vestur við Fishing og Foam vötnin, þar sem nú er austasti hluti þessa mikla landnáms. Þar virtust þeim landskostir góðir, sérstaklega til griparæktar. Landrýmið var óþrjótandi, og hjarðir þeirra margfölduðust fljótt og þeim græddist fé. En í 12 ár urðu þeir að hýma þarna einir, langt frá öllum mannabygðum, áður en augu landa vorra upplukust fyrir því, að þarna væri vissulega góð sveit, sem þess væri verð að byggja upp.

Það virðist svo, sem frumbyggjarnir fyrstu hafi kunnað einverunni all-vel. Þeir voru þarna 75 milur frá Yorkton, og þar var næsta járnbrautarstöð og kaupstaður lengi fram eftir. Landar vorir fóru eina kaupstaðarferð á ári hverju yfir þessar eyðisléttur, og fóru þá allir saman, fluttu með sér tjöld og annan aðbúnað, sem til þess þurfti, að þeim gæti liðið vel á ferðum þessum. Þeir ráku og með sér gripahjarðir til sölu, og keyrðu svo heim aftur vistaforða og verkfæri og hvað annað, sem þeir þurftu til eflingar búskapnum. Og svo fórust sumum þeirra orð, að það hafi verið þar skemtilegustu ferðalög, sem þeir hefðu gert um dagana. En svo var í þá daga lítið um vatn á leið þeirra til Yorkton, að ekki varð gripunum brynt nema í einum stað á þessari 75 mílna ferð. En einatt gengu ferðirnar að óskum vel, og einatt voru landnemarnir að þokast áfram og uppávið efnalega. Þá mátti fá þar land keypt fyrir Einn Dollar ekruna, og hefðu því menn þessir nú getað verið orðnir stórríkir, ef þeir hefðu lagt gróða sinn í landakaup. En á þeim árum var það almenn skoðun, að ekki borgaði sig að leggja fé í landakaup, enda gátu þeir þá notað alt það land, sem þeir þurftu hindrunar og átölulaust. Og til hvers var að kaupa löndin, þegar öll afnot þeirra fengust fyrir ekkert? En tímarnir breytast. Nú mun tæpast mögulegt að fá nokkurn fjórðung þar vestra, sem nokkuð er búið að bæta, fyrir minna en þrjú þúsund Dollara. Og í vesturhluta bygðarinnar hafa nálega óbættir fjórðungar selst eins hátt og Hálft Fimta þúsund Dollara. C.P.R. félagið selur lönd sín eins hátt og Tuttugu og þrjá Dollara ekruna, sem engin mannshönd hefir snert við til umbóta, og slík lönd fá færri en vilja, jafnvel með þessu verði.

Helzti fyrstu íslenzku landnemana, sem fyrir 17 árum settust að í eystri enda bygðarinnar, rent nokkurn grun í það, að þeir gætu á fáru ára tíma fengið Fimtán þúsund Krónur fyrir hvern þann fjórðung, sem þeir gátu keypt fyrir minna en Sex Hundruð Krónur, og sem ekki þurfti að kosta þá nema þrjú Hundruð Krónur, ef þeir hefðu keypt "Scrip" til að borga þau með, — þá hefðu þeir náungar nú verið orðnir miliónerar eða meira en það. En skammsýnin og búsáhyggjurnar þjáðu þá eins og okkur hina, og máske einnig að nokkru leyti fjárskortur, svo að þeir sintu því ekki "að grípa gæsina" þegar hún gafst. En jafnskjótt og menn utan að fóru að veita héraðinu eftirtekt, þá hækkaði landið óðfluga í verði, þar til nú að það má heita eins dýrt, eftir fimm ára landnám, eins og landið í Íslendinga bygðinni í Norður Dakota var eftir tuttugu og fimm ára landnám þar. En verðið byggist á því tvennu, að landið er frjósamt og hægt til akuryrkju, og að járnbraut liggur eftir allri bygðinni endilangri, því að C.P.R. félagið lagði lykkju á leið þá, sem það hafði ætlað brautarsporum sínum, til þess að veita bygðarbúum handhægari samgöngur, og tel ég víst, að þetta sé í fyrsta skifti, sem nokkurt voldugt járnbrautarfélag hefir tekið svo mikið tillit til nokkurrar útlendinga bygðar, — svona strax í fæðingu hennar.

Þetta eina atriði, að frádregnum öllum öðrum, er næg sönnun þess, að félagið hefir haft mikið álit á landinu þar, eins og það líka má hafa mikið álit á framsóknaranda og starfsemi bygðarbúa yfirleitt.

Þó óþarft kunni að þykja, þá finst mér þó viðeigandi að geta þess, að landnám þetta hið mikla, sem nú telst yfir 60 mílur á lengd, frá austri til vesturs, og alt að 18 milum á breidd, þar sem það er breiðast, — nær yfir raðir 11 til 20, að báðum röðum meðtöldum, og liggur sunnanvert við vatnaklasa þann, sem liggja hvert vestur af öðru, og nefnd eru — frá austri til vesturs —: "Fishing", "Foam", "Little Quill" og "Big Quill" vötn. Hið síðasttalda er lang-stærst, um 18 mílur á lengd og um 10 á breidd.

Austast við Fishing og Foam vötnin, er landið lægst og víða þakið þéttum Willow brúskum og grönnum Poplar skógi, en fer hækkandi, er vestar dregur og skógurinn minkandi, þar til komið er vestur fyrir Wynyard. Þar er landið hæst og skóglaust, svo að víðsýnt er þar mjög og útsýni hið fegursta. Öllu hallar landssvæði þessu fremur til norðurs, að vötnunum, en sá halli er svo lítill og jafn, að hans gætir lítið; ein 3 eða 4 stórskorin giljadrög eru í landnáminu, og alt er landið lítið eitt mishæðótt. Það mun láta nær sanni, að í hverjum Sectionar fjórðungi innan takmarka Íslendinga bygðarinnar, sé einhver hæð, er byggja má á, svo að þaðan fáist víðáttumikið útsýni.

Einna ófríðast fanst mér landið suður frá Leslie, enda svo skógi og kjarri vaxið, að útsýnið var þaðan minna enn annars staðar, og mishæðóttast var það stykki af öllu því svæði, sem ég fór um. En góður er þar jarðvegur, og svo má með sanni segja, að innan takmarka bygðarinnar allrar sé ekki ein einasta ekra, er ekki hafi góðan jarðveg. Að því leyti hygg ég að landnám þetta standi framar öllum öðrum bygðum landa vorra hér vestra.

Það skal þó tekið fram, að ég hefi aldrei komið í bvegð Íslendinga í Minnesota og get því ekki dæmt um hana af þekkingu. Væri því réttara, að undanskilja hana úr samanburðinum.

En það get ég sagt, að ég mætti ekki einum einasta landnema þar vestra, sem ekki var hjartanlega ánægður með jarðveginn í sínu landi, þó þeir hins vegar viðurkendu, að löndin í vesturhluta bygðarinnar væri auðunnari, og þess vegna fljótteknari gróði af þeim heldur enn af hinum austari. Og í vesturhluta bygðarinnar fanst mér það vera alment viðurkent, að skóglausu löndin hefðu frjósamasta jarðveginn, eða að minsta kosti fengist meiri uppskera af þeim, en löndum austar í bygðinni. En vel mega þau lönd samt launa umbætur þær, sem á þeim eru gerðar, ef þau veita betri arð en austurlöndin, sem sum gáfu á annað hundrað bu. af höfrum og full 40 bu. af hveiti síðastliðið sumar af ekrunni.

Eitt af því, sem sýnir gróðrarmagn moldarinnar þar vestra, er vöxtur korntegunda á því svæði, sem eyðilagðist af hagli í júlí sl. Svæsið haglél fór þar yfir 10 eða 12 mílna langa spildu austur af Wynyard, og stifði af kornstangirnar niður við rót á nokkrum parti svæðisins. En upp úr flaginu spratt á ný svo, að nam 40 bu. af höfrum af ekru og 15 til 18 bu. af hveiti af ekru til jafnaðar. Slíkur vöxtur á svo skömmum tíma er ómögulegur nema í góðum jarðvegi.

Einn af erfiðleikum nýbyggjanna hefir að þessu verið vatnsskortur á sumum löndum, því þó margir hafi náð gnægð af vatni á löndum sínum, þá eru aðrir, sem enn þá hafa ekki náð í neitt vatn. Þó er talið víst, að hvervetna í bygðinni megi fá nóg vatn og gott, ef nógu djúpt er grafið, eða jafnvel þó grunt sé grafið, ef að eins hitt er á æðina.

Á einstöku stað er grjót nokkurt í jörðu, en ekki meira en svo, að mér var sagt, að það veitti jarðræktinni enga fyrirstöðu, og trúi ég vel að svo sé.

Vegir eru hvervetna góðir í bygðinni, og aldrei hefi ég fyrr komið í jafn-unga bygð Íslendinga, þar sem vegabætur allar og brýr voru gerðar með jafn-mikilli vandvirkni og þar vestra. Ég dáðist sérstaklega að brúunum, sem báru þess vott, að ekkert hafði verið sparað til að gera þær traustar og varanlegar. Enda þurfa þar traustar brýr til að bera þreskigufukatla og önnur nýtízku þyngsla akuryrkjuáhöld, sem bændur þar nota við búskapar starfsemi sína.

Mér datt í hug, að ef biskupinn yfir Íslandi, sem sjálfur er með búhygnustu mönnum á ættjörð vorri, fengist til að koma hingað vestur að sumri, til þess að grandskoða hina ýmsu sundurlausu safnaðamola, sem eitt sinn mynduðu kirkjufélagsheild, — þá væri það góðverk, að koma honum vestur í þessa bygð og sýna honum vinnubrögð bænda þar, til samanburðar því, sem hann hefir átt að venjast á ættjörðunni, og fræða hann um leið á þeim sannleika, að bygð þessi getur á einu ári framleitt allan þann kornforða, sem þarf til viðhalds allri íslenzku þjóðinni, og meira en það.

Meðal annars mætti sýna honum, hvernig íslenzku bændurnir þar fara að því, að plægja upp löndin sín með gufuplógum. Það munu vera 6 eða 8 Íslendingar í þessari ungu nýlendu, sem stinga upp lönd sín og plægja akra sína með gasólin og gufuafli. Þeir festa 10—14 plóga samhliða aftan í aflvélarnar, og leika sér að því, að rifa í sundur fjórðung sectionar á 9 eða 10 dögum, og taka uppskeru að hausti úr þeim löndum, sem þeir rifa sundur að vorlaginu. Slíka vinnuaðferð hafa Íslendingar aldrei fyrr notað í jafn-ungri bygð. Ég tel að biskupnum væri vel launuð ferðin hingað vestur, ef hann fengi að sjá slíkar vinnu-hamfarir hér. Af þeirri þekkingu, sem hann fengi við það, gæti hann haft stórmikinn mentalegan gróða. En hitt varðar hann minna um, og kemur alls ekkert við, hvernig landar vorir rífast um trúmál nú, eða hverju þeir trúa.

Ég lít svo á, að þessi nýlenda muni, þegar lönd Íslendinga þar eru öll komin í akra, geta framleitt 4 miliónir bushela hveitis í hverju meðalári, og með dollarshveitiverði, sem hér eftir má vænta árlega, verði kornafurðir nýlendunnar 15 miliónir króna á ári. Ég hefi engan efa á því, að þetta verði áþreifanleg staðreynd innan næstu 10 eða 15 ára.

Þegar vér nú gætum þess, að samkvæmt landshagsskýrslum Íslands, eru allar jarðeignir landsins þar taldar 12,700,000 króna virði, og allar byggingalóðir í bæjum þar metnar 2,000,000 króna virði, eða landið alt minna en 15 miðión króna virði, — þá sjáum vér, að landar vorir í Saskatchewan nýlendum geta, þegar lönd þeirra öll eru komin í ræktun, keypt gömlu þúfuna eins og hún leggur sig, — að undanskilinni áhöfn, — fyrir að eins eins árs uppskeru af löndum sínum þar vestra, og átt þó góðan skilding eftir, til þess að "bleyta í "bargain"-inu".

Skuldlaus eign íslenzku þjóðarinnar er í hennar eigin landshagsskýrslum talin 30 miliónir króna virði. Á tveggja eða þriggja ára tímabili gætu því Saskatchewan Íslendingar keypt og borgað fyrir landið með allri áhöfn af ágóðanum af löndum sínum þar vestra. Og skuldirnar, sem á landinu hvíla, gætu þeir hæglega tekið að sér að borga, og væru þær þá í ólíkt trvggari höndum, heldur enn yfirstandandi bankarannsókn þar heima sýnir þær nú vera.

Ég geri þessar skýlausu staðhæfingar: —

1. Að eins fljótt og Saskatchewan Íslendingar eru búnir að koma löndum sínum öllum í fulla ræktun þar vestra, þá taki þeir á tíu ára tímabili meira fé upp úr þeim, heldur enn svarar allri þeirri upphæð, sem alt Ísland er metið með allri áhöfn þess, skuldaðri og skuldlausri, að fólkinu einu undanskildu.
2. Að allar landeignir Íslendinga í Saskatchewan fylki séu meira en jafngildi allra landeigna á Íslandi.
3. Að þegar öll lönd Saskatchewan Íslendinga eru komin undir ræktun, þá verði árlegur arður af búum þeirra meiri peninga virði, en allur arðurinn af árlegu starfi íslenzku þjóðarinnar heima, til lands og sjávar.

Þessir 3 liðir hygg ég muni nægilegt til að sýna, að það er all-lífvænlegt þar vestra.

Í enga íslenzka bygð hefi ég áður komið, þar sem vænna manuval er samankomið, heldur enn í Saskatchewan nýlendunum. Þar yfirgnæfir af ungum, hraustum, efnuðum atorkumönnum, sem margir eru fæddir hér vestra og hafa fengið ágæta mentun á skólum landsins. Þessir menn eiga vafalaust góða framtíð fyrir höndum, ef þeir gæta sín, og þeim er vel treystandi til að gera það. Flestir þessir menn hafa komið úr Norður Dakota, nokkrir einnig frá Argyle nýlendu, og öðrum stöðum, og orð leikur á því vestra, að Argyle-menn séu engir eftirbátar sunnan-manna í búskaparlegri þekkingu og framkvæmdum.

Saskatchewan fylkið er svo stórt, að það er eins og heilt konungsríki, með óþrotlega náttúrauðlegð, og bygt framtakssömu fólki. Þar hafa vorir ungu Íslendingar ágætt tækifæri til þess að þroska sín andlegu öfl, og það verður þeim sjálfum að kenna, ef þeir ryðja sér ekki braut þar til mikils vegs og gengis á komandi árum.

Ég sé í anda þessa fögru bygð eins og hún verður eftir 10 eða 15 ár, þegar hver bújörð er sett fögrum byggingum og þakin blómlegum kornökrum út til yztu endimarka, og þegar búið verður að rækta skraut- og skjól-garða á útjöðrum hverrar bújarðar, meðfram þjóðvegunum. Þegar bæirnir eru orðnir stórir, með háum stórhýsum, er gnæfa við himin, og fólksflutningalestir þjóta eftir sporum sínum fram og aftur um bygðina á klukkutíma fresti, eða minna en það. Þegar mótorbátar ganga eftir vötnunum, með fullfermi skrautbúinna skemtileitenda, karla og kvenna. Þegar bændurnir með skyldulið sitt þeytast á mótorvögnum eftir uppgerðum vegum sveitarinnar, sér og því til skemtunar. Þegar þráðlaus talskeytatæki eru á hverju heimili, og ferðamenn jafnvel flytja þau í vösum sínum. Þegar akuryrkjuvinna er öll gerð með vélaafli, og búskapur bænda þar orðinn litið annað en skemtileikur. — Þá verður það viðurkent alment, að þessi bygð sé legursta og farsælasta landnám Íslendinga vestan hafs.

Sjálfur hygg ég, að margt af þessu komi fram í nálægri framtíð. Ég er þess fullviss, að kaupmenn og bændur eignast þar og nota mótorvagna innan fimm ára Að mótorbátar gangi þar eftir vötnunum innan tveggja ára. Að skraut- og skýli-skógar verði gróðursettir þar strax á næstu árum. Að bærnir vaxi með miklum hraða, og samgöngur allar verði tíðari og greiðari með hverju liðandi ári.

Alt þetta fæst með vinnu og dugnaði. Þess meira, sem unnið er, þess hraðari verða framfarirnar, og þess fljótar eykst og dafnar velsæld bændanna. Vinnan er sú vogarstöng, sem lyftir mönnum upp yfir fátækt og fáleysi, armóð og áhyggjur, og hefur þá upp til velsældar og allsnægta, og leyfir þeim að njóta sín eins og frjálsum og fullveðja mönnum samir.

Það má treysta landnemunum í þessari bygð til þess að liggja ekki á liði sínu í kapphlaupinu til auðs og metorða. Þeir skilja það allra manna bezt, að hver einstaklingur er—að mestu leyti sjálfur—sinnar lukku smiður, og að atorka og ráðdeild hvers einstaklings er afl þeirra hluta, sem gera skal.

Ég yfirgaf bygð þessa með þeirri tilfinningu, að þar hefði ég í fyrsta skifti séð það landnám Íslendinga, austan Klettafjalla, sem ég hefði viljað eiga heimilis-ítak í, ef þess hefði verið kostur. Bæði vegna frjósemi og fegurðar landsins, og vegna landnemanna sjálfra og félagsskaparins, sem þar ríkir.

Margt fleira mætti segja um bygð þessa, en með því að ferðasagan er nú orðin 17 dálka löng, og flest af því hefir verið tekið fram, sem mér í fljótu bragði hefir fundist ástæða til að geta um, — þá læt ég hér staðar numið.

Þó er eftir að efna það loforð, er ég gaf Mrs. Priest, norskri konu sem heldur greiðasöluhús í Wynyard bæ. Hún bað mig að geta þess, að ef ég skrifaði um ferðina vestur, að hún legði alt kapp á, að breyta sem bezt við gesti sína. Konan er myndarleg, hefir stórt og hreinlegt greiðasöluhús þar í bænum og framreiðir góðar máltíðir með sanngjörnu verði.

Með beztu þökk til bygðarbúa allra, er ég mætti, fyrir alúðar viðtökur, og til þeirra hundrað manna sérstaklega, sem gerðust áskrifendur að Heimskringlu í þessari ferð.

B. L. Baldwinson.

TILBOÐ UM KEYRSLU

Stjóraarnefnd North Star Creamery félagsins æskir eftir skriflegum tilboðum þeirra, sem kynnu að vilja taka að sér, að flytja rjóma þann, er félagið þarf að láta flytja að smjörgerðarverkstæði sínu á næsta sumri. Umsækjendur tiltaki greinilega, hvaða kjör þeir vilja fá, hvort heldur daglaun fyrir mann og "team", eða ákveðna upphæð fyrir hvert smjörpund, er kemur úr rjóma þeim, er þeir flytja, eða hvort tveggja. Enníremur, hvaða borgunarskilmála þeir setja.

Undirritaður veitir tilboðum móttöku til 15. apríl nk. og gefur frekari upplýsingar þeim, er þess æskja.

Framnes, Man., 17. marz 1910.

JÓN JÓNSSON, Jr.

Gunnsteinn Eyjólfsson.

ÆSKUVINUR minn, — góðan, góðan daginn
gefi þér sól á bak við dauðans ský!
Fregnin um lát þitt féll sem skriða á bæinn,
fylti mitt hús með reiðarþrumu-gný.
Þú ert nú alheill sigldur yfir sæinn,
saknandi fagnar hjartað yfir því.
Æskuvinur minn, — góðan, góðan daginn
gefi þér sól á bak við dauðans ský!

TÓNNINN er dáin út, og aldrei framar
ómar frá snillingsstóli silfurhljóð.
Raddþungi enginn eins og þögnin lamar
einstaklingssál og líf í heilli þjóð,
þagnirnar eru stífelt við sig samar,
söngur er það sem glæðir skáldsins ljóð.
Tónninn er dáinn út, og aldrei framar
ómar frá snillingsstóli silfurhljóð.

DRÚPIR nú söngsins dís að þínu leiði,
dynur við eyra fallþung lífkaðöng.
Blómaland hennar eitt er lagt í eyði,
yfir því blaktir fáni í hálfri stöng.
Þó er eins og mér hljómi úr bláu heiði
huggunarorð í þýðum gleðisöng.
Drúpir nú söngsins dís að þínu leiði,
dynur við eyra fallþung lífkaðöng.

SÖNGLÖG þín geyma' um alda bil þinn anda,
enn er á meðal vor þín stóra sál.
Þú hefir mælt á máli allra landa,
meistaralega brýnt þitt andans stál.
Verkin þín lengur bautasteini standa
stöðug og tendra minninganna bál.
Sönglög þín geyma' um alda bil þinn anda,
enn er á meðal vor þín stóra sál.

Guttormur J. Guttormsson.

Skylduverk.

(Frh.) Ég gat þess, að mér virtist íslenzku blöðin hér vestra hafa verið hlutdræg í afskiltum sínum af stjórnmálum á Íslandi. Meðan Hafsteins-stjórnin sat að völdum, var henni alt fundið til foráttu. Meira að segja, nálega eingöngu þær fréttir fluttar, sem áttu að miða til þess, að rýra álit hennar, en breitt yfir alt, eða dregið úr því, sem telja mátti henni til gildis. Aftur á móti hefir því verið haldið á lofti nú, sem að einhverju leyti megi verða Björns stjórn til álits, en hálfyrðum farið um flest þau glappaskot, er hún hefir gert. Þó ber þess að geta, að Heimskringla flutti sanngjarna og viðeigandi grein, er það fréttist, að Tryggva Gunnárssyni var vikið frá bankastjórastöðunni. Sú grein er ritstjóra hennar til sóma lífs og liðnum.

Stjórnmálaflokkarnir hér vestra hafa skapað svo óheilbrigða blaðamensku, að undrum sætir, þar sem aldrei má benda á blett né hrukku á sínum eigin flokki, og aldrei sjá neitt ærlegt í flokki andstæðinganna. Meira að segja, það hefir verið og er regla sumra hér vestra, að vilja ekki láta menn sjá neitt af því, sem andstæðingarnir hefðu að flytja.

Á meðan menn læra ekki þá heilbrigðu bardaga aðferð, að geta óhræddir hlustað á mótstöðumann sinn og leyft öðrum að hlusta á hann líka, á meðan málfrelsi og ritfrelsi er ekki viðurkent í verki — á meðan er ekki við góðu að búast.

Og hvernig stendur á því, að þeir, sem einhverri stefnu fylgja, vilja koma í veg fyrir, að andmæli geen henni verði sem flestum kunn? Það er af þeirri einföldu ástæðu, að þeir trúa ekki á sinn eigin málstað. Þeir trúa ekki á svo mikið afl og sannleiksgildi kenninga sinna, að beir þori að mæta andmælandanum og berjast við hann opinberlega og drengilega.

Þannig var það—frá mínu sjónarmiði — þegar um Hafsteinsstjórnina var að ræða. Blöðin vildu æsa fólk gegn henni og forðuðust að flytja því aðrar fréttir en þær, sem voru til þess að hnekkja áliti hennar, — þorðu ekki að birta það, sem meðhaldsblöð hennar heima fluttu, af ótta fyrir því, að álitið yrði þá annað en þeir vildu.

Hafi maður virkilega trú á sannleiksgildi þeirra kenninga, sem maður flytur, þá vill maður að öll andmæli verði sem opinberust, komist sem víðast, til þess að hægt sé að mótmæla þeim opinberlega og sýna á hversu lítlum rökum þau séu bygð. Hafi maður það aftur á móti á meðvitundinni, að maður sé að verja rangt mál, þá er auðvitað um að gjöra, að leyfa engum andmælum aðgang, reyna að kæfa þau í fæðingunni, — láta sem fæsta heyra þau eða sjá.

Á þessu hefir flest aðferð stjórnmálablaðanna hér verið bygð að undanförnu.

En er nú ekki kominn tími til þess, að leggja niður þessi vopn, og taka upp önnur ærlegri?

Er ekki tími til kominn, að ræða ágreiningsmál með sanngirni?

Er ekki tími til kominn, að leyfa ritfrelsi og málfrelsi meira en að eins í orði kveðnu?

Er ékki tími til kominn fyrir oss Íslendinga, að geta séð háðmyndir í blöðum andstæðinga vorra, án þess að vonzkast yfir því?

Er ekki tími til kominn, að geta viðurkent list í þess konar myndum, jafnvel þótt þær séu ætlaðar til þess, að vinna á móti skoðunum vorum?

Er ekki tími til kominn, að viðurkenna rétt manna til þess, að birta nafnlausar myndir, alveg jöfnum höndum við nafnlausar greinir?

Einkenni kaþólskunnar hefir verið það, að hindra fólkið frá því að hugsa og álykta, — hindrað það frá því, að geta séð og skoðað fleiri en eina hlið.

Einkenni Rússastjórnar hefir verið það, að viðurkenna ekki varnarrétt þeirra, sem hún hefir viljað ákæra.

Eigum vér Íslendingar að halda uppi þessum tveim einkennum í málum vorum?

Er ekki tími til kominn að skifta um stefnur að því er það snertir?

Næst ætla ég að leitast við að skýra aðferðir stjórnarinnar á Íslandi í bankamálinu og staðhæfingar rannsóknarnefndarinnar, — ákærur hennar og svör gegn ákærum. (Frh.).

Sig. Júl. Jóhannesson.

Fréttabréf.

HOLTVILLE, CAL.
1 febrúar 1910.

Heiðraði ritstjóri.

Ég byrja nú á verki, sem mér hefir oft komið til hugar að gera, og mjög líklegt er, að ég fyrir löngu hefði gert það, hefði mér komið til hugar, að ég mundi dvelja svo lengi hér í Californiu, sem raun hefir á orðið. Það eru nú þrjá ár síðan ég kom hingaðt

En fyrst og fremst verð ég að biðja heiðraða lesendur blaðsins að fyrirgefa, þó sumstaðar verði ekki góð íslenzka hjá mér, því það eru næstum 4½ ár síðan ég hefi verið meðal Íslendinga. En alt fyrir það skal ég reyna að rifja hana upp fyrir mér og lýsa lítilsháttar hvernig hér er.

Ég vil að eins geta þess, að ég er hingað kominn bara af heppilegri tilviljun, þó mér af og til dytti í hug að fara hingaðt fyrir 6 árum, þegar St. Louis sýningin var. Þar sá ég margt, sem dró hug minn til Californiu, og meðal annars komst ég í bréfaviðskifti við nokkra landsölumenn hér, sem gerðu sér mikið far um, að senda mér ginnandi lýsingar af landinu hér, sem þó seint, en með tímanum drógu mig hingað. Og það verð ég að segja, að hlutskiíti mitt hér hefir orðið fullkomlega eins gott og ég gat gert mér vonir um. Því hver hefði getað ímyndað sér, að maður á flækingi með tvær hendur tómar, gæti náð sér í bújörð í þessu sólarsæla suðurlandi eftir jafn-stuttan tíma og ég gerði. Eftir að hafa litast um eftir þess konar, var ég búinn að fá mér land eftir tæpa 3 mánuði.

California er óýkjanlega fögur, enda hefir það orðið mörgum innflytjendum að tjóni. Og það skulið þið muna, ef þið komið til Californiu með peninga, í þeim tilgangi, að kaupa ykkur land, að hér eru fleiri vélabrögð höfð í frammi til að reyna að selja landskika fyrir afarverð, heldur enn ég hefi nokkurntíma heyrt um að ætti sér stað annarstaðar. En ef þið bara vissuð það, að það er varla það pláss til hér, sem ekki er til sölu fyrir eitthvert verð, — gætuð þið fljótlega komist að því, að sá, sem selja vill, hefir betri kaup í huga. En hætt við, að nýr innflytjandi, sem hrifinn er af fegurð landsins, athugi þetta ekki, sökum vanþekkingar og ókunnugleika.

Suðvesturlandið er stórt og ógrynni af nýlendum alt í gegn um það. Þar er Indian Reserve hjá Yuma, sem á að opnast 1. marz, og eru þar ríkisvatnsveitingar, er kosta $40.00 á ekruna, en maður fær tíu ára frest til að borga það. Fjörutíu ekrur eru það mesta, sem einn maður getur fengið, svo auðsjáanlega álitur stjórnin þetta land mjög dýrmætt, og ég gæti vel trúað, að 2. marz verði ekki tíu ekrur eftir af þessum 1500, sem opnaðar verða.

Ég kom hingað frá San Francisco borg, þar sem ég hafði unnið á skipum, og var vanur að fara upp á morgnana kl. 6 og þvo dekkið berfættur, í janúar og desember, úr sjónum eins og hann kom fyrir. En þegar ég kom hingaðt 1. marz, sólbrann ég bæði á höndum og andliti, svo ég bjóst ekki við að albera júli og ágúst hitana, en eftir að maður er einu sinni orðinn vel útitekinn, skaðar sólin mann ekki, þó hitinn sé oft 120 stig í skugga. Það er svo þurt og hreint loft hér, og eitt hið heilsusamasta pláss, sem til er, enda eru læknar að senda sjúklinga sína hingaðt úr öllum áttum, einkum þá, sem ganga með tæringu á hættulegu stigi eða Catarrh, og sannleikurinn er sá, að mikill hluti af dalbúum hafa komið hingaðt þannig á sig komnir, en eru nú búnir að ná góðri heilsu. Sumir hafa sagt mér, að þeir hafi verið í efa um, áður en þeir fluttu hingaðt, hvort þeir mundu lifa 2 mánuði, en nú geta þeir unnið á hverjum degi.

Á sumrin rís sólin nokkuð beint hér, og undir eins og hún er gengin undir á kveldin, er næstum orðið dimt (hún er svo lengi á hálofti-inu). Svo við höfum nokkuð jafnlanga daga hér, aldrei mjög langa og heldur ekki mjög stutta.

Regn kemur hér mjög sjaldan, og líða oft 9 mánuðir án þess að skúr komi úr lofti, og þar af leiðir, að jörðin er oft mjög þur. Og til skamms tíma var enginn brunnur í öllum dalnum, sem er yfir 85 mílur á breidd og um 90 mílur á lengd, og hafa margar tilraunir verið gerðar til að ná vatni og tókst það loksins, en grafa varð 800 fet í jörð niður. Það gýs 3 fet í loft upp og er mjög tært og gott.

Svo eiginlega var þessi dalur bara eyðimörk með fáeina hungraða úlfa, nokkra héra og óteljandi skriðkvikindi, einnig nokkrar trjátegundir, svo sem t.d. cactus og þistill, með fáum grænum oliuviðarhrúskum. En alt þetta hefir tekið breytingum, þar sem vatninu úr Colorado ánni hefir verið veitt yfir landið, og með nógu vatni, miklum sólarhita og þessari makalaust frjósömu jörð, sem er sú frjósamasta, sem við þekkjum, þá höfum við aldingarða ávexti alt árið um kring, — þrjár uppskerur á ári af vínberjum fíkjum, perum, peaches og mörgum fleiri mikilsverðum tegundum. Alfalfa hey gefur 7—9 uppskerur á ári og tonn af ekrunni að jafnaði í hvert sinn.

Þær appelsínur, sem ræktaðar eru hér, eru þær fyrstu, sem koma á markaðinn, og eru þær sætari, betri og þyngri enn appelsínur annarstaðar í Californiu.

Pálmatré af ýmsum tegundum vaxa hér. Dates-pálmatréð gefur hér góða uppskeru af dates árlega.

Íbúðarhúsin eru venjulegast að eins tjöld með brúskþaki, til að draga úr sólarhitanum, og þannig lifir fólkið mjög þægilega allan veturinn, því regn er hér mjög sjaldgæft, eins og áður er sagt, og frost mjög lítil. Þau frost, sem koma hér, koma í desember, janúar eða febrúar; en dagar eru svo heitir, að nógir hagar eru fyrir skepnur allan veturinn á bygg- og alfalfa-ökrum.

Þessi dalur er mjög sléttur, með dálitlum halla til norðvesturs, sem gerir þægilegra, að veita vatninu yfir. Brautirnar eru sléttar, án gilja eða hóla, og er plássið aðdáanlega fagurt, með fjöllum að vestan, norðan og austan, og eru sum þeirra um 15 þús. feta há.

Ég hefi nokkrar myndir af ýmsum stöðum hér, sem ég hefði gaman af að skifta á við einhvern fyrir póstspjöld með velvöldum myndum á úr hans bygðarlagi.

Skepnur gera meira gagn hér en víðast hvar annarstaðar í Californiu. Og þó ótrúlegt sé, þá eru það kindur og svín helztu skepnurnar, sem aldar eru upp hér til markaðs, og eru þær seldar á öllum tímum ársins. Hestar þroskast hér fljótt og verða stórir. — Mjólkurkýr eru hér mjög arðsamar, sökum grænna haga alt árið um kring. Baðmull af beztu tegund vex hér, því hér eru engar bleytur til að losa hana áður en hún er hirt, svo ekkert af henni fer til ónýtis. Þar sem hún vex, gefur ekran af sér $100.00 fyrir utan allan kostnað. Byggi er sáð hér í nóvember, og er það brúkað fyrir haga fram í marz, en slegið í maí eða júní, og fást oft 20 til 40 bu. að jafnaði af ekrunni. Í júli er Milo-mais sáð, sem svo er hirt í nóvember, og fæst að jafnaði tonn af ekrunni af þeirri tegund. Svo það er hæglega hægt, að rækta hér tvær uppskerur af korntegundum á ári og hafa beit á sama landinu í 5 mánuði.

Ég held að þetta sé nú orðið nóg í senn, en ef lukkan verður með mér, skal ég reyna að láta til mín heyra seinna.

Hannes H. Ármann.

Lítil athugasemd nr. 3

EFTIR E. S. WIUM.

"Og borgir heiðingjanna hrundu".

Þessi orð urðu eíst í huga mínum, er ég las um tjóníð og eyðileggínguna í Parísarborg.

Það fer hryllingur um mig, mér finst ég sjái bleikan mannsfingur liða hægt yfir silkitjöldin, — silkitjöldin fögru, er ekki geyma þó annað á bak við sig en rotnun og dauða í hinni margyltu skrauthöll mannfélagsins. — Já, hún er vissulega orðin að dauðra manna gröf, enda þótt yfirborðið sé fagurt og fágað.

Þegar ég gæti betur að, sé ég að þetta er engin missýning. Það eru sömu bleiku fingurnir, er skráðu undra-rúnirnar austur í Babylon fyrir þúsundum ára, á silkitjöldin í hinum glæsilegu hallarsölum Balthasar konungs, — og flesta mun reka minni til, hvað þar fór á eftir, hafi þeir annars lesið bibliuna. "Lýgi ei ritar drottins hönd", svo kvað eitt af skáldunum okkar, og það er sannleikur.

"Og borgir heiðingjanna hrundu".

Svo stendur skrifað í hinni miklu örlagabók mannkynsins, Opinberun Jóhannesar, 16. kap. Þau sýnast ætla að rætast þessi orð eins og alt annað, því að þetta mun vera 5. stórborgin, er fengið hefir skell á skömmum tíma. Þó er þetta ekki nema ofurlítil hirting; það er eins og áminning af ástríkum föður, sem sér að barnið sitt er að verða mesta úrþvætti og ættarskömm, og efni í versta glæpamenn. Það harðasta og sárasta er ennþá hvílð í framtíð mannkynsins, — en ýmislegt virðist þó benda í þá átt, að þess muni þó ekki langt að bíða.

Já, þetta er aðvörun til þjóðanna í hinum svo nefnda mentaða heimi, og skamt er nú farið að verða á milli þessara áminninga; ef að þessu heldur fram eftirleiðis, sem hingað til, geta þær allar verið búnar að fá sína hirtingu á fjórðungi aldar, sem nú eru allra dýpst sokknar í guðleysi, siðspillingu og alls konar fúllífnaði, — en þegar því er lokið, verður líka háspilinu varpað fram á borðið, — eða máske fyrri.

Og París er að hrynja, höfuðból heimsmenningarinnar og aðalstöð glæpalífsins, hvaðan flestir og verstir eiturstraumar siðspillingarinnar hafa runnið út um heiminn í síðastliðnar 2 aldir. Sódóma Norðurálfunnar, aflstöð tízkunnar og hégómaskaparins er að sökkva í eyðileggingar-hafið. Þetta eru miklar fréttir.

Spiltari þjóð en Frakkar og spiltari borg en París, hefir máske aldrei verið til á norðurhveli jarðar frá því tilvera mannkynsins hófst lengst fram í kolsvartri fornöld. Þaðan hafa nú á síðari árum borist hinar allra svörtustu lýsingar á lífi manna, er nokkru sinni hafa verið í letur færðar. Það er mjög líklegt, þó að sagnaritarar hefðu verið til á dögum Sódómu Austurlanda, slíkir sem nú, myndi lífernislýsing þeirra borgarbúa alls ekki hafa verið ógeðslegri en Parísarmanna. — Máske þekkir þessi spilta borg sinn vitjunartíma og lætur slíkar ófarir sér að kenningu verða í framtíðinni. Þó er það ekki líklegt, til þess er hún alt af djúpt sokkin í spillinguna.

En vitaskuld eiga allar álfur veraldar—þar sem heimsmenningin nær til—sínar Sódóma-borgir, eða fúllífnaðarbæli, en Evrópa og Ameríka hafa þó hlotið þann vafasama heiður, að eignast þær flestar — og verstar.

"Og borgir heiðingjanna hrundu".

Svo stendur ritað í hinni miklu og dularfullu örlagabók.

Það hefir verið margra meining, að þessi orð ættu einungis við borgir heiðinna þjóða, þ.e. þeirra þjóða, sem ekki bera kristið nafn, eða sem ekki hafa meðtekið kristindóminn í réttri mynd. En svo er þó ekki. Það eru að eins hinar kristnu þjóðir, sem hér er átt við, og þeim einum ber heiðurinn—ef nokkur er—af því að hafa hlotið þetta "heiðna" sérkenni nafn í spádómsritum bibliunnar. — Allir vita, að Gyðingar eru dreifðir víðsvegar út um hin kristnu löndmentaða heimsins, en ekki meðal villiþjóða jarðarinnar. Þeir verða samankallaðir þaðan á sínum tíma víðsvegar að "úr löndum heiðingjanna" og "borgum heiðingjanna, — safnað saman í eitt "úr beinadalnum", þegar þeirra löngu og ströngu útlegð er lokið, og leiddir aftur heim í landið sitt sögufræga. Þá er Guðs dómi fullnægt!

Ég held að hinni kristni heimur ætti ekki að vera mjög mikið upp með sér af því að vera nefndur "beinadalur" í sjálfri bibliunni, því einmitt nafnið bendir oss ótvírætt á það, að hinn kristni lýður sé þá ekki orðinn annað en beinagrind, skræld og skinin, eins og líkamsleyfar í dauðra manna gröfum. Það er alveg sama, hvað þeir eru nefndir á tungumálum heimsins, hvert þeir heita Prótestantar, Presbyterar, Katólikar, Únitarar, Campbellistar, Universalistar eða eitthvað annað, því samt eru þeir allir í "beinadalnum" á líkingamáli bibliunnar. Hún gerir þar á engan greinarmun, og við því er heldur ekki að búast, því hið alskygna auga drottins verður ekki blekt með yfirborðs litprýði eða fágun, né skynhelgi hræsninnar. Hann sér í gegn um allar grímur mannkynsins, úr hverju efni, sem þær eru gerðar.

En frá þessum beinadalsbúum á þó loks hin útvalda drottins þjóð að frelsast, svo hún ekki verði hluttakandi í hörmung og eyðileggingu hins spilta og fráfallna lýðs. Þá hafa Gyðingarnir að fullu úttekið sína hegningu fyrir það þeir grýttu og lífléta spámenn sína, og krossfestu og smánuðu frelsara mannkynsins.

En þá kemur að hinum síðari, sem enn minna hafa sér til afsökunar en Gyðingarnir, er unnu sin hermdarverk óvitandi, en ekki af meðfæddri grimd og eðlisspillingu, — þá kemur að því, að hinn kristni heimur fær að svara fyrir sinar sakir, og þá getur ekki þekkingarleysið verið "skjól eða vörn fyrir skálkinn", er refsibrandur hinnar ellifu réttvísi leiftrar yfir höfði hinnar hrokafullu kynslóðar, er útskúfaði og grýtti frelsara sinn og lifgjafa vísvitandi. "Þá mun exin ríða að rótum trjánna, og hvert það tré, sem ekki ber góða ávexti, verða upphöggvið".

Það getur verið gott fyrir hinn nafn-kristna heim, að taka þetta til íhugunar. Gyðingar eru nú þegar byrjaðir að flytja úr "beinadalnum" heim til "fyrirheitna landsins", er drottinn gaf feðrum þeirra fyrir mörgum öldum, og sá heimflutningur mun halda áfram á komandi árum.

Sjá, ég kem skjótt og hefi með mér endurgjaldið handa sérhverjum, eftir því sem haus verk verða (Op. 22 kap.).

Smávegis.

68 miliónir kíló (kíló—2 pd.) af hrísgrjónum var étið á Frakklandi árið 1895. Tuttugu árum síðar var eyðslan helmingi minni. Verð hrísgrjóna hafði einnig minkað um fjórða part á þessum 20 árum. Hrísgrjóna framleiðslan í nýlendum Frakka hafði einnig vaxið úr 2½ mil. kílógr. upp í 65 mil. kg. þessi sömu 20 ár. Hrísgrjón hafa að geyma álíka mikla næringu og hita fyrir líkamann eins og hveiti.

"Eldhúss-skáldsögur" er stundum gróðavegur að gefa út. Bókaútgefandi í Berlín gaf út skáldsögu í 150 heftum á 10 aura hvert. Af fyrstu heftunum 5 seldust 175,000, en af því síðasta 13,000. Samt fékk hann 200,000 krónur í 10-eyringum fyrir söguna, og þar eð úrgjöldin voru ekki nema 130,000 kr., varð gróðinn 70,000 kr. Af því fékk söguhöfundurinn 6000 kr.

Hve langt heyrist þrumuhljóðið? Sé miðað við það, að hljóðið þarf 3 sekúndur til að berast yfir eina röst (kilómeter), heyrist þrumuhljóðið vanalega í 20—25 rasta fjarlægð, en þó hefir það komið fyrir, að þrumuhljóðið hefir heyrst 2 mínútum eftir að eldingin sást, eða í 40 rasta fjarlægð.

ROBLIN HOTEL
115 Adelaide St. Winnipeg
Bezta $1.50 á dag hús í Vestur-Canada. Keyrsla ókeypis milli vagnstöðva og hússins á nóttu og degi. Áðhlynning hins bezta. Viðskifti Íslendinga óskast. ÓLAFUR G. ÓLAFSSON, Íslendingur, afgreiðir yður. Heimsækjið hann.
O. ROY, eigandi.

A. S. BARDAL
Selur líkkistur og annast um útfarir. Allur útbúnaður sá bezti. Enfremur selur hann alskonar minnisvarða og legsteina.
121 Nena St. Phone 306

HEIMSKRINGLU og TVÆR skemtilegar sögur fá nýir kaupendur fyrir að eins $2.00.

Giftingaleyfisbréf
selur: Kr. Ásg. Benediktsson
528 Simcoe st. Winnipeg.

THE "Arena"
Þessi vinsæli skautaskáli hér í vesturbænum er nú opinn. Ísinn er ágætur. 18DA MOUNTED RIFLES BAND SPILAR Á ARENA. KARLM. 25c.—KONUR 15c.
Chas. L. Trebilcock, Manager.

JIMMY'S HOTEL
BEZTU VÍN OG VINDLAR.
VÍNVEITARI T.H.FRASER.
ÍSLENDINGUR.
James Thorpe, Eigandi

A. S. TORBERT'S
RAKARASTOFA
Er í Jimmy's Hótel. Besta verk, ágæt verkfæri; Rakstur 15c en Hárskurður 25c. — Óskar viðskifta Íslendinga. —

MARKET HOTEL
146 PRINCESS ST. á móti markaðnum
P. O'CONNELL, eigandi, WINNIPEG
Beztu tegundir af vínföngum og vindl um, aðhlynning góð húsið endurbætt

Woodbine Hotel
466 MAIN ST.
Stærsta Billiard Hall í Norðvesturlandinu
Tíu Pool-borð.—Alskonar vín og vindlar
Gistin, og fæði: $1.00 á dag og þar yfir
Lennon & Hebb
Eigendur.

Á beztu heimilum
hvar sem er í Ameríku, þar munið þér finna HEIMSKRINGLU lesna. Hún er eins fróðleg og skemtileg eins og nokkuð annað íslenzkt fréttablað í Canada

Þau héldu áfram. Skamt frá dysinni lá skógarstígur þvert yfir þjóðveginn, og Móritz var staddur á þessum gatnakross, þegar tveir menn komu ríðandi í hendingskasti og með þeim fáeinir veiðihundar. Áður en Móritz gat kipt móðu sinni til hliðar, var þeim slengt niður af hesti annars mannsins. Maðurinn tók ekki eftir þessu, eða vildi ekki taka eftir því, en hvarf óðara inn í skóginn. En Móritz hafði þekt þá, — annar þeirra, sá, sem reið hestinum er feldi þau um koll, var Eberharð greifi, en hinn var fáeinn litlu stúlkunnar, sem hann bjargaði einu sinni.

Móritz meiddist ekkert og stóð strax upp, en móðir hans lá í yfirliði með djúpt sár á höfðinu. Hann leit í kringum sig en sá engan mann.

Hann rak upp hátt hljóð af örvilnan og reiði, tók móður sína, bar hana til hliðar við veginn og lagði hana þar niður í grasið.

Nú heyrðist veiðilúðra hljómur. Móritz leit upp og sá skrautbúinn veiðimannahóp ríða í sömu átt og hina tvo mennina. Enginn þeirra tók eftir drengnum, sem lá á hnjánum hjá móður sinni, sem ef til vill var deyjandi. Sár örvænting greip sálu drengsins.

"Móðir mín, elskulega móðir mín", kallaði hann, og vætti andlit hennar með tárum sinum, "átt þú nú að deyja, troðin niður undir hestafótum hinna riku, hinna voldugu. Ó, nei ..... Vaknaðu, vaknaðu".

En hún vaknaði ekki.

"Hvað á ég að gera? Hjálp, hjálp!"

Móritz kallaði eins hátt og hann gat, en enginn kom. Úr sárinu rann blóðið með hægð ofan í grasið.

Móritz hnepti frá sér treyjunni og vestinu, reif stóra pjötlu af skyrtunni sinni og batt um sárið eins vel og hann gat. Spratt svo á fætur, sótti vatn í húfunni sinni og skvetti því á andlit móður sinnar.

Dálítið líðsmerki kom í ljós hjá vesalings konunni, hún opnaði augun og stundi.

"Hún lifir ennþá", sagði Móritz, og horfði á hana skjálfandi af angist, "en hvert á ég að fara með hana. ..... Himneski guð, hvar fæ ég hjálp og aðstoð?"

"Hjá mér", var sagt á bak við hann. Móritz sneri sér við. Jakob Kron stóð frammi fyrir honum.

"Af stað", sagði Móritz ákafur, "frelsaðu móður mína, og ég skal endurnýja eiðinn, sem þú tókst af mér, þegar ég var ungur, — Hannibals-eiðinn gegn hinum riku".

"Gott", svaraði Jakob kuldalega, "ég skal gera það, sem ég get. Héðan er ekki nema steinsnar að tómum kofa, þangað skulum við flytja móður þína, og svo skulum við sækja prest og læknir".

Með aðstoð Móritz tók Jakob konuna í fang sér og gekk eftir stig, sem lá inn í skóginn.

Fjórða atvik.

Það var kominn dagverðartími. Í einu rjóðri í skóginum voru tveir þjónar að raða niður matnum á dúka, sem láu á grasinu. Í nokkurri fjarlægð heyrðust skot, hundagelt og lúðrahljómur.

"Pierre", sagði annar þjónninn, "hér er ekkert kampavín".

"Jú — jú, ég hefi hérna körfu með kampavíni og Xeresvíni, sem greifanum þykir svo gott. Sjáðu", og um leið tók hann upp flösku og sýndi félaga sínum.

"Hefirðu margar af þessu tagi, Pierre?" spurði hinn.

"Tíu. Svo hefi ég margar af portvíni, rínskvíni og eplavíni".

"Það er ekki nema sanngjarnt, Pierre, að við smökkum á sælgætinu. Finst þér það ekki?"

"Jú, í sannleika, en það eru litlar líkur til þess. Greifinn hugsar að eins um sjálfan sig".

"Finst þér þá ekki", sagði hinn og tók flösku úr körfunni, "að við ættum að hjálpa okkur sjálfir? Hver heldur tölu á flöskunum? Ekki gerir húsbóndinn það".

"Heldurðu það?" sagði Pierre, leit í kring um sig og hlustaði.

"Já, það er auðvelt að ná tappanum úr þessari".

"Ekki geri ég það", sagði Pierre, "en þú Jean?"

"Ég ekki heldur", svaraði Jean, og sleit þó stálþráðinn, sem hélt tappanum. "Hana þar fór hann".

Tappinn þaut upp í loftið og dálítið af víni skvettist á föt Jeans. Hann setti flöskuna á munn sér og drakk ofan í hana hálfa, rétti hana svo að félaga sínum, sem sá um geymsluna á því, sem eftir var.

"Sjáðu nú", sagði Pierre, og kastaði flöskunni inn í runna, "þurkaðu af fötunum þínum og svo skulum við gefa merkið að alt sé tilbúið".

Jean blés í hornið, það var merkið. Veiðimennirnir komu á stangli, sumir með veiðifeng, aðrir tómhentir.

"Skoðum við nú til", sagði Eberharð, sem var einn af hinum fyrstu, "erum við nú allir komnir? Nei, fáeina vantar enn, en við því verður ekki gert, það var umsamið, að bíða ekki. Fáðu þér pláss, barún Ehrenstam. Angela, seztu hjá mér, engillinn minn. Barún Y., seztu hjá lautinant X. Sko, þarna koma fleiri veiðimenn. Velkomnir herrar. Glösin eru full".

Veiðimennirnir bundu hesta sína við trén, og lögðust svo rólegir niður í grasið.

Crispin og Angela komu bæði undir eins, og meðan þau bundu hesta sína, sagði Crispin lágt:

"Nú verður drukkið duglega. Þegar kátínan er sem mest, læðumst við í burt, leysum hestana okkar og förum. Ég skal gefa þér merki, þegar þú átt að fara. Þú verður að fara á undan þangað, sem við ætlum að hittast, ég kem strax á eftir, það tjáir ekki, að við förum bæði á sömu stundu".

"Gott, ég skil það", sagði Angela.

Svo fengu þau sér sæti á meðal hinna. Það var mjög skemtilegur miðdagur, söngur, drykkur og lúðrahljómur á víxl. Eftir dagverðinn, sem nóg vín fylgdi, komu stórar skálar fullar af púnsi, og þá byrjaði glaðvæðin fyrir alvöru.

Skamt þaðan stóð litill, fornfálegur kofi, og í honum var deyjandi kona, unglingspiltur og afbrotamaður.

Ómur veiðihornanna, hávaðinn og hláturinn barst inn í kofann til hinnar deyjandi konu, sem lá í einu horninu á hrúgu af grasi og jurtum.

"Móritz", sagði hún veiklulega, "gefðu mér vatn að drekka, ég er svo þyrst".

"Pierre", kallaði Eberharð, sem var í nokkurra skrefa fjarlægð, "gefðu mér eitt glas af Xeres. Þetta púns er mjög gott ..... en ....."

"Móðir mín", sagði Móritz grátandi, um leið og hann hélt sprunginni skál að vörum hennar með vatni í, "segðu að þú ætlir ekki að deyja, og að þú verðir aftur heilbrigð og frísk, annars deyði ég mig hér við hlið þína".

"Mér þætti gaman að vita, hvernig konunni og drengnum líður, sem hesturinn þinn slengdi um koll", sagði Ehrenstam. "Þess konar fólk er nú vant að þola dálítið misjafnt".

"Vesalings kona ..... ógæfusama barn", sagði Jakob Kron, "vofaleg forlög eru það, sem ásækja

THE DOMINION BANK

HORNI NOTRE DAME AVENUE OG SHERBROOKE STREET

Höfuðstóll uppborgaður: $4,000,000.00
Varasjóður - - - $5,400,000.00

SPARISJÓÐS DEILDIN:

Vér veitum sparisjóðs innleggjendum sérstakt athygli, og borgum hæztu vexti á sparisjóðs innleggjum af $1.00 og yfir. — Barna innlegg velkomin. — Seljum peningaávísanir á ÍSLAND.

M. A. BRIGHT, RÁÐSMAÐUR.

Með því að biðja sérstaklega um "T.L. CIGAR," þá ertu viss að fá góðan vindil.

T.L. CIGAR

T.L.

(UNION MADE)

Western Cigar Factory,
Thomas Lee, eigandi Winnipeg

NÚ TIL SÖLU

DREWRY'S

BOCK BEER

Hann er betri á þessu vori en nokkru sinni áður. — Biðjið um hann. —

E. L. DREWRY, Manufacturer, Winnipeg

Department of Agriculture and Immigration.

MANITOBA

Þetta fylki hefir 41,169,089 ekrur lands, 6,019,200 ekrur eru vötn, sem veita landinu raka til akuryrkjuþarfa. Þess vegna höfum vér jafnan nægan raka til uppskeru tryggingar.

Ennþá eru 25 miljónir ekrur óteknar, sem fá má með heimilisréttti eða kaupum.

Íbúatala árið 1901 var 255,211, nú er hún orðin 400,000 manns, hefir nálega tvöfaldast á 7 árum.

Íbúatala Winnipeg borgar árið 1901 var 42,240, en nú um 115 þúsundir, hefir meir en tvöfaldast á 7 árum.

Flutningstæki eru nú sem næst fullkomin, 3516 mílur járnbrauta eru í fylkinu, sem allar liggja út frá Winnipeg. Þrjár þverlandsbrauta lestir fara daglega frá Winnipeg, og innan fárra mánaða verða þær 5 talsins, þegar Grand Trunk Pacific og Canadian Northern bætast við.

Framför fylkisins er sjáanleg hvar sem litið er. Þér ættuð að taka þar bólfestu. Ekkert annað land getur sýnt sama vöxt á sama tímabili.

TIL FERÐAMANNA:

Farið ekki framhjá Winnipeg, án þess að grenslast um stjórnar og járnbrautarlönd til sölu, og útvega yður fullkomnar upplýsingar um heimilisréttarlönd og fjárgróða möguleika.

R. P. ROBLIN,
Stjórnarformaður og Akuryrkjumála Ráðgjafi.

Skrifið eftir upplýsingum til

Joseph Burke, 178 LOGAN AVE., WINNIPEG.
Jas. Hartney, 77 YORK ST., TORONTO.

ALDREI SKALTU geyma til morguns sem hægt er að gera í dag. Pantið Heimskringlu í dag.

Ekkjan á Akranesi.

Nöfn gefenda á sölnunarlistum.

Safnað af Ástu Árnason, Pembina, N. D.: K. Magnússon, Mrs. G. Stevenson, Geo. Peterson, G. B. Árnason, Freeman Árnason, Maggie Thorsteinsson, G. Gunnarsson, Mrs. A. Árnason, Freda Árnason, Einar Einarsson, Brandur Johnson, Guðj. Bjarnason, Minti Ormson, G. Olson, hvert 50c; Ole Peterson, Jóhanna Goodman, Mrs. Anna Oliver, Thorstein Oliver og Mrs. F. Volrath, hvert 25c. Samt. 8.25

Safnað af M. Ólason, Hensel, N. D.: Mrs. Lukka E. Christjánson, $1.50; M. Ólason, Sigurbj. Björnsson, Gísli Eyjólfsson og Mrs. H. Anderson, hvert $1.00; Mrs. Margrét Scheving, 50c (allir á Hensel); Vigfús Hallsson (Akra), $1.00. Samtals $7.00

Safnað af Mrs. Guðrúnu F. Guðmundsson, Akra, N. D.: — Mrs. S. Thorwaldson, $2.00, Mrs. Kristin Kristjánsson, Mrs. Guðrún F. Guðmundsson, Jónas Jónsson, Halldór J. Árnason, M. Einarsson, Sigurjón Stefánsson og B. H. Hjálmarsson, hv. $1.00; J. J. Jónsson, Mrs. Sesselía Halldórsdóttir, Mrs. Elín Hallson og Mrs. Ingibjörg Árnason, hvert 50c; Óneíndur, 30c (allir á Akra); Mr. og Mrs. G. B. Sveinsson, $2.00; John Scheving, Mrs. Guðrún B. Sigurðsson, Thorláku Björnsson, S. Th. Björnsson og Mrs. Sigurbjörg Erlendsson, hvert $1.00; Mrs. Ingibjörg Einarsson, Helgi Johnson, Mrs. Sigríður Scheving, Elín Sigurrós Steiánsson, hvert 50c Ólafur Jóhannsson, Miss Fríða Hólm, Mrs. Þóra Hólm, Miss Vigdis Höskuldsson, ÓlafurHöskuldsson og Mrs. Sigrún T. Johnson, hvert 25c (allir á Hensel, N. D.). Samtals $21.80

Safnað í Glenboro, Man., af Miss Stefaníu Stefánsson: Jón M. Nordal $3.00; Mr. og Mrs. Alek Johnson $1.00; Miss Stefanía Stefánsson $1.00; Sigmar Bros. Co., Mrs. Stefán Jóhannsson, Jón M. Ólafsson, Jón Ólafsson, Miss Guðbjörg Goodman, Miss Roony Goodman, Kristján Sigurðsson, Mrs. Elinborg Goodman, S. Guðnason, Oliver Bjarnarson, J. J. Anderson, T.W.Sigurðsson, Mrs. Gillis, Mrs. S. A. Anderson og Guðmundur Jónsson, 50c hvert; Jón Sturluson 35c; Mrs. Kristín Þórarinsson, Miss Laufey Johnson, Mrs. Pálína Steinsson, Mrs. Jón Hjálmarsson, Mrs. Halldóra Goodman, Mrs. Nanna Sigurðsson, Árni Halldórsson, Einar Jónsson, Óneíind, Mrs. Björn Einarsson, Miss Kristín Thomson, Miss Margrét Johnson, Miss Emma Sigurðsson, Mrs. Helga Stevens, F. Friðriksson og Jóhannes Sigurgeirsson, hvert 25c. Samtals ... $16.85

Safnað af F. Finnbogasyni, Árnes, Man.: F. Finnbogason $1.20; Stefán J. Jóhannesson, Mrs. St. Sigurðsson og Óneíndur, hvert 50c; Jón Jónsson, George Lawends, Mrs. S. S. Jóhannesson, Guðmundur Eliason, Mrs. J. Einarsson, Einar Jónsson, Mrs. A. Finnbogason, Andrew Finnbogason, Mrs. Ch. I. Kristjánsson, Sigríður Guðnadóttir, J. B. Snæfeld, Árni J. Snæfeld, Bárður Einarsson og Guðvarður Hannesson og S. Sigurbjörnsson, hvert 25 cents (allir á Árnes, Man.); Mrs. Sigurveig Einarsson, Mrs. M. Magnússon, Jakob Guðjónsson, St. Sigurðsson, S. Pálsson, séra Jóh. Bjarnason, hvert $1.00; Kr. Snæfeld, Gísli Sigmundsson, S. Victor Sigurðsson, Árni H. Guðmundsson, S. J. Vídal og Mrs. M. M. Jónasson, hvert 50c; Jón Gunnarsson, 30c; Miss Jóna Alberts, Jón Antoníusson, Mrs. J. Guðmundsson, Guðni J. Guðmundsson, Gunnsteinn J. Guðmundsson, Miss Guðný Jónasson, Mrs. J. Bergsson og Miss Kristín Jónsson, hvert 25c (allir á Hnausa, Man.); — Sigurjón Sigurðsson, Árborg, $1.00; Friðgeir Sigurðsson, Gimli, 25c; J. Halldórsson, Oak Point, $1.00; Samtals $20.00

Safnað af S. R. Johnson, Mountain, N.D. (ekki af Sigurbirni Guðmundssyni eins og auglýst var áður): Árni Thorfinsson, $2.00; H. H. Reykjalín og S. R. Johnson, $1.00 hvor; Elísabet Pétursdóttir og Margrét Johnson, 50 cts. hvor (allir á Mountain); — Jónas Hannesson, $1.00 og G. A. Christianson 50c (báðir á Edinburg). Samtals $6.50

Samskotin frá Minneota, Minn. sem auglýst voru í síðasta bl., eru frá þessum: Kvenfélagið "Ísafold", $5.00; Ásgrímur G. Westdal og Einar Ólafsson, $1.00 hvor; Westdal Brothers, 75; John Stone, 60c; John G. Ísfeld, John L. Johnson, Stefán S. Hofteig, John G. Westdal, Ólafur J. Rafnsson, John B. Gíslason, John Snidal, Jóhann A. Jósephson, Óle S. Peterson, Pétur Pétursson, Eyjólfur Björnsson, E. Swanson, Aðalbjörn Björnsson, Hermann Josephson, Earnest Magnússon, Pétur Guðmundsson, Sigurbjörn S. Hofteig, Halldór Hofteig, Stefán S. Pétursson, C. A. Edwards, Lúðvíg Westdal, Jónas Ólafsson, G. A. Anderson, Otto Anderson, Nick Nickolson, G. A. Dalmann, G. B. Björnson, B. B. Gíslason, B. Jones, S. A. Anderson, Sigvaldi Johnson, Jóhann Ó. Guðmundsson, séra B. B. Jónsson, A. B. Gíslason, S. B. Eiríksson og Frank L. Westdal, hvert 50c; John K. Johnson, Björn Snidal, A. S. Snidal, Sigríður Aradóttir, E. E. Fjeldsted, Mrs. E. E. Fjeldsted, John S. Stone, Joseph Johnson, A. T. Johnson, S. M. S. Askdal, Halldór Johnson, Arngrímur Johnson, A. R. Johnson, P. P. Jökull, K. S. Askdal, Albert Johnson, Joseph Josephson, Vigfús Anderson, H. Benson, John A. Johnson, G. Rafnsson, Th. S. Eastmann, A. H. Rafnsson, hvert 25c; Henry Guðmundsson, 15c; Óneíndur, 10c. Samtals ... $33.35

Safnað af Thorláki Jónassyni, Wynyard, Sask.: Thorlákur Jónasson, $2.00; Friðrik Bjarnason, F. J. Bjarnason, Ben. Josephson, John Johnson, Paul Bjarnason, S. S. Bergmann, John Sigmundsson, H.J.Halldórsson, Miss Ólöf Breiðfjörð, Valdi Sveinsson, H. S. Axdal, S. A. Sigfússon, John Goodman, G. B. Josephson, John Bergvinsson, Frank Dalmann, N. B. Josephson, Kelly Sveinson, Símon Sveinson, S. B. Halldórson, Th. Thorsteinson, Joe S. Stefánsson, S. J. Axdal, J. A. Johnson, Níels Johnson, hv. $1; F. Thorfinnson, $1.25; Ó. Ísfeld, 75c; Jónas Th. Jónasson, Sigurður Th. Jónasson, Óneíndur, Óneíndur, Óneíndur, Geiri Hallgrímsson, Ásgeir Guðjónsson, Oneíndur, Ólafur Stefánsson, Bjössi Goodman, Steini Goodman, Skúli Goodman, Mrs. S. Goodman, Paul Eyjólfsson, Miss Thorbjörg Bjarnason, John Reykdal, H. S. Anderson, John J. Gardar, Joe Bjornsson, F. J. Callon og Ingi Guðjónsson, hv. 50c; Paul Johnson, Óneíndur, Oneíndur, B. F. Bjarnason, H. Bjarnason og Geir Kristjánsson og Oneíndur, hv. 25c (allir að Wynyard, Sask.); — Mrs. Herdis Torfadóttir, S. Björnsson og G. Backman, hvert $1.00; Walter Johnson, Th. Laxdal, Hóseas Hóseasson, Friðrik Guðmundsson, Jóhann K. Johnson, St. Arngrímsson, Jón Sveinbjörnsson, Jón Arngrímsson og Óneíndur, 50 cents hvert; — Arthur Johnson og Miss Torfason, 25c hvert (allir að Mozart, Sask.); — G. J. Ólafsson, K. Eyjólfsson, Einar Bergthorsson, Th. Björnsson, S. Guðnason og óneíndur, hv. $1.00; Óneíndur og C. Friðriksson, 50c hvor (allir að Mimir, Sask.); — S. Johnson, Big Quill, 50c. Samtals $57.25

Safnað af Jakob Freeman, Gardar, N. D.: B. M. Melsted, Th. Sigmundsson, Björg Jónsson, Mrs. Margrét Einarsson, Mrs. Anna Kristjánsson, E. H. Bergmann, Rósa Dalmann, Albert Samúelsson, Guðmundur Jónsson, hvert $1.00; J. G. Davíðsson, Jónas Hall, Jónas S. Bergmann, S. M. Breiðfjörð, Hans Einarsson, E. O. Helgason Aðalmundur Guðmundsson, Mrs. A. Guðmundsson, S.T.Gíslason, séra K. K. Ólafsson, Mrs. Anna Mýrdal, John Brandson, Jóhann J. Sveinsson, Oddur Dalmann, John Jóhannesson, E. A. Melsted, O. K. Ólafsson, V.Johnson, J. K. Ólafsson, F. Samson, G. B. Olgeirsson, Tryggvi Christjánsson, Oddur Johnson, H. S. Walter, S. Guðmundsson, Joseph Walter, Jakob Freemann, hvert 50c; Óneíndur 30c; Tryggvi S. Kristjánsson, Sveinn S. Johnson, Magnús Magnússon, Magni Davíðsson, St. Ísfeld, Daði Johnson, Ólafur G. Skagfjörð, Jón Skagfjörð, Mrs. Ásta Skagfjörð, S. K. Mýrdal, H. Thorlacius, S. Guðmundsson, G. Thorleifsson, S. J. Hallgrímsson, Kr. Samúelsson, Gestur Christianson, J. H. S. Anderson, A. D. Marble, Laufey Melsted og S. Mitchell, hv. 25c (allir á Gardar); — M. O. Florence, $1.00; Perry Johnson, H. T. Ellenson og Ole J. Skare, 50c hv.; Andrew J. Glaholt, Nels Gutterud og B. O. Ruseley, hv. 25c (allir að Union) — Samtals $31.05

Safnað af S. Mýrdal, Vancouver, B.C.: Mrs. Anna Breiðfjörð, $5.00; Ólafur Johnson, $2.00; S. Mýrdal, Bjarni Bergmann, E. Brandson, Óneíndur, Ólafur Sæmundsson, Mrs. Valgerður Miller, I. B. Póst, J. Hall og Sigurjón Mýrdal, hvert $1.00; Christján Sívertz, Thórólfur Sívertz, J. Ásgeir J. Líndal, Mrs. Sigurlina Thomson, T. K. Anderson, E. Brynjólfsson, Mrs. G. S. Cox, B. Goodman, P. Christjánsson, Mrs. E. Millington, C.B.George, Mrs. S. G. Peden og O. J. Árnason, hvert 50c; Miss Lena Brandson, Óneíind og Oliver Sigurðsson, hvert 25c (allir í Vancouver, B.C.). Samtals $23.25

Safnað af Mrs. Guðbjörgu Guðmundsdóttir Johnson meðal Íslendinga í Winnipegoses og Red Deer Point, Man.: — F. Hjálmarsson, $2.00; Mrs. Thorarinn Johnson, Mrs. G. J. Guðmundsson, Skarphéðinn Tighe, Walter Johnston, Joe Johnston, John Colkin, Th. Gíslason, A. Stevenson, Guðmundur Johnson, Mrs. B. Crawford, Leo Hjálmarsson, Oliver Johnson, Mrs. Búi Johnson, Thorarinn Johnson, G. Guðmundsson, Gísli Jóhannesson, Mrs. G. H. Scheldemose, Mrs. Joe Scheldemose, Mrs. I. Johnson, Jónas Brynjólfsson Kristbjörg Ögmundsdóttir, Theo. Johnson, Paul Paulson, John Goodman og Guðbjörg Guðmundsdóttir, $1.00 hvert; Mrs. G. Brown, Luie Crawford, John Rögnvaldsson og Mrs. G. Fredrickson, 50c hv. Samtals ...$29.00

Til minnis.

Nautgripi, hesta og landbúnaðarverkfæri tek ég í skiftum fyrir gott hús í Winnipeg. Húsið er með öllum hæst-móðins þægindum. — Þetta ætti að geta komið sér þægilega fyrir einhvern. Skrifið, talsímið eða talið við.

G. J. GOODMUNDSON,
Talsími: Main 4516. 702 Simcoe

"Andvökur"

LJÓÐMÆLI EFTIR

Stephan G. Stephansson

Kosta, í 3 bindum, $3.50, í skrautbandi.

Tvö fyrri bindin eru komin út, og verða til sölu hjá umboðsmönnum útgefendanna í öllum íslenzkum bygðum í Ameríku.

Í Winnipeg verða ljóðmælin til sölu, sem hér segir:

Hjá Eggert Jóhannssyni, 689 Agnes St., EFTIR KL. 6 AÐ KVELDI.

Hjá Stefáni Péturssyni, AÐ DEGINUM, frá kl. 8 f.h. til kl. 6 að kveldi, á prentstofu Heimskringlu.

Hjá H. S. Bardal, bóksala, Nena St.

Utanbæjarmenn, sem ekki geta fengið ljóðmælin í nágrenni sínu, fá þau tafarlaust með því að senda pöntun og peninga til Eggerts Jóhannssonar, 689 Agnes St., Winnipeg, Man.

Leyndarmál Cordulu frænku.

Nýjir kaupendur að HEIMSKRINGLU sem borga fyrirfram, fá skáldsögu þessa og aðra til, alveg

ókeypis.

Eitthvað verðum við að skilja eftir, til að vekja ekki grun hans of snemma. Hvað hefir þú í þessum bagga?"

"Hinkraðu við, svo skaltu fá að sjá það".

Angela gekk að borðinu og opnaði baggann. Í honum voru ýmsir munir, gullbryddir kjólar úr silki og flaueli, indversk sjöl, andlitsblæjur, kvystalsklöskur, skartgripir úr gulli og silfri, og gimsteina skrini. Þetta var það, sem Angela hafði tíut saman. Með lítlum silfurlykli opnaði hún skrinið, og undraðist Crispin svo mjög yfir þessum verðmiklu gersemum, að hann rak upp lágt óp.

"Lokaðu skrininu og fáðu mér það", sagði Crispin, "ég á hægra með að geyma það en þú".

Angela lokaði skrininu og fékk ferðafélaga sínum það, en stakk lyklinum í sinn eigin vasa.

"Komdu nú", sagði Crispin, "við skulum búa um alla muni þína. Flýttu þér".

Svo gengu þau til herbergis Crispins.

Annað atvik.

Tveim stundum síðar erum við í sama salnum, en þar er nú fleira fólk, gestirnir neyttu morgunverðar.

Umkringd af kurteisum mönnum situr Angela við annan enda borðsins, klædd fögrum reiðfötum úr grænu flaueli. Hún var fyrirtaks falleg, og Eberhard horfði á hana með aðdáun, ást og afbrýði.

Úti í garðinum biðu margir hestar og hundar, sem þjónar greifans héldu í, og á meðan gestirnir tæmdu glösin inni í salnum, heyrðist hneggið í hestunum, geltið í hundunum og ómurinn í veiðiklúðrunum.

"Fallega Diana", sagði hinn káti Y., um leið og hann hringdi glasi sínu við glas Angelu, "fagra, ljómandi veiðidrotning, íbúar skógarins munu flýja skjálfandi, þegar hestur þinn skeiðar með þig milli skógarrjóðranna, en við skulum fylgja þér sem dyggir þjónar, skjóta villidýrin og leggja þau við fætur þína. Ég drekk minni þitt, óskandi öllum góðrar veiðilukku".

"Ég tæmi þenna bikar", sagði Crispin og leit til Angelu, "skál fyrir okkar veiðilukku, fagra Angela".

Eberhard greifi hafði hlustað óróleguer á hvert orð, sem talað var til Angelu, en þegar hann heyrði orð Crispins, leit hann upp, og horfði undrandi og efablandinn á Crispin.

Crispin tók eftir þessu, gekk inn í hópinn, sem umkringdi Eberhard, og sagði glaðlega:

"Ungfrú Angela og ég höfum fyrir fám dögum komið okkur saman um, að verða þau fyrstu, sem köllum: "dýr í skotfæri". Þar sem við erum bæði útlendingar, teljum við það heiður fyrir okkur, meðal jafnaðra skotmanna og Sviar eru, að mega skjóta fyrsta skotinu. Við skulum nú sjá, hvernig það lánast".

"Við skulum keppa við ykkur", sagði Eberhard, alveg grunlaus, "við skulum keppa við ykkur. Hvað segið þið um það, herrar mínir?"

"A la bonheur", sagði Angela sem komin var til þeirra, "þið megið gjarnan keppa við okkur, en það skal ég segja ykkur, að ég skal geta hitt svölu á flugi".

"Og karlmenn í hjartað", sagði barún Ehrenstam mjög glaðlega.

"Nú skulum við fara út og stíga á bak", sagði Eberhard, "en drekkum eitt glas áður, og svo af stað".

Glösin voru fylt með freyðandi kampavíni. Svo þutu allir út í garðinn, stigu á bak hestum sínum og riðu af stað. Angela og Eberhard á undan.

Þriðja atvik.

Nokkru síðar, en fyrri hluta dags samt, stendur húsfrú Sterner og sonur hennar ferðbúin í kofanum.

Herbergið er tómt, það, sem þau áttu af húsmunum, var búið að flytja til prestsins. Það er í síðasta sinni, sem þau eru stödd í þessu húsi, þar sem þau aðra stundina hafa þjáðst af sorg, og hina notið unaðsríkrar ánægju. Þegar þau koma aftur—ef það á fyrir þeim að liggja—verður búið að rífa kofann og byggja annað hús í hans stað. Móðirin studdi sig við son sinn, hún var mjög þróttlítil og veikindaleg, en hún duldi það fyrir syni sínum, til þess að svifta hann ekki voninni um hugsanlegan bata.

"Kæra móðir", sagði Móritz, "nú skulum við fara af stað út í hinn ókunna heim. Þegar við komum hingað aftur, þá verður þú búin að fá fulla sjón, og þá fáum við annan og betri verustað, ef ekkur finst ekki hagkvæmara að vera í Gautaborg. Komdu, móðir mín, ég skal leiða þig, og þegar þú verður þreytt, þá skulum við leigja okkur hesta. Finst þér þú vera nógu frísk?"

"Já, sonur minn, við skulum fara".

Leidd af syni sínum yfirgaf þessi blinda móðir lélega kofann sinn, sem hafði þó veitt henni skjól, þegar neyðin var stærst, en var nú rekin úr honum af ríka eigandanum, sem ætlaði að byggja þar skemtihús til að þóknast frillu sinni.

Dagurinn var bjartur en kaldur, svo húsfrú Sterner, sem ekki hafði nægilega hlý föt, skalf af kulda með köflum.

Þau voru nú komin á þjóðveginn, og steíndu á

skóginn þar sem Móritz hafði oft tínt eldivið og hlustað á æfisögu Jakobs Kron.

Móritz var óvanalega kátur þennan dag. Veðrið var gott og himininn heiðskír, skógurinn grænn og vorblómin í honum blöstu við augunum. Vonin um betri framtíð hafði útrýmt efanum og óttanum.

Hann hugsaði þannig: Að fáum dögum liðnum verðum við komin til Gautaborgar, mamma fær sjónina aftur, og Óskar sýnir okkur hið markverðasta sem til er í borginni, — það verður gaman. Og svo setjumst við máske að í borginni, mamma vinnur eins og áður, og ég veiti smábörnum tilsögn og stunda nám mitt þess á milli. Ég skal vera iðinn, já, mjög iðinn, svo mamma hafi ánægju af mér". — Hún var hans góði engill, um hana hugsaði hann mest.

Það hafði áhrif á móðurina, hve kátur Móritz var. Henni hitnaði við hreyfinguna, blómailmurinn, fuglakvakið og sólarljósið höfðu bætandi áhrif á sálu hennar og líkama. Hún brosti og spaugaði við hann, sem hún hafði ekki gert í marga mánuði.

"Á næsta gestgjafaheimili skulum við leigja okkur hest, mamma", sagði Móritz. "Það verður of þreytandi fyrir þig, að ganga alla leiðina".

"Bara að efni okkar endist, Móritz. Hve mikið eigum við til?"

"Ó, við eigum 13 ríkisdali og nokkra skildinga. Það er ekki mikið, en með sparsemi mun það endast okkur".

Nú voru þau komin á móts við steindysina, sem áður hefir verið nefnd. Móritz varð lítið þangað, og sér að þar stendur níðurlútur maður, sem styðst við byssu sína og virtast vera djúpt hugsandi. Hann grunaði, að þetta væri Jakob Kron.

Þau gengu fram hjá dysinni, án þess að maðurinn liti upp eða sæi þau.

Fundar-yfirlýsing.

Ár 1909, hinn 15. dag júnímánaðar, var fundur haldinn í Sólheimasöfnuði á heimili Friðriks Guðmundssonar. Fundarstjóri var kosinn Friðrik Guðmundsson og skrifari Páll Tómasson.

Meðal annara mála var rætt um, hvort söfnuðurinn ætti að beiðast inngöngu í kirkjufélagið á kirkjuþingi því, sem nú væri auglýst 24. þ.m. Og eftir talsverðar umræður var samþykkt svohljóðandi fundarályktun:

"Fundurinn lítur svo á, að sameiginlegur félagsskapur með öllum íslenzkum, réttkristnum lútherskum söfnuðum sé lífsnauðsynjamál, en að núverandi ástand kirkjufélagsins bendi meira til sundrungar, en ákjósanlegrar kristilegrar samvinnu, og þar af leiðandi, að hinum lofsverða tilgangi með slíkum félagsskap, verði ekki náð, meðan svo standa sakir.

"Hins vegar vill fundurinn taka það sameiginlegt álit sitt fram, að hin svo nefnda nýja guðfræði sé ekki annað en eðlileg afleiðing og útlistun hins eldra rétt-trúnaðar, þegar ofstæki, staðlausar ófræingar og getsakir fær engu í spilt.

"Af framangreindum ástæðum sér söfnuðurinn sér ekki fært, að ganga í kirkjufélagið að svo stöddu, en óskar jafnframt og vonar, að hetta kirkjuþing sé skipað þeim mönnum, sem með viti og djörfung ráði þessum málum til heppilegrar niðurstöðu fyrir framtíð kirkjufélagsins, svo allir íslenzkir söfnuðir finni sér huggun, vernd og traust í skjóli þess á ótal ókomnum árum".

FRIÐRIK GUÐMUNDSSON,
fundarstjóri.

PÁLL TÓMASSON,
skrifari.

* * *

Minn góði Friðrik Guðmundsson.

Hér með fylgir endurprentuð fundar-yfirlýsing þín frá 15. júní. Þar með gefst öllum kostur á að sjá, hvort hún kemur Sólheimasöfnuði nokkuð við, og ennfremur, öllum gleymnum aðstandendum kostur á að nýju að átta sig á því, að þann dag (15. júní) gerðir þú Sólheimasöfnuð að móðir. — Hvort það skeði á löglegan hátt, leikur nokkur vafi á, en hitt vita allir og skilja, að eftir lögum landsins ert þú og móðirin skyldug til að ala króann upp.

Það er nokkuð óræktarlegt að breyta um nafn og flýja, þótt svona tækist nú til. Þó er hitt verra, að koma móðirinni til þess líka, og firra þannig afkvæmið móðurlegri hjúkrun og umönnun.

Hvor okkar er hæfilegri til að eiga heima í lúterskum söfnuði, mega lesendurnir sjálfir dæma um. Annar er Únitari og einveðistrúarmaður, alt svo ekki hjáguðadýrkandi, — en hinn fylgir hvorki séra Jóni né séra Friðriki, eins og þú sjálfur lýstir yfir á ársfundi Sólheimasafnaðar í vetur.

Svo hefi ég útrætt um málið.

Með vinsemd,

John S. Laxdal.

FÁEIN ORÐ FRÁ

Íslendingum í Pembina County í N. Dak.

"Vorið kemur, kvaka fuglar, kvistir grænka, sunna hlær, ísinn þiðnar, elfur dansa, ofan þar til dunar sær", — svo mega flestir Íslendingar í Norður Dakota syngja Vorið er komið, aldrei hefir það komið eins snemma í manna minnum hér um slóðir. Veturinn hefir liðið hjá, einhver sá bezti, sem elztu menn muna eftir, ekki er því að furða, þótt vor og leysing sé í huga all-margra.

Á eftir kirkjumálastappinu, sem nú er farið að dofna all-mikið yfir og færast í meiri kyrð, hefir pólitíkin náð haldi á huga flestra íslenzkra kjósenda hér í County. Lögmaður Barði Skúlason í Grand Forks sækir nú um þingmensku á sambandsþingi Bandaríkjanna í Washington. Væri það ekki lítill sómi fyrir Íslendinga, ef eins fjölhæfur maður eins og hann skyldi ná þar sæti. Hefir hann án alls efa eindregið fylgi allra íslenzkra kjósenda, án tillits til flokkaskiftingar.

Annað ekki lítið gleðiefni fyrir íslenzka kjósendur er það, að nú ætlar herra Geo. Peterson í Pembina, að gefa kost á sér og sækja um sömu stöðu, sem hann um undanfarin ár hefir haft á hendi og gegnt með sóma og stakri reglusemi. Hann er og hefir verið lífið og sálin í félagsskap manna í Pembina. Maðurinn er líka svo ógnar skýr, bera ritsmíðar hans þess ljósan vott, sem hann ritaði í Hkr. út af kirkjumálaþrætunni; svo voru þær þrungnar af speki og rökfærslu. Hafa þær óefað aflað honum mikils fylgis og vinsælda, því þar hafa margir lært að þekkja hans góðu mannkosti og gáfur. Vonandi líka, að árans "enskurinn" verði líka "réttur" gagnvart honum á degi dómsins.

Marga mundi óefað langa til, að sjá Íslending sækja um þingmensku í ríkisþinginu í Bismarck næsta vetur, en næsta erfitt er að sækja hér um slóðir, því svo margt af atkvæðum þarf að sækja til enskutalandi manna. Á meðal repúblíka mundu margir kjósa að sjá herra Elís Thorvaldsson á Mountain gefa kost á sér, hann hefir almennings álit og traust. Næst honum horfa þeir til fyrverandi County Commissioner hr. Sig. Sigurðssonar á Gardar. Hann hafir margoft áður haft ýmsar opinberar stöður á hendi, og ætíð stundað þær með stakri alúð. Hann hefir verið forseti Gardar safnaðar undanfarin ár, og stýrt safnaðarmálum þar vel og viturlega, og vita þó margir, að þar hefir verið fremur stormasamt upp á síðkastið, og ekki fyrir alla, að halda þar um stjórnvölinn. Vart mun öllu drýgri maður hafa setið á alþingi Íslendinga en Einar heitinn Ásmundarson frá Nesi, móðurbróðir Sigurðar, enda þefir systursonur hans fengið marga góða kosti að erfðum. — Varr mundu þó demókratar vilja leggja mikið í sölurnar til að fá þessa menn kosna, enda hafa þeir nú dálítið að moða úr, sem eðlilegt er. Líklegastan mann úr þeirra hópi teljum vér óefað herra Gamaliel Thorleifsson á Gardar; öllu færari mann gæti flokkurinn ekki fengið til að taka sæti á bingi. Maðurinn er mesti skýrleiksmaður og hefir nóg af þeim hyggindum, sem í hag koma. Hann er líka talinn mælskastur af Dakota-Íslendingum næst B. Skúlasyni, og skæður keppinautur yrði hann í kosningunum. Einnig búast sumir við, að ef Bandaríkjastjórnin vildi nú fljótlega útnefna konsúl til Reykjavíkur, þá mundi hann hljóta þá útnefning sakir framúrskarandi þekkingar á landsmálum austan hafs og vestan.

Talið er sjálfsagt, að herra Magnús Brynjólfsson verði endurkosinn, enda á hann það skilið, því enginn fyrirrennari hans hefir fylt þá stöðu neitt líkt honum.

Nú eru afstaðnar hreppakosningar á Mountain og Gardar. Sóttu þeir hvor á móti öðrum um oddvitastöðuna Ólafur Ólafsson, hinn mesti greindarmaður og annálaður fyrir höfðingsskap og gestrisni, og herra Sigurjón Gestsson á Mountain; en þó ótrúlegt megi virðast, þá vann Sigurjón. Einnig sótti Friðrik Ólafsson á Eyford um vegabótastjórn, en varð léttvægur fundinn. Blöskraði mörgum slíkt, því fjölhæfari verkstjóri yrði naum ast fundinn, og hann líklegastur til forustu meðal yngri manna hér um slóðir.

Dakota-búi.

Aðvörun.

Hér með eru bændur þeir, sem búa meðfram Íslendingafljóti (Icelandic River) í Bifröst sveit, aðvaraðir um, að flytja ekki mykju eða annan óþverra í fljótið, eða svo nærri því, að straumurinn taki það með sér, þegar fljótið leysir í vor.

Ennfremur er þeim, sem hafa nú þegar gert sig seka í þessu, hér með gefið til kynna, að þeir verða að draga á burt það, sem líkindi eru til að fljótið nái í, þegar það leysir eða hækkar.

Ef einhver eða einhverjir trassast við að gera sem hér er fyrirlagt, verður heilbrigðisnefnd fylkisins tilkynt það samkvæmt 47. gr. Public Health Act Manitoba fylkis.

Icl. River, 4. marz 1910.

J. P. PÁLSSON, M.D.
(Health Officer).
S. THORVALDSSON
(Reeve).

VOR-ÓMAR.

I.

Vorsins á stundu vaknar líf,
vaknar af blund í fögnuð tómum;
beygist það undir ok og kíf,
engin er fundin vörn né hlíf
fyr en að grundin grær í blómum.

Þá er alt breytt um loft og láð,
ljósið skín heitt um foldarvanga.
Alt er þá skreytt og fritt og fáð,
flestum tilreitt það hafa þráð, —
drjúgum er veitt um daga langa.

Ljómandi sunna lýsir skær,
ljúkast upp munnar fuglaskara,
lögin sem kunna lýðum kær,
ljúft er í runni fjær og nær
þeim, sem að unnast—indælt bara!!

II.

Í laufgum skógar leynistað, —
ef leyfist mér að nefna það, —
nú situr íslenzk yngismey,
svo tillits-blíð, svo björt um hvarm, —
svo broslcit, þýð og laus við harm,
því það hið stríða þekkir ei.

Og nú er eitthvað, sem hún sér
og sem nú fyrir augun ber,
svo barnsleg, mild og björt og hrein.
Hún sér ei nema næsta tréð,
en nú í anda fær hún séð
einn einkarfríðan yngissvein.

Hún sér er hún svo fús og frjáls
sinn fagra vafði arm um háls
á þessum unga enska svein,
og lagði vangann við hans barm
og var þá laus við allan harm,
en blærinn lék við laufga grein.

Og ein þau saman sátu þar,
er solin blið að hniga var
og vöfðust gullnum geisla-hjúp.
Það litur seljan sauma rjóð
og semja tekur ástar-ljóð,
svo vandasmá, en vizku-djúp:

Það er þá sit ég hans við hlið,
að heimur sýnist brosa við
og lífið sýnist ljúft og bjart.
Mér finst ég vera flutt á grund,
þar frelsið ríkir alla stund
og engra harma verður vart.

Og þar ég eygi annan heim,
sem ekki neitt er líkur þeim,
er áður þekt ég hefi hér. —
Og þjóðin mín er þá svo smá
og þetta land, sem komum frá,
að alt hið gamla gleymist mér.

Því þegar orðin heyri hans,
hins hugumstóra, vaska manns,
mér sýnt er inn á æðra svið,
þar æðri þjóð við annað land
með eining knýtir ræktarband, —
und kærri stjórn berst *kappalið*

Þar engin sundrung aftrar þess,
að ættjörð skipi fremsta sess
í öllum dýrðar-draumum manns,—
í allri von um auð og völd,
því án þess nokkur bjóðist gjöld
er fylkst und merkjum föðurlands.

Ég sé í anda sonu þá,
er saman ætíð höndum ná,
ef ættjörð þeirra einhvers krefst;
með hjartað fult af helgri þrá
þeir hníga sumir vígvöll á, —
því sýnt er ei ef sigur gefst.

Og þessi rækt við þjóð og land
er það hið eina trausta band,
sem bundið getur sál við sál,
og glætt í brjóstum þessa þrá,
að þjóðin megi orðstír ná
og hennar eflast helztu mál.

Það gerir menn að mönnum þeim,
sem mest víðfrægja þjóð í heim,
og flytja hana á fremstu svið. —
Og einn í þeirra hóp er hann,
sem heitast nú mín sála ann,
og ljúft er að dvelja hans við hlið.

Mín eigin þjóð á engin mál,
sem örfað geta hvers manns sál
og leitt oss saman sundrung frá.—
Það sést á því að þjóðin hér
nú þannig skift og sundruð er,
að engu lengur orka má. —

Þó einstaklingum vegni vel
og vinni hrós, ég minna tel
en þjóð ef öll í samhug sátt
að helztu málum hlúið fær,
sem hugum flestra eru kær,
og þannig merkin hafið hátt.

Við eigum margt, en ekkert það,
sem okkur getur fært á stað —
til samlyndis í sókn og vörn.
Vor rækt við Ísland óðum deyr,
við alt af tvístrumst meir og meir,
því öll á nýjung erum gjörn.

Við eigum fagurt eldheitt mál,
sem allra getur vakið sál,
en það ei neitt sín notið fær;
þó klerkar þrefi' um kristindóm
og kveði skáld með sterkum róm,
er *verkleg eining* öllu fjær.

Svo ekkert þjóðlegt verk hér vinst,
og varla nokkur byrjun finst,
sem starfsleg eining stuðli að,
því þegar annar flokkur fer
af fundi þegar út af ber,
til lofs hjá mönnum leiðir það.

Og því er ljúft að losna við
hin leiðu, þröngu, gömlu svið
og tengjast þjóðum þroska hér, —
og æskan vafin vonar-hjúp
á vorsins stundu gleðst við djúp,
sem staðfest milli manna er. — —

Og augun bláu blika skær,
er biður nú hin unga mær
og út í skóginn starir stilt.
Það nánar skýra skal ég ei, —
mig skilur sérhver íslenzk mey,
sem eignast hefir *enskan pilt!*

O. T. JOHNSON.

FRÆ FYRIR VESTURLANDIÐ. McKenzie's FRÆ eru BEZT

McKENZIE'S ÚRVALS FRŒ

LÍTIÐ EFTIR McKENZIE'S SÝNISKÖSSUM MEÐ ÚTSÆÐI ÞEIRRA Í, SEM ERU Í HVERRI BÚÐ. EF KAUPMAÐUR YKKAR HEFIR ÞAU EKKI, ÞÁ SKRIFIÐ EFTIR VORUM ENSKA BÆKLINGI SEM VEITIR YKKUR ALLAR UPPLÝSINGAR. — VALIÐ FYRIR VESTURLANDIÐ — RÆKTAÐ FYRIR VESTURLANDIÐ OG ÞVÍ VIÐEIGANDI. ÚRVALS LÍFSÞRÓUN.

MUNIÐ!
Við erum EINU ALLRA FRÆ-TEGUNDA SALAR í Vesturlandinu
Vér stúdérum jarðveginn og selj um fræ fyrir hann.

BUILT ON QUALITY — TRUE TO LIFE

A.E.McKENZIE Co. LTD.
BRANDON, MAN CALGARY, ALTA
Seedsmen to Western Canada.

Minnisvarðar

úr málmi, sem nefndur er "White Bronze", eru fallegustu, varanlegustu og um leið ódýrustu minnisvarðar, sem nú þekkjast. Þeir eru óbrjótanlegir, ryðga ekki og geta aldrei orðið mosavaxnir, eins og steinar; ekki heldur hefir frost nein áhrif á þá. Þeir eru bókstaflega óbilandi og miklu fegurri en hægt er að gera minnisvarða úr steini (Marmara eða Granit). Alt letur er upphleypt, sem aldrei máist eða aflagast. Þeir eru jafn dýrir, hvort sem þeir eru óletraðir eða alsettir letri, nefnilega: alt letur, og myndir og merki, sem óskað er eftir, er sett á fritt. — Kosta frá fáeinum dollurum upp til þúsunda. Fleiri hundruð tegundir og mismunandi stærðir úr að velja.

Þessir minnisvarðar eru búnir til af THE MONUMENTAL BRONZE CO., Bridgeport, Conn. Þeir, sem vilja fá nákvæmar upplýsingar um þessa ágætu minnisvarða, skrifi til undirritaðs, sem er umboðsmaður fyrir nefnt félag.

Thor. Bjarnarson,
BOX 304
Pembina - - N. Dak.

Dánarfregn.

Eins og áður er umgetið hér í þessu blaði, andaðist Hjálmar Björnsson að heimili sínu hér í bænum hinn 21. febr. sl., eftir langa og þjáningarfulla legu af lungnatæringu í fullar 15 vikur.

Hjálmar sál. var fæddur að Þóreyjarnúpi í Húnaþingi í Húnavatnssýslu 5. dag febrúar 1844; því 66 ára og 16 daga gamall, þá er hann lézt. Hann var sonur Björns bónda, sem lengi bjó á Akri. Hjálmarssonar bónda á Sigríðarstöðum í Vesturhópi, Guðmundssonar á Akri. Móðir Hjálmars hét Guðrún Simonardóttir, ættuð úr sömu sýslu, en um ætt hennar vitum vér ekki. Foreldrar hans munu bæði látin fyrir nokkrum árum. En 2 bræður og 4 systur mun hann hafa átt á lífi, svo framt vér vitum, og búa öll systkini hans á Íslandi.

Hjálmar var tvíkvæntur. Hét fyrri kona hans Eygerður Eyjólfsdóttir bónda Guðmundssonar frá Eyjabakka í Húnavatnssýslu. Með henni átti hann 3 börn, en ekki lifa af þeim nema einn sonur, Agnar að nafni, og býr hann hér í Utah, mesti dugnaðar og myndarmaður. Seinni kona Hjálmars heitir Auðbjörg Bjarnadóttir, ættuð úr Gullbringusýslu. Þeim hjónum varð engra barna auðið.

Hjálmar flutti til Ameríku árið 1883, og dvaldi hann fyrsta árið í Pembina, N. D. þaðan flutti hann til Utah, og hefir búið hér síðan.

Mestan hluta æfi sinnar mun Hjálmar hafa verið frekar heilsutæpur maður. Hann bar kreptan hægri fót og þurfti þar af leiðandi að ganga við hækju. Á yngri árum sínum, eða þegar hann var á Íslandi, fékst hann talsvert við smáskamtalækningar og hepnaðist það vel. En eftir að hann kom hingað hætti hann því, en lagði fyrir sig skóara-iðn, og hélt hann því starfi á meðan heilsa og kraftar entust. Hann gengdi líka umboðsstörfum fyrir blöðin Heimskringlu og Lögberg, hér í umdæminu, og leysti hann þann starfa af hendi með dygð og trúmensku. eins og hans var vegur og vandi í hvívetna.

Hjálmar var skýr og greindur í betra lagi og unni bókum og öllu bókmentalegu umfram marga aðra. Í öllu sínu dagfari var hann hinn viðkynnilegasti maður, og viðbrugðið af öllum fyrir ráðvendni bæði til orða og verka. — Hann var bezti húsfaðir og ástríkur eiginmaður. Er hans því, sem von er, sárt saknað af eftirlifandi ekkju og einkasyni, og mörgum vinum bæði fjær og nær.

Jarðarförin fór fram 26. s.m. og fylgdu flestir landar og margir aðrir líkinu til grafar. Fjórir af prestum mormóna—því hinn látni tilheyrði þeirri kirkju—töluðu yfir moldum hans, og luku allir, sem töluðu, lofsorði á líf og æfiferil hins framliðna.

Friður sé með honum.

E. H. Johnson.

Spanish Fork, 12. marz 1910.

P.S.— Lögberg er vinsamlega beðið, að birta dánarfregn þessa.

The Farmer's Trading Co.
(BLACK & BOLE)
HAFA EINUNGIS BESTU VÖRUTEGUNDIR.
Einu umboðsmenn fyrir:—
"SLATER" Skóna góðu.
"FIT-RITE" Fatnaðinn.
"H. B. K." prjónafélagið.
"HELENA" pils og 'waist' kvenfatnaði.
Bestu matvörutegundir.
"DEERING" akuryrkju verkfæri o, s. frv.
Beztu vörur Lágt verð
Fljót og nákvæm afgreiðsla.
Farmer's Trading Co.,
THE QUALITY STORE
Wynyard, Sask.

Sherwin-Williams PAINT
fyrir alskonar húsmálningu.
Prýðingar-tími nálgast nú. Dálítið af Sherwin-Williams húsmáli getur prýtt húsið yðar utan og innan. — Brúkið ekker annað mál en þetta. — S.-W. húsmálið málar mest, endist lengur, og er áferðarfegurra en nokkurt annað hús mál sem búið er til. — Komið inn og skoðið litarspjaldið. —
Cameron & Carscadden
QUALITY HARDWARE
Wynyard, -- Sask.

Yfirburða Vottur um

HEINTZMAN & CO.

PIANO

sýnir sig í ýmsum atriðum.— Það er engin fals-lýsing, að þetta hljóðfæri sé langt yfir öllum öðrum í tónfegurð og smíða ágæti. —

Frægustu söng- og tónfræðingar sem ferðast um Canada —fólk með yfirburða þekkingu—velja allir þetta Piano.

Ending þess og vaxandi tónfegurð með aldri hljóðfærsanna, hefir komið öllum leiðandi söngkenslustofnunum til þess að nota þessi Piano.

En bezt af öllum sönnunum er vitnisburður þeirra mörgu þúsunda Canada manna og kvenna sem eiga og nota þessi fögru hljóðfæri, og hafa daglega ánægju af þeim.

Vér tökum gömul PIANO í skiftum fyrir ný. —

J. J. H. McLean & Co LIMITED

528 Main St. — Phone 808

Og í Brandon og Portage La Prairie

Fréttir úr bænum.

Námsskeiðið á Manitoba búnaðarskólanum endaði 22. þ.m., fyrir fyrsta og annars árs nemendur. — Sjö Íslendingar, af þeim 10 eða 11, sem stundað hafa þar nám í vetur, gengu undir prófin, en hinir voru veikir, og gátu því ekki gengið undir próf. — Þeir Þorsteinn og Pétur, synir Steingrims Þorsteinssonar, að Wynyard, Sask., héldu tafarlaust heim að aflokn prófi.

Blöð frá Íslandi geta þess, að all-margt fólk muni koma að heiman til Ameríku á komandi sumri.

Nefnd sú, sem stendur fyrir alheimssýningunni miklu, sem haldast á fyrir í Winnipeg, hefir samþykt að fresta sýningunni til ársins 1914, svo að undirbúningur allur geti orðið sem fullkomnastur.

Allir meðlimir Íslenzka Conservative klúbbsins eru ámintir um, að sækja síðasta vetrarfund klúbbsins, sem haldinn verður á mánudagskveldið kemur í Únitarasalnum. Verðlaunum fyrir vetrarspilamenskuna verður útbýtt og sérstök verðlaun gefin fyrir kappspil það kveld, sem allir geta tekið þátt í. Vindlar ókeypis. Allir isl. Conservatives boðnir og velkomnir. Fjölmennið.

Kappglíma verður haldin í Goodtemplarahúsinu þann 12. apríl. — Nákvæmar auglýst í næsta blaði.

FUNDUR í stúkunni HEKLU á vanalegum stað og tíma næsta föstudagskveld, þar eð enginn sjónleikur verður leikinn það kveld í Goodtemplarahúsinu.

Á laugardaginn var lézt hér í borg að heimili sínu, 562 Beverly St., húsfrú Guðný, eiginkona Sveins Björnssonar, rúmlega fimtug að aldri. Hún var jarðsungin á mánudaginn var af séra Jóni Bjarnasyni.

Ungmennafélag Únitara heldur fund í Únitara-salnum í kveld (miðvikudag). Allir félagsmenn ámintir að sækja fundinn.

VINNUKONU VANTAR að 694 Lillice Avenue.

Herra Sigurbjörn Johnson, frá Selkirk, sem hingað kom fyrir rúmri viku til uppskurðar á Almenna spítalanum við innvortis sjúkdómi, biður Hkr. að geta þess, að dr. B. J. Brandson hafi gert uppskurðinn á sér og tekist það svo snildarlega, að hann þurfti ekki að vera á spítalanum nema tæpan vikutíma. Sigurbjörn hélt heimleiðis á laugardaginn var.

Laugardaginn 26. þ.m. lézt að heimili sínu, 505 Simcoe St., Jóhannes Magnússon, daglaunamaður, ættaður úr Skagafjarðarsýslu. Hafði verið 6—8 ár hér í landi. Hann eftirlætur ekkju, Helgu Sigríði Jónasdóttir, ættaða úr Eyjafirði, og 3 börn þeirra hjóna. — Jóhannes sál. var skýrleiks og ráðdeildar maður.

Húsfrú Jónína, kona Gísla Árnasonar, fyrrum járnbrautar verkstjóra í Selkirk bæ, en nú til heimilis að Paynton, Sask., kom til bæjarins á föstudaginn var með dóttur sinni Þórunni, að leita sér lækninga við blindu, sem hún hefir fengið á öðru auganu. Dr. Harvey Smith, einn af merkustu augnfræðingum hér í borg, eftir nákvæma rannsókn, kvað lækningu ómögulega héðan af, því að of lengi hefði verið dregið að leita læknishjálpar, en illkynjuð veiki komist í sjáaldrið á meðan. Mrs. Árnason fer því heim aftur, eftir að hafa heimsótt gamla kunningja í Selkirk bæ.

G. P. Thordarson bakara vantar 2 vinnukonur, aðra í heimahús sitt en hina í búðina. — Stúlkur, sem vildu fá verulega góða atvinnu og gott kaup, ættu strax að sinna þessu atvinnu tilboði með því að finna herra Thordarson í búð hans að 732 Sherbrokke St.

Guðný Ólafsdóttir biður Hkr. að gefa manni þeim í Argyle bygð, sem hún hefir frétt að hafi bréf til hennar, þá upplýsingu, að áritan hennar sé: Hnausa P.O., Man.

Þeir herrar Sveinn Thorsteinsson og Magnús og Matúsalem Þórarinssynir, allir frá Edinburg, N. D., komu til bæjarins á mánudaginn var. Þeir eru á ferð vestur til Saskatchewan í landskoðun. Þeir búast við, að verða vestra tveggja vikna tíma.

Síðasta TOMBÓLAN og DANSINN á vetrinum

í efri sal Goodtemplar hússins, undir umsjón nokkurra stúlkna, mánudagskvöldið

4. APRÍL.

Inngangur og einn dráttur 25c. Byrjar kl. 7.30 e.m.

Dansinn byrjar strax eftir að allir drættir eru seldir. Munið því eftir, að koma sem fyrst og draga drættina, svo þið getið dansað sem lengst.

JOHNSONS ORCHESTRA spilar fyrir dansinum.

DANSINN STENDUR YFIR TIL KL. 2 AD MORGNI.

Herra Victor Anderson stýrir dansinum.

ICE CREAM og LEMONADE með sætabrauði verður selt.

Ágóðinn verður gefinn til byggingsjóðs stúkunnar Heklu.

Sveinbjörn Árnason

Fasteignasali.

Selur hús og lóðir, eldsábyrgðir, og lánar peninga. Skrifstofa: 12 Bank of Hamilton.

TALSÍMI 5122. HÚS-TALS. 8695

Dr. G. J. Gíslason,

Physician and Surgeon

18 South 3rd Str, Grand Forks, N.Dak

Athygli veitt AUGNA, EYRNA og KVERKA SJÚKDÓMUM. ASAMT INNVORTIS SJÚKDÓMUM og UPPSKURÐI. —

Heim-koman.

Sjónleikur í fjórum þáttum

verður leikin í íslenzka Goodtemplarahúsinu 7. og 8. apríl. — Sjónleikurinn byrjar stundvíslega klukkan 8 e. m.

INNGANGUR 35c.

Númer 21. af þessa árs Heimskringlu verður keypt hér á sorifstofunni. Sex eintök óskast.

Goodtemplar stúkan Skuld heldur fund í kveld (miðvikudag) í neðri sal Goodtemplara hússins. — Meðlimir stúkunnar minnist þessa.

Hitinn í Winnipeg á miðvikudaginn var, 23. þ.m., var 73 stig í skugga, en um 100 í sólskini. Í Glenboro bæ segja blöðin að hitinn hafi komist upp í 100 stig. — Það má heita notaleg veðrátta í miðjum marzmánuði. — Regn fell næstu nótt á eftir, en næsta morgun var mælirinn á frostmarki, og þá hráslaga kuldi.

Í greininni "Framtíð íslenzkrar tungu fyrir vestan haf", sem Hkr. flutti 24. febr. sl., hefir ein málsgrein í öðrum dálki misprentast. Hún á að vera svona:

"Ég ætla nú að reyna, kæru lesendur, að benda ykkur á ýmsar líkur þær, sem ég hefi fyrir mér í því, að íslenzk tunga eigi jafnvel eins langa framtíð fyrir höndum í þessu mikla landi Ameríku eins og hún á á sjálfu Íslandi".

Ennfremur í fyrsta dálki er orðið "einu", á að vera efni. Og í fyrsta dálki síðustu línu vantar orðið því. Aðrar prentvillur í ritgerðinni eru svo smávægilegar, að hver góðfús lesari getur leiðrétt þær í lestrinum.

Fiskiveiðar á Winnipeg-vatni hafa gengið með bezta móti í vetur. Í Gimli sveit eru sagðir tveir eða þrir ungir menn, sem hvor um sig hafa haft nær 4 þús. dollara hagnað á vetrarstarfinu þar norður á vatninu. — Það þætti sögulegur viðburður á Íslandi, ef unglingspiltar þar gripu upp 15 þús. krónur fyrir fiskveiði einn vetur.

Canada stjórn hefir nýlega gert þá föstu ákvörðun, að allir innflytjendur, sem komi til Canada, verði að hafa nokkur peningaráð þegar við lendingu. Í stjórnarráðstöfun þessari, sem sagt er að hafi gerð verið þann 21. þ.m., er það tekið fram, að allir vesturfarar yfir 18 ára verði að geta sýnt við lendingu í Canada $25.00 hver, að jafnaði, en yngri en 18 ára, $12.00 að jafnaði. Þetta gildir fyrir sumartímann, frá 1. marz til 30. október. En að vetrarlaginu, frá 30. okt. til 1. marz, verður upphæð hvers að vera tvöfalt hærri en að framan er sagt, eða $50.00 fyrir alla yfir 18 ára, en $25.00 fyrir alla undir þeim aldri. — Þeir Íslendingar, sem vildu styrkja vini sína eða ættmenni á Íslandi til hingaðferðar, hafi þetta hugfast.

Þriðjudaginn 15. marz andaðist að heimili sínu í West Selkirk húsfrú Sigurbjörg Nordal, kona herra Sigvalda Nordal, — nær því fimtug að aldri. Innyflabólga var banamein hennar. Hún lá veik að eins hálfan sjötta sólarhring, með miklum þjáningum, en hafði þó fulla rænu til hinnar hinstu stundar. Jarðarför hennar fór fram 17. þ.m. frá hinni fyrstu lútersku kirkju Selkirk safnaðar, að viðstöddum miklum mannfjölda. Hún var jarðsett í grafreit safnaðarins. Séra N. Steingrímur Thorláksson söng yfir henni. — Helztu æfiatriða þessarar merkiskonu verður máske getið í blaðinu síðar.

Í sl. viku var útgefandi blaðsins "Eye-Opener" tekinn fastur hér í borg og kærður um óþverralegan rithátt. Í fyrri viku var annar ritstjóri kærður hér um sama glæp í sambandi við útgáfu blaðsins "Live Wire". Nú hafa þessi tvö óþverrablöð hætt útgáfu, en ritstjórarnir báðir líklegir til að sæta hegningu fyrir ritstörf sín.

It's going UP.

Þú getur ekki búist við

að það geri annað en eyðast í reyk. Því ekki að fá nokkur tons af okkar ágætu kolum, og hafa ánægjuna af, að njóta hitans af þeim, þegar vetrarkuldarnir koma. Komið til vor og nefnið þetta bl.

D. E. ADAMS COAL CO.

YARDS I NORÐUR, SUÐUR, AUSTUR OG VESTURBŒNUM

Aðal Skrifst.: 224 BANNATYNE AVE.

Ef auglýsing yðar er í Hkr. þá verður hún lesin

Kven vor-skór.

Vor-Skóútnaður er í fullum vorblóma.

Beztu skór, beztu skósmíða eru hér. Háleggja vor-skór í ýmsum tegundum eru hér til sýnis og sannreynda. Lágskornir skór eru og hér í óvanalega ríkum mæli og margbreyttum tegundum, sem þér getið valið um. Verðið er frá

$2.00 til $6.00

Vér sjáum um, að skórnir passi og fari vel á fæti.

Ryan-Devlin Shoe Co

494 MAIN ST. PHONE 770.

Takið eftir!

Séra Lewis G. Wilson, skrifari Ameríska Únitarafélagsins flytur ræðu í íslenzku Únitara kirkjunni hér í bænum á sunnudaginn kemur 3. apríl, kl. 3 e.h. Allir Únitarar í bænum eru ámintir um að fjölmenna, öðrum er vinsamlega boðið að koma.

Að kveldinu til fer fram vanaleg sunnudagsmessa.

Séra Wilson flytur ræðu við kveldmessu hjá enska Únitarasöfnuðinum hér í bænum í Manitoba Hall á Portage Ave. kl. 7 á sunnudagskveldið.

Ennfremur flytur hann tvo fyrirlestra á þriðjudags og miðvikudagskveld í næstu viku (5. og 6. apríl) í Oddfellows Hall á Kennedy St., sem byrja kl. 8 og 15 mín. Þessir fyrirlestrar eru opnir fyrir alla, og er vonast eftir, að sem flestir Íslendingar sæki þá.

Auk séra Wilsons talar séra Pratt, fyrverandi prestur enska Únitara safnaðarins hér, þessi tvö síðasttöldu kveld.

Allir velkomnir. Munið eftir að fjölmenna á fyrirlestra séra Wilsons í næstu viku og í Únitarakirkjuna á sunnudaginn kemur.

DÁNARFREGN.

Þann 26. marz lézt mín ástkæra eiginkona Guðný Björnsson, að heimili okkar hjóna, 562 Beverly St., eftir langvarandi heilsuleysi, 53 ára að aldri. Hún var jarðsungin í dag af séra Jóni Bjarnasyni.

Ég þakka af alhug öllu því góða fólki, sem að mörgu leyti létti hörmungastundir hinnar framliðnu, með því að vitja hennar, og sem tók svo mikinn þátt í kjörum mínum, og að síðustu skreyttu kistu hennar með blómum, — og bið ég hinn algóða guð að launa þessu líknsama fólki, þegar honum þykir bezt henta.

Winnipeg, 28. marz 1910.

Sv. Björnsson.

Til sölu.

ágæt bújörð, 160 ekrur að stærð, 2½ mílu frá Mozart, 90 ekrur eru plægðar. 300 dollara timburhús, góð fjós fyrir 30 gripi, stórt korngeymsluhús, gott og mikið vatn í brunni, 4000 trjám plantað við byggingarnar, og girðing alt í kring um landið (2 vírar).

Frekari upplýsingar fást hjá

TH. JÓNASSON.

P.O. Box 57 Wynyard, Sask.

KENNARA KÖLLUN

fyrir Skeipni skóla no. 2288. Byrjar 1. mai og endist í 6 mánuði.

Kennari geri grein fyrir mentastigi sínu og tilgreini mánaðar, kaup.

Utanáskrift: —

S. J. EIRÍKSSON,

Box 8, Wynyard, Sask.

TIL SÖLU:

160 ekrur af bezta landi, stutt frá járnbrautarstöð. — Fyrsti maður með $7 00 fær hér góð kaup. — Finnið

Skúli Hansson & Co.

47 Aikens' Bldg.

Talsími, Main 6476 P. O. Box 833

TIL

Dakota-búa!

Kæru skiftavinir!

Þennan mánuð (apríl) vil ég gefa viðskiftafólki mínu tækifæri til að kaupa eftirfylgjandi upplag af vörum fyrir að eins

$10.00

1 sekk af "Cavalier Best Patent Flour	$2.99
12 pd. haframjöl	0.49
5 pd. Breakfast Food	0.19
10 pd. heil hrísgrjón	0.69
5 pd. Sago	0.29
Tvö 10c box af gerkökum	0.09
1 kanna 25c Baking Powder	0.19
5 pd. af bezta 20c kaffi	0.89
10 pd. af góðum sveskjum	0.59
1 gall. kanna af niðursoðnum eplum	0.29
5 pd. af beztu Onions	0.19
1 15c pakki Paraffine	0.09
10 pd. af 10c sveskjum	0.79
2 könnur niðursoðinn lax	0.19
½ pd. Spearhead tóbak	0.19
16 st. bezta þvottasápa	0.49
25c eldspítna pakki að eins	0.19
5 pd. af hvaða stærð af höglum eða fence lykkjum	0.19
20 pd. af hvort heldur menn vilja röspuðum eða mola sykri	0.99
Alls	$10.00

Látið ekki bregðast, að kaupa eitt eða fleiri upplög af þessum vörum, því margt er ódýrara en hægt er að kaupa það fyrir í stórkaupum. Ef eitthvað er í þessum lista, sem menn ekki þurfa með, geta menn fengið skift á því fyrir aðrar vörur.

Karlmanna og drengjafatnað seljum við nú með 15 til 30 prósent afslætti.

Kvenhatta með nýjustu tízku erum við nú að fá daglega. Komið og skoðið þá. Líka allra handa kjóladúka.

Hæsta verð gefum við fyrir hændavöru, af hvaða tegund sem er.

E. THORWALDSON AND CO.

General Merchandise,

Mountain, - - N. Dak.

Land til sölu

liðugar 100 ekrur, rétt við Big Quill vatn, í hinni frjósömu Wynyard bygð, 15 ekrur "brotnar" reiðubúnar til sáningar. Nokkur skógur og heyskapur, en er þó að mestu leyti alt akurlendi. Á landinu er virgirðing og góður brunnur. Óskast, að landið seljist fyrir sáningu í vor.

Kaupandi snúi sér til ritstjóra Heimskringlu eða Box 120, Wynyard, Sask. 31.3

Jóhanna Olson

PIANO KENNARI

557 Toronto St. Winnipeg

DR. H. R. ROSS

C.P.R. meðala- og skurðlækuir. Sjúkdómum kvenna og barna veitt sérstök umönnun.

WYNYARD, — SASK.

Dr. M. Hjaltason, Oak Point, Man.

Anderson & Garland,

LÖGFRÆÐINGAR

35 Merchants Bank Building

PHONE: MAIN 1561.

MARTYN F. SMITH,

TANNLÆKNIR.

Fairbairn Blk. Cor Main & Selkirk

Sérfræðingur í Gullfyllingu og öllum aðgerðum og tilbúnaði Tanna. Tennur dregnar án sársauka. Engin veiki á eftir eða gómbólga. —

Stofan opin kl. 7 til 9 á kveldin

Office Phone 6944. Heimilis Phone 6462.

Þarft þú ekki að fá þér ný föt?

EF ÞAU KOMA FRÁ CLEMENT'S, — ÞÁ VERÐA ÞAU RÉTT

Réttur að efni, réttur í sniði réttur í áferð og réttur í verði.

Vér höfum miklar byrgðir af fegurstu og beztu fataefnum. —

Geo. Clements & Son

Stofnað árið 1874

264 Portage Ave. Rétt hjá FreePress

Th. JOHNSON

JEWELER

286 Main St. Talsími: 6606

JOHN ERZINGER

TOBAKS-KAUPMAÐUR.

Erzinger's skorið reyktóbak $1.00 pundið Hér fást allar neftóbaks-tegundir. Óska eftir bréflegum pöntunum.

McINTYRE BLK., Main St., Winnipeg

Heil-sala og smásala.

G. NARDONE

Verzlar með matvöru, aldini, smá-kökur, allskonar sætindi, mjólk og rjómu, sömul. tóbak og vindla. Óskar viðskifta Íslend. Heitt kaffi eða te á öllum tímum. Fón 7756

714 MARYLAND ST.

Boyd's Brauð

Brauð vor ættu að vera daglega á borðum yðar. Þau eru ætíð góð. Vér bökum þau úr bezta hveiti, og höfum eitt af beztu barfam í Vestur-Canada Biðjið matsalann um brauðvor eða símið Main 1030 og vér færum yður þau heim daglega

Boyd's

Bakery Cor Spence & Portage Ave

Phone 1080.

Winnipeg Wardrobe Co.

Kaupa brúkaðan Karla og Kvenna fatnað,—og borga vel fyrir hann.

Phone, Main 6539 597 Notre Dame Ave.

BILDFELL & PAULSON

Union Bank 5th Floor, No. 520

selja hús og lóðir og annast þar að lútandi störf; útvegar peningalán o. fl.

Tel.: 2685

Jónas Pálsson,

SÖNGFRÆÐINGUR.

Útvegar vönduð og ódýr hljóðfæri

460 Victor St. Talsími 6803.

J. L. M. THOMSON, M.A., L.L.B.

LÖGFRÆÐINGUR. 255½ Portage Ave.

BONNAR, TRUEMAN & THORNBURN,

LÖGFRÆÐINGAR.

Suite 5-7 Nanton Blk. Tals. 766

Winnipeg, Man. P.O.BOX 223

Húðir og ógerfuð Loðskinn

Verzlun vor er vor bezta auglýsing. Sendið oss húðir yðar og loðskinn og gerist stöðugir viðskiftamenn.

Skrifið eftir verðlista.

The Lightcap Hide & Fur Co., Limited

P.O.Box 1092 172-176 King St Winnipeg 16-9-10

W. R. FOWLER A. PIERCY.

Royal Optical Co.

307 Portage Ave. Talsími 7286.

Allar nútíðar aðferðir eru notaðar við sagn-skoðun hjá þeim, þar með hin nýja aðferð, Skaggs-skoðun, sem gjörey[illegible] öllum ágiskunum. —

Heimskringla.

XXIV. ÁR | WINNIPEG, MANITOBA, FIMTUDAGINN. 7 APRÍL 1910 | NR. 27

Fregnsafn.

Markverðustu viðburðir hvaðanæfa

— Sjóðburð Breta fyrir síðasta fjárhagsár, sem endaði 31. marz, var 150 miliónir dollara. Það er mest sjóðburð, sem nokkru sinni hefir orðið þar í landi á friðartímum. Það hefir orðið tekjuhalli í öllum deildum stjórnarinnar. En samt eru næsta árs útgjalda áætlanir hennar fullum 70 miliónum dollara hærri en á sl. ári.

— Þjóðar stálu 85 þús. dollara virði af frímerkjum úr pósthúsinu í Richmond í Virginia um sl. mánaðamót, og tóku um leið með sér 160 dollara í skildingum úr járnskápnum.

— Hinn nýi konungur í Belgíu hefir með ráði stjórnar sinnar gefið strokumönnum þaðan úr landi upp allar sakir, — það er að segja þeim, sem strokið hafa undan herþjónustu, en þó er það skilmálum bundið. Það eru þrír flokkar belgiskra borgara, sem njóta náðar undir lögum þessum: 1) þeir, sem dvöldu í Belgíu til 18 ára aldurs, án þess að hafa gefið sig fram til herþjónustu, og flutt svo úr landi án þess að tilkynna stjórninni um heimilisfang sitt; — 2) þeir, sem fluttu úr landi innan 18 ára aldurs; 3) þeir, sem strokið hafa úr herþjónustu og flutt úr landi. — Margir menn af þessum flokkum öllum eru hér í Vestur-Canada. — Konsúll Belgíu hér í borg neitar að opinbera skilyrðin fyrir því, að þessum mönnum verði gefnar upp sakir. Samt hefir hann látið það uppi, að allir þeir borgarar Belgíu, sem hafi strokið þaðan úr herþjónustu, verði að flytja heim aftur til þess að útenda þar herþjónustutímabil sitt.

— Harðkol hafa fundist í Jasper Park héraðinu í Klettafjöllunum, 190 mílur vestur af Edmonton. Kolatekjusvæði þetta er um 17,500 ekrur að stærð, og áætlað að þar sé um 170 til 200 milión tonna af harðkolum. Fimm kolaæðar hafa fundist á landinu, frá 5 til 14 feta breiðar. Kolin hafa verið reynd og hafa gefist ágætlega. Grand Trunk Pacific brautin liggur yfir landið — um 30 mílur austur frá Yellow Head skarði.

— Banki hefir verið stofnaður í Lundúnum fyrir konur eingöngu. Kona stjórnar banka þessum, og allir, sem í bankanum starfa að einhverju leyti, eru konur. Enginn karlmaður fær að koma þar inn fyrir dyr. Konum er leyft að leggja þar inn sparifé sitt, minst $25.00. Bankinn gerir einnig allskonar ábyrgðarstarf og selur verðbréf af öllum tegundum. Ungfrú May Bateman stjórnar bankanum. Hún segist borga kvenþjónum sínum eins há laun og aðrir bankar borgi karlmönnum, er við sama starf vinna. Þetta er fyrsti kvenbanki í brezka ríkinu, og með honum er skapaður nýr atvinnuvegur fyrir konur.

— Quebec brúin mikla, sem féll í fljótið fyrir fáum árum áður en hún var fullger, og sem nú þegar er búin að kosta Canada ríki fullar Sjö Miliónir Dollara, — á að endurbyggjast, og er áætlaður kostnaður hennar 11 miliónir, svo að alls kemur brúin til að kosta ríkissjóðinn 18 miliónir dollara, ef alt gengur slysalaust hér eftir.

— C.P.R. félagið hefir lofað að veita hálfa milión dollara til alheimssýningarinnar í Winnipeg, G.T.P. félagið hefir lofað annari eins upphæð og C.N.R. félagið hefir lofað 250 þús. dollara, svo að alls ætla þessi þrjú járnbrautarfélög að gefa til sýningarinnar $1.250,000.00. Svo hefir sýningarnefndin loforð frá fylkisstjórninni og frá Winnipeg borg, sem með hlutabréfum, sem seld verða, gefa nefndinni aðra milión dollara. Svo vonar nefndin, að Great Northern og Northern Pacific járnbrautafélögin og hin ýmsu gufuskipafélög muni gefa til samans ekki minna en $250,000.00, svo að nefndin hafi alls fullkomlega $2,500,000.00. Nefndin telur víst, að Ottawa stjórnin veiti jafna upphæð þeirri, sem nefndin fær frá öllum öðrum uppspretttum, svo að ekki minna en 5 miliónir dollara verði starfsfé hennar til að koma sýningunni á fót.

Íslenzkur fiólin-spilari.

THORSTEINN JOHNSON.

Í þetta sinn flytur Heimskringla mynd af þeim manni, sem nú er viðurkendur færasti íslenzkur fiólin-spilari vestan hafs, og sá þriðji í röðinni að ofan þeirra, sem beztir eru í þeirri grein hér í borg.

Thorsteinn Johnson er fæddur að Vatnsenda í Fljótum í Þingeyjarsýslu á Íslandi þann 18. des. 1876; Foreldrar hans eru þau hjón Guðlaugur Jóhannesson og Guðrún Jónsdóttir, sem lengi dvöldu þar í Fljótunum. Þau hjón fluttu hingað vestur árið 1885, og vár þá Thorsteinn 7 ára gamall. Þau settust að í Norður-Dakota og dvöldu þar um nokkurra ára bil, en fluttu síðan hingað til borgarinnar, fyrir 10 eða 12 árum, og hafa dvalið hér síðan.

Thorsteinn var frá barnæsku sérlega hneigður fyrir söng og söngfræði, og þegar hann var 12 ára gamall tók hann fyrst að spila á fiólin, algerlega af eigin hvötum, og án nokkurrar tilsagnar. Þessu hélt hann áfram, þar til hann með foreldrum sínum kom hingað til Winnipeg. Þá réði hann sér strax kennara, og tók að stunda námið af öllu kappi, og hefir síðan stundað það uppihaldslaust fram að síðastliðnu nýári. En á sama tíma hefir hann unnið fyrir sér og meira en það, með því að spila á samkomum og með því að kenna ungmennum hér í borg.

Á því tíu eða tólf ára tímabili síðan Thorsteinn kom til Winnipeg, hefir hann stundað námið undir fjórum kennurum, þeim beztu, sem hér hafa verið fáanlegir. Fyrstur þeirra var Alex. Scott. Hann er lærisveinn hins heimsfræga fiólinspilara Hermanns. Hjá Scott var Thorsteinn á annað ár. Næst lærði hann hjá ungfrú Lawson, sem lært hafði hjá nafnfrægum fiólinspilara Emil Souret. Síðar lærði hann hjá Camile Couture, sem numið hafði hjá hinum fræga belgiska fiólinspilara Ouide Musine. Og síðast hefir hann fengið tilsögn hjá Geo. Rutherford, sem lært hefir hjá Seusek, heimsfrægum kennara, sem kendi Kubelic og Mary Hall, og fleiri nú heimsfrægum fiólinspilurum.

Þetta sýnir, að Thorsteinn hefir valið sér þá beztu kennara, sem fáanlegir hafa verið hér í borg, og þeir eru að líkindum jafn-færir í list sinni þeim, sem beztir eru annarstaðar í Canada.

Thorsteinn hefir því fengið þá beztu æfingu og mentun í fiólinspilamenskunni, sem fjórir fræguustu spilarar í Vestur-Canada hafa getað veitt á fullu tíu ára tímabili. Og með því að hann hefir hafi hæfileika og ástundan til þess að nota kensluna og að ná sem mestri fullkomnun, þá er árangurinn sá, að hann er nú talinn með beztu fiólin-spilurum borgarinnar.

Hann hefir og með þessu námi sínu gefið ungum hæfileika Íslendingum hið fegursta eftirdæmi, og sýnt þeim, hvernig einalaus unglingur getur með góðri ástundan og strangri reglusemi hafið sig upp í röð fremstu listamanna.

Thorsteinn hefir nú stóran og sífjölgandi hóp af íslenzkum nemendum, sem sumir eru komnir vel á veg og taka stöðugri framfór undir tilsögn hans.

Thorsteinn kvæntist fyrir 7 árum ungfrú Valgerði Magnúsdóttur Einarssonar úr Þingeyjarsýslu. — Þau hjón eiga 4 börn, og hafa heimili að 543 Victor st. hér í borg.

— Tolltekjur Canada stjórnar á sl. fjárhagsári urðu yfir 100 miliónir dollara.

— Fregn frá Englandi segir, að 30 þúsund manna ætli að sigla frá Liverpool til Canada í þessum mánuði. Tuttugu og þrjú gufuskip flytja hópinn. Allir þessir menn hafa í hyggju að taka land í Canada, og allir hafa þeir mikil peningaleg efni.

— Stjórnin í Ástraliu hefir tekið þá stefnu, að bola Standard oliu félaginu út úr ríkinu, með því að lögleiða, að allir oliu verzlarar verði að kaupa starfsleyfi af stjórninni. Getur hún þá bannað Standard oliu verzlunarmönnum að starfa í landinu.

— Rosenthal læknir í Paris hefir auglýst það á læknafundi þar í borg, að hann hafi uppgötvað lyf, sem lækni gigtveiki. Lyfinu er sprautað inn undir húðina. Hann staðhæfir, að allar tilraunir sínar með lyf þetta hafi hepnast ágætlega.

— Inntektir C.P.R. félagsins í febr. sl. urðu $5,992,052, en útgjöld öll $4,505,023, — hreinn gróði af mánaðarstarfinu því $1,487,019. — Gróði félagsins á sama tímabili í fyrra varð að eins $769.145.

— Mrs. Fortier var í sl. viku að keyra með þremur börnum sínum yfir Nippissing vatn. Þegar hún var 5 mílur frá landi, datt hesturinn í ísinn um ísinn, sem var orðinn veikur af vorhlýindunum. Mrs. Fortier gat losað hestinn frá aktýgjunum áður en hann druknaði. Síðan beitti hún sér sjálfri fyrir sleðann og dró hann með þremur börnunum í þann 5 mílna veg, sem eftir var til lands og bygða. Hrálagakuldi var og rigning, en hún hafði búið um börnin í voðum og loðfeldum, svo þeim var hlýtt. En sjálf var hún uppgefin, þegar hún náði bygðum.

— Þrir menn týndu lífi á Þýzkalandi á sunnudaginn var við það, að loftfar, sem þeir voru í, bilaði. Loftfarið kom niður í vatn, og mennirnir druknuðu.

— Tveir rússneskir embættismenn voru fyrir skömmu sviptir embættum og sakamál höfðað á hendur þeim fyrir að hafa dregið undir sig fé, sem ætlað var til styrktar fólki því, sem leið hungursneyð í Novgorod héraðinu. — Annar þessara manna var fylkisstjóri en hinn aðstoðarráðgjafi innanríkisdeildarinnar.

— Col. Roosevelt hélt nýlega ræðu í Cairo borg á Egyptalandi, þar sem honum var haldið heiðurs samsæti. Meðal annars fór hann þar hörðum orðum um þá stefnu uppreistarmanna, æsingamanna og Anarkista, að ráða þjóðhöfðingja af dögum. Þetta þótti mörgum áheyrendum hið mesta hneykslí, og svo mæltist það illa fyrir hjá vissum flokki manna, að stjórnin þar setti tafarlaust sterkan vörð um Roosevelt, hvar sem hann fór þar í landi, af ótta fyrir því, að á hann yrði ráðist fyrir mannúðarhugsjónir hans. — Búist er við, að Roosevelt komi til Kaupmannamannahafnar í byrjun næsta mánaðar og flytji þar fyrirlestur. Þaðan fer hann til Noregs og Svíþjóðar. Hákon, konungur Norðmanna, hefir boðið honum að gera konungshöllina að heimili sínu meðan hann dvelur í Noregi.

— Fellibyljir og ofsarigningar í norðurhluta Austurríkis gerðu yfir milión dollara eignatjón þann 1. þ. m. Búist er og við, að veður þetta hafi gert miklar skemdir í suðurhluta landsins, og að mörg skip við strendur þess muni hafa farist. Þegar frétt um manntjón all-mikið á sumum stöðum.

— Tuttugu fermilur af kolatekjuloðndum hafa fundist í Norður Ontario meðfram Metagama ánni og norðan við G.T.P. járnbrautina. Kolin eru góð og byrgðir óþrjótandi.

— Á sunnudaginn var týndu 3 menn lífi í Californíu við að velta út úr mótorvagni, sem þeir voru í. Þeir keyrðu í ógáti fram af háu bjargi.

— "Arctic" klúbburinn í New York auglýsir, að hann skuli borga dr. Frederick Cook meira en milión dollara í peningum, ef hann geti sannað, að hann en ekki lautinant Peary hafi fyrstur fundið pólinn.

— Col. Roosevelt hefir neitað að heimsækja páfann. Umboðsmaður páfans hafði skrifast á við Roosevelt og sett honum sömu skilyrði og hann setti fyrrum varaforseta Fairbanks. En Roosevelt kvaðst ekki þiggja heimboðið, ef það væri bundið nokkrum skilyrðum, og kvað þess vegna heimsókn sína til páfans ómögulega.

— Í síðustu viku æddu voðalegir stormar yfir Spán, sem grönduðu skipum og gerðu mikið eignatjón. Margir fiskibátar fórust í þessu ofsaveðri og fjöldi manna týndu lífi. Franskt skip með 29 mönnum strandaði þar við land; mönnum öllum varð bjargað. Kuldi mikill var veðri þessu samfara.

— Mælt er, að ungfrú McCullough, sem kærð var fyrir nokkrum vikum um að hafa skotið Fred Carroll í Wawanesa bæ hér í fylkinu, son eins af fylkisþingmönnunum, — munu verða gefnar upp sakir. Próf þau, sem fram hafa farið í málinu, hafa haldin verið fyrir luktum dyrum, og bendir það á, að málið hafi verið meira en lítið óþrifalegt. En af því, sem fram hefir komið við þessi réttarhöld, mun þykja hlýða, að halda ekki málinu fram á hendur stúlkunni,— enda er nú hinn nýkvongaði maður, sem hún skaut, talinn úr allri lífshættu af áverkanum.

I. O. G. T.

Stúkan Skuld heldur fund sinn þann 6. þ.m. í neðri sal Goodtemplarahússins. Meðlimir stúkunnar eru vinsamlega ámintir um, að sækja þennan fund og fjölmenna, því mörg alvarleg mál liggja fyrir fundinum, sem varðar almennri atkvæðagreiðslu af meðlimum stúkunnar. — Einnig hefir stúkan hér eftir annanhvorn fund sinn skemtifund frá kl. 9—10.30. Næsti skemtifundur verður 13. þ.m. og næsti þar á eftir 27. þ.m. Þetta eru ungu mennirnir og ungu stúlkurnar í stúkunni Skuld beðið að festa vel í minni.

Sig. Oddleifsson, ritari.

OGILVIE'S

Royal Household Flour

Til Brauð og Köku Gerðar

Gefur Ævinlega Fullnæging

EINA MYLLAN Í WINNIPEG,—LÁTIÐ HEIMAIÐNAÐ SITJA FYRIR VIÐSKIFTUM YÐAR.

Íslands fréttir.

Hinir tveir dönsku bankastjórar, sem fyrir fáum mánuðum voru sendir til Íslands til þess að rannsaka ástand Landsbankans, hafa auglýst svolátandi álit sitt um ástand bankans: — "Landmandsbankinn hefir, að fenginni skýrslu vorri um Landsbanka Íslands og að þar til gefnu tilefni, veitt oss umboð til að lýsa því yfir, að endurskoðun sú, sem vér höfum gert, sýnir ekki betri niðurstöðu en þá, er rannsóknarnefndin hefir komist að raun um". Þetta er undirritað af þeim bankastjórunum C. Christensen og Chr. Jörgensen.

Prestkosning fór fram í Reykjavík í febrúar lok sl. Fimm prestar voru í kjöri, en enginn fékk lögmæta atkvæðatölu. En flest atkvæði fékk ungur prestur, Bjarni Jónsson, frá Mýrarholti (489), og samkvæmt því veitti landsstjórnin honum embættið.

Sigurður Einarsson hefir nýlega tekið dýralæknispróf í Kaupmanna höfn og fengið veitingu fyrir dýralæknisembættinu fyrir Norður og Austurland.

Bát hvolfdi á Reykjavíkurhöfn 3. marz. Sjö menn voru í bátnum og fóru allir í sjóinn, en varð bjargað, að undanteknum Jóni Guðmundssyni, sem druknaði. — Hann var ókvæntur maður, til heimilis í Grettisgötu.

Þann 1. marz kom snjóflóð í Ytri-Skálavík í Ísafjarðarsýslu, og féll á bæinn Breiðaból. Fjórir manna mistu þar líf, en 5 aðrir náðust lifandi úr fönninni eftir 40 klukkustundir. Bóndinn á bænum, Sigurður Guðmundsson, fórst með einu barni sínu, en konunni og 4 börnum varð bjargað. Hinir 2 sem fórust voru hjón, Ari Pétursson og Lofísa.

Símslit víða um Ísland, svo að ekkert samband fékst milli Rvíkur og Seyðisfjarðar fyrstu viku marzmánaðar, og engin skeyti frá útlöndum bárust til höfuðstaðarins.

Snjóflóð féll á jörðina Naust í Ísafjarðarsýslu 3. f.m., skemdi hlöðu og drap 8 kindur. Annað snjóflóð féll á Kaldareyri við Skutulsfjörð, sem gerði 600 kr. eignatjón, en manntjón varð ekki. Enn eitt flóðið rann á jörðina Geltu í Súgandafirði, tók timburhús við sjóinn og braut 2 smábáta.

Prentsmiðja Hafnarfjarðar hefir seld verið hlutafélagi á Eyrarbakka, er í ráði, að fara að gefa þar út blað.

Jón Halldórsson, bóndi á Laugardælum við Ísafjarðardjúp, er nýlátinn, nírræður að aldri.

Þýzkur botnvörpungur nýlega sektaður í Vestmannaeyjum fyrir ólöglegar fiskiveiðar, afli og veiðarfæri gerð upptækt.

Sameinaða guðfuskipafélagið hefir varið 75 þús. krónum til breytingar og viðgerðar á Botnia, svo skipið sé haganlegar útbúið til Íslandsferða.

Fyrir skömmu er útkomin ný bók, "Íslenzk réttritun", eftir Dr. Finn Jónssan.

Hákarlaveiðar nú stundaðar fyrir Norðurlandi á mótorbátum á vetrum. Beztur afli á einum slíkum bát (frá Siglufirði) var 70 tunnur lifrar, í öndverðum febr.

Þriggja ára gamalt barn í Rvík beið bana af byssuskoti í heimahúsi. Hafði verið að rjála við bössuna, sem var hlaðin. Ýmsar aðrar slysfarir víða um land.

Samskot til ekkjunnar.

Í styrktarsjóð ekkjunnar hefir Heimskringlu verið afhent síðan síðasta blað kom út:

Safnað af Albert Guðmundssyni, Antler, Sask. —

Jón Abrahamsson, Antler	$5.00
Mrs. J. Þórðarson, Antler	15.00
Friðrik Abrahamsson, Cresent	1.00
Þorstina, fyrrum skólakennari að Diönu skóla	5.00
Grímur Ólafsson, Antler	1.00
Sæm. Friðriksson, Antler	1.00
Illhugi Friðriksson, Antler	2.00
Bergvin Jónsson, Antler	1.00
G. Davíðsson, Antler	61.00
Magnús Tait, Antler	1.00
Kristján Abrahamsson, Antler	5.00
James McMunn, Ewart	1.00
Mrs. Ritherson, Ebor	1.00
Jóhannes Bardal, Sinclair	1.00
Mrs. J. Bardal, Sinclair	1.00
J. G. Jóhannsson, Ebor	2.00
Mrs. J. G. Jóhannsson, Ebor	1.00
Vilborg Árnadóttir, Ebor	1.00
Þorst. Jósepsson, Sinclair	2.50
Mrs. Sigurborg Gottfred, Cresent	1.00
Kristján Matthías, Leslie	1.00
Mrs. K. Matthías, Leslie	1.00
John A. Smith, Ewart	1.00
W. Ayers, Ewart	1.00
Samtals	$ 53.50
Óneindur bóndi í Churchbridge	1.00
Áður auglýst	536.80
Alls innkomið	$591.30

— Áætlaður stjórnarkostnaður Breta á næsta fjárhagsári er 213½ milión dollarár.

Wall Plaster

"EMPIRE" VEGGJA PLASTUR kostar ef til vill ögn meira en hinar verri tegundir, —en berið saman afleiðingarnar.

Vér búum til:

"Empire" Wood Fibre Plaster
"Empire" Cement Wall "
"Empire" Finish "
"Gold Dust" Finish "
"Gilt Edge" Plaster of Paris
og allar Gypsum vöruutegundir. —

Eigum vér að senda yður bækling vorn?

BÚIÐ TIL EINUNGIS HJÁ

MANITOBA GYPSUM CO. LTD

SKRIFSTOFUR OG MILLUR Í

Winnipeg, - Man.

Heimskringla

Published every Thursday by The Heimskringla News & Publishing Co. Ltd

Verð blaðsins í Canada og Bandar. $2.00 um árið (fyrir fram borgað). Sent til Íslands $2.00 yfrir fram borgað af kaupendum blaðsins hérlendis.)

B. L. BALDWINSON.
Editor & Manager

Office:
729 Sherbrooke Street, Winnipeg
P.O. BOX 3083. Talsími 3512.

Ekkjan á Akranesi.

Um leið og Heimskringla finnur sér skylt að votta Vestur-Íslendingum innilegt þakklæti fyrir þá stórfeldu og mannúðlegu hjálp, sem þeir með samskotum sínum hafa veitt ekkjunni Marju Magnúsdóttur á Þaravöllum á Akranesi á Íslandi, til þess hún geti komist hingað vestur með 4 börn sín á komandi sumri, — þá er og skylt, að blaðið geri fulla grein fyrir því samskotafé, sem það hefir veitt móttöku í þennan hjálparsjóð.

Skilagrein blaðsins er því á þessa leið:

Meðtekið í samskotasjóðinn alls $537.80

Afhent Allan Line umboðsmanninum hér í borg til far- og ferða-kostnaðar konunnar $216.00

Lagt inn á Dominion banka 321.80

Samtals ... $537.80

Til frekari skýringar skal þess getið, að í þeim $216.00 — jafngildi 800 kr. — sem afhent var Allan línunni hér þann 24. marz, fólust 250 krónur, sem ætlaðar voru konunni til undirbúnings og ferðakostnaðar, svo henni og börnum hennar gæti liðið sem bezt á leiðinni vestur, og var það álitin hæfileg upphæð og nokkru meira en beðið var um handa konunni upphaflega. En það fé, sem hér er enn geymt, var lagt á bankann til þess að það gæti borið vexti þar til konan kemur vestur.

Svo stóð á, að þessir $537.80, sem Heimskringlu bárust, töldust að vera 1992 krónur, en með þeim vöxtum, sem sá hlutinn gefur af sér, sem nú liggur á bankanum, verður öll upphæðin, sem þetta blað hefir hjálpað til að hafa saman, fullar Tvö þúsund Krónur, þegar ekkjan er hingað komin, á komandi sumri.

Svo er og umbúið þennan sjóð, að hún getur fengið hann út af bankanum, þegar hún kemur vestur, hvort sem Heimskringla eða ritstjóri hennar verða þá ofanjarðar eða neðan.

Með skírteini, sem bankinn sendir innflytjenda umboðsmanni Dominion stjórnarinnar í Quebec borg um innieign konunnar í bankanum, er það og trygt, að hún og börn hennar fái landgöngu, þó hún hafi ekki við lendingu nægilegt fé með sér til þess að fullnægja bókstaf laganna, hinna nýju innflutningslaga.

Ennfremur skal þess einnig getið, að ef þeir $70.00, sem safnað hefir verið í Pipestone bygð handa þessari ekkju, verða sendir Heimskringlu, þá verða þeir einnig lagðir á bankann, og eykst þá inneign hennar þar um þá upphæð, og vaxtatekjan af sjóðnum að sama skapi.

Með þessari skilagrein er starfi blaðsins lokið, eða því sem næst.

En það er annað í sambandi við þetta mál, sem vér finnum ástæðu til að leiða athygli almennings að. Það hefir orðið ein yfirsjón við þessa sjóðmyndun, sem ekki hefði átt að vera: Konan hefir fengið of miklar gjafir. Það var beðið um $145.00 fyrir hennar hönd, og hefir hún því fengið rúmlega fjórum sinnum meira fé en um var beðið. Við lendingu þarf hún að geta sýnt $75.00. Fargjöldin og lendingarféð til samans gera $235.00, eða jafngildi rúmlega 870 króna. Það hefði því verið sómasamleg upphæð, að gefa konu þessari Eitt þúsund Krónur. Með það hefði hún komist hingað vestur með öll börn sín, og átt þó rúmar 400 krónur afgangs fargjöldunum. En eftir að hún var hingað komin voru henni allir vegir færir, með ráðum og aðstoð góðra manna í þeirri nýlendu, sem hún er ákvörðuð að flytja í. Þá hefðu í sjóðnum orðið eftir rúmlega 1250 krónur, eða nægilegt fé til þess að hjálpa einni eða tveimur öðrum nauðlíðandi ekkjum með börnum þeirra til vesturferðar, — og slíkar ekkjur eru margar á Íslandi.

Sú söfnunaraðferð, sem að þessu sinni hefir beitt verið, er ekki algerlega frí við, að bera keim af ániðslu á gjafmildi og göfuglyndi Vestur-Íslendinga, þar sem frá þeim er tekið handa einni fjölskyldu meira enn fjórum sinnum meira fé, en beðið var um til styrktar henni.

Vér litum svo á, að hyggilegra hefði verið, að safna fénu eins og gert var, en láta þess getið strax í upphafi, að það, sem innkæmi umfram ákveðna upphæð, yrði lagt til þess, að mynda varanlegan styrktarsjóð handa fátækum ekkjum, sem hingað vildu komast með börn sín. Með því móti yrðu gjafirnar að mestum notum, af því þær dreifðust meira og kæmu jafnar niður.

Vera má, að þessari ekkju hafi orðið svona vel til í þetta sinn af því hún er sú fyrsta, sem á þennan hátt hefir opinberlega leitað styrks Vestur-Íslendinga. En algerlega víst er það, að fleiri ekkjur neyta sama lags síðar, og þær geta verið alt eins þurfandi hjálpar og þessi kona er.

Þess vegna er það rétt, ef framvegis verður leitað samskota á líkan hátt og nú, að séð verði um, að gjöfunum verði þannig varið, að þær komi að sem mestum notum og beztum. Það er vandalaust, að semja svo reglugjörð fyrir slíkan sjóð, að trygging fáist fyrir því, að ekki njóti hans aðrir en þeir, sem nauðsynlega þarfnast hjálpar til vesturferðar.

Hvað þessa tilgreindu fjárupphæð snertir, þá er hún að sjálfsögðu eign ekkjunnar á Akranesi, ef hún eða þegar hún kemur vestur. Vestur-Íslendingar hafa gefið hana af fúsum vilja, og svo hafa safnstökin verið almenn út um bygðir landa vorra, að það er fólkinu til stórsóma, hve vel og fljótt það hefir lagt í þennan hjálparsjóð, jafnt ungum sem mömlum, og jafnt þeim, sem búa í Bandaríkjunum eins og hinum, sen búa hér í Canada. Jafnvel börn á skólaaldri, piltar og stúlkur, hafa lagt í þennan sjóð. Það hefir verið þeim ánægja, að mega vera með í því, að styrkja munaðarlausu börnin til vesturferðar. Og það má óhætt fullyrða, að skólabarna tillagið í þennan sjóð nemi allri nauðsynlegri fargjaldsupphæð ekkjunnar og barna hennar.

En það er sérstaklega með tilliti til framtíðarinnar, sem þessar línur eru ritaðar. Það má telja nokkurnveginn víst, að einhverntíma framvegis verður leitað til Vestur-Íslendinga á líkan hátt og nú, og þá þarf að fyrirbyggja það, að gjafmildi þeirra sé ofboðið umfram þarfir styrkleitendanna. Við því mun Heimskringla reyna að sporna eftir mætti. Það er dýrmætt fyrir nauðþurfta einstæðinga á ættjörðinni að vita, að þeir eiga hér að fyrir vestan haf heilan herskara af göfuglyndum og gjafmildum mannvinum, — en það er líka nauðsynlegt, að tryggja þá mannvini fyrir óþarfri ániðslu, eða þiggja hjá þeim gjafir um skör fram fyrir nokkurn einn einstaklíng.

Í þessu blaði er bréf frá konu einni í Winnipegosis, Man., sem virðist hafa þá skoðun, að Vestur-Íslendingar ættu að gefa fé það, sem þegar hefir verið lagt af mörk um í ekkjusjóðinn, án nokkurs skilyrðis um það, hvernig eða hvar fénu sé varið. Heimskringla er á annari skoðun, og blaðið hefði ekki í þessu tilfelli lánað dálka sína til þess, að safna fénu, ef ákveðinn tilgangur hefði ekki verið tilgreindur. Það var beðið um fé til vesturferðar fyrir konuna og börn hennar, og það hefir verið gefið í þeim tilgangi, að því yrði þannig varið. En alls ekki í þeim tilgangi, að því yrði varið heima á Íslandi, nema aðeins litlum hluta til undirbúnings ferðarinnar. Og það væri að safna fénu undir fölsku yfirskyni, ef um það væri beðið til vesturferðar, en svo eftir á notað til jarðakaupa eða annars þess háttar heima á Íslandi.

Í slíku táli vildi Heimskringla engan hlut eiga, og þess vegna er hér bent á þetta atriði, að fólk fái það á meðvitund sína, að hvenær framvegis, sem samskota verður leitað á líkan hátt og nú, — þá verði alt sem innkemur, umfram það, sem um er beðið eða þörf er á, — lagt í sérstakan sjóð, sem nota megi til hjálpar þeim, sem framvegis kunna að leita á náðir vorar hér vestra.

Síðan ofanrituð grein var stílsett, hefir herra Albert Guðmundsson í Pipestone bygð afhent Heimskringlu $53.50, sem nú hafa verið lagðir á bankann, og er þá sjóður ekkjunnar þar orðinn $375.30.

Herra Albert Guðmundsson hefir getið þess, að enn séu $44.75 í óborguðum loforðum þar vestra, sem séu í vísum stöðum og verði afhent í sjóðinn síðar. Þegar óborguðu loforðin eru afhent í sjóðinn, þá eru samskotin alls $636.05 eða rúmar 2355 krónur.

NOKKUR ORD

um stjórnmál.

Eftir
Árna Sveinsson.

"Það er svo margt, ef að er gáð, sem um er þörf að ræða".

Þessar hendingar koma mér oft í hug, er ég les ýmislegt viðvíkjandi stjórnmálum Canada; því það er svo margt í sambandi við þau, sem nauðsynlegt er að taka til alvarlegrar íhugunar, "sem um er þörf að ræða", — og gera sér ljósa grein fyrir því, hverjar afleiðingarnar muni verða, ef núverandi stjórnarásigkomulag heldur áfram til lengdar. Sérstaklega virðist mér það skylda blaðanna gagnvart kaupendunum, að gefa nákvæmlega rétt og óhlutdrægt yfirlit yfir stjórnarfarið, fjárhaginn og meðferð á eignum ríkisins, — svo öllum gefist tækifæri til að draga þar af sínar eigin ályktanir, og vinna hindrunarlaust að heill þjóðfélagsins. Það gæti máske dregið úr hinni megnu spillingu, sem virðist hafa náð svo föstum tökum á alt of mörgum stjórnmálamönnum vorum, og fleirum, sem vinna undir áhrifum þeirra. Mun sú spilling eiga rót sína að rekja til þess: að sá hugsunarháttur virðist vera talsvert rótgróinn og viðtækur í þjóðlífi voru, að það sé ekki mjög saknæmt, þegar ríkið á hlut að máli, þótt reynt sé að draga undir sig fé og eignir þess, undir ýmsu yfirskyni, svo sem með fölsuðum reikningum og öðru þvíliku. En þessi hugsunarháttur er gjörspiltur og mjög skaðlegur, því hann er undirstaða og viðhald hinnar dæmalausu óráðvendni og fjárdráttar, sem nú virðist einkenna stjórnarfarið í Canada, og því mjög áríðandi, að uppræta hann.

Það er kristileg siðferðisskylda allra, að koma ætið fram, sem vandaðir og góðir menn, hvaða köllun, sem þeir gegna í mannfélaginu, og við hvern, sem er að skifta, og þá engu síður, þegar um stjórnmál er að ræða. Og sérstaklega er það áríðandi, að eiðsvarnir fulltrúar þjóðarinnar, sem hún treystir ogtrúir fyrir málum sínum, rjúfi ekki þann eið og bregðist ekki því trausti. En því miður virðast þeir oft gleyma hvorutveggja, það sýnir hin óráðvanda meðferð þeirra á eignum þjóðarinnar.

Og þeim mönnum, sem leggja fram falsaða reikninga, vil ég í einlægni segja, að mér virðist það ganga þjófnaði næst. Að minsta kosti ætlast þeir til þess — sem slíkt gera — að stjórnin ræni eða steli úr ríkissjóði peningum til þess, að borga þeim fyrir það, sem þeir hafa ekki unnið fyrir, og eiga þeir því enga heimting á því. Það myndi ekki vera álitinn vandaður eða trúr ráðsmaður, sem borgaði vinum sínum margfalt verð fyrir það, sem hann keypti af þeim eða léti þá vinna fyrir húsbónda sinn. En það er einmitt það, sem stjórnin gerir, þegar hún borgar falsaða reikninga, og þeir, sem styrkja slíka stjórn og halda henni við völdin, eru meðsekir. Því þeir samþykkja og staðfesta gerðir hennar og gefa óþokkunum tækifæri til að halda áfram í svívirðingunum, í stað þess að reyna að koma í veg fyrir slíkt, og endurbæta stjórnarfarið.

Það væri því ekki úr vegi fyrir hina "politisku" leiðtoga, sem eru að draga hina ungu og óþroskuðu æskumenn inn í hina spiltu flokka-"politik", með ýmsum miður heppilegum meðulum, að íhuga nákvæmlega, hvort þeir með því séu að leiða þá á braut menta og menningar, eða í gagnstæða átt. Ég geng að því vísu, að þeir vilji ungu mönnunum alt hið bezta; en ég efast um, að þeir hafi gert sér ljósa grein fyrir því, hvert þessi félagsskapur getur leitt þá. Auðvitað á ekki að hindra það, að þeir taki þátt í stjórnmálum landsins, því það er skylda allra þegna ríkisins, að vinna að framförum og uppbygging þess, bæði í stjórnmálum og fleiru. Það er því mjög áríðandi, að æskumennirnir verði fyrir góðum áhrifum, þegar frá byrjun. Og ekki sízt með tilliti til stjórnmála, þar sem eru svo miklar tælingar, og freistingarnar yfirgnæfandi.

Mér kemur nú til hugar, að hin "politisku" smáfélög, ef þau hefðu vandaða og góða fyrirliða, sem ynnu af alhug að því, að útbyggja öllu ósæmilegu í sambandi við stjórnmál, og fyrirlitu þá aðferð, að básúna lof og dýrð um flokkana, hversu svívirðileg, sem framkoma þeirra er, — gætu einmitt haft góð áhrif og leiðbeint meðlimum sínum í rétta átt. Félögin ættu ætíð að hafa á öllum fundum sínum áreiðanlegar skýrslur og heimildarrit, viðvíkjandi stjórn landsins, svo öllum félagsmönnum gefist tækifæri til að kynna sér stjórnarfarið eins og það er í raun og veru.

Það væri líka nauðsynlegt, að félögin gengust fyrir því, að fluttir væru fyrirlestrar um merkustu og beztu stjórnmálamenn heimsins, sem á ýmsum tímum hafa unnið ómetanlegt gagn fyrir þjóðfélögin. Það myndi hafa góð áhrif á æskumennina, því þar gætu þeir fengið fyrirmyndir til að breyta eftir.

Mér virðist það svo áríðandi, að kjósendurnir þekki og skilji sem bezt stjórnmálin, og eins að þeir elski og virði alt það, sem er gott og göfugt; en hati og fyrirliti alt það, sem er auðvirðilegt og lágt. Svo sem hina svívirðilegu eigingirni, sem nú virðist vera aðaldrífjöðrin í hinni "politisku" hreyfivél beggja flokkanna.

Já, þengjust hin "politisku" félög og gjaldþegnarnir yfirleitt til að vinna í rétta átt, og styðja til valda aðeins heiðarlega og ráðvanda menn, myndu afleiðingarnar verða betri, en nú virðist raun á, og vér öðlast heiðarlega og ráðvanda stjórn. En því miður virðist það eiga langt í land, og alt verða í sama horfinu, svo lengi, sem það er hæsta hugsjón og takmark leiðtoganna, að berjast um völdin og halda þeim; og á hinn bóginn kjósendanna, að koma sínum flokki til valda — sem þeir svo kalla — og halda honum við þau, hversu svikulir og óráðvaqdir, sem stjórnendurnir reynast, — og svo þar á ofan lýsa yfir velþóknun sinni og trausti á gjörðum þeirra, og það jafnvel þegar svívirðingarnar eru að koma í ljós.

Meðan meiri hluti gjaldþegnanna er svona harð-ánægður með stjórnarfarið, sér stjórnin eða gæðingar hennar enga þörf fyrir endurbætur. Þeim þykir gott, hvað gengur, — þess betra næði hafa þeir við kjötkatlana. Enda gerði Laurier sjálfur þá yfirlýsing (1901), að alt væri þá í svo góðu lagi, að endurbóta þyrfti ekki við; og í því sambandi fórust honum orð á þessa leið: "Ég er í þeirri einkennilegu stöðu umbótamanns, sem ekkert hefir til að endurbæta". Og svo ennfremur: "Fyrir mitt leyti er ég ekki reiðubúinn til að breyta því, sem nú á tíma er alveg rétt".

En hve lengi skulu hinir "politisou" leiðtogar og auðvaldið geta haldið þjóðinni í þessari stjórnmála-dáleiðslu? Ég vona það verði ekki öllu lengur, því ýmislegt virðist benda í þá átt, að hún sé farin að rumskast, og að það verði bændastéttin, sem fyrst vaknar; enda er hún sjálfstæðust og stendur því bezt að vígi. Hefir hið unga, upprennandi bændafélag, "G. G.G. Company", hafið barattuna, og gert það myndarlega, og virðist vera á réttri leið. Er vonandi, að það verði óháð báðum stjórnmálaflokkunum, því þá verður það betur samtaka með, að koma áhugamálum sínum í framkvæmd.

Ég hefi fyrir nokkru síðan lesið ritgerð eitir herra J. Jónsson frá Sleðbrjót, viðvíkjandi afskiftum Narrows-bygðar búa og nokkurra stjórnmálamanna, og þótt hann hafi dvalið aðeins fá ár hér í landi, ber ncind ritgerð þess ljósan vott, að hann þekkir og skilur greinilega kosningabrellur leiðtoganna, þegar þeir þurfa að sækja völdin í hendur kjósendanna. Þá vantar sjaldnast fagurgala og fögur loforð; en í flestum tilfellum vill svo óheppilega til, að þegar kosningarnar eru afstaðnar, er öll dýrðin á enda. Minni flestra stjórnendanna sljófgast ótrúlega fljótt, svo þeir gleyma nálega öllu, nema sjálfum sér og gæðingum sínum. — Þess hafa Narrows-búar mátt gjalda. — Loforðin og umhyggjan fyrir velferð bændanna falla í gleymsku og dá, og rífjast ekki upp aftur fyrr en við næstu kosningar, en þá verða þeir glaðvakandi og býsna minnisgóðir; og þá vaknar sama umhyggjan fyrir velferð fólksins, sem oftast er nokkuð auðtrúa, og gleymir þá vanalega öllum loforða-svikum, og lætur á ný ginna sig með nýjum og endurnýjuðum loforðum. Þannig gengur þessi pólitiska hringferð ár eftir ár, og hvert kjörtímabilið eftir annað; er það undravert, hve oft fólkið lætur draga sig á tálar.

Það er sönn ánægja, að geta dregið þá ályktun af ritgerð herra J. Jónssonar, að hann, og nágrannar hans, muni ekki framvegis láta blekkja sig með kosninga loforðum flokkanna, heldur sigla sinn eigin sjó, og vinna að stjórnmálum eftir beztu sannfæring. Og samkvæmt fundargerð, sem birtist í síðasta blaði Lögbergs, eru þeir þegar farnir að sýna það í verki. Er vonandi, að það leiði til þess, að nauðsynjamál þeirra komist í framkvæmd. Því að sjálfsögðu er stjórnin skyldug, að taka kröfur þeirra til greina, án nokkurs tillits til afstöðu þeirra í stjórnmálum. Það eru engar náðargjafir, sem þeir biðja um, heldur nauðsynlegar umbætur, sem þeir eiga heimtúngu á, og sem virðast aðalskilyrðin fyrir því, að bygðin geti þrifist. Því samkvæmt upplýsingum herra J. Jónssonar, mun varla gjörlegt fyrir þá, að halda búskapnum þar áfram, nema því að eins að erfiðleikunum verði hrundið úr vegi. — Það væri því velgjört, og það er skylda íslenzku þingmannanna, að rétta þeim nú hjálparhönd með því, að beita áhrifum sínum í þá átt, að uppburkun landsins, vegagerðir og aðrar nauðsynlegar umbætur komist í framkvæmd. Það er mjög líklegt, að lagfæring fengist á vandkvæðum bygðarbúa í sambandi við póstgöngur, væri það mál að nýju lagt fyrir póstmáladeildina í Ottawa, og því rækilega fylgt. Það er sú stjórnardeild, sem virðist bezt hafa gætt skyldu sinnar; og yfirleitt munu póstskil nú í góðu lagi. Í fjárhagslegu tilliti stendur deildin vel, og hefir í seinni tíð vanalega haft tekju-afgang og að sjálfsögðu er honum bezt varið til að endurbæta póstgöngur þar sem þörf er fyrir, svo að þeir, sem búa á útjöðrum bygðanna, geti notið sömu þæginda og þeir, sem eru nær miðstöðvunum, — að svo miklu leyti sem mögulegt er. Það er þeim svo áríðandi, því það færir þá nær umheiminum og fjarlægðin verður þeim ekki eins tilfinnanleg.

VORDÍSIN.

(Á páskadag, 1910.)

Ég heyri hljóma glaða,
sem hjarta vekja þrá,
sem Mendelsohnar söngvar,
sem samspil Mozart hjá. —
Ég sé hvar sólin dansar,
er sorti nætur dvín,
því Ostra uppljómandi
í Eyglo Pascha skín.

Frá vorsins fyrstu fæðing,
frá fyrstu hreyfing lífs,
frá ómunandi öldum,
í örmum sælu og kífs,
hver lífsins frumögn fagnar
þér, fagra vorsins dís,
er milli heims og himins
þinn heiði ljómi rís.

Þú — dýrðardraumur lífsins,
þú — drotning vors á fold
ert drottinn, sem frá dauðum
til dýrðar reis, frá mold.
Þú ert vor Kristur kæri,
sem kemur páskum á,
að færa oss ljósið, lífið,
og leysa oss dauða frá.

Á fari frárra vinda,
um fold og loft og sjá,
frá suður-sölum björtum,
þú svífur tignar-há,
með yndisdraum í augum,
með æskuljós á brá,
með óteljandi engla,
sem ástarsöng þér tjá.

Þig silfur-mötli sveipa
hin svölu skýja tár,
og gullhlað glæstrar sólar
þitt glóbjart krýnir hár.
Þinn kyrtill demants dreglum,
er döggum prýddur af,
og beltá blóm þér knýta,
sem bliki sól við haf.

Á enni himin-heiðu,
á hvelfdum brjóstum þín,
á roða-ríkum vöngum
og rósa-vörum skín
þinn helgi himin-kraftur —
in helga lífsins rún,
sem brennur inst í æðum
og efst á tindsins brún.

Með hörpuómi hlýjum
þú hjörtun lætur slá.
Alt ljóðar ljúft þér móti,
sem líf og hreyfing á:
hver lind sem lögur breiðir,
hver lækur elfi jafn. —
Hvert skorkvikindi skilur
jafnt skáldi lífs þíns nafn.

ÞORSTEINN Þ. ÞORSTEINSSON.

Jóhanna Olson
PIANO KENNARI
557 Toronto St. Winnipeg

The Farmer's Trading Co.
(BLACK & BOLE)
HAFA EINUNGIS BESTU VÖRUTEGUNDIR.

Einu umboðsmenn fyrir:—
"SLATER" Skóna góðu.
"FIT-RITE" Fatnaðinn.
"H. B. K." prjónafélagið.
"HELENA" pils og 'waist' kvenfatnaði.
Bestu matvörutegundir.
"DEERING" akuryrkju verkfæri o, s. frv.

Beztu vörur Lágt verð

Fljót og nákvæm afgreiðsla.

Farmer's Trading Co.,
THE QUALITY STORE
Wynyard, Sask.

Sherwin-Williams PAINT
fyrir alskonar húsmálningu.

Prýðingar-tími nálgast nú. Dálítið af Sherwin-Williams húsmáli getur prýtt húsið yðar utan og innan. — Brúkið ekker annað mál en þetta. — S.-W. húsmálið málar mest, endist lengur, og er áferðarfegurra en nokkurt annað hús mál sem búið er til. — Komið inn og skoðið litarspjaldið. —

Cameron & Carscadden
QUALITY HARDWARE
Wynyard, -- Sask.

Heiðurssamsæti.

Laugardaginn 19. marz kl. 2 e. m. hélt kvenfélagið "Undina" á Mikley, Björgu Kristjánsdóttur, ekkju Stefáns smiðs Jónssonar, er andaðist hér á eynni 78 ára gamall, 14. febr. sl. (grafinn 19. s. m.), — skilnaðarsamsæti í nýja samkomuhúsinu í Mylnuvíkinni. Var þar margt fólk samankomið, flestir eyjarskeggjar, og sýndu með því að sækja svo vel samsæti þetta sameiginlegan og verðskuldaðan hylleik til heiðursgestsins (B. K.), er nú var í brottbúningi af eynni, eftir 29 ára dvöl hér og 25 ára samvinnu við kvenfélag eyjarinnar, — frá því fyrsta að það var ætofnað, fram til þessa tíma. Forseti kvenfélagsins, Mrs. G. Á. Kjartansson, sagði upp setningu samsætisins, með fáum, en vel völdum orðum. Þá talaði Þorbergur Fjeldsted fyrir starfsminni heiðursgestsins bæði í bygðinni og kvenfélaginu. Þá flutti Styrkárr Vésteinn kvæði það, er hér fer á eftir, er hann hafði kveðið til heiðursgestsins, fyrir hönd kvenfélagsins: —

Vér tjáum þér þökk, svo sem tungan fær greitt,
fyrir tuttugu og fimm ára starf, —
þá málstoð, — þann dug, sem þinn máttur fékk veitt; —
er þess minjar þú fær oss í arf.

því hvers aldjórðungs-skref yfir aldanna haf —
sem í áttina stefnir til póðs —
vekur óliðans hug, sem í algleymi svaf, —
upp til athafna' og framkvæmdamóðs.

Þótt vér köllum það skref, þá er skeiðið all-langt,
þegar skygnumst of torfæra braut, —
þars hvert fetrúm er vinnendum fengsmátt og strangt,
og oss finst það sem bótvana þraut.

En — að víkja' ekki' um fet, þótt að vonin sé smá,
er vörn, sem oss dugir þar beztu—
og það dæmi þú fékkst oss, er dvaldir oss hjá, —
það var dygð, sem oss stoðaði mest.

Ef hver stoð, er svo föst, eins og fylgd þín oss var,
sem vér fáum oss síðar í lið, —
þá mun aldjórðungs-röst, sú er áfram oss bar
verða iðjendum vonþroskahlið.

Að kvæðinu loknu flutti Styrkárr ræðu um félagsmál, einkum að því er snertir Mikley. Ennfremur töluðu þeir Páll S. Jakobsson og Márus J. Doll. Þá var heiðursgestinum færð gjöf frá kvenfélaginu. 10 dollarar í peningum. Eftir það var kaffidrykkja og mælti Styrkárr Vésteinn þá enn nokkur orð. Þar var söngur og hljóðfæraslátturr og síðast dans, og skemtu menn sér allvel í samsæti þessu.

Björg Kristjánsdóttir flytur nú næstkomandi þriðjudag alfarin héðan, til dóttur sinnar Mrs. Helgu Davis í Winnipeg, og fylgja henni velfarnaðaróskir allra Mikleyinga.

Áheyrandi.

Repúblikana flokkurinn missir fylgi.

HALLAR URDAN FÆTI HJÁ CANNON, ALDRIC og TAFT.

Ég hefi lesið bréfin frá "Dakota-Íslendingnum" með nestu eftirtekt og sé að sá piltur fylgist vel með því, sem er að gerast með þjóð sinni. Það einasta, sem ég hefi út á þau að setja, er það, að hann lætur ekki sitt rétta nafn fylgja, — ég er enn sem fyrri á móti dulnöfnum. — Hann þarf vissulega ekki að skammast sín fyrir það, því hann er sýnilega pennafær, og fer ekki með ósatt mál.

Það er víst flestum ljóst, er fylgjast hér með stjórnmálum, að stefna Repúblika er að bíða ósigur hjá þjóðinni, að undanskildum auðmönnum. Þeir lofa hana og blessa, og þá ekki hvað sízt foringjana Cannon, Aldrich og Taft. Gamli Carnegie var nýlega á ferð hér í borginni; stóð þó ekki við nema 20 mín., en þó tíminn væri ekki lengri, þá notaði hann tækifærið, til að lýsa því yfir, að Taft væri einn af þeim allra beztu forsetum, er Bandaríkin hefðu átt, og toll-lög Aldrichs væru meistaraverk.

Eitt stærsta blaðið hér í borginni "The Chicago Daily Tribune" leitaði nýlega atkvæða allra ritstjóra repúblikönsku og óháðu blaðanna (Independent) í austurríkjunum um þessi tvö spursmál: "Ert þú samþykkur Aldrichs toll-lögunum?", og "er Cannon þinn útvaldi þingforseti? Fyrri spurningunni svöruðu 181 Repúblikanir játandi, en 590 neitandi, 654 svöruðu ekki. Af óháðu ritstjórunum svöruðu spurningunni 16 játandi, en 199 neitandi. Alls fékk játandi hliðin 197 atkv., en neitandi 789 atk. — Síðari spurningunni svöruðu játandi 151 Repúblikanir og 4 óháðir, eða alls 155, en neitandi 670 Repúblikanir, og 209 óháðir, alls 679, en 590 svöruðu ekki spurningunni. Mismunurinn milli játandi og neitandi er geysimikill, eins og sjá má á þessu, og þetta er innan flokksins.

Atkvæði þessi voru tekin í ellefu austurríkjum, nfl.: Maine, New Hampshire, Vermont, Massachusetts, Rhode Island (þaðan er Aldrich miljónamæringur og toll-lagafaðir), Connecticut, New York, New Jersey, Pennsylvania, Delaware og Maryland. Í Rhode Island voru atkvæði jöfn með og móti toll-lögunum, 5 með og 5 á móti, en 3 með Cannon en 7 á móti.

Þetta gefur óneitanlega til kynna að stefna flokksins, eins og hún hefir verið, og leiðtogar hennar, séu að bíða ósigur, enda eru margir Repúblikanar, sem játa það, að næsta Congress verði demókratiskt. Á það virðist benda meðal annars sigur Demókrata í 14 kjördæmi í Massachusetts. Það hefir alt til þessa stranglega fylgt Repúblikönum. Árið 1908 var kosinn þar Repúblikani með 14,000 atkv. fleirtölu, en nú vann Demókratinn með nærri 6000 atkv. meirihluta. Þetta þykir benda á ófarir Repúblikana við næstu kosningar.

Líkur þykja fyrir því, að Roosevelt sé andstæður stefnu Tafts og þeirra félaga. Hann hefir ekkert skeyti sent til Taft eða stjórnarinnar ennþá, en í stað þess beðið Mr. Pinchot, er Taft nýlega rak frá völdum, að mæta sér í Neapel á Ítaliu. Glöggir menn og gætnir segja, að Roosevelt sé eini maðurinn, sem hugsanlegt er að geti bjargað flokknum frá falli við næstu kosningar.

Chicago, í marz 1918.

A. J. JOHNSON.

Gefið skilyrðislaust.

Winnipegosis, Man.,
24. marz 1910.

B. L. Baldwinson, Esq.

Ritstjóri Heimskringlu! Viltu gera svo vel og lána eftirfylgjandi línum rúm í þinu heiðraða blaði.

Mér finst ég hreint ekki geta orða bundist síðan ég las greinina um gjafirnar til ekkjunnar á Akranesi, sem kom í Heimskringlu 17. þ.m. Það er sérstaklega tvent, sem er athugavert við þá grein, og sem ég veit að svo fjölda margir Íslendingar, sem gefið hafa til styrktar ekkjunni, vilja ekki eiga neinn þátt í. Fyrst og fremst, að gera henni og konunni, sem gengst fyrir samskotunum hér vestan hafs, getsakir um, að vera að leita samskota undir fölsku yfirskini. Annað hitt, að binda ekkjuna föstum böndum eða skilmálum um, hvernig hún eigi að verja þessu samskotafé.

Þetta tvent, segi ég, er það, sem ég held undantekningarlaust, að allir þeir landar og löndur, sem eru í þessu plássi og hafa gefið, vilja ekki að ekkjan þurfi að halda, að þeir eigi nokkurn þátt í. Þeir hafa gefið af kærleika og frjálsum vilja, og alveg skilyrðislaust.

Já, kæru landar og löndur, þegar þið réttið brauð með annari hendinni, þá réttið þið ekki snoppung með hinni, eins og ég kalla að hér hafi átt sér stað.

Er það ekki hróplegt, að heyra henni bannað, að nota þetta fé að nokkru leyti heima á Íslandi? Éta það ekki þar! Setjum nú svo, að hún sjálf eða eitthvað af börnunum væri veikt, þegar til Ameriku ætti að fara, svo hún kæmist ekki fyrir þá sök. Ætti þá að neyða hana til að kistuleggja peningana, og ekki nota þar eyrir af, þó líf lægi við? Ég segi nei, og þúsund sinnum nei! Guð forði öllum Íslendingum við slíkri heimdargjöf.

Ég hefi líka heyrt góða menn og konur segja sem svo, að þeim þætti náttúrlegt, að ekkjuna langaði til að gleðja þessa gömlu og fátæku tengdaforeldra sína, ef hún gæti.

En hvað um það, kæru Íslendingar, gefið skilmálalaust það, sem þið gefið, og látið ekki þann, sem gjöfina þiggur, verða að finna til þess, að hann sé þurfamaður, ykkur undirgefinn, — heldur réttið honum hróður- og systur-hönd, fulla kærleika, svo ekki verði svo hart að þiggja hjálpina, að það sé næstum frágangssök. Því það er ætíð harðara í sjálfu sér, að þiggja styrk en veita.

Ég vona innilega, að samskotin gangi svo vel, að ekkjan komist til Canada á komandi sumri.

Guðrún H. Friðriksson.

Hvar er hann?

Sá, sem kynni að vita, hvar nú er niðurkominn herra Magnús Magnússon, frá Gillastöðum í Dalasýslu, sem fór frá Íslandi til Canada árið 1882, er vinsamlega beðinn að láta undirritaðan vita.

Markús Johnson,
Baldur, Man., Can.

Friðrik Sveinsson,
MÁLARI,

hefir verkstæði sitt nú að 245 Portage Ave. — herbergi nr. 43 Spencer Block — beint á móti pósthúsinu. Hann málar myndir, leiktjöld, auglýsingaskilti af öllum tegundum, o. s. frv. — Heimili: 618 Agnes St.

JOHN DUFF
PLUMBER, GAS AND STEAM FITTER
Alt verk vel vandað, og verðið rétt
664 Notre Dame Ave. Phone 3815
Winnipeg

Hvað er að?
Þarftu að hafa eitthvað til að lesa? Hver sá er vill fá sér eitthvað nýtt að lesa í hverri viku, ætti að gerast kaupandi að Heimskringlu.
Hún færir lesendum sínum ýmiskonar nýjan fróðleik 52 sinnum á ári fyrir aðeins $2.00. Viltu ekki vera með?

ROBLIN HOTEL
115 Adelaide St. Winnipeg
Beztu $1.50 á dag hús í Vestur-Canada. Kaffisala ókeypis milli varnstöðva og hússins á nóttu og degi. Aðhlynning hins bezta. Viðskifti Íslendinga óskast. ÓLAFUR G. ÓLAFSSON, Íslendingur, afgreiðir yður. Heimsækið hann. —
O. ROY, eigandi.

A. S. BARDAL
Selur líkkistur og annast um útfarir. Allur útbúnaður sá bezti. Enfremur selur hann alskonar minnisvarða og legsteina.
121 Nena St. Phone 306

HEIMSKRINGLU og TVÆR skemtilegar sögur fá nýir kaupendur fyrir að eins $2.00

Giftingaleyfisbréf
selur: Kr. Ásg. Benediktsson
528 Simcoe st. Winnipeg.

THE
"Arena"
Þessi vinsæli skautaskáli hér í vesturbænum er nú opinn. Isinn er ágætur. 18DA MOUNTED RIFLES BAND SPILAR Á ARENA. KARLM. 25c.—KONUR 15c.
Chas. L. Trebilcock, Manager.

JIMMY'S HOTEL
BEZTU VÍN OG VINDLAR.
VÍNYRKJAR T.H.FRASER,
ÍSLENDINGUR.
James Thorpe, Eigandi

A. S. TORBERT'S
RAKARASTOFA
Er í Jimmy's Hótel. Besta verk, ágæt verkfæri; Rakstur 15c en Hárskurður 25c. — Óskar viðskifta Íslendinga. —

MARKET HOTEL
146 PRINCESS ST. á móti markaðnum
P. O'CONNELL, eigandi, WINNIPEG
Beztu tegundir af vínföngum og vindlum. aðhlynning góð húsið endurbætt

Woodbine Hotel
466 MAIN ST.
Stærsta Billiard Hall í Norðvesturlandinu
Tíu Pool-borð.—Alskonar vín og vindlar
Gistin, og fæði: $1.00 á dag og þar yfir
Lennon & Hebb
Eigendur.

Á beztu heimilum
hvar sem er í Ameríku, þar munið þér finna HEIMSKRINGLU lesna. Hún er eins fróðleg og skemtileg eins og nokkuð annað íslenzkt fréttablað í Canada

LEIÐBEININGAR--SKRA
YFIR AREIÐANLEGA VERZLUNARMENN Í WINNIPEG

MUSIC OG HLJÓÐFÆRI
CROSS, GOULDING & SKINNER, LTD.
Pianos; Player Pianos; Organs; "VICTOR" og "EDISON" Phonographs; T. H. Hargrave, íslenzkur umboðsmaður.
323 Portage Ave. Talsími 4413

BYGGINGA- og ELDIVIÐUR.
J. D. McARTHUR CO., LTD.
Byggingar- og Eldiviður í heildsölu og smásölu. Sölust: Princess og Higgins Tals. 5060, 5061, 5062

MYNDASMIÐIR.
G. H. LLEWELLIN,
"Medallions" og Myndarammar
Starfstofa Horni Park St. og Logan Avenue

SKÓTAU Í HEILDSÖLU.
AMES HOLDEN, LIM TED
Princess & McDermott. Winnipeg.
THOS. RYAN & CO.
Alskonar Skótau. 44 Princess St.
THE Wm. A. MARSH CO. WESTERN LTD.
Framleiðendur af Finu Skótaui. Talsími: 3710
88 Princess St. "High Merit" Marsh Skór

RAFMAGNSVÉLAR OG ÁHÖLD
JAMES STUART ELECTRIC CO.
324 Smith St. Talsímar: 3447 og 7802
Fullar byrgðir af alskonar vélum.
GOODYEAR ELECTRIC CO.
Kellogg's Talsímar og öll þarðsiðát. áhöld
Talsími 3023. 36 Albert St.

RAFMAGNS AKKOKDSMENN
MODERN ELECTRIC CO
412 Portage Ave Talsími: 5658
Viðgjörð og Vir-lagning — allskonar.

BYGGINGA - EFNI.
JOHN GUNN & SONS
Talsími 1277 266 Jarvis Ave.
Höfum besta Stein, Kalk, Cement, Sand o. fl.
THOMAS BLACK
Selur Járnvöru og Bygginga-efni allskonar
76—82 Lombard St. Talsími 600
THE WINNIPEG SUPPLY CO., LTD.
298 Rietta St. Talsímar: 1936 & 2187
Kalk, steinn, Cement, Sand og Möl
MATHESON AND GAY
Húsasmiðir, smikkarar og viðgerðarmenn
221 Higgins Ave. Winnipeg

BYGGINGAMEISTARAR.
J. H. G RUSSELL
Byggingameistari.
Í Silvester-Wilson byggingunni. Tals: 1068
PAUL M. CLEMENS
Bygginga-Meistari, 443 Maryland St.
Skrifst.: Argyle Bldg., Garry st. Talsími 5997

BRAS- og RUBBER STIMPLAR
MANITOBA STENCIL & STAMP WORKS
421 Main St. Talsími 1880 P. O. Box 244.
Búum til allskonar Stimpla úr málmi og togleðri

CLYDEBANK SAUMAVÉLA AÐGERÐARMAÐUR. Brúkaðar vélar seldar frá $5.00 og yfir
564 Notre Dame Phone, Main 8624

VÍNSÖLUMENN
GEO. VELIE
Heildsölu Vínsali. 185, 187 Portage Ave. E.
Smá-sölu talsími 352. Stór-sölu talsími 464.

STOCKS & BONDS
W. SANFORD EVANS CO.
328 Nýja Grain Exchange Talsími 369

ACCOUNTANTS & AUDITORS
A. A. JACKSON,
Accountant and Auditor
Skrifst.—28 Merchants Bank. Tals.: 5707

OLÍA, HJÓLÁS-FEITI OG FL.
WINNIPEG OIL COMPANY, LTD.
Búa til Stein Olíu, Gasoline og hjólás-áburð
Talsími 1590 611 Ashdown Block

TIMBUR og BÚLÖND
THOS. OYSTAD, 208 Kennedy Bldg.
Viður í vagnhlössum til notenda, búlönd til sölu

PIPE & BOILER COVERING
GREAT WEST PIPE COVERING CO.
132 Lombard Street.

VÍRGIRÐINGAR.
THE GREAT WEST WIRE FENCE CO., LTD
Alskonar virgirðingar fyrir bændur og borgara.
76 Lombard St. Winnipeg.

ELDAVÉLAR O. FL.
McCLARY'S, Winnipeg.
Stærstu framleiðendur í Canada af Stóm, Steinvöru [Granitewares] og fl.

ÁLNAVARA Í HEILDSÖLU.
R. J. WHITLA & CO., LIMITED
264 McDermott Ave Winnipeg
"King of the Road" OVERALLS.

BILLIARD & POOL TABLES.
W. A. CARSON
P. O. Box 225 Room 4 í Molson Banka.
Öll nauðsynleg áhöld. Ég gjöri við Pool-borð

NÁLAR.
JOHN RANTON
203 Hammond Block Talsími 4670
Sendið strax eftir Verðlista og Sýnishornum

GASOLINE Vèlar og Brunnborar
ONTARIO WIND ENGINE and PUMP CO. LTD
301 Chamber St. Sími: 2988
Vindmillur -- Pumpur — agætar Vélar.

BLÓM OG SÖNGFUGLAR
JAMES BIRCH
442 Notre Dame Ave. Talsími 2638
BLÓM - allskonar. Söng fuglar o. fl.

BANKARAR,GUFUSKIPA AGENTR
ALLOWAY & CHAMPION
North End Branch: 667 Main street
Vér seljum Avísanir borganlegar á Íslandi

LÆKNA OG SPÍTALAÁHÖLD
CHANDLER & FISHER, LIMITED
Lækna og lyfjalækna áhöld, og hospitala áhöld
185 Lombard St., Winnipeg, Man.

"Á meðan féll Robespierre, hryðjustjórnin hætti og flestir af þeim dauðadæmdu fóru aftur heim til Frakklands. Faðir Matthildar fór aftur til Parísar með hana og tilvonandi tengdason sinn, efnahagur hans þar var svo góður, að hann gat lifað sældarlífi. Fegurð Matthildar óx með degi hverjum, svo hús föður hennar fyltist af ungum mönnum, sem biðluðu til hennar, en hún var lengi loforði sínu trú og neitaði þeim öllum sakir þess. Antony varð meira og meira ástfanginn, og taldi með óþreyju dagana, sem eftir voru, þangað til hún gat orðið kona hans.

"Tíminn nálgaðist, það voru að eins fáir mánuðir eftir, og það var ákveðið, að opinbera trúlofunina innan skamms. En þá kom fyrir tilviljan, sem eyðilagði vonir Antoníusar, og hratt honum ofan í djúp örvæntingarinnar.

"Útlendur ferðamaður kom á heimili Matthildar með vini föður hennar. Það var ungur herramaður, sem ferðast hafði um Evrópu, og ætlaði að dvelja í París þennan vetur. Hann var fallegur maður, siðferðisprúður, með óaðfinnanlegar aðalseinkunnir og óvanalega ríkur, svo það var engin furða, þó hann hefði áhrif á Matthildi, enda sá Antony það strax. Þessum unga manni fell Matthildur vel í geð, en því meira, sem þau nálguðust hvort annað, því meira fjarlægði Antony sig. Hann var sem helsærður.

"Þannig liðu nokkrar vikur. Greifinn — það var einkennisnafn þessa unga manns — kom þangað nærri því á hverju kveldi, og gamli maðurinn, sem ekkert vissi um tilhneigingu Matthildar, kunni mjög vel við hann. Ef það kom fyrir, að hann kæmi ekki eitthvert kvöldið, þá gat hún ekki dulið óró sína. Samt var hún enn óákveðin í því, hvort hún ætti að rjúfa heit sitt eða ekki.

En það leið ekki á löngu, þangað til ástríða

hennar sigraði. Einn daginn kom Antony að þeim óvörum, og hvíldi hún þá í faðmi greifans.

"Ég ætla ekki að vera margmáll. ..... Þú skilur eflaust tilfinningarnar, sem gagntóku Antony, þær voru næst því að vera brjálsemi.

"Nokkrum mánuðum seinna giftust þau. Antony var ekki til staðar við giftinguna, en hann stóð fyrir utan húsið og horfði á hina ungu og fögru brúður, sem hann sá á pallinum hjá húsinu. Augu þeirra mættust allra snöggvast, og hatrið, sem hún sá í augum hans, gerði hana svo hrædda, að hún varð að styðja sig við mann sinn. Þá hljóp Antony upp á pallinn og hvíslaði nokkrum orðum að henni, sem höfðu þau áhrif, að hún hljóðaði hátt og féll í faðm manns sins. Antony var horfinn.

"Orðin, sem skelfdu hana, voru þessi: Tállynda kona, skjálfa máttu fyrir minni hefnd. Hún skal ofsækja þig og þín börn og krefjast blóðugra fórna, enda þótt þú felir þig niðri í jörðunni. Engin miskunn skal þér veitt, það sver ég. og minn eiður skal ekki líkjast þínum. .....

"Þenna eið efndi Antony. Honum var það ekki nóg, að þessi orð hans kveiktu óslökkvandi hræðslu í huga hennar, sem eitruðu líf hennar og eyðilögðu það að siðustu á ungum aldri. Antony, sem nú hugsaði að eins um að hefna sín, ákvað að hegningin fyrir eiðrof hennar skyldi koma fram á börnunum, og steypa þeim í óafmáanlega siðferðislega spillingu.

"Hann erfði all-mikla upphæð um þetta leyti, sem gerði honum mögulegt, að framkvæma áform sín. Hann elti nýgiftu hjónin eins og skuggi, og alloft hafði hann ánægju af því, að sjá hana fölna, þegar hún varð þess vör, að hann var til staðar í samkvæmum, sem hún sótti.

"Loks flutti greifinn með konu sína á sveitaheimili í nánd við París, til þess að hún hefði betra

næði meðan á barnsfæðingunni stóð, sem fyrir höndum var. Antony dulklæddi sig og settist að í nágrenninu. Matthildur ól stúlkubarn. Sömu nóttina hafði hann skifti á barni Matthildar og andvana fæddu barni, sem hann fékk hjá bóndakonu þar í grendinni, með tilstyrk yfirsetukonunnar. Alt gekk vel. Matthildur hélt, að barnið hefði dáið strax eftir fæðinguna, en Antony flúði í burt með hennar eigið barn.

"Dauða barnið var jarðsett, og foreldrarnir tárfeldu yfir missir frumgetnings sins. Antony fór til Suður-Frakklands, í því skyni að sjá um uppeldi hinnar rændu dóttur.

"Hún skal bæta mér þjáningarnar, sem ég hefi orðið fyrir. Ég skal ala hana upp til þess að hún verði frilla mín, en ekki kona. Þetta verður fyrsti hlekkurinn í hefndarkeðju minni.

"Á efri handlegg stúlkunnar myndaði hann rós, sem táknaði ástina, og utan um rósina myndaði hann höggorm, sem táknaði hatrið."

— — — — — — — —

Við þessar síðustu setningar fór titringur um Eberharð. Honum bauð við svívirðingunum, sem eiðrof móður hans og hatur Crispins höfðu framleitt. ..... Morðingi föður sins ..... elskhugi systur sinnar og ..... hann vogaði ekki að ljúka við þessa vondu hugsun.

"Það er ómögulegt", tautaði hann, ... "hann lýgur að mér. Djöfullinn sjálfur getur ekki hatað svona takmarkalaust. ..... Hann lýgur, þessi þræll".

Greifinn reyndi að hugga sig við þessa skoðun, en við nánari íhugun fann hann að það var ekki mögulegt.

Hann hafði heyrt getið um það, að móðir hans

hefði alið stúlkubarn á Frakklandi, sem hefði dáið. Sömuleiðis hafði hann heyrt mínst á ást Crispins til hinnar framliðnu greifafrúar, en kringumstæðurnar að því voru honum ókunnar, og því kom honum frásögnin í bréfinu mjög svo á óvart.

Loks var greifinn aftur orðinn svo hress, að hann gat haldið áfram að lesa bréfið.

— — — — — — — —

"Vertu rólegur, Eberharð — sagði Crispin í bréfinu — því við þessa fregn býst ég við að þú bölvir og vonzkist, vertu rólegur og haltu áfram að lesa.

"Antony lét dóttur Matthildar heita Angelu, því hún átti að verða engill hans, og óx og þroskaðist undir hans umsjá í þorpinu, sem hann bjó í. Hún var orðin 4 ára, og leit út fyrir að verða ljómandi fögur.

"Þá kom fyrir atvik, sem var nærri búið að eyðileggja áform hans.

Hann hafði verið fjarverandi í tvo daga, og þegar hann kom heim, var búið að ræna húsið og Angelu. Hóp af flökkufólki var kent um þetta rán.

"Sorg og reiði Antoníusar var takmarkalaus. Hann leitaði að Angelu í fleiri ár, en árangurslaust.

"Mörgum árum seinna dvaldi hann í Toulosa. Þá gekk flökkumannahópur fram hjá gluggum hans. Fremst í hópnum gekk ung stúlka, sem söng nokkur spönsk lög og lék undir á gígju.

"Fegurð stúlkunnar og sönghæfileikar vöktu eftirtekt Antoníusar. Óljós grunur sagði honum, að þetta væri fósturdóttir hans, svo hann lét sækja hana.

"Undir eins og hann leit á handlegg hennar, þekti hann hana. Gleðin var mikil. Hann hafði fundið Angelu sína. Hann lét sækja flökkumannaforingjann, og spurði hann, hvar hann hefði stolið

Kafli úr bréfi frá Californíu.

8. marz 1910.

Ágætlega fróðleg og skemtileg er ferðasaga þín um Saskatchewan, það, sem ég hefi séð af henni, og eins sé ég, að ræða þín þar á blótinu hefir verið fjörug og skemtileg, svo sem þér er lagið.

En það, sem mér þó hefir þótt einna hægilegast í Heimskringla nú upp á síðkastið, er bréfið til Kr. Ásg. Benediktssonar frá H. G. J. (í Hkr. 10. febr.), Höfundurinn segir, að Kr.Á.B. sé einá hreinskilni ritdómarinn um kvæði St. G. Stephanssonar (sjálfsagt af því, að Kr. hrósar þeim ekki skilyrðislaust, sem ekki er að víta), en segir um leið, að Kristján virðist allra manna hæfastur til að dæma um bókmentalegt gildi, jafnvel hvar sem leitað er á íslenzka tungu (sic.), og skapaður rithöfundur. — Já, það er hægra að kenna heilræðin en halda þau, því þetta er þó nokkurnveginn skilyrðislaust skjall, og er ég hissa á Kr. Ásgeir, að láta sjálfur prenta þetta. Ég hefi enga sérstaka löngun til að niðra Kristjáni, og viðurkenni, að hann riti sumt vel og margt fræðandi, en ekki gat mér annað en dottið í hug vísan (eftir Guðjón Hjaltalín, minnir mig):

"Alt hjá Stjána er ei gull,
þótt um hann kveði hún ...
Oft hann ritar afleitt bull,
sem enginn skyldi hrósa",

í Lögbergi fyrir 2 árum, þegar ég las þetta bréf frá H.G.J.

Fátt hefi ég að segja héðan, því lítið gerist hér stórtíðinda í blíðunni og hitanum. Helztu stórtíðindi var kappflug það, er haldið var hér í sl. janúarmánuði, og stóð yfir í 10 daga, og sem flestum mun orðið kunnugt um. Flugvélar af öllum tegundum og loftfarar frá ýmsum þjóðum voru hér samankomnir, og mannfjöldi mikill úr öllum áttum. Mesta frægð og frama hlutu þeir Glenn Curtiss hinn ameriski og svo Louis Paulhan, hinn franski "flugmaður", svo sem hann er vanalega nefndur. Hann flaug hér hærra en nokkur annar hefir áður flogið, og virtist hafa miklu betra vald yfir vél sinni en nokkur annar, enda var hann átrúnaðargoð allra, einkum þó kvenna. Og samarlega var unun og aðdáunarvert á hann að horfa. Héðan fór hann fyrst til San Francisco, og voru ekki minni læti með hann þar. Kvenfólk reifst þar um, að fá að snerta hann, og einstaka hrósaði sér af, með miklum fögnuði, að hafa náð að kyssa hann. Sagt var, að konu hans, sem alt af var með honum, hafi þótt nóg um.

Miljónamæringar hafa verið hér fleiri en vanalega í vetur, þar á meðal Andrew Carnegie og Mrs. Russell Sage. Segist gamli Carnegie ekki kæra sig um betri Paradís en hér sé, — býst máske ekki meir en svo við, að hreppa hina himnesku, karlsauðurinn.

Í Seattle og Washington ríkinu yfir höfuð hefir verið argasta ótíð undanfarið, stórrigningar og ofsastormur. Hafa af því stafað flóð í ám og skriður, sem svo hafa valdið megnri töf á öllum flutningi og einreiða-slysum, er orðið hafa mörgum að bana. Óveður þetta hefir og dregið mjög úr atvinnu manna í Seattle og víðar.

Hinn 26. febr. hélt söngfélagið "Svanur", sem H. S. Helgason tónskáld stýrir, stóran Concert í Seattle (Ballard). Þar söng og söngfélag Norðmanna, "Norden", nokkur lög. Einnig var þar leikið á 8 hljóðfæri (Orchestra), og ýmislegt fleira var þar til fullkomnunar, svo sem "Piano Solos" og "Recitation". Af bréfum og blöðum sé ég, að mikið er látið af Concert þessum, bæði af Íslending. um og annara þjóða mönnum, er fjölmennir voru þar, enda hafði hann verið prýðis vel sóttur. — Sumir segja jafnvel, að þeir hafi aldrei heyrt íslenzku betur sungna, hvað framburð og samræmi raddanna snertir, og allir eru einmála um, að hrósa honum.

Í félaginu "Svanur" eru ýmsir góðir söngkraftar, sem ég þekki (og sjálfsagt nokkrir, sem ég ekki þekki), auk söngstjórans sjálfs, sem er snillingur. Má ég nefna þar til Gunnar Matthíasson. Margir munu og kannast við Halldór Halldórsson, sem áður var í Selkirk og síðar í Tacoma, sem ágætis söngmann.

Auk einsöngva hr. G. Matthíassonar, virðist sem mönnum hafi þótt mest kveða að þessum lögum: "Skarphéðinn í brennunni" (H. Helgason), "Minning" (S. Einarsson), "Landnámssöngur Íslands" (Svb. Sveinbjörnsson) og síðast, en ekki sízt, "Vormorgun" (H. Sig. Helgason), sem allir verða hrifnir af, er heyra það sungið. Þá þótti "Landkjenning" (Grieg), er Norðmenn og Íslendingar sungu saman (50 manns) takast ágætlega. Útbúnaður allur hafði verið mjög vandaður. Auglýsingaspjöld og prógram hefi ég séð, og er hvorttveggja mjög myndarlegt og smekklegt, og enda frumlegt.

Yfir höfuð er svo að sjá, sem samsöngur þessi hafi verið löndum til sóma. Félagið "Svanur" er ungt, og hafi því tekist svona vel í fyrsta sinni, ætti að mega búast við góðu næst, ef áhugi og félagslyndi fer ekki rénandi, sem vonandi er að ekki verði.

Þess má geta, að félagið "Norden" hafði sungið ágætlega, enda hefir það þegar getið sér góðan orðstír þar nyrðra, og hafa nokkrir Íslendingar verið meðlimir þess frá byrjun, ásamt Norðmönnum.

Sigurður Magnússon.

Björn Guðmundsson,

sem varð úti milli jóla og nýárs í vetur, var sonur Guðmundar Guðmundssonar, sem lengi átti heima í bænum Pembina, N. Dak., en fluttist til Gimli, Man., fyrir fáum árum og býr þar nú. Björn sál. hafði að heita mátti átt stöðugt heimili hjá föður sínum frá því fyrsta, og má nærri getá sorg hins aldraða föðurs, sem mist hafði einnig fáum mánuðum áður næstum uppkomna dóttur sína, er alin var upp hjá þeim hjónum Sigurði og Þuríði Ormssyni í Pembina, N. D.

Af því ógreinilegar og ósamhljóða fregnir hafa borist út um fráfall þessa látna manns, finst mér rétt, að skýra frá þessum atburði nákvæmlega eins og einn af yfirmönnum í löggæsluliði Norðvesturlandsins skrifaði föður mínum.

Björn sál. var mánaðar vinnumaður hjá Paul Oleson við fiskveiðar hjá Cormorant vatni. Hinn 31. des. var hann sendur að sækja matvæli til vöruskiftamanns, sem Cowan heitir, í 10 mílna fjarlægð. Hann hafði litinn handsleða. Veður var gott um morguninn, og kom hann um miðjan dag til búðar Cowans, sem þá var ekki heima en búðin lokuð; gat Björn samt útvegað hjá fólki Cowans 20 pund af hveitimjöli og lítið eitt af sykri. Var nú veðrið að breytast, orðinn hvass, og óskyggilegt útlit. Vildi fólkið ekki, að hann færi um kveldið, heldur bíði yfir nóttina, en hann vildi það ekki, og hélt af stað heimleiðis. Á leiðinni mætti hann nokkrum fiskimönnum og átti tal við þá, og bar ekki á öðru en hann væri friskur og hress; átti hann þá aðeins 4 mílur eftir heim. Þá var komið harðneskjuveður, og höfðu menn þessir ráðið honum til, að halda sig sem næst bökkum vatnsins. Þetta var það síðasta, sem menn vissu um hann. Félagar hans bjuggust ekki við honum þetta kveld, heldur á laugardagskveldið, en þegar hann kom ekki þá, lögðu þeir af stað á sunnudagsmorguninn þangað sem Cowan býr, en á leiðinni mættu þeir einmitt sömu mönnum, sem síðast sáu til ferða Björns sál. á föstudagskveldið. Þótti þá auðsætt, að hann hefði orðið úti, og var þá strax hafin leit, sem stóð yfir þar til á miðvikudagsmorgun 5. janúar, að hann fanst helfrosinn eina mílu frá veiðistöð þeirra félaga. Mestar líkur sýndust fyrir því, að hinn dáni hefði verið orðinn þreyttur og sezt á sleðann til að hvíla sig, en svo fallið í svefn, eða orðið bráðkvaddur, því hann lá upp í loft á sleðanum, og vissi sleðinn í áttina heim.

Þannig er þá þessi harmasaga, sem er bæði gömul og ný, og endurtekin óaflátanlega í hinum harða hildarleik, sem þrotalaust er háður fyrir tilverunni. Þar falla menn hver um annan þveran, án þess að greinarmunur sé gerður á aldri eða ástæðum. Sonurinn við hlið föðursins og barnið á brjóstum móðurinnar eru ekki óhultari en gamalmennið einstæða með hækju sína. En alt af er fráfalla manna sviplegt og sorgþrungið fyrir þá, sem næstir standa, — sárast þó, þegar það er sem óvæntast.

Pjörn sál. var gott var vandað ungmenni í alla staði. Að eðlisfari gæddur mörgum góðum hæfileikum, en hann skorti andlegt þrek til að beita þeim, og varð þess vegna, sem maður segir, sjálfum sér ónógur. En hversu margir eru ekki þeir, sem slíkt má um segja?

Minst er hans hlýtt af vinum og kunningjum.

* * *

Æ, vinur, margt kann hörmulegt
að henda
á heimsins leið, —
að svona skyldi ömurlega enda
þitt æfiskeið.

Hve hart er undir hljóta sig að
beygja
þann heljar kost,
það síðstu stundar stríðið verða'
að heyja
við storm og frost.

Því mannleg—úti í æstum hríðarum —
er orkan veik.
Ég hljóður les í hugans skuggamyndum
þann harmaleik.

Að leggja á braut frá bygð og
leiðum manna,
og bæjar yl,
og halda út á hafið sléttra fanna,
er hættuspil.

Á hjarnsins auðn í frosti' og snjóa
fergi
með fjöriið svekt,
að fara vilt, og vita mannhjálp
hvergi,
er voðalegt.

Í örvæntingar-angist kné sín beygja
— svo uppgefinn,
og þannig vera dæmdur til að
deyja, —
ó, drottinn minn!'

Já, svoddan ástand síðast veikra
manna
ég sárast tel;
og fá þá einu fróun hörmunganna,
að frjósa í hel.

Nú hverfa burtu hugarsjónir mínar
af heljar nótt.
Í fjarlægð yðast andlátsstunur
þínar,
og alt er hljótt.

Nú hættuferðir þínar eru þrotnar
um bilju snjó.
Nú ertu þar, sem dular-friður
drotnar
í djúpri ró.

Í anda vinir sjá þig ei að síðurj
þó sértu fjær.
Nú góða nótt þér beygður
faðir býður
og bróðir kær.

Th.

Dánarfregn.

Hinn 2. nóv. sl. lézt að heimili Önnu Jónatansson, dóttur sinnar, á Gimli Jónas Halldórsson snikkari, eftir tveggja vikna legu. Banamein hans var innvortis sjúkdómur. Jónas heitinn var rúmlega sjötugur að aldri, fæddur 20. júní 1839 í Nýjabæ í Skagafjarðardölum. Hann ólst þar upp hjá foreldrum sínum, þar til hann var 14 ára, en fluttist þá til Jóns Hallssonar, prófasts að Miklabæ í Blönduhlíð, og var hjá honum þar til hann fór suður til Reykjavíkur til að læra trésmíðar. Þar var hann í 3 ár.

Árið 1876 kvæntist hann Helgu Steinsdóttur, frá Stóru-Gröf, sem enn er á lífi heima á Íslandi.

Fyrir 6 árum fluttist hann hingað vestur, og settist að á Gimli, og var þar þangað til hann dó.

Jónas heitinn átti fjögur börn, og eru tvö þeirra hér á Gimli: Anna, sem áður var minst á, og Helga kona Sigtryggs Jónassonar. Hin tvö eru heima á Sauðárkrók á Íslandi, Engilráð og Jónas, bæði gift.

Jónas heitinn mun af fæstum hafa lítist mikill afkastamaður, því hann var sérlega líkamagrannur, en vér fullyrðum þó, að dagsverkið hans hafi verið fult eins mikið og vel unnið, sem annara samferðamanna hans. Jónas var óviðjafnanlega góður faðir, óþreytandi í að bera börnin sín á höndum sér, jafnt yfir torfærur fullorðins áranna sem við vögguna.

Bléssaður fyrir alt og alt.

Vinur hins látna.

Ísafold er beðin að birta þessa dánarfregn.

THE DOMINION BANK

HORNI NOTRE DAME AVENUE OG SHERBROOKE STREET

Höfuðstóll uppborgaður: $4,000,000.00
Varasjóður - - - $5,400,000.00

SPARISJÓÐS DEILDIN:

Vér veitum sparisjóðs innleggjendum sérstakt athygli, og borgum hæztu vexti á sparisjóðs innleggjum af $1.00 og yfir. — Barna innlegg velkomin. — Seljum peningaávísanir á ÍSLAND.

H. A. BRIGHT, RÁÐSMAÐUR.

Með því að biðja sérlega um "T.L. CIGAR," þá ertu viss að fá ágætan vindil.

T.L. CIGAR

(UNION MADE)

T.L.

Western Cigar Factory
Thomas Lee, eigandi Winnipeg

NÚ TIL SÖLU

DREWRY'S
BOCK BEER

Hann er betri á þessu vori en nokkru sinni áður. — Biðjið um hann. —

E. L. DREWRY, Manufacturer, Winnipeg

Department of Agriculture and Immigration.

MANITOBA

Þetta fylki hefir 41,169,089 ekrur lands, 6,019,200 ekrur eru vötn, sem veita landinu raka til akuryrkjuþarfa. Þess vegna höfum vér jafnan nægan raka til uppskeru tryggingu r.

Ennþá eru 25 miljónir ekrur óteknar, sem fá má með heimilisrétti eða kaupum.

Íbúata;a árið 1901 var 255,211, nu er nún orðin 400,000 manns, hefir nálega tvöfaldast á 7 árum.

Íbúatala Winnipeg borgar árið 1901 var 42,240, en nú um 115 þúsundir, hefir meir en tvöfaldast á 7 árum.

Flutningstæki eru nú sem næst fullkomin, 3516 mílur járnbrauta eru í fylkinu, sem allar liggja út frá Winnipeg. Þrjár þverlandsbrauta lestir fara daglega frá Winnipeg, og innan fárra mánaða verða þær 5 talsins, þegar Grand Trunk Pacific og Canadian Northern bætast við,

Framför fylkisins er sjáanleg hvar sem litið er. Þér ættuð að taka þar bólfestu. Ekkert annað land getur sýnt sama vöxt á sama tímabili.

TIL FERDAMANNA:

Farið ekki framhjá Winnipeg, án þess að grenslast um stjórnar og járnbrautarlönd til sölu, og útvega yður fullkomnar upplýsingar um heimilisréttarlönd og fjárgróða möguleika,

R. P. ROBLIN,
Stjórnarformaður og Akuryrkjumála-Ráðgjafi.

Skrifið eftir upplýsingum til

Joseph Burke, 178 LOGAN AVE., WINNIPEG.
Jas. Hartney, 77 YORK ST., TORONTO.

ALDREI SKALTU geyma til morguns sem hægt er að gera í dag. Pantið Heimskringlu í dag.

ykkur. — Síðasti þátturinn, sem tengir þennan ungling við vonina, dygðina og trúna, er nær því að slitna, eins og hann slitnaði hjá mér og svo mörgum öðrum. Auðvirðilegt kapp. Heimskuleg barátta. Hvað vinst við það?"

Hvellur lúðurdynur barst nú að eyrum Jakobs, svo hann þagnaði.

"Hvar er Angela?" kallaði Eberhard nokkru seinna, og horfði í kring um sig, "hefir enginn séð hana?"

Enginn svaraði, því flestir af gestunum voru orðnir nokkuð drukknir, og heyrðu ekki til greifans fyrir hávaðanum og skvaldrinu.

"Heyrðu, maður", sagði greifinn í vonsku, um leið og hann tók í lautinant X. og hristi hann, "svaraðu mér, hefirðu ekki séð Angelu? Og Crispin, hann er líka farinn, ... hvernig stendur á þessu?"

"Ég veit ..... ekki ..... neitt", svaraði lautinantinn, sem var mikið drukkinn, "þau hafa ..... lík...lega rið..ið burt ..... hugs...a ég".

"Riðið burt", kallaði greifinn mjög hræddur. "Já, nú sé ég það, ... hestarnir þeirra eru farnir. ..... Dauði og djöfull!"

Enginn tók eftir því, sem Eberhard sagði, því allir voru að masa og drekka.

"Herrar mínir", kallaði Eberhard öskuvondur, "hættið þið þessum hávaða og skvaldri og hlustið á það, sem ég er að segja".

Þetta gagnaði ekkert, enginn svaraði. Loks sneri hann sér að barún Ehrenstam, sem var ódrukkinn og sagði:

"Góði barún, geturðu ekki sagt mér, hvað orðið er af Angelu, hún er horfin".

"Horfin?" sagði barúninn undrandi. "Ég sá hana rétt áðan. Hún hefir líklega yfirgefið þennan háværa hóp til að hressa sig á að ríða spottakorn um skóginn. Kvenmaður með hennar mentun unir ekki innan um hóp af druknum mönnum. Vertu rólegur, hún kemur bráðum aftur".

"Ég vona það", sagði greifinn ögn rólegri. "En Crispin er líka farinn".

"Já, það er satt", sagði barúninn, eftir að hann hafði litið kring um sig. "Þetta er nokkuð undarlegt. Ég var að tala við hershöfðingja K. og veitti engu öðru eftirtekt. En nú skulum við ríða af stað og leita þeirra".

"Já, það skulum við gera", sagði greifinn, "við fáum enga aðstoð hjá þessum drykkjurútum".

Þeim, sem minst voru druknir, sagði Eberhard, að hann þyrfti að bregða sér í burtu, en kæmi bráðum aftur, og bað þá að vera rólega.

En það leið ekki á löngu, þangað til hinir fóru líka, og Pierre og Jean voru einir eftir um leifarnar.

Eberhard ferðaðist um nágrennið þangað til langt var liðið af nótt, og spurði allstaðar að því hvort enginn hefði séð þessa horínu gesti, en var hvervetna svarað með nei-i. Hryggur í huga sneri hann heim aftur, og reyndi að hugsa sér ástæðurnar fyrir því, að ástmey hans og vinur voru bæði horfin. — Ráðningu þeirrar gátu fékk hann bráðlega.

VI.

Innskotsþáttur.

Það var mið nótt. Eberhard hafði sent fjölda af þjónum sínum til að leita að hinum horínu persónum, en allir komu þeir heim aftur, án þess að finna eða fregna nokkuð.

Eberhard gekk aftur og fram um herbergi sín í algerðri örvæntingu. Hann var einn, yfirgefinn af öllum nema samvizku sinni.

"Hvað er þetta?" sagði hann, þegar hann sá bréf á skrifborði Crispins með sinni áritan. "Bréf til mín ..... og það er rithönd Crispins".

Hann opnaði bréfið skjálfandi, hann grunaði, að þetta bréf mundi eyðileggja sig.

Fyrst datt honum í hug að brenna það, en forvitni hans þverneitaði því.

Innihald bréfsins var þannig: —

"Mon cher Eberhard!

"Þig mun án efa furða það mikið, að ástmey þín og vinur yfirgefa þig bæði í einu. Það er því ekki nema sanngjarnt, að ég segi þér ástæðurnar.

"Þú hefir sýnt mér mikla gestrisni, og í þakklætis skyni fyrir hana, ætla ég að segja þér litla sögu.

Eina nótt á tímum hryðjustjórnarinnar ók ferðavagn eftir götunum í París og stefndi á vigið. Í

vagninum sátu gamall maður, ungur maður og 16 ára gömul stúlka.

"Nafn unga mannsins var Antony, og var hann formaður öflugasta Jacobina-félagsins í París, enda hafði hann sem slíkur mikil áhrif á valdamennina.

"Samt sem áður yfirgaf hann þessa blómlegu stöðu, sem lofaði honum virðingu, sigri og áhrifum, til þess að fylgja gömlum manni og ungri stúlku til Ítalíu. — Ástæðan var þessi:

"Gamli maðurinn og dóttir hans voru dæmd til dauða af stjórnarbyltingarmönnunum, og exin beið þeirra. Þú veizt, að á þeim tímum var ekki verið að tvínóna við það.

"Antony, sem elskaði ungu stúlkuna, hafði ásett sér, að frelsa hana úr hættunni, sem yfir henni vofði. Það var enginn hægðarleikur, að frelsa pólitisk fórnardýr á þeim dögum. Skrillinn, sem var orðinn vanur blóðsúthellingum, hótaði að tæta hvern mann í sundur, sem mælti aðalsmönnum bót.

"En Antony lét ekki hugfallast. Hann fór til Robespierre, Dantons og fleiri hryðjustjórnarmanna, til að biðja þá að gefa gamla manninum og ungu stúlkunni líf, en fékk enga áheyrn og lá við sjálft að hann yrði sjálfur tekinn fastur og deyddur.

"Þá tók hann það ráð, að hann seldi allar eigur sínar, mútaði varðmönnunum, náði þeim úr fangelsinu og kom þeim ósköddðum út úr París. Fyrir ást sína yfirgaf hann stjórnmálastefnu sína, var skráður á lista þeirra dauðadæmdu og mátti því ekki koma aftur til Parísar.

"Í einum af fögru dölunum á Ítalíu keypti hann lítið skrauthús, og bjó þar ásamt þeim, sem hann hafði bjargað, og þar lofaði stúlkan honum ævarandi trygð og ást fram í dauðann. En hún áleit sig of unga til að giftast, og lofaði Antony henni og föður hennar að bíða með það þangað til hún væri 18 ára.

Þangað skulum við fara

Þeir, sem gaman hafa af að sjá vel glímt, ættu ekki að missa af glímum þeim, sem Chr. Gustafson og glímufélagar hans sýna í Goodtemplarahúsinu á þriðjudagskveldið kemur, 12. þ.m., og sem auglýst er á öðrum stað í þessu bl. Aðalglíman milli E. Quists og Jóns Hafliðasonar verður eflaust harðsótt. Quist er sænskur risi, 6 fet á hæð og yfir 200 pund að þyngd, rammur að afli og hinn óárennilegasti. Jón Hafliðason er lítill maður vexti, vegur 145 pund. Hann treystir fimleik sínum og snarræði. Enda mun hann vera álitinn með beztu mönnum glímufélagsins. Allir, sem þar koma fram, eru nafnkunnir íþróttamenn, og má óhætt fullyrða, að fólk á hér kost á eins góðri skemtun fyrir 35c eins og vanalega er seld á einn til tvo dali á leikhúsum bæjarins.

TIL

Dakota-búa!

Kæru skiftavinir!

Þennan mánuð (apríl) vil ég gefa viðskiftafólki mínu tækifæri til að kaupa eftirfylgjandi upplag af vörum fyrir að eins

$10.00

1 sekk af "Cavalier Best Patent Flour	$2.99
12 pd. haframjöl	0.49
5 pd. Breakfast Food	0.19
10 pd. heil hrisgrjón	0.69
5 pd. Sago	0.29
Tvö 10c box af gerkökum...	0.09
1 kanna 25c Baking Powder	0.19
5 pd. af bezta 20c kaffi	0.89
10 pd. af góðum sveskjum	0.59
1 gall. kanna af niðursoðnum eplum	0.29
5 pd. af beztu Onions	0.19
1 15c pakki Paraffine	0.09
10 pd. af 10c sveskjum	0.79
2 könnur niðursoðinn lax...	0.19
½ pd. Spearhead tóbak.....	0.19
16 st. bezta þvottasápa ...	0.49
25c eldspítna pakki að eins	0.19
5 pd. af hvaða stærð af höglum eða fence lykkjum ...	0.19
20 pd. af hvort heldur menn vilja röspuðum eða mola sykri	0.99
Alls	$10.00

Látið ekki bregðast, að kaupa eitt eða fleiri upplög af þessum vörum, því margt er ódýrara en hægt er að kaupa það fyrir í stórkaupum. Ef eitthvað er í þessum lista, sem menn ekki þurfa með, geta menn fengið skift á því fyrir aðrar vörur.

Karlmanna og drengjafatnað seljum við nú með 15 til 30 prósent afslætti.

Kvenhatta með nýjustu tízku erum við nú að fá daglega. Komið og skoðið þá. Líka allra handa kjóladúka.

Hæsta verð gefum við fyrir bændavöru, af hvaða tegund sem er.

E. THORWALDSON
AND CO.
General Merchandise,
Mountain, -- N. Dak.

Minnisvarðar

úr málmi, sem nefndur er "White Bronze", eru fallegustu, varanlegustu og um leið ódýrustu minnisvarðar, sem nú þekkjast. Þeir eru óbrjótanlegir, ryðga ekki og geta aldrei orðið mosavaxnir, eins og steinar; ekki heldur hefir frost nein áhrif á þá. Þeir eru bókstaflega óbilandi og miklu fegurri en hægt er að gera minnisvarða úr steini (Marmara eða Granit). Alt letur er upphleypt, sem aldrei máist eða aflagast. Þeir eru jafn dýrir, hvort sem þeir eru óletraðir eða alsettir letri, nefnilega: alt letur, og myndir og merki, sem óskað er eftir, er sett á frítt. — Kosta frá fáeinum dollurum upp til þúsunda. Fleiri hundruð tegundir og mismunandi stærðir úr að velja.

Þessir minnisvarðar eru búnir til af THE MONUMENTAL BRONZE CO., Bridgeport, Conn. Þeir, sem vilja fá nákvæmar upplýsingar um þessa ágætu minnisvarða, skrifi til undirritaðs, sem er umboðsmaður fyrir nefnt félag.

Thor. Bjarnarson,
BOX 304
Pembina -- N. Dak.

FÁEIN ORÐ UM

safnaðarmálin í Pembina

Eftir Thor Bjarnarson.

Ég hefi verið að bíða eftir, að sjá athugasemd frá einhverjum Pembina Íslendingi við greinarkorn, sem stóð í Lögbergi 17.marz sl., en það lítur helzt út fyrir, að enginn af hlutaðeigendum ætli að láta til sín heyra, svo ég get ekki stilt mig um, að fara nokkrum orðum um þessa grein, svo fólki gefist kostur á að sjá réttherfu hliðina á málinu.

Greinin byrjar með þeirri ósvífnu staðhæfingu, að fregnin í Heimskringlu um, að Pembinasöfnuður hafi gengið úr kirkjufélaginu, sé ósönn. Sú fregn er eins sönn og nokkuð getur verið, að undantekinni prentvillu í atkvæðatölunni: 37 móti 25, í staðinn fyrir 35 móti 27, en slíkt hefir svo sem enga þýðingu fyrir málið. Pembinasöfnuður gekk úr kirkjufélaginu með nógum atkvæðamun, og er því nú algerlega frjálst og óháður söfnuður. En hitt leiðir tíminn í ljós, hversu vel hann notar frelsi sitt, og hversu vel safnaðarstjórninni tekst, að halda uppi heiðri hans og inna af hendi störf þau, sem henni var trúað fyrir.

Satt er það, sem í Lögbergsgreininni stendur, að nefnd var kosin til að yfirlíta grundvallarlög og bækur safnaðarins, en ekki til að endurbæta þau, eins og greinarhöf. segir, og varð það starf nefndarinnar til þess að sýna með óhrekjandi sönnunum, að Pembinasöfnuður hefir aldrei haft önnur lög, en þau, sem samin voru og staðfest upphaflega, þegar söfnuðurinn var myndaður. Hin önnur lög, sem greinarhöf. er að burðast með, og segir að söfnuðurinn hafi starfað undir í 20 ár, er bara kirkjufélags lagafrumvarp, sem lætt var inn í safnaðarskjölin með þeirri aðferð, að lesa það upp á fámennum fundi og fá það samþykt sem lög, án þess að þessir fáu menn gerðu sér rétta grein fyrir, hvað þetta var, eða að samþykt sú var beint brot á móti grundvallarlögum safnaðarins, sem ákveða, að allar lagabreytingar, sem gerðar kunna að verða, verði að ræðast á tveimur safnaðarfundum, áður enn þær geti orðið að lögum. Þannig er það ómótmælanlega sannað, eins og safnaðarbækurnar sýna, að þetta kirkjufélags lagafrumvarp, sem greinarhöf. er svo hreykinn af, er ekki lög safnaðarins, hefir aldrei verið og verður að líkindum aldrei.

Alt gaspur greinarhöf. um, að allir hafi skrifað undir þessi kirkjufélags-lög, er blátt áfram bull, af þeirri góðu og gildu ástæðu, að enginn hefir skrifað undir þau, og þó einhver hefði gert það, hefði það enga þýðingu af því, að lagafrumvarp getur ekki orðið að lögum nema samþykt hafi verið með atkvæðagreiðslu eftir löglegan undirbúning. Undirskrift hvers einstaklings undir lög, er aðeins barnaleikur, sem enga þýðingu hefir, hvorki til eða frá. Gangi ég inn í einhvern lögbundinn félagsskap, hvort sem ég skrila nafn mitt sjálfur eða einhver annar, sem hlut á að máli, á meðlimalistann, þá verð ég á sömu stundu háður lögum félagsins, hvort sem ég þekki þau eða ekki. Það er engin afsökun fyrir mig að segja sem svo: "Mér kom ekki til hugar, að lög félagsins væru svona, og er ekki skyldur að hlýða þeim, þar ég hefi aldrei séð þau og aldrei undir þau skrifað". Slík afsökun væri broslegur barnaskapur.

Til þess að sýna enn betur ögildi þessa margnefnda lagafrumvarps, skal þess getið, að aldrei hafði verið sett nafn safnaðarins á það — það hefir líklega gleymst í flýtinum, þegar því var borað inn í bækurnar —, þar til á síðasta ársfundi í vetur, að fyrverandi forseti safnaðarins hljóp til og skrifaði á það eitthvert kirkjufélagslegt safnaðarnafn, — en lítið lagagildi hv ég það hafi öðlast við athöfn þá.

Að tala um lagabrot við útgöngu úr kirkjufélaginu, er hrein og bein lokleysa, þó bæði forseti þess félags og fleiri séu að flagga með því. Ef að meiri hluti safnaðar vill ekki standa lengur undir stjórn þess, getur hann sagt skilið við það, hvenær sem er, því á þeirri stundu, sem hann gerir það, er hann undan lögum þess, en tekur auðvitað um leið á sig ábyrgðina, sem af því leiðir. En í þessu tilfelli er hún ekki mjög ægileg, því fátt mun vopna hjá kirkjufélaginu, nema ef telja skal bölbænir Davíðs, og munu þær nú bitsljófar orðnar. Ekki hefir það heldur neinu herliði á að skipa til að kúga þessa uppreistarmenn til hlýðni, því ekki geri ég ráð fyrir, að farið verði að senda hin fornu stórmenni frá dánarheimum, Þórólf og Glám og þeirra líka. Enda gæti ég trúað, að ýglast færi brúnin á Samúel frænda, ef hann sæi slíka þjösna vaða inn á lönd sveina sinna troðandi illsakir við þá.

Í þessu sambandi er rétt, að benda á tillögu Fr. Friðrikssonar, sem samþykt var á síðasta kirkjuþingi. Þar er óbeinlínis hverjum manni eða söfnuði, sem óskertu drengskaparorði vill halda og ekki fylgir stefnu kirkjufélagsins, gert að skyldu, að segja skilið við það. Því ekki vil ég eigna kirkjufélaginu þá illmannlegu aðferð, að leggja fyrst fjötur á þræl sinn, og neyða hann síðan bundinn til að afneita skoðun sinni og sannfæringu.

Þegar nú á alt er litið, er mjög gagnslítið fyrir hinn heiðraða greinarhöf., að vera að telja óviðkomandi mönnum trú um, að Pembinasöfnuður — sem er vitanlega meiri hluti safnaðarins — hafi gengið úr söfnuði um leið og hann gekk úr kirkjufélaginu. Því hvernig átti hann (söfnuðurinn) að ganga úr sjálfum sér? En það hlaut hann að gera, ef hann (söfnuðurinn) segði sig úr söfnuðinum! En svo slept sé öllu spaugi, þá er þetta fádæma fjarstæða, þar sem um stóran meirihluta er að ræða, og sem hefir alla stjórnarnefndina í sínum flokki.

Um nafnalistann, sem greinarhöf. hefir þóknast að birta, sem annars er sjaldgæft í svona löguðu máli, hefi ég ekki annað að segja en það, að þar geta kunnugir séð eitt algengt sérkenni gægjast út um götin á kristindómskápu hans, sem margir héldu að hann ætti ekki til.

Þá er nú síðasta málsgrein þessarar merkilegu ritgerðar í Lögbergi. Hún er "orð í tíma talað". Að það sé eftirtektavert, að á síðastliðnu ári, eða síðan kirkjufélags deilan hófst, hafi 19 manns af 35 eða meira en 50 af hundraði, gengið í söfnuðinn, — er ég hjartanlega samþykkur, og eins því, að það sé talsvert meira en eðlilegur vöxtur jafn-lítils safnaðar, það er að segja ef mælt er með kirkjulegum framþróunar mælikvarða.

En hver er nú orsökin til þessarar áþreifanlegu blómgunar safnaðarins? Hún er, eða ætti að vera hverjum meðalgreindum manni auðsæ, en samt skal sýna hana hér í fáum orðum.

Flestir af þessum nýju safnaðarlimum er roskið fólk, sumt aldrað, alt uppfrætt í kristilegri trú, flest heima á Íslandi. Þegar það kom fyrst til þessa lands og fór að líta í kring um sig, sá það alt aðra kristni, alt aðra kirkju, alt annað safnaðarlíf, alt annað guðsþjónustu-form, og jafnvel alt aðra guðsdýrkun en það hafði átt að venjast á ættjörðinni. Alt guðsþjónustu fyrirkomulag umsteypt, nálega öllum fegurstu kirkjusiðum, sem tíðkuðust á Íslandi, hafði verið kastað sem öðrum hégóma, en í staðinn innleiddir kaldir og frá-hrindandi siðir, gersneyddir öllum vekjandi áhrifum. Prédikunarmátinn skipandi, hótand og dæmandi, í staðinn fyrir að vera huggandi, gleðjandi og laðandi. Í kirkjunum ekki annað að sjá og heyra en alvörulausa athöfn og stundum tíflahátt illa upplýstra unglinga, — í staðinn fyrir þögula kyrð og djúpa lotningu fyrir nálægð hinna dularfullu og guðdómlegu afla, sem hver óspilt manssál finnur til á slíkum stundum, jafnvel hverjar sem helzt trúarskoðanir hún hefir. Og að síðustu mætti nefna hina ógeðslegu athöfn: Mann einn vappandi um kirkjuna fram og aftur með fjárheimtudallinn, þessa svívirðing foreyðslunnar á helgum stað".

Við öll þessi umskifti snerist hugur fólksins frá kirkjunni, og um leið frá þeirri stofnun, sem valdið hafði breytingunni, bæði beinlínis og óbeinlínis, — og hefir það síðan staðið utan við allan kirkjulegan félagsskap, þar til nú á síðastliðnu ári, þegar hrykta tók í hlekkjum þeim, sem þorri manna var bundinn með. Þá var eins og færðist nýtt líf í fólkið, og þegar það sá hópa af hinum skynsamari mönnum slíta af sér fjötrana og búast til varnar sínu andlega frelsi og helgustu sannfæringu, — fanst því það vera sín sjálfsögð skylda, að ganga fram og gerast liðsmenn þess málefnis, sem það vonar að færi sig aftur í skaut sinnar andlegu móður, hinnar frjálslyndu og sannkrisnu trúmálastefnu, sem byrjaði að ryðja sér til rúms á Íslandi fyrir meira en mannsaldri síðan.

Engum manni ætti að koma til hugar, að alt þetta fólk hafi gengið í söfnuð einungis til að halda uppi ófriði og eiga í deilum við meðbræður sína. Nei, þetta er alt hugsandi fólk, sem vel veit, hvað það er að gera, og þarf ekki að láta prestinn hugsa fyrir sig, eins og sumir eldri safnaðarmennirnir hér í Pembina.

Leitt er annars til þess að vita, að ofstækistrúar áhrif og blind flokksdýrkun skuli geta leitt gott og friðsamt fólk, sem hefir verið, út á þá ólélagslegu glapstigu, sem það nú er á.

Rödd að vestan.

Herra ritstj. Hkr.

Fréttir eru héðan fáar, tíðin hin indælasta, almennt byrjuð bændavinna. Búist er þó við, að kuldakast komi, en frost er víðast hvar úr jörð og vegir þurrir og harðir eins og um hásumar. Enda eru mótorvagnar einatt hér á ferðinni fram og aftur. Efnabændurnir og bæjafólkið vill ekk ferðast á öðru nú á dögum.

Það er velgert af Hkr. að flytja ræðurnar hans séra Fr. J. Bergmanns. Þar gefst fólki svo víða kostur á að sjá, hve mikill trúleysingi hann er, eins og gefið er svo oft í skyn í Sameiningunni. Mér þykja ræðurnar mjög góðar og fræðandi, og ólíkar sumu andansfóðri hinna yngri presta vorra.

Doktorinn og skáldið í Leslie er byrjaður á ritsmíði í Hkr., sem víst á að verða eitthvað stórmikið, því þetta, sem komið er, virðist eiga að vera aðeins formáli; en ef útleggingin verður eins sjálfri sér samþykk eins og formálinn eða byrjunin, þá þætti mér engin furða þótt einhver findi það skyldu sína, að gera athugasemdir. Ef ritsmíðin skyldi þá verða þess virði.

Hann þykist vera að byrja á háheilögu "skylduverki", nefnilega, að rifja nú upp alla hina pólitisku sögu Íslands, og sýna heilagan sannleikann allsnakinn, í ljósi sinnar sannfæringar og óhlutdrægni, og stýra sinu hugarfleyi "langt frá skerjum hlutdrægni, þröngsýnis og flokksfylgis".

En strax á eftir þessari fögru yfirlýsingu finnur hann bezta textann í reiðigrein Tr. Gunnarssonar til Björns Jónssonar ráðherra, þegar Tryggva var vikið úr bankanum síðastliðið haust, nefnilega, hvernig æfisaga B.J. ætti að verða og segist skáldið þá heldur vildi verið hafa Hannes heldur en Björn Ef að æfisögurnar yrðu skrifaðar með "hönd réttlætisins, sannleikans og óhlutdrægninnar". Ekki tókst nú betur til fyrir doktorinum en það, að þarna strandaði hann strax á flokksfylgisskerinu, og á því mun skriflið hanga hér eftir gegn um alt ritsmíðið, þó loforðið væri fagurt.

En að hverju leyti skyldi nú æfisaga B. Jónssonar hljóta að verða svo mikið lakari en H. Hafsteins? Hefir B. J. framið nokkuð óheiðarleot um æfina, sem H.H. er hreinn af? Hvor þeirra hefir unnið meira og lengur í þarfir þjóðar sinnar?

Máske skáldið og doktorinn vilji gera svo vel að svara þessu.

Jón Kristjánsson.

Barons, Alta., 21. marz 1910.

Til Arnórs Árnasonar.

(Samanber Lögberg nr. 50: "Eigum vér Íslendingar að afkristnast", — eftir Arnór Árnason).

I.

Þegar Arnórs heilög höndin
hefur reiddan kristnis-vöndinn,
lemur svo á bóga báða,
bezt hann teldi að fá að ráða
því, sem aðrir segja og skrifa,
og sjálfsagt hvernig ætti að lifa,
enginn svo að af því víki
inn sem vildi í himnaríki.
Styðja sig við blaðið Bjarma,
sem búið sé að níða og þjarma.
Halda sér við gömlu gæðin,
en grufla' ekki út í nýju fræðin.
Ala upp fólk við eld og víti,
einhver þó að liðugt kríti. —
Þetta er hans þreyða gaman,
og þvæla svo í öllu saman.
Nú er hann að narta í Einar,
naumast skilst þó, hvað hann meinar.
Og gera þykist götur hreinar,—
en, giska margir, hnullungssteinar
fyrir honum fá að liggja,
svo fjandann þurfi 'ann ekki að styggja. —
Það er nóg af þessum mönnum,
þeir eru meira að segja í hrönnum,
sem af veiku viti sínu
varla mega skrifa línu,
með því góðum málstað spilla
og marga af réttri götu villa.

II.

Arnórs rokur illræmdar
eru þoku hylling,
kannske að lokum kallaðar
kristnis-hroka trylling.

Einn fyrir austan hafið.

McKenzie's Vestræna FRÆ.

VALIÐ fyrir Vesturlandið. Bezt fyrir Vesturlandið. Vaxa bezt í Vesturlandinu. Eiga bezt við Vesturlandið. Hver áreiðanlegur og framtaksamur kaupmaður selur McKenzie's FRÆ. Ef kaupmaður yðar hefir þau ekki, þá sendið pantanir yðar beint til vor. —

A. E. McKenzie Co. Ltd
BRANDON, Man. — CALGARY, Alta.

Sjónleikur.

Eins og auglýst er á öðrum stað í blaðinu verður haldinn sjónleikur í Goodtemplarahúsinu að kvöldi 7. og 8. þ.m. (fimtudag og föstudag) að tilhlutun leikfélags íslenzku Goodtemplara stúknanna Heklu og Skuldar. Leikurinn byrjar stundvíslega kl. 8, og þyrftu þá allir að vera komnir í sæti sín, sem ætla sér að koma og horfa á. — Leikurinn er alvarlegs efnis. Aðalþráðurinn er að sýna vonbrigði manns, sem hefir verið tíu ár erlendis, í burtu frá foreldrum og systkinum. Í fjarlægðinni dró heimilið stöðugt huga hans til sín. Það var fyrir hugskotssjónum hans eins og sólskinsblettur, og honum fanst hvergi mundi eins bjart. En svo kemur hann heim, og þá þegar hann er kominn heim, og þegar hann hélt að hugur sinn mundi fyllast af unaði, þá sér hann einmitt á þessu kæra heimili sínu skugga, sem hann aldrei hafði dreymt um. Gleðin, sem hann hafði búist við að myndi fylla huga sinn, verður að sárri gremju og viðbjóði. — Það er ekki mögulegt, að lýsa leik þessum í stuttu máli. Leikfélagið gerir sér von um, að margir komi, og þá ætlar það að gera sitt bezta, að útskýra hann á leiksviðinu. B.

Bréf eiga að Hkr.: —
Kr. A. Benediktsson.
Bertha Stephanson.
S. K. Ólafur Johnson.
Valla Friðriksson.
Mrs. Halldóra Sigurjónsson.
Frida Jóhannsson.
Jón Sigurðsson.

Tvö þau síðasttöldu eru frá Íslandi, hið síðara ábyrgðarbréf.

Til sölu.

ágæt bújörð, 160 ekrur að stærð, 2½ mílu frá Mozart, 90 ekrur eru plægðar. 300 dollara timburhús, góð fjós fyrir 30 gripi, stórt korngeymsluhús, gott og mikið vatn í brunni, 4000 trjám plantað við byggingarnar, og girðing alt í kring um landið (2 vírar).

Frekari upplýsingar fást hjá
TH. JÓNASSON.
P.O. Box 57 Wynyard, Sask.

"Andvökur"

LJÓÐMÆLI EFTIR

Stephan G. Stephansson

Kosta, í 3 bindum, $3.50, í skrautbandi.

Tvö fyrri bindin eru komin út, og verða til sölu hjá umboðsmönnum útgefendanna í öllum íslenzkum bygðum í Ameríku.

Í Winnipeg verða ljóðmælin til sölu, sem hér segir:

Hjá Eggert Jóhannssyni, 689 Agnes St., EFTIR KL. 6 AÐ KVELDI.

Hjá Stefáni Péturssyni, AÐ DEGINUM, frá kl. 8 f.h. til kl. 6 að kveldi, á prentstofu Heimskringlu.

Hjá H. S. Bardal, bóksala, Nena St.

Utanbæjarmenn, sem ekki geta fengið ljóðmælin í nágrenni sínu, fá þau tafarlaust með því að senda pöntun og peninga til Eggerts Jóhannssonar, 689 Agnes St., Winnipeg, Man.

Fyrirspurn.

Ég kom hesti mínum fyrir hjá W. í 4 mánuði, og lofaði að borga með honum $2.25 á mánuði, eða alls $9.00. En svo, þegar þessi tími leið og ég átti að taka hestinn, gat ég ekk borgað W. fóður hans. Svo liða 3 mánuðir, og frétti ég að W. brúkar hestinn daglega frá þeim tíma, er ég átti að taka hann. Einn dag mæti ég W. með hestinn, og ætlaði þá að taka hann, því ég áleit, að hesturinn væri búinn að vinna fyrir þessum $9.00. En er W. sá, að mér var þetta alvara, hótaði hann að skjóta mig og miðaði á mig með skambyssu, er hann tók upp úr vasa sínum. En áður enn meira varð af, var byssan tekin af mönnum, er þar voru. Ég neitaði að borga þessa $9.00.

1. Er ég skylnugur til að borga W. fyrir fóðrið á hestinum?
2. Hafði W. nokkurn rétt til að miða skambyssu á mig?
3. Eða hefir nokkur vald til þess, að verja eignir sínar með byssum og öðrum morðvopnum?

T. H. S.

SV. — 1. Já, þú ert skyldugur að halda alla samninga, sem þú gerir við aðra, og þú játar að hafa lofað að borga W. $9.00 fyrir 4. mánaða fóður á hesti þínum, en af einskærum ræfilshætti, eða verra, þóttist þú ekkert geta borgað, þegar skuldin fóll í gjalddaga, og svo virðist, sem þú hafir þá gengið frá hestinum í greinarleysi, eins og þér kæmi hann ekkert við. Ef þú kynnir að sjá sóma þinn, þá ættirðu að vera W. einhar þakklátur fyrir umönnun hans á hesti þínum í þá 3 mánuði, sem þú getur um, að enduðu samningstímabilinu. Vér teljum, að hann hafi haft fylsta rétt til, að nota hestinn til vinnu.

2. W. hafði engan rétt til að miða á þig skambyssu, ef þú sýndir þig ekki líklegan til að fremja ofbeldisverk á honum.

3. Hver maður hefir rétt til þess, að verja eignir sínar, og þeir menn eeta átt í hlut, sem gerir það nauðsynlegt, að beita vopnum við þá vörn.

Annars er það ráðlegging Heimskringlu til spyrjanda: Borgaðu W. þessa $9.00, sem þú samdir um, og sæktu hann svo að lögum fyrir hestbrúkið, ef þú heldur þú hafir réttmæta kröfu á hendur honum fyrir það. Ritstj.

Þakkarorð

Mig bresta viðeigandi orð til að láta í ljósi þakklætistilfinningu mína fyrir þann óverðskuldaða sóma og innilegu velvild, sem djáknar Tjaldbúðarsafnaðar sýndu okkur hjónum kvöldið áður en við lögðum af stað frá Winnipeg, þegar herra Loptur Jörundsson og kona hans buðu okkur heim í hús sitt, þar sem þau höfðu fyrir prest og djákna safnaðarins, ásamt fleirum vinum okkar. Vorum við þar kvödd þeim alúðar vinaorðum, sem okkur mun ei úr minni líða. Einnig var okkur afhent vinagjöf frá djáknunum. Ég finn til þess betur en ég fæ lýst því, hve óverðugan ég finn mig þess vinarþels og sóma, er okkur var sýnt við þetta tækifæri. Bið ég guð að blessa gefendurna, og óska þeim ásamt Tjaldbúðarsöfnuði og presti hans allrar hamingju í bráð og lengd, og að í hóp þeirra mættu hætast margir menn með meira starfsþrek en ég gat sýnt, menn, sem væru þess virði, að þeim væri sómi sýndur.

John Westmann.

Yfirburða Vottur um

HEINTZMAN & CO. PIANO

sýnir sig í ýmsum atriðum.— Það er engin fals-lýsing, að þetta hljóðfæri sé langt yfir öllum öðrum í tónfegurð og smíða ágæti. —

Frægustu söng- og tónfræðingar sem farðast um Canada — fólk með yfirburða þekkingu — velja allir þetta Piano.

Ending þess og vaxandi tónfegurð með aldri hljóðfæranna, hefir komið öllum leiðandi söngkenslustofnunum til þess að nota þessi Piano.

En bezt af öllum sönnunum er vitnisburður þeirra mörgu þúsunda Canada manna og kvenna sem eiga og nota þessi fögru hljóðfæri, og hafa daglega ánægju af þeim.

Vér tökum gömul PIANO í skiftum fyrir ný. —

528 Main St. — Phone 808
Og í Brandon og Portage La Prairie

Fréttir úr bænum.

Hon. R. P. Roblin kom heim úr heilsuleitarferð sinni á laugardaginn var. Talsverðan bata hefir hann fengið, en þó hvergi nærri fullbata ennþá. Hann vonar að ná sér fullkomlega á næstu 2 mánuðum.

Bæjarstjórnin í Winnipeg hefir á yfirstandandi fjárhagsári, sem endar 31. maí næstk., fengið nær tíu þúsund dollara fyrir hundaleyfi.

Tolltekjur Canada stjórnar hér í borginni á sl. fjárhagsári, sem endaði 31. sl. mánaðar, urðu alls um eða yfir 5 miliónir dollara.

Herra Einar Ísfeld, með konu sína og tvö börn þeirra hjóna, var hér í borg í sl. viku í kynnisför til móður sinnar og systkina og vandamanna annara í suður Gimli sveit. Hann bjóst við að verða hálfsmánaðartíma í þeirri ferð. — Samtímis var hann og að leita sér hér lækninga við maga- og hálskvefi, sem hann hefir haft um lengri tíma.

Þórarinn, 17 vetra gamall sonur séra Bjarna Þórarinssonar, prests að Wild Oak hér í fylkinu, kom til bæjarins í sl. viku og ætlar að stunda nám við gull og úrsmíði hjá herra Th. Johnson, horni Main og Graham stræta hér í borg.

Vér viljum benda lesendunum á auglýsingu í þessu blaði frá Goodman & Wilton, 94 King St., sem verzla með hey, hafra, kartöflur og alls konar bændavöru. Þeir eru áreiðanlegir menn að skifta við. — Landi vor, Albert J. Goodman, sem mörgum er að góðu kunnur, er nú í félagi með þeim Wilton.

Kvenfélag Únítara býður öllum til kveldskemtunar á mánudagskveldið kemur. Þar verða spil, tafl og leikir o.fl. til skemtana haft, og boðnir upp bögglar, sem konurnar hafa gefið. Allir velkomnir. Byrjar kl. 8. Aðgangur ókeypis.

Mrs. Sigríður Taylor, móðir Friðriks Sveinssonar málara hér í bænum, andaðist að heimili Kr. Á. Benediktssonar, eftir þunga legu, fimtudagsnóttina 31. marz. Hún verður jarðsett í grafreit Argylebygðar föstudags eftirnón 8. þ.m. Líkfylgdin hefst frá íslenzku kirkjunni á Baldur.

Í dag (fimtudag 7. þ.m.) verður flutt húskveðja að heimili sonar hennar, 618 Agnes st., af séra Rögnvaldi Péturssyni og séra Guðmundi Árnasyni.

Íslendingar í Gimli bæ minnist þess, að herra Elis G. Thomsen er maðurinn, sem gerir allskonar utan- og innan-húss málningu fljótt og vel. Einnig pappírsleggur hann hús og gerir "Kalsomining".

Íslenzki Conservative Klúbburinn hélt síðasta spilafund sinn á vetrinum á mánudagskveldið var. Verðlaunum fyrir flesta vinninga í Pedro-spili um veturinn var útbýtt, og hlutu þessir: 1. verðlaun (Gillette Safety Razor) Ásm. P. Jóhannsson, 2. verðlaun (2 forláta reykjarpípur í einu hulstri) Finnur Stefánsson, og 3. verðlaun (ermahnappar úr gulli) Vésteinn Benson. Ennfremur voru gefin verðlaun fyrir flesta vinninga í Pedro-kappspili þá um kveldið, og hlaut þau Thorleifur Peterson. Verðlaunin öll voru hin myndarlegustu og eigulegustu, enda voru vinnendurnir vel ánægðir með þau. Vindlum var útbýtt eins og hver vildi hafa. — Fundurinn var vel sóttur og skemtu menn sér hið bezta.

Menningarfélagið heldur fund í Únítarasalnum miðvikudaginn 13. þ.m. kl. 8 að kveldi. Herra Baldur Sveinsson flytur þar erindi "Um einokunarverzlun á Íslandi frá árunum 1602 til 1854". Þá má búast við fróðlegri ræðu og ættu landar vorir að fylla salinn. Aðgangur ókeypis.

Þriðjudagskveldið 12. þ.m. held- Ungmennafélag Únítara spila-samkepni um verðlaun, er því hafa verið gefin í því skyni, í fundarsal Únítara. Aðeins meðlimir félagsins geta tekið þátt í þessari samkepni. Óskað er eftir, að allir komi í tíma, kl. 8.

Með þessu blaði eru eintök þeirra kaudenda, sem tekið hafa póst sinn að Mimir og Big Quill pósthúsum, send til Candahar P. O., með því að framangreind pósthús hafa verið afnumin.

Í kveld (Miðvikudag) flytur séra Lewis G. Wilson fyrirlestur á Oddfellows Hall (Kennedy St.). Allir Íslendingar, sem unna frjálslyndum trúmálaskoðunum ættu að hlusta á þennan ágæta fyrirlesara.

Yndislega fögur málverk af stöðum á Íslandi (Akureyri, Önundarfirði, Patreksfirði, Öxarárfossi og Borg á Mýrum) eru til sýnis á skrifstofu Heimskringlu. Friðrik Sveinsson málari hefir málað þær. — Íslendingar, sem vildu eiga málverk af æskustöðvum sínum á föðurlandinu, ættu að sjá þessar einkar fögru myndir og panta þær hjá herra Swanson. Hann er nú viðurkendur með listfengustu málurum hér í borg, og gerir myndir af íslenzkum stöðum svo ódýrt, að undrum sætir.

Fimm íslenzkir vesturfarar komu til Winnipeg á laugardaginn var.

Til bænda.

Sérstakt athygli veitt pöntunum fyrir Carloads af heyi, hölrum og kartöflum. Öll bændavara tekin til sölu, ef óskað er, fyrir 10 prósent sölulaun. Pantanir afgreiddar fljótt og skilvíslega.

GOODMAN & WILTON

(Albert J. Goodman, H. G. Wilton og W. S. Wilton)

GRAIN AND PRODUCE MERCHANTS

94 KING ST

Tals.: Main 9646. Nætur-talsí.: Ft. R 147

Hinn 16. dag marzmánaðar gaf séra Bjarni Thorarinsson saman í hjónaband á Wild Oak samkomuhúsi þau herra Finnboga Erlindsson og Helgu Jóhannsdóttur. — Eftir vígslu-athöfnina var rausnarleg veizla haldin. Voru þar samankomnir um 150 manns. Foreldrar brúðhjónanna, herra Erlindur Erlindsson og Jóhann Jóhannsson og konur þeirra stóðu fyrir öllum veitingum, myndarlegum og ríkmannlegum. Skemti fólk sér við söng, ræðuhöld og dans fram á morgun næsta dag. Þá fór hver til síns heimilis glaður og ánægður. Brúðhjónin setjast að í Winnipeg, þar sem hinn ungi bóndi hefir fasta atvinnu hjá T. Eaton.

B. Th.

Herra Jón Westmann, trésmiður hér í borg, flutti í sl. viku alfarinn til Vancouver, með konu sína og fósturdóttir þeirra hjóna. Samferða þeim hjónum varð ungfrú Kristín Gíslason, sanmakona, kom frá Íslandi í fyrra. Hún fór til Blaine, Wash.

Minneapolis Symphony hljóðfæraflokkurinn kom til Winnipeg á mánudaginn var. Hann spilaði tvisvar daglega þann 4., 5. og 6. þessa mánaðar.

Herra Magnús Matthíasson Jochumssonar, prests á Akureyri, sem kom hingað vestur með Gunnari bróður sínum á sl. ári og hefir dvalið í Argyle nýlendunni síðan, fór héðan í þessari viku vestur á Kyrrahafsströnd.

Þau hjón herra Stephan A. Johnson, annar prentari Heimskringlu, og kona hans, mistu 6 vikna gamla dóttur þeirra í sl. viku, og var hún jarðsungin af séra Jóni Bjarnasyni á laugardaginn var.

Hver sá, sem veit um núverandi heimilisfang Kristínar Magnúsdóttur, frá Ölversholti í Flóa í Árnessýslu, er beðinn að tilkynna það Mrs. Friðriku Sigurðsson, 622 Lipton St., Winnipeg, Man. Kristín þessi var í Reykjavík fyrir 5 árum og er væntanlega þar um slóðir ennþá.

Herra Elis G. Thomsen frá Gimli var hér á ferð um síðustu helgi.

Mrs. Björg Tighe, frá Winnipegosis, var hér í bænum í kynnisferð í þessari viku. Nokkrir aðrir Íslendingar þaðan voru hér um sama leyti.

Skarpan þrumu og regnstorm gerði hér í borg á sunnudagskveldið var, og fylti kjallara í húsum á Main og Portage strætum með vatni, og urðu af því talsverðar vöruskemdir.

Kappglíma milli herra Jóns Hafliðasonar og Svía nokkurs verður háð í Goodtemplarahúsinu 12. þ.m. Fleiri þróttir verða þar sýndar. Sjá auglýsingu á öðrum stað.

Skór fyrir unga karlmenn.

Ungir menn kjósa almennt nýmóðins skó. Þeir þekkja tízkuna og fylgja henni.

Ungra manna skórnir vorir eru gerðir af þeim, sem kunna að búa til tízkulegt skótau.

Háleggja skór hneptir, reimaðir eða "Bluchers".

Lágsniðnir skór, "Oxford" eða reimaðir og "pumps" lagaðir.

Fegurstu svartir og litaðir móleðurs skór.

VERÐ $3.50 til $6.00.

Ryan-Devlin Shoe Co

494 MAIN ST PHONE 770.

Herra Guðmundur S. Heiðmann, frá Mountain, N. Dak., kom vestan úr Argyle um síðustu helgi, og er á heimleið. Hann biður Heimskringlu að flytja kunningjum í Argyle-bygð alúðar þakkir fyrir góðar móttökur og viðkynningu.

Herra C. B. Júlíus, sem sl. tvö ár hefir unnið við verzlun í Norður-Dakota, er á ný kominn til Winnipeg og seztur hér að. Hann starfar nú fyrir "Mutual Life of Canada", sem umboðsmaður þess hér í borg.

Ungmennafélag Únítara heldur hinn venjulega vikufund sinn í kveld (miðvikudag). Áríðandi, að sem flestir sæki þennan fund.

Svínin, sem illi andinn fór í, eru dauð fyrir löngu. En svínin, sem nú lifa, kosta á fæti 10 cents hvert pund, eða rúmlega það, hér í Winnipeg. Samt spyrja bændur hvort nokkur bjóði betur.

"Gimlungur" heitir nýtt vikublað, sem gefið er út í Gimli bæ, af nokkrum mönnum þar. Herra Sigurður G. Thorarensen er ritstjóri og Gísli P. Magnússon ráðsmaður. Blaðið er í smáu broti, en fríttt sýnum og vel ritað. Það ræðir sveitarmál og búnaðarmál, gengur prúðmannlega í garð og gefur von um, að verða kærkominn gestur á heimili sveitarbúa og annara.

Á miðvikudagskveldið í sl. viku buðu þau herra Loftur Jörundsson og kona hans presti og djáknum Tjaldbúðarsafnaðar, ásamt nokkrum fleirum, heim í hús sitt, til að gefa þeim tækifæri að kveðja herra Jón Westmann, konu hans og dóttir, sem lögðu af stað vestur á Kyrrahafsströnd daginn eftir.

Þau Westmanns-hjónin hafa tilheyrt Tjaldbúðarsöfnuði í mörg ár, og hafa jafnan verið uppbyggilegir meðlimir þess félagsskapar. Herra Westmann hefir haft ýmst störf á hendi í þarfir safnaðarins. Fulltrúi var hann um tíma og djákni í mörg ár. Hann hefir jafnan reynst ósérhlífinn starfsmaður og lagt á sig útgjöld eftir megni. Þeirra hjóna er því saknað úr félagsskap vorum, og einlægar heillaóskir fylgja þeim til hins nýja heimilis frá hinum mörgu vinum þeirra.

Þegar gestirnir höfðu þegið ríkmannlegan beina, flutti séra Fr. J. Bergmann þeim hjónum vingjarnleg kveðjuorð. Þá var þeim afhent snotur gjöf, sem djáknar safnaðarins gáfu þeim í minningarskyni um góða og ánægjulega samvinnu.

Pétur Magnússon á Gimli biður þess getið í Hkr., að hann byggi strompa og hlaði kjallaraveggi, að hann selji kalk og steinlím. Efni og verk vandað og verðið afarlágt. Finnið "Pete".

Í þakkarávarpi því frá hr. Þórði Gíslasyni í Blaine, Wash., sem nýlega birtist hér í blaðinu, stóð að hann hefði mist heilsuna fyrir rúmu hálfu ári. Það var misprentað, átti að vera fyrir rúmu hálfu fimta ári. Lesendur minnist þessa.

Jörð til leigu

í Árnesbygð í Nýja Íslandi. Landið alt virgirt. Tíu ekrur ræktaðar. Gott hús, o.s.frv. Umboðsmaður er Gísli Jónsson, kaupmaður, Árnes, Man.

Númer 21. af þessa árs Heimskringlu verður keypt hér á skrifstofunni. Sex eintök óskast.

LEIKIÐ VERÐUR

"ÆFINTÝR Á GÖNGUFÖR"

[VAUDEVILLE]

18. og 19. apríl

mánudag og þriðjudag

á Goodtemplara-húsinu

Ný forkunnar:fögur tjöld, máluð af Friðriki Sveinssyni, og allur útbúnaður vandaður. -

Johnson's Orchestra

skemtir milli þátta.

(Nákvæmari augl. í næsta blaði).

KENNARA VANTAR

við Hálandskóla No. 1227, um sex mánaða tímabil, byrjar með maí. Skólafrí ágústmánuð. Umsækjendur tilgreini kauphæð og mentastig og æfing í kenslustörfum. Sendið tilboð fyrir 22. apríl 1910 til

S. EYJÓLFSSON,
14-4 Hove P.O., Man.

KENNARA KÖLLUN

fyrir Sleipni skóla no. 2288. Byrjar 1. maí og endist í 6 mánuði.

Kennari geri grein fyrir mentastigi sínu og tilgreini mánaðar, kaup.

Utanáskrift: —

S. J. EIRÍKSSON,
Box 8, Wynyard, Sask.

DR. H. R. ROSS

C.P.R. meðala- og skurðlækir.
Sjúkdómum kvenna og barna veitt sérstök umönnun.
WYNYARD, — SASK.

Dr. M. Hjaltason, Oak Point, Man.

Anderson & Garland,

LÖGFRÆÐINGAR
35 Merchants Bank Building
PHONE: MAIN 1561.

MARTYN F. SMITH,

TANNLÆKNIR.
(Fairbairn Blk. Cor Main & Selkirk
Sérfræðingur í Gullfyllingu og öllum aðgerðum og tilbún aði Tanna. Tennur dregnar án sársauka. Engin veiki á eftir eða gómbólga. —
Stofan opin kl. 7 til 9 á kveldin
Office Phone 6944. Heimilis Phone 6462.

Þarft þú ekki að fá þér ný föt?

EF ÞAU KOMA FRÁ CLEMENT'S, — ÞÁ VERÐA ÞAU RÉTT

Réttur að efni, réttur í sniði réttur í áferð og réttur í verði.

Vér höfum miklar byrgðir af fegurstu og beztu fataefnum. —

Geo. Clements & Son

Stofnað árið 1874
264 Portage Ave. Rétt hjá FreePress

Th. JOHNSON

JEWELER
286 Main St. Talsími: 6606

JOHN ERZINGER

TOBAKS-KAUPMAÐUR.
Erzinger's skorið reyktóbak $1.00 pundið
Hér fást allar neftóbaks-tegundir, Óska eftir bréflegum pöntunum.
McINTYRE BLK., Main St., Winnipeg
Heildsala og smásala.

G. NARDONE

Verslar með matvöru, aldini, smá-kökur, allskonar sætindi, mjólk og rjóma, sönul. tóbak og vindla. Óskar viðskifta Íslend. Heitt kaffi eða te á öllum tímum. Fón 7756
714 MARYLAND ST.

Boyd's Brauð

Brauð vor ættu að vera á borðum yðar daglega. Gerð úr beztu tegund hveitis, og búin til í hreinu nýtízku bakarii. Biðjið matsalann yðar um þau eða símið oss, og vér sendum þau heim í hús yðar.

Boyd's

Bakery Cor Spence & Portage Ave
Phone 1080.

Winnipeg Wardrobe Co.

Kaupa brúkaðan Karla og Kvenna fatnað,—og borga vel fyrir hann.
Phone, Main 6539 597 Notre Dame Ave.

BILDFELL & PAULSON

Union Bank 5th Floor, No. 520
selja hús og lóðir og annast þar að lútandi störf; útvegar peningalán o. fl.
Tel.: 2685

Jónas Pálsson,

SÖNGFRÆÐINGUR.
Útvegar vönduð og ódýr hljóðfæri
460 Victor St. Talsími 6803.

J. L. M. THOMSON, M.A., L.L.B.

LÖGFRÆÐINGUR. 285½ Portage Ave.

BONNAR, TRUEMAN & THORNBURN,

LÖGFRÆÐINGAR.
Suite 5-7 Nanton Blk. Tals. 766
Winnipeg, Man. P.O.BOX 223

Húðir og ógörfuð Loðskinn

Verzlun vor er vor bezta auglýsing. Sendið oss húðir yðar og loðskinn og gerist stöðugir viðskiftamenn.
Skrifið eftir verðlista.

The Lightcap Hide & Fur Co., Limited
P.O.Box 1092 172-176 King St Winnipeg
16-9-10

W. R. FOWLER A. PIERCY.

Royal Optical Co.

307 Portage Ave. Talsími 7286.
Allar nútíðar aðferðir eru notaðar við augn-skoðun hjá þeim, þar með hin nýja aðferð, Skuggs-skoðun, sem gjörey' öllum ágiskunum. —

Kveldskemtun og Böggla-uppboð.

Kvenfélag Únítara safnaðarins hefir ákvarðað að hafa BÖGGLA-UPPBOÐ í samkomusal Únítara

Mánudagskv. 11. apríl.

Allir bögglarnir verða snyrtilegir, verðmætir og eigulegir, — þarflegur hlutur í hverjum böggli.

Á eftir uppboðinu gefst öllum kostur á, að skemta sér eftir vild til kl. 11, við spil tafl, leiki o. s. frv. — Kaffi til sölu á staðnum.—

Kvenfélagið biður fólk að muna eftir þessu og fjölmenna.

AÐGANGUR ÓKEYPIS.

Kappglíma.

Eins og getið var um í síðasta blaði, verður KAPPGLÍMA háð í íslenzka Goodtemplarahúsinu

Þriðjudagskveld 12. apríl,

milli J. Hafliðasonar og E. Quist. Auk þess sýna þar íþrótt sína Chas. Gustafsson, bezti glímumaður Canada (The Middleweight Champion Wrestler of Canada) og S. Logan, sem einnig er vel þektur glímumaður.

Ennfremur verða þar sýndir hnefaleikar (Boxing) af tveimur listfengum mönnum.

Aðgöngumiðar 35c.
Byrjar kl. 8.

Heim-koman.

Sjónleikur í fjórum þáttum

verður leikin í íslenzka Goodtemplarahúsinu 7. og 8. aprfl. — Sjónleikurinn byrjar stundvíslega klukkan 8 e. m.

INNGANGUR 35c.

Sveinbjörn Árnason

Fasteignasali
Selur hús og lóðir, eldsábyrgðir, og lánar peninga. Skrifstofa: 12 Bank of Hamilton.
TALSÍMI 5122. HÚS-TALS. 8695

TIL SÖLU:

160 ekrur af bezta landi. stutt frá járnbrautarstöð. Fyrsti maður með $7.00 fær hér góð kaup. — Finnið

Skúli Hansson & Co.

47 Aikens' Bldg.
Talsími, Main 6476 P. O. Box 833

It's going UP.

Þú getur ekki búist við

að það geri annað en eyðast í reyk. Því ekki að fá nokkur tons af okkar ágætu kolum, og hafa ánægjuna af, að njóta hitans af þeim, þegar vetrarkuldarnir koma. Komið til vor og nefnið þetta bl.

D. E. ADAMS COAL CO.

YARDS Í NORÐUR, SUÐUR, AUSTUR OG VESTURBÆNUM
Aðal Skrifst.: 224 BANNATYNE AVE.

Heimskringla.

XXIV. ÁR | WINNIPEG, MANITOBA, FIMTUDAGINN, 14 APRÍL 1910 | NR. 28

Fregnsafn.

Markverðustu viðburðir hvaðanæfa

— Kitchener lávarður, brezki herforinginn mikli, kom í sl. viku með skipi til San Francisco, og ferðast hann eins privatlega og honum er unt, til þess að komast hjá veizluhöldum, og þeim lúa og tímaeyðslu, sem af þeim leiðir. — Blaðamenn reyndu að fá hann til að segja fréttir, en hann varðist allra frétta. Kvaðst ætla að ferðast að eins í tíu daga um Bandaríkin, og sigla svo til Englands frá New York, og engan tíma kvaðst hann hafa til að ferðast um Canada í þetta sinn.

— Þrettán ára gömul stúlka í Quebec fylki, sem gekk í svefni, kveikti í náttkjól sínum og vaknaði við að hún stóð í loga. Hún skaðbrendist svo, að hún dó nokkurum stundum síðar.

— Kýr ein í Solville, nálægt Utica, N. Y., hefir í sjö daga gefið 80 pund af mjólk á dag, sem jafngildir 29.27 pundum smjörs. Eiganda hennar, Lamton bónda, voru boðnir $2,500 fyrir kúna, en hann neitaði því tilboði. Kýrin er mjólkuð fjórum sinnum á dag. Embættismenn akuryrkjudeildar New York ríkis hafa vottað um mjólkurmagn kýrinnar og smjörframleiðsluna.

— Vábrestur varð á brezku skipi við strendur Englands þann 7. þ. m. Eitt barn lét þar lífið, en 50 konur og börn meiddust meira og minna. Karlmenn þeir em á skipinu voru, og ekki tilheyrðu skipshöfninni, urðu sem óðir. Hver reyndi að bjarga sér, og í ofboðinu tróðu þeir konur og börn undir fótum. Skipshöfnin reyndi að sefa þessa menn, og varð að beita mestu hörku til þess að mega fyrst bjarga konum og börnum. En með því 2 önnur gufuskip voru þar í nánd, tókst að bjarga öllum farþegunum af hinu skemda skipi. Alls voru níu hundruð farþegar á skipinu, að mestu leyti rússneskir emigrantar á leið frá London til Portland í Bandaríkjunum.

— Tollþjónar Canada tóku í sl. viku 4 járnbrautarvagna, sem áttu að innihalda emigranta búslóð og þannig hafa heimild til að koma tollfrítt inn í landið, — en í stað þess voru vagnarnir hlaðnir með 12 þúsund dollara virði af nýjum verzlunarvörum, sem nú verður að borgast tollur af.

— Íbúarnir í Norður-Albaniu hafa gert uppreist móti Tyrkjaveldi. Þeir eru andvígir hinum nýju toll-lögum Tyrkja, sem þeir sem að ofþyngi gjaldþoli sínu, og þeir neita þess vegna að borga nokkra skatta, en hafa í stað þess safnast saman í stórhópum hér og hvar um landið, og æða yfir það með ránum og manndrápum, ráðast á allar stjórnarskrifstofur og eyðileggja þær algerlega með öllum skýrslum og reikningum, og drepa stjórnarþjóna. Tyrkir hafa sent herdeildir til að bæla niður uppreistina, en Albaniu-menn hafa fram að þessum tíma unnið sigur á þeim. Nú hafa Tyrkir á ný sent 14 herdeildir móti uppreistarmönnum, en Albaniu-menn eru vel vopnaðir og við öllu búnir, og því alls óvíst, hvern enda þetta hefir.

— Atkvæðagreiðsla fór fram í sl. viku í ríkinu Michigan um vínbann. Í ríkinu eru 1610 vínsöluhús og 15 ölgerðarhús. Atkvæðagreiðslan fækkaði vínsölukránum um 282 og ölgerðarhúsunum um 6.

— Frá Þýzkalandi er sagt, að vegna ágreinings, sem orðið hafi milli bygginga-verkveitenda og verkþiggenda, séu líkur til að 1½ milíón manna muni gera verkfall nú mjög bráðlega. Verkveitendur, 22,600 talsins, héldu nýlega þing mikið í Dresden borg, og gerðu þar ákvæði um, hvað þeir vildu borga verkamönnum um klukkutímann, hve marga klukkutíma skyldi vinna á dag, o.s.frv. Síðan voru samþyktir þessar lagðar fyrir foringja verkamanna, með orðsendingu þeirri, að ef ekki yrði gengið að skilmálunum, þá yrði öllum verkstæðum lokað þann 14. þ.m. Talið víst, að verkamenn muni neita að ganga að kjörum þeim, sem verkveitendur bjóða.

Stutt æfiágrip merkismanns.



ÁRNI ÁRNASON.

Einn hinna merkari íslenzku öldunga, sem látist hefir hér vestra á síðari árum, er maður sá, sem Heimskringla flytur mynd af hér.

Árni Árnason er fæddur 16. des. árið 1819, að Rip í Hegranesi í Skagafirði. Hann lézt að heimili sonar síns, Ólafs Theobalds, að 537 Burnell st., Winnipeg, þann 26. febrúar sl.

Foreldrar Árna voru þau hjón Árni Árnason og Margrét á Stokkhólmi í Skagafirði. Árni ólst upp hjá Pálma Péturssyni, móðurbróður sínum, og Herdisi konu hans, á Starrastöðum í sömu sýslu, þar til hann var fulltíða, þá flutti hann austur til Vopnafjarðar, til Halldórs prófasts á Hofi, og stundaði þar járnsmíði, sem hann hafði áður numið. Þaðan sigldi hann til Kaupmannahafnar árið 1852, til að fullnema sig, og dvaldi þar 3 ár, 1½ ár við smíðar og eitt ár við dráttlist, en síðasta missirið vann hann sem fullnumi við smíðar. Kennari hans var Sveinn Sigurðsson, móðurbróðir hans. Sveinsstykki hans var stálskrá, mjög vönduð, og hið mesta listasmíði, og uppdráttur af henni, dags. 6. júlí 1855, og er hann enn þá verndaður sem menjagripur frá þeim tímum. En skrána gaf hann séra Halldóri á Hofi, sem þá var að láta smíða Hofskirkju, og mun skráin enn þá vera í kirkjuhurðinni.

Þá dvaldi Árni sál. með séra Halldóri um tíma, en fýsti þó fljótt til fornra átthaga, og flutti að Hofstaðaseli í Skagafirði og bygði þar verkstæði. Þar var hann 2 ár, og flutti þá að Hofsós, og bygði þar annað verkstæði; þar dvaldi hann 4 ár. Þá flutti hann að Sauðárkrók, og bygði þar fyrstur manna, eins og sést á visu, sem prentuð er í Heimskringlu 17. tbl. í jan. þ.á. Á Sauðárkrók bjó hann í 35 ár og stundaði járnsmíðar, og hélt jafnframt gestgjafahús um nokkur ár.

Árni sál. flutti til Canada árið 1905, með konu sína og tvö börn þeirra hjóna, Ólaf og Eggert. Tvö voru komin vestur á undan. Hann dvaldi þá fyrst í West Selkirk bæ, hjá dóttur sinni Birgittu Björnsson, um tveggja ára tíma, og eftir það hér í Winnipeg hjá börnum sínum, Margréti og Ólafi Theobold, en aðallega hjá syni sínum.

Árið 1869 kvongaðist Árni sál. ungfrú Sigríði Eggertsdóttur, bónda á Skefilstöðum á Skaga. — Þau eignuðust 12 börn, 7 þeirra dóu á ýmsum aldri, en 5 lifa. Fjögur þeirra eru nú í Canada: Margrét, gift Halldóri Bjarnasyni, kaupmanni hér í borg; Ólafur Theobold trésmiður, einnig hér í borg; Birgitta Ragnheiður Sigríður, gift Guðmundi trésmið í Selkirk bæ, og Eggert Árni, fiskimaður, til heimilis hér í borg. Og Hjálmar Friðrik, fiskimaður, á Sauðárkrók á Íslandi.

Árni sál. var hinn mesti atgerfismaður til sálar og líkama, þjóðhagasmiður, gæddur ljósum gáfum og starfsmaður hinn mesti. Hann var friðsur sýnum og góðlyndur, uppábjálpsamur og fljótur til úrræða. Hann var heilsuhraustur jafnan, en lagði þó harðara að sér við alla vinnu en títt er á Íslandi.

Árni sál. var eins og áður er sagt frumbyggi á Sauðárkrók og frumaðili þess bæjar, sem nú er kominn í þriðju röð bæja á Íslandi, og á góða framtíð í vændum.

Þegar Árni og kona hans höfðu búið 25 ár á Sauðárkróki, héldu bæjarbúar þeim hjónum veglegt heiðurssamsæti, og gáfu þeim mjög vandaða stundaklukku, sem nú er hér vestanhafs. Margir menn úr Skagafjarðar og Húnavatnssýslum sóttu samsæti þetta, í heiðursskyni við þau hjón, og má af því marka, hve vinsæl þau voru og vel metin. Enda var samsæti þetta eitt hið fjölmennasta, sem þá tíðkaðist á Íslandi.

Árni sál. var ástríkur eiginmaður og hinn bezti faðir börnum sínum, sem nú syrgja ásamt háaldraðri ekkju hans hinn valinkunna öldung, með þakklátri endurminningu fyrir alt sem hann var þeim, sem ektamaki og faðir.

Ísafold er vinsamlega beðin, að geta um lát þessa merkismanns.

— John Burns, foringi verkamanna á Englandi og ráðgjafi í stjórnarráðinu, á að fá full ráðgjafalaun, 25 þúsund dollara á ári. Allir brezkir ráðgjafar hafa 23 þús. dollara í árslaun, nema yfirfjármálaráðherrann, hann fær 50 þúsund dollara á ári. Samtals eru laun brezka ráðaneytisins 375 þús. dollarar á ári. Laun Bandaríkjastjórnarinnar eru aðeins 140 þús dollarar á ári.

— Atkvæðagreiðslan í ríkinu Illinois sýnir, að áfengisvinir hafa unnið þar hvarvetna.

— Sýnt er í skýrslum Frakka, að stjórnin þar hefir skilað katólsku trúfélögunum þar í landi öllum eignum þeirra, að upphæð rúmlega 214 miliónir dollara, að undanteknum litlum hluta þeirra, sem gekk í ráðstöfunar kostnað.

— Kjósendur í Milwaukee borg, Wis., kusu Sósialista fyrir borgarstjóra í sl. viku með 8 þúsund atkvæðum umfram.

— Loftskeytastöð er nú í Port Arthur. Fyrsta skeytið frá henni var sent til Tafts forseta í Washington þann 6. þ.m.

— Mútumála rannsókn sú sem um nokkurn undanfarinn tíma hefir staðið yfir í Pittsburg, og sem getið hefir verið um hér í blaðinu, stendur enn yfir. Að vísu hafa margir af bæjarstjórnarmönnum reynst sekir um að hafa þegið mútur, en hverjir lögðu til mútufé varð ekki ljóst fyrr en rétt nýlega. Fjórir leiðandi bankastjórar þar í borginni hafa nú verið kærðir um meðsekt í mútumálunum og sömuleiðis forseti strætisbrautafélagsins þar. Blakeley County Attorney þar, sem nú sækir málin á hendur þessum glæpamönnum, hefir látið leiða sig sem vitni, og borið það fyrir réttinum, að hann hafi verið beðinn fyrir nokkrum árum, áður en hann varð embættismaður hins opinbera, að annast um útborganir á 52 þús. dollara sjóði, sem ætlaður var til þess að múta borgarráðsmönnum, til þess að greiða atkvæði eftir vilja þessara bankastjóra og forstöðunefndar strætisbrautafélagsins. Blakley neitaði að taka þetta að sér, og varaði bankastjórana við þeirri hættu, sem þeir settu sig í með þessum atkvæðakaupum, og sagði þeim ennfremur, að ef hann yrði nokkurntíma County Attorney þar þá skyldi hann reyna sitt ítrasta til að hafa hendur í hári þeirra. Og nú hefir Blakley komist í þessa stöðu og er byrjaður að efna loforð sitt. En bankastjórarnir skeltu skolleyrunum við þessari aðvörun. Þeir fengu mann í New York til þess að annast sjóðinn og senda allar borganir þaðan, og hugðu að þá væri loku fyrir það skotið, að hægt væri að komast fyrir klæki þeirra. En Blakley lögmaður var eldri en tvævetur og hafði nánar gætur, í kyrþey, á gjörðum þessara manna, og náði sönnunum um alla starfsaðferð þeirra. Einn af bankastjórunum hefir játað, að hann hafi borgað einum bæjarráðsfulltrúa 20 þús. dollara til þess að tryggja það, að borgin skifti við sinn banka með alt sitt fé. — Alls er sagt að sex bankastjórar séu í þessu mútufélagi, og að þeir verði allir dæmdir í fangelsi.

— Heimilisréttarlönd fást nú tek in norður hjá Fort Churchhill við Hudsons flóann. Willia Beach er fyrsti landnemi þar.

— James A. Patton í New York tapaði í sl. viku nokkuð yfir ½ milíón dollara við lækkun á markaðsverði baðmullar. Uppihaldslausar stórrigningar í Suðurríkjunum, ásamt samtökum enskra og amerískra kaupmanna móti Patton, orsakaði verðlækkunina.

— Mál mikið hefir staðið yfir milli Windsor borgar í Ontario og strætisbrautafélagsins þar. Árið 1873 veitti bærinn félaginu starfsleyfi, en leyfi það týndist og hefir ekki fundist um 30 ára tíma. Borgin hélt fram því, að leyfið hefði verið takmarkað og að félagið yrði að gera nýja samninga. En nú hefir félagið fundið leyfisskjalið, og sýnir það, að félagið hefir fengið ótakmörkuð réttindi í bænum.

— Smjör hefir komist upp í 36c pundið á Þýzkalandi. Þetta þykir þjóðinni svo gífurlegt, að 3 miliónir manna hafa undirritað samning um, að neyta ekki smjörs. Smjörverzlunarmenn láta sér fátt um finnast, segja nógir séu til að kaupa, þó að fáeinar miliónir manna gangi úr skaftinu.

— Brezka þingið samþykti fyrra mánudagskveld, með 106 atkvæðum umfram, að lávarðadeildin skyldi ekki hafa rétt til að neita fjárlagaákvæðum þeim, sem neðri deildin samþykkir. Lengra er málinu ekki komið enn þá. En auðsætt er, að stjórnin muni vinna algerðan sigur yfir lávörðunum í öllum ágreiningsmálum deildanna.

— Rússar hafa nýlega aukið landher sinn um 456,535 menn, alt ungir og hraustir menn.

— H. F. Boley, prófessor á háskólanum í Norður Dakota, hefir nýlega lýst yfir því, að hann hafi fundið þær 5 gerla-tegundir, sem orsaki skemdir í hveiti og öðrum korntegundum, og hafi einnig fundið ráð til að eyða gerlum þessum og þar með koma í veg fyrir kornsjúkdóma. Þessi sami maður fann fyrir nokkrum árum geril þann, sem orsakar sjúkdóma í flax-tegundum og aðferðina til að útrýma sýkinni, og hefir hvorttveggja reynst óbrigðult bæði á Rússlandi og í Bandaríkjunum, þar sem það hefir verið reynt. Nú segist hann hafa fundið orsakir þeirra 5 sjúkdóma, sem þjái korntegundir þessa lands og um leið ráðin til að lækna þá. Tilraunir sínar hefir hann gert á landspildu nokkurri í grend við Fargo bæ. Hann segir, að geríll sá, sem orsaki hveitisjúkdómana, sé líkur gerli þeim, er orsaki tæringu í mönnum, og að áhrif hans á jurtalífið séu lík áhrifum hins á menn. En að lækning korntegunda séu miklu auðveldari en lækning tæringarveikra manna; hún sé eingöngu innifalin í því, að skifta eftir vissum reglum um sáðtegundir í sama akurinn. Nákvæmar reglur hefir hann enn ekk gefið um þetta, en svo er að sjá af fréttunum, að í þann akur, sem sýkt hveiti hefir komið úr, skuli sá í réttri röð: fyrst Clover-heyi, þá maís og síðast kartöflum, og mun þá hveitsýkisgerillinn vera þar útdauður, og má þá sá hveiti á ný í þann sama akur. — Um upptök þessa gerils segir hann menn viti eins lítið og um orsakir tæringargerilsins, en þegar gerillinn sé eitt sinn til orðinn, þá berist hann með vatni og vindi og strái úr þreskivélum. — Sjálfsagt flytja akuryrkjuskýrslur Bandaríkjanna nákvæmar skýrslur um þetta efni mjög bráðlega.

— Allar inntektir Canada-ríkis á sl. fjárhagsári hafa orðið Hundrað Miliónir Dollara, þar af eru Sextíu Miliónir í tollum, sem borgaðir hafa verið af innfluttum vörum og vörum sem notaðar eru í landinu.

— Maður að nafni Burns í Fort Frances skaut konu sína til bana af því hún hafði farið á danssamkomu móti vilja hans. Konan var tvítug og hafði verið eitt ár í hjónabandi.

— Fylkisstjórinn í Manitoba hefir skipað mánudaginn 2. maí nk. almennan trjáplöntunardag hér í fylkinu.

— Sameignar-samningur sá, sem verkamenn Furness gufuskipalínunnar gerðu við eigendur hennar í fyrra, er upphafinn. Verkamenn segja, að svo lítil vinna hafi verið við skipasmíðar á sl. ári, að allir verkamenn hafi ekki haft stöðuga atvinnu. Leiðtogar verkamanna segja, að slíkir sameignar eða samvinnu-samningar séu á móti þeirri grunvallar-hugsjón, sem samtök verkamanna byggist á, með því, að þegar verkamenn gangi í félagsskap við húsbændur sína um að fá í sinn hluta ákveðinn part af starfságóðanum, þá sé ekki hægt að gera þar verkfall, né að skylda þá menn til að leggja niður verk til hjálpar öðrum deildum, sem gert hafi verkfall. Þess vegna megi brezkir verkamenn framvegis ekki gera neina þá samninga við verkveitendur, sem hindri þá frá því, að geta á hverri stundu verið viðbúnir að gera verkfall, hvenær sem leiðtogar þeirra og félagsbræður krefjist þess.

— Pennsylvania járnbrautarfélagið opnaði jarðgöng þau, sem það hefir gera látið undir New York borg, til alþýðu-skoðunar þann 2. þ.m. Göngin eru 16½ mílur á lengd. Þau eru ennþá ekki fullger, en þó svo langt komin, að það var álitið rétt, að gefa borgarbúum tækifæri til að skoða þau. Göng þessi, sem gerð eru fyrir gang flutningslesta félagsins, gegn um borgina neðanjarðar, hafa kostað félagið $9,600,000 hver míla. Að vísu hefir félagið ennþá ekki borgað út nema 102 miliónir, en það segir að göngin muni kosta sig fullar 160 miliónir dollara, þegar þau verði fullger í júlí næstkomandi, — en þá er líka búist við, að þúsund járnbrautarlestir gangi eftir göngum þessum daglega.

— Dr. C. F. Hodge, prófessor í Clark University í Massachusetts, formaður amerikanska fuglafræðifélagsins, hefir boðið hverjum þeim 3 þúsund dollara verðlaun, sem geti fært sér hreiður af viltum dúfum. Þessi fuglategund var um eitt skeið í stórhópum í Massachusetts ríkinu, en íbúarnir eyddu þeim öllum eða flæmdu burt, svo að þær eru nú orðnar ófáanlegar.

— Enskri konu, Mrs. Corrick, var fyrra laugardag bönnuð landganga í St. John og send til baka til Englands, af því hún hafði ekki $25.00 í peningum við lendingarstaðinn, eins og lögin ákveða. — Konan gat sannað, að hún var ráðin til að vinna hjá áreiðanlegu stórfélagi Austurfylkjunum.

— Gamli J. P. Morgan hefir nýlega keypt 80 gömul vasaúr, frá 16. og 17. öld, fyrir 375 þús. dollara. Hann hafði fyrir nokkrum árum keypt 40 af úrum þessum fyrir 150 þús., en þótti hin 40 of verðhá, og riftaði kaupunum, en nú gat hann ekki lengur á sér setið, og neyddist til að borga 225 þús. dollara fyrir þau í viðbót.

Yndislega fögur málverk af stöðum á Íslandi (Akureyri, Önundarfirði, Patreksfirði, Öxarárfossi og Borg á Mýrum) eru til sýnis á skrifstofu Heimskringlu. Friðrik Sveinsson málari hefir málað þær. — Íslendingar, sem vildu eiga málverk af æskustöðvum sínum á föðurlandinu, ættu að sjá þessar einkar fögru myndir og panta þær hjá herra Swanson. Hann er nú viðurkendur með listfengustu málurum hér í borg, og gerir myndir af íslenzkum stöðum svo ódýrt, að undrum sætir.

OGILVIE'S

Royal Household Flour

Til Brauð og Köku Gerðar

OGILVIE'S ROYAL HOUSEHOLD

Gefur Ævinlega Fullnæging

EINA MYLLAN Í WINNIPEG,—LÁTIÐ HEIMAIÐNAÐ SITJA FYRIR VIÐSKIFTUM YÐAR.

Wall Plaster

"EMPIRE" VEGGJA PLASTUR kostar ef til vill ögn meira en hinar verri tegundir, —en berið saman afleiðingarnar.

Vér búum til:

"Empire" Wood Fibre Plaster
"Empire" Cement Wall "
"Empire" Finish "
"Gold Dust" Finish "
"Gilt Edge" Plaster of Paris
og allar Gypsum vörutegundir. —

Eigum vér að senda yður bækling vorn?

BÚIÐ TIL EINUNGIS HJÁ

MANITOBA GYPSUM CO. LTD

SKRIFSTOFUR OG MILLUR Í

Winnipeg, - Man.

Heimskringla

Published every Thursday by The Heimskringla News & Publishing Co. Ltd

Verð blaðsins í Canada og Bandaríkjunum $2.00 um árið (fyrir fram borgað), Sent til Íslands $2.00 (fyrir fram borgað af kaupendum blaðsins hér $1.50.)

B. L. BALDWINSON
Editor & Manager

Office:
729 Sherbrooke Street, Winnipeg
P.O. BOX 3083. Talsími 3512.

Landgöngu-eyrir innflytjenda.

Það er á vitorði Vestur-Íslendinga, að útflutningahugur er um þessar mundir afarmikill í fólki á Íslandi. Það er harðæri þar í landi — atvinnuvegir allir í mesta ólagi, peninga vandræðin alskapleg og bjargarskortur víða mjög tilfinnanlegur. Þess vegna er löngunin, að komast hingað vestur til Canada nú orðin all-sterk hjá fjölda manns þar heima, og svo sagt, að á komandi sumri muni all-margt fólk flytja hingað vestur.

Margir Austur-Íslendingar hafa og ritað vinum sínum og vandamönnum hér vestra, og beðið þá að senda sér fargjöld fyrir sig og fjölskyldu sína, og vér vitum til þess, að nokkrir hafa sent héðan fargjöld til ættingja og vina á Íslandi, svo að þeir geti komist hingað vestur á komandi sumri.

En þegar það varð opinbert fyrir nokkrum vikum, að vesturfarar eru, með Canadastjórnar ákvæði, knúðir til þess að hafa landgöngueyrir, sem nemur stærri upphæð en líkindi eru til að íslenzkir vesturfarar eigi ráð á að hafa með sér, auk fargjaldsins, þá fóru bréf að berast blaði þessu víðsvegar úr bygðum Íslendinga með fyrirspurnum um þetta mál. Þeim fyrirspurnum gat blaðið ekki svarað þá í svip, og skrifaði því til innflytjenda umboðsmanns ríkisstjórnarinnar í Quebec, og bað um upplýsingar um það, hvort íslenzkum vesturförum, sem send væru fargjöld héðan að vestan, yrði snúið til baka frá Quebec eða öðrum lendingarstöðum, ef þeir ekki hefðu lögákveðinn landgöngueyrir. Þess var jafnframt getið, að fyrirspurnin væri sett fram í þeim tilgangi, að blaðið gæti auglýst svarið frá umboðsmanninum, til leiðbeiningar lesendum þess í öllum íslenzkum bygðarlögum vestanhafs.

Nú er svarið fengið. Hr. Scott, innflutninga umboðsmaður í Ottawa, hefir, dags. 7. apríl 1910, ritað ritstj. Heimskringlu á þessa leið: —

BRÉF INNFLUTNINGA UMBODSMANNSINS.

"Herra. Mér hefir verið sent bréf yðar, dags. 26. marz sl., sem þér senduð innflutninga umboðsmanninum í Quebec í sambandi við stjórnarráðstöfun dags. 15. marz 1910.

"Mér virðist best að svara bréfi yðar með því, að senda yður afrit af stjórnar-ákvæðinu, sem ekki er nýtt að efni, með því að það hefir verið ráðgjafa ráðstöfun um nokkurra undanfarna mánuði.

"Ef yðar íslenzku vinir ætla að koma til trygðrar vinnu á búlöndum, þá verða þeir ekki kyrsettir eða gerðir afturreka, þó þeir hafi ekki $25.00, er þeir lenda í Canada. En þeir verða að hafa farbréf alla leið til ákveðins áfangastaðar í Canada.

"Þér gætið þess einnig, að vissir ættingjar, sem nefndir eru í stjórnarákvæðinu, hafa landgöngueyfi, án tillits til peninga-ákvæðisins og einnig án tillits til vinnutryggingar. En þau ættmeani verða að hafa farbréf eða járnbrautar-ávisan til áfangastaðar í Canada, eða fé til að kaupa það.

Yðar einlægur,

W. D. Scott,

Superintendent of Immigration".

STJÓRNAR-ÁKVÆÐIÐ.

"Stjórnarráðið skipar svo fyrir, að stjórnar-ákvæðið frá 11. sept. 1908, sem gert var undir heimild í 20. lið innflutningalaganna, 93.kap. Revised Statues of Canada 1906, sem ræðir um peningaupphæð þá, sem innflytjendur verða að hafa, sem lenda í Canada, skal vera og er hér með numið úr lögum. — Stjórnarráðið gerir hér með svohljóðandi ákvæði undir nefndum 20. lið, 93. kap., Revised Statutes of Canada 1906:

1. "Ef innflytjandi, karl eða kona, annar en fjölskyldu meðlimur, sem tilgreindur er í næsta lið, ætlar að flytja til Canada, kemur á landamærin eða að nokkrum lendingarstað í Canada milli 1. marz og 30. okt., að báðum dögum meðtöldum, þá skal hann eða hún hafa með sér við lendinguna, sem lendingarskilyrði til þess að koma inn í Canada, peninga, er sé algerlega hans eða hennar eign, að upphæð minst $25.00 auk farseðilsins eða þeirrar peningaupphæðar, er borgi fyrir farseðil eða flutning þess innflytjanda til hans eða hennar áfangastaðar í Canada.

2. "Sé sá innflytjandi, sem þannig ætlar að koma inn í Canada, fjölskyldufaðir og hafi með sér fjölskyldu hans eða hennar eða nokkurn hluta hennar, þá skal ekki fyrgreint ákvæði ná til slíkrar fjölskyldu eða meðlima hennar, en nefndur fjölskyldufaðir skal hafa í hans eða hennar vörzlum, auk farseðla eða flutnings-ávísana og þeirrar upphæðar, sem að framan er tilgreind, frekari peningaupphæð, er sé algerlega eign þess fjölskylduföðurs, og jafnist við $25.00 fyrir hvern meðlim nefndrar fjölskyldu yfir 18 ára aldurs, og $12.50 fyrir hvern frá 5 til 18 ára, og auk þess farbréf eða peningaupphæð, sem nægi til að borga fyrir flutning allrar fjölskyldunnar til ákveðins áfangastaðar í Canada.

3. "Sérhver sá innflytjandi, sem kemur til landamæra Canada frá fyrsta nóvember til síðasta febrúar, að báðum dögum meðtöldum, skal sæta framangreindum ákvæðum með því að $50.00 komi í staðinn fyrir 25.00, og $25.00 í staðinn fyrir $12.50, hvar sem nefndar upphæðir $25.00 og $12.50 eru nefndar í ákvæðinu.

4. Það skal vera skylda innflutninga umboðsmannanna á hinum ýmsu stöðum við lendingu innflytjenda í Canada, að sjá um, að framangreindum skilyrðum sé fylgt. Með þeirri undantekningu samt, að innflutninga umboðsmaðurinn má, þrátt fyrir alt, sem að framan er tilgreint, veita hverjum innflytjanda undanþágu frá framangreindum ákvæðum, sé hann fullviss um: —

a.—"Að innflytjandinn, ef karlmaður, sé á leið til ákveðinnar vinnu á búlandi, og hafi efni á að komast þangað, sem atvinnan bíður hans.

b—"Að innflytjandinn, ef kona, sé á leiðinni til ákveðinnar fjölskyldu-vinnu, og hafi efni til að komast þangað, sem atvinnan bíður hennar.

c—"Að innflytjandinn, hvort heldur karl eða kona, sé einn af eftirtöldum, og ætli að búa hjá skyldfólki, er hér er talið á eftir, og sem er fús og fær um, að sjá um innflytjandann, og að hann hafi efni á, að komast á ákveðinn áfangastað til þess skyldmennis:

1. Eiginkona á leið til eiginmanns.
2. Barn á leið til foreldra.
3. Bróðir eða systir á leið til bróður.
4. Ómyndugur á leið til giftrar eða óháðrar systur.
5. Foreldrar á leið til sonar eða dóttur".

Af þessu framantalda sjá lesendur hin nýju innflutninga-ákvæði, sem ætlast er til, að allir innflytjendur fullnægi. Með þeirri undanþágu þó, sem innflutninga umboðsmönnum er leyft að gera, þegar þeir hafa sannfært sjálfa sig um, að innflytjandinn sé svo hraustur, að hann geti unnið fyrir sér hér í landi, og hafi næg efni til þess að komast á ákveðinn áfangastað.

Það mun mega fullyrða, að íslenzkir vesturfarar verði látnir njóta allrar þeirrar ívilnunar, sem ákvæði þessi frekast leyfa.

Samt er rétt, að hver sá, sem sendir ættingjum sínum farbréf til Íslands, geri þær ráðstafanir við innflutninga umboðsmanninn í Quebec, er tryggi það, að vesturfararnir verði á engan hátt teptir eða hindraðir, er þeir lenda þar í borg.

— Bardagi varð í Montreal-borg þann 6. þ.m. milli 200 háskólanemenda og 30 lögregluþjóna. Orsökin var sú, að lögregluþjónn hafði aðvarað stúdentana um, að spýta ekki á gangtröðina, en hinir þóttust yfir það hafnir, að láta kenna sér góða siði, og héldu áfram að ata gangtröðina út með hrákum. Svo fóru leikar, að lögreglan vann og 10 stúdentar voru teknir og settir í varðhald.

Sigurvinningar bænda.

Eins og allar aðrar hreyfingar, sem stefna til umbóta fyrir alþýðuna, hefir kornyrkjumanna hreyfingin sprottið af tilfinnanlegri nauðsyn, sem gerði vart við sig þegar á landnámsárum Vesturfylkjanna. Ekki hafði C.P.R. félagið fyr komið brautarkerfi sínu í starfandi ástand, en það gaf kornhlöðueigendum fullkomna einokun á kornverzlun.

Hversu mikið korn, sem bóndi framleiddi, neitaði félagið að flytja það fyrir hann, nema það væri búið að ganga gegn um kornhlöðu, en það varð einungis gert með því að selja kornhlöðueigendunum kornið. Afleiðingin varð sú, að eigendur kornhlaða áttu mjög hægt með að koma á samtökum sín á milli, og setja bændum kosti með sölu eða geymslu á korni.

Sem eðlilegt var, mögluðu bændur undan þessu einhliða fyrirkomulagi, og mótmælum var stöðugt haldið á lofti, en sökum samtakaleysis meðal framleiðenda, fékst engin bót á því ráðin. Óróleik þennan má rekja frá árinu 1886, sem síðan fór stöðugt vaxandi, til stór-hnekkis fyrir velferð landsins, þar til sambandsstjórnin skarst í leikinn og tilsetti konunglega rannsóknarnefnd, er íhuga skyldi kornverzlunar ástandið í landinu. Sú rannsókn hafði þær afleiðingar, að árið 1900 öðluðust Manitoba kornlögin gildi. Þau lög drógu stórum úr rangsleitni þeirri, er járnbrauta félögin höfðu beitt menn. Samkvæmt þeim gátu nú bændur sent korn sitt sjálfir í vagnhleðslum; en svo voru þó lög þessi lauslega orðuð, að járnbrautafélögin fóru á bug við anda laganna við hvert tækifæri, og komu sér hjá, ef unt var, að leyfa bændum að fylla járnbrautarvagn beint af vögnum sínum.

Eftir því, sem bændur mjökuðust upp úr frumbýlingsskap sínum, fóru þeir að gefa sér meiri tíma til, að athuga ástandið. Þeir sáu, hverju aðrar stéttir framleiðenda höfðu komið til leiðar með samtökum. Þeir sáu, að eina leiðin til umbóta voru samtök bænda. Með samtökum gætu þeir kröftuglegar borið fram kröfur sínar fyrir stjórninni.

Á bændafundi, sem haldinn var í Indian Head (1903), var kornyrkjumannafélagið (Grain Growers Association í Saskatchewan stofnað. Ekki höfðu Manitoba bændur fyr spurt tíðindi þessi, en þeir stofnuðu svipaðan félagsskap hjá sér. Stuttu þar á eftir var deild af Ameriska Jafnaðarmanna félaginu stofnuð í Alberta. Litlu seinna var og Alberta bændafélagið stofnað. Þessi tvö síðasttöldu félög störfuðu hvort í sínu lagi, þar til árið 1909, að þau sameinuðust undir nafninu "Hinir sameinuðu bændur í Alberta".

Það eftirtektaverðasta við þessi samtök er hinn stöðugi vöxtur og viðgangur, er þau hafa átt að fagna, sem heita má að hafi verið sjálfkrafa, þar til fyrir tveim árum, að farið var að vinna af alefli að útbreiðslu þeirra. Nú sem stendur eru um 150 deildir kornyrkjumannafélaga hér í Manitoba, 250 í Saskatchewan og 125 í Alberta.

Stórt framfarspor var stigið á ársþingi félagsins í Saskatchewan í fyrra. Þar mættu erindsrekar frá félögunum í Manitoba og Alberta, og stofnuðu "millifylkjasambandið", sem vonað er að nái bráðlega yfir alt fylkjasambandið. Undirstöðuatriðin eru þrjú, — mentun, samvinna og löggjöf.

Það fyrsta, er þessi bændasamtök komu í verk, var að senda nefnd á hendur sambandsstjórnarinnar árið 1903, með kröfu um breyting á kornlögunum. Sú breyting heimilaði sérhverjum manni, er átti "car"-hleðslu af korni, hvort sem hann var framleiðandi eða kaupandi, — að fá "car", hlaða það sjálfur, selja það eða senda til hvers, sem honum sýndist. Hugmyndin var, að gefa kornframleiðanda sömu réttindi til flutningstækja og framleiðendur hverrar annarar vöru nutu.

Lagabreyting þessi bætti nokkuð úr skák frá einokun kornhlöðueigenda, enda stóðu þeir og járnbrautafélögin af alefli móti þeim. Kornverzlun Vesturlandsins var stjórnað af meðlimum Winnipeg kornkaupa samkundunnar, er hafði lögheimild frá Manitoba stjórn, er meðlimir samkundunnar notuðu til einokunar í kornverzlun. Kornyrkjumenn viðurkenna nauðsynina á heiðarlegri kornkaupasamkundu þar sem framleiðandi og kaupandi geta gert kaupskap sinn. En ástandið í Vesturlandinu var nú það, að öll geymslutæki voru í höndum North West Grain Dealers' Association, sem einnig réðu lögum og lofum í kornkaupasamkundunni, og gátu þaðan hrundið hverjum þeim meðlim, er þeim ekki geðjaðist að.

Kornyrkjumannafélagið fór þess á leit við Manitoba stjórn, að hún breytti starfsheimild samkundunnar, og jafnframt kæmi á fót þjóðeigna geymsluhlöðum fyrir fylkið. Þetta leiddi til fundar, sem haldinn var í Winnipeg 5. og 6. júní 1907. Þann fund sóttu erindrekar frá sveitastjórnum í Manitoba, einnig frá kornkaupa samkundunni, N.W.G.D.A., Manitoba malarafélaginu og bankarafélaginu, ásamt með framkvæmdarnefnd kornyrkjumannafélagsins. Það eftirtektaverðasta á þessum fundi var, að þegar kornhlöðueigendurnir og þeirra kumpánar ekki komu sínum málum fram, gengu þeir þegar af fundi. Á þessum fundi voru bornar fram og samþyktar tvær áskoranir, önnur til fylkisstjórnarinnar um, að stofna og starfrækja fullkomið kerfi af geymsluhlöðum, með því fyrirkomulagi, er útskýrt er í riti, er kornyrkjumannafélagið hafði þá nýgefið út (sjá Hkr. nr. 23—4 þetta ár: "Bændamál" eftir M.T). Hin var til sambandsstjórnarinnar, að hún eignist og starfræki allar hafnstaða-kornhlöður, einnig "hospital" hlöður, sem útbúnar séu með nýustu og beztu starfstækjum.

Bændafélögin í Saskatchewan og Alberta tóku höndum saman við Manitoba bændur í því, að kreijast endurbóta á starfsheimild kornkaupa samkundunnar og þjóðeignar á kornhlöðum. Á þingi 1908 breytti Manitobastjórn starfsheimild kornkaupa samkundunnar eins og bændur höfðu beðið um. Það hafði þó engin áhrif. Meðlimir samkundunnar smeygðu sér undan fyrirmælum þeirrar breytingar með því að mynda frjálst samband sin á milli, en héldu sínum gömlu reglum. Breytingin er því einungis í nafninu, sem nú er "The Winnipeg Grain Exchange", en var "The Winnipeg Grain & Produce Exchange".

Næsta tilraun bænda að koma á þjóðeign kornhlaða var á fundi, er framkvæmdarnefndir hinna þriggja bændafélaga áttu með stjórnarformönnunum þremur í Regina 24. nóv. 1908. Þessi fundur átti að ræða um fyrirkomulag á þjóðeignar kornhlöðukerfi, er komið gæti að notum í hinum þremur sléttufylkjum. Engan árangur hafði þó þessi fundur fyrst í stað. Stjórnarformennirnir svöruðu á þá leið, að einungis með því, að þeir fengi fullkomin umráð yfir flutningsfélögum og yfir gæðastigsákvæðum og vigtun kornsins, einnig algert einræði yfir korngeymsluhlöðunum, gæti þeir nokkuð átt við þjóðeignafyrirkomulag. Þetta skildu bændur sem neitun á kröfum sínum, þar sem beiðni þeirra hafði eigi borið neitt slíkt með sér.

Stöðug og opinber brot gegn kornlögunum knúði kornyrkjumenn til að biðja sambandsstjórnina að setja rannsóknarnefnd í málið, er rannsaka skyldi öll atriði og afkima kornverzlunarinnar.

Stjórnin setti nefndina á þingi 1906, og byrjaði hún að starfa í Winnipeg í ágúst það ár. Nefndin hélt áfram starfi sínu í Canada, Bandaríkjunum og á Bretlandi, þar til hún afhenti stjórninni skýrslu sína á árinu 1908, ásamt nokkrum umbóta tillögum.

Áður en ráðgjafi verzlunarmála tæki til starfa í þessu, stefndi hann á fund sinn hlutaðeigendum flestum. Þar voru viðstaddir þrir ráðgjafar Laurier stjórnarinnar, fimm erindrekar kornyrkjumanna úr Vesturlandinu, fimm járnbrauta erindrekar, átta kornkaupa samkundu meðlimir, ásamt heilum hóp af Inspectors, Commissioners og öllum sambandsþingmönnunum úr Vesturfylkjunum, og nokkrum erindrekum bankafélaga og malara félagsins. Aðalumræður á fundinum urðu um "car"-útbýtingargrein kornlaganna. Kornverzlunarmenn og þeirra kumpánar börðust í ákafa fyrir breytingum á þeirri grein, er stefndu í þá átt, að koma í veg fyrir hlunnindi þau, er bændur nutu við ákvæði þeirrar greinar. Það, að járnbrautafélög, bankarar og kornverzlunarmenn lögðu áherzlu á þær breytingar, sést af því, hversu þeir fjölmentu á fund þennan.

Erindrekar kornyrkjumanna skoruðu við þetta tækifæri á sambandsstjórnina, að ná yfirráðum á hafnstaðakornhlöðum, þó að árangurslausu að svo komnu. En allar þær umbætur, er þeir heimtuðu á kornlögunum, fengu þeir.

Aðal-sigurvinning kornyrkjumanna er stofnun Grain Growers' Grain Co., sem sölu-umboðs fyrir þeirra eigin kornvörur. Árið 1904 sendi Saskatchewan kornyrkjumannafélagið E. A. Partridge til Winnipeg í því skyni, að hann kæmist eftir kornhöndlunaraðferð kornkaupa samkundunnar. Eftir tveggja mánaða tilraunir, gaf hann þá skýrslu, að það væri sama og að reyna að skygnast eftir, hvað fram færi inni í húsi, sem allir hlerar væru lokaðir á; og ef að bændur vildu fræðast um aðferð kornverzlunarmanna, yrðu þeir sjálfir að taka þátt í verzlaninni.

Afleiðingin varð sú, að nefnd var kosin á ársþingi kornyrkjumanna í Manitoba, er upphugsa skyldi aðferð fyrir bændur að höndla korn sitt sjálfir, og leggja fram skýrslu á næsta ársþingi. Nefndin samanstóð af E. A. Partridge, Sintaluta, Sask., J. T. Taylor, Cartwright, Man., og S. Barton, Deloraine, Man. Árangurinn var sá, að á næsta ári var kornkaupafélag bænda stofnað. Allir meðlimir kornkaupa samkundunnar voru samkvæmt reglum samkundunnar skyldaðir til að taka eitt cent fyrir meðhöndlun hvers bushels, sem keypt var eða selt. Þetta gaf bænda-umboðinu nægan hagnað til að standast allan kostnað við höndlun kornsins og einnig töluverðan sjóð til útbreiðslu-kostnaðar, sem varið var til að upplýsa bændur um, hve nauðsynleg samtökin væru þeim. Án þessarar tekjugreinar hefði félagið alls ekki staðist.

Fyrtu tvö árin álitu flestir, að fyrirtækið væri tómir loftkastalar, en síðan hefir reynslan kent mönnum, að skifta um skoðun á því máli. Það er nú álitið fyllilega mögulegt, að bændur í Vestur-Canada geti áður langt um líður, með samvinnu-félagsskap rutt sér braut beint á heimsmarkaðinn með allar sínar búsafurðir.

Einna mesti gróðinn, sem bændum hefir hlotnast við það, að höndla korn sitt sjálfir, er það, að þeir hafa nú fyrir það fé komið á fót sínu eigin málgagni (Grain Growers' Guide). Það blað er nú viðurkent að vera mikilsverður upplýsinga-miðill fyrir bændur og búalið, jafnframt og það er óviðjafnanlegt samdráttarafl, til að sameina hugi og hendur bænda í Vesturlandinu. Það er sannkallað vigi og vopnabúr bænda í þessu yfirgripsmikla stríði þeirra.

Eftir er enn að sjá, hvernig þjóðeign kornhlaða reiðir af. Líklegt er, að það mál verði prófsteinninn á sjálfstæði bænda, þar sem nú stjórnmálaskúmar landsins hafa gert alt, sem í þeirra valdi stendur til að gera það að flokksmáli. Standi nú bændur hlið við hlið og haldi fram kröfum sínum ekki linlegar en þeir hafa gert hingað til, er þeim sigurinn vís, hvar sem þeir fara.

Samantint af

JÓNI Á RÍP.

Eftir ómálga barn.

FORELDRAR: MR. OG MRS. STEFÁN Á. JOHNSON, (PRENTARI.).

Öll þögn á sitt mál, og alt myrkur sitt ljós,
og myndirnar þær, sem oss dreymir
er' sannveruleikans hin rauðasta rós,
sem ríkidóm anda vors geymir.
Hún vakir í svefni — það verma' hana mögn —
Hún vex upp í myrkri — hún blómstrar í þögn.

Og sá, sem að fræinu frjómagnið skóp,
og friðað öll andlitskvein hefur,
hann blessar í dauða þann dáinna hóp,
sem drúpir nú höfði og sefur.
Og þögn hans og myrkur er mál það og ljós,
sem mannlífsins óviti gefur þá rós.

Og barnið vort kærasta — saklaust og sælt
sem sólskin á vormorgni skærum!
Nú kannar þú úthaf, sem aldrei var mælt,
á eilífum haf-fleti tærum.
Og einnig á sól-löndum ertu sú rós,
sem ei verður skoðuð við daganna ljós.

Já, þögnin og myrkrið er lifandi ljós,
sem lýsir í dauðarum svarta.
Og því ertu látin hin rauðasta rós,
sem ríkir í ljósinu bjarta.
Vér sofum — þú lifir: — þíns lífs-anda mögn
sem lýsa í myrkri — sem tala í þögn.

Þorsteinn D. Þorsteinsson.

ATHUGASEMD.

Fréttagreinin í seinustu Heimskringlu "Frá Íslendingum í Pembina County", kemur ekki mál við mig að nokkru leyti. Ég get þessa af því, að mér hefir verið eignuð hún. Orsök þess er, að ég hefi sent Heimskringlu eina eða tvær smágreinar, sem "Dakota-búi" stóð undir. Allir hér heima fyrir vissu, hver þær átti. Mér var engin launung á því, útifrá varðaði engan um það, — en þessa Pembina-fréttagrein kæri ég mig ekki um í hópnum. Það spyr hver annan, hvort hún sé háð eða vitleysa. Þó hún sé nær því síðara, held ég að hún sé skrifuð í góðum hug af ókunnugum manni. Það, sem hann getur um Barða, Gunnlaug, Elis og Sigurð, er vanalegt kosningaskrum, sem að mestu má til sanns vegar færa; en alger staðleysa, sem hann segir um Gamalíel Thorleifsson viðvíkjandi kosningu til þings. Enginn neitar því, sem þekkir Gamalíel, að hann sé skýrleiks og greindarmaður, og manna færastur í íslenzku máli og fræðum, en ensku-kunnáttu vantar hann að mestu leyti. Þess vegna kæmi ekki til mála, að hann tæki kosningu til þeirra embætta, sem nefnd eru.

Jónas Hall.

Gardar, 4. apríl 1910.

Íslands fréttir.

Ofsaveður af norðri var á Skutulsfirði aðfaranótt 1. marz sl. svo að allmarga báta rak á land af höfninni, og braut suma til mikilla skemda.

Veikindi all-mikil í Reykjavík um miðjan marzmánuð, kvef, hálsbólga og lungnabólga.

Friðrik Kristjánsson, kaupmaður á Akureyri og bankastjóri Íslandsbanka þar, hvarf um miðjan marzmánuð, og var ekki fundinn 6 dögum síðar. Síðar hefir frézt lauslega, að hann hafi druknað þar á höfninni. Væntanlega koma nánari fregnir um þetta áður langt líður.

Ullarverksmiðjurnar við Glerá í Eyjafirði eru gersamlega gjaldþrota. Borgarafundur á Akureyri hefir haft mál þetta til meðferðar. Vill að Akureyrarkaupstaður og Eyjafjarðarsýsla taki að sér ábyrgð á 60 þús. krónum, til að reisa fyrirtækið við, og er það talin lægsta upphæð, sem hugsanlegt sé að komast af með. Svo á að biðja alþingi, að veita fyrirtækinu aðrar 60 þúsund krónur, og er þá talið, að vel megi tryggja stofnuninni framtíð.

Friðrik Sveinsson,
MÁLARI,

hefir verkstæði sitt nú að 245 Portage Ave. — herbergi nr. 43 Spencer Block — beint á móti pósthúsinu. Hann málar myndir, leiktjöld, auglýsingaskilti af öllum tegundum, o. s. frv. — Heimili: 618 Agnes St.

JOHN DUFF
PLUMBER, GAS AND STEAM FITTER
Alt verk vel vandað, og verðið rétt
664 Notre Dame Ave. Phone 3815
Winnipeg

Sannleikurinn krýndur og krossfestur.

Prédikun, flutt í Fjallræðukirkju, pálmasunnudag, 20. marz 1910.

EFTIR *F. J. Bergmann.*

BÆN: — Líknsami faðir! Kenn oss að elska sannleikann um fram alt annað. Kenn oss að tileinka oss sannleikann betur og betur, eins og hann birtist í persónu sonar þíns elskulega, drottins vors Jesú Krists. Lát oss skiljast, að eins lengi og vér lifum, eigum vér að læra af honum, verða leiddir lengra og lengra áfram í þekkingunni. Gef oss kærleikans glöggskygna auga, er þekkir sannleikann á öllum vegum og kannast við hann, hvar sem hann birtist. Lát oss kannast við hann í stafkarlsgerfinu eigi síður en konungsskrúðanum. Gef oss náð til að heyra röddu hans, hvar sem hann hróparar, og fylgja honum, hvert sem hann bendir. Forða oss frá þeirri ógæfu, sem hverri annari ógæfu er meiri, að fylla flokk þeirra, sem ofsækja hann og krossfesta, hæða hann og þyrnikrýna. En veit oss ávalt vilja og djörfung til að breiða hið bezta, sem vér eigum, á leið hans. Kenn oss að læra af honum, sem var hógvær og lítiláturr, svo að lundin hans verði lundin vor og vér verðum ávalt í hópi trúrra og einlægra lærisveina hans. Amen.

Ræðutexti:

Innreiðin í Jerúsalem.
(Mt. 21, 1—9).

Frelsarinn er á leið til Jerúsalem síðasta sinni með lærisveinum sínum. Í baráttu hans við æðstu presta og Farisea vissi hann, að nú mundi skriða til skarar. Hann nálgast því höfuðborg þjóðar sinnar með tilfinningum, þrungnum viðburðum þeim, er fyrir framan hann lágu. Hann hafði farið veginn frá Jeríkó til Jerúsalem. Vegalengdin var hér um bil 15 mílur enskar. Lá leiðin um land, vilt og ömurlegt, með alls konar hættum á allar hliðar, bæði af villidýrum og stigamönnum, eins og hann sjálfur hafði lýst henni í dæmissögunni ógleymanlegu um miskunnsama Samverjann. Svo hafði leið hans öll verið gegn um lífið, frá því hann fyrst hóf að kenna. Or nú vissi hann, að fyrir honum lá að falla ræningjum í hendur.

Þar sem þorpið Betanía stóð, er nú húsaþyrping dálitil. Nálægt tuttugu hús, fátækleg og léleg, standa þar nú og búa þar nokkurir beduínar af Araba-ættum. Eru eyðimerkurbúar þar austur nefndir svo, og er menning þeirra á mjög lágu stigi. Þorpið er nefnt El-Azzriyeh, Lazarusarbær. Hellir einn, ljótur og ömurlegur, er þar sýndur þann dag í dag. Segja munnmælin, að þar sé gröf Lazarusar. Liggur hellirinn djúpt í jörð niður, og eru eigi færri en 15 þrep niður að fara. Er ferðamönnum fylgt þangað við kertisljós, sem vitaskuld er eigi nærri nógu bjart til að dreifa myrkrinu. — Matteus nefnir eigi Betaníu, heldur Betfage. Nafnið þýðir: Fíkjubær, en slíkt örnefni er nú hvergi til. Halda menn helzt, að Betfage muni eldra nafn á þorpinu, sem smám saman hafi þokað úr sæti fyrir hinu.

Í síðara kluta spádómsbókar Sakaría, sem ýmsir heiztu biblíuskýrendur nú á dögum (t. d. Mart) álíta ferðan í letur fyrst á annari öld fyrir Krist (9—15 kap.), er talað um komu hins langþráða framtíðarkonungs Gyðinga til Jerúsalem með þessum orðum: Fagna þú mjög, dóttirin Zion, lát gleðilátum, dóttirin Jerúsalem! Sjá, konungur þinn kemur til þín; réttlátur er hann og sigursæll; lítillátur og riður asna, ungum ösnufola (Sak. 9, 9). Þenna ritningarstað heimærir Matteus upp á það, sem nú bar við. Skoðan hans á framkomu frelsarans virðist vera sú, að hann hafi stöðugt verið að laga sig eftir því, sem um Messías er talað í gamla testamentinu, sem vitaskuld er af barnalegum misskilningi sprottið. Jóhannes tekur fram, að ritningarstaðir þessi hafi ekki komið lærisveinunum í hug fyrr en eftir á. En þetta kemur af löngun Matteusar til að færa fyrir því órækar sannanir, úr gamla testamentinu, að Jesús hafi verið Messías. Vildi hann með því prýsta Gyðingum til trúarinnar á Jesúm.

En að einu leyti hefir hann misskilið orð Sakaría-bókar, þar sem hinum dýrlega konungi er lýst svo, að hann sé lítillátur og riði asna, ungum ösnufola. Hann skilur þetta svo, sem átt sé við tvö dýr, ösnu og fola hennar, þar sem höfundurinn á að eins við eitt einasta dýr, ungan ösnufola, sem enginn hefir áður komið á bak, en lýsir þessu með tveim hliðstæðum orðum, eins og titt er á hinu hátíðlega skáldamáli Hebrea. Fyrir þennan misskilning lætur Matteus dýrin hafa verið tvö, sem lærisveinarnir áttu að sækja. Hinir þrir guðspjallamennirnir geta að eins um eitt, ösnufolann. Í huga Gyðinga var dýrið helgara, áður en því var komið á bak, eða því beitt fyrir vagn fyrsta sinni.

Í huga frelsarans hefir það verið aðal-atriðið, að nú loks, er hann lét það að vilja fólks þess, er fylgdi honum, að koma til borgarinnar á þann hátt, að allir sæi, að nú kannaðist hann opinberlega við það, að hann væri Messías, skyldi það um leið verða ljóst, að hugmynd hans um Messías væri alt önnur en þess. Af þeirri ástæðu velur hann ösnufolann, þenna lítilmótlegasta og auvirðilegasta reiðskjóta, sem notaður er af mönnum, en eigi veglegan hest, sem minnir á bardaga og orustumann og jarðneskan valdhafa. — Lærisveinarnir breiða klæði sín á dýrið og hann stigur því á bak, en vegurinn er stráður trjálimum og yfirhöfnum af vinum hans. Fólkið ræður sér ekki fyrir fögnuði. Galileumenn vildu sýna dramblátum borgarbúum, að nú kæmi sá úr eigin átthögum þeirra og ættjörðu, er allir yrði að lúta — Ísraelskonungurinn margþráði. Samt segja þeir að eins: Það er spámaðurinn Jesús frá Nazaret, er inn í borgina kemur.

Og nú tekur fólkið að syngja einn af hinum svoneíndu skrúðgöngu sálmum sínum, 118. sálminn. Flestir ætla nú, að hann sé ortur við sigurhrós Júdasar Makkabeusar og musterishreinsan hans árið 165 f. Kr. Það var siðvenja, að syngja 25. versið úr þeim sálmi eins og lofgerðaróp, er gengið var hátíðlegri skrúðgöngu kring um brennifórnaraltarið eitt sinn á dag sex fyrstu daga hátíðarinnar, en sjö sinnum síðasta daginn. Sjöundi dagurinn var nefndur hið mikla hósanna, og jafnvel greinar af viðir og myrtus og pálmaviðr voru nefndar hósanna. Orðið merkir: Hjálpa nú! Að öðru leyti er ekki sálminum nákvæmlega fylgt, en orðin löguð eftir ástæðum. Í nafni drottins merkir eflaust með hjálp drottins og fulltingi, því nú komi konungsveldi Davíðs með Jesú. Hósanna í hæstum hæðum merkir: Látum herskara himnanna einnig syngja honum lof og pris! Það er eins konar bæn um, að konungshylling þessi fari líka fram á himni.

Matteus endar frásögu þessa með því að benda á eftirtektina, sem þetta vakti í borginni. Öll borgin komst í uppnám. Hver er þessi? segir hann að fólkið spyrji. Gefur hann með því í skyn, að hingað til hafi Jerúsalems-búar litinn gaum gefið orðrómínum um kraftaverk hans og kenningu. Lúkas segir frá, hve Fariseum líkaði athæfi þetta illa, og hvernig þeir heimtuðu, að hann þaggaði niður í lærisveinum sínum. Hann hefir varðveitt fyrir oss hið dýrmæta svar: Ef þessir þegði, myndi steinarnir hrópa! Hann segir oss líka frá tárum frelsarans, er hann leit borgina og harmi hans út af yfirvofandi örlögum hennar

Þetta er þá í aðal-atriðum það, sem við bar pálma-sunnudaginn fyrsta. Er vér skoðum það út af fyrir sig, er það gleði-efni: Fólkið fagnar honum, sem bar sannleikanum svo dýrlega vitni, þó sá fögnuður sé nokkuð blandinn, ýmist misskilningi eða stundar-æsingu, eða þá beinum mótþróa. Pálmasunnudags-teiknin sýndust honum öll í vil. Hann er af miklum fjölda fólks krýndur til konungs. Fögnuður mikill hlýtur að hafa verið í hugum lærisveinanna. Stundin, sem þeir svo lengi höfðu þráð, var loks runnin upp. Alt hafði gengið að óskum. Þó Farisear létu sér fátt um finnast, var lítið að marka. Þrýsting almenningsálitsins myndi brátt verða þeim ofurefli.

En það fór alt á annan veg. Dagarnir næstu voru notaðir af foringjum lýðsins til óskaplegra æsinga. Þeir tóku nú á öllu, sem þeir áttu, til að koma fólkinu í skilning um, að hér væri óskapleg hætta á ferðum fyrir sáluhjálp þjóðarinnar og alla velferð. Fengi hann að halda kenningum sínum áfram, væri úti um þjóðina. Rómverjar kæmi og myndi þröngva kosti hennar verr en nokkuru sinni áður. Hér væri líka um algjöra eyðing guðstrúarinnar að ræða. Hann, þessi nýjungamaður frá Galíleu, gerði sjálfan sig að guði, talaði lastyrði gegn musterinu, lösmálinu, guðsþjónustunni og öllu, er Gyðingum væri heilagt. Að láta hann ráða, væri að glata öllu þjóðarsjálfstæði fyrst og fremst. En um leið væri það að glata öllum óðulum þjóðarinnar og hníga niður í ömurlegasta heiðindóm, — verða líkir hundunum heiðnu hringinn í kring.

Á þenna hátt var málið flutt fyrir lýðnum. Og með þessu móti tókst, að láta sama fólkið, er sungið hafði hósanna svo fagurt pálma-sunnudag, hrópa krossfestu hann! föstudaginn langa. Það er sárgrætilegasti harmleikurinn, sem mannkynssagan hefir frá að segja. Enda hefir hann snortið tilfinningar mannkynsins meir en nokkuð annað, sem við hefir borið. Harmsagan er svo óumræðileg vegna þess, að hér eru það þeir af mönnunum, er ofbeldinu valda, sem vegna stöðu sinnar, þekkingar á sannleikanum og vegna opinberrar játningar áttu að fagna frelsaranum bezt og ryðja kenningu hans rúm með þjóðinni.

En sami harmleikurinn hefir oft verið leikinn upp aftur með mönnum og verður sjálfsagt oft leikinn enn. Pálma-sunnudagurinn með hósanna og föstudagurinn langi með krossfestingu er sífelt að endurtakast. Vikan, sem byrjar með deginum í dag, er oft nefnd vikan helga — kyrðarvika eða dymbilvika, vegna dymblanna eða trökólfanna, sem í kaþólskum sið voru festir í kirkjuklukkurnar í stað málmkólfanna vanalegu, svo ómurinn yrði sem lægstur. Svo átti að vera hljótt um menn vegna harmsins mikla, er að höndum hafði borið vikuna þá, er mannkynsfrelsarinn varð að láta líf sitt á svo ömurlegan hátt fyrir mannvonzku þeirra, er þá þóttust vera trúuðustu og einlægustu þjónar guðs og sannleikans.

Sá síður var að mörgu leyti fagur, en misti þó mest af helgi sinni og fegurð vegna þess, að kirkjan, er gjöra vildi harminn út af krossdauða frelsarans svo mikinn og varanlegan í hjörtum mannanna, hefir á öllum tímum átt svo mikið af lund Fariseanna og æðstu prestanna, og þeitt henni hvað eftir annað á sama hátt, þegar ástæður hafa verið líkar. Kirkjan hefir lagt mikla áherzlu á dauða frelsarans á krossinum. En dæmi Fariseanna hefir hún því miður eigi látið sér að varnaði verða. Frelsarinn lætur líf sitt á krossinum fyrir ofsókn, sem hafin er gegn honum út af trúarbrögðunum. Sú trúarbragða-ofsókn gegn lærisveinum hans hélt áfram svo að segja látlaust þrjár fyrstu aldirnar eftir líflát Jesú. En á þeim ofsóknar tímum, þegar kristið fólk lét líf sitt unnvörpum vegna trúar sinnar, hundruðum og þúsundum saman, blómgaðist kristin trú og breiddist út með ógnar-hraða.

Að þeim þrem öldum liðnum, er kristnin komin til valda. En um leið er snúið við blaði og farið að beita sömu ofsóknar og ofbeldisaðferð gegn öllum, sem ekki voru kristnir. Fyrst voru heiðingjarnir beittir ofbeldi og leitast við að útbreiða kristindóminn og slökkva heiðnisneistana, sem eftir voru í löndunum, með pyndingum og líflátum. En eigi leið á löngu áður kristnir menn tóku sjálfir að ofsækja hverir aðra fyrir einhvern meiningamun út af trúnni. Biskup einn á Spáni, Priscillianus, var fyrsti kristni villutrúarmaðurinn, sem líflátinn var þegar á fjórðu öld (385), vegna þess hann prédikaði þá tegund kristindóms, sem honum virtist sannleikanum samkvæmust og samvizkan bauð honum. Hann var hinn ágætasti maður og einn heittrúaðasti, þeirra, er þá voru uppi í kristninni. Þeir, sem óðáðaverki þessu komu til leiðar, voru tveir spánverskir biskupar, Ipacius og Idacius, sem litu andlega yfirburði þessa bróður síns ofsjónum og náðu sér niðri á honum með þessu. En þegar eftir líflátið, risu upp tveir helztu biskupar kristninnar, Ambrosius í Milano og Martinus í Tours, og dæmdu það skýlausan glæp. Og allir kristnir biskupar aðrir, er fengu kynst málavöxtum, virðast hafa staðfest þann dóm.

Frá dögum Ágústínuss kirkjufeður, sem lezt er tveir tugir voru liðnir af fimtu öld, og fram á daga Lúters réð ofsóknarandinn og aðferð þeirra Kaifasar logum og loðum í kirkjunni. Þá var hæstasta skyldan aktin sú, að allur skyldi trúa nákvæmlega eins og kenna nákvæmlega eins. Væri þar í einhverju brugðið út af, vegna þess samvizkan byði, var það sjálfsögð dauðasök. Hugmyndin: umburðarlyndi í trúarefnum var eigi til.— Lúter kom fram með þá kenningu, að hugsanir væri tollfrjáar. Villitrú sagði hann væri andlegur hlutur, er eigi væri unt að höggva niður með exi, né brenna í eldi, né drekkja í vatni. Samt sem áður var Alva hershöfðingi látinn framkvæma boð páfa og hákristinna keisara, og taka af lífi eigi færri en 75 til 100 þúsundir manna á Hollandi einu. Og að unnu því óskaplega ætlunarverki, var honum hátíðlega afhentur brandur, búinn gimsteinum, af Piusi páfa 5., með þessum ummælum: "Þigg heilagt sverð að gjöf frá guði". Svona var hrygðin mikil út af því, sem gjört var á Gyðingalandi páskavikuna!.

Karl níundi, Frakkakonungur, er með réttu talinn einn hinna aumustu og örgustu einvalda, er mannkynssagan kann frá að segja. Hann lét taka af lífi eigi færri en 50,000 þegna sinna, Bartólómeusnóttina ógleymanlegu, — blóðnóttina ógurlegustu, sem yfir mannkynið hefir liðið, aðfaranótt 25. ágústmánaðar 1572. Þetta óskaplega óðáðaverk var framið, í orði kveðnu að minsta kosti, í guðsþakka skyni, á sama hátt og krossfestingin, til að ryðja óvinum kirkjunnar úr vegi, siðbótarmönnunum frakknesku. Nú skyldi menn ætla, að út af slíkum frámuna glæp hefði risið skelfilegur stormur og blásið yfir kristnina. Þegar biskuparnir kristnu, Ambrosius og Martinus og fjöldi annara með þeim, skulfu heilagri bræði á fjórðu öld, er þeim varð kunnugt líflát Priscillianuss, sem þó var framið eftir langa rannsókn og að löglegum dómi, skyldi menn ætla, að út af þessu hryllilega miðnæturmorði hefði kristnin öll hafist handa og risið til mótmæla seint á 16. öld.

Nei, siðferðistilfinningin var orðin sljórri í stað þess að vera gleggri. Gregor páfi þrettándi lét slá heiðurspening í sigurhrósskyni, lét ágætan málara, Vasari, penta mynd af viðburðinum handa páfahöllinni, og gekk skrúðgöngu hátíðlegri með prestum sínum og biskupum, til að syngja dýrlegt te deum, — guði dýrlega lofgjörð, og sýna fögnuð páfadómsins yfir morðum þessum. Frá sankti Angelo kastala voru fallbyssur látnar drynja, skrautelda kyntir á strætum Rómaborgar, og kardináli einn gaf þúsund gull-scudi sendisveini þeim í þóknunarskyni, er bar honum tíðindin. Annar kardináli (Orsino) leitaði foringja morðframkvæmdanna uppi í borginni Lyons og veitti honum blessun sína og syndaaflausn. Einn merkasti sagnaritari nútíðarinnar (Leckie) hefir sagt, "að rómverska kirkjan hafi úthelt meira saklausu blóði, en nokkur stofnan önnur, sem til

(*Framhald á 4. bls*)

ROBLIN HOTEL
115 Adelaide St. Winnipeg
Bezta $1.50 á-dag hús í Vestur-Canada. Keyrsla ókeypis milli varnstöðva og hótels og degi. Aðhlynning hins bezta. Viðskifti Íslendinga óskast. ÓLAFUR G. ÓLAFSSON, Íslendingur, afgreiðir yður. Heimsækið hann.
O. ROY, eigandi.

A. S. BARDAL.
Selur líkkistur og annast um útfarir. Allur útbúnaður sá bezti. Enfremur selur hann alskonar minnisvarða og legsteina.
121 Nena St. Phone 306

HEIMSKRINGLU og TVÆR skemtilegar sögur fá nýir kaupendur fyrir að eins $2.00.

Giftingaleyfisbréf
selur: Kr. Ásg. Benediktsson
528 Simcoe st. Winnipeg.

THE "Arena"
Þessi vinsæli skautaskáli hér í vesturbænum er nú opinn. Ísinn er ágætur. 18DA MOUNTED RIFLES BAND SPILAR Á ARENA. KARLM. 25c.—KONUR 15c.
Chas. L. Trebilcock, Manager.

JIMMY'S HOTEL
BEZTU VÍN OG VINDLAR.
VÍNVEITARI T.H.FRASER,
ÍSLENDINGUR.
James Thorpe, Eigandi

A. S. TORBERT'S
RAKARASTOFA
Er í Jimmy's Hótel. Besta verk, ágæt verkfæri; Rakstur 15c en Hárskurður 25c. — Óskar viðskifta Íslendinga. —

MARKET HOTEL
146 PRINCESS ST. á móti markaðnum
P. O'CONNELL, eigandi, WINNIPEG
Beztu tegundir af vínföngum og vindlum, aðhlynning góð húsið endurbætt

Woodbine Hotel
466 MAIN ST.
Stærsta Billiard Hall í Norðvesturlandinu
Tíu Pool-borð.—Alskonar vín og vindlar
Gisting og fæði: $1.00 á dag og þar yfir
Lennon & Hebb,
Eigendur.

Á beztu heimilum
hvar sem er í Ameríku, þar munið þér finna HEIMSKRINGLU lesna. Hún er eins fróðleg og skemtileg eins og nokkuð annað íslenzkt fréttablað í Canada

telpunni. Fyrst neitaði hann, að hafa stolið henni, en þegar Anthony sannaði eignarrétt sinn með markinu á handleggnum, og sagði hvar hann hefði náð henni, þá þorði hann ekki að þræta lengur og afhenti Antoníusi fósturdóttur hans, en fékk í staðinn peninga.

"Angela varð eftir hjá Antony. Hún var nærri tíu ára að aldri. Antony fékk ágætan kennara handa henni, sem veitti henni tilsögn í tungumálum, sögu, hljóðfæraslætti og söng. Rödd hennar varð svo fögur, að kennarinn undraðist yfir henni og sagði, að með tímanum findi hún ekki sinn líka.

"En Antony gleymdi ekki áformum sínum. Honum tókst að kveikja sterkar ástríður til sín hjá henni, svo að þegar hún var 16 ára, féll hún í faðm hans, fögur, hugfangin og ákaflynd.

"Í sama ítalska skrauthýsinu, þar sem Matthildur hafði einusinni gengið við hlið hans, settist hann nú að með dóttur hennar. Eitt ár nutu þau ástasælunnar á því heimili.

"Ekki sagði Antony henni frá því, að hún hefði áður verið hjá sér, svo hún leit á hann sem þann mann, er hefði frelsað sig úr hinum vonda flökkumannahóp.

Nú fór Antony að leiðast í dalnum. Hann þráði að fullkomna hefnd sína, og langaði til að heimsækja Matthildi í föðurlandi manns hennar.

"Skömmu síðar yfirgaf hann Ítaliu. Þegar hann kvaddi ástmey sína, sagði hann: Sú trygð, sem ég krefst af þér, er trygð sálarinnar. Þú getur hagað þér eins og þú vilt, en gleymdu því aldrei, að þú ert mín, og átt að hlýða kröfum mínum.

"Angela féll í faðm hans og sór honum ævarandi trygð og hollustu — og hún hefir efnt það heit.

"Nú fer ég til Norðurlanda", sagði Antony við

sjálfan sig. "Matthildur, ég skal merja þig eins og vindurinn mer blómin".

"Þegar hann kom til Norðurlanda, var Matthildur dáin. Sorg, iðrun og samvizkukvöl lögðu hana í gröfina.

"En hún skildi eftir son. Hann var 16 ára. ..... Þú þekkir það, sem eftir er, Eberharð.

"Þú veizt, hvernig Antony sáði sínum eitruðu kenningum í huga sonarins við gröf móður hans. Þú veizt, hvernig hann eyðilagði álit sonarins á því fagra, góða og heilaga, — hvernig hann gróðursetti ávexti holdlegra fýsna í hugsun hans, og hvernig hann tendraði óánægju sonarins til hins ráðvanda föður.

"Þegar faðirinn varð þess var, hve vond áhrif gesturinn hafði á son sinn, þá varð Antony að fara burtu. — En kenning hans hafði fest rætur hjá drengnum, sem ekki var mögulegt að eyðileggja.

"Nokkrum árum síðar hittust þeir aftur, kennarinn og nemandinn. Antony varð aftur félagi hans, vinur og kennari. Hann fór með honum til Norðurlanda, og þegar ungi greifinn undi ekki lengur heima, fylgdi hann honum um Þýzkaland, Frakkland, Ítaliu og Austurlönd.

"Antony, sem sjálfur var orðinn félítill, lifði eins og prins á kostnað vinar síns, hvatti hann til losta og lasta og deyddi hjá honum alla iðrunartilfinningu.

"Það var í Ítaliu, sem ungi greifinn sá Angelu fyrst, og fékk þegar ást á henni.

"Antony sá það, brosti en sagði ekkert.

"Greifinn var ríkur. Hann lagði gulljötra á töframeyna, ... og áður langt um leið, féll Angela í faðm hans,— systirin féll í faðm bróður sins.

"Antony var hinn kátasti og sagði sigri hrósandi: Matthildur, sjáðu börnin þín .....

"Hér endar saga mín, Eberharð. Þú hefir séð,

að ranglæti foreldranna kemur fram á börnunum. Ég get ekki að því gert. Ég hefi aðeins hefnt mín.

"Við flýjum frá heimili þínu með gull þitt, frið þinn og rósemi. Ég hata þig ekki lengur, og hafi ég gert þig ógæfusaman, þá íhugaðu, hvað ég hefi liðið.

"Þú getur auðvitað sagt: Móðir mín er orsök í þessu en ég ekki, ... ég hefi breytt við þig sem vin og þú launar mér það með svikum. Þú hefir steypt mér og systur minni í hið versta díki smánarinnar.

"Þegar þú segir þetta, Eberharð, þá er ég neyddur til að viðurkenna, að þú hafir rétt fyrir þér, en svara jafnframt: ásakaðu mig ekki heldur forlögin.

"Það gengur ósýnilegur, langrækinn andi um heiminn. Grikkir kölluðu hann Nemesis, en kristnir menn nefna hann endurgjald.

"Ég hefi verið boðberi þessa anda, Eberharð. Get ég gert að því? Ég hafði ásett mér að hefna mín — og nú finn ég, að hefndarþorsti minn er sloknaður.

"Ég hefi hingað til í samræðum við þig, neitað öllum möguleika á iðrun, ég gerði það til að hefna mín, til að eyðileggja hjá þér alla von um betrun. Ég talaði þá andstætt skoðun minni, því eins og ég trúi á hin ósýnilegu lög endurgjaldsins, trúi ég því að þetrun og fyrirgefning geti átt sér stað. En engin fyrirgefning fæst án þjáninga. Þín iðrun verður erfið, en hún er möguleg. Nytsöm og alvarleg starfsemi getur frelsað þig frá örvæntingu og brjálsemi. Ég hefi áður talað við þig um skemtanir, að ég tala nú um starfsemi, er af því, að ég aumkast yfir forlög þín. Ég segi þér það satt, að hatri mínu er nú fullnægt.

"Vertu nú sæll, Eberharð. Reyndu ekki að finna okkur, það er gagnslaust. Geymdu hjá þér það, sem ég hefi sagt þér og eyðilegðu þetta bréf. Við sjáumst aldrei aftur.

"Angela verður ekki söngmær hér eftir, hún fylgir mér, hvert sem ég fer. Ást hennar á ég, — þig hefir hún aldrei elskað. — Vertu sæll.

Antony Crispin."

Þegar Eberharð var búinn að lesa bréfið, hné hann ofan á legubekkinn og sat lengi hugsandi. Síðan spratt hann á fætur, reif bréfið í smápjötlur og tróð þær undir fótum sínum.

"Þú, djöfull", tautaði hann. "Þú talar um fyrirgefningu, eftir að hafa steypt mér í það hyldýpi, sem ekki er mögulegt að losna við, ... morðingi föður mín,..... ástmögur systur minnar. ..... Cæsar Borgia, þú yarst barn í samanburði við mig".

"Iðrun, segir hann, gagnlegt starf. Ha, ha, ha, hann veit vel, að þetta er að fleygja olíu í eldinn, sem étur mig upp til agna. Hann veit, að þessi orð kveikja eldkyndil í huga mínum, ... vekja nýjan óvin, ... iðranina".

"Í þessum tveimur orðum, iðran og fyrirgefning, sem hann lætur í ljós með falskri hluttekningu, felst fullkomnunin á hans djöfullega hatri. Hann vill kveikja ela í huga mínum,..... ela á því kenningakerfi, sem hann hefir sjálfur gróðursett þar, ... þessu fræðikerfi um trúleysi og tilfinningarlausa eigingirni, sem ég hefi fylgt svo rækilega. Hann vill gera þetta fræðikerfi elasamt, til þess að steypa mér í botnlausa örvæntingu til viðbótar.

"Já, af því hann sá, að slíkt stríð mundi eyðileggja mig. Hann vildi gefa mér bendingu um nauðsynina á að leita fyrirgefningar, af því hann veit, að slíkt er mér ómögulegt".

"Þegar hann var búinn að innræta mér kenninguna um eðlisnauðsyn, sem afsakaði alla mína lesti, þá vill hann ónýta þessa kenningu, svo ég hafi ekkert að styðjast við.

SANNLEIKURINN KRÝNDUR OG KROSSFESTUR.

(Niðurlag frá 3. bls.).

hafi verið með mönnum. Er alt þetta mjög ægilegt, en það er einungis lítið brot þess kvalræðis, er ofsóknarandi rómverskrar kirkju hefir valdið". Og alt þetta er gjört í nafni guðs og sonar hans Jesú Krists.

Yfir því, að slikt skuli hafa getað átt sér stað í kristninni mörgum öldum eftir krossdauða frelsarans fyrir forgöngu og tilstilli leirra manna, er fremstir hafa þózt í, að flytja heiminum kenningu Jesú Krists, — yfir því skyldum vér hryggjast, og láta alt kristilegt yfirlæti falla niður, að minsta kosti þessa dymbilviku, sem nú fer í hönd. Látum oss hætta þeirri fásinnu, að kenna þessum Fariseum um alt, eins og væri þeir menn miklu verri en aðrir, sem uppi hafa verið. Né heldur má oss til hugar koma, að slengja allri syndabyrðinni á herðar kaþólskri kirkju í þessu efni. Að dæmin, sem bent hefir verið á, eru tekin úr sögu hennar, er alls ekki gjört í neinum slíkum tilgangi. Vér eigum þar í raun og veru allir jafnan hlut að máli. Sami ofsóknar-andinn hefir komið fram í algleymingi einnig í mótmælenda heiminum. Þar hefir til dæmis kenningunni um blindahlýðni verið haldið fram lengi og freklega, einvaldskenningunni í stjórnmálum til stuðnings. Þar hefir margvíslegt ofbeldi átt sér stað og samvizkum manna verið stórkostlega þröngvað. Þar hefir alls konar óhæfa verið varin með dæmum úr gamla testamentinu. Árið 1884 var tilraun ger til að myrða keisarann á Þýzkalandi. Og sú tilraun var varin með dæmum þeirra Jael og Ehúð í gamla testamentinu. Þrælaeign og þrælahald var varið oddi og eggju með stöðum úr gamla testamentinu, og alls konar ofbeldi beitt, þeirri smánarlegu stofnan til viðurhalds, í nafni biblíunnar.

Þessi ofbeldis-hugur og ofsóknarandi er eitt allra-raunalegasta tákn mannlegs eðlis. Það kemur ávalt í ljós, þegar valdið er nógu mikið fyrir hendi. Mennirnir virðast eiga svo undur-bágt með að læra að neita sér um að þjóna lund sinni og beita alla mótspyrnu ofbeldi, svo framarlega, sem máttinn eigi brestur til þess. Hér er með öðrum orðum um tvenns konar lund að ræða: Krists-lundina annars vegar, Kaifasar-lundina hins vegar. Krists-lundin ber sannleikanum vitni. Hún fær sig eigi til að þegja. Hún verður að flytja það fagnaðar-erindi, sem drottinn hefir gefið henni. Hvað sem það kostar finnur hún það heilaga skyldu, að bera það út um götur og stræti, bera það fram í musteri og utan musteris. En Kaifasar-lundin þolir það ekki. Hún þolir ekki neitt nýtt fagnaðar-erindi, jafnvel þó það sé að eins hið gamla í fullkomnari mynd, eins og átti sér stað með fagnaðar-erindi Jesú. Valdið og fótfestan finst henni þá farið. Hún reisir þá hvert skifti krossinn á Golgata, ef hún kennir orku til.

Sárast af öllu í þessu sambandi er þó þetta, að hver sannleikselskur maður finnur til þess með sjálfum sér, hve hætt honum hefði verið í sömu sporum, að láta Kaifasar-lundina fá vald yfir sér, en Krists-lundina láta lægra haldi. Svo sterkur þáttur hennar er ofinn í eðli vort allra. Það eru ömurlegar leifar úlfsins og tigrisdýrsins í manneðlinu, sem Jesús Kristur kom til að frelsa oss frá. Hvernig hefðum vér breytt í Kaifasar sporum? Hvernig breytum vér í líkum sporum þann dag í dag? Sá er oftast sælastur, sem engin hefir völdin. Hann fellur ekki fyrir freistingunni, sem flestum verður lótakefli, að misbeita völdunum á einn eða annan hátt.

Hér höfum vér í huga heilaga sögu, sem ávalt er að endurtakast. Hér er Jerúsalem, sú fornhelga borg, er lifir á hinu liðna og skreytir grafir spámanna, sem hún sjálf hefir líflátið. Þar er Kaifas æðsti prestur og stærsti valdhafi, og ræður lögum og lofum, — fulltrúi hins liðna, með gögnum þess og gæðum. Og hér er Jesús, sem í augum Kaifasar ekkert er annað en nýjungamaður norðan frá Galíleu, sem fyrir hvern mun þarf að ryðja úr vegi. Hér er borgarlýður, sem æsa má og afvegaleiða eftir vild, ef lagst er alefli á þá sveifina. Og hér er ofurlitill lærisveinahópur, er sannleikurinn hefir eignast, í miklum minnahluta, sem engu fær til leiðar komið í bili, nema vaxið og þroskast eins og þrútnandi skógar-brum á vordegi. Alt þetta birtist í ýmsum myndum á öllum tímum, hvarvetna þar, sem mennirnir búa.

Sannleikurinn og sannleikans konungur er stöðugt að halda innreið sína. Reiðskjótinn er lítilmótlegur og auvirðilegur í augum allra hégómamanna og oflátunga. Sannleikurinn birtist eins og umkomulaus Galíleumaður, hvar sem hann er á ferðinni. En hann þekkist af sínum og þeir veita honum lotningu. Á vegu hans breiða þeir pálmavið og yfirhafnir og hylla hann konung. Yndi er þeim að fara erindum hans, og bjarmann af dýrð hins komanda veldis bera þeir í huga sínum.

Hér er sífeld krýning og krossfesting fyrir augum vorum. Sannleikurinn að birtast með nýjum og nýjum hætti á hverri öld og hverjum áratug. Sjaldan eða aldrei hefir annað eins flóð nýrra hugsana og göfugra runnið yfir heiminn og nú, eins og ný opinberan. Jesús, mannkynsfrelsarinn dýrlegi, er með í þeirri flóðöldu og ljómar hana upp nýju og himnesku ljósi. Hann er í sálum guðsbarna þessarar aldar, ekkert síður en annara alda. Og guðsbörnin beztu eru þeir, sem sjá og skilja, að innreiðin heldur áfram, að ljósaldan, sem Jesús velti inn yfir mannlifið, ris hærra og hærra, og auðlegðin, er hún ber í skauti sínu, fer vaxandi en eigi þverrandi með hverri öld, sem líður. Dýrð mannkynsfrelsarans verður meiri og meiri eftir því, sem aldir renna, þeir fleiri og fleiri, sem pálmaviðinn breiða á leið hans og syngja hósanna.

En hverri krýning fylgir ný krossfesting. Í hvert sinn, er sannleikurinn heldur nýja innreið, leitast Kaifasar-lundin við að hefta för hans. Krists-lundin og Kaifasar-lundin eru að heyja látlausa baráttu. Krists-lundin er að krýna sannleikann og ganga honum á vald. Kaifasar-lundin er að krossfesta og hrinda honum frá sér. Alvarleg spurning hverjum manni til umhugsunar og úrlausnar: Hver lundar-einkennin hefir þú? Í hvern hópinn skipar þú þér? Þann, sem krýnir, eða þann, sem krossfestir?

Hverja viku allan ársins hring ætti kristnin að gjöra að dymbilviku, svo yfirlætið hyrfi, og í stað þess kæmi auðmjúk og yfirlætislaus lund, sem kannaðist við Kaifasar-eðlið og kynni að rekja ferillinn og fyndi sárt til af blindninni og mótþróanum við sannleikann.

Látum þá sannleikann betur og betur varpa ljósi inn í sálir vorar. Látum hverjum manni á meðal vor vera meira um það hugað en alt annað, að eignast Krists-lundina, sterka og staðlasta, sem borið getur sannleikanum vitni frammi fyrir Kaifasi og frammi fyrir krossinum, hvar og með hverjum hætti, sem hann kann að vera reistur. Í Jesú nafni. Amen.

Fréttabréf.

SEATTLE, WASH.
24. marz 1910.

Íslénzki söngflokkurinn "Svanur" söng hér fyrir fullu húsi á heyrenda þann 26. f.m. Það hefir sjálfsagt verið sú myndarlegasta samkoma af þeirri tegund, sem Íslendingar hafa boðið hérlendu fólki í þessum bæ. Enda var alment lokið lofsorði á samkomuna og þá, sem að henni unnu.

Einnig söng söngflokkur Norðmanna "Norden" bæði sér og með íslenzka flokknum, en herra Sigurður Helgason stjórnaði söngnum, og þótti gera það ágætlega, enda er maðurinn af því bergi brotinn.

Þá var og "Recitation", flutt af ungfrú Maríu Sumarliðason, "The Soul of the Violin", prýðisvel gert eins og svo oft áður. Annars mun sú stúlka vera með þeim allra færustu íslenzkum konum í þeirri list.

Vonandi er, að "Svanur" haldi áfram að syngja. Með þessari samkomu hefir hann áunnið sér hylli allra þeirra, sem á hlustuðu og elska sönglistina.

Eftirfarandi grein stóð í Washington Posten", og leyfi ég mér að setja hana hér í íslenzkri þýðingu: —

"Hið íslenzka sönglélag "Svanur", sem eins og áður var getið um að stofnað hafi verið í Ballard, hélt á laugardagskvöldið var samsöng í fyrsta sinn í Junction Hall. Salurinn var vel fyltur af söngmetandi fólki, sem heilsaði hinu nýja sönglélagi með dynjandi lófaklappi, enda urðu menn heldur ekki fyrir vonbrigðum, því í félaginu eru margir afbragðs söngmenn, og lögin (að mestu leyti íslenzk) voru sungin hiklaust og djarflega, sem er svo undir sjaldgæft hjá ungum sönglélögum. Raddvægið var þó stundum ekki nógu nákvæmt, því bassarnir voru varla á móti hinum sterku tenórum, en aðdáanlegt var samræmið og söngurinn góður.

Stjórnandinn, herra Helgason, má með sanni vera upp með sér af sínum mannvæna kór.

Ungfrú Sumarliðason flutti 'The Soul of the Violin' (Recitation) vel að vanda, og spilaði hin ágæta "Pianiste" Dora Hamel unhir.

Herra Gunnar Matthíasson, sem var flokksins sólóisti, ávann sér aðdáun allra með sinni viðkvæmu barítón rödd, og sem virtist vera ennþá hreinni nú í hinum mismunandi sólóum, er hann söng.

Söngélagið "Norden" og Möllers Orchestra hjálpuðu einnig til.

Að endingu sungu bæði félögin saman með Möllers Orchestra og Gunnari Matthíassyni, sem sólóista, "Landkending" (Grieg), undir stjórn herra Helgashnar."

J. K. Steinberg.

"Fallinn er hver, þegar fótanna missir".

Um miðjan þennan yfirstandandi mánuð eru þrjú ár og fjórir mánuðir, sem ég er búinn að vera svo veikur, að ég hefi enga hjálp getað veitt mér af eigin rammleik. Þetta langa tímabil hafa ýmsir rétt mér hjálparhönd, og tengdafólk mitt sérstaklega veitt mér húsaskjól, og aðra aðhjúkrun fyrir lítið endurgjald, sem hefir aðallega verið af þeim ástæðum, að kona mín og börn eru í mikilli fjarlægð, og skal jafnframt tekið fram, að það er ekki af viljaleysi frá þeirra hálfu, að ég er ekki hjá þeim nú, heldur af því, að ég hefi ekki fengið flutningleyfi til þeirra. Í næstliðna 8 mánuði hefi ég dvalið hjá Mr. og Mrs. A. Johnson, 735 Alverstone St., Winnipeg. Mrs. Johnson er mágkona mín, og hefir að öllu leyti verið mér sem móðir.

Upp úr veikindum, sem lögðu mig í rúmið, varð ég alveg máttlaus upp í mjóhrygg. Í þessu ástandi var ég búinn að vera allan þenna tíma, þegar séra O. V. Gíslason byrjaði á handlækningum við mig, á miðju síðastliðnu sumri, og árangur tilrauna hans er sá, að nú er ég farinn að geta stigið á fæturnar, líkt og barn, sem byrjað er að "ganga með", og er, þó hægt fari, alt af að færast áfram.

Fjárhagslega hjálp hafa þeir veitt mér í vetur, sem nú skal greina: Jóhannes Sveinsson og Sofonías Þorkelsson, sína $5.00 hvor, Clemens, Árnason & Pálmason $4.00, Mrs. B. Magnússon og Mrs. R. Alfred, 2 hvor; J. Johnson (járnsmiður), Miss O. Illhugadóttir, Miss I. Guðmundsson, Mrs. G. Þorgilsson, $1.00 hvert; Mrs. A. Þórðarson, 50c; Miss O. Þórðarson, 25c; Kvenfélag Fyrsta lút. safnaðar, $15.00; Djáknanefnd s. safn. $5.00; ágóði af samkomu, sem íslenzku Goodtemplara stúkurnar héldu nýlega (10. þ.m.) $127.25. Áður hafa margir veitt mér líka hjálp með gjöfum, og verð ég þess minnugur, en þar sem ég gat þess opinberlega í fyrra vet ur, sleppi ég að endurtaka þá upptalningu.

Öllum þeim, sem fyr og síðar á einhvern hátt að veita mér líka hjálp, er ég hjartanlega þakklátur, og bið gjafarann allra góðra hluta að launa því fólki, sem tekið hefir þátt í því, þegar því liggur mest á!

Virðingarfylst og þakklátlegast,
Sigurður Gíslason.

Winnipeg, 21. marz 1910.

Sendið Heimskringlu til vina yðar á Íslandi

THE DOMINION BANK
HORNI NOTRE DAME AVENUE OG SHERBROOKE STREET

Höfuðstóll uppborgaður: $4,000,000.00
Varasjóður - - - $5,400,000.00

SPARISJÓÐS DEILDIN:
Vér veitum sparisjóðs innleggjendum sérstakt athygli, og borgum hæztu vexti á sparisjóðs innlegg;um af $1.00 og yfir. — Barna innlegg velkomin. — Seljum peningaávísanir á ÍSLAND.
H. A. BRIGHT, RÁÐSMAÐUR.

Með því að biðja sælulega um "T.L. CIGAR," þá orðu viss að fá ágætan vindil.
T.L. CIGAR
(UNION MADE)
T.L.
Western Cigar Factory
Thomas Lee, eigandi Winnipeg

NÚ TIL SÖLU
DREWRY'S
BOCK BEER
Hann er betri á þessu vori en nokkru sinni áður. — Biðjið um hann. —
E. L. DREWRY, Manufacturer, Winnipeg

Department of Agriculture and Immigration.
MANITOBA
Þetta fylki hefir 41,169,089 ekrur lands, 6,019,200 ekrur eru vötn, sem veita landinu raka til akuryrkjuþarfa. Þess vegna höfum vér jafnan nægan raka til uppskeru tryggingar.
Ennþá eru 25 miljónir ekrur óteknar, sem fá má með heimilisrétti eða kaupum.
Íbúatala árið 1901 var 255,211, nu er hún orðin 400,000 manns, hefir nálega tvöfaldast á 7 árum.
Íbúatala Winnipeg borgar árið 1901 var 42,240, en nú um 115 þúsundir, hefir meir en tvöfaldast á 7 árum.
Flutningstæki eru nú sem næst fullkomin, 3516 mílur járnbrauta eru í fylkinu, sem allar liggja út frá Winnipeg. Þrjár þverlandsbrauta lestir fara daglega frá Winnipeg, og innan fárra mánaða verða þær 5 talsins, þegar Grand Trunk Pacific og Canadian Northern bætast við.
Framför fylkisins er sjáanleg hvar sem litið er. Þér ættuð að taka þar bólfestu. Ekkert annað land getur sýnt sama vöxt á sama tímabili.
TIL FERDAMANNA:
Farið ekki framhjá Winnipeg, án þess að grensalast um stjórnar og járnbrautarlönd til sölu, og útvega yður fullkomnar upplýsingar um heimilisréttarlönd og fjárgróða möguleika.
R. P. ROBLIN,
Stjórnarformaður og Akuryrkjumála Ráðgjafi.
Skrifið eftir upplýsingum til
Joseph Burke, 178 LOGAN AVE., WINNIPEG. Jas Hartney, 77 YORK ST. TORONTO

ALDREI SKALTU geyma til morguns sem hægt er að gera í dag. Pantið Heimskringlu í dag.

"Það skal honum aldrei takast. Undirstaðan er trygg, ... tryggari en nokkru sinni áður.

"Móðir min hefir verið óþakklát og eiðrofi. Afbrot hennar leiðir börn hennar í ógæfu. ..... þau eru saklaus og þó lenda kvalirnar á þeim. Dóttir hennar verður frilla þess manns, sem hún sveik, og síðan fylgikona bróður sins. Sonurinn er morðingi föður sins. ..... Og það á að vera til guð, sem leyfir slikt".

Eberharð þagnaði um stund. Loks leit hann upp drembilega og sagði:

"Ég er yfirgefin af þeim sem ég elskaði. Nú, jæja, ég geng mina braut einsamall. En ennþá er ekki öll von úti. Það getur lánast að ná þeim. Ég ætla að reyna það".

Eberharð leit út um gluggann. Bjarminn af degi var sást í austri. Hann hringdi, og að fáum augnablikum liðnum kom þjónn inn.

"Láttu beita hestum fyrir vagninn minn", sagði greifinn, "ég ætla að ferðast burt að hálfri stundu liðinni".

Þjónninn hneigði sig og fór.

VIII.

Banasængin.

Meðan þessu fór fram í Óðinsvík, skeðu alls ólikir atburðir í kolanum, sem húsfrú Sterner var borin inn i. Sárið, sem hestur greifans veitti henni, var ekki hættulegt, en hræðslan, sem þetta óvænta högg orsakaði, leiddi af sér áköf blóðlát, sem leit út fyrir að mundu deyða hana.

Bergholm presti voru gerð boð, hann kom bráðlega, en hafði sent eftir lækni, áður en hann fór að heiman. Honum leizt ekki ráðlegt, að flytja hana úr kolanum, lét því færa þangað rúmföt, nauðsynleg húsgögn, láta rúður í gluggann, kynda eld í ofninum og færa sjúklingnum heitan mat.

Hann sat við rúm hennar langt fram á nótt, talaði við hana huggandi orð, og gerði alt, sem gert varð, til að lina þjáningar hennar. Móritz lá á hnjánum við rúmið hennar, hryggari en unt er að segja.

Í einu horninu stóð Jakob Kron þegjandi, og var honum lítill gaumur gefinn.

Presturinn lofaði móðurinni, að hann skyldi aðstoða son hennar, ef hún dæi, og við það hrestist hún svo, að hún varð jafn-róleg og hún átti að sér.

"Guði sé lof", sagði hún, "sonur minn verður ekki einmana í heiminum, hann eignast föðurlegan vin í þér, — er það ekki?"

"Jú, kona góð. Ég skal ekki yfirgefa hann. Hann skal eiga heima hjá mér. Ég er að sönnu fátækur, en guð hjálpar mér sökum þessa góða áforms".

"Þú ert verndarengill þeirra fátæku", sagði móðirin, "en guð blessar þig og þín börn í staðinn. Öll þessi ár hefi ég geymt dálitla peningaupphæð handa syni minum, sem ég fékk fyrir skartgripi, er maður minn gaf mér. Þeir eru innan í bögli í einni skúffunni í skattholinu. Við hliðina á honum er annar böggull, sem er verðmeiri. Mér þætti vænt um, að þú vildir færa mér þessa bögla áður en ég dey. Skattholið er heima hjá þér, en hérna er lykillinn".

"Þú hefir geymt peninga handa syni þínum öll þessi ár", sagði presturinn, "þrátt fyrir neyðina og skortinn. Móðurhjarta, móðurást, þú er sterkari en neyðin, sterkari en dauðinn —"

"Herra prestur", greip hún fram í fyrir honum, "viltu færa mér þessa böggla og litinn gullhring með bláum steini, sem liggur í sömu skúffu og þeir? Það er síðasta endurminningin um hann".

"Ég skal sækja þá, ... ég skal fara strax", svaraði presturinn og stóð upp. "Fáðu mér lykilinn".

Húsfrú Sterner rétti honum lykilinn.

"Ætlarðu að fara í kvöld?" spurði hún. "Er það ekki of seint, mér finst ég vera búin að vera hér margar klukkustundir".

"Þjáningastundirnar eru langar", sagði presturinn "Enn eru að minsta kosti tvær stundir til sólarlags, svo birtan er nóg".

Þegar presturinn var að fara, sagði hann:

"Áður en ég fer langar mig til að vita, hvernig þetta óhapp atvikaðist, ég veit að það var hestur, sem slengdi þér niður. En hver sat á baki hans?"

"Það veit ég ekki", svaraði húsfrú Sterner. "Máske Móritz viti það?"

"Mennirnir voru tveir, en sá, sem reið þeim hesti, er feldi þig og særði, var greifinn í Óðinsvík".

"Hver? Hvað segirðu, barnið mitt?" spurði móðir hans áköf. "Hver var það?"

"Það hefir þá verið Stjernekrans greifi", sagði presturinn, sem ekki tók eftir geðshræringu sjúklingsins. "Og hann hélt leiðar sinnar, án þess að skeyta um ógæfuna, sem hann var valdur að?"

"Já", svaraði Móritz, "hann gaf sér ekki tíma til þess, hann var á veiðum með mörgum öðrum mönnum".

"Herra, þínir vegir eru undarlegir", sagði sjúklingurinn nötrandi. "Slengt um koll af honum, — troðin í hel af hestinum hans —— Guð minn góður!"

Hún lyfti höndunum og hreyfði varirnar. Máske hún hafi verið að biðja fyrir morðingja sínum.

"Þetta er ómannlegt", sagði presturinn reiður.

"En ég skal segja honum sannleikann. Hann hefir frillu hjá sér, og á meðan hann heldur samkvæmi og skemtanir fyrir hana, deyr þessi vesalings kona, sem hann rak fyrst í burtu úr húsi sínu, og myrðir hana svo ..... Þetta er svívirðilegt".

Presturinn gekk burtu tautandi.

Nú varð algjör þögn, ekkert heyrðist nema grátekki í Móritz. Húsfrú Sterner sofnaði, en Móritz knéféll við rúmið eins og áður. Þá lagði Jakob Kron hendi sína á öxl honum.

"Drengur minn", hvíslaði Jakob, "mamma þín sefur. Komdu út með mér eitt augnablik, ég ætla að segja þér nokkuð".

Móritz fór út með honum.

"Móritz", sagði Jakob, þegar þeir voru komnir út, "ég ætla að kveðja þig, forlög mín leyfa mér ekki að vera hér lengur, en eins vil ég biðja þig áður en við skiljum".

"Hvað get ég gert fyrir þig?" spurði drengurinn.

"Þú hefir skartgrip, sem ég hefi átt", sagði Jakob. "Láttu mig fá hann, því þessi gripur leiðir ógæfu yfir þann, sem geymir hann. Mér getur hann ekkert ilt gert, því ég er eins ógæfusamur og ég get orðið. Láttu mig því fá hann".

"Nei", sagði Móritz. "Þú sagðir einu sinni, að ég mætti halda honum, enda fékk ég hann með því, að leggja líf mitt í hættu".

"En hann hefir kostað mig miklu meira", sagði Jakob. "Enda verður hann mér nauðsynlegur að nokkrum árum liðnum, þegar áform mitt, sem ég er að byggja, er fullkomnað. Hann leiðir að eins ógæfu yfir þig".

"Ó", sagði Móritz og ypti öxlum, "ég trúi engu slíku. Þennan skartgrip geymi ég fyrst um sinn. Þurfir þú hann eftir nokkur ár, þá getur þú fundið mig, og ef mér líkar áform þitt, skaltu fá hann".

Skylduverk.

(Frh.) Áður en minst er á gjörðir bankarannsóknarnefndarinnar, finst mér það ekki vera spor langt úr vegi, að fara nokkrum orðum um ástæðurnar fyrir því, að hún var skipuð, heimild Björns Jónssonar ráðherra til að skipa hana, og valið á þeim mönnum, er í henni áttu sæti.

Ég fyrir mitt leyti er í engum efa um það, að ástæður Björns fyrir skipun nefndarinnar voru þær, að hann þóttist eiga við skoðana-andstæðinga sína þar sem bankastjórnin var, eða sérstaklega Tryggvi Gunnarsson. Það hefir verið aðalregla hér í Canada, að þegar einn stjórnmálaflokkur hefir komist að völdum og annar farið frá, þá hafa forkólfar hinnar nýkosnu gengið milli bols og höfuðs á öllum þeim, er áður skipuðu embætti, og fengið embættin í hendur öðrum af sínu eigin sauðahúsi, án tillits til hæfileika, án tillits til þess hvort embættið hafi verið vel rækt eða illa. Jafnvel í póstmálum, sem engri stjórnmálaskiftingu ættu að vera háð, hefir þessari aðferð verið beitt. Um það er venjulega ekkert spurt, hvort maðurinn hafi staðið vel í stöðu sinni eða ekki, þegar um embættisveitingar er að ræða, heldur hitt, hvort hann fylgi þessum stjórnmálaflokknum eða hinum Sé hann úr flokki andstæðinga, er sjálfsagt, að reyna að finna einhverja átyllu til þess að koma honum úr stöðunni. Já, svo langt er jafnvel komið, að engar sakir þykir þurfa að hafa til þess að reka menn frá opinberum störfum, engar sakir aðrar en skoðanamun.

Allir hljóta að sjá, hvílíkur voði einurð og sjálfstæði stendur af þeirri stefnu. Allir hljóta að sjá, hversu heilbrigði í stjórnmálum er ómöguleg, þegar þannig er að farið.

Þessi stefna, sem hér hefir verið lýst, er að teygja upp trjónuna heima á ættjörðu vorri nú í seinni tíð, og er það illa farið. Björn Jónsson er ekki fyrsti og ekki eini maðurinn, sem hefir fylgt henni þar, en hann er sá, sem lengst hefir farið í þá átt.

Frá mínu sjónarmiði hefir þetta atriði verið eitt af því, sem knúði Björn Jónsson til þess að skipa rannsóknarnefndina. Það má vel vera, að hann hafi haft einhverjar fleiri ástæður til þess, en ef svo var, þá átti hann að gjöra þær kunnar, en það er ógjört enn.

Um heimild Björns Jónssonar sem ráðherra til þess að skipa nefndina, dettur mér ekki í hug að efast; ég er þeim mönnum algjörlega ósamdóma, sem halda því fram, að hann hafi ekki haft heimild til þess; ég álít, að hann hafi fullkomlega haft það. En jafnframt þeirri heimild hafði hann einnig skyldur, og þær háleitar. Hann átti að skipa í nefndina algjörlega óháða menn, — menn, sem hvorugum stjórnmálaflokknum höfðu fylgt; menn, sem alls ekki voru upp á hans náð komnir í sambandi við embætta eða starfsveitingar. Hugsið ykkur, að við næstu kosningar í Manitoba yrðu stjórnarskiftí og Th. Johnson leiðtogi stjórnarinnar Hugsið ykkur, að hann skipaði nefnd til þess að rannsaka embættisfærslu einhverra manna í opinberum stöðum, sem hefði verið veitt embættið af íhaldsstjórninni, og þeir sjálfir væru íhaldsmenn. Hugsið ykkur, að hann veldi nefndarmennina alla — eða þó ekki væri nema meiri hluta þeirra — úr sínum eigin flokki. Hvað mundi verða sagt? Mundi hann ekki fá orð í eyra? og það með réttu. Mundi ekki verða bent á hlutdrægni hans? Mundi sú nefndarskipun þykja sanngjörn? — Svari þeir já, sem vilja; ég mundi telja hana rangláta, og það gjörðu fleiri. (Frh.).

Sig. Júl. Jóhannesson.

ATHUGASEMD.

Heldur þótti mér meðritstjóri Lögbergs, hr. Baldur Sveinsson, gerast stórorður út af skopmyndinni í Heimskringlu um daginn, að kalla hana mannorðs-morð. Mér virðist hún svipuð öðrum skopmyndum, sem þráfaldlega birtast í annara þjóða blöðum, og hugmyndin gæti liklega, eins og Hkr. tók fram, átt við í hvert skifti, sem stjórnarskiftí yrðu.

Herra meðritstjórinn telur fremur liklegt, að Hannes Hafstein hafi dregið myndina, en mér þykir það fremur óliklegt, en þó svo væri, þá er mér ómögulegt að álíta það svo voðalegt, að það taki því, að gera mikið veður út af því. Og sennilegt þykir mér mjög, að sá gangi við, sem myndina gerði, og get ekki séð, að hann sé neitt maður að minni fyrir hana.

Árásum meðritstjórans á H. Hafstein og hans flokk að öðru leyti ætla ég ekki að svara miklu, allra sízt þegar dr. Sig. Júl. Jóhannesson hefir tekið það að sér. Hann er fullkomlega einfær um það, og það skal hann hafa mína þökk fyrir að gera.

En smásmugulegt finst mér það hjá herra B.S., að hlaupa strax í að brigsla H. Hafstein um eyðslusemi á eigin fé, þó að hann sé pólitiskur mótstöðumaður hans. Og þó aldrei nema Hafstein og hans flokkur fyndi að fjáreyðslu núverandi stjórnar, þá yrðu þær aðfinslur seint meiri en samskonar aðfinslur hjá Ísafold og hennar liðum áður. Eða þá skammirnar í blöðum heimastjórnar flokksins. Eru þær meiri en áður var í Ísafold, er H. Hafstein var að völdum? En það skartar líklega á einum, sem skömm er á hinum.

Að reyna enn á ný að æsa Vestur-Íslendinga upp á móti H. Hafstein fyrir það, að hans flokkur hafi sýnt þeim litla virðingu, tel ég lítt viðeigandi nú. Og, satt að segja, hafði sá flokkur litla ástæðu til að bera hlýjan hug til Vestur-Íslendinga, eftir því sem opinberlega kom fram í fundarályktunum þeirra, þegar hitinn var mestur fyrir kosningarnar síðustu, og sem álíta varð að meiri hluti þeirra aðhyltist. Herra B. Sv. man víst, að þá voru ekki spöruð nöfnin Gissur Þorvaldsson, Mörður Valgarðsson og önnur illa þokkuð nöfn í sögu Íslands. Ég var annarar skoðunar þá, en fjöldinn virtist vera, og skammast mín ekki fyrir að segja, að ég er sömu skoðunar enn. Og ég tek undir með dr. Sig. Júl. Jóhannessyni, að þegar opinber framkoma þeirra Bjarnar Jónssonar og Hannesar Hafsteins verður síðar meir borin saman í sögu Íslands, þá vildi ég heldur vera Hannes Hafstein. Ég hefi þó aldrei farið neinum ókvæðisorðum um Björn Jónsson, og ætla mér aldrei að gera. Og ég hygg ennfremur, að þeir, sem verulega hafa kynst H. Hafstein, hljóti flestir að játa, ef satt skal segja, að þeir þekki hann helzt sem mjög mikinn hæfileikamann og góðan dreng, höfðingja í sýn og í lund, og að flestu leyti eitthvert hið mesta glæsimenni Íslands og einlægan ættjarðarvin.

Sigurður Magnússon.

Til sölu.

ágæt bújörð, 160 ekrur að stærð, 2½ mílu frá Mozart, 90 ekrur eru plægðar. 300 dollara timburhús, góð fjós fyrir 30 gripi, stórt korngeymsluhús, gott og mikið vatn í brunni, 4000 trjám plantað við byggingarnar, og girðing alt í kring um landið (2 virar).

Frekari upplýsingar fást hjá

TH. JÓNASSON.

P.O. Box 57 Wynyard, Sask.

✝

Valgerður A. Jóhannesson, Björnsdóttir.

Kveðið undir nafni Mrs. Halldóru Gunnlaugsson, dóttur hinnar látnu.

Langur var dagur
Ljós og skuggi
Fél á farinn veg.
Tók við að enduðum
Ævidegi
Hvildgjöfult næði — nótt.

Ævinnar lúi
Sér enga vissi
Sælu meiri en svefn —
Hvílast, aflýjast,
Hátta, sofa
Kraftar slitnir kusu.

Trúðir þú og treystir
Í trúnni eygðir
Sólris handan hafs,
Því til daglanda
Drottins horfði
Andans vakandi auga.

Hjálpfús varst þú
Og hjúkrandi,
Fátæk þó öll þín ár.
Varst af lipurð
Og liðsemd rík,
Hreinhjörtuð, haldinorð.

Eilifðar fjarlægð,
Eilifðar nákægð,
Beint frá hulinsheim,
Bar þér bergmál
Blíðrar ástraddar
Ástvina þér að eyrum.

Bentu þeir og biðu
Á blævum ströndum
Handan dauðadjúp —
Þeir, sem þú unnir,
Og unnu þér
Hreint og hræsnislaust.

Viðkvæmur, klökkur
Vakir hugur,
Lítur farna leið.
Skugga og skýrof,
Skúrir og ljósblik,
Telur gegnum tár.

Móðir mín góða!
Mætir þér og hlúir
Geisli guðsfriðar.
Bjart er þig kringum,
Blasir nú eilifðar
Sól við þinni sál!

Kr. Stefánsson.

Fréttabréf.

VÍÐIR P.O.
31. marz 1910.

Herra ritstjóri.

Það er ekki oft, að blaði yðar berast fréttir úr norðurhluta Bifröst sveitar, svo mér datt í hug, að senda þér fáar línur, en þær verða ekki fjölskrúðugar að efni, og eru margir hér færari um, að fræða lesendur blaðs þíns um ástand þessarar bygðar, en ég er.

Það eru nú 6 ár síðan fyrst var farið að taka lönd hér, sem nú er kölluð Víðir-bygð, og 5 ár síðan flutt var hingað búferlum. Hafa menn átt við ýmsa erfiðleika að stríða, svo sem vegleysi og samgönguleysi. Eru frá Víðir til Gimli 45 mílur, og er það langur vegur til járnbrautar. Svo var og fáment hér fyrst, aðeins 17 heimilisréttarlönd tekin árið 1907, og ekki búið nema á sumum þeitta. Þann 3. nóv. var pósthús sett hér í bygðina, sem hr. Jón Sigurðsson hefir veitt forstöðu síðan.

Þegar odda-löndin voru gefin upp fyrir heimilisréttarlönd, fór óðum að fjölga hér í bygðinni og eru nú tekin hér í grend við Víðir P.O. 48 lönd, og eins var tekinn fjöldi af löndum í Framnes og Árdalsbygðum, og stækkar vesturpartur sveitarinnar nú óðum.

Flest lönd, sem tekin eru hér í grend við pósthúsið, eru engjalönd, engjaflákar með víðirrunnum á milli, og smátoppum af espitrjám, en þeim flestum lélegum. Jarðvegur virðist vera hér all-góður og heygæði ágæt.

Jarðrækt er lítil hér í Víðir-bygð enn sem komið er, sem von er, — bæði er fólk hér fátækt, og svo voru svo miklar bleytur hér sumarið 1907 og vorið 1908, að til stór vandræða horfði. Urðu menn haustið 1907 að lóga fjölda af gripum sínum, og fóru þeir fyrir lítið verð. Keypti Albert Jónsson frá Winnipeg flesta gripi hér og gaf smátt fyrir, svo ekki þurfti Thyle Meat Co. að fara eins illúðlega á hausinn og það fór þess vegna. — Þetta sumar náðu menn mjög litlum heyjum, og þeim hálf-illa verkuðum og síðslegnum, mest af þeim slegið í september seint og október; og urðu bændur að kaupa fóðurbætir að miklum mun veturinn 1907—8, til að halda lífinu í þessum fáu kúm, sem eftir voru. Þetta var mikill hnekkir fyrir bygðina, þar sem bændur höfðu enga kornrækt sjálfir, en urðu að kaupa alt með afarverði.

Framfarir eru samt orðnar talsverðar hér í bygðinni, þrátt fyrir erfiðleikana, sem frumbyggendur þessarar bygðar hafa átt við að stríða. Húsaskipun er betri hér í bygðinni, en í mörgum öðrum nýbygðum; allir eða flestir búa hér í timburhúsum, og hafa menn orðið að kaupa allan við að. En nú í vetur tóku menn viðarleyfi, og er nú mylla að eins ókomin til að saga við þann, er feldur var; en sleðaferi fór helzt til snemma, svo sumir urðu of seinir að ná trjánum út úr skóginum, var hér auð jörð um 17. þ.m., og er slíkt óvanalegt hér um slóðir.

Sumarið 1907 og 1908 gröfu bvvð arbúar hér skurð, sem er um 4 mílur á lengd, til að taka af vatns flóð það, sem æddi hér yfir bygðina, og veitti fylkið til þessa skurðgraftar 500 dali og sveitin 100, en bændur, sem lönd áttu hér í bygðinni, gáfu vinnu sem svaraði 500 dala virði, svo alls kom skurðgröfturinn upp á 1100 dali.

Síðastliðið sumar var hér reist stórt og vandað skólahús, og fer þar nú fram kensla fyrir ungdómin. Talsverðar vegabætur er búið að gera hér, bæði með gjafavinnu og sveitarfé. En stærstu og mestu framfarirnar fyrir þessa bygð verður þó það, er járnbrautin kemur að Árborg, svo heitir hin fyrirhugaða járnbrautarstöð við Árdals pósthús, þá aukast samgöngurnar og hagir manna batna með altslag. Útlit er fyrir, að Árborg ætli strax að fá þorps-myndun, því þar er nú verið að drifa upp allmargar byggingar, og fleiri fyrirhugaðar. Hefir herra Sigurjón Sigurðsson, sem lengi var verzlunarþjónn á Hnausum hjá hr. Stephani Sigurðssyni, og mönnum hér að góðu kunnur, þegar látið byggja stórt og vandað verzlunarhús á Árborg og rekur þar nú mikla verzlun, og hugsa menn gott til að verzla við herra S. Sigurðsson, því hann er mesta lipurmenni og vel kyntur. Í smíðum eru nú tvær verzlunarbúðir og lyfjabúð, greiðasöluhús þegar bygt og tekið til starfa.

Járnbrautin að eins ókomin, og eftir að stálleggja um 3 mílur að Árborg. Hlakka menn til þess dags, sem járnbrautarlestir fara að renna milli Árborgar og Winnipeg.

Félagsskapur er ekki mikill hér í Víðirbygð. Allir eldri bændur í þessari bygð eru þó í Bændafélaginu, "The North Star Cream Co." og láta menn rjóma sinn þangað á sumrin, og hefir gefist all-vel, og er vonandi, að félagið færist í aukana, þegar járnbrautin kemur.

Lestrarfélag var stofnað hér 6. marz 1909, og urðu stofnendur 12, en eru nú 17, og í lok reikningsárs félagsins 6. þ.m. voru eignir þess í bókum og fleiru $52.00.

Lúterskur kirkjusöfnuður er í Árdals og Framnes bygðum, og sömuleiðis tvö kvenfélög og tvö lestrarfélög.

Heilsufar manna hér í bygð má heita all-gott.

Þann 30. maí sl. andaðist að heimili þeirra Mr. og Mrs. Andrésar Reykdal í Winnipeg Kristín Jónsdóttir, kona hr. Jóns Sigurðssonar, póstafgreiðslumanns að Víðir P.O., eftir langvarandi og mikla þjáningar. Mristín sál. var ættuð úr Laxárdal í Þingeyjarsýslu. Hún var góð kona og ástrík móðir, stilt og vel greind og skemtileg í viðræðum, og vel látin af öllum, er hana þektu. Hún bar hinar miklu þjáningar með einstakri stillingu og þolinmæði. Hennar er sárt saknað úr þessari bygð, bæði af vinum og vandamönnum. Blessuð sé minning hennar.

Um 20. okt. sl. gengu í hjónaband þau herra Björn Sigvaldason héðan úr bygð og ungfrú Lára G. Johnson, frá Pennock P.O. í Saskatchewan. Hjónavígslan fór fram í Winnipeg. Frá Winnipeg komu svo brúðhjónin hingað, ásamt tengdamóður brúðgumans, Mrs. Johnson, og var bygðarbúum haldið samsæti í húsi Mr. og Mrs. J. Sigvaldasonar. Skemtu menn sér þar hið bezta við ræður og söng og leiki og fleira langt fram á nótt, ásamt rausnarlegum veitingum frá húsbændunum. Og fóru menn glaðir og ánægðir heim til sín, og votta bygðarbúar brúðhjónunum og Mr. og Mrs. J. Sigvaldason sitt innilegasta þakklæti fyrir góða skemtun og ágætar viðtökur.

Um stjórnmál er hér lítið talað um þessar mundir. Þó skal þess getið, að herra Jóhann Sólmundsson, Únítaraprestur frá Gimli, kom hingað fyrir skömmu, og kvaðst mundi bjóða sig fram við næstu fylkiskosningar, sem "Labour-Liberal", en litla trú held ég menn hér hafi á honum sem góðu þingmannsefni.

Um rifrildi kirkjufélagsins lúterska segir enginn neitt, enda ekki þess virði að tala um það.

Ágúst Einarsson.

JÓN JÓNSSON, járnsmiður, að 790 Notre Dame Ave. (horni Toronto St.) gerir við alls konar katla, könnur, potta og pönnur fyrir konur, og brýnir hnífa og skerpir sagir fyrir karlmenn. — Alt vel af hendi leyst fyrir litla borgun.

Dánarfregn.

Fyrir skömmu var í Winnipeg-blöðunum íslenzku getið láts konunnar SIGURBJARGAR NORDAL, er lézt í West Selkirk 15. marz sl. Skal hér með getið helztu æfiatriða hennar.

Sigurbjörg heitin var fædd að Kringlu í Þingi í Húnavatnssýslu árið 1860. Foreldrar hennar voru: Björn bóndi Ólafsson á Kringlu — bróðurson Björns heitins Ólsens umboðsmanns á Þingeyrum — og kona hans Vilborg Jónsdóttir, sem enn er á lífi, hátt komin á nírædisaldur. Sigurbjörg ólst upp með foreldrum sínum, þar til faðir hennar dó, og síðan með móður sinni, til þess hún 23 ára að aldri giftist eftirlifandi manni sínum Sigvalda Guðmundssyni Nordal, sem nú býr í West Selkirk.

Þau hjón hafa eignast 10 börn, af hverjum aðeins 5 eru á lífi, og eru þessi: Steinunn, gift, býr í Selkirk; Ágúst, giftur, býr einnig í Selkirk; hin þrjú eru heima hjá föður sínum, hið yngsta 13 ára; nöfn þeirra eru: Jónas, Guðrún Sigríður og Valdína.

Til Ameríku fluttust þau hjón árið 1887, settust að í Selkirk, og hafa búið þar síðan. Voru þau — sem fleiri — félaus, er þau komu til þessa lands, en eru nú, fyrir samvalda ráðdeild og atorku, komin í góðar kringumstæður, enda þó þau hafi ekkert tilsparað til að menta börn sín og uppala þau að öllu vel og heiðarlega.

Systkini Sigurbjargar sál., sem komust til aldurs, voru þrjú, en sem öll eru dáin á undan henni. Þau voru: Teitur, bóndi á Kringlu; Guðrún, giftist Erlendi Gunnarssyni á Sturlureykjum í Lundareykjadal, og Ingibjörg, fyrri kona Björns J. Lindal, nú í Winnipeg. — Gamla konan, móðir Sigurbjargar sál., ellimóð og armædd, hjarir þannig ein eftir af allri sinni fjölskyldu og mörgu systkinum.

Sigurbjörg heitin var skörungur mesti, mjög myndarleg að reynd og sjón, starfs- og þrek-kona mikil og fórst hússtjórn öll sérlega vel úr hendi. Hún var hispurslaus, hreinskilin og djörf, og hjálparfús við alla þá, er hún vissi bágstadda Félagslynd var hún og unni öllum sönnum framförum, enda var hún ætíð með þeim fremstu í kirkju- og safnaðar-málum bæjarins. Forseti hins íslenzka kvenfélags í Selkirk var hún lengi, og í því embætti var hún þegar hún dó. Yfir höfuð mátti telja hana mjög nýtan meðlim mannfélagsins, er því stór skaði að fráfalli hennar, enda er hún sárt treguð, ekki einungis af manni hennar, börnum og vanda fólki, heldur einnig af hinum fjölmörgu kunnmönnum hennar og vinum, sem blessa minning hennar meðan þeim endist aldur.

TIL EKKILSINS S.G.NORDAL.

Enn er vorðið skarð fyrir skildi
skyndilega í þínum rann,
örlaga í harðri hildi
höggstað aftur nornin fann,
þitt sem forðum hjarta hreldi,
hugljúfa þá niðjann feldi.

Ýfast fornu sorgarsárin,
særð að nýju þjakast lund,
aftur bitri banaljárinn
blóðuga þér vakti und,
hrifinn burt er svanninn svinni
sviplega úr návist þinni.

Hún er nú til hvildar gengin,
horfin gjörvöll mæðusköp,
eilif ró og friður fenginn
faðmi verum drottins í,
þars í sambúð sælla anda
sorgir engar megna granda.

Þið hafið lengi lifs á vegi
leiðst, og jafnt í sæld og þraut
hitann borið, æðrast eigi
örðug títt þó reyndist braut;
verðugan því heiður hlotið,
hylli guðs og manna notið.

Hún sér matti arð og yndi
aumstaddra að bæta kjör,
fölskvalaus og frjáls í lyndi,
framtakssöm og hjálpar ör,
félagsskap af alhug unni,
elídi hann sem framast kunni.

Skeiðið er til enda runnið,
æfi þar með lokin raun;
dáðríkt eftir dagsverk unnið
dygðarinnar fögru laun
vitum þau hún hlotið hefur,
herrann trúum þjón sem gefur.

Hér þótt unaðs halli degi,
hvass og finnist mótbyrinn,
vonarljós á lífsins vegi
lýsi þér æ vinur minn.
þar til aftur færðu finna
frelsta hópinn vina þinna.

S. J. JÓHANNESSON.

Minnisvarðar

úr málmi, sem nefndur er "White Bronze", eru fallegustu, varanlegustu og um leið ódýrustu minnisvarðar, sem nú þekkjast. Þeir eru óbrjótanlegir, ryðga ekki og geta aldrei orðið mosavaxnir, eins og steinar; ekki heldur hefir frost nein áhrif á þá. Þeir eru bókstaflega óbilandi og miklu fegurri en hægt er að gera minnisvarða úr steini (Marmara eða Granit). Alt letur er upphleypt, sem aldrei máist eða aflagast. Þeir eru jafn dýrir, hvort sem þeir eru óletraðir eða alsettir letri, nefnilega þ alt letur, og myndir og merki, sem óskað er eftir, er sett á fritt. — Kosta frá fáeinum dollurum upp til þúsunda. Fleiri hundruð tegundir og mismunandi stærðir úr að velja.

Þessir minnisvarðar eru búnir til af THE MONUMENTAL BRONZE CO., Bridgeport, Conn. Þeir, sem vilja fá nákvæmar upplýsingar um þessa ágætu minnisvarða, skrifi til undirritaðs, sem er umboðsmaður fyrir nefnt félag.

Thor. Bjarnarson,
BOX 304
Pembina - - N. Dak.

"Andvökur"

LJÓÐMÆLI EFTIR

Stephan G. Stephansson

Kosta, í 3 bindum, $3.50, í skrautbandi.

Tvö fyrri bindin eru komin út, og verða til sölu hjá umboðsmönnum útgefendanna í öllum íslenzkum bygðum í Ameríku.

Í Winnipeg verða ljóðmælin til sölu, sem hér segir:

Hjá Eggert Jóhannssyni, 689 Agnes St., EFTIR KL. 6 AÐ KVELDI.

Hjá Stefáni Péturssyni, AÐ DEGINUM, frá kl. 8 f.h. til kl. 6 að kveldi, á prentstofu Heimskringlu.

Hjá H. S. Bardal, bóksala, Nena St.

Jóhanna Olson
PIANO KENNARI
557 Toronto St. Winnipeg

The **Farmer's Trading Co.**
(BLACK & BOLE)

HAFA EINUNGIS BESTU VÖRUTEGUNDIR.

Einu umboðsmenn fyrir:—
"SLATER" Skóna góðu.
"FIT-RITE" Fatnaðinn.
"H. B. K." prjónafélagið.
"HELENA" pils og 'waist' kvenfatnaði.
Bestu matvörutegundir.
" DEERING " akuryrkju verkfæri o, s. frv.

Beztu vörur Lágt verð

Fljót og nákvæm afgreiðsla.

Farmer's Trading Co.,
THE QUALITY STORE
Wynyard, Sask.

Sherwin-Williams PAINT
fyrir alskonar húsmálningu.

Prýðingar-tími nálgast nú. Dálítið af Sherwin-Williams húsmáli getur prýtt húsið yðar utan og innan. — Brúkið ekker annað mál en þetta. — S.-W. húsmálið málar mest, endist lengur, og er áferðarfegurra en nokkurt annað hús mál sem búið er til. — Komið inn og skoðið litarspjaldið. —

Cameron & Carscadden
QUALITY HARDWARE
Wynyard, -- Sask.

Yfirburða Vottur um

HEINTZMAN & CO. PIANO

sýnir sig í ýmsum atriðum.— Það er engin fals-lýsing, að þetta hljóðfæri sé langt yfir öllum öðrum í tónfegurð og smíða ágæti. —

Frægustu söng- og tónfræðingar sem ferðast um Canada —fólk með yfirburða þekkingu —velja allir þetta Píano.

Ending þess og vaxandi tónfegurð með aldri hljóðfæranna, hefir komið öllum leiðandi söngkenslustofnunum til þess að nota þessi Piano.

En bezt af öllum sönnunum er vitnisburður þeirra mörgu þúsunda Canada manna og kvenna sem eiga og nota þessi fögru hljóðfæri, og hafa daglega ánægju af þeim.

Vér tökum gömul PIANO í skiftum fyrir ný. —

J. J. H. McLean & Co LIMITED

528 Main St. — Phone 808

Og í Brandon og Portage La Prairie

Fréttir úr bœnum.

Safnaðarfundur í Tjaldbúðinni, til að ræða um áríðandi málefni, verður haldinn í fundarsal kirkjunnar kl. 8 á föstudagskveldið í þessari viku, 15. þ.m. Áríðandi, að allir safnaðarlimir sæki fundinn.

Fulltrúanefndin

Gunnlaugur Árnason og Þorsteinn Gíslason, frá Brown P.O., voru hér í bænum í sl. viku. Einnig kom hingað úr kynnisferð til Kyrrahafs herra Árni Sigfússon, frá Brown P.O. Hann hefði fundið landa í flestum bygðum þeirra á Kyrrahafsströndinni, og einnig í Red Deer nýlendunni á austurleið. Vel leizt Árna á landslagið og útsýnið vestra, og líðan landa yfirleitt. Veturinn sem leið var sá lakasti, er komið hefir á ströndinni í sl. 8 ár. Næg atvinna þar vestra og kaupgjald hátt, en mest fjör í viðskiftalífinu í Seattle og Vancouver. — Árni biður Heimskringlu að kæra Íslendingum á ströndinni og í Alberta nýlendunni alúðarþakkir sínar fyrir góðar viðtökur.

Leiðréttingar biðst á því, að þeir $4.00 í ekkjusjóðinn, sem auglýst var í fyrra blaði að væru frá Mr. og Mrs. Eymundsson, Markerville, Alta., — átti að vera: Mrs. C. Christinsson $3.00 og Mrs. Eymundsson $1.00.

Herra Guðmundur Bergþórsson, járnsmiður, og kona hans, sem um sl. tvö ár hafa dvalið í Blaine, Wash., komu hingað alkomin til barna sinna á þriðjudaginn var. — Samtímis þeim kom og að vestan Mrs. Veronika Kristjánsson, og einnig herra Magnús Hólm, með fjölskyldu sína alla. Herra Hólm sezt að á Dvergasteini við Gimli bæ.

Í samskotalistanum frá Antler í síðasta blaði er sagt að G. Davíðsson hafi gefið í ekkjusjóðinn $61.00, átti að vera $1.00. Einnig er pósthús herra Alberts Guðmundssonar talið Antler, en átti að vera Ewart P.O.

Leikfélag Goodtemplara leikur "Æfintýr á gönguför" á mánudags og þriðjudagskveld í næstu viku, í Goodtemplarahúsinu. (Sjá auglýsingu á öðrum stað í blaðinu). — Þessi sjónleikur hefir ætíð verið uppáhaldsleikur fólksins, og má því vænta, að þar verði húsfyllir bæði kveldin. Allur útbúnaður hefir verið vandaður, og tjöldin, sem herra Friðrik Sveinsson hefir nýmálað sérstaklega fyrir þennan leik, eru talin hreinasta meistaraverk. Þeir, sem leika þennan leik, hafa haft stöðugar æfingar um 2. mánaða tíma, og með því að fæstir, sem nú leika, hafa haft talsverða leikæfingu á liðnum árum, getur fólkið vænst góðrar skemtunar, og ætti því þessi skemtun að verða vel sótt.

Herra Jóhannes Einarsson, kaupmaður að Lögberg, Sask., var hér á ferð í sl. viku, að selja svínahjörð, sem hann flutti til bæjarins. Þau seldust fyrir 10¼c pd. á fæti.

Talsíma-númeri Gunnlaugs Jóhannssonar, 800 Victor St., hefir nýskeð verið breytt. Nýja símanúmerið er 9651. Þetta eru Goodtemplarar sérstaklega beðnir að athuga.

Vér viljum vekja athygli á auglýsingu um Tombólu, sem stúkan ÍSLAND ætlar að hafa í Únítarasalnum fimtudagskveldið í næstu viku þann 21. þ.m. (ekki 14.). Góðum dráttum lofað og skemtun á eftir Tombólunni. — Einnig eru meðlimir stúkunnar beðnir að láta ekki bregðast að sækja næsta fund.

Ungmenni fermd í Tjaldbúðarkirkju 10. apríl 1910:

1. Anna Kristjana Halldórsdóttir Þorgeirsson.
2. Anna Sigríður Magnúsdóttir Þorgilsson.
3. Guðlaug Guðlaugsdóttir Egilsson.
4. Guðrún Auðunnsdóttir Arngrímsson.
5. Hildur Lilja PétursdóttirThomson.
6. Ingveldur Lárenzína Finnbogabogadóttir Þorkelsson.
7. Kristín Aradóttir Fjeldsted.
8. Jónína Þuríður Sigurjónsdóttir Snædal.
9. Valdína Theódóra Guðlaugsdóttir Egilsson.
10. Þórdís Lovísa Nikulásdóttir Ossursson.
11. Eggert Magnússon Eggertsson.
12. Gústaf Jóhannesson Gottfred.
13. Jóel Björnsson Pétursson.
14. Jón Finnbogason Thorkelsson.
15. Kristmann Ágúst Bjarnason Davíðsson.
16. Kristbergur Stefánsson Baldvinsson.
17. Magnús Vigfússon Þorvaldsson.
18. Oscar Pálsson Sigurðsson.
19. Pétur Ívarsson Jónasson.
20. Sveinn Guðmundsson Sveinsson

Takið eftir!

Vegna forfalla getur hr. Baldur Sveinsson ekki flutt fyrirlestur sinn "Um verzlunareinokunina á Íslandi" á Menningarfélagsfundi í kveld (miðvikudag), eins og auglýst var í síðasta blaði. Í stað hans flytur séra Guðm. Árnason fyrirlestur um "Kvonfang og hag konunnar að fornu og nýju". Allir velkomnir. Fjölmennið og komið í tíma.

Til bænda.

Sérstakt athygli veitt pöntunum fyrir Carloads af heyi, höfrum og kartöflum. Öll bændavara tekin til sölu, ef óskað er, fyrir 10 prósent sölulaun. Pantanir afgreiddar fljótt og skilvíslega.

GOODMAN & WILTON

(Albert J. Goodman og H. G. Wilton)

GRAIN AND PRODUCE MERCHANTS

94 KING ST.

Tals.: Main 9646. Nætur-tals.: Ft. R. 147

Dr. G. J. Gíslason,

Physician and Surgeon

18 South 3rd Str., Grand Forks, N.Dak

Athygli veitt AUGNA, EYRNA og KVERKA SJÚKDÓMUM. ASAMT INNVORTIS SJÚKDÓMUM og UPPSKURÐI. —

Herra J. R. Johnson, að Narrows P.O., hefir safnað þar í bygð og sent Almenna spítalanum hér í bænum (dags. 12. þ.m.) $31.00, sem er frá eftirtöldum gefendum:

Björn H. Helgason, $5.00; J. R. Johnson, $2.75; Helgi Einarsson, $2.00; John J. Wilson, $2.00; Davið Gíslason, Sigurgeir Pétursson, Oli Olson, Bjarni Helgason, J. H. Helgason, Guðjón Erlendsson, Benedikt Jónsson, A. M. Freeman, Ármann Guðmundsson, Benedikt Jónsson, Geirfinnur Pétursson, Gústav Kernested, Karl Kernested, Árni Jónsson og Gísli Jónsson, $1.00 hver; Hilda Johnson, Haraldur Sigurðsson, Kristín Goodman, Kjartan Goodman, Vilhelm Kernested, Sigurður Baldvinsson, Björn Hallson, Hallur Jónsson, 50c hvert; Guðmundur Kjartansson, 25c. Samtals $31.00

I.O.G.T.

Næsti fundur stúkunnar Heklu verður haldinn í neðri sal Goodtemplarahússins. Þetta eru meðlimir vinsamlega beðnir að taka til greina.

Til skýringar.

Herra ritstj. Heimskringlu.

Í öndverðum október sl. tókst ég á hendur, samkvæmt bón góðkunnra og góðra vinkona, Mrs. J. Halldórsson og Mrs. J. Thordarson, að gangast fyrir samskotum handa Marju Magnúsdóttur og börnum hennar, til heimilis á þaravöllum á Akranesi í Borgarfjarðarsýslu á Íslandi, — til þess, samkvæmt hennar eigin ósk, að hún með börnum sínum gæti flutt til Canada til gamalla kunningja hér.

Eftir því sem mál þetta var mér ljósast, var ekkja þessi varnar og umkomulaus, líðandi með 4 börnum af hungri og nekt. Áleit ég því, að hér væri að vinna fyrir gott málefni, og lofaði og lagði við drengskap minn, að koma máli þessu í fulla framkvæmd á einn eða annan hátt. Gerði ég því ráðstafanir til þess, að almennur fundur yrði haldinn í bygðinni, til að byrja með, og eftir að hafa séð árangur þann, sem hann hafði, áleit ég heppilegast, að vekja athygli almennings á því í gegnum blaðið Heimskringlu hvernig alt stóð. Árangurinn af því er nú almenningi kunnur, og er ég því ekki einungis blaðinu og ritstjóra þess þakklátur, heldur einnig öllum þeim, sem með stakri mannúð og örlæti hafa myndað hjálparsjóð þessarar fátæku ekkju, og með því sýnt trú sína á því kristilega spakmæli: — "það, sem þér gerið einum af mínum minstu bræðrum, þ a ð g e r i ð þ é r m é r".

Með hjartans þökk fyrir góðsemd og örlæti, fyrir hönd vina og aðstandenda neíndrar ekkju, rita ég nafn mitt og heimilisfang.

Staddur í W'peg 8. apríl 1910.

Albert Guðmundsson,
Ewart, Man.

Hinn ágæti sjónleikur

Æfintýr á Gönguför

sýndur á Goodtemplara húsinu

18. og 19 apríl

MÁNUDAGINN og ÞRIÐJUDAGINN Í NÆSTU VIKU

Aðgöngumiðar: 50c, 35c og 25c

Átta fyrstu raðir niðri næst leiksviðinu kosta 50c sætið og í gallarii upp móti leiksviðinu. Þessar sætaraðir eru merktar með stöfum: A, B, C, o.s.frv., og aðgöngumiðar að þeim á sama hátt. — Til hliðar niðri og fyrir aftan þær raðir kosta sætin 35c, og til hliðar uppi 25c; þau sæti ekki merkt.

Aðgöngumiðar eru til sölu í bókabúð H. S. Bardals á Nena St. og hjá Árna Kristjánssyni, aldinasala á Sargent Ave.

Tjöldin eru ný, máluð af Friðrik Sveinssyni, og eru listaverk. Útbúnaður allur hinn vandaðasti. — Lofað góðri skemtan.

Johnson's Orchestra skemtir milli þátta.

Leikurinn byrjar á slaginu kl. 8 e. h.

Bréf eiga að Hkr.: —
Bertha Stephanson.
S. K. Ólafur Johnson.
Mrs. O. T. Anderson
Loftur Guðmundsson.

Tvö hin síðasttöldu Íslandsbréf.

Íslendingar í Gimli bæ minnist þess, að herra Elis G. Thomsen er maðurinn, sem gerir allskonar utan- og innan-húss málningu fljótt og vel. Einnig pappírsleggur hann hús og gerir "Kalsomining".

Númer 21. af þessa árs Heimskringlu verður keypt hér á skrifstofunni. Sex eintök óskast.

Tombóla

Stúkan Ísland hefir Tombólu í Únítarasalnum á fimtuagskveldið í næstu viku, þann

21. apríl,

(en ekki 14. apríl eins og á aðgöngumiðunum stendur). Margir ágætir drættir á boðstólum. — Á eftir Tombólunni verður fólki gefinn kostur á, að skemta sér.

Allir vinir bindindismálsins eru beðnir að hafa hugfast að koma og gleðja stúkuna með nærveru sinni.

Aðgangur og dráttur 25c

Sléttan mikla.

Fyrir nokkrum mánuðum lofaði herra C. Eymundsson í Innisfail, Alta., að fræða lesendur Heimskringlu á því, hvernig þeim Íslendingum líðist á Grand Prairie héraðið í Alberta, 220 mílur norður af Edmonton, sem þangað fóru í landskoðunarferð á sl. hausti.

Einn þessara skoðunarmanna var herra G. H. Olson í Blaine, Wash. Hann ritar hr. Eymundssyni, dags. 1. apríl 1910, á þessa leið:

"..... það verulegasta, sem ég get sagt þér, sem afleiðing af ferð minni til Grand Prairie og athugan landsins þar er, að mér leist vel á landið, og hefi ég því ákveðið, að flytja þangað á næsta hausti, að öllu forfallalausu, og svo ætla félagar mínir einnig að gera. Við ætlum okkur að vera komnir til Edmonton í ágústmánuði næstkomandi".

Heimskringlu hefir og verið sendur uppdráttur af parti af útmældu bæjarstæði í Prairie City þar á sléttunni miklu. Lóðirnar kosta nú í upphafi frá $50.00 til $100.00, og borgist nokkur hluti andvirðisins út í hönd, en afgangurinn á 6 og 12 mánuðum. En ekki ræður hr. Eymundsson Íslendingum til að kaupa þær lóðir að svo stöddu.

Spurning:

Eru "plasterers" eða vegglímsleggjarar smiðir, eða ef þeir eru það ekki, hvað eru þeir þá?

Borgari

SVAR: — Þeir eru s m i ð i r. "Plasterers" vinnan er handverk (Skilled Labour). Þeir taka sandinn og hárið, brenna kalkið og með vatni blanda saman frumefnunum, þar til þeir hafa framleitt hæfilegt smíðaefni. Úr efni þessu gera þeir húsveggi, skreytta með listum, myndum og rósum. Sú atvinna verður ekki neind annað en smíði, og þess vegna eru "plasterers" jafnan taldir í smiðatölu hér í landi. Enda eru húsin ekki talin fullsmíðuð fyrr en þeir eru búnir að bæta sinni smíðavinnu við það, sem timbur og steinsmiðir hafa áður lagt til þess. Ritstj.

Sveinbjörn Árnason

Fasteignasali

Selur hús og lóðir, eldsábyrgðir, og lánar peninga. Skrifstofa: 12 Bank of Hamilton.

TALSÍMI 5122. HÚS-TALS. 8695

TIL SÖLU:

160 ekrur af bezta landi, stutt frá járnbrautarstöð. Fyrsti maður með $7 00 fær hér góð kaup. — Finnið

Skúli Hansson & Co.

47 Aikens' Bldg.

Talsími. Main 6476 P. O. Box 833

ÞAÐAN SEM KARLA KOMA BEZTU SKÓR FRÁ

Menn segjast fá beztu skó hér,— það virðist vera einhuga álit. Það ætti svo að vera, því vér kaupum þá beztu skó í öllum tegundum, — það bezta, sem vér þekkjum, það bezta, sem búið er til.

Verðið er frá

$3.00—$8.00.

Skóm vorum er nú raðað fram til aðdáunar og sölu.

Ryan-Devlin Shoe Co

494 MAIN ST. PHONE 770.

Fyrirspurn.

Ég verzlaði við North Star Creamery félagið í Árdal með nokkur hundruð pund af smjöri, og borgaði starfskostnað, sem nam 6c, og ½c fékk ég minna fyrir pd. en hluthafar, og svo aftur ½c, sem þeir lögðu í varasjóð. Hafði neindin lagalegan rétt til að taka þetta hálfa cent og setja í varasjóð, af þeim manni, sem er ekki félagslimur?

Fáfróður.

SVAR. — Lögmaður staðhæfir, að neindin hafi rétt til þess.

Ritstj.

Vantar strax!

stúlkur til að sauma skyrtur og yfirbuxur, einnig stúlkur til að læra skyrtu og yfirbuxna saum. Stöðug atvinna. — Finnið

NORTHERN SHIRT CO.

148 PRINCESS STREET.

C. O. F.

Court VÍNLAND, nr. 1146, C.O.F., heldur fund kl. 8 á fimtudagskveldið 14. þ.m. í Goodtemplarasalnum. Félagsmenn eru mintir á að sækja fundinn. K.S.

Jörð til leigu

í Árnesbygð í Nýja Íslandi. Landið alt virgirt. Tíu ekrur ræktaðar. Gott hús, o.s.frv. Umboðsmaður er Gísli Jónsson, kaupmaður, Árnes, Man.

KENNARA VANTAR

við Hálandskóla No. 1227, um sex mánaða tímabil, byrjar með maí. Skólafrí ágústmánuð. Umsækjendur tilgreini kauphæð og mentastig og æfing í kenslustörfum. Sendið tilboð fyrir 22. apríl 1910 til

S. EYJÓLFSSON,
14-4 Hove P.O., Man.

KENNARA KÖLLUN

fyrir Skeipni skóla no. 2288. Byrjar 1. maí og endist í 6 mánuði.

Kennari geri grein fyrir mentastigi sínu og tilgreini mánaðar, kaup.

Utanáskrift: —

S. J. EIRÍKSSON,
Box 8, Wynyard, Sask.

DR. H. R. ROSS

C.P.R. meðala- og skurðlækuir. Sjúkdómum kvenna og barna veitt sérstök umönnun.

WYNYARD, — SASK.

Dr. M. Hjaltason, Oak Point, Man.

Anderson & Garland,

LÖGFRÆÐINGAR

35 Merchants Bank Building

PHONE: MAIN 1561.

MARTYN F. SMITH,

TANNLÆKNIR.

Fairbairn Blk. Cor Main & Selkirk

Sérfræðingur í Gullfyllingu og öllum aðgerðum og tilbún aði Tanna. Tennur dregnar án sársauka. Engin veiki á eftir eða gómbólga. —

Stofan opin kl. 7 til 9 á kveldin

Office Phone 6944. Heimilis Phone 6462.

Þarft þú ekki að fá þér ný föt?

EF ÞAU KOMA FRÁ CLEMENT'S, — ÞÁ VERÐA ÞAU RÉTT

Réttur að efni, réttur í sniði réttur í áferð og réttur í verði.

Vér höfum miklar byrgðir af fegurstu og b e z t u fataefnum. —

Geo. Clements & Son

Stofnað árið 1874

264 Portage Ave. Rétt hjá FreePress

Th. JOHNSON

JEWELER

286 Main St. Talsími: 6606

JOHN ERZINGER

TOBAKS-KAUPMAÐUR.

Erzinger's skorið reyktóbak $1.00 pundið Hér fást allar neftóbaks-tegundir. Óska eftir bréflegum pöntunum.

McINTYRE BLK., Main St., Winnipeg

Heilsuæla og sundæla.

G. NARDONE

Verslar með matvöru, aldini, sæl-kökur, allskonar sætindi, mjólk og rjóma, sömul. tóbak og vindla. Óskar viðskifta Íslend. Heitt kaffi eða te á öllum tímum. Fón 7796

714 MARYLAND ST.

Boyd's Brauð

?rauð vor ættu að vera á borðum yðar daglega. Gerð úr beztu tegund hveitis, og búin til í hreinu nýtízku bakarii. Biðjið matsalann yðar um þau eða símið oss, og vér sendum þau heim í hús yðar.

Boyd's

Bakery Cor. Spence & Portage Ave

Phone 1080.

Winnipeg Wardrobe Co.

Kaupa brúkaðan Karla og Kvenna fatnað,—og borga vel fyrir hann.

Phone, Main 6539 597 Notre Dame Ave.

BILDFELL & PAULSON

Union Bank 5th Floor, No. 520

selja hús og lóðir og annast þar að lútandi störf; útvegar peningalán o. fl.

Tel.: 2685

Jónas Pálsson,

SÖNGFRÆÐINGUR,

Útvegar vönduð og ódýr hljóðfæri

460 Victor St. Talsími 6803.

J. L. M. THOMSON, M.A., L.L.B.

LÖGFRÆÐINGUR. 255½ Portage Ave.

BONNAR, TRUEMAN & THORNBURN,

LÖGFRÆÐINGAR.

Suite 5-7 Nanton Blk. Tals. 766

Winnipeg, Man. P.O.BOX 223

Húðir og ógörfuð Loðskinn

Verzlun vor er vor bezta auglýsing. Sendið oss húðir yðar og loðskinn og gerist stöðugir viðskiftamenn.

Skrifið eftir verðlista.

The Lightcap Hide & Fur Co., Limited

P.O.Box 1092 172-176 King St Winnipeg

15-9-10

W. R. FOWLER A. PIERCY.

Royal Optical Co.

307 Portage Ave. Talsími 7286.

Allar nútíðar aðferðir eru notaðar við augn-skoðun hjá þeim, þar með hin nýja aðferð, Skugga-skoðun, sem gjörey öllum ágiskunum. —

It's going UP.

Þú getur ekki búist við

að það geri annað en eyðast í reyk. Því ekki að fá nokkur tons af okkar ágætu kolum, og hafa ánægjuna af, að njóta hitans af þeim, þegar vetrarkuldarnir koma. Komið til vor og neinið þetta bl.

D. E. ADAMS COAL CO.

YARDS Í NORÐUR, SUÐUR, AUSTUR OG VESTURBÆNUM

Aðal Skrifst.: 224 BANNATYNE AVE.

Heimskringla.

XXIV. ÁR | WINNIPEG, MANITOBA, FIMTUDAGINN, 21 APRÍL 1910 | NR. 29

Fregnsafn.

Markverðustu viðburðir hvaðanæfa

— Kolanáma verkfallið í Pennsylvaníu hefir verið leitt til lykta. Fjörutíu og fimm þúsund kolanámamenn tóku þátt í því. Þeir hafa nú fengið loforð um þá kauphækkun, sem þeir láta sér nægja að svo stöddu.

— Eldur í New Haven, Conn., þann 12. þ.m., varð 6 slökkviliðsmönnum að bana og margir aðrir skaðbrendust. Eldurinn kom upp í fangahúsi borgarinnar og skemdist það mjög mikið. Einnig brann til ösku stálgerðar verksmiðja, sem var áfast við fangelsið. Í fangahúsinu voru 380 fangar, og var þeim öllum haldið í klefum sínum, þar til eldurinn hafði læst sig svo um húsið, að engum var þar líft, þá var þeim hleypt út, og þeir fluttir á annan stað. Eignatjón talið 115 þús. dollarar.

— Fréttir frá Fort Chippewa í norður Alberta segja, að Indíánar þar hafi búið við mesta hungur og harðæri á sl. vetri, og að yfir 60 manns hafi í vetur dáið þar úr hungri og harðrétti. Margir þeirra hafa dregið fram lífið með því, að éta musk-rottur. Á öðrum stað, sem nefndur er Fond du Lac, er sagt að yfir 30 manns hafi látist af harðrétti. Mjöl þar í grend er nú 15 dollara sekkurinn, og svo lítið af því, að ekki nægir þörfum íbúanna. Jafnvel úlfar eru svo af fram komnir af hungri, að þeir æða um bygðir manna og hafa jafnvel ráðist á menn, en þó engum grandað. Þetta eymdarástand er sagt að orsakist af leti fiskimanna, sem ekki hafa nent að sækja svo langt að heiman, að þeir kæmust á beztu fiskimiðin.

— Rússar eru á ný teknir að ofsækja Gyðinga þar í landi, og flæma þá algerlega burt úr landinu. Sagt er, að 1600 fjölskyldur hafi verið reknar út úr Bockharaborg, og eru þær á vergangi um landið. Þetta sama viðgengst í ýmsum héruðum öðrum, þar sem "guðs útvaldir" eru samansafnaðir, — að lögreglan og herliðið leggjast á eitt, að sundurdreifa þeim og að flæma þá algerlega út úr ríkinu allslausa.

— Íbúatala Montreal borgar er nú orðin 530 þús., og í umhverfum borgarinnar eru 62 þús. Fólkstalan alls, sem má teljast í Montreal, er því nálega 600 þúsundir.

— Cunard gufuskipafélagið auglýsir, að síðasta árs starf sitt hafi borgað sig svo illa, að það geti ekki borgað hluthöfunum neina vexti af hlutum þeirra í félaginu.

— Lagafrumvarp hefir lengi verið fyrir Ottawa þinginu um, að takmarka veðmál hér í Canada. Það var rætt í þinginu sjálfu í fulla tvo daga samfleytt. Flestum ræðumönnum kom saman um, að brýna nauðsyn bæri til að ráða bót á þessu, en svo fór þó samt, að frumvarpið féll, — að svo stöddu.

— Sáning nú almenn í Vestur-Canada. Hún byrjaði 6 vikum fyrr en vanalegt er.

— Innflutningur Bandaríkjamanna til Vestur-Canada er á þessu vori óvanalega mikill.

— Nefnd sú, sem ræður yfir styrkveitingum Dr. Rhodes til háskólanemenda til að fullkomna nám sitt við Oxford háskólann á Englandi, — hefir ákvarðað, að þeir, sem sendir eru frá Canada, verði að vera Canada-menn. En að menn, sem fæddir eru á Englandi, geti ekki orðið sendir héðan sem Rhodes Scholars, hversu vel, sem þeir leysi próf sín af hendi.

— Lögreglan í Berlín á Þýzkalandi hefir nýlega uppgötvað magnað þjófafélag, sem rekið hefir atvinnu sína í ýmsum borgum Evrópu um mörg liðin ár og grætt stórfé. Stofnandi félagsins var áður reykháfasópari í smábæ á Þýzkalandi, en leiddist það starf, þótti það óhreinlegt og illa launað. Hann hætti því við það og gerðist innbrotsþjófur. Hann safnaði að sér um þrjátíu körlum og konum, þeim, er listfengust voru í þjófastarfinu. Félag var formlega myndað, og hverjum meðlim úthlutað áður lif og eignatjón orðið í Costa Rica. Öll umferð og verzlun stöðvaðist. Stjórnarskrifstofum öllum var lokað, og fólk flýði úr húsum sínum og hefst við úti á víðavangi. Fréttaþræðir slitnuðu um alt landið, og víða gerði stórar rifur í jarðskorpuna og mörg hús hrundu þar niður, þar sem svo stóð á, að jörðin sprakk undir þeim. Costa Rica lýðveldið liggur á milli Nicaragua og Panama. Þar er loftslag ágætt og jarðvegur frjósamur. Íbúarnir eru aðallega af spænskum ættum. Þar eru kaffi og cocoa akrar miklir og aldinarækt. Jarðskjálftarnir á þessu svæði, sem talið er um fullar 23 þús. fermílur, vöruðu fullan sólarhring.

— Fjallgöngumenn hafa nýlega klifrað upp á hæsta tind á McKinley fjalli, til þess að leita að merkjum þeim, er dr. Cook kvaðst hafa skilið þar eftir, þegar hann fyrstur allra manna hefði komist upp á þann tind. Þessir leitarmenn fundu alls engar menjar dr. Cooks, og þeir fullyrða ennfremur, að hann hafi ómögulega getað komist upp á tindinn, eftir þeirri leið, sem hann þóttist hafa farið.

— Frank Gotch, bóndi í Iowa ríki í Bandaríkjunum, hefir um nokkur undanfarin ár verið viðurkendur bezti glímukappi heimsins. Maðurinn er stór og þungur og afar-sterkur. Ýmsra landa menn hafa reynt grísk-rómverska glímu við hann, en allir beðið ósigur. Nú er maður í Athens á Grikklandi, sem skorar Gotch á hólm. Sá heitir Marino og er jötun að burðum og aðfúr glímukappi. Hann getur lyft 4 mönnum í einu með annari hendi, og hafið þá yfir höfuð sér, og vanalegum mönnum hendir hann eins og þeir væru fjöðurstafir Marino þessi er talsvert á þriðja hundrað pund á þyngd. Hann þolir að láta tveggja tonna þungan mótorvagn, með 7 manns í, renna yfir sig með miklum hraða, og er ómeiddur eftir. Gotch ætti að hafa fult í fangi með þennan náunga, ef þeir þreyta glímu.

— Herliði og verkfallsmönnum hefir slegið saman í Marseilles-borg á Frakklandi. Tuttugu þúsund búð arsveinar og keyrslumenn höfðu lagt niður starf sitt þar og létu ófriðlega. Bakarar gerðu og verkfall, en þegar stjórnin ætlaði að láta bakara sína í sjóhernum vinna að brauðgerð fyrir landsfólkið, þá gránaði gamanið, svo að sló í bardaga. Þegar bardaganum var lokið, var farið að flytja þá særðu á hina ýmsu spítala borgarinnar, en ekki var rúm á sjúkrahúsunum fyr ir alla, er aðhlynningar þurftu.

— Það er nú talið nokkurn veginn áreiðanlegt, að Col. Roosevelt muni gefa kost á sér sem forsetaefni repúblíkana flokksins við næstu kosningar, ef flokkurinn hefir ekki völ á öðrum, sem hann treystir til sigurs.

Einn þáttur úr Landsbanka-málinu á Íslandi.

Spakmæli.

Það má segja, að allur hinn mentaði heimur leggi bæði eyrun við, þegar gamli James J. Hill talar. Hér eru nokkur spakmæli gamla mannsins, sem vert er að festa í minni:

"Öll eyðslusemi, hvort sem hún er gerð af ríkjum eða einstaklingum, — öll hækkun á verði, hvort heldur verkalaunum, flutningsgjöld um eða almennum nauðsynjum, — legst á notendurna. Þeir verða að borga það".

"Hugsanfræðilega verður öll sparsemi að eiga upptök sín hjá einstaklingnum. En hann vill ekki hafa hana, — það er það sanna ástand, eins og vér sjáum það nú á dögum. Einstaklingurinn neitar að spara við sig. Þvert á móti notar hann vaxandi eyðslusemi sína og aukinn lífskostnað, sem ástæðu til launahækkunarkröfu".

"Þér getið ekki blandað saman kaupskaparstarfi og pólitík".

"Það er ekki fremur mögulegt, að ráða til lykta mörgum vorum félagslegu velferðarmálum með löggjöf, heldur enn mögulegt væri að setja lim í lið með lögfræði".

"Sá maður, sem tekur fé að láni og eyðir örlátlega, gerir það máske í bezta tilgangi. En á vegamótunum, þar sem leiðir lánsins og eyðsluseminnar skilja, er skýrt letað: ó h a p p."

"Verðmæti landsafurða vorra hefir á þessu ári orðið 8 bilíónir dollara. Þær hefðu eins auðveldlega getað orðið 16 eða jafnvel 24 bilíón dollara virði. Vér höfum ekki byrjað enn að rækta lönd vor. Vér kunnum ekki aðferðina til þess. Vér höfum að eins verið að klóra í yfirborðið".

"Vér notum nú árlega 500 miljónir tonna af kolum. En svo er áætlað, að með því áframhaldi endist kolabyrgðir landsins um 4 þús. ár. Vér þurfum því engar áhyggur að gera oss út af því atriði."

"Sá maður, sem nú á dögum hefir beztu tækifærin, er almúgamaðurinn".

"Sá maður nýtur aldrei velsældar, sem ver mestum tíma sínum til þess að gæta að, hvað klukkan sé".

"Maðurinn, sem þokast áfram og upp á við er sá, sem ekki gerir sig ánægðan með það, að gera eingöngu það, sem er algerlega nauðsynlegt, heldur hinn, sem gerir dálítið meira".

"Mín ráðlegging til þeirra, sem vilja komast áfram í heiminum, er sú, að þeir beiti óþreytandi elju, trúmensku við vinnuveitendur sína — sem er trúmenska við þá sjálfa, og að gera sitt ítrasta, í hvaða stöðu, sem maður er settur, að vinna með hagsýni, frumleik og ástundan. Það tryggir ávöxt velsældar og nægjusemi".

"Hepni og leti verða ekki samfara. Maðurinn, sem klífur upp velgengnisstigann, gerir það með því að sanna hæfileika sína með því, að grípa tækifærin, þegar þau gefast, Tækifærin leita hann aldrei uppi".

"Bezta ráðleggingin, sem unt er að gefa nokkrum ungum manni, er bæði gömul og einföld: Öðlast þú þekkingu og skilning. Settu þér það markmið, að gera sjálfan þig að sem mestum og beztum manni, með því, að beita öllum þínum kröftum til þess að inna sem bezt af hendi hvert það starf, sem þú átt kost á að vinna. Það er engin ný ávísun til, er kenni manni að komast áfram í heiminum".

"Allir menn fá tækifæri einhverntíma á æfi sinni til þess að tryggja sér" velsæld, og þá er það undir sjálfum þeim komið, hvað þeir gera úr því tækifæri, og hvað það gerir úr þeim".

"Drengurinn og stúlkan, sem læra að vera hlýðin og ástúðleg og umburðarlynd við aðra, og að hyggja fram á, að gera sér að sem beztum notum hvert það tækifæri, sem verður á vegi þeirra, og sem öðlast þá mentun, sem beztu skólar geta boðið, — þau hafa allan þann undirbúning undir æfistarf sitt, sem mögulegt er að veita, og sem ekki ætti oft að bregðast".

OGILVIE'S

Royal Household Flour

Til Brauð og Köku Gerðar

OGILVIE'S ROYAL HOUSEHOLD

Gefur Ævinlega Fullnæging

EINA MYLLAN Í WINNIPEG,—LÁTIÐ HEIMAIÐNAÐ SITJA FYRIR VIÐSKIFTUM YÐAR.

— Mark Twain, kýmniskáldið fræga, er sagður hættulega veikur. Mælt að ofmiklar reykingar hafi orsakað heilsuleysi hans.

— Þjóðskuld Canada hefir aukist um 18¾ úr miljón dollara á sl. fjárhagsári. Skuldin er nú talin nálega 326 miljónir, eða nákvæmlega $325,976,712.

— Gamall maður brann til ösku í kofa sínum í Sherbrooke bæ í Ontario í sl. viku. Karl var að reykja og kveikti í ógáti í rúmfötum sínum.

— Kona brann í rúmi sínu í Montreal borg þann 14. þ.m. Það hafði einhvern veginn kviknað í náttkjól hennar, og brendi hana svo mjög, að hún dó 8 klukkustundum síðar. En bóndi hennar svaf vært við hlið hennar meðan á þessu stóð, en var vakinn í tíma og bjargað áður en hann sakaði til muna, — hafði þó brunnið nokkuð á öðrum handleggnum.

— Íbúatala New York borgar er talin að vera 5 miljónir. Hartnær 1800 menn eru nú í óða önn að taka þar manntalið, og þó skýrslur þeirra séu enn þá ekki fullgerðar, telja þeir víst að íbúatalan sé eins og að framan er sagt.

— Ritsíma félögin í Canada hafa auglýst, að þau flytji hér eftir, a ð n æ t u r l a g i 50 orða hraðskeyti um alt Canada-veldi fyrir sama verð og þau hafa áður sett fyrir 10 orða skeyti að dagtíma. Svo að vilji maður senda vini sínum 50-orða bréf að kveldi, þá er því bréfi skilað næsta morgun til viðtakanda.

— Uppreist hefir orðið í Chang Hai í Kína, og er orsökin til þess sögð að vera sú, að útlendir kaupmenn hafi náð yfirráðum yfir allri hrísgrjónaverzlun þar eystra, og svo sett upp verðið. Þetta þoldu íbúarnir ekki og réðust á útlendinga. Íbúð sendiherra Breta var eyðilögð og útlendingar urðu að flýja borgina, og komust um borð í gufuskip, sem var þar á höfninni. Heilir hópar uppreistarmanna gengu um héraðið og rupluðu og rændu, og svo er sagt, að útlendingar í öllu héraðinu séu í mestu hættu, ef þeir flýja ekki heimili sín tafarlaust. Allar kirkjur útlendinga hafa verið brendar. Herskip hafa verið send til hjálpar útlendingum.

— Það hefir komist upp í New York borg, að þar eru nokkrir með á borgunarskrám bæjarstjórnarinnar, sem dánir eru fyrir nokkurum árum. Tammany flokknum er kent um þetta, og lögmanni borgarráðsins hefir verið skipað, að hefja rannsókna tafarlaust, og að sjá um að þeim seku sé hegnt, og að dauðu náungarnir séu strykaðir út af verkamannlista borgarinnar, svo enginn geti lengur dregið kaup undir þeirra nafni.

— Sextán hús brunnu í St. Eustace bæ í Quebec fylki þann 17. þ. m. Einnig brann þar kirkja prótestanta. Skaðinn metinn rúmlega 40 þúsund dollarar.

— Nýustu skýrslur Canadastjórnar sýna, að Bandaríkja borgarar hafa 225 miljónir dollara í veltu í iðnaðarstofnunum í Canada.

— San Francisco búar héldu á mánudaginn var fjórðu árshátíð í minningu um brunann mikla, sem samfara var jarðskjálftanum og sem orsakaði dauða 566 manna og 400 miljón dollara eignatjón. Mælt er, að nú sé borgin fegurri en nokkuru sinni áður.

— Síðastliðið ár voru bygð hús í Winnipeg borg fyrir 9¼ miljón dollara. Toronto borg bygði fyrir rúmar 18 miljónir og Montreal og Vancouver borgir fyrir 7 miljónir hvor, eða rúmlega það.

— Col. Roosevelt hefir verið að ferðast meðal konunga í Evrópu og ræða við þá um alheimsfrið. Hann vill láta stórþjóðirnar taka saman höndum, til þess að takmarka herútbúnað og helzt hafa samtök til þess, að koma á varanlegum alheimsfriði. — Svo er að sjá, sem Roosevelt kunni að verða nokkuð ágengt í þessu efni. Þessari málaleitun hans var vel tekið af Austurríkis keisara. Næst ætlar Roosevelt að ræða sama mál við forseta Frakklands, keisara Þýzkalands og konung Breta.

— Gufuvél sprakk í Montery bæ í Mexico í sl. viku og varð 11 manns að bana, og tveir aðrir meiddust hættulega.

— Indíáni einn í Niagara Falls í Ontario gekk inn í lögreglustöðina þar þann 16. þ.m. og bar á sig þá sök, að hann hefði grandað eiginkonu sinni 23. ára gamalli, með því að kasta henni út í fossinn, svo hún fórst þar. Þetta var árið 1903. Hann kvaðst hafa haft samvizkubit af þessu jafnan síðan, og ekki geta þolað að þegja yfir þessu lengur.

— Tvær konur voru leiddar út úr leikhúsi í London af því þær neituðu að taka af sér barðastóra hatta, sem þær höfðu á höfðunum, svo að þeir, sem aftar sátu, gætu séð inn á leiksviðið.

JÓN JÓNSSON, járnsmiður, að 790 Notre Dame Ave. (horni Toronto St.) gerir við alls konar katla, könnur, potta og pönnur fyrir konur, og brýnir hnífa og skerpir sagir fyrir karlmenn, — Alt vel af hendi leyst fyrir litla borgun.

Wall Plaster

"EMPIRE" VEGGJA PLASTUR kostar ef til vill ögn meira en hinar verri tegundir, —en berið saman afleiðingarnar.

Vér búum til:

"Empire" Wood Fibre Plaster
"Empire" Cement Wall "
"Empire" Finish "
"Gold Dust" Finish "
"Gilt Edge" Plaster of Paris
og allar Gypsum vöruutegundir. —

Eigum vér að senda yður bækling vorn?

BÚIÐ TIL EINUNGIS HJÁ

MANITOBA GYPSUM CO. LTD

SKRIFSTOFUR OG MILLUR Í

Winnipeg, - Man.

Heimskringla

Published every Thursday by The Heimskringla News & Publishing Co. Ltd

verð blaðsins í Canada og Bandaríkjunum $2.00 um árið (fyrir fram borgað).
Sent til Íslands $2.00 (fyrir fram borgað af kaupendum blaðsins hérlendis $1.50)

B. L. BALDWINSON
Editor & Manager

Office:
729 Sherbrooke Street, Winnipeg
P.O. BOX 3083. Talsími 3512.

Óviðkunnanlegt

og ekki sem bezt viðeigandi af þér, minn kæri vinur Baldwinson, finst mér það, að í hvert sinn, er þú finnur ástæðu til að lofa og vegsama efnalegt ástand Vestur-Íslendinga og nýlendur þeirra, — að þú skulir æfinlega þurfa að draga okkar ættjörð Ísland þar inn í, — syngja lofið á kostnað Íslands. Ég hefi ekkert út á það að setja, þó ritaðar séu lofgreinar um nýlendur Vestur-Íslendinga, aðeins sé þessi aðferð ekki brúkuð. Auðvitað efast ég mjög um, að bygðin í Saskatchewan eigi alt það lof skilið, sem um hana er sagt, því væri svo, þá væri hún meiri sælustaður, en menn enn þekkja á þessum hnetti. En út í það skal ekki farið neitt í þetta sinn. En það dylst mér ekki, að maður, sem fer um eina bygð á hraðri ferð, þegar snjór er yfir allri jörð, hann getur lítið um það borið, hvort "innan bygðarinnar sé ekki ein einasta ekra, er ekki hafi góðan jarðveg". Líkt er að segja um vegina, þegar klaki er mörg fet í jörðu, og stend ur allstaðar upp úr.

Ég get ekki dulið það, að þegar ég las niðurlagið af ferðasögu þinni, þá varð ég bæði hryggur og reiður. Hryggur yfir því, að nokkur Íslendingur skuli finnast — og þá ekki hvað sist mikilsvirtur og málsmetandi maður, — sem virðist hafa ánægju af því, að draga Ísland niður, því ekki er hægt að sjá, að þessar samlíkingar séu gerðar í öðrum tilgangi. Við ættum heldur — hver einasti Íslendingur, hvar sem við lifum —, að hjálpa af öllum mætti til að koma ættjörð vorri upp á við, til vegs og frama í hvívetna. En ég reiddist aðferðinni, sem notuð er við þessar samlíkingar eða samanburð. Annars vegar er bygt á spádómum, sem algerlega eru bygðir í lausu lofti, og ástæðlaust er, að þurfi 10—15 ár að rætast, — en hins vegar á efnahag Íslendinga eins og hann er NÚ, og þó öllum skökkum og skældum. Það er ekki verið að gera lítið úr hlutunum. Hveiti-búshelið reiknað á $1.00. Sextíu til sjötíu cents mun vera meðalverð á 5—8 sl. árum. Hver getur sagt hvert hveitiverðið verður eftir 10—15 ár? Það eru jafnvel miklu meiri líkur til, að það verði ekki nema 50c þá, í stað $1.00.

Til þess að fá þennan samanburð í vil Saskatchewan nýlendunni, en móti Íslandi, þá er skuldlaus þjóðeign Íslendinga ekki talin nema 30 miliónir króna. En þetta er rangt. Þegar Heimskringla flutti samanburðar-grein sína um efnahag Austur- og Vestur-Íslendinga fyrir rúmu ári síðan, þá var þessi aðferð einnig notuð. Um þetta atriði var ég þá ósáttur. Og til að fá fullvissu mína í þessu efni, skrifaði ég herra Indriða skrifstofustjóra Einarssyni, og bað hann um upplýsingar þessu viðvíkjandi, er byggja mætti á. Hann svarar mér með bréfi því, er hér fer á eftir:

"Reykjavík, Ísland,
19. marz 1909.

"Kæri herra! Skuldir Íslendinga við önnur lönd voru fyrir ári síðan 8½ milión kr., þegar búið er að draga það frá, sem við eigum hjá þeim.

"Það eru svo miklar skuldir innanlands, sem vegast upp með því, að innlendir menn eiga skuldirnar. — Íslendingurinn A. á hjá B. plus 1000 kr., B. skuldar aftur A. þessar sömu (minus) 1000 kr. Fyrir þjóðeignina er þetta plus 0.

"Til dæmis seðlar bankanna, sem ekki eru trygðir með gulli, eru aðeins lán, sem bankarnir hafa tekið hjá þjóðinni, — þeir eru plus 1,500,000 kr. hjá þeim, sem hafa þá í vösunum, en hjá bönkunum eru þeir skuld, sama sem minus 1,500,000 kr. Fyrir þjóðareignina er þetta plus 0. Sparisjóðirnir hafa í höndum 5,000,000 kr. (eða þeir, sem eiga þar inni þetta fé) eru eins og áður er sagt plus 5,000,000 kr., — en nú höfum við hinir fengið alt, sem í sparisjóðunum er, til láns, það er hjá okkur minus 5,000,000 kr. Fyrir þjóðareignina er það plus 0. Að Ísland — ríkisskuldalaust land — sé í skuld um 30 miliónir kr. annarstaðar er ÓHUGSANDI HLUTUR *). Ekkert land getur skuldað öðrum löndum meira en eins árs útfluttar vörur, og varla svo mikið, og útflutt vara héðan hefir verið 12—13 miliónir kr. allra síðustu ár.

"Yðar með vinsemd og virðingu
"Indr. Einarsson."

Þjóðeign Íslendinga er talin að vera nálega 62 miliónir króna (landið, lausafé, skipaútvegur, o.s. frv.). ALT, nema það, sem þeir skulda öðrum þjóðum, er SKULDLAUS þjóðeign þeirra. Hér skakkar því eins og allir sjá, — frá því sem Heimskringla telur þær —, YFIR TUTTUGU MILIÓNUM KRÓNA. Það er ekki að furða, þó hægt sé að lá Ísland niður, þegar svona reikningsaðferð er brúkuð, að því er það snertir, en ágiskanir og spádómar á hina hliðina. Annars finst mér — og ég veit að svo eru margir fleiri — að bessar stöðugu samlíkingar Heimskringlu séu mjög óviðfeldnar.

Einu sinni fór hún að reikna út tekjumismun Íslands og C.P.R. félagsins (einokunarfélags, sem hafi hefir löðveizlu stjórnendanna til að geta einokað og rakað saman fé), — hvað mörg ár Ísland þyrfti til þess, að hafa eins mikið fé saman í ríkissjóð og árstekjur félagsins. En þetta mætti fleirum gera, ef menn hefðu gaman af þessum samanburði, því eitt er öðru meira. Til dæmis mætti gera Canada sömu skil, þessu hálofaða sælunnar landi. Samkvæmt síðustu skýrsl um, sem ég hefi um inntektir Canadaveldis (1908), og gefnar eru út af blaðinu Telegram í Winnipeg, er það augljóst, að það hefir tæplega eins miklar inntektir og Chicago-borg ein, sem ekki hefir þó helmings ibúafjölda við Canada, — og ekki nærri helming á við tekjur New York borgar einnar. — En þessi samanburður er þýðingarlaus, þegar hann er framsettur í metnaðarskyni, og á alls ekki við — þegar hann er gerður til að smækka sína eigin þjóð og ættjörð eins mikið og mögulegt er. Ísland, ættjörð okkar og móðir (sem þar erum fædd) hefir að sjálfsögðu sína annmarka, en við eigum þrátt fyrir það að taka svari hennar, hvenær sem við getum, eða þá að öðrum kosti í það minsta láta hana hlutlausa, — en ALDREI að hafa gaman eða ánægju af því, að lítilsvirða hana, eða draga hana niður í áliti, á neinn hátt. Við eigum að láta okkur farast við ættjörð okkar, — enda þó hún hafi ekki getað reynst okkur eins og við hefðum bezt á kosið —, eins og við okkar persónulegu móðir. Og góð börn vilja reynast móður sinni vel. Hitt — að reynast henni illa, enda þó eitthvað hafi ábjátað, hefir aldrei og mun aldrei þykja fyrirmynd.

Í þessu tilfelli, sem hér hefir verið minst á, finst mér að við gæti átt hið fornkveðna, þetta: að hægt ætti að vera "að lofa svo einn, að annar væri ekki lastaður"

Chicago, í apríl 1910.

A. J. JOHNSON.

Svekkjandi

hlýtur það að vera fyrir herra A. J. Johnson í Chicago, að verða að búa við blóðæsing þá, sem í hann virðist hafa hlaupið við lestur ferðasögu minnar um nýlendur Íslendinga í Saskatchewan fylki. Ég var þó að reyna að gera þá sögu eins sanngjarnlega og rétta eins og vit mitt og eðli leyfði, og að haga svo orðum, að enginn þyrfti að finna sanngjarna ástæðu til að álita sig meiddan. Og ég hefi það enn á meðvitundinni, að ég muni hafa höggvið mjög nærri, bæði hvað snertir ástandið þar nú, og eins og það mun verða eftir 10—15 ár, eða máske nokkru fyrr. Að eins varaðist ég, eins og ég líka tók fram í upphafi greinarinnar, að segja eins gott um landnám þetta eða að lýsa því eins glæsilega, eins og ég er sannfærður um að það verðskuldar. Og ástæðan, sem ég gaf fyrir þessari varkárni, var sú, sem ég einnig tók fram, að ég óttaðist, að lesendurnir kynnu að álíta það ölgar og gyllingar. Með þessu vildi ég gefa til kynna, að ég hefði fengið ennþá betra álit á nýlendunni, heldur enn ég kærði mig um að skýra frá að svo stöddu, — og það er mér ánægja, að hafa nú fengið tækifæri til að taka þetta fram ljóst og skilmerkilega.

Hitt datt mér ekki í hug, að ég mundi fá andmæli sunnan úr Bandaríkjunum, — frá manni, sem sjálfur hefir ekki séð þessa nýlendu, svo mér sé kunnugt. En svo þykist ég þess fullviss, að hr. Johnson hefði látið sannmælin um Saskatchewan nýlenduna ómótmælt, hefði mig ekki hent sú ólukku skissa, að gera samanburð á þeim tveimur stöðum, sem ég vissi að lesendum blaðsins voru kunnugir, og samanburðurinn þess vegna þeim eins skiljanlegur eins og hann var algerlega réttmætur, — eftir því, sem ég lít á málið.

Að vísu skal það játað, að framtíðar-möguleikar Saskatchewan nýlendunnar voru ætlan, bygð á þeim athugunum, sem ég hafði gert þar vestra, og hygt einnig á þeirri þekkingu, sem ég um fjórðungs aldar tímabil hefi haft á framförum og framleiðslumagni annara bygðarlaga hér vestra. Svo að í raun réttri er hreinn óþarfi, að þrasa um þann lið málsins, — fyr en að því 10 eða 15 ára tímabili liðnu, sem ég ætlaði til fullraktunar landanna þar vestra. Þá fyrst verður komin sannreynd á það, hvort, eða að hve miklu leyti ég hefi farið villur vegar í hugsjón minni um framtíð landa vorra og starfsemi þeirra og auðsafn þar í fylkinu.

Hins vegar finst mér það rangt hjá herra Johnson, að hann finnur mér það til ámælis í samanburði þeim, sem ég gerði, sem hann taldi að öllu leyti réttmætt í samanburði hr. Páls Bergssonar í fyrirlestri hans um Ísland og Ameríku. Þar bar herra Bergsson saman það sem á sér stað í Ameríku við það, sem gæti verið á Íslandi, en hefir ekki verið, er ekki og verður að líkindum aldrei þar.

En svo ég snúi nú að aðalefninu, sem sýnilega hefir komið herra Johnson til að gripa pennann, — bréfið hans Indriða Einarssonar, þess manns, sem um mörg undanfarin ár hefir unnið að því, á kostnað hins opinbera, að safna landshagsskýrslum Íslands, og sem ásamt með landsstjórninni ber alla ábyrgð á því, að samning þeirra skýrsla, eins og þær koma frá hans hendi fram fyrir þjóðina, sé þannig, að skýrslurnar séu réttar og ábyggilegar, og að athugasemdir þær, sem hann gerir við skýrslurnar, og þær ályktanir, sem hann byggir á þeim, séu einnig réttar og ábyggilegar, — þá fæ ég ekki séð, að bréf það haggi að nokkru leyti við réttmæti þess samanburðar, sem ég hefi gert, eða styrki málstað herra Johnsons minstu vitund.

Tökum þessi dæmi úr bréfinu:

1. Íslendingurinn A. á hjá B. plus 1000 krónur. B. skuldar aftur A. þessar sömu minus 1000 krónur. Fyrir þjóðeignina er þetta plus NÚLL.

   Ekki vaxa landsins auðæfi við þetta þjóðeignar NÚLL!

2. Til dæmis seðlar bankanna, sem ekki eru trygðir með gulli, eru að eins lán, sem bankarnir hafa tekið hjá þjóðinni. Þeir eru plus 1,500,000 krónur hjá þeim, sem hafa þá í vösunum. En hjá bönkunum eru þeir skuld, sama sem minus 1,500,000 krónur. Fyrir þjóðeignina er þetta plus NÚLL

   Ekki vaxa landsins auðæfi við þetta þjóðeignar NÚLL!

3. Sparisjóðirnir hafa í höndum 5,000,000 krónur (eða þeir, sem eiga þar inni þetta fé), sem eru eins og áður er sagt plus 5,000,000 krónur. En nú höfum við hinir fengið alt, sem í sparisjóðunum er, til láns. Það er hjá okkur minus 5,000,000 krónur. Fyrir þjóðeignina er það plus NÚLL.

   Ekki vaxa landsins auðæfi við þetta þjóðeignar NÚLL!

Vildi nú herra Johnson gera Vestur-Íslendingum það sómastrik að skýra fyrir þeim þann mismun, sem plus NÚLL eða minus NÚLL hefir á íslenzku þjóðeignina? Eða er núll hokkuð annað en núll (þ.e. ekkert) í þessu sambandi, hvort sem það er tengt aftan eða framan við plus og minus merkin?

Lesendur gæti þess, að herra Indriði Einarsson hefir í bréfi sínu forðast eins og heitan eldinn, að afneita réttmæti landshagsskýrslnanna. Hann hefir ekki með nokkrum staf neitað því, að þær séu réttar og ábyggilegar, og hann mundi ekki fást til að viðurkenna, að hann og landsstjórnin hefði falsað skýrslurnar um eignir og ástand lands og þjóðar. Miklu fremur bera allar þær athuganir, sem hann gerir við landshagsskýrslurnar, þess ljósan vott, að þær eru gerðar með fullri einlægni og nákvæmri samvizkusemi. Þegar hann þess vegna finnur ástæðu til þess, að draga allar skuldir landsmanna frá öllum eignum þeirra, til þess að fá rétt og satt yfirlit yfir skuldlausar eignir þjóðarinnar, þá má ætla, að hann fari nærri um, hvað hann er að segja. Og hann segir, að skuldlaus eign þjóðarinnar sé þrjátíu Milión Krónur. Af þessu er það auðsætt, að herra A. J. Johnson hefir alls engan rétt — frá siðferðis og sanngirnis sjónarmiði skoðað — til þess að segja, að þessar tölur séu rangar. Enda er alls ekkert það til í bréfi herra Indriða Einarssonar, er veiti Jóni nokkra heimild til þess, að halda fram fölsun talnanna. En það gerir hann beinlínis með því, að segja að þær séu rangar.

Einmitt þau þrjú dæmi, sem hr. Indriði Einarsson setur fram í bréfi sínu, eru þannig tekin, að þau geta ekki styrkt málstað hr. Johnsons, heldur miklu fremur veikt hann, og til þess virðist mér þau vera einkanlega ætluð. Hann verður þess vegna að finna einhver önnur tæki en bréf Indriða til þess að sanna, að landshagsskýrslur hans séu rangar, falsaðar, ósannar eða óábyggilegar. Og af þessu ræð ég þá einnig það, að hr. Johnson hefði ekki átt að telja mér það til ámælis, þó ég tæki skýrslurnar gildar, áreiðanlegar og trúanlegar.

En skyldi nú herra Johnson snúa snældunni sinni þann veg, að hann væri ekki að því að finna, þótt ég tryði skýrslunum, heldur að því, að ég hafi með því að vitna í þær, ófrægt Ísland,— þá virðist mér hann miklu fremur eiga aðganginn að landsstjórninni þar heima, fyrir að hafa látið semja það ófrægingar-rit. En þá fer nú samt að verða vandlifað í landi, ef stjórnirnar mega ekki sýna þjóðunum árlega reikningsskil yfir hag þeirra og ástand, né aðrir vitna í þá reikninga, eftir að þeir eru opinberaðir.

Sú staðhæfing herra Johnsons, að "alt nema það, sem Íslendingar skuldi öðrum þjóðum, sé skuldlaus eign þeirra", lítur vel út á pappírnum. En því miður fæst ekki herra Indriði Einarsson til að kannast við það, og verður maður þó að ætla, að hann, sem um fullan þriðjung aldar hefir verið viðurkendur af landsstjórninni, sem mesti þjóðmegunarfræðingur landsins og einn af allra reikningsfróðustu og fjárglöggustu mönnum þjóðarinnar, — muni vera miklu kunnugri efnahag Íslendinga, heldur enn herra Johnson hefir átt kost á að verða. Og það verður vonandi ekki tekið illa upp fyrir mér, þó ég haldi fram þeirri skoðun, að þegar um efnahag íslenzku þjóðarinnar er að ræða, þá muni þjóðin í heild sinni leggja meiri trúnað á það, sem Indriði Einarsson um hann segir, heldur enn nokkuð það, sem herra Johnson getur lagt til þeirra mála.

Annars virðist það tímatöf ein, að deila um þetta atriði, þar sem hvorki herra Johnson eða ég höfum nokkra ljósa þekkingu á því, hvaða "prinsip" herra Indriði Einarsson hefir lagt til grundvallar við samningu skýrslnanna. Hann hefir í bréfi sínu til herra Johnsons enga skýring gefið á þessu atriði, og ég freistast til að ætla, að hr. Johnson hafi ekki hagað fyrirspurn sinni þannig, að hann gæti búist við ákveðnari skýringu yfir það, á hverju herra Indriði Einarsson bygði þá meginreglu, sem réttlætti frádrátt skulda Íslendinga til sjálfra sín frá skuldlausu þjóðeigninni, eins og hann hefir gert.

En svo er jafnvel þetta atriði ekki afar-þýðingarmikið fyrir deilurnið milli okkar Johnsons, eða það, sem hann telur rangsleitni af mér, að hafa vitnað í landshagsskýrslurnar, sem hann segir að séu falsaðar. Það er mál, sem liggur algerlega milli hans og Indriða Einarssonar. Ég tók að eins skýrslurnar eins og þær lágu fyrir, án þess að rangfæra þær á nokkurn hátt, og til þess hafði ég fylsta rétt.

Það virðist mér og vera vanhugsað hjá herra Johnson, að Ísland sé á nokkurn hátt lítilsvirt eða dregið niður, þó hreinn og ómengaður sannleikur sé um það sagður, eins og hann er af sjálfri landsstjórninni birtur þjóðinni í landshagsskýrslunum. Sá sannleikur getur hvorki minkað eða stækkað þjóðina, hvorki dregið hana niður eða bækkað hana upp. Hún er það sem hún er, eftir sem áður.

Ekki fæ ég heldur séð, að það beri vott um sonarlega velvild eða hlýhug til lands og þjóðar, þó ástand hennar (þjóðarinnar) sé ekki metið eins og það er í sannleika. Enginn sanngjarn maður getur í alvöru haldið því fram, að það sé að smækka þjóðina, að segja satt um hana, því að með því er ekkert frá henni tekið eða af henni haft, — hún er að eins látin njóta fylsta sannmælis, eins og vera ber og rétt er. Og líklega mundi hverri góðri móður þykja vænst um þann soninn — að öllu öðru jöfnu —, sem hún fyndi mest sannleikselskandi og hreinskilnastan í hvívetna, en minna vænt um hinn, sem hún vissi að væri svo hlutdrægur í eðli sínu, að hann legði allan hug á, að umhverfa svo sannleikanum, að hans gætti sem allra minst, og gerði með því þær sjónhverfingar, er leiddu láfróða og hugarsljóa menn afvega og út á glapstigu. — Fða svo virðist mér þetta vera.

Það er enn eitt atriði í ritgerð herra Johnsons, sem ég hygg hann hafi ekki íhugað nógu grandgæfilega. Hann segir, að meiri líkur séu til þess, að hveitiverð falli á næstu 10—15 árum frá núverandi verði, svo að það lækki niður í 50 cents bushelið. Ég get að vísu ekkert sagt um þetta með vissu. En gamli James J. Hill, sem nú er viðurkendur með skarpskygnustu mönnum Bandaríkja þjóðarinnar, heldur því stöðugt fram við öll tækifæri, þar sem hann talar opinberlega, að hveiti muni áreiðanlega halda áfram að hækka í verði á komandi árum, hér í landi, svo að það verði ekk minna en $1.00 hvert bushel í vasa bændanna. Þessi skoðun hans styðst við þá áþreifanlegu staðreynd, að eftir því, sem fólki hefir fjölgað hér í álfu, eftir því hafa allar lífsnauðsynjar hækkað í verði, — hveiti ekki síður en aðrar tegundir. Það yrði því að umhverfa því eðlislögmáli, sem reynslan hefir sýnt að ætti sér stað, ef hveiti á að hrapa svo í verði hér í landi á næsta áratug, að hrakspá herra Johnsons rætist. Sjálfur hefi ég þá skoðun, að eðlislögmálið muni halda jafnvægi sínu framvegis eins og að undanförnu, og að hveiti bænda fari vaxandi í verði með hverjum áratug sem líður, og að Saskatchewan bændur geti vænst þess, að fá framvegis sem næst $1.00 fyrir bushelið, og í sumum árum talsvert hærra verð.

Ég sé því enga ástæðu til, að fella nokkuð úr þeirri áætlun, sem ég gerði:

1. Að eins fljótt og Saskatchewan Íslendingar eru búnir að koma löndum sínum öllum þar vestur í fulla ræktun, þá taki þeir á tíu ára tímabili meira fé upp úr þeim, heldur enn svarar allri þeirri upphæð, sem Ísland er metið, með allri áhöfn þess, skuldaðri og skuldlausri, að fólkinu einu undanskildu.
2. Að allar landeignir Íslendinga í Saskatchewan fylki séu meira en jafngildi allra landeigna á Íslandi.
3. Að þegar öll lönd Saskatchewan Íslendinga eru komin undir ræktun, þá verði árlegur arður af búum þeirra meiri peninga virði, en allur arðurinn af árlegu starfi íslenzku þjóðarinnar heima, til lands og sjávar.

Ég er herra Johnson algerlega samdóma um það, að vér eigum aldrei að hafa gaman af því, að lítilsvirða Ísland, eða draga það niður í áliti á neinn hátt. Vér eigum í umræðum um það, eins og öll önnur málefni, að halda oss fast við það, sem vér vitum sannast vera og réttast. Því "Sannleikurinn er sagna beztur". Þetta þóttist ég gera með því að vitna í landshagsskýrslur herra Indriða Einarssonar.

B. L. Baldwinson.

*) Leturbreytingin gerð af mér.
Á. J. J.

Til kjósenda í Gimli kjördæmi.

Conservativar í Gimli kjördæmi halda útnefningarfund hér í Winnipeg miðvikudaginn 4. maí næstkomandi kl. 8 að kveldi, í Conservative Club Rooms á horni William og Albert stræta. Svo er til ætlast, að kjósendur úr austur og vesturhlutum kjördæmisins kjósi úr hverri kjördeild einn erindreka á þennan fund fyrir hverja 50 kjósendur, eða part þar af. Það er áríðandi, að eins margir erindrekar sæki fund þennan eins og rétt hafa til þess samkvæmt kjósendatölu í hinum ýmsu kjördeildum. Það er nú þegar búið að kjósa erindrekana í flestum kjördeildum austan hádegisbaugs, og er vonað, að vesturhluti kjördæmisins sjái um, að safna að sínum parti liði á fundinn.

Þingmannafundur.

— Conservative þingmenn í Ottawa héldu fund þann 12. þ.m. og samþyktu í einu hljóði traustsyfirlýsingu sína með leiðsögn Hon. R. L. Bordens, og hétu honum fullu og öruggu fylgi. Það hefir verið borið út um landið í Láberal blöðum, að ósátt væri innan Conservative flokksins, en fundurinn bar þess ljósan vott, að engin tilhæfa var fyrir þeim fregnum.

Mrs. Sigríður Taylor,

er andaðist hér í bænum 31. marz sl., var jörðuð í grafreit Argyle bygðar 8. þ.m., við hlið síðari manns hennar, Wm. S. Taylors — dáinn fyrir nokkrum árum. Séra Friðrik Hallgrímsson flutti viðkvæma líkræðu í kirkjunni á Baldur áður en líkfylgdin hófst norður í grafreit.

Daginn áður fór fram húskveðja að heimili sonar hennar hér í Winnipeg. Séra Rögnv. Pétursson og séra Guðm. Árnason fluttu þar hjartnæmar ræður yfir hinni framliðnu.

Sigríður heitin var upprunnin í Þingeyjarsýslu af ninni nafnkendu Reykjahliðarætt. Móðir hennar var Friðbjörg Sigurðardóttir frá Veisuseli í Fnjóskadal. Faðir hennar, Jón Jónsson, var systursonur Þorsteins ríka í Reykjahlið, og uppalinn hjá honum.

Foreldrar Sigríðar giftust í Reykjahlíð og bjuggu þar 3 ár. Dó þá faðir hennar frá tveimur börnum, henni og Jóni bróður hennar, er síðar bjó í Vogum við Mývatn, — fjölhæfur gáfumaður.

Friðbjörg móðir hennar fluttist nokkru síðar að Ytri-Neslöndum við Mývatn, og giftist þar Andrési Eiríkssyni, Jónssonar, frá Hofstöðum í Mývatnssveit.

Sonur þeirra, Benedikt Andrésson að Ási í Kelduhverfi var faðir K. Ásg. Benediktssonar í Winnipeg, er Sigríður heitin síðast dvaldi hjá.

Sigríður heitin ólst upp hjá móður sinni og stjúpa þar til hún var tvítug. Þá fór hún frá þeim til Húsavíkur og síðar að Grenjaðarstað. Þaðan til Möðruvalla í Hörgárdal. Þar giftist hún fyrri manni sínum, Sveini Þórarinssyni, frá Kílakoti í Kelduhverfi. Var hann af hinni nafnkunnu Víkingavatnsætt. Hann var lengi amtmannsskrifari hjá Pétri Hafstein, fyrst á Ketilsstöðum í Múlasýslu og síðar á Friðriksgáfu á Möðruvöllum í Hörgárdal.

Þar bjuggu þau hjónin um 13 ár, fluttu svo til Akureyrar, og þar andaðist fyrri maður hennar 1869. Nokkrum árum síðar fluttí hún vestur um haf, var nokkur ár í Nýja Íslandi, síðar í Winnipeg, og þaðan fór hún vestur í Argylebygð, og gekk þar að eiga William Stewart Taylor, ekkjumann, — tengdaföður Halldórs Briem skólastjóra og Sig. Christopherssonar, fyrrum bónda í Argyle, nú vestur á Kyrrahafsströnd, í British Columbia.

Í Argyle sveit bjó hún nokkur ár með seinni manni sínum, þar til þau hjón fluttu til þorpsins Baldur. Þar dó Mr. Taylor fyrir nokkrum árum. — Síðan hefir hún ýmist dvalið hjá vinfólki í Argylebygð, syni sínum Friðriki í Winnipeg, um 4 ár vestur við Blaine, Wash., hjá hr. Sig. Sigurðssyni, fornvini hennar, og nú síðastliðinn vetur hjá frænda sínum K. Ásg. Benediktssyni í Winnipeg.

Leið hennar gegn um lífið hefir að ýmsu leyti verið þyrnibraut. Við fátækt hafði hún alt af að stríða, og vegna fátæktar varð hún að sjá á bak börnum sínum út í heiminn, — sum tók dauðinn sviplega frá henni, og þau sem líklegust voru til að létta byrði hennar og voru henni ástríkust, voru fjærst frá henni.

Hin síðari ár var hún heilsutæp og ellihrum, en þrátt fyrir alt andstreymi hefir hana aldrei brostið kjark. Frjálslynd var hún í trúarskoðunum sínum, og trúarsannfæring hennar um eilíft gildi þess andlega og göfga óbilandi, — og var hún því ætíð glaðlynd og bjartsýn. Hún var vel viti borin og mikið hneigð til lesturs og fróð um marga hluti. Hún var trygg í lund og átti góða vini, hvar sem hún fór.

Af 9 börnum, sem hún ól, lifa 4: Jón, kaþólskur prestur, kennari við St. Andreas Collegiet í Charlottenlund við Kaupmannahöfn; Friðrik, málari í Winnipeg; Kristín, heima á Íslandi, gift Eyjólfi bónda á Sviðnum í Breiðafirði, og Sigríður, til heimilis í Marietta, Wash., á Kyrrahafsströndinni.

Af börnum hennar, er dáin eru, náðu 2 fullorðins árum: Björg, dáin í Kaupmannahöfn, og Ármann, er fluttist til Frakklands og naut talsverðrar mentunar á kaþólskum skóla í Amiens. Hneigðist hugur hans mjög að fögrum listum; lagði hann einkum fyrir sig dráttlist og hljómlist. Hann dó í Louvain á Frakklandi 1885.

Friðrik Sveinsson.

Um pólinn o.fl.

Þessi norðurpólsfundur er, svo langt sem komið er, lítið til sóma þeim, sem þar eru mest við riðnir. Eitt hið fyrsta, sem Commodore Peary gerði, þegar hann kom til baka, var að úthrópa dr. Cook sem falsara, og svo virðist, sem doktorinn mæti nú mótstöðu úr öllum áttum, eins og vanalegt er, þegar einhver sjálfbyrgings hrokagikkur byrjar á að rægja einhvern, sem stendur í vegi fyrir honum. Það er undarlegt, að alþýða skuli allajafna vera svo fljót til að víðengja og niðurrifa menn af þeirra hópi, en hefja upp þá, sem gera það að ætlunarverki, að undiroka alþýðu og koma henni í þrælkun og vanvirðing. En þetta er þó algengt.

Ef við lesum sögu heimsins, þá sjáum við feikna mörg dæmi þess, að þetta hafi viðgengist, líklega frá því fyrsta, og það er líklega þetta, sem Thomas Carlyle bendir til, þegar hann segir, að það sé eins náttúrlegt fyrir alþýðu manna að fylgja þeim, sem lætur mikið, eins og það er fyrir fénaðinn að fylgja hjöllusauðnum.

Látum okkur nú íhuga, hvaða sönnun Peary hefir fyrir því, að Cook hafi ekki getað komist til norðurpólsins.

Þegar ég fyrst las það, þá datt mér strax í hug, að það mundi á líkum rökum bygt og það, sem Robert G. Ingersoll vanalega sagði viðvíkjandi tilveru guðs. Hann kvaðst enga óræka sönnun hafa fyrir því, að nokkur guð væri til og að enginn annar hefði þá sönnun fremur en hann. Svoleiðis skoðun viðvíkjandi pólarfundinum er ekki ósennileg, nefnilega, að Peary hafi enga óræka sönnun fyrir því, að hann hafi komist til norðurpólsins, og ekki heldur sé nein sönnun fyrir því, að nokkur annar hafi komist þangað.

Hvað sjálfum heimsskautsfundinum viðvíkur og áliti fólks um hann, þá er hætt við, að flestum yfirsjáist að taka til greina, hve miklum annmörkum það er í raun réttri bundið, — ekki einungis að komast þangað, heldur einnig að vita með vissu, hvar sá eiginlegi miðpunktur heimsskautsins er, eða þekkja þann stað, þó menn komist þangað. Samkvæmt þeirri skoðun, sem nú er alment álitin rétt að vera, að segulnálin, eftir því sem lengra dregur frá miðjarðarbaugnum en nær heimsskautsbaugnum, bendi nær og nær upp og niður, í staðinn fyrir með flatarmáli jarðarinnar, þar til komið er í vissa nálægð við heimsskautspúnkt, þá hljóti hún að vísa beint upp og niður. En þó þessi eiginlegi heimsskautspunktur megi álitast að vera aðeins fet eða svo, að þvermáli, þá hlýtur ummálssvæði það, sem segulnálin vísar beint upp og niður, að vera mikið stærra, og má til að vera samsvarandi við vegalengdina, sem er á milli jarðarinnar og þess hnattar, sem hún er í segultaumi við. Og því lengra, sem er á milli segulskautanna, því ummálsmeiri hljóta segulstraumarnir að vera. Og þareð Friðþjófur Nansen viltist eftir að hann kom norður fyrir 86. mælistig og um 15 mín. norður, þá er nokkurnveginn auðséð, hve ummálsmikill norðurskauts segulstraumur jarðarinnar er, sem sé: um 500 enskar milur að þvermáli, og má allur sá fláki álítast að vera norðurheimskautið. Af þessu er það auðsætt, að norðurheimsskautið eða norðurpóllinn, tekinn í heild tinni, er engj inn smádepill.

Þegar því alt er grandvarlega yfirvegað, þá eru ástæður til að trúa, að dr. Cook sé hreinskilinn í því, sem hann segir. Og aftur á hinn bóginn er það mjög efasamt, hvort Commodore Peary er jafnhreinskilinn. En undir þeim annmörkum, sem að framan er getið, þá tekur meira en einn eða tvo menn til þess að finna miðpunkt norðurheimsskautsins með nokkurri vissu.

Í grein einni í Heimskringlu fyrir skömmu er herra E. H. Johnson að dylgja með það, að jörðin sé álitin að vera hol að innan, af einhverjum, "sem er nærri því spámaður", og svo fer hann með ýmsar aðrar dylgjur þessu viðvíkjandi, og virðist vera að reyna til að benda þessu að Mormónum, sem honum er jafnan gjarnt að gefa í skyn að sé sérstaklega fávíst og illgjarnt fólk.

Að það séu margir meðal þeirra, sem ekki vita alt, sem þeim ber að vita, dettur mér ekki í hug að mótsegja, jafnvel þó flestir, sem þekkja þá, séu nú komnir að þeirri niðurstöðu, að ósanngjarnt sé að skoða þá, sem flokk, öllum öðrum fávísari. Því ef svo væri, þá mundu þeir ekki hafa getað afkastað og komið í framkvæmd öllu, sem þeir hafa afkastað. En að þeir eru ekki eins illgjarnir og ódygðugir eins og herra E.H.J. vill gefa í skyn, sézt bezt á því, að þrátt fyrir allar þær skammir og svívirðingar, sem hann óaflátanlega hefir verið að reyna til að gera þeim, síðan hann kom á meðal þeirra, þá er það þó á meðal þeirra, sem hann hefir mestur maðurinn orðið, og er það ekki af því, að þeir hafi þurft hans með, eða að þeir viti ekki, hvernig maður hann er, heldur af því, að þeim er kent að líða óréttinn með þolgæði, og launa ilt með góðu.

Af ofangreindum ástæðum finn ég mig knúðan til að benda herra E. H. Johnson á það, að það eru ekki Mormónar, sem eru höfundar að þeirri kenningu, að jörðin sé hol innan og opin að heimsskautunum. Höfundur og kennari þeirrar skoðunar hét John Cleves Symmes, fæddur í New Jersey árið 1780. Það var árið 1818, að hann lét þessa skoðun sína í ljós, og flutti hann marga opinbera fyrirlestra til að staðfesta þessa skoðun sína, og bað einnig Bandaríkjaþingið að leggja fé til þess að útbúa leiðangur til þess að staðfesta þessa skoðun sína. Herra E. H. J. talar oft um, að hann riti greinir og haldi samkomur og veizlur "til skemtunar og fróðleiks", Að það sem hann ritar, o.s.frv., kunni að vera sumum til skemtunar, má vel vera. En þar sem ekkert, sem ekki er satt, er til fróðleiks, þá er mér óhætt að fullyrða, að mjög lítið af því er til fróðleiks.

Til þess að sýna, að fávizka er ekki trúaratriði Mormóna, og að álita, að svo sé, er rangt, þá set ég nokkra orðskviðu og trúarskipanir því viðvíkjandi, sem spámaður þeirra, Joseph Smith, eftirskildi þeim:

"Sækist eftir vísdómi og þekkingu í öllum góðum bókum. Sækist eftir vísdómi með lestri, með bæn og með trú".

"Enginn er óhultur framar en hann fær þekkingu. Það er ómögulegt að verða sáluhólpinn í vanþekkingu".

"Hver sá, sem í þessu lífi nær meiri og fullkomnari þekkingu, en hver annar, þá verður hann þeim mun öðrum fremri í komanda lífi".

"Öll sú þekking, sem vér náum í þessu lífi, rís með oss í upprisunni".

"Þeir, sem óska að komast til guðs í hinu komanda lífi, verða að læra að haga sér eins og guð".

Þetta er nóg til að sýna, að Mormónar muni ekki vera fávísari en fólk yfirleitt er.

John Thorgeirsson,
Thistle, Utah.

Gamalt Reykjavíkurbréf

Eftir
Eirík Ólafsson frá Brúnum

Fjallkonunni var nýlega léð bréf það, er hér birtist, og leyft að prenta það. Bréfið sendi Eiríkur heitinn kunningja sínum upp í Mosfellssveit. Það er nógu skemtilegt og fróðlegt, bæði sökum hins einkennilega stíls Eiríks og viðburðar þess, sem það segir frá. Þótti því vert, að láta það ekki glatast.

Reykjavík dag 11. marzi 1893.

Heill og sæll kæri vin.

Ég páraði þér á dögunum fáar línur að gamni mínu, en eigi veit ég, hvort þú hefir fengið þær.

Nú pára ég þér aftur nýjar fréttir, þó að þær komi út í blöðunum óglöggvari en ég skrifa þér.

Þann 8. marz fengu þeir Sigurð og Baldwin Winnipeg-agentarGoodtemplarhúsið fyrir 10 krónur kl. 7 um kveldið til að halda fyrirlestur og allir velkomnir gratis. Litlu áður en opnað var, voru 3—400 manns komin að dyrunum.

Þegar lokið var upp, varð hver að taka á því, sem honum var lánað til að ná inngöngu. Ég lagði á vaðið út í iðukastið og hafði inn með þeim fyrstu, og húsið blindfult á fáum minútum. Grindverk fram með tröppunum alt mölvað og margir féllu ofan í forina, karl og kona, og komst ekki inn nærri helmingur.

Þegar að ysið minkaði, gekk Sigurður í ræðustólinn og sagði tvö orð.

Þá dundu yfir þvílík ósköp, að ég hefi ekki heyrt þvílíkt á æfi minni, að fráteknum sverustu reiðarslögum. Þá var orgað, sigað, skellihlegið, blásið í 100 hljóðpípur, skelt saman lófunum, svo skóf innan eyrun, stappað á stígvélum á gólfið, svo húsið gnötraði. Litlu eftir að þetta byrjaði inn í húsinu steinleið yfir tvo kvenmenn; margar æddu og tróðust út, og þær er eftir sátu, héldu um eyrun og höfuðið, og karlmenn sumir ekki átt mikið til góða. Þetta athæfi stóð yfir í fullan klukkutíma.

Ef nokkuð sljáfkaði, þá hringdi Sigurður til að fá þögn, þá var hamast, svo því verður varla lýst. Mér þótti bæði skömm og gaman að þeim. Upp úr ósköpunum heyrðust köll agentanna miðlungi þægileg. Allir urðu rothlessa, sem ekki áttu von á þessu, og ekki tjáði að umvanda og ekki varð af upphlaupi, en allmikil alvara var í mönnum um tíma, og einn blaðstjórinn, Hjálmar, var sleginn höfuðhögg, og fékk blátt auga.

Agentarnir Sigurður og Baldvin fóru heim eftir einn tíma og gátu ekkert talað, því það var svo til ætlað.

Svo beiddu húseigendur fólkið að rýma húsið og fóru út. Nei, þeir sátu með flautur sínar og héldu, að væri brögð í tafli, ef rýmkvaði til. Svo voru drepin ljósin, nema ein týra við dyrnar, og þeir sátu samt rólegir. Svo var sóktur bæjarfógetinn og rak þá alla út. Það voru menn af öllum stéttum, sem voru í óhljóðunum. Latínuskólinn var gefinn frí og var fjöldi af þeim þar inni, og dugðu þeir einna bezt í óhljóðunum, lófaskellum og fótastappi, og höfðu haft fult leyfi að leika sér að því, frá sínum upplýstu og mentuðu yfirmönnum.

En öngvir heiðingjar hefðu getað látið ver eða heimskulegar. Kaupmenn, gamli Geir og Kristinsen, pípuðu, Hannes Hafstein, Sighvatur og Halldór, bankar, og margir fleirri af þessu tagi fylgdu þessari heimskulegu og stórkostlegu nýlundu.

Hér hefi ég sagt það sannasta og réttasta, en máske blöðin dæmi misjafnlega um þetta.

Enda ég svo með kærri kveðju til hvorutveggja hjónanna og innilegt þakklæti fyrir alt gott mér auðsýnt.

Með vinsemd og virðingu.

Eiríkur Ólafsson.

— Fjallk., 16. marz 1910.

Þakkarorð

"Thanks to men
of noble minds, is honorable meed".
(Shaks. Tit. Aud. act. 1. sec. 2).

Til allra þeirra, sem af göfuglyndi og heiðarlegum tilfinningum fyrir efnalega erfiðum kringumstæðum mín og minnar familiu sl. ár, hér í Winnipeg, sem orsakast hafa af næstum eins árs veikindum mínum og þar af leiðandi vinnutapi, samfarandi fyrverandi og viðvarandi heilsulasleika konu minnar, — viljum við með þessum línum færa innilega þökk og viðurkenning.

Sérstaklega er verðugt að minnast þeirra heiðurshjóna Mr. og Mrs. Th. Oddson, fasteignasala, sem hafa léð okkur húsnæði síðan snemma í sept. sl., án endurgjalds, og erum við í þeirra húsum enn. Auk þess hafa þau hjálpað okkur peningalega, þegar okkur mest lá á. Og svo nú síðast hefir Mrs. Oddson hlynt mjög notalega að konu minni, á meðan hún var rúmföst af barnsburði nú um 2. vikna tíma. Einnig hafa veitt okkur myndarlegt og alúðlegt liðsinni (af smáum efnum) tengdaforeldrar mínir, Mr. og Mrs. Johnson í Norwood, Mrs. Rósa Peterson, Point Douglas, hálfsystir mín, og öll hennar familía hafa af einlægum vilja, með göfuglyndi og myndarskap (þó í þröngum efnahag) glatt og liðsint mér og minni familiu. Mrs. Rósbjörg Jónasson, Norwood tengdasystir mín liðsinti okkur að nokkru í fyrra sumar, sem kom sér vel á þeim tíma. Einnig ber okkur með þakklæti að minnast þeirra systra, Mrs. Anderson (tailor) og Mrs. Guðlaugar Runólfsson, ásamt skyldfólki þeirra, sem báðar hafa veitt konu minni alúðlega hjálp, í síðustu veikindum hennar, og sú síðari stundað hana af alúð og dugnaði yfir mánaðartíma. Einnig leyfi ég mér að geta þess, að verzlunarmaður Guðm. Árnason og félagar hans hafa lánað okkur (þeim alveg ókunnugum) nauðsynlegustu matvöru úr búð sinni, þegar efnalega tímar voru okkur hvað erfiðastir. Mr. Loftur Jörundsson hefir einnig verið mér drengilega vel, eins og honum er lagið. Mr. Páll Sigfússon, nábúi okkar, hefir verið okkur mjög hlýlegur, eins og honum mun gjarnt til þeirra, sem hann tekur því. Öllum þessum færi ég með línum þessum, fyrir hönd konu minnar, mín og familiu, mitt hjartanlegasta þakklæti, með ósk um guðs blessan í búi og "business" þeirra framvegis.

Að endingu, vinir mínir, detta mér í hug tvær línur eftir Byron (í "San Juan"):

"The drying up a single
tear has more
of honest fame, thann shedding
seas of gore".

Yður mun vart detta í hug, hve mörg þrautatár þér þerrið af þeim sem þér léttið byrði lífsins.

Með virðing, yðar

J. Helgason Bergen,
406 Simcoe St.

Æfiminning.

JÓHANNES KJARTAN ÓLAFSSON var fæddur í Grafton, North Dakota, þann 19. október 1889. Dáinn í Selkirk í Manitoba úr hjartaslagi þann 4. marz 1910. Hann var sonur hinna valinkunnu hjóna Ólafs Jóhannessonar, bónda á Red Deer Point, Winnipegosis, ættuðum úr Dalasýslu, og Valgerðar Guðmundsdóttur, Sigurðssonar, frá Skálum á Langanesi í Þingeyjarsýslu.

Árið 1899 fluttist hann með foreldrum sínum til Winnipegosis, og dvaldi hjá þeim allan sinn aldur.

Hér er hvorki um langa né margbreytta æfisögu að ræða, því þetta látna ungmenni náði ekki nema tvítugsaldri. Hann var að allra áliti með vönduðustu mönnum til orða og verka, skyldurækinn og góður sonur foreldrunum, og studdi þau jafnan til allra góðra athafna; ástríkur bróðir systkina sinna; háttprúður og daglarsprúður í allri framkomu við skylda og vandalausa.

Þennan orðstír ávann hann sér sjálfur, og hann er sannur. Hann lifir í minnum allra, sem þektu hinn dána. Hann er huggun í sorg foreldranna og annara skyldmenna þess látna. Hann er arfur til foreldranna og systkinanna, sem er verðmætari en lífsábyrgð. Hann er síðasta ódauðlega kveðjan.

Líkið var flutt til Winnipegosis, og jarðsungið þann 8. s.m. að viðstöddum flestum Íslendingum og mörgum annara þjóða mönnum.

Minning þessa dána vinar mun lengi lifa meðal Íslendinga í þessari bygð.

Vinur hins látna.

ROBLIN HOTEL
115 Adelaide St. Winnipeg
Bezta $1.50 á dag hús í Vestur-Canada. Keyrsla ókeypis milli vagnstöðva og hússins á nóttu og degi. Aðhlynning hins bezta. Viðskifti Íslendinga óskast. ÓLAFUR G. ÓLAFSSON, Íslendingur, afgreiðir yður. Heimsækjið hann. —
O. ROY, eigandi.

A. S. BARDAL.
Selur líkkistur og annast um útfarir. Allur útbúnaður sá bezti. Enfremur selur hann al skonar minnisvarða og legsteina.
121 Nena St. Phone 306

HEIMSKRINGLU og TVÆR skemtilegar sögur fá nýir kaupendur fyrir að eins $2.00

Giftingaleyfisbréf
selur: Kr. Ásg. Benediktsson
528 Simcoe st. Winnipeg.

—THE—
"Arena"
Þessi vinsæli skautaskáli hér í vesturbænum er nú opinn. Ísinn er ágætur. 18DA MOUNTED RIFLES BAND SPILAR Á ARENA. KARLM. 25c.—KONUR 15c.
Chas. L. Trebilcock, Manager.

JIMMY'S HOTEL
BEZTU VÍN OG VINDLAR.
VÍNVEITARI T.H.FRASER,
ÍSLENDINGUR.
James Thorpe, Eigandi

A. S. TORBERT'S
RAKARASTOFA
Er í Jimmy's Hótel. Besta verk, ágæt verkfæri; Rakstur 15c en Hárskurður 25c. — Óskar viðskifta Íslendinga. —

MARKET HOTEL
146 PRINCESS ST á móti markaðnum
P. O'CONNELL, eigandi, WINNIPEG
Beztu tegundir af vínföngum og vindlum aðhlynning góð, húsi endurbætt

Woodbine Hotel
466 MAIN ST.
Stærsta Billiard Hall í Norðvesturlandinu
Tíu Pool-borð.—Alskonar vín og vindlar
Gistin, og fæði: $1.00 á dag og þar yfir
Lennon & Hebb
Eigendur

Á beztu heimilum
hvar sem er í Ameríku, þar munið þér finna HEIMSKRINGLU lesna. Hún er eins fróðleg og skemtileg eins og nokkuð annað íslenzkt fréttablað í Canada

fæ enga vinnu. — Hvað kemur til þess? — Af því ég hefi verið í betrunarhúsinu. — Hamingjan góða, betrunarhússlimur, nei, flýttu þér burtu. Þannig enduðu vanalega bæðitilraunir minar, svo ég varð neyddur til að stela".

"En þú erfðir fjármuni", sagði Móritz, "þið áttuð dálítið bóndabýli í Vestur-Gautlandi, ef ég man rétt. Hvers vegna seldurðu það? Og hvað gerðirðu við peningana, sem þú fékst fyrir það?"

"Hvers vegna seldi ég landið mitt?" svaraði Jakob ákafur. "Ó, barnið mitt, af sterkri örvæntingu, sem var líkust hrjálsemi, ég vissi naumast hvað ég gerði, og gat því síður athugað afleiðingarnar. Ég hefi sagt þér frá ótrygð konu minnar. ..... Þú skilur máske tilfinningar minar einhverntíma seinna. Og vertu nú sæll".

Jakob rétti drengnum hendi sína, sem hann hikaði ekki við að taka í og þrýsta með hlýrri hluttekningu, enda þótt hann vissi, að hún hefði verið notuð til þjófnaðar.

"Vertu sæll, vesalings maður", sagði hann. "Ég óska, að þér lánist að finna það, sem þú leitar að, og að það færi sálu þinni frið".

Jakob svaraði engu, hann þrýsti hattinum ofan á höfuð sitt og fór burt.

Móritz stóð lengi og horfði á eftir honum. "Undarlegu forlög", tautaði hann, "sem látið mig mæta manni þessum hvað eftir annað. Hver er tilgangur ykkar með það?"

Hann stóð enn í djúpum hugsunum, þegar stutt var á herðar hans, og vingjarnleg rödd sagði:

"Hingað er ég aftur kominn, vinur minn. Hvernig líður móður þinni?"

"Hún sofur, herra prestur".

"Gott, máske það lánist, að bjarga lífi hennar.

Læknirinn getur samt ekki komið fyrr en á morgun. Sendimaðurinn var kominn aftur".

"Þú ert svo góður, prestur minn. Eigum við ekki að koma inn?"

"Jú. Ég er með báða bögglana, sem hún bað um. Við skulum fara inn".

Húsfrú Sterner svaf ennþá, þegar þeir komu inn í kofann. Þeir fóru mjög hægt, settust niður og fóru að tala saman í lágum róm, biðandi þess að hún vaknaði.

Loks hreyfði hún sig. Móritz flýtti sér að rúminu og kysti á enni hennar.

"Ert það þú, sonur minn?" spurði hún veiklulega

"Já, mamma, það er ég. Hvernig líður þér?"

"Betur, sonur minn; ég verð bráðum albata. Er presturinn kominn aftur?"

"Hér er ég, kona góð", sagði presturinn um leið og hann gekk að rúminu, "og hérna eru bögglarnir og gullhringurinn, sem þú baðst mig að sækja".

"Þökk fyrir", svaraði veika konan um leið og hún með erfiðismunum settist upp í rúminu og þrýsti hringnum, sem presturinn fékk henni, að vörum sínum. "Þökk fyrir, og vertu nú vottur að erfðaskrá minni", bætti hún við með blíðu brosi.

"Móritz" — sagði hún ennfremur — "minni bögglinn hefir að geyma dálítla peningaupphæð, sem ég eins og þú veizt hefi lagt til hliðar í mörg ár handa syni mínum. Það hefir ef til vill verið rangt af mér, að setja peningana ekki á vexti, svo upphæðin hefði aukist, en ég var svo hrædd um, að ég kynni að missa þetta fé, það eina, sem ég gat látið þér í té, ef ég dæi áður en uppeldi þínu væri lokið. Ég veit þú skilur þennan ótta, enda þótt þú kunnir að álíta hann óþarfan. Þegar mín nýtur ekki lengur við, mun Bergholm prestur geyma og ráðstafa þessum peningum, þangað til þú þarft á þeim að halda. Ég

ætla að biðja þig að fara sparlega með þá, og minnast þess, að móðir þín geymdi þá handa þér, þrátt fyrir fátækt sína og neyð. Viltu lofa því, elskan mín?"

"Já, já", sagði drengurinn snöktandi. "Minning þín skal vera mér heilög, móðir mín".

"Ég held það, ... ég vona það, barnið mitt. En hlustaðu nú á".

"Hinnn bögglinn, þann stærri, fæ ég þér sjálfum til geymslu. Það er erfðaskrá föður þíns, sem máske getur komið þér að miklu gagni á ókomna tímanum; en þú mátt ekki opna hann fyrr en á tuttugasta fæðingardegi þínum. Það var skilyrði föður þíns. Viltu ekki hlýða því, sonur minn?"

"Ég sver þér þess dýran eið, ástkæra móðir, að uppfylla það skilyrði", sagði Móritz alvarlegur, lagði aðra hendina á hjartað á meðan hann tók á móti bögglinum af móður sinni með hinni, — "ef ég brýt eið minn, má ógæfan hegna mér".

"Eiður þinn er heilagur, sonur minn. Bæn deyjandi manneskju er að eins lítilsvirt af þrælmennum", sagði presturinn.

"Og þessi hringur", sagði hún, um leið og hún lét hann á fingur sinn, "þessi hringur verður að fara með mér í gröfina".

"Í þessu efni skal einnig þinn vilji ráða, móðir mín, — en talaðu ekki um gröfina, ... ekki ennþá. ..... Þú gerir mig hræddan".

"Sonur minn", sagði hin deyjandi kona, um leið og unaðslegt bros breiddist yfir svip hennar, sem dauðinn var búinn að setja merki sitt á, "gráttu ekki, sonur minn, ... við skiljum, en við sjáumst aftur. Kvöldið nálgast, hið sorglega kvöld lífsins, ... fyrir mér er það bjart, endurnærandi eins og dropar dagrarinnar fyrir svíðnar rósir. Ég hefi þjáðst mikið, barnið mitt. Viltu ekki unna móður

þinni þeirrar hvildar, sem dauðinn einn getur veitt henni? ...En áður en ég fer þangað, hvaðan engin aðvarandi rödd getur látið til sín heyra, verð ég að gefa þér eitt ráð enn, biðja þig ennþá, ... nei, kreíjast af þér eins loforðs enn".

"Talaðu, mamma, ég heyri".

"Móritz, enda þótt þú sért ungur, hefir þú fengið að reyna beiskju lífsins, orðið að stríða við storma mótlætisins. Þú hefir orðið fyrir háði og fyrirlitningu af þeim, sem stóðu ofar í metorðastiganum en þú, þeim ríku og voldugu, sem fátæklingarnir kalla gæfusama. Ég er hrædd um, og hefi lengi verið hrædd um, að þetta hafi myndað gremju í huga þínum, kveikt efa í þinni ungu sálu, að þú hafir hugsað: — og það er svo eðlilegt, að slíkar hugsanir hafi lifnað hjá þér — er það mögulegt, að til sé réttlátur guð, sem lætur okkur, sem erum góð og dygðauðug, örmagnast af eymd, á sama tíma og hinir vondu, harðúðgu, miskunnarlausu lifa við allsnægtir? ..... Segðu mér, hvort þú hafir ekki hugsað þannig, sonur minn?"

"Ó, mamma, mennirnir hafa breytt svo illa við mig ..... og þú ..... sem ég elska meira en mitt eigið líf ..... þú deyrð ..... sundurtroðin af hestum kúgara okkar —"

"Það er satt, sonur minn, að ákvarðanir hins eilífa virðast okkur oft óskiljanlegar, ... já, jafnvel ranglátar. Það er satt, að á jörðunni sést all-oft ekkert jafnvægi á milli hegningar og umbunar ..... en hvað sannar það? Þessi ungi maður, sem kaldur og kærulaus lét hestinn sinn hlaupa yfir mig, ... heldur þú að hann á þessu augnabliki sé gæfurikari en þú? Hvers vegna köllum við hann lánsaman? Sökum auðs hans, metorða og valda? Ó, sonur minn, hvers virði er þetta lán, þegar enginn friður býr í huganum, enginn innri sálarauður til? Efast þú

Íslands fréttir.

Eimskipið "Flora", sem gengið hefir milli Noregs, Færeyja og Íslands um sl. 2 ár, heldur ferðum þeim áfram á komandi sumri, frá júní til október.

Ráðsmaður fyrir Lauganesspítalann er skipaður fyrrum kaupmaður og umboðsmaður í Ólafsvík, Einar Markússon.

Frá Ísafirði er sagt, að síðan um miðjan janúar geti tæpast heitið að á sjó hafi gefið, enda aflalaust, hafi það komið fyrir, að á sjó hafi verið farið, þann 28. febr. var afskaplegt veður og sjógangur mikill, og rak þá á land 6 báta, sem lágu þar á höfninni, og brotnaði einn þeirra að mun. Það var mótorbátur. Sumir hinna bátanna skemdust nokkuð. Nokkrir bátar, sem á höfninni voru og stóðust óveðrið, urðu einnig fyrir nokkrum skemdum.

Auk þeirra 19 manna, sem fórust í snjóflóðinu mikla í Hnífsdal, í febr. sl., hefir einn þeirra, er þá varð fyrir meiðslum, síðan látist, Vigfús Tómasson að nafni. Eignatjónið, sem flóð þetta gerði, er metið 10 þúsund krónur.

Í ofsaroki um mánaðamótin feb. og marz brotnaði bryggja og mótorbátur að Dvergasteini í Álptafirði. Hjallur lauk þar einnig og fleiri skemdir urðu.

Úr Árnessýslu fréttust góð aflabrögð, í Þorlákshöfn og á Eyrarbakka, um og eftir miðjan marz.

Danska varðskipið náði nýlega tveimur botnvörpungum, báðum frá Skotlandi. Þeir voru sektaðir 1200 kr. hvor, og afli og veiðarfæri gert upptækt.

Gróðrarstöð hefir verið komið upp á Hólum í Hjaltadal í Skagafirði, sjö dagsláttur að stærð, og hafa ýmsar trjáplöntur verið gróðursettar þar.

Nokkrir norðlenzkir bændur og bændaefni, líklega 1—3 úr hverri norðursýslanna, kvað vera áformað að bregði sér í kynnisför til Suðurlands á komandi sumri, og leggi af stað að heiman síðast í júní. Búnaðarfélag Íslands og ræktunarfélag Norðurlands leggja fram einhvern styrk til fararinnar.

Í ofviðrinu þann 18. febr. sl. fórust vélabátar í Vestmannaeyjum, og 9 menn druknuðu. Formaðurinn, Kristmundur Eysteinsson og hásetar flestir úr Reykjavík. Sagt að talsvert meira tjón hafi orðið í sama ofveðrinu þar á eyjunum.

Hannes Hafstein sendur til Akureyrar til að taka við stjórn Íslandsbanka útibúsins þar, síðan Friðrik Kristjánsson hvarf, og telur Þjóðviljinn líklegt, að það hvarf stafi af einhverjum misfellum, sem verið hafi á stjórn útibús þess, er Friðrik veitti forstöðu.

Gufuskipið Laura, sem strandaði í ofsaveðri 15. marz sl., á Skagaströnd, er sagt að hafi orðið fyrir svo miklum skemdum, að tvísýnt sé, að skipinu verði að nokkru leyti bjargað.

Óvenjulegar hörkur í Vestmannaeyjum síðan fyrir jól og sérlega slæmar gæftir. Sumir þó búnir að fá 8 þúsund af þorski um miðjan marz. Allar skepnur á gjöf fram að þeim tíma, sem ekki hefir komið fyrir síðan 1882, en fénaður í beztu holdum. Þrír mótorbátar fórust og þriðjung út- og framskipunarbáta tók út, og brotnuðu margir, svo að ekki er viðlit að gera við þá. Bryggja Edinborgarverzlunar þar færðist úr stað, svo að rífa verður bryggjuna. Margt fleira gekk úr lagi, og er skaðinn metinn yfir 20 þús. kr. þar á eyjunum.

Sauðagerði í Reykjavík brann 16. marz. Börn höfðu velt olíuvél um koll svo að kviknaði í húsinu.

Tveir botnvörpungar, sem komu til Reykjavíkur 16. marz sl., hvorttveggja eign Íslendinga, höfðu aflað vel. Annar hafði 23 þúsund fiskjar, hinn 19 þúsund, eftir tíu eða tólf daga útivist. Sagt að mjög mikill fiskur sé hvervetna fyrir Suðurlandi, og eru mörg þilskip þar á veiðum.

Látin í Reykjavík 18. marz Ragnhildur Briem, ekkja séra Eggerts Ólafssonar Briem og systir frú Torfhildar Hólm.

Mokafli sagður í syðri veiðistöðum við Faxaflóa.

Herra Nikulás Ottenson hefir í Reykjavíkurblöðum tilkynt, að sú fregn í Baldri, að hann sé innflutninga agent, sé ósönn, og taka blöðin það trúanlegt.

Jón Ólafsson alþingismaður varð 60 ára gamall þann 20. marz. — Fjöldi vina og kunningja hans heimsóttu hann þann dag og færðu honum hamingjuóskir.

Bréf úr Húnavatnssýslu til Fjallkonunnar, dags. 23. marz, segir nú vera blómlegan búskap í Húnavatnssýslu. Síðasta sumar óvenjulega gott til heyfanga. Veturinn í fyrra hinn mildasti á síðustu áratugum, og undangengið sumar einnig gott. Verzlunarkjör góð. Ull á sl. sumri í 70 aurum pundið. Kjötverð all-gott, og smjör frá rjómabúum fer alt af hækkandi. Fjársala venju fremur mikil á sl. hausti, og fé þó með flesta móti, sem sett var á vetur.

Lögrétta, dags. 19. marz, segirN. Ottenson leggja af stað frá Íslandi í næstu viku. Halldór Bardal þá nýkominn þangað.

Ljóðabók dr. Sig. Júl. Jóhannessonar er nýkomin út í Reykjavík. Bókin er all-stór og útgáfan vel vönduð, með mynd höfundarins. Kvæðin mörg falleg.

"Áning" heitir stórt málverk, sem Þórarinn málari hefir gert, og verður það sent á sýningu í Kaupmannahöfn.

Ísafold segir landburð af fiski í Þorlákshöfn og Grindavík og fullur sjór með löndum alla leið inn í Garðssjó. Á Eyrarbakka talið óvenju-mikið fiskmagn.

Hvar er hann?

Sá, sem kynni að vita, hvar nú er niðurkominn herra Magnús Magnússon, frá Gillastöðum í Dalasýslu, sem fór frá Íslandi til Canada árið 1882, er vinsamlega beðinn að láta undirritaðan vita.

Markús Johnson,
Baldur, Man., Can.

Ef auglýsing yðar er í Hkr. þá verður hún lesin

Vor-vísur.

Morgunsólin gyllir grund,
gengur njóla að víði,
vaknar fjóla í laufgum lund,
lifnar hóla prýði.

Hálsar glansa og hæðirnar,
hýrnar lands í dölum.
Röðuls dansa rósirnar
regnbogans á sölum.

Kasta gljáir geislarnir
gullnum frá sér loga
storðu á, og steypa sér
storms af háum boga.

Veðra-þýði veturinn
veröld fríða kveður,
vorið ríður aftur inn
ást og blíðu meður.

Jörðu að færa fjör og líf,
frjófga, næra og græða,
henni fjær að flytja kíf,
fegurð mæra að glæða.

Vori fríðu fagna ber:
Flýja hriðar stríðar,
kuldi í blíðu breyttur er,
blómum skrýðast hlíðar.

Hreiðrum smáir fuglar frá
fljúga þá án trega,
syngja háum eikum á
yfrið dásamlega.

Linni í grundu sætt er svaf
svella undir dýnum
vors með stundu vaknar af
vetrarblundi sínum.

Grænum klæðist feldi fold,
fögrum bæði og síðum;
grösin æða upp úr mold
í hagstæðum þíðum.

Leynda þróast lífið í
litla frjófanganum.
Kvakar lóa, kvik og frí,
kát í gróandanum.

Brosa kæru brekkurnar,
bráðnar snær í polla,
sólu skærar sóleyjar
sína bæra kolla.

Grund um þýtur blíður blær,
bjarka strýtur hrærast,
lilju, ítur laga skær,
laufin hvítu bærast.

Skóga glansar rein við rein,
rósa fans er þekur.
Þrestir dansa grein af grein,
— gleði manns það vekur.

Syngja brag um sól og ljós
sumardaga fríða,
græna haga og hýra rós
hljómþýtt lag þeir smíða.

Útí móum heyrist hár
hrafna og spóa kliður.
Lækir floa, fljót og ár
fram til sjóar niður.

Heyra brak og bresti má,
brotnar þakið klaka,
hrekjast taka ofan á
ótal flakar jaka.

Fljótið kalda kyrlátrar
hvildar aldrei nýtur,
Líkt um aldir eilífar
áframhald ei þrýtur.

Svanir skærum syngja róm,
svein og mær er vekur.
Loftið hlær við unaðsóm,
undir blærinn tekur.

Sumardegi veröld við
verður fegin aftur,
Alt þér hnegi ár og síð
alheims megin-kraftur.

Sem að klæðir fegurð fold,
frosti í glæður breytir,
og sem fæðir maðk í mold,
mönnum gæði veitir.

Hvar þú býrð um himins ból,
hvert í dýrð þú brunar,
vetri er snýrð í vor og sól,
varla rýrð mín grunar.

Líti ég hátt í himininn,
heims um áttir kunnar,
sé ég máttinn mikla þinn,
milding náttúrunnar.

Horfi ég látt á hafið blátt,
hrönninn brátt hvar æðir,
sé ég þrátt þinn sama mátt,
sýli smátt er fæðir.

Eg sé þá að allstaðar
er þín nálægð ríka,
stjörnum hjá, sem storð og mar,
stóru og smáu líka.

Óteljandi eru um þig
æ varandi merkin.
blóm skínandi minna mig
á máttug handaverkin.

Von það háa vekur æ,
er vori á þinn kraftur
visið strá og frosið fræ
frjófga náir aftur.

Það minn segi sannan grun,
sízt er þegi yfir:
Út af deyja ekkert mun, —
æ þitt megin lifir.

Alt framþróast, ekki neitt
agnar snjókorn tapast.
Eilíf ró mun engu veitt,
efni gróa og skapast.

Krafturinn hái hverja stund,
hvers vér nálægð sjáum,
vertu oss hjá í vöku og blund,
víktu ei frá oss smáum.

Jónas J. Danielsson.

ALDREI SKALTU geyma til morguns sem hægt er að gera í dag. Pantið Heimskringlu í dag.

THE DOMINION BANK
HORNI NOTRE DAME AVENUE OG SHERBROOKE STREET

Höfuðstóll uppborgaður: $4,000,000 00
Varasjóður - - - $4,400,000 00

SPARISJÓÐS DEILDIN:
Vér veitum sparisjóðs innleggjendum sérstakt athygli, og borgum hæztu vexti á sparisjóðs innleggjum af $1.00 og yfir. — Barna innlegg velkomin. — Seljum peningaávísanir á ÍSLAND.
H. A. BRIGHT, RÁÐSMAÐUR.

Með því að biðja sérstaklega um "T.L. CIGAR," þá ertu viss að fá ágætan vindil.

T.L.

T.L. CIGAR
(UNION MADE)
Western Cigar Factory
Thomas Lee, eigandi Winnipeg

NÚ TIL SÖLU
DREWRY'S
BOCK BEER
Hann er betri á þessu vori en nokkru sinni áður. — Biðjið um hann. —
E. L. DREWRY, Manufacturer, Winnipeg

STRAX Í DAG er BEZT AÐ GERAST KAUPANDI AÐ HEIMSKRINGLU. — ÞAÐ ER EKKI SEINNA VÆNNA.

Manitoba á undan.

Manitoba hefir víðáttumikla vatnsfleti til uppgufunar og úrfellis. Þetta, hið nauðsynlegasta frjógunarskilyrði, er því trygt.

Ennþá eru 25 milión ekrur óbygðar.

Íbúatal fylkisins árið 1901 var 225,211, en er nú orðið um 500,000, sem má teljast ánægjulog aukning. Árið 1901 var hveiti og hafra og bygg framleiðslan 90,367,085 bushela; á 5 árum hefir hún aukist upp í 129,475,943 bushel.

Winnipeg borg hafði árið 1901 42,240 íbúa, en hefir nú um 150,000; hefir nálega fjórfaldast á 8 árum. Skattskildar eignir Winnipegborgar árið 1901 voru $26,405,770, en árið 1908 voru þær orðnar $116,106,390. Höfðu meir en þrefaldast á 7 árum.

Flutningstæki eru óviðjafnanleg,— í einu orði sagt, eru í fremsta flokki nútíðartækja: Fjórar þverlandsbrautir liggja um fylkið, fullgerðar og í smíðum, og með miðstöðvar í Winnipeg. Í fylkinu eru nú nálega 4 þúsund milur af fullgerðum járnbrautum.

Manitoba hefir tekið meiri landbúnaðarlegum og efnalegum framförum en nokkurt annað land í heimi, og er þess vegna ákjósanlegasti aðsetursstaður fyrir alla, af því þetta fylki býður beztan arð af vinnu og fjárleggi.

Skrifið eftir upplýsingum til: —

JOS. HARTNEY, 77 York Street, Toronto, Ont.
JOS. BURKE, 178 Logan Avenue, Winnipeg, Man.
A. A. C. LaRIVIERE, 22 Alliance Bldg., Montreal, Quebec.
J. F. TENNANT, Gretna, Manitoba.

J. J. GOLDEN,
Deputy Minister af Agriculture and Immigration, Winnipeg.

"Gættu þín", sagði Jakob. "Ég aðvara þig í annað sinn. Þú þekkir ekki alla sögu rafhjartans".

"Nei", sagði Móritz, "þó að ólánið hafi elt þá, sem áttu hann, þá er ég ekki það barn, að ímynda mér, að þessi litli steinn hafi nokkur áhrif á forlög mín".

"Segðu þetta ekki ....., hlustaðu nú á", svaraði Jakob: "Þenna litla skartgrip gaf faðir minn fyrri konu sinni, og sjást enn fyrstu stafirnir í nafni hennar á gullumgerðinni. Hún henti rafhjartað um háls sér til minningar um hjartagæzku manns sins, en þessi hjartagæzka entist ekki lengi. Tár hennar féllu á rafhjartað, sem auðveldara hefði verið að mýkja, en hjarta manns hennar. Þú veizt, að faðir minn er ofstopi og prælmenni í lund. Einu sinni misþyrmdi hann konu sinni í ásýnd eins þjóna sinna. Þá slitnaði festin, sem rafhjartað hékk í, svo hann hélt á því í hendi sinni. Kona hans dó af sorg og óánægju, en rafhjartað gaf hann móður minni, sem hann feldi ástarhug til um stundarsakir. ..... Hitt veizt þú. Þú veizt, að hún dó í fátækt, að sonur hennar, sem erfði þenna grip, varð fyrir alls konar óhöppum, og síðan hann kom í þínar hendur hafa vonir þínar brugðist, þínar barnslegu, eðallyndu eftirvæntingar orðið að engu. Fáðu mér því skartgripinn".

"Nei", svaraði Móritz, "þrátt fyrir allar þessar bendingar ætla ég að geyma hann. Ég hefi grun um, að ég hafi gott gagn af honum einhverntíma".

"Trúir þú ennþá á lukkuna?" sagði Jakob. "Ertu ekki enn búinn að skilja, að það er engin gæfa til fyrir fátæklinga? Veiztu ekki, að þú verður kúgaður, að minsta kosti á meðan þú kyssir hönd þá, sem slær þig?"

"Ég ætla ekki að kyssa hana", sagði Móritz, "ég ætla með dugnaði að brjóta mér braut og verða

sjálfstæður, og lifi móðir mín, veit ég að það lánast"

"En hún deyr, drengur minn, hún lifir ekki til morguns".

"Ég trúi því ekki", sagði Móritz, "vil ekki trúa því, ... og komi það fyrir, þá dey ég líka".

"Og morðingi hennar á að lifa við allsnægtir", sagði Jakob og hló. "Nei, drengur minn, þú verður að lifa til að hefna hennar".

"Lögin skulu hefna hennar. Morðingjanum verður hegnt".

"Lögin? Minstu aldrei á lögin. Hefirðu gleymt grísku líkingunni: Lögin eru sem kóngulóarvefur, litlu flugurnar hanga fastar í honum, en þær stærri rífa sig í gegn um hann og fljúga sina leið. Greifinn verður í hæsta lagi sektaður um tíu dali, ef hún deyr af meiðslunum. Þetta kalla menn slysabætur. Lögin hegna aðeins fyrir verknaðinn. Skeytingarleysið og grimdina, sem hann sýndi, kæra þau sig ekkert um. Það er sjálfsheindarinnar að jafna slíkt".

..."Þú segir satt", sagði Móritz hugsandi. "Það er ekkert réttlæti til, hvorki í hegningu né umbun á þessari jörð. Ég ætla því að lifa til að hefna mín. Ég finn að ég get það, þrátt fyrir fátækt mína".

"Og þú ætlar þér að halda þessum skartgrip, sem ég trúði þér fyrir?" sagði Jakob.

"Já, þú hefir enga heimild til að heimta hann".

"Nú, geymdu hann þá. Vertu sæll."

"Hvert ætlardu nú að fara?" spurði Móritz, "áttu ekkert heimili?"

"Nei, en ég á dóttur, og að henni ætla ég að leita".

"Dóttur?"

"Já, manstu ekki að ég sagði þér, að þegar ég komst að ótrygð hennar, þá rak ég hana í burtu, og flúði svo sjálfur frá þeim bletti, sem ég bjó á með henni. Síðan hefi ég ekki séð hana. Ég hefi flakk-

að um heiminn og reynt að gleyma henni, en árangurslaust. Fyrir nokkrum tíma síðan heimsótti ég þorpið, þar sem við bjuggum saman svo sælu lífi, en svo stuttan tíma. Þar var mér fengið bréf frá henni og í því sagði hún mér, að hún hefði alið dóttur, sem ég væri faðir að, og sór þess dýran eið, að þetta væri sannleiki. Hún kvaðst hafa gefið dóttur okkar nafnið Helen, og ætlaði nú til Stokkhólms að vinna fyrir sér og henni. Hún skoraði á mig að finna sig, ekki sín vegna, heldur barnsins okkar, sem yrði einmana og hjálparlaust, ef sín misti við. Ég flýtti mér til Stokkhólms, leitaði hennar þar í heilt ár, án þess að finna hana, yfirgaf svo höfuðborgina aftur í örvæntingu, en nú ætla ég þangað enn til að endurnýja rannsókn mína".

"Vesalings Jakob", sagði Móritz, sem vorkendi honum svo mjög, að hann nærri gleymdi sínum eigin sorgum. "En hvernig ferðu að viðhalda lífinu?"

"Ég lifi af vinnu minni, sagði Jakob og hló tryllingslega, "eða réttara sagt, af glæpum minum".

"Glæpum þínum?" endurtók Móritz með hrylling.

"Já, mannfélagið hefir útskúfað mér. Enginn vill hjálpa mér til að lifa á heiðarlegan hátt, sem svo er kallað. Hvað ætti ég annað að gera, ... deyja úr hungri? Það er auðvitað samkvæmt siðferðiskenningunni, sem ekki vill leyfa manni, sem er að fram kominn af hungri, að stela brauðbita frá þeim, sem hefir meira en hann þarf. En ég er enginn siðfræðingur, ég er örlagatrúarmaður. Hafi forlögin ákveðið ógæfu og glæpi fyrir einn, en gæfu og dygðir fyrir annan, þá eiga mennirnir enga sök á því að það er þannig. Viljinn er ekki einhlítur, það þykist ég hafa reynt".

"Það er þá eins og mig hefir lengi grunað", sagði Móritz og sneri sér frá honum. "Þú ert þjófur".

"Já, en ekki vanalegur þjófur", svaraði Jakob og brosti einkennilega, "væri ég vanalegur þjófur, þá gengi ég ekki í tötrum".

"Skýrðu það fyrir mér", sagði Móritz og leit á hann undrandi.

"Ég hefi sett mér vissar reglur viðvíkjandi þjófnaði", svaraði Jakob. "Þegar ég brýzt inn einhversstaðar, og sé þar hrúgur af peningum, ef til vill fleiri þúsund dali, og mat og fatnað við hliðina á þeim, þá læt ég peningana kyrra, en tek matinn og fatnaðinn. Heldurðu að vanalegur þjófur mundi fara svona að?"

"Nei, hann mundi taka peningana".

"Já", sagði Jakob, "en þannig haga ég mér ekki, og nú skal ég segja þér af hvaða ástæðu. Þjófnað álít ég í sjálfu sér ranglátan og skammarlegan, því þegar maður, sem hefir það sem hann þarf, stelur frá öðrum, þá gerir hann það af ágrind, en slíkar ástríður eru gagnstæðar mannlegu eðli, sem skipar okkur að bera virðingu fyrir annara réttindum. En þegar maður, sem er útskúfaður úr mannfélaginu, og ekki getur á neinn hátt fengið að vinna fyrir sér með heiðarlegum hætti, stelur að eins því, sem hann þarf í það skiltið til að seðja hungur sitt eða hylja nekt sína, frá þeim ríku, sem hafa meira en þeir þurfa, þá skilst mér ekki að hann sé sekur. Þetta er mín lífsskoðun. Hvað segir þú um hana?"

"Mitz, "fyrst og fremst það, að með miskunnsemi góðra manna yrði þér máske mögulegt, að fá það sem þú þarft".

"Miskunnsemi?" sagði Jakob ákafur, "heldurðu að ég hafi ekki reynt það. Heldurðu ekki að ég hafi verið betlari áður en ég varð þjófur? Jú, góði minn, ég hefi reynt hvorttveggja. Þegar ég bað um ölmusu, yptu menn öxlum og sögðu: Þú ert ungur og röskur, hvers vegna vinnurðu ekki? — Af því ég

Skylduverk.

(Frh.). Björn Jónsson hefir ekki hlotið ámæli manna fyrir það, að hann skipaði rannsókn í Landsbankanum. Hann hefði meira að segja áunnið sér traust og virðingu með því, ef löglega og sæmilega hefði verið að farið.

Það skiftir engu, þótt þeir Tryggvi Gunnarsson, EiríkurBriem og Kristján Jónsson væru taldir ágætismenn, — það hefir verið og er alment álit meðal Íslendinga, að færari og betri menn sé örðugt að finna meðal vor — rannsókn eða eftirlit með störfum þeirra var jafn réttmætt fyrir því. En það er aðferðin, sem mönnum þykir ekki einungis óviðfeldin, heldur beinlinis óþolandi. Jafnvel þó allir hefði haldið, að bankastjórnin væri skipuð stórglæpamönnum, — já, og þótt það hefði sannast, að svo væri, þá áttu þeir og þjóðin í heild sinni heimtingu á, að löglega og siðmenningarlega hefði verið að farið af hendi stjórnarinnar.

Það hefir komið fyrir á stöku stað, að glæpamönnum, sérstaklega morðingjum, hefir verið hegnt án dóms og laga; það er að segja, án þess þeir hafi fengið að bera hönd fyrir höfuð sér og skýra málsástæður frá sinni hlið, áður en dæmt var. Slikt hefir ávalt verið talið níðingsverk, og stór blettur á þeirri þjóð, sem hefir verið sá sauður, að láta það viðgangast.

En hvað skeður á Íslandi? Hver var aðferðin í bankamálinu? Í fáum orðum þessi: Menn eru sendir inn í bankann um miðjan afgreiðslutíma og látnir reka út alla bankastjórnina án minútu fyrirvara, og án þess að nokkur ákveðin ástæða sé gefin. Bankastjórninni er neitað um, að ljúka dagstarfi sínu, og menn, sem eðlilega eru lítt kunnir skjölum og bókum bankans látnir hrifsa þau úr höndum hennar.

Sakir eru sagðar að vera til grundvallar fyrir þessu tiltæki. Óhróður um bankastjórnina er prentaður í opinberum blöðum, auglýstur á götum bæjarins og símaður á kostnað landsmanna út um alt land og til erlendra þjóða. Dylgjur um það, að sumt af athæfi bankastjórnarinnar sé svo varhugavert, að það geti verið ábyrgðarhluti fyrir stjórnarráðið, að birta það, eru sendar út á meðal almennings. Málið er rannsakað, án þess að sakborningar fái að bera hönd fyrir höfuð sér, og dæmt þannig, að dómurinn er ekki fyrst birtur þeim, sem sekir eru taldir, heldur sendur á landsins kostnað út á meðal þjóðarinnar, og sakborningar leyndir því.

Einhver komst svo að orði nýlega, að þetta væri rússneskt. Það er ekki rétt; ég veit ekki til, að slikt gjörræði hafi verið framið á Rússlandi í seinni tíð. Jafnvel þar gildir sú regla, að dæma engan óheyrðan. Með því að brjóta þá reglu, hefir Björn Jónsson troðið á helgasta rétti, sem hver einstaklingur á heimting á í öllum siðuðum löndum.

Og ekki nóg með það, heldur steig hann feti framar í sömu átt, þegar hann ekki hlýtur lögregludómi uppkveðnum af bæjarfógetanum í Reykjavík. Kristján Jónsson hafði krafist úrskurðar á því, hvort hann ætti ekki aðgang að bankanum eftir sem áður; dómurinn féll í vil Kristjáni og á móti Birni. Þessum dómi sinnir hann ekki. Með öðrum orðum, þykist vera hafinn yfir það, að beygja sig undir lög og rétt þjóðarinnar. Hvilik hætta öllu réttarfari er búin í því landi, þar sem yfirvöldin fara þannig að ráði sínu, ætti að vera öllum fyllilega ljóst. Var ekki afsakanlegt, þótt Þorsteini Gíslasyni dytti í hug Nero og Calicula, þegar þetta kom fyrir?

Björn Jónsson hefir ritað manna mest um þjóðræði og þingræði, — það, að þjóðin og þingið ráði. En hvað gjörir hann svo? Þingið eitt, sem fulltrúi þjóðarinnar, hefir vald til þess að skipa gæzlustjóra Landsbankans og víkja þeim frá, ef þurfa þykir. Hvorki ráðherra né nokkur annar hefir heimild til þess (nema til bráðabyrgða, fram að 1. jan. 1910).

Björn Jónsson brýtur þannig lög landsins, að hann tekur í sínar eigin hendur það vald, sem þingið eitt hefir. Er hægt að fara öllu lengra? Getur nokkur mælt þessu bót? Ég man ekki til að ég hafi heyrt eða séð, að Rússakeisari hafi framið slikt gjörræði í seinni tíð.

Til glöggvunar fyrir þá, sem halda því fram, að Björn Jónsson hafi haft hreinar hendur í bankamálinu, skulu eftirfarandi atriði endurtekin:

1. Hann hefir rænt rétti þingsins og brotið lög landsins með því að vikja mönnum úr embætti til fullnustu, sem þingið eitt hafði vald til að gjöra.
2. Hann hefir rænt rétti þingsins og fótumtroðið lög landsins með því að skipa menn í embætti, sem þingið eitt hafði vald til að gjöra.
3. Hann lét helja rannsókn á Landsbankanum þannig, að ætla mætti, að stjórn hans væri skipuð stórglæpamönnum.
4. Hann lét rannsókn og ákærur koma fram, án þess að sakborningum væri gefinn kostur á, að svara fyrir sig.
5. Hann fellir sjálfur dóm í málinu, og gjörir það án þess að sakborningum sé gefinn kostur á vörn.
6. Hann brýtur með þessu helgustu verndar- og réttlætiskröfur, sem allar siðaðar þjóðir viðurkenna.
7. Hann símar á kostnað landsmanna út um alt Ísland og til útlanda óhróðurssögur um gæzlustjórana, áður en málið er full-rannsakað.
8. Hann lætur birta dylgjur og ákærur um bankastjórnina í opinberu blaði á meðan á rannsókninni stendur.
9. Hann skeytir ekki lögregludómi, sem upp er kveðinn af bæjarfógetanum í Reykjavík.— Hann setur þannig sjálfan sig yfir lög og rétt og stofnar öllu réttlæti í landinu í voða.

Sé nokkuð af ofangreindum atriðum ranghermt, þá er ég þeim þakklátur, sem leiðrétta kann.

(Frh.).

Sig. Júl. Jóhannesson.

Um sjónleikinn.

Hinn alkunni söngleikur Hostrups, "Ævintýri á gönguför" hefir tvö undanfarandi kvöld verið leikinn í íslenzka Goodtemplarahúsinu, af löndum.

Ég hefi margoft séð leik þennan leikinn heima á Íslandi, mismunandi, en aldrei ver en hér. — það er skæmt, þegar lélegir leikir eru illa leiknir, en margfalt verra, þegar góður leikur, sem "Ævintýrið", er leikinn eins og hér varð raun á, — því sem sagt, það eina hlutverk, sem vel var af hendi leyst, var kammeráð Kranz, er Ólafur S. Thorgeirsson lék. Það hlutverk var mjög vel af hendi leyst.

Aftur á móti aðalhlutverkið, sem sé Skrifta-Hans, var svo hörmulega leikið, að grátlegt var að horfa á. — Hans á að vera slunginn bragðarefur, vel að sér gjör, eiga hægt með að hafa hamaskifti, hvenær sem svo ber undir, en í höndum Ágústs Jóhannssonar var hann hvumleiður ræfill frá upphafi til enda, — líktist talsvert Katli í Skuggasveini, sem sami maður lék í fyrravetur, og eru Hans og Ketill þó gagnólikar persónur.

Assessorinn, leikinn af G. P. Thordarson, og Vermundur, í höndum Chr. G. Johnsons gátu gengið. Þar á móti stúdentarnir afleitir, Ejbek þó verri.

Kvenfólkið bætti litið úr skák. Að sönnu syngur Miss Sigríður Olson, sem leikur Láru, mjög vel, en hún talar alt of lágt. Jóhönnu, í höndum Guðbjargar Sigurðsson, vantaði algjörlega það fjör og kæti, sem einkennir það hlutverk; aftur talaði hún fremur skýrt. — Kammeráðsfrúin var fremur lélega af hendi leyst.

Útbúnaður við leikinn, hvað búningum og leiktjöldum viðvíkur, var góður. Aftur er það ófyrirgefanlegt, að setustofa hjá auðmanni skuli ekki hafa annan húsbúnað en þrjá tréstóla og tvö smáborð, — slikt hefi ég aldrei fyr séð.

Það lýsti skilningsleysi hjá áhorfendunum, að hlægja, þegar Skrifta-Hans er að iðrast synda sinna í innbrotsþættinum. Það er alls ekki hlægilegt, — siður en svo.

Gunnl. Tr. Jónsson.

Friðrik Sveinsson,
MÁLARI,
hefir verkstæði sitt nú að 245 Portage Ave. — herbergi nr. 43 Spencer Block — beint á móti pósthúsinu. Hann málar myndir, leiktjöld, auglýsingaskilti af öllum tegundum, o. s. frv. — Heimili: 618 Agnes St.

Jóhanna Olson
PIANO KENNARI
557 Toronto St. Winnipeg

SAMTAL UM BÚSKAP

Eftir ÖRRA

XI.

ATLI: Heill og sæll, Ketill félagi!

Langt er nú orðið síðan við skeggræddum síðast. Þá bar okkur margt á góma um ýmsar mismunandi hugsanir.

Þú ert sem farfuglinn, ferð víða og sérð margt, er mér, hér í fásinninu, er ókunnugt um; en nú ertu svo á fund minn kominn, að þú verður að segja mér fréttir af mönnum og málum, og það veit ég að þér er létt þraut, því að þú ert maður glöggþekkinn og minnugur.

KETILL: Sú kvöð mun á mér liggja, sem öllum gestum, að vera skyldur að leysa fréttaböndin.

Þar er þá fyrst til máls að taka er við skildum síðast, — ég fór í fjarlægð til iðnar minnar. Fyrst tókst ég á hendur, að byggja fjós og hlöðu hjá ungum bónda. Sú hlaða er hin stærsta og vandaðasta, er ég hefi af höndum leyst. En sú hlaða varð að nokkurru leyti fótakefli eiganda, og á bak við þetta liggur sorglegt sögukorn, sem ég held að ég megi til að segja þér, því hún getur orðið þér leiðarvarða fyrir framtíð barna þinna.

Jörð sú, er ég bygði hlöðuna á, var landnámsjörð, rudd og bygð með súrum sveita af hinum fátæka landnema. Með dugnaði og forsjálni græddi landneminn fé. Hann jók landeign sína með landkaupum kring um landnámsbýlið. Hann byggði upp jörðina svo með afbrigðum þótti — á hans búskaparárum. Gangandi pening hafði hann svo, að jörðin var fullsetin, — bjó, sem við Íslendingar erum vanir að segja, blómabúi. En svo komu elliárin og barn hans giftist; gamli maðurinn lét alt af höndum sér, jörð og bú, til ungu hjónanna. — Þau voru ung, með hugann fullan af tálvonum æskunnar, höfðu alt af lifað áhyggjulausu lífi undir varnarhendi foreldra sinna. Þegar þau tóku við búinu, breyttu þau allri stjórn á heimilinu, — alt þurfti að vera nýtt og aðlengið. Gripirnir, sem gamli landnámsmaðurinn lét af höndum, voru eigi hæfilegir fyrir nútíðarbúskap, þeir urðu að seljast — eyðileggjast — og aðrir nýir að koma í staðinn — kynbótagripir, — við annað var ekki unandi. Eyðileggingin fór fram, gripir af dýrum kynjum voru keyptir geipiverði. Landnámsbyggingarnar voru ei heldur samsvarandi kröfum tímans, þeim þurfti að breyta, og það var einnig gert. Góðar byggingar rifnar niður, öðrum breytt; nýjar byggingar, margfalt dýrari settar á stokka, en sem ekki gerðu heimilinu að neinu leyti meira eða betra gagn. Afleiðingar þessarar stjórnar urðu eftir fárra ára búskap algerð gjaldþrot. Jörð og bú alt var selt í skuldir. Þannig voru eignir þær, er landneminn safnaði, "í súrum sveita síns andlitis", eyðilagðar á stuttum tíma.

ATLI: Ljót er sagan, vinur. Ilt er til þess að hugsa, ef þvilík útreið liggur fyrir mörgum af uppvaxandi kynslóð. Þú, sem víða ferð og margt reynir, hvað ráð sérðu við þvilikum afglöpum. Við öllu eru varnarráð, einungis að við fáum þau handsömuð, svo við getum nothæft þau.

KETILL: Að minni hyggju verðum við ætíð að hafa hugfast, að "gjálíf er æskan", og reyna af fremsta megni að haga stjórn okkar á börnunum því samkvæmt. "Enginn verður óbarinn biskup", — ekki svo að skilja, að ég vilji, að börn séu barin, nei, þvert á móti. Í því máli er ég samdóma Robert Ingersoll. Hann kvaðst ekki mundi geta þáð hjálp af því barni, er hann hefði barið. En vér verðum samt, að halda strángri gæzlu yfir börnunum, byrja þegar á ómuna-aldri þeirra, að vekja hjá þeim eftirtekt á orsökum og afleiðingum, og það getum við að eins með samræðum við þau. "Gljúp er barnslundin". Þau hugsunarháttar einkenni, er grafast á minnisspjöldin í æsku, munu vart afmást. Því er um að gera, að þar grafist á góð og trú minnismörk, er séu leiðarvísir kjarks, staðfestu og drengskapar. — Gjálíf er æskan, æskan útkrefur gleði; hún hlær, hoppar og skoppar, en við verðum að fylgjast með hlátrinum og hoppinu, — hafa vakandi auga á, að gleðin sé ætíð innan velsæmis takmarka, — styðja unglingana til hólsamrar gleði, þá venjast þeir á, að meta okkur og virða og unna heimilinu, sem gríða og hvíldarstað. Þar við þroskar ein velvildar hugsan aðra.

Nytsemi og arð vinnunnar verðum við að kenna börnunum að þekkja, því iðjuleysið er undirrót glæpa og allrar ómennsku. En við því verðum við varhuga að gjalda, að ofþjaka ekki unglingunum svo, að hver taug standi sem stirðnaður þráður í svip þeirra. Hvildarinnar þarfnast þau, svo líkams- og sálarþroski haldi áfram óhindrað. Um að gera, að innræta þeim fegurðartilfinningu, vandvirkni og nýtni í smáu og stóru. Að fjármálaeðli þeirra verðum við að gefa nákvæmar gætur, og eftir því, sem við höfum framast vit á, temja það eðli þeirra svo að notum komi. Ef efni okkar leyfa ættum við að lofa þeim að hafa dálítil fjárráð, með því móti getum við virkilega komist að fjármálaeðlinu hjá þeim. Þegar þau gera glappaskot í þeirri grein, verðum við að láta þau finna til afleiðinganna af misbrúkun fjárins. Eftir að þau hafa rekið sig á nokkrum sinnum, fara þau að veita orsökum og afleiðingum nákvæmari gætur. Lendi þau í fjárþröng, megum við ekki umsvifalaust rétta úr kröggunum, heldur láta þau vinna sér inn fé hjá okkur með eðlilegri fyrirhöfn, — við það komast þau að raun um, að fé fæst ekki án fyrirhafnar. — Það er sjaldgæft, að þeir unglingar, sem aldir eru svo upp, að þeir þurfa ekki annað en að rétta út hendi eftir fjársjóðum foreldra sinna, verði hagfræðingar. Þeir verða oftast þeir melir, er eyða því, sem saman var dregið með súrum sveita.

Eínnig verðum við sem fyrst að venja börnin okkar við það, að taka þátt í verkahring vorum, og við ættum sem sjaldnast að viðhafa það orðtak, þegar um verkaröðun er að ræða: ég læt gera þetta, heldur við, — Með því að hrúka fleirtöluorðið fæðist sú hugsun hjá unglingunum, að þeir séu í raun og sannleika hluthafar heimilisins, og þá um leið kemur ábyrgðarskyldumeðvitundin hjá þeim. Þegar svo er komið, er okkur óhættara að treysta þeim fyrir starfa vorum.

Við verðum ætíð að hafa það hugfast, að það erum við, foreldrarnir, sem eigum að vera fyrstu og æðstu kennarar barnanna okkar, og það erum við, sem hljótum skömm eða heiður af framkomu þeirra. Þau frækorn, sem við sáum í hug þeirra, bera ávöxt samkvæmt eðli sínu. Mikilsvert getur það verið, að við tökum þeim sterkan vara fyrir því, að gæta varúðar í því, að breyta þeim lifnaðarháttum, er vel hafa reynst, að breytingin sé þeim eigi ofraun.

Takist okkur að leiða unglingana þannig, er ég þess fullviss, að úr þeim verða nýtir menn og konur!

"Með rækt við fortíð og fótspor iu þungu,
sem fyrst hafa stritt yfir vegleust og grýtt". (E.B.).

Varúðarverðar eru breytingar allar, og þeim fylgir því nær ætíð aukinn kostnaður. Til dæmis, ef eftirkomendur landnemans svifta til og rífa niður allar byggingar, er þeim eru afhentar, er það gefin sök að þar fylgir kostnaður með. Setjum svo, að jörðin sé vel uppbygð, það er að segja eftir almennum mælikvarða. Í því tilfelli hygg ég, að það sé siðferðisleg skylda eftirkomandans, að una við þau hýsi, þar til — af eigin rammleik — að honum loðir svo fé á fingrum, að hann getur gert þær endurbætur, er hugur og hégómagirnd útkrefur, án þess að rýra eða veikja bústofninn. Setjum svo, að landneminn afhendi eftirmanni sínum fjós, er rúmað geti 16 hesta, 40 naut og 100 sauðfé, og þar við 70 hlassa hevhlöðu. Að mínu áliti er það siðferðislega og hagfræðislega rangt gert, að sundra þeirri byggingu til grunna — svo lengi sem hún er til fullra nota — og setja upp aðra "forkostulega", í eftirlíkingu af fjósum og hlöðum Jim Hills eða annara slíkra auðmæringa. — Nei, út á bá glapstigu má bóndinn ekki láta hégómagirndina og öfundina og ágirndina leiða sig. — Það er auðvitað mjög þægilegt; að hafa vatnskrana og brynslutrog hjá hverjum grip eða í hverjum bás, og öll önnur nútíðar auðmanna áhöld, en algengir bændur megna eigi slíku. Þeir hljóta að láta sér lynda með vatnsþróna úti, eða rennandi lækinn. — Mér er afar-illa við, að sjá stæðileg hús rifin niður, og allrahelzt og einkum sé það gert sökum munaðarfýsnar og drambs, — það er alt annað, þegar nauðþurft ræður breytingunum. Óþarfa byggingar, hvort heldur hjá bónda eða öðrum, eru ómagar, sem valda eiganda þungra skatta, fyrst þess almenna skatt og svo viðhalds.

"Sníddu þér stakk eftir vexti". Mundi það ei hyggilegra fyrir búandann, að kippa stafninum úr fjósinu og lengja það, þá er gripir hans fjölga, heldur enn að hafa það helmingi stærra í fyrstu enn þörf krefur. — Þótt ég sé ekki bóndi, hefi ég orðið þess var, að gripafjölgun gengur stundum seint. Það getur máske stundum verið heppilegt, að hafa fat við vöxt, en illa hemst hvítvoðungurinn í fullorðins manns fati.

ATLI: Það er alt svo meining þín, að óvarkærni æskunnar hafi valdið óförum þessa bónda.

KETILL: Þar eð ég er ekki bóndi, get ég verið óhlutdrægur sjónarvottur að einstaklings og félagslíf bændanna, og vilji þú fullvissa mig um, að þú reiðist ekki orðum minum, skal ég í fám orðum gefa þér til kynna mitt álit og skoðun í því máli. En við því máttu búast, að orð mín munu all-mjög reyna á geðspekt þína, því að ýmsu leyti lit ég myrkum augum á bændalífið, — já, svo myrkum, að mér finst stundum, sem hugur minn sé þrunginn hatri og fyrirlitning til bændaflokksins.

ATLI: Alt er þér óhætt að tala hér í orðlofi mínu. Þess bið ég þig einungis, að þú látir uppskátt þitt óbrjálað álit.

KETILL: Svo skal það vera, en beiskt verður það. — Til grundvallar legg ég þá — samkepni, öfund, hatur og flátt-skap. Það er ljótir hyrningarsteinar, og ég mundi fremur kjósa, að þeir væru óbrúklegir, — en látum okkur nú sjá: — Samkepnin er góð, eitt af því bezta í eðli voru, en mönnum er svo gjarnt, að láta hann leiða sig í ógöngur. Tökum til dæmis, — ríkasti bóndi sveitarinnar byggir sér íveruhús, að öllu vandað sem bezt má verða utan og innan. Hann er svo efnum búinn, að hann lætur hönd selja hendi. Þegar nábúar hans sjá þessa glæsilegu byggingu, hugsa þeir með sér: ég er eins vel verður skrauthússins, sem þorpari þessi! Það skulu allir sjá, gestir og gangandi, að mitt hús skal engu síðra verða. Þótt það baki mér skuldir, gerir ekkert, einungis að virðing mín vaxi. — Húsið er bygt, ábýlisjörðin sett í veð, rentur falla í gjalddaga, áhyggjur vaxa. Svo er um ýmsar aðrar endurbætur, einn keppir við annan sér um megn, að eins til að fullnægja hégómagirnd. Oft hefi ég orðið þess var að samkepnin lamar og sligar traustleika búskaparins með ofurmagni skuldaviðjanna. En, vel að merkja, það er ekki einungis í utanhúss endurbótum, sem samkepnin verður mönnum að falli. Það er einnig í framfærslu heimilisins innanhúss, — óhóflega mikill íburður matar, krydddmeti hóflaust, skartklæðnaður kvenna, svo vitfirring gengur næst. En rót slíkrar samkepni er öfundin, sú tegund öfundar, er Milton kveður um: "Hann gat engan á himni vitað heiðri tignaðan nema sjálf". En ávextirnir eru hatur og flátt-skapur, sem hefir í för með sér ósamlyndi og sundrung út á við í öllum málum. Það er viðurkennd sannleikur, að engin stétt sé ófélagslyndari en bændastéttin. Fáir vilja þar öðrum unna heiðurs.

Samkepnin er eitt af því allra bezta, sem til er, sé henni haldið í skorðum. En aflskorða hennar er: "Sjálfur kenn þú þig sjálfan". — Það dugir ekki fyrir smábóndann sjálfbjarga, að þreyta fjármálahlaup við stórbóndann með tugi þúsunda dollara. En það er hagur, að taka gróðavegi stórbóndans til eftirlíkingar, samkvæmt fjármagni því, sem maður hefir til að dreifa.

Vanbrúkuð samkepni eykur okkur byrði, ekki einungis okkur, heldur verður hún oft að martröð niðjanna. En hvernig? Bændur kaupa landflæmi stór, þeir fátækari á lánsfrest. En það þarf meira en að kaupa landið. Til að nota það þarf vinnukraft, manna, hesta og véla. Þar bætist skuld á skuld ofan. Mannsaflið er dýrt, og til að spara þann kostnað, þjálfa margir börnum sínum til vinnunnar svo ákaft, að þau fara á mis við þá mentun, er þau ættu að öðlast. Þar af leiðir, að óánægja kviknar í hug þeirra út af vinnuerli hjá foreldrunum. Þegar þau hafa aldur til, fara þau í burtu í borga og bæja glauminn, og koma oft aldrei aftur til hinna fornu heimila, — æskustöðvanna. Breytingin verður stundum til góðs, en oft, já, ósköp oft til eyðileggingar. Því þegar unglingurinn sleppur úr kreppunni — tjóðurbandinu — hugsar hann sér að njóta frelsisins, að fremsta hlunni. Sé unglingurinn alinn upp í tjóðri, hefir hann enga hugmynd um hina myrku glapstigu frelsisins. — En hvað um foreldra þessara barna? Þegar þau þannig með sjálfselsku sinni hafa fælt og flæmt börnin í burtu, hljóta þau þreytt og ellimóð að leggja árar í bát, og vera sjónarvottar að vellíðan keppinauta sinna, þeirra, er þau sízt unna velsælda. Því segi ég þér enn á ný: Hagaðu svo uppeldi barnanna, að þau virði og elski foreldrana, unni æskustöðvunum svo, sem hinum sælasta og fegursta bletti jarðar.

Sendið Heimskringlu til vina yðar á Íslandi

Minnisvarðar

úr málmi, sem nefndur er "White Bronze", eru fallegustu, varanlegustu og um leið ódýrustu minnisvarðar, sem nú þekkjast. Þeir eru óbrjótanlegir, ryðga ekki og geta aldrei orðið mosavaxnir, eins og steinar; ekki heldur hefir frost nein áhrif á þá. Þeir eru bókstaflega óbilandi og miklu fegurri en hægt er að gera minnisvarða úr steini (Marmara eða Granit). Alt letur er upphleypt, sem aldrei máist eða aflagast. Þeir eru jafn dýrir, hvort sem þér eru oletraðir eða alsettir letri, nefnilega: alt letur, og myndir og merki, sem óskað er eftir, er sett á fritt. — Kosta frá fáeinum dollurum upp til þúsunda. Fleiri hundruð tegundir og mismunandi stærðir úr að velja.

Þessir minnisvarðar eru búnir til af THE MONUMENTAL BRONZE CO., Bridgeport, Conn. Þeir, sem vilja fá nákvæmar upplýsingar um þessa ágætu minnisvarða, skrifi til undirritaðs, sem er umboðsmaður fyrir nefnt félag.

Thor. Bjarnarson,
BOX 304
Pembina - - N. Dak.

Til sölu.

ágæt bújörð, 160 ekrur að stærð, 2½ mílu frá Mozart, 90 ekrur eru plægðar. 300 dollara timburhús, góð fjós fyrir 30 gripi, stórt korngeymsluhús, gott og mikið vatn í brunni, 4000 trjám plantað við byggingarnar, og virgirðing alt í kring um landið (2 virar).

Frekari upplýsingar fást hjá

TH. JÓNASSON.
P.O. Box 57 Wynyard, Sask.

JOHN DUFF
PLUMBER, GAS AND STEAM FITTER
Alt verk vel vandað, og verðið rétt
664 Notre Dame Ave. Phone 3815
Winnipeg

The Farmer's Trading Co.
(BLACK & BOLE)
HAFA EINUNGIS BESTU VÖRUTEGUNDIR.
Einu umboðsmenn fyrir:—
"SLATER" Skóna góðu.
"FIT-RITE" Fatnaðinn.
"H. B. K." prjónafélagið.
"HELENA" pils og 'waist' kvenfatnaði.
Bestu matvörutegundir.
"DEERING" akuryrkju verkfæri o. s. frv.
Beztu vörur Lágt verð
Fljót og nákvæm afgreiðsla.
Farmer's Trading Co.,
THE QUALITY STORE
Wynyard, Sask.

Sherwin-Williams PAINT
fyrir alskonar húsmálningu.
Prýðingar-tími nálgast nú. Dálítið af Sherwin-Williams húsmáli getur prýtt húsið yðar utan og innan. — Brúkið ekker annað mál en þetta. — S.-W. húsmálið málar mest, endist lengur, og er áferðarfegurra en nokkurt annað hús mál sem búið er til. — Komið inn og skoðið litarspjaldið. —

Cameron & Carscadden
QUALITY HARDWARE
Wynyard, -- Sask.

Yfirburða Vottur um

HEINTZMAN & CO.

PIANO

sýnir sig í ýmsum atriðum.— Það er engin fals-lýsing, að þetta hljóðfæri sé langt yfir öllum öðrum í tónfegurð og smíða ágæti. —

Frægustu söng- og tónfræðingar sem ferðast um Canada —fólk með yfirburða þekkingu —velja allir þetta Piano.

Ending þess og vaxandi tónfegurð með aldri hljóðfæranna, hefir komið öllum leiðandi söngkenslustofnunum til þess að nota þessi Piano.

En bezt af öllum sönnunum er vitnisburður þeirra mörgu þúsunda Canada manna og kvenna sem eiga og nota þessi fögru hljóðfæri, og hafa daglega ánægju af þeim.

Vér tökum gömul PIANO í skiftum fyrir ný. —

528 Main St. — Phone 808
Og í Brandon og Portage La Prairie

Fréttir úr bænum.

GLEÐILEGT SUMAR!!

Vonzkuhríðar-ísing með ofsaroki var hér allan sl. föstudag; daginn áður hafði verið rigning, svo að á föstudaginn voru öll asfalt stræti borgarinnar svell-lögð, svo að ó-stætt var hestum, sem þó var almennt beitt fyrir vagna þann dag, einkum fyrri hluta dagsins. Margir hestar duttu og meiddust svo, að það varð að skjóta þá þar sem þeir lágu. Strætavagnar gátu ekki gengið reglulega, og umferð öll teptist að nokkrum mun. Hríðinni hélt áfram að mestu uppihaldslaust þangað til á sunnudagskveld. Á mánudagsmorguninn var komið bezta veður.

Í Heimskringlu nr. 26 (31. marz sl.) er þess getið, að herra B. D. Westmann hafi gefið 5 dollara til ekkjunnar á Akranesi. Þetta var misskilningur, herra Westmann sendi að vísu dalina, en þeir voru gjöf frá öðrum manni í Churchbridge, sem ekki vildi láta nafns sins getið, en nefndi sig: "Niskur í Churchbridge".

Þeir feðgar herra Björn Lindal frá Markland, Man., og Karl og Leópold synir hans, voru hér í borg í sl. viku. Karl var á leið til Wild Oak til að kvongast þar ungfrú Hólmfríði Helgason. Brúðkaupið átti að fara fram á mánudaginn var.

Herra Sveinn Thorsteinsson, frá Edinburg, N. D., kom í sl. viku úr landskoðunarferð sinni um Saskatchewan nýlendu Íslendinga, og leizt vel á landið, en gat ekki náð þar í heimilisréttarland. Hann hélt heimleiðis eftir tveggja daga dvöl hér í borginni.

Hon. R. P. Roblin, forsætisráðherra Manitoba, var haldið fagnaðarsamsæti í Adanic klúbbnum á fimtudagskveldið var, í tilefni af því, að hann er nú svo kominn til heilsu, að hann getur annast um deildarstörf sín í þinghúsinu og öðrum stjórnarbyggingum.

Barsmíða og glímu samkoman í Goodtemplarahúsinu á fimtudagskveldið var var illa sótt, um eða máske nokkuð yfir hundrað manns munu hafa verið viðstaddir. Að eins örfáar konur voru í hópnum. Hnefaleikendur gerðu 4 tveggja minútna atrennur — í mesta bróðerni — og létu áhorfendur hlægja. 2 pör karla glímdu. Hinir fyrri voru hérlendir menn, og var mikill jöfnuður með þeim. Síðast glímdu þeir E. Quist, 200 punda beljaki, og Jón Hafliðason, landi vor. Hann er aðeins rúmlega 140 pd. á þyngd, og gat því ekki búist við sigri. En sjáanlegt var, að hann hafði miklu meira afl í hverjum kúbik þumlungi á líkama sínum, heldur enn andstæðingur hans, og glímdi af miklu listfengi. Hann varð þó að lokum að láta í lægra haldi fyrir ofþyngd hins.

Þessi samkoma sýndi, að það er ekki arðvænlegt gróðabragð, að halda slíkar samkomur í Goodtemplarahúsinu.

"Æfintýr á gönguför" var leikið í Goodtemplarahúsinu á mánudags og þriðjudagskveldin í þessari viku fyrir fullu húsi bæði kveldin. Fólk hafði búist við góðri skemtan, því viðbúnaður hafði ver ið mikill um langan tíma. Leikurinn átti að byrja klukkan 8, en byrjaði ekki fyr en 20 til 25 mínútum síðar. Musik var engin á undan leiknum, og gerði það biðina lengri og leiðinlegri. Leikendur voru sumir lélegir, og söngurinn, sem alt of mikið er af í þessum leik, var hjá flestum þeirra hraparlega slæmur. Limaburðir og látbragð viðvaningslegt, og of lágt talað, svo að nálega ekkert heyrðist til sumra leikenda, jafnvel frá næstu bekkjum. Prógram var ekkert prentað, svo að áhorfendur höfðu fyrir þá sök ekki full not af leiknum. Tvent var þó gott, — tjöldin (máluð af herra Fr. Sveinssyni) og kammeráðið. Búningar leikenda voru og góðir.

Stjórnarnefnd Almenna spítalans hér í borg hefir beðið Heimskringlu að flytja þakklæti fyrir $18.25, safnað af Philip Johnson, Stony Hill, Man., frá þessum gefendum: Phil. Johnson, Ingimundur Sigurðsson, Sigurbjörn Kristjánsson, A. J. Halldórsson, E. Rafnkelsson, Einar Þorleifsson, G. Þorleifsson, P. Thorsteinsson, Kristján Sigurðsson, H. Danielsson og Guðm. Johnson, $1.00 hver; Gísli Eiríksson, Jón Guðmundsson, Ólí Johnson, B. Johnson, Kristján Backman, J. E. Vestdal, Kristján Thorvardsson, Valdimar S. Eiríksson og Vilborg Þorsteinsdóttir, 50c hvert; Sigurbjörn Guðmundsson, 75c; Róshbjörg Egilsson, Eiríkur Sigurðsson, Ónefnd, Patrick Charstrand, S. D. Hólm, A. Tilbury, B. Th. Hördal, Ónefnd, 25c hvert. Samtals $18.25.

Í seinasta blaði láðist að geta þess í auglýsingu um Tombólu, er stúkan ÍSLAND ætlar að halda í Únitarasalnum á fimtudagskveldið í þessari viku (sumardaginn fyrsta), að þar verða ÓKEYPIS KAFFIVEITINGAR. — Fólk á þannig kost á að fá aðgang að skemtun, einn dráttt á Tombólu og kaffi með brauði, — alt fyrir ein 25c. Þetta eru óvanaleg vildarkjör og fólk ætti því að nota þetta tæki færi og gera með því bæði sér og stúkunni ánægju.

Þann 1. þ.m. gaf séra Rögnv. Pétursson saman í hjónaband hér í bænum þau herra Tryggva Halldórsson, frá Icelandic River, og ungfrú Guðnýju Jónasson, frá Hnausum. Hkr. óskar þessum nýgiftu hjónum allrar hamingju.

— Frézt hefir, að Jóhannes Björnsson, sem um nokkur undanfarin ár hefir starfað að musickenslu í Minnesota, hafi nýlega orðið undir vagni í Minneapolis og beðið bana af.

Safnaðarfundur í Tjaldbúðinni til að ræða um áríðandi málefni, verður haldinn í fundarsal kirkjunnar kl. 8 á föstudagskveldið í þessari viku, 22. þ.m. Áríðandi, að allir safnaðarlimir sæki fundinn.

Fulltrúaneíndin.

Engin kaffisala verður í Tjaldbúðinni í kveld (fimtudag), eins og auglýst hefir verið.

Á orði er, að kjöt muni talsvert hækka í verði hér í fylkinu á komandi sumri, ef til vill komast upp í 25c pundið fyrir bezta kjöt.

Fjórtán ára gamall piltur frá Roumaniu, sem kom hingað til Canada einn sins liðs fyrir 2 árum, bað um bæjarleyfi í síðustu viku til þess að mega selja blöð hér á götunum. Móðir hans er heima í Roumaniu og er ekkja. Pilturinn kvaðst hafa unnið að blaðasölu á götum Winnipeg borgar síðan hann kom til landsins, og af gróðanum af því starfi hefði hann sent móður sinni 10 dollara á hverjum mánuði og borgað frænda sinum, sem hann dvelur hér hjá, $2.00 á viku fyrir fæði sitt og húsnæði. Auk þessa hafði pilturinn safnað $35.00, sem hann á nú í sjóði. En hann kvaðst ætla að halda áfram að safna, þar til hann ætti $100.00, og þá ætlaði hann að senda eftir móður sinni, svo að hún gæti komist hingað vestur. Pilturinn hefir og gengið á skóla part af hverjum degi síðan hann kom hingað, og talar nú vel ensku.

Annar piltur, 12 ára gamall hefir um nokkurn undanfarinn tíma unnið fyrir sér og móður sinni og bróður, með blaðasölu, og fleiri dæmi eru þessu lík hér í bæ.

Hér er að ræða um pilta, sem vænta má að á komandi árum komist í góðar stöður hér í landi.

Ungmennafélag Únitara heldur fund í kveld (miðvikudag). Allir félagsmenn ámintir um að sækja fundinn.

Þakkarorð frá J. Helgasyni Bergen í þessu blaði áttu að koma í fyrri viku, en urðu að bíða vegna rúmleysis.

Dánarfregn.

Laugardagskveldið þann 16. þ.m. andaðist að Leslie P.O., Sask., Mrs. Ólafía Jónsdóttir Anderson, nær sextug að aldri. Jarðarför hennar fer fram frá Tjaldbúðarkirkju í dag (fimtudag) kl. 2 e.h.

Vinir og skyldmenni hinnar látnu eru vinsamlega beðnir, að senda engin blóm á kistu hinnar framliðnu.

Mrs. Anderson sál. hafði dvalið hér hartnær fjórung aldar og átti hér fjölda vina, sem nú væntanlega heiðra jarðarför hennar með nærveru sinni í kirkjunni.

Herra Nikulás Ottenson, frá River Park, Winnipeg, var kominn til Glasgow á Skotlandi þann 7. þ.m. — en vegna þrengsla á öllum gufuskipum, varð hann ásamt 27 manns, sem samferða honum eru, að bíða í Skotlandi til þess 16. þ. m. Hann er því væntanlegur með hópinn um 26. eða 27. þ.m.

Vesturfararnir í þessum hóp með herra Ottenson eru þessir: Frá Reykjavík—Guðmundur Jóhannesson, Karítas Jónsdóttir, Alexander Þórarinsson, Jónína Þórarinsdóttir, Hjálmtýr Þórarinsson, Jón Breiðfjörð, Kristjana Breiðfjörð, Jóhannes Breiðfjörð, Magnús Sigurðsson, Sigríður Magnússon, Gústaf Magnússon, Guðjón Jónsson, Gróa Oddbjörnsdóttir, Stefán Guðjónsson, KristbjörgGuðjónsdóttir, Einar Guðjónsson; frá Patreksfirði—Árni Brandsson, Einar Jónsson, Sigurður Benediktsson, Rögnvaldur Guðbjartsson, Egill Guðbjartsson, Össurlína Guðbjartsdóttir, Gestný Gestsdóttir, Anna Guðmundsdóttir; frá Seyðisfirði—Arnbjörg Stefánsdóttir, Sigríður Einarsdóttir og Stefán Einarsson.

Miðvikudagskveldið í næstu viku (þann 27. apríl) verður venjulegur hálfsmánaðarfundur í Menningarfélaginu. Þá flytur herra Baldur Sveinsson erindi það, sem hann hafði ætlað að flytja á síðasta fundi félagsins. Erindið er "Um einokunarverzlun á Íslandi frá árunum 1602 til 1854". Þetta eru menn beðnir að hafa hugfast og fjölmenna. Allir velkomnir.

Til bænda.

Sérstakt athygli veitt pöntunum fyrir Carloads af heyi, höfrum og kartöflum. Öll bændavara tekin til sölu, ef óskað er, fyrir 10 prósent sölulaun. Pantanir afgreiddar fljótt og skilvíslega.

GOODMAN & WILTON
(Albert J. Goodman og H. G. Wilton)
GRAIN AND PRODUCE MERCHANTS
94 KING ST
Tals.: Main 9646. Nætur-tals.: Ft. R. 147

Til skýringar.

Herra ritstjóri.

Út af upplýsingum þeim viðvíkjandi fargjaldssendingum til Íslands, er þér gefið í síðasta blaði yðar, sjáum við ástæðu til að taka það fram, að þessar sömu upplýsingar höfum við haft við hendina undanfarandi og gefið þær öllum, sem leitað hafa hjá okkur upplýsinga um þetta efni, sem margir hafa gert, ýmist bréflega eða munnlega.

Við auglýstum í janúarmánuði síðastl., að við sendum fargjöld til Íslands fyrir alla, sem æsktu þess, og hafa nú þegar margir sent, sumir stórar upphæðir.

Við erum yður þakklátir fyrir að hafa auglýst þessar upplýsingar því það getur sparað bréfaskriftir bæði okkur og þeim, sem fargjöld vilja senda. Nú geta þeir sent fargjöldin til okkar, án þess að skrifa fyrst eftir upplýsingum um þetta atriði, eins og margir hafa áður gert.

Winnipeg, 18. apríl 1910.

Bildfell & Paulson.

Hjúkrunarkona

íslenzk óskar eftir atvinnu við að stunda sjúklinga. Nákvæmni er áþyrgst, og borgunarskilmálar vægir. Símið: Main 9299.

DANS

og fleiri skemtanir fara fram í Goodtemplarahúsinu fimtudagskv. 5. maí næstkom. Nákvæmar auglýst í næsta blaði. Veitið því eftirtekt!

Wellington Grocery

horni Victor og Wellington stræta, selur nú 5 pund Santos kaffi fyrir $1.00, kartöflur 50c bushel og egg 20c dúsinið. Býður nokkur betur.

Court Ísafold

No. 1048, I.O.F.

heldur fund í samkomusal Únitara miðvikud.kv.

27. apríl

Fundurinn byrjar kl. 8. Meðlimir eru ámintir um, að koma á ¢undinn.

Prógramsnefndin hefir gott prógram eftir að starfsfundur er búinn.

J. W. Magnússon,
ritari

Tombóla

Stúkan Ísland hefir Tombólu í Únitarasalnum á fimtuagskveldið í þessari viku, þann

21. apríl,

(en ekki 14. apríl eins og á aðgöngumiðunum stendur). Margir ágætir drættir á boðstólum. — Á eftir Tombólunni verður fólki gefinn kostur á, að skemta sér.

Allir vinir bindindismálsins eru beðnir að hafa hugfast að koma og gleðja stúkuna með nærveru sinni.

KAFFI ÓKEYPIS

Aðgangur og drátturr 25c

Sveinbjörn Árnason
Fasteignasali
Selur hús og lóðir, eldsábyrgðir, og lánar peninga. Skrifstofa: 12 Bank of Hamilton.
TALSÍMI 5122. HÚS-TALS. 8695

TIL SÖLU:

160 ekrur af bezta landi, stutt frá járnbrautarstöð. Fyrsti maður með $7.00 fær hér góð kaup. — Finnið

Skúli Hansson & Co.
47 Aikens' Bldg.
Talsími, Main 6476 P. O. Box 833

Sárir fætur.

Þér segið ljótt, þegar þér fáið skósár á fæturna. En það er óþarft. Þér skuluð bara koma hingað til skókaupa og þannig koma í veg fyrir skósárindi. Mjúkleðurs-skór á breiðum leistum, áferðarfagrir, eru gerðir til þess að lækna fótsæri. Verðið er

$5 $5.50 og $6

Þér munduð fúsir til að borga tvöfalt þetta verð, er þér hafið reynt skó vora, heldur enn að vera án þeirra.

Ryan-Devlin Shoe Co
494 MAIN ST PHONE 770.

Söngsamkoma

Söngsamkoma verður haldin undir umsjón "The Luther League" Fyrstu ensku lútersku kirkjunnar fimtudagskveldið 21. apríl, í neðri sal Goodtemplarahússins (horni Sargent og McGee stræta), byrjar kl. 8. Aðgangur ókeypis, samskot tekin. Fjölmennið.

Board of Control hefir veitt lögreglunefnd borgarinnar 4 þús. dollara til þess að útrýma öllum lauslætishúsum hér í borg.

Í sjóð ekkjunnar á Akranesi hefir Heimskringlu borist á sl. tveimur vikum: —

Safnað af P. J. Norman, Churchbrigde, Sask.	$15.25
Frá Nes P.O., Man.	4.00
Frá Fort Rouge, Winnipeg	4.25
Samtals	$ 23.50
Áður auglýst	591.30
Alls innkomið	$614.80

Gefendur í Churchbridge eru: — P. J. Norman, $2.00; Mrs. G. Goodman, E. Johnson, Mrs. G. Eggertsson, Miss G. Árnason, J. Gíslason, O. Gunnarsson, K.Kristjánsson, K. Eyjólfsson, St. Valberg, $1.00 hvert; G. Árnason, J. Árnason, E. G. Eggertsson, V. Vigfússon, E. Bjarnason, Mrs. H. Thorbergsson og M. Magnússon, 50c hvert; St. Suðfjörð, Th.Hjálmarsson og Miss St. Sigurðsson, 25c hvert.

Gefendur að Nes P.O. eru: Ísleifur Helgason, Guðm. Helgason og Thorfinnur Helgason, $1.00 hv.; Mrs. Guðlaug H. Eiríksson og Ónefndur, 50c hvort.

Vantar strax!

stúlkur til að sauma skyrtur og yfirbuxur, einnig stúlkur til að læra skyrtu og yfirbuxna saum. Stöðug atvinna. — Finnið

NORTHERN SHIRT CO.
148 PRINCESS STREET.

KENNARA KÖLLUN

fyrir Sleipni skóla no. 2288. Byrjar 1. maí og endist í 6 mánuði.

Kennari geri grein fyrir mentastigi sínu og tilgreini mánaðar, kaup.

Utanáskrift: —
S. J. EIRÍKSSON,
Box 8, Wynyard, Sask.

DR. H. R. ROSS

C.P.R. meðala- og skurðlækuir. Sjúkdómum kvenna og barna veitt sérstök umönnun.
WYNYARD, — SASK.

Dr. M. Hjaltason, Oak Point, Man.

Anderson & Garland,
LÖGFRÆÐINGAR
35 Merchants Bank Building
PHONE: MAIN 1561.

MARTYN F. SMITH,
TANNLÆKNIR.
Fairbairn Blk. Cor Main & Selkirk
Sérfræðingur í Gullfyllingu og öllum aðgerðum og tilbún aði Tanna. Tennur dregnar án sársauka. Engin veiki á eftir eða gómbólga. —
Stofan opin kl. 7 til 9 á kveldin
Office Phone 6944. Heimilis Phone 6482.

Þarft þú ekki að fá þér ný föt?

EF ÞAU KOMA FRÁ CLEMENT'S, — ÞÁ VERÐA ÞAU RÉTT

Réttur að efni, réttur í sniði réttur í áferð og réttur í verði.

Vér höfum miklar byrgðir af fegurstu og beztu fataefnum. —

Geo. Clements & Son
Stofnað árið 1874
204 Portage Ave. Rétt hjá FreePress

Th. JOHNSON
JEWELER
286 Main St. Talsími: 6606

JOHN ERZINGER
TOBAKS-KAUPMAÐUR.
Erzinger's skorið reyktóbak $1.00 pundið
Hér fást allar neftóbaks-tegundir. Óska eftir bréflegum pöntunum.
McINTYRE BLK., Main St., Winnipeg
Heildsala og smásala.

G. NARDONE
Verslar með matvöru, aldini, smá-kökur, allskonar sætindi, mjólk og rjóma, sömul. tóbak og vindla. Óskar viðskifta Íslend. Heitt kaffi eða te á öllum tímum. Fón 7756
714 MARYLAND ST.

Boyd's Brauð

Brauð vor eru góð af því vér notum bezta mjöl og höfum beztu bakara í Canada í brauðgerðarhúsi voru. Vaxandi viðskiftavinafjöldi sannar, að brauð vor eru betri en almennt gerist. Vér keyrum þau heim í hús yðar daglega.

Boyd's

Bakery Cor. Spence & Portage Ave
Phone 1030.

Winnipeg Wardrobe Co.

Kaupa brúkaðan Karla og Kvenna fatnað,—og borga vel fyrir hann.

Phone, Main 6539 597 Notre Dame Ave

BILDFELL & PAULSON
Union Bank 5th Floor, No. 520
selja hús og lóðir og annast þar að lútandi störf; útvegar peningalán o. fl.
Tel.: 2685

Jónas Pálsson,
SÖNGFRÆÐINGUR.
Útvegar vönduð og ódýr hljóðfæri
460 Victor St. Talsími 6803.

J. L. M. THOMSON, M.A., L.L.B.
LÖGFRÆÐINGUR. 255½ Portage Ave.

BONNAR, TRUEMAN & THORNBURN,
LÖGFRÆÐINGAR.
Suite 5-7 Nanton Blk. Tals. 766
Winnipeg, Man. P.O.BOX 223

Húðir og ógerfuð Loðskinn

Verzlun vor er vor bezta auglýsing. Sendið oss húðir yðar og loðskinn og gerist stöðugir viðskiftamenn.
Skrifið eftir verðlista.

The Lightcap Hide & Fur Co., Limited
P.O.Box 1092 172-176 King St Winnipeg
16-9-10

W. R. FOWLER A. PIERCY.

Royal Optical Co.
307 Portage Ave Talsími 7286.
Allar nútíðar aðferðir eru notaðar við augn-skoðun hjá þeim, þar með hin nýja aðferð, Skugga-skoðun, sem gjörð er öllum áðgiskunum. —

It's going UP.

Þú getur ekki búist við

að það geri annað en eyðast í reyk. Því ekki að fá nokkur tons af okkar ágætu kolum, og hafa ánægjuna af, að njóta hitans af þeim, þegar vetrarkuldarnir koma Komið til vor og nefnið þetta bl

D. E. ADAMS COAL CO
YARDS I NORÐUR, SUÐUR, AUSTUR OG VESTURBÆNUM
Aðal Skrifst.: 224 BANNATYNE AVE.

Heimskringla.

XXIV. ÁR | WINNIPEG, MANITOBA, FIMTUDAGINN, 28 APRÍL 1910 | NR. 30

TVÖFALT STÆRRI

er reiðhjólabúð mín nú en nokkru sinni áður, og vöru byrgðir og verzlun að sama skapi. — BRANTFORD reiðhjólin góðu hefi ég til sölu eins og að undanförnu með eins góðum kjörum og nokkur annar getur boðið. — Einnig aðrar tegundir af nýjum reiðhjól um sem ég sel fyrir $30. og upp, með "Dunlop Tires" og "Coaster Brake".—Allar aðgerðir og pantanir afgreiddar fljótt og vel. —

West End Bicycle Co.,
Jón Thorsteinsson, ráðsmaður.
475—477 Portage Avenue.
TALSÍMI: MAIN 9630.

Fregnsafn.

Markverðustu viðburðir hvaðanæfa

— Harry Whitney í New York er að útbúa leiðangur norður á Grænland, til þess að leita uppi verkfæri þau, sem dr. Cook skildi eftir í pólarför sinni, og skýrslur þær um pólfundinn, sem hann segist hafa grafið þar í jörðu ásamt verkfærunum.

— Atkvæðagreiðsla um vínbann fór fram í Suður-Dakota þann 19. þ.m., og reyndust flokkarnir sem næst jafnir. Þó segja vínsalar, að þeir hafi ekki tapað nema 12 vínsöluleyfum í öllu ríkinu, en grætt 18 í þeirra stað, og þeir halda fram því, að í öllu ríkinu hafi vínsöluleyfis atkvæðum fjölgað.

— Gull er fundið við mynni á Salmon ánni í Alaska, um 2 milur vegar frá Stewart, Ketchikan búar urðu fyrstir til, að mæla sér þar út námalóðir, og brátt voru þúsund slíkar lóðir útmældar. — Fréttir segja, að stjórnarmæling sé þar engin, en landnemarnir hafi mælt út á eigin reikning og kosið neind manna til að sjá um, að reglu yrði haldið uppi í hinum nýja bæ, sem þeir nefna Portland City. Mælt er, að mesti fjöldi fólks úr öllum pörtum Alaska sé nú á leið til þessa nýja bæjar.

— Ottawa stjórnin hefir smeygt inn í aukafjárlögin hálfrar miliión dollara fjárupphæð, til þess að byrja með vinnu á Hudsons flóa brautinni nú þegar.

— Vábrestur varð í kolanáma í Alabama þann 20. þ.m. Um 40 menn voru í námunum, er slysið vildi til, og er talið víst, að þeir hafi allir farist.

— Mælt er, að Sir Wilfrid Laurier ætli að ferðast um norðvestur Canada í sumar, um tveggja mánaða tíma, og að þeir Fielding og Graham muni fylgjast með honum á því ferðalagi. Enn er ekki ákveðið, hvar fundir verði haldnir, en búist við, að það verði í flestum stærri bæjum hér vestra.

— Stjórnin á Ítalíu hefir fengið tilkynningu frá ýmsum embættismönnum sínum um það, að alþýða landsins sé í uppnámi af ótta við Halleys halastjörnuna, sem fólkið hyggur að muni eyðileggja jörð vora. Stjórnin hefir skipað svo fyrir, að embættismenn landsins reyni af fremsta megni að koma viti fyrir fólkið og eyða þessum ótta.

— Byggingamanna verkfallið á Þýzkalandi verður ekki byrjað að svo stöddu. Verkamönnum hefir verið lofað, að þeir skuli fá dálítla kauphækkun þann 1. ágúst næstkomandi.

— 33,065 innflytjendur hafa komið til Canada í sl. mánuði. Af þeim voru 17,310 frá Bandaríkjunum og 15,755 frá Evrópu löndum. Á 12 mánuðum, upp til 31 marz, komu 208,794 manns til Canada, þar af 103,789 frá Bandaríkjunum. Það er búist við, að innflutningur fólks á þessu ári verði meiri en á nokkru undangengnu ári í sögu landsins.

— Uppreist mikil hefir staðið yfir í Hunan héraðinu í Kína um undanfarnar nokkrar vikur. Trúboðar, sem komist hafa lífs undan verið drepnir þar, og að allir ofsóknum, segja, að hundrað hafi kristnir trúboðar hafi verið í hinni mestu hættu. Herskip eru þar í grendinni, en virðast ekki geta ráðið bót á ástandinu.

— Samuel Clemens (Mark Twain), frægasta og vinsælasta kýmnisöguskáld Bandaríkjamanna, lézt að heimili sínu í Elmira í New York ríki á sumardaginn fyrsta, eftir langvarandi veikindi. Hann var orðinn gamall maður.

— D. Plews frá Winnipeg varð fyrir strætisvagni í Toronto þann 22. þ.m. og beið bana af. Hann var 68 ára gamall.

— Bæjarstjórnin í Neepawa hefir samið um, að selja fylkisstjórninni talþráðakerfi það, sem bærinn kom upp fyrir mörgum árum og hefir starfrækt síðan.

— Fjórir verkamenn í Pressed Steel Car verksmiðjunni í Pittsburg, Penn., voru reknir frá atvinnu þann 18. þ.m. þegar það varð hljóðbært, gerðu þúsund verkamenn félagsins verkfall tafarlaust. Þá urðu eignaspell nokkur, upphot og bardagi. Margir meiddir til muna og nokkrir skotnir til dauða.

— Tólf konur á Frakklandi hafa gerst umsækjendur um þingsæti þar. Að vísu hafa þær ekki atkvæði að lögum, en lögin segja ekki, að þær geti ekki sótt um þingmensku. Konurnar segjast hafa 80 þúsund stuðningsmenn, sem ætli að leggja alt kapp á, að þær nái kosningu til þings.

— Blaðið "Monetary Times" í Toronto segir, að brezkir auðmenn hafi á sl. árum varið yfir 600 miliión dollara í iðnaðar og gróðafyrirtæki hér í Canada.

— Ritsímaskeyti milli Canada og Bretlands eru (frá 24. þ.m.) sett niður í verði. Marconi félagið auglýsir, að það flytji loft og ritsímaskeyti yfir land og haf fyrir: Verzlunarskeyti 15c hvert orð, privatskeyti 10c orðið og blaðskeyti 7c hvert orð. Loftskeytastöð Marconi félagsins er í Glace Bay í Nova Scotia, hún er nú fullegr og við því búin, að sveifla skeytum yfir Atlantshaf viðstöðulaust.

— Blaðið Labor Gazette telur að lífskostnaður í Canada eé að aukast. Allar aðurðir mjólkurbúa hafa hækkað um þriðjung á nokkrum undanförnum árum, egg hafa hækkað um 70 prósent og alt að 122 prósent, og feitmeti alt hækkað um nálega 50 prósent. Kjöt fer einnig stöðugt hækkandi. Þær vörur hækka mest í verði, sem bóndinn framleiðir. Bændaflokkurinn ætti því að græða meira á hækkun lífsnauðsynja í landinu, en nokkur annar flokkur borgaranna.

— Governor Jos. W. Folk í Missori hefir tilkynt þjóðinni, að hann ætli að sækja um útnefningu til forsetastöðunnar við kosningarnar 1913, undir merkjum Demókrata. — Með þessu er þó engan veginn víst, að hann verði næsti forseti Bandaríkjanna.

— Almennar kosningar á Frakkland hafa gengið stjórninni í vil. Hún hefir tapað litlu eða engu fylgi, en nákvæmar skýrslur yfir afstöðu flokkanna eru enn ekki fáanlegar. Sumstaðar urðu róstur miklar við kosningarnar, barsmíð og meiðingar, manndráp og húsbrennur. Í einum bæ kveiktu kjósendur í ráðhúsi borgarinnar, þar sem atkvæðagreislan fór fram.

— Prinsinn yfir Monaco hefir komist í ónáð hjá páfanum. Hann neitar sem sé, þó hann sé katólskur, að beygja sig algerlega undir vald og vilja páfans, heldur fer þar á móti öllu sínu fram. Þegar hann var í Rómaborg nýlega, neitaði hann að heimsækja páfann. Sökum þeirrar ókurteisi hefir páfinn skipað sendiherra páfastólsins í Monaco, að leggja niður embætti sitt og koma á fund páfa.

— Trúarofsóknirnar í Hankow í Kína magnast daglega. Þúsundir manna fylla daglega flokk þeirra, sem svarið hafa þess dýran eið, að drepa hvern einasta kristinn mann og konu þar í landi. Uppreistin hefir orðið almennaust í Hunanfylki. Mörg hundruð innfæddra manna, sem tekið hafa kristna trú, hafa verið kvaldir á allan hugsanlegan hátt og margir drepnir. Allir kristnir menn flýja viðsvegar undan ofsóknunum, en langflestir lenda þó í klóm ofsóknara sinna. Sjálfir hafa trúboðarnir flestir komist undan. Þeir segja ljótar sögur af ofsóknunum. Tungurnar eru slitnar úr sumum, og þeim svo sagt að fara og prédika nýju trúna. Sumir eru flegnir lifandi, aðrir eru pumpaðir fullir af vatni, þar til þeir springa, og af sumum eru sniðnir limir. — Og að ýmsu öðru leyti eru þeir látnir kenna ávaxtanna af þeim peningum, sem prestarnir eru sífeldlega að svæla út úr fáfróðum áhangendum sínum í heiðingjatrúboðssjóðinn.

— Illveður mesta og ofsarok hefir undanfarna daga gert 75 miliión dollara eignatjón í 15 af ríkjum Bandamanna, á stórvötnunum, og í hluta af Canada. Það er áætlað, að skaðinn verði mestur á aldinum og kornökrum. Skip urðu og fyrir skemdum og eitt þeirra er talið tapað. Snjófall varð víða frá 3 til 24 þumlung og frost allmikið.

— Maður beið bana af mótorvagnsslysi vestur í Brandon héraði á sunnudaginn var. Vagninn var keyrður áfram svo ógætilega, að hann valt um með 6 mönnum, sem allir meiddust nokkuð, en einu þeirra svo mjög, að hann beið bana af.

— Eldur kom upp í bænum St. Charles í Louisiana á sunnudaginn var, sem eyðilagði mörg hundruð húsa. Tvö þúsund manns mistu þar heimili sín og eru nú skýlis- og alls-lausir. Bæjarráðhúsið, skólar, kirkjur og aðrar stórbyggingar og mörg verzlunarhús brunnu til ösku. Nunnuklaustur þar, sem nokkur hundruð stúlkur nutu kenslu á og húsvistar, brann til ösku. Eignatjónið er metið 3 miljónir dollara. Allur norðurhluti borgarinnar er í rústum.

— Það er nú talið víst, að fjárlagafrumvarp brezku stjórnarinnar verði samþykt af báðum þingdeildum. Lávarðarnir sjá sitt óvænna í viðskiftum sínum við neðri málstofuna. Meðan á bardaganum milli deildanna hefir staðið, hefir stjórnin ekki innheimt þann inntektaskatt af þjóðinni, er fjárlögin fóru fram á. En nú, þegar víst þykir, að frumvarpið verði að lögum, hefir stjórnin heimtað áfallinn skatt síðan 1. jan. sl., sem er að upphæð 115 mil. dollara.

— Claude Graham, enskur loftsiglingamaður, flaug í sl. viku 112 milur á 4 klukkustundum 20 mínútum. Hann ætlaði að fljúga frá London til Manchester, 186 milur, og átti að fá 50 þús. dollara fyris ferðina, en vélin bilaði eftir 112 milna ferð, svo hann varð að hætta við tilraunina. Vel þykir samt þetta gert, og gefur von um betri árangur síðar.

Gullbrúðkaup.

Þeir, sem þekkja sögu Nýja Íslands, kannast vafalaust við Jónas bónda Jónsson (frá Hrærekslæk) og konu hans Halldóru Ásgrímsdóttur, sem búið hafa í Árnes bygð í Nýja Íslandi síðan á fyrstu landnámsárum héraðsins.

Eins og fleiri gamalmenni, sem borið hafa hita og þunga dagsins, og eru orðin ellihrum, kunna þessi hjón bezt við kyrðina og næðið, sem heimilisdvölin býður þeim, og vilja sem minst láta á sér bera út í frá, En svo er að sjá, sem grein sú, er í Heimskringlu stóð fyrir nokkrum vikum um gullbrúðkaups hátíðir, hafi mint sveitunga þessara hjóna á þau. Þar neðra voru einhverjir, sem grófu upp það, að þau Jónas og Halldóra væru búin að vera 54 ár, eða þar um bil í hjónabandi. Munu þá nágrannarnir hafa tekið saman ráð sín, að minnast þessa viðburðar á viðeigandi hátt, og það hafa þeir gert með því, er nú skal greina:

Sunnudaginn 3. þessa mánaðar var þeim hjónum gerð heimsókn af nokkrum vinum þeirra og nágrönnum. Erindið var, að halda þeim hátíðlega gullbrúðkaupsminningu, og að gera þeim ánægjulegan og eftirminnilegan gleðidag. Veizlu var þegar slegið upp. Herra Sveinn Thorvaldsson, kaupmaður við Íslendingafljót, og sem ólst upp í nágrenni við gömlu hjónin, flutti við þetta tækifæri lipra ræðu, og lagði áherzlu á þann innilega vinarhug, sem hvatt hefði gestina til að gera heimsókn þessa, og því til sannindamerkis afhenti hann gömlu hjónunum $50.00 í gulli, fyrir hönd gestanna og annara vina, sem ekki gátu verið þar viðstaddir. Þessir 50 dalir skyldu tákna 50 ára hjónaband gullbrúðkaups hjónanna.

Gamli brúðguminn þakkaði gjöfina og gleðistund þá, er þeim hjónum var veitt við þetta tækifæri, og kvað þau mundu minnast hennar og þeirrar ástúðar, er hún táknaði, til hinstu stundar.

Hann er nú orðinn 84. ára gamall, en hún 78 ára.

Hill og bærinn.

Bæjarstjórnin hefir nú samþykt, að leyfa gamla Hill að koma niður Ross Ave. með járnbraut sína, alt niður til Paulin St. Samningur félagsins við bæinn er í þessum 15 liðum:

1. Viðvikjandi lagningu yfir stræti og keyrslugötur (lanes), frá takmörkum borgarinnar til McPillips St., þá er félagið við því búið, að hækka brautarspor sín yfir þau stræti, eða að grafa strætin niður, hvenær sem aðrar brautir koma inn í borgina úr sömu átt, ef bærinn skipar svo fyrir, og á félagsins kostnað, eða að vinna í sameiningu við hin önnur félög að því, að hafa sérstakt umferðarsvið.
2. Að félagið leggi spor sín yfir McPillips, Brant og Tecumseh stræti og Elgin og Ross Ave. þannig, að spor þess séu 14½ fet frá gangtröðum.
3. Að Nena St. skuli ekki verða grafið neðar en svo, að göngin taki 10 fet inn á Ross og Pacific Ave.
4. Að austurjaðar vörusvæðisins sé vestan við Isabel St.
5. Að frá vesturjaðri Isabel St. til vesturjaðars Paulin strætis skuli félaginu leyfilegt að leggja tvöfalt spor, og að nota "lane", eða hluta af því, sem keyrsluveg milli sporanna, til eldslökkvinota, og skulu spor þau notuð eingöngu til þess, að færa vagnana, og skulu sæta sömu reglugjörð eins og sporin á Princess stræti.
6. Félagið borgar bænum alla skatta af eignum þess milli Paulin og Isabel stræta.
7. Að félagið veiti enga mótspyrnu því, að bærinn geri varanlegar umbætur á þessu svæði, sem bæjarstjórnin telur nauðsynlegar.
8. Að félagið borgi sanngjarnt verð fyrir þær "lanes", sem lokað verður, og að ef félagið kreíst þess, að þver-"lanes" sé lokað milli Nena og Tecumseh stræta, þá leggi það til jafna þver-"lane" vestast á eign sinni á téðu svæði.
9. Að félagið láti ekki starfrækja á svæðinu milli Isabel og Paulin stræta nein kola-, viðar-, malarsteins- eða rusl-yards, — eða neitt annað, er sé aðfinsluvert, nema með leyfi bæjarstjórnarinnar.
10. Að félagið borgi bænum fullar skaðabætur leiðandi af kröfum, sem á bæinn kunna að verða gerðar í tilefni af skaða, sem hlotist hafi af brautarlagningunni, eða nokkru öðru, sem gert kann að verða undir starfsleyfi félagsins.
11. Að allir uppdrættir af dýpkun strætanna séu lagðir fyrir bæjarráðið til samþyktar.
12. Að allar byggingar, sem félagið lætur reisa, nú eða héreftir, skuli vera í samræmi við byggingarlög bæjarins, þau sem nú eru eða verða kunna.
13. Öll ákvæði að bindast í samningum, sem gerðir verði milli bæjarins og járnbrautafélagsins.
14. Að félagið skuli leggja sporbraut í "lane" milli Ross og Elgin Ave., frá lóð 59 milli Ellen og Isabel St. vestur, þar til braut sú tengist aðalbraut félagsins, hvenær sem bæjarráð ið kreíst þess, og með því að vera undanþegið öllum skaðabótakröfum, sem kunna að verða gerðar í tilefni af þessu ákvæði.
15. Að félagið skuli, hvenær sem bæjarráðið óskar þess, leggja sporbraut á norðurhlið Pacific Ave. milli Nena og Ellen St.

Bæjarfulltrúi Douglas, sem einatt hefir tekið málstað landeigenda í þessum hluta bæjarins, reyndi til að fá félagið til að lofa skaðabótum, þar sem sýnt yrði, að eignir borgarinnar lækkuðu í verði fyrir þessa brautarlagningu. En hann var borinn ofurliði af öllum hinum meðráðendum bæjarins.

Embættismenn brautarfélagsins sögðu, að nú yrði tafarlaust byrjað á verkinu að leggja brautina niður Ross Ave., svo að hún yrði fullfullgerð á starfandi ástandi á komandi hausti.

Farið að æfa ykkur, drengir.

Við höfum ákveðið, sá, sem þessar línur skrifar og bróðir minn Friðrik Kristjánsson, að gefa verðlaun fyrir sund á Íslendingadaginn 2. ágúst næstkomandi. Við teljum víst, að Íslendingadagsnefndin sjái fyrir tveimur öðrum sæmilega góð um verðlaunum. Það skal tekið fram, að ekki færri en 6 verða að taka þátt í sundinu til að geta unnið þessi verðlaun, að öðru leyti verður Íslendingadagsnefndin að mestu leyti látin ráða fyrirkomulagi, og verður það auglýst síðar. En til þess að gefa mönnum tækifæri til að æfa sig, þá vildum við gera þetta kunnugt í tíma.

Það virðist all-einkennilegt, hvað menn hafa verið áhugalausir fyrir þessari fögru, heilsusamlegu og þörfu íþrótt, og það mætti jafnvel bæta við: gófugu íþrótt. Því alt, sem hefir jafnmikla þýðingu fyrir aðra, eins og þessi íþrótt hefir, hlýtur að hafa gófugt gildi.

Það eru sjálfsagt fáar aðrar íþróttir þýðingarmeiri fyrir heill og heilsu þeirra, sem hana stunda, og enginn getur fyrirfram sagt, hvenær það getur komið fyrir, að maður með þeirri kunnáttu geti bjargað lífi annara. En, kæru landar, hafið þið nokkurn tíma hugsað út í það, að þeir fáu Íslendingar hér, sem dálitið geta synt, gætu fæstir af þeim bjargað ungbarni, hvað þá fullorðnum. Væri það ekki sorglegt, að sjá einhvern drukna rétt hjá manni, af því maður hekti engin björgunartök og hafði ekki æft sig svo vel til að vera megnugur að bjarga öðrum?

SKEMTILEG ÍÞRÓTT.

Sund er vissulega einhver sú skemtilegasta íþrótt, þegar maður er búinn að fá dálítla æfingu, og það er eitthvað tiguleg og gófugt við að sjá menn æfa björgunartök hvern með öðrum. Enda ætti allstaðar að geta fylgt því sú innilegasta gleði, sem lífið hefir að bjóða, að æfa sig og fullkomna fyrir eitthvað, sem getur hjálpað og orðið öðrum að liði í lífsnauðsyn.

Það mætti jafnframt minna menn á það, sem ekki er það kunnugt, að kappsund eru hér á hverju sumri meðal hérlendra manna og góð verðlaun gefin, svo mönnum gefst þar tækifæri, að vinna sér til frægðar og verðlauna, þegar nægileg æfing væri fengin í þessari íþrótt.

ERFIDLEIKAR VIÐ AÐ ÆFA SIG,

Ég veit það vel, að eins og hér til hagar, þá eru talsverðir erfiðleikar fyrir all-flestum með það, að geta æft sig að nokkru gagni. Í því sambandi vil ég láta þess getið, að mönnum gefst tækifæri, að gerast meðlimir "Young Men's Christian Association", frá 1. maí til 1. október, fyrir þrjá dollara, og þar gefst mönnum gott tækifæri að æfa sig. Það eru all-margir Íslendingar meðlimir þar nú þegar og ættu sjálfsagt að vera fleiri unglingar en eru. Þar geta menn æft sund, hvenær sem er, alla daga og hvenær sem er að deginum, nema sunnudaga, þar til kl. tíu að kveldinu. Komið og reynið, drengir. Ég er viss um, að þið finnið það út, að þið getið haft góðan tíma, þegar þið farið að kynnast og venjast því, sem þar fer fram.

Ég ætla svo ekki að fjölyrða meira um þetta mál, — að eins að biðja ykkur, kæru landar, að æfa ykkur rækilega fyrir annan ágúst næstkomandi, og gefa fólkinu tilkomumikið kappsund til skemtunar.

Skrifað á föstudaginn fyrstan í sumri.

Ykkar með vinsemd,
Aðalsteinn Kristjánsson.

Winnipeg 1910.

I.O.G.T.

Munið eftir fundi stúkunnar Ísland í kveld (fimtudag, 28. apríl). Allir félagar ættu að sækja þenna fund, því áríðandi mál verður til meðferðar. Fundur byrjar kl. 8.

OGILVIE'S
Royal Household Flour

Til Brauð og Köku Gerðar

Gefur Ævinlega Fullnæging

EINA MYLLAN Í WINNIPEG,—LÁTIÐ HEIMAIÐNAÐ SITJA FYRIR VIÐSKIFTUM YÐAR.

Wall Plaster

"EMPIRE" VEGGJA PLASTUR kostar ef til vill ögn meira en hinar verri tegundir,—en berið saman afleiðingarnar.

Vér búum til:

"Empire" Wood Fibre Plaster
"Empire" Cement Wall "
"Empire" Finish "
"Gold Dust" Finish "
"Gilt Edge" Plaster of Paris
og allar Gypsum vörutegundir. —

Eigum vér að senda yður bækling vorn?

BÚIÐ TIL EINUNGIS HJÁ
MANITOBA GYPSUM CO. LTD
SKRIFSTOFUR OG MILLUR I
Winnipeg, - Man.

Heimskringla
Published every Thursday by The Heimskringla News & Publishing Co. Ltd

verð blaðsins í Canada og Bandar. $2.00 um árið (fyrir fram borgað).
Sent til Íslands $2.00 (fyrir fram borgað af kaupendum blaðsins hérl. $1.50.)

B. L. BALDWINSON
Editor & Manager

Office:
729 Sherbrooke Street, Winnipeg
P. O. BOX 3083. Talsími 3512.

Þráðlaus talskeyti.

Í fyrri viku kom hingað til Winnipeg Dr. Lee DeForrest, rafmagns fræðingur sá hinn mikli, sem fyrstur fann aðferðina til þess, að menn á fjarlægum stöðum gætu talast við gegn um loftið, án þess að hafa nokkurn tengiþráð eða annað samband en loftið. Dr. DeForrest kvað þetta vera fyrstu ferð sína til Vestur-Canada, og hefði hann komið hingað frá New York í þeim erindum aðallega, að stofnsetja hér í Vestur-Canada lofttalskeytastöðvar, er haft gætu daglegt tal-samband við Chicago-borg. Ekki kvaðst hann geta sagt ákveðið, hvar helzt stöðvar sínar yrðu bygðar, en byrjað mundi með því, að setja þær niður í Winnipeg, Brandon, Regina, Calgary og Vancouver. Um aðra staði gat hann ekki sagt að svo stöddu, þó ætla megi að hann skilji ekki eftir Edmonton, Victoria og Saskatoon.

Hann gat þess einnig, að hann mundi tafarlaust tryggja sér hér í borg landspildu til þess að byggja á loftskeyta talstöð sína, sem hann sagði, að yrði með sama lagi og sú, sem félag hans hefir bygt í Detroit í Michigan ríki. En þar er 350 feta hár stálturn, og eru talskeytin send frá honum út um alla álfuna.

En auk þess kvað hann félag sitt ætla að byggja verksmiðju hér í borg, og í þeirri verksmiðju á að framleiða alla þá hluti, sem þarf til loft-samtalsins við aðrar stöðvar landsins. Einnig á hér að vera rannsóknar og tilraunastöð í sambandi við verksmiðjuna. Frá þessari verksmiðju ætlar DeForrest félagið að fá öll þau talskeytatæki, sem það þarf að nota við allar stöðvar félagsins í Canada, og 25 menn eiga að hafa þar stöðuga atvinnu. Hér á að vera mið- og aðal-stöð félagsins í Canada.

Dr. DeForrest sagði, að hvergi í heimi væri hægra að sýna loftviðtals möguleikana en eibmitt hér í Vestur-Canada, vegna þess, hve landið væri flatt. Og hann lét þá skoðun í ljós, að þess yrði ekki langt að bíða, að hver bóndi í Vestur-Canada hefði þessi viðtalstæki í húsi sínu, með því að þau yrðu svo ódýr, að hver maður gæti eignast þau. Aðal-kostnaðurinn lægi í því, að setja áhöldin upp og í starfandi stellingar. Til þess þyrfti dálitla gasoline vél, og margir bændur ættu nú þegar slíkar vélar, sem þeir gætu notað. Hvert viðtalstól þyrfti að hafa vald á tveggja hestafla krafti. — Dr. DeForrest kvaðst aldrei hafa þurft að nota meira afl en það fyrir öll vanaleg afnot. En vitanlegt væri, að þegar samtalið færi fram milli mjög fjarlægra staða, þá væri nauðsynlegt að hafa meira afl. Til dæmis: Þegar send eru loftskeyti frá Eiffel-turninum í Parísar borg til Marseilles, sem er 500 mílur vegar, þarf þriggja hesta afl til þess.

Dr. DeForrest hélt fyrirlestur hér í borginni um þessa uppgötvan sína, og gaf þar ýmsar markverðar upplýsingar henni viðvíkjandi. Hann kvaðst hafa stemmingartæki á talfærum sínum, svo að hægt væri að stemma þau saman til viðtals. Þegar tvö talfæri væru svo stemd, að raföldur beggja væru jafn-langar, þá væri hægt að talast við með þeim. Það mætti og nota tæki þessi bæði til þess að tala saman og senda ritskeyti gegn um loftið. Hann kvað það og vera meðmæli með talskeytaaðferð sinni, að hún væri þannig að talskeytin væru heimuleg, svo að ekki heyrðu aðrir það, sem talað væri, en þeir sem til væri talað. Engir aðrir en þeir, sem væru að tala saman, gætu heyrt það, sem talað væri.

Fyrirlesarinn sagði, að þessi viðtalstól væru nú á öllum skipum Bandaríkja-flotans, og reyndust ágætlega. Brezka stjórnin hefði einnig fengið talskeyta-áhöld sín, og sett þau á eitt af skipum sínum, og væri nú að gera tilraunir með þau. Hann taldi víst, að innan skamms tíma mundi öll herskip Bretaveldis verða útbúin með þessum tækjum. Í samningum þeim, sem hann hafði gert við Bandaríkja stjórnina, hafði hann áðyrgst, að hægt væri að senda skeytin 5 mílur milli skipa. En reynslan hefði oft orðið sú, að skeytin hefðu borist 40 mílur milli skipanna, og stundum lengra.

Hann hélt því fram, að loftskeytasendingar og loft-viðtal væri í svo mikilli framför, að innan skamms tíma yrðu allar fregnsendingar hér um landið svo ódýrar, að kostnaðurinn yrði að eins lítill hluti þess, sem nú á sér stað.

Músik mætti einnig senda gegn um loftið þannig, að þegar sungið væri í einu leikhúsi, þá gætu aðrir heyrt það, þótt í all-mikilli fjarlægð væru. Þetta hefði verið reynt og tekist vel.

Hann áleit Marconi loftskeytaaðferðina ekki eins góða og sína eigin aðferð, af því sérstaklega, að miklu meira afl þyrfti við Marconi aðferðina. Þar yrði að nota frá 25 til 40 þús. volts, en við sína aðferð þyrfti að eins 11 þús. volts. Ýmislegt fleira taldi hann aðferð sinni til gildis. Hann gat þess og, að einn af þjónum sínum hefði með 3. hesta afli sent loftskeyti 1277 mílna langan veg. Marconi-félagið hefir sent skeyti yfir Atlantshaf, en til þess þurfti 70 hesta afl. Auk þess væri Marconi-aðferðin miklu kostnaðarsamari en Dr. DeForrest-aðferðin, og þyrfti að öllu leytj meiri vinnukraft.

Dr. DeForrest sýndi loftviðtalsaðferð sína hér, sendi skeyti milli Royal Alexandra hótelsins og Eaton búðarinnar, og reyndist það vel á svo stuttri vegalengd.

Dr. DeForrest er fæddur í Council Bluffs í Iowa ríki, en ólst upp í Suður-Alabama ríkinu, og þar byrjaði hann fyrst að stunda rafmagnsfræði, þegar hann gekk á alþýðuskólann. Síðar fór hann á æðri skóla, og að lokum á Yale háskólann, og þar fékk hann Doktors-nafnbót í rafmagnsfræði. Eftir það fór hann til Chicago og starfaði þar að uppfyndingu sinni, og hafði fullgert hana árið 1901. Þá var hann svo fátækur, að hann varð að lifa á $5.00 á viku. Hann átti afar-örðugt uppdráttar á ungdómsárum sínum, og alt fram að þeim tíma, sem hann fékk viðurkenningu fyrir hugvit sitt og hina nú heimsfrægu uppfynningu sína. Hann er unglegur ásýndum, en þó talsvert gráhærður, meðalmaður á hæð og grannvaxinn, en hraustlegur, og hefir þau einkenni öll, sem ákafa-starfsmönnum jafnan fylgja.

Tæringar spítali.

Herra Charles Lewis Shaw hefir beðið Heimskringlu að flytja eftirfarandi greinarkorn:

"Það hefir verið ákveðið, að byggja lækningastofnun hér í fylkinu fyrir þá, sem langt eru leiddir af tæringarveiki, og samskotadagur hefir verið ákveðinn.

"Þann 19. og 21. maí næstkom. eiga fylkisbúar að fylkja til atlögu móti hinni miklu hvítu plágu, — tæringarveikinni. Þann dag eiga fylkisbúar að hefja skothríð mikla móti þeim voðagesti, sem hótar hreysti þjóðarinnar grandi.

"Hver eftir aðra hafa gömlu þjóðirnar háð þá bardaga, sem vísindi og mannúð segja nauðsynlega til þess að tryggja velferð heimsmenningarinnar. Hvergi er hentugri orustuvöllur heldur enn hér, á "hollvöllum" Vestur-Canada. Í eldri bygðarlögum er bardaginn háður ýmsum örðugleikum og jafnvel hér í Manitoba, sem þó má heita nýtt og strjálbýgt land, er það undravert, hve margir fá tæringu og hafa hana á öllum stigum. Lækningastofnun hefir þegar verið sett á fót fyrir þá, sem hafa sýkina á fyrsta eða lægstu stigum hennar. En fyrir hina hefir enn engin læknishjálpar eða hjúkrunar-ákvörðun verið tekin.

"Mannvinir telja það vafamál, hvort ekki sé ennþá meiri nauðsyn til að hjúkra og einangra þá, sem langt eru leiddir af sýkinni, en hina, sem mega teljast læknanlegir. Að vísu má sýkin álítast læknanleg á öllum stigum, en eftir því, sem hún hefir náð fastari tökum á einstaklingnum, eftir því er hún áreiðanlega hættulegri fyrir aðra,— er enn meira smittandi.

"Það er því áríðandi, þó ekki væri það fyrir annað æðra markmið en eigingjarna sjálfsvernd, að gera hjúkrunar ráðstafanir fyrir þá, sem langt eru leiddir af sýkinni, og sérstaklega nú á vaxtarskeiði landsins. Aðal-ástæðan fyrir peningalegri hjálparleitan í þessu efni er því það heróp, að vernda verði vort nýja land fyrir allri hættu af þessari voða sýki.

"Heilbrigðisreglur, mentun og sjúkrahæli fyrir þá, sem nýlega hafa fengið tæringu, höfum vér þegar fengið. En svo lengi, sem tæringarsjúklingum er leyft að umgangast annað og ósjúkt fólk, þá verður það ekki umflúið, að sýkin breiðist út um landið og fari árlega vaxandi, svo að vöxtur sýkinnar étur sig inn í hreysti og ánægju hinnar ungu, uppvaxandi þjóðar. Þess vegna er nauðsyn á einangran sjúklinganna auðsæ, og þetta þarf að gerast strax í byrjun, — nú. Og með hjálp og stuðningi allra fylkisbúa, er hægt á fáum árum að útrýma sýkinni algerlega.

"Manitoba ætti að gera sinn part í því, að hefja þenhan bardaga tuttugustu aldarinnar, og á þeim orustuvelli, sem gefur meiri von um sigur, en nokkur annar staður á hnettinum.

"Gætið þess að vinna að því, sá 19. og 21. maí verði merkisdagar fyrir heilsu og hagsmuni íbúanna í Vestur-Canada".

Stefán Jónsson.

Árið síðasta hjó stórt skarð í fylkingu hinna íslenzku frumherja, sem fyrir þriðjungi aldar reistu sér bygðir hér vestan hafs.

Yfirstandandi árið byrjaði með því, að bæta við þá tölu einum af vorum velmetnustu íslenzku frumherjum, er dvalið hafði hér nærfelt þriðjung aldar.

Stefán Jónsson, bóndi í Mikley, sem andaðist um miðjan febrúarmánuð sl., var fæddur 8. júní 1841, að Einarsstöðum í Reykjadal í Þingeyjarsýslu. Hann var sonur óðalsbónda Jóns Jónssonar, Jónssonar, frá Breiðumýri, og konu hans, Guðbjargar Markúsdóttur, ættaðri úr Kræklingahlíð í Eyjafjarðarsýslu. Þau foreldrar Stefáns sál. bjuggu allan sinn búskaparaldur, nærfelt hálfrar aldar skeið, að Einarsstöðum, og þar ólst hann upp með þeim til 19 ára aldurs, að hann fluztist til Kristjáns bónda Arngrímssonar og Elínar konu hans, að Sigríðarstöðum í Ljósavatnsskarði í sömu sýslu, og dvaldi með þeim tveggja ára tíma og stundaði smíðavinnu. Kristján bóndi var þjóðhagasmiður og kendi hann Stefáni tré- og járn- og rokkasmíði. Í þessari vist kyntist Stefán Björgu, dóttur Kristjáns bónda og konu hans, og kvongaðist henni árið 1851, þá 20 ára gamall. Árið eftir fluttu ungu hjónin sig að Hólum í Reykjadal í sömu sýslu, og bjuggu þar 13 ára tíma þá hugði Stefán, ásamt mörgum fleirum þar um sveitir (árið 1864), að flytja til Brasiliu, undir forustu Einars sál. Ásmundssonar í Nesi. Seldi hann þá bú sitt alt og bjó sig til fararinnar. En skipið, sem flytja skyldi útfarana, kom aldrei, svo ekkert varð af Brasiliuferðinni. Réð Stefán þá að flytja sig með fjölskyldu sína til Flateyjar í Skjálfandaflóa, og þar stað næmdist hann 7 ára tíma. Þá flutti hann að Garði í Aðaldal, og dvaldi þar 5 ár, þar til árið 1876, að hann með konu sína og 5 börn þeirra flutti vestur um haf, og settist að í Mikley í Winnipegvatni, og bjó þar til dánardægurs, að undanteknu 18 mánaða tímabili árin 1882—3, að hann dvaldi í Austur-Selkirk við smíðar.

Öll þau nærfelt 33 ár, sem Stefán sál. dvaldi hér í landi, stundaði hann auk búskaparins fiskiveiðar og smíðavinnu, einkum bátasmíði og járnsmíði, því að hann var maður listfengur og ágætur smiður.

Hann var um nokkurra ára tíma umsjónarmaður fiskiveiða í Winnipeg vatni, fyrir ríkisstjórnina í Canada, en sagði þeirri stöðu af sér, vegna ýmissa annara anna, sem hann varð að gegna.

Stefán sál. var lágur maður vexti, en þrekinn og burðamikill. Hann var réttnefndur atgerfismaður til sálar og líkama, prýðisvel skynsamur. Hann var jafnan glaður í lund, og aldrei þó kátari, en er mestu andstreymi var að mæta. Þrekið og kjarkurinn og framsóknarfýsnin óbilandi, alt fram á síðustu lífsstundu hans. Hann var höfðingi í lund, ágætur heimilisfaðir, og jafnan framárla í öllu því, er laut að félagslegum framkvæmdum í héraði hans.

Við lát Stefáns sál. hafa Vestur-Íslendingar mist úr sínum hópi einn ágætasta frumherjann, sem jafnan vann með alúð og ósérplægni að því, að leggja traustan grundvöll undir framtíðar velgengni landa vorra hér í álfu.

Af þeim 5 börnum, sem Stefán sál. og eftirlifandi ekkja hans eignuðust, er þrjú á lífi. Hin dánu: Kjartan skipstjóri, druknaði á Winnipeg vatni fyrir nokkrum árum, og Jónína Guðnjörg McDonald, andaðist í fyrra í Duluth. Þau eftirlifandi eru: Kristjana Jakobína Pickett, sem býr með manni sínum í Austur-Selkirk; Þuríður Sigurlaug Minister, býr í Grand Forks í Norður Dakota, og húsfrú Helga Davíðsson, býr hér í Winnipeg. Og hjá henni dvelur nú ekkja Stefáns sál. nær áttræð að aldri.

ÍSLAND.

Fjalldrotning heill sé þér há,
ættskyldu bundin þér böndum
börn þín úr fjarlægum löndum
ennþá í anda þig sjá.

Norður við Dumbsheima dyr,
þar sem að sækjast um sigur
sólin og frostnornin digur,
enn ertu fögur sem fyr.

Sitjandi á stuðlabergs stól.
Hreinleg í hrímkufli gráum.
Hýrleg í regnfeldi bláum.
Dýrðleg í daggeisla kjól.

Húmskyggt við heiðblámans tjald
lindar úr ljósvirum þöndum,
lagðir af meistara höndum,
skreyta þinn fannhvíta fald.

Þitt heiðloft er heilnæmis lyf;
en ef það ofþyngjast tekur
andbárur lifgandi vekur
himinsins blævængja bif.

Ísjötna harðneskju hót
sefast, þá sjálfir þig líta.
Sæguð með brimlokka hvíta
krjúpandi kyssir þinn fót.

Þín fegurð er frumlista verk.
Þó skógur ei skreyti þig fagur,
skínandi miðnætur dagur
vefur þér sólroðinn serk.

Örneinin einkenna þig.
Firðarnir, hálsarnir hliðar,
heiðarnar, elfurnar stríðar, —
hvað hefir sögn fyrir sig.

Margt er þér hollvætta hjá.
Álfar í fjöllum og fellum.
Framsýnu tröllin í hellum.
Dísir við dalvötnin blá.

Bergrisar hjarta með heitt,
búnir í blámóðu serki,
bera þitt eldlega merki
blikandi bálörvum skreytt.

Sögudís sýnir þér fróð
burtliðna blómatíð þína.
Bragi með gullhörpu sína
syngur þér sólkomu ljóð.

Langt ertu lífsglaumi frá,
en þegar gista þig gestir
gleðinnar ávextir flestir
bornir á borð eru þá.

Ásthlý, sem unnusta snót,
heimkomnum langar um leiðir
ljúflega faðminn þú breiðir
flugmóðum farfugl á mót.

Skaut þitt er friðsælt og frítt.
Börnum þín ástfólgin ertu,
óblíð á stundum þó sértu
brosið þitt bætir það hlýtt.

Okkur — vor ást er ei blind —,
lauguð í ljósgeisla straumi
löngum í minninga draumi
birtist þín móðurleg mynd.

Lífsins þá dagurinn dvín,
og himinn í hinsta sinn kveður
hugur vor ljóshraða meður
svífa mun síðast til þín.

Kallast því ei getum á —
vestræna biðjum vér blæinn
að bera þér kveðju yfir sæinn
ástmögum fjarlægum frá.

Thor. Bjarnarson.

Kurteisi.

Fáar dygðir er jafnfagrar og ávaxtarikar, sem kurteisin, og jafn víst er hitt, að hennar er miður gætt en skyldi í daglegri umgengni fólks hvert við annað.

Við skulum nú fyrst og fremst athuga, hvað sönn og rétt kurteisi í raun og veru er. Ef dæma skal eftir breytni manna, virðist fólk skoða hana sem fagran og fáséðan skrautgrip, sem því beri að eins að nota við sérstaklega hátíðleg tækifæri, en eigi þess á milli að geymast falin og ónotuð, því við dagleg störf og áhyggjur, í návist vina og vandamanna, sé hennar ekki þörf. Og þá er hitt ekki síður alment, að álíta henni fullnægt með því, að fylgja vissum ákveðnum reglum í breytni sinni gagnvart öðrum.

Hvorttveggja er rangt með öllu. Kurteisin á að vera okkur óaðskilj anlegur förunautur. Hún á að ráða breytni vorri allstaðar og ætíð inlega, gagnvart öllum, engu síður fátækum en ríkum, fáfróðum en vitrum, — engu síður í daglegri umgengni milli vina og vandamanna, en í framkomu vorri við ókunnuga, eða þá, sem til mannvirðinga eru komnir.

Eigi verður hún heldur lærð með mörgum og margbrotnum reglum, því fyrir henni er að eins ein ófrávíkjanleg höfuðregla, nfl., hin yfirgripsmikla gullna regla meistarans mikla frá Nazaret: það, sem þú vilt að mennirnir geri þér, það skalt þú og þeim gera.— Með öðrum orðum: Sönn og fullkomin kurteisi lýsir sér að eins í góðvild, umburðarlyndi og næmleika fyrir tilfinningum annara og velliðan. Hún er í einu orði sagt sá viðmótsþýðleiki, sem laðar sál að sál, sem tengir menn ævarandi vináttu og samhygðarböndum, sem dregur sviðann úr sárum vorum eins og græðandi töfralyf, og breytir eigingirni og ömurleik einstæðingsskaparins í kærleik og gleði.

Alt mannkynið er ein margþætt uð, starfandi heild, þar sem aðaltakmark og löngun einstaklingsins er gleði og hamingja. Til þess að nálgast þetta langþráða takmark, er samvinna og samhygð meðal einstaklinganna fyrsta og helzta skilyrðið. Ef hamingjuvonir vorar eiga nokkurntíma að rætast, þurfum vér að kaupa kærleika og samhygð meðbræðra vorra með umburðarlyndi af vorri hálfu.

Alt, sem sérir tilfinningar vorar, — vekur hjá oss gremju eða sorg — er óins og eyðandi ólyfjan, sem lamar tilfinninga næmleika vorn og gerir oss óhæfari til þess að njóta lífsins fyrir okkur sjálfa, og miðla öðrum ánægju og gleði.

Eitt særandi orð talað í óaðgætni eða augnabliks geðshræringu getur vakið gremju meðbræðra vorra, spilt gleði þeirra og eyðilagt fyrir sjálfum oss þann ómetanlega hagnað, sem vér getum haft af velvild þeirra og samúð.

Eitt vinsamlegt orð, talað af góðvild og bróðurhug, glæðir þar á móti kærleika og samúð þeirra til vor, með öllum sínum góðu og blessunarríku afleiðingum fyrir oss.

Þannig er það kærleiki og samúð, sem stafar ylgeislum friðar og gleði inn í sálir manna, — frjófgar þær eins og vordöggin jörðina, vermir þær eins og árgeislinn blómin. Upp úr þessum frjógaða jarðvegi uppskerum vér aftur hina gullnu ávexti: lífsgleði og ánægju, sem einir eru þess megnugir, að gera lífið eftirsóknarvert.

Ég hefi nú leitast við að sýna og sanna, að öruggasta og langskemsta leiðin til sannrar farsældar sé, að auðsýna öðrum kurteisi og velvild í daglegri umgengni. Lítt mun flestum liggja í augum uppi, að háttprýði í framgöngu er ávöxtur og afleiðing göfugra hugsana, mannkærleika og sannrar menningar.

Þegar ég leita eftir orsökum fyrir tómleika lífsins, fyrir því, að margar göfugustu og beztu hugsanir manna deyja út og drukna í eilífri þögn og hluttekningarleysi, þykist ég glögglega sjá aðalorsökina í skorti á velvild og sannri kurteisi í daglegri umgengni manna á meðal.

Að svo mæltu vil ég láta hér staðar numið, með þá einlægu ósk í brjósti, að þeir, sem þessar línur lesa, vildu jafnan hafa það hugfast, að sérhvert verk, sem unnið er í þeim tilgangi, að gera lífið bjartara og betra og unaðsríkara fyrir meðbræður vora, — stráir geislum unaðs og fagnaðar á framtíð vora.

Hulinn.

Friðrik Sveinsson,
MÁLARI.

hefir verkstæði sitt nú að 245 Portage Ave. — herbergi nr. 43 Spencer Block — beint á móti pósthúsinu. Hann málar myndir, leiktjöld, auglýsingaskilti af öllum tegundum, o. s. frv. — Heimili: 443 Maryland St.

Jóhanna Olson
PIANO KENNARI
557 Toronto St. Winnipeg

Þeir, sem heitin sín halda.

Í útlendings raunum á ókendri strönd,
í átthögum sóllausra daga, —
sem kvöldstjörnu leiftur við lognskýja bönd
skín land vort og fortíðarsaga.
Sem mæni svipir úr myrkri nætur,
hver minning vaknar og ris á fætur.

Hver dýrasta hugsjón og dulspektar þrá,
sem draumsýn í þroskanum vaknar.
Hver framtíðar ímynd í æskunnar spá
með aldrinum grætur og saknar.
Og blóðlíkna hugsjónir hraktar og sviknar
þær hrópa til lífsins, svo minningin viknar.

Í framtíðar gleymsku við fortíðar heit,
er framsóknar lögmálið rofið.
Af falslausum dáðum í frumherja sveit,
er fjallið að síðustu klofið.
Þar komast þeir einir, sem heitin sín halda
við hugsjónir lífsins í þjóðsögum alda.

P.

UPPRISUVIÐBURÐURINN.

(Niðurlag frá 3. bls.)

líkami hans eftir upprisuna var bæði líkur og ólíkur fyrri líkama hans. Hann var líkur ásýndum og þektist þegar í stað af öllum, er kent höfðu í lifanda lífi. Naglaförin voru í höndum hans og fótum, skurðurinn í síðu hans eftir spjótsstunguna. Lærisveinarnir virðast ekki hafa verið í allra-minsta efa um, að það væri hann sjálfur, öldungis eins og þegar hann gekk út og inn með þeim. Á hinn bóginn er hann ólíkur. Hann verður snögglega sýnilegur og hverfur aftur snögglega. Hann stendur alt í einu mitt á meðal þeirra, er þeir sitja fyrir luktum dyrum. Upprisulíkami hans hefir með öðrum orðum þann eiginleika, að komast fyrirstöðulaust gegn um heilan húsvegginn.

Að fyrstu kristnir menn hafa mikið um upprisulíkamann hugsað, sézt á bréfi Páls til Korintumanna, hinu fyrra. Þegar Grikkir heyrðu Pál segja frá upprisuviðburðinum, komst hinn léttfleygi hugur þeirra í uppnám og þeir vildu fyrir hvern mun gera sér sem nákvæmasta grein fyrir, hvernig upprisulíkamar mannanna yrði. Spurningum og grufli í þá átt er postulinn að svara mjög rækilega í 15. kap. fyrra Korintubréfsins. Og aðal-atriðið í svari hans er þetta: Líkami vor í upprisunni verður ekki náttúrlegur líkami, heldur andlegur líkami. Hold og blóð getur ekki erft guðsríki (15, 50), segir hann berum orðum. Samt virðist hann ætla, að samband all-náið verði milli upprisulíkamans og þess líkama, sem lagður er í gröfina. Því sambandi líkir hann við sambandið, sem er á milli frækornsins, sem felt er í jörðu, og plöntunnar, sem upp af frækorninu vex. Og allir vita, hve náið það er. Á hinn bóginn kemur hann með nokkuð aðra hugmynd um upprisulíkamann í síðara Korintu-bréfi. Hann segir þar, að um leið og jarðneskur líkami (tjaldbúð) vor hrynur saman, höfum vér hús, sem eigi er með höndum gjört, eilift á himnum (2. Kor. 5, 1nn). Hann hugsar sér þetta hús andlegan dýrðarlíkama, sem geymdur sé hjá guði eins og fat eða yfirhöfn, er gefinn verði mannssálunum til eilífrar íbúðar og vér verðum færðir í.

Til þess nú að skilja hugsanir postulans um upprisulíkamann, verðum vér aftur að gera oss ljóst, hvernig hugmyndunum um þetta atriði var farið með þeim mönnum, er uppi voru með postulanum. Annars vegar var gyðinglega upprisuhugmyndin, eins og hún var orðin á hans dögum. Aðal-atriði hennar var vonin um upprisu þess holdlega líkama, sem lagður var í gröfina. Andann álitu þeir sofa undir jörðunni (Dan. 12, 2). Á hinum mikla dómsdegi, þegar básúnan lætur hljóm sinn gjalla, opnast grafirnar, þá rísa sálirnar upp með líkömunum úr gröfunum til nýs lífs, sem mönnum var gjarnt að ímynda sér mjög jarðneskt og líkamlegt. Svona var hugmynd Gyðinga. Og virðist sem þeir hafi lagt öllu meiri áherzlu á líkamann en sálina. Með þeim er aðal-atriðið það, að maðurinn öðlist í upprisunni nákvæmlega sama líkamann aftur.

Andspænis þessari hugmynd Gyðinga standa nú hugmyndir annara þjóða á þessum tímum, og kennum vér þær helzt við Grikki. Bæði báru þeir andlega ægishjálm yfir öðrum, og svo átti postulinn einkum í höggi við gríska hugsunarhátt. Þar er hugmyndin um andlegt áframhald lífsins aðal-atriði. Þeir álitu, að andi einstaklinganna myndi halda tilveru sinni áfram eftir dauðann. Líkamann jarðneska álitu Grikkir á þessum tímum fjötra. Við dauðann losaðist sál góðs og viturs manns úr dýflissu; hún hóf sig upp í æðra heim ljóss og lífs, þar sem guðdómurinn býr. Aðskilnaðurinn varð þegar við andlátið. Upplýstir Gyðingar, er utan ættjarðar sinnar bjuggu, höfðu á þessum tímum tileinkað sér þessa hugmynd nokkurn veginn alveg.

Báðar þessar hugmyndir hefir nú postulinn Páll fyrir sér. Og hann er augsýnilega að leitast við að sameina þær. Hann heldur hugmynd þjóðar sinnar fram annars vegar. Sameiginlega henni hefir hann trú á framhald líkamans í öðru lífi, trú á verulega upprisu, og hugmyndina um almenna upprisu allra hinna dánu við heimsendi. En á hinn bóginn er hann, að því er séð verður, fyrstur allra Gyðinga til að halda fram, að eftir dauðann hljóti lífið að vera gersamlega annars eðlis. Þessi líkami ris ekki upp, hold og blóð getur ekki erft guðsríki. Og svo kemur hann fram með sína nýju kenningu um nýjan, andlegan líkama, er sé annars eðlis en hinn náttúrlegi líkami hafi verið.

En við þetta bætir hann svo hugmyndinni um líkama, andlegan upprisulíkama, sem oss sé geymdur á himni. Hann heldur eigi þeirri hugsun nógu langt fram til þess vér getum séð, hvert hún myndi hafa leitt hann. Ef guð geymir nýjan líkama, er hann ætlar oss að klæðnaði í eilífðinni, verður ekki séð, hvers vegna vér ekki fengjum þann líkama, þegar við andlátið. En fáum vér þá þegar að íklæðast upprisulíkamanum, um leið og sálin skilur við líkamann jarðneska, er gyðinglega hugmyndin um, að sameining sálar og líkama eigi fyrst að fara fram á dómsdegi, með öllu sprengd og yfirgefin.

Andspænis Grikkjum leggur Páll afar-mikla áherzlu á framhald líkamans, svo mikla, að oss nærri því furðar. Hugsunarháttur nútíðarmannsins er að því leyti líkur hugsunarhætti Grikkja, að oss finst aðal-atriðið vera áframhald andlegrar tilveru eftir dauðann. En vér þykjumst samt skilja, að postulinn muni hér hafa verið að halda fram einhverju, sem varanlegt gildi hefir, og var nauðsynleg aukning og uppbót grísku hugmyndarinnar. Andlegt líf Grikkja var sjúkt af einhliða mannvitsgrufli. Sá hluti mannsins, sem eftir griskum hugmyndum hófst í dauðanum til æðri bústaða, er ekkert annað en mannvitið sjálft, sem sprengt hefir líkamlega fjötra. Það er mannleg skynsemi eða hyggjuvit, sem þráir að fá yfirlit yfir tilveruna, og fagnar yfir samræmi hennar og því dýrlega reglunnar lögmáli, sem hún hlýðir. En þegar Páll leggur áherzlu svo mikla á upprisu líkamans, hefir hann allar hliðar mannlegs eðlis í huga. Hann hugsar um skynsemina, tilfinningarnar og viljann, svo ekkert af því, sem verðmætt er í fari mannsins, glatist, heldur alt varðveitt, en hafið að eins upp til æðra veldis. Og með þessu hefir hann auðgað hugmyndir mannkynsins um eilíft líf stórkostlega.

Hvernig hugsar nútíðarmaðurinn sér dauðann og upprisuna? Hvernig grein gerir hann sér fyrir framhaldi lífsins hinum megin? Hugur vor tileinkar sér að mestu leyti hugmyndir postulans um þetta efni. En hann heldur hugsunum hans nokkuð lengra áfram. Hann, og sú kynslóð kristinna manna, er uppi var með honum, áleit að dómsdagur kæmi þá og þegar, helzt meðan sú kynslóð væri uppi, sem þá lifði. Nú er hugmyndin um dómsdag orðin skelfing fjarri. Í huga nútíðarmannsins er hún nærri horfin, eða þá komin svo utarlega í sjóndeildarhringinn, að hennar gætir ekki. Nú er dánardagurinn sá dómsdagur, sem hver kristinn maður hefir í huga. Þess vegna þolum vér ekki biðina. Oss er með öllu óskiljanleg tilvera sálarinnar, hjálparlausrar og nakinnar, fram að dómsdegi. Oss finst slík tilvera hljóti að verða eins konar skuggatilvera, líkt og hugmyndin um eilift líf oft vildi verða með fornþjóðunum. Þess vegna finst nútíðarmanninum eðlilegast að ætla, að upprisulíkamann fáum vér, þegar við andlátið, án nokkurrar biðar.

Hugmynd Páls postula um andlegan líkama tileinkar nútíðarmaðurinn sér algerlega. Kristnin hefir eiginlega horfið frá henni og lagt alla áherzlu á hugmyndina gyðinglegu um líkama, er væri nákvæmlega eins og sá, er vér hefðum hér. En sú hugmynd er þekkingu nútíðarinnar fjarstæða. Líkami mannsins er stöðugt að breytast í þessu lífi. Á hverjum sjö árum breytist hann algerlega, svo engin smá-ögn þess líkama, er vér höfðum fyrir sjö árum, er eftir. Maðurinn er stöðugt að afklæðast gömlum líkama og íklæðast nýjum. Hvern líkamann ættum vér þá að fá í upprisunni? Hold og blóð og bein getum vér aldrei fengið með oss yfir í aðra andlega tilveru. Slíkt er fásinna. Enda hefir Páll postuli fundið til þess. Vér fáum andlegan líkama, sniðinn eftir anda vorum og sniðinn eftir dýrð og fullkomnun æðri tilveru. Það verður annar líkami, en skyldur þeim, sem vér áttum hér, eins og plantan er frækorninu. Vér þekkjumst og þekkjum aðra. Vér verðum enn líkari sjálfum oss, en vér vorum hér. Aldrei hefir frelsarinn verið eins líkur sjálfum sér og hann var á fjalli ummyndunarinnar í augum lærisveinanna. Þá ljómaði fegurð sálar hans upp ásjónu hans og líkama. Jafnvel fötin hans, slitin og snjáð og óhrein eftir sífelt göngulag, eins og föt fátæks almúgamanns norðan úr Galíleu, urðu skínandi björt eins og dýrlegur konungsskrúði.

Ef til vill er þessi hjúpur, sem á að fylgja oss inn í eilífðina, að myndast og þroskast með líkama vorum hér, svo umskiftin líkamlegu verði með svipuðum hætti og þegar hýðisormurinn ljóti breytist í fiðrildi með dýrlega vængi, þó sá andlegi líkami að sjálfsögðu dyljist líkamlegum augum. Ef til vill verður máttur anda vors þá svo mikill, að vér fáum valið oss hvert það gerfi, sem hentugast er. Öll mannleg þekking bendir til, að sambandið milli anda og efnis, líkama og sálar, sé miklu nánara, en menn hafa ætlað. Og máttur andans þá meiri til að lága alt í hendi sér. Aðal-atriðið er og verður framhald persónuleikans, án þess nokkuð glatist, sem hefir nokkurt gildi, eða vér á nokkurn hátt ástæðu til að sakna.

Hvaða bylting er það nú, sem fram fór í hugum fyrstu kristinna manna, páskadaginn og dagana þar á eftir? Hvað voru þeir smám saman að komast í skilning um, að fram hefði komið við ástvininn þeirra elskaða, er þeir hörmuðu svo sárt? Til þess að svara þeirri spurningu, þurfum vér fyrst að gjöra oss ljóst, hvað þeir hugsuðu dagana eftir krossfestinguna.

Hann var látinn. Látinn eins og hver annar maður. Líkami hans lagður í gröf eins og líkamir annara látinna manna. Sál hans, með líkum hætti og sálir látinna, annaðhvort sofandi í gröfinni, eða þá í dánarheimum, undir jörðu. Alt búið. Öll áhrifin dásamlegu, sem honum fylgdu, horfin. Vonirnar þeirra allar um ríkið — guðs ríkið góða, þar sem hann væri konungur og þeir æðstu þjónar og nánustu —, orðnar að engu. Alt, sem þeir höfðu látið sér skiljast og hugkvæmast í sambandi við hann, eintómur hugarburður. Lotningin fyrir honum og mætti hans og veldi sprottin af misskilningi. Hvað það var sárt! Hvað það var óumræðilega dapurt! Hefir myrkur sorgarinnar nokkurn tíma verið jafn-óskaplega svart í mannssálunum og það var í sálum ástvina Jesú?

En páskadaginn og vikurnar næstu þar á eftir, brýzt nýr skilningur til valda í sálum þeirra. Hann lifir! Hann lifir! Við höfum séð hann, einn hér, annar þar, stundum margir í einu. Hann lifir og er sá sami og áður, að eins enn dýrlegri, líkastur því, sem við sáum hann á fjallinu. Máttur hans hefir eigi dvínað. Hann er máttugri nú enn nokkuru sinni áður. Boðskapurinn um ríkið — guðs ríkið, ríkið hans — á að halda áfram. Hann ætlast til, að við berum hann út, eins langt og unt er. Og hann ætlar að verða með og gefa sigur. Skyldi eigi hann, sem unnið hefir svo glæsilegan sigur yfir dauðanum, vinna bug á öllu, — Fariseunum og allri vonzku þeirra og veldi?

Svipuð þessu hefir byltingin verið, sem fram kom í huga þeirra. Lífið var áður myrkur, ranglæti, ofbeldi, nístandi kvöl, — ömurlegur ósigur. Nú breyttist það í sólbjartan dag. Ranglætið varð að lúta réttlætinu. Ofbeldið varð sér til minkunar. Kvölin breyttist í fögnuð. Og ósigurinn varð að dýrlegasta sigri, sem mannsandinn hefir mátt til að hugsa sér. Það, sem fram við hann kom, á líka að koma fram við okkur. Við eigum líka að verða dýrlegir eins og hann. Og lifið, sem okkur er ætlað eftir þetta, verður líf í samfélagi við hann, líf í dýrð og fögnuði og nýjum mætti. Tilveran er ekki í vondum höndum, eigi á valdi ranglátra manna, hvorki Kaífasar, né Pílatusar, né legiónanna rómversku.

Guði sé lof og dýrð! Tilveran er í góðum höndum. Hún er í höndum réttlætisins og kærleikans. Hún er í föðurhöndum, eilífum og almáttugum miskunnarfaðmi föður drottins vors Jesú Krists. Vér höfum engu að kvíða. Vér vitum, að það, sem fram við hann kom, á líka að koma fram við oss. Vér vitum fullri vissu, að lifið verður dýrlegur sigur öllum þeim, er lifa og liða með hugarfari líku hans.

Látum þetta vera vora páskalofgjörð! Amen.

Minningarorð.

"Margs er að minnast,
margt er hér að þakka,
guði sé lof fyrir liðna tíð.
Margs er að minnast,
margs er að sakna.
Guð þerri tregatárin stríð".

V.B.

Hversu oft er ekki þetta fallega sálmvers viðeigandi, þegar við erum að kveðja einhvern af vorum burtförnu samferðamönnum. Og sannarlega fanst okkur það viðeigandi skilnaðarorð, þegar vér stóðum yfir hinum síðustu jarðnesku leifum okkar kæru félagssystur, húsfrú Kristinar Sigfússon, sem andaðist hér að heimili sínu 28. marz sl. — Já, vissulega höfum vér "margs að minnast og margt að þakka". Kristin sál. var ein af stofnendum þessa litla félagsskapar, og sáum við æ betur og betur, hve góð félagskona hún var, og sönn systir í vorum litla félagsskap. Því aldrei hafði hún svo mikið að starfa, þó hún auk annara heimilisstarfa hefði 5 smábörn að sjá um, að hún hefði ekki jafnframt tíma til að vinna í félagsþarfir. Hún var aldrei svo þreytt, að hún hefði ekki bros að bjóða gestum sínum.

Við munum ávalt minnast hennar með söknuði, en jafnframt með innilegum kærleika og þakklæti fyrir samleiðina. Hún gaf okkur það eftirdæmi, að "vinna meðan dagur er", og að hafa jafnan betrandi áhrif á samverkafólk vort.

En einmitt af því, að við finnum svo vel, hve miklu við höfum á bak að sjá, getum við svo hjartanlega verið hluttakandi í söknuði eftirlifandi ástvina okkar kæru systur. Við samhryggjumst af öllu hjarta eiginmanni hennar og blessuðum litlu börnunum 5, ásamt föður hennar og öðrum vinum. Og við biðjum guð almáttugan, græðara allra meina, að hugga og styrkja alla þá, sem hér eiga um sárt að binda, og sérstaklega, að halda sinni blessuðu verndarhendi yfir litlu smælingjunum, sem svo snemma urðu að reyna mótlæti lífsins.

Blessuð sé minning hinnar látnu.

* * *

Vér skiljum ei skaparans tilgang,
að skyldi hann þig kalla
um hádegisstund, þegar hafðir
svo heilnæmt að starfa.

Vér lifðum ei lengi hér saman,
en ljúf er þín minning
í hug vorum, brosið þitt blíða
nú blandast með trega.

Sárt er að kveðja þig systir,
en sofðu nú væran.
Síðar vér sjást munum aftur
í sælunnar landi.

Guð, faðir vor, ei gleymir sínum,
hann gleymt fær ei ástvinum þínum,
hans verndarhönd vakir þeim yfir,
— þú veizt það, því andi þinn lifir.

Kvenfél. "Framsókn"
í Blaine, Wash.

ROBLIN HOTEL
115 Adelaide St. Winnipeg
Bezta $1.50 á-dag hús í Vestur-Canada. Keyrsla ókeypis milli vagnstöðva og hússins á nóttu og degi. Aðhlynning hins bezta. Viðskifti Íslendinga óskast. ÓLAFUR G. ÓLAFSSON, Íslendingur, afgreiðir yður. Heimsækið hann. —
O. ROY, eigandi.

A. S. BARDAL
Selur líkkistur og annast um útfarir. Allur útbúnaður sá bezti. Enfremur selur hann alskonar minnisvarða og legsteina.
121 Nena St. Phone 306

HEIMSKRINGLU og TVÆR skemtilegar sögur fá nýir kaupendur fyrir að eins $2.00

Giftingaleyfisbréf
selur: Kr. Ásg. Benediktsson
528 Simcoe st. Winnipeg.

— THE —
"Arena"
Þessi vinsæli skautaskáli hér í vesturbænum er nú opinn. Ísinn er ágætur. 18DA MOUNTED RIFLES BAND SPILAR Á ARENA. KARLM. 25c.—KONUR 15c.
Chas. L. Trebilcock, Manager.

JIMMY'S HOTEL
BEZTU VÍN OG VINDLAR.
VÍNVEITARI T.H.FRASER, ÍSLENDINGUR.
James Thorpe, Eigandi

A. S. TORBERT'S
RAKARASTOFA
Er í Jimmy's Hótel. Besta verk, ágæt verkfæri; Rakstur 15c en Hárskurður 25c. — Óskar viðskifta Íslendinga. —

MARKET HOTEL
146 PRINCESS ST á móti markaðnum
P. O'CONNELL, eigandi, WINNIPEG
Beztu tegundir af vínföngum og vindlum. Aðhlynning góð hús and best

Woodbine Hotel
466 MAIN ST.
Stærsta Billiard Hall í Norðvesturlandinu
Tíu Pool-borð.—Alskonar vín og vindlar
Gistin, og fæði: $1.00 á dag og þar yfir
Lennon & H.
Eigendur

Á beztu heimilum
hvar sem er í Ameríku, þar munið þér finna HEIMSKRINGLU lesna. Hún er eins fróðleg og skemtileg eins og nokkuð annað íslenzkt fréttablað í Canada

lingur, heldur maður, sem lífsbaráttan hefði veitt bráðan þroska.

Móritz Sterner var ekki hugreikull, hin barátturíka æfi hans hafði komið í veg fyrir það. Stefna hans var alvarleg, aðallega viðvíkjandi sálarlífinu. Sterkir vonardraumar lúrðu enn í instu afkimum huga hans, hitarikt ástríðufræ var þar einnig geymt, en óbilanlegt viljaþrek hafði haldið þeim innan þeirra takmarka, sem hin árrisula skynsemi hafði sett þeim.

Eins áreiðanlega eins og skelfiskurinn geymir perluna, hafði Móritz geymt minningu móður sinnar allan þann tíma, sem liðinn var síðan hún dó. Ávalt stóð hún lifandi fyrir hugskotssjónum hans, ... hvert augnablik sá hann hreina, engilbjarta svipinn hennar. ..... Hún var samvizka hans, verndarengill hans gegn freistingunum, huggun hans í mótlætinu. Það, sem fram fór við banabeð hennar, hafði fært hugarsteinu hans í rétta átt, sem áður var á talsverðu reiki, ... hann efaðist ekki lengur um algóða forsjón, því þá hefði hann líka mátt efast um móður sína, efast um tilveru hennar, um endurfundi eftir dauðann, en það vildi, það gat hann ekki. Forlagatrúin, frelsisneitunin, sem Jakob Kron hafði reynt að gróðursetja hjá honum strax í æsku, sem hinu þungbæra mótlæti barnsáranna hafði nær því tekist að frjósga, kulnaði út, þegar móðir hans yfirgaf hann og lifið. Unglingurinn hafði aftur tekið að sér barnstrúna, eins og hann lofaði henni, — hann hafði í auðmýkt leitað hins eilífa, og fundið hann. .....

Hann var nú hólpinn, en því miður geta ekki öll börn, sem fyrir neyð og þjáningum verða, notað endurminningu móðurinnar fyrir akkeri lífs síns.

Í fjármunalegu tilliti höfðu síðustu fjögur árin verið róleg og áhyggjulaus fyrir Móritz, ólík þeim undangengnu að því leyti. Fyrir meðmæli Bergholms prests hafði hann strax fengið kennarastöðu á

heimili nokkru, þar var honum sýnd jafn bróðurleg viðbúð, sem væri hann einn af ættingjunum. Honum hlotnaðist, að ná fullu trausti húsbónda sins, og þegar hann áleit sjálfan sig hæfan til að byrja háskólanám, fékk hann leyfi til að taka báða lærisveina sína með sér til Uppsala, enda leið honum þar í alla staði vel fyrsta árið. Til allrar ógæfu dó faðir lærisveina hans, ekkjan hafði ekki efni á, að borga fyrir þá í Uppsölum, og varð því að taka þá heim. Móritz, sem misti kennarastöðu sina af þessum ástæðum, varð nú að taka til peninga þeirra, sem móðir hans hafði skilið eftir handa honum í vörzlum Bergholms prests, og sem fram að þessu höfðu verið á vöxtum.

Með hinni mestu sparsemi, einmana lífi, hvíldarlausu og alvarlegu námi, gat Móritz komist áfram. Nú var þessi hjálp þrotin, og þó var eitt ár eftir enn þangað til hann gat náð hinu áreiðanlega takmarki, lárberjum visindanna.

Móritz hafði sjaldan eða aldrei tekið þátt í hinum algengu stúdenta skemtunum. Hugsun hans var of alvarleg og of háð visindalegum rannsóknum til þess, að hann gæti tekið þátt í og haft ánægju af hinum sömu leikjum og hinir fjörugu, lundglöðu námsbræður hans. Félagar hans álitu hann því vera rannsakara, "lestrarbelg", eins og það er kallað í daglegu tali, og eftir nokkrar árangurslausar tilraunir til að vekja hjá honum meira lífsyndi, létu þeir hann eiga sig og gáfu honum engan gaum.

Móritz las, hugsaði og rannsakaði með sama áhuganum nú og hann hafði gert frá æsku, sem oftar en einu sinni kom Bergholm presti til að segja: — "Með timanum verður þú föðurlandi þínu til sóma, drengur minn".

Bergholm prestur hafði veitt honum góða tilsögn, bæði í gömlu og nýju málunum, enda kom það honum að góðu um þetta leyti. Hann veitti nokkrum

stúdentum tilsögn í ensku og ítölsku, sem raunar voru eldri en hann, en höfðu ekki fyr átt kost á, að læra þessi mál. Tilsögn þessi var hin eina tekjugrein, sem þessi fátæki unglingur hafði, síðan arfur hans eftir móðirina var þrotinn.

Þareð Móritz var fátæktinni vanur, gat hann látið borið þann skort, er henni fylgir, heldur en margir aðrir mundu hafa getað. Hann kvartaði aldrei ekki einu sinni við kennara sinn og vin, Bergholm prest, sem hann stóð þó í tíðu bréfasambandi við. Hann hafði tekið þá þolinmæði að arfi eftir móður sína, að liða skortinn þegjandi. Eins og hún, forðaðist hann alt, sem ölmusa gat heitið. Væri hann eldiviðarlaus, bjó hann við kuldann, heldur en að biðja aðra um hjálp, heldur en að komast í skuldir, sem hann var ekki viss um að geta borgað, lifði hann við mjög lélega fæðu — í fám orðum, hann ásetti sér, að komast áfram af eigin orku án annara hjálpar.

Þó að Móritz tæki sjaldan þátt í lífsgleðinni kring um sig, var hann þó ekki með öllu vinalaus. Hann hafði kynst tveimur stúdentum, sem hugsuðu líkt og hann, og við þá festi hann trygga vináttu. Þeir heimsóttu oft hver annan og skiftust á hugsjónum og ímyndanadraumum.

Því Móritz dreymdi stundum, — t. d. eins og núna, þar sem hann sat með böggul móður sinnar fyrir framan sig, og studdi hönd undir kinn í djúpum hugsunum.

Við skulum hlusta á hugsanir hans.

"Herbergi þetta er dimt, kalt og ógeðslegt, ... en hvað gerir það? ...Að tveim árum liðnum verður það öðruvisi, — þá skal vilji minn og atgerfi andans í sameiningu brjóta mér braut. Ég skal binda frægð arinnar lárberjasveig við nafn mitt, til þess að gleðja þig, móðir mín, í hinum himnesku bústöðum".

"Þó mér sé kalt, og þó ég sé svangur um nokkur ár, hvað gerir það? Vonin gefur mér þrek til að þola alt,..... von um sigur ókomna tímans, sem ég sjálfur vinn".

"Að lifa er að liða — það var alt af þitt máltæki, móðir mín — og maður verður að liða með geðlestu. Hvað er líka þessi skortur, sem ég nú verð að þola, í samanburði við æskusorgir minar? Þá varð ég að þreskja í hlöðunni til að vinna fyrir fæði minu og minnar blindu móður, sem ekki var lengur fær um, að sjá fyrir okkur .....

"Já, morgun lífs míns var dimmur, hulinn þungum skýjum, en miðdagsstund þess og kvöldið mun verða bjartara".

Nú voru dyrnar opnaðar, svo hugsanir Móritz trufluðust, og inn kom ung og falleg stúlka, en fátæklega klædd.

"Hvert er erindi þitt, barnið mitt?" spurði Móritz, um leið og hann veitti henni náið athygli.

"Ég kem til að búa um rúmið þitt, herra", svaraði unga stúlkan. "Móðir mín er veik, og getur það því ekki".

"Ó, þú ert þá dóttir hegðanprúðu þjónustunnar minnar?"

Stúlkan játaði því.

"Nú, og hvað heitir þú?"

"Helen".

"Einmitt það. og þú segir að mamma þín sé veik?"

"Já, herra minn, hún er veik af köldu".

"Vesalings barn", sagði Móritz, "það er líklega eins ástatt fyrir ykkur og mér, að þið eruð eldiviðarlausar?"

"Já, við erum eldiviðarlausar, ert þú það líka?"

"Já, en ég ætla að útvega eldivið á morgun,

Upprisuviðburðurinn.

Prédikun, flutt í Tjaldbúðarkirkju, páskadagsinn, 27. marz 1910.

EFTIR *F. J. Bergmann.*

BÆN. — Blessaði frelsari vor, Jesús Kristur! Vér þökkum þér fórnarlífið dýrlega, er þú lifðir hér á jörðu. Vér þökkum þér, að þú gekst óruggur á hólm við hin illu öfl heimsins og lagðir alt í sölur. Vér þökkum þér kvöl og dauða og kærleikann grunnlausa, er þú barst til syndugra manna. Vér þökkum þér upprisufögnuðinn, er þú hefir veitt oss, — von og vissu eilífs lífs. Og vér biðjum þig: Lát fögnuð eilífs lífs verða meiri og meiri í hjörtum vorum og sannfæringuna um, að sama eigi einnig fram við oss að koma og kom fram við þig, verða æ sterkari með oss. Vér erum svo seinir að skilja, og augu vor svo haldin, að vér sjáum ekki né þekkjum. En, frelsari vor, ver þolinmóður við oss og leið oss áfram til meiri skilnings og aukinnar þekkingar. Lát bjarma eilífs lífs verða bjartari í huga vorum með liðandi árum. Lyft skýlunni frá, svo vér sjáum þá dýrð, sem þú hefir kallað oss til, og byrjum að iðkaðast henni hér. Amen í Jesú nafni!

Ræðutexti:
Markús 16, 1—7.

Í dag koma kristnir menn um allan heim saman í kirkjum sínum og guðshúsum til að minnast upprisu frelsarans. Engin stórhátið ætti að vera mönnunum helgari en páskahátíðin. Af öllum vonum, sem lifað hafa í brjósti mannkynsins, er vonin um eilíft líf helgust og dýrlegust. Hennar vegna varð kristindómurinn heiminum ný sólrás, ný og fögur dagrenning. Með um mannanna og láta hana verða því að vekja von eilífs lífs í hjörtmegindráttinn í trúarbrögðunum, vann kristindómurinn sigur í huga þess hluta mannkynsins, er lengst var kominn í menningu. Upprisa frelsarans hefir verið nefnd þungamiðja kristinnar trúar. Hún gaf hverjum, er trúa vildi, þessa von: það, sem fram við hann kom, á að koma fram við alla menn. Vér eigum eilíft líf fyrir hendi, þegar þetta er á enda runnið!

Því er eins farið með trúna á eilíft líf eins og alt annað af andlegum óðulum mannanna. Þeir hafa eigi eignast þau alt í einu, heldur með löngum tíma og fyrir langvinna baráttu. Fjöldi manna heldur, að hún hafi verið jafn-sterk með fyrstu mönnum, er andann drógu hér á þessari jörð, og hún er þann dag í dag. En það er mjög mikill misskilningur. Það atriði trúar vorrar hefir verið lengur á leiðinni en flest önnur. Það á langa og merkilega þroskasögu. Sá þroski er enn eigi til lykta leiddur. Hugmyndin um eilíft líf verður gleggri og gleggri í hugskoti mannanna eftir því, sem andlegur þroski þeirra vex í öðrum efnum.

Fyrstu drög hennar virðast vera manninum jafn-gömul. Einhverja skímu af henni virðist hann hafa fengið um leið og hann fór að hugsa. En sú skíma var eigi meiri en fyrstu hitaskiftin í herbergi voru um hávetur, er dagurinn guðar á gluggann. Á frumlegasta stigi tilverunnar virðast mennirnir hafa haft eitthvert óljóst hugboð um áframhald lífsins eftir dauðann. En það er skuggatilvera ein. Sálin ráðar um eins og voða eða svipur. Fyrstu trúarbrögð mannanna eru því eins konar dýrkan framliðinna anda. Síðar kemur fram hugmyndin um bústað framliðinna, dauðaríkið, sem menn ímynduðu sér í undirheimum. Það nefndu Hebrear Sheol, en Grikkir Hades. Þar er lífið draumkent skuggalíf, vonlaust og gleðivana. Stöku sinnum birtast andarnir framliðnu vinum sínum, er enn lifa sælli tilveru hér, en oftast gegn vilja sínum. Svona virðist hugmyndin vera í elztu trúarbrögðum Grikkja. Svona er hugmyndin um eilíft líf, sem vér verðum mest varir í gamla testamentinu. Svona er hugmyndin, sem er enn ríkjandi með ósiðuðum þjóðflokkum, eftir frásögum ferðamanna og kristniboða.

Þegar Hómer lætur Ódysseif koma til undirheima, verður hann hrifinn harmi, er hann heilsar þar hinum aðlvana lâtnu, er hann hafði þekt í þessu lífi. Agamemnon kom og heilsaði Ódysseifi. Hann þekti hann þegar "og hann æpti hátt og feldi höfug tár og rétti fram hönd sína og ætlaði með ákafa að gripa um mig. En nei, enginn máttur eða þróttur var eftir í honum, eins og eitt sinn var í hraustum limum hans. Ég grét, er ég sá hann, og aumkaði hann af hjarta". — "Drag ekki dár að dauðanum", segir andi Akillesar við Ódysseif. "Betra að vera vinnumaður ókunnugs manns og þjóna kotbónda, sem lélegt viðurværi hefir, heldur en að vera konungur yfir öllum þessum, sem liðnir eru og látnir". Á þenna hátt voru hugmyndir forn-Grikkja.

Með Gyðingum voru þær líkar: "Meðan maður er sameinaður öllum, sem lifa, á meðan er von; því að lifandi hundur er betri en dautt ljón", segir Prédikarinn (9, 4), svo sem 250 árum fyrir Krists burð. Fyrsta hugmyndin um upprisu, er vart verður með Gyðingum, kemur fram hjá spámanninum Hósea, er hann segir: Hann — Jahve — mun lifga oss eftir tvo daga og reisa oss upp á þriðja degi, til þess, að vér lifum fyrir þjóðina (6, 2). En þar er spámaðurinn meira að hugsa um þjóðina og viðreisn hennar, en einstaklingana og eilíft líf. Sama hugmynd kemur fram í öðrum búningi hjá Esekiel í sögunni um dalinn með dauðu beinunum (37, 1—14). Það er þjóðin, en ekki einstaklingurinn, sem verið er um að hugsa. Aftur virðist bæn spámannsins hjá Esaja (26, 19): Menn þínir, sem dánir eru, skulu lifna, líkin mín rísa upp,— eiga við einstaklingana, en það er eigi fyrr en eftir herleiðingu. Þó var engin von um þetta fyrir aðra en Ísraelsmenn. Skýrastur er staðurinn í spádómsbók Daniels (12,2): Og margir þeirra, sem sofa, munu upp vakna, sumir til eilífs lífs, sumir til smánar og eilífrar andstygðar. En þau orð eru að líkindum eigi rituð fyrr en seint á annari öld f. Kr. Hér er engin von látin í ljós fyrir aðrar þjóðir en Ísrael. Og eiga fyrir aðra með Ísraels-mönnum sjálfum en þá, sem taka öðrum fram í góðu eða illu. Samt sem áður er það augljóst, að þegar svo langt er liðið á gamla testamentistíðina, er eilífðar-vonin orðin töluvert skýrari með þjóðinni en áður.

Að trúin á eilíft líf verður svo miklu ákveðnari með þjóðinni eftir herleiðingu, álíta margir að sé fyrir áhrif frá Persum, sem höfðu upprisutrú mjög einkennilega. Hún þroskast talsvert á öldinni síðustu fyrir Krists burð, eins og sjá má af ýmsum apokrýfiskum ritum, einkum Enoks-bók og Opinberan Barúks. Og þó er hún enn ekki nema ófullkomin skíma, eins og sést bezt á því, að voldugur flokkur á Gyðingalandi, flokkur Sadúkeanna, neitar eilífu lífi á dögum frelsarans sjálfs.

Í huga rétt-trúaðra Farísea, sem uppi voru með frelsaranum, voru vistarverurnar hinum megin tvær: Paradís handa góðum mönnum í skauti Abrahams, en myrkraheimkynni og fjötrar handa vondum, þar sem þeir bíða endilegs dóms. Frelsarinn virðist eigi hafa breytt þeim hugmyndum að nokkuru verulegu meðan hann lifði. Breytingin kemur fyrst fram eftir dauða hans á krossinum. Og sú breyting verður aðalatriðið í kenningu postulanna.

Páskadagsguðspjallið er frásögn Markúsar um upprisuviðburðinn. Af öllum frásögnum guðspjallanna er hún elzt og frumlegust. Til er samt í nýja testamentinu önnur frásögn um upprisuna, sem er nokkuð eldri öllum hinum fjórum, það er frásögn Páls postula í fyrra Korintu-bréfi (15). Þar lætur hann sér nægja að vitna til þess, að Kristur hafi birzt eftir dauða sinn og greftran. Hann segir Jesúm hafa birzt Pétri og lærisveinunum tólf; síðar hafi hann birzt meir en 500 bræðrum og sé flestir þeirra á lífi, er hann ritar, en sumir dánir. Síðan hafi hann birzt Jakobi, bróður sínum, því næst postulunum öllum. Síðast allra birtist hann einnig mér eins og ótímaburði, bætir hann við. Þessi frásaga Páls postula er að líkindum færð í letur einum 25 árum eftir krossfestinguna (c. 55 e.Kr.), frásaga Markúsar 15 til 20 árum síðar, en frásögur hinna guðspjalla mannanna töluvert löngu síðar.

Frásaga Páls postula er einföld og óbrotin. Hann byggir alt á þessu eina: Hann birtist eftir dauða sinn lifandi, fullu fjörvi, enn dýrlegri og máttugri en hann áður var. Hann birtist eigi að eins einum eða tveim, heldur mörgum, hvað eftir annað, með lengra og skemra millibili. Þeir, sem hann birtist, eru flestir enn á lífi, og það eru alt menn, er þeir, sem postulinn á orðastað við, eru líklegastir til að trúa. Og í tölu þeirra er hann sjálfur. Hann er svo viss í þessari sök, að hann byggir allan boðskap trúarinnar á honum. Ef þetta eina atriði er eigi satt, þá er alt hitt, sem ég er með að fara, og flytja bæði Gyðingum og Grikkjum, fánýtt og engisvert hégómamál. Hann var postulunum handgenginn. Hafði talað við Jakob, bróður Jesú. Hann hefir eflaust heyrt söguna og skilið með nákvæmni, eins og hún var upphaflega sögð. Og þetta er það, sem eftir hefir orðið í huga hans, eins og eiginlegur kjarni, sem hafinn væri yfir allan efa. Jesús reis upp í mætti og dýrð, og vér eigum allir upp að rísa á sama hátt. Hvílík dýrð! Hvílíkur fögnuður!

Frásaga guðspjallamannanna er miklu nákvæmari, þó þá sé liðin nærri hálf öld frá viðburðinum. Þar eru tínd til mörg smáatvik. En sá galli er á, að þeim smáatvikum ber ekki saman. Það hefir verið reynt, að samríma frásögurnar, en það hefir aldrei tekist. Sagan hefir verið sögð í fyrstu kristni með nokkuð ólíkum hætti, eftir því, sem sjá má á frásögum guðspjallanna. Ef til vill hefir postulinn Páll heyrt þær frásögur allar, en fundið, að þeim bar ekki áð öllu leyti saman. Þess vegna nær hann, sem stærstur var andinn, kjarnanum úr þeim öllum, sen sleppir hinu.

Ósjaldan er þetta ósamræmi guðspjallanna um þetta mikilvæga efni notað til að neita upprisuatburðinum með öllu. En það tekst ekki. Svo föstum fótum stendur þessi einstaki atburður í meðvitund kristinna manna. Með fleiri viðburði mannkynssögunnar er því svo farið, að heimildunum ber ekki saman. Samt sem áður standa viðburðirnir óhaggaðir sem söguleg sannreynd. Mannkynssagan segir oss, að Hannibal hafi farið yfir Mundiufjöll. Tveim elztu söguritunum, sem frá því segja, Liviusi og Polybiusi, ber öldungis eigi saman um þann merkisatburð, heldur eru oft í beinni mótsögn hvor við annan, — "þegar Lívius og Polybius og Dionysius og Tacitus segja frá nákvæmlega sama atburðinum — nákvæmlega sömu orustunni til dæmis, eða sama umsátrinu — með svo gersamlega ólíkum atvikum, að atvikin hjá einum gera atvikin hjá hinum með öllu að ósannindum, hefir nokkur fyrir þá sök neitað sannsögulegk viðburðarins sjálfs, sem þeim kemur öllum saman um? En ef við nú sýnum þeim Liviusi og Dionysiusi og Polybiusi og Tacitusi svo mikla sanngirni og velvild, að við setjum þá ekki á pínubekk fyrir hvert orð, sem þeir hafa talað, hví skyldum vér sýna þeim Matteusi og Markúsi og Lúkasi og Jóhannesi meðferð miklu lakari?!" (Lessing).

Enginn efast um för Hannibals yfir Mundiufjöll, þó heimildunum beri eigi saman í ýmsum atriðum. Og enginn þarf að efast um upprisuna fyrir þær mótsagnir í einstökum atriðum, er eiga sér stað í guðspjöllunum. Kjarnann í þeim frásögum hefir Páll postuli fundið og gert að veglegum hornsteini. Á þeim hornsteini var kristin kirkja reist, sem annari óvaðandi sögulegri sannreynd. Kristnin stendur þar þann dag í dag og á langa sögu. Hún stendur í mannkynssögunni og í heiminum þann dag í dag, sem órækur vitnisburður um sögulega sannreynd páskaviðburðarins. Sé upprisan véfengd, er eftir að gera greiní fyrir tilorðning kirkjunnar. Áðitum vér upprisuna tál, hefir mannsandinn þar dregið sig svo stórkostlega á tálar, að vér færum ofur-eðlilega að spyrja, hvort alt starf hans frá upphafi vega og hver einasta niðurstaða, sem hann þykist hafa komist að, sé ekki stórkostlegasta tál — tálveran öll og líf sjálfra vor einnig gifurlegur hugarburður.

En mannsandinn vill skygnast lengra. Hann þráir að gera sér grein fyrir, hvað það var, sem fram kom við frelsarann, þar sem sama eigi fram við alla að koma. Hvernig var upprisu-líkama frelsarans háttað? Og með hverjum hætti verða upprisulíkamar vorir?

Af guðspjöllunum sjáum vér, að

(*Framhald á 4. bls*)

THE DOMINION BANK
HORNI NOTRE DAME AVENUE OG SHERBROOKE STREET

Höfuðstóll uppborgaður: $4,000,000 00
Varasjóður - - - $5,400,000 00

SPARISJÓÐS DEILDIN:
Vér veitum sparisjóðs innleggjendum sérstakt athygli, og borgum hæztu vexti á sparisjóðs innleggjum af $1.00 og yfir. — Barna innlegg velkomin. — Seljum peningaávísanir á ÍSLAND.
H. A. BRIGHT, RÁDSMADUR.

Með því að biðja sérlega um "T.L. CIGAR," þá ertu viss að fá ágætan vindil.
T.L. CIGAR
T.L.
(UNION MADE)
Western Cigar Factory
Thomas Lee, eigandi Winnipeg

NÚ TIL SÖLU
DREWRY'S
BOCK BEER
Hann er betri á þessu vori en nokkru sinni áður. — Biðjið um hann. —
E. L. DREWRY, Manufacturer, Winnipeg

STRAX Í DAG er BEZT AÐ GERAST KAUPANDI AÐ HEIMSKRINGLU. — ÞAÐ ER EKKI SEINNA VÆNNA.

Manitoba á undan.

Manitoba hefir viðáttumikla vatnsfleti til uppgufunar og úrfellis. Þetta, hið nauðsynlegasta frjógunarskilyrði, er því trygt.

Ennþá eru 25 milíón ekrur óbygðar.

Íbúatal fylkisins árið 1901 var 225,211, en er nú orðið um 500,000, sem má teljast ánægjuleg aukning. Árið 1901 var hveiti og hafra og bygg framleiðslan 90,367,085 bushela; á 5 árum hefir hún aukist upp í 129,475,943 bushel.

Winnipeg borg hafði árið 1901 42,240 íbúa, en hefir nú um 150,000; hefir nálega fjórfaldast á 8 árum. Skattskildar eignir Winnipegborgar árið 1901 voru $26,405,770, en árið 1908 voru þær orðnar $116,106,390. Höfðu meir en þrefaldast á 7 árum.

Flutningstæki eru óviðjafnanleg,— í einu orði sagt, eru í fremsta flokki nútíðartækja: Fjórar þverlandsbrautir liggja um fylkið, fullgerðar og í smíðum, og með miðstöðvar í Winnipeg. Í fylkinu eru nú nálega 4 þúsund mílur af fullgerðum járnbrautum.

Manitoba hefir tekið meiri landbúnaðarlegum og efnalegum framförum en nokkurt annað land í heimi, og er þess vegna ákjósanlegasti aðsetursstaður fyrir alla, af því þetta fylki býður beztan arð af vinnu og fjáreleggi.

Skrifið eftir upplýsingum til: —
JOS. HARTNEY, 77 York Street, Toronto, Ont.
JOS. BURKE, 178 Logan Avenue, Winnipeg, Man.
A. A. C. LaRIVIERE, 22 Alliance Bldg., Montreal, Quebec.
J. F. TENNANT, Gretna, Manitoba.

J. J. GOLDEN,
Deputy Minister af Agriculture and Immigration, Winnipeg.

um réttlæti guðs af því, að hann skiftir gjöfum sínum misjafnt milli mannanna? Sé svo, littu þá inn í huga hins ríka, iðrunarlausa manns, þar er ormurinn sem nagar, ... nagar um alla eilífð.

"Gættu þín þess vegna, sonur minn, að fella ekki rangan dóm. Þú veizt, að endir þessa lífs er ekki endir alls. Á kveik lífsins verður aftur kveikt hið eilífa ljós. Hvers vegna ætti þá jarðlífsins mótlæti að mynda hjá oss örvæntingu?

"Trúleysið er synd, varastu það. Þó að myrkrið umkringi þig í þessum heimi, áttu að muna eftir því, að stjörnur ástarinnar bera næga birtu undir eins og út úr myrkrinu kemur. Varastu forlagatrúna og trú á tilviljanir, slík trú er eyðileggjandi. Hlustaðu á röddu móður þinnar, sem lifði að eins fyrir þig, sem elskaði þig áður en þú gazt endurgoldið þá ást með þinni. Lofaðu mér því, að þú viljir halda fast við dygðauðugt framferði, ræka þína æskutrú og aldrei frá henni víkja, hata aldrei, hefna þín aldrei".

Þessi blinda, deyjandi kona breiddi út faðminn móti syni sínum, sjónlausu augun virtust enn einu sinni vilja sjá andlit sonarins í gegn um myrkrið.

"Ó, sonur minn, lofaðu mér þessu, lofaðu mér því, að þú viljir vera dygðugur og trúrækinn. Ef þú vilt að ég geti dáið með frið í hjarta mínu, þá lofaðu mér þessu".

"Móðir mín, ég skal hlýða þér, ég skal gera alt, sem í mínu valdi stendur", sagði Móritz grátandi. "Ég skal ekki gera þér minkun með minni hegðan, því skal ég lofa þér".

"Þú lofar því, að vilja elska bræður þína, einnig þá, sem ofsækja þig? Þú lofar því, að vera mildur og sáttgjarn?"

"Því lofa ég þér, móðir mín".

"Guði sé lof, þá get ég dá ð róleg. Ég hefi gefið

þér þann bezta arf, sem ég gat, barnið mitt. Ástin og trúin eru akkeri lífsins, ... án þeirra verður skipinu ekki bjargað".

Hún var örmagna og þagnaði. Hryggur og þögull horfði Móritz á föla andlitið hennar.

"Þetta er kona", sagði Bergholm prestur við sjálfan sig, um leið og hann þerraði tár af augum sér — "sem kann að liða, elska og deyja. Hún þarf engan sálusorgara".

"Móritz", hvísladi móðir hans með þverrandi röddu, "ó, ég vildi ég gæti ennþá einu sinni áður en ég dey, fengið að sjá elskulega svipinn þinn. En það er myrkur fyrir augum mínum".

"Ég er bænheyrð", sagði hún alt í einu, og settist upp til háls með mikilli áreynslu. "Þökk sé þér, eilífa forsjón. Guðdómlega ást, þú hefir heyrt bæn mína. Ég sé þig ..... ég sé þig, barnið mitt".

Undrandi leit Móritz í augu móður sinnar, sem nú voru ekki lengur myrk, en geisluðu með yfirnátturlegum bjarma.

"Ég sé þig", — endurtók móðir hans, og lagði báðar hendur sínar um háls honum — "guð hefir gefið mér sjónina aftur um nokkur augnablik, svo að ég geti tekið endurminninguna um minn elskaða son með mér til hins ókunna lands. Dýrð sé honum. Nú dey ég ánægð. Vertu sæll, sonur minn, ... sonur minn".

Sonur minn! ..... voru síðustu orðin, sem hin deyjandi kona talaði, ... handleggir hennar urðu máttvana, ... hún hné aftur á bak, hreyfingarlaus, — dáin.

"Hún sá", tautaði Bergholm prestur. "Já, það er kraftaverk ástarinnar".

En Móritz sá hvorki né heyrði neitt. Frá sér numin af örvæntingu, þrýsti hann hendi móðurinnar að vörum sér. (Endir 1. deildar).

Önnur deild.

ÞRIDJI KAFLI.

I.

Fátækur stúdent.

Saga þessi byrjar aftur fjórum árum síðar. það, sem hefir komið fyrir sögupersónurnar á þessum árum, verður sagt seinna.

"Fram að þessu hefir alt gengið vel", sagði Móritz við sjálfan sig, um leið og hann gekk inn í íbúðarherbergi sitt og kastaði nokkrum bókum á borðið, "ég hefi verið reyndur í grísku, heimspeki og sögu, og kennararnir í þessum visindagreinum hafa lýst því yfir, að þeir væru ánægðir með mig. Þá eru þessar þrjár námsgreinar búnar, og eftir eru að eins tíu ,..... tíu, — ó — ég lýk þeim á einu ári, vona ég".

Það var komið fram í miðjan febrúar og orðið dimt, svo Móritz kveikti.

"Það ef all-mikill kuldi hérna", sagði unglingurinn við sjálfan sig ennfremur, "og ég hefi hvorki eldivið né peninga eins og stendur. Það er býsna erfitt fyrir námsmann, að vera eldiviðarlaus, og þó enn erfiðara fyrir rithöfund, eins og mig. Blekið frýs í blekbyttunni og hugmyndirnar í heilanum. Jæja, það verður nú að vera þannig, á morgun breytast kringumstæður mínar, ef til vill. Á morgun er ég fullra tuttugu ára að aldri, og þá eiga þessi skjöl, sem ég hefi geymt sem sjáaldur auga míns í meira en fjögur ár, erfðaskrá hinnar framliðnu móður minnar, ekki lengur að vera mér hulinn leyndardómur".

Móritz tók nú böggulinn, sem móðir hans hafði afhent honum á banasæng sinni, og skoðaði hann. Innsiglið var ennþá heilt, því Móritz hafði eínt þann eið, sem hann sór, þegar hann veitti bögglinum móttöku.

"Ég skal hreinskilnislega viðurkenna það", bætti hann við, "að ég er mjög forvitinn, en ég verð samt að stjórna löngun minni ennþá nokkrar klukkustundir. — Ó, móðir mín, mín ástkæra, ógleymanlega móðir, littu niður til sonar þíns á þessari stundu, láttu það gleðja þig, að hann hefir eínt það loforð, sem hann gaf þér. Ennþá er meðvitund mín hrein, engin óheiðarleg breytni, ekkert léttúðarfult svall loðir við hana. Ég hefi haft einlægan vilja, nám mitt hefir verið alvarlegt, eins og rannsóknir mínar um uppsprettu sannleikans".

Móritz settist og féll í djúpar hugsanir. Hann hafði breyzt all-mikið síðan við sáum hann frá sér numinn af sorgarkvölum við banabeð móður sinnar. Fallega, hörundsbjarta ennið, sem dökkir, hrokknir hárlokkar umkringdu á þrjá vegu, andríku, hreinu og einbeittu svipdrættirnir voru kyrrir, en fjör þeirra var rénað, rósirnar höfðu flúið fyrir næturvökum og áhyggjum, drættirnir út frá vörunum virtust benda á að hann væri ekki lengur barn, ekki einu sinni ung-

LEIÐBEININGAR--SKRA
YFIR AREIÐANLEGA VERZLUNARMENN Í WINNIPEG

MUSIC OG HLJÓÐFÆRI

CROSS, GOULDING & SKINNER, LTD.
Pianos; Player Pianos; Organs; "VICTOR" og "EDISON" Phonographs; T. H. Hargrave, Íslenzkur umboðsmaður.
323 Portage Ave. Talsími 4413

BYGGINGA- og ELDIVIÐUR.

J. D. McARTHUR CO., LTD.
Bygginga- og Eldiviður í heildsölu og smásölu. Sölust: Princess og Higgins Tals. 5060, 5061, 5062

MYNDASMIÐIR.

G. H. LLEWELLIN,
"Medallions" og Myndarammar
Starfstofa Horni Park St. og Logan Avenue

SKÓTAU Í HEILDSÖLU.

AMES HOLDEN, LIM TED
Princess & McDermott. Winnipeg.

THOS. RYAN & CO.
Alskonar Skótau. 44 Princess St.

THE Wm. A. MARSH CO. WESTERN LTD.
Framleiðendur af Finu Skótaui. Talsími: 3710
88 Princess St. "High Merit" Marsh Skór

RAFMAGNSVÉLAR OG ÁHÖLD

JAMES STUART ELECTRIC CO.
324 Smith St. Talsímar: 3447 og 7802
Fullar byrgðir af alskonar vélum.

GOODYEAR ELECTRIC CO.
Kellogg's Talsímar og öll parafölst. áhöld
Talsími 3023. 86 Albert St.

RAFMAGNS ÁKKOKÐSMENN

MODERN ELECTRIC CO
417 Portage Ave Talsími: 5658
Viðgjörð og Vir-lagning — allskonar.

BYGGINGA-EFNI.

JOHN GUNN & SONS
Talsími 1277 266 Jarvis Ave.
Höfum bezta Steín, Kalk, Cement, Sand o. fl.

THOMAS BLACK
Selur Járnvöru og Bygginga-efni allskonar
76—82 Lombard St. Talsími 600

THE WINNIPEG SUPPLY CO., LTD.
298 Rieela St. Talsímar: 1936 & 2187
Kalk, Steinn, Cement, Sand og Möl

MATHESON AND GAY
Húsasmiðir, smíkkarar og viðgerðarmenn
221 Higgins Ave. Winnipeg

BYGGINGAMEISTARAR.

J. H. G. RUSSELL
Byggingameistari.
í Silvester-Willson byggingunni. Tals: 1068

PAUL M. CLEMENS
Bygginga-Meistari, 443 Maryland St.
Skrifst.: Argyle Bldg., Garry st. Talsími 5997

BRAS- og RUBBER-STIMPLAR

MANITOBA STENCIL & STAMP WORKS
421 Main St. Talsími 1880 P. O. Box 244.
Búum til allskonar Stimpla úr málmi og togleðri

CLYDEBANK SAUMAVÉLA AÐGERÐARMAÐUR.
Brúkaðar vélar seldar frá $5.00 og yfir
564 Notre Dame Phone. Main 8624

VÍNSÖLUMENN

GEO. VELIE,
Hef á sölu Vínsali. Nr. 187 Portage Ave. E
Smá-sölu talsími 352. Stór-sölu talsími 464.

STOCKS & BONDS

W. SANFORD EVANS CO.
326 Nýja Grain Exchange Talsími 369

ACCOUNTANTS & AUDITORS

A. A. JACKSON,
Accountant and Auditor
Skrifst.—28 Merchants Bank. Tals.: 5705

OLÍA, HJÓLÁS FEITI OG FL.

WINNIPEG OIL COMPANY, LTD.
Búa til Stein Olíu, Gasoline og hjólás-áburð
Talsími 1599 611 Ashdown Block

TIMBUR og BÚLÖND

THOS. OYSTAD, 208 Kennedy Bldg.
Viður í vagnhlössum til notepda, búlönd til sölu

PIPE & BOILER COVERING

GREAT WEST PIPE COVERING CO.
132 Lombard Street.

VÍRGIRÐINGAR.

THE GREAT WEST WIRE FENCE CO., LTD
Alskonar virgirðingar fyrir bændur og borgara.
76 Lombard St. Winnipeg.

ELDAVÉLAR O. FL.

McCLARY'S, Winnipeg.
Stærstu framleiðendur í Canada af Stóm, Steinvöru (Graniteware) og fl.

ÁLNAVARA Í HEILDSÖLU.

R. J. WHITLA & CO., LIMITED
264 McDermott Ave Winnipeg
"King of the Road" OVERALLS.

BILLIARD & POOL TABLES

W. A. CARSON
P. O. Box 225 Room 4 í Molson Banka.
Öll nauðsynleg áhöld. Ég gjöri við Pool-borð

NÁLAR.

JOHN RANTON
203 Hammond Block Talsími 4670
Sendið strax eftir Verðlista og Sýnishornum

GASOLINE Vélar og Brunnborar

ONTARIO WIND ENGINE and PUMP CO. LTD
301 Chamber st. Sími: 2988
Vindmillur — Pumpur — Agætar Vélar.

BLÓM OG SÖNGFUGLAR

JAMES BIRCH
442 Notre Dame Ave. Talsími 2638
BLÓM - allskonar. Söng fuglar o. fl.

BANKARAR, GUFUSKIPA AGENTR

ALLOWAY & CHAMPION
North End Branch: 667 Main street
Vér seljum Avísanir borganlegar á Íslandi

LÆKNA OG SPÍTALAÁHÖLD

CHANDLER & FISHER, LIMITED
Læknа og Dýralækna áhöld, og hospitala áhöld
185 Lombard St., Winnipeg, Man.

Opið stjórnmálabréf

— TIL —

Dr. Sig. Júl. Jóhannessonar.

INNGANGSORÐ.

Kæri vinur! Ég ætla að hripa þér nokkrar línur — og biðja Hkr. fyrir, að koma þeim til skila — meðfram til þess að láta þig vita, að ég hefi fylgst með "skylduverki" þínu. En það verð ég að segja þér strax, að mér finst þú leysir þetta "skylduverk" heldur seint af hendi. — áttir að gera það, að mínu áliti, þegar hér var mest hallað á H. Hafstein og stefnu hans. — og, mér þykir þér ganga dæmalaust illa að leysa það af hendi, úr því þú réðist í það á annað borð. Nú er mánuður kominn síðan þú byrjaðir, og þó lítið sem ekkert komið enn, og alls engar sannanir fyrir því, er þú ætlaðir að sanna. Upphaflega ætlaði ég ekki, að rita þér bréf þetta fyr en þú hefðir lokið máli þínu, en ég veit ekki nema ég verði kominn undir græna torfu áður, og því grip ég þessa tómstund til að byrja á bréfinu.

Mér þykir satt að segja fyrir því, að þú, j a f n a ð a r m a ð u r-i n n, og maður, sem ég veit að er ant um frelsi og sannleika, skulir taka þeim meginn í strenginn í isl. stjórnmálum, sem þú nú gerir. Ég held, að það hljóti að stafa af ofmikilli trygð við einstakan mann eða menn, eða þá af því, að þú hefir ekki kynt þér þessi mál nógu rækilega, eða eins og æskilegt væri. Persónulega vináttu má maður aldrei láta ráða, þegar um stjórnmál er að ræða, og ekki heldur hlýleik eða vináttu út af einhverju, er stjórnmálum kemur ekkert við; t.d. ef sami maðurinn er skáld eða rithöfundur og stjórnmálamaður, þá má enginn láta það hafa áhrif á gerðir sínar, þegar um stjórnmálastarfsemi mannsins er að ræða. Stjórnmálaafskiftin verður að taka að eins út af fyrir sig.

Það er sitt hvað, að kenna heilræðin, en halda þau, segir máltækið, og reynslan hefir sýnt, að þetta er satt. Sá, sem ritar eða yrkir fallega, breytir ef til vill oft gagnstætt því, ekki sízt þegar freistararnir, p e n i n g a r og v a l d sitja sinn við hvora hlið.

Stjórnmál hverrar þjóðar eru hennar mikilverðustu mál, og það ætti hver einasti maður að telja það skyldu sína, að fylgjast vel með stefnu og starfsaðferð stjórnmálaflokka sinna og stjórnmálamanna. Rannsaka þetta ítarlega, á n tillits til v i n á t t u og e i g i n h a g s m u n a, og eftir að það er gert, dæma á milli og veita þeim flokk og mönnum allan sinn styrk og stuðning, sem hærri einkunn fær hjá s a n n f æ r i n g u mannsins. Þetta er að mínu áliti s k y l d a hvers einasta borgara, gagnvart sjálfum sér og þjóð sinni og ættjörð.

Og um leið, að sjálfsögðu, að verja þessa sannfæringu sína, á heiðarlegan og sæmilegan hátt.

Ég hefi nú í mörg síðustu ár fylgst eins vel með stjórnmálum Íslands, eins og mögulegt er. Þar á meðal lesið öll blöð landsins. Ég hefi rannsakað og prófað báðar hliðar, og oft varið all-miklum tíma til þess, því stundum hefir ekki verið auðhlaupið út úr allri þeirri flækju. En eftir að hafa gert þetta, þá er það mín sannfæring, að núverandi stjórnarflokkur beri af hinum eins og gull af eiri, eða dagur af nótt, og er ég þó engan veginn sem ánægðastur með framkomu s u m r a leiðandi mannanna í flokknum. Þegar H. Hafstein kom til valda 1903, var ég honum fylgjandi og stefnu hans eins og hún var þá, því Valtýskan var alla tíð þyrnir í mínum augum. Sama er að segja um ritsímamálið. Ég áleit þá og álit enn, að heppilegra hafi verið, að koma Íslandi í fréttasamband við ö n n u r lönd með ritsíma enn loftskeyta aðferðinni, enda þó ég af alhug viðurkenni veldi loftskeytanna, og áliti, að þau gætu orðið heppilegri og ódýrari milli ýmsra staða i n n a n l a n d s, til dæmis tengja eyjar við meginlandið, yfir sanda og eyðimerkur o.s.frv. En sjálfsagt hefir H.H. ekki verið nógu einbeittur eða kröfuharður, er hann gerði 20 ára einokunarsamninginn við það Stóra norræna". Það munu fleiri vera gramir út í þann samning en gamli Björnstjerne Björnsson, og fara um hann hörðum orðum. En eftir því, er lengra leið á stjórnartíð H. Hafsteins, eftir því varð ég honum fráhverfari — og svo mun hafa verið um marga, marga fleiri —, og seinast yfirgaf ég hann með öllu, er hann tók að berjast fyrir því með hnúum og hnefum, að innlima Ísland í danska ríkið. Og aldrei á æfi minni hefi ég fundið til jafn-innilegrar gleði eða ánægju og þegar ég frétti úrslit kosninganna 1908, — frétti, að s t e f n a og stjórn H.H. var fallin.

BARDAGA-AÐFERÐIN.

En það er ekki að eins þetta, — þó það sé það stærsta, er ég hefi á móti H.H. og flokk hans —, heldur svo margt annað, og eitt af því er hin alveg dæmalausa bardaga-aðferð, er hann og flokkur hans hefir brúkað á síðustu árum. Hún er mest part einn ósannindi og rangfærslu vefur, og ekkert annað.

Í bardaganum fyrir frv. þyrja allir nefndarmennirnir utan Skúli á því, að þýða frv. rangt, á íslenzku, í mikilsverðum atriðum. Á þetta hefir verið bent, og sannað, meðal annarra af uppáhaldsmanni þeirra, Ragnari Lundborg, ritstj. í Uppsölum í Svíþjóð. Hér var engu öðru til að dreifa, en vísvitandi blekkingu, því allir þessir menn eru, sem kunnugt er, kærðir menn, er kunna dönsku eins vel og sitt móðurmál. Þeir senda sjálfir hvert ósannindaskeytið á fætur öðru til Íslands. Sama gerði Dr. Valtýr, er þá var tíðindamaður Reykjavíkurblaðanna í Höfn. Hann var þá orðinn þeirra fylgismaður. Síðan fara þeir um landið þvert og endilangt, og reyna með allskonar gyllingum, að telja fólki trú um það, að Ísland verði f u l l-v e ð j a r í k i, að ö l l u j a f n-r é t t h á t t Danmörku með frv. Sjálfir höfðu þeir fáum vikum áður f e l t það í neíndinni (sbr. Bláu bókina), að Ísland skyldi kallað ríki í frv. Auðvitað voru þessar blekkingar og ósannindi hrakin jafnóðum af móttlokkunum, og að síðustu lýstu þeir sjálfir því yfir — eftir kosningarnar á Íslandi — að fullyrðingar nefndarmanna væru ósannindi. F r v. æ t l a ð i s t a l l s e k k i t i l, a ð Í s l a n d v e r ð i f u l l-v e ð j a r í k i. (Sjá ritstjórnargrein í "National Tidende" 24-28. sept. 1908, og ritgerðir eftir Kr. Berlin í "Dannebrog" 12. okt. 1908 og 6. marz 1909).

Stöðulögin alræmdu frá 1871, sem hver einasti Ísl. til þessa tíma hafði mótmælt sem gildandi, og þar á meðal nefndarmennirnir sjálfir á fyrsta fundi nefndarinnar í Höfn (sjá Bláu bókina), vildi nú þessi flokkur telja gildandi. Og til þess að koma sem allra bezt þessu agni að, prentuðu blöð flokksins þessi illræmdu þvingunarlög samhliða frv. til að reyna að ginna fólkið til fylgis við það. Mikil meiri hluti af fundarskýrslum, er blöð flokksins fluttu, voru þveröfugar við sannleikann, að eins til að villa sjónir kjósenda. Má t. d. minna á, sem dæmi því til sönnunar, er "Norðri" á Akurevri flutti þá fregn af fundi við Lagarfljótsbrú, að 80 atkv. hefðu verið með frv., en ekkert á móti, í stað þess að það sanna var, að 80 atkvæði voru á m ó t i, en e k k e r t með. Sama blað fór álíka með fregnir af fundum í Árnessýslu,— sneri öllu öfugt, og var svo skipað að éta alt ofan í sig aftur. Þessum ósannindum var beitt vitanlega í þeim tilgangi, að láta sem minst á því bera, hvílíkar hroðaófarir frv. var að fara fyrir dómi þjóðarinnar. Að bera sig mannalega, og brúka þessi vopn, það var það eina, er flokkurinn og blöð hans höfðu til að skýla sér með. "Lögr." var svo drýldin daginn fyrir kosningarnar, að hún kvaðst hafa það eftir á r e i ð a n l e g-u m fréttum og gögnum, að frv.-menn vnnu 25 þingsæti, og tilgreindi þau öll. En þessar áreiðanlegu(!!) fréttir reyndust allar blekkingar eða ósannindi, daginn eftir, því frv. mennirnir urðu sem kunnugt er að eins 9.

(Meira).

"Ekki er ráð nema í tíma sé tekið."

Svo má segja um Gunnlaug Tr. Johnson. Hann gerir sér litið fyrir og lætur greind sína leiða sig í gönur, þar sem hann fer á stað og ritar þá dómadags vitleysu um íslenzka leikflokkinn okkar, þar sem hann er að leika "Æfintýr á gönguför".

Mér finst hreint ekki sanngjarnt af G. Tr. Johnson, að fara fyrsta kvöldið á þann leik og rita svo um hann fyrir tvö kvöld. Þar er hann að dæma rangan dóm, að minsta kosti fyrir það kvöldið, sem hann ekki sá leikinn.

Mig langar til með fáum orðum að benda G.Tr.J. í mesta bróðerni á fáein atriði, sem hann hefir flaustrað út úr sér, annaðhvort af óaðgætni eða þá í hugsunarleysi, því ég vil ekki halda, að hann hafi gert það af tómri illgirni.

Ég skal ekki þræta um það, að G.Tr.J. hafi margoft séð þennan leik heima á Íslandi, eins og hann segir sjálfur, — kannske oftar en hann sjálfur man eftir, en hvað mismunandi get ég ekki sagt um. En hér segir hann að biti höfuðið af skömminni. Reyndar segir hann að O. S. Thorgeirsson leiki kammeráðið vel, og G. P. Thordarson, sem assessorinn, og C. G. Johnson (Vermund) hafi getað gengið.

Nú alt hitt er óbrúkandi hjá honum, og hann tekur til Ágúst Jóhannesson, sem leikur Skrifta-Hans, segir hann hafi verið hörmulega leikinn, svo grátlegt hafi verið að horfa á, hann hafi verið hvumleiður ræfill frá upphafi til enda.

En heyrðu, góði, ég get verið Skrifta-Hans líka, í þeim skilningi að ég þarf að skrifta þér fyrir þá aðfinningu, sem þú finnur honum til foráttu. Hann á þá útásetningu ekki skilið, hann að minsta kosti lék vel alt í gegn um leikinn. Hans stykki er mjög erfitt að leika. Það, sem hann söng og talaði, heyrðist vel. Honum gekk vel að breyta um málróm allstaðar þar sem hann þurfti. Og það get ég sagt þér, G.Tr.J., að ég hefi séð þennan leik einu sinni áður og það heima á Íslandi, og þá leikinn af góðu leikfélagi, sem hafði orð á sér fyrir þróttir, það var Leikfélag Seyðisfjarðar, — og þá var Skrifta-Hans ekki betur leikinn, að mínum dómi.

Stúdentarnir segir hann séu ómögulegir, og Ejbek þó verri. Ég skal ganga inn á það, að Ejbek hefði verið hægt að leika betur, einkum talaði hann og söng alt of lágt. En að hinum er ekki hægt neitt að finna, því hann lék sannarlega vel.

Kvenfólkið bætir litið úr skák, segir hann. Auðvitað heiði verið hægt að leika þann part betur, sem Miss S. Olson hafði, nefnilega Láru, að því leyti til, að hún talaði of lágt, sem að mínu áliti kom til af feimni meira en nokkru öðru.

En að Miss G. Sigurðsson, sem lék Jóhönnu, er algerlega óþarfi að finna að. Hún leikur með öllu því fjöri, sem ætti við í svona leik, vegna þess, að hún er ekki að leika neinn hálfvita.

Ennfremur segir hann að kamme ráðsfrúin hafi verið fremur illa leikin. Alls engin hæfa er fyrir þeirri aðdróttun. Hún levsti hlut verk sitt vel af hendi, svo vel, að mér þótti hún leika með þeim betri.

Jæja, þetta eru nú allar útásetningarnar hjá þér, lagsmaður, en þær eru alveg nógu miklar, og að ástæðulausu.

Að hnýta í fólk, sem er að reyna af sínu bezta og fremsta megni að halda saman íslenzkum leikflokk. Það ætti heldur að hjálpa honum áfram, en að vera að reyna að kasta í hann steini frá þeim mönnum, sem ekki hafa neina ástæðu til þess, eins og ég veit með vissu að G.Tr.J. eða nokkur annar hefir ekki.

Ég þekki svo mikið til þessara starfandi persóna, að þær leggja mjög hart á sig með að læra og æfa þessi feikna fögru og fræðandi leikrit. Það er fólk, sem vinnur sína daglegu vinnu í 9—10 stundir á dag, og fer svo að læra og síðan að æfa stykkin saman, og seinast að æfa. Nú, það hefir að eins haft 2 mánuði til alls þessa undirbúnings, og er það mjög stuttur tími í samanburði við hvað verkið er mikið.

Við megum ekki ætlast til, að sjá fólk, sem er að þessu í hjáverkum sínum, leika eins vel og það fólk, sem hefir gert það að lífsstarfi og kannske leikur sama stykkið alla sína æfi, eins og sumt hérlent fólk gerir.

Mér hefði fundist það formlegra fyrir þig, minn kæri herra Gunnl. Tr. Johnson, að bíða með þetta ritverk þitt, þangað til búið var að leika Æfintýrið í öll skiftin, því að fara að skrifa um hlut, sem maður hefir ekki séð, er hreinasta fásinna, og oftast nær óskar maður eftir, að hafa nú ekki gert slikt, þegar alt kemur til alls. Enda hefði þá kannske verið farið að réna hitakastið, sem þú hefir hlotið að þjást af, þegar þú samdir pistilinn.

Mig langar til að biðja þig, minn kæri G.Tr.J., að hlaupa sem minst með sjálfan þig í gönur í framtiðinni, þó þú komir á þá leiki, sem íslenzka leikfélagið okkar leikur á komandi vetrum.

Haltu þér köldum, en stirnaðu samt ekki.

Sigurbj. Paulson.

JOHN DUFF
PLUMBER, GAS AND STEAM FITTER
Alt verk vel vandað, og verðið rétt
664 Notre Dame Ave. Phone 3815
Winnipeg

Kvistir.

Eftir

Sig. Júl. Jóhannesson.

Ameríka er Eldorado fyrir leirskáld.

Annar eins bunándi leirvaðall hefis vist aldrei þekst í heimi og sá, sem rennur frá penna margra landa okkar vestanhafs.

Guð hjálpi þeim vesalingum—se önnur menning þeirra eftir því.

Þá hefði satt að segja verið betur heima setið en farið, þótt vont sé nú margt hér heima.

Pólitiski rifrildið okkar hér heima er satt að segja engin andleg kostaveða, en þó hreinasta guðafæða í samanburði við alla heimskuna, allan leirburðinn, ait trúarþvaðrið, sem borið er á borð í vesturheimsku blöðunum.

Ég get ekki annað en minst á þetta, þegar ég fer að ritdæma bók eftir íslenzkt skáld í Vesturheimi.

Og þó gefa kvæði Sig. Júl. Jóhannessonar mér ekki beinlínis tilefni til þessa.

Hann er þvert á móti — eins og Stephan G. Stephansson í langtum ríkara mæli — undantekning frá reglunni, þegar um vesturheimskan kveðskap er að ræða.

En andlegi ódauninn vestan hafs hefir sjáanlega kyrkt vöxt hans, og læst sig of djúpt inn.

Getur vel skeð, að Sigurður hefði orðið gott skáld, ef hann hefði komist í menningarland, þar sem listkrafan er sett hærra en í Ameríku.

Því ensku ljóðagerðinni í Ameríku, er satt að segja nú á tímum litið betur farið, en þeirri íslenzku.

Flest þau ný-amerískönsku kvæði, sem ég hefi lesið, eru eins og bleikar, blóðlausar plöntur, sem vaxa í skugga Longfellows. Og tímaritin eru full af væmnum tunglskins- og súkkulade-kveðskap, sem lyktar af dollurum.

Það er því alt annað en holt fyrir ungt ljóðskáld, að lenda í slíku landi, og slíkum félagsskap.

Sigurður Júlíus hefir heldur ekki þolað það. Hann hefir ekki tekið neinum sjáanlegum framförum síðan hann kom til Ameríku, og hefir hann þó eytt þar sínum beztu þroskaárum.

Kvæðin eru mörg mikið lagleg, en þau vantar tilfinnanlega hugsanadýpt og listfengi. Ern flest eins og gerð eftir efnilegan óvrjanda, sem fálmar, og veit ekki vel, hvað hann á að segja — og gripur því það fyrsta og bezta, sem fyrir hendi verður.

Sú skoðun virðist líka ganga í gegnum flest kvæðin, að hann leggur meiri áherzlu á, h v a ð hann segir, en h v e r n i g hann segir það. Hann gætir ekki að því, að sú bezta hugsun getur orðið einkisvirði, ef hún er illa framsett. Og það er heldur ekki hægt að vrkja um alt í lyriskum kveðskap. Templaradeilur og hugvekjur getur aldrei orðið lyriskur skáldskapur. Og af því hvorutveggja er alt of mikið í þessari bók.

En þó bregður fyrir allgóðum skáldskap í kvæðum eins og "Íslendingavísum", bls. 25, t.d. þar sem hann segir þetta um áhrif vorsins:

"Og draumsjónir bjartar hvert fornmenni fær
í friðhelgu gröfinni sinni,
og brennandi hjartað með blóðþunga slær
í brjóstinu á foldinni minni".

Fyrri hlutinn er einkennileg og ramíslenzk lýsing.

"Saga gamla mannsins" er gott kvæði, sem bendir á hrif frá Longfellow.

"Eintal Sæfinns" er líka mjög laglegt kvæði, og sömuleiðis "Í leiðslu", sem þó er nokkuð sætt. Ennfremur "Söngur sorgarinnar".

En þegar þessi kvæði eru upptalin, fer að fækka um fina drætti af frumortum kvæðum.

Hitt eru flest gamlar hugsanir í gömlum búningi, sem fer ekki vel, — og sem að minsta kosti ég endist ekki til að lesa.

En í bókinni eru nokkrar þýðingar, og þær eru spursmálslaust það bezta í bókinni, og gera hana vel eigulega.

Sigurði Júlíusi lætur oft ágætlega að þýða; þýðir á gott og hreint og látlaust mál, og flest kvæðin, sem hann hefir valið, eru mjög góð.

Enda þótt ég sé nú langt frá því að vera hrifinn af þessum skáldskap Sigurðar, yfirleitt, þá verð ég að segja, að borinn saman við önnur vesturheimsk skáld — að undanskildum Stephani G. Stephánssyni, — er Sigurður, ja, mér liggur við að segja, s t ó r skáld.

Ég geri ráð fyrir því, að þar verði komu þessarar bókar fagnað, — og hér er ástæða til að taka henni sæmilega vegna nokkurra kvæða.

Ekki minst fyrir hina heitu föðurlandsvini, sem landið er svo yfirfult af, — því bókin vegur minst þyngd sína í föðurlandsást.

Útgáfan er regluleg skraut útgáfa, hefir Jóhannes bróðir höf. gefið bókina út með mestu rysnu, Rósirnar á titilblaðinu mættu þó að skaðlausu missa sig.

Nú er vist nóg komið — bókinni er lýst bæði innra og ytra. Ég bið lesendurna að fyrirgefa, að ég enda á því ytra, sem annars er þó íslenzk venja að byrja á. En þessar venjur, þessar venjur ..... þær eru alt af mín veika hlið. J.G.

— Ingólfur, 24. marz 1910.

Hvað gengur að þér, Hans?

Æ, æ, Jón Pétursson er fluttur úr þessari götu.

Gráttu ekki þess vegna, hér eru margir litlir drengir handa þér að leika við.

Já, en hann er sá eini, sem ég réði við og gat barið.

Ég óska þér hamingju, Páll, mér er sagt að þú hafir eignast tvíburа.

Nei, þér skjátlast, Jói minn, það var ekki ég heldur bróðir minn, sem eignaðist tvíburana.

Því fremur óska ég þé: sannrar hamingju.

JÓN JÓNSSON, járnsmiður, að 790 Notre Dame Ave. (horni Toronto St.) gerir við alls konar katla, könnur, potta og pönnur fyrir konur, og brýnir hnífa og skerpir sagir fyrir karlmenn. — Alt vel af hendi leyst fyrir litla borgun.

Til sölu.

ágæt bújörð, 160 ekrur að stærð, 2½ milu frá Mozart, 90 ekrur eru plægðar. 300 dollara timburhús, góð fjós fyrir 30 gripi, stórt korngeymsluhús, gott og mikið vatn í brunni, 4000 trjám plantað við byggingarnar, og virgirðing alt í kring um landið (2 vírar).

Frekari upplýsingar fást hjá

TH. JÓNASSON.

P.O. Box 57 Wynyard, Sask.

The Farmer's Trading Co.

(BLACK & BOLE)

HAFA EINUNGIS BESTU VÖRUTEGUNDIR.

Einu umboðsmenn fyrir:—
"SLATER" Skóna góðu,
"FIT-RITE" Fatnaðinn,
"H B K." prjónafélagið,
"HELENA" pils og 'waist' kvenfatnaði.
Bestu matvörutegundir.
"DEERING" akuryrkju verkfæri o. s. frv.

Beztu vörur Lágt verð

Fljót og nákvæm afgreiðsla.

Farmer's Trading Co.,
THE QUALITY STORE
Wynyard, Sask.

Sherwin-Williams PAINT
fyrir alskonar húsmálningu.

Prýðingar-tími nálgast nú. Dálítið af Sherwin-Williams húsmáli getur prýtt húsið yðar utan og innan. — B r ú k i ð ekker annað mál en þetta. — S.-W. húsmálið málar mest, endist lengur, og er áferðarfegurra en nokkurt annað hús mál sem búið er til. — Komið inn og skoðið litarspjaldið. —

Cameron & Carscadden
QUALITY HARDWARE
Wynyard, Sask.

Yfirburða Vottur um

HEINTZMAN & CO.

PIANO

sýnir sig í ýmsum atriðum.— Það er engin fals-lýsing, að þetta hljóðfæri sé langt yfir öllum öðrum í tónfegurð og smíða ágæti. —

Frægustu söng- og tónfræðingar sem ferðast um Canada —fólk með yfirburða þekkingu — velja allir þetta Piano.

Ending þess og vaxandi tónfegurð með aldri hljóðfæranna, hefir komið öllum leiðandi söngkenslustofnunum til þess að nota þessi Piano.

En bezt af öllum sönnunum er vitnisburður þeirra mörgu þúsunda Canada manna og kvenna sem eiga og nota þessi fögru hljóðfæri, og hafa daglega ánægju af þeim.

Vér tökum gömul PIANO í skiftum fyrir ný. —

J. J. H. McLean & Co LIMITED

528 Main St. — Phone 808

Og í Brandon og Portage La Prairie

Fréttir úr bœnum.

Landverð í Winnipeg fer stöðugt hækkandi. Lóðir nú keyptar á Fort st. fyrir þúsund dollara fet framhliðar. Á Smith stræti hafa og lóðir verið seldar fyrir 900 dollara fetið. Byggingar voru á báðum þessum lóðum, en við söluna eru þær metnar sama sem einkisvirði og enda minna en það, þar sem þær verða að rífast niður til þess aðrar skrautlegri og stærri getið risið upp á rústum þeirra.

Þann 24. apríl voru gefin saman í hjónaband af séra Rögnvaldi Péturssyni, að Markland P.O., Man., þau herra Snæbjörn J. Halldórsson, frá Otto P.O., Man., og ungfrú Guðný Margrét Sigurðsson, frá Markland. Hkr. árnar brúðhjónunum allrar hamingju.

Áritun Friðriks Sveinssonar, málara, er nú 443 Maryland St. (áður 618 Agnes St.). Þetta eru viðskiftavinir hans beðnir að athuga.

Þann 21. þ.m. (á sumardaginn fyrsta) fór fram jarðarför Mrs. Ólafíu Anderson, frá Tjaldbúðarkirkju, að miklu fjölmenni viðstöddu.

Hestar eru dýrmæt eign hér í borg, ekki síður en annarstaðar í landinu, og það er skaði, er þeir verða svo hræddir, er þeir mæta mótorvögnum, að þeir ærast og bíða bana af, eins og oft vill verða. Það eru lög sumstaðar í Bandaríkjunum, að mótorvagnar eru skyldir að stansa, hvenær sem þeir, er teyma eða keyra dráttthesta, gefa bendingu um það, og verður þá vagninn að vera kyrr meðan hesturinn er keyrður eða teymdur framhjá. Slík lög ættu að vera hér í borg.

Íslendingar í Gimli bœ minnist þess, að herra Elis G. Thomsen er maðurinn, sem gerir allskonar utan- og innan-húss málningu fljótt og vel. Einnig pappírsleggur hann hús og gerir "Kalsomining".

Númer 21. af þessa árs Heimskringlu verður keypt hér á skrifstofunni. Sex eintök óskast.

Sú breyting er fyrirhuguð á skattálögum borgarbúa, að hér eftir verða húslóðir þeirra virtar fullu verði eins og þær ganga kaup um og sölum, en húsin virt á tvo þriðju hluta verðs. Það má því búast við, að skattar hækki talsvert á mönnum á komandi hausti, og að inntektir bæjarins aukist að sama skapi.

RÁÐSKONU vantar á íslenzku ekkjumannsheimili í Saskatchewan fylki. — Lítil vinna. — Gott kaup borgað. — Finnið Heimskringlu.

Nemendur Jónasar Pálssonar hafa RECITAL í Selkirk næsta miðvikudagskveld, 4. maí. Beztu music kraftar bæjarins hafa verið trygðir til að koma fram á prógramminu, og það ætti að tryggja húsfylli áheyrenda.

Yndislega fögur málverk af stöðum á Íslandi (Akureyri, Önundarfirði, Patreksfirði, Öxarárfossi og Borg á Mýrum) eru til sýnis á skrifstofu Heimskringlu. Friðrik Sveinsson málari hefir málað þær. — Íslendingar, sem vildu eiga málverk af æskustöðvum sínum á föðurlandinu, ættu að sjá þessar einkar fögru myndir og panta þær hjá herra Swanson. Hann er nú viðurkendur með listfengustu málurum hér í borg, og gerir myndir af íslenzkum stöðum svo ódýrt, að undrum sætir.

Frá Íslandi kom þann 21. þ.m. herra Ásgeir I. Valdal, frá Rvík. Hann býst við, að setjast að hér í borg fyrst um sinn. Í Skotlandi varð hann var við herra Nikulás Ottenson og flokk þann vesturfara, sem með honum er. Sá hópur er væntanlegur til bæjarins í dag (miðvikudag).

Í KVELD

(miðvikudag 27. apríl) flytur hr. Baldur Sveinsson erindi á Menningarfélagsfundi. Fyrirlesturinn fjallar um einokunarverzlun á Íslandi frá árunum 1602—1854. Þetta erindi verður vafalaust fróðlegt og áheyrilegt. Fjölmennið.

Charles Eirickson, 56 ára gamall, var í sl. viku dæmdur til 17 ára fangavistar og 24 vandarhagga hýðingar fyrir ólifnað. Fyrir mörgum árum giftist hann ekkju, sem átti eina unga dóttur. Þegar sú dóttir kom til aldurs, átti hún barn með stjúpföður sínum, — var þó nokkuð innan fermingaraldurs þá. Alls hefir stúlkan eignast 4 börn með þessum manni. Þegar lögreglan komst að þessu ástandi, var maðurinn tekinn fastur, og dæmdur eins og að framan er sagt.

SUMARGJÖF.

Á föstudagskvöldið var, 22. þ. m., heimsóttu nokkrir Goodtemplarar úr stúkunni Skuld Mrs. Karólínu Dalmann, á Victor St. hér í borg.

Erindið var, að tjá henni þakklæti fyrir vel unnið starf hennar í þarfir stúkunnar um sl. 12 ár, og sérstaklega fyrir ritstjórn hennar á stúkublaðinu "Stjarnan", sem hún hefir af mestu alúð annast nú sl. nokkur ár.

Gestirnir fluttu Mrs. Dalmann ávarp og afhentu henni um leið dýrmætan grip. Það var skrautlegt kvenskrifborð með áföstum bókaskáp með glerhurðum. Efnið var dýrasta eik.

Mrs. Dalmann þakkaði fyrir ávarpið og gjöfina og þann hlýleik og vinaþel, sem gjöfin vottaði.

Eftir að þessu aðalerindi gestanna var lokið, fóru fram veitingar. Kvæði var flutt, söngvar sungnir og stuttar ræður fluttar, og varði glaðværð sú fram á miðnætti, að gestirnir kvöddu.

Dr. G. J. Gíslason,
Physician and Surgeon
18 South 3rd Str., Grand Forks N Dak
Athygli veitt AUGNA, EYRNA og KVERKA SJÚKDÓMUM ASAMT INNVORTIS SJÚKDÓMUM og UPPSKURÐI —

FUNDARBOÐ

Stjórnarnefnd Fyrsta Íslenzka Kvenfrelsisfélagsins í Ameríku biður þess getið, að það haldi næsta mánaðarfund sinn sunnudaginn 1. maí í samkomusal Únitara, frá kl. 2 til 5 e.m. Nefndin óskar, að sem flestir félagar mæti og komi með sér þá vini sína, sem hlyntir eru málefninu og líklegir til að ganga í félagið og vinna með því.

Þakkarorð.

Ég undirskrifaður bið ritstjóra Heimskringlu svo vel gera, og bera hinum mörgu vinum mínum góða kveðju og alúðar þakklæti fyrir alla þá hjálp og góðvild, sem þeir hafa auðsýnt mér á síðastliðnum 19 mánuðum, sem ég hefi dvalið hér í Winnipeg. Mest af þessum tíma hefi ég legið veikur á Almenna spítalanum og gengið undir 6 holskurði. Sérstaklega vil ég þakka dr. B. J. Brandson, sem oftlega hefir vitjað mín, og ávalt verið reiðubúinn að hjálpa mér og leiðbeina, sem bezti bróðir, í öllum mínum þrautum. Þessa sérstöku alúð og hjálp bið ég góðan guð að launa honum, ásamt öllum þeim, sem hafa orðið til þess, að rétta mér hjálparhönd og gleðja mig á þessum ofangreinda tíma.

Winnipeg, 26. marz 1910.

Árni Björnsson,
frá Narrows.

Minnisvarðar

úr málmi, sem nefndur er "White Bronze", eru fallegustu, varanlegustu og um leið ódýrustu minnisvarðar, sem nú þekkjast. Þeir eru óbrjótanlegir, ryðga ekki og geta aldrei orðið mosavaxnir, eins og steinar; ekki heldur hefir frost nein áhrif á þá. Þeir eru bókstaflega óbilandi og miklu fegurri en hægt er að gera minnisvarða úr steini (Marmara eða Granit). Alt letur er upphleypt, sem aldrei máist eða aflagast. Þeir eru jafn dýrir, hvort sem þér eru óletraðir eða alsettir letri, nefnilega: alt letur, og myndir og merki, sem óskað er eftir, er sett á frítt. — Kosta frá fáeinum dollurum upp til þúsunda. Fleiri hundruð tegundir og mismunandi stærðir úr að velja.

Þessir minnisvarðar eru búnir til af THE MONUMENTAL BRONZE CO., Bridgeport, Conn. Þeir, sem vilja fá nákvæmar upplýsingar um þessa ágætu minnisvarða, skrifi til undirritaðs, sem er umboðsmaður fyrir nefnt félag.

Thor. Bjarnarson,
BOX 304
Pembina - - N. Dak.

Hjúkrunarkona

íslenzk óskar eftir atvinnu við að stunda sjúklinga. Nákvæmni er ábyrgst, og borgunarskilmálar vægir. Heimili: 659 Alverstone St.

Wellington Grocery

horni Victor og Wellington stræta, selur nú 5 pund Santos kaffi fyrir $1.00, 5 pd. kanna bezta Baking Powder 75c, 10 pd. kassi af ágætum sveskjum 65c og kartöflur 50c bush. Býður nokkur betur?

Court Ísafold

No. 1048, I.O.F.

heldur fund í samkomusal Únitara miðvikud.kv.

27. apríl

Fundurinn byrjar kl. 8. Meðlimir eru ámintir um, að koma á fundinn.

Prógramsnefndin hefir gott prógram eftir að starfsfundur er búinn.

J. W. Magnússon, ritari.

Sveinbjörn Árnason
Fasteignasali.
Selur hús og lóðir, eldsábyrgðir, og lánar peninga. Skrifstofa: 12 Bank of Hamilton.
TALSÍMI 5122. HÚS-TALS. 8695

TIL SÖLU:

160 ekrur af bezta landi, stutt frá járnbrautarstöð. — Fyrsti maður með $7.00 fær hér góð kaup. — Finnið

Skúli Hansson & Co.
47 Aikens' Bldg.
Talsími, Main 6476 P. O. Box 833

Kjörkaup

Ég hefi til sölu 5 herbergja hús fyrir $1300.00, með $25.00 niðurborgun og svo $15.00 á mánuði.

Svo hefi ég hvort sem er 50 fet eða 25 fet á Beverley St., á vesturhlið, stutt frá Sargent Ave., fyrir að eins $26.00 hvert fet.

Þekkir nokkur betra?

G. J. Goodmundson,
Talsími: Main 4516.
702 Simcoe Street.

Sjónleikur og Dans.
OG M. FL.

Verður haldinn í efri sal Good Templar hússins, miðvikudagskveldið 9. maí næstk. (ekki fimtud.kv. 5. maí eins og auglýst var í síðasta blaði og stendur á auglýsingumiðunum).

PROGRAM:

1. FÍÓLIN SÓLÓ.....
2. "ÞRUMUVEÐRIÐ", sjónleikur eftir MARK TWAIN.
3. SÓLÓ.....
4. DANS TIL KLUKKAN 1.

JOHNSON'S ORCHESTRA SPILAR FYRIR DANSINUM. BYRJAR KL. 8. AÐGANGUR TUTTUGU OG FIMM CENTS G.T.STÚKAN "HEKLA" NÝTUR ÁGÓÐANS.

Sumar Móleður-Skór.

Móleðurs Skór eru ætíð móðins á sumrin. Móleður er ágætis skinn í lágskorna skó, ætið móðins og ætíð útlitsfagurt.

Vér höfum nú á boðstólum lágreimaða Öklaskó og Morgunskó, í ýmsum litum. Þeir eru mjög fallegir útlits, hælaháir, á öllum stærðum og víddum.

Verð: $3 til $5.

Ryan-Devlin Shoe Co
494 MAIN ST PHONE 770.

PIANO RECITAL

halda nemendur S. K. Hall í Goodtemplarahúsinu

mánudaginn 2. maí.

kl. 8 að kveldi.

Mrs. S. K. HALL syngur 2 söngva.

PROGRAM

1. Prelude to 3rd Act Lohengrin (Wagner)—Miss Roony Thorarinson og Miss Jenny Olafson.
2. Grand Valse in Eb (Chopin)—Harold Allbut.
3. Scarf Dance (Choinmade) — Miss Mable Joseph
4. The Brooklet in the Woods (Verny)—Miss Olla Bardal.
5. Vocal Solo, Selected—Mrs. S. K. Hall.
6. March of the Dwarfs (Grieg) —Miss Emma Jóhanneson.
7. Wedding Day at Troldhaugen (Grieg).
8. Mazurka—Miss Maggie Eggertson.
9. Ballet Dance (Durand)—Miss Mable Joseph.
10. Romance in F minor (Tschaikowsky)—Miss Laura Blöndal.
11. To Spring (Grieg)—Miss Marie Lovell.
12. Menuetto in B minor (Schubert)—Miss Roony Thorarinson.
13. Troika (Tschaikowski) — Miss Emma Jóhanneson.
14. Etude, Caprise (Ascher)—Miss Laura Blöndal.
15. The Brook (Bohm). — Harold Allbut.
16. Vocal Solo, Selected—Mrs. S. K. Hall.
17. March Militaire, for two pianos (Schubert-Tousic) — 1st piano: Miss Jenny Olafson; 2nd piano: Mr. S. K. Hall.

Aðgangur ókeypis. Samskot tekin til að borga kostnað.

KENNARA KÖLLUN

fyrir Skeipni skóla no. 2288. Byrjar 1. maí og endist í 6 mánuði.

Kennari geri grein fyrir mentastigi sínu og tilgreini mánaðar, kaup.

Utanáskrift: —
S. J. EIRÍKSSON,
Box 8, Wynyard, Sask.

DR. H. R. ROSS
C.P.R. meðala- og skurðlækuir.
Sjúkdómum kvenna og barna veitt sérstök umönnun.
WYNYARD, — SASK.

Dr. M. Hjaltason,
Oak Point, Man.

Anderson & Garland,
LÖGFRÆÐINGAR
35 Merchants Bank Building
PHONE: MAIN 1561.

MARTYN F. SMITH,
TANNLÆKNIR.
Fairbairn Blk. Cor Main & Selkirk
Sérfræðingur í Gullfyllingu og öllum aðgerðum og tilbún aði Tanna. Tennur dregnar án sársauka. Engin veiki á eftir eða gómbólga. —
Stofan opin kl. 7 til 9 á kveldin
Office Phone 6944. Heimilis Phone 6462.

Þarft þú ekki að fá þér ný föt?

EF ÞAU KOMA FRÁ CLEMENT'S, — ÞÁ VERÐA ÞAU RÉTT

Réttur að efni, réttur í sniði réttur í áferð og réttur í verði.

Vér höfum miklar byrgðir af fegurstu og beztu fataefnum. —

Geo. Clements & Son
Stofnað árið 1874
264 Portage Ave. Rétt hjá FreePress

Th. JOHNSON
JEWELER
286 Main St. Talsími: 6606

JOHN ERZINGER
TOBAKS-KAUPMAÐUR.
Erzinger's skorið reyktóbak $1.00 pundið
Hér fást allar neftóbaks-tegundir. Óska eftir bréflegum pöntunum.
McINTYRE BLK., Main St., Winnipeg
Heildsala og smásala.

G. NARDONE
Verzlar með matvöru, aldini, smá-kökur, allskonar sætindi, mjólk og rjóma, sögul. tóbak og vindla. Óskar viðskifta Íslend. Heitt kaffi eða te á öllum tímum. Fón 7756
714 MARYLAND ST.

Boyd's Brauð

Brauð vor eru góð af því vér notum bezta mjöl og höfum beztu bakara í Canada í brauðgerðarhúsi voru. Vaxandi viðskiftavinafjöldi sannar, að brauð vor eru betri en alment gerist. Vér keyrum þau heim í hús yðar daglega.

Boyd's
Bakery Cor Spence & Portage Ave
Phone 1080.

Winnipeg Wardrobe Co.
Kaupa brúkaðan Karla og Kvenna fatnað,—og borga vel fyrir hann.
Phone, Main 6539 597 Notre Dame Ave

BILDFELL & PAULSON
Union Bank 5th Floor, No. 520
selja hús og lóðir og annast þar að lútandi störf; útvegar peningalán o. fl.
Tel.: 2685

Jónas Pálsson,
SÖNGFRÆÐINGUR.
Útvegar vönduð og ódýr hljóðfæri
460 Victor St. Talsími 6803.

J. L. M. THOMSON, M.A., L.L.B.
LÖGFRÆÐINGUR. 285½ Portage Ave.

BONNAR, TRUEMAN & THORNBURN,
LÖGFRÆÐINGAR.
Suite 5-7 Nanton Blk. Tals. 766
Winnipeg, Man. P.O.BOX 223

Húðir og ógörfuð Loðskinn
Verzlun vor er vor bezta auglýsing. Sendið oss húðir yðar og loðskinn og gerist stöðugir viðskiftamenn.
Skrifið eftir verðlista.
The Lightcap Hide & Fur Co., Limited
P.O.Box 1092 172-176 King St Winnipeg
15-9-10

W. R. FOWLER A. PIERCY.

Royal Optical Co.
307 Portage Ave. Talsími 7286.
Allar nútíðar aðferðir eru notaðar við sæga-skoðun hjá þeim, þar með hin nýja aðferð, Skugga-skoðun, sem gjöreyðir öllum ágiskunum. —

It's going UP.

Þú getur ekki búist við

að það geri annað en eyðast í reyk. Því ekki að fá nokkur tons af okkar ágætu kolum, og hafa ánægjuna af, að njóta hitans af þeim, þegar vetrarkuldarnir koma. Komið til vor og nefnið þetta bl

D. E. ADAMS COAL CO
YARDS I NORÐUR, SUÐUR, AUSTUR OG VESTURBŒNUM
Aðal Skrifst.: 224 BANNATYNE AVE.

Ævintýr á gönguför

LEIKIÐ **síðasta sinn Í KVELD** (fimtudag 28. aprfl.).

á Goodtemplara húsinu.

Heimskringla.

XXIV. ÁR | WINNIPEG, MANITOBA, FIMTUDAGINN, 5. MAÍ 1910 | NR. 31

Tvöfalt stærri

er reiðhjóla búð mín nú en áður, og vörubyrgðir og verzlun að sama skapi. BRANTFORD reiðhjólin góðu hefi ég til sölu eins og aðundanförnu með eins góðum kjörum og nokkur annar getur boðið. — Einnig aðrar tegundir af nýjum reiðhjól um sem ég sel fyrir $30. og upp, með "Dunlop Tires" og "Coaster Brake".—Allar aðgerðir og pantanir afgreiddar fljótt og vel. —

West End Bicycle Shop

Jón Thorsteinsson, eigandi

475—477 Portage Avenue.

TALSÍMI: MAIN 9630.

"Úti á reginhafi" (Geo. Peterson).

OGILVIE'S

Royal Household Flour

Til Brauð og Köku Gerðar

Gefur Ævinlega Fullnægingu

EINA MYLLAN Í WINNIPEG,—LÁTIÐ HEIMAIÐNAÐ SITJA FYRIR VIÐSKIFTUM YÐAR.

Fregnsafn.

Markverðustu viðburðir hvaðanæfa

— Manitoba stjórnin er að leggja talþráðalínu sína austur að landamærum Ontario fylkis, til þess að tengja talþráðakerfi fylkisins við Ontario og Minnesota og aðra hluta Bandaríkjanna.

— Þess var getið fyrir nokkru hér í blaðinu, að Sir Charles McLaren hefði borið fram í brezka þinginu 8 lagafrumvörp, sem öll lytu að auknum kvenréttindum. Nú hefir hann borið fram nokkurskonar löggildingarskrá kvenna, eða grundvallarlagaskrá, sem ákveður um réttindi þeirra. Einn liður í skrá þessari ákveður eignatilkall þeirra, annar liður ákveður, að þær skuli hafa rétt til að heimta vinnulaun af bændum sínum. Í þeim lið er það tekið fram, að sú kona, sem ver öllum tíma sínum til húshalds og bústjórnar og til þess að annast börn sín og bónda sinn, skuli hafa rétt til ákveðins hluta af inntektum manns sins meðan hann lifir, og til eigna hans eftir hans dag, og skal hún eiga heimtingu á fullu lífsuppeldi af þeim eignum. Konukrafan skal miðuð við það kaup, sem bústýrum sömu stéttar er ætlað, þegar þær vinna sem vinnukonur hjá vandalausum. Ekki skal konunni skylt, að annast að neinu leyti um lífsuppeldi bónda sins eða barna þeirra hjóna, nema hún hafi meiri inntektir en hún þarf til að lifa af. Konur, sem vinna sömu vinnu og hendur þeirra, skulu skoðast félagar og njóta jafnra réttinda og menn þeirra. Feður og mæður skulu hafa jafnan rétt til barnanna. Konur skulu hafa frían aðgang að öllum háskólum og öðr um mentastofnunum, sem njóta styrks af opinberu fé. Hegningarlögum landsins skal breytt þannig að þeir menn, sem berja konur sínar, eða á annan hátt sýna þeim grimd og ójöfnuð, skulu sæta miklu þyngri refsingu en undir núgildandi lögum.

— Það slys vildi til í kolanáma í Wales á Englandi, þann 27. apríl, að vélar þær, sem notaðar voru til að flytja verkamenn upp og niður í námann, brotnuðu svo, að ekki var hægt að nota þær. Fimm hundruð menn voru niðri í námanum, þegar þetta vildi til. Námaeigendur fengu þó bjargað mönnunum með því, að koma þeim upp á öðrum stað í námanum, í hálfrar mílu fjarlægð frá hinum staðnum.

— Joseph Martin ætlar að heimsækja kunningja sína í British Columbia strax og brezka þingið hættir þingsetu, í næsta mánuði.

— Síðan 1. janúar sl. hafa komið til Canada 12,246 manns frá Ítalíu, 16,751 frá Rússlandi, 778 frá Tyrklandi, 600 frá Tyrkiandi í Asíu, alls 30,375.

— Vinir Hon. W. S. Fieldings, fjármálastjóra Canada, hafa safnað yfir 100 þús. doll., sem þeir ætla að gefa honum í þakklætisskyni — fyrir hvað? En merkilegt er, að nöfnum gefendanna er haldið leyndum enn sem komið er.

— Ottawa þinginu verður slitið þessa viku.

— Washington stjórnin er óánægð yfir útflutningi Bandaríkjamanna til Canada, sem á sl. ári var um 60 þúsund manns. Á þessu ári er áætlað að verði langt yfir 100 þúsund, eða máske alt að 200 þús. manns. Langflest af þessum Bandaríkja innflytjendum kemur til að taka ókeypis búlönd í Vestur-Canada. Akuryrkjumálaráðgjafi Bandaríkjanna hefir því ákveðið, að gera alt, sem í hans valdi stendur til þess að stemma stigu fyrir þessum vaxandi útflutningi.

— Björnstjerne Björnsson, norska skáldið mikla er látinn.

— Louis Paulham hefir unnið 50 þús. dollara verðlaun fyrir loftflug frá London til Manchester, 180 mílur vegar. Hann fór frá London kl. 520 að kveldi, en kom til Manchester kl. 5.30 að morgni.

— Tyrkjum gengur illa að bæla niður uppreistina í Albaníu. Tuttugu þúsundir tyrkneskra hermanna eru umkringdir af 30 þús. uppreistarmönnum, sem þykjast vissir um sigur. En nú hefir stjórn Tyrkja sent mönnum sínum til hjálpar 16 stórar herdeildir frá Smyrna og Salonica. Þeir menn hafa yfir fjöll að fara áður enn þeir geta komið hinum umsetnu mönnum til hjálpar. En uppreistarmenn hafa mikinn herafla í fjöllunum, sem veita fyrirsát aðkomuher Tyrkja, og sem vitaskuld gerir þeim ferðina yfir fjöllin ógreiðari en ella, ef þeir annars komast nokkurntíma yfir þau. — Þann 27. apríl féllu 5 þúsundir manna á vígvöllum í viðureign þeirra, en sagt er, að uppreistarmönnum hafi veitt nokkru betur. Tyrkjastjórn segir lítið um þennan bardaga, en hefir á ný sent aukið herlið móti uppreistarmönnum, og gefið því skipum, "að drepa alla og hlífa engum". Stjórnin hefir og gætt þess vandlega, að senda engann kristinn hermann í þenna leiðangur, af ótta fyrir því að þeir mundu sýna óvinunum meiri mannúð, en hún telur rétt vera. — Prins Albert Ghika, foringi uppreistarmanna, er ötull maður og hinn herkænasti, svo að með afbrigðum kvað vera. Með honum eru tveir ræningjaflokkar, og telur annar þeirra 4 þús. manns, en hinn nokkru fleiri. Uppreistarmenn hafa náð á sitt vald Mitrovitzka járnbrautinni, svo að Tyrkir geta hvorki flutt menn né matvæli eða annan herútbúnað með henni. Uppreistarmenn hafa eyðilagt þá hluta brautarinnar, sem þeim þykir tvísýnt um, að þeir geti haldið. Og þetta gerir Tyrkjum örðugra fyrir með alla flutninga.

— Sir William Van Horne er að segja af sér stöðu þeirri, sem hann um mörg ár hefir haft, sem formaður stjórnarnefndar C.P.R. félagsins. Líklegt er talið, að Sir Thomas Shaughnessy taki stöðu hans.

— Eldur kom upp í Wynyard bæ fyrra sunnudag. Sterkur vindur var á austan og gerði slökkvitilraunir örðugri en ella hefði verið. Bæjarbúar unnu alla nóttina við að slökkva eldinn. Bænum varð bjargað, en nokkrir bændur mistu nokkuð af eignum sínum, gripi og kornvöru.

—Eldur kom upp í gistihúsi í í Cornwall bæ í Ontario 29. apríl. Þar týndu 11 manna lífi og eignatjónið varð 250 þús. dollara.

— Kolanámamenn á Cape Breton í Nova Scotia, sem gerðu verkfall í júlí sl., samþyktu nýlega á fundi að hætta verkfallinu, og að eins margir þeirra og gætu fengið vinnu í námunum taki þar aftur til starfa. Verkfallið hefir staðið yfir nærri tíu mánuði, og margar fjölskyldur þar þess vegna að fram komnar af allsleysi. — Aftur heldur verkfallið áfram í Nova Scotia, sem þar hefir staðið yfir 9 mánuði. Mennirnir báðu um launahækkun, en fengu ekki. Þá gerðu þeir verkfallið. Námamenn kváðust þá ekki gefa neinum þeirra vinnu aftur, nema fyrir 10 prósent launalækkun við það, sem þeir höfðu áður en þeir gerðu verkfallið.

— Rússastjórn hefir látið hermenn sína reka 2500 Gyðinga fjölskyldur úr Kieff borg. Hermenn vaða inn á fólkið að næturlagi og reka það miskunnarlaust úr húsum sínum, fáklætt og allslaust, og hermenn eru látnir reka það gangandi, karla konur og börn, út úr borginni, hverja fjölskyldu til þess staðar, sem hún var í áður en hún flutti til borgarinnar. Þegar svo fólkið er komið á áfangastaðina, þá er þar tekið móti því með somu hörku og það rekið á aðra staði. Þessi ofsókn hófst þann 28. apríl sl. Gyðingar saka forsætisráðherra Stolypin um ofsóknir þessar. Sama fregn segir, að þeir, sem ekki séu færir um, að fylgjast með, þegar fólkið er rekið áfram, séu tafarlaust drepnir og látnir liggja meðfram vegunum þar sem þeir falla. Fólkið er rekið áfram með svipum og margir skaðmeiddir.

— Tvö hveitikaupafélög hér í Vestur-Canada hafa nýlega verið sektuð alls $5,500. Port Arthur félagið var undir 5 ákærum um að hafa gefið stjórninni rangar skýrslur um hveiti sitt og varð að borga 500 dollara fyrir hvert brot. Empire Elevator félagið var sannað að sekt um 6 lagabrot sama eðlis, og var einnig sektað $500 fyrir hvert brot. Consolidated Elevator félagið varð og lítilega sekt um lagabrot og borgaði stjórninni $50.00. — Allar þessar sektir voru borgaðar hér í Winnipeg þann 26. apríl og peningarnir sendir beint til Ottawa í rikissjóðinn.

— Einkennilegt æfintýri hefir nýlega skeð á Englandi. Mr. Barrie leikritaskáld komst fyrir nokkrum tíma að því, að konu hans þótti alt of vænt um ungan riðhöfund, sem var aldavinur hans. Barrie vandaði um þetta við konu sína, bað hana halda trygð við sig og bauð henni alt það, er hann gæti í té látið, svo hún mætti una hag sínum sem allra bezt. En konan neitaði öllum tilboðum hans, og þá sótti hann um skilnað og fékk hann. Eftir það giftist konan þessum unga elskhuga sínum, og samt hélt Barrie fullri vináttu við þau bæði, og gaf þeim hús til íbúðar, og hann aðstoðaði brúðgumann við giftingar athöfnina. Auk hússins, sem hann gaf þeim hjónum, og er það fínasta í bænum Farnham, ráðstafaði hann eignum sínum svo að konan skuli af þeim hafa $750 á ári meðan hún lifir.

— Lögsóknari New York borgar hefir um nokkurn undanfarinn tíma haft grun um, að ungar stúlkur gengi kaupum og sölum þar í borg. Hann setti því út umboðsmenn til þess að grafast fyrir það sanna í því máli. Þessum umboðsmönnum tókst að kaupa 2 eða 3 stúlkur (hvítar), þá eiztu 18 ára. En verðið var all-hátt. Seljandinn sagði, að fyrir nokkrum tíma hefði vanaverðið verið 10 til 15 dollars. En vegna þess, hve mikil áhætta fylgdi verzlun þessari, væri verðið nú stigið upp, svo að myndarlegar stúlkur seldust fyrir þúsund dollara stykkið. Hann setti og það skilyrði með sölunni, að stúlkurnar væru fluttar úr borginni vestur í land, og skyldu þær hafa aðsetur á lauslætishúsum þar, því að í þeim tilgangi væru allar slíkar stúlkur keyptar. Þrir menn hafa verið handteknir og ein kona, öll kærð um mannsal. Búist er við, að fleiri verði við mál þetta bendlaðir áður því er lokið.

— Peary pólfari þáði veizlu mikla af konunglega leikfélaginu í Lundúnum á þriðjudaginn var. Og honum var þá afhent gullmedalía félagsins í virðingarskyni fyrir afrek hans að finna norðurheimsskautið. Peary flutti þar fyrirlestur um norðurferðir sínar.

— Gufuskipalína C.N.R. félagsins hefir tekið til starfa. Fyrsta skipið, "Royal Edward", sigldi frá London til Bristol þann 29. apríl. Hon. Robert Rogers, ráðgjafi opinberra verka í Manitoba, var um borð í skipi þessu.

— John Ballaine í Seattle, formaður félags nokkurs þar í borg, hefir fengið einkarétt til þess, frá Louis Brennan, að mega nota einteins-járnbrautar uppfundning hans við járnbrautabyggingu í Alaska. Þessari uppfundningu og því, hvernig járnbrautarvagnarnir geta haldið jafnvægi sínu með skopparakringlu- afli, á einteinsbraut, hefir áður verið lýst hér í blaðinu. En Bandaríkjamenn, sem ætið eru fyrstir og fremstir til framkvæmda þegar um gagnleg nýmæli er að ræða, hafa myndað félag til þess að koma þessari Brennan uppfundningu í verklega framkvæmd. Félag þetta ætlar að byggja 100 mílur af einteins-járnbrautum í Alaska á komandi sumri, frá Matamiska kolanámunum til Fairbanks. Félagið telur, að kostnaður við byggingu slíkrar brautar fari ekki fram úr 3 þús. dollurúm á hverja mílu, þar sem vanaleg járnbraut myndi ekki kosta minna en 20 þúsund dollara hver míla. — Mr. Brennan hefir samið um, að búa til 2 vagna fyrir þessa nýju braut til að byrja með. Félagið hefir séð vagna með 60 manns fara eftir slíkri braut á tilraunastöð Brennans í Evrópu, með 26 mílur hraða á klukkustund. Og Ballaine varð svo hrifinn af þeirri sjón, að hann keypti strax einkaleyfi fyrir Alaska. Hraðinn er sagt að geti orðið 100 mílur á klukkustund. — Félagið býst við að byggja bráðlega ýmsar greinar út frá þessari 100 mílna braut sinni, ef hún reynist eins-vel og það telur vafalaust að verði.

— Herra John D. Rockefeller, hinn yngri, hefir tjáð sig fúsan til þess, að gefa mikla fjárupphæð til þess að útbola úr landi þessu hinni svivirðilegu stúlknaverzlun, sem sannað hefir verið að eigi sér stað í New York borg og víðar. — Það nýjasta í stúlknaverzlunarmálinu er, að tvær ungar stúlkur, 17 og 19 ára, sem fyrir skömmu hurfu frá forelsrahúsum í Wisconsin ríkinu, hafa nýlega fundist eftir að hafa verið seldar í bænum International Falls fyrir $150 hver. Sá, sem kærður er um að hafa tælt stúlkurnar að heiman, er maður að nafni James Vincent. — Einnig hafa fundist tvær ungar stúlkur, sem áttu heima í Milwaukee. Þær fundust 1. þ. m. í International Falls í Minnesota, og átti að flytja þær til Canada. Þegar stúlkurnar fundust, hvarf skjótlega maður sá og kona, sem þær voru hjá, og sem höfðu tælt þær að heiman í þeim tilgangi að selja þær hér í Canada. Lögreglur margra bæja leita nú þessara hjúa. — Það er þessi verzlun, sem rekin kvað vera all-víða, sem Rockefeller vill afnema með öllu og gera ómögulega, og hann er viðbúinn í verja miklum auðæfum til þess að koma þessu í framkvæmd.

Wall Plaster

"EMPIRE" VEGGJA PLASTUR kostar ef til vill ögn meira en hinar verri tegundir,—en berið saman afleiðingarnar.

Vér búum til:

"Empire" Wood Fibre Plaster
"Empire" Cement Wall "
"Empire" Finish "
"Gold Dust" Finish "
"Gilt Edge" Plaster of Paris
og allar Gypsum vöruuteg-undir. —

Eigum vér að senda yður bækling vorn?

BÚIÐ TIL EINUNGIS HJÁ

MANITOBA GYPSUM CO. LTD

SKRIFSTOFUR OG MILLUR I

Winnipeg, - Man.

Heimskringla
Published every Thursday by The
Heimskringla News & Publishing Co. Ltd
verð blaðsins í Canada og landar $2.00 um árið (fyrir fram borgað).
Sent til Íslands $2.00 (fyrir fram borgað af kaupendum blaðsins hér $1.50)
B. L. BALDWINSON
Editor & Manager
Office:
729 Sherbrooke Street, Winnipeg
P. O. BOX 3083. Talsími 5512.

Sunnan straumar

Það eru ekki mörg ár síðan ýmsir ættjarðarvinir íslenzkir, þeir er heima búa, töldu það ýkjur einar og gyllingar, ef sagt var, að Canada væri frjósamt land. Sumir neíndu það "agenta-lýgi", og nögðu þá vöru framreidda gegn góðum landssjóðslaunum að vestan. Eitt útbreiddasta blað Íslands líkti um þær mundir Canada við stað, sem sannkristnir menn mega ekki neína nema þeir séu reiðir, og sem sagt er að sé nyrðra og neðra. Þar átti ótir blaðsins sögn "alt að brenna og frjósa", o.fl. því um líkt. Um líkt leyti eða nokkru fyr samdi einn af helztu ritsnillingum þeirra daga sérstakan bækling, til þess að sýna, að Canada væri skrælingjaland, og að hingað flyttu ekki aðrir en þeir, sem stæðu á lægstu tröppum vitsmuna, menta og siðgæðis, og að þeir, sem vestur flyttu frá Íslandi, væru eintómur skrill. Hvort þessar staðhæfingar alls ókunnra manna, þeirra, er aldrei höfðu litið land þetta, kunna að hafa haft nokkur aftrandi áhrif á útflutninginn þaðan úr landi, verður ekki sagt með nokkurri vissu, þó líklegt sé, að svo hafi kunnað að vera. Því það má segja með nokkurn veginn ákveðinni vissu, að fólk á Íslandi hafi ekki á liðnum árum flutt þaðan hingað vestur af nýungagirni eða að gamni sínu, heldur hafi það aðallega verið af neyð, eða af því, að það hefir séð fram á svo mikinn skort og vandræði heima fyrir, að því hefir fundist það ekki geta breytt um til verra, þó það færi vestur, en mikil líkindi til, að hagurinn kynni að fara þar batnandi, ef það sem frézt hefði að vestan væri eftir alt saman ekki "agenta-lýgi", heldur staðreyndur sannleiki. Þannig mun hugsunarhátturinn hafa verið hjá öllum þorra þess fjölskyldufólks, sem vestur hefir flutt. Enda hefir það sýnt sig, að vesturflutningar hafa mestir verið í þeim árum, sem harðast hefir verið á Íslandi, og kostur alþýðu þar þrengstur. Unga, einhleypa fólkið hefir flutt vestur, ekki af sömu ástæðum og fjölskyldufólkið, heldur af því, að það í almætti sins manndóms treystist til að komast áfram hvar sem væri í heiminum, og þess betur, sem það kæmist í betra land. Það hefir treyst sér til þess, að komast heim aftur, ef því líkaði ekki vistin vestra, og með því það hefir þráð að opna svo lítið sjóndeildarhringinn og auka þekkingu sína á umheiminum, þá hefir það flutt hingað til þess sjálft að sjá með eigin augum, hvernig löndum þess liði hér, og til þess að fá eigin reynslu fyrir því, hvernig hér væri að vera. En vafalaust er það víst, að íslenzk alþýða hefir ekki ennþá neina ljósa hugmynd um eða þekkingu á því, hve afarfrjósamt landið er hér í Vestur-Canada, og hve auðvelt það er, að koma sér hér svo fyrir, að framtíðin sé fyllilega trygð, ef skynsamlega er haldið á efnunum, hversu smá, sem þau eru.

Hvað mundu Íslendingar segja, ef þeim væri sagt, að árlega flyttu nú inn í Vestur-Canada tugir þúsunda, að vér ekki segjum hundruð þúsurda, af sterkefnuðu bændafólki úr Bandaríkjunum, — ekki af neinni neyð, eins og gefur að skilja og ekki heldur af nýungagirni, því margt eða jafnvel flest af því býr á góðum löndum í heimaríki sínu og hefir unað þar hag sínum, — heldur blátt áfram af því, að það veit, að hér í Vestur-Canada eru betri landskostir en það hefir búið við syðra. Þetta fólk selur lönd sín þar og flytur hingað norður með gripi sína og akuryrkjuáhöld, og ýmist tekur sér ókeypis heimilisréttarlönd, eða kaupir bújarðir þar sem því lízt lífvænlegast til aðseturs. Þessir Bandaríkja bændur hafa þekkingu á landi og vita, hvar gott er til búskapar, og þeir mundu ekki — alls ótilneyddir eins og þeir eru — flytja hingað norður árlega í tugum þúsunda, ef þeir væru ekki sannfærðir um, að lönd hér eru fult eins góð og þau, sem bezt eru í þeim héruðum, sem þeir hafa áður búið í.

Straumur Bandaríkja bænda inn í Vestur-Canada fer vaxandi með hverju ári, eftir því, sem þeir fá nánari þekkingu á landgæðunum hér nyrðra eftir því fjölgar þeim, sem árlega flytja hingað norður, þar til nú er svo komið, að fult útlit er fyrir, að alt að 200 þús. manns muni á þessu ári streyma að sunnan inn í Vestur-Canada.

Þess má geta, að á 12 árum frá 31. marz 1897 til jafnlengdar 1909 hafa 425,460 manns flutt frá Bandaríkjunum til Canada, og við þá tölu má bæta 93,400, sem tóku hér bólfestu á sl. ári eftir 31. marz. En þó síðari tölunni sé slept, þá hefir innflutningurinn að sunnan verið meiri en frá Evrópulöndum á þessu tímabili, að Bretlandi und anskildu. Frá Bretlandi komu á þessu tímabili 540,621 manns.

Á fjárhagsárinu 1908—9 komu hingað frá Bandaríkjunum 59,832 manns, og á fjárhagsárinu 1909 til 1910 komu 93,400 manns og á yfirstandandi ári, frá 31. marz til 31. marz næstkomandi er, eins og að framan er sagt, von á frá 150 til 200 þús. manns að sunnan. Bandaríkjamenn tóku hér 12 þús. heimilisréttarlönd á sl. ári, og taka væntanlega miklu fleiri á þessu ári. Enginn þarf að ætla, að þeir mundu gera þetta, ef þeir héldu að þeir væru að skifta um til hins verra.

Yfirleitt hefir fólkið að sunnan verið ákjósanlegasta viðbót við íbúatöluna hér. Að eins 149 manns hafa á sl. 12 árum verið sendir suður aftur frá landamærunum, sem óhæfir til landgöngu hér, og af þeim 150 þús. sunnanmanna, sem á þessu ári hafa flutt hingað norðureftir, hefir ekki einum verið snúið til baka. Þessa árs innflytjendur eru meira að segja með þeim lang-ákjósanlegustu, sem til Canada hafa komið, bæði fyrir andlegt og líkamlegt atgerfi fólksins, og einnig fyrir það, hve mikil efni það flytur með sér að sunnan. Það er talið, að sunnanmenn hafi á þessu yfirstandandi ári auðgað Canada um 2 miliónir dollara í peningum, búpeningi og lausafé, — auk þeirrar búnaðarlegu þekkingu, sem fólk þetta hefir. Það er og sýnt, að margt af því fólki, sem komið hefir á þessu og síðasta ári, hefir keypt sér stórar bújarðir með þeim ásetningi að reka hveitirækt á þeim í stórum stíl.

Blaðið Free Press hér í borg flytur svolátandi skýrslu um innflutning Bandaríkjamanna til Vestur-Canada: —

502 þús. hafa sezt að í Vestur-Canada síðan árið 1907.

Tala innfluttra Bandaríkjamanna er 25 þús. fleiri en tala innflytjenda frá meginlandi Evrópu á sl. 13 árum.

300 þús. Bandaríkjamenn hafa sezt hér að á sl. 6 árum.

60 þús. þeirra komu árið 1907—8; 93 þús. komu árið 1908—9, og 200 þús. koma á yfirstandandi ári.

Bandaríkjamenn hafa á sl. 2 árum auðgað Canada um 150 miliónir dollara í peningum.

Á yfirstandandi ári auðga þeir ríkið um aðrar 200 miliónir doll.

Að eins 149 Bandaríkja innflytjendum hefir verið bönnuð landganga á sl. 13 árum. Á sama tímabili hefir 2292 Bretum verið bönnuð landganga.

Af 300 þús. Bandaríkjamönnum, sem hingað hafa flutt á sl. 6 árum, hafa 200 þúús. verið ælðir bændur.

Af þeim 189,918 heimilisréttarlöndum, sem tekin hafa verið hér vestra á þessu tímabili, hafa Banda ríkjamenn tekið ⅓ eða 68,408. Hinir hafa keypt sér lönd. Þeir tóku 12 þús. heimilisréttarlönd á sl. ári, og þeir komu frá öllum ríkjum Bandaríkjanna.

Þau auðæfi, sem Bandaríkjamenn flytja til Canada á þessu ári, mundu nægja til að byggja 20 öflug herskip, eða til að leggja járnbraut þvert yfir landið frá hafi til hafs.

Þetta er sýnishorn af sunnanstrauminum, af fólki og auðmagni, og hann virðist óneitanlega benda á, að sunnanbændurnir, sem þekki hvað gott land er, telji hér fullkomlega lífvænlegt, og svo hefir reynsla þeirra orðið, sem á liðnum árum hafa sezt hér að, — og þess betur, sem þeir hafa kynst hér staðháttum öllum, frjósemi jarðar, loftslagi og löggjöf, þess meiri áhrifum hafa þeir beitt til þess að fá vini sína og ættmenn hingað norður til sín. Enda er nú svo komið, að Bandaríkjastjórnin er farin að líta með kvíða á þennan sívaxandi straum hingað norður, og er sögð að hafa í hyggju, að reyna að stemma stigu fyrir framhaldi hans, ef mögulegt er. En það ræður að líkindum, að svo lengi, sem Canada hefir að bjóða frjósöm búlönd ókeypis, svo lengi mun straumurinn halda áfram. Hann er hvorumtveggju hollur, bæði þeim, sem norður flytja og eins hinum, sem hér eru fyrir, með því að bygðir þeirra þroskast, landið vex í verði og velmegun íbúanna fer stöðugt vaxandi.

Það eitt er lakast, að landar vorir hér nyrðra veita þessu, sem nú er að gerast í landtökumáli þessu, alt of lítið athygli, og gefa sig ekki að landtöku og búskap eins mikið og æskilegt væri.

Barði G. Skúlason.

Þess var getið í blöðunum íslenzku seint í vetur, að Barði lögfræðingur Skúlason hefði boðið sig fram sem þingmaður til neðri deildar alríkisþingsins (Representative in Congress) fyrir hönd Dakota ríkis. Var því máli að makleglleikum vel tekið í báðum blöðunum hér. Gátu ritstjórarnir þess, og létu jafnframt í ljósi þá ósk sína, að honum auðnaðist að ná útnefningu og á sínum tíma kosningu, að umsókn hans væri þjóðflokki vorum sæmdarauki.

Embætti það, sem hann sækir um, er annað hæsta embættið, er þeir af borgurum landsins, er fæddir eru erlendis, fá skipað, en hitt er að skipa sæti í efri deild alþingisins (Senate).

Hver sem þekkir Barða Skúlason, efast ekki um, að hann væri vel kjörinn fyrir hvert embættið sem væri. Og hann þekkja að minsta kosti allir atkvæðisbærir Íslendingar í Dakota. Hann hefir alist upp mitt á meðal þeirra. Og á þeim stöðvum búa foreldrar hans enn, nú hnignir að aldri, en með óskertum heiðri og tiltrú sveitunga sinna og samferðamanna Systkini hans flest búa og lika þar í ríkinu. Og munu þeir færri hinna yngri manna, er ekki muna hann, er þar ólust upp, hvar í alfunni, sem þeir nú kunna að dvelja, og eiga einhverjar kærar endurminningar frá þeim árum, og hafa ýmislegt að þakka áhrifum hans og brýningum, er þeir hafa lært betur að meta, er tímar liðu fram. Hann er þeirrar nýlendu sonur, og hennar fremsti sonur, þegar alls er gætt, — þeirrar nýlendu, er fremst er íslenzkra bygða og fjörmest hér í álfu.

Og það er nú skylda þeirrar bygðar, að duga þeim synt, er var og er henni þarfur og sæmdarsonur. Og ekki er það eingöngu skylda við hann, heldur við þjóðflokkinn, því á engan veg getur hagur hans blómgast betur en með því, að hann fái talið úr sínum hópi menn, er skipi æðstu sæti í þjóðmálum, atvinnu- og mentamálum þessarar álfu. Og væri ekki hægt annað að segja, en að Dakota bygðin hefði lagt sinn full'a skerf til þjóðmála vorra, ef hún kæmi einum sona sinna í eitthvert æðsta sætið, er útlendingi er gjörð völ á í Bandaríkjunum.

Og sagt er, að ávalt sé óvandari eftirleikurinn, og ef til vill gæti þeir orðið fleiri síðarmeir, ef einum hepnaðist að ryðja veginn. Ekki væri hægt að hugsa sér stærri skerf en þann, er sá fámenni hópur vor Íslendinga þar gæti lagt til alþjóðamála, en ef fulltrúi ríkisins sjálfs á alþingi ríkjanna væri valinn úr þeirra hópi. Íslendingur á löggjafarþingi Bandaríkjanna! Með hvaða móti fáum vér betur brotist fram? Á hvaða hátt reist landnámi voru fegurri og varanlegri minnisvarða? Því trúa má því, þótt steinn rísi við stein í Vikurreit, eða Hallson, eða Gardar, eða Sandhæða með áletruðum nöfnum allra landnemanna og sona þeirra og dætra, að þeir varðar verða skammvinn vegamerki, er fram líða stundir. Letrið máist, steinninn fellur í jörð, og ef ekkert er annað, er mint fær á landnám vort og hingaðkomu, verðum vér öll sek um varðvíti eins fyrir það. Þeir dauðu ganga ekki fram af gröfunum að reisa við steininn, ekki heldur til að letra á ný nöfnin, er veður og vindur hafa burtu máð. Sé íslenzk nöfn ekki grafin á spjöld sögunnar — sögu þjóðarinnar, er vér búum með, verða þau hvergi geymd, nema ef vera skyldi með örfáum ljóðbrotum, er berast kynnu austur um hafa og geymast þar. — Likt og Grænlenzku kviðurnar, er halda við minningunni um týnzlu landnemanna þar. Þar týndust Íslendingar fyrir skrælingjum. Hér yrði þá sagan öfug. — Hér týndumst vér, af því vér hefðum ekki getað haldið voru til móts við aðra menn! Og það er hugraunin meiri.

Þótt vér ræktum landið og ryðjum mörkina, geymist það skamt, ef ekkert er meira. Strax og vér sleppum höndinni af plógskaftinu og göngum til hvildar, tekur annar við og sáir og uppsker akrana, er vér höfum ræktað. Þannig tekur einn við af öðrum. Og moldin mezt ekki um það við neinn, hver hana plægir. Og svo gleymast þeir fyrstu og þeir aðrir og þriðju, unz það er að lokum orðin svipul sögn um það, hverjir voru fyrstir, hvað þeir afrekuðu og hversu þeir týndust. Og það eru þau örlög, er vér ættum að stríða á móti í lengstu lög. (Frh.).

Björnstjerne Björnson.

Miðvikudaginn þann 27. apríl andaðist í Parísarborg skáldkonungur Norðurlanda Björnstjerne Björnson, eftir langvarandi veikindi, nær áttræður að aldri.

Með honum eiga Norðmenn á bak að sjá ekki að eins sínu mesta og mætasta skáldi, heldur einnig mikilhæfum stjórnmálamanni, þjóðmenningar frömuði, eða með öðrum orðum, einhverju því mikilhæfasta andans stórmenni, er verið hefir uppi á Norðurlöndum um langan tíma.

Björnstjerne Björnson var fæddur 8. dag desembermánaðar 1832 á bænum Kveikni í Austurdal, norðan til í Noregi. Var faðir hans prestur þar. Bæði voru foreldrar hans af bændafólki komin og gáfuð vel. Þegar hann var 18 ára, var hann sendur á stúdentaverksmiðju gamla Heltbergs, sem fræg var fyrir það, að geta troðið í tornæm og slarkfengin ungmenni, sem flestir aðrir voru ráðþrota með, og víst er það, að hefði það ekki verið fyrir gamla Heltberg, hefði Björnson líklegast aldrei orðið stúdent, því námsmaður var hann lítill.

Að stúdentsprófi loknu, tók hann fyrir kenslustörf um hríð, en hætti því brátt og varð blaðamaður og leikdómari, og gaf sig við skáldskap jafnframt, en að því kvað fremur lítið, þar til árið 1857. að hann gaf út söguna Sigrún á Sunnuhvoli, sem flestir landar munu kannast við, og ótir það rak hvert snildarritið annað. Bezt kunn af verkum hans meðal Íslendinga eru — auk Sigrúnar — Kátur piltur, Arni og Brúðkaupslagið, sem allar hafa verið þýddar á ísl., og leikirnir Milli bardaganna, Gjaldþrotið og Um megn, og þessutan fjöldi kvæða, sem ýms íslen(k skáld hafa þýtt á vora tungu. Því hann var stórskáld í þrennum skilningi: sagnaskáld, ljóðskáld og leikskáld.

Þó sagt hafi verið um Björnson, og það með sanni, að hann væri norskastur allra Norðmanna, þá hefir ekkert skáld, utan Íslands, verið jafn gagnkunnugur fornsögum vorum og fræðum en einmitt hann, og sú bók, sem hann hélt mest af, var Heimskringla Snorra Sturlusonar. Það var Snorri, sem kvað inn í hann orðfæriið, búningin og hinn þjóðkennilega blæ á skáldskap hans, en efninu og hvern ig með það var farið, því réð að öllu leyti þetta, sem norskur þjóðarandi hafði grætt á löngum tíma mótlætinganna. — Hver sá, sem les skáldrit hans, verður þess strax var, að það, sem aðallega vakir fyrir skáldinu, er að vekja og glæða hina norsku þjóð, hrinda henni fram á braut menningarinnar, og gtra hvern einstakling að sjálfhugsandi og nýtum manni. Þess bera sveitalífssögur hans ljósastan vott um.

Það, sem auðkennir kvæði hans sérstaklega, er karlmenska, þrek og fastlyndi og einbeittur vilji á, að brjóta alla fjötra, sem halda huganum föstum við það, sem er lágt og smásálarlegt, að vekja af deyfðarmókinu og boða bjartara andans sjónarsvið; og það tekst honum öllum öðrum framar, með sínum frum-norska búningi, þróttmikla máli og sannleiksþrungnu kjarnyrðum.

Á meðal snildarkvæða B.B. er hinn gullfallegi þjóðsöngur Norðmanna, "Ja, vi elsker dette Landet".

Í leikritum sínum ræðst B.B. á það, sem honum finst rotið og úrelt vera á þjóðarlíkamanum, og ekki að eins hann rífi niður, hann byggir upp jafnharðan aftur. Það hefir verið sagt um hann, að hann mætti hvergi sjá fúna fjöl, svo hann bryti hana ekki í sundur og setti nýja í staðinn. Sömuleiðis snerta leikrit hans mikið heimilin og heimilislíf. Undirstaðan fyrir góðu heimili er siðlátt hjúskapar- og heimilislíf, segir B.B.

Björnstjerne Björnson hefir verið boðberi nýrra strauma í skáldskap Norðmanna. Fjöldi hinna yngri skálda, ekki að eins norsk heldur bæði dönsk og íslenzk, hafa stælt hann meira eður minna, t.d. Matthías Joch, H. Hafstein o.fl., enda er B.B. verðug fyrirmynd.

Auk stórskálds og þjóðmenningar frömuðs, var B.B. mikið við stjórnmál riðinn. Hann var reyndar aldrei neinum föstum flokksböndum bundinn, en engu að síður var hann leiðandi maður í norskum stjórnmálum. Stefnu sinni í stjórnmálum lýsir hann bezt sjálfur í þessum vísuorðum:

Og réttur er, að allir séu jafnir,
að allir geti sín í milli kept.

Eða með öðrum orðum, fult frelsi og svigrúm til að vinna og taka framförum.

Ræðuskörungur var B. B. með afburðum. Málsnild hans var töfrandi og þess utan var hann gæddur óvenjulega mikilli leiklistargáfu, og þegar það tvent er samfara hljóta áhrif ræðumannsins að verða mjög mikil, og er þess vegna ekki að undra, þó fyrirlestrar hans og ræður hafi haft jafn-geysimikil áhrif á hina norsku þjóð, sem raun hefir á orðið, hvort heldur um stjórnmál eða annað var að ræða. — Það er rétt án efa, sem Matth. Joch. segir um B.B. í þessum vísuorðum:

"Enginn kappi hjó svo hart og
svifti
heillar þjóðar dauðri vanatrú;
enginn svanur landsins hjarta
lyfti
lista-snjalt og kröftugt eins
og þú".

Hvernig, sem litið er á B.B., þá var hann mikilmenni í öllu, einn þessara fáu algjöru manna, því fyrir utan bókmentastörf sín og stjórnmálaþras, fékst hann við búskap, sem hver annar bóndi. Um 20—30 ár bjó hann á jörð sinni Aulestad, tamdi hesta, seldi smjör og stundaði svínarækt, og fórst prýðilega úr hendi, enda átti hann ágæta konu, sem Karólína heitir, og var hún jafnan gjaldkeri heimilisins.

Eitt af börnum þeirra hjóna, dóttir að nafni Bergljót, er gift Sigurði Ibsen, syni stórskáldsins Hinriks Ibsens, og var B.B. mjög glaður yfir þeim tengdum. "Ég vona, að eitthvað af börnum þeirra verði skáld", sagði gamli maðurinn, "meira skáld en við Hinrik báðir til samans".

En nú er hann dáinn, jötunmennið og skáldkonungurinn. En þó nýir straumar ryðji sér til rúms og ný andans stórmenni komi fram á sjónarsviðið, þá mun kynslóð eftir kynslóð minning hans geymast helg og háleit meðal hinnar norsku þjóðar.

Eins og í upphafi var getið, dó B.B. í París. Norska stjórnin sendi strax herskip eftir líkinu, og á að grafa það á ríkisins kostnað það er sjaldgæfur heiður og ekki auðsýnt nema stórmennum einum, og ef nokkurt norskt mikilmenni hefir átt það skilið, þá var það Björnstjerne Björnson.

GUNNL. TR. JÓNSSON.

DÍSARLJÓÐ.

Þú dís minna sælustu drauma,
þú drottning mins hugsjóna lands, —
ég knýti um enni þitt krans,
og hjarta míns heitustu strauma,
það helgasta elskandi manns,
alt sólskinið í sálarlífi hans
ég helga þér, dís minna drauma,
þú drottning míns hugsjóna lands.

Til faðmlags ég kveð þig á kveldi
og kyssi þinn sóleyjar munn,
í anda við himinsins unn,
því hátt yfir heims þessa veldi
ris höllin þín, dís, upp frá grunn.
við ástarinnar ótæmandi brunn.
Á sérhverju komandi kveldi
ég kyssi þinn sóleyjar munn.

Og svo þegar lífinu — leiknum
er lokið og unnið er spil
(ef ekkert er endalaust til!)
og kulnað er skarið á kveiknum,
þú kennir minn seinasta yl,
og sæll við þig að síðustu ég skil,
því þá hef ég lifað og leiknum
er lokið og unnið mitt spil.

En lifi ég að lita þig dána,
þitt lík minum örmum ég vef
og barm þinn við barminn ég hef
og kyssi þig, kæra, á brána
uns kaldur við hlið þína sef —
uns anda minn ég upp að lokum gef,
því alt eins ég elska þig dána
og örmum þig bliknaða vef.

GUTTORMUR J. GUTTORMSSON.

Socialistar í Milwaukee.

Sósialista borgarstjórinn í Milwaukee borg hefir gefið út stefnuskrá sína, og er hún á þessa leið:

"Það fyrsta, sem Sósialista flokkurinn ætlar sér að reyna að gera fyrir Milwaukee borg, er að koma fjárhagnum í rétt horf. Við viljum, að hver borgari borgi sinn tiltölulega hluta af sköttum, og að því skattfé sé réttilega skift. Við lofum ekki, að eyða minna fé, en undanfarnar bæjarstjórnir. Við lofum að eins því, að hver dollar útgjaldanna gefi gjaldþegnunum fult jafngildi í verkinu. Ef til vill verðum vér að fá nefnd sérfræðinga til þess að yfirfara skattbækurnar. Um það veit ég ekki, en við ætlum að vera vissir í okkar sök áður enn við hefjumst handa. Stefna vor innifelst aðallega í þess um 20 liðum:

1. að borgin hafi ráð yfir sínum eigin málum.
2. Að lagafrumvarp hafi upptök hjá borgurunum og séu borin undir þá.
3. Betri skólar.
4. Að borgin eigi öll sín nauðsynjatæki.
5. Tveggja centa máltíðar.
6. Að strætisbrautafélagið sé skyldað til að vökva strætin.
7. Að öll borgarvinna fari fram undir reglugjörð vinnufélaganna.
8. Að allir fái sæti í strætisvögnum, og að vagnarnir flytji jafnan með sér varnartæki við slysum.
9. Þriggja centa strætisfargjald.
10. 8 klukkustunda vinna á sólarhring.
11. Ódýrara gas.
12. Ódýrari ís, á þann hátt, að bærinn eigi hann allan.
13. Ódýrari kol og annar eldiviður með því að bærinn eigi það.
14. Ódýrara og betra ljós og meira af því, með því að bærinn framleiði það á eigin reikning.
15. Öll auðfélög borgi fullan skatt til bæjarins.
16. Hreinir strætisvagnar.
17. Straeta-salerni og þægindahæli.
18. Allir iðjuleysingjar fái 8 stunda stöðuga atvinnu með fullu Union kaupgjaldi.
19. Að ekkjur, sem vinna fyrir fjölskyldu með því að þvo fyrir aðra heima hjá sér, fái vatn sitt borgað af bæjarfé.
20. Ódýrt brauð með því að heimta fulla þyngd hvers brauðs.

— Louis Paulham, franska loftsiglingamanninum, sem nýlega vann 50 þús. dollara, sem Northcliffe lávarður hét að gefa hverjum þeim, er gæti flogið undir ákveðnum skilyrðum milli London og Manchester, — var haldin veizla mikil í London að afloknu fluginu og afhent þar verðlaunaféð. Northcliffe lávarður gat ekki verið viðstaddur, en gerði orð að hann ætlaði að gefa aðrar $50,000 fyrir annað flug.

Leikflokkurinn okkar!

Maður einn að nafni Sigurbj. Paulson, mér ókunnur með öllu, hefir í sl. blaði Heimskringlu gjört mér þann heiður, að skrifa um mig skammir út af dómi minum um Æfintýrið.

Ég er manninum þakklátur fyrir greinina, bæði vegna þess, að hún gefur mér tækifæri til að gagnrýna leikinn frekar, en sér í lagi fyrir það, að hann hefir forðast sem heitan eld, að rökstyðja mál sitt hið minsta, að öðru leyti en því, að kalla dóm minn dómadags vitleysu, og er það harla létt á metunum. — Jú, það er satt, hann segist hafa séð þennan sama leik leikinn á Seyðisfirði, og engu betur enn hér, og þar þó leikinn af góðu íþróttafélagi! Já, einmitt það, ég hafði reyndar haldið, að vera góður glimumaður eða sundmaður væri sitthvað og að vera góður leikari. Það ætti hver meðal hálfviti að sjá, og þó félagið sé afbragðs íþróttafélag, getur það verið gjörsneytt öllum leikara hæfileikum, svo sú rökstuðning er ekki upp á marga fiska, — og svo er um flest annað í áminstri grein.

Hinn virðulegi greinarhöfundur talar mikið um leikfélagið o k k a r. Hvaða okkar? Mér vitanlega á herra Sigurbj. Paulson ekkert í þeim leikflokki, sem hér er um að ræða, eða á einn eða annan hátt riðinn við hann, nema ef vera skyldi sem dyravörður eða gólfsópari. En það er satt, sér eignar smali fé, þó engan sauðinn eigi.

Mr. Paulson segir, að dómur minn um leikarana sé bandvitlaus. Má vel vera, að svo sé í hans augum og þeirra, sem glámskygnir eru, en þeir menn af viti, sem ég hefi átt tal við, hafa verið mér fyllilega samdóma um flest það, er ég drap á. Mér er illa við, að þurfa að gagnrýna leikarana enn þá einu sinni, en grein Mr. Paulsons knýr mig til þess. Þó ætla ég mér, að láta nægja með Skrifta Hans og kammeráðsfrúna, því þeim hælir hann fram úr hófi, en ég lastaði bæði í greinarstúf minum.

Eins og ég tók fram í fyrri grein minni, þá áleit ég, að Skrifta-Hans ætti að vera sýndur sem slunginn bragðarefur, með vitið fyrir neðan nefið, eiga auðvelt með að breyta um málróm, látbragð og limaburði, þegar svo bar undir. En mér kom hann fyrir sjónir sem aulalegur ræfill, breytti alls ekkert um mál svo að gagni kæmi, söng rammfalskt og limaburður klunnalegur, — eða með öðrum orðum, algjörlega ómögulegur persóna, sem leiðandi maður leiksins. Á herðum Hans hvilir leikurinn að mestu, sé hann ómögulegur, getur leikurinn aldrei orðið annað en í handaskolum, hvað vel sem hinir kunna að leika, — og um þennan leikara segir greinarhöf., að hann hafi leikið mjög vel. Veslings maðurinn!

Þá vildi ég lítillega drepa á blessaða frúna, vegna þess að höf. greinarinnar taldi hana með þeim beztu. Mér kom hún fyrir sjónir, mikið likari málgefinni og karlfýsinni vinnukonu til sveita, enn mentaðri og myndarlegri hefðarfrú, sem hún átti að sýna, og þess utan söng hún flest lögin meira eður minna fölsk. En Sigurbj. Paulson telur hana ágæta, það er eini munurinn.

Um hina leikarana ætla ég ekki að tala, stend við minn fyrri dóm.

Mér dettur ekki í hug að efast um, að allir hinir heiðruðu leikarar hafi gert alt hið bezta, sem í þeirra valdi stóð til að sýna góðan leik, það sýnir að eins, að vilji og hæfileikar eru ekki ætið samfara, og sjarri er það mér, að vilja níða fólk, sem ég ekki þekki. En það er skylda, að finna að, þegar aflaga fer; að hæla fólki fyrir alla skapaða hluti, sem hér oftlega hefir verið siður, er skaðlegt, kemur því til leiðar, að fólk vandar sig minna en ella og kærir sig kollóttan, því það veit, að það á hrós í vændum, hvernig sem alt gengur.

Hvað því viðvíkur, að ég hefði átt að geyma að dæma um leikinn, þar til hætt var að leika, er heimska. Að hvaða gagni kæmu leikdómar, ef sá væri siður.

Herra Sigurbj. Paulson hefir auðsjáanlega ætlað að slá sig til riddara með þessari grein sinni, það er lofsvert áform, og ekki hefi ég það að lasta. En hinsvegar mundi hafa verið betra fyrir hann, að hafa aldrei ritað þess grein, því hún ýfir upp hálfgróin sár, og litlar þakkir munu leikararnir gjalda honum þar fyrir.

Ég fyrir mitt leyti kenni í brjóst um veslings manninn.

Gunnl. Tr. Jónsson.

Atvinnuleysið.

Af hverju ætlar fólk héðan úr bænum svo tugum skiftir til Ameríku næstkomandi vor? Er það ekki af þeim hagfræðislega hugsunarhætti borgarstjórans og bæjarstjórnarinnar, sem ríkt hefir og ríkir hér enn, að leyfa ekki mönnum að taka ónotuð og ónumin lönd bæjarins til ræktunar?! En í Ameríku er þakkað fyrir, og hver einn maður styrktur af stjórninni á allar lundir, sem tekur þar óbygð lönd til ræktunar, og eftir þrjú ár, hafi þeir unnið ákveðinn hluta af landi þessu, og þarf örlítinn hluta til þess, þá fá landtakendur löndin gefins, og eru þá orðnir jarðeigendur og til styrktar þjóðfélaginu úr því alla sína æfi, og niðjar þeirra eftir þeirra dag. Hversu ólíkt er þetta því sem hér er? Þó menn hafi nú fengið erfðafestulönd bæjarins áður, þá hefir það hangið í því, að landtakandinn hefir fengið landið leigulaust að eins í þrjú ár, meðan hann hefir átt að vinna að því sér til afnota. En strax eftir þau ár, — hana nú! þá er lagt eftirgjald á það árlega eftir verðlagsskrá bæjarins ár hvert. Það er svo sem ekki verið að reyna að hlynna að eða hvetja til landtökunnar hér, heldur þvert á móti að flæma beztu og duglegustu menn úr borginni til annara landa, þar sem þessi atvinna er bæði styrkt og virt af stjórnendunum þar. Það er hörmung, að hugsa sér frammistöðuna hér með þessu háttalagi þeirra, sem stjórna eiga til hagsælda og heilla borgurum þessa bæjar. Einhvern tíma birtir hér, eða bærinn fellur í aðra stjórnardeild, máske al-útlenda, sem þá hugsar betur um hag borgaranna, en mér virðist, og er ómótmælanlegt, að nú sé gert, þar sem fjöldinn, sem fyr er sagt, ætlar að flýja héðan undan þessari — líklega dæmalausu — hagfræðisleysi þeirra, sem settir eru til að sjá um hag bæjarins.

Síðan ég skrifaði um atvinnuleysið í Reykjavík í "Ingólf", hefi ég talað við tvo fátæka barnamenn, sem sögðust hafa beðið um óbygt land bæjarins í haust, til að búa sér til matjurtagarð, og tóku það fram, að ef bærinn þyrfti landsins með einhvern tíma — sem mun næsta óliklegt á þeim stað — þá skyldu þeir láta löndin aftur. án þess að taka neitt fyrir verk sín þar. En báðir fengu þvert nei við því, að fá landið í kálgarð handa sér!!

Ég er gamall orðinn — ekki þó ellilær —, en mig grunar, að innan 10—20 ára verði bærinn gersnauður af vinnandi fólki, sem von er til, ef það fær ekki að vinna sér inn daglegt brauð með ærlegum handafla sínum. Skilyrðið er: Með erfiði skaltu þig af jörðunni nærá alla þína lífdaga. Kannske núverandi stjórn sé svo vorkunsöm, að hún timi ekki að láta fólkið vinna, heldur mynda letingja þar í stað!!

L. Pálsson.

— Þjóðólfur, 16. febr. '10.

Hann stóðst lækninguna.

Eitt Berlínarblaðið segir frá þessu: Í kolahéruðunum í Vestfal sækja ýmsra þjóða menn um vinnu og meðal þeirra eru nokkrir þýzkir Ungverjar, sem eru duglegir verkamenn. Slíkur Ungverji mælti einu sinni til þess við húsbónda sinn, að hann lengi að vera heima nokkra daga, sér væri svo ilt í höfðinu. Honum var leyft að fara.

Þegar hann kom heim, lagðist hann strax í rúmið. En von bráðar komu tvær samlenzkar konur að heimsækja hann. Þessar konur, ásamt konu hans, ásettu sér að lækna manninn. Þær lögðu ráð sín saman og komust að þeirri niðurstöðu, að maðurinn væri djöfulóður, en nú var eftir að vita, af hvaða tegund þessi djöfull var, — hvort nokkur stúlka eða aðrar vondar verur ættu hlut að máli. Til þess að komast að þessu, tóku þær vatn og suðu og létu í það þrjá hvítlauka. Ef laukarnir sykki, þá eru það stúlkur, sem voru að aðstoða djöfulinn, en ef þeir fljóta, eru það aðrir illir andar. Það síðasta átti sér stað, og með því var tegund veikinnar fundin.

Svo kemur nú lækningin sjálf. Þessir þrir laukar voru lagðir á enni mannsins og klútar bundnir um höfuðið, svo ekki dyttu. Svo taka þessar þrjár klóku konur sinn tréhamarinn hver, og lemja af öllu afli á höfuð veika mannsins. Þegar þær eru búnar að berja höfuð hans eins lengi og þeim þurfa þykir, láta þær hann eiga sig, í von um góðan árangur af meðferðinni. Og hann lét sig heldur ekki vanta. Tveim dögum síðar byrjar maðurinn að vinna aftur.

Skömmu síðar verður húsbóndi hans var við stórt gat á enni verkamannsins, og spyr að því af hverju það hafi orsakast. Ungverjinn segir honum nákvæmlega frá öllu, sem hann af frjálsum vilja hafi leyft konunum að geta við sig, og fyrir gatið á enninu kvaðst hann vera mjög þakklátur, því þegar hann fékk það, varð hann þess fyllilega viss, að djöfullinn fór út um það.

Þetta átti sér stað snemma á tuttugustu öldinni.

Herra Jón Hólm, gullsmiður að 770 Simcoe St., biður þess getið, að hann selji löndum sínum gull- og silfur-muni og gigtarbelti. — Belti þessi eru óbrigðul við gigt, ef þau eru notuð samkvæmt fyrirskipunum Jóns. Kosta að eins dollar og kvart.

KVEÐJA HEIM.

I.

Valkyrju veit ég eina
vera á norðurslóð,
fer yfir bautasteina
bál frá kyntri himinglóð,
alt í frá Ingólfs tíð
afltengd við sögu og lýð.
Geymir engin mærri minni,
meyjum, sveinum fegri kynni,
rímuð óðs á arinstein,
en hún ein,
Valkyrjan, Fjallkonan himinhrein.

Fari hún með fremd í vonum,
frelsi inst í hverri rún,
kenni hún sínum sonum
sókn upp á tindsins efstu brún.
Ljóðmál sé lífs þins sjón,
ljósdreymda Jökulfrón;
afltengt gegn um aldatugi
inst í brjóstum, sál og hugi
niði um þinna niðja blóð
nægta ljóð, —
fráneygða, fjallsteypta ættarslóð.

II.

Hvort á ég að snökta þér sneypuleg ljóð,
þú snædrotning, tigin og fögur,
í þrautköldu sorgrökkri að minka minn móð
og marka við útlagasögur,
að kyrkja mitt lífsafl og komandi tíð,
og kalla mig frændrækan, rista mér níð?

Ég get það ei, — virtu til vorkunnar mér,
þótt vilji' ég ei landrækur heita,
og útlaga boðorðum binda mig hér,
né bikars ins þorstláta neyta,
er drjúpandi telur út dropatal sitt
og dregur í burt frá mér móðurnafn þitt.

Með tollum og sköttum og skyldum og kvöð,
og skýþykni langt upp á himinn,
með flokkshatri, úlfúð og ryskinga röð
svo rígneglda um utasta himinn, —
ég get ekki unað þeim örlaga sjó
með öreiga þvengvarp í nauðþurfta skó.

Mér fanst sem svo sárlítið gerði ég gagn,
þótt gaufaði ég heima við bæinn:
Að verða, sem fleirtalan, átfugla agn,
en eignast ei ljósvon í braginn.
Mér fanst það svo nöpur og næturlöng sýn,
að njóta þin ekki við eigin brjóst þín.

Því hugði ég betra, að stilla minn streng
og stýra út á hafið og geiminn,
að teygja sem bezt út minn tilfallna þveng,
og treysta á lukkuna og heiminn,
með þrek það að vegnesti, er þáði' ég af þér,
og þúsundir minninga í brjóstinu á mér.

Þótt hlusti ég einmana á hljómvæmið mál,
ég hef í það minsta mig sjálfan.
Og betra' er að vita þig eina út í ál
og eigna þér verkhringinn hálfan,
en horfa' á þig örmagnast öræfin við,
og eiga' engin tök til að veita þér lið.

Og útlagadóminn ég sé þar ei samt,
er sæki mig þurðfullum brýnum.
Þótt uni ég þér fjarri, ég elska þig jafnt,
og inst inn í dölunum þinum
ég á þig að, móðir, þú átt mig að son,
er metur þig jafnt sinni glæstustu von.

Og hvar sem ég flækist í fjarlægð við þig
ei faðmsbreidd á milli' okkar stendur.
Að Íslendings einkennum arfleiddir mig,
þau una sér þinar við strendur.
Og hugurinn byggir þinn hájöklageim,
þótt höndurnar strita út í Norðvesturheim.

Hvert eyjaband fagurt með æðardúnstak,
hvert útver, hvert framnes, hver tangi,
hvert hárómað fossljóð, hvert heiðlóukvak,
hver hraunstrípur, klettur og drangi, —
það alt er mér jafn-kært og jökullinn þinn
er élskelfdur dýpst inn í hugleikinn minn.

Og göngina þína og garpsþrek mér ljá,
að geymi það alt, er þú sáðir,
svo þótt að í útveri falli ég frá,
þú finnir það mest, er þú þráðir,
hjá fjarlæga syninum fréttir hvert sinn:
Er föng voru á, var hann málsverji þinn.

Tob. Tobiasson.

ROBLIN HOTEL
115 Adelaide St. Winnipeg
Borgta $1.50 á dag hús í Vestur-Canada. Keyrsla ókeypis milli vagnstöðva og hússins á nótt og degi. Ágætur mat og beztu vín og vindlar. Vér sækjum Íslendinga á vagnstöðvar. OLAFUR G. ÓLAFSSON, Íslendingur, afgreiðir yður. Heimsækjið hann. —
O. ROY, eigandi.

A. S. BARDAL.
Selur líkkistur og annast um útfarir. Allur útbúnaður sá bezti. Enfremur selur hann alskonar minnisvarða og legsteina.
121 Nena St. Phone 306

HEIMSKRINGLU og TVÆR skemtilegar sögur fá nýir kaupendur fyrir að eins $2.00

Giftingaleyfisbréf
selur: Kr. Ásg. Benediktsson
528 Simcoe st. Winnipeg.

THE
"Arena"
Þessi vinsæli skautaskáli hér í vesturbænum er nú opinn. Isinn er ágætur. 18DA MOUNTED RIFLES BAND SPILAR Á ARENA. KARLM. 25c.—KONUR 15c.
Chas. L. Trebilcock, Manager.

JIMMY'S HOTEL
BEZTU VÍN OG VINDLAR.
VÍNVEITARI T.H.FRASER.
ÍSLENDINGUR.
James Thorpe, Eigandi

A. S. TORBERT'S
RAKARASTOFA
Er í Jimmy's Hótel. Besta verk, ágæt verkfæri; Rakstur 15c en Hárskurður 25c. — Óskar viðskifta Íslendinga. —

MARKET HOTEL
146 PRINCESS ST. á móti markaðnum
P. O'CONNELL, eigandi, WINNIPEG
Beztu tegundir af vínföngum og vindl um, aðhlynning góð, húsið endurbætt

Woodbine Hotel
456 MAIN ST.
Stærsta Billiard Hall í Norðvesturlandinu
Tíu Pool-borð.—Alskonar vín og vindlar
Gisting og fæði: $1.00 á dag og þar yfir
Lennon & Hebb,
Eigendur.

Á beztu heimilum
hvar sem er í Ameríku, þar munið þér finna HEIMSKRINGLU lesna. Hún er eins fróðleg og skemtileg eins og nokkuð annað íslenzkt fréttablað í Canada

bæði fyrir mig og ykkur, ég kenni í brjóst um mömmu þína. Hvar eigið þið heima?

Í bakhýsi í endanum á Svartabekkjargötunni. Þú ert góður maður, ef þú hjálpar okkur".

"Ég skal finna ykkur á morgun", sagði Móritz. Hvað ertu gömul, stúlka mín??"

"Bráðum fjórtán ára".

"Ertu fædd í Uppsölum?"

"Nei, við vorum fyrst nokkur ár í Stokkhólmi, en þegar mamma gat ekki fengið neitt að gera þar, þá fluttum við hingað".

"En faðir þinn? Lifir hann ekki?"

"Ég hefi aldrei séð föður minn og veit ekkert um hann. Mamma vill ekki um hann tala, þó ég hafi spurt hana um hann".

"Hún hefir heldur aldrei minst á það við mig, að hún ætti dóttur", sagði Móritz. "Hefirðu lært að lesa?"

"Já", svaraði hún fjörlega, "ég hefi lesið mikið, skal ég segja þér. Þegar ég var 9 ára, gekk ég um göturnar í Stokkhólmi og söng, til þess að vinna mér inn fáeina skildinga, og einn daginn mætti ég rosknum heldra manni, sem þótti svo mikið koma til raddar minnar, að hann bauð mér heim, tók mig fyrir fósturbarn, gaf mér filleg föt og lét kenna mér söng og hljóðfæralist. Það var áform hans, að ég yrði söngmær á leikhúsi; en að þremur árum liðnum tóku forlögin í taumana, hann dó þá, og ættingjar hans og erfingjar ráku mig í burt, svo ég neyddist til að fara aftur til vesalings mömmu, jafn fátæk og áður. Nokkru seinna fluttum við hingað til Uppsala, og hér verð ég að búa í óhreinum og ógeðslegum ofa, í staðinn fyrir skrautlega og viðfeldna herbergið, sem ég hafði á velliðanar árum minum".

Vesalings litla stúlkan gat ekki varist gráti, þegar hún mintist þessa liðna tíma.

"Vesalings barn", hugsaði Móritz. "Ó, hvers vegna er ég ekki ríkur?"

"Þú getur þá sungið, góða Helen?" spurði hann.

"Já, það er það eina, sem ég get huggað mig við".

"Þú leikur líklega á hljóðfæri líka?"

"Já, ég átti gítar, þegar ég var hjá velgjörðamanni minum, og það var sagt, að ég léki heldur vel, en nú á ég hann ekki lengur".

"Hvað er orðið af honum?"

"Ég neyddist til að selja hann í vetur, til þess að geta fengið mat handa mér og mömmu. Síðan hefi ég ekkert hljóðfæri haft".

"Littu nú á", sagði Móritz, og tók um leið gítarinn sinn ofan af nagla í veggnum, því hann lék líka á hljóðfæri og söng, "syngdu nú og spilaðu eitt lag fyrir mig".

"Hvað á ég að syngja?" spurði Helen, tók við gítarnum og lék nokkra söngtóna kunnáttulega.

"Einhverja stutta vísu", sagði Móritz, "uppáhaldsvísuna þína, því ég þykist viss um, að þú eigir einhverja slíka".

"Þá ætla ég að syngja Alpafjallamærin", hrópaði Helen hrifin. "Hefir þú heyrt það lag, hr. Sterner?"

"Nei, lofaðu mér að heyra það".

Svo byrjaði Helen að syngja.

Móritz hlustaði hrifinn á hreinu, fögru tónana, sem streymdu yfir varir hinnar fátæku söngmeyjar. Hann mundi ekki eftir því, að hann hefði nokkru sinni heyrt fegurri röddu, og fann sárt til þess, hve leitt það var, að jafn góða hæfileika skyldi skorta fullkomnun.

Það voru mörg erindi í kvæðinu, sem Helen söng, svo það tók nokkurn tíma, að syngja þau öll, en því lengur sem hún söng, því meira fjör geislaði í

augum hennar, og þess hreinni og fegurri varð rödd stúlkunnar.

Á meðan söngurinn stóð sem hæst voru dyrnar opnaðar, og tveir menn komu inn, en þöglir af undrun stóðu þeir kyrrir við þröskuldinn.

Hvorki Helen, sem var frá sér numin af eldlegum áhuga, né Móritz, sem hafði sökt sér niður í að horfa á þetta bljúga, saklausa barn, urðu þess vör, að gestir voru komnir, og því hélt söngurinn truflunarlaust áfram um stund.

Loks gerði annar gesturinn hávaða ósjálfrátt.

Helen varð hrædd og þagnaði, en Móritz leit til dyranna.

"Veitir þú tilsögn í hljóðfæraslætti, vinur minn?" sagði annar gesturinn, hár og grannur unglingur með svipmikið og sérlega tígulegt útlit. "Það er sannarlega snotur námsmeyja þetta".

Helen roðnaði í framan.

"Hún er dóttir þjónustunnar minnar", svaraði Móritz brosandi. "Hún syngur eins og engill, finst þér það ekki, Hólm?"

"Ágætlega", svaraði hann. "En, má ég ekki kynna þig ungum landa, sem kom frá Wermalandi í dag til að líta stúdentsprófi, hann hefir meðferðis bréf til þín frá einum vina þinna. — Hr. Sterner barún Ehrenstam", sagði hann um leið og hann kynti þá hvorn öðrum.

"Ehrenstam", sagði hann og horfði rannsakand. augum á þennan unga barún, sem heilsaði með skeytingarlausri hneigingu, þegar hann var búinn að líta fyrirlitnu garaugum í kring um sig. — "Ehrenstam, á það í tafn".

Hann átta ði sig þó strax og sagði kuldalega:

"Kemur hr. barúninn frá Wermalandi?"

"Já", svaraði Georg, sem nú var orðinn langur, 17 ára gamall sláni, mikillátur en skeytingarlaus í

hátterni, "ég kem frá Liljudal, óðalseign föður míns, sem er í sömu sveitinni og þú ólst upp í. Ég lofaði að afhenda þér sjálfur þetta bréf, það er frá vini þínum og velgjörðamanni, mig minnir hann heiti séra Bergquist, eða eitthvað því líkt".

"Þakka þér fyrir", sagði Móritz, þegar hann tók á móti bréfinu, "gjörðu svo vel, að fá þér sæti, herra barún".

Georg settist í legubekkinn og horfði á Helenu í gegnum sjónargler með háðslegum svip. Hún var svo feimin, að hún vissi ekki, hvað hún átti að gera af sér.

"Það er býsna kalt hjá þér, Sterner", sagði Hólm og nuggaði saman höndunum. "Viltu ekki láta eitthvað í ofninn?"

"Jú", svaraði Móritz og roðnaði lítið eitt, "en það vildi þannig til, að þegar ég kom á torgið í dag til að kaupa eldivið, þá var torgtíminn liðinn, ég kom of seint, en á morgun skal ég gæta min betur".

"Þetta er falleg stúlka", sagði Georg við sjálfan sig. "Ef mér skjátlar ekki, þá verður hún innan fárra ára í fremstu röð fegurstu kvenna".

Helen brá sér snöggvast í búrtu til að sækja vatn í borðflöskuna.

"Herra barún", sagði Móritz dálítið kýminn. "Þú, sem ert svo ríkur, að þú gætir keypt hálfa Uppsali, hefir hér ágætt tækifæri til að koma fram sem listfrömuður. Þessi vesalings Helen syngur ágætlega, og langar mikið til að komast í söngmeyja flokk á leikhúsi, en hefir ekki getað náð nægri fullkomnun sökum ónaskorts. Ef þú vildir nú taka að þér að annast hana og sjá um nám hennar, er líklegt að hún með tímanum mundi verða þér til mikils sóma. Það geta dulist hjá henni hæfileikar, sem geta gert hana nafnkunna um alla Norðurálfu, ... og þá verður þitt nafn nefnt í sambandi við hennar".

Frá Shoal Lake.

Sunnudaginn þann 24. apríl var haldin afar-fjölmenn veizla í samkomuhúsinu við Markland, og var boðið þangað öllum Íslendingum austan Grunnavatns, og að auk nokkrum frá Vestfold og Oak Point. Munu flestir hafa sótt, er boðnir voru, því þar var saman komið hátt á annað hundrað manna. Voru tveir ungir og einhverjir efnilegustu menn bygðarinnar að halda brúðkaup sitt, og stóðu foreldrar brúðhjónanna fyrir veizluhaldinu.

Brúðhjónin voru þau herra Snæbjörn J. Halldórsson, sonur Jónasar Halldórssonar og Jóhönnu Jóns dóttur, er lengi bjuggu í Dakota og voru ein með fyrstu landnemum þar, en fluttust með fjölskyldu sína til Grunnavatnsbygðar nú fyrir 15 árum síðan, og ungfrú Guðný Margrét Sveinbjörnsdóttir. Eru foreldrar hennar þau Sveinbjörn Sigurðsson og Eiríka S. Eiríksdóttir, einhverjir fyrstu landnemar í Grunnavatnsbygð, hafa búið þar nú langt yfir 20 ár. Voru brúðhjónin gefin saman þá um kvöldið í Markland Hall, og hófst veizlan strax að hjónavígslunni afstaðinni.

Þá fyrir nokkrum dögum hafði herra Carl F. Lindal, sonur Björns og Svövu Lindal, við Markland, verið gefinn saman við ungfrú Hólmfríði Júlíönu Jósephsdóttur, vestur hjá Wild Oak, og héldu þau nú einnig veizlu sína í samfélagi með hinum brúðhjónunum. Var því boðið þeirra beggja ungu hjónanna.

Gestir gengu undir borð kausu fyrir miðnætti, og var þá borinn fram kveldverður, að öllu hinn kostulegasti, og skipuðu foreldrar brúðhjónanna herra Vigfús Guttormsson á Oak Point veizlustjóra. Ekki var borðhaldi lokið fyr en um kl. 2, og var þá tekið til skemtana með dansi, hljóðfæraslætti og ræðuhöldum. Þar var lúðraflokkur bygðarinnar og skemti hann með hornablæstri af og til um nóttina.

Ræður fluttu: Árni postmeistari Frímann, frá Vestfold, Vigfús Guttormsson, séra Rögnv. Péturs son, frá Winnipeg, og fleiri. Og eftirfylgjandi kvæði flutti Vigfús Guttormsson brúðhjónunum að skilnaði:

Það lyftir oss hæst, ef við lifum stund,
sem lifið og andinn þráir,
og sjáum eitt bros, sem blíðkar lund
og blómum á veginn stráir,
þegar blessað sumar með sól og blæ
og sigrandi kraft í augum
til lífsins kallar hvert fræðið fræ
úr fylgsnum í duftins haugum.

Þá sæmir oss ei að lúta látt,
fyrst lifið oss veitir gæði,
og sögnum nú allir í friði og sátt,
og flytjum vor heilla kvæði.
Því nú er hér gleði um miðnæturmund,
á Markland er brúðkaup haldið,
og hér fær ei neinn að festa blund,
sem fótunum getur valdið.

Og brúðhjónin hafa byrjað vor
með blíðum vonar degi;
við óskum þau gangi gullin spor
á gæfunnar sælu-vegi,
og aldrei dvíni dáð né þor
og dygðum aldrei gleymi,
og ást og trygð og eilift vor
í ykkar sálar heimi.

Við blessum hér yfir brúðhjón tvenn,
sem byrja á nýjum vegi,
og óskum þau verði vísir menn
og vinsælli dag frá degi,
á æfinnar leið fyrir lífsins gnoð
sig lægi mótgangs bára,
og himnanna guð sé þeim hjálp og stoð
í hafróti komandi ára.

Nokkru fyrir dagrenningu voru frambornar skálar, og drukkið minni brúðhjónanna, og gekst hr. Björn Lindal fyrir því fyrir hönd sonar síns. Var drykkurinn blandaður víni, er Björn hafði geymt nú í 27 ár, frá því að hann hélt veizlu sína í Winnipeg. Og hafði margur hinna eldri vina hans gaman af, að geta setið veizlu þeirra beggja, hans og sonar hans, og neytt kostanna, er fram voru reiddir í hvoru tveggjum veizlunum. Ekki hlaust þó nein ölvæð af, þó forn væri mjöðurinn, og fór veizluhaldið hið bezta fram.

Um miðjan morgun fóru gestir að búast til heimferða, og var það flestra mál, að ekki hefði þeir átt skemtilegri næturvöku en þessa.

Til bústaða ungu hjónanna fylgjast með þeim árnaðaróskir frænda og vina í Shoal Lake.

Gestur.

Auðlegð Alaska.

Blaðið "Hamptons Magazine" segir að auðlegð Alaska héraðsins sé $1,500,000,000,000. Þessar tölur eru svo stórar, að alþýða manna getur enga nákvæma hugmynd gert sér um hinn eiginlega veruleik þeirra, en ekki eru þær gripnar úr lausu lofti, heldur bygðar á skýrslum, sem Bandaríkjastjórnin hefir látið semja. Einn Alaska búi gat þess nýlega, að ekki væru uppi nema einir tveir, sem eiginlega hefðu nokkra nákvæma þekkingu á Alaska og auðlegð þess héraðs. Annar þeirra væri guð almáttugur en hinn væri Alfred H. Brooks, einn af meðlimum landfræðingafélags Bandaríkjanna, og á hans ábyrgð eru tölur þessar gerðar.

Herra Brooks segir, að aðeins fimti hluti Alaska héraðsins hafi enn verið mældur og það mjög ónákvæmt, en regluleg landfræðisleg mæling hafi enn ekki verið gerð á meiru en einum hundraðasta hluta landsins. Og á þeirri þekkingu, sem fengist hefir á þessum hundraðasta hluta landsins, byggir herra Brooks tölur sínar um auðlegð þess. Alt hitt svæði héraðsins er óþekt, að undanteknum smáblettum hér og þar.

Brooks telur gildar ástæður fyrir þeirri áætlun, að í Alaska séu 500 milión dollara virði af útþvottargull. Það er: gulli í árfarvegum og sandlögum, sem ná má með útþvotti. En svo segir hann, að vel sé mögulegt, að þar sé hundraðeða jafnvel þúsund sinnum meira gull en hann áætlar.

En um grjótgull eða gull, sem greypt er í kletta, og að eins næst með því, að mylja grjótið, segir hann að ekki sé nema ein slík náma, sem nú sé unnin í Alaska, — Treadwell náman, — en Rothschilds fjölskyldan á Englandi eru aðaleigendur að þessari námu, og hún hefir þegar gefið af sér 30 miliónir dollara. Herra Brooks telst svo til, að grjótgullið í Alaska sé að minsta kosti 625 milión dollara virði.

Svo er mikill kopar í héraðinu, að af tekju hans verða margir miliónerar. Landmælingamenn og jarðfræðingar Bandaríkja stjórnarinnar segja, að ómögulegt sé að áætla með nokkurri nákvæmni, hve margir eða miklir koparnámar séu þar í landi. En öllum ber þeim saman um, að málmur sá sé þar í feiknarikum mæli, og engu minna en er í Montana og Arizona.

Kol eru þar fundin á svæðum sem tamtals taka yfir 1238 fermilur, eða þrisvar sinnum stærra svæði en í Pennsylvanía og mikið af Alaska kolunum er eins gott og það, sem bezt fæst úr námunum í Pennsylvanía, og sumt betra.

Þetta er aðeins í hinum mælda hluta héraðsins, en í ómælda hlutanum segir herra Brooks að séu ekki færri en 50 þúsundir fermilna af kolalöndum, og að ekki sé þar minna en 15,104,500,000 tons. Hann telur, að þessar tölur megi margfalda með 10 eða jafnvel hundrað, og muni þá ekki oftalin kolaauðlegð landsins.

Svo eru þúsundir tonna af öðrum málmum, svo sem silfri, kvikasilfri, tini, blýi og járni. Einnig er þar olía í jörðu undir stórum landssvæðum, sem enginn getur reiknað út, hve mikils er virði.

Af silfri hafa um 1,817,000 únzur þegar verið teknar úr héraðinu, og járnnámar eru þar margir og auðugir.

Ein auðsuppspretta héraðsins hefir þegar verið þurausin. Það eru selveiðarnar. Þær eru nú þegar búnar að gefa af sér 125 milión dollara virði, og laxveiðarnar þar gefa af sér 10 milión dollara virði árlega.

Svo telst til, að í Alaska séu nú um 37,000,000,000 fet af ágætu sögunartimbri, en vel getur verið, að það sé tvöfalt meira en áætlað er, — segir herra Brooks. Og lönd eru þar hæf til akuryrkju og gripræktar, sem svo eru viðáttumikil, að 10 miliónir manna geta lifað af framleiðslu þeirra.

Sendið Heimskringlu til vina yðar á Íslandi

LEIÐBEININGAR--SKRA
YFIR AREIÐANLEGA VERZLUNARMENN Í WINNIPEG

MUSIC OG HLJÓÐFÆRI
CROSS, GOULDING & SKINNER, LTD.
Pianos; Player Pianos; Organs; "VICTOR" og "EDISON" Phonographs; T. H. Hargrave, íslenzkur umboðsmaður.
224 Portage Ave. Talsími 4413

BYGGINGA- og ELDIVIÐUR.
J. D. McARTHUR CO., LTD.
Bygginga- og Eldiviður í heildsölu og smásölu. Sölust: Princess og Higgins Tals. 5060, 5061, 5062

MYNDASMIÐIR.
G. H. LLEWELLIN.
"Medallions" og Myndarammar
Starfstofa Horni Park St. og Logan Avenue

SKÓTAU Í HEILDSÖLU.
AMES HOLDEN, LIMITED
Princess & McDermott. Winnipeg.
THOS. RYAN & CO.
Allskonar Skótau. 44 Princess St.
THE Wm. A. MARSH CO. WESTERN LTD.
Framleiðendur af Finu Skótaui. Talsími: 3710
88 Princess St. "High Merit" Marsh Skór

RAFMAGNSVÉLAR OG ÁHÖLD
JAMES STUART ELECTRIC CO.
324 Smith St. Talsímar: 3447 og 7802
Fullar byrgðir af alskonar vélum.
GOODYEAR ELECTRIC CO.
Kellogg's Talsímar og öll þarðlút áhöld
Talsími 3053. 56 Albert St.

RAFMAGNS AKKOKÐSMENN
MODERN ELECTRIC CO
412 Portage Ave Talsími: 5658
Viðgjörð og Vir-lagning — allskonar.

BYGGINGA-EFNI.
JOHN GUNN & SONS
Talsími 1277 266 Jarvis Ave.
Höfum bezta Stein, Kalk, Cement, Sand o. fl.
THOMAS BLACK
Selur Járnvöru og Bygginga-efni allskonar
76—82 Lombard St. Talsími 600
THE WINNIPEG SUPPLY CO., LTD.
298 Rietta St. Talsímar: 1936 & 2187
Kalk; Steinn, Cement, Sand og Möl
MATHESON AND GAY
Húsasmiðir, smiðkarar og viðgerðarmenn
221 Higgins Ave. Winnipeg

BYGGINGAMEISTARAR.
J. H. G. RUSSELL
Byggingameistari.
í Silvester-Willson byggingunni. Tals: 1068
PAUL M. CLEMENS
Bygginga-Meistari, 443 Maryland St.
Skrifst.: Argyle Bldg., Garry st. Talsími 5997

BRAS- og RUBBER STIMPLAR
MANITOBA STENCIL & STAMP WORKS
471 Main St. Talsími 1880 P. O. Box 244.
Búum til allskonar Stimpla úr málmi og togleðri

VÍNSÖLUMENN
GEO. VELIE.
Heildsölu Vínsali. 185, 187 Portage Ave. E.
Smá-sölu talsími 352. Stór-sölu talsími 464.

ACCOUNTANTS & AUDITORS
A. A. JACKSON,
Accountant and Auditor
Skrifst.—28 Merchants Bank. Tals.: 5708

OLÍA, HJÓLÁS-FEITI OG FL.
WINNIPEG OIL COMPANY, LTD.
Búa til Stein Olíu, Gasoline og hjólás-áburð
Talsími 1590 611 Ashdown Block

PIPE & BOILER COVERING
GREAT WEST PIPE COVERING CO.
132 Lombard Street.

VÍRGIRÐINGAR.
THE GREAT WEST WIRE FENCE CO., LTD
Alskonar virgirðingar fyrir bændur og borgara.
76 Lombard St. Winnipeg.

ELDAVÉLAR O. FL.
McCLARY'S, Winnipeg.
Stærstu framleiðendur í Canada af Stóm, Steinvöru (Granitewares) og fl.

ÁLNAVARA Í HEILDSÖLU.
R. J. WHITLA & CO., LIMITED
264 McDermott Ave Winnipeg
"King of the Road" OVERALLS.

BILLIARD & POOL TABLES.
W. A. CARSON
P. O. Box 225 Room 4 1 Molson Banka.
Öll nauðsynleg áhöld. Ég gjöri við Pool-borð

NÁLAR.
JOHN RANTON
203 Hammond Block Talsími 4670
Sendið strax eftir Verðlista og Sýnishornum

GASOLINE Vélar og Brunnborar
ONTARIO WIND ENGINE and PUMP CO. LTD
301 Chamber St. Sími: 2988
Vindmillur -- Pumpur — Agætar Vélar.

BLÓM OG SÖNGFUGLAR
JAMES BIRCH
442 Notre Dame Ave. Talsími 2638
BLÓM - allskonar. Söng fuglar o. fl.

BANKARAR, GUFUSKIPA AGENTR
ALLOWAY & CHAMPION
North End Branch: 667 Main street
Vér seljum Avísanir borganlegar á Íslandi

LÆKNA OG SPÍTALAÁHÖLD
CHANDLER & FISHER, LIMITED
Lækna og Dýralækna áhöld, og hospítala áhöld
185 Lombard St., Winnipeg, Man.

CLYDEBANK SAUMAVÉLA AÐGERÐARMAÐUR. Brúkaðar vélar seldar frá $5.00 og yfir
564 Notre Dame Phone, Main 8624

THE DOMINION BANK
HORNI NOTRE DAME AVENUE OG SHERBROOKE STREET

Höfuðstóll uppborgaður: $4,000,000.00
Varasjóður - - - $5,400,000.00

SPARISJÓÐS DEILDIN:
Vér veitum sparisjóðs innleggjendum sérstakt athygli, og borgum hæztu vexti á sparisjóðs innleggjum af $1.00 og yfir. — Barna innlegg velkomin. — Seljum peningaávísanir á ÍSLAND.
H. A. BRIGHT RÁÐSMAÐUR.

Með því að biðja sérlega um "T.L. CIGAR," þá ertu viss að fá ágætan vindil.
T.L. CIGAR
(UNION MADE)
T.L.
Western Cigar Factory
Thomas Lee, eigandi Winnipeg

NÚ TIL SÖLU
DREWRY'S
BOCK BEER
Hann er betri á þessu vori en nokkrú sinni áður. — Biðjið um hann. —
E. L. DREWRY, Manufacturer, Winnipeg

STRAX Í DAG er BEZT AÐ GERAST KAUPANDI AÐ HEIMSKRINGLU. — ÞAÐ ER EKKI SEINNA VÆNNA.

Manitoba á undan.

Manitoba hefir viðáttumikla vatnsfleti til uppgufunar og úrfellis. Þetta, hið nauðsynlegasta frjógunarskilyrði, er því trygt.

Ennþá eru 25 milión ekrur óbygðar.

Íbúatal fylkisins árið 1901 var 225,211, en er nú orðið um 500,000, sem má teljast ánægjuleg aukning. Árið 1901 var hveiti og hafra og bygg framleiðslan 90,367,085 bushela; á 5 árum hefir hún aukist upp í 129,475,943 bushel.

Winnipeg borg hafði árið 1901 42,240 íbúa, en hefir nú um 150,000; hefir nálega fjórfaldast á 8 árum. Skattskildar eignir Winnipegborgar árið 1901 voru $26,405,770, en árið 1908 voru þær orðnar $116,106,390. Höfðu meir en þrefaldast á 7 árum.

Flutningstæki eru óviðjafnanleg,— í einu orði sagt, eru í fremsta flokki nútíðartækja: Fjórar þverlandsbrautir liggja um fylkið, fullgerðar og í smíðum, og með miðstöðvar í Winnipeg. Í fylkinu eru nú nálega 4 þúsund mílur af fullgerðum járnbrautum.

Manitoba hefir tekið meiri landbúnaðarlegum og efnalegum framförum en nokkurt annað land í heimi, og er þess vegna ákjósanlegasti aðsetursstaður fyrir alla, af því þetta fylki býður beztan arð af vinnu og fjáreleggi.

Skrifið eftir upplýsingum til: —

JOS. HARTNEY, 77 York Street, Toronto, Ont.
JOS. BURKE, 178 Logan Avenue, Winnipeg, Man.
A. A. C. LaRIVIERE, 22 Alliance Bldg., Montreal, Quebec.
J. F. TENNANT, Gretna, Manitoba.

J. J. GOLDEN,
Deputy Minister af Agriculture and Immigration, Winnipeg.

"Það er hugsanlegt", sagði Georg kæruleysislega "mig langar til að gera tilraun. Hvar á hún heima?"

Móritz sagði honum það, en var þó alveg hissa á því, að slik hugsun skyldi festa rætur hjá unglingi, sem hafði sýnt honum svo mikla grimd sem barn. Bergholm prestur hafði nefnilega sagt Móritz nafnið á fjölskyldu þessari, sem þrisvar sinnum hafði sýnt honum megna ilsku og ranglæti.

En Móritz hafði enga hugmynd um þá djúpu spillingu, sem gagntekið hafði huga Georgs og fest þar djúpar rætur, að sumu leyti sem afleiðing meðskapaðrar ilsku og þess sjálfræðis, sem foreldrarnir veittu honum, en að öðru leyti því að kenna, hve spilta menn hann hafði umgengist síðustu 3 árin.

Móritz vissi ekki, að þessi 17 ára gamli unglingur hafði numið til hlítar alla lesti hinna ríku, án þess að geyma nokkurn af kostum þeirra. Hann vissi ekki, að Georg hafði dvalið tvö ár í höfuðborginni, og tekið mikinn þátt í allskonar svalli og ósiðlæti, svo að hann — jafn ungur og hann var — gat tekið undir með Henry de Vandrey og sagt: "að undanteknum landráðum, morði og þjófnaði, er naumast til sú synd, sem ég hefi ekki framið".

Það var því ekki að undra, þó hann skoðaði áhuga Georgs fyrir Helenu frá skökku sjónarmiði. Hvernig gat Móritz, sem sjálfur var hreinn og óspiltur, látið sér detta í hug, að barónssonurinn hugsaði sem svo: Þaðer máske ekki svo vitlaust, að eyða fáum hundruðum dala fyrir þessa stelpu, hún borgar mér það aftur eftir fá ár".

Móritz gat ekki látið sér detta í hug, að 17 ára gamall drengur mundi hugsa þannig, en að hinu leytinu gat hann heldur ekki skilið í áhrifum þeim, sem Helen hafði á hann, eins grimmur og hann var sem barn.

Við nákvæmari yfirvegun komst hann því að þeirri niðurstöðu, að Georg hefði ekkert meint með þessu, honum stæði á sama, hvort Helen lifði eða dæi.

Georg tók upp vasabókina sína og skrifaði hjá sér heimilistilvísun Helenar.

"Er það áform þitt, hr. barún", sagði Móritz, "að hjálpa þessu fátæka barni?"

"Já, verði reyndin á, að hún hafi hæfileika, þá ætla ég að gefa henni tækifæri til að fullkomna þá".

"Mér hefir þá ekki skjátlað", hugsaði Móritz. "Hann er ekki eins eigingjarn og tilfinningarlaus eins og ætla mætti. Það er í öllum tilfellum rangt, að dæma eftir einu einasta atviki, ekki sízt þegar það er löngu liðið".

"Herra barún", sagði hann hátt, "ég ætla að vinna með þér við þennan fagra ásetning. Ég skal kenna henni það bóklega, ef þú vilt láta kenna henni hljóðfæraslátt og sönglist og sérð um lífsuppeldi hennar. Viljir þú leggja fram peninganna, þá skal ég leggja fram vinnuna. Semur okkur um það?"

"Það dugar ekki", sagði Georg og leit tortrygnislega á Móritz. "Ef hún á að verða að nokkru, þá verður hún að fara til konunglega leikhússins í Stokkhólmi, ég skal sjá um, að það verði tekið á móti henni sem námsmeyju, og sömuleiðis um það, að hún geti komið myndarlega fram, hvað klæðnað og annað snertir.

"En hana skortir undirbúning", sagði Móritz.

"Hún hefir þegar fengið hann".

"Já, en ekki nægilegan".

"Jæja, það getur vel verið", svaraði Georg. "Hún getur þá verið hér í nokkra mánuði enn, og viljir þú taka að þér, að kenna henni það bóklega, þá skal ég sjá um hitt. En seinna meir verður hún eingöngu í minni umsjá".

"Þetta málefni er þá útkljáð", sagði Móritz, "og ef mér ekki skjátlar, þá mun hún síðar meir gera okkur mikinn sóma".

Helen kom nú aftur með vatnið.

"Heyrðu, stúlka mín", sagði Georg, "komdu hingað og lofaðu mér að tala við þig".

Helen gekk til hans niðurlút.

"Langar þig til að verða leikmær?" spurði Georg.

"Ó", sagði Helen fjörlega, "síðan velgjörðamaður minn tók mig að sér og lét kenna mér, hefir mig ávalt langað til þess. Ef hann hefði lifað, væri ég nú ef til vill orðin leikmær, en það er nú búið með það".

"Nei, nei", sagði Georg, "ef þú hefir hæfileika og ert iðin við nám, þá er það enn ekki of seint. Ég skal sjá um móður þína og útvega ykkur betra heimili. Þú skalt fá fallegan fatnað, góðan mat og tilsögn í sönglist og bóknámi. Að nokkrum mánuðum liðnum flytur þú til Stokkhólms, og þar skal ég útvega þér stöðu við leikhúsið. Hvað segirðu um það?"

"Þú ert að draga dár að mér, herra minn", sagði hún loksins, "það er illa gert af þér".

Svo fór hún að gráta.

"Helen", sagði Móritz, "hættu að gráta, barúninum er alvara".

"Farðu nú heim til mömmu þinnar, barnið mitt", sagði Georg. "Á morgun kem ég til ykkar".

Helen fór heim til sín, án þess að vita með vissu, hvort hún var vakandi eða að hana dreymdi.

II.

Vinirnir.

"Ég ætla nú að kveðja þig, hr. Sterner", sagði Georg, og stóð upp til að fara. "Á morgun tölum við nákvæmar um skjólstæðing okkar. Ef þú vilt líta inn til mín, þá á ég heima í Vaksalagötunni, á fyrsta lofti í Oxenstjerna húsinu".

"Þakka þér fyrir, ég ætla að koma".

"Og þegar þú skrifar prestinum þínum, fornritafræðingnum, þá flyttu honum kveðju mína".

"Hvernig líður dætrum hans?" spurði Móritz.

"Vel, ég get meira að segja frætt þig um það, af fyrverandi kennari minn, meistari Hólm, sem nú leggur stund á búnað, er að biðla til elztu dóttur hans, og það er mjög líklegt, að þau giftist".

"Meistari Hólm?" sagði Móritz, og atvikin me Austur-Indversku postulinsbollana stóðu nú glögg fyrir hugskotssjónum hans, "hefir hann keypt sér á búðarjörð?"

"Nei, hann hefir ekki keypt hana, hann fékk han hjá föður mínum fyrir það, að kenna okkur Ísabell systur minni, um mörg undanfarin ár, og enda þó Ísabella sé nú 16 ára, heimsækir hún Hólm enn jafnaðarlega, til þess að lesa með honum frönsk ítölsk skáldrit.— En það er satt, þekkirðu Hólm?"

"Mjög lítið", svaraði Móritz dálítið vandræðlegur. "Ég mun ekki hafa séð hann nema einsinni".

"Þú hefir að líkindum verið farinn úr sveitinni

Þriðja bréf að sunnan.

Herra ritstj. Heimskringlu.

Af hendingu rakst ég á síðasta blað Lögbergs (21. apríl), og sé ég þar, að öfugsnúrða all-mikil hefir hlaupið á nefið á Halldóri nokkrum Jónssyni, af þeirri einföldu ástæðu, að ég hafi verið svo ósvífinn, að opinbera í bréfum mínum til yðar stjórnmálabrask þeirra Tafts og Cannons.

Eins og vant er, þegar slæman málstað er verið að verja, krydd-ar hann ritsmíði sitt með allskonar ónotum og ruddaskap. Brigslar mér um fáfræði, illar hvatir, rangfærslur og ósannindi.

Með drambi og fyrirlitningu rembist hann ekki afl-lítið yfir því ógeðifelda verki, að gagnrýna ritgerðir, sem hann segir að séu í þeim eina tilgangi samdar, að sverta aðra. "Þykir ykkur ekki vera gorgeir í honum, piltar". En ef nú sá náungi vildi lækka svolitið seglin og stjaldra við á meðan ég tala við hann, þá mun ég geta sýnt bæði honum og öðrum áður en lýkur, að ég fór hvorki með ósannindi né rangfærslur í bréfum mínum til yðar.

Fyrst segir Halldór þessi, að ég hafi ritað bréf þessi í þeim miður góðgjarna tilgangi, að svifta Barða Skúlason pólitisku fylgi Íslendinga í Norður Dakota.

Þá fyrst þykir mér nú kasta tólfunum, ef maður má ekki láta í ljós álit sitt um stjórnarbrellur Tafts, Aldrichs og Cannons, án þess að vera að svifta B.S. pólitisku fylgi.

Að vísu sýndi ég fram á í bréfum mínum, að Barði væri í sömu klípunni og aðrir uppreistarmenn (Insurgents), að því leyti, að hann fylgdi Taft, sem ég álít vera falsk an leiðtoga samkvæmt stefnu uppreistarmanna. Ég sýndi fram á það ósamræmi í stefnu þeirra, að afneita Aldrich og Cannon, en húrra fyrir Taft, þar sem hver óbrjálaður maður hlyti að sjá, að Aldrichs, Cannon og Taft væru eitt og hið sama. Enda hafa þeir La Follette, Dolliver, Cummings og fleiri leiðandi uppreistarmenn, kannast við það síðan, að þeir gætu ekki reitt sig á Taft, sem leiðtoga sinn.

Ég sýndi einnig fram á, að repúblikan flokkurinn nú á dögum væri svo algerlega í klóm auðvaldsins og einokunarfélaga, að það væri óhugsandi, að fáeinir uppreistarmenn gætu þar nokkru umþokað af eigin ramleik; enda hefir það komið í ljós síðan, að ef Demókratar hefðu ekki fylkt liði sínu einbeittir með umbótatilraunum þeirra (uppreistarmanna), þá hefðu þeir verið sem núll, þegar til framkvæmda kom.

Ég skrifaði hispurslaust það sannasta og réttasta um hið iskyggilega pólitiska ástand hér syðra, eins og það kom mér fyrir sjónir, og þó landi vor B.S. tapi þar af leiðandi pólitisku fylgi, þá verður það svo að vera, því ég met meira velferð þjóðarinnar í heild sinni en einstaklingsins.

(Framh.)

Dakota-Íslendingur.

Vantrausts-yfirlýsing.

Þann 30. marzmánaðar 1910 var fundur haldinn að Leslie, Sask., til þess að ræða um stjórnmálaástand Íslands, og sérstaklega um framkomu núverandi ráðherra Björns Jónssonar í Bankamálinu.

Til fundarstjóra var kosinn dr. Sig. Júl. Jóhannesson og til skrifara Grímur Laxdal.

Eftir að afstaða þessa máls hafði verið rædd og skýrð eftir föngum fyrir fundarmönnum með tilvitnunum til laga frá 18. sept. 1885 og 9. júlí 1909, sem hvorttveggju virðist benda til þess, að ráðherra í framkomu sinni gagnvart fyrverandi bankastjórn, hafi gengið feti framar en lög leyfa, var borin upp og samþykt í einu hljóði eftirfarandi

YFIRLÝSING.

Sökum þess, að vér viljum vera sannir Íslendingar, þótt vér búum fjarri ættjörðu vorri, og

Sökum þess, að oss hryggir alt það, sem þjóð vorri og landi voru er til hnekkis og vansæmdar, og

Sökum þess, að vér litum svo á, að Björn Jónsson, núverandi ráðherra Íslands, hafi sýnt það og sannað, meðal annars með afskiftum sínum af Landsbankanum og framkomu sinni við fyrverandi bankastjórn, að hann sé alls ekki þeim vanda vaxinn, sem stöðu hans er samfara, — vottum vér hér með innilega samhygð vora þeim mönnum á Íslandi, er krefjast þess, að þing verði kallað saman á komandi sumri og ráðherra embættið fengið í hendur færari manni.

Fundurinn ákvað ennfremur, að senda fundargerð þessa til birtingar í blöðunum: Lögberg ogHeimskringlu í Winnipeg, ásamt Lögréttu, Norðra og Ísafold á Íslandi

Fundargerð upplesin og samþykt.

Fundi slitið.

Leslie, D. u. s.

SIG. JÚL. JÓHANNESSON,
fundarstjóri.

GRÍMUR LAXDAL,
skrifari.

Opið stjórnmálabréf

— TIL —

Dr. Sig. Júl. Jóhannessonar.

(Framhald).

LÍTILL ÚTÚRDÚR.

Finst þér það nú mjög ámælisvert, þó v.-ísl. blöðin færu ekki að flytja álíka merkilegar og sannar fréttir og þetta? Þú ámælir v.-ísl. blöðunum fyrir hlutdrægni í þessu máli, og kemst svo að orði: — "Verstu ákæru- og skammagreinar mótstjórnarblaðanna voru birtar hver á fætur annari, en svörin við þeim aldrei birt, — eða örsjaldan. Með öðrum orðum, blöðin hér vestra komu fram eins og einhliða keyptur eða leigður málafærslumaður, sem reynir af ítrasta megni, að sverta annan málspartinn, án tillits til, hvor hafi rétt fyrir sér og hvor rangt. Vilji menn efast um þetta, vísa ég þeim á Lögb., Hkr. og Baldur, á meðan baráttan stóð yfir Leima". Hvað Hkr. snertir eru þessi ummæli blátt áfram sagt ósatt mál. Ég hefi alla Hkr. meðan bardaginn stóð yfir hér á borðinu fyrir framan mig, og ég hefi leitað og leitað, hvort ég findi í henni greinar um þetta mál, er hún hefði tekið upp úr ísl. blöðunum, en get ekki fundið eina einustu. Þær eru ekki til, þó leitað væri með logandi ljósi. Heimskringla byrjar afskifti sín af þessu máli með því að birta frv. orðrétt — ekki sýndi það hlutdrægni — og þá getur hún með nokkrum orðum um mótspyrnu þá, er frv. hafi fengið á Íslandi hjá ýmsum blöðum og flokkum þar, og hvað helzt sé að því fundið, en bætir svo við af sinu eigin, að sér finnist fleira athugavert við frv., og telur það svo upp, og rökstyður um leið. Alls einu sinni er getið um það í Íslandsfréttum, að svo líti út, sem frv. sé að tapa fylgi heima, og að embættismannaflokkurinn þar muni biða ósigur við kosningarnar. — Þessar fréttir mun ég hafa skrifað, og reyndust þær að öllu sannar. Heimskringla flutti á þessum tíma skammakvæði um H.H., en einnig lofkvæði til hans, og hún neitaði að birta skammagrein, er henni hafði borist um Jón Ólafsson, og sem víst var að mestu um afskifti hans af þessu frv.-máli.

Af þessu geta menn séð, hvað Hkr. var hlutdræg. En hún flutti greinar eftir mig og aðra V.-Ísl. á móti frv. og Hafsteins flokknum, og það er ekki hægt, að telja henni það til syndar, nema hægt sé að sanna, að hún hafi neitað greinum af hinna hálfu, en blaðinu mun ekki hafa borist neinar greinar frá Hafsteins-liðum hér — þessum sárfáu —, þeim hefir þá ekki fundist það "skylduverk", að hlaupa undir bagga með honum og verja hann og stefnu hans, en þá lá honum þó mest á, að fylgjendurnir lægju ekki á liði sínu. Oft er þörf, en þá var nauðsyn.

Heimskringla flutti líka að sjálfsögðu skýrslur og samþyktir úr hinum ýmsu bygðarlögum, sem fóru á móti H.H. og stefnu hans. Fregnir af öðrum fundum og samþyktum var ekki um að ræða. — Ójú, Hafsteins-liðar munu hafa reynt fundarhald, að eins í Winnipeg, en fóru þar þær aumustu hrakfarir, er hugsast geta.

Hvort að þessi hlutdrægnis aðdróttun getur heimfærst upp á hin blöðin, skal ég ekki um segja, með því ég hefi þau ekki við hendina. Þau eru víst heldur ekki í vandræðum, að svara fyrir sig sjálf. En ekki man ég til, að ég sæi í þeim greinar um þetta mál, er orðréttar væri teknar úr íslenzkum blöðum.

BARDAGA-AÐFERDINNI ER HALDIÐ ÁFRAM.

Það hefði nú mátt ætla, að Hafstein og flokkur hans hefði séð það sitt vænsta, að breyta um bardaga-aðferð, þegar þeir höfðu rekið sig á, hve rækilega þjóðin kastaði blekkingunum og ósannindunum á nasir þeim, í kosningunum 1908. Enda hefði það verið eina ráðið til að ná hylli þjóðarinnar aftur. En það var nú ekki því að heilsa. Hafsteinn sat grafkyr við völdin, þó þjóðin væri búin að kasta honum á dyr. Veitti hvert embættið á fætur öðru dyggum flokksmönnum sínum, og þaulseta hans var varin bæði af honum sjálfum, og fylgjendum hans, þar á meðal af höfuðósannindamanni landsins (Jóni Ólafssyni), öðru nafni "Þóri þögla", — með rangfærslum og ósannindum. Seinast greip H.H. til þessara vopna í Höfn, er hann skýrði frá því meðal annars, að mótflokkur sinn væri margklofinn. Hann fékk að þreifa á því litlu síðar.

Að vísu skal ég játa það, að mótflokkurinn fór óhyggilega að ráði sínu, að hafa ekki vissan, ákveðinn leiðtoga, er sjálfsagður væri að taka við völdum, ef flokkurinn ynni kosningarnar, eins og tíðkast í öðrum löndum, og það hefði H.H. getað haft sér til afsökunar í stað ósanninda. En þegar á þing kom, átti hann að segja af sér þvingunarlaust, það hefði honum verið sæmra en sitja og þrjóskast, þangað til flokkur meiri hluta hans neyddist til að reka hann frá völdum.

LENGI GETUR VONT VERSNAD.

Síðan H.H. slepti völdum, hefir þó framkoma flokksins og blaða hans stórum versnað. Níðið, rógurinn og ósannindin, er þau hafa flutt um einstaka menn og málefni síðan, er víst dæmalaust. Hér eru örfá sýnishorn:

Þegar B.J. frá Vogi var skipaður viðskiftaráðunautur í sumar er leið, ætluðu blöð Hafsteins (og Lögr. þó ekki sist) að rifna út af því, að hann einn ætti að fá öll launin, er ætluð væru í fjárlögunum til "viðskiftaráðunauta". Sé það rétt hermt, að lagastafurinn í fjárlögunum nefni "viðskiftaráðunauta" (fleirt.), þá var auðvitað fjárlagabrot, að veita einum manni alt féð. En Lögr. margendurtók það, að Bjarni ætti að fá alt þetta fé. Litlu síðar segir sama blað, að Björn Kristjánsson hafi fengið 400 kr. af þessu fé til utanfarar í fyrrasumar, og um jólaleytið í vetur segir sama blað, að Einar Hjörleifsson hafi fengið 2000 kr. af þessu viðskiftaráðunautsfé, til aðfara til Danmerkur til að segja "ósannindi fyrir stjórnina — með öðrum orðum, til að ljúga. Báðir þessir menn hafa borið af sér, að þeir hafi fengið eyrisvirði af opinberu fé til þessara utanfara, annar (B.Kr.) fór að eins í sínum eigin erindum, en hinn (E. H.) sendur af félagi og á kostnað þess til Parísar.

En hvernig Lögr. fer að koma því heim, að Bjarni hafi fengið alt þetta fé og B.Kr. 400 og E.H. 2000 kr. af því, fæ ég ekki skilið. Þessi margsögn sýnir svo áþreifanlega, að blaðið er að fara með ósannindi, lélegustu tegundar, að eins til að rægja þá menn, er hér eiga hlut að máli. Og blinda heldur hún lesendur sína, ef hún ímyndar sér, að þeir taki ekki eftir þessu.

Þegar Lögr. gat um gufuskipasamninginn í fyrrasumar, sagði hún berum orðum, að ráðh. hefði samið um þessa 6000 kr. aukagetu til Thorefélagsins fyrir 10 ár, í stað þess, að það er að eins um 2 ár (fjárhagstímabilið), en með þessari aðferð fékk blaðið upphæðina úr 12 þús. kr. upp í 60 þúsund kr. Það var svo sem tilvinnandi, að fimfalda upphæðina með ósannindum, ef hægt var að villa alþýðu. Sama blað bar það fram — til að rægja B.J. frá Vogi — að hann væri svo illa að sér í þýzku, að hann gæti ekki skrifað í blöð á því máli, — mann, sem í fleiri tilfellum hefir þýtt þung ísl. kvæði (að máli) á þýzka tungu, og lofsorði verið lokið á. Nokkru síðar neyddist blaðið til, að birta yfirlýsingu frá þýzku blaði, er B.J. ritar helzt í, að það taki með þökkum hverja grein, er B.J. "sé svo góður að senda því".

Sama blað (Lögr.) flutti langa grein, er kallaði það flokksbitlinga þó útkjálkahéruð landsins — er alt til þessa hafa verið látin sitja á hakanum, með allar umbætur og þægindi, en þó borgað hlutfallslega alt, sem gert hefir verið í landinu í þessa átt — fengju læknir nær sér en verið hefir, vegspotta eða brú á eitthvert vatnsfallið. Ófugri, ómannlegri og ranglátari hugsunarhátt, en fram kemur í þessu, er ekki hægt að hugsa sér.

Sama blað bar það út og var með dylgjur um það hvað eftir annað, að ráðherra hefði lofað Thorefélaginu ½ miljón kr. láni úr Landsbankanum. Á þessu var japlað — til að sverta ráðh. og fél. hjá þjóðinni — þangað til Thor Tulinius lýsti því sjálfur yfir, að þetta væru helber ósannindi.

Þá mætti minnast á Jón Ólafsson í sambandi við iðjuna, er hér hefir verið lýst. Hér eru tvö dæmi, þau allra nýustu: Vegna árása á Thorefél. skrifaði herra Th. Tulinius varnargrein, og kraðist þess, að Reykjavíkin (sem Jón var þá ritstj. við) birti hana. Meðal annars getur Th. um það, að Rvíkin hafi sagt, að ráðherra hafi lofað félaginu láni. Eins og áður segir, lýsir Th. þetta tilhæfulaust. Hvað gerir Jónki? Hann skrifar aths. og þykist vera saklaus eins og lambið. Segir að Rvíkin hafi einhverntíma áður en hann tók við ritstjórninni spurt eitthvað í þá átt, hvort þetta gæti verið satt. En fletti maður upp Rvíkinni í næstu viku áður — og á því blaði stendur: "ritstj. Jón Ólafsson" — þá er þessa setningu þar að finna í ritstjórnargrein: "þarf hann (þ.e. ráðherra) á nýjum hundruðum þúsunda að halda nú, til þess að gæða með fylgidindlum og vinum? þarf hann að ganga að löndum sínum með peningaútlát, nú í peningaleysinu, til að lána Thorefélaginu fé?"

Svona var sannleiksástin mikil í það skiftið hjá J.Ó. Nokkru síðar breiddi Jón það út í tveimur blöðum (Þjóðólfi og Reykjavík), að Hannes Þorsteinsson, fyrv. ritstj. og forseti n. d. hefði tekið alt sparisjóðsfé sitt út af Landsbankanum, og lagt það inn í Íslandsbanka. Sagði með breyttu letri, að þetta væri áreiðanlegt og "sannfrétt". Þetta átti auðvitað að vera högg á ráðh. og bankann út af rannsókninni. Í næsta blaði Þjóðólfs á eftir lýsir H.Þ. þetta tilhæfulaus ósannindi. Segist hann hafa lagt peninga inn í Landsbankann nýlega, en ekki tekið eyri út honum. Þetta geti gjaldkeri bankans vottað að sé satt. Jón var svo sem ekki að biðja gott fyrir, eða taka aftur lýgina. Nei, og aftur nei. Í stað þess heldur hann látlaust áfram að vaða ósannindaelginn.

Ennfremur mætti minnast á árásir Þorsteins Lögréttu-ritstj., fyrst á séra Haralð Nielsson, síðan á séra Jens í Görðum, og að lokum á séra Ólaf frikirkjuprest. Ísaf. flutti grein um jólin, meistaralega vel samda — en því miður undir dularnafni — er sýnir straumana, er Hafsteins flokkurinn veitti inn í ísl. þjóðlíf, þegar hann stofnaði blöðin Lögréttu og Norðra, sem reynslan hefir sýnt að eru aðal-saurblöð landsins, og sem að nokkru leyti hefir verið sýnt hér að framan, — þó ekki nema lítillega. Greinin endar á því, að prestastéttin ísl. eigi heimting á vita, hvort biskup landsins og leiðtogi andlegu stéttarinnar sé virkilega meðútgefandi annars eins blaðs eins og Lögr. Þetta var auðvitað hverju orði sannara. En Lögr. fann, að hér var stungið á kýlinu, og ræðst því að séra H.N. og segir, að skömmin skuli skella á honum sem greinarhöfundi, og þetta er gert með ruddalegum orðum. Þegar H.N. hefir skýrt frá að hann eigi ekki greinina, þá er séra Jens lagður í einelti, og þegar það stoðar ekki, þá séra Ólafur. Ef þetta er ekki ofsókn, þá er hún ekki til. Út af síðustu viðureign þeirra séra Haraldar Níelssonar og Þorsteins Gíslasonar verður ekki annað séð, en Þ.G. sé brjóstumkennanlegur.

Skylt er að geta þess, að H. Hafstein virðist ekki beinlínis persónulega eiga sök á þessum svívirðingum flokksins, en óbeinlínis á hann það, því raun ber vitni um — annaðhvort, að hann gerir sér ekkert far um, að bæta framkomu flokksins, eða þá að hann hefir ekkert að segja, og er það fyrra miklu líklegra. Og ekkert er sennilegra, heldur enn hann eigi einhvern þátt í nafnlausu svívirðugreinunum, sem blöð flokksins eru full af, og vitanlegt er það, að opinberan þátt hefir hann tekið í miður sæmilegum æsingum, sem maður í hans sporum hefði átt að vera hafinn yfir.

(Meira).

A. J. JOHNSON.

Friðrik Sveinsson,
MÁLARI,
hefir verkstæði sitt nú að 245 Portage Ave. — herbergi nr. 43 Spencer Block — beint á móti pósthúsinu. Hann málar myndir, leiktjöld, auglýsingaskilti af öllum tegundum, o. s. frv. — Heimili: 443 Maryland St.

Jóhanna Olson
PIANO KENNARI
557 Toronto St. Winnipeg

Íslands fréttir.

Lyfsali O. C. Thorarensen hefir verið beðinn að taka að sér konsúl-starfið fyrir Norðmenn um stundarsakir, og má ganga að því vísu, að hann verði skipaður konsúll Norðmanna á Akureyri, segir í fréttum að heiman.

Ekki tókst að ná strandferðaskipinu Laura á flot aftur, og fór björgunarskipið Geir af Húnaflóa á fimtudaginn 24. marz og flutti með sér um 30 smálestir af vörum úr hinu strandaða skipi, og sömuleiðis póst og farþega vestur og suður. Sagt að enn sé verið að flytja vörur úr skipinu á land á Skagaströnd, en ekki er þó búist við miklum feng, því betta sem næst, er flest talið lítilsvirði vegna skemda.

220 kjósendur í Barðastrandarsýslu hafa lýst yfir trausti sínu á ráðherra og mótmælt aukaþingi.

Það hefir áður verið ókunnugt, hver þeirra það var, íslenzku glímumannanna þriggja, sem glímdu í Odessa, sem æeldi Rússann með hnífinn, og sömuleiðis hver þeirra það var, sem slasaðist í Charkow (þumalfingur gekk úr liði). Nú er það sannfrétt, að þetta var einn og sami maðurinn, Kristján Þorgilsson frá Sökku. Kristján hlaut þó ekkert langvarandi mein af meiðslinu og er aftur heill heilsu.

Fréttabréf.

HNAUSA, MAN.
30. apríl 1910.

Vetur þessi, sem nú er liðinn, var hinn bezti, sem menn hér muna eftir, hvað tíðarfarið snertir. Fyrir jól lagð mikinn snjó á jörð, og getur varla heitið, aðannað hafi snjóað í vetur. Ísinn á vatninu var alt af varasamur til umferðar á ýmsum stöðum, því bæði voru frost með vægara móti, og svo hlífði snjórinn, svo að ís varð með þynsta móti. Ísinn leysti hér af vatninu 15. þ. m. (en 1. júní í fyrra), hann fer vanalega um 20 maí.

Kosning í sveitarráðið, í stað Gunnsteins sál. Eyjólfssonar, fór fram 4. þ.m. og vann Tómas Björnsson á Geysir með einu atkv. Móti honum rótti Jón S. Nordal.

Bryggjur 2 í Árdalsbygð og 1 við Rivertown hafa verið bygðar yfir Icelandic River á þessu ári.

Sögunarmyllur eru 5 hér í sveitinni, og hafa allar nóg að gera.

Í þessum mánuði flutti Eggert bóndi Stefánsson sig með fjölskyldu sína frá Geysir vestur að Pine View P.O., og eru margir, sem sakna hans héðan.

Þann 22. þ.m. andaðist Guðlaug Guðmundsdóttir, ekkja Einars sál. Einarssonar, sem bjó á Geysir; hún var góð og vinsæl kona.

Þann 23. þ.m. gifti Mr. Björn Doll ungfrú Maríu Eiríksdóttur, frá Icelandic River. Kaupir Mr. Doll gistihúsið á Hnausum og er seztur þar að.

Líðan manna er yfirleitt góð. Hey nægjanleg, og þó sumir væru tæpstaddir eftir grasbrest þann, sem víða varð hér í fyrra, þá eru þó margir vel staddir.

Bóndi einn misti í eld í vor um 6 kýrfóður, í Árdal, og annar um 8 í Víðirbygð. Jörð var svo þurr strax eftir að snjó leysti í vor, að varasamt var að kveikja í, þó ekki væri nema sinu, að ekki gerði skaða. O.G.A.

Fréttir.

— Til New York kom þann 1. þ. m. I Thorn Baker, sá sem fann upp aðferðina til þess að senda myndir með talsíma. Hann hefir um nokkur ár stöðugt sent myndir milli London og Parísar. Hann segist nú vera búinn að fullkomna svo aðferð sína, að sending mynda milli fjarlægra staða með ritsíma sé algerlega áreiðanleg. Herra Baker kemur nú hér til álíu í þeim erindum, að kynna Bandaríkjamönnum þessa uppgötvun sína og fá hana viðtekna þar í landi. Mr. Baker staðhæfir, að hann geti sent myndir ekki að eins með ritsíma, heldur einnig með loftskevtaðferð inni, — sent myndir í loftinu.

— Frost og þurkar, sem gengið hafa undanfarnar vikur yfir mikinn hluta af Bandaríkjunum, er sagt að hafi orsakað þúsund miljón dollara skaða á ökrum bænda. Fyrst voru stórhríðar og frosthörkur, sem eyðilögðu korntegundir, aldini og baðmull, og eftir það komu sterkir hitar og þurviðri, svo að það skrælnaði, sem ekki hafði frosið. Fregn frá Chicago segir, að hitinn þar þann 30. apríl hafi orðið 84 stig, og að það sé heitasti aprildagur, sem komið hafi þar í 11 ár. Hveiti og maís í Illinois og Missouri ríkjunum hefir orðið fyrir feikna skemdum, og ástandið þó sagt verra í Kansas og Nebraska. Í þessum ríkjum er sagt að uppskeran sé eyðilögð á 3 miljón ekrum.

— Herra Carpentier, einn af meðlimum franska visindafélagsins, hefir gert þá markverðu uppgötvun, að nota "gyroscope" á loftbátum, til þess að halda þeim í jafnvægi á fluginu. Svo kvað uppfundning þessi vera áreiðanleg, að visindamenn á Frakklandi, sem gert hafa ýmsar tilraunir með hana, staðhæfa, að loftskip geti ferðast mannlaust milli ákveðinna staða. Ekki að eins heldur þessi nýja uppfundning flugvélum í jafnvægi í loftinu, heldur fer vélin hægt og sigandi til jarðar, ef svo ber út af, að aflvélin bilar eða hættir að ganga, af því að kringlan snýst lengi eftir að aflvélin er stönsuð.

— Ellistyrksveitingarnar á Bretlandi hafa sýnt, að Írar fá helfing af öllum ellistyrknum, þó þeir séu helfingi færri en Skotar og 7 sinnum færri en Bretar. Þetta sannar, að fólk verður langlífara á Írlandi en annarsstaðar á Bretlandseyjum þrátt fyrir fátæktina bar.

JÓN JÓNSSON, járnsmiður, að 790 Notre Dame Ave. (horni Toronto St.) gerir við alls konar katla, könnur, potta og pönnur fyrir konur, og brýnir hnífa og skerpir sagir fyrir karlmenn. — Ait vel af hendi leyst fyrir lítla borgun.

Til sölu.
ágæt bújörð, 160 ekrur að stærð, 2½ milu frá Mozart, 90 ekrur eru plægðar. 300 dollara timburhús, góð fjós fyrir 30 gripi, stórt korngeymsluhús, gott og mikið vatn í brunni, 4000 trjám plantað við byggingarnar, og virgirðing alt í kring um landið (2 vírar).
Frekari upplýsingar fást hjá
TH. JÓNASSON.
P.O. Box 57 Wynyard, Sask.

JOHN DUFF
PLUMBER, GAS AND STEAM FITTER
Alt verk vel vandað, og verðið rétt
664 Notre Dame Ave. Phone 3815
Winnipeg

The Farmer's Trading Co.
(BLACK & BOLE)
HAFA EINUNGIS BESTU VÖRUTEGUNDIR.
Einu umboðsmenn fyrir:—
"SLATER" Skóna góðu.
"FIT-RITE" Fatnaðinn.
"H. B. K." prjónafélagið.
"HELENA" pils og 'waist' kvenfatnaði.
Bestu matvörutegundir.
"DEERING" akuryrkju verkfæri o, s. frv.
Beztu vörur Lágt verð
Fljót og nákvæm afgreiðsla.
Farmer's Trading Co.,
THE QUALITY STORE
Wynyard, Sask.

Sherwin-Williams PAINT
fyrir alskonar húsmálningu.
Prýðingar-tími nálgast nú. Dálítið af Sherwin-Williams húsmáli getur prýtt húsið yðar utan og innan. — Brúkið ekker annað mál en þetta. — S.-W. húsmálið málar mest, endist lengur, og er áferðarfegurra en nokkurt annað hús mál sem búið er til. — Komið inn og skoðið litarspjaldið. —
Cameron & Carscadden
QUALITY HARDWARE
Wynyard, — Sask.

Yfirburða Vottur um

HEINTZMAN & CO. PIANO

sýnir sig í ýmsum atriðum.— Það er engin fals-lýsing, að þetta hljóðfæri sé langt yfir öllum öðrum í tónfegurð og smíða ágæti. —

Frægustu söng- og tónfræðingar sem ferðast um Canada — fólk með yfirburða þekkingu — velja allir þetta Piano.

Ending þess og vaxandi tónfegurð með aldri hljóðfærisins, hefir komið öllum leiðandi söngkennslustofnunum til þess að nota þessi Piano.

En bezt af öllum sönnunum er vitnisburður þeirra mörgu þúsunda Canada manna og kvenna sem eiga og nota þessi fögru hljóðfæri, og hafa daglega ánægju af þeim.

Vér tökum gömul PIANO í skiftum fyrir nýj. —

J. J. H. McLean & Co LIMITED

528 Main St. — Phone 808
Og í Brandon og Portage La Prairie

Fréttir úr bænum.

Mánudaginn hinn 18. apríl voru gefin saman í hjónaband að Wild Oak samkomuhúsi, Herðubreið, þau: Carl Franklin Landal, frá Otto P.O., og Hólmfríður Júliana Jósepsdóttir, frá Wild Oak P.O. Séra Bjarni Thórarinsson framkvæmdi hjónavígslu athöfnina. — Fjöldi manna var þar viðstaddur, veitingar ágætar og ánægjusvipur á hverjum manni. Hugheilar blessunaróskir fylgja hinum ungu hjónum héðan. B.Th.

Miðvikudaginn hinn 20. apríl (síðasta vetrardag), voru gefin saman í hjónaband að Marshland P.O. þau: Sigurjón Cl. Árnason og Margrét Stevens. Vígslu-athöfn ina framkvæmdi séra Bjarni Thórarinsson. Brúðkaup þetta var fjölment mjög, veitingar einkar myndarlegar og alt fór fram hið bezta. Brúðhjónunum fylgja einlægar árnaðaróskir um góða og giftusamlega framtíð. B.Th.

Herra Nikulás Ottenson kom frá Íslandi til Winnipeg á laugardagskveldið var, og með honum þeir 27 vesturfarar, sem getið var um og nöfn birt af í fyrra blaði. Vel lét hann af þeim viðtökum, sem hann fékk hvervetna þar sem hann fór á Íslandi, en ill þótti honum veðráttan þar heima um háveturinn. Hr. Ottenson tók með sér á eigin reikning að heiman 8 skyldmenni sín og vini og sér þeim fyrir tryggri atvinnu hér. — Í þessum hóp kom herra Jón Breiðfjörð, mágur Ottensons, með konu sína og son þeirra hjóna. Þau höfðu dvalið heima 5 eða 6 mánaða tíma.

Byggingaleyfi í Winnipeg frá 1. janúar til 25. apríl þ.á. eru að upphæð 5 miliónir dollara. Á sama tímabili í fyrra námu byggingaleyfin tæpum 2 miliónum dollara.

Herra Þórður Jónasson, fiskimaður frá Winnipegoses, kom nýlega hér til borgarinnar. Hann fór héðan til Selkirk og ætlar að vinna þar á frystihúsum í sumar.

Eldur kom upp á föstudagskveldið var í heildsölu matvælahúsi þeirra Foley, Lock & Larson á Market st. hér í borg, austan Main strætis. Húsið var 5 tasiur á hæð. Tvær þær efstu brunnu og þakið fóll inn, en 3 þær neðri eru litið skemdar af eldinum. Alt, sem var á efri loftunum, brann, en hitt sem var á þeim neðri, skemdist af vatni. Skaði á vörum metinn 200 þús. dollarar og á byggingunni 50 þúsund. Alt vátrygt.

"Walhalla", stórhýsi það á Sherbrooke st. sunnan Sargent ave., sem herra Hannes Pétursson lét byggja á síðasta ári, var selt í sl. víku af herra Sveinbirni Árnasyni, fasteignasala á Beverly st.

Herra K. P. Ármann, frá Edinburg, N. D., var hér á ferð í sl. víku og tafði hér fram yfir helgi.

Næsti fundur í Menningarfélaginu verður á miðvikudagskveldið kemur þann 18. þ.m. Hinn alþekti ræðuskörungur Mr. W.W.Buchanan flytur þar erindi um "Mitt, þitt og okkar". Fólk ætti að hafa þetta hugfast og fjölmenna.

"Kvistir,"

kvæði eftir Sig. Júl. Jóhannesson, til sölu hjá öllum íslenzkum bóksölum vestanhafs. Verð: $1.00.

Til kaups fæst.

Thorkell Johnson, Selkirk, Man., vill selja fasteign sína þar í bæ, 24 lóðir í "Block 6", allar vel umgirtar, með þrísettum vír og sumstaðar fjórsettum. Hús 12x20 með bakhluta 8x24 og kjallara 10x14. Gripahús 12x16 og hlaða 12x16. — Menn snúi sér til eigandans.

Þann 28. apríl sl. lézt að heimili sínu í Árnesbygð húsfrú Sigríður Árnadóttir, eiginkon Gísla kaupmanns Jónssonar að Laufhóli. Hún var á áttræðisaldri.

Þjófar náðu $200 virði af vörum úr búð á Portage ave. aðfaranótt 29 f.m.

"Piano Recital."

Nemendur herra S. K. Hall höfðu Piano Recital í Goodtemplarahúsinu á mánudagskveldið var, fyrir fullu húsi áheyrenda. Þetta Recital var betra en nokkurt hinna, sem nemendur hans hafa áð ur haft, og sýndi, að nemendurnir hafa tekið framförum. Bezt spilaði ungfrú Emma Jóhanneson. Hún sýndi smekkvísi og tilfinning, sem gefur von um góða framtíð hennar, ef hún heldur áfram að stunda þessa list. Lára Blöndal spilaði og vel, og svo gerði einnig Harold Allbut. Yfirleitt má segja, að nemendurnir hafi leyst verk sín all-vel af hendi. Maggie Eggetsson er í þeirra tölu, sem lengst virðast vera komnir. Lögin, sem spiluð voru, virtust yfirleitt þannig valin að nemendunum veittist sem léttast að spila þau, og þetta gerði það að verkum, að þó þeim tækist all-vel með "mechanical" partinn, þá vantaði lífið og fjörið, — sálina í music þeirra.

Mrs. Hall söng 2 einsöngva með sama snildarsmekk og tilfinningu eins og á fyrri árum. En rödd hennar er nú orðin sem svipur hjá sjón við það, sem áður var, svo er hún miklu veikari og hljómminni. En þýð er röddin og fögur, það sem eftir er af henni.

Íslendingar í Gimli bæ minnist þess, að herra Elis G. Thomsen er maðurinn, sem gerir allskonar utan- og innan-húss málningu fljótt og vel. Einnig pappírsleggur hann hús og gerir "Kalsomining".

Áritun Friðriks Sveinssonar, málara, er nú 443 Maryland St. (áður 618 Agnes St.). Þetta eru viðskiftavinir hans beðnir að athuga.

Dr. G. J. Gíslason,

Physician and Surgeon
18 South 3rd Str., Grand Forks, N.Dak

Athygli veitt AUGNA, EYRNA og KVERKA SJÚKDÓMUM ASAMT INNVORTIS SJÚKDÓMUM og UPPSKURÐI. —

Únitarasöfnuðurinn ætlar að halda Tombólu mánudagskveldið þann 16. þ.m. Margir góðir og gagnlegir drættir verða þar á boðstólum, því nefndin gerir sér far um, að vanda til Tombólunnar.

Á undan Tombólunni verður skemtilegt prógram, kappræða, einsöngvar o.fl., sem nánar verður auglýst í næsta blaði. Aðgangur að þessari skemtun og einn drátt ur á Tombólunni kostar að eins 25c. Takið eftir auglýsingu í næsta blaði.

Fréttabréf.

MARKERVILLE, ALTA.
22. apríl 1910.
(Frá fréttaritara Hkr.).

Þá er nú veturinn liðinn og sumarið komið, og hvernig sem það reynist okkur Alberta mönnum, þá hefir veturinn verið einn sá bezti, sem við höfum lifað hér. Síðan í janúar hefir, undantekningarlítið, verið bezta tíð. Snjór fóll lítill, og var allur horfinn um miðjan marz. Svo gerði mikinn snjó rétt fyrir páskana, en tók undir eins upp aftur. Nú um tíma hafa gengið þurkar og stormar, með nokkru næturfrosti. Samt er kominn nokkur gróður á hálendi. Hey nóg yfir alt og kvikfé í góðu lagi. Kringum mánaðamótin sl. var farið að vinna á ökrum. Sáningu er nú að mestu leyti lokið hjá flestum.

Heilsufar fólks alment nú gott. Í vetur gekk hér lengi hitaveiki á mörgum heimilum.

Mrs. B. Stephenson, sem lengi hefir þjáðst af heilsuleysi, var flutt á sjúkrahúsið í Red Deer um síðustu mánaðamót; var gerður á henni holdskurður við botnlangabólgu, sem tókst vel, og líður henni síðan eins vel og hægt er að hugsa sér.

Markaður er hér með lifandi skepnum. Fitaðir uxar 5-5½c pd. á fæti, geldar kvígur 4½c pd., geldar kýr feitar 4¼c pd. Verð á lifandi svínum stigur óðfluga, 8¾—9¼c pd. Hestar hækka samt meira í verði, meir en nokkuð annað. Gott hestapar fæst nú ekki fyrir minna en frá $400—600, og jafnvel meira; er þetta sú mesta verðhækkun, sem heyrst hefir hér.

Byrjað hafa verzlun á Markerville þeir bræður J. O. Johnson og W. S. Johnson, synir Bjarna bónda Jónssonar við Markerville.

Skólahús er verið að byggja á Markerville fyrir Markerville skólahérað. Mr. Ásm. Christianson hefir samningsvinnu á byggingunni.

Lestrarfélagið Iðunn hafði 1. þ.m. samkomu í Fensala Hall, Markerville. Prógram var: Hlutavelta, einn íslenzkur sjónleikur og tveir enskir smáleikir og dans. Félagið hafði í ágóða af samkomunni $27.00.

Ég hefi ekki sent Heimskringlu neitt nú lengi, og er sú orsök til þess, einkanlega, að hér hefir verið tíðindalítið, flest gengið sinn vanagang, en að tala um slíkt, er að segja sömu söguna upp aftur. Ég sendi stutta fréttagrein snemma í jan. í vetur, en þeim, sem þá var ritstjóri, sýndist ekki að ljá henni rúm, — annað mál hefði verið um rímnaerindi eftir Kr.Á.B.

Svo óska ég ritstjóra Heimskringlu og lesendum blaðsins góðs og gleðilegs sumars.

Málrúnir,

sendar Jónasi J.Danielssyni til yfirvegunar, sem mun vera vel að sér í þeim fornfræðum:

Máttur hækkar mararþök,
Myrkra hækkar bani,
Öldin smækkar Óðins tök,
Eymdir stækka, breikkar vök.

Fljótaálfa fylgsnum í
Fæstar skjálfa verur,
Hryktir bjálfi hafs á ný,
Heyra allar veðragný.

— Það hefir komist upp, að svertingjar á Cuba undir forustu herforingja Everisto Estenos, hafa undirbúið upphlaup mikið, sem átti að gera á hvíta menn þar á eynni þann 24. þ.m. En samsærið komst upp í tíma til þess að því verði væntanlega afstýrt.

— Allan línu skipið "Carthagenian", sem sigldi frá Liverpool 27. apríl áleiðis til St. John, Halifax og Philadelphia, varð fyrir því slysi á hafinu, að gangvélin bilaði, svo að ekki varð við gert. Var því skipið dregið til baka til Glasgow til viðgerðar.

— Hindúar í British Columbia eru að biðja Ottawa stjórnina um atkvæðisrétt. Þeir hafa og sent menn til Englands til þess að fá stjórnina þar til að skerast í það mál.

— Þann 25. apríl andaðist í London, Ont., húsfrú Sarah McCully, 101 ára gömul. Hún var kanadisk að ætt og uppruna og var kennari Sir Chas. Tupper, þegar hann sem drengur gekk á sunnudagaskóla í Nova Scotia.

Númer 21. af þessa árs Heimskringlu verður keypt hér á skrifstofunni. Sex eintök óskast.

RÁÐSKONU vantar á íslenzku ekkjumannsheimili í Saskatchewan fylki. — Lítil vinna. — Gott kaup borgað. — Finnið Heimskringlu.

Hjúkrunarkona

íslenzk óskar eftir atvinnu við að stunda sjúklinga. Nákvæmni er ábyrgst, og borgunarskilmálar vægir. Heimili: 659 Alverstone St.

Minnisvarðar

úr málmi, sem nefndur er "White Bronze", eru fallegustu, varanlegustu og um leið ódýrustu minnisvarðar, sem nú þekkjast. Þeir eru óbrjótanlegir, ryðga ekki og geta aldrei orðið mosavaxnir, eins og steinar; ekki heldur hefir frost nein áhrif á þá. Þeir eru bókstaflega óbilandi og miklu fegurri en hægt er að gera minnisvarða úr steini (Marmara eða Granit). Alt letur er upphleypt, sem aldrei máist eða aflagast. Þeir eru jafn dýrir, hvort sem þér eru óletraðir eða alsettir letri, nefnilega: alt letur, og myndir og merki, sem óskað er eftir, er sett á frítt. — Kosta frá fáeinum dollurum upp til þúsunda. Fleiri hundruð tegundir og mismunandi stærðir úr að velja.

Þessir minnisvarðar eru búnir til af THE MONUMENTAL BRONZE CO., Bridgeport, Conn. Þeir, sem vilja fá nákvæmar upplýsingar um þessa ágætu minnisvarða, skrifi til undirritaðs, sem er umboðsmaður fyrir nefnt félag.

Thor. Bjarnarson,
BOX 304
Pembina - - N. Dak.

Umtal um góða skó

Meðal annara orða, hafi þér séð vora $4.00 og $5.00 Karlmanna Vorskó? Vér teljum þá hina allra beztu skó, sem hægt er að kaupa.

Gljá-folaldaleður, "Velour" kálfskinn og "Gun Metal" leður. Alt á nýjum leistum.

Allar stærðir og viddir, há- og lág-sniðir.

Ryan-Devlin Shoe Co
494 MAIN ST. PHONE 770

Viðurkenning.

Ég undrituð votta hér með INDEPENDENT ORDER OF FORESTERS og sérstaklega st. Fjallkonan, sem dóttir mín sál., Jóhanna B. Eymundsson stóð í, — mitt innilegasta þakklæti fyrir að hafa svo fljótt og vel afhent mér lífsábyrgð minnar ofannefndu fram liðnu dóttur að fullu — eitt þúsund dollara — ásamt öllum, sem að því studdu.

Hnausa, Man., 1. maí 1910.
Steinunn Jónsdóttir.

Sveinbjörn Árnason

Fasteignasali

Selur hús og lóðir, eldsábyrgðir, og lánar peninga. Skrifstofa: 12 Bank of Hamilton.
TALSÍMI 5122. HÚS-TALS. 8695

TIL SÖLU:

160 ekrur af bezta landi, stutt frá járnbrautarstöð. — Fyrsti maður með $7.00 fær hér góð kaup. — Finnið

Skúli Hansson & Co.
47 Aikens' Bldg.
Talsími, Main 6476 P. O. Box 833

Kjörkaup

Ég hefi til sölu 5 herbergja hús fyrir $1300.00, með $25.00 niðurborgun og svo $15.00 á mánuði.

Svo hefi ég hvort sem er 50 fet eða 25 fet á Beverley St., á vesturhlið, stutt frá Sargent Ave., fyrir að eins $26.00 hvert fet.

Þekkir nokkur betra?

G. J. Goodmundson,
Talsími: Main 4516.
702 Simcoe Street.

DR. H. R. ROSS

C.P.R. meðala- og skurðlækuir.
Sjúkdómum kvenna og barna veitt sérstök umönnun.
WYNYARD, — SASK.

Dr. M. Hjaltason, Oak Point, Man.

Anderson & Garland,
LÖGFRÆÐINGAR
35 Merchants Bank Building
PHONE: MAIN 1561.

MARTYN F. SMITH,

TANNLÆKNIR.
Fairbairn Blk. Cor Main & Selkirk

Sérfræðingur í Gullfyllingu og öllum aðgerðum og tilbúnaði Tanna. Tennur dregnar án sársauka. Engin veiki á eftir eða gómbólga. —

Stofan opin kl. 7 til 9 á kveldin
Office Phone 6944. Heimilis Phone 6482.

Sjónleikur og Dans.

OG M. FL.

Verður haldinn í efri sal Good Templar hússins, mánudagskveldið 9. maí næstk. (ekki fimtud.kv. 5. maí eins og stendur á aðgöngumiðunum).

PROGRAM:

1. FIÓLIN SÓLÓ.....
2. "ÞRUMUVEÐRIÐ", sjónleikur eftir MARK TWAIN.
3. SÓLÓ.....
4. DANS TIL KLUKKAN 1.

JOHNSON'S ORCHESTRA SPILAR FYRIR DANSINUM. BYRJAR KL. 8. AÐGANGUR TUTTUGU OG FIMM CENTS G.T.STÚKAN "HEKLA" NÝTUR ÁGÓÐANS.

Þarft þú ekki að fá þér ný föt?

EF ÞAU KOMA FRÁ CLEMENT'S, — ÞÁ VERÐA ÞAU RÉTT

Réttur að efni, réttur í sniði réttur í áferð og réttur í verði.

Vér höfum miklar byrgðir af fegurstu og beztu fataefnum. —

Geo. Clements & Son
Stofnað árið 1874
264 Portage Ave. Rétt hjá Free Press

Th. JOHNSON

JEWELER
286 Main St. Talsími: 6606

JOHN ERZINGER

TOBAKS-KAUPMAÐUR.
Erzinger's skorið reyktóbak $1.00 pundið
Hér fást allar neftóbaks-tegundir. Óska eftir bréflegum pöntunum.
McINTYRE BLK., Main St., Winnipeg
Heildsala og smásala.

G. NARDONE

Verzlar með matvöru, aldini, smá-kökur, allskonar sætindi, mjólk og rjóma, sömul. tóbak og vindla. Óskar viðskifta Íslend. Heitt kaffi eða te á öllum tímum. Fón 7756

714 MARYLAND ST.

Boyd's Brauð

Brauð vor erú góð af því vér notum bezta mjöl og höfum beztu bakara í Canada í brauðgerðarhúsi voru. Vaxandi viðskiftavinafjöldi sannar, að brauð vor eru betri en alment gerist. Vér keyrum þau heim í hús yðar daglega.

Boyd's

Bakery Cor. Spence & Portage Ave
Phone 1080.

Winnipeg Wardrobe Co.

Kaupa brúkaðan Karla og Kvenna fatnað, — og borga vel fyrir hann.

Phone, Main 6539 597 Notre Dame Ave

BILDFELL & PAULSON

Union Bank 5th Floor, No. 520
selja hús og lóðir og annast þar að lútandi störf; útvegar peningalán o. fl.
Tel.: 2685

Jónas Pálsson,

SÖNGFRÆÐINGUR.
Útvegar vönduð og ódýr hljóðfæri
460 Victor St. Talsími 6803.

J. L. M. THOMSON, M.A., L.L.B.

LÖGFRÆÐINGUR. 255½ Portage Ave.

BONNAR, TRUEMAN & THORNBURN,

LÖGFRÆÐINGAR.
Suite 5-7 Nanton Blk. Tals. 766
Winnipeg, Man. P.O.BOX 223

Húðir og ógörfuð Loðskinn

Verzlun vor er vor bezta auglýsing. Sendið oss húðir yðar og loðskinn og gerist stöðugir viðskiftamenn.
Skrifið eftir verðlista.

The Lightcap Hide & Fur Co., Limited
P.O.Box 1092 172-176 King St Winnipeg
16-9-10

W. R. FOWLER A. PIERCY.

Royal Optical Co.

307 Portage Ave. Talsími 7286.

Allar nútíðar aðferðir eru notaðar við augn-skoðun hjá þeim, þar með hin nýja aðferð, Skugga-skoðun, sem gjörreyðir öllum ágiskunum. —

It's going UP.

Þú getur ekki búist við

að það geri annað en eyðast í reyk. Því ekki að fá nokkur tons af okkar ágætu kolum, og hafa ánægjuna af, að njóta hitans af þeim, þegar vetrarkuldarnir koma. Komið til vor og nefnið þetta bl.

D. E. ADAMS COAL CO.
YARDS I NORÐUR, SUÐUR, AUSTUR OG VESTURBŒNUM
Aðal Skrifst.: 224 BANNATYNE AVE.

Heimskringla.

XXIV. ÁR | WINNIPEG, MANITOBA. FIMTUDAGINN, 12 MAÍ 1910 | NR. 32

Tvöfalt stærri

er reiðhjólabúðin nú en áður, og vörubyrgðir og verzlun að sama skapi. BRANTFORD reiðhjólin góðu hefi ég til sölu eins og aðundanförnu með eins góðum kjörum og nokkur annar getur boðið. — Einnig aðrar tegundir af nýjum reiðhjólum sem ég sel fyrir $30. og upp, með "Dunlop Tires" og "Coaster Brake".—Allar aðgerðir og pantanir afgreiddar fljótt og vel. —

West End Bicycle Shop

Jón Thorsteinsson, eigandi

475—477 Portage Avenue.

TALSÍMI: MAIN 9680.

Fregnsafn.

Markverðustu viðburðir hvaðanæfa

— Ottawa þinginu var slitið þann 4. þ.m.

— Skýrslur Ottawa stjórnarinnar sýna, að friðurinn er þjóðinni kostbær. Stjórnin skiftir ríkisfénu þannig, að hún leggur á þessu fjárhagsári 600 þús. dollara til eflingar landbúnaðinum, en 13 miliónir dollara til herkostnaðar, — 6 miljónir fyrir landherinn og 7 miliónir fyrir sjóherinn. — Að leggja 13 miliónir dollara til herkostnaðar hér í landi á friðartímum, en að eins rúma hálfa milión til landbúnaðar, sem er aðalatvinnuvegur landsins, er eitt af einkennum nútíðar stjórnarfars.

— Rufus Weedmark, verkamaður í Smith Falls, Ont., kyrkti konu sína í greip sinni þann 1. þ.m. Þau hjón áttu 4 börn. Maðurinn var drykkfeldur og ruddi á heimili sínu og drap konuna í ölæði.

— Kjötverð er nú orðið svo hátt í Toronto borg, að margar kjötsölubúðir hafa orðið að hætta starfi. Ágóðinn af sölunni hefir orðið svo lítill, að hann hefir ekki borgað starfskostnað síðan fólk fór að minka kjötkaupin.

— Hjón í Quebec hafa verið handtekin og kærð fyrir að svelta föður konunnar til bana. Gamli maðurinn var hjá dóttur sinni og hún ól hann á "short"-brauði, og gaf honum svo lítið af því, að hann gat ekki lifað við fóðrið.

— Sameinaða stálfélagið hefir myndað eftirlaunasjóð með 8 miliónum dollara. Sá sjóður á að borga dánar- og sjúkrastyrk og eftirlaun til þeirra, sem hafa unnið vissan árafjölda hjá félaginu.

— Voðalegur vábrestur varð í kolanámum Palos kolafélagsins í Birmingham í Alabama,að morgni 5. þ.m. 130 manns voru í námanum, þegar slysið vildi til, og er óttast, að þeir hafi allir farist, af þeim voru 45 hvítir og 90 svertingjar. Svo var vábrestur þessi voðalegur, að eldtungan sem gaus upp úr námamunnanum, brendi á svipstundu mann til dauða, sem var á gangi á járnbrautarsporinu meira en 200 yards frá námaopinu. Kippurinn fanst margar mílur vegar.

— Jarðskjálfti varð í Costa Rica að kveldi 5. þ.m. og gereyddi Cartago, sem er höfuðborg héraðsins. Fimm hundruð manna mistu þegar líf sitt, og fult eins margir særðust. Mörg hundruð manna eru húsviltir og standa uppi allslausir. San Jose er í 13 mílna fjarlægð frá Cartago. Þaðan komu strax þúsund manns að hjálpa þeim nauðstöddu um björg, rúm og fæðu og læknishjálp. Forseti fylkisins sendi þegar út boð til allra Mið-Ameríku búa, að veita þessu nauðstadda fólki alla mögulega aðstoð. Spænski sendiherran í Costa Rica bað þegar Spánarstjórn að veita sér leyfi til að veita fjármunalegt liðsinni hinum særðu og öðrum sem standa þar nú uppi allslausir.

Ástsæll þjóðhöfðingi látinn.



EDWARD VII.

Sú fregn barst um heim allan á föstudagskveldið í síðustu viku, að Edward VII. konungur Breta væri látinn. Fregnin kom sem þruma úr heiðskíru lofti — öllum óvænt. Brezka þjóðin var ekki látin vita, að konungurinn væri sjúkur fyr en daginn áður. Drotningin hafði verið utanlands, en kom þá heim. Það hafði jafnan verið siður konungs, að mæta drottningunni á vagnstöðinni, þegar hún kom úr slíkum ferðum. En nú var hann hvergi nálægur. Lýðurinn heimtaði að fá að vita, hverju fjarvera hans sætti, og þá fyrst var það gert opinbert, að hann lægi veikur í háls og lungnasjúkdómum, en þó látið í veðri vaka, að engin hætta væri á ferðum. En svo var hann þá samt að fram kominn, að þeir fjórir læknar sem stunduðu hann fengu ekki treint líf hans lengur en til kl. 11 45 mínútur á föstudagskveldið, en hingað var fregnin komin laust eftir kl.7 sama kveldið.

Edward konungur var fæddur 9. nóvember 1841. Hann var elzti sonur Victoriu drotningar og prins Alberts, eiginmanns hennar. Hann mentaðist á háskólunum í Edinborg, Oxford og Cambridge. Tók sæti í lávarðadeildinni 1863, og kvongaðist sama ár prinsessu Alexöndru, dóttur Kristjáns IX. Dankonungs. Konungdóm tók hann 22. janúar 1901 og var krýndur 9. ágúst 1902.

Edward konungur var vinsæll stjórnari, og hefir síðan hann tók við konungdómi unnið með alúð að því, að tryggja friðinn með þjóð sinni og umheimsþjóðunum, og að auka álit þjóðar sinnar og virðingu meðal heimsþjóðanna. — Hann var á síðari árum viðurkendur með stjórnkænustu mönnum Norðurálfu.

Við fráfall hans tekur við ríki sonur hans Georg Frederick, Ernest Albert, Duke of Cornwall and York, og verður Georg fimti Bretakonungur. Hann er fæddur 3. júní 1865 og kvongaðist 6. júlí 1893 prinsessu Victoriu Mary of Teck, sem nú er því drottning Breta.

Friður sé með þeim framliðna.

Lengi lifi Georg konungur V.

— Col. Roosevelt flutti ræðu í Kristíaniu í Noregi þann 5. b.m. Áheyrendur hans voru konunglega fjölskyldan og æðstu embættismenn norsku þjóðarinnar, og vísindamenn frá ýmsum löndum. Forsetinn réði til þess, að stórþjóðirnar gengju í friðar-bandalag sín á meðal og tækju sig jafnframt saman um, að beita valdi, ef börf gerðist, til þess að bæla niður stríð, ef upp kæmi meðal smærri þjóða. Eitthvað þyrfti að gerast strax til þess að hindra vöxt herútbúnaðar, — sérstaklega sjóherútbúnaðar. Þetta þyrfti að gerast með samþykki heimsþjóðanna. Það væri nauðsynlegt, að koma í veg fyrir þann feikna peninga austur, sem árlega væri varið til skipa og vopnasmíða, og ef þjóðirnar væru einlægar í löngun sinni, að fá frið tryggðan, þá ætti þeim ekki að veita það örðugt. Samningar um það að eins að takmarka stærð skipanna, gætu hafa haft þýðingu fyrir nokkrum árum, og gætu enn þá verið gagnlegir, en samningarnir ættu að gangá miklu lengra en það. Það, sem aðallega vantar á samninga, sem gerðir eru á Hague fundunum, er það, að ekkert vald er til, er geti trygt að þeir samningar verði haldnir. En öll dómsákvæði í öllum þjóðfélögum eru háð því, að bak við þau sé vald, sem beita megi til að fullnægja dómunum. Í nýjum löndum, þar sem menn eru viltir og glæpgjarnir, verða ráðvöndu mennirnir að hafa samtök til þess á eigin reikning, að vernda sig, þar til þjóðfélagið hefir náð þeirri siðmenningu, að vernd er veitt á lagalegan hátt, og það væri ranglátt að ætlast til, að þeir menn legðu niður vopn sín, þar til þjóðfélagið er búið að koma því skipulagi á, að það geti sjálft verndað borgarana. Þetta gildir eins með þjóðirnar. Sérhver þjóð verður að vera vígbúin til sjálfsverndar, þar til því alþjóðafyrirkomulagi er komið á, að hver þjóð sé óhult fyrir árásum annara þjóða. Og þetta getur að eins orðið með því, að þær þjóðir, sem innilega óska friðar, gangi í banda lag til þess að tryggja frið. Samtökin gætu hafist með því, að tryggja friðinn innan settra takmarka, og með fastsettum, ákveðnum skilyrðum, Sá þjóðhöfðingi eða stjórnmálamaður, sem getur komið þessu til leiðar, mun gera nafn sitt ódauðlegt í mannkynssögunni og verðskulda þakkir alls mannheims.

— James Vincent var tekinn í Port Arthur á þriðjudaginn í sl. viku og fenginn í hendur Bandaríkja lögreglunni til meðferðar. Hann er, eins og getið var í síðasta blaði, kærður um, að hafa keypt og selt ungar, hvítar stúlkur í siðspillingar tilgangi. Það er búist við, að Vincent þessum verði hvergi hlíft í máli því, sem sótt er á hendur honum.

— George L. Redmond í Kentucky skaut nýlega 30 ára gamlan son sinn til bana, af því hann var svo mikill óreglumaður, að hann gat ekki unnið sér brauð, hvernig sem faðirinn reyndi að útvega honum atvinnu og gera mann úr honum.

— Verkfræðingar þeir, sem annast hafa um uppdrætti að brúnni miklu, sem á að byggja yfir St. Lawrence fljótið, milli Quebec og Levi bæja, hafa fullgert uppdrættina. Mælt er, að auglýst verði eftir tilboðum um að byggja brúna innan fárra daga.

— "Þetta land er í voðalegu og hrygðarlegu ástandi, og ég bið opinberlega gjörvallan mannheim fyrirgefningar á því, að ég geri það að heimkynni mínu", — þannig talaði George Bernard Shaw á fundi í Lundúnum í sl. viku, sem haldinn var til að ræða um og ráða bót á atvinnuleysi í landinu og allsleysi mikils hluta verkalýðsins, og um ástæðurnar, sem að því böli liggja. Meðal annars sagði herra Shaw: "Heilmikið af því, sem hér í landi hefir kallast guðsótti eða trúarbrögð á sl. 300 árum, er ekkert annað en samsæri til þess að koma þjóðinni til að trúa því, að hreinleiki hugarfarsins sé sé ódýr vara. En ég segi yður, að ekkert gott er ódýrt. Ef þér óskið að hafa heiðarlegt og dygðugt mannfélag hér í landi, sem þér hafið ekki nú á tímum, þá verðið þér að borga fyrir það. Og þér munuð komast að því, er tímar líða, að það verður yður ekki eins kostbært eins og það spilta mannfélag, sem þér hafið nú í landinu". Herra Shaw mælti með því, að landsstjórnin legði fram næga peninga til þess, að halda allri þjóðinni við stöðuga og sæmilega atvinnu, og að sjá um, að hún hafi nóg til fata og matar, og þá aðhlynning aðra, er gerði hana dygðuga og hrausta. Það mundi revnast miklu ódýrara en að launa lögregluþjónum, fangavörðum, o. s. frv.

— Hundafélag er verið að stofna í bænum Chatham, Ont. Bæjarstjórnin þar fyrirskipar, að allir hundar skuli myldir. Þetta þykir bæjarbúum svo ranglátt, að þeir hafa myndað hundafélag, sem einnig á að hafa á dagskrá sinni að vernda allar skynlausar skepnur fyrir ofbeldi manna.

— Reiknings-kapp var nýlega háð í Tacoma í Washington milli banka þjóna. Einn þeirra var Japani og hann notaði gamaldags reikningsvél á móti nýmóðins vélum hinna. Japaninn vann í hvert skifti.

— Landfræðifélagið í Lundúnum hefir sæmt Capt. Bartlett silfurmedaliu fyrir starf hans í pólarferðunum með Peary.

— Vilhjálmur Þýzkalandskeisari hefir í harðlega andmælt bjórdrykkju námsmanna á Þýzkalandi, og varað þá við þeim hættulegu afleiðingum, sem af henni leiðir. Það er stofnað félag meðal studentanna þar sem einn liður í stefnuskránni setur reglur fyrir að keppa um, hver geti drukkið mest af bjór. Keisarinn hefir ávarpað þessa námsmenn og ráðlagt þeim, að keppa heldur um, hver geti lært mest og fært sér þann lærdóm til bestra nota. Hann bendir á, að drykkjuskapur hafi ill áhrif ekki eingöngu á þá, sem iðka hann, heldur einnig á alla þýzku þjóðina, og að þessi ofdrykkja sé þegar farin að sýna þess vott, að þjóðin sé farin að dragast aftur úr öðrum þjóðum, sérstaklega Bretum og Bandaríkjamönnum, sem neyti áfengis í miklu minna mæli. Þessi áminning keisarans hefir mælst vel fyrir hjá öllum þorra hins hugsandi hluta þjóðarinnar og þar með margra úr nemenda flokknum.

OGILVIE'S

Royal Household Flour

Til Brauð og Köku Gerðar

OGILVIE'S ROYAL HOUSEHOLD

Gefur Ævinlega Fullnæging

EINA MYLLAN Í WINNIPEG,—LÁTIÐ HEIMAIÐNAÐ SITJA FYRIR VIÐSKIFTUM YÐAR.

Íslands fréttir.

Wathne gufuskipafélagið hættir starfi. Það hefir um mörg ár gert út skipin Egil, Eljan og Prospero, og fleiri skip. Búist er við, að aðrir verði til þess, að taka við skipunum og halda ferðum áfram.

Slátrunarfélag Norðurlands seldi á síðasta hausti kindagarnir fyrir 5,500 kr.; áður hefir sú vara verið lítilsvarði.

Blaðið Ísafold skýrir frá því, að samkvæmt erfðaskrá Kristjáns læknis Jónssonar, sem lézt í Clinton í Bandaríkjunum ekki alls fyrir löngu, sé tveimur spítulum í Clinton gefnir þúsund dollarar hvorum, lút. dönsku kirkjunni bar í bæ 500 og 200 dollarar til Springdale kirkjugarðsins, þar sem hann liggur grafinn; $200 skyldi varið til minnisvarða yfir hinn látna og $500 til hjúkrunarkvenna, við Clinton spítalann. Bókasafn sitt gaf hann læknaskólanum í Reykjavík. Hinar aðrar eignir ganga til 3. systkina hans á Íslandi, og til ungfrú Huldu Eckström, sem var skrifari hans. Íslenzk blöð segja, að eignir hans hafi numið 180 þús. krónum.

Prestastefna verður haldin á Hólum í Hjaltadal 3 næstu daga á undan biskupavígslunni, sem fer fram 10. júlí næstk. Biskupsvígslan syðra fer fram í júní.

Fjárkláði hefir komið upp í Skagafirði, í Hegranesi, Reynistað, Hafsteinsstöðum og Vík. Baðanir framkvæmdar.

Botnvörpungur frá Aberdeen sökk í sl. mánuði norðvestur af Vestmannaeyjum, varð fyrir árekstri af frönskum botnvörpungi og brotnaði gat á skipið. Skipverjar komust lífs af.

Björgunarskipið Geir hefir gefist upp við, að ná Lauru á flot af kletti þeim, er hún hafði strandað á, hafði verið 6 daga að fást við að bjarga henni. Óveður var mikið með köflum, sem smáliðaði Lauru sundur, og fór botninn algerlega undan henni, og er skipið því algerlega eyðilagt.

Kighósti hefir í vetur valdið allmiklum barnadauða í Húsavíkursókn, 13 börn létust af honum.

Bæjarþingsréttur í Reykjavík hefir dæmt Íslandsstjórn til að borga Kristjáni yfirdómara bankagæzlulaun hans síðan á nýári. En dóminum er áfrýjað.

Verð á íslenzkum vörum í Kaupmannahöfn 26. marz sl.: Mál saltfiskur skpd. 75 til 80 kr., smáfiskur 55—60 kr., ísa 50—52 kr., langa 60—65 kr., sild litt seljanleg, harðfiskur 42 kr. skpd., hrogn 40 kr. tunnan. Haustull 64 au., miðlit 54 au. pd. Ljóst hákarlslýsi 32 kr., dökt 28 kr., ljóst þorskalýsi 31 kr. og dökt 27 kr., gott meðalalýsi 50—55 kr. fyrir 200 pd. tunnu.

Gufubátur frá Seyðisfirði sökk 30. marz í grend við selvogsgrunn. Skipverjum 12 að tölu og 2 farþegum bjargað af enskum botnvörpungi, er flutti þá til Vestmannaeyja.

Mokfiski er í veiðistöðum sunnanlands um þessar mundir, segja íslenzk blöð. Suður í Garði fékk einn bátur t.d. 1400 af þorski einn dag og daginn eftir 1500. "Miljónafélagið" hafði fengið þar 9000 einn dag á 11 báta. — Nýlega var róið úr Réykjavík og fékst dágóður afli, en róðrar eru að mestu lagðir niður á Inn-nesjum. Þilskipin hafa einnig veitt vel. Einn daginn kom Keflavíkin (eign Duusverzlunar) með 14000 fiska, Haffari (eign Sigurðar í Görðunum) með 13000 og Sigríður (eign Th. Thorsteinssknar) með 7 þúsund.

Botnvörpuskipin hafa ekki orðið útundan: Snorri Sturluson var nýlega kominn með 36 þús. og Valurinn með 29. þúsund.

Jóhannes Jósepsson, glímukappi, fékk tvo norðlenzka glímumenn til þess að koma á fund sinn suður í lönd í vetur og sýndu þeir félagar íþróttir sínar í Berlín í febrúarmánuði. Í marzmánuði ætluðu þeir að vinna í leikhúsi í Munchen og í Regensborg fyrri hluta aprílmánaðar.

Blaðið Deutsche Varte segir með al annars 12. febr. '10: Glímusveit Jóh. Jósepssonar, sem áður er fræg orðin hér í Berlín, sýnir hin ýmislegu brögð glímunnar, beittum til varnar gegn áhlaupi manna, vopnuðum með hníf, skambyssu o. fl. Þó vildum vér mega benda hinum hugdjörfu köppum á það, að gæta meiri varúðar, því að kveld það, er vér sáum þá á leiksviðinu, særðist einn glímumanna á hálsi af bvssuskoti, og einnig á vanga af hnífstungu. Síðar kastaðist morðkuti all-gífurlegur ofan til hljóðfæraflokksins og tók með sér einn lampann. Til allrar hamingju meiddist þó enginn. En lán varð það, að ekki varð meira að. Mun mönnum sem sjá glímumenn þessa, lengi minnisstæð fimi þeirra, dirfska og snarræði.

— Stjórnin á Nýja Sjálandi hefir samið fuglafriðunarlög, er vernda nálega hverja einustu fuglategund, sem þekt er þar í alndi. Lögin ákveða, að á árinu 1910 og á þriðja hverju ári hér eftir megi enginn skjóta hina friðuðu fugla, þar til öðruvísi verði ákveðið.

Wall Plaster

"EMPIRE" VEGGJA PLASTUR kostar ef til vill ögn meira en hinar verri tegundir, —en berið saman afleiðingarnar.

Vér búum til:

"Empire" Wood Fibre Plaster
"Empire" Cement Wall "
"Empire" Finish "
"Gold Dust" Finish "
"Gilt Edge" Plaster of Paris
og allar Gypsum vörutegundir. —

Eiqum vér að senda yður bækling vorn?

BÚIÐ TIL EINUNGIS HJÁ

MANITOBA GYPSUM CO. LTD

SKRIFSTOFUR OG MILLUR Í

Winnipeg, - Man.

Heimskringla

Published every Thursday by The Heimskringla News & Publishing Co. Ltd

Verð blaðsins í Canada og Bandaríkjunum er $1.00 um árið (fyrir fram borgað).
Sent til Íslands $1.00 (fyrir fram borgað af kaupendum blaðsins hérlendis $1.50.)

B. L. BALDWINSON
Editor & Manager

Office:
729 Sherbrooke Street, Winnipeg
P.O. BOX 3083. Talsími 9512.

Útnefning í Gimli kjördæmi.

Þann 4. þ.m var útnefndingarfundur Conservative flokksins í Gimli kjördæminu haldinn í Conservative Club Rooms hér í borg kl. 8 að kveldi. Um 40 málsvarar voru þar samankomnir, flestir komnir heima í héraði til að mæta á fundinum, og aðrir, sem komið höfðu af áhuga fyrir velferð Conservative flokksins, og var þeim veitt full fullt[illegible]áttindi á fundinum, svo sem til uppbótar því, að ýmsar kjördeildir, þær sem lengst voru burtu frá borginni, gátu ekki átt kost á, að senda menn hingað svo snemma, að þeir gætu mætt á fundinum.

Undirbúningsfundur var haldinn kl. 2 e.h., af þeim, sem þá voru komnir í borgina, skyldi hann undirbúa málefnin og raða þeim niður fyrir aðalfundinn að kveldinu.

Klukkan 8.30 um kveldið var fundurinn settur, og Páll Reykdal kosinn forseti og Sveinn Thorvaldsson skrifari. Næst var gengið að því, að mynda formlega flokksskipunarnefnd fyrir alt Gimli kjördæmið, og voru þessir kosnir:

Patron: Hon R. P. Roblin.

Heiðursforseti: George H. Bradbury.

Forseti: Sveinn Thorvaldsson, Icelandic River.

Varaforseti: Paul Reykdal, Lundar P.O.

Skrifari og féhirðir: G.P. Magnússon, Gimli.

Ennfremur voru þessir kjörnir varaforsetar í hinum ýmsu kjördeildum:

Poll No. 1 — John Chemczaka, Pleasant Home P.O.

Poll. No. 2 — John Nykorozuk, Pleasant Home P.O.

Poll. No. 3 — William Cassette, Inwood P.O.

Poll. No. 4 — Chas. de Simencourt, Radway P.O.

Poll. No. 5— G. Guðmundsson, Lundar P.O.

Poll. No. 6 — Pétur Bjarnason, Otto P.O.

Poll. No. 7—John Blue, Scotch Bay P.O.

Poll. No. 8 — Paul Kernested, Narrows P.O.

Poll. No. 9—Donald McDonald, Fairford P.O.

Poll. No. 10 — Frank Sycruski, Husawick P.O.

Poll. No. 11 — J. G. Christie, Gimli P.O.

Poll. No. 12 — Martin Kellar, Gimli P.O.

Poll. No. 13— O. G. Akraness, Hnausa P.O.

Poll. No. 14—Baldwin Halldórsson, Geysir P.O.

Poll. No. 15. Guðm. Magnússon, Framnes P.O.

Poll. No. 16—Kr. Ólafsson, Icelandic River P.O.

Poll. No. 17—Bjarni Stefánsson, Hecla P.O.

Poll. No. 18 — Joseph Williams, Fisher River P.O.

Og öðrum varaforsetum verður væntanlega bætt við síðar, í Dog Lake og Broad Valley héruðum, og víðar, og mun það vera á valdi aðalstjórnarinnar, þeirra Sveins Thorvaldssonar, Paul Reykdals og G. P. Magnússonar.

Þá var borin fram á fundinum og samþykt í einu hljóði og með miklu lófaklappi og fagnaðarlátum svohljóðandi tillaga:

"Að þessi samkoma fulltrúa í Gimli kjördæminu gleðst yfir því, að eiga hér með kost á, að votta samhug sinn með stjórnarstefnu Hon. R. P. Roblins og ráðgjafa hans, og notar einnig þetta tækifæri til þess einhuga að votta Hon. R. P. Roblin gleði sína yfir þeirri heilsubót, sem hann hefir þegar náð á þeirri hættulegu sýki, sem hann nýlega þjáðist af, og vonar, að hann megi fljótlega ná fullri heilsu, og að vér megum lengi njóta hans til þess að ráða yfir forlögum fylkis vors".

Þessi tillaga var flutt af Wm. Cassette og studd af B. B. Olson.

Þá var rætt um útnefningu manna til að sækja um þingsæti í næstu kosningum á fylkisþingi fyrir hönd Conservativa í Gimli kjördæminu.

Stephan kaupmaður Sigurðsson, að Hnausa, stakk upp á, stutt af Capt. Balwin Anderson á Gimli, að B. L. Baldwinson sé kjörinn til sóknar. Báðir þessir menn, og einnig Paul Reykdal forseti fundarins, fluttu kröftugar ræður með þessari uppástungu.

Arnljótur B. Olson, lögregluþjónn, og Jón Stefánsson, báðir frá Gimli bæ, stungu upp á, að fundurinn kjósi herra Björn B. Olson á Gimli til sóknar. Með því mælti og herra Downey, frá Dog Creek.

Þá var kallað á þá B. L. Baldwinson og B. B. Olson, að láta til sín heyra.

Herra B. B. Olson talaði fyrst. Sýndi fram á, að kjósendur í Gimli kjördæminu ættu heimtingu á, að hafa fyrir þingmann einhvern þann mann, er ætti heima í kjördæminu, frekar en utanhéraðsmann, og kvað nægilegt mannval innan kjördæmisins til þess að skipa það sæti. Sjálfur kvaðst hann óska að ná útnefningu, og lofaði, ef hann yrði útnefndur og næði kosningu, að fram[illegible] sína skyldi verða þann veg, að kjósendurnir hefðu ekki ástæðu til þess, að iðrast þess trausts, sem hann vonaði, að þeir bæru til sín, og bað því fundarmenn að greiða atkvæði með útnefndingu sinni.

B. L. Baldwinson kvaðst ekki hafa ætlað, að segja neitt á þessum fundi. Meðferðin á sér um síðustu kosningar hefði verið þann veg, að hann hefði verið staðráðinn í því, að gefa alls ekki kost á sér til þingsóknar við þessar kosningar. En svo hart hefði verið að sér gengið fyrir 6 vikum síðan, að hann hefðf breytt þeirri fyrirætlun og væri því nú háður óskum fundarmanna. En það kvaðst hann vilja taka fram, að hann vildi engan veginn standa í vegi fyrir útnefningu neins þess manns innan kjördæmisins, sem þessi fundur kynni að eiga völ á að útnefna, með von um sigur, er til kosninga kæmi. Hins vegar vildi hann lýsa því yfir, að ef fundarmenn álitu sig líklegri til sigurs en nokkurn þann, sem þeir ættu völ á innan takmarka Gimli kjördæmisins, þá væri hann fús að biggja útnefning, ef þeir sýndu með atkvæðum sínum, að það væri eindregin ósk þeirra.

Þá var gengið til atkvæða með seðlum og hlaut B. L. Baldwinson 33 atkvæði, en B. B. Olson 6 atkvæði.

Var þá gengið yfir í stærri sal Conservative klúbbsins, sem hafði verið sérstaklega uppljómaður fyrir þetta tækifæri, og þar fluttar ræður.

Þeir B.L.B. og B.B.O. þökkuðu fundarmönnum fyrir þann heiður og það traust, sem sér hefði verið sýnt, og B-L-B. lofaði, ef hann næði kosningu, að gera sitt ýtrasta til þess, að verða Gimli kjördæmi að sem mestu liði.

Næst töluðu þeir Hon. Hugh Armstrong, fjármála ráðgjafi fylkisins, og Hon. Colin H. Campbell, dómsmálaráðgjafi, báðir langar ræður og fróðlegar.

Að því loknu var útnefning B. L. Baldwinsonar samþykt í einu hljóði.

Svo var vindlum útbýtt og fundi slitið.

Meðal annara voru þessir mættir: — Ilko Kelsy, M. Mendresk, Wm. Cassette, A. J. Phillip, W. Bowen, J. Martin, Wm. Carley, J. Skúlason, B. Halldórsson, M.Johnson, G. Magnússon, C. Ólafsson, J. Sigvaldason, Bjarni Stefánsson Wm. Cassette, J. Bojuk, F. Zuzsk, N. Stebnak, G. Wawricko, Y. Kawka, John Heidinger, N. Riginviske, G. P. Magnússon, B. B. Olson, S. Einarsson, Martin Keller, Jón Stefánsson, W. Slizenger, A. B. Olson, Rudolph Meyers, O. G. Akraness, J. Hallson, E. Guðmundsson, G. Guðmundsson, Paul Reykdal, Daniel Danielsson, Stephan Sigurðsson, Sveinn Thorvaldsson, M. Sylva, J. Downey og B. Anderson.

Eftir fundinn höfðu ráðgjafarnir, sem þarna voru viðstaddir, privatlega orð á því, hve alt hefði farið þar vel fram á fundinum, og hve menningarríkt það fólk hlyti að vera, sem sendi slíka fulltrúa að reka erindi sitt.

Það var meðal annars tekið fram á fundinum, að nauðsynlegt væri, að varaforsetarnir í hinum ýmsu kjördeildum kölluðu sem fyrst til fundar í hinum ýmsu deildum sínum, til þess að leiða athygli kjósendanna að því, að vinna af alefli að kosningu þess umsækjanda, er styddi stefnu Roblin stjórnarinnar, og var því máli vel tekið. Kjördæmið er búið að liða svo mikið á sl. 4 árum, að kjósendurnir ættu að finna hag sinn í því, að eiga stjórnarsinna á þinginu.

Gimli kjördæmið þolir ekki, að geta ekki notið alls þess hagnaðar sem stjórnin getur veitt því.

Ræður

fluttar á útnefningarfundi Conservativa í Gimli kjördæmi 4. maí 1910.

Hon. Hugh Armstrong, fylkisféhirðir mælti á þessa leið:

Ég finn mér skylt, að óska sendimönnum þessa fundar til lukku með samhygð þá, sem þér sýnduð í vali yðar á umsækjandanum. Ég hefi þekt báða umsækjendurna, B. L. Baldwinson og B. B. Olson, um mörg liðin ár, og ég ber hina mestu virðingu fyrir þeim báðum. Og ég efa ekki, að þér munuð allir vinna að því í einingu, að tryggja B. L. Baldwinsyni, sem þér hafið útnefnt, stóran meirihluta atkvæða, þegar til kosninga kemur.

Það hefir verið sagt, að í Gimli kjördæminu séu 17 eða 18 mismunandi eða sérskildir þjóðflokkar, þetta er eðlilegt í héraði, sem nú er óðum að byggjast upp. En það get ég fullvissað yður um, fyrir hönd stjórnarinnar, að stjórnin gerir engan mun á þjóðflokkum eða trúflokkum. Hún reynir að veita, og ég hygg hún veiti öllum flokkum fylkisóna jafnrétti í stjórnarfari sínu, án tillits til þjóðernis eða flokka, og ég sé enga ástæðu hvers vegna kjósendur í Gimli kjördæminu skyldu ekki styðja Roblin stjórnina og þá stefnu, sem hún framfylgir. Ég ætla ekki að bera neina vörn fram fyrir stjórnina, álit þess enga þörf. Ef þér íhugið, hvað báðar stjórnirnar hafa afrekað, og íhugið stefnu og starfsemi Roblin stjórnarinnar á sl. 10 árum, þá munuð þér sannfærast um, að hún hefir verið hvorttveggja í einu: afkastamikil framfarastjórn og þó sparsöm um leið, og þá stefnu hafa fylkin fyrir vestan oss tekið upp eftir henni, og það er góð sönnun fyrir gildi hennar og réttmæti.

Þér munið allir þegar Roblin stjórnin lögleiddi járnbrautastefnu sína, að þá voru margir hér í fylkinu, sem töldu það hið mesta glapræði við íbúa fylkisins, og álitu sjálfsagt, að fylkisgjaldþrot myndu hljótast af því. En nú er svo komið, að ekki finst einn einasti hugsandi og framsýnn kjósandi er sé stefnu þessari andvígur. Allar stjórnir fylkjanna fyrir vestan oss (Saskatchewan, Alberta og British Columbia) hafa tekið þessa stefnu upp eftir Manitoba, en með þeim mismun samt, að þær gata miklu hærri ábyrgð á hverja mílu en Roblin stjórnin gerði.

Roblin stjórnin átti einnig upptökin að því, að gera talsíma að þjóðeign. Því hefir verið komið í framkvæmd með góðum árangri, og til þess að koma í veg fyrir mótkepni, þá keypti stjórnin allar eignir Bell félagsins, með hér um bil sama verði og þær höfðu kostað félagið. Þessi stefna hefir mætt mikilli mótspyrnu í þinginu. En þrátt fyrir það, þá er nú kerfið í starfandi ástandi og með góðum árangri, og vér erum alt af að stækka það og þenja út um bygðir fylkisins, eins ört og mögulegt er að fá byggingarefnið. Árleg afnotagjöld hafa verið lækkuð, og kerfið hefir verið bætt að miklum mun, og þó hefir ágóðinn orðið sem næst 300 þúsund dollarar á sl. tveimur árum.

Andstæðingar vorir finna að því, að vér græðum á talsímakerfinu, en ég álít þær mótbárur of lítilfjörlegar til að telja tíma yðar til að hlusta á mig hrekja þær. Þeir segja, að stjórnin eða fylkið eigi ekki að græða dollar á þeirri starfsemi. En gróðinn rennur í fylkissjóðinn til hagsbóta fyrir alla fylkisbúa. Það eru fólksins peningar.

Þér ætlist máske til, að ég minnist á fjárhag fylkisins, þar sem ég er fylkisféhirðir, og ég get í stuttu máli skýrt yður frá því, að fjárhagur fylkisins er í betra ástandi nú, en hann hefir nokkru sinni verið síðan það var gert að fylki. Inntektir síðasta árs voru nálega 3 miliónir dollara, og af því fé hafði stjórnin 624 þúsund dollara tekjuafgang. Andstæðingar vorir reyna árlega til að sýna, að vér höfum engan tekjuafgang, þrátt fyrir það, þó vér höfum peningana á bankanum. Þeir segja, að ef vér fengjum ekki fé af þessum og hinum inntektaliðunum, þá hefðum vér enga tekjuafganga, og að þess vegna séu þeir í raun og veru ekki til. En staðreyndin ómótmælanlega er sú, að á síðasthliðnum tíu árum hefir Roblin stjórnin hafð tekjuafganga, sem nema hér um bil þremur miliónum dollara.

Andstæðingar vorir segja, að ef vér fengjum ekki inntektir frá auðfélögum, frá talsímakerfinu frá sölu fylkislanda og öðrum inntekta liðum, þá hefðum vér enga tekjuafganga. Vér játum alt þetta. En þrátt fyrir það að vér veitum árlega sívaxandi upphæðir til vega- og brúagerða og til sjúkrahúsa og annara opinberra nauðsynjastofnana, þá hefir stjórnin þó dregið saman þessar þrjár Miliónir Dollara í tekjuafgöngum. Vér höfum nú á banka $1,6000,000, þrátt fyrir það, að þegar stjórnin kom til valda, þá varð hún að mæta 245 þúsund tekjuhalla frá stjórnarárum fyrirrennara hennar. Og vér höfum varið 1½ milión dollara til opinberra bygginga í fylkinu, og vér höfum ekki tekið dollars lán til að gera það með.

Ég þarf ekki að skýra fyrir yður verðgildi eða nauðsyn bygginganna í Selkirk, Portage la Prairie og Brandon, og umfram alt Búnaðarskólans í Winnipeg, sem vér höldum starfandi með 80 þús. dollara árlegum tilkostnaði. Og það án þess að fá dollar að láni.

Af þessu getið þér séð, að stjórnin er að gera gott verk fyrir fylkið í heild sinni.

Það er satt, að stjórnin er að fást við nýja starfsemi, bæði með talsímakerfið og einnig með því, að taka að sér yfirráð á kornhlöðum fylkisins, og hefir til þess leitað fjárláns á peningamörkuðum heimsins, og á sl. 2 vikum hefir fylkisstjórnin selt skuldabréf, sem seldust fyrir $1.03 hvert dollarsvirði af 4 prósent rentuberandi vaxtabréfum. Með þessum kjörum hefir stjórnin fengið 5 milión dollara lán. Alt þetta fé verður notað til þess að standast kostnaðinn af framtíðar fyrirtækjum. Svo að þér sjáið, að fjárhagur fylkisins er á þessum tíma í góðu lagi.

Á þessu ári þarf fylkisstjórnin að borga um eða yfir 2 miliónir dollara af fylkisskuldum, sem gerðar voru fyrir mörgum árum, og stjórnin ætlar að borga þessar stóru skulda-upphæðir, án þess að taka nokkurt peningalán til þess.

Yður mun verða sagt, að andstæðingar vorir ætli sér að kjósa Liberal þingmann fyrir Gimli kjördæmið. En ef þér vinnið í sameiningu, þá kjósið þér Conservative þingmann. Liberalar í hinum ýmsu kjördæmum munu segja yður, að þeir vinni kosningarnar í þeim kjördæmum. Þeir jafnvel segja mér, að ég tapi í Portage la Prairie. Vér sjáum nú hvað setur með það. Yður er innan handar, að vinna sigur í Gimli kjördæminu, ef þér að eins leggist á eitt að gera það, þrátt fyrir alt, sem andstæðingar vorir kunna að segja yður. Ég fullvissa yður um það, að Liberal flokkurinn kemur til baka til næstu þingsetu með miklu færri menn en hann hefir þar nú.

Næst gat herra Armstrong þess, að 10 af Liberal þingmönnunum á fylkisþinginu dragu laun frá Ottawa stjórninni, alt frá 500 til 3000 dollara á ári í launum og þóknun. Hvernig geta þeir fundið að hinni ráðvöndu starfsemi Roblin stjórnarinnar, en á sama tíma lofað og prísað allar gerðir Laurier stjórnarinnar og varið alla hennar óverjanlegu eyðslusemi og rangsleitni í stjórnarathöfnum og fádæma fjársóun í sambandi við Grand Trunk Pacific brautina, sem virðist vera bygð á parti með hliðsjón af því, að geta skapað nokkra milióna eigendur af lagningu hennar?

Herra Armstrong talaði einnig um fylkistakmörkin, og sýndi fram á, að ef Manitoba fengi að njóta jafnréttis við Saskatchewan og Alberta fylkin, þá yrði tekjur Manitoba fylkis nálega milión dollara meiri á ári en þær eru nú.

Að síðustu endurnýjaði hann örfun sína til fundarmanna, að vinna að alefli að kosningu þess manns, sem þeir hefðu útnefnt til að bera merki Roblin stjórnarinnar.

Dómsmálastjóri Campbell talaði næst. Hann mælti hlýlega í garð B. L. B., sem hann kvaðst hafa kynst í þinginu um margra ára tíma, og hefði hann þar sýnt ágæta hæfileika og komið fram sjálfum sér til sóma og kjósendum þeim, sem hann hefði verið erindreki fyrir. Hann skildi þau mál, sem væru á dagskrá og gæti rætt þau með skynsemd og þekkingu, og með miklum áhrifum. Hann kvaðst ekki þekkja neitt kjördæmi, sem frekar ætti að styrkja Roblin stjórnina, heldur enn Gimli kjördæmið. Ýmsar ástæður væru til þessa og vildi hann strax minnast á eina þeirra. Hún væri stækkun fylkisins, og um það mál yrði fylkið að láta til sín heyra með ákveðnum róm. Einhverjir viðstaddir hefðu komið til Manitoba eftir fylkjasambandið. Þar áður hefði Norðvesturlandið staðið undir eign og stjórn Hudsons flóa félagsins, en árið 1869 hefði brezka stjórnin beðið félagið að eftirláta sér eignarrétt á landinu, sem þá varð að samningum, og svo afhenti stjórnin Canada þetta land alt, til þess að mynda úr því ný fylki. En ríkisstjórnin hefir ekki breytt sanngjarnlega við þetta land. Það sem Manitoba og hin önnur vestlægari fylki krefjast er það, að þegar fylki er myndað, þá njóti það jafnréttis við önnur fylki. Vér eigum heimtingu á, að standa jöfnum fótum við Ontario, Quebec, New Brunswick og Nova Scotia, og vér verðum að gera það. Íbúar Vesturlandsins verða að skipa sér í þéttari fylkingu, en þeir hafa nokkurn tíma áður gert. Og tvö vestari fylkin fylgja Manitoba í þessu máli, að heimta af ríkisstjórninni það jafnrétti í viðskiptum, sem vér verðskuldum. — Hvað haldið þér um það bræðralag eða systralag, sem ekki veitir öllum meðlimunum jafnrétti? Hér höfum vér þrjú systrafylki á sléttum Vesturlandsins og vér sjáum þau afskift af réttindum þeirra og misboðið. Þess vegna verður fólkið í Vesturlands fylkjunum, að hafa samtök til þess að heimta af Ottawa stjórninni þau réttindi, sem því bera.

Það er mér ánægjuefni, að geta lýst því yfir, að herra R. L. Borden, leiðtogi Conservative flokksins í Canada, hefir tjáð sig fúsan til, að veita Manitoba og Vesturfylkjunum full umráð yfir þjóðlöndum þeirra.

Þér, sem búið í Gimli kjördæminu, græðið meira á þessu en nokkurt annað kjördæmi í fylkinu. — Hvers vegna? Vegna þess að þau liggja næst yður?

En hver er afstaða Liberal þingmannanna í þessu máli? Þeir standa sem þjónar Ottawa stjórnarinnar, og ef vér biðjum þá stjórn að veita oss rétt vorn, hvaða tækifæri hafa þeir þá til að standa upp og segja: Manitoba skal öðlast rétt sinn. Ottawa stjórnin segði bara við herra Norris: þú færð $4000 á ári, sem uppboðshaldari á skólalöndum. Hafðu hægt um þig. Og hún mundi einnig minna þá herra Jónasson og Wilton á það, að þeir líka fái lífsuppeldi sitt frá Ottawa, og verði að hafa sig hæga. — Allir andstæðingar vorir í fylkisþinginu draga laun frá Ottawa stjórninni. Og hvaða tækifæri hafa þeir, spyr ég aftur, til þess að halda fast fram réttindum Manitoba fylkis, ef Sir Wilfrid Laurier bannar þeim það?

Það er sannfæring mín, að þegar tækifærið gefst, þá verði svo almenn andmæli frá íbúum þessa fylkis, að Ottawa stjórnin megi til að kannast við, að hún geti ekki lengur haldið áfram að afskifta Manitoba.

Þegar það var á dagskrá, að stækka Manitoba fylki, þá neitaði Ottawa stjórnin, að veita fylkinu umráð yfir löndum þess. Fylkið var þar ekki hvatt til ráða, og fylkið átti engan þátt í því ákvæði. Og það er nú fyrst, að vér höfum vissu fyrir því, að annar hinna miklu pólitisku flokka er háður því loforði, að þjóðlöndin og önnur náttúru auðæfi fylkisins skuli vera eign og undir yfirráðum þess, eins og á sér stað í Ontario.

Þetta er afstaða vor í málinu og þess vegna biðjum vér kjósendurna að styrkja málstað vorn við næstu kosningar. Stefnumunur flokkanna í fylkisstækkunarmálinu, er ljós. Vér höfum farið til Ottawa og sagt þeim þar skilmála vora. Vér sögðumst helzt óska, að mega njóta jafnréttis við fylkin fyrir vestan oss, þar eð það virtist vera næst stefnu ríkisstjórnarinnar. Manitoba á víssulega heimtingu á jafnrétti við Saskatchewan og Alberta. En með því, að Ottawa stjórnin sagði, að það væri ekki stefna Liberala, að veita Manitoba umráð yfir löndum sínum, þá báðum vér um, að fá sama fjártillag eins og nýju fylkin, og vér skyldum gera oss ánægða með það, þar til fylkjaréttindamálið yrði útkljáð á breiðari grundvelli. En Sir Wilfrid Laurier neitaði að verða við þessari bæn vorri. Hann kvaðst hvorki geta né vilja veita hana. Ég segi yður, að hann geti veitt oss jafnréttið, og að ef hann vill ekki gera það, þá verður önnur stjórn fús til þess. Manitoba hefir tekið fasta stefnu í þessu máli, og sú stefna verður að hafa framgang. Sé Laurier stjórnin ekki fús til, að veita Manitoba sama rétt og hún veitir Saskatchewan og Alberta, þá biðjum vér um jafnrétti við fylkin fyrir austan oss, nefnilega, að veita oss full umráð landa vorra, og þá skulum vér ekki biðja um neitt aukapeningatillag. En Sir Wilfrid Laurier segist ekki geta gert þetta, af því hann hafi gert samninga við Indiána, sem hann megi ekki ryfta. En þetta vekur spurninguna um það, hvort íbúar Manitoba fylkis séu ekki meira virði en Indiánar. Vér höldum því fram, að sem brezkir þegnar ættum vér að sitja fyrir þeim í þessu máli.

Þegar Laurier hafði neitað oss um jafnrétti bæði við austur- og vestur-fylkin, þá spurðum vér, hvað hann væri fús til að gera fyrir okkar litla fylki, og herra Borden spurði hann í þinginu um daginn, hvort hann hefði hugsað um, hvers konar tilboð hann vildi gera Manitoba. Málaleitanir fylkisins hafa staðið yfir 6 eða 7 ára tímabil, en algerlega árangurslaust. Það er þetta, sem kjósendur fylkisins verða beðnir að íhuga. — Vér segjum, að nú sé tími til þess kominn, að íbúar fylkisins fylgist að sem einn maður í þeirri kröfu, að Manitoba verði að fá fult jafnrétti við hin önnur fylki í sambandinu. Og ég þekki þá ekki rétt hugarfar fólksins á Gimli og í fylkinu yfirleitt, ef það gerir sig ánægt með þá meðferð, sem vér verðum nú að sæta af Laurier stjórninni.

Ég hygg einnig þessa hugsun á því, hverja menn Liberalar geta fengið til þess, að sækja um þingsæti hér í fylkinu. Flokkurinn getur ekki fengið aðra umsækjendur en þá, sem eru í þjónustu og dragа laun frá Ottawa stjórninni. Það eru mennirnir, sem flokkurinn vonar að fá kosna, og ef þeim tækist að ná kosningu, þá mætti trúa þeim til að svikja beztu hagsmuni þessa fylkis. Sú eina vernd, sem fylki vort hefir í slíku tilfelli, er, að standa fast móti stefnu Laurier stjórnarinnar og að fylgja einhuga Roblin stjórninni að málum í tilraunum hennar til að öðlast full réttindi fyrir fólkið í Manitoba, og þá er ég fullviss um, að jafnvel Liberal stjórnin í Ottawa verði neydd til, að veita fylkisbúum þau réttindi, sem þeir réttilega krefjast.

Næst gat herra Campbell þess, að Liberal flokksmenn hér í fylkinu héldu því fram, að þeir peningar, sem lagðir eru til umbóta, ættu að skiftast jafnt milli kjördæmanna í fylkinu. Sú stefna væri ranglát gagnvart Gimli. Eldri bygðir fylkisins hafa fengið sínar umbætur, en Gimli kjördæmið, sem nú er óðum að byggjast og hefir svo miklar þarfir, sem biða uppfyllingar, þyrfti á því að halda, að sérstakt tillit væri tekið til þess. Þeir sterku verða að hjálpa hinum veikari. Það er þess vegna ranglátt, að bera stjórninni eyðslusemi á brýn, þó hún veiti mesta hjálp þar sem þörfin er mest.

Þá mintist herra Campbell á talsímamálið, og sýndi fram á, að stjórnin hagaði notagjaldinu þannig, að bændur út um fylkið borguðu að eins eða jafnvel tæpléga það sem nemi starískostnaði. En "business"-menn í borgum og bæjum greiddu meira, af því þeir hefðu meiri not af símanum. — Stjórninni væri ant um, að hver bóndi í Manitoba gæti átt kost á, að hafa talsíma í húsi sínu, og til þess að geta haft afnot þeirra sem ódýrust, þá notar stjórnin gróðann, sem hún hefir af fjarsímunum, til þess að hjálpa bændunum. Það væri yfirleitt stefna Roblin stjórnarinnar, að láta landbúnaðarflokkinn í fylkinu njóta allra þeirra hlunninda og hagsmuna, sem henni væri mögulegt að veita. Tilgangurinn væri, að koma talsímum upp út um alt fylkið, og með því sérstaka augnamiði, að hjálpa þeim, sem búsettir væru í útjöðrum fylkisins.

Andstæðingar vorir segja, að vér eyðum of miklu fé í talsímakerfið, og að vér með því gerum fylkið gjaldþrota. Þetta bendir til þess, að þeir mundu, ef þeir næðu völdum, afnema þjóðeign talsíma.

Næst talaði dómsmálastjórinn um gagnrýni andstæðinganna á fylkisreikningunum, og sýndi, að mesta afrek þeirra á síðasta þingi hefði verið að íhuga, hvort formaður Búnaðarskólans hefði borgað stjórninni nægilega mikið fyrir nokkra potta af mjólk, sem hann fékk frá mjólkurbúi Búnaðarskólans handa nýfæddu barni sínu.

Herra Campbell endaði ræðu sína með þeirri ósk, að kjósendur í Gimli kjördæmi vildu af alúð vinna að því, að tryggja kosningu B. L. Baldwinsonar, svo að hann gæti starfað að hagsbótum Gimli kjördæmisins á næsta kjörtímabili.

TIL LEIGU.

í 3—4 mánuði (frá 1. júní) hús með húsbúnaði á góðum stað í vesturbænum, með mjög sanngjörnum kjörum. Hkr. vísar á.

Fyrrum og nú.

Fyrir 20 árum átti ég heima hér í Winnipeg. Það var á hinum svokölluðu "dauðu tímum". Þá var kaup verkamannsins frá 15 til 20 cents um klukkutímann, þektist jafnvel að ekki var borgað meira en 12½c. Nú er kaup aftur frá 17½ til 25 cents um klukkutímann, enda heyrist margur hafa orð á því, að þetta séu "góðir tímar". En svo þegar farið er nú að athuga alt saman, þá getur leikið efi á því, hvort nokkuð sé betra að komast af nú en áður. Það dugar ekki, að miða eingöngu við kauphæðina, heldur og líka jafnhliða við verðlag á öllum lífsnauðsynjum, og gæta svo að, hvort maður fær nokkuð meira fyrir dagkaupið nú en þá.

Eftir því, sem ég hefi bezt getað litið eftir, hygg ég að það sé engu meira, gott ef það er eins mikið. Flest alt er nú dýrara, og sumt svo að munar um helming eða jafnvel meira. Mjólk var þá t. d. 5c potturinn, nú er hún 9 eða 10c. Bezta kjöt var frá 10 til 12c, nú 20 til 25c. Húsaleiga hefur án efa þrefaldast, smjör tvöfaldast, hveiti og eldiviður að minsta kosti þriðjungi dýrara. Svona mætti telja upp ijölda af nauðsynjavöru. Ég skal að eins taka til eitt ena: Þá var hægt að fá gott fæði og herbergi fyrir $3.00 um vikuna, jafnvel í stöku stað fyrir $2.50. Nú er ekki að ræða um minna en $4.50. Ég held það sé engar ýkjur að segja, að nú sé einum þriðjungi dýrara að lifa en þá var, hvort sem heldur er fyrir fjölskyldumanninn eða einhleypinginn.

En er nú kauphækkunin samsvarandi? Ég held naumast að svo sé. Það gerir ekkert betur en að það sé ¼ hærra, og þegar dagur tapast frá vinnu, þá verður uppsprengda verið enn þá tilfinnanlegra, því þá gengur þeim mun fyr á peningana, hafi búið verið að draga saman nokkur cents til muna.

Ég veit nú reyndar, að nokkrir munu segja: "Þá var svo erfitt að geta lengið atvinnu, nú er það mikið léttara". Þetta hygg ég að sé að nokkru leyti rétt hugsað, þegar um fasta eða daglaunavinnu er að ræða, en þegar sú vinna er af skornum skamti, og um hlaupavinnu er að eins að ræða, þá hugsa ég að engu lakara hafi verið að fá vik að gjöra, heldur enn nú, og þó að sumt af þeim vikum þætti illa borguð, t. d. viðarsögun, sem þá var tiltölulega miklu meiri, þá var þó margur, sem hafði nóg fyrir sig og sína með því að stunda það verk af kappi.

Ennþá er eitt að athuga, og það er, að við ýms störf er nú ekki nema 8 til 9 klukkust. vinna, þar sem áður var tíu, og dregur það úr dagkaupinu. Vitanlega er það léttara fyrir líkamann, en það gerir líka léttari vasann. Og það veit ég með vissu, að á meðan að tíu tíma vinnan var, þótti samt mörgum vænt um, að geta lengið yfirvinnu, til þess að afla sér þeim mun fleiri centa þann daginn.

Hver er nú vegurinn til þess að gera þessa "góðu tíma" annað en orðin tóm, — gera þá að öðru en dvínandi bergmáli, sem hverfur út í geimann og ekkert skilur eftir? Vegurinn er þessi: Bróðurlegur félagsskapur og samtök; ekki í neinu ofstæki gerð eða rangsleitni við verkveitandann, heldur leggja fyrst nákvæmlega niður fyrir sér, hvað þarf til þess að eta lifað viðunandi og sómasamlegu lífi fyrir sig og sína, — forðast allar öfgar, en miða við meðalhófs-sparsemi; lestast svo við að fá hæfilega kauphækkun, það allra minsta 5c um klukkutímann. Biðja ekki um þessa kauphækkun fyrirvaralaust, heldur gera vinnuveitendum aðvart með sexjum mánaðar fyrirvara. Þá geta þeir vitað, hvað þeir mega bjóða í þetta og þetta verkið, sem auglýst er á markaðnum. Farí verkamaðurinn að á þennan hátt, beiti allri sanngirni og bíðlund, þá verður erfitt fyrir verkgefandann að neita kröfum hans.

Hugsið um þetta, drengir góðir, og sjáið hvað þið getið gert. — Þörfin er brýn.

Páll Bergsson.

AN IRISHMAN'S VIEW.

Editer Pineer Priss,
Pembinaw.

Gintlemin: —

I have been radin in the county papers, of racint date about coort house removale. A lot of min and childer, who run these papers, have been abusing Mr. Farechile who looks after our paper here. Now they are not on the inside, or they would kape their dirty prates to thimsilves. In the first plase, we have a bank of commerce club over here that have raised one hunder an fifty dollars and it is my understanding that Mr. Farechile, the foine man that he is (an shure an he tills me that all his ancisters cum frum the ould sod) gits half the boodle an Jerry Carracker gits the other half to place the buildings across the strate from Dave illinbams. So you see Mr. Farechile is not to blame as he is very wake from his long sickness and nades the money; but I see nothing in the rid shate the dimocrat paper run by the ile man beyant, in Bathgate, an its a wonder too, so it is, as the attorne gineral of Cavaler, and some of the lading min, were very much opposed forninst Wilson að the last gineral illecton air tried to bate him outn his job. Frid Farrer of our town was to git the plum and phat a pity he didnt! Phat a dash Frid would have cut down at Bismark, with the ladies, and would'nt he have made a foine runnin mate for the govrner; for the Bathgate ile man, he's so thin he'd put you in moind of a shingle with two matches stuch into its other inds for ligs. But niver moind, its the sthill sow that ginerally gits the schwill. I can't till phat they want the coort buildings over here for. We farmers niver go to Pembinaw at all, at all. For tin cints we can pau our tacks dues iny toime. We have two foine banks in Cavaler, if you want to borrow a few dollars you can git it, very chape Just twilve per cint an shure'n it used to be fifty in Bathgate. But it graves me from the bottom of my hate to see so miny forriners that have the aisy job, in the coort house, over in Pembinaw. I have seen play cards back in Noo Yark in places where min was wanted that red "No Irish need apply". Faix! an if this county aint the same regards officers, thin my name aint Pathrick. Look at the min who are sated in the coort house now, shure and there's Payterson, Jonson, Anderson, Felson, Magnusson, Thorwaldson an Brnwolfson besides, two "dottirs" of the same soort. Wouldn't that cork ye? No wonder pork is high. And if the coort house was brought over here, it would be tin times worse. If there wasn't enough sons in the county, they would import thim and thin look phat it would cost us for interpreters. The only chance the Irish have of gitting in the coort house, is when they are put behind the bars, for taking a few glasses of the crayther or baiting the loife out of some man. Faix an you cud put an Irishman with his back up against the coort house and he can bate all the forriners ye can bring to him. They say it is aginst their religion to foight, but they will stale the coort house if you give thim half a chance. There is only a few of the bist of us left here now. John McGurn, Patrick Jinnings, Billy Burns an miself an we have no show at all, at all with the forrin illemint. I would ax ivery man who has a throp of Irish blood in his vanes to do all he can forninst the coort house coming over here. Why look over the situation gintlêman, if they can't lade you around they have no more use for you than a rattlesnake.

Actions spake louder than words an if the Dutch don't know any better than fall into their trap let them too take their midicine. Their rule is now "No Irish nade apply".

I would loike to know who kapes up the buisness min of Cavaler but us farmers, and thin to have them same min force a lot of dets on the county when ivery intilligint man knows that betwixt wather, hale an the bade wades we have been loosing ground the past thra or fore years, ef they had any branes at all, at all they would niver do it. It is sale to say that one half of us are runnin behin as it is an if they wud wate on this coort house removale until we could git a few cows, shape and hogs, I would be for that same thing meself, but to foorse us into truble, look out, we'll niver sthand fur it.

TACKSPAYER.

• • •

CAVALIER TOOK THE COURT HOUSE.

Four gentlemen of Cavalier, Messrs. McBride, Otten, Sturdivant and Robbie were over on Wednesday. They were just an hour and a half getting to this so-called inacessable corner and were at the court house 15 minutes before business hours at nine o'clock and the arrival of the county officers. Janitor Johnson was on hand however and he says that the rumor that the ex-county treasurer McBride attempted to pry out a brick from one corner to take home as a nest egg is untrue, because as Mr. I. says, "How could he when I was there with my two dogs". As soon as the officers arrived the Cavalier gentlemen went at work at the old records, and the results of the digging will probably be given in the Chronicle af next week. However, they actually took the court house—and the other — outbuildings—all right — with a kodak. They omitted however to invite the "sons and dottirs" referred to by our Irish friend last week, to stand on the steps and add some beauty to the landscape. After their doing the court house, the party went over to "Europe" to visit with our Canadian cousins. Come again, gentlemen.

— From The Pioneer Express, April 15th, 1910.

Lilja J. Einarsson.

Fædd 24. janúar 1909.
Dáin 9. marz 1910.

(Undir nafni foreldranna).

"Horfið" — blómið horfið,
hallar gleðidegi;
sigur sól að viði,
sést því blómið eigi.

Sárt var að sjá þig deyja,
á sælu-morgni lífsins.
Æska, fjör og yndi
entí í raunum kifsins.

Blómið okkar blíða
nú býr í ljóssins sölum;
en við eftir þreyjum
enn í táradölum.

Huggun er það hjarta,
hér þó gleðin þrotni,
að við aftur sjáumst
innan skams hjá drottni.

Þótt héðan sértu horfin,
um hrygð skal ekki kvarta.
Þín ljúf og lofsæl minning
skal lifa í okkar hjarta.

Farvel barnið blíða,
blunda rótt hjá drottni.
Tára og trega-bikar
tæmist senn að botni.

A. E.

Skrítlur.

Einhverju sinni sat ungur maður í fangelsi í Englandi, sem skrifaði heim til foreldra sinna meðal annars þetta: "Að öðru leyti líður mér vel, en þeir segja, að við verðum bráðum hengdir, vona að heyra það sama frá ykkur, kæru foreldrar".

"Veiztu hvernig stendur á því, að sambúð gamla Gvendar og kerlingar hans er svo ánægjuleg. Þau hafa nú verið gift í nærfelt 30 ár, og aldrei lent í neinni innbyrðis þrætu".

"Skilirðu það ekki? Hún er þvottakerling og er aldrei heima á daginn, en hann er næturvörður og úti allar nætur".

Ung stúlka úr borginni var í heimsókn úti í sveitinni: "En hvað þessi boli lítur ilskulega til mín", sagði hún.

Bóndinn: "Það er rauða sólhlíf in þín, ungfrú, sem honum geðjast ekki að".

Stúlkan: "Ó, ég vissi raunar að hún var ekki eftir nýustu tízku, en mér kom ekki til hugar, að neinn mundi taka eftir því hér".

THE DOMINION BANK
HORNI NOTRE DAME AVENUE OG SHERBROOKE STREET

Höfuðstóll uppborgaður: $4,000,000.00
Varasjóður - - - $5,400,000.00

SPARISJÓÐS DEILDIN:
Vér veitum sparisjóðs innleggjendum sérstakt athygli, og borgum hæztu vexti á sparisjóðs innleggjum af $1.00 og yfir. — Barna innlegg velkomin. — Seljum peningaávísanir á ÍSLAND.
H. A. BRIGHT, RÁÐSMAÐUR.

Með því að biðja sérstaklega um "T. L. CIGAR," þá ertu viss að fá ágætan vindil.
T.L.
T. L. CIGAR
(UNION MADE)
Western Cigar Factory
Thomas Lee, eigandi Winnipeg

NÚ TIL SÖLU
DREWRY'S
BOCK BEER
Hann er betri á þessu vori en nokkru sinni áður. — Biðjið um hann. —
E. L. DREWRY, Manufacturer, Winnipeg

STRAX Í DAG er BEZT AÐ GERAST KAUPANDI AÐ HEIMSKRINGLU. — ÞAÐ ER EKKI SEINNA VÆNNA.

Manitoba á undan.

Manitoba hefir viðáttumikla vatnsfleti til uppgufunar og úrfellis. Þetta, hið nauðsynlegasta frjógunarskilyrði, er því trygt.

Ennþá eru 25 milión ekrur óbygðar.

Íbúatal fylkisins árið 1901 var 225,211, en er nú orðið um 500,000, sem má teljast ánægjuleg aukning. Árið 1901 var hveiti og hafra og bygg framleiðslan 90,367,085 bushela; á 5 árum hefir hún aukist upp í 129,475,943 bushel.

Winnipeg borg hafði árið 1901 42,240 íbúa, en hefir nú um 150,000; hefir nálega fjórfaldast á 8 árum. Skattskildar eignir Winnipegborgar árið 1901 voru $26,405,770, en árið 1908 voru þær orðnar $116,106,390. Höfðu meir en þrefaldast á 7 árum.

Flutningstæki eru óviðjafnanleg,— í einu orði sagt, eru í fremsta flokki nútíðartækja: Fjórar þverlandsbrautir liggja um fylkið, fullgerðar og í smíðum, og með miðstöðvar í Winnipeg. Í fylkinu eru nú nálega 4 þúsund mílur af fullgerðum járnbrautum.

Manitoba hefir tekið meiri landbúnaðarlegum og efnalegum framförum en nokkurt annað land í heimi, og er þess vegna ákjósanlegasti aðsetursstaður fyrir alla, af því þetta fylki býður beztan arð af vinnu og fjárleggi.

Skrifið eftir upplýsingum til: —

JOS. HARTNEY, 77 York Street, Toronto, Ont.
JOS. BURKE, 178 Logan Avenue, Winnipeg, Man.
A. A. C. LaRIVIERE, 22 Alliance Bldg., Montreal, Quebec.
J. F. TENNANT, Gretna, Manitoba.

J. J. GOLDEN,
Deputy Minister af Agriculture and Immigration, Winnipeg.

"Ekki það? Hvar hefirðu kynst honum? Þið litið út fyrir að vera ókunnugir".

"Þessir endurfundir", sagði Móritz, "vekja margar ásku-endurminningar í huga mínum".

"Þungbærar eða innilegar?" spurði Albert.

"Beiskar", sagði Móritz.

"Láttu þær þá fara skrattans til", sagði Albert. "Mín hugmynd er, að hugsa aldrei um neitt sorglegt, þegar það er afstaðið, því það er það sama og þjást á ný, en það er ónauðsynlegt".

"Nei — nei", sagði Móritz, og brosti angurblítt, "þær endurminningar, sem hér er um að ræða, vekja nú engar þjáningar hjá mér héðan af".

"Þú hefir oft lofað, að segja okkur eitthvað frá æskuárum þínum", sagði Hólm. "Æska þín hefir hlotið að vera auðug af sorgum, þar eð endurminningar þínar eru allar þess kyns".

"Ó, já", sagði Móritz, "sumar eru líka sætbeiskar".

"Sætbeiskar", sagði Albert og ypti öxlum. "Hvers konar ímyndunar grillur eru þetta? Hvernig getur maður átt sætbeiskar endurminningar?"

"Ein þeirra er til dæmis endurminningin um móður mína", svarði Móritz, "og önnur stendur í sambandi við þennan skartgrip, sem ég hefi borið um hálsinn í mörg ár".

Móritz tók nú rafhjartað af hálsi sér og sýndi vinum sínum.

"Hvað þá?" spurði Hólm. "Þessi skrautgripur? ..... Hver hefir átt hann?"

"Þegar ég var ungur drengur, bjargaði ég einu sinni litilli stúlku frá druknun. Á meðan ég striddi við bylgjurnar og strauminn, festist þetta litla hjarta í fötum mínum — hún hafði festi það um hálsinn en bandið slitnaði — og síðan hefi ég geymt það".

"Þú verður að segja okkur þessa sögu nákvæmar", sagði Albert. "Hvað hét litla stúlkan?"

"Ísabella Ehrenstam", svaraði Móritz.

"Hvað þá?" sagði Hólm undrandi. "Systir þessa unga barúns?"

"Já".

"Og hann veit ekkert um þetta?"

"Hann var barn þá, og hefir líklega gleymt þessum viðburði. Að minsta kosti er ég viss um, að hann hefir aldrei heyrt nafn mitt".

"Hér standa líka stafirnir I. E.", sagði Albert, sem hafði skoðað þennan menjagrip nákvæmlega, "eiga þeir að merkja Isabella Ehrenstam?"

"Nei", svaraði Móritz, "við þetta rafhjarta er bundin endurminningin um langa, sorglega og mjög markverða frásögu. Ég skal segja ykkur hana. Hún hefir haft mikil áhrif á ævi mína".

"Segðu frá, segðu frá", kölluðu báðir vinirnir í meira lagi forvitnir.

"En það verður að geymast hjá okkur".

"Auðvitað".

Móritz sagði þeim frá öllum atvikunum, sem lesarinn er búinn að þekkja. Hann sagði þeim frá samfundum sínum og Jakobs Kron, útskúfaða sonarins, hann útlistaði fyrir þeim forlög hans og samtal þeirra við dysina í skóginum. Alt mundi hann, — hann hafði ekki gleymt einu orði af því, sem Jakob hafði sagt honum.

Þar næst sagði hann þeim æfisögu sína frá æskuárunum, atvikin með Austur-Indversku tebollana í Liljudal, björgun Ísabellu, vanþakklæti foreldra hennar, og að síðustu um dauða móður sinnar. Þetta var röð af viðburðum, sem hreif vini hans stórkostlega.

"Þetta er einkennilegt", sagði Hólm, þegar Móritz endaði sögu sína, "það er eins og maður megi

taka undir með Jakob Kron og segja: Það er engin forsjón til, en að eins forlög".

"Já", sagði Albert, "það er leikur forlaganna, sem þræðir í gegnum þína sögu og Jakobs Kron. Hefirðu ekki frétt neitt um hann síðan?".

"Nei, ekki síðan móðir mín dó. Hann var búinn að ráðgera voðalega hefnd yfir hinum ónáttúrlega föður sínum og fjölskyldu hans. — — Vesalings Jakob, ef til vill hefir hönd réttvísinnar gripið um hönd heíndarinnar".

"Þrátt fyrir eymdina, er Jakob Kron eftirtektaverður maður", sagði Hólm. "Hann er lifandi ásökun gegn þessa siðlausa tíma takmarkalausu eigingirni".

"Og gegn rótfúinni mannfélagsskipun", sagði Albert. "Það verður að rífa hana niður og byggja upp að nýju, því, finnist engin bót við þessum alþjóðlegu meinum, þá hlýtur að koma ný, voðaleg bylting, sem bælir núverandi ásigkomulag algerlega niður".

"Það er þá á morgun, sem þú átt að opna erfðaskrá föður þíns?" því Móritz hafði líka minst á þetta leyndarmál.

"Já", sagði hann, "á morgun er ég tvítugur".

"En hvað forvitni þín hlýtur að kveljast", sagði Albert. "Ég skil ekki, hvernig þú hefir getað stilt þig svona lengi".

"Ég verð að játa, að mér hefir oft verið það erfitt", sagði Móritz, "en loforðið, sem ég gaf móður minni, hefir verið mér heilagt".

"Hver veit", sagði Albert spaugandi, "hvað þessi skjöl hafa að geyma. Máske þú sért eins ríkur og Krösus eftir alt saman. Jæja, þú hjálpar mér að líkindum til að borga öllum skuldheimtumönnum mínum? Eða, máske þú sért prins, erfðaprins. ..... Ó, þú konunglega hátign", bætti hann við með skoplegri alvöru, stóð upp og hneigði sig, "sé svo, ætla

ég að biðja þig að hugsa til mín með hægt og feitt embætti, helzt póstmeistaraembætti eða ráðgjafastöðu, ... og þurfi þín konunglega hátign á hugrökkum og handföstum manni að halda, til að verja réttindi þín, þá máttu reiða þig á mina öflugu aðstoð, ... ég legg líf mitt í sölurnar fyrir þig, ef þess þarf".

"Ég treysti þér", sagði Móritz metnaðarlega, "og ég lofa þér því við minn tignarlega drengskap, að undir eins og ég tek við stjórntaumunum, skal ég gera þig að forsætisráðherra eða hirðlífli, eftir því hvort þér þóknast betur".

"Þú mátt vera viss um mitt auðsveipa þakklæti".

"Svona, það er nú nóg komið af þessu rugli", sagði Hólm hlæjandi. "Það er dautt í ofninum og klukkan er að eins hálfátta, svo það er of snemt að hátta. Hvað eigum við að gera?"

"Ef þið væruð ekki eins miklir listfræðingar og þið eruð", sagði Albert, "þá dytti mér í hug að stinga upp á því, að við færum á matsöluhús og fengjum okkur steik. En það er líklega alt of efnislegt".

"Uppástungan er samþykt", sagði Hólm. "Eða hvað segir þú um hana, Móritz?"

"Maginn hefir ekkert á móti því, en pyngjan mikið".

"Það hefir enga þýðingu, vinur, ég borga. Þegar þú ert búinn að taka á móti arfinum, þá borgarðu mér máltíðina með kampavíni", sagði Albert.

"Jæja þá", sagði Móritz. "Það er fullkomin ástæða til að skemta sér, þegar maður hefir lokið erfiðu undirbúningsprófi, eins og ég hefi gert í dag".

"Það er alveg satt", sagði Albert. "Þú hefir lokið undirbúningsprófi í dag. Nú, hvernig gekk það?"

ROBLIN HOTEL
115 Adelaide St. Winnipeg
Bezta $1.50 á-dag hús í Vestur-Canada. Keyrsla ókeypis milli vagnstöðva og hánsins á nóttu og degi. Afbrýnning hins bezta. Viðskiftí Íslendinga óskast. OLAFUR G. ÓLAFSSON, Íslendingur, afgreiðir yður. Heimsækjið hann. —
O. ROY, eigandi.

A. S. BARDAL
Selur líkkistur og annast um útfarir. Allur útbúnaður sá besti. Enfremur selur hann allskonar minnisvarða og legsteina.
121 Nena St. Phone 306

HEIMSKRINGLU og TVÆR skemtilegar sögur fá nýir kaupendur fyrir að eins $2.00

Giftingaleyfisbréf
selur: Kr. Ásg. Benediktsson
486 Simcoe st. Winnipeg.

THE
"Arena"
Þessi vinsæli skautaskáli hér í vesturbænum er nú opinn. Ísinn er ágætur. 18DA MOUNTED RIFLES BAND SPILAR Á ARENA. KARLM. 25c.—KONUR 15c.
Chas. L. Trebilcock, Manager.

JIMMY'S HOTEL
BEZTU VÍN OG VINDLAR.
VÍNVEITARI T.H.FRASER,
ÍSLENDINGUR.
James Thorpe, Eigandi

A. S. TORBERT'S
RAKARASTOFA
Er í Jimmy's Hótel. Besta verk. ágæt verkfæri; Rakstur 15c en Hárskurður 25c. — Óskar viðskifta Íslendinga. —

MARKET HOTEL
146 PRINCESS ST. á móti markaðnum
P. O'CONNELL, eigandi, WINNIPEG
Beztu tegundir af víuföngum og vindum, aðhlynning góð húsið endurbætt

Woodbine Hotel
466 MAIN ST.
Stærsta Billiard Hall í Norðvesturlandinu
Tíu Pool-borð.—Alskonar vín og vindlar
Gistin. og fæði: $1.00 á dag og þar yfir
Lennon & Hebb
Eigendur.

Á beztu heimilum
hvar sem er í Ameríku, þar munið þér finna HEIMSKRINGLU lesna. Hún er eins fróðleg og skemtileg eins og nokkuð annað íslenzkt fréttablað í Canada

Fréttabréf.

SPANISH FORK, UTAH.
28. april 1910.

Einhver góður andi — ekki er að tala um annað hér — hefir nú stungið svo aftan og neðan undir eyrað á mér, að ég skyldi rita þér fáeinar línur í dag, — fyrst og fremst til að láta þig vita, hvernig okkur líður hérna, svona yfirleitt, og svo til "skemtunar og fróðleiks fyrir fólkið", eins og það er nú alment álitið að það sé sem ég rita!

Fyrst verður þá að segja frá tíðarfarinu á sl. vetri, því ég man ekki, hvort herra Gísli E. Bjarnason mintist nokkuð á það í sinni ágætu og fróðlegu frétta-ritgerð héðan, sem birtist í Hkr. ekki alls fyrir löngu. Veturinn byrjaði hér, eða vetrartíðin, með byrjun desembermánaðar. Komu þá undireins frost svo mikil, að elztu menn mundu ei önnur slík, og mátti svo heita, að þessi kuldatíð héldist í stöðuga þrjá mánuði. Að vísu var hér ekki grimdarfrost á degi hverjum, en það var einlægt óvanalega kalt, en litlar úrkomur eða snjór, nema til fjalla, en niðri í bygðum mátti kalla nær snjólaust. Með byrjun marzmánaðar skiftí algerlega um tíðarfarið, og hefir síðan mátt kalla indælistíð, að undanteknum tveim frostnóttum, sem komu um miðjan þennan mánuð, og orsökuðu talsverðar skemdir á aldinum, sem víðast hvar voru öll útsprungin, en of ung og þroskalítil til að standast frostið og kuldann. Aðrar skemdir urðu ekki, og vona menn að uppskera verði góð, því alt lítur vel út, ef engin óhöpp koma fyrir.

Heilsufar er gott og yfirleitt al menn vellíðan.

Löndum vorum líður flestum bærilega, bæði hvað heilsu og efni snertir. Þeim þokar allajafna áfram á framfaraveginum, bæði líkamlega og andlega, — efnalega og andlega, væri máske réttara að hafa það. Margir þeirra eiga nú orðið laglega og hentuga búgarða, og fleiri parturinn af þeim, sem hér búa, hafa nú á þessum síðustu 3—4 árum komið sér upp allramyndarlegustu og beztu íbúðarhúsum, sem standa ekkert á baki heimilum hérlendra manna, hvorki að fegurð eða dýrleika. Þeirra "mottó" sýnist vera áfram og upp á við, næstum undantekningarlaust, að því er snertir iðjusemi, nýtni, sparsemi, reglu og dugnað. Eru þeir í þessu svo samanvaldir, að varla finst undantekning. Hver sýnist keppa við annan í virkileglekanum.

Það finst varla nokkur meðal þeirra, sem ekki er það í raun og veru, sem hann sýnist vera. Með öðrum orðum, og til frekari útskýringar fyrir þá, sem eru skilningslitlir, þá meina ég, að það, sem landar hér hafa umleikis, mun vera hér um bil alveg skuldfritt, eða því sem næst. Vér höfum ekki þann sið hér, að vera að þenja oss út eins og froskar, á eintómum vindi, sem margan, er það gerir, leiðir til sprenginga fyrr eða síðar. Nei, hér er það algeng regla, að kaupa ekki neitt fyrri en skildingarnir eru til, sem þurfa fyrir það, og er sú regla bæði góð og lofsverð, og verður sá vegurinn ætíð aflarabeztur.

Yfirleitt eru landar vorir hér í góðu gengi, og hafa náð áliti og hylli meðborgara sinna. Vér höfum hér á meðal vor mikið lítið af amlóðum, ókindum eða "flakkararæflum", en þó er það máske ekki eiðlært, ef vel er hugað á metaskálarnar. En það er svo lítið af þesshattar illgresi á meðal hins góða hveitis í þjóðlífs akri okkar Íslendinga hér, að þess gætir varla utan með sjónauka, eða margra ára þekkingu og nákvæmri eftirtekt.

Jæja, ég læt svo úttalað um þetta efni. Heilsufar á meðal landa er einnig gott. Á síðastliðnum vetri hafa að eins tveir burtkallast: Hjálmar Björnsson, sem fra hefir verið skýrt áður í þessu bl., og ein ung kona, Guðrún að nafni (gift hérlendum manni, sem Bowa heitir). Hún var elzta barn Jóns Jónassonar og Guðnýar Sigurðardóttur, hjóna hér í bæ; rúmlega tvítug að aldri, fædd í Spanish Fork, en ættuð úr austur Landeyjum á Íslandi. Hún lézt seint í desember og var banamein hennar taugaveiki. Hún var bæði fríðleiks og myndarkona hin mesta, vel liðin og virt í hvívetna af öllum, er hana þektu. Hennar er því, sem nærri má geta, sárt saknað af öllum, en sérstaklega þó af ástríkum foreldrum og systkinum, sem urðu hér á bak að sjá elskulegri systur og góðri dóttur.

Mikið gladnaði hér yfir fólki við útkomu "Pólfræðinnar" Vol. IV. Því með því er nú loksins fengin vissa fyrir stærð pólsins (!) og möguleikanum um, að þar sé nóg pláss fyrir nokkur þúsund Ísraelita, og dágóðan garðblett, nógu stóran fyrir eitt eplatré og fáeina höggorma, hvað sem ströndinni líður, niður við og kringum opið á hnetti vorum. Það er ekki skýrt frá því, hvað mikið af þessum 500 milum, stærð pólsins, þurfi fyrir opið og ströndina, en það kemur nú sjálfsagt í Vol. V. Svo langt er lærið sem lifið, sagði kerlingin, og einlægt lærum vér eitthvað nýtt.

Seinast en ekki sízt vildi ég mega geta þess, að það kvað standa til, í næsta mánuði, að Ólafur gamli sendi alveg spánýjan þangbrand heim til Íslands, að boða þar trú, og lita eftir týndum sauðum af húsi Ísraels. Persónulega óska ég Brandi mínum til lukkulegrar ferðar og heillar afturkomu. En sérstaklega, að hann mætti bar engum Héðni, en hafi í þess stað nóga þorgeira til liðs og liðveizlu.

Með óskum beztu um bærilega líðan á nýbyrjuðu sumri,

E. H. Johnson.

LEIÐBEININGAR--SKRA
YFIR AREIÐANLEGA VERZLUNARMENN Í WINNIPEG

MUSIC OG HLJÓÐFÆRI
CROSS, GOULDING & SKINNER, LTD.
Pianos; Player Pianos; Organs; "VICTOR" og "EDISON" Phonographs; T. H. Hargrave, íslenzkur umboðsmaður.
323 Portage Ave. Talsími 4413

BYGGINGA- og ELDIVIÐUR.
J. D. McARTHUR CO., LTD.
Bygginga- og Eldiviður í heildsölu og smásölu. Sölust: Princess og Higgins Tals. 5060, 5061, 5062

MYNDASMIÐIR.
G. H. LLEWELLYN,
"Medallions" og Myndarammar
Starfstofa Horni Park St. og Logan Avenue

SKÓTAU Í HEILDSÖLU.
AMES HOLDEN, LIMITED
Princess & McDermott. Winnipeg.

THOS. RYAN & CO.
Allskonar Skótau. 44 Princess St.

THE Wm. A. MARSH CO. WESTERN LTD.
Framleiðendur af hinu Skótaui. Talsími: 3710
88 Princess St. "High Merit" Marsh Skór

RAFMAGNSVÉLAR OG ÁHÖLD
JAMES STUART ELECTRIC CO.
324 Smith St. Talsímar: 8447 og 7802
Fullar birgðir af alskonar vélum.

GOODYEAR ELECTRIC CO.
Kellogg's Talsímar og öll þarafandi áhöld
talsími 3023. 56 Albert St.

RAFMAGNS AKKOKÐSMENN
MODERN ELECTRIC CO
412 Portage Ave Talsími: 5658
Viðgjörð og Vir-lagning — allskonar.

BYGGINGA-EFNI.
JOHN GUNN & SONS
Talsími 1271 266 Jarvis Ave.
Höfum bezta Steinn, Kalk, Cement, Sand o. fl.

THOMAS BLACK
Selur Járnvöru og Byggingu-efni allskonar
76—82 Lombard St. Talsími 600

THE WINNIPEG SUPPLY CO., LTD.
298 Rietta St. Talsímar: 1936 & 2187
Kalk, Steinn, Cement, Sand og Möl

MATHESON AND GAY
Húsasmiðir, smikkarar og viðgerðarmenn
221 Higgins Ave. Winnipeg

BYGGINGAMEISTARAR.
J. H. G. RUSSELL
Byggingameistari.
í Silvester-Willson byggingunni. Tals: 1068

PAUL M. CLEMENS
Bygginga-Meistari, 443 Maryland St.
Skrifst.: Argyle Bldg., Garry st. Talsími 5997

BRAS- og RUBBER-STIMPLAR
MANITOBA STENCIL & STAMP WORKS
421 Main St. Talsími 1880 P. O. Box 244.
Búum til allskonar Stimpla úr málmi og togleðri

VÍNSÖLUMENN
GEO. VELIE,
Heildsölu Vínsali. 185, 187 Portage Ave. E.
Smá-sölu talsími 352. Stór-sölu talsími 464.

ACCOUNTANTS & AUDITORS
A. A. JACKSON,
Accountant and Auditor
Skrifst.—28 Merchants Bank. Tals.: 5707

OLÍA, HJÓLÁS-FEITI OG FL.
WINNIPEG OIL COMPANY, LTD.
Búa til Stein Olíu, Gasoline og hjólás-áburð
Talsími 1590 611 Ashdown Block

PIPE & BOILER COVERING
GREAT WEST PIPE COVERING CO.
132 Lombard Street.

VÍRGIRÐINGAR.
THE GREAT WEST WIRE FENCE CO., LTD
Alskonar virgirðingar fyrir bændur og borgara.
76 Lombard St. Winnipeg.

ELDAVÉLAR O. FL.
McCLARY'S, Winnipeg.
Stærstu framleiðendur í Canada af Stóm, Steinvöru [Granitewares] og fl.

ÁLNAVARA Í HEILDSÖLU.
R. J. WHITLA & CO., LIMITED
264 McDermott Ave Winnipeg
"King of the Road" OVERALLS.

BILLIARD & POOL TABLES.
W. A. CARSON
P. O. Box 225 Room 4 í Molson Banka.
Öll nauðsynleg áhöld. Ég gjöri við Pool-borð

NÁLAR.
JOHN RANTON
203 Hammond Block Talsími 4670
Sendið strax eftir Verðlista og Sýnishornum

GASOLINE Vélar og Brunnborar
ONTARIO WIND ENGINE and PUMP CO. LTD
301 Chamber St. Sími: 2988
Vindmillur — Pumpur — Agetar Vélar.

BLÓM OG SÖNGFUGLAR
JAMES BIRCH
442 Notre Dame Ave. Talsími 2638
BLÓM - allskonar. Söng fuglar o. fl.

BANKARAR, GUFUSKIPA AGENTR
ALLOWAY & CHAMPION
North End Branch: 667 Main street
Vér seljum Ávísanir borganlegar á Íslandi

LÆKNA OG SPÍTALAÁHÖLD
CHANDLER & FISHER, LIMITED
Lækna og Dýralækna áhöld, og hospitala áhöld
185 Lombard St., Winnipeg, Man.

CLYDEBANK SAUMAVÉLA AÐGERÐARMAÐUR. Brúkaðar vélar seldar frá $5.00 og yfir
564 Notre Dame Phone, Main 8624

Framsóknar-hvöt.

Fáein orð til huggunar og leiðbeiningar, í nafni frumbyggjenda Nýja Íslands, fyrir hina ungu og uppvaxandi kynslóð. Flutt í samsæti á Hnausum 2. apríl '10.

Af harðfjötrum vanans og harðstjórnar okinu kvaldir,
við hretviðra gnýinn frá barnæsku vorum uppaldir.
Með fornhelga, norræna, funheita blóðið í æðum,
til frelsis vor þráin, svo óháðir hvevetna stæðum.

Vér gátum ei lengur lotið þeim kúgunarböndum,
sem landið var fjötrað af ramdönskum níðinga höndum
sem forfeður vorir frá ofríki Haraldar hlutu
hörfa frá arfleifð að lokum, þó frelsisins nutu.

Vér flýðum vor óðul og átthaga minningarika,
jafnt ungir sem gamlir í ferðina lögðum vér slíka,
og förinni beindum vestur til Vínlandsins góða,
að vita hvað framtiðin þar hefði í skauti að bjóða.

Hingað að lokum vér lentum úr flutninga stríði,
þó lið væri tvistrað og smækkað ei bægði oss kvíði.
Og hérna var bárattan hafin und sjálfstæðis merki,
í heiftþrungnum móði var byrjað á ákveðnu verki.

Í framandi landi og frumskóga myrkviði dimmum,
í fjárþröng og margskonar reynslunnar næðingi grimmum,
og þekkingarskorti á landi og lífnaðarhögum, —
lítils vér nutum af sældar og ánægju dögum.

Á frumbýlingsárunum fyrstu, það gefur að skilja, —
en fátt nær að buga jafn þrautseigan einbeittan vilja
sem okkar, að reyna að sigrast á þrautunum þungu
og þyrnana lína af brautunum kynslóðar ungu.

Í framfaraáttina örstutta leið höfum þokast,
því oft hafa bjargráða sundin að fullu nær lokast.
Um þrjátíu og fimm ára bil hefir stríðið vort staðið
í stöðugum mótvindi síðan vér lögðum á vaðið.

Kynslóðin unga! Með vaxandi þroska og þekking
þolgæðum beitið og hrindið frá sérhverri blekking,
fullkomnið starfið, sem vér höfum byrjað að vinna.
Vaknið! Um síðir þá munuð þér takmarkið finna.

Þó mótvindar blási og brautin sé ei þakin rósum
til baka ei hörfið, en gætið að villandi ljósum,
sem allstaðar glitra og ginnandi vilja ykkur leiða
á glapstigu heimsins, þyrnunum stráða og breiða.

Leyfið ei smjaðrandi hræsninnar höggorma tungum
hópnum að sundra í freistinga straumunum þungum;
orúkið þér varúð, og leitið að sannleika sönnum, —
um síðir þá munið þér teljast með dugandi mönnum.

Standið í fylking og steinið að ákveðnu miði,
starfið með djörfung, en reynið að búa í friði.
Þá munið að endingu háleitan sigurinn hljóta
og hagsældar mega á ellinnar stundunum njóta.

Jóhannes H. Húnfjörð.

Ef þér
viljið styrkja þarflegt
íslenzkt fyrirtæki, þá kaupið og
borgið Heimskringlu

um það leyti, sem foreldrar mínir fluttu að Liljudal", sagði Georg. "Ég man ekki eftir að hafa séð þig eða heyrt um þig getið, þegar ég var barn".

"Móðir mín dó um það leyti", sagði Móritz. "Ég var þá líka svo lítilsigldur, að ég gat ekki vakið eftirtekt þína. Við vorum mjög fátæk, og hefði ekki Bergholm prestur hjálpað mér, þá hefði ég án efa mátt hætta við nám mitt fyrir fult og alt. En, eitt orð enn, áður en þú ferð, hr. barún. Þekkir þú Stjernekrans greifa í Óðinsvík?"

"Mjög vel, við erum nágrannar. Þú vekur eftirtekt mína aftur á því, sem ég sá strax og ég kom hingað. Þú ert mjög líkur Stjernekrans greifa".

"Ég? Nú ertu að spauga".

"Nei, þú ert mjög líkur honum, nema hvað hann er veiklulegri. Það er líka sagt, að hann sé óreglumaður. En hvað kemur þér til að hugsa um hann? Er það af því, að þið eruð svo líkir?"

"Nei", svaraði Móritz, "það er af alt annari ástæðu. Er hann í Óðinsvík núna?"

"Nei, á vetrum er hann vanalega í Stokkhólmi, og lifir þar afar-ríkmannlega, en á sumrin lokar hann sig inni í Óðinsvík, og hefir ekki samneýti við nokkurn mann svo mánuðum skiptir, nema gamlan þjón. Hann er mjög undarlegur maður, sem enginn skilur til hlítar. Hann geymir án efa þunga sorg, sem þjáir hann mikið".

"Heldurðu það? Hann er þó ríkur?"

"Ó, hvað gagnar það? — Það er sagt um Eberharð greifa, að hann hafi elskað ítalska söngmær, sem hann flutti heim með sér frá Milano, en hún sveik hann og strauk í burtu, og þrátt fyrir það, að hann leitaði hennar um ýms lönd í heilt ár, gat hann þó ekki fundið hana. Síðan er hann orðinn mjög þunglyndur, og til þess að verða af með það, tekur hann þátt í öllum mögulegum skemtunum og svalli

á veturna. Mælt er, að eignir hans rýrni mikið við það, en því gefur greifinn engan gaum. Ráðsmaður hans hefir alla umsjón eigna hans —".

"Herra Söholm", sagði Móritz.

"Alveg rétt", sagði Georg, "ég heyri þú þekkir hann. Hann er karl fyrir sig. Á borðinu hans sjást ávalt nýjustu skáldsögurnar við hliðina á brennivínsflöskunni og viðskiftabókum húsmannanna. Eberharð greifi trúir ráðsmanni sínum hiklaust, en það er í almæli, að hann dragi undir sig stórar upphæðir".

"Það er víst algengt með ráðsmenn", sagði Hólm, sem hafði þagað til þessa. "Þegar þú tekur við þínum eignum, Ehrenstam, þá máttu búast við hinu sama".

"Stjernekrans greifi ætlar þá ekki að gifta sig?" sagði Mórit).

"Nei, hann virðist hata hjónabandið", svaraði Georg. "Fyrir nokkru síðan stakk faðir minn upp á því við hann, að hann gengi að eiga systur mín—"

"Ísab ... ungfrú Ísabellu", sagði Móritz gremjulega, og lék sér að rafhjarta, sem hann bar um hálsinn.

"Já", svarði Georg undrandi. "Hefirðu séð systur mína?"

"Nei", sagði Móritz feimnislega, "en ég heyrði þig nýlega nefna nafn hennar ..... Og þetta hjónaband?"

"Mun naumast eiga sér stað, að minsta kosti ekki nokkur ár enn. Systir mín er enn of ung, og enda þótt hún líti út fyrir að verða ljómandi fögur, þá hefir Eberharð greifi enn enga eftirtekt veitt henni. Hún hefir heldur ekki verið mjög aðlaðandi, þegar greifinn hefir komið til okkar, því hún virðist hafa viðbjóð á honum".

"Það væri líka synd, að gifta hana þeim manni, sem hún getur ekki elskað".

"Ó, ríkir erfingjar, eins og systir mín er, fá sjaldan tækifæri til að haga sér eftir ástarþrá sinni. Það er algeng venja, að foreldrarnir velja dóttur sinni girnilegt mannsefni, án þess að leita samþykkis hennar. Eftir minni skoðun eru slík hjónabönd gæfurikust".

Háðslegt bros lék um varir Móritz, þegar hann heyrði jafn ungan mann láta skoðun sína í ljós um þetta efni. Napuryrðin, sem efst lágu í huga hans, geymdi hann hjá sér, því Helenar vegna vildi hann ekki styggja Georg.

Nú kvaddi barúninn og fór.

Hólm var sérlega kurteis en fátækur unglingur, hann stundaði læknisfræði, og var annar þeirra, sem Móritz hafði bundið óslitandi vináttu við.

"Móritz", sagði Hólm, þegar Georg var farinn, "hér er ákaflega kalt. Þú verður að senda einhvern yfir til mín eftir eldivið".

"Það er nú hægt að segja það, en hvern á að senda?".

"Ef þú hefir engan til að senda, þá förum við sjálfir. Við tökum fáeinar spítur hvor okkar og felum þær undir yfirhöfnum okkar. Það er líka svo dimt, að enginn sér það hvort eð er".

"Ágæt uppástunga", sagði Móritz, "en svo verður þú hjá mér í kvöld meðan logar í ofninum".

"Það geri ég með ánægju, en — þey — þar kemur einhver upp stigann".

"Það er liklega Albert Broman", sagði Móritz. "Hann lofaði að koma hingað í kveld".

Hurðinni var lokið upp og inn kom ungur maður. Yfir svip hans hvildi ánægja og saklaus gletni. Lítlu, blágráu augun hans eins og léku sér, og á vörum hans var nærri alt af góðmannlegt bros, sem vakti velvild og traust hjá öðrum. Hann var riðvaxinn og býsna kærulaus, svo að hann var harla ólíkur hinum beinvöxnu og laglegu félögum sínum, þó að hann væri hvorki mjög feitur né klunnalegur.

Þessi ungi maður var Albert Broman, þriðji vinurinn og kátastur af þeim — gleðin yfirgaf hann aldrei, og ávalt hepnaðist honum að reka á flótta áhyggjuskugga félaga sinna, þegar þeim brá fyrir.

"Gott kvöld, drengir", sagði hann um leið og hann kom inn, "hvernig líður ykkur? Eruð þið að hugsa um að fara út?"

"Já, bara augnablik", svaraði Hólm. "Móritz hefir engan eldivið, svo við ætlum að skreppa yfir til mín og sækja fáeinar spítur. Komdu með, þá hefir hvor okkar minna að bera".

"Já, það skal ég undir eins gera", svaraði Albert. "Ég hefi starfað að slíku áður. En hvers vegna kaupirðu þér ekki eldivið, heimspekingur? Máske þú hafir enga peninga? Viltu fá nokkra að láni? Buddan min er alls ekki tóm".

Albert barði á brjóstið á sér, þar sem menn eru vanir að geyma vasabókina.

"Hve mikla peninga hefir þú?" spurði Móritz hlæjandi.

"Fjóra ríkisdali og 36 skildinga. Segðu bara eitt orð og við skulum skifta jafnt, vinur minn".

"Nei, þakka þér fyrir. Ég segi eins og Alexander: Það er of lítið til að skifta".

"Jæja, verði þinn vilji. ..... Þá skulum við sækja eldivið. Hér er eins kalt og í íshúsi.

Vinirnir hröðuðu sér yfir til Hólms, og sneru svo aftur með nokkrar spítur hver innan undir kápu sinni. Svo var ofninn hitaður duglega og þeir tóku sér sæti í nánd við hann til að tala saman.

"Nú, Móritz", sagði Hólm, "hvernig lízt þér á þennan unga Ehrenstam?"

"Ó, þetta var ekki í fyrsta sinni, sem ég hefi séð hann".

Ókeypis Píanó fyrir yður



Þetta er vort "Louis Style" Piano, fegursta hljóðfæri í Canada. Sent yður til reynslu í 30 daga ókeypis. —

LESIÐ ÞETTA:

STEFNA þessa félags hefir verið, að "fullnægja, eða peningum yðar skilað aftur". Og nú gerum vér það bezta tilboð sem nokkrir Píanó-salar hafa nokkru sinni gert í þessu landi. Það veitir yður fría reynslu hljóðfærisins og kauprétt á því með HEILDSÖLU verði og vægum afborgunum ef þess óskast. Vér biðjum ekki um 1 cent af yðar peningum fyrr en þér eruð alveg ánægðir. —

Tilboð vort

Fillið út og sendið meðfylgjandi "COUPON" og vér sendum yður strax sýnismyndir af vorum ýmsu hljóðfærum með verði hvers þeirra. Þér veljið Píanó, og vér sendum yður það tafarlaust og borgum flutningsgjald; þér reynið það í 30 daga ókeypis. Eftir það getið þér sent það oss á vorn kostnað, eða keypt það af oss með heildsölu verði. Er þetta ekki gott boð?

W. DOHERTY PIANO & ORGAN CO., LTD.,
WESTERN BRANCH, WINNIPEG, MAN. FACTORIES, CLINTON, ONT.

— COUPON —

W. DOHERTY PIANO & ORGAN CO., LTD.,
286 HARGRAVE STREET, WINNIPEG, MANITOBA.

Kæru herrar! Sendið mér strax sýnismyndir af Piano tegundum yðar, með verðlista og upplýsingum um ókeypis reynslu-tilboð yðar, er sýnir hvernig ég get reynt Píanó-ið um 30 daga, mér kostnaðarlaust.

NAFN _____

ÁRITAN _____

Barði G. Skúlason

(Framhald).

Nú fyrir 20 árum, er íslenzku unglingarnir voru að lesa Bandaríkjasöguna í barnaskólunum í Dakota, komum vér náður á eitt íslenzkt nafn. Það var nafn Leifs Eiríkssonar hins heppna. Því fylgdi þó, að mikill vafi lék á, hvort það nafn hefði heimild í sögu þessarar álfu, enda óvíst nema saga hans væri tilbúningur, um Vínlandsfund og vetursetu Norðmanna hér.

Þó hefir honum verið reistur minnisvarði á helztu götu Boston borgar. Stendur hann þar í lyftingu á steindum dreka, setur hönd í síðu og skygnist móti landsuðri. Á steinjni er nafn hans greipt með rúnum, er fáir kunna úr að lesa, — framandi nafn á framandi tungu. Og mega Ameríkumenn, er skoða þessa mynd, eins vel hugsa að þar sé uppdagaður sjóvættur, er dregið hafi sig inn í borgina utan frá Þorskanesi, nóttina sem teinu var kastað í sjóinn — því þess háttar þjóð bragðast lítt á Brazilíu tevatn —, eins og hér væri um minnisvarða stórfeldrar sögupersónu að ræða, þess, er fyrstur þorði að sigla fyrir hvarf á Grænlandi. Fávísari hugmynd en þá hafa ýmsir Engil-Saxar gjört set um söguviðburði, er þeir voru ekki sjónarvottar að og ekki í letur færðir á þeirra eigin tungu.

Ef nú að 20 árum liðnum þeir, sem þá lesa sögu Bandaríkjanna, finna þar fleira en eitt íslenzkt nafn, þá verða þessi ár, sem nú eru að líða, að skrá þau þar. Og þegar tækifæri gefast til þess, ætti þeim ekki að vera slept. Sé nöfnum vorra fremstu manna komið þar á blað, gleymist ekki hingaðkoma vor, og saga vor týnist ekki Til þess að gera, mega bygðirnar eyðast þá af íslenzku fólki og reitirnir með letruðu steinunum falla niður. Sagan er orðin. Og hún hefir gerst hér. Og hún er skráð þeirri tungu, er alþjóð skilur, og hún er skerfur sá, er land vort hefir lagt til menningar þessarar megin-álfu. Nöfnin eru ekki klapprúnir, er engir fá lesið, er eins mjög minna á forynjur og vætti eins og menska menn. Þau eru skýru letri skráð, og þau stafa lög og mannréttindi og réttvísi, er allir kannast við, fram og aftur um landið.

En komum vér engum manni þjóðar vorrar fram, fram þar sem hann fær að mæla afl, röskleik og vitsmuni sína við aðra menn, er til lítils barist. Þá er sú trú ónýt, er knúði foreldra vora hingað til lands, og kom þeim til að reisa bústir, að þjóð vor ætti hér góða framtíð í vændum. Því framtíð er það engin, þótt vér fáum að lifa hér á jörðinni, og breytumst við hvern bita, sem vér ofan í oss látum, í óþjóðlegra fólk. Vér hefðum þá eins vel mátt sitja kyrr. Það er jafn drjúgur dauðsagi fyrir menningu þessa heims að deyja úr líkamlegum hor eins og að deyja úr andlegri vesæld.

Framtíð er ótakmarkað lit heill heimur. Að lifa í þjóðfélaginu, í löggjöf landsins, í réttarfari þjóðarinnar, í orsökum allra framfara, í andasteinum lióða og lista, — það er framtíð. Og að lifa þar sem vér — ekki þér eða þeir —, það er mikil framtíð.

Og ættum vér ekki að fara að hugsa til þeirrar framtíðar, fara að búa oss þar í haginn. Það gefst ekki til þess betri tími en rétt nú. Og það með því, að koma vorum beztu mönnum fram. Fram til móts við aðra menn.

Ýmsir hafa minst á framtíð vora hér. Hugsa þeir sér landi þetta sem vatnsgrautar kerlingu. Það býr til graut úr þjóð-kvíslunum, sem hingað flytjast. Og vér erum ekki nógu mikil grjón til þess að vera útilátið, svo oss er ætlað að vera salt í ð. Hálfgert matarkyns virðist þessi framtíðarhugsjón vera, og þó ekki af kostulegustu réttunum. — Eða erum vér búin að gleyma vatnsgrautarsultinum, sem afar og ömmur vorar sögðu svo dæmavel frá? — Og hrörleg verður sú menning, sem alin verður á þeirri fæðu. — En sé það framtíð vor að verða að salti — nokkurs konar frú Lot — er mér sama, hvort það salt lendir í pottinum eða hlóðunum. Framtíðin er þá engin og betri alger dauði en sú vatnsgrautar eilífð.

En framtíðar möguleikarnir blasa við oss á báðar hendur. Og framtíð vor er: vorir framtíðarmenn. Með því að fylkja sér um þá. En ef það gjörist, verður á því að byrja. Og nú er það óvandara en áður með þann mann til forgöngu sem Barða Skúlason. Fyrst hann býðst. Hrósi barí ekki að hlaða á hann, en geta má þess, er vér öll saman vitum, að framsóknarþrek og hæfileika hefir hann í ríkara mæli en flestir menn, og þekkingu og víðsýni og skilning meir en til móts við aðra, þótt leitað sé um Dakota ríkið utan þjóðflokks vors. Erindi ríkisins yrði því ekki illa rekið í þjóðþinginu, og þess ber líka að gæta, með framflutningi hans. Mælskumaður hefir hann jafnan verið talinn. Og í þeim greinum þarf þjóðflokkur vor ekki að lúta í lægra haldi undir forsvari hans, þótt við ýmsa merka mælskumenn sé að keppa, þar í Congressinu. Mælska þeirra sumra hverra er eins mjög dagblaða-mælska eins og meðfadd andagift. Ræðan færð í stýl og gerð söguleg í búningi frásögunnar.

Frá mörgu mætti segja af fimleik, mælsku og frammistöðu þeirra, er Congressið skipa. En alt of margir skipa þar þingbekk, er kosningu hafa hlotið fremur fyrir ríkidæmi og hlutleysi kjósenda en mannkosti og þekkingu. Og því er margt eins og er. Örfáir menn ráða löggjöfinni og heilar landspildur eiga sama og enga forsvarsmenn. Sérstaklega má svo að orði kveða um vesturríkin mörg. Enda er alt af dregina taumurinn úr hendi þeirra, en hlutur strandríkjanna eystra gerður stór, — hlutur iðnaðarfélaganna, auðfélaganna, verzlunarfélaganna. Fæstir þeirra, er að vestan koma, hafa kynt sér verzlunarmálin til nokkurrar hlýtar, eða þau lög, sem í gildi eru, eða eru þá svo máli farnir, að þeir geti látið til sín heyra, eða þá svo duglegir og diarfir, að þeir þori að láta örla á sér. En allur stjórnarfarslegur hagur landsins hvílir á gerðum Congressins, og er það því ekki lítilsvert, að geta valið þangað góða menn. Og í hópi þeirra, er að vestan kæma, væri stór liðstyrkur í Barða, því hann hefir bæði þá þekkingu og gáfu, er til þess þarf til að geta orðið því að liði, er þetur má, ekki einungis fyrir Dakota ríkið, heldur og vesturríkin í heild. Og þá líka það, að hann er Íslendingur ætti ennfremur að mæla með honum meðal vor. Vér höfum sýnt þess merki, að þjóðernis meðvitund er enn af sér vitandi. Og þarf ekki annað en minna á afskifti vor af málum heima, er vér höfum látið okkur varða all-mikið. Og þó eru þau mál í eðli sínu fjær oss, en það, sem snertir oss hér í landi. Hingað erum vér komnir og hér höfum vér gerst borgarar og hér munum vér beinin bera. Ætti því það, sem snertir oss hér á þessum stöðvum, að vera oss meira vert en það, sem gjörist í annari heimsálfu. Enda ef vér fáum áukið á virðing þjóðar vorrar hér, höfum vér aflað alþjóð vorri sæmd, hvar í heimi sem hún dvelur. (Frh.)

Ekkert liggur á.

Áframhald af "skylduverkinu" og athugasemdir til andmælenda birtast áður en langt líður. Ekkert liggur á. Að eins skal Bjarna Magnússyni svarað því til bráðabyrgða, að ég veit engan Goodtemplara hafa brotið bindindisheit sitt eins oft og Björn Jónsson. Sannað skal það, ef óskað verður. Ég ætlaði að hlífa Birni við því, að minnast á það mál — því það kom því ekki beinlínis við, sem um var að ræða — en Bjarni neyðir mig til þess, að taka það með í reikninginn.

Sig. Júl. Jóhannesson.

Skeyti.

Í 30. tölublaði Heimskringlu þ. á. birtist ritdómur um "Kvisti" eftir dr. Sig. Júl. Jóhannesson, eftir J. G. Þessi J. G. er sagður að vera Jónas Guðlaugsson, sem 3 ljóðakver hafa sést á prenti eftir. Greinarhöf. notar tækifærið til að kasta þungum steinum að vestur-íslenzkum skáldskap, og amerískri þjóðinni í heild sinni. Hann segir, að Ameríka sé land leirskáldanna. Annar eins leirvaðall hafi ekki þekst í heimi, sem hjá Íslendingum þar. Hann segir, að skeð hefði getað, að Sig. Júl. hefði getað orðið gott skáld, ef hann hefði komist í menningarland, þar sem listkraftan sé sett á hærra stig en í Ameríku. Margt annað þessu líkt, og heimskulegra, lætur hann sér úr munni fara.

Vestur-Íslendingar hafa ekki setið við háborðið hjá Austur-Íslendingum á einn eða annan hátt, nema lítillega, þegar þeir hafa snarað fáeinum dölum til þeirra. En aldrei hefir verið gengið framar, enn þessi Skammketill gerir í málaflutningi milli Austur- og Vestur-Íslendinga. Fyrir minni óhróður hafa sumir, sem rita í blöðin hér, gripið til pennans.

Þótt skáldskapur Vestur-Íslendinga sé fátækur og frumbýlislegur, þá er margt gott og nýtilegt við sumt af honum. Í það heila tekið er hann ekki eins orðljótur, klúr og tuddalegur, eins og það versta, sem birst hefir á Íslandi. Það virðist ekki vera ofurspann eftir fágaðri listkröfu í "Hlandforar" og "hundaþúfu" kvæði Jónasar Guðlaugssonar, sem hann gerði um Ísfirðinga, ei fyrir löngu síðan. Ferst honum ekki stórt að láta af listkröfu sinni.

Ætli nokkurum heilvita manni, með sanngjarnri bókmenta þekkingu, detti í hug að kalla þjóðirnar í Bandaríkjunum og Kanada menningarlausar þjóðir? Er það ei aulalegt, að halda gamla prófessor Will. Fiske, nú í gröfinni, menningarlausan mann, þjóðina hans menningarlausa þjóð? Hvaða þjóðir hafa reynst Íslandi betur heldur enn Ameríku þjóðirnar (Bandaríkin og Kanada)? Höf. fer svo heimskulega og gálaust með dómsvald sitt, að hann verðskuldar ekki, að menn meti hann langs viðtals. Austur-Íslendingum er meira tíðn búið af, að eiga slíkan mann, enn Vestur-Íslendingum skaði af lastmælgi hans og frunta-skap. Það er meiri hagur fyrir Austur-Íslendinga, enn hægt er að reikna, að eiga vinfengi við Vestmenn og þjóðirnar hér. En það þarf ekki nema einn gikk í hverri veiðastöð til að spilla vináttunni, jafnvel til fulls og alls.

Meira síðar.

K. Ásg. Benediktsson.

Opið stjórnmálabréf

— TIL —

Dr. Sig. Júl. Jóhannessonar.

(Framhald).

HLUTDRÆGNI.

Þú talar, og það réttilega, um, að menn og flokkar eigi ekki að sýna hlutdrægni. Enginn hefir brotið þetta í stærri stýl en flokkur og flokksmenn H. Hafsteins. H.H., og nefndarmennirnir 5, byrja hlutdrægni sína á því, að sima til Íslands, a ð e i n s uppkast meiri hluta nefndarinnar, en alls ekki minnahl. (Skúla), nefna hann eða ágreiningsatkvæði hans ekki á nafn. Þarna byrjuðu þeir með að sýna þjóðinni að eins aðra hliðina. Sama er að segja, er stjórnin lét birta uppkastið í Lögbirtingablaðinu. Þar er að eins birt uppkast meirihl. Í báðum tilfellunum var það þó, ekki að eins siðferðisleg skylda, að birta báða parta, heldur einnig hafði H.H. til þess e m b æ t t i s l e g a skyldu, sem stjórn arformaður. Skúli var skipaður af löggjafarþinginu, alveg eins og hinir, og þjóðin átti h e i m t i n g á, að birt væri álit hans og tillögur, á sama tíma og sama hátt og hinna nefndarmannanna.

Þegar vantrausts yfirlýsingin til H.H. var rædd í þinginu í fyrravetur, fluttu blöð Hafsteinsflokksins h e i l a r ræður eftir s í n a flokksmenn, en ekki eitt orð af ræðum hinna. Aftur á móti fluttu blöð sjálfstæðismanna, einkum Þjóðv. og Ísaf., öll ræðuágrip af b e g g j a hálfu, og alveg ræður aðalmótstöðumannsins HH. Sama er að segja um ræðurnar um sambandslagafrv. og stjórnarskrármálið. Líka forðuðust blöð H.H. eins og heitan eld, að geta um framkomu H. Hafsteins í bindindismálinu, hve ákaft, og með mikilli áfergi hann varði Bakkus. Það er hægt að sanna það, að blöð þessa flokks hafa aldrei flutt neitt af hálfu andstæðinga sinna, annað en það, er þau hafa slitið út úr greinum og setningum, til að snúa út úr því, eða hártoga það, — og það, er þau hafa verið n e y d d til að birta samkvæmt prentfrelslögunum. Á svo háu stigi hefir hlutdrægnin verið. En á hvað bendir þessi aðferð? Bendir hún ekki frekar öllu öðru á vondan málstað?

SLJÓ SIÐFERÐISTILFINNING.

Þá vil ég víkja að atriðum, er sýnir hve flokkurinn hefir sljóa siðferðistilfinningu. Eins og menn muna, varð Alberti dómsmálaráðherra Dana uppvís stórþjófur 1908. Um langan tíma lá grunur á, að ekki væri alt með felldu hjá Alberti, og frjálslyndir menn meðal Dana báru á hann margar sakir og þungar, og í þinginu var mótspyrnan orðin svo sterk móti honum, að stjórnin marði í gegn, með 1 atkv. mun, að afstýrt yrði rannsókn gegn honum. Embættisbræður hans (ráðgjafarnir) vörðu hann ákaft, og héldu fyrir honum hlífiskildi, þar á meðal ekki hvað sist J. C. Christensen, forsætisráðherrann, er meðal annars lánaði honum á laun 1½ milión kr. úr ríkissjóði. Svo kemur að því, er Alberti getur ekki lengur hulið sekt sína (það var 8. sept. 1908), og gefur sig í hendur lögreglunnar sem þjóf og glæpamann. Vitanlega kraðist mikill meiri hluti dönsku þjóðarinnar þess, að ráðaneytið færi frá völdum tafarlaust, því öllum var ljós hlutdeild þess í, að verja þennan mann. Sjálfstæðisflokkurinn á Íslandi tók í sama streng. Taldi það sjálfsagt, að ráðaneytið gæti ekki setið lengur. Seta þess áfram væri siðferðislegt og stjórnarfarslegt hneyksli. En Hafsteinsliðar voru nú ekki alveg á því. Blöð flokksins fluttu hvert skeytið og greinina (ásamt fregnmiðum) á fætur öðru með mestu áfergju, er skýrðu frá, að þetta g æ t i engin áhrif haft á stjórnina dönsku. Hún hlytí að sitja kyr eftir sem áður, m.fl. Svona var siðferðistilfinningin næm þeim megin, í það skiftið. Nú er búið að steina tveimur af þessum mönnum fyrir ríkisdóm, fyrir hlutdeild þeirra og afskifti af Alberti.

Í haust er leið er skipuð saka, málsrannsókn á hendur Birni Líndal, er var ritstjóri flokksins við blaðið Norðra, út af því, að grunur all-sterkur leikur á því, að hann hafi haft fé af landssjóði, í stjórnatíð H. H., með fölskum reikningum. Maðurinn lætur af ritstjórn út af þessu. En flokkurinn blygðast sín ekki fyrir, að bjóða hann fram í opinbera stöðu (bæjarstjórnarst. á Akureyri) meðan að svona standa sakir, — meðan maðurinn liggur undir sakamálsrannsókn. Ekki ber að skilja þetta svo, sem ég fordæmi manninn, þó rannsóknin hafi verið skipuð á hendur honum, — áður en sannað er, að hann sé sekur. Síður en svo. En ég vil láta menn, og flokka ekki síður, hafa svo mikið af velsæmi, að bjóða ekki menn, er svona standur á um, fram til opinberra starfa. Verði maðurinn sýknaður af þessum kærum, þá, og þá fyrst, er bæði rétt og ástæða til, að veita honum stuðning til að ná opinberum stöðum, og með því bæta honum, ef honum hefir verið óréttur gerður.

Ekki ósvipað má segja um Tryggva gamla. Að vísu er engin sakamálsrannsókn á hendur honum. En mál hans gagnvart bankanum eru ódæmd enn af þingi og dómstólum, og því hefði verið rétt ara að láta bíða, að koma honum í bæjarstjórn Ríkur, fyr en alt var á enda kljáð.

SLÆMIR FYRIRLIÐAR.

Allir vita, að í raun og veru eru ritstjórar flokksblaðanna helztu og fremstu merkisberar hvers stjórnmálaflokks, og enga menn er þörf á, að velja eins vel og einmitt þessa menn, ekki að eins flokksins vegna, heldur og vegna a l l r a þ j ó ð a r i n n a r. Í raun og veru hvílir á engum borgara þjóðfélagsins eins mikil ábyrgð eins og á ritstjórunum. Þeir e i g a að vera leiðarstjörnur þjóðarinnar, ekki í einu, heldur í öllu því, er betur má fara, og því standur ekki á sama, hvort þeir veita inn í þjóðlífið góðum straumum og hollum eða vondum og eitruðum. Enginn flokkur á Íslandi hefir jafnhroðalega strandað á þessu skeri (að velja ritstjóra) eins og Hafsteins flokkurinn. Blaðamenska flokksins ber þess ljósan vott. Þeir, sem lesið hafa öll íslenzk blöð í gegn um kosningabardagann 1908, þekkja vel, hve geysimikill munur var á rithætti Lögréttu Reykjavíkur og Norðra og annara blaða landsins, svo óþarfit er, að fara út í þá sálma hér. Enda hefir flokkurinn séð sitt óvænna, því rétt á eftir kosningarnar lét hann tvo hætta, þá M. Blöndal og J. Stefánsson, og setti við stýrið í þeirra stað tvo nýja, dygga þjóna sína: Björn Líndal og Jónas Guðlaugsson. En ekki tók þá betra við. Blöðin versnuðu í stað þess að batna, og eftir stuttan tíma urðu báðir þessir menn að láta af starfinu, fyrir ósæmilegar athafnir, — annar (J.G.) varð uppvís að því, að vera í vitorði með að falsa símskeyti og kaupa menn til að bera ljúgvitni í því máli; en hinn (B.L.) grunaður um, að hafa náð fé úr ríkissjóði með fölsuðum reikningum *). Þorsteinn Gíslason hefir þó ekki orðið sekur um annað en þessi marglöldu ósannindi og sem drepið hefir verið á hér á framan.

En af þessu er það bersýnilegt, að annaðhvort á flokkurinn ekki til menn í þessar vandasömu stöður, eða þá hann hirðir ekkert um, að velja í þær. Hvorutveggja eru jafnmikil vandræði.

Aftur á móti höfðu sjálfstæðisritstjórar hins flokksins svo mikið traust hjá þjóðinni, að hún kaus þá sem fulltrúa sína, og flesta með geysimiklum atkvæðamun, og einn gagnsóknarlaust.

ÓÍK BARDAGA-AÐFERÐ.

Þegar að Eggert Stefánsson símaþjónn — og einn af átrúnaðar og uppáhaldsgoðum Hafsteinsflokksins á Akureyri — varð uppvís að símskeytafölsuninni um sambandsmálið sl. haust, nefndu sum blöð sjálfstæðismanna þetta ekki á nafn, t.d. Þjóðviljinn og Þjóðólfur, og var það þó bæði sögulegt og eftirtektavert. En þegar Magnús Th. Blöndal, alþm. í Reykjavík, fór úr stjórn Völundarfélagsins — sem voru svo sem engin stórtíðindi — þá b a u ð Lögr. hverjum sem vildi rúm "til að fletta ofan af honum", og hefði vafalaust tekið það með þökkum, þó það hefði verið gert undir dularnafni, og hin blöð flokksins töluðu öll um þetta í þeim tón, að hér væri eitthvað sögulegt á ferðum. Ekki væri búið að halda honum burtfararsamsæti, m.fl. En líklega hefir hér ekki verið um auðugan garð að gera, því enginn launskriftamaðurinn — stigamaðurinn — (ekki einu sinni Lárus) hefir enn lagt út í þetta, þrátt fyrir boð Lögr. Naumast þarf þó að gera ráð fyrir því, að viljann hafi vantað.

Í þessu sambandi má líka geta um það, er Jón Ólafsson skýrði í Ríkinni frá stuldi tveggja drengja í Rvík, en bætti því við, að "feður þeirra tilheyrðu báðir stjórnarflokknum". Getur óskammfeilnin og ódrengskapurinn komist á hærra stig? (Meira).

Á. J. JOHNSON.

*) Jón Brynjólfsson skipstj. hefir staðfest það fyrir rétti, að hann hafi veitt móttöku hjá B.L. 90 kr., en sá liður er á reikningi B.L. til landsstjórnarinnar 160 kr. Mismun ur því á þessum e i n a lið 70 kr. (Nl. 14. jan. 1910). Á.J.J.

JÓN JÓNSSON, járnsmiður, að 790 Notre Dame Ave. (horni Toronto St.) gerir við alls konar katla, könnur, potta og pönnur fyrir konur, og brýnir hnífa og skerpir sagir fyrir karlmenn. — Alt vel af hendi leyst fyrir lítla borgun.

Til sölu.

ágæt bújörð, 160 ekrur að stærð, 2½ milu frá Mozart, 90 ekrur eru plægðar. 300 dollara timburhús, góð fjós fyrir 30 gripi, stórt korngeymsluhús, gott og mikið vatn í brunni, 4000 trjám plantað við byggingarnar, og virgirðing alt í kring um landið (2 virar).

Frekari upplýsingar fást hjá

TH. JÓNASSON.

P.O. Box 57 Wynyard, Sask.

Herra Jón Hólm, gullsmiður að 770 Simcoe St., biður þess getið, að hann selji löndum sínum gull- og silfur-muni og gigtarbelti. — Belti þessi eru óbrigðul við gigt, ef þau eru notuð samkvæmt fyrirskipunum Jóns. Kosta að eins dollar og kvart.

Húsbóndinn hrópar argur: — "Lokaðu dyrunum! Lokaðu dyrunum strax!"

Vinnukonan kemur inn með rögg semd: "Veiztu til hvers þú óskrar núna?"

H.: "Ó, afsakaðu, ég hélt það væri konan mín".

JOHN DUFF
PLUMBER, GAS AND STEAM FITTER
Alt verk vel vandað, og verðið rétt
664 Notre Dame Ave. Phone 3815
Winnipeg

The Farmer's Trading Co.
(BLACK & BOLE)

HAFA EINUNGIS BESTU VÖRUTEGUNDIR.

Einn umboðsmenn fyrir:—
"SLATER" Skóna góðu.
"FIT-RITE" Fatnaðinn.
"H.B.K." prjónafélagið.
"HELENA" pils og 'waist' kvenfatnaði.
Bestu matvörutegundir.
"DEERING" akuryrkju verkfæri o. s. frv.

Beztu vörur Lágt verð

Fljót og nákvæm afgreiðsla.

Farmer's Trading Co.,
THE QUALITY STORE
Wynyard, Sask.

Sherwin-Williams PAINT
fyrir alskonar húsmálningu.

Prýðingar-tími nálgast nú. Dáltið af Sherwin-Williams húsmáli getur prýtt húsið yðar utan og innan. — B r ú k i ð ekker annað mál en þetta. — S.-W. húsmálið málar mest, endist lengur, og er áferðarfegurra en nokkurt annað hús mál sem búið er til. — Komið inn og skoðið litarspjaldið. —

Cameron & Carscadden
QUALITY HARDWARE
Wynyard, -- Sask.

J. J. H. McLean & Co Limited

HÚSIÐ Í nýju heimkinni.

VÉR HÖFUM FLUTT í vort nýja heimkinni á horni Portage Ave og Hargrave stræta. — Fínasta músík-búð í Canada. — Vér bjóðum alla velkomna að finna okkur þar, og sérstaklega þá, sem hafa áhuga fyrir hljóðfærum og söngl ögum —

Vér höfum mikið af einstökum lögum og margar hljóðfærategundir, og músík naudsynjum, og getum gengt öllum pöntunum fljótt og vel.

Vér erum aðalumboðsmenn fyrir

Heintzman & Co.

PIANO

Höfum einnig nokkrar aðrar ágætar tegundir, sem vér getum og efnig ábyrgst.

J. J. H. McLean & Co. Ltd.,
Cor Portage Ave. & Hargrave
Phone: Main 808.

Fréttir úr bænum.

Eitt merkasta dagblaðið í Omaha, Nebr., getur þess að þann 4. maí hafi verið gefin saman í hjónaband þar í bænum Mr. Chas. M. Davis og ungfrú Aurora Christensen. Brúðurin er systurdóttir Mrs. J. Th. Clemens hér í bæ og Mrs. J. Johnson og Mrs. P. Hólm í Omaha, og fór hjónavígslan fram að heimili Mrs. J. Johnson. Brúðguminn er bæjarráðsmaður í Omaha, og gáfu bæjarráðsmennirnir brúðhjónunum virðulega brúðargjöf, og auk þess fengu þau gjafir frá vandamönnum sínum og öðrum vinum. Vígsluathöfnina framkvæmdi séra J. J. Clemens, sem nú er þjónandi prestur í Guelp í Canada. Blaðið getur þess meðal annars í sambandi við þessa fregn, að Mrs. P. Hólm hafi sungið kvæði við þetta tækifæri, sem hafi verið ort til brúðarinnar af Mrs. Jakobínu Klauck, dóttur Mr. og Mrs. J. Johnson. Heimskringla óskar brúðhjónunum allra heilla.

Greinarnar úr Pioneer Press í Pembina eru teknar í þetta blað samkvæmt beiðni nokkurra vina Hkr. í Norður Dakota.

Piano Recital nemenda Jónasar Pálssonar í Selkirk á miðvikudags kveldið í síðustu viku, var svo vel sótt, að húsfyllir var. Bæjarblöðin þar láta vel yfir því.

Í bréfi frá Saskatchewan, dags. 3. þ.m., er þess getið, að gefin hafi verið saman í hjónaband í Mozart-héraðinu þau herra Arnljótur Kristjánsson frá Elfros og ungfrú Ingunn Gunnarsdóttir, frá Mozart. Vígsluathöfnin fór fram að heimili brúðarinnar, og var þar haldin vegleg veizla þeim 40 boðsgestum, er þar voru. Að því loknu fluttu ungu hjónin á heimilisréttarland brúðgumans 4 milur frá Elfros.

Fyrsti gufubátur hefir þegar farið gegn um hinar nýju flóðlokur í St. Andrews strengjunum. En formlega verða ekki flóðlokurnar opnaðar til almennrar umferðar fyrir nokkra daga.

Heimili herra Guðm. Bergthorssonar, sem nýlega kom frá Blaine, Wash., er nú 431 Beverly st.

Únitarasöfnuðurinn ætlar að halda Tombólu næstá mánudagskveld, 16. þ.m. Margir góðir og gagnlegir drættir verða þar á boðstólum, því nefndin gerir sér far um, að vanda til Tombólunnar.

Á undan Tombólunni verður skemtilegt prógram, kappræða, einsöngvar o.fl., sem nánar verður auglýst í næsta blaði. Aðgangur að þessari skemtun og einn dráttur á Tombólunni kostar að eins 25c. Takið eftir auglýsingu í þessu blaði á öðrum stað.

Á laugardaginn var komu frá Saskatchewan þeir herra Thordur kaupmaður Vatnsdal, frá Wadena, og Árni Kristjánsson, kaupmaður, frá Elfros. Árni segir atvinnu og verzlunarfjör í Elfros bæ. Nú er verið að byggja þar 15 þús. dollara gistihús, og ómögulegt að fá næga smiði eða aðra verkamenn til að mæta þörfunum. Maple Leaf Milling félagið er og að byggja kornhlöðu þar í bænum, og Saskatchewan Elevator félagið ætlar að byggja fjórðu hlöðuna þar í sumar. Akbraut er og verið að leggja frá Elfros bæ suður að G. T. P. járnbrautinni, 32 mílur vegar, til þess að þeir, sem búa þar syðra eigi hægra aðstöðu að sækja til Elfros bæjar. Hveitisáning er nú margfalt meiri en á sl. ári og akuryrkja öll tvöfalt meiri en þá var.

Herra Pétur Reykdal, frá Winnipeg Beach, fór 5. þ. m. vestur til Bisbev, Sask., og ætlar að starfa þar fyrir C.P.R. félagið að húsabyggingum í sumar.

Kvenfélag Únitara er að undirbúa BAZAR, sem haldinn verður mánudag og þriðjudag 30. og 31. þ.m. Þar verða margir þarflegir munir á boðstólum fyrir mjög sanngjarnt verð. Nánar auglýst síðar.

Herra Benedikt Sigurðsson, frá Milton, N. Dak., var hér í borg í sl. viku. Hann hafði farið vestur í Saskatchewan með herra Jóhannesi Jasonson Thorson, sem þangað flutti nú vestur á lönd sín.

Herra John J. Bartels, sem lengi hefir búið í Tantallon, Sask., er nú fluttur á Point Roberts, Wash. Þetta eru vinir hans beðnir að muna.

Herra Jón Thorsteinsson, reiðhjólasali á Portage ave., biður þess getið, að hann sé nýbúinn að fá talsíma í búð sína, og að númerið sé Main 9630.

Eldur kom upp í hinu gamla ölgerðarhúsi þeirra Blackwoods bræðra, við Portage ave. Húsið með öllu, sem í var, brann til ösku. Skaðinn metinn $85,000.

Djáknanefnd Tjaldbúðar safnaðar hefir ákvarðað að hafa NECKTIE SOCIAL mánudagskveldið 30. þ. m. Ennfremur verður þar hljóðfærasláttur og veitingar. Nánar auglýst í næsta blaði.

Í KVELD

(miðvikudag, 11. maí) er Menningarfélagsfundur. Mr. W. W. Buchanan flytur erindi um "Mitt, þitt og okkar. Fyrirlestur þessi verður eflaust fróðlegur og áheyrilegur, því fyrirlesarinn hefir mikið orð á sér fyrir þekkingu og mælsku.

Allir velkomnir.

Atvinna.

Okkur vantar fáeina duglega umboðsmenn í hinum íslenzku bygðum í Manitoba og Norðvesturlandinu til að selja Stereoscopes og myndir. Sendið 75c fyrir umboðsmanna áhöld.

Arnason & Son.
8-4 Churchbridge, Sask.

Dr. G. J. Gíslason,
Physician and Surgeon
18 South 3rd Str., Grand Forks, N.Dak

Athygli veitt AUGNA, EYRNA og KVERKA SJÚKDÓMUM. ASAMT INNVORTIS SJÚKDÓMUM og UPPSKURÐI. —

Óvænt heimsókn.

Nokkrir vinir herra N. Ottensons í River Park heimsóttu hann að kveldi 6. þ.m., til þess að heilsa honum og bjóða hann heilan heimkominn úr Íslandsferð sinni. Erindið var einnig að gefa honum sumargjöf. Það var þungt og mikið gullúr (19 steina gangverk). Á framhlið þess var grafið: N. O., en á bakið á innri kassanum: Frá Winnipeg vinum, 6. maí 1910.

Herra N. Ottenson þakkaði gjöfina og veitti gestunum ríkmannlega íslenzkan mat, er hann hafði komið með að heiman.

BAZAR

KVENFÉLAG TJALDBÚÐARSAFNAÐAR heldur BAZAR í samkomusal kirkjunnar fimtudag og föstudag í næstu viku,

19. og 20. maí.

Kvenfélagið vonar að allir vinir safnaðarins komi og láti arðinn verða sem mestan. Byrjað verður báða daga kl. 2 e.h. Kaffi verður á boðstólum öllum, sem hafa vilja, frá kl. 2 til kl. 5 og frá kl. 8 til kl. 11 síðd. Margir ættu að koma og skemta sér um stund og kaupa eitthvað af fallegum munum, sem þarna verða á boðstólum.

Tombóla

og aðrar skemtanir.

Til ágóða fyrir Únitarasöfnuðinn verður haldin tombóla í samkomusal hans mánudagskveldið

16. maí

undir umsjón safnaðarnefndarinnar. Þar verða margir eigulegir munir til að ná í. — Á undan tombólunni fer eftirfylgjandi prógram fram: —

1. Hljóðfærasláttur.
2. Ræða—Stefán Thorson.
3. Sóló—Gísli Jónsson.
4. Ræða—S. B. Brynjólfsson.
5. Upplestur—Eggert Árnason.

Góðar veitingar til sölu á staðnum með mjög lágu verði.

Inngangur og einn dráttur 25c. — Miðarnir, sem dregnir eru við inngangínn, geymist þar til tombólan byrjar.

I. O. G. T.

Á fundi stúkunnar Ísland, nr. 15, þann 5. maí voru sett í embætti af umboðsmanni stúkunnar Mr. Guðm. Johnson, fyrir ársfj. frá 1. maí til 1. ágúst 1910: —

F.Æ.T.—Mrs. Olga Skaftfeld.
Æ.T.—H. Skaftfeld.
V.T.—Miss Th. Johnson.
R.—Níels Gíslason.
A.R.—Stefán Pétursson.
F.R.—Sig. Sigurðsson.
Gjaldk.—M. Skaftfeld.
Kap.—Miss Steinunn Gíslason.
Dr.—Miss Guðný Stefánsson.
A.Dr.—Miss Sigríður Sveinsson.
V.—Þ. Þórarinsson.

Stúkan er fámenn, að eins 63 meðlimir, en þó í sjálfu sér nógu margt til að tryggja vöxt og viðgang stúkunnar, ef þið að eins, bræður og systur, sækið fundi og leggist öll á eitt að hlynna að stúkunni. Stúkan heldur fundi hvert fimtudagskveld kl. 8 í samkomusal Únitara. Ritari.

Þann 6. þ.m. setti umboðsmaður stúkunnar Heklu, Mr. Kr. Stefánsson, í embætti fyrir ársfj., sem endar 31 júlí næstk.: —

F.Æ.T.—Séra Guðm. Árnason.
Æ.T.—Sigurbj. Pálsson.
V.T.—F. Christie.
Rit.—B. Magnússon, 683 Beverly street.
A.R.—Teitur Thomas.
F.R.—B. M, Long, 620 Maryland street.
Gjaldk.—Jóh. Vigfússon.
Kap.—Anna K. Þorgeirsson.
Drótts.—J. Goodman.
A.Drótts.—Sigurv. Christie.
V.—Ól. Bjarnason.
Ú.V.—B. Anderson.
Meðlimatala 317. B.M.

Þann 4. maí sl. setti umboðsm., Mr. Ásbjörn Eggertsson, í embætti í stúkunni Skuld fyrir ársfj. frá 1. maí til 1. ágúst: —

F.Æ.T.—Swain Swainson.
Æ.T.—R. Th. Newland.
V.T.—Chr. Thorarinsson.
F.R.—Gunnl. Jóhannsson.
Gjaldk.—Jónas Bergman.
R.—Sig. Oddleifsson.
Dr.—Margrét Hallsson.
Kap.—Guðrún Thorsteinsson.
A.R.—Stefán Magnússon.
A.Dr.—L. Gilbert.
I.V.—Lúðvíg Kristjánsson.
Ú.V.—Jóhannes Johnson.
G.U.T.—Mrs. Gunnl. Jóhannsson

Stúkan telur góða og gilda meðlimi í byrjun þessa ársfj. 204. Sækið fundina kæru meðlimir, menn og konur. Með því vinnið þið að Goodtemplararegluni og útrýmingu áfengra drykkja. Stúkan heldur fundi sína á hverju miðvikudagskveldi í Goodtemplarahúsinu á Sargent ave. og McGee st.

S.O.

Íslendingar í Gimli bæ minnist þess, að herra Elis G. Thomsen er maðurinn, sem gerir allskonar utan- og innan-húss málningu fljótt og vel. Einnig pappírsleggur hann hús og gerir "Kalsomining".

Til kaups fæst.

Thorkell Johnson, Selkirk, Man., vill selja fasteign sína þar í bæ, 24 lóðir í "Block 6", allar vel umgirtar, með þrísettum vír og sumstaðar fjórsettum. Hús 12x20 með bakhluta 6x24 og kjallara 10x14. Gripahús 12x16 og hlaða 12x16. — Menn snúi sér til eigandans.

"Kvistir,"

kvæði eftir Sig. Júl. Jóhannesson, til sölu hjá öllum íslenzkum bóksölum vestanhafs. Verð: $1.00.

Áritun Friðriks Sveinssonar, málara, er nú 443 Maryland St. (áður 618 Agnes St.). Þetta eru viðskiftavinir hans beðnir að athuga.

RÁÐSKONU vantar á íslenzku ekkjumannsheimili í Saskatchewan fylki. — Lítil vinna. — Gott kaup borgað. — Finnið Heimskringlu.

Hjúkrunarkona

íslenzk óskar eftir atvinnu við að stunda sjúklinga. Nákvæmni er ábyrgst, og borgunarskilmálar vægir. Heimili: 659 Alverstone St.

Minnisvarðar

úr málmi, sem nefndur er "White Bronze", eru fallegustu, varanlegustu og um leið ódýrustu minnisvarðar, sem nú þekkjast. Þeir eru óbrjótanlegir, ryðga ekki og geta aldrei orðið mosavaxnir, eins og steinar; ekki heldur hefir frost nein áhrif á þá. Þeir eru bókstaflega óbilandi og miklu fegurri en hægt er að gera minnisvarða úr steini (Marmara eða Granit). Alt letur er upphleypt, sem aldrei máist eða aflagast. Þeir eru jafn dýrir, hvort sem þar eru óletraðir eða alsettir letri, nefnilega: alt letur, og myndir og merki, sem óskað er eftir, er sett á fritt. — Kosta frá fáeinum dollurum upp til þúsunda. Fleiri hundruð tegundir og mismunandi stærðir úr að velja.

Þessir minnisvarðar eru búnir til af THE MONUMENTAL BRONZE CO., Bridgeport, Conn. Þeir, sem vilja fá nákvæmar upplýsingar um þessa ágætu minnisvarða, skrifi til undirritaðs, sem er umboðsmaður fyrir nefnt félag.

Thor. Bjarnarson,
BOX 304
Pembina - - N. Dak.

Fjölskyldu skóbúðin.

Enginn fótur svo langur, stuttur, breiður eða mjór, að vér ekki höfum skó, sem passa honum.

Skóverð vort færir oss fleiri vini en peninga.

Allar sumar-skótegundir finnast hér hjá oss.

Ryan-Devlin Shoe Co
494 MAIN ST. PHONE 770.

Fréttir.

— Whiskey-gerðar atvinnuveguriinn á Englandi er að ganga til þurðar. Miklu minna er nú keypt af því en áður var, en þar á móti er bjórdrykkjan að aukast, enda hafa bjórbruggarar hækkað verð á bjór þar í landi.

— Stríðið milli Tyrkja og uppreistarmanna í Albaníu heldur áfram. Síðustu fregnir segja, að Tyrkjum veiti nokkru betur, en ná þó engum verulegum sigri á vígvellinum. Mesti fjöldi af beggja liði fellur og særist.

— Kvenfélagið í Hamilton, Ont., hefir ákveðið að vinna á móti því, að konum sé veitt jafnrétti við karla, að því er snertir atkvæða- og kjör-réttindi. — Annars verður mál þetta tekið til meðferðar á fundi miklum, sem haldast á í Halifax borg í næsta mánuði, þar sem verða konur úr öllum pörtum Canada veldis.

Friðrik Sveinsson,
MÁLARI,

hefir verkstæði sitt nú að 245 Portage Ave. — herbergi nr. 43 Spencer Block — beint á móti pósthúsinu. Hann málar myndir, leiktjöld, auglýsingaskilti af öllum tegundum, o. s. frv. — Heimili: 443 Maryland St.

Jóhanna Olson
PIANO KENNARI
557 Toronto St. Winnipeg

Sveinbjörn Árnason
Fasteignasali.
Selur hús og lóðir, eldsábyrgðir, og lánar peninga. Skrifstofa: 12 Bank of Hamilton.
TALSÍMI 5122. HÚS-TALS. 8695

TIL SÖLU:
160 ekrur af bezta landi, stutt frá járnbrautarstöð. — Fyrsti maður með $7.00 fær hér góð kaup. — Finnið

Skúli Hansson & Co.
47 Aikens' Bldg.
Talsími, Main 6476 P. O. Box 833

DR. H. R. ROSS
C.P.R. meðala- og skurðlækuir.
Sjúkdómum kvenna og barna veitt sérstök umönnun.
WYNYARD, — SASK.

Dr. M. Hjaltason,
Oak Point, Man.

Anderson & Garland,
LÖGFRÆÐINGAR
35 Merchants Bank Building
PHONE: MAIN 1561.

MARTYN F. SMITH,
TANNLÆKNIR.
Fairbairn Blk. Cor Main & Selkirk
Sérfræðingur í Gullfyllingu og öllum aðgerðum og tilbúnaði Tanna. Tennur dregnar án sársauka. Engin veiki á eftir eða gómbólga. —
Stofan opin kl. 7 til 9 á kveldin
Office Phone 6944. Heimilis Phone 6462.

Þarft þú ekki að fá þér ný föt?

EF ÞAU KOMA FRÁ CLEMENT'S, — ÞÁ VERÐA ÞAU RÉTT

Réttur að efni, réttur í sniði réttur í áferð og réttur í verði.

Vér höfum miklar byrgðir af fegurstu og beztu fataefnum. —

Geo. Clements & Son
Stofnað árið 1874
264 Portage Ave. Rétt hjá FreePress

Th. JOHNSON
JEWELER
286 Main St. Talsími: 6606

JOHN ERZINGER
TOBAKS-KAUPMAÐUR.
Erzinger's skorið reyktóbak $1.00 pundið
Hér fæst allar neftóbaks-tegundir. Óska eftir hröðgum pöntunum.
McINTYRE BLK., Main St., Winnipeg
Heildsala og smásala.

G. NARDONE
Verslar með matvöru, aldini, sæl-kökur, allskonar sætindi, mjólk og rjóma, sæmil. tóbak og vindla. Óskar viðskifta fólsins. Heitt kaffi eða te á öllum tímum. Fón 7736
714 MARYLAND ST.

Boyd's Brauð
Það er mikill munur á brauðum. Það borgar sig að hafa þau beztu. Það sparar læknishjálp, og þér njótið matar yðar betur, ef þér étið vor brauð. Þau eru létt, lystug og auðmelt.
Biðjið matsalann um þau.
Boyd's
Bakery Cor Spence & Portage Ave
Phone 1080.

Winnipeg Wardrobe Co.
Kaupa brúkaðan Karla og Kvenna fatnað,—og borga vel fyrir hann.
Phone, Main 6539 597 Notre Dame Ave

BILDFELL & PAULSON
Union Bank 5th Floor, No. 520
selja hús og lóðir og annast þar að lútandi störf; útvegar peningalán o. fl.
Tel.: 2685

Jónas Pálsson,
SÖNGFRÆÐINGUR.
Útvegar vönduð og ódýr hljóðfæri
460 Victor St. Talsími 6803.

J. L. M. THOMSON, M.A., L.L.B.
LÖGFRÆÐINGUR. 255½ Portage Ave.

BONNAR, TRUEMAN & THORNBURN,
LÖGFRÆÐINGAR.
Suite 5-7 Nanton Blk. Tals. 766
Winnipeg, Man. P.O.BOX 223

Húðir og ógörfuð Loðskinn
Verzlun vor er vor bezta auglýsing. Sendið oss húðir yðar og loðskinn og gerist stöðugir viðskiftamenn.
Skrifið eftir verðlista.
The Lightcap Hide & Fur Co., Limited
P.O.Box 1092 172-176 King St Winnipeg
15-5-10

W. R. FOWLER A. PIERCY.
Royal Optical Co.
307 Portage Ave. Talsími 7286.
Allar nútíðar aðferðir eru notaðar við augn-skoðun hjá þeim, þar með hin nýja aðferð, Skugga-skoðun, sem gjöreyðir öllum ágiskunum. —

Tæring drepur fólkið.

Leggið hjálpandi hönd til að drepa þenna hræðilega óvin á

TAG-DAGINN 19. MAÍ.

Íslendingadagurinn.

Almennur fundur verður haldinn í neðri sal Goodtemplara hússins kl. 8 fimtudagskveldið 19. þ.m. (í næstu viku) til þess að kjósa nefnd til að standa fyrir Íslendingadagshátíðahaldi 2. ágústmánaðar næstkomandi.

Fráfarandi nefndin leggur þar fram reikninga yfir eignir og sjóð dagsins, og verður prentaðri skrá yfir það útbýtt meðal þeirra, er sækja fundinn.

Gerið svo vel að fjölmenna og vanda til kosninga nefndarmanna.

TH. JOHNSON, forseti
P. S. PÁLSSON, ritari.

Heimskringla.

XXIV. ÁR | WINNIPEG, MANITOBA, FIMTUDAGINN, 19 MAÍ 1910 | NR. 33

Tvöfalt stærri

er reiðhjólabúð mín nú en áður, og vörubyrgðir og verzlun að sama skapi. BRANTFORD reiðhjólin góðu hefi ég til sölu eins og aðundanförnu með eins góðum kjörum og nokkur annar getur boðið. — Einnig aðrar tegundir af nýjum reiðhjól um sem ég sel fyrir $20. og upp, með "Dunlop Tires" og "Coaster Brake". — Allar aðgerðir og pantanir afgreiddar fljótt og vel. —

West End Bicycle Shop

Jón Thorsteinsson, eigandi

475—477 Portage Avenue.

TALSÍMI: MAIN 9630.

Fregnsafn.

Markverðustu viðburðir hvaðanæfa

— Jarðarför Edwards sál. Breta konungs fer fram í Lundúnum þann 20. þ.m.

— Y.M.C.A. félagið í Torontoborg skoraði fyrir nokkrum dögum á borgarbúa, að veita sér hálfrar milión dollara peningastyrk til bygginga og starfskostnaðar. — Svarið var á þann veg, að borgarbúar gáfu félaginu með 9 daga samskotum $685,803.04.

— Tveggja ára gamall piltur í Elkhorn bæ í Manitoba týndist á sunnudagsmorguinn var meðan foreldrar hans voru í kirkju. Þau höfðu skilið barnið eftir einsamalt heima.

— Byggingafjör sagt með mesta móti í Montreal borg á þessu ári. Um 12 milión dollara virði í byggingum nú í smíðum.

— Þann 5. þ.m. var fundur haldinn í St. Louis í Bandaríkjunum, til þess að ræða um á hvern hátt hægast væri að halda fólki á nægðu úti á landsbygðinni, svo það flykt-st ekki inn í borgir og bæi landsins. Ríkisstjóri H. S. Hadley hafði boðað til fundarins. Hann hefir um mörg ár borið mál þetta fyrir brjósti, og hefir gert tillögu um starfsaðferð þá, sem að hans dómi þurfi að viðhafast til þess málefnið fái framgang. Hann vill mynda þjóðlegt landbúnaðar heimilisfélag, og vill að mannvinir þjóðarinnar taki hluti í því. Félagið á að útvega 40 ekra búlönd með byggingum, ræktun, áhöldum og kenslu í búnaði fyrir alla, sem vilja kaupa slík lönd og búa á þeim. Í stjórnarnefnd félagsins skulu vera menn úr hverju ríki í sambandinu. Höfuðstóll sé ein milíón dollara til að byrja með, og hver hlutur sé þúsund dollarar. Landakaupin eru fyrirhuguð í Texas, Missouri, Alabama og öðrum ríkjum, þar sem land er enn ódýrt en frjósamt, Þrjátíu og tveir 40 ekra búgarðar skulu heita nýlenda og hver nýlenda skal hafa miðeða aðal-búgarð, sem sé undir yfirráðum lærðs búfræðings, er hafi yfirumsjón með starfinu á öllum búgörðum nýlendunnar. Þeir, sem vilja eignast slíka búgarða, skulu fá þá með kostverði og með löngum afborgunarfresti, sé þess óskað. Í hverri nýlendu sé landbúnaðarskóli, þar sem kend sé vísindaleg búfræði. Félagið skal sjá um, að fólkið hafi nægar skemtanir, svo því leiðist ekki, og svo það kunni vel við sig og fái enga löngtil þess að flytja til bæjanna. Svo er ætlað, að 32 búgarðar kosti 30 þúsund dollara.

— Fimtán ára gamall piltur í New York sonur eins af lögreglu-þjónum borgarinnar, varð nýlega fyrir slysi, sem orsakaði það, að hann misti annan fótinn um lærið. Honum voru dæmdar $13,750.00 skaðabætur, og hann fékk skildinga-na.

— Ekkjudrotning Breta á að hafa 350 þúsund dollara á ári í lífeyri, frá þessum tíma til dánardægurs.

GEORGE V.
KONUNGUR BRETA

— 106 ára gamall maður í Montreal datt út um glugga á húsi sínu og fell 12 fet niður á jörð og beið bana af. Ekkja hans er nú orðin 99 ára gömul.

— Taft forseti hafir verið beðinn að hlutast til um, að Bandaríkjaþjóðin verji Nicaragua fyrir þeim sífeldu uppreistarflokkum, sem þar þjóta upp hvað eftir annað og ræna og skemma eignir manna. Nefnd auðmanna frá Nicargua er að undirbúa ferð til Bandaríkjanna til þess formlega að bera fram þessa kröfu. Taft forseti verður beðinn annaðhvort að senda þangað herflokk um stundarsakir eða að sjá til þess, að Bandaríkin slái varanlegri verndar hendi yfir lýðveldið.

— Nefnd sú, sem Massachusetts-ríki setti nýlega til að íhuga orsakirnar til sívaxandi verðhækkunar allra lífsnauðsynja, segir í skýrslu sinni, að orsakirnar séu vaxandi gulltekja heimsins, eyðslusemi almennings og stjórna og óhóflegur herkostnaður, — einnig það fyrirkomulag, er miði að því, að gera alla framleiðsluna sem dýrasta, og eftirspurnina sem mesta og framboðið sem minst. Hins vegar séu verkamanna samtök og toll-löggjöf ekki beinlínis völd að þessu.

— Fregn frá Englandi segir, að báðir þingflokkar hafi komið sér saman um, að láta ágreining sinu um lávarðadeildina liggja niðri um árstíma að minsta kosti, til þess að hinn nýji konungur þurfi engan vanda að hafa af því máli að svo stöddu.

— Tveir fiskimenn voru nýlega fluttir til Halifax. Þeir fundust í áralausum smábát úti á hafi, og voru að fram komnir af kulda og hungri, — höfðu hvorki bragðað vott né þurt í 3 sólarhringa. Þessir menn höfðu orðið viðskila við skip sitt í blind þoku, og með því að þokunni létti ekki og þeir voru þarna áralausir, töldu þeir dauðan vísan sér, þar til þeir fundust fyrir mestu tilviljun af fiskiskipi, er var þar á ferð. Mjög var vont í sjóinn, svo mennirnir voru holdvotir í bátnum, sem var hálffullur af sjó, þegar þeim var bjargað.

— Stórkostlegir fellibyljir hafa gengið í Japan undanfarna daga og gert feiknatjón á eignum og lífi manna. Margir tugir skipa hafa farist, og 50 menn eða meira druknað af þeim. Talið víst að mörg hundruð manna hafi farist, að samanlögðu, hér og hvar með fram strönd landsins. Eitt mannflutninga gufuskip sökk með öllu, sem á því var, og mistu þar margir lif sitt. Menn óttast, að mörg slík skip hafi farist, þó enn sé ekki frétt um þau.

— Professor Osborne í Winnipeg hefir verið útnefndur af Liberal flokknum til þess að sækja á móti Hon. R. P. Roblin í kjördæmi hans við næstu kosningar.

Verkamanna flokkurinn, sem nú heldur völdum í Ástraliu, hefir þetta á stefnuskrá sinni:

1. Verndartolla af innfluttum varningi, með því augnamiði, að efla iðnað í landinu.
2. Að ríkisstjórnin ákveði kaupgjald fyrir alla vinnu, sem gerð er í öllum atvinnuvegum landsins.
3. Að herþjónusta sé gerð að lagaskyldu.
4. Að herskipafloti fyrir Ástraliu sé bygður af inntektum landsins, án þess að fá lán.
5. Þjóðeign allra opinberra nauðsynja.
6. Að stigbreyting sé á sköttum af landi.
7. Að lántökuréttur landsins sé takmarkaður.
8. Ábyrgðartrygging gegn atvinnuleysi.

Kosningarnar í Ástraliu fóru fram þann 13. april sl. Kónur höfðu atkvæðisrétt og greiddu yfirleitt atkvæði um alt ríkið, og tóku mikinn þátt í kosningunum. Fjórir flokkar eru á þinginu, en verkamannaflokkurinn er mannfleiri en hinir allir til samans. Kosningar til efri málstofunnar standa enn yfir, og sýna enn sem komið er, að verkamenn hafa þar einnig yfirburði í flestum héruðum landsins. Fráfarna stjórnin hafði það á prógrammi sínu, að láta ríkisstjórnina borga árlega til binna ýmsu fylkja 25 shillings fyrir hvert mannsbarn, sem væri í fylkjunum. Þessu andmæltu verkamenn harðlega, og á því aðallega unnu þeir kosningarnar.

— Ísinn á Klondyke ánni í Yukon héraðinu leysti þann 8. b.m. Ísinn hlóðst upp 10 fet yfir árbakkana og tók nokkur hús af grunnum, en manntjón varð ekki.

— Þýzkalands keisari gerði Col. Roosevelt þann greiða, að lofa honum að sjá hermenn sina í uppgerðar bardaga. Keisarinn gat þess, að það væri í fyrsta sinni, sem slík viðhöfn hefði verið sýnd privat borgara.

— Feikna rigningar hafa verið á Frakklandi, ár hafa flætt langt yfir bakka sina og Parisarbúar óttast stórskemdir í borginni og umliggjandi héraði. Nokkrar skemdir hafa þegar orðið.

— Allan línan er að láta smíða tvö gufuskip til mannflutninga á milli Englands og Canada, og eiga þau að vera hraðskreiðari en nokkur, sem nú ganga yfir Atlantshaf.

— Tólf ungmenni, piltar og stúlkur, öll frá 16 til 18 ára gömul, voru nýlega að skemta sér á báti á smávatni einu í Pennsylvanía. Piltarnir fóru að rugga bátnum til þess að hræða stúlkurnar, og þeim tókst svo vel, að þeir hvolfdu bátnum, og druknuðu 8 af þeim, 6 stúlkur og 2 piltar. Alt voru þetta háskólanemendur, sem hefðu átt að hafa nægilegt vit til að stjórna sér skynsamlega.

— Námaslys varð á Englandi í sl. viku, og varð það 137 mönnum að bana. Eitthvað sprakk í námanum, svo að jörð féll inn og fylti göng þau, er lágu inn í námann. Að eins fjórum mönnum varð bjargað, hinir allir (137) er ætlað að hafi kafnað af gasi, sem var í námanum.

— Hinn nýi konungur Breta hefir neitað að vinna sinn konunglega eið eins og hann er orðaður í handbókinni. Eiðstafnum hefir því verið breytt talsvert, svo að hann sé ekki alveg eins móðgandi fyrir hina katólsku borgara ríkisins.

— Sir Charles Tupper sendi nýlega frá Englandi 500 dollara gjöf til spítala í Amherst borg í Nova Scotia, þar sem hann vann sem læknir á fyrri árum sínum. Hann gat þess um leið í bréfi, að sökum elli og heilsulasleika konu sinnar telji hann tvísýnt, að hann muni nokkurntíma framar koma til Canada.

— Kaupmenn í Lundúnum eru að gera dauða konungsins að gróðabragði. Á þeim strætum, sem líkfylgdin fer um, er nú hin mesta eftirsókn eftir sætum í gluggum beggja megin strætanna. Sumar búðir og einnig privat húseigendur hafa nú þegar orðið að auglýsa, að allir gluggar sínir séu leigðir. Hæst bjóða Bandaríkjamenn í gluggasætin. Tíu Bandaríkjamenn borguðu þúsund dollara fyrir ofurlitið "Balcony" eða svalir á fyrsta lofti. Einn kaupmaður í Piccadilly stræti hefir neitað 1500 doll. fyrir sæti við glugga á fyrsta lofti í húsi sínu. Hann vill fá 2 þúsund dollara fyrir hvern glugga. (Augun eru ekki alveg tollfrí hjá þeim pilti). Það kostar 30 shillings fyrir manninn, að mega standa uppi á húsþökum til að geta séð þaðan eitt í strætin, en á efstu gólfum húsanna kostar um þúsund dollara að hafa umráð yfir útsjón úr einum glugga. Það kostar nú tvöfalt til þrefalt meira að komast að til að sjá líkfylgd Edwards sál., en það kostaði að sjá líkfylgd Victoriu sál.

BÚNAÐARSKÓLINN.

Stutt námsskeið verður haft á Manitoba Búnaðarskólanum frá 14. júní til 2. júlí næstkomandi, fyrir bændur og þreskimenn. Tilgangurinn er, að gefa mönnunum kost á að kynna sér búnaðarvélar og hvernig á að stjórna þeim. — Sérstök áherzla verður lögð á, að kenna mönnum að stjórna gasoline og gufuvélum, og með því að þessi kensla fer fram á sama tíma og illgresis-fundurinn stendur yfir, þá veita járnbrautafélögin niðursett fargjöld þeim, er sæta vilja þessari kensla. Prentaðar upplýsingar um námsskeið þetta verða sendar hverjum, sem æskir þess, með því að skrifa eftir þeim til Manitoba Agricultural College, Winnipeg, Man.

OGILVIE'S

Royal Household Flour

Til Brauð og Köku Gerðar

OGILVIE'S ROYAL HOUSEHOLD

Gefur Ævinlega Fullnœging

EINA MYLLAN Í WINNIPEG,—LÁTIÐ HEIMAIÐNAÐ SITJA FYRIR VIÐSKIFTUM YÐAR.

Íslands fréttir.

Jóhannes Jósepsson glímukappi hefir í Ísafold, dags. 26. marz sl. svarað all-rækilega ákærum þeim um óreglu og ragmensku og íþróttapretti, sem fyrri félagar hans tveir og herra Neve báru á þann í Ísafold 19. febr. sl. Til sönnunar sínum málstað birtir Jóhannes nokkur vottorð frá mönnum, sem hann hefir unnið fyrir, og sýna þau velþóknun á Jósepsson og íþróttahæfileikum hans. Eitt af þessum vottorðum er þannig:

"Herra Paul Neve.

"Úr blaðinu Ísafold sjáum vér yfirlýsingu frá yður, þar sem þér haldið því fram, að þegar glímuflokkur yðar sýndi sig í Hamborgar Circus vorum, hafi hver glímumaður, er glíma átti við Jósepsson verið keyptur til að falla

"Vér verðum allra skorinorðast að beiðast þess, að eigi séu slíkar rangar fregnir bornar út af stofnun vorri. Oss hefir aldrei til hugar komið, að múta glímumanni, og vér teljum það sérstaklega þegar við Jósepson var að eiga algerlega óþarft. Með því að eftir vorri skoðun átti t.d. glímumaður eins og Winzer, sem Jósepsson glímdi við, alls enga sigurvon í glímu, eftir orðum Winzers sjálfs.

"Vér getum eigi hindrað, að þér með öllum meðulum vinnið gegn fyrverandi félaga yðar Jósepson, en verðum þó eindregið að biðja yður að láta nafn vort ónotað til þess.

"Virðingarfylst.

Stjórn Circus Busch.

W. Schmidth".

Önnur vottorð eru í þá átt, að hæla framkomu Jóhannesar og íþróttum hans.

Látin er á Ísafirði frú Jóhanna Jónsdóttir, kona Torfa Magnússonar, bæjarfógetafulltr. á Ísafirði, móðir Magnúsar bæjarfógeta, séra Richards, Péturs (í Chicago) og þeirra systkina. Hún varð 70 ára gömul.

Aflabrögð dágóð fyrir Vesturlandi, og síld hefir fengist í lagnet.

Mælt að Lapplendingar ætli að kaupa hesta á Íslandi og nota þá til dráttar í stað hreindýra, sem ekki þykja nógu þrekmikil.

Fjárkláði komið upp í einum bæ í Eyjafirði og eins á einum bæ við Gilsfjörð í Barðastrandarsýslu.

Hafíshroði hefir sést snemma í apríl tvær til þrjár milur undan Horni.

Oddur Thorarensen, lyfsali á Akureyri er orðinn norskur konsúll, í stað Friðriks Kristjánssonar sem hvarf fyrir skömmu.

A. J. Johnson í Chicago hefir gefið Heilsuhælinu á Íslandi 50 kr. til minningar um móður sína, Ólöfu Sigurðardóttur.

Skipið Víkingur, eign Ásgeirs kaupm. Péturssonar á Akureyri, strandaði nýlega fyrir norðan, — óvátrygt.

Lagnaðaris er um mest allan Hrútafjörð (16. april). Mikil harðindi í Húnavatnssýslu, gengur á hríðum öðru hvoru.

Ragnar Lundborg, Íslandsvinurinn sænski, hefir hafið samskot meðal lesenda blaðs sins til styrktar þeim, er biðu tjón af snjóflóðinu í Hnífsdal, og hefir sent þau samskot til Íslands, alls 165 kr. ($44.50). Enn hefir ekki sést, að neitt hafi gefist á Íslandi til hjálpar því fólki.

Jóh. Jóhannesson ritar í Þjóðólf 28. april um skattálögu ranglæti í Reykjavík, tekur 4 dæmi: 1) Gjaldanda, sem á 30—40 þús. kr. eignir skuldlitlar, og hefir ákjósanlegar heimiliskringumstæður, er gert að greiða að eins 10 krónur. 2) Gjaldandi, sem á gjörheilsulausa konu og 2 börn, og er svo blásnauður, að alt, sem hann og fjölskyldan hefir haft til að draga lifið fram á í vetur, er það, sem honum af nokkrum mönnum hefir verið gefið, og það af svo skornum skamti, að hann getur tæpast rólfær heitið vegna megurðar, — hann á að greiða 16 kr. í bæjarsjóð. — 3) Gjaldandi, sem á 25 þús. króna eign í bezta hluta borgarinnar og fjárhagslegar kringumstæður í bezta lagi, hann á að greiða 8 kr. — 4) Gjaldandi, sem leggur fram alla krafta sína til að verjast sveitarstyrks, — hann á að borga 8 krónur, jafnt þeim stór efnaða, sem fyr er talinn. — Jóh. segir, að slikan samanburð sem þennan megi finna í tugatali á niðurjöfnunarskránni.

Íslenzkt smjör hefir í aprílmánuði selst á Skotlandi 101½ pd. danskt fyrir 113 shillings.

Sæmundur Jóelsson féll út af skipinu Seagull um miðjan apríl sl., í ofsaveðri, og náðist ekki. Hann var unglingsmaður frá Reykjavík.

Aflabrögð dágóð hjá þeim, sem stunda fiskiveiði á opnum bátum, sunnanlands.

Einmuna tíð sunnanlands í apríl byrjun, logn og vorhlýindi og jörð að kalla auð, en 10. apríl gerði norðanveður með 7 stiga frosti, og hélst það nokkra daga.

Wall Plaster

"EMPIRE" VEGGJA PLASTUR kostar ef til vill ögn meira en hinar verri tegundir, —en berið saman afleiðingarnar.

Vér búum til:

"Empire" Wood Fibre Plaster
"Empire" Cement Wall "
"Empire" Finish "
"Gold Dust" Finish "
"Gilt Edge" Plaster of Paris
og allar Gypsum vörutegundir. —

Eiqum vér að senda yður bækling vorn?

BÚIÐ TIL EINUNGIS HJÁ

MANITOBA GYPSUM CO. LTD

SKRIFSTOFUR OG MILLUR Í

Winnipeg, - Man.

Heimskringla
Published every Thursday by The Heimskringla News & Publishing Co. Ltd

Verð blaðsins í Canada og Bandar $2.00 um árið (fyrir fram borgað).
Sent til Íslands $2.00 (fyrir fram borgað af kaupendum blaðsins hérlendis $1.50.)

B. L. BALDWINSON
Editor & Manager

Office:
729 Sherbrooke Street, Winnipeg
P.O. BOX 3083. Talsími 3512.

Íslenzkir kjósendur

Í þessu fylki ættu að gæta þess, að skrásetning fer fram í öllum kjördæmum fylkisins frá þeim 16. þ.m. fram að 4. júní næstkomandi.

Skrásetningarstaðir í Gimli kjördæminu eru svo sem hér segir:

Mánudag 23. maí í húsi L. C. Rogers í Fisher Bay.

Föstudag 27. maí í húsi O. G. Akraness, Hnausa.

Laugardag 28. maí í húsi S. G. Nordal, Geysir.

Mánudag 30. maí í húsi P. S. Guðmundsson, Árdal.

Þriðjudag 31. maí í húsi JohnJohnson, Jr., Framnes.

Fimtudag 2. júní í húsi Þorgríms Jónssonar við Íslendingafljót.

Laugardag 4. júní í húsi Bjarna Stefánssonar, Hecla.

Jón Sigvaldason skrásetur á ofantöldum stöðum.

Mánudaginn 16. maí, í húsi J. T. Thomas, Foley.

Þriðjudaginn 17. maí, í húsi B, Arasonar, Husawick.

Miðvikudag 18. maí, á skrifstofu Maple Leaf Printing & Supply Co., Gimli.

Föstudag 20. maí, í húsi Stefáns Hummeny á Sect. 14-19-2 E.

Mánudag 23. maí, í húsi Guðlaugs Magnússonar, Nes.

Miðvikudag 25. maí, í húsi Michael Gottfried, á Sect. 28-20-3 East.

G. P. Magnússon skrásetur á ofantöldum stöðum.

Mánudag 16. maí, í húsi James Madill, Pleasant Home.

Þriðjudag, 17. maí, í Innwood P. O., frá kl. 11 f.h. til 3 e.h.

Þriðjudag 17. maí, í húsi Ephrihim Rondeau, St. Adelard, frá kl 4 til 9.30. e.h.

Miðvikudag 18. maí, í húsi Nanton Thorn, Chatfield.

Fimtudag 19. maí, Péturs Bjarnasonar, á Sect. 2-20-3 West.

Föstudag 20. maí, í húsi Gests Sigurðssonar, á Sect. 26-18-3 West.

Laugardag 21. maí, í húsi Guðm. Stefánssonar, á Sect. 26-18-3 West.

Mánudag 23. maí, á Seamo Hall, Seamo.

Miðvikudag 25. maí, á Lundar Hall, Lundar.

Fimtudag 26. maí, í húsi Gísla Lundal, Deer Horn.

Föstudag 27. maí, frá 1 til 6. e.h. í húsi Edward C. Hopkins, á Sect. 28-21-6 West.

Laugardag 28. maí, frá kl. 1 til 6 e.h., í húsi Kristjáns Eiríkssonar, á Sect. 28-22-8 West.

Mánudag 30. maí, í húsi Stefáns Stefánssonar, Dog Creek.

Þriðjudag 31. maí, í húsi Paul Kernested, á Sect. 12-24-10 West.

Föstudag 3. júní, frá kl. 1 til kl. 6 e.h., í Hudsons Bay búðinni í Fairford.

Laugardag 4. júní í Gypsumville búðinni, Gypsumville.

Föstudag 10. júní, í Broad Valley P.O.

Laugardag 11. júní, í húsi Mr. Wilson's, á Sect. 14-25-3 West.

Paul Reykdal skrásetur á ofantöldum stöðum.

Eð eins þeir, sem ekki eru á síðasta endurskoðuðum kjörlista, en hafa rétt til þess, að nöfn þeirra séu látin á þessa árs kjörskrá, þurfa að vera viðstaddir á skrásetningarstöðunum, eða á Court of Revision, til þess að sjá um, að nöfn þeirra séu skrásett.

Kjósendur geta fengið nöfn sín skrásett á hvaða skrásetningarstað, sem þeir óska, en þurfa ekki að binda sig við skrásetning, sem fer fram í þeirra eigin kjördeild, ef svo stendur á, að þeir eiga hægara með að sækja skrásetningarstað á öðrum stöðum innan kjördæmisins.

Allir, sem ekki eru á kjörskrá, en eiga heimtingu á að vera það, ættu að sjá um, að nöfn sín verði skrásett, svo þeir geti greitt atkvæði við næstu kosningar.

Allir, sem ekki hafa tekið borgarabréf, ættu og að gera það, með því að afleggja þegnhollustu og heimiliseiða sína fyrir skrásetjurum, sem allir hafa vald til þess, að fylla upp eiðformin og taka eð af mönnum. Kjósendur geta átt á hættu, að tapa atkvæðiréttí sínum, ef þeir gæta þessa ekki.

Einnig ættu kjósendur í hverri kjördeild að sjá um, að nöfn beirra manna séu strikuð út af kjörskrá, sem dánir eru eða hafa flutt búferlum úr kjördeildinni.

Gimli kjördæmið er stöðugt að stækka, ef svo mætti að orði komast. Bygðir manna eru árlega að aukast og færast út um héruð, sem áður voru óbygð. Þúsundir manna hafa flutt inn og sezt að í kjördæminu á síðari árum. Skrásetning þar er því orðin umfangsmikið og vandasamt starf. Þess vegna eru kjósendur beðnir að létta undir með skrásetningarmönnum eins og þeir bezt geta, svo verkið geti orðið sem bezt af hendi leyst, og hver einstakur kjósandi fái að njóta sins fulla réttar á kiördegi.

Sund bikarinn.

Fyrir skömmu auglýstu hér í blaðinu þeir Aðalsteinn Kristjánsson og Friðrik bróðir hans, báðir til heimilis hér í borg, að þeir ætli að gefa Íslendingadeginum 2. ágúst verðmætan sundbikar. Gjöf þessi er gerð af þeim bræðrum til þess, að örfa unga Íslendinga til að læra sund, og er kugsun þeirra bræðra eins góð og mannúðleg eins og sundiþróttin er fögur og kunnátta hennar þarfleg. Þeir bræður verðskulda því þakkir landa sinna fyrir þetta höfðinglega tilboð sitt.

Íslendingadagurinn er haldinn þann tíma ársins, sem hentugastur er fyrir æfingar sundiþróttarinnar. Þess vegna ætti tala þeirra, sem á komandi sumri taka þátt í kappsundinu um bikarinn, ekki að verða undir tíu manns, og fara fjölgandi með hverju líðandi ári.

Sund er ein af þeim íþróttum, sem ungir menn hér í landi leggja mikið kapp á að læra, ekki að eins þeir, er búa við sjávarsíðuna, heldur einnig þeir, sem búa langt inn í landi, og jafnvel á þeim stöðum, þar sem að tækifæri til að æfa íþróttina úti, eru af skornum skamti. Víða er það, sem sundlaugar eru gerðar inni í húsum, þar sem svo stendur á, að ekki nær hæglega til vatns, er synda megi í úti, og er þá piltum kent þar sund allan veturinn.

Sýnir þetta ljóslega, hve áhuginn er mikill fyrir því, að menn læri sund, og ekki að eins svo, að þeir fái fleytt sér sjálfir, heldur einnig, að þeir geti bjargað öðrum úr vatni, er nauðsyn krefur.

Víðast í landinu, þar sem því verður við komið, eru haldar sundæfingar og kappsund á hverju ári. Mörg smáfélög eru mynduð í borgum og bæjum, sem hvert annast um það, að kenna félagslimum sínum að synda, og sem svo keppa hvert við annað einu sinni eða tvisvar á ári.

Svo er sundiþróttin mikils metin, að hún er kend í sambandi við æðri skóla landsins og próf tekin í henni eins og hverri annari náms grein. Til dæmis má nefna, að í þessum mánuði ganga 25 nemendur frá Macdonald College í Montreal undir próf í mannbjörgun á sundi. Þessum piltum hefir verið kent sundið yfir vetrarmánuðina, og nú taka þeir vorpróf sín í þessari íþrótt. Piltunum er skift niður í deildir, eftir kunnáttustigi þeirra og prófskírteini eru veitt þeim, sem standast prófin. Bæjarstjórnir láta gera sundlaugar á kostnað gjaldþegnanna og borga kennurum til að kenna bæjarpiltunum sund. Fyrirlestrar um sund eru fluttir í öllum skólum í Austur-Canada, jafnvel strax í barnaskólunum, og nemendunum þar sýnd sundtök og björgunartök. Jafnvel konur flytja fyrirlestra um sund og kenna íþróttina í ýmsum borgum í neðri Canada.

Af þessu er það auðsætt, að íþróttin er mikils metin hér i landi eins og annarstaðar. Hún er bæði fögur og gagnleg, og miðar til þess að efla og stæla líkamann og gera þá hrausta og fima, sem æfa hana.

Það má furðu gegna, hve undurlítið Íslendingar hafa gefið sig við sundnámi síðan þeir komu hingað vestur. Það er vonandi, að þeir geri það frekar hér eftir, fyrir þá uppörfun, sem þeir Kristjánsson bræður hafa gefið þeim með bikargjöf sinni. Það væri og gott ef Goodtemplarafélögin hér í borg, sem nú eru orðin lang-veigamesti félagsskapur meðal landa vorra hér, gæti séð sér fært, að koma á fót góðri sundlaug og sundkenslu. Þeir eiga í sínum hópi æfðan kennara í þeirri grein, og fjölda marga menn og konur, sem vænta má að sættu því tækifæri til að læra sund. Vér efum ekki, að íslenzk alþýða hér mundi fús til að styrkja félagið peningalega til þess að koma þessu í framkvæmd.

Hvað sundbikar Íslendingadagsins líður, þessum nýgefna, þá mun það ætlan bræðranna, að leggja í vald Íslendingadags nefndarinnar, hverjar reglur hún setur um vinning hans, og hvort hann skulí ævarandi eign dagsins til sundkapps eða hvort hann skuli verða eign þess, er vinnur hann 3 ár í röð, eða hver önnur skilvrði, er hún kann að setja fyrir því að keppa um hann.

Næsta Íslendingadags nefnd þarf að gera sér mat úr þessu bikarstilboði, og sjá um, að áhugi sá fyrir sundiþróttinni, sem þeir Kristjánsson bræður sýna með gjöfinni, verði að tilætluðum notum.

Geo. H. Bradbury

er kominn í ónáð hjá kaupmannasamkundunni í Selkirk bæ, út af ummælum, sem hann hafði í Ottawa þinginu um sölu ríkisstjórnarinnar á löndum í St. Peter's Indian Reserve, til vissra manna í Winnipeg, fyrir einn sjötta hluta þess verðs, sem löndin eru virði.

Það var þann 13. apríl sl. að hann hélt í þinginu ræðu sína um þetta mál. Hann sýndi fram á, að 21 þúsund ekrur lands í þessu Indiána héraði hefðu verið seldar til stjórnarinnar fyrir þriðjung þess verðs, er þau eru metin. Svo kvað hann landsölu þessa líta grunsamlega út, að hann kvaðst engan efa hafa á því, af þeim gögn um að dæma, sem hann hefði í höndum, að það hefði verið undirlagt ráð stjórnarinnar og þeirra manna, sem hlut áttu með henni að máli, að löndin skyldu lenda í eigu þeirra, sem á endanum fengu þau. Mr. Bradbury nefndi nöfn vissra manna, sem hann kvað hafa fengið löndin, og að þessir menn hefðu mútað Indiána höfðingjanum til þess að hjálpa sér til þess að ná löndunum undir sig, og til þess að fá eigendurna (Indiánana) til að láta þau af hendi friðsamlega.

Það var Mr. S. J. Jackson, fyrrum þingmaður Selkirk kjördæmisins, sem fékk stjórnina til þess að gangast fyrir því, að Indiánarnir gæfu lönd sín friðsamlega í hennar hendur, — laust fyrir síðustu ríkiskosningar.

Mr. Bradbury kvað menn þá, sem voru í kaupsamsærinu, hafa boðið Indiánum að borga þeim ákveðnar smáupphæðir í peningum undir eins og samið væri um landsöluna, og afganginn að fullu, þegar stjórnin afhenti þeim eignarbréf fyrir löndunum. Indiánarnir voru þá fengnir til að undirrita skjöl, sem þeir skildu ekki, en sem reyndust að vera afsalsbréf fyrir löndum þeirra. Indiánarnir gáfu þannig eignarbréf fyrir löndunum frá 3—12 mánuðum áður en þeir sjálfir fengu eignarrétt yfir þeim frá stjórninni. Og í mörgum tilfellum fengu Indiánar þessir aldrei að sjá sín eigin eignarbréf frá stjórninni, heldur voru þau send beint til kaupenda landanna.

Svo voru öll þessi viðskifti grunsamleg, að tveir af dómurum Manitoba fylkis bönnuðu, að veittur væri "Torrence Title" fyrir löndunum, af því að landsalan hefði, að því er þeir gætu bezt séð, verið sviksamleg.

Mr. Bradbury sagði ennfremur, að undirskriftirnar á ýmsum afsalsbréfum Indiánanna hefðu verið falsaðar. Þessu til sönnunar las hann upp vottorð frá mörgum Indiánum, er sýndu, að þeir hefðu verið sviftir löndum sínum með hrekkjum, og lét stjórnin Indiánaagent þann, sem átti að halda vernd yfir Indiánunum, halda stöðu sinni óáreittan eins og ekkert hefði í skorist.

Þetta er ræðan, sem gefið hefir tilefni til andmælanna frá kaupmannasamkundunni í Selkirk. En það einkennilegasta við þau ummæli er, að þar er ekki með nokkuru orði borið á móti neinu sérstöku atriði í ræðu Mr. Bradbury's, heldur er því haldið fram, að hann með þessum uppljósti sé að vinna á móti því, að löndin byggist og seinka því, að formleg eignarbréf (Torrence Title) fáist fyrir þeim.

En sýnilega hefir Mr. Bradbury ekki gert annað en beina skyldu sína í þessu máli, sem er í því fólgin, að hann hefir bent þingi og þjóð á það stórhneyxli, sem hér hefir framið verið, og krafist þess, að þingið lýsti yfir vanþóknun sinni á þessum gerðum stjórnarinnar. En sú tillaga var þó feld af þinginu.

Kaupmanna samkundan í Selkirk hefir einnig flutt andmæli gegn herra Bradbury fyrir þær tilraunir, sem hann hefir gert til þess að fá fiskiveiðalögum fylkisins breytt þannig, að þau miðuðu til þess, að vernda hvítfiskinn í Winnipeg vatni meira en verið hefir. En þess ber að gæta í því sambandi, að þær breytingar, sem stjórnin hefir gert á veiðilögunum, eru gerðar samkvæmt ráðleggingum nefndar þeirrar, sem stjórnin setti til að rannsaka fiskiveiðamálið. En í þeirri nefnd voru 3 menn, sem allir eru fylgjendur stjórnarinnar, þeir D. F. Reid í Selkirk, J. B. Hugg í Winnipeg og Prof. Prince í Ottawa. Það er því tæpast rétt, að kenna Mr. Bradbury um það, sem sú nefnd hefir lagt til málanna, að öðru leyti en því að sannfæringarkraftur hans hefir orkað því, að nefndin hefir aðhylst þann málstað, sem hann hefir haldið fram.

En breytingar stjórnarinnar á fiskiveiðalögunum eru þær, að — "eftir árið 1910 skal sumarveiði til verzlunar algerlega bönnuð í Winnipeg-vatni, og að yfir sumarið 1910 skal veiði til verzlunar í nefndu vatni takmarkast við 2,400,000 punda tekju af hvítfiski. Þegar sú veiði er fengin, skal umboðsmaður stjórnarinnar skipa upptöku allra neta úr vatninu, og skal því boði strax hlýtt, að viðlögðum sektum, og því, að veiðarfærin eru gerð upptæk og eyðilögð".

Með þessari lagabreytingu er hvítfiskurinn þannig algerlega friðaður eftir þetta nýbyrjaða sumar. En búendur meðfram vatninu geta veitt sér til matar eins og þörf gerist. Ekki mun heldur ætlast til að þessi lög verði lengur í gildi en þörf krefst, til þess að fiskurinn fái tíma til að fjölga, svo að nóg verði af honum í vatninu fyrir veiðimenn komandi ára.

Til minningar.

Mentamáladeildin í Manitoba biður þess getið, að hún óski þess af hinum ýmsu skólakennurum hér í fylkinu, að þeir minnist á einhvern viðeigandi hátt í skólum sínum föstudaginn 20. þ.m. dauða Edwards konungs, því að þá fer fram jarðarför hans.

Bréf deildarinnar þessu viðvíkjandi er á þessa leið:

Mentamáladeildin leyfir sér að benda á, að tilhlýðilegt sé, að þetta sé gert á þann hátt, að kennararnir skýri börnunum frá æfistarfi hins látna konungs og frá greftrunar athöfninni, sem fer fram á Englandi þann dag, og skýri einnig fyrir þeim þá þýðingu sem konungaskifti í einu riki hafi eða geti haft fyrir það riki.

Deildin óskar, að hver skólanefnd sé að öllu leyti sjálfráð um það, hvern viðbúnað hún hefir fyrir þetta tækifæri eða þessa athöfn, og lofar að samþykkja hverjar þær ráðstafanir, sem kunna að verða gerðar í því tilliti að minnast láts og greftrunar konungsins á viðeigandi hátt.

Kensla fer fra þann dag í öllum skólum fylkisins, nema skólastjórnin geri aðrar ráðstafanir.

G. R. COLDWELL,
ráðgjafi mentamála.

College prófin.

eru nýlega komin fyrir almennings sjónir. Þessir Íslendingar hafa útskrifast:

1. Jóseph Thorarinn Thorson, — fékk silfur-medalíu fyrir kunnáttu í málum.
2. Salome Halldórsson, fékk bronze-medalíu fyrir heimspeki og latinu nám.

Úr 3. bekk hafa útskrifast:

1. Walter Líndal, fékk $150 verðlaun fyrir reikningsnám.
2. Baldur Johnson, fékk $150 fyrir nám í ensku og sögu.
3. Jón Árnason, fékk $20 fyrir íslenzku nám.

Úr fyrsta ársbekk útskrifaðist Kristján J. Austmann, hlaut $40 verðlaun fyrir nám í lífræði.

Útskrifast hafa frá Wesley College: Salome Halldórsson, Thorstena Jackson og Baldur Olson. Frá Manitoba College: Joseph Th. Thorson.

Úr fyrsta ársbekk útskrifuðust: Ólafur Thordur Anderson, Jón Árnason, Kristján J. Austmann, Magnea Bergmann, Sveinn E. Björnsson, Lawrence A. Jóhannsson, Margrét Paulson, Matthildur Kristjánsson, Steinunn J. Stefánsson og Ólafur G. Thorsteinsson.

Úr annars-árs bekk hafa útskrifast: Hallgrímur Johnson, Jónas Th. Jóhannsson, Ethel Middal, Gordon A. Paulson.

Úr þriðja árs bekk: J. G. Jóhannsson og Walter Lindal, báðir með beztu einkunn.

Úr fjórða-árs bekk: Jos. Th. Thorson.

Stefán A. Bjarnason hefir útskrifast úr 3. árs bekk með 1B einkunn í náttúru og eðlisfræði.

Vera má, að einhverjir Íslendingar séu enn ótaldir, þótt vér höfum ekki orðið varir við nöfn þeirra í listanum.

Vér sjáum ekki betur en að þeir hafi enn á ný haldið heiðri bjóðflokks vors óskertum í samkepni við hérlenda og annara þjóða nemendur, eða heldur meira en það. Það sýna medalíur þeirra og peninga verðlaun. Annars ber ekki á, að þeir, sem nú hafa útskrifast úr fyrsta bekk hafi tekið háar einkunnir, sumir þeirra jafnvel verða að taka aukapróf í einstökum greinum. Nær 50 íslenzkir nemendur munu á sl. vetri hafa gengið hér háskólaveginn.

Við læknaprófin hafa staðist próf: Úr annars-árs bekk Ágúst Blöndal með 1B einkunn. Úr 3. árs bekk S. Stephanson með 2* einkunn. Úr fjórða-árs bekk J. Stephanson með 1B einkunn.

Barði G. Skúlason

(Framhald).

Því munu fáir neita, að sem borgarar þessarar álfu, eða landa þessarar álfu, ættum vér að skoðast jafnkjörnir og rétthátir öðrum íbúum landsins til allra réttinda, er bera frjálsum mönnum. Og þeirra réttinda ekki sízt, er rétturinn til að vera tilkvaddur til að eiga hlutdeild í með löggjöf landsins, — stjórnarfarinu. Það er jafnaðar og mannréttindakraftur frá aldaöðli. Lög eru sett öllum íbúum ríkisins til handa. Sá er enginn til, að ekki snerti hann eitthvert ákvæði laganna, ríkur og fátækur, innlendur og útlendur, ungur og gamall, allir verða þeir að lúta lögum. Og lögin eru að stóru leyti afl það, sem ákvarðar stefnu og farsæld þjóðfélagsins. Sem flestir allrar þjóðarinnar ætti því að eiga erindsreka á þeim stöðum, þar sem lög eru samin þjóðinni til handa, hvort heldur það er í heimaþingum eða í allsherjarþingi. Og að vorum hluta höfum vér vonum framar fengið þeirri kröfu fullnægt, er til fylkjaþinganna hefir komið, þar sem tveir Íslendingar eiga sæti í Dakotaþinginu og tveir hér í Manitoba.

Öðru máli er að gegna þegar til allsherjarþings kemur í Bandaríkjunum (og hér nyrðra). Þar hefir enginn þjóðar vorrar nokkru sinni setið, og enginn boðið sig fram til Congress fyrr en nú, að Barði býður sig fram. En þar ættum vér að eiga erindsreka einnig. Sem borgarar Bandaríkjanna ættum vér að eiga hlutdeild í með löggjöf Bandaríkjanna. Það er þá fyrst, en ekki fyrr, að vér getum sagt, að vér látum oss landsmálin koma við. Í því eru aðrar Norðurlandaþjóðir komnar langt á undan oss. Norðmenn, Svíar og Danir geta bent á fjölda sinna betri manna í tölu Congress-manna og Senatora, og jafnvel sendiherra til útlanda.

Þeir eru mannfleiri en vér Íslendingar, munu margir segja, og þess vegna hefir þeim tekist að ná mörgum efstu sætum þjóðfélagsins. En leyndardómurinn er áreiðanlega ekki fólginn svo mjög í höfðatölunni eins og hinu, að þeir skoða sig sem sjálfstæða jafnoka annara og láta sér ekki annað nægja en sýna að þeir séu það. Og svo hinu, að sameiginlegur metnaður þeirra er nógur til þess, að koma sínum manni fram, og unna honum þess, og sjá ekki ofsjónum yfir, að hann megi vel og veitist sæmd og metorð. Og til hins sama ættum vér Íslendingar að hugsa, og vera nógu stórir og ríkir af frændrækni til þess.

Það er haft eftir Napóleon, að, ætið er um eitthvert hughvarf eða um einhvern áræðisskort var að ræða, honum hafi orðið að orði: "Hvað skyldi sagan segja um þetta?" — Hvað skyldi sagan segja um það, ef að svo lengi sem íslenzkt þjóðerni og tunga haldast við í Bandaríkjunum, ómögulegt verði fyrir nokkurn þann, sem af íslenzku bergi er brotinn, að komast til æðstu embætta í landinu sökum deyfðar, áhugaleysis, tvídrægni og öfundar Íslendinga sjálfra? Vitanlega kemur ekki til þess. En ef svo færi, hvern dóm myndi sagan leggja á það? Það þarf ekki mildum getum að leiða að þeim dómi. Hann yrði ekki nema á einn veg. Og undan honum er engin áfrýjan. Það er efsti dómurinn. Og hver, sem á sókótt við söguna, sleppur ekki sýkn. Því þess mun ætíð verða getið sem gjört er.

Árið 1908 var Barði kosinn til neðri deildar Dakota þingsins fra Grand Forks. Sótti hann sem "Insurgent Republican", í kjördæmi, er telur örfá, ef nokkur, íslenzk atkvæði. En framkoma hans og afkynni um þann tíma, sem hann hefir búið þar, höfðu aflað honum þess álits, að hann vann kosningunna með miklum atkvæðamun.

Og þess álits hefir hann aflað sér sjálfur, því að til Grand Forks kom hann fyrst sem fátækur íslenzkur stúdent að háskólanum, nú fyrir rúmum 20 árum síðan. Með háskólaverunni ávann hann sér fyrst það álit, er síðan hefir aukist, að vart muni finnast skírari, hyggnari og mælskari maður en hann í ríkinu. Með auði var ekki að afla sér vinsælda fyrir íslenzka nemendur á þeim dögum, enda var hann einn fyrsti brautryðjandi íslenzkra nemenda þar við skólann. Með auði hefir hann aldrei keypt sig áfram, enda mun það álit hans enn, þótt hagur hans sé all-rúmur, að það sé meira vert að maðurinn sjálfur sé meir en á nokkra fiska, fremur en að hann geti talið eigur sínar til nokkurra fiska eða álna verðaura. Og vegna þess er það líka, að hann hefir kosið sér stefnu umbótaflokks Repúblíkana fremur en íhaldsstefnuna.

Ekki er hann kominn fyrr til þings, en hann er kjörinn leiðtogi sins flokks þar í þinginu. Og mun að fáum hafa meira kveðið en honum þar, eins og flestum er kunnugt. Enda undirbjó hann öll mál þess flokks til þings og kom skipulagi á flokkinn.

Það er því ekki efamál, þegar á alt er litið, að það er enginn kjörnari til Congress fyrir ríkisins hönd en hann, hvað sem jafnvel þjóðernismálum vorum líður. Undir sömu merkjum sækir hann enn sem fyrr, og fyrir öll vesturríkin, fyrir allan almenning þjóðarinnar, er stefna framsóknarflokks Repúblíkana sú happadrýgsta landsmálastefna, sem nú er uppi í Bandaríkjunum. Að ýmsu leyti svipar henni til stefnu eldri Demókrata, nema hvað hún á við nú eins og háttum og högum þjóðarinnar er komið. Hún heldur fram afnámi auðvalds og lækkun allra innflutningstolla. Hún berst móti einræði og okri pólitiskra yfirgangsmanna, og flokksaga, er gjörir það að verkum, að sannfæring og betri vitund manna er ofurliði borin í þingahöldum og við atkvæðagreiðslu, og hún heldur fram verndun þjóðeigna og þjóðréttinda. Hún á sammerkt við þá miklu framfara og réttarbótahreyfingu, sem fram er að koma nú á meðal ýmsra þjóða og einkum á Englandi nú í seinni tíð. Líkt og Lloyd-George gjöra "Insurgent" Repúblíkanar ráð fyrir, að reyna að koma í veg fyrir það, að menn fái hrúgað upp auði, er þeir ekkert hafa tilunnið, en fái smeygt sér undan útgjöldum til ríkisþarfa, og komið byrðinni yfir á bak þess efnalitla og snauða.

(Meira).

Stærsta grenitré í Þýzkalandi stendur í Wurzelberg í Turingen. Það er núna (1910) 461 ára gamalt, er 44.3 metrar á hæð og 2½ metrar þvers í gegn um stofninn, 2 fet frá jörðu.

Herra Jón Thorsteinsson, reiðhjólasali á Portage ave., biður þess getið, að hann sé nýbúinn að fá talsíma í búð sína, og að númerið sé Main 9630.

Áritun Friðriks Sveinssonar, málara, er nú 443 Maryland St. (áður 618 Agnes St.). Þetta eru viðskiftavinir hans beðnir að athuga.

Íslendingar í Gimli bæ minnist þess, að herra Elis G. Thomsen er maðurinn, sem gerir allskonar utan- og innan-húss málningu fljótt og vel. Einnig pappírsleggur hann hús og gerir "Kalsomining".

Hjúkrunarkona

íslenzk óskar eftir atvinnu við að stunda sjúklinga. Nákvæmni er áþyrgst, og borgunarskilmálar vægir. Heimili: 659 Alverstone St.

Greining valdsins.

Svo er að sjá, sem eigi sé vanþörf á, að glöggva sig á því, hver þau völd sé, sem öll í samvinnu gera stjórnarskipun Íslands.

Þessi völd eru:

1. Löggjafarvald.
2. Framkvæmdarvald.
3. Dómsvald.

Hvar á hvert þessara valda um sig heima?

1. "Löggjafarvaldið er hjá konungi og alþingi í sameiningu".
2. "Framkvæmdarvaldið hjá konungi".
3. "Dómsvaldið hjá dómendum".

Svo segir stjórnarskrá Íslands fyrir; henni eru embættismenn og alþingismenn eiðbundnir að fylgja.

Eftir stjórnarskránni er þá framkvæmdarvaldið hjá konungi einum og engum öðrum.

Eftir stjórnarskránni hefir því alþingi ekkert framkvæmdarvald í umboði að fara með, heldur en nokkurt annað löggefandi fulltrúaþing um síðaðan heim, þar sem þingbundin stjórnarskipun er.

Ráðherra ábyrgist, að stjórnarskráin sé haldin.

Á ábyrgð ráðherra felur konungur hinni borgaralegu embættisstétt að beita, lögum samkvæmt, framkvæmdarvaldi sínu.

Það, að beita þannig framkvæmdarvald konungs meðal þegnanna, er athöfn embættisvaldsins, umboðsvaldsins í landinu.

Æðstur umboðsmaður í landinu er ráðherrann. Til hans kasta kemur ekki einungis það, að skipa mönnum, með konungs samþykki í hin konunglegu umboðs-embætti, heldur og hitt, að setja menn í hinar ýmsu þjónustur, er varða ábyrgð fyrir almenningi, en eigi er skipað í flokk með konunglegum embættum.

Af þessu leiðir hin sjálfsagða skylda ráðherra, að rannsaka, hvenær er honum þóknast, hvernig umboðsþjónustan í landinu, hátt sem lágt, leysir af hendi hlutverk sitt,

Af slíkri rannsókn leiðir aftur það að sjálfsögðu, að ráðherra verður að leggja mat á frammistöðu þeirra manna, er rannsókn hans kemur niður á.*)

Menn svara mér til þessa: — "Þetta vita allir, það er óþarfi að vera að fræða fólk um það".

Mitt svar er: Þetta ættu allir að vita, — en vita það ekki. Það ætti að vera óþarft að fræða fólk um það, en — það er ekki.

Alþingi tekur engan þátt með konungi í framkvæmdarvaldi hans. Eftir stjórnarskrá landsins hefir það ekkert umboðslegt vald og getur því enga umboðslega þjónustu veitt, háa né lága. Slikt getur ekki til mála komið fyrri, en búið er, með stjórnarskrárbreytingu, að snúa orðunum: "Framkvæmdarvaldið hjá konungi" í orðin: "Framkvæmdarvaldið hjá konungi og alþingi í sameiningu".

En slík stjórnarskrárbreyting er eða ætti að vera — óhugsanleg, ómögulegt. Því að þótt alþingi væri fengið umboðslegt vald til þess t.a.m., að veita embætti og setja menn í opinberar sýslanir, þá væri ómögulegt, eða þýðingarlaust að fá því umboðslegt eftirlitsvald um leið. Að eins í tvo mánuði af hverjum tuttugu og fjórum gæti verið, spurning um, að beita slíku eftirlits-valdi, en alt kæmi það undir flokka samdrætti og sundrung, hvað, eða hvort nokkuð yrði úr slíku eftirliti.

Ekkert löggjafarþing í síðuðum heimi hefir með höndum framkvæmdarvald og, að sjálfsögðu, heldur ekki umboðsvald. Og orsökin er náttúrlega sú, að slikt fyrirkomulag kæmi umboðsstjórn í landi í þá flækju og dróma, sem enginn gæti leyst.

Sem betur fer heimilar stjórnarskrá Íslands alþingi ekkert slikt vald.

En með bankalögunum tók þó þingið sér það bersa-leyfi, að fá sér sjálit það framkvæmdarvald, að veita gæslustjóra embættin eða sýslanirnar við bankann. Sýndi það með því, að það vissi ekki, eða vitandi hirti ekki um grundvallarreglu stjórnarskrárinnar í því efni.

Þetta er stjórnarskrárbrot. Það er þvert ofan í grundvallarlög og landsrétt Íslands.

Afleiðingin er þegar komin fram. Fyrir sakir, sem ráðherra þykja ærnar, vikur hann þeim úr þjónustu, gæzlustjórunum, sem alþingi hafði sett. Rétt til þessa mun ráðgjafi hafa þózt eiga eftir ákvæðum stjórnarskrárinnar, sem ekki virðist vera tiltökumál; eigi mun það heldur fara fjarri, að honum hafi þótt nauður reka til þessa, bæði sökum málavaxta, sem og þess, að framkvæmdar yfirvaldið, sem gæzlustjórar töldu sig lúta, var hvergi nærri með umboðslegt eftirlit sitt, en málið alt svo úfað, að í það varð að skerast fljótt og röggsamlega.

Gæzlustjórum leizt annað; öðrum, að minsta kosti. Hann skaut sér undir vernd hins umboðslega yfirvalds sins, alþingis, og lét sjálfur fógeta úrskurða sig inn í gæzlustjóra embættið. Sagan begir um það, að yfirvald gæzlustjóra, alþingi, hafi verið nauðsynlegt til þess að gera úrskurðinn löglegan. Nú, nú er hér þá svo komið máli, að þjónustumaður alþingis, sem með gersamlega réttlausum lögum hrifsar úr hendi konungsins framkvæmdarvaldi, og gerir sjálfr sig að umboðs-fröðuði, sem ekkert eftirlit getur haft með þeim, sem með umboð þess fara, gerir bera upprist gegn æðsta umboðsmanni landsins framkvæmandi skyldu sina, konungs og þegnanna vegna beint eftir orðum og anda stjórnarskrár landsins, einmitt á þeim tíma, sem þing getur engu eftirliti beitt við þá, sem það hefir skipað í þjónustu. Þetta er voðalegt ástand! voðalegt vegna þess, að hinir sökuðu í málinu auðsælega bjóða ráðherra byrgin í því fulltrausti, að meðferð þeirra á umboði sínu hingað til, eins og "Rannsóknarnefndin" lýsir henni, sé sú, er alþingi hafi ætlast til af þeim! Maður stendur höggdofa frammi fyrir þessu trausti, og þeim, sem borið getur það til alþingis. Hvar ætlast slikir menn til að stjórn Íslands lendi?!!

Vonandi er, að alvörugefnir kjósendur í kjördæmum landsins taki sig saman um, að senda þingi áskoranir, að skila konungi aftur af sér því framkvæmdarvaldi, er það tók frá honum með bankalögunum, þvert ofan í stjórnarskrá og landsréttindi Íslands.

Trapezomastix.

— Fjallkonan 22. febr. 1910.

*) Þá er ótrúlegt, að nokkrum heilvita manni þyki þessar stjórnarskrárlegu grundvallarreglur leggja of mikið vald í hönd ráðherra!

Ártíðaskrá Heilsuhælisins.

Gjöf frá Íslendingi vestan hafs. Minningargjafir komi í stað "kransa".

Íslenzkur maður í Chicago, A. J. Johnson að nafni, hefir sent mér að gjöf skrautlega bók og fagra hugmynd framan við hana.

Hann hugsar á þessa leið: Það er orðið alsiða, að gefa kransa á líkkistur, í heiðursskyni við minningu hins látna og samhrygðarskyni við ástvini hans. Það er fögur venja en henni fylgir sá ókostur, að þar fer mikið fé til ónýtis í moldina. Höldum því, sem fagurt er í þessum sið, en forðumst hitt. Ráðið til þess er það, láta minningargjafir koma í stað kransanna, svo að það fé, sem nú fer til ónýtis, komi að einhverju góðu gagni.

Bókin, sem mér er send, heitir: "Ártíðaskrá Heilsuhælisins".*) Það er mikil bók, í vandaðasta bandi (alskinnuð), pappirinn af beztu gerð strikaður til hægðarauka og með prentuðum fyrirsognum efst á hverri síðu. Er svo til ætlað, að blaðsíðurnar í vinstri hendi verði ártíðaskrá, þar verði skráð nöfn látinna manna, staða þeirra, aldur og dánardægur, einnig dauðamein, ef þess er óskað. Á móti hverri því likri skrásetningu koma, á blaðsíðurnar í hægri hendi, nöfn þeirra, er gefa minningargjafir, og til tekin gjöf hvers þeirra.

Kransagjafirnar eru útlendur sjór og ný til kominn. Hér í Reykjavík eru kransarnir flestir gerðir úr útlendum blómlikneskjum: í þeim er litaður pappi og lérept. Þessi erlendu léreptsblóm fljúga út. Oft verða kransarnir svo margir, að tugum skiftir, og verð þeirra þá að samanlögðu yfir 100 kr., stundum langt fram úr því.

Ártíðaskrásetning er rammislenzkur siður og mjög gamall (frá því á 12. öld). Ég þykist því vita, margur muni verða til þess, að láta minningargjöf koma í staðinu fyrir krans, — gefa Heilsuhælinu það, sem krans myndi hafa kostað.

Ártíðaskrá Heilsuhælisins verður geymd fyrst um sinn í skriístofu minni, Amtmannsstig 1. þar verður hún til sýnis á hverjum virkum degi kl. 5—7, og mun ritari minn, Jón læknir Rósenkranz, taka á móti minningargjöfum.

Herra A. J. Johnson hefir einnig gefið Holdsveikraspitalanum og Geðveikrahælinu ártíðaskrár, og verða þær afhentar læknum þessara sjúkrahúsa.

Bækurnar eru nýkomnar.**) Ég kann honum beztu þakkir fyrir gjöfina.

Heilsuhælinu hafa þegar hlotnast tvær minningargjafir, önnur frá Johnson sjálfum, til minningar um móður hans (50 kr.), hin frá Bjarna prófasti Símonarsyni á Brjánslæk; hann kom til mín, sá bókina og gaf minningargjöf (5 kr.) til minningar um barn, sem lézt fyrir tveim árum í sókn hans.

Menn út um land eru beðnir að senda minningargjafir handaHeilsuhælinu til Jóns læknis Rosenkrans, sem er fulltrúi Heilsuhælisstjórnarinnar.

Hverjum þeim, er gjöf gefur, verður tengið eða sent viðtökuskírteini. Þau verða vönduð að útliti; bæjarbúar geta sent þau í stað kransa, og á þann hátt látið í ljósi samhrygð sina þegar jarðað er.

Hvað sem öðrum líður — þegar kemur að mér, vildi ég mælast til þess, að "kransarnir", ef nokkrir verða, væru látnir fara í Heilsuhælið en ekki í gröfina mína.

G. Björnsson.

*) Nafninu og gerð bókarinnar hefi ég fengið að ráða.

**) Pappirinn sendi sefandinn mér, en ég hefi annast prentun og band fyrir hann, á hans kostnað.

Framtíðin.

Það dreymir margt fagurt um dýrð ónumins lands,
sem dæmisaga og liking er framtíð mannsandans,
sem risavaxinn skógur í þúsund alda þokum,
með þjóðbrautir í fjarlægð og sögurétt að lokum.

Og þar er alt í dimmu og dulin vaxtarrót,
í djúpum rústum grafið hvert sögu tímamót.
Og fær þar nokkurn dreymt það, hvað uppi eilíð gróir
í opinberun lífsins, þó spámenn séu nógir?

En sannleik vígðar vonir í frumbygð fátæks manns,
er frækorn gófugs þjóðlífs í sögu vaxtarlands.
Og skrifist okkar frelsi og fortíð gullnum stöfum,
mun framtíð björt upp risa á landnemanna gröfum.

Hvert útlægt fórnar frækorn í fúnum jarðarblett
á fyrirgefning syndar í endurleystum rétt,
þars geisli hver er frumheyi frjálsra spekings anda
og fyrirheit um lífið í sögu nýrra landa.

Í þúsund alda þokum á leið til draumalands
það logar sama stjarnan á himni mannsandans,
og þegar fyrsti geislinn á hæstu tindum titrar,
sem tilverunnar eilíð í skýjum stjarna glitrar.

P.

THE DOMINION BANK

HORNI NOTRE DAME AVENUE OG SHERBROOKE STREET

Höfuðstóll uppborgaður: $4,000,000.00
Varasjóður - - - $5,400,000.00

SPARISJÓÐS DEILDIN:

Vér veitum sparisjóðs innleggjendum sérstakt athygli, og borgum hæztu vexti á sparisjóðs innleggjum af $1.00 og yfir. — Barna innlegg velkomin. — Seljum peningaávísanir á ÍSLAND.

H. A. BRIGHT, RÁÐSMAÐUR.

Með því að biðja sérlega um "T.L. CIGAR," þá ertu viss að fá ágætan vindil.

T.L.

T.L. CIGAR

(UNION MADE)

Western Cigar Factory
Thomas Lee, eigandi Winnipeg

Vitur maður er varkár með að drekka eingöngu HREINT ÖL. Þér getið jafna reitt yður á

DREWRY'S
REDWOOD LAGER.

Það er léttur, freyðandi bjór, gerður eingöngu úr Malt og Hops. Biðjið ætíð um hann.

E. L. DREWRY, Manufacturer, Winnipeg

STRAX Í DAG er BEZT AÐ GERAST KAUPANDI AÐ HEIMSKRINGLU. — ÞAÐ ER EKKI SEINNA VÆNNA.

Manitoba á undan.

Manitoba hefir víðáttumikla vatnsfleti til uppgufunar og úrfellis. Þetta, hið nauðsynlegasta frjógunarskilyrði, er því trygt.

Ennþá eru 25 milión ekrur óbygðar.

Íbúatal fylkisins árið 1901 var 225,211, en er nú orðið um 500,000, sem má teljast ánægjuleg aukning. Árið 1901 var hveiti og hafra og bygg framleiðslan 90,367,085 bushela; á 5 árum hefir hún aukist upp í 129,475,943 bushel.

Winnipeg borg hafði árið 1901 42,240 íbúa, en hefir nú um 150,000; hefir nálega fjórfaldast á 8 árum. Skattskildar eignir Winnipegborgar árið 1901 voru $26,405,770, en árið 1908 voru þær orðnar $116,106,390. Höfðu meir en þrefaldast á 7 árum.

Flutningstæki eru óviðjafnanleg,— í einu orði sagt, eru í fremsta flokki nútíðartækja: Fjórar þverlandsbrautir liggja um fylkið, fullgerðar og í smíðum, og með miðstöðvar í Winnipeg. Í fylkinu eru nú nálega 4 þúsund milur af fullgerðum járnbrautum.

Manitoba hefir tekið meiri landbúnaðarlegum og efnalegum framförum en nokkurt annað land í heimi, og er þess vegna ákjósanlegasti aðsetursstaður fyrir alla, af því þetta fylki býður beztan arð af vinnu og fjárileggi.

Skrifið eftir upplýsingum til: —

JOS. HARTNEY, 77 York Street, Toronto, Ont.
JOS. BURKE, 178 Logan Avenue, Winnipeg, Man.
A. A. C. LaRIVIERE, 22 Alliance Bldg., Montreal, Quebec,
J. F. TENNANT, Gretna, Manitoba.

J. J. GOLDEN,
Deputy Minister af Agriculture and Immigration, Winnipeg.

Vinur minn og ég fórum inn í hópinn, og tókum þátt í dansinum kringum vorgleðisúluna að nokkru leyti.

"Móritz! Þar sá ég móður þína í fyrsta sinni. Fegurð hennar, viðmótsalúð og hið himneska sakleysi hennar, hafði ósegjanleg áhrif á huga minn.

"Móðir þín var dóttir fyrverandi garðyrkjumanns sem ásamt henni bjó í litlum kofa í nánd við þorpið. Hún var sextán ára, fögur eins og blómdís vorsins, fjörug og blómleg eins og hún. Ég heimsótti hana og fann hjá henni ágæta hæfileika, sem þó skort. fullkomnun. Það leið ekki á löngu, þangað til ég elskaði hana innilega, og henni þótti líka vænt um mig.

"Ég ásetti mér að ganga að eiga hana, og láta gifta okkur leynilega, sökum minna mörgu, drambsömu ættmenna. Ég vildi hvorki baka mér né henni fyrirlitningu þeirra.

"Ég sagði vini minum, prestinum, frá áformi minu. Fyrst reyndi hann að telja mig af því, en þegar hann varð þess var, að ég var fastákveðinn, lofaði hann mér að hjálpa mér.

"En áður en ég kvongaðist Ágústu, vildi ég láta menta hana, svo hún yrði hæfari fyrir lífið.

"Vinur minn, presturinn, lofaði að annast um mentun hennar, og hún hefði naumast getað fengið betri kennara. Hún dvaldi hér um bil hálft annað ár í húsi hans, fékk tilsögn hjá honum og roskinni konu, sem hann hafði ráðið til sín hennar vegna, og með óviðjafnanlegri iðni og ástundun, lærði hún bráðlega alt, sem ungar stúlkur á hennar aldri vanalega kunna.

"Ég sá hana aftur. Sextán ára gamli brumhnökrinn var orðinn að óviðjafnanlega fögru blómi. Hugfanginn tók ég hana í faðm minn, og sór þess dýran eið, að fyrir hana skyldi ég lifa, það sem ég ætti eftir ólifað.

"Presturinn gifti okkur með mestu leynd heima hjá sér. Að eins faðir Ágústu og tveir ráðvandir sóknarbændur voru viðstaddir. Lýsingarnar fóru fram í litilli afsiðis verandi kirkju, þar sem engina þekti nafn mitt, og söfnuðurinn samanstóð af bændum eingöngu.

"Á þenna hátt tókst okkur að geyma leyndarmálið. Enginn af frændum minum með alt sitt ættardramb vissi, að ég hafði kvongast óbrotinni bóndadóttur, og okkur kom saman um, að þeir skyldu aldrei fá að vita það".

"Fyrsta hjónabandsárið okkar var Ágústa kyr í fæðingarþorpi sinu. Heimili hennar, fagurt bændabýli, sem ég tók á leigu, var rétt hjá prestssetrinu. Um þetta leyti var ég stundum heila mánuði hja henni, en kunningjar minir í Wermalandi héldu að ég væri á skemtiferðum.

Það fæddist 10 mánuðum eftir að við giftumst. Ég var framúrskarandi glaður, og strengdi þess heit, að láta uppala þig við sparsemi og starfsemi, til þess að þú síðarmeir skyldir ekki baka mér samskonar sorg og eldri sonur minn, sem allsnægtirnar höfðu eyðilagt.

"Faðir Ágústu, sem átti heima hjá henni, dó um þetta leyti, og með því slitnaði eina og seinasta bandið, sem tengdi hana við þessa sveit. Hún samþykti því mótmælalaust, að fara með mér til Wermalands, svo að hún væri nær heimili minu.

"Hér um bil tvær milur frá Óðinsvík var litið en snoturt bændabýli, sem ég tók á leigu. Þar settist unga konan mín að með syni okkar, án þess að umgangast aðra en mig. Margar og dýrmætar endurminningar geymast í huga minum frá þessu friðsæla heimili, þar sem ég átti margar gæfurikar stundir í sambúð við mina elskuðu konu.

"Ágústa elskaði mig heitt. Hennar hreina hugsun þekti enga æðri nautn, en að gera mér til geðs, og hefði hún getað lesið óskir minar í augum minum, þá hefði hún strax látið þær rætast.

"Henni kom aldrei til hugar, að gera kröfu til þess að vera kölluð greifainna. Hefði hún kraðist þess, þá hefði ég að likindum samþykt það, nauðugur samt, en hún kraðist þess aldrei, hún var glöð og ánægð með sitt sparnaðarlíf.

"Uppeldi þitt var það efni, sem við ræddum mest um. Ég vildi ekki, að þú þektir stöðu þá, sem þú ert fæddur til, né ætt þina, fyr en þú værir orðinn svo gamall, að þú hefðir næga skynsemi til að velja lífsstefnu þina. Ég kraðist því loforðs þess af móður þinni, að hún léti þig ekki vita, hver faðir þinn er, fyr en þú værir tvitugur. Með því móti vildi ég koma í veg fyrir ættardramb, þetta ógæfurika en þó svo hlægilega dramb, — ég vildi ekki láta það þróast í hugsun þinni. Ég vildi láta ala þig upp við sparnað, ekki við skort eða beina fátækt, heldur við hóflega sparneytni, svo þú gætir lært að meta vinnuna og þekkja nauðsyn hennar, svo að þú af eigin orku gætir brotið þér braut fyrir ókomna timann. — Hefi ég breytt rétt, sonur minn?

"Núna, þegar þú lest þetta, stendur þú á vegamótum, og ég er ekki lengur til. Hvernig eru kringumstæður þinar nú? Stefnir þú áfram eftir heiðarlegri lífsbraut? Hefirðu von um, að geta unnið fyrir þér og öðlast virðingu með því að fylgja henni? Sé svo, þá ættirðu ekki að yfirgefa hana.

"En þér er nú frjálst að velja: Auð og iðjuleysi eða starf og ánægju. Þú tekur hvort heldir þú vilt — að gera þig arflausan gegn vilja þinum, væri ranglátt.

"Ég geri þér það því vitanlegt, Móritz, að þú getur, nær sem er, helgað þér hluta af eignum þeim,

sem ég skil eftir, þar eð þú ert fæddur í löglegu hjónabandi sem sonur minn.

"Meiri hluti eigna minna tilheyrir í raun réttri hálfbróður þinum, af því að það er ættaróðal, sem er aðaleignin, en auk þess á ég talsverðar eignir, sem þú hefir heimild til að krefjast helmings af, ef þú vilt".

"En, ef þú ert hræddur um, að auðurinn skemmi þig, að hann lini starfsþrek þitt, dragi úr framkvæmdum þinum, sonur minn, þá er réttara að brenna strax þessi skjöl, sem í því tilfelli myndu baka þér ógæfu og örvæntingu.

"Ógæfu og örvæntingu. ..... Já, því þegar þú með aðstoð auðsins hefir neytt æskunnar áhrifamiklu skemtana, — þegar þú hefir tínt blómin á strönd hafgúanna, án þess að veita því eftirtekt, sökum ákafa þíns, að strönd þessi er hvít af beinum hinna myrtu manna, þá kemur saðningin, fúinn og leiðindin.

"Og hve oft hefir ekki þetta ásigkomulag, sem er manninum ósamboðið, af því forsjónin hefir ætlað honum góða uppskeru,— þetta ásigkomulag, sem skipar manninum sæti fyrir neðan dýrin, endað með örvæntingu, brjálsemi, sjálfsmorði.

"Móritz, ég býst við, að þú standir nú einn í heiminum, þegar þú lest þetta (ef þú á annað borð lest það), að móðir þín sé farin, til að sameinast mér hins vegar grafarinnar. Ég býst líka við, að þú sert enn saklaus og óskemdur, og hafir með hug og dug gengið heiðarlega lífsbraut, að þú hafir strítt á móti sorgum og mótlæti án þess að gugna, — í fám orðum, að þú sert þannig, sem ég hefi oft beðið guð að sonur minn mætti verða.

"Og sé þetta þannig, sonur minn, hugsaðu þig þá vel um áður en þú velur. Mundu eftir því, að það er starfsemin, sem er uppspretta ánægjunnar og

ATHUGASEMD.

Kæri ritstjóri.

Í blaði yðar fyrir ekki löngu síðan var bréf frá hr. Gísla E. Bjarnasyni, frá Hrífunesi, hvar í hann fer meðal annars að finna að alþýðuútgáfunni af íslenzku sögunum, sem og að trúarbragðaskoðunuum, sem hafa komið út í Hkr. við og við.

Þessar aðfinningar við útgáfuna á sögunum, bera einkenni eiginleikka höfundarins á sér í mjög greinilegum stíl, því það vita allir, sem nokkura mentunarlega þekkingu hafa, að útgáfurnar, sem alþýðu útgáfa þessi er tekin eftir, eru verk þeirra manna, sem standa á hæsta stigi bæði skynsemis og mentunar. Mér eru skýringarnar mikilsvirði, því það vantar mikið á, að ég skilji allar vísurnar gersamlega, heldur eru það mjög fáar, sem ég skil. En án þess að skilja þær get ég ekki séð, hvernig nokkur getur haft fult gagn af sögunum. Þessi alþýðuútgáfa af sögunum er að mínu áliti mikið góð og nauðsynleg.

Aðfinningar herra Bjarnasonar við þær trúarbragða ályktanir, sem hafa verið í Heimskringlu, eru fremur illa grundaðar, og þar sem hann fer að svara þeim, sem ritað hafa, um heimsku, þá er það ekkert betra. Því satt að segja, þá eru sterkar ástæður til að trúa, að herra Bjarnason þekki ekki einngang aðal og mest áríðandi trúaratriði, sem kend eru í kirkju þeirri, sem hann skrifar sig með. Í kirkju þeirri er það að styðja að sundrung hjóna, koma inn hatri á milli þeirra, eða að ljúga á milli foreldra og barna, álitið að ganga næst morði, og í biblíunni, bæði gamla og nýja sáttmálanum, er þess háttar álitin dauðasök. En herra Bjarnason sýnist að álíta alt þess háttar höfðingsskap, sérstaklega þegar það færir stórgjafir, veizlur, heimboð og aðrar virðingar.

Einn af vitringum síðust aldar sagði, að eitt af aðaleinkennum skynsams manns væri að "hann veit hvað hann veit, og veit að hann veit það". En á hinn bóginn sagði hann að það væri margir, að "ef þeir vissu tíunda partinn af því, sem þeir þykjast vita, þá vissu þeir oft tíu sinnum meira en þeir gera".

Öll trúarbrögð hafa gott inni að halda, og sum mikið gott. En þar sem þau eru svo mörg og margbreytt, þá geta ómögulega öll verið rétt. Þess vegna, ef trúarbrögð eru nokkurs verð, sem þau óefað eru, því alt, sem leiðir til góðs, er mikilsvert. En að standa í þjarki út af trúarbrögðunum, væri mikið betur ógert, því þess háttar leiðir oftar til ills heldur enn góðs, af því það er jafnaðarlega hið illa, sem verið er að velta fyrir sér. Í staðinn fyrir að leita að því, sem er gott og betra, er þessi og hin trúarbrögð hafa inni að halda. Því ef það væri gert, þá yrði áður en langt um líður öllu því bezta úr öllum trúarbrögðum safnað í eitt. Og þá, þegar svo væri komið, að alt hið bezta, sem þekt er, væri alt í einu lagi, þá gæti það varla annað en verið fullkomið. Þeir, sem taka þátt í hvaða helzt röksemdaleiðslu sem er, ættu ekki að leitast svo mikið við að leiða í ljós villuna hjá öðrum, heldur enn að sýna, hvað gott það er, sem þeir hafa.

Menn skyldu alt af hafa það hugfast, að hver einasta manneskja, karl og kona, hefir eðlilega fullan rétt til að trúa hverju því, sem honum eða henni þykir mest trúanlegt, og það er náttúrleg skylda hvers helzt sem er, að standa með öðrum í þessum réttindum, og með því að gera það, þá verða afleiðingarnar oftast góðar. Því að breyta svo við aðra eins og maður vill að aðrir breyti við sig, sýnir bæði skynsemi og réttlæti, hvorutveggju, sem eru ekki einungis mannlegir eiginleikar, heldur líka guðlegir. Þar sem á hinn bóginn að gera öðrum rangt til, og svo að bæta illu á ilt ofan, er í orðsins fullri meiningu djöfullegt, heimskulegt og óguðlegt í alla staði. Það getur hverjum helzt sem er, orðið á, að gera rangt og leggja öðrum rangt til. En sá, sem er skynsamur og hetja, er oftast fljótur til að sjá það, meðkennast það, og eftir megni bæta úr því. En hver sá, sem getur aldrei séð og meðkent sín feil, er bæði bleyða og heimskingi, og verður sér alt af til skammar fyrr eða seinna. Það var merkismaður, sem sagði: "Af þeirra ávöxtum skuluð þér þekkja þá", og samkvæmt þeirri reglu, þá eru þeir, sem alt af eru að safna saman hinu illa, sem þeir finna í fari annara, og sjá ekkert gott í fari neins nema sjálfs síns og nánustu vina sinna og vandamanna, ekki til að reiða sig á til mikils góðs. Því til þess að vera í tölu vina þeirra, verða menn að lúta honum, sem sagði: "Alt þetta vil ég gefa þér, ef þú fellur fram og tilbiður mig".

Að endingu vil ég benda til þess að þar sem eru svo margir Æschines, þar eiga að vera nokkrir Demosthenes.

John Thorgeirsson,
Thistle, Utah.

Fáar línur til Hkr.

Landar hér hafa verið að spyrja, hvenær þeir fái að sjá línu frá mér næst í Kringlunni. Að vísu tek ég það sem gaman af þeim, sem ég veit að eru mikið pennafærari en ég, sérstaklega hr. E. H. Johnson, sem hér er orðinn nafnfrægur fyrir sína mentun og lipurmensku. Ég álít það mjög heiðarlegt, þegar menn menta sig að öllu leyti sjálfir. Hann talar og ritar tvö eða brjú tungumál fyrir utan móðurmál sitt, og stýrir hér laglegri skrifstofu fyrir mjög öflugt félag. Hann hefir einnig mikla trjáverzlun og segir og sýnir hérlendum mönnum, hvernig eigi að planta þeim og fleira, sem sannar að hann hefir rannsakað og lært þessa hluti betur en þeir.

Íslendingar eru álitnir hér sem duglegur þjóðflokkur, þeir eru iðjusamir, námfúsir og flestir fremur öðrum áreiðanlegir. Samt held ég að við sem aðrir höfum okkar part af þeim aumustu fáráðarræflum, sem mögulegt er að hugsa sér, sem alt þykjast vita og vera hámentaðir, en þegar vel er rannsakað, þá er það bara skrum, — sem ýmsir gleðimenn kalla vísdómsvind náttúrufræðinnar. Það er kenniteikn þessara fáráða, að þegar þeir ætla að segja manni eitthvað rangt, annaðhvort hreysti sögur um sjálfa sig við betri part mannkynsins eða níður á við um náungann.

Ég varð alveg hissa, þegar ég las í Heimskringlu um pólinn og fleira eftir Jón Þorgeirsson. Hvílíkur vísdóms-vindbelgingur! Einar H. Johnson var spurður fyrir nokkru síðan, hvort hann ætlaði ekki að svara, og kvað hann nei við, sagðist ekki kalla annaðeins svaravert. Samt er Einar óverðskuldað meiddur í neíndri grein af aumingja Jóni, sem auðsjáanlega er með því að borga E. fyrir mat og aðra góða hluti, sem hann var að gefa Jóni, þegar hann var á sínu flakkara-rangli.

Vegna þess, að neíndir landar eru hér alþektir, bæði af löndum og fleirum og ég er þeim persónulega nauðkunnugur, líka þessvegna að Jón gefur í skyn alt aðrar ástæður en sannar viðvíkjandi Einari, — finst mér, að gefnu tilefni, ég ekki alveg geta látið það hlutlaust. Fyrir 30 árum síðan kom Jón, sem annar flakkararæfill útsópaður frá náttúrufræðisskólanum í California, til mín, og var hjá mér einn vetur, sem aldrei skyldi verið hafa, og síðan hefi ég þekt hann að öllu öðru en góðu, — og þekkja mættu fleiri landar hér, einkum þeir, hverra börn hann hefir svivirt. Einar hefi ég þekt meir en 20 ár og það að góðu einu. Hann er maður stórartugur og hinn mesti höfðingi og þau hjón heim að sækja með sína gestrisni, en Jón þvert á móti. Einar unnir öllum sannmælis, en Jón smánar alla í ræðum og ritum, sem hann veit að hafa gott mannorð og eru elskaðir og virtir af öllum sem þá þekkja. Veizlur þær, sem J. segir að E. haldi, er það rétta: að landar kjósa alt af E. sem forstjóra, þegar gleði-samsæti er haldið, ef þeir geta fengið hann, sem sannar þá tiltrú og álit, sem hann hefir hjá þeim að verðugu, því maðurinn er skemtinn, kurteis og hinn þægilegasti. En þeir kjósa aldrei Jón. Það sárnar honum svo afskaplega, því hann vill vera virtur meira en Einar og aðrir, — en auðnulevsis vegna hefir hann aldrei komist af sinni skítugu þúfu.

Hvað því viðvíkur, að Einar reyni að níðra Mormónum, þá er það alveg rangt. Allir vita það hér, sem þekkja til. Að Jón hefir smánað Mormóna, og helzt núverandi leiðara þeirra Joseph F. Smith, það vita menn líka. Allir geta séð, sem lesa grein Einars, að hann á við einn mann, sem líkist eða komist næst spámanni að viti, nefnilega John Thorgeirsson. Ég veit ekki af öðrum, sem hefir haldið fyrirlestur um pólinn og reynt að telja fólki trú um, að þar væru þær týndu ættkvíslir Ísraels, — og meira, nefnilega aldingarðurinn Eden, náströnd, visnaðir slönguskrokkar og fleira og fl. Og einnig landafræðislega sýnt fólki fram á, hvaða veg það týnda fólk hefði farið. Þetta hefir hér vakið hina mestu eftirtekt og athlægi.

Ég vil ráða Jóni til að fara hægara, annars mætir hann máske þeim gamla Hrífunes Gísla.

Spanish Fork, Utah.,
7. maí 1910.

Gísli E. Bjarnason.

Þakkarorð.

Þegar við hjónin urðum fyrir því óvænta og tilfinnanlega tjóni snemma í apríl mánuði, að missa allar þær 5 mjólkurkýr, sem við áttum, og stóðum þá uppi algerlega mjólkurlaus og ráðþrota með 8 börn okkar í heimili, — þá gerði nábúi okkar, herra bóndi Jóhann Guðmundsson á Reynistað í Fljóts bygð það góðverk, að gefa okkur eina af mjólkurkúm sínum, og herra bóndi Jón Þorláksson á Heytanganum norður í Ísafoldarbygð, lánaði okkur góðfúslega eina af sínum mjólkurkúm fram til næsta hausts. Fyrir þessa höfðinglegu gjöf Jóhanns og vinsamlegu hjálp Jóns, vorum við hjónin fær um að framfleyta börnum okkar þolanlega. Þessir tveir bændur, sem báðir eru fátækir, hafa jafnaa síðan við komum í bygð þeirra, reynst okkur sem beztu bræður og létt á ýmsan hátt þá örðugleika, sem frumbýlingsbúskap okkar hjóna var samfara.

Fyrir þessar mannúðlegu velgerðir þeirra vottum við þeim okkar innilegasta þakklæti og með þeirri ósk, að bú þeirra megi blómgast og blessast og þeir báðir njóta þeirra launa, sem góðverk þeirra verðskulda.

Icelandic River, 24. apríl 1910.

Ármann Jónasson,
Ósk Jónasson.

* * *

Aths.— Nokkraf konur hér í borg hafa beðið Hkr. að geta þess að Mrs. Ósk Jónasson sé nú komin hingað til borgarinnar, til þess að vinna sér inn nokkra dollara fyrir fatnað handa börnum þeirra hjóna og aðrar heimilisnauðsynjar, og að vel væri, ef einhverjir vildu vikja henni góðu. Hún vinnur nú á Fort Rouge Hotel og þangað mætti senda styrkveitingar eða til Icelandic River P.O., Man.

Ritstj.

SPURNINGAR.

Á síðasta kirkjuþingi var frumvarp safnaðarlaganna nýju lagt yfir til næsta þings, og átti að sendast til lútersku safnaðanna til þess þeir gætu falið þingfulltrúum sínum að samþykkja eða hafna þar einhverju af lögum þessum á næsta þingi. Hafa söfnuðirnir fengið þau? F. Finnsson.

SVAR. — Þessari spurningu ætti að beina til skrifara kirkjufélagsins og mun hann svara henni.

Ritstj.

A. kaupir land af B. og borgar að fullu umsamið verð, og fær löglegt eignarbréf fyrir því. Sama ár borgar A. vegabóta- og skólagjald af þessari nýju eign sinni og tekur kvittun fyrir og hefir svo eignina skuldlausa. B. flytur í annað ríki. Næsta ár fær A. skólaskattskröfu fyrir það ár, og jafnframt reikning fyrir tveimur gömlum skólagjöldum, tveggja og þriggja ára gömlum, sem á eigninni hvíla, ásamt 10 prósent rentum frá því gjöldin féllu í gjalddaga.

Er A. skyldur að borga þessa gömlu skuld, eða hefir skólanefndin rétt til að taka nokkuð af eigninni til lúkningar á skuldinni, ef hún er ekki borguð? Fáfr.

The Evans Gold Cure
229 Balmoral St. Sími Main 797
Varanleg lækning við drykkjuskap á 2-3 dögum án nokkurrar tafar frá vinnu eftir fyrsta vikuna. Algerlega privat. 16 ár í Winnipeg. Upplýsingar í lokuðum umslögum.
Dr. D. R. WILLIAMS, Exam. Phys
J. L. WILLIAMS, Manager

SVAR. — Vér teljum það áreiðanlegt, að A. verði að borga alla áfallna skatta á landi hans, að öðrum kosti má gapga að því með lögum og selja það fyrir áföllnum skuldum og rentum af þeim. — Skattarnir eru lagðir á landið og landið stendur fyrir þeim, án tillits til þess, hver eigandinn er. Vér ráðum A. til þess að borga skólaskattskröfuna. Ritstj.

Fyrirspurn.

Herra ritstjóri Heimskringlu, — gerið svo vel að svara eftirfylgjandi spurningum í næsta blaði:

B. hefir haft umboðsmanninn M. til að selja vörur og kaupa rottur. M. biður menn að lofa sér að sitja fyrir rottu-kaupunum fyrir það bezta verð, sem aðrir bjóði, og fékk loforð fyrir þeim. Aðrir komu og buðu 60c, en þeim var neitað til að efna loforðið við M. sem þá var gert aðvart um tilboð hinna. M. keypti rotturnar fyrir 65c, en gat ekki borgað fyrr en hann fyndi B., sem hann kvaðst hafa skriflegt umboð frá, að bjóða þetta í rotturnar um ákveðinn tíma, hvort heldur fyrir vöru eða peninga. M. gaf kvitteringu undir sínu nafni fyrir rottutölunni og peningaupphæðinni, reiknað með 65 centa verði. M. flutti rotturnar til B., sem þá kvað verð þeirra fallið niður í 50c.

1. Á ég ekki heimtingu á þeim 65c, sem mér var lofað og gefin kvittering fyrir.
2. Að hvorum á ég gjaldið.
3. Er ég skyldugur að taka þátt í því, þó sú vörutegund falli í verði, sem ég er búinn að selja? Fáfróður.

SVAR. — 1. Þú átt heimtingu á, að fá það verð, sem þér var lofað fyrir vöru þína.
2. Þú átt aðgang að heim, sem þú seldir.
3. Nei.

Frúin: Því ertu að spegla þig með hattinn minn á höfðinu?

Vinnukonan: Ég vildi sjá, hvernig hann liti út á laglegu höfði.

Auglýsing. — Tveir karlmenn, eða, ef þeir fást ekki, tveir skraddarar geta fengið húsnæði hjá — —

Prósfessorinn: Hvað myndir þú gera, ef einhver væri sprengdur í loft upp með púðri?

Wessel: Biða þangað til hann kæmi niður aftur.

ROBLIN HOTEL
115 Adelaide St. Winnipeg
Bezta $1.50 á-dag hús í Vestur-Canada. Keyrsla ókeypis milli vagnstöðva og hússins á þóttu og degi. Aðhlynning hins bezta. Viðskifti Íslendinga óskast. OLAFUR G. ÓLAFSSON, Íslendingur, afgreiðir yður. Heimsækjið hann. —
O. ROY, eigandi.

A. S. BARDAL
Selur líkkistur og annast um útfarir. Allur útbúnaður sá bezti. Enfremur selur hann alskonar minnisvarða og legsteina.
121 Nena St. Phone 306

HEIMSKRINGLU og TVÆR skemtilegar sögur fá nýir kaupendur fyrir að eins $2.00

Giftingaleyfisbréf
selur: Kr. Ásg. Benediktsson
486 Simcoe st. Winnipeg.

THE
"Arena"
Þessi vinsæli skautaskáli hér í vesturbænum er nú opinn. Ísinn er ágætur. 18DA MOUNTED RIFLES BAND SPILAR Á ARENA. KARLM. 25c.—KONUR 15c.
Chas. L. Trebilcock, Manager.

JIMMY'S HOTEL
BEZTU VÍN OG VINDLAR.
VÍNVEITARI T.H.FRASER,
ÍSLENDINGUR.
James Thorpe, Eigandi

A. S. TORBERT'S
RAKARASTOFA
Er í Jimmy's Hótel. Besta verk, ágæt verkfæri; Rakstur 15c en Hárskurður 25c. — Óskar viðskifta Íslendinga. —

MARKET HOTEL
146 PRINCESS ST á móti markaðnum
P. O'CONNELL, eigandi, WINNIPEG
Beztu tegundir af vínföngum og um, aðhlynning góð hús and he

Woodbine Hotel
566 MAIN ST.
Sumasta Billiard Hall í Norðvesturlandi
Tíu Pool-borð.—Alskonar vín og vindlar
Gisting og fæði: $1.00 á dag og þar yfir
Lennon & Hall
Eigendur

Á beztu heimilum
hvar sem er í Ameríku, bar munið þér finna HEIMSKRINGLU lesna. Hún er eins fróðleg og skemtileg eins og nokkuð annað íslenzkt fréttablað í Canada.

"Ó, all-vel".

"Já, ég kannast við lítillæti þitt, vinur minn. Þú átt skilið, að njóta eins mikillar virðingar fyrir það eins og þekkingu þína. Þú færð auðvitað fyrstu einkunn".

"Ekki held ég það, ... prófessorinn var leiður yfir því, að ég hafði ekki hlustað á fyrirlestra hans".

"Fyrirlestra", sagði Albert gramur, "annað eins bannsett rugl. — Eins og öll sáluhjálp sé undir því komin, að skrifa upp og læra alla heimskuna, sem þessir hávitru herrar prédika í kennarastólnum. Mér verður flökurt af að hugsa um það. .....' Komið þið nú".

Þessir ungu menn fóru nú út og leiddust, til þess að fá sér kvöldverð á einhverju matsöluhúsinu í Uppsölum.

III.

Erfðaskrá.

Það var snemma morguns, daginn eftir samræðurnar, sem getið er í síðasta kapitula. Sólin var ekki komin upp, en samt var Móritz seztur við starísborðið sitt, og lá böggullinn, sem hafði að geyma erfðaskrá föður hans, fyrir framan hann.

Innsiglið var enn þá óbrotið. Einhver dularfull tilfinning hamlaði honum frá að snerta það; í hvert sinn, sem hann rétti hendina eftir því. Máske hafði þetta skjal að geyma einhver stór umskifti í lífi hans, — ef til vill hafði það að geyma upplýsingar, sem breyttu öllum skoðunum hans, siðvenjum og áformum.

Höndin nötraði og skalf, þegar hann loksins tók þennan dularfulla böggul og opnaði hann.

Það fyrsta, sem hann las, var eftirfylgjandi vottorð:

"Hinn 20. marz, árið 18 ..., hefir undirritaður, samkvæmt öllum lögskipuðum venjum, gefið saman í hjónaband hávelborinn herra greifa Claes Henrik Stjernekrans í Óðinsvík í Wermalandi og jómfrú Ágústu Friðriku, dóttur garðyrkjumannsins Jóhanns Jóhannssonar í G.... sókn, W.... stifti, sem samkvæmt beiðni er hér með vottað.

G.... prestssetri, 23. marz 18...

Gustav Hultberg, sóknarprestur".

Móritz ýmist roðnaði eða fölnaði, þegar hann las þetta vígsluvottorð. "Stjernekrans í Óðinsvík", tautaði hann við sjálfan sig. "Það er engum efa bundið. ..... Ég er bróðir þess manns, sem deyddi móður mína — sina eigin stjúpu — þess manns, sem ég hefi þreskt fyrir gegn lágu kaupi, og á hvers landeign ég hefi í æsku átt heima í lélegum kofa. ..... Ó, forlög, forlög. Enn þá einn af dutlungum ykkar".

"En ég verð að lesa meira".

Næsta skjalið, sem Móritz leit á, var skírnarvottorð hans sjálfs, undirritað af sama presti og staðfest af tveim bændum í sókn þeirri, sem móðir hans var fædd í, sunnarlega í Svíþjóð.

"Ég get þá nær sem er sannað, að ég sé Stjernekrans greifi", sagði Móritz við sjálfan sig, "ég er fæddur til að vera einn þessara höfðingja, sem ég sór að hata óafmáanlega, þegar ég var barn, ... hamingjan góða, það er einkennilegt".

Nú var að eins eitt skjal eftir, en það var nokkuð stórt. Móritz opnaði það og las:

"Móritz, sonur minn. Ef þessi skjöl komast nokkurntíma í þínar hendur, þá eru þau kveðja föður þíns frá heimkynnum dauðans, því ef ég lifi þá stund sem þér ber að þekkja innihald þeirra, þá eru þau óþörf, því þá get ég sjálfur sagt þér frá því, sem í þau er skrifað.

"En þar eð dagar lífsins eru stundum stuttir og óákveðnir, þá ætla ég að skilja eftir í geymslu móður þinnar þessar upplýsingar um samband okkar, sem ég álít skyldu mína að fræða þig um.

"Lestu þá, til að byrja með, þessa stuttu lýsingu á því sem skeði áður en þú fæddist.

"Ég hafði verið giftur áður en ég sá móður þína. Fyrri kona mín var dáin, en með henni átti ég einn son. Hann færði mér sorg og óánægju. Uppalinn við allsnægtir og sjálfræði, dekrað við af ástrikri en kjarklausri móður, tældur af umgengni falsks oh kærulauss vinar, sem skemti sér við að eitra hugsanir unglingsins, stóð hann brátt á barmi glötunarinnar, sem ég reyndi árangurslaust að hrifa hann frá. Hann trássaðist við aðvörunum mínum, sýndi skipunum mínum óhlýðni og fyrirlitningu. Skemtanir voru hans æðsta góða. Æðsta ósk hans var sú, að ná í auð þann, sem ég átti, til þess að geta óhindrað fleygt sér í faðm nautnanna.

"Ég var neyddur til, að gefa þér þess lýsingu af eldra syni mínum, svo að þú getir skilið, hvers vegna ég hefi veitt þér það uppeldi, sem þú hefir fengið.

"Undir eins eftir dauða fyrri konu minnar, ferðaðist ég um suðurhluta Svíþjóðar. Ég gladdist af því, að vera innan um almúgann, dylja stöðu mína og auð, klæðast skrautlausum fötum og taka þátt í saklausu sveitagleðinni, sem unglingarnir áttu með sér á sunnudagskvöldum. Engann grunaði, hver ég var, enginn vissi, að ríkur og mikilsvirtur aðalsmaður duldist undir grófgerða fatnaðinum, sem ég klæddist, þar sem ég sat á meðal verkamannanna og reykti í kritarpípu, eða tók þátt í dansinum kringum vorgleðisúluna með æskulýðnum. Ég ferðaðist umkring og undir annarlegu nafni, var af sumum álitinn listamaður og af öðrum skikkanlegur iðnaðarmaður, sem leitaði að vinnu.

"Ég lofaði þeim að halda hvað þeir vildu. Heilnæma sveitalífið átti við mig, ég var orðinn þreyttur á vonda loftinu í borgunum og glingrinu í gestgjafahúsunum.

"Á þessu ferðalagi kom ég eitt kvöld í miðjum júní til G.... sóknar, eitt af fegurstu landsplássunum, sem til er í Svíþjóð. Sóknarpresturinn hafði verið félagi minn við háskólann. Við vorum góðir vinir um það leyti, sem við stunduðum nám í Uppsölum, og þó ég hefði ekki séð hann í mörg ár, bjóst ég við að finna sama traustið og tryggðina hjá honum og til forna.

"Ég fór þess vegna beina leið til prestssetursins. Vinur minn, sem var ekkjumaður og barnlaus, veitti mér hinar alúðlegustu viðtökur. Ég sagði honum frá, að ég vildi ekki láta vita hver ég var, og hverja ánægju ég hefði af því, að rangla um á meðal almennings, taka þátt í skemtunum hans, kynnast siðum hans, venjum og heimilislífi.

"Ég skal þegja yfir þinni sönnu stöðu" sagði vinur minn brosandi, "en nú verður þú að dvelja hjá mér fáeina daga. Við skulum ferðast um þetta fagra hérað, og svo verðurðu með við Jónsmessu dansinn hérna. Hefirðu nokkuð á móti því?"

"Mér líkaði uppástungan vel og lofaði að vera kyr að minsta kosti fram yfir Jónsmessuna.

"Á Jónsmessukvöld kom unga fólkið í héraðinu saman í hátíðabúningi sínum á grænu völlunum. —

Ókeypis Píanó fyrir yður


Þetta er vort "Louis Style" Piano, fegursta hljóðfæri í Canada. Sent yður til reynslu í 30 daga ókeypis. —

LESIÐ ÞETTA:

STEFNA þessa félags hefir verið, að "fullnægja, eða peningum yðar skilað aftur". Og nú gerum vér það bezta tilboð sem nokkrir Píanó-salar hafa nokkru sinni gert í þessu landi. Það veitir yður frfa reynslu hljóðfærisins og kauprétt á því með HEILDSÖLU verði og vægum afborgunum ef þess óskast. Vér biðjum ekki um 1 cent af yðar peningum fyrr en þér eruð alveg ánægðir. —

Tilboð vort

Fillið út og sendið meðfylgjandi "COUPON" og vér sendum yður strax sýnismyndir af vorum ýmsu hljóðfærum með verði hvers þeirra. Þér veljið Píanó, og vér sendum yður það tafarlaust og borgum flutningsgjald; þér reynið það í 30 daga ókeypis. Eftir það getið þér sent það oss á vorn kostnað, eða keypt það af oss með heildsölu verði. Er þetta ekki gott boð?

W. DOHERTY PIANO & ORGAN CO., LTD.,
WESTERN BRANCH, WINNIPEG, MAN. FACTORIES, CLINTON, ONT.

— COUPON —
W. DOHERTY PIANO & ORGAN CO., LTD.,
286 HARGRAVE STREET, WINNIPEG, MANITOBA.
Kæru herrar! Sendið mér strax sýnismyndir af Piano tegundum yðar, ásamt verðlista og upplýsingum um ókeypis reynslu-tilboð yðar, er sýnir hvernig ég get reynt Píanó-ið um 30 daga, mér kostnaðarlaust.
NAFN_____
ÁRITAN_____

Þriðja bréf að sunnan.

(Framhald).

Herra ritstj. Heimskringlu.

Þó segir Halldór, að ég mun ekki hafa farið með rangfærslu, þar sem ég sagði að gamli Cannon — sem var og er álitinn yfir alt land óþolandi þröskuldur í öllum umbótamálum þjóðarinnar — hefði náð torsetastöðunni í neðri málstofunni með tilstilli Tafts forseta. En hann segir, að ég hafi ekki skilið hina djúpsæu stjórnmálakænsku Tafts í þessu atriði. Nú, jæja, þetta getur verið. En ég er þó ekki sá eini, sem hefi aðra skoðun en Halldór á því máli.

Fyrst og fremst vildu fá af hinum stækustu stjórnarblöðum kannast við, að forsetinn hefði frelsað gamla Joe frá pólitiskum hrakförum, líklega af því, að þeim hefir þótt það lítill heiður fyrir Taft, að slíkt yrði uppvíst. En svo eru ritstjórar þessara blaða ekki aðrir eins stjórnmálaspekingar og Halldór þessi, enda höfðu víst ekki ráðfært sig neitt við hann. En svo hafa flest af hinum frjálsari blöðum Repúblikana tekið óðruvísi í strenginn. Þau hafa álitið afskifti Tafts í því máli alveg óþörf, þar eð hann (Taft) hefði vitað, eða átt að vita, að Cannon var einbeittur óvinur allra umbóta, en þar á móti auðsveipur þjónn einokunarfélaganna, og með því alræðisvaldi, er hann hafði sem þingforseti, var hann hættulegur "þrándur í götu" þeirra endurbóta, er alþýða krafðist, enda urðu toll-lögin í hitt hið fyrra eftir því.

Síðastliðinn vetur fór þó skörin upp í bekkinn. Þá þoldu þingmenn yfirgang hans (Cannons) ekki lengur, og komu sér loksins saman um, að stífa svoltið fjaðrir hans. En vel að merkja, það var hvorki Taft né "hinir vitrustu og beztu Repúblikanar", sem gert höfðu alræði og skaðræði Cannons mögulegt, sem ömuðust við honum, heldur voru það fáeinir uppreistarmenn og Demókratar, sem börðust hvíldarlaust sem einn maður, þar til þeir höfðu steypt hinum ókrýnda konungi úr völdum að nafninu til. Enda segir Halldór, "að nú hafi þingmenn gert stöðu Cannons óskaðlega".

Nú, jæja, hann kannast þá við, að staða hans hafi verið skaðvænleg, annars hefði ekki þurft að gera hann óskaðvænlegan, og samkvæmt stjórnmálaspeki Halldórs var þessi skaðræðismaður ómissandi til að koma í framkvæmd "hinum sérstöku umbótum og nauðsynjamálum, er Taft hafði lofað þjóðinni". Og svo einkum af því, segir Halldór, "að maðurinn (Cannon) er steinufastur og fastlyndur og því að mörgu leyti líklegastur til þess að halda flokknum saman".

Já, einmitt það, "líklegastur til að halda flokknum saman". Nú, annaðhvort er Halldór þessi "immigrant", og þar af leiðandi bráðókunnugur hér í landi, eða hann les alt öfugt gegn um annara gler, ef hann veit ekki, að einmitt hið gagnstæða á sér stað. Ef Halldór veit ekki, að það er einmitt Joe Cannon og stefna hans, sem valdur er að hinni miklu sundrung og ósátt Repúblikana flokksins, þá gef ég ekki túskilding fyrir hans pólitiska skvaldur.

Síðan uppreistarmenn (Insurgents), með aðstoð Demókrata, sýndu karlinum í tvo heima, hefir hann verið óþolandi. Hann hefir ögrað þingmönnum, kallað þá bleiður og raggeitir og sagt þeir þyrðu ekki að velta sér úr völdum, þar til svo er komið, að þetta uppáhaldsgoð Halldórs og annara afturhaldspoka, sem átti með sinni makalausu stefnufestu og fastlyndi að halda flokknum saman, hefir nú með stefnu sinni, ruddaskap og yfirtroðslu klofið Repúblikana flokkinn í tvent.

(Meira).

Dakota-Íslendingur.

Kvenfélag Únitara er að undirbúa BAZAR, sem haldinn verður mánudag og þriðjudag 30. og 31. þ.m. Þar verða margir þarflegir munir á boðstólum fyrir mjög sanngjarnt verð. Nánar auglýst síðar.

Heimili herra Guðm. Bergthorssonar, sem nýlega kom frá Blaine, Wash., er nú 431 Beverly st.

— OPIÐ —

bréf til J. H. Hannesson,

PEMBINA, N. DAK.

Herra J. H. Hannesson.

Ekki pennafærari maður en þú virðist vera, hefir þér tekist ótrúlega vel að orða smágrein þína í síðasta Lögbergi, svo að ég yrði neyddur til að ávarpa þig.

Fyrst lýsir þú yfir, að þér komi ekki til hugar, að svara grein minni, sem birtist í Heimskringlu fyrir nokkru, ágreiningurinn innan Pembina safnaðar sé nógu tilfinnanlegur, þó utansafnaðarmenn séu ekki að sletta sér þar inn í.

Hér viðurkennir þú, að þú sért utansafnaðarmaður. Það var líka það, sem ég vissi, því þú opinberaðir það, þegar þú skrifaðir fyrri grein þína í Lögbergi. Því sá maður, sem ekki viðurkennir lög þess félagsskapar, sem hann tilheyrir, hefir fyrirgert rétti sínum sem meðlimur.

En það, að utansafnaðarmenn eigi ekki að skifta sér af safnaðarmálum, er ef til vill rétt, á meðan þau eru ekki gerð að opinberu blaðamáli. En hér vill svo vel til, að allir vita, að þú ert maðurinn, sem hefir heiðurinn af því, að gera máleíni Pembina safnaðar að blaðamáli, og um leið gafstu mér og öðrum fulla heimild til að ræða um það og rita, því eins og þú ættir að vita, eru blöðin nokkurskonar dómstóll, þar sem almenningur dæmir, og hefir hver maður fullkominn rétt til að koma þar fram með allar þær skýringar, sem hann gæti gefið, hvort sem hann er málspartur eða ekki. Og vanalega mun það eins vel tekið til greina, sem sá maður hefir að segja, sem ekki er við sjálft málefnið riðinn.

Þá kem ég að niðurlagsorðum greinarstúfs þíns, sem svo hljóða: "Manni þessum hefir fyr verið ráðlagt, að láta sem minst á sér bera opinberlega, og honum sjálfum til góðs — vildi ég endurnýja þá ráðleggingu". Jafnvel þó einstaka manni kunni að finnast orð þessi meinlítil, þá er enginn efi á því, að allur fjöldinn skilur þau eins og þú hefir ætlast til, á bann hátt nefnilega, að ég sé maður, sem yfir hvíli skuggi sektar og misgerninga, og sé þess vegna varasamt fyrir mig að koma fram í dagsljósið. Einstaklega fögur aðferð til að verja málstað sinn! Einkar kristilegur drengskapur! Það væri ekki að undra, þótt þú findir nokkuð til sjálfs þíns, að vera gæddur slíkum hæfileika. Það væri ekki að furða, þó þú bærir höfuðið hátt og horfðir til himins.

En heyrðu nú, Jóhann minn, hvað ég hefi að segja. Það er í stuttu máli þetta: Mér hefir aldrei verið ráðlagt, að láta sem minst á mér bera, — svo að þessi orð þín eru bein ósannindi, sem á góðri og gamalli íslenzku mundi vera kölluð lygi, og verður þú því þess vegna að heita ósannindamaður að þeim, hvort sem þu hefir tekið þau frá sjálfs þíns heilabúi eða annara, — sem ég gæti betur trúað. En aðdróttunin, sem í þeim felst, er alt of varmenskukend til þess að hún geti sært mig minstu vitund, því, að dylgja um eitthvað í opinberum deilumálum, sem kastað getur skugga á andstæðinginn, gera engir nema illa siðmentir bjálfar, sem þrotnir eru að rökum og ástæðum fyrir máli sinu. Það lýsir æfinlega vesalmensku og ræfilshætti, að vega að persónu annars og prívatlífi, þó hann sé á annari skoðun í einhverju máleíni, og ekki sizt þegar vopnin eru smíðuð úr lýgi og svo hert í eitri slúðurs og rógsmála. Slík aðferð er dæmd óheiðarleg af öllum sanngjörnum mönnum. Og eitt vil ég benda þér á, og það er, að enginn, sem ég til veit, sem látið hefir til sín heyra í kirkjumáladeilum þeim, sem staðið hafa yfir, hefir gert sig sekan í þeirri lítilmensku, að snerta við persónuleik mótstöðumanna, hvorki með beinum eða óbeinum brígslum, og hefir þó rimman oft verið hörð. Þú ert eina undantekningin, og nýtur líka einn virðingarinnar af því, ekki síður en af kirkjuþingsförinni þinni frægu.

Allir, sem þekkja mig, vita, að ég hefi nægilegt hugsunarafl og tungutak til að beita þig sömu vopnum og þú beitir mig, ef ég vildi, en ég hefi enga löngun til að vega að persónu þinni, þó ég mótmæli því, sem þú skrifar, — hvorki með sennilegum eða ósennilegum dylgjum, og ég hefi aldrei gert slíkt, þó ég hafi eitthvað skrifað í blöðin, og mun ekki gera það framvegis, þó ég kunni að láta eitthvað sjást frá penna mínum, því það ætla ég að segja þér í bróðerni, að þrátt fyrir ráðleggingu þína, og hins, sem ekki er til, mun ég hiklaust láta skoðun mína í ljósi opinberlega, þegar mér býður svo við að horfa, hvort sem þér líkar vel eða miður. En velkomið er þér að skýra fyrir gjörvöllum heimi, hvað það er, sem ég þarf að draga mig í hlé fyrir, svo að ég megi ekki láta til mín heyra um opinber málefni. Og ef þér finst það ofþyngja samvizku þinni, að halda inni þessu leyndarmáli, þá hraðaðu þér í öllum guðanna bænum að létta þeirri byrði af þínu sannkristna hjarta.

Að endingu vil ég geta þess, að kunnugum mönnum hér í Pembina þykir það koma einkennilega fyrir, að allar greinar, sem þú og flokkur þinn hefir látið í Lögberg, hafa birzt strax á eftir hverri messu-athöfn, sem hér hefir fram farið meðal Íslendinga á síðustu mánuðum. — Einkennileg tilviljun. — Það er trú margra, að nýtt tungl hafi örfandi áhrif á ýmsa hluti í náttúrunni, og var það á Íslandi kallað "tunglahlaup", -- hefir því sumum komið til hugar, að nefna þessa ritstarfa fjörkippi þína því nafni, en það mun naumast rétt, því tímabilið milli þeirra er lengra en á milli "tunglahlaupa". Hitt væri öllu líklegra, að það væri áhrif Hallevs halastjörnunnar, sem hér eru verkandi og mætti því kalla það "stjörnuhlaup", en samt held ég að réttast og bezt viðeigandi sé að hafa það messuhlaup.

Þú fyrirgefur þó þetta bréf mitt sé lengra en stubburinn, sem þú lagðir af þér á Lögberg síðast.

Vertu nú sæll. Ég bið að heilsa kunningjunum.

Pembina, 9. maí 1910.

Thor. Bjarnason

Gröfin hans Gests Pálssonar.

Fyrir skömmu síðan fór ég með einum kunningja minum vestur í Brookside grafreit. Sýndi hann mér meðal annars gröf eina, sem hann kvað vera Gests Pálssonar, skálds og Heimskringlu ritstjóra. Ég var sem steini lostinn; ég hafði búist við að sjá gröf þess manns algirta, blómum skrýdda og með legsteini yfir. En hvað sá ég? Grasi gróna, fótumtroðna gröf, nær sokna í jörðu.

Þannig hafa landar hirt um leiði eins hins mikilhæfasta manns og eina ritsnillings, sem látist hefir á meðal þeirra.

Væri nú, eftir 19 ár, ekki tími til kominn að bæta úr skák?

Allir þeir landar, sem nokkuð hafa lesið eða kynt sér íslenzkar bókmentir, vita, að við frá fall Gests Pálssonar áttu Íslendingar á bak, að sjá sinu lang-efnilegasta sagnaskáldi, og enn þann dag í dag hefir enginn komist framar en hann í þeirri grein. Sýnir það bezt meðal annars, að sögur hans hafa verið þýddar á fjöldamörg tungumál og þótt mikið til koma.

Sögur hans eru sérkennilegar að því leyti, að þar kemur fram djúp og hrein tilfinning fyrir sorgum annara manna, takmarkalaus fyrirlitning fyrir hræsni og hleypidómum í öllum myndum, og brennandi löngun til að fletta miskunarlaust ofan af öllu því, sem af óhreinum rótum var runnið og eitraði þjóðlífið.

Mannlífið var honum sem opin bók, og fáir hafa lesið eða skilið þá bók betur en hann, enda bera sögur hans þess ljósastan vott, og fyrir því eru þær aðrar eins perlur og þær eru. Sérstaklega tók Gestur málstað lítilmagnans. Olnbogabörn haminjunnar, sem hann kallaði svo, áttu alt af athvarf þar sem hann var, og margoft gaf hann fátæklingum sinn síðasta eyri, því brjóstgóður var hann að allra dómi fram úr hófi, og drengur hinn bezti á allar lundir, þó hann lengst af væri eitt af olnbogabörnum haminjunnar.

Auk þess sem Gestur var skáld, var hann einnig blaðamaður, og sem blaðamaður starfaði hann hér vestra. Um blaðmensku hans hafa fallið misjafnir dómar, en hver, sem les blöð þau, er hann var riðinn við, verður að játa, að þar er tilfinningarík og stór sál á bak við.

Annars er óþarfi að lýsa Gesti heitnum Pálssyni, rit hans lýsa honum bezt, og þau ættu allir þeir, sem íslenzka tungu mæla, að kaupa og lesa. Með ritum sínum hefir hann reist sér minnisvarða á altari bókmentanna. En hvað hafa landar hans gert til að heiðra minning hans, í launaskyni fyrir frægð þá, sem hann með penna sínum hefir orpið yfir hina íslenzku þjóð? Sárlítið, eða ekki neitt. Það hefir marg oft verið sagt, að laun heimsins séu vanþakklæti, og í þessu tilfelli er það satt.

Það sýnir sig bezt, eins og ég drap á í upphafi greinar þessarar, að nú í 19 ár hefir gröf hans verið gleymd af flestum, og enginn hirt um hana á neinn hátt, ekki einu sinni prýtt hana með blómum, sem hefði þó verið harla auðvelt.

Mér finst nú tími til kominn fyrir landa, að sjá sóma sinn í þessu efni, og gera nú það, sem gera átti í upphafi, nefnilega, að leggja legstein á leiðið, — ég fer ekki fram á minnisvarða, því það ættu Austur-Íslendingar að reisa honum síðar meir. En legstein ætti að vera auðvelt fyrir Vestur-Íslendinga að láta á gröfina, því hann kostar ekkert afarfé. Fyrir 125—150 doll. má fá fallegan legstein og alla þá viðgerð við leiðið, sem þarf.

Ég vona, að Vestur-Íslendingar séu enn svo þjóðræknir menn, að þeir sjái sóma sinn í þessu efni, og láti ekki það eina skáld, sem dáið hefir á meðal þeirra, liggja lengur sem ómerking í framandi mold.

Og þess vegna skora ég á alla þá landa, sem unna íslenzkri tungu og bókmentum, að stuðla til þess með fjárframlögum, að legsteinn verði látinn á leiðið hans Gests.

Heimskringla mun fúslega veita samskotunum móttöku og birta nöfn gefenda.

GUNNL. TR. JÓNSSON.

Göngu-Hrólfur heimsins.

Í fyrra var í þessu blaði löng grein um Edward Payson Weston, mesta göngugarp í heimi. Hann hefir háð meiri kappgöngur en nokkur annar maður, og gert sig frægan og vinsælan með því.

Hann er nú á áttræðisaldri, og síðasta afrek hans, nýafstaðið, er að ganga yfir þvera Ameriku, frá Kyrrahafi til Atlantshafs, á 77 dögum. Vegalengdin er 3483 mílur. Slíka göngu hefir enginn maður gert hér í heimi áður, svo sögur fari af.

Hann lagði upp frá borgarráðhúsinu í Los Angeles í Californiu þann 7. febrúar sl., og ásetti sér þá, að ganga þaðan til New York borgar á 90 dögum. Hann kom til New York borgar 2. maí, og var þar vel fagnað af borgarstjóranum og 20 þús. áhorfenda, sem þá skutu saman $400 og gáfu gamla manninum í virðingarskyni.

Hann kvaðst hafa gert göngu þessa til þess að sýna uppvaxandi kynslóð landsins, hvað 72. ára gamall maður gæti afrekað. Á leiðinni varð hann tvisvar fyrir slysum, og varð að halda kyrru fyrir um stund, én hann gekk á nefndu tímabili í 77 daga alls.

Formleg viðurkenning var honum veitt á skrifstofu borgarstjórans. Þar var honum afhent að gjöl heimsiðurstigs belti úr gulli, dýrgripur mikill, og þakkaði hann gjöfina með nokkrum orðum. Á þessari löngu þverlandsgöngu kvaðst hann hafa orðið að etja ekki eingöngu við vegalengdina, heldur líka við þurka, vinda, sand- og moldar-rok, rigningar og hita, kulda og tilfinnanleg meiðsli. En allstaðar hefði hann verið í vinahöndum, allir hefðu verið samtaka í því, að veita sér alt, er hann þarfnaðist og auka mætti þægindi hans og draga úr þreytunni. Þúsundir manna gengu daglega langar leiðir með honum. Lúðraflokkar spiluðu fyrir hann á ýmsum stöðum, þar sem hann átti leið um, og keyrðu langa vegu með honum, en sjálfur gekk hann einatt, hvíldist að eins á sunnudögum og einnig nokkuð eftir meiðslin. Í fyrra fór hann frá New York vestur að Kyrrahafi á 105 dögum, en nú klipti hann 28 daga af þeirri tímalengd.

— Tilraunir hafa gerðar verið til þess að rannsaka minni fiska, eða öllu heldur til þess að komast að, hvort fiskar hafi nokkurt minni. Þessar tilraunir hafa verið gerðar á ýmsum fisktegundum, en ljósastar hafa afleiðingarnar orðið á grárri "aborre" (grey perch), fiskað mestu lifir á smáu síldseiði. Nokkur af þessum síldseiðum voru tekin og lituð rauð, og svo sett í kassa þann, sem þessi tegund fiskjar var geymd í, ásamt með nokkrum ólituðum seiðum. Fyrst voru silfurlituðu síldseiðin étin, en fiskurinn lagði ekki hin lituðu sér til munns fyrr en hann var tilneyddur hungurs vegna. Með þessu sýndi hann, að hann hafði minni og eðli til þess að aðgreina liti. Síðar voru bæði rauð og blálituð síldseiði, ásamt með nokkrum eðlilega silfurlituðum, sett í kassann hjá fiskunum, og þá þá tók fiskurinn fyrst þau silfurlituðu eins og hann hafði áður gert, síðan þau rauðu og allra síðast þau bláu. Þegar fiskurinn einu sinni komist upp á að éta þessar þrílitu tegundir, var hann fúsari á, að éta þær aftur, og að síðustu var hann farinn að venja sig við, að éta þær, sem fyrst urðu áivegi hans. Síðar voru hrygnir af sjónetlu festir við nokkur blálituð síldseiði, og þau forðaðist fiskurinn að éta, og sýndi með því, að hann mundi liðna daga, hafði auðsjáanlega haft kynni af þeim broddum áður, og vildi ekki endurnýja þá viðkynningu.

Sendið Heimskringlu til vina yðar á Íslandi

JÓN JÓNSSON, járnsmiður, að 790 Notre Dame Ave. (horni Toronto St.) gerir við alls konar katla, könnur, potta og pönnur fyrir konur, og brýnir hnífa og skerpir sagir fyrir karlmenn. — Alt vel af hendi leyst fyrir lítla borgun.

Til sölu

ágæt bújörð, 160 ekrur að stærð, 2½ mílu frá Mozart, 90 ekrur eru plægðar. 300 dollara timburhús, góð fjós fyrir 30 gripi, stórt korngeymsluhús, gott og mikið vatn í brunni, 4000 trjám plantað við byggingarnar, og girðing alt í kring um landið (2 vírar).

Frekari upplýsingar fást hjá

TH. JÓNASSON,
P.O. Box 57 Wynyard, Sask.

Herra Jón Hólm, gullsmiður að 770 Simcoe St., biður þess getið, að hann selji löndum sínum gull- og silfur-muni og gigtarbelti. — Belti þessi eru óbrigðul við gigt, ef þau eru notuð samkvæmt fyrirskipunum Jóns. Kosta að eins dollar og kvart.

JOHN DUFF
PLUMBER, GAS AND STEAM FITTER
Alt verk vel vandað, og verðið rétt
664 Notre Dame Ave. Phone 3815
Winnipeg

The Farmer's Trading Co.
(BLACK & BOLE)
HAFA EINUNGIS BESTU VÖRUTEGUNDIR.
Einu umboðsmenn fyrir:—
"SLATER" Skóna góðu.
"FIT-RITE" Fatnaðinn.
"H. B. K." prjónafélagið.
"HELENA" pils og 'waist' kvenfatnaði.
Bestu matvörutegundir.
"DEERING" akuryrkju verkfæri o. s. frv.
Beztu vörur Lágt verð
Fljót og nákvæm afgreiðsla.
Farmer's Trading Co.,
THE QUALITY STORE
Wynyard, Sask.

Sherwin-Williams PAINT
fyrir alskonar húsmálningu.
Prýðingar-tími nálgast nú. Dálítið af Sherwin-Williams húsmáli getur prýtt húsið yðar utan og innan. — Brúkið ekker annað mál en þetta. — S.-W. húsmálið málar mest, endist lengur, og er áferðarfegurra en nokkurt annað hús mál sem búið er til. — Komið inn og skoðið litarspjaldið. —
Cameron & Carscadden
QUALITY HARDWARE
Wynyard, - Sask.

McLean

HÚSIÐ Í nýju heimkinni.

VÉR HÖFUM FLUTT í vort nýja heimkinni á horni Portage Ave og Hargrave stræta, — fínasta mósík-búð í Canada. — Vér bjóðum alla velkomna að finna okkur þar, og sérstaklega þá, sem hafa áhuga fyrir hljóðfærum og sönglögum. —

Vér höfum mikið af einstökum lögum og margar hljóðfærategundir, og mósík nauðsynjum, og getum gengt öllum pöntunum fljótt og vel.

Vér erum aðalumboðsmenn fyrir

Heintzman & Co.

PIANO

Höfum einnig nokkrar aðrar ágætar tegundir, sem vér getum og einnig ábyrgst.

J. J. H. McLean & Co. Ltd.,
Cor Portage Ave. & Hargrave
Phone: Main 808.

Fréttir úr bænum.

Á föstudagskveldið var komu 9 vesturfarar frá Íslandi hingað til borgarinnar. Af þeim voru tvær konur: Mrs. Valgerður Erlendsson, frá Bluff við Manitobavatn, og Mrs. Sigríður Egilsson, frá Brandon. Þær fóru báðar heim í fyrra í kynnisför til ættingja og vina, og hafa því verið tæpt ár að skemta sér. Hinir 7 voru Pétur Fjeldsted málari frá Reykjavík, Ólafur Sigurðsson frá Melshúsum í Reykjavík, Margrét Guðmundsdóttir frá Reykjavík, Brynjólfur Helgason með konu sina, Sveinbjörn Kjartansson, sonur séra Kjartans Einarssonar í Rangárvallasýslu og kona hans Sigurlina, úr Skaptafellssýslu. — Fólk þetta fór að heiman 19. apríl með Allan linunni. Það segir góða tíð á Suðurlandi og fiskiveiði mikla en gæftir stopular. Atvinnuleysi mikið að frétta úr Reykjavík, verksmiðjur iðjulausar, nema Iðunn, sem starfar stöðugt. Um 40 manns höfðu sagt sig til sveitar í haust eð var. Það er skoðun þessara vesturfara, að bændum liði hlutfallslega bezt af öllum landsmönnum. En vinnuhjúahald nú orðið svo dýrt, að bændur geta naumast risið undir því. Margt fólk hefir nú í huga að koma til Vestur-Canada, en efnin skorta hjá flestum, og fargjald nú orðið miklu dýrara en það var á fyrri árum, — um 207 kr. og 50 aurar, eða $56.10. — Mrs. Erlendsson biður Hkr. að fera foreldrum sínum og bróður, séra Kjartani, og öðrum ættingjum og vinum alúðar þökk fyrir ástsamlegar viðtökur og meðferð á sér meðan hún dvaldi þar heima.

Herra Páll Bergsson er nýbyrjaður á skyrgerð hér í borg, að horni Notre Dame Ave. og Isabel St. Skyrið kostar 10c pd. eða 25c potturinn, tilbúið úr beztu nýmjólk. Hann selur einnig góðan rjóma fyrir 30c pottinn, ódýrasta matarkaup hér í borg. Allar pantanir afgreiddar tafarlaust og flutt heim til kaupenda. Sendið póstspjald.

Ungmennafélag Únítara heldur fund í kveld, miðvikudag. Allir félagsmenn beðnir að mæta.

Goodtemplara stúkurnar hafa ákveðið, að hafa sína árlegu skemti ferð til Gimli þann 4. júlí næstk.

Fins og getið var um í síðasta blaði hefir djáknanefnd Tjaldbúðar safnaðar NECKTIE SOCIAL á mánudagskveld 30. þ.m. Einnig verður þar hljóðfæraslátur og veitingar. Nákvæmlega auglýst í blöðunum í næstu viku.

TIL LEIGU

herbergi að 806 Simcoe St. Eins, ef óskað er, þá er þar selt fæði. — Komið og skoðið herbergin, og smakkið matinn hjá Mrs. Ingibjörgu Ólafsson.

Íslendingadagurinn.

Almennur fundur verður haldinn í neðri sal Goodtemplara hússins kl. 8 fimtudagskveldið 19. þ.m. (í næstu viku) til þess að kjósa nefnd til að standa fyrir Íslendingadagshátíðahaldi 2. ágústmánaðar næstkomandi.

Fráfarandi nefndin leggur þar fram reikninga yfir eignir og sjóð dagsins, og verður prentaðri skrá yfir það útbýtt meðal þeirra, er sækja fundinn.

Gerið svo vel að fjölmenna og vanda til kosninga nefndarmanna.

TH. JOHNSON, forseti
MAGNÚS PÉTURSSON, ritari.

Til bæjarins komu um síðustu helgi þeir herrar J. K. Jónasson, kaupmaður að Dog Creek og Egill sonur hans. Í fréttum sagði Jónas kuldatíð nyrðra og litinn gróður vegna kulda og þurka. Nýlega hafði brunnið til ösku sögunarmylla herra Björns J. Matthews, nálægt Siglunes P.O., skaðinn metinn 3 þúsund dollarar. Vátrygging engin. Er þetta hina mesti hnekkir fyrir Björn, sem er með mestu dugnaðar og framkvæmdarmönnum þar nyrðra. Það hafði verið nýbyrjað að saga í myllunni, sögun hafði farið þar fram að eins einn dag. Um nóttina kom eldur upp í myllunni, en vökumaður enginn. Jón Jónsson frá Sleðbrjót, sem býr nálægt myllunni, vaknaði við það kl. 3 um nóttina, að albjart var í húsi hans, og var þá kviknað í myllunni, en eldurinn hafði þá læst sig svo mjög um húsið, að ekki varð að gert. Annar maður, sem bjó með fjölskyldu sinni í grend við mylluna, vaknaði við það um nóttina, að eldur frá myllunni hafði læst sig í húsi hans. Það hús brann líka, en fólki og flestum munum varð bjargað. — Skólakensla er nýlega byrjuð á Siglunesi, og er búist við, að þar verði yfir 30 börn við nám í sumar. Herra Jóh. Eiríksson, sem áður hafði verið þar kennari, hefir verið ráðinn til að kenna þar í sumar, og telja bændur það happ mikið, því hann er talinn ástundunarsamur og sérlega góður kennari. — Lestrarfélag hefir verið myndað þar nyrðra. Það er í þremur deildum: við Siglunes, Dog Creek og Narrows. Um 50 manns eru í félaginu. Búist er við að fjórða deildin verði mynduð á Bluff, 12 mílur norður frá Narrows. Það hefir verið ákvarðað, að kaupa bækur fyrir $200.00 til að byrja með.

Blaðið Gimlungur nr. 7 kemur með nýju nafnletri, snotru og betra miklu en því sem áður var. Með þessu tbl. kom og fyrsta heftið af tímaritinu "Heimilisvinurinn", í sterkri og snotri kápu. — Þetta rit á að vera 36 arkir á ári, í 8-blaða broti, 3 arkir á mánuði. Kostar $1.00 um árið, eða bæði blöðin, Gimlungur og Heimilisvinurinn, $1.50. Tímaritið á að flytja fræðigreinar, sögur, markverðustu uppfundninga fregnir, myndir af íslenzkum merkismönnum með æfisögu ágripi, frumkveðin kvæði, bókafregnir o.fl.

Þeir herrar Axel Jónasson og Jón Grímsson, frá Elfros, Sask., komu til bæjarins í sl. viku og ætla að vinna við fiskiveiðar á Winnipeg vatni í sumar. Þeir segja þurt veður og kalt vestra. Almennt búið að sá hveiti og höfrum og það komið eins langt á veg með gróður eins og á Portage sléttunum, þar sem þeir fóru um.

Atvinna.

Okkur vantar fáeina duglega umboðsmenn í hinum íslenzku bygðum í Manitoba og Norðvesturlandinu til að selja Stereoscopes og myndir. Sendið 75c fyrir umboðsmanna áhöld.

Arnason & Son
8-4 Churchbridge, Sask.

Dr. G. J. Gíslason,
Physician and Surgeon
18 South 3rd St., Grand Forks

Athygli veitt AUGUM, EYRUM og KVERKA SJÚKDÓMUM SAMT INNVORTIS SJÚKDÓMUM og UPPSKURÐI

Herra Jóhann M. Gíslason, frá Minnewakan P.O., Man., var hér í borg í sl. viku. Hann hefir í sl. 2 mánuði unnið vestur hjá Paś, þar sem nú er endastöð hinnar fyrirhuguðu Hudsons flóa brautar. Jóhann er aðallega veiðimaður og stundaði mest dýra og fiskiveiðar þar. Hann segir land þar hrjóstrugt, mestmegnis flóar meðfram stóru Saskatchewan ánni, um 30 mílur út frá henni á báðar hliðar, með grjótveggjum eða malarkömbum á milli hér og þar. Nokkuð er þar af viðartegundum (Jack Pine og Spruce). Veiði er allgóð í vötnum þar og dýr nægileg til veiða. Svo hefir Saskatchewan áin verið vatnslítil í vor, að elztu menn muna ekki annað eins, og því ilt að koma gufubátum eftir henni. Þas bærinn er á stærð við Oak Point. Vörur eru þar dýrar: Sykur 50c pd., ostur 75c, smjör 75c, hveiti $7.00 sekkurinn, og annað þar eftir. Einkennilegt segir hann það sé, að stór vötn, sem á sumrum séu alt að 20 feta djúp, þorna svo upp að haustlaginu, að alt vatn hverfur og menn geta gengið þar þurrum fótum. Svo hafði hann frétt, að landslag þessu líkt sé alt norður að Hudsonsflóa.

Þann 9. þ.m. gaf séra Jóhann Bjarnason saman í hjónaband, að Hnausa, Man., þau herra Jón Jónsson, frá Selkirk, og ungfrú Sniólaugu J. Björnsson, frá Íslendingafljóti, dóttur Jóns Biörnssonar frá Grund, norðan Hnausa. Ungu hjónin lögðu tafarlaust á stað til Selkirk og Winnipeg, og eru hér í borginni um þessar mundir.

Þann 7. þ.m. gaf sami prestur í hjónaband þau herra Sigurjón Jóhannsson, frá Gimli P.O., og ungfrú Önnu Steinsson, frá Winnipeg.

Heimskringla óskar báðum þessum hjónum allra framtíðar heilla.

Regn fél hér í fylkinu á sunnudagskveldið var, og mún það hafa verið talsvert á sumum stöðum. Þess var mikil þörf, því lanøvinnir þurkar og kuldar hafa hér verið á þessu vori. Annars er útlitið með allar sáðtegundir hið bezta í fylkinu, eins og nú stendur.

Tveir menn réðu sér bana hér í borg á laugardaginn var. Báðir skildu eftir skriflegar ástæður fyrir sjálfsmorðinu, — annar bar við heilsuleysi, hinn peningaleysi.

— Hinar —
ÞRJÁR MYNDATÖKU STOFUR
Wm. A. MARTEL
Myndasmiðs
verða opnar til myndatöku frá kl. 8 árd. til kl. 8 síðdegis þann
24. MAI
Mikil kjörkaup til allra, er láta taka myndir þann dag.

Beztu þakkir

Þegar við undirrituð hjón, eftir meira en fjórðungs aldar búskap í Argyle bygð, ásettum okkur að bregða búi og fylgjast með börnum okkar hingað til Winnipeg borgar, til framtíðar dvalar hér, þá fundum við sárt til þess saknaðar, sem því er jafnan samfara, að skilja við þá mörgu ágætu vini, sem við um allan þennan tíma höfðum haft samfélag við og sem höfðu í einu og öllu reynst okkur hverjum degi betur frá því við fyrst reistum bú í þeirri hagsælu bygð, fram til þess dags, er við fluttum þaðan þann 10. þessa mánaðar.

Við væntum þess, að okkur mundu fylgja hlýjar vinakveðjur, þegar við færum. En okkur gat ekki komið til hugar, að kveðjurnar yrðu eins ástúðlegar og að þeim fylgdu eins margar og rausnarlegar stórgjafir, eins og raun varð á að skilnaði, svo sem nu skal greina:

Á sumardaginn fyrsta var okkur hjónum haldið heiðurssamsæti í Goodtemplars Hall hjá Argyle kirkju, og stöðu fyrir því kvenfélög Frelsissafnaðar og Jafnréttiskvenfélagið. Þar voru samankomnir um 60 manns, og hefðu án efa orðið miklu fleiri, ef veður hefði ekki bannað. Á þeirri samkomu voru okkur gefnir dýrindis munir, mér (B.B.) gullbúinn göngustafur, fagurlega skreyttur, og áletrað "B.B. Frá vinum í Argyle", og mér (G.B.) fagur demantshringur. Gjafir þessar eru hinar dýrmætustu, og veizlan, sem okkur var haldin, að öllu hin veglegasta, og margar hlýjar vinaræður voru þar fluttar.

Daginn eftir var okkur gerð óvænt heimsókn að heimili okkar, af um eða yfir 50 manns, og var okkur þá gefið, mér (B.B.) vandað "Smoking Set" og mér (G.B.) gullúr með keðju, með viðeigandi áletran á hvorutveggju. Þar voru okkur og fluttar hlýjar vinaræður og rausnarlegar veitingar frambornar, sem gestirnir fluttu með sér.

Fyrir þessi óvæntu og algerlega óverðskulduðu vinahót vottum við gefendunum okkar alúðarfylsta þakklæti og fullvissum þá um, að við metum vingjafirnar og hlýleik þann, sem þær tákna jafnt þeirri ógleymanlegu endurminningu, sem við berum til dauðadags um þær mörgu unaðsstundir, sem okkur hefir auðnast að eiga með vinum okkar í Argyle bygð.

Að endingu vildum við mega mælast til þess, að Argyle vinir okkar gleymi því ekki, þegar þeir koma hingað til borgarinnar, að heimili okkar er að 622 Maryland Street.

Winnipeg, 13. apríl 1910.
Baldvin Benedictsson.
Guðný Benedictsson.

TIL LEIGU

í 3—4 mánuði (frá 1. júní) hús með húsbúnaði á góðum stað í vesturbænum, með mjög sanngjörnum kjörum. Hkr. vísar á.

Sumarskólinn í Tjaldbúðinni

Síðastliðið sumar var að tilhlutun Sunnudagaskóla Tjaldbúðarsafnaðar haldið uppi kenslu í íslenzku yfir tvo sumarmánuðina júlí og ágúst fyrir íslenzk börn og unglinga.

Sunnudagaskólinn hefir ákvarðað að gjöra eins í sumar, og hefir nú þegar hugsað fyrir kennara við skólann.

Kenslunni verður hagað þannig:

Kennarinn vinnur 6 kl.tíma á dag, 3 kl.tíma fyrri part dagsins og 3 kl.tíma seinni partinn. Helmingur nemendanna kemur fyrri part dagsins og helmingurinn seinni partinn. Skólatími hvers barns verður því 3 tímar á dag.

Námið verður eingöngu íslenzka. 1 tími fyrirlestur, 1 tími til að skrifa stuttar málsgreinar og 1 tími verður samtalstími. Kennarinn les þá eða segir sögu, sem svo nemendurnir verða að segja aftur og skýra efni hennar eftir föngum.

Tíu mínútur af hverjum kl.tíma verður skólafrí, og verður kennaranum gert að skyldu að sjá um leiki barnanna, að þeir fari vel fram. Til þess verður útvegað eitthvað af leikfimisáhöldum, og verða svo leikirnir látnir fara fram eftir föstum reglum.

Meðan skólinn stendur yfir væri ánægjulegt, ef foreldrar barnanna, — sem hefðu hentugleika á því — kæmu með börnunum svona við og við, bæði til þess að þau gætu séð og heyrt, hvernig alt færi fram í skólanum, og eins yrði það til að hvetja börnin til dugnaðar, að sjá foreldra sína stöku sinnum þar inni.

Kenslugjaldið verður eins og í fyrra, $2.00 á mánuði fyrir hvert barn, og verður að borgast fyrirfram fyrir hvern mánuð.

Þeir, sem kynnu að vilja láta börn sín ganga á þennan fyrirhugaða skóla, eru beðnir að snúa sér til einhvers af skólanefndarmönnunum. Þeir eru:

B. E. Björnsson, 703 Victor St.
Pálmi Sigurðsson, 659 Beverly St.
O. J. Vopni, 489 Victor St.
E. Sumarliðason,

Tæring drepur fólkið.

Leggið hjálpandi hönd til að drepa þenna hræðilega óvin á

TAG-DAGINN 19 MAÍ

HELGIDAGA SKÓTAU

Vér höfum þær tegundir skófatnaðar, sem auka þægindi og ánægju yðar og gera fæturna fallegri útlits. Ef þér óskið eftir einhverri sérstakri skótegund til sumarbrúks, þá getið þér komið hingað með fullri vissu um, að fá það hér.

Allar gerðir á öllu verði.

Ryan-Devlin Shoe Co
494 MAIN ST PHONE 770.

BAZAR

KVENFÉLAG TJALDBÚÐARSAFNAÐAR heldur BAZAR í samkomusal kirkjunnar fimtudag og föstudag í næstu viku,

19. og 20. maí.

Kvenfélagið vonar að allir vinir safnaðarins komi og láti arðinn verða sem mestan. Byrjað verður báða daga kl. 2 e.h. Kaffi verður á boðstólum öllum, sem hafa vilji, frá kl. 2 til kl. 5 og frá kl. 8 til kl. 11 síðd. Margir ætlu að koma og skemta sér um stund og kaupa eitthvað af fallegum munum, sem þarna verða á boðstólum.

"Kvistir,"

kvæði eftir Sig. Júl. Jóhannesson, til sölu hjá öllum íslenzkum bóksölum vestanhafs. Verð: $1.00.

Friðrik Sveinsson,
MÁLARI,

hefir verkstæði sitt nú að 245 Portage Ave. — herbergi nr. 43 Spencer Block — beint á móti pósthúsinu. Hann málar myndir, leiktjöld, auglýsingaskilti af öllum tegundum, o. s. frv. — Heimili: 443 Maryland St.

Jóhanna Olson
PIANO KENNARI
557 Toronto St. Winnipeg

Sveinbjörn Árnason
Fasteignasali
Selur hús og lóðir, eldsábyrgðir, og lánar peninga. Skrifstofa: 12 Bank of Hamilton.
TALSÍMI 5122. HÚS-TALS. 8695

TIL SÖLU:

160 ekrur af bezta landi, stutt frá járnbrautarstöð. — Fyrsti maður með $7.00 fær hér góð kaup. — Finnið

Skúli Hansson & Co.
47 Aikens' Bldg.
Talsími, Main 6476 P. O. Box 833

DR. H. R. ROSS
C.P.R. meðala- og skurðlækuir.
Sjúkdómum kvenna og barna veitt sérstök umönnun.
WYNYARD, — SASK.

Dr. M. Hjaltason,
Oak Point, Man.

Anderson & Garland,
LÖGFRÆÐINGAR
35 Merchants Bank Building
PHONE: MAIN 1561.

MARTYN F. SMITH,
TANNLÆKNIR.
Fairbairn Blk. Cor Main & Selkirk
Sérfræðingur í Gullfyllingu og öllum aðgerðum og tilbún aði Tanna. Tennur dregnar án sársauka. Engin veiki á eftir eða gómbólga. —
Stofan opin kl. 7 til 9 á kveldin
Office Phone 6944. Heimilis Phone 6462.

Þarft þú ekki að fá þér ný föt?

EF ÞAU KOMA FRÁ CLEMENT'S, — ÞÁ VERÐA ÞAU RÉTT

Réttur að efni, réttur í sniði réttur í áferð og réttur í verði.

Vér höfum miklar byrgðir af fegurstu og beztu fataefnum. —

Geo. Clements & Son
Stofnað árið 1874
264 Portage Ave. Rétt hjá FreePress

Th. JOHNSON
JEWELER
286 Main St. Talsími: 6606

JOHN ERZINGER
TOBAKS-KAUPMAÐUR.
Kreinger's skorið reyktóbak $1.00 pundið
Hér fást allar nefóbaks-tegundir. Óska eftir bréflegum pöntunum.
McINTYRE BLK., Main St., Winnipeg
Heildsala og smásala.

G. NARDONE
Verslar með matvöru, aldini, sæl-kökur, allskonar sætindi, mjólk og rjóma, sömul. tóbak og vindla. Óskar viðskifta Íslend. Heitt kaffi eða te á öllum tímum. Fón 7786
714 MARYLAND ST.

Boyd's Brauð

Það er mikil munur á brauðum. Það borgar sig að hafa þau beztu. Það sparar læknishjálp, og þér njótið matar yðar betur, ef þér étið vor brauð. Þau eru létt, lystug og auðmelt.

Biðjið matsalann um þau.

Boyd's

Bakery Cor Spence & Portage Ave
Phone 1080.

Winnipeg Wardrobe Co.

Kaupa brúkaðan Karla og Kvenna fatnað,—og borga vel fyrir hann.

Phone, Main 6539 597 Notre Dame Ave

BILDFELL & PAULSON
Union Bank 5th Floor, No. 520
selja hús og lóðir og annast þar að lútandi störf; útvegar peningalán o. fl.
Tel.: 2685

Jónas Pálsson,
SÖNGFRÆÐINGUR.
Útvegar vönduð og ódýr hljóðfæri
460 Victor St. Talsími 6803.

J. L. M. THOMSON, M.A., L.L.B.
LÖGFRÆÐINGUR. 285½ Portage Ave.

BONNAR, TRUEMAN & THORNBURN,
LÖGFRÆÐINGAR.
Suite 5-7 Nanton Blk. Tals. 766
Winnipeg, Man. P.O.BOX 223

Húðir og ógörfuð Loðskinn

Verzlun vor er vor bezta auglýsing. Sendið oss húðir yðar og loðskinn og gerist stöðugir viðskiftamenn.
Skrifið eftir verðlista.

The Lightcap Hide & Fur Co., Limited
P.O.Box 1092 172-176 King St Winnipeg
16-9-10

W. R. FOWLER A. PIERCY.

Royal Optical Co.
307 Portage Ave Talsími 7286.
Allar nútíðar aðferðir eru notaðar við augn-skoðun hjá þeim, þar með hin nýja aðferð, Skuggs-skoðun, sem gjörð er öllum ágiskunum. —

Heimskringla.

XXIV. ÁR | WINNIPEG, MANITOBA, FIMTUDAGINN, 26 MAÍ 1910 | NR. 34

Tvöfalt stærri

er reiðhjólabúð mín nú en áður, og vörubyrgðir og verzlun að sama skapi. BRANTFORD reiðhjólin góðu hefi ég til sölu eins og aðundanförnu með eins góðum kjörum og nokkur annar getur boðið. — Einnig aðrar tegundir af nýjum reiðhjól um sem ég sel fyrir $30. og upp, með "Dunlop Tires" og "Coaster Brake".—Allar aðgerðir og pantanir afgreiddar fljótt og vel. —

West End Bicycle Shop

Jón Thorsteinsson, eigandi

475—477 Portage Avenue.

TALSÍMI: MAIN 9630.

Fregnsafn.

Markverðustu viðburðir hvaðanæfa.

— Blikkslagarar í Hamilton í Ontario hafa gert verkfall. Þeir heimta 35c kaup um klukkutimann. Tvö hundruð manna hafa tekið þátt í þessu verkfalli.

— Vinnudeild Bandaríkjastjórnarinnar hefir nýlega gefið út skýrslu um vinnulauna ástandið hjá Bethlehem stálfélaginu í Pennsylvania. 2322 menn vinna fyrir félagið 12 klukkutima á dag, 7 daga í viku, og meiri hluti þeirra vinnur fyrir að jafnaði 12½c um kl.-timann. Nokkrir handverksmenn meðal þessara vinnenda unnu að eins 10½ klukkutima á dag, að jafnaði, en þó að eins 6 daga í viku. Verkfall var gert hjá þessu félagi 4. febr. sl., aðallega af því, að verkamenn félagsins voru neyddir til þess að vinna á sunnudögum, og að verkið, sem heimtað var af þeim, olþyngdi kröftum þeirra. Skýrslan sýnir, að af yfir 9 þús. manns, sem vinna hjá félaginu, verða hátt á fimta þúsund manns að vinna reglulega meira en 12 klukkutima á dag, og 82 menn höfðu orðið að vinna stöðugt 13 klukkutima á dag, sjö daga í viku í heilt ár. Þeir, sem hæst laun fá, hafa um 24c á klukkutimann, en þeir eru tiltölulega fáir í samanburði við tölu allra verkamannanna.

— Fregn frá kolahéraðinu nýfundna meðfram Mattagama ánni í Norður-Ontario segir, að nú sé talið víst, að undir linkolalaginu þar sé gnægð af hinum sönnu harðkolum, sem ekki hafa áður fundist í Canada. Svo þykjast menn vissir um þetta, að auðmenn frá Pittsburg í Pennsylvania hafa fengið sér nokkrar námalóðir í þessu héraði. Bandaríkja stálgerðarfélagið hefir og sent þangað hóp náttarmanna, og hafa þar fundið kol, salt og járn. Mesti fjöldi manna er nú að flýtja inn í hérað þetta til þess að byrja þar námagröft tafarlaust.

— Vinbann gekk í gildi í Aelsa-Craig bæ í Ontario fyrir skömmu. Vinbannsvinir höfðu nokkrum dögum áður farið til þeirra tveggja hótelshaldara, sem voru þar í bænum og spurt, hvort það væri áform þeirra, að veita gestum ,nót töku eftir sem áður, þó vinbann yrði þar að lögum. Báðir gestgjafarnir kváðust loka húsum sínum, ef bannið gengi í gildi. Þá sendu Goodtemplarar á ný til þeirra og spurðu, hvort þeir vildu leigja eða selja hús sín. Báðir neituðu að leigja, en annar bauð að selja með verði, sem Goodtemlarar töldu of hátt. Hinn bauð að selja með sanngjörnu verði. Bindindismenn keyptu hús hans og starfrækja nú sjálfir Queens Hotel þar í bænum.

— Nýlega sökk og fórst einn af kóðunarbátum Japana, meðan stóð á heræfingu, eitthvað bilaði alt í einu í gangvélinni, svo að skipið eða báturinn gat ekki hafið sig upp af sjávarbotni. Skipshöfnin vissi vel, að ekki var við öðru að búast en dauða. Yfirmaður skipsins tók þá til að lýsa ástandi mannanna á skipinu og hvernig það væri að bíða dauðans. Hann ásakaði sjálfan sig eingöngu um slysið, og bað keisarann, er hann frétti um lát skipshafnarinnar, að ásaka engan nema sig.

— Ræningjar, 3 að tölu, réðust á strætisvagn í Seattle borg að næturlagi þann 12. þ.m. Þeir náðu nær 2 þús. doll. úr vösum farþeganna, og komust svo burtu, án þess þeim yrði náð. Það voru á þessum vagni nokkrir hóteleigendur og vinsölumenn, og frá þeim voru aðallega skildingarnir, sem ræningjarnir náðu.

— Fjörutíu og sjö menn létust af ferjubát þann 19. þ.m., sem hvolfdi á einni ellu á Rússlandi; nær 100 manns voru á bátnum, en hinir björguðust. Áin var afarstraumhörð, en skipið of hlaðið. Það hrakti á flúðir og valt um.

— William McKenzie, eigandi C. N. járnbrautarinnar, hefir nýlega fengið 40 milión dollara lán á Englandi til brautabygginga í Vestur-Canada. Fimm miliónir er sagt að eigi að ganga til að auka og bæta strætisbrautakerfi hans í Winnipeg borg, og 13 miliónir dollara fyrir Dunsmuir kolanámalöndin og aðrar eignir í sambandi við þau, í British Columbia.

— Málari einn í Parísarborg kom nýlega inn á gistihús og sá eina af myndum sínum hanga uppi á veggnum. Honum þótti staðurinn illa valinn, af því hirtu slóðkki á myndina eins og hann vildi vera láta. Hann varð svo reiður af þessu, að hann skar myndina í sundur og skaut þess utan fjórum skotum á hana. Hann var handtekinn, og ætla menn að hann sé óðinn géggaður.

— Lögmaður einn í Montreal borg staðhæfir, að innan 10 ára verði íbúatala borgarinnar orðin ein milión, og að aðaltrúbrögðin þar verði katólskan, en enskan verði aðalmál íbúanna. Árið 1800 var íbúatala borgarinnar 9,000, en nú eru þar 550,000 manns.

— Sjö gufukatlar í stálþynnuverkstæði í Canton, Ohio, sprungu allir í einu þann 17. þ.m., og biðu 12 manns þar bana. Hvellurinn heyrðist 3 milur vegar. Verkstæðið eyðilagðist algerlega.

— Grand Trunk Pacific Railway Commission hefir beðið um markaðssvæðið í Quebec borg til kaups undir vagnstöð brautarinnar þar, og býður 100 þúsund dollara fyrir landið, og talið líklegt, að bærinn sinni því tilboði. Bænum var boðið þetta verð í fyrra, en þá vildi hann fá 250 þúsund dollara fyrir svæðið. Þetta þótti stjórninni helzt til mikið; hún hefir því nú endurnýjað tilboð sitt með þeim skilmálum, að þar verði bygð vagnstöð, sem kosti ekki minna en tvær miliónir dollara. Því er ennfremur lofað, að á næstu fáum árum skuli 10 miliónum dollara verða varið þar í borginni til að gera skipakvíar og hafnarbryggjur og aðrar nauðsynlegar hafnbætur. Það eru þessi loforð, sem nú hafa þau áhrif á bæjarstjórnina, að hún að líkindum gengur að tilboðinu.

— Eldur í Carleton Place, Qae., þann 18. þ.m., gerði 300 þúsund dollara eignatjón. Mörg verzlunarhús og ein kirkja brunnu til ösku, en manntjón varð ekki.

— Fyrir skömmu var maður á Englandi dæmdur úr þingsæti þar. Faðir hans, sem var vell-auðugur, lét prenta lista yfir það, sem hann hafði lagt til kjördæmisins á því tímabili, sem hann hafði dvalið þar. Listinn er þannig:

1. Gefið bænum allar ráðhússbyggingarnar og haldið þeim við með 5 þúsund dollara árlegum tilkostnaði.
2. Gefið bænum 5 þúsund dollara geðveikrahæli.
3. Árlegt tillag til trúboðsfélaga 3,500.
4. Árlegt tillag til kirkna $5,000.
5. Kostnaður við að byggja 110 verkamannahús $110,000.
6. Gefið til fátækra $50,000.
7. Borgað í verkalaunum á 30 árum ein milión dollara.
8. Gefið til leiksvæðis $3,500.
9. Gefið 35 ekrur lands fyrir listigarð.

Þetta var álitið að hafa haft ólögleg áhrif á kjósendurna og sonur auðmannsins var dæmdur úr þingsætinu.

— Halastjörnu samkomur voru haldnar í Parisarborg og öðrum borgum á Frakklandi þann 18. þ.m. Þá var halastjarnan næst jörðu, — að eins í 12 milión mílna fjarlægð, svo nálægt, að enginn gat séð hana eða vitað neitt um hana. Marga undanfarna daga höfðu menn verið að selja myndir á götum borgarinnar, sem sýndu, hvernig heimsendir bæri að höndum, þegar halastjarnan rækist á hnött vorn þá um kveldið þann 18. þ.m. — Margir græddu stórfé á fávísi almennings.

— Api nokkur, sem í framkomu sinni líktist vel siðuðum manni, brann á vagnlest Northern Pacific félagsins milli Seattle og Portland þann 16. þ.m. Hann var stöðugt sýndur á leikhúsinu og samningar höfðu verið gerðir um að sýna hann á ýmsum leikhúsum vikulega um næstu 2 ár, fyrir 750 dollara á viku. — Dauði þessarar skepnu er því mikill skaði fyrir eigendur hennar.

— Regina borg hefir með 410 atkvæðum gegn 26 samþykt að leggja strætisbrautakerfi um borgina á kostnað borgarbúa. — Þeir trúa á þjóðeign vestur þar.

— Skógareldar í norðurhluta Minnesota gerðu á sunnudaginn vár íbúana í ýmsum bæjum þar óttaslegna. Þeir unnu allan sunnudaginn að því, að verja heimili sín í ýmsum þorpum. Regnið, sem fell að kveldinu, er sagt að hafi kæft eldinn, svo að fólkið hafi getað bjargað heimilum sínum.

— Ungfrú Williams, vel metin skólakennari í Saskatoon, Sask., vildi ná sér í landskika, sem var 2½ mílu frá Kindersley, Sask., en margir voru um boðið. Kona þessi fór þvi að landskrifstofudyrunum 12 sólarhringum áður en landið var sett upp til landtöku, og hékk þar við allan tímann; þar til hún fékk landið (hálf section), sem nú er metið 10 þúsund dollara, eða meir. Blöðin segja, að enginn hafi áður unnið svo mikikið til að ná í landsblett, sem kona þessi. Landið er N½ 36-30-23.

— Þess var getið hér í blaðinu fyrir nokkrum vikum, að dr. Hvde í Kansas City hefði verið kærður um, að hafa orsakað dauða tengdafólks sins, sem hann var sóttur til að lækna, með því að sprauta inn í sjúklingana taugaveikis-gerlum, er leiddi þá til bana. Nú hefir kviðdómur sá, sem dæma átti í málinu, komist að þeirri niðurstöðu, að læknirinn væri sekur um morð. Vitnaleiðslan var svo ljós, að um ekkert var að villast. Hið opinbera heldur því fram, að læknirinn hafi framið glæpi þessa til þess að kona sín fengi auðlegð þá, sem þeir sjúklingar eftirskildu, er hann réð bana með "lækningum" sínum. — Málinu hefir verið áfrýjað.

— Dómsdegi var frestað þann 18. þ.m. Vísindamenn sögðu — eða öllu heldur blaðamenn höfðu það eftir þeim — að Halleys halastjarnan mundi rekast á jörð vora þann 18. þ.m., og átti alt um koll að keyra, en svo leið dagurinn, að ekki sló stjarnan jörðina með hala sínum, og allir erum vér hér enn þá.

— Daniel Kinet, belgiskur loftflugsmaður, hefir nýlega haldið sér í lofti í belgalausri flugvél, nál. 34 klukkustundir. Hann hafði farþega með sér á fluginu. Hann hefir því verið lengur í lofti í slíkri vél, en nokkur annar maður hefir áður verið.

— Þrjátíu og sex fangar brunnu til dauða í Centreville í Alabama þann 16. þ.m. Einn fanginn hafði kveykt í verkstæði því, sem þeir unnu í, og biðu allir fangarnir bana af því.

— Svo hafði verið ráðstafað af Bretastjórn, að engum ráðgjöfum eða sendiherrum frá nýlendum Breta skyldi ætlað sérstakt pláss í líkfylgd Edwards konungs. Lávarður Strathcona komst að þessu og kvartaði alvarlega yfir því fyrir hönd Canada. Stjórnin brevtti því þá þannig, að ráðgjafar frá nýlendunum hefðu sama rétt og rúm í líkfylgdinni, eins og sjálfir brezku ráðgjafarnir.

— Marcone auglýsir, að framvegis verði haldið uppi loftskeytasambandi milli Canada og Frakklands.

— Kínverjar ætla að leggja þúsund milur af járnbrautum á þessu ári í landi sínu, og hafa tekið 30 milión dollara lán til að standast kostnaðinn við það starf.

— Bátur fanst nýlega á hvolfi í Michigan vatni. Sex menn höfðu verið í honum, sem allir höfðu farist. Lík hinna drukknuðu hafa ekki fundist.

— Gas fanst í jörðu nálægt Ft. William, Ont., í sl. viku. Það var verið að reka niður stólpa undir eitt af stórhýsum þeim, sem G. T. P. járnbrautafélagið er að láta gera þar. Svo var afl jarðloftsins mikið, að moldin gaus 30 fet í loft upp úr holunni, sem stólpinn var rekinn í. Ennþá vita menn ekki með vissu, hvort hægt er að nota gas þetta sem verzlunarvöru, en eldfimt er það og brennur með skærum loga. Mælt er, að bæjarstjórnin í Ft. William muni leggja fram fé til þess, að rannsaka gas þetta og komast fyrir um, hvort þar sé ekki um auðsuppsprettu að ræða fyrir bæinn.

— Stjórnin í Austurríki hefir gert nýtízku ráðstafanir til þess að styrkja yfirmenn í hernum til þess að borga skuldir sínar. Herforingjar þar í landi verða samkvæmt stöðu sinni, að leggja á sig ýmisleg útgjöld, sem nema talsverðri upphæð árlega, og með því að margir þessara manna eru af lágum stigum og fátækir, þá komast þeir einatt í skuldir, sem þeir ekki geta borgað. Þetta ástand hefir í mörg liðin ár bakað hermáladeild landsins all-mikillar áhyggju. Nú hefir hún samt ráðið fram úr þessum vanda með því, að setja til síðu 12 miliónir dollara sjóð, og skulu vextirnir af þeim sjóði notaðir til þess, að borga persónulegar skuldir herforingjanna, frá 5—8000 kr. á ári eftir ástæðum fyrir hvern þeirra.

— Kvenfatagerðar verkstæðin í New York hafa um mörg undanfarin ár orðið að bíða heilmikið tjón af svíksemi ýmsra háttstandandi kvenna þar, sem láta búa til dýran fatnað fyrir sig og senda hann heim til sín, til skoðunar, án þess að borga fyrir hann — fyr en eftir á. Svo brúka þær fatnaðinn í eina eða tvær veizlur og skila svo fötunum aftur með þeirri orðsendingu, að þau séu ekki þóknanleg. Verksmiðjurnar hafa því tekið það ráð, að festa með ólýlakki stórt skilti á fötin með þeirri áletran, að fötin verði að borgast fullu verði, ef miðinn sé tekinn af. En það er ekki hægt að taka miða þennan af, nema að skera hann frá fötunum.

OGILVIE'S

Royal Household Flour

Til Brauð og Köku Gerðar

OGILVIE'S ROYAL HOUSEHOLD

Gefur Ævinlega Fullnæging

EINA MYLLAN Í WINNIPEG,—LÁTIÐ HEIMAIÐNAÐ SITJA FYRIR VIÐSKIFTUM YÐAR.

Uppruni Y.M.C.A.

Allir Íslendingar hafa heyrt um og þekkja að einhverju leyti Ungra manna kristilega félagið, en fáir vita um hinn sanna uppruna þess, en hann er þessi:

George Williams hét maður í London á Englandi, sem á yngri árum sínum vann fyrir daglegu brauði sínu í fataðúkasölubúð þar í borginni. Hann fann til þess, hve mjög ungum piltum, sem unnu í sömu búð og hann sjálfur var einnig í öðrum búðum þar í borg, var að ýmsu leyti ábótavant. Þeir voru margir illa mentaðir, ófágaðir í orðbragði og framgöngu, og voru hver öðrum ókunnugir, því að þeir höfðu engan innbyrðis félagsskap. Af öllu þessu leiddi það, að þeir urðu að lúta hverjum þeim neyðarkjörum, sem húsbændur þeirra vildu bjóða þeim. Geo. Williams hugsaði sér, að fá ráðna bót á þessu. En upptökin urðu að koma frá sjálfum búðarsveinunum. Þeir yrðu að bæta alla framkomu sína, auka mentun sína, svo að þeir sem flokkur hættu að vera í niðurlægingu, en yrðu þar á móti eftirsóknarverðir þjónar.

Til þess að koma þessu í framkvæmd, myndaði hann innbyrðis félagsskap með þeim búðarsveinum, sem eins og hann unnu í stórverzlun þeirra George Hitchcock og klaga þar í borg. Fundarsalur þeirra var svefnherbergi Williams. Þar ræddu félagsmenn mál sín og æfðu sig í ýmsum greinum undir tilsögn Williams.

Þegar herra Hitchcock nokkru síðar fékk að vita um þetta, varð hann svo hrifinn af tilgangi félagsins, að hann lagði félagsmönnum til fundarsal ókeypis og styrkti þá á ýmsan hátt, tók sjálfur stjórn á fundum þeirra félaga, og gaf þeim holl ráð og góð, og örfaði þá til ötullar framgöngu í sjálfsmentunaráttina.

Það var að kveldi 6. júní 1844, að 12 menn voru samankomnir í þessu herbergi, undir forustu Mr. George Williams, til þess að mynda félagið, sem þá skyldi nefnast: Félag til ellíngar andlegu atgerfi ungra manna á Englandi, er vinna í sölubúðum og við aðra atvinnuvegi. Þetta var byrjun Y.M.C.A. — George Williams var síðar sæmdur riddara nafnbót og Victoria Cross orðunni fyrir starf sitt í þágu þessa félags, og fyrir þá bót, sem hann vann á högum ungra manna þar í landi.

ÞINGBOÐ.

Hið Únitariska Kirkjufélag Vestur-Íslendinga heldur hið 5. þing sitt, samkvæmt fyrirmælum síðasta þings, að Mary Hill, Man.

Þingið verður sett miðvikudagskveldið þann 15. júní, í kirkju Mary Hill safnaðar. Hlutaðeigandi fólk er beðið að minnast þessa. Starfsskrá auglýst síðar.

Sóknuðir kjósi erindsreka einn fyrir hverja 15 atkæðisbæra meðlimi, og útbúi þá með kjörbréf samkvæmt fyrirmælum grundvallarlaga félagsins.

S. B. BRYNJÓLFSSON,
forseti.

Íslendingar í Gimli bæ minnist þess, að herra Elis G. Thomsen er maðurinn, sem gerir allskonar utan- og innan-húss málningu fljótt og vel. Einnig pappírsleggur hann hús og gerir "Kalsomining".

ÞAÐ ERU INNVIÐIR RJÓMA SKILVINDUNNAR SEM TÁKNAR GÆÐI HENNAR

Ódýr skilvinda í lítri umgjörð, en vel máluð, getur staðið upprétt af því hún er skrúfuð í gólfið. En "worm gearing" hennar, — spyrjið þér æðan vélfræðing um það. Hann mun segja yður, að þær geti aðskilið fullvel um tíma, en fyr eða síðar ganga þær úr lagi, og það óhapp ber að þegar verst gegnir, og þér megið sízt teljast frá verkum. Einmitt þá er MAGNET 'square gear' metið að verðleikum. Það er rétt tilbúið og áreiðanlegt á öllum timum. Þér tapið aldrei tíma, jafnaðargeði eða hagsmunum, þegar þér eigið MAGNET. Því? Af því að MAGNET hefir "square gear", rent úr einu stálstykki, einstykkisfleytir auðhreinsaðan, stóra skál studda beggja megin (MAGNET einkaleyfi), hreinsunar-sáld; vélin svo léttsnúin, að börn geta gert það. Það má stöðva vélina á 8 sekúndum.

Skoið MAGNET umgerðina, þunga og trausta, — alt er í sterkustu skorðum, svoaðskilnaðurinn er fullkominn, hún stendur hvar sem hún er sett. Berið það saman við hinar veikbygðu umgerðir annara véla. Það má táldraga blindan mann með sögusögnum, en hver, sem sér og íhugar samanburðinn, mun kaupa MAGNET. Það er fullkomin skilvinda, endist 50 ár. Það kostar 1 cent að reyna MAGNET heima hjá yður.

THE PETRIE MFG. CO., LIMITED

WINNIPEG, MAN.

ÚTIBÚ: Calgary, Alta., St. John, N. B., Montreal, Que., Vancouver, B.C., Regina, Sask., Victoria, B.C., Hamilton, Ont.

Wall Plaster

"EMPIRE" VEGGJA PLASTUR kostar ef til vill ögn meira en hinar verri tegundir,—en berið saman afleiðingarnar.

Vér búum til:

"Empire" Wood Fibre Plaster
"Empire" Cement Wall "
"Empire" Finish "
"Gold Dust" Finish "
"Gilt Edge" Plaster of Paris
og allar Gypsum vöruutegundir. —

Eigum vér að senda yður bækling vorn?

BÚIÐ TIL EINUNGIS HJÁ

MANITOBA GYPSUM CO. LTD

SKRIFSTOFUR OG MILLUR Í

Winnipeg, - Man.

Heimskringla

Published every Thursday by The Heimskringla News & Publishing Co. Ltd

Verð blaðsins í Canada og Bandaríkjunum $2.00 um árið (fyrir fram borgað). Sent til Íslands $2.40 (fyrir fram borgað af kaupendum blaðsins hérlendis $1.50)

B. L. BALDWINSON
Editor & Manager

Office:
729 Sherbrooke Street, Winnipeg
P.O. BOX 3083. Talsími 3512.

Fylkiskosningarnar

eru nú í flestra fylkisbúa hugum væntanlegar einhverntíma á þessu ári.

Roblin stjórnin kemur þá fram fyrir kjósendurna með reikningsskap ráðsmensku sinnar á sl. 10 árum. Undir þeim reikningsskilum verður það að sjálfsögðu komið, hvort kjósendurnir telja rétt, að halda henni við völdin yfir næsta kjörtímabil, eða hvort þeir telja rétt, að fá þau í hendur þeim mönnum, sem nú sækja móti henni.

Eins og heiðarlegum ráðsmanni sæmir, verður Roblin stjórnin að sýna kjósendunum við hverju hún tók fyrir tíu árum, og hverju hún skilar þeim nú. Hún verður að sýna, hvort hún hefir stjórnað þjóðbúinu svo, að því hafi farið aftur — það gengið úr sér — á þessu tímabili, eða hvort því hafi þokað áfram og það aukist. Hvort íbúar fylkisins standi í efnalegu og framfaralegu tilliti eins og þeir stóðu, er hún tók við völdum, eða hvort þeim hefir þokað afturábak eða áfram. Hafi þeim þokað afturábak, eða jafnvel ef þeir standa í stað, þá verður ekki sagt, að ráðsmenskan hafi verið í því lagi, sem hún átti að vera. En geti hún sýnt framför í öllum greinum ráðsmenskunnar, þá virðist sanngirni mæla með því, að kjósendurnir endurnýji traust sitt á henni, og fylgi henni fast að málum við þessar kosningar.

Á þessu tíu ára tímabili, sem stjórnin hefir verið við völdin, eru það aðallega fimm atriði, sem gnæfa upp yfir öll hin í stjórnarfari hennar. Þessi atriði eru:

1. Fjármálastefnan.
2. Járnbrautastefnan.
3. Talsímastefnan.
4. Akuryrkjumálastefnan.
5. Korngeymsluhlöðustefnan.

Heimskringla gerir þá staðhæfingu, að engin stjórn hafi nokkurn tíma verið í nokkru fylki í Canada, sem eins miklu hefir til leiðar komið, til varanlegra og vaxandi hagsmuna fyrir íbúana, eins og Roblin stjórnin hefir gert á síðastliðnum tíu árum.

Fjármálin.

Þegar Roblin stjórnin tók við völdum árið 1899, voru fjármálin í afarillu ástandi. Sjóðþurð hafði verið á hverju einasta ári meðan Greenway stjórnin var við völdin. Lántökur voru gerðar, og þó var að síðustu ekki nægilegt fé fáanlegt, til þess að borga laun þeirra, sem unnu fyrir fylkið. Fjárhirzlan var þurausin, og lánstraust fylkisins lamað. Verzlun og iðnaður voru í niðurlægingu. Verkalaun voru lág, og landverð hér í fylkinu hneykslanlega lágt. Framfarir voru engar, og framtíðarhorfur allar mjög óskyggilegar. En nú, undir hyggilegri og hagfeldri stjórn herra Roblins og ráðgjafa hans, hefir fylki vort tekið svo miklum breytingum til bóta, að ástand þess er nú eins glæsilegt eins og það var áður óskyggilegt. — Þetta veit og finnur hver maður, sem óhlutdrægt vill á það líta.

Roblin stjórnin hefir haft tekjuafganga á hverju einasta ári, síðan hún kom til valda, og þó mest á allra síðasta ári, — yfir 624,000 dollara. Afleiðingin er sú, að innan tveggja mánaða verður stjórnin búin að borga yfir 2 miliónir af gömlum skuldum, sem á fylkinu hvíldu, og þessa miklu skuld borgaði hún með tekjuafgöngunum, án þess að taka svo mikið sem eins dollars lán til þess. Með þessu sparar hún og fylkinu allan þann kostnað, sem áður varð að ganga til þess að borga vexti af skuldunum, og sem hefir numið mikið á annað hundrað þúsund dollara á ári.

Vér fáum ekki betur séð, en að hér sé um fjárhagslega ráðdeild að ræða, sem fylkisbúar ættu að meta svo mikils, að þeir fylgi Roblin stjórninni fast að málum við næstu kosningar.

En auk þess, sem hún hefir með hyggilegri fjármálastefnu og sparneytni getað sópað af fylkinu öllum þeim skuldum, sem að því þrengdu, þá hefir hún á sama tíma stórum aukið styrkveitingar til allra opinberra þarfa viðsvegar í fylkinu, og þessutan varið um eða yfir Milión Dollara í opinberar byggingar. Ef Roblin stjórnin hefði hagað svo fjármálastefnu sinni, að hún hefði haft árlega sjóðþurð eins og áður var, þá hefði henni verið þetta ómögulegt. En einmitt fyrir það, hve hyggilega og ráðvandlega hún hefir stjórnað fylkisbúinu — þá hefir hún getað komið öllu þessu í verk og þar með lagt grundvöll undir velmegun fylkisins.

Járnbrautastefnan.

Hafi nokkur liður í stefnu Roblin stjórnarinnar, öðrum fremur, miðað til þess að lyfta fylki voru upp í æðra veldi — fjárhags og framfaralegt — en það var á fyrri árum, þá er það járnbrautastefna hennar. Það hafði lengi vakað fyrir herra Roblin, að járnbrautastefnan í Canada væri hveröfug við það, sem hún ætti að vera. Hann hélt því fram, að ríkisfé ætti ekki að notast til þess að moka því í auðfiklog til járnbrauta lagninga, nema ef vera skyldi í alveg sérstökum tilfellum, þar sem brautir væru nauðsynlegar en fengist ekki bygðar með öðru móti en landssjóðsstyrk. Hann lét það því vera með sínum fyrstu verkum, eftir að hann kom til valda, að gera samning við Canadian Northern félagið, að byggja brautir hér í fylkinu, með því skilyrði, að fylkisstjórnin tæki að sér þá ábyrgð, að sjá um, að vextir af höfuðstól félagsins skyldu vera 4 prósent árlega, gegn því, að fylkið fengi fyrsta og annan veðrétt í eignum félagsins í fylkinu, og einnig lögtaksrétt á öllu brautakerfinu innan fylkisins, ef fylkið yrði neytt til þess, að borga vextina úr fylkissjóði. Meðfædd framsýni herra Roblins sannfærði hann um, að aldrei þyrfti að koma til þeirra kasta, að fylkið yrði knúð til þess að borga svo mikið sem eitt cent í vexti af lánum félagsins, af því að öll skilyrði væru til staðar til þess, að brautin gæti borgað sig. Og hins vegar sá hann, að hann gæti fengið fyrir fylkisins hönd þær keppibrautir bygðar hér, sem þörf væri á.

Á þeim tíma var Liberal flokkurinn æstur og andvigur þessari stefnu, sagði að hún yrði til þess, að steypa fylkinu í gjaldþrot, og margt annað því líkt.

En nú er svo komið, að félagið hefir lagt hér í fylkinu nokkuð á þriðja þúsund mílur af járnbrautum, án þess þær hafi kostað Manitoba fylki svo mikið sem eitt cent — en lækkun far- og flutningsgjalda, sem þeirri brautalagning hefir verið samfara, hefir gert fylki voru margra milión dollara hagnað. Og nú finst ekki sá heilskygn maður innan takmarka fylkisins, sem leyfi sér að segja, að Roblinsamningarnir hafi verið illir, eða að fylki vort verði nokkurntíma hvatt til þess, að borga nokkuð af þeim vöxtum, sem það stendur í ábyrgð fyrir.

Það vita nú allir, sem kynt hafa sér þau mál, að járnbrautasamningur sá, sem herra Roblin gerði við Canadian Northern félagið, var sá lang-bezti og affarasælasti, sem nokkru sinni hefir gerður verið í nokkru landi. Réttmæti stefnunnar hefir fyllilega verið sannað með því, að Dominion, Saskatchewan, Alberta og British Columbia stjórnirnar hafa allar síðan gert líka járnbrautarsamninga, en þó með þeim mikla mismun, að allar þessar stjórnir hafa orðið að veita miklu hærri ábyrgðir en Roblin stjórnin gerði.

Ekki heldur voru áhrifin af Roblin-samningnum takmörkuð við Canada, því skömmu eftir að hann hafði gert þennan frega samning, var líkur samningur gerður af Bandaríkjastjórn. Þó með talsvert hærri ábyrgð en Roblin hafði gert. — Önnur af leiðing af Roblin-samningnum var sú, að járnbrautafélögin í Dakota og Minnesota urðu að lækka far- og flutningsgjöld í samræmi við það, sem gert var hér í Manitoba.

Enn annað hafði þessi samningur til síns ágætis, sem var meira virði fyrir fylki þetta og framtíð þess, en alt hitt samanlagt. En það var, að þegar umheimurinn frétti, að járnbrautaeinokun væri algerlega afnumin hér í fylkinu og að far- og flutningsgjöld væru háð samkepni og færu lækkandi, — þá byrjaði innstraumur fólks hingað úr öllum áttum, og hver ekra lands steig óðar í verði. Þessi innflutningur fólks hefir síðan farið árlega vaxandi og löndin hækkandi í verði. Verzlun og iðnaður hefir þroskast og velsæld íbúanna farið dagbatnandi. Við aukna íbúatölu hefir tillagið úr ríkissjóði til þessa fylkis farið stöðugt hækkandi, og fylkið í heild sinni hefir hafist til vegs og álits, þar til nú að það er talið í fremstu röð fylkja ríkisins, þó enn sé það með þeim minstu að landrými.

Alt þetta er verk Roblin stjórnarinnar, og þau eru varanleg og færa með sér árlega vaxandi velsæld og þroska íbúanna um allan ókominn aldur.

Talsímastefnan.

Roblin stjórnin er sú fyrsta stjórn í Canada til þess að koma á þjóðeign talþráða. Það gerði hún fyrir rúmlega tveim árum. Áður hafði Bell talsíma félagið einveldi hér vestra, undir ríkisstjórnarleyfi. Notagjöld voru þá há, og félagið hafði þræði sína þar sem því sýndist, án sanngjarns tillits til þarfarinnar í hinum ýmsu sveitum. Þá borguðu bændur $30 um árið fyrir notkun þráðanna, í stað $20.00 nú. Herra Roblin sá, þegar fylki þetta fór fyrir alvöru að byggjast, að þess var öll þörf, að veita hinum ýmsu sveitum fylkisins kost á talsíma sambandi við hin önnur héruð fylkisins og við sjálfan höfuðstaðinn Winnipeg, og aðrar miðstöðvar verzlunar og iðnaðar. Honum var ant um, að gera það, sem í hans valdi stæði, til þess að létta sem mest undir með bændaflokknum, því að sjálfur var hann bóndi, og vrkir árlega mikið land hjá Carman hér í fylkinu. Til þess að koma áformi sínu í framkvæmd, sá hann að tvent var til ráða: annaðhvort að kaupa allar eignir Bell félagsins, eða að byggja kerfi á kostnað fylkisins og starfrækja það í samkepni við Bell félagið. Hann gerði því félaginu tilboð um, að kaupa allar eignir þess og starfsréttindi hér í fylkinu, en félagið neitaði að selja fyrir nokkurt verð. Tók hann þá það ráð, að byrja á talsímalagning á fylkiskostnað og sýndi félaginu með því, að honum var full alvara með að byggja upp þjóðeignakerfi. Þegar Bell félagið sá, hvað verða vildi, gerði það stjórninni kost á, að kaupa kerfi sitt fyrir 5 miliónir dollara. Það þótti herra Roblin of dýrt. Þingið hafði nokkru áður heimilað stjórninni, að borga virðingar eða kostverð fyrir hvert slíkt kerfi, sem hún gæti fengið keypt hér í fylkinu, og 10 prósent umfram fyrir starfsréttindin. Herra Roblin neitaði að fara fram úr þessu, og að síðustu samdist svo með honum og Bell félaginu, að fylkið kevpti allar eignir þess fyrir rúmar þrjár Miliónir Dollara, eða svo sem svaraði $178.00 fyrir hverja símamílu, sem það átti í fylkinu. Og skyldi upphæð þessi borgast á 40 árum með 4 prósent árlegum vöxtum.

Afleiðingin af þessu kaupi hefir verið sú, að notagjald talsímanna í fylkinu hefir lækkað að mun, og þó hefir fylkissjóðurinn grætt Tvö Hundruð og Sjötíu Þúsund Dollara ($270,000.00) á starfrækslunni á sl. 2 árum, en bændur og aðrir hafa haft afnot símanna fyrir mun lægra gjald en áður. Símar hafa verið þandir út um ýms héruð fylkisins, og notendafjöldinn hefir aukist um hartnær 14 þúsundir á þessu tímabili. Og svo er nú mikil eftirsókn eftir talsímum um alt fylkið, að stjórnin eða öllu heldur nefnd sú, sem stjórnar starfsemi kerfisins að öllu leyti, hefir ekki við að strengja símana eins ört og eftirspurnin eykst.

Þessi starfsemi Roblin stjórnarinnar hefir einnig verið réttlætt með því, að Saskatchewan stjórnnokkru síðar keypti allar eignir Bell félagsins í því fylki, en varð þó að borga tilsvarandi nokkru hærra verð en Roblin stjórnin, eða sem næst $193.00 til jafnaðar fyrir hverja símamílu. Alberta stjórnin hefir einnig síðan tekið upp sömu stefnu — þjóðeignastefnuna — eftir að hún sá, hve vel það hafði gefist í Manitoba.

Þetta tvent, járnbrauta og talsíma starfsemi Manitoba fylkis, — hefir opnað augu Canadamanna fyrir því, að Hon. R. P. Roblin sé áreiðanlega með lang-mikilhæfustu þjóðskörungum landsins.

Akuryrkjumálastefnan.

Hon. R. P. Roblin er hinn fyrsti stjórnmálamaður í Vestur-Canada, sem færðist það í fang, að byggja og starfrækja á fylkiskostnað veglegan landbúnaðarskóla. Sá skóli hefir þegar kostað fylkið full 300 þúsund dollara, og starfræksla hans kostar um 50 þúsund dollara á ári. Alt þetta fé hefir verið lagt fram af tekjuafgöngum Roblinstjórnarinnar, og án dollars lántöku. Svo hefir þessi stofnun reynst vinsæl, að nú þegar er orðin nauðsyn á, að auka við hana talsvert, því að aðsóknin að skólanum á sl. vetri var svo mikil, að skólinn hafði ekki íbúðarrúm fyrir alla nemendur, sem þar nutu kenslu.

Nú eru stjórnirnar í Saskatchewan og Alberta í undirbúningi með að reisa slíkar stofnanir í fylkjum sínum. Þær fylgja þar á eftir, sem Roblin gengur á undan í þessu sem öðru, er lýtur að hagsmunum fylkisbúa.

Korngeymslustefnan.

Svo mikið hefir verið ritað um það mál í þessu blaði af bændum hér í fylkinu, að litlu þarf við það að bæta. Roblin stjórnin hefir tekið að sér að koma upp kornhlöðukerfi á fylkiskostnað, til hagsbóta fyrir bændur fylkisins. Hann er við þá búinn, að verja 3 miliónum dollara í það fyrirtæki. Stjórnarnefnd hefir þegar verið kosin til þess að standa fyrir máli þessu, og það má telja nokkurnveginn víst, að það reynist eins happasælt starf og bændum eins hagsmunarikt eins og hin önnur starfsemi Roblin stjórnarinnar, sem að framan er getið.

Reyndin mun verða sú, að bau félög, sem nú hafa einveldi á korngeymslu í fylkinu, finni sig neydd til þess, að selja fylki kornhlöður sínar, þegar þau fara að átta sig á afli því og alvöru, sem Roblin stjórnin beitir í því máli. Þeir 3 menn, sem það mál hafa til meðferðar, eru allir húfróðir og hafa aflað sér mikillar þekkingar á korngeymslu og verzlunarmálum.

Næsta mál á dagskránni verður væntanlega það, að koma upp listfræðiskólum hér í fylkinu, þar sem íbúunum gefst kostur á að nema öll þau störf, sem vanalega eru kend á slíkum skólum. Að þessum tíma hafa engir Tecnical skólar verið til í Vestur-Canada, en þess verður ekki langt að bíða, að Robin komi þeim á fót hér.

Næst er þess að geta, að þar sem Roblin stjórnin hefir á þessu tíu ára tímabili getað hagað svo fjármálum fylkisins, að borgaðar verði á þessu ári allar þær skuldir sem mæta þarf um langan tíma, þá verður komandi árlegum tekjuafgöngum varið aðallega til umbóta í hinum ýmsu sveitum fylkisins, til vegagerða, brúagerða, framræslu og annara umbóta, sem vaxandi bygð fylkisins og þörf fylkisbúa gerir nauðsynlegar. Svo að hinar ýmsu sveitir mega vænta þess, að fá meira tillag til umbóta hjá sér á komandi árum, en hægt hefir verið að veita þeim að undanförnu meðan skuldir hvíldu á fylkinu.

Að öllu athuguðu sjáum vér ekki betur en að Roblin stjórnin hafi unnið svo mikið og þarflegt verk í þágu fylkisbúa, að hún verðskuldi fult traust þeirra og tiltrú, og eindregið fylgi við komandi kosningar.

Barði G. Skúlason

(Niðurlag).

Þegar þarfir Bandaríkja þjóðarinnar eru íhugaðar, þá eru þær einmitt endurbætur á stjórnarfari svipaðar því, sem umbótaflokkur Repúblikana heldur fram. Um alla næstliðna öld hefir auður í svo óheyrilega stórum stýl verið að hrúgast saman á örfáa staði. Þjóðin hefir verið að vaxa. Landrými hefir verið nóg. Að því hefir ekki verið gætt sem skyldi af stjórnendum landsins, að heil héruð, er hafa haft að geyma heltu auðæfi landsins, lentu ekki í vörzlu örfárra manna, er með því hafa náð ríkidæmi, er þeir alls ekki höfðu tilunnið á nokkurn hátt, langt fram yfir allan almenning, og á þann hátt náð ráðum yfir verzlunar og viðskiftamálum þjóðarinnar. En svo meðan þjóðin er ung, er svo afar-margt að gjöra því ekki nema von, að eitthvað fari forgörðum. En nú er þjóðin að vaxa að skilning á þessum hlutum, og hafa síðustu ár sýnt, að hún er farin að skilja, að eftirlit þarf með fleiru að hafa en því, að semja lög móti yfirtroðslum og órétti. Það þarf að sjá um, að lögin séu haldin jafnt af ríkum sem fátækum, félögum og einstaklingum. Og hafi félögin eitthvað í sinni vörzlu rangfengið, að þau skili því aftur, engu síður en þjófurinn þýfinu. Og fyrir því eru Insurgent Repúblikanar að berjast. Þeir eru þjóðræðis og þjóðréttarflokkur landsins.

Þessu takmarki sínu hugsa þeir að ná með því, að leggja skatt á stórtekjur einstaklinga eða félaga. Með þeim skatti gengur til ríkissjóðsins afurðirnar af þeim eignum eða iðnaði, er upphaflega hefði átt að tilheyra þjóðinni, en aldrei úr greipum hennar að ganga. En á sama tíma hlýtur einnig að létta á skattálögum almennings, með þessu móti. Með vaxandi tekjum ríkissjóðs frá þessum útsvarslið, má lækka tekjur þær, sem teknar eru af landbúendum og verkalýð. Það er sagt, að yfir 150 manns í New York ríkinu einu hafi hver tekjur yfir milión dollara á ári, sem þeir draga eftir námur, landeignir og ýmiskonar einkaleyfi. Með því að lagður sé skattur á þessar stórinntektir, fæst þar fram tal á 150,000,000, er áður var óskattað, og nemur það ekki svo litlu, og það er þó að eins í einu einasta riki. Hvað myndi það þá verða yfir öll Bandaríkin, og el allar stórtekjur innan við það takmark, væri teknar með? Tekjuskattur Austur-ríkjanna myndi nema meiru en allur landskattur Miðríkjanna nemur á þessum tíma.

Hið annað, er Insurgents berjast fyrir, er lækkun tollanna á innfluttum nauðsynjavörum öllum eins og kunnugt er. Og, það sem mestu varðar fyrir þjóðarviljann, að hann fái að njóta sín í æðstu málum landsins, svo að í framtíðinni verði allir þingmenn úri málstofu Congressins (Senators) kosnir beint af almenningi, en ekki eins og nú gengst víða við af ríkisþinguum. Því oft hendir það nú að sú kosning kemur ómaklega niður, og sá hlýtur ójafnast kosningu, er tiltrú ber almennasta.

Stefna Umbótaflokks Repúblikana í heild sinni, mætti eins vel kallast starfsskrá. Hún er starfsskrá þjóðarinnar, skrá þeirra hluta er gjörast þurfa, ekki einhverntíma seint á þessari öld, eða næstu öld, heldur nú strax. Hún er verkaáætlun morgundagsins og dagsins í dag, þeirra, er lif og krafta eiga til framkvæmda. Hún er verkaáætlun hinna ungu. Hún er hugsun ungu kynslóðarinnar, og skilningur þeirra, sem nú lifa, á skyldu og réttindum þjóðfélagsins. En ekki uppsuða úr feðranna frægð, er notast skuli sem tilraunalyf við öllum nútíðar meinum. Og til þess að standa undir þeim merkjum, berjast fyrir þeim máleínum, vera talsmaður þeirra ungu og framgjörnu er engi hæfari, né betur kjörinn en Barði G. Skúlason. Enda ber stefna hans og skoðanir þess fullan vott, er hann tilkynti, um leið og hann ákvað að sækja. Fylgir hér lausleg þýðing á loforða skuldbindingu hans, er birt hefir verið í ýmsum blöðum ríkisins: —

TIL KJÓSENDA
NORÐUR DAKOTA RÍKIS.

"Nái ég kosningu til neðri málstofu Congressins (Representative in Congress) skuldbind ég mig, eftir því, sem kraftar mínir leyfa, til að flytja og styrkja málefni þau og stefnu, er hér um ræðir: —

1. Að tollur sé lækkaður svo, að eínd fáist á loforði Repúblikana flokksþingsins síðasta; og að skipuð sé neínd, tollmála sérfræðinga, með fullu valdi, í samræmi við stjórnarskrána, til að endurskoða, breyta og laga toll-laga ákvæðin eftir þörfum. Því vald núverandi neíndar er alt of takmarkað.
2. Að gætt sé skóga, kolanáma, vatnsafls og annara auðsuppspretta landsins, þjóðinni til handa; og að umbætur séu gjörðar á vatnavegum, og þar með Rauðá og Missouri fljótinu í N. Dak., en þó svo, að ekki sé sneiddur réttur virkilegra búenda með ákvæðum viðkomandi kolanámum.
3. Að Congress semji allsherjar löggildingar reglur, er skuli vera bindandi fyrir öll stór iðnaðar sambönd, er verzlan reka utanlands og innan.
4. Að samningi þeirra Lóa, svo framt sem stjórnarskráin leyfir, er aðstoði ríkin til að uppræta áfengisverzlun og hina svo nefndu "hvítra þræla verzlun",
5. Að breytingu sakaréttar, — bæði fyrir ríkisdómi og allsherjardómi.
6. Að ríkjasamþykt fáist fyrir tilvonandi stjórnarskrár viðauka, er heimili Congress að innleiða tekjuskatt. Og einnig sé gjörð sú stjórnarskrárbreyting, að kosnir séu Senatorar Banda ríkjanna með almennum atkvæðum.
7. Að stofnaðir séu pósthúss-sparibankar.
8. Að breytt sé svo fundarsköpum neðri deildar, að burt sé numinn sá einkaréttur forseta deildarinnar, að skipa í allar þingnefndir, og að rýrt sé yfirleitt alræðisvald hans.
9. Að stjórn sé svo hagað, að hún geti orðið til gagns og verndunar öllum stéttum manna; að fjöldinn sé verndaður gegn yfirgangi aflmikilla einstaklinga, félaga og fyrirtækja, og að sóm og skjót refsing sé öllum vís, ríkum eða fátækum, háum eða lágum, er yfirtroðslur fremja.
10. Að minkaður sé herbúnaður, en efldir alþjóða friðarsamningar, og að nokkrum hluta, að minsta kosti, þess fjár, sem eytt er til hermála, sé varið til eflingar friði og listum og lífi manna til björgunar". —

Greinar þessar allar eru fullskýrar, og sýna, hver er stjórnmálaskoðun Barða og flokksbræðra hans. Þarf því ekki að fjölyrða um þær. Enda er mál þetta orðið nógu langt að þessu sinni, en fyrir oss vakti það, fyrst, að minna á, að nú gefist Íslendingum í Dakota kostur á, að stiga stóru feti framar, en verið hefir, og láta á sér bera, með því, eftir því sem kraftar þeirra leyfðu, að styrkja hann til kosningar, og þá um leið að skapa stærri starfshring sjálfum sér, í framtíðinni.

Rögnv. Péturssson.

Dánarfregn.

Þann 19. sl. mánaðar dó úr krabbameini í maganum á Fanny Paddock sjúkrahúsinu í Tacoma, Wash., hálfsystir mín HALLA PÁLSDÓTTIR.

Halla sál. var fædd í Reykjavík 24. febr. 1859, og var því 51 árs er hún dó. Faðir okkar var Páll Magnússon, óðals og útvegsbóndi í Reykjaik, en móðir Höllu var Guðný Lýðsdóttir skálds á Skipaskaga. Alsystkini Höllu sál. voru þessi: Sigríður, gift Hafliða Guðmundssyni niðursuðumanns á Siglufirði; Sigurlaug, kona Rydens klæðskera í Reykjavík (dáinn fyrir mörgum árum); Jakobína, gift kona á Skipaskaga, og Ólafur er dó innan tvítugs aldurs. — Svo lifa hana tvö hálfsystkini: Margrét í Reykjavík og Stefán í Minneapolis.

Halla sál. kom vestur til Chicago sýningarárið 1893, og stundaði iðn sína, kvenfatasaum þar í mörg ár, og var lengi forstöðukona þeirrar deildar hjá stórkaupmönnunum Carson, Perie & Scott þar í borg.

Svo fór hún til Seattle og dvaldi þar um tíma, en nú hafði hún haft saumastofu fyrir sjálfa sig í 1½ ár í Tacoma og gekk það vel, því nún var sannkallaður smillingur í sinni iðn.

Halla sál. giftist aldrei, en er Sigurlaug sál. systir okkar dó, tók hún annað barn þeirra hjóna, Clöru Ryden með sér vestur til Chicago, og ól hana upp, lét hana ganga gegn um skóla og kendi henni síðan iðn sína, og hafa þær alla tíð saman verið.

Betur væri, að sem flestar dætur ættu eins góða og umhyggjusama móður eins og Halla reyndist Clöru.

Nokkru eftir að Halla kom vestur, lét hún hitt systurbarn okkar, Jón, koma vestur líka, og ætlaði að ala hann upp, en hann undi ekki hér í landi og sendi hún hann því heim aftur.

Halla sál. var framúrskarandi frjálslynd kona og fylgdi friðslynda flokknum með lifi og sál, bæði í stjórnmálum og trúmálum. Hún var hinn mesti ættjarðarvinur, og tók sér mjög nærri, ef henni fanst eitthvað ganga á tréfótum þar heima. — Hún fékk ekki nema litilfjörlega barnaskólamentun á yngri árum, en hún jafnaði það alt upp sjálf og varð prýðilega vel að sér, því hún var framúrskarandi vel gefin bæði til munns og handa. Þegar nál og skæri skruppu úr höndum hennar voru þar undir eins komnar bækur og blöð í staðinn og það æfinlega af betra tagi.

Halla sál. var með öllu yfirlætislaus kona og hataði alt þesskonar af hjartans einlægni. Hún sóttist ekki eftir vinfengi manna, en þeir, sem náðu vináttu hennar, áttu hana æfilangt, því gófugri og trygglyndari konu hefi ég ekki þekt ennþá og hefi ég þó lifað 57 ár, og er því söknuðurinn því sáraari oss vinunum og vandamönnunum, sem þektum hana bezt.

Friður sé með moldum hennar! Minning hennar lifir lengi með oss ástvinunum.

1120—24th Ave. N.E., Minneapolis, Minn.

Stefán Pálsson.

Hinir heiðruðu ritstjórar Rvíkur blaðanna eru vinsamlegast beðnir að geta þessarar dánarfregnar. S.P.

Opið stjórnmálabréf

— TIL —

Dr. Sig. Júl. Jóhannessonar.

(Niðurlag).

BANKAMÁLIÐ.

Þá mætti minnast á allan gaura ganginn í því máli. Að vísu ber að játa það, að allstórt hefir verið höggvið á báða bóga, en þó ekki svo, að saman sé jafnandi. Og þegar alt kemur til alls, þá er ég á sama máli og Hkr. um það, að umræður sjálfstæðisblaðanna um það mál bera af hinum eins og gull af eiri. Tökum t.d. Tryggva gamla og Ísaf. Tryggvi líkir B.J. við Mörð Valgarðsson og Gissur Þorvaldsson, segir hann að öllu eins vondan, en miklu minna í hann spunnið en þá. Ísaf. segir um Tr., að það beri öllum landslýð að virða og meta mörg velunnin störf hans í þjónustu landsins, en á því hafi alt af legið grunur, að hann hafi aldrei verið ær um, að standa fyrir peningastofnun landsins. Þetta finst mér vera hverju orði sannara. En Hafsteinsliðar hafa ekki látið sér nægja, að líkja B.J. við Mörð og Gissur. Ónei! Þeir hafa líkt honum við Nero og Caligula, verstu þrælmenni og morðingja, sem veraldarsagan getur um, og nú síðast við Abdúl Hamid Tyrkjasoldán, er steypt var frá völdum í fyrra. Óefað versta fúlmenni, svíkara og morðingja, er uppi hefir verið á síðari öldum. Þess utan hafa þeir margsagt hann "vitskertan", m.fl. álíka orðum. Er hægt að komast lengra ofan í foræði spillingar en þetta?

Ekki vil ég halda því fram, að ekkert sé aðfinsluvert viðvíkjandi aðferð B.J. á þessari bankarannsókn, en að það komi til mála, að líkja honum við verstu þrælmenni sögunnar, nær vitanlega engri átt. Ég er á því, að sjálfsagt hafi verið fyrir nýju stjórnina, að rannsaka bankann, en ég hefði viljað láta fara þá leið, að gera það í kyrþey, nefnil. skipa enga opinbera rannsóknarnefnd. Alt hefði mátt rannsaka eins fyrir því, en hvellurinn orðið miklu minni, í það minsta til að byrja með. Þetta vildu líka margir gætnari menn-irnir í flokknum, t. d. Skúli og Hannes Þ. Og ég er samdóma þér í því, að ráðh. átti að velja í nefndina menn, er voru óháðir með öllu báðum málsaðilum. Þetta var bein skylda, en hennar var því miður ekki gætt. Hinsvegar dylst mér ekki — eftir nákvæm an samanburð beggja málsparta — að frávikna bankastjórnin er stórsek, að ýmsu leyti, enda þótt að sumar ávirðingarnar séu stækk aðar ef til vill full-mikið. Hið aumlega ástand, sem nú virðist vera í Reykjavík, er sjálfsagt að miklu leyti bankanum að kenna. Enda sést það á skýrslu nefndarinnar, að þar álítur hún að fé bankans sé hættast við tapi. — "Spekulantar" eða "brallarar" öðru nafni, — sem oft eru verstu óreiðumenn í peningasökum — hafa verið þar um all-langa tíð í einlægu húsabygginga braski, og flækt aðra með sér út í það, þar á meðal bændur langt ofan úr sveit. Alt bygt, eða mest alt, fyrir lán úr bankanum, og þegar alt hefir verið komið á hausinn, þá hefir bankinn setið með hússkrokkana. Ég hefi þekt persónulega bændur, er voru búnir að búa lengi við allgóðar kringumstæður upp í sveit, en fluttu til Rvíkur með þetta fyrir augum, að fara að "spekúlera" þar í húsabyggingum. Ég þekti t.d. einn, sem bygði hús fyrir 30 þús. kr., er mestalt var lán úr landsbankanum. Eftir litinn tíma fór alt á höfuðið. Maðurinn varð gersamlega eignalaus, og bankinn sat eftir með sárt ennið, — Bankastjórni i vill ekki koma nærri þessu "húalyggingabraski" í "andsvörum" sínum. Hún reynir að snúa sig út úr því, og fer að tala um landbúnaðarlánin. En hér er þó að ræða um eitt aðalskerið, er hún er vitt fyrir að hafa strand að á. Svo ekki meira um þessa að sinni.

EFTIRLITSLEYSI

H. H. með undirmönnum sínum, meðan hann var ráðherra, er eitt af því, sem ómögulegt er annað en telja honum til syndar. Bankarannsóknin er eitt ljóst vitni um þetta eftirlitsleysi. Hann, sem lögum samkvæmt var skyldugur til að úrskurða árlega reikninga bankans, gerir það aldrei í þau 5 ár, er hann var ráðherra. Hann lætur B. Líndal (að öllum líkindum) fá útborgaðan reikning af landsfé, án þess að nokkur fylgiskjöl fylgdu. Því miklu er sennilegra, að B.L. hafi engin fylgiskjöl látið fylgja reikningunum, en fölsuð, en annaðhvort hefir hlotið að vera, eftir því, er fram hefir komið í málinu.

Þá sýnist hann ekki hafa haft mikið eftirlit með, hvernig Guttormur í Geitagerði framkvæmdi umboðsmenskuna, því þegar H.H. veltist úr völdum, varð að reka G. fyrir "margra ára vanskil" á því fé, er honum var trúað fyrir. Og hér hefir líklega verið bragð að, því ekkert Hafsteinsblaðið hefir æpt út af þessari "afsetningu".

Auk þessa hefir það komið í ljós, að nauðsyn hefir borið til, að víkja frá 3 öðrum starfsmönnum fyrir trassaskap eða ótrúmensku. En allir þessir menn voru trúfastir fylgjendur H.H., og Guttormur einn af þeim, er prýddu þingliðið hans.

Eftir þessu að dæma, þá hefði sú yfirsjón sjálfsagt mátt vera stórvægileg, er H.H. hefði látið til sín taka, ef flokksmenn hans áttu í hlut.

SYNDIR HAFSTEINS-FLOKKSINS.

Þegar Hafstein og stjórn hans var búin að sitja við völd rúmt missiri, var sýnt fram á það, — og það hefir ekki verið hrakið með rökum, mér vitanlega — að hún þá strax væri búin að drýgja 6—7 stórar syndir, en sú stærsta var, að hún að óþörfu væri búin að sóa yfir þriðjung úr miljón af fé landsmanna, fyrir flokksstæki, óhagsýni o.fl. í tilhögun á embættum, sem eins og kunnugt er varð mikil breyting á, er H.H. varð ráðherra 1903. Út af þessum syndum var hún kölluð "gaddavirsstjórn", ef ég man rétt. Síðan hefir H.H. og flokkurinn að mínu áliti drýgt eftirtaldar 12 syndir:

1. Hann beitti öllum sínum kröftum og afli til þess að innlima Ísland í danska ríkið. Og þetta er vitanlega höfuðsyndin.
2. Hann vill helzt hækka embættislaun, og viðhalda hinum afar-ranglátu og skaðlegu eftirlaunum (sjá alþingistíðindin 1909).
3. Hann ætti upp hégómagirnd manna með krossa- og nafnbótaveitingum, sem hverjum ærlegum manni ætti að vera andstygð, enda skriðu engir flatari fyrir honum, en flestir af þessum krossuðu mönnum.
4. Skeytti ekkert um, að hafa eftirlit með undirmönnum sínum.
5. Á saurblöð landsins og stendur fyrir og kostar útgáfu þeirra.
6. Bruðlaði fé landsins á báða bóga "með uppskafningslegu tildri", eins og einn Daninn komst að orði eftir konungsförina. Að sumu leyti á líkan hátt og menn í öðrum löndum eru dregnir fyrir lög og dóm fyrir. (Skal útskýra það nánar, ef þörf gerist).
7. Var sérlega hlutdrægur í embættaveitingum og skeytti engu skynsamlegum tillögum að því er það snerti. Má þessu til sönnunar benda á meðferðina á Páli heitnum Briem, Guðmundi Finnbogasyni, séra Haraldi Níelssyni, og þá ekki síst, er hann veitti pólitiskum gæðing sínum bankabókara embættið, þvert á móti tillögum þeirra, er áttu þar ráð um
8. Tók embættismenn frá embættum sínum, um aðalembættisannatimann til að þjóna sér sem flokksmenn, — gerði þetta hvað eftir annað.
9. Vill halda áfenginu kyrru í landinu. Hefir barist fyrir því, og vill berjast fyrir því. Þetta er sagt um H.H. Það sáma mun mega segja um flesta leiðtoga flokksins, og leiðandi menn í honum, utan landlæknirinn, L.H.B. og J.M. Af 15 þingmönnum flokksins greiddu 9 atkv. móti bannlögunum, en 6 með, en aftur á móti ekki nema aðeins 2 af 25 þingmönnum hins flokksins. Mikill meirihluti embættislýðsins á Íslandi eru fylgjendur Hafsteins, og sama er að segja um eftirlaunadátana. En það er einmitt embættislýðurinn fyrst og fremst, sem gengist hefir fyrir félagsskap til að reyna að eyðileggja bannlögin, með þá H. Hafstein og Jón frá Múla í broddi fylkingar (sjá Ingólf 24. júní 1909). Og eina blaðið á landinu (auk Ingólfs), sem vill líá sig til að fylgja þessari stefnu, er eitt af þeim, er Hafsteins flokkurinn gefur út á eigin spýtur, blaðið Norðri á Akureyri.
10. Hefir gert bandalag við mótstöðumenn og óvini ísl. þjóðarinnar, Dani, ekki að eins til að hnekkja sjálfstæðiskröfum þjóðarinnar, heldur einnig til að rægja meirihluta þjóðarinnar í augum Dana. Þessu til sönnunar eru róggreinarnar um sjálfstæðismenn (bæði heila flokkinn og einstaka menn), er úir og grúir af í dönskum blöðum, og framkoma forsprakka Hafsteinskunnar í Höfn á opinberum mannfundum þar.
11. Vildu gefa Dönum heilmikla fúlgu af botnvörpungasektarfé, í viðbót við þau hlunnindi, er þeir hafa af því, að hafa sama rétt til fiskiveiða og landsmenn, og sem Færeyingar t.d. lifa á, að eigi all-litlu leyti, — þó það sé skýlaust brot á gildandi lögum landsins, botnvörpungalögunum frá 1898, er kveða skýrt á um, að allar þessar sektir skuli renna í landssjóð. Sjálfsagt vildi flokkurinn helzt gefa Dönum Ísland með húð og hári.
12. Fótumtróð þingræðisregluna, fyrst með því, að sitja við völd svo mánuðum skifti eftir að vera kominn í stórkostlegan minnihluta við kosningar; en þó einkum og helzt með því, að ætla að sitja í trássi við stóran meirihluta löggjafarþingsins.

Þrettándu syndinni mætti vel bæta við, sem sé þeirri, að H.H. hefir gert tilraun til, að standa sem þrískuldur í vegi fyrir sjálfsögðum réttindum og frelsi, og vísa ég því til sönnunar á stjórnarskrárfrv. það, er hann lagði fyrir síðasta alþingi, og hvorki fól í sér ákvæði um jafnrétti kvenna, eða ákvæði um aðskilnað hinnar þvingandi ríkiskirkju við ríkið. Og þar ætlaðist hann til, að takmarka svo kosningrétt og kjörgengi (til efri deildar) að það væri bundið við 40 ára aldur.

NIÐURLAG.

Hér hefi ég þá sýnt þér Hafstein og hans flokk, í þeim spegli, er búinn til í sjálfum herbúðunum, Myndin er ekki falleg. En hún er sönn, þ.e.a.s., hún er alveg eins og H. og flokkurinn er, og hefir verið í verkinu. Gerist þess þörf, get ég til enn frekari röksemdaleiðslu tilfært í hvaða tölublöðum í blöðum flokksins (ásamt fleiri ritum) er hægt að finna svörtu svívirðublettina, er lýst hefir verið hér að framan. Ég hefi ekkert sagt, nema það, sem ég hefi sannað, og get sannað með því, er stendur svart á hvítum pappírnum, og það nálega eingöngu í blöðum flokksins sjálfs. Og ég hefi sagt þessa sögu, rakið þennan feril vegna þess, að farið var að reyna að verja þennan flokk hér vestan hafs.

En ég þykist viss um, að það var gert af ókunnugleika. Því getur nokkur ærlegur maður — sem vel þekkir til — varið aðra eins framkomu og frammistöðu og hér hefir verið lýst? Ég fæ ekki skilið það. Og er það ekki ósegjanlega mikið og alvarlegt íhugunarefni og áhyrgð, að styðja að því, að svona grautfúinn flokkur komist til valda hjá þjóð sinni? Liggur það ekki nær öllum ærlegum drengjum, að benda honum á, að þessi aðferð dugi ekki, ef hann vill nokkurntíma ná trausti og áliti þjóðarinnar? Hann verði að breyta til. Strika yfir ósannindin, blekkingarnar, hlutdrægnina, ódrengskapinn, róginn m.fl.

Setjum svo, að einhverjir væri samþykkir flokknum í því, að óráð hafi verið að hafna uppkastinu. En getur nokkur verið honum samþykkur, að því er bardagaaðferðina snertir?

Eitt er merkilegt. Eini maðurinn, sem mér vitanlega hefir af ýtrasta megni reynt til að gera H.H. eins smáan og mögulegt hefir verið sem skáld, — beinlínis ráðist á hann á því sviði, — en allir réttsýnir og sanngjarnir menn hljóta að viðurkenna H.H. sem skáld og það sem stórskáld, en því miður sýnist sem sú gáfa hafi hætt að gera vart við sig hjá honum eftir að hann fór að gefa sig við stjórnmálum, — skuli vera sami maðurinn, sem manna mest hefir varið alla hans pólitisku klæki, manna mest hefir skriðið fyrir honum og manna mest hefir verið verkkæri í höndunum á honum. Þessi maður er Þorsteinn Lögrétturitstjóri.

Þú, minn kæri doktor, eða ef til vill einhver annar, segir sem svo: Svona mætti nú fara með þinn flokk líka. En ég staðhæfi, að það sé ómögulegt. Ábótavant kann honum að vera, að sumu leyti, en að hann komist í námunda við þær svívirðingar, er lýst hefir verið hér að framan, því harðneita ég. Og eitt má benda á, og það er, að bæði ég og aðrir flokksmenn þess flokks hafa fundið að og gagnrýnt — og það hispurslaust — þegar einstakir menn úr flokknum hafa hlaupið gönuhlaup; og er það meira en hægt er að segja um einn einasta Hafsteins-liða, austan hafs eða vestan. Það munu engin dæmi til, að einn einasti þeirra hafi fundið að eða gagnrýnt framkomu hans, eða flokksins, hversu fráleit, sem hún hefir verið. Að sjálfsögðu eru þeir hér undanskildir, er voru Hafsteins-menn á fyrri árum, en hafa ekki séð annað fært, en skilja við hann fyrir fult og alt, — í það minsta þangað til hann bætir ráð sitt.

Að sjálfsögðu er það líka meðfram vegna þess, að alt af var öllu sungið lof og dýrð, af Hafsteinsku hjörðinni, að flokkurinn og H.H. er jafndjúpt sokkinn og raun ber vitni um. Og ráðið til að bæta flokkinn og framkomu hans er ekki það, að mæla honum bót, eins og hann er nú, eða verja hann og taka málstað hans, heldur einmitt hitt, að láta hann vita það afdráttarlaust, að þessu framferði sé veitt eftirtekt, og það sé forsmáð og lítilsvirt. Taki hann ekki sinnaskiftum með þessum hætti, þá er víst, að hann gerir það ekki með því, ef alt er varið "í lif og blóðið", því þá er eðlilegt, að hann álíti ekkert athugavert, eða þó hann finni það sjálfur, þá lætur ekkert á því bera. Hver einasti okkar ætti að telja það skyldu sína, að gagnrýna, þegar út yfir rétt eða sæmileg takmörk er farið, og það alveg jafnt, þó í hlut eigi manns eigin flokkur eða flokksmenn. Mér er nær að halda, að þú hefðir aldrei lagt út í, að vinna þetta "skylduverk" (þ.e. að verja Hafsteins-flokkinn), ef þú hefðir þekt hann eins og hann er.

Með vinsemd og virðingu,

Þinn einl.

A. J. JOHNSON.

The Evans Gold Cure

229 Balmoral St. Sími Main 797

Varanleg lækning við drykkjuskap á 48 dögum án nokkurrar tafar frá vinnu eftir fyrstu vikuna. Algerlega privat. 16 ár í Winnipeg. Upplýsingar í lokuðum umslögum.

Dr. D. R. WILLIAMS, Exam. Phys
J. L. WILLIAMS, Manager

ROBLIN HOTEL

115 Adelaide St. Winnipeg

Bezta $1.50 á dag hús í Vestur-Canada. Keyrsla ókeypis milli vagnstöðva og hússins á nóttu og degi. Áhöldunum hús bez s. Viðskifti Íslendinga óskast. OLAFUR G. ÓLAFSSON, Íslendingur, afgreiðir yður. Heimsækið hann. —

O. ROY, eigandi.

A. S. BARDAL

Selur líkkistur og annast um útfarir. Allur útbúnaður sá besti. Enfremur selur hann alskonar minnisvarða og legsteina.

121 Nena St. Phone 306

HEIMSKRINGLU og TVÆR skemtilegar sögur fá nýir kaupendur fyrir að eins $2.00

Giftingaleyfisbréf

selur Kr. Ásg. Benediktsson

486 Simcoe st. Winnipeg.

—THE—

"Arena"

Þessi vinsæli skautaskáli hér í vesturbænum er nú opinn. Ísinn er ágætur. 18DA MOUNTED RIFLES BAND SPILAR Á ARENA. KARLM. 25c.—KONUR 15c.

Chas. L. Trebilcock, Manager.

JIMMY'S HOTEL

BEZTU VÍN OG VINDLAR. VÍNVEITARI T.H.FRASER, ÍSLENDINGUR.

James Thorpe, Eigandi

A. S. TORBERT'S

RAKARASTOFA

Er í Jimmy's Hótel. Besta verk, ágæt verkfæri; Rakstur 15c en Hárskurður 25c. — Óskar viðskifta Íslendinga. —

MARKET HOTEL

146 PRINCESS ST. á móti markaðnum

P. O'CONNELL, eigandi, WINNIPEG

Beztu tegundir af vínföngum og vindl um, aðhlynning góð, húsið endurbætt

Woodbine Hotel

466 MAIN ST.

Stærsta Billiard Hall í Norðvesturlandinu Tíu Pool-borð.—Alskonar vín og vindlar Gisting og fæði: $1.00 á dag og þar yfir

Lennon & Hebb, Eigendur.

Á beztu heimilum

hvar sem er í Ameríku, þar munið þér finna HEIMSKRINGLU lesna. Hún er eins fróðleg og skemtileg eins og nokkuð annað íslenzkt fréttablað í Canada

heiðursins, og að það er stríð, heiðarlegt stríð, sem þroskar og mentar manninn. Ég vil ekki að þú liðir neyð, nei, áður en ég dey ætla ég að gera nokkurar ráðstafanir þér til hagsmuna, til að minka fyrirhöfn þína. Hvað sem þú velur þér, þá skaltu ekki verða einmana og aðstoðarlaus, en þó vil ég ekki, að þú eigir óþarfan auð. Þú hefir heyrt ástæður minar ..... Nú er það þitt að velja.

"Ég er nú að fara af stað til útlanda. Eldri sonur minn fer með mér, því ég vil ekki láta hann vera án eftirlits. Ef ég kem heim aftur úr þessari ferð, skal ég sjálfur eftirleiðis vaka yfir þér, sonur minn, eins og ég hefi gert hingað til, en komi ég ekki aftur, ætla ég að semja erfðaskrá handa þér, eins og ég gat um, til þess þú hafir ákveðna upphæð þér til aðstoðar, ef neyðin kreppir að.

"Vertu nú sæll, elskaði sonur. Ég óska, að þú verðir gæfusamur, þó þú verðir ekki ríkur. Ég hefi greint þér frá ástæðunum fyrir breytni minni við þig. Ég vona að þú viðurkennir gildi þeirra og blessir minningu mína. Ég skil þig eftir í umsjón móður þinnar. Elskaðu hana, Móritz, — og ef ég kem ekki aftur, vertu þá hennar hjálp og huggun.

"Ennþá einu sinni, vertu sæll. Ég óska að þú verðir dygðauðugur, starfsamur og gæfuríkur. — Það er sú innilegasta ósk þíns elskandi föður

Claes Henrik Stjernekrans".

IV.

Valið.

Það var liðin meira en klukkustund, sólin komin upp og orðið albjart fyrir löngu, og ennþá sat Móritz við skrifborðið sitt í djúpum hugsunum.

"Claes Henrik Stjernekrans", sagði hann hátt, um leið og hann leit á undirskriftina á bréfinu, "það var þá nafn föður míns".

"Það er engin furða, þó ég líkist Eberharð greifa, þar eð hann er bróðir minn".

Móritz stóð upp og fór að rölta um gólfið.

"Ég man það", sagði hann við sjálfan sig, "að móðir mín talaði einu sinni um föður minn við mig. Það var sama kvöldið, sem ég hitti Jakob Kron í skóginum, þegar ég sór Hannibalseiðinn gegn hinum ríku eftir kröfu hans. Ég sagði móður minni frá því. Hún varð hrædd og sagði mér, að samkvæmt slíkum eið yrði ég að hata mína eigin ættingja, því ég væri líka sonur auðugs manns.

"En hún sagði mér ekki, að ég gæti síðarmeir gert kröfu til nokkurs hluta af auði hans. Hvers vegna þagði hún yfir því? Hún hefir líklega ekki vitað það, hefir haldið, að allur auðurinn væri inni falinn í ættaróðalinu, sem samkvæmt lögum er eign elzta bróðursins, eða hún hefir máske verið hrædd um, að hún mundi vekja mókandi fýsnir í huga mínum.

"Nú veit ég þetta samt, og nú á ég að velja. Hvað á ég nú að gera?"

"Ég hefi gert það að lífssteinu minni, að brjóta

mér sjálfur braut, af því ég álít slíka braut heiðarlegri en allar aðrar, — og nú kemur auðurinn með sínar tælingar og býður mér hvíld og nautn, í staðinn fyrir starf og framkvæmd.

"Ég er þá greifi ..... ha, ha, ha, það er gaman Ég hefi sjálfur heimild til að bera eitt af þessum hljómfögru nöfnum, að hverra vesaldarlegu kröfu til yfirburða ég hefi svo oft hlegið og fyrirlitið. Móritz Stjernekrans. Það má svo sem heyrast.

"Ha, það er satt. Þetta er nafn morðingja móður minnar, ... og ætti ég að gera það að mínu? Ég á að skifta arfinum með honum, sem bætti fyrir brot sitt með lítilljörlegri sekt .....

"Þegar blóð hennar rann niður á jörðina, og hún — blind og máttvana — hvíldi í faðmi mínum, þá reið hann tilfinningarsnauður og kærulaus framhjá. Hann stöðvaði ekki einu sinni hestinn sinn til að spyrja um, hvernig henni liði.

"Og ég, að bera sama nafn og hann ..... Ó, móðir mín, þá mundi ekki andi þinn svífa lengur kringum ástmög þinn, þá myndir þú harmþrungin hörfa á brott.

"Og auk þess — get ég ekki þolað auðinn? Það er spurningin, sem faðir minn hefir lagt fyrir mig, og beðið mig að íhuga nákvæmlega. Get ég alt í einu haft skifti á fátækt og auð, án þess að spillast af ginningum hans? — Ástríðurnar, sem heima eiga í huga mínum, myndu þær ekki gera vart við sig og vakna, ef þeim veittist þessi drýfjöður?

"Ég veit það ekki, en ég er hræddur um það.

"Faðir minn, ég ásaka þig ekki, ég blessa minningu þína, því ég skil tilgang þinn. Þú hefir viljað gefa mér þann legursta arf — arf, sem er gullinu betri og öllum auð. Það var ekki þér að kenna, að hinn óvænti dauði þinn hindraði þig frá að sjá um það, að ég og móðir mín ekki liðum neyð. Lund-

areinkunn þín hefir verið eðallynd, göfug og mikilhæf.

"Og eldri sonur þinn, — hvernig er hann? Og hvað er það, sem hefir gert hann að því sem hann er? Allsnægtir, svarar þú, og ég trúi þér.

"Og þú, eðallynda móðir mín, nú fyrst kann ég að meta þig. Ég hefi elskað þig og virt minningu þína, en nú dáist ég að þér.

"Í mörg ár áttir þú heima í lélegum kofa á landeign stjúpsonar þíns. Ef þú hefðir viljað, þá gaztu gert kröfur þínar gildandi, þú áttir skjöl, sem sönnuðu, að gifting þín var lögmæt, og þó dóst þú fátæk og yfirgefin án þess að nota þau.

"Og hvers vegna?

"Af því þú hafðir lofað honum, sem þú áttir svo mikið að þakka, að þegja — af því þú elskaðir mig og áleizt, að velferð mín væri óhultari með því að búa við fátækt en auð.

"Hvorttveggja í einu, atkvæðamikil og auðmjúk, barst þú sorg og mótæti, án þess að leyfa þeim að yfirbuga þig. Æfin þín í kofa þessum er nú gleymd af hinum hávaðagjarna múg, sem kærulaus röltir yfir gröf þína, og þó verðskuldar hún miklu fremur endurminningu en margra annara, sem eiga nafn sitt grafið í marmara.

"Faðir minn og móðir!! Sonur ykkar skal verða ykkur samboðinn. Ómerkilegar freistingar rek ég á brott. Ég fyrirlít auðinn og vil ekki einu sinni rétta hendi mína eftir honum.

Móritz greip skjótlega eftir vígsluvottorði móður sinnar, sem enn lá á borðinu, og brá því að ljósinu

Pappírinn var farinn að gulna, og skjal þetta, sem sannaði réttindi hans, hefði orðið að ösku innan fárra augnablika, ef hann hefði ekki hugsað sig um og kápt að sér hendinni sem hélt á því,

Fréttabréf.

RAYMOND, WASH.

Tíðindi eru svo mikil héðan nú um þessar mundir, að margar Heimskringlur þyrftu til að flytja allar þær fréttir. Ég verð því að láta mér nægja, að moða svolitið úr helztu viðburðum, og vonast til, að lesendur taki viljann fyrir verkið.

Það er naumast hægt að minnast á síðasta vetur. Hér kom aldrei neinn snjór, en mikið rigndi með köflum. Vorið var fremur kalt, þar til í miðjan apríl, þá brá til þurka og góðviðra. Aldrei hefir þessi partur Kyrrahafsstrandarinnar lofað legurri framtíð en nú. Hér eru framfarir svo miklar í þessu Pacific County, að aldrei í sögu þess hefir meira verið unnið. Hér gjósa upp nýir bæir og alt verða það miklir framleiðslustaðir. Raymond er bara 7 ára, og er kallaður nú keykhúfa bærinn í ensku blöðunum. Svo hefir hann orðið bráðþroska, að nú hefir hann 9 stórar sögunarmillur og tvö stór kassaverkstæði, eitt gufukatla verkstæði og margar aðrar verklegar stofnanir. Íbúatala bæjarins er nú á fimta þúsund. Tvær nýjar stálbrýr eru í smíðum, önnur yfir Willapa ána, en hin yfir South Fork ána. Þessar tvær vindubrýr draga bæjarstæðið saman í eina heild, og þar af leiðandi auka þægindi, verzlun o.s.frv.

Alt af er að smábætast við okkur, landana hér. Hingað eru nýkomnir frá Pine Valley, Man. E. S. Guðmundsson og hálfbróðir hans B. G. M. Johnson, báðir góðir drengir og löndum hvervetna til sóma.

Íslendingum hér líður öllum vel. Margir þeirra eru orðnir stóreinaðir, þegar tekið er tillit til tímans, sem þeir hafa dvalið hér. — Ríkustu landarnir hér í Raymond og South Bend munu þeir vera: Ólafur Mattson, Kristján Atlason og G. J. Austfjörð, tveir hinir síðarnefndu í South Bend. Ólafur á miklar eignir hér í Raymond, og hefir þó haft þunga fjölskyldu, en börn hans eru nú flest uppkomin, eru myndarleg og stilt. Ein dóttir hans gengur á háskóla, tvær dætur hans eru giftar. Heimili þeirra hjóna er myndarlegt og gestrisin eru þau æfinlega. — Atlason býr í miðjum bænum South Bend. Heimili hans er laglegt og er ávalt, ef svo mætti kalla, áfangastaður allra landa. Á það heimili eru allir velkomnir, eins illir sem góðir, og enginn fer þaðan án þess að þiggja góðgerðir og þægilegt viðmót. — Hinn síðastnefndi, herra G. J. Austfjörð, er maður vel fjáður, af fasteignum og lausafé, eignir hans eru metnar á 15 til 20 þúsund dollars fyrir utan gufuvélar. Hann býr utantil við bænn South Bend á stóru fyrirmyndarheimili. Hann er ekkert ólíkur gamla John Rockefeller, nema hvað hann er meiri mannkærleikans maður, enda bera það með sér greinar hans í Heimskringlu síðastliðinn vetur, þar sem hann talar um, að allir séu bræður, einn líkami, eitt blóð, og sér líki allir sannkristnir menn og geðjist vel að Ungmennafélaginu í Winnipeg. Við höfum beðið með óþreyju eftir fleirum greinum frá herra Austfjörð, samskonar þessari, en ekki orðið svo hepnir að fá þær. Við vitum, að hann meinar það, sem hann skrifar, og aldrei hefir höfðinglyndi hans komið eins bersýnilega fram eins og nú þetta vor, þar hann kostaði hingað vestur stóra fjölskyldu, systur sína, mann hennar og þrjú börn. Byggir síðan handa þeim fjárskalega vandað nýtízku hús, með afarsterkum undirstöðum (grunni), og kaupir þeim hjónum svo alla búslóð og innan húss muni. Ég veit ekki, hvort þetta er gjöf eða lán upp á rentur og afborganir. Líklega þó, að síðari tilgátan sé nær sanni, og víst er um það, að margur hefir fengið þakkarávarp í blöðunum fyrir minna, því svona hjálpsemi verðskuldar viðurkenningu, sem ég ímynda mér að þessi hingað nýkomnu hjón láti ekki hjá líða að minnast. Vel væri nú hin íslenzka þjóð skipuð, ef hún ætti fleiri svona mikla höfðingja.

Íslendingur No. 3.

MARSHLAND, MAN.
8. maí 1910.

Heiðraði ritstjóri.

Það er mjög sjaldan eða helzt aldrei, sem menn láta til sín heyra úr þessu bygðarlagi. og er slíkt leiðinlegt, svo ég held óg verði þá að rjúfa þögnina og láta það eitthvað heita.

Bygðin okkar hún er fámenn og og þar af leiðandi minni viðburðir en annarsstaðar í hinum ýmsu nýlendum þar, sem fjölmennið er meira. Mönnum líður nú yfirleitt fremur vel, eftir því sem vonast má eftir, en þó gæti það verið betur, ef viljakrafturinn væri meiri og betri en hann er, — ég á við jarðræktina. Það er hún, sem kemur mönnum betur áfram en nokkuð annað, ef hún er stunduð með áhuga og kappi. En það virðist vera, að hún sitji hér á hakanum fyrir griparæktinni, sem óneitanlega er og hefir verið frá því fyrsta mikið arðminni en nógu fyrirhafnarsöm. Ekki þarf að óttast hér sumarfrostið, það hefir ekki komið hér enn þá, svo ég viti til, og getur jarðrækt þrifist hér þess vegna. Afstaða nýlendunnar er mjög góð, ekki hægt að segja annað en að við séum vel settir, þar sem við getum keyrt á einum degi til Portage la Prairie með afurðir okkar, ef okkur svo sýndist. Við höfum ávalt lifað í þeirri von, að löndum fjölgaði hér eftir því, sem fram liðu stundir, en það gagnstæða á sér stað. Það er alt af að ganga á limina hans Björns míns, menn eru alt af hér að smátína tölunni og flytja burtu.

Það er ekki fyrir ókost nýlendunnar að menn flytja burt, langt frá því. Það eru heimilisréttarlöndin, sem valda þeim útflutningi.

Hér eru Bandaríkja auðmenn daglega á ferðinni að skoða land og kaupa.

Telja má það með framkvæmdum, að hér er verið að veita öllu vatni úr flóanum, og opnast þá mikið og gott jarðræktarland fyrir menn, sem vilja ná í plóglönd.

Hér er alt fult af fjöri og lífi á veturna, þegar unga fólkið er heima. Svo endaði veturinn með því, að hér var haldin rausnarleg brúðkaupsveizla og voru í þeirri veizlu á annað hundrað manns. Tvær ungar persónur giftu sig: Herra Sigurjón Anderson og ungfrú Margrét Stevenson. Fyrir brúðhjóna minni töluðu herra Nikulás Snædal og séra Bjarni Thorarinsson. Sömuleiðis var brúðhjónunum flutt kvæði af Ólafi Guðmunds syni. Skemtunin var hin ákjósanlegasta, veitingar bæði miklar og góðar. Þegar fyrsti sumardagur ljómaði, var þessu ánægjulega gleðiboði slitið og brúðhjónin ungu héldu til heimilis síns í bænum Gladstone með lukkuóskir allra.

Kvæði það, er Ólafur Guðmunds son flutti brúðhjónunum, er á þessa leið:

Hví er nú alt svo bjart í bóndans ranni,
og bros á vörum, andi manns svo hress?
Hér hefir ung og fögur mey hjá manni
sér mikilvægan tekið lífsins sess.—
Þú gerðir vel með orðið orkurika áfram að skapa það sem reið á mest,
því hefði konan ekki komið líka,
hvað mundi starfið hafa lofað bezt?
Þú átt þar beztan sessunaut við borð,
sem á má treysta í hverri raun og þraut,
hún ber sinn þunga í dagsins starfi stríðu
og stráir blómum þína á tímans braut.
Það bregst svo oft að konan kær sé mönnum,
sem kunna ekki að greina dygð og tál, —
en littu á hana í lífsins kyrð og önnum,
sem líknargjöf, á meðan þú átt sál.

Ég ber þá von, þið blessun öðlast megið,
sem byrjað hafið nýtt og fagurt skeið;
fyrrum sporið ýmsa í átt gat legið,
en nú er gatan ein og beggja leið.
Munið þá, að haldast vel í hendur á heimsgöngunni, bæði í sókn og vörn.
Því guð er með, ef stjórn er rétt og stendur, —
hann styrkir líka hver sín óskabörn.

Og nær sem þetta helgiheit er unnið:
hvert með öðru að lifa í gleði og sorg,
þá er blessað bernskuskeiðið runnið
og búið að mynda hverja spilaborg. —
En hvað alt er létt og liúft hér inni,
það lyftir hug og gefur fjör í mál.
Nú bið ég guð að blessa þetta minni, —
svo brúðhjónanna ungu drekk ég skál.

Marshland-búi.

Það er alveg víst, að Það borgar sig að auglýsa í Heimskringlu.

Dánarfregn.

Þess hefir áður verið getið í New Westminster blaðinu Columbian og sömuleiðis Baldur Gazette að Jónína Þóra, kona Þorkells Jónssonar Sveinbjörnssonar Oddstað, andaðist að heimili sínu, Crescent P.O., B.C., þriðjudaginn 1. marz sl., eftir langvinn veikindi (lungnatæring). Hún var fædd á Íslandi 27. júlí 1877. Sama ár fluttist hún til Canada með foreldrum sínum, herra Kristjáni Árnasyni og konu hans Þóru Jónsdóttur (Mr. og Mrs. C. Anderson), Baldur, Man. Þau voru með fyrstu innflytjendum til Manitoba og hafa verið búsett þar síðan.

Jónína Þóra sál. giftist eftirlifandi manni sínum, Þorkeli Jónssyni, 15. júní 1897. Árið 1903 fluttu þau hjón vestur að Kyrrahafi, og settust að á landi nálægt Crescent P.O., hvar þau hafa dvalið síðan.

Þau eignuðust 3 börn, sem öll lifa, ein stúlka og tveir drengir.

Hún var jarðsungin í Blaine, Wash., af séra Seely þann 4. marz. Fjöldi fólks var við jarðarförina og kistan prýdd blómum. Daginn áður flutti sami prestur húskveðju að heimili hinnar framliðnu.

Jónína Þóra heitin var góð kona og ástrík móðir, jafnlynd og dagfarsgóð, stilt, orðvör og vinföst. Hún bar sín löngu og ströngu veikindi með stakri þolinmæði og kristilegu jafnaðargeði.

Hennar er sárt saknað af eftirlifandi manni hennar og börnum, sem og foreldrum hennar og öðrum vandamönnum og vinum.

J. S.

Hefir þú borgað Heimskringlu?

"Andvökur"

LJÓÐMÆLI EFTIR
Stephan G. Stephansson
Kosta, í 3 bindum, $3 50, í skrautbandi.

Tvö fyrri bindin eru komin út, og verða til sölu hjá umboðsmönnum útgefendanna í öllum íslenzkum bygðum í Ameríku.

Í Winnipeg verða ljóðmælin til sölu, sem hér segir:

Hjá Eggert Jóhannssyni, 689 Agnes St., EFTIR KL. 6 AÐ KVELDI.

Hjá Stefáni Péturssyni, AÐ DEGINUM, frá kl. 8 f.h. til kl. 6 að kveldi, á prentstofu Heimskringlu.

Hjá H. S. Bardal, bóksala, Nena St.

Utanbæjarmenn, sem ekki geta fengið ljóðmælin í nágrenni sínu, fá þau tafarlaust með því að senda pöntun og peninga til Eggerts Jóhannssonar, 689 Agnes St., Winnipeg, Man.

THE DOMINION BANK
HORNI NOTRE DAME AVENUE OG SHERBROOKE STREET

Höfuðstóll uppborgaður: $4,000,000.00
Varasjóður - - - $5,400,000 00

SPARISJÓÐS DEILDIN:
Vér veitum sparisjóðs innleggjendum sérstakt athygli, og borgum hæztu vexti á sparisjóðs innleggjum af $1.00 og yfir. — Barna innlegg velkomin. — Seljum peningaávísanir á ÍSLAND.
H. A. BRIGHT, RÁÐSMAÐUR.

Með því að biðja sérstaklega um "T.L. CIGAR," þá ertu viss að fá ágætan vindil.
T.L. CIGAR
(UNION MADE)
T.L.
Western Cigar Factory
Thomas Lee, eigandi Winnipeg

Vitur maður er varkár með að drekka eingöngu HREINT ÖL. Þér getið jafna reitt yður á
DREWRY'S
REDWOOD LAGER.
Það er léttur, freyðandi bjór, gerður eingöngu úr Malt og Hops. Biðjið ætíð um hann.
E. L. DREWRY, Manufacturer, Winnipeg

STRAX Í DAG er BEZT AÐ GERAST KAUPANDI AÐ HEIMSKRINGLU. — ÞAÐ ER EKKI SEINNA VÆNNA.

Manitoba á undan.

Manitoba hefir víðáttumikla vatnsfleti til uppgufunar og úrfellis. Þetta, hið nauðsynlegasta frjógunarskilyrði, er því trygt.

Ennþá eru 25 milión ekrur óbygðar.

Íbúatal fylkisins árið 1901 var 225,211, en er nú orðið um 500,000, sem má teljast ánægjuleg aukning. Árið 1901 var hveiti og hafra og bygg framleiðslan 90,367,085 bushela; á 5 árum hefir hún aukist upp í 129,475,943 bushel.

Winnipeg borg hafði árið 1901 42,240 íbúa, en hefir nú um 150,000; hefir nálega fjórfaldast á 8 árum. Skattskildar eignir Winnipegborgar árið 1901 voru $26,405,770, en árið 1908 voru þær orðnar $116,106,390. Höfðu meir en þrefaldast á 7 árum.

Flutningstæki eru óviðjafnanleg,— í einu orði sagt, eru í fremsta flokki nútíðartækja: Fjórar þverlandsbrautir liggja um fylkið, fullgerðar og í smíðum, og með miðstöðvar í Winnipeg. Í fylkinu eru nú nálega 4 þúsund mílur af fullgerðum járnbrautum.

Manitoba hefir tekið meiri landbúnaðarlegum og efnalegum framförum en nokkurt annað land í heimi, og er þess vegna ákjósanlegasti aðsetursstaður fyrir alla, af því þetta fylki býður beztan arð af vinnu og fjárleggi.

Skrifið eftir upplýsingum til: —

JOS. HARTNEY, 77 York Street, Toronto, Ont.
JOS. BURKE, 178 Logan Avenue, Winnipeg, Man.
A. A. C. LaRIVIERE, 22 Alliance Bldg., Montreal, Quebec.
J. F. TENNANT, Gretna, Manitoba.

J. J. GOLDEN,
Deputy Minister af Agriculture and Immigration, Winnipeg.

"Þetta er ekki hyggilegt", sagði hann við sjálfan sig, "vottorðið getur orðið mér að gagni seinna".

"Ég ætla fyrst um sinn að geyma þetta vottorð, þó ég ekki noti það".

Hann lagði skjölin í umbúðirnar aftur og lét svo böggulinn ofan í skúffu.

"Svona", sagði hann, "þarna skalt þú geymd, freistni. Mig skaltu ekki oftar tæla".

"Heimurinn mundi kalla mig heimskingja, ef hann vissi, hverju ég hefi fleygt frá mér, af því hann þekkir ekkert æðra takmark fyrir lífskeppnina en gullið. En hann má segja, hvað hann vill, þegar ég vil ekki nýta það, sem ef til vill bakaði mér ógæfu, þá er ég að breyta rétt".

Hugsanir þessa unga stúdents trufluðust nú við þungt fótatak í stiganum, sem gaf til kynna, að einhver væri að koma.

Og inn kom húseigandinn, borgarráðsmaður Bogreen.

Bogreen ráðsmaður var, það sem menn í daglegu tali kalla, blóðsogari, — maður, sem hafði gert það að lífsstefnu sinni, að græða á stúdentum, og áleit allar aðferðir, sem miðuðu að því að ná þessu takmarki, löglegar.

Það voru margir blóðsogarar í Uppsölum, en Bogreen ráðsmaður var meðal hinna verstu. Auk þess að hann lánaði öðrum peninga gegn háum vöxtum, léði hann einnig stúdentum húsgögn gegn afarhárri leigu, sem þeir neyddust til að borga af því þau fengust ekki annarstaðar.

Bogreen ráðsmaður var óvanalega lítill maður, hústinn að vexti, með vingjarnlegt og brosandi andlit.

"Góðan daginn, ungi herra, afsakaðu að ég trufla þig svona snemma", sagði ráðsmaðurinn.

"Það gerir ekkert, herra ráðsmaður, gerðu svo vel og fáðu þér sæti".

"þakka þér fyrir. Ég átti annars dálitið erindi, þig grunar máske hvernig það er?"

"Þú hefir ekki fengið leiguna fyrir síðasta mánuðinn", sagði Móritz, "ég veit það, en þú verður að biða hálfan mánuð enn".

"Get ekki beðið lengur", svaraði ráðsmaðurinn, "hélt þú værir áreiðanlegur maður, hefði annars ekki tekið þig á mitt heiðvirða heimili".

Þessi heiðvirði ráðsmaður slepti vanalega fornafninu, þegar hann talaði um sjálfan sig. Hann virtist hafa óbeit á, að nefna orðið ég. En þetta var líka það eina, sem eigingirni hans náði ekki til.

"Ég vil vera áreiðanlegur", sagði Móritz, "en jafn fátækur maður og ég er, getur ekki ávalt staðið í skilum á ákveðnum tímum. Eins og ég sagði, þú verður að bíða".

"Ég verð að segja þér", sagði ráðsmaðurinn, "að þá hlýt ég að snúa mér að formanni háskólans. Eins og þú veizt, verður hver að fá sitt".

"Snúðu þér að hverjum, sem þú vilt", sagði Móritz, "en láttu mig í friði".

Hann benti honum á dyrnar.

"Þú ert ókurteis", sagði litli ráðsmaðurinn, bláaf reiði, "og getur þó ekki borgað leiguna. Þú rekur mig út úr herbergi því, sem þú hefir ekki borgað fyrir".

"En sem ég vil borga", svaraði Móritz kuldalega. "Gerðu svo vel að fara, herra ráðsmaður".

"Nei, ég fer ekki fyrr en ég fæ peninga".

"Hvað gengur hér á?" spurði Hólm, sem kom inn í þessu. "Hvað vill ráðsmaðurinn?"

"Ó, hann heimtar leiguna sína", svaraði Móritz, "og hótar að kæra mig fyrir formanni háskólans. "Ég er sem stendur peningalaus, eins og þú veizt".

"Hver er upphæðin?"

"Tíu ríkisdalir", svaraði ráðsmaðurinn.

"Ég fékk dálitið af peningum með póstinum í dag", sagði Holm. "Það er betra að þú skuldir mér heldur en þessum karli. Littu á, herra ráðsmaður, og farðu svo fjandans til".

Hann tók upp vasabókina sína og rétti honum peningana.

"Mér þykir slæmt, að vera þér til byrðar, vinur minn", sagði Móritz, "en ég vona að geta borgað þér bráðum".

Bogreen ráðsmaður stóð enn við dyrnar.

"Hvað gengur að þér, ráðsmaður?" sagði Hólm, vondur í skapi. "Þú hefir fengið það, sem þú kraðst, því ferðu þá ekki?"

"Humm. ..... Þú vilt líklega ekki borga þessa mánaðar leigu líka fyrir hr. Sterner?" spurði ráðsmaðurinn. "Um þetta leyti hefi ég margt að borga, og verð því að ná peningum þar sem ég get".

"Farðu út", sagði Móritz reiður. "Þú hefir enga heimild til að heimta leiguna fyrr en mánuðurinn er liðinn, samkvæmt samningi".

"Ég veit það, en ímyndaði mér samt —"

"Ímyndaðu þér hvað þú vilt, en farðu nú, annars", hann lézt ætla að reiða til höggs hendi sína.

Ráðsmaðurinn varð hræddur, opnaði dyrnar og fór út þegjandi, en þegar hann þóttist kominn nóga langt, jós hann úr sér skammayrðum yfir ungu mennina.

Þeir hlóu og létu hann skammast stutta stund, en þegar Móritz þótti nóg komið, greip hann vatnskönnuna og hellti vatninu úr henni yfir ráðsmanninn, þar sem hann stóð í stiganum.

Þetta hafði þær afleiðingar, að ráðsmaðurinn snautaði burt eins og votur hundur, en gleymdi þó ekki, að hóta þeim að kæra þá fyrir skólastjóranum.

"Hana þá", sagði Hólm um leið og hann settist á legubekkinn, "þar losnuðum við við þenna lubba. Það er fæðingardagur þinn í dag, Móritz, og ég kem til að óska þér til lukku".

"Viðurkendu að þú komir til að heyra erfðaskrá föður míns, sem við töluðum um í gær", sagði Móritz. "Ég sá glögt, að þú varst mjög forvitinn".

"Nú, jæja, ég skal ekki neita því. Hefirðu lesið þessi skjöl?"

"Já".

"Og innihaldið?"

"Var mjög óvænt, það verð ég að játa. — Þú ert vinur minn, Hólm, er það ekki?"

"Í lífi og dauða".

"Og ég má reiða mig á þögn þína, ef ég trúi þér fyrir markverðu leyndarmáli?"

"Verðskulda ég slíka spurningu, Móritz?" spurði Hólm alvarlegur. "Hefirðu nokkra ástæðu til að efast um mig?"

"Nei, ég trúi þér", sagði Móritz, "og þess vegna skalt þú líka verða sá eini, sem fær að þekkja þetta leyndarmál".

Móritz opnaði skúffuna og tók upp pakkann, sem Hólm athugaði með eðlilegri forvitni.

"Svipur þinn er svo dularfullur, Móritz", sagði hann, "að þú gerir mig fram úr hófi forvitinn. — Þessi skjöl hafa þá margt markvert að geyma?"

"Hefði þig getað grunað", sagði Móritz, "að ég gæti látið kalla mig greifa, þegar mér þóknaðist, og auk þess tekið að erfðum allmikla fjárupphæð eftir föður minn?"

"Þú ert að gera að gamni þínu, Móritz".

"Og ennfremur", sagði Móritz brosandi, "trúirðu því, að þrátt fyrir þetta hefi ég ákveðið að halda áfram að vera fátækur, eins og ég hefi verið, og að bera sama nafn og ég hefi hingað til borið? Allir

HANN SVER SIG Í ÆTTINA

greinarstúfurinn í Ingólfi 24. marz þ. á., og sem birtist í Heimskringlu 28. apríl sl.

Að það geti kallast ritdómur um nokkra einstaka bók, er alger fjarstæða, og þó ætlast greinarhöfundurinn að líkindum til þess.

Ritsmíði þetta er að eins persónulegar skammir og illkvitnis aðdróttanir, fyrst og fremst til allra Vestur-Íslendinga og þar næst til allra þeirra, sem eru svo óheppnir(!) að eiga sér aðsetur einhverstaðar í Ameríku.

Stráksskap og gífuryrðum er hrúgað svo þétt saman í áminstri grein, að engum nema höfundinum er trúandi til, að koma fyrir jafnmiklum óþverra í ekki lengri blaðagrein. "Það verður hverjum að list, sem hann leikur".

Vanþekkinguna, sem allstaðar grisjar í í grein þessari, reynir höfundurinn að hylja hroka og fúkyrðum, af þeim á hann ótakmarkaða fúlgu.

Hann slær um sig með svo ógeðslegum hætti, að flestum verður að spyrja:

Hver er hann, flórkálfur sá, sem lyktar svo megnt?

Mönnum verður erfitt að svara því, höf. hefir ekki nógu mikið siðferðislegt þrek til þess að koma allur fram í dagsljósið, svo hann ekki yrði dæmdur af sínum eigin verkum. Lúaleg bardaga-aðferð "J." minn "G."

Miklar líkur benda til, að maðurinn sé Jónas (leir)-skáld Guðlaugsson, að minsta kosti ætla ég að tala við hann sem slíkan.

Ritdómurinn(?) umtalaði hefir ekkert til sins ágætis nema það eitt, að hann lýsir undur glöggt lega sálarlífi og mentunarþroska þess manns, er hann hefir skráð.

Hann bregður upp mýnd af hálflærðum, ómentuðum manni, sem fyrir eigin handvömm og óverðskuldað lof nokkurra óaðgætinna rithöfunda hefir fengið þá slæmu flugu í höfuðið, að hann sé sjálfkjörinn dómari í heimi bókmenntanna, ekki að eins með sínni eigin þjóð, heldur einnig þeim þjóðum, sem hann að eins þekkir að nafninu.

Þessi maður hefir auðsjáanlega einhverja óljósa hugmynd um, að það hafi einhverntíma verið til einhversstaðar maður, sem hafi heitið Longfellow, og að hann hafi verið skáld. Þar endar þekkingin.

"Mikill menn erum vér, Hrólfur minn", og eigi skyldi slíkum manni til ámælis talið, þó digurt sé mælt.

En þarna endar nú hin bókmentalega þekking J.G., ef dæma má mannin af verkum hans, sem ávalt er álitinn óvilhallur mælikvarði.

Mér dettur ekki í hug að neita því, að til séu leirskáld meðal okkar Vestur-Íslendinga. Jú, þau eru til hér, og þau eru til heima á ættjörðu vorri, og æskilegt væri, að margt af því, sem birtist á prenti meðal Íslendinga beggja vegna hafsins, sæi aldrei dagsljósið. En mér er spurn: Eiga allir að gjalda þeirra fáu, sem endrum og eins gera sig seka í því, að flekka bókmentir vorar?

Er það ekki öfug réttvísi, að sökum þess, að tveir, þrir hegningarverðir sökudólgar finnist með einni þjóð, að hún öll (þjóðin) sé dæmd dauðasek?

Væri nokkurt vit í að segja, að vegna þess að J.G. er leirskáld séu allir austur-íslenzkir bragsmiðir einnig leirskáld?

Er nokkur sanngirni í því, að sökum þess að J.G. — af mentunarskorti eða öðru verra — þekkir ekkert inn í bókmentalíf einnar þjóðar, að sú þjóð sé sneidd öllum bókmentahæfileikum, og allir ljóðsmiðir, sem tilheyra þeirri þjóð séu leirskáld?

Væri það, til dæmis, góð og gild ástæða fyrir mig, að ráðast á, segjum, þjóðverja í opinberu blaði og fullyrða, að allir þeirra rithöfundar og skáld séu og hafi verið leirskáld (að undanskildum ef til vill Heine og Göthe, af því ég hefi heyrt aðra segja, að þeir hafi verið skáld), — bara fyrir þá einföldu ástæðu, að ég get ekki lesið eða skilið þýzku?

Ég mundi gera mig að athlægi allra sanngjarnra manna, og það að verðugu.

J.G. hefir gert sig að athlægi í augum allra manna, sem hafa nokkra minstu bókmentalega þekkingu, og flestum mun koma saman um, að hafi hann (J.G.) með höndum bækur enskra eða amerískanskra rithöfunda, muni það vera meira fyrir gyltan kjöl og vtra útlit, heldur enn innihaldið, að undanteknum ef til vill nokkrum 10 aura "eldhúsrómunum", — þá ætti hann þó að geta fært sér í nyt.

J.G. segir í upphafi greinar sinnar: "Guð hjálpi þeim vesalingum (V.-Ísl.) sé.önnur menning þeirra eftir því (ljóðagerðinni)".

Ég spyr enn: Væri sanngjarnt að dæma austur-íslenzka menðun eða menningu eftir framkomu þessa andlega volaða, hálflærða, stórvrta hrokagikks, J.G.?

Ef svo væri, er íslenzka þjóðin komin á það menningarstig, að sá hluti hennar, sem nú dvelur vestanhafs hefir næga sómatilfinningu að fyrirverða sig fyrir þjóðerni sitt og algerlega afneita því.

En því fer betur, að svo er ekki ástatt, og að Íslendingar eiga fáa J.G. austan hafsins, og enn þá færri hér vestra.

Ólíklegt er, að tilgangur J.G. sé að spilla fyrir sölu ljóðabókar Dr. Sig. Júl. Jóhannessonar, þó er sá tilgangur í beinu samræmi við lyndiseinkunnir mannsins. Á sama tíma er þessi áminsta grein auðsjáanlega rituð í þeim tilgangi, að auka úlfúð og flokkadrátt og vekja enn þá meiri sundrungu en átt hefir sér stað til þessa tíma milli Vestur- og Austur-Íslendinga, og takist honum það, er illa farið.

Ég hefi leitt hjá mér í þetta sinn, að gera samanburð á kveðskap J.G. og þeirra manna, sem hann kallar leirskáld. Ef börf gerist síðar, skal ég óhræddur taka þá hlið málsins. Bezt hefði samt átt við, að birta þann samanburð hér, en ég vona að lesendurnir virði mér til vorkunnar (minsta kosti allir þeir, sem á einhvern hátt hafa kynst ljóðagerð J.G.), — að ég sneiði sem lengst hjá því hvymleiða verki, að gagnrýna og bera á borð fyrir Íslendinga þá andlegu fæðu, sem í ljóðum J. G. felst, — ef óhjákvæmilegt síðar, skal það verða gert.

Óskandi væri, að framvegis þegar þessi J.G. finnur sig knúðan að senda bræðrum sínum vestanhafs kveðju líka þeirri, sem birtist í Ingólfi 24. marz sl., að hann láti nafns sins getið, því þá er hægra, að mæla honum aftur í sama mæli, sem hann hefir mælt oss Vestur-Íslendingum.

P. S. PÁLSSON.

Edward konungur VII.

Öðlingur er Edward látinn,
öðlingur að reynd sem nafni,
öðlingur af alþjóð grátinn,
öðlinganna beztu jafni.

Eftirdæmi gott hann gefur,
gylfum, sem er vert að nota.
Betur enginn buðla hefur
Breta haldið tignarsprota.

Vel hann kunni völd með fara,
vann sér lof á báðar hendur.
Minning hans og virðing vara
veröld þessi meðan stendur.

S. J. JÓHANNESSON.

Kaflar úr bréfum frá Íslandi.

Borgarfirði, 29. febr. '10.

"— — Ósköpin öll eru það, sem nú ganga á, síðan ráðherra vísaði bankastjórninni frá. Hannesar-liðar notuðu ósleitilega tækifærið meðan álit rannsóknarnefndarinnar í bankamálinu ekki kom fyllilega í ljós, — munu vera búnir að villa mörgum sjónir, ekki einungis sínum flokksmönnum, heldur og sumum Björns-liðum líka, — búnir að leiða þá út á þær villigötur, sem menn eiga ei svo hægt með að snúa af. Hér var svo hægt aðstöðu. Þarna áttu í hlut uppáhaldsmenn þjóðarinnar, Kristján og Eiríkur. Á þessa menn trúði þjóðin, vissi ekki af þeirra veiku hlið. En það gleður mig, að engir hér hafa skrifað undir þingrofsáskoranir eða vantrausts yfirlýsingu, þrátt fyrir marg-ítrekaðar tilraunir stjórnar andstæðinga. — Kristján nýbúinn að halda þingmálafund á Akranesi. Af honum hefi ég frétt, að hann hafi marið af með 2 atkvæðum umfram þingrofsáskorun og vantrausts yfirlýsingu. Í Borgarnesi nýlega búið að halda fund. Þar heyri ég sagt að alt hafi fallið í ljúfa löð fyrir Hannesar-mönnum, þar hafði sýslumaður borið upp Miklalanda frumvarpið sæla með góðum árangri".

Borgarfirði, 26. febr. '10.

"— — það sem liðið er af vetrinum er nokkuð harðara en undanfarna vetur. Nú er fannbreiða yfir alla jörð og lítið um haga, — samt mega veður heita góð, landnorðan vindar með vægu frosti nú um tíma. Hér eru nægir hagar fyrir hross, en hýst eru þau samt. Haglaust allstaðar fyrir sauðfé. — Markverðar fréttir engar úr bygðarlaginu. Heilsufar fremur gott og líðan alment góð. Nýdáin Helga Guðmundsdóttir í Svínatungu, — kona Eyjólfs sem var í Hvammi, — rúmt áttræð að aldri.— Nú hefi ég lesið álit rannsóknarnefndarinnar og vörn og andmæli hinnar fráfórnu bankastjórnar. Mín skoðun er, að ráðherra hafi þar misneitt valdi sínu gagnvart bankastjórninni, og víst er um það, að margan góðan liðsmann missir hann úr flokki sínum fyrir slíkt gjörræði — Á bændaskólanum á Hvanneyri eru nú margir myndar bændasynir, einnig er þar Björn Þórhallsson biskups, og virðist slíkt benda á þá átt, að helztu menn landsins líti ekki eins smáum augum á bændastöðuna nú eins og tíðkaðist fyrr á tímum. — Á Hvítárbakka skólanum eru nemendur með flesta móti, og sýnir vaxandi aðsókn skólans, að Sigurður Þórólfsson muni hafa góða kennarahæfileika.

Borgarfirði, 31. marz '10.

"— — Það gerist fátt til tíðinda hér uppi í dölunum. Tíðarfar eftast stirt, snjóar og hagleysur síðan um þrettánda, þó oftast væg frost. Í þessu bygðarlagi er þó hvergi kvartað um heyleysi, enda var heyfengur með langmesta móti. — Lítið er talað um framfarir um þessar mundir. Samgöngur stirðar, færðin slem. Rjómabús félagsfundur var haldinn í Deildartungu þann 15. þ.m. Þar var meðal annara staddur Sigurður ráðunautur og hélt hann fyrirlestur um stofnun nautgriparæktarfélags fyrir Reykholtsdalshrepp, og daginn eftir flutti hann fyrirlestur, talaði þá um dygðir og mannkosti forfeðra vorra á söguöldinni, og sagði ist allvel. Þó fanst mér tæpast eins góð frásögnin hjá honum eins og í sögunum sjálfum. — Mikið er rætt og ritað um ráðherra okkar og bankamálið, síðan hann vék bankastjórninni frá, og eru um það mjög skiftar skoðanir, hvort hann hafi gert rétt eða rangt í því máli. En eitt kemur mér undarlega fyrir, og það er, að allir mótstöðumenn Kr. Jónssonar við síðustu kosningar — frumvarpsmenn — eru nú hinir áköfustu fylgismenn hans. Það er eins og hann hafi stórum vaxið í þeirra áliti við það, að honum var vikið úr stjórn Landsbankans, eða þeir gera það af meðaumkun, — eða þá í þriðja lagi vegna þess, að reyna með því að fá höggstað á ráðherranum. En hvernig, sem þetta mál er skoðað, þá held ég það mætti ganga friðsamlegar en það gerir. Blöðin gera alt, sem þau geta til að villa mönnum sjónir og alt fari sem verst. En illa er slíkt farið, að þeir, sem ættu að leiðbeina þjóðinni, liggja í illdeilum og skömmum og æsa til ófriðar, sem hlýtur að verða til ógæfu fyrir land og lýð. — Víst er það margt, sem bæta mætti og laga á gamla landinu okkar, til að gera það álitlegra, ef menn væru samtaka og eyddu ekki tíma og kröftum í óþarfa deilur og létu ekki persónulegar óvildir og valdafýkn ráða gerðum sínum. En það virðist nú efst á baugi hjá mörgum helztu mönnum landsins. Og þó þeim takist, að koma núverandi ráðherra frá völdum, er óvíst, að betra taki við, því eitthvað má að öllum finna, og óefað er Björn með mikilhæfustu mönnum þjóðarinnar, sem nú eru uppi. Mikið hefir Bandaríkjamanninum fundist um hann, sjá fyrirlestur um Ísland, prentaðan í Lögbergi í vetur. Hvort sumum kann að þykja það oflof eða ekki, þá verður hann samt líklega fyrst metinn að maklegleikum, þegar hann er kominn undir græna torfu"

STUTT ÆFI ÁGRIP MERKISÖLDUNGSINS

Steinólfs Grímssonar,

er dó hjá syni sínum Steinólfi Steinólfssyni, að Mózart, Sask, þann 9. apríl sl.

Steinólfur sál. var sonur merkishjónanna Grims Steinólfssonar og og Guðrúnar Þórðardóttur (prests á Lundi í Lunda-Reykjadal). Hann var fæddur 14. september 1832 í

STEINÓLFUR GRÍMSSON.

Síðumúla í Hvítársíðu í Mýrasýslu á Íslandi, þar sem foreldrar hans byrjuðu búskap, og voru þar 9 ár. Þaðan fluttist hann með foreldrum sínum að Grímsstöðum í Reykholtsdal í Borgarfjarðarsýslu. Þeim hjónum varð 16 barna auðið hvar af 11 náðu fullorðins aldri, og er fjögur af þeim enn á lífi. Tvær systur, Ingibjörg og Svanborg, heima á Íslandi, en í Canada Jófríður og Daniel.

Steinólfur sál. kvæntist í fyrra sinni árið 1854 Guðrúnu Guðmundsdóttur, bónda í Skáney í Reykholtsdal, hvar þau bjuggu í 5 ár. Þaðan fluttu þau að Búrfelli í Hálsasveit, og bjuggu þar ársins 1867. Það ár misti Steinólfur konu sína og hætti búskap. — Þeim hjónum varð þriggja barna auðið. Tvö dóu í æsku, en eitt lifir enn, Grímur bóndi að Mountain, N. Dak.

Árið 1871 gekk Steinólfur að eiga síðari konu sína, Ingunni Runólfsdóttur, ættaðri af Vatnsleysuströnd í Gullbringusýslu. Þau byrjuðu búskap að Hægindi í Reykholtsdal, en fluttu þaðan eftir fá ár að Litla-Kroppi í sömu sveit, og bjuggu þar þangað til þau réðust í að fara til Ameríku sumarið 1882. En þá varð Steinólfur sál. fyrir þeirri sorg, þegar hann kom til Reykjavíkur, að missa konu sína og ungadóttur úr mislingaveiki, er þá geysaði á Íslandi. Og hafði hann þá eftir tvö ung börn, er hann fór með til Ameríku. Hann settist að í Gardarbygð í North Dakota, og bjó hann þar fyrst með frænku sinni, Rannveigu Magnúsdóttur, prests Grímssonar; var hún hjá honum í 3 ar. Eftir það tók dóttir hans við bústjórn, þá barn að aldri, og bjuggu þau saman, þar til hún giftist. Fór hann þá til beirra hjóna og fluttist með þeim hingað til Canada, sumarið 1907, og var hjá þeim þar til síðastliðið haust, að hann fór til sonar sins, sem þá var nýfluttur á bújörð sina rálægt Mozart.

Steinólfur sál. eignaðist 4 börn í síðara hjónabandi. Tvö dóu ung á Íslandi, en tvö lifa hér í bygð, Steinólfur bóndi að Mozart, og Guðrún kona Hjartar Fr. Bjarnasonar, bónda að Wynyard.

Steinólfur sál. var maður vel gefinn bæði til sálar og líkama. Friður sýnum og mannna háttprúðastur. Hann hafði um eitt skeið æfi sinnar ýms embætti á hendi.

Hann var 6 ár hreppstjóri í Hálsasveitarhreppi, og ýms önnur störf hafði hann lengst af á meðan hann var á Íslandi. — Hann var og góður smiður bæði á járn og tré, og vann að því mikið á meðan hann var heima, og eins hér meðan heilsa hans leyfði. Hann var tryggur og vinfastur, en gerði sér ekki alla að vinum. Góður eiginmaður var hann og börnum sínum ástríkur faðir. Sannur höfðingi heim að sækja. Fróður og skemtinn í viðræðum. Mjög vel minnugur og las mikið. Hann átti mikið af góðum bókum, þegar hann fór af Íslandi, en misti þar allar í húsbruna, sem hann varð fyrir á 3. ári sínu í Dakota.

Síðustu ár æfi sinnar var hann mjög bilaður að heilsu, og voru það brjóstþyngsli, sem þjáðu hann. Og þau dróu hann að síðustu til dauða, eftir langt og vel unnið æfistarf.

Blessuð sé minning hans!

Blaðið þjóðólfur er vinsamlegast beðið að taka þessa dánarfregn.

Frændi og vinur hins látna.

Hin rétta trú.

Ef trúirðu á afliið það eina,
sem uppspretta góðleikans er,
þá náðar-bók þarftu ekki neina,
það nægir til eilífðar þér.

Ef hugann og tilfinning hrífur
þess himinsins vermandi blær,
með friðar-byr fleyið þitt svífur
unz farsældar höfninni nær.

Sá byr, hann er stöðugur—sterkur,
að stjórninni lætur vel skeið,
en hvorki fær kirkja né klerkur
þig knúðan um hársbreidd þá leið.

Þorskabítur.

Ókeypis Píanó fyrir yður



Þetta er vort "Louis Style" Piano, fegursta hljóðfæri í Canada. Sent yður til reynslu í 30 daga ókeypis. —

LESIÐ ÞETTA:

STEFNA þessa félags hefir verið, að "fullnægja, eða peningum yðar skilað aftur". Og nú gerum vér það bezta tilboð sem nokkrir Píanó-salar hafa nokkru sinni gert í þessu landi. Það veitir yður fría reynslu hljóðfærisins og kauprétt á því með HEILDSÖLU verði og vægum afborgunum ef þess óskast. Vér biðjum ekki um 1 cent af yðar peningum fyrr en þér eruð alveg ánægðir. —

Tilboð vort

Fillið út og sendið meðfylgjandi "COUPON" og vér sendum yður strax sýnismyndir af vorum ýmsu hljóðfærum með verði hvers þeirra. Þér veljið Píanó, og vér sendum yður það tafarlaust og borgum flutningsgjald; þér reynið það í 30 daga ókeypis. Eftir það getið þér sent það oss á vorn kostnað, eða keypt það af oss með heildsölu verði. Er þetta ekki gott boð?

W. DOHERTY PIANO & ORGAN CO., LTD.,
WESTERN BRANCH, WINNIPEG, MAN. FACTORIES, CLINTON, ONT.

COUPON
W. DOHERTY PIANO & ORGAN CO., LTD.,
286 HARGRAVE STREET, WINNIPEG, MANITOBA.
Kæru herrar! Sendið mér strax sýnismyndir af Piano tegundum yðar, 'með verðlista o' upplýsingum um ókeypis reynslu-tilboð yðar, er sýnir hvernig ég get reynt Píanó-ið um 30 daga, mér kostnaðarlaust.
NAFN:
ÁRITAN

Til sölu.

ágæt bújörð, 160 ekrur að stærð, 2½ mílu frá Mozart, 90 ekrur eru plægðar. 300 dollara timburhús, góð fjós fyrir 30 gripi, stórt korngeymsluhús, gott og mikið vatn í brunni, 4000 trjám plantað við byggingarnar, og girðing alt í kring um landið (2 vírar).

Frekari upplýsingar fást hjá
TH. JÓNASSON.
P.O. Box 57 Wynyard, Sask.

Herra Jón Hólm, gullsmiður að 770 Simcoe St., biður þess getið, að hann selji löndum sínum gull- og silfur-muni og gigtarbelti. — Belti þessi eru óbrigðul við gigt, ef þau eru notuð samkvæmt fyrirskipunum Jóns. Kosta að eins dollar og kvart.

JOHN DUFF
PLUMBER, GAS AND STEAM FITTER
Alt verk vel vandað, og verðið rétt
664 Notre Dame Ave. Phone 3815
Winnipeg

The Farmer's Trading Co.
(BLACK & BOLE)
HAFA EINUNGIS BESTU VÖRUTEGUNDIR.
Einu umboðsmenn fyrir:—
"SLATER" Skóna góðu.
"FIT-RITE" Fatnaðinn.
"H. B. K." prjónafélagið.
"HELENA" pils og 'waist' kvenfatnaði.
Bestu matvörutegundir.
"DEERING" akuryrkju verkfæri o, s. frv.
Beztu vörur Lágt verð
Fljót og nákvæm afgreiðsla.
Farmer's Trading Co.,
THE QUALITY STORE
Wynyard, Sask.

Sherwin-Williams PAINT
fyrir alskonar húsmálningu.
Prýðingar-tími nálgast nú. Dálftið af Sherwin-Williams húsmáli getur prýtt húsið yðar utan og innan. — Brúkið ekker annað mál en þetta. — S.-W. húsmálið málar mest, endist lengur, og er áferðarfegurra en nokkurt annað hús mál sem búið er til. — Komið inn og skoðið litarspjaldið. —
Cameron & Carscadden
QUALITY HARDWARE
Wynyard, - - Sask.

J. J. H. McLean & Co Limited

Vér höfum FLUTT

Vort nýja heimkynni er á horni

Portage Avenue og Hargrave Strætis

J. J. H. McLean & Co. Ltd.,

Cor Portage Ave. & Hargrave
Phone: Main 808.

Fréttir úr bœnum.

Herra Pétur Magnússon á Gimli var hér í borg í síðustu viku. — Hann gerði ráðstöfun til þess, að fá héðan sent til sín til Gimli tafarlaust sitt "Carload" af hverju steinlimi og múrgrjóti, og síðar við hentugleika "Carload" af "Plaster" og "Lath". Hann hefir þegar fengið vél til steinsteypugerðar, og er aðalmaðurinn þar í bæ, sem byggir úr þessum efnum. Hann ábyrgist vandað verk með lágu verði.

Herra Ingi Christjanson, frá Hólar, Sask., var hér í borg í sl. viku. Sagði hann nægilegt regn — og snjófall — hafa nýlega orðið þar vestra til þess að tryggja hæfilegan vökva í jörðu fyrir þroskun korntegunda. Sáningu væri nú nær því lokið og útlitið ágætt — firleitt. Nægileg atvinna hvervetna í bygðinni.

Herra Jóhann Davíðsson, frá Antler, Sask., var í borginni í sl. viku. Sagði sáningu langt komna í sinni bygð og útlit gott með gróður. Lönd fara hækkandi í verði þar vestra og bændum þar líður vel.

Herra Björn Beck, frá Baldur, var hér í borg í sl. viku, á leið til Manitoba vatns í landtöku erindum.

Herra Guðm. Magnússon frá Duluth, var hér á ferð í sl. viku til að finna fóstra sinn Sigurð Guðlaugsson, sem hér dvelur. Guðmundur fór suður aftur um helgina. Hann ætlar bráðlega að flytja sig búferlum vestur að Kyrrahafi.

Herra Jóel Gíslason, frá Baldur, var hér á ferð í sl. viku á leið til Moose Horn Bay, norður með Manitoba vatni, þar sem hann hefir tekið sér heimilisréttarland. Hann hefir dvalið í Argyle bygð um sl. 10 ára tíma, og það Heimskringlu að færa sínum ágætu sveitungum þar svo góða kveðju sína, sem blaðið gæti frekast flutt þeim, og þökk að sama skapi fyrir 10 ára sambúðina þar.

BAZAR

Kvenfélag Únitara safnaðarins heldur BAZAR

Mánudag 30. og Þriðjudag 31. Maí

frá kl. 1 síðdegis í samkomusal Únitara á horninu á Sherbrooke og Sargent strætum. Þar verða til sölu þarflegir og góðir hlutir fyrir karla og konur, með ágætu verði. — Sömuleiðis verða veitingar seldar.

Íslendingadagurinn.

Almennur fundur verður haldinn í neðri sal Goodtemplara hússins kl. 8 fimtudagskveldið 2. júní (í næstu viku) til þess að kjósa nefnd til að standa fyrir Íslendingadagshátíðahaldi 2. ágústmánaðar næstkomandi.

Fráfarandi nefndin leggur þar fram reikningá yfir eignir og sjóð dagsins, og verður prentaðri skrá yfir það útbýtt meðal þeirra, er sækja fundinn.

Gerið svo vel að fjölmenna og vanda til kosninga nefndarmanna.

TH. JOHNSON, forseti
MAGNÚS PÉTURSSON, ritari.

Herra Jóhann Jóhannsson frá Akra, N. D., kom til bæjarins á mánudaginn var á leið til Edmonton í landskoðunar erindum. Hann bjóst við að verða 3 vikur í því ferðalagi. Hann segir kalda tíð syðra. Hveitisáning lokið og hafrasáning langt komin.

Íslendingadagsfundurinn, sem auglýstur var í Goodtemplarahúsinu í sl. viku, var svo illa sóttur, að ekki varð af nefndar kosningu. Nú er á ný auglýstur fundur á sama stað á fimtudagskveldið í næstu viku, 2. júní. Íslendingar ættu að fjölmenna á þann fund og velja vel til nefndar til þess að standa fyrir Íslendingadagshaldi í sumar. Nefndin, sem kosin verður, hefir svo stuttan undirbúningstíma, sem verða má með því að verða kosin nú. Ef fólk vort sinnir ekki hátíðahaldi þessu nógu mikið til þess að sækja fund til þess að kjósa framkvæmdarnefndina, þá getur ekki orðið af hátíðahaldi í sumar. — Heimskringla mælist til þess, að landar vorir finni hvöt hjá sér til að sækja fundinn vel og velja duglega nefnd.

Á öðrum stað í blaðinu er auglýst NECKTIE SOCIAL, sem djáknanefnd Tjaldbúðar safnaðar hefir til arðs fyrir bágstatt fólk. Þangað ættu sem flestir að koma, og hjálpa áfram góðu málefni. — Gleymið ekki orðum hans, sem sagði, að ekki skyldi einn vatnsdrykkur ólaunaður, sem gefinn væri í sínu nafni.

Lesendur eru mintir á BAZAR Únitara kvenfélagsins næsta mánudag og þriðjudag, 30. og 31. þ.m. Konurnar hafa vandað til hlutanna sem þar verða boðnir, og vona að aðsókn verði svo góð, sem málefnið verðskuldar. Ágætar veitingar til sölu. Sjá auglýsingu hér í blaðinu.

1100 Bandarikjamenn komu til borgarinnar á föstudaginn var til að taka sér búlönd meðfram G.T.P. járnbrautinni í Vestur-Canada. Sama dag komu 6 vagnbrautalestir frá Austur-Canada í sömu erindagerðum. — Þetta fólk skilur, að það er hagur, að nú í góð búlönd nú nálægt járnbraut, meðan þau eru enn fáanleg, — en landar vorir virðast ekki hafa vaknað til meðvitundar um þetta, og er það lejtt.

MUSIC RECITAL hafa nemendur Jónasar Pálssonar og Th. Johnsonar í Goodtemplarahúsinu á kveldi þriðjudags 31. þ.m. Þar verða eingöngu þeir lítnir spila, sem lengst eru komnir í piano og fiólin spili. Samkoman ætti því að verða góð, og vel þess virði, að þar sé húsfyllir áhevrenda. Aðgangur ókeypis, — samskot.

"Tag"-dagurinn 19. þessa mánaðar hepnaðist vel. Stúlkur eltu hvern mann, sem gekk um götur borgarinnar þann dag, og seldu "tags". Sjóðurinn sem fékst fyrir þá sölu nam 10 þús. dollars, eða vel það, og verður þeim peningum varið til að byggja sjúkrahæli fyrir þá, sem fjíðst af ólæknandi tæringar sjúkdómi.

Bréf að Heimskringlu eiga: —

Mrs. Sigurbjörg Pálsdóttir.
J. Thorsteinson.
Jón Sigurðsson.
John Breiðfjörð.
Friða Jóhannsson.
R. J. Davíðsson.
Húsfrú Lovísa Benediktsdóttir.
Mrs. Arndís Sigurðsson.

Flest þessara bréfa eru frá Íslandi, og ættu hlutaðeigendur að vitja þeirra strax.

Dr. G. J. Gíslason,
Physician and Surgeon
18 South 3rd Str., Grand Forks, N.Dak

Athygli veitt AUGNA, EYRNA, og KVERKA SJÚKDÓMUM AÐ SAMT INNVORTIS SJÚKDÓMUM og UPPSKURÐI. —

Þrenn aukalög verða borin undir atkvæði kjósendanna hér í borg á fimtudaginn kemur, 2. júní. Þar er beðið um 600 þúsund dollara veitingu til Almenna spítalans. Þar af 400 þúsund dollarar til að auka og bæta sjúkrahússið sjálfit, 100 þúsund dollarar til að byggja skýli yfir tæringarveika og 100 þúsund dollarar til byggingar fyrir þá, sem hafa sóttnæma sjúkdóma. — Íslenzku læknunum öllum er ant um, að hver einasti átkvæðisbær Íslendingur hér í borg greiði atkvæði með þessum aukalögum á fimtudaginn í næstu viku, 2 júní.

Sir Ernest Shackleton, sá sem lengst hefir komist áleiðis að suðurskauti hnattarins, var hér í borg í sl. viku, og flutti fyrirlestur um pólför sína, í Walker leikhúsinu. Canadian Club veitti honum miðdagsverð á laugardaginn var, og þar flutti hann ræðu. sagði frá ástandinu við suðurpólinn og spáði því, að Capt. Scott, sem fer þangað suður frá Englandi þann 1. næsta mánaðar, mundi komast á suðurpólinn um 22. des. næstk., eða nálægt þeim degi. Hann kvaðst mundi gera Canada að framtíðarheimkynni sínu.

Úr bréfi frá Elfros, Sask., dags. 28. apríl sl.: — Héðan úr þessari annáluðu gæðabygð (Vatnabygð) er fátt að frétta, enda skrifar enginn héðan fréttapistil í blöðin. Þó mætti geta þess, að síðan í marz hafa verið hér sífeldir eldar um alla bygðina, og er nú líkast til að sjá og óslitnum, nýplægðum akri. Gripum þarf að gefa eins og um hávetur. Það má heita, að hvergi sjáist óbrunninn blettur. Menn hafa orðið að vaka dag og nótt að verja húsin, og þó hafa fjós víða brunnið og hey. Eldivíður allur brunninn, og meir að segja, grænir popla-toppar hafa logað upp, því hér hefir verið sífelt stórviðri á ýmsum áttum, og þurkurinn óvanalegur um þetta leyti árs. Akurvinna má heita búin. Heilsufar fremur gott. Þó hefir gengið hér víða kvef. Samkomu hélt kvennfélagið hér, sem tilheyrir Mozart P.O., á sumardaginn fyrsta. Bögglasala og dans, og ofurlitið prógram. Veitingar, kaffi með brauði, fríar fyrir alla.

"Recital"

hafa nemendur þeirra Jónasar Pálssonar og Th. Johnsonar í Goodtemplarahúsinu næsta þriðjudagskveld, þann 31. þ.m. Aðgangur ókeypis. Allir velkomnir.

PROGRAM

1. (a) Andante—Gluck.
   (b) Gavotte — Martini.
2. Piano: Polish Dance (Scharwenka)—Master Harold Green.
3. Piano: Mazurka (Moszkowski)—Miss Jakobina Thorgeirson.
4. Violin: Introduction & Polonaise (Bohm)—Master Barnie Loptson.
5. Piano Duett: Oberon Ouverture (Weber)—Miss Jóhanna Olson & J. Pálsson.
6. Violin: Allegro Brilliante (Tenhave)—Miss Clara Oddson
7. Pilgrim Chorus (Wagner)—Miss Caroline Thorgeirsson.
8. Piano: Faust (Gunod-Saint-Saens)—Master Stephán Sölvason.
9. Overture: Lustspiel (Keller-Bela)—Orchestra.
10. Vocal Solo: Selected—Miss Bessie Morton.
11. Piano Duett: Romeo et Juliett (Gounod)—Miss Ruth Kirkpatrick & J. Pálsson
12. Violin: Bohemian Girl (Harris)—Master Laugi Oddson.
13. Piano: March Grotesque (Sinding)—Miss Ruth Kirkpatrick.
14. Piano: Der Freischutz (Weber)—Miss Guðrún Nordal.
15. Violin: Lály Dale (Harris)—Mr. Magnús Magnússon.

Við Andlátsfregn
Bjarna Björnssonar
Keewatin, Ont.

Bjarni jörð er flúinn frá,
fagnar betri kjörum.
Misjafn verður endur á
okkar landnáms fórum.
Ekki hrekk ég upp við það
óhöpp slík þó heyri.
Hann kom skemdur heimanað,
— hafa gert það fleiri.

Veit ég gömlum, vinur minn,
verður örðug ganga,
ef að slær þá ótrygðin
undir báða vanga.

Þegar dauðans yzt við ós
allir bregðast vinir,
hver veit nema leiðarljós
láti birtast hinir.

Heimur þó að hafi spaug,
helzt er fátt til þrifa.
Ef það slitnar insta taug
enginn kýs að lifa.

Dimm er nótt svo dvinar vörn
— dæmum ekki, bræður.
Oft þó breytum eins og börn,
æðra máske ræður.

Svíður ekki sáran fót,
sjálfsagt lifir öndin.
Þú munt fá á böli bót, —
blíð er föðurhöndin.

SIGURÐUR JOHANNSSON.

Norðmenn í Winnipeg héldu árshátíð sína með veglegri samkomu að kveldi 17. þ.m. Prógrammið var gott. Fiólin spil ungfrú Olgu Simonson þótti aðdáanlegt. Hún mun nú talin í röð fremstu fiólinspilara hér í borg. Séra Aastad frá Thief River Falls í Bandarikjunum hafði verið fenginn til að flytja þar ræðu um Noreg, og hélt hann snjalla klukkutíma ræðu um gæði og fegurð landsins, vöfgi þjóðarinnar og þann sæg af heimsfrægum mönnum í öllum greinum, sem landið hafði framleitt. Hann talaði mikið um þjóðfrelsi það, sem landið fékk 1905, og þakkaði það guðsótta og dveðum fólksins. — Söngvar og hljóðfærasláttur, upplestur og annað veitti áhevrendum góða skemtun langt fram á nótt.

FRÁ BRANDON, MAN.

Þann 10. þ.m. andaðist að heimili sínu húsfrú Þórdís Þórðardóttir, 39 ára að aldri, eiginkona Mr. Dagbjarts Andréssonar, sem ásamt 7 börnum syrgir framliðinn ástríkann maka og móðir. Þórdís sál. var fædd á Ísafirði 1878, og giftist eftirlifandi manni sínum árið 1894. Lungnabólga olli dauða hennar. Hún var jarðsungin þann 12. þ.m. og ræður fluttar í heimahúsi og kirkju af séra O. V. Gíslasyni, sem til þess var kallaður með hraðskeyti, og flutti hann svo tvær messur fyrir sófnuðinn á hvítasunnudag 15. þ.m., hina síðari með altarisgöngu.

SKÝRING.

Herra ritstj. B.L.Baldwinson.

Út af fyrirspurn í síðasta tbl. Heimskringlu frá F. Finnssyni, leyfi ég mér að geta bess, að í byrjun desembermánaðar síðastliðins sendi ég skrifurum allra safnaða kirkjufélagsins og sömuleiðis öllum prestum þess prentuð eintök af frumvarpi því til grundvallarlaga fyrir kirkjufélags-sófnuði, sem lagt var fram á síðasta kirkjuþingi, og minti um leið á það, að frumvarpið skyldi lagt fram aftur á næsta kirkjuþingi með bendingum, er kynnu að koma frá sófnuðunum.

Með virðingu yðar
Fr. Hallgrímsson.

Baldur, Man., 20. maí 1910.

FRIÐRIK SVEINSSON

tekur nú að sér allar tegundir af húsmáling, betrekking, o.s.frv. Eikarmálning fljótt og vel af hendi levst. Heimili 443 Maryland St.

Necktie Social.

hefir djáknanefnd Tjaldbúðarsafnaðar næstkomandi mánudagskveld í salnum undir kirkjunni.

Ennfremur stutt prógram, svo sem: —

Cornet Solo—Sarl Anderson.
Violin Solo—Clara Oddson.
Vocal Solo—Alec Johnson.

Og eitt gott stykki frá ónefndum.

Inngangur ókeypis fvrir alla. — Byrjar kl. 8.

Þar verður gott kaffi og gott brauð til sölu fyrir alla, er kynnu að vilja kaupa sér kaffibolla.

Ágóðanum varið til að hjálpa bágstöddum.

Nefndin vonast eftir húsfyllir.

Mólitir Öklaskór

Allir meta þægindin við móleðurs öklaskó í sumarveðri. Þeir verða brúkaðir af mörgu fínt klæddu fólki, sem ekki notar aðra skó að sumrinu.

Kvenskór kosta frá $3.00—$5 00.
Karlaskór kosta frá $5.00—$7.00.

Þessa árs móleður er sérlega fagurt. Móleðurs-skór ættu að fara vel á fæti, og hér fáið þér þá áferðarfegurstu skó, sem til eru í borginni.

Ryan-Devlin Shoe Co
494 MAIN ST PHONE 770

TIL LEIGU

herbergi að 806 Simcoe St. Eins, ef óskað er, þá er þar selt fæði — Komið og skoðið herbergin, og smakkið matinn hjá Mrs. Ingibjörgu Ólafsson.

Atvinna.

Okkur vantar fáeina duglega umboðsmenn í hinum íslenzku bygðum í Manitoba og Norðvesturlandinu til að selja Stereoscopes og myndir. Sendið 75c fyrir umboðsmanna áhöld.

Arnason & Son.
8-4 Churchbridge, Sask.

"Kvistir,"

kvæði eftir Sig. Júl. Jóhannesson, til sölu hjá öllum íslenzkum bóksölum vestanhafs. Verð: $1.00.

Friðrik Sveinsson,
MÁLARI,

hefir verkstæði sitt nú að 245 Portage Ave. — herbergi nr. 43 Spencer Block — beint á móti pósthúsinu. Hann málar myndir, leiktjöld, auglýsingaskilti af öllum tegundum, o. s. frv. — Heimili: 443 Maryland St.

Jóhanna Olson
PIANO KENNARI
557 Toronto St. Winnipeg

Sveinbjörn Árnason
Fasteignasali.
Selur hús og lóðir, eldsábyrgðir, og lánar peninga. Skrifstofa: 12 Bank of Hamilton.
TALSÍMI 5122. HÚS-TALS. 8695

TIL SÖLU:

160 ekrur af bezta landi, stutt frá járnbrautarstöð. — Fyrsti maður með $7 00 fær hér góð kaup. — Finnið

Skúli Hansson & Co.
47 Aikens' Bldg.
Talsími. Main 6476 P. O. Box 833

DR. H. R. ROSS

C.P.R. meðala- og skurðlækuir. Sjúkdómum kvenna og barna veitt sérstök umönnun.
WYNYARD, — SASK.

Dr. M. Hjaltason,
Oak Point, Man.

Anderson & Garland,
LÖGFRÆÐINGAR
35 Merchants Bank Building
PHONE: MAIN 1561.

MARTYN F. SMITH,
TANNLÆKNIR.
Fairbairn Blk. Cor Main & Selkirk

Sérfræðingur í Gullfyllingu og öllum aðgerðum og tilbún aði Tanna. Tennur dregnar án sársauka. Engin veiki á eftir eða gómbólga. —

Stofan opin kl. 7 til 9 á kveldin
Office Phone 6944. Heimilis Phone 6462.

Þarft þú ekki að fá þér ný föt?

EF ÞAU KOMA FRÁ CLEMENT'S, — ÞÁ VERÐA ÞAU RÉTT

Réttur að efni, réttur í sniði réttur í áferð og réttur í verði.

Vér höfum miklar byrgðir af fegurstu og beztu fataefnum. —

Geo. Clements & Son
Stofnað árið 1874
204 Portage Ave. Beint hjá Free Press

Th. JOHNSON
JEWELER
286 Main St. Talsími: 6606

JOHN ERZINGER
TOBAKS-KAUPMAÐUR.
Erzinger's skorið reyktóbak $1.00 pundið
Hér fást allar neftóbaks-tegundir. Óska eftir bréflegum pöntunum.
McINTYRE BLK., Main St., Winnipeg
Heildsala og smásala.

G. NARDONE
Verzlar með matvöru, aldini, smá-kökur, allskonar sætindi, mjólk og rjóma, sömul. tóbak og vindla. Óskar viðskifta Íslend. Heitt kaffi eða te á öllum tímum. Fón 7756
714 MARYLAND ST.

Boyd's Brauð

Þegar þér hatið brauð vor á borðum þá hatið þér það bezta sem búið er til. Þau eru gerð úr bezta hveiti af beztu brauðgerðarmönnum í Canada. Vér spörum engan kostnað til þess að gera brauð vor alfullkominn. Biðjið matsalann um þau, eða snúið til

Boyd's

Bakery Cor Spence & Portage Ave
Phone 1080.

Winnipeg Wardrobe Co.

Kaupa brúkaðan Karla og Kvenna fatnað,—og borga vel fyrir hann.

Phone, Main 6539 597 Notre Dame Ave

BILDFELL & PAULSON
Union Bank 5th Floor, No. 520
selja hús og lóðir og annast þar að lútandi störf; útvegar peningalán o. fl.
Tel.: 2685

Jónas Pálsson,
SÖNGFRÆÐINGUR.
Utvegar vönduð og ódýr hljóðfæri
460 Victor St. Talsími 6803.

J. L. M. THOMSON, M.A., L.L.B.
LÖGFRÆÐINGUR. 255½ Portage Ave.

BONNAR, TRUEMAN & THORNBURN,
LÖGFRÆÐINGAR.
Suite 5-7 Nanton Blk. Tals. 766
Winnipeg, Man. P.O.BOX 223

Húðir og ógörfuð Loðskinn

Verzlun vor er vor bezta auglýsing. Sendið oss húðir yðar og loðskinn og gerist stöðugir viðskiftamenn.
Skrifið eftir verðlista.

The Lightcap Hide & Fur Co., Limited
P.O.Box 1692 172-176 King St Winnipeg
15-5-10

W. R. FOWLER A. PIERCY.

Royal Optical Co.
307 Portage Ave. Talsími 7286.

Allar nútíðar aðferðir eru notaðar við augn-skoðun hjá þeim, þar með hin nýja aðferð, Skugga-skoðun, sem gjöreyðir öllum ágiskunum. —

Heimskringla.

XXIV. ÁR | WINNIPEG, MANITOBA, FIMTUDAGINN, 2 JÚNÍ 1910 | NR. 35

Tvöfalt stærri

er reiðhjólabúð mín nú en áður, og vörubyrgðir og verzlun að sama skapi. BRANTFORD reiðhjólin góðu hefi ég til sölu eins og aðundanförnu með eins góðum kjörum og nokkur annar getur boðið. — Einnig aðrar tegundir af nýjum reiðhjólum sem ég sel fyrir $20. og upp, með "Dunlop Tires" og "Coaster Brake".—Allar aðgerðir og pantanir afgreiddar fljótt og vel. —

West End Bicycle Shop

Jón Thorsteinsson, eigandi

475—477 Portage Avenue.

TALSÍMI: MAIN 9630.

Fregnsafn.

Markverðustu viðburðir hvaðanæfa.

— Gyðingaofsóknir hafa enn einu sinni hafist á Rússlandi, og hefir fjöldi Gyðinga verið rekinn úr landi og hinni mestu grimd beitt við þá á allar lundir, — vopnaðir hermenn ráðast á heimili þeirra á næturþeli, fólkið rekið úr húsunum fáklætt, gamalmenni, sem ekki þykja ferðafær drepin, konur svivirtar og börnum misþyrmt, og með svipum og byssustingjum hefir fólkið verið hrakið út fyrir landamærin. Þeir, sem uppgáfust, vægðarlaust drepnir. — Ástæðan fyrir þessum ofsóknum er talin sú, að stjórnin vill sölsa undir sig eignir Gyðinganna, sem oft eru all-miklar. — Þessar ofsóknir gegn Gyðingunum mælast afarilla fyrir, sem vonlegt er, en Rússar kæra sig kollótta, og fara sinu fram engu að síður.

— Í Danmörku fóru fram kosningar til Fólksþingsins nýlega, og fóru svo leikar, að stjórnin varð í minnihlúta. Hefir því Zahle forsætisráðherra beiðst lausnar fyrir sig og ráðaneyti sitt. Það var hervarnarmálið, sem varð ráðaneytinu að fótakefli. Vinstrimanna flokkurinn, sem fjölmennastur varð við kosningarnar, tekur því við völdum; en þeim flokki heyrði stórþjófurinn Alberti til, sem kunn ugt er. Hið fráfarandi ráðaneyti var frjálslynt mjög, og í því sátu margir af ágætustu mönnum Dana.

— Ljótar sögur fara af ofsóknum gegn kristnum mönnum í Kina. Skrill hefir í mörgum borgum ráðist á hús þeirra, brent þau til kaldra kola og stundum íbúana líka; allar kirkjur og bænahús hafa og gersamlega verið eyðilögð, og margt annað spell gert þeim kristnu til miska, enda flýja þeir nú unnvörpum og leita náðar hjá sendiherrum Evrópu þjóðanna.

— Þýzkur aðalsmaður einn, von Muller að nafni, hefir verið handsamaður fyrir fjölkvæni. Kvað hann hafa gift 30 stúlkum sl. ár, og er það tiltölulega vel af sér víkið á ekki lengri tíma.

— Lögreglan á Spáni hefir fengið veður af stjórnleysingja samsæri einu miklu, sem ákveðið hefir að myrða Alfons Spánarkonung, Manuel Portúgals konung og ýmsa ráðherra þeirra, og hefir nú lögreglan og herliðið úti allar klær til að fyrirbyggja hin áformuðu hryðjuverk, og reyna að handsama samsærismennina.

— Ráðaneytis skifti hafa orðið í Alberta fylki. Rutherford, forsætisráðherra lagði niður völdin síðastliðinn fimtudag, en við stjórnartaumunum tók Sifton yfirdómari, bróðir Cliffords Siftons, sem alþektur er í Canada. Það var járnbrautamála stefna stjórnarinnar, er varð henni að falli.

— Grand Trunk Pacific járnbrautarfélagið hefir pantað 2 þúsund hveitiflutningsvagna, sem eiga að notast til þess, að flytja þessa árs uppskeru út úr kanadiska Norðvesturlandinu. Western Steel Cars and Foundry Company í Chicago á að smíða vagnana. Hver vagn kostar 1600 dollara. — Ennfremur hefir Grand Trunk félagið pantað 500 sérstaka vagna til þess að flytja á þeim mótorvagna, og bendir það á, hve umfangsmikil sú verzlun er nú orðin. Þessir járnbrautavagnar eru svo gerðir, að afturendi þeirra er alveg opinn, svo mótorvagnar geti komist þar inn og út hindrunarlaust. Ennfremur hefir félagið í hyggju, að láta smíða marga stálvagna, sem hver geti flutt 100 þús. pund hveitis í einu,— annars rúma vanalegir vagnar að eins 60 þúsund pund.

— George Westinghouse í Pittsburg í Pennsylvania í Bandaríkjunum hefir nýlega fundið upp það, sem hann nefnir "loftjöður". Það brúkast á sjálfhreyfivögnum til þess að látta þungann á togleðurhringjum þeim, sem umkringja vagnhjólin. Westinghouse segir áreiðanlegt, að þessi uppfundning sin létti 60 prósent af þeim viðhaldskostnaði, sem menn nú hafa við mótorvagna sína. Hugmynd hans er, að hérefitir þurfi ekki togleðurhringi utan um vagnhjólin, heldur megi hafa stálgjörð utan um þau í staðinn, eins og á öðrum vögnum, og að samt verði minni hristingur á vögnunum með loftfjöðrunum, heldur en nú er með togleðurshringunum. Nokkrir vagnar hafa þegar verið búnir til með þessum loftfjöðrum og reynst ágætlega. Uppfundningin er talin sérlega verðmæt og samsvarar því, sem nefnt er "air-brake" á lárnbrautarvögnum.

— Tólf ára gamall býzkur prins bjargaði nýlega frænku sinni, fullorðinni konu, sem hafði dottið í vatn, þar sem henni var ekki stætt. Pilturinn sá atburðinn og henti sér strax í vatnið. Hann var ekki nógu sterkur til að bjarga konunni að landi, en honum tókst að halda henni uppi, þar til hjálp barst, er hann kallaði.

— Þrír ungir menn komu nýlega inn í búð í Ottawa. Einn þeirra sagði við kaupmanninn: "Nefið á þér er alt svart, því þværðu það ekki af þér". Kaupmaðurinn hljóp inn í afherbergi, til að þvo sér, en á meðan stálu þessir náungar 35 dollurum úr búðinni og komust í burtu með féð. Lögreglunni var tafarlaust tilkynt þetta, en hún hefir ekki enn náð þjófunum.

— Fjörutíu þúsund Gyðingar búa nú í Montreal borg. Þeir eru að mynda samtök til þess að koma sínum trúbræðrum í bæjarstjórnina og í fylkisþingið í Ouebec og einnig Ottawa þingið. Í borginni voru að eins 16 þúsund Gyðingar fyrir 9 árum.

— Öll vínsöluhús voru lokuð í Lundúnum 1 klukkustund daginn sem konungurinn var jarðsettur þar. Níu konungar og einn keisari riðu í líkfylgdinni, en mörg hundruð manna höfðu verið settir til að sjá um, að þeir yrðu ekki fyrir neinum óskunda af Anarkista völdum. Alt fór þar vel og siðsamlega fram, og engin tilraun var gerð til ofbeldisverka.

— Mælt er, að Botha herforingi verði fyrsti stjórnarformaður í Suður-Afríku sambandinu. Hann er friðsemdarpostuli og vill koma sættum á með öllum flokkum þar. Talið tvísýnt, að honum takist það.

— Baráttan gegn hvíta mansalinu í New York er alt af að harðna. Fyrir skömmu voru ítölsk hjón dæmd í 5 ára fangelsi og tíu þúsund dollara sekt fyrir að tæla ungar stúlkur frá heimilum sínum og þröngva þeim út á braut siðspillingar. Ein af stúlkum þeim, sem þannig höfðu giptar verið, kom upp um þessi heiðurshjón. Saga hennar var á þá leið, að fyrir rúmu ári síðan komst hún í kynni við ungan, laglegan mann, sem með glæsilegum loforðum tældi hana til að yfirgefa foreldrahús og hlaupa á brott með sér; eiginorðs hét hann henni, en í stað þess að taka hann til prests, sem hann hafði lofað, fór hann með hana til þessara ítölsku hjóna, og varð henni haldið sem fanga meir en mánaðartíma; öll föt hennar voru frá henni tekin, svo hún skyldi eiga ómögulegt að strjúka. Fyrst var farið að henni með góðu og glæsileg framtíð heitin henni, ef hún vildi gera að vilja húsráðenda, en er það dugði ekki, var hörku beitt; var hún ýmist svelt eða lamin með svipum, þar til að lokum hún var yfirbuguð og viljugt fórnarlamb. Allan þennan tíma hafði faðir hennar gert alt mögulegt til að finna hana, bæði með aðstoð lögreglunnar og annara góðra manna, — en árangurslaust. Þar til loksins að honum barst nafnlaust bréf þess efnis, að stúlka, sem svaraði til lýsingunni af dóttur hans, hefðist við hjá þessum ítölsku hjónum. Hann brá strax við, og dulbúinn fór hann til húss þessa. En hver mundi geta lýst þeirri skelfingu, er gagntók huga föðursins, er hann fann dóttur sína þar, ásamt 20 öðrum stúlkum, sem svipað var ástatt fyrir. Með aðstoð lögreglunnar tókst honum að ná dóttur sinni á burt og fá hjónin handsömuð og dæmd, til þeirrar strönguslu hegningu, sem lögin leyfa, þó tiltölulega sé það vægt fyrir slíka fúlmensku.

— Jacques de Lesseps, franskur greifi, flaug yfir sundið milli Frakklands og Englands þann 23. maí sl. Það var niðaþoka þann dag, en samt tókst honum flugið vel, var rúmar 50 minútur á leiðinni.

— Sem eftirmaður Earl Grevs í landstjórasæti Canada var talinn líklegastur hertoginn af Connaught, bróðir hins látna konungs; en vegna konungsskiftanna er nú talið ómögulegt að svo verði.

— Sprenging varð í púðurgerðarhúsi í Northfield, B.C. þann 19. sl. mánaðar. Fimm menn mistu þar líf og húsið skemdist mikið.

ÞAÐ ERU INNVIÐIR RJÓMA SKILVINDUNNAR SEM TÁKNAR GÆÐI HENNAR

Ódýr skilvinda í léttri umgjörð, en vel máluð, getur staðið upprétt af því hún er skrúfuð í gólfið. En "worm gearing" hennar, — spyrjið þér ælðan vélfræðing um það. Hann mun segja yður, að þær geti aðskilið fullvel um tíma, en fyr eða síðar ganga þær úr lagi, og það óhapp ber að þegar verst gegnir, og þér megið sízt teíjast frá verkum. Einmitt þá er MAGNET 'square gear' metið að verðleikum. Það er rétt tilbúið og áreiðanlegt á öllum tímum. Þér tapið aldrei tíma, jafnaðargeði eða hagsmunum, þegar þér eigið MAGNET. Því? Af því að MAGNET hefir "square gear", rent úr einu stálstykki, einstykkisfleytir auðhreinsaðan, stóra skál studda beggja megin (MAGNET einkaleyfi), hreinsunar-sáld; vélin svo léttsnúin, að börn geta gert það. Það má stöðva vélina á 8 sekúndum.

Skoið MAGNET umgerðina, þunga og trausta, — alt er í sterkustu skorðum, svoðskilnaðurinn er fullkominn, hún stendur hvar sem hún er sett. Berið það saman við hinar veikbygðu umgerðir annara véla. Það má táldraga blíndan mann með sögusögnum, en hver, sem sér og íhugar samanburðinn, mun kaupa MAGNET. Það er fullkomin skilvinda, endist 50 ár. Það kostar 1 cent að reyna MAGNET heima hjá yður.

THE PETRIE MFG. CO., LIMITED

WINNIPEG, MAN.

ÚTIBÚ: Calgary, Alta., St. John, N. B., Montreal, Que., Vancouver, B.C., Regina, Sask., Victoria, B.C., Hamilton, Ont.

Þingboð.

Hið Únítariska Kirkjufélag Vestur-Íslendinga heldur hið 5. þing sitt, samkvæmt fyrirmælum síðasta þings, að Mary Hill, Man.

Þingið verður sett fimtudaginn þann 16. júní kl. 9 f.h. í kirkju Mary Hill safnaðar. Hlutaðeigandi fólk er beðið að minnast þessa. Starfsskrá auglýst síðar.

Söfnuðir kjósi erindsreka einn fyrir hverja 15 atkæðisbæra meðlimi, og útbúi þá með kjörbréf samkvæmt fyrirmælum grundvallarlaga félagsins.

S. B. BRYNJÓLFSSON,
forseti.

* * *

Starfskrá þingsins.

15. JÚNÍ

Farið frá Winnipeg kl. 5.20 síðd. Komið til Oak Point kl. 7 síðdegis.

16. JÚNÍ

I. FUNDUR. — Þing sett í kirkju Mary Hill safnaðar, kl. 9 f.h. Skýrslur embættismanna. Skip aðar þingneíndir, kjörbréfa og dagskrár neíndir.

Fundarhlé kl. 1—2.30 e.h.

II. FUNDUR. — Skýrslur kjörbréfa og dagskrár neínda. Nýmál. Ólokin störf frá síðasta þingi. Skýrslur fráfarandi neínda teknar af borði.

Fundarhlé kl. 7—8.30.

Fyrirlestur: "Modernista hreyfingin innan rómverskkaþólsku kirkjunnar", Albert E. Kristjánsson. Umræður til kl. 10.30 e.h.

17. JÚNÍ

III. FUNDUR, kl. 9 f.h. til kl. 1 e.h. Dagskráin. Þingneíndaálit. Útbreiðslumál. Aístaðan við A.U.A.

IV. FUNDUR, 2.30—4. — Dagskráin, framhald mála.

Fyrirlestur: "Unitarismus", séra Guðm. Árnason frá Winnipeg. Umræður kl. 4—6 e.h.

Samkoma að Norðurstjörnu skólahúsi til arðs fyrir söfnuðinn við Otto.

18. JÚNÍ

V. FUNDUR, kl. 9 f.h. til kl. 1 e.h. Dagskráin. Framhald mála.

VI. FUNDUR, 2.30—7 e.h. — Málalok. Skipaðar milliþinganeíndir o.s.frv.

Fyrirlestur: "Kirkjan", séra Rögnv. Pétursson. Umræður klj 8—10.30 e.h.

19. JÚNÍ

Messur fluttar að Mary Hill, Norðurstjörnuskóla og víðar. Nákvæmar auglýst síðar.

VII. FUNDUR, kl. 5—7. — Kosning embættismanna.

Málfundur: Stefán Thorson frá Winnipeg og aðrir gestir þingsins taka til máls. Þingslit. Kl. 5.30—10.30 e.h.

20. JÚNÍ

Farið af stað frá Oak Point kl. 7 f.h., komið til Winnipeg kl. 9 f.h.

Þingið býður alt fólk bygðarinnar velkomið á fund með sér, þó þeir einir hafi þingréttindi, er kjörnir eru erindsrekar. Eftir fyrirlestrunum er öllum heimilt að taka til máls.

OGILVIE'S

Royal Household Flour

Til Brauð og Köku Gerðar

Gefur Ævinlega Fullnæging

EINA MYLLAN Í WINNIPEG,—LÁTIÐ HEIMAIÐNAÐ SITJA FYRIR VIÐSKIFTUM YÐAR.

Fréttir.

— Tveir gufubátar rákust á í Lake Huron, Ont.; annað skipið sökk samstundis og 18 manns druknuðu.

— Ekkjudrotningin hefir beðið Strathcona lávarð, að flytja Canadabúum alúðarþakkir sínar fyrir hluttöku þeirra í sorg hennar við fráfall manns hennar, hins látna konungs.

— Botha, yfirhershöfðingi Búanna meðan á stríðinu stóð við Englendinga, hefir verið útnefndur sem hinn fyrsti forsætisráðherra Suður-Afríku sambandsríkjanna. — En landsstjórinn er, svo sem kunnugt er, Herbert Gladstone, sonur gamla Gladstone, og hefir hann verið gerður að aðalsmanni, en þeirri tign marg-neitaði faðir hans.

— Robert Koch, einn af frægustu læknum í heimi, andaðist föstudaginn 27. maí í Baden-Baden á Þýzkalandi. Hann fékk Nobels verðlaunin fyrir nokkrum árum síðan, fyrir læknisfræðisrannsóknir sínar. Hann heimsótti Winnipeg fyrir tveim árum síðan.

— Eldspítna verksmiðjan í Selkirk brann sl. laugardag. Tjón, er af brunanum leiddi, er talið að nema 21,000 dollars.

— Unglingspiltar í Sharville þorpi í Que., höfðu lagt það í vana sinn að áreita "gipsý" hjón, er þar dvöldu. Eitt sinn, er þeir voru að stríða karli og kerlingu, tók karlinn byssu og skaut í hópinn og drap tvo af ásóknurum sínum. Honum var strax varpað í fangelsi, en kviðdómur sýknaði hann af drápinu.

— Katólskum presti einum í New York var í sl. viku varpað í fangelsi. Hann var ásakaður um dauða konu einnar þar í borg. Konan hafði þjáðst af flogaveiki, og hugðist klerkur að útreka þá illu anda, sem áreittu konuna. Hann gerði það á þann hátt, að eldhita málmhnapp einn, er átti að vera úr kápu Páls postula, og þar af leiðandi helgur dómur mikill og líklegur að gera kraftaverk, en svo fór, að af brunasárum þeim, sem hinn eldheiti hnappur eftirlét á líkama konunnar, að hún dó, — það var kraftaverkið.

— Í ofsaveðri, sem gevsaði um austurströnd Afríku sl. mánudag; er sagt að yfir 500 manns — flest negrar — hafi drukknað, fjöldi skipa farist og annað stórtjón orðið af þeim völdum.

— Krýning Georgs V. er ákveðið að fram fari 24. maí 1911.

— Sparifé Canadabúa jókst yfir 6 miljónir dollara í apríl sl. Bankarnir juku og útlán sín í þeim mánuði um 13½ miljón dollara. — Hvorttveggja þetta bendir á heilbrigt viðskiftalíf í verzlun og iðnaði.

— "Royal Edward" heitir hið fyrsta skip C.N.R. félagsins, sem farið hefir milli Canada og Englands. Það kom til Montreal þann 19. maí, og hafði reynst með hraðskreiðustu skipum, sem farið hafa yfir Atlantshaf; á einum sólarhring fór það til dæmis 480 milur. Skipið er talið ágætt að öllu leyti. Mr. D. D. Mann, meðeigandi C.N.R. félagsins, segir þess ekki langt að bíða, að þeir félagar hafi eins hraðskreið skip á Kyrrahafinu eins og þeir ætla að hafa á Atlantshafi.

TIL LEIGU

3 herbergi, ódýr, að 427 Toronto St.

"Andvökur"

LJÓÐMÆLI EFTIR

Stephan G. Stephansson

Kosta, í 3 bindum, $3.50, í skrautbandi.

Tvö fyrri bindin eru komin út, og verða til sölu hjá umboðsmönnum útgefendanna í öllum íslenzkum bygðum í Ameríku.

Í Winnipeg verða ljóðmælin til sölu, sem hér segir:

Hjá Eggert Jóhannssyni, 689 Agnes St., EFTIR KL. 6 AÐ KVELDI.

Hjá Stefáni Péturssyni, AÐ DEGINUM, frá kl. 8 f.h. til kl. 6 að kveldi, á prentstofu Heimskringlu.

Hjá H. S. Bardal, bóksala, Nena St.

Utanbæjarmenn, sem ekki geta fengið ljóðmælin í nágrenni sínu, fá þau tafarlaust með því að senda pöntun og peninga til Eggerts Jóhannssonar, 689 Agnes St., Winnipeg, Man.

Þriðja bindið er nú á leiðinni hingað frá Reykjavík og kemur væntanlega til Winnipeg innan skamms.

Íslendingar í Gimli bæ minnist þess, að herra Elis G. Thomsen er maðurinn, sem gerir allskonar utan- og innan-húss málningu fljótt og vel. Einnig pappírsleggur hann hús og gerir "Kalsomining".

Wall Plaster

"EMPIRE" VEGGJA PLASTUR kostar ef til vill ögn meira en hinar verri tegundir, —en berið saman afleiðingarnar.

Vér búum til:

"Empire" Wood Fibre Plaster
"Empire" Cement Wall "
"Empire" Finish "
"Gold Dust" Finish "
"Gilt Edge" Plaster of Paris
og allar Gypsum vöruuteg-undir. —

Eigum vér að senda yður bækling vorn?

BÚIÐ TIL EINUNGIS HJÁ

MANITOBA GYPSUM CO. LTD

SKRIFSTOFUR OG MILLUR Í

Winnipeg, - Man.

Heimskringla

Published every Thursday by The Heimskringla News & Publishing Co. Ltd

Verð blaðsins í Canada og Bandar $2.00 um árið (fyrir fram borgað).
Sent til Islands $2.40 (fyrir fram borgað af kaupendum blaðsins hérlendis $1.50.)

B. L. BALDWINSON
Editor & Manager

Office:
729 Sherbrooke Street, Winnipeg
P.O. BOX 3083. Talsími 3512.

Kornhlöðu-nefndin.

Það var þýðingarmikil athöfn, sem fór fram hér í bænum á miðvikudaginn 25. maí 1910. Athöfn þessi var fólgin í því, að þann dag gengu þrir menn fyrir yfirdómara T. G. Mathers og aflögðu embættiseiða sína. Þessir menn voru þeir D. W. McCuaig, W. C. Graham og F. B. McLennan, sem Roblinstjórnin rétt nýlega skipaði til að ráða öllum málum í sambandi við kornhlöðukaup eða kornhlöðu byggingar á kostnað fylkisins, þar sem þurfa þykir, og til þess að stjórna þeim, eftir að þær eru fengnar.

Með þessu hefir stjórnin efnt þau loforð, er hún gaf bændum í fyrra, og efnt þau fljótt og vel.

Framkvæmdarnefnd þessi er skipuð reyndum kornyrkjumönnum. Einn þeirra, — væntanlega formaður hennar, Mr. McCuaig, er einn af stofnendum Kornyrkjufélagsins (Grain Growers Association), hefir verið í stjórn þess félags síðan 1903, og forseti þess síðan 1905. Hinir tveir, Mr. Graham og Mr. McLennan, eru báðir í hópi þeirra manna, er kornyrkjufélagið sjálft til nefndi, sem efnilega menn til að standa í þessari ábyrgðarmiklu og vandasömu stöðu.

Í þessu sambandi er fróðlegt að athuga undirtektir annara stjórna í Canada í þessu máli, máli, sem kornyrkjumenn allir telja lífsspursmál fyrir sína atvinnugrein, aðal-atvinnugrein fylkisins, atvinnugrein, sem velmegun fylkisins hlýtur að byggjast á, að mikla leyti.

Það er "liberal" stjórn, sem ræður lögum og lofum fylkjasambandsins,—í Ottawa. Í vetur er leið var þessi stjórn ítarlega beðin að kasta þjóðeign á, — kaupa, eða láta byggja — "terminal elevators", þ. e. kornhlöður á endastöðvum járnbrauta, þar sem kornið þarf að geymast í fleiri mánuði áður en hafskip taka við því til Norðurálfu flutnings. Endastöðvarnar, sem hér er um að ræða, eru í Fort William og Port Arthur, Montreal og St. John, N. B. Með tíð og tíma verða þær fleiri, en í upphafi hefði ekki þurft meira til að fullnægja þörfum bænda. Og hverju svaraði þá "liberal" stjórnin í Ottawa? Hún svaraði því, að hún að svo stöddu gæti ekki átt við svo umfangsmikið mál. Hún hólkaði það fram af sér eins og fleiri alþýðleg mál.

Í nágranna-fylki voru Saskatchewan ríkir "Liberal"-stjórn, — fyrir náð Lauriers og páfans. Bændur í Saskatchewan heimtuðu þjóðeign á kornhlöðum, ekki síður en bræður þeirra í Manitoba. Og það vildi nú einhvernveginn þannig til, að hin "fiberala" Scott-stjórn í Saskatchewan varð einum degi eða svo á undan Manitoba-stjórninni, með að lofa kornhlöðum, sem fylkið sjálft skyldi eiga og ráða. Þetta Loforð Scott-stjórnarinnar var alveg eins ákveðið og ótvírætt, eins og var loforð Roblin-stjórnarinnar. Hún hafði eins langan tíma til undirbúnings, eins og Roblin-stjórnin, og þing hefir verið háð í Saskatchewan síðan, — öldungis eins og í Manitoba. Fyrir sex mánuðum síðan var ekki ástæða að ætla annað, en granna-fylki þessi eignuðust kornhlöðurnar jafnsnemma. En á þessum sex mánuðum hefir málinu ekki þokað meira áfram í Saskatchewan en svo, að þar er nú nefnd manna að fregna um það hjá bændum, hvort þeir virkilega vilji, að fylkið eignist kornhlöðurnar, og þegar þeir, einusinni enn, svara játandi, þá, hvort þeir hafi þar von um hagnað, eða hvort það sé bara "prinsíps"-spursmál fyrir þeim, að mæla með þjóðeign á þessym tækjum. Þannig stendur þetta áhugamál bænda í Saskatchewan.

Í Alberta ríkir líka "liberal"-stjórn, þó í augnablikinu hallist þar svo á, að tvísýnt sé, hvor endinn verður upp. Sú stjórn var einnig beðin að útvega þjóðeign á kornhlöðum, en hún neitaði. Rutherford gamli er hreinskilinn og drenglyndur, hvað annað, sem að honum mætti finna. Hann fór ekki með fals eins og Scott, en sagði hispurslaust, að hann sæi ekki ástæðu til þessa að svo stöddu.

Af þessum fjórum stjórnum er Roblin-stjórnin sú eina, sem leggur höndina á plóginn og framkvæmir. Hún lofar að vinna ákveðið verk og hún gerir það. Hún boðar forkólfa kornyrkjufélagsins á fund, og segir þeim að semja eða láta semja frumvarp til laga um þetta efni. Það er gert. Frumvarpið er lagt fyrir þingið, rætt, samþykt og staðfest sem lög, með þeim umbúnaði, er erindrekar bænda sjálfir kusu. Stjórninni er heimilað að skipa framkvæmdarnefnd til að annast um öll þessi mál og veitt fé til að launa nefndarmönnum. Og aftur fer stjórnin á fund kornyrkjufélagsmanna og biður þá að nefna hóp manna, er þeir áliti bezt vaxna þessum störfum. Úr þeim hópi velur svo stjórnin þá þrjá menn, sem 25. maí þ. á. öðluðust sína "júridisku" tilveru, sem framkvæmdarnefnd kornhlöðumála í Manitoba.

Þetta er að ganga til verka "með karlmannshug að strönglu starfi". Tíminn og reynslan ein geta sýnt, hvernig þetta reynist, en með reynda kornyrkjumenn við stjórnina og bundna þeim einum skilmálum, að stofnunin beri sig, þá er engin ástæða til að ætla annað, en að þessi stofnun reynist eins happasæl eins og telefón-stofnunin, sem þegar í upphafi gerir betur en borga allan kostnað.

Verndari þjóðeignanna.

Clifford Sifton er iðjumaður, árvakur og séður. Það eru hrósverðir, ekki síður en gagnlegir hæfileikar, sé þeim beitt í rétta átt. En það rýrir tilfinnanlega þessa kosti hjá Sifton, að frá því hann fyrst fékk tækifæri til, hefir hann levnt og ljóst beitt öllum sínum lífs og sálar kröftum til að gína yfir sem mestu af eignum þjóðarinnar, sér og sínum venzla og vildarmönnum einum til arðs og afnota. Í sögu Canada á hann engan jafningja í þessu efni. Hvað mikil er upphæð þessa rangfengna auðs, er hann hefir rakað saman á síðastl. 12 til 14 árum, það veit enginn, að honum sjálfum undanteknum, en miljónum dollars skiftir hann, eins víst og það, að dimmir eftir sólsetur.

Eftir að hafa sýnt svona frábæran dugnað við að svæla undir sig eignir þjóðarinnar, var ekki nema eðlilegt, að Laurier stjórnin skipaði honum sæti, sem verndara þjóðeignanna, — sem ótir voru. Hann og hans nótar höfðu í svo mörg ár æft öll þau brögð, sem áður voru kunn, og upngötvað önnur ný, til að draga saman auð á kostnað hins opinbera, að hann var bara sjálfsagður formaður þeirrar nefndar, er á að hafa eftirlit á fingralöngum náungum, er framvegis kunna að reyna að beita þjóðina sams konar brögðum.

Sagt skal það og Sifton til hróss, að síðan hann tók við þessu starfi, hefir framkoma hans verið óaðfinnanleg. Margir þeirra, er áður voru honum andvígir, voru óðum að komast á þá skoðun, að hann ætlaði virkilega að fara að verða góður maður og réttlátur, — að hann hefði "umsnúist", eins og Jónas presbyteria postuli einu sinni komst að orði, og ætlaði síðan að lifa dvaðarríku líferni. Voru þeir þá og að sjálfsögðu tilbúnir að gleyma því umliðna og fyrirgefa.

En nú rétt nýlega hefir tvent borið til, sem bendir á, að Mr. Sifton sé nú strax farin að leiðast þessi helgisteins seta.

Það eru bráðum tvö ár liðin síðan Laurier kunngerði með mörgum fögrum og hjartnæmum orðum, að mál væri að byggja járnbraut norður að Hudsons-flóa, — það mætti ekki dragast til morguns, heldur þyrfti að gera það þá strax. Síðan hefir ekkert gerst annað en það, að nokkrir mælingamenn hafa með köflum verið á vakki í grend við tilvonandi brautarstæði milli Saskatchewan fljótsins og flóans. Hvernig stóð á þessum drætti, vissi ekki alþýða fyrr en nú rétt nýlega, að uppvíst varð, að Clifford Sifton vildi útvega vissum vinum sínum verkið við að byggja brautina upp á kostnað þjóðarinnar, á líkan hátt og Grand Trunk er bygð frá Winnipeg austur, og sem sýnilega kostar meir en hundrað miljónir dollara meira en ráðgert var og þörf er á. Þarna er annað miðið, sem hann hefir rent öngli í, hvernig sem kann að fiskast.

Hitt miðið, sem hann hefir lagt "línu" á, ef teiknum má trúa, er vestur í Alberta.

Í vetur er leið kom sá kvittur upp, að Rutherford stjórnin hefði gert óheppilegan samning við járnbrautarfélag, er tókst í fang að byggja 300 milur af járnbraut frá Edmonton norður, gegn því, að stjórnin ábyrgðist 5 prósent vöxtu árlega af $20,000.00 fyrir hverja milu í brautinni. Skuldabréf þessi voru gefin út og seld þeim félögum, J. Pierpont Morgan & Co. í New York, upp á $7,400,000.00. Þessir peningar er sagt að liggi í kistuhandraða stjórnarinnar í Edmonton. Út af þessu reis rimma mikil innan herbúða stjórnarinnar, og lyktaði þannig, að 26. f.m. lagði Rutherford stjórnin niður völdin.

Það var eðlilegast að ætla, að sá maður, sem hóf sóknina á hendur Rutherford stjórninni, H. W. Cushing frá Calgary, ráðherra opinberra starfa í stjórninni, þangað til hann í vetur er leið sagði af sér, mundi kallaður til að taka við stjórninni, að Rutherford frágengnum, eða, ef ekki hann, þá einhver fyrverandi ráðherra, og sem sæti áttu á þingi. En það varð ekki. Hinn "útvaldi" réyndist að vera Arthur L. Sifton, yfirdómari við yfirrétt fylkisins, og — bróðir Cliffords Siftons.

Clifford útvegaði bróður sínum dómarastöðuna fyrir mörgum árum og yfirdómara embættið útvegaði hann honum um leið og Alberta fylki var stofnað 1905, í því skyni auðvitað, að honum væri borgið til æfiloka, hvernig sem byltist. Og yfirdómarastaðan er sannarlega svo tignuð staða og launin svo há, að það kasta henni fáir, fyrir eintóma von um hverfulan sigur, og ætið óvisan, í pólitískri glímu.

Sigurfrægð er góð, en peninga og gróðalaus er hún lítilsverð í augum Siftons. Það er ekkert spursmál, að það voru sjö miljónirnar í handraðanum, sem ollu því, að yfirdómarinn sagði af sér og sökti sér í pólitisku hringiðuna í Edmonton. Það var aðdráttaraflið, miklu fremur en sæti Rutherfords, þó sjálfsagt væri að taka það með, því án þess komu miljónarnar ekki að fullum notum. Það má gera mikið með 7,400,000, og þessi upphæð sýnir þó að eins upphafa þeirra peninga, er Alberta stjórnin hlýtur að hafa hönd í bagga með að ráða yfir á næsta áratug. Það getur ekki dulist jafnséðum manni og Sifton er, að þar er "mörg matarhola" nú begar og að þær verða æ fleiri og fleiri í næstu 10—20 ár. Iðjusamur og gróðagjarn eins og hann og ætt hans er, er varla von, að hann eiri því, að hugsa eingöngu um verndun þjóðeignanna, þar sem svo mikið af arðsömu verki liggur fyrir. Laun verndarans eru létt í vasa í samanburði við afurðirnar vestra, ef vel er á haldið.

Siftons-veldið í Manitoba er hrunið til grunna, og lítið útlit fyrir, að það verði bygt þar upp aftur. Er þá næst að endurreisa það í nágranna fylkjunum, og virkilega sýnist grunnmúrinn traustlega lagður í Alberta. Takist nú verndaranum líka að klófesta Hudsonsflóa-brautina, þá verður veldi Siftons áður langt liður litlu ef nokkru minna en það var á meðan hann var ráðherra innanríkismálanna, sællar minningar.

Líklega hefir Rutherford ekki verið eins vel vaxinn stöðunni og æskilegt hefði verið, en ókstaflega enginn hefir borið honum óráðvendni á brýn. Hvað sem um hann verður sagt, verður það líklega aldrei það, að hann hafi brúkað stöðu sína til að safna miliónum fyrir Alexander C. Rutherford. Hann gengur frá starfi sinu jafnríkur og hann var, þegar hann tók við því.

Verður það sama sagt um verndarann og bróðurinn, þegar þeirra tími kemur að ganga frá verki?

Þjóðernið.

Það má virðast óþarft, að gera það að sérstöku umtali í ritstjórnargrein, þó eitt smáfélag myndist meðal örfárra landa vorra í litlu smáþorpi hér í fylkinu, og það því fremur, sem hin auglýsta stefnuskrá þess bendir ekki á, að verkefnið sé það, að koma á fót og starfrækja neina stórvægilega iðnaðar eða verzlunar stofnun, eða annað það, sem vænta megi að gefi þjóðflokki vorum skyndilega aukin efni eða álit meðal hérlendu þjóðarinnar. En þó er félagið "Þjóðernið", sem Íslendingar í Winnipeg Beach hafa myndað þar, þess virði, að þess sé að nokkru getið og athygli landa vorra hvervetna dregið að stefnu þess og tilgangi.

Þeir þarna, Íslendingarnir í Winnipeg Beach, telja sig engin afburða mikilmenni. Þeir eru "fáir, fátækir, smáir", eins og máltækið segir. En auð hafa þeir engu að síður, sem þeir með þessari félagsmyndun sinni eru að reyna að ávaxta, — þjóðernis-auðinn.

Vér teljum óhætt að fullyrða, að þessi félagsskapur Íslendinga á Winnipeg Beach sé sá fyrsti sinnar tegundar meðal þjóðflokks vors í þessu landi. Markmið félagsins er að glæða íslenzkt þjóðerni og íslenzkar íþróttir. Félagið verðskuldar því innilega hluttekning allra íslenzkra þjóð- og föðurlands-vina, karla og kvenna, og stefnan verðskuldar, að hún sé tekin upp í öðrum íslenzkum bygðarlögum, og félög séu mynduð þar í sama augnamiði, og það því fremur, sem hinar fjölmennari bygðir landa vorra standa ólíkt betur að vígi, að geta komið slíku áformi í verulega framkvæmd, heldur en Winnipeg Beach búar, sem eru svo fá mennir og háðir ýmsum erfiðleikum, sem gerir þeim ógreitt aðstöðu að halda svona félagsskap uppi.

Að því er snertir íþróttirnar, má gera ráð fyrir, að bær verði aðallega knattleikir, glímur og sundæfingar, enda er Beach vel fallin til þess síðasttalda, þar sem bærinn stendur við Winnipeg vatn.

Glímurnar og sundið er nú farið að æfa af kappi á Íslandi á síðari árum, og hvorttveggja eru fagrar íþróttir. Áhugi er nú að vakna hér vestra meðal einstöku manna, að ryðja íþróttum þessum braut með löndum vorum hér vestra, þó enn-þá séu framkvæmdir litlar í því efni.

Í þessu sambandi má benda á, að það var aðallega Jón Þorláksson Kernested, frá Skriðu í Hörgárdal, sem fyrstur manna frá því fornöld, er talinn að hafa leitt sundíþróttina til Íslands og greitt henni veg þar, og gerðist hann með því frumkvöðull-að þeirri útbreiðslu, sem sú íþrótt hefir síðan náð þar í landi. Hann kunni einnig og kendi þar fleiri íþróttir, svo sem handahlaup. Mun sonur hans, Kristján sál. frá Kjarna í Nýja Íslandi, hafa verið með þeim síðustu af löndum vorum, sem kunni handahlaup.

Það er vonandi, að Beach búum verði vel ágengt með þetta fyrirtæki sitt, og að aðrar bygðir landa vorra myndi með sér slíkan félagsskap. Vorir ungu, uppvaxandi Vestur-Íslendingar eru fullkomið igildi þess, sem bezt gerist með annara þjóða mönnum hér vestra, bæði andlega og líkamlega, og geta verið jafnokar þeirra í öllum íþróttum, sem þeir vilja æfa.

Til ísl. kjósenda
Í WINNIPEG.

Annan dag júnímánaðar næstk. á að greiða atkvæði hér í bænum um það, hvort bærinn skuli veita $400,000 til almenna spítalans hér til nauðsynlegra umbóta; einnig, hvort veita skuli $100,000 til þess að koma á fót spítala handa tæringarveikum mönnum; og í þriðja lagi $100,000 til þess að koma á fót sérstökum spítala fyrir aðra sóttnæma sjúkdóma.

Að veita jafnstórar upphæðir til þessara fyrirtækja eins og hér er um ræða, mun sumum finnast allmikið í ráðist. Að leggja fram meir en hálfa milión dollara til slíkra fyrirtækja á stuttum tíma sýnist ef til vill vera stór upphæð, jafnvel óþarflega stór. Samt ber að geta þess, að þau $4001000, sem ætlast er til að gangi til almenna spítalans, er ekki búist við að nota alveg nú strax, heldur eftir því sem nauðsyn krefur á næstu árum.

Vegna þess að ég álít það öldungis nauðsynlegt, að eitthvað til muna verði gert sem fyrst til að bæta það ástand, sem nú á sér stað hér í bænum, þegar um sjúkrahús er að ræða, vil ég fara nokkrum orðum um þessar tillög, og reyna að gera lítillega grein fyrir því, hvernig á þeim stendur.

Almenni spítalinn er nú stærsti spítalinn í Canada. Árið sem leið var 5,371 sjúklingi veitt þar viðtaka, og var meðaltími sá, sem þeir nutu þar hjúkrunar, 20 dagar fyrir hvern sjúkling. Fyrir utan þetta var 3,113 sjúklingum veitt læknishjálp (Outdoor Department) spítalans. Alt þetta ár hefir spítalinn verið svo fullur af sjúklingum, að margoft hefir orðið að synja mönnum inntöku, og stundum mörgum á dag. Allar deildir hafa verið jafnskipaðar, bæði þær, sem eru fyrir fátækt fólk, sem ekki hefir ráð á, að borga fyrir sig, og þær deildir, sem eru ætlaðar þeim, sem geta borgað fyrir veru sína þar. Með hverju árinu vex þörfin fyrir meira pláss, og ef ekki verður fljótlega bætt úr hinum vaxandi þörfum, horfir til stórra vandræða hér í bænum, þegar um spítalarúm er að ræða. Þess vegna er stjórnarnefnd spítalans umhugað um, að bæta úr þessu sem fyrst og stækka spítalann, svo að þar verði aukið pláss í öllum deildum; að það verði ekki lengur óumflýjanlegt, að neita um aðstoð nokkrum heim, sem beiðist þess, hvort sem hann er svo fátækur, að hann hefi hann er svo fátækur, að hann hefir ekki ráð á, að veita sér læknishjálp annarstaðar, eða hann hefir nægilegt til þess að borga að fullu það, sem fyrir hann er gert.

Flestir munu kannast við, að það sé siðferðisleg skylda, sem ekki má vanrækja, að veita heim sem sjúkir eru og læknisþurfar, þá hjálp og umönnun, sem útheimtist til þess að þeir, ef mögulegt er, fái heilsu sína aftur. Til þess að svo megi vera þarf sjúkrahús, þar sem alt mögulegt er fram lagt þeim veika til liðs, þó ekki sé um neitt endurgjald að ræða. En það eru ekki að eins hinir snauðu, sem á sjúkrahúsi þurfa að halda, heldur eru menn óðum að komast í skilning um, að undir mörgum kringumstæðum er hægt að veita sjúklingi fleiri skilyrði, sem útheimtast til þess hann fái bót meina sinna með því hann sé á spítala, heldur en í heimahúsum, hve gott heimili sem hann kann að eiga.

Með hverju árinu fjölgar stöðugt þeim mönnum, sem beiðast inngöngu í þær deildir spítalans þar sem sjúklingar borga fyrir sig. Eftir því sem fólk kynnist spítalanum hér betur og lærir að meta starf hans, þá hverfur óðum sá imugustur, sem sumt af fólki voru hefir haft á honum. Að minsta kosti get ég sagt það, að af öllum þeim sjúklingum, sem ég hefi stundað á spítalanum hér á síðasthliðnum fjórum árum, veit ég ekki af neinum, sem voru óánægðir með hjúkrun og aðhlynningu þá, sem þeim var í té látin, en aftur á móti hafa margir þeirra látið í ánægju sína og gefið það ótvíræðilega í skyn, að allur útbúnaður hafi verið betri en þeir áttu von á.

Því hefir verið haldið fram af sumum, að ef Winnipegbær ætti að leggja fram eins stóra fjárupphæð og hér er beðið um, þá mætti alveg eins vel byggja annan spítala, sem væri eign bæjarins. Ef hér væri um gróðafyrirtæki að ræða, þá væri það öldungis rétt. En hér er ekki um gróðafyrirtæki að ræða heldur líknarstarfsemi. Það er skýrt tekið fram í grundvallarreglum stofnunarinnar, að hún skuli aldrei geta orðið til nokkurs peningalegs hagnaðar fyrir þá, sem fyrir henni standa. Borgarstjórinn er sjálfkjörinn meðlimur stjórnarnefndarinnar, og bæjarstjórnin skipar sjö menn aðra í nefndina á ári hverju, og ætti það að vera nægileg trygging þess, að stjórnarnefndin réðist ekki í neitt það, sem bæjarstjórnin álítur óhyggilegt eða óhagkvæmt frá hennar sjónarmiði.

Þjóðeign sjúkrahúsa er ekki nýtt spursmál. Í mörgum borgum þessarar heimsálfu hefir það verið reynt, og jafnan illa gefist. Í St. Paul, Chicago, New York og Philadelphia (til þess að taka að eins nokkur dæmi) hafa þau sjúkrahús verst orð á sér, sem eru beinlínis undir stjórn hins opinbera. Það eru nægilega mörg spursmál þar, sem flokkadráttur, klikkuskapur og pólitík komast að, þótt þetta stóra spursmál nútimans, líknarstarfsemin, verði eins laus við allan þann óföguð eins og mögulegt er. Og þess ber að gæta, að um leið og einn spítali er eign hins ohinbera, þá er hann búinn að missa alt verulegt tilkall til þess að heita líknarstofnun, alveg eins og til dæmis geðveikraspítalar fylkisins eru alment taldir líknarstofnanir, og um leið tapast öll sú stóra upphæð, sem fólk á ári hverju gefur beinlínis til slíkra stofnana, því fá munu vera dæmi til þess, að góðhjartaðir menn, sem hafa vilja á, að gefa til góðra fyrirtækja, gefi stórar upphæðir til þeirra fyrirtækja, sem eru beinlínis eign hins opinbera og viðhaldið er með almennum skattálögum. — Vegna reynslu þeirrar, sem menn hafa alment fengið í slíkum sökum, er það stöðugt að verða almennara bæði í Canada og Bandaríkjunum, að bæði bæir og fylki veita stórar fjárupphæðir til aukanings og viðhalds stofnana eins og hér er um að ræða, án þess að gera þær að verulegri þjóðeign. Reynslan sýnir stöðugt, betur og betur, að sú aðferð er hin happasælasta.

Winnipeg er með réttu kölluð höfuðborg Vestur-Canada. Borgarar þessa bæjar vilja með réttu láta skoða hana sem fyrirmynd, ekki einungis þegar um verklegar framkvæmdir og framfarir er að ræða, heldur einnig þegar kemur til kristilegrar mannúðar og menningar. Einn af þeim mælikvörðum, sem menning og mannúð einnar borgar er mæld með, er hvað hún lætur af mörkum við þá, se hjálparþurfar eru á einhvern hátt. Íbúar þessarar borgar ættu að sjá sóma sinn í því, að geta bent á sjúkrahús, þar sem öllum mönnum, rikum jafnt sem fátækum, væri ætið auðgert að leita sér allra þeirra meðala, sem visindaleg lækn isfræði nútimans getur í té látið, sjúkrahús, sem stæði að öllu jafnhliða þeim beztu, sem til eru og gæti verið sönn fyrirmynd fyrir hinar smærri borgir þessa mikla Vesturlands. Ef menn að eins vilja, þá er þetta mögulegt, og einmitt nú er tækifærið til að stiga stórt spor þessu til framkvæmdar.

Upphæð sú, sem ætluð er til tæringarveikra-hælis, verður notuð til að koma upp spítala fyrir þá, sem álitið er að hafi litla von um bata. Mörg hundruð slíkir sjúklingar eru hér í Manitoba, og eiga margir þeirra við mjög bág kjör að búa. Það er deginum ljósara, að það stafar mikið meiri hætta af einum tæringarveikum manni, sem er langt leiddur orðinn af veikinni, heldur enn þeim, sem nýlega er orðinn veikur. Ef menn hyggja á, að útrýma berklaveikinni á annað borð, þá er engu síður nauðsynlegt, að til séu hæli fyrir þá, sem þegar eru aðframkomnir og hafa ekki tækifæri til að veita sér þá hjúkrun, sem nauðsynleg er, en að koma á fót sjúkrahælum handa þeim, sem álitast læknandi. Nú er komin á fót ein af þeim síðarnefndu stofnunum, og nú er áformað að byrja á einni hinni fyrnefndu, og væri óskandi, að það gæti orðið að framkvæmd sem fyrst.

Allir, sem þekkja nokkuð til, vita, að eins og nú stendur á, er öldungis ónógt rúm á spítalanum fyrir þá, sem þjást af sóttnæmum sjúkdómum. Áformað er þess vegna, að reisa sérstakan spítala fyrir þá sjúklinga, sem þannig er ástatt fyrir, sem verði undir aðhlúmsjón heilbrigðisstjórnar bæjarins. Verður hann reistur á öðrum stað en þeim, sem sú deild almenna spítalans nú stendur á. — Þetta er mjög æskilegt í alla staði, ekki sízt vegna þess, að eins og nú stendur er þessi deild helzt til nærri öðrum deildum spítalans, og sú bygging, sem fyrir hana er notuð, orðin gömul og hrörleg og naumasr brúkleg sem sjúkrahús.

Ég vildi óska þess, að sem flestir Íslendingar í þessum bæ, sem atkvæðisbærir eru, létu ekki hjá líða að fara á kjörstaðinn annan júní og greiða atkvæði með þessum þremur tillögum. Ég er sannfærður um það, að engan myndi nokkurntíma iðra þess. Þessi borg á mikla framtíð fyrir höndum, og vér, sem nú lifum, verðum að hugsa ekki einungis um hinn yfirstandandi tíma, heldur einnig til ókomna tímans. Þegar um almenn velferðarmál er að ræða, má engin þröngsýni komast að, heldur ætti hver maður að reyna að koma þannig fram, að áhrifum hans sé beitt sjálfum honum til sóma og öðrum til gagns. Ég vona, að sem allra flestir landar minir líti þannig á þetta mál, að þeir séu að vinna sjálfum sér og bænum, sem þeir búa í, þarft verk með því, að styðja eftir megni að því, að þessar umtöluðu tillögur nái samþyktum.

B. J. Brandson.

Dægradvöl.

Móti dylgjum Jóns frá Sleðbrjót í Lögb. 26. maí '10 um vestur-íslenzka hagyrðinga.

Hrynur leir er hraungrjót
Hlunkar undir Sleðbrjót!
Streittist fram með staurfót
Stærðin sú á þingmót,
Rembilátra r . . . bót
Rimpuð yfir vinhót.
Tönnluð nú er römm rót
Reynslu uppúr gráhnjót.

27.-5.-'10

Vestur-Íslendingur.

Herra Jón Hólm, gullsmiður að 770 Simcoe St., biður þess getið, að hann selji löndum sínum gull- og silfur-muni og gigtarbelti. — Belti þessi eru óbrigðul við gigt, ef þau eru notuð samkvæmt fyrirskipunum Jóns. Kosta að eins dollar og kvart.

JOHN DUFF
PLUMBER, GAS AND STEAM FITTER
Alt verk vel vandað, og verðið rétt
664 Notre Dame Ave. Phone 2815
Winnipeg

HRÆSNI OG ALVARA.

"Þá eik í stormi hrynur háa", segir Bj. Th., þegar stórmennin svokölluðu falla í valinn. Við þá bresti og brak vaknar allur heimur og horfir hnípinn á skaðann, sem Skuldardómur hefir uppkveðið, og hyggur að alt muni sundurgliðna og af göflunum ganga. Og ef allir eða flestir þeir, sem eftir lifa til viðhalds tilveru þjóðar og mannfélags, geta ekki grátið í alvöru skaðann, að missa þessa háu eik, þetta stórmenni, þá gráta þeir af hræsni. Og því gera þeir það? Af því heimshættinum er nú þannig varið. Ekki þarf nú stærra að státa núna á tuttugustu öldinni, og guð má vita, hvað margar aldir þurfa enn að líða þar til hver einstaklingur hefir fult vald á sínni eigin hugsun og tilfinningum. Sannleikurinn er þetta: Menn eru nauðbeygðir til að vera með. Já, við vitum ofurvel, hvað það merkir — að vera með. Það getur orðið ónota snoppungur í öllu viðskiftalífinu og óbætanlegt tjón, að vera ekki með. Það meira að segja geta oltið á því völd og titlar, auðlegð og ýms heimsins gæði, að vera með. Það getur haldið yfirborði á hafleti samkomulagsins spegilsléttum á milli þjóða og mannfélagsins, að vera með. Til dæmis, Taft forseti Bandaríkjanna og Knox ritari sendu hjartanlega hluttekning í sorginni, þegar blessaður kongurinn okkar hann Játvarður VII. dó. Og sama er gert á öllum krossgötum og vegarspottum um heim allan, þar sem svo mikil menning á sér stað, að hræsni og alvara þekkist. Sami hátíðlegi alladansinn allstaðar. Sumir gráta í alvöru, en allur fjöldinn af hræsni, — fyrir siðasakir eingöngu — til þess að vera með. Í hamingjubænum að vera með! Því þarna hrundi himinhá eik, sem frá aldaöðli hefir fest rætur í undirgefni og eymdarskap þjóðfélagsins. Þarna kvaddi konungur, sem fyrir guðs náð var svo gæfusamur að vera elzti sonur Victoriu drotningar, og þess vegna konungur og keisari brezka veldisins í nokkur ár.

"En þegar fjólan fellur bláa", segir sama skáldið, þá heyrist enginn héraðsbrestur til þess að vekja allan heim til hrygðar og viðkvæmni. Blessuð litla fjólan deyr svo hávaðalaust, að almenningur lætur sig það litlu skifta, og veit varla af því. Enda gerir það hvorki til eða frá í viðskiftalífinu að vera þar með eða mót. Það var bara barn, fátæks manns barn sem dó. Ójæja, það er nú máske sárt í svipinn fyrir þá vesalingana — en svo er þetta sama, sem margur má reyna, og það þótt ríkir séu. Og það sýnist vera æðimargt til í heiminum af þessum blessuðu fátæku börnum, þó nokkur þeirra týni tölunni hérna megin og fari til drottins, þar sem þeim er borgið að eilífu.

Eða þá einhver réttur og sléttur fátæki erfiðismaðurinn, sem burtkallaðist á bezta skeiði frá konu og ungum börnum. Já, svo er nú það. Hann kvað hafa verið mjög ástríkur og umhyggjusamur við fjölskyldu sína, auminginn, og konan og börnin bera sig hörmulega. En hann var ráðlaus og einþykkur, og vildi skoða alt með eigin augum, en aldrei hnýta sínum vilja aftan í aðra, eða annara vilja, og það var það, sem fór með hann í hundana, sem maður segir. Og það er annars ekki von, að svoleiðis menn verði langlífir, eða komist hátt í mannvirðingastiganum, því þeir eru eiginlega á móti kongi og kirkju. Og þeir menn, sem nú eru á móti kongi og kirkju, — já, guð hjálpi mér og þeim, þeir ættu ekki að eiga heima í brezka ríkinu. Þeir ættu að pakka sig sem fyrst suður fyrir línuna, eða þá til himnaríkis, ef þeir geta átt þar athvarf, auminginjarnir.

Það er fíflðirfska, að vera hreinskilinn í heimi þessum, það skal ég játa, og getur haft óþægilegar afleiðingar. En við lát Englakonungs vaknar í huga mínum bessi hreinskilna spurning: Hvernig stendur á því, að alt hans endilanga og afarbreiða ríki hnípir af sorg eftir hann látinn? Er það alvara, eða er það hræsni og hégómaskapur? Var hann í raun og sannleika það afburða mikilmenni, og sá framúrskarandi ágætismaður, að áhrif hans næðu inn í hvert hús og hvert hjarta þegna hans. Já, ég býst við, að þetta lof verði skráð á skjöld hans látinn. En hreinn sannleikur er það ekki. Svarið hjá mér er þetta: Vér erum því háðir að vera undir konungsstjórn. Og það kostar afarmikið þrek og áræði að rífa sig undan því fargi. Og eins lengi og vér erum þessum lögum háðir, þá hryggjumst vér við hvert konungslát, sem vér höfum á bak að sjá, ef konungurinn hefir verið meinhægur, góðlátur og gætinn. Stjórnin er mest í annara höndum, og eins lengi og þjóðin hefir vit á og fær leyfi til að beita þeim rétti, að kjósa sina beztu menn fyrir löggjafa sína, þá má hún (þjóðin) þakka guði sínum fyrir, að hafa það lán, að eiga yfir sér konung, sem er meinhægur, góðlátur og gætinn, því mikið er konungsvaldið, og áhrifin voðalega sterk, ef stór lund ræður, til ills eða góðs.

Er það nú láandi mönnum, sem eiga eitthvað ofurlitið af sjálfstæðri hugsun eða skoðun, núna á framfaratímunum í hvívetna að heita má, þó þeir í sambandi við þetta konungslát athugi, hvað mikla þýðingu það hefir fyrir þjóðarheildina, að hafa konung yfir sér ríkjandi.

Enginn mun geta neitað því, að hverskyns stjórnarfar, sem maðurinn uppelst í og lifir undir öll sín þroskaár, setur glögt mark eða stimpil á hvern mann, alveg eins og börn, sem alast upp á misjöfnum stöðum, — báðum fylgir glögt mark æfina út. "Það ungur nemur, gamall temur", og — "smekkurinn, sem kemst í ker, keiminn lengi eftir ber".

Ég get næstum ávalt séð það strax á manninum, þó mér sé hann al-ókunnur, hvort hann lifir undir lýðstjórn eða konungsvaldi. Það gera mörkin, sem stimplið eru á sálarlíf hans og tilfinningar. Og ef aðrir sjá þetta ekki eins glögt og ég, þá er það einungis þess vegna, að þeir álíta þetta meiri smámuni en það í raun og veru er, og gefa því þessum mörkum minni gætur en ég geri.

Það getur ekki verið nokkrum vafa undirorpið, að hverjum einasta skynsemigæddum, hugsandi manni er eðlilegra og á allan hátt hvað eigin sjálfstæði og manndóm viðvíkur, langt um hollara og betra, að lúta undir lýðstjórn en konungsvaldi. Undir lýðstjórn getur maðurinn verið hreinn og laus við hræsni, með vakandi auga fyrir velferð þjóðar sinnar. Hann á það lúandi, óþvingað í sálu sinni, að hann hafi fullan rétt til að taka þátt í öllum hennar velferðarmálum. Þar er enginn sem segir: "Þegiðu Gvendur, húsbóndinn vill tala". Eða, beygðu kné hin fyrir þessum og kystu á fótskör hans. Undir lýðstjórn getur maðurinn átt það göfuga nafn skilið, að heita maður, ef á annað borð það efni er í hann spunnið. Undir konungs og keisaravaldi er alt öðru máli að gegna. Það er varla svo ágætur maður til, að hann geti beitt áhrifum sínum óþvingað og hindrunarlaust undir þeirri stjórn. Og það á alls ekki rót sína í því, að konungar og keisarar séu verri menn en aðrir. Nei, langt frá því. Þeir geta verið, eins og sagan sýnir, ágætismenn, sumir hverjir, og aftur aðrir til niðurdreps og kvalar fyrir þjóð sína. En rótin liggur í strangri, falskri lotning, sem hver einasti þegn er skyldur til að sýna þessum drotni. Þetta er súrdegið, sem gerir ólguna í allan þjóðlíkamann. Þarna er fyrsta ómælanlega djúpið, sem staðfest er á milli mannanna í heimi þessum, — kærleikans og mannréttinda heiminum. Og frá þessum háa trón má rekja stéttaskiftinguna niður allan mannvirðingastigann ofan á jafnsléttu, þar sem blásfátæku erfiðismennirnir eru að þræla kófsveittir fyrir sköttum og skyldum til drottna sinna.

Og enda þótt að sanna megi, að þjóðinni okkar, að minsta kosti hvað Canada snertir, líði þolanlega vel, þá er þetta stjórnarfar óholt og óeðlilegt sönnum manndóm og sjálfstæði. Það er, og hefir alla tíð verið, gróðrarstýja hræsni og hálfvelgju. Sleikjuháttur og hégómi á annan veg, en hroki og stærilæti á hina hlið. — Þjóðin verður aldrei í fullu andlegu heilbrigði undir konungs og keisara valdi, — nema þá að eins þau tímabil, sem hún er svo heppin, að geta eignast framúrskarandi ágætismenn í þau sæti. Samt getur ekki hugsunarhátturinn að öllu breyzt.

Konungs og keisara vald ætti ekki að vera framar til. Þjóðirnar ættu að velja sér sjálfar menn í æðstu tignarstöðu sína fyrir á kveðið tímabil, eins og á sér stað þar sem lýðstjórn er, og geta þannig ætíð átt vissu fyrir því, að hafa sæti vel skipað. Enda er ég sannfærður um það, að ef engin ófyrirsjáanleg höft verða lögð á þá framför, sem hugsjónir mannsandans eru að ná, og sífelt reyna að ná, — að lýðstjórn á eftir að ná öllum yfirráðum í heiminum. En vaninn og hefðin eru seig í sátri. Það geta liðið ár og aldir, þar til sá hefiladagur rís upp á þjóðarhiminn frelsis og mannréttinda.

Herra ritstjóri og vinur minn,— ef þetta ofanságða er of bragðsterkt, eða lesendur Hkr. vilja ekki sjá lengur línu frá mér, þá stingdu því undir stól. Annars er mér þökk á, að þú takir greinina.

Lárus Guðmundsson.

Rauðaróður.

Ég er köld, já, að vonum og krept undir ís
um þær koldimmu vetrarnætur;
mér er hamlað að syngja, því harpan mín frýs. —
Ég hlæ þá þú æðrast og grætur.

Nú suðar og ólgar mitt svellkalda blóð;
ég set af mér vetrarins fargið,
ég steinunum fleygi í styrkefldum móð
og stynjandi minnist við bjargið.

Ég tek þá til fanga, er hlusta' á minn hreim
með hressandi, tryllandi sköllum.
Málverk ég dýrara málað fæ þeim,
en myndir frá leikhússins pöllum.

Þér finst að ég syngi um fangelsi og bönd,
flárræði og skerandi sorgir;
ég fræði þig einnig um ónumin lönd,
þar sem enn mætti reisa sér borgir.

Örmagna bandingjans andvörp ég skil,
hann engist und þrælkunar helsi.
Ánauð ég hata, því áfram ég vil, —
til eilífðar hrópa eftir frelsi.

Ef hreim minn þú skilur, þá hressist þín sál,
mín harpa þér styrkleika færir.
Ræddu með djörfung, ef rétt er þitt mál,
og ristu' af þér skóinn, ef særir.

Ég er vottur að sálnanna sárustu kvöl,
þeirra siðustu tilraun að verjast.
Þótt hamingjubátur þinn hallist á kjöl,
þá haltu samt áfram að berjast.

Náttúran sendir mér suðrænan blæ, —
æ, seztu nú hjá mér í næði; ...
ég raddfærin skerpi og raulað þér fæ
rómantísk, dillandi kvæði.

R. J. Davíðsson

THE DOMINION BANK

HORNI NOTRE DAME AVENUE OG SHERBROOKE STREET

Höfuðstóll uppborgaður: $4,000,000.00
Varasjóður - - - $5,400,000.00

SPARISJÓÐS DEILDIN:

Vér veitum sparisjóðs innleggjendum sérstakt athygli, og borgum hæztu vexti á sparisjóðs innleggjum af $1.00 og yfir. — Barna innlegg velkomin. — Seljum peningaávísanir á ÍSLAND.

H. A. BRIGHT, RÁÐSMAÐUR.

Með því að biðja sérlega um "T.L. CIGAR," þá ertu viss að fá ágætan vindil.

T.L.

(UNION MADE)

Western Cigar Factory
Thomas Lee, eigandi Winnipeg

Vitur maður er varkár með að drekka eingöngu HREINT ÖL. Þér getið jafna reitt yður á

DREWRY'S
REDWOOD LAGER.

Það er léttur, freyðandi bjór, gerður eingöngu úr Malt og Hops. Biðjið ætíð um hann.

E. L. DREWRY, Manufacturer, Winnipeg

STRAX Í DAG er BEZT AÐ GERA STRAX KAUPANDI AÐ HEIMSKRINGLU. — ÞAÐ ER EKKI SEINNA VÆNNA.

Manitoba á undan.

Manitoba hefir víðáttumikla vatnsfleti til uppgufunar og úrfellis. Þetta, hið nauðsynlegasta frjógunarskilyrði, er því trygt.

Ennþá eru 25 milión ekrur óbygðar.

Íbúatal fylkisins árið 1901 var 225,211, en er nú orðið um 500,000, sem má teljast ánægjuleg aukning. Árið 1901 var hveiti og hafra og bygg framleiðslan 90,367,085 bushela; á 5 árum hefir hún aukist upp í 129,475,943 bushel.

Winnipeg borg hafði árið 1901 42,240 íbúa, en hefir nú um 150,000; hefir nálega fjórfaldast á 8 árum. Skattskildar eignir Winnipegborgar árið 1901 voru $26,405,770, en árið 1908 voru þær orðnar $116,106,390. Höfðu meir en þrefaldast á 7 árum.

Flutningstæki eru óviðjafnanleg,— í einu orði sagt, eru í fremsta flokki nútíðartækja: Fjórar þverlandsbrautir liggja um fylkið, fullgerðar og í smíðum, og með miðstöðvar í Winnipeg. Í fylkinu eru nú nálega 4 þúsund mílur af fullgerðum járnbrautum.

Manitoba hefir tekið meiri landbúnaðarlegum og efnalegum framförum en nokkurt annað land í heimi, og er þess vegna ákjósanlegasti aðsetursstaður fyrir alla, af því þetta fylki býður beztan arð af vinnu og fjárleggi.

Skrifið eftir upplýsingum til: —

JOS. HARTNEY, 77 York Street, Toronto, Ont.
JOS. BURKE, 178 Logan Avenue, Winnipeg, Man.
A. A. C. LaRIVIERE, 22 Alliance Bldg., Montreal, Quebec.
J. F. TENNANT, Gretna, Manitoba.

J. J. GOLDEN,
Deputy Minister of Agriculture and Immigration, Winnipeg.

þess, að þú af hreinni góðvild verðir ekki orsök í vansæmd þessarar ungu stúlku".

"Þú segir satt, ég verð að bjarga henni", sagði Móritz ákafur. Mér er ant um telpuna. En hvernig á ég nú að komast að sannleikanum? Sé grunur þinn rangur, þá væri synd að koma í veg fyrir áform Georgs. Ég verð að athuga þetta nákvæmlega, og koma telpunni til að treysta mér, ef það er hægt. Komdu nú, við skulum fara".

V.

Fingur drottins.

Við endann á Svartabekkjargötunni í Uppsölum, var um það leyti, sem saga vor gerist, eða við árslokin 1820, lítill, rauðmálaður, lélegur timburkofi, með torfþaki. Birtan í kofanum kom inn í gegnum grænar glerrúður í blýumgjörð.

Tvö herbergi voru í húsinu, og bjó Helen með móður sinni í öðru þeirra.

Herbergi þetta var býsna stórt, en kalt og rakasamt. Húsmunir voru fáir, því alt, nema hið allra nauðsynlegasta, hafði verið selt til að viðhalda lífinu þegar neyðin var mest, og frú Anderson — þannig nefndi móðir Helenar sig — átti þá að eins eitt rúm, eitt borð og 3 lélega stóla.

Það var um morguninn, daginn eftir að Helen heimsótti Móritz. Veslings telpan stóð skjálfandi af kulda fyrir framan eldstæðið, og blés að nokkrum deigum spitum, sem lágu í öskunni og rauk úr. Hún ætlaði að sjóða ögn af mjólk handa móður sinni,

sem kvartaði sáran um þorsta. En af því telpan gat ekki lifgað eldinn, og þorði ekki að gefa móður sinni mjólkina kalda, hélt hún áfram að kveina.

"Ég get ekki gert við því, mamma", sagði Helen kjökrandi. "Ólukku spiturnar vilja ekki loga. Ég að frú Grönlund um fáeinar eldspítur áðan, en hún kvaðst þurfa að brúka þær sjálf".

"Guð hjálpi okkur, vesalings telpa mín", kveinaði móðirin. "Á endanum deyjum við úr kulda, ef veturinn verður harður. Og ég get ekkert unnið mér inn með þvotti, meðan ég er svona vesæl. Hvernig ætli þetta endi?"

Frú Anderson velti sér örvæntandi á lélegu hálmsænginni.

"Ó", sagði Helen, "máske þessi ungi, fallegi herra komi, sem talaði við mig í gær hjá Sterner, og hjálpi okkur. Manstu ekki, að ég sagði þér frá honum í gærkvöldi, þegar ég kom heim".

"Ó, góða barnið mitt, þeir hafa að eins verið að spauga við þig. Hvað ætli þeir ættu að kæra sig um slíkan aumingja og þú ert? Þeir hafa um annað að hugsa en góðgjörðastörf. Ef þú verir fullorðin, þá væri það hugsanlegt, en þú ert ennþá að eins barn".

"Hvers vegna ættu þeir heldur að hugsa um mig, ef ég væri fullorðin?" spurði Helen sakleysisleg.

"Þú skilur það ekki ennþá, barnið mitt. En þú færð að vita það nógu snemma. Nú, er eldurinn lifnaður?"

"Já, hann er nú að jafna sig. Ertu mjög veik í dag?" —

"Nei, ég er nú talsvert betri, ég hefi engin kölduflog, en er mjög máttlaus. Það er fjarskalega kalt hér".

"Herra Sterner lofaði að útvega okkur eldivið í dag", sagði Helen. "Hann var svo góður við mig,

léði mér gítarinn sinn, og lét mig syngja "Alpafjallastúlkuna" fyrir sig".

"Já, hann er vingjarnlegur, auminginn, en hann er mjög fátækur", sagði móðirin. "Hann á naumast nægilegan fatnað, og þó les hann með kappi bæði dag og nótt. Ég man eftir því einu sinni fyrir jólin, að hann sagði við mig: Frú Anderson, á hvorki kerti eða peninga, en þá fæ ég á morgun, ef þú átt tvö kerti, skreptu þá heim, sæktu annað og lánaðu mér, ég skal borga það með tveimur kertum á morgun. Ég hljóp undir eins heim og sótti kerti, sem ég lánaði honum, og daginn eftir borgaði hann það með tveimur. Ég vildi ekki taka á móti þeim, en þá reiddist hann og sagði, að ég ætti að þiggja þau. Og á aðfangadagskvöld jóla gaf hann mér svuntu og 24 skildinga, enda þótt hann ætti ekki annað til að borða um kvöldið en nokkrar tvíbökur og ögn af mjólk, sem ég sótti til frú Berglund handa honum. Og heima sat hann alt jólakvöldið og las í bíblíunni, meðan hinir stúdentarnir sátu að drykkju".

Helen hlustaði á þetta með mestu ánægju. Hún gleymdi jafnvel að blása að eldinum, svo hann var við það að deyja aftur.

"Láttu mjólkina yfir eldinn", sagði móðirin, "svo ég geti fengið eitthvað volgt að drekka. Við skulum nú vita, hvort hr. Sterner efnir orð sín og útvegar okkur eldivið. Ég legg meiri áherzlu á það en loforð hins mannsins, sem ætlaði að útvega okkur betri herbergi og gefa okkur ný föt. — Hvað hét hann nú aftur sá maður?"

"Það man ég ekki, en Sterner kallaði hann barún. Ég heyrði þó nafnið, en hefi gleymt því. ..... Biddu nú við. Það var eitthvað með Ehren ..... Ehrenhjelm, eða eitthvað líkt því".

"Barn", kallaði móðirin, settist upp í rúminu,

strauk dökka hárið frá enninu og sagði: "Hann hefir þó ekki heitið Ehrenstam?" ...

"Ehrenstam, jú, ég má fullyrða, held ég, að það sé nafn hans", svaraði Helen blátt áfram. "En því gerir það þig svona hrædda. Við höfum aldrei heyrt það nafn fyr".

"Aldrei heyrt það? ..... Jú, ég hefi heyrt það, og heyrt það mér til ógæfu", sagði móðirin dimmrödduð. "Ó, hamingjan góða, skal þessi maður vera af sömu ætt?"

"Hvað ertu að segja?" spurði Helen, hrædd við geðshræringu móður sinnar, og gekk að rúminu hennar. "Hvað gengur að þér, mamma?"

"Ó, það gengur ekkert að mér", tautaði móðirin, "littu bara eftir mjólkinni, að hún sjóði ekki upp úr. — Jakob, Jakob".

"Jakob?" sagði Helen, "hvaða Jakob er það mamma? Ég hefi oft heyrt þig nefna þetta nafn, stundum þegar þú sefur. — Máske það hafi verið faðir minn".

"Já, faðir þinn hét Jakob".

"Er hann dáinn?"

"Já, hann er dáinn", sagði vesalings konan ofurlágt. "Ég hefi fengið harða hegningu fyrir mina synd, — ég get ekki sagt barninu mínu, hvort faðir þess lifir, af því ég veit það ekki sjálf", tautaði hún við sjálfa sig.

Á þessu augnabliki voru dyrnar opnaðar, og Georg Ehrenstam stóð á þröskuldinum.

Undir eins og veika konan sá Georg, æpti hún hátt og huldi andlitið í höndum sér.

"Það er hann", tautaði hún óttaslegin, "eða það er svipurinn hans. ..... En hann er þó dauður, það er langt síðan hann var drepinn, — og þessi hérna er svo unglegur, eins og barn á borð við hinn, falska svikarann. — Nei, þetta er einhver annar af

Vorsamkoma
Á WINNIPEG BEACH.

"ÞJÓÐERNID", félag Íslendinga á Winnipeg Beach og grendinni, myndað í vetur sem leið í því augnamiði að koma á íslenzkum málfundum, kaupa og lesa íslenzkar bækur, veita tilsögn í íslenzku, glæða íslenzkt þjóðerni og íslenzkar íþróttir, — hélt sína fyrstu almennu samkomu að kveldi 13. maí, og tókst hún í bezta máta. Munu flestir hafa farið heim með þeim ummælum, að það hafi verið einhver sú bezta samkoma, sem þeir hafi verið á. Er gert ráð fyrir, að félagið sé í þremur deildum og hafi þrjár samkomur á ári: Unglingadeild— vorsamkomu, karlmannadeild — þjóðminningardag, og kvendeild — miðsvetrarsamsæti. Var því þessi samkoma undir nafni unglinganna. Hafa í þessu félagi konur fult jafnrétti við karlmenn, og er kona forseti þess og eins ritari, — Mrs. Jósefína Anderson og Mrs. Svafa Kernested. Og munu vera í því um 30 manns.

Hvatamaður félagsins, Mr. Jón Kernested, lögregludómari, stýrði samkomunni og flutti ræður og þrjú kvæði, sem hér eru prentuð. Aðrir höfðu upplestur, söng og hljóðkeraslátt.

Þar komu og fram fjórar unglingsstúlkur, sem táknuðu árstíðirnar, og kona í íslenzkum faldbúningi, og þótti það nýung.

Eftir að nokkrir skrautbögglar höfðu verið seldir til arðs samkomunni og fólk neytt góðra veitinga, stóð dans-skemtun fram undir morgun, — að allir kvöddust léttir í lund eins og vorblærinn.

* * *

I.

ÞJÓÐERNID.

Okkar þjóðerni það ber að glæða,
þekkja ætt vora á hérlendri slóð;
forna táp-öld og víkinga móð.
Það oss bendir á þing-fara merkin,
þrekið nafnkunna og dugnaðar lif;
skapið hugdjarfa og herfrægðar
verkin,
helzt er einkendi fornmenn og víf;
þeirra þrautir og kif.
Skapið hugdjarfa og herfrægðar
verkin,
helzt er einkendi fornmenn og víf.

Við sem fluttum úr fátæku landi,
frægðar-arf eigum gullvægan þó;
en að gæta þess gölgis er vandi,
guma af ætt vorri—það er ei nóg.
Því við ætterniðr eigum að sýna,
eðlið hugdjarfa í nútimans straum;
láta fagurt ei frægðar-orð dvína,
frónskan manndóm ei tapast í
glaum,
gefa málinu gaum.
Láta fagurt ei frægðar-orð dvína,
fornan manndóm ei tapast í
glaum.

II.

ÍSLAND.

Vesturheims vaska þjóð,
Vesturheims unga þjóð,
íslenzk að ætt.
Fræg er þín feðra storð,
fagurt þitt móður orð.
Situr við sævar-borð
Söguland mætt.

Heim yfir hafið blátt
hugur í norðurátt
leggur nú leið,
heimsækir fagurt Frón,
fjarlæga undursjón.
Oft vinnur isinn tjón
ætflandsins meið.

En þar sem eyjan fríð
eldþrungin reynir stríð
þreyir sú þjóð,
sem á vorn ættar-staf:
Austan við meginhaf
var það sem guð oss gaf,
Gunn-frægð og móð.

Vesturheims vaska þjóð,
Vesturheims unga þjóð,
gefðu því gaum
öllu, sem ættjörð fríð
átt hefir fyr og síð;
til heilla landi og lýð
leið þangað straum.

Heyri ég í austurátt
Eykonan mælir hátt,
Broshýr og blíð:
Blessi guð börnin mín,
blómgi þau löndin sín,
Vínlands ei vegur dvín,
vel sé þess lýð.

En hér á frjálsum fund
fagurri' á vesturgrund
óma þau orð:
Efld geyma ástarhönd
Ísland og Vínlands strönd,
efli guðs eilif hönd
ættlandsins storð.

III.

Á WINNIPEG BEACH.

Eg, sem kom úr Íslands bygð,
ei hef' neitt á móti,
þó að vegleg vötnin skvð
velli á fjörugrjóti;
ómi þeim í öldu-nið
ungur vandist heima.
Og þeim svása sævar-klið
seint er hægt að gleyma.

Veglegt, þegar vatnsins strönd
vorið heilsar blíða,
er hin köldu klakabönd
kann svo vel að þíða,
að hvert litið akurblóm
endurris af dvala,
og með fögrum frelsishljóm
fuglar allir tala.

Þá er líkt og okkar önd
einnig vængi fái,
og vatnsins úfnu öldubönd
öllum geðjast nái.
Að þessum svala sævar-straum
sækir fólkið glaða,
og sem tignum töfra draum
tengi vorsins hraða.

Búning fagran bygðin rik
ber á sumardegi,
þessi bakki, þessi vík,
— það oss gleymist eigi.
Hér við ungan ættarstofn
ölcin glímir snjalla.
bygðin er sú bjarta Lofn
bragna er hrifur alla.

Kvæði þessi eru öll ort af Mr. Jóni Kernested, og voru flutt á ofangreindri samkomu, eins og að framan er sagt.

Áheyrandi.

Hneyksli.

Frá því konungur vor, Edward VII., dó þann 6. maí og til þess 20., að hann var lagður í sína hinstu hvilu, má heita að allur hinn mentaði heimur hafi verið í sorg, þó auðvitað hafi þess mest gætt í brezka ríkinu.

Ungir og gamlir af öllum stéttum hafa án trúbragðalegrar eða pólitiskrar flokkaskiftingar kepst við að heiðra minningu hins látna konungs á sem bezt viðeigandi hátt.

Prestar hafa flutt sérstakar ræður í kirkjum sínum. Blöðin hafa komið út í sorgarbúningi, flutt myndir af hinum andaða þjóðhöfðingja og getið frá fallsins með hlýlegum og viðkvæmum blaðagreinum. Fánar hafa blakt í hálfri stöng á hverri einustu bygginga, sem svo er útbúin, að hægt er að draga upp flagg. Allar opinberar byggingar, flest verzlunarhús og fjöldi privat húsa hafa verið kfædd svörtum og fjólublám slæðum í sorgarskyni.

Það er því engin furða, þó það hafi ollað umtali og misjöfnum dómum, að öll þessi sorgarathöfn skuli hafa algerlega farið framhjá stærsta og fjölmennasta félagsskap Íslendinga hér í borg. Ég meina hina íslenzku Goodtemplara. Konungur vor deyr og er grafinn og sonur hans tekur við stjórn ríkisins, en þeir hafa ekki rænu á, að kveðja hinn látna eða heilsa hinum nýja konungi sínum með því að draga upp flaggið á stórbyggingunni, sem þeir sjálfir eiga og brúka til fundarhalda. Þetta hneykslí er því ófyrirgefanlegra, að það hefir verið vani þeirra, að flagga í hálfri stöng, ef einhver af meðlimum félagsins hefir dáið, þó ekki hafi verið kominn af barnsaldri. Edward konungur hefir víst ekki tilheyrt þessum fáránlega félagsskap og hefir þeim því fundist sjálfsagt, að sýna honum látnum þá óvirðingu, að þverskallast við að draga upp fánann, þótt allir aðrir gerðu það.

Í þessum fjölmenna félagsskap eru þó, mér vitandi, nokkrir heiðarlegir brezkir borgarar, sem hafa hlotið að finna, að þetta var hneykslanlegt afskiftaleysi og ófyrirgefanlegur aulaháttur, en þessir menn hafa líklega verið bornir ofurliði af fjöldanum.

Brezkur þegn.

"Bendingin".

Í síðasta tölublaði Lögbergs stendur á fyrstu síðu með gráu, ógeðslegu, á vist að vera með feitu letri: "Bending til allra kristinna Vestur-Íslendinga".

Bending þessi er all-skritilega orðuð, og efni hennar gefur manni sérstaka skoðun um kirkjufélagið, — um insta eðli starfsemi þess og tilgang.

Í byrjun greinarinnar er því haldið fram, "að flestir Vestur-Íslendingar muni álíta sig kristna menn og konur". Þetta mun vera að nokkru satt. En þó munu finnast all-margir, sem alls ekki álíta sig kristna eftir bókstafstrúarskoðunum kirkjufélagsins. Næst er svo minst á það, "að allir kristnir menn séu þakklátir fyrir það að vera kristnir", og svo er spurt: "Hvernig eigum vér að sýna þakklætí vort fyrir að hafa öðlast hnoss kristindómsins?"

Við þessari spurningu er ekki nema eitt svar, og það er þetta: Með því að sýna það, að þú sért kristinn. Líkst þú Kristi í öllu framferði þínu, hugsunum þínum, orðum þínum og gjörðum, og gerir þú það, sýnir þú fullkomið þakklæti þekkingar þinnar og trúar á Kristi.

Biður nú Kirkjufélagið í áminstri bendingu um svona lagað svar gegn þessari spurningu?

Biður það um dygðugt líferni, hógværð og litilæti, sannleiksást og kærleika í öllum greinum?

Ónei. Það er svo langt frá því, að það geri það.

Það biður um það sama, sem það hefir stöðugt japlað um í sl. 25 ár, nefnilega, peninga, — það gagnstæðasta, sem til er trúarmeðvitund mannssálarinnar. Hitt lætur það sig litlu skifta, hvernig fólk breytir eftir trúarhugmynd þess, ef það að eins gefur nóga peninga og þreytist aldrei á bónastagli og fjárkvabbi Kirkjufélagsins.

Ennfremur er í greininni þetta: "Jafnvel nú, þegar Kirkjufélagið hefir orðið að ganga krossleiðina með Jesú".

Ég veit ekki vel, hvað Kirkjufélagið meinar með þessu, nema ef það kallar ágreining þann, sem á sér stað innan vébanda Kirkjufélagsins "krossleiðina með Jesú". En ég sé nú ekki, að þar sé líku saman að jafna. Kirkjufélagið gefur fram með sífeldu rifrildi af lúalegustu tegund, frekjulegu fjárbetli og auðvirðilegustu þröngsýni á allar hliðar. Kristur gekk með krossinn til aftökustaðarins með einstakri stillingu, hógværð og þolinmæði, sannleiksást, og svo miklum kærleik til böðla sinna, að undrum sætti.

Ég hefi hvergi orðið þess var í biblíunni, að Kristur hafi gengið með krossinn argandi og skammandi alla í kring um sig, sífelt að kenna öðrum en afsaka sjálfan sig, kalla menn illum nöfnum, os.frv., en það má vera, að í biblíu kirkjufélagsins, sé lýsingin af krossferð Krists samhljóða rifrildi þess og þröngsýni. Í einum stað stendur þetta: "Guð almáttugur hefir kallað hið íslenzka lúterska kirkjufélag til að vera merkisteinn kristindómsins í þessari heimsálfu". — Ætli það væri ekki sýnu nær að segja: "Jón Bjarnason hefir stofnað og kallað hið íslenzka lúterska kirkjufélag. o.s.frv.". Það væri dálítið meiri sannleikur.

Ennfremur: "Fyrir þá háleitu og dýrðlegu köllun er það þakklátt, ef það skilur sinn eigin tilgang".

Já, ef — ef það skilur sinn eigin tilgang, en annars ekki. Alt svo efast félagið um að það skilji sjálft sig, sem líka er eðlilegt, eftir fram gangsmáta þess.

Líka segist félagið vera "verkfæri í drottins hendi til þess að leiða menn inn í guðsríki". Já, öllu má nafn gefa, svo hræsni sem öðru.

Það er annars hneykslanleg aðferð, þegar heill hópur manna hefir Guðs og Krists nafn stöðugt fyrir skjöld og skýli framkomu sinnar, hnútasvipur á meðbræður sína til þess að láta þá stöðugt moka fé í þessar staðlausu hítir hræsninnar — sem aldrei verða fyltar, og sem oftast leiðir til ráns og þjófnaðar og morða í þúsundatali, sem framin eru á þann hryllilegasta hátt, sem mannvit og grimd hafa uppfundið.

Kirkjufélagið á eftir stefnuskrá sinni, að ganga á undan öðrum með góðu eftirdæmi sannleiksástar, elsku og sanngirni. En í staðinn fyrir að gera það, hleypur það tindilfætt um allan norðurhluta þessarar heimsálfu og viðar, með hávaða og illum látum, og hróparí: Peninga, peninga! Og hljóð stjórnendanna og höfuðprestanna taka yfir.

Slíkt starf hlýtur að hafa illan enda, nema því að eins að þeim peningum sé varið til að seðja hungur og skýla hjálparlausum og þurfandi fátæklingum, og gefair til þeirra af fúsum vilja kærleiks og miskunnar.

August Einarsson.

Björn: "Þú sagðir mér, að hryssan þín hefði verið veik, og að þú hefðir gefið henni inn eina flösku af steinolíu?"

Helgi: "Já, ég gerði það".

B. (bálvondur): "Já, það var það, sem ég sagði. — Sagðirðu ekki, að merin þín hefði orðið veik og að þú hefðir gefið henni inn 3 pela af steinolíu?"

Helgi: "Jú".

B. (hamslaus af reiði): "Já, en klárinn minn varð líka veikur og ég gaf honum inn 3 pela af steinolíu, — og svo drapst hann".

H.: "Það gerði hryssan mín líka".

Auglýsing: — "Í verzlun minni eru nægar birgðir af svörtum glófum handa karlmönnum, sem eru skrautsaumaðir á handarbakinu. Einnig hefi ég svokallaða teglófa fyrir kvenfólk án fingra. Fáeinir glófar handa börnum, sem hafa legið í glugganum til sýnis, seljast fyrir hálft verð".

Katólskur trúboði í Afríku skrifar: "Söfnuðurinn minn vill ekki hætta við að éta mannakjöt, en að því leyti hefi ég verið heppinn í tilraunum minum með að laga siðferði hans, að nú er hann farinn að éta það með hnífi og gaffal".

Heilinn hans Bismarcks vóg 1807 grömm, Meðalþyngd á heila Norðurálfubúa er 1350—1400 grömm. — Heili ýmsra merkra gáfumanna, sem veginn hefir verið, reyndist þannig: Dantes 1470 gr., Schillers 1596 gr., Kants 1624 gr., Byrons 1792 gr. og Cuviers 1828 gr.

800,000 tonn af hunangi fást árlega í Evrópu, sem eru um 11,430,000 dollara virði. Í hinum ýmsu löndum er framleiðslan:

Þýzkaland	20,000	tonn
Spánn	19,000	"
Austurríki og Ungverjalandi	18,000	"
Frakkland	10,000	"
Hollandi	2,500	"
Belgíu	2,500	"
Grikklandi	1,400	"
Rússlandi	900	"
Danmörku	900	"

ROBLIN HOTEL
115 Adelaide St. Winnipeg
Bezta $1.50 á dag hús í Vestur-Canada. Keyrsla ókeypis milli vagnstöðva og hússins á nóttu og degi. Á hverjum degi hins bezta. Viðskiftí Íslendinga óskast. OLAFUR G. OLAFSSON, Íslendingur, afgreiðir yður. Heimsækjið hann. —
O. ROY, eigandi.

A. S. BARDAL
Selur líkkistur og annast um útfarir. Allur útbúnaður sá bezti. Enfremur selur hann alskonar minnisvarða og legsteina.
121 Nena St. Phone 306

HEIMSKRINGLU og TVÆR skemtilegar sögur fá nýir kaupendur fyrir að eins $2.00

Giftingaleyfisbréf
selur Kr. Ásg. Benediktsson
486 Simcoe st. Winnipeg.

THE "Arena"
Þessi vinsæli skautaskáli hér í vesturbænum er nú opinn. Ísinn er ágætur. 18DA MOUNTED RIFLES BAND SPILAR Á ARENA. KARLM. 25c.—KONUR 15c.
Chas. L. Trebilcock, Manager.

JIMMY'S HOTEL
BEZTU VÍN OG VINDLAR.
VÍNVEITARI T.H.FRASER,
ÍSLENDINGUR.
James Thorpe, Eigandi

A. S. TORBERT'S
RAKARASTOFA
Er í Jimmy's Hótel. Besta verk, ágæt verkfæri; Rakstur 15c en Hárskurður 25c. — Óskar viðskifta Íslendinga. —

MARKET HOTEL
146 PRINCESS ST. á móti markaðnum
P. O'CONNELL, eigandi, WINNIPEG
Beztu tegundir af vínföngum og vindlum, aðhlynning góð, húsið endurbætt

Woodbine Hotel
466 MAIN ST.
Stærsta Billiard Hall í Norðvesturlandinu
Tíu Pool-borð.—Alskonar vín og vindlar
Gisting og fæði: $1.00 á dag og þar yfir
Lennon & Hebb,
Eigendur.

The Evans Gold Cure
229 Balmoral St. Sími Main 797
Varanleg lækning við drykkjuskap á 28 dögum án nokkurrar tafar frá vinnu eftir fyrstu vikuna. Algerlega privat. 16 ár í Winnipeg. Upplýsingar í lokuðum umslögum.
Dr. D. K. WILLIAMS, Exam. Phys
J. L. WILLIAMS, Manager

Á beztu heimilum
hvar sem er í Ameríku, þar munið þér finna HEIMSKRINGLU lesna. Hún er eins fróðleg og skemtileg eins og nokkuð annað íslenzkt fréttablað í Canada

kostir auðs og ætternis standa mér til boða, en ég fleygi þeim burt eins og það væru skeljabrot".

"Þú ert að segja sögu úr þúsund og einni nótt, Móritz".

Móritz svaraði engu, en rétti vini sínum vígsluvotborð móður sinnar og skírnarvottorð sitt.

Edvarð las þau og skelti saman höndunum af undrun. "Stjernekrans", sagði hann snögglega, "faðir þinn hét Stjernekrans. ..... Þessi framúrskarandi auðugi maður, sem ég heyrði svo mikið talað um í æsku. ..... Þú ert þá bróðir Stjernekrans greifa, sem þú sagðir okkur frá í gærkvöldi —".

"Já, ég er bróðir morðingja móður minnar", svaraði Móritz.

"Gerðu mér þetta skiljanlegt —"

"Þarna finnurðu skýringuna", sagði Móritz og rétti vini sínum bréf greifans. "Lestu þetta".

Edvarð lét ekki segja sér þetta tvisvar. Hann greip bréfið og gleypti innihaldið fljótlega.

"Nú, hvað segir þú um þetta?" spurði Móritz, þegar Edvarð rétti honum bréfið þegjandi.

"Ég get naumast talað fyrir undrun. — Atvikin, sem fyrir þig hafa komið, fæðing þín og forlög, eru efni í stóra skáldsögu. Þú ert þá rikur núna".

"Já, að nafninu til. En, eins og ég sagði þér, ætla ég ekki að girnast auðinn".

"En nafn föður þíns?"

"Vil ég alls ekki bera".

"Hvers vegna?"

"Af því hann hefir sjálfur beðið mig að athuga, hvort ég sé fær um, að eiga og stjórna auð, og auk þess vil ég ekki bera sama nafn og sá, sem deyddi móður mína".

"Það er sannarlegt veglyndi", sagði Hólm, "en ég er hræddur um þú iðrist þess einhverntíma".

"Fari svo, þá á ég skilríkin og get notað þau

nær sem er. Og að öðru leyti, hvað er það, sem ég afsala mér? Nafn! Hvers virði er nafn, þó það láti vel í eyrum? Hinir glæsilegu tímar aðalsáanna eru umliðnir. Nú eru það að eins helgar minjar, melétnir fánar, ryðguð sverð, og gömlu bókfellin, sem eftir eru. Það er með öðrum orðum að eins glapsýn, tálvon, sem ég afsala mér".

"Að sönnu, en fasteignin, er hún líka glapsýn?"

"Nei, hún er óneitanlega sannur, áreiðanlegur hagnaður", sagði Móritz brosandi, "en, ég held mér að þessum orðum í bréfi föður míns: Móritz, mundu eftir því, að það er að eins starfsemin, sem er uppspretta unaðs og virðinga, að það er lífsstrit, heiðarlegt lífsstrit, sem þroskar og mentar manninn. Í þessum orðum felst heilræði, sem menn á yfirstandandi tíma virðast fyrirlíta, og geymir þó í sér upptök voðalegra byltinga, ef því er hamlað frá, að ná gildi sínu með góðu. Þau geymia í sér kenningu jafnaðarmannanna, sem ætti að auglýsa með gyltum stöfum á framhlið mannfélagsbyggingarinnar: Enginn hefir heimild til óþarfra nægta, á meðan vinnan getur ekki bætt úr nauðsyn allra".

"Það er þá meginregla, jafnaðarmanna kenning, sem kemur þér til að afsala þer því, sem heimurinn mundi kalla lán þitt?"

"Það er ekki eingöngu meginregla eða stefna, — það er ennþá meira: Þáð er traustið, sem ég ber til hinna innri hæfileika minna, að geta öðlast það af eigin ramleik, sem ég vil ekki þurfa að þakka slempiláni".

"En, vera kann að þú berir lægri hlut við tilraunirnar".

"Það held ég ekki. Ég þarf svo lítils með til að komast áfram. Með einu eða tveim þúsundum dala væri æfiskeið mitt óhult".

"Getur vel verið, en þú átt ekki þess upphæð. Þú hefir um langan tíma beinlínis liðið neyð".

"Já", sagði Móritz, "en það batnar bráðum. Ég hefi stór áform fyrir stafni, skal ég segja þér".

"Er það svo. Hver eru þau?"

"Í fristundum mínum er ég að skrifa skáldsögu, sem innan skamms veitir mér þá gróðaupphæð, sem ég þarf. Og ég hefi þegar fengið útgefanda að henni".

"Ég óska þér hamingju", sagði Hólm, alveg hissa. "Já, með þessu móti getur það lagast".

"Og svo", sagði Móritz, "ætla ég að skrifa sjónleik, sem ég hefi ágætt efni í".

"Hvað á hann að heita?"

"Rafhjartað".

"Ó, hann stendur þá í sambandi við æsku atvikin, sem þú sagðir okkur frá í gær?"

"Já, og þú verður að viðurkenna, að það er mögulegt að búa til leikrit um þau. Ég verð nú samt að læra all-mikið enn, áður en ég byrja á því. Áður en sá timi kemur, verð ég líklega búinn að öðlast námsnafnbót".

"Það er alvara þín, að nota ekki þessi heimildarskjöl?"

"Hrein og bein alvara. Að minsta kosti læt ég þau ónotuð, þangað til ég hefi sjálfur unnið mér inn óháða stöðu. Það er ef til vill drambsemi þetta, en um hana máttu segja hvað þú vilt".

"Ég virði hana og dáist að henni", sagði Hólm. Að eins fáir menn eru færir um, að leggja slíkt í sölurnar".

"En nú", sagði Móritz, þegar hann var búinn að láta skjalaböggulinn niður aftur, "nú göngum við út. Ég þarf að fá mér peninga, kaupa eldivið, og svo ætla ég að heimsækja þjónustu mína, og vita á hvern hátt barún Ehrenstam hefir eínt loforð sitt

með að hjálpa Helenu litlu. Hann hlýtur að vera mjög rikur, sá góði máttarstólpi?".

"Já, og faðir hans gefur honum eins mikla peninga eins og hann vill. Hann kvað líka hafa eytt 10,000 dölum á einum vetri í Stokkhólmi".

"Þessi drengur. Hann er varla 17 ára".

"Hann lifir nú samkvæmt sinni stöðu samt" sagði Hólm og brosti biturt. "Þegar við vorum nærri dauðir úr hungri, síðastliðinn vetur, eyddi þessi strákur ótrúlega stórum upphæðum fyrir hesta hunda, spil og frillur".

"Það er ómögulegt", sagði Móritz með vaxandi undrun. "Barn, eins og hann er, hefir ekki verið látið sjálfrátt?"

"Jú, alveg", svaraði Hólm. "Það er enda sagt að faðir hans hafi valið fyrstu frilluna handa honum".

"Ótrúlegt, svívirðilegt", sagði Móritz. "Á hvernig getur slík léttúð samrýmst hluttekningunni sem hann lét í ljós við litlu stúlkuna í gær?"

"Ó", sagði Hólm í hirtum róm, "það samrýmist vel. Helen er raunar barn ennþá, en Georg sá þ strax, að með tímanum mundi hún verða með f urstu kvenmönnum. Ég vildi ekkert segja í g en þú mátt reiða þig á, að þetta fyrirkomulag v ur henni til niðurnar og ógæfu".

"Hamingjan góða", sagði Móritz, "slík svívi ing um 17 ára gamlan unglingʼer óþekt. Til all lukku er það að eins grunur".

"En á góðum rökum bygður, það verðurðu viðurkenna. Hið rótspilta hugarfar Georgs ge enga góðuga tilfinningu. Ég sá með hverju au ráði hann horfði á þetta saklausa fórnarlamb, fanst geta lesið á svip hans hið þrælslega áform, lífnaði í huga hans á svipstundu. Þú mátt

Th. Svd. Lamb:

UPPTÍNINGUR.

120,000 dalirnir, sem W. S. Fielding hlaut frá VINUM sínum, sýnir ljóslega, hvernig Kanada er stjórnað. Hinir stærstu framleiðendur þessarar summu var Sameinaða Kola- og Stál-félagið, sem fékk stærsta hlutann af þeim 14,000,000 dölum af stjórnar peningum, sem veittir voru til fláenda verkaflokksins, í stálgjörðar-starfinu, og Montreal bankinn, sem rækir bankastarf stjórnarinnar. Fielding var fátækur maður, og hvað hann sjálfan snertir, þá virðist hann vel kominn að peningum . sínum, fyrir dygga og holla þjónustu í þarfir herra sinna.

* * *

Það voru þrælar, sem unnu við smíði hinna alþektu pýramída á Egyptalandi. — Hverir vinna við lagningu G.T.P. brautarinnar hér í Kanada? —

* * *

Kaupmaður kom inn á skrifstofu blaðs nokkurs og var heldur en ekki í illu skapi.

"Ég borga þér ekki grænan túskilding fyrir auglýsinguna mína í síðasta blaði", hrópaði hann við ritstjórann. "Þú sagðist ætla að setja umgetningu um vorsölu mína innan um lesmálið í blaðinu. Því gjörðirðu það ekki?"

Nú hvað? Og gjörði ég það nu ekki svo sem?" svaraði ritstjórinn alveg hyssa.

Nei, það gjörðir þú reyndar ekki!" mælti kaupmaðurinn bálreiður. "Þú settir hana í dálkinn, sem ekkert var annað í en eintómur skáldskapur — þar settirðu hana í!"

* * *

Mikil guðs mildi var það, að Halleys halastjarnan skyldi ekki gjöra meira ilt af sér en hún gjörði. Margir bjuggust þá við dauða sínum, eða þeir mundu umbreytast á augabragði í fljúgandi engla. Margir karlar og kerlingar hafa samt rauð augu síðan, en af mismunandi ástæðum. — Kerlingarnar af gráti, en karlarnir af illa "distilleruðu" brennivíni. — Hver hefir sína eigin aðferð að mýkja sorgir sínar og áhyggjur.— Regn það og hráslagakuldi, sem nú í nokkura undanfarna daga hefir gengið, er mælt að komi frá halanum á stjörnunni, sem vill með einhverju móti gjöra jarðarbúum komu sína minnilega. Bótin, að það er langt þangað til hún kemur næst, svo við, sem nú lifum, burfum færst að kvíða.

* * *

Hvernig átt þú að synda, landi góður? Ja, það er nú saga að segja frá því: Horfðu gaumgæfilega og lengi á litlu fiskana í vatnsglösunum, sem þeir eru að selja hér niðri í bænum, og sumir landar hafa í húsum sínum, unz þú ert búinn að læra af þeim sundtökin. Þá skaltu fara ofan að Rauðará eða í sundpollinn í Y.M. C. A., ef þú tilheyrir því félagi, eða ofan að Vatninu, ef þú átt heima í Nýja Íslandi, fá þér góð sundföt, svo enginn viti, hvort þar sé heldur piltur eða stúlka á ferð; herma svo nákvæmlega eftir hreyfingum fiskanna í vatninu, en gæta þess samt vel, að höfuðið sé alt af annað slagið upp úr vatninu. — Fylgir þú forskrift þessari, verður þú góður sundmaður áður langt um líður, og getur synt næsta Íslendingadag, o- tekið "pris" meira að segja.

* * *

Upptíningur voru þeir ullarlagðar kallaðir heima á Íslandi, sem börn og fullorðnir fundu í heimahögum og úti á víðavangi. Var þeim safnað saman í poka og skjóður, og þeir síðan þvegnir og sendir í kaupstaðinn. Hér í Vesturheimi er býsna mikið af ullarlögðum, sem týnast af ýmsum sauðum þessa mikla lands. —, Th. Svd. Lamb ætlar að hafa íslenzka siðinn: að tína þá upp, þvo þá og senda síðan í kaupstað Heimskringlu.

* * *

Ef H.B.R.-brautin hefði nú verið fullgjörð, eins og Sir Wilfrid lofaði okkur statt og stöðugt hér um árið, þá hefðum vér Winnipegingar getað farið með Sir Ernest H. Shackleton og aðra heiðursgesti vora til hinna fjarlægu staða, sem Franklin og Kennedy hafa gjört viðfræga þar norður frá. — Sömuleiðis hefði verið gaman fyrir Íslendinga, að fara þangað með nýkomna "emigranta" og aðra "dándissveina", til að sýna þeim hina ellifu landkosti Kanada, sem ná norður í hafsauga.

* * *

Andlátsorð konungs vors hins látna, Játvarðar VII., er mælt að verið hafi: "Ég hugsa að ég hafi gjört skyldu mína". — Vér vitum, að hann gjörði skyldu sína: Að hann var drengur góður; — m a ð u r í öllum greinum. Meiri maður en konungur, eftir því sem það er almennt skilið. Hann var aldrei og verður aldrei álitinn einn af þeim "heilögu" sinnar samtíðar, til þess skildi hann lífið of vel, og til þess naut hann of mikils af lífsins gæðum. Eigi heldur ljómar nafn hans á himni sögunnar á blóðugum skjöldum og klofnum hjálmum, sem hinna heimsfrægu herkonunga, því hann var friðsamur og hvers manns hugljúfi. Öll hans frægð er í því fólgin, að hann var góður drengur, sannur maður — og hver getur betra á braut borið? — Þessvegna hefir hann svo einlægt verið syrgður af þegnum sínum, sem vandamönnum, — þessvegna biðjum vér helgan frið að umvefja legstað hans.

* * *

Jafnaðarkenningin, rétt skýrð og rétt skilin, er hin eina og sanna úrlausn á því böli, sem fjárhagshlið mannkynsins hefir við að stríða nú í dag. Ef verkamenn og aðrir þeir, sem óánægðir eru með það fyrirkomulag, sem nú á sér stað, vildu kaupa og lesa Karl Marx's "Capital" og aðrar jafnaðarbækur, þá myndu þeir betur athuga og betur skilja framleiðslu og fyrirkomulag það, sem nú á sér stað á jörð vorri, en — því miður — sjón vor nær svo dauðans, dauðans stutt, en — skammsýnin avo afar, afar langt. —

* * *

Ef börnin hér í borg fengju eins margar hollar og góðar ráðleggingar frá foreldrum sínum yfir heila árið, eins og þau sprengja margar púðurkerlingar 24. maí, þá þyrftu ei eins margir foreldrar að hryggjast yfir misjöfnu siðferði barna sinna og nú á sér stað. — Máske hvellirnir á fæðingardag drottningarinnar sálugu beri balsam á bresti barnanna í nútíð og framtíð? Betur að svo væri.

* * *

Ef einhverir skyldu finna löngun hjá sér, að senda lagða þá, sem þeir finnna á leið sinni gegnum lífið í "Upptining Th. Svd. Lamb", þá geta þeir sent þá til:

Th. Svd. Lamb, Esq.,
P.O. Box 3083,
Winnipeg, Canada.

Með þessu er samt ekki ábyrgst, að þeir allir upp og ofan verði lagðir inn í reikning Heimskringlu. — Svartir og mórauðir ullarlagðar hafa eigi eins mikið gildi og hvítir. — Þetta eru tilvonandi upptínendur beðnir að athuga.

ÚTLAGINN.

Það var kveld eitt hið kaldasta' á góu
og í kolskugga hljóður ég sat,
og ég hugsaði um þetta hrat,
sem af náð var mér skamtað af nógu,
og þess nytsemd ég vettugi mat, —
minar vonir, sem drjúptu og dóu,
að mig dreymdi ég varist ei gat,
draumum vakandi ég varist ekki gat.

Ég var útlagi orðinn á vetri,
ég var einliði mannabygð fjær,
ég var engum af ættingjum kær,
veðrin surfu að útkjálka setri
og í sundin min fokinn var snær;
mér fanst kistan þeim kviksetta betri,
en mér kaldur og skimulaus bær,
en hinn sólarlausi, svartræfraði bær.

Leynist orsök hjá mér eða öðrum
minnar ógæfu? spurði ég þá,
vildi svar gegn um sjállan mig fá,
skoða huga míns himinn að jöðrum
og mitt hjarta að rótunum sjá.
Var ég rændur þeim flugvængja fjöðrum,
sem menn flytja' upp á tindana há,
upp á sigurtinda, himintinda há?

Eigi stemdi ég við annara strengi, —
mér fanst stórt það sem öðrum fanst smátt,
mér fanst lágt það sem hinum fanst hátt,
mér fanst gróandi akur og engi
þar sem öðrum fanst haustsinu-grátt,
þá, sem töldu þeir tærustu drengi,
vildi teyma' inn um fangelsis gátt,
hleypa löngum þeirra frjálsum út um gátt.

Eigi vildi ég með heimaþjóð herja
til að hafa af grannþjóðum fé,
bráði endalaust orustuhlé,
og ég vildi ekki þjóð mína verja
fyrir vopnum, ef hefnd átti að ske,
ég var ákveðinn aldrei að sverja
neinum eiða að geyma' 'ennar vé,
hennar fyrirlitnu, vanheilögu vé.

Ég varð útlagi alls þessa vegna,
og ég átti ekki heima með þjóð,
sem af gullinu þóttist svo góð,
að hún alt þóttist mega og megna
þó að mengað væri alt hennar blóð.
Það var réttvísi hennar að hegna
þeim, sem henni of fjarlægur stóð,
fyrir utan hennar ormaþúfu stóð.

Síðan kveldið hið kaldasta á góu,
er mér kært það sem varð mér til falls,
það er skiman og skrautið míns sals,
það er verð þeirra vona sem dóu,
það er vinningur lífsins míns alls.
Að ég grét þegar hetjurnar hlóu
yfir hörmungum blæðandi vals,
það er huggun mín gegn hörmum þessa vals.

GUTTORMUR J. GUTTORMSSON.

Íslands fréttir.

Eins og getið hefir verið um áður hér í blaðinu, hvarf fyrir skömmu einn af mest metnu og duglegustu borgurum Akureyrar Friðrik Kristjánsson, bankastjóri við útibú Íslandsbanka á Akureyri, og veit enginn, hvort hann er lífs eða liðinn. Þegar farið var að athuga embættisfærslu hans sem bankastjóra, kom það í ljós, að Friðrik hafði gert sig sekan í fjárdrætti af útibúinu, sem nemur rúmum 20 þúsund krónum. Ekki lendir þó alt tap þetta á bankanum, heldur mun alt að helmingi tapsins lenda á einstöku mönnum, segir Ísafold.

Sumir halda því fram, að Friðrik hafi fyrirfarið sér, aftur aðrir, og þeir eru fleiri, halda að hann hafi stungið af vestur um haf.

Ritstjóra skáti hafa orðið við Skírni, hefir Einar Hjörleifsson látið af ritstjórn, en við tekið Dr. Björn Bjarnason frá Viðfirði. — Sömuleiðis hafa ritstjóra skifti orðið við brennivínsblaðið Ingólf, Konráð Stefánsson hættur en Andrés Björnsson, cand. phil. tekinn við ritstjórn.

Jónas Guðlaugsson skáld flutti ist búferlum frá Íslandi til Noregs 19. maí sl., býst hann án efa við, að sér muni betur vegna í átthögum konu sinnar, en sínum eigin. Áður hann lagði frá strönd, kvað hann eftirfylgjandi kvæði, sem hann kallar:

TIL VINA MINNA.

Þökk fyrir alt! — frá ættlands-strönd
á ókunn höf ég fer.
Ég man þó hverja hlýja hönd,
sem hefir yljað mér.

Þær hafa létt hið harða skeið
um harmsins köldu strönd,
og benda huga heim á leið
þótt hylji bárur lönd.

Og hvort mín bíður gleymska og gröf
eða gæfa í þyrnilund,
þá held ég út á ókunn höf
með yl í heimanmund.

MANNALÁT.

Karítas Markúsdóttir, ekkja Ísleifs Gíslasonar prests að Arnatbæli, andaðist í Reykjavík 28. apr. sl. Hún var 70 ára að aldri.

Nýdáinn er Jón Guðmundsson bóndi í Stóradal í Húnav.s., föðurbróðir Guðm. Hannessonar læknis, duglegur bóndi og vel látinn.

Stephán Jónsson, verzlunarstjóri Gránufélagsins á Sauðárkrók, varð bráðkvaddur 5. maí sl. Hann var einaður vel og höfðingi mesti í hvívetna. Hann var tvíkvæntur; seinni konan var Elin Briem, höfundur kvennafræðarans, og lifir hún mann sinn.

Gísli Jónsson úr Nýlendu við Reykjavík andaðist 24. april sl. Dugnaðarmaður hinn mesti og vel látinn.

Frakknesk skip Ondine frá Painpoul í Bretagne strandaði í Selvogi, skamt frá Strandakirkju. Það var á leið til Rvíkur og átti að birg a fiskiskipin frakknesku með salti og öðrum birgðum og taka fiskinn úr þeim. Farmurinn ónýttist algerlega og sjálft fór skipið í spón. — Allir menn menn komust af. — Þoka var mikil þenna dag, hvast og ólga í sjóinn.

Fiskiskipið Víkingur eign Ásgeirs Péturssonar kaupmanns á Akureyri strandaði fyrir skömmu á Haganesvík. Menn björguðust, en skipið er talið ónýtt, og er það mikill skaði fyrir eigandann, því það var óvátrygt.

Úr Mjóafirði er skrifað: "Hér er voðalegt ástand á Austurlandi; útlit fyrir, held ég, almennan fellir ef ekki batnar helzt nú þessa daganna. Þeir eru búnir að drepa kýr sumstaðar á Héraði og einnig fé; til dæmis kom nýlega frétt frá Eiðum, að búið væri að drepa þar a l a n búpening. Þetta er voðalegt ástand fyrir landið og sárast, þegar þessi fyrirmyndarbú ganga a undan í því, að vera heylaust í fyrstu viku sumars".

Sex þrotabú voru gerð upp hér í bænum á mánudaginn, segir Ísafold. Siður en ekki gfæsileg voru úrslitin. Eitt þeirra skuldaði 17,000 kr., en átti einar 344 kr. upp í þá skuld; annað skuldaði 8,111 kr. og átti rúmar 37 kr. upp í það þriðja búið gat borgað 4 kr. 32 au. upp í hverjar 1000 kr., sem á því hvildu. Langbezt stóð sig eina dánar,þrotabúið, sem sé Sig. heit. frá Fjöllum. Það gat borgað næstum 15½ prósent af skuldunum.

Gjaldþrot virðast vera langmesti gróðavegurinn hér um slóðir. Að skulda 17,000 kr. og sleppa við 16,656 kr. af því, — það er gróði í lagi.

Þær fréttir fékk Ísafold af Akureyri, að heybirgðir manna væru mjög á þrotum þar norðurfrá og mjög hætt við, að gripa verði bráðlega til að skera niður gripina, ef þessum ósköpum heldur áfram.

Sjötíu og fjórir kjósendur í Mýrasýslu hafa mótmælt fundarályktun meiri hlutans á Borgarnes fundinum 31. jan., þar sem samþykt var áskorun um aukaþing og vantrausts yfirlýsing til ráðherra m.m. með rúmum 60 atkvæðum.

HELLIR.

Skamt frá Fljótstungu í Hvítársíðu — að eins 10—15 minútna gangur — er hellir, sem heitir Viðgevmir (hefir áður verið kallaður Viðgelmi).

Hann hefir ekki verið kannaður eða mældur fyr en á sl. sumri. Menn hafa að sönnu vitað af honum, en enginn hefir álitið hann neitt merkilegan, og ekki haldið ómaksins vert að kanna hann. Þjóðsaga hefir og fylgt hellinum, sem ef til vill hefir felt menn frá honum, og má nú geta sér til, á hvaða rökum hún er bygð.

Ofan í slétt hraun er gjá ein allmikil (jarðfall), 40 faðmar á lengd. Lítið eitt vestar en á miðri gjánni er steinbrú, 1—5 faðmar á breidd. Niður af brúnni eru 8—10 faðmar.

Einstigi er ofan í gjána, sem einn maður í senn getur hæglega komist bæði ofan og upp. Úr báðum endum gjárinnar liggur hellir, annar til austurs, hinn til vesturs, miklu lengri og að sumu leyti merkilegri, og verður honum að eins lýst hér.

Úr gjánni hallar ofan í móti, hér um bil 5—6 faðma niður, en þá er komið á slétt gólf. Þar er myrkur niðri og verður úr því að nota ljós. 30 föðmum innar lítur alt í einu svo út, sem hellirinn sé á enda. Hann er þar á tveggja faðma bili tæplega manngengur, 2¼ alin á hæð. En svo nær hann alt í einu aftur sinni fullu hæð, sem er að meðaltali 24—30 álnir. Rétt fyrir sunnan bessi þrengsli eða 32 faðma frá hellismunnanum, er ofurlitill skápur út í vegginn að sunnanverðu niður við gólf. Þar hafa hellur verið reistar á rönd, og myndar það flet fyrir einn mann. Og fyrir framan fletið er eins og hlaðinn hafi verið garður, sem nú er algerlega hruninn. Þarna hefir maður búið, þótt æðilangt sé að líkindum síðan. Þar er töluvert af beinum, en flest eru þau orðin að dufti; að eins nokkar skelbein sjást þar enn þá til og frá, sem tönn timans hefir ekki unnið á.

Spölkorn innar, eða 75 faðma frá hellismynninu, er ís-súla ofan úr mæni og niður á gólf. Gólfið er þar töluvert hærra á litlum bletti, og þar er það stórgrýtt. Af hæð þessari er ákaflega fögur útsjón. Gólfið, sem nú lækkar aftur og verður sléttara, er alsett ís-kertum, misstórum, og er það tilsýndar engu líkara en mannfjölda á götu úti, þegar ljóshirtan slær á kertin ýmsum einkennilegum litbreytingum.

Þegar komið er 3—400 faðma inn eftir hellinum, verður hann ennþá tilkomumeiri. Hæðin er allstaðar hér um bil hin sama (um 30 álnir) og mænirinn bogadreginn eins og hvelfing, sem hvilir á syllum uppi undir þakinu. Veggirnir eru eins og geysiháir múrveggir, alsettir ýmiskonar myndaskrauti, sem líkist mönnum og alls konar dýrum. Það eru dropasteins myndanir, ýmist bláar eða dökkrauðar. Gólfið, sem nú er að miklu leyti slétt, er einnig alsett dropasteinum af sömu gerð, og eru flestir þeirra mjög fagrir.

Þessi hellir er 660 faðmar á lengd, á hæð eins og fyr segir (24—30 álnir), og breiddin er 6—8 faðmar.

Þegar gjáin og austurhellirinn er talinn með, verður lengd alls hellisins um 1000 faðmar, og er þetta því lengsti hellir á Íslandi.

Vesturhellinn má ganga á 1 kl.-stund og 10—15 minútum, eða fram og aftur á 2½ klukkustund.

— Reykjavík. I.P.G.

The Farmer's Trading Co.

(BLACK & BOLE)

HAFA EINUNGIS BESTU VÖRUTEGUNDIR.

Einu umboðsmenn fyrir:—
"SLATER" Skóna góðu.
"FIT-RITE" Fatnaðinn.
"H. B. K." prjónafélagið.
"HELENA" pils og 'waist' kvenfatnaði.
Bestu matvörutegundir.
"DEERING" akuryrkju verkfæri o. s. frv.

Beztu vörur Lágt verð

Fljót og nákvæm afgreiðsla.

Farmer's Trading Co.,
THE QUALITY STORE
Wynyard, Sask.

Ókeypis Píanó fyrir yður



Þetta er vort "Louis Style" Piano, fegursta hljóðfæri í Canada. Sent yður til reynslu í 30 daga ókeypis. —

LESIÐ ÞETTA:

STEFNA þessa félags hefir verið, að "fullnægja, eða peningum yðar skilað aftur". Og nú gerum vèr það bezta tilboð sem nokkrir Píanó-salar hafa nokkru sinni gert í þessu landi. Það veitir yður frfa reynslu hljóðfærisins og kaupréttt á því með HEILDSÖLU verði og vægum afborgunum ef þess óskast. Vér biðjum ekki um 1 cent af yðar peningum fyrr en þér eruð alveg ánægðir. —

Tilboð vort

Fillið út og sendið meðfylgjandi "COUPON" og vér sendum yður strax sýnismyndir af vorum ýmsu hljóðfærum með verði hvers þeirra. Þér veljið Píanó, og vér sendum yður það tafarláust og borgum flutningsgjald; þér reynið það í 30 daga ókeypis. Eftir það getið þér sent það oss á vorn kostnað, eða keypt það af oss með heildsölu verði. Er þetta ekki gott boð?

W. DOHERTY PIANO & ORGAN CO., LTD.,
WESTERN BRANCH, WINNIPEG, MAN. FACTORIES, CLINTON, ONT.

COUPON
W. DOHERTY PIANO & ORGAN CO., LTD.,
296 HARGRAVE STREET, WINNIPEG, MANITOBA.
Kæru herrar! Sendið mér strax sýnismyndir af Piano tegundum yðar, meðverðlista og upplýsingum um ókeypis reynslu-tilboð yðar, er sýnir hvernig ég get reynt Píanó-ið um 30 daga, mér kostnaðarlaust.
NAFN_____
ÁRITAN_____

J. J. H. McLean & Co LIMITED

Vér höfum FLUTT

Vort nýja heimkynni er á horni Portage Avenue og Hargrave Strætis

J. J. H. McLean & Co. Ltd.,

Cor Portage Ave. & Hargrave
Phone: Main 808.

Fréttir úr bænum.

Á miðvikudagskvöldið var komu hingað til bæjarins 7 Íslendingar heiman af Íslandi, eftir að eins 16 daga ferð. Nöfn þessara vesturfara eru: Ásmundur Bjarnason og Aðalbjörn Jónasson, trésmiðir, og ungfrú Sigríður Sigurðardóttir, öll frá Akureyri. Frá Seyðisfirði komu: Tryggvi Aðalsteinsson, verzlunarmaður og unnusta hans, ungfrú Svanhvít Jóhannsdóttir; frú Þórey Sveinsdóttir og Svanborg Sigurðardóttir. — Heimskringla átti tal við herra Tryggva Aðalsteinsson og unnustu hans, og létu þau afleitlega yfir ástandinu bæði á Austur- og Norðurlandi, kváðu heyleysi alment, svo niðurskurð hefði orðið að gera á gripum, á sumum bæjum nærri allir gripir lagðir að velli. Auk bessara stórvandræða, kváðu þau peningaeklu hina mestu og atvinnuskort meðal manna, sérstaklega í kaupstöðum. Þau töldu víst, að margir vesturfarar mundu koma á þessu sumri.

Landar eru alvarlega ámintir, að mæta á fundi þeim, sem Íslendingadagsnefndin hefir boðað til annaðkvöld (fimtudag, 2. júní) í Goodtemplarahúsinu, — undir því er að mestu komið, hvort nokkuð verði af Íslendingadags hátíðahaldi í sumar. — Fundur sá, sem haldast átti fyrir tveim vikum síðan, fórst fyrir vegna þess hvað hann var lélega sóttur. — Fjölmennið því nú.

Allir kjósendur ættu að greiða atkvæði með fjárveitingunni til almenna spitalans. Fátt mun nauðsynlegra, en að koma spitalanum í viðunanlegt horf. Annars er mönnum bent á, að lesa grein Dr. B. J. Brandsons, sem prentuð er á öðrum stað hér í blaðinu, með athygli, því þar eru glöggar upplýsingar gefnar. — Atkvæðagreiðslan fer fram á morgun (fimtudag).

Þann 24. apríl sl. mistu þau hjónin Mr. og Mrs. G. J. Bildfell, Foam Lake P.O., 7 ára gamla dóttur, Ástríði að nafni, eftir rúma hálfsmánaðarlegu. Hún var jarðsungin af séra Einari Vigfússyni þann 29. s.m., að mörgu fólki viðstöddu.

Aldrei hefir jafnmikið borið á reiðhjólaþjófnaði hér í bænum og einmitt nú, hafa ótal umkvartanir borist lögreglunni út af töpuðum reiðhjólum. Einn náunga handsamaði lögreglan fyrir skömmu, sem hafði gert það að atvinnuvegi sínum, að stela reiðhjólum og selja aftur, og furdust hjá honum 10 reiðhjól þannig fengin. Til þess að örðugra yrði að komast fyrir þennan heiðarlega atvinnuveg, mál aði hann reiðhjólin öðruvísi lit og breytti á ýmsan hátt, en endir varð sá, að hann fékk 8 mánaða fangelsi hjólreiðarlaust.

Íslendingadagurinn.

Almennur fundur verður haldinn í neðri sal Goodtemplara hússins kl. 8 fimtudagskveldið 2. júní (í næstu viku) til þess að kjósa nefnd til að standa fyrir Íslendingadagshátíðahaldi 2. ágústmánaðar næstkomandi.

Fráfarandi nefndin leggur þar fram reikninga yfir eignir og sjóð dagsins, og verður prentaðri skrá yfir það útbýtt meðal þeirra, er sækja fundinn.

Gerið svo vel að fjölmenna og vanda til kosninga nefndarmanna.

TH. JOHNSON, forseti
MAGNÚS PÉTURSSON, ritari.

Kvenmaður að nafni Alice Macdonald, var nýlega dæmd af Daly dómara í 5 mánaða fangelsi fyrir óreglu og ósiðsemi. Það merkilegasta við konu þessa er, að hún hefir verið dæmd 50 sinnum til fangavistar fyrir sömu afbrot og er þó ekki nema 28 ára gömul, — enda kvað Daly dómari hana versta allra þeirra kvenna, sem hann hefði kynst um sína daga.

SAFNADARFUNDUR

verður haldinn í Únitara kirkjunni á sunnudagskveldið kemur, eftir messu, til að kjósa erindsreka til kirkjuþings Únitara, sem haldast á að Mary Hill, Man., dagana frá 15. til 20. júní. Safnaðarfólk er beðið að fjölmenna.

J. B. SKAPTASON,
forseti.

Hr. Guðmundur Guðmundsson, frá Pine Valley hefir flutt sig hingað til borgarinnar, og tekið sér bústað á 711 Elgin Ave.

Thorbergur Thorvaldsson, M.A.

Í valdboðsskrá Harvard háskólans (Harvard University Gazette), útkominni þann 13. maí síðastliðinn, er Thorbergur Thorvaldsson, M.A., skrásettur sem verðlaunahafi "Edward-Austin" sjóðsins fyrir næstkomandi ár. Verðlaunastyrkur þessi nemur $500.00, og er að eins veittur fyrir ágætispróf og sjálfstæðar vísindalegar rannsóknir. Verðlauna styrk bennan hlaut Thorbergur síðastliðið vor, og þá líka Thayer styrktarsjóðs verðlaun. Fær hann veitinguna nú aftur og mun þó hafa verið við marga að keppa. Thorbergur leggur aðallega stund á efnafræði og efnafræðislegar rannsóknir við háskólann.

LEIÐRÉTTING.

Ólafsvík, 28. apríl 1910.

Herra ritstjóri: —

Út af grein í blaði yðar frá 24. febr. 1910 um Þorstein heitinn Hólm langar mig til að biðja yður að leiðrétta það, sem þar er sagt um ættmenni hans, því hann átti fleiri systkini en þar er getið: — Alsystir, Kristinu ekkju á Hellissandi, sem nú er á lífi, og fleiri, sem nú eru dáin, það vér frekast vitum, og óvíst um börn þeirra; svo er hálfbróðir hans enn á lífi í Eyrarsveit, Hermann Hermannsson, auk þeirra, sem talin eru í blaðinu, og enníremur börn Jóns og Jóhannesar.

Þetta vona ég að þér leiðréttið, og sjáið um að þeir fái að vita, sem dánarbúið hafa meðferðis, því annars gætu þeir vilst á grein þeirri, sem áður ræðir um.

Líklega eru fleiri systkini eða systkinabörn á lífi en vér vitum um, en þessi eru áreiðanlega á lífi: Alsystir Kristin Þorsteinsdóttir á Hellissandi; Hermann Hermannsson, Bryggju, Eyrarsveit, hálfbróðir; Ingibjörg Jónsdóttir Ólafsvík, hálfbróðurdóttir, og börn Jóhannesar, hálfbróður Þorsteins heitins: María í Ólafsvík, Kristin á Seljum í Helgafellssveit, og Ólafur í Stóragaltadal á Fells strönd, auk Gísla, er nefnd grein talar um.

Treystandi því, að þér viljið tilkynna þetta réttum hlutaðeigendum, tókst ég á hendur fyrir þá aðila, sem heima eiga í sóknum mínum, að skrifa yður þetta, því ég treysti yður svo vel, enda þótt ég ekki þekki yður mikið.

Yðar einlægur,
Guðm. Einarsson.

Dr. G. J. Gíslason,
Physician and Surgeon
18 South 3rd Str., Grand Forks, N.Dak
Athygli veitt AUGNA, EYRNA og KVERKA SJÚKDÓMUM ASAMT INNVORTIS SJÚKDÓMUM og UPPSKURÐI. —

Herra Guðjón Thomas, gull og úrsmiður flutti í þessari viku frá 659 William Ave. Verkstæði hans verður framvegis í nýju byggingunni á Sargent Ave. sunnanverðri, rétt fyrir austan Victor St.; en heimili hans verður að 724 Beverly Street.

Dominion bankinn er að byggja allstóra og vandaða byggingu fyrir útibú sitt á horninu á Sherbrooke St. og Notre Dame Ave. Ráðgert er, að byggingin muni kosta ekki minna er 25,000 dollara.

MAGNET Rjomaskilvinda.

Það er með mestu ánægju, að vér leyfum oss að draga athygli lesenda vorra að auglýsingu um þessa velþektu rjómaskilvindu, — sem birtist á öðrum stað í blaði voru.

The Petrie Mfg. Co., Limited, hefir smiðað þessa vél, ólíka öllum öðrum rjómaskilvindum, treystandi því, að bændurnir kannist við hina mörgu kosti hennar, og þar af leiðandi kaupi beztu vélina.

Mismunurinn á byggingu Magnet skilvindunnar og hinna annara véla þeirrar tegundar liggur aðallega í: — Hinni traustu umgerð hennar, hinum þungu hjólum, sem meitluð eru úr stáli, mjólkurkúlu úr stáli, sem studd er í báða enda, einstykkis-fleytir, sem tekur öll óhreinindi úr rjómanum og á sama tíma alla smjörfitu úr mjólkinni, og gefur bóndanum þar af leiðandi meira og betra smjör, en hann á annan hátt getur fengið. Er mjög þægileg í meðferð, börn og kvenfólk meðhöndla hana í þúsundatali í Kanada, og öllum ber saman um, að það sé að eins ánægja, að aðskilja mjólkina í Magnet skilvindu, henni sé svo létt snúið og svo auðvelt að hreinsa hana.

Hinar stórkostlegu framfarir félagsins eru hyggindum landbóndans að þakka, — framfarir, sem fylgt hafa Magnet vélinni frá upphafi vega hennar. Hún var fyrst upphugsuð fyrir 12 árum, af fjórum Kanada piltum. Sala hennar hefir farið vaxandi ár frá ári, þar til nú, að sala vélarinnar hefir meir en tvöfaldast, samanborið síðastliðið ár.

Á þessum tíma hafa fjórar verksmiðjur verið bygðar til þess að uppfylla auknar þarfir bændanna. Í núverandi verksmiðjum félagsins eru fimtíu vélar smíðaðar daglega. Sömuleiðis á félagið eignir og útibú í öllum stærri fylkjum í Kanada.

Vandað vörushús er nú nýlega fullgert í Regina. Formaður félagsins, herra A. B. Petrie, hefir nýlega fullgert samninga um byggingu vörúhúss mikils í Winnipeg, sem fullgert skal 1. október næstkomandi. Og næsta ár mun félagið eiga vöruhús í Alberta. — Herra T. S. Petrie, yfirumsjónarmaður félagsins, á heima í Winnipeg.

Það er ánægjulegt, að þetta stóra félag skuli viðurkenna Winnipeg, sem aðal-verzlunarstöð Kanada, og þar af leiðandi hafa aðalumsjónarmann sinn hér.

Höfuðstóll félagsins er nú nær þrir fjórðu úr milión dollara.

TIL RITSTJÓRA HEIMSKRINGLU

Kæri herra. — Um leið og ég hér með votta yður og Vestur-Íslendingum yfirleitt innilegt þakklæti mitt fyrir þann mikla velgjörning, sem þér og þeir hafa gert mér, — þá neyðist ég hér með að tilkynna yður og öllum öðrum velgjörðavinum mínum þar vestra, að ég get ekki í þétta sinn notað mér fé það, sem þér og þeir hafa gefið mér til vesturferðar, af þessum orsökum helztum:

Eitt barna minna, sem er á fyrsta ári, er lasið af afleiðingum af svæsnum kighósta, og finst mér því of mikill ábyrgðarhluti að flytja með það vestur í þessu ástandi yfir svo langa sjó og landleið.

Annað það: Ég er hér hjá tengdaforeldrum minum, sem hafa verið mitt helzta athvarf síðan ég varð ekkja, og af því, hve seint ég vissi af þessari veglyndu hjálpaðsemd vestan, þá eru þau litt möguleg að vera við jörð, ef ég fer frá þeim nú strax. En að vori geta þau fengið son sinn til sín, ef hann og þau lifa.

Nú fyrir þessar ástæður er það mín innilega bón, að peningarnir verði mér geymdir til næsta vors.

Vinsamlegast,
Marja Magnúsdóttir.

Þaravöllum á Akranesi,
26. apríl 1910.

* * *

ATHS. — Það þarf naumast að taka það fram, að Vestur-Íslendingum, sem hafa gefið það fé til Marju Magnúsdóttur, sem framangreint bréf getur um, verði fúsir til að ávaxta sjóðinn um eins árs tíma samkvæmt ósk ekkjunnar, — úr því ástæður þær, sem hún færir til fjarartálma á þessu sumri, hindra hana frá vesturferð nú.

Ritstj.

Herra Jón Thorsteinsson, reiðhjólasali á Portage ave., biður þess getið, að hann sé nýbúinn að fá talsíma í búð sína, og að númerið sé Main 9630.

Kærar þakkir.

Djáknanefnd Tjaldbúðar safnaðar hafði "Necktie Social" sl. mánudagskveld, og var það mjög vel sótt, — fullur salurinn af fólki.

Fólkið skemti sér vel, með "Grand March" áður og eftir að salan fór fram, og vonum vér, að allir hafi farið heim ánægðir. Fyrir þá góðu aðsókn er nefndin mjög þakklát, fyrst öllum þeim stúlkum, sem gáfu "Necktie" og sýnilega höfðu eins og kepst hver við aðra, að hafa það sem fullkomnast; — síðan kaupendunum, sem ekki létu sitt eftir liggja, að bjóða í alt það, er selt var. Og svo öllum í heild sinni, sem voru þar, því það var gott að sjá, að alt það fólk hafði komið með þeim eina og sama hug, að hjálpa áfram máleini því, er djáknanefndin sérstaklega hefir með höndum.

Enníremur og ekki síst tjáum vér okkar innilegasta þakklæti leikfélagi því, er síðast lék "Efintýr á gönguför", fyrir $25.00, sem það gaf líknarsjóði vorum.

Vér óskum og vonum, að allir þeir, er greiða fyrir máleini því, er djáknanefndin hefir með höndum (líknarstarfsemi), fái full laun fyrir öll sín ómök og fjárframlög.

Fyrir hönd nefndarinnar,
O. J. Vopni.

Prentnemi óskast
Efnilegur piltur, frá 14—16 ára, getur fengið stöðuga atvinnu hjá
THE ANDERSON CO.
582 Sargent Ave.

Sherwin-Williams PAINT
fyrir alskonar húsmálningu.
Prýðingar-tími nálgast nú. Dálftið af Sherwin-Williams húsmáli getur prýtt húsið yðar utan og innan. — Brúkið ekker annað mál en þetta. — S.-W. húsmálið málar mest, endist lengur, og er áferðarfegurra en nokkurt annað hús mál sem búið er til. — Komið inn og skoðið litarspjaldið. —
Cameron & Carscadden
QUALITY HARDWARE
Wynyard, Sask.

FRIÐRIK SVEINSSON
tekur nú að sér allar tegundir af húsmáling, betrekking, o.s.frv. Eikarmálning fljótt og vel af hendi levst. Heimili 443 Maryland St.

Vorir $4.00 Karlmanns Skór
Skór handa mönnum, sem brúka smekklega nýtízku skó.
Leðrið er alt úrvals-leður. sniðið er fallegt, smekklegt og í móðinn. Háir og lágir skór. Hælarnir og skólagið eftir því sem hver vill.
Vér fylgjum ekki að eins móðnum hér, heldur erum dálítið á undan öllum öðrum.
Ryan-Devlin Shoe Co
494 MAIN ST PHONE 770.

TIL LEIGU
herbergi að 806 Simcoe St. Eins, ef óskað er, þá er þar selt fæði. — Komið og skoðið herbergin, og smakkið matinn hjá Mrs. Ingibjörgu Ólafsson.

Atvinna.
Okkur vantar fáeina duglega umboðsmenn í hinum íslenzku bygðum í Manitoba og Norðvesturlandinu til að selja Stereoscopes og myndir. Sendið 75c fyrir umboðsmanna áhöld.
Arnason & Son.
8-4 Churchbridge, Sask.

"Kvistir,"
kvæði eftir Sig. Júl. Jóhannesson, til sölu hjá öllum íslenzkum bóksölum vestanhafs. Verð: $1.00.

Friðrik Sveinsson,
MÁLARI,
hefir verkstæði sitt nú að 245 Portage Ave. — herbergi nr. 43 Spencer Block — beint á móti pósthúsinu. Hann málar myndir, leiktjöld, auglýsingaskilti af öllum tegundum, o. s. frv. — Heimili: 443 Maryland St.

Jóhanna Olson
PIANO KENNARI
557 Toronto St. Winnipeg

Sveinbjörn Árnason
Fasteignasali.
Selur hús og lóðir, eldsábyrgðir, og lánar peninga. Skrifstofa: 12 Bank of Hamilton.
TALSÍMI 5122. HÚS-TALS. 8695

TIL SÖLU:
160 ekrur af bezta landi, stutt frá járnbrautarstöð. — Fyrsti maður með $7.00 fær hér góð kaup. — Finnið
Skúli Hansson & Co.
47 Aikens' Bldg.
Talsími. Main 6476 P. O. Box 833

DR. H. R. ROSS
C.P.R. meðala- og skurðlækuir. Sjúkdómum kvenna og barna veitt sérstök umönnun.
WYNYARD, — SASK.

Dr. M. Hjaltason,
Oak Point, Man.

Anderson & Garland,
LÖGFRÆÐINGAR
35 Merchants Bank Building
PHONE: MAIN 1561.

MARTYN F. SMITH,
TANNLÆKNIR.
Fairbairn Blk. Cor Main & Selkirk
Sérfræðingur í Gullfyllingu og öllum aðgerðum og tilbún aði Tanna. Tennur dregnar án sársauka. Engin veiki á eftir eða gómbólga. —
Stofan opin kl. 7 til 9 á kveldin
Office Phone 6944. Heimilis Phone 6462.

Þarft þú ekki að fá þér ný föt?
EF ÞAU KOMA FRÁ CLEMENT'S, — ÞÁ VERÐA ÞAU RÉTT
Réttur að efni, réttur í sniði réttur í áferð og réttur í verði.
Vér höfum miklar byrgðir af fegurstu og beztu fataefnum. —
Geo. Clements & Son
Stofnað árið 1874
264 Portage Ave. Rétt hjá FreePress

Th. JOHNSON
JEWELER
286 Main St. Talsími: 6606

JOHN ERZINGER
TOBAKS-KAUPMAÐUR.
Erzinger's skorið reyktóbak $1.00 pundið
Hér fást allar reftóbaks-tegundir. Óska eftir bréflegum pöntunum.
McINTYRE BLK., Main St., Winnipeg
Heildsala og smásala.

G. NARDONE
Verslar með matvöru, aldini, smá-kökur, allskonar sætindi, mjólk og rjóma, sömul. tóbak og vindla. Óskar viðskifta Íslend. Heitt kaffi eða te á öllum tímum. Fón 7756
714 MARYLAND ST.

Boyd's Brauð
Þegar þér hafið brauð vor á borðum þá hafið þér það bezta sem búið er til. Þau eru gerð úr bezta hveiti af beztu brauðgerðarmönnum í Canada. Vér spörum engan kostnað til þess að gera brauð vor alfullkominn. Biðjið matsalann um þau, eða snúið til
Boyd's
Bakery Cor. Spence & Portage Ave
Phone 1080.

Winnipeg Wardrobe Co.
Kaupa brúkaðan Karla og Kvenna fatnað,—og borga vel fyrir hann.
Phone, Main 6539 597 Notre Dame Ave

BILDFELL & PAULSON
Union Bank 5th Floor, No. 520
selja hús og lóðir og annast þar að lútandi störf; útvegar peninglán o. fl.
Tel.: 2685

Jónas Pálsson,
SÖNGFRÆÐINGUR.
Útvegar vönduð og ódýr hljóðfæri
460 Victor St. Talsími 6803.

J. L. M. THOMSON, M.A., L.L.B.
LÖGFRÆÐINGUR. 255½ Portage Ave.

BONNAR, TRUEMAN & THORNBURN,
LÖGFRÆÐINGAR.
Suite 5-7 Nanton Blk. Tals. 766
Winnipeg, Man. P.O.BOX 223

Húðir og ógörfuð Loðskinn
Verzlun vor er vor bezta auglýsing. Sendið oss húðir yðar og loðskinn og gerist stöðugir viðskiftamenn.
Skrifið eftir verðlista.
The Lightcap Hide & Fur Co., Limited
P.O.Box 1992 172-176 King St Winnipeg
16-9-10

W. R. FOWLER A. PIERCY.

Royal Optical Co.
307 Portage Ave. Talsími 7286.
Allar nútíðar aðferðir eru notaðar við augn-skoðun hjá þeim, þar með hin nýja aðferð, Skugga-skoðun, sem gjöreyðir öllum ágiskunum. —

Heimskringla.

XXIV. ÁR | WINNIPEG, MANITOBA, FIMTUDAGINN, 9 JÚNÍ 1910 | NR. 36

Tvöfalt stærri

er reiðhjólabúð mín nú en áður, og vörubyrgðir og verzlun að sama skapi. BRANTFORD reiðhjólin góðu hefi ég til sölu eins og áðundanförnu með eins góðum kjörum og nokkur annar getur boðið. — Einnig aðrar tegundir af nýjum reiðhjól um sem ég sel fyrir $30. og upp, með "Dunlop Tires" og "Coaster Brake". — Allar aðgerðir og pantanir afgreiddar fljótt og vel. —

West End Bicycle Shop

Jón Thorsteinsson, eigandi

475—477 Portage Avenue.

TALSÍMI: MAIN 9630.

Fregnsafn.

Markverðustu viðburðir hvaðanæfa.

— Dr. Goldwin Smith, frægasti rithöfundur í Canada, andaðist 7. júní í Toronto, 86 ára gamall.

— Hroðalegir jarðskjálítar geysa nú um suður og mið Ítaliu, hafa borgir hrunið til grunna og tvö hundruð þúsund manns látið lífið, eftir telegraf-fréttum 7. þ.m.

— Glenn H. Curtis flaug frá Albany til Manhattan Island, 137 milna vegalengd, á 152 mínútum, og hafði að eins eina viðdvöl. — Þetta er hið lengsta og hraðasta flug, sem Amerikumaður hefir flogið til þessa. Hin hraðasta hraðlest hefði farið nærfelt sömu vegalengd á nærfelt hálfum öðrum tíma. Fyrir þetta meistaraflug hlaut Curtis tíu þúsund dollara verðlaun.

— Ríkiserfingja þýzkalands var sýnt banatilræði sl. viku meðan á heræfingum stóð undir umsjón hans. Pólskur Gyðingur, Abraham Fierweiss að naíni, henti potti fullum af baunum að prinsinum, en hitti hann ekki, heldur lögregluþjón einn, er þar var nærstaddur, og særðist hann á höfði, þó ekki hættulega. Gyðingur þessi er talinn brjálaður, og kvað ekki tilhevra neinum stjórnleysingjaflokki.

— Scott kafteinn í sjóher Breta lagði frá Lundúnum áleiðis til Suðurpólsins þann 1. júní sl. á skipi því, er Terra Nova heitir. Hann ráðgerir að vera kominn að pólnum 11. des. 1911, — eða liggja dauður ella.

— Pius X. páfi varð 75 ára gamall 2. júní sl. Var þá mikið um dýrðir í Rómaborg og víðar í hinum katólska heimi.

— Þrjátíu og sjö stjörnleysingjar á Rússlandi voru í sl. viku dæmdir til hengingar eða lífstíðarfangelsis fyrir ýmsa glæpi í þarfir frelsisins, til dæmis, að myrða nokkra af kúgurum lands og lýðs og ræna banka og járnbrautarlestir í góðu augnamiði. Alt var fólk þetta á bezta aldri, 17—25 ára, — þar-af átta stúlkur, sleppa þær við hengingu, en fá lífstíðarfangelsi í Síberíu, sem er litlu betra; en piltarnir allir eiga að hengjast í nafni guðs og keisarans.

— Verkamenn í Toronto hafa gert verkfall, heimta hærra kaup og styttri vinnutíma; hefir orðið að hætta við ýmsar byggingar og fyrirtæki fyrir þá sök. En allar líkur eru til, að verkfall þetta standi skamma stund, og að verka mennirnir fái krðfur sínar uppfyltar, — því þar kváðu vera sanngjarnar.

— Bóndi einn nálægt Brownlee, Sask., Moses Smith að naíni, hengdi son sinn síðasta dag maímánaðar í brjálsemiskasti að haldið er, þó kona hans og eftirlifandi sonur segi hann aldrei hafa átt vanda fyrir brjálsemisköst. Moses reyndi einnig að sálga sjálfum sér með því að skera sig á háls, en það mistókst.

— Fimm hundruð sextíu og þrír glæpamenn úr fangelsum í Canada hafa verið náðaðir síðastliðið ár og er það helmingi fleiri en nokkuru sinni áður. — Margir af glæpamönnum þessum hafa verið náðaðir með því skilyrði, að komist þeir í klærnar á lögreglunni aftur og verði dæmdir um glæp, fá þeir þann tíma, sem þeim var eftirgefinn, í kaupbætir.

— Dr. Elisabeth Blackwell, einn af fyrstu og beztu kvenlæknum í heimi, andaðist 1. júní í Lundúnum, áttatíu og eins árs að aldri.

— Englendingar hafa til þessa verið eftirbátar annara í flugiistinni, þar til nú að Englendingurinn Charles Stewart Rolls gat sl. fimtudag flogið yfir Ermasund og til baka aftur, án viðdvalar. Hann er því hinn fyrsti maður, sem það hefir gert, og þykir þetta þrekvirki hið mesta, enda eru Englendingar hreyknir af.

— Merkur geðveikralæknir einn við vitfirringahælið í Battle Creek í Michigan, J. H. Kellog að nafni, hefir komið fram með þá staðhæfing, að eftir 265 ár yrði allur heimurinn orðinn bandóður. Þessa staðhæfing sína byggir hann á vaxandi brjálsemi hjá mönnum; telur hann að á sl. 50 árum hafi hún aukist um 100 prósent, eða að nú séu þrjátíu og fjögur þúsund vitfirringar af hverri miliión fólks. — Það er því árið 2175, sem allur heimurinn verður bandóður, það eru menn beðnir að muna.

— Vesalings Þýzkalandskeisari á ekki nema 52 hallir og landsetur, og það þykir honum ónóg. Þess vegna hefir hann farið þess á leit við ríkisþingið, að sér verði veittar einar 5 miliónir dollara til að koma upp svolítlum kofa yfir höfuðið á sér. Þinginu þótti nóg um, en veitti samt skildingana.

— Köttur og fluga urðu orsök í dauða drengs eins í New York. Pilturinn hafði verið að leika sér við köttinn, en kötturinn rifið hann í hendina. Skömmu seinna hafði pilturinn drepið flugu með sömu hendinni, og með rispuna á ónumbúna. Flugan var eitruð, blóðeitrun fór í sárið og næsta dag var drengurinn dáinn. — Líkskoðunarmennirnir kváðu köttinn og fluguna valda að láti sveinsins.

— Eitt af lang-stærstu og vönduðustu farþegaskipum Samcinaða gufuskipafélagsins danska "United States" strandaði 4. júní sl. við Kristjánssand, á suðurströnd Noregs, með þúsund farþega, sem allir björguðust við illan leik, en sjálft skipið er talið ónýtt. Þetta vildi til um nótt, og farþegarnir voru flestir í fasta svefni og vöknuðu við vondan draum, þegar skipið rakst á kletta fyrir utan fjarðarmynnið, og hefði það ekki verið fyrir ötula framgöngu skipverja, hefði fjöldi manns farist, því fólkið ruddist upp á þilfarið og misti flest ráð og rænu í hættunni, en fyrir duglega stjórn yfirmanna skipsins tókst að firra vandræðum og koma öllu fólkinu heilu og höldnu til lands. Flestir farþegarnir voru danskir eða norskir Amerikumenn, sem höfðu verið á skemtiferð í átthögunum.

— Smáríkið Nicaragua í Mið-Ameriku hefir átt í innanlandsófriði nú um langan tíma. Annars eru borgarastríð í Mið-Ameríku daglegir viðburðir, en þetta virðist vera eitt það harðsnúnasta um mörg ár. Í upphafi styrjaldarinnar veitti uppreistarmönnum betur og fengu forseta ríkisins hrundið af stóli, en annar var kosinn í hans stað, sem fylgdi fram stefnu fyrirrennara sins, svo styrjöldin hélt áfram, og stjórnarmönnum tók að veita betur, og fengu flesta af uppreistarmönnum innilukta í borgum hér og þar um ríkið, og um þær borgir hafa þeir svo setið og herjað á, en hinir varist eftir mætti. Á borgina Bluefields, bar sem foringi uppreistarmanna Estrada situr innibyrgður, hafa stjórnarmenn gert harðar árásir, en beðið stórtjón. Í síðustu orustunni mistu þeir yfir fimm hundruð manns, en Estrada menn tæpt hundrað. Estrada er talinn hershöfðingi hinn bezti, og í háns liði eru margir Bandaríkja æfintýramenn og jafnvel kvenfólk.

— Átta ára gömul stúlka, er Alma Kellner hét, frá Louisville, Ky., hafði á miðvikudagsmorgninn 28. desember sl. farið í kirkju, en aldrei sézt eftir það, þó hennar hefði verið leitað með dunum og dynkjum, — þar til nú 20. maí sl., að verið var að hreinsa forarpípurnar í skólahúsinu, sem kirkjunni tilheyrðu, er stúlkan fór í, þá fundust þar innivafðar í pokadruslu höfuð, fætur og handleggir og aðrir hlutir líkamans, alt sundurhöggið og brotið, og var engum blöðum um það að fletta, að þetta voru hinar jarðnesku leifar stúlkunnar. — Hver unnið hefir niðingsverkið, er ekki uppvíst, en megn grunur liggur á manni þeim, sem umsjón hafði með skólahúsinu og nú er horfinn. Sá sami maður hafði áður verið ákærður um svínslegt athæfi gagnvart stúlkubörnum, og er líklegast, að hið sama hafi átt sér stað í þetta sinn, en til að hylja brot sitt hafi skálkurinn bætt gráu ofan á svart og myrt barnið á þennan þrælslega hátt. Vonandi, að þessi náungi verði handsamaður.

— Hjón ein giftu sig í Chicago fyrir skömmu, og skildu daginn eftir. Brúðguminn var 69 ára, en brúðurin einu ári yngri. Hafði karl verið giftur þrisvar áður, en kerling fimm sinnum. Ástæðan fyrir þessari stuttu sambúð hjónanna er ókunn.

— Vegna þess, að spákona spáði fyrir William Lewis, ungum bónda í Suður-Dakota, að hann ætti að eignast þrettán börn, fyrirfór hann sjálfum sér til þess að sýna og sanna, að spádómurinn skyldi ósannur reynast.

Þingboð.

Hið Únitariska Kirkjufélag Vestur-Íslendinga heldur hið 5. þing sitt, samkvæmt fyrirmælum síðasta þings, að Mary Hill, Man.

Vegna ófyrirsjáanlegra forfalla verður þingsetningardagurinn að færast til, verður því þingið sett nú sunnud. 19. júní kl. 9 f.h. í kirkju Mary Hill safnaðar. Hlutaðeigandi fólk er beðið að minnast þessa.

Sönnuðir kjósi erindsreka einn fyrir hverja 15 atkæðisbæra meðlimi, og útbúi þá með kjörbréf samkvæmt fyrirmælum grundvallarlaga félagsins.

S. B. BRYNJÓLFSSON,
forseti.

* * *

Starfskrá þingsins.

18. JÚNÍ

Farið frá Winnipeg kl. 4.20 síðd. Komið til Oak Point kl. 7 síðdegis.

19. JÚNÍ

I. FUNDUR. — Þing sett í kirkju Mary Hill safnaðar, kl. 9 f.h. Skýrslur embættismanna. Skip aðar þingnefndir, kjörbréfa og dagskrár nefndir.

Messur fluttar að Mary Hill, Norðurstjörnuskóla og víðar. Nákvæmar auglýst síðar.

II. FUNDUR, klukkan 5—7 síðd. — Skýrslur kjörbréfa nefnda og dagskrár nefnda. Ný mál. Ólokin störf frá síðasta þingi. Skýrslur fráfarandi nefnda teknar af borði.

Fundarhlé kl. 7—8.30.

Fyrirlestur: "Modernista hreyfingin innan rómverskkathólsku kirkjunnar", Albert E. Kristjánsson. Umræður til kl. 10.30 e.h.

20. JÚNÍ

III. FUNDUR, kl. 9 f.h. til kl. 1 e.h. Dagskráin. Þingnefndaálit. Útbreiðslumál. Afstaðan við A.U.A.

IV. FUNDUR, kl. 2.30—7. — Dagskráin, framhald mála.

Fyrirlestur: "Unitarismus", séra Guðm. Árnason frá Winnipeg. Umræður. Byrjar 8.30.

21. JÚNÍ

V. FUNDUR, kl. 9 f.h. til kl. 1 e.h. Dagskráin. Framhald mála.

Fyrirlestur: "Kirkjan", séra Rögnv. Pétursson. Umræður Byrjar kl. 2.30.

VI. FUNDUR, kl. 5—7. e.h.— Málalok. Skipaðar milliþinganefndir. Kosning embættismanna.

Fyrirlestur, "Íbúðir á götuhorni", Stefán Thorson. Umræður. Byrjar kl. 8 e.h.

22. JÚNÍ

Samkoma að Norðurstjörnu skólahúsi (sbr. auglýsingu á öðrum stað í þessu blaði).

Þeir, sem ekki geta tafið til næsta dags, fara til baka þann morgun. Lestin fer frá Oak Point kl. 7 f. h.

Þingið býður alt fólk bygðarinnar velkomið á fund með sér, þó þeir einir hafi þingréttindi, er kjörnir eru erindsrekar. Eftir fyrirlestrunum er öllum heimilt að taka til máls.

OGILVIE'S

Royal Household Flour

Til Brauð og Köku Gerðar

Gefur Ævinlega Fullnæging

EINA MYLLAN Í WINNIPEG.—LÁTIÐ HEIMAIÐNAÐ SITJA FYRIR VIÐSKIFTUM YÐAR.

Fréttir.

— Japans keisari hefir gefið út nýja tilskipun, sem allir meðlimir hinnar keisaralegu fjölskyldu verða að haga sér eftir: Enginn prins má yfirgefa höfuðborgina nema með leyfi keisarans; enginn þeirra má hafa nein opinber störf á hendi eða vera riðinn við verzlunarfyrirtæki, stjórnmál eða því um líkt. Aftur geta þeir átt hlutabréf í fyrirtækjum, og með keisarans leyfi verið starfandi meðlimir líknarstofnana. Engin gifting er leyfileg, nema að brúðguminn sé ekki yngri en 17 ára og brúðurin 15 ára. Keisaraefnið verður að kvongast prinsessu, eða þá, sé engin fyrir hendi nema of skyld, þá dóttur göfugs aðalsmanns við hirðina. — Aftur mega aðrir prinsar kvongast hverri aðalsmær, sem þeim sýnist, en þó að eins með keisarans leyfi. Prinsessur giftast þeim, sem keisarinn eða foreldrarnir ákveða. — Hjónaskilnaður því að eins leyfilegur í keisaraættinni, að óumflýjanlegar kringumstæður heimti og keisarinn leyfi. — Börn, sem fæðast utan hjónabands, eru skilgetin á móðurinnar hlið, og bera hennar naín; skal móðirin jafnt heiðruð, sem gift væri, og barn þannig fætt hafa öll þau réttindi, sem hennar ætt veitir hjónabandsbörnum. — Þessi tilhögun er sérstaklega handhæg fyrir keisarann, hann getur því haft svo marg ar hjákonur, sem honum bezt líkar, þó að eins ríkiserfingi geti fæðst af hinni krýndu drotningu.

— Merkilegt hjónaskilnaðarmal kom fyrir dómstólana í Memphis í Bandarikjunum fyrir skömmu, þar sem eiginkonan, að eins 19 ára gömul, sótti um skilnað frá manni sínum, sem var 32. ára gamall. Stúlkan, sem var óvanalega þroskuð eftir aldri, hafði látið tælast af rakara einum til að yfirgefa foreldrana og giftast honum, og einkennilegast af öllu var, að presturinn, sem gifti þau, hafði ekki hugmynd um, að brúðurin væri tæpra tíu ára. En strax eftir giftinguna, þegar fólk frétti þessi undur, gerði það brúðgumanum aðsúg, svo hann varð feginn að flýja og forða lífinu; og brúðurin fékk brátt nóg af hjónabandinu, og fór heim til foreldranna aftur, og sótti um hjónaskilnað, sem henni var veittur.

— Níutíu og fjögra ára gamall bóndi í Texas í Bandaríkjunum greiddi konunni sinni 3 þúsund dollara til þess að losna við hana, og gat hann þess um leið, að hann vildi ekki giftast aftur, hvað sem það kostaði, nema hann væri viss um að vera elskaður. — "Ég gef ekki mikið fyrir þessi ástarskot, sem gripa ungíingana, sú ást er kvikul og sjaldan langgæð. Ég fyrir mitt leyti hafði átt 3 konur áður en ég giftist síðustu konu minni, og þá var ég 76 ára, 60g þóttist ég þá þekkja kvenfólk til hlýtar, en svona fór: ég hefi sjaldan greitt peninga með betra geði, en þá, sem ég greiddi konunni minni til að skilja við mig. Það er djöfullinn, sem hefir áhrif á konuna, og hann er undirrót hjónaskilnaðar. Ég ætla nú að fara að lesa biblíuna af kappi, til þess að reyna að finna þar ráð gegn því böli". — Konan, sem hann keypti sig lausa frá, var 76 ára gömul, og hafði einnig verið þrígift áður, þau voru því engir hjónabands nýgræðingar.

TIL LEIGU.

3 herbergi, ódýr, að 427 Toronto St.

"Andvökur"

LJÓÐMÆLI EFTIR

Stephan G. Stephansson

Kosta, í 3 bindum, $3.50, í skrautbandi.

Tvö fyrri bindin eru komin út, og verða til sölu hjá umboðsmönnum útgefendanna í öllum íslenzkum bygðum í Ameríku.

Í Winnipeg verða ljóðmælin til sölu, sem hér segir:

Hjá Eggert Jóhannssyni, 689 Agnes St., EFTIR KL. 6 AÐ KVELDI.

Hjá Stefáni Pétursyni, AÐ DEGINUM, frá kl. 8 f.h. til kl. 6 að kveldi, á prentstofu Heimskringlu.

Hjá H. S. Bardal, bóksala, Nena St.

Utanbæjarmenn, sem ekki geta fengið ljóðmælin í nágrenni sínu, fá þau tafarlaust með því að senda pöntun og peninga til Eggerts Jóhannssonar, 689 Agnes St., Winnipeg, Man.

Þriðja bindið er nú á leiðinni hingað frá Reykjavík og kemur væntanlega til Winnipeg innan skamms.

Íslendingar í Gimli bæ minnist þess, að herra Elis G. Thomsen er maðurinn, sem gerir allskonar utan- og innan-húss málningu fljótt og vel. Einnig pappírsleggur hann hús og gerir "Kalsomining".

Wall Plaster

"EMPIRE" VEGGJA PLASTUR kostar ef til vill ögn meira en hinar verri tegundir, —en berið saman afleiðingarnar.

Vér búum til:

"Empire" Wood Fibre Plaster
"Empire" Cement Wall "
"Empire" Finish "
"Gold Dust" Finish "
"Gilt Edge" Plaster of Paris
og allar Gypsum vöruutegundir. —

Eiqum vér að senda yður bækling vorn?

BÚIÐ TIL EINUNGIS HJÁ

MANITOBA GYPSUM CO. LTD

SKRIFSTOFUR OG MILLUR Í

Winnipeg, - Man.

ÞAÐ ERU INNVIÐIR RJÓMA SKILVINDUNNAR SEM TÁKNAR GÆÐI HENNAR

Ódýr skilvinda í léttri umgjörð, en vel máluð, getur staðið upprétt af því hún er skrúfuð í gólfið. Eu "worm gearing" hennar, — spyrjið þér aðdan vélfræðing um það. Hann mun segja yður, að þær geti aðskilið fullvel um tíma, en fyr eða síðar ganga þær úr lagi, og það óhapp ber að þegar verst gegnir, og þér megið sízt teíjast frá verkum. Einmitt þá er MAGNET 'square gear' metið að verðleikum. Það er rétt tilbúið og áreiðanlegt á öllum tímum. Þér tapið aldrei tíma, jafnaðargeði eða hagsmunum, þegar þér eigið MAGNET. Því? Af því að MAGNET hefir "square gear", rent úr einu stálstykki, einstykkisfleytir auðhreinsaðan, stóra skál studda beggja megin (MAGNET einkaleyfi), hreinsunar-sáld; vélin svo léttsnúin, að börn geta gert það. Það má stöðva vélina á 8 sekúndum.

Skoið MAGNET umgerðina, þunga og trausta, — alt er í sterkustu skorðum, svoaðskilnaðurinn er fullkominn, hún stendur hvar sem hún er sett. Berið það saman við hinar veikbygðu umgerðir annara véla. Það má táldraga blindan mann með sögusögnum, en hver, sem sér og íhugar samanburðinn, mun kaupa MAGNET. Það er fullkomin skilvinda, endist 50 ár. Það kostar 1 cent að reyna MAGNET heima hjá yður.

THE PETRIE MFG. CO., LIMITED

WINNIPEG, MAN.

ÚTIBÚ: Calgary, Alta., St. John, N. B., Montreal, Que., Vancouver, B.C., Regina, Sask., Victoria, B.C., Hamilton, Ont.

Heimskringla

Published every Thursday by The Heimskringla News & Publishing Co. Ltd

Verð blaðsins í Canada og Bandar $2.00 um árið (fyrir fram borgað).
Sent til Islands $2.40 (fyrir fram borgað af kaupendum blaðsins hér $1.50.)

B. L. BALDWINSON
Editor & Manager

Office:
729 Sherbrooke Street, Winnipeg
P.O. BOX 3083. Talsími 3512.

Hví þessi dráttur?

Þegar Sir Wilfrid bað þingið um peninga til að byggja Grand Trunk Pacific-brautina, um árið, bað hann til guðs, með klökkum rómi, að því verki yrði ekki ofseint lokið. Síðar komst upp, að sálarangist hans átti rót sína að rekja til þess, að Senator Cox mátti ekki bíða.

Sir Wilfrid var nærri eins ákafur nú fyrir tveimur árum, þegar hann skýrði frá þörfinni á járnbraut norður að Hudsons-flóa, og að stjórn sín hefði þá ákveðið að fá hana bygða. Það verk sagði hann með engu móti þola bið til morgunn. Hvernig sem því vikur við, þá er nú ekki búið að gera annað síðan, en "renna" tveimur eða þremur mælingalínum norðaustur að flóanum, frá endastöð Canadian Northern brautarinnar við Saskatchewan-fljótið, ekki alllangt vestur frá norðurenda Winnipeg-vatns. Ef bygging þessarar brautar var svo mikið lífsspursmál fyrir tveimur árum, að þá mátti ekki bíða til morguns, þá er þessi dráttur æríð einkennilegur. Hann stafar þó líklega ekki af einhverjum óljósum þörfum Siftons, — að hann endilega þurfi að bíða, á meðan bræðra og tengdamanna lið hans er að binda bagga sína?

Þegar kunnugt er orðið, að Sifton hefir löngun til, að útvega vinum sínum umráð og stjórn á verkinu, þá er ekki ósennilegt, að drátturinn sé Sifton að kenna. Takist honum ekki, að klófesta verkið fyrir sig og sína, þarf hann þó æfinlega að komast í kynni við þá, sem hlutskarpari kunna að verða. Eftir að mælingamenn höfðu farið yfir alt brautarstæðið, var það álit þeirra, að braut þessi kostaði alþúin um 11 miljónir dollars. Með þá reynslu fyrir augum, sem bygging Grand Trunk Pacific-brautarinnar, frá Rauðá austur, hefir veitt, má gera ráð fyrir, að svo megi teygja úr lopanum, að þessar 11 miljónir verði að 20 miljónum, áður en öllu er lokið. Það er smáræði eitt í samanburði við Grand Trunk Pacific-bygginguna, en samt er hér um svo mikið fé að ræða, að vert er að hafa hönd í bagga. Fimm cents lögð á "dalinn" fyrir ómaks og umboðslaun, og minna gæti það ekki verið, gerir þó æfinlega eina miljón dollara, eða um fjórða part úr miljón á ári í 4 ár. Í samanburði við það eru f.d. árslaunin fyrir þjóðeigna-verndun svo smávaxin, að þau sjást varla með stækkunargleri.

Það einkennilegasta er, að þessi brautarbygging verður hafin með því, að brúa Saskatchewan-fljótið. Til þess var veitt hálf miljón dollara, áður en þingi var slitið, núna um daginn. Stjórnin bar það fyrir, að það væri ekki hægt, að byrja brautargerðina fyrr en brúin væri fengin yfir fljótið. Engin slík viðbára heyrðist, þegar byrjað var að byggja Grand Trunk Pacific-brautina, en svo var það sannast, að Cox mátti ekki bíða.

Að halda því fram, að ekki sé hægt að byrja á brautargerðinni fyrir norðan fljótið, vegna brúarleysis, — fljótið straumlítið og litlu breiðara en Rauðá, — það er ein sú vandræðalegasta viðbára, sem lengi hefir heyrst. Hún sýnir, að þar er einhversstaðar fiskur undir steini.

Tuttugu mánuðum eftir að Sir Wilfrid segir lífsspursmál að byggja brautina, — að gera það í dag, en ekki á morgun, fær hann þingið til að veita hálfa miljón dollars til að brúa Saskatchewan-fljótið, — brúa það fyrir Canadian Northern, sem þar bíður eftir brú yfirum? Gangi brautargerðin með sama hraða framvegis, líða 20 til 30 ár áður en hún kemst að flóanum.

Það er langur sólarhringurinn hjá Sir Wilfrid.

Það er slíkandi munur á framkvæmd Laurier-stjórnarinnar í þessu máli og á framkvæmd Roblin-stjórnarinnar í Kornhlöðumálinu. Innan átta mánaða frá því Roblin-stjórnin lofaði að leysa bændur úr klóm kornkaupmanna og kornhlöðu eigenda, með því að kaupa eða byggja kornhlöður, er síðan skyldu eign fylkisbúa, — innan átta mánaða frá upphafi málsins hefir hún lokið sínu starfi, — uppfylt öll sín loforð í því máli. Nefnd bænda skipuð til að hafa hönd í bagga með löggjöfina, fé veitt sem þarf til framkvæmda, — fjórfalt meiri upphæð en Laurier-stjórnin enn hefir veitt til Hudsons-flóa brautarinnar,— framkvæmdarnefnd skipuð og hún tekin til starfa, — nefnd valinna bænda, með reynslu og þekkingu á því verki, sem þeir eiga að vinna, og þessi nefnd óháð framkvæmdarvaldi stjórnarinnar.

Hér gefur að líta ávöxtuna af mælgi og hverflyndi á eina hlið, og af staðfestu og starfsemi á hina.

Úr bænum

OPINN FUNDUR. — G.T. stúkan Skuld hefir opinn fund í kveld (miðvikudag) eftir kl. 9. Allir velkomnir. Gott prógram fyrir unga og aldna.

Goodtemplara stúkurnar íslenzku hafa ákveðið að hafa sína árlegu skemtiferð ofan að Gimli í ár, og 4. júlí næstkomandi ákveðinn sem farardagur.

Mrs. H. S. Bardal brá sér ofan að Gimli sl. föstudag, til að líta eftir sumarbústað sínum þar. — Ráðgerir hún að hafa þar sumardvalarstað og flytur þangað með börn sín, þegar skóli er úti og veðurblíða komin.

Nýtt kvenfrelsis kvenfélag er að myndast um þessar munir hér í bæ. Fyrir því standa enskar konur. Fyrsti fundur var haldinn 30. maí í Sunshine samkomusalnum, Cor. Main st. og Logan ave. Nefnd arfundur á sama stað 4. júní. Þar voru kven-ritstj. frá flestum eða öllum enskum blöðum bæjarins. — Nefndin ákvað að hafa útbreiðslufund 14. júní, kl. 8 e.m. og vanda sem mest til. Ræðumenn verða vanir pólitiskir leiðtogar, — hverjir, verður auglýst í ensku blöðunum öllum. Allir velkomnir. Æskilegt, að sem flestir enskulæsir Ísl. væru þar. M.J.B.

Guðm. P. Thordarson er að láta byggja allmikið stórhýsi skamt frá horninu á Beverly og Wellington strætum.

Ýmsir landar eru að byggja stórbyggingar hér og þar um bæinn, munu flestar þeirra kosta frá 15,000 til 50,000 dollara. Þeir, sem eru að láta byggja og Hkr. veit um, eru: —

Albert Johnson, tvö stórhýsi, annað á Sherbrooke og hitt á Furby strætum.

Jóhannes Sveinsson og Lindal Hallgrímsson eru í félagi að byggja stórhýsi eitt milli Beverly og Simcoe stræta. — Aftur er Sveinsson einn að byggja annað stórhýsi norðaustur á Point Douglas.

Joseph Johnson er að byggja á William Ave. og Lögbergsfélagið einnig, hvorutveggja stærðarbyggingar.

Hannes Pétursson er að byggja stórhýsi á Maryland St., og Aðalsteinn Kristjánsson á horninu á Broadway og Maryland strætum.

Jón Tr. Bergmann er að byggja á Furby st.

Th. Oddson & Co. eru að reisa stærðar byggingu á horninu á Furby og Ellice strætum.

Alt eru þetta steinbyggingar, og verða án efa hinar veglegustu.

Íslendingadagurinn

Íslendingadagsnefndin fyrir árið 1910 hélt fyrsta fund sinn sunnudaginn 5. þ.m. Formaður nefndarinnar var kosinn Guðm. Thordarson, skrifari Guðm. Árnason og gjaldkeri Ólafur S. Thorgeirsson.

Nefndin skipti með sér verkum þannig:

Prógramsnefnd: Árni Eggertsson, Ólafur S. Thorgeirsson og Guðm. P Thordarson.

Garðnefnd: Th. Johnson, H. B. Skaptason og Loftur Jörundsson.

Sportsnefnd: Thomas Gilles, Th. Johnson, H. B. Skaptason, Victor Anderson og Guðm. Árnason

Samþykt var, að skrifa þeim Jóhannesi Jósefssyni og félögum hans, íslenzku glímumönnunum, sem nú eru að sýna íþrótt sína á Þýzkalandi, og reyna að komast að samningi við þá um að koma hingað vestur fyrir Íslendingadaginn í sumar. Takist það, má almenningur búast við að fá að sjá betri íslenzka glímu, en nokkurntíma hefir sézt hér áður.

G. ÁRNASON, skrifari

Kærleiksverk gerir hver sá, sem kemur á samkomu þá, sem haldin verður á mánudagskveldið kemur í Únitarasalnum til styrktar fátækri og heilsulausri konu. Þeir, sem fyrir samkomunni standa, treysta á veglyndi landa sinna. — Gott prógram og veitingar ókeypis. — Vér erum þess fullvissar, að það traust verður ekki fyrir vonbrigðum.

Camrose, Alta

Það er enginn efi á, að sú borg á mikla framtíð fyrir höndum, — bæði er legu hennar svo háttað, að járnbrautir renna gegn um hana úr öllum áttum, og svo er hún þess utan í miðju akuryrkjusvæðinu, og það er jafnan lífsskilyrði fyrir viðgangi og vexti borga. Það virðist því vera spursmálslaus gróðavegur, að kaupa lóðir þar, ekki sízt fyrir þá sök, hvað skilmálar þeir eru aðgengilegir, er Camrose Security Co. bíður. — Annars ættu menn að lesa auglýsingu félagsins hér í blaðinu með mesta athygli, — það borgar sig.

Íslands fréttir.

Bændaöldungurinn Stefán Stefánsson frá Heiði í Gönguskörðum, andaðist að Möðruvöllum í Hörgárdal 10 maí sl., 81 árs að aldri. Hann var faðir séra Sigurðar í Vigur og St. Stefánssonar gagnfræðaskólastjóra. Sæmdarmaður hinn mesti í hvívetna.

Tíðarfarið batnar ekki og horfurnar versna eftir því sem lengra líður. Heyleysi sagt tilfinnanlega mikið bæði á Vesturlandi og eins á Austurlandi. Á Héraði sögð mikil þörf á kornmat handa fénaði, en ómögulegt að koma honum að sér yfir heiðarnar. Á Norðurlandi eru útsveitirnar verst farnar og búist við fjárfelli þar, ef ekki rakna fljótt og vel fram úr.

Úr Austur-Húnavatnssýslu hafa Norðurlandi borist í vetur sárar umkvartanir um megnustu vanskil á póstsendingum héðan að norðan af Akureyri. Fylgja þeim umkvörtunum litlir lofsöngvar um póstafgreiðsluna á Víðimýri, en ekki vill Norðurland leggja dóm á það mál að svo komnu.

Thorefélagið gaf hluthöfum sínum 4 prósent í ár eins og síðustu undanfarin ár. Það fé var 10 þús. kr., en 41,800 kr. voru lagðar í varasjóð.

Siglufjarðarsíminn mun eiga að verða til 1. september. Eljan flytur nú símastaura til Siglufjarðar, en líklega er örðugt að koma þeim niður í jörðina gegn um fönnina og klakann.

Aldarafmæli Jóns Sigurðssonar er sem kunnugt er 17. júní næsta ár. Sá dagur verður stórhátíðardagur þjóðarinnar. Fjallkonan leggur það til, að um það leyti séu gefin út ný frímerki með mynd af Jóni. "Slík frímerki", segir blaðið, "mundu vekja allmikla athygli ekki síður utanlands en innan og bera nafn hans víðara en löng æfisaga eða ritgerðir".

Bæjarfógetinn á Ísafirði, Magnús Torfason, kom hingað með Vestu síðast. Er hann settur rannsóknardómari í Lindalsmálinu og sömu leiðis til þess að rannsaka einhverja kæru gegn Guðmundi Guðlaugssyni, er nokkrir flokksmenn Lindals sendu stjórnarráðinu og mun hafa verið gert til hefnda fyrir það, að Guðmundur sagði satt frá um mál Lindals.

Vígslubiskup hins forna Hólastiftis, séra Geir Sæmundsson, verður vígður af biskupi landsins í Hólakirkju 10. júlí í sumar.

Þrjá dagana næstu þar á undan (fimtudag — laugardag) verður haldin almenn prestastefna í Hólum. Ekkert er enn birt um ræðuhöld og málaskrá á þessari prestastefnu. Nokkurt metnaðarmál fyrir presta hér nyrðra og eystra, að hún verði ekki til muna tilkomuminni en sú, sem síðast var haldin syðra á Þingvelli.

— Norðurland.

TIL LEIGU

Bygging á Beverly st. nálægt Wellington ave. Ráðstöndug hjón gætu haft gott upp úr, að búa í þessari byggingu og leigja út frá sér sérstök herbergi einhleypu fólki með eða án húsmuna. Byggingin er vönduð í alla staði, hituð með "Steam", hefir 15 herbergi með mjög stórum borðsal og kjallara undir allri byggingunni. Það má komast að góðum kjörum þessu viðvíkjandi, ef leitað er til mín nú þegar.

G P. Thordarson
732 Sherbrooke st.

Syndicate Realty Co.

hefir tekið upp nýja verzlunaraðferð við sölu lóða sinna í Cumberland Park. Lóðir þessar eru nú á boðstólum fyrir óvanalega lágt verð og með vægum borgunarskilmálum, og gefur það verkamönnum jafngott tækifæri og þeim ríku til að auðgast á þeim kaupum.

Cumberland Park er á Logan ave., rétt fyrir vestan sporbrautina, á þurrum grasvelli, svo ekki er hægt að kjósa sér betra byggingarsvæði; og þar sem full vissa er nú fyrir, að brautin verður framlengd í gegn um Parkið, eykur það margfaldlega á verðmæti lóðanna.

SYNDICATE REALTY CO. lánar þeim peninga, sem girnast að byggja hús gegn að eins 5 prósent rentu, og ætlar sömuleiðis að byggja átta herbergja hús, $3,000 dollara virði, á horninu á Logan og Florence strætum, og sem gefið verður þeim, er dregur. Drátturinn fer fram réttlátlega, alveg eftir því, sem lóðareigendurnir hyggja bezt sé. Sömu reglum verður fylgt með drátttinn á lóðinni, sem er $225 virði.

Allmikil landspilda hefir verið keypt norðan við járnbrautina, og eru þær lóðir nú í háu verði, og án efa stíga lóðirnar í Cumberland Park í hlutfalli við þær, ekki síst þar sem þær liggja að Logan Ave. sem er eini aðal-þjóðvegurinn, er liggur frá bænum.

Áður en haustar að verður félagið að minsta kosti búið að byggja 10 hús, sem öll verða seld með vægum mánaðar afborgunum.

Eitt það, sem ekki sízt ætti að auka vöxt bæjarins og hleypa lóðum í hátt verð, er sýningin væntanlega. Sýningar hafa alt af reynst happasælar fyrir vöxt og þrif borga, — og þá því betra að hafa náð sér í lóð meðan gott tækifæri býðst, og ekkert býðst betra en í Cumberland Park.

LEIÐRÉTTING.

Í grein, sem stóð í Hkr. núna nýlega um sumarskólann í Tjaldbúðinni var sagt, að partur af kenslunni færi fram í fyrirlestrum.

Þetta er ekki rétt.

Búist er við, að nemendur verði flestir á aldrinum frá 6—10 ára, og sunnudagaskólanum, sem stendur fyrir þessari kenslu, hefir aldrei komið til hugar, að fyrirlestra kensla ætti við nemendur á þeim aldri.

Það, sem kenna á, er lestur, og munnleg útskýring á efni því, sem lesið er, og svo verður reynt að kenna börnunum að skrifa rétt íslenzk orð og málsgreinar.

Heimskringla er beðin að birta þessa grein sem leiðréttingu við fyrri greinina.

Dánarfregn.

Þann 6. maí sl. andaðist konan mín, Anna Kristín Gunnlaugsdóttir Westdal, að heimili okkar nálægt Wynyard, Sask., eftir stutta en kvalafulla legu. Hún var jarðsungin af séra Einari Vigfússyni 9. s.m., að mörgum viðstöddum. Hún varð 61 árs gömul, og fjögra barna móðir, sem lifa og syrgja hana ásamt fósturbarni hennar. — Öllum þeim, sem á einn eða annan hátt heiðruðu útför konu minnar og sýndu okkur hjálp og aðstoð, votta ég mitt innilegasta þakklæti fyrir mig og börnin.

John J. Westdal.

Registration
OF VOTERS

Public notice is hereby given that, pursuant to the provisions of "An Act respecting the preparation and revision of lists of electors in certain electoral divisions of the Province", it has been determined to prepare and revise the List of Electors for the Electoral Division of

WINNIPEG WEST

The Limits and extent of each registration district in the said Electorial Division, the names of the persons appointed to act as registration clerks in the respective districts, and the places at which applications for registrations will be received, are as follows: —

Registration district No. 1, consisting of that portion bounded on the north by Ellice avenue; on the west by Landside street; on the south by Portage avenue, and on the east by Balmoral street; registration clerk, O. Rathbone; place for registration, 388½ Young st.

Registration district No 2, consisting of that portion bounded on the north by Sargent avenue; on the west by Langside street; on the south by Ellice avenue, and on the east by Balmoral street; registration clerk, George Curry; place of registration, 521 Spence street.

Registration district No. 2, consisting of that portion bounded on the north by Notre Dame avenue; on the west by Landside street; on the south by Sargent avenue, and on the east by Balmoral st.; registration clerk, W. Comba; place of registration, 585 Young street.

Registration district No. 4, consisting of that portion bounded on the north by William avenue; on the west by Kate street; on the south by Notre Dame avenue, and on the east by Isabel street; registration clerk, J. A. Scanlon; place of registration, 55 Juno st.

Registration district No. 5, consisting of that portion bounded on the north by William avenue; on the west by Nena street; on the south by Notre Dame avenue, and on the east by Kate street; registration clerk, G. Bergevin; place of registration, 57 Margarette st.

Registration district No. 6, consisting of that portion bounded on the north by the lane between Ross and Elgin avenues; on the west by Nena street; on the south by William avenue, and on the east by Isabel street; registration clerk, H. Insull; place for registration, the southwest corner of Kate street and Elgin avenue.

Registration district No. 7, consisting of that portion bounded on the north by Alexander avenue; on the west by Nena street; on the south by the lane between Elgin and Ross avenues, and on the east by Isabel street; rgeistration clerk C. J. Smith; place of registration, 528 Ross avenue.

Registration district No. 8, consisting of that portion bounded on the north by the main line af the C.P.R.; on the west by Nena street; on the south by Alexander avenue, on the east by Isabel and Park streets; registration clerk, W. James; place for registration, 575 Logan avenue.

Registration district No. 9, consisting of that portion bounded on the north by Ellice avenue; on the west by Maryland street; on the south by Portage avenue, and on the east by Langside street; registration clerk, A. Tait; place of registration, 388 Langside street.

Registration district No. 10, consisting of that portion bounded on the north by Sargent avenue; on the west by Maryland street; on the south by Ellice avenue, and on the east by Langside street; registration clerk, Hannes Pétursson; place for registration, basement of the Icelandic church, corner of Sargent and Sherbrooke street.

Registration district No. 11, consisting of that portion bounded on the north by Notre Dame avenue; on the west by Maryland street; on the south by Sargent avenue, and on the east by Langside st.; registration clerk, Phillip Wright; place for registration, 664 Notre Dame avenue.

Registration district No. 12, consisting of that portion bounded on the north by William avenue; on the west by McPhillips street; on the south by Notre Dame avenue, and on the east by Nena street; registration clerk, Geo. M. Holmes; place for registration, 773 Winnipeg avenue.

Registration district No. 13, consisting of that portion bounded on the north by Alexander avenue; on the west by Tecumseh street; on the south by William avenue, and on the east by Nena street; registration clerk, F. H. Davis; place for registration, 713 Pacific avenue.

Registration district No. 14, consisting of that portion bounded on the north by the main line of the C.P.R.; on the west by Tecumseh street; on the south by Alexander avenue, and on the east by Nena street; registration clerk, W. B. Oakley; place for registration, 662 Logan avenue.

Registration district No. 15, consisting of that portion bounded on the north by Ellice avenue; on the west by Toronto street; on the south by Portage avenue, and on the east by Maryland street; registration clerk, W. Benson; place for registration, 694 Ellice avenue.

Registration district No. 16, consisting of that portion bounded on the north by Sargent avenue; on the west by Toronto street; on the south by Ellice avenue, and on the east by Maryland street; registration clerk, T. W. Wright; place for registration, 542 Maryland st.

Registration district No. 17, consisting of that portion bounded on the north by Notre Dame avenue; on the west by Toronto street; on the south by Sargent avenue, and on the east by Maryland street; registration clerk, J. Jones; place for registration, 639 Toronto st.

Registration district No. 18, consisting of that portion bounded on the north by the main line of the C.P.R.; on the west by McPillips street; on the south by William avenue, and on the east by Tecumseh street; registration clerk, V. A. Driver; place for registration, 260 Dorothy street.

Registration district No. 19, consisting of that portion bounded on the north by Ellice avenue; on the west by Burnell street; on the south by Portage avenue, and on the east by Toronto street; registration clerk, K. K. Albert; place for registration, 356 Simcoe street.

Registration district No. 20, consisting of that portion bounded on the north by Sargent avenue; on the west by Burnell street; on the south by Ellice avenue, and on the east by Toronto street; registration clerk, K. A. Benediktsson; place for registration, 438 Simcoe street.

Registration district No. 21, consisting of that portion bounded on the north by Wellington avenue; on the west by Burnell street; on the south by Sargent avenue, and on the east by Toronto street; registration clerk, C. Hillman; place for registration, 702 Simcoe street.

Registration district No. 22, consisting of that portion bounded on the north by Notre Dame avenue; on the west by Burnell street; on the south by Wellington avenue, and on the east by Toronto street; registration clerk, H. B. Skaptason; place for registration, 714 Beverly street.

Registration district No. 23, consisting of that portion bounded on the north by the production of Sargent avenue and a straight line west to the city limits; on the west by the westerly limits of the city; on the south by Portage avenue, and on the east by Burnell street; registration clerk, W. S. Thorne; place for registration, 321 Lipton street.

Registration district No. 24, consisting of that portion bounded on the north by William and Notre Dame avenues; on the west by the westerly limits of the city; on the south by the production of Sargent avenue and a straight line west to the city limits, and on the east by Burnell and McPhillips st.; registration clerk, Arthur Shellard; place for registration, 1156 Garfield street.

Registration district No. 25, consisting of that portion bounded on the north by the main line of the C.P.R.; on the west by the westerly limits of the city; on the south by William avenue, and on the east by McPhillips street; registration clerk, H. A. Webb; place for registration, 1621 Logan avenue.

The dates on and the hours between which applications for registration will be receiveed and shall be concluded are Wednesday, Thursday and Friday.

JUNE 15-16-17

1910, between 9 o'clock a.m. and 12 o'clock noon, 2 o'clock and 6 o'clock p.m., and 7.30 o'cloco and 10 o'clock p.m., each day.

The several Registration Clerks will attend, at their respective places of registration, on Saturday, June 18th, 1910, between the hours of 10 o'clock a.m. and 12 o'clock noon, and 2 o'clock and 4 o'clock p.m., for the purpose of receiving objections to the retention of any names or names registered.

A COURT OF REVISION will be held on Tuesday, June 28th, in the basement of the Icelandic church, cor. Sargent and Sherbrooke, between the hours of 10 o'clock a.m. and 6 o'clock p.m., to hear and determine any and all abjections against the retention of any name or names on the list of electors and the adding of any name or names to such lists of electors refused registration by Registration Clerks. Honourable L. A. Prudhomme, County Court Judge, has been appointed to revise the list of electors.

Dated at the office of the Provincial Secretary, in the City of Winnipeg, Province of Manitoba, this first day of June AjD. 1910.

J. H. HOWDEN
Provincial Secretary.

Skrimslið versta

Hvað neíndur er óvættur nútíðar sá,
er næstum öll félagsbönd slitur,
sem kveíkir upp mannhaturs kveljandi þrá,
og kærleikans frjóanga brýtur?

Sem gjöreyðir samhygð og eitrar hvert orð,
og einkenni' er spillingar mesta?
Það skrýmsli er hann Rógur, sem margt fremur morð
og mannkynsins bölvun er versta.

Því varla' er til nokkur, sem varast hann má,
hann voðann í blíðmælum dylur.
Og hann er það blindsker, sem brýtur ei á, —
sín bölverk í djúpinu hylur.

Já, þeir eru margir, sem mannlífs um haf
þeim myrkranna steytt hafa' á boða,
og hjálpvana að síðustu sokkið í kaf, —
þau sjórek má allstaðar skoða.

Hve margir þeim óvætt hafa' orðið að bráð
í algleymi tímans er falið.
Svo gamall yrði' enginn, þó glögt væri skráð,
að gæti þær miljónir talið.

Af völdum hans margur, sem fullhuga fyrst
sínu framþráar stryki hélt beinu,
hefir sókninni slept og alt sjálfstæði mist
og síðan ei orðið að neinu.

Hann rænir þeim blómum, sem bezt voru geymd
í brjósti þess varhyggju snauða,
og honum svo steypir í óreglu' og eymd,
í örvænting, brjálsemi og dauða.

Með fáeinum álygum illgirnis má
í ógæfu fáráðling toga,
því ellst getur neistinn, sem augað vart sá
og orðið að skaðræðis loga.

Ein einasta getsök til áfellis sett,
sem ilskunnar fræ nær að dafna.
Og illgresið vel getur orðið svo þétt,
að ilmjurtir gjörvallar kafna.

Og löngum eitt brigslorð þess lævísa manns,
í launkrók er hræddur sig dregur,
er handþægast morðvopnið mannleysingjans,
er í myrkrinu að saklausum vegur.

Eitt einasta spéglott til óbóta má
þess ókenda tilfinning særa.
Ein svipbreyting rógberans andliti á
er oftsinnis dularfull kæra.

Eitt lastyrði' er andlegur áverki smár,
er allflestir reikna sem skeinu,
en vel getur orðið svo voðalegt sár,
að verði' ekki læknað með neinu.

Eitt niðrandi glensorð er málstingur mjúr,
sem naumast er hirt um að skoða,
en getur þó orðið sem átumein stór,
hvar alls engar lækningar stoða.

Eitt einasta hundgelt má orsaka það:
hinn ókunni, er ferðast um veginn,
er umkringdur gráðugum greyhunda vað
og glepsandi hrætönnum sleginn.

Einn burttekinn stafur, eitt ofaukið ó
þá umbreyting gjörir á tölum,
að satt verður lýgi, lofsorð að róg,
og lífið að brennandi kvölum.

Þú lastanna sonur með lunderni kalt
ert landplága þessum á dögum,
sem leitar, og skimar, og læðist um alt,
og lifir á hvislinga sögum.

Þorskabítur

TAKIÐ EFTIR Skrásetningar-auglýsingu í þessu blaði.

Þriðja bréf að sunnan.

(Framhald).

Herra ritstj. Heimskringlu.

Næst segir Halldór: "Þó nú að þessar sakargiftir bréfritarans á hendur forsetanum lýsi ekki allítilli stjórnmálalegri vanþekkingu, þá gegnir ósvifiri hans þó fyrst fyrðu, er hann fullyrðir, að Taft forseti, með aðstoð samveldismanna, hafi fært tollinn á innfluttum vörum upp, í stað þess eins og flokkurinn lofaði, að færa hann niður". — Og svo rétt á eftir segir hann: "Af 2024 vörum, sem tollskyldar voru eftir hinni eldri toll-löggjöf (Dingley Tariff Laws) hefir tollurinn verið færður niður á 654 vörutegundum, en upp á að eins 220".

Svona er nú röksemdafærslan hans Dóra míns. Hann segir það ósannindi ein (neitar því), að tollurinn á innfluttum vörum hafi verið færður upp, en játar svo í sömu andránni, að tollurinn hafi verið færður upp — á 220 vörutegundum.

Ég sagði: "En samt urðu nýju toll-lögin alt að 2 prósent, að meðaltali, hærri en gömlu toll-lögin, sem þóttu alveg óhafandi". Og það eru engin ósannindi, hvað oft sem Halldór og hans fylgifiskar segja það ósatt.

Það hefir verið reiknað út nákvæmlega, af meiri stjórnmálafræðingum en hann er, að tollurinn hafi hækkað að meðaltali eitt og sjö tíundu (1.7) prósent, sem er alt að 2 prósent, eins og ég sagði.

Sú röksemdafærsla Halldórs, að tollurinn hafi verið lækkaður á 654 vörutegundum, en hækkaður að eins á 220, sannar ekkert. Það var auðvelt, að hækka svo mikið á þessum 220, en lækka svo lítið á hinum 654 vörutegundum, að hækkunin yrði meir en 2 prósent að meðaltali auk heldur.

En svo er þá eftir — eftir Halldórs reikningi — 1150vörutegundir, sem ekkert var hreyft við. Þó heimtaði þjóðin ósvikna toll-lækkun á flest öllum vörutegundum Dingley toll-laganna ("genuine reduction all through). Enda hafa öll hin frjálsari blöð Repúblikana sagt, að stjórnin hafi svikið loforð sín ("broken their pledges"). Þjóðin heimtaði nefnilega svoleiðis toll-lækkun, sem gerði allar nauðsynjavörur ódýrari en þær höfðu áður verið; en reyndin hefir orðið alt önnur, því flestar nauðsynjavörur hafa annaðhvort hækkað í verði, eða eru við það sama.

Til dæmis segir Halldór, að tollurinn hafi verið 25 prósent á jarðyrkju verkfærum, þó hafa þau ekkert lækkað í verði. Vagnar auk keldur dýrari en áður. Svoleiðis ómyndar toll-lækkun var gerð á sykri, að maður þyrfti að éta heilt ton (2000 pd.) af sykri til að spara einn dollar, ef toll-lækkunin kæmi fram í sykurverðinu. En svo er nú ekki því að fagna, því sykur hefir hækkað mikið í verði.

Það var þó sannarlega vel gert af stjórninni og jafnvel gustuk, að hlífa sykur-einokunarfélaginu, sem búið var að snuða hana um margar miliónir dollara með tollsvikum! — Fyrir eitthvað tveim árum síðan komst það upp, að sykur-einokunarfélagið í Bandaríkjunum seldi 100 pd. sykursekk á Englandi fyrir $2.50. En heildsöluhúsin hér í landi urðu að borga $4.50 fyrir hann á sama tíma.

Það væri oflangt mál, að telja hér upp allar þær vörutegundir sem einokunarfélögin hér í Bandaríkjunum selja með miklu lægra verði erlendis en innanlands. Þó mætti benda bændum á, að þeir eru kúgaðir til að borga frá 25 til 40 prósent meir fyrir öll akurvrkjuverkfæri hér, en stéttarbræðr þeirra í Noregi eða á Englandi borga fyrir sömu tegund. Þessi verkfæri eru búin til hér í Bandaríkjunum og flutt yfir hafið, og samt seld ódýrar þar með öllum þessum aukakostnaði.

Aldrei hafa nauðsynjavörur þjóðarinnar verið jafn dýrar og nú, sem kemur mest til af því, að þó að tollurinn hafi verið lækkaður á mörgum vörutegundum, þá er hann svo hár enn, að hann útilokar alla erlenda samkepni. Þar af leiðandi hafa einokunarfélögin tæki færi til að ráða vöruverði innanlands, því engin innlend samkepni á sér stað, í flestum tilfellum.

Þess vegna segi ég og skrifa, að sú toll-lækkun, sem hefir engin lækkandi áhrif á vöruverð, er bara gabb (humbug) og bein svik gagnvart þjóðinni, sem kúguð er til að borga tvöfalt verð fyrir allar lífsnauðsynjar, — bara til að fylla vasa fáeinna auðkýfinga.

Tollur er lagður á innfluttar vörur aðallega (eða ætti að vera) í þeim tilgangi, að innheimta nægja peninga til að standast stjórnarkostnaðinn. En með hátolla steinunni fer sá tilgangur oft algerlega út um þúfur. Í sumum tilfellum er verndartollur svo hár (prohibitive), að hann útilokar útlendar vörur algerlega eða að mestu leyti. Í þeim tilfellum fær landssjóður ekki eitt cent, en einokunarfélögin skrúfa upp vöruverðið, það sem tollinum nemur, — já, oft tvöfalt meira, þar sem engin samkepni er.

Grosscup dómari (óskeikull Republikan), og sem alt af hefir haft orð á sér fyrir að vera hlyntur auðvaldinu í flestum sínum dómsúrskurðum, — sagði síðastliðið haust í ræðu, er hann hélt í Chicago, að hver einasti dollar, sem borgaður væri í landssjóð af innfluttum vörum, kostaði þjóðina sjö (7) dollara í uppsprengdu vöruverði innanlands.

Þá segir Halldór þessi: "Ef vér nú athugum toll-lögin (nýju) nokkuru nákvæmar, verður maður þess skjótt var, að tollurinn er færður niður á næstum öllum þeim vörutegundum, sem mest eru brúkaðar til almennra þarfa hér í Bandaríkjunum".

Jú, þar hittir hann naglann á hausinn eða hitt þó heldur. Hvað ætli hann haldi um baðmullar og ullar varning? "Ó, hvað skulu svín með silfur á trýni"? Hvað skyldi sauðsvartur almúginn hafa með svoleiðis vöru að gera? Þar vörutegundir tilheyra auðvitað þeim ríku. Við, sem kveljumst af vetrarkuldanum hér í North Dakota, höfum sjálfsagt enga þörf á ullarfötum. En svo hafa baðmullarföt hækkað í verði líka. Auðvitað komast druslur ("rags") tollfritt inn í landið. Hví skyldi ekki fólkið vera ánægt með að vera druslum vafið? Það ætti þó að vera nógu gott, eftir Halldórs þenkimáta. Það var annars nokkuð skritið af Halldóri, að minnast ekkert á þessar lífsnauðsynjavörur í svari sínu til mín, eins fullum hálsi og hann talaði. Taft forseti hefir þó einlægt sagt til þessa, að hinn afarháa verndartollur á ullar- og baðmullar varningi, hafi verið og sé óforsvaranlegur.

Vér skulum nú athuga tollinn á ullarvarningi svolitið betur.

(Meira).

Dakota Íslendingur.

LEIÐBEININGAR--SKRA
YFIR AREIÐANLEGA VERZLUNARMENN Í WINNIPEG

MUSIC OG HLJÓÐFÆRI
CROSS, GOULDING & SKINNER, LTD.
Pianos; Player Pianos; Organs; "VICTOR" og "EDISON" Phonographs; T. H. Hargrave, Íslenzkur umboðsmaður.
323 Portage Ave. Talsími 4413

BYGGINGA- og ELDIVIÐUR.
J. D. McARTHUR CO., LTD.
Byggingа- og Eldiviður í heildsölu og smásölu. Sölust: Princess og Higgins Tals. 5060, 5061, 5062

MYNDASMIÐIR.
G. H. LLEWELLIN,
"Medallions" og Myndarammar
Starfstofa Horni Park St. og Logan Avenue

SKÓTAU Í HEILDSÖLU.
AMES HOLDEN, LIMITED
Princess & McDermott. Winnipeg.
THOS. RYAN & CO.
Allskonar Skótau. 44 Princess St.
THE Wm. A. MARSH CO. WESTERN LTD.
Framleiðendur af Finu Skótaui. Talsími: 3710
88 Princess St. "High Merit" Marsh Skór

BYGGINGA-EFNI.
JOHN GUNN & SONS
Talsími 1277 266 Jarvis Ave.
Höfum bezta Stein, Kalk, Cement, Sand o. fl.
THOMAS BLACK
Selur Járnvöru og Bygginga-efni allskonar
76—82 Lombard St. Talsími 600
THE WINNIPEG SUPPLY CO., LTD.
298 Rietta St. Talsímar: 1936 & 2187
Kalk, Steinn, Cement, Sand og Möl
MATHESON AND GAY
Húsasmiðir, smiðkarar og viðgerðarmenn
221 Higgins Ave. Winnipeg

BYGGINGAMEISTARAR.
PAUL M. CLEMENS
Bygginga-Meistari, 443 Maryland St.
Skrifst.: Argyle Bldg., Garry st. Talsími 8997

CLYDEBANK SAUMAVÉLA AÐGERÐARMAÐUR. Brúkaðar vélar seldar frá $5.00 og yfir
564 Notre Dame Phone, Main 8624

ACCOUNTANTS & AUDITORS
A. A. JACKSON,
Accountant and Auditor
Skrifst.—28 Merchants Bank. Tals.: 5702

PIPE & BOILER COVERING
GREAT WEST PIPE COVERING CO.
132 Lombard Street.

VÍRGIRÐINGAR.
THE GREAT WEST WIRE FENCE CO., LTD
Alskonar virgirðingar fyrir bændur og borgara.
76 Lombard St. Winnipeg.

ÁLNAVARA Í HEILDSÖLU.
R. J. WHITLA & CO., LIMITED
264 McDermott Ave Winnipeg
"King of the Road" OVERALLS.

BILLIARD & POOL TABLES.
W. A. CARSON
P. O. Box 225 Room 4 í Molson Banka.
Öll nauðsynleg áhöld. Ég gjöri við Pool-borð

NÁLAR.
JOHN RANTON
203 Hammond Block Talsími 4670
Sendið strax eftir Verðlista og Sýnishornum

GASOLINE Vélar og Brunnborar
ONTARIO WIND ENGINE and PUMP CO. LTD
301 Chamber St. Sími: 2988
Vindmillur — Pumpur — Agætar Vélar.

BLÓM OG SÖNGFUGLAR
JAMES BIRCH
442 Notre Dame Ave. Talsími 2638
BLÓM - allskonar. Söng fuglar o. fl.

BANKARAR.GUFUSKIPA AGENTR
ALLOWAY & CHAMPION
North End Branch: 667 Main street
Vér seljum Avísanir borganlegar á Íslandi

LÆKNA OG SPÍTALAÁHÖLD
CHANDLER & FISHER, LIMITED
Lækna og Dýralækna áhöld, og hospitala áhöld
185 Lombard St., Winnipeg, Man.

ROBLIN HOTEL
115 Adelaide St. Winnipeg
Bezta $1.50 á-dag hús í Vestur-Canada. Keyrsla ókeypis milli vagnstöðva og hússins á nóttu og degi. Aðhlynning hins bezta. Viðskifti Íslendinga óskast. ÓLAFUR G. ÓLAFSSON, Íslendingur, afgreiðir yður. Heimsækjið hann.—
O. ROY, eigandi.

A. S. BARDAL
Selur líkkistur og annast um útfarir. Allur útbúnaður sá besti. Enfremur selur hann alskonar minnisvarða og legsteina.
121 Nena St. Phone 806

HEIMSKRINGLU og TVÆR skemtilegar sögur fá nýir kaupendur fyrir að eins $2.00.

THE "Arena"
Þessi vinsæli skautaskáli hér í vesturbænum er nú opinn. Isinn er ágætur. 18DA MOUNTED RIFLES BAND SPILAR Á ARENA. KARLM. 25c.—KONUR 15c.
Chas. L. Trebilcock, Manager.

JIMMY'S HOTEL
BEZTU VÍN OG VINDLAR.
VÍNVEITARI T.H.FRASER,
ÍSLENDINGUR.
James Thorpe, Eigandi

A. S. TORBERT'S
RAKARASTOFA
Er í Jimmy's Hótel. Besta verk, ágæt verkfæri; Rakstur 15c en Hárskurður 25c. — Óskar viðskifta Íslendinga.—

MARKET HOTEL
146 PRINCESS ST. á móti markaðnum
P. O'CONNELL, eigandi, WINNIPEG
Beztu tegundir af vínföngum og vindlum, aðhlynning góð, húsið endurbætt

Woodbine Hotel
466 MAIN ST.
Stærsta Billiard Hall í Norðvesturlandinu
Tíu Pool-borð.—Alskonar vín og vindlar.
Gisting og fæði: $1.00 á dag og þar yfir
Lennon & Hebb,
Eigendur.

Á beztu heimilum
hvar sem er í Ameríku, þar munið þér finna HEIMSKRINGLU lesna. Hún er eins fróðleg og skemtileg eins og nokkuð annað íslenzkt fréttablað í Canada

sömu ættinni, ef til vill bróðir hans. Herra, þínir vegir eru órannsakanlegir. Ef til vill á þessi að bæta úr brotum hins. Það er forsjón guðs".

Hefði vesalings konan getað horft á ókomna tímann, þá hefði hún ekki sagt: Það er forsjón guðs, heldur: Það eru forlög".

Georg gekk til Helenar á meðan, þar sem hún stóð við eldstæðið bljúg og feimin og blés að eldinum.

"Góðan morgun, fallega barnið mitt", sagði hann og klappaði á kinn hennar. "Þekkirðu mig aftur?"

"Já, barún góður", svaraði Helen og roðnaði út undir eyru, "það varst þú, sem í gær —"

"Lofaði að annast þig", greip Georg fram í. "Alveg rétt, og nú er ég kominn til að efna loforð mitt. Er þessi vesalings kona móðir þín?"

"Já, barún minn góður".

Georg gekk að rúminu, þar sem frú Anderson sat ennþá með hendurnar fyrir andlitinu.

"Þú ert mjög veik, vesalings kona", sagði hana með uppgerðar hluttekningu. "Hér er líka svo kalt og saggasamt, að þú deyrð, ef þú heldur áfram að vera hér".

Hún tók höndurnar frá andlitinu og starði á unglinginn með svo ógeðslegu og hatursríku augnatilliti, að hann hopaði ósjálfrátt á hæl.

Hann áttaði sig þó strax aftur og gekk að rúminu.

"Mamma þín talar óráð", sagði hann við Helenu.

"Já, mamma er orðin svo undarleg seinustu dagana".

"Vík frá mér, vík frá mér, Satan", sagði konan og veifaði höndunum út í loftið eins og brjáluð manneskja. "Það er ekki til neins fyrir þig að freista mín".

"Mamma", kallaði Helen dauðhrædd. "Hvað hugsarðu? Þetta er ungi maðurinn, sem ég sagði þér frá í gærkveldi. Það er hann, sem ætlar að hjálpa okkur".

"Á, er það hann?" sagði vesalings konan, sem eins og vaknaði af draumi. "Hvað vill hann þá?"

"Ég hefi meðaumkun með þér og litlu dóttur þinni", sagði Georg alvarlegur. "Ég ætla að hjálpa ykkur og útvega ykkur annan bústað, fót og fæði, eins og þið þurfið. Dóttir þín syngur eins og engill. Ég heyrði til hennar í gær, og ég ætla að sjá um, að hún geti fullkomnað hæfileika sína. Með tímanum verður hún afbragðs söngkona".

"Hvað heitir þú, herra minn?" spurði veika konan.

"Georg Ehrenstam".

"Áttu nokkurn bróður?"

"Nei, en ég á systur".

"Hefirðu átt nokkurn bróður?"

"Já, hálfbróður, ... En hvað snertir það þig?"

"Og hálfbróðir þinn var myrtur", sagði konan.

"Já, sagði Georg undrandi, "hann var drepinn fyrir mörgum árum síðan. En hvernig veiztu það?"

Frú Anderson svaraði ekki þessari spurningu.

"Og það er áreiðanlegt, að Satan hefir ekki sent þig, til að gera mig og Helenu ógæfusamar", kallaði hún hátt. "Það er líka áreiðanlegt?"

"Móðir þín lítur út fyrir að vera brjáluð", sagði Georg kuldalega. "Hún er óð".

"Ó, fyrirgefðu henni, barún minn góður", sagði Helen grátandi, "ég veit ekki, hvað að henni gengur. Hún hefir aldrei áður verið svona".

"Hún virðist þekkja atvik, sem komið hafa fyrir mína ættingja", sagði Georg. "Hvernig stendur á því, að hún þekkir þau?"

"Það veit ég ekki", sagði Helen. "Talaðu nú, mamma", sagði Helen og sneri sér að móður sinni. "Segðu hvað að þér gengur".

"Nú er ég betri, barnið mitt", sagði sjúklingurinn, þegar hún var búin að jafna sig. "Ég held ég hafi talað óráð. Fyrirgefðu mér, herra. Að ég þekki nafn þitt, stafar af því, að ég átti heima í nánd við það pláss, þar sem bróðir þinn var myrtur, og heyrði um það talað, og það var það, sem jók geðshræring mína".

"Jæja", sagði Georg, "við skulum þá snúa okkur að aðalefninu. — "Ég er ríkur, og þar eð ég virði hæfileika dóttur þinnar, þá hefi ég ásett mér að hjálpa henni til að halda áfram þá braut, sem mér er sagt að henni hafi verið valin áður. Þú þekkir Sterner?"

"Já, ég hefi verið þjónusta hans nokkra mánuði".

"Nú, ég ætla þá að segja þér, að það er í sameiningu við hann, að ég hefi áformað þetta. Hann ætlar að veita henni tilsögn í bóklegum fróðleik á hverjum degi, en ég ætla að sjá um afkomu ykkar og gefa henni tækifæri á, að læra söng og hljóðfæraslátt. Að ári liðnu skal ég útvega henni stöðu við leikhúsið í Stokkhólmi, og gangi alt að óskum, verður hún innan fárra ára nafnkunn söngkona. Hvað segirðu um þetta?"

Einhver dularfullur grunur gerði vart við sig í huga frú Anderson, þegar hún heyrði þetta ginnandi tilboð, en hún rak hann á flótta sem ástæðulausan, enda elskaði hún dóttur sína of mikið til þess að hún gæti neitað því.

"Herra barún", sagði hún eftir stutta umhugsun, "ég þekki þig ekki, en þar eð þú segist vinna að þessu í sameiningu með Sterner, verð ég að álíta að tilgangur þinn sé heiðarlegur, því ég veit það, að

hann mundi ekki samþykkja neitt, sem bakaði okkur ógæfu. Er það ekki satt?"

Þrátt fyrir spillingu sína gat barúninn ekki annað en skammast sín og litið undan, þegar hún kom með þessa hreinskilnu spurningu viðvíkjandi einkabarni sinu, sem hann hafði ásett sér að vansæma. Hann jafnaði sig þó fljótt og svaraði kuldalega:

"Hvernig getur þér dottið slík spurning í hug, kona góð? Ég, að stofna ykkur í ógæfu. Það væri einkennileg aðferð til að gera ykkur ólánsamar, að bera umhyggju fyrir velvegnan ykkar".

Georg hafði tamið sér, að láta svip sinn lýsa því, sem hann vildi, og þegar konan heyrði þennan blíða róm og sá saklausa útlitið hans, varð hún rólegri og svaraði:

"Jæja, herra barún, ég tek þá tilboði þínu með þakklæti. Dóttir mín hlýtur að hafa óvanalega góða hæfileika, fyrst þú lætur þér svona ant um hana. Ég óska þess af alhuga, að vonir þínar um hana rætist".

"Og þú, Helen litla, hvað segir þú um þetta?" spurði Georg og klappaði á höfuð hennar um leið.

Helen roðnaði og hneigði sig, þakkaði honum svo hálfstamandi með tárin í augunum. Hún þekti ekki hættuna, sem yfir henni vofði, og gat naumast stilt sig um, að hoppa ekki upp af ánægju yfir þessu góða framtíðar útliti, sem kom svo óvænt.

"Komið þið þá strax og flytjið í tvö lagleg herbergi, sem ég hefi leigt handa ykkur", sagði Georg. "Þú ert líklega ekki svo veik, kona góð, að þú getir ekki gengið út?"

"Nei, langt frá", svaraði konan, sem nú var búin að sleppa öllum imyndunum og grun, og sem vissan um þessa gæfu, sem fyrir henni lá, hafði gert stórum hressari, "ég er eins heilbrigð og ég get orðið. Hvert eigum við að fara, herra barún?"

Þrjú kvæði

til Miss Friðu Helgason og Mr. Carl Fr. Lindal
að Big Point, Man.
á giftingardegi þeirra 18. April 1910.

Nú andar um gluggann minn aftansins blær
með ilminn og nýsprungnum rósum,
og lífið í fjörgjafans faðminum hlær,
er frjó-angi sérhver í jörðinni grær,
og sjálf er eg heiðbláma himinsins nær
með hundrað af glitrandi ljósum,
sem benda mér varlega vestur,
þar vorlangur dagur er seztur.

Nú veit eg — nú veit eg — þau leika svo létt
um loftið, það tekur að hlína,
þars rétt fyrir skemstu sól hafði sett
á svar-bleikju skýjanna drýðlegan blett
— þau hvísluðu í eyra mér fallegri frétt,
en fengu' hana kannské hjá mána
— það hugtak, sem hjörtu manns skilja,
er heilaósk senda' yður vilja.

Þér vinir í fjarlægð, nú fýsti mig nær,
að flétta yður sveiga úr blómum
Svo fœri' yður aftanins blessaði blær
þær blessunar óskir, sem nú eru fjær,
en ávalt í brjósti hvers góðvinar grær
og glymur í söngvanna ómum
og hugsýn — það hamingjan gæfi
í hyllingum farsættar æfi.

M. J. B.

Þið stigið hér mannlífsins stórfengast spor,
sem styðjast æ verður við trú, ást og þor.
Því fylgi mörg gleði, því fylgja mörg tár,
en friður og eining læknar öll sár.
Því óskum við jafnan, að ófarin leið
sé ykkur björt og friðsæl í lífi og deyð.

Mrs J. Crawford.

Þið bruðhjón ung, vèr oskum þess af hjarta
að ykkur skíni gleði sólin bjarta;
yndi ást og friður ykkur falli í skaut,
hvað til heilla styður hljótið lífs á braut
Guðleg náð gleðji ykkar sinni,
sæld og dáð svo þið ávalt finnið,—
sæld og dáð.

G. Valdimarson

ÞAKKARÁVARP.

"Þakklæti fyrir góðgjörð gjalt guði og mönnum líka".

Mér og konu minni er ljúft og skylt, að geta þess opinberlega um þá menn og konur, sem á ýmsan hátt hafa að undanförnu og enn í dag rétt okkur á ýmsan hátt sína líknandi og liðsinnandi hjálparhönd á þeim neyðar og heilsuleysistima, sem konan mín hefir átt við að stríða, og ég ekki komist að heiman til neinnar vinnu eða aðdrátta. Í haust er leið tók Mr. Jón Skúlason af mér fisknet og lagði í vatnið, og var mér sú björg, sem hann aflaði fyrir mig, mikil hjálp.

Þá var í apríl í vetur, við messu að Geysir skóla, eftir tillögu Mr. Eiríks Bárðarsonar fulltrúa í safnaðarnefndinni, leitað samskota, og tóku þessir þátt í því:

Séra Jóhann Bjarnason, Sveinbjörn Pálsson og Páll Halldórsson $2.00 hver; Eiríkur Bárðarson og Brynjólfur J. Sveinsson, $1.50 hv.; Guðl. E. Dalman, Bjarni Sigvaldason, Páll Jónsson, Albertina Thorsteinsson, Margrét á Framnesi, Guðmundur Sigvaldason, Margrét Guðmundsdóttir, Sveinn Eyjólfsson, Albert Sigurðsson, Þóranna Eyjólfsson, Gunnlaugur Oddson, Jón Guðmundsson, Tómas Björnsson, Páll Jóhannesson og Pétur Björnsson, $1.00 hvert; J. P. Vatnsdal, 85c; Grímur Magnússon, 25c; Óneíndur, Hallgrímur Friðriksson og Ingibjörg Oddleifsson, 50c hvert. Alls $26.60.

Frá Árborg og Árdal P.O.: — Sigurmundi Sigurðsson kaupmaður, Dr. Jóhannes Pálsson, Mr. og Mrs. Jón Björnsson, Kvenfélagið "Einingin", $5.00 hvert; Safnaðarnefnd Árdals og Framnes $8.00; Mrs. Ragnheiður Johnson, Mrs. Guðrún Sveinsson á Víðir P.O., og Guðný Stefánsson, $2.00 hver; Helgi Jakobsson, Böðvar Helgason, Ásgeir Friðgeirsson kaupmaður, Stefán P. Guðmundsson og Mrs. Sigríður G. Ólafsson, $1.00 hvert; Mrs. Agnes Pálsson, 0.50; Jón Hornfjörð, 0.25. Samtals 39.75.

Frá Hnausa P.O. (safnað af Jóni Stefánssyni): Kvenfélag Breiðuvíkur, $5.00; Stefán Sigurðsson kaupmaður, $2.00; Baldvin Jónsson, Steinunn Jónsdóttir, Mrs. Magnússon og Sigurgeir Einarsson $1.00 hvert; Jón Bergsson, M. Magnússon og St. Thorarinsson, 0.50 hver; Gunnsteinn Jónsson, Óneíndur, Jón Thordarson, Jakob Guðjónsson, Sigríður Jónsdóttir og Jón B. Snæfeld, 25c hvert; Guðjón K. Snæfeld 15c; M. M. Magnússon og Kr. Kristmundsson 10c hvor. Samtals $14.35.

Mr. Jóhann Kristmundsson, Árdal P.O., gaf mér (á nýjársdag) byssu, sem kostaði $8.00.

Mr. og Mrs. Jóhann Sæmundsson hafa frá því fyrsta til þessa dags hjálpað okkur svo mikið á ýmsan hátt, bæði með matarforða og klæðnaði á börnin okkar, svo alt það yrði ofllangt upp að telja. Og sömuleiðis Mr. og Mrs. Helgi Jakobsson. Mrs. Jakobsson hefir gengið einusinni í viku í allan vetur heim til okkar, til eftirlits og hjálpar heima. Einnig hafa Mr. og Mrs. Sigurður Hafliðason á Hofi og Magnús sonur þeirra, rétt okkur mikla hjálparhönd á ýmsan hátt.

Þá, og ekki sízt, er Mrs. Sigríður Oddleifsson, sem fyrir utan alt annað hefir reynst sérstaklega einu barni okkar eins og móðir.

Öllu þessu fólki og fleirum óneíndum, sem okkur hafa liðsint, biðjum við guð að launa hjálpina þegar því liggur mest á.

Geysir P.O. 28. maí 1910.

Guðrún Bessason.
Kristján Bessason.

Giftingaleyfisbréf
selur Kr. Ásg. Benediktsson
486 Simcoe st. Winnipeg.

The Evans Gold Cure
229 Balmoral St. Sími Main 797
Varanleg l kning við drykkjuskap á 28 dögum án nokkurrar tafar frá vinnu eftir fyrstu vikuna. Algerlega privat. 16 ár í Winnipeg. Upplýsingar í lokuðum umslögum.
Dr. D. R. WILLIAMS, Exam. Phys
J. L. WILLIAMS, Manager

The Farmer's Trading Co.
(BLACK & BOLE)
HAFA EINUNGIS BESTU VÖRUTEGUNDIR.
Einu umboðsmenn fyrir:—
"SLATER" Skóna góðu.
"FIT-RITE" Fatnaðinn.
"H. B. K." prjónafélagið.
"HELENA" pils og 'waist' kvenfatnaði.
Bestu matvörutegundir.
"DEERING" akuryrkju verkfæri o, s. frv.
Beztu vörur Lágt verð
Fljót og nákvæm afgreiðsla.
Farmer's Trading Co.,
THE QUALITY STORE
Wynyard, Sask.

Herra Jón Hólm, gullsmiður að 770 Simcoe St., biður þess getið, að hann selji löndum sínum gull- og silfur-muni og gigtarbelti. — Belti þessi eru óbrigðul við gigt, ef þau eru notuð samkvæmt fyrirskipunum Jóns. Kosta að eins dollar og kvart.

JOHN DUFF
PLUMBER, GAS AND STEAM FITTER
Alt verk vel vandað, og verðið rétt
664 Notre Dame Ave. Phone 3815
Winnipeg

THE DOMINION BANK
HORNI NOTRE DAME AVENUE OG SHERBROOKE STREET
Höfuðstóll uppborgaður: $4,000,000 00
Varasjóður - - - $5,400,000 00
SPARISJÓÐS DEILDIN:
Vér veitum sparisjóðs innleggjendum sérstakt athygli, og borgum hæztu vexti á sparisjóðs innleggjum af $1.00 og yfir. — Barna innlegg velkomin. — Seljum peningaávísanir á ÍSLAND.
H. A. BRIGHT RÁÐSMAÐUR.

Með því að biðja sérlega um "T.L. CIGAR," þá ertu viss að fá ágætan vindil.
T.L.
(UNION MADE)
Western Cigar Factory
Thomas Lee, eigandi Winnipeg

Vitur maður er varkár með að drekka eingöngu HREINT ÖL. Þér getið jafna reitt yður á
DREWRY'S REDWOOD LAGER.
Það er léttur, freyðandi bjór, gerður eingöngu úr Malt og Hops. Biðjið ætíð um hann.
E. L. DREWRY, Manufacturer, Winnipeg

STRAX Í DAG er BEZT AÐ GERAST KAUPANDI AÐ HEIMSKRINGLU. — ÞAÐ ER EKKI SEINNA VÆNNA.

Manitoba á undan.

Manitoba hefir víðáttumikla vatnsfleti til uppgufunar og úrfellis. Þetta, hið nauðsynlegasta frjógunarskilyrði, er því trygt.

Ennþá eru 25 milión ekrur óbygðar.

Íbúatal fylkisins árið 1901 var 225,211, en er nú orðið um 500,000, sem má teljast ánægjuleg aukning. Árið 1901 var hveiti og hafra og bygg framleiðslan 90,367,085 bushela; á 5 árum hefir hún aukist upp í 129,475,943 bushel.

Winnipeg borg hafði árið 1901 42,240 íbúa, en hefir nú um 150,000; hefir nálega fjórfaldast á 8 árum. Skattskildar eignir Winnipegborgar árið 1901 voru $26,405,770, en árið 1908 voru þær orðnar $116,106,390. Höfðu meir en þrefaldast á 7 árum.

Flutningstæki eru óviðjafnanleg,— í einu orði sagt, eru í fremsta flokki nútíðartækja: Fjórar þverlandsbrautir liggja um fylkið, fullgerðar og í smíðum, og með miðstöðvar í Winnipeg. Í fylkinu eru nú nálega 4 þúsund mílur af fullgerðum járnbrautum.

Manitoba hefir tekið meiri landbúnaðarlegum og efnalegum framförum en nokkurt annað land í heimi, og er þess vegna ákjósanlegasti aðsetursstaður fyrir alla, af því þetta fylki býður beztan arð af vinnu og fjárleggi.

Skrifið eftir upplýsingum til: —

JOS. HARTNEY, 77 York Street, Toronto, Ont.
JOS. BURKE, 178 Logan Avenue, Winnipeg, Man.
A. A. C. LaRIVIERE, 22 Alliance Bldg., Montreal, Quebec.
J. F. TENNANT, Gretna, Manitoba.

J. J. GOLDEN,
Deputy Minister af Agriculture and Immigration, Winnipeg.

Georg sagði henni hvar húsið var, og bætti svo við:

"Nú þarftu ekki lengur að þjóna stúdentunum, frú. Ég skal gefa ykkur vissa upphæð mánaðarlega til að kaupa fyrir fæði. Svo getur þú máske unnið þér eitthvað inn með því að sauma?"

"Já", svaraði frúin glaðlega, "ég skal sauma frá morgni til kvölds, ef ég á annað borð get fengið eitthvað að gera".

"Ég skal útvega þér vinnu. Hvers konar sauma gerir þú?"

"Ó, ég get saumað skyrtur og margt fleira, og þess utan þvæ ég fyrir stúdentana".

"Nei, héðan af þarft þú ekki að gera það", sagði Georg. "Ef Helen þyrfti að hjálpa þér við það starf, þá skemdi hún á sér hendurnar, ... nei, þá ætla ég heldur að gefa ykkur eins mikla peninga eins og þið þurfið. Dóttir þín má ekki stunda neina aðra vinnu, en að æfa sig í, að leika á hljóðfæri, syngja og nema fróðleik".

"Ó, hún verður þá fullkomin heiðarmey", sagði móðirin og horfði roggin á barnið sitt. "En samt sem áður máttu aldrei fyrirlíta vesalings fátæku móður þína, Helen".

"Hvernig geturðu talað þannig, mamma?" sagði Helen með tárin í augunum. "Heldurðu að ég geti hætt að elska þig, sem hefir verið mér svo góð?"

"Það er þá úttalað um þetta", sagði Georg. "Búið ykkur nú að flytja. Að klukkutíma liðnum kem ég að fylgja ykkur til nýja bústaðarins. Verið þið sælar á meðan".

Hann opnaði dyrnar og fór.

"Er þetta draumur?" sagði Helen, og hoppaði upp af ánægju. "Nei, það er sannreynd. Ég fa aftur að stunda bóknám, söng og hljóðfæraslátt, eins

og ég gerði hjá gamla, góða manninum í Stokkhólmi. Ó, hvað það er indælt".

"Það er fingur drottins, ... Það er auðséð", tautaði móðirin við sjálfa sig, "og þess vegna væri rangt, að þiggja það ekki. Annar bróðirinn hefir verið orsök í ógæfu okkar, og þess vegna lætur guð hinn bróðurinn skapa gæfu okkar. Herra, þinir vegir eru órannsakanlegir".

VI.

Georg.

"Býr ekki frú Anderson hér?" spurði Móritz, þegar hann kom inn í litla húsið í Svartabekkjargötunni skömmu fyrir hádegið, og fann þar roskna konu í öndinni, sem var að þvo fisk. Kona þessi var frú Grönlund, gild að vexti, rauð í andliti, liðlega fimtug að aldri, sém heima átti í öðru herberginu í kofa þessum.

"Nei", svaraði frú Grönlund, "hún er nú orðin heiðarkona, og getur ekki lengur sætt sig við að búa í slíkum kofa sem þessum. Ég held hún hafi fengið fjármuni að erfð, því hún sagðist ætla að flytja í Vaxalagötuna og fengi þar tvö rúmgóð herbergi. Hún ætlar líka að hætta að þvo fyrir aðra, og litla telpan hennar mun með tímanum eiga að verða í röð heldri kvenna. Annars var hér í morgun ungur herramaður, og hann mun hafa leigt þessi herbergi handa þeim. En hvers vegna hann er að draga sig eftir þeim, skil ég ekki, því stelpan er ennþá of ung og kerlingin of gömul til að vekja nokkra fýsn hjá

honum. Þær voru orðnar svo drambsamar, þegar þær fóru, að þær vildu naumast líta við mér".

"Þær eru þá fluttar?" sagði Móritz, til þess að kerlingin skyldi hætta að masa.

"Já, herra minn, þær eru það, og tóku ekki einu sinni með sér húsgögnin, sem þær áttu hér. Þær þurfa nú líklega ekki að halda á jafn-lélegum munum lengur. Nú nota þær líklega ekki annað en fjaðrastóla og fína legubekki. ..... En drambið er valt í sessi".

"Ég hefi komið of seint", sagði Móritz við sjálfan sig, um leið og hann sneri sér við til að fara. "Þær hafa ratað í ógæfuna og verður máske ekki bjargað héðan af. Hann er fljótur að framkvæma áform sín, þessi hr. Georg. — En, það er satt, máske kerlingin viti í hvaða hús þær fóru".

Móritz sneri sér aftur að konunni, og spurði hvort hún vissi í hvaða hús þær hefði flutt.

"Nei, ekki veit ég það", svaraði frú Grönlund, "en ef þú vilt borga mér fyrir það, þá skal ég reyna að komast að því".

"Nei, nei, þess þarf ekki", sagði Móritz brosandi, "ég get líklega fundið þær, og svo er mér það ekki svo áríðandi".

"Hvað get ég nú gert?" tautaði Móritz við sjálfan sig, um leið og hann gekk í hægðum sínum ofan götuna. Ég er hrifinn af þessari ungu stúlku, án þess ég viti hvers vegna. Sé það áform Georgs, að gera hana að fylgikonu sinni, þá þarf að koma í veg fyrir það. Hún getur auðveldlega fengið ást á velgerðamanni sínum. — En, farðu hægt, hr. Georg, ég skal gæta þín. Ég skal sjá um, að þú fremjir enga svívirðingu, og það skal vera hefndin fyrir svipuhöggið, sem þú gafst mér á æskuárum minum. En þegar ég hugsa mig betur um, þá get ég naumast ætlað Georg slíkt áform. ..... Hann er of ungur —"

Rösklegt hög á herðarnar truflaði hugsanir Móritz.

"Ertu að hugsa um giftingu, Móritz?" sagði æðinginn Albert Broman, og smokkaði hendi sinni undir handlegg hans um leið. "Ég er búinn að kalla til þín hundrað sinnum, en þú hefir ekki heyrt það. — Hvaða flugur hefir þú nú í höfðinu?"

"Ég er ekki beinlínis að hugsa um giftingar", svaraði Móritz brosandi, "en ég er að hugsa um, hvernig ég á að koma í veg fyrir vinstri handar giftingu".

"Við hvað áttu með þessu?"

"Þú manst máske eftir dóttur þjónustu minnar, sem við töluðum um í gær?"

"Helenu litlu, sem þessi ungi Ehrenstam, eða hvað hann nú heitir, ætlar að annast ásamt þér, — ó, þú mannvinur! Hvað er nú að henni?" —

Móritz sagði honum, hvað fram hefði farið, og einnig um grun sinn viðvíkjandi áformum Georgs.

"Við skulum hafa gætur á þessu saklausa barni", sagði Albert, "vertu viss um það. Hún er of góð fyrir þennan aðalshvolp, sem af trausti á peningum sínum álítur sig mega fremja hvern helzt glæp sem er. En við skulum loða honum að eyða peningum í hennar þarfir, og svo skulum við taka hana frá honum. Hún er enn svo ung, að þú, sem kennari hennar, ættir að geta innrætt henni margar dygðir. Bara að þú verðir ekki að síðustu sjálfur skotinn í henni".

"Á því er engin hætta", sagði Móritz brosandi. "En nú ætla ég að fara og finna Georg, og fá að vita, hvað hann hefir gert af skjólstæðingi okkar. Ég veit einu sinni ekki, hvar þær eiga heima".

"Ég ætla að fylgja þér spottakorn", sagði Albert. "En hamingjan góða, nú man ég fyrst, að þetta er fæðingardagur þinn. ..... Þú ert líklega búinn að opna dularfulla böggulinn þinn?"

Cumberland Park



Nýtísku hús það sem er hér sýnt og sem er $3000 virði verður bygt á lóðum 25 og 26 í blok 28 í Cumberland Park, horninu á Florence og Logan Strætum og verður það

GEFIÐ

þeim skilmálalaust sem verður svo heppinn að draga það.

Ein auð lóð ókeypis

handa þeim sem dregur hana. Skrifið eftir öllum nánum upplýsingum til SYNDICATE REALTY CO., 372 1-2 Main St., Talsími: Main 9632

VERÐ OG SÖLU-SKILMÁLAR

Hornlóðir á Logan Avenue	$250.00	Allar aðrar hornlóðir	$225.00
Með beztu strætum borgarinnar hvað iðnað og samgöngur snertir		Allar aðrar lóðir	$200.00
Lóðir á Logan Avenue	$225.00	$15 út í hönd og $10 mánaðarlega af lóð hverri, 10 pc. afsláttur ef strax fullborgað	





Syndicate Realty Company

372½ Main St. S.W. Corner Main and Portage, WINNIPEG, MAN. Phone Main 9632

Kæru herrar. Hérmeð innlagðir $.....sem fyrsta afborgun af.....lóðum í block..... Cumberland Park, og lofa ég að borga eftirstöðvarnar með $10 á mánuði af lóð hverri

Nafn..... Pósthús.....Fylki.....

ÓSKAÐ EFTIR DUGLEGUM UMBOÐSMÖNNMU

Syndicate Realty Company

372½ Main St. S.W. Corner Main and Portage, WINNIPEG, MAN. Phone Main 9632

Kæru herrar. Gjörið svo vel að senda mér greinilegar upplýsingar um fyrstu verðlauna ókeypis hús í Cumberland Park, og önnur verðlaun, ókeypis lóð á Logan Ave.

Nafn..... Pósthús.....Fylki.....

ÓSKAÐ EFTIR DUGLEGUM UMBOÐSMÖNNUM

NÚ ER FLÓÐ OG FJARA HJÁ PENINGAMÖNNUM í VESTUR CANADA OG ÞETTA FLÓÐ LEIÐIR MENN ALMENT TIL CAMROSE Í ALBERTA

Hvað viðvíkur verzlunar þægindum og framfaravon, er CAMROSE einhver bezta bær í Vestur-Canada. Allar járnbrautir, sem girða Alberta fylki frá norðri til suðurs, eru lagðar um Camrose, og þess vegna hlýtur hver einasti hluti Alberta fylkis, að njóta þess hagnaðar, sem þessi bær færir um leið öllum þeim, er þar eignast bæjarlóðir. Camrose, sem eitt sinn verður höfuðborg þessa fylkis, hefir það að bjóða, sem enginn bær í Canada getur boðið þann dag í dag. Fyrir utan það, að í gegn um þennan bæ liggja þrjár járnbrautir frá hafi til hafs, þá höfum vér ótakmarkaða auðlegð í kolanámum og akuryrkjulöndum. Nú þegar hafa flest hin meiri heildsölúhús í Canada stofnað útibú í þessum bæ, og sýnir það betur en annað tiltrú þeirra manna, sem kunna að meta þetta landsvæði.

Framúrskarandi lífstíðar gróðavegur

Það getur æfinlega komið fyrir að óhöpp geri menn alt í einu félausa og hin álitlegustu gróðafyrirtæki geta oft og einatt orðið að falsvon. En hver sá maður, sem vér fé sínu til landkaupa í bænum Camrose eða í námunda við hann, má óyggjandi reiða sig á fljótan mikinn hagnað. Því engin fúlga er jafn-örugg til framtíðar hagsældar, sem móðir vor jörð. Margir hafa á skömmum tíma orðið vellríkir á landkaupum í smábæjum. Margir barma sér nú, til dæmis, yfir því, að þá skorti framsýni til að kaupa lóðir í Calgary, Edmonton, Lethbridge eða Saskatoon, meðan þær væru í svarlágu verði. Því það er kunnugra, en frá þurfi að segja, að margan spekúlant hafa þessir bæir gert stórauðugan, þrátt fyrir það, að mörg ár liðu áður en t.d. Calgary fékk þrjár járnbrautir. En Camrose fæddist óskabarn hamingjunnar með þrjár járnbrautir þegar í byrjun.

Ágætasta Tækifæri

Lítið hvar sem er og komist að raun um, að hvernustu gróðamenn leggja óhikað fé sitt til landkaupa í vaxandi bæjum Vestur Canada, eins og Camrose. Margir, sem fyrir nokkrum tíma höfðu keypt lóðir fyrir það verð, sem vér nú bjóðum, hafa þegar selt aftur með stórum hagnaði.— Og þessi saga mun marg endurtaka sig í framtíðinni.

Bærinn Camrose, Alberta



Innflytjenda straumur

Hvar á bygðu bóli, sem til er Ltið, er það sannreynd, að nýbyggenda straumur fylgir ætíð járnbrautunum. Þær eru sú lífæð, sem leiðir alt til framfara. En hvergi vitum vér að finnist jafnauðsælt land frá hendi náttúrunnar rins og umhverfis Camrose.

Mount Royal Hverfi í Camrose-bæ

Þessi nýja deild bæjarins er öll innanvið mílu svæði frá miðpunkti bæjarins og mjög nálægt aðalskemtigarðinum. Þessi nýja deild verður áreiðanlega dýrmætasta byggingarsvæðið í Camrose. Allar lóðir eru sléttar, háar og þurrar, og vér seljum þær nú fyrir $75.00 til $85.00, með $10.00 niðurborgun og $5.00 á mánuði þar eftir. — Missið ekki af þessu ágæta gráða tilboði. Minnist þess, að kolanámurnar sköpuðu Leithbridge og járnbrautir mynduðu Saskatoon. Camrose hefir þetta hvorttveggja. Samskonar kringumstæður valda samskonar úrslitum. Góðar byggingalóðir eru nú seldar í Lethbridge og Saskatoon fyrir $400.00 til $1,000.00. Hin sama mun og reyndin bráðlega verða í Mount Royal, Camrose. Nú er því tíminn að kaupa.

Nýir bæir færa auð og velmegun fyrir íbúana

Það tekur ekki ýkjalangan tíma, að stórar borgir myndist með fram þverlands brautum. Námur og landrækt mynda þeim óyggjandi grundvöll. Þeir, sem bezt kunna að sjá fram í tímann, hafa örugga trú á framtíð Camrose-bæjar. "Torrens Title" fylgir hverri lóð, er vér seljum. Upplýsingar viðvíkjandi oss persónulega geta menn fengið hjá Bank of British North America, Calgary.

Duglegir agentar óskast **Skrifstofa vor er opin að kveldinu til kl. 9.30** **Agentar finnið oss**

Það verður bráðum uppi fótur og fit í Camrose.

Camrose Security Co., 447 Main St., Winnipeg, Man.

Þér getið skrifað oss á íslenzku, ef þér óskið.

J. J. H. McLean & Co Limited

Vér höfum FLUTT

Vort nýja heimkynni er á horni

Portage Avenue og Hargrave Strætis

J. J. H. McLean & Co. Ltd.,

Cor Portage Ave. & Hargrave
Phone: Main 808.

Fréttir úr bænum.

Íslendingadags fundurinn var haldinn eins og tilstóð 2. júní sl. og mættu á fundinum allmargir. Nefnd var kosin til að standa fyrir næsta Íslendingadegi, og hlutu kosningu: —

Árni Eggsrtsson,
Guðm. P. Thordarson.
Victor Anderson.
Th. Johnson.
O. S. Thorgeirsson,
Thomas Gillis.
Séra Guðm. Árnason,
H. B. Skaptason, og
Loptur Jörundsson.

Gleymið ekki að skrásetja yður. Skrásetningardagar í Vestur Winnipeg eru 15., 16. og 17. þ.m. Sjá auglýsingu um skrásetningarstaði á öðrum stað í blaðinu.

Þrir Íslendingar komu frá Rvík á miðvikudaginn í fyrri viku, eftir stutta og góða ferð. Þeir voru: Þórður Steingrímsson Thorsteinssonar skálds, Einar Ólafsson og Halldór Konráðsson. Hinn síðastneindi hafði verið hér vestra áður, og fór samstundis vestur að hafi.

Atkvæðagreiðslan, sem fram fór 2. júní sl. um fjárveitinguna til almenna spítalans, fór svo að hún var feld. Aftur var samþykt að 100 þúsund dollara til tæringarhælíins og 100 þúsund til að koma upp húsi fyrir sóttnæma sjúkdóma Einnig 500 þús. dollara til heimssýningarinnar í Winnipeg árið 1914. — Það virðist annars, sem fólk hafi ekki fyllilega séð, hve áríðandi það er, að hafa sjúkrahús í sem beztu ástandi, því hefði mönnum fyllilega skilist sú nauðsyn, mundi sú fjárveiting vart hafa feld verið; — og þó margir haldi fram sjúkrahúsum sem þjóðeign, þá hafa þau til þessa gefist engu betur, jafnvel ver en hin, sem hlutafélög eða einstaklingar eiga. — Vonandi, að við næstu atkvæðagreiðslu fari á annan veg.

Fylkisstjóri Sir Daniel McMillan, sem var á Englandi við konungaskiftin, sem fúlltrúi Manitoba, er kominn heim úr þeirri för.

Ungmennafélag Unitara hefir tekið fyrir að iðka "tennis" og ýmsa aðra leiki í sumar, og leikvöll hvgst það að fá á Lipton St. Það er vel að verið, og ættu sem flestir að gera slíkt bið sama á sumarkveldum — og helgadögum.

Þann 4. þ.m. dó að heimili sonar sins, Ólafs Bjarnasonar, 726 Simcoe St., Margrét Ólöf Ólafsdóttir, á sjötugasta aldursári. Hún hafði um langan undanfarinn tíma verið mjög lasburða. Jarðarförin fór fram á mánudaginn var frá Fyrstu lút. kirkju. Helztu æfiatriða þessarar merkiskonu verður getið síðar.

G. Þorfinsson frá Selkirk lagði af stað til Íslands á miðvikudaginn var, með son sinn og bróðurdóttur.

Páll Johnson, frá Gardar, N.D., kom til bæjarins á föstudaginn var vestan frá Wynyard. Hann fór þangað í kynnisför fyrir rúmri viku. Heldur var kalt þar vestra um þær mundir og jörð alhvít af snjó þann 26. maí. Páll fór suður aftur á mánudaginn var.

Eins og auglýst er á öðrum stað í blaði þessu, heldur West Winnipeg Band Consert og Dans í Goodtemplarahúsinu miðvikudagskveldið 15. þ.m. Nú hefir bandið hugsað sér, að skemtagestum sinum betur en nokkru sinni áður. Fyrir evrun hefir það hríkandi músik, fyrir augun skinandi uniform, fyrir fæturna dans, og svo verður meira um dýrðir í neðri sal Goodtemplarahússins en venjulega. Þar verður meðal annars kaldir drykkir og ísrjómi.

Kirkjuþing Unítára verður sett að Mary Hill þann 19. þ.m. Ekki 16. eins og áður var auglýst.

"Recital"

þeirra Th. Johnsonar og Jónasar Pálssonar, sem þeir héldu með nemendum sínum þann 31. maí sl., var fremur vel sótt. Enda hefði svo átt að vera, því sú söngsamkoma var í alla staði sú tilkomumesta af þeirri tegund, sem hér hefir haldin verið meðal Íslendinga á þessu ári.

Á söngskránni voru 15 stykki, og var byrjað með því að hljóðfæraflokkur Johnsonar spilaði "Ensemble" eftir gamla Gluck. Í því stykki var spilað á 10 fiólin, sello, cornet og piano, og fór mæta vel. Sami flokkur spilaði líka á prógramminu "Overture" eftir Keler Belta, og tókst einnig vel.

Fiólin sóló spiluðu Barni Loftsson, Clara Oddson, Laugi Oddson og M. Magnússon, og fórst það mjög myndarlega. En piano undirspilin með fiólinunum lék Fr. J. Friðfinnsson, og gerði prýðisvel, enda er hann flinkur spilari.

Piano dúett léku þau Jóhanna Olson og Jónas Pálsson, "Oberon Overture" eftir Weber, og var snildarlega með farið. Sömuleiðis dúett, sem þau Ruth Kirkpatrick og Jónas Pálsson spiluðu úrRomeo et Juliet, eftir Gounod.

Piano sóló spiluðu Stephan Sölvason, Karólína Thorgeirsson, Ruth Kirkpatrick, Guðrún Nordal og Harold Green, og alt vel með farið. En tilkomumest mun þó hafa þótt spil þeirra St. Sölvasonar og Guðrúnar Nordal. Yfirleitt tókst þetta Recital mjög vel, enda hefir vist verið beitt fyrir beztu kröftum úr nemendahópi beggja kennaranna.

Á meðan samskot voru tekin söng miss Bessie Morton sóló.

Til sölu í Gimli bæ.

Lóð Nr. 103, Range 6, stærð lóðarinnar er 66x132 fet, þessar byggingar eru á lóðinni:—"Shanty", 10 feta hár, 18x14 fet með "Screen Veranda" 6x18 fet, Eldhús 12x15, Annar "Shanty" 13x20 fet, Sömuleiðis gripahús 10x30 og hlaða 8x8. Byggingar eru allar vel bygðar, þrefaldar að viðum. Brunnur er á lóðinni. Vægir söluskilmálar. Verð $800.00. Semjið við.

G. THORSTEINSSON, Postmaster.
GIMLI, MAN.

CONCERT and DANCE

Will be given by

The West Winnipeg Band

S. K. HALL Conductor

Good Templar Hall, Cor. Sargent & McGee St.

June 15th 1910

Commencing at 8 p m. Admission 35c.

Ókeypis Píanó fyrir yður

Þetta er vort "Louis Style" Piano, fegursta hljóðfæri í Canada. Sent yður til reynslu í 30 daga ókeypis. —

LESIÐ ÞETTA:

STEFNA þessa félags hefir verið, að "fullnægja, eða peningum yðar skilað aftur". Og nú gerum vér það bezta tilboð sem nokkrir Píanó-salar hafa nokkru sinni gert í þessu landi. Það veitir yður fría reynslu hljóðfærisins og kauprétt á því með HEILDSÖLU verði og vægum afborgunum ef þess óskast. Vér biðjum ekki um 1 cent af yðar peningum fyrr en þér eruð alveg ánægðir. —

Tilboð vort

Fillið út og sendið meðfylgjandi "COUPON" og vér sendum yður strax sýnismyndir af vorum ýmsu hljóðfærum með verði hvers þeirra. Þér veljið Píanó, og vér sendum yður það tafarlaust og borgum flutningsgjald; þér reynið það í 30 daga ókeypis. Eftir það getið þér sent það oss á vorn kostnað, eða keypt það af oss með heildsölu verði. Er þetta ekki gott boð?

W. DOHERTY PIANO & ORGAN CO., LTD.,
WESTERN BRANCH, WINNIPEG, MAN. FACTORIES, CLINTON, ONT.

— COUPON —

W. DOHERTY PIANO & ORGAN CO., LTD.,
286 HARGRAVE STREET, WINNIPEG, MANITOBA.

Kæru herrar! Sendið mér strax sýnismyndir af Piano tegundum yðar, ásamt verðlista og upplýsingum um ókeypis reynslu-tilboð yðar, er sýnir hvernig ég get reynt Pianó-ið um 30 daga, mér kostnaðarlaust.

NAFN _____

ÁRITAN _____

Skemtisamkoma

að Norðurstjörnu skóla.

undir umsjón Únítara safnaðarins við Grunnavatn. Þessi skemtisamkoma verður haldin meðan únítariska kirkjuþingið stendur yfir. — Ræður, söngvar, upplestur, kaffiveitingar, auk fleiri skemtana. — Þar flytur herra Skapti B. Brynjólfsson ræðu, auk fleiri. Er hann einna mælskastur manna hér vestra, eins og kunnugt er, og þetta er í fyrsta skifti, er mönnum gefst kostur á, að hlusta á hann þar í bygð.

Samkoman byrjar kl. 8 að kveldi þess 22. júní.

Samkomustjóri hr. P. Bjarnason
Forstöðunefndin.

Samkoma

til styrktar fátækri og heilsulausri konu verður haldinn mánudagskveld

13. JÚNÍ

í Unitara samkomusalnum.

PROGRAMM.

Kvæði..... Mrs. F. Svanson
Ræða..... Séra Guðm. Arnason
Fiðluspil.....Th. Johnson
Kvæði.....Th. Thorsteinsson
Kvæði. Séra Friðrik J. Bergmann
Kvæði...Miss Ragnh. J. Davidson
Ræða..... B. L. Baldwinson
Myndasýning með ljósvél— Friðrik Sveinsson
Myndir af ýmsum merkum stöðum —Sumar frá Ísl.—

Aðgangur ókeypis

Kaffi og veitingar ókeypis.

Frjáls samskot tekin.

"Kvistir,"

kvæði eftir Sig. Júl. Jóhannesson, til sölu hjá öllum íslenzkum bóksölum vestanhafs. Verð: $1.00.

Atvinna.

Okkur vantar fáeina duglega umboðsmenn í hinum íslenzku bygðum í Manitoba og Norðvesturlandinu til að selja Stereoscopes og myndir. Sendið 75c fyrir umboðsmanna áhöld.

Arnason & Son.
8-4 Churchbridge, Sask.

Dr. G. J. Gíslason,

Physician and Surgeon
18 South 3rd Str., Grand Forks, N.Dak

Athygli veitt AUGNA, EYRNA og KVERKA SJÚKLÓMUM ASAMT INNVORTIS SJÚKDÓMUM og UPPSKURÐI. —

Sherwin-Williams PAINT

fyrir alskonar húsmálningu.

Prýðingar-tími nálgast nú. Dálítið af Sherwin-Williams húsmáli getur prýtt húsið yðar utan og innan. — Brúkið ekker annað mál en þetta. — S.-W. húsmálið málar mest, endist lengur, og er áferðarfegurra en nokkurt annað hús mál sem búið er til. — Komið inn og skoðið litarspjaldið. —

Cameron & Carscadden

QUALITY HARDWARE

Wynyard, — Sask.

FRIÐRIK SVEINSSON

tekur nú að sér allar tegundir af húsmáling, betrekking, o.s.frv. Eikarmálning fljótt og vel af hendi leyst. Heimili 443 Maryland St,

Þú ættir að kaupa vora $5.00 Skó.

Öllum tegundum af leðri úr að velja, svo sem: Patent, Tan, Vice Kid, Velour, Calf og Gun Metal.

Háir og lágir Skór.

með öllu nýtízku lagi, sem lita eins vel út og eru eins þægilegir á fæti og hugsast getur.

Ryan-Devlin Shoe Co
494 MAIN ST. PHONE 770.

Administrators Sale.

á verðmætum ábýlis löndum

Seld verða á opinberu uppboði, af uppboðshaldara Gimli sveitarráðs, að sveitarráðsskrifstofunni í Gimli bæ., Manitoba, föstudaginn

21. Júní 1910,

kl. 12 á hádegi, eftirfarandi landeignir:

Suðurhlutinn af norðvestur fjórðungs Section tuttugu og eitt (21) og suðurhlutinn af norðaustur Section tuttugu (20), Township tuttugu (20), Range fjögur (4) austur af aðalhádegisbaug, Manitoba.

Ofanskráðar landeignir verða seldar með þeim skilmála, að engu boði þurfi að taka.

Söluskilmálar: $250.00 að greiðast út í hönd við kaupin, eftirstöðvar greiðist í þremur afborgunum á þremur árum við árslok, að viðlögðum 7 prósent vöxtum.

Frekari upplýsingar gefa: Elliott, Macneil & Deacon, málafærslumenn, 316 McIntyre Block, Winnipeg, Man.

Gefið út í Winnipeg 6. dag júnímánaðar árið 1910.

Jóhanna Olson

PIANO KENNARI
557 Toronto St. Winnipeg

Sveinbjörn Árnason

Fasteignasali.

Selur hús og lóðir, eldsábyrgðir, og lánar peninga. Skrifstofa: 12 Bank of Hamilton.

TALSÍMI 5122. HÚS-TALS. 8695

TIL SÖLU:

160 ekrur af bezta landi, stutt frá járnbrautarstöð. — Fyrsti maður með $7.00 fær hér góð kaup. — Finnið

Skúli Hansson & Co.
47 Aikens' Bldg.
Talsími. Main 6476 P. O. Box 833

DR. H. R. ROSS

C.P.R. meðala- og skurðlækuir. Sjúkdómum kvenna og barna veitt sérstök umönnun.

WYNYARD, — SASK.

Dr. M. Hjaltason, Oak Point, Man.

Anderson & Garland,

LÖGFRÆÐINGAR

35 Merchants Bank Building
PHONE: MAIN 1561.

MARTYN F. SMITH,

TANNLÆKNIR.

Fairbairn Blk. Cor Main & Selkirk

Sérfræðingur í Gullfyllingu og öllum aðgerðum og tilbún aði Tanna. Tennur dregnar án sársauka. Engin veiki á eftir eða gómbólga. —

Stofan opin kl. 7 til 9 á kveldin
Office Phone 6944. Heimilis Phone 6462.

Þarft þú ekki að fá þér ný föt?

EF ÞAU KOMA FRÁ CLEMENT'S, — ÞÁ VERÐA ÞAU RÉTT

Réttur að efni, réttur í sniði réttur í áferð og réttur í verði.

Vér höfum miklar byrgðir af fegurstu og beztu fataefnum. —

Geo. Clements & Son
Stofnað árið 1874
264 Portage Ave. Rétt hjá Free Press

Th. JOHNSON

JEWELER
286 Main St. Talsími: 6606

JOHN ERZINGER

TOBAKS-KAUPMAÐUR.

Erzinger's skorið reyktóbak $1.00 pundið Hér fást allar neftóbaks-tegundir. Óska eftir bréflegum pöntunum.

McINTYRE BLK., Main St., Winnipeg
Heildsala og smásala.

G. NARDONE

Verzlar með matvöru, aldini, sæl-kökur, allskonar sætindi, mjólk og rjóma, sömul. tóbak og vindla. Óskar viðskifta Íslend. Heitt kaffi eða te á öllum tímum. Fón 7756

714 MARYLAND ST.

Boyd's Brauð

Það borgar sig að vera brauðvandur. Brauð frá sum um bökurum er auðmeltara en frá öðrum, og auðmelt brauð eru hollust. Reynslan mun færa þér sönnur á, að vor brauð viðhalda heilsunni og auka matarlystina. Vagnar vorir fara um allan bæinn

Boyd's

Bakery Cor. Spence & Portage Ave
Phone 1080.

Winnipeg Wardrobe Co.

Kaupa brúkaðan Karla og Kvenna fatnað,—og borga vel fyrir hann.

Phone, Main 6539 597 Notre Dame Ave

BILDFELL & PAULSON

Union Bank 5th Floor, No. 520

selja hús og lóðir og annast þar að lútandi störf; útvegar peningalán o. fl.
Tel.: 2685

Jónas Pálsson,

SÖNGFRÆÐINGUR.
Utvegar vönduð og ódýr hljóðfæri
460 Victor St. Talsími 6803.

J. L. M. THOMSON, M.A., L.L.B.

LÖGFRÆÐINGUR. 255½ Portage Ave.

BONNAR, TRUEMAN & THORNBURN,

LÖGFRÆÐINGAR.
Suite 5-7 Nanton Blk. Tals. 766
Winnipeg, Man. P.O.BOX 223

Húðir og ógörfuð Loðskinn

Verzlun vor er vor bezta auglýsing. Sendið oss húðir yðar og loðskinn og gerist stöðugir viðskiftamenn.

Skrifið eftir verðlista.

The Lightcap Hide & Fur Co., Limited
P.O.Box 1092 172-176 King St Winnipeg
16-6-10

W. R. FOWLER A. PIERCY.

Royal Optical Co.

307 Portage Ave. Talsími 7286.

Allar nútíðar aðferðir eru notaðar við sagn-skoðun hjá þeim, þar með hin nýja aðferð, Skugga-skoðun, sem gjöreyðir öllum ágiskunum. —

Heimskringla.

XXIV. ÁR | WINNIPEG, MANITOBA, FIMTUDAGINN, 16. JÚNÍ 1910 | NR. 37

Tvöfalt stærri

er reiðhjólabúð mín nú en áður, og vörubyrgðir og verzlun að sama skapi. BRANTFORD reiðhjólin góðu hefi ég til sölu eins og áðundanförnu með eins góðum kjörum og nokkur annar getur boðið. — Einnig aðrar tegundir af nýjum reiðhjól um sem ég sel fyrir $30. og upp. með "Dunlop Tires" og "Coaster Brake".—Allar aðgerðir og pantanir afgreiddar fljótt og vel. —

West End Bicycle Shop

Jón Thorsteinsson, eigandi

475—477 Portage Avenue.

TALSÍMI: MAIN 9630.

Fregnsafn.

Markverðustu viðburðir hvaðanæfa.

— Stórkostlegt slys skeði í Montreal sl. mánudag, sem orsakaði dauða 30 manns og limlesti og skaðaði yfir 50. Það vilda til á þann hátt, að vatnsþróin (Water Tank) á stórbygging blaðsins Montreal Herald, hrundi gegnum þakið og 4 gólf ofan í kjallara, orsakaði um leið hrun steinveggja og gassprengingu, sem orsakaði eldsvoða í ofanálag. — Fjöldi fólks vann á öllum fimm loftum byggingarinnar og urðu sumir undir steinveggjahruninu og létu lífið á þann hátt, aðrir urðu undir vatnsþrónni og nokkrir létu lífið í eldinum. Meðal þeirra, sem létu lífið, voru fimm björgunarliðsmenn og einn yfirmaður. Fjöldi kvenfólks vann að bókbandi á efsta lofti byggingarinnar, og var það í mestri hættu statt, og er mikið látið af hugprýði þess. Skaðinn af brunanum er talinn hálf milión dollarar.

— Maschin hershöfðingi í Serbíu er nýlátinn. — Það var hann, sem 10. júní 1903 óð með sveit vopnaðra manna að konungshöllinni í Belgrad og myrti konungshjónin, Alexander konung og Drögu drotningu, þrátt fyrir það, þó hann væri giftur systur drotningarinnar Enga hegningu fékk hann eða féfagar hans, — voru taldir lausnarar lands og lýða

ALFRED J. ANDREWS, ÞINGMANNSEFNI CONSERVATIVA FYRIR WEST-WINNIPEG

Þingmanna-efni í Winnipeg.

Conservativar hafa nú útnefnt þingmannaefni í Mið-, Vestur- og Norður-Winnipeg, og er þá að eins eftir að útnefna í Suður-Winnipeg.

Í Mið-Winnipeg var útnefndur í vikunni sem leið hinn valinkunni nuverandi þingmaður og fyrverandi borgarstjóri THOMAS W. TAYLOR.

Í Norður-Winnipeg var aftur útnefndur hinn núverandi þingmaður fyrir það kjördæmi, F. W. MITCHELL.

Þykir vafalaust, að báðir þessir menn verði endurkosnir, enda eru þeir hæfileikamenn og hinir beztu drengir.

Í Vestur-Winnipeg var útnefningarfundur á mánudagskveldið í Goodtemplara salnum. Var salurinn fjölskipaður og þrír ráðgjafar þar viðstaddir. Hinn alkunni ræðuskörungur og prúðmenni, ALFRED J. ANDREWS, lögmaður, var þar í einu hljóði útnefndur til að keppa um þetta sæti fyrir hönd Conservativa. Hélt hann langa og snjalla ræðu, um leið og hann tók útnefninguna.

Ýmsir fleiri héldu þar snjallar ræður, og var fundurinn hinn fjörugasti.

Það má óhætt fullyrða, að Conservativar voru sérlega hepnir í vali með útnefningu herra Andrews. Hann mun öllum að góðu kunnur, er þekkja hann; hefir tvivegis verið kosinn borgarstjóri í Winnipeg og leysti hann þá vandasömu stöðu prýðilega af hendi. — Hann er vitur maður, prýðilega máli farinn, kappsamur, en þó gætinn og drengur hinn bezti.

Kjósendur í Vestur-Winnipeg gerðu sjálfum sér sóma með því, að senda slíkan mann á þing.

FRAMSYNI

TAKNAR FORSJÁLA UMHYGGJU FYRIR KOMANDI TÍMUM

Er það framsýni að eyða peningum sínum í fánýtar rjómaskilvindur, vegna þess þær eru lítið eitt ódýrari? Þær geta aðskilið um stund, en ganga brátt svo úr sér, að eftir eitt eða tvö ár eru þær aðeins hæfar fyrir sorphauginn. Framsýni er það að velja hina sterkbygðu MAGNET skilvindu, tilbúin af skilvindu sérfræðingunum

The Petrie Manufacturing Co., Ltd., Hamilton

Hafa þeir beitt öllum sínum hæfileikum til að gera rjómaskilvindu þessa sem fullkomnasta, fremri öllum öðrum skilvindum. Takið ekki okkar orð fyrir því, en berið hana saman við hverja aðra skilvindu sem vera vill, og munuð þér finna hvern einasta part af MAGNET sterkari og betur hæfan til starfa svo árum skiftí en nokkur hluti af öðrum skilvindum.

Hér eru sannanirnar

1. "Square gear" bygging.
2. Hin sterka og vandaða umgerð.
3. Skálin studd á tvo vegu.
4. Einstykkis fleytir, sem tekur á burtu allan óhreðu og skilur eftir hreinan rjóma.
5. Fullkominn fleytir, auglýst mál.
6. Auðveldt að sundá. Börn aðskilja.
7. Sáskift á rúmtaki sömu umgerð fyrir fáa dollara aukreitis.
8. Auðvelt að hreinsa á minna en 5 mínútum.
9. Fullkomin hamla, styttir tímann (Magnet einkaleyfi).
10. Vrugg. Allir hlutir huldir.
11. Aðskilur hvort heldur á jörðu eða gólfi.

Við ábyrgjumst sérhvern hluta. Sendið eftir verðlistum.

ÓKEYPIS TIL HANDA HVERJUM MJÓLKURBÓNDA

E. deildin, undir stjórn sérfræðings, svarar öllum spurningum um meðferð mjólkur. Okkar 12 ára reynsla sem mjólkurbúa sérfræðinga, stendur til boða. Við getum og viljum hjálpa ykkur. Skrifið til

THE PETRIE MFG. CO., LIMITED

WINNIPEG, MAN.

ÚTIBÚ: Calgary, Alta., St. John, N. B., Montreal, Que., Vancouver, B.C., Regina, Sask., Victoria, B.C., Hamilton, Ont.

— Unglingspiltur í Birmingham á Englandi skaut sig til bana nýlega. Ástæðan var sú, að hann hafði legið sjúkur um tíma og misti alt hárið, og læknar kváðu hann aldrei hár aftur fá. Þetta fell honum svo hörmulega, að hann réð af að ráða sér bana frekar en lifa sköllóttur.

— þrætumál milli Canada og Bandarikjanna út af fiskiveiðum við Newfoundland hafa verið lögð í gerðardóm í Hague á Hollandi, og er talið víst, að þau verði ekki útkljáð fyrri en í júlímánaðarlok. Mánudaginn 6. júní sl. hóf Sir Robert Filnlay umræður af Canada háfu, en fyrstur af hendi Bandarikjanna talaði Samuel Elder, en lokaræðuna heldur Bandarikjamaðurinn Elhu Root. Sex aðalræður verða haldnar, og tekur hver ræða vikutíma, og að umræðum loknum, verður málinu vísað í gerðardóm.

— Ung stúlka í Chatham, Ont., Grace Williams að nafni, drekti sér fáa faðma frá heimili sinu, fyrir þá sök, að móðir hennar hafði meinað henni samvista við elskhuga sinn.

— Prestur einn í Toronto, Geo. Atlas að nafni, egyptskur að kyni, var sl. fimtudag dæmdur til 7 ára fangelsisvistar fyrir þjófnað, og svik. Það var ekkja, samlanda hans, sem guðsmaðurinn hafði klófest.

— Tyrkneskur ritstjóri Achmed Samin að nafni, frægur stjórnmálamaður, var myrtur um hábjartan dag á götum borgarinnar Konstantinópel, og morðinginn komst undan.

— Sjötíu ára gamall læknir í St. Pétursborg, Patschenko að nafni, hefir nýlega verið hausaður fyrir þá sök, að hafa byrlað ýmsum kóleru-gerla, — sem að jafnaði leiddu til dauða. Ástæðan fyrir þessu athæfi var sú, að það var gróðavegur hinn mesti, því þegar fórnarlambið var sýkt orðið af kólerunni, hauð það afarfé þeim, er læknað gæti, og Patschenko þóttist geta lækna kóleruna, og fékk riflega borgað fyrirfram, — eftir á andaðist hinn sjúki.

— Nýlega var 19 ára gamall vinnupiltur hálshöggvinn í Danmörku fyrir að hafa myrt húsmóður sina í oktober sl. haust, og sömuleiðis reynt að myrða mann hennar og son. — þetta er fyrsta aftaka í Danmörku í meir en 20 ár. — Allir morðingjar hafa verið náðaðir til þessa, en þessi glæpur þótti úr hófi keyra. Morðinginn hét Július Sörensen.

— Kínverjar vilja nú ólmir fá þing og þingbundna stjórn, sem hvert annað menningar og framfaraland, og alt bendir á, að þeir ætli að fá þá ósk sina uppfylta því fulltrúar hér og hvar umkína veldi hafa verið boðaðir til höfuðborgarinnar, Peking, til skrafs og ráðagerða við stjórnina.

— Glæpamaður einn í Alberta, William King að nafni, sem sat í fangelsi fyrir hrossastuld, hefir einnig orðið sannur að sök um að hafa myrt félaga sinn fyrir þremur árum síðan, og fyrir þann glæp var hann dæmdur til að hengjast 21. júli næstk.

— Sem eftirmaður Minto lávarðar, sem varkonungur Indlands, hefir verið útnefndur Sir Charles Hardinger, sendiherra Englands í St. Pétursborg.

— Vesalings Finnar eru nú að líkindum úr sögunni sem sjálístæð þjóð, því rússneska þingið hefir samþykt lög, sem veita því réttindi yfir finskum málum, — rétt til að breyta eða fella úr gildi lög, sem finska þingið samþykkir, eða með öðrum orðum, að gera finska þingið nær réttlaust, og það er beinasti vegurinn til algerrar innlimunar í rússneska ríkið. — Sem kunnugt er, var Finnland hertogadæmi undir umsjón Rússlands með eigin þingi og stjórn en rússneskum landsstjóra. Þessi réttindi Finnlands hafa þráfaldlega verið brotin af Rússum, þó hinn núverandi keisari þeirra viðurkendi þau fyrir fáum árum síðan og gæfi þeim stjórnarskrá. Hin rússneska kúgunarstjórn gat ekki unað því, að nokkur hluti hins rússneska ríkis hefði frjálst stjórnarfar, og endirinn er sá, að frelsi það, sem Finnarnir hafa svo drengilega barist fyrir og reynt að verna gegn Gurmagninu er nú frá þeim tekið, nema ef að Evrópu stórveldin skerast í leikinn. — En allir réttlhugsandi menn í Evrópu fylgja Finnum að málum, og fjöldi leiðandi manna hafa birt opinber mótmæli gegn innlimunartilraunum hinnar rússnesku stjórnar.

— Síðustu fregnir frá Lundúnum telja áreiðanlegt, að hertoginn af Connaught verði landsstjóri í Canada eftir Grey jarl, og að hann taki við landsstjóra embættinu að vori. — Það er talinn einlægur vilji hins látna konungs, að hertoginn verði landsstjóri yfir Canada.

— Kona ein í Hibbings, Minn., Mrs. Dillon að nafni, skaut mann sinn til bana í sl. viku fyrir þá sök, að hann vildi þröngva henni til óskírlífis.

— Þrir menn biðu bana af járnbrautarslysi nálægt Heron, Ont., sl. föstudag. Það var vöruflutningslest, sem steyptist í Lake Superior, og fórust mennirnir á bann hátt.

— Landskjálftarnir á Ítalíu halda stöðugt áfram; hafa hús, þorp og borgir hér og þar um suður og mið Ítalíu hrunið til grunna, fólk látið lífið, slasast eða grafist lifandi í rústum hrundra bygginga, og fjöldi húsnæðislaust og allslaust, liggjandi úti á bersvæði. Það eru eldsumbrot í Vesúvíus, sem orsaka þessar hörmungar, og er ekkert talið líklegra en að borg in Neapel, sem stendur við rætur fjallsins, gereyðist á sama hátt og Pompeje og hinar aðrar tvær borgir eyðilögðust fyrir rúmum 18 öldum af Vesuvius.

OGILVIE'S

Royal Household Flour

Til Brauð og Köku Gerðar

OGILVIE'S ROYAL HOUSEHOLD

Gefur Ævinlega Fullnæging

EINA MYLLAN Í WINNIPEG,—LÁTIÐ HEIMAÞNAÐ SITJA FYRIR VIÐSKIFTUM YÐAR.

— Í Sviss hafa nýlega verið samþykt lög, er ákveða, að gift kona, sem ekki hefir neina sjálfstæða atvinnu, skuli eiga kröfu til þriðjungs af tekjum heimilisins.

— Í smáþorpi einu á Póllandi hafði, ríkur kaupmaður framið sjálfsmorð. Samkvæmt landsvenjum átti því að grafa hann í grafreit sjálfsmorðingja, en erfingjum hans þótti slikt ósvinna hin mesta og fengu því lækna til að lýsa yfir, að hinn látni hefði framið sjálfsmorð í brjálsemisæði, sem reyndar var ósatt. Á þann hátt fengu þeir leyfi yfirvaldanna, að grafa líkið í vígðri mold og með allri viðhöfn, sem sæmdi sjálfdauðum sómamanni. En þegar almenningur heyrði, að sjálfsmorðinginn ætti að fá kristilega greftrun, varð hann óður og uppvægur, kvað það ranglátt, að ríkum sjálfsmorðingja væri gert hærra undir höfði en fátækum. Og þegar átti að fara að bera líkið í kirkju, réðst skrillinn á líkfylgdina, tókst að ná í kistuna, og undir bölbænum í stað bæna og rotnum eplum í stað blóma, holuðu þeir kistunni niður í sjálfsmorðingja grafreitinn. Um síðir tókst herliðinu að sundra skrílnum og grafa upp kistuna, og undir vernd hermannanna fékk hinn ríki sjálfsmorðingi greftrun, sem sæmdi hverjum kristnum borgara, heiðarlega látnum, að hvíla í vígðri mold.

— Inníánar í Yucatan í Mexico hafa gert uppreist og strádrepið fjölda hvítra manna, fyrir þá sök, að hvítu mennirnir voru harla nærgöngulir og reyndu að sölsa undir sig eignir Indiánanna með valdi, þar til hinir þoldu ekki mátið lengur og tóku til vopna.

— Í Danmörku eru árlega framleiddir um 24,500,000 (tuttugu og fjórar miliónir og fimm hundruð þúsund pottar af brennivíni. Það telst svo til, að hver fullorðinn maður drekki að meðaltali fjögur staup af brennivíni á dag.

Yfirlýsing.

Sökum þess, að prestur Pembina safnaðar, séra N. S. Thorláksson, hefir í óleyfi safnaðarnefndarinnar, og þvert ofan í vilja safnaðarins, tekið það upp á sjálfan sig, að boða til fundar, í því yfirskyni, að kjósa erindsreka á næsta kirkjuþing hins ev. lúterska kirkjufélags Íslendinga í Vesturheimi, og nokkur hópur manna, sem síðan á ársfundi safnaðarins, er haldinn var 30. jan. þ.á., hafa fylgt áðurnefndum presti safnaðarins að málum í því að vinna á móti söfnuðinum, og reka þar starfsemi kirkjufélagsins, — er það hér með gert almenningi kunnugt, að Pembinasöfnuður hefir löglega slitið alt samband við kirkjufélagið, sendir engan erindsreka á ofangreint kirkjuþing. Ef næsta kirkjuþing gefur nokkrum sæti í því yfirskyni, að þar mæti erindsrekar frá Pembinasöfnuði, lýsum vér undirritaðir því yfir, að það er á allan hátt ólöglega gert, og þvert á móti vilja safnaðarins.

Í umboði safnaðarnefndar Pembinasafnaðar.

Pembina, N.D., 12. júní 1910.

GEO. PETERSON, forseti.

OLI PAULSON, skrifari.

Yfirlýsing.

Út af ágreiningsmáli kirkjufélagsins, gerir þingvallasöfnuður eftirfylgjandi yfirlýsingu:

Söfnuðurinn neitar því, að stefna sú, er kirkjufélagstímaritið Sameiningin hélt fram í árganginum frá kirkjuþingi 1908 til kirkjuþings 1909, sé að öllu réttmæt stefna kirkjufélagsins.

Söfnuðurinn neitar því, að trúarmeðvitund mannsins hafi ekki vald til að velja og hafna, þó um heilaga ritningu sé að ræða; en í því valdi felst vitanlega úrskurðarvald.

Söfnuðurinn álítur, að hann hafi fylsta rétt til að mega fræðast um rannsóknir þær, sem vísindamenn nútimans hafa um hönd, ritningunni að ýmsu leyti til skýringar; en síðasta kirkjuþing neitaði þeim rétti með því að fella tillögur minnihlutans.

Af ofanskráðum atriðum og hinni óheppilegu samþykt síðasta kirkjuþings segir þingvallasöfnuður sig úr sambandi við hið evangelisk lúterska kirkjufélag Íslendinga í Vesturheimi.

Samþykt á safnaðarfundi í þingvallasöfnuði 5. júni 1910.

— Sjötíu ára gömul ekkja í Minneapolis, Anna Olson að nafni, höfðaði nýlega 5000 dollara skaðabótamál á hendur hinum 74 ára Óla Ásmundssyni, vegna þess að hann hafði brugðið eiginorði við hana. Hún tapaði málinu, dómarinn kvað hana vera komna yfir skaðabóta-aldur.

— Í Bretlandi eru hjónaskilnaðir fátíðir, sem svarar 2 hjónaskilnuðum af þúsundi; í Frakklandi 32 á hvert þúsund, og í Bandaríkjunum 72 af þúsundi. — Í New York giftu sig 750 hjón í sl. apríl, en 846 hjón skildu.

Wall Plaster

"EMPIRE" VEGGJA PLASTUR kostar ef til vill ögn meira en hinar verri tegundir,—en berið saman afleiðingarnar.

Vér búum til:

"Empire" Wood Fibre Plaster
"Empire" Cement Wall "
"Empire" Finish "
"Gold Dust" Finish "
"Gilt Edge" Plaster of Paris
og allar Gypsum vöruteg-undir. —

Eigum vér að senda yður bækling vorn?

BÚIÐ TIL EINUNGIS HJÁ

MANITOBA GYPSUM CO. LTD

SKRIFSTOFUR OG MILLUR I

Winnipeg, - Man.

Th. Svd. Lamb:

UPPTÍNINGUR.

Voriš vekur gamla og unga af sveini vetrarins, en sannleikurinn getur aldrei vakiš þá, sem blind ofsatrú — hverju nafni, sem hún nefnist — hefir einu sinni svæft.

* * *

Sönnustu ánægju lífs þíns finnur þú í vinnu þinni; ljúfustu stundir æfi þinnar meš vinum þínum og ástmennum; en speki og hugsjónir verður þú aš sækja til einverunnar

* * *

Ef J. G., þar heima á "Gamla landinu", álitur vestur-íslenzka hagyršinga leirbullara, þá ætti hann aš hafa svo mikiš vit, aš vera ekki aš skamma út stéttarbræður sína og samvinnendur.

* * *

Þaš er ekki hægt aš sjá, aš "menningunni", svokölluša, meš öllum sínum vélum og vélabrögšum, hafi getaš tekist aš létta ánaušar-byršinni af heršum verkalýšsins. Miklu fremur viršist hún hafa reyrt hana ennþá fastar. — Þetta er aš kenna hinum frjálsu einokunarfélögum vors frjálsa lands, sem binda frelsi vort verkmanna í likamlegum og andlegum skilningi.

* * *

Þaš eru fjötrarnir en ekki ofmikiš frelsi, sem gerir manninn aš villidýri. Þaš er heindin og hegningin, en ekki kærleikurinn og réttlætiš, sem halda mannkyninu í sama eymdarástandinu öld eftir öld.

* * *

"Viltu vera meš?" — "Já, hver vill vera meš?" spyrja þeir, safnendur hins svonefnda júbilsjóšs kirkjufélagsins lúterska, í Lögbergi seinast. Í nokkrum undanfarandi blöšum hafa stašiš áskoranir til "kristinna" Íslendinga, um aš gefa í þennan sjóš, og oft hefir þar verið mjög vel blandaš saman Guši og Mammon, en aldrei eins vel og í seinustu greininni "Viltu vera meš", því þar er ómögulegt aš þekkja þá sundur, Frelsarann og Dollarinn, og erum vér hrædd-ir um, aš einhver trúmašurinn taki þar ill misgrip. Sannast þaš líklega bezt á næsta kirkjuþingi.

* * *

Fimm þúsund dalir, ef vel er meš þá farið, ættu aš geta haldiš jafn mörgum mönnum í þrælsböndum fávizkunnar. Jafnvel ætti aš geta orðiš svolitill afgangur, sem kaupa mætti fyrir hnútasvipu á þá, sem ekki samþykkja allar kórvillur kirkjunnar.

* * *

Gefiš, gefiš í júbilsjóšinn, þér, sem eruš til hægri hliðar (þ. e.: sauðir) í kirkjumálum Íslendinga hér vestra! — Gefiš, — reitiš alt af yður — — nema hornin. Haldiš þeim í lengstu lög, hvaš sem safnendurnir segja; því kollóttir getiš þér tæplega varist þeim hinum sömu bræðrum yšar til lengdar, á einstigum samkeppninnar, jafnvel þótt þér séuš aš vinna fyrir sáluhjálp yšar í nafni Jesú Krists.

* * *

Enginn maður hefir siðferðislegan rétt til aš drepa annan mann, nema hans eigin lífi sé dauði búinn. — Hiš eilifa afl lífsins gefur mátt sinn í hin mismunandi gerfi einstaklinga sins. — Finst yður ekki, kæru lesendur "Upptínings", aš fillinn og ljónið í Afriku, sem búa langt inu í frumskógar-heimilum sinum, hafi hinn sama rétt til lífsins og ég eša þú: Hafi réttinn aš njóta þeirrar ánægju, sem lifiš veitir? Ef fillinn og ljónið gera oss skaša, þá höfum vér fylsta rétt til aš verja oss og fyrirbygg'a þaš. En þegar drápsferðir — heimsfrægar eša ekki heimsfrægar — eru gerðar af staš til aš svifta lífi, hvort heldur eru fuglar eša ferfætlingar, þá virðist oss rétti lífsins misboðiš.

Þaš þótti ódrengilegt í fyrri daga, þegar réttlætistilfinningin er álitin aš hafa verið höfš í lægra gildi en nú á sér staš, ef einhverir réðust aš öðrum óviðbúnum og drápu þá, allra helzt þegar slikur verknaður var framinn án allra saka. Samt á þetta sér alt af staš milli mannlífsins og dýralífsins. Og þó hefir lifiš verið gefiš dýrunum af sama föður — af sama mætti, og oss mönnum.

Hin heimsfrægasta herför á hend ur hinu ferfætta lifi, nú í seinni tíš, mun sú, er hinn ókrýndi konungur Bandamanna, TheodorRoose velt, hélt til Afriku. Einn hinn mikilhæfasti stjórnmálamaður, sem heimurinn á, og hinn mesti umbótamaður aš mörgu leyti. Virðingar, ástsældar og auðlegðar átti hann og aš njóta í föðurlandi sínu, Bandaríkjum Vesturheims. En hann þurfti aš létta sér upp, sér til heilsubótar, þegar forsetaár hans voru uppi. Og heilsubót sína og hvild finnur hann í því, aš herja á skógardýrin í meginlöndum Afriku. Aldrei höfðu þær þó reynt aš komast til Ameriku til aš gera ófurstanum skaša, en svona er drápseðliš ríkt, jafnvel hjá beztu mönnum þjóðanna, og þeim, sem leitast viš, aš semja friš í mannheimum! — Aldrei sjáum vér eins eðlilegt ánægjubrosiš á Winnipegmönnum og þá, er þeir koma úr skotferðum sínum utan úr sveitunum, meš fáeinar snipur og akurhænur í pokahorninu. Þá er andlitiš ekkert annaš en bros, og þeir verða aldrei þreyttir á því, aš segja kunningjum sínum af drápsferðum sínum.

Nær skyldum vér skilja, aš þetta er ekki göfugt? — Líklega ekki fyrri en vér öðlumst næmari réttlætistilfinningu gagnvart mannlífinu sjálfu; — gagnvart vorum eigin bræðrum og systrum, sem skapnaš lífsins hafa hlotiš í okkar eigin mynd.

* * *

Nú eru þau skötuhjúin, "Sameiningin" og "Breiðablik" hætt aš hnotabítast. Aš minsta kosti ber siðasta heimsókn þeirra þess vitni. En hvort þeirra hafði nú betur í viðureigninni? Hvort þeirra komst nær sannleikanum, þessum eilifa uppáhaldsguði, sem alt af breytist en alt af er þó hinn sami? — Annars munu allir þeir, sem unna sóma og innbyrðis friði þjóðarbrotsins íslenzka fyrir vestan hafiš vera og verða þeim þakklátir fyrir aš geta sem lengst setiš á strák sínum. Nægum illdeilum og óheill eru þau búin aš valda hjá oss Vestmönnum, án þess þó aš hafa komist einu hænufeti nær hinu rétta og sanna.

* * *

Kaldur og einstrengingslegur andi, í hvaša mynd sem hann birtist í mannlífi voru, getur aldrei fest rætur og þréast í hjarta "fólksins", hversu "stór", sem hann kann aš vera. Eins og fræiš þarf sólarylinn til aš geta fest rætur í jörðunni og blómgast, eins þarf hver hugsun, hver kenning, aš geyma í sér hita og ljós, ef hún á aš geta blómgast og margfaldast í hjörtum samtiðarmanna sinna.

* * *

FRÚ JOHNSON (viš kjötsalann): Siðan ég fór af Íslandi hefi ég aldrei fengiš eins indælt kjöt eins og svínslappirnar, sem ég fékk frá þér siðast. Maðurinn minn var alveg vitlaus í þær. Þaš hlýtur aš hafa verið ágætis svín.

KJÖTSALINN: Já, þaš var nú ekki ališ á fiski eins og þau þarna í Nýja Íslandi. En hvaš vilt þú fá mikiš meira af þeim, frú Johnson?

FRÚ JOHNSON: Eitt dúsin af þeim væri gott, ef þær eru allar af sama svininu.

KJÖTSALINN: Ég skal láta þig hafa tvö dúsin af þeim, frú mín, ef þú bara vilt, og ábyrgjast þær allar af sama svininu.

* * *

Ef yður dettur eitthvaš fallegt í hug, þá sendiš þaš í "Upptíning" Th. Svd. Lamb. Utanáskrift til hans var auglýst í Hkr. 2. þ.m.

ALDREI SKALTU geyma til morguns sem hægt er aš gera í dag. Pantiš Heimskringlu í dag.

Gleymiš ekki aš láta skrásetja nöfn yðar. Skrásetningardagar í Winnipeg 15, 16, 17 Júní.

Móðurmáliš.

Viš sætum því færi, á meðan ei mist
hér máliš á íslenzku höfum,
aš helga því alt, sem helgast er finst,
í hugsunum, orðum og gjöfum, —
aš hreinsa burt af því hvern einasta blett,
en eiga þaš hreimmikiš, fagurt og rétt.

Því hvar fanstu mál, sem aš betur þig batt
viš bliðustu hugsanir þínar,
sem skýrði frá hlutum og sagði þér satt.
Og seinast, þá lífsfjöriš dvinar,
þá felurðu á íslenzku allslausa önd
i alföðurs guðlega kærleikans hönd.

Og þá verður kærleikans höndin sú hlý,
sem hjálp er í nauðum hin eina;
hún kveikir þaš ljós, sem aš lífnar á ný,
svo lærirðu sannleikann hreina:
Aš alt þetta þezta, sem eðli þitt bar,
var íslenzkt,— í heiminum hvar sem þaš var.

Ég helga þér alt, sem aš helgast ég veit
í hugsunum, orðum og verkum.
Og hvar, sem ég mæti þér, sundraða sveit,
ég segi meš áherzlum sterkum:
Aš elska þaš mál, sem hún móðir þín ann,
— þú mátt ekki vanhelga dýrgripinn þann.

SIGURÐUR JÓHANNSSON.

Hvar stöndum vér verkafólkið?

Eftir
Th. Svd. Lamb.

Öll þekkjum vér orðtækiš forna, "Vinnan er móðir auðæfanna". Þaš er orðiš rótgróiš spakmæli, sem foreldri kenna börnum sínum strax á unga aldri, sem eina haldbeztu undirstöðu undir lífsheill þeirra og hamingju hérnamegin. Jafnhliða málshætti þessum er annar lærður, sem þannig hljóðar: "Þaš er ekki minni vandi aš gæta fengins fjár en afla þess". Svo kemur ritningin og kennir, aš "sá sem ekki vill vinna, á ekki heldur mat aš fá", mun sú kenning nokkuš beisk á bragðiš fyrir letingja, en þó ekki ósanngjörn aš öllu leyti.

Aš vinnan sé móðir auðæfanna, er ekki nema aš sumu leyti rétt. Sá, sem mest vinnur og er duglegastur aš þræla í hinu og þessu, er sjaldnast sá maðurinn, sem ríkastur verður nú á dögum, heldur sá, sem dýpsta hefir hagfræðisspekina: Sá, sem lætur bræður sína þola hita og þunga dagsins, — lætur aðra vinna og safna saman auðæfum handa sér. Vinnan aš vísu framleiðir auðæfin, — framleiðir alt, en sjaldnast handa þeim manninum, sem mesta verkiš vinnur. Vinna án hagfræðisgáfu gjöriš fáa menn efnaša, en maður, sem haglræðishæfileika hefir, getur orðiš ríkur, þótt hann drepi aldrei hendi sinni í kalt vatn, sem kallaš er. Aš þessu leyti er þaš rétt og ekki rétt, aš vinnan sé móðir auðæfanna.

Öll viljum vér verða efnalega sjálfstæð. Þaš er eðlileg og nauðsynleg löngun hvers einasta manns sem vaknar hjá oss jafnsnemma og meðvitundin um þarfir vorar, ábyrgð og skyldur, sem á oss hvíla sem einstaklingum þjóðfélagsins. Til þess aš ná þessu takmarki eru mörg meðul brúkuð, sum heilsusamleg eins og öll vinna, en sum eitruð eins og þjófnaður, svik og allskonar harðýðgi og samvizkuleysi.

Sökum þess, hve peningarnir orsaka mikiš vald, hjá þeim mönnum, sem hafa þá handa á milli, þá nægir sumum mönnum ekki aš vera efnalega sjálfstæðir og kappkosta aš ná undir sig auð fjár til þess meš því aš svala drotnunargirni sinni. Gullið í höndum sumra manna nú á dögum, er eitthvertiš ægilegasta ofurvald og undramáttur, sem heimurinn þekkir. Vilji, heiður og líf þúsunda manna fátækra, er sem hjaðnandi bóla á móti afli miljónerans. Atkvæði biljónerans eins, gildir í sumum greinum meira en atkvæði miljón fátækra verkamanna. Aš visu er þetta samtakaleysi fátæklinganna aš kenna, en svo lengi, sem þaš á sér staš, þarf hver auðæfaleysingi aš berjast upp á sínar eigin spítur eins og bezt gengur. Hann þarf aš vinna fyrir aðra sínar vissu stundir á dag, fyrir vissri peningaupphæð, og láta aldrei útgjöldin svelgja innkomuna, ef örbirgðin allslausa á ekki aš koma í staš fátæktarinnar.

Þaš er eitt víst, aš ekki geta allir orðiš ríkir, eftir mælikvarða þeim, sem nú er notaður. En þaš ætti enginn aš þurfa aš vera blá-fátækur. Meš öðrum orðum, allir ættu aš geta verið efnalega sjálfstæðir, ef afurðir vinnunnar skiftust ekki svo heimskulega og sorglega illa og misjafnt niður. Þaš er nægilegt framleitt í heiminum handa öllum mönnum. Allir ættu aš hafa rétt til þess, aš minsta kosti þeir ei hvaš sízt, sem mest og bezt vinna aš því, en því miður er því eigi þannig varið enn sem komiš er. Ef til vill lagast þaš áður en mörg ár liða; ef til vill bíður þaš óratíma enn. Því er nú einusinni þannig varið, aš stundum er erfiðara aš brjóta en byggja, einkum þar sem hefðin og vaninn hafa setiš aš verki í tugi alda eins og á sér staš í stjórnmálum þjóðanna, ekki síður en trúmálum þeirra. Ekki er því aš neita, aš margir eru umbótamennirnir og margir þeirra góðir og vilja vel, en þeim sýnist sitt hvaš, eins og öðrum; getur ekki komiš saman um, aš nota sömu aðferðirnar til aš minka bölið í heiminum, og verður því eðlilega ekki eins mikiš ágengt eins og þeir stæðu saman sem einn maður. Samt sem áður hjálpa þeir óendanlega mikiš til, aš opna augun á fólkinu, svo þaš sjái, frá hverju hörmung þess stafar, sjái orsökina, sem afleiðingarnar bölþrungnu koma frá. Enda er nú svo komiš, aš flestar þjóðir eru aš meira og minna leyti vaknaðar til nýs lífs, þótt auðkýfingar og forráðamenn þjóðanna standi enn á verði meš nakiš sverðiš vfir höfði þeirra, svo frelsiš fái ekki aš brjótast út.

En á meðan aš fyrirkomulagiš ekki breytist; á meðan samkeppnin gjörir fátækan og ríkan, niðurlægir og upphefur, — á meðan þurfum vér, sem verðum aftastir í samkepnis-lestinni, oss, sem vantar tækifæri og kunnáttu á aš græða, vér, sem því verðum aš vinna öðrum, í staš þess aš aðrir vinni oss, aš reyna aš gæta þess sem bezt, hvar vér stöndum. Aš muna þaš, aš ekki er minni vandi, aš gæta fengins fjár en afla þess. Vér ættum aldrei aš gleyma því, aš þess erfiðari, sem vinna vor er, þess dýrri verða peningarnir, sem vér fáum í laun fyrir starf vort. Verkamaðurinn ætti aldrei aš eyða þeim peningum gálauslega, sem hann hefir dregiš saman meš súrum sveita, því meš því kastar hann frá sér öllum tækifærum til aš geta orðiš sjálfstæður maður. — Hugljúfar vonir og glæsilegir loftkastalar eru fagurt smiði og geta stytt stundirnar fyrir mörgum draumsjónamanninum, einkum á æskuárunum, en vonirnar vilja deyja og kastalarnir hrynja, þegar út á stríðsvöll lífsins kemur, og tilveran sýnir oss þaš svart á hvítu, hvaš hún í raun og veru er. Steiktar gæsir fljúga ekki í munn sjöldans, þær fljúga upp í einn mann af hverri miljón, þú og ég getum tæpast búist viš, aš verða fyrir því láni. Athugum því vel, hvar vér stöndum, vinnumenn og vinnukonur. Reynum ekki aš hylja hinn raunsanna virkileika nútimans undir tálmyndum þeim, sem vér drögum upp fyrir oss af framtiðinni, því meš því móti svíkjum vér oss sjálf. Hiš eina sanna líf vort er nútiðin. Notum yfirstandandi tíma sem bezt, sjálfum oss og öðrum til gagns og gæfu, og þá getum vér meš sanngirni vonast eftir einhverri uppskeru, sem á einhvern hátt verði oss til heilla, þegar framtiðin breytist í nútiš,— The Weekly Examiner segir:

"Verkalýður! hefirðu rætt þess, hvaš þaš þýðir aš fá kaupiš sitt fyrir viku eša mánaðarvinnuna?

"Þaš þýðir, aš þú hefir selt part af æfi þinni, og aš þú hefir í vasanum eša pyngjunni verðiš, sem borgaš var fyrir hana. Vér svíkjum sjálfa oss í nútiš og framtiš, margir hverir, sem vinnum fyrir viku eša mánaðarlaunum. Vér lítum fram á ógengna braut, til hins glæsilega "einhverntima", þegar oss mun ganga betur en nú, þegar vér ætlum aš vinna fyrir sjálfa oss en ekki aðra.

"En þetta "einhverntima" hraðar ekkert ferð sinni til vor, eša vér til þess. Þaš kemur til fæstra vor; en ellin, sem engin þein þola, kemur til vor allra, sem lifum.

"Ef þér menn og konur, sem fyrir aðra vinniš, ekki getiš skiliš þetta nú, þá farir ellin yður heim sanninn um þaš, aš hver sá maður, sem selur part eftir part af lífi sínu, ætti vissulega aš hugsa alvarlega um þaš.

"Hvaš er æfi þín annaš en fáeinar vikur, mánuðir og ár? Ef þú ærir aš selja likama þinn í smáþörtum, eitt stykki í senn, — segjum tærnar og fingurnar fyrir 10 dali stykkiš, og hvern þumlung í fætinum fyrir 20 dali, o.s.frv. — myndirðu þá ekki kvarta? Jú, þú myndir segja viš sjálfan þig: "Hvaš er aš tarna! Fjórar tær og tveir fingur algjörlega farið, og ég búinn aš eyða peningunum, sem ég fékk fyrir þá. Þeir eru horfnir mér um aldur og æfi og ég hefi ekkert í staðinn. Hvaš á ég aš taka til bragðs, þegar ég er búinn aš selja á mér fæturna og handleggina? Ég verð aš sjá svo til, aš ég fái sem allra hæst verð fyrir þá; aš minsta kosti verð ég aš fá einhverskonar sjálfstæði og örygg, sem sér mér borgiš, í skiftum fyrir likamann, sem ég er aš selja.

"Þetta virðist máske svakaleg samliking. En þú selur æfi þína part eftir part. Þú ert aš selja æsku þína og lífsafl, sem hú getur ekki endurnýjaš. Gamall maður eša kona horfin aš kröftum og lífsfjöri og yfirgefin allslaus af heiminum, er sannarlega eins illa á sig komin og hjálparlaus sem sá maður, sem hefir selt handleggi og fætur, tær sínar og fingur smátt og smátt.

"Dragðu ekki sjálfan þig á tálar meš raunsannindi lífsins. Munduaš tilvera þín, framtiðar hamingja og mögulegleikar til mannlegs og kvenlegs sjálfstæðis, stendur eša fellur meš þeirri einlægni, sem þú sýnir sjálfum þér, — byggist á því, aš þú opnir augun á því aš þú sért aš selja líf þitt sneiš eftir sneiš.

"Verkgefandi þinn afhendir þér vikulaun þín, og þar meš eru viðskíti ykkar á enda. Þegar þú hefir selt honum tíu vikur eša tuttugu ár, eftir þeim lögum og siðvenjum, sem nú hafa gildi, þá hefir þú hvorki rétt né ástæðu til aš fara til hans og segja: "Nú er ég gamall, svo þú verður aš sjá fyrir mér".

"Eftir öllum skrifuðum og óskrifuðum lögum í heimi samkepninnar, þá hefir hann gilda ástæðu og fylsta rétt til aš svara þér: "Því gættir þú ekki sjálfs þins? Því hugsaðirðu ekki um þetta, þegar þú varst aš selja æfi þina í smásneiðum. Því revndirðu ekki aš líkjast mér og hlaða undirstöðu undir efnalegt framtiðarsjálfstæði þitt, annaðhvort meš sjálfsafneitun eša þá öðruvísi?" "

Þannig segist blaðinu í San Francisco frá. Þaš er vissulega þess vert, aš því sé veitt eftirtekt. Auðæfi verkafólksins er timi þess og heilsa. Fari þaš illa meš hvorttveggja er óhamingjan vís.

Vér aumkum þann ungling, sem eyðir arfi sínum svo gálauslega, aš hann lendir seinast á vonarvöl. Vér köllum hann óráðsmann og heimskingja. En þó ferst honum í raun og veru ekkert ver en þeim, sem eyða vinnulaunum sínum í allskonar óþarfa og svall, spilla meš því heilsu sinni og ónýta þann tíma, sem þeir gætu notaš sjálfum sér og öðrum til gagns.

Þaš er ekki meining min meš grein þessari, aš halda því fram, aš peningar ættu eša þyrftu aš vera þaš hámark, sem stefnt skal aš, því sannfæring min er sú, aš þeir séu ónauðsynlegur gjaldmiðill og eigi drýgstar og dýpstar rætur til alls hins mikla óréttlætis, sem viðgengst í heiminum. En sökum þess vér erum nú einusinni svo óhamingjusöm, aš búa í heimi, sem þetta fyrirkomulag ríkir í, þá verðum vér aš taka þaš til greina og sniða oss stakk eftir því, til verndar sjálfum oss. Þar kemur fram sem St. G. Stephansson segir:

"Sannfrjáls maður velur vont,
verra til aš forðast".

Frelsi vort, sjálfstæði og manndómur er undir því kominn, aš vér gætum aš, hvar vér stöndum, gætum þess, aš vér ekki ströndum á grynningum allsleysisins og vesaldómsins.

Höfum þaš í huga, vinnumenn og vinnukonur.

Málrúnir.

Heimskringla 5. maí sl. birti 2 vísur í málrúnum, sem J. J. Danielsson var beðinn aš útþýða. Höfundur þeirra hafði bundiš nafn sitt í þeim báðum.

Eftir því, sem undirritaður kemst næst, þá er nafniš í fyrri vísunni Kristján, en í þeirri síðari Ásgeir.

Hnikarsbeðja, hræðsla, þraut og höldafaðir og huglarband, — mitt heiti þaš er.

Hefir þú borgaš Heimskringlu?

Ókeypis Píanó fyrir yður



Þetta er vort "Louis Style" Piano, fegursta hljóðfæri í Canada. Sent yður til reynslu í 30 daga ókeypis. —

LESIÐ ÞETTA:

STEFNA þessa félags hefir verið, aš "fullnægja, eša peningum yðar skilaš aftur". Og nú gerum vér þaš bezta tilboš sem nokkrir Píanó-salar hafa nokkru sinni gert í þessu landi. Þaš veitir yður fría reynslu hljóðfærisins og kauprétt á því meš HEILDSÖLU verði og vægum afborgunum ef þess óskast. Vér biðjum ekki um 1 cent af yðar peningum fyrr en þér eruð alveg ánægðir. —

Tilboš vort

Fillið út og sendið meðfylgjandi "COUPON" og vér sendum yður strax sýnismyndir af vorum ýmsu hljóðfærum meš verði hvers þeirra. Þér veljið Píanó, og vér sendum yður þaš tafarlaust og borgum flutningsgjald; þér reynið þaš í 30 daga ókeypis. Eftir þaš getið þér sent þaš oss á vorn kostnaš, eša keypt þaš af oss meš heildsölu verði. Er þetta ekki gott boš?

W. DOHERTY PIANO & ORGAN CO., LTD.,
WESTERN BRANCH, WINNIPEG, MAN. FACTORIES, CLINTON, ONT.

— COUPON —
W. DOHERTY PIANO & ORGAN CO., LTD.,
286 HARGRAVE STREET, WINNIPEG, MANITOBA.
Kæru herrar: Sendið mér strax sýnismyndir af Piano tegundum yðar, meš verðlista og upplýsingum um ókeypis reynslu-tilboš yðar, er sýnir hvernig ég get reynt Píanó-ið um 30 daga, mér kostnaðarlaust.
NAFN _____
ÁRITAN _____

Cumberland Park





Nýtísku hús það sem er hér sýnt og sem er $3000 virði verður bygt á lóðum 25 og 26 í blok 28 í Cumberland Park, horninu á Florence og Logan Strætum og verður það

GEFIÐ

þeim skilmálalaust sem verður svo heppinn að draga það.

Ein auð lóð ókeypis

handa þeim sem dregur hana. Skrifið eftir öllum nánum upplýsingum til SYNDICATE REALTY CO., 372 1-2 Main St., Talsími Main 962

VERÐ OG SÖLU-SKILMÁLAR

Hornlóðir á Logan Avenue $250.00

Með beztu strætum borgarinnar hvað iðnað og samgöngur snertir

Lóðir á Logan Avenue $225.00

Allar aðrar hornlóðir $225.00

Allar aðrar lóðir $200.00

$15 út í hönd og $10 mánaðarlega af lóð hverri, 10 pc. afsláttur ef strax fullborgað





Syndicate Realty Company

372½ Main St. S.W. Corner Main and Portage, WINNIPEG, MAN. Phone Main 9632

Kæru herrar. Hérmeð innlagðir $.....sem fyrsta afborgun af.....lóðum í block..... Cumberland Park, og lofa ég að borga eftirstöðvarnar með $10 á mánuði af lóð hverri

Nafn..... Pósthús.....Fylki.....

ÓSKAÐ EFTIR DUGLEGUM UMBOÐSMÖNNMU

Syndicate Realty Company

372½ Main St. S.W. Corner Main and Portage, WINNIPEG, MAN. Phone Main 9632

Kæru herrar. Gjörið svo vel að senda mér greinilegar upplýsingar um fyrstu verðlauna ókeypis hús í Cumberland Park, og önnur verðlaun, ókeypis lóð á Logan Ave.

Nafn..... Pósthús.....Fylki.....

ÓSKAÐ EFTIR DUGLEGUM UMBOÐSMÖNNUM

Þriðja bréf að sunnan.

(Niðurlag).

Herra ritstj. Heimskringlu.

Það hefir verið kenning Repúblikana nú í seinni tíð, að verndartollur væri nauðsynlegur til þess að bæta upp þann mismun, sem kaupgjald væri hærra hér í Bandaríkjunum en erlendis. Það hafa flestir úr öllum flokkum álitið vera sanngjarnt, ekki sízt, ef stjórn in gæfi þá verkamönnum vernd á vinnu (Protection on Labor); en því er nú ekki að fagna. Til dæmis, verndar stjórnin stáleinokunarfélagið með háum verndartolli, en lætur sér standa á sama, þó þúsundir manna séu kúgaðar til að vinna fyrir það fyrir 12½ cent á klukkutímann, þrengt til að vinna 12 klukkustundir á dag, 7 daga í viku, og verkamenn hafi neyðst til að gera verkfall, aðallega af því, að sú meðferð, sem höfð hefir verið á þeim, hefir ofþyngt kröftum þeirra. Vill nú Halldór þessi standa upp og segja, að þetta sé fyrirmyndar stjórnarfar, sem verndar hina fáu og ríku, — já, sem eru orðnir svo ríkir og voldugir, að þeir eru að verða hættulegir fyrir lýðveldið,— en lætur afskiptalaust hina mörgu og fátæku, sem eru þó aðalmáttarstólpar stjórnarinnar, sem framleiðendur auðs og umbóta?

Sem sagt, verndartollasteinan hefir verið herfilega misbrúkuð að undanförnu hér í Bandaríkjunum, því í mörgum tilfellum hefir verndartollurinn verið og er fjórum til fimm sinnum hærri en allur vinnukostnaður. Hér eru svolítil sýnishorn tekin eftir stjórnarskýrslum, og eru því óhrekjandi.

Ullar einokunarfélagið, The American Woolen Co., ræður yfir 60 prósent af öllum ullarvarningi hér í Bandaríkjunum. Vinnukostnaður er að meðaltali 18 prósent, en það hefir tollverndun frá 55 til 125 prósent á klæði, 70 til 118 prósent á dúkum, 90 til 141 prósent á prjóna veínaði, 86 til 144 prósent á flanneli og 96 prósent á flókataui.

Svo er ekki nóg með þessari verndun á alullartaui, heldur er einnig jafnhár verndartollur á öllum varningi, sem eitt hár af ull finst í, auk heldur á "rubber"-skóm, ef þeir eru fóðraðir með ullartaui, og á því græða einokunarfélögin mest.

Hér sér maður, og það á sér stað því miður í flestum tilfellum, að verndartollurinn er að meðaltali fimm (5) sinnum hærri en allur vinnukostnaður einokunarfélagsins. Ekki framleiða þó útlendingar vöru sina kostnaðarlaust.

Næst skulum vér athuga tollhstann yfir baðmullarvarning, sem baðmullar einveldiskongarnir sjálfir sömdu, af því þeir trúðu sjálfum sér bezt til þess, að hafa hann nógu háan. Þá væmir nú ekki við öllu, körlum þeim, ekki sízt er þeir hafa Aldrich gamla í broddi fylkingar, og svo peningapyngjur handa hinum, sem eru ekki eins leiðitamir. Ef einhver vildi hnýsast eftir öllum atriðum í því málefni, — það væri of langt mál, að rita það hér, — þá getur hann fundið það í þingskjölunum á 5238 til 5239. bls., 6. ágúst 1909.

Neind frá baðmullarkongunum lagði álit sitt fyrir þingið og mælt ist til, að tollurinn á varningi þeirra yrði lögleiddur nákvæmlega eins og þeir sögðu fyrir, án þess að nokkuð .væri ráðfært sig við almenning. Í neðri málstofunni var því beiðni þeirra innlimuð í tollfrumvarpið óbreytt.

Mr. Payne, höfundur tollfrumvarpsins í neðri málstofunni, tók eftir því rétt á eftir, að í sumum tilfellum tvöfaldaðist tollurinn á baðmullarvarningi frá því, sem áður var. Hann gerði þá uppástungu um, að tillaga baðmullarmanna væri strikuð út, og eftir heilmiklar útskýringar, var sú uppástunga samþykt. En Aldrichs-klikkan í efri málstofunni kom því óbreyttu inn í tollfrumvarpið aftur. Þá gerðu nokkrir þingmenn (Senators) áhlaup á tollinn og fengu baðmullarkonga listann strikaðan út aftur. En svo þegar tollfrumvarpið kom frá hinni síðustu ráðstefnu (The Conference), þá var "tillagan" þar enn komin, eða aftur gengin, undir nýju yfirskini, og þar er hún enn í Payne-Aldrich-Cannon-Taft toll-lögunum. Endurskoðun toll-laganna, að því er baðmullarvarning snertir, varð því upp á við (hækkandi), og Taft forseti, sem lofað hafði þjóðinni toll-lækkun, gerði enga tilraun á hinni síðustu ráðstefnu (The Conference) til að fá því breytt, heldur skrifaði undir það eins og hinir gráðugu (money-mad) auðkýfingar höfðu stilað það í fyrstunni.

Það væri því synd að segja, að stjórnin vissi ekki, hvað hún var að gjöra í þessu atriði. Senator Gore, ásamt fleirum, sýndi þingmönnum ótvíræðlega fram á, að baðmullar iðnaðarfélögin hefðu grætt stórfé að undanförnu og þyrftu því ekki mikillar verndar með. Hann sýndi og sannaði í þinginu, að á síðastliðnum 9 árum hefðu sum af baðmullar iðnaðarfélögunum sexfaldað höfuðstól sinn og borguðu hluthöfum 60 til 70 prósent af hlutum sínum.

Halldór grobbar ekki all-lítið yfir því, að tollurinn hafi mest verið hækkaður á þeim vörutegundum, sem að mestu leyti eða eingöngu eru notaðar af hinu ríkara fólki. Til dæmis á silki, vinföngum o.s.frv. Þessi framburður hans er eins villandi eins og alt annað, er hann hefir skrifað um tollmálið. Sannleikurinn er, að tollurinn er mikið hærri á flestöllum nauðsynjavörum fátæklingsins, en á vörum hinna ríkari. Til dæmis: Fátæka konan, er kaupir sér ullardúk í kjól, verður að borga 135 prósent toll á því efni. Hin ríka kona, er kaupir sér silki í kjól, borgar að eins 50 prósent toll á því efni. Tollur á demöntum er 10 prósent, en á demantalíkingu (Imitation of Diamond), sem brúkað er mest af hinum fátækari í hárprjóna, kamba og hnappa, er tollurinn 20 prósent. Á kampavíni er tollurinn 65 prósent, en 86 prósent á slitfatnaði.

Það væri alt of langt mál hér, að gera samanburð á öllum þeim vörutegundum, sem brúkaðar eru af þeim ríku og hinum fátæku, en þetta sýnishorn er nóg til að sýna vanþekkingu Halldórs á tollmálinu, því ekki ætla ég honum illar hvatir.

Ég hvorki nenni né hefi tíma til, að elta ólar við Halldór þennan lengur. Hann bar eiginlega ekki á móti neinu í fyrri bréfum mínum til yðar, herra ritstjóri, öðru en því, að ég hefði verið svo ósvífinn að segja, að tollurinn hafi verið færður upp á influttum vörum. Það þykist ég hafa sýnt að hafi verið rétt hermt, auk heldur með hans eigin orðum, þar sem hann segir: "að tollurinn hafi verið færður upp á 220 vörutegundum".

Þjóðin hefir líka sýnt það í verkinu, að hún lítur öðruvísi á tollmálið en Halldór gerir. Í tveim kjördæmum, öðru í Massachusetts en hinu í New York ríkinu, hafa farið fram kosningar til þjóðþingsins síðan nýju toll-lögin gengu í gildi, og þar hafa Demókratar unnið algerðan sigur. Og vel að merkja, einmitt í þeim kjördæmum, sem Repúblikar voru sterkastir í við síðustu kosningar, en þá loðuðu þeir ótvíræðlega ósvikni tolllækkun (General Reduction).

Dakota Íslendingar.

Minnisvarðar

úr málmi, sem nefndur er "White Bronze", eru fallegustu, varanlegustu og um leið ódýrustu minnisvarðar, sem nú þekkjast. Þeir eru óbrjótanlegir, ryðga ekki og geta aldrei orðið mosavaxnir, eins og steinar; ekki heldur hefir frost nein áhrif á þá. Þeir eru bókstaflega óbilandi og miklu fegurri en hægt er að gera minnisvarða úr steini (Marmara eða Granit). Alt letur er upphleypt, sem aldrei máist eða aflagast. Þeir eru jafn dýrir, hvort sem þér eru óletraðir eða alsettir letri, nefnilega: alt letur, og myndir og merki, sem óskað er eftir, er sett á frítt. — Kosta frá fáeinum dollurum upp til þúsunda. Fleiri hundruð tegundir og mismunandi stærðir úr að velja.

Þessir minnisvarðar eru búnir til af THE MONUMENTAL BRONZE CO., Bridgeport, Conn. Þeir, sem vilja fá nákvæmar upplýsingar um þessa ágætu minnisvarða, skrifi til undirritaðs, sem er umboðsmaður fyrir nefnt félag.

Thor. Bjarnarson,
BOX 304
Pembina - - N. Dak.

Hreinskilinn vínsali.

Þegar "Jimmie" Durkin, talsmaður persónulegs frelsis og umsækjandi Demókrata flokksins um ríkisstjóra embættið í Washington árið 1908, leyfði séra Charles D. Braden, trúboða, að prýða gluggana í vínsöluhúsi sínu í miðparti verzlunarhlutans af Spokaneborg með "hræðilegum dæmum" um vínverzlunina, — þá var álitið, að hámarki hefði verið náð.

En nú hefir R. P. Love, eigandi Eagle vínsöluhússins í Sumas, Wash., auglýst, að hann myndi binda skjótan enda á leit Diogenes væri hann uppi með oss nú á tímum.

Herra Love gerir svolátandi yfirlýsingu: —

"Vinir og nábúar. Ég er þakklátur fyrir liðin viðskifti, og þar eð ég hefi fylt búð mina með hinum beztu tegundum ýmsra vintegunda, þá leyfi ég mér að tilkynna yður, að ég ætla mér að halda áfram að skapa drykkjurúta, lætlara, þurfamenn, svo að hinn iðjusami og heiðarlegi hluti borgarinnar skuli þurfa að ánægast þá.

"Vintegundir minar skulu æsa til ósþekta, rána og blóðsúthellinga. þær skulu rýra þægindi yðar, auka útgjöld yðar og stytta æfi yðar. Ég skal einlæglega mæla með þeim, sem áreiðanlegum til þess að margfalda dauðleg slysatilfelli og ólæknanlega sjúkdóma.

"þær munu vissulega svifta sumarlífi, aðra rænu, marga mannorði og alla friði. þær munu gera feður að lendum, konur að ekkjum og börn að munaðarleysingjum, og alla fátæka. Ég skal innræta hjá sonum yðar ótrygð, svall, fáfræði, saurlifi og alla aðra lesti. Ég skal koma spillingu inn hjá prestum kirknanna, hindra sannleikann, saurga kirkjuna og valda eins megnum líkamlegum og andlegum dauða eins og ég get. Með þessu móti get ég þóknast alþýðunni, þó ég með því kunni að glata minni ódauðlegu sál. En ég hefi fjölskyldu fram að færa. Verzlanin borgar sig og alþýðan hlynnir að henni.

Ég hefi borgað verzlunarleyfi og atvinnuvegurinn er löghelgaður. Ef ég sel ekki áfengi, þá gera aðrir það. Ég veit, að biblían segir: Þú skalt ekki mann deyða, og að ofdrykkjumenn skuli ekki inngangа í himnaríki, og ég býst ekki við, að sá, sem skapar ofdrykkjumanninn, sæti vægara dómi. En ég met það meira, að hafa þægilega lífsatvinnu, og ég hefi ákvarðað að græða á siðspillingu og eyðileggingu meðbræðra minna. Ég ætla þess vegna, að reka verzlan mína af kappi, og að gera mitt ítrasta til þess, að draga úr auðæfum þjóðarinnar og að stofna ríkinu í hættu, því að verzlan min vex og dafnar í réttum hlutföllum við munaðarlíf yðar og fáfræði. Ég skal af ítrasta megni sporna við siðgæði og skilningslegri þroskun. Ef þér efist um hæfileika mina til að gera þetta, þá vísa ég yður til sannindamerkis, til lánsstofnananna og fátækrahælanna, lögregludómstólanna og sjúkrahúsanna, fangelsanna og hengingargálganna. Á þessum stöðum finnið þér marga af minum beztu viðskiptamönnum. Þegar þér sjáið þá þar, munuð þér sannfærast um sannleik orða minna.

"Leyfið mér að síðustu að tilkynna yður, að þér eruð heimskingjar, og að ég er

Hreinskilinn vínsali".

— "Blaine Journal".

2 Bækur Gefins

FÁ NÝJIR KAUPENDUR AÐ HEIMSKRINGLU SEM BORGA $2.00 FYRIRFRAM, OG ÞESSUM BÓKUM ÚR AÐ VELJA: —

Mr. Potter frá Texas
Aðalheiður
Svipurinn Hennar
Hvammverjarnir
Konuhefnd
Robert Manton
og Leyndarmál Cordulu frænku. —

Alt góðar sögur og sumar ágætar, efnismiklar, fróðlegar og spennandi. Nú er tíminn að gerast kaupendur Hkr. Það eru aðeins fá eintök eftir af sumum bókunum.

Heimskringla
P.O. Box 3083, Winnipeg

Heimskringla

Published every Thursday by The Heimskringla News & Publishing Co. Ltd

Verð blaðsins í Canada og Bandar $2.00 um árið (fyrir fram borgað). Sent til Íslands $2.50 (fyrir fram borgað af kaupendum blaðsins hérlendis $2.00)

B. L. BALDWINSON
Editor & Manager

Office:
729 Sherbrooke Street, Winnipeg
P.O. BOX 3083. Talsími 3512.

Nýbyggja þrautir.

Í fljótu bragði má virðast óliklegt, að talsvert af þrautunum, sem nýbyggjarar í Manitoba eiga við að stríða, einkum í norður og austurhluta fylkisins, sé sambandsstjórninni, — Laurier stjórninni að kenna. En þó er það nú samt svo.

Í þetta skifti liggur bændum í þessu héraðinu á hjálp, í hitt skiftið þeim, sem búa í annari átt, en allir hafa þeir sömu sögunа að segja. Það hafa gengið votviðri. Land þeirra liggur lágt. Í grend við er flæmi af óbygðu flóalandi, og þaðan flæðir nú vatn yfir land nýbyggja, eyðileggur engi og von um heyfóng, og skemmir bithaga. Það horfir til stórra vandræða. Bændum er kunnugt, að flóa lönd öll í fylkinu eru eign fylkisins, og þá sjálfsögð skylda fylkisstjórnarinnar, að bjarga þeim undan ágangi vatns. Þannig kemur þetta nýbyggjum fyrir, og svo fara þeir vongladir á fund fylkisstjórnarinnar.

Engan skyldi þá furða, þó þessum mönnum bregði í brún, þegar svarið upp á bæn þeirra reynist alt annað en þeir gerðu sér hugmynd um. Stjórnin fullvissar þá um hluttekning í þrautum þeirra og mikla löngun til að fá alt þetta votlendi þurkað, — það sé hagur fylkisins ekki síður en bænda sem búa í grendinni. En til þessa séu engin tök, — hendur hennar séu bundnar á bak aftur. Að vísu virðist efalaust, að fylkið eigi alt þetta votlendi, samkvæmt löngu gerðum samningi, en að sannanagögn öll vanti. Sambandsstjórnin ein hafi vald yfir þessu landi, og á meðan svo er verði engu um þokað.

Þetta er sýnishorn af viðræðum bænda í norðurhluta fylkisins og stjórnarinnar, í þessu sambandi. Það segir sig sjálft, að það er ergilegt fyrir bændur, að fá bessi svör þegar þeim bráðliggur á. Það er ekki síður ergilegt fyrir fylkisstjórnina, að þurfa að segja þessa sögu upp aftur og aftur. En nauðug viljug, hlýtur hún að gera það á meðan svona stendur á, á meðan hún veit ekki einu sinni, hvert þessi eða hinn flákinn verður talið flæðiland, þegar Ottawa-stjórninni seint og síðar meir kann að þóknast, að afhenda fylkinu þess réttmætu eign. Reynslan hefir sýnt, að talsvert af því landi, sem fyrir 15 til 20 árum var að réttu talið flæðiland, en er nú þurt orðið og gengið úr greipum þjóðarinnar, eða ef ekki gengið úr greipum hennar, þá samt viðurkend eign sambandsstjórnar, eins og annað ónumið þurlendi í Manitoba.

Eftir margra ára jag og eftirgangsmuni hefir fylkisstjórninni ekki enn tekist, að kreista út úr sambandsstjórninni meira en rúmlega tvær af hverjum sjö ekrum, sem hún á heimtingu á, samkvæmt samningi. Í millitíðinni smáþorna flákar af landinu fyrir nauðsynlegustu umbætur í nágranna-sveitum, þúsund ekrur á þúsund ofan falla úr tölunni sem flæðiland, og við það tap hverra þúsund ekra tapar Manitoba-fylki frá 4 til 5 þúsundum dollara, það sívaxandi tjón verður fylkinu aldrei bætt. Sú eign er því glötuð um aldur og æfi, — alt fyrir undandrátt sambandsstjórnar.

Syndir Laurier-stjórnarinnar eru margar og stórar. Í fljótu bragði kann það að virðast lítil synd og létt á metum, að flæðilöndin eru ekki afhent eins fljótt og skyldi, og og í samanburði við sumar aðrar, má vera að svo sé. En athugi maður, þó ekki sé nema lauslega, afleiðingarnar af þessari vanrækslu synd, þá kemur í ljós, að hún er sannarlega ekkert smáræði. Af henni leiðir það, að fjöldi innflytjenda, sem, að öllu jöfnu, kysi helzt að taka sér bólfestu á þessum stöðvum, í grend við aðalból verzlunar, verklegra framkvæmda, og mentastofnana, — í grend við Winnipeg, en sem snúa baki við Manitoba, þegar þeir sjá ástandið, og flytja síðan lengst vestur í land. Þeir fán, sem þar setjast að, í von um að á næsta og aftur næsta ári komi umbæturnar, trénast upp um síðir, leggja árar í bát og hugsa ekki hærra en að hafa til hnífs og skeiðar. Fámennis vegna er gjaldþol sveitanna í þessu nágrenni svo lítið, að þó fylkisstjórnin gefi dollar móti dollar sveitanna, — gefi helminginn, megna sveitastjórnirnar samt ekki, að gera helming nauðsynlegra vegabóta. Af sömu ástæðum fást ekki járnbrautir bygðar um þessar sveitir, fyrr en seint og síðarmeir. Kornyrkja er engin, eða þá svo lítil, að hún er ekki takandi til greina, segja járnbrautafélögin, og gera svo ekkert fyrr en þeirra eigin þarfir smánsaman knýja þau til þess.

Öll þessi höft, öll þessi vandræði eru Laurier-stjórninni að kenna. Það er háleit skylda hennar og allra sambandsstjórna, að annast um, að engin óþörf höft liggi á einu eða öðru fylki í sambandinu. Þessa skyldu hefir hún í einu og öllu og vísvitandi troðið undir fótum, að því er Manitoba snertir.

Það er ekki að ástæðulausu, að Roblin-stjórnin hefir ár eftir ár fengið þingið til að senda bænarskrár, tillögur og áskoranir í sambandi við þetta mál, auk þess sem ráðherra þeirrar stjórnardeildar notar hvert tækifæri sem gefst til að biðja, bæði munnlega og bréflega, að Manitoba-fylki sé án frekari undandráttar afhent sú landeign, sem því ber.

Seinasta tillagan í þessu máli var samþykt á þingi í síðastliðnum marzmánuði, og endaði með setningum á þessa leið: —

Og þar eð nýbyggjar í grend við flóalöndin biða tjón við það, að landið verður ekki þurkað, og biðja sífelt um þessar nauðsynlegu umbætur,

Þá er það ályktun þessa þings, að sambandsstjórn Canada beri að afhenda fylkisstjórninni tafarlaust þau flóalönd, sem enn hafa ekki verið afhent, í þeim tilgangi, að þau verði rist fram og þurkuð, og gerð að arðberandi akuryrkjulandi.

Nýtt veldi stofnað.

Þrítugasti og fyrsti maí 1910 var, og verður að vændum framvegis, merkisdagur í sögu Suður-Afríku. Þann dag voru fjögur fylki eða stjórnarhéruð sameinuð undir einni sameiginlegri Banda-stjórn, og heitir nú hið nýja veldi, hin Sameinaða Suður-Afríka (United South Africa). Fylkin í sambandinu eru: Transvaal, Orange River, Natal og Cape of Good Hope. — Landsstjóri er Lord Gladstone (Herbert, sonur William Ewarts), og forsætisráðherra sambandsstjórnarinnar er hershöfðinginn nafnkunni, Louis Botha.

Vígsla hins nýja veldis fór fram í Cape Town og hófst með því, að Lord Gladstone aflagði sinn embættiseið sem landsstjóri, þá Louis Botha, sem forsætisráðherra, og svo hinir ráðherrar sambandsstjórnarinnar, einn á eftir öðrum, en þeir eru tíu, auk forsætisráðherrans.

Sannarlega er það myndarlega að verið, að tiltækilegt skuli vera að sameina þannig í frjáls-stjórnarheild tvo þjóðflokka, sem fyrir einum tug ára bárust á banaspjótum, um þessi sömu héruð þver og endilöng, en sem nú hafa bundist bræðralagi til þess að byggja þar upp af rústum forns fjandskapar sameinaða, samvinnandi þjóð.

Hinn Anglo-Saxneski heimur hlýtur að sjálfsögðu, að bjóða þetta nýja veldi velkomið í hópinn, og jafnframt óska og biðja, að það, eins og allir aðrir hlutar hins enskumælandi heims, leggi alla stund á, að auka frelsi og rétt einstaklingsins, en menning og velgengni heildarinnar.

Það er einn einkennilega mikill galli, að virðist, á stjórnarskrá Suður-Afríku, — galli, sem hætt er við að síðar meir valdi óánægju og deilum. Þessi galli er fólginn í því, að sambandsstjórnin ræður miklum hluta þeirra mála, sem að réttu tilheyra hinum sérstöku fylkjastjórnum. Vald fylkisstjórnanna er þess vegna í sumum greinum lítið meira en er vald sveitarstjórna hér í landi. Það er ekki auðvelt, að gera sér grein fyrir þessu frábrigði. Þegar stjórnarskrá Canada var samin, bygðu höfundar hennar aðallega á stjórnarskrá Bandaríkjanna. Þegar stjórnarskrá Ástralíu var samin, bygðu höfundarnir hana á báðum jafnt, — tóku það, sem bezt þótti, úr báðum og hafa síðan, í sumum greinum, beztu stjórnarskrána af þeim þremur. Höfundar Suður-Afríku laganna höfðu nú allar þessar þrjár stjórnarskrár til hliðsjónar, og sýnist því, að þeir hefðu öllum öðrum fremur átt að geta bezt ratað meðalhófið, að því er snertir stjórnarvalds skiftin milli fylkjanna og sambandsins. Með því meðalhófi fundnu er alt fengið, því sú skiftilína er hinn eilífi ásteitingasteinn hjá öllum bandalagsstjórnum.

Að Suður-Afríku menn þannig draga undir sambandsstjórn mikið af því valdi, sem reynslan sýnir, að með öllum rétti tilheyrir fylkjunum, það hefir líklega þótt óumflýjanlegt. Ástaða þeirra og allar ástæður eru gagn-ólíkar afstöðu og ástæðum hér eða í Ástralíu. Svertingja miljónirnar fyrir vestan og norðan takmörkin, varpa sífeldum skugga á hið nýja sambandsveldi. Það er ófriðar von úr þeirri átt á hverri stundu, og þá ekki óliklegt að nauðsyn sé, að sambandsstjórnin hafi sem óskerðust völd. Því hennar er og verður skyldan, að verja fylkin, á meðan maður er til að miða byssu og beita sverði. Hve mikil þessi hætta er, það geta menn hér varla gert sér grein fyrir, þar sem engin þvilík hætta er til. En í þessari hættu er að líkum fólgin ástæðan fyrir svo einkennilegri skiftingu á stjórnarvaldinu.

Eitt er enn dálítið einkennilegt við Suður-Afríku stjórn. Það er, að stjórnarsetrin verða í raun réttri þrjú. Löggjafarvaldið, framkvæmdarvaldið og dómsvaldið hafa hvert fyrir sig sitt sérstaka höfuðból. Framkvæmdarvaldið hefir höfuðból sitt norðaustur í Transvaal, — í höfuðstað þess fylkis, Pretoria, en löggjafarvaldið á heima suður á höfða, í Cape Town, og verða þar háð öll sambandsþing. Dómsvaldið hefir aðsetur í Bloemfontain, — stjórnarsetri Orange River fylkisins, og verða þar háð öll hæstu dómþing sambandsins.

Sambandsþingið samanstendur af tveimur deildum, efri deild (Senate) og neðri deild (House of Assembly). Í neðri deild eiga sæti (fyrst um sinn) 121 þingmenn. Eins og hér ræður íbúatala hinna ýmsu fylkja fjölda þingmanna. Cape of Good Hope er mannflesta fylkið og sendir 51 menn á þing, Transvaal 36, og Orange River og Natal 17 þingmenn hvort.

Í efri deild sitja 40 menn. Af þeim tilnefnir landsstjórinn og ráðaneytið 8, og halda þeir stöðunni í 10 ár. Þessa 8 Senators má velja án tillits til bústaðar, en 4 af þeim á að velja með tilliti til þess eins, að þeir séu kunnir svertingjum í ríkinu, þeirra hag og þörfum, og að þeir hafi tiltrú blökkumanna. Hinir 32 efrideildarmenn eru kjörnir á fylkisþingum, 8 fyrir hvert fylki, og skipa þeir sætið hvert kjörtímabil út, eins og aðrir þingmenn. Í þessu efni eru Suður-Afríku menn þó æfinlega langt á undan oss, hér í Canada, sem enn drögnumst með efrideild skipaða mönnum til æfilangrar setu, og án minsta tillits til vilja og þarfar þjóðarinnar.

Stærð hins nýja veldis er um 485,000 ferhyrningsmílur, að flatarmáli, — ámóta og Alberta og Saskatchewan til samans. En svo hefir stjórn þess eflaust að nokkru leyti umráð yfir héruðunum tveimur, Bechuana-landi og Rhodesiu, en þau eru til samans um eða yfir 960,000 ferhyrningsmílur að stærð. Þessi nýja stjórn kemur því til með, að ríkja yfir landspildu meir en 1,600,000 ferhyrningsmílur að stærð, — með öðrum orðum, helmingur Canada-veldis, hvað víðáttu snertir.

Í þessum landgeimi öllum eru íbúar samtals rúmlega 6½ miljón, en af þeim ekki nema 1,188,570 af Kákasus kynþætti. Fimm af hverjum sex eru svertingjar.

Í bóatalið í hinum ýmsu fylkjum er, sem hér segir:

Í Cape-fylki:	610,680.	Svartir	1,896,820
" Natal fylki og Zululand:	" 95,140.	"	1,072,000
" Orange River fylki:	" 159,200.	"	289,000
" Transvaal-fylki:	" 325,250.	"	1,024,200
	1,188,570		4,282,020
Í Rhodesia-héraði:			1,000,000
" Bechuana landi			130,000
Svartir menn samtals			5,412,020
Hvítir " "			1,188,570
Íbúatala alls, hvítir og svartir			6,600,590

Loforð og efndir.

Það er létt verk fyrir kærulitinn málaskúm, að niða aðra og bera út óhróður. En það er stórum mun erfiðara, að rökstyðja nokkur slík orð, — hvað þá öll.

Það er létt verk að lofa, en erfitt að efna. Svo reyndist Laurier-stjórninni það. Áður en hún var og hét, töluðu gæðingar hennar hátt og mikið um syndir Conservativa, og um það, hvað þeir skyldu og skyldu ekki gera, þegar tækju við stjórnartaumunum.

Eitt atriðið í þeirra "játningarriti" var það, að gjaldbyrði þjóðarinnar væri óhæfilega þung og eyðslusemi stjórnarinnar hóflaus. Sir Richard Cartwright var fjansfræðingur Lauriers í þá daga, og hann sýndi rækilega fram á, hve grátleg synd það væri, að taka 37 miliónir dollars út úr þjóðinni á hverju ári og — eyða því og svallaog meiru til. Hann lofaði því hátíðlega, að vildi þjóðin trúa Wilfrid Laurier og sér fyrir stjórnartaumunum, skyldi hann tafarlaust lækka gjöldin um 5 miljónir dollara á ári, og færði mörg "rök", sem hann svo nefndi, að því, að 30 miljónir á ári væri kappsamlega nóg til allra gjalda fyrir Canada-stjórn. Eftir að hafa prédikað þannig í 18 ár, þá kom þar, að fólkið "trúði" og setti Laurier í veldisstólinn og með honum Sir Richard og aðra gæðinga, er allir voru bundnir hátíðlegum loforðum að létta gjöld þjóðarinnar að miklum mun.

Það er kunnugra en frá þurfi að segja, hvernig þau loforð hafa verið efnd. Gjöldin hafa verið aukin, en ekki létt, og enn, eftir 14 ár, bólar hvergi á efndum þessara marg-ítrekuðu loforða. Á fjárhagsárinu, sem endaði 31. marz síðastliðinn, voru tekjurnar, — gjöld þjóðarinnar, samtals 101½ miljón dollars, eða sem næst þrefalt hærri en þau, sem óhæfileg þóttu 1896. Og þessar 100 miljónir hrukku þó hvergi nærri til að mæta gjöldum stjórnarinnar, á sama timabili. Þar þurfti að bæta 12 miljónum við, því öll voru gjöldin á árinu 13½ miljón dollars, eða, eins og tekjurnar, sem næst þrefalt hærri en það, sem fyrir 14 árum þótti hóflaust bruðl.

Þannig efnir Laurier-stjórnin sín loforð.

Með dæmi þessara stór-herra fyrir augum er ekki nema eðlilegt, að "liberal" vitringarnir í Manitoba geri tilraun til að líkjast þeim, — að lofa miklu og góðu til að byrja með, og síðarmeir, ef tækifæri gefst, að efna þau loforð á sama hátt. Þeir settust á rökstóla ekki alls fyrir löngu og sömdu "játningarrit", sem "þénað" gæti þeim og þeirra flokk framyfir næstu kosningar.

Eitt atriðið í þessu játningarriti, er augsýnilega sniðið upp úr fyrgreindu játningar atriði Sir Richards. Það er þess efnis, að fjármálastjórn Manitoba-fylkis sé ill, í hæsta máta, óhófsöm, óhagsýn og hlutdræg, o.s.frv. En að "liberal" flokkurinn lofi, að hrinda slíku í lag og lækka útgjöldin sem svari 200 þúsundum dollars á ári, — ef kjósendur í fylkinu feli sér stjórnarvöldin.

Þegar athugað er, hvað lítið þessir sömu menn, leiðtogarnir, sem á þingi sitja, hafa haft út á fjárlögin að setja, stundum alls ekki neitt, þá er það lélegur vottur þess, að hugur fylgi máli. Sé fjármálastjórnin eins og þeir nú lýsa yfir, þá eru þeir sjálfir sekir, ekki síður en stjórnin, þar þeir hafa hlustað á fjárlögin lesin, grein fyrir grein, athugað og rætt hvert atriði, lið fyrir lið, — þing eftir þing, ár eftir ár, og stundum ekki andmælt einum gjaldlið. Þar á þingi, var og er þó sannarlega staðurinn til að flytja mótmælayfirlýsing yfir fjármálaráðsmenskunni, ef hún er ill. Að það var ekki gert, en að andmælin og atvrðin eru nú látin flæða út um alt fylkið, — það bendir einmitt á, að hugur fylgir ekki máli.

Það eru líka tvær vildar og góðar ástæður til að ætla, að höfundum þessa fjármála-atriðis í "játningarritinu" hafi aldrei komið til hugar, að nota það til annars en atkvæða-veiða.

Fyrst er það, að flestir "liberölu" fylkisþingmannanna eru beinlinis eða óbeinlinis vinnumenn sambandsstjórnarinnar. Sjálfur leiðtoginn, Tobias Crawford Norris, er hálaunaður starfsmaður sambandsstjórnar, ár eftir ár. Nú er það kunnugra en frá þurfi að segja að Roblin-stjórnin stendur í hvívetna í hárinu á Laurier-stjórninni og heimtar að henni afdráttarlaust ýms réttindi, sem fylkinu ber, en sem Laurier neitar að afhenda, nema einhver þau hlunnindi komi á móti, sem Roblin-stjórnin ekki vill veita. Hvað er þá annað eðlilegra, en að Laurier reyni að nota vinnumenn sína til að beita öllum hugsanlegum snörum, til að koma þessari óþjálu Roblin-stjórn út fyrir dyr, en leiða þá til sætis, sem leiðitamir eru, og sem matarástar vegna mundu fúsir að selja "Grund fyrir sauðarlegg". Öll framkoma þessara manna bendir til þess, að þeir meti meir vinfengi Lauriers en aag og framtíðarvonir fylkisins, sem þeir þó hafa unnið dýran eið að þjóna vel og trúlega.

Þessi ástæða, að svo margir þessara manna eru launaðir vinnumenn þeirrar stjórnar, sem ár eftir ár leggur fylkið í einelti til að hrjá það og hrekja, þessi ástæða ein er nóg til að sýna, að "játningarrit" þeirra hið nýja, er tilorðið í þeim tilgangi einum, að villa kjósendum sjónir og leiða þá óafvitandi í sjálfheldu, svo Laurier geti fyrirhafnarlaust lagt þau bönd á fylkið, sem honum sýnist.

Hin ástæðan er sú, að það er ekki á valdi þessara manna, — að þeim ólöstuðum, — að gera betur í fjármálastjórn en Roblin-stjórnin.

Þingboð.

Hið Únitariska Kirkjufélag Vestur-Íslendinga heldur hið 5. þing sitt, samkvæmt fyrirmælum síðasta þings, að Mary Hill, Man.

Vegna ófyrirsjáanlegra forfalla verður þingsetningardagurinn að færast til, verður því þingið sett nú sunnud. 19. júní kl. 9 f.h. í kirkju Mary Hill safnaðar. Hlutaðeigandi fólk er beðið að minnast þessa.

S. B. BRYNJÓLFSSON,
forseti.

• • •

Starfskrá þingsins.

18. JÚNÍ

Farið frá Winnipeg kl. 4.20 síðd. Komið til Oak Point kl. 7 síðdegis.

19. JÚNÍ

I. FUNDUR. — Þing sett í kirkju Mary Hill safnaðar, kl. 9 f.h. Skýrslur embættismanna. Skip aðar þingnefndir, kjörbréfa og dagskrár nefndir.

Messur fluttar að Mary Hill, Norðurstjörnuskóla og víðar. Nákvæmar auglýst síðar.

II. FUNDUR, klukkan 5—7 síðd. — Skýrslur kjörbréfa nefnda og dagskrár nefnda. Ný mál. Ólokin störf frá síðasta þingi. Skýrslur fráfarandi nefnda teknar af borði.

Fundarhlé kl. 7—8.30.

Fyrirlestur: "Modernista hreyfingin innan rómverskkathólsku kirkjunnar", Albert E. Kristjánsson. Umræður til kl. 10.30 e.h.

20. JÚNÍ

III. FUNDUR, kl. 9 f.h. til kl. 1 e.h. Dagskráin. Þingnefndaálit. Útbreiðslumál. Afstaðan við A.U.A.

IV. FUNDUR, kl. 2.30—7. — Dagskráin, framhald mála.

Fyrirlestur: "Unitarismus", séra Guðm. Árnason frá Winnipeg. Umræður. Byrjar 8.30.

21. JÚNÍ

V. FUNDUR, kl. 9 f.h. til kl. 1 e.h. Dagskráin. Framhald mála.

Fyrirlestur: "Kirkjan", séra Rögnv. Pétursson. Umræður. Byrjar kl. 2.30.

VI. FUNDUR, kl. 5—7. e.h.— Mála lok. Skipaðar milliþinganefndir. Kosning embættismanna.

Fyrirlestur, "Íbúðir á götuhorni", Stefán Thorson. Umræður. Byrjar kl. 8 e.h.

22. JÚNÍ

Samkoma að Norðurstjörnu skólahúsi (sbr. auglýsingu á öðrum stað í þessu blaði).

Þingið býður alt fólk bygðarinnar velkomið á fund með sér, þó þeir einir hafi þingréttindi, er kjörnir eru erindsrekar. Eftir fyrirlestrunum er öllum heimilt að taka til máls.

Outing Regals

We have a number of Regal Oxford styles designed to meet the special requirements of an outing shoe.

These low-cuts are strongly made and insure perfect comfort, while at the same time they reproduce the latest custom styles for the season.

REGAL SHOES

are acknowledged to be the equal in style, fit and quality of the best custom-built shoes. Let us show you these Regal Outing Oxford styles, and compare them for yourself with other Oxfords sold at many times Regal prices. Remember, that we can give you in Regal *quarter-sizes* the same exact fit as you would get in made-to-measure shoes—and perfect fit is of the first importance in outing low-cuts.



4.50
5.00
5.50
6.00

289 PORTAGE AVENUE

Heyrirðu ekki vel?

Ef svo er ættir þú að hafa

Wilson's Common Sense Ear Drums

Ný vísindaleg uppgötvun. Hjálpar yður þegar alt annað bregst. Þessar heyrnarpípur eru viðfeldnar og sjást eigi þótt notaðar séu. Verð: $6.50 parið. Burðargjald frítt. Sendið pöntúnina, express ávísun eða peninga í ábyrgðarbréfi, til

K. K. Albert

P.O. Box 64 WINNIPEG

Getið um Hkr. er þér skrifið

Giftingaleyfisbréf

selur Kr. Ásg. Benediktsson

486 Simcoe st. Winnipeg.

The Evans Gold Cure

229 Balmoral St. Sími Main 797

Varanleg lækning við drykkjuskap á 48 dögum án nokkurrar tafar frá vinnu eftir fyrstu vikuna. Algerlega privat. 16 ár í Winnipeg. Upplýsingar í lokuðum umslögum.

Dr. D. R. WILLIAMS, Exam. Phys
J. L. WILLIAMS, Manager

The Farmer's Trading Co.

(BLACK & BOLE)

HAFA EINUNGIS BESTU VÖRUTEGUNDIR.

Einu umboðsmenn fyrir:—
"SLATER" Skóna góðu.
"FIT-RITE" Fatnaðinn.
"H. B. K." prjónafélagið.
"HELENA" pils og 'waist' kvenfatnaði.
Bestu matvörutegundir.
"DEERING" akuryrkju verkfæri o. s. frv.

Beztu vörur Lágt verð

Fljót og nákvæm afgreiðsla.

Farmer's Trading Co.,
THE QUALITY STORE
Wynyard, Sask.

JOHN DUFF

PLUMBER, GAS AND STEAM FITTER

Alt verk vel vandað, og verðið rétt

654 Notre Dame Ave. Phone 3815
Winnipeg

Íslands fréttir.

Reykjavík, 14. maí.

Tvö af málum þeim, sem risu út af dónarithætti Heimastjórnar (!) höfðingjanna í vetur, í bankamálsæsingunum, voru dæmd af undirdómara, Jóni Magnússyni, í fyrradag. Það voru mál, er ráðherra höfðaði á hendur þeim félögum Tryggva Gunnarssyni og Jóni Ól.

Tryggvi var dæmdur í 200 kr. sekt og meiðyrðin dæmd dauð og ómerk, en J.Ól. í 150 kr. sekt, og öll greinin "Vitfirring ráðherrans" dæmd dauð og ómerk, frá upphafi til enda.

Öðru máli móti J.Ól. var vísað frá, af því að meiðyrðin, sem í þeirri grein fólust, voru ekki sérstaklega tilnefnd. Stöku orð í greininni hefir dómarinn með öðrum ekki talið meiðandi; en steint hafði verið fyrir greinina alla, eins og hún lagði sig.

Tíðarfar og skepnuhöld — Einlægur bati hófst snemma í vikunni þessari, með nokkurra st. hita víðast um land, jafnvel 9½ á Akureyri í fyrra dag að morgni (kl. 7).

En lengi verður snjóa að leysa eftir þá ódæma fannfergju, er vera munu mest brögð að í uppsveitum austanlands (Héraði og Eyðaþinghá m.m.) og á Vestfjörðum norðantil, svo sem Hornströndum, við Djúp og alt suður að Dýrafirði.

Yfir fjárhús skelfdi svo eitt sinn í Furufirði, að leit varð úr. Líkt sagt af Langadalsströnd utanverðri og Snæfjallaströnd. Fjögurra álna klaki á götum í kauptúninu Bolungarvík.

Heyskortur mikill víða, en vandræði þó minni yfirleitt en orð hefir verið á gert. Skilorður strandbátafarþegi kring um land segir svo frá, að kvörtun hafi engin heyrst veruleg fyr en kom á Eyjafjörð austan um land. Þar talað um vandræði á Fljótsdalshéraði. Og þar í Eyjafirði mikil þröng orðin í útfirðinum; farið að kaupa korn handa skepnum, en um seinan gert — hin gamla, alþekta óforsjálni, að fara ekki til þess fyr en hey eru alveg þrotin. Hagar höfðu verið í framfirðinum öðru hvoru í allan vetur; bændur þar birgir fyrir sig og aflögufærir fyrir sína sveitunga, þá fáu, sem tæpt voru staddir.

Ekki látið illa af ástandinu í Skagafirði og Húnavatnssýslu. Engin jarðbönn þar að staðaldri í vetur nema sumstaðar. Fullvrt hiklaust, að þar muni bændur bjargast alment fyrir skepnur sínar, nema hestar víða magrir, ekki þó farnir að falla nema á einum á einum bæ í Húnavatnssýslu.

Miður látið af ströndum, einkum norðan til. Af Selströnd og úr Bjarnarfirði sauðfé flutt út í Grímsey á Steingrímsfirði upp á guð og gaddinn, sem kallað er; hún þó auð að sjá.

Hjá einum hefðarmanni í suðursýslunni löngu skift upp öllum fénaði á hjálpfúsa nágranna betur stadda. Sextán hestar höfðu verið á gjöf frá því með þorra á einum bæ í Hrútafirði (Kollsá).

Við Inn-Djúp eru bændur feiknatæpir orðnir og sumir farnir að fella. Farið að skera á 2 býlum í Bolungarvík, og 1—2 í Önundarfirði. Matvöru nóga að fá í kaupstöðum, en of seint til hennar tekið.

Miklu vægara um vesturfirðina. Nægir hagar þar á útnesjum. Þar gekk fé úti.

Hafís hvergi að sjá nær en 11¼ mílu fjórðunga undan Horni. Haldið meira um hann austar; sú áttin stríðust og kalsamest.

Viðskiftaráðunautur-inn, herra Bjarni Jónsson alþm. frá Vogi, ferðaðist til Svíþjóðar í byrjun apríl og flutti þar erindi um Ísland m.fl. á ýmsum stöðum. Hafði Ragnar Lundborg ritstjóri í Uppsölum undirbúið það. Fyrst flutti hann (B.J.) erindi í kaupmannasamkundunni í Stokkhólmi um verzlun vora, land og lýð. — Því næst talaði hann á háskólanum í Uppsölum um land og lýð og þjóðmenning vora, og þá um verzlun vora og þjóðháttu. — Loks flutti hann fjórða erindið í Gautaborg um verzlun vora og viðskifti, landsháttu, lýð og menning. Allstaðar vel tekið. Mikið kapp lagt á, að ná beinum viðskiftum við oss. Ísafold.

Reykjavík, 21. maí.

Meiðyrðamál, sem Kristján Jónsson háyfirdómari höfðaði gegn ráðherra fyrir ummæli um bankastjórnina í frávikningarskjalinu 22. nóv. sl., þar sem talað var um "margvíslega og megna óreglu og frámunalegt eftirlitsleysi" — hefir verið vísað frá undirdómi og orðin talin leyfileg af ráðherra.

Hlutafélagið "Mjölnir" í Rvík er gjaldþrota, og búist við, að hlutafélagið "Málmur" fari á sömu leið áður en langt um líður.

Prestkosning fór fram á Stað í Grindavík 17. maí sl., og var guðfræðiskandídat Brynjólfur Magnússon hlutskarpastur. K

Strandakæknishérað er veitt Magnúsi Péturssyni cand. med. og Nauteyrarhérað Sigvalda Stefánssyni cand. med.

EIN MÖRK AF MJÓLK SAMSTEIPT Í EITT PUND AF

SMJÖRI 5c. pundið



Vél til heimilisnota. Samsteypir einni mörk af mjólk í eitt pund af smjöri á tveimur mínútum.

Engin efnablöndun viðhöfð. Smjörið er eins hart, ítur eins út, en er bragðbetra heldur en skilvindu smjör og notað á sama hátt.

$1000 borgaðir ef þessi vél reynist eigi eins og auglýst er

Ef þér viljið eignast hina þægilegustu og heilnæmustu vél sem til er búin, þá kaupið þessa vél. Skrifið eftir eiðsvörnum vottorðum og á íslenzkar upplýsingum um þessa undravél.

VERÐ: $7.50 Flutningsgjald borgað.

AGENTAR ÓSKAST HVÍVETNA

K. K. Albert

P.O. Box 64 Winnipeg, Man.

Getið um Heimskringlu er þér skrifið

Til Smærri Peningamanna!

Um leið og vér bjóðum yður þessar lóðir til kaups, getum vér með sanni sagt, að vér alveg ómótmælanlega höfum á boðstólum slík kjörkaup, sem sjaldan bjóðast, — með öðrum orðum: Ágætar byggingalóð-ir með vægustu mánaðar afborgunum. Þessar lóðir eru í

FAIRHOLM

35 St. James, og renna þessar strætisbrautir þar framhjá: St. James, St. Charles, Country Club, Kirkfield Park, Deer Lodge og Headingly rafmagnslestir. Þetta svæði er alt á hálendi, og eru því lóðirnar þurrar og skemtilegar.

Tuttugu og fimm smáhús (Cottages) er nú verið að byggja á þessu svæði

Enginn hluti borgarinnar byggist nú jafn óðfluga eins og Vestur-Winnipeg og þessar lóðir eru í miðbiki þessa hraðbygða svæðis, og er ætlað að þær tvöfaldist í verði á einum til tveimur árum. Skattur af þeim er enn sem komið er að eins 70 cent um árið af hverri lóð

Verð: $250 til $300, $10 niðurborgun og $8 mánaðarlega þar til fullborgað er

Með því að kaupa lóð með þessum skilmálum eignist þér bráðlega fasteign, nær því án þess þér vitið það.

Látið nú ekki úr hömlum dragast, að nota þetta undursamlega tækifæri. Eftir að þér hafið greitt hina fyrstu niðurborgun, leyfum vér yður 10 daga til að skoða lóðirnar, og SKILUM YÐUR ÞÁ AFTUR PENINGUM YÐAR, ef þér óskið þess. Er mögulegt að bjóða aðgengilegri skilmála.

Oss er hugleikið, að veita yður allar upplýsingar og sýna yður lóðirnar, hvenær sem vera vill. — Þér ættuð að festa kaup nú þegar, þar eð eftirspurnin eftir þessum lóðum hefir verið meiri þessa síðustu viku, en vér gerðum oss í hugarlund.

Skrifstofa vor er opin á kveldin kl. 7.30 til kl. 10 Talsými 1630

THE CITY REALTY CO.
426 PORTAGE AVE. WINNIPEG

Arnarstapa umboð og Skógarstrandar er veitt 17. maí uppgjafapresti Jóni Ó. Magnússyni, síðast presti að Ríp, nú búandi í Biarnarhöfn.

Tíðarfar mjög hagstætt og gott um land alt frá því er batinn hófst, nær úrkomulaus þiðviðri, með alt að 10 stiga hita.

Af Reyðarfirði er skrifað fyrir fám dögum (16): Síðustu viku einmunatíð. Enda mátti batinn ekki koma seinna. Svo illa voru bændur staddir yfirleitt nér eystra — verst í Eiðaþinghá og Hjaltastaða. Þeir eru hræddir um, að fé þoli illa nýgræðinginn; en jörðin kemur græn undan snjónum. Töluvert hey hefir verið pantað frá utlöndum; og hefir Ellefsen sýnt af sér höfðingsskap að vanda og vinarþel við oss Íslendinga: flutt fyrir ekki neitt til landsins 20,000 pd. af heyi og hjálpað af sína enn meira. Ísafold.

HEIMSKRINGLU og TVÆR skemtilegar sögur fá nýir kaupendur fyrir að eins $2.00

— THE —
"Arena"

Þessi vinsæli skautaskáli hér í vesturbænum er nú opinn. Ísinn er ágætur. 18DA MOUNTED RIFLES BAND SPILAR Á ARENA. KARLM. 25c.—KONUR 15c.

Chas. L. Trebilcock, Manager.

ROBLIN HOTEL

115 Adelaide St. Winnipeg

Beztu $1.50 á dag hús í Vestur-Canada. Keyrsla ókeypis milli vagnstöðva og hússins á nóttu og degi. Á hverjum degi er hreinsuð hjólbarðar. Vel skifta herbergi á Aðalstræti. OLAFUR G. ÓLAFSSON, Íslendingur, afgreiðir yður. Heimsækið hann.

O. ROY, eigandi.

JIMMY'S HOTEL

BEZTU VÍN OG VINDLAR.
VÍNVEITARI T.H.FRASER,
ÍSLENDINGUR.

James Thorpe, Eigandi

"Já", sagði Móritz, "ég hefi opnað hann".

"Og innihald hans, vinur minn? Þú ert stórauðugur, það sé ég á þér. Skjöl þessi hafa verið gullnáma fyrir þig, ... er það ekki?"

"Nei", svaraði Móritz, "þau breyta stöðu minni að engu leyti. Ég verð eins fátækur og ég hefi verið, en í alvöru að tala, Albert minn góður, þá get ég ekki, eins og nú stendur, greint frá innihaldi skjalanna, þó ég feginn vildi. Það verður fyrst um sinn að vera leyndarmál".

"Jæja, geymdu það þá hjá sjálfum þér", sagði Albert firtinn. "Mér finst nú samt, að þú hefðir mátt bera ofurlítið meira traust til mín. Þú veizt það vel, að ég myndi aldrei bregðast þér. En það er það sama. Við skulum halda áfram".

"Hérna býr hinn ungi Ehrenstam", sagði Móritz, um leið og hann nam staðar hjá stóru húsi.

"Ætlar þú upp til hans?"

"Já, ég má til".

"Vertu þá sæll".

Albert helt áfram.

"Hann reiddist", sagði Móritz við sjálfan sig, "mér þykir það leitt, en ég þori samt ekki að segja honum leyndarmálið, því þó ég efist ekki um vináttu hans, er ég hræddur um, að hann kynni í sínum hóp við tækifæri að segja eitthvað því viðvíkjandi, og það vil ég ekki".

Meðan Móritz hugsaði þetta gekk hann inn í húsið.

"Á hinn ungi Ehrenstam hér heima?" spurði hann stúlku, sem hann mætti í stiganum.

"Já, ungi barúninn, sem er nýkominn hingað, er á öðru lofti".

Móritz hélt áfram samkvæmt bendingu stúlkunnar, og kom von bráðar að dyrum, þar sem nafnið Ehrenstam stóð á hurðinni.

Hann opnaði dyrnar og gekk inn.

Georg lá endilangur á legubekknum, með vindil í munninum. Hjá legubekknum stóð borð og lágu á því nokkrar skrautbundnar bækur, sem ekki leit út fyrir, að væru mikið notaðar.

Herbergið var stórt og húsmunirnir skrautlegir. Dyrnar inn í sveinherbergið voru opnar, og inn af sveinherberginu var þriðja herbergið, eins konar samræðuklefi. Móritz lét brún síga, þegar hann sá alt þetta skraut, sem var svo fátitt hjá stúdentum.

"Velkominn", sagði Georg og brosti þægilega. "Fáðu þér sæti og taktu þér vindil. Ég er hreykinn yfir því, að geta boðið þér Havanna vindil".

Móritz þakkaði, kveikti í vindlinum og settist á legubekkinn.

"Þú býrð eins og prins, barún góður", sagði hann.

"Það er nú þesslegt", svaraði Georg kærulevsislega. "Ég ætlaði mér að fá sérstakt íbúðarhús fyrir mig, en gat hvergi fengið það, svo ég varð að gerá mig ánægðan með þessi 3 fátæklegu herbergi. Í fyrra vetur hafði ég 6 herbergi í Stokkhólmi".

Móritz svaraði ekki. Ypti bara öxlum og þagði.

Hann var í hálfgerðum vandræðum með það, hvernig hann átti að byrja samtalið viðvíkjandi áformum Georgs með Helenu. Hann var hræddur um, að hann kynni að móðga hann, því eftir því, sem hann þekti lundarfar Georgs, gat hann búist við að óvinátta kviknaði á milli þeirra, ef orðinu hallaði, svo að sér yrði bannað að taka þátt í að menta Helenu, sem hann þó svo gjarnan vildi, af öðrum ástæðum en Georg samt.

Georg varð sá, sem fyrst vakti umtal um þetta efni.

"Þú kemur líklega", sagði hann, til að ráðgast

við mig um skjólstæðing okkar, litlu stúlkuna úr Svartabekkjargötunni".

"Já", sagði Móritz, "mig langar til að vita, hvað er orðið af þeim, því þar sem þær voru, frétti ég að þær væru fluttar".

"Þær búa í Konungsengjagötu í V..... húsinu", sagði Georg. "Ég leigði tvö lagleg herbergi handa þeim, og útvegaði stúlkunni söngkennara. Hún á að byrja námið á morgun, og borga ég fyrir það og sömuleiðis gef ég þeim peninga til daglegra þarfa. En hvernig er það, Sterner? Ætlar þú að kenna henni tungumál og mannkynssögu? Máske þitt eigið nám leyfi það ekki?"

"Jú", svaraði Móritz, "ég ætla að kenna henni tvær stundir á degi hverjum heima hjá þeim. Það er hentugast".

"Það held ég líka", svaraði Georg. "Ef þú vilt, þá getum við orðið samferða á morgun til að finna þær. Ég vona, að þær verði myndarlegri þá, því ég hefi gefið þeim nýjan fatnað, svo þær mega fleygja gömlu tuskunum".

"Það hlýtur að vera þér sannarleg ánægja, að geta gert svona mikið gott, hr. barún", sagði Móritz ofurlítið ákafur. "Þú notar auð þinn á heiðarlegan hátt, þegar þú gerir önnur eins góðverk og þetta af eintómum mannkærleika".

Georg leit niður. Hann þóttist viss um, að Móritz grunaði eitthvað um áform sín, en sá jafnframt, að hann þurfti að eyða þeim grun algerlega, því annars gat Móritz vakið ótta og vantraust hjá mærunum.

Hann leit því upp og sagði:

"Þú veizt ekki í hvaða vandræði þú kemur mér með hrósi þínu, Sterner".

"Á hvern hátt?" spurði Móritz undrandi.

"Af því ég verðskulda það ekki. Því ég skal

segja þér, þó ég sé enn tæpra 18 ára, hefi ég þó framið ýmsa heimsku. Ég hefi í hugsunarleysi eytt talsverðum peningum í skemtanir, sem hafa skilið eftir auðn og atleysi í huganum. Faðir minn, sem er afarríkur, hefir ekki getað fengið sig til að neita mér um neitt, síðan ég fór að stálpast, og af því hefir leitt, að ég hefi tekið þátt í óteljandi tegundum skemtana, sem fást fyrir peninga. En ég get fullvissað þig um það, að ég hefi miklu meiri og sannari ánægju af þessum fáu hundruðum, sem ég hefi eytt í þarfir mæðganna, heldur en af öllum þúsundunum, sem ég eyddi í Stokkhólmi. Það var af meðvitundinni um þennan lífnaðarhátt, að ég varð að lita undan, þegar þú hrósaðir mér, því ég fann með sjálfum mér, að ég átti ekki hrós skilið fyrir neitt, nema ef það væri fyrir þessa hjálpsemi við mæðgurnar".

Móritz svaraði engu. Hann vissi ekki, hvað hann átti að hugsa um þessi óvæntu orð Georgs. Hann horfði fast á hann, en svipur hans var svo hreinskilnislegur, að ómögulegt var að sjá, að hann á þessu augnabliki hafði afráðið, að villa Móritz sjónir.

"Ég skal segja þér í trúnaði, Sterner minn", sagði Georg þægilega, "að ég hefi ásett mér, að rétta þurfandi mönnum hjálparhönd hér í Uppsölum, og ég veit, að það gleður mig miklu meira heldur en hávaðasömu skemtanirnar, sem ég hefi áður unað við. Faðir minn er eigandi tveggja miljóna og hann gefur mér 10,000 dali á ári, sem ég má nota eftir eigin vild. Ég skal viðurkenna, að ég er dálitið eigingjarn, að því leyti, að ég vil eiga fallegt heimili, hafa nóg og gott að borða og vera vel klæddur, og mér finst, að ég eigi kröfu til þessa, fyrst að forsjónin hefir veitt mér þennan auð. En, skildu mig nú rétt, ég þykist eiga heimild á því, ef ég nota afganginn til hjálpar þurfandi mönnum, og í því tilliti

NÚ ER FLÓÐ OG FJARA HJÁ PENINGAMÖNNUM í VESTUR CANADA OG ÞETTA FLÓÐ LEIÐIR MENN ALMENT TIL CAMROSE Í ALBERTA

Hvað viðvíkur verzlunarþægindum og framfaravon, er CAMROSE einhver bezti bær í Vestur-Canada. Allar járnbrautir, sem girða Alberta-fylki frá norðri til suðurs, eru lagðar um Camrose, og þess vegna hlýtur hver einasti hluti Alberta fylkis, að njóta þess hagnaðar, sem þessi bær færir um leið öllum þeim, er þar eignast bæjarlóðir. Camrose, sem eitt sinn verður höfuðborg þessa fylkis, hefir það að bjóða, sem enginn bær í Canada getur boðið þann dag í dag. Fyrir utan það, að gegn um þennan bæ liggja þrjár járnbrautir frá hafi til hafs, þá höfum vér ótakmarkaða auðlegð í kolanámum og akuryrkjulöndum. Nú þegar hafa flest hin meiri heildsöluhús í Canada stofnað útibú í þessum bæ, og sýnir það betur en annað tiltrú þeirra manna, sem kunna að meta þetta landsvæði.

Herskarar af Innflytjendum

Hvar á bygðu bóli, sem til er litið, er það framkara. En hvergi vitum vér að finnist jafn auðsannreynd, að nýbyggendastraumur fylgir ætið járnbrautunum. Þær eru sú lífæð, sem leiðir alt til sælt land frá hendi náttúrunnar eins og umhverfis Camrose.

Mount Royal Hverfi í Camrose

Þessi nýja deild bæjarins er öll innanvið mílu svæði frá miðpunkti bæjarins og mjög nálægt aðalskemtigarðinum. Þessi nýja deild verður áreiðanlega dýrmætasta byggingarsvæðið í Camrose. Allar lóðir eru sléttar, háar og þurrar, og vér seljum þær nú fyrir $75.00 til $85.00, með $10.00 niðurborgun og $5.00 á mánuði þar eftir. — Missið ekki af þessu ágæta gróðatilboði. Minnist þess, að kolanámurnar skópuðu Lethbridge og járnbrautirnar mynduðu Saskatoon. Camrose hefir þetta hvorttveggja. Samskonar kringumstæður valda samskonar úrslitum. Góðar byggingalóðir eru nú seldar í Lethbridge og Saskatoon fyrir $400.00 til $1,000.00. Hin sama mun og reyndin bráðlega verða í Mount Royal, Camrose. Nú er því tíminn að kaupa.



Framúrskarandi Gróðavegur

Það getur æfinlega komið fyrir, að óhöpp geri menn alt í einu fölausa, og hin álitlegustu gróðafyrirtæki geta oft og einatt orðið að falsvon. En hver sá maður, sem ver fé sínu til landkaupa í bænum Camrose eða í námunda við hann, má óvggjandi reiða sig á fljótan og mikinn hagnað. Því engin fulga er jafn örugg til framtíðar búsældar, sem móðir vor jörð. Margir hafa á skömmum tíma orðið vellríkir á landkaupum í smábæjum. Margir barma sér nú, til dæmis, yfir því, að þá skorti framsýni til að kaupa lóðir í Calgary, Edmonton, Lethbridge eða Saskatoon, meðan þær voru í afarlágu verði. Því það er kunnugra, en frá þurfi að segja, að margan spekúlant hafa þessir bæir gert stórauðugan, þrátt fyrir það, að mörg ár liðu áður en t.d. Calgary fékk þrjár járnbrautir. En Camrose fæddist óskabarn hamingjunnar með þrjár járnbrautir þegar í byrjun.

Ágætasta Tækifæri

Litið hvar sem er og komist að raun um, að hygnustu gróðamenn leggja óhikað fé sitt til landkaupa í vaxandi bæjum Vestur-Canada, eins og Camrose. Margir, sem fyrir nokkrum tíma höfðu kevpt lóðir fyrir það verð, sem vér nú bjóðum, hafa þegar selt aftur með stórum hagnaði. Og þessi saga mun marg-endurtaka sig í framtíðinni.

Nýir bæir færa auð og velmegun

Það tekur ekki ýkjalangan tíma, að stórar borgir myndist meðfram þverlandsbrautum. Námur og landrækt mynda þeim óyggjandi grundvöll. Þeir, sem bezt kunna að sjá fram í tímann, hafa örugga trú á framtíð Camrose-bæjar. "Torrens Title" fylgir hverri lóð, er vér seljum. Upplýsingar viðvíkjandi oss persónulega geta menn fengið hjá Bank of British North America, Calgary.

Duglegir agentar óskast **Skrifstofa vor er opin að kveldinu til kl. 9.30** **Agentar finnið oss**

Það verður bráðum uppi fótur og fit í Camrose.

Camrose Security Co., 447 Main St., Winnipeg, Man.

Þér getið skrifað oss á íslenzku, ef þér óskið.

MEIRA — MEIRA.

Heiðraði ritstjóri Heimskringlu, viljið þér gera svo vel og ljá eftirfylgjandi línum rúm í yðar heiðraða og vinsæla blaði.

Meira þarf ef duga skal, segja einhverir fyrir munn prestanna í Lögbergi; allir að gefa, enginn að komast undan, æ meira og meira. Þarna er fjöður í ekkjubúningi, kippið í hana. Þarna er ullarlagður á þeim föður- og móðurlausa, náið honum. Meira, — í einu orði, gangið fyrir hvers manns dyr í landinu og reynið í drottins nafni að gnia svo mikið fé saman, sem fifsins mögulegt er, — og þeir sem hafa gefið, eiga að gefa meira — meira.

Er ekki þessi peningakrafa orðin endalaus eins og alvidd himingeimsins? Er nú ómögulegt, að fá prestana til að taka sönsum með þennan óhemjulega fjárdrátt, sem lítur út fyrir, að sé orðinn svo klestur við hjarta þeirra, að þar komist engin andleg hugsun að? Er nú þessi græðgislega peningafýkn heppileg, skynsamleg, réttmæt, eða er hún kristileg? Það er eins og þeir væru að safna fé fyrir þúsundir fólks, sem að eins lífs hefðu sloppið úr sjávarháska, eldsvoða, flóðum eða jarðskjálftum. Væri nú ekki ráð fyrir prestaskepnurnar, að brúka nú þennan fengna sjóð til þessa að kristna þessa íslenzku heiðingja, sem þeir gea í skyn að sé svo mikið til af, og sjá svo ávextina? Kynnu líka með því að ná nokkrum undir veldi sitt, í stað þeirra burtflúnu.

Það er annars sárt að vita til þess, þegar mikilhæfir menn, gáfaðir og mentaðir, fæddir og klæddir af almennings fé, ekki sízt þegar þeir eru andlegrar stéttar, — skuli gera sig seka í deilum, yfirgangi og takmarkalausu fjárbetli. Og alt á það að vera fyrir drottinn. En hvað segir hann að gert sé fyrir sig:

Hungraður var ég og þér gáfuð mér aðóta, þyrstur var ég og þér gáfuð mér að drekka, gestur var ég og þér hýstuð mig, nakinn var ég og þér klædduð mig, sjúkur var ég og þér vitjuðuð mín, og í fangelsi var ég og þér komuð til mín, — það, sem þér gerðuð við mína minstu bræður, það gerðuð þér mér. — Þetta kallar drottinn að gert sé fyrir sig, en ekki að ría þá lífsbjörg sinni.

Mikið gætu prestarnir aukið vinsældir sínar, ef þeir héldu fyrirlestra með vínbindindis og kvenréttinda máleínum, sem nú eru efst á dagskrá þjóðanna. Eða móti alheims ófriðarhorfunum, sem einlægt er verið að spá og undirbúa. Þá ynnu þeir fyrir drottinn sinn, en aldrei með sjálfshrósi, mannlasti, ófriði eða eilífum fjárheimtum. — Hvað skyldi Luther segja, ef hann mætti líta upp af gröf sinni?

Hætti ég að sinni og bið lesendur að virða á betra veg.

Kr. Sv.d.

JÓN JÓNSSON, járnsmiður, að 790 Notre Dame Ave. (horni Toronto St.) gerir við alls konar katla, könnur, potta og pönnur fyrir konur, og brýnir hnífa og skerpir sagir fyrir karlmenn. — Alt vel af hendi leyst fyrir lítla borgun.

Áritun Friðriks Sveinssonar, málara, er nú 443 Maryland St. (áður 618 Agnes St.).

STRAX Í DAG er BEZT AÐ GERAST KAUPANDI AÐ HEIMSKRINGLU. — ÞAÐ ER EKKI SEINNA VÆNNA.

hefi ég svarið þess dýran eið, að eína það. Ég viðurkenni í fylsta máta gildi hinnar þjóðfélagslegu kenningar, að hinn ríki eigi að aðstoða hann fátæka, ef hann vill verðskulda þá hagsmuni, sem lukkan hefir veitt honum. — þú, Sterner minn, átt að hjálpa mér við framkvæmd þessara áforma".

"Ég?"

"Já, þegar þú verður var við einhvern, sem þarf og verðskuldar hjálp, þá áttu að láta mig vita það. Þú átt að útbýta gjöfunum, því ég vil ekki láta sjá mig. Ég nærri skammast mín fyrir það, að ég veitti ekki Helenu og móður hennar hjálpina í kyrþey, án þess að láta mín við getið. Þú mátt samt vera alveg viss um það, að ég gerði það ekki í því skyni, að fá þakklæti í staðinn, né til þess að öðlast almennings hrós fyrir góðgerðasemi. Þegar ég á ókomna tímanum geri eitthvað gott, vil ég engan annan trúnaðarmann eiga en þig. Og ég vona þú haldir því leyndu".

Rödd Georgs var á þessu augnabliki svo einlæg, svipur hans svo trygglyndur og vandaður, að Móritz, sem hjá jafn ungum manni gat ekki látið sér detta í hug jafn mikinn fimleik í því, að látast vera annaðen hann var, lét alveg blekkjast.

Enda þótt Móritz hefði orðið að reyna margt mótlæti í ásku sinni, hafði hann þó ekki séð mikið af heiminum. Önnum kafinn við nám sitt, hafði hann ekki veitt mönnunum neina eftirtekt á síðari árum æfi sinnar. Hann átti því eftir að reyna margt óþægilegt.

Hinn ungi, eðallyndi, óspilti Móritz, varð hrifinn af orðum Georgs. Hann þráði svo mjög, að mega treysta því góða, því áhrif hatursins og vantraustsins á æskuárum hans, voru farin að réna. Hann gleymdi því, að þessi unglingur, sem nú talaði svo alúðlega við hann og lét í ljós svo eðallyndar hugsanir, var hinn sami, sem á liðnum tíma vakti hjá honum gremju yfir óverðskulduðum árásum. Hann gleymdi aðvörun Jakobs Kren, þó ógeðsleg væri: "Tortrygðu ríku mennina, hve blíðmálir, sem þeir eru, drengur minn, ... vertu viss um það; að úr djöflaeggjum koma djöflaungar".

Móritz gleymdi þessu öllu og lét tilfinningu sína ráða. Hann tók í hendi Georgs og sagði hlýlega:

"Ég trúi þér, barún minn. Þú ert í rauninni eðallyndur, þó þú hafir gengið ranga braut um tíma, þegar ég var ungur, átti að kenna mér að hata þá ríku, og sökum gremju minnar yfir ranglæti sumra þeirra, var rétt að því komið, að ég héti þeim ævarandi hatri öllum til samans. En þessi skoðun mín hefir breyzt, og hegðan þín styrkir mig í núverandi álíti mínu. Við skulum í sameiningu vinna að okkar og annara betrun og sáluhjálp, aðstoða hvor annan, með góðum ráðum og áminningum, og þó að ég sé fátækur en þú ríkur, skulum við samt vera vinir. Vilt þú það?"

"Af öllu hjarta", svaraði Georg, og þrýsti hendi hans með svo hreinskilnum svip, að engum hefði...til hugar komið að vefengja, að honum væri full alvara. "Ég skal gera það, sem í mínu valdi stendur, til að verðskulda þessa vináttu, því síðan ég sá þig, hefi ég borið fult traust til þín. Tilfinningar þínar og lífsskoðanir eru svo göfugar. Líf þitt hefir verið samanhangandi keðja af aðdáanlegri breytni, ... ég get ekki beinlínis hrósað mér af minni breytni, en enda þótt að ég, eins og þú sagðir, hafi stundum ráfað ranga braut, hefi ég þó, ef til vill, einhverja góða kosti, sem ég ætla að biðja þig að hjálpa mér til að fullkomna og gera notkunarhæfa".

"Það skal ég með ánægju gera", svaraði Móritz glaður. "Ég skal segja þér eins og er, hr. barún, að ég kom hingað með vantraust á áformum þínum —

vantraust, sem var bygt á þekkingu minni á fyrra líferni þínu: Ég fer héðan með virðingu fyrir hugsunarhætti þínum, sem þú hefir opinberað mér, og sem ég hefi enga ástæðu til að efast um".

"Ég þakka þér innilega fyrir það, Sterner minn, að þú hefir breytt skoðun þinni mér í vil", sagði Georg. "Ég skal bera mig að verðskulda álit þitt. — En afsakaðu uppástungu mína, ... fyrst við erum orðnir vinir, þá skulum við líka vera bræður".

"Með ánægju", sagði Móritz, og þrésti hendi Georgs, "og ég vona, að geta reynst þér góður bróðir. Geti ég verið þér til aðstoðar á nokkurn hátt, skaltu ávalt finna mig reiðubúinn. Þú ert yngri en ég, og hér er er það algengt, að eldri nemendurnir styðja þá yngri með leiðbeiningum og góðum ráðum. — En, vertu nú sæll, Georg. Ég kem hingað aftur á morgun, og þá verðum við samferða til Helenar og móður hennar".

Georg stóð upp og fylgdi Móritz til dyra.

"Ha, ha, ha", heyrðist í honum, þegar hann var orðinn einn, "mér tókst að gabba hann laglega. Hann gekk í gildruna og verður ekki hættulegur hér eftir. Það er gaman að þeim, þessum miskunnsömu Samarítum, — vorra tíma mannvinum, sem hugsa mest um, að hlynna að almenningi. Það, sem þá aðallega skortir, er mannþekking, og þess vegnæ er svo hægt, að leiða þá afvega. Nei, góði Móritz Sterner, þú ert ekki nógu skarpskygn til að geta lesið hugsanir mínar, þó þú sért tveim eða þrem árum eldri. Ég lék hinn iðrandi syndara allvel, bara að pabbi hefði séð það".

"Ég skal verða leiðsögumaður þessa unglings í því góða", hugsaði Móritz, um leið og hann gekk óan stigann glaður í huga, "ég skal kenna honum að elska mennina og dygðirnar, að fyrirlíta skemtanirnar, sem hann hefir áður aðhylst. Hugarfar hans er

í raun réttri gott, og aflöp hans eiga rót sína að rekja til rangláts uppeldis, hjá drambsömum, hégómagjörnum og sjálfselskuríkum foreldrum. Hann er nú ekki undir áhrifum þeirra. Hann á góðar eðlishvatir, sem eru nærri eyðilagðar, en sem þó mun mega vekja á ný. Auðurinn og allsnægtirnar eru ekki búin að gera hann að þræl sínum ennþá, ... hann þarf góðan leiðsögumann, og það ætla ég að vera honum. Þetta skal vera heiðin fyrir alt ranglætið, sem ættingjar hans sýndu mér í æsku minni".

VII.

Báðir kennararnir.

Við hlaupum nú yfir nokkra mánuði, og fylgjum svo lesaranum á fögru kveldi í júnibyrjun inn í laglegu herbergin í Konungsengjagötunni, þar sem Helen og móðir hennar áttu heima.

Frú Anderson var óþekkjanleg orðin í samnburði við það, sem hún var, þegar hún bjó í Svartabekkjargötunni. Kaldan amaði henni ekki lengur, og útlit hennar bar vott um góða heilsu og velliðan. Þó hún væri ekki skrautklædd, var ullarkjóllinn hennar mjög laglegur.

Frú Anderson sat við gluggann og saumaði. Við lengstu hlið herbergisins stóð legubekkur, og frammi fyrir honum borð, þar sat Helen við bóknám sitt.

Síðustu mánuðina hafði Helen tekið miklum framförum, bæði á sál og líkama. Hún var nú orðin 15 ára, svo það var að því komið, að barnið breyttist í meyju. Vöxtur hennar og líkamslögun var

Alaska.

Í tímaritinu Review of Reviews eru tvær mjög markverðar greinar um Alaska, og fylgir aðal-innihald þeirra hér á eftir. Fyrri greinin er eftir Frederick H. Chase, er segir frá framfór járnbrautanna í Alaska — hin er eftir Guy Elliott Withell, um kolanámana í Alaska.

JÁRNBRAUTIR Í ALASKA.

Alaska geymir meira gull en California, Ástralía eða Suður-Afríka hafa nokkru sinni átt. Þar er afarmikið af kopar. Það hefir meiri kol en Pennsylvania, meira tin en Wales. Heyið, sem fúnar á hæðum þess og sléttum, dygði til að fóðra alla nautgripi, sem til eru í Kansas, Oklahoma og Texas. Þar eru frjósamar óbygðar sléttur og dalir, nýtt landssvæði handa hálfri milíón bænda.

En á nærri því þúsund enskra mílna lengd, er þetta auðuga land byrgt inni bak við Kyrrahafsströndina. Hundrað mílna breiður fjallahryggur liggur á milli sléttlendisins og Kyrrahafsins, svo það er eins ódýrt að byggja járnbrautir og akvegi.

Hið stórkostlega fljótakerfi rennur til norðurs út í hafið, sem sjö mánuði ársins er þakið af ís. Hið innra svæði þessa undralands er lokað fyrir öllum flutningstækjum, nema járnbrautum, og verður því að byggja þær innan skams. Það er líka verið að byrja á járnbraut frá hinum íslausu Kyrrahafshöfnum inn í landið.

Í fjallahrygnum langs með Kyrrahafsströndinni hafa menn fundið þrjú, eða jafnvel fjögur skörð, þar sem mögulegt er að leggja járnbrautir inn á hinar frjósömu grassléttur hjá Yukon, Tanana og Susitna. Það er sagt að járnbraut, t.d. frá Valdez inn í miðjuna á hinum stóra Yukon-dal, muni verða jafngildi gulls, að því er snertir þyngd teinanna og vagnanna. Þetta geta nú verið ýkjur, en áreiðanlegt er það, að engin áformuð járnbraut í heiminum stendur jafnvel að vígi.

BYGGING JÁRNBRAUTA.

En svo undarlegt er það samt, að þessi fyrirsjáanlegi hagnaður hefir heldur tafið en flýtt fyrir byggingu járnbrauta, og það er einkum af þessari ástæðu, að menn þar hafa beðið um sjálf stjórn. Því er nefnilega haldið fram, að tafið sé fyrir framfór Alaska sökum ýmsra hagsmuna New York auðmanna.

Frá ýmsum stöðum á Kyrrahafsströndinni eru fyrirhugaðar og byrjað á járnbrautum til Yukon. Þessar brautalínur eru: Alaska Central frá Seward City, Valdez-Yukon brautin frá Port Valdez og Copper River og Northwestern brautin frá Cordova.

Fullkomnun brautarinnar til Fairbanks hjá Tanana eða af brautinni til Eagle City hjá Yukon leiðir til þess, að stórkostleg jarðyrkju og náma-störf verða strax byrjuð, sem veita fyrirsjáanlegan hagnað og framfór.

KOPARSVÆÐIN.

Bygging þessara brauta er samt bundin við annað, er nær liggur, heldur en gróðamöguleikana inst í Alaska. Menn búast við afarmiklum flutningi, þegar farið verður að nota hina stóru kopar og kolanáma. Þessir námar þekja 150 mílna langt svæði, nærri því samhliða ströndinni. Þeir liggja frá eyjunum í Prince Williams sundinu til norðausturs, þversum Copper River til Mount Wrangell, eina gjósandi eldfjallið innanvert í Alaska. Það eru hin auðugustu koparlög, sem þekkjast í heiminum. Á hér um bil 20 mílna svæði hefir fundist miljard dollara virði af kopar.

En það þarf afarmikinn höfuðstól, til þess að unt sé að nema koparinn með hagnaði. Í Alaska er því haldið fram, að hið mikla kopar-einveldi í Bandaríkjunum hafi ekki eingöngu náð í öll hagnaðarskilyrði, Alaska koparnámunum viðvíkjandi, sem það gat, heldur hafi það líka auglýst rangar skýrsl ur um ástand námanna, til þess að tefja fyrir byggingu járnbrautanna til þeirra. Já, það hefir enda komið í veg fyrir, að stjórnin styrki nokkuð að byggingu þessara brauta. Og orsökin er sú, að því er sagt er, að það vill útiloka koparnámana í Alaska frá markaðinum, þangað til það er búið að tæma fátæku námana sína í Bandaríkjunum og Mexíco.

En nýlega hefir enskt félag keypt heimildina til þess að nota þessa auðugu koparnáma, ásamt Valdez-Yukon brautinni, sem er byrjað að byggja. Og þar eða kopareinveldið sá sér ekki mögulegt að geta lengur tafið fyrir framförunum, hefir það loksins tekið til starfa í Alaska, og er nú að láta byggja braut frá Cordovaflóanum upp eftir Copper River dalnum. Í Cordova-bænum á að byggja stór bræðslúhús.

JÁRNBRAUT UNDIR SKRIÐJÖKLI.

Þar sem Copper River rennur í Prince William sundið, myndar hún árhólma. Hún hefir skorið býsna breitt og djúpt skarð í fjöllin við sjávarströndina. Gegn um þetta skarð liggja tvær járnbrautir, sín hvoru megin við ána, önnur frá Cordova, en hin frá Katella, 40 mílum sunnar, upp í dalinn.

Í nánd við Katella hafa fundist auðugir kolanámar, en sökum þess að bærinn getur enga höfn eignast, var Katella-brautin bygð upp að Cordova-brautinni, til þess að flytja kol eftir að bræðsluhúsunum.

Þegar Corova-brautin var komin nokkuð hátt upp í fjöllin, varð að leggja hana yfir ána þrisvar sinnum. Á einum staðnum var skriðjökull, svo verkfræðingarnir urðu að grafa 100 feta djúpan skurð í ísinn, þangað til þeir fundu nógu trausta undirstöðu fyrir brúarsporðana. Brú þessi mun kosta um 2 milíónir dollara, og miðað við tegund hennar og stærð, verður hún dýrasta brúin í heiminum.

Í Baird's Canyon, þar sem brautin verður að fara um, er stundum dögum saman svo mikið hvassviðri, að vindurinn fer 50 mílur á klukkustund. Þá fellur snjórinn niður hliðarnar með feikna hraða, og verður nær því eins harður og ís í botninum.

AUÐUG MÁLMJÖRÐ.

Cordova-brautin á fyrst um sinn að enda gagnvart Baird's Canyon. Þangað kemur málmurinn á flutningsprömmum, sem flatbotnuð gufuskip draga ofan ána frá Wrangell héraðinu. Í því héraði renna margar stórar ár í Copper River.

Í þessum dal, langs með fjallahliðunum, verður ef til vill stærri námanotkun innan fárra ára, heldur en annarstaðar á sér stað í heiminum. Þar er 12 m. breitt og 50 mílna langt svæði gegnskorið af auðugum málmæðum, sumstaðar enda hreinn kopar. Hófundurinn hefir sjálfur koparplötu, hálfs annars þumlungs þykka, sem stóð fet út úr klettinum, — tímans tönn hafði slitið og eytt steininum í kring um hana. Við Nugget Creek er rúmlega 7 feta hár koparmoli, á að gizka tonn á þyngd. Oft hafa fundist 20 feta þykkar æðar, margra mílna langar. Megnið af málmi þessum geymir 20—30 prósent af kopar, og auk þess mikið af gulli og silfri. Sumar æðar 60—70 prósent af kopar.

SAMKEPPANDI BRAUTIR.

Til allrar lukku er kopareinveldið ekki einráðandi yfir þessum afarmiklu auðæfum. Þau eru eign tuttugu félaga og fleiri þúsund einstaklinga í Alaska og hingað og þangað í Bandaríkjunum. Copper River brautin fer aflmikinn keppinaut í Valdez-Yukon brautinni, sem á að liggja frá Valez-bænum til Copper River, með aukabraut yfir ána inn í Wrangell koparhéraðið, en aðalbrautin heldur áfram upp í Copper Centre dalinn. Frá Copper Centre skiptist hún aftur í tvent, önnur lína liggur til Eagle City hjá Yukon, hin til Fairbanks, Alaska Chicago.

Bezta höfnin við Alaskaströndina er í Valdez. Þeir, sem fara þessa leið, koma fjórum dögum fyr til Eagle City og sex dögum fyr til Fairbanks, heldur en þeir, sem fara yfir Skagway og með White Pase brautinni. Frá Valdez til Fairbanks verður brautarlengdin 350 mílur, og til Eagle City 450 mílur.

VALDEZ SEM MIÐDEPILL JÁRNBRAUTA.

Enn þá er að eins lítið búið af Valdez-Yukon brautinni. En aldrei hefir nokkuð bær af líkri stærð og Valdez, áformað og reynt 'að byggja jafnmargar brautir á eins stuttum tíma. Íbúarnir í Valdez eru 2000, og síðustu 7 árin hafa hafa þeir ekki um annað talað en járnbrautir og koparnáma.

Í Valdez eru tveir rakarar, sem vinna sér inn svo mikið, að þeir geta látið vinna fyrir $100 árlega á námasvæðum sínum, eins og lögin heimta. Geti þeir haldið eignarrétti sínum tilnámasvæða sinna, þangað til járnbrautirnar eru fullbygðar, verða þeir miljónaeigendur.

John Roesene, rakari í Indianapolis, kom fyrir nokkrum árum síðan til Seattle með mátulega mikla peninga í fargjald til Dawson. Þar græddi hann, sneri svo aftur til Seattle og myndaði gufuskipafélagið Seattle-Valdez. Eftir það fór hann til Valdez og byrjaði að byggja járnbraut. Maður frá Boston, Reynold að nafni, myndaði einnig járnbrautarfélag og fór að byggja braut. Þeir urðu brátt ósáttir út úr heimild til vegarins, og tvéir menn voru drepnir, er félögunum lenti saman. Þetta átti sér stað við inngangínn til Keystone Canyon, lykilinn að öllu járnbrautakerfinu við Valdez.

Bærinn stendur á sléttri malareyri við botninn á firðinum. Bak við hann eru há fjöll með gljáandi jökulþaki. Keystone Canyon, sem Lowe River hefir myndað, er eina skarðið í strandfjöllin á þessu svæði, svo öll umferð inn í landið á sér stað í gegn um það, og þar verður líka járnbrautin að liggja. Bygging hennar verður afardýr, en ekki ómögulegt, en samt mun hún kosta yfir 2 milíónir dollara í gegn um skarðið, sem er tæpar 3 mílur á lengd. Hún verður að liggja ofarlega í hliðunum, svo um hana verði farið nær sem er á árinu. Sumstaðar eru fjöllin 1000—2000 feta há á þessu svæði. Félagið hefir nú eignast brautarstæðið og er byrjað á brautarlagningunni. Það er álitið, að kostnaðurinn verði til jafnaðar $40,000 fyrir hverja enska mílu.

AÐALBRAUT ALASKA.

Lengsta járnbrautin, sem búið er að byggja í Alaska, er frá Seward til Turnagain Arm, 53 mílur á lengd. Seward mun verða útflutningshöfnin fyrir hinn frjósama Susitnadal og kolanámana í Matanuska. Áformið með þessa braut var fyrst og fremst að flytja kolin frá Matanuska niður til Seward, og senda þau þaðan sjóleiðina til Seattle og San Francisco, því þar mætti selja þau við lægra verði en Pennsylvaniakolin.

Enn þá eru 10 mílur eftir til Matanuska. Það, sem búið er af brautinni er afardýrt, t.d. kostaði $50, að kaupa og flytja tonnið af teinum til Seward. Vinnulaunin voru 4—5 dollarar á dag, og fyrir þetta kaup vann enginn lengur en þangað til hann var fær um að búa sig út í námagröft.

Það, sem búið er af brautinni var auðvelt að byggja, en það sem eftir er, kvað vera bundið stórum iðnfræðislegum erfiðleikum.

Í Chibhalon-dalnum eru einhverjir hinir auðugustu kolanámar heimsins. Sumstaðar eru hinir háu og bröttu árbakkar úr steinkolum, svo menn geta brotið kolin og fylt bátinn sinn með þeim, látið svo straumínn bera hann til Matanuska og Cooks Inlet.

Þessi aðalbraut Alaska mun styrkja framfarir landsins. Hún á að lengjast til ákveðins staðar við Canana River, og sameinast Valdez-Yukon brautinni; og seinna mun einnig koma braut frá suðaustri, White Pas og Yukon, sem nær inn í miðju landsins.

DÝRASTA JÁRNBRAUT HEIMSINS.

White Pas og Yukon brautin, sem tengir Skagway á Kyrrahafsströndinni við White Horse, endastöð gufuskipalínanna til Yukon, er sögð að vera hin einkennilegasta járnbraut í heimi. Áreiðanlega mun hún einnig vera gróðadrýgst. Að sönnu fara flutningsvagnar hennar tómir aðra leiðina, en flutningsgjaldið er meira en nægilega hátt til að mæta því.

Hún er ein af dýrustu brautunum, sem bygðar hafa verið. Á sumum svæðum kostaði hver ensk míla af henni $75,000 til $100,000. Flestar brýr á þessari braut eru snotrar og hagkvæmar.

Til þess að komast yfir hið nafnkunna White Pas, og losna við White Horse Rapids og Miles Canyon, þar sem mörg líf og miklir fjármunir hafa glatast, var þessi stórkostlega járnbraut bygð.

AKURYRKJA Í ALASKA.

Það er nóg af gullnámum í Alaska til að starfa við fyrir 500,000 manns. Af kolum, kopar og öðrum málmum, er nóg handa öðrum 500,000. En þeir, sem eingöngu vinna við náma, byggja ekki heimili, þjóðvegi eða fagra bæi. Alaska verður að nota jarðveginn, ef landið á að eignast slíkt.

Því er haldið fram, að í þessu kalda, norðlæga landi sé nægilegt landbúnaðarsvæði fyrir 3 eða 4 fylki á stærð við Iowa eða Minnesota. Þar eru 3 fallegir dalir, sem að mestu leyti eru þaktir stórvöxnum skógi af greni, birki og ösp. Miðbik landsins hefir þá sumarblíðu, að þar vaxa nærri allar hinar sömu jurtir og í tempraða beltinu. Hveiti, hafrar og bygg hafa þroskast í Rampart, sem er skamt frá heimskautsbaugnum. Frá þessum norðlæga stað, niður eftir öllum dölunum til suðurstrandarinnar, þar sem loftið hlýnar af hafstraumunum frá Japan, má rækta marga akur- og garðyrkju ávexti með áboata.

Stjórnin hefir stofnað fyrirmyndarbú í akuryrkju í Copper Centre. Þar er ræktað hveiti, hafrar og næstum allir garðávextir og reynist ágætlega.

Undir eins og járnbrautirnar eru fullgerðar, mun fólkið streyma þangað til að reisa sér heimili. Þar er nóg pláss fyrir 500,000 stórar bújarðir.

KOLAAUÐURINN Í ALASKA.

Fyrir 6—7 árum síðan byrjaði stjórn Bandaríkjanna að láta rannsaka kolaauðlegð Alaska. Þrátt fyrir hina miklu stærð landsins, — hér um bil 600,000 enskar ferhyrningsmílur — hafa til þessa tíma fundist og verið nákvæmlega rannsakaðar 8 milíónir ekra af kolalandi. Síðari rannsóknir auka væntanlega meiru eða minnu við.

150,000 ferhyrningsmílur af Alaska eru enn ókunnar, að því er málmauð snertir. Það er ekki óhugsandi, að þar sé til kolanámar á 100 mílnasvæði, með biliónir tonna af kolum, auk þeirra sem nú þekkjast.

Fyrir námarekstur er það nauðsynlegt, að unt sé að fá góð kol með lágu verði, og af þeim er nóg í Alaska. Undir eins og járbrautirnar eru búnar, verður mikill kolaflutningur til Kyrrahafsstrand arinnar og Bandarikjanna.

Það er engum efa bundið, að Alaska á fagta framtíð fyrir höndum.

Þetta land var keypt af Rússum fyrir $7,200,000, og maðurinn, sem hvatti til kaupanna — Seward hét hann — var hæddur og atyrtur fyrir þess þessi lélegu viðskifti það var ekki fyr en 1899 að Seward skaginn var nefndur eftir þessum framsýna stjórnvitring.

Nú veitir gullframleiðslan á skaga þessum eins mikinn árlegan arð og verð landsins var. Auk þess eru næg kol og aðrar afurðir á Seward skaganum.

Það var árið 1902 að byrjað var á samstæðilegum kolarannsóknum í Alaska og hefir síðan verið haldið áfram. Nú eru menn sannfærðir um, að Alaska er með kolaauðugustu löndum heimsins.

Þannig hefir þá þetta land, sem fyrir fáum árum var sjaldan nefnt á nafn, reynst að geyma afarmikil auðæfi, sem engan grunaði neitt um. Það verður fróðlegt að fylgjast með framfarasögu þessa nýja námarikis.

— Kirkjugarður einn gamall í Pogny hefir nýlega verið grafinn í sundur, og hefir þar fundist mikið af verðmætum munum. Þessi kirkjugarður er talinn 3 þús. ára gamall. Í honum hafa fundist ýmsir fagurlega gerðir skrautmunir, svo sem hálsmen og ýmsir aðrir skrautmunir úr gulli, settir gimsteinum, einnig krúsir o.fl.

Ferjan á Baikal-vatninu í Síberíu flytur 25 járnbrautarvagna í hverri ferð, frá austurenda vesturbrautarinnar til vesturenda austurbrautarinnar. Þessi ferja brýtur 3½ feta þykkan ís. Vatnið er 600 km. á lengd og 80 á breidd.

Elztu kolanámurnar í Evrópu eru þær í nánd við Worms, sem farið hefir verið að vinna í árið 1113 eða jafnvel fyr. Við Luttich fyrir 1197, en á Englandi var ekki farið að vinna í kolanámum fyrr en eftir 1200.

Skrifið yður fyrir HEIMSKRINGLU svo að þér getið ætíð fylgst með aðal málum Íslendinga hér og heima.

THE DOMINION BANK

HORNI NOTRE DAME AVENUE OG SHERBROOKE STREET

Höfuðstóll uppborgaður: $4,000,000.00
Varasjóður - - - $5,400,000.00

SPARISJÓÐS DEILDIN:

Vér veitum sparisjóðs innleggjendum sérstakt athygli, og borgum hæztu vexti á sparisjóðs innleggjum af $1.00 og yfir. — Barna innlegg velkomin. — Seljum peningaávísanir á ÍSLAND.

H. A. BRIGHT, RÁÐSMAÐUR.

Með því að biðja sérlega um "T.L. CIGAR," þá ertu viss að fá ágætan vindil.

T.L. CIGAR

T.L.

(UNION MADE)

Western Cigar Factory
Thomas Lee, eigandi Winnipeg

Vitur maður er varkár með að drekka eingöngu HREINT ÖL. Þér getið jafna reitt yður á

DREWRY'S
REDWOOD LAGER.

Það er léttur, freyðandi bjór, gerður eingöngu úr Malt og Hops. Biðjið ætíð um hann.

E. L. DREWRY, Manufacturer, Winnipeg

Manitoba á undan.

Manitoba hefir víðáttumikla vatnsfleti til uppgufunar og úrfellis. Þetta, hið nauðsynlegasta frjógunarskilyrði, er því trygt.

Ennþá eru 25 milíón ekrur óbygðar.

Íbúatal fylkisins árið 1901 var 225,211, en er nú orðið um 500,000, sem má teljast ánægjuleg aukning. Árið 1901 var hveiti og hafra og bygg framleiðslan 90,367,085 bushela; á 5 árum hefir hún aukist upp í 129,475,943 bushel.

Winnipeg borg hafði árið 1901 42,240 íbúa, en hefir nú um 150,000; hefir nálega fjórfaldast á 8 árum. Skattskildar eignir Winnipegborgar árið 1901 voru $26,405,770, en árið 1908 voru þær orðnar $116,106,390. Höfðu meir en þrefaldast á 7 árum.

Flutningstæki eru óviðjafnanleg,— í einu orði sagt, eru í fremsta flokki nútíðartækja: Fjórar þverlandsbrautir liggja um fylkið, fullgerðar og í smíðum, og með miðstöðvar í Winnipeg. Í fylkinu eru nú nálega 4 þúsund mílur af fullgerðum járnbrautum.

Manitoba hefir tekið meiri landbúnaðarlegum og efnalegum framförum en nokkurt annað land í heimi, og er þess vegna ákjósanlegasti aðsetursstaður fyrir alla, af því þetta fylki býður beztan arð af vinnu og fjárleggi.

Skrifið eftir upplýsingum til: —

JOS. HARTNEY, 77 York Street, Toronto, Ont.
JOS. BURKE, 178 Logan Avenue, Winnipeg, Man.
A. A. C. LaRIVIERE, 22 Alliance Bldg., Montreal, Quebec.
J. F. TENNANT, Gretna, Manitoba.

J. J. GOLDEN,
Deputy Minister af Agriculture and Immigration, Winnipeg.

LEIÐBEININGAR--SKRA

YFIR AREIÐANLEGA VERZLUNARMENN Í WINNIPEG

MUSIC OG HLJÓÐFÆRI

CROSS, GOULDING & SKINNER, LTD.
Pianos; Player Pianos; Organs;
"VICTOR" og "EDISON" Phonographs;
T. H. Hargrave, íslenzkur umboðsmaður.
323 Portage Ave. Talsími 4413

BYGGINGA- og ELDIVIÐUR.

J. D. McARTHUR CO., LTD.
Byggingа- og Eldiviður í heildsölu og smásölu.
Sölust: Princess og Higgins Tals. 5060, 5061, 5062

MYNDASMIÐIR.

G. H. LLEWELLIN,
"Medallions" og Myndarammar
Starfstofa Horni Park St. og Logan Avenue

SKÓTAU Í HEILDSÖLU.

AMES HOLDEN, LIMITED
Princess & McDermott. Winnipeg.

THOS. RYAN & CO.
Allskonar Skótau. 44 Princess St.

THE Wm. A. MARSH CO. WESTERN LTD.
Framleiðendur af Finu Skótaui. Talsími: 3710
88 Princess St. "High Merit" Marsh Skór

BYGGINGA - EFNI.

JOHN GUNN & SONS
Talsími 1277 266 Jarvis Ave.
Höfum bezta Steinn, Kalk, Cement, Sand o. fl.

THOMAS BLACK
Selur Járnvöru og Bygginga-efni allskonar
76—82 Lombard St. Talsími 600

THE WINNIPEG SUPPLY CO., LTD.
298 Rietta St. Talsímar: 1936 & 2187
Kalk, Steinn, Cement, Sand og Möl

MATHESON AND GAY
Hósasmiðir, snikkarar og viðgerðarmenn
221 Higgins Ave. Winnipeg

BYGGINGAMEISTARAR.

PAUL M. CLEMENS
Bygginga - Meistari, 443 Maryland St.
Skrifst.: Argyle Bldg., Garry st. Talsími 8997

CLYDEBANK SAUMAVÉLA AÐGERÐARMAÐUR. Brúkaðar vélar seldar frá $5.00 og yfir
564 Notre Dame Phone, Main 8624

ACCOUNTANTS & AUDITORS

A. A. JACKSON,
Accountant and Auditor
Skrifst.—28 Merchants Bank. Tals.: 5702

PIPE & BOILER COVERING

GREAT WEST PIPE COVERING CO.
132 Lombard Street.

VÍRGIRÐINGAR.

THE GREAT WEST WIRE FENCE CO., LTD
Alskonar virgirðingar fyrir bændur og borgara.
76 Lombard St. Winnipeg.

ÁLNAVARA Í HEILDSÖLU.

R. J. WHITLA & CO., LIMITED
264 McDermott Ave Winnipeg
"King of the Road" OVERALLS.

BILLIARD & POOL TABLES.

W. A. CARSON
P. O. Box 225 Room 4 í Molson Banka.
Öll nauðsynleg áhöld. Ég gjöri við Pool-borð

NÁLAR.

JOHN RANTON
213 Hammond Block Talsími 4670
Sendið strax eftir Verðlista og Sýnishornum.

GASOLINE-Vélar og Brunnborar

ONTARIO WIND ENGINE and PUMP CO. LTD
301 Chamber St. Sími: 2268
Vindmillur — Pumpur — Agætar Vélar.

BLÓM OG SÖNGFUGLAR

JAMES BIRCH
442 Notre Dame Ave. Talsími 2638
BLÓM - allskonar. Söng fuglar o. fl.

BANKARAR, GUFUSKIPA AGENTR

ALLOWAY & CHAMPION
North End Branch: 667 Main street
Vér seljum Ávísanir borganlegar á Íslandi

LÆKNA OG SPÍTALAÁHÖLD

CHANDLER & FISHER, LIMITED
Lækna og Dýralækna áhöld, og hospítala áhöld
185 Lombard St., Winnipeg, Man.

J. J. H. McLean & Co Limited

Vér höfum FLUTT

Vort nýja heimkynni er á horni

Portage Avenue og Hargrave Strætis

J. J. H. McLean & Co. Ltd.,

Cor Portage Ave. & Hargrave
Phone: Main 808.

Fréttir úr bænum.

Fjörutíu og þrír vesturfarar frá Íslandi koma hingað til bæjarins í kveld (miðvikudag), eftir fregnum, sem Heimskringlu hafa borist.

Grein frá hr. Á. J. Johnson í Chicago hefir sökum rúmleysis orðið að bíða nokkrar vikur, en kemur að forfallalausu í næsta blaði.

Á fimtudaginn í isl. viku komu saman á skotvöllunum hér fyrir vestan bæinn um 100 skotmenn til að reyna sig í skotfimi, og bar J. V. Austmann þar af öllum. En vara má hann sig á bróður sínum I. E. Aaustmann, sem er tveimur árum yngri, en var sá þriðji í röðinni og að eins 3 mörkum (points) fyrir neðan bróður sinn. J. V. Austmann fékk 66 mörk, J. Aiklie 64, I. E. Austmann 63 mörk og svo hver af öðrum, alla leið niður í 7, en 70 er sú hæsta tala, sem hægt er að ná í 14 skotum, eins og þarna átti sér stað.

J.V.A. var í apríl sl. gerður að undir-liðsforingja í sjálfboðaliðinu hér í borginni, og er hann vafalaust sá yngsti liðsforingi, sem til er í Canada. Því hann er enn of ungur til að vera í hernum, hvað þá í foringjaflokknum. Átján ár aldurstakmarkið, en það er J.V.A. ekki enn.

Miklar líkur eru til, að C. H. Richter verði útnefndur sem lögreglufulltrúi í St. Paul. Verði það, er það mikill sómi fyrir landa, því Mr. Richter er Íslendingur, og hvers konar völd og metorð sem landar hljóta ætti að vera gleðiefni hverjum Íslending, ef þeir hinir sömu standa vel í stöðu sinni, eins og Mr. Richter mun vafalaust gera, því hann er hæfileika maður mikill.

Kjartan Olson, þriðji sonur Haraldar heilbrigðiseftirlitsmanns Olsons og konu hans, andaðist miðvikudaginn 8. júní sl. Banamein hans var sykursýki. Kjartan sálugi varð að eins 19 ára gamall og einmitt þess vegna, hve ungur hann lézt, er fráfall hans enn meira hryggðarefni, enda svrgja hann auk foreldra og systkina fjöldi vina, því Kjartan heitinn var einstaklega vel látinn piltur, og drengur hinn bezti, kátur og skemtinn og sívinnandi meðan heilsa og kraftar entust.

Jarðarförin fór fram sl. mánudag, að fjölda viðstöddum í kirkjunni. Séra Jón Bjarnason hélt húskveðju og líkræðu.

Tryggvi Aðalsteinsson, sem kom frá Íslandi fyrir nokkrum dögum, kvongaðist unnustu sinni, ungfrú Svanhvíti Jóhannsdóttur, fyrra laugardag. Heimskringla óskar brúðhjónunum allrar blessunar.

Á nefndarfundi, sem stjórnendur almenna spitalans héldu í fyrri viku, var mikið rætt um hina feldu fjárveitingu og hvað heppilegast mundi í framtíðinni, og voru margir þeirrar skoðunar, að heppilegast væri, að afhenda bænum spitalann til forráða, því að kjósendurnir mundu ef til vill fúsari að veita spitalanum fjárstyrk, ef bærinn hefði forráð spitalans. Nefnd var kosin til að athuga málið frekar, og hafa tala af bæjarráðinu.

Herra G. Thomas, gullsmiður, er nú seztur að í hinni nýju og fallegu verzlunarbúð sinni, 674 Sargent ave., rétt fyrir austan Victor st. Hann hefir þar á boðstólum eins og að vanda ágætustu guli og silfurvörur, er hann selur með mjög sanngjörnu verði. Lístfengir gullsmiðir ætíð við hendina til að annast allskonar aðgerðir. Það borgar sig vel, að eiga viðskifti við Thomas. Talsími: Main 2878. Heimili 724 Beverly st., talsími: Main 10027.

Séra Jóhann Bjarnason gaf saman í hjónaband 8. júní sl. þau hr. Jón V. Baldvinsson, frá Kirkjubæ, í Breiðuvík, og yngismær Kristínu Finnsson, frá Lundi við Íslendingafljót. Að hjónavígslunni lokinni var hin veglegasta brúðkaupsveizla haldin að heimili foður brúðarinnar, hr. Kristjáns Finnssonar, og voru um 180 gestir. Ungu hjónin taka sér bústað hjá foreldrum brúðgumans að Kirkjubæ.

Sami prestur gifti 1. júní sl.: Hr. Jón Eiríksson og yngismey Ólöfu Austman, og 7. júní herra Georg Sigvaldason og yngismær Kristjönu Thorvaldsson, — öll við Íslandingafljót.

Heimskringla óskar öllum brúðhjónunum allra hellla.

Herra Árni Axford, frá Gimli, hefir verið hér í 2 undanfarnar vikur. Hann flytur búferlum til Árborg í Árdalsbygð um mánaða mótin.

Í auglýsingu um skrásetningu í síðasta blaði hefir misprentast nr. á skrásetningarstað 20. deildar. Það átti að vera 486 Simcoe St., en ekki 438.

Hr. Jón Thorsteinsson, reiðhjólasali, 475—477 Portage ave., býður eins góð kaup á reiðhjólum og nokkur annar í bænum og hefir að eins beztu tegundir reiðhjóla á boðstólum. Einnig leysir hann af hendi allar aðgerðir bæði fljótt og vel. Talsími hans er: Main 9630.

Hr. Hannes Pétursson hefir nýlega fengið talsíma á heimili sitt í Norwood. Númerið er Main 10234.

Þeir Kristján Krsistjánssön og Ármann Stefánsson, frá Eyford, N. Dak., komu hingað til bæjarins í gærdag á leið vestur til Wynyard, Sask., í landskoðunarferð og kynnisför til fornra vina. Með Kristjáni er kona hans og dóttir.6

Þeir Oddur Dalman og John Jóhannesson, frá Gardar, N. Dak., voru hér á ferð í þessari viku á leið til Saskatchewan fylkis í landskoðunar erindum.

Magnús P. Magnússon, bóndi að Leslie, Sask., sem dvalið hefir hér í borginni um tíma, lagði af stað heimleiðis á þriðjudaginn. Í för með honum var Richard Brown héðan úr bænum.

Þessir eiga bréf á skrifstofu Heimskringlu: —

Mrs. Arndis Sigurðardóttir.
Mrs. Ingibjörg Hákonardóttir (Íslands bréf).
Miss R. J. Davíðsson.

Ice Cream sala ier fram í Tjaldbúðinni undir umsjón kvenfélagsins fimtudagskveld í þessbri viku (16. þ.m.). Konurnar vona, að landar vorir fjölmenni þar kl. 8.

Fréttir frá Norður Dakota segja þingvallasöfnuð, alment nefndan Eyford söfnuð, hafa nýlega gengið úr Kirkjufélaginu með nálega öllum atkvæðum, — að eins 5 á móti.

Kjósendur eru alvarlega ámintir að skrásetja sig; fátt mun þýðingarmeira fyrir borgaralegt sjálfstæði en kosningarrétturinn. Skrásetning fer fram í Winnipeg í þessari viku, miðvikudag, fimtudag og föstudag, 15., 16., og 17. þ.m. — Skrásetningarstaðirnir voru auglýstir í síðasta blaði.

Til að fyrirbyggja missögli eða misskilning.

Maður, sem ekki þykir þörf til að nefna að svo stöddu, hefir um undanfarinn tíma rekið verzlun á Gimli, Winnipeg Beach og Selkirk og hefir tilkynt skiftavinum mínum, að ég vinni ekki framar fyrir Karn & Morris Piano félagið eins og að undanförnu, en að hann reki þann sama starfa nú; þessu er hér með afdráttarlaust neitað til að fyrirbyggja allan misskilning.

Þessum sama manni er með bréfi dagsettu 13. þ.m. af ofannefndu félagi tilkynt, að ég undirritaður hafi aðal-umboð og eftirlit með öllu starfi félagsins í þessum bæjum og bygðarlagi, og fýsi hinn ofan ámínsta framvegis að hlynna að starfsrekstri félagsins, þá tilkynni hann það mér, sem skal láta mér ant um, að hann ekki þurfi að iðrast þess.

J. G. GILLIES.
758 Sherbrooke St., W'peg

Fréttabréf.

SPANISH FORK, UTAH,
7. júní 1910.

Herra ritstjóri: —

Ég held ég verði að ráðast í, að skrifa þér fáeinar línur upp á nýtt, þó lítið sé um fréttir, utan að hér má kalla almenna vellíðan, og góð er tíðin. Hitar miklir og þurkar hafa nú verið lengi, en ekkert hefir rignt, samt frekar gott útlitið með uppskeru á öllum þeim löndum, sem vatni er veitt á. Hey og korntegundir á þurlendi verður án efa rýrt, ef ekki kemur regn bráðlega. Heysláttur byrjaði hér um mánaðamótin, og eru nú allir önnum kafnir við þau störf.

Heilsufar er ágætt, bæði hér í vorum bæ og eins í nágrenninu.

Þann 26. þ.m. lézt að heimili sínu hér í bænum Kristín Guðmundsdóttir, kona hr. Jóns Hreinssonar. Var dauðamein hennar krabbamein í maganum, sem hún hafði þjáðst af um langan tíma, áður en hún dó. Kristín sál. var fædd í Vestmannaeyjum, á bæ þeim, sem Mandal er nefndur, 19. október 1854. Hún var dóttir Guðmundar Árnasonar og Guðnýar Árnadóttur, hjóna á ofanneíndum bæ. Fyrir 30 árum eða þar um bil giftist hún eftirlifandi manni sínum, og bjuggu þau í Bataviu meðan þau voru í eyjunum. Þau fóru til Ameríku 1892 og hafa búið hér í Spanish Fork síðan þau komu vestur.

Kristín sál. var hin mesta mynd ar og dugnaðar kona, átti hér fjölda vina en fáa óvildarmenn. Hún var ástrík eiginkona og umhyggjusöm og elskuverð móðir, og fyrirtaks bústýra á heimili þeirra hjóna. Hún eftirlætur hér, auk manns síns, 3 börn, 2 syni og eina dóttur, öll6 fullorðin, og móður sína 75 ára að aldri, og 3 svstur, tvær af þeim giftar konur hér í bænum, en sú þriðja býr í Castle Gate, Utah.

Jarðarförin fór fram í viðurvist hins mesta fjölmennis þann 28.s.m.

Friður guðs hvíli yfir ættmönnum og vinum og moldum hinnar framliðnu.

E. H. Johnson.

CONCERT and DANCE

Will be given by

The West Winnipeg Band

S. K. HALL Conductor

Good Templar Hall, Cor. Sargent & McGee St.

June 15th 1910

Commencing at 8 p.m. **Admission 35c.**

Til stóra mannsins í WINNIPEG.

Ég ætla að leyfa mér, að tala ögn við þig, Bjarni sæll, þegar þér er runnin allra mesta reiðin.
Líði þér vel á meðan.

Sig. Júl. Jóhannesson.

Skemtisamkoma

að Norðurstjörnu skóla.

undir umsjón Únitara safnaðarins við Grunnavatn. Þessi skemtisamkoma verður haldin meðan únitariska kirkjuþingið stendur yfir. — Ræður, söngvar, upplestur, kaffiveitingar, auk fleiri skemtana. — Þar flytur herra Skapti B. Brynjólfsson ræðu, auk fleiri. Er hann einna mælskastur manna hér vestra, eins og kunnugt er, og þetta er í fyrsta skifti, er mönnum gefst kostur á, að hlusta á hann þar í bygð.

Samkoman byrjar kl. 8 að kveldi þess 22. júní.

Samkomustjóri hr. P. Bjarnason
Forstöðunefndin.

TJALD TIL SÖLU

lítið brúkað, stærð 14x21 fet, 6 feta veggir. Fyrir hálfvirði. Hkr. vísar á.

Til sölu

eru 10 ekrur af landi á Point Roberts, Wash., hér um bil helmingur hreinsað, enn hinn helmingurinn í skógi.

Þeir, sem vildu sinna þessu, snúi sér til

Gísli O. Guðmundssonar
4-8 Point Roberts, Wash.

TIL LEIGU

góð herbergi á McDermot ave., í þriðja húsi fyrir vestan Fire Hall.

"Kvistir,"

kvæði eftir Sig. Júl. Jóhannesson, til sölu hjá öllum íslenzkum bóksölum vestanhafs. Verð: $1.00.

Atvinna.

Okkur vantar fáeina duglega umboðsmenn í hinum íslenzku bygðum í Manitoba og Norðvesturlandinu til að selja Stereoscopes og myndir. Sendið 75c fyrir umboðsmanna áhöld.

Arnason & Son.
8-4 Churchbridge, Sask.

Dr. G. J. Gíslason,
Physician and Surgeon
18 South 3rd Str., Grand Forks, N.Dak
Athygli veitt AUGNA, EYRNA og KVERKA SJÚKDÓMUM ASAMT INNVORTIS SJÚKDÓMUM og UPPSKURÐI. —

Sherwin-Williams PAINT

fyrir alskonar húsmálningu.

Prýðingar-tími nálgast nú. Dálítið af Sherwin-Williams húsmáli getur prýtt húsið yðar utan og innan. — Brúkið ekker annað mál en þetta. — S.-W. húsmálið málar mest, endist lengur, og er áferðarfegurra en nokkurt annað hús mál sem búið er til. — Komið inn og skoðið litarspjaldið. —

Cameron & Carscadden
QUALITY HARDWARE
Wynyard, -- Sask.

FRIÐRIK SVEINSSON

tekur nú að sér allar tegundir af húsmáling, betrekking, o.s.frv. Eikarmálning fljótt og vel af hendi leyst. Heimili 443 Maryland St,

Þú ættir að kaupa vora $5.00 Skó.

Öllum tegundum af leðri úr að velja, svo sem: Patent, Tan, Vice Kid, Velour, Calf og Gun Metal.

Háir og lágir Skór.

með öllu nýtízku lagi, sem lita eins vel út og eru eins þægilegir á fæti og hugsast getur.

Ryan-Devlin Shoe Co
494 MAIN ST. PHONE 770.

Administrators Sale.

á verðmætum ábýlis löndum

Seld verða á opinberu uppboði, af uppboðshaldara Gimli sveitarráðs, að sveitarráðsskrifstofunni í Gimli bæ, Manitoba, þriðjudaginn

21. Júní 1910,

kl. 12 á hádegi, eftirfarandi landeignir:

Suðurhlutinn af norðvestur fjórðungs Section tuttugu og eitt (21) og suðurhlutinn af norðaustur Section tuttugu (20), Township tuttugu (20), Range fjögur (4) austur af aðalhádegisbaug, Manitoba.

Ofanskráðar landeignir verða seldar með þeim skilmála, að engu boði þurfi að taka.

Söluskilmálar: $250.00 að greiðast út í hönd við kaupin, eftirstöðvar greiðist í þremur afborgunum á þremur árum við árslok, að viðlögðum 7 prósent vöxtum.

Frekari upplýsingar gefa: Elliott, Macneil & Deacon, málafærslumenn, 316 McIntyre Block, Winnipeg, Man.

Gefið út í Winnipeg 6. dag júnímánaðar árið 1910.

Jóhanna Olson
PIANO KENNARI
557 Toronto St. Winnipeg

Sveinbjörn Árnason
Fasteignasali.
Selur hús og lóðir, eldsábyrgðir, og lánar peninga. Skrifstofa: 12 Bank of Hamilton.
TALSÍMI 5122. HÚS-TALS. 8695

TIL SÖLU:

160 ekrur af bezta landi, stutt frá járnbrautarstöð. — Fyrsti maður með $7.00 fær hér góð kaup. — Finnið

Skúli Hansson & Co.
47 Aikens' Bldg.
Talsími. Main 6476 P. O. Box 833

DR. H. R. ROSS
C.P.R. meðala- og skurðlækuir.
Sjúkdómum kvenna og barna veitt sérstök umönnun.
WYNYARD, — SASK.

Dr. M. Hjaltason, Oak Point, Man.

Anderson & Garland,
LÖGFRÆÐINGAR
35 Merchants Bank Building
PHONE: MAIN 1561.

MARTYN F. SMITH,
TANNLÆKNIR.
Fairbairn Blk. Cor Main & Selkirk
Sérfræðingur í Gullfyllingu og öllum aðgerðum og tilbún aði Tanna. Tennur dregnar án sársauka. Engin veiki á eftir eða gómbólga. —
Stofan opin kl. 7 til 9 á kveldin
Office Phone 6944. Heimilis Phone 6462.

Þarft þú ekki að fá þér ný föt?

EF ÞAU KOMA FRÁ CLEMENT'S, — ÞÁ VERÐA ÞAU RÉTT

Réttur að efni, réttur í sniði réttur í áferð og réttur í verði.

Vér höfum miklar byrgðir af fegurstu og beztu fataefnum. —

Geo. Clements & Son
Stofnað árið 1874
204 Portage Ave. Rétt hjá Free Press

Th. JOHNSON
JEWELER
286 Main St. Talsími: 6606

JOHN ERZINGER
TOBAKS-KAUPMAÐUR.
Erzinger's skorið reyktóbak $1.00 pundið
Hér fást allar neftóbaks-tegundir. Óska eftir bréflegum pöntunum.
McINTYRE BLK., Main St., Winnipeg
Heildsala og smásala.

G. NARDONE
Verzlar með matvöru, aldini, smá-kökur, allskonar sætindi, mjólk og rjóma, sömul. tóbak og vindla. Óskar viðskifta Íslend. Heitt kaffi eða te á öllum tímum. Fón 7756
714 MARYLAND ST.

Boyd's Brauð

Það borgar sig að vera brauðvandur. Brauð frá sum um bökurum er auðmeltara en frá öðrum, og auðmelt brauð eru hollust. Reynslan mun færa þér sönnur á, að vor brauð viðhalda heilsunni og auka matarlystina. Vagnar vorir fara um allan bæinn

Boyd's

Bakery Cor. Spence & Portage Ave
Phone 1030.

Winnipeg Wardrobe Co.

Kaupa brúkaðan Karla og Kvenna fatnað,—og borga vel fyrir hann.

Phone, Main 6539 597 Notre Dame Ave

BILDFELL & PAULSON
Union Bank 5th Floor, No. 520
selja hús og lóðir og annast þar að lútandi störf; útvegar peningalán o. fl.
Tel.: 2685

Jónas Pálsson,
SÖNGFRÆÐINGUR.
Útvegar vönduð og ódýr hljóðfæri
460 Victor St. Talsími 6803.

J. L. M. THOMSON, M.A., L.L.B.
LÖGFRÆÐINGUR. 285½ Portage Ave.

BONNAR, TRUEMAN & THORNBURN,
LÖGFRÆÐINGAR.
Suite 5-7 Nanton Blk. Tals. 766
Winnipeg, Man. P.O.BOX 223

Húðir og ógörfuð Loðskinn

Verzlun vor er vor bezta auglýsing. Sendið oss húðir yðar og loðskinn og gerist stöðugir viðskiftamenn.
Skrifið eftir verðlista.

The Lightcap Hide & Fur Co., Limited
P.O.Box 1692 172-176 King St Winnipeg
16-9-10

W. R. FOWLER A. PIERCY.

Royal Optical Co.
307 Portage Ave. Talsími 7286.
Allar nútíðar aðferðir eru notaðar við augn-skoðun hjá þeim, þar með hin nýja aðferð, Skugga-skoðun, sem gjöreyðir öllum ágiskunum. —

Heimskringla.

XXIV. ÁR | WINNIPEG, MANITOBA, FIMTUDAGINN, 23 JÚNÍ 1910 | NR. 38

Tvöfalt stærri

er reiðhjólabúð mín nú en áður, og vörubyrgðir og verzlun að sama skapi. BRANTFORD reiðhjólin góðu hefi ég til sölu eins og aðundanförnu með eins góðum kjörum og nokkur annar getur boðið. — Einnig aðrar tegundir af nýjum reiðhjól um sem ég sel fyrir $30. og upp, með "Dunlop Tires" og "Coaster Brake".—Allar aðgerðir og pantanir afgreiddar fljótt og vel. —

West End Bicycle Shop

Jón Thorsteinsson, eigandi

475—477 Portage Avenue.

TALSÍMI: MAIN 9630.

ALMENNAR KOSNINGAR Í MANITOBA-FYLKI 11. JÚLÍ

Stjórnarráð Manitoba hefir ákveðið, að almennar fylkiskosningar skuli fara fram 11. júlí. -- Útnefningar þingmannaefna þann 4. júlí.

Fregnsafn.

Markverðustu viðburðir hvaðanæfa.

— Ríkisrétturinn danski hefir nýskeð sýknað fyrverandi forsætisráðherra Christensen af hluttöku í svíkum stórþjófsins Alberti, fyrv. dómsmálaráðherra, en þar á móti fundið fyrverandi innanríkisráðherra Sigurð Berg sekan og dæmt hann í 60 daga fangelsi og 250 dollara sekt. Sagt er, að dómur Alberti muni ekki falla fyr en í ágústmánuði.

— Nýlega voru hjón í New York dæmd í 5 ára fangelsi og 5 þúsund dollara sekt fyrir að vera "hvítir mansalar". Höfðu þau rekið þá heiðarlegu atvinnu um langan tíma og um 600 stúlkur er sagt að þau hafi selt mansali til vændiskvennahúsa. Þegar þau voru tekin föst, fundust 16 kornungar stúlkur í forðabúri þeirra, sem ekki hafði verið ráðstafað, en pantanir lágu fyrir hendi.

— Um þúsund manns létu lífið í vatnsvöxtum á Ungverjalandi í sl. viku.

— Ákafir vatnavextir í suðaustur Evrópu hafa gengið sl. viku, er talið að um 1000 manns hafi látið lífið og heilir smábæir og þorp sópast burtu. Mestan skaða gerðu vatnavextirnir á Balkanskaganum og í Austurríki.

— Þríveldissambandið, England, Frakkland og Rússland, hefir ákveðið að auka herskipaflota sinn að mun. Það er óttinn við Þýzkaland, sem þessu veldur. Þýzkaland hefir á síðustu árum aukið herafla sinn geysimikið bæði til lands og sjávar, en af því stendur þríveldissambandinu hinn mesti stuggur, því Þýzkaland er of fólksmargt og vantar því meira landrými eða nýlendur fyrir þegna sína, — o- það landrými verða þeir að vinna með herskildi. En til þess að fyrirbyggja það, var þetta þríveldissamband stofnað, því öll þessi ríki eru í hættu. Frakkland er næst og í mestu hættu; þess vegna auka þeir nú herflota sinn af mætti. — Ef Þjóðverjar ynnu Frakkland, yxu þeir Englendingum yfir höfuð í Evrópu, og eins yrði það ómetanlegt tjón fyrir verzlun þeirra. Þess vegna verða þeir að vera í bandalagi við Frakkland, og Rússland er stórskuldugt bæði við Englendinga og Frakka, og sömuleiðis liggur rússneska Pólland að landamærum Þýzkalands, og væri ekki óhugsandi, að Þjóðverjar réðust á þann bóginn, ef hann sýndist árennilegri. — Engar ófriðarhorfur eru ennþá, sem betur fer, en illu hornauga lítur þríveldissambandið til framfara Þýzkalands.

— Asquith forsætisráðherra lagði fyrir enska þingið sl. mánudag lagaboð þess efnis, að María drottning skyldi verða ríkisforstjóri, ef Georg konungur félli frá áður enn að konungsefnið næði lögaldri. Áður hafði almenningur talið hertogann af Connaught sjálfsagðan, en drottning þóttist fullfær um, að leysa þann starfa af hendi.

— Þrir morðingjar, sem dæmdir höfðu verið til hengingar og neitað hafði verið að náða hér í Canada, urðu að þola dóm sinn. Einn þeirra, Walter Ross að nafni, sem myrt hafði fél. sinn, var hengdur að North Bay sl. þriðjudag; annar, unglingspiltur, sem Robert Henderson hét, var líflátinn í dag (fimtudag), að Petersborough, og sá þriðji, Ítali, Pasquale Veritcini að nafni, á að hengjast í Toronto 30. júní næstkomandi. Þess utan á að hengja tvo morðingja í næsta mánuði, svo ekki virðist afturför á aftökum í Canada.

— Stórslys hafa orðið af vatnavöxtum víða á Þýzkalandi; árnar hafa flóð yfir bakka sína o- sópað í burtu öllu, er fyrir var, brúm, húsum, fénaði og mönnum. Mestan skaða er talið að áin Ahr hafi valdið; hefir hún gersópað Ahrdalinn hátt upp í hlíðar, og að eins ein brú stóð óhögguð. Talið er, að 200 manns hafi farist og skaðinn nemi miliónum marka. — Það eru geysiringingar undanfarna daga, sem orsaka vatnagangs þennan.

— Í Hackettstown, N. J., andaðist 12. júní sl. maður að nafni Alfonso Wire. Hann var stórmerki legur fyrir þá sök, að hann hafði varla sofnað blund í 20 ár. Fyrir 20 árum var hann lostinn af elðingu, sem í byrstu svifti hann máli og heyrn, en það batnaði hvorttveggja, en taugakerfi hans þar á móti hafði alt af göflum gengið, og meðal annars gat hann ómögulega sofnað, hvernig sem hann reyndi. Þegar hann gekk til rekkju hvíldi hann að eins líkama sinn, en vissi alt af af sér, því blund gat hann ekki fest. Merkilegast var samt, að heilsa hans var góð, þrátt fyrir svefnleysið, og í 18 ár vár hann í lögregluliði bæjarins. Síðustu orðin, sem hann mælti, voru: "Guði sé lof, ég er að sofna"; og hann sofnaði og vaknaði aldrei aftur.

— Elzta kona í Canada, Mrs. Alex Ross, andaðist að Cornwall 15. júní sl. Hún varð 104 ára.

— Bærinn Irvine í Alberta gereyddist að mestu af eldi 16. júní sl. Eldurinn hafði upptök sín í hesthúsi og brunnu þar 42 hross til dauðs.

— Seytján ára gömul stúlka, sem segist vera frá Canada, hefir fundist í drengjahæli í Sidney í Ástralíu, íklædd drengjafötum. — Hún kvaðst hafa hlaupið á burt frá efnuðum foreldrum í Canada, til að leita að æfintýrum. Hún hafði unnið fyrir sér sem drengur alla leiðina og komist vel áfram, þar til hún var send til drengjahælisins, og varð þá uppvís að vera stúlka.

— Gústaf 5. Svíakonungur varð 52. ára 16. júní sl. Þá var mikið um dýrðir í Stokkhólmi.

— Leitogi Conservativa, Mr. R. L. Borden, hefir hafið fyrirlestraferð sína um Ontario-fylki. Í fyrirlestri, sem hann hélt að Long Branch fyrir skömmu, tók hann flotamálalög Laurierstjórnarinnar til bæna, sýndi fram á, að þau mundu verða bölvunarbiti Canada. Sá hérfloti, er mynda ætti, yrði áhrifalaus með öllu, en gæti leitt hættu yfir ríkið, ef ófrið bæri að höndum; því hann mundi reynast gagnslaus, ef slíkt bæri undir, og þá hefði betra verið, að hafa alls ekki neinn flota, en flota, er verri væri en ekkert, en sem þó kostaði ríkið yfir sextíu millónir dollara á tíu ára tímabili. Allri þessari fúlgu væri því á glæ kastað, og einnig væri hún mun meirl en almenningi hefði verið talið trú um.

— Ríkisstjórinn í Californiu hefir bannað hnefaleik þeirra Jeffries og Johnsons, sem átti að fara fram í San Francisco þann 4. júlí. Sömuleiðis lagt bann fyrir hnefaleik þeirra Langfords og Kaufman, er halda átti í sömu borg sl. laugardag. Ástæðan fyrir þessu tiltæki ríkisstjórans er talin sú, að fyrir skömmu sló einn hnefaleikari annan til dauða í San Francisco, og vill hann því ekki hafa meira af þess konar skemtunum fyrir fólkið, þó það sækist eftir þeim með ákefð. Þetta bann hefir vakið gremju mikla meðal almennings, en fullvíst er talið, að Jeffries og Johnson gefist ekki upp fyrir þetta og hnefaleikur þeirra fari fram engu að síður, þó í annari borg.

— Þingkosningar fóru fram á Ungverjalandi í síðustu viku, og varð stjórnarflokkurinn í meiri hluta. En sem dæmi þess, hvaðu ákafi hafi verið í mönnum við kosningarnar má benda á, að 10 voru drepnir og 50—60 særðir meira og minna í kosningahríðinni, auk fjölda, sem hnept var í fangelsi fyrir önnur spell.

— Eftir að hafa verið lifandi grafin í neðanjarðar fangaklefa í hinni illræmdu rússnesku dýflissu Schlusselburg, hefir kvenlæknir einn, Vera Figner að nafni, verið laus látin. Árið 1889 var hún dæmd fyrir stjórnmálaæsingar, — það var einn af hennar eigin félögum, sem sveik hana - hendur lögreglunni og fékk 5000 dollara þókn un fyrir. Pólitiskir fangar í Schlusselburg eiga ekki sjö dagana sæla þar; klefarnir eru þröngir og rakir og kaldir, fæðan ónóg og grimd og harðýðgi beitt við fangana daglega, enda lifa fæstir þeirra nema fáa mánuði eða verða brjáláðir og leysast á þann hátt frá eymd og kvölum.

Vera Figner segir svo frá: Við vorum færð til dýflissunnar á gufubát. Klæðnaður okkar var grói strigaföt, og hlekkjuð vorum við á höndum og fótum. Þegar kom inn fyrir fangelsismúrana vorum við aðskilin og sérhver færður til stein klefa, sem líktist mjög grafhvelfingu; gluggi einn var á klefanum, en sáralitill og ógagnsær, svo sólarljós eða stjörnuskin náði aldrei inn til okkar, og við fundum það fullvel, að þegar inn í klefann var komið, var um leið alt líf útilokað, og við svo að segja lifandi grafin. Ættingjar eða vinir fá engar fréttir, og hafa enga hugmynd um, hvort fanginn er lifs eða liðinn. — Þau 20 ár, sem ég sat í dýflissunni sá ég enga lifandi hræðu nema fangaverðina, en eftir 12 ára fangavist, var mér leyft að skrifa 2 bréf á ári, sem auðvitað voru lesin og ekki send, nema fangavörðunum findist þau ósaknæm. — Engar bækur fengum við að lesa, nema bibliuna og nokkurar aðrar guðsorðabækur. — Maturinn var illur og ónógur, oftast súpuseyði, vatnsgrautur og svarta brauð, og þess utan urðum við að fasta 2 daga í viku samkvæmt fyr irmælum kirkjunnar. Engin hátgreiða var leyfð nema einu sinni a viku. Hið eina, sem við höfðum til dægrastyttingar, var að ganga fram og aftur fangaklefann, hugsandi um horfnar stundir. Ef við urðum veik af matarskorti og illri aðbúð, fengum við ekki að liggja í rúminu; í býti á morgnana var rúmið fest við vegginn með járnhespum, og þar sem rúmið var það eina er í klefanum var, urðum við að leggjast á kalt gólfið, og leita hvildar á þann hátt. — Rúmfataskifti einu sinni á tveim mánuðum; annars var ekki annað af rúmfötum en ein hörð stráundirdýna og tvær grófar ullarrekkjuvoðir og hörteppi. — Til þess að forðast brjálemi, höfðu fangarnir tekið upp táknamál sér til afþreyingar; var það í því fólgið, að berja á veggina, og táknaði hvert högg vissan staf eða orð. En þegar fangaverðirnir komust að þessu ruddust þeir inn á fangana að næturþeli og lömdu þá með svipum og létu sumir lifið af þeim völdum. — Önnur algeng reising var að láta fangana í svarthokið. Það var gluggalaus steinklefi, og sátu fangarnir þar svo vikum skifti og fengu ekki annað að borða en fúið svartabrauð og vatn, og þess utan var ekkert rúm í klefanum, og urðum við því að sofa á beru gólfinu. Húðstrokur og aðrar pyntingar voru daglegir viðburðir, urðu margir brjáláðir af slíkri meðferð, og oft gátum við ekki sofnað fyrir kvalaópum deyjandi manna, eftir slíkar "ráðningar". Kvenfólk var flett klæðum og lamið af fangavörðunum, sem allir voru karlmenn, og réðu sumar af stúlkunum sér bana — gátu ekki borið slíka svívirðingu. — Tvisvar var ég húðstrýkt, kefli var sett í munn mér, fötin rifin utan af mér og ég bundin við hýðingarstaurinn, og 50 svipuhögg fláðu skinnið af baki mér. Eftir húðstrokuna var saltvatni helt yfir mig og jók það kvalirnar að mun; ég lá milli heims og helju í tvær vikur, eftir fyrri húðstrokuna, — hin síðari var vægari, að eins 25 svipuhögg. — — —

Vera Figner fór í fangelsið í blóma lífsins, 25 ára gömul. Þegar henni var slept, var hún 46 ára gömul, en leit út sem 75 ára gamalt niðurbeygt skar.

Íslands fréttir.

Kristján Ó. Þorgrímsson, konsúll í Reykjavík, gifti sig 23. maí sl. ekkjuírú Magneu Jóhannesson.

Ellefsen kom laust fyrir miðjan maí til landsins á nýjum hvalabát, sem hann hefir látið smíða til viðbótar við flota sinn. Báturinn heit ir Snorri.

Sýsluneind Árnesinga ákvað í fyrra, að safna skyldi skýrslum um það í hverjum hreppi sýslunnar, hversu margt fé vantaði af fjalli um haustið. Skýrslur þessar voru lagðar fyrir síðasta sýslufund, og kom þá fram, að úr sýslunni hafði vantað samtals nær 1400 fjár, og er það ekki smálitið. — Fróðlegt væri, að safna skýrslum um heimtur manna af öllu landinu.

Á Þorbrandsstöðum í Vopnafirði varð það slys 17. maí, að 3 börn bóndans þar, Þórðar Þórðarsonar (Einarssonar, Hjörleifssonar) bróður séra Einars heitins á Desjamýri, druknuðu í krap-blá skamt frá bænum. Börnin voru öll á líku reki, hið elzta tíu eða ellefu ára.

Einn sunnudag í maí kom upp eldur í vélabát einum á Reykjavíkurhöfn. Bátsmenn fengu ekki slökt eldinn og læstist hann í innviðuna. Varð þeim það fyrir, að hleypa upp að bryggju og komust við það á land. Þröngdist þá að múgur og margmenni og hafði mjög orð á því, að ráðlegast væri að sökkva bátnum, en hafðist þó ekki að. Loks réðst til einn fullhugi, þreif bjarg mikið og eindengdi niður í fleytuna, og hugðist mundu brjóta gat á botninn, en vann ekki á. Komu þá fáeinir frakkneskir hermenn og varð þeim hægt fyrir, að slökkva eldinn með sjó. — Báturinn var allur skemdur mjög, en þó ekki ónýtur. Eigandi hans Chouillou kolakaupmaður.

Fullyrt er, að fiskiskipið Gyða frá Bíldudal hafi farist í vor, því að ekki hefir til þess spurst síðan 22. aprílmánaðar. Skipverjar voru 10 og allir úr Bíldudal og þar úr grend. Skipið var eign "Miliónafélagsins".

Einn formaður í Sandgerði fékk um tveggja mánaða tíma á vetrarvertíðinni afla, sem var 700 kr. virði í hlut. Býður nokkur betur?

Hafíshroði hefir sést á utanverðum Húnaflóa fyrir skömmu, og er það lítil nýlunda.

Fréttabréf.

SELKIRK, MAN.
13. júní 1910.

Lítið af stórtíðindum að segja frá Selkirk. Framfarir allar hægfara, þó er langt komið að byggja saurrennur og leiða vatn um bæinn. Svo er verið að byggja gangstraðir úr cement og sandi í helzta hluta bæjarins.

Síðan snemma í apríl hefir verið hér næg atvinna og hærra kaup borgað en nokkru sinni áður.

Fiskiveiðarnar á Winnipegvatni byrjuðu fyrsta þessa mánaðar, og hafa gengið sérstaklega vel; veiðin miklu meiri en verið hefir mörg undanfarin ár, svo það er gott útlit fyrir, að fiskimenn hafi drjúga peninga eftir vertíðina.

Tvö gufuskip flytja fiskinn norðan af vatni til Selkirk.

"City of Selkirk", kafteinn Joe Sigurður, kom norðan af vatni í morgun, hlaðin af fiski, og með 25 farþega. Það er vanalega margt fólk með því skipi á sumrin skemti ferð norður á vatnsenda. Það er víða sérstaklega fallegt norður um Winnipegvatn, og það er naumast hægt að fara eins langa og góða skemtiferð fyrir jafn litla peninga — að eins $10.50; fæði eins gott eins og á vönduðu hóteli og allur aðbúnaður sá bezti. Mig furðar á, kvað fátt af Íslendingum fer svo leiðis lagaðar skemtiferðir.

S. Stefánsson.

OGILVIE'S

Royal Household Flour

Til Brauð og Köku Gerðar

Gefur Ævinlega Fullnæging

EINA MYLLAN Í WINNIPEG,—LÁTIÐ HEIMAIÐNAÐ SITJA FYRIR VIÐSKIFTUM YÐAR.

FRAMSYNI

TAKNAR FORSJÁLA UMHYGGJU FYRIR KOMANDI TÍMUM

Er það framsýni að eyða peningum sínum í fínýtar rjómaskilvindur, vegna þess þær eru lítið eitt ódýrari? Þær geta aðskilið um stund, en ganga brátt svo úr sér, að eftir eitt eða tvö ár eru þær aðeins hæfar fyrir sorphauginn. Framsýni er það að velja hina stórkbygðu MAGNET skilvindu, tilbúin af skilvindu sérfræðingunum

The Petrie Manufacturing Co., Ltd., Hamilton

Hafa þeir bætt öllum sínum hæfileikum til að gera rjómaskilvindu þessa sem fullkomnasta, fremri öllum öðrum skilvindum. Takið ekki okkar orð fyrir því, en berið hana saman við hverja aðra skilvindu sem vera vill, og munuð þér finna hvern einasta part af MAGNET sterkari og betur hæfan til starfa svo árum skifti en nokkur hluti af öðrum skilvindum.

Hér eru sannanirnar

1. "Square gear" bygging.
2. Hin sterka og vandaða umgerð.
3. Skálin studd á tvo vegu.
4. Einstykkis fleytir, sem tekur á burtu allan óhroða og skilur eftir hreinau rjóma.
5. Fullkominn fleytir, auglýst mál
6. Auðvelt að snúa. Börn aðskilja.
7. Sekift á rúmtaki í sömu umgerð fyrir fás dollara ankreitis.
8. Auðvelt að hreinsa á minna en 5 mínútum.
9. Fullkomin hamla, styttir tímann (Magnet einkaleyfi).
10. Sruge. Allir hlutir huldir.
11. Aðskilur hvort heldur á jörðu eða gólfi.

Við ábyrgjumst sérhvern hluta. Sendið eftir verðlistum.

ÓKEYPIS TIL HANDA HVERJUM MJÓLKURBÓNDA

E. deildin, undir stjórn sérfræðings, svarar öllum spurningum um meðferð mjólkur. Okka. If ára reynsla sem mjólkurbúa sérfræðinga, stendur til boða. Við getum og viljum hjálpa ykkur. Skrifið til

THE PETRIE MFG. CO., LIMITED

WINNIPEG MAN.

ÚTIBÚ: Calgary, Alta., St. John, N. B., Montreal, Que., Vancouver, B.C., Regina, Sask., Victoria, B.C., Hamilton, Ont.

Wall Plaster

"EMPIRE" VEGGJA PLASTUR kostar ef til vill ögn meira en hinar verri tegundir, —en berið saman afleiðingarnar.

Vér búum til:

"Empire" Wood Fibre Plaster
"Empire" Cement Wall "
"Empire" Finish "
"Gold Dust" Finish "
"Gilt Edge" Plaster of Paris
og allar Gypsum vöruutegundir. —

Eigum vér að senda yður bækling vorn?

BÚIÐ TIL EINUNGIS HJÁ

MANITOBA GYPSUM CO. LTD

SKRIFSTOFUR OG MILLUR Í

Winnipeg, - Man.

Heimskringla

Published every Thursday by The Heimskringla News & Publishing Co. Ltd

Verð blaðsins í Canada og Bandar $2.00 um árið (fyrir fram borgað). Sent til Íslands $2.40 (fyrir fram borgað af kaupendum blaðsins hér $1.50.)

B. L. BALDWINSON
Editor & Manager

Office:
729 Sherbrooke Street, Winnipeg
P.O. BOX 3083. Talsími 3512.

Fylkis-kosningar.

Manitoba stjórn hefir tilkynt, að fylkiskosningarnar fari fram mánudaginn 11. júlí næstkomandi.

Þann dag leggur Roblin-stjórnin reikningsskap sinnar ráðsmensku fyrir kjósendur fylkisins, og á þeim degi svara kjósendurnir, hvernig þeim hefir fallið ráðsmenskan, og undir því svari er framtíð fylkisins að miklu leyti komin. En engum mun blandast hugur um, hvernig svarið verður, — Roblin-stjórnin hefir gert svo margt og mikið fyrir fylkið, ráðsmenska hennar verið fylkinu til stórhagnaðar, og framfarir svo geysimiklar, að engin fylkisstjórn í Canada hefir gert betur.

Og kosningarnar ættu að sýna, að almenningur kann að meta þetta, og ekki að eins að halda henni við völd, heldur auka atkvæðamagn hennar að mun. Því meira traust, þess ótrauðari framganga.

Kjósendur! Látið ekki blekkjast af glæsilegum fortölum eða óróstuddum og ósönnum aðdróttunum andstæðinganna. Látið stjórnast af yðar eigin skynsemi, yðar eigin sannfæringu. Þá munuð þér sjá æ betur og betur, hversu gagnleg, starfsöm og ómissandi Roblin stjórnin er Manitoba.

Útnefningardagur þingmannaefna er mánudaginn 4. júlí, en kosningadagurinn mánudaginn 11. júlí.

Gleymið því ekki.

Fjármál fylkisins.

Tobias C. Norris segir óreiðu mikla á öllum fjármálum Roblin-stjórnarinnar. Þau ummæli voru gerð að sérstöku trúaratriði "liberala" í Manitoba, og stagast hann síðan á þeim dag eftir dag og viku eftir viku, í þeirri einfeldningsvon, að ef til vill kunni einhver að trúa, ef sama sagan er sögð nógu oft. Og eins og skilningslausir páfagaukar hafa allir "meðhjálparar" hans þá sögu eftir honum, eins og auðvitað er. Til þess er þetta atriði komið í "játningarrit" þeirra hið nýja.

En það vill nú svo vel til, Norris og meðhjálpurum hans til mestu gremju og ósegjanlegra vandræða, að til eru skýrslur og reikningar, sem ná yfir fleiri ár en þau, sem Roblin-stjórnin hefir setið að völdum. Það er til óskert safn af öllum slíkum gögnum frá stjórnarárum Greenways, og það er fróðlegt, að líta á þá reikninga og þær skýrslur.

Það gerir engan mun, hvar flett er upp á þeim skruddum, — útkoman verður alt af og æfinlega hin sama, hreinasta skaðræði fyrir þá menn, sem nú hafa valið Tobias Norris fyrir forustu-sauð. "Liberal" stjórn er auðvitað þeirra fyrirmynd, — annaðtveggja Greenway-stjórnin, sællar minningar(!), eða Laurier-stjórnin í Ottawa. Hjá báðum þessum stjórnvoru fjármálin, og eru enn hjá Laurier-stjórninni, í því ástandi, að hæpið er að segja, hver verri er. Þess vegna er Norris og hans fylgjendum meinilla við allan samanburð. Sé hann gerður, æpa þeir hátt og segja slíkt "gamla sögu", sem komi nútíðarmálum ekkert við. En af því SAMANBURÐUR er bókstaflega eini vegurinn, sem enn er fundinn til þess að sýna MUN á einu og öðru, — er "skilningsríð góðs og ills", í þessu efni, þá verða nú þessir herrar að sætta sig við samanburð, þegar frólegt þykir, að líta samtímis á gerðir fyrverandi "liberal"-stjórnar og núverandi Conservative-stjórnar.

Þegar þeir Norris segja fjármálastjórn Manitoba óhagkvæma og illa, fara þeir annaðtveggja með vísvitandi ósannindi, eða þá skortir greind til að gera greinarmun á góðu og illu, réttu og röngu. Hvort heldur sem er, þá er þar órækur vottur þess, að þeir eru á engan hátt vaxnir þeirri stöðu, sem þeir biðja kjósendur fylkisins að vejta sér.

Það sýnist máske mikið sagt, en það er bláber sannleikur og ekkert annað, að síðan Manitoba-fylki fyrst fékk lagalega tilveru, hefir fjármálastjórn fylkisins aldrei verið betri en síðan Roblin-stjórnin tók við, og fjárhagur þess aldrei blómlegri en hann er einmitt nú. Það er óþarft, enda ekki tími til, að fara langt eða ítarlega út í þessi fjármál. En rétt af handahófi gripum vér nokkur atriði þessu til sönnunar, og setjum þau hér, þeim til sýnis, sem ekki hafa fylkisreikningana við hendi.

Á 12 ára tíma tókst Greenway-stjórninni að eyða sem næst MILJÓN dollara ($997,837.79) umfram allar tekjur stjórnarinnar á sama tíma. Alment er það álitinn lélegur búskapur, að eyða meiru á ári hverju en tekjur eru til að mæta. En hrósvert þótti "Liberölum" það hjá Greenway, og hrósverð þykir þeim sú stjórnaraðferð hjá Laurier ekki síður.

Á 10 ára tíma hefir Roblin-stjórnin mætt öllum gjöldum jafnótt og á féllu, og AD AUKI DREGID SAMAN MEIRA EN ÞRJÁR MILJÓNIR DOLLARS (3,007,105.77). Alment er það talinn myndarlegur búskapur, að mæta öllum skuldum skilvíslega og eiga svo töluverðan afgang í árslok.

Af þessum 3. miljóna tekjuafgangi hefir hálfri annari miljón verið varið til að koma upp opinberum byggingum. Vitanlega eru byggingarnar sjálfar þverrandi eign, en vandaðar eru þær og traustar, — það viðurkenna jafnvel ofstækismenn í flokki "liberala". En LANDIÐ, sem þær standa á aftur á móti er VAXANDI eign. Það eru engar ölgar að segja land þetta að meðaltali helmingi verðmeira nú en þegar stjórnin keypti það. Og sá vöxtur heldur áfram, en þverrar ekki.

Hinn helmingurinn, þessara þriggja miljóna, er í sjóði á banka, gegn vöxtum. Og það er gagn, að sá sjóður er til. Núna í júlí næstkomandi falla í gjalddaga gömul skuldabréf fylkisins, og þegar þar að kemur þarf að gera annaðtveggja :— borga upp skuldina og innleysa skuldabréfin, eða gafa út önnur ný. Það er "liberal"-regla í Ottawa, að innleysa skuldabréf þannig — með öðrum nýjum. En Roblin-stjórnin ætlar nú ekki að fylgja þeirri reglu. Hún ætlar að borga þessar gömlu skuldir með þeim peningum, sem nú eru í sjóði og með því létta skuldabyrði fylkisins um meir en miljón dollars ($1,155,833.32).

Þegar Norris og hans nótar berja fram, að þetta og annað eins sé vottur um ijlla fjármálastjórn, þá gera þeir æði lítið úr viti og þekkingu kjósendanna.

* * *

Greenway-stjórninni kom ekki til hugar, að leggja skatt á járnbrautarfélög. Hún var of "liberal" til þess. Í þess stað gaf hún þeim í peningum meir en miljón dollars ($1,092,094.22). Það var matur fyrir járnbrautarfélögin, að vera undanþegin skatti og fá þetta í þokkabót.

Hér, sem annarsstaðar, snerí Roblin-stjórnin við blaðinu. C.N.R. fél. fékk ekki eyri í peningum hjá henni, heldur loforð um, að borga vöxtu af höfuðstólnum, ef tekjur félagsins ekki hrykkju. Til þess að fá þetta loforð, — sem aldrei kostar fylkið einn eyri, varð það að lækka flutningsgjald alt, og skuldbinda sig að borga skatt framvegis, — 2 prósent af tekjum sinum í Manitoba. Þessi skattur fer sívaxandi, var fyrsta árið ein $16,000.00, en í fyrra $139,112.20. Á 10 árunum er þessi skattur samtals 693,583 dollars.

Hver þessi regla er happasælli fyrir fylkið?

Ekki kom Greenway-stjórninni til hugar, að þjaka banka-félögum, lánveitingafélögum, o.s.frv. með því að skatta þau á einn eða annan veg. Þau ráku starf sitt eins kappsamlega í fylkinu þá, eins og nú, en borguðu ekkert í fylkissjóð.

Roblin-stjórnin knúði þessar stofnanir til að láta ögn af mörkum. Skattgjald þeirra á 10 árum er samtals meir en hálf miljón dollars ($557,011.97).

Á 10 árunum hafa þannig járnbrautafélög, bankar, o.s.frv. greitt fylkinu skatt svo nemur rúmlega 1¼ miljón dollars ($1,250,595.79). Er það vottur um illa fjármálastjórn?

* * *

Þannig mætti halda áfram að sýna muninn, í það endalausa, en það er tilgangslaust. Útkoman er alt af eins. En rétt til sýnis látum vér hér koma lítið sýnishorn af meðferð fjármálanna í einni tekjusnauðri stjórnardeild, — stjórnardeild fylkisritarans:

Á 12 árum Greenway-stjórnarinnar voru tekjur allar í þeirri deild samtals $ 22,222.75

Á sömu 12 árunum voru gjöld öll í þeirri stjórnardeild samtals 73,684.36

TAP á 12 árum þá tals 51,461.61

Á 10 árum Roblin-stjórnarinnar voru tekjur allar í sömu stjórnardeild samtals $152,472.30

Á sömu 10 árunum voru gjöld öll í sömu stjórnardeild samtals 78,448.55

GRÓÐI á 10 árum þá samtals $74,023.75

Í þessari stjórnardeild borgaði Greenway-stjórnin þannig ÞRJÁ DOLLARA fyrir hvern EINN dollar.

Í sömu stjórnardeildinni borgar Roblin-stjórnin FIMTÍU CENTS fyrir hvern EINN DOLLAR.

Hvor þessi regla er happadrýgri fyrir fylkið?

Herrarnir tveir og Norris.

Það er ísmeygilegt sjötta boðorðið, eða loforðið, í "liberal" játningarritinu nýja (frá 5. apríl 1910). Það hljóðar svo: "Opinbert land skal selja við uppboð, nema selt sé nýbyggjum, og þá með áþúðarskilmálum".

Þetta lítur ósköp vel út á prenti. Sakleysið og dánumenskan smitar út úr hverri holu á hugsuninni, sem framleiddi þetta mikilvæga verk. Og auðvitað vona þeir "liberölu", að þetta gangi í augun á kjósendum. "Það hljóta að vera góðir menn og ráðvandir, sem þannig hugsa". Þannig hugsa þeir álit kjósenda, eftir að hafa lesið þetta boðorð, eða heyrt það lesið.

Það er þess vegna ekkí úr vegi, að athuga breytni þessara manna í sambandi við einmitt samskonar mál. "Af ávöxtunum skuluð þér þekkja þá". Af framkomu þeirra í landsölumálum verða menn að dæma um ágæti þeirra og ráðvendni. Breytni þeirra sjálfra sýnir ljósast, hvort vonlegt er, eða vonlegt ekki, að hugur fylgi máli.

En til að byrja með er vert að benda á það, að þessi uppboðshugmynd er ekki neitt nýmæli. Roblin-stjórnin reyndi þá aðferð rækilega sumarið 1906. Það ár lét hún auglýsa fláka af votlendi fyrir austan Winnipeg í 5 heimahlöðum, 3 blöðum í Austur-Canada (Toronto og Montreal), og í 3 blöðum í Bandaríkjum (í Minneapolis, St. Paul og Chicago). Þessi auglýsing birtist í mánuð í þessum 11 blöðum, frá 13. júní til 14. júli, og árangurinn varð sá, að e i t t (segi og skrifa eitt — 1) tilboð kom fram. Í þessu e i n a tilboði bauð kaupandinn 56 cents fyrir ekruna. Það segir sig sjálft, að stjórnin þág ekki þetta rausnarboð. En síðan hefir hún smátt og smátt selt töluverðan hluta af þessu sama landi fyrir ÞRJÁ dollars og ÞRJÁ OG HÁLFAN dollars ekruna, þ. e. SEXFALT MEIRA, en boðið var í sömu blettina.

Eitt af þrætumálunum milli fylkisstjórnar og sambandsstjórnar ris út af "skólalandinu" svokallaða, þ. e. landi, sem sambandsstjórn veitti fylkinu, árið 1872, sem stofnfé í framtíðinni fyrir mentastofnanir, en með þeim skilyrðum, að sambandsstjórn meðhöndlaði þessa landeign og andvirði hennar, eftir að seld væri. Fylkisstjórnin hefir frá upphafi (Norquay-stjórnin Greenway-stjórnin, Roblin-stjórnin — ein eftir aðra) háð stríð við sambandsstjórn út af þessum ákvæðum. Vill, eins og eðlilegt er, fá alger umráð yfir þessu landi og hafa sjálf allan veg og vanda af meðferð eignanna. En til þessa dags gengur ekkert né rekur.

Reikningur yfir þessar eignir stóð sem hér segir 31. marz 1908:

Sjóður í vörzlum sambandsstjórnar	$ 2,185,211.69
Útistandandi hjá Kaupendum skólalands	2,753,600.47
Skólaland óselt þá 1,879,674 ekrur. Með lægsta hugsanlegu meðalverði, á $8.00 ekran, gerir þetta óselda land samtals	14,317,392.00
Þessi eign fylkisins í höndum sambandsstjórnar, og sem hún neitar að afhenda, er eftir lægsta mati, samtals	$19,256,204.16

Þessi landeign er á víð og dreif um alt fylkið, þannig, að tvær ferhyrningsmílur á hverjum 36 ferhyrningsmílna reiti eru skólaland. Hér er því ekki um neitt útkjálkaland að ræða, heldur víðast hvar ágætisland í þéttbygðum héruðum, með ökrum og engi umhverfis á allar hliðar. Land þetta á ekki að selja fyrr en bólar á landeklu í grendinni, og í þeim tilgangi, að þeir, sem vilja eignast það, keppi hver við annan, er það ávalt selt á uppboðsþingi, sem rækilega hefir verið auglýst áður.

Ef uppboðshaldarinn er ærukær maður og velviljaður fylkinu, sem á að fá peningana, þá er ekki annað sýnna, en að hver einasta ekra ætti að seljast gegn hæsta gangverði og jafnvel meir. Uppboðshaldarinn þiggur líka svo ríflegt laun fyrir starf sitt, að sem trúverðugum manni ætti honum að vera mjög ant um, að levsa verk sitt sem allra bezt af hendi. Undir því er kominn framtíðarhagur allra skóla í Manitoba.

Einn þessi uppboðshaldari er Tobias Crawford Norris, fylkisþingmaður fyrir Lansdowne kjördæmi og leiðtogi "liberala" í Manitoba. Þessu sambandsstjórnarstarfi hefir hann gegnt í mörg ár og dregið margar þúsundir dollara fyrir. Það er jafnan talið erfitt, að þjóna tveimur herrum í senn, en Tobias hefir gert það nú lengi. Kjósendur í Lansdowne eru herrar hans og fyrir þá þjónustu, er hann veitir þeim, er honum launað með þúsund dollars á ári. Nú er það almennur vilji fylkisbúa að fylkisstjórnin fái full umráð bæði skólasjóðs og skólalands. Sem fulltrúi Lansdowne-búa er Norris bæði siðferðislega og lagalega skyldugur að vinna að hag fylkisins og láta að vilja kjósendanna. Sjálfsagt svarar hann þar góðu til, enda bundinn til þess með þingeiðnum. Spurningin er, Efnir hann loforð sín, uppiyllir hann eiða sína?

Sem sagt, er hann jafníramt þjónustumaður Laurier-stjórnarinnar, og frá Ottawa fær hann miklu meiri laun en frá Manitoba. "Þar sem er yðar fjársjóður, þar eru yðar hjörtu" nær máske ekki til hans, en ólíklegt þó, að hann meti þann herrann minna, sem borgar honum meira. En hvað sem því líður, þá er v i l j i Laurier-stjórnarinnar þver-öfugur við vilja og þörf Manitoba. Manitoba heimtar, að fá full umráð yfir þessari skólaeign. Laurier-stjórnin þverneitar því, og það enda þó eindregin flokksblöð hennar, eins og t. d. "Globe" mæli með því, og telji kröfu Manitoba-manna rétta og sanngjarna.

Hvorn herrann metur nú Norris meira? Hann segir fátt um það, én eitt er þó víst, að í "játningaritinu" nýja er ekki með einu orði minst á skóla-landið. Greenway-stjórnin hafði þó gert sömu kröfurnar og Roblin stjórnin gerir nú, og þess vegna hefði þá ekki verið víkið frá "liberal" reglu — í Manitoba, þó víkið hefði verið á svo þýðingarmikið þrætumál. Það er þess vegna afsakandi, þó getið sé til, að afreksverk þeirra Norris og Waltons — George H. Walton, fylkisþingmaður fyrir Emerson — í uppboðshaldarastöðunni hafi verið orsök í þögn þessari.

Sem sýnishorn af breytni þessara "liberölu" herra má benda á það, að árið 1900 seldu þeir "heilmikið" af skólalandi við uppboð. Og því til sönnunar, að báðir séu þeir röskir uppboðshaldarar, má geta þess líka, að í Emerson voru boðnar upp 82 bújarðir á 2 kl.-stundum.

Að Oak Lake 91 bújörð á 2 kl.-stundum.

Að Boissevain 96 bújarðir á 2 kl.stundum.

Að Baldur 133 bújarðir á tæpum 3 kl.stundum.

Að Melita 199 bújarðir á 2 kl.-stundum.

Að Crystal City 128 bújarðir á 2 kl.stundum.

Í Winnipeg 266 bújarðir á tveimur kl.stundum.

Uppboðshaldarar í Winnipeg geta varla selt svo margar eplatunnur á sama tíma, og bera þeir þó ótt á.

Hvernig sem því vék við, þá gaus upp sá kvittur nokkru síðar, að svo illa hefði verið farið með opinbera eign, að Laurier-stjórnin neyddist til að skipa rannsóknarrétt. Skýrsla dómarans hefir líklega þótt hvimleið, því Laurier-stjórnin hefir ekki enn séð ástæðu til að birta hana á prenti, eins og aðrar stjórnarskýrslur.

Það var sannað fyrir þessum rannsóknarrétti, að margir þeirra, er á uppboðinu keyptu, hættu við kaupin strax þegar uppboðshaldari hafði slegið þeim eignina. Var því sama land boðið upp í annað sinn, og FÓR ÞÁ UNDANTEKNINGARLAUST fyrir miklu lægra verð, eins og síðartöld dæmi sýna:

Að Oak Lake var land selt á fyrra uppboðinu á $8.00 ekran, en á seinna uppboðinu á $5.00.

Að Miami keypti James Kirby land á $14.50 ekruna, — á seinna uppboðinu hrepti tengdabróðir hans það fyrir $8.00 ekruna.

Að Souris keypti Richard Leeson land á fyrra uppboðinu fyrir $15.00 ekruna, — á seinna uppboðinu fékk R. E. Hopkins það fyrir $8.50 ekruna.

Að Souris keyptu Albert Colter og John F. Underhill sitt landið hvor, annar fyrir $14.25, en hinn fyrir $14.75 ekruna. Á seinna uppboðinu keypti H. A. Cowan bæði löndin fyrir $10.00 ekruna.

Edmund W. White keypti land á $20.00 ekruna, sá sig svo um hönd og hætti við kaupin. Eftir að hafa fengið sér hressingu, sá hann sig um hönd aftur og keypti svo sama landið á seinna uppboðinu fyrir $18.00 ekruna. Þar hafði hann $320.00 upp úr því, að sjá sig um hönd.

Þessi ofanneíndu fimm dæmi sýna, að þar beið fylkið skaða, er nemur rúmlega $4,000.00. Ef ekki með tilhjálp, þá samt með vitund Mr. Norris var þessari upphæð hreint og beint rænt frá mentastofnunum í Manitoba.

Meira og miklu meira er til af sömu tegund, og þó veit enginn um alla klækina nema ef vera skyldu þeir herrar Geo. H. Walton og T. C. Norris.

Mr. Norris hefir oftar en einu sinni unnið þess dýran eið, að efla hag fylkisins af alhuga með trú og dygð. Fyrgreind sýnishorn bera lítillega vott um, hvernig hann efnir loforð sín, þó eiðfest sé.

Þetta er maðurinn, sem "liberalir" nú biðja kjósendurna um að hreykja upp í sæti stjórnarformannsins í Manitoba. Fyr má nú lágt krjúpa en svo sé.

Kirkjuþingið.

Margir voru þeir, sem bjuggust við stórtíðindum á hinu 26. ársþingi hins ev. lút. kirkjufélags, en svo varð ekki. Sjaldan mun jafnatkvæðalítið þing hafa haldið verið og þetta, og ekkert gerðist það á þingi þessu, sem í frásögur sé færandi, nema gesta-heimsóknin: þrír leiðandi aftúrhaldspostular, en merkismenn þó, heimsóttu þingið og héldu ræður. Þeir voru: — Séra Dr. G. H. Gerberding, frá lúterska prestaskólanum í Chicago — séra Dr. H. E. Jacobs, frá Philadelpia (einn af leiðtogum "General Council") og Dr. H. G. Stub, einn af leiðandi mönnum Norsku sýnódunnar.

Þingið var sett föstudaginn 17. júní og slitið í dag (miðvikudag). Mættu þar allir prestar kirkjufélagsins nema séra Pétur Hjálmsson, og þess utan prestlingarnir Carl J. Olson og Haraldur Sigmar, sem báðum var veitt leyfi til þingsetu.

Samkvæmt skýrslu ritarans, sr. Friðriks Hallgrímssonar, voru 39 söfnuðir í kirkjufélaginu. Þar af hafði úrsögn borist frá þremur söfnuðum, nefnilega Pembina-, Foam Lake og þingvalla söfnuðum, en þær úrsagnir voru ekki löglegar taldar, og fulltrúi mætti fyrir Pembina söfnuð, þrátt fyrir bann safnaðarstjórnarinnar.

Einn nýr söfnuður gekk í kirkjufélagið, Lúters söfnuður, klofningurinn úr Gardar söfnuði, er sagði sig úr í fyrra, eins og kunnugt er.

Eftir þessu voru því taldir 40 söfnuðir í kirkjufélaginu, en að eins 44 fulltrúar mættu á þinginu. Fjórtán söfnuðir sendu enga fulltrúa.

Þeir, sem mættu á þinginu, voru:

Frá Fyrsta lút. söfnuði í Winnipeg — Magnús Paulson, Friðjón Friðriksson, dr. B. J. Brandson og J. J. Vopni.

Frá St. Pauls söfnuði—Gunnar B. Björnsson, A. S. Johnson og Vigfús Anderson.

Frá Vesturheims söfnuði—Jón G. Ísfeld.

Frá Lincoln söfnuði—Thorsteinn Stone og Sigtr. Ísfeld.

Frá Vídalíns söfnuði—ÁrniÁrnason og Guðm. Einarsson.

Frá Selkirk söfnuði — Klemens Jónasson, Björn Benson og Björn Byron.

Frá Víðines söfnuði— Thorv. Sveinsson.

Frá Gimli söfnuði—Á. T. Johnson og Jón Pétursson.

Frá Bræðra söfnuði — Jóhann Briem.

Frá Breiðuvíkur söfnuði—Bjarni Marteinsson.

Frá Geysir söfnuði — Thomas Björnsson og dr. P. J. Pálsson.

Frá Árdals söfnuði — Tryggvi Ingjaldsson og P. S. Guðmundsson.

Frá Mikleyjar söfnuði—Helgi Ásbjörnsson.

Frá Frikirkju söfnuði — Björn Walterson og C. B. Johnson.

Frá Frelsis söfnuði—Olgeir Benediktsson og Sigurjón Sigmar.

Frá Immanuel söfnuði — Mrs. Thora Anderson.

Frá Jóhannesar söfnuði—Kristján Abrahamsson.

Frá Swan River söfnuði—J. Á. Vopni.

Frá Lundar söfnuði — Halldór Halldórsson.

Frá Konkordia söfnuði — Árni Árnason og Sveinbjörn Loftsson.

Frá Þingvallanýlendu söfnuði—Gísli Egilsson.

Frá Kristnes söfnuði— P. N. Johnson.

Frá Ágústínusar söfnuði—J. G. Stefánsson.

Frá Fjalla söfnuði — Hermann Björnsson.

Frá Pembina söfnuði—Jón Hannesson (í óleyfi).

Frá Lúters söfnuði—Stefán Eyjólfsson og Joseph Walterson.

Þeir söfnuðir, sem enga fulltrúa sendu, en taldir voru í kirkjufélaginu, eru þessir: Furudals söfnuður, Guðbrands söfnuður, Edmonton söfnuður, Trinitatis söfnuður, Ísafoldar söfnuður, Melankton söfnuður, Péturs söfnuður, Hallson söfnuður, Þingvalla söfnuður, Grafton söfnuður, Foam Lake söfnuður, Brandon söfnuður, Marshall söfnuður og Árnes söfnuður. — Munu flestir þessara safnaða vilja losna úr tengslum við kirkjufélagið, sumir hafa þegar sagt sig úr, sem fyr var getið, þó kirkjufélagið hafi ekki viljað taka þá úrsögn gilda.

Kosning á stjórn fór fram á fyrsta fundardegi, og voru allir hinir gömlu embættismenn endurkosnir, mótstöðulaust, nema féhirðir, herra Elis Thorwaldson, sem ekki vildi hafa frekar við kirkjufélagið að sælda. Í hans stað hlaut kosningu varaféhirðirinn, hr. J. J. Vopni; en sem varaféhirðir var kosinn hr. Friðjón Friðriksson.

Allar líkur eru því til, að sömu stefnu verði haldið áfram óbreyttri eins og að undanförnu.

Þinginu bárust heillaóskir allvíða að. Meðal annars frá biskupi Íslands herra Þórhalli Bjarnasyni, trúboða Sigurb. Á. Gíslasyni og séra Valdimar Briem. Þessum hafði verið boðið á þingið, en sendu heillaóskir í stað þess að þiggja boðið.

Á sunnudaginn var mikið um dýrðir, því sá dagur var skoðaður, sem 25 ára afmælisdagur kirkjufélagsins. Meðal annara stórviðburða hélt séra Jón Bjarnason, D.D., sömu ræðuna og við stofnun félagsins fyrir 25 árum, eftir því sem blaðið Free Press segir.

Síðari hluta þriðjudagsins fóru þingmennirnir skemtiferð niður eftir Rauðá, á gufubát. Kostaði Fyrsti lút. söfnuðurinn þá för.

Um kveldið var trúmálafundur haldinn í Walker leikhúsinu, af mættu þar Lúterstrúar menn af öllum kynkvíslum, sem í Winnipeg eru, til skrafs og ráðagerða.

Í dag (miðvikudag) var þinginu slitið.

Áskorun.

Hér með skora ég á alla þá, er tóku til útsölu póst- og myndasplöld mín sl. vor, en eigi hafa gert enn skil, — annaðhvort alls engin, eða þá ekki nema til hálfs — að gera nú full skil, sem allra bráðast, og endursenda mér (á minn kostnað) það, er óselt kynni að vera. Sumum hefi ég skrifað 2—3 bréf viðvíkjandi þessu, en ekkert svar fengið, svo ég neyðist til, að birta þessa áskorun opinberlega.

Hinum mörgu, er gerðu fulla skilagrein, bæði fljótt og vel, færi ég hér með beztu þakkir.

Chicago, Ills., 11. jún- 1910.

A. J. JOHNSON.
1350-52 W. Erie street.

Heyrirðu ekki vel?

Ef svo er ættir þú að hafa

Wilson's Common Sense Ear Drums

Nýtízkuleg uppgötvun. Hjálpar þér þegar alt annað brestur. Þessar heyrnarpípur eru viðfestanar og sjást ekki þótt notaðar séu. Verð: $6.50 parið. Burðargjald fritt. Sendið pöntunina, express ávísun eða peninga í ábyrgðarbréfi, til

K. K. Albert

P.O. Box 64 WINNIPEG

Getið um Hkr. er þér skrifið

Giftingaleyfisbréf

selur Kr. Ásg. Benediktsson

486 Simcoe st. Winnipeg.

The Evans Gold Cure

229 Balmoral St. Sími Main 797

Varanleg í kuing við drykkjuskap á 72 dögum án nokkurrar tafar frá vinnu eftir fyrsta viku. Algerlega privat. 16 ár í Winnipeg. Upplýsingar í lokuðum umslögum.

Dr. D. R. WILLIAMS, Exam. Phys
J. L. WILLIAMS, Manager

The **Farmer's Trading Co.**

(BLACK & BOLE)

HAFA EINUNGIS BESTU VÖRUTEGUNDIR.

Einu umboðsmenn fyrir:—
"SLATER" Skóna góðu.
"FIT-RITE" Fatnaðinn.
"H. B. K." prjónafélagið.
"HELENA" pils og 'waist', kvenfatnaði.
Bestu matvörutegundir.
"DEERING" akuryrkju verkfæri o. s. frv.

Beztu vörur Lágt verð

Fljót og nákvæm afgreiðsla.

Farmer's Trading Co.,
THE QUALITY STORE
Wynyard, Sask.

JOHN DUFF
PLUMBER, GAS AND STEAM FITTER
Alt verk vel vandað, og verðið rétt
664 Notre Dame Ave. Phone 3815
Winnipeg

ÞAKKARÁVARP.

Hér með leyfi ég mér að þakka öllum þeim hér í Mouse River bygðinni, sem á einn eða annan hátt hafa liðsint mér í einstæðingsskap mínum og veikindum.

Þegar ég varð fyrir því sorgartilfelli, að missa mínn ástkæra ligmann Jóhann Þórðarson fyrir fjórum árum síðan, útí á Íslandi, stóð ég alein uppi og einmana með tvö kornung börn,— þá varð hin góðfræga heiðurskona, Marja Sveinsdóttir Benson, til þess að skrifa mér heim til Íslands og bjóðast til að senda fargjald heim fyrir mig og börn mín, sem að ég þáði með þökkum, og lögðu þær systur saman, Maria og Sigurlaug Sveinsdætur og börn þeirra, og sendu mér heim allmikla peninga upphæð, tóku svo á móti mér, er hingað kom, og hafa þær systur hjálpað mér og liðsint á allan hátt þessi þrjú árin, sem ég hefi dvalið hér í bygðinni, heilsulitil og allslaus. Það er ekki í fyrsta sinni, sem þessi göfuglynda Bensons fam ilia hefir látið gott af sér leiða.

Ennfremur þakka ég innilega hinum veglyndu kvenfélagskonum hér í bygðinni fyrir þá rausnarlegu gjöf, sem þær gáfu mér (20 dollara) síðastliðið vor, er ég var veik og févana og varð að ganga undir uppskurð við innvortis meinsemdum.

Og enn einnig þeim góðkunnu mannvinum, Sveinbirni Þórðarsyni og Gísla Jónssyni, hér í bygðinni, sem gáfu mér 10 dali hvor til þess að greiða legukostnað minn á sjúkrahúsinu.

Og að síðustu þakka ég innilega þeim hjónum Jónasi Goodman og konu hans, fyrir alla þá gestrisni og góðvild, sem þau hafa sýnt mér í þessu sjúkdómstilfelli mínu, og bið ég hinn algóða guð, að launa öllu þessu fólki fyrir mig og mína á þeim tíma, sem hann sér þeim hentugast.

Bantry, 10. júní 1910.

Guðrún Þórðarson

HEILRŒÐI.

Um sár má binda, orð verða fyrirgefin, en sá, sem ljóstar upp leyndarmáli vina sinna, missir alla tiltrú.

* * *

Sá, sem ekki vill baka sér vansæmd, má ekki fremja neitt svívirðilegt.

* * *

Það er eins með lífið og vinið, sá sem vill njóta góðs af því, má ekki ganga of nærri dreggjunum.

* * *

Orðstýr þýtur upp eins og bóla, varir líkt og skuggi og devr í barmi tímans.

* * *

Það gagnar lítið, að hafa augu líkamans opin, ef augu sálarinnar eru lokuð.

* * *

Af annara brestum lera hygnir menn að laga sína eigin.

* * *

Tálgerð spillir öllum kostum sálar og líkama.

* * *

Draumarnir eru úglur, sem hjátrúin hengir á larfa sína.

* * *

Hégómagirni er hjartanu hættulegri en vinið höfðinu.

Bókalisti
N. Ottenson's,—River Park, Winnipeg.

Ljóðmæli Páls Jónssonar í bandi ... ... (3)	0.85
Sama bók (að eins 2 eint.) (3)	0.60
Dionusöngvar (útselt um tíma ... ... (2)	0.30
Jökulrósir	0.15
Dalarósir ... ... (3)	0.20
Kvæði H. Blöndal ... (2)	0.15
Hamlet ... ... (3)	0.45
Ljóðmæli Jóns Árnasonar á Viðimýri, 1879 ... ... (4)	0.60
Tíðindi Prestafélagsins í hinu forna Hólastifti ... (2)	0.15
Áttungurinn ... ... (2)	0.45
Grant skipstjóri ... ... (2)	0.40
Leynisambandið ... ... (2)	0.35
Börn óveðursins ... ... (3)	0.55
Umhverfis jörðina á áttatíu dögum ... ... (3)	0.60
Valdimar múnkur ... ... (3)	0.55
Kynlegur þjófur ... ... (3)	0.40
Blindi maðurinn ... ... (3)	0.15
Fjórblaðaði smárinn ... (3)	0.10
Kapitola (í II. bindum) (3)	1.25
Afengi og áhrif þess, í b.	0.10
Eggert Ólafsson (B.J.) ...	0.15
Gönguhrólfs rímur (B.G.)	0.20
Hugsunarfræði (E.B.) ...	0.15
Höfrungahlaup	0.15
Jón Ólafssonar Ljóðmæli í skrautbandi	0.60(3)
Kristinfræði	0.45(2)
Kvæði Hannesar Blöndal	0.15(2)
Málsgreinafræði	0.15
Mannkynssaga (P.M.), í b.	0.85(5)
Mestur í heimi, í b.	0.15
Olnbogabarnið	0.15
Prestkosningin. Leikrit, eftir þ. E., í b.	0.30
Ljóðabók M. Markússonar	0.50
Friðþjófs sönglög	0.50
Ritreglur (V. Á.), í b. ...	0.20
Seytján æfintýri, í b.	0.35(3)
Siðfræði (H. H.), í b.	1.10
Sundreglur, í b.	0.15
Útsvarið. Leikrit, í b. ...	0.35(2)
Verði ljós	0.15
Vestan hafs og austan. Þrjár sögur, eftir E. H., í b.	0.90
Víkingarnir á Hálogalandi eftir H. Ibsen	0.25
Þjóðsögur Ó. Davíðss., í b.	0.35(4)
Þorlákur helgi	0.15
Þrjátíu æfintýri, í b. ...	0.35(4)
Ofurefli, skálds. (E.H.), íb.	1.50
Draugasögur, í b.	0.35(4)
Ölöf í Ási	0.45(3)
Smælingjar, 5 sögur (E.H.) í bandi	0.85
Skemtisögur eftir Sigurð J. Jóhannesson 1907 ...	0.25
Kvæði eftir sama frá 1905	0.25
Ljóðmæli eftir sama. (Með mynd höfundarins) Frá 1897	0.25
Tólf sönglög eftir Jón Friðfinnsson	0.50
Nýustu svenskar Musik Bækur, útg. í Stockholm:	
Svenska Skol-Qvartetten ...	0.60(5)
26te och 27de Tusendet Sv. Skol-Qvartetten	0.60(5)
Dæn Kören	1.00(5)
Normal-Sangbok	0.50(5)
Safn til sögu Íslands og ísl. bókmenta í b., III. bindi og það sem út er komið af því fjórða. (53c) ...	$9.45
Íslendingasaga eftir B. Melsted I. bindi í bandi, og það sem út er komið af 2. b. (25c)	2.85
Lýsing Íslands eftir þ. Thoroddsen í bandi (16c)	1.90
Fernir fornislenzkir rímnaflokkar, er Finnur Jónsson gaf út, í bandi ... ... (5c)	0.85
Alþingisstaður hinn forni eftir Sig. Guðmsson, í b. (4c)	0.90
Um kristnitökuna árið 1000, eftir B. M. Ólsen (6c)	0.90
Sýslumannaæfir eftir Boga Benediktsson, I. og II. b. innbundið ... ... (55c)	8.10
Íslenzk fornbréfasafn, 7 bindi innb., 3 h. af 8. b. ($1.70)	27.80
Biskupasögur, II. b. innb. (42c)	5.15
Landfræðissaga Íslands eftir þ. Th., 4 bindi innb. (55c).	7.75
Rithöfundatal á Íslandi 1400—1882, eftir J.B., í b. (7c)	1.00
Upphaf allsherjarríkis á Íslandi eftir K. Maurer, í b. (7c)	1.15
Auðfræði, e. A. M., í b. (6c)	1.10
Presta og prófastatal á Íslandi 1869, í bandi ... ... (9c)	1.25
B. Thorarinsson Ljóðmæli, með mynd, í bandi	1.50
Bókmentasaga Íslendinga eftir Finn Jónsson, í b. (12c)	1.80
Norðurlandasaga eftir P. Melsted, í bandi ... ... (8c)	1.50
Nýþýdda biblían ... ... (35c)	$2.65
Sama, í ódýru bandi (33c)	$1.60
Nýjatestamentið, í vönduðu bandi ... ... (10c)	0.65
Sama, í ódýru bandi ... (8c)	0.30

Nýkomnar bækur.

Kóralbók þ. Guðjónssonar ...	0.90
Sama bók í bandi	1.10
Svartfjallasynir ... ... (5)	0.60
Aldamót (Matth. Joch.) ...	0.20
Harpa ... ... (4)	0.60
Ferðaminningar, í bandi (5)	0.90
Bóndinn ... ... "	0.35
Minningarrit (M. Joch.) ... "	0.35
Týndi faðirinn ... ... "	0.35
Nasreddin, í bandi	0.35
Ljóðmæli J. Þórðarsonar (3)	0.45
Ljóðmæli Gestur Pálsson "	0.75
Háldánar rímur	0.30
Ljóðmæli Jóns Árnasonar á Viðimýri ... ... (6)	0.90
Maximi Petrow ... ... (2)	0.45
Leyni-sambandið ... ... (2)	0.45
Kapitola, I. og II. bindi (3)	1.25
Hinn óttalegi leyndardómur (2)	0.50
Sverð og bagall ... (2)	0.30
Wladimer Níhilisti	0.75
Ljóðmæli Matth. Jochumssonar, I.-V. bd., í skrautb. (15)	4.50
Afmælisdagar Guðm. Finnbogasonar	1.00
Bréf Tómasar Sæmundss. (4)	0.75
Sama bók í skrautbandi ... (4)	1.15
Íslenzk-ensk orðabók, G. T. Zoega ... ... (10)	1.80
Fornaldarsögur Norðurlanda, í 3 bindum, í vönduðu ovltu bandi ... ... (15)	4.50
Gegnum brim og boða ...	0.90
Ríkisréttindi Íslands	0.50
Systurnar frá Grænadal ...	0.35
Æfintýri handa börnum ...	0.30
Vísnakver Páls lögmanns Vídalíns	1.25
Ljóðmæli Sig. Júl. Jóhannss.	1.00

* * *

Ég hefi fengið töluvert meira af bókum frá Íslandi en hér er auglýst að þessu sinni; reikningarnir fyrir þær ókomnir. Þess skal getið viðvíkjandi bandinu á Fornaldarsögum Norðurlanda, að það er mjög vandað, handbundið skrautband, vel frá gengið; eins er með Bréf Tómasar Sæmundssonar.

Tölurnar í svigum tákna burðargjald, er sendist með pöntunum.

N. OTTENSON,
River Park, Winnipeg, Man.

Manitobafylkis kosningarnar.

Sem kunnugt er, eru fylkiskosningar í nánd hafa hvorutveggja flokkarnir útnefnd þingmannsefni í flestum kjördæmum. Á hinu síðasta þingi áttu sæti 28 Con. og 18 Lib.. Við komandi kosningar eru einnig í vali verðsmanna þingmannsefni, sem sé F. J. Dixon í Mið-Winnipeg og tveir flokksbræður þeir R. A. Bonnar og séra Jóh. Sólmundsson sá síðartaldi nýnist óháður Liberal og jafnaðarmaðurinn G. Armstrong í West Winnipeg. Væntanlega mun fylgi Robinstjórnarinnar vaxa við hóndfarandi kosningar.

Frambjóðenda listinn er þannig.

Kjördæmi	Stjórnarliðar	Andstæðingar.
Arthur	A. M. Lyle	‡ John Williams
Assiniboia	† A. Bonard	R. A. Bonnar
Avondale	‡ J. H. Argue	J. Medill
Beautiful Plains	‡ Hon. J. H. Howden	F. L. Davis
Birtle	E. Graham	‡ G. H. Malcolm
Brandon City	‡ Hon. G. R. Coldwell.	S. H. McKay
Carillon	‡ A. Prefontaine.	H. Chevrier
Cypress	† G. Steele	F. H. Mitchell
Dauphin	J. G. Harvey	‡ J. A. Campbell
Deloraine	J. C. Reid	‡ D. Thornton
Dufferin	‡ Hon. R. P. Roblin	W. F. Osborne
Emerson	Dr. D. H. Fadden	‡ G. Walton
Gilbert Plains	S. Hughes	W. Shaw
Gimli	B. L. Baldwinson	W. H. Paulson
		Jóh. Sólmundsson
Gladstone	Wm. McKelvey	‡ Dr. Armstrong
Hamiota	‡ W. Ferguson	E. Henry
Kildonan and St. Andrews	‡ Dr. Grain	A. R. Bradin
Killarney	‡ G. Lawrence	George Robinson
Lakeside	‡ E. D. Lynch	C. D. McPherson
Lansdowne	A. W. Fenwick	‡ T. C. Norris
La Verandrye	‡ J. B. Lauzon	W. Motley
Manitou	‡ Hon. R. Rogers	J. E. Grayton
Minnedosa	‡ W. B. Waddell	J. W. Thompson
Morden	John Hobbs	‡ Dr. B. J. Connell
Morris	‡ Hon. C. Campbell	Dr. Ross
Mountain	E. Taylor	‡ J. B. Baird
Norfolk	‡ R. F. Lyons.	
Portage la Prairie	‡ Hon Hugh Armstrong	
Rhineland	Dr. McGavin	‡ V. Winkler
Rockwood	‡ L. Riley.	L. Strattyn
Russel	‡ A. L. Bonnycastle	W. Valens
St. Boniface	‡ J. Bernier	A. Dubuc
South Brandon	‡ A. H. Carroll	B. Stewart
Springfield	J. P. Fullerton	‡ D. A. Ross
Swan River	‡ J. W. Robson	John D. McDonald
Turtle Mountain	‡ Hon. Jas. Johnson.	W. Hanley
Virden	‡ H. Simpson	D. McDonald
Winnipeg Centre	‡ T. W. Taylor	F. J. Dixon [Lib]
Winnipeg North	‡ J. F. Mitchell	J. Hart Green
Winnipeg South	L. McMeans	
Winnipeg West	A. J. Andrews	‡ T. H. Johnson Geo. Armstrong

‡ Núverandi Þingmaður

Ókeypis Píanó fyrir yður



Þetta er vort "Louis Style" Piano, fegursta hljóðfæri í Canada. Sendt yður til reynslu í 30 daga ókeypis.—

LESIÐ ÞETTA:

STEFNA þessa félags hefir verið, að "fullnægja, eða peningum yðar skilað aftur". Og nú gerum vér það bezta tilboð sem nokkrir Píanó-salar hafa nokkru sinni gert í þessu landi. Það veitir yður fría reynslu hljóðfærisins og kauprétt á því með HEILDSÖLU verði og vægum afborgunum ef þess óskast. Vér biðjum ekki um 1 cent af yðar peningum fyrr en þér eruð alveg ánægðir. —

Tilboð vort

Fillið út og sendið meðfylgjandi "COUPON" og vér sendum yður strax sýnismyndir af vorum ýmsu hljóðfærum með verði hvers þeirra. Þér veljið Píanó, og vér sendum yður það tafarlaust og borgum flutningsgjald; þér reynið það í 30 daga ókeypis. Eftir það getið þér sent það oss á vorn kostnað, eða keypt það af oss með heildsölu verði. Er þetta ekki gott boð?

W. DOHERTY PIANO & ORGAN CO., LTD.,
WESTERN BRANCH, WINNIPEG, MAN. FACTORIES, CLINTON, ONT.

— COUPON —

W. DOHERTY PIANO & ORGAN CO., LTD.,
286 HARGRAVE STREET, WINNIPEG, MANITOBA.

Kæru herrar! Sendið mér strax sýnismyndir af Piano tegundum yðar, meðfylgjandi verðlista og upplýsingum um ókeypis reynslu-tilboð yðar, er sýnir hverning ég get reynt Píanó-ið um 30 daga, mér kostnaðarlaust.

NAFN_____

ÁRITAN_____

sódaanlega fögur. Mikla, dökkjarpa hárið liðaðist niður um fallegu kinnarnar hennar, þar sem heilbrigðin og sakleysið höfðu dregið upp rauða fánann sinn. Dökkbláu augun hennar var ekki unt að sjá, af því hún horfði stöðugt á bókina.

Hreint og saklaust barnshjarta, sem enn var óskemt af eldi ástriðanna, sló hátt og hlýtt inni fyrir mjallahvíta brjóstholinu hennar.

Um varirnar hennar, tvö samvaxin blómrauð kirsiber, lék á þessu augnabliki ofurlitið bros. Hún var að lesa skáldsögu, fyrstu skáldsöguna, sem hún hafði séð, og hló að lundareinkunnunum, sem höfundurinn dró upp fyrir dómgreind lesarans.

Kjóllinn hennar Helenar var ekki úr mjög dýru efni, en hann var vel saumaður og féll svo vel að disarlíkamanum hennar, að snild var á. Undir kjólnum sást á fót í satínsskó, sem ekki var stærri en svo; að mátulegur mundi sex ára gömlu barni.

"Hvað ert að lesa barnið mitt?" spurði frú Anderson og leit um leið á eftirlætisgoðið sitt. "Það verður að vera eitthvað skemtilegt, fyrst þú hlærð að því".

"Það er bók, sem Georg lánaði mér", svaraði Helen. "Hún er mjög skemtileg".

"Ég hélt, að þú hesir ekki aðrar bækur en þær, sem Sterner ljar þér. Veit hann að þú hefir þessa bók?"

"Nei", svaraði Helen daufleg, "og hann þari helur ekki að vita það. Herra Sterner er án efa góur maður, en hann er svo alvarlegur og vill aldrei leyi mér að lesa neitt skemtilegt. Ég verð alt af aðsökkva mér niður í málfræði, mannkynssögu og landafræði, og það er ákaflega þreytandi. Þess vega hefir Georg lofað að lána mér nokkrar skáldsögur til umbreytingar".

En hvað þessi stúlkubörn eru óstöðug", sagði

móðir hennar. "Nú held ég að þér litist bezt á Georg barún, en í byrjuninni talaðir þú ekki um neinn annan en Sterner".

"Mér lízt vel á þá báða", sagði Helen, "en ef ég ætti að giftast öðrum hvorum þeirra, þá myndi ég heldur kjósa Georg. Hann er svo fyndinn og skemtilegur, en Sterner svo alvarlegur og strangur og talar að eins um siðferði. Auk þess eigum við Georg mest að þakka, hann hefir sagt mér, að við lifum af hans peningum, Sterner sé mjög fátækur, og að það sé að eins dutlungar úr honum að vilja kenna mér, það væri auðvelt að fá kennara handa mér fyrir borgun, eins í því sem Sterner kennir mér eins og í sönglistinni, en af því Sterner vill endilega kenna mér, þá vill Georg ekki styggja hann með því, að neita honum um það".

"Stúlka, stúlka", sagði frú Anderson með ákafa. "Ég ætla að biðja þig þess, að verða ekki skotin í velgerðamönnum þínum, og sízt í Georg. Munda það, að það gæti orðið til að eyðileggja þig".

"Hamingjan góða, mamma", sagði Helen, ég skil þetta ekki. Það er engin furða, þó mér geðjist vel að Georg, sem er okkur svo góður. Ég væri vanþakklát, ef mér líkaði ekki við hann".

"Þakklátsemi er skylda þín, stúlka; en gættu þess, að engar aðrar tilfinningar festi rætur hjá þér. Guð varveiti þig, barnið mitt. Ég held að Georg barún sé skikkanlegur og góður, og að hann hafi tekið að sér, að annast um uppeldi þitt af mannúð, en tækifærið gerir menn að þjófum stundum, og ef hann yrði var við aðra hlýrri tilfinningu en þakklátsemi, gæti vel komið fyrir að ..... ó, guð minn góður, það væri voðalegt. ..... Nei, ég ætla ekki að láta mér detta það í hug".

Helen litla horfði stóru, dimmbláu augunum sín-

um spyrjandi á móðurina. Það var auðséð, að hún skildi ekki meiningu hennar.

"Við skulum ekki tala meira um þetta, barnið mitt. Ég heyri fótatak í stiganum. Það er líklega Sterner, sem kemur inn til að hlýða þér yfir. Ég ætla því inn í hitt herbergið á meðan".

Hún stóð upp og gekk inn í hitt herbergið um leið og Móritz kom inn.

Í flýtirnum gleymdi Helen að fela skáldsöguna, sem Georg hafði léð henni með því skilyrði, að Móritz fengi ekki að sjá hana.

Móritz gekk nær borðinu og heilsaði skjólstæðing sínum vingjarnlega, en þegar hann sá bókina og las nafn hennar á titilblaðinu, lét hann brún síga.

Helen ýmist roðnaði eða bliknaði, eins og hún væri staðin að glæp. Hún var heldur ekki alveg laus við samvizkubit, af því Móritz hafði einu sinni fyrir alt bannað henni að lesa aðrar bækur en þær, sem hann léði henni.

"Hver hefir lánað þér þessa bók, Helen?" spurði Móritz alvarlegur, en þó með þýðum rómi.

"Georg barún".

"Hvað þá?" sagði Móritz, dálitið byrstur, "ljær Georg þér slíkar bækur? Því hefði ég ekki trúað, ef ég sæi það ekki með eigin augum".

"Er nokkuð ilt í því?" spurði Helen með ofurlitlum þrákelkniskeim í rómnum. "Bókin er líklega ekki hættuleg?"

"Jú, stúlka mín", svaraði Móritz, og stakk bókinni í vasa sinn, "þessi bók er skaðleg fyrir unga sál, sem ekki hefir til fulls lært að gera greinarmun hins góða og illa. Hún er skemtileg og æsandi, það viðurkenni ég, en siðferðiskenning hennar er ekki af beztu tegund. Í fám orðum sagt, ég óska að námsmeyjan mín treysti mér, og lesi ekki aðrar bækur en þær, sem ég veit af. Ef þig langar til að lesa eitthvað

skemtilegt, þá skal ég útvega þér eitt eða tvö skáldrit eftir Walter Scott. Þau geturðu lesið án þess að eiga á hættu, að hugsun þín truflist af óhreinum myndum. Þessi bók, sem ég tók frá þér, hefir slíkar myndir að geyma, og ég skal áminna Georg um það, að lána þér ekki slíkar myndir framvegis. Ég vona, að hann hafi léð þér þessa bók af hugsunarleysi, en ekki af ásettu ráði".

"En, ég skil ekki ....."

"Það er svo margt, sem þú skilur ekki, Helen litla", greip Móritz frammí fyrir henni ofur rólega, "en þú mátt trúa því, semeldri vinur þinn og kennari, ... sem bróðir þinn segir þér. Því ég má að líkindum vera bróðir þinn og leiðsögumaður, Helen? Þú mátt trúa mér, ég vil þér vel".

"Já, ég veit það", sagði Helen klökk; "og þegar þú bannar mér að lesa slíkar bækur, þá ætla ég að hlýða þér, Sterner, enda þó ég ekki sjái, hvað ílt getur af því leitt. Í þessari bók hefi ég enn ekki lesið nema fáar blaðsíður".

"Því betra", sagði Móritz, "við skulum þá ekki tala meira um það. Hefirðu lært lexíurnar þínar?"

"Já, ég held ég kunni þær, en það er eitt atriði í málfræðinni, sem ég skil ekki til hlítar. Það verð ég að biðja þig að skýra fyrir mér".

"Gott, komdu með bókina, svo skulum við sjá, hvað við getum".

Kenslan stóð nú yfir í fullar tvær stundir, og Móritz hafði fylstu ástæðu til að vera ánægður með námsmeyju sína, því Helen var prýðisvel gáfuð og framför hennar undrunarverð.

Hefirðu notið söngkenslu í dag?" spurði Móritz um leið og hann hlóð saman bókunum.

"Já, gamli K. var hér fyrra hluta dags, og ég söng og lék á hljóðfæri fyrir hann í fullar tvær stundir. Hann kemur hingað á hverjum degi".

Enga löngun

hefi ég til þess, að fara að skattyrðast við ritstjóra Heimskringlu, herra B.L.B., út af því, er okkur ber á milli um þjóðeign Íslendinga — hina virkilega sönnu þjóðeign þeirra. Ég tók til máls til þess að leiða sannleikann í ljós að því er þetta atriði snerti, — því ég veit, að hér er hallað á Íslendinga, hvort sem það er gert óviljandi eða ekki; — og úr því að þetta spursmál er komið á dagskrá, þá skal ekki á mér standa, að sannleikurinn birtist hér í sinni réttu mynd; ekki eingöngu með því, er við herra B.L.B. segjum, heldur á annan hátt, og verður þess getið í niðurlagi þessa máls.

Herra B.L.B. heldur því fram, enn sem fyrri, að skuldlaus þjóðeign Íslendinga sé ekki nema þrjátíu Miljónir Króna, og þetta segist hann byggja á Landshagsskýrslunum. Gott væri nú, að herra B. L. B. birti orðréttan þann kafla úr skýrslunum, sem segir, að þjóðskuldir Íslendinga séu 30 miljónir, eða að skuldlaus þjóðeign þeirra sé ekki nema 30 miljónir króna. Með því að birta kaflann orðréttan, geta menn gengið úr skugga um, hvort þetta er rétt hermt eða ekki. Mér þykir mjög ósennilegt, að herra Indriði Einarsson segi alt annað um þetta atriði í skýrslunum en í bréfinu. En sjálfsagt má fá umsögn hr. I.E. sjálfs um þetta, og eins hitt, hvort hann áliti ekki, að allar eignir þjóðarinnar, sem þjóðfélagsheildar, sé skuldlaus þjóðeign hennar, þegar frá er dregið það, er hún skuldar öðrum þjóðum. En ég held því fram enn sem fyrri, að svo sé, og að skuldlaus þjóðeign Íslendinga, hin sanna og rétta, sé um eða yfir 53 milj kr., í stað 30, er B.L.B. heldur fram. Ég hygg að B.L.B. villist á því, að slengja saman skuldum, er innlendir menn eiga (þ.e. búsettir í landinu) og útlendir. Hr. I.E. segir líka, að svo mikið vegist upp af skuldum, af því að innlendir menn eigi þær".

Tökum dæmi í smáum stíl þessu til skýringar. Setjum svo, að við B.L.B. einir tveir, með fjölskyldum okkar, mynduðum þjóðfélagsheild, — í þessu tilfelli gerir það engan mismun, hvort heildina (hvað sem hún er kölluð) mynda 10 manns, eða 100 þúsund eða miljón, — eign ir okkar samanlagðar (þjóðeignin) væru virtar á 25 þús. kr. Eign hans t.d. á 23 þús. kr., en mín að eins á 2 þús. kr. En svo skuldaði ég B. 100 kr. Hann á í raun og veru 100 kr. meira, en ég á 100 kr. minna. En það gerði engan mun á eignum okkar sem heildar; þær væru eftir sem áður 25 þús. kr. — En ef ég eða hann skuldaði einhverjum, sem væri fyrir utan þjóðfélagsheild okkar, þá bæri að draga það frá, af því að það skertá samanlagðar eignir okkar.

Alveg er eins varið með þjóðfélögin, þó í stærri stíl sé, — eða hvort sem þau eru stór eða smá. Þau eru í raun og veru ekkert annað en eitt heimili, þar sem hver einstaklingur hefir sínar eignir út af fyrir sig, eins og enn þann dag í dag, tíðkast að meira og minna leyti á flestum heimilum. Hvað svo mikið, sem heimilismenn skulda hver öðrum, þá hefir það engin áhrif á eignir heimilisins sem heildar.

Ef t. d. heimilið (allir heimilismenn til samans) á eignir upp á 62 miljónir kr., en skulda ekki öðrum heimilum nema 8½ miljón, þá eru skuldlausar eignir þess 53½ miljón kr. Þetta held ég að hver maður hljóti að skilja.

Til frekari sannana fyrir því, að ég (ásamt I.E., samkv. bréfi hans) standi ekki einn uppi með þessa skoðun á skuldlausri þjóðeign Íslendinga (þ.e., að hún sé yfir 50 miljónir í stað 30) má benda á þá niðurstöðu um þetta atriði, er skattamálanefndin komst að. Sú nefnd var skipuð af alþingi, og í henni áttu sæti Klemens Jónsson landritari, Ólafur Briem alþm. á Álfgeirsvöllum, Pétur Jónsson alþingismaður á Gautlöndum og Guðlaugur bæjarfógeti Guðmundsson á Akureyri. Í skýrslu, sem hún hefir birt um starf sitt, og sem blaðið Norðurland flutti orðrétta, stendur þetta um skuldlausar eignir Íslendinga: "Eftir þeim tilraunum, sem gerðar hafa verið til að komast fyrir um þjóðeign hér á landi, þá mun hún nú, að frádregnum skuldum ekki fara yfir 650 kr. á mann eftir virðingarverði". *)

Þetta segir skattamálanefndin, en eftir að vera búin að kynna sér þetta mál, eins vel og möguleg er, Hún álítur, að skuldlaus þjóðeign sé um 650 kr. á hvert mannsbarn í landinu. Ef við margföldum nú saman fólksfjöldann 1908 (82 þúsund) með krónunum 650, er koma á hvern mann, þá kemur út þessi upphæð: 53,300,000 krónur. Skattanefndin segir með þessu, að skuldlaus þjóðeign Íslendinga 1908 sé mjög nálægt því að vera FIMTÍU OG ÞRJÁR MILJÓNIR OG ÞRJÚ HUNDRUÐ ÞÚSUND KRÓNUR. Vitanlega kemur þetta heim við það, er ég hefi haldið fram, og sem hr. I.E. heldur fram í bréfi sínu með því að segja, að skuldir Íslendinga við önnur lönd séu ekki nema 8½ miljón kr.

Guðmundur á Sandi skrifaði barlómsritgerð í Einr. í fyrrasumar, eins og menn muna. Þar slettir hann því fram algerlega óröstuddu, að skuldir landsmanna séu 16—20 miljónir króna. (Treysti sér ekki til að hlaupa með þær upp í 30 miljónir kr. eins og hr. B.L.B.)

Þessari grein G.F. svarar Einar Hjörleifsson mjög rækilega í 41. tbl. Ísafoldar 1909 og segir meðal annars um þetta atriði:

"Og mjög hefir skattanefndin vaðið reyk, ef þær 16—20 miljóna skuldir, sem G.F. er að vitna í, láta nærri lagi. Nefndin fékk ekki skuldir landsins upp úr 9 miljónum".

Hér ber alt að sama brunni. Öllum ber saman um þetta, nema hr. B.L.B. Og með fullri virðingu fyrir skarpskygni hans og hæfileikum, treysti ég skattanefndinni og hr. I.E. til að vita betur um þetta mál.

Allar aðdróttanir um "falsanir", sem ofvíða má finna í grein hr. B. L.B., virði ég ekki svars. Ég hefi ekki minstu ástæðu gefið til þeirra Landshagsskýrslurnar nefndi ég ekki á nafn í grein minni, svo allir sjá, við hvað mikið þau ummæli hafa að styðjast, að "ég hafi sagt, að skýrslurnar væru falsaðar".

Viðvíkjandi hveitiverðinu sagði ég, "að það væri jafnvel meiri líkur til, að það yrði ekki nema 50c í stað $1.00, að 10—15 árum liðnum". Ég hafði sem sé í huga, að ef þá yrði að nokkru eða öllu leyti búið að brjóta á bak aftur auðmannavaldið, sem nú hefir náð tökum á nálega öllum lífsnauðsynjum í sínar miskunarlausu járngreipar (og ætlar að kvelja úr okkur lífið, þó öll forðabúr séu full, með því að selja alt með ránverði), — þá væri líkur til, að verð á hveiti, sem og öðrum vörum, kæmi niður. Og ég vona, að þess verði ekki langt að bíða, að auðvaldinu verði hrundið fyrir ætt ernisstapa. Og ennfremur vona ég, — ekki að eins mín vegna, heldur og vegna margra, margra miljóna af fátæklingum og smælingjum í þessu landi — að sú "hrakspá" rætist, að hveitiverðið eftir 10—15 ár verði nær 50c en $1.00. Einhverjum verður að blæða fyrir það, að hveitið er komið upp í $1.00, það segir sig sjálft. En hverjum skyldi það blæða sárast. Auðvitað fátæklingunum, sem mega til að kaupa það til að halda í sér lífinu. Stóreignamönnunum gerir sjálfsagt ekkert til, hvort verð á hveiti eða öðrum lífsnauðsynjum er okurhátt eða ekki. Þeir geta sjálfsagt lifað góðu lífi þrátt fyrir það.

Líka hafði ég í huga, að eftir því, sem meira er framleitt af einni vörutegund, eftir því hlýtur eftirspurn eftir henni að minka og verðið að lækka, svo framarlega, sem eðlileg verzlun á sér stað.

Lífsnauðsynjar í þessu landi hafa ekki hækkað í verði eingöngu fyrir fólksfjölgunina, hvort sem Hill eða aðrir auðkongar halda því fram, heldur vegna þess, að auðkýfingar (og hann líkl. þar með talinn) hafa verið að ná tökum á allri verzlun, hveitiverzlun sem öðru. Það er alment viðurkent hér, að dýrtíðin, sem nú er í þessu landi, sé beinlínis að kenna auðmönnum og auðfélögum.

Við þennan vonda draum er Bandaríkjaþjóðin að vakna. Sjálfsagt veltur verð á hveiti sem öðru mjög á því í framtíðinni, hvort alþýðan, með stjórn og löggjöf sér til hjálpar, eða auðvaldið ber hærra hlut í þeim bardaga, sem nú sýnist að vera að byrja.

Af því, er hér hefir verið sagt að framan, held ég því fram enn, að samanburður B.L.B., sem hér hefir orðið að ágreiningsefni, sé rangur, frá hvaða hlið sem skoðað er. *) En af því að mér finst, að andinn í grein herra B.L.B. sé þannig, að við getum ekki orðið á eitt sáttir um þennan ágreining, þá býð ég, að við förum þá leið, sem hér segir: Við skulum veðja um þetta spursmál: Hvort þjóðskuldir Íslendinga séu 30 miljón kr., eða hvort skuldlaus þjóðeign þeirra sé ekki nema 30 miljónir kr. Ég býð að veðja 50 kr. á það, að þjóðskuldir séu ekki nálegt 30 miljónum, eða að þjóðeign skuldlaus sé miklu meira en 30 miljónir. Spursmálið um, hvor hafi rétt fyrir sér eða rangt, skulum við útkljá á þann hátt, að þriggja manna nefnd dæmi um það. Við veljum sjálfir 2 mennina í nefndina (sinn manninn hvor), en þeir svo aftur oddamanninn. Við skulum hvor um sig safna öllum þeim gögnum, sem við getum til að sanna okkar málstað og leggja þau fyrir nefndina, fyrir ákveðinn tíma, t. d. 1. júlí næstk. Eftir að nefndin hefir athugað þau vel, kveður hún upp dóm sinn um það, hvor sé réttur og hvor ekki. Dómur nefndarinnar skal birtur í báðum íslenzku blöðunum í Winnipeg. Af því að þetta spursmál tilheyrir Íslandi, þá vil ég að við látum veðféð, 50 kr., ganga til berklaveikishælisins á Vífilsstöðum. Þegar dómurinn hefir verið uppkveðinn, skal sá, er tapar, borga þessa fjárupphæð tafarlaust til hælisins, eða heita minni maður ella.

Ég held að þetta ágreiningsmál verði á þennan hátt leitt til lykta á sanngjarnan og drengilegan hátt.

Þetta er tilboð frá minni hendi, sem ég vona að hr. B.L.B. taki. Sé óleyfilegt samkvæmt landslögum, að veðja á þennan hátt (sem ég veit eigi gjörla um, veit þó að oft er veðjað opinberlega á veðreiðar t. d., fimleikamenn o.s.frv.), þá getum við eins fyrir það útkljáð málið með þessum hætti (þ. e. með dómnefndinni), að eins slept veðfénu. Mér er ant um, að sannleikurinn í þessu máli komi í ljós, hvort sem hann er mín megin eða ekki. Falli úrskurðurinn móti mér, tek ég því með jafnaðargeði, vegna þess að vísvitandi er ég ekki að fara með rangt mál.

Það sama finst mér að hr. B.L. B. ætti að geta sagt.

A. J. Johnson.

* Norðurland 28. nóv. 1908.

*) Umsögn mín um fyrirlestur herra Páls Bergssonar kemur þessum samanburði ekkert við. Ég hefi að eins sagt þar (sjá Hkr. 14. maí 1908), að ég áliti, að hr. P.B. hafi svarað "sanngjarnlega" þeim spurningum, er hann kveður að hafi verið fyrir sig lagðar á Íslandi, viðvíkjandi Vestur-Íslendingum. Síðan tek ég kafla orðrétta upp úr fyrirlestrinum. Þetta er alt og sumt, er ég hefi þar sagt.

Á.J.J.

THE DOMINION BANK

HORNI NOTRE DAME AVENUE OG SHERBROOKE STREET

Höfuðstóll uppborgaður: $4,000,000.00
Varasjóður - - - $5,400,000.00

SPARISJÓÐS DEILDIN:

Vér veitum sparisjóðs innleggjendum sérstakt athygli, og borgum hæztu vexti á sparisjóðs innleggjum af $1.00 og yfir. — Barna innlegg velkomin. — Seljun peningaávísanir á ÍSLAND.

H. A. BRIGHT, RÁÐSMAÐUR.

Með því að biðja sérlega um "T.L. CIGAR." þá ertu viss að fá ágætan vindil.

T.L. CIGAR

T.L.

(UNION MADE)

Western Cigar Factory
Thomas Lee, eigandi Winnipeg

Vitur maður er varkár með að drekka eingöngu HREINT ÖL. Þér getið jafna reitt yður á

DREWRY'S
REDWOOD LAGER.

Það er léttur, freyðandi bjór, gerður eingöngu úr Malt og Hops. Biðjið ætíð um hann.

E. L. DREWRY, Manufacturer, Winnipeg

STRAX Í DAG er BEZT AÐ GERA SAMKAUPANDI AÐ HEIMSKRINGLU. — ÞAÐ ER EKKI SEINNA VÆNNA.

ROBLIN HOTEL
115 Adelaide St. Winnipeg
Bezta $1.50 á-dag hús í Vestur-Canada. Keyrsla ókeypis milli vagnstöðva og hússins á nóttu og degi. Aðhlynning hins bezta. Viðskifti Íslendinga óskast. ÓLAFUR G. ÓLAFSSON, Íslendingur, afgreiðir yður. Heimsækjið hann. —
O. ROY, eigandi.

JIMMY'S HOTEL
BEZTU VÍN OG VINDLAR.
VÍNVEITARI T.H.FRASER,
ÍSLENDINGUR.
James Thorpe, Eigandi

MARKET HOTEL
146 PRINCESS ST. á móti markaðnum
P. O'CONNELL, eigandi, WINNIPEG
Beztu tegundir af vínföngum og vindum. Aðhlynning góð, húsið endurbætt

Woodbine Hotel
466 MAIN ST.
Stærsta Billiard Hall í Norðvesturlandinu
Tíu Pool-borð.—Alskonar vín og vindlar.
Gisting og fæði: $1.00 á dag og þar yfir
Lennon & Hebb,
Eigendur

Manitoba á undan.

Manitoba hefir viðáttumikla vatnsfleti til uppgufunar og úrfellis. Þetta, hið nauðsynlegasta frjógunarskilyrði, er því trygt.

Ennþá eru 25 milión ekrur óbygðar.

Íbúatal fylkisins árið 1901 var 225,211, en er nú orðið um 500,000, sem má teljast ánægjuleg aukning. Árið 1901 var hveiti og hafra og bygg framleiðslan 90,367,085 bushela; á 5 árum hefir hún aukist upp í 129,475,943 bushel.

Winnipeg borg hafði árið 1901 42,240 íbúa, en hefir nú um 150,000; hefir nálega fjórfaldast á 6 árum. Skattskildar eignir Winnipegborgar árið 1901 voru $26,405,770, en árið 1908 voru þær orðnar $116,106,390. Höfðu meir en þrefaldast á 7 árum.

Flutningstæki eru óviðjafnanleg,— í einu orði sagt, eru í fremsta flokki nútíðartækja: Fjórar þverlandsbrautir liggja um fylkið, fullgerðar og í smíðum, og með miðstöðvar í Winnipeg. Í fylkinu eru nú nálega 4 þúsund milur af fullgerðum járnbrautum.

Manitoba hefir tekið meiri landbúnaðarlegum og efnalegum framförum en nokkurt annað land í heimi, og er þess vegna ákjósanlegasti aðsetursstaður fyrir alla, af því þetta fylki býður beztan arð af vinnu og fjárleggi.

Skrifið eftir upplýsingum til: —

JOS. HARTNEY, 77 York Street, Toronto, Ont.
JOS. BURKE, 178 Logan Avenue, Winnipeg, Man.
A. A. C. LaRIVIERE, 22 Alliance Bldg., Montreal, Quebec.
J. F. TENNANT, Gretna, Manitoba.

J. J. GOLDEN,
Deputy Minister af Agriculture and Immigration, Winnipeg.

"Hann er líka mjög ánægður með þig, Helen", sagði Móritz. "Ég talaði við hann í gær, og hann sagði, að sönghæfileikar þínir væru framúrskarandi. Þú hefðir á fáum vikum lært meira heldur en hinir nemendur hans hefðu lært á heilu ári. Auk þess segir hann að rödd þín sé fögur og fullkomin. Haltu áfram með alvöru að keppa að fullkomnun þinni, þá líður ekki á löngu, þar til okkur veitist heiður fyrir framkomu þína. Eftir fáa mánuði býst ég við, að þú verðir orðin svo vel undirbúin í námsgreinum þínum, að þú getir fengið aðgang sem námsmær við konunglega leikhúsið í Stokkhólmi. Þú verður máske heppin, ... en gleymdu því aldrei, hvernig sem gengur, að sakleysið og dygðin er sú bezta eign, sem þú átt og getur eignast, betri en allir aðrir hæfileikar, sem þú getur tileinkað þér. Því, ef þeir eru ekki undir áhrifum hinna fyrnefndu, leiðir litla eða enga ánægju af þeim, því meðlætið getur ekki gert þá meðvitund gæfurika, sem ekki er hrein. Ó, Helen, unga, óreynda barn, þúsund freistingar munu mæta þér á lífsleið þinni, tálsnörur umkringja þig — en mundu eftir sakleysinu og skirlífinu, þessum tveimur dýrmætu liljum í blómhring æsku þinnar, sem eru miklu meira virði en allar þær skemtanir, sem heimurinn hefir á boðstólum. Mína hluttekningu áttu, Helen, og ég vona að sá tími komi aldrei, að þú þurfir að líta undan augnatilliti bróður þíns. Guð blessi þig, barnið mitt".

Móritz laut niður og kysti á enni hennar.

Það var hreinn koss, — koss, sem hefði getað framleitt tár hjá englunum af ánægju; koss, sem var fyrirboði hinnar vaknandi bróðurástar, laus við allar fýsnir og eigningirni.

"Vertu sæl, Helen litla", sagði Móritz innilega. "Á morgun, síðari hluta dagsins, kem ég aftur".

"Hann er ósegjanlega góður", sagði Helen, þegar

Móritz var farinn, "en hann er svo fjarska alvarlegur og prédikar endalaust, ... og svo tók hann líka bókina, sem Georg léði mér, það var ekki vel gert af honum, ... það verð ég að segja, því hvað ilt getur lestur einnar skáldsögu gert mér? Allir menn lesa skáldsögur, segir Georg, og þegar hann leyfir mér það, sem í raun réttri er velgerðamaður minn, þá finst mér að Sterner komi það ekki við. Mér þykir gaman að vita, hvað Georg segir um það, að hann tók bókina. Fjörugi og gamansami Georg, ... ég vildi hann kæmi hingað í kvöld".

Hún var naumast búin að sleppa þessum orðum, sem hún talaði við sjálfa sig, þegar óskin uppfyltist. Dyrnar opnuðust og Georg kom inn.

"Ertu einsömul, góða Helen mín?" spurði hann, þegar hann var búinn að heilsa með því að hneigja sig.

"Nei, mamma er inni í hinu herberginu", svaraði Helen, og roðnaði út undir eyru. "Sterner er nýfarinn".

"Já, ég mætti honum á götunni", sagði Georg og settist á legubekkinn. "Hann flutti þrumandi áminningarræðu yfir mér, fyrir að hafa léð þér skáldsöguna, sem þú veizt um. Því sýndirðu honum hana?"

"Ég gat ekki falið hana áður en hann sá hana", svaraði Helen. "Mér þótti leiðinlegt að missa hana, hún var svo skemtileg".

"Þú getur fengið hana aftur", sagði Georg, og tók bókina upp úr vasa sínum og sýndi henni. "Hann fékk mér hana, þegar hann mætti mér, og ég get ekki séð neitt rangt við það, að lesa hana án hans vitundar og vilja. ..... En, komdu hingað og seztu hjá mér".

Helen leit niður og settist feimin og vandræðaleg við líið Georgs.

"Hvað gengur að þér, Helen litla?" spurði hann og klappaði kinn hennar. Hefir nú Móritz aftur verið að prédika yfir þér? Hann er reglulegur Salómon".

"Já, hann er framúrskarandi góður maður, að líkindum", svaraði Helen, "en —"

"En?"

"Hann er stundum dálítið leiðinlegur", sagði Helen, og lék sér að úrfesti Georgs. "Þú, Georg barún, ert miklu skemtilegri".

"Finst þér það? Það gleður mig. En ég vil ekki, að þú kallir mig barún. Það er svo ókunnuglegt. Þú átt að kalla mig Georg, að minsta kosti, þegar við erum einsömul. Heyrirðu það?"

"Nei, nei," sagði Helen feimnislega, eins og hana grunaði, hver hætta gæti leitt af slíkum kunningsskap fyrir sig, "það þori ég aldrei að gera".

"Litla flónið þitt", sagði Georg og kleip hana í kinnina. "Hvers vegna þorirðu það ekki, þegar ég leyfi það? Ég krefst þess, Helen".

"Þá verð ég líklega að hlýða", sagði Helen, "því annars reiðist þú mér líklega, herra ba —".

Georg lagði fingurinn á varir hennar.

"Nú, kemurðu enn með þennan barún?" sagði hann brosandi. "Þú ert óhlýðin stúlka".

"Ó, nei, fyrirgefðu Georg", sagði Helen og roðnaði. "Það er skylda mín að hlýða þér".

"Nú, þetta líkar mér. Og nú vil ég vita, hvað það er, sem Móritz prédikar yfir þér. Það hlýtur að vera áhrifamikið að hlusta á hann. Mér þætti gaman að fela mig undir legubekknum, svo ég gæti fengið minn skerf af siðferðiskenningum hans".

"Nei, það máttu ekki, því þá gæti ég ekki varist hlátri, en ég vil ekki hlægja að honum, því hann er mér mjög góður og lofar að kenna mér margt nytsamt. Hann segist vilja vera bróðir minn".

"Bróðir", tautaði Georg við sjálfan sig, "já, fyrir mér, ef hann ber ekki fram á meira. — Heyrðu", sagði hann hátt, "ég skal lána þér þessa, og fleiri jafn skemtilegar skáldsögur, með því skilyrði, að þú látir Móritz ekki sjá þær. Þú getur geymt þær í kommóðuskúffunni, hann hefir væntanlega ekki aðgang að henni".

"Þakka þér fyrir, Georg, en ég veit ekki, hvort ég má það", sagði Helen hikandi.

"Hvers vegna ekki?"

"Af því ég lofaði Sterner, að lesa enga bók án hans vitundar. Hann bannaði mér það beinlínis".

"Hann hefir enga heimild til þess", sagði Georg. "Þú þarft engum öðrum að hlýða en mér, og það geturðu gert kviðalaust. Að minsta kosti þarf Móritz ekkert að vita um það ..... sko, hérna er bókin".

Helen var enn í efa um, hvort hún ætti að bregðast því loforði, sem hún gaf Móritz, en freistingin var of sterk, hún gat ekki neitað sér um að lesa þessa æsandi og fyrir hana óvanalegu bók, enda þótt að samvizkan segði henni, að hún breytti ekki rétt.

Hún tók við bókinni af Georg, stóð strax upp og lét hana ofan í kommóðuskúffuna.

Sigurbrosi brá fyrir á vörum hins unga tálsegs.

"Þessi stúlka skal ekki geta varist mér", hugsði hann. "Áður en langt um líður, skal hún vera tin að öllu leyti. Hún er nú bráðum fimtán ára, og á"

"Hvað ertu að hugsa um, Georg?" spurði Hen.

"Ég er að hugsa um, hve skemtilegt það verður síðarmeir, að sjá þig leika í leikhúsinu í Stokkhólmi. Þráir þú ekki þá stund?"

"Jú, jú", svaraði Helen glaðlega, "það ger ég raunar. Bara að ég fái nú aðgang að leikhúsin".

"Það er ekki hætt við öðru. Ég á atkæða-

Skylduverk.

(Framhald).

Það er áltin ókurteisi, að taka til máls á mannfundum á meðan einhver annar er að tala, en sé það gert, þá mun það vera regla flestra að þagna og þegja, þangað til áthugasemdunum er lokið.

Vinur minn Á. J. Johnson var bráðlátari en svo, að hann gæti beðið þess, að ég lyki máli mínu með athugasemdir sínar. Mér finst það vera líkt og karlinn, sem var svo heimigjarn, "að hann varð að flengja strákinn í dag fyrir það, sem hann var viss um, að hann mundi brjóta á morgun".

En hvað um það; ég taldi þá skyldu mína, að þagna og þegja þangað til hann hafði lokið athugasemdum sínum, og nú er sú stund komin. — Það er annars almennt viðurkent, að það sé órækur vottur um veikan málstað að geta ekki hlustað þegjandi og með athygli á andmælanda sinn, þangað til hann hefir "talað út", og einmitt þess vegna get ég vel fyrirgefið Johnson, þótt honum yrði það á, að brjóta almenna kurteisisreglu í sambandi við það mál, sem hér er um að ræða; því sýnt mun það áður en lýkur, að háll er hann ísinn, sem þeir standa á Björnsliðar, jafnvel þó óspart sé reynt að sálda á hann sandi, og eitthvað þykir mér Johnson vera veikvopnaður, þar sem hann hefir ekki treyst sér til að revna að hrekja eitt einasta atriði af syndum þeim, sem ég taldi upp og sannaði um Björn Jónsson í Heimskringlu 21. apríl.

Johnson þykir ég leysa skylduverk mitt illa af hendi og dæmalaust seint. Má vera, en þótt ég sé ef til vill illa og seinritandi í samanburði við hr. Johnson, og þótt við það bætist, að ég sé annaðhvort ókunnur málavöxtum eða óærlegur maður eftir hans dómi, þá tel ég minn málstað þeim mun betri en hans, að ég þori óhræddur að mæta honum í þessu máli, og get hlustað rólegur á alt, sem hann hefir að segja, vitandi það, að því meira, sem um Björns flokkinn er ritað og rætt, því betur kemur sannleikurinn í ljós og því betri verður málstaður hins flokksins í augum þeirra, sem ekki hafa orðið steinblindir af flokksofstæki. Annars skal ekki frekar minst á "Stjórnmálabréfið" að sinni; það verður athugað síðar.

Í baráttunni á móti H. Halstein voru aðalatriðið millilandanefndar frumvarpið og sæsimasamningurinn, aðallega þó hið fyrra. Í baráttunni nú gegn Birni Jónssyni er aðalatriðið Bankamálið. Og nú skal í stuttu máli farið yfir það. Því hefir áður verið lýst, hvaða heimild ráðherra hafði í sambandi við það, hvað hann gat gert lagalega, hvað hann var skyldur að gera siðferðislega, að hversu miklu leyti hann fór að lögum og hvar hann virti lög og rétt að vettugi, framdi stjórnarafarslegar stórsyndir. —

En hvað hefir þá rannsóknarnefndin gert, og hvað hefir hún fundið? Fyrst, hvað hefir hún gert? Hún hefir samið ákærurit gegn bankastjórninni og varnarrit jafníramt fyrir tiltektum Björns Jónssonar, í stað þess að semja skýrslu, sem væri óhlutdræg um hag bankans. Hún kveður upp dóma, ekki einung is um gjörðir bankastjórnarinnar, heldur fer hún svo langt, að lesa hugsanir bankastjórnarinnar og dæma þær. Þessu til sönnunar má vitna til bls. 23 í hinni svokölluðu skýrslu. Þar segir svo: "nefndin getur varla varist þeirri hugsun, að þægilegra mundi fyrir hvern og einn, að vera viðskiftamaður bankans í vanskilum við hann en viðskiftamaður hans og standa í skilum". Og ennfremur: "Bankastjórnin hefir séð í gegn um fingur með vanskilum og lánað vanskilamönnum auðsjáanlega oft í þeim tilgangi að ekki kæmi fram tap fyrir bankann". Svona rekur hver ákæran aðra án röksemda, og hver dómurinn annan án sannana.

Auðvitað trúir enginn heilvita maður því, að fyrir hvern og einn (þ.e. hvern einasta) viðskiftamann bankans mundi það hafa verið þægilegra, að vera vanskilamaður en að standa í skilum. Það er ekki einungis sleggjudómur út af fyrir sig, heldur sýnir það svo mikinn ofsóknaranda, lýsir svo æstum tilfinningum, sýnir svo litla viðleitni til þess að viðhafa sanngirni, að það hlýtur að rýra trúnað á alt, sem nefndin segir. Það skiftir engu, hvort menn eru brjáláðir af einhverjum sjúkdómi eða af víndrykkju, eða af einhverju ofstæki; brjálæði er brjálæði, af af hverju sem það stafar, og enginn óbrjáláður maður getur felt dóm líkan þeim, sem tilkærður er hér að ofan; og það eru þessir dómar, sem svifta skýrsluna öllu gildi.

Dæmi svipuð þessu mætti tilfæra mörg, en þess gerist ekki þörf; sanngjarnir og sannfæranlegir menn sjá að þetta nægir. — En þó skulu fleiri greind, ef Johnson eða einhver annar æskir þess.

Hvað hefir svo nefndin fundið? Margt og mikið þykist hún hafa fundið, en hversu mikið gildi hefir flest af því, þegar það er krufið til mergjar? Lögberg gerði svo vel, að birta flest ákæru atriðin, svo þau eru mönnum hér kunn. Það lofaði einnig að birta meginatriðin úr svörum bankastjórnarinnar, og var auðvitað siðferðilega skylt til þess, ef það vildi vera sanngjarnt, en fátt af þeim hefir komið enn. Hér skulu eirt nokkur ákæru atriði — öll þau helztu — og svörin jafnframt; hvorugt orðrétt — það tæki of mikið rúm, en efni og anda skal nákvæmlega fylgt, sé hallað frá því í einhverju atriði að dómi einhvers, þá geri hann svo vel, að athuga það, og þá skal það atriði, sem um er að ræða, birt orðrétt.

I.

1. Ákæra: — Að bankastjórnin hafi í fyrstu engan útveg hafi til að selja bankaskuldabréfin, er heimilað var að gefa út með lögum 22. nóv. 1907.

2. Svar: — Lögin gengu í gildi 1908, öll bréfin seld þegar bankastjórnin sá fært að bjóða þau til sölu, fyrsta afborgun greidd 1909. Til þess tíma var peningaekla erlendis og verðfall á verðbréfum, þess vegna skaði að selja þau fyr.

II.

1. Ákæra:—Handveðslán með veði í hlutabréfum án persónulegrar ábyrgðar eigi fullnægjandi trygging.

2. Svar: — Tryggingin góð, þegar hlutabréfin eru góð. Upplýsingar alt af nægar.

III.

1. Ákæra: — Fátt af því, sem vakti fyrir nefndinni, þegar hún byrjaði störf sín, var að aðgæta seðlaútgáfu bankans, hvernig bækurnar væru færðar, og hve mikið hefði verið gefið út á hverjum tíma". Bækur ekki haldnar yfir seðlaútgáfu bankans.

2. Svar: Bankinn er ekki seðlaseðlabanki, hefir aldrei gefið út nokkra seðla, landsstjórnin gefur út seðlana fyrir hönd landssjóðs en ekki bankans; bankinn fær fé að láni úr landssjóði (í seðlum), sjá lög 18. sept. 1885. Landsstjórnin á að halda þessar bækur, en ekki bankinn. Þetta sýnir fljótferni og vanþekkingu nefndarinnar svo furðu gegnir. (Frh.).

Sig. Júl. Jóhannesson.

Þeir einir, sem lært hafa að hlýða, eru færir um að stjórna.

* * *

Sannleiki er oss meðfæddur, með því að hafna honum, misbjóðum vér eðli voru.

Dánarfregn.

Þann 27. apríl sl. andaðist að heimili Sigurbjargar dóttur sinnar á Point Roberts, Wash., gamalmennið Sigurgeir Sigurðsson (Sivertz), 84 ára að aldri, og var greftraður að Ladner, B.C., degi síðar, að viðstöddum flestum Íslendingum af Pt. Roberts, og mörgum öðrum úr nágrenninu.

Sigurgeir sál. var fæddur að Vatnshóli í Húnavatnssýslu á Íslandi árið 1826, og ólst hann upp með móður sinni á ýmsum stöðum í Húnavatns og Dalasýslum, þar til hann var 11 ára, að hann fluttist með henni að Búðum á Snæfellsnesi, hvar hann dvaldi fram yfir fermingu, þá fluttist hann að Faxaflóa sunnanverðum, og stundaði hann þar bæði landvinnu og sjómensku fram um tvítugs aldur, og hvarf hann þá norður til Húnavatnssýslu á fæðingarstöðvar sínar, hvar hann dvaldi um 5 ára tímabil, en færði sig þá vestur að Breiðafljóa, og var þar í lausamensku, með heimilisfang ýmist í Akureyjum hjá séra Friðrik Eggertz eða að Reykhólum, þar til árið 1856, að hann kvæntist yngisstúlkunni Björgu Jónsdóttir, að Mýratungu í Reykhólasveit í Barðastrandarsýslu, sem nú lifir mann sinn, 78 ára gömul.

Þau hjón bjuggu á ýmsum stöðum vestan Breiðafjarðar, en þó lengst af á Grænhól á Barðaströnd Þeim hjónum varð 14 barna auðið, hvar af 8 eru á lífi, þrjú á Íslandi, nefnilega: Helgi Jóhannes gullsmiður á Ísafirði, og tvær dætur, Ingibjörg og Sigríður, til heimilis á sama stað. Einn sonur þeirra, Jón, dvelur í Kaupmannahöfn, en fjögur börnin hafa gert Vesturheim að framtíðarlandi sínu, Þórólfur og Kristján í Victoria, B.C., Bertran í Seattle og Sigurbjörg á Point Roberts, hvar hinn látni dvaldi síðustu árin.

Árið 1887 fluttist Sigurgeir sál. til Vesturheims og dvaldi 3 fyrstu árin í Winnipeg, Manitoba. Þá flutti hann til Kyrrahafsins, og hefir dvalið þar síðan hjá börnum sínum, ýmist í Victoria, B.C., eða á Point Roberts, þar sem hann lézt eins og fyr segir.

Sigurgeir sál. var gæddur framúrskarandi líkams og sálarþreki. Viljakrafturinn samfara starfsfýsninni gerði það að verkum, að hann varð einatt að hafa eitthvað það fyrir stafni, er einhverjum mætti að gagni koma. Sjálfstæðis hugmyndin var honum svo ríkulega úthlutuð, að hann taldi það með mestu meinum sínum, ef hann hafði hugmynd um, að hann væri upp á hjálp annara kominn, enda sýndi hann það fram að síðustu stundu æfi sinnar, að hann hafði löngun til, að vera ekki börnum sínum til byrði, þar sem hann stóð við að hreinsa skógland á landi dóttur sinnar, þar til hér um bil mánuði áður en hann lézt, og má svo að orði kveða, að hann legði frá sér viðarhöggsverkfærin og gengi heim til að leggjast fyrir og njóta hvíldarinnar eilífu, sem öllum er svo velkomin eftir jafn langvint æfidagastarf.

Sigurgeir sál. voru gefnar meir en í meðallagi sálargáfur og minni mjög gott, og var oft skemtilegt, að heyra hann segja sögur úr viðburðum sinnar fyrri æfi, því hann var léttlyndur að eðlisfari og gat því oft kryddað þær sögur með skoplegum skrítlum. Hann var í insta eðli sínu frjálslyndur framfaramaður, en því miður gátu þeir hæfileikar ekki sýnt sig sem skyldi, þar sem hann var kominn yfir sextugt, er hann flutti af Íslandi, og því ekki eins meðtækilegur fyrir þau áhrif, sem þetta land hefir á unga innflytjendur, enda þótt að kjarkurinn og áræðið væri óbilugt.

Hann var meðlimur íslenzka lestrarfélagsins á Pt. Roberts hér um bil stöðugt frá því það var stofnað árið 1903, og las bækur félagsins hlutfallslega meir en nokkur annar félagsmanna, og sýndi hann með því, hvað fróðleiksfýsnin var mikil. Sjón hans hafði mikið daprast eftir því sem árin færðust yfir hann, og hafði hann fyrir sjúkdómstilfelli mist sjón á öðru auga fyrir nokkrum árum síðan, en þó gat hann lesið bækur til síðustu áramóta.

Margt fleira mætti segja um hinn látna, ef sá, sem þetta ritar, hefði haft næga þekkingu á honum á hans fyrri árum, en því miður er svo ekki, og verður því að láta hér staðar numið.

Blaðið Vestri á Íslandi er góðfúslega beðið að taka upp þessa dánarfregn, sem er rituð fyrir tilmæli nokkurra hans nánustu að, standenda. Vinur.

Það er ómögulegt fyrir þig að vinna þar, þú þolir ekki hitann, sem er oftast yfir 100 stig í forsælunni.

The Best Of All "Outdoor" Shoes For Women—

REGAL OXFORDS

Only in expensive custom-built footwear will you secure equal style, quality, fit and comfort. Our new models in Women's Regal Oxfords accurately reproduce the smartest custom Oxford shapes *for this season.* In Regal quarter-sizes you secure the same perfect fit and comfort as in made-to-measure shoes. The high quality and expert workmanship in Regals insure long, satisfactory service. You will find that our Women's Regal Oxfords fit snugly at the heel and smoothly around the ankle—because they are made on special Oxford lasts. Ordinary low-cuts chafe your heel and sag at the ankle because they are made on high-shoe lasts. Allow us to show you these Women's Regal Oxfords at your convenience.

A Stylish, Comfortable Women's Regal Model

$4.50 $5.00 $5.50 $6.00

289 Portage Avenue

Til Smærri Peningamanna!

Um leið og vér bjóðum yður þessar lóðir til kaups, getum vér með sanni sagt, að vér alveg ómótmælanlega höfum á boðstólum slík kjörkaup, sem sjaldan bjóðast, — með öðrum orðum: Ágætar byggingalóð-ir með vægustu mánaðar afborgunum. Þessar lóðir eru í

FAIRHOLM

35 St. James, og renna þessar strætisbrautir þar framhjá: St. James, St. Charles, Country Club, Kirkfield Park, Deer Lodge og Headingly rafmagnslestir. Þetta svæði er alt á hálendi, og eru því lóðirnar þurrar og skemtilegar.

Tuttugu og fimm smáhús (Cottages) er nú verið að byggja á þessu svæði

ÁTTA LÓÐIR SELDAR SÍÐUSTU VIKU

Enginn hluti borgarinnar byggist nú jafn óðfluga eins og Vestur-Winnipeg og þessar lóðir eru í miðbiki þessa hraðbygða svæðis, og er ætlað að þær tvöfaldist í verði á einum tl tveimur árum. Skattur af þeim er enn sem komið er að eins 70 cent um árið af hverri lóð

Verð: $250 til $300, $10 niðurborgun og $8 mánaðarlega þar til fullborgað er

Með því að kaupa lóð með þessum skilmálum eignist þér bráðlega fasteign, nær því án þess þér vitið það.

Látið nú ekki úr hömlum dragast, að nota þetta undursamlega tækifæri! Eftir að þér hafið greitt hina fyrstu niðurborgun, leyfum vér yður 10 daga til að skoða lóðirnar, og SKILUM YÐUR ÞÁ AFTUR PENINGUM YÐAR, ef þer óskið þess. Er mögulegt að bjóða aðgengilegri skilmála.

Oss er hugleikið, að veita yður allar upplýsingar og sýna yður lóðirnar, hvenær sem vera vill. — Þér ættuð að festa kaup nú þegar, þar eð eftirspurnin eftir þessum lóðum hefir verið meiri þessa síðustu viku, en vér gerðum oss í hugarlund.

Skrifstofa vor er opin á kveldin kl. 7.30 til kl. 10 Talsími 1630

THE CITY REALTY CO.

426 PORTAGE AVE. WINNIPEG

SMÆLKI.

Á dögum frönsku stjórnarbyltingarinnar voru eitt sinn aðalsmaður og þjófur samferða í vagni hinna dauðadæmdu áleiðis til aftökustaðarins, og prestur var hjá þeim, sem átti að undirbúa þá undir hina hinstu ferð. Skrillinn á götunum hrópaði hástöfum, niður með aðalinn. Þá stóð þjófurinn upp í vagninum og ávarpaði skrílinn: Vinir mínir, — ég er ekki aðalsmaður, heldur þjófur. En presturinn tók í ermi hans og ávítaði hann: Seztu niður, þetta er ekki tími eða tækifæri að miklast yfir öðrum.

* * *

Hefirðu heyrt, að Grímur er dáinn?

Nei, hann getur ekki hafa verið lengi veikur.

Onei, þess þarf ekki með, læknislistin hefir tekið framförum.

* * *

Vér ættum aldrei að tala til að þóknast sjálfum oss, heldur þeim, sem hlusta á oss.

* * *

Auðurinn á að geymast í húsum vorum en ekki hjörtum.

* * *

Hygginn vinur og hæglátur er betri en of ör og ákafur.

J. J. H. McLean & Co Limited

Vér höfum FLUTT

Vort nýja heimkynni er á horni

Portage Avenue og Hargrave Strætis

J. J. H. McLean & Co. Ltd.,

Cor Portage Ave. & Hargrave
Phone: Main 808.

Fréttir úr bænum.

Á mánudaginn var útnefndu Conservativar hinn valinkunna sæmdarmann Lendrum McMeans bæjarfulltrúa, sem þingmannsefni fyrir Suður-Winnipeg. Og sem þingmannsefni fyrir St. Boniface fyrverandi þingmann kjördæmisins Joseph Bernier.

Óvenjulega miklir hitar hafa gengið hér þessa dagana, hefir hitinn náð alt að 100 stigum í forsælunni. Er það talinn mesti hiti, sem komið hefir í þessum bæ í 10 ár undanfarin.

Þriðja og síðasta bindi ljóðasafns St. G. Stephanssonar er nú komið í hendur útgefendanna.

Séra Jón Bjarnason hefir verið sæmdur doktors-nafnbót af lúterska háskólanum Thiel í Greenville í Pensylvania, fyrir framúrskarandi dugnað, hæfileika og elju í kennimannsstöðu sinni, sem lúterskur prestur.

Séra Jón er því hinn fyrsti Íslendingur vestanhafs, er hlotið hefir slíkan heiður, enda mun enginn betur hafa til þess unnið eða átt nafnbót þessa frekar skilið en hann.

Forseti kirkjufélagsins, séra B. B. Jónsson, afhenti séra Jóni útnefningarskjalið með nokkrum velvöldum orðum, að hádegismessu lokinni sl. sunnudag.

Júbil-sjóður kirkjufélagsins hefir nú náð 5000 dollara, eins og til var ætlast. — Þar til voru sauðirnir reittir, að gjaldið var greitt. — Reyndar gaf Dr. G. H. Stub, frá St. Paul, 500 dollara, og fylkisstjóri Sir Daniel McMillan hafði áður gefið 100 dollars, — en alt hitt munu safnaðarlömbin hafa orðið að láta í té.

Munið eftir að fjölmenna á "Grandmother Social" stúkunnar Ísland í kveld (fimtudag 23. þ.m. Aðgangur ókeypis.

Jafnaðarmenn hafa útnefnt einn úr sínum hóp, að sækja um kosningu í West Winnipeg; hann heitir Georg Armstrong; — verða því þrír í vali, svo ætla má, að kappsamlega verði að gengið.

Í Heimskringlu 2. júní var þess getið, að heimili Guðm. Guðmundssonar, frá Pine Valley, væri 711 Elgin ave. Það átti að vera 711 Ellice avenue.

Séra Hans. B. Thorgrimsen gaf saman í hjónaband að Mountain, N.D., 15. júní sl. þau hr. S. S. Johnson, frá Tantallon, Sask., og yngismær Lauru Stephansson, úr Mountain bygð. Ungu hjónin komu hingað til bæjarins á heimleið til Tantallon. Heimskringla óskar þeim allra heilla.

Gimli Liberalar héldu fund fyrra miðvikudag hér í bænum, í þeim tilgangi, að útnefna þingmannsefni fyrir íhöndfarandi kosningar. Þegar á fund kom urðu menn ekki ásáttir um þingmannsefnið, vildu sumir útnefna herra W. H. Paulson, en aðrir séra Jóhann P. Sólmundsson. Varð þras mikið og gauragangur með mönnum út af þessu, og endir varð sá, að báðir verða í kjöri við kosningarnar. Þó er talið, að presturinn bjóði sig fram sem óháður "liberal".

Bræðurnir í stúkunni Heklu ætla að hafa sérstakt skemtikveld í stúkunni föstudagskveldið 24. þ.m. Allir íslenzkir Goodtemplarar þá í bænum er óskað eftir að verði þar. Gleymið ekki að koma.

Hr. Eiríkur Jóhannsson, frá Árdal, og hr. Jón Hornfjörð, frá Framnes P.O., voru hér á ferð sl. mánudag. Þeir fóru meðal annars og skoðuðu Búnaðarskólann.

Þeir bræður, Jón og Skúli Sigfússynir, frá Oak Point, komu hingað til bæjarins sl. mánudag, og lögðu af stað heimleiðis á þriðjudaginn.

SKRÁ.

yfir börn þau, er undirritaður hefir fermt í prestakalli sínu á þessu vori (1910): —

a) Í Wild Oak-bygð:

1. Guðrún Sigurlína Jóhannsdóttir Jóhannsson.
2. Hólmfríður Lilja Jónsdóttir Finnsson.
3. Jónas Kristinn Böðvarsson Johnson.

b) Í Marshland-bygð:

1. Karl Baldvin Guðjónsson Thorkelsson.
2. Kristján Albert Breckmann.
3. Haraldur Ólafsson Anderson.
4. Guðmundur Júlíus Ólafsson Anderson.
5. Óli Frímann Ólafsson Johnson.
6. Haraldur Pálsson Ásmundsson.

Fermingardagar:

Á Wild Oak: Hvítasunnudagur.
" Marshland: Trinitatis-sunnud.

Bjarni Thorarinsson.

Þorsteinn Þorsteinsson, Beresford P.O., kom hingað til bæjarins fyrra miðvikudag, til að taka á móti tveim systrum sínum nýkomnum frá Íslandi, önnur með fimm börnum, hin með þremur. Fór hann heim til sín næsta dag. Systurnar ætla vestur í Tantallon til Tryggva Þorsteinssonar bróður þeirra.

Guðmundur Þorsteinsson, bóndi frá Belmont, Man., sem fór til Íslands í fyrra sumar, kom hingað til bæjarins með vesturfarahópnum fyrra miðvikudag, ásamt konu sinni.

Hr. Eiríkur H. Bergmann, frá Gardar, N. Dak., kom hingað til bæjarins sl. fimtudag; hafði verið á ferð um Sask. — Fjöldi annara Bandaríkja Íslendinga hafa verið hér þessa dagana, sumir sem fulltrúar á kirkjuþinginu og aðrir sér til skemtunar, að sjá kunningja og vini í bænum.

Grandmother Social.

(HÚFUSALA)

Í kveld (fimtudag) hefir stúkan Ísland "Grandmother Social" í Únitarasalnum. Systurnar hafa setið við að búa til fallegar húfur, sem seldar verða hæstbjóðanda, og vonast þær eftir, að bræðurnir fjölmenni og bjóði ríflega í húfurnar. Veitingar verða þar á boðstólum.

Aðgangur ókeypis.

ALLA

þá, er hafa bréfaviðskifti við mig, bið ég framvegis að hafa hugfast, að áritan mín er: 1350-52 W. Erie street, Chicago, Ills.

A. J. JOHNSON.

Dr. G. J. Gíslason,

Physician and Surgeon

18 South 3rd Str., Grand Forks, N.Dak

Athygli veitt AUGNA, EYRNA og KVERKA SJÚKDÓMUM. ASAMT INNVORTIS SJÚKDÓMUM og UPPSKURÐI. —

TJALD TIL SÖLU

lítið brúkað, stærð 14x21 fet, 6 feta veggir. Fyrir hálfvirði. Hkr. vísar á.

Minningarit kirkjufélagsins 1885—1910.

Hið ev. lút. kirkjufélag hefir gefið út aldarfjórðungs minningarrit sitt. Ritið er tæpar 80 bls. og á að beita í fjögra blaða broti, þó lesmál sé engu meira en venjulegt átta blaða brot. Prentun er fremur góð, þappírinn er góður og prentun myndanna hefir tekist vel.

Um innihald ritsins er það að segja, að saga kirkjufélagsins, rituð af þeim séra B. B. Jónssyni og hr. Friðjóni Friðrikssyni, tekur upp mestan hluta ritsins eða yfir 40 bls. Sjálf sagan er glögg og skilmerkileg.

Ritið byrjar með "Minningum" eftir forsetann séra B. B. Jónsson; eru það bæði bænir og minningar samantvinnað. Þá eru hátíðaljóð séra Valdimars Briem, í 7 flokkum, og auk þess inngöngu og útgönguvers, — þunnmeti, með því lélegra, sem eftir sálmaskáldið hefir birst og vér höfum séð.

Þá kemur saga félagsins. Því næst æfiminningar þeirra séra Páls heitins Þorlákssonar og séra Halldórs Briems, sem báðir voru þjónandi prestar áður en kirkjufélagið var stofnað; hefir séra JónBjarnason ritað æfiminningu séra Páls, og er hún prýðisvel rituð. Séra Friðrik Hallgrímsson hefir ritað æfiminning Halldórs Briems, og segir hann án efa alt er hægt var um Halldór Briem að segja.

Þá koma skýrslur um alla söfnuði, er í kirkjufélaginu hafa verið, skýrslur um presta þess og embætismenn.

Í ritinu eru 10 myndir, sú fyrsta er af hinu fyrsta kirkjuþingi; er hún merkileg fyrir þá sök, að sumir, sem þar eru, hafa snúist frá kirkjufélagsstefnunni fyrir löngu, og henni andvígir nú. Hinar myndirnar eru af kirkjum og klerkum.

Minningarritið kostar að eins 50 cents, og er mörgum centum ver varið en til þeirra kaupa, því ritið er eigulegt.

Miðskólaprófin.

enduðu sl. mánudag og stóðust þessir Íslendingar próf

Upp úr fyrri deild.

Emma S. Jóhannsson hlaut fyrstu ágætis einkunn.

Sigfús Jónsson, 1. einkunn.
E. Johnson, 2. einkunn.
Guðmundur Johnson, 2. einkunn.
Helgi Johnson, 2. einkunn.
Gabriella Sigurlína Thordarson, 2. einkunn.
Solveig Thomas, 2. einkunn.
O. G. Paulson, 2. einkunn.
B. M. Paulson, 2. einkunn.
Á. Oddleifsson, 2. einkunn.
V. Á Vigfússon, 2. einkunn.
Ólöf Bjarnason, 3. einkunn.
Ólafur G. Ólafsson, 3. einkunn.

Upp úr síðari deild.

Jón Einarsson, 1 einkunn.
Aldís Magnússon, 1. einkunn.
Jón Thorarinsson, 1. einkunn.
Anna S. Hannesson, 2. einkunn.
Magnús Kelly, 2. einkunn.
J. Nordal, 2. einkunn.
S. B. Stefánsson, 3. einkunn.

Kona með stúlkubarn óskar eftir ráðskonustöðu hjá landbónda, sem er barnlaus eða með 1 barn. Hkr. vísar á.

EIN MÖRK AF MJOLK SAMSTEIPT Í EITT PUND AF

SMJÖRI 5c. pundið



Vél til heimilisnota. Samsteypir einni mörk af mjólk í eitt pund af smjöri á tveimur mínútum.

Engin efnablönduð viðhöfð. Smjörið er eins hart, lítur eins át, en er bragðbetra heldur en skilvindu smjör og notað á sama hátt.

$1000 borgaðir ef þessi vél reynist eigi eins og auglýst er

Ef þér viljið eignast hina þægilegustu og heilnæmustu vél sem til er búin, þá kaupið þessa vél. Skrifið eftir eiðsvörnum vottorðum og á íslenzkar upplýsingum um þessa undravél.

VERÐ: $7 50 Flutningsgjald borgað.

AGENTAR ÓSKAST HVÍVETNA

K. K. Albert

P.O. Box 64 Winnipeg, Man.

Getið um Heimskringlu er þér skrifið

Skemtiferð

til Gimli 4. Júli.

Hin árlega skemtiferð íslenzkra Goodtemplara í Winnipeg verður farin til Gimli mánudaginn þann 4. júlí næstkomandi.

Nú eins og áður hefir verið fengin í sérstök járnbrautarlest af beztu tegund til afnota fyrir daginn, og af því að við höfum nægilegt pláss fyrir 800 manns, þá óskum við, sem í nefndinni erum, að jafnt utanfélagsmenn sem Goodtemplarar fjölmenni til Gimli þann dag.

Það hefir verið vandað mjög vel til fyrir daginn, svo við getum ábyrgst ykkur góða skemtun. Jafnskjótt og festin stansar á Gimli, verður tekið á móti okkur af móttökunefndinni þar, ásamt Gimli hornleikendaflokknum og vinum og kunningjum.

Þar hefst hin mikla skrúðganga og verður íslenzki fáninn borinn í broddi fylkingar í gegn um Gimli bæ og staðar numið í Gimli Park, þar sem hátíðahaldið verður sett.

Þar fer fram ákveðið prógram dagsins og allar tegundir af "Sports". Nefndin hefir nú þegar lagt fram álitlega upphæð af peningum, sem varið verður til verðlauna fyrir þá, sem taka þátt í "Sports".

Allir þeir, sem heldur vildu taka sér ferð á hendur út á Winnipegvatn, hafa þar tækifæri, því nefndin hefir lagt svo fyrir, að gufuskip yrði þar við hendina, ef fólki líkaði vatnið betur. Svo verða og baðhúsin í góðu lagi ásamt sundfötum, og það ætti að vera holt fyrir okkur, að fleygja okkur sem snöggvast í vatnið.

Af því að þetta verður líklega sú eina íslenzka skemtiferð, sem farin verður héðan úr bænum til Gimli á þessu ári, þá ætti fólk ekki að hugsa sig um að fara.

Við höfum reynt að hafa fargjaldið í ár eins sanngjarnt og mögulega er hægt að hugsa sér: Héðan frá Winnipeg fram og til baka $1.25 fyrir fullorðna og 75c fyrir börn. Frá Selkirk $1.00 fyrir fullorðna og 75c fyrir börn. Börn innan 6 ára fara frítt.

Í þessu verði innfelst einkennisborði og aðgangur að öllum skemt unum á Gimli.

Lestin leggur á stað frá C.P.R. vagnstöðinni á minútunni kl. 8.30 að morgni. — Munið eftir deginum og fjölmennið. Komið í tíma.

S. PAULSON,
ritari nefndarinnar.

A. S. BARDAL

Selur líkkistur og annast um útfarir. Allur útbúnaður sá bezti. Enfremur selur hann alskonar minnisvarða og legsteina.

121 Nena St. Phone 306

A. S. TORBERT'S

RAKARASTOFA

Er í Jimmy's Hótel. Besta verk, ágæt verkfæri; Rakstur 15c en Hárskurður 25c. — Óskar viðskifta Íslendinga. —

THE

"Arena"

Þessi vinsæli skautaskáli hér í vesturbænum er nú opinn. Ísinn er ágætur. 18DA MOUNTED RIFLES BAND SPILAR Á ARENA. KARLM. 25c.—KONUR 15c.

Chas. L. Trebilcock, Manager.

Til sölu

eru 10 ekrur af landi á Point Roberts, Wash., hér um bil helmingur hreinsað, enn hinn helmingurinn í skógi.

Þeir, sem vildu sinna þessu, snúi sér til

Gísli O. Guðmundssonar

4-8 Point Roberts, Wash.

TIL LEIGU

góð herbergi á McDermot ave., í þriðja húsi fyrir vestan Fire Hall.

Atvinna.

Okkur vantar fáeina duglega umboðsmenn í hinum íslenzku bygðum í Manitoba og Norðvesturlandinu til að selja Stereoscopes og myndir. Sendið 75c fyrir umboðsmanna áhöld.

Arnason & Son.

8-4 Churchbridge, Sask.

Karlmannskór

Alkunnir fyrir gæði

Þegar við seljum karlmanni skó, seljum við honum skó sem við þekkjum til hlítar.

Við eigum ekkert við skó, sem við ekki þekkjum.

Karlmannskór $3.00 $8.00

Þeir, Karlmenn sem eiga beztu skóna verzla við okkur og kalla búð vora "skóbúðina sína" og sýnir þetta öllu fremur, gæði og vöndun skónna —

Við erum þér til þjónustu, herra mínir.

Ryan-Devlin Shoe Co

494 MAIN ST. PHONE 770.

Sherwin-Williams PAINT

fyrir alskonar húsmálningu.

Prýðingar-tími nálgast nú. Dálítið af Sherwin-Williams húsmáli getur prýtt húsið yðar utan og innan. — Brúkið ekker annað mál en þetta. — S.-W. húsmálið málar mest, endist lengur, og er áferðarfegurra en nokkurt annað hús mál sem búið er til. — Komið inn og skoðið litarspjaldið. —

Cameron & Carscadden

QUALITY HARDWARE

Wynyard, · Sask.

FRIÐRIK SVEINSSON

tekur nú að sér allar tegundir af húsmáling, betrekking, o.s.frv. Eikarmálning fljótt og vel af hendi levst. Heimili 443 Maryland St.

"Kvistir,"

kvæði eftir Sig. Júl. Jóhannesson, til sölu hjá öllum íslenzkum bóksölum vestanhafs. Verð: $1.00.

Jóhanna Olson

PIANO KENNARI

557 Toronto St. Winnipeg

TIL SÖLU:

160 ekrur af bezta landi, stutt fra járnbrautarstöð. — Fyrsti maður með $7.00 fær hér góð kaup. — Finnið

Skúli Hansson & Co.

47 Aikens' Bldg.

Talsími. Main 6476 P. O. Box 833

DR. H. R. ROSS

C.P.R. meðala- og skurðlækuir. Sjúkdómum kvenna og barna veitt sérstök umönnun.

WYNYARD, — SASK.

Dr. M. Hjaltason, Oak Point, Man.

Anderson & Garland,

LÖGFRÆÐINGAR

35 Merchants Bank Building

PHONE: MAIN 1561.

MARTYN F. SMITH,

TANNLÆKNIR.

Fairbairn Blk. Cor Main & Selkirk

Sérfræðingur í Gullfyllingu og öllum aðgerðum og tilbún aði Tanna. Tennur dregnar án sársauka. Engin veiki á eftir eða gómbólga. —

Stofan opin kl. 7 til 9 á kveldin

Office Phone 6944. Heimilis Phone 6462.

Þarft þú ekki að fá þér ný föt?

EF ÞAU KOMA FRÁ CLEMENT'S, — ÞÁ VERÐA ÞAU RÉTT

Réttur að efni, réttur í sniði réttur í áferð og réttur í verði.

Vér höfum miklar byrgðir af fegurstu og beztu fataefnum. —

Geo. Clements & Son

Stofnað árið 1874

264 Portage Ave. Rétt hjá FreePress

Th. JOHNSON

JEWELER

286 Main St. Talsími: 6606

Sveinbjörn Árnason

Fasteignasali.

Selur hús og lóðir, eldsábyrgðir, og lánar peninga. Skrifstofa: 12 Bank of Hamilton.

TALSÍMI 5122. HÚS-TALS. 8695

G. NARDONE

Verzlar með matvöru, aldini, smá-kökur, allskonar sætindi, mjólk og rjóma, sönnul. tóbak og vindla. Óskar viðskifta Íslend. Heitt kaffi eða te á öllum tímum. Fón 7756

714 MARYLAND ST.

Boyd's Brauð

Það borgar sig að vera brauðvandur. Brauð frá sum um bökurum er auðmeltara en frá öðrum, og auðmelt brauð eru hollust. Reynslan mun færa þér sönnur á, að vor brauð viðhalda heilsunni og auka matarlystina. Vagnar vorir fara um allan bæinn

Boyd's

Bakery Cor. Spence & Portage Ave Phone 1030.

Winnipeg Wardrobe Co.

Kaupa brúkaðan Karla og Kvenna fatnað,—og borga vel fyrir hann.

Phone, Main 6539 597 Notre Dame Ave

BILDFELL & PAULSON

Union Bank 5th Floor, No. 520

selja hús og lóðir og annast þar að lútandi störf; útvegar peningalán o. fl.

Tel.: 2685

Jónas Pálsson,

SÖNGFRÆÐINGUR.

Utvegar vönduð og ódýr hljóðfæri

460 Victor St. Talsími 6803.

J. L. M. THOMSON, M.A., L.L.B.

LÖGFRÆÐINGUR. 255½ Portage Ave.

BONNAR, TRUEMAN & THORNBURN,

LÖGFRÆÐINGAR.

Suite 5-7 Nanton Blk. Tals. 766
Winnipeg, Man. P.O.BOX 223

Húðir og ógerfuð Loðskinn

Verzlun vor er vor bezta auglýsing. Sendið oss húðir yðar og loðskinn og gerist stöðugir viðskiftamenn.

Skrifið eftir verðlista.

The Lightcap Hide & Fur Co., Limited

P.O.Box 1092 172-176 King St Winnipeg 16-9-10

W. R. FOWLER A. PIERCY.

Royal Optical Co.

307 Portage Ave. Talsími 7286.

Allar nútíðar aðferðir eru notaðar við augn-skoðun hjá þeim, þar með hin nýja aðferð, Skugga-skoðun, sem gjöreyðir öllum ágiskunum. —

Heimskringla.

XXIV. ÁR | WINNIPEG, MANITOBA, FIMTUDAGINN, 30 JÚNÍ 1910 | NR. 39

Tvöfalt stærri

er reiðhjólabúð mín nú en áður, og vörubyrgðir og verzlun að sama skapi. BRANTFORD reiðhjólin góðu hefi ég til sölu eins og aðundanförnu með eins góðum kjörum og nokkur annar getur boðið. — Einnig aðrar tegundir af nýjum reiðhjól um sem ég sel fyrir $30. og upp, með "Dunlop Tires" og "Coaster Brake". — Allar aðgerðir og pantanir afgreiddar fljótt og vel. —

West End Bicycle Shop

Jón Thorsteinsson, eigandi

475—477 Portage Avenue.

TALSÍMI: MAIN 9630.

Fregnsafn.

Markverðustu viðburðir hvaðanæfa.

— Þá er Björnstjerne Björnson lézt, hugðu menn hann léti eftir sig miklar eignir, en það brást að mestu. Höfuðbólið Aulestad, sem hann bjó lengst á, var mestur hluti eigna hans, en nú hafa vatna vextir í Noregi gert svo miklar skemdir á Aulestad, að ekkjan sér sér ekki fært annað en selja. — Kostnaðurinn við aðgerðir verður meiri en hún megnar, því mestur hluti tekja hennar er styrkur sá, er norska þingið veitir henni, en hann er einir 450 dollarar um árið.

— Victor Napoleon, sá er kröfu gerir til keisaratignar á Frakklandi og höfuð Bonaparte ættarinnar frægu, ætlar að giftast heitmey sinni, Clemmentine, dóttur Leopolds Belgíu konungs, í næsta mánuði.

— Kólera geysar á suður Rússlandi, og hafa þegar 8 þúsund manns sýkst. Fólkið hrynur dautt niður unnvörpum og sýkin breiðist út með geysi hraða. Jafnvel læknar geta ekki varist plágunni og deyja sem aðrir. — Á hitatímum er kóleran einhver sú hræðilegasta plága, sem fyrir getur komið, og er nú ein von Rússa, að frost og kuldar komi, en þess mun langt að bíða nú um hásumarið.

— Fjöldi Finnlendinga hafa í hyggju að flytja til Canada, undan hinu rússneska kúgunaroki, og hafa ráðstafanir verið gerðar að gefa þeim bygð í Hudsons flóa löndunum, þau talin líkust Finnlandi.

— Eftir því sem siðferðisumsjónarmanni O'Keefe í Montreal farast orð, á Montreal borg nú að vera siðferðisbezta borgin í Canada. — Þegar O'Keefe tók við stöðu sinni fyrir 8 mánuðum síðan, voru um 200 pútnahús í borginni, og fjöldi knæpa, sem höfðu á sér miðlungi gott orð, og þess utan spilaviti hér og þar um borgina. Strax og hann tók við embætti, hóf hann barátttu gegn þessari spillingu, og eftir 8 mánaða barátttu þykist hann hafa hreinsað borgina svo vel, að hún sé nú siðferðisbezta borgin í Canada, og er það vel af sér vikið, ef satt væri, því ekki hefir Montreal haft sérlega gott orð á sér til þessa, enda er hún langstærsta borgin í Canada.

— Á þingi, sem líknar- og betrunarfél. hafa haldið í Guelph, Ont., var samþykt að skora á sambandsstjórnina, að lögleiða, að enginn mætti gifta sig, hvort heldur karl eða kona, nema að hann eða hún hefði læknisvottorð að þau væru heilbrigð og ógölluð. — Hafa álíka lög verið í gildi sumstaðar í Bandaríkjunum og gefist vel. — Sama þing samþykti einnig að skora á stjórnina að lögleiða, að enginn piltur undir 14 ára og engin stúlka yngri en 16 ára mættu vera úti á götum eftir kl. 9 að kveldi, nema í fylgd með foreldrum eða reyndum og ráðsettum ættingjum, eður umboðsmönnum foreldranna.

— Rússneskur fylkisstjóri nokkur misti nýskeð embætti sitt á einkennilegan hátt. Lausnarbeiðni hans frá embætti barst stjórninni, en þar sem hann var skoðaður grimdarseggur hinn mesti og óvæginn, vildi keisarinn ekki missa svo trúan þjón að raunalausu, og gerði því boð fyrir hann. Er fylkisstjórinn kom á keisarafund og var sýnd lausnarbeiðnin, ætlaði hann að ganga af göflunum af undrun, því enga lausnarbeiðni hafði hann sent, en samt var nafn hans með eigin hendi ritað undir lausnarbeiðnina. Hann varð þá að játa, að hann stundum undirskrifaði skjöl, án þess að lesa þau, og þannig hlyti þessu að vera varið. Einhver óvinur hans hafði leikið þannig á hann, að lauma lausnarbeiðninni inn á skrifstofu hans, og svo undirskrifaði fylkisstjórinn án þess að lesa sjálfs sins lausnarbeiðni. — Keisarinn veitti honum lausn í náð, er hann heyrði málavexti.

— Forsetakosning fór fram í Mexicó sl. mánudag, og var Diaz forseti endurkosinn með miklum meirihluta.

FRAMSYNI TAKNAR FORSJÁLA UMHYGGJU FYRIR KOMANDI TÍMUM

Er það framsýni að eyða peningum sínum í fánýtar rjómaskilvindur, vegna þess þær eru lítið eitt ódýrari? Þær geta aðskilið um stund, en ganga brátt svo úr sér, að eftir eitt eða tvö ár eru þær aðeins hæfar fyrir sorphaugzinn. Framsýni er það að velja hina sterkbygðu MAGNET skilvindu, tilbúin af skilvindu sérfræðingunum

The Petrie Manufacturing Co., Ltd., Hamilton

Hafa þeir beitt öllum sínum hæfileikum til að gera rjómaskilvindu þessa sem fullkomnasta, fremri öllum öðrum skilvindum. Takið ekki okkar orð fyrir því, en berið hana saman við hverja aðra skilvindu sem vera vill, og munuð þér finna hvern einasta part af MAGNET sterkari og betur hæfan til starfa svo árum skifti en nokkur hluti af öðrum skilvindum.

Hér eru sannanirnar

1. "Square gear" bygging.
2. Hin sterka og vandaða umgerð.
3. Skálin studd á tvo vegu.
4. Einstykkis fleytir, sem tekur á burtu allan óhreina og skilur eftir hreinan rjóma.
5. Fullkominn fleytir, auglýst mál
6. Auðvelt að snúa. Börn aðskilja.
7. Sakift á rámtaki í sömu umgerð fyrir fáa dollara aukreitis.
8. Auðvelt er hreinsa á minna en 5 mínútum.
9. Fullkomin hamla, styttir tímann (Magnet einkaleyfi).
10. Ódýrust. Allir hlutir huldir.
11. Aðskilur hvort heldur á jörðu eða gólfi.

Við ábyrgjumst sérhvern hluta. Sendið eftir verðlistum.

ÓKEYPIS TIL HANDA HVERJUM MJÓLKURBÓNDA

E. deildin, undir stjórn sérfræðings, svarar öllum spurningum um meðferð mjólkur. Okkar 12 ára reynsla sem mjólkurbúa sérfræðinga, stendur til boða. Við getum og viljum hjálpa ykkur. Skrifið til

THE PETRIE MFG. CO., LIMITED

WINNIPEG MAN.

ÚTIBÚ: Calgary, Alta., St. John, N. B., Montreal, Que., Vancouver, B.C., Regina, Sask., Victoria, B.C., Hamilton, Ont.

Hon. Rodmond P. Roblin

STJÓRNARFORMAÐUR Í MANITOBA.

"Mr. Roblin er stór maður í öllum merkingum þess orðs."

"Stjórn hans er starfsöm í fylsta skilningi, og fyrir það hefir hún hylli og fylgi fólksins. ("Town Topics").

Engin stjórn í Manitoba hefir framleitt eins mikið af gagnlegum og góðum lögum fyrir fylkisbúa í heild sinni, á 10 ára tíma, eins og Roblin-stjórnin hefir gert.

Það yrði langt mál, ef rita skyldi ítarlega um öll þau lög, — of langt og erfitt verk til að vinna á stuttri stund. Vér látum því nægja, að benda á nokkur aðal atriðin í þessu lagasafni.

Á meðal laga, sem Roblin-stjórnin hefir lögleitt, og sem nú eru gildandi lög, eru:

Óvilhöll kosningalög og undanþegin pólitiskum áhrifum, að svo miklu leyti, sem framast er mögulegt.

Lög um styrkveiting til járnbrauta, með því að ábyrgjast vöxtu af stofnfé, alt að $10.000.00 á mílunna um ákveðinn árafjölda, — ekki eins eyris tillag í peningum. Fyrir þennan styrk hefir fylkið fengið yfir 1600 mílur af járnbrautum á 10 árunum. Þessari styrkveitingu fylgir sá stóri kostur, að fylkisstjórnin ræður ekki síður en járnbrautarfélagið, hvað sé og hvað sé ekki sanngjarnt verð fyrir vöruflutning á öllum kvíslum brautanna innan fylkisins.

Lög um að skatta járnbrautafélög.

Lög um að skatta banka og lánveitingafélög, og ýms önnur gróðafélög.

Lög um stofnun fjöllistaskóla.

Lög um að stofna akuryrkju- og búnaðar-skóla. Stofnun þessi er nú fullveðja, þó sífelt þurfi að auka við byggingar, og er nú stór og stæðandi deild af Manitoba-háskólanum.

Lög um kaup á talþráðakerfum öllum í Manitoba. Sú stofnun er nú þegar sjálfstæð, ef ekki beint arðberandi, þó lækkað hafi verið gjaldið að miklum mun.

Lög um að kaupa kornhlöður eða fá aðrar bygðar, í þeim tilgangi, að fylkið, fremur en gróðafélög, ráði verðinu, sem bændur þurfa að borga fyrir að fá korn sitt geymt.

Lög um styrkveiting til að koma upp sláturhúsum í sambandi við gripamarkaði í hinum stærri bæjum, í þeim tilgangi að fá eytt einveldinu, sem nú ræður lögum og lofum í því sambandi.

Lög um skaðabætur til verkamanna, er slasast eða bíða líftjón á verksmiðjum.

Lög um takmörkun á vínsölu. Þar er bæjum og sveitum gefið fult vald til að banna vínsölu í allri mynd, ef kjósendur í þeim sveitum og bæjum segja svo fyrir með almennri atkvæðagreiðslu.

Lög um akbrautagerð. Þar er þéttbýgðum sveitum gefið vald til, að fá lánaða peninga til varanlegra brautagerða, þ.e., að brúleggja brautir á líkan hátt og gert er í bæjunum.

Hver, sem vill gagnrýna þetta lagasafn, getur ekki annað en viðurkent, að hér séu góð og gagnleg lög og bókstaflega öll sniðin svo, að þau geri fjöldanum sem mest gagn.

Á þrjátíu ára æfi fylkisins (frá 1870 til 1899) hefir ekki verið lögleiddur nokkur lagabálkur, sem jafnist við þennan.

HEIÐURINN ER ROBLIN-STJÓRNARINNAR, OG HENNAR EINNAR.

OGILVIE'S

Royal Household Flour

Til Brauð og Köku Gerðar — Gefur Ævinlega Fullnægingu

EINA MYLLAN Í WINNIPEG, — LÁTIÐ HEIMAIÐNAÐ SITJA FYRIR VIÐSKIFTUM YÐAR.

Sýnishorn af kjörseðli



Merkið atkvæðaseðil yðar eins og hér er sýnt

Kirkjuþing Únítara.

Hið fimta þing hins íslenzka Únítarafélags í Vesturheimi var haldið að Mary Hill, Man., 19.—20. þ.m. Á þinginu mættu 13 fulltrúar frá 5 söfnuðum og félögum, 4 prestar og 6 menn úr framkvæmdarnefnd félagsins, auk nokkurra gesta.

All-mörg sameiginleg mál íslenzkra Únítara voru rædd og ráðið til lykta á þinginu; afstaða íslenzka Únítarafélagsins gagnvart ameríska Únítarafélaginu ákveðin nánar en verið hefir að unanförnu. Samþykt að gefa út nauðsynlega leiðarvísira og kenslubækur við uppfræðslu unglinga í únítariskum skoðunum innan næsta nýárs, ásamt öðru fleiru.

Nákvæm skýrsla yfir gerðir þingsins birtist í næsta tölublaði Heimis.

Embættismenn fyrir komandi ár voru þessir kosnir: —

Forseti: S. B. Brynjólfsson.
V.-forseti: Stefán Thorson.
Skrifari: Séra G. Árnason.
V.-skrifari: A. E. Kristjánsson.
Útbreiðslustj.: B. B. Olson.
Féhirðir: Hannes Pétursson.

Meðnefndarmenn: Rögnv. Vídal, Guðm. Guðmundsson og Pétur Bjarnason.

Ráðunautar útbreiðslustjóra: — Mrs. Oddfr. Johnson og Mrs. Tilly Pétursson.

Samþykt var, að halda næsta ársþing að Gimli þann 17. júní 1910.

Í Álftavatns og Grunnavatnsbygðunum, sem kalla má að séu ein samvaxin bygð, eru nú sem stendur tveir únítariskir söfnuðir, annar í grend við Mary Hill póthús og hinn í grend við Otto póthús. Þó hvorugur þessara safnaða geti kallast fjölmennur, eru þeir samt báðir mjög vel starfandi og áhugafullir. Efalaust eiga þeir fyrir höndum að vaxa og safna saman í nánara félagslíf öllum þeim, sem aðhyllast frjálsa framfarastefnu í trúmálum í þessum bygðarlögum. — Á komandi ári njóta þessir söfnuðir að nokkru leyti þjónust herra Alberts E. Kristjánssonar, sem í vor útskrifaðist frá guðfræðisskóla Únítara í Meadville, Pennsylvania; að nokkru leyti þjónar hann Gimli söfnuði. — Ötulli og betri starfsmann en hann gætu þeir trauðla fengið.

Vonandi verður þess ekki langt að bíða, að stofnaður verði söfnuður í suðurhluta Grunnavatnsbygðar, hinu svonefnda Hálandi, og máske einnig norður með Manitobavatni við Narrows.

Viðtökur allar voru hinar beztu. Sann-íslenzk gestrisni mætti manni allstaðar. Bygðarmenn eiga skilið þökk allra frjálslyndra manna fyrir rausn sína og ötula starfsemi í þarfir málefnis vors. G.Á.

TILKYNNING.

Hér með tilkynnist þeim Íslendingum, sem hafa ásett sér eða kunna að áetja sér, að kaupa Pianos eða Organs hjá mér, að þeir geta það viðstöðulaust, — að eins hlýt ég að tilkynna öllum tilvonandi skiftavinum mínum, að ég sel HEINZMAN Pianos hér eftir en ekki "Karn", af ástæðum, sem ekki er vert að greina frá að svo stöddu.

Sérstaklega vildi ég draga athygli Gimlimanna og Ný-Íslendinga að þessari auglýsing minni.

P.t. W'peg, 22. júní 1910.

G. SÖLVASON

P.O. Box 111, Selkirk, Man.

Wall Plaster

"EMPIRE" VEGGJA PLASTUR kostar ef til vill ögn meira en hinar verri tegundir, — en berið saman afleiðingarnar.

Vér búum til:

"Empire" Wood Fibre Plaster
"Empire" Cement Wall "
"Empire" Finish "
"Gold Dust" Finish "
"Gilt Edge" Plaster of Paris
og allar Gypsum vörutegundir. —

Eigum vér að senda yður bækling vorn?

BÚIÐ TIL EINUNGIS HJÁ

MANITOBA GYPSUM CO. LTD

SKRIFSTOFUR OG MILLUR Í

Winnipeg, - Man.

Th. Svd. Lamb:

UPPTÍNINGUR.

Yfir þrjár miljónir manna, eða nær því fjórða hluti mannkynsins, eru sagðir fylgjendur Jesú Krists og kallaðir kristnir. Af þessari tölu eru 150,000,000 Rómverskkaþólskir, 75,000,000 Grísk-kaþólskir; 25,000,000 Lúterskir; 25,000,000 Biskupatrúar; 25,000,000 Meþódistar, Baptistar, Presbyterianar, o.s.frv.

Já, margir eru þeir, kristnu mennirnir, svoneindu, en hversu margir þeirra eru SANNKRISTNIR? Menn geta svo dæmalaust þægilega verið Kaþólskir, Lúterskir, Biskupatrúar, Meþódistar, Baptistar og Presbyterianar, án þess að vera KRISTNIR. Þeir geta sameþykt kenningar Ágústínusar, Lúters, Wesley og Kalvíns, án þess þó að vera kristnir. Þeir geta meira að segja samþykt kenningar Páls, Pétars og Jóhannesar og samt eigi verið kristnir menn.

Hvað er að vera kristinn?

KRISTINN ER SÁ, SEM TRÚIR Á KRIST OG BREYTIR EFTIR ÞVÍ, SEM KENNINGAR HANS FYRIRSKIPA.

Lesið kenningar Krists, þér íslenzku kristindómsvinir! Lesið þær með fjálgleika einlægleg. Rannsakið hjörtu yðar og nýrru (ef nýrun, að segja, eru ekki of veik) og gáið að, hvort þér sjálfir munið vera KRISTNIR.

Athugið liferni nágranna yðar! Takið eftir verkum og kenningum presta yðar. Gerið svo samanburð, en dragið ekkert undan. Og sjá! þér munuð komast að þeim sannleika, að enginn þeirra manna, sem þér þekkið, hvorki háir né lágir, séu SANNIR fylgjendur Jesú Krists — séu KRISTNIR MENN.

• • •

Hver, sem sendir Th. Svd. Lamb póstspjald, fær póstspjald aftur. Hver, sem sendir bréf, fær aftur annað til baka, og hver, sem sendir "LAGÐA" í "Upptiningin" hans, fær þakkir frá honum; þ. e.: — ef þeir eru þakka verðir. — Skrifið til "Th. Svd. Lamb, Esq., P.O. Box 3083, Winnipeg, Canada".

• • •

Já, það er þó í sannleika satt, að vér lifum meir í TRÚ en SKODUN hér í þessu landi. Kirkjufélögin lifa í trú en ekki skoðun. Bændur lifa í trú en ekki skoðun með uppskeruna sína; og hér í fasteigna-kompunum í Winnipeg er alt "sýningar-búmmið" og "uppslátturinn" vissulega meir trú en skoðun. En mörgum verður að trú sinni. Hér GETUR það einnig orðið.

• • •

Kvæðið eftir Sigurð Jóhannsson í Heimskringlu 16. júní bendir á, að ekki séu allir Kyrrahafsstrandar-búar búnir að týna niður móðurmáli sínu, þótt eigi sé hægt að neita því, að sumir hinir "upprennandi Íslendingar" þar vestra séu ekkert "Kapital" í íslenzkunni. Ýmsa mjög merka syni og dætur á Fjallkonan íslenzka þar vestra, og það er skaði, bæði fyrir þá og oss, Íslendinga í Manitoba, að eigi skuli meiri samvinna — meira félagslíf eiga sér stað á milli þeirra og vor. Á því gætu báðir partar grætt stórkostlega. Og fjarlægðina er ekki hægt að taka til greina í öðru eins samgöngulandi og vér lifum í.

• • •

Mikill glópskapur er öll sú hluttaka, sem íslenzkir Vestmenn eiga í stjórnmálum Íslands. — Hér ríðast þeir og berast á banaspjótum út af hálf- og heil-lognum blaðadeilum flokksmanna á Íslandi. Víta auðvitað ekkert í sinn haus, nema það, sem einhver stjórnmála lygalaupur þar heima lepur í þá.—

Heima, virðist hver silkihúfan rísa upp af annari! Hannes og Björn! — Baunverja-sinnaðir báðir tveir! — Punctum finale!

Margir beztu menn landsins, sem álitnir voru, eru nú stimplaðir þjófar og lygarar, vel að merkja! — Getur nokkur þjóð komist lengra í ósómanum! Guð hjálpi oss Íslendingum!

• • •

Heldur kysum vér að vera mínsti bóndi upp í afdal á Íslandi, en sitja í hinum hæstu sætum og ausa saurnum út um öll lönd, þjóðinni til minkunar. — Hvort kysir þú heldur, lesari "Upptínings"?

• • •

Ef hans Satanisku hátign dytti það nú í hug, að ná í nýjar bókmentir handa sér og árum sínum, þá teljum vér engan efa á því, hvað flugnahöfðinginn mundi velja. — — En hvert er yðar álit, lesendur góðir?

• • •

Svo var oss sagt af sannorðum manni hér í borginni, að einu stundirnar, sem maðurinn væri húsbóndi á sínu heimili, væri þegar konan færi út til að njóta kjörkaupanna hjá Mr. T. Eaton — ef hann annars væri þá ekki að vinna, sem oft muna vera um þetta leyti árs.

• • •

Það er ekki fallega gert af þér, drengur minn, að segja vinstúlku þinni, að þú sért reiðubúinn að trítla veröldina á enda fyrir hana — nema þú ætlir að taka hana með þér.

• • •

Margra ára djúpa sorg og þunga lífsreynslu þörfnumst vér, til þess að geta hagnýtt oss þá þekkingu, sem oss var kend á skólunum í æskunni.

• • •

Prédikarar koma og prédikarar fara, en samt heldur hans Satanníska hátign starfi sínu áfram, jafnt og þétt, í gamla staðnum. Sama ætlar Th. Svd. Lamb að gera!

Prentun

VÉR NJÓTUM, sem stendur, viðskipta margra Winnipeg starfs- og "Business"-manna.— En þó erum vér enþá ekki ánægðir. — Vér viljum fá alþýðumenn sem einatt notast við illa prentun að reyna vora tegund. — Vér ábyrgjumst að gera yður ánægða. — Símið yðar næstu prentpöntun til —

'Phone: Main 5944

The ANDERSON Co. COR. SHERBROOKE ST. AND SARGENT AVENUE. WINNIPEG.
PROMPT PRINTERS

ALDREI SKALTU geyma til morguns sem hægt er að gera í dag. Pantið Heimskringlu í dag.

Sorglegt enn þó satt.

(Aðsent)

Ýmsir af vinum mínum og kunningjum hafa látið í ljósi undrun sína yfir því, hve ég er ákafur mótstöðumaður víns og vindrykkju, þar sem þeir álíta að ég þekki hvorttveggja mjög lítið. En orsakir liggja til allra hluta, og ég hefi ekkert á móti því, að segja ykkur sögu, sem hafði svo mikil áhrif á mig, er ég var barn, að síðan álít ég drykkjuskap ganga glæpi næst.

Ég var að eins sjö ára gamall, er Jóhanna frænka kom heiman af Íslandi, með Munda son sinn, sem var fimm árum eldri en ég. Fyrst eftir að hún kom, dvaldi hún um tíma hjá foreldrum mínum, og varð ég þá mjög hændur að henni, meðfram af því, að hún var svo góð, svo framúrskarandi góð, við mig; og meðfram af því, að ég heyrði mömmu segja kunningjakonum sínum raunasögu hennar: Hún var átta barna móðir, fjögur höfðu dáið, þrjú voru vond og vanþakklát börn, er höfðu snúið við henni bakinu, og það eina, sem hún átti eftir, var Mundi. Laglegi ljóshærði Mundi litli, með blá augun og barnslega þýða svipinn, sem allir elskuðu og ég blátt áfram dýrkaði. Hann var fyrirmynd mín í einu sem öðru, og mín innilegasta ósk var, að verða líkur Munda. Ég held að ég hafi ofurlítla hugmynd um, hversu innilega Jóhanna elskaði litla drenginn sinn, en ég get ekki gefið neinum öðrum hugmynd um það; ég veit að öll hennar ánægja í þessum heimi var þar, sem hann var, og hún vonaði, að hann mundi bæta sér upp missir hinna barnanna sinna. Vesalings Jóhanna!

Árin liðu, og er Mundi var fimtán ára, var hann búinn með barna skólanám, og þótti það undrum sæta. Uppað þessum tíma hafði mamma hans unnið fyrir þeim báðum; þvegið þvotta og gólf, selt fæði, o.s.frv. En nú fór að vakna hjá Munda riddaraleg löngun til að geta létt undir með móður sinni. Þess vegna, er hann var útskrifaður úr barnaskólanum, fór hann óðara að leita sér eftir vinnu.

"Ég vil ekki, að þú farir að vinna, Mundi minn", heyrði ég mömmu hans segja við hann, "ég ætla að vinna fyrir okkur bæði, en þú átt að halda áfram að menta þig. Þú veizt, að þú átt að læra til læknis, svo að þú getir stundað gömlu mömmu, þegar hún er orðin þreytt og lasin".

"Þú ert orðin nógu þrevtt núna, og það er kominn meir enn tími til, að ég fari að létta unnir með þér. Ég ætla að minsta kosti að fá mér eitthvað að gera á meðan skólunum er lokað".

O það varð úr. Mundi fór að vinna hjá gosdrykkja og ölgerðarmönnunum Blackwood Bros. fyrir ..... á viku.

Framan af lék ált í lyndi. Mundi var sami hlýðni, eftirláti drengurinn, færði mömmu sinni vinnulaunin sín á hverjum laugardegi, og eyddi kveldunum heima hjá henni við lestur góðra bóka. — Stundum sat hann og teflti skák við mig, og var ég þau kveld hamingjusamasti drengur undir sólunni. Ég man eftir mörgu ánægjukveldi, er ég eyddi þar, og ungur eins og ég var, hitnaði mér um hjartaræturnar, er ég sá blíðlega, hrukkótta andlitið hennar Jóhönnu frænku uppljómað af móðurlegu stolti og gleði í hvert sinn er henni varð litið á gæfu- og gáfulega drenginn sinn.

En svo fór að koma smá breyting. Það fóru að verða fleiri og fleiri kvöld, sem Mundi kom ekki heim fyr en seint, og hann fór að halda eftir æ meira og meira af vikukaupinu sínu fyrir sinar eigin óskiljanlegu þarfir. "Ég verð að hafa góðan tíma eins og hinir", var svarið, sem mamma hans fékk ei hún grenslaðist eftir gerðum hans. Löngunin til að komast hærra upp, er hann hafði tekið með sér heiman af gamla landinu, var ekki gróðursett nógu djúpt til þess, að hún upprættist ekki af samverunni með hugsunarlausum, skeytingarlausum, skemtanafýknum samvinnumönnum hans, mönnum, sem ekkert augnamið höfðu nema það, "að hafa góðan tíma".

Hafi Jóhanna séð, að Mundi var á afturfararskeiði, þá bar hún harm sinn í hljóði. Ég veit ekki, hvort hún hefir beðið hann að snúa við. Hvort hún hefir leitt honum fyrir sjónir, hversu niðurlægjandi það líf er, sem ekki miðar neitt hærra en rétt að vera til. Ég veit það ekki, en mér þykir líklegt, að hún hafi gert það. En samt hafa orð hennar, áminningar og bænir engin áhrif haft á Munda, sem var, áður en sumarið var liðið, einn í flokki unglinganna, sem þyrpast á hverju kveldi saman á götuhornunum og úti fyrir eða inni í fjárglæfraspils búðunum, talandi, hlægjandi, reykjandi, og því miður oft og tíðum drekkandi.

Ég hafði þó enga hugmynd um, hversu alvarlegt ástand hans var, þangað til einn laugardagsmorgun, er ég kom til að heimsækja frænku mína, — er Mundi var búinn að vinna hjá Blackwoods í hálft annað ár. Ég fann hana liggjandi á hnjánum við tómt, óuppbúið rúmið hans, með höfuðið falið í koddanum. Ég sá hún var í ákafri geðshræringu, og mig langaði svo mikið til að hugga hana. Þegar ég lagði handleggina um hálsinn á henni, leit hún upp, og aldrei hefi ég séð nokkurt andlit eins afmyndað af tárlausri sorg og örvæntingu.

"Óli minn", hvísladi hún í hásum róm, "hann verður aldrei læknir, hann verður drykkjumaður. Ó, ég vildi ég gæti dáið fyrir barnið mitt, ef það gæti frelsað hann frá drykkjumanns forlögum. Guð minn góður, hvað hefi ég gert til að vinna til þessarar voðalegu hegningar?"

Ég gat ekkert sagt eða gert, nema vafið handleggjunum enn fastar um hálsinn á frænku minni, og grátið. Smátt og smátt varð hún þó rólegri, bað mig að virða sér til vorkunnar vanstillinguna, og skýrði mér frá því, sem hún þó bað mig að halda leyndu, að tveir menn hefðu komið heim með Munda dauðadrukkinn kveldið áður.

"Ég veit, að hann var veikur í morgun, en hann fór samt í vinnu, og hann fór án þess að kvssa mömmu sína eða biðja hana fyrirgefningar. Þeir eru alveg búnir að taka hann frá mér, litla drenginn minn, og nú á ég ekkert, ekkert! En þeim er ekki nóg að taka hann frá mér, heldur verða þeir að eyðileggja hann líka. Ég vakti hjá honum í alla nótt, og ég sagði honum í morgun, hvað hann væri að gera, og bað hann, bað hann eins vel og ég kann að biðja, að snúa við. — Ég get ekki meira, nú verð ég bara að bíða og vona".

Og hún beið og vonaði í tvö ár, en biðin var svo þung og löng, og vonin veiktist með hverjum degi, þangað til að síðustu öll löngun til að lifa var slokknuð, og hin margmædda móðir kvaddi heiminn með þá bæn á vörunum, að dauði sinn mætti verða frelsun barnsins síns.

Ennþá hefir bæn hennar ekki borið neinn ávöxt. Síðan hún dó hefir Mundi sokkið enn dýpra ofan í drykkjuskapardýkið. Einmana og yfirgefinn, kvalinn af samvizkubiti, lamaður á heilsu, kinnfiskasoginn, boginn og bæklaður gengur hann götu mannlífsins, eins og skuggi, þar sem hann var skapaður til að vera ljós, — svo ólíkur hugljúfa, frjálslega unglingnum, sem é einu sinni elskaði og virti, en sem nú er "glerbrot á mannlífsins haug".

Virtu sannleikann, hvar helzt sem þú finnur hann. Hver myndi ekki taka upp gimstein, þó hann lægi á mykjuhaug.

JÓN JÓNSSON, járnsmiður, að 790 Notre Dame Ave. (horni Toronto St.) gerir við alls konar katla, könnur, potta og pönnur fyrir konur, og brýnir hnífa og skerpir sagir fyrir karlmenn. — Alt vel af hendi leyst fyrir lítla borgun.

Minnisvarðar

úr málmi, sem nefndur er "White Bronze", eru fallegustu, varanlegustu og um leið ódýrustu minnisvarðar, sem nú þekkjast. Þeir eru óbrjótanlegir, ryðga ekki og geta aldrei orðið mosavaxnir, eins og steinar; ekki heldur hefir frost nein áhrif á þá. Þeir eru bókstaflega óbilandi og miklu fegurri en hægt er að gera minnisvarða úr steini (Marmara eða Granit). Alt letur er upphleypt, sem aldrei máist eða aflagast. Þeir eru jafn dýrir, hvort sem þeir eru óletraðir eða alsettir letri, nefnilega: alt letur, og myndir og merki, sem óskað er eftir, er sett á fritt. — Kosta frá fáeinum dollurum upp til þúsunda. Fleiri hundruð tegundir og mismunandi stærðir úr að velja.

Þessir minnisvarðar eru búnir til af THE MONUMENTAL BRONZE CO., Bridgeport, Conn. Þeir, sem vilja fá nákvæmar upplýsingar um þessa ágætu minnisvarða, skrifi til undirritaðs, sem er umboðsmaður fyrir nefnt félag.

Thor. Bjarnarson,
BOX 304
Pembina - - N. Dak.

Halley's halastjarna

Hvert ert þú, hin háraprúða
himingeima ferðadís,
öll sem lauguð ljóssins úða,
létt úr upphelms djúpi rís?
Bogadregnum brautum fylgja
boðið var þér sköpun frá.
Loga-regnsins bjarma bylgja
brjóstum þínum svellur á.

Hita þenslu lofts úr líni,
lagður rósum kyrtill er.
Tómsins heljar gap þó gini
grandar enginn kuldi þér.
Fögrum búin töfra tvígjum
tigugleg þú brunar hjá,
girt í kring með gullnum skýjum
geisla brimsins löðri frá.

Undarleg að eðli' og hætti,
engum himins verum lík;
hart fram knúð af hulins mætti,
hamför engin þekkist slík;
hraða þann að heimsins rökum
hugur varla skilið fær, —
meðan andsog eitt vér tökum
ertu þúsund mílum nær.

Þú ert gestur sjaldan séður
svífa jarðarslóðum á,
en þess meira að þér kveður,
er þú líður garði hjá.
Jarðarbúar, eins og endur,
á þig stara um gjörvöll lönd.
Fáráðlingum stuggur stendur
stór, af þínum geislavönd.

Hvaðan ertu úr alheims geimi,
— enginn vegabréf þitt sá —?
Ertu barna svona á sveimi
sí og æ, og til og frá?
Nei, — þér drottinn sólna setti
sérstakt verk, er gegna hlaust.
Minstu agnir, — hvað þá hnetti
hann ei skapar tilgangslaust.

Kannske þú sért flutningsfæri
frumagnanna að lífsins rót, —
undrar mig ei, ef svo væri,
að þú sért í ferðum skjót.
Þeim, sem koma verður víða,
veitir ei af að hraða sér.
Ferða lögunar hljóta að hlýða
himnabúar eins og vér.

Eitthvað máske ertu að færa
oss úr forðabúri geims.
Er það til að endurnæra
evddan lífskraft þessa heims?
Eða að ráði reginvalda
reiðir þú, sem eru ei kunn,
ný frumefni nýrra alda?
— Nýjan straum frá lífsins brunn?

Sumir meina að munir vera
málmkend gufuslæða þunn,
segulásar sem að bera
sveiflum í á rúmsins unn, —
orðin til af ógna báli,
evddra hnatta bruna hring.
Ekki er hægt á manna máli
mála svoddan hugsýning.

Nokkrir segja úr sólar gýgum
sértu gaslofts tegund þynd,
ljósvakans, sem létt á stígum
líður fram í kynja mynd.
Aðrir halda röndin rauða
reiði merki drottins sé,
sem að boði böl og dauða, —
bráðum þetta muni ske.

Nokkrir hyggja enn nú annað
eðli, þig er svona bjó.
Ekkert virðist af því sannað, —
allra bezt ég tryði þó:
engan þú að hala hafir,
heldur að eins líklegt finn
glitri sólar geisla stafir
gegn um létta hjúpinn þinn.

Og að þú sért agnabreiða
afar þunn og létt sem fis,
þyngdaröfl sem andstæð leiða
eftir lögum hringsælis,
en því valdi ógnarhraði
að þú líkist til að sjá
hafsins mey í hrannarbaði,
hárið gylt sem dreifist frá.

Hvað sem er um hætti þína,
húmsins ljósa brúður skær,
aðdáun þú örvar mína
eftir því sem kemur nær.
Furðulég þó sértu sýnum,
svífaskjót á himin-gand, —
varla mun af vendi þínum
vorum heimi búið grand.

Þú ert að eins eitt smá-kenda
alvalds furðuverkum af,
sem að taka aldrei enda
eilífðar um regin haf.
Á því mikla ægi djúpi
ó, hvað litið sjónin nær,
skynjan vor er hulin hjúpi,
hann í gegn um séð ei fær.

Alt af jafnt um eilíf dægur
ættir, maður, geta séð
stjörnu raðir, sólna sægur
sama krafti hreyfast með.
Hvort mun ei sá undra máttur
aflið þér og hreyfing ljá?
Mun ei líf hvert leyni-þáttur
lagður almagns stöðvum frá?

Stálteinn virðist vera þéttur
vorum augum, hann þó er
agna fjölda saman settur,
samt ei slitið fáum vér.
Milli hverra minstu einda
meira' er rúm, en þeirra stærð,
samloðunar lögmál leynda
lært, — en aldrei skilið færð.

Hver einn minni, hærri og stærri
heimslíkami á rúmsins sjó
í sér felur aðra smærri,
allir saman tengdir þó.
Í oss sjálfum ótal heimar
eru að baki líkams tjalds,
milli þeirra sífelt sveimar
segulmáttur dular-valds.

Minsta duftkorn heill er heimur,
hulinn vorum sjónum þó;
eunþá smærri ara sveimur
innra er þar, en rúm samt nóg.
Hugann sundlar, greint ei getur
geimsins stærð, og vídd, og hæð.
en þó skilur ekki betur
ómælandi djúpa smæð.

Þú, sem leitar fjárs og frama,
frægðar, lofs og virðingar,
mundu' alt ber að brunni sama,
brögð og völd ei duga þar.
Ögn þinn lægðist ofmetnaður,
ef að bara mættir sjá,
hvað þú veikur, vesæll maður
verður alheims stórleik hjá.

Þorskabítur.

Manitobafylkis kosningarnar.

Sem kunnugt er, eru fylkiskosningar í vámd hafa hvorutveggju flokkarnir útnefnd þingmannsefni í öllum kjördæmum. Á hinu síðasta þingi áttu sæti 28 Con. og 13 Lib.. Við komandi kosningar eru einnig í vali verkamanna þingmannsefni, sem sé F. J. Dixon í Mið-Winnipeg og tveir flokkleysingjar þeir R. A. Bonnar og séra Jóh. Sólmundsson sá síðartaldi nefnist óháður Liberal og jafnaðarmaðurinn G. Armstrong í West Winnipeg. Væntanlega mun fylgji Roblinstjórnarinnar vaxa við hóndfarandi kosningar.

Frambjóðenda listinn er þannig.

Kjördæmi	*Stjórnarliðar*	*Andstæðingar.*
Arthur	A. M. Lyle	‡ John Williams
Assiniboia	† A. Benard	R. A. Bonnar
Avondale	‡ J. H. Argue	J. Medill
Beautiful Plains	‡ Hon. J. H. Howden	F. L. Davis
Birtle	E. Graham	‡ G. H. Malcolm
Brandon City	‡ Hon. G. R. Coldwell	S. H. McKay
Carillon	‡ A. Prefontaine	H. Chevrier
Cypress	‡ G. Steele	F. H. Mitchell
Dauphin	J. G. Harvey	‡ J. A. Campbell
Delorraine	J. C. Reid	‡ Dr. Thornton
Dufferin	‡ Hon. R. P. Roblin	W. F. Osborne
Emerson	Dr. D. H. Fadden	‡ G. Walton
Gilbert Plains	S. Hughes	W. Shaw
Gimli	B. L. Baldwinson	W. H. Paulson
		Jóh. Sólmundsson
Gladstone	Wm. McKelvey	‡ Dr. Armstrong
Hamiota	‡ W. Ferguson	E. Henry
Kildonan and St. Andrews	‡ Dr. Grain	A. R. Bredin
Killarney	‡ G. Lawrence	George Robinson
Lakeside	‡ E. D. Lynch	C. D. McPherson
Lansdowne	A. W. Fenwick	‡ T. C. Norris
La Verandrye	‡ J. B. Lauzon	W. Molley
Manitou	‡ Hon. R. Rogers	J. E. Gayton
Minnedosa	‡ W. B. Waddell	J. W. Tompson
Morden	John Hobbs	‡ Dr. B. J. Connell
Morris	‡ Hon. C. Campbell	Dr. Ross
Mountain	E. Taylor	‡ J. B. Baird
Norfolk	‡ R. F. Lyons	Frank Avery
Portage la Prairie	‡ Hon Hugh Armstrong	E. A. McPherson
Rhineland	Dr. McGavin	‡ V. Winkler
Rockwood	‡ L. Riley	L. Strattyn
Rossel	‡ A. L. Bonnycastle	W. Valens
St. Boniface	‡ J. Bernier	A. Dubuc
South Brandon	‡ A. H. Carroll	B. Stewart
Springfield	J. P. Fullerton	‡ D. A. Ross
Swan River	‡ J. W. Robson	John D. McDonald
Turtle Mountain	Hon. Jas. Johnson	W. Henley
Virden	‡ H. Simpson	D. McDonald
Winnipeg Centre	‡ T. W. Taylor	F. J. Dixon [Lab.]
Winnipeg North	‡ J. F. Mitchell	J. Hart Green
Winnipeg South	L. McMeans	Edw. Brown
Winnipeg West	A. J. Andrews	‡ T. H. Johnson
		Geo. Armstorng

‡ *Núverandi Þingmaður*

KJÓSENDUR Í VESTUR WINNIPEG

Atkvæða yðar og áhrifa er virðingarfylst óskað af

A. J. ANDREWS, K. C.

ÞINGMANNSEFNI ALÞÝÐUNNAR.

sem berst fyrir iðnskólamentun og þjóðeign á starfsgögnum stræta verzlana og heimilis ljósa —

Sjálfviljugir hjálparmenn með hesta og mótarvagna verða þegnir með þökkum

NEFNDARSTOFUR

555 Sargent Ave., Talsímar Main 8396--8397

636 Logan Ave. Talsími Main 6985

543 Portage Ave., Talsími Main 9435

1621 Logan Ave., Talsími Main 7232

Heyrirðu ekki vel?

Ef svo er ættir þú að hafa

Wilson's Common Sense Ear Drums

Ný vísindaleg uppgötvun. Hjálpar yður þegar alt annað bregst. Þessar heyrnarpípur eru viðfeldnar og sjást eigi þótt notaðar séu. Verð: $6.50 parið. Burðargjald frítt. Sendið póstávísun, express ávísun eða peninga í ábyrgðarbréfi, til

K. K. Albert

P.O. Box 64 WINNIPEG

Getið um Hkr. er þér skrifið

The Evans Gold Cure

229 Balmoral St. Sími Main 797

Varanleg lækning við drykkjuskap á 28 dögum án mokkurrar tafar frá vinnu eftir fyrstu vikuna. Algerlega privat. 16 ár í Winnipeg. Upplýsingar í lokuðum umslögum.

Dr. D. R. WILLIAMS, Exam. Phys
J. L. WILLIAMS, Manager

The Farmer's Trading Co.

(BLACK & BOLE)

HAFA EINUNGIS BESTU VÖRUTEGUNDIR.

Einu umboðsmenn fyrir:—
"SLATER" Skóna góðu.
"FIT-RITE" Fatnaðinn.
"H. B. K." prjónafélagið.
"HELENA" pils og 'waist' kvenfatnaði.
Bestu matvörutegundir.
"DEERING" akuryrkju verkfæri o, s. frv.

Beztu vörur Lágt verð

Fljót og nákvæm afgreiðsla.

Farmer's Trading Co.,
THE QUALITY STORE
Wynyard, Sask.

Til Jónasar Ballar.

(Svar gegn ritdómsómynd hans um "Kvisti" Sigurðar Júl. Jóhannessonar, er fyrst var birt í Ingólfi, en síðan endurbirt í Hkr. 28. apríl 1910).

Eins og vildi músin minsta
mylja stærstu Arnarbein,
eða lúsin lóu gleypa, —
loga fifan vinna mein; —
svo er, gagnvart Sigvarðs ljóði, —
(sverðsegg verja njólans blað), —
Ballar*) dómur æðru alinn. —
Engum skyldi dyljast það.

Hvað vill dropinn Ægi ógna, —
elfu lindin hrekja úr stað, —
blævængs gustur sólu sæfa, —
sverðsegg stöðva njólans blað? —
Hvað vill stráið strauminn hindra,
stríður elfar foss þar brýst?
Jafnt sem Rindill**) jötuns-æði
Jörmungands,— til vígs þá snýst.

Rindilssál í Rindilsbúki
reyrð var, Ballar lífs um tíð;
þegar löku ljóðs að smíði
lékstu, — fæddist þjóðarnið; —
þar sem merglaus horngrind hangir
hrævagagls við örnasker, —
þykist grafa gull úr leir, —
gróm þars allur lýður sér.

Öfgumblandin ósamkvæmni
orðum sinum litinn fær:
Lyktar dómur flónsku fýlu, —
felast drambi hrafnsins klær,
svo ei mega böls til bíta
bragsmið þá, sem att er mót:
Dæma segist óséð æti!
Er þar heimskan lastabót.

Mökkurkálfi óðs og orða! —
Ódaunsvaldur söngvahvels! —
Þín er sálarhorgrind hruma
hrak frá rótum Arnarstéls.
Hvar er mentun, hvar er fræðsla,
hvar er skólafágun þín?
Var ei haus af þöngli þeginn,
þinn, sem andann léði svín?

Legg ei saman lén og eigin,
lærdóm tel ei eðlisgreind! —
Hvar sem þöngull manni mætir
mun ei sama kostareynd:
Frjáls er gáfa fóst hjá manni.
Fúin grunnur steypir þér.
Þöngull, þú í þinum sölum,
þorsksins vertu örnasker!

Eitriblandin er þín spýja,
Öfund fædd, í Níðhöggs sal, —
svo er dómfar óliðs aldar:
Ættlands smán er kafna skal
fyrir nýrri sannleikssólu
Svásiðs vermi hlýrni frá. —
Sérhver Snælands Efialtes
Urðardómi hlýðir þá.

Sá, er eiginn óð ei skilur,
annars lióð ei vegið fær.
Sleggjudómur heimskra hroka
högg af eigin svipu fær.
Enginn Ballar orðin virði, —
enginn hræðist þara daun!
Óður Sigurvarðar varir,
veitið skáldi heiðurslaun.
(28. maí 1910).

S. V. Helgason

* * *

Með því, að Jónas böllur lætur sér ekki nægja, í ritdómsómynd sinni um "Kvisti" Sig. Júl. Jóhannessonar, að níða Sigurð einan, heldur slettir hann frá sér óþverranum í allar áttir, — bæði að því er snertir blaðamenn og skáld á meðal Vestur-Íslendinga, — þá leyfi ég mér hér með að skora á öll vestur-islenzk dagblöð, að birta framanritað kvæði og um leið, að ljá oss rúm fyrir svör gegn greinum þeim, er Jónas og aðrir hans líkar austanhafs kynnu framvegis að birta, og færi í þá átt, að níða oss að ófyrirsynju. Það á ekki við, að láta aðra eins andlega lúsablesa eins og Jónas þennan hrósa sigri yfir oss með einum órökstuddum sleggjudómi. En þyki honum kvæði þetta ekki nógu mergjað, — þá skal ég reyna að bæta honum til síðar, annaðhvort í bundnu máli eða óbundnu. Ég hefi fastráðið, að gegna skyldu minni í þessu efni, og vona að blöð vor geri það líka, og allir ritfærir menn hér vestra. En öllu bulli svara ég þó ekki. Vel sé Kr. Á. Benediktssyni fyrir sína hluttöku í máli þessu. Við hljótum allir að sjá það, að þó að skáldskap okkar Vestur-Íslendinga sé í ýmsum greinum ábótavant, — þá er skáldskapur Austur-Íslendinga engu síður aðfinnanlegur á mörgu, og það því fremur, ef þess er gætt sem rétt er, að flest skáld á Íslandi eru hálærðir menn, en vér eigum fáa skólagengna menn, sem fást við að yrkja og sízt háskólagengna, — nema Sig. Júl. Jóhannesson. — Væri hinum lærðu mönnum ekki minna ætlanda, en að verk þeirra bæru af verkum vorum, eins og gull af eiri. En það er langt frá að svo sé. Hver gæti verið svo blindur að álíta, að t. d. Jónas Guðlaugsson frá Ballará, sem er skólagenginn, og (eins og allir hafa séð) ákaflega upp með sér af lærdóminum, — komist í nokkurn samjöfnuð við Bólu-Hjálmar, sem aldrei gekk á skóla? Þó mætti varla ætla Jónasi minna ef vel væri. — Hvað vill slíkur náungi vera að dæma um skáldskap, sem ekki virðist vita, hvað skáldskapur er, eftir flestum kvæðum hans (Jónasar) að dæma. Varið vkkur á sleggjudómum. Vér höfum þegar fengið nóg af sliku góðgæti, því að varla sézt nokkur óhlutdrægur ritdómur á íslenzku máli. Það er aðalmein bókmenta vorra.

S. V. Helgason

*) Böllur var kenninafn Jónasar Guðlaugssonar (frá Ballará), er hann var í skóla. S.V.H.

**) Annað skólanafn Jónasar; sjá Þorbjörn rindill (Ljósvetningasaga). S.V.H.

Íslands fréttir.

Tekjuhalli hefir orðið all-tilfinnanlegur á landssjóðsbúinu á árinu 1908, síðasta stjórnarári H. Hafsteins. Tekjurnar fóru reyndar 444,826 kr. fram úr áætlun, en samt er reikningshallinn engu að síður 136,650 kr. Ekki er það mjög efnilegur búskapur.

Hólaskóli er að byggja vandað skólahús úr steini á þessu sumri.

Sigurgeir Sigurðsson, bóndi á Öngulsstöðum í Eyjafirði, og einn með mestu búhöldum héraðsins, andaðist 26. maí úr lungnabólgu, 58 ára. Sómamaður hinn mesti í hvívetna.

Fergur Jónsson, bóndi á Þrasastöðum í Stíflu, er nýlátinn, komin yfir sjötugt. Búhöldur hinn bezti.

Hákarlaveiðar við Norðurland hafa gengið hraparlega illa á þessu vori.

Áttræðisafmæli Geirs Zoega kaupmanns í Reykjavík haldið hátíðlegt þann 26. maí. Þann dag gaf Geir kaupmaður húsbúnað í 10 herbergi heilsuhælisins á Vífilsstöðum, er kostað hafði 5540 kr. Ennfremur gaf hann þann dag ásamt öðrum erfingjum Kristjáns heitins Jónssonar læknis í Clinton 10,000 kr. legat til heilsuhælisins, og á það að bera naín Kristjáns. Fyrir vextina af því á einn sjúklingur ætíð að geta fengið ókeypis vist á heilsuhælinu.

Reikningur Landsbankans frá síðasta ári nýbirtur. Samkvæmt honum voru þá fulltapaðar 15 þúsund kr. En stjórn bankans hefir gert sjálfstæða rannsókn á vænt-anlegu tapi bankans, af þeim lánum, er fyrir voru við bankasvjórnafskiftin, og kemst hún að þeirri niðurstöðu, að ennþá muni tapast kr. 385,000. Af því tapi er nú þegar framkomið 50,000 kr. tap við gjaldþrot þeirra Þorsteins Þorsteinssonar í Bakkahúð, Bjarna Jónssonar dannebrogsmanns og Gunnars Einarssonar konsúls.

Skrifið yður fyrir HEIMSKRINGLU svo að þér getið ætíð fylgst með aðal málum Íslendinga hér og heima.

Giftingaleyfisbréf

selur Kr. Ásg. Benediktsson

486 Simcoe st. Winnipeg.

Outing Regals

We have a number of Regal Oxford styles designed to meet the special requirements of an outing shoe.

These low-cuts are strongly made and insure perfect comfort, while at the same time they reproduce the latest custom styles for the season.

REGAL SHOES

are acknowledged to be the equal in style, fit and quality of the best custom-built shoes. Let us show you these Regal Outing Oxford styles, and compare them for yourself with other Oxfords sold at many times Regal prices. Remember, that we can give you in Regal *quarter-sizes* the same exact fit as you would get in made-to-measure shoes—and perfect fit is of the first importance in outing low-cuts.

4.50
5.00
5.50
6.00

289 PORTAGE AVENUE

HEIMSKRINGLA

Published every Thursday by the
Heimskringla News & Publishing Co. Ltd.

Verð blaðsins í Canada og Bandaríkjum $1.00 um árið (fyrir fram borgað).
Sent til Íslands $2.00 (fyrir fram borgað af kaupendum blaðsins hér $1.50.)

B. L. BALDWINSON
Editor & Manager

Office:
729 SHERBROOKE ST, WINNIPEG.
P. O. BOX 3083. Talsími 3 5 1 2.

Gimli-kjördæmið.

Eftir útliti að dæma, þegar þetta er skrifað, verða þrír menn í vali á kjördegi í Gimli kjördæminu. Allir eru menn þessir meira og minna kunnir héraðsbúum flestum, en tveir þeirra eru óreyndir í þingmannsstöðu, — hafa ekki verið í kjöri fyrri.

Þó grunt sé á pólitiskum vinskap þessara tveggja óreyndu manna í svipinn, þá eru þeir þó samdóma um það, að nauðsyn sé að útbola Roblin-stjórninni og setja Tobias C. Norris í öndvegi. Út á það er ekkert að setja. Það er þeirra óskerður réttur, að halda því fram, að sú stjórn sé "óalandi og óferjandi", sem betur hefir stjórnað en nokkur önnur í fylkinu frá upphafi vega þess.

En það, sem mestu skiftir fyrir héraðið er það, að kjósendur í héraðinu athugi með gaumgæfni, hvort happasælla verður, að kjósa annanhvorn hinna óreyndu manna og senda á þing til þess að standa upp í hárinu á stjórninni, andæfa öllu, sem hún ætlar að gera og atyrða hana fyrir alt, sem hún þegar hefir gert, eða: að hafna þeim báðum og kjósa þann mann til að mæta á þingi fyrir þeirra hönd, sem hlyntur er stjórninni og fylgir henni að málum. Því það leikur enginn efi á því, að Roblin-stjórnin verður endurkosin, og að öllum líkum með meiri yfirburði á þingi en seinast.

Það er enginn sá Íslendingur í kjördæminu, sem annars er búinn að vera þar svo lengi, að hann hafi kosningarrétt, að hann ekki þekki

Mr. B. L. Baldwinson,

sem, eftir ítrekaðar áskoranir hefir enn gefið kost á sér sem þingmannsefni fyrir Gimli kjördæmi.

Það væri að bera í bakkafullan lækinn, að mæla með Mr. Baldwinson, þar sem hann er persónulega kunnugur nærri hverjum einasta íslenzkum kjósanda í kjördæminu. Hann hefir margra ára reynslu sem þingmaður, og af þeirri reynslu vita þá kjósendurnir líka, hverju hann hefir komið til leiðar í þeirra þarfir. Þeir vita, að hann hefir reynst kjördæminu gagnsmeiri maður, en nokkur annar, sem þaðan hefir mætt á fylkisþingi. Þeir vita þá líka, að sendi þeir hann á þing nú, muni skerfur þeirra af stjórnartillagi til sveitaþarfa talsvert meiri, en ekki minni, í framtíðinni, heldur en von væri til, ef óreyndur maður og óvinveittur stjórninni sæti á þingi sem fulltrúi þeirra.

Það er deginum ljósara, að jafn erfitt hérað og Gimli kjördæmi er, þarfnast alls þess styrks, sem útsjónarsamur og ötull fulltrúi getur jagað út úr ríkjandi fylkisstjórn. — Gimli-héraðsmenn skilja líka ósköp vel og viðurkenna þann sannleika, að ein stjórn er engu fremri einstaklingnum, en að hún er háð alveg sömu tilfinningum og sömu ástríðum eins og einstaklingurinn. Eins og einstaklingurinn gengst hún þess vegna fremur fyrir góðu en illu og er rúsari, að leggja lykkju á leið sína fyrir vin en óvin.

Hafi kjósendur í Gimli-kjördæmi þetta hugfast og athugi samtímis sívaxandi þarfir héraðsins á styrk til umbóta, þá vita þeir ósköp vel, hvern manninn þeir eiga að kjósa, — vita, að rétt kjörni maðurinn er Baldwin L. Baldwinson og enginn annar.

Járnbrauta og gróðafélaga skattar.

Járnbrautafélög, bankar og önnur stór gróðafélög hafa átt drjúgan þátt í, að auka tekjur fylkisins, síðan Roblin-stjórnin tók við. Það var nokkuð, sem fyrverandi "liberal" stjórn" kom ekki í hug, að leggja skatt á járnbrautafélög eða önnur gróðafélög. Í stað þess að skatta þau gaf sú stjórn járnbrautafélögum eina milión dollara fyrir að byggja 540 mílur af járnbrautum. Þó hún borgaði þeim þetta í glerhörðum peningum, fékk hún þó ekki svo miklu til leiðar komið, að flutningsgjald væri lækkað, því síður, að hún fengi nokkru að ráða með, hvað væri sanngjarnt og hvað ekki sanngjarnt flutningsgjald. — Alt þetta hefir Roblin-stjórnin afrekað og fengið bygðar 1620 mílur af járnbrautum í Manitoba, og yfir 300 mílur að auki, um Ontario, — til Port Arthur, án þess að láta einn stakan eirpening fyrir, en hefir þó fult vald yfir flutningsgjaldi. Að auki lætur hún járnbrautarfélagið borga ofurlitinn skatt í fylkissjóð.

Fylgjandi tölur sýna, hvað þessar stofnanir hafa greitt í fylkissjóð ár frá ári, síðan Roblin-stjórnin tók við:

	Járnbr. skattar.	Gróðafél. skattar.
Árið 1900	$ 16,000.00	$14,708.54
" 1901	25,559.65	31,608.92
" 1902	30,099.11	36,608.08
" 1903	65,000.52	42,857.46
" 1904	63,619.60	48,083.64
" 1905	66,351.38	56,766.31
" 1606	84,150.48	74,416.20
" 1907	95,875.33	86,331.86
" 1908	107,815.52	81,839.82
" 1909	139,112.20	83,791.14
Samtals	$693,583.82	$557,011.97

Á 10 ára tíma hefir þessi skattur þannig aukið tekjur fylkisins svo nemur alls $1,250,595.79.

Það er vænleg uppgæð og verður þó vænni með hverju árinu sem líður, og umferð og flutningur fer sívaxandi. Fyrgreindar tölur sýna, að þar sem þessi skattur var að einn $30,788.54 á fyrsta ári, þá var hann samtals $122,903.34 á 10. árinu. Með öðrum orðum, þar sem hann á fyrsta ári gaf af sér $1.00, þar gaf hann á 10. ári $7.50.

Það var Roblin-stjórnin, sem framleiddi þessa stóru og sívaxandi tekjugrein fyrir fylkið. Er það illa gert?

Tíu ára gróði.

Auk þess, er Greenway-stjórnin hafði aukið skuldir fylkisins, svo miliónum dollara skifti, sat hún að lyktum í tapf svo nam milión dollars, — þ.e., hafði eytt miljón meira en tekjur voru til að mæta. — Greenway-stjórnin var í sannleika "Liberal" stjórn.

Með byrjun ársins 1900 tók Conservative stjórn við, og lét hún ekki hjá líða, að breyta búnaðaraðferð. Árangurinn af þeirri breytingu er sá, meðal annars, að tekjur hafa ávalt síðan verið nægar til að mæta gjöldum og ögn meira. Því, sem til var ár frá ári, að gjöldum öllum greiddum, var safnað í sjóð, og á þann sjóð svo gengið eftir þörfum, til að koma upp opinberum byggingum. Og enn er nóg til að mæta gömlum skuldakröfum, er fylkinu ber að innleysa núna innan fárra daga. Þau skuldabréf verða innleyst, en ekki endurnýjuð, og þar með skuldir fylkisins rýrðar, svo nemur meir en miljón dollars.

Fylgjandi túlur sýna, hvernig þessi sjóður hefir vaxið:

Árið 1900	var	tekjuafgangur	$ 11,056.31
" 1901	"	"	49,444.73
" 1902	"	"	289,686.34
" 1903	"	"	148,777.83
" 1904	"	"	249,358.44
" 1905	"	"	465,123.02
" 1906	"	"	518,399.43
" 1907	"	"	294,353.00
" 1908	"	"	356,788.00
" 1909	"	"	624,118.67
Samtals			$3,007,105.77

Þetta er árangurinn af hagsýnni ráðsmensku í 10 ár. Alt þetta fé er til orðið án þess bætt hafi verið eyris-skatti á íbúa fylkisins.

Eru kjósendur þeim "liberölu" samdóma í því, að þetta sé vottur um illa stjórn?

Flæðiland og skólaland.

Ein af hinum stærri syndum Roblín-stjórnarinnar, segir Norris og hans fylgifiskar, er sú, að hún selur flæðiland sitt fyrir langt of lítið verð. Um þetta mál eru þeir margorðir og stórtaladir, einkum þegar þeir eru einir um hituna og langt í burtu, — í litlu skólahúsi t'd. úti í sveitum, þar sem búendur eru ekki nógu kunnugir málinu til að sjá, hvað satt er og hvað er ósatt.

Af frásögn þeirra að dæma mætti ætla, að stjórnin sem næst gæfi votlendi fylkisins til vína og vildarmanna.

Það getur vel verið, að stjórnin selji flæðilandið fyrir of lágt verð. Um það verða að sjálfsögðu deildar meiningar, því þar ræður tilfinning og álit einstaklingsins, og ekkert annað, á sama hátt og einum manni sýnist hóflaust að borga $300.00 fyrir 25 feta breiða lóð vestanvið takmörk Winnipeg-bæjar, og gengur frá, en öðrum sýnist verðið sanngjarnt og kaupir orðalaust. Það eitt er víst, að þeim, sem sem enn hafa keypt að stjórninni, þykir verðið fullhátt. Því jafnótt og bygð þéttist og framfarir vaxa í grend við flæðilöndin, jafnharðan hækkar verð þeirra ögn og ögn í senn. Með öðrum orðum, stjórnin hefir meðhöndlað þessa landeign sína á sama hátt og hver einasti hagsýnn landeigandi mundi gera, þ. e.: setja upp það verð fyrir landið, sem hún álítur fyllilega nóg, miðað við afstöðu landsins og áætlaðan kostnað að þurka það. Meira getur hún ekki gert, og meira getur enginn.

Í þessu sambandi er vert að benda á eitt atriði enn í "játningarriti" þeirra "liberölu". Það er þess efnis, að ekkert skuli selja af flæðilandi fyrr en búið sé að þurka það, — á kostnað fylkisins auðvitað. Vitið, sem í þessu felst, er "gressilegt" í mesta máta. Hvaða stjórn, sem gerði þvílíkt ákvæði að stefnu sinni, hlyti að auka skuld fylkisins, sem svaraði $1.00 til $3.00 fyrir hverja ekru, sem hún þurkaði, — alt áður en nokkur ekra yrði seld. Vitanlega stæði landið fyrir þeirri skuld, svo sú byrði yrði ekki tilfinnanleg nema um stundarsakir. Sú skuld-aukning er beldur ekki kjarninn í hnotunni, heldur þetta: Sú stjórn, sem framfylgdi þessu ákvæði, STÆLI VÍSVITANDI frá fylkinu AÐ MINSTA KOSTI EINNI ekru fyrir hverja eina ekru, sem hún þurkaði af sínu eigin landi.

Að þetta yrði afleiðingin, ef framfylgt væri ákvæði þessu, það verður mönnum ljóst, ef þeir athuga, að flæðilandið, sem fylkisstjórninni hefir verið afhent, er í spildum, ýmist áfast við eða mitt inn í flæmi af samskonar votlendi og eign sambandsstjórnar. Það segir sig sjálft, að um leið og þurkaður er til hlítar ferhyrningsmilu blettur í einum og sama flóanum, þá þornar önnur ferhyrningsmilan til, — þornar svo, að minsta kosti, að hún telst ekki flæðiland lengur, og gengur að sjálfsögðu úr greipum fylkisins. Af því svo margir þessara "liberölu" gæðinga eru þjónustumenn sambandsstjórnar, getur verið, að það sé líka tilgangurinn með þessu ákvæði, — að svifta fylkið sem mestu af þessum fáu ekrum, sem því voru ánaínaðar fyrir fjórðungi aldar.

Þegar athugað er, hvernig þessir sömu sambandsstjórnar þjónar tala um Roblin-stjórnina í sámbandi við meðhöndlun þessa votlendis, þá mundi þykja ótrúlegt, ef sagt væri, að komið hefði þó fyrir, að Roblin-stjórnin hafi fengið meira verð fyrir votlendi sitt, en þeir Norris og Walton hafa "skrúfað út úr" mönnum á uppboðsþingi fyrir skólaland. En ótrúlegt eins og það er, þá er það nú samt svo. Uppboðslaust, og án alls auka-kostnaðar, hefir stjórninni virkilega tekast, að selja flæðiland fyrir meira verð, en "dándis-manninum" Norris hefir "tekist" að fá fyrir skólaland.

Eftirfylgjandi dæmi sýna, hvor vinnur verk sinnar köllunar með meiri trúmensku, Tobias C. Norris og hans "liberölu" sambandsþjónar, eða Roblin stjórnin.

Í 21. township og 15. röð vestur seldi Norris skólaland fyrir $7.00 ekruna, eða bújörðina á	$1120.00
Í sama township seldi Roblin-stjórnin votlendi fyrir $8.00 ekruna, eða bújörðina á	1280.00
Stjórnin þar á undan svo nemur	160.00
Í 22. township og 15. röð vestur seldi Norris tvær bújarðir á $5.00 ekruna, eða bújörðina á	$ 800.00
Þar rétt hjá seldi Roblin-stjórnin fjórar bújarðir (óskerða section) fyrir $6.50 ekruna, eða bújörðina á	1040.00
Verðmunur á hverri bújörð, stjórninni í hag	240.00
Í 26. township, og 15. röð vestur, seldi Norris skólaland fyrir $5.00 ekruna, eða bújörðina á	$ 800.00
Þar rétt hjá seldi Roblin-stjórnin 8 bújarðir, fyrir $8.00 ekruna, eða bújörðina á	1280.00
Verðmunur á hverri bújörð, stjórninni í hag, samtals	$ 480.00
Í 24. township og 16. röð vestur seldi Norris tvær bújarðir fyrir $5.00 ekruna, eða bújörðina á	$ 800.00
Í sama township seldi Roblin-stjórnin fjórar bújarðir, fyrir $6.00 ekruna, eða bújörðina á	960.00
Verðmunur á hverri bújörð, stjórninni í hag, samtals	160.00
Í 26. township og 15. röð vestur seldi Norris fjórar bújarðir (Section), fyrir $5.00 ekruna, eða bújörðina á	$ 800.00
Þar rétt hjá seldi Roblin-stjórnin tvær bújarðir, fyrir $10.00 ekruna, eða bújörðina á	1600.00
Verðmunur á hverri bújörð, stjórninni í hag, samtals	$ 800.00

Meira er til, en þessi fáu dæmi sýna, að sé vel stjórnað, er mögulegt að selja enda flæðiland betur, en Norris selur skólalandið. Að Roblin-stjórninni hefir tekist þetta, það sannar þá, að sakargiftir þeirra Norris-sinna, eru uppspunnar í þeim eina tilgangi, að fleka þá, sem ekki hafa sannanagögn fyrir hendi og geta ekki vitað hvað satt er eða logið.

En nú segir Norris, að öll ráðsmenska Roblin-stjórnarinnar í sambandi við flæðilandið sé hneykslanlega ill. Sé svo, hvaða nafn á þá við ráðsmensku hans í sambandi við skólalandið? Honum er kunnugt, að á uppboðsþingin fylgja honum fjárglæframenn, sem bjóða fals-boð á uppboðinu, í þeim tilgangi, að hindra aðra frá að bjóða meira, en neita svo að borga eða rita undir samning. Landið er þá boðið upp í annað sinn, þegar þeir eru komnir burtu, sem virkilega vilja kaupa, og þá fá "liberal" vinir og venzlamenn landið fyrir enda minna verð, en Roblin-stjórnin getur fengið fyrir flæðiland sitt, sé það í framfara-héraði.

Það er hvorttveggja, að Richard H. MacDonald, ritari aðal "liberal" félagsins í Manitoba, hefir nýlega sagt það í opinberu blaði, að Mr. Norris sé óhæfur maður að gegna sinni stöðu, sem leiðtogi "liberala" í fylkinu, enda ber frumhlaup hans á skjaldborg fylkisstjórnarinnar, í sambandi við landsölumál, það með sér, að þó hann hafi "stóran munn", þá sé hann nauðilla úr garði gerður að því er snertir vit og skilning.

Að öðrum kosti álítur hann kjósendur alla meira en meðal-flón.

Í því tilfelli, að einhver efi, að fyrgreind sýnishorn séu rétt, skal þess hér getið, að Mr. Norris SJÁLFUR VIÐURKENDI ÞESSA FRÁSÖGN RÉTTA, á fylkisþingi síðastliðinn vetur (3. marz). Hon. Mr. Rodgers var að svara sakargiftum þeirra Norris, og sagði frá þessu m. m. o.fl. — Fyrst framanaf ætlaði Mr. Norris að reka Hon. Mr. Rodgers í vörðuna, en af því það tókst ekki, og af því honum leizt illa á blikuna, viðurkendi hann frásöguna rétta, í þeirri von, að Mr. Rogers mundi þá hætta. Þá viðurkenningu gaf hann með þessum fjórum ótvíræðu orðum:

"WE GIVE YOU CREDIT".

Fjárveitingar Roblin-stjórnarinnar.

Roblin-stjórnin er eyðslusöm fram úr öllu hófi, segir Norris og allir labbakútarnir "liberölu" endurtaka það með fagnaðarlátum og dást að sjálfum sér og spekinni. Ef kjósendurnir gefa þeim tækifæri, ætla þeir á svipstundu að kippa öllu þessu í lag. Þeir ætla að rýra útgjöldin svo nemi $200,000.00 á ári, undireins og þeir hafa náð taumhaldinu. — Af því Norris fetar eins rækilega í fótspor Laurier-stjórnarinnar, að því er snertir meðhöndlun skólalands, eins og vit hans og þekking leyfir, þá má sjálfsagt gera ráð fyrir, að hann taki þá vini sína í Ottawa til fyrirmyndar í öllu öðru, sem snertir stjórnarstörf. Með þá fyrirmynd fyrir augum, ber þá að þýða þeirra loforð um að rýra gjöldin, á þá leið, að gefi kjósendur þeim tækifæri, skuli þeir þegar í stað eyða þremur dölum þar sem Roblin-stjórnin eyði einum. Því þær eru eíndir Laurier-stjórnarinnar á öllum hennar loforðum í alveg sömu átt.

Það er dagsatt, að gjöld stjórnarinnar hafa vaxið og vaxið stórum á þessum síðasta áratug, — tímabilinu, sem Roblin-stjórnin hefir setið við völdin. Roblin-stjórninni kemur ekki í hug, að bera á móti því, en hún heldur því fram með réttu, að gjaldhækkun sé óumflýjanleg, að hún hafi jafníramt aukið tekjurnar svo, að í stað venjulegrar tekjuþurðar hjá fyrrverandi stjórn, hafi sér tekist, að safna 3 miljón dollara tekju-afgangi á 10 árum, og að engin stjórn, hverju nafni sem nefnist, geti minkað gjöldin, nema hún vísvitandi kjósi að ganga aftur á bak, en ekki áfram, og kyrkja í fæðingunni allar tilraunir til framkvæmda og umbóta í fylkinu.

Það er fróðlegt, að "líta til baka" og athuga, hvað mikið gjöldin hafa aukist á síðasta áratug. Að áliti Norris og annara jafn snjallra "Liberala", er sá gjaldvöxtur hóflaus alveg og órækur vottur um óruðl Roblin-stjórnarinnar. Það væri þá engu síður fróðlegt, að heyra þessa sömu menn útskýra fyrir kjósendunum, á hvern veg þeir hugsi sér að rýra hvern einstakan gjaldlið fyrir sig. Þeir hafa haft alla þessa reikninga með höndum ár eftir ár, og hljóta því að hafa ákveðið, á hvern garðinn skyldi ráðist, ef guð og lukkan einhvern góðan veðurdag tosar þeim upp í veldisstólinn. Á meðan þeir ekki gera það, en ausa stjórnina bara fáryrðum fyrir óhóf yfirleitt, á meðan verða þeir að afsaka, þó kjósendur séu veiktrúaðir á loforð þeirra, en dæmi um þá miklu fremur eftir framkomu þeirra á þingi, og af breytni þeirra sem þjónustumanna hins opinbera til að leysa af hendi áríðandi opinber störf með dygð og trúmensku. Og í því efni stendur Mr. Norris illa að vigi. Reynslan hefir sýnt hann, ef ekki beint út óráðvandan, þá samt hirðulausan, ótrúverðan þjón.

Hér fylgir dálítið sýnishorn af því, hve mjög gjöldin hafa aukist á síðastliðnum 10 árum, í einni stjórnardeild að eins, — mentamáladeildinni. Fyrri töludálkurinn sýnir gjöld þessi á seinasta stjórnarári "Liberala", — útgöngu-ári Greenway-stjórnarinnar. Seinni töludálkurinn sýnir sömu gjöld á seinasta fjárhagsári Roblin-stjórnarinnar:

Gjöld	*1899*	*1909*
Til alþýðuskóla	$110,173.91	$256,781.29
" kennaraskóla	7,931.13	21,437.87
" "Intermediate"-skóla	3,537.15	9,000.00
" lýðháskóla	8,415.28	26,501.43
" akuryrkjuskólans	0,000.00	75,763.32
" að stækka akuryrkjuskóla-byggingar	0,000.00	43,940.80
" að launa skóla-"Inspectors"	11,942.90	32,630.00
" að kaupa bækur fyr- alþýðuskóla	0,000.00	8,779.32
" háskólans	3,500.00	20,000.00

Hvað mikið ætlar nú Mr. Norris að rýra þessi gjöld, — hvað mikið hvern gjaldlið út af fyrir sig?

Langar kjósendur mjög til að fá þessi gjöld minkuð?

* * *

Á 10 ára tímabilinu, frá 1. janúar 1900 til 31. 31. desember 1909, hefir Roblin-stjórnin veitt sveitastjórnum til brúargerða og vegabóta, peninga að upp- $1,015,766.54, þ. e. meir en hundrað þúsund dollars á ári að meðaltali, — (nákvæmlega reiknað $101,576.-65). Mundu sveitastjórnirnar kæra sig um að þessi gjaldliður fylkisins væri minkaður? Því trúir enginn, sem nokkuð þekkir til.

Á þessum 10 árum hefir Roblin-stjórnin gefið sjúkrahúsum og ýmsum gustuka-stofnunum peninga að upphæð $887,821.46, þ. e. sem næst 89 þúsund dollars á ári, að meðaltali. — Er nokkur sá, er vilji minka fjárveitingar til þessara stofnana?

Á þessu sama 10 ára tímabili hefir Roblin-stjórnin veitt samtals $2,571,733.26 til mentastofnana, alþýðuskóla, o. s. frv. (að ótalinni meir en hálfri miljón dollara til akuryrkjuskólans), þ. e. meir en 257 þúsundir dollars (nákvæmlega $257,173.32) á hverju ári, að meðaltali. Hver vill rýra þennan gjaldlið fylkisstjórnarinnar?

Þessir þrír gjaldliðir til samans hafa dregið til sín nærri hálfa fimtu miljón dollars á 10 árum, eða sem næst hálfa miljón dollars á ári, að meðaltali. Og hvaða stjórn, sem situr við völdin, og hversu sparsöm, hversu nísk sem hún er, vaxa þessir gjaldliðir allir og einn, en rýrna ekki. Sem vott um þann sífelda vöxt, má geta þess hér, að á yfirstandandi fjárhagsári (1910), er gert ráð fyrir, að gjöld til mentastofnana verði 90 þúsundum dollars meiri en þau voru í fyrra.

Ef tími leyfði og ástæða væri til, mætti þannig sýna, að sama regla gildir um hvern einasta gjaldlið, — að þörfin heimtar æ meira og meira, en ekki minna.

Sú ein stjórn er nokkurs nýt, í nýrri bygð og sívaxandi, sem sér og viðurkennir þörfina á sívaxandi umbótum, og sem leggur fram alla krafta til að fullnægja þeim kröfum. Þetta hefir Roblin-stjórnin gert á undanförnum árum, — hefir verið starfsöm og stórvirk stjórn, og það verður hún framvegis eins víst og það er víst, að kjósendur fela henni völdin í fjögur ár til, — frá 11. júlí 1910.

Sama útkoman allstaðar.

Hvar, sem maður flettir upp síðu í gerðabók Roblin-stjórnarinnar, rekur maður sig alt af á eitthvað, sem vottar það, hve ant stjórninni er um að l é t t a gjöld fylkisbúa. Það sýnist máske smáræði að minnast á lesbækur í alþýðuskólunum, en foreldrar, sem þurfa að kaupa þær ár eftir ár, handa einu barni sinu á fætur öðru, þeir kannast við, að þau bókakaup hafa meir en litla peninga í för með sér. Hugsunarsöm stjórn þarf þess vegna að hugsa um þessa "smámuni", ekki síður en um stórvirkin, og gera alt, sem hún getur, til að fá allar skólabækur fyrir sem allra lægst verð.

Fyrir meir en ári síðan samdi Roblin-stjórnin við bók-prentunarfélag í Edinburgh á Skotlandi um prentun á öllum lesbókum fyrir alþýðuskóla í Manitoba í 10 ár. Prentun, band og allur frágangur á að vera ígildi samskonar frágangs á samskonar bókum, sem stjórnin í Saskatchewan er að gefa út. En samningur Roblin-stjórnarinnar er þeim mun betri, að ú t s ö l u v e r ð i ð á lesbókunum verður sem hér segir: —

	Í Sask.	*Í Man.*
Bók fyrir byrjendur (Primer)	20 cts.	15 cts.
Fyrsta lesbók	25 "	20 "
Önnur "	30 "	25 "
Þriðja "	40 "	30 "
Fjórða "	45 "	30 "

Í Saskatchewan hjá "ekta" "liberal" stjórn kosta þessar 5 lesbækur til samans 1.60. Í Manitoba kosta sömu bækurnar alls $1.20, Enda í þessu atriði er Roblin-stjórnin á undan svo nemur fjórða parti verðsins.

Ákærunum

gegn Mr. Roblin og Mr. Rogers hefir verið hampað svo hátt á lofti og svo lengi, að það er ekki nema sjálfsagt, að minnast á þær. Heimskringla er því máli eðe þeim málum ekki kunnugri en aðrir, og hefir að auki enga ástæðu og litla löngun til að halda hlífisskildi yfir þessum mönnum í því efni. Þeir æskja þess ekki og þeir þurfa þess ekki. Þeir eru meir en færir til að verja sig sjálfir. En það dettur oss í hug, að þeir séu í engu ótrúverðari menn, en Mr. Norris og undirtyllur hans, sem alt af hampa þessu á lofti, í þeirri einleldninga von, að ósönnuð, ef ekki login brígsl og slúðursögur um sér betri og meiri menn, gildi það sama og sönnun fyrir rétti.

Ef þessir slúðurberar sjálfir virkilega trúa þessum sögum sínum, þá eru þeir siðferðislega skyldugir til, að leggja fram eiðfesta kæru á hendur þessum mönnum og láta þá svara fyrir sig fyrir dómstóli. Þá kæmi það sanna í ljós. Þetta er einföld aðferð og sú aðferðin, sem allir ærlegir menn taka, ef þeir trúa því, að einhver hafi framið glæp, eða brotið lög venju fremur illa.

Þar sem nú þeir Norris og hans nótar ekki hafa tekið þetta einfalda ráð, þá er sannarlega ástæða til að ætla, að þeir þori það ekki, — viti að ósigur og skömm biði þeirra fyrir hvaða dómstóli sem væri.

Af því þeir fella svo harðan dóm yfir þessum mönnum í sambandi við mál, sem þeir sjálfir vita ekkert með vissu um, þá ætlast þeir auðvitað til, að kjósendur almenn áliti þá sjálfa hreina og flekklausa. En þeir eru hvorugt. Þeirra ferill er svo flekkaður, þeirra höndur svo óhreinar, að væri sómatilfinning þeirra ekki glötuð, mundu þeir veigra sér við, að dylgja um óhreinindi á öðrum.

Ferill Mr. Norris í sambandi við skólalandsöluna er hreint ekki flekklaus. Eru þá höndur hans hreinar alveg?

* * *

Hvað er um Donald A. Ross, — "fasteigna-hákarlinn" einn hérna í bænum? Er hans ferill flekklaus, hans höndur hreinar? Sem meðlimur nefndarinnar, er ræður yfir skemtigörðum bæjarins, var hann háður sömu lögum og bæjarráðsmenn allir. Þau lög eru ótvíræð. Þau þverbanna öllum í bæjarstjórn, að selja bæjarstjórn vörur eða eign, og að njóta nokkurs hagnaðar af viðskiftum við bæjarstjórnina, beinlínis eða óbeinlínis. Nú er það kunnugt orðið, að Mr. Ross þáði $500.00 frá hlutaðeigandi, eða hlutaðeigendum, eftir að skemtigarðanefndin hafði samþykt að kaupa ákveðna spildu af landi fyrir skemtigarð. Þetta er beint brot á bæjarlögum, og peningar þessir því ranglengnir, sem mest má verða. En svo er siðavendnin hjá "libererölum" mikil við sjálfa sig, að þeir sjá þarna hvorki blett né hrukku á. Ef Mr. Ross hefði verið Conservative, þá hefði Mr. Norris og allar hans undirtyllur kallað þetta himinhrópandi glæp.

* * *

Eða, hvað á að segja um Horace Chevrier, í St. Boniface? Er hann máske hreinn? Ekki er það skoðun J. F. Prudhommes, og er þó Mr. Prudhomme "liberal" sjálfur og mundi því ólíklega ljúga upp á trúarbróður sinn í pólitiskum skilningi. Satt er það, að Chevrier segir söguna hæfulausa og lofar að hefja meiðyrðamál á hendur Prudhomme, á hendur blaðinu Telegram og á hendur dómsmálastjóra fylkisins, Hon. C. H. Campbell. Sé hann sýkn, er það vel, því hér er um beina kæru að gera, en margan mann grunar, að málsókn sú gleymist eftir 11. júlí næstkomandi.

Kæra Prudhomme's er í stuttu máli á þessa leið: Það þurfti nýlega að bæta við dómara við yfirréttinn, í stað Dubuc's, sem ellilasleika vegna vék frá. Í stað hans átti að koma franskur dómari. Hálfbróðir kærandans er héraðsréttar dómari og hefir verið í mörg ár. Nú segir kærandinn, að Chevrier hafi boðað sig á fund til sín, og að erindið hafi verið, að fá að vita, hvað hann vildi útvega sér í launaskyni, ef hann (Chevrier) útvegaði bróður hans dómarastöðu við yfirréttinn. Segir hann hafi fyrst farið fram á $20,000.00, þá $15,000.00 og að síðustu $10,000.00. Þetta er inntak kærunnar.

Prudhomme gekk frá, að hann segir, og svo mikið er víst, að bróðir hans komst ekki upp í yfirréttinn.

Hvað satt kann að vera í þessu veit enginn, að þessum tveimur málsaðilum undanskildum. Ef til vill sannast það fyllilega áður langt líður.

* * *

Þessi fimm hundruð dollara bankaávísun, sem hér er sýnd, er gefin og undirituð af Mr. Prudhomme í St. Boniface, sem ábyrgðarskýrteini fyrir því, að hann skuli sanna þá ákæru sina, að þingmannsefni "liberala" í Carillon, og einn af helztu máttarstyttum þeirra við þessar kosningar, Horace Chevrier, hefi reynt á allar lundir að selja eitt af háyfirdó ara embættunum í Manitoba fyrir TÍU ÞÚSUND DOLLARA. Herra Prudhomme skorar á og ögrar þessum "liberal" gæðing, að sækja sig að lögum, og kveðst reiðubúinn að sanna hvert einasta orð, er hann hefir sagt um þetta mál, — eða að öðrum kosti að standa fra mmi fyrir almenningi, sem ósannindamaður, og skulu þá þessir $500.00 renna í sjóð sjúkrahússins í St. Boniface. Virðist því svo, að nú verði þessi frá munaleg umbótamaður og "liberal" hetja, Horace Chevrier, annaðtveggja að sanna sakleysi sitt gagnvart þessari ákæru, sem er afar þýðingarmikil,— eða að öðrum kosti verður hann um allan ókominn tíma dæmdur af almenningsálitinu í þann póliti ska gapastokk, er hann hefir maklega unnið til


St. Boniface Man. June 27th 1910 No. 2178
THE NORTHERN CROWN BANK
Pay to the Order of St Boniface Hospital $500.00/100
Five hundred xx/100 Dollars
J. F. Prudhomme
CERTIFIED JUN 27 1910

Og hvað er þá um Edward Brown, fyrverandi leiðtoga "liberal"-flokksins? Hann er ekki búinn að eiga heimili í Winnipeg nema fáa mánuði, en á þeim fáu mánuðum hefir hann þó gert furðanlega mikið til að sýna, hve hreinn hann er í hugsun og breytni.

Um sex mílur í austur frá Aðalstræti bæjarins er verið að byggja verksmiðjur Grand Trunk félagsins. Þaðan liggur brautin þráðbein inn í St. Boniface, og er sú braut fyrir löngu fullgerð. Nú hefir Mr. Brown keypt tvær spildur af landi kippkorn fyrir norðan brautina, — svo langt frá, að 25 feta lóðir mundu seljast dræmt. Til þess að kippa þessu í lag fyrir Mr. Brown og auka verð landsins um nokkura tugi þúsunda dollara, — beitir þá Mr. Brown öllu sínu viti og pólitiska valdi til að fá þessar 5—6 mílur af braut lagðar í eyði, en fá brautina bygða á ný og þeim mun norðar, að hún legðist meðfram jaðri landsspildu hans. Landið á þessu svæði er svo dýrt, að kostnaðurinn við slíka breytingu er metinn á HÁLFA MILJÓN DOLLARS. Þessa upphæð þarf þjóðin að borga til þess að Mr. Brown geti grætt nokkrum tugum þúsunda meira en hann annars gerir, og á styttri stund, ef honum tekst að fá breytt legu brautarinnar.

Að þetta sé ekki hæfulaus kosningasaga, má ráða af því, að tillaga kom fram á bæjarráðsfundi í St. Boniface nú nýlega, þess efnis, að bæjarstjórnin veitti leyfi til að breyta til um brautarstæði innan bæjarins. Með velti-atkvæði borgarstjórans var hún að vísu feld, en það sannar ekki að Mr. Brown sé hættur, né það, að honum mishepnist þessi gróðatilraun á kostnað hins opinbera.

"Liberalar" segja þennan mann hreinan og flekklausan, — hvað sýnist kjósendum? Eru hans hendur hreinar?

* * *

Yfir þessum og öðrum óhreinindum í sínum eigin flokki þegja þeir Norris.

Hér er ljós vottur þess, hve göfuglyndir, siðavandir og réttlátir að "Liberalar" eru orðnir nú. — Það er og sannast, að þessir menn eru útlærðir úr Silton-skóla, en ekki kunnugt, að dúfa hafi nokkurntíma komið úr hrafnseggi.

Fundahöld A. J. Andrews

Miðvikudaginn 29. júní, að St. Edward School, horni Arlington and Notre Dame ave.

Fimtudaginn 30. júní í Goodtemplarahúsinu á Sargent ave.

Sama dag á hádegi á C.P.R. verkstæðunum.

Mánudaginn 4. júlí, að 1613 Logan ave., Weston.

Þriðjudaginn 5 júlí, að Northwest Hall, Isabel og Róss.

Miðvikudaginn á hádegi við C. P. R. verkstæðin.

Sama dag að Pelkeers Hall, Furby st., kl. 8 síðd.

Fimtudaginn 7. júlí í Goodtemplarahúsinu á Sargent ave.

Stjórnmálafundir.

B. L. Baldwinson, þingmannsefni Roblin stjórnarinnar, heldur fundi í Gimli kjördæmi á neðangreindum stöðum og tíma.

4. Júlí	að Kjarnaskóla	kl.	10 árd.
s. d.	" Willow Creek skóla	kl.	5 síðd.
5. Júlí	" Árnes skóla	kl.	10 árd.
s. d.	" Árnes suður skóla	kl.	4 síðd.
6. Júlí	" Icelandic Hall, Gimli	kl.	10 árd.
7. Júlí	" Baldur skóla, Hnaus	kl.	10 árd.
s. d	" Geysir skóla	kl.	7 síðd.
8. Júlí	" Ardals skóla	kl.	10 árd.
s. d.	" Framnes skóla	kl.	7 síðd.
9. Júlí	" Víðir skóla	kl.	10 árd.
10 Júlí	Bændafélags húsinu við Íslendingafljót	kl.	8 síðd.

Hr. Baldwinson og fleiri tala á öllum þessum fundum

Í Vestursveitum kjördæmisins

verða þingmálafundir haldnir sem hér segir:

2. Júlí að Narrows Hall, kl. 2 síðdegis
3. " Siglunes-skóla, kl. 2 síðd.
4. " hjá John Gowler, austan við Dog Lake, kl. 2 síðd
5. " að Parkview skóla, kl. 2 síðd
6. " Scotch Bay Hall, kl. 2 síðd
7. " Lundar Hall, kl. 2 síðd
7 " Norðurstjörnu skóla, kl 8 síðd
8. " Markland Hall, kl. 10 árdegis
8. " Seamo Hall, kl. 8 síðd

Hr. Skafti Brynjólfsson og fleiri tala á öllum þessum fundum fyrir hönd hr. B. L. Baldwinsonar

þingmannsefni, mótflokksins velkomin á fundina.

Fréttir.

— Ráðaneytisskifti hafa orðið í Portúgal. Heitir sá Antonio de Sousa, er nú hefir myndað ráðaneyti.

— Eitt hundrað fjörutíu og þrír menn létust af járnbrautarslysi á suður Frakklandi fyrir skömmu.

— Kvenréttindakonur á Englandi eru ekki aldauða ennþá, og sjaldan hefir blásið byrlegar fyrir þeim en nú. Nýskeð gengu tíu þúsund kvenréttindakonur skrúðgöngu eftir strætum Lundúna borgar, til Albert Hall. Voru þar ræður haldnar af forkólfum kvennanna, og sömuleiðis töluðu margir stórmerkir og mikilhæfir karlmenn þeirra máli. Nefnd sem send var á fund Asquiths forsætisráðherra, fékk það svar, að hvorki hann né hinir ráðherrararnir mundu hreyfa andmælum gegn kvenréttindinda frumvarpinu, er fyrir þinginu liggur, láta það hlutlaust.

Þetta telja kvenréttindakonurnar blása byrlega, og eru hinar vonbeztu.

— Í bænum Friedberg á Þýzkalandi var nýskeð gerð tilraun til, að ræna einn af aðalbönkum bæjarins um hánjartan dag. Sprengikúlu var kastað skamt frá bankanum, og meðan allir voru að undra sig yfir því, brá ungur maður, er Bernstein hét, við og réðist inn í bankann. Þar var gjaldkerinn einn fyrir. Hann skaut ræningjann til dauðs og tók alla þá peninga, er hann gat fest hönd á, og hljóp á burt á reiðhjóli. Margir höfðu heyrt skotið og veittu því ræningjanum eftirför, en hann skaut í hörinn og særði marga. Þá kom lögreglan til sögunnar og elti flóttamannin í bifreið, og er ræninginn sá ekkert undanfæri, hljóp hann af hjólinu og skaut sjálfan sig til bana.

— Það er ekki oft, að menn deyja úr hlátri, en svo varð samt nýskeð í Marysville, Mont. Svertingi einn, er Henry Brown hét, var að sópa gólfið á knæpu einni þar í bænum, og sér til ósegjanlegrar gleði fann hann 25 cents á gólfinu. Af þessari óvæntu heppni sinni varð hann svo glaður, að hann hló sig til bana, — það er að segja, að svarakk nálægt hjartanu af völdum hláturs, og það orsakaði dauða svertingjans.

mikla og volduga vini í höfuðborginni. Þú mátt í því tilliti vera róleg".

"Ó, hvað þú ert góður, Georg. Aldrei get ég þakkað þér eins og þú átt skilið".

"Jú, Helen, með því að láta þér þykja vænst um mig af öllum", sagði Georg. "Þú verður að lofa mér því".

"Ó, mér þykir fjarskalega vænt um þig".

"Það er gott. En nú verð ég að yfirgefa þig Vertu sæl".

Georg tók utan um mittið á Helenu og kysti hinar rósrauðu varir hennar.

En þessi koss var ekki eins hreinn og bróðurlegi kossinn, sem hún fékk hjá hinum kennaranum sínum. Einhver eðlisávísun hvislaði því að henni, því hún varð purpurarauð út undir eyru, og hrjóstholið belgdist út af geðshreyfingu.

Með þessum kossi flaut fýsnanna logandi eitur inn í æðar hennar. Það var Júdasarkoss, sem sveik og tældi hið unga, óþroskaða og saklausa hugarfar.

— — — — — — — —

Nokkrum mánuðum seinna var það að stjörnurnar skinu skært um vetrarkveldið. Klukkan var 11.

Fyrir utan húsið, þar sem Georg Ehrenstam átti heima, stóðu tveir menn, klæddir síðum kápum. Þeir höfðu brett upp kragana svo ekki sá í andlit þeim.

"Þú hefir þá ástæðu til að halda, að hann hafi svikið þig, Móritz?" spurði annar þeirra í dimmum róm.

"Já, Edward, ég er hræddur um það. Ég ætlaði að finna hana heima í kvöld, en hún var þar þá ekki. Móðir hennar var í heimboði hjá kunningjakonu sinni, og ég veit, að Helen var ekki með henni.

Ég er hræddur um, að þau hafi bæði svikið mig, svikið vonir mínar".

"Vesalings Móritz", sagði Edward, "sé svo, þá vorkenni ég þér. Þú, sem hefir gert henni svo mikið gagn, verðskuldar í sannleika betri laun".

"Það var draumur, Edward", sagði Móritz, "en fagur draumur samt. Eftirleiðis ætla ég ekki að trúa draumum".

"Máske þér hafi skjátlað?"

"Nei, ég geri mér enga von um það. Þegar ég nú eftirá fer að hugsa um ýms atvik, sem ég hafði enga eftirtekt veitt, þykist ég viss um, að Georg hafi lánast, að kveikja steskar ástriður hjá þessari ungu og óreyndu stúlku. Og hann hefir kunnað að nota sér það til að eyðileggja hana, hrakmennið".

"Þú heldur þá að hún sé hjá honum?".

"Já, ég er hræddur um, að hann hafi tælt hana til að fylgja sér".

"Þetta sagði ég þér. Þú trúðir honum of vel, og gafst mínum aðvörunum engan gaum".

"Já, ég var flón", sagði Móritz gremjulega. "Það, glapsýn, tálvon, sem varð að engu. ..... En nú er tálvonanna tími liðinn".

"Segðu það ekki, Móritz. Það geta enn orðið margir til að tæla þig, ... og getur komið fyrir, að þú verðir svikinn, eins og núna".

Á þessu augnabliki voru götudyrnar opnaðar.

Kunningjarnir þrýstu sér upp að veggnum, svo þeir sæust ekki.

Tvær persónur komu út um dyrnar, klæddar síðum kápum eins og Móritz og Edward. Önnur þeirra var minni og studdist við handlegg hinnar.

Þær hröðuðu sér fram hjá vinunum án þess að sjá þá.

"Edward", sagði Móritz í dimmum róm, "sástu hana?"

"Hverja? Ég sá að eins tvær persónur í karlmannafatnaði".

"Önnur þeirra var Helen. Kápukraginn hennar blés til hliðar, þegar hún gekk fram hjá mér, svo ég þekti hana. Það er hart, að verða fyrir slíkum vonbrigðum, þegar tilgangurinn hefir verið góður.

"Við skulum snúa við og mæta þeim", sagði Edward, "máske þú hafir séð skakt?"

"Nei, nei", svaraði Móritz, "við skulum fara heim, Edward. Ég sá rétt. ..... Það er búið".

"Elskaðir þú þessa stúlku?"

"Nei, en mér var ant um hana. Ég vildi að hún yrði mikilhæf, því hæfileikar hennar voru óvanalega góðir. En ég vildi ekki eingöngu, að hún yrði aðdáunarverð, eg vildi líka að hún yrði saklaus og dygðauðug. Georg hefir eyðilagt áform mín. Ég vildi, að ég hefði aldrei vakið athygli hans á henni. Það hefði verið miklu betra, að hann hefði aldrei séð hana, og að hún hefði búið við fátækt sína".

"Þú gleymir því", sagði Edward, "að í þeim kringumstæðum hefði hún líka orðið fórn lastanna, eins og systur hennar hafa orðið þúsundum saman. Neyðin og volæðið mundi þá að síðustu hafa neytt hana til að verða sér til minkunar, og það er að engu leyti betra".

"Þú segir satt", svaraði Móritz. "Það er óttalegt, að hugsa um það. Mig hryllir við að vita það, að fyrir þessum aumingjum liggur ekki annað en sultardauði eða svivirðing".

"Já", sagði Edvard, "það styður þá skoðun forlagatrúarmannanna, að heimurinn stjórnist af til viljan, ... hinni óbifanlegu nauðsyn. Ef að — segja þeir, — ef að til væri mildur og miskunnsamur faðir, sem vildi að mönnunum liði vel og að þeir væru í sannleika sælir, hvers vegna lætur hann þá mennina

fæðast til eymdar og volæðis, sem þeir að gagnslausu berjast fyrir að losna við?"

"Þessi hugsun er voðaleg, Edvard. Gegn henni hefi ég stritt frá æsku. Þegar ég var barn, vantaði litið á að ég yrði forlagatrúarmaður, en þá var það ástin til móður minnar og endurminningin um hana, sem frelsaði mig. Síðan hefir mér lánast, að tileinka mér þá trú, að réttlætið og miskunnsemin stjórni öllu, og að án þeirrar trúar flækist maðurinn um heiminn, alveg eins og stýris og áralaus bátur berst um sjóinn undan straum og vindi. Ég hefi öðlast þessa skoðun á síðari árum, árum, sem hafa reynst mér sorgminni og rólegri en hin fyrri, árum, sem ég hefi varið til þess, að mynda mér nýjan hugsanaheim, lausan við alla starfsemi. Og nú, þegar ég snú mér aftur að mönnunum til að leita hins góða og stuðla að þroskun þess, þá verð ég fyrir þessum vonbrigðum, hið vonda sigrar, öll fyrirhöfn og hreinskilnar tilraunir verða að engu. Aftur knýja tilviljanirnar efann fram í huga mínum, sem ég var búinn að bannfæra, sem hina mestu ógæfu mína".

"Vinur minn", sagði Edvard, "það er satt, mennirnir eru óþakklátir og vondir, en það má ekki raska trú þinni á hina æðri ást, sem stjórnar heiminum, og við megum heldur ekki ætlast til beinna áhrifa af hinu guðdómlega á hið mannlega. Það vonda á sér stað..... og það verða alt af til stök atvik, þar sem það sigrar, en það veitir oss enga heimild til, að efast um, að til sé ástrík forsjón, sem vakir yfir allri tilverunni. Það væri ógrunduð skoðun á hlutunum. Það er satt, sagan er stundum að eins spegill mannlegra fýsna og ástriða, en getur maður ekki líka séð í honum leiðandi hönd, alt sjáandi auga, vald, sem mönnunum er óviðráðanlegt, sem niðurlægir þá drambsömu og upplyftir hinum

NAUÐUNGARSALA Á GULL-STÁSSI OG ÚRUM.

Eftir að hafa rékið skrautgripa og úra verzlun hér í bæ um í 27 ár, er eg nú neyddur til að hætta vegna þess að eg fengið tilkynning að yfirgefa búð mína innan 30 daga, verður þessvegna allur vöru byrgðir mínar seldar með verksmiðju verði og sumt langt þar fyrir neðan. Hér á eftir er lítið sýnishorn af hinu lága verði.

ÚR.

KVENNAÚR í 25 ára gull umgjörð, í 15 steinum. Vanaverð $18.50 nú $10.75.

KARLMANNSÚR í 20 ára gullumgjörð og í 15 steinum. Vanaverð $17.50 nú að eins $9.65.

KARMANNSHRINGIR: Vanaverð $8—10.00 nú seldir á $5.95

KLUKKUR.

BORÐ KLUKKUR. Vanaverð $9—11.00 nú $6.25

ELDHÚS KLUKKUR. Vanaverð $4.00 nú $2.35

Auk þess gef eg 25 prósent afslátt.

W. W. MATHEWS

558 MAIN ST.

Mark Twain.

Hið nýlátna kýmisskáld Bandaríkjanna var jafn kýminn í ræðu sem riti, og fjöldi af sögum um orðhepni hans ganga mann frá manni.

Eitt sinn fór Mark Twain í kirkju og hlustaði á ræðu, sem frægur biskup hélt. Að lokinni messugjörð, bauð hann biskupinum heim til sín og kvað sig hafa glatt mjög að hlusta á ræðu hans, því hvert einasta orð, bætti hann við, sem þér sögðuð, stendur orðrétt í bók, sem ég á.

Biskupinn mótmælti kröftuglega þessum áburði og kvað ræðuna frumsamda.

Að lokum tók Mark Twain gríðarstóra orðabók úr bókaskápnum sínum og segir: Ég stend við það, að hvert orð, sem þér sögðuð, stendur í þessari bók.

* * *

Blaðamaður einn kom eitt sinn heim til Mark Twains til að grenslast eftir, hvort sá orðrómur væri sannur, að skáldið væri dáið.

Segið þeim, að það sé mjög orðum aukið, sagði Mark Twain.

* * *

Mark Twain mætti einu sinni kunningjakonu sinni á götu, hafði hann þá vindlakassa undir hendinni.

Það hryggir mig, að þú skulir vera farinn að reykja enn á ný, sagði konan.

Þér skjátlast hraparlega, góða mín, ég er að eins að flytja mig. Hann opnaði vindlakassann og sýndi henni innihaldið, sem voru einir sokkar, reykjarpípa og tveir pappírskragar.

* * *

Eitt sinn, er Mark Twain var í Washington, sagði hann við Cannon, forseta neðri málstofunnar: Ég vildi gjarnan kynnast yður betur, og þætti því vænt um, að þér vilduð borða með mér litlaskattinn á morgun. —

Ég borða aldrei litla skatt, svaraði Cannon.

Ég ekki heldur, svaraði hinn, við látum þá George Harvey éta matinn, en tölum og reykjum sjálfir á meðan.

* * *

Við blaðamenn þá, sem mættu honum við heimkomu hans í október 1900, eftir 9 ára burtuveru, veru, sagði hann:

Sumir ljúga, þegar þeir segja satt, ég segi sannleikann ljúgandi.

* * *

Í samsæti einu, ekki alls fyrir löngu, kvartaði hann yfir því, að setning ein, er eftir honum væri höfð, væri ranghermd. Ég sagði aldrei: Þegar ég er í efa, segi ég sannleikann; — ég sagði: Þegar þú ert í efa, þá segðu sannleikann. Þegar ég aftur á móti er í efa, við hef ég meiri skarpskygni.

* * *

Eitt sinn, er hann var á gangi, varð lítil stúlka á vegi hans, sem greip um hendi hans og fylgdist með honum. — Ég er mjög glöð að hafa fundið þig, sagði sú litla, ég þekti þig strax. — Hver er ég? spurði maðurinn með loðnu brýnnar og mikla hárið. — Auðvitað ræningjaforinginn Buffalo Bill, svar aði litla stúlkan.

* * *

Þjófar höfðu eitt sinn stolið frá Mark Twain, þá festi hann upp svohljóðandi auglýsingu á fordyri hússins:

"Til næsta þjófs. — það er ekkert í húsinu nema forsilfraðir munir, nú og uppfrá þessu. Þú getur fundið þá í skápnum í borðstofunni, í horninu við hliðina á körfunni, sem ketlingarnir eru í. Ef þig vantar körfuna, láttu ketlingana inn í skápinn. Gerðu engan hávaða, það ónæðir íbúana. Þú finnur skóhlífar í anddyrinu hjá hlut þeim, sem geymir regnhlífarnar. "Chiffioner" held ég það sé kallað, eða eitthvað því um líkt.

Yðar einlægur,

S. L. Clemens".

SMÆLKI.

Eitt sinn var biskup í Georgia, sem var veiðimaður mikill. Eitt af safnaðarbörnum hans mætti honum einn sunnudag með byssu um öxl, og var nærri steinliðið yfir vesalings sóknarbarnið af þessu syndsamlega athæfi guðsmannsins.

Kæri biskup, varð manngarminum að orði, ég undrast mikillega, að þér skuluð vera að skjóta á sunnudegi, — það gerðu postularnir þó sannarlega ekki.

Nei, svaraði biskupinn, það gerðu þeir ekki, því þeir voru engir skotmenn, en á fiskiveiðar fóru þeir á hverjum sunnudegi.

* * *

Prestur einn í Brooklyn var fyrir skömmu á götu ávarpaður af ungri stúlku: Eruð þér ekki séra Blank?

Jú, svaraði presturinn.

Þekkið þér mig ekki? spurði stúlkan og brosti.

Því miður kem ég þér ekki fyrir mig núna í svipinn, svaraði prestur, en þó minnir mig ég hafi séð þig áður.

Mér finst þér ættuð að þekkja mig, þó æðilangt sé síðan við sáumst síðast. Það voruð einmitt þér, sem skírðuð mig fyrir 18 árum hérna í Brooklyn, rétt áður en foreldrar mínir fluttu vestur.— Þér getið ómögulega hafa gleymt mér algerlega.

* * *

Vendu barnið á meðaumkunarsemi, og það mun verða kærleiksríkt.

* * *

Hlustaðu á orð annara með þolinmæði, og svaraðu með úrlausn. Athugaleysi er vottur um fyrirlitningu og hún verður aldrei fyrirgefin.

* * *

Leitaðu ávalt sannleikans í allri kepni. Það er ljótur siður, að þagga niður í mótstöðumönnum sínum með stóryrðum.

* * *

Fátt er fyrirlitlegra en að líta mikið á sjálfan sig, enda gera það ekki nema heimskingjar.

* * *

Fáteektina vantar sumt, óhófið margt, ágirndina alt.

Láttu vera.

Láttu vera, litli þröstur inn
lágt á grein þó sitji hér með kvaki,
fékk hann ekki flugham stærri sinn,
fjaðra smár með léttu vængjataki.

Afturhald þó ekki spari mátt
aldrei getur fjötrað hann í böndum,
frelsislöngun fyrir stórt og smátt
fóstruð er af náttúrunnar höndum.

Svanurinn með söngva hljómi þó
svífi hátt og baði vængi friða,
fuglinn oft sem fólst í víði-mó
flytur lög, er sumir vilja hlýða.

Báða sama eðlisfarið ól,
ólíkum þó syngi hér með rómi,
eins og þegar sólu undir sól,
sjáum skiftan lit á hverju blómi,

Svölun best í breyttum tónum er,
bæði um haust og vorsins daga þíða,
það er líka þörf að mála hér
þokuský og bylji vetrarhríða.

Harpan stendur gullnum rúnum greypt,
geymast mun og verða slegin lengi,
engar raddir hafa enn þá hreyft
hennar alla, mörgu, fögru strengi.

S. S. Isfeld

Ókeypis Píanó fyrir yður

Þetta er vort "Louis Style" Piano, fegursta hljóðfæri í Canada. Sent yður til reynslu í 30 daga ókeypis. —

LESIÐ ÞETTA:

STEFNA þessa félags hefir verið, að "fullnægja, eða peningum yðar skilað aftur". Og nú gerum vér það bezta tilboð sem nokkrir Píanó-salar hafa nokkru sinni gert í þessu landi. Það veitir yður fría reynslu hljóðfærisins og kauprétt á því með HEILDSÖLU verði og vægum afborgunum ef þess óskast. Vér biðjum ekki um 1 cent af yðar peningum fyrr en þér eruð alveg ánægðir. —

Tilboð vort

Fillið út og sendið meðfylgjandi "COUPON" og vér sendum yður strax sýnismyndir af vorum ýmsu hljóðfærum með verði hvers þeirra. Þér veljið Píanó, og vér sendum yður það tafarlaust og borgum flutningsgjald; þér reynið það í 30 daga ókeypis. Eftir það getið þér sent það oss á vorn kostnað, eða keypt það af oss með heildsölu verði. Er þetta ekki gott boð?

W. DOHERTY PIANO & ORGAN CO., LTD.,

WESTERN BRANCH, WINNIPEG, MAN. FACTORIES, CLINTON, ONT.

— COUPON —

W. DOHERTY PIANO & ORGAN CO., LTD.,
286 HARGRAVE STREET, WINNIPEG, MANITOBA.

Kæru herrar! Sendið mér strax sýnismyndir af Piano tegundum yðar, "með verðlista og upplýsingum um ókeypis reynslu-tilboð yðar, er sýnir hvernig ég get reynt Píanó-ið um 30 daga, mér kostnaðarlaust.

NAFN _____

ÁRITAN _____

auðmjúku? Og á ekki vonin um annað líf, — það líf, sem jafnar allan ójöfnuð, þar sem hinn bróðurlegi mannsandi afklæðist skrautbúningi þeim, sem mannsins eigin hroki eða hið niðrandi almenningsálit hefir klætt hann í, þar sem ekkert skýlir nekt hans fyrir því auga, sem ekki er mögulegt að blekkja, — á ekki þessi hugsun, þessi trú, að vera okkur næg huggun, þegar við grátum yfir vonum þeim, sem ilska bræðra okkar hefir eyðilagt fyrir okkur? Ég hefi ávalt hugsað þannig, en mér hefir verið það auðveldara en þér. Líf þitt hefir verið svo mótgangsríkt, ranglætið og sorgirnar, sem þú hefir orðið fyrir, dýpri og sárari ....."

"Þú hefir rétt að mæla", sagði Móritz. "Við eigum að hugsa þannig, það viðurkenni ég. Þolgæðið — þessi með erfiðismunum fengna ró, eftir stormana, sem hafa brotið skip vona vorra, — er höfnin, sem við eigum að leita í, ... ég veit það. En getum við alt af hugsað þannig, er ekki mannsandinn í eðli sínu óstöðulitill og efagjarn? Er hugrekki vort og huggun nógu þrekmikið til að geta staðist hinar þungbærustu þrautir? Og þegar afbrot leiðir til ógæfu, kemur það þá ekki eins oft fyrir, að ógæfa leiði til afbrota?"

"Móritz", svaraði Edvard. "Það er enginn sigur til án baráttu. Trúin — hin sanna og áreiðanlega — krefst efa og rannsóknar. Alt af verða til tímabil, sem framleiða innra stríð og vantraust á forsjóninni, hatur og gremju til mannanna. En eins og Phönix rís ungur upp úr ösku móður sinnar, þannig mun trúin, dóttir efans, svífa á vængjum sínum upp úr ösku sinnar móður. Það er þessi sigur, sem mannsandinn — hvað sem hann segir — getur náð. Að verða undir í þeim viðskiftum, er kjarkleysi, en ekki nauðsyn. Þetta stríð hefir þú naumast byrjað enn, Móritz, og því síður fullkomnað.

Bæði þú og ég eigum margra ára baráttu fyrir höndum af þessu tagi, — baráttu, sem ég vona að við sigrum áður en lýkur".

Móritz svaraði engu, en þrýsti hendi vinar síns þegjandi. Þeir voru nú komnir að dyrum húss þess, er Móritz átti heima í.

"Góða nótt, Edvard", sagði Móritz. "Ég býð þér ekki upp til mín af því ég vil vera einsamall. Ég ætla að hugsa um það, sem þú hefir sagt".

Þeir kvöddust og skildu.

"Henni verður ekki bjargað", sagði Móritz við sjálfan sig, þar sem hann var að ganga um gólfið herbergi sínu. "Það er úti um þennan draum. Ó, Georg, Georg, þú vekur aftur hið sofandi hatur frá æskuárum minum. Hve svívirðilega hefir þú ekki svikið mig, og hana, vesalings stúlkuna, sem þú hefir dregið niður í djúp svívirðinga og örvæntingar".

— — — — — — — —

Þrem vikum eftir þenna viðburð, flutti Helen og móðir hennar frá Uppsölum, án þess að hafa séð Móritz á því tímabili. Georg var búinn að ná stúdentsprófi, og orðinn leiður á þessum "eilífa æskunnar bústað", flutti sig þess vegna til Stokkhólms og fékk þar stöðu í hernum, — sú eina staða í ríkinu, sem hann áleit viðeigandi fyrir sig. Með aðstoð hans fékk Helen, fylgikona hans, stöðu meðal nemendanna við konunglega leikhúsið, og vakti von bráðar mikið álit á sér hjá stjórnendum þess, sökum sönghæfileika sinna og leikiþrótta.

VIII.

Frumraunarmærin.

Það var um nónbil á veðurbliðum haustdegi, tveim eða þrem árum síðar, að tveir skrautklæddir menn mættust á gangtröðinni við Norðurbrúna í Stokkhólmi.

"Góðan daginn, Cæsar", sagði annar þeirra, "þakka þér fyrir góða samveru í gær. Hefirðu fengið þér aðgöngumiða að leiknum á morgun?"

"Nei, er nokkuð nýtt í vændum?"

"Hvað er þetta? Veiztu það ekki? Hvernig fylgist þú með tímanum?"

"Ég hefi gert mér það að reglu, að lesa aldrei blöðin", svaraði sá, sem Cæsar var nefndur. "Þau hafa ávalt gert mér ilt í skapi, það hefir aldrei brugðist. Þess vegna hefi ég ekki séð leikhúsauglýsingarnar fyrir morgundaginn. Ég veit aldrei hvað leika á fyrr en sama daginn og leikurinn fer fram að kveldinu, því þá send ég þjóninn minn eftir auglýsingunni. Hver er þessi nýji leikur?"

"Frumraunarmær, stúlka, sem kemur fram á leiksviðið í fyrsta sinni, og nýr leikur", svaraði hinn.

"Þetta er nýung. Hvað heitir frumraunarmærin?"

"Það er hún litla Helen hans George Ehrenstam, sem á að gera byrjunartilraun. Hefir þú séð hana?"

"Nei, en Georg hefir oft lýst henni fyrir mér, sem framúrskarandi fegurð. Hver er hún í raun og veru?"

"Menn segja, að hún sé bóndadóttir, sem Georg hafi látið menta. En að því er útlit hennar snertir, þá get ég fullvissað þig um það, að það er fegurra en orð fá lýst. Georg er mjög hreykinn yfir henni, og þú sannar það, að eftir fáar vikur verður hún hin tígulegasta tízkunnar kona í Stokkhólmi. Hæfileikar hennar eru aðdáanlegir, og það er fullyrt, að hún sé eins fullkomin söngmær og hún er sem leikmær".

"Á hún þá að byrja með sönglög?"

"Nei, það er leikrit í fimm þáttum, eftir ungan höfund, sem heldur nafni sínu leyndu".

"Hvað heitir leikritið?"

"Ráðhjartað".

"Það er undarlegt nafn", sagði Cæsar. "En sú vitleysa, sem mönnum dettur í hug".

"Já, leikritið kvað bera vott um mikinn gáfur og hafa að geyma mjög fyndin og áhrifarík atvik. Hinn hágöfugi G., frændi minn, sagðist hafa lesið leikritið hjá leikhúss-stjóranum, X. greifa, og hafa orðið hrifinn yfir hinu frumlega í orðfærinu og niðurröðuninni. Hann spáir leikritinu ágætri framtíð. Þetta styður alt að því, að maður má ekki vanrækja, að sjá það í fyrsta sinn. Ég fyrir mitt leyti hefi fengið sæti í stúkunni hans barúns Ehrenstams á fyrsta lofti. Hann er nákunnugur foreldrum mínum, eins og þú veizt".

"Þú átt víst við eldri barún Ehrenstam?" spurði Cæsar.

"Já, föður Georgs".

"Hann er þá í Stokkhólmi eins og stendur?"

"Já, og dóttir hans er með honum, 17 ára gömul og óviðjafnalega fögur. Sá, sem er svo lánsamur,

Bókalisti

N. Ottenson's,—River Park, Winnipeg.

Ljóðmæli Páls Jónssonar í bandi .... (3) 0.85
Sama bók (að eins 2 eint.(3) 0.60
Diönusöngvar (útselt um tíma ... ... (2) 0.30
Jökulrósir 0.15
Dalarósir .... (3) 0.20
Kvæði H. Blöndal ..... (2) 0.15
Hamlet .... (3) 0.45
Ljóðmæli Jóns Árnasonar á Víðimýri, 1879 ... ... (4) 0.60
Tíðindi Prestafélagsins í hinu forna Hólastiíti ..... (2) 0.15
Áttungurinn .... (2) 0.45
Grant skipstjóri .... (2) 0.40
Leynisambandið .... (2) 0.35
Börn óveðursins .... (3) 0.55
Umhverfis jörðina á áttatíu dögum .... (3) 0.60
Valdimar múnkur .... (3) 0.55
Kynlegur þjófur .... (3) 0.40
Blindi maðurinn .... (3) 0.15
Fjórblaðaði smárinn ..... (3) 0.10
Kapítola (í II. bindum) (3) 1.25
Ásgeir og ábrif þess, í b. 0.10
Eggert Ólafsson (B.J.) ... 0.15
Gönguhróls rimur (B.G.) 0.20
Hugsunarfræði (E.B.) 0.15
Höfrungahlaup 0.15
Jón Ólafssonar Ljóðmæli í skrautbandi ... ... 0.60(3)
Kristinfræði .... 0.45(2)
Kvæði Hannesar Blöndal 0.15(2)
Málsgreinafræði 0.15
Mannkynssaga (P.M.), í b. 0.85(5)
Mestur í heimi, í b. 0.15
Olnbogabarnið 0.15
Prestkosningin. Leikrit, eftir þ. E., í b. 0.30
Ljóðabók M. Markússonar 0.50
Friðþjófs sönglög 0.50
Ritreglur (V. Á.), í b. ... 0.20
Seytján æfintýri, í b. ... ... 0.35(3)
Siðfræði (H. H.), í b. 1.10
Sundreglur, í b. 0.15
Útsvarið. Leikrit, í b. ..... 0.35(2)
Verði ljós 0.15
Vestan hafs og austan. Þrjár sögur, eftir E. H., í b. 0.90
Víkingarnir á Hálogalandi eftir H. Ibsen 0.25
Þjóðsögur Ó. Davíðss., í b. 0.35(4)
Þorlákur helgi 0.15
Þrjátíu æfintýri, í b. ..... 0.35(4)
Ofurefli, skálds. (E.H.), íb. 1.50
Draugasögur, í b. .... 0.35(4)
Ölöf í Ási .... 0.45(3)
Smælingjar, 5 sögur (E.H.) í bandi 0.85
Skemtisögur eftir Sigurð J. Jóhannesson 1907 ... 0.25
Kvæði eftir sama frá 1905 0.25
Ljóðmæli eftir sama. (Með mynd höfundarins) Frá 1897 .... 0.25
Tólf sönglög eftir Jón Friðfinnsson 0.50
Nýustu svenskar Musik Bækur, útg. í Stockholm:
Svenska Skol-Qvartetten ...0.60(5)
26te och 27de Tusendet Sv. Skol-Qvartetten ... ... 0.60(5)
Dam Kören ... ... 1.00(5)
Normal-Sangbok .... 0.50(5)
Safn til sögu Íslands og ísl. bókmenta í b., III. bindi og það sem út er komið af því fjórða. (53c) $9.45
Landnámssaga eftir B. Melsted I. bindi í bandi, og það sem út er komið af 2. b. (25c) 2.85
Lýsing Íslands eftir Þ. Thoroddsen í bandi (16c) 1.90
Fernir fornislenzkir rímnaflokkar, er Finnur Jónsson gaf út, í bandi .... (5c) 0.85
Alþingisstaðir hinn forni eftir Sig. Guðm.son, í b. (4c) 0.90
Um kristnitökuna árið 1000, eftir B. M. Ólsen (6c) 0.90
Sýslumannaæfir eftir Boga Benediktsson, I. og II. b. innbundið .... (55c) 8.10
Íslenzk fornbréfasafn, 7 bindi innb., 3 h. af 8. b. ($1.70) 27.80
Biskupasögur, II. b.innb.(42c) 5.15
Landfræðissaga Íslands eftir Þ. Th., 4 bindi innb. (55c). 7.75
Rithöfundatal á Íslandi 1400—1882, eftir J.B., í b. (7c) 1.00
Upphaf allsherjarríkis á Íslandi eftir K.Maurer, í b. (7c) 1.15
Auðfræði, e. A. Ól., í b. (6c) 1.10
Presta og prófastatal á Íslandi 1869, í bandi .... (9c) 1.25
B. Thorarinsson ljóðmæli, með mynd, í bandi 1.50
Bókmentasaga Íslendinga eftir Finn Jónsson, í b. (12c) 1.80
Norðurlandasaga eftir P. Melsted, í bandi .... (8c) 1.50
Nýþýdda biblían ..... (35c) $2.65
Sama, í ódýru bandi (33c) $1.60
Nýjatestamentið, í vönduðu bandi .... (10c) 0.65
Sama, í ódýru bandi ... (8c) 0.30

Nýkomnar bækur.

Kóralbók þ. Guðjónssonar ... 0.90
Sama bók í bandi 1.10
Svartfjallasynir .... (5) 0.60
Aldamót (Matth. Joch.) 0.20
Harpa .... (4) 0.60
Ferðaminningar, í bandi (5) 0.90
Bóndinn ...." 0.35
Minningarrit (M. Joch.) ... " 0.35
Týndi faðirinn ... ... " 0.35
Nasreddin, í bandi 0.35
Ljóðmæli J. Þórðarsonar (3) 0.45
Ljóðmæli Gestur Pálsson " 0.75
Hálfdánar rímur 0.30
Ljóðmæli Jóns Árnasonar á Víðimýri .... (6) 0.90
Maximi Petrow .... (2) 0.45
Leyni-sambandið .... (2) 0.45
Kapítola, I. og II. bindi (3) 1.25
Hinn óttalegi leyndardómur (2) 0.50
Sverð og bagall ..... (2) 0.30
Wladimer Nihilisti 0.75
Ljóðmæli Matth. Jochumssonar, I.-V. bd., í skrautb. (15) 4.50
Afmælisdagar Guðm. Finnbogasonar 1.00
Bréf Tómasar Sæmundss. (4) 0.75
Sama bók í skrautbandi ...(4) 1.15
Íslenzk-ensk orðabók, G. T. Zoega .... (10) 1.80
Fornaldarsögur Norðurlanda, í 3 bindum, í vönduðu sveltu bandi .... (15) 4.50
Gegnum brim og boða 0.90
Ríkisréttindi Íslands 0.50
Systurnar frá Grænadal 0.35
Æfintýri handa börnum 0.30
Vísnakver Páls lögmanns Vídalíns 1.25
Ljóðmæli Sig. Júl. Jóhannss. 1.00

* * *

Ég hefi fengið töluvert meira af bókum frá Íslandi en hér er auglýst að þessu sinni; reikningarnir fyrir þær ókomnir. Þess skal getið viðvíkjandi bandinu á Fornaldarsögum Norðurlanda, að það er mjög vandað, handbundið skrautband, vel frá gengið: eins er með Bréf Tómasar Sæmundssonar.

Tölurnar í svigum tákna burðargjald, er sendist með pöntunum.

Sögur frá Alhambra 0.30

N. OTTENSON,
River Park, Winnipeg, Man.

Ávextir "menningarinnar."

Danskur maður, sem ferðaðist fyrir nokkrum árum um Suðurland, ritaði í danskt blað um land vort og þjóðina, þegar hann kom heim. Hann bar okkur sögurnar miðlungi vel, og neitaði því eindregið, að hér í landi byggi menningarþjóð. Hann bar þá ásakanir fyrir í þessu efni, að hér vantaði öll algeng menningarskilyrði: járnbrautir, síma, leikhús, auðmagn, verksmiðjur o.s.frv.

Símann höfum vér fengið síðan.

Og samgöngurnar á sjónum, fram með ströndum landsins, batna ár frá ári.

Alt er þetta í menningaráttina, eftir því sem kallað er í daglegu máli.

En hvar eru ávextir þessarar menningar? Hverjir eru þeir?

Formælendur þessara samgöngubóta geta vafalaust bent á einhverja ávexti, ef þeir taka hendurnar úr vösunum.

Ég get aftur á móti bent á fá eina, sem ég hefi komið auga á, þótt þeir séu ekki glæsilegir. Ávextir samgöngubótanna eru sem sé áþekkir ávexti skilningstrésins góðs og ills — bæði góðir og vondir. Ég á við samgöngubæturnar með ströndum fram.

Þeim er talið það til gildis, að með því móti fáist greiðari flutningur á vörum, en ella væri unt að fá, og fólkið geti á bann hátt borið sig um, kynt sér og náð sér í atvinnu, þar sem hana er bezta að fá.

Um vöruflutningana er það að segja, að þeir eru oft lítilr — af því, að ekkert er til að flytja, eða sama sem ekkert. Fólkið er að visu á ferðinni, en oftar en hitt að gamni sínu, um hábjargræðistímann, eyðir peningum og sóar tímanum, sem er peninga ígildi.

Fólkið er á sífeldum þönum með skipunum, það sem hefir léttum hala að veifa. Svo ramt kveður að þessu, að skipstjórarnir á strandferðabátunum geta eigi orða bundist um rápið fólksins, og er þeim þó fáfengavon af ferðamannastraumnum. Skipstjórarnir ættu því að fagna honum. En þeim blöskrar hann, og fá þeir ekki orða bundist. Einn þeirra sagði við merkan mann norðanlands nýlega: "Ekki veit ég, hvað þetta blessað fólk getur alt af verið að fara!"

Bragð er að þá barnið finnur!

Og hvað mundi hann sagt hafa, ef kunnugur væri ástæðum heima í hreppum og sveitum? Mundi hann hafa orða bundist, harðari en hann mælti, ef hann væri bóndi í sveit og hreppsnefndaroddviti í þokkabót?

Hann hefði átt að sjá með eigin augum lifið í landinu, vinna með bændunum 16 kl.st. á dag og vaka með konunum yfir búverkum og börnum. Meðan lausafólkið hálffyllir skipin, sóar tíma og peningum, standa bændur og konur þeirra önnum kafin og svefnþurfandi, tómstundalaus og hvíldarlítil, — með gjaldskylduna til allra stétta á herðunum, og grýtt land undir fótum.

Ég get ekki betur séð, en að samgöngufærin hér við land séu okkur ofviða og óþörf að sumu leyti.

Og hví skyldum vér ekki spara útgjöldin á því sviði? Öllum kemur saman um, að vér verðum að spara við okkur. En þó er ekki byrjað á neinu sérstöku. Danir komust að þeirri niðurstöðu í fyrra, að þjóðin öll þyrfti að hefjast handa í sparnaðaráttina. Ísafold birti ritgerð þá, um þetta efni, eftir danskan mann, sem brá upp skuldalista þjóðarinnar fyrir augum landa sinna. Og Ísafold gat um það, að vér þyrftum að stinga hendinni í vorn eigin barm. Þó hreyfir enginn hönd né fót til þess að framkvæma sparnaðinn.

Þó að nýir þingmenn komi til skjalanna, sem fengist hafa og fáraast um fjáreyðsluna í landinu, gengur þjóðareyðslan áfram sömu götuna. Þeir horfa auðvitað á það, að alt, sem landssjóðurinn styrkir, er að einhverju leyti gott og gagnlegt. En þegar svo er komið, að spara verður fé þjóðarinnar, þá þarf að taka í strenginn, ef nokkuð á að vinnast.

Ég get ekki betur séð, en að vér gætum lifað vel við það, að afnema bátaferðir um flóa landsins og firði og með ströndum fram. Þessar ferðir eru til gagns að sumu leyti. En þær svara þó ekki kostnaði. Og að sumu leyti eru þær til mikilla óheilla.

Ég á ekki við fjarmunaskaðann eingöngu, þegar ég tala um óheillirnar, sem af þeim stafa. Ég á einnig við annan skaða, sem er enn þá verri — veikindi og manntjón, sem rekja má til þeirrar rótar beina leið.

Það er sannarlega sárt og hart fyrir þá menn, sem eira heima við nauðsynleg en erfið verk, að fá heim á sig mannskæðar landfarsóttir, sem fólkið ber með sér, er ferðast með gufubátunum landshornanna á milli.

Þetta gerir það ómótmælanlega. Nú um fimm ár næstliðin hafa gengið hér um þingeyjarsýslu, og víðar þó, fimm landplágur eða fleiri: kvefsóttir þrjár eða "influenzur", mislingar, og nú í vetur kighósti.

Slóðir allra þessara pesta má rekja af skipafjöl.

Kvefsóttirnar hafa gengið stundum að vorinu og sligað fólkið fram að slætti. Þær gjósa upp, þegar lausafólkið er búið að fara austur og vestur með skipunum, og breiðist út yfir bygðirnar eins og þoka. Það er alt annað en gaman, að vinna vorverk, vaka nærri því nótt og dag yfir lambám og túnyrkju með þetta eitur í blóðinu.

Og hvað er þó influenza í samanburði við mislinga?

Þeir bárust hingað 1907 austan af Melrakkasléttu með ferðaslæpingi. En þangað komu þeir með skipi af Eyjafirði. Fáir menn dóu úr þeim hér í sýslu, af því veikin var stöðvuð. Og þó eiga menn nokkurir óbætta frændur sína hjá garði, síðan meinvætt þessi stakk sér niður.

Og nú síðastliðið haust berst hingað magnaður kighósti, innan af Eyjafirði með skipi. Veikina bar farandkona, komin í beinan kvenlegg frá stóðkvendunum, sem flæktust milli Hliðarenda og Bergþórshváls fyrir 900 árum, illu heilli. Hún sagði ekki til sín, hefir sú til vill ekki vitað, að hún bar veikina í sér. Og pestin var komin viðsvegar, áður en læknir fékk vitneskjuna.

Þessi landplága hefir orðið afarskæð, þar sem hún hefir náð sér verulega niðri. Nú eru og skilyrðin fyrir hendi: Veturinn er hinn harðasti, sem komið hefir síðan frostaveturinn mikli var á ferðinni. Og haustið verra en dæmi eru til í manna minnum. Nú í haust ónýttist eldiviður almenningi í þeim dæmalausu votviðrum, sem gengu. Kuldinn herjar af þessum orsökum á hibýlin. Og hóstinn æsist í kuldanum og magnast.

Og börnin deyja úr honum.

Ein hjón á Húsavík hafa nú mist öll börnin sín. Og bráðumhafa önnur hjón þar í grendinni sömu sögunna að segja, ef að líkindum lætur.

Og alt af leggur hann undir sig heimilin, þó varúðar sé gætt, eins og hægt er. Óttinn vofir yfir hverju heimili, sem heilbrigt er, eins og svart ský og angistin grúfir yfir sjúku heimilunum eins og hangandi sverð yfir hvílu manns.

Alla þessa ógæfu höfum við af samgöngubótunum á sjónum.

Læknarnir virðast standa ráðalausir gegn þessum meinvættum.

Og almenningur stendur verr kominn en ráðalaus. Hann er eins og dæmdur til dauða.

Það er hart fyrir heimilisfeður og mæður í landinu, sem halda kyrru fyrir, sjá um viðkomu þjóðarinnar og bera á herðum sér opinber gjöld og erfiðið, sem landið lifir af og blómgast, að því leyti, sem það blómgast nokkuð — það er hart, segi ég, að þetta fólk skuli vera hálf-drepið ár eftir ár með landfarsóttum, sem óreiðumenn og landshornalýður sækir í ýmsar áttir og dreifir út um bygðirnar. Kaupi sínu eyðir þetta ferðafólk jafnóðum, eftir því sem fjölin flýtur, og er allslaust á haustnóttum, margt af því. En landssjóðurinn leggur þeim til flotholtið, með styrk, sem er tekinn úr vasa þeirra manna, sem vinna og spara við sig og sína.

Og alt af hrópar ímynduð þörf sumra manna á auknar skipaferðir! — hálfvitlaus þörf!

Vér höfum fengið kvefsóttirnar með samgöngunum og mislingana, og kighóstann, og rotturnar — alt með skipum.

Og enn er ótalinn ófögnuðurinn allra versti — fransósinn.

Nú er sá óþokkagestur orðinn landlægur, að sögn læknanna, í ýmsum kaupstöðum landsins.

Hvað er þá eftir, sem vér getum fengið með skipum og ilt er og andstyggilegt?

Danski náunginn, sem ég gat um í upphafi þessa máls, ætti nú að ferðast um landið og kynna sér "ávexti menningarinnar", — kynna sér verksmiðjurnar okkar, sem standa auðar eða fallnar um koll, kynna sér ábyrgðar-skellina, sem bændurnir og borgararnir fá kring um banka-búin. Hann ætti að sjá aðfarir rottunnar í Skagafirði og víðar. Hann ætti að kynna sér skaðann, sem hlýst af landplágunum, sem lausafólkið sækir handa þeim, sem sitja um kyrt og vinna og spara fé og bera útgjöldin og fjölga þjóðinni. Hann ætti að sjá, hvernig útlendingar haga sér í veiðistöðunum umhverfis landið. Og hann ætti að sjá, hvernig þeir sá niður eitruðu fræi "veneriskra" sjúkdóma í landhelginni og á strandlengju landsins, uns þeir hafa lagt það undir sig.

Skyldi hann eigi, danski maðurinn, að því búnu unna okkur sannmælis og kalla okkur "menningarþjóð"?

16. febr. 1910.

Guðmundur Friðjónsson.
— Norðurland, 19. marz 1910.

Herra Jón Hólm, gullsmiður að 770 Simcoe St., biður þess getið, að hann selji löndum sínum gull- og silfur-muni og gigtarbelti. — Belti þessi eru óbrigðul við gigt, ef þau eru notuð samkvæmt fyrirskipunum Jóns. Kosta að eins dollar og kvart.

2 Bækur Gefins

FÁ NÝJIR KAUPENDUR AÐ HEIMSKRINGLU SEM BORGA $2.00 FYRIRFRAM, OG ÞESSUM BÓKUM ÚR AÐ VELJA:—

Mr. Potter frá Texas
Aðalheiður
Svipurinn Hennar
Hvammverjarnir
Konuhefnd
Robert Manton
og Leyndarmál Cordulu frænku —

Alt góðar sögur og sumar ágætar, efnismiklar, fróðlegar og spennandi. Nú er tíminn að gerast kaupendur Hkr. Það eru aðeins fá eintök eftir af sumum bókunum.

Heimskringla
P.O. Box 3083, Winnipeg

THE DOMINION BANK

HORNI NOTRE DAME AVENUE OG SHERBROOKE STREET

Höfuðstóll uppborgaður: $4,000,000.00
Varasjóður - - - $5,400,000.00

SPARISJÓÐS DEILDIN:

Vér veitum sparisjóðs innleggjendum sérstakt athygli, og borgum hæztu vexti á sparisjóðs innleggjum af $1.00 og yfir. — Barna innlegg velkomin. — Seljum peningaávísanir á ÍSLAND.

H. A. BRIGHT, RÁÐSMAÐUR.

Með því að biðja sérlega um "T.L. CIGAR," þá ertu viss að fá ágætan vindil.

T.L.

T.L. CIGAR

(UNION MADE)

Western Cigar Factory
Thomas Lee, eigandi Winnipeg

Vitur maður er varkár með að drekka eingöngu HREINT ÖL. Þér getið jafna reitt yður á

DREWRY'S
REDWOOD LAGER.

Það er léttur, freyðandi bjór, gerður eingöngu úr Malt og Hops. Biðjið ætíð um hann.

E. L. DREWRY, Manufacturer, Winnipeg

Manitoba á undan.

Manitoba hefir víðáttumikla vatnsfleti til uppgufunar og úrfellis. Þetta, hið nauðsynlegasta frjógunarskilyrði, er því trygt. —

Ennþá eru 25 milión ekrur óbygðar.

Íbúatal fylkisins árið 1901 var 225,211, en er nú orðið um 500,000, sem má teljast ánægjuleg aukning. Árið 1901 var hveiti og hafra og bygg framleiðslan 90,367,085 bushela; á 5 árum hefir hún aukist upp í 129,475,943 bushel.

Winnipeg borg hafði árið 1901 42,240 íbúa, en hefir nú um 150,000; hefir nálega fjórfaldast á 8 árum. Skattskildar eignir Winnipegborgar árið 1901 voru $26,405,770, en árið 1908 voru þær orðnar $116,106,390. Höfðu meir en þrefaldast á 7 árum.

Flutningstæki eru óviðjafnanleg,— í einu orði sagt, eru í fremsta flokki nútíðartækja: Fjórar þverlandsbrautir liggja um fylkið, fullgerðar og í smíðum, og með miðstöðvar í Winnipeg. Í fylkinu eru nú nálega 4 þúsund milur af fullgerðum járnbrautum.

Manitoba hefir tekið meiri landbúnaðarlegum og efnalegum framförum en nokkurt annað land í heimi, og er þess vegna ákjósanlegasti aðsetursstaður fyrir alla, af því þetta fylki býður beztan arð af vinnu og fjárileggi.

Skrifið eftir upplýsingum til: —

JOS. HARTNEY, 77 York Street, Toronto, Ont.
JOS. BURKE, 178 Logan Avenue, Winnipeg, Man.
A. A. C. LaRIVIERE, 22 Alliance Bldg., Montreal, Quebec.
J. F. TENNANT, Gretna, Manitoba.

J. J. GOLDEN,
Deputy Minister af Agriculture and Immigration, Winnipeg.

LEIÐBEININGAR--SKRA

YFIR AREIÐANLEGA VERZLUNARMENN Í WINNIPEG

MUSIC OG HLJÓÐFÆRI
CROSS, GOULDING & SKINNER, LTD.
Pianos; Player Pianos; Organs; "VICTOR" og "EDISON" Phonographs; T. H. Hargrave, íslenzkur umboðsmaður.
323 Portage Ave. Talsími 4413

BYGGINGA- og ELDIVIÐUR.
J. D. McARTHUR CO., LTD.
Byggingar- og Eldiviður í heildsölu og smásölu. Sölust: Princess og Higgins Tals. 5060, 5061, 5062

MYNDASMIÐIR.
G. H. LLEWELLIN,
"Medallions" og Myndarammar
Starfstofa Horni Park St. og Logan Avenue

SKÓTAU Í HEILDSÖLU.
AMES HOLDEN, LIMITED
Princess & McDermott. Winnipeg.
THOS. RYAN & CO.
Allskonar Skótau. 44 Princess St.
THE Wm. A. MARSH CO. WESTERN LTD.
Framleiðendur af Finu Skótaui. Talsími: 3110
88 Princess St. "High Merit" Marsh Skór

BYGGINGA-EFNI.
JOHN GUNN & SONS
Talsími 1277 266 Jarvis Ave.
Höfum bezta Steinn, Kalk, Cement, Sand o. fl.
THOMAS BLACK
Selur Járnvöru og Bygginga-efni allskonar
76—82 Lombard St. Talsími 600
THE WINNIPEG SUPPLY CO., LTD.
298 Rietta St. Talsímar: 1936 & 2187
Kalk, Steinn, Cement, Sand og Möl
MATHESON AND GAY
Húsasmiðir, smikkarar og viðgerðarmenn
221 Higgins Ave. Winnipeg

BYGGINGAMEISTARAR.
PAUL M. CLEMENS
Bygginga-Meistari, 443 Maryland St.
Skrifst.: Argyle Bldg., Garry st. Talsími 5997
CLYDEBANK SAUMAVELA AÐGERÐARMAÐUR. Brúkaðar vélar seldar frá $5.00 og yfir
564 Notre Dame Phone, Main 8624

ACCOUNTANTS & AUDITORS
A. A. JACKSON,
Accountant and Auditor
Skrifst.—28 Merchants Bank. Tals.: 5702

PIPE & BOILER COVERING
GREAT WEST PIPE COVERING CO.
132 Lombard Street.

VIRGIRÐINGAR.
THE GREAT WEST WIRE FENCE CO., LTD
Alskonar virgirðingar fyrir bændur og borgara.
76 Lombard St. Winnipeg.

ÁLNAVARA Í HEILDSÖLU
R. J. WHITLA & CO., LIMITED
264 McDermott Ave Winnipeg
"King of the Road" OVERALLS.

BILLIARD & POOL TABLES.
W. A. CARSON
P. O. Box 225 Room 4 1 Molson Banka.
Öll nauðsynleg áhöld. Ég gjöri við Pool-borð

NÁLAR.
JOHN RANTON
203 Hammond Block Talsími 4670
Sendið strax eftir Verðlista og Sýnishornum.

GASOLINE Vélar og Brunnborar
ONTARIO WIND ENGINE and PUMP CO. LTD
301 Chamber St. Sími: 3269
Vindmillur — Pumpur — Ágætar Vélar.

BLÓM OG SÖNGFUGLAR
JAMES BIRCH
442 Notre Dame Ave. Talsími 2638
BLÓM - allskonar. Söng fuglar o. fl.

BANKARAR, GUFUSKIPA AGENTR
ALLOWAY & CHAMPION
North End Branch: 667 Main street
Vér seljum Ávísanir borganlegar á Íslandi

LÆKNA OG SPÍTALAAHÖLD
CHANDLER & FISHER, LIMITED
Lækna og Dýralækna áhöld, og hospítala áhöld
185 Lombard St., Winnipeg, Man.

J. J. H. McLean & Co Limited

Vér höfum FLUTT

Vort nýja heimkynni er á horni

Portage Avenue og Hargrave Strætis

J. J. H. McLean & Co. Ltd.,

Cor Portage Ave. & Hargrave
Phone: Main 808.

Fréttir úr bænum.

Kona, með stálpað barn óskar eftir ráðskonustöðu á góðu heimili, sem er barnlaust eða að eins eitt barn. Hkr. vísar á.

Bandalag og Sunnudagaskóli Tjaldbúðar safnaðar halda Picnic í River Park miðvikudaginn 6. júli næstk. Allir velkomnir.

Alþektan, góðan Íslending í Winnipeg vantar nú þegar íslenzka vinnukonu, sem talar enska tungu. Kaup $18.00 um mánuðinn. Lysthafendur snúi sér til S. Péturssonar, að 729 Sherbrooke st.

Herra A. J. Andrews, þingmannsefni Conservativa í West Winnipeg, heldur fund í círi sal Goodtemplara hússins annað kveld (fimtudag); en í kveld (miðvikudag) heldur hann fund að St. Edward School, horni Arlington og Notre Dame st.

Landar ættu að fjölmenna á báða þessa fundi.

Bréf á skrifstofu Heimskringlu eiga þessi:
Miss Finna Jóhannsson (ábyrgðarbréf).
Miss Elisabet E. Sigurðardóttir (Íslandsbréf).
Miss R. J. Davíðsson.
Tryggvi Aðalsteinsson (Frakklandsbréf).
Mrs. Margrét J. Benediktsson.

Tíu Íslendingar komu frá Íslandi á þriðjudaginn. Höfðu fengið góða ferð og létu vel yfir förinni.

Hr. Páll Bergsson hefir nú flutt að 564 Simcoe st. með skyrgerð sína. Líka hefir hann nú vmislegt annað. Komið þið og sannfærið ykkur um það sjálf. Fáið rjóma á 30c pottinn og sýru 8 potta fyrir 5 cents

Toronto University musik-prófin eru nú útkomin, og hafa nemendur Jónasar Pálssonar leyst þar verk sitt prýðilega af hendi eftir vanda. Einkunnir eru þannig:

Junior Theory. —
Class I.—Miss L. G. Sölvason.
Miss Sigurlína Baldwinson.
Miss G. S. Thordarson.
Class II.—Miss J. E. Sigurðsson.
Pass—Miss J. Thorgeirsson.

Intermediate Theory.
Class I.—Master S. G. Sölvason.
Class II.—Miss G. S. Nordal.

Primary Piano, Class I.
1. Miss L. G. Sölvason.
2. Miss J. Thorgeirsson.
3. Miss B. Morton.
Class II. —
1. Miss J. E. Sigurðsson.
Miss G. S. Thordarson.
3. Miss L. V. McLeod.

Junior Piano Class I.
Miss G. S. Nordal.

Senior Piano Class I.
Miss V. R. Kirkpatrick.

Menn eru beðnir að muna eftir og fjölmenna á skemtiför Good-templara til Gimli mánudaginn 4. júli. Þar verður mikið um dýrðir.

Selkirk-búar ætla að hafa mikið um dýrðir 1. júli næstk. (Dominion Day). Þeir hafa meðal annars fengið West Winnipeg Band til að spila á þeim degi. Fólk ætti að fjölmenna þangað, af því það verður skemtiför hin bezta og kostar lítið.

Barnastúkan Æskan hélt fund sinn sl. laugardag, og er það síðasti fundur, sem stúkan heldur nú um tíma. Næsti fundur auglýstur þegar til þess kemur.

Hertoginn af Sutherland kom hingað til Winnipeg sl. mánudag á ferð vestur í Calgary. Hann er auðmaður mikill og á miklar landeignir hér og þar um Canada.

Maður druknaði í Rauðá síðastl. sunnudag, hann hét A. Bernstein. Þetta er þriðji maðurinn, sem druknað hefir í Rauðá í þessum mánuði.

Herra Hósías Jósephsson, frá Argyle kom hingað sl. laugardag með bróður sinn, Hólmkel, veikan; var hann lagður á almenna spitalann og uppskurður á honum ger af Dr. B. J. Brandson, tókst það vel og líður sjúklingnum eftir vonum. Hósías fer heimleiðis á mrgun (fimtudag).

Herra Skapti B. Brynjólfsson mætir í stað hr. B. L. Baldwinson ar á fundum þeim, sem haldnir verða í vesturhluta Gimli kjördæmis. Herra Brynjólfsson er mælskumaður hinn mesti og gagnorður, og verður frólegt að sjá hann og heyra. — Þessir fundir eru auglýstir á öðrum stað í blaðinu, og ættu kjósendur að veita henni athygli og fjölmenna á fundina.

Gimli kjördæmis kjósendur ættu að kynna sér til hlýtar fundarhalda auglýsing B. L. Baldwinsonar hér í blaðinu að framan, og fjölmenna á fundina. Pólitiskir fundir eru að jafnaði fræðandi og skemtilegir, og þessir fundir verða efalaust engin undantekning frá þeirri reglu.

Stúkan Skuld heldur tvo næstu fundi sína 29. júní og 6. júli í neðri sal Goodtemplara hússins. Þetta eru meðlimir stúkunnar ámintir að muna.

Picnic sunnudagaskóla Únitarasafnaðarins verður haldið föstudaginn 1. júli í Assiniboine Park, fyrir vestan Búnaðarskólann. Lagt verður af stað kl. 10 f.h. frá horni Sherbrooke og Sargent stræta. Þetta eru allir hlutaðeigendur beðnir að muna og koma í tíma.— Safnaðarfólk fjölmennið!

Herra Chr. Ólafsson, lífsábyrgðar-agent New York Life félagsins, hefir flutt skrifstofu sína frá Cor. William og Nena til 117 Nena st. (Bardal Block).

Mrs. Katchen, 66 Spence St., óskar eftir ungri stúlku við eldhusstörf.

Hinir miklu hitar undanfarna daga hafa ollað megnum óþægindum, og einum manni orðið að bana svo kunnugt sé. Hann hét Joseph Larop, verkamaður. Féll hann dauður niður á Scotland avenue sl. fimtudag, er hann kom frá vinnu sinni.

Miðvikudaginn þann 22. þ.m. voru gefin saman í hjónaband af séra Rögnv. Péturssyni þau ungfrú Jóna Björg Guðmundsson og herra Björn Björnsson, að heimili foreldra brúðurinnar, þeirra hjóna Högna Guðmundssonar og Guðnýjar Jónsdóttur, út við Mary Hill, Man. Alfjölment gestaboð, og veitingar ríkmannlegar. Ungu hjónin lögðu af stað í skemtiferð suður til Gardar, N. Dak., morguninn eftir. — Heimskringla óskar brúðhjónunum allra heilla.

Herra Freeman Hanneson, frá Upham, N.D., var hér á ferð sl. viku, til að finna frændur og vini. Hann er föðurbróðir Marinó Hannessonar lögfræðings hér í borginni og þeirra systkina. Það eru 20 ár síðan herra Hannesson var síðast í Winnipeg. Hann lét hið bezta yfir gróðri í sínu bygðarlagi, en kvað þó allvíða þar í námunda fremur lélegan gróður.

Með því að tími sá, sem fugla má veiða á, hefst 1. júli næstk., er það nauðsynlegt fyrir almenning, sem hefir í hyggju að fara á veiðar, og hefir ekki fengið veiðileyfi, að sækja um slíkt leyfi til landbúnaðar og innflytjenda skrifstofunnar í Winnipeg, áður en þeir fara á veiðar.

Skemtiferð

Good-Templara til

Gimli 4. Júlí

verður hafin frá C.P.R. stöðinni kl. 8.30 að morgni; stansað í Selkirk og Winnipeg Beach til að taka þá, sem ætla sér að verða með. Kemur til Gimli klukkan 10.40.

Skrúðganga hafin frá vagnstöðinni í gegn um Gimli bæ og út í park, þar sem aðalskemtunin fer fram þann dag.

Til miðdagsverðar ættu menn að fara til Barnes's Restaurant. Hann hefir búið sig undir komu okkar með mikinn og góðan mat. Líka hefir hann tjald úti í parki þann dag með aldinum og köldum drykkjum.

Þeir sem ekki hafa þegar aðgöngumiða fyrir ferðina, geta keypt þá hjá nefndinni, sem verður til staðar á C.P.R. vagnstöðinni þann morgun.

Fargjald héðan frá Winnipeg fram og til baka 1.25 fyrir fullorðna, 75c fyrir börn; frá Selkirk $1.00 fyrir fullorðna, 50c fyrir börn; frá Winnipeg Beach 40c fyrir fullorðna, 20c fyrir börn. Börn innan 6 ára fara frítt.

Í þessu verði innifelst einkennisborði og aðgangur að öllum skemtunum á Gimli.

Gimli Band spilar allan daginn.

Fjölmennið og komið í tíma.

S PAULSON,
Ritari Nefndarinnar

Sjáið neðanmálsgrein (e) af sjöundu grein í: The Manitoba Game Protection Act.

Þeir, sem ekki eru borgarar, eða heimilisfastir, verða sömuleiðis að sækja um veiðileyfi til landbúnaðar og innflytjenda skrifstofunnar, ef þeir hafa í hyggju að veiða, skjóta eða særa dýr eða fugla, hvort heldur undir verndarlögunum eða ekki.

Sjáið lagagreinar 24. og 25., og fyrirbyggið öll óþægindi og áhætta af lögsókn.

Sérhver fylkisbúi, sem fylgir aðkomumanni á veiðar án þessa leyfis, skoðast jafnsekur, og er hegnt á sama hátt.

Það er skylda sérhvers veiðigæslumanns, eða lögregluþjóns, að hafa eftirlit með, að lögum þessum sé stranglega framfylgt.

Öll veiðileyfi fyrir árið 1909 gengu úr gildi 31. desember það ár, að eins gild fyrir það ár, sem þau eru gefin út fyrir.

Þegar sótt er um lefi eiga allar umsóknir að sendast beint til: — Agriculture and Immigration Department, Winnipeg, Man.

Fréttabréf.

MARKERVILLE, ALTA.,
18. júní 1910.

(Frá fréttaritara Hkr.).

Þetta vor hefir yfirleitt verið þurt og kalt hér í Alberta. Seinni hluta apríl og fyrri hluta mái voru stöðugir þurkar með talsverðum næturfrostum og stormbyljum. Margir sáðu í akra sína snemma í apríl, því snemma vorði, og verða þeir hvað verst leiknir af tiðinni, því alt fraus, sem upp var komið fyrst í mai. — Samt hefði alt þetta lagast, hefði ekki þá haldið áfram með brunaþurka, svo alt visnaði upp, að minsta kosti á öllu háu landi, — enda er nú útlit á ökrum yfir það heila mjög slæmt, með litlum undantekningum á stöku stað.

Sama má segja um grasvöxtinn, að honum þokar lítið, og er útlitið alt annað en gott, hvað það snertir. Líkurnar eru, að alt hálendi verði lélegt til heyskapar; það eru að eins flóalöndin, þar sem þau eru, sem á er að treysta, — ef þau þá ekki fyllast af vatni hér eftir.

Fullyrt er nú, að bráðlega verði byrjað á járnbrautargrein út af Edmonton brautinni frá Red Deer vestur um til Rocky Mountain House, og er búist við, að hún liggi 4—6 milur norðan við íslenzku bygðina.

Heilsufar hér í bygð nú alment gott og vellíðan yfir höfuð.

Þann fyrsta júlí næstkomandi verður sú breyting á póstflutningi, að póstur verður fluttur frá Innisfail til Markerville hvern virkan dag, — 6 daga í viku. Póstflutninginn hefir tekið að sér W. S. Johnson á Markerville.

Skólahúsið á Markerville, sem hefir verið í smiðum, er nú fullgert og verður opnað innan skams til kenslu. Húsið er vel vandað að öllu leyti. Land er að hækka hér í verði. C.P.R. félagið hefir hækkað ekruna úr $9.00 upp í $11.00, og bændalönd, sem eru á markaðnum, hafa verið hækkuð mikið.

EIN MÖRK AF MJOLK SAMSTEIPT Í EITT PUND AF

SMJÖRI 5c. pundið

Vél til heimilisnota. Samsteypir einni mörk af mjólk í eitt pund af smjöri á tveimur minútum.

Engin efnablöndun viðhöfð. Smjörið er eins hart, litur eins út, en er bragðbetra heldur en skilvindu smjör og notað á sama hátt.

$1000 borgaðir ef þessi vél reynist eigi eins og auglýst er

Ef þér viljið eignast hina þægilegustu og heilnæmustu vél sem til er búin, þá kaupið þessa vél. Skrifið eftir eiðsvörnum vottorðum og á íslenzkar upplýsingum um þessa undravél.

VERÐ: $7.50 Flutningsgjald borgað.

AGENTAR ÓSKAST HVÍVETNA

K. K. Albert
P.O. Box 64 Winnipeg, Man.

Getið um Heimskringlu er þér skrifið

A. S. BARDAL

Selur líkkistur og annast um útfarir. Allur útbúnaður sá bezti. Enfremur selur hann alskonar minnisvarða og legsteina.

121 Nena St. Phone 306

A. S. TORBERT'S
RAKARASTOFA

Er í Jimmy's Hótel. Besta verk, ágæt verkfæri; Rakstur 15c en Hárskurður 25c. — Óskar viðskifta Íslendinga.—

Til sölu

eru 10 ekrur af landi á Point Roberts, Wash., hér um bil helmingur hreinsað, enn hinn helmingurinn í skógi.

Þeir, sem vildu sinna þessu, snúi sér til

GISLA O. GUÐMUNDSONAR
4-8 Point Roberts, Wash.

Atvinna.

Okkur vantar fáeina duglega umboðsmenn í hinum íslenzku bygðum í Manitoba og Norðvesturlandinu til að selja Stereoscopes og myndir. Sendið 75c fyrir umboðsmanna áhöld.

Arnason & Son.
8-4 Churchbridge, Sask.

Sá sem notar okkar $5.00 Skó

skilur til hlítar hvað allra beztu skórnir hafa að geyma, því hann hefir tvö sönnunargögn, sitt á hverjum fæti.

Háir eða lágir skór úr vönduðu kálfs eða geitar skinni.

Ryan-Devlin Shoe Co
494 MAIN ST. PHONE 770.

Sherwin-Williams PAINT
fyrir alskonar húsmálningu.

Prýðingar-tími nálgast nú. Dálítið af Sherwin-Williams húsmáli getur prýtt húsið yðar utan og innan. — Brúkið ekker annað mál en þetta. — S.-W. húsmálið málar mest, endist lengur, og er áferðarfegurra en nokkurt annað hús mál sem búið er til. — Komið inn og skoðið litarspjaldið. —

Cameron & Carscadden
QUALITY HARDWARE
Wynyard, Sask.

Dr. G. J. Gíslason,
Physician and Surgeon
18 South 3rd Str., Grand Forks, N.Dak

Athygli veitt AUGNA, EYRNA og KVERKA SJÚKDÓMUM. ASAMT INNVORTIS SJÚKDÓMUM og UPPSKURÐI. —

"Kvistir,"

kvæði eftir Sig. Júl. Jóhannesson, til sölu hjá öllum íslenzkum bóksölum vestanhafs. Verð: $1.00.

Jóhanna Olson
PIANO KENNARI
557 Toronto St. Winnipeg

TIL SÖLU:

160 ekrur af bezta landi, stutt frá járnbrautarstöð. — Fyrsti maður með $7.00 fær hér góð kaup. — Finnið

Skúli Hansson & Co.
47 Aikens' Bldg.
Talsími. Main 6476 P. O. Box 833

DR. H. R. ROSS
C.P.R. meðala- og skurðlækir.
Sjúkdómum kvenna og barna veitt sérstök umönnun.
WYNYARD, — SASK.

Dr. M. Hjaltason,
Oak Point, Man.

Anderson & Garland,
LÖGFRÆÐINGAR
35 Merchants Bank Building
PHONE: MAIN 1561.

MARTYN F. SMITH,
TANNLÆKNIR.
Fairbairn Blk. Cor Main & Selkirk

Sérfræðingur í Gullfyllingu og öllum aðgerðum og tilbúnaði Tanna. Tennur dregnar án sársauka. Engin veiki á eftir eða gómbólga. —

Stofan opin kl. 7 til 9 á kveldin
Office Phone 6944. Heimilis Phone 6462.

Þarft þú ekki að fá þér ný föt?

EF ÞAU KOMA FRÁ CLEMENT'S, — ÞÁ VERÐA ÞAU RÉTT

Réttur að efni, réttur í sniði réttur í áferð og réttur í verði.

Vér höfum miklar byrgðir af fegurstu og beztu fataefnum. —

Geo. Clements & Son
Stofnað árið 1874
264 Portage Ave. Rétt hjá Free Press

Th. JOHNSON
JEWELER
286 Main St. Talsími: 6606

Sveinbjörn Árnason
Fasteignasali.
Selur hús og lóðir, eld-ábyrgðir, og lánar peninga. Skrifstofa: 12 Bank of Hamilton.
TALSIMI 5122. HÚS-TALS. 8935

G. NARDONE
Verzlar með nátvöru, aldini, smá-kökur, allskonar sætindi, mjólk og rjóma, sönnul, tóbak og vindla. Óskar viðskifta Íslend. Heitt kaffi eða te á öllum tímum. Fón 7756
714 MARYLAND ST.

Boyd's Brauð

Það borgar sig að vera brauðvandur. Brauð frá sum um bökurum er auðmeltara en frá öðrum, og auðmelt brauð eru holiust. Reynslan mun færa þér sönnur á, að vor brauð viðhalda heilsunni og auka matarlystina. Vagnar vorir fara um allan bæinn

Boyd's

Bakery Cor. Spence & Portage Ave
Phone 1030.

Winnipeg Wardrobe Co.

Kaupa brúkaðan Karla og Kvenna fatnað,—og borga vel fyrir hann.

Phone, Main 6539 597 Notre Dame Ave

BILDFELL & PAULSON
Union Bank 5th Floor, No. 520
selja hús og lóðir og annast þar að lútandi störf; útvegar peningalán o. fl.
Tel.: 2685

Jónas Pálsson,
SÖNGFRÆÐINGUR.
Utvegar vönduð og ódýr hljóðfæri
460 Victor St. Talsími 6803.

J. L. M. THOMSON, M.A., L.L.B.
LÖGFRÆÐINGUR. 255½ Portage Ave.

BONNAR, TRUEMAN & THORNBURN,
LÖGFRÆÐINGAR.
Suite 5-7 Nanton Blk. Tals. 766
Winnipeg, Man. P.O.BOX 223

Húðir og ógerfuð Loðskinn

Verzlun vor er vor bezta auglýsing. Sendið oss húðir yðar og loðskinn og gerist stöðugir viðskiftamenn.
Skrifið eftir verðlista.

The Lightcap Hide & Fur Co., Limited
P.O. Box 1092 172-176 King St Winnipeg
16-9-10

W. R. FOWLER A. PIERCY.

Royal Optical Co.
307 Portage Ave. Talsími 7286.

Allar nútíðar aðferðir eru notaðar við augn-skoðun hjá þeim, þar með hin nýja aðferð, Skugga-skoðun, sem gjöreyðir öllum ágiskunum. —

Heimskringla.

XXIV. ÁR — WINNIPEG, MANITOBA, FIMTUDAGINN, 7 JÚLÍ 1910 — NR. 40

Tvöfalt stærri

er reiðhjólabúð mín nú en áður, og vörubyrgðir og verzlun að sama skapi. BRANTFORD reiðhjólin góðu hefi ég til sölu eins og aðundanförnu með eins góðum kjörum og nokkur annar getur boðið. — Einnig aðrar tegundir af nýjum reiðhjól um sem ég sel fyrir $30. og upp, með "Dunlop Tires" og "Coaster Brake".—Allar aðgerðir og pantanir afgreiddar fljótt og vel. —

West End Bicycle Shop

Jón Thorsteinsson, eigandi

475—477 Portage Avenue.

TALSÍMI: MAIN 9630.

Yfirlit og endurminningar.

Kjósendur í Vestur-Winnipeg hafa í þetta skifti um tvo lögfræðinga að velja, sem fulltrúa á fylkisþingi. Báðir eru mennirnir hæfileikamenn og góðir drengir, og báðir eru öllum þorra kjósendanna kunnir, ýmist persónulega eða af orðspori. Í því efni er skilsmunur lítill, ef nokkur.

Kjósendurnir verða að dæma um verðleika þeirra eingöngu af framkomu þeirra í opinberum málum á liðinni tíð. Sé það gert með sanngirni, verður hlutur Mr. A. J. Andrews stærri.

Það leikur enginn efi á, að Mr. Johnson er, hvað hæfileika snertir, miklum mun fremri Tobias C. Norris. En viljandi og með opin augu hefir hann beygt sig undir ok þeirra Norris og Lauriers og ber það síðan. Undir stjórn sins "óhæfa" leiðtoga hefir hann (Mr. Johnson) barist hnúum og hnefum á móti allri gagnlegri löggjöf, sem Roblin-stjórnin hefir borið fram, á meðan hann sat á þingi. Í stað þess, að ljá stjórninni lið við nokkra alþýðlega löggjöf, hefir hann eytt tímanum í hóflausar ávítanaræður. Þing eftir þing hefir hann ekki haft á dagskrá sinni nema eitt einasta mál, — um leyfi fyrir bæjarstjórn til að selja rafmagnsljós. Með þetta mál hefir hann burðast þing eftir þing, — í þeim tilgangi auðvitað, að fá sér fjöður í hattinn á kostnað stjórnarinnar, sem hann eys fáryrðum og ber brígslum, fyrir eitt og alt, sem hún gerir. Bæjarstjórnin hefir ekki beðið hann að flytja þetta mál, og til þess eru góðar og gildar ástæður. Hún hefir engin ljós til að selja og engin von til að hún hafi þau á boðstólum fyrr en að veturnóttum 1911, — í allra fyrsta lagi. Fyrr en þar kemur, hefir hún ekkert með leyfi að gera. Og þegar þar kemur, þá verður LEYFIÐ til að selja rafljós til ljóskveikju FENGIÐ, eins víst eins og dagur rennur í austri. Þetta dylst engum, — ekki einusinni Mr. Johnson sjálfum, hvað helzt sem hann segir í millitíð. Öll þessi barsmíð út af ljósum, sem ekki eru til, er þess vegna hlægileg "komedia", og það er enginn heiður fyrir Vestur-Winnipeg kjósendur, að þeirra þingmaður hefir leikið "aðal-stykkið" í þeirri "komediu".

ALFRED JOSEPH ANDREWS hefir aldrei setið á þingi, en hann hefir verið í stjórn Winnipeg-bæjar í mörg ár, bæði sem meðráðamaður og borgarstjóri. Framkoma hans í þeirri stöðu var bannig, að fáir hafa fundið að. Þar eins og í öðrum málum hefir hann reynst sannur alþýðuvinur. Því til sönnunar þarf ekki annað en benda á það, að fyrr eða síðar hefir engirn bæjarstjórnarmaður reynst verkalýðnum jafngóður og mikilvirkur vinur. Það er þarflaust að rekja þá sögu, til sönnunar, því sá sannleiki er á vitorði allra manna, sem í Winnipeg voru þá. Það má hér að eins minna á það, að það er Mr. Andrews að þakka, að "contract"-vinna fyrir bæjarstjórn við brúlagning stræta, o. þ. h., var loks aftekin, en öll slík vinna nu unnin gegn daglaunum undir umsjón bæjarstjórnarinnar sjálfrar. — Þetta þótti hinn mesti sigur fyrir verkalýðinn, og svo hefir reynslan sýnt, að þessi aðferð er bannum happasælust, — verkið betur gert og fyrir minni peninga, brátt fyrir það, að vinnutími er styttri en var hjá "contractors", og undir eins hærri laun goldin verkamönnum.

Það er ekki allra minsti efi, að á þingi kveður eins mikið að Mr. Andrews eins og kvað að honum í bæjarstjórn, og að ráð hans þar verða engu óhollari en þau voru í bæjarstjórn.

Mr. Andrews sækir undir merki Roblin-stjórnarinnar og veitir henni fylgi. En allir, sem þekkja manninn, vita, að þó hann sé conservativ, áskilur hann sér æfinlega rétt til, að andæfa sínum eigin flokki og leiðtogum, ef honum ekki fellur stefna hans í einhverju máli í geð. Það er honum til hróss, að svo er, og þannig ættu allir þingmenn að vera. Þannig andæfði hann sínum eigin flokki um árið, þegar Roblin-stjórnin auglýsti stefnu sína og samninga við Can. Northern félagið. Hann óttaðist, að vaxta-ábyrgðin gæti reynst hættuleg fyrir fylkið og sagði það hreinskilnislega. En nú fyrir löngu hefir hann jafn hreinskilnislega játað, að þar hafi sér skjátlað. Þetta dæmi sýnir, að Mr. Andrews lætur sína skoðun hiklaust í ljósi, þó sú skoðun reynist andvig skoðun stjórnarinnar, sem hann annars fylgir að málum.

Sjálfstæði eins og þetta hljóta allir hugsandi kjósendur að meta, og ættu þeir þá að sjálfsögðu að greiða atkvæði með þeim manni, sem þann kost hefir til að bera, auk ágætis hæfileika að öðru leyti, og víst ættu verkamenn að muna honum, hve gott og mikið verk hann vann fyrir þá í bæjarstjórnarstörfum sínum.

* * *

Undir niðri er þjóðræknin látin leika þó dálitla "rullu" hér í Vestur-Winnipeg, — þar sem nokkur von þykir, að hún komi til gagns. En hver sá maður í flokki "liberala", sem hreyfir því máli við kjósendur, fyrir hann SLÆR SJÁLFAN SIG Á MUNNINN OG ÞAD SKADLEGA.

Það eru meir en 6000 kjósendur í Vestur-Winnipeg og þar af í mesta lagi 600 Íslendingar, þ. e.: einn íslenzkur kjósandi af hverjum 10 kjósendum, í mesta lagi.

Árið 1892 fóru fram almennar kosningar í Manitoba. Þá tilheyrði Nýja Ísland St. Andrews kjördæminu og í því kjördæmi öllu voru þá 954 kjósendur. Af þeim voru 429 íslenzkir kjósendur, þ. e., sem næst HELMINGUR allra kjósenda í kjördæminu voru Íslendingar. Kjördæmið var þá eins nærri að vera ÍSLENZKT kjördæmi eins og það er nú, enda sagði Lögberg um það mál þá: "Vér getum ekki betur séð, en að St. Andrews sé eins íslenzkt kjördæmi eins og hægt er að búa til eins og stendur". Þar voru þá í kjöri: B. L. Baldwinson fyrir hönd Conservativa og F. W. Colcleugh fyrir hönd "liberala". Hafi nokkurntíma verið ástæða til, að láta þjóðerni skipa öndvegi í kosningasókn í Manitoba, þá var það í St. Andrews kjördæmi árið 1892, þar sem skorti ein 49 atkvæði til þess Íslendingar væru í meiri hluta. En "liberal" gæðingarnir og Lögberg litu öðrum augum á silfrið í þá daga. Kjósendunum var þá rækilega sýnt fram á það, í blaði þeirra og á fundum þeirra, að skyldan byði þeim að "fylgjast að málum", og að þjóðernisspursmál gæti ekki komið stjórnmálum í Manitoba hið allra minsta við.

Frá stjórnfræðislegu sjónarmiði er þetta alveg rétt. Menn eiga að láta máleni ráða atkvæði sínu, fremur en menn eða þjóðerni. Og úr því nú þeir "liberölu" og Lögberg viðurkendu þá kenningu rétta og marg-skoruðu á menn að fylgja henni í kjördæmi, þar sem Íslendingar áttu nær helming allra atkvæða, þá geta ekki sömu menninirnir nú blygðunarlaust beðið nokkurn kjósanda í Vestur-Winnipeg, að snúa við blaðinu og breyta gagnstætt þeirri stjórnfræðiskenningu, sem þeir þá sögðu eina rétta.

JAFNRÉTTI við hérlenda menn eiga Íslendingar að hafa, í stjórnmálum sem öðru, og ganga ríkt og drengilega eftir. En MEIRA en jafnrétti eiga þeir og MEGA ÞEIR EKKI fara fram á. Að biðja 'slenzkan kjósanda um atkvæði fyrir Mr. Johnson af þeirri ástæðu, að hann sé af íslenzkri ætt, það er að biðja um meira en jafnrétti, eins og er ástatt í Vestur-Winnipeg. Að gera það, er að æsa Íslendinga móti annara þjóða mönnum í kjördæminu, að æsa annara þjóða menn gegn Íslendingum.

Það er skaðræði, sem allir eiga að forðast. Rigurinn er nógur samt.

* * *

Á húsvitjunarferðum sínum til bindindismanna í Vestur-Winnipeg leggja sumir hinna "liberölu" atkvæðasmala það Mr. Andrews út til vanvirðu, að hann hafi haldið fram rétti hóteleigenda í sambandi við fyrirhugaðar breytingar á vínveitinga-lögum, o. s. frv. Frá hinu segja þeir ekki, að Mr. Andrews hefir líka haldið fram máli bindindismanna, og það ósleitilega.

Það er láalega lítilfjörlegt, að beita slíkum vopnum og ber vott um ómensku og smásálarskap, en hvorttveggja er ósamboðið Íslendingum, sem allir stæra sig af drenglyndi. Sé lögfræðingur nokkurs nýtur, — kunni hann nokkuð meira en að "fúska" við landsölumál, þá bjóðast honum allskonar mál til flutnings og varnar, og það, að hann tekur þau mál að sér, það er nokkuð, sem enginn maður getur lagt honum út til óvirðingar. Til þess hefir hann numið lögfræði, að hann hafi atvinnu við að sækja og verja mál, sem bjóðast. Að Mr. Andrews hafa boðist mál til flutnings bæði með og móti bindindi, það sannar, að hann hefir álit sem lögfræðingur, enda er það sannast, að í þeim málum hefir hann oftast borið hærri hlut.

Þeir, sem beita þessum vopnum, þyrftu að athuga það, áður en þeir fara að heiman, að þetta geta verið og eru tvieggjuð sverð. Heimskringla hefði fyrir löngu síðan getað beitt Mr. Johnson áþekkum vopnum af ýmsri gerð, en ekki viljað gera það. En úr því hans umboðsmenn nú beita slíku vopni gegn Mr. Andrews, í viðtali við bindindismenn, þá er ekki nema sanngjarnt að minnast þess, að árið 1902, fáum dögum áður en kjósendur bæjarins skyldu mæta á kjörþingum til að greiða atkvæði með eða móti algerðu vínbanni í Manitoba, boðaði Mr. Thomas H. Johnson Íslendinga á almennan fund á North-West Hall til þess að ræða um þetta mál. Á þeim fundi var Mr. Johnson aðal-ræðumaður, og talaði vel og lengi Á MÓTI VÍNBANNI, en MEÐ VÍNSÖLU.

Bindindismenn margir og góðtemplarar voru á fundi og líkaði ræðan illa. Gerðu þeir þá fyrirspurn um, hvort þeim yrði leyft að taka til máls og svara. Eftir nokkurn hvíslingaleik kunngerði fundarstjóri, Mr. Magnús Paulson, að þeim yrðu veittar 5 minútur. Þeim þótti það miður rausnarboð og vildu helzt ekki nýta, en þar var með þeim á fundinum Dr. Sigurður Júlíus Jóhannesson og áleit, að hálfur hleifur væri þó betri en ekkert brauð. Íslenzka bindindisvini rekur sjálfsagt minni til þessa fundar, þó ekki sé fyrir annað en það, að svo margir þeirra segja, að fyrr eða síðar hafi þeir aldrei heyrt nokkurn mann tala jafnmörg orð á svo stuttri stund, eins og Dr. Jóhannesson talaði á þeim minútum.

Það er ekki tilgangur vor, að fara lengra út í þetta mál, — geta nokkru til um það, hvernig því var varið, að Mr. Johnson fann sig knúðan til að leigja fundarsal og halda þar svona einhliða fund, og svo nærri kjördegi, að vinbannsmenn höfðu ekki svigrúm til að halda fram sinni hlið á opinberum fundi áður en gengið var til atkvæða. — Vér bendum á þetta að eins til að sýna, að sé Mr. Andrews vítaverður, í augum vinbannsmanna, fyrir að taka að sér LÖGFRÆDINGS-verk, ýmist með eða móti þeirra áhugamáli, þá er Mr. Johnson ENGU SÍÐUR VÍTAVERÐUR fyrir sína frammistöðu í vinbannsmálinu. Því það er ekki nauðsynlega lögfræðingsverk, að boða menn á fund til að hlusta á almenna ræðu um almenn mál. — þeir, sem búa í glerskála, mega ekki við að kasta grjóti á býli annara.

Það, sem hlýtur að ráða atkvæði hvers einasta hugsandi manns, er stefna og starfsemi þeirra stjórnflokka, sem berjast um völdin. Og fylgist kjósendur með málum, þá dylst engum, sem annars er ekki blindaður af flokksofstæki, að Roblin-stjórnin verðskuldar tiltrú manna í fylsta skilningi á komandi kjörtímabili. Þeir, sem það viðurkenna og sem vilja meta það, sem vel er gert, þeir að sjálfsögðu greiða atkvæði með Mr. Andrews.

Gamlar skuldir borgaðar.

Án þess að taka einn einasta dollar til láns í því augnamiði hefir nú Roblin-stjórnin greitt að fullu verðbréfa-skuld fylkisins, sem féll í gjalddaga 1. júlí og nam nær tveim miljónum dollara, eða nákvæmlega: $1,943,170.00.

Verðbréfaskuldir þær, sem borgaðar voru, voru í þrennu lagi. Í fyrsta flokki voru hinar svoneíndu Norð-vestur Manitoba verðbréfa skuldir, kallaðar A. flokkur, og námu þær $787,426.67. Í öðrum flokki (B.) voru Suð-vestur Manitoba verðbréfin, og námu þau $899,846.66. — Að lokum voru Hudsons-flóa járnbrautar verðbréfin, sem greiða átti að sumu leyti í Lundúnum, en sumu leyti í Montreal og námu þau $255,896.67.

Það er ekkert smáræði, að snara út í einni svipan tveim miljónum dollars, án þess að burfa að taka einn einasta dollar að láni, en þetta hefir Roblin stjórnin látið sig hafa.

Flestir aðrir mundu hafa kosið, að framlengja lánin, talið það handhægra, þó það kostaði nokkur þúsund árlega í rentur. Roblin-stjórnin leit öðruvísi á, hún áleit, að gleymd væri goldin skuld.

Verðbréfaskuldir þessar voru frá því að Liberalar voru við völdin, — arfleiddu þeir Roblin-stjórnina að þessari skuldasúpu, þegar þeim var hrundið af stóli.

Nú er skuldasúpan greidd, þökk sé Roblin-stjórninni, stjórnsemi hennar og hagsýni.

Kjósendur ættu að meta það að verðleikum.

OGILVIE'S

Royal Household Flour

Til Brauð og Köku Gerðar

Gefur Æfinlega Fullnæging

EINA MYLLAN Í WINNIPEG.—LÁTIÐ HEIMAIÐNAÐ SITJA FYRIR VIÐSKIFTUM YÐAR.

Mountain kjördæmið.

Herra EDMUND L. TAYLOR, K.C., var á fjölmennum fundi, sem haldinn var í Baldur í Manitoba, af Conservativa félaginu þar, útnefndur þingmannsefni flokksins fyrir Mountain kjördæmið.

Herra Taylor er ekki ókunnugur héraðsbúum, heldur þvert a móti er hann uppalinn þar í kjördæminu og á þar fjölda vina. Enda gátu margir hinna eldri manna



EDMUND L. TAYLOR

þess þar á fundinum, að þeir hefðu með ánægju veitt framför hans til vegs og gengis nákvæma eftirtekt.

Herra Edmund L. Taylor er fæddur í Leeds Co., Ont., en hefir alið mestan aldur sinn í Vestur-Canada. Hann kom til Crystal City árið 1881 með föður sinum, sem reisti þar bú. Eins og margir aðrir af duglegustu mönnum Vestur-Canada, fékk hann sina fyrstu revnslu og undirstöðu sem bóndaplitur. Hann tók kennarskólapróf og um þriggja ára tíma kendi hann á ættstöðvum sínum í Crystal City. Síðar fluttist hann til Pilot Mound og fékst þar við skrifstofustörf. Þaðan fluttist hann til Winnipeg, og tók að lesa lögfræði hjá þeim Aikins, Culver & McClenaghan og einnig hjá Tupper, Phieppen & Tupper.

Árið 1895 varð hann málfærslumaður og hefir rekið þá atvinnu síðan. Nú er hann aðalmaðurinn í lögfræðingafélaginu Taylor, Bowles & McAlpine. Herra Taylor hefir fengið ágætt orð á sig sem málfærslumaður, en auk þess hefir hann haft vakandi auga á endurbótum og framförum fylkisins og aldrei látið tækifæri ónotað, er því mætti að gagni koma.

Í stjórnmálum hefir hann alt af verið sterkur Conservative, en hefir þó aldrei látið flokksofstæki blinda sér sýn, og því aldrei hikað við, að styðja það af alefli, sem honum fanst rétt vera. Hann hefir þess vegna áunnið sér virðingu, ekki einungis sinna flokksbræðra, heldur engu síður óháðra og "liberala".

Conservativar í Mountain kjördæminu hafa því eksert glappaskot gert, að velja Edmund L. Taylor fyrir kjósbera sinn við kosningarnar, og það yrði heiður fyrir kjördæmið, að hafa jafn mikilhæfan mann fyrir þingmann sinn og hann er, og fáir munu þeir vera, sem hafa betri fortíð, hæfileika og ósérplægni að stæra sig af en hann.

Edmund L. Taylor, K.C., mundi verða mikill stuðningur fyrir löggjafarþing Manitoba og stjórn fylkisins.

Kosningar.

Gleymið ekki kosningadeginum á mánudaginn kemur, þann 11. þ. m. Allir atkvæðisbærir borgarar ættu að láta sér umhugað um að greiða atkvæði, og það svo tímanlega að deginum, sem þeim er unt. Kjörstaðir opnaðir kl. 9 f.m.

Wall Plaster

"EMPIRE" VEGGJA PLASTUR kostar ef til vill ögn meira en hinar verri tegundir, —en berið saman afleiðingarnar.

Vér búum til:

"Empire" Wood Fibre Plaster
"Empire" Cement Wall "
"Empire" Finish "
"Gold Dust" Finish "
"Gilt Edge" Plaster of Paris
og allar Gypsum vörutegundir. —

Eigum vér að senda yður bækling vorn?

BÚIÐ TIL EINUNGIS HJÁ

MANITOBA GYPSUM CO. LTD

SKRIFSTOFUR OG MILLUR Í

Winnipeg, - Man.

Stjórnmálafundur í Walker leikhúsinu.

Föstudaginn 8. p. m. halda Conservativar almennan stjórnmálafund í Walker leikhúsinu. Ræðumenn verða, Hon. Roblin, Hon. Robert Rogers, Hon. Colin H. Campbell, J. A. M. Aikins, K. C. og hin fjögur þingmannsefni flokksins, T. W. Taylor, Mið-Winnipeg; J. F. Mitchell, Norður-Winnipeg; L. McMeans, Suður-Winnipeg; og A. J. Andrews, Vestur-Winnipeg. Fjölmennið.

Sýnishorn af kjörseðli í Vestur-Winnipeg.

Andrews Alfred J.	X
Armstrong George	
Johnson Thomas H.	

Merkið aðkvæðaseðil yðar eins og hér er sýnt.

Heimskringla
Published every Thursday by The Heimskringla News & Publishing Co. Ltd

Verð blaðsins í Canada og Bandar $2.00 um árið (fyrir fram borgað).
Sent til Íslands $2.40 (fyrir fram borgað af kaupendum blaðsins hérlendis $1.50)

B. L. BALDWINSON
Editor & Manager

Office:
729 Sherbrooke Street, Winnipeg
P.O. BOX 3083. Talsími 3512.

Skuld fylkisins.

Það er hvorttveggja, að það væri vita-ómögulegt, að greiða úr öllum þeim ósanninda þvælum, sem "liberalir" búa til um þessar mundir, um Roblin-stjórnina, fjárhag fylkisins, o.s.frv., enda er það ekki tilgangur vór. En rétt að gamni bendum vér hér á eitt sýnishornið af þessari þvælu, sem birtist í Lögbergi, dags 30. júní þ. á. Þar segir, að "þjóðskuldin" hafi aukist svo hjá Roblin, að hún sé nú orðin $14,260,846. Vitanlega er það ekki á valdi Mr. Roblins, að auka "þjóðskuldina". Það er hlutverk Laurier-stjórnarinnar að gera það. En Roblin-stjórnin getur aukið eða minkað fylkis-skuldina, og þá skuld hefir hún AUKID svo nemur HÁLFRI MILJÓN DOLLARA, — til að mæta tekjuhalla og sjóðþurð Greenway-stj. En svo hefir hún nú (1. júlí 1910) MINKAÐ fylkis-skuldina sem nemur NÆR TVEIM MILJÓNUM DOLLARS.

Hvar þessi "stóri sannleikur", sem í Lögbergi talar, hefir fundið 14¼ miljón, er bókstaflega ómögulegt að imynda sér. Þó hann legði saman allar skuldir í sambandi við kaup á telefón-kerfum bæði Bell félagsins og sveita og bæjarstjórna, þó þar við sé bætt lántökum til að framlengja telefónlínur út um alt fylki, koma upp "Exchanges", o.s.frv., og þó hann bætti þar ofan á öllum lántökum frá fyrstu tíð, til að þurka votlendi, og þó hann sletti svo þar ofan á höfuðstól þess fjár, er Greenway-stjórnin góðfúslega tók að sér að ábyrgjast vöxtu af, þegar hér fyrrum, að smábæir og sveitir urðu gjaldþrota, — þó hann slengdi öllu þessu saman og hrærði saman í eina heild, þá samt er enginn vegur, með nokkurri þektri reikningsaðferð, að gera 14¼ miljónir dollara úr þeim graut.

Sé tilgangurinn annars nokkur með þessari grein, — annar en sá auðvitað, að reyna að fleka allsókunna menn, — þá er hann þó líklega þessi, að telja allar skuldir, sem í einhverri mynd hvila á fylkinu, svo sem telefón skuldir, o. s. frv.

Hér er viljandi gengið fram hjá aðal-merg málsins, sem er þetta: Þó fylkið að vísu ábyrgist, að þessar skuldir verði greiddar, bæði innstæða og vextir, þá er það samt engin byrði á fylkisbúum í heild sinni.

Telefón-skuldin er byrði á þeim, sem hafa telefón, og engum öðrum.

Skuld, sem tekin er til að þurka votlendi, hvílir á því landi, sem þurkað er, og engum öðrum.

Sama gildir um kornhlöðuskuldir, þegar þær koma til sögunnar. Að nafninu heita þær skuld á fylkinu, en verða aldrei byrði á öðrum en þeim, sem flytja korn í þær hlöður, til geymslu.

Með öðrum orðum, það þarf aldrei að taka einn eyri af eignum og tekjum fylkisins til að greiða þessar skuldir. Þær skuldir rýra því hvorki né auka skuldabyrði fylkisins um einn eirpening, hvað þá meir. EINSTAKLINGARNIR, SEM NOTA STOFNANIR ÞÆR, ER ÞESSAR SKULDIR HVÍLA Á, BORGA SKULDIRNAR SMÁMSAMAN OG ENGIR AÐRIR.

Það gildir hér nákvæmlega sama regla eins og gildir um "frontage tax" skuldir í Winnipeg. Að nafninu til hvila þær skuldir á bænum, en í raun réttri hvila þær að eins á landinu, sem sá skattur hvílir á. Bæjarstjórnin ábyrgist að innheimta þann skatt og skila handhafa skuldabréfanna á tilteknum degi.

Nákvæmlega það sama gerir fylkisstjórnin.

Það er óskeikull sannleiki þetta, að á síðastliðnum tíu árum og sex mánuðum, hefir Roblin-stjórnin aukið skuld fylkisins (árið 1900) um $500,000.00, og MINKAÐ hana (þann 1. júlí 1910) um $1,943,170.00, eða sem næst tvær miljónir dollars.

Réttar-kröfur fylkisins.

Framkoma "liberala" í því máli. "Nú er öldin önnur". Laurier stjórnin veldur, Manitoba geldur.

Ótrúlegt er það, en þó satt, að "liberal" flokkurinn í Manitoba hefir nú í seinni tíð snúið baki við Manitoba, að því er snertir réttarkröfur fylkisins, en fyllir flokk sambandsstjórnar. Og að fylla flokk Ottawa-stjórnar þýðir ekkert annað en að synja Manitoba fylki um allar þess kröfur til jafnréttis við önnur fylki í sambandinu, en þiggja þá mola, sem Laurier þóknast að gefa.

Hvað veldur þeirri ógna-breytingu, sem komin er á þessa "liberölu" menn á síðastliðnum örfáum árum í þessu efni? Það veit enginn, sem ekki dvelur innan þeirra herbúða. Hversu mikið dálæti, sem þeir hafa á Sir Wilfrid Laurier, þá sýnist óhugasandi, að þeir vilji stuðla til þess, að honum og hans meðráðendum sé fengin í hendur einkaréttur til að ráða öllum hag Manitoba-fylkis. Þó bendir framkoma þeirra í seinni tíð einmitt á, að svo sé, — að þeir séu fúsir til, að selja honum sjálfdæmi í öllum ágreiningsmálum fylkisins og sambandsins.

Hinir eldri menn í þeim flokki mega muna "tvennar tiðirnar", eins og Grasa-Gudda. Því "það var sú tíð", að "liberalir" héldu því ósleitilega fram, að Manitoba, en ekki sambandsstjórn ætti að ráða, hvað væru réttar og sanngjarnar kröfur fylkisins. Það má fullyrða, að Thomas Greenway hefði risið hár á höfði við slíkum trygðrofum við fylkið, en svo er það sannast, að hann var ekki há launaður starfsmaður sambandsstjórnar, eins og Tobias C. Norris er.

Vaklandinn og "þroskunin niður á við" sést ljósast, ef bent er á stefnuskrá Liberala árið 1907 og stefnuskrá þeirra viðtekna í síðastliðnum aprílmánuði.

Í stefnuskránni 1907 vildu þeir ótvíræðilega fá fylkið stækkað norður að Hudsons-flóa, og að fjármálasamningar fylkisins og sambandsins væru bygðir á sama grundvelli og samskonar samningar við Alberta og Saskatchewan. Nú voru þessir samningar við þessi tvö fylki á þá leið, að í stað umráða yfir landinu fá þau árlega upphæð af peningum á ári frá samband-stjórn.

Í stefnuskránni 1910 vilja þeir að gengið sé að þeim boðum, sem sambandsstjórin hefir gert, áhrærandi stækkun fylkisins, svo framarlega, sem þar fylgi með alger umráð yfir landi, málmum, timbri og fiskivötnum og öðrum arðberandi eignum í þeim hluta, sem bætt yrði við fylkið. Hér er farið fram á alt annað, — farið fram á alveg sömu réttindi og Ontario-fylki hefir.

Fáum vikum áður en þessi stefnuskrá var samin, flutti Norris ályktun um þetta mál á fylkisþingi, og þeir "liberölu" auðvitað greiddu atkvæði með henni, — sömu mennirnir, sem litlu seinna sömdu þessa nýjustu stefnuskrá. Í þessari ályktun sinni fór Norris fram á, að þingnefnd sé kjörin til að flytja ágreiningsmál fylkisins við sambandsstjórn og komast að sanngjörnum samningi.

Hér eru þrjár útgáfur af stefnu þessara manna í sama máli. Öllum þeirra geta þeir ekki fylgt í senn, fremur en þeir geta farið bæði norður og suður á einu og sama augnab líki. Hvorum tveimur ætla þeir að hafna.

Blaðið Free Press er aðalmálgagn þessara manna. Hvað segir það um þessi mál? Hinn 23. nóvember 1906 fórust því orð á þessa leið: —

"Það er skoðun vor, að kjósendur í Manitoba, án einnar einustu undantekningar, búist við, að sambandsstjórn stækki fylkið svo, að Hudsons-flói verði takmark þess að norðan og að Fort Churchhill verði innan fylkisins. Ennfremur, að vér láum þessa viðbót skilmálalaust með öllum gögnum og gæðum". — "Ef Manitobamönnum kæmi til hugar, að þessum kröfum, SEM Í ALLA STADI ERU SANNGJARNAR, yrði neitað, mundi kvikna megn óánægja um þvert og endilangt fylkið".

"Það er engin ástæða til, að þykkjast við stjórnina, þó hún taki hálfsmánaðartíma til að hugsa sig um. En óþarflega lengi má hún ekki draga úrskurð sinn. INNAN MÁNAÐAR frá því fundurinn var haldinn, og hann var haldinn 12. nóvember, ætti úrskurður sambandsstjórnarinnar að vera heyrum kunnur".

Þannig leit "Free Press" á mál þetta þá. Mánuðurinn, sem þá þótti nægur tími til svars, er nú orðinn meira en hálft fjórða ár og úrskurðurinn ókominn enn.

En nú er sú breyting á orðin, að blaðið gerir gys að málinu, að kröfum fylkisins frá upphafi til enda. Málið sé fyrir löngu útjaskað orðið, og ekki nema til aðhlægis að halda því á lofti. Sé einhverjum alvara með að kvarta um tafir á úrskurði sambandsstjórnar, þá skuli þeir snúa sér til Roblins, því hann sé valdur að töfinni og hans stjórn og enginn annar. Þetta eru röksemdir blaðsins nú, og þá auðvitað röksemdir "liberölu" þingmannaefnanna, því allur fjöldi þeirra sækir vit sitt í það blað, en ekki til Norris, enda er ekki þar um auðugan garð að gresja, að því er R. H. Macdonald segir, einn af helztu forkólfum "liberala" í fylkinu hingað til.

Svo siðferðislega litblindir eru þessir menn, að þeir sjá ekki né skynja, að þeir úr þeirra flokki, allir og einn, sem setið hafa á fylkisþingi, eru fyrir breytni sína í þessu máli ördnir drottinssvikar og eiðrofar. Kjósendurnir eru þeirra drottnar, og enda "Free Press" segir, að þeir (kjósendurnir), "án einnar einustu undantekningar", heimti að þessar sanngjörnu kröfur séu veittar, — kröfurnar, sem Roblin-stjórnin heldur fram óbreyttum. Þingeiðir þeirra heimtar, að þeir vinni að öllum hag fylkisins með dygð og trúmensku. Allur hagur fylkisins byggist á, að þessar kröfur séu veittar. Þegar þessir menn berjast á móti því, rjúfa þeir sinn eið.

Það er þýðingarlaust, að rekja sögu og gang þessa máls frá upphafi, — hefir verið gert áður. — Þess skal að eins getið, að Roblin-stjórnin hefir í engu breytt stefnu sinni í málinu, að því einu undanteknu, að hún kveður sig fúsa, að ganga að boði Lauriers, að því er snertir takmörk fylkisins að austan og norðan, því Laurier bauð minna en Manitoba bað um og, að sýndist, átti heimtingu á. Að hún slakaði til í því atriði stafaði eingöngu af löngun hennar að fá málið útkljáð án frekari undandráttar, — undandráttar, sem SKAÐAR FYLKIÐ SVO NEMUR UM ÞRJÚ HUNDRUÐ ÞÚSUND DOLLARA ($300,000.00) Á ÁRI HVERJU.

Að hér sé rétt sagt frá, það sjá menn, ef þeir að eins athuga, að á síðastliðnu ári (1909) dróg granna fylki vort, Saskatchewan úr sambandssjóði $1,176,585.00, en Manitoba, með 200,000 fleiri íbúum, ekki nema $838,247.06. Á síðastliðnu fjárhagsári hafði Laurier-stjórnin á þennan hátt af Manitoba peninga að upphæð $338,337.-94. Nú eru bráðum liðin 5 ár síðan Saskatchewan fylki var stofnað, og á þeim 5 árum hefir þá Laurier féflett Manitoba svo nemur NÆRRI TVEIMUR MILJÓNUM DOLLARS. Að þessari rúning fylkisins hjálpa þeir "liberölu" í Manitoba drengilega. Kjósendur í Manitoba eiga Laurier ekkert nema ilt að launa, og sé nokkur munurinn, þá eiga þeir sínum heimöldu "liberölu" Hröppum enn þá meira af illu að launa. Það hefir löngum verið talið ilt, að eiga "þræl fyrir einkavin", og reynslan kennir Manitoba það nú, þar sem það kostar fylkið ÞRIÐJUNG MILJÓNAR DOLLARS á hverju ári, sem þannig líður.

Hverjar eru þá kröfur Roblin-stjórnarinnar fyrir hönd fylkisins, — kröfur, sem þeir "liberölu" segja óhæfar?

Kröfurnar í stuttu máli eru þær, að Manitoba sé veitt JAFNRÉTTI, sé gert jafnhátt undir höfði eins og annaðtveggja:

Fylkjunum Alberta og Saskatchewan, að vestan, eða

Ontario-fylki, að austan.

Þessar kröfur þýða þá, að fylkið fái annaðtveggja aleignarétt yfir öllu landi, fiskivötnum, o.s.frv., eins og Ontario hefir, eða, ef ekki, að því sé þá goldinn sá mismunur úr sambandssjóði, og að samningar um það sé bygðir á sama grundvelli og í fylkjunum Alberta og Saskatchewan.

Þetta eru kröfurnar og ekkert annað. Þykí Laurier þær gífurlegar, þá er það hans, samkvæmt reglum öllum og venju, að koma með sína tillögu. En með þá tillögu kemur hann ekki, á hvern hátt, sem eftir er leitað, bæði á sambandsþingi og utanþings.

Til sönnunar því, að dráttur þessi sé sambandsstjórninni að kenna, og, að kröfur fylkisins sé eins og að framan er greint, setjum vér hér seinasta bréfið, sem Mr. Roblin reit Sir Wilfrid, í sambandi við þetta mál.

BRÉF ROBLINS:

"Winnipeg, 8. jan. 1910.

"Kæri Sir Wilfrid. —

"Ég hefi bréf yðar af 27. desember, og það gleður mig að sjá, hve ant yður er um að mæta kröfum Manitoba-fylkis með sanngirni og réttlæti. Úr því svo er, fæ ég ekki betur séð, en að vandræðalaust verði að komast að endilegum samningum nú undireins.

"Ef þér viljið lita á ályktanir samþyktar á fylkisþingi, sem þér hafið í yðar vörzlum, get ég ekki öðru trúað, en að þér verðið mér samdóma um, að Manitoba fari ekki fram á annað en það, sem er réttlátt og sanngjarnt. Það er sannarlega tilgangur vor, að fara ekki fram á neitt annað.

"Hvað kröfur vorar snertir, þá yrðum vér hæzt ánægðir með hvort heldur sem þér kysuð að veita fylkinu: JAFNRÉTTI við fylkin Alberta og Saskatchewan, og samskonar samninga og þér gerðuð við þau, eða, jafnrétti við nágranna-fylki vort að austan, — Ontarion.

"Ég get ekki séð, hvers vegna þér hikið við, að bera fram yðar tillögu í þessu máli á sambandsþingi, á sama hátt og fram var borin tillaga yðar um fyrirhuguð takmörk fylkisins. Þér hafið vorar tillögur, staðfestar með fylkisþingsályktun. Ef þér eruð óánægðir með þær tillögur, þá liggur beint við, að þér komið með yðar tillögu; og skal ég þá tafarlaust leggja hana fyrir fylkisþingið, er kemur saman kringum fyrsta febrúar.

"Ef þér athugið tillögur vorar með gaumgæfni, má ég fullvissa yður um, að ég skal meta það, og vona ég fyllilega, að eftir þá yfirvegun komi yður ekki í hug, að bjóða Manitoba nokkuð það, sem ekki þýði jafnrétti við önnur fylki í sambandinu."

Að því er kunnugt er hefir Laurier ekki svarað þessu bréfi einu orði enn.

Þegar þeir Norris berja það blákalt fram, að kröfur Roblin-stjórnarinnar séu ósvífnar og að hennar sé þess vegna skuldin, að málið er ekki útkljáð enn, þá fara þeir með vísvitandi ósannindi. Og þeir vita meira. Þeira vita, HVAR fiskur liggur undir steini og þeir vita líka, HVER sá fiskur er. Þeir vita, að þeir sjálfir eru með öllum brögðum að reyna að svíkja fylkið í óvina hendur, — AÐ LEGGJA Á ÞAÐ FJÖTRANA, sem þeirra eigin flokksmenn fyrir fáum árum slitu af því.

Öllu lengra getur þessi "liberal" flokkur trauðlega "þroskast niður á við".

Meðferðin á Manitoba.

Það er bæði gagnlegt og fróðlegt, í sambandi við þessar kröfur, að athuga, hvað mikið Manitoba hefir lagt í sambandssjóð í beinum peningum. Síðan fylkið var stofnað (1870) er sú upphæð orðin meir en 52 miljónir dollars. Vér höfum ekki við hendi tölur, sem sýni, hvað mikið af þessum peningum hefir runnið til fylkisins aftur, sem tillag úr sambandssjóði, en fráleitt er það yfir 20 miljónir. Tillagið er, samkvæmt samningi, aukið fimta hvert ár, þangað til ákveðinn íbúafjöldi er í fylkinu. Á þann veg má nokkuð átta sig á því, hvort fylkið hefir rétt til, að heimta nýja og betri samninga af sambandsstjórn.

Á síðastliðnu fjárhagsári (1909) greiddi Manitoba í sambandssjóð $4,530,785.23.

Á sama fjárhagsári fékk Manitoba sem tillag úr sambandssjóði $838,247.06.

Með öðrum orðum: Fyrir hvern EINN DOLLAR, sem Manitoba lagði í sambandsstjórnarsjóð á þessu ári, borgaði Laurier-stjórnin MINNA EN TUTTUGU CENTS.

Af undirtektum Lauriers í réttarbótamálinu má ráða, að hann áliti þetta sanngjarna og réttláta meðferð. En leitun mun á þeim svíðingi, í hvaða landi, hvaða stöðu sem er, sem ekki vildi hækka kaup þess vinnumanns úr dollar á dag, sem á hverjum degi aflaði honum fimm dollara.

Sir Wilfrid vill lifa í sögunni, sem mesti svíðingurinn í þessu efni. Og í sinni "dýpstu niðurlægingu" samþykkja þeir "liberölu" í Manitoba þessa breytni, — krjúpa lágt og kyssa hönd böðulsins, en ausa fúkyrðum og bera brigslum alla, sem kvarta.

Réttarbótarkröfur fylkisins eru jafngamlar fylkinu sjálfu, eða því sem næst. Þær kröfur voru réttlátar hjá Norquay-stjórninni, og þær voru réttlátar hjá Greenway-stjórninni. En réttlátar eins og þær voru á þeim dögum, þá eru þær samt miklu fremur réttlátar nú. Til að sannfærast um það þarf ekki annað en lita á tekjur sambandsstjórnar frá Manitoba-fylki.

Á 26 ára tímabilinu frá 1870 til 1896, þegar Conservative-stjórnin vék úr völdum, voru sambandsstjórnartekjur frá Manitoba samtals $12,165,981.74, eða innan við hálfa miljón dollars á ári, að meðaltali. Hin "liberala" Greenway-stjórn kvartaði sárt undan Conservative-stjórninni í Ottawa, og þó var sú stjórn alt af fús til, að láta eitthvað af mörkum, enda óhætt að segja, að á þessum 26 árum hafi ekki minna en 3 af hverjum 4 dollars gengið til Manitoba aftur, sem tillag.

Á 13 ára tímabilinu, frá 1896 til 1909, hefir Laurier-stjórnin fengið í sjóð sambandsins, frá Manitoba, samtals $40,079,960.18, eða HÁTT Á FJÓRÐU MILJÓN DOLLARS á ári að meðaltali.

Það er sljófskygn maður, sem ekki sér, með þennan samanburð fyrir augum, að hafi verið ástæða til að heimta réttarbætur hér fyrrum, og það var, þá eru sömu ástæðurnar sexfalt meiri og tilfinnanlegri nú. En sá er munurinn, að fyrrum voru ALLIR samtaka að heimta réttarbætur. NÚ eru þýlyndir laupar og téglæframenn búnir að leiða "liberal" flokkinn í Manitoba blindandi inn í herbúðir óvinanna.

Háskóla-stofnun hindruð.

Er nokkur sá kjósandi í Manitoba, er nokkur sá fullveðja íbúi í fylkinu, sé hann annars ekki í beinni þjónustu sambandsstjórnar eins og Norris og aðrir fleiri "liberal" fylkisþingmenn, að hann áliti ósanngjarnt, að heimta jafnrétti við Saskatchewan-fylkið til dæmis? Það er ómögulegt, að hugsa sér nokkurn, er svari þessu nema á einn veg: — að það sé sjálfsagt, að heimta þennan rétt og gefast aldrei upp fyrr en hann er fenginn.

Saskatchewan-fylki hefir um þriðjungi færri íbúa en Manitoba, og þeim mun færri og minni kvaðir. En samt hefir fylkið sem næst 340 þúsundum dollars tekjur úr sambandssjóði, UMFRAM það, sem Manitoba er veitt úr sama sjóðnum.

Þessa skekkju á reikningnum neitar Laurier að rétta, og þeir Norris segja það eitt gott og rétt, sem Laurier gerir.

Það má gera talsvert mikið fyrir 340 þúsund dollara tekju auka á ári. Allur þorri manna í fylkinu, — prótestantar líklega allir, mæla fast með, að fylkið eignist háskóla fylkisins og stjórni honum og haldi starfandi á kostnað hins opinbera. Það líður óðum að því, að þetta má til að gera, — ef ekki að byggja upp "State University" og algerlega óháð öllum kirkjuflokkum, þá samt að margfalda styrk frá fylkinu til háskólans. Þetta væri vandalaust að gera, hvort heldur sem er, ef Laurier-stjórnin væri fáanleg til að gera Manitoba jafnhátt undir höfði eins og hinum fylkjunum vestra. En eins og fjárhagurinn er nú, og verður eins lengi og Laurier situr við sinn keip, er það nokkuð mikið í fang tekist.

Ef byggja skyldi upp nýjan háskóla, sem væri alger eign fylkisins, gætu byggingarnar sjálfar, sem byrja þyrfti með, ekki kostað minna en 1½ miljón dollars. Til þess að halda þeirri stofnun starfandi, — laun háskólakennara, verðlaun til nemenda, viðhald bygginganna, hitun, ljós og hirðing, o. s. frv. þyrfti ekki minna en 100 þúsundir dollara á ári, — talsvert meira að öllum likum.

Að óréttum hlut fylkisins í fylkjasambandinu er þetta sem næst ómögulegt. En að jafnrétti fengnum, — að þeim rétti viðurkendum, að Manitoba beri jafnmikið árgjald úr sambandssjóði eins og t.d. Saskatchewan, þá er vandalaust, að leysa þennan hnút.

Fengi fylkið þessi 340 þúsund dollara, sem á vanta til þess að bera jafnt úr býtum og Saskatchewan, munar fylkið tiltölulega litið um, að snara út 100 til 150 þúsundum dollara á ári hverju til háskólans. Og ef sambandsstjórnin vildi réttlát vera, og afhenda fylkinu þessa upphæð fyrir hvert af síðastliðnum 5 árum, sem Alberta og Saskatchewan fylkin hafa notið þessa styrks, þá mætti koma upp öllum þarflegustu háskólabyggingunum skuldlaust fyrir þetta aukagjald, sem Laurier-stjórnin hefir með rangindum einum haft af Manitoba nú í fimm síðustu ár.

Það er sök sér, þó Laurier leggi höft á verklegar framkvæmdir, — þar baslast menn æfinlega einhvernveginn af, en hann ristir djúpt og snertir viðkvæmar taugar, þegar hann leggur höft á mentastofnanir fylkisins. En það gerir hann spursmálslaust á meðan hann neitar að setja Manitoba-fylki á sama bekk eins og Alberta og Saskatchewan.

Norris og hans fylgifiskar heimta betri og fullkomnari háskóla. Að vísu er það satt, að Richard H. Macdonald segir hann grunnvitran og, þó ekki segi hann svo, þá auðvitað hina þeim mun grunnvitrari, sem kjósa þann mann til að vera leiðtoga, — en satt sagt höfðum vér búizt við svo miklu viti hjá honum og hjá þeim, að þeir sæju og skildu, að fyrsta sporið, sem stiga þarf til að lyfta háskólanum á hærra stig sé það, að auka svo tekjur fylkisins, að verkið verði vel og röggsamlega af hendi leyst.

Fyrst af öllu er að fá peningana. Og þarna eru peningarnir til, réttmæt, lögmæt eign fylkisins, en í höndum Lauriers og hans nóta, sem frá öndverðu hafa sýnt Manitoba ýmist fláttskap eða fjandskap, eftir ástæðum. Vilja kjósendur í Manitoba láti þá peninga vera í höndum þessara manna alt af áfram? Þeir, sem það vilja, sýna það með atkvæðum sínum 11. þ.m., með því að kjósa þá menn, sem svo greinilega hafa svikið fylkið í trygðum.

Þeir kjósendur aftur, á móti, sem álita, að Manitoba-fylki eigi fulla heimtingu á því, að því sé mælt í sama mæli og mælt er öðrum fylkjum, þeir hljóta að greiða atkvæði með Roblin-stjórninni, og með því atkvæði gefa henni umboð sitt til að halda réttarkröfumálinu áfram uppihaldslaust og einarðlega, og að hætta ekki, ef þörf gerist, fyrri en fenginn er úrskurður frá hinu æðsta dómþingi í veldi Breta.

Þar, ef ekki fyrri, á Manitoba vísan sigur og réttarbætur, máske meiri en nú er beðið um.

Sýnishorn af kjörseðli

Baldwinson Baldwin L.
Journalist

X

Paulson, Vilhelm H

Sólmundsson, Jóhann P

Merkið atkvæðaseðil yðar eins og hér er sýnt.

Nauðungarsala á Gull-stássi og Úrum.

Eftir að hafa rékið skrautgripa og úra verzlun hér í bæ um í 27 ár, er eg nú neyddur til að hætta vegna þess að eg fengið tilkynning að yfirgefa búð mína innan 30 daga, verður þessvegna allur vöru byrgðir mínar seldar með verksmiðju verði og sumt langt þar fyrir neðan. Hér á eftir er lítið sýnishorn af hinu lága verði.

ÚR.

KVENNAÚR í 25 ára gull umgjörð, í 15 steinum. Vanaverð $18.50 nú $10.75.

KARLMANNSÚR í 20 ára gullumgjörð og í 15 steinum. Vanaverð $17.50 nú að eins $9.65.

KARMANNSHRINGIR: Vanaverð $8—10.00 nú seldir á $5 95

KLUKKUR.

BORÐ KLUKKUR. Vanaverð $9—11.00 nú $6,25

ELDHÚS KLUKKUR. Vanaverð $4.00 nú $2.35

Auk þess gef eg 25 prósent afslátt.

W. W. MATHEWS

558 MAIN ST.

Margrét Ólöf Ólafsdóttir,

kona Bjarna Sigurðssonar frá Arnarstapa í Álptaneshreppi í Mýrasýslu á Íslandi (nú til heimilis að Stony Mountain, Man.), — lézt þann 4. júní 1910, að heimili Ólafs sonar sins, 726 Simcoe St., Winnipeg, eins og áður hefir verið um getið. Hún var 70 ára gömul og var búin að reyna heilsuleysi um mörg ár, þótt hún væri alloftast á fótum.

Margrét sál. var fædd á Rafnkelsstöðum í Hraunhreppi í Mýrasýslu, dóttir þeirra hjóna Ólafs Bjarnasonar og Solveigar Jónsdóttur, sem bjuggu þar yfir 20 ár. Ólst hún þar upp með foreldrum sinum. Þaðan fór hún að Álptanesi til Odds heitins Sigurðssonar og var þar 6 ára tíma.

Árið 1866 giftist hún Bjarna Sigurðssyni, sem var þá vinnumaður á sama bæ og hún. Þau fluttust að Arnarstapa um vorið og bjuggu þar 35 ár, þar til 1901, að hún flutti með manni sinum til Ameriku og dvaldi á vixl hjá börnum sinum þar.

Þeim hjónum var 10 barna auðið, af hverjum 3 dóu í æsku, og eitt nú fyrir rúmu ári siðan, Mrs. Kristín Reykjlin. Þau, sem lifa eru: Sigurður, til heimilis á Stony Mountain, Man.; Mrs. Solveig Þórðarson, Stony Hill, Man.; Ásgeir, Antler, Sask.; Mrs. Salome Backman í Mozart, Sask., og Ólafur og Bjarni í Winnipeg. Auk þess Kristjana, kona Sigurðar Sigmundssonar á Skiðisholtum í Hraunhreppi á Íslandi, sem hún gekk í móður stað.

Margrét sál. var greindar og dugnaðarkona, og átti marga góða og trygga vini hér, en þó fleiri á ættjörunni. Og munu þeir ávalt minnast hennar hlýlega, ekki sízt fátæklingar og munaðarlausir sem hún gladdi ælinlega og dró úr raunum þeirra og bágindum með viðkvæmni sinni og hjálpsemi, enda var hennar viða að góðu getið.

Heimili þeirra var við háa borg, sem sést að úr nærliggjandi sýslum, og var útsýni hið fegursta. Gestakoma var mjög mikil hjá þeim, og áttu þeir alt af góðu að mæta. Aldrei seldu þau gestum greiða, þó fátæk væru þar til börnin komust upp. En iðjusemi og samtaka samvinna þeirra greiddi úr öllum erfiðleikum, svo þau, sem byrjuðu með engum efnum, urðu með dugnaði og reglusemi til að hjálpa öðrum í harðindum og öðrum bágindum.

Sem móðir var hún verndari og leiðarljós barna sinna, og gerði alt, sem hin sanna móðurást fær afkastað til að undirbúa þau að taka þátt í að starfa að því, sem gott og göfugt er.

Eiginkona var hún hin elskuverðasta og heill og sómi sins hjartkæra eiginmanns, sem hún var í hjúskap með í 44 ár. Og minnist hann nú eins og margoft áður, hver gæfumaður hann hafi verið að eiga slika konu.

Ástvinirnir minnast hinnar látnu með hlýjustu tilfinning og þakklæti fyrir alt hið viðkvæma og góða.

Ísafold er vinsamlega beðin að taka þessa grein til birtingar.

Íslands fréttir.

Íbúðarhús á Stóra-Hofi á Rangárvöllum brann til kaldra kola 2. júní sl. Húsið var vandað, hafði verið reist af Einari Benediktssyni fyrrum sýslumanni Rangvellinga. Vátrygt.

Forsetar alþingis, þeir Kristján háyfirdómari Jónsson og Hannes Þorsteinsson, fyrrum ritstj., — sendu ráðherra Íslands Birni Jónssyni 4. júní sl. aukaþingskröfu í naíni 21 þingmanna. Ráðherra svaraði aftur bréflega 8. júní og taldi þess enga þörf.

Ásgeir Finnbogason, gullnemi frá Alaska, bróðir Guðmundar heimspekings, fór heim til Íslands í vor sjúkur af tæringu, og komst að eins heim til að deyja. Hann dó 24. mai sl.

Skarlatssótt gengur í Reykjavík, þó fremur væg.

Halldór Stefánsson læknir hefir fengið veitingu fyrir Flateyjarhéraði frá 1. júli. Hann er tengdasonur Skúla Thoroddsens.

Norskt fiskiskip, Aldan, frá Seyðisfirði var á fiskiveiðum við Öndverðarnes fyrir skömmu. — Einu sinni reri nokkuð af skipshöfninni til lands, sumir segja til að ná sér í egg og drepa æðarkollur; alt í einu komu tveir menn íslenzkir á báti úr landi, og höfðu þeir engin orð en skutu tveim kúluskotum að norska bátnum. Gengu báðar kúlurnar gegn um borðið og hittu mann, er svaf í kylinum. Gekk önnur gegn um lærið, en hin kom í ofanverðan upphandleggnn og sundraði honum, og hefir kúlan gengið inn í öxlina, að séð verður. Maðurinn liggur hættulega vejkur á Landakotsspítalanum í Reykjavík, og er óvíst að hann lifi.

Gullbrúðkaup þeirra Magnúsar Stephensens í Viðey og konu hans frú Áslaugar Stephensens var 1. júní sl.

Á Bæ í Króksfirði var sýslumaður þeirra Barðstrendinga að halda próf í þjófnaðarmáli fyrir skömmu, m. a. yfir manni þar á bænum, er Jón Magnússon hét. Jón fékk að fara út sem snöggvast, en kom ekki inn aftur. Fanst hann svo í bæjarlæknum undir njóbrú og var þá örendur.

Farþegi einn á skipinu "Kong Helge", er Árni Vilhjálmsson hét, hrapaði á Seyðisfjarðarhöfn niður í lestina og beið bana. Annar maður, sem var háseti á skipinu, ætlaði að koma til hjálpar, en hrapaði úr stiganum og meiddist allmjög.

Ingimundur Guðmundsson búfræðiskandídat er ráðinn ráðunautur Búnaðarfélags Íslands, í stað Guðjóns heitins Guðmundssonar.

Nýdáinn er bændaöldungurinn Pétur Pétursson frá Sjávarborg í Skagafirði.

Gufuskipið Egill, elzta skip Wathnes erfingja, og sem gengið hefir til Íslands um fjölda mörg ár, sökk nýskeð við Stavanger í Noregi.

— Þrjú frakknesk fiskiskip rak á land í ofsaveðri fyrir skömmu á Fáskrúðsfirði.

Talið er, að fiskiskipið Industri frá Patreksfirði muni hafa farist með allri áhöfn.

Manitobafylkis kosningarnar.

Sem kunnugt er, eru fylkiskosningar í nánd. hafa hvorutveggju flokkarnir útnefnd þingmannsefni í öllum kjördæmum. Á hinu siðasta þingi áttu sæti 28 Con. og 13 Lib.. Við komandi kosningar eru einnig í vali verkamanna þingmannsefni, sem sé F. J. Dixon í Mið-Winnipeg og tveir flokkleysingjar þeir R. A. Bonnar og séra Jóh. Sólmundsson sá síðartaldi nefnist óháður Liberal og jafnaðarmaðurinn G. Armstrong í West Winnipeg. Væntanlega mun fylgji Roblin-stjórnarinnar vaxa við í hönd farandi kosningar.

Frambjóðenda listinn er þannig.

Kjördæmi	Stjórnarliðar	Andstæðingar.
Arthur	A. M. Lyle	‡ John Williams
Assiniboia	† A. Benard	R. A. Bonnar
Avondale	‡ J. H. Argue	J. Medill
Beautiful Plains	‡ Hon. J. H. Howden	F. L. Davis
Birtle	E. Graham	‡ G. H. Malcolm
Brandon City	‡ Hon. G. R. Coldwell	S. H. McKay
Carillon	‡ A. Prefontaine	H. Chevreir
Cypress	† G. Steele	F. H. Mitchell
Dauphin	J. G. Harvey	‡ J. A. Campbell
Deloraine	J. C. Reid	‡ Dr. Thornton
Dufferin	‡ Hon. R. P. Roblin	W. F. Osborne
Emerson	Dr. D. H. Fadden	‡ G. Walton
Gilbert Plains	S. Hughes	W. Shaw
Gimli	B. L. Baldwinson	W. H. Paulson
		Jóh. Sólmundsson
Gladstone	Wm. McKelvey	‡ Dr. Armstrong
Hamiota	‡ W. Ferguson	E. Henry
Kildonan and St. Andrews	‡ Dr. Grain	A. R. Bredin
Killarney	‡ G. Lawrence	George Robinson
Lakeside	‡ E. D. Lynch	C. D. McPherson
Lansdowne	A. W. Fenwick	‡ T. C. Norris
La Verandrye	‡ J. B. Lauzon	W Molley
Manitou	‡ Hon. R. Rogers	J. E. Gayton
Minnedosa	‡ W. B. Waddell	J. W. Tompson
Morden	John Hobbs	‡ Dr. B J. Connell
Morris	‡ Hon. C. Campbell	Dr. Ross
Mountain	E. Taylor	‡ J. B. Baird
Norfolk	‡ R. F. Lyons	Frank Avery
Portage la Prairie	‡ Hon Hugh Armstrong	E. A. McPherson
Rhineland	Dr. McGavin	‡ V. Winkler
Rockwood	‡ L. Riley	L. Strattyn
Russel	‡ A. L. Bonnycastle	W. Valens
St. Boniface	‡ J Bernier	A. Dubuc
South Brandon	‡ A. H. Carroll	B. Stewart
Springfield	J. P. Fullerton	‡ D. A. Ross
Swan River	‡ J. W Robson	John D. McDonald
Turtle Mountain	Hon. Jas. Johnson	W. Hanley
Virden	‡ H. Simpson	D. McDonald
Winnipeg Centre	‡ T. W. Taylor	F. J. Dixon [Lab.]
Winnipeg North	‡ J. F. Mitchell	J. Hart Green
Winnipeg South	L. McMeans	Edw. Brown
Winnipeg West	A J. Andrews	‡ T. H. Johnson
		Geo. Armstorng

‡ Núverandi Þingmaður

Ókeypis Píanó fyrir yður



Þetta er vort "Louis Style" Piano, fegursta hljóðfæri í Canada. Sent yður til reynslu í 30 daga ókeypis. —

LESIÐ ÞETTA:

STEFNA þessa félags hefir verið, að "fullnægja, eða peningum yðar skilað aftur". Og nú gerum vér það bezta tilboð sem nokkrir Píanó-salar hafa nokkru sinni gert í þessu landi. Það veitir yður fría reynslu hljóðfærisins og kauprétt á því með HEILDSÖLU verði og vægum afborgunum ef þess óskast. Vér biðjum ekki um 1 cent af yðar peningum fyrr en þér eruð alveg ánægðir. —

Tilboð vort

Fillið út og sendið meðfylgjandi "COUPON" og vér sendum yður strax sýnismyndir af vorum ýmsu hljóðfærum með verði hvers þeirra. Þér veljið Píanó, og vér sendum yður það tafarlaust og borgum flutningsgjald; þér reynið það í 30 daga ókeypis. Eftir það getið þér sent það oss á vorn kostnað, eða keypt það af oss með heildsölu verði. Er þetta ekki gott boð?

W. DOHERTY PIANO & ORGAN CO., LTD.,

WESTERN BRANCH, WINNIPEG, MAN. FACTORIES, CLINTON, ONT.

— COUPON —

W. DOHERTY PIANO & ORGAN CO., LTD.,
286 HARGRAVE STREET, WINNIPEG, MANITOBA.

Kæru herrar! Sendið mér strax sýnismyndir af Piano tegundum yðar, meðfylgjandi verðlista og upplýsingum um ókeypis reynslu-tilboð yðar, er sýnir hvernig ég get reynt Píanó-ið um 30 daga, mér kostnaðarlaust.

NAFN _____

ÁRITAN _____

ROBLIN HOTEL

115 Adelaide St. Winnipeg

Bezta $1.50 á-dag hús í Vestur-Canada. Keyrsla ókeypis milli vagnstöðva og hússins á nóttu og degi. Aðhlynninig hins bezta. Viðskifti Íslendinga óskast. OLAFUR G. ÓLAFSSON, Íslendingur, afgreiðir yður. Heimsækjið hann. —

O. ROY, eigandi.

MARKET HOTEL

146 PRINCESS ST. á móti markaðnum

P. O'CONNELL, eigandi. WINNIPEG

Beztu tegundir af vinföngum og vindum, aðhlynning góð, húsið endurbætt

Woodbine Hotel

466 MAIN ST.

Stærsta Billiard Hall í Norðvesturlandinu Tíu Pool-borð.—Alskonar vín og vindlar

Gisting og fæði: $1.00 á dag og þar yfir

Lennon & Hebb, Eigendur.

JIMMY'S HOTEL

BEZTU VÍN OG VINDLAR.
VÍNVEITARI T.H.FRASER.
ÍSLENDINGUR.

James Thorpe, Eigandi

JOHN DUFF

PLUMBER, GAS AND STEAM FITTER

Alt verk vel vandað, og verðið rétt

664 Notre Dame Ave. Phone 3815

Winnipeg

hennar. Ilmur af andi rósa í blómakerunum blandaðist saman við hiaa þægilegu lykt safans, sem hún hafði dreypt á sig og fót sin, og sveif í kring um hvilubeð hennar, sem var verndaður af ..... ekki af englum sakleysisins —

Eins og við vitum, var nú dagverðartimi. Sólin skein á glugguna og þess vegna voru rauðu silkiblæjurnar dregnar fyrir þá. Ljósrauð töfrabirta breiddist yfir hina aðdáanlega ásýnd ungu stúlkunnar.

Dyrnar voru opnaðar með hægð, og Georg læddist að legubekknum, þar sem unga stúlkan blundaði.

"Í sannleika sagt, hún er óviðjafnanlega fögur", tautaði Georg við sjálfan sig, þar sem hann stóð og horfði á hana. "Enginn maður í Stokkhólmi á fallegri né ástrikari stúlku, því hún á mér að þakka — alt".

Hann laut niður og kysti hana.

Hún hrökk við og vaknaði.

"Ert þú það", sagði hún, lagði hendur um háls honum og dró hann til sín. "Hvers vegna vaktir þú mig slæmi maður? Mig dreymdi svo skemtilega".

"Hvað dreymdi þig, engillinn minn?"

"Mig dreymdi að ég var beðin að koma fram á leiksviðið, og þar rigndi yfir mig blómum".

"Það verður sannur draumur".

"Heldurðu það?"

"Já, ég er viss um það".

"En ef ég verð hrædd og gleymi minum þætti?"

"Ó, þú kant þinn þátt viðstöðulaust".

"Já, auðvitað kann ég hann, og svo er nú áminnandinn, ef manni skeikar. Æfingarnar hafa líka gengið svo vel, að leikhússformaðurinn hefir látið á-

nægju sína í ljósi við mig. Það er nú samt mjög erfiður þáttur, sem ég hefi".

"Ó, það gengur vel", sagði Georg. "Vertu bara ekki hnuggin að ástæðulausu. Ég á marga vini, og við skulum halda gleðinni við liði hjá þér, það máttu reiða þig á. En þegar leikurinn er úti, þá verðurðu að hafa góðan kveldverð til, ég ætla að bjóða nokkrum af vinum minum hingað, sem vilja hylla leikdrotninguna".

"Ó, það verður gaman", sagði Helen og klappaði saman lófunum. "Þú ert reglulega skemtilegur ástmögur, minn eigin Georg".

"Ætlarðu að fara nokkuð út í dag?" spurði Georg.

"Ég ætti í raun réttri að aka til mömmu, af því hún er veik", sagði Helen, "en ég get nú samt látið það biða, þangað til eftir æfinguna. Þú ert því velkominn hingað í kvöld, og svo skal ég leika nokkur lög á pianoið úr Rafhjartanu fyrir þig".

"Nei", svaraði Georg brosandi, "ég ætla að sjá allan leikinn í einni heild annað kvöld. Hann kvað vera mjög skemtilegur".

"Hann er ágætur", sagði Helen. "Ég vildi að ég þekti höfundinn. Sumir kaflar eru ógeðslegir, nærri hræðilegir, en í heild sinni er leikurinn góður. Einkum er málið skáldlegt og skemtilegt, og þó er eins og einhvern napran næding leggi gegn um leikinn í heild sinni".

"Ég býst við mikilli ánægju af þessum leik", sagði Georg, "en nú verð ég að yfirgefa þig. Það er fjölment við dagverðinn heima hjá mér. En ég býst við, að geta fundið þig í kvöld, þegar gestirnir eru farnir. Vertu sæl á meðan".

Georg kysti unnustu sína og fór.

Síðari hluta dags kom hann aftur akandi í vagni til Helenar,

"Búðu þig út og komdu með mér, Helen", sagði hann, "við skulum aka stundarkorn. Þú getur komið við hjá mömmu þinni um leið, og svo ökum við út úr borginni og neytum þar kvöldverðar. Ert þú ekki samþykk því?"

"Jú, í alla staði. ..... Hinkraðu ögn við, ég skal undir eins vera ferðbúin".

Þetta var um miðjan september, veður var gott og himninn heiðskir. Helen klæddi sig því að eins í þunna silkikápu, lét hatt á höfuð sér og blæju fyrir andlitið, smokkaði svo hendi sinni undir handlegg Georgs, og hraðaði sér ofan stigann með honum.

"Farðu til Vesturgötu nr. ...", sagði Georg við ökumanninn, þegar hann var búinn að hjálpa stúlku sinni upp í vagninn og var seztur við hlið hennar.

Ökumaður sló í hestana og ók af stað.

Þegar vagninn fór fram hjá einu götuhorni, lá við að hann rækist á mann, sem var gangandi og fátæklega klæddur. Maðurinn slapp þó óskemdur að öðru leyti en því, að forin af götunni slettist um hann allan.

"Líttu í kringum þig þorpari", kallaði ökumaður og veifaði svipunni.

"Það er leiðinlegt, að þessir betlarar skuli ávalt vera í vegi fyrir manni", sagði Georg kæruleysislega. "Þessi var líka viðbjóðslegur".

"Já, það er þó satt", svaraði Helen. "Hann líktist reglulegum stigamanni með rauða hárið sitt og skeggið. Það væri ekki skemtilegt, að mæta honum í skógi".

Betlarinn, sem þau töluðu um, var Jakob Kron, og þau, sem í vagninum sátu, voru bróðir hans og ..... Læsarinn gizkar á, hver hún var.

IX.

Fjölskyldan.

Jakob hafði fengið tækifæri til að líta inn í vagninn um leið og hann ók fram hjá.

Þegar hann sá þennan unga mann, sem lá endilangur í mjúka sætinu, án þess að gefa því nokkurn gaum, að hann var nærri búinn að aka yfir einn meðbræðra sinna, — stóð Jakob kyr og brosti kuldalega.

Svo var eins og honum alt í einu dytti eitthvað í hug, hann barði á enni sér og sagði:

"Þetta andlit, — mér finst ég þekkja það. Hvar hefi ég séð það áður?"

"Það er hann", sagði hann svo tryllingslega, "hann líkist bróður sínum í einu og öllu. Ég verð að kynnast þessu".

Hann sneri strax við og hljóp á eftir vagninum, sem enn var ekki horfinn sýnum.

Gatan var mjó og krökt af fólki, svo ökumaður varð að fara fót fyrir fót, og átti því Jakob hægra, með að ná vagninum.

Svo elti hann vagninn, stundum hlaupandi og stundum gangandi, unz hann kom að litlu húsi í Vesturgötu.

Georg og Helen stigu ofan úr vagninum og gengu inn í húsið.

"Heyrðu, ökumaður. Fyrst að þú varst áðan

Ölmusugjafir til kirkjufélagsins.

Hveimleiður sá ölmaður er sem altaf segir "Gefðu mér"

Það hefir til þessa þótt lítt sæmandi atvinnuvegur að betla og betlarar hafa alt af þótt allra manna hveimleiðastir, en þegar all efnuð félög fara að betla, og það ekki einu sinni á milli sinna eigin meðlima eða samlanda, heldur betla meðal annara þjóðflokka, þá fer sagan að versna. En þetta er það, sem hið evangeliska lúterska kirkjufélag Íslendinga í Vesturheimi hefir leyft sér og ber engan kinnroða fyrir.

Þess var getið fyrir skömmu í Heimskringlu, að stólpagripur Norsku sýnodunnar, Dr. H. G. Stub, hefði gefið $500.00 í hinn svo nefnda Júbil-sjóð kirkjufélagsins, en það vissum við ekki þá, að þessir peningar voru af honum betlaðir út úr Norðmönnum fyrir hönd hins ev. lút. kirkjufélags.

Það var á þingi sýódunnar norsku, að Minot, N. Dak., að Dr. Stub hreyfði betli-umleitan þessari eftir því sem norska blaðinu Skandinaven farast orð. Blaðið segir: "Eftir fyrirlestur Dr. Stubs var því hreyft (af honum), að styrkja íslenzka kirkjufélagið með fjárframlögum, það væri nauðulega statt, vegna þess að nokkrir af leiðtogum þess hefðu tekið upp villukenningar nýju guðfræðinnar, og ollið því, að nær þriðjungur félagsmanna hefðu sagt skilið við þá, sem héldu fast við hina sönnu, gömlu Lúterstrú og kristindóm".

Samskotin í það sinn urðu 129 dollarar, en hinu fénu safnaði Stub hér og þar meðal Norðmanna og lýsti átakanlega örbirgð kirkjufélagsins, eftir því, sem Heimskringlu er skrifað af sannorðum og nákunnugum manni þar suður frá.

Þannig er sagan. Hvernig lízt ykkur á hana, landar góðir?

Sumir munu ef til vill halda því fram, að Dr. Stub hafi betlað þessa 500 dollara án vitundar og vilja kirkjufélagsins, en því mun trauðla vera svo varið. Hann mundi aldrei hafa tekið slíkt upp hjá sjálfum sér, hefði ekki bending eða áskorun komið frá kirkjufélaginu í þá átt, enda sýndi Júbil samskotanefndin það bezt, að í henni sátu menn, sem ekki kynnokuðu sér ekki við að betla, heldur endurbetla frá þeim sömu og áður höfðu gefið, má þá ekki eins búast við, að betli-áskorunin til Norðmannanna hafi komið frá þeim.

En hvernig sem því er varið, þá þáði kirkjufélagið þessa 500 dollara með þökkum, og vissi fullvel, hvernig þeir voru fengnir. Guðsást fyrir matinn, góðurinn minn, sögðu nefndarmennirnir, — lítil gjöf, en lagleg þó.

Það er hart að vera básúnaður suður um öll Bandaríki fyrir fátækt og ræfilskap, þegar hvorttveggja er ósannindi. Það er hart, að þurfa að bera kinnroða fyrir samlöndum sínum, en það er þó sem þver ærlegur drengur gerir fyrir Júbil-sjóðs samskota nefndinni. Og það er hart, að kirkjufélagið, sem á þó marga nýta og ærlega drengi — að sögn — skuli taka með þökkum ölmusugjafir frá öðrum þjóðflokki.

Sómatilfinning og þjóðarstolt voru eitt sinn efst á baugi meðal Íslendinga. Þeim, sem á kirkjuþinginu sátu, mun hins vegar hafa verið skotið svo í ætt, að slíkra smámuna hefir að engu gætt. — Vesalings mennirnir!

Það hefir verið siðvenja, að betla handa Indiánum, Indverjum, Eskimóum og öðrum heiðingjum, skrælingjum, ósiðuðum og ómentuðum, og hefir samskotafé því að jafnaði verið varið til að siða og kristna lýð þennan.

Vér Íslendingar erum hér settir á sama bekk.

GUNNL. TR. JÓNSSON

Fregnsafn.

Markverðustu viðburðir hvaðanæfa.

— Hnefaleikurinn milli Jack Johnsons og Jim Jeffries fór fram í borginni Reno, Nevada, mánudaginn 4. júlí sl., og fóru svo leikar, að Johnson vann þar frægan sigur. Hann er því heimsmeistari í þessari list sem áður, og hefir þessi bardagi aukið mjög álit hans sem hnefaleikara, því hann fór með Jeffries líkt og barn, — veitti sem sé betur í 14 atlögum af 15. — Talið er, að Johnson muni fá yfir 300,000 dollara upp úr hnefaleik þessum, fyrir utan að fjöldi leikhúsa hefir boðið honum stórfé fyrir að sýna sig þar. — Fjöldi manna í Bandaríkjunum tapaði stórfé á veðmálum, því flestir veðjuðu á Jeffries, en óskuðu svertingjanum allra óbæna.

— Innflytjendastraumur til Canada hefir sjaldan verið meiri en undanfarna mánuði. Frá janúarbyrjun til miðju þessa mánaðar hafa eitt hundrað og tólf þúsund (112,000) manns flutst til Canada, og sem er álíka margt og alt síðastliðið ár, og meir en helmingi meira en á sama tíma í fyrra. — Ef þessum fólkstraum heldur áfram á svipaðan hátt og nú þar til haustar að, verða innflytjendurnir þrisvar sinnum fleiri en undanfarið ár.

— Kvenfólki í Austurríki hefir verið leyfð aðganga að iðnaðar- og listaskólum þar í landi með sömu réttindum og karlmönnum. Konur hafa því eftirleiðis full réttindi að verða vélafræðingar, málarar eða handiðnamenn á einn eður annan hátt, sem að eins var leyft karlmönnum áður.

— Joseph Wendling, frá Louisville, Ky., sem grunaður var um, að hafa myrt hina 8 ára gömlu Óimu Kelner sl. desember á hinn svívirðilegasta hátt, og sem áður var getið um hér í blaðinu,— hefir nú verið handsamaður í Houston, Texas. Væntanlega fær sá náungi makleg málagjöld.

— Þó ekki sé langt síðan stríðið milli Rússa og Japana stóð yfir, og grunt virtist á því góða milli ríkjanna eftir friðinn, þá er nú komið svo, að ríki þessi hafa gert verzlunarsamband sín á milli, og heita hvort öðru sinni liðvezlu. — Sömuleiðis hafa öll brætumál þeirra fallið niður, svo öll líkindi eru til, að allur ófriðarkliður á milli ríkjanna sé nú útdauður.

— Hertoginn af Alencon dó í Lundúnum þann 29. júní sl. Hann var sonarsonur Lúðvíks Filippusar Frakkakonungs, sem rekinn var frá völdum árið 1848.

— Grey landsstjóri hefir lofað að gegna embætti sinu, þar til hertogina af Connaught sér sér fært að taka við því. Embættistími Greys lávarðar er á enda um næstu áramót.

— James Vincent, frá International Falls, Minn., var sl. fimtudag dæmdur til fimm ára hegningarhússvinnu, fyrir að hafa tælt tvær unglingsstúlkur út á lastanna braut, og selt síðan mansali til pútnahúsa þar í borginni.

— Austuriskur herforingi, Hofrichter að nafni, hefir verið dæmdur í 20 ára fangelsi fyrir að myrða einn af yfirmönnum sínum með því að byrla honum eitur og reyna að myrða 20—30 aðra af yfirmönnum sínum á sama hátt. Hann þóttist þess fullviss, ef öllum þessum yfirmönnum yrði rutt úr vegi, mundi hann risa í tignina, hann sendi þeim því eitruð sætindi með pósti, og orsakaði það dauða eins af yfirmönnunum. Grunur féll samt strax á Hofrichter, og var hann tekinn fastur og játaði brátt glæp sinn.

— Á þinginu í Cuba vildi það til að einn af þingmönnunum skaut samþingismann sinn, undir umræðunum, af því hann brigslaði honum um fjárglæfra. Sá, sem fyrir skotinu varð, særðist ekki hættulega, og sá, sem skaut, slapp við hegningu, — þingmenn taldir friðhelgir.

— Borgarastríðinu í Nicaragua heldur stöðugt áfram og veitir uppreistarmönnum betur. Hafa blóðugir bardagar verið hér og þar um ríkið, og stjórnarmenn hvervetna farið halloka. Þriðjudaginn í fyrri viku unnu uppreistarmenn borgina Acoyapa og féllu þar 400 manns af stjórnarhernum, en ekki nema tæpt hundrað af hinum.

— Lögreglan í Paris hefir fundið sig knúða til, að mynda sérstaka njósnardeild til að hafa gætur á þjónum og þjónustustúlkum þar í borginni, sem stela öllu steini léttara, ef sjálfráð væru. — Hefir þjónustufólk þetta myndað nokkurskonar þjófafélag og hafa orðið af völdum þess svo mikil brögð, að 15 miliónum dollara hefir verið stolið sl. ár, að talið er. Lögreglan handtók nýskeð eina þjónustustúlku, sem hafði stolið frá húsbændum sínum 2000 dollara virði af gimsteinum. Kannaðist hún við, að hafa framið yfir 100 þjófnaði á líkan hátt á sl. tveimur árum. Þegar hún var ekki bjónustustúlka, hafði hún sem hefðarmey á dýrustu gistihúsum borgarinnar. Í herbergi hennar fundust 10 þúsund dollara virði af stolnum skrautgripum.

— Lewis Cuff, frá Galt Ont., 50 ára gamall og vel efnaður bóndi, giftur og margra barna faðir, hljóp á brott með konu nágranna sins, sem einnig var við aldur, og bæði móðir og amma, og er talið líklegt, að þau hafi verið stungið af til Bandaríkjanna og ætli að njóta ástarsælunnar þar. — Flest gengur nú á á ástamálum, er fimtugar kerlingar smittast og hlaupa á brott.

— Svertingi einn, Leonard Johnson að nafni, var brendur á báli í bænum Rush, Texas, fyrir nokkuru síðan, fyrir þá sök, að hann var ásakaður um, að hafa myrt kenslukonu eina, er Maude Reding hét. Skrillinn réðist á negrann, er glæpurinn varð uppvís, án þess þó að hafa sannanir fyrir, að negrinn væri sekur, og brendi hann án dóms og laga á þeim stað, sem lík kenslukonunnar fanst. — Þetta er 10. svertinginn, sem drepinn hefir verið án dóms og laga í Texas, nú á örstuttum tíma.

— Breytt hefir verið um krýningardag Georgs konungs; er nú talið fullvíst, að krýningardagurinn verði 11. maí 1911, en ekki á "Empireday", sem áður hafði kunngert verið.

— Bóndi einn, Joseph Menard að nafni, sem býr nálægt Gatineau í Ontario, er búmaður góður. Hann átti gjafvaxta dóttur, sem var í þingum við mann einn þar í nágrenninu. Bóndinn gefur manni þessum kost á, að giftast dóttur sinni, ef hann greiði sér 100 dollars, sem andvirði hennar; kvaðst hann ekki ala upp dætur til að gefa í burtu. Unnustanum þótti ekki sem bezt boðið, því hann hafði búist við heimanmund, en ekki að þurfa að kaupa brúðurina. Faðirinn gerir sér þá hægt um hönd og selur dóttur sína öðrum ungum manni, sem var viljugur að greiða 50 dollara fyrir konuefnið, og giftust þau í skyndi næsta dag.

The Best Of All "Outdoor" Shoes For Women—

REGAL OXFORDS

Only in expensive custom-built footwear will you secure equal style, quality, fit and comfort. Our new models in Women's Regal Oxfords accurately reproduce the smartest custom Oxford shapes *for this season.* In Regal quarter-sizes you secure the same perfect fit and comfort as in made-to-measure shoes. The high quality and expert workmanship in Regals insure long, satisfactory service. You will find that our Women's Regal Oxfords fit snugly at the heel and smoothly around the ankle—because they are made on special Oxford lasts. Ordinary low-cuts chafe your heel and sag at the ankle because they are made on high-shoe lasts. Allow us to show you these Women's Regal Oxfords at your convenience.



A Stylish, Comfortable Women's Regal Model

$4.50 $5.00 $5.50 $6.00

289 Portage Ave.

THE DOMINION BANK

HORNI NOTRE DAME AVENUE OG SHERBROOKE STREET

Höfuðstóll uppborgaður: $4,000,000.00
Varasjóður - - - $5,400,000.00

SPARISJÓÐS DEILDIN:

Vér veitum sparisjóðs innleggjendum sérstakt athygli, og borgum hæztu vexti á sparisjóðs innleggjum af $1.00 og yfir. — Barna innlegg velkomin. — Seljum peningaávísanir á ÍSLAND.

H. A. BRIGHT, RÁÐSMAÐUR.

Með því að biðja sérlega um "T.L. CIGAR," þá ertu viss að fá ágætan vindil.

Smoke the T.L. CIGAR

(UNION MADE)

T.L.

Western Cigar Factory
Thomas Lee, eigandi Winnipeg

Vitur maður er varkár með að drekka eingöngu HREINT ÖL. Þér getið jafna reitt yður á

DREWRY'S REDWOOD LAGER.

Það er léttur, freyðandi bjór, gerður eingöngu úr Malt og Hops. Biðjið ætíð um hann.

E. L. DREWRY, Manufacturer, Winnipeg

að ná hylli hennar, eignast hina fegurstu stúlku, sem nú er í Stokkhólmi, og auk þess í heimanmund með henni hálfa milión dala".

"Er þessi framúrskarandi meyja ólofuð enn þá?"

"Já, það held ég. Að sönnu er sagt, að barúninn hafi boðið Stjernekrans greifa í Ódðinsvik í Wermlandi hana, en að greifinn, sem er mjög undarlegur og sérvitur, sé enn ekki búinn að ráða við sig, hvað hann eigi að gera. Samt er nú greifinn í Stokkhólmi núna og er daglegur gestur hjá Ehrenstam, en stúlkan vill hvorki heyra hann né sjá".

"Og þú ætlar þér að verða meðbiðill greifans?" spurði Cæsar hrosandi.

"Ég er hættur við það aftur", svaraði spjátrungurinn, "af því hin fagra Isabella, sem er bókfróð og rómantisk að upplagi, hefir lýst því yfir, að hún giftist alls ekki, nema hún fái þann mann, sem er búinn öllum þeim hæfileikum, er hugsjón hennar girnist, ... og því ver, á ég engan þeirra.

"Hún hefir þá talið upp þessa hæfileika?"

"Já, hann á að vera andríkur, fallegur, listhæfur og umfram alt, að vera visindalega mentaður, því þessi unga stúlka er uppalin af bókormi, heimspekilegum meistara, sem hún kvað bera mikla aðdáun og virðingu fyrir; hún ber meiri virðingu fyrir visindunum, heldur enn heldri stúlkurnar í Stokkhólmi gera, sem almennast lita á hið ytra. Þú hlýtur því að sjá, að ég get enga von gert mér, því einkennisbúningur minn er ekki einhlítur til að blekkja hana. Hún var í rauninni einu sinni svo óskammfeilin að segja mér það, að einkennisbúningar okkar væri ekki annað en gullroðin örbirgð".

"Hamingjan góða", sagði Cæsar hlægjandi, þessi unga stúlka hlýtur að vera mjög skemtileg. Það væri sannarlega gaman, að kynnast henni".

"Komdu í leikhúss-stúkuna annað kvöld, þá skal

ég kynna ykkur. ..... En nú verð ég að flýta mér. Ég þarf að fara heim og hafa fataskifti, því mér er boðið til dagverðar hjá Ehrenstam".

"Þarna kemur Georg barún riðandi", sagði Cæsar, og benti í áttina til Gústav Adolfstorgsins. "Hann kemur hingað. Vertu sæll á meðan. Ég ætla að fara og fá mér aðgöngumiða til annarskvölds".

Spjátrungarnir skildu. Cæsar hraði sér til leikhússins til þess að vera sér úti um sæti við leiksýninguna daginn eftir, en hinn stóð kyr og beið Georgs.

"Góðan daginn, vinur minn", sagði Georg, um leið og hann stöðvaði hestinn. "Ætlarðu að borða dagverð hjá foreldrum minum í dag?"

"Já, mér er veitt sú virðing. Þú ert að skemta þér, sé ég".

"Ég er að temja þenna fola. Hvernig lizt þér á þenna, Othello minn?"

"Ó, hann er frábær".

"Hann er hreinn kyngæðingur. Y. greifi bauð mér tólf hundruð ríksdali fyrir hann í gær, en ég vildi ekki selja hann. Hann er bráðólmur af fjöri, en samt jafn þægur og enskur veðhlaupahestur".

"Þú ætlar víst yfir í Stjórnargötuna?" spurði hinn brosandi.

"Hvers vegna heldurðu það?"

"Af því að hún fallega Helen þín á þar heima. En eitt skal ég segja þér, Georg, og það er, að hér eftir máttu ekki vera eins afbrýðissamur og hingað til. Ef hún verður heppin annaðkvöld, sem ég held hún verði, þá verður þú að láta hana opna sali sína fyrir vinum þínum".

"Það skal ske, Alfred vinur", sagði Georg. "Þegar leikurinn er afstaðinn annaðkveld, þá skulum við borða kveldverð hjá Helenu, ef hún verður sér ekki

til minkunar, sem ég hefi enga ástæðu til að ætla. Ég finn líklega flesta af vinum mínum í leikhúsinu annaðkveld, og þá ætla ég að bjóða þeim að koma".

"Og við skulum sannarlega koma, til að hylla sigurhetju dagsins", sagði Alfred. En veiztu ekki, hver hefir samið leikinn?"

"Nei, en menn fullyrða, að það sé ungur námsmaður frá Uppsölum, sem á að byrja á sjónleikafræði. Hann er ennþá nafnlaus. En leikurinn kvað vera vel saminn. Ég hefi að eins séð þátt Helenar, og eftir honum að dæma hefir leikurinn mikið skáldlegt gildi".

"Hvaða nafn ber Helen í leiknum?"

"Sama og systir mín", svaraði Georg.

"Heitir hún þá Isabella?"

"Já".

Georg hneigði sig og reið svo áfram.

Við skulum fara með honum til Stjórnargötunnar, því þangað fór hann, eins og Alfred gizkaði á, þegar hann var búinn að riða um ýmsar aðrar götur.

Litla stúlkan frá Svartabekkjargötunni í Uppsölum, átti nú heima í stóru, skrautlegu húsi í Stjórnargötunni. Þar var svo mikið skart og skraut, að ekki verður með orðum lýst, því Georg hafði ekki hlíft sér við neinum útgjöldum til þess að gera henni lifið eins þægilegt og unt var.

Veggirnir voru skreyttir myndum eftir nafnkunna myndasmiði. Blómasorautker stóðu á veggborðunum, gólfin voru þakin þykkum dúkum, og mjúkir silki-legubekkir buðu til hvíldar.

Innsta herbergið var búningsklefi hennar, og þar finnum við Helenu, — klædda í smekklegan morgunbúning, sem að nokkru leyti huldi og að nokkru leyti sýndi hinn fegursta líkamsskapnað, — að hálfu leyti sitjandi og að hálfu leyti liggjandi á legubekknum, svo aðdáanlega fögur, að ekki verður við neitt jafnað. Síða, dökkjarpa hárið hennar liðaðist niður um hálsinn og herðarnar. Litla höfuðið sitt hvíldi hún á mjallhvítu hendinni sinni, og um rós, rauðu varirnar lék ofurlitið þreytulegt bros, meðan hálflokuðu augun bentu á yndislegt sveinmók.

Helen var nú á þroskaskeiði legurðarinnar, átján ára gömul, hún elskaði og var, eða réttara sagt, hélt sig vera elskaða. Hún var umkringd fögru skrauti, og þegar hún leit á nálega framtíð, blasti við henni sigurrík lífsbraut, töfrandi lán og glæsilegt mannorð. Hver ósk hennar var óðara veitt. Alt, sem hinn nautnaþyrsti hugur þráði, var lagt fyrir fætur hennar.

"Þetta var keypt fyrir sakleysi mitt". — Þessi orð, sem vond samvizka hvísladi að henni, heyrðust æ sjaldnar og sjaldnar. Iðranin — þessi föli, fræðilegi gestur — var bannfærð af búningsklefa syndugu meyjarinnar, og ef sorgin einstöku sinnum eyddi rósum kinnanna, eins og ormur í unaðslegum blómbikar, þá var hún óðara hrakin í burt af kæruhláttum.

Á þessu augnabliki hugsaði litla, fallega Helen í gegn um sveindvalann, um sigurhrósið, sem hennar biði næsta kvöld. Hana dreymdi, að hólið og blómskúrarnir ríndu yfir hana sem þrumuskúr; hún sá allá íbúa Stokkhólms liggja fyrir fótum sér, og þó hún engan annan elskaði en Georg, þótti henni samt ekkert að því, að verða aðnjótandi smjaðurs og aðdáunar frá öðrum.

Hún var lánsöm — hún naut.

Smátt og smátt lokuðust dökkbláu augun hennar. Löngunarríkt andvarp hóf hvíta, hálfbera brjóstið hennar, en brosið, unaðsríka brosið lá kyrt á vörum hennar meðan hana dreymdi.

Helen svaf laust, sveín hennar var indæll og rólegur, brosandi myndir svífu fyrir hin innri augu

Skólalögin.

Fyrir rúmlega 20 árum síðan fóru "liberalir" í Manitoba, að kveikja elda um allar bygðir í Manitoba. Í þeim eldi skyldi eyða hinum kaþólsku skólum í fylkinu, er áður voru til samkvæmt lögum. Upp af rústunum átti svo að rísa nýtt skólakerfi, — sameiginleg heild fyrir kaþólska menn og prótestanta jafnt. Höfundur þessarar ákveikju var lögfræðingur einn nafntogaður frá Ontario, Dalton McCarthy að nafni og einn af forkólfum Orange manna félagsins, sem til er orðið í þeim tilgangi að hnekkja kaþólsku valdi í öllum myndum á öllum stöðum.

Tilraunin tókst. Lögin, sem heimiluðu kaþólska skóla, voru numin úr gildi og þúverandi skólalög samin og staðfest 1890.

Í hinum eldri lögum voru þau ákvæði, að allir voru skyldugir til að senda börn sín á skóla. Það þýðir, að væri það vanrækt, mátti beita lagavelli til að færa börnin á skólana.

Þegar núgildandi lög voru samin var þetta valdboðs-ákvæði FELT ÚR. Að vísu var þetta ákvæði í frumvarpinu, þegar það var lagt fyrir þingið í upphafi (orentað, eins og venja er). En þegar lögin voru staðfest, VANTAÐI ÞESSI ÁKVÆÐI. Þessi breyting var gerð að vörðist, hjá þeirri þingnefnd, sem skipuð er til að rannsaka öll lagafrumvörp. Clifford Sifton var formaður þeirrar nefndar, og frumvarpið, sem breytt var hjá þessari nefnd, ber fangamarkið "C.S." á spássíunni út frá hverri breytingu, sem gerð var. Það er varla að efa, að þetta fangamark þýði: Clifford Sifton. Að hann og Joseph Martin, sem þá var dómsmálastjóri fylkisins, hafi strikað þessi ákvæði út í ógáti eða að gamni sínu, það dettur engum lifandi manni í hug. Þeir voru menniirnir, sem mest börðust fyrir, að banna hina sérstöku kaþólsku skóla. Nú var það stór hagur kaþólika, að fá þessi valdboðsákvæði numin burtu, því á "guðlausu skólana" máttu þeir ekki senda börn sín, en einmitt á þessa skóla vildu þeir Sifton fá öll kaþólsk börn eins og börn prótestanta. Af hvaða ástæðum slóu þeir þá striki yfir þessi mikilvægu ákvæði? Af vorkunnsemi við kaþólika? Varla. Þeir gerðu það vegna þess, að með valdboðsákvæðunum í hefðu lögin ekki staðist hálfa sveiflu fyrir dómstóli. Þau stóðust þær sveiflur full-illa með ákvæðum þessum numdum burt. Því eins og kunnugt er veitti æðsti dómstóllinn í veldi Breta þeim rétt til að heimta réttarbótalög að sambandsstjórn þegar þeim sýnist.

Margir hinna skörpustu lögfræðinga í Canada hafa oft síðan fullyrt, að verði þessum ákvæðum bætt inn í skólalögin, þá sé kaþólikum greiddur vegur til Ottawa til þess að heimta réttarbótalög. En þær réttarbætur vill enginn maður í Manitoba að kaþólikar fái. Að þeim fengnum væru núgildandi lög öll í molum og hinn forni skólamáls-eldur þá kviknaður um leið.

Nú í meir en ár hafa "liberalir" beitt öllum brögðum, leynt og ljóst, til að æsa menn upp í, að heimta þessi ákvæði. Með allri tilhlýðilegri virðingu fyrir lögspeki þeirra manna, sem fylla flokk Norris, getum vér ekki álitið þá jafnoka Siftons eða Martins, og þó eru þeir menn varla hálfdrættingar í lögfræði við svo ...arga aðra lögfræðinga, sem hiklaust segja núgildandi lög í veði, ef þessum valdboðs-ákvæðum er bætt inn í þau.

Þegar athugað er, að Norris og svo margir fleiri af fylgismönnum hans eru launaðir starfsmenn Lauriers, og Laurier sjálfur vitanlega enginn vinur núgildandi skólalaga í Manitoba, þá er afsakandi, þó menn ímyndi sér, að kappgirni þeirra Norris í þessu máli sé runnin frá kaþólskum stofni. Því það er óliklegt í mesta máta, að þeir að ástæðulausu afneiti sínum eigin flokksbræðrum og dæmi ómerkar allar þeirra gerðir fyrir 20 árum síðan. Ef ástæðurnar væru að einhverju leyti breyttar, þá væri það sök sér, en þær eru óbreyttar alveg og verða óbreyttar, hvað þetta snertir, á meðan kaþólskir menn trúa og hlýða þvíeinu, sem klerkar þeirra segja og skipa.

Séu þessir menn ekki vísvitandi að vinna fyrir hið kaþólska klerkavald, þá eru hvatir þeirra enda ógöfugri, ef það er unt. Þær eru þá ekkert annað en svo hóflaus löngun eftir stjórnarvaldi, að heldur en vera án þess, vildu þeir vinna til þess, að kveikja haturseld, sem enginn sér fyrir, hvern enda hefði, milli þjóðflokka og trúflokka um þvert og endilangt fylkið.

Langar kjósendur fylkisins eftir slíku ástandi?

Til minnis.

Á 12 ára tíma hjá Greenway-stjórninni JÓKST fylkis-skuldin svo nam sem næst 3 milj. dollars.

Á 10 ára tíma hjá Roblin-stjórninni MINKADI fylkisskuldin svo að nam sem næst 2 milj. dollars.

Á 12 ára tímabilinu hjá Greenway-stjórninni borguðu hvorki járnbrautafélög eða önnur gróðafélög einn eyri í skatt.

Á 10 árum hjá Roblin-stjórninni hafa sömu félög borgað rúmlega 1¼ miljón dollars í skatt.

Á 12 ára tíma hjá Greenway-stjórn fékk fylkið 500 mílur af járnbrautum, og gaf fyrir sem tillag 1 miljón dollars. Fékk samt enga línu í flutningsgjaldi.

Á 10 árum hjá Roblin-stjórninni hefir fylkið fengið talsvert á þriðja þúsund mílur af járnbrautum, þar af meira en 1600 mílur að stjórnar-tilhlutun. Fyrir það hefir fylkið ekki goldið eins eyris tillag, en niðurfærslan á flutningsgjaldi fyrir kornvöru eina nemur á 10 árunum meir en 10 milj. dollars.

Á 2 árunum, sem 31. des. 1909 voru liðin frá því Roblin-stjórnin keypti telefón-kerfi Bell-félagsins, gaf telefón-kerfi fylkisins af sér yfir 780 þúsundir dollars, í ágóða, þ. e. eftir að búið er að draga frá allan starfskostnað og vexti af stofnfénu, þó var telefón-gjaldið lækkað svo nam meir en 60 þúsundum dollara alls.

Þeir "liberölu" börðust með öllum sínum kröftum og öllu sínu viti á móti því, að þessi ásjálega eign væri keypt og umhverft í opinbera eign.

Manitoba-menn geta nú stært sig af akuryrkjuskóla, sem ekki er eftirbátur nokkurs sliks skóla í Ameríku. Auðvitað er skóli þessi hvergi nærri fullgerður enn, en byggingar þær, sem komnar eru, hafa með landinu kostað meir en hálfa miljón dollars. Nú er verið að bæta við alveg nýrri námsgrein. Framvegis verður ungum stúfkum veitt tilsögn í öllu, sem lýtur að bústjórn, matartilbúningi o.s.frv. Á síðastliðnum vetri voru 592 nemendur á Akuryrkjuskólanum, alls yfir.

Roblin-stjórnin ein á þökk fyrir, að þessi þýðingarmikla stofnun er til orðin. Þeir "liberölu" beittu afli sínu til að hefta framkvæmdir þessu mikilvæga máli.

Áður en snjór fellur í haust, verður fylkið búið að eignast þó æðimargar kornhlöður, víðsvegar. Á rúmum mánuði hafa bændur beðið um meir en 100 kornhlöður. Að svo er komið, það er Roblin-stjórninni einverðungu að þakka. Þeir "liberölu" beittu öllum brögðum til að kæfa það mál í fæðingunni.

Roblin-stjórnin hefir reynst vegvísir fyrir önnur fylki, enda sambandsstjórn, í tveimur mjög þýðingarmiklum atriðum.

Alberta og Saskatchewan hafa fetað í fótspor Manitoba og keypt telefón-kerfin í þeim fylkjum, — en gefið mun meira fyrir.

Alberta og Saskatchewan og enda sambandsstjórn (Laurierstjórnin) hefir fetað í fótsporManitoba í því, að fá járnbrautir bygðar kostnaðarlaust, með því að ábyrgjast vöxtu af stofnfénu, — vexti, sem aldrei þarf að borga.

Í kornhlöðu-málinu er Manitoba nú að leggja slóðina. Tíminn sannar, að aðrar stjórnir þræða líka þessa slóð.

Roblin-stjórnin er framgjörn, hagsýn og stórvirk.

"Dimmir enn á tóvegg"!

Fyrir skömmu síðan stóð prentað í Lögbergi þannig löguð orð: Að Mr. Alfred J. Andrews, þingmannsefni Conservativa í Winnipeg West, væri sem "barn í þekkingu" og fl. hjá T. H. Johnson. — Margan horskan dreng getur stanzað á flestum staðhæfingum Lögbergs, þar sem það hrúgar saman ígrundunarlausum og óstækisfullum staðhæfingum framan í lesendur sína. Fyrr má nú flón vera enn fíflum verri. — Óljúfast skal mér vera, að ljóðlýta Mr. T. H. Johnson, en það ætla ég honum ekki, að hann telji Mr. A. J. Andrews, sem vöggubarn að þekkingu gagnvart sjálfum sér. Þannig löguð orustuaðferð er engum dreng snotur né snjöll, og aldeilis ósigursæl öllum, sem menn vilja vera.

Í örfáum orðum skal hér skýrt frá Mr. A. J. Andrews hlutdrægnislaust, og hver má segja sannar frá, sem meiri þekkingu er gæddur: —

ALFRED JOSEPH ANDREWS er fæddur árið 1865 í bænum Franklin Center í Quebec fylki. Hann er sonur séra Alfreds prests Andrews, Methodista prófasts. — A. J. Andrews öðlaðist mentun sína og lærdóm á ýmsum skólum í Ontario fylki, þar næst á tveimur háskólum. Árið 1885 er hann liðsforingi í hinni alkunnu Riels uppreist í Norðvesturlandinu. Lögfræðingapróf tekur hann árið 1886 í Manitoba, og var þá sá yngsti lögfræðingur í Vesturlandinu, sem undir próf til fullnustu hafði gengið. Sama ár tekinn í lögmannafélag í Vesturlandinu, og kosinn þá í embættisstöðu í félaginu. Í annari kjördeild í Winnipeg er hann kosinn öldurmaður árið 1892 með yfirdrífnum atkvæðamun. Árið 1896 er hann kosinn bæjarstjóri í Winnipeg borg með 800—900 atkvæðum. Næsta ár á eftir er hann endurkosinn borgarstjóri með nær 3000 atkvæðum, eða sem næst helmingi fleiri atkv. en gagnsækjandi hrepti móti honum.

Þegar hann var borgarstjóri breytti hann vatnsneyzlu bæjarins og endurbótum á strætum til þeirra umbóta, sem Winnipeg hefir nú fram að bjóða, og er fullkomnara flestum stórborgum í heimi, þrátt gömlum sem nýjum. Hann gerði þá hagkvæmari ákvæði um söluverð og vexti á skuldbindingabréfum borgarinnar við auðmenn á Englandi, en síðan hefir fengist. Bætti stórum hag verkamanna, og reyndist í öllu hinn bezti drengur fyrir land og lýð.

Hann er hærsti embættismaður í mörgum félögum, sem elzt og nafnkendust eru, þ. e.: Masons, Woodman, I.O.F., Sons of England, og fjölda smærri félaga.

Hann sótti um þingmensku á móti yfirforingja, nú fylkisstjóra, Sir Daniel McMillan í Mið-Winnipeg 1899, sem enginn hafði vogað áður, og varð undir með litlum atkvæðamun.

Hann hefir verið og sótt þau stærstu mál, sem á dagskrá hafa skráð verið bæði í Manitoba og annarsstaðar, og OFTAST borið frægan sigur úr býtum.

Hann hefir lánað og afgreitt fleiri fasteignalán á meðal Íslendinga enn aðrir jafn sanngjarnir lánveitendur í Winnipeg, og greitt veg skjólstæðinga sinna göfugt og mannúðlega, þá á hefir legið, jafnvel á móti kröfum ísl. lögm. í gagnsóknum.

Flestir sjálfstæðir Íslendingar í skoðunum unna honum fyrir lipnrð og drengskap, — þeir sem svo djúpt líta.

Hann er hinn allra-drenglyndasti maður, lögfróður, samvizkusamur, höfðinglegur, friður sýnum og djúpvitur, lærður manna bezt og hugljúfur og lítillátur við almúgana, enn harðorður og litt sveigjanlegur við stórbokka og oddborgara, þá um ánæðslu réttar og laga er að ræða viðvíkjandi alþýðu.

Fylstu líkur hugsandi og skynbærra manna eru þær, að hann verði innan lítils tíma leiðtogi Conservativa í Manitoba. Enginn er þar um færari, vinsælli né göfugri drengur, að Hon. R. P. Roblin öllum.

Að ólöstuðum Mr. T. H. Johnson, er ósær samanburður á hæfileikum, lærdóm m. fl. milli A. J. Andrews og T. H. Johnson. — Skal ei farið út í nokkurn lærdóms eða almenningsálits samanburð um þessa tvo menn, að svo stöddu.

K. Ásg. Benediktsson.

Gufuskipið Uller, sem all-lengi hefir verið í förum milli Noregs og Íslands, sökk nýskeð undan Stöðvarfirði á Austurlandi. — Skipshöfnin bjargaðist í bátana og komst til lands.

Sunnudaginn 5. júní sl. fermdi séra Friðrik Friðriksson tvo málleysingja í Dómkirkjunni í Reykjavík. Það er sjaldgæft að ferma á fingramáli á Íslandi.

STÖÐUG SEM BJARG.

Magnet rjómaskilvindan

með sínu "SQUARE GEAR" aðskilur fullkomnlega hvort heldur á jörðu eða gólfi.
Skálin sem studd er á tvö vegu getur ekki hrists.
Á okkar kostnað getur þú rannsakað bygging MAGNET skilvindurnar í þínu eigin mjólkur búi — þú munt finna umgerðina sterka og vandaða —

Hún rennur í "Square Gear" og þú vest að allar góðar vélar eru gerðar bygðar,

Stál skálin er studd á tvo vegu (MAGNET PATENT).

Allar aðrar skilvindur eru aðeins studdar á einn veg.

Fleytirinn er í einum hlut, (auð hreinsað) tekur úr mjólkinni alt smjör og fitu og losar mjólkina við allan óhroða. Magnet skilvindan gefur góðan og þykkan rjóma á hverjum degi,

Magnet hamlan, stöðvar skilvinduna á átta sekuntum.—

Sá sem á Magnet skilvinduna getur aukið rúmtak hennar fyrir fáa dali, þegar hann eignast fleiri kýr aðeins að skifta um skál og fleytir.

Hvaða skilvinda sem reynd er eða keypt, kemst eigandin að lokum að raunum að MAGNET er sú eina sem dugar.

En því ekki að kaupa MAGNET í upphafi og fyrrast vandræðum ?

Magnet er fimtíu árum frá sorphaugnum.

THE PETRIE MFG. CO., LIMITED
WINNIPEG, MAN.

ÚTIBÚ: Calgary, Alta., St. John, N. B., Montreal, Que., Vancouver, B.C., Regina, Sask., Victoria, B.C., Hamilton, Ont.

KJÓSENDUR Í VESTUR WINNIPEG

Atkvæða yðar og áhrifa er virðingarfylst óskað af

A. J. ANDREWS, K. C.

ÞINGMANNSEFNI ALÞÝÐUNNAR.

sem berst fyrir iðnskólamentun og þjóðeign á starfsgögnum stræta verzlana og heimilis ljósa —

Sjálfviljugir hjálparmenn með hesta og mótarvagna verða þegnir með þökkum

NEFNDARSTOFUR

555 Sargent Ave., Talsímar Main 8396--8397
543 Portage Ave., Talsími Sherb. 2794
636 Logan Ave. Talsími Main 6985
1621 Logan Ave., Talsími Main 7232

J. J. H. McLean & Co Limited

Vér höfum FLUTT

Vort nýja heimkynni er á horni

Portage Avenue og Hargrave Strætis

J. J. H. McLean & Co. Ltd.,

Cor Portage Ave. & Hargrave
Phone: Main 808.

Fréttir úr bænum.

Heimskringlu voru nýskeð sendir 10 dollarar frá stúkunni "Frækkrn", Tantallon, Sask., sem gjöf til Sigurðar Gíslasonar hér í bænum. Sigurður hefir verið rúmfastur um langan tíma og lítil von um bata, og er hann því sannarlega hjálpar þurfi. Hkr. þakkar stúkunni "Frækorn" fyrir gjöfina.

Mr. B. L. Baldwinson þingmannsefni Conservativa í Gimli kjördæmi, er nú þessa viku að halda stjórnmálafundi viðsvegar í Nýja Íslandi. Og í vesturhluta kjördæmisins er Mr. S. B. Brynjólfsson að halda fundi fyrir hans hönd. Allir þessir fundir voru auglýstir í síðasta blaði. Vér efumst ekki um, að kjósendur fjölmenni á fundi þessa, því þar munu menn fá réttu og hlutdrægnislausa skýrslu um gerðir Roblin-stjórnarinnar. Og munu kjósendur þá eigi verða í neinum efa um, hvað þingmannsefni þér eiga að velja, — hver af mönnum þeim, sem í boði eru, sé líklegastur til að gera mest fyrir kjördæmið og hver muni halda uppi heiðri og sóma kjördæmisins öðrum fremur. Vér erum fullvissir um, að Mr. B. L. Baldwinson er sá maður. Kjósið því Mr. Baldwinson, þið fáið þar góðan, reyndan, einbeittan og öruggan fulltrúa, sem verður ykkur og kjördæminu til sóma.

Miss Sigrún M. Baldwinson, sem um tveggja ára tíma hefir stundað söngfræðisnám við Toronto háskóla, kom hingað til bæjarins nýskeð að afloknu prófi.

Þann 29. júní sl. gaf séra Guðm. Árnason saman í hjónaband þau herra Eirík Hallsson og ungfrú Ingibjörgu Ólafsson, bæði úr Álftavatnsbygð. Hjónavígslan fór fram að heimili móður brúðarinnar, 806 Simcoe street, og var mæt af skyldmennum og vinum brúðhjónanna þar viðstatt. Daginn eftir lögðu þau af stað til Álftavatnsbygðarinnar, þar sem herra Hallsson hefir búið í mörg ár. Heimskringla óskar þessum brúðhjónum allra heilla.

Stjórnmálafundur.

A. J. Andrews, Conservative þingmannsefnið í Vestur-Winnipeg heldur fund í efri sal Goodtemplara hússins í kvöld (fimtudag). Þar verða margir ágætir ræðumenn sem tala, auk þingmannsefnisins — Fundurinn byrjar kl. 8. Allir velkomnir.

Fundurinn, sem A. J. Andrews þingmannsefni Conservativa í Vestur-Winnipeg, hélt í Goodtemplarahúsinu sl. fimtudag, var mjög vel sóttur. Fundarstjóri var Sigfús Anderson. — Mr. Andrews hélt þar langa og snjalla ræðu og gerði grein fyrir afstöðu sinni í ýmsum mikilsvarðandi málum, og var gerður að ræðu hans hinn bezti rómur. — Þar talaði einnig A. J. M. Aikins, K.C., einn af mælskustu mönnum borgarinnar. Hélt hann langa ræðu og skörulega, og var unun að hlusta á. — Mr. Thos. Sharpe auglýsti að endingu nokkra næstu fundi þingmannsefnisins og talaði einnig nokkur vel valin orð. Allur þorri þeirra, sem á fundinum voru, fóru heim mjög ánægðir yfir framkomu beirra Mr. Andrews og Aikins og yfir fundinum í heild sinni.

Allir Íslendingar, sem komnir eru af barnsaldrinum og í bænum eru, ættu að koma á stjórnmálafundinn í Walker leikhúsinu á föstudagskveldið kemur, 8. þ.m. Almenningi mun sjaldan gefast eins gott tækifæri bæði að skemta sér og fræðast, sem þar, því þar tala margir af mikilhæfustu og ágætustu mönnum fylkisins. Fundurinn byrjar kl. 8. Sjá að öðru leyti auglýsingu um fundinn á 1. bls.

Þann 25. júní sl. vildi það slys til í Winnipegosis, að unglingsstúlkan Aldís Trygveig Guðmunds dóttir druknaði. Þetta sorglega slys vildi þannig til, að hún ásamt nokkrum öðrum ungum stúlkum og börnum var að baða sig við mynnið á Mossy River; ein stúlkan sem í hópnum var, lagði af stað og ætlaði að vaða yfir ána, en á miðri leið tók alt í einu að dýpka og kallaði hún þá á hjálp. Hin látna fór þá að hjálna henni og gat gert það að verkum, að karlmenn sem að komu, gátu bjargað henni, en Aldís sál. sökk og náðist ekki fyrr en 20 mínútum síðar, og var þá örend. Aldís sál. var að eins 12 ára gömul, og hin efnilegasta stúlka, dóttir Guðm. Guðbrandssonar, móðurbróður Ingvars sál. Búasonar. Jarðarförin fór fram fyrra þriðjudag frá Meþódista kirkjunni í Winnipegosis að viðstöddu fjölmenni.

Hin 5. skemtiför Goodtemplara var farin til Gimli sl. mánudag eins og til stóð. Tóku fjölmenni þátt í förinni, og skemtu menn sér hið bezta. Er óhætt að fullyrða, að þetta hefir verið ein hin bezta skemtiför, sem Goodtemplarar hafa farið til þessa.

Tapast hefir.

Í skemtiförinni að Gimli sl. mánudag tapaðist ljósleit barnskápa í Gimli Park. Finnandi er vinsamlega beðinn að skila henni til Mrs. B. Blöndal, Gimli, eða til B. Hallssonar, 721 Simcoe street, Winnipeg.

Ný talsímastöð hefir verið reist á Sherbrooke st., og tók hún til starfa 1. júlí sl. Fjölgun á notkun talsíma hefir vaxið svo, að aðalstöðin dugði ekki lengur, voru 2500 nöfn flutt þaðan yfir á nýju stöðina, þá er hún var fullger. — Þeir, sem vilja kalla upp númer á nýju stöðinni, verða að nefna "Sherbrooke" ásamt númerinu.

Kjósendur í Vestur-Winnipeg ættu að fjölmenna á fund þann, sem Mr. A. J. Andrews, þingmannsefni Conservativa, heldur annaðkveld (fimtudag 7. þ.m.) í efri sal Goodtamplarahússins. — Það verður síðasti fundurinn, sem hann heldur í kjördæminu fyrir kosningarnar. Margir góðir ræðumenn, auk þingmannsefnisins sjálfs tala á fundinum. Fjölmennið.

Þingmannsefni Conservativa í Suður-Winnipeg er sem kunnugt er Lendrum McMeans, — valinkunnur sæmdar- og dugnaðarmaður. Hann hefir alið mestan hluta æfi sinnar í Winnipeg, og er því flestum kunnugri hvað borginni er fyrir beztu. Bæði sem málfærslumaður og bæjarfulltrúi hefir Mr. McMeans sýnt og sannað, að hann er gæddur miklum hæfileikum, og hverju því máli, sem hann hefir beitt sér fyrir, hefir verið vel borgið. Hann hefir áunnið sér traust og virðing allra, sem honum hafa kynst, og það traust kom berlega í ljós, þegar hann var útnefndur sem þingmannsefni fyrir Suður-Winnipeg, eitt glæsilegasta kjördæmi fylkisins. — Íslenzkir kjósendur í Suður-Winnipeg, kjósið því Mr. McMeans, þess mun yður aldrei iðra, og betri fulltrúa eigið þér ekki kost á að fá.

Miss Bertha Jackson, 635 Elgin ave., sem lengi hefir unnið hjá Robinson félaginu hér í bænum, lagði af stað í skemtiferð vestur að Kyrrahafi sl. laugardag. Hún ætlar að vera 2 mánuði í þeirri ferð og sjá sig sem víðast um.

Indriði Skordal er beðinn að gefa til kynna utanáskrift sína til Filippusar Johnson, Stony Hill, Man. Hann á þar Íslandsbréf.

Herra Guðm. Finnsson, frá Selkirk, og kona hans voru hér á ferð í vikunni.

Joseph F. Prudhomme, sá er ákærurnar bar á Horace Chevrier, andaðist úr hjartaslagi sl. laugardag, að heimili sínu í St. Boniface.

Nefndarsalir A. J. Andrews

555 SARGENT AVEENUE.
Talsími: Main 8396.

543 PORTAGE AVENUE.
Talsími: Sherbrooke 2794.

1621 LOGAN AVENUE.
Talsími: Main 7232.

636 LOGAN AVENUE.
Talsími: Main 6985.

„Áskorun"

Vilja ekki þeir herrar Alex E. Johnson og Sveinn Sveinsson, Glenboro P.O., gera svo vel og taka til baka aftur sögur þær, sem þeir hafa verið að útbreiða hér meðal fólks um það, að Nanna Sigurðsson — búsett í Glenboro — hafi greitt atkvæði í annars manns nafni við vínbannslagakosningarnar í South Cypress sveitinni 21. des. sl., og þar af leiðandi svarið rangan eið, sem krafist var að hún aflegði af siðagætir vínvina, að öllum líkindum í þeim tilgangi að draga kjark úr henni og fæla hana frá því, að greiða atkvæði móti víninu; — eða sanna það að öðrum kosti, og rökstyðja það opinberlega og tafarlaust. Það er lítilmannlegt og raunalega löðurmannlegt, að nota þessa aðferð til þess að konma fram heimdum á andstæðinga sína, ekki sízt þar sem einstæðingskona á hlut að máli, sem tæplega getur borið hönd fyrir höfuð sér. Það hefði verið sæmilegra, að láta það skella á einhverjum karlmanni, en til þess mun ykkur hafa skort kjark. — Vinir minir, sannið þið það, ef þið getið, að það sé ekki hennar rétta nafn, sem er á kosningalistanum, að hún eigi ekki fasteign í Glenboro eða annað það, sem eiðurinn heimtaði.

Baknag svona lagað á að kveðast niður, og af þeim ástæðum skrifa ég þessar línur. Ég geri það í bezta tilgangi.

Kjósandi í Cypress-sveit.

Heyrirðu ekki vel?

Ef svo er ættir þú að hafa

Wilson's Common Sense Ear Drums

Nýjar vísindaleg uppgötvun. Hjálpar yður þegar alt annað brestur. Þessar heyrnarpípur eru viðfeldnar og sjást eigi. Þótt notaðar séu. Verð: $6.50 parið. Burðargjald frítt. Sendið póstávísun, express ávísun eða peninga í ábyrgðarbréfi, til

K. K. Albert
P.O. Box 64 WINNIPEG

Getið um Hkr. er þér skrifið

The Evans Gold Cure

229 Balmoral St. Sími Main 797

Varanleg lækning við drykkjuskap á 28 dögum án nokkurrar tafar frá vinnu eftir fyrstu vikuna. Algerlega privat. 16 ár í Winnipeg. Upplýsingar í lokuðum umslögum.

Dr. D. R. WILLIAMS, Exam. Phys
J. L. WILLIAMS, Manager

The Farmer's Trading Co.

(BLACK & BOLE)

HAFA EINUNGIS BESTU VÖRUTEGUNDIR.

Einu umboðsmenn fyrir:—
"SLATER" Skóna góðu.
"FIT-RITE" Fatnaðinn.
"H. B. K." prjónafélagið.
"HELENA" pils og 'waist' kvenfatnaði.
Bestu matvörutegundir.
"DEERING" akuryrkju verkfæri o, s. frv.

Beztu vörur Lágt verð

Fljót og nákvæm afgreiðsla.

Farmer's Trading Co.,
THE QUALITY STORE
Wynyard, Sask.

Þú getur altaf

sýnt fallegastan fót á skóm, sem við seljum, — sama hver fóturinn er, það gerir engan mismun, því allur skófatnaður okkar gerir fæturnar jafn fallega. Sérhver skór hefir sinn líka, en ekki sinn jafningja.

Karlmannsskór $2.00—$8.00.
Kvenmannsskór $2.00—$6.00.
Unglingaskór $1.50—$4.00.
Barnaskór 60c—$2.25.

Ryan-Devlin Shoe Co
494 MAIN ST. PHONE 770.

Sherwin-Williams PAINT

fyrir alskonar húsmálningu.

Prýðingar-tími nálgast nú. Dálftið af Sherwin-Williams húsmáli getur prýtt húsið yðar utan og innan. — Brúkið ekker annað mál en þetta. — S.-W. húsmálið málar mest, endist lengur, og er áferðarfegurra en nokkurt annað hús mál sem búið er til. — Komið inn og skoðið litarspjaldið. —

Cameron & Carscadden
QUALITY HARDWARE
Wynyard, Sask.

Dr. G. J. Gíslason,
Physician and Surgeon
18 South 3rd Str, Grand Forks, N.Dak

Athygli veitt AUGNA, EYRNA og KVERKA SJÚKDÓMUM. ASAMT INNVORTIS SJÚKDÓMUM og UPPSKURÐI. —

"Kvistir,"

kvæði eftir Sig. Júl. Jóhannesson, til sölu hjá öllum íslenzkum bóksölum vestanhafs. Verð: $1.00.

Jóhanna Olson
PIANO KENNARI
557 Toronto St. Winnipeg

TIL SÖLU:

160 ekrur af bezta landi. stutt frá járnbrautarstöð. — Fyrsti maður með $7.00 fær hér góð kaup. — Finnið

Skúli Hansson & Co.
47 Aikens' Bldg.
Talsími. Main 6476 P. O. Box 833

DR. H. R. ROSS

C.P.R. meðala- og skurðlækuir. Sjúkdómum kvenna og barna veitt sérstök umönnun.

WYNYARD, — SASK.

Dr. M. Hjaltason, Oak Point, Man.

Anderson & Garland,
LÖGFRÆÐINGAR
35 Merchants Bank Building
PHONE: MAIN 1561.

MARTYN F. SMITH,
TANNLÆKNIR.
Fairbairn Blk. Cor Main & Selkirk

Sérfræðingur í Gullfyllingu og öllum aðgerðum og tilbún aði Tanna. Tennur dregnar án sársauka. Engin veiki á eftir eða gómbólga. —

Stofan opin kl. 7 til 9 á kveldin
Office Phone 6944. Heimilis Phone 6462.

Þarft þú ekki að fá þér ný föt?

EF ÞAU KOMA FRA CLEMENT'S, — ÞÁ VERÐA ÞAU RÉTT

Réttur að efni, réttur í sniði réttur í áferð og réttur í verði.

Vér höfum miklar byrgðir af fegurstu og beztu fataefnum. —

Geo. Clements & Son
Stofnað árið 1874
264 Portage Ave. Rétt hjá Free Press

Th. JOHNSON
JEWELER
286 Main St. Talsími: 6606

Sveinbjörn Árnason
Fasteignasali.
Selur hús og lóðir, eldsábyrgðir, og lánar peninga. Skrifstofa: 12 Bank of Hamilton.
TALSÍMI 5122. HÚS-TALS. 8695

G. NARDONE
Verzlar með matvöru, aldini, smá-kökur, allskonar sætindi, mjólk og rjóma, sömul. tóbak og vindla. Óskar viðskifta Íslend. Heitt kaffi eða te á öllum tímum. Fón 7756
714 MARYLAND ST.

Boyd's Brauð

það borgar sig að vera brauðvandur. Brauð frá sum um bökurum er auðmeltara en frá öðrum, og auðmelt brauð eru hollust. Reynslan mun færa þér sönnur á, að vor brauð viðhalda heilsunni og auka matarlystina. Vagnar vorir fara um allan bæinn

Boyd's

Bakery Cor. Spence & Portage Ave
Phone 1030.

Winnipeg Wardrobe Co.

Kaupa brúkaðan Karla og Kvenna fatnað,—og borga vel fyrir hann.

Phone, Main 6539 597 Notre Dame Ave

BILDFELL & PAULSON
Union Bank 5th Floor, No. 520
selja hús og lóðir og annast þar að lútandi störf; útvegar peningalán o. fl.
Tel.: 2685

Jónas Pálsson,
SÖNGFRÆÐINGUR.
Útvegar vönduð og ódýr hljóðfæri
460 Victor St. Talsími 6803.

J. L. M. THOMSON, M.A., L.L.B.
LÖGFRÆÐINGUR. 255½ Portage Ave.

BONNAR, TRUEMAN & THORNBURN,
LÖGFRÆÐINGAR.
Suite 5-7 Nanton Blk. Tals. 766
Winnipeg, Man. P.O.BOX 223

Húðir og ógörfuð Loðskinn

Verzlun vor er vor bezta auglýsing. Sendið oss húðir yðar og loðskinn og gerist stöðugir viðskiftamenn.
Skrifið eftir verðlista.

The Lightcap Hide & Fur Co., Limited
P.O.Box 1092 172-176 King St Winnipeg
16-9-10

W. R. FOWLER A. PIERCY.

Royal Optical Co.
307 Portage Ave. Talsími 7286.

Allar nútíðar aðferðir eru notaðar við augn-skoðun hjá oss, þar með hin nýja aðferð, Skugga-skoðun, sem gjöreyðir öllum ágiskunum. —

UNION LOAN CO.
TALSÍMI MAIN 5122.
410 Chambers of Commerce

Nú sem að undanförnu veitum vér peningum mótöku og ábýrgjumst 7—10 prósent vexti gegn fyrsta veðrétti.— Vér lánum peninga gegn veði í fasteignum og kaupum "Agreements of Sale"— Innköllum húsaleigu og aðrar skuldir.

H. PÉTURSSON, Manager.
Heimilis talsími 6693

EIN MÖRK AF MJOLK SAMSTEIPT Í EITT PUND AF

SMJÖRI 5c. pundið



Vél til heimilisnota. Samsteypir einni mörk af mjólk í eitt pund af smjöri á tveimur mínútum.

Engin efnabliöndun viðhöfð. Smjörið er eins hart, litur eins út, en er bragðbetra heldur en skilvindu smjör og notað á sama hátt.

$1000 borgaðir ef þessi vél reynist eigi eins og auglýst er

Ef þér viljið eignast hina þægilegustu og heilnæmustu vél sem til er búin, þá kaupið þessa vél. Skrifið eftir eiðsvörnum vottorðum og á íslenzkan upplýsingum um þessa undravél.

VERÐ: $7.50 Flutningsgjald borgað.

AGENTAR ÓSKAST HVÍVETNA

K. K. Albert
P.O. Box 64 Winnipeg, Man.

Getið um Heimskringlu er þér skrifið

A. S. BARDAL

Selur líkkistur og annast um útfarir. Allur útbúnaður sá bezti. Enfremur selur hann alskonar minnisvarða og legsteina.

121 Nena St. Phone 306

A. S. TORBERT'S
RAKARASTOFA
Er í Jimmy's Hótel. Besta verk, ágæt verkfæri; Rakstur 15c en Hárskurður 25c. — Óskar viðskifta Íslendinga. —

Til sölu

eru 10 ekrur af landi á Point Roberts, Wash., hér um bil helmingur hreinsað, enn hinn helmingurinn í skógi.

Þeir, sem vildu sinna þessu, snúi sér til

GISLA O. GUDMUNDSONAR
4-8 Point Roberts, Wash.

Atvinna.

Okkur vantar fáeina duglega umboðsmenn í hinum íslenzku bygðum í Manitoba og Norðvesturlandinu til að selja Stereoscopes og myndir. Sendið 75c fyrir umboðsmanna áhöld.

Arnason & Son.
8-4 Churchbridge, Sask.

Heimskringla.

XXIV. ÁR | WINNIPEG, MANITOBA, FIMTUDAGINN, 14. JÚLÍ 1910 | NR. 41

Tvöfalt stærri

er reiðhjóla búð mín nú en áður, og vörubyrgðir og verzlun að sama skapi. BRANTFORD reiðhjólin góðu hefi ég til sölu eins og aðundanförnu með eins góðum kjörum og nokkur annar getur boðið. — Einnig aðrar tegundir af nýjum reiðhjól um sem ég sel fyrir $30. og upp, með "Dunlop Tires" og "Coaster Brake".— Allar aðgerðir og pantanir afgreiddar fljótt og vel. —

West End Bicycle Shop

Jón Thorsteinsson, eigandi

475—477 Portage Avenue.

TALSÍMI: MAIN 9630.

Roblin-stjórnin vinnur mikinn og verðskuldaðan sigur



HON. R. P. ROBLIN.

Kosnir 27 Conservative þingmenn og 14 Liberalar. Allir ráðgjafárnir endurkosnir með miklu fleiri atkv. umfram en nokkru sinni áður.



B. L. Baldwinson
þingmaður
Gimli kjördæmis

Kosningaúrslitin

Þá eru kosningarnar um garð gengnar og fóru sem Heimskringlu varði, að Roblin stjórnin vann frægan sigur og verðskuldaðan. Mánudagurinn sýndi ótvírætt, að kjósendurnir í Manitobafylki kunnu að meta starfsemi og framkvæmdir stjórnarinnar og létu hvergi blekkjast af ósanninda þvætting og áburði þeirra, sem kalla sig "liberala". Þvættingur þeirra og ærumeiðandi áburður um ráðgjafana, var dæmdur dauður og marklaus þann dag, þeir voru allir endurkosnir og ókst stórum fylgi.

Hon. R. P. Roblin var endurkosinn í Dufferin með 452 atkvæðum yfir mótstöðumann sinn, prófessor Osborne, einn þann mikilhæfasta mann, sem "liberalar" höfðu á að skipa. Við kosningarnar 1907 hafði Roblin 170 atkvæði í meirihluta, svo fylgi hans hefir aukist um nærfelt 300. — Þetta sýnir, hvað allar slúðursögurnar um hann höfðu mikil áhrif.

Þá eru ráðgjafarnir Hon. Robert Rogers og Colin H. Campbell, sem þeir "liberölu" lögðu í einelti með óhróðurssögum og ærumeiðandi áburði, og hömuðust sem óðir væru að hrinda af stóli. Báðir þessir menn unnu hér hinn frægasta sigur, — sigur, sem sýnir öllu öðru fremur, hversu almenningur hefir virt að vettugi gauragang andstæðinganna.

Ráðgjafarnir Coldwell og Armstrong voru einnig kosnir með auknu fylgi.

Annars hafa kosningarnar yfir höfuð gefið þeim "liberölu" slíkan skell, sem þeir munu seint gleyma. — Átrúnaðargoð þeirra Edward Brown fellur í þriðja sinn, og það fyrir óreyndum manni. Í Arthur kjördæminu fellur John Williams og í Dauphin J. A. Campbell, báðir framarlega í "liberal" flokknum og gamlir þingmenn. — Dr. Thornton, einn af aðal-fylgifiskum Norris, fellur í Deloraine, og kappinn George Walton fellur við litinn orðstír í Emerson. — Mr. Bonnar, sem gerðist liðhlaupi, og allra manna mest hamaðist gegn stjórninni, fór slíkar ófarir fyrir Aime Benard í Assiniboia, að slíks eru vart dæmi. — Horace Chevrier, óskabarn Free Press, fór Ítla frægðarför í Carillon.

Í Norður Winnipeg unnu "liberalar" að vísu all-mikinn sigur, en það var mest Gyðingum að þakka — vildu þeir alt til vinna, að koma S. H. Green, sem er Gyðingur, að, og hömuðust af alefli í því skyni. Einnig dró jafnaðarmaðurinn drjúgum frá Conservativum.

En þetta er það eina kjördæmi, sem "liberalar" geta verið hrevknir af, — en þegar að er gáð; eru það Gyðingar, sem heiðurinn ber að réttu.

Kosningarnar sýna jafnframt, að Manitobafylki felst á stefnu stjórnarinnar í öllum þeim málum, sem hún hefir á dagskrá. — Fylkið vottar Roblin stjórninni þakklæti sitt fyrir röggsama ráðsmensku, og felur framtíð sína óruget í hendur Roblin stjórnarinnar. Og stjórnin mun ekki bregðast trausti kjósendanna. Hún mun verða hina sama framkvæmdarríka og röggsama stjórnin og áður, og mun sívakandi yfir vexti og viðgangi fylkisins.

Mr. Roblin hefir sýnt sig til þessa sem framkvæmdarsamasti stjórnmálamaður, sem fylkið hefir átt, — og hann og hans stjórn mun ganga sama framfaraveginn og áður.

Þökk sé kjósendum Manitobafylkis!

Lengi lifi Roblin og stjórn hans!

— Prestur einn í Louisville, Kentucky, sem Isak Perry heitir, var nýskeð tekinn fastur fyrir að hafa myrt annan prest, sem Robert Vanover hét. Báðir þessir guðsmenn voru fjallaprestar, og hafði lengi verið grunt á því góða milli þeirra, og eitt sinn sem oftar, er þeir mættust í samkomuhúsi einu þar á fjöllunum, tók séra Perry að brigsla Vanover um kvennafar og aðra klæki, og varð hinn þá svo reiður, að hann tók tvo hnífa, fékk Perry annan en notaði hinn sjálfur, og bar hófst það harðasta einvigi milli guðsmannanna, sem endaði svo, að séra Perry skar séra Vanover á háls, en var þó lítillega særður sjálfur. Safnaðarfólkið, sem var við messugerðina, flýði æpandi af hræðslu á burt, þegar einvigið hófst, og engum varð að vegi, að ganga milli guðsmannanna.

Nýju þingmennirnir.

Eftirfarandi listi sýnir, hverjir hafi náð kosningu í hinum ýmsu kjördæmum og atkvæðafjölda þeirra yfir mótstöðumann sinn.

CONSERVATIVAR.

Arthur	A. M. Lyle	261
Assiniboia	Aime Benard	572
Avondale	J. Argue	120
Beautiful Plains	Hon. J. H. Howden, gagnsóknarlaust	
Brandon	Hon. G. R. Coldwell	252
South Brandon	A. H. Caroll	10
Carillon	A. Prefontaine	88
Cypress	George Steele	76
Dauphin	Jas. G. Harvey	57
Deloraine	J. C. W. Reid	6
Dufferin	Hon. R. P. Roblin	452
Emerson	Dr. McFadden	135
Gimli	B. L. Baldwinson	510
Gilbert Plains	S. Hughes	51
Hamiota	W. Ferguson	97
Kildonan	Dr. Grain	139
Killarney	Geo. Lawrence	206
Manitou	Hon. Robert Rogers	456
Morris	Hon. Colin H. Campbell	418
Norfolk	R. F. Lyons	244
Portage la Prairie	Hon. H. Armstrong	171
Rockwood	J. Riley	67
St. Boniface	Joseph Bernier	300
Turtle Mountain	Hon. J. H. Johnson	149
Virden	H. C. Simpson	216
Winnipeg (Centre)	T. W. Taylor	84
Winnipeg (South)	L. McMeans	56

LIBERALAR.

Birtle	G. H. Malcolm	131
Gladstone	Dr. Armstrong	184
Lakeside	McPherson	67
Lansdowne	C. T. Norris	253
La Verandry	W. Molloy	9
Minnedosa	J. W. Thompson	41
Morden	Dr. McConnell	47
Mountain	J. W. Baird	296
Rhineland	Val. Winkler	110
Russell	W. Valens	7
Springfield	A. D. Ross	90
Swan River	D. D. McDonald	33
Winnipeg (North)	S. Hart Green	664
Winnipeg (West)	T. H. Johnson	39

Conservativar unnu þesi kjördæmi: Arthur, Dauphin, Emerson, Gimli, Deloraine.— Liberalar unnu: Lakeside, Minnedosa, La Verandry, Russell, Swan River og North Winnipeg.

OGILVIE'S

Royal Household Flour

Til Brauð og Köku Gerðar — Gefur Ævinlega Fullnæging

EINA MYLLAN Í WINNIPEG,—LÁTIÐ HEIMAIÐNAÐ SITJA FYRIR VIÐSKIFTUM YÐAR.

Fregnsafn.

Markverðustu viðburðir hvaðanæfa

— Georg konungur og María drottning hafa í hyggju að takast ferð á hendur um hið enska ríki.

— Japanar hafa nú ráðgert, að fara að leita suðurpólsins, og hefir stjórnin veitt styrk til þeirrar farar. Sá heitir Shiraso, sjóliðsforingi, sem formaður verður fararinnar.

— Abdúl Hamid, fyrandi Tyrkjasoldán, sem eðlir að hann var rekinn frá völdum hefir verið haldinn fangi í höll einni norðan til á Tyrklandi, en samt hefir 10 til 12 konur sínar hjá sér þar, er nú sagðar á heljarþröminni; hafa leiðindi og ill samvizka valdið því ásamt sífeldri hræðslu um, að verða myrtur. Þá er hann var rekinn frá ríkjum, átti hann um 40 miljónir dollara á þýzka ríkisbankanum. Þessa upphæð hefir Tyrklandsstjórn reynt að fá útborgaða en fékk ekki, því bankinn heimtaði heimild Abdúls Hamids til þess, en það vildi karlsauðurinn ekki gefa. Fór þá stjórnin í mál við bankann og tapaði, og þó Abdúl Hamid falli frá, mun stjórnin ekki eignast peningafúlgu hans, heldur sá, sem hann arfleiðir, hvort sem það verður einn eða fleiri. Tyrkjastjórn hefir samt samþykt, að gjalda eftirlaun þeim 275 konum, sem fundust í kvennabúri hans, og þóttu of gamlar til að selja eða gefa í önnur kvennabúr. Þótti stjórninni litt sæmandi, að dömur þær, sem í mörg ár höfðu notið nærveru hans afdönkuðu hátignar, skyldu fara á vonarvöl.

— Írlendingur einn, sem Owen Boyle heitir, og er 104 ára gamall hefir skorað á alla þá, sem eru á líkum aldri og hann sjálfur, að þreyta við sig kapphlaup, og lagt 10 dollara undir.

— Einn af mest metnu og duglegustu fjármálamönnum Dana, Gluckstad bankastjóri er nýdáinn.

— Eftirköstin af hnefaleiknum þeirra Jack Johnsons og Jeffries hafa ekki orðið sem ákjósanlegust. Ekki voru úrslitin fyr kunn orðin út um Bandaríkin en uppþot, manndráp og blóðsúthellingar hófust viðsvegar milli svertingja og hvítra manna. Svertingjarnir urðu frávita af gleði yfir sigri Johnsons en hinir hvítu undu óförum Jeffries hið versta og töluðu smánaryrði um Johnson, en það var meira en svertingjarnir gætu þolað, og hófust þá handa og lumbruðu á hinum. Er talið, að tíu svertingjar kafi verið drepnir, og tveir hvítir menn, en fjöldi særst, og fangelsin eru full af óróaseggjum. Nú hafa yfirvöldin í ýmsum aðalborgum ríkjanna fyrirboðið hreyfimyndasýningar hnefaleiksins, vegna þess þau óttast frekari uppþot og æsingar, ef þær verði sýndar, — en stórtjón bíða þeir, sem keyptu sýningarréttinn og guldu 150 þúsund dollara fyrir. — Hins vegar munu hreyfimyndir þessar verða sýndar í Canada og í Suður-Ameríku, þar sem svertingjahatrið er ekki jafn magnað og víðast hvar í Bandaríkjunum.

— Melville Fuller, æðsti dómari Bandaríkjanna, andaðist í Sorento, Me., 4. júlí sl., 77 ára gamall. Hafði verið hæstaréttar dómsforseti í 22 ár.

— Archie McLaughlin, frá Whitby, Ont., sem brendi inni konu sína og tvö börn, á að hengjast næstkomandi föstudag. Maður þessi hafði fengið ást á annari stúlku, og til þess að geta eignast hana, tók hann upp á því óyndisúrræði, að myrða eiginkonu sína, svo hún stæði ekki í vegi fyrir áformum hans. Stakk hann hana fyrst til dauða með rýtingi, og til þess að hylja glæpinn kveikti síðan í húsinu og brendi það til ösku — án þess að vita, að tvö af börnum hans voru þar inni,— og lík vesalings konunnar fanst í öskunni með hnífinn í hjartastað.

— Max Kiarfine, húseigandi í Chicago, heimsótti einn leigianda sinn, svertingjakonu, sem Flora Smith heitir, og heimtaði húsaleiguna eða að hún hipjaði sig á burt. Kerling vildi hvorugt. Og reiddist húseigandinn þá svo, að hann greip exi og hjó í höfuð kerlingar; varð það sár allmikið og hékk exin föst. Kerlingu brá ekki hið minsta, að öðru en því, að hún þreif í húseigandann og þeytti honum út úr húsinu, tók síðan exina úr sárinu og lumbraði á honum með henni, og varð það húseigandanum til lífs, að lögregluþjón bar þar að, sem bjargaði honum.

— Skógareldar geysa í námunda við Fort Francis, Ont., og hafa ollað miklu eignatjóni, og óséð enn hversu mikil brögð kunni að verða hér eftir að þeim, því þeir fara dagvaxaddi.

— Klaus Berntsen, formaður miðlunarmanna í danska þinginu, hefir tekið sér fyrir hendur, að mynda ráðaneyti í stað þess, sem sagði af sér um mánaðamótin.

— Ákafir hitar geysa í Chicago þessa dagana, að jafnaði um og yfir 100 stig í forsælunni. Þrjátíu manns dóu af þeim völdum sl. viku.

Wall Plaster

"EMPIRE" VEGGJA PLASTUR kostar ef til vill ögn meira en hinar verri tegundir, —en berið saman afleiðingarnar.

Vér búum til:

"Empire" Wood Fibre Plaster
"Empire" Cement Wall "
"Empire" Finish "
"Gold Dust" Finish "
"Gilt Edge" Plaster of Paris
og allar Gypsum vöruteg. undir. —

Eigum vér að senda yður bækling vorn?

BÚIÐ TIL EINUNGIS HJÁ

MANITOBA GYPSUM CO. LTD

SKRIFSTOFUR OG MILLUR Í

Winnipeg, - Man.

Heimskringla
Published every Thursday by The
Heimskringla News & Publishing Co. Ltd

Verð blaðsins í Canada og Bandar. $2.00 um árið (fyrir fram borgað).
Sent til Íslands $2.40 (fyrir fram borgað af kaupendum blaðsins hérlendis $1.50)

B. L. BALDWINSON
Editor & Manager

Office:
729 Sherbrooke Street, Winnipeg
P.O BOX 3083. Talsími 3512.

Vesturför Lauriers.

Það eru sem næst 15 ár síðan Sir Wilfrid hefir "herjað í vesturveg". Hann kom hingað að haustnóttum árið 1895, til þess, eins og hann sjálfur sagði, "að boða fólki nýtt guðspjall, — guðspjall óhindraðrar verzlunar.

Einu sinni síðan hefir hann að vísu farið hér um, en þá sást hann hvorki né heyrðist í pólitiskum skilningi, því þá kom hann að eins til að skreyta flokk hertogans af York, sem nú er orðinn George konungur hinn fimti.

Þegar hann kom hingað til að flytja "nýja guðspjallið", var hann að sækja móti Conservativum, er héldu fram tollverndunarsteínunni. Þá steínu sagði hann ósæmilega síðaðri þjóð, og þeirri steínu hét hann að kollvarpa undir eins og hann næði völdum. Fólkið hlustaði á hinn nýja boðskap og trúði. Árí síðar tók hann við stjórntaumunum, og hefir haft þá síðan, nú í 14 ár. Og á þessum 14 árum hefir hinn nýi boðskapur verkað það í "Free Trade" áttina að tollur á aðfluttum varningi hefir lækkað eitthvað litið yfir eitt cent á dollar. Með sama áframhaldi liða ennþá um 200 ár áður en "nýja guðspjallið" frá 1895 hefir náð fullkomnu starfsþreki.

Hann sannast áþreifanlegt á Sir Wilfrid málsháttarinn gamli: — "Efndanna er vant, þó loforðin séu góð". Gjaldbyrði þjóðarinnar blæddi honum í augum árið 1895, — sagði hana þyngri en svo, að tæki nokkrum tárum. Á 14 stjórnarárum sinum hefir hann þrefaldað þá gjaldbyrði. Þannig eru verkanir "nýja guðspjallsins", sem hann flutti hér í Winnipeg fyrir 15 árum.

Og nú er karl kominn til að boða "nýtt guðspjall" enn, auðvitað. Um "Free Trade" verður það varla, og varla þykir honum sambandsstjórn svo ill nú, að nýjan boðskap þurfi að flytja til að sýna, hvar betur mætti gera og hvernig.

Ef til vill er hann nú hingað kominn til að boða Manitoba nýjan sáttmála. Það er vel og engin vanþörf á, að hann beindi "sólríka brosinu" sínu í hag Manitoba, sem hann til þessa hefir haft fyrir hornreku.

Koma hans vröi sannarlegt fagnaðareíni, ef hann vildi lofa að veita Manitoba jafnrétti við t.d. fylkin Saskatchewan og Alberta, og veita þau réttindi "í dag en ekki á morgun". Til þessa dags hefir hann þverneitað, að gera nokkuð slikt. Jafnrétti við Ontario segir hann, að Manitoba fái aldrei, — geti ekki fengið, og til þess er náttúrlega sú hin gamla og gilda(?) ástæða, að Manitoba var ekki til og engin lögskorðuð héraðsstjórn hér vestra, þegar hin fylkin gengu í sambandið árið 1867 Og jafnrétti við hin yngri fylkin vestra, sem bæði eru háð sömu örlögum og Manitoba, neitar hann líka að veita, en af hvaða ástæðum, það hefir hann aldrei sagt.— En svo hefir nú einn Manitobavinurinn(!) og mikilvirtur vin Laurier-stjórnarinnar, — Mr. Edward Brown, rétt nýlega lizt þeirri skoðun sinni að kröfur Roblin-stjórnarinnar séu hóflausar, af því Manitoba eigi flæðilöndin í fylkinu, en það eigi hin fylkin ekki. Sé það ástæðan hjá Sir Wilfrid, þá er hún byggð á lélegum grundvelli, því Roblin-stjórnin hefir aldrei farið fram á annað, en að fyrirhugaður samningur við Manitoba verði byggður á þeim samningi, sem gerður var við Alberta og Saskatchewan. En það þýðir, að flæðilandið yrði að sjálfsögðu tekið til greina. Það er efamál, að Manitoba hafi jafnt gagn af flæðilandi sínu, sem seint og illa gengur að fá afhent, eins og hin fylkin hafa af beinu tillagi úr sambandssjóði, í stað landsins, og sem innan fárra ára verður meir en miljón dollars á ári til hvers fylkis.

Það verða ekki mörg ár þangað til Manitoba telur miljón íbúa og meira til. Þegar þar kemur fengi fylkið 1¼ miljón dollara á ári úr sambandssjóði, UMFRAM þá upphæð, sem það nú fær, ef því væri gert jafnhátt undir höfði og hinum fylkjunum vestra, og ef sambandsstjórn skyldi kjósa að halda eftir öllu flæðilandi, en láta peninga í þess stað.

Öllum samningum í þessa átt hefir Sir Wilfrid þverneitað til þessa. Máske hann ætli nú að flytja boðskap um hughvarf sitt í þessu sambandi. Þess er sannarlega óskandi, því þetta stóra ágreiningsmál má til með að útkljá, og það getur ekki dregist mikið lengur. Viljugur eða viljugur ekki hlýtur Sir Wilfrid að stækka fylkið og jafnframt hlýtur hann þá að gera nýjan samning áhrærandi fjárhag þess og afstöðu í sambandinu.

Annað ágreiningsmálið, sem Sir Wilfrid á þessari "visitatsiu"-ferð sinni gjarnan mætti lofa að útkljá "í dag en ekki á morgun", er málið um umráð skólalandsins og skólasjóðsins. Að ástæðulausu og á móti betri vitund hefir hann ár eftir ár neitað fylkinu um rétt til að ráða yfir þessum eignum. Vitanlega væri það óhagur fyrir T. C. Norris, og aðra slika, ef breyting kæmi á þetta, en óneitanlega virðist það vottur um tilfinnanlegan skort á réttsýni, ef augnablikshagur og þörf einstaklings er metin meira en framtiðarhagur heils fylkis.

Kröfur Roblin-stjórnarinnar í þessu sambandi eru sömu kröfurnar, sem Greenway-stjórnin hélt fram í sama máli, — þær, sem sé, að sambandsstjórn afhendi fylkinu skólasjóðinn, sem nú er til, og skólalandið, sem óselt er, til algerðra umráða. Þetta neitar Sir Wilfrid að veita, þrátt fyrir það, að hans aðal-málgagn, blaðið Globe í Toronto, segir kröfuna sanngjarna og mælir fast með, að þetta sé látið eftir, og þrátt fyrir það, að Sir Wilfrid sjálfur sagði á þingi árið 1898, um einmitt þessar kröfur: —

"Uppfræðsla ungmenna er falin fylkjunum, og öll uppfræðslumál eru háð úrskurðarvaldi þeirra. Er það þá ekki samkvæmt hugsunarfræði allri og meir í samræmi við eðlilega skiftingu löggjafarvalds milli fylkisins og sambandsins, að það land og þeir peningar, sem ætlaðir eru mentastofnunum til nota, séu afhentir fylkinu til algerðra umráða".

Hafi þetta verið rétt og sanngjarnt árið 1898, og fáir munu neita að svo sé, því hefir þá ekki þessi breyting verið veitt fyrir löngu síðan? Og hvernig fer sama krafan að vera metin ranglát 1910, sem Sir Wilfrid sjálfur sagði réttláta árið 1898?

Það er mál komið, að karl sýni lit á, að breyta samkvæmt tólf ára gamalli kenningu sinni, í þessu ágreiningsmáli.

Hér eru þegar talin tvö ágreiningsmál, sem Sir Wilfrid gerði vel í, að lofa nú að binda enda á, og sem er á hans valdi að binda enda á, án þess að þrengja kosti, eða hnekkja rétti nokkurs manns eða nokkurrar konu í Canada, hlð allra minsta.

Þó er ótalið eitt málið enn, það málið, sem vandasamast er að fara með og viðkvæmast er á tilfinning fjölda margra manna í fylkinu. Það væri að líkum ofmikið, að segja það á valdi Sir Wilfrids eins, að útkljá það mál, eins og Manitoba vill að það verði útkljáð, en það er á hans valdi, fremur en nokkurs manns annars, að telja trúbræðrum sínum hughvarf og kenna þeim þann sannleika, að minnihlutinn verður að beygja sig fyrir valdi og vilja meirihlutans, og, að í þessu landi má ekki veita nokkrum trúflokki sérstök hlunnindi, að þeir allir hafa jöfn réttindi, en engin sérstök réttindi.

Þetta mál byggist á gömlum skólalögum, og á þeim samningi, í því sambandi, sem gerður var í nóvember árið 1896. Að Sir Wilfrid sé sá samningur kunnur, má ráða af því, að hann sjálfur samþykti hann fyrir hönd sambandsstjórnar, og Clifford Sifton fyrir hönd Manitoba-stjórnar.

Hæztaréttar úrskurður í skólamálinu var þess eínis, að kaþólskir menn í Manitoba hefðu rétt til að heimta sérstök hlunnindi, að því er snertir uppfræðslu ungmenna á alþýðuskólum. Í þessum samningi þeirra Lauriers og Siftons voru þessi sérstöku hlunnindi greinilega viðurkend og endurnýjuð. Þar er svo ákveðið, að gangi 10 kaþólsk börn á einn skóla, eigi þau heimting á, að kensla fari fram á frönsku, og að auki heimting á hálfstíma tilsögn í kaþólskum fræðum á hverjum degi, — í sérstöku herbergi. Nú eru sveitaskólar all-oftast eitt herbergi og ekki meir. Þýða þá þessi ákvæði það, að þó 40 börn séu á skólanum, verða 30 þeirra að tapa hálfstíma kenslu á hverjum degi, til þess að kaþólskur klerkur geti kent 10 kaþólsku börnunum fræði sín. Þar sem 25 kaþólsk börn ganga á einn skóla í smábæ eða sveit, en 40 á einn skóla í stærri bæjum, þar er skólastjórnin skyld til að hafa kaþólskan kennara, og auðvitað veita hálftímann til kaþólsks fræðalesturs.

Þrátt fyrir þessi sérstöku hlunnindi neitar meirihluti kaþólskra manna í fylkinu, að senda börn sín á þessa "guðlausu skóla", en kosta sérstaka kaþólska skóla fyrir þau sjálfir, en þá skóla getur fylkið ekki viðurkent sem alþýðuskóla.

Í þeirri von, að auka uppfræðslu ungmenna heimtu nú fjölmargir menn í fylkinu, að lagavaldi skuli beitt til að knýja börn til skólagöngu. Valdboðsákvæði þessi voru í skólalögum fylkisins, frá 1879—1890, en þá strykaði Clifford Sifton þau út, — af því vitanlega, að eins rétt hefði verið að knýja kaþólíka með lagavaldi til að afneita sinni trú, eins og að knýja þá með lagavaldi til að senda börn sín á þá skóla, sem þeir álita ókristilega.

En nú hafa eftirmenn og pólitiskir trúarbræður Siftons og perluvinir Sir Wilfrids gerst formælendur þess, að valdboðsákvæðin gömlu sé innlimuð í skólalögin. Vitandi engu síður en Clifford Sifton, að þau ákvæði eru ómögulog eins og ástatt er, heimta þeir þau með sívaxandi ákafa.

Úr því svona er, — að þeir, sem hæzt æpa um valdboðsákvæðin, eru Sir Wilfrids útvaldir erindrekar og stuðningsmenn í öllum málum í Manitoba, þá er ekki ósennilegt, að hann hafi gefið þeim undir fótinn, — að hann sé viðbúinn, að fá sína kaþólsku bræður til að afneita rétti þeirra, en taka valdboðsákvæðunum með þögn og þolinmæði, með auðsveipni og löghlýðni.

Leysi Sir Wilfrid Laurier þennan hnút og boði hann samtimis nýjan sáttmála, að því er snertir ágreiningsmál fylkisins og sambandsins, þá er "betur farið en heima setið". Geri hann ekkert af þessu, þá er ferð hans hingað tilgangslaus. Hann græðir þá ekki einn einasta vin eða áhanganda, hversu fagurlega, sem hann flytur mál á mannfundum.

Skylduverk.

(Framhald).

IV.

1. Ákæra: Sparisjóðurinn ekki gerður upp þannig, að hann komi heim við bækur bankans í 8—9 ár.
2. Svar: Sparisjóðurinn er gerður upp ekki einungis árlega, heldur mánaðarlega, — þannig, að hann kemur heim við bækur bankans. Hver upphæð hefir verið færð á 5 stöðum: 1) í viðskiftabókina, 2) í höfuðbók sparisjóðsins, 3) og 4) í sína dagbókina hjá hvorum sparisjóðsmanni, og 5) hjá féhirði.

Bækurnar eru allar til sýnis, sem þegjandi vitni þess, að þessi ákæra er uppspuni.

V.

1. Ákæra: Reikningsskekkja í sparisjóðsbókunum, sem nemnemur yfir 48 kr.
1. Svar: Þetta er satt, getur komið fyrir hjá hverjum sem er. Hér er að ræða um tvær miljónir (2,600,000) og sex hundruð þúsund króna, skiftar niður í ellefu þúsund (11,000) inneigendur. Mikil fyrirhöfn og kostnaður, að reikna það alt yfir, til þess að finna, hvar skekkjan er. Bankastjórnin áleit það ekki borga sig, að eyða til þess tíma og fé.

VI.

1. Ákæra. Reikningar bankans ekki endurskoðaðir né úrskurðaðir.
2. Svar: Bankastjórnin hefir ætið samið reikninga bankans á réttum tíma, afgreitt þá til stjórnarráðsins og jafnframt séð um, að þeir væru birtir í almenningsblöðum. Þetta er alt það, sem hún var skyldug að gjöra. Endurskoðun og úrskurðun komu bankastjórninni ekkert við, annar endurskoðunarmaður skipaður af stjórninni og hinn kosinn af alþingi; úrskurður reikninganna heyrir undir stjórnarráðið. Þetta hvorttveggja er bankastjórninni óviðkomandi. Dagleg endurskoðun á bókum bankans hefir öll undanfarin ár farið reglulega fram.

VII.

1. Ákæra: Framkvæmdarstjóri hefir veitt sjálfskuldar ábyrgðarlán og víxla, án þess að gæzlustjórarnir, annar eða báðir, veittu til þess samþykki sitt. Þetta er beint brot á lögum bankans.
2. Svar: Lög bankans veita framkvæmdarstjóra fult vald til þessa, án samþykkis gæzlustjóra. Það er hvergi heimtað í lögum bankans; sömu reglu fylgt í Íslandsbanka.

VIII.

1. Ákæra: Hálft þriðja hundrað víxlar er eigi hafi fylgt útgjaldaskipun skrifleg frá framkvæmdarstjóra eða bankastjórum, og þeir því ólöglega keyptir af starfsmönnum bankans, féhirði og bókara.
2. Svar: Hvergi neitt ákvæði í lögum bankans um það, hvernig kaupa skuli víxla; þau fyrirskipa ekkert form fyrir því, minnast ekki á neinar skriflegar útgjaldaskipanir. — Munaleg skipun frá framkvæmdarstjóra eða bankastjórn um kaup á víxli er fullkomlega lögleg. Sama í Íslandsbanka. Þetta lýsir að eins fáfræði nefndarinnar í einföldustu atriðum bankalaganna.

IX.

1. Ákæra: Bankastjórnin ekki athugað, hvort nokkuð væri borgað af lánum, eða hirt um að ihuga, hvort trygging væri enn örugg eða nægileg eftir að sjálfsskuldar ábyrgðarlán voru veitt; ekkert því borgað af sumum lánum.
2. Svar: Bankastjórnin í heild sinni yfirfór allar eftirstöðvar af greiðslu vaxta og afborgana af sjálfskuldarábyrgðarlánum 3—4 sinnum á ári, og tók þá jafnframt ákvarðanir um innheimtuna á eftirstöðvum hvers einstaks láns fyrir sig. Ákvarðanir þessar framkvæmdi svo framkvæmdarstjóri eftir því, sem hann áleit heppilegast fyrir bankann. Sbr. 8 gr. reglugerðar fyrir Landsbankann:

("Ekki þarf framkvæmdarstjóri þó að framkvæma ákvörðun gæzlustjóranna, þegar hann álitur, að bankinn geti haft tjón af henni").

X.

1. Ákæra: Bankinn hefir veitt sjálfsskuldarábyrgðarlán mönnum, er allir vissu að áttu ekki fyrir skuldum.
2. Svar: Þetta eru ósannindi, gripin úr lausu lofti. Eignalausum mönnum var aldrei veitt lán, nema því að eins að í ábyrgð hafi staðið menn, sem álitin var næg trygging að. Bankastjórinn hafði fulla heimild til þess, samkvæmt lögum bankans, að lána jafnvel öreiga, ef hann gat fengið ábyrgðarmenn, sem hún áleit góða og gilda, og eftir sínu eigin áliti hafði hún lævfi til að fara. Eða eftir hverju öðru skyldi hún hafa átt að fara?

(Frh.).

Sig. Júl. Jóhannesson.

Vordisin

P. P. Þorsteinsson — Jón Friðfinnsson

Allegretto. mf

Ég heyr-i hljom-a glað-a, Sem hjart-a vekj-a þrá,

cresc — Sem — cresc

Sem Mend-els-shon-ar söngv - - - - - - - ar, Sem

Mend-els-shon-ar söngv - - - - ar Mend-els-shon-ar söngv - ar, Sem

f — con. Esspress — p

sam-spil Moz-art sam-spil Mos-art hjá. Ég sé hvar sól-in

f — con Esspress — pp — cresc

sam - - spil Ég sé hvar sól - in

dans - - - - - - - - ar, Er sort-i næt-ur dvin, því

pp

dans-ar sól-in dans-ar

Ostr-a upp-ljóm-and-i Í Ey-gló Pasch-a skin,

Í Ey - - - - - - gló Pasch-a skin.

Frá vorsins fyrstu fæðing,
frá fyrstu hreying lífs
frá ómunandi öldum,
í örmum sælu og kífs,
hver lífsins frumögn fagnar
þér fagra vorsins dís,
er milli heims og himins
þinn heiði ljómi rís.

Á fari frárra vinda,
um fold og loft og sjá,
frá suður sölum björtum,
þú svífur tignar-há,
með yndisdraum í augum,
með æskuljós á brá,
með óteljandi engla,
sem ástarsöng þér tjá.

Á enni himin heiðu.
á hvelfdum brjóstum þín.
á roða ríkum vöngum
og rósa-vörum skín
þinn helgi himin-kraftur —
in helga lífsins rún,
sem brennur inst í æðum
og efst á tindsins brún,

Þú — dýrðardraumur lífsins,
þú — drotning vors á fold
ert drottinn, sem frá dauðum
til dýrðar reis, frá mold.
Þú ert vor kæri Kristur,
sem kemur páskum á,
að færa oss ljósið, lífið,
og leysa oss dauða frá.

Þig silfur-mötli sveipa
hin svölu skýja tár,
og gullhlað glæstrar sólar
þitt glóbjart krýnir hár.
Þinn kyrtill demants dreglum,
er döggum prýddur af,
og belti blóm þér knýta,
sem bliki sól við haf.

Með hörpuómi hlýjum
þú hjörtun lætur slá.
Alt ljóðar ljúft þér móti,
sem líf og hreyfing á:
hver lind sem lögur breiður,
hver lækur elfi jafn. —
Hvert skorkvikindi skilur
jafnt skáldi lífs þíns nafn.

— Á páska dag 1910.

Íslands fréttir.

: hvolfdi nýskeð í Vík í Mýr-
ið uppskipun úr gufuskipi, er
á. Á bátnum voru 18 manns,
örguðust, en 5 druknuðu. Þeir
: Sigurður og Jakob Björns-
frá Dyrhólum, Skúli Unason
Fossi í Kleifahreppi, allir
aðir; Jón Jónsson og Jón
ólfsson, ókvæntir vinnumenn
órs Jónssonar í Vík.

ðursonur Péturs kaupmanns
sonar í Bolungarvík, Oddur
asson, rak sig nýskeð á dyr-
ning, og beið bana af litlu
Hann var um tvítugt og
efnispiltur.

Björn Steinsson bóksali á
eyri ráðgerir að hætta bók-
eftir 50 ára starfsemi.

ppgliman um Íslandsbeltið
am í Reykjavík 12. júní sl.,
rð Sigurjón Pétursson verzl-
naður glímukongur Íslands.

ldór Gunnlaugsson læknir í
mannaeyjum hefir verið skip-
konsúll Frakka.

tt blað er farið að gefa út á
rbakka, heitir það "Suður-
og er Oddur Oddsson gull-
ur rítstjóri þess.

Grund í Eyjafirði brann sam-
hús, stórt og vandað, sem
ús kaupmaður Sigurðsson
reisa látið fyrir skömmu.
það óvátrygt og skaðinn því
m um 10,000 kr.

ðafli af reginþorski var, er
t fréttist, á utanverðum
irði.

lasýslusambað er nú veitt
i Ólafssyni í Firði, settum
ðsmanni, í stað Guttorms
ssonar, fyrverandi alþingis-
s, sem vikið var frá sökum
ila.

nn er Jón Ólafsson, bóndi á
sstöðum í Húnavatnssýslu,
aðarmaður og höfðingi í
Var við aldur.

dannebrogsmaður í Þorláks-
og kona hans Jórunn Sigurð-
tir héldu gullbrúðkaup sitt 5.
l.

túsalem Stefánssyni búfræðis-
dat er veitt búnaðarskóla-
staðan á Eiðum.

ldimar Briem vígslubiskups-
erður vígður að Skálholti 28.
næstk.

tunarbréf barst Birni Jóns-
ráðherra, sem hótar að
a honum aldur, ef hann verði
við aukaþingsáskorunum. —
r innihald bréfsins var kunn-
lét Jón Ólafsson birta annað
sem honum hafði borist fyrir
ári síðan og gengur í svip-
átt. Bæði bréfin hljóða þann-
—

"Reykjavík, 7. júlí 1910

Aðvörun

áðherra Íslands Björns Jóns-
r, að ef þér ekki verið við
áskorun frá alþingismönn-
orum um að aukaþing verði
ð hið bráðasta eða að mirsta
, að reglulegt þing verði hald-
til skyldum tíma í næstkom-
febrúarmánuði verðið þér
pinn innan 9 nátta og jafn-
leiri eiturormar í bjóðfélagi
, sem gert hafa sig jafnseka
eir séu enn ekki ráðnir ef ekki
egi þá að nóttu. Tækin eru til
sem hvorki baga veggir né vega-
lengd.

Hafa skuluð þér holl ráð, hvaðan sem þau koma.

Nokkrir".

"Reykjavík, 30. nóv. 1909.

Auðvirðilegi slorkjaftur

Jón Ólafsson!

Fyrir allar yðar stórlygar í síðasta tölublaði Resykjavíkur — saurblaðsins mikla — og fyrir allar þær svívirðingar, sem yður vinum hafa getað til hugar komið, þá höfum við nokkrir menn komið okkur saman um, að vera enda á stórlygalífferli yðar nær sem færi gefst og skeytum við sist um, þó að við þyrftum að úttaka dálítla begningu í staðinn. Þér megið eiga það víst helvízki mannhundur, að desembermánuður skal ekki líða svo að þér liggið ekki dauður eða að minsta kosti svo limlestur að þér skuluð ekki framar dirigera Reykjavíkinni..... Þér hafið ekki meiri rétt til að lifa heldur enn vitlaus hundur sem gengur um og gleísar í fólk. ..... Bölvaður sé allur yðar æfferill kominn og ókominn, bölvað sé alt yðar æfistarf, þér svívirðilegi hórkarl, lygari og meinsærismaður, svo framarlega sem nokkur andskóti er til, þá ef enginn efi á, að sál yðar brennur í eilífum helvítis-eldi. ..... Vér skulum sitja um yður alt af þangað til vér fáum færi á yður þér djöfull og það skal verða fyr eða síðar, og þá —

"Nokkrir handfastir drengir".

— Fyrir skömmu fanst fatakista á Como-vatni á Ítaliu. Þegar farið var að gæta í kistuna, fanst þar lík af kvenmanni, sem auðsjáanlega hafði verið myrt; grunur fóll á, að þetta mundi vera lík Mrs. Mariu Charlton, Bandaríkjakonu einnar, er horfið hafði nýskeð, og líklegast var talið, að hún hafði verið myrt af manni sínum, Porter Charlton, sem einnig var horfinn. Njósnarar voru sendir í allar áttir að leita hans, og endirinn varð sá, að hann var handsamaður í New York sl. fimtudag. Hann játaði á sig morðið, en bar því við, að það hefði verið framið þegar hann hefði verið örvita af reiði, því kona sín hefði verið hinn mesti vargur undir sólunni og sífelt átt í illdeilum, svo lífið hefði verið óbært með henni. Eftir að hafa myrt hana, lét hann líkið í fatakistu, og fleygði í vatnið, í þeim tilgangi, að hún sykki og findist því síður. Porter er kornungur Bandaríkjamaður, að eins 21 ára, af góðu bergi brotinn og vel látinn. Kona hans var eldri og æfintýrakvendi, að sögn. — Morð þetta hefir vakið hina mestu eftirtekt í New York og víðar, og er talið líklegast, að Porter lendi í geðveikrahæli fyrir glæp sinn, líkt og Harry Thaw forðum.

— Farandsali einn, er Moses Sachs hét, var fyrir skömmu myrt ur í New York, og rændur 4000 dollurum, er hann hafði haft á sér Líkið var látið í kistakistu og kistan send með hraðlest til smábæjar skamt frá borginni. Þegar kistan var opnuð, varð fyrst kunnugt um morðið, en enga hugmynd hafa menn um morðingjann.

— Síðastliðinn föstudag létu 37 manns lífið í járnbrautarslysi í Mexico.

Bókalisti

N. Ottenson's,—River Park, Winnipeg.

Ljóðmæli Páls Jónssonar í bandi .... (3) 0.85
Sama bók (að eins 2 eint.(3) 0.60
Diönusöngvar (útselt um tíma ... ... (2) 0.30
Jökulrósir 0.15
Dalarósir .... (3) 0.20
Kvæði H. Blöndal ..... (2) 0.15
Hamlet .... (3) 0.45
Ljóðmæli Jóns Árnasonar á Víðimýri, 1879 ... ... (4) 0.60
Tíðindi Prestafélagsins í hinu forna Hólastiíti ..... (2) 0.15
Áttungurinn .... (2) 0.45
Grant skipstjóri .... (2) 0.40
Leynisambandið .... (2) 0.35
Börn óveðursins .... (3) 0.55
Umhverfis jörðina á áttatíu dögum .... (3) 0.60
Valdimar múnkur .... (3) 0.55
Kynlegur þjófur .... (3) 0.40
Blindi maðurinn .... (3) 0.15
Fjórblaðaði smárinn ..... (3) 0.10
Kapítola (í II. bindum) (3) 1.25
Áfengi og áhrif þess, í b. 0.10
Eggert Ólafsson (B.J.) ... 0.15
Gönguhrólfs rímur (B.G.) 0.20
Hugsunarfræði (E.B.) 0.15
Höfrungahlaup 0.15
Jón Ólafssonar Ljóðmæli í skrautbandi ... ... 0.60(3)
Kristinfræði .... 0.45(2)
Kvæði Hannesar Blöndal 0.15(2)
Málsgreinafræði 0.15
Mannkynssaga (P.M.), í b. 0.85(5)
Mestur í heimi, í b. 0.15
Olnbogabarnið 0.15
Prestkosningin. Leikrit, eftir þ. E., í b. 0.30
Ljóðabók M. Markússonar 0.50
Friðþjófs sönglög 0.50
Ritreglur (V. Á.), í b. ... 0.20
Seytján æfintýri, í b. ... ... 0.35(3)
Siðfræði (H. H.), í b. 1.10
Sundreglur, í b. 0.15
Útsvarið. Leikrit, í b. ..... 0.35(2)
Verði ljós 0.15
Vestan hafs og austan. Þrjár sögur, eftir E. H., í b. 0.90
Víkingarnir á Hálogalandi eftir H. Ibsen 0.25
Þjóðsögur Ó. Davíðss., í b. 0.35(4)
Þorlákur helgi 0.15
Þrjátíu æfintýri, í b. ..... 0.35(4)
Ofurefli, skálds. (E.H.), íb. 1.50
Draugasögur, í b. .... 0.35(4)
Ölöf í Ási .... 0.45(3)
Smælingjar, 5 sögur (E.H.) í bandi 0.85
Skemtisögur eftir Sigurð J. Jóhannesson 1907 ... 0.25
Kvæði eftir sama frá 1905 0.25
Ljóðmæli eftir sama. (Með mynd höfundarins) Frá 1897 .... 0.25
Tólf sönglög eftir Jón Friðfinnsson 0.50
Nýustu svenskar Musik Bækur, útg. í Stockholm:
Svenska Skol-Qvartetten ...0.60(5)
26te och 27de Tusendet Sv. Skol-Qvartetten ... ... 0.60(5)
Dem Kören ... ... 1.00(5)
Normal-Sangbok .... 0.50(5)
Safn til sögu Íslands og ísl. bókmenta í b., III. bindi og það sem út er komið af því fjórða. (53c) $9.45
Íslendingasaga eftir B. Melsted I. bindi í bandi, og það sem út er komið af 2. b. (25c) 2.85
Lýsing Íslands eftir þ. Thoroddsen í bandi (16c) 1.90
Fornir fornislenzkir rímnaflokkar, er Finnur Jónsson gaf út, í bandi .... (5c) 0.85
Alþingisstaður hinn forni eftir Sig. Guðm.son, í b. (4c) 0.90
Um kristnitökuna árið 1000, eftir B. M. Ólsen (6c) 0.90
Sýslumannaæfir eftir Boga Benediktsson, I. og II. b. innbundið .... (55c) 8.10
Íslenzk fornbréfasafn, 7 bindi innb., 3 h. af 8. b. ($1.70) 27.80
Biskupasögur, II. b.innb.(42c) 5.15
Landfræðissaga Íslands eftir þ. Th., 4 bindi innb. (55c). 7.75
Rithöfundatal á Íslandi 1400—1882, eftir J.B., í b. (7c) 1.00
Upphaf allsherjarríkis á Íslandi eftir K.Maurer, í b. (7c) 1.15
Auðfræði, e. A. Ól., í b. (6c) 1.10
Presta og prófastatal á Íslandi 1869, í bandi .... (9c) 1.25
B. Thorarinsson ljóðmæli, með mynd, í bandi 1.50
Bókmentasaga Íslendinga eftir Finn Jónsson, í b. (12c) 1.80
Norðurlandasaga eftir P. Melsted, í bandi .... (8c) 1.50
Nýþýdda biblían ..... (35c) $2.65
Sama, í ódýru bandi (33c) $1.60
Nýjatestamentið, í vönduðu bandi .... (10c) 0.65
Sama, í ódýru bandi ... (8c) 0.30

Nýkomnar bækur.

Kóralbók þ. Guðjónssonar ... 0.90
Sama bók í bandi 1.10
Svartfjallasynir .... (5) 0.60
Aldamót (Matth. Joch.) 0.20
Harpa .... (4) 0.60
Ferðaminningar, í bandi (5) 0.90
Bóndinn ...." 0.35
Minningarrit (M. Joch.) ... " 0.35
Týndi faðirinn ... ... " 0.35
Nasreddin, í bandi 0.35
Ljóðmæli J. Þórðarsonar (3) 0.45
Ljóðmæli Gestur Pálsson " 0.75
Haldánar rímur 0.30
Ljóðmæli Jóns Árnasonar á Víðimýri .... (6) 0.90
Maximi Petrow .... (2) 0.45
Leyni-sambandið .... (2) 0.45
Kapitola, I. og II. bindi (3) 1.25
Hinn óttalegi leyndardómr (2) 0.50
Sverð og bagall ..... (2) 0.30
Wladimer Níhilisti 0.75
Ljóðmæli Matth. Jochumssonar, I.-V. bd., í skrautb. (15) 4.50
Afmælisdagar Guðm. Finnbogasonar 1.00
Bréf Tómasar Sæmundss. (4) 0.75
Sama bók í skrautbandi ...(4) 1.15
Íslenzk-ensk orðabók, G. T. Zoega .... (10) 1.80
Fornaldarsögur Norðurlanda, í 3 bindum, í vönduðu ovltu bandi .... (15) 4.50
Gegnum brim og boða 0.90
Ríkisréttindi Íslands 0.50
Systurnar frá Grænadal 0.35
Æfintýri handa börnum 0.30
Vísnakver Páls lögmanns Vídalíns 1.25
Ljóðmæli Sig. Júl. Jóhannss. 1.00
Sögur frá Alhambra 0.30

* * *

Ég hefi fengið töluvert meira af bókum frá Íslandi en hér er auglýst að þessu sinni; reikningarnir fyrir þær ókomnir. Þess skal getið viðvíkjandi bandinu á Fornaldarsögum Norðurlanda, að það er mjög vandað, handbundið skrautband, vel frá gengið: eins er með Bréf Tómasar Sæmundssonar.

Tölurnar í svigum tákna burðargjald, er sendist með pöntunum.

N. OTTENSON,
River Park, Winnipeg, Man.

THE DOMINION BANK

HORNI NOTRE DAME AVENUE OG SHERBROOKE STREET

Höfuðstóll uppborgaður: $4,000,000.00
Varasjóður - - - $5,400,000.00

SPARISJÓÐS DEILDIN:

Vér veitum sparisjóðs innleggjendum sérstakt athygli, og borgum hæztu vexti á sparisjóðs innleggjum af $1.00 og yfir. — Barna innlegg velkomin. — Seljun peningaávísanir á ÍSLAND.

H. A. BRIGHT, RÁÐSMAÐUR.

Með því að biðja sérlega um "T.L. CIGAR," þá eru viss að fá ágætan vindil.



T.L.

(UNION MADE)

Western Cigar Factory
Thomas Lee, eigandi Winnipeg

Vitur maður er varkár með að drekka eingöngu HREINT ÖL. Þér getið jafna reitt yður á

DREWRY'S

REDWOOD LAGER.

Það er léttur, freyðandi bjór, gerður eingöngu úr Malt og Hops. Biðjið ætíð um hann.

E. L. DREWRY, Manufacturer, Winnipeg

STRAX Í DAG er BEZT AÐ GERAST KAUPANDI AÐ HEIMSKRINGLU. — ÞAÐ ER EKKI SEINNA VÆNNA.

Manitoba á undan.

Manitoba hefir víðáttumikla vatnsfleti til uppgufunar og úrfellis. Þetta, hið nauðsynlegasta frjógunarskilyrði, er því trygt. —

Ennþá eru 25 milión ekrur óbygðar.

Íbúatal fylkisins árið 1901 var 225,211, en er nú orðið um 500,000, sem má teljast ánægjuleg aukning. Árið 1901 var hveiti og hafra og bygg framleiðslan 90,367,065 bushela; á 5 árum hefir hún aukist upp í 129,475,943 bushel.

Winnipeg borg hafði árið 1901 42,240 íbúa, en hefir nú um 150,000; hefir nálega fjórfaldast á 8 árum. Skattskildar eignir Winnipegborgar árið 1901 voru $26,405,770, en árið 1908 voru þær orðnar $116,106,390. Höfðu meir en þrefaldast á 7 árum.

Flutningstæki eru óviðjafnanleg,— í einu orði sagt, eru í fremsta flokki nútíðartækja: Fjórar þverlandsbrautir liggja um fylkið, fullgerðar og í smíðum, og með miðstöðvar í Winnipeg. Í fylkinu eru nú nálega 4 þúsund milur af fullgerðum járnbrautum.

Manitoba hefir tekið meiri landbúnaðarlegum og efnalegum framförum en nokkurt annað land í heimi, og er þess vegna ákjósanlegasti aðsetursstaður fyrir alla, af því þetta fylki býður beztan arð af vinnu og fjárleggi.

Skrifið eftir upplýsingum til: —

JOS. HARTNEY, 77 York Street, Toronto, Ont.
JOS. BURKE, 178 Logan Avenue, Winnipeg, Man.
A. A. C. LaRIVIERE, 22 Alliance Bldg., Montreal, Quebec,
J. F. TENNANT, Gretna, Manitoba.

J. J. GOLDEN,
Deputy Minister af Agriculture and Immigration, Winnipeg.

i búinn að aka yfir mig, þá gerirðu mér þann
ka, að segja mér hvað húsbóndi þinn heitir".
'Hvað varðar þig um það?" spurði ökumaður
eit fyrirlitlega á betlarann. "Ertu að hugsa
ið heimta bætur yrir það, að vagninn var nærri
inn ofan á þig, þó óhapp hlytist ekki af því".
'Nei", svaraði Jakob, "það er alls ekki tilgangur
Ég spyr þessa af alt öðrum ástæðum".
'Jæja þá", svaraði ökumaður, sem var skikkan-
og meinlaus maður, "sé tilgangur þinn kröfu-
þá get ég sagt þér nafn hans. Hann heitir
n Ehrenstam",
'Á — er þetta heimili hans?"
'Nei, hann fór inn í húsið til að finna móður
stúlkunnar, sem með honum er".
'Og hver er þessi unga stúlka?"
'Nei, hættu nú. Nú ert þú of forvitinn", sagði
naður. "Hvað varðar þig um húsbónda minn
túlkuna hans?"
'Það skal ég segja þér", svaraði Jakob. "Fyrir
gum árum síðan hefir barún nokkur Ehrenstam
mér mikinn greiða; sé nú þessi ungi maður son-
ans, sem mér sýndist hann líkjast svo mjög, þá
ekert undarlegt við það, þó ég spyrji um hann".
'Til þess að geta notið góðs af velgerðum hans i
ð sinn", sagði ökumaður hægjandi. "En hvað
ur þér stúlkan við?"
"Ekkert — en ég hélt hann væri máske giftur, og
etta væri konan hans".
"Hann er að sönnu giftur, en til vinstri handar,
og allir þessir ungu menn. Ungfrú Helen er
kona hans og verður það aldrei".
"Heitir hún Helen?" spurði Jakob fljótlega.
"Já, hún heitir það, og hún kvað vera ágæt
nær".
"Hún er þá leikmær?"

"Já, og barúninn hefir leyft mér að fara í leikhúsið á morgun og sjá hana. Hún á að leika nýjan leik, sem heitir Rafhjartað".

"Rafhjartað", sagði Jakob, og strauk hendinni um enni sitt, sem var orðið líkbleikt.

Á þessu augnabliki komu þau aftur, Georg og Helen. Um leið og Jakob gekk í burtu, leit hann á Helenu, sem nú var blæjulaus.

"Nú-nú, Helen", heyrði hann Georg segja, "ég held að frú Jóhanna sé í engri hættu stödd".

"Nei, nú lítur mamma betur út".

Þau settust nú bæði upp í vagninn.

"Til dýragarðsins", kallaði Georg til ökumanns.

Vagninn ók á stað.

Jakob stóð einn eftir fyrir utan húsið, sem móðir Helenar átti heima í. Nokkrar mínútur hreyfðist hann alls ekki, og horfði til jarðar djúpt hugsandi.

"Jóhanna — Helen", tautaði hann við sjálfan sig. "Þessi nöfn, sem ég hefi árum saman haft fyrir hugsjón minni í vöku og sveini, þau fæ ég að heyra í dag, sem nöfn móður og dóttur. Það er undarlegt"

Og á sama tíma — rafhjartað, sjónleikur, sem á að sýna á morgun".

"Og þó — hvað kemur þetta mér við? Það eru margar Jóhönnur, margar Helenur og mörg rafhjörtu til í heiminum".

"En, þegar ég leit á ungu stúlkuna, líknaði þó einhver undarleg hugsun hjá mér".

"Ef það hefir verið rödd ætternisins".

"Ef þessi stúlka er dóttir mín, hverrar ástmögur ber sama nafn og sá, sem tældi konu mína, þá væri bikarinn fyltur. Það yrði síðasti hlekkurinn í óhappakeðjunni, sem forlögin hafa fjötrað mig með".

"Nei, mér skjátlar. Grunsemin getur táldregið mann",

"Árum saman, eins þó ég hafi verið lokaður inni í hinum dimmu fangelsum, hefir mig dreymt um dóttur mína, litlu Helenu. Ég hefi ímyndað mér hana sem litla, grannvaxna, tötrum búna telpu, sem flæktist um göturnar og betlaði. Við þá hugsun hefir hugur minn liðið sárar kvalir — hugur minn, sem þó hefir stælzt við óæljandi óhöpp og afbrot, svo hann er steini harðari, — ég hefi leitað og leitað. Vonin um, að finna barnið mitt óskemt og saklaust, hefir verið eina ljósið, sem lýst hefir lífsbraut mína. Hve oft hefi ég ekki í draumi breytt út faðm minn til að þrýsta henni að brjósti mínu, alveg eins og ég væri búinn að finna hana. — Forlögin hafa verið miskunnarlaus við mig. Eina ánægjan, sem ég hefi beðið þau að veita mér, er sú: að ég mætti finna barnið mitt, og vinna fyrir hana þann tíma, sem ég á eftir að lifa. En ég er orðinn gráhærður, og hefi enn enga bænheyrzlu fengið".

"Og nú — nú grunar mig, að ég hafi fundið hana. Sé það svo, þá hefi ég mist hana fyrir fult og alt".

"Ég verð að komast að réttri niðurstöðu þessu efni. Í dag er það of seint, en á morgun skal ég komast að sannleikanum".

"Sé grunur minn sannur — bölvun hvíli þá yfir vélaranum og hans ætt — minni ætt. Þá skal sú hefnd, sem efi minn hefir lengi haldið kyrri, eyðileggja hann. Þessi hendi, sem deyddi vélara konu minnar, getur líka deytt vélara dóttur minnar".

Jakob leit enn á húsnúmerið, til þess að vera viss um að muna það, og gekk svo burt.

* * *

Það var daginn eftir þennan viðburð; að septembersólin sendi bjarta geisla inn um gluggana á herbergi frú Anderson í Vesturgötu. Herbergið var stórt og húsmunirnir laglegir, þó ekki væru þeir dýrir.

Jóhanna — þannig skulum við kalla frúna — hafði nýlega, eins og hún átti vanda til, fengið eina kviðu af sinni gömlu köldusótt. Hún var þó að mestu leyti sloppin við hana að þessu sinni, sat við gluggann og vermdi fætur sínar.

Þar eð Jóhanna var nú farin að venjast sællífinu, var hún því sem næst hætt að vinna, orðin feit og löt, og, að því er sambýlisfólk hennar sagði, fékk sér stundum nægilega neðan í því. Um það vissi Helen samt ekkert, því móðirin bar svo mikla virðingu fyrir fallegu dótturinni sinni, að hún gætti þess vel, að fela flöskuna, þegar hún átti von á henni.

Ennþá hélt Jóhanna, að Georg væri að eins velgerðamaður Helenar. Þeirri hugsun, að hann væri elskhugi hennar, vék hún á bug, því þótt skynsemi hennar væri farin að sljófgast af óhófi og sællífi, þá sagði reynslan henni, að fallin kona væri gæfulaus.

Hún var ánægð yfir þeirri skoðun sinni, og Helen gætti þess vel, að hún héldi henni.

Hún var upp með sér yfir dóttur sinni, og þótt hún kæmi sjaldnar og sjaldnar að finna hana, kom henni ekki til hugar, að ásaka hana fyrir kæruleysi. — "Hún á víst annríkt við þennan sjónleik", hugsaði hún.

Eins og áður er sagt sat Jóhanna við ofninn og sneri baki að dyrum, hún gat því ekki séð, að dyrnar voru opnaðar með hægð af manni, sem inn kom.

Jakob, því það var hann, sem inn kom, stóð kyr og horfði á konuna, sem sat fyrir framan hann, en hann áleit að þessi digra og feita kona gæti ekki verið hin granna og fagra Jóhanna hans.

Samt vildi hann ekki fara, án þess að sjá andlit hennar,

Nauðungarsala á Gull-stássi og Úrum.

Eftir að hafa rékið skrautgripa og úra verzlun hér í bæ um í 27 ár, er eg nú neyddur til að hætta vegna þess að eg fengið tilkynning að yfirgefa búð mína innan 30 daga, verður þessvegna allur vöru birgðir mínar seldar með verksmiðju verði og sumt langt þar fyrir neðan. Hér á eftir er lítið sýnishorn af hinu lága verði.

ÚR.

KVENNAÚR í 25 ára gull umgjörð, í 15 steinum. Vanaverð $18.50 nú $10.75.

KARLMANNSÚR í 20 ára gullumgjörð og í 15 steinum. Vanaverð $17.50 nú að eins $9.65.

KARMANNSHRINGIR: Vanaverð $8—10.00 nú seldir á $5 95

KLUKKUR.

BORÐ KLUKKUR. Vanaverð $9—11.00 nú $6,25

ELDHÚS KLUKKUR. Vanaverð $4.00 nú $2 35

Auk þess gef eg 25 prósent afslátt.

W. W. MATHEWS

558 MAIN ST.

ROBLIN HOTEL

115 Adelaide St. Winnipeg

Bezta $1.50 á-dag hús í Vestur-Canada. Keyrsla ókeypis milli vagnstöðva og hússins á nóttu og degi. Aðhlynning hins bezta. Viðskifti Íslendinga óskast. ÓLAFUR G. ÓLAFSSON, Íslendingur, afgreiðir yður. Heimsækjið hann. —

O. ROY, eigandi.

MARKET HOTEL

146 PRINCESS ST. Á móti markaðnum

P. O'CONNELL, eigandi, WINNIPEG

Beztu tegundir af vínföngum og vindlum, aðhlynning góð, húsið endurbætt

Woodbine Hotel

466 MAIN ST.

Stærsta Billiard Hall í Norðvesturlandinu

Tíu Pool-borð.—Alskonar vín og vindlar

Gisting og fæði: $1.00 á dag og þar yfir

Lennon & Hebb, Eigendur.

JIMMY'S HOTEL

BEZTU VÍN OG VINDLAR.
VÍNVEITARI T.H.FRASER,
ÍSLENDINGUR.

James Thorpe, Eigandi

JOHN DUFF

PLUMBER, GAS AND STEAM FITTER

Alt verk vel vandað, og verðið rétt

664 Notre Dame Ave. Phone 3815

Winnipeg

Fréttabréf.

NOME, ELASKA,

6. júní 1910.

Heiðraði ritstj. Hkr.

Fréttir eru fáar og í fáu nýtar. Veturinn byrjaði snemma, endaði seint og var yfirleitt allur harður og stormasamur, snjóþungur og kaldur. Seint í marz hætti þó fyr, ir það mesta stormum og snjógangi, en kuldinn hélst ótrúlega jafn; um daga klöknaði varla nokkurntíma fyrir dyrum úti, hvað þá meir, og um nætur var kuldinn um og yfir 20 fyrir neðan zero, með fáum undantekningum. Seinustu dagarnir af apríl gáfu von um bót og betran, en sú von brást, maí byrjaði kaldur með töluverðri snjókomu, og var yfirleitt allur næðingssamur og kaldur og af og til snjókoma; fáir dagar, frá 24.—27. voru hlýlegir og sumarlíkir. Júní byrjaði bvkkur og þokufullur, með snjókendu úrfelli. og helst enn. Afleiðingin er, að snjór er enn mikill og vorvinna (Sluicing) gengur seint. Sumarvertíð að sjálfsögðu verður með lang-seinasta móti. Ísinn liggur enn landfastur, en alt um það kom hér öllum til stórrar ánægju lítla eimskipið "Corwin", þann 3. þ.m. Þann fyrsta komu nokkrir af farþegum, höfðu skilið við skipið um 40 mílur í suðaustur héðan, en um 7 mílur undan landi, þar sem skemst var í land. Um 150 farþegar komu með skipinu og 12 tonn af pósti og mörg tonn af öllum sortum nýrrar fæðu, svo sem egg, kjöt, kartöflur og allar tegundir aldina, m.fl. Menn með hundalestir hafa annríki mikið við afferming skipsins.

Það var tilfinnanleg deyfð í öllu hér næstliðinn vetur, og sem afleiðing hefir margur "cold feet" (eins og það er kallað hér þegar burtfararhugur kemur í fólk). Atvinna var mjög takmörkuð. Verka mannablaðið skýrði frá í apríl í vetur, að um 600 væru við námavinnu og hefðu verið meiri hluta vetrarins, og að um helmingur (300) ynnu fyrir daglaunum (daglaun vöru í vetur $3.00 á dag og fæði); hitt væru smá-útgerðir, sem væru að taka út gull eða leita gulls (Prospecting), og væri gert í félagi af tveimur eða fleirum í samvinnu.

Gullfundir hafa verið fáir og eng ir stórfeldir. Það er því fyrirsjáanlegt, að í framtíðinni felst önnur náma-aðferð en hefir verið viðhöfð til þessa, og með því að sú aðferð er aukinn maskinu-kraftur, þá þýðir það færri verkamenn, og svo hitt, að peningamaðurinn verður framleiðandinn. Það er mikið af námum hér, sem hafa svo takmarkaða auðlegð, að með réttu véla-fyrirkomulagi er enginn efi á góðum ávinningi. Það er líka sögð full sönnun fyrir, að 16 eða fleiri eim-graftrarvélar (Dredges) verði fluttar inn í sumar, og eru þó nokkrar hér fyrir. Þá er og nánum klettanna (Quartz) veitt meiri og meiri eftirtekt, og svo mikið er víst, að þær eru margar og álitlegar fyrir efnamannsins áræði og ágirnd, sem alt af er á vaðbergi fyrir tækifærum auðs og frama, — gulli blönduðum sjálfshagnaði.

Rétt fyrir jólin seldi landi, herra Christ Goodmansön og félagi hans leigurétt þann, er þeir höfðu á námu, er þeir voru búnir að vinna á í nær því ár. Verðið var tvö þúsund dollarar út í hönd og eitt þúsund í vor. Eftir að hafa hvilt sig um tíma, fór herra Goodmanson í félag með Finnlending og tók á leigu aðra námu, og var þar í gull-leit allan seinni hluta vetrarins og fann ekkert; en nú er hann búinn að taka á leigu aðra námu, sem hann segist vita að gull sé í, og ætlar að vinna þar í sumar. — Við hinir fimm landarnir hér gerðum ekkert teljandi í allan vetur.

Yfirgangur miður góðgjarnra manna neyddi mig til að flýja á náðir réttvísinnar í þeim tilgangi, að úrskurða, hvort þeir eða ég hefðu rétt til 9 ekra námujarðar, sem þeir höfðu flutt sig á með námuútbúnað. Þeir neituðu að taka öllum sátta tilboðum, sem ég bauð þeim, héldu sig stöðugt að því, að ég hefði þar engan rétt o.s.frv. Eftir að hafa unnið þar um fjóra mánuði og tekið út talsvert gull, varð mér með aðstoð annara það ágengt, að þeir voru reknir af námunni. Dómarinn "granted injunction), en þar við situr. Hafi ég nokkurntíma verið í vafa um hlutdrægt réttarhald, þá er ég það ekki lengur. Það er vissa mín en enginn vafi. Ó, bara ég hefði trúverðugan lögmann.

Fólkstal var tekið hér í vetur, og sú sönnun fengin, að Nome tilheyrðu nær því 2700 íbúar.

Heilsufar og líðan yfirleitt í betra meðallagi. Þrir eða fjórir inni fyrir brjálsemi og verða sendir út með fyrstu skipum.

Þann 19. marz var af 23. ára gömlum mexikönskum manni skotinn til dauðs verzlunarmaður hér. Það var enginn viðstaddur, þegar glæpurinn var framinn, og er því sá seki einn til frásagna um orsakir og atvik því viðvíkjandi. Fyrir stuttu síðan var mál hans rannsakað, og af kviðdómi var hann fundinn sekur í annarar tegundar manndrápi. En það varðar frá 15 ára til lífstíðar fangelsi, og þann úrskurð gaf kviðdómur valdi dómara, sem enn hefir ekki verið kunngerður. Lögmenn þess ríka báðu um nýja rannsókn, en ekki er búist við, að það fáist.

Vesrzlunarmaðurinn var griskur, og hafði verið hér síðan 1900. — Bróðir hans varð úti fyrir tveimur eða þremur árum síðan, og var getið þá í Heimskringlu. Bróðursonur hans, sem hjá honum vann, heldur áfram verzlan.

Með vinsemd og virðingu,

S. F. Björnson

Þið getið sagt sem ykkur sýnist um gæði dýrra klukkna, sagði Argonaut, en sannleikurinn er, að ég á heima mjög ódýra klukku, sem ég keypti fyrir 20 árum, setti hana á hilluna við rúmið mitt, vatt hana upp, og setti nákvæmlega eftir sól, og henni hefir ekki skeikað um eina einustu mínútu í öll þessi ár.

Í sannleika mjög undravert, kvað við hjá áheyrendunum.

Þú ætlar þó aldrei að fullvrða, að klukkunni hafi aldrei skeikað um mínútu allan þennan tíma, spurði einn vantrúaður.

Aldrei um mínútu, ansaði Argonaut, því þegar ég vatt hana upp, slitnaði fjöðrin, og við það hefir setið, en á sömu mínútunni er hún og ég setti hana þá.

Ókeypis Píanó fyrir yður



Þetta er vort "Louis Style" Piano, fegursta hljóðfæri í Canada. Sjet yður til reynslu í 30 daga ókeypis. —

LESIÐ ÞETTA:

STEFNA þessa félags hefir verið, að "fullnægja, eða peningum yðar skilað aftur". Og nú gerum vér það bezta tilboð sem nokkrir Píanó-salar hafa nokkru sinni gert í þessu landi. Það veitir yður fría reynslu hljóðfærisins og kauprétt á því með HEILDSÖLU verði og vægum afborgunum ef þess óskast. Vér biðjum ekki um 1 cent af yðar peningum fyrr en þér eruð alveg ánægðir. —

Tilboð vort

Fillið út og sendið meðfylgjandi "COUPON" og vér sendum yður strax sýnismyndir af vorum ýmsu hljóðfærum með verði hvers þeirra. Þér veljið Píanó, og vér sendum yður það tafarlaust og borgum flutningsgjald; þér reynið það í 30 daga ókeypis. Eftir það getið þér sent það oss á vorn kostnað, eða keypt það af oss með heildsölu verði. Er þetta ekki gott boð?

W. DOHERTY PIANO & ORGAN CO., LTD.,

WESTERN BRANCH, WINNIPEG, MAN. FACTORIES, CLINTON, ONT.

COUPON

W. DOHERTY PIANO & ORGAN CO., LTD.,
286 HARGRAVE STREET, WINNIPEG, MANITOBA.

Kæru herrar! Sendið mér strax sýnismyndir af Piano tegundum yðar, með verðlista og upplýsingum um ókeypis reynslu tilboð yðar, er sýnir hvernig ég get reynt Píanó-ið um 30 daga, mér kostnaðarlaust.

NAFN_____

ÁRITAN_____

LEIÐBEININGAR--SKRA

YFIR AREIÐANLEGA VERZLUNARMENN Í WINNIPEG

MUSIC OG HLJÓÐFÆRI

CROSS, GOULDING & SKINNER, LTD.
Pianos; Player-Pianos; Organs; "VICTOR" og "EDISON" Phonographs; T. H. Hargrave, Íslenzkur umboðsmaður.
323 Portage Ave. Talsími 4413

BYGGINGA- og ELDIVIÐUR.

J. D. McARTHUR CO., LTD.
Bygginga- og Eldiviður í heildsölu og smásölu. Sölust: Princess og Higgins. Tals. 5060, 5061, 5062

MYNDASMIÐIR.

G. H. LLEWELLIN,
"Medallions" og Mynsarammar
Starfstofa Horni Park St. og Logan Avenue

SKÓTAU Í HEILDSÖLU.

AMES HOLDEN, LIMITED
Princess & McDermott. Winnipeg.

THOS. RYAN & CO.
Alskonar Skótau. 44 Princess St.

THE Wm. A. MARSH CO. WESTERN LTD.
Framleiðendur af Finu Skótaui. Talsími: 3710
88 Princess St. "High Merit" Marsh Skór

BYGGINGA - EFNI.

JOHN GUNN & SONS
Talsími 1277 206 Jarvis Ave.
Höfum bezta Steinn, Kalk, Cement, Sand o. fl.

THOMAS BLACK
Selur Járnvöru og byggingaefni allskonar
76—82 Lombard St. Talsími 600

THE WINNIPEG SUPPLY CO., LTD.
298 Rietta St. Talsímar: 1936 & 2187
Kalk, Steinn, Cement, Sand og Möl.

MATHESON AND GAY
Húsasmiðir, smiðakarar og viðgerðarmenn
221 Higgins Ave. Winnipeg

BYGGINGAMEISTARAR.

PAUL M. CLEMENS
Bygginga - Meistari, 443 Maryland St.
Skrifst.: Argyle Bldg., Garry st. Talsími 5997

CLYDEBANK SAUMAVÉLA AÐGERÐARMAÐUR. Brúkaðar vélar seldar frá $5.00 og yfir
645 Notre Dame Phone, Main 8624

ACCOUNTANTS & AUDITOR

A. A. JACKSON,
Accountant and Auditor
Skrifst.—28 Merchants Bank. Tals.: 57

PIPE & BOILER COVERING

GREAT WEST PIPE COVERING CO.
132 Lombard Street.

VÍRGIRÐINGAR.

THE GREAT WEST WIRE FENCE CO., LT
Alskonar virgirðingar fyrir bændur og borga
76 Lombard St. Winnipeg.

ÁLNAVARA Í HEILDSÖLU

R. J. WHITLA & CO., LIMITED
264 McDermott Ave Winnipeg
"King of the Road" OVERALLS.

BILLIARD & POOL TABLE

W. A. CARSON
P. O. Box 227 Room 4 1 Molson Bank
Öll nauðsynleg áhöld. Eg gjöri við Pool-b

NÁLAR.

JOHN RANTON
203 Hammond Block Talsími 467
Sendið strax eftir Verðlista og Sýnishorni

GASOLINE Vélar og Brunnbor

ONTARIO WIND ENGINE and PUMP CO. L
301 Chamber St. Sími: 2868
Vindmillur — Pumpur — Agætar Vélar.

BLÓM OG SÖNGFUGLAR

JAMES BIRCH
442 Notre Dame Ave. Talsími 26
BLÓM — allskonar. Söng fuglar o

BANKARAR, GUFUSKIPA AGENT

ALLOWAY & CHAMPION
North End Branch: 667 Main street
Vér seljum Avísanir borganlegar á Island

LÆKNA OG SPÍTALAAHÖL

CHANDLER & FISHER, LIMITED
Lækna og Dýralækna áhöld, og hospítala áh
185 Lombard St., Winnipeg, Man.

Hann ræskti sig þess vegna, til þess að vekja eftirtekt hennar.

Jóhanna hrökk saman og sneri sér við.

Hún þekti hann undir eins, þrátt fyrir hrukkurnar, sem tíminn hafði merkt andlit hans með, varð hrædd og hljóðaði.

"Það er hún", sagði Jakob við sjálfan sig, og hallaðist skjálfandi upp að veggnum. "Ó, mig hefir þá grunað rétt".

"Jakob, ert þú þetta sjálfur, eða er það svipur þinn?" spurði hún mjög hrædd.

"Konan", sagði Jakob dimmraddaður. "Ég er kominn til að heimta barnið mitt, sem ég hefi þráð um margra ára tíma. Hvað hefirðu gert af henni?"

"Jakob, þú lifir þá ennþá? Ég hélt þú værir dáinn fyrir löngu síðan".

"Það hefði líklega verið bezt fyrir þig", sagði Jakob í sama róm. "En ég lifi eins og þú sérð".

"Ég skil þig. Þú ert fátækur og hefir komist eftir því, að ég hefi allsnægtir, og ert því kominn í því skyni að njóta þeirra með mér".

Jakob brosti háðslega.

"Ég kem til að heimta barnið mitt, þú heyrir það. Hvað hefirðu gert af henni?"

"Barnið þitt lifir", sagði Jóhanna, og tevgði rembingslega úr sér, "og hvorugt okkar þarf að bera kinnroða vegna hennar. Að öðru leyti sé ég ekki að þú hafir nokkra heimild til að krefjast hennar, þar sem þú hefir ekkert sint okkur í svo mörg ár. Það er ég, sem hefi orðið að vinna fyrir henni, og þar af leiðandi heyrir hún mér til.

"Þér — já, hún heyrir þér til", sagði Jakob beiskjulega. "Þú lagðir fyrst hjúskaparloforð þitt í faðm annars bróðursins, og svo barnið okkar í faðm hins. Þú ert í sannleika viðkvæm móðir. Þú

hefir rækt skyldur þínar laglega, og mátt vera roggin yfir því".

"Guð minn góður! Við hvað áttu?"

"Láttu ekki svona heimskulega, — þú skilur mig. En segðu mér fyrst, hvort þú getur staðfest það með eiði, að Helen sé dóttir mín, en ekki hans, þrælsins, sem kom þér til að svíkja mig".

"Það get ég, Jakob", sagði Jóhanna með ákafa. "Ég sver það í guðs nafni. Helen fæddist þrem mánuðum eftir að þú yfirgaíst mig, og þá var kunningsskapur okkar Ehrenstams ekki nema fimm mánaða gamall. Helen er því dóttir þín og einskis annars".

"Þess verra", sagði Jakob kuldalega.

"Hvernig stendur á þessu? Nú segirðu þess verra, en áðan sagðist þú hafa þráð hana í mörg ár".

"Já, ég hefi þráð að finna dóttur mína, en ég vonaði að finna hana óspilta og saklausa, þó hún væri fátæk. Og hvernig er hún nú, þegar ég finn hana?"

"Hvað er þetta?" sagði móðirin. "Þú finnur hana ríka og ánægða, fallega og góða eins og engil. Við höfum orðið fyrir miklu mótlæti, Jakob, orðið að þola kulda og hungur, klæðleysi og margskonar skort, en að síðustu hefir þó guð frelsað okkur. — Það er dásamleg stjórn, það er bending frá guði, að bróðir þess manns, sem tældi mig til þeirrar svyðar, sem ég hefi svo oft iðrast og grátið yfir, skuli hafa orðið velgerðamaður minn og dóttur minnar".

"Velgerðamaður", sagði Jakob háðslega. "Hann — þessi ungi Ehrenstam, sem ég sá í gær ganga inn og upp í þetta hús ásamt ungri stúlku, hann er þá velgerðamaður ykkar?"

"Já", svaraði Jóhanna með móðurgleði, "þessi

unga stúlka, sem þú sást, er dóttir þín. Er hún ekki falleg?"

"Jú, mjög falleg", svaraði Jakob, "en sér til ógæfu".

"Auk þess er hún þekkingarrík, syngur og leikur á hljóðfæri framúrskarandi vel, og þetta eigum við að þakka barún Ehrenstam, sem án þess að þekkja okkur, tók að sér að láta menta Helenu eftir tilmælum herra Sterners, sem ég þjónaði, þegar ég var í Uppsölum".

"Hvað hét hann?" spurði Jakob.

"Sterner".

"Þekkirðu skírnarnafn hans?"

"Já, hann heitir Móritz".

"Leikur forlaganna", tautaði Jakob og laut niður.

En Jóhanna hélt áfram að rausa:

"Helen var þá ekki nema 14 ára, en var áður búin að ganga nokkur ár á skóla og læra allmikið, því það var eins og forlögin hefðu ákveðið að eitthvað skyldi verða úr henni. Sá, sem fyrst liðsinti henni, var gamall piparsveinn í Stokkhólmi, hann heyrði hana syngja á strætunum og varð hrifinn af rödd hennar. En þegar þessi gamli maður dó, ráku erfingjar hans hana í burtu, svo hún varð að flú til min, sem lifði af því að þvo fyrir aðra. Seinna fluttum við til Uppsala og lentum þar í miklum bágindum. Þar sá barún Ehrenstam, sem ég bið guð að blessa, hana hjá Sterner um kvöldtíma, er lét hana syngja fyrir sig og hina. Barúninn, sem er afarríkur, aumkaðist yfir hana og lofaði að hjálpa henni áfram, svo hún kæmist á leikhúsið, eins og hana hefir ávalt langað til. Og síðan höfum við átt góða daga, sem við eigum barúninum að þakka".

"Kona", kallaði Jakob gremjulega, "þú hefir selt dóttur þína, og blessar þann, sem vélaði hana".

"Selt! Vélari!" endurtók Jóhanna óttaslegi "Nei, Jakob, það er ekki þannig..... Helen min saklaus".

"Vesalings heimskingi", sagði Jakob, "getur látið þér detta í hug, að ungur og ríkur herramaður geri svona mikið fyrir betlarastúlku, án þess krefjast launa? Það er of mikil einfeldni af þ sem þekkir þessa átt af reynslu".

"Ó, Jakob, það er voðalegt að heyra til þín sagði vesalings konan. "Taktu orð þín aftur, segðu að þér hafi skjátlað. Helen min getur ek verið brotleg — nei, nei — það væri óttalegt".

Jakob leit rannsakandi augum á konu sína.

"Eru þetta lítalæti", hugsaði hann, "eða, gett konan verið svo einföld, að imynda sér að barúnin sé að eins velgerðamaður dóttur hennar". Ef sv væri, gæti ég vorkent henni, þrátt fyrir sorgina kvalirnar, sem ég hefi orðið að þola vegna svik hennar".

"Jakob, Jakob", kallaði vesalings móðirin ó væntandi. "Þú þegir, þú svarar ekki, — ó, segð ekki, að Helen sé brotleg, — ég get ekki, ég vil ek trúa því. Ó, guð minn góður, þá hefði verið betr. að við hefðum verið fátækar, já, þó við hefðum dái úr sulti".

"Hve lengi hefir þú verið svona aðgætin, trygg konan min?" sagði Jakob háðslega. "Áður fyr þegar þú lézt bróður dótturvélarans ná ástaratlo um þínum, þá varstu kærulausari".

"Jakob, þú drepur mig", hrópaði Jóhanna o huldi andlitið í höndum sér. "Hjá þér er eng miskunn til. Ertu þá sjálfur gallalaus, harðvítu maður? Er það að eins skorturinn, sem hefir pe andlit þitt fölt og skorpið? Stendur ekki innsig glæpanna á enni þínu? Og þú kemur til að ásak mig, ... mig, sem hefi þjáðst svo voðalega síðan þ

Íslendingadagurinn.

Vegna ófyrirsjáanlegra erfiðleika með að fá hentugan stað fyrir hátíðahaldið annan ágúst í sumar, hefir enn ekki verið hægt að auglýsa, hvar það verður, en það verður gert í íslenzku blöðunum í næstu viku. Þetta verður samt sem áður ekki látið vera því til fyrirstöðu, að samskonar íþróttir og að undanförnu geti farið fram, og geta allir, sem vilja taka þátt í þeim, þess vegna undirbúið sig.

Nefndin leyfir sér, að benda sérstaklega á sundverðlaunin í ár. — Fyrstu verðlaun eru silfurbikar, gefinn af þeim bræðrum Aðalsteini og Friðriki Kristjánssonum. Bikar þessi er gefinn með því skilyrði, að ekki færri en 6 keppi um hann, og eru þeir, sem vilja taka þátt kappsundinu, beðnir að senda nöfn sín til skrifara nefndarinnar, Th. Johnson, V. Anderson eða H. B. Skaptason fyrir næsta sunnudag þann 17. þ.m.

Hjólreiðar og kapphlaup, sem sérstakan undirbúning þurfa, verður getið um í blöðunum eins fljótt og unt er, þegar staður hefir verið fenginn. Sömuleiðis verða nöfn ræðumanna birt og allar aðrar nauðsynlegar upplýsingar viðvíkjandi hátíðahaldinu gefnar.

G. ÁRNASON,
skrifari nefndarinnar.

Íslendingar eða hvað?

Þessi spurning dettur mörgum nýkomnum landa í hug, þegar hann fyrst kemur í hóp Vestur-Íslendinga, og það er engin von á öðru. Málið, sem hann heyrir, er ekki íslenzka, heldur samsuða úr ensku og íslenzku, og nöfnin, sem hann heyrir, eru alls ekki íslenzk. Aumingja landinn stendur uppi ráðalaus og glápir, hann veit ekki í hvern fótinn hann á að stiga, — alt er öðruvísi en hann bjóst við. Hann átti t. d. systir, sem á Íslandi hét Ásdís Guðlaugsdóttir. Þegar hann svo kemur hingað, finnur hann Daisy Goodman komna í þess stað. — En brátt venur hann sig við þessi undur og verður engu betri.

Þannig hefir það gengið til og gengur enn. En þessu þarf að kippa í lag, ef íslenzk tunga og íslenzkt þjóðerni á ekki aldauða að verða. Nú er svo komið, að enginn innfæddur Vestur-Íslendingur talar öðruvísi en bjagaða íslenzku, sumir geta hvorki lesið hana né ritað; aðrir, sem hafa ungir komið vestur, eru litlu betri, og aftur aðrir, sem hafa alið mestan hluta aldurs sins á Íslandi, tala hvorki ensku eða íslenzku, heldur eitthvert hrognamál, sem þarf sérfræðing til að skilja. Jafnvel fjörgamlar kerlingar og karlar, sem voru yfir fimtugt þegar vestur kom, tala hrognamál þetta, — og þykir fint. Einnig eru margir foreldrar, sem kunna íslenzku allvel, en forðast sem heitan eld að kenna börnum sinum þá tungu! Ensk skulu börnin verð, — það er kenningin, og þar við situr.

Þannig stöndum vér nú í Vesturheimi, hvað íslenzkunni viðvíkur.

Þá liggur næst fyrir að spyrja: Á íslenzk tunga og þjóðerni að týnast með öllu? Sumir svara spurningu þessari játandi, aðrir neitandi. Þeir, sem svara játandi, eru auðvitað flestir þeirra, sem hér eru fæddir eða ungir hafa kom ið til þessa lands; þeir eru ensk'ir að mestu og hafa margir ýmugust á öllu því, sem íslenzkt er. Hverjum er þetta að kenna? Foreldrunum, að mestu eða öllu leyti. Hefðu þau kært sig hið minsta, að vernda íslenzkuna, hefðu þau innrætt börnunum hana, fengið þau til að hugsa og skilja á íslenzku, — hefðu þau gert það, hefði öðruvísi verið en er. — Jafnvel margir foreldrar hafa gert alt sitt til, að aftra krökkunum frá að vera Íslendingar. Margir halda því fram, að það sé ofætlun hverju barni eða ungling, að vera jafnvigur á tvö mál, og kjósa því enskuna. En slikt er ekki rétt. Hverjum meðal-velgefnum unglingi á að vera auðvelt, að kunna tvö mál til hlitar.

Þannig er því varið með yngri kynslóðina. En hinir, sem eldri eru, eru ekki hóti betri, því þeir kunna ekki einu sinni ensku, en tala hrognamál í þess stað, því íslenzkuna hafa þeir blandað svo, að alt er ein samsuða, — tala því hvorugt málið lýtalaust.

Það er min sannfæring, að ef þessu heldur áfram, að önnur kynslóð hér frá hafi alegrlega kastað íslenzkunni í skarnið, þekki ekkert til hennar nema munnmæli ein.

Það er hart, að jafn fræg tunga og íslenzkan er, skuli fótum troðin af hennar eigin niðjum. Það er vanvirða, að fjöldi ungra Vestur-Íslendinga hefir ekki hugmynd um gullöld Íslands og bókmentir þess, og það er sárgrætilegt, að margir hafa ekki hugmynd um, hvar í veröldinni að Ísland er.

Flestar þjóðir, þótt þær hafi orðið öðrum háðar, hafa í lengstu lög reynt að halda í þjóðerni sitt og tungu, og fjöldi manna hefir lagt líið í sölurnar þar fyrir, en hér er því, sem flestir aðrir telja dýrmætast allra hnossa, hent í skarnið af frjálsum vilja. — Er það ekki full-langt farið, eða finst ykkur svo ekki, landar góðir.

Þeir aftur á móti, sem enn eru Íslendingar í hug og hjarta, ættu ekki að sitja hjá þegjandi og aðgerðalaust. Þeir ættu að hefjast handa og af alefli leitast við að endurræða hina fráviltu sauði. — Það er auðvitað gott, að vera góður Íslendingur sjálfur, en betra þó, að gera aðra eins.

Það ætti að stofna félög með því eina markmiði, að vernda og glæða islenzka tungu og efla alt, sem islenzkt er. Slik felög gætu orðið þýðingarmikil, ef þau störfuðu réttilega.

Þá eru það kirkjufélögin með alla söfnuðina. Engum staði það nær en islenzkri kirkju, að kenna og vernda islenzkuna, og kirkjan stendur betur að vigi en flestir aðrir, því kirkjuriki er sem kunnugt hér all-mikið og prestar hafa mikið að segja. Ef þeir beittu sér fyrir því, væri islenzkunni vel á veg komið.

Annars ættu allir góðir drengir að gera alt, sem í þeirra valdi stendur, til verndar og viðhalds tungunni, því

"Ástkæra, yndýra málið
er allri rödd fegra".

Gunnl. Tr. Jónsson

Erfiljóð

sungin eftir húskveðju við líkkistu Rannveigar Bergsdóttur frá Hafnanesi í Austur-Skaftafellssýslu, 18. maí 1910. Dáin 6. sama mánaðar, 87 ára gömul.

Þótt hægt virðist farið og leiðin
sé löng
loks hnigur sólin í æginn;
hvort leiðin er greiðfær og létt eða
strönglin,
hún liður þó stöðugt sem straumur
i þröng.
i eilifðar algleymis sæinn.

Oft löng finst oss æfinnar liðandi
tið;
en litum vér aftur til baka,
þá er hún sem augnabliks strit
eða strid,
stundum svo fögur og unaðarblid,
sem vorblóm, sem vaxa' upp úr
klaka.

Já, löng var þín æfi, þú liggur nú
hér
liðin og náblæju vafin;
og mikið er starfið, sem eftir þig
er,
ei voru margar, sem jafngiltu þér;
yfir fjöldann því hátt varstu hafin.

Með alúð þú ræktir þitt ætlunarverk
á æfinnar torfærum vegi;
á góðverk var lundin svo göfug og
merk,
gjöful var mundin og framkvæmdin sterk
á útliðnum æfinnar degi.

Nú ertu farin á friðarins land,
í frelsarans heimkynnum björtum;
þar samtengist aftur þitt ástvina
band,
sem ekkert fær slitið, því dauðinn
ei grand
orkar þar elskandi hjörtum.

Farðu nú blessuð í fegurri heim!
Vér finnum þig síðar á hæðum,
og fáum að lifa í fögnuði þeim,
í friðsælum himinisins ljómandi
geim, —
auðgaðir eilifum gæðum.

E. Jónsson.

* * *

Börn og vinir hinnar látnu, hér heima á Íslandi, biðja hinn heiðraða ritstjóra Heimskringlu að taka þessi erfiljóð í sitt heiðraða blað, þar eð hin látna átti börn, barnabörn og vini viðsvegar í Manitoba-fylki í Ameriku, en vita ógerla utanáskrift til beirra.

E. I.

Munurinn á kænsku og vizku er eins og á rökkri og björtum degi.

* * *

Réttlæti er auðkenni dygðarinnar, staður friðarins og stytta heiðursins.

Heilræði.

Búskapnum ei breyta skalt,
blástu frá þér ruslið alt.
Einkum sértu sæmd og vörn
sannleikanum, eins og Björn.

Harðindi.

Illa ræktast andlegt vor,
ómagarnir krokna í hor.
Fölna öll hin fyrstu blóm,
föðurlaust, og buddan tóm.

S. S. Ísfeld

Um Monaco ríki.

Þess var nýlega getið í fréttum hér i blaðinu, að íbúarnir i Monoco hefðu krafist þess af Albert prins, að hann veitti þeim stjórnarskrá, í samræmi við þau grundvallarlög, sem gilda hjá öðrum siðuðum þjóðum, og að prinsinn hefði lofað að taka' kröfu þeirra til yfirvegunar.

Enn sem komið er, er svar hans ókomið enn, og alls óvíst, að hann gangi að kröfunum.

Fróðlegt er að ihuga, á hvaða rökum kröfur íbúanna eru bygðar, hvort þær byggist á því, að þjóðin sé undirokuð, að henni sé ofþyngt með skattálögum,eða hvort aðrar ástæður liggja að kröfum hennar.

Svo er að sjá, af öllum fáanlegum upplýsingum, að riki þetta sé að eins 8 fermilur að stærð, og að íbúatalan alls sé aðeins 15 þúsund manns. Þeir búa þarna í svo góðu loftslagi, að hvergi annarsstaðar í viðri veröld er betra, og þeir eru algerlega skattfriir. Þeir borga ekkert til opinberra þarfa, hvorki til umbóta heima fyrir né út á við, — ekki svo mikið sem skólagjald. Allar inntektir rikisins fást frá spilahúsi því hinu mikla, sem nefnt er "Monte Carlo". Félagið, sem stjórnar þessu spilahúsi, var löggilt með 5 miliónum dollara höfuðstól, en vitanlegt er, að það vildi ekki selja eign sina fyrir 50 miliónir dollara, þótt í boði væru. Félagið hefir þar auðsuppsprettu, sem ekki er fáanleg fyrir nokkra fjárupphæð. Enginn veit, hve mikið fé skiftir þar höndum, eða er árlega grætt og tapað, en allir vita, að það er feikna mikil upphæð.

Sá, sem fyrst stofnaði spilahús þetta hét Blanc. Hann var gerður rækur úr borginni Hamburg um nokkurra ára tima, þar til sýnt var, að uppfynding hans var áreiðanlegt gróðabragð fyrir þá, sem stjórnuðu spilahúsinu. Á fyrstu árunum var ekki lagður þungur skattur á stofnun þessa. En brátt fóru að verða svo mikil brögð að fjárglæfrunum, að árið 1863 tók prins Charles III., sem þá var ríkjandi, það ráð, að leggja þungan skatt á stofnunina. Hann gaf félaginu spilaleyfi um 50 ára tima, og árið 1898 var leyfið framlengt til ársins 1947. Fyrir það borgaði félagið honum 2 miliónir dollara, og árið 1913 á það að borga aðrar 3 miliónir. Fyrsti leigumálinn ákvað 250 þúsund dollara gjald á ári, en 1899 var honum breytt í 350 þús. árlegan skatt. Árið 1917 verður ársgjaldið 400 þúsund dollarar. Árið 1927 hækkar það upp í 450 þúsund dollara, og frá árinu 1937 verður það hálf milión dollars á ári. Allir þessir peningar renna beint í sjóð prinsins, sem er einvaldur höfðingi yfir þessu litla riki, en hann borgar aftur fyrir allar umbætur, sem gerðar eru, og stenst allan opinberan kostnað við stjórn rikisins, mentamála jafnt og annan kostnað.

Það er þetta einveldi, sem íbúarnir ekki vilja lengur liða. Þeim er ekki illa við spilahúsið mikla, sem veitir þeim allar rikistekjurnar, en þeim er illa við, að prinsinn hafi öll umráð skildinganna, og þeim finst, að félagið borgi offlítið í rikissjóðinn. Gæti þeir fengið þingbundna stjórn í ríkinu, þá hefði það þing fjármálin með hönd um, og íbúarnir fengi á þann hátt myndugleika, sem þeir aldrei til þessa tima hafa fengið að njóta.

Hins vegar má ganga að því sem gefnu, að spilafélagið muni gera alt, sem í þess valdi stendur, til þess að koma í veg fyrir það, að prinsinn veiti fólkinu stjórnarskrá. Félagið veit, að þegar þingið verður húsbóndi þess, þá muni gerðar til þess auknar kröfur, og ef til vill verði það að hætta algerlega starfi þar í ríkinu, þó það síðartalda sé ekki mjög líklegt, því ógjarna munu íbúarnir vilja kasta frá sér þeim inntektum, sem spilahúsið veitir þeim.

Eins og nú stendur stjórnarfarið í Monaco, þá er prinsinn einvaldur höfðingi, en sér til aðstoðar hefir hann landsstjóra, landritara og utanrikisritara, eða þann' embættismann, sem sér um alla sanninga, sem gerðir eru við nágrannalöndin. Þess utan hefir hann ráðgefandi nefnd, sem hann leitar álits hjá, þegar honum þurfa þykir. Hann hefir sjálfur útnefnt og skipað alla þessa menn. Íbúar rikisins hafa engan málsvara í ráðinu, og það er það, sem þeim þykir ekki lengur viðunandi.

Enginn land eða sjóher verndar þetta litla riki, og samt fær það að búa í friði fyrir öllum þjóðum, — engin þjóð ásælist það. Héraðsstjórn svonefnd er í landinu, borgarstjóri með tveimur aðstoðarmönnum, og 5 manna ráðgefandi nefnd til viðtals um sveitamál eingöngu. Þessir menn allir eru skipaðir af prinsinum, og hann borgar þeim embættislaun þeirra.

Monaco heyrir undir Frakkland. Íbúarnir eru saamblandi af ítölskum, frönskum og spænskum ættum. Saga þessa litla ríkis nær aftur í timann til ársins 963, þegar Grimaldi réði þar lögum og lofum. Árið 1715 komst það undir yfirráð kvenna, sem stjórnuðu því, þar til 1792, að byltingin mikla á Frakklandi velti þeim úr völdum. Árið 1814 var það viðurkent sem sérstakt sjálfstjórnarriki og varð þá Sardinia konungur ríkjandi þar. Árið 1843 varð borgarstrið í þessu litla riki, og frá árinu 1861 hefir það því verið undir vernd Frakka, og er það enn þá.

Svo er sagt, að Albert prins sé enginn spilagosi, þó hann ráði yfir riki þessu og hafi undir vernd sinni þá lang-öflugustu fjárglæfra spilastofnun í heimi. Sjálfur er hann hámentaður maður og gefur sig mest við vísindalegum störfum. Og þau lög hefir hann sett í riki sinu, að enginn af þegnum hans má iðka fjárglæfra eða áhættuspil, og þeim lögum er vandlega hlýtt.

Af þeim 15 þúsund manns, sem mynda riki þetta, búa 6 þúsundir í hafnarborginni Candamine, 3 þús. í Monte Carlo og 3 þús. í Monaco borg. Eins og gefur að skilja eru bújarðir fáar og smáar í rikinu vegna þess hve litið ummál þess er, og litið þar um atvinnu. Þeir, sem ekki lifa á ferðalólki því, sem þangað sækir árlega í tuga þúsundatali, verða að stunda fiskiveiðar sem aðal atvinnuveg.

Aðal afurðir rikisins eru appelsínur, sítrónur og olívur. Þar er einnig ilmvatns-verkstæði, sem borgar sig vel. Aðfluttar vörur eru aðallega kol og kampavín.

Fréttir.

— Á Spáni eru miklar viðsjár með mönnum út af kirkju og skóla málum. Spánverjar hafa til bessa verið ein ramkatólskasta þjóðin i Evrópu, og öll skólamál og allir skólar hafa verið undir umsjón klerkanna, en það hefir gefist miðl ungi vel, sérstaklega hefir albýðumentun verið herfilega vanrækt og fjöldi alþýðumanna þar kann hvorki að lesa né skrifa. Úr þessu hafa margir af leiðandi mönnum Spánar viljað bæta, en mætt megnri mótstöðu af klerkanna hálfu, þeim þykir óþarfi, að fólkið læri mikið annað en Faðir vor og nokkrar bænir utanbókar, telja að uppfræðsla almennings hafi skaðleg áhrif á trúarlif manna. — Nú hefir samt verið lagt fyrir þingið frumvarp um aðskilnað rikis og kirkju, og að skólar verði sömuleiðis aðskildir frá kirkjunni. Hefir frumvarp þetta mætt hinni megnustu mótspyrnu, og hafa uppþot og blóðsúthellingar átt sér stað hér og þar um rikið, sem afleiðing þess. En alt bendir samt á, að frumvarpið muni hafa betur, því klerkarnir hafa svo lengi litið lýðinn eða i villu og svima, að hann er farinn að vakna hér og þar og það við vondan draum.

— Yngsti eiginmaður í Ameriku er án efa Frank L. Farris í Kentucky ríkinu í Bandaríkjunum. — Hann er 13 ára að aldri, en fyrir skömmu hljóp hann á brott með 19 ára gamalli stúlku og giftist henni fyrir utan landamærin, sneri svo heim aftur til föðurhúsanna og sýndi gömlu hjónunum konuna sina. Gifting þessi hefir vakið undrun mikla, og heillaóskir hafa borist hinum ungu brúðhjónum viðsvegar að.

— Viðsvegar um Bandaríkin hafa stærri og smærri borgir hafið harða baráttu gegn knæpum, spilahúsum og öðrum spillingarstöðum, og orðið vel ágengt. Nýskeð neitaði borgin Milwaukee, Wis., að endurnýja leyfi 104 vínsöluhúsa og 3 leikhúsa, er höfðu á sér miðlungi gott orð.

STÖÐUG SEM BJARG.

Magnet rjómaskilvindan

skilur fullkomnlega hvort heldur á jörðu eða gólfi.

Skálin sem studd er á tvo vegu getur ekki hristst.

Á okkar kostnað getur þú ransakað bygging MAGNET skilvindurnar í þínu eigin mjólkur búi — þú munt finna umgerðina sterka og vandaða —

Hún rennur í "Square Gear" og þú vest að allar aðrar vélar eru þannig bygðar,

Stál skálin er studd á tvo vegu, (MAGNET PATENT).

Allar aðrar skilvindur eru aðeins studdar á einn veg.

Fleytirinn er í einum hlut, (auð hreinsað) tekur úr mjólkinni alt smjör og fitu og losar mjólkina við allan óhroða. Magnet skilvindan gefur góðan og þykkan rjóma á hverjum degi.

Magnet hamlan, stöðvar skilvinduna á átta sekuntum.—

Sá sem á Magnet skilvinduna getur aukið rúmtak hennar fyrir fáa dali, þegar hann eignast fleiri kýr aðeins að skifta um skál og fleytir.

Hvaða skilvinda sem reynd er eða keypt, kemst eigandin að lokum að raunum að MAGNET er sú eina sem dugar.

En því ekki að kaupa MAGNET í upphafi og fyrrast vandræðum?

Magnet er fimtu árum frá sorphaugnum.

THE PETRIE MFG. CO., LIMITED
WINNIPEG, MAN.

ÚTIBÚ: Calgary, Alta., St. John, N. B., Montreal, Que., Vancouver, B.C., Regina, Sask., Victoria, B.C., Hamilton, Ont.

— Einkennilegt þjófnaðarmál kom fyrir í Chicago fyrir skömmu, er hjón ein voru kærð fyrir þjófnað, — það var konan, sem var þjófurinn, en maðurinn í vitorði. Konan hafði frá blautu barnsbeini verið þjófgefin, og maðurinn, sem hafði verið all-vel efnaður, hafði eytt mestum eignum sinum, að borga það, sem konan stal og vernda hana frá vanvirðu, en hún launaði með því að tæla hann til ópiums-nautnar, svo hann skyldi síður hafa ræna á, að vanda um við sig, og þegar hún var handtekin fyrir vasaþjófnað í einni af stórbúðum borgarinnar, lá maðurinn í ópiums-æði heima fyrir, innan um 5,000 dollara virði af stolnum munum, er eiginkonan hafði dregið til búsins. Konan var látin í geðveikrahæli, því þjófnaðarlöngun hennar var talin sýki. — Maðurinn slapp, en verður undir læknis-umsjón.

— Í Mexico er viðbúnaður hinn mesti undir alment hátíðahald, sem halda á í september næstk., i minningu þess, að þá eru hundrað ár siðan Mexico varð óháð riki.

— Mr. Joe Martin, sem er alkunnur um Canada fyrir stjórnmálaafskipti sín, en fyrir skömmu var kosinn á enska þingið sem stjórnarsinni, hefir hafið hverja árásina á fætur annari á þingflokk sinn, en sérilagi þó á fjármálaráðgjafann Lloyd George. Nú síðast hefir Joe Martin sagt skilið við þann flokk með öllu, telur hann óhafandi; en í þeim flokki sitja mestu ágætismenn Englands.

— Unglingspiltur í Svisslandi fékk ást á stúlku einni i nágrenninu, en hún vildi hvorki sjá hann né heyra. Hann tók þá upp á því óyndisúrræði, að fara með hlaðna byssu heim til stúlkunnar, og gaf henni kost á því, að giftast sér eða deyja. Stúlkan sat föst við sinn keip, tók hann þá byssuna og skaut hana til dauðs og sjálfan sig á eftir. — Þannig er ástin í Svisslandi.

— Jean Staerk, glæpamaður i Paris, var nýlega handsamaður fyrir að halda skóla, sem starfaði í því augnamiði, að kenna unglingum þjófnaðarlistina. — Hann hafði um tuttugu lærisveina, og sumir voru nærri orðnir fullnuma i listinni, að hann sagði sjálfur. En skólinn endaði þannig, að kennarinn fékk 5 ára fangelsi, og lærisveinarnir voru sendir á betrunarheimili um óákveðinn tima, til þess að gleyma kenslunni.

— Vilhjálmi þýzkalandskeisara hvað það mjög hughaldið, að einkadóttir sin, prinsessa Ásústa, giftist erfðaprinsi Englands og verði þannig næsta Englandsdrotning. Georg konungur og drotning hans kváðu því heldur ekki mótfallin. Prinsessan er nokkurum mánuðum eldri en prinsinn, en það skiftir minstu; keisaradrotning þýzkalands, móðir hennar, er þrem árum eldri en Vilhjálmur keisari.

Charles R. Wilkes sá er í kjöri var, sem borgarstjóri sl. vetur og oftar, ándaðist að heimili sínu sl. laugardag, 85 ára gamall.

Tumi: Þú fer likt með brúðuna þina og þú værir regluleg móðir Gerir þú það ekki?

Stina (móðguð): Nei, það dettur mér ekki í hug, ég flengi hana aldrei.

FRIÐRIK SVEINSSON

tekur nú að sér allar tegundir af húsmáling, betrekking, o.s.frv. Eikarmálning fljótt og vel af hendi levst. Heimili 443 Maryland St.

Minnisvarðar

úr málmi, sem nefndur er "White Bronze", eru fallegustu, varanlegustu og um leið ódýrustu minnisvarðar, sem nú þekkjast. Þeir eru óbrjótanlegir, ryðga ekki og geta aldrei orðið mosavaxnir, eins og steinar; ekki heldur hefir frost nein áhrif á þá. Þeir eru bókstaflega óbilandi og miklu fegurri en hægt er að gera minnisvarða úr steini (Marmara eða Granit). Alt letur er upphleypt, sem aldrei máist eða aflagast. Þeir eru jafn dýrir, hvort sem þeir eru óletraðir eða alsettir letri, nefnilega: alt letur, og myndir og merki, sem óskað er eftir, er sett á fritt. — Kosta frá fáeinum dollurum upp til þúsunda. Fleiri hundruð tegundir, og mismunandi stærðir úr að velja.

Þessir minnisvarðar eru búnir til af THE MONUMENTAL BRONZE CO., Bridgeport, Conn. Þeir, sem vilja fá nákvæmar upplýsingar um þessa ágætu minnisvarða, skrifi til undirritaðs, sem er umboðsmaður fyrir nefnt félag.

Thor. Bjarnarson,
BOX 304
Pembina - - N. Dak.

JÓN JÓNSSON, járnsmiður, að 790 Notre Dame Ave. (horni Toronto St.) gerir við alls konar katla, könnur, potta og pönnur fyrir konur, og brýnir hnífa og skerpir sagir fyrir karlmenn. — Alt vel af hendi leyst fyrir litla borgun.

Skrifið yður fyrir HEIMSKRINGLU svo að þér getið ætíð fylgst með aðal málum Íslendinga hér og heima.

Giftingaleyfisbréf

selur Kr. Ásg. Benediktsson
486 Simcoe st. Winnipeg.

J. J. H. McLean & Co Limited

Vér höfum FLUTT

Vort nýja heimkynni er á horni

Portage Avenue og Hargrave Strætis

J. J. H. McLean & Co. Ltd.,

Cor Portage Ave. & Hargrave
Phone: Main 808.

Fréttir úr bænum.

Sir Wilfrid Laurier forsætisráðherra Canada kom hingað til borgarinnar sl. þriðjudag.

Herra Jón Sigvaldason, kjörstjóri fyrir Gimli kjördæmið, hefir tilkynt, að hann auglýsi í Gimli bæ á laugardaginn kemur kl. 12 á hádegi hver hlotið hafi þingsætið fyrir það kjördæmi.

Hörmulegt slys varð hér í bænum sl. föstudag, sem orsakaði dauða konu einnar og særði fjóra hættulega. Það skeði þannig, að C.N.R. járnbrautarlest ein á leið burt úr bænum rakst á River Park sporvagn á suðurleið, þar sem járnbrautarteinarnir og sporbrautin skerast á Pembina Road. Sporvagninn brotnaði og hentist af sporinu, og þeir, sem í honum voru, meiddust meira og minna, og konan, sem lifið lét, varð undir lestinni og beið bana af því. — Slys þetta orsakaðist af gáleysi gæslumanns brautarinnar.

Winnipeg borg hefir hlotið frægð mikla við kappróðrana á Englandi Hafa fjórmenningarnir, sem héðan fóru og þátt tóku í kappróðrunum á Thames ánni í sl. viku, unnið fyrstu verðlaun sem ræðarar, og er það vel að verið, þar sem margir frægir ræðarar tóku þátt þátt í róðrar samkepninni.

Eins og að undanförnu selur Fyrsti Únitarasöfnuðurinn veitingar í sýningargarðium meðan sýningin stendur yfir, frá 13. til. 23. þ.m. Tjald þeirra verður á sama stað og í fyrra. Ekkert verður tilsparað að hafa veitingarnar sem beztar, og sanngjarnt verð á þær sett. Tjaldið er talsvert stærra en áður, og fljót afgreiðsla því auðveldari. Íslenzkir sýningargestir eru beðnir að hafa það í huga, að hvergi í garðinum verði betri veitingar á boðstólum.

Jón Guðjónsson, frá Hallson, N. Dak., sem legið hefir um briggja vikna tíma á almenna spitalanum, er nú á fótum aftur, og býst við að leggja af stað heimleiðis seinni hluta þessarar viku. Hann lætur hið bezta yfir allri aðbúð á spitalanum, en sérstaklega hælir hann dr. Leeman, þeim er uppskurðinn á honum gerði, telur hann lipurmenni hið mesta og ávirtaks læknir.

Skrá yfir fermingarbörn að Sinclair, Man., voríð 1910:

1. Sigrún Gottfred.
2. Olaga Anderson.
3. Einar Thordarson.
4. Eiríkur Thordarson.
5. Valdimar T. Briem Abrahamsson.

Bjarni Thorarinsson.

Á miðvikudaginn í sl. viku fóru verzlunarmenn hér í borginni skemtiferð til Winnipeg Beach, og var margt þar til skemtunar, og verðlaun gefin fyrir þá, sem fram úr skörðuðu í hlaupum og öðru þess háttar. Einnig verðlaun fyrir fegurst barn á fyrsta ári og fegursta gjafvaxta mær, og var mikið kvennaval saman komið, og voru dómendur, sem allir voru karlmenn, í vafa um, hver af hinum yndislegu meyjum skyldi hljóta þann heiður, að vera útvalin, sem hin fegursta í þeim stóra hóp. En svo fór, að Clara dóttir Snjólfs Austmanns var álitin friðust sýnum og hlaut verðlaunin 10 dollara. Hún er 19 ára að aldri.

Mánudaginn 4. júlí sl. andaðist að heimili sínu, 650 Beverly st. hér í bænum Guðmundur Thorarinsson, eftir langvarandi veikindi af krabbameini, 58 ára gamall. — Hinn látni var dugnaðarmaður meðan heilsa og kraftar entist, og vel látinn. Hann var jarðsunginn af séra Fr. J. Bergmann sl. miðvikudag.

Þeir herrar Þórarinn Stefánsson og Oliver Johnson, frá Winnipegosis, komu hingað til bæjarins sl. fimtudag, voru á heimleið úr kynnisför um North Dakota. — létu fremur vel af ástandinu þar syðra.

Mrs. Thos. Godfrey andaðist 2. júní sl. að heimili sínu 236 Syndicate ave., Edmonton. Hún var af íslenzku bergi brotin. Lik hennar var flutt til Carberry og jarðsett við hlið tveggja látinna barna hennar, sem þar hvíla.

Þær stúlkur, sem gengust fyrir "Raffli" á saumavél til arðs fyrir heilsulausa og einmana stúlku hér í bænum, hafa beðið oss að flytja almenningi kærar þakkir fyrir góðar undirtektir. "Raffle" þetta var haldið í G.T. salnum neðri 7.b.m., eins og auglýst var á "Tickets", sem seld voru. Sá, er keypt hafði "Ticket" nr. 73, hlaut vélina. Það var hr. Chr. Ólafsson, og gaf hann hinni veiku stúlku saumavélina samstundis aftur.

Skemtiferð G.T.til Gimli

Hin árlega skemtiferð íslenzkra Goodtemplara var farin eins og auglýst hafði verið 4. júlí til Gimli. Ferðin tókst ágætlega, veður var gott. Í förinni tóku þátt 330 manns.

Þegar til Gimli kom, var hinn íslenzki hornleikendaflokkur til staðar á járnbrautarstöðinni og spilaði þar nokkur lög; var svo haldið á stað í skrúðgöngu niður í bæinn.

Á aðal skemtiskránni var byrjað kl. 2 í lystigarði Gimli bæjar. Allur viðbúnaður þar var ágætur, — ró og friður hvildi yfir öllu. — Allir höfðu hætt starfi og voru uppábúnir. Það var eins og öllum þætti sjálfsagt, að halda þenna dag helgan, er Goodtemplarar völdu til heimsóknar, og mun G. T. stúkan á Gimli hafa átt mikinn og góðan þátt í viðtökunum.

Ræður héldu: Herra A. S. Bárdal, séra R. Marteinsson, séra Guðm. Árnason og guðfræðiskandidat Albert Kristjánsson. — Auk þeirra töluðu nokkur orð: Hr. Gunnl. Jóhannsson; Mrs. Carólina Dalman og Mrs. Margrét J. Benedictsson. Ungfrú Eugenie Olson frá Gimli flutti "Recitation".

Frumort kvæði fluttu hr. B. Þ. Þorsteinsson og Mrs. Carólina Dalman.

Auk þess spilaði Gimli hornleikenda flokkurinn á milli ræðanna. Allar voru ræðurnar fremur góðar, sumar ágætar.

Þegar skemtiskráin var á enda, fór mesti fjöldi fólksins út á Winnipeg vatn á gufubátnum "Mikado", eign herra Steláns Sigurðssonar, og var það mjög skemtilegt og hressandi. Þar var dansað og sungið um borð, auk fleiri skemtana.

Frá Gimli var svo haldið á stað heim kl. 9, og skemtunum haldið áfram á "lestinni" með ýmsu móti, einkum sungið, — alt íslenzkir söngvar.

Ég fullyrði, að ferðin hafi verið G. T. uppbyggileg.

Þess skal getið, utanfélagsmönnum er tóku þátt í förinni til heiðurs, að enginn þeirra bragðaði vín eða hafði það meðferðis. Ég tek þetta fram vegna illkvitnis ummæla, er standa í "20. öldinni".

Fyrir hönd G. T. þakka ég Gimli-búum fyrir bróðurlegar og myndarlegar viðtökur.

R. Th. Newland.

Kvæði hr. Þorst. Þ. Þorsteinssonar kemur í næsta blaði.

ÍSLENDINGADAGUR
Í BLAINE WASH.
Árið 1910.

Við Íslendingar í Blaine höfum ákveðið, að halda þjóðminningarhátíð annan ágúst í sumar. Níu manna nefnd hefir starfað að því í meira en mánuð og fengið góðar undirtektir hjá öllum. Nefndin getur því fullvissað landa sína hér á ströndinni, sem liklegir væru til að taka þátt í hátíðahaldinu, að það verður alt eins fullkomið og kraftar leyfa. Áætlaður kostnaður við hátíðahaldið verður frá $350—$410. — Til skemtana verða ræður og frumsamin kvæði, söngur og hljóðfæraslátturi, glímur og knattleikur, hlaup, stökk, aflraun á kaðli og ýmsar aðrar íþróttir, og góð verðlaun gefin.

Nákvæmari auglýsing í næsta blaði.

Blaine, Wash., 6. júlí 1910.

Íslendingadagsnefndin.

UNION LOAN CO.
TALSÍMI MAIN 5122.
410 Chambers of Commerce
Nú sem að undanförnu veitum vér peningum mótöku og ábýrgjumst 7—10 prósent vexti gegn fyrsta veðrétti.— Vér lánum peninga gegn veði í fasteignum og kaupum "Agreements of Sale".— Innköllum húsaleigu og aðrar skuldir.
H. PÉTURSSON, Manager.
Heimilis talsími 6693

Atvinna.

Okkur vantar fáeina duglega umboðsmenn í hinum íslenzku bygðum í Manitoba og Norðvesturlandinu til að selja Stereoscopes og myndir. Sendið 75c fyrir umboðsmanna áhöld.

Arnason & Son.
8-4 Churchbridge, Sask.

KENNARA

vantar við Geysir skóla. Kenslutími 9 mánuðir, frá 1. sept. nk. (að þeim degi meðtöldum). Kennarinn hafi 2. eða 3. "próf. certificate" fyrir Manitoba. Tilboð, sem tiltaki kaup ásamt æfingu, sendist undirrituðum fyrir 30. júli næstk.

Geysir, Man. 4. júli 1910.

B. JÓHANNSON.

KENNARA

til Laufás skóla vantar fyrir 3 mánuði, byrjar 15. sept. næstk. — Tilboð, sem tiltaki mentastig ásamt æfingu og kaup, sem óskað er eftir, sendist undirrituðum fyrir 1. ágúst næstkomandi.

Geysir, Man. 4. júli 1910.

B. JÓHANNSON.

Hjálp vantar

Karlar og stúlkur, sem vön eru við að merkja, aðskilja, þressa og slétta fatnað, geta fengið atvinnu nú þegar. Finnið okkur eða fónið eftir upplýsingum.

Winnipeg Laundry
261 Nena St.

A. S. TORBERT'S
RAKARASTOFA
Er í Jimmy's Hótel. Besta verk, ágæt verkfæri; Rakstur 15c en Hárskurður 25c. — Óskar viðskifta Íslendinga. —

EIN MÖRK AF MJOLK SAMSTEIPT Í EITT PUND AF
SMJÖRI 5c. pundið



Vél til heimilisnota. Samsteypir einni mörk af mjólk í eitt pund af smjöri á tveimur minútum.

Engin efnablöndun viðhöfð. Smjörið er eins hart, litur eins út, en er bragðbetra heldur en skilvindu smjör og notað á sama hátt.

$1000 borgaðir ef þessi vél reynist eigi eins og auglýst er

Ef þér viljið eignast hina þægilegustu og heilnæmustu vél sem til er búin, þá kaupið þessa vél. Skrifið eftir eiðsvörnum vottorðum og á íslenzkar upplýsingum um þessa undravél.

VERÐ: $7.50 Flutningsgjald borgað.

AGENTAR ÓSKAST HVÍVETNA

K. K. Albert
P.O. Box 64 Winnipeg, Man.
Getið um Heimskringlu er þér skrifið

Heyrirðu ekki vel?
Ef svo er ættir þú að hafa
Wilson's Common Sense Ear Drums

Ný vísindaleg uppgötvun. Hjálpar yður þegar alt annað brygst. Þessar heyrnarpípur eru viðfeldnar og sjást eigi þótt notaðar séu. Verð: $6.50 parið. Burðargjald frítt. Sendið póstávísun, express ávísun eða peninga í ábyrgðarbréfi, til

K. K. Albert
P.O. Box 64 WINNIPEG
Getið um Hkr. er þér skrifið

The Evans Gold Cure
229 Balmoral St. Sími Main 797
Varanleg lækning við drykkjuskap á 28 dögum án nokkurrar tafar frá vinnu eftir fyrstu vikuna. Algerlega privat. 16 ár í Winnipeg. Upplýsingar í lokuðum umslögum.
Dr. D. R. WILLIAMS, Exam. Phys
J. L. WILLIAMS, Manager

The Farmer's Trading Co.
(BLACK & BOLE)
HAFA EINUNGIS BESTU VÖRUTEGUNDIR.
Einu umboðsmenn fyrir:—
"SLATER" Skóna góðu.
"FIT-RITE" Fatnaðinn.
"H. B. K." prjónafélagið.
"HELENA" pils og 'waist' kvenfatnaði.
Bestu matvörutegundir.
"DEERING" akuryrkju verkfæri o, s. frv.
Beztu vörur Lágt verð
Fljót og nákvæm afgreiðsla.
Farmer's Trading Co.,
THE QUALITY STORE
Wynyard, Sask.

A. S. BARDAL
Selur líkkistur og annast um útfarir. Allur útbúnaður sá bezti. Enfremur selur hann alskonar minnisvarða og legsteina.
121 Nena St. Phone 306

Til sölu
eru 10 ekrur af landi á Point Roberts, Wash., hér um bil helmingur hreinsað, enn hinn helmingurinn í skógi.
Þeir, sem vildu sinna þessu, snúi sér til
GISLA O. GUDMUNDSONAR
4-8 Point Roberts, Wash.

Miðsumars skósalan

Miðsumarsala vor stendur nú yfir. Þið ættuð því að hraða ykkur og kaupa eitt par áður en það er um seinan.

Karlmanna Oxford skór úr vönduðu geita óg kálfskinni. Vanaverð $4.50, $5.00, $5.50 og $6.00. Nú seldir á $3.75

Kvenna Oxford skór úr sama ágæta efni. Vanaverð $4.00, $4.50, $5.00 og $5.50. Nú seldir á $2.85

Ryan-Devlin Shoe Co
494 MAIN ST. PHONE 770.

Sherwin-Williams PAINT
fyrir alskonar húsmálningu.
Prýðingar-tíma nálgast nú. Dálítið af Sherwin-Williams húsmáli getur prýtt húsið yðar utan og innan. — Brúkið ekker annað mál en þetta. — S.-W. húsmálið málar mest, endist lengur, og er áferðarfegurra en nokkurt annað hús mál sem búið er til. — Komið inn og skoðið litarspjaldið. —

Cameron & Carscadden
QUALITY HARDWARE
Wynyard, Sask.

Dr. G. J. Gíslason,
Physician and Surgeon
18 South 3rd Str, Grand Forks, N.Dak
Athygli veitt AUGNA, EYRNA og KVERKA SJÚKDÓMUM, ASAMT INNVORTIS SJÚKDÓMUM og UPPSKURÐI, —

"Kvistir,"
kvæði eftir Sig. Júl. Jóhannesson, til sölu hjá öllum íslenzkum bóksölum vestanhafs. Verð: $1.00.

Jóhanna Olson
PIANO KENNARI
557 Toronto St. Winnipeg

TIL SÖLU:
160 ekrur af bezta landi, stutt frá járnbrautarstöð. — Fyrsti maður með $7.00 fær hér góð kaup. — Finnið
Skúli Hansson & Co.
47 Aikens' Bldg.
Talsími. Main 6476 P. O. Box 833

DR. H. R. ROSS
C.P.R. meðala- og skurðlækuir.
Sjúkdómum kvenna og barna veitt sérstök umönnun.
WYNYARD, — SASK.

Dr. M. Hjaltason, Oak Point, Man.

Anderson & Garland,
LÖGFRÆÐINGAR
35 Merchants Bank Building
PHONE: MAIN 1561.

MARTYN F. SMITH,
TANNLÆKNIR.
Fairbairn Blk. Cor Main & Selkirk
Sérfræðingur í Gullfyllingu og öllum aðgerðum og tilbún aði Tanna. Tennur dregnar án sársauka. Engin veiki á eftir eða gómbólga. —
Stofan opin kl. 7 til 9 á kveldin
Office Phone 6944. Hejmilis Phone 5462.

Þarft þú ekki að fá þér ný föt?
EF ÞAU KOMA FRÁ CLEMENT'S, — ÞÁ VERÐA ÞAU RÉTT
Réttur að efni, réttur í sniði réttur í áferð og réttur í verði.
Vér höfum miklar byrgðir af fegurstu og beztu fataefnum. —
Geo. Clements & Son
Stofnað árið 1874
204 Portage Ave. Rétt hjá FreePress

Th. JOHNSON
JEWELER
286 Main St. Talsími: 6606

Sveinbjörn Árnason
Fasteignasali.
Selur hús og lóðir, eld-ábyrgðir, og lánar peninga. Skrifstofa: 12 Bank of Hamilton.
TALSÍMI 5122. HÚS-TALS. 8695

G. NARDONE
Verzlar með matvöru, aldini, smá-kökur, allskonar sætindi, mjólk og rjóma, sönul. tóbak og vindla. Óskar viðskifta Íslend. Heitt kaffi eða te á öllum tímum. Fón 7756
714 MARYLAND ST.

Boyd's Brauð
Það borgar sig að vera brauðvandur. Brauð frá sum um bökurum er auðmeltara en frá öðrum, og auðmelt brauð eru hollust. Reynslan mun færa þér sönnur á, að vor brauð viðhalda heilsunni og auka matarlystina. Vagnar vorir fara um allan bæinn
Boyd's
Bakery Cor. Spence & Portage Ave
Phone 1030.

Winnipeg Wardrobe Co.
Kaupa brúkaðan Karla og Kvenna fatnað,—og borga vel fyrir hann.
Phone, Main 6539 597 Notre Dame Ave

BILDFELL & PAULSON
Union Bank 5th Floor, No. 520
selja hús og lóðir og annast þar að lútandi störf; útvegar peningalán o. fl.
Tel.: 2685

Jónas Pálsson,
SÖNGFRÆÐINGUR.
Utvegar vönduð og ódýr hljóðfæri
460 Victor St. Talsími 6803.

J. L. M. THOMSON, M.A., L.L.B.
LÖGFRÆÐINGUR. 255½ Portage Ave.

BONNAR, TRUEMAN & THORNBURN,
LÖGFRÆÐINGAR.
Suite 5-7 Nanton Blk. Tals. 766
Winnipeg, Man. P.O.BOX 223

Húðir og ógörfuð Loðskinn
Verzlun vor er vor bezta auglýsing. Sendið oss húðir yðar og loðskinn og gerist stöðugir viðskiftamenn.
Skrifið eftir verðlista.
The Lightcap Hide & Fur Co., Limited
P.O.Box 1092 172-176 King St Winnipeg
16-9-10

W. R. FOWLER A. PIERCY.

Royal Optical Co.
307 Portage Ave. Talsími 7286.
Allar nútíðar aðferðir eru notaðar við augn-skoðun hjá þeim, þar með hin nýja aðferð, Skugga-skoðun, sem gjöreyðir öllum ágiskunum. —

Heimskringla.

XXIV. ÁR | WINNIPEG, MANITOBA, FIMTUDAGINN, 21. JÚLÍ 1910 | NR. 42

GOTT OG TRAUST REIÐHJÓL

Þarf hver sá að hafa, sem tekur þátt í kapp hjólreiðum. Ég hefi nú á boðstólum hin traustustu og beztu "racing" reiðhjól, sem til eru búin í Canada

BRANTFORD
OG
BLUE FLYER

Landar, sem taka ætla þátt í kapp hjólreiðum á Íslendingadeginum í sumar, geta feng ð sérstök vildarkjör hjá mér á þessum ágæta reiðhjólum, sem eru traust og endingargóðen þó létt og lipur

West End Bicycle Shop
Jón Thorsteinsson, eigandi
475—477 Portage Avenue.
TALSÍMI: SHERB. 2308

Fregnsafn.

Markverðustu viðburðir hvaðanæfa.

— Bærinn Campbellton í New Brunswick gereyddist að mestu af eldi fyrra þriðjudag, — að eins 6 hús af öllum bænum standa ó, högguð, og hinir íjögur þúsund íbúar bæjarins standa uppi húsnæðislausir. Eldurinn kviknaði í einni af verksmiðjum bæjarins, og þar sem veður var hvast breiddist eldurinn óðfluga út. Þetta var um hánótt, en samt varð enginn mannskaði, en fáklætt varð fólkið að flýja úr húsunum til að bjarga lífinu. Skaðinn af brunanum er sagt að nemi 3 miljónum dollars. Meðal annars brunnu 4 kirkjur, 5 sögunarmillur og viðar heildsöluhús, pósthúsið, 3 bankar, klaustur, sjúkrahús og allar sölubúðir og skrifstofur bæjarins. Að eins sex smáhýsi standa eftir. — Er afleiðingar brunans urðu kunnar, voru hafin sámskot handa fólkinu viðsvegar og matur, tjöld og rúmfatnaður sent frá nærliggjandi borgum til að létta hinni brýnustu neyð fólksins.

— Charles Stewart Rolls, brezki flugmaðurinn, sá er flaug hvildarlaust yfir Ermasund, fram og aftur, 2. júní sí., fell nýskeð með flugvél sinni til jarðar og beið bana.

— Stórslys varð sl. fimtudag á Svartahafinu. Það kviknaði í farþegaskipi, og urðu svo mikil brögð að því, að skipið sökk; farþegarnir urðu tryltir af hræðslu og tróðu hver annan undir áður en komist varð í bátana. Fórust þar 106 manns, flest konur og börn.

— Brunar miklir gengu í Portland, Ore., 14. júli sl. Fórust þar sex menn, og fjártjón er metið yfir miljón dollara.

— Uppreistin í Nicaragua heldur stöðugt áfram og veitir uppreistarmönnum betur. Hafa orustur verið viðsvegar um ríkið og stjórnarmenn að jafnaði lotið í lægra haldi. Á fimtudaginn var hertóku uppreistarmenn herskip eitt af hinum eftir all-snarpa orustu.

— Í þorpi einu á Frakklandi er ungur prestur, sem þóttist vera fær um að gera kraftaverk. Ungbarn andaðist þar í þorpinu og þótti gresti þar tækifæri gefast til að sýna hæfileika sína, og skipaði að flytja lík barnsins í kirkjuna, og fullvissaði hann foreldrana um, að hann gæti lífgað barnið frá dauðum, ef fyrirskipunum sínum væri nákvæmlega fylgt. Líkið var látið á altarið og þar hjá stóð klerkur í fullum messuskrúða, en ættingjar barnsins áttu að krjúpa við altarisbrikina og þylja bænir og sálma í sömu stellingum svo klukkustundum skifti. En alt þetta misheppnaðist, því þegar yfirvöldin fengu veður af þessu, sendu þau lögregluna til kirkjunnar og handtóku prest og sektuðu hann 16 dali fyrir kraftaverkstilraunina. — En presturinn stendur á því fastar en fótunum, að sér hefði tekist að lífga barnið, hefði hann verið látinn óáreittur og skipunum sínum hefði verið framfylgt nákvæmlega.

— Alvia Merritt, einhver feitasti maðurinn í Canada, dó úr hita fyrra þriðjudag að heimili sínu, Louisville, Ont. Hann var að eins fimm fet á hæð, en vóg 450 pund. Og svo var hann feitur, að hann gat ekki reimað skó sína, en varð að fá hjálp til þess, og þegar hann sat tók hann upp rúm tvegja með almanna. Hann eftirlætur konu og eitt barn.

— Páfinn í Róm mótmælir kröftuglega aðskilnaði ríkis og kirkju, sem Spánverjar eru nú að berjast fyrir. Hótar hann bannfæringu á Spán, ef frumvarpið verður að lögum. Sérstaklega er páfanum og klerkum hans meinilla við, að missa yfirráð yfir skólunum, sem er ein afleiðingin, ef frumvarpið nær samþykki.

— Ítali einn í Montreal, Marion Croche að nafni, myrti konu sína, ungbarn og sjálfan sig þar á eftir fyrra þriðjudag, 12. þ.m. Maður þessi hafði komið frá Ítaliu fyrir rúmu ári síðan og unnið sem daglaunamaður í Montreal síðan. Á ættlandi sínu hafði hann setið 12 ár í fangelsi fyrir morðtilraun, en að fangavistinni lokinni kvongaðist hann frænku sinni, 19 ára gamalli stúlku, og 25 árum yngri en hann sjálfur. Þá er hann fór til Ameríku skildi hann hina ungu konu sína eftir heima, en sendi henni fargjald síðar, og var hún búinn að dvelja í Montreal mánaðartíma, þá er hún var myrt. — Fyrstu dagana kom þeim vel saman, en brátt grunaði Croche konu sína um vinfengi við ungan samlanda þeirra og vandaði um það við konu sína. En hún sinti því litlu, og fyrra mánudag, er Croche kom heim frá vinnu sinni, var konan horfin. Hann hraði sér þá til járnbrautarstöðvanna og fann hana þar ásamt vini hennar, rétt þegar þau voru að fara af stað. Með hótunum og fortölum fékk hann hana til að koma heim með sér og matbúa kveldverð, þó ekki væri meira. Þá er heim kom virtist alt vera fallið í ljúfa löð og engan grunaði neitt. En um miðnætti vaknaði fólkið í húsinu við þrjú skot hvert á fætur öðru, og hlupu þá nokkrir til herbergis hjónanna og brutu þau upp, því þau voru læst. En þar mætti þeim hroðaleg sjón: Í rúminu konan með stórt höfuðsár og skot í brjóstið í andarslitrunum, og við hlið hennar ungbarnið skorið á háls, en á gólfinu lá sá, sem valdur var að hryðjuverkinu, með skot í hjartastað og örendur. Á borðinu var ávarpsmiði, sem hann hafði skrifað á þessi orð: "Ég drýgi glæp þennan til að varðveita heiður fjölskyldunnar".

— Hjónaskilnaðir í París hafa gengið fram úr öllu hófi nú upp á síðkastið, en nú á að gera eiginmönnum örðugra fyrir, að fá skilnað. Þegar eiginmaðurinn fékk grun um, að konan væri í bingum við annan, fór hann til lögreglunnar og sagði, að það hefði verið stolið frá sér, en þegar lögreglan fór að rannsaka þá kæru, komst hún jafnaðarlega að hinni sönnu niðurstöðu, og var þá eiginmanninum hið þarfasta vitni, er til hjónaskilnaðar kom. En nú á að breyta þessu. Enginn lögregluþjónn má framar bera vitni í hjónaskilnaðarmálum, og ef eiginmaðurinn ginnir lögregluna með þjólnaðarsögum eftirleiðis, verður honum hegnt. — Ef menn vilja fá hjónaskilnað eftirleiðis, þá verða þeir að snúa sér til dómstólanna með þær sannanir, sem þeir hafa, en enginn lögreglumaður má veita þeim lið á einn eða annan hátt. — Margir halda, að hjónaskilnaðir fari minkandi úr þessu.

— Læknir einn í Sault Ste. Marie, Ont., dr. Rogers, var sl. viku dæmdur í sex ára fangelsi og svíftur lækninsleyfi fyrir að nauðga einum af sjúklingum sínum. Réttarhaldinu var haldið leyndu, og engin nöfn birt, sem riðin voru við þetta óþverramál.

— Hreyfimyndasýning af línefaleiknum í Reno hefir verið bönnuð í Montreal og víðar í Austurfylkjum Canada. Eru það aðallega Lærkarnir, sem berjast á móti sýningu þessari, þykir hún siðspillandi og æsi illar girndir. En sannleikurinn mun vera sá, að almenningur unir óförum Jeffries hið versta og þykir óþarfi, að hossa frægð og sigri Johnsons meir en nauðsyn krefst.

— Capt. Bernier lagði af stað í rannsóknarferð norður í höf 7. júli sl. á skipinu Arctic. Canadastjórn á skipið og greiðir allan kostnað, sem af förinni leiðir.

— Þrjátíu og fimm búsundir manns, sem vinna að ferming og afferming skipa og annari hafnavinnu á norðanverðu Þýzkalandi, hafa gert verkfall, — heimta hærra kaup og styttri vinnutíma.

— Tannlæknir einn, dr. Crippen að nafni, sem um eitt skeið var í Toronto, en síðar fluttist til Lundúna, er nú eltur um heim allan, grunaður um að hafa myrt konu sína og jafnvel fleiri kvenmenn. — Lækirinn hafði gefið í skyn, að konan hefði hlaupið frá honum og lét hefja leit eftir henni. En þegar læknirinn hvarf sjálfur fyrir nokkuru, var farið að rannsaka hús það, er hann hafði búið í, og þá fanst í kjallaranum lík af kvenmanni, sem menn hvggja að sé af konu hans, þó torkennilegt sé. — Kona læknisins var leikmær og gekk undir nafninu Belle Elmore. Fólk, sem bjó í námunda við Lækninn, hefir gefið þá skýrslu, að það hafi oftar en einu sinni heyrt hljóð frá húsi læknisins, sem líktist kvalaópi deyjandi kvenmanns, en gaf sig ekkert að, — hélt það væri sjúklingur, sem læknirinn væri að draga úr tennur. Nú aftur á móti, þegar læknirinn er horfinn, ganga sögur um ýmsar stúlkur, er hafi horfið, og hafi ferill þeirra verið rakinn til húss læknisins, og getið til að hann hafi myrt þær eftir að hafa svivirt þær fyrst, — og eyðilagt líkin á einn eða annan hátt. Nú er læknirinn eltur um heim allan og stúlka, sem fylgist með honum, er verið hefir hjákona hans og skrifari um langan tíma. Hún er frönsk og heitir Ethel Clare Leneve. Læknirinn er yfirsimenni hið mesta og skartmaður.

— Nú er fastákveðið, að krýning Georgs V. og drotningar hans fari fram 22. júní 1911.

— Lögreglan í Madrid á Spáni hefir handsamað stjórnleysingjaflokk, sem ákveðið hafði að ráða Alfons konung af dögum. Gerðu þeir konungi fyrirsát, er hann kom á járnbrautarlest og ætluðu þeir að sprengja lestina í loft upp, en voru handsamaðir áður en það tókst.

— Frakkar eiga enn þá í skærum við Mára í Morocco. Fóru þeir nýskeð halloka fyrir Márum, mistu 11 manns og 43 særðust. Hafa þeir nú beðið um liðstyrk til að jafna á Márunum.

— Það er fullyrt, að Roosevelt, fyrv. forseti Bandarikjanna, verði í kjöri sem ríkisstjóri New York ríkis við komandi kosningar.

— William Jennings Bryan, hinn alkunni stjórnmálamaður Bandamanna, var nýskeð útnefndur sem þingmannsefni flokks síns til þingsetu í efri málstofu sambandsþingsins í Washington.

OGILVIE'S
Royal Household Flour

Til Brauð og Köku Gerðar

Gefur Ævinlega Fullnæging

EINA MYLLAN Í WINNIPEG,—LÁTIÐ HEIMAÞNAÐ SITJA FYRIR VIÐSKIFTUM YÐAR.

Kvistir.

Eftir Sig. Júl. Jóhannesson.

Þar fáum við enn þá eitt kvæðasafnið, um 170 stærri og smærri ljóðmæli og stökur. Eg hefi lauslega lesið ljóðabók þessa, sem að öllu leyti er prýðisvel prentuð og frá próflestri gengið. Hvað hafa þau Bragi og Iðunna verið olt á ferðinni með ný og ný ljóðakver síðan í fyrra? Eg man það ekki, en mikil er viðkoman, — svo mikil að væri framleiðn jafn ör og einleg í öðru, sem fylla þarf markaðinn, þá væri Ísland sannkallað "konungsríki". En því miður virðist viðkoman vera ólug, þegar um aðrar nauðsynjar og viðgang er að spurt. Og nú bætist ofan á ís og óöld. "Fallega syngur næturgalinn", sögðu þeir gömlu, en "gallinn er á gjöf Njarðar sá, að honum er röddin ein gefin". Og Íslandi braglistin. Er ekki svo? "Aldrei kem ek í veiðistöð þá", sagði Ketill flatnefur. Og því má ekki neita, að svo munu aðrar þjóðir segja enn og án undantekningar — nema Grænland, Grænland býður oss einatt blíðleik sinn og brúar saman sinn kalda faðm og Fjallkonu vorrar, — og svo gerir það enn er sízt skildi. Er að sjá sem Grænlands Dumbur liti smám augum á okkar ríki, og hafi frá öndverðu skoðað baðs sem skattland sitt, enda neitt afsmunar til að ná af okkur skattinum. Hefir og í hans klær runnið flestir aurar og flestir blóðdropar frá okkar eyju. Má þó vera, að smámsaman létti þeirri ánauð af oss að nokkru, ef vér lærum að binda svo trygðir við betri lönd, að þau dugi oss, þegar tímar líða. En kynlegt er það, hve fáir þeirra er látast vera öðrum vitrari, hafa enn skilið og séð hinn rammasta örlagaþátt sögu vors lands, þann þátt, er knýtti oss við hið illa og auðnulausa Grænland. En betta er nú skrifað út í hött. En ég vil benda á þetta eina, sem mölur og ryð hefir enn ekki grandað, þótt annað virðist vera í veði: Það er kveðskaparlistin. Og ekki hefir hún enn bognað eða bilast í Ameríku. Vestur-Íslendingar eiga meir en hálfa tylft skálda, sem ekki sýnast standa á baki bræðra þeirra hér heima. Yngstur þeirra er Sig. Júl. Jóhannesson. Ljóðasafn hans er mjög laglegt, lipurt og fjölbreytt; hugsmíðar hans eru að vísu veigaminni en Stefáns G. Stefánssonar, en tilfinningar hans eru örari, hlýrri og mannúðlegri. Hann er hvergi kaldrænn í kveðskap og því síður tröllaukinn, en kveður þó margar átakanlegar ádeilur, einkum gegn auðvaldi og ójafnaði; hann er alþýðuskáld í orðsins réttu merkingu, og mun fjöldi kvæðlinga hans vekja eftirtekt smáfólksins og festast í minni. Eg vil því mæla hið bezta með bókinni. Og til að finna orðum mínum stað, vil ég minna kaupendur kvers þessa á dálitið úrval, tekið nálega af handahófi, því að öðrum kann að finnast annað en mér. Hér eru fyrirsagnirnar.

Guðsríki, bls. 4; Íslenzkt vor, 4; Kristin, 7; Úr daglega lífinu, 9; Á gamlárskvöld, 11; Halta Finna, 26; Ávarp, 20; Ávarp, 37; Milli vonar og ótta, 39; Mús í mildru, 48; Dáinn, 54; Hvar er verk til að vinna? 83; Eftir barn, 92; Hvað ertu líf? 94; Bölsýnismaður, 101; Ísland, 105; Mansöngur, 112; Hugleiðing, 113; Milli lands og þjóða, 136; Hvað brestur, 172; Nýjár, 177; Vor, 201; Hvöt, 203; Liking, 204; Vonin, 205; Finstæðingur, 207; Minni Íslands II., 210; Mi ni kvenna, 313. — Hin bæddu kvæði í bókinni eru nálega öll vel valin og ágætlega þýdd.

— M.J. í Norðra.

ATVINNA.

Unglingur frá 14—16 ára, sem vil læra járnsmíði, getur fengið góða tilsögn og góð kjör. Ritstj. Hkr. vísar á.

STÖÐUG SEM BJARG.

Magnet rjómaskilvindan

með sinn "SQUARE GEAR" aðskilur fullkomnlega hvort heldur á jörðu eða gólfi.

Skálin sem studd er á tvö vegu getur ekki hrists.

Á okkar kostnað getur þú rannsakað bygging MAGNET skilvindunnar í þínu eigin mjólkur búi — þú munt finna umgerðina sterka og vandaða —

Hún reynir "Square Gear" og þú vest að allar góðar vélar eru þannig bygðar.

Stál skálin er studd á tvo vegu (MAGNET PATENT).

Allar aðrar skilvindur eru aðeins studdar á einn veg.

Fleytirinn er í einum hlut, (auð hreinsað) tekur úr mjólkinni alt smjör og fitu og losar mjólkina við allan óhroða. Magnet skilvindan gefur góðan og þykkan rjóma á hverjum degi.

Magnet hamlan, stöðvar skilvinduna á átta sekuntum.—

Sá sem á Magnet skilvinduna getur aukið rúmtak hennar fyrir fáa dali, þegar hann eignast fleiri kýr aðeins að skifta um skál og fleytir.

Hvaða skilvinda sem reynd er eða keypt, kemst eigandin að lokum að raunum að MAGNET er sú eina sem dugar.

En því ekki aðkaupa MAGNET í upphafi og fyrrast vandræðum ?

Magnet er fimtíu árum frá sorphaugnum.

THE PETRIE MFG. CO., LIMITED
WINNIPEG, MAN.

ÚTIBÚ: Calgary, Alta., St. John, N. B., Montreal, Que., Vancouver, B.C., Regina, Sask., Victoria, B.C., Hamilton, Ont.

Hann er dáinn

MAGNÚS BRYNJÓLFSSON, lögsóknari í Pembina County í Norður-Dakota, varð bráðkvaddur að heimili sínu í Cavalier, N. D. síðastliðinn laugardag. Hann var fæddur á Skeggjastöðum í Húnavatnssýslu, 28. Maí 1866, og var því einum og hálfum mánuði betur en 44 ára er hann fèll í valinn. Það má óhikað og skrumlaust segja, að betri dreng og mikilhæfari hefir dauðinn aldrei kraðið af oss Íslendingum sem köllúm vort heimili handan við Atlants sæ. Sorgarfregnin barst svo óvænt og snögglega að það lamaði hug og hönd. En í næsta blaði skal reynt að skýra nokkuð ýtarlega ætt og æfiferil þessa mikilhæfa og ágæta manns. Allir góðir vættir styrki ekkju hans, aldraðan föður, systkini, frændur og vini að bera harm sinn með íslensku þreki.

Wall Plaster

"EMPIRE" VEGGJA PLASTUR kostar ef til vill ögn meira en hinar verri tegundir, —en berið saman afleiðingarnar.

Vér búum til:

"Empire" Wood Fibre Plaster
"Empire" Cement Wall "
"Empire" Finish "
"Gold Dust" Finish "
"Gilt Edge" Plaster of Paris
og allar Gypsum vörutegundir. —

Eigum vér að senda yður bækling vorn ?

BÚIÐ TIL EINUNGIS HJÁ
MANITOBA GYPSUM CO. LTD
SKRIFSTOFUR OG MILLUR Í
Winnipeg, - Man.

Heimskringla
Published every Thursday by The Heimskringla News & Publishing Co. Ltd

Verð blaðsins í Canada og Bandar. $2.00 um árið (fyrir fram borgað).
Sent til Íslands $2.40 (fyrir fram borgað af kaupendum blaðsins hérlendis $1.50.)

B. L. BALDWINSON
Editor & Manager

Office:
729 Sherbrooke Street, Winnipeg
P.O BOX 3083. Talsími 3512.

Laurier og Manitoba.

Margir eru þeir, sem stórum undra framkomu Sir Wilfrids Lauriers hér í Winnipeg. Menn höfðu búist við, að heyra af hans vörum glögga grein fyrir afstöðu hans og gjörðum í þeim málum, sem Manitobafylki varðar mestu, en það brást. Málskrúð, vafningar og vífilengjur voru mest það, sem forsætisráðherra Canada hafði að bjóða.

Í hinni miklu ræðu, sem hann hélt á Amphitheatre fyrra þriðjudag kom hann fram miklu líkar flokksleiðtoga en yfirráðherra. — Hann varði aðgjörðir sambandsstjórnarinnar af krafti miklum og atyrti mótstöðumenn sína, en honum tókst ekki, að hrifa tilheyrendur sína í landamerkjamálinu. — Stefna hans í því máli var þannig, að enginn nema blindur flokksmað ur hans getur mælt henni bót. Í því máli eða afstöðu Manitoba í heild sinni gagnvart sambandsstjórninni, orúkaði hann vífilengjur og útúrsnúninga, og þar sem það tókst ekki, skýrði hann rangt frá málavöxtum. Hann sagði meðal annars, að Manitoba hefði engar kröfur gert fyr en árið 1905, sem vitanlega bæði guð og menn vita að eru ósannindi, því bæði 1901 og 1902 hafði Manitobafylki krafist jafnréttis, þar sem Sir Wilfrid gat um síðasta bréf Mr. Roblins til sín út af landamerkjamálinu skýrði hann rangt frá, er hann sagði, að Mr. Roblin í því hefði að eins haldið fram sömu kröfum og áður. Sérhver veit, að Mr. Roblin í því bréfi með berum orðum spurði, hvaða kosti Sir Wilfrid væri fáanlegur til að bjóða, úr því hann neitaði, að verða við kröfum Manitobastjórnar.

Þannig löguð frammistaða gæti gengið af flokksleiðtoga í kosninga baráttu, en er með öllu ósæmandi forsætisráðherra Canada, og sé það ekki ætlun Sir Wilfrids, að gera Manitoba algerlega Conservativt um aldarfjórðung eða lengur, þá mundi heptilegra fyrir hann, að koma óðruvísi til dvranna í hinu mesta áhuga og velferðarmáli fylkisins.

Þá er annað mál, sem Sir Wilfrid Laurier hefir hraparlega brugðist vonum manna í, og það er sýningarmálið. Nefnd sú, sem send var á fund hans í fyrra, færði þær fregnir, að Sir Wilfrid hefði lofað 2½ miljón dollara styrks til heimssýningar í Winnipeg árið 1912, ef jafnmikil upphæð fengist á móti úr annari átt. Þar sem nú sú upphæð hefir safnast, og það fyrir nokkru, hugðu margir, að Sir Wilfrid mundi koma með sinn hluta í þessari vesturför sinni, en það brást. Í stað þess virðist hann hafa gleymt loforði sínu, því í ræðu, sem hann hélt í samsæti því er bærinn hélt honum til heiðurs, gat hann um mögulegleika, að heimssýning yrði haldin í Winnipeg 1914, en þess gat hann þá, að hann vildi engu lofa um, hvort hann mundi styðja þá sýningu eða ekki.

Áður höfðu flestir álitið þetta sýningarmál útkljáð og því borgið með öllu, en nú kemur þessi ræða Sir Wilfrids sem skollum úr sauðarleggnum og eyðileggur hina glæsilegu sýningar-von manna.

Hér er ekki nema um tvent að gera: Annaðhvort hefir nefndin misskilið eða rangfært Sir Wilfrid, og er það harla óliklegt, eða þá hann hefir litla hugmynd um þýðing og verðmæti loforða sinda.

Eitt getur enn verið, og það er það, að sambandskosningar fara að forfallalausu fram 1914. Gæti ekki þessa mögulegleika, að sýning yrði haldin hér það ár, eins og honum fórust orð, verið nokkurskonar kosninga-agn? Hann ef til vill liðsinnir sýningarmálinu eitthvað þá, þó vitanlega ef kosningarnar falla honum í vil.

Frammistaða sem þetta er í fremsta máta vítaverð. Ef Sir Wilfrid Laurier hefir í hyggju að veita styrkinn, þá ætti hann að lýsa því yfir opinberlega, og ef hann ætlar ætlar ekki að veita hann, þá ætti hann að segja svo með berum orðum. Þessir vafningar og vífilengjur eru með öllu forsætisráðherra Canada ósamboðnar.

Á því er enginn efi, að þessi vesturför Sir Wilfrids Lauriers hefir orðið vonbrigði fjölda manns, og margir munu þeir vera, sem frammistaða hans hefir vert honum fráhverfa, og þýðingarlaus hefir ferð hans með öllu orðið, ef hann hefir farið hana í þeim tilgangi, að afla sér vinsælda og fylgis í Manitoba fylki.

Og göfugmannlegt munu fáir kalla, að hegna Winnipeg borg og Manitoba fylki vegna þess, að mótstöðumenn hans í stjórnmálum eru völdum ráðandi.

SVAR

til Dr. Sig. Júl. Jóhannessonar

ÓKURTEISIN.

Dr. Sig. Júl. Jóhannesson byrjar nú "Skylduverkið" sitt á ný með því, að ávíta mig fyrir "ókurteisi", og eyðir til þessa hálfum dálki. Naumast er þessi ákæra svaraverð, af því hún er byggð á endileysu. Doktorinn líkir viðræðu okkar við það, að við værum staddir á mannfundi: en það er alt annað, að ræða blöðum. — Væri samlíking dr. Sig. Júl. rétt, þá liti hún svona út, rétt útfærð:

Almennur mannfundur. Fundarstjóri B. L. Baldwinson (ritstj. blaðsins, sá er leyfir umræður). — Fyrsti ræðum. dr. Sig. Júl. Jóh.: "Háttv. vinir minir og tilheyrendur! Ég ætla að fræða ykkur dálitið um íslenzka pólitík, — ágæti Hafsteinsflokksins á Íslandi og lög brot og yfirgang Björns Jónssonar; einnig um skammarlega hluttdrægni vestur-íslenzku blaðanna í kosningabardaganum 1908. Þá fluttu blöðin verstu skamma og ákærugreinar mótstjórnar blaðanna, en svörin við þeim aldrei. Þau voru eins og leigðir málaferslumenn. Ég þarf að setjast niður og hvíla mig hálítima eða klukkutíma. Hefi ekki meira að segja í þetta sinn, en það má enginn á orðið, fyrr en ég er búinn með alla ræðuna, hvað oft, sem ég þarf að hvíla mig, og hvað svo lengi, sem ég geri það í hvert sinn. Það er "ókurteisi", að taka til máls fyr en ég er búinn að 'tala út'."

Svona er hún rétt útfærð samlíking doktorsins.

Þó gaman sé að heyra hann tala — og það er oft — þá er ég samt hræddur um, að sá mannfundur væri farinn að verða þunnskipaður, að síðustu, sem hann byði þannig lagaða kurteisi, nfl., að taka sér margar langar hvildir í sömu ræðunni, og ávíta, ef nokkur vildi taka til máls í "hvildum" hans.

Það er öllum kunnugt, að þessi slitringur hans hefir að jafnaði ekki birst nema á 2—3 vikna fresti. Og það litla, sem birst hefir í hvert sinn, virðist mér helzt benda til þess, að hann hafi ósköp litið að segja. Nei, ég hefi enga ókurteisi sýnt. Það hefði ef til vill mátt kalla það svo, ef doktorinn hefði haldið áfram máli sínu óslitnu, eins og ræðumenn eru vanir að gera á mannfundum, en hann getur ekki með sanngirni ætlast til svo mikillar kurteisi af neinum, að beðið sé mánuðum — ef til vill árum? — saman eftir þessum vandræða slitringi hans, ef menn vilja eitthvað segja og hafa eitthvað til að segja.

ÁKÆRURNAR.

Vinur minn dr. Sig. Júl. er talsvert "upp með sér" yfir því, að ég skuli ekki hafa reynt að hrekja "syndir" þær, er hann segist hafa "sannað" upp á B.J. í Hkr. 21. og dregur út af því þá ályktun, að ég muni vera "veikvopnaður". Nei, og aftur nei, minn kæri doktor. Ástæðurnar fyrir því, að ég hefi ekki enn gert þetta eru þessar: Að hvert orð í bréfi minu var skrifað áður en ég sá þessar "sönnuðu syndir", og að annar maður, hr. Bjarni Magnússon, var í Lögbergi búinn að "hrekja" þær — sumar þeirra — og doktorinn hefir ekki, þegar þetta er ritað, reynt að hrekja skýringar hr. B.M. En úr því dr. Sig. Júl. vill sýnilega, að þetta sé "hrakið" af tveimur, þá skal það látið eftir honum.

SVÖR GEGN ÁKÆRUNUM.

1. ákæra. Björn Jónsson hefir engin réttmæt lög brotið með frávikningu bankastjórnarinnar. — Hvers vegna? Vegna þess, að valdið, sem þingið með bankalögunum hefir tekið sér, að því er snertir skipun á gæzlustjórum við bankann, er beintstjórnarskrárbrot. Stjórnarskráin mælir svo fyrir, að alt umboðsvaldið sé hjá konungi", en konungur felur ráðherra að fara með þetta vald fyrir sig. Alþingi hefir samkvæmt stjórnarskránni aðeins löggjafarvald.

Og það ætti hver skynsamur maður að sjá, að þegar almenn lög eins og bankalögin eru, koma í bága, — eru beint brot á stjórnarskránni, þá er það hún, sem á að ráða. Hér er því kipt grundvellinum undan ákærum doktorsins, og alt tal hans or annara Hafsteins-liða um "brot á lögum landsins", "ráni á rétti þingsins", "að þetta sé rússneskt, eða jafnvel verra en á Rússlandi", o. fl. af líku tagi, er fjarstæðuhjal frá upphafi.

2. ákæran er fallin með framansögðu. Samkvæmt stjórnarskránni og landslögum og rétti er það ráðherra (sá, er fer með umboðsvaldið), er einn hefir rétt til að skipa gæzlustjóra við bankann, og víkja þeim frá.

3. ákæran er ósönn. Rannsóknin var að fullu lögmæt, og gaf enga átyllu til að ætla, að bankastj. væri skipuð "stórglæpamönnum", — (eða má ekki rannsaka opinberar stofnanir, fyr en álitið er að svo langt sé komið?) — heldur að eins, að ýmislegt væri þar öðru vísi en það ætti að vera, og er það fyllilega á daginn komið, og er alt af að koma betur og betur í ljós, eftir því sem bankinn tapar meira fé fyrir trassaskap og eftirlitsleysi gömlu bankastjórnarinnar.*)

4. ákæran er einnig ósönn. — Rannsóknarnefndin boðaði bankastj. á fundi sína, og lagði þar fyrir þá þær spurningar, er ákærurnar gegn þeim voru faldar í, og höfðu þeir fult tækifæri til að bera hönd fyrir höfuð sér, ef þeir hefðu viljað og getað.

5. ákæran er einnig hér með fallin. Mennirnir höfðu mörg tækifæri að verja sig á fundum nefndarinnar, áður en þeim var vikið frá.

6. ákæran er með framansögðu sjálffallin.

7. ákæran er röng og villandi. "Óhróðurssögur" voru engar simaðar innanlands eða til útlanda um bankastj., heldur skýrt frá — sem og var skylda — að henni væri vikið frá, fyrir "frámunalega lélegt eftirlitii með bankanum. — Reynslan hefir sýnt, að bessi orð voru réttmæt. Eða er það ekki "frámunalega lélegt eftirlit", að týna eða láta týnast svo skiftir þúsundum króna af eignum bankans; lána út hundruð þúsunda til öreiga og fjárglæframanna; setja varasjóð bankans sem tryggingu fyrir láni, á móti reglugerð bankans; og láta ábyrgðarlausa þjóna gera störf, sem enginn má gera nema banka stjórnin sjálf, m.fl.?

Sjálfsagt var, að gera ástæður fyrir burtvikningunni kunnar á landssjóðs kostnað. Eða á hvers kostnað átti að gera það?

8. ákæran er sú eina, sem er réttmæt, — það verð ég að játa, því ég vil ekki líta á mál þetta með ósanngirni. Ég vil ekki láta bera neinn mann eða menn dylgjum. Bezt er að láta alt koma fram í dagsljósið, og segja það, sem þarf að segja, með berum orðum.

9. ákæran er með öllu óréttmæt. Úrskurður bæjarfógetans í Reykjavík hljóðar svo: "Gjörðarbeiðandanum Kristjáni Jónssyni veitist aðgangur að Landsbankahúsinu, skjölum bankans og bókum". Kr. J. hefir aðgang" að þessu og því eru menn þá að segja, að ráðherra "skeyti ekki" lögregludómi bæjarfógetans?

Eftir að doktor Sig. Júl. hefir talið upp þessar 9 ákærur kemst hann svo að orði:

"Sé nokkuð af ofanrituðum atriðum ranghermt, þá er ég þeim þakklátur, sem leiðréttu kann".

Þetta er vel mælt, viturlega og drengilega. Ég vona því að hann taki leiðréttingar-minar til greina.

BETRI MÁLSTAÐUR.

Doktorinn gefur í skyn, að hann og hans flokksmenn hafi betri málstað. Óvæja.

Hann og hans flokksmenn eru að mæla bót, trassaskap og hirðuleysi, alveg dæmafáu, — hjá mönnum, sem settir eru yfir opinbera stofnun og hálaunaðir af opinberu fé. Það er meira að segja vafamál, hvort sumar sakir á hendur bankastjórninni gömlu, — og sem hún sjálf hefir játað — ganga ekki nærri því að vera glæpsamlegar, t.d. eins og það, að víta að bankinn var búinn að tapa mörgum þúsundum, og einnig, að víta, að margar þúsundir af fé hans var týnt, en láta þessa alls ekki getið á reikningum bankans, — gefa landsmönnum ósanna reikninga, með öðrum orðum, falska reikninga. Þetta vilja Hafsteins-liðar verja, álíta það alt gott og blessað. Minn flokkur ætlar þetta, segir, að eftirlit og lög skuli ganga jafnt yfir alla, hvort þeir eru hátt settir eða lágt. Eftirlaunabyrði Íslands — þyngstu byrðina og ranglátustu, er á því hvilir — væri léttari, ef þessari reglu hefði verið fylgt fyr, því það er alkunnugt, að sumir embættismenn landsins hafa verið svo lélegir — heimskir, trassafengnir og drykkfeldir — að þeir hafa ómögulega getað hangið í embættum, en altalað hefir verið, að þeim hafi verið ráðlagt á hærri stöðum, að segja af sér (í stað þess að vera rekn'r) svo eftirlaunin tópuðust ekki. Þetta meðal annars hefir hjálpað til að koma eftirlaunafúlgunni upp í 125 þús. kr. yfir fjárlagatímabilið, síðustu árin. — Þessir menn áttu ekkert skilið annað en að vera reknir eins og bankastjórnin gamla; en það hefir verið mein Íslands, að embættismönnum hefir til þessa verið liðið alt, en nú fyrst er að komast breyting á þetta; og þeir hafa fram að þessum tíma álitið sig það stórveldi, sem enginn gæti eða mætti hagga við, hvað sem þeir aðhefðust, alveg eins og bankastjórnin frávikna. Þetta eru þó menn, sem að eins eru þjónar, — vinnumenn þjóðarinnar, menn sem hún hefir fult vald og rétt til að láta rannsaka hjá og gagnrýna þegar henni þurfa þykir.

Dr. Sig. Júl. hefir hafið 'skylduverk' sitt meðal annars til að fegra stjórnmálaframkomu og sýna ágæti þess manns, sem er svæsn, asti mótstöðumaður allra Íslendinga hans mesta áhugamáls (eftir því, sem hann hefir marglýst yfir), — bindindismálsins. Þetta mál er eitt stærsta stjórnmálið og stærsta velferðarmálið, sem nú er á dagskrá íslenzku þjóðarinnar. Ekki get ég séð, að málstaður dr. Sig. Júl. sé betri, að því er þetta snertir. Það er mótsögn og hún ekki svo lítil, að vera einlægur og ákafur bindindismaður, en vilja þó leggja út öllum árum til að koma svæsnasta óvin málsins upp í valdastólinn. Ég vil benda honum á, að reglubræður hans líta öðrum augum á þetta mál, sem líka er eðlilegt, og það þeir einnig, sem til þessa hafa verið pólitiskir jábræður hans. Jón Árnason ritar í 5. blað Templars þ.á. um 5 grundvallaratriði G.T., hvaða skvldu það leggi G.T. á herðar. Eftir að hann hefir talað um, að það sé skylda G.T. að styðja þá menn til þingmensku, er málinu séu hlyntir, kemst hann svo að orði: "En svo þarf aftur að koma hinum sömu þingmönnum í skilning um það, að þeir megi aldrei styðja neinn mann annan upp í valdasessinn, en þann eða þá sem eru eindregnir fylgismenn þess máls, því á engan annan hátt en þann er hægt að tryggja það, að þeir einir verði settir í lögreglu og dómaraembættin í landinu, sem eru fylgjandi bannlögum, er vili framfylgja þeim af fremsta megni".

Þetta er rétt hugsað af bindindismanni og bannvini. En samkvæmt þessu brýtur hver sá G.T. 5. grundvallaratriðið, sem reynir að styðja H. Hafstein upp í valda sessinn, eða reynir að koma þeim flokk til valda, sem hefir innan sinna vébanda flesta aðalóvini bindindis eða banmmálsins.

Ég öfunda doktorinn ekki af hans "góða málstað", að því er þetta áhugamál hans snertir, frekar en því fyrgreinda. Og svona mun fara um fleira. Ég velt ekki, hvar málstaður Hafsteins-liða er góður, að því er stjórnmál snertir.

"Hvað elskar sér likt", segir gamall málsháttur, og hann sannast á Hafsteins-liðum. Meðan enginn vissi blett né hrukku á Kr.J., þá spörkuðu þeir í hann af öllum mætti leynt og ljóst. Jón Ólafsson dróttaði því að honum (og Jóni Jenssyni) fyrir stuttu í opinberu blaði, að hann hefði dæmt rangan dóm út af vinfengi og hlutdrægni í Lárusar málum svokölluðu. Hafsteins-liðar hóuðu saman sínu liði öllu á Bókmentafélagsfund fyrir rúmu ári síðan, til þess að sparka Kr.J. út úr forsetasæti þess félags, sem hann hafði óaðfinnanlega staðið í, og setztu einn af sinum upngjafadátum í skarðið. En undir eins og Kr. J. er sannur að sök um lélegt eftirlit með opinberu starfi, þá er

*) Alveg nýlega er bankinn búinn að tapa 50 þús. kr. við gjaldþrot þriggja dyggra Hafsteinsliða í Rvík. Líklega hefði bankastj. átt að þekkja ástæður þeirra, þegar þeir voru svona við nefið á henni. Einn af þessum 3 vildu Hafsteinsliðar endilega gera að "viðskiftaráðunaut" sl. vor. Á.J.J.

(Niðurl. á bls. 3)

Tuttugasta Þjóðhátíð Vestur-Íslendinga

Íslendingadagurinn.

Í River Park, 2. Ágúst, 1910.

FORSETI DAGSINS: ÁRNI EGGERTSON

KAPPHLAUP BYRJÁ KL. 9. FYRIR HÁDEGI.

PRÓGRAM

Hátiðin sett kl. eitt síðdegis af forseta dagsins ÁRNA EGGERTSYNI

MINNI ÍSLANDS
Ræða—SÉRA FRIÐRIK J. BERGMANN.
Kvæði—M. MARKÚSSON.

MINNI VESTUR-ÍSLENDINGA
Ræða—SÉRA GUÐMUNDUR ÁRNASON
Kvæði—ÞORSTEINN Þ. ÞORSTEINSSON
" —STEPHAN G. STEPHANSSON

MINNI CANADA
Ræða—THOS. H. JOHNSON, M.P.P.
Kvæði—EGGERT ÁRNASON

VERÐLAUNASKRÁ

ÍSLENDINGADAGSINS 1910

KAPPHLAUP.

1. Stúlkur innan 6 ára, 40 yds.
1. verðlaun, peningar $1.50
2. verðlaun, peningar 1.00
3. verðlaun, peningar 0.75
4. verðlaun, peningar 0.50

2. Drengir innan 6 ára, 40 yds.
1. verðlaun, peningar $1.50
2. verðlaun, peningar 1.00
3. verðlaun, peningar 0.75
4. verðlaun, peningar 0.50

3. Stúlkur 6—9 ára, 40 yds.
1. verðlaun, peningar 1.50
2. verðlaun, peningar 1.00
3. verðlaun, peningar 0.75
4. verðlaun, peningar 0.50

4. Drengir 6—9 ára, 50 yds.
1. verðlaun, peningar 1.50
2. verðlaun, peningar 1.00
3. verðlaun, peningar 0.75
4. verðlaun, peningar 0.50

5. Stúlkur 6—12 ára, 75 yds.
1. verðlaun, peningar $2.00
2. verðlaun, peningar 1.25
3. verðlaun, peningar 1.00
4. verðlaun, peningar 0.75

6. Drengir 9—12 ára, 75 yds.
1. verðlaun, peningar $2.00
2. verðlaun, peningar 1.25
3. verðlaun, peningar 1.00
4. verðlaun, peningar 0.75

7. Stúlkur 12—16 ára, 100 yds.
1. verðlaun, vörur ... $3.00
2. verðlaun, vörur ... 2.50
3. verðlaun, vörur ... 1.50
4. verðlaun, vörur ... 1.00

8. Drengir 12—16 ára, 100 yds.
1. verðlaun, vörur ... $3.00
2. verðlaun, vörur ... 2.50
3. verðlaun, vörur ... 1.50
4. verðlaun, vörur ... 1.00

9. Ógiftar stúlkur, 100 yds.
1. verðlaun, vörur ... $4.00
2. verðlaun, vörur ... 3.00
3. verðlaun, vörur ... 2.00

10. Ógiftir menn, 150 yds.
1. verðlaun, vörur ... $4.00
2. verðlaun, vörur ... 3.00
3. verðlaun, vörur ... 2.00

11. Giftar konur, 75 yds.
1. verðlaun, vörur ... $5.00
2. verðlaun, vörur ... 4.00
3. verðlaun, vörur ... 3.00
4. verðlaun, vörur ... 2.00

12. Giftir menn, 125 yds.
1. verðlaun, vörur ... $5.00
2. verðlaun, vörur ... 4.00
3. verðlaun, vörur ... 3.00

13. Konur 50 ára og eldri, 50 yd.
1. verðlaun, vörur ... $4.00
2. verðlaun, vörur ... 3.00
3. verðlaun, vörur ... 2.00

14. Karlmenn 50 ára og eldri, 80 yds.
1. verðlaun, vörur ... $4.00
2. verðlaun, vörur ... 3.00
3. verðlaun, vörur ... 2.00

STÖKK.

15. Langstökk—hlaupa til.
1. verðlaun, vörur ... $3.00
2. verðlaun, vörur ... 2.00
3. verðlaun, vörur ... 1.00

16. Hástökk—hlaupa til.
1. verðlaun, vörur ... $3.00
2. verðlaun, vörur ... 2.00
3. verðlaun, vörur ... 1.00

17. Stökk—jafnfætis.
1. verðlaun, vörur ... $3.00
2. verðlaun, vörur ... 2.00
3. verðlaun, vörur ... 1.00

18. Hopp-stig-stökk.
1. verðlaun, vörur ... $3.00
2. verðlaun, vörur ... 2.00
3. verðlaun, vörur ... 1.00

19. Kapphlaup—Tíu mílur.
1. verðlaun, vörur... $25.00
2. verðlaun, vörur... 15.00
3. verðlaun, vörur... 10.00

Klukkutíma hvíld til borðhalds.

20. Þriggjafótah'aup.
1. verðlaun, vörur ... 4.00
2. verðlaun, vörur ... 3.00
3. verðlaun, vörur ... 2.00

21. Kapphlaup—Ein míla.
1. verðlaun, vörur ... 5.00
2. verðlaun, vörur ... 3.00
3. verðlaun, vörur ... 2.00

21. Barnasýning.
1. verðlaun, vörur ... $4.00
2. verðlaun, vörur ... 3.00
3. verðlaun, vörur ... 2.00
4. verðlaun, vörur ... 1.00

23. Kappsund
1. verðlaun ..... Bikar
2. verðlaun, vörur... $10.00
3. verðlaun, vörur... 5.00

HJÓLREIÐAR.

24. Hjólreið—ein míla.
1. verðlaun, vörur ... $6.00
2. verðlaun, vörur ... 4.00
3. verðlaun, vörur ... 3.00

25. Hjólreið—3 mílur.
Verðlaun fyrir þessa hjólreið frá **Canada Cycle & Motor Co**
1. verðl. ... Dunlop Tires
2. verðl..... Silfur Medalía
3. verðl. ... ... Hjólpumpa og vindlakasssi.

26. Hjólreið (handicap), 5 mílur
1. verðlaun, vörur... $10.00
2. verðlaun, vörur... 6.00
3. verðlaun, vörur... 4.00
4. verðlaun, vörur... 2.00

27. Íslenzkar glímur.
1. verðlaun, vörur... $15.00
2. verðlaun, vörur... 10.00
3. verðlaun, vörur... 5.00
4. verðlaun, vörur... 3.00

28. Aflraun á kaðli, milli giftra manna og ógiftra (7 á hvorri hlið).
1. verðl., peningar (til þeirra sem vinna) $14.00
2. verðl., peningar (til þeirra sem tapa) $7.00

29. Danz—Waltz (aðeins fyrir Íslendinga.
1. verðlaun, vörur... $10.00
2. verðlaun, vörur... 7
3. verðlaun, vörur... 4
4. verðlaun, vörur... 3.00

30. Waltz—Open for all.
Prize—One Dozen Photographs $10.00

SVAR til dr. Sig. Júl. Jóhannessonar (Frh. frá bls. 2).

hann orðinn engill hjá Hafsteinsliðum, þá er hann lofaður alt hvað aftekur, blöðin flytja myndir af honum, hann er settur á bekk með þeim "útvöldu" á mannfundum; nú gerður að heiðursforseta Bókmentafélagsins, — þó hann að þeirra dómi fyrir stuttu gæti ekki verið forseti þess — o.s.frv. Þetta er ekki lengi að breytast; en það er óvenjulegt, að menn komist í álit fyrir vanræksla á trúnaðarstörfum netna hjá Hafsteins-liðum. En þetta verður skiljanlegra, þegar betur er að gáð, því þetta er flokkurinn, sem aldrei úrskurðar bankareikningana meðan hann er við völd, — flokkurinn, sem kýs mann úr sínum hóp til að endurskoða reikninga bankans, en hann gerir það aldrei, en hirðir þó launin, sem borguð eru fyrir þana starfa; flokkurinn, sem lætur opinbera starfsmenn graðkyrra, þó þeir geri árum saman engin skil fyrir því, er þeim er trúað fyrir; flokkurinn, sem borgar úr landssjóði reikninga, þó engin fylgiskjöl fylgi þeim, eða að nokkur vissa sé fyrir, að þeir séu réttir, o.fl., o.fl. Þegar bankamálið er athugað í sambandi við þetta, þá er von að mönnum detti í hug málsháttur-inn "hvað elskar sér líkt".

BOTNINN.

skæ ég í þessar línur með því, að biðja minn mikilsvirta kunningja dr. Sig. Júl., að gera mér ekki getsakir, sem ég hefi enga ástæðu gefið til, svo sem þá, að ég álíti hann "óærlegan" mann. Ekkert slíkt hefir mér til hugar komið. En hitt hefi ég lagt í ela, að hann væri nægilega kunnugur málavöxtum, og hver greinarstúfur hans sannar mér þetta betúr og betur. En góðan dreng og ærlegan hefi ég alt af álitið hann, og geri alveg eins, þó við séum andstæðingar í íslenzkri pólitík, og þó ég segi honum aldráttarlaust skoðun mína á þeim málum.

Á. J. JOHNSON.

STRAX Í DAG er BEZT AÐ GERAST KAUPANDI AÐ HEIMSKRINGLU. — ÞAÐ ER EKKI SEINNA VÆNNA.

KVÆÐI

flutt að Gimli, Man., á skemtiferð Goodtemplara 4. Júlí 1910.

Meðan þjóðræknin íslenzka bindur vor bönd,
meðan barnshimin íslenzkan lítur vor önd,
meðan elskum vér íslenzka strönd.
Glaðir þökkum vér sérhvern þann hamingjuhag,
sérhvern heiðríkan, blessaðan íslenzkan dag,
sérhvert æskunnar ljúflinga lag,
sem oss minnir á alt það, sem unnum vér mest,
sem á einverustundunum huggar oss bezt,
alt, sem heimkominn gjörir hvern gest.

Og í dag, skal vor ánægju eiga hér skjól
móti úlfúðar næðing sem hjarta vort kól —
vermast ásthlýrri einlægnis sól.
Látum sérskoðun allra vor eiga hér grið,
látum Eddu og Biblíu hafa hér frið,
verum íslenzk og einvalalið.
Látum ginnhelgan, norrænan goðanna stað
vekja göfgi vors þjóðernis-minna oss á það
hvar vér stöndum og stefnt skuli að.

Þrumi andans ið hugræna, helgasta lag
yfir hóp vorra landa hvern þjóðræknisdag
sem það fossanna bergmáli brag.
Aðeins styrkur og dugnaður, starfsemi og þor
getur strítt móti dauða — þeim innlenda hor
sem hér læðist í lífsmálin vor.
Ef vér sofnum, vér hverfum, vér sökkvum í kaf
en ef sístörful vökum, oss birtist það haf
sem er gullfágað ársólu af.

Já, þá lítum vér haf það, sem geislarnir gljá
eins og glitrandi sóllog því Íslandi frá
sem að þrá vor og þjóðræknin á.
Það er fegrað og aukið af ástmagni því,
sem að íslenzku hjörtunum þróaðist í—
það er vorsjón vor vakin á ný.
Tengjumst bræður og systur, þeim böndum í dag
sem oss blessa í samúð — í íslenzkum hag.
Hljómi Íslands vors helgasta lag.

ÞORSTEINN Þ. ÞORSTEINSSON

ÍSLENDINGA DAGURINN

Íslendingadagurinn verður haldinn í ár eins og að undanförnu í River Park. Eins og prógarmmið, sem prentað er á öðrum stað í blaðinu, ber með sér, fara samskonar skemtanir og íþróttir fram eins og að undanförnu.

Fyrstu sundverðlaunin eru silfurbikar, sem kept verður um á hverju ári, unz sá sami hefir unnið hann þrisvar, þá verður bikarinn hans eign; önnur verðlaun eru $10 og þriðju $5. Þeir, sem ætla sér að taka þátt í sundinu, eru beðnir að gera nefndinni aðvart hið fyrsta.

H. B. Skaptason og Victor Anderson ráða fyrir aflraun á kaðli á milli kvæntra manna og ókvæntra og eru þeir, sem vilja taka þátt í henni, beðnir að snúa sér til þeirra — Sömuleiðis verða glímustjórar settir, sem hafa eftirlit með glímunum, og verða þeir, sem vilja taka þátt í þeim, að snúa sér til þeirra.

Strætisvagnafélagið sendir tvo sérstaka vagna til Selkirk fyrir Íslendinga þar, sem vilja sækja daginn. Fyrri vagninn fer frá Selkirk kl. 7.50 og sá síðari kl. 9.30. Fargjaldið fram og til baka verður 50 cents. Farmiðar til sölu hjá íslenzku verzlunarmönnunum í Selkirk.

Menn eru beðnir að muna, að frá kl. 4 til 6 verður gengið inn í garðinn um nyrðra hliðið og verða menn þar til að leiðbeina fólki.

G. ÁRNASON, skrifari.

Takið eftir.

Nafnlaust bréf með $4.00 hefir borist ritstj. Freyju, frá einhverjum kaupanda Freyju að Swan River P.O. Hlutaðeigandi biður um mynd samkvæmt auglýsingu í nefndu blaði og viljum vér með ánægju fullnægja þeirri auglýsingu undir eins og vér vitum, hver hefir sent peningana. Það hefir sýnilega gleymst, að setja nafnið undir bréfið, en af því eins stendur á að því er skuldir snertir við Freyju af fleirum en einum þar, getum vér ekki skrifað öllum. Nóg er þó, ef hlutaðeigandi vill svo vel gera og senda oss línu með nafni sínu. Virðingarfylst

M. J. Benedictsson,
ritstj. Freyju.

North-West kjötmarkaðurinn

Hefir altaf nægar byrgðir af ágætu kjöti, fiski, kálmeti ofl.

Vörurnar eru geymdar á köldum stað yfir sumartíman og skemast því aldrei.

Geo. Richards
634 Logan Ave.
Talsími Main 2264

Ókeypis Píanó fyrir yður



Þetta er vort "Louis Style" Piano, fegursta hljóðfæri í Canada. Sent yður til reynslu í 30 daga ókeypis. —

LESIÐ ÞETTA:

STEFNA þessa félags hefir verið, að "fullnægja, eða peningum yðar skilað aftur". Og nú gerum vér það bezta tilboð sem nokkrir Píanó-salar hafa nokkru sinni gert í þessu landi. Það veitir yður fría reynslu hljóðfærisins og kauprétt á því með HEILDSÖLU verði og vægum afborgunum ef þess óskast. Vér biðjum ekki um 1 cent af yðar peningum fyrr en þér eruð alveg ánægðir. —

Tilboð vort

Fillið út og sendið meðfylgjandi "COUPON" og vér sendum yður strax sýnismyndir af vorum ýmsu hljóðfærum með verði hvers þeirra. Þér veljið Píanó, og vér sendum yður það tafarlaust og borgum flutningsgjald; þér reynið það í 30 daga ókeypis. Eftir það getið þér sent það oss á vorn kostnað, eða keypt það af oss með heildsölu verði. Er þetta ekki good boð?

W. DOHERTY PIANO & ORGAN CO., LTD.,
WESTERN BRANCH, WINNIPEG, MAN. FACTORIES, CLINTON, ONT.

— COUPON —
W. DOHERTY PIANO & ORGAN CO., LTD.,
286 HARGRAVE STREET, WINNIPEG, MANITOBA.
Kæru herrar! Sendið mér strax sýnismyndir af Piano tegundum yðar, með verðlista og upplýsingum um ókeypis reynslu-tilboð yðar, er sýnir hvernig ég get reynt Píanó-ið um 30 daga, mér kostnaðarlaust.
NAFN _____
ÁRITAN _____

THE DOMINION BANK

HORNI NOTRE DAME AVENUE OG SHERBROOKE STREET

Höfuðstóll uppborgaður: $4,000,000.00
Varasjóður - - - $5,400,000.00

SPARISJÓÐS DEILDIN:
Vér veitum sparisjóðs innleggjendum sérstakt athygli, og borgum hæztu vexti á sparisjóðs innleggjum af $1.00 og yfir. — Barna innlegg velkomin. — Seljum peningaávísanir á ÍSLAND.

H. A. BRIGHT, RÁÐSMAÐUR.

Með því að biðja sérstaklega um "T.L. CIGAR," þá ertu viss að fá ágætan vindil.

T.L.

MADE THE T.L. CIGAR
(UNION MADE)
Western Cigar Factory
Thomas Lee, eigandi Winnipeg

Vitur maður er varkár með að drekka eingöngu HREINT ÖL. Þér getið jafna reitt yður á

DREWRY'S
REDWOOD LAGER.

Það er léttur, freyðandi bjór, gerður eingöngu úr Malt og Hops. Biðjið ætíð um hann.

E. L. DREWRY, Manufacturer, Winnipeg

A. S. BARDAL
Selur líkkistur og annast um útfarir. Allur útbúnaður sá bezti. Enfremur selur hann alskonar minnisvarða og legsteina.
121 Nena St. Phone 306

ROBLIN HOTEL

115 Adelaide St. Winnipeg

Bezta $1.50 á dag hús í Vestur-Canada. Keyrsla ókeypis milli vagnstöðva og hússins á nóttu og degi. Áðhlynning hins bezta. Viðskifti Íslendinga óskast. OLAFUR G. ÓLAFSSON, Íslendingur, afgreiðir yður. Heimsækjið hann. —

O. ROY, eigandi.

Miðsumarsamsæti

heldur St. Skuld miðvikudaginn 27. þ. m. — Þar verður gaman á ferðum — alskonar skemtanir — alskonar veitingar Ice Cream o.s.f. Allir íslenzkir G. T. velkomnir, byrjar að afloknum fundi um kl. 8. Komið í tíma. Umsjón hafa nokkir giftir menn í stúkunni.

KENNARA

vantar við Geysir skóla. Kenslutími 9 mánuðir, frá 1. sept. nk. (að þeim degi meðtöldum). Kennarinn hafi 2. eða 3. "próf. certificate" fyrir Manitoba. Tilboð, sem tiltaki kaup ásamt æfingu, sendist undirrituðum fyrir 30. júli næstk.

Geysir, Man. 4. júli 1910.
B. JÓHANNSON.

KENNARA

til Laufás skóla vantar fyrir 3 mánuði, byrjar 15. sept. næstk. — Tilboð, sem tiltaki mentastig ásamt æfingu og kaup, sem óskað er eftir, sendist undirrituðum fyrir 1. ágúst næstkomandi.

Geysir, Man. 4. júli 1910.
B. JÓHANNSON.

JIMMY'S HOTEL

BEZTU VÍN OG VINDLAR.
VÍNVEITARI T.H.FRASER,
ÍSLENDINGUR.
James Thorpe, Eigandi

MARKET HOTEL

146 PRINCESS ST. á móti markaðnum
P. O'CONNELL, eigandi, WINNIPEG
Beztu tegundir af vínföngum og vindl. m. aðhlynning góð, hús endurbætt

Woodbine Hotel

466 MAIN ST.
Stærsta Billiard Hall í Norðvesturlandinu
Tíu Pool-borð — Alskonar vín og vindlar
Gistin og fæði: $1.00 á dag og þar yfir
Leupon & Hebb, Eigendur

Giftingaleyfisbréf

selur Kr. Ásg. Benediktsson
486 Simcoe st. Winnipeg

JOHN DUFF

PLUMBER, GAS AND STEAM FITTER
Alt verk vel vandað, og verðið rétt
661 Notre Dame Ave. Phone 8815
Winnipeg

A. S. TORBERT'S

BAKARASTOFA
Er í Jimmy's Hótel. Bezta verk. Ágæt verkfæri; Bakstur 15c eu Hárskurður 25c. — Óskar viðskifta Íslendinga. —

yfirgafst mig. Þú ert orðinn harður, harður eins og steinn, Jakob".

"Ég kem ekki til að ásaka þig fyrir það, sem þú hefir áður brotið", sagði Jakob dimmraddaður. — "Ég hefi fyrirgefið þér. — Þú spyrð mig, hvort ég sé ekki sekur líka, en það kemur ekki þessu máli við, ég hefi ekki brotið á móti þér. Fyrrum elskaði ég þig umfram alt annað á jörðunni, og þú sveikst mig, en", bætti hann við og brosti beiskjulega. "Þú kallar það máske glæp, að ég yfirgaf þig, þegar ég kom að þér í annars manns faðmi, en þá máttu ekki gleyma því, að ég gaf þér líf, þegar þú flettir fótunum frá brjósti þínu og sagðir mér að reka í þig hnífinn".

"Ég hefi aldrei ásakað þig fyrir það, að þú yfirgafst mig", svaraði Jóhanna, "ég verðskuldaði ekki annað betra, en ég held að hegning mín fyrir þessa synd sé orðin svo mögnuð, að þú þurfir ekki að vera lengur reiður. Og nú kemur þú og krefst dóttur okkar, sem þú hefir ekkert skeytt um í mörg ár, og þegar ég segi: dóttir okkar lifir og er lánsöm, þá svarar þú: hún lifir og er — svívirt".

Vesalings konan huldi andlit sitt og grét.

Jakob horfði á hana þegjandi.

"Þú þarst að spyrja", sagði Jóhanna að stundarkorni liðnu, "hve lengi ég hefði verið svo aðgætin, að álita brot dóttur minnar ógæfu. ..... Ó, Jakob. Mínar eigin þjáningar, mín eigin bitra reynsla hefir kent mér, að engin stærri ógæfa er til en glæpirnir. Þess vegna hefi ég ávalt beðið guð, að varðveita Helenu frá synd, og ég hefi heldur ekki hafst ástæðu til að efast um sakleysi hennar, — og geri það ekki enþá, þrátt fyrir þinn vonda grun".

"Jæja, haldu þá þína skoðun og vertu ánægð með hana, þú svikni svikari", sagði Jakob háðslega. "En vei honum, þrælmenninu, sem hefir reytt rósina

mína, ... þessa rós, sem ég, hinn friðlausi, hinn fyrirlitni, úrhrak mannfélagsins, — hefi svo lengi þráð að festa við brjóst mín. ..... Þessi rós, sem var hin eina, er ég vonaði að forlögin mundu leyfa mér að eiga. Vei honum og bölvaðri ættinni hans. Ég skal ofsækja hana".

Hatrið logaði á svip Jakobs. Rauða skeggið, illskulegu augun undir loðnu brúnunum, gröfgerða hárið, sem farið var að grána, meira af sorg en elli, — alt þetta studdi að því, að gera hann ógeðslegan, hræðilegan.

"Jakob, Jakob", kallaði Jóhanna óttaslegin, "gættu að, hvað þú ætlar að gera, og framkvæma ekkert án yfirvegunar. Er það mögulegt, að þú eingöngu fyrir grun þinn ætlir að ofsækja hann, sem hefir gert dóttur þína að því sem hún er".

"Já, einmitt fyrir það, að hann hefir gert hana að því, sem hún er", sagði Jakob grimdarlega, "einmitt þess vegna ætla ég að ofsækja hann, Jóhanna; ég trúi því, að þú sért tæld og þrælmenniðð hafi látist gera alt af eðallyndum hvötum, og þú sért nógu trúgjörn til að treysta honum. En mig skal hann ekki tæla, það sver ég. Ég skal krefjast voðalegra reikningsskila af honum, og vekja hjá honum skjálfta fyrir forlögum bróður sins".

"Guð minn góður", sagði Jóhanna lafhrædd. "Þú hefir þá myrt hann? — Þetta grunaði mig".

"Þegiðu, kona", sagði betlarinn og stappaði niður fótunum. "Láttu aldrei eitt orð um þennan grun komast yfir varir þínar, annars kynni mér að detta í hug, að loka þeim fyrir fult og alt".

Nú heyrðist létt fótatak í stiganum, dyrnar voru opnaðar, og inn kom Helen, skinandi af æsku og fegurð.

Hún tók ekki eftir betlaranum, sem hafði þotið

út í horn, en gekk beina leið til móður sinnar, sem stóð á miðju gólfi hreyfingarlaus.

"Góðan morgun, elsku mamma", sagði hún kæruleysislega. "Ég vildi ekki taka fram hjá án þess að koma upp og vita, hvernig þér liði. Ég sé að þér liður betur, og því fer ég strax aftur. Ég þarf að flýta mér, skal ég segja þér, því ég ætla á æfingu. Þetta kvöld ákveður auðnu mína sem leikmær. En hamingjan góða, þú svarar mér ekki, ... hú ert sorgmædd og horfir svo undarlega á mig. ..... Hvað gengur að þér?"

Móðir hennar svaraði ekki.

Helen leit fljótlega í kring um sig í herberginu og sá nú betlarann, þar sem hann stóð og hallaðist upp við dyrastafinn.

Snöggvast litu þau hvort í annars augu, faðirin og dóttirin. Jakob þrýsti hendinni að hjarta sinu, en viðbjóð brá fyrir á svip Helenar.

"Veitir þú betlurum mótttöku hérna, mamma? Hvaða erindi á þessi maður?

Enginn svaraði. Foreldrarnir stóðu þegjandi sitt hvoru megin við hina blómlegu dóttur sina, sem hefði getað orðið sameiningarband á milli þeirra, ef — — — — — — —

Áhorfandi, sem þekt hefði öll atvikin, er fyrir þessar, svo undarlega sameinaðar persónur, höfðu komið, hefði orðið fyrir miklum áhrifum af að lita á þennan þögla hóp.

Til annarar hliðar þessi kona, sem í rauninni var dauf og kærulaus, en var nú í mjög æstu skapi sökum tilfinninga þeirra, sem orð manns hennar höfðu vakið hjá henni; voðaleg hræðsla um skort á dygð dóttur sinnar, sem hún elskaði svo innilega, hafði gripið hana; því hver getur efast um það, að ómentaða fólkið finni jafnsárt til ógæfu barna sinna, eins og hið mentaða. Á hina hliðina hinn tötrum

klæddi faðir, sem svo lengi hafði þráð, að þrýsta dóttur sinni að brjósti sínu, saklausri og óflekkaðri; óþlamkvamar hugsanir bærðust um í huga hans — viðkvæmni, sorg og fyrirlitning — af því að hann hann dóttur sina nú á þroskaskeiði fegurðarinnar og fjörsins, en vissi jafnframt, að skrautið og prýðin, sem umkringdi hana, var keypt fyrir sakleysi hennar. Og að síðustu, mitt á milli foreldranna, hin unga, fagra, yndislega stúlka, með undrun og óró á svip sínum, yfir því að sjá hinn ógeðslega, trvllingslega, óþekta föður sinn. Alt þetta í sameiningu hlýtur að draga upp fyrir hugsjón manna hina ósamræmilegustu og einkennilegustu mynd, sem unt er að hugsa sér.

Helen rauf þögnina fyrst.

"Mamma", sagði hún. "Þú svarar ekki. Hvernig á ég að skilja þetta? Hver er þessi maður?

"Helen", sagði móðirin með sorgkvalinni raust, "hann er —".

Jakob gaf henni bendingu að þegja.

Móðirin þagnaði aftur.

"Hann kemur líklega til að betla", sagði Helen undrandi, og þú átt ef til vill ekkert til að gefa honum. Sjáðu hérna, ég skal gera það þá í þinn stað".

Unga stúlkan tók litinn silfurpening upp úr pyngju sinni og rétti hinum ímyndaða betlara hann.

Blóðið þaut fram í kinnarnar á Jakob, stórkostleg umbrot áttu sér stað í huga hans, en hann þagði og hrinti hendi dóttur sinnar frá sér.

Á sama augnabliki voru dyrnar opnaðar og inn kom Georg Ehrenstam.

"Það er voðaleg langur tími, sem þú lætur bíða þín, Helen", sagði hann. "Flýttu þé dálitið, hestarnir eru órólegir og svo máttu ekki koma of seint á æfinguna. — Á", hætti hann við og brosti þegar hann sá silfurpeningnn í hendi hennar. "Ég sé að

Vér höfum FLUTT

Vort nýja heimkynni er á horni

Portage Avenue og Hargrave Strætis

J. H. McLean & Co LIMITED

Cor Portage Ave. & Hargrave
Phone: Main 808.

Fréttir úr bœnum.

Herra Jón Thorsteinsson, reiðhjólasali, 475—477 Portage Ave., hefir til sölu beztu tegundir "racing" reiðhjóla (BRANTFORD og BLUE FLYER), sem hann selur með sérstökum kostakjörum til þeirra landa, er ætla sér að taka þátt í kapp-hjólreiðum á Íslendingadeginum í sumar. Þeir ættu að færa sér þessi kostaboð í nyt, því í slíkar ferðir þurfa menn að hafa eins góð reiðhjól og kostur er á að fá. Talsíma nr. Mr. Thorsteinssonar er nú breytt til: Sherbrooke 2308.

Herra Jón Vestdal, frá Wynyard sem hér er á ferð, kvað uppskeruhorfur góðar í allri íslenzku byggðinni þar vestur frá, að undanskildum vesturjaðrinum, þar sem regn hefir orðið sáralitið. Wynyard bæ kvað hann í miklum framförum og einatt verið að byggja. Meðal annars eru Íslendingar að byggja þar allmikið samkomuhús, sem er sameign Goodtemplara, kvenna- og safnaðarfélaganna þar.

Herra Jón Baldvinsson, Sandy Bay P.O., Man., kom hingað til bæjarins á laugardaginn var. Lét hann vel yfir útlitinu í sínu bygðarlagi og velliðan þar yfir höfuð.

Herra Wm. Anderson biður þess getið, að hann hefir flutt sig til Janes Road P.O., South Vancouver, B.C., og biður alla þá, sem skrifa sér, að muna eftir bessari nýju utanáskrift.

Spursmál.

Ég hefi orðið að umgirða land mitt, en landeigandi næst við mig, sem er fjarverandi og ég get ekki náð til, hefir engan þátt tekið í kostnaði við girðinguna. Á hann ekki sveitin að borga mér betta að hans parti eftir mati óvilhallra manna? Fáfróður?

SVAR. — Nei, sveitinni kemur það ekkert við. Ritstj.

Herra Albert Guðmundsson, frá Ewart, biður þess getið, að pósthús hans sé héreftir Cromer P.O., Man. Viðskiftavinir hans eru beðnir að muna þetta.

Sýningargestir.

Jóhann Jóhannsson, Wild Oak.
Jóhannes Baldvinsson, Sandy Bay.
Ólafur Thorleifsson, Wild Oak.
J. T. Paulson, Leslie.
Hannes Lindal, Leslie.
Sigurður Sigurbjörnsson, Leslie.
Frá Wynyard: Jón Vestdal, Einar Vestdal, Arinbjörn Björnsson, Jón Reykdal, Pétur Breiðfjörð, Olgeir Gunnlaugsson.
Frá Sinclair: Ásgeir Bjarnason, Abraham Abrahamsson, Thorgrímur Ólafsson, Rósa Stoneson.
Frá Winnipegosis: Þorsteinn Jónsson, Finnbogi Hjálmarsson og Númi sonur hans.

Til Sigurjóns Eiríkssonar.

Sigurjón er sómaderngur,
sama er á hverju gengur.
Hann er aldrei örþrifsráða,
öllum þar er hjálpin vís;
veraldar á vegi hálum
vel hann bjargar öllum málum,
leiðir fleiri en fjöldi presta
framtíðar í paradís.

B. S.

Frá Íslandi komu 10 vesturfarar sl. fimtudag. Þeir lögðu af stað frá Akureyri 17. júní sl., og voru því 26 daga á ferðinni, og er það fremur langur tími, þegar þess er gætt, hvað samgöngur eru greiðar um þessar mundir. Þeir létu að öðru leyti vel yfir ferðinni.— Þeir sem komu voru:

Þorleifur Hansson, trésmiður af Akureyri með konu og barn.

Árni Sigurðsson, trésmiður, og Halldíður Stefánsdóttir, kona hans, ásamt þremur sonum Friðriks Kristjánssonar (Jakob, Edwald og Karl).

Helgi Steinberg frá Hrafnagili í Eyjafirði og kona hans.

Trésmiðirnir Þorleifur og Árni ætla að setjast að hér í borginni, en Helgi Steinberg og kona hans héldu vestur í Foam Lake bygð.

Fjölmennur vesturfarahópur frá Íslandi kemur um mánaðamótin með H. S. Bardal vesturfaraagent.

TIL LEIGU

Rúmgott herbergi. Ennfremur ágætt geymsluþláss með stó, ef óskað er, að 624 Arlington St.

ÍSLENDINGADAGUR
Í BLAINE WASH.
Árið 1910.

Við Íslendingar í Blaine höfum ákveðið, að halda þjóðminningarhátíð annan ágúst í sumar. Niu manna nefnd hefir starfað að því í meira en mánuð og fengið góðar undirtektir hjá öllum. Nefndin getur því fullvissað landa sína hér á ströndinni, sem líklegir væru til að taka þátt í hátíðahaldinu, að það verður alt eins fullkomið og kraftar leyfa. Áætlaður kostnaður við hátíðahaldið verður frá $350—$410. — Til skemtana verða ræður og frumsamin kvæði, söngur og hljóðfæraslátturr, glímur og knattleikur, hlaup, stökk, aflraun á kaðli og ýmsar aðrar íþróttir, og góð verðlaun gefin.

Nákvæmari auglýsing í næsta blaði.

Blaine, Wash., 6. júlí 1910.

Íslendingadagsnefndin.

Vor stóra sala á kvenna og karla skóm stendu nú yfir

Fáið yður þar áður þér farið heim stúlku öklaskór úr maleðri geitagljá og kalfskinni.

Vanaverð $4.50 $5.00 $5.50 $6.00
Kosta nú $3.45

Kvenn öklaskór og morgunskó
Vanaverð $4.00 $4.50 $5.00 $5.50
Kosta nú $2.85

Ryan-Devlin Shoe Co
494 MAIN ST. PHONE 770.

Þarft þú ekki að fá þér ný föt?

EF ÞAU KOMA FRÁ CLEMENT'S, — ÞÁ VERÐA ÞAU RÉTT

Réttur að efni, réttur í sniði réttur í áferð og réttur í verði.

Vér höfum miklar byrgðir af fegurstu og beztu fataefnum. —

Geo. Clements & Son
Stofnað árið 1874
264 Portage Ave. Rétt hjá FreePress

Húðir og ógörfuð Loðskinn

Verzlun vor er vor bezta auglýsing. Sendið oss húðir yðar og loðskinn og gerist stöðugir viðskiftamenn.
Skrifið eftir verðlista.

The Lightcap Hide & Fur Co., Limited
P.O. Box 1092 172-176 King St Winnipeg
16-9-10

The Evans Gold Cure
229 Balmoral St. Sími Main 797

Varanleg lækning við drykkjuskap á 48 dögum án nokkurrar tafar frá vinnu eftir fyrstu viku. Algerlega privat. 16 ár í Winnipeg. Upplýsingar í lokuðum umslögum.

Dr. D. R. WILLIAMS, Exam. Phys.
J. L. WILLIAMS, Manager

Th. JOHNSON
JEWELER
286 Main St. Talsími: 6606

Sherwin-Williams PAINT
fyrir alskonar húsmálningu.

Prýðingar tími nálgast nú. Dálftið af Sherwin-Williams húsmáli getur prýtt húsið yðar utan og innan. — Brúkið ekker annað mál en þetta. — S.-W. húsmálið málar mest, endist lengur, og er áferðarfegurra en nokkurt annað hús mál sem búið er til. — Komið inn og skoðið litarspjaldið. —

Cameron & Carscadden
QUALITY HARDWARE
Wynyard, Sask.

Sveinbjörn Árnason
Fasteignasali.
Selur hús og lóðir, eldsábyrgðir, og lánar peninga. Skrifstofa: 12 Bank of Hamilton.
TALSÍMI 5122. HÚS-TALS. 8693

Atvinna.

Okkur vantar fáeina duglega umboðsmenn í hinum íslenzku bygðum í Manitoba og Norðvesturlandinu til að selja Stereoscopes og myndir. Sendið 75c fyrir umboðsmanna áhöld.

Arnason & Son.
8-4 Churchbridge, Sask.

DR. H. R. ROSS
C.P.R. meðala- og skurðlækuir. Sjúkdómum kvenna og barna veitt sérstök umönnun.
WYNYARD, — SASK.

G. NARDONE
Verzlar með matvöru, aldini, sætakökur, allskonar sætindi, mjólk og rjóma, sönnul, tóbak og vindla. Óskar viðskifta Íslend. Heitt kaffi eða te á öllum tímum. Fón 7756
714 MARYLAND ST.

BONNAR, TRUEMAN & THORNBURN,
LÖGFRÆÐINGAR.
Suite 5-7 Nanton Blk. Tals. 766
Winnipeg, Man. P.O.BOX 223

Dr. M. Hjaltason,
Oak Point, Man.

Anderson & Garland,
LÖGFRÆÐINGAR
35 Merchants Bank Building
PHONE: MAIN 1561.

Dr. G. J. Gíslason,
Physician and Surgeon
18 South 3rd Str., Grand Forks, N.Dak
Athygli veitt AUGNA, EYRNA og KVERKA SJÚKDÓMUM. ASAMT INNVORTIS SJÚKDÓMUM og UPPSKURÐI. —

Boyd's Brauð

Alt af hin sömu ágætu brauðin. Það er ástæðan fyrir hinni miklu sölu vorri. — Fólk veit það getur reitt sig á gæði brauðanna. Þau eru alt af jafn lystug og nærandi. Biðjið matsala ykkar um þau eða fónið okkur.

Boyd's

Bakery Cor. Spence & Portage Ave
Phone Sherb. 680

The Farmer's Trading Co.
(BLACK & BOLE)

HAFA EINUNGIS BESTU VÖRUTEGUNDIR.

Einu umboðsmenn fyrir:—
"SLATER" Skóna góðu.
"FIT-RITE" Fatnaðinn.
"H. B. K." prjónafélagið.
"HELENA" pils og 'waist' kvenfatnaði.
Bestu matvörutegundir.
"DEERING" akuryrkju verkfæri o. s. frv.

Beztu vörur Lágt verð

Fljót og nákvæm afgreiðsla.

Farmer's Trading Co.,
THE QUALITY STORE
Wynyard, Sask.

MARTYN F. SMITH,
TANNLÆKNIR.
Fairbairn Blk. Cor Main & Selkirk

Sérfræðingur í Gullfyllingu og öllum aðgerðum og tilbúnaði Tanna. Tennur dregnar án sársauka. Engin veiki á eftir eða gómbólga. —

Stofan opin kl. 7 til 9 á kveldin
Office Phone 6944. Heimili: Phone 6482.

W. R. FOWLER A. PIERCY.

Royal Optical Co.
307 Portage Ave. Talsími 7286.

Allar nútíðar aðferðir eru notaðar við augn skoðun hjá þeim, þar með hin nýja aðferð, Skugga-skoðun, sem kjörreyndi öllum ágiskunum. —

"Kvistir,"
kvæði eftir Sig. Júl. Jóhannesson, til sölu hjá öllum íslenzkum bóksölum vestanhafs. Verð: $1.00.

J. L. M. THOMSON, M.A., L.L.B.
LÖGFRÆÐINGUR. 255½ Portage Ave.

TIL SÖLU:
160 ekrur af bezta landi, stutt frá járnbrautarstöð. — Fyrsti maður með $7.00 fær hér góð kaup. — Finnið

Skúli Hansson & Co.
47 Aikens' Bldg.
Talsími. Main 6476 P. O. Box 833

Winnipeg Wardrobe Co.
Kaupa brúkaðan Karla og Kvenna fatnað,—og borga vel fyrir hann.
Phone. Main 6539 597 Notre Dame Ave

BILDFELL & PAULSON
Union Bank 5th Floor, No. 520
selja hús og lóðir og annast þar að lútandi störf; útvegar peningalán o. fl.
Tel.: 2685

Jónas Pálsson,
SÖNGFRÆÐINGUR.
Útvegar vönduð og ódýr hljóðfæri
460 Victor St. Talsími 6803.

þú ert að framkvæma velgerning. Hvernig hefir þessi betlari getað þefað þig uppi, Jóhanna mín?"

"Það er einkennilegur betlari", sagði Helen, um leið og hún tók hendi Georgs, "hann vill ekki þiggja ölmusuna sem ég bauð honum, ... en, komdu nú, Georg".

"Og þú, eftir á að hyggja", bætti hún við hvíslandi, "eigum við að skilja mömmu eftir einsamla hja þessum manni? — Hann líkist stigamanni".

"Farðu út", sagði Georg við Jakob. "Þarna eru dyrnar".

Jakob svaraði engu, en horfði á Georg með svo hatursriku augnaráði, að hann hröklaðist ósjálfrátt aftur á bak af hræðslu.

Hann áttaði sig samt fljótt og endurtók:

"Heyrðirðu ekki, hvað ég sagði? Farðu út strax, svo ég þurfi ekki að óhreinka hendur mínar á lörfum þínum við að fleygja þér út".

"Biddu, biddu, herra barún" kallaði Jóhanna æst í geði. "Láttu hann vera, ... snertu hann ekki. Hann er —"

Jakob leit hinni aftur bendingu.

"Það er það sama", sagði Jóhanna, "hann er kunningi minn frá ænskuárum, sem nú er orðinn fátækur og ólánsamur, en samt vil ég ekki fyrirlíta hann. Snertu hann ekki".

"Sem ykkur þóknast", sagði Georg með fyrirlitningu. Komdu, Helen".

Hann opnaði dyrnar og fór, ásamt Helenu, sem kvaddi móður sína með því að hneigja sig óaurlitið.

Hjónin heyrðu vagninn aka burt.

"Nú", sagði Jakob, hvað segir þú um þessa aðferð, sem þau skeyta ekki um að hylja fyrir þér? — Ertu enn óhult um dygð dóttur þinnar?"

"Nei, nú sé ég, hvernig sakir standa", sagði ógæfusama móðirin, huldi andlitið með höndum sínum og hné örmagna af sorg ofan á rúmið, þar sem hún hafði sezt.

Jakob leit enn einu sinni á konu sína, opnaði síðan dyrnar og gekk burt.

X.

Sjónleikurinn.

Hinir skrautlegu vagnar heldra fólksins í Stokkhólmi voru þetta kvöld fleiri á ferð yfir Gústaf Adólfs torgið til tónleikahússins, heldur en venja var til. Á fáum minútum fyltust innbekkirnir og stúkurnar af mönnum. Það var langt síðan leikhúsið hafði verið svona vel sótt.

Leikhús, þar sem öll sæti eru notuð, er heimur í smáum stýl. Hér sjást mannfélagsins mismunandi stöður, frá fyrstu til fimtu raðar, nákvæmlega sundurgreindar. Eini mismunurinn er sá, að þar er það almúginn, sem efst situr, en auðurinn og metorðin neðar.

Húsið var nærri fult, þegar ungur maður í regnkápu ruddist gegn um mannþröngina í forrýminu og tók sér sæti á miðjum bekk í nánd við hljóðfærasviðið.

Þessi ungi maður var söguhetjan okkar, Móritz Sterner, höfundur leikritsins sem sýna átti, enda þótt enginn, sem þar var staddur vissi það, nema hann sjálfur.

Fyrri hluta dags kom Móritz frá Uppsölum til Stokkhólms, í því skyni að horfa á sýningu leikrits sins, og það undrast væntanlega enginn yfir því, að

hann beið þess með óþreyju að teppinu væri lyft. Móritz hafði ekki haft tækifæri til að ná í auglýsingu, og vissi því ekki, hverjir áttu að leika. Hann hafði að sönnu heyrt, að ung leikmær ætti að gera byrjunartilraun sína sem aðalpersóna leiksins, en þar eð Helen hafði tekið sér annað eftirnafn eftir að hún kom í leikflokkinn og fékk stöðu við leikhúsið, þá hafði Móritz engan grun um, að hún ætlaði að leika.

Hann sneri sér nú að þeim, sem næstur sat til hægri handar, litlum, gildum manni með glaðlegt andlit, og bað hann að lána sér auglýsinguna sína.

"Með ánægju", svaraði maðurinn og fékk honum auglýsinguna. "Þú mátt hafa hana í alt kvöld, ef þú vilt, því ég læri ávalt auglýsingarnar, svo að ég kann þær utanbókar, og þarf hennar því ekki".

Móritz leit yfir auglýsinguna.

"Ég kannast við nöfin á öllum persónunum, sem þátt taka í leiknum, nema ungfrú Roos". Hver er hún?"

"Ó, það er einmitt leikmærin, sem er að byrja", svaraði hinn. "Ég heyri, að þú ert ekki frá Stokkhólmi, annars mundirðu hafa vitað og þekt það sem mest er umtalað í borginni".

"Nei", svaraði Móritz, "ég er frá Uppsölum og kom fyrst hingað til borgarinnar fyrir fáum stundum. Ég veit að ungfrú Roos er byrjandi í leiklistinni, en hver er hún, hvaðan er hún, og hvernig leikur hún? Um það getur þú líklega frætt mig sem Stokkhólmsbúi".

"Hver getur vitað, hvaðan alt þetta listafólk kemur?" svaraði maðurinn og yptí öxlum. "Leiksveinar og leikmeyjar spretta upp úr jörðunni eins og gorkúlur, án þess maður viti nokkurn hlut um upprunu þeirra. Alt, sem ég veit, er að Helen litla Roos er mjög falleg, og að —"

"Heitir hún Helen?" spurði Móritz fjörlega.

"Já, og ef þú vilt vita meira um hana, þá geturðu spurt unga manninn, sem situr í fimtu stúku á fyrsta lofti, ... þenna fallega mann í liðvarðarbúningnum. ..... Sérðu hann?"

Móritz fylgdi bendingu hans og leit til þessarar umræddu stúku. Alt í einu varð hann sem frá sér numinn og gat ekki fengið sig til að líta af persónunum, sem í stúkunni sátu.

Blóðið leitaði til höfuðsins, og sægur af gagnstæðum tilfinningum fylti huga hans við að sjá þetta fólk.

Fimm manneskjur voru í stúkunni. Fremst sat barún Ehrenstam við hlið konu sinnar. Bak við þau sat Georg við hliðina á ungri stúlku, en ekki gat Móritz séð andlitsfall hennar, með því það huldist að nokkru leyti af stórum silkihatti og svo af blæju, sem fóll ofan fyrir ennið og augun. Bak við þessa ungu stúlku stóð tígulegur maður, sem oft laut niður að henni og talaði við hana.

Móritz grunaði, að þessi unga stúlka væri Ísabella Ehrenstam, sem hann hafði bjargað frá drukknun, þegar hann var ungur, og eftir henni hafði hann nefnt kvenhetjuna í leiknum, sem átti að leika í fyrsta sinni þetta kvöld.

Hrifinn af hinum gömlu endurminningum, sem þessar persónur framleiddu í huga hans, gleymdi Móritz alveg, hvers vegna hann fór að veita þeim eftirtekt.

Gamli barún Ehrenstam var orðinn til muna ellilegri, síðan Móritz sá hann seinast í veiðimannahópnum í skóginum. Hárið var orðið grátt, en sömu tilfinningarlausu og hörðu drættirnir lágu enn í kring um þunnu varirnar hans, og sami járnfasti, ósveigjanlegi viljinn bjó enn í svipnum á enni hans.

Kona hans var orðin mjög feit, og andlit hennar

Heimskringla.

XXIV. ÁR | WINNIPEG, MANITOBA, FIMTUDAGINN, 28 JÚLÍ 1910 | NR. 43

GOTT OG TRAUST REIÐHJÓL

Þarf hver sá að hafa, sem tekur þátt í kapp hjólreiðum. Ég hefi nú á boðstólum hin traustustu og beztu "racing" reiðhjól, sem til eru búin í Canada

BRANTFORD OG **BLUE FLYER**

Landar, sem taka ætla þátt í kapp-hjólreiðum á Íslendingadeginum í sumar, geta fengið sérstök vildarkjör hjá mér á þessum ágæta reiðhjólum, sem eru traust og endingargóðen þó létt og lipur.

West End Bicycle Shop
Jón Thorsteinsson, eigandi
475—477 Portage Avenue.
TALSÍMI: SHERB. 2308

Fregnsafn.

Markverðustu viðburðir hvaðanæfa.

— Alment verkfall gerðu yfir 8 þúsund manns, sem vinna við Grand Trunk Pacific járnbrautina mánudaginn 18. þ.m., kl. 9.30 að kveldi, eftir að kröfum þeirra um launahækkun hafði verið hafnað af félaginu. Voru það lestastjórar, aðstoðarmenn þeirra, brautastjórar og aðrir, sem við lestirnar vinna, er verkfallið gerðu. Hlóðu þeir krafist þess, að fullkomin laun, hin sömu laun, er C.P.R. og C.N.R. borga sínum mönnum, er sama verk vinna, en félagið, útir þras og samningaleitanir um langan tíma, gæ á lokum það svar, að það gæti ekki orðið við þessari kröfu fyrr en 1913, — en því vildu hinir ekki ganga að og lögðu því vinnuna niður. — Félagið hefir reynt sitt ýtrasta til að fá nýja menn og verkfallsbrjóta til að taka upp vinnuna og tekist framar vonum. — Afleiðing af þessu verkfalli varð sú, að öllum verksmiðjum G.T.P. félagsins var lokað, í bráð að minsta kosti, og urðu þar 5000 manns atvinnulausir.

— Prófessor Heuning Matzen, háskólakennari í lögfræði við Kaupmannahafnar háskóla, landbúnaðsmaður og einn af leiðandi afturhaldsmönnum Danmerkur, andaðist 18. júlí sl. Hann var giftur Helgu Vídalín, er áður átti Jón Vídalín stórkaupmaður, en þau skildu. Prófessor Matzen var við aldur.

— Skógareldar miklir geysa í British Columbia, og hafa tvær borgir brunnið til grunna af völdum þeirra, og fleirum hætt, því eldurinn magnast óðum. Borgirnar sem brunnu voru Whitewater og McGuigan. En í mestri hættu eru borgirnar Sandon og Three Forks, og eru allar líkur til, að þær fari á sömu leið. Eignatjón er metið svo miliónum dollara skiftir, og 15 menn hafa látið lífið, svo kunnugt er.

— Tuttugu og fimm þús. manns var neitað um inngöngu í Bandaríkin á sl. ári, og því endursendir til sinna átthaga, en tæp 1½ milión manna fékk leyfi til bólfestu.

— Ljótar sögur berast af meðferð á óbreyttum liðsmönnum á þýzkalandi, og hefir meðferð sú ollað hneyksli miklu og blöðunum orðið tíðrætt um. Undirforingi einn í hernum, Franz Libowska að nafni, hefir verið dæmdur í tveggja ára fangelsi fyrir grimd og harðýðgi við undirmenn sína, og er víst, að fleiri herforingjar fái líka útreið, fyrir þjösnaskap sinn, því rannsókn hefir verið hafin í því máli. — Franz Libowska hafði þá venju, að sparka í hermennina með fótunum, eða lemja þá um höfuðið með flötu sverðinu, ef honum þótti eitthvað af framkomu þeirra, og um hánótt kallaði hann oftlega á liðsmenn og skipaði þeim að dansa og syngja fyrir sig. Ef honum ekki fell í geð söngurinn eða dansinn, lét hann lemja þá með svipum og setja í svartholið. Heraginn var svo strangur, að liðsmennirnir sáu sér ekki fært, að klaga yfir meðferðinni, bjuggust við engu góðu, miklu frekar illu, ef þeir yrðu svo djarfir að klaga. Loksins varð ungur herforingi til að fletta ofan af þessu háttalagi herforingjanna, og var þá rannsókn hafin, sem leiddi margar ólagrar sögur í ljós.

— Það mun víst eins dæmi í sögunni, að mannætur sitji á þjóðþingum Evrópurikjanna, en svo er nú sagt um einn af þingmönnum Frakka, — svertingjann Legitimus. Á hið franska þing senda auk Frakklands nýlendur þess fulltrúa þingið, og herra Legitimus, sem er nafnaðarmaður, er fulltrúi fyrir eyjana Goudealaupe, þar sem svertingjar búa mestmegnis, og eru margir þar mannætur, og það sagði einn af mótstöðumönnum Legitimusar að hann væri líka, að hann hefði slátrað mönnum og étið á sínum yngri árum, og bar herra Legitimus ekkert á móti þeim áburði. Og Frakkar eru stoltir af, að vera fyrsta menningarþjóðin, sem hefir leyft mannætu þingsetu, enda vakti Legitimus feikna eftirtekt, er hann í fyrsta sinni sýndi sig í þingsalnum, bíksvartur og á gulum lafafrakka.

— Nýskeð andaðist í Fond du Lac, Wis., ein af elztu konum í Bandaríkjunum, blökkukonan Eveline Harris, 114 ára gömul. Hún fæddist 1796 í ánauð, og ólst upp sem ambátt. Þegar hún var 35 ára gömul var hún seld bónda einum í Alabama, sem gifti hana einum af þrælum sínum og gaf báðum frelsi síðar meir. Þá er hún lézt voru 12 barnabörn hennar á lífi og tvö barnabarnabörn.

— Skógareldar ákafir geysa í námunda við Rainy River, og er bærinn í mikilli hættu staddur að brenna til grunna, því eldarnir umkringja hann á alla vegu. Sérhver maður, sem vetlingi getur valdið í bænum, hefir verið kallaður til björgunar. Jafnvel beir, sem unnu á símastöð bæjarins urðu að yfirgefa það verk og hjálpa til að varna eldinum frá bænum. Hvað mikið fiártjónið verður, er af skógareldum bessum kann að leiða, er ómögulegt að segja, en þegar er tjónið orðið svo miliónum dollara skiftir. Sérstaklega hafa sum viðarfélög orðið fyrir stórtjóni, meðal annara Rat Portage Lumber Co. hér í bænum.

— Gyðingaofsóknir halda stöðugt áfram á Rússlandi, og eru hroðasögur, er ganga af meðferð þeirri, er Gyðingarnir verða að sæta. Um tvö þúsund fjölskyldur voru reknar yfir landamærin fyrir miðju þessa mánaðar.

— Forsetakosning fór fram í Argentina sl. föstudag, og var Roque Saenz Pena kjörinn forseti.

— Mormónar hafa starfað mikið að trúboði á Þýzkalandi nú upp á síðkastið og orðið talsvert ágengt. Sérstaklega voru margar konur hrifnar af þeim trúarbrögðum, en þýzka stjórnin leit öðrum augum á það, og nú hefir hún gert alla mormónska trúboða landræka.

— Innflytjendastraumur til Canada er alt af að aukast, og það sem betra er, að megiþorri innflytjendanna kemur ekki með tvær hendur tómar, eins og áður var siður. Á tímabilinu frá marzbyrjun til júníloka hafa 92,400 manns tekið sér bólfestu í Canada, mest þó í Vesturfylkjunum. Frá Bretlandi (Englandi, Skotlandi og Írlandi) hafa komið á þessu tímabili 35,000 manns, frá öðrum Evrópulöndum 10,900 og frá Bandaríkjunum 46,500. — Fólkstraumurinn frá Bandaríkjunum er alt af að fara í vöxt, og það sem bezt er við innflytjendurna þaðan er, að bæði eru flestir þeirra kunnir landbúnaði og koma þess utan með álitlegar peningaupphæðir til að koma undir sig fótunum hér.— Svo er talið, að þeir Bandamenn, sem hingað hafa fluzt á þessu 4 mánaða tímabili, hafi komið með yfir 50,000 dollara í peningum, eða meir en þúsund dollara á hvern innflytjanda þaðan, og er slíkt dágóður bústofn, því þess ber að gæta, að tveir þriðju af þessum innflytjendum eru konur og börn, svo að réttu lagi hefir hver fjölskylda að meðaltali komið með 3000 dollara bústofn í peningum, fyrir utan búsáhöld, vélar og verkfæri, sem miklu nemur. Slíkir innflytjendur sem þetta ættu að verða til þjóðar þrifa. — Innflutningur fólks þessa sýnir öllu fremur, hversu kostaríkt Canada er, og að það sé land framtíðarinnar.

— Lýðveldið Honduras í Mið-Ameríku á nú í borgarastríði. Er það fyrrum forseti ríkisins Benilla, sem hafið hefir uppreist gegn núverandi forseta Davila, og hvgst að reka hann frá völdum. Sagt er, að Englendingar muni skerast í leikinn, áður en of langt gengur, því þeir eíga nýlendur, er hægia að landamærunum. Annars eru borgarastríð daglegir viðburðir meðal smáríkjanna í Suður- og Mið-Ameríku.

— Þingið á Ítalíu hefir veitt tvegeja miljóna dollara styrk til að koma upp herflota í lóftinu. — Loftskirin áleit þingið lífsspursmál á ófriðartímum, og var styrkveitingin veitt sem undirstaða undir öflugan herflota í loftinu.

— Fylkiskosningin fyrir Russell kjördæmið, þar sem Wm. Valens liberal var talinn kosinn með 6 atkvæða meirihluta yfir A. L. Bonnycastle conservativ, — fór á aðra leið en talið var. Mr. Bonnycastle heimtaði, að atkvæðin væru talin að nýju, og fóru þá svo leikar, að hann hafði 8 atkvæði um fram Mr. Valens, er áður var talinn kosinn. — Hafa nú Conservativar 28 þingmenn, en hinir Liberölu 13, eða nákvæmlega sömu blutföll og á síðasta þingi.

— Um 30,000 manns, er vinna á járnbrautum North-eastern félagsins á Englandi, gerðu alment verkfall fyrra miðvikudag. — Ástæðurnar fyrir verkfallinu eru taldar: langur vinnutími og harðstjórn yfirmannanna. Verkfall þetta kom öllum að óvörum, og er því búist við, að verkfallsmennirnir fái sínu framgengt.

— Japanskt gufuskip sökk við Kóreu strendur, sl. sunnudag, og drukknuðu þar 206 manns.

— Sextíu manns fórust í ofsaveðri, er geysaði um Norður-Ítaliu á sunnudaginn, margir meiddust og skemdir á húsum og öðrum eignum talið mjög mikið.

— Eldur kom upp í Empire Hotel í Brandon, vandaðasta hóteli bæjarins, á laugardaginn var, og gerði skemdir miklar, sem talið er nemi 30,000 dollara.

Íslendingadagurinn

2. ágúst 1910 verður haldinn í

ELM PARK

Prógrammið, sem birtist í síðasta blaði, ber með sér, að skemtanir og íþróttir verða þær sómu og að undanförnu. Nefndin hefir gert alt, sem í hennar valdi stendur, til að gera daginn sem þjóðlegastan.

Íslendingar, menn og konur, dagurinn er yðar: sýnið, að þér viljið styðja að viðhaldi þess, sem íslenzkt er í þessum bæ, með því að sækja hann.

KOSNINGA ÚRSLIT Í GIMLI KJÖRDÆMI.

Herra Jón Sigvaldason aðalkjörstjóri fyrir Gimli kjördæmið kunngerði í Gimli bæ þann 20. þ. m. úrslit kosninganna í því kjördæmi. Þau sýndu, að í þeim 33 kjördeildum, sem eru í kjördæminu, varð atkvæðagreiðslan þannig, að B. L. Baldwinson hlaut 905 atkvæði, W H. Paulson 450 atkv. og séra J. P. Sólmundsson 286 atkv.

Atkvæðagreiðslan á hinum ýmsu kjörstöðum fór þannig:

	Kjördeild	*B.L.B.*	*W.H.P.*	*J.P.S.*
1.	Rondau skóla	32	15	1
2.	Hjá G. Sigurðssyni	27	16	0
3.	Seamo	51	2	14
4.	Franklin	69	10	7
5.	Scotch Bay	16	9	1
6.	Park View	40	17	0
7.	Cold Springs	57	11	2
8.	Otto	34	5	3
9.	Deer Horn	10	8	1
10.	Chatfield	7	10	1
11.	Broad Valley (South)	3	39	1
12.	Broad Valley (North)	30	25	0
13.	Dog Lake	13	1	4
14.	Dog Creek	19	0	14
15.	Narrows	25	4	5
16.	Fairford	20	13	0
17.	Foley	28	25	2
18.	Húsavík	24	12	16
19.	Gimli bær	54	65	89
20.	Gimli (vestur)	5	10	1
21.	Nes	5	1	24
22.	Árnes	48	26	39
23.	Hnausa	18	8	4
24.	Gevsir	56	18	6
25.	Árdal	27	20	10
26.	Víðir	21	17	5
27.	Icelandic River	53	28	1
28.	Hecla	13	9	21
29.	Fisher Bay	5	7	0
30.	Norris Lake	11	3	0
31.	Township 18, Range 1 East	4	0	0
32.	Komarno	49	6	7
33.	Plumridge	31	10	7
	Alls	905	450	286

OGILVIE'S
Royal Household Flour

Til Brauð og Köku Gerðar — Gefur Ævinlega Fullnæging

EINA MYLLAN Í WINNIPEG.—LÁTIÐ HEIMAIÐNAÐ SITJA FYRIR VIÐSKIFTUM YÐAR.

Úr bænum

Verðhækkun á hveiti hér í borginni hefir haft þær afleiðingar, að brauðgerðarmenn borgarinnar hafa ákveðið, að hækka verð á brauðum sínum um eitt cent. — Þó þessi verðhækkun á brauðum sé ekki mikil, þá dregur um það, ef til lengdar gengur, — og sem oftast tilfinnanlegast fyrir fátæklinginn.

CONFIRMATION.— Miss Ólavía Regina H. Bjarnason, fædd 8. júlí 1906, var "confirmeruð" þann 17. þ.m. og veitt altaris sakramentið, við embættisgerð 8. sd. í Tr., í hinum evangelisk lúterska íslenzka söfnuði í Westbourne, Man.

Guðsþjónusta og kirkjulegur starfi fór fram í kirkju-byggingu safnaðar Church of England (sem nú starfar í nýrri kirkjubygging) og góðfúslega hefir leigt hinum íslenzka lúth. söfnuði eldri byggingunna mjög vægri leigu.

Winnipeg, 26. júlí 1910.
710 Ross Ave.

O. V. GÍSLASON,
prestur Wb. safnaðar.

Sýningar gestir.

Frá Markerville, Alta.: Mrs. G. Grímsson, Mrs. J. Benediktsson, Mrs. Jónas Johnson og Einar Jónsson.

Frá Semans P.O., Sask.: Runólfur Sigurðsson og Runólfur Runólfsson.

Frá Glenboro, Man.: Miss Kristín Thompson, og herra J. G. Oleson.

Frá Amor P.O., Man.: Hinrik Johnson.

Frá Churchbridge: G. Á Árnason, kaupmaður.

Frá Bradenbury: Hjálmar Loftsson, kaupmaður.

Með því að friðunartími hrossagauka (snipe) er úti 1. ágúst næstkomandi, er það nauðsynlegt fyrir þá, sem hafa í hyggju að fara á veiðar, og ekki hafa þegar fengið veiðileyfi, að sækja um slíkt leyfi til landbúnaðar og innflytjenda skrifstofunnar í Winnipeg, áður en þeir fara á veiðar. — Sjáið neðanmálsgreini (E) og af sjöundu grein í "The Manitoba Game Protection Act".

Þeir, sem ekki eru borgarar eða heimilisfastir verða sömuleiðis að sækja um veiðileyfi til áðurnefndrar skrifstofu, ef þeir hafa í hyggju að veiða dýr eða fugla, hvort heldur undir verndunarlögunum eða ekki. — Sjáið lagagreinar 24. og 25., og fyrirbyggið öll óþægindi og áhættu af lögsókn.

Sérhver fylkisbúi, sem fylgir aðkomumanni á veiðar, án þess leyfis, skoðast jafnsekur og er því hegnt á sama hátt.

Það er skylda hvers veiðigæðumanns eða lögreglubjóns, að hafa eftirlit með, að lögum þessum sé stranglega framfylgt.

Öll veiðileyfi fyrir árið 1909 gengu úr gildi 31. desember það ár, — að eins gild fyrir það ár, sem þau eru gefin út fyrir.

Þegar sótt er um leyfi, eiga allar umsóknir að sendast beint til: Department of Agriculture and Immigration, Winnipeg, Man.

ATHUGASEMD.

South Bend, Wash., 20. júlí 10.
Heiðraði ritstjóri.

Í tileíni af fréttagrein í Heimskringlu 26. mai sl., eftir "Íslending No. 3" á Reymond, rita ég þessar línur. Þessum Ísl. No. 3 segist nokkuð vel frá í fréttagrein sinni, sem ég hefi ekki mikið við að bæta. En "oft má á máli þekkja, manninn hver helzt hann er", því allir lesendur að fréttagrein hans skilja vel ónota háðsyrði hans til sumra okkar landa hér og ekki sízt til mín, og það að raunalausu. En þar eð ég hefi gott tækifæri til að draga hann fram í dagsljósið fyrir framkomu hans við mig, ásamt mjög góðu bréfi, sem ég fékk nýlega frá Manitoba viðvíkjandi "No. 3" (og geymi ég það vandlega), — þá vil ég ráðleggja "Íslending No. 3" næst þegar hann ritar fréttagrein héðan, að mannskemma ekki sjálfan sig á því, að brúka svona óviðfeldið númer fyrir nafn, því svona menn, sem eru hræddir við sitt eigið nafn, þekkjast hvort sem er, þó þeir vilji ekki þekkjast.

G. J. Austfjörð.

ATVINNA.

Unglingur frá 14—16 ára, sem vill læra járnsmiði, getur fengið góða tilsögn og góð kjör. Ritstj. Hkr. vísar á.

Kennara vantar.

að Háland skóla nr. 1227, í þrjá almanaksmánuði, byrjar 1. september 1910. Umsækjendur tilgreini kaupgjald og mentunarstig. Tilboð sendist til undirritaðs fyrir 15. ágúst 1910.

Hove P.O., 18. júlí 1910.

S. EYJÓLFSSON.

Wall Plaster

"EMPIRE" VEGGJA PLASTUR kostar ef til vill ögn meira en hinar verri tegundir, —en berið saman afleiðingarnar.

Vér búum til:

"Empire" Wood Fibre Plaster
"Empire" Cement Wall "
"Empire" Finish "
"Gold Dust" Finish "
"Gilt Edge" Plaster of Paris
og allar Gypsum vörutegundir. —

Eiqum vér að senda yður bækling vorn?

BÚIÐ TIL EINUNGIS HJÁ
MANITOBA CYPSUM CO. LTD
SKRIFSTOFUR OG MILLUR Í
Winnipeg, - Man.

Heimskringla

Published every Thursday by The Heimskringla News & Publishing Co. Ltd

Verð blaðsins í Canada og Bandar $2.00 um árið (fyrir fram borgað).
Sent til Íslands $2.40 (fyrir fram borgað af kaupendum blaðsins hér $1.50)

B. L. BALDWINSON
Editor & Manager

Office:
729 Sherbrooke Street, Winnipeg
P. O. BOX 3083. Talsími 3512.

Ferðin suður.

Nokkrir menn fóru héðan úr borginni suður til N. Dakota til þess að vera viðstaddir greftrun Magnúsar lögmanns Brynjólfssonar, þriðjudaginn 19. þ.m. Veður var gott, sólskin og hiti. Lestin fór héðan kl. 7.25 að morgni til Pembina, 68 milur vegar. Þar fréttum vér, að margt manna hefði farið þaðan um morguninn vestur til Cavalier til að vera viðstatt jarðarförina. Sumir fóru á léttings keyrsluvögnum, aðrir á bifreiðum. Þeir, sem fyrir útförinni stóðu, höfðu gert ráðstafanir til þess, að bifreið skyldi mæta Winnipeg gestunum í Pembina og keyra þá vestur. Eftir stundardvöl kom vagninn að vestan og tók gestina og þeysti með þá eftir rennsléttum brautum vestur um landið, til Cavalier. Sú vegalengd er 28 milur, og varð ferðin gerð á 29 minútum.

Það var gestkvæmt í Cavalier þennan dag. Þúsundir manna voru þar samankomnar úr öllum pörtum Dakota ríkis að heiðra minningu hins látna mikilmennis. Lögfræðingar og dómarar, læknar, kaupmenn og bændur voru þar úr öllum nærliggjandi héruðum, alt sunnan frá Grand Forks. Sumir komu með gufulestum, aðrir á keyrsluvögnum og aðrir á bifreiðum, og svo taldist til, að þann dag væru þar í bænum 50 mótorvagnar eða betur. Og svo var mannmergðin mikil, að ógreitt var um ferðir eftir götum bæjarins. Hafði slíkur mannfjöldi aldrei fyr sézt þar í bæ. Allir voru þögulir og þrungnir sorgblandinni alvöru, og ekki all-fáir, bæði karlar og konur, sáust þar með tár á kinn, — það var sýnilegur vottur einlægrar sorgar. Mannfjöldinn fékk eigi varist þeirri meðvitund, að við fráfall Magnúsar Brynjólfssonar hefði Dakota ríki á bak að sjá einum af sínum allra merkustu og mikilhæfustu sonum og hinum bezta dreng.

Á hádegi hófst likfylgdin frá húsi þess látna yfir að bæjarráðhúsinu. Þar fór fram hin fyrri greftrunarathöfn, eða hús og bæjar kveðja. Þar töluðu þeir séra Hans Thorgrimsen og dómari einn frá Grand Forks, stuttar ræður en liprar, lýstu eiginleikum og starfi þess látna, og tjóni því, sem félagsheildin biði við fráfall hans. — Eftir ræðuhöldin og sálmasöng hélt likfylgdin á stað út á heimilis réttarland herra Brynjólfs Brynjólfssonar, föður þess látna, og þar var Magnús sál. lagður til hvíldar við hlið móður sinnar, sem andaðist fyrir nokkrum árum og er þar grafinn. Á undan likvagninum fór hornleikendaflokkur og mannfjöldi mikill, og um 20 bifreiðar fylðu likinu út að gröfinni. Þar flutti séra Rögnvaldur Pétursson langa og góða ræðu yfir kistunni í viðurvist mesta mannfjölda, sem þangað hafði safnast til þess með nærveru sinni að votta leifum hins látna þökk og virðingu fyrir samveruna á liðnum árum.

Klukkan 4.45 var haldið frá gröfinni heimleiðis aftur til Cavalier. — Winnipeg gestirnir höfðu þar stutta viðdvöl, en héldu til Pembina um kveldið og náðu þar í vagnlest til Winnipeg, og komu hingað kl. 10.30 um kveldið, — höfðu þá ferðast um daginn 136 milur með járnbraut og 86 mílur með mótorvögnum, sem gengu með 20 milna hraða á klukkustund eftir vegum sveitarinnar, og höfðu þó 5½ klukkutíma töf.

Ferð þessi minnir á þá miklu breytingu, sem orðið hefir bar í sveit á fjórðungs aldar skeiði, frá því er hinn látni var ungur drengur og bændur þokuðust þunglamalega og seinfara eftir brautunum, á þyngsla vögnum, dregnum af uxum, með þriggja milna hraða á klukkustund. Síðar, þegar efni bænda fóru að aukast, fengu þeir sér létta keyrsluvagna og hesta til ferðalaga. En nú þykja jafnvel þau tæki of seinfara, og eru því ýmsir farnir að eignast bifreiðar, og þeytast nú á þeim eftir vegum héraðsins með feikna hraða.

Það er hvorttveggja, að Dakota bygðin hefir farið vel með landa vora á liðnum árum, enda bar öll framkoma þeirra þar syðra vott um velsæld og nægjusemi, — og prýðisfögur eru heimilin tilsýndar, er maður þeytist fram hjá þeim í mótorvögnunum.

Ferðalagið þar gaf bendingu um, hvernig á því stendur, að þeir menn og konur fá ekki fest yndi á Íslandi, sem alið hafa hluta æfi sinnar hér vestra.

Svartasti bletturinn.

...Ófarir liberala við kosningarnar héldu margir að mundi lækka mesta rostann í aðal-málgagni þeirra Free Press, að blaðið hefði þar fengið þann skell, að það mundi sitja á strák sinum um stund, — en slíkt varð ekki. Ekki voru kosninga-úrslitin fyrr kunn, en blaðið tók að hamast að brigsla mótstöðumönnum sínum um svik og prettí við kosningarnar, og að þeir hefðu sigrað með óheiðarlegum, jafnvel glæpsamlegum meðulum. En eftir að atkvæðagreiðslan í Russell kjördæminu hafði verið endurskoðuð og það kom í ljós, að Conservativar unnu það þingsæti, þá fór fyrst að grána gamanið fyrir alvöru: Kjördæminu hafði verið stolið á glæpsamlegasta hátt frá þeim Liberölu, sagði blaðið (F.P.) og spjó galli í allar áttir yfir slíkri óskammfeilni hinna Conservativu.

Þó vitanlega enginn, sem þekkir til F.P. festi trúnað á slíka sögusögn, frekar en annað það, er blaðið og leiðtogar flokksins láta sér um munn fara í kosningadeilum, — er þó réttast, að drepa á mál þetta lítillega.

Í fyrstu, sem kunnugt er, er Liberal þingmannsefnið talið kosið með 7 atkvæða mun. Upptalning atkvæðanna er heimtuð af Conservative þingmannsefninu, og þá kemur í ljós, að í einum kjörstað, þar sem Liberal þingmannsefnið hafði tvo eftirlitsmenn, en Conservativa þingmannsefnið engan, eru 15 ógild atkvæði talin þeim Liberala. Dómarinn, sem er strangur Liberal, dæmir atkvæðin ógild og þar með Conservativa þingmannsefnið kosið. Gallarnir á kjörseðlunum voru þeir, að krossað var við bæði þingmannsefnin, — lítill kross og óglöggur við nafn Mr. Bonnycastles, sem auðvelt var að taka ekki eftir, ekki sízt þegar tveir Liberalar áttu að lita eftir hag mótstöðumannsins, en enginn fyrir hinn. Og að taka ekki eftir litla krossinum, var að dæma atkvæðið Liberal Að ekki hafi verið notað sama ríthlý við stóra og litla krossinn á kjörseðlum þessum og þeir hafi ekki verið merktir af sama manni, telur Ferguson, K.C., sá er mætti fyrir hönd Mr. Bonnycastle við upptalninguna, getsakir einar eða illkvitnis uppspuna.

Allir heilvita menn sjá líka, að einum þingmanni fleira eða færra gerði Conservativum ekkert til, — þeir voru nógu sterkir áður, svo það eitt ætti að duga til að sýna, hvað hjákátlega hlægileg fiarstæða þessi stuldur Russell kjördæmis er, sem Free Press er svo gleiðgosalega gapandi yfir.

En hvað um Liberala sjálfa og kosningabaráttu þeirra? Er hún hrein og flekklaus? Nei, síður en svo. Hafi nokkurntíma verið brúkuð óheiðarleg meðul, þá gerðu Liberalar það við nýafstaðnar kosningar. Og sé kosningaferill þeirra rakinn niður í kjölinn, þá er það án efa svartasti bletturinn í kosningasögu Manitoba. Fyrir utan hálaunaða leigusnápa sambandsstjórnarinnar, sem margir af leiðtogum Liberala í Manitoba eru, og sem gerðu alt, sem þeir gátu til að ginna kjósendurna á glapstigu, þó árangurslitið yrði,— er það Grand Trunk Pacific járnbrautarfélagið með afskifti sín af kosningunum, sem bitur höfuðið af skömminni.

Félagið eða öllu heldur embættismenn þess, beittu áhrifum sínum óskamfeilnislaust þeim Liberölu í vil. Verkamenn félagsins og starfsmenn, sem liklegastir voru til að greiða atkvæði þeim Liberölu í vil, voru settir á þá staði, sem auðvelt var fyrir þá að neita kosningaréttar sins, — en þeir aftur á móti, sem líkur voru til að væru Conservativar, voru fluttir á þá staði, þar sem þeir ómögulega gátu náð til að kjósa. — Sérstaklega kvað ramt að þessu í Rivers, sem er einn hluti af Lansdowne kjördæminu, þar sem leiðtogi Liberala, Tobias Crawford Norris, var kosinn. Þar unnu embættismenn félagsins og Norris sjálfur að flutningi kjósenda til og frá, af svo miklum krafti, að enginn Conservative kjósandi, er vann fyrir félagið og kjósa átti í því kjördæmi, var látinn vera til staðar, — allir fluttir eitthvað út í buskann, þar sem þeir ekki gátu nevtt kosningaréttar sins. Enda varð árangurinn sá, að Mr. Norris er kallaður af mörgum og það með réttu þingmaður Grand Trunk félagsins, en ekki þingmaðurinn fyrir Lansdowne kjördæmið.

Þannig löguð afskifti af kosningarrétti manna er ekki ný bóla hja Grand Trunk Pacific félaginu eða embættismönnum þess, þeir hafa leikið sama leik áður. En öllu óheiðarlegri leik en þennan, að svifta fjölda fólks kosningarrétti sínum, en veita hann öðrum, er trauðla hugsandi, og sagnvart ríkjandi stjórn er það meira brot, en þó atkvæði hefðu verið keypt. Þetta er að stela atkvæðum. Og þetta er félagið, sem hefir sambandsstjórnina að bakhjalli, félagið sem mest hefir þegið úr ríkissjóði, og mest hlunnindi hefir fengið frá sambandsþinginu. — Það er ekki von á betra úr þeirri átt.

Þetta er að eins lítið sýnishorn af mörgum, hvernig Liberalar unnu við kosningarnar og hversu hreinan og flekklausan leik þeir léku. Þeir gala hátt um svik og prettí mótstöðumanna sinna, en svartasti bletturinn verður aldrei af þeim þveginn.

Hitinn og brauðið.

Það er almenn skoðun, að ólikt sé betra að búa í heitum löndum en köldum, og að mun sé það ánægjulegra, að búa í því loftslagi, þar sem eru sifeldir þíðvindar og sólskin, heldur en í röku loftslagi, þar sem eru sifeldir kuldar og rigningar.

Vér hér í Vestur-Canada og norðvestur Bandaríkjunum búum í hinu svonefnda "tempraða" belti, þar sem skiftast á þægilegir hitar og vætukaflar. Hvorttveggja þetta — í hæfilegum hlutföllum — tryggir vöxt og þroskun alls jarðargróðurs.

Íslenzku bygðirnar í Bandaríkjunum og Vestur-Canada hafa fengið fjórðungsaldar reynslu í þessum efnum. Þær hafa stundum beðið uppskerutjón fyrir of mikla vætu og einstöku sinnum einnig fyrir of mikla þurka og hita. En lang-oftast hefir tíðarfarið verið svo hentugt, að bændurnir hafa notið góðrar uppskeru af löndum sínum. — Fyrir það hafa og margir þeirra safnað auð fjár á síðasta fjórðungsaldar skeiði.

En þetta yfirstandandi ár er hreinasta undantekning frá því, sem vant er að vera. Það má svo heita, að síðan eftir miðjan vetur hafi hér verið suðrænt loftslag með stöðugum hitum og óvanaega litlu regnfalli. Hitarnir hafa haldist uppihaldslítið frá því í apríl sl. Júnímánuður varð hér sá heitasti, sem sögur fara af, stundum yfir 100 stig í skugga, dögum saman; og júlímánuður einnig með hlýjasta móti, og án nokkurs úrfellis, svo teljandi sé. Veðurblíðan hefir því verið hin ákjósanlegasta, og sér í lagi heppileg fyrir þá, sem stunda byggingavinnu og ýmsa aðra vinnu.

En bændunum í Vestur-Canada hefir blíðviðrið bakað 50 milión dollara eignatjón á þessu sumri. Þeir sifeldu þurkar og ofsa hitar, sem verið hafa í alt sumar, hafa kipt vexti úr öllum jarðargróðri, svo að nú er það talið áreiðanlegt, að hér verði ekki á komandi hausti meir en hálf meðal uppskera, og að uppskerubresturinn baki það tjón, sem að framan er talið.

Hins vegar lendir ekki allur skaðinn á bændunum. Þeir fá t. d. mun hærra verð fyrir korntegundir sínar á næsta hausti, en vant er að vera, eða talsvert á annan dollar fyrir bushel, og fyrir aðra kornvöru að sama skapi.

Skaðinn lendir aðallega á alþýðu í borgum og bæjum, í hækkun brauðverðs, sem stigur um sjötta part yfir það, sem verið hefir, eða heldur betur, og þessi verðhækkun á aðal-fæðutegund fólksins orsakast beinlinis af veðurblíðunni, sem verið hefir á sl. 8 eða 10 vikum, af því að regnfall hefir verið of lítið en hitar of miklir.

Að vísu má segja, að verðhækkun brauðsins verði svo lítil, að vel sé tilvinnandi að leggja á sig þann aukakostnað fyrir þessa auknu veðurblíðu. En hinsvegar verður því ekki neitað, að hún er bein orsök í auknum lífskostnaði. Hún er einnig orsök í lækkun vinnuinntekta fyrir mikinn fjölda verkamanna, með því að flutningsvinna með járnbrautum, vinna á millum og víðar minkar að sama skapi og uppskeran rýrnar.

Skaðinn af veðurblíðunni er þannig tvöfaldur, fyrst með minkandi vinnuarði, og í öðru lagi með auknum lífskostnaði. Það er ánægjulegt, að búa við veðurblíðu, en hún getur orðið of dýru verði keypt, og hún er það á þessu herrans ári.

Mikado.

Svo heitir gufuskip það hið mikla, sem Stephan kaupm. Sigurðsson að Hnausa hefir keypt og heldur nú út til flutnings farþega og farangurs milli Winnipeg, Winnipeg Beach og Gimli og annara staða meðfram ströndum Nýja Íslands. En mest hefir skipið að gera með flutning farþega eftir Rauðá og við Winnipeg Beach, því skipið er sérlega vel lagað til mannflutninga.

Skip þetta er með þeim allra stærstu og gangmestu, sem nú eru á vötnum Vestur-Canada. Það er að öllu leyti vel útbúið og lýst með raflýsum, sem framleidd eru af þar til gerðri vél í skipinu. — Fram á skipinu, á aðaldekki, er stór danspallur, og á efra dekki er þægileg og rúmgóð setustofa. — Máltíðar og veitingar fást á skipinu, og svo vel er gert við alla farþega, sem frekast eru föng til.

Skip þetta hefir þegar náð miklum vinsældum, og svo er mikil eftirsókn að ferðast með því til skemtunar, að það getur ekki annað vöruflhtningum nema að mjög litlu leyti.

Herra Sigurðsson, eigandi þess, er alþektur jafnt að rausn sem dugnaði, og hann sparar ekkert til þess að sinna svo þörfum gesta sinna, að þeim geti liðið sem bezt og ánægjulegast meðan þeir eru á skipi hans.

Það er bæði unaðsríkt og fróðlegt, að ferðast með skipi þessu eftir Rauðá og fara gegn um hinar nýgerðu flóðlokur.

Íslendingar, sem vilja njóta glaðrar stundar á góðu skipi á Rauðá og Winnipeg vatni, ættu að ferðast með MIKADO.

Um ferðir skipsins getur fólk fengið að vita með því að rita til herra Sigurðsons, að Seymour House, Winnipeg.

Kennara vantar.

Tilboðum um að kenna við Minervu skóla nr. 1045, frá 1. október 1910 til 30. april 1911 (í sjö mánuði), verður veitt móttaka af undirrituðum til 1. september 1910 Umsækjendur tilgreini mentunarstig og kaup, sem óskað er eftir,

S. EINARSSON, Sec'y-Treas.
25-8 Gimli P.O., Man.

TIL KJÓSENDA Í GIMLI KJÖRDÆMI.

Ég finn mér skilt að votta hérmeð kjósendum í Gimli kjördæminu mitt alúðarfylsta þakklæti fyrir tiltrú þá og heiður er þeir hafa sýnt mér með ný-afstaðinni atkvæðagreiðslu við fylkiskosningarnar. Að ég muni reyna að verða kjördæminu að því liði sem kraftar mínir orka vildi ég biðja kjósendurna að álíta sjálfsagt, og sjálfur hef ég sannfæringu fyrir því að mér muni á komandi kjörtímabili takast að starfa svo til hagsbóta fyrir kjördæmið að allir sanngjarnir menn megi vel við una.

B. L. BALDWINSON.

Tuttugasta Þjóðhátíð Vestur-Íslendinga

Íslendingadagurinn.

Í Elm Park, 2. Ágúst, 1910.

FORSETI DAGSINS: ÁRNI EGGERTSON

KAPPHLAUP BYRJA KL. 9. FYRIR HÁDEGI.

PRÓGRAM

Hátiðin sett kl. eitt síðdegis af forseta dagsins
ÁRNA EGGERTSYNI

MINNI ÍSLANDS
Ræða—SÉRA FRIÐRIK J. BERGMANN.
Kvæði—M. MARKÚSSON.

MINNI VESTUR-ÍSLENDINGA
Ræða—SÉRA GUÐMUNDUR ÁRNASON
Kvæði—ÞORSTEINN Þ. ÞORSTEINSSON
" —STEPHAN G. STEPHANSSON

MINNI CANADA
Ræða—THOS. H. JOHNSON, M.P.P.
Kvæði—EGGERT ÁRNASON

VERÐLAUNASKRÁ

ÍSLENDINGADAGSINS 1910

KAPPHLAUP.

1. Stúlkur innan 6 ára, 40 yds.
   1. verðlaun, peningar $1.50
   2. verðlaun, peningar 1.00
   3. verðlaun, peningar 0.75
   4. verðlaun, peningar 0.50
2. Drengir innan 6 ára, 40 yds.
   1. verðlaun, peningar $1.50
   2. verðlaun, peningar 1.00
   3. verðlaun, peningar 0.75
   4. verðlaun, peningar 0.50
3. Stúlkur 6—9 ára, 40 vds.
   1. verðlaun, peningar 1.50
   2. verðlaun, peningar 1.00
   3. verðlaun, peningar 0.75
   4. verðlaun, peningar 0.50
4. Drengir 6—9 ára, 50 yds.
   1. verðlaun, peningar 1.50
   2. verðlaun, peningar 1.00
   3. verðlaun, peningar 0.75
   4. verðlaun, peningar 0.50
5. Stúlkur 6—12 ára, 75 vds.
   1. verðlaun, peningar $2.00
   2. verðlaun, peningar 1.25
   3. verðlaun, peningar 1.00
   4. verðlaun, peningar 0.75
6. Drengir 9—12 ára, 75 yds.
   1. verðlaun, peningar $2.00
   2. verðlaun, peningar 1.25
   3. verðlaun, peningar 1.00
   4. verðlaun, peningar 0.75
7. Stúlkur 12—16 ára, 100 yds.
   1. verðlaun, vörur ... $3.00
   2. verðlaun, vörur ... 2.50
   3. verðlaun, vörur ... 1.50
   4. verðlaun, vörur ... 1.00
8. Drengir 12—16 ára, 100 yds.
   1. verðlaun, vörur ... $3.00
   2. verðlaun, vörur ... 2.50
   3. verðlaun, vörur ... 1.50
   4. verðlaun, vörur ... 1.00
9. Ógiftar stúlkur, 100 yds.
   1. verðlaun, vörur ... $4.00
   2. verðlaun, vörur ... 3.00
   3. verðlaun, vörur ... 2.00
10. Ógiftir menn, 150 yds.
    1. verðlaun, vörur ... $4.00
    2. verðlaun, vörur ... 3.00
    3. verðlaun, vörur ... 2.00
11. Giftar konur, 75 yds.
    1. verðlaun, vörur ... $5.00
    2. verðlaun, vörur 4.00
    3. verðlaun, vörur ... 3.00
    4. verðlaun, vörur ... 2.00
12. Giftir menn, 125 yds.
    1. verðlaun, vörur ... $5.00
    2. verðlaun, vörur ... 4.00
    3. verðlaun, vörur ... 3.00
13. Konur 50 ára og eldri, 50 yd.
    1. verðlaun, vörur ... $4.00
    2. verðlaun, vörur ... 3.00
    3. verðlaun, vörur ... 2.00
14. Karlmenn 50 ára og eldri, 80 yds.
    1. verðlaun, vörur ... $4.00
    2. verðlaun, vörur ... 3.00
    3. verðlaun, vörur ... 2.00

STÖKK.

15. Langstökk—hlaupa til.
    1. verðlaun, vörur ... $3.00
    2. verðlaun, vörur ... 2.00
    3. verðlaun, vörur ... 1.00
16. Hástökk—hlaupa til.
    1. verðlaun, vörur ... $3.00
    2. verðlaun, vörur ... 2.00
    3. verðlaun, vörur ... 1.00
17. Stökk—jafnlætis.
    1. verðlaun, vörur ... $3.00
    2. verðlaun, vörur ... 2.00
    3. verðlaun, vörur ... 1.00
18. Hopp-stig-stökk.
    1. verðlaun, vörur ... $3.00
    2. verðlaun, vörur ... 2.00
    3. verðlaun, vörur ... 1.00
19. Kapphlaup—Tíu mílur.
    1. verðlaun, vörur... $25.00
    2. verðlaun, vörur... 15.00
    3. verðlaun, vörur... 10.00

Klukkutíma hvíld til borðhalds.

20. Þriggjafótahlaup.
    1. verðlaun, vörur ... 4.00
    2. verðlaun, vörur ... 3.00
    3. verðlaun, vörur ... 2.00
21. Kapphlaup—Ein míla.
    1. verðlaun, vörur ... 5.00
    2. verðlaun, vörur ... 3.00
    3. verðlaun, vörur ... 2.00
21. Barnasýning.
    1. verðlaun, vörur ... $4.00
    2. verðlaun, vörur ... 3.00
    3. verðlaun, vörur ... 2.00
    4. verðlaun, vörur ... 1.00
23. Kappsund
    1. verðlaun ..... Bikar
    2. verðlaun, vörur... $10.00
    3. verðlaun, vörur... 5.00

HJÓLREIÐAR.

24. Hjólreið—ein míla.
    1. verðlaun, vörur ... $6.00
    2. verðlaun, vörur ... 4.00
    3. verðlaun, vörur ... 3.00
25. Hjólreið—3 mílur.
    Verðlaun fyrir þessa hjólreið frá **Canada Cycle & Motor Co**
    1. verðl. ... Dunlop Tires
    2. verðl..... Silfur Medalía
    3. verðl. ... ... Hjólpumpa og vindlakasssi.
26. Hjólreið (handicap), 5 mílur
    1. verðlaun, vörur... $10.00
    2. verðlaun, vörur... 6.00
    3. verðlaun, vörur... 4.00
    4. verðlaun, vörur... 2.00
27. Íslenzkar glímur.
    1. verðlaun, vörur... $15.00
    2. verðlaun, vörur... 10.00
    3. verðlaun, vörur... 5.00
    4. verðlaun, vörur... 3.00
28. Aflraun á kaðli, milli sjiftra manna og ógiftra (7 á hvorri hlið).
    1. verðl., peningar (til þeirra sem vinna) $14.00
    2. verðl., peningar (til þeirra sem tapa) $7.00
29. Danz—Waltz (aðeins fyrir Íslendinga.
    1. verðlaun, vörur... $10.00
    2. verðlaun, vörur... 7
    3. verðlaun, vörur... 4
    4. verðlaun, vörur... 3.00
30. Waltz—Open for all.
    Prize— One Dozen Photographs $10.00

Fimmtíu og sjö ára.

Þegar ég kom heim úr vinnu minni föstudagskveldið 24. júní, sem er fæðingardagur minn fyrir 57 árum liðnum, eða árið 1853, þá áttá ég enga von á því, að ró minni yrði að nokkru raskað. Ég er orðinn hvildrækur og værugjarn eftir erfiði dagsins og neyti allrar rósemi, sem hægt er að hafa við heimili mitt. En ekki leið á löngu áður, en vinir minir og venzlamenn fóru að smátinast inn í hús mitt; og um kl. 9 var orðinn húsfyllir, og hvervetna kvað við gleði, ánægja og velvildarhugur til mín.

Við þetta tækifæri voru mér gefnir fagrir og verðmætir munir, og skáldið Mr. Markússon talaði til min mjög góð og hlý orð og flutti erindin, sem hér fylgja með.

Ég var eitthvað að myndast við að þakka öllu þessu góða fólki fyrir hjartanlega velvild til min og allar þessar gjafir. Og ég endurtek það hér, að ég óska og vona og bið drottinn, að leiða sem flesta geisla inn í hugskot og á lífsbraut þessa fólks, eins og það fylti hús mitt og tilfinningar með ljósi, yl og ánægju þetta kveld.

Í sambandi við þetta langar mig til að gera ofurlitla athuga, semd við þetta 57 ára ferðalag.

Ég er fæddur og að nokkru leyti uppalinn á Elliða í Staðarsveit í Snæfellsnessýslu. Þar, á bessari ordlögðu veðra og hættu jörð, en samt sem áður mestu farsældar og fegurðar jörð, — á ég minar ógleymanlegu endurminningar.

Þar, eins og víðar á gamla Fróni er sambland af ægilegum risamyndum í útsýn íslenzkrar náttúru og landslags og skinandi óviðjaviðjafnanlegrar fegurðar.

Það er ekki að undra, þó Íslendingar hafi verið og séu þann dag í dag skáld og hugsjónamenn. Þetta fjölbreytta haglendi í ríki náttúrunnar, sem hefir alið þá, gefur anda og hugsun, stálþrótt og um leið viðkvæma bliðu og yndislega fegurð. Myndirnar eru svo margar og breytilegar, að enginn getur framhjá þessum drottins meistaraverkum gengið, án þess að verða partur af náttúrunni, ef svo mætti að orði komast. Og þá um leið auðugur af hugsjónum og skáldlegri fegurð.

Fyrir mína skoðun: Fyrir öll þau hundruð og þúsundir mílna, sem ég hefi farið yfir í álfu þessari, þá er það kraftaverk, að geta eignast hér góðskáld, reglulega auðug af hugsjónum, sem geta framleitt hæstu og sterkustu tóna og um leið angurblíða og fagra. Hér geta þeir orðið sterkir sem fílar, eða sem stóru eikurnar, sem ekkert getur sveigt eða beygt, nema voðalegu fellibyljirnir, og þeir geta ort rétt og slétt í líkingu við endalausu slétturnar, sem hvergi gefa auganu hvild. Og sannleikurinn er það, hvað sem hver segir, að skáldin okkar hér vestra sem að heiman komu, hafa ekkert farið hér fram. Ég held að þau tapi í hugsjónum og yndisleik. — "Sæla vorblómið" tapast eða hverfur úr sál þeirra og hugsun.

— "sá er beztur sálargróður,
sem að vex í skauti móður,
en rótarslitinn visnar visir,
þó vefjist hlýrri morgundögg".

Nú bið ég auðmjúklega fyrirgefa ingar á þessum útúrdúr.

Til Lárusar Guðmundssonar.

24. Júní 1910.

Nú fimmtíu og sjö eru svinn árin hjá
og sölnuð fögur blómin æsku daga,
já haustið er komið með bleika kinn og brá
og brjóstið mædda það, er gömul saga.

Enn samt ertu glaður í góðra vina hóp
með gullin þín, sem enginn burtu tekur,
þitt viðkvæma eðli, sem heyrir drottins hróp
og hæsta tóna mannsleg anda vekur.

Sem hugur skammsýnn, en drottins náðar djúp,
sem dögum ræður gleði lífs og tárum;
að markinu síðsta í haustsins geisla hjúp
þig hylli von á svölum tímans bárum.

M. Markússon

Æfissaga min og fjölda margra annara er í stuttu máli á þessa leið: — Ég mun hafa verið um 8 ára gamall, þegar ég fékk að fara með föður minum sáluga frá Elliða og inn í Stykkishólm, þá fyrst lá vegurinn með brattri hlíð, eftir sléttum grundum, og víða skárust grasgeirar hátt upp í hlíðina, með fjölgresi og blómskrauti. Fyrir neðan var næstum óslitið starengi niður að sjó, og var þar á stangli önnur bæjaröð sveitarinnar, næstum fast við Faxaflóann, en hin efra með fjallgarðinum. Útsýni alt er ljómandi fagurt, og sveitin æfinlega kölluð fögur, en því miður lika mögur. Þessi spottinn eftir sléttu grundunum, augunum, er barnæskan okkar með blómgresið og fegurðina fyrir flestra. En nú lá vegurinn að Djúpagili, sem skertst ákaflega djúpt niður, þar sem það kemur ofan úr fjallinu, og vegurinn liggur fyrst í bugðum upp hæðina að sunnan og siðan í tæpri sand og malargötu skáhalt með gilinu, sem nú rennur langt niðri í gliúfraþröng, og slys eða dauði vís, ef götuna missir. — Þetta er vegurinn í lífi okkar, þegar við erum að skilja við foreldra áminningar og föðurhúsin, — þegar við erum að skilja við barnæskuna með allri sinni blíðu, fegurð, einfaldleik, og erum að taka ábyrgðina í lífi voru á okkar eigin herðar. — Þá liggur strax vegurinn eftir tæpri götu í snarbrattri hlíð, og Djúpágil er ginandi fyrir neðan, og slys eða dauði vís, ef götuna missir.

Svo þegar þessi spottinn endar, sem allur er á fótinn, æði örðugur, minkar hættan, en þá sjást framundan hæðir og hálsar. Ég gleymi aldrei þeirri þrá, sem greip mig, að komast sem fyrst upp á þessa hæð framundan, því þá hlyti ég að sjá svo margt nýtt þar á bak við, sem hún skyggði á. En eftir að sú þraut var unnin, kom önnur hæð, og svona koll af kolli, með sléttum köflum og dalverpum á milli, þar til loks að sást vestur úr skarðinu Helgafellssveitin og Breiðifjörður, með allri sinni dýrð og eyja-auðlegð. En ekki gat þessi litli heimur, sem nú opnaðist fyrir augum mínum, gert mig ánægðan, því nú sá ég að vestanverðu Fellsstrandar fjöllin, og í bláma Barðastrandar fjallgarðinn. Þar blaut efalaust margt og merkilegt að standa á bak við. Og þráin til að vita það varð nú margfalt sterkari en fyrr.

Þetta er sá fyrsta markverði viðburður í lífi mínu: Ferðin yfir Kerlingarskarð. Og þetta ferðalag er lífs eða æfisaga min og margra annara. Þegar Djúpagili sleppur, þá kemur þráin að komast á þessa hæðina, og svo þá næstu, og þannig áfram á meðan orkan og æðið endist. En svo þegar farið er að halla undan fæti, og kveldgeislar æfidagsins eru farnir að gylla fjallaskörðin og dalabrúnirnar, og þreytti ferðamaðurinn er farinn að hugsa um hvild og náttstað, þá er sáralitið unnið eftir alt stritið. Aldrei fengust þessar þrár og ráðgátur uppfyltar og ráðnar, því þegar þrekið var farið og ferðin á enda, þá stóðu heilir fjallgarðar í blóma framundan, sem skygðu á alt, sem þar er á bak við.

Þessu lík verður æfisaga okkar flestra, vinir minir.

"Komið er haust,
kveða við hrannir með nákaldri raust".

Lofaður og vegsamaður sértu, drottinn minn, fyrir alt blitt og stritt. Og lofaður sértu fyrir hylli allra góðra manna og vinarþel, sem ég hefi náð. Fátt er dýrmætara og þyngra á metunum fyrir minar tilfinningar, en mannhylli og hlýtt viðmót.

Lárus Guðmundsson.

* * *

P.S. — Ég leiddíst út í skáldskapar og hugsjónarugl í ofanritaðri grein. Í sambandi við það get ég ekki annað en mint á Heimskringlu blað 30. júní. Þar eru tvö kvæði, sem vöktu sérstaklega eftirtekt mína. Annað kvæðið er blaðinu til prýði og okkur Vestur-Íslendingum til sóma, að eiga þann mann í okkar hóp, sem er jafnauðugur og einvaldur í orðum og hugsjónum, sem sá höfundur.— Þetta kvæði er "Hal'eys halastjarna", ort af "Þorskabít". Ég efast um, að til sé eitt einasta kvæði eftir skáldin okkar hér, sem tekur þessu kvæði fram. Það er í fylsta máta frumlegt og ekki eyris virði að láni tekið frá nokkrum manni til þess smiðis. Það gevmir mikið af lífsspeki og göfgi til alföðursins, sem öllu stjórnar og er höfundur að prýði og meistaraverkum, sem anga voru mæta bæði á himni og jörðu. Ef þessi "Þorskabítur", sem dregur sitt rétta nafn í hlé, á mikið í fórum sínum af kvæðum líkum þessu, þá er hann skáld, og ef hann fágaði sín náttúrukvæði með angurblíðunni hans Steingrims og Jónasar, þá gæti hann átt meistaralega fagra kvæðabók, sem ég tæki fram yfir allar aðrar hér.

Hitt kvæðið í sama blaðinu er "Til Jónasar Ballar", undir gervinafninu "Styrkárr Vésteinn Helgason". Það er blaðinu til stórlýta, og öllum okkar flokk til svívirðu að láta annað eins brællyndishnoð berast út á prenti meðal þjóðar vorrar. Það er ekki von að vel fari. Það eru engar líkur til, að við Vestur-Íslendingar áðum sanngjarnan og réttlátan dóm, sem skáld og rithöfundar, á meðan þetta rusl og óþverri slæðist í aðra hvora linu. Og þeir, sem vel geta gert, þykir smán og litilsvirðing í, að eiga verkin sin á sömu opnunni og þessir Mökkurkálfar.

Mér er vel við Heimskringlu og mér þykir vænt um ritstjóra hennar, herra B. L. Baldwinson, sem með hygni og dugnaði hefir stjórnað henni í mörg ár, sem alþýðlegasta og frjálslyndasta blaði. En það verður að hafa gát á kvæðaruslinu; bundið mál er ljótara og skaðlegra en það óbundna, ef á því eru stór lýti.

Lárus Guðmundsson.

SMÆLKI.

Mér er sagt, læknir góður, að Jón vinur minn, sem hú hefir stundað svo lengi og sagt að lífrarveiki gengi að, hafi dáið úr magaveiki. Hvernig vikur því við?

Trúðu ekki öllu, sem þér er sagt. Þegar ég stunda sjúkling, sem lifrarveiki gengur að, þá deyr hann úr lifrarveiki.

* * *

Hann: Vertu sæl, elskan mín, ég vona þú reynist mér trygg meðan ég er í burtu.

Hún (gegn um tárin): Ég vona það líka.

* * *

Alexander Duma var eitt sinn í samkvæmi beðinn af hefðarkonu einni, að gefa litinn skerf til útfarar fátæks embættismanns.

„Hver er sá, sem á að grafa? spurði Dumas.

Böðullinn, svaraði konan.

Hvað mikið kostar jarðarfiðrin? Tuttugu og fimm dollara, hijóðaði svarið.

Min kæra frú, svaraði Dumas, hérna hafið þér 50 dollara, en gerið mér þá þénustu, að sjá til þess að tveir böðlar verði jarðsettir.

* * *

Skáldið Kipling kom eitt sinn í sjávarþorp eitt á Englandi, og meðan hann var að bíða eftir dögurð á gistihúsinu, heyrði hann tvo af þjónunum vera að tala um sig.

Þetta er hinn fræði Kipling, sagði annar þjónninn.

Kipling? Hver er það, og fyrir hvað er hann frægur? spurði hinn.

Fari það kolað, ef ég veit með vissu, en liklegt þætti mér að hann væri fiskikaupmaður.

THE DOMINION BANK

HORNI NOTRE DAME AVENUE OG SHERBROOKE STREET

Höfuðstóll uppborgaður: $4,000,000.00
Varasjóður - - - $5,400,000.00

SPARISJÓDS DEILDIN:

Vér veitum sparisjóðs innleggjendum sérstakt athygli, og borgum hæztu vexti á sparisjóðs innleggjum af $1.00 og yfir. — Barna innlegg velkomin. — Seljum peningaávísanir á ÍSLAND.

H. A. BRIGHT, RÁÐSMAÐUR.

Með því að biðja sérlega um "T.L. CIGAR," þá ertu viss að fá ágætan vindil.

T.L.

(UNION MADE)

Western Cigar Factory
Thomas Lee, eigandi Winnipeg

Vitur maður er varkár með að drekka eingöngu HREINT ÖL. Þér getið jafna reitt yður á

DREWRY'S
REDWOOD LAGER.

Það er léttur, freyðandi bjór, gerður eingöngu úr Malt og Hops. Biðjið ætíð um hann.

E. L. DREWRY, Manufacturer, Winnipeg

STRAX Í DAG er BEZT AÐ GERAST KAUPANDI AÐ HEIMSKRINGLU. — ÞAÐ ER EKKI SEINNA VÆNNA.

Manitoba á undan.

Manitoba hefir víðáttumikla vatnsfleti til uppgufunar og úrfellis. Þetta, hið nauðsynlegasta frjógunarskilyrði, er því trygt.

Ennþá eru 25 milión ekrur óbygðar.

Íbúatal fylkisins árið 1901 var 225,211, en er nú orðið um 500,000, sem má teljast ánægjuleg aukning. Árið 1901 var hveiti og hafra og bygg framleiðslan 90,367,085 bushela; á 5 árum hefir hún aukist upp í 129,475,943 bushel.

Winnipeg borg hafði árið 1901 42,240 íbúa, en hefir nú um 150,000; hefir nálega fjórfaldast á 8 árum. Skattskildar eignir Winnipegborgar árið 1901 voru $26,405,770, en árið 1908 voru þær orðnar $116,106,390. Hófðu meir en þrefaldast á 7 árum.

Flutningstæki eru óviðjafnanleg,— í einu orði sagt, eru í fremsta flokki nútíðartækja: Fjórar þverlandsbrautir liggja um fylkið, fullgerðar og í smíðum, og með miðstöðvar í Winnipeg. Í fylkinu eru nú nálega 4 þúsund milur af fullgerðum járnbrautum.

Manitoba hefir tekið meiri landbúnaðarlegum og efnalegum framförum en nokkurt annað land í heimi, og er þess vegna ákjósanlegasti aðsetursstaður fyrir alla, af því þetta fylki býður beztan arð af vinnu og fjárleggi.

Skrifið eftir upplýsingum til: —

JOS. HARTNEY, 77 York Street, Toronto, Ont.
JOS. BURKE, 178 Logan Avenue, Winnipeg, Man.
A. A. C. LaRIVIERE, 22 Alliance Bldg., Montreal, Quebec,
J. F. TENNANT, Gretna, Manitoba.

J. J. GOLDEN,
Deputy Minister af Agriculture and Immigration, Winnipeg.

hafði fengið þetta deyfðar útlit, sem ávalt er afleiðing af starfslausu allsnægta lifi. Hún leit út fyrir vera um fertugt.

Þegar sá, sem hjá Móritz sat, ýtti við honum, vaknaði ann frá draumum sínum.

"Ég sé það á þér", sagði hann, "að þig langar til að vita, hvaða fólk það er, sem í stúkunni situr".

"Nei, ég þekki það", svaraði Móritz utan við sig.

"Nú, jæja, þá skal ég líka segja þér að hinn ungi barún Ehrenstam annast um Helenu, og hefir að sögn látið kenna henni að verða leikmær. Hún kvað vera bóndaættar og hefir barúninn kynst henni í Uppsölum".

"Það er þá fyrverandi lærisveinn minn", sagði Móritz við sjálfan sig, "sem á að leika þennan leik minn. — Hamingjan góða, það er harla undarlegt".

"Hvað ætli Móritz hefði sagt, ef hann hefði vitað að Helen var dóttir þess manns, hvers forlög gáfu honum hugmyndina til leikritsins?

Þetta vissi barn nú ekki ennþá, og þess vegna sveimuðu hugsanir hans frá leikmeyjunni til hinnar blæjuklæddu meyjar í stúkunni, sem hann grunaði að væri Ísabella.

Hann sneri sér aftur að sætisfélaga sínum.

"Geturðu sagt mér", spurði hann, "hver þessi ungri kona er, sem situr í stúku barúns Ehrenstam, blæjan hylur andlit hennar".

"Það er dóttir barúnsins", svaraði litli maðurinn, "ein meðal rikustu erfingja í Svíþjóð".

"Þekkirðu ættina?"

"Já, að nokkru leyti; ég hefi átt sýms viðskifti við barúninn. Í rauninni er dóttirin sú eina af fjölskyldunni, sem ég fells mig við. Hún er blíð og góð, hitt er hégómagjarnt, dramblátt og tilfinningarlaust".

"Er hún heitbundin?" spurði Móritz.

"Nei, en faðir hennar vill gifta hana unga manninum, sem situr einsamall í þriðju stúku á fyrsta lofti, beint á móti Ehrenstams stúku. Sérðu hann?"

Móritz leit upp og sá bróður sinn.

Eberharð greili sat einsamall í sinni stúku. Hið broslausa andlit hans með dimmu drátunum var fölt og magurt, augun lágu langt inni í höfðinu og ennið var orðið hrukkótt af sorgum og svalli.

Enda þótt að haustið væri að eins að byrja hafði greifinn samt sveipað um sig kostbærum safalafeldi. Hann krosslagði hendurnar og sat í djúpum hugsunum, án þess að heyra eða gefa gaum þeim þúsundum radda, sem ómuðu í kring um hann.

"Þessi ungi maður", sagði sætisfélagi Móritz, "er —"

"Stjernekrans greifi", greip Móritz fram í fyrir honum. "Ég þekki hann".

"Þú þekkir allan heiminn, ungi maður", sagði litli sætisfélaginn. "Afsakaðu forvitni mina! Máske þú sért skyldur greifanum?"

"Nei, af hverju dettur þér það í hug?"

"Af því þú ert svo likur honum. Sama enni, sömu augu, sama nef, með þeim mismun að eins, að þú ert unglegri og ekki eins úttaugaður. Það er í sannleika furða, hve likir þið eruð".

"Ó, slik forlagabrögð eru ekki óalmenn", sagði Móritz.

Hinn svaraði engu, svo Móritz tók upp kikirinn sinn og fór að horfa í kring um sig.

Konunglega stúkan var ennþá tóm, en þar eð menn vissu, að krónprinsinn og krónprinsessan mundu koma, þá var frestað að byrja leikinn þangað til þau kæmu.

Móritz leit yfir allar stúkuaðirnar, unz hann náði efsta lofti með augum sinum, en þá hrökk hann lika við. Á fyrsta bekknum í stúku á efsta

lofti, innan um opinber kvendi og slæpingja, varð hann var við andlit, sem var svo rótgróið fyrir hugskotssjónum hans, að hann gat aldrei gleymt því.

Það var andlit Jakobs Kron, — betlarans, stigamannsins, bróðurmorðingjans.

Þegar Móritz leit af þessum viðbjóslega manni, varð honum ósjálfrátt litið á hinn skrautlega hóp í Ehrenstams stúkunni.

"Faðirinn hér og sonurinn þar", hugsaði Móritz með hryllingi. "Guð dæmir þeirra á milli".

Nú voru dyrnar að konunglegu stúkunni opnaðar, og inn í hana gekk hinn mikilsvirti krónprins við hliðina á fallegu konunni sinni.

Allir áhorfendurnir stóðu upp og hneigðu sig, svo var tjaldinu lyft og leikurinn byrjaði.

Móritz sneri sér að leiksviðinu, til þess að sjá sinar eigin hugsanir í persónugervi.

Það væri til of mikils mælst, að ætlast til að við kæmum hér með innihald leiksins. Hugmyndina, sem til grundvallar lá, hafði Móritz tekið úr sínu eigin lifi og úr æfisögu Jakobs, samt sem áður voru bragðaflækjurar og úrlausnin hreinn skáldskapur. Tilgangur leikritsins var að sýna, hve undrunarverður leikur forlaganna oft og tiðum er, og að forsjónin ræður þó fram úr öllu á haganlegasta hátt. — Margt áhrifamikil atvik komu fyrir í þáttunum, sem fóru fram á mismunandi timum og stöðum. Hetjan í leiknum var ungur maður, sem sókum sinna eigin og ástmeyjar sinnar, Ísabellu-Helenar, óhappa og forlaga slepti trúnni á guð, en tileinkaði sér forlagatrúarinnar myrku og heiftræknu kenningar. ..... Barattunni í huga hans, milli hinna góðu tilfinninga, sem koma að ofan frá himnum, og hinna illu anda, sem áhrif jarðlifsins vekja, hafði Móeitz lýst með undrunarverðri nákvæmni og sannreynd. — Sem raunar var

ekki undarlegt, þar eð hann sjálfur hafði orðið fyrir sliku hugarstriði.

Hinn vondi andi leiksins, — sú uppspretta, sem olli allri ógæfu elskendanna, var lundarfar, sem var mjög likt lundarfari barúns Ehrenstams, eins og Móritz skildi það. Ýms atvik úr lifi barúnsins komu fyrir í leiknum, t.d. það, þegar hann greip rafhjartað af syni sinum og fleygði honum út úr húsi sínu, og það, þegar sonurinn af örvilnan og hatri legst í leyni í skóginum, og var nær því að myrða föðurinn.

Barún Ehrenstam sat í stúku sinni og sá viðburði úr lifi sinu sýnda á leiksviðinu. Í fyrsta sinni á æfinni fölnaði hann og skalf af ótta.

Þegar Helen kom fram á leiksviðið, gall við lófaklapp og blómarigning, sem Georg og vinir hans voru upphafsmenn að. Í fyrstunni varð Helenu hverft við þetta, en hún áttaði sig brátt og lék svo aðdáanlega vel, að allir undruðust. Hún var brjóstumkennanleg í sorg sinni, atkvæðamikil í reiði sinni og örvilnan, og stundum var varla nokkurt auga þurt í leikhúsinu. Það komu fyrr samræður, þar sem málið var mjög skáldlegt og fagurt, en laust við ýkjur og ákafa. Enda bar lófaklappið og samhygðarópið þess ljósan vott, að allir voru ánægðir með höfundinn og leikmeyjuna.

Meðal áhorfendanna voru að eins 3 persónur, sem veittu sérhverju orði og sérhverri hreyfingu leikendanna nákvæma eftirtekt, án þess að láta í ljósi hrós eða vanþóknun, og án þess að svipur þeirra lýsti nokkurri geðshræring.

Þessar 3 persónur voru: gamli barún Ehrenstam, Móritz og Jakob Kron.

Það þarf ekki að segja lesaranum, hvers vegna þessir 3 menn, einn á innlökkjunum, annar á neðsta lofti og hinn þriðji á efsta lofti, þögulir og hreyfingarlausir störðu óttaslegnum augum á leiksviðið.

ROBLIN HOTEL

115 Adelaide St. Winnipeg

Bezta $1.50 á-dag hús í Vestur-Canada. Keyrsla ókeypis milli vagnstöðva og hótelsins þeim sem dvelja. Áðhlynning hins bezta. Vínföng af allri tegund. Íslendingur er á staðnum. OLAFUR G. ÓLAFSSON, Íslendingur, afgreiðir yður. Heimsækið hann.

O. ROY, eigandi.

JIMMY'S HOTEL

BEZTU VÍN OG VINDLAR. VÍNVEITERI T. H. FRASER, ÍSLENDINGUR.

James Thorpe, Eigandi

MARKET HOTEL

146 PRINCESS ST. á móti markaðnum.

P. O'CONNELL, eigandi, WINNIPEG

Beztu tegundir af vínföngum og vindum. Áðhlynning góð — hóflið endurbætt

Woodbine Hotel

453 MAIN ST.

Stærsta Billiard Hall í Norðvesturlandinu

Tíu Pool borð.—Alskonar svalandi vindlar

Gisting og fæði: $1.00 á dag og þar yfir

Lennon & Hebb, Eigendur.

JOHN DUFF

PLUMBER, GAS AND STEAM FITTER

Alt verk vel vandað, og verðið rétt

954 Notre Dame Ave. Phone 3815 Winnipeg

A. S. TORBERT'S

RAKARASTOFA

Er í Jimmy's Hótel. Besta verk, ágæt verkfæri; Rakstur 15c en Hárskurður 25c. — Óskað viðskifta Íslendinga. —

HEIMSKRINGLU og TVÆR skemtilegar sögur fá nýir kaupendur fyrir að eins $2.00

EIN MÖRK AF MJOLK SAMSTEYPT Í EITT PUND AF

SMJÖRI 5c. pundið



Vél til heimilisnota. Samsteypir einni mörk af mjólk í eitt pund af smjöri á tveimur mínútum.

Engin efnabland eða viðbætir. Smjörið er eins hart, eins góð vara og smjör búið til á venjulegan hátt.

$1000 borgaðir af þessari vél reynist eigi eins og auglýst er

Ef þér viljið eignast hina þægilegustu og ódýrustu vél sem til er náið þá sendið þeim yður, skrifið eftir ábyrðarmiða vottorðum og alskonar upplýsingum um þessa undravél.

VERÐ: $7.50 Flutningsgjald borgað.

AGENTAR ÓSKAST HVÍVETNA

K. K. Albert

P.O. Box 64 Winnipeg, Man.

Getið um Heimskringlu er þér skrifið

Íslands fréttir.

Björn Jónsson ráðherra hefir stefnt þ. G. Lögrétturitstjóra 30 stefnum fyrir meiðyrði og ritstjóra þjóðólfs, Pétri Zophoniassyni, 8 stefnum. Og nýlega hafði ráðherra fengið Jón Ólafsson og Tryggva Gunnarsson sektaða fyrir meiðyrði, — svo alt virðist benda á, að skammir séu ekki aldauða á Fróni.

Gufuskipið Eljan, eign Wathnesfélagsins, strandaði á skeri rétt fyrir framan svonefndan Léthöfða fyrir norðan Reykjarfjörð á Strönd um. Björgunarskip var sent þangað til björgunar, en hún tókst ekki, og er nú skipið sokkið með öllu.

Seglskipið Hermod strandaði 6. júní sl. á Kópaskeri. Mannbjörg varð.

Úr Skagafirði er skrifað um miðjan júní: "Hér er kuldatíð og snjóhrakningur nær daglega í bygð niður, og er ilt útlit með grasvöxt. Lítill afli við Drangey, og gerir það mest tíðin að verkum. Skepnuhöld eru þolanleg en lambadauði nokkur, einkanlega að því leyti, að ær hafa látið lömbum".

Vélabátur fórst nýskeð á Mjóafirði og drukknuðu 4 menn: Guðlaugur Siggeirsson, Hallgrímur Jónsson, Sigurður Ólafsson og Þorsteinn Sigurðsson.

Árni Árnason umboðsmaður frá Höfðahólum hefir verið leystur frá umboðsmensku bingeyrarklausturs, en Björn alþm. Sigfússon á Kornsá settur að gegna þeim starfa.

Embættisþróf:

Í lögfræði við háskólann tók Vigfús Einarsson frá Kirkjubæ og Haut II. einkunn hina betri.

Í læknisfræði við læknaskólann Magnús Júlíusson með I. einkunn, og Hinrik Erlendsson með II. einkunn.

Af prestaskólanum útskrifuðust Haraldur Jónasson og Þórður Oddgeirsson, og hlutu báðir II. einkunn.

Af latínuskólanum útskrifuðust 15, þar af 8 utanskóla. Ein stúlka tók próf-ið, Laufey Valdemarsdóttir, Ásmundarsonar ritstjóra. Var þetta hið fyrsta próf undir hinni nýju reglugjörð skólans.

Próf í forspjallsvísindum tóku tvær stúdentar við Hafnarháskóla en 7 við prestaskólann.

Am. 20. júní sl. varð vart við töluvert öskufall austur í sveitum (Skaftafellssýslum), svo mikið að fé varð kolótt, og urðu jafnvel svo mikil brögð að því, að hvitt fé þektist ekki tilsýndar, og öskulag víða á jörðu. Allar líkur eru til, að öskufall þetta komi úr vesturhluta Vatnajökuls, og eru líkindi, að eldgos hafi átt sér þar stað.

Aflabrögð eru góð bæði á Eyjafirði og Ísafirði og sömuleiðis við Faxaflóa.

Heilsuhæli á Vífilsstöðum er nú sem næst fullgjört og tekur á móti sjúklingum í ágústbyrjun. — Ákveðið er, að meðgjöfin sé kr. 1.50 á dag fyrir þá sem sofa á sambýlisstofum, séu þeir yfir sex mánuði lækkar gjaldið í kr. 1.25 á dag. Einbýlingar greiða kr. 2.50 á dag, ef þeir dvelja skemur en missiri, ef lengur kr. 2.00. Meðgjöfina á að greiða fyrirfram fyrir hverja 3 mánuði. — Í aðra hönd fá sjúklingarnir alt, sem þeir þurfa með: hús, hita og ljós, hjúkrun, fæði og þjónustu, lyf og læknishjálp. Læknir heilsuhælisins er Sig. Magnússon frá Laufási.

Átta ára gamall piltur, sonur Haralds Jónssonar, Grettisgötu 54, Reykjavík, datt á götunni 28. júní og beið bana af.

Handa heilsuhælinu á Vífilsstöðum hefir norskur hvalari í Mjóafirði, James L. Dahl, sent stjórnarráðinu nýverið höfðinglega gjöf, 1000 kr. í peningum.

Fréttabréf.

SEATTLE, WASH.
4. júlí 1910.

Herra ritstj. Heimskringlu.

Svo segja gamlir menn, sem hér eru lengi búnir að lifa, að þetta sumar sé mjög einkennilegt, hvað tíðarfar snertir, sárfáir dagar komið, sem með réttu geta kallast heitir sumardagar. Vanalega hefir verið kalt í sumar, svo kalt að furðu gegnir um þennan tíma árs.

Þann 10. f.m. varð annað hið stærsta eldstjón, sem skráð er í sögu þessa bæjar, eignatjónið metið rúmar $300,000. Eldurinn byrjaði í hesthúsi Galbraith Bacon félagsins. Ekki er mönnum ljóst, með hvaða hætti eldurinn byrjaði. Enginn efi er á því, að þessi eldur hefði gert eins mikið tjón, ef ekki meira eins og hinn fyrri (frá 6. júní 1889), ef ekki hefði verið fyrir framúrskarandi dugnað slökkvi liðsins, sem sparaði ekkert til að gera alt, sem unt var. Jafnvel sumir stofnuðu lífi sínu í hættu til að bjarga fólki og eignum þess.

Í eldinum brunnu 40 hestar, og var það hörmuleg sjón, að sjá þær leifar, sem eftir voru af þeim. Ef til vill hefir slík sjón verið mörgum áminning um, að fara varlega með eld í kring um skepnur, og annarsstaðar þar sem voði getur að orðið.

Fremur mega heita daufir tímar hér nú, daufari en átt hafa sér stað í fleiri ár undanfarin. Mun slík deyfð koma af eðlilegum ástæðum, og eiga rót sína að rekja til sýningarinnar í fyrra. Þó er engin ástæða að ætla, að slíkt haldist til lengdar.

Í fyrra flutti fólk inn í bæinn í þúsundatali, bæði til að sjá sýninguna, og sumt með þeim ásetningi, að taka sér hér framtíðarheimili. Nú mun margt af þessu fólki vera flutt úr bænum aftur Fyrir ári síðan sögðu blöðin, að hér væru 350,000 búsettir í bænum, en við manntal í vor (sem þó er ekki nema ágizkun enn þá) reyndist það að vera 230,000, og er það mikill mismundr.

Atvinna er hér all-góð, sérstaklega fyrir handiðnamenn. Stórbyggingar hafa risið upp í tugatali, og nú er verið að tala um, að byggja eina fertuglyfta og eftir því vandaða.

Fjórir íslenzkir fjölskyldufeður hafa flutt í burtu héðan úr bæ á sl. tveimur árum, sem eru: Þórður Thorson, Bogi Björnsson, Friðbjörn Friðriksson og Sumarliðason. Við burtför bessa fólks á félagslíf vort landa á baki að sjá miklum starfskröftum. Við burtför hins síðastnefnda komu flestir Íslendingar saman í félagshúsi landa; þangað var hr. Sumarliðason boðinn með fjölskyldu sinni. Við það tækifæri voru þeim hjónum afhentir 40 dalir í gulli, sem vináttu og þakklætismerki fyrir drenglundaða framkomu í félagslífi Íslendinga hér.

Þann 25. f.m. voru gefin saman í hjónaband af séra J. A. Sigurðssyni þau herra Karl F. Friðriksson og ungfrú María Sumarliðason, að viðstöddu fjölmenni. Eftir hjónavígsluna var farið heim í hús Sumarliðasonar og sezt að hófi, sem stóð fram á morgun. Við það tækifæri flutti Þorsteinn skáld Borgfjörð mjög laglegt kvæði til brúðhjónanna. Bæði eru brúðhjónin ung og efnileg, og hafa tekið mikinn og góðan þátt í öllu því, sem löndum hefir mátt til sæmdar verða. Herra K. F. Friðriksson er bankabókari hér í bæ, en brúðurin hefir verið skólakennari í ein 5 ár. Hún er dóttir herra S. Sumarliðasonar gullsmiðs, en hann er sonur herra Friðbjörns Friðrikssonar, sem um langan tíma var bóndi á Gardar, N.D.

Einnig er og nýgift ungfrú María F. Johnson (dóttir hr. Frank R. Johnsons, fasteignasala) og Mr. Frank B. Pears (af enskum ættum?)

Þá eru nýútskrifuð af undirbúningsdeild (High School) undir ríkisháskólann þau ungfrú Halldóra Sumarliðason og hr. Marvin Valdimar Jósephsson. Í hyggju munu þau hafa, að halda áfram námi framvegis.

Frézt hefir, að landar í Blaine ætli að halda hátíðlegan 2. ágúst næstk. Fyrir nokkrum árum réðust þeir í það og tókst vel. Takist þeim eins vel nú, eða betur, þá mun engan iðra, sem þjóðminningardaginn sækir í ár til landa vorra í Blaine.

Í orði er, að þeir ætli að fá íslenzka söngflokkinn "Swan" frá Seattle. Gangi það fyrir sig, er enginn efi á, að landinn fær að hlusta á vel æfðan söngflokk.

Um páskaleytið dó hér Jóhannes Sigurðsson. Hann var orðinn við aldur, og búinn að vera hér yfir 20 ár; ættaður úr Eyjafjarðarsýslu. Hann var greindur vel, gætinn og hreinskilinn, og iðjumaður hinn mesti. Hann eftirlætur ekkju og einn son, Pétur að nafni, sem er lögmaður í ríkinu Idaho. Jóhannes sál. var einn meðal þeirra, sem komu að heiman fyrir 35 árum, og var í leiðangrinum á Rauðá niður til Gimli.

J. K. Steinberg.

The Evans Gold Cure

229 Balmoral St. Stmi Main 797

Varanleg lækning við drykkjuskap á 28 dögum án nokkurrar tafar frá vinnu eftir fyrstu vikuna. Algerlega privat. 16 ár í Winnipeg. Upplýsingar í lokuðum umslögum.

Dr. D. R. WILLIAMS, Exam. Phys.
J. L. WILLIAMS, Manager

Ókeypis Píanó fyrir yður



Þetta er vort "Louis Style" Piano, fegursta hljóðfæri í Canada. Sent yður til reynslu í 30 daga ókeypis. —

LESIÐ ÞETTA:

STEFNA þessa félags hefir verið, að "fullnægja, eða peningum yðar skilað aftur". Og nú gerum vér það bezta tilboð sem nokkrir Píanó salar hafa nokkru sinni gert í þessu landi. Það veitir yður fría reynslu hljóðfærisins og kauprétt á því með HEILDSÖLU verði og vægum afborgunum ef þess óskast. Vér biðjum ekki um 1 cent af yðar peningum fyrr en þér eruð alveg ánægðir. —

Tilboð vort

Fillið út og sendið meðfylgjandi "COUPON" og vér sendum yður strax sýnismyndir af vorum ýmsu hljóðfærum með verði hvers þeirra. Þér veljið Píanó, og vér sendum yður það tafarlaust og borgum flutningsgjald; þér reynið það í 30 daga ókeypis. Eftir það getið þér sent það oss á vorn kostnað, eða keypt það af oss með heildsölu verði. Er þetta ekki gott boð?

W. DOHERTY PIANO & ORGAN CO., LTD.

WESTERN BRANCH, WINNIPEG, MAN. FACTORIES, CLINTON, ONT.

— COUPON —

W. DOHERTY PIANO & ORGAN CO., LTD.,
286 HARGRAVE STREET, WINNIPEG, MANITOBA.

Kæru herrar! Sendið mér strax sýnismyndir af Piano tegundum yðar, með verðlista og upplýsingum um ókeypis reynslu-tilboð yðar, er sýnir hvernig ég get reynt Píanó-ið um 30 daga, mér kostnaðarlaust.

NAFN _____

ÁRITAN _____

Nýir, fyrirfram borgandi kaupendur að Heimskringlu fá tvær ágætar sögur í kaupbætir.

LEIÐBEININGAR--SKRA

YFIR AREIÐANLEGA VERZLUNARMENN Í WINNIPEG

MUSIC OG HLJÓÐFÆRI

CROSS, GOULDING & SKINNER, LTD.
Pianos; Player Pianos; Organs; "VICTOR" og "EDISON" Phonographs; T. H. Hargrave, Íslenzkur umboðsmaður.
323 Portage Ave. Talsími 4413

BYGGINGA- og ELDIVIÐUR.

J. D. McARTHUR CO., LTD.
Byggingá- og Eldiviður í heildsölu og smásölu. Sérstat: Princess og Higgins Tals. 5060, 5061, 5062

MYNDASMIÐIR.

G. H. LLEWELLIN.
"Medallions" og Myndarammar
Starfstofa Horni Park St. og Logan Avenue

SKÓTAU Í HEILDSÖLU.

AMES HOLDEN, LIMITED
Princess & McDermott. Winnipeg.

THOS. RYAN & CO.
Alskonar Skótau. 44 Princess St.

THE Wm. A. MARSH CO. WESTERN LTD.
Framleiðendur af Finu Skótaui. Talsími: 3510
88 Princess St. "High Merit" Marsh Skór

BYGGINGA - EFNI.

JOHN GUNN & SONS
Talsími 1277 266 Jarvis Ave.
Höfum bezta Stein, Kalk, Cement, Sand o. fl.

THOMAS BLACK
Selur Járnvöru og Bygginga-efni allskonar
76—82 Lombard St. Talsími 600

THE WINNIPEG SUPPLY CO., LTD.
298 Rietta St. Talsímar: 1936 & 2187
Kalk, Steinn, Cement, Sand og Möl

MATHESON AND GAY
Húsasmiðir, smíðakarar og viðgerðarmenn
221 Higgins Ave. Winnipeg

BYGGINGAMEISTARAR.

PAUL M. CLEMENS
Bygginga - Meistari, 443 Maryland St.
Skrifst.: Argyle Bldg., Garry st. Talsími 5997

CLYDEBANK SAUMAVÉLA AÐGERÐARMAÐUR. Brúkaðar vélar seldar frá $5.00 og yfir
645 Notre Dame Phone, Main 8624

ACCOUNTANTS & AUDITORS

A. A. JACKSON,
Accountant and Auditor
Skrifst.—28 Merchants Bank. Tals.: 5702

PIPE & BOILER COVERING

GREAT WEST PIPE COVERING CO.
132 Lombard Street.

VÍRGIRÐINGAR.

THE GREAT WEST WIRE FENCE CO., LTD
Alskonar vírgirðingar fyrir bændur og borgara.
76 Lombard St. Winnipeg.

ÁLNAVARA Í HEILDSÖLU

R. J. WHITLA & CO., LIMITED
264 McDermott Ave Winnipeg
"King of the Road" OVERALLS.

BILLIARD & POOL TABLES.

W. A. CARSON
P. O. Box 225 Room 4 í Molson Banka.
Öll nauðsynleg áhöld. Ég gjöri við Pool-borð

NALAR.

JOHN RANTON
203 Hammond Block Talsími 4670
Sendið strax eftir Verðlista og sýnishornum.

GASOLINE Vélar og Brunnborar

ONTARIO WIND ENGINE and PUMP CO. LTD
301 Chamber St. Stmi: 2988
Vindmillur — Pumpur — ágætar Vélar.

BLÓM OG SÖNGFUGLAR

JAMES BIRCH
442 Notre Dame Ave. Talsími 2638
BLÓM - allskonar. Söng fuglar o. fl.

BANKARAR, GUFUSKIPA AGENTR

ALLOWAY & CHAMPION
North End Branch 667 Main street
Vér seljum Avísanir borgunlegar á Íslandi

LÆKNA OG SPÍTALAAHÖLD

CHANDLER & FISHER, LIMITED
Lækna og Dýralækna áhöld, og hospítala áhöld
185 Lombard St., Winnipeg, Man.

Einn þessara manna var höfundurinn, og hinir voru að nokkru leyti leikendur, þó starf þeirra væri framkvæmt af öðrum.

Fyrsti þáttur var á enda og tjaldið seig niður og huldi leiksviðið, með áhorfendurnir hrópuðu hurra í ákafa. Móritz stóð ögn og leit í kring um sig í húsinu.

Nærri því hver kvenmaður þurkaði augun.— það var alt þögult en óvíðjafnanlegt hrós fyrir hinn unga höfund.

Það var snertur af drambi, sem hreyf huga Móritz. "Þessi glæsilegi og skrautbúni hópur, þar sem vart fanst nokkur maður, er eki áliti sér samboðið, að líta niður á hinn fátæka stúdent með yfirlætislegri fyrirlitningu, — þessi hópur, úrvalið af íbúum Stokkhólms, eru sem stendur undir áhrifum anda mins. Það er ég, þó ég lítilmótlegur sé, sem nú leik á tilfinningastrengi þeirra, laða út tárin úr augum þeirra og læt brosið dansa á vörum þeirra. — Þetta er vald andagiftarinnar. — Andagiftin, sem þessir peninga og ætternishöfðingjar álíta sig mega litilsvirða á leiksviði heimsins, en eru þó neyddir til að lúta núna. Hamskingjarnir! Eins og lélega gulliið þeirra og skjaldarmerkin gætu vakið eina einustu hugsun, sem á innblásturs helgu augnablikum svífur frá hásæti guðdómsins niður í heila mannsins".

"Þessi sjónleikur", sagði litli maðurinn, sem sat hjá Móritz, "er sannarlega vel samið. Ef hinir þættirnir eru eins góðir og sá fyrsti, þá eigum við naumast nokkurt leikrit, sem getur jafnast við hann".

Móritz þagði.

"Þú svarar engu", sagði hann, "hver er þá skoðun þín um þennan sjónleik?".

"Það skal ég segja þér, þegar leikurinn er úti", sagði Móritz.

"Mér finst nú samt", sagði litli maðurinn, að höfundurinn fari með öfgar á nokkrum stöðum. Jafn takmarðalaus eigingirni eins og barúninn er látinn sýna, á sér naumast stað annassstaðar en í hugsanir manna".

"Hel urðu það?", sagði Móritz, og leit um leið til barúns Ehrenstams stúku.

Fölur eins og nár, þegjandi og hreyfingarlaus, sat barúninn, og starði á tjaldið, en hitt fólkið í stúkunni talaði fjörlega, að likindum um leikinn og leikendurna.

Móritz gat sér til, hverjar væru hugsanir hinsvegingjarna, gamla barúns.

"Mín er heint", tautaði hinn ungi höfundur við sjálfan sig. "Í fyrsa skifti á æfi hans talar samvizkan hörð og eljörf við hann. Hann heldur að allir horfi á sig og viti, að leikurinn hljóði um sig. Almannarómurinn ásakar hann og hefir lengi gert það, en af eins á lelum. Nú sér hann sig í fyrsta sinni opinberlega ásakaðan, og býður við sinni eigin mynd. Það er gott, — ég hefi gert góðverk, þegar ég samdi þetta leikrit".

Aftur reyndi Móritz að sjá framan í Ísabellu, en árangurslaust. Hún sneri nefnilega hliðinni að honum og var að tala við nokkra unga menn, sem komnir voru í stúkuna til hennar.

Niðurinn af hinum mörgu mismunandi samræðum heyrðist ekki og hvarf, þegar hinir fögru hljómar hljóðfæranna ómuðu um alt húsið. Hin nýustu og sainkunnustu lög voru leikin á hljóðfærin, og allir þögnuðu til að hlusta á þessa tóna.

Þegar hljóðfæraslátturinn þagnaði, var tjaldið dregið upp.

Það er eki hægt, að lýsa leiknum orð fyrir orð,

eða hugsun eftir hugsun, því skal að eins tekið fram, að áhrif hans fóru sífelt vaxandi, eins og samsinnis umræðin gáfu í skyn við hver þáttaskifti, og víst er það, að hann tók öðrum, þá kunnum sjónleikum fram í einu og öllu.

Á milli fjórða og fimta þáttar hvíslaði sessunautur Móritz að honum:

"Veiztu það, herra minn, að fólkið segir að höfundur þessa ágæta sjónleiks sé hér sjálfur, og alla fýsir að sjá hann. Við, sem sitjum hér á innbekkjunum, höfum því ákveðið að skora á hann og hina ungu og fögru byrjunar-leikmær, að láta sjá sig á leiksviðinu, svo fólkinu gefist kostur á, að auðsýna þeim ánægju sína með efni og sýning leiksins".

"Já, en er slíkt leyfilegt, herra minn?" spurði Móritz.

"Já, því skyldi það ekki vera, þegar áhorfendurnir óska þess? Það er algengt á útlendum leikhúsum".

"Þú heldur þá — —"

"Ég meina, að höfundurinn, sé hann hér til staðar, eigi ekki að vanrækja, sökum of mikils lítillætis, að veita því þakklæti móttöku, sem áhorfendurnir vilja veita honum, fyrir þá skemtun, sem þessi aðdáanlegi leikur hefir veitt þeim. Sá, sem er heppinn, þarf ekki að felá sig bak við blæju nafnleyndarinnar, sem þó sé eða snemma verður tekin af honum".

"Þín skoðun er líklega rétt, herra minn".

Nú var tjaldið dregið upp, svo samræðurnar hættu.

Endi sjónleiksins var farinn að nálgast. Algerð þögn ríkti meðal áhorfendanna, sem með nákvæmri eftirtekt og ástúð á áhrifum fylgdu hverju orði og hverri hreyfingu leikendanna.

Nú var aðeins eitt atriði eftir, það fegursta og

hjartnæmilegasta af þeim öllum, því það var um sátt og samkomulag. Móritz stóð upp og gekk frá sæti sinu, næstu áhorfendunum til undrunar og óánægju.

Dyrnar að leiksviðinu voru opnar, Móritz gekk því upp stigann og var brátt staddur inni á milli leiktjaldanna.

"Að hverjum leitar þú, herra minn?" spurði einn leikendanna býsna ruddalega.

"Engum", svaraði Móritz blátt áfram, "en þar eð ég er höfundur leikritsins, sem þú hefir tekið þátt í að sýna í kvöld, þá kom ég hingað til að þakka þér og félögum þínum, hve rétt og vel þið hafið sýnt efni leiksins. Án leikhæfileika ykkar mundi leikrit mitt naumast hafa vakið jafn mikla ánægju".

"Nei, ég bið afsökunar, herra minn", sagði leikarinn og hneigði sig. "Það er þvert á móti snildin í hugsunum þínum, sem hefir vakið andagift okkar. Það gleður mig mikið, að kynnast ungum höfundi, sem hefir orðið fyrir jafn verðskuldaðri hepni. Leyfðu mér að kynna þig félögum minum. Hvert er nafn þitt?"

Móritz sagði honum það.

Hinn ungi höfundur varð strax umkringdur af mörgum leikurum, sem hver út af fyrir sig hrósaði honum. Helen var ennþá inni á leiksviðinu, svo Móritz fékk ekki tækifæri til að tala við hana.

Það þarf naumast að geta þess, að samræðurnar milli Móritz og þessara nýju kunningja hans, voru fluttar í lágum róm, til þess að trufla þá ekki, sem voru að leika. Það liðu nú ekki margar mínútur samt þangað til fortjaldið var látið siga niður, og á meðan gullu við samsinnisópin allstaðar í leikhúsinu um langan tíma.

Svo var kallað háum röddum:

"Höfundurinn! — Ungfrú Roos!"

Skylduverk.

(Framhald).

XI.

1. Ákæra: Minna greitt af afborgunum síðan árið 1907 en áður.
2. Svar: Alveg rétt. Fyrir því er sú góða og gilda á stæða, að árið 1907 hófust peningavandræði á öllum Norðurlöndum og í Vesturheimi. — Bankar fóru þá víða á höfuðið. Það var að eins fyrir skynsamlega aðferð bankastjórnarinnar, að Landsbankanum varð þá bjargað. Að ganga þá hart að mönnum var sama sem að gera þá gjaldþrota; ráðlegra að bíða með það þangað til úr peningaeklunni greiddist. — Sömu aðferð höfðu allir aðrir bankar, sem skynsamlega var stjórnað, og sem gátu staðist að líða menn meðan vandræðin stóðu yfir.

XII.

1. Ákæra: Mörg af reikningslánum bankans trygð eingöngu með sjálfskuldarábyrgðum.
2. Svar: Alveg rétt. Sú lántegund, sprottin upp í Skotlandi, viðgengst nú um allan heim. Þau eru venjulega trygð með sjálfskuldarábyrgðum og engu öðru. Sjá ritgerð eftir Indriða Einarsson í blaðinu Skuld. Þessi lán með þannig löguðum tryggingum fullkomlega lögmæt og skynsamleg.

XIII.

1. Ákæra: Tryggingar fyrir sumum þessara lána hafa verið rýrðar síðan lánin voru veitt.
2. Svar: Má vel vera að svo sé, slíkt á sér stað um heim allan. Þar með er það alls ekki sannað, að tryggingin nægi ekki fyrir skuldum. Eignir hafa í einstöku tilfellum fallið í verði, en allar líkur mæla með því, að þær hækki í verði aftur. Allar skynsamar bankastjórnir mundu hafa tekið þá leiðina, að ganga ekki hart að mönnum meðan eignir voru í lágu verði vegna harðæris, heldur bíða þangað til árferði batnaði og þær stigi aftur í verði.

XIV.

1. Ákæra: Bankinn hafði þá reglu, að láta lán gjaldþrotamanna standa óhöggð, þangað til skiftum á þrotabúum þeirra væri lokið að fullu.
2. Svar: Þessu er harðlega neitað; það er eitt með öðru, sem nefndin hefir rangt bók að. Hitt er rétt, að þegar maður hefir orðið gjaldþrota og ábyrgðarmenn hans hafa beðið bankastjórnina að ganga ekki að sér fyr en skiftum væri lokið, svo að í ljós kæmi, hve mikið af skuldinni búið gæti sjálft greitt, — þá hefir það verið látið eftir, þegar bankastjórnin sá enga hættu við það fyrir bankann. Til þess var full heimild.

XV.

1. Ákæra: Bankinn hefir aldrei haft það fyrir reglu, að lýsa ábyrgðum á dánar eða þrotabúum ábyrgðarmanna.
2. Svar: Þetta eru tilhæfulaus ósannindi. Þeirri reglu hefir einmitt verið fylgt. Þess er þó ekki alt af þörf. Það þarf ekki að lýsa kröfu í búi eins ábyrgðarmanns af mörgum, ef bankinn álítur næga tryggingu eftir í hinum ábyrgðarmönnunum. Þetta hljóta menn að skilja.
1. Ákæra.: Ef einn ábyrgðarmaður verður ónýtur, þá er sjálfsagt, að útvega annan í hans stað. Þetta hefir bankastjórnin vanrækt.
2. Svar: Það er ekki sjálfsagt nema því að eins, að bankastjórnin telji trygging þeirra, sem eftir eru, ekki næga. Þetta vita þeir Karl Einarsson og Magnús Sigurðsson. Meðan þeir voru gæzlustjórar við bankann framlengdi bankastjórnin lán með þeirra samþykki, þar sem tveir af ábyrgðarmönnunum voru dánir og einn gjaldþrota, án þess að nokkurra nýrra ábyrgðarmanna væri krafist í staðinn. Brutu þeir lög með þessu sjálfir? Alls ekki.

XVII.

1. Ákæra: Heimildir til lántöku fylgja oft ekki lánsskjölum.
1. Svar: Þetta er rangt, að líkindum sprottið af því, að nefndarmenn vita ekki, hvað eru gildar lántökuheimildir. — Meðan nefndarmennirnir voru gæzlustjórar bankans, var þar neitað um tryggilegasta lán, sakir ímyndaðra formsatriða, en Íslandsbanki veitti lánið viðstöðulaust.

XVIII.

1. Ákæra: Smáir víxlar yfirleitt keyptir af mönnum, er eingöngu gefa þá út til að geta haldið lífinu í sér og sínu fólki.
2. Svar: Getur verið, að þau tilfelli eigi sér stað. En hvað er rangt í sambandi við það? Þeir hafa verið óru[illegible]lega trygðir með ábyrgðarmönnum.

XIX.

1. Ákæra: Bankastjórnin hefir keypt víxla af efnalausum mönnum, af því hún bekti ekki nægilega efnahag þeirra.
2. Svar: Tilhæfulaus ætsök. Víxill aldrei keyptur nema því að eins, að nægileg tryggingar væri í einum eða fleiri ábyrgðarmanna. Gerir hvorki til né frá, þótt fleiri nöfn væru á víxlinum.

XX.

1. Ákæra: Bankastjórnin hefir vanið menn á hirðuleysi í fjármálum og upprætt varkárni með víxlum og víxilábyrgðum.
2. Svar: Þetta er staðlaus sleggjudómur. Sanni nefndarmennirnir það, ef þeir geta.

XXI.

1. Ákæra: Viðskiftamenn bankans hafa verið látnir sjálfir ákveða afborgun á víxlum og til hve langs tíma nýju víxlarnir skyldu vera.
2. Svar: Þetta eru hrein og bein ósannindi. Reyni nefndarmennirnir að sýna fram á, að það sé rétt.

XXII.

1. Ákæra: Bankastjórnin kvað engar sérstakar tryggingar hafa verið heimtaðar fyrir stærri víxillánum.
2. Svar: Þetta er skáldsakapur nefndarinnar. Bankastjórnin hefir aldrei sagt neitt þesskonar. Hitt er satt, að það eru til þau félög, sem háir víxlar hafa verið keyptir af, án þess að heimta sérstaka tryggingu aðra en þá, sem lá í félaginu sjálfu. Þetta er bæði löglegt og trygt.

XXIII.

1. Ákæra: Bankastjórnin hefir gert sig seka í þeirri óskiljanlegu óvarkárni, að kaupa víxla af hlutafélögum, án þess að nokkurt annað nafn sé á víxlinum en hlutafélagsins sjálfs.
2. Svar: Í einu tilfelli er þetta rétt. Hlutafélagið á stóreignir, er í uppgangi og ber auðvitað ábyrgð sjálft á víxlinum. Telji þeir þetta rangt sem vilja.

XXIV.

1. Ákæra: Bankinn tapar (hefir tapað, stendur sumstaðar) 400,000 kr. af útistandandi lánum. Menn, sem engar eignir eiga eða þá veðsettar fyrir fullvirði og fyrirsjáanlegt er um, að þeir geti aldrei eignast neitt, sem þeir geti látið af hendi rakna, og þó sumir hafi nokkurt fé undir höndum, eiga þeir hvergi nærri fyrir skuldum. Þessir menn, 460 að tölu, skulda bankanum 1,380,000 kr. í sjálfskuldarábyrgðum og víxlum. Af þeim tapast (eru tapaðar) 400,000 kr.
2. Svar: Menn, sem eru öreigar og fyrirsjáanlegt er um, að þeir aldrei geta eignast neitt, sem þeir geta látið af hendi rakna, skulda 1,380,000 kr., og af því tapast (eru tapaðar) 400,000 kr. Þessir menn geta þá borgað afganginn, sem verða 980,000 kr. Er nokkurt vit í þessu? Nær það nokkurri átt? Sýnir það ekki fliótfærni eða ranghermi, eða vanþekking nefndarinnar, svo ekki sé tekið dýpra í árinni? Er hægt að kalla þá menn öreiga, sem fyrirsjáanlegt sé um, að aldrei geti eignast neitt, sem þó geta borgað 980,000 kr.? Hvers vegna ekki að segja, að þessar 1,380,000 kr. töpuðust eða væru tapaðar? Þá hefði nefndin þó verið sjálfri sér samkvæm.

Bankastjórnin neitar því, að nokkur lán hafi verið veitt án þess að hún áliti nægar tryggingu fyrir. Hún neitar því, að hún sé í nokkurri sök um það, þótt bankinn kunni að tapa. Það er alls ekki borið á móti því, að bankinn geti tapað einhverju, en því er neitað, að það sé fyrir nokkra vangá bankastjórnarinnar. Það væri kraftaverk, ef þessi banki tapaði engu. Vafasamt, hvort nokkur banki hefir nokkurntíma verið til í nokkru landi, sem ekki hafi tapað neinu. Það er með bankana eins og aðrar verzlanir, nokkuð af skuldum hlýtur að tapast, hversu varlega og skynsamlega, sem að er farið.

Bankinn átti að styðja að framförum atvinnuveganna (sjá 1. gr. bankalaganna), og það hefir hann gert.

Bankinn átti samkvæmt tilgangi sínum að reyna að styðja og varðveita skiftavini sína og bjarga því í viðskiftalífinu, sem ekki var til ólifis sjúkt, og það hefir hann gert.

Meðan hafa verið að brjótast í, að bæta kröfur sínar og auka sjávarútveg sinn. Þeim hefir bankinn hjálpað samkvæmt lögum sínum og tilgangi.

Bankinn átti að vera bjargarstofnun landsmanna, og það hefir hann reynt að vera. En þess hefir ávalt verið gætt, að fylgja lögum hans og reglum, ekki einungis eftir bókstafnum, heldur líka eftir anda-andanum, ef svo mætti segja.

Áfelli þeir bankastjórnina fyrir það sem vilja.

XXI.

1. Ákæra: Verðbréf, sem tilheyra varasjóði, þurfa að vera kauphallar pappírar, en bankastjórnin hefir ekki fylgt þeirri reglu.
2. Svar: Í lögum bankans er hvergi neitt ákvæði um, að svo skuli vera. Fyrir fé varasjóðs skal kaupa konungleg skuldabréf eða önnur áreiðanleg verðbréf, er á skömmum tíma má koma í peninga (sjá 24. gr. endurskoðaðrar reglugjörðar landsbankans í Reykjavík, 8. apríl 1894). Kauphallar verðbréf er oft örðugra að selja en önnur verðbréf.

XXII.

1. Ákæra: Varasjóður má ekki vera í bankavaxtarbréfum Landsbankans, af því að til þessa tíma hefir verið mjög erfitt að selja þau. Þetta hefir bankastjórnin brotið.
2. Svar: Þetta er algjörlega lega rangt. Bankinn hefir selt bankavaxtarbréf svo miljónum króna skiftir, og aldrei verið neitt erfitt að selja þau.

XXIII.

1. Ákæra: Skuldabréf varasjóðs veðsett Landmandsbankanum. Þetta er brot á bankalögunum.
2. Svar: Þetta er hreinn og beinn uppspuni. Landmandsbankinn hefir aldrei heimtað neitt veð af Landsbankanum. Hefðu skuldabréfin verið veðsett Landmandsbankanum, þá hefðu honum verið send veðsetningarskírteini undirrituð af framkvæmdarstjóra og öðrum gæzlustjóra (sjá 24. gr. laga um stofnun Landsbanka, 18. sept. 1885).

XXIV.

1. Ákæra: Bankastjórnin var ekki reiðubúin að svara, í hvaða pappírum varasjóður væri.
2. Svar: Þetta eru bein ósannindi. Bankastjórnin svaraði viðstöðulaust, að varasjóður væri fólginn í ríkisskuldabréfum og bankavaxtabréfum.

XXV.

1. Ákæra: Víxla- og ávísanaeign bankans, eins og hún er í raun og veru, kemur ekki heim við bækur bankans og reikninga hans.
2. Svar: Þetta er satt. Þar er skekkja, sem bankastjórnin vissi af, en hafði ekki getað fundið út í hverju lægi, hvort það væri fólgið í reikningsvillu eða skrifvillu. En upphæðin er helmingi minni en nefndin segir.

XXVI.

1. Ákæra: Það er ekki hægt að benda á, að framkvæmdastjóri eða gæzlustjórar, sem báðir eru þingmenn, hafi gefið þinginu nokkrar upplýsingar um það, að bankinn gæti ekki lagt til tryggingarfé veðdeildarinnar, nema með því, að taka til þess sjóð, sem ætlaður var til tryggingar tjóni því, er Landsbankinn sjálfur kynni að verða fyrir, en ekki veðdeildin.
2. Svar: Til þess að sanna, að þessi ummæli eru hreinn og beinn uppspuni, nægir að vísa í þingtíðindin 1902, C, bls. 64. Þar er skýrt frá þeim upplýsingum, sem bankastjórnin gaf þinginu um þetta atriði.

XXVII.

1. Ákæra: Varasjóður má ekki vera fólginn í tryggingarfé veðdeildanna, en það er hann, og þetta er brot á lögum bankans.
2. Svar: Þetta sýnir algjörða vanþekkingu nefndarinnar á lögum bankans. Þar segir svo (sjá 7. gr. laga um stofnun Landsbanka, 18. sept. 1885): "Bankinn má taka lán gegn tryggingu í eignum sjálfs síns". — Hvar er eitt einasta ákvæði í lögum eða reglugjörð bankans, er meini bankastjórninni, að ráðstafa verðbréfaeign vara sjóðs eins og hún hefir gjört? Svari rannsóknarnefndin því.

XXVIII.

1. Ákæra: Bækur bankans voru í ólagi.
2. Svar: Allar bækur bankans voru í góðu lagi. Þær eru til sýnis, og bankastjórnin er óhrædd að leggja þær fram fyrir sanngjörnum rétti.

* * *

Þá eru helztu ákærurnar taldar og svörin við þeim birt. Sumum kann að þykja, að þetta atriði hafi tekið upp of mikið rúm og of langan tíma, en ég er annarar skoðunar. Bankamálið er þýðingarmesta málið, sem til umræðu er heima á Íslandi. Það er mál, sem snertir hvert mannsbarn í landinu. Það er frá mínu sjónarmiði mesta hatursmálið, sem nokk urntíma hefir átt sér stað síðan Ísland bygðist. Blöðin hér hafa sagt frá því óglögt og hlutdrægt, — að minsta kosti einhliða. Menn hér vestra hafa yfirleitt engar fréttir um það fengið nema í molum, að undanteknum þeim fáu, sem séð hafa skýrslu rannsóknarnefndarinnar og svör bankastjórnarinnar. Ég ber það óhræddur undir dóm óblindra og sanngjarnra manna, hvorir hafi réttara fyrir sér, þeir sem halda að Björn Jónsson og rannsóknarnefndin hafi farið að öllu leyti eftir beztu sannfæringu og samvizku og komið fram í bankamálinu heppilega fyrir landið og þjóðina og sanngjarnlega gagnvart bankastjórninni, en að bankastjórnin hafi verið sek um mörg og stórkostleg lagabrot, og jafnvel glæpi. Ég ber það óhræddur undir óvilhallra manna dóm, segi ég, hvort þeir hafi á réttara máli að standa en vér hinir, sem höldum því fram, að ofsóknarandi hafi ráðið mestu af hálfu Björns og nefndarinnar; að ódrengilega — óforsvaranlega ólöglega hafi verið farið að við bankastjórnina, og óþeprilega fyrir landið og þjóðina. Ákærurnar geta menn nú lesið og athugað og svörin og rökin á móti, og sé hvorttveggja vegið og metið hlutdrægnislaust, þá finst mér að niðurstaðan hljóti að verða sú, að ekki eitt einasta af ákæruatriðunum — öllum þessum fjölda — sé þannig vaxið, að ekki mætti segja það sama um hverja einustu bankastjórn í veröldinni með eins miklum rökum og rannsóknarnefndin hefir gjört í skýrslu sinni.

Bankastjórnin hefir ekki gjört sig seka um fjárdrátt, svo einum einasta eyri nemi, og hún hefir sýnt það og sannað með lögum og reglum bankans sjálfs, að hún hefir rækt störf sín samkvæmt þeim. — Geri einhver Bjarnar-vinur svo vel, að hrekja þetta, ef hann trevsir sér til. Það er ekki nóg, að hrópa hátt, að einhver sé glæpa og óbótamaður. Réttvísi vorra tíma, þar sem hún fær að njóta sín, — heimtar það, að sóknir og varnir séu jafnt hevrðar í hverju máli, og dómur feldur eftir því. Og réttvísi vorra daga mótmælir því eindregið — sem betur fer — að annar málsaðili hafi vald til þess, að dæma í sínu eigin máli; óháðir dómstólar verða að gjöra það, og siðmenningin krefst þess, að ekki einungis þeir lágu álýði dómum, heldur einnig þeir háu, — og það jafnvel ráðherrar. (Frh.).

SIG. JÚL. JÓHANNESSON

Þessi eiga bréf og blöð á skrifstofu Heimskringlu:

Miss V. Friðríksdóttir (Íslandsbréf).

Miss María K. Johnson (Íslandsbréf).

Miss R. J. Davíðsson (2 bréf).

Mr. Kr. Ásg. Benediktsson (tvo blaðaböggla).

Til sölu.

eru 10 ekrur af landi á Point Roberts, Wash., hér um bil helmingur hreinsað, enn hinn helmingurinn í skógi.

Þeir, sem vildu sinna þessu, snúi sér til

GISLA O. GUDMUNDSONAR
4-8 Point Roberts, Wash.

FRIÐRIK SVEINSSON

tekur nú að sér allar tegundir af húsmáling, betrekking, o.s.frv. Eikarmálning fljótt og vel af hendi leyst. Heimili 443 Maryland St.

UMFRAM ALT HREIN AÐSKILNING.

STJÓRN SASKATCHEWAN FYLKIS.
LANDBÚNAÐAR RÁDANEYTIÐ.

MJÓLKURBÚA DEILDIN

Voittorð frá stjórnar-rjómabúinað Lloydminster, Sask. 18 maí 1910.

Ég hefi notað og reynt MAGNET skilvinduna í átta ár og fundið hana góðan skiljara og trausta vél.

AÐAL KOSTIR HENNAR ERU:

Auðveld hreinsun

Breyting á framleiðslu krafti í sömu umgjörð—úr 400 í 1100 pund á klukkutímanum. En umfram alt hrein aðskilning.

J. J. McDONALD
Sérfræðingur stjórnarinnar

THE PETRIE MFG. CO., LIMITED
WINNIPEG, MAN.

ÚTIBÚ: Calgary, Alta., St. John, N. B., Montreal, Que., Vancouver, B.C., Regina, Sask., Victoria, B.C., Hamilton, Ont.

ÍSLENZKUR ÞJÓÐMINNINGAR-DAGUR

verður haldinn 2. Ágúst 1910.

að Wynyard Sask., að tilhlutan

QUILL LAKE SAFNAÐAR, GOOD-TEMPLARA STÚKUNNAR BREIÐABLIK OG KVENFÉLAGSINS FRAMSÓKN.

Forseti dagsins — Byrjar kl. 11. f. h.
DR. SIG. JÚL. JÓHANNESSON

Til skemtana verður haft.

RÆÐUR.

Minni Íslands. Minni Vestur-Íslendinga. Minni Vatna-byggðar. Ræða á ensku er skýrir frá þjóðar kostum Íslendinga.

SÖNGUR.

Nokkur íslensk kvæði verða sungin. Helgi Helgason stýrir söngnum Íslenzki lúðurþeytara flokkurinn Víkingur skemtir yfir daginn.

ÍÞRÓTTIR.

Hnattleikir, íslenzkar glímur, ýmiskonar hlaup og stökk Afraun á kaðli milli giftra og ógiftra. Handahlaup, sýnd og ýmsar listir sýndar á strengdum vír.

VERÐLAUN GEFIN FYRIR ALLAR ÍÞRÓTTIRNAR.

Dans að kveldinu í nýja samkomu húsinu. Nógar og góðar veitingar til sölu á staðnum.

Íslendingadagurinn

2. Ágúst 1910.

BLAINE, WASHINGTON

Skrúðganga hefst frá I. O. F. Temple kl. 8 árdegis út í

LINCOLN PARK.

Tafarlaust verður byrjað á hlaupum, stökki og ýmsum, öðrum íþróttum.

Matmálstími frá kl. 12—1.

Kl. eitt eftir hádegi verður byrjað á sem eftir fylgir:

1.	Ræða	Minni Íslands	WM. ANDERSON
2.	Kvæði	" "	Þ. Þ. ÞORSTEINSSON
3.	Ræða	" Vestur Íslendinga	J. A. SIGURÐSON
4.	Kvæði	" "	Þ. KR. KRISTJÁNSON
5.	Ræða	" Blaine	TH. ÁSMUNDSON
6.	Kvæði	" "	TH. ÁSMUNDSON
7.	Ræða	" Vesturheims	E. GILLIS
8.	Kvæði	" "	J. A. SIGURÐSON
9.	Ræða	" Kvenna	J. P. ÍSDAL
10.	Kvæði	" Íslendinga í Vanc.	S. JÓHANNSON

kl. 3,30 Base Ball. kl. 4.30 Íslenzkar glímur
kl, 5 hálfrar mílu hlaup fyrir alla

HORNLEIKARA FLOKKUR OG ÍSLENZKI SÖNG-FLOKKURINN Í BLAINE SKEMTA ALLAN DAGINN

Kl. 9 að kvöldinu byrjar dans í I.O.F. Hall fyrstu og önnur verðlaun verða gefin fyrir Valz.

Tólf myndir af merkustu mönnum þjóðarinnar sem nefndin hefur völ á verða sýndar á leikhúsi bæjarins.

ÍSLENDINGADAGSNEFNDIN.

F. K. Sigfússon (forseti)	J. J. Straumfjörð
A. Danielson (skrifari)	J. O. Magnússon
Magnús Josepson (fjeðhirðir)	John Johnson
M. G. Johnson	Sig. Bárðarson

Jón S. Sigurðsson.

Vér höfum FLUTT

Vort nýja heimkynni er á horni

Portage Avenue og Hargrave Strætis

McLean & Co LIMITED

Cor Portage Ave. & Hargrave
Phone: Main 808.

Fréttir úr bœnum.

Allir Íslendingar hér í borg, sem mögulega geta komið því við, ættu að sækja Íslendingadagshátíðahaldið í ELM PARK á þriðjudaginn 2. ágúst. Nefndin hefir lagt sig alla fram með, að vanda setn mest til hátíðahaldsins, eins og sjá má af skemtiskránni hér í blaðinu að framan.

Fjölmennið, því þess mun vkkur aldrei iðra.

Mrs. Sigurbjörg Borreson, að Bardal P.O., Man., lézt af barnsförum á þriðjudaginn 19. þ.m. — Hún var dóttir þeirra hjóna Jóhanns Jóhannssonar og konu hans Karólínu, sem eitt sinn bjuggu á Akureyri á Íslandi. Sigurbjörg sál. var mesta myndarkona og hafði verið tæpt ár í hjónabandi. Hún var 19 ára gömul.

Herra Hinrik Johnson frá Abor Station hér í fylkinu, var hér á sýningunni í sl. viku. Hann segir uppskeruhorfur í Pipestone bygð mjög illar vegna langvarandi ofsa hita og þurka. Heyskapur verður og með rýrara móti, af sömu ástæðum. Að öðru leyti líður Íslendingum þar mæta vel. Talsima segir hann nú vera í húsum allra íslenzkra bænda, eða því sem næst, í norðurhluta bygðarinnar, og horfur segir hann á því, að þess verði ekki langt að bíða, að íslenzkir bændur fái sér mótorvagna til ferðalaga og skemtunar.

Lönd þar víða eru nú plægð með gufuafli, og þar sem fyrir fáum árum þótti afrek mikið, ef bóndi plægði 50—70 ekrur á ári, þá plægja menn nú heil lönd, 160 ekrur, á fáum dögum. Og nú brjóta bændur upp hálfar og heilar sectionir, hversu mikil fyrirstaða sem á því er vegna grjóts eða skóga. Bændurnir skilja, að öll framtíðar velliðan þeirra er undir því komin að þeir hafi full not landanna.

Landi vor, herra Hannes Pétursson, hefir tekið að sér ráðsmensku fyrir Union Loan Co., 410 Chamber of Commerce. Félagið lánar og ávaxar peninga, kaupir "Agreements of Sale", innheimtir húsaleigu o.s.frv. Félagið er áreiðanlegt í viðskiftum og hefir ötulan og hagsýnan ráðsmann þar sem Hannes Pétursson er. Talsími fél. er Main 5122, og heimilis talsími Hannesar Main 6693.

Halldór S. Bardal, innflytjenda agent sambandsstjórnarinnar, er væntanlegur hingað til bæjarins með 60 vesturfara næstkomandi miðvikudag, 3. ágúst. Hópurinn kemur til Quebec á sunnudaginn.

Landar í Saskatchewan fylkinu halda þjóðminningardag 2. ágúst næstk. Er enginn efi á, að sá dagur fer vel fram, og verður löndum til sóma, ekki sízt, þar sem Sig. Júl. Jóhannesson læknir verður formaður dagsins. Þangað ættu sem flestir að koma.

Margir af mönnum þeim, sem vinna á verkstæðum C.N.R. félagsins hér í bænum og víðar, og þeir sem vinna í járnbrautarvögnunum, hafa gert verkfall og heimta hærra kaup. — Verkfallshorfur voru einnig hjá C.P.R. félaginu, en þar tókst að miðla-málum, svo báðir málspartar una við.

Þriðjudagnn 19. þ.m. voru gefin saman í hjónaband hér í bæ, af dr. Jóni Bjarnasyni, þau herra Stefán Kristjánsson, til heimilis hér í bæ, og ungfrú Jónína Guðmundsson, frá Keewatin, Ont. Heimskringla óskar brúðhjónunum allra heilla.

Íslendingar í Blaine, Wash., halda Íslendingadag 2. ágúst næstk. — Kyrrahafsstrandar Íslendingar ættu að fjölmenna þangað, því þar verður mikið um dýrðir. Sjá uglýsingu á öðrum stað.

Ásgeir Johnson, frá Lögberg P. O., Sask., var hér í borg í þessari viku. Hann hefir verið að ferðast vestur á Kyrrahafsströnd um sl. mánaðartíma. Hann þeimsótti Íslendinga í Blaine, Bellingham og Point Roberts, og leizt svo á, að þeim liði þar mjög vel, og frekar þótti honum útsýnið fagurt og tíðin ágæt, ekki of heitt um daga, en þægilegur svali á kveldum. Uppskeruhorfur þar góðar á því litla, sem þar er undir sáningu. — En í Calgary var sagan öll önnur. Þar var hr. Johnson sagt, að uppskera væri eyðilögð á 300 mílna svæði út frá þeim bæ, eða helzt suður og austur. Olla þessu þurkar og eldar. Mr. Johnson fór heimleiðis í þessari viku.

Hin árlega iðnaðarsýning (Exhibition) var haldin hér í borginni dagana frá 13. til 23. þ.m., og sótti hana meiri mannsöfnuður en nokkru sinni áður, eða um 300,000 manns. Yfirleitt fór sýningin hið bezta fram, og var unun að horfa á margt þar. — Reyndar átti flugmaður einn, Ely að nafni, að fljúga mönnum til skemtunar, meðal annars ráðgert til Portage la Prairie, en sá sem flaug harla lítið var Mr. Ely, og fór héðan við lítinn orðstír. — Tveir menn dóu á sýningunni, annar úr hita, en hinn greip um rafmagnsleiðara, og varð það hans bani.

Herra S. D. B. Stephanson, póst meistari og kaupmaður að Leslie, Sask., var hér á ferð í sl. viku. — Meðal annars sagði hann, að uppskeruhorfur væru svo góðar í sinni bygð, að aldrei áður hefðu þar verið betri. Regnfall hefði verið nægilegt þar, og svo væri um alla nýlendu Íslendinga í Saskatchewan, að undanteknum vestasta hlutanum, hjá Candahar. Þar liggur landið hæst og hættast við ofþurkum í hita og þurkárum. Þar myndi uppskera verða rýr í haust.

Herra G. A. Árnason, kaupmaður frá Churchbridge, var hér á sýningunni. Sagði uppskeruhorfur í bygð sinni betri nú en nokkru sinni fyrr, og ágæta líðan bygðarbúa yfirleitt.

Jóh. Magnús Bjarnason skáld, að Marshland, Man., hefir legið veikur undanfarandi mánuð, en er nú á batavegi.

Dr. Magnús Hjaltason læknir frá Oak Point, Man., kom til bæjarins á mánudaginn var, snöggva ferð.

Takið eftir!

Íslendingadagurinn í sumar verður haldinn í ELM PARK, en ekki í River Park, eins og auglýst var í síðasta blaði. Þessi breyting er óhjákvæmileg. Elm Park er einn af fegurstu blettunum hér í nágrenninu og að öllu leyti eins þægilegt að sækja þangað og til River Park.

Íslenzki lúðraflokkurinn skemtir með lúðrablæstri og Johnsons "String Band" spilar við dansinn að kveldinu. Þeir, sem fara kl. 9 að morgninum, fá frítt far með sérstökum strætisvögnum, sem taka fólkið á þessum strætamótum: Sherbrooke og William, Sherbrooke og Notre Dame, Sherbrooke og Sargent og Sherbrooke og Ellice.

G.Á.

Ný-Íslendingar halda þjóðminningardag 2. ágúst að Gimli. Verða þar ræður, íþróttir og aðrar skemtanir um hönd hafðar, svo að full vissa er fyrir, að engan mun iðra að koma þangað, enda ættu allir Ný-Íslendingar, sem vetlingi geta valdið, að vera þar

---

Borgarstjóri W. Sanford Evans og frú hans komu til bæjarins fyrra þriðjudag, eftir 3 mánaða dvöl í Evrópu. Dvöldu þau lengst af í Englandi, og var borgarstjórinn fulltrúi Winnipeg borgar við jarðarför Edwards konungs.

UNION LOAN CO.

TALSÍMI MAIN 5122.

410 Chambers of Commerce

Nú sem að undanförnu veitum vér peningum mótöku og ábýrgjumst 7—10 prósent vexti gegn fyrsta veðrétti.— Vér lánum peninga gegn veði í fasteignum og kaupum "Agreements of Sale"— Innköllum húsaleigu og aðrar skuldir.

H. PÉTURSSON, Manager
Heimilis talsími 6693

Manitoba Elevator Commission

D. W. McCUAIG, Commissioner — W. C. GRAHAM, Commissioner — F. B. MACLENNAN, Commissioner

Aðal skrifstofa: 227 Garry St., WINNIPEG

P. O. Box 2971

Commissioners tilkynna hérmeð Manitoba bændum að þeir hafa fengið fraustiðar skrifstofu til starfsnota og að öll bréf skyldu sendast Commissioners á ofan nefnda áritun. Beiðniform og allar upplýsingar sem bændur þarfnast til þess fá kornhlöður í nágrenni sín, verða sendar hveijum sem óskar.

Commissioners óska eftir samvinnu Manitoba bænda í því að koma á fót þjóðeignar kornhlöðum í fylkinu,

Herra Hjálmar O. Loftsson, frá Bradenbury, Sask., var hér á ferð í sl. viku að sjá sýninguna og til að heimsækja móður sina, sem býr í Selkirk. Maður þessi, sem er kornungur og með giftusamlegustu ungum Vestur-Íslendingum, kom frá Íslandi fyrir 4 árum, og hefir síðan dvalið hjá móðurbróður sínum, herra kaupmanni Sveinbirni Loftssyni í Churchbridge. — Ekkert kunni hann í enskri tungu, er hann kom að heiman, en svo er hann nú orðinn vel að sér, að hann hefir fyrir nokkru útskrifast af verzlunarskóla hér í borg, og rekur nú verzlun á eigin reikning í bænum Bradenbury í Saskatchewan, og farnast vel. — Í maí sl. kvongaðist hann ungfrú Arnheiði, dóttur Helga Árnasonar, bónda í Churchbridge. Hann rekur matvöru og fatnaðarverzlun og gefur von um, að verða, er stundir líða leiðtogi í hverju því félagslífi er hann kann að vera í. Hann lagði heimleiðis aftur á þriðjudaginn var.

Ráðskonu vantar á íslenzkt heimili. Heimskringla vísar á staðinn.

Um Magnet skilvindurna.

Ég hefi boðið herra T. S. Petrie, ráðsmanni The Petrie Manufacturing Company, Limited, að gefa vottorð um MAGNET rjómaskilvinduna, sem ég hefi keypt og brúkað í sl. 3 ár, og tel ég henni til gildis:

1. Að hún rennur í "square gear" Ég er sannfærður um, að það er fullkomnasti útbúnaður sem til er á nokkurri skilvindutegund, sem ég þekki.
2. Stálskálin er studd á tvo vegu. Hver maður getur skilið að það er mikil uppfundning til umbóta frá því, sem nokkur önnur vél hefir, enda er það MAGNET "patent".
3. Fleytirinn er í einum hlut, auðhreinsaður, aðskilur vel og tekur öll óhreinindi úr mjólkinni.
4. MAGNET-hamlan stöðvar vélina, ef óskast, á 8 sekúndum. Þetta er stórt hagræði, þegar konan þarf að flýta sér.
5. Sá, sem á MAGNET, getur aukið rúmtak hennar fyrir fáa dali með því að skifta um skál og fleytir. Mikilsvirði þegar kýrnar fjölga í búinu.
6. Það er létt að snúa MAGNET og er það góður kostur. Ég hefi séð menn vinna sig sveitta við að snúa sumum öðrum skilvindum.
7. MAGNET vélaverkið er alt tilbyrgt, svo slys getur ekki komið fyrir.
8. MAGNET er betur bygð en nokkur önnur skilvinda. — Vandað efni, sterkur frágangur, sem fyrirbyggir allar smáaðgerðir, sem fljótlega þarf að hafa á öllum öðrum skilvindum, sem ég þekki.

LANDAR MÍNIR ALLIR,

— þið, sem þurfið í framtíðinni að kaupa rjómaskilvindu, skoðið MAGNET, reynið hana. Ég er sannfærður um, að hún er bezta skilvindan, sem nú er á markaðnum, þegar á-alt er litið.

Ég hefi gefið þetta vottorð ótilkvaddur og af fúsum og frjálsum vilja, án nokkurs endurgjalds, og eingöngu af því, að ég vil löndum mínum vel og læt mér ant um hag þeirra.

W'peg Beach, 16. júlí 1910.

Magnús Hjörleifsson.

Ágætt Piano

lítið brúkað til sölu fyrir $160.00 gegn borgun út í hönd, — ekki hálft verð. Einnig saumavél lítið brúkuð, með lágu verði. Heimskringla vísar á seljanda.

J. T. STOREY — S. DALMAN

Your Valet

HREINSAR, PRESSAR, GERIR VIÐ OG LITAR FATNAÐ.

Alt ágætlega gert. Komið því með fötin til okkar.

690 NOTRE DAME AVE.
TALSÍMI MAIN 2798

North-West kjötmarkaðurinn

Hefir altaf nægar byrgðir af ágætu kjöti, fiski, kálmeti ofl.

Vörurnar eru geymdar á köldum stað yfir sumartíman og skemast því aldrei.

Geo. Richards

634 Logan Ave.

Talsími Main 2264

The Farmer's Trading Co.

(BLACK & BOLE)

HAFA EINUNGIS BESTU VÖRUTEGUNDIR.

Einu umboðsmenn fyrir:—
"SLATER" Skóna góðu.
"FIT-RITE" Fatnaðinn.
"H. B. K." prjónafélagið.
"HELENA" pils og 'waist' kvenfatnaði.
Bestu matvörutegundir.
" DEERING " akuryrkju verkfæri o, s. frv.

Beztu vörur Lágt verð

Fljót og nákvæm afgreiðsla.

Farmer's Trading Co.,
THE QUALITY STORE
Wynyard, Sask.

Atvinna.

Okkur vantar fáeina duglega umboðsmenn í hinum íslenzku bygðum í Manitoba og Norðvesturlandinu til að selja Stereoscopes og myndir. Sendið 75c fyrir umboðsmanna áhöld.

Arnason & Son.

8-4 Churchbridge, Sask.

Giftingaleyfisbréf

SELUR

Kr. Ásg. Benediktsson
486 Simcoe st. Winnipeg.

20 Prósent AFSLÁTTUR

á öllum strigaskóm, háum eða lágum með leðursólum, fyrir menn og konur, ungfrúr og börn.

Þið munuð aldrei finna búð vora án bestu tegunda af strigaskóm.

Komið sem fyrst.

Ryan-Devlin Shoe Co
494 MAIN ST. PHONE 770.

Sherwin-Williams PAINT

fyrir alskonar húsmálningu.

Prýðingar tími nálgast nú. Dálítið af Sherwin-Williams húsmáli getur prýtt húsið yðar utan og innan. — Brúkið ekker annað mál en þetta. — S.-W. húsmálið málar mest, endist lengur, og er áferðarfegurra en nokkurt annað hús mál sem búið er til. — Komið inn og skoðið litarspjaldið. —

Cameron & Carscadden

QUALITY HARDWARE

Wynyard, Sask.

Dr. G. J. Gíslason,

Physician and Surgeon

18 South 3rd Str, Grand Forks, N.Dak

Athygli veitt AUGNA, EYRNA og KVERKA SJÚKDÓMUM. ASAMT INNVORTIS SJÚKDÓMUM og UPPSKURÐI. —

"Kvistir,"

kvæði eftir Sig. Júl. Jóhannesson, til sölu hjá öllum íslenzkum bóksölum vestanhafs. Verð: $1.00.

TIL SÖLU:

160 ekrur af bezta landi, stutt frá járnbrautarstöð. — Fyrsti maður með $7.00 fær hér góð kaup. — Finnið

Skúli Hansson & Co.
47 Aikens' Bldg.
Talsími Main 6476 P. O. Box 833

DR. H. R. ROSS

C.P.R. meðala- og skurðlækuir. Sjúkdómum kvenna og barna veitt sérstök umönnun.

WYNYARD. — SASK.

A. S. BARDAL

Selur líkkistur og annast um útfarir. Allur útbúnaður sá bezti. Enfremur selur hann alskonar minnisvarða og legsteina.

121 Nena St. Phone 306

Dr. M. Hjaltason, Oak Point, Man.

Anderson & Garland,

LÖGFRÆÐINGAR

35 Merchants Bank Building
PHONE: MAIN 1561.

MARTYN F. SMITH,

TANNLÆKNIR.

Fairbairn Blk. Cor Main & Selkirk

Sérfræðingur í Gullfyllingu og öllum aðgerðum og tilbún aði Tanna. Tennur dregnar án sársauka. Engin veiki á eftir eða gómbólga. —

Stofan opin kl. 7 til 9 á kveldin

Office Phone 6944. Heimilis Phone 6462.

Þarft þú ekki að fá þér ný föt?

EF ÞAU KOMA FRÁ CLEMENT'S, — ÞÁ VERÐA ÞAU RÉTT

Réttur að efni, réttur í sniði réttur í áferð og réttur í verði.

Vér höfum miklar byrgðir af fegurstu og beztu fataefnum. —

Geo. Clements & Son

Stofnað árið 1874

264 Portage Ave. Rétt hjá FreePress

Th. JOHNSON

JEWELER

286 Main St. Talsími 6606

Sveinbjörn Árnason

Fasteignasali.

Selur hús og lóðir, eldsábyrgðir, og lánar peninga. Skrifstofa: 12 Bank of Hamilton.

TALSÍMI 5122. HÚS-TALS. 8693

G. NARDONE

Verzlar með matvöru, aldini, smá-kökur, allskonar sætindi, mjólk og rjóma, sömul. tóbak og vindla. Óskar viðskifta Íslend. Heitt kaffi eða te á öllum tímum. Fón 7756

714 MARYLAND ST.

Boyd's Brauð

Alt af hin sömu ágætu brauðin. Það er ástæðan fyrir hinni miklu sölu vorri. — Fólk veit það getur reitt sig á gæði brauðanna. Þau eru alt af jafn lystug og nærandi. Biðjið matsala ykkar um þau eða fónið okkur.

Boyd's

Bakery Cor. Spence & Portage Ave
Phone Sherb. 680

Winnipeg Wardrobe Co.

Kaupa brúkaðan Karla og Kvenna fatnað,—og borga vel fyrir hann.

Phone, Main 6539 597 Notre Dame Ave

BILDFELL & PAULSON

Union Bank 5th Floor, No. 520

selja hús og lóðir og annast þar að lútandi störf; útvegar peningalán o. fl.

Tel.: 2685

Jónas Pálsson,

SÖNGFRÆÐINGUR.

Útvegar vönduð og ódýr hljóðfæri

460 Victor St. Talsími 6803.

J. L. M. THOMSON, M.A., L.L.B.

LÖGFRÆÐINGUR. 285½ Portage Ave.

BONNAR, TRUEMAN & THORNBURN,

LÖGFRÆÐINGAR.

Suite 5-7 Nanton Blk. Tals. 766
Winnipeg, Man. P.O. BOX 223

Húðir og ógörfuð Loðskinn

Verzlun vor er vor bezta auglýsing. Sendið oss húðir yðar og loðskinn og gerist stöðugir viðskiftamenn.

Skrifið eftir verðlista.

The Lightcap Hide & Fur Co., Limited

P.O. Box 1092 172-176 King St Winnipeg 15-9-10

W. R. FOWLER — A. PIERCY.

Royal Optical Co.

307 Portage Ave. Talsími 7286.

Allar nútíðar aðferðir eru notaðar við augn-skoðun hjá þeim, þar með hin nýja aðferð, Skugga-skoðun, sem gjörð er öllum ágiskunum. —

Heimskringla.

XXIV. ÁR | WINNIPEG, MANITOBA, FIMTUDAGINN, 4 ÁGÚST 1910 | NR. 44

GOTT OG TRAUST REIÐHJÓL

Þarf hver sá að hafa, sem tekur þátt í kapp hjólreiðum. Ég hefi nú á boðstólum hin traustustu og beztu "racing" reiðhjól, sem til eru búin í Canada

CRANTFORD
og
BLUE FLYER

Landar, sem taka ætla þátt í kapp hjólreiðum eða á sérstökum langferðum geta fengið sérstök vildarkjör hjá mér á þessum ágæta reiðhjólum, sem eru traust og endingargóðen þó létt og lipur.

West End Bicycle Shop
Jón Thorsteinsson, eigandi
475—477 Portage Avenue.
TALSÍMI: SHERB. 2308

Fregnsafn.

Markverðustu viðburðir hvaðanæfa.

— William Jennings Bryan, stjórnmálamaðurinn frægi, fékk slæma útreið hjá sínum eigin flokksmönnum á fulltrúaþingi Demókrata að Grand Island, Nebraska, fyrra þriðjudag. — Bryan, sem er bindindismaður, hefir mikið barist fyrir vínbanni og vildi láta flokkinn taka það á stefnuskrá sína, en það tókst ekki, þó hann beitti allri sinni miklu málsnild og ræða hans við það tækifæri sé talin einhver sú mesta snildarræða, er heyrst hefir frá hans vörum, — þá sneru flokksmenn hans þó gersamlega við honum bakinu. Og aldrei í öllum sínum stjórnmálabargögum og gaura gangi hefir Bryan verið skammaður og úthúðaður eins og af sínum eigin flokksmönnum við þetta tæki færi. Þá er til atkvæða var gengið, fylgdu að eins 195 fulltrúar honum að málum, en 645 á móti. — Nú hefir Bryan lýst yfir því, að hann héldi engu að síður áfram baráttunni, hvort sem Demókrötum líkaði betur eða verr, og vonast hann eftir fylgi allra rétthugsandi og góðra drengja.

— Fólksfjöldinn í Danmörku er nú, samkvæmt nýafstöðnu fólkstali, 2¾ miljón. Hefir fólkinu fjölgað um 1¾ prósent á síðustu árum.

— Nýskeð var unglingsmaður tekinn fastur í Kaupmannahöfn fyrir peningafölsun. Fundust hjá honum öll tæki til þeirra hluta, og heilmikið af tveggja krónu peningum, — fölsuðum, en mjög vel gerðum.

— Prestur einn í St. Louis, Mo., J. A. Humbard að nafni, ráðgerir að koma á fót hjónabandsskóla. Á skóli sá að kenna ungum mönnum að verða fyrirmyndar eiginmenn, og ungum stúlkum að verða góðar og ástríkar eiginkonur. — Presturinn segir, að heimska og skortur á lífsreynslu, sé orsök í, hve mörg hjónabönd fari illa, og úr því ætlar hann að láta skólann bæta.

— Kólera heldur áfram að gevsa á Suður-Rússlandi og hafa fjöldi manna dáið. Læknar banda ráðþrota, og fólkið, sem ósýkt er, er hálf-trylt úr hræðslu. Hörmungarástand ríkir þar allstaðar, og engin hjálp fyrirsjáanleg nema að kólni í veðri, en þess mun verða stundarbið — nú um hásumarið.

— Fullur fjandskapur er nú milli Spánar og páfans út af aðskilnaði ríkis og kirkju, sem Spánverjar eru að lögleiða. Hafa nú bæði Spánn og páfinn kallað heim sendiherra sína og slitið öllu sambandi.

— John A. Ewan, meðritstjóri að Toronto Globe, og einn með bezt kunnu blaðamönnum í Canada, andaðist 28. júlí. Hann varð 51 árs.

— Undravert má það vera, að frjósa í hel, þegar hitinn er um 100 stig í forsælunni, en svo fór samt um Paul Sorrente, ungan mann í Florence, N. J. Hann lá veikur í rúmi sínu og læknirinn sem sóttur var, ráðlagði, að kæla honum með ís, en vinir mannsins gerðu vist fullmikið að því, því þegar læknirinn kom stundu síðar, lá maðurinn hulinn af ís og þegar að var gáð örendur, — hafði frosið til dauða.

— Kvenréttinda frumvarpið, er lagt var fyrir brezka þingið og hleypt var gegn við aðra umræðu í neðri málstofunni, hefir verið svæft, — verður ekki hreyft framar á þessu þingi.

— Grand Trunk Pacific verkfallið heldur eun áfram, en allar líkur eru til, að mennirnir verði að lúta í lægra haldi fyrir félaginu. — Skærur og viðsjár hafa víða orðið milli verkfallsmanna og verkfallsbrjóta, og hafa margir fengið skeinur í þeim viðskiftum. Ýms spellvirki hafa og verið gerð á eignum félagsins, og er verkfallsmönnum kent um. Hafa lestir og vagnar verið brendir og járnbrautateinar rifnir upp, og jafnvel ein járnbrautarstöð brend til grunna. Mælist þetta illa fyrir víðast hvar, og hefir spilt málstað verkfallsmanna stórum. — Félagið heldur áfram stórfum sínum hindrunarlítið, með hjálp verkfallsbrjótanna, mannflutningalestir ganga sinn vanagang, en á vöruflutningslestum eru vankvæði enn sem komið er. — Talið er, að verkfallið muni verða úti vonum bráðar.

— Þráðlausu símskeytin björguðu 50 manns úr opnum dauða sl. fimtudag. Farþegaskipið Huallaga lenti í hafsnauð við Peru strendur, en það hafði tæki til fiðritunar innanborðs, og sendi því skeyti í allar áttir, og fimtán mínútum áður en skipið sökk, kom skip til hjálpar og bjargaði skipbrotsmönnunum.

— Hershöfðingi einn á Cuba, Miniet að nafni, hafði verið rekinn úr stjórnarþjónustu, og hugði því á hefndir. Fékk hann 12 menn sér til fylgdar og hóf uppreist gegn stjórninni. Sendi stjórnin strax 2000 hermenn á móti hinum 13 uppreistarseggjum, og fóru svo leikar, að þeir handtóku uppreistarforingjann við annan mann. — Hefir nú Miniet uppreistarforingjanum verið stefnt fyrir herrétt og sakaður um landráð, en það er dauðasök.



Frjáls bókaverzlun vestan hats.

— Madriz, forsetinn í Nicaragua, hefir látið þá skipun út ganga, að drepa viðstöðulaust alla herfanga, sem liðsmenn hans kunna að ná í hér eftir, hvort sem þeir eru innlendir eða útlendingar, — því margir útlendingar eru í liði Eztrada, uppreistarforingjans. Bandamenn hafa sent herskip til ófriðarstöðvanna til að vera reiðubúnir að skerast í leikinn, ef margir Bandaríkjamenn skyldu verða tekn ir til fanga og drepnir. — Madriz hefir leitað liðveizlu hjá þjóðverjum, en þeir vildu honum engu sinna. — Skærur og smáorustur eru hér og þar um ríkið, og veitir ýmsum betur.

— Skógareldarnir, sem gevsuðu víða um Canada, eins og getið var um áður, eru nú útdauðir að mestu, og allir bæir, sem í hættu voru staddir, úr allri hættu nú. — Regn mikið kom, þegar mest lá á, og drap eldana, en gevsitjón hafa þó skógareldarnir gert.

— Maður einn í Duluth, Minn., David A. Miller að nafni, voru nýskeð dæmdir 15 þúsund dollarar í skaðabætur fyrir að missa ást konu sinnar. Hann steindi sex mönnum fyrir þá sök, að þeir hefðu bæði í orði og verki reynt að gera konu sína sér fráhverfa, og að þeim hafði tekist það. Þess vegna fór hann fram á, að fá 15 þúsund dollara skaðabætur, sem hann og fékk, og gerir hann sér nú ástmissir konu sinnar án gfa að góðu, — huggar sig við skildinganna í hennar stað.

— Þrjár borgir brunnu til grunna í Wisconsin ríkinu í Bandaríkjunum af skógareldum, er þar geysuðu. Þær voru: Heineman, Bloomville og Antiwa, — smáborgir allar þrjár, því allur skaðinn er talið að nemi 3 miljónum dollara.

— Dr. Crippen, tannlæknirinn, sem ásakaður er um að hafa myrt konu sína, leikkonuna Belle Elmore, var sl. sunnudag ásamt fylgikonu sinni, Ethel Claire Leneva, handsamaður um borð á skipinu Montrose, úti fyrir Father Point. Voru þau bæði strax flutt til Quebec og þaðan heim á leið til Englands. Dr. Crippen bar sig karlmannlega, en stúlkan aumlega. Hún er þó að eins sökuð um, að vera í vitorði með tannlæknínum.

— Akuryrkjumála ráðgjafinn í Saskatchewan fylki áætlar, að nauðsynlegt verði að flytja inn 9 þúsundir kaupmenn til að vinna við uppskeruna í því fylki á komandi hausti, og lætur hann vel yfir kornvexti og uppskeruhorfum öllum þar.

— Nú er farið að selja egg í pundatali í New York borg, og er það líku sanngjarnara en að selja þau í tylftatali eins og verið hefir, vegna þess mikla stærðarmunar, sem á eggjunum er. Að öllum líkindum verður þessi siður viðtekinn víðar hér í landi.

— Kona ein í Newmark, N.J., fékk þá flugu í höfuðið, að það væri guðsvilji, að hún hætti að neyta matar. Hún hætti því að borða, og endirinn varð sá, að fyrra mánudag dó hún hungursdauða. Hún hét Elizabeth Smallen, og var trúkona mikil.

— Náungar, sem ekki láta konur og börn í friði í skemtigörðum St. Paul borgar eða á öðrum opinberum stöðum, verða hér eftir hýddir af lögregluþjónunum, í stað þess að vera varpað í fangelsi eða sektaðir. Lögreglustjórinn í St. Paul heldur að þetta muni kenna snáðunum, að láta kvenfólk óáreitt.

— Einn af elztu og nafnkunnustu stjórnmálamönnum Dana, Christopher Krabbe, fyrverandi hervarnar ráðherra, lagði nýskeð niður þingmensku, fyrir þá sök, að þegar hann lagði niður ráðherratignina, gerði konungur hann að "Kammerherra". Allar nafnbætur og "orður" eru á móti stefnu flokks hans — hinna radikölu — og lýstu þeir því yfir, að sér væri þessi útnefning Krabbe mjög á móti skapi og brot á móti stefnuskrá flokksins, — kjörkæmi hans sagði hið sama, og endirinn varð sá, að Krabbe lagði þingmenskuna niður. Hann hefir setið á þingi öðru hvoru um hálfa öld og er nú fjörgamall maður.

OGILVIE'S
Royal Household Flour

Til Brauð og Köku Gerðar

Gefur Ævinlega Fullnœging

EINA MYLLAN Í WINNIPEG,—LÁTIÐ HEIMAIÐNAÐ SITJA FYRIR VIÐSKIFTUM YÐAR.

— Skógareldar miklir gevsa í Montana og Colorado í Bandaríkjunum, og hafa þegar valdið stórtjónum.

— Stjórnleysingja samsæri til að ráða Margréti, ekkjudrotninguna á Ítalíu, af dögum, varð uppvíst nýskeð, og sá, sem fremja átti glæpinn, handsamaður. Stjórnleysingjar myrtu mann hennar, Umberto konung, árið 1900. Samsæri þetta komst upp þannig, að sá, sem átti að myrða ekkjudrotninguna, misti kjarkinn, fór til lögreglunnar og sagði frá, hvað í ráði væri.

— Borgin Cambellton í New Brunswick, sem brann til ösku nýverið, er að rísa úr rústum. Borgarbúar hafa samt orðið að þola hrakninga mikla af óblíðu náttúrunnar, því regn hefir verið þar stöðugt, en vesalings fólkið orðið að sofa í tjöldum eða undir beru lofti. — Samskota hefir verið leitað víðsvegar til að létta mestu neyð fólksins.

— Skotið var á Senor Maura, fyrrum forsætisráðherra Spánar, fyrir skömmu. Hann særðist, en ekki hættulega. Sá, sem skaut, var handsamaður og heitir Manuel Posa, og er jafnaðarmaður.

— Heyrst hefir, að Hon. Frank Oliver, innanríkisráðherra Canada, muni leggja niður embætti og taka sér sæti í járnbrautamálanefndinni. Eiga þeir, sem í þeirri nefnd sitja, góða daga, — hálaunaðir en sáralítið að gera.

— Kínverjar vilja ólmir fá Kitchener hershöfðingja til sín, til að koma lagi á her þeirra, eða réttilega: að skapa nýjan her. Hafa þeir boðið Kitchener, að nefna sjálfum, hvaða kjör hann vildi hafa, og hafa boðist til að ganga að öllu. En litlar eru líkur til, að kappinn úr Búsatríðinu taki því boði.

— Hinar 158 stærstu borgir í Bandaríkjunum, sem áver hefir yfir 30 þúsund innbyggjendur, — greiddu árið sem leið 275 miljónir dollara fyrir ný hús og önnur mannvirki. En nastum þriðjung þessarar upphæðar, eða 85½ milj., hefir New York borg goldið. Næst er Chicago á listanum með rúmar 18 miljónir og svo Philadelphía með 14½ milj. dollara. Þessar sömu 158 borgir skulda Eitt þúsund og Sjö Hundruð Miljónir Dollara ($2,700,000,000), og er það all-álitleg skuldasúpa.

— Mr. Winston Spencer Churchhill, innanríkisráðgjafi Breta, hefir lagt fyrir neðri málstofu brezka þingsins frumvarp til laga um algerða breytingu á fyrirkomulagi fangelsa og meðferð á föngum. — Frumvarpið er frjálslynt mjög og miðar mest að því, að gera glæpamanninn að nýjum og betri manni, — gera fangelsin að endurbótaskólum, en ekki hegningarhúsum; og svo, þegar tími glæpamannsins er úti, þá ekki að kasta honum út á götuna allslausum með lögregluna á hælunum til að hrömma hann aftur, ef hann stæli sér bita til munns, heldur að koma undir hann fótunum og reyna að gera hann að nýtum borgara. Frumvarpið bætir mjög kjör kvenréttindakvenna, er í fangelsi sitja, það leyfir þeim að hafa sín eigin fót í stað fangabúningsins, sem áður var, hárið verður ekki klipt, böðin illræmdu eru afnumin, þeim er leyft að lesa flestallar bækur og blöð, og tala sín á milli óhindrað, og eins við gesti, og þeim er leyft að kaupa sér þann mat, er þær óska, og þurfa ekkert að sjá um hreinsun klefanna eða uppbúning rúma, og geta gengið sér til skemtunar eftir göngum og görðum fangelsisins, eins og þær lystir. — Talið er víst, að frumvarp þetta verði að lögum, og hefir Winston Churchill hlotið alment lof fyrir það.

— Ljótar sögur gangn af grimd Mulai Hafid Morocco soldáns. Ríkisstjórinn í Fez hafði dregið undir sig fé ólöglega og var því víkið frá embætti, en tókst að flýja áður en hendur voru hafðar í hári hans. En kvennabúr sitt með 40—50 konum í varð hann að skilja eftir, þegar Mulai Hafid gat ekki náð í ríkisstjórann og fann enga fjársjóði, tók hann það ráð, að pína konurnar í kvennabúrinu, bjóst hann við að þær mundu þá skýra frá hinum huldu fjársjóðum ríkisstjórans. Fyrst lét hann böðla sína gefa hverri konu grimdarfulla flaðstroku, en er það hafði engin áhrif, lét hann taka uppáhaldskonu ríkisstjórans og pína á hinn grimdarfylsta hátt, því hann bjóst við, að hún myndi kunn öllum leyndarmálum húsbónda síns. Meðal annars lét hann hana hanga í lausu lofti á þumalfingrunum meir enn dægur, og lét brenna hörund hennar með glóandi járnteinum, lét draga úr henni tennurnar og slíta af henni hárið, en alt var árangurslaust, því konan vissi ekkert, og var hún um síðir látin laus nær dauða en lifi, fyrir áskorun Evrópumanna.

— Vegna þess, að Mrs. Anderson í Waukegan, Ill., hafði hlaupið á burt með öðrum manni, en þó snúið heim aftur, lét eiginmaður hennar hana skriða á fjórum fótum frá heimili þeirra til kirkjunnar, rétt fyrir messutíma, að fjölda fólks ásjáandi. Átti þetta að vera syndaefsing hennar, og vildi hann ekki taka hana í sátt, nema hún framkvæmdi þetta, og kaus konan að verða við þeirri kröfu.

UMFRAM ALT HREIN AÐSKILNING.

STJÓRN SASKATCHEWAN FYLKIS.
LANDBÚNAÐAR RÁÐANEYTIÐ.

MJÓLKURBÚA DEILDIN

Vottorð frá stjórnar-rjómabúinað Lloydminster, Sask. 18 maí 1910.

Ég hefi notað og reynt MAGNET skilvinduna í átta ár og fundið hana góðan skiljara og trausta vél.

AÐAL KOSTIR HENNAR ERU:

Auðveld hreinsun

Breyting á framleiðslu krafti í sömu umgjörð—úr 400 í 1100 pund á klukkutímanum. En umfram alt hrein aðskilning.

J. J. McDONALD
Sérfræðingur stjórnarinnar

THE PETRIE MFG. CO., LIMITED
WINNIPEG, MAN.

ÚTIBÚ: Calgary, Alta., St. John, N. B., Montreal, Que., Vancouver, B.C., Regina, Sask., Victoria, B.C., Hamilton, Ont.

Wall Plaster

"EMPIRE" VEGGJA PLASTUR kostar ef til vill ögn meira en hinar verri tegundir, —en berið saman afleiðingarnar.

Vér búum til:

"Empire" Wood Fibre Plaster
"Empire" Cement Wall "
"Empire" Finish "
"Gold Dust" Finish "
"Gilt Edge" Plaster of Paris
og allar Gypsum vöruutegundir. —

Eigum vér að senda yður bæklíng vorn?

BÚIÐ TIL EINUNGIS HJÁ
MANITOBA GYPSUM CO. LTD
SKRIFSTOFUR OG MILLUR Í
Winnipeg, - Man.

Heimskringla

Published every Thursday by The Heimskringla News & Publishing Co. Ltd

Verð blaðsins í Canada og Bandar. $2.00 um árið (fyrir fram borgað).
Sent til Íslands $2.40 (fyrir fram borgað af kaupendum blaðsins bér $1.50.)

B. L. BALDWINSON
Editor & Manager

Office:
729 Sherbrooke Street, Winnipeg
P.O BOX 3083. Talsími 3512.

Kynleg ráðstöfun.

Nýtt Kirkjublað skýrir frá því, hvernig þeim peningum hafi verið varið, sem gefnir voru til styrktar þeim, sem báðu eignatjóniið við snjóflóðið í Hnífsdal á síðasta vetri. Meðal annars er það tekið fram, að "nokkrum hluta samskotafjársins — sem alls nam á þriðja þúsund krónur — hafi verið varið til þess, að bæta úr brýnustu þörfum hinna bágstöddu, og til þess að kosta útför þeirra, sem önduðust í Hnífsdal. Svo er ákveðið, að kaupa járngrindur umhverfis legstaðinn og setja stein á gröfina. En með því það er enn ekki alveg víst, hve mikið járngrindurnar og steininn muni kosta, þá verður ekki ráðstafað meiru af fénu fyrst um sinn, þar til vissa fæst um það".

Óneitanlega virðist þessi ráðstöfun fjárins all-einkennileg, og ætla má, að hún sé ekki í samræmi við tilgang gefendanna. Því fénu var óneitanlega safnað til styrktar þeim, sem mistu eignir sínar í snjóflóðinu. En í stað þess að verja því þannig, þá er því varið til þess að kosta útfarir þeirra, sem létust í flóðinu og til að kaupa legstein á leiðin og járngrindur umhverfis þau, og þetta er látið sitja í fyrirrúmi fyrir hjálpinni til þeirra bágstöddu, og það svo greinilega, að hjálparfénu verður ekki ráðstafað fyr en vissa er fengin um það, hve mikið steininn og grindurnar muni kosta.

Vænta hefði mátt þess, að sveitarfélag það, sem hið látna fólk taldist til, hefði séð sóma sinn í því, að kosta af eigin efnum útför hinna látnu og einnig legsteininn og grindurnar, ef það var talið nauðsynlegt, að setja það á og umhverfis legstaðinn, — en að láta þá, sem lífs komust úr flóðinu og mist höfðu eignir sínar í því njóta alls þess fjár, sem því var gefið, til þess með því að rétta við efnahag sinn eins langt og gjafaféð leyfði. En því þóknaðist ekki að hafa þetta þannig. Nízkan og eigingirnin hefir verið látin bera mannúðarskylduna og réttlætistilfinninguna ofurliði.

Hefðu þeir, sem fyrir fjársöfnununum stóðu, verið einlægir og algerlega hreinskilnir í hjálparleit sinni, þá hefðu þeir ekki safnað fénu utanlands og innan undir fölsku yfirskini, heldur hefðu þeir átt að taka það fram, að því ié sem gæfist, yrði varið til þess að standast kostnaðinn við greftrun hinna látnu, af því að sveitarfélagið tímdi ekki að leggja nein útgjöld á sig í því augnamiði, að koma því á heiðarlegan hátt undir græna torfu. Og ennfremur, að það, sem gefast kynni fram yfir nauðsynlegan greftrunarkostnað, — yrði varið til þess að kaupa stein á legstaðinn og járngrindur umhverfis hann. Að yfirleitt væri féð ætlað til þess, að hlúa að þeim, sem látist hefðu, en að þeir, sem lífs hefðu komist af úr snjóflóðinu með lamaða lífskrafta og rúðir öllum efnum sínum, yrðu látnir bíða við sult og seiru og hjálparlausir. Þetta hefði verið í samræmi við hina núverandi ráðstöfun gjafafjárins.

Ver litum svo á, að þeim, sem ábyrgð bera á þessari ráðstöfun fjárins, hafi sett blett á sveitarfélag það, sem hið látna fólk taldist til. Það virðist ljóst, að það hefir vorki matið né virt hið látna fólk nógu mikið til þess að grafa það, án þess að brúka til þess betlifé úr tveimur ríkjum, sem gefið var til hjálpar þeim, sem lífs komust af úr flóðinu, en ekki til þeirra, sem látist höfðu, og ekki voru hjálparþurfar. Aðalhugsunin virðist hafa snúist um það — eftir að féð varð fengið — að seðja eigingirni þeirra, sem eitthvað unnu að greftrun líkanna, með því að láta þá hremsa það af fénu, sem þeir gætu náð í, — ræna frá því hinum réttu eigendum þess, hinu allslausa fólki, sem bjargaðist úr flóðinu.

Afleiðingin af slíkri ráðsmensku er auðsæ. Hún verður sú, að þegar það kann að koma fyrir framvegis, að leita þurfi styrks til handa bágstöddum, þá verður tregt um gjafir, nema trygging sé fyrirfram sett fyrir því, að fénu verði varið á skynsamlegan hátt, — skynsamlegri og meira í samræmi við þörf hinna bágstöddu og tilgang gefendanna, en nú hefir átt sér stað.

"KVISTIR"

Þessarar bókar hefir áður verið getið hér í blaðinu, áður en hún var komin hingað vestur. En nú hefir höf., dr. Sig. Júl. Jóhannesson, að Leslie, Sask., sent Heimskringlu eintak hennar til umgetningar.

Í stað þess að rita sérstaklega um þetta kvæðasafn fyrir hönd blaðsins, flytjum vér ritdóm um bókina eftir Jón Ólafsson, fyrrum ritstjóra, tekinn úr blaðinu Óðni.

Jón Ólafsson ber allra manna bezt skyn á skáldskap, og dómur hans um bókina hefir því meira gildi, en nokkuð það, sem Heimskringla gæti um hana sagt.

Ritstj.

* * *

Sig. Júl. Jóhannesson.

Kvæðasafnið Kvistir.

Sigurður Júlíus Jóhannesson óx upp við fátækt og gleðisnauða æsku, er stúdent héðan að heiman, en nú læknir í Ameríku. Hann fór héðan blásnauður, allslaus; varð að ráða sig háseta á skipi frá Englandi til Ameríku, til að vinna fyrir fari sínu. Þá orti hann þetta á leiðinni:

> Furðu strembin fundust mjer
> fyrrum Hómers kvæði;
> en þúsund sinnum þyngri er
> þessi kaða-fræði.

Með dæmafáum kjark, þreki og dugnaði, vann hann fyrir sér jafnframt sem hann las læknisfræði í Chicago, tók þar próf í læknisfræði og settist svo að vestur í landi sem læknir.

Einhver kann að spyrja, hvað þetta komi kvæðum hans við.

Já, mjög mikið. Í öllum skáldskap, og mest þeim ljóðum, er tilfinningar eru ríkastar í, er skáldið og skáldskapur þess svo fast samtvinnað. Ævikjörin setja mót á mannssálina og mannsins störf.

Af tilfinningum, hugmynda-auði og vizku hafa öll skáld meira eða minna — og ljóðskáldin hagmælsku auðgauk; — en misjafnt er, á hverju af þessu ber mest hjá hverjum einum.

Sigurður er aðallega tilfinninga-skáld. Hún er sá þáttur, sem ríkastur er í gáfu hans. Svo rík er tilfinningin hjá honum, að hana er trauðlega sterkari að finna hjá öðrum íslenzkum skáldum.

Hagmælska Sigurðar er mikil og hirðir hann hana þó ekki eins vel ætið, eins og hann auðsjáanlega gæti. Ég skal til dæmis þess nefna þessa visu:

> Jeg enga framar hygg á höfn,
> jeg horfi rjett í bláinn;
> mjer eru sjór og jörðin jöfn
> því jeg er löngu dáinn.

Visan er góð, eins og hún er, en auðgert hefði honum verið að fágа hana betur, hefla af henni "jambisku" atkvæðin, t.d. þannig:

> Framar enga' og hygg á höfn
> horfi rjett í bláinn;
> mjér 'ru sjór og jörðin jöfn,
> þeg er löngu dáinn.

Höf. hefur þroskast mjög að andlegri menningu við lífsreynsluna vestan hafs.

Stundum bregður enn fyrir smekkbresti í orðavali, t.d. er hann (á 13. bls.) er að lýsa fátækri móður, sem sefur með barn sitt í fanginu og dreymir fagra framtíðar-drauma:

> "móðir á hálmdýnu sinni
> með hinn ára dóttur í faðmi sjer
> blundar og hrýtur,
> friðsælla daga um ósjeða lífdaga nýtur"

Það er ófagurt, og skemmir fegurðar-áhrifin, að láta móðurina vera að hrjóta meðan hana er að dreyma fagra sæludrauma.

Það, sem helzt spillir sumum kvæðum höf., er skortur á rökdæmi eða metvísi*) gagnvart sjálfum sér eða ljóðum sínum. Þetta veldur því, að höf. verður stundum of langorður, og stundum fær tilfinning hans ekki vald á listlengi hans, svo að hann yrkir stundum kvæði, sem eru ekki annað en rímaðar hugvekjur.

Ég skal nefna til dæmis kvæðið á 77.—79j bls.: "Fuglinn og hann Fúsi". Hefði höf. getað "soðið niður" efnið í 6—8 línur, þá gat hann farið skáldlega með efnið. Likt má segja um kvæðið á 67.—71. bls.: "Harðstjórinn og þjónninn". Þar skemmir málalengingin alla list í meðferð efnisins.

En að þessu sleptu, þá eru í "Kvístum" svo mörg fögur kvæði og vel kveðin, sem eru list og skáldskapur, og tilfinningarnar svo næmar, að manni verður ósjálfrátt vel við höfundinn, af því að maður, auk listarinnar, finnur í honum svo gott hjarta og svo mikið umburðarlyndi. Þetta síðasta (umburðarlyndið og viðsýnið) hefir honum svo stórum aukist með aldri og lífsreynslu.

Skyldi ég neina nokkur af fellegustu kvæðunum, mundi ég telja þessi: "Guðsriki" (4. bls.), "Kristin" (7.—8. bls.), "Halta Finna" (26.—30. bls.), "Mús í gildru" (48. bls.), "Stökur" (177. bls.), "Sumarósk" (195. bls.), "Uppsagnarbréfið" (223.—224.bls.).

Þá er átakanlega hjartnæmt kvæði: "Úr daglega lífinu"; að eins mætti fyrsti hlutinn missa sig aftur að 13. bls. "Ég sný mér að húsinu'.....". Þaðan og út til enda er kvæðið listfeng mynd.

"Mansöngur" á 112. bls. er trú og hugðnæm mynd úr lífinu.

"Til Hannesar Hafstein" er vel kveðið (1. bls.). Sama er um Kvenréttindakvæðin tvö (á 189. og 190. bls.), og tvö síðustu erindin í "Ávarpi 20. aldar".

Lausar vísur eru ýmsar ýmist fyrirtaks-fallegar eða hjartnæmar, til dæmis:

> "Hjá þjer fekk jeg þrávalt að læra,
> hve þögnin á fullkomið mál;
> hvert hros, sem þú gafst mjer, jeg geymi
> sem guðsmynd frá óspiltri sál".

Þetta kveður skáldið:

> "Til Íslands.
> Ef drottinn gerði að gulli tár,
> sem geymir hugur minn
> þá vildi' jeg gráta öll mín ár
> til auðs í vasa þinn".

Þetta erindi hendi ég neðst á 169. bls.:

> "Ef fjarlægð skilur önd frá önd
> hið innra, dimm og köld,
> þá duga engin ytri bönd
> og engin boðnje völd".

Eða er þetta ekki ágætt (á bls. 205. bls.)?

> "Meðal-hjóna-band.
> Þau vissu' ei neitt, að gjöf þá heimur hlut,
> sem hrygðar-nóttum snýr í gleði-daga;
> þau vöndust saman eins og önnur naut,
> sem altaf hlutu sama plóg að draga",

Höf. á óefað eftir að yrkja margt enn, þegar hann gefur út næsta safn sitt, vildi ég óska honum þess, að honum yrði vaxin svo dómskygni, að hann tæki ekki með það rýrasta. Beztu kvæðin hans eru þegar svo, að þau festa sér sæti í íslenzkum bókmentum.

Vitrununum í sundurlausu máli aftast í bókinni hefði höf. átt að sleppa.

Nokkrar prentvillur óprýða bókina hér og þar, þó ekki margar.

Ytri frágangurinn er hinn prýðilegasti, eins og vita má, þar sem bókin er prentuð í Gutenberg, og kostnaðarmaðurinn hefir ekkert til sparað.

Jón Ólafsson.

— Óðinn, VI. ár, 1. blað.

*) Jeg get ekki fengið af mjer að bera mjer í munn annan eins nýgerving eins og "gagnrýni" (*kritik*); heldur vil jeg nefna *kritik* "rökmeti" að *kristisjera*; að "rökmeta" eða "rökdæma" *kristiskur*: "rökdæmur" eða "metvís" eða "dómskygn". J. Ól.

Málafærslumenn og fátæklingar.

Þess eru ótal-mörg dæmi, að fjöldi fátæklinga hefir ekki getað leitað réttar síns, vegna þess þá skortir fé til að fá sér málafærslumann fyrir sína hönd að reka vankvæði sín. — Aftur eru aðrir, sem litil efni hafa haft, en sem málafærslumenn og málaferli hafa rúð að skyrtunni, og hafi þeir að lokum fengið hlut sinn réttan, þá hefir það kostað svo mikið, að betra hefði verið, að hafa aldrei leitað að fá hlut sinn réttan. Lögfræðislegar ráðleggingar og önnur hjálp úr þeirri átt hafa kostað fátæklinginn um megn, og hann hefir því oftlega orðið að verða án þeirra og ráða og upplýsinga, sem honum voru bráðnauðsynleg. — Auðfélög, maurapúkar og ofbeldismenn hafa þráfaldlega skákað í því skjóli og leikið fátæklinginn grátt, vegna þess þeir voru þess vissir, að hann var ekki megnugur að rétta hluta sinn.

Margir rétthugsandi menn hafa þó á síðari tímum reynt að bæta úr þessum vandræðum, og víða í stórborgum heimsins eru nú lögfræðingafélög, sem veita fátæklingum allar lögfræðislegar upplýsingar og ráð, sækja og verja mál fyrir þá og veita þeim alla hjálp, sem unt er, og alt ókeypis eða með mjög vægum kjörum. Reyndar er Canada ekki komið svo langt ennþá, að slik nytsemdarfélög hafi komist þar á fót, en vænta má, að þau komi. Í Bandaríkjunum aftur á móti hafa félög þessi all-víða fest rætur og sumstaðar orðið að miklum notum. Sérstaklega hefir borgin Pittsburg í Pennsylvania verið á undan öðrum í því efni. Margir af mest metnu og hæfustu lögmönnum borgarinnar eru í félagi því, sem starfar í þessa átt, og eftir því, sem ársskýrslur félags þessa bera með sér, hefir það hjálpað mörgum. — Skýrslurnar segja, að 246 manns hafi leitað á náðir þeirra, þar af hafi félagið ekkert viljað sinna 12 af beiðendunum, en 224 hafi þeir liðsint. Að eins 8 af málum þessum komu fyrir dómstólana, en 216 voru jöfnuð utan dómstólanna, en svo, að þeir, sem hlut áttu að máli, undu hið bezta við. Í mörgum tilfellum var það nóg, þegar sá sem steint var heyrði að hið volduga "Legal Aid Society" hefði tekið að sér málið, að þá buðu þeir sjálfkrafa sættir, vildu ekki eiga undir málsókn af hendi félagsins.

Áður en félag þetta tók til starfa, höfðu bæjarfulltrúar borgarinnar tekið að sér mál fátækinganna, en í 90 tilfellum af hundraði urðu fátæklingarnir að lúta í lægra haldi, en peningum í sjálfs sins vasa rökuðu bæjarfulltrúarnir frá auðmönnum og félögum, sem hlut áttu að máli gegn fátæklingunum, — fyrir að vera hlutdrægir.

Eitt mál, sem félagið fékk að erfðum frá bæjarfulltrúunum, var á þá leið, að maður einn hafði fengið að láni 25 dollara frá okurkarli þar í borginni, en var nú búinn að borga 30 dollara, en okurkarlinn heimtaði 21 dollara í viðbót. Maðurinn leitaði hjálpar eins af bæjarfulltrúunum, og réði hann honum til að borga. Félagið var þá nýstofnað. Manninum geðjaðist ekki að ráðleggingu bæjarfulltrúans, og fór því til félagsins í nauðum sínum. Tók það vandræði mannsins að sér, og lauk því máli þannig, að maðurinn slapp við að borga það, sem okurkarlinn heimtaði.

Flestar af umkvörtunum þeim, sem félaginu bárust, voru um misþyrming vinnuhjúa, neitun greiðslu kaupgjalds og okurrentur, og í öllum þeim málum náði félagið rétti þess, sem til þess leitaði.

Markmið félagsins er, að reyna að ná rétti þeirra, sem til þess leita, án þess að þurfa að fara í dómstólana. Telur félagið það heppilegra og hafi að jafnaði betri og happasælli afleiðingar. Annars munu harla skiftar skoðanir vera um það atriði, og fleiri munu þeir verða, sem heimta lögsókn, — þykjast þeði geta hefnt sín og náð réttar síns betur á þann hátt, ef þeir geta fengið einhvern til að flytja málið. — Málafærslumenn eru líka harla mismunandi, sumir vilja fara að öllu með hægð og leita hófanna, aðrir vilja berjast út í rauðan dauðann, eða meðan nokkurt útlit er fyrir, að þeir fái snúð sinn borgaðan. — Hverjir verði happasælli, getur orðið álitamál.

Félög lík þessu í Pittsburg ættu að vera sem víðast. Gagnsemi þeirra er ómótmælanleg, og til margs mundi stjórnarstyrk ver varið en að styðja félag, sem héldi uppi rétti litilmagnans og fátæklingsins gegn okurkörlum og ofurvaldi.

Íslenzkt þjóðerni, o.fl.

Herra ritstjóri.

Úr því ég þurfti að skrifa þér á annað borð, get ég ekki stilt mig um að geta þess, að ég stórhneykslaðist á svari St. V. H. (Styrkárs Vésteins?) til Jónasar Guðlaugssonar. Ekki svo að skilja að Jónas ætti ekki ávitur skilið fyrir sinn hrokafulla sleggjudóm, en þar við átti svar eins og P. S. Pálssonar. Slik svör gera meira gagn, en frekju skammir og uppnefni, er vanvirða mest þann, er úti lætur. En ef þessi S. V. H. er Styrkár Vésteinn, sem ég hugsa, þá var ég þó ekki eins hissa á hans svari og ég varð á svari Bjarna Magnússonar til Sig. Júlíusar. Ég hefi ávalt álitið Bjarna greindari en svo, betri dreng og meiri mann, en að hann hlypi óðara út í persónulegar dylgjur og brigslyrði að ástæðulausu, þó hann deildi opinberlega um alment málefni. Mér hefir fundist það eins og þegjandi samkomulag meðal Vestur-Íslendinga (flestra), að láta það hlutlaust opinberlega, hvað fyrir menn kann að hafa komið heima á Íslandi, og er það ekki nema rétt og fallegt, ekki sízt, ef á litlu öðru er að byggja en annara sögusögn og slúðri yfir höfuð. En það er makalaust, hvað mörgum hættir þó til, að hlaupa óðara út í persónuleg illmæli, og víst er um það, að "fár bregðr enu betra, ef veitið verra".

Annars ætla ég ekki að blanda mér frekar út í deilur manna um pólitikina á Íslandi, því ég er hjartanlega samdóma Th. Svd. Lamb um, að það sé glópskapur einn, og menn hér yfir höfuð hlaupi mest eftir hálf- og heillognum blaðagreinum, en víti ítitið ábyggilegt. — Mér líkar annars "Upptiningur" lambsins vel að flestu leyti, það sem komið er af honum. Ég var meira að segja að hugsa um, hvort ég ætti ekki að senda lambinu nokkra hagalagða, en þegar það svo segist ætla að halda áfram starfi sínu í gamla staðnum, eins og hans Sataniska hátign (sbr. Hkr. 30. júní), þá fór ég að verða hræddur um, að lagða greyin kynnu að verða notaðir til þess, er ég sízt vildi, svo betra yæri, að "leggja þá inn" einhversstaðar annarsstaðar.

Ég var rétt áðan að lesa ritdóm séra Matthíasar um 'Kvisti' Sig. Júliusar í gömlum Norðra. Skritið, að hvorugt blaðanna hér skuli hafa birt þann ritdóm. Þar kveður þó við annan tón en hjá Jónasi Guðlaugssyni, og ekki ætti ritdómur séra Matthíasar um ljóðmæli, að vera ómerkari en dómur litt kunnugs hagyrðings eða skáldefnis.

Þá hefir ekki all-lítið verið ritað og rætt um

ÍSLENZKT ÞJÓÐERNI,

og viðhald íslenzkrar tungu hér vestra.

Ég ætla mér ekki að leggja mikið til þeirra mála, einkum af því ég býzt naumast við, að geta farið fram mörg ný rök, þó feginn vildi. En gleðilegt er að sjá, hver áhugi virðist þó vaknaður víða, að sporna við því, að íslenzk tunga og þjóðerni líði undir lok. Vil ég þar til nefna, hve mikla ræktarsemi og alúð margir þeir, er mentaveginn ganga, leggja við íslenzkuna, og mun það reynast notadrjúgt. Þá er og stofnun félaga, eins og félagsins í Winnipeg Beach. Slik félög ættu að komast á fót um allar íslenzkar bygðir, og sé löndum við Winnipeg Beach þökk og heiður, einkum ef þeir láta ekki áhugann dofna. En það var þó sérstakt atriði, sem rifjaðist upp fyrir mér í dag, þegar ég las grein eftir Gunnlaug Tr. Jónsson í Heimskringlu þann 14. þ.m. um þetta efni. Fyrir ekki löngu síðan var einn af leiðandi mönnum Norðmanna hér vestra að ræða um samskonar málefni á samkomu (þ. e. viðhald norskunnar). Hann kvaðst hafa komist að þeirri niðurstöðu, eftir rækilega rannsókn og af skólaskýrslum og vitnisburðum kennara, að þeir unglingar yöru beztir í ensku og töluðu hana hreinast, þar sem hrein norska væri töluð á heimilinu. Mér hefir fundist, að ekki væri næg áherzla lögð á betta atriði, þegar verið er að ræða um íslenzkuna, því að enginn grundvöllur verður þó eins traustur eins og sá, sem foreldrarnir, og þó einkum móðirin, leggja á heimilunum, meðan börnin eru ung. — "Smekkurinn sá, er kemst í ker" etc. Þeir foreldrar, sem er ant um að börnin sín læri íslenzkuna, verða að neyða þau til að tala hana hreina og óbjagaða á heimilunum, og að sjálfsögðu kenna þeim að lesa hana og skrifa, um leið og þeim eru kend úrvals erindi og ljóð við barna hæfi. Mun þá varla fara svo, að börnin fái ekki ást á málinu og bókmentum þess. En reglan virðist önnur. Ég ætla nú ekki að tala um þá foreldra, sem svo eru skyni skroppin, að halda að íslenzkan hindri eða tefji fyrir börnunum að ná góðum tökum á enskunni, — heldur tala ég um þá foreldra, sem vilja láta börnin læra íslenzku, og tala hana við þau fyrst framan af, en láta þau svo neyða sig til að fara að tala við þau hálf- og heilbjagaða ensku, eftir að þau eru komin á legg og eru farin að ganga á skóla. Hér horfir öfugt við, að "eggið fer að kenna hænunni", — en svona er það alment. Árangurinn verður svo sá, sem Norðmaðurinn tók fram, að börnin "smittast" af foreldrunum og því hrognamáli, sem þau tala, og eiga miklu erfiðara með, að læra enskuna rétt en hin, sem heyra hana rétta á skólunum, en móðurmálið hreint heima.

Hér í Seattle þekki ég eitt heimili, þar sem öðruvísi aðferð er höfð, og þar sem ekki heyrist nema hrein og góð íslenzka hjá foreldrum og börnum. Það er heimili herra Ísaks Johnsons og konu hans. Ekki þyrfti þó að óttast, að drengirnir þeirra heyrðu neina bjagaða ensku, þó foreldrarnir töluðu hana, það vita allir, sem þau hjón þekkja, — en þau vilja nú láta drengina sina læra íslenzku, og álita að þeirra aðferð sé hin rétta, sem hún og vafalaust er. Aðferðin er sú, að tala sjálf aldrei nema íslenzku heima og líða ekki drengjunum að tala þar enskt orð. Komi það fyrir, að þeir ætli að segja eitthvað á ensku, þá skilur þá enginn, svo þeir verða að leita til íslenzkunnar, og hún verður að vera rétt, því annars skilur hana enginn heldur. — Þó að Mrs. Johnson hafi fengið alla sína mentun hér vestan hafs, er hún prýðis-vel að sér í íslenzku og íslenzkum bókmentum, og ann þeim mjög, enda kennir hún drengjum sínum óspart stökur og kvæði. Sýnir þeim síðan myndir skáldanna og annara merkra manna, og segir frá þeim. Þetta myndar svo samband og festist svo í huga og sál barnsins, að varla mun afmást. Við vitum öll, að ærsku-áhrifin tolla lengst. — Ég tek þetta dæmi hér fram, af því ég álít það viðkomendum til stór-sóma, og aðferðina þá allra réttustu. Vel má vera, að ýmsir fleiri foreldrar hafi þessa eða líka aðferð, þó ég viti það ekki, en ég vildi óska, að þeir væru sem allra flestir. Það mundi reynast öflugasta stoðin til viðhalds íslenzkrar tungu og þekkingar á íslenzkum bókmentum.

Sigurður Magnússon.

Íslands fréttir.

Þúsundára afmælishátíð Svarfdælinga var haldin að Dalvík við Eyjafjörð 26. júní sl. Var þar mannsafnaður mikill og ræðuhöld góð. Meðal ræðumanna voru Hannes Hafstein fyrverandi ráðherra, Klemens Jónsson landritari og séra Kristján Eldjárn Þórarinsson frá Tjörn. Kvæði var sungið eftir Þorstein skáld Þorsteinsson frá Winnipeg.

Sjómaður einn, Valdemar Friðriksson að nafni, frá Hringsdal á Látraströnd, féll útbyrðis af hákarlaskipinu Áki á Akureyrarhöfn 30. júní sl. og druknaði. Var ölvaður og enginn til að gæta hans, því skipshöfnin var í landi, en þegar hún kom fram í skipið aftur, var maðurinn horfinn, að eins annar tréskór hans við borðstokkinn, sem sýndi, að maðurinn hafði fallið útbyrðis.

* * *

Aukaþingsfarganið.

Berara og berara verður það svo að kalla með hverjum degi, hve aukaþings hégóminn hefir nauðalítið fylgi hjá þjóðinni.

Í Rangárvallasýslu, sem þó er eitt af þeim sárfáu kjördæmum andstæðinga stjórnarinnar, hafa t.d. 96 kjósendur í að eins tveim hreppum mótmælt aukaþinginu. En á almennum fundi fyrir sýsluna, með yfirvaldið í fylkingarbrjósti, fengust ekki nema 77 atkvæði með því.

Í Árnessýslu er fullyrt, að mikill meirihluti kjósendanna sé á móti því. Sama má segja um bæði Mýra og Borgarfjarðarsýslur, og ekki mundu Skagfirðingar heldur hafa tekið því með þökkum, að aukaþing hefði verið haldið.

Í Húnavatnssýslu hafa þingmenn kjördæmisins nýlega haldið tvo fundi, annan í Engihlíð, hinn á Sveinsstöðum.

Á báðum þessum fundum voru fundarsamþyktir gerðar þess efnis, að fundirnir aðhyltust rannsóknina á Landsbankanum og töldu ráðstafanir ráðgjafans á bankanum nauðsynlegar, til þess að kippa bankanum í rétt horf.

Þetta var samþykt á Engihlíðar fundinum með 22 atkvæðum gegn 13 og á Sveinsstaða fundinum með 35 atkvæðum gegn 11.

(Norðurland).

— Zigaunar (gipsy) í Bandaríkjunum hafa nýskeð valið sér konung, og heitir sá Emil Mitchell, er þá tign hrepti. Zigaunar skoða Washington sem höfuðborg sína líkt og Bandamenn, og þar var köllunarbréf Mitchells formlega samið og gefið út af einu stærsta lögfræðingafélagi borgarinnar, fyrir hönd flokksins. Sá, sem var konungur næstur á undan, heitir Zisacho Dimito, og lagði hann konungstignina niður vegna þess, að Zigaunar í Canada buðu honum betri kosti, ef hann vildi verða konungur þeirra, og tók hann því boði.

MJALLHVÍT

I.

Saman í faðmlög föllum
flóðið gáfna ríka,
þú berð af þeim öllum
ég af sveinum líka.

Gef mér hönd og hjarta
hrundin augna bláa,
hrundin hára bjarta
hrundin ofur smáa.

Gerðu þettað gæska,
gleðjumst saman bæði,
okkur beggja æska
og elli verður næði.

Gef mér hönd og hjarta
hrundin augna bláa,
mjallhvít mærin unga,
mjallhvítt augna bláa,
mjallhvít mundur smáa,
mundu sveininn unga.

Leik ei taflið tálar,
tjón það verður mesta,
gleddu geðið sálar
gefðu svarið bezta.

II.

Mjallhvít mundar smáa
mundu sveininn unga,
léttu lífsins þunga
leyfðu gyftu háa.

Kjóstu kostinn bezta
kæra unga meyja,
láttu lánið mesta
lifa ekki deyja.

Gef mér hönd og hjarta
hrundin augna bláa,
mjallhvít mundar smáa
mjallhvít andlits bjarta.

Þá er vænsta valið
vona minna fengið,
byrjað bezta gengið
beggja sem var falið.

III.

Okkar verður veisla
í vænu rjóðri skóga,
þegar glóey geisla
gefur okkur nóga.

Þegar vorið væna
völdin hefur fengið,
þegar grasið græna
gistir foldar vengið.

Þegar lífi er lifnað
ljómar fegurð blóma;
ómar allir hljóma,
angað lítur þrifnað.

Veislu veðrið bezta
veljum saman bæði,
svo dvölin góðra gesta
og gildið verði næði.

Vorar veislu stundir
verða lánið mesta,
og brúðkaupið bezta
beru lofti undir.

IV.

Þá leikandi lyndir
leystar undan klaka,
af oss margar myndir
munu eflust taka.

Fuglar okkur færa
fögur veislu kvæði,
þeirra kvakið kæra
kætir okkur bæði.

Foldin góða fæðu
fyrir gesti setur,
blærinn brúðkaups ræðu
borðum yfir flytur.

Gjafir verða valdar,
vart það reynist grunur
og ekki eftir taldar,
(ó, sá stóri munur).

"Ó! sú unaðs-sæla
(okkar veislu stundir)
góð sem kveldsins kæla,
kær sem vina fundir.

1-1910

ALDREI SKALTU geyma til morguns sem hægt er að gera í dag. Pantið Heimskringlu í dag.

Um kvenfrelsi.

Herra ritstj. Heimskringlu.

Mig langar til að biðja þig að gera svo vel, að ljá eftirfylgjandi línum rúm í þínu ágæta blaði.

Ég er svo einkar ófróð í öllu auðvitað, en þó mest í kvenfrelsishugsjónunum. Þess vegna langar mig til að spyrja einhverja af hinum helztu kvenfrelsishetjum, svo sem Mrs. M. J. Benediktsson, eða þær, sem næstar henni standa í þessari speki, ef þær vildu svara fyrir mig nokkrum spurningum þar að lútandi:

Hvað á ég að gera með þetta ótakmarkaða frelsi, þegar þið eruð búnar að rétta það upp í hendurnar á mér?

En fyrst vildi ég spyrja, hvernig notum við það frelsi, sem við nú höfum? Því ekki fæ ég séð, að nú sé farið illa með kvenfólk í hinum mentaða heimi. Og dreg ég það af því, að það muni vera mentun og menning, sem bætt hefir og mun bæta heiminn, meira en pólitiskt kvenfrelsi.

En svo ég snúi mér aftur að málefninu, og biðji Mrs. Benedictsson í einingu andans og bandi friðarins, að skjótast með mér til Ft. Rouge í Winnipeg, og aðgæta, hvað þær eru þar að gera þessar leiðandi konur, sem svo eru skoðaðar, með það mikla frelsi, sem þær hafa. Engin bönd hefta þeirra frelsi, ekki einu sinni hinn hjartaskerandi grátur barnanna þeirra — getur heft það. Þeirra köldu og kærulausu móðurhjörtu heyra ekki og skilja ekki þann grát og hlusta ekki á hann, frekar en það væri ýlfur í hundahvolpum.

Ekki láta þær heldur hússtörfin hefta frelsi sitt, því þar eru 2 og 3 vinnukonur í hverju húsi, og munu þær hljóta að bera mesta ábyrgð á uppeldi barnanna.

Og ekki heldur munu þessar hefðarkonur binda sig við þann hégóma, að elska einn mann, því flestar hafa þær auk bóndans "sweetheart", sem þær svo nefna.

Sjái maður þær lesa í blaði, þá er það vanalega í "Town Topics", þar sem lýst er því, hvernig þær hafi verið búnar á síðasta balli. — Sjáist þær með bók, þá eru það ástasögur. Fræðibækur eru ekki í miklum metum hjá þeim. Stundum eru þær í ráðaleysi með að eyða tímanum, þá segja þær hver við aðra: "What shall we do to pass the time?" Mér datt í hug, þegar ég heyrði þær ræða um þetta, að betra væri þeim að fá sér bandspotta og prjóna sér sokka eða sauma sér flik, heldur en að vera í vandræðum með það, hvernig þær ættu að eyða tímanum.

Hvernig hyggið þér, kvenfrelsishetjur, að hópur slíkra kvenna mundi reynast í stjórnmálum, þegar þær kunna ekki að stjórna sínum eigin heimilum? Hvernig gætu þær þá verið fylkisstjórar? Og ef þessar leiðandi konur eru ekki færar til þess, — hvað þá með hina aumingjana?

Má vera, að íslenzka kvenþjóðin í Winnipeg sé töluvert betri. En þó finst mér þær, eða meiri partur inn af þeim, vera hégómagjarnar og of stássgjarnar til að hugsa um alvarleg máleini. En mest yrðu það bæjarkonur, sem mundu gefa sig við pólitik. Ekki mundu bændakonur álíta það æðri skyldu að sitja á þingi en að sinna um sín bú.

Nú vil ég spyrja yður, göfugu frelsishetjur: Ef þið gætuð velt úr sætum öllum þeim karlmönnum, sem þingmálum sinna nú, og konur tækju sætin, — hvað eiga þá karlmennirnir að gera?

Þið haldið þvi fram, að karl og kona hafi jafnt líkams og sálar þrek. En ég fæ ekki skilið það.

Takið þið konu og gerið hana að skipstjóra, eða veitið þeim stöðu við að vinna á járnbrautalestum eða við leirmokstur, eða veitið þeim hermannastöður. — Haldið þið, að þær entust á við karlmenn í þessum atvinnugreinum?

Mundi það ekki miklu fremur vera þjóðráð, að kenna konum að notfæra sér réttilega það frjálsræði, sem þær hafa undir núverandi löggjöf hinna siðuðu landa, áður en meira er heimtað. Ég að eins spyr.

Háfleygu kvenfrelsishetjur, og þú, smáfína, kvenlega, hjartnæma og einhliða Margrét Benedictsson, — láttu mig nú ekki fara frá þér jafn fróða og ég kem. Svaraðu þessum spurningum mínum í blaðinu Freyju, og mun ég þá vera þér innilega þakklát.

Gimli, 21. marz 1910.

G. A.

Dánarfregn.

Þann 9. ágúst sl. andaðist öldungurinn Jónatan Jónatansson, að heimili Mr. og Mrs. G. Stefánssonar, Hólar, Sask.

Hann var fæddur að Uppsölum í Skagafirði 15. des. 1834. Þrigiftur var hann og eignaðist 8 börn; sex eru enn á lífi, þrjú á Íslandi og þrjú vestan hafs.

Á Íslandi bjó hann bangað til árið 1887, er hann flutti til Vesturheims. Eftir það dvaldi hann fyrst nokkur ár í Norður-Dakota, síðan í Nýja Íslandi, og að lokum í Foam Lake bygð í Saskatchewan fylki.

Hann var jarðsunginn af séra Einari Vigfússyni frá Desjamýri, að viðstöddum nær því öllum nágrönnum hans, og sýndu þeir með því hinn hlýja hug, er þeir báru til hans, því vart mun vinsælla gamalmenni enn hafa borið hér beinin.

Friður sé yfir moldum hans.

Ættingi.

Þegar Georg konungur fyrir nokkrum árum heimsótti Ottawa, hann var þá að eins hertoginn af Jórvík, fór hann árla morguns á reiðhjóli frá föruneyti sinu, mætti hann þar bónda einum, sem var í vandræðum með að lagfæra æki, er hann var með. Prinsinn fór af reiðhjólinu og hjálpaði bónda að koma ækinu í lag. Að því loknu spurði bóndinn prinsinn að heiti, — það mætti ekki minna vera en hann vissi nafn þess, sem hefði hjálpað sér. — Ég er hertogínn af Jórvík, sagði prinsinn, en hvað heitir þú? — Ég, sagði bóndinn og brosti, ég er frændi þinn, Nikulás Rússakeisari.

Sendið Heimskringlu til vina yðar á Íslandi.

THE DOMINION BANK

HORNI NOTRE DAME AVENUE OG SHERBROOKE STREET

Höfuðstóll uppborgaður: $4,000,000.00
Varasjóður - - - $6,400,000.00

SPARISJÓÐS DEILDIN:
Vér veitum sparisjóðs innleggjendum sérstakt athygli, og borgum hæztu vexti á sparisjóðs innleggjum af $1.00 og yfir. — Barna innlegg velkomin. — Seljum peningaávísanir á ÍSLAND.
H. A. BRIGHT, RÁÐSMAÐUR.

Með því að biðja sérstaklega um "T.L. CIGAR," þá eruð vissir að fá ágætan vindil.

T.L.

T.L. CIGAR

(UNION MADE)

Western Cigar Factory
Thomas Lee, eigandi Winnipeg

Vitur maður er varkár með að drekka eingöngu HREINT ÖL. Þér getið jafna reitt yður á

DREWRY'S
REDWOOD LAGER.

Það er léttur, freyðandi bjór, gerður eingöngu úr Malt og Hops. Biðjið ætíð um hann.

E. L. DREWRY, Manufacturer, Winnipeg

STRAX Í DAG er BEZT AÐ GERAST KAUPANDI AÐ HEIMSKRINGLU. — ÞAÐ ER EKKI SEINNA VÆNNA.

Manitoba á undan.

Manitoba hefir víðáttumikla vatnsfleti til uppgufunar og úrfellis. Þetta, hið nauðsynlegasta frjógunarskilyrði, er því trygt.

Enníþá eru 25 milión ekrur óbygðar.

Íbúatal fylkisins árið 1901 var 225,211, en er nú orðið um 500,000, sem má teljast ánægjuleg aukning. Árið 1901 var hveiti og hafra og bygg framleiðslan 90,367,085 bushela; á 5 árum hefir hún aukist upp í 129,475,943 bushel.

Winnipeg borg hafði árið 1901 42,240 íbúa, en hefir nú um 150,000; hefir nálega fjórfaldast á 8 árum. Skattskildar eignir Winnipegborgar árið 1901 voru $26,405,770, en árið 1908 voru þær orðnar $116,106,390. Höfðu meir en þrefaldast á 7 árum.

Flutningstæki eru óviðjafnanleg,— í einu orði sagt, eru í fremsta flokki nútíðartækja: Fjórar þverlandsbrautir liggja um fylkið, fullgerðar og í smíðum, og með miðstöðvar í Winnipeg. Í fylkinu eru nú nálega 4 þúsund mílur af fullgerðum járnbrautum.

Manitoba hefir tekið meiri landbúnaðarlegum og efnalegum framförum en nokkurt annað land í heimi, og er þess vegna ákjósanlegasti aðsetursstaður fyrir alla, af því þetta fylki býður beztan arð af vinnu og fjárleggi.

Skrifið eftir upplýsingum til: —

JOS. HARTNEY, 77 York Street, Toronto, Ont.
JOS. BURKE, 178 Logan Avenue, Winnipeg, Man.
A. A. C. LaRIVIERE, 22 Alliance Bldg., Montreal, Quebec,
J. F. TENNANT, Gretna, Manitoba.

J. J. GOLDEN,
Deputy Minister af Agriculture and Immigration, Winnipeg.

Fyrra nafnið hljómaði allstaðar í leikhúsinu, en hið síðara frá tiltölulega fáum munnum.

Móritz leit í kring um sig eftir leikmeyjunni, en hún var horfin inn í herbergin, sem gagnvart honum voru.

Á meðan óx hávaðinn í leikhúsinu svo undrum sætti. Menn klöppuðu saman lófunum, stöppuðu niður fótunum, börðu göngustöfum og regnhlífum í gólfið, og létu drynja köllin: "Höfundinn! Höfundinn! Uagírú Roos!"

"Það er verið að kalla á þig", sagði leikarinn, sem fyrstur yrti á Móritz. "Áhorfendurnir vilja kynnast þér, og mig undrar það alls ekki".

"Hvað á ég að gera?" spurði Móritz feiminn.

"Fara inn á leiksviðið og hneigja þig fyrir áhorfendunum.

Svo gaf leikarinn vélarmanninum bendingu, og tepparnir lyftist upp.

Móritz lagði frá sér kápu sína og gekk inn á leiksviðið frá annari hliðinni um leið og Helen kom inn frá hinni.

Þau litu sem snöggvast hvort í annars augu. Helen roðnaði og fölnaði á víxl af því að sjá Móritz þarna svo óvænt. Hún riðaði og varð að gripa í borð, sem á leiksviðinu stóð, til að verjast falli.

Í augnatilliti Móritz fólst sorgleg alvára og hlíð ásökun. Þetta tillit frá fyrverandi kennara hennar hreif hana svo, að ánægjan af sigurvinning hennar varð engin. Hún heyrði hvorki hólið eða lófaklappið og sá ekki blómahópinn, sem ungu mennirnir lögðu við fætur hennar. Að eins ein tilfinning bjó í huga hennar, nefnilega — svívirðing.

En Móritz bæði sá og heyrði það, sem fram fór í kring um hann. Hann sá, að kvenfólkið veifaði vasaklútum sínum, og að það beindi blómaregninu meira til hans en hinnar ungu leikmeyjar. Hann

var mjög glaður með sjálfum sér, og hver getur furðað sig á því, stúlkur mínar?"

Alt í einu hrópaði einn karlmaður:

"Nafn höfundarins?"

Þetta var undir eins endurtekið af hundrað röddum. — "Nafnið þitt! Nafnið þitt!" hljómaði úr öllum áttum.

Móritz gerði bendingu með hendi sinni, og allir þögnuðu á sama augnabliki, og hlustuðu nákvæmlega.

"Háttvirtu herrar og frúr", sagði Móritz og var mjög skjálfraddaður, "hve lítil, sem verðung mín er, hefi ég ekki viljað svífta sjálfan mig þeim heiðri, sem þið hafi veitt mér, og sem ég þakka ykkur öllum innilega. Nafn mitt er Móritz Sterner, og atvinna mín, — ég hefi í sannleika sagt enga aðra atvinnu en bókina".

Fortjaldið var látið síga niður, og á meðan hrópaði fólkið margkalt húrra; en áðir var Móritz búinn að taka eftir því, að Eberharði greifi, sem vanalega var svo kaldur og afskiptalaus, stóð snögglega upp úr sæti sínu og horfði órólegur á þann, sem talaði.

Svo hné hann aftur niður á stólinn og strauk annari hendinni um föla enni sitt.

Þegar tjaldið var búið að byrgja leiksviðið, leit Móritz til hliðar og sá að Helen lá í yfirliði á gólfinu.

"Hamingjan góða, unga leikmeyjan er fallin í dá", sögðu bæði leikarar og leikmeyjar og þutu til að hjálpa henni. "Við skulum bera hana inn í búningsklefann hennar. — Vesalings barnið. Hún hefir ekki þolað svona mikið lán".

Móritz brosti. Hann vissi, að það var ekki hólið og hrósið, sem var orsök í yfirliði Helenar.

Meðan hávaðinn var sem mestur, tók Móritz kápu sína og fór.

Í dyrunum mætti hann einum af hirðmönnum krónprinsins.

"Ert það ekki þú, herra minn, sem hefir samið leikritið?"

Móritz játaði því.

"Viltu þá gera svo vel, að koma með mér upp í konunglegu stúkuna", sagði hirðmaðurinn. "Krónprinsinn langar til að tala við þig".

Kvíðandi fylgdi Móritz honum gegn um ganginn, sem var fullur af fólki, er leit forvitnum augum á hann.

Þegar hann gekk upp stigann, sem lá upp á fyrsta loft, mætti hann Georg Ehrenstam, sem tróð sér í gegn um mannþröngina með tvær stúlkur, sina við hvora hlið.

Þeir litu hvor á annan, ungu mennirnir. Georg var ofurlitið sneypulegur í byrjun, náði sér þó strax og sagði hiklaust:

"Ó, Móritz, leyfðu mér að kynna þig — —".

"Einhverntíma seinna", greip Móritz fram í fyrir honum, "nú ætla ég til krónprinsins".

Hann hraðaði sér í burt.

Hirðmaðurinn opnaði dyrnar, að konunglegu stúkunni og gaf Móritz bendingu að ganga inn.

"Þetta er ungi höfundurinn, herra minn", sagði hirðmaðurinn, um leið og Móritz hneigði sig fyrir krónprinsinum og konu hans.

"Það gleður mig að kynnast þér, ungi vinur minn", sagði krónprinsinn mjög þægilega, "þú hefir veitt okkur fagurfræðilega nautn með þessu ágæta leikriti þínu. Mig furðar, hve fullkomna listgáfu þú hefir, jafn ungur og þú sýnist vera. Hve gamall ertu?"

"Tuttugu og þriggja ára".

"Hvar hefir þú stundað nám?"

"Í Uppsölum".

"Við hvaða háskóladeild?"

"Heimspekisdeildina. Ég varð meistari í fyrra".

"Ertu fátækur?"

"Já, herra minn. Ég hefi orðið að ryðja mér braut gegn um fátækt og mótlæti. Í æsku átti ég heima í þurrabúðarkofa, sem bendir á, að ég hafi ekki verið keltubarn gæfunnar, sem menn kalla svo".

"Þess virðingarverðara er það, að hafa brotið sér jafn heiðarlega braut", sagði krónprinsessan í þýða rómnum sínum.

Hún rétti honum hendina í því skyni, að hann kysti hana. Með þeirri virðingu, sem honum var frá æsku innrætt, fyrir dygðum og eðallyndi þessarar göfugu konu, bar hann hendi hennar að vörum sínum.

"Herra minn", sagði krónprinsinn, "það er skylda furstanna, að örfa listagáfurnar. Mér hefir því komið til hugar, að styrkja þig að einhverju leyti, því þú verðskuldar það. — Hvers óskarðu helzt?"

"Gæfan, sem mér hefir hlotnast í kveld", svaraði Móritz og hneigði sig, "hefir einnig gert mig óhultan gegn bjargræðisáhyggjum. Ég hefi því enga aðra ósk en þá, að þú viljir minnast mín með velvild og vináttu".

"Sjaldgæf ósérplægni", sagði krónprinsinn og horfði rannsakandi augum á unga manninn. "Ég gef þér samt heimild til að leita mín, ef þú skyldir nokkurntíma verða í peningaþröng. Og vertu nú sæll".

Móritz hneigði sig og þakkaði, og eftir að krónprinsinn og krónprinsessan voru farin, fór hann efnig.

Þegar Móritz gekk út úr forsalnum, var hann umkringdur af mörgum kunningjum sínum, sem

ROBLIN HOTEL

115 Adelaide St. Winnipeg

Bezta $1.50 á-dag hús í Vestur Canada. Keyrsla ókeypis milli vagnstöðva og hússins á nóttu og degi. Áðhlynning hins bezta. Viðskifti Íslendinga óskast. OLAFUR G. ÓLAFSSON, Íslendingur, afgreiðir yður. Heimsækjið hann.

O. ROY, eigandi.

JIMMY'S HOTEL

BEZTU VÍN OG VINDLAR.
VÍNVEITARI T.H.FRASER.
ÍSLENDINGUR.

James Thorpe, Eigandi

MARKET HOTEL

146 PRINCESS ST. á móti markaðnum

P. O'CONNELL, eigandi, WINNIPEG

Beztu tegundir af vínföngum og vindum, áðhlynning góð, húsið endurbætt

Woodbine Hotel

566 MAIN ST.

Stærsta Billiard Hall í Norðvesturlandinu
Tíu Pool-borð.—Alskonar vín og vindlar
Gisting og fæði: $1.00 á dag og þar yfir

Lennon & Hebb

Eigendur.

JOHN DUFF

PLUMBER, GAS AND STEAM FITTER

Alt verk vel vandað, og verðið rétt

664 Notre Dame Ave. Phone 3815
Winnipeg

A. S. TORBERT'S

RAKARASTOFA

Er í Jimmy's Hótel. Besta verk, ágæt verkfæri; Rakstur 15c en Hárskurður 25c. — Óskar viðskifta Íslendinga.—

HEIMSKRINGLU og TVÆR skemtilegar sögur fá nýir kaupendur fyrir að eins $2.00.

EIN MÖRK AF MJOLK SAMSTEIPT Í EITT PUND AF

SMJÖRI 5c. pundið

Vél til heimilisnota. Samsteypir einni mörk af mjólk í eitt pund af smjöri á tveimur mínútum.

Engin efnablöndun við ólf. Smjörið er eins hart. Hún eins út, og er bragðbetra heldur en skilvindu smjör og notað á sama hátt.

$1000 borgaðir ef þessi vél reynist eigi eins og auglýst er

Ef þér viljið eignast hina þægilegustu og heilnæmustu vél sem til er búin, þá kaupið þessa vél. Skrifið eftir eiðsvörnum vottorðum og á íslenzku upplýsingum um þessa undravél.

VERÐ: $7.50 Flutningsgjald borgað.

AGENTAR ÓSKAST HVÍVETNA

K. K. Albert

P.O. Box 64 Winnipeg, Man.

Getið um Heimskringlu er þér skrifið

Verzlun Íslands

ÁRIÐ 1908.

Viðskifti Íslands við önnur lönd hafa einatt farið sívaxandi síðan einokun Dana létti árið 1854. Mest hefir þó verzlunin eflst síðan um 1880 og stafar það nokkuð af því, að fólkið hefir fjölgað í landinu, en þó miklu meir af því, hversu lífnaðarhættir manna og atvinna hafa breyzt. Sjávarútvegurinn hefir aukist stórkostlega og kaupstaðir og fiskiver fjölgað og bygst.

Þetta er ónestanlega vitni efnalegra framfara í landinu.

Þó tjáir ekki að hafa aukin viðskifti, sem óskeikulan mælikvarða vaxandi velgengni og auðsældar landsmanna. "Að öllu má ofmikið gera", og því verður ekki neitað, að síðasta áratuginn bera verzlunarskýrslurnar þess vitni, að Íslendinga hefir brostið framleiðslumóts við það, sem flutt hefir verið í landið frá útlöndum af allskonar varningi, þörfum og óþörfum.

Útlend vara hefir verið flutt í landið, er numið hefir offjár um fram það, er landsmenn gátu látið í staðinn út úr landinu og afleiðingarnar eru augsýnilega:

VAXANDI SKULDIR.

Landsmenn hafa safnað skuldum; einstaklingarnir, einkum í kaupstöðunum, hafa aukið skuldir sínar við banka og kaupmenn og skuldir banka og verzlana hafa aftur aukist við útlönd. Auk þess hefir landið sjálft orðið að taka lán á lán ofan hjá útlendingum.

Fyrstu ár þessarar aldar var flutt inn í landið æ meira af erlendum varningi ár frá ári, án þess framleiðsla ykist að sama skapi.

"Endalaust sígur á ógæfu-hlið
og undir í djúpinu logar".

Hrein og bein eyðsla óx árvöxtum og komst á hæst stig "sukkárið mikla" 1907.

En "lengra varð ekki komist". Landslýðurinn fór að kenna á því, að hann hafði teflt of djarflega, enda dundi þá yfir peningaþröngin og vaxtahækkunin og tók fast í taumana.

Árið 1908 verður strauma-mót. Innflutt vara nemur meira en þremur miljónum króna minna, en árið á undan. Það er að koma aftur áppur í eyðslusemina. — Því miður er útflutta varan líka rúmum tveim miljónum lægri en árið 1907, "og mun það mest koma af örðugleikunum við að selja saltfiskinn síðast á árinu 1908 og þar af leiðandi verðfalli fisksins hér á landi".

Yfirlit yfir verzlunarmagnið og mismun innfluttrar og útfluttrar vöru síðan um aldamót má sjá af skrá þeirri, sem hér fer á eftir: Eru árin í fremsta dálki, í öðrum dálki aðfluttar vörur taldar í þúsundum króna, í þriðja dálk, útfluttar vörur taldar á sama hátt, og í síðasta dálkinum mismunurinn:

'01	aðfl.	9967	útfl.	9136	mis 831
'02	"	10712	"	10460	" 252
'03	"	10984	"	10208	" 776
'04	"	11179	"	9886	" 1293
'05	"	13794	"	12477	" 1317
'06	"	15458	"	12156	" 3302
'07	"	18120	"	12220	" 5900
'08	"	14851	"	10142	" 4709

Af þessu sést, að útflutta varan 1908 er að vísu meiri en hún var 1905, en hægri en 1906 og 1907.

Höfundur verzlunarskýrslnanna hefir oft að undanförnu reynt að bera í bætifláka fyrir mismuninn á aðfluttum og útfluttum vörum og talið það hættulítið, en í síðustu skýrslunum sést, að honum lízt ekki á ólikuna. Honum farast svo orð um þetta:

"Annars er munurinn á aðfluttum og útfluttum vörum of hár þrjú síðustu árin. Landið borgar ekkert af aðfluttn vörunum með skipaleigu annarsstaðar, eins og Noregur. Það borgar ekkert með vöxtum af peningum, sem það á hjá öðrum þjóðum, eins og England og Frakkland gera, því að það byrjar búskapinn án þess að eiga hjá öðrum þjóðum, aðrar þjóðir eiga heldur hjá því. Fyrir þjóð, sem byrjar búskapinn án peninga, verður ávalt erfitt að afla þeirra, draga þá að sér og halda þeim; til þess hjálpar ekkert nema dugnaður og sparnaður".

Höfundur skýrslnanna telur vaxtahækkunina helztu orsök þess, hve kaup útlendrar vöru minkuðu árið 1908. Þá voru gifurlega háir forvextir bæði hér á landi og í löndunum, þar sem verzlunin hefir lánstraust sitt; með háum forvöxtum tekur enginn meira lán til vörukaupa, en það, sem er algerlega nauðsynlegt. Sumir fá ekki peninga til láns, af því að alt lánstraustið er horfið. Árinu áður keyptu menn og fluttu að sér ýmsum greinum miklu meira en nauðsyn krafði, og er þá átt við byggingarefni sérstaklega. Árið 1908 er innflutt af því liðugur helmingur þess, sem áður var innflutt. Sú spurning liggur nærri, hvort kaupstaðirnir hafi ekki bygst fljótara undanfarin ár, en mannfjöldinn í þeim krafði. Fyrir Reykjavík — en þar er helmingur allra kaupstaðarhúsa — má svara neitandi; hún er ekki yfirbygð, en fjöldi heimila lætur sér nægja minna húsrúm á þessum árum en áður. Þau reyna að komast af með einu herbergi færra, en þau höfðu áður búið í, og afleiðingin er líklegast sú, að eitthvað af einstakra manna herbergjum stendur autt, þótt ekki muni vera nein sérleg brögð að því. — Ein afleiðingin af háum forvöxtum er, að fyrirtæki, verzlanir verða alveg að hætta; af því leiðog annað, sem borga sig laklega, ir aftur atvinnuleysi, sem gerir fjölda fólks að kaupleysingjum, sem þó gátu keypt nauðsynjar sínar áður, og þar af leiðandi, að minna er keypt".

Hér mun höf. gera heldur lítið úr ofsmíð húsa í Reykjavík síðustu árin fyrir 1908, og eru vafalaust öllu meiri brögð að því að hús standi auð og óleigð, heldur en honum er kunnugt um. — Í annan stað er þess að gæta, að húsagerðin í Reykjavík (og annarstaðar á landinu) hefir verið þjóðinni fremur til skaða en ágagns af því, að húsin hafa verið ger úr mjög "forfengilegu" útlendu efni, lélegu timbri, sem þjóðinni er engin eign í til langframa. — Síðan 1908 eru menn farnir að hverfa að því, að gera húsin úr steini. Þau mannvirki standa margfalt lengur en timburhúsin og eru því miklu nýtari þjóðareign, þótt þau skreyti ekki verzlunarskýrslurnar með jafn háum fjárhæðum, er varið sé til "byggingarefna", eins og verið hefir helzt til lengi að undanförnu. — Efnið er að miklu leyti tekið í landinu sjálfu, mestur kostnaðurinn er fólginn í vinnulaunum, en þau fara ekki út úr landinu.

Í síðustu verzlunarskýrslum er skrá, sem sýnir, hvernig viðskiftin við önnur lönd hafa skifst niður nokkur undanfarin ár og sést þar, að viðskiftin eru að beinast í eðlilegri og hagkvæmari átt en áður.

"Af vörunum, sem fluttust hingað að meðaltali árin 1901—'05 og aftur 1908 voru hlutfallslega:

Frá Danmörk	... 60,0 %	54,5%
" Bretlandi	..... 26,0%	29,5%
" Noregi	... ... 11,2%	10,1%
" öðrum löndum	2,8%	5,9%

Ef þetta eina ár (1908) er borið saman við 5 ára meðaltalið, þá hefir Danmörk mist nokkuð af verzluninni hér, en Bretland og önnur lönd unnið að tiltölu. Kaupmannahöfn er svo langt úr leið fyrir Ísland, að um það verður ekkert annað sagt, en að verzlunin héðan sé að taka af sér krók, þegar hún legst meira til annara landa en áður hefir verið, og að fara þann krók gerir vöruna dýrari, því að fyrir hann þarf að borga milligöngumönnum, sem annars yrði komist hjá, og ávalt flutningskostnað, sem einnig yrði komist hjá, ef beinni leiðin væri farin".

Sama verður uppi á teningnum, þegar gætt er að skrá um útflutt-ar vörur. Meðaltalið af verði þeirra árin 1901—'05 og árið 1908 skiftist þannig á löndin hlutfallslega:

Til Danmerkur	..... 30,0%	28,5%
" Bretlands	..... 27,3%	21,1%
" Noregs	... . 16,6%	13,5%
" Spánar	..... 15,1%	22,2%
" Ítalíu	.... 7,5%	8,1%
" annara landa	... 2,7%	6,6%

Samkvæmt þessu hefir flutningurinn til Bretlands lækkað mest hlutfallslega, en hækkað mest til Spánar. Útflutningur til Ítalíu og annara landa hefir vaxið nokkuð hlutfallslega, en lækkað bæði til Danmerkur og Noregs. "Breytingin stafar mest af því, að útflutningurinn á fiski er að breyta farvegum þessi ár. Menn eru að leita fyrir sér og finna betri sölustaði, þar sem salan hefir hepnast betur að einhverju leyti en áður".

Þessar breytingar horfa mjög til batnaðar. Það kemur niður á verði íslenzku vörunnar, ef hún þarf að þvælast krókaleiðir land úr landi þangað, sem hún er notuð. Saltfiskurinn á t. d. ekkert erindi til Noregs, Danmerkur eða Englands, á leið sinni til Spánar. Bezt að hann fari þangað beina leið. Þetta er augljós og auðskilinn sannleikur, þótt seigt gangi að koma honum í framkvæmd.

— Fjallkonan, 15. júní 1910.

The Evans Gold Cure

229 Balmoral St. Sími Main 797

Varanleg lækning við drykkjuskap á 28 dögum án nokkurrar tafar frá vinnu eftir fyrstu vikuna. Algerlega privat. 16 ár í Winnipeg. Upplýsingar í lokuðum umslögum.

Dr. D. R. WILLIAMS, Exam. Phys
J. L. WILLIAMS, Manager

Ókeypis Píanó fyrir yður

Þetta er vort "Louis Style" Piano, fegursta hljóðfæri í Canada. Sent yður til reynslu í 30 daga ókeypis.—

LESIÐ ÞETTA:

STEFNA þessa félags hefir verið, að "fullnægja, eða peningum yðar skilað aftur". Og nú gerum vér það bezta tilboð sem nokkrir Píanó-salar hafa nokkru sinni gert í þessu landi. Það veitir yður fría reynslu hljóðfærisins og kauprétt á því með HEILDSÖLU verði og vægum afborgunum ef þess óskast. Vér biðjum ekki um 1 cent af yðar peningum fyrr en þér eruð alveg ánægðir. —

Tilboð vort

Fillið út og sendið meðfylgjandi "COUPON" og vér sendum yður strax sýnismyndir af vorum ýmsu hljóðfærum með verði hvers þeirra. Þér veljið Píanó, og vér sendum yður það tafarlaust og borgum flutningsgjald; þér reynið það í 30 daga ókeypis. Eftir það getið þér sent það oss á vorn kostnað, eða keypt það af oss með heildsölu verði. Er þetta ekki gott boð?

W. DOHERTY PIANO & ORGAN CO., LTD.,

WESTERN BRANCH, WINNIPEG, MAN. FACTORIES, CLINTON, ONT.

—— COUPON ——

W. DOHERTY PIANO & ORGAN CO., LTD.,
286 HARGRAVE STREET, WINNIPEG, MANITOBA.

Kæru herrar! Sendið mér strax sýnismyndir af Piano tegundum yðar, með verðlista og upplýsingum um ókeypis reynslu-tilboð yðar, er sýnir hvernig ég get reynt Píanó-ið um 30 daga, mér kostnaðarlaust.

NAFN_____

ÁRITAN_____

Nýir, fyrirfram borgandi kaupendur að Heimskringlu fá tvær ágætar sögur í kaupbætir.

LEIÐBEININGAR--SKRA

YFIR AREIÐANLEGA VERZLUNARMENN Í WINNIPEG

MUSIC OG HLJÓÐFÆRI

CROSS, GOULDING & SKINNER, LTD.
Pianos; Player Pianos; Organs;
"VICTOR" og "EDISON" Phonographs;
T. H. Hargrave, Íslenzkur umboðsmaður.
323 Portage Ave. Talsími 4413

BYGGINGA- og ELDIVIÐUR.

J. D. McARTHUR CO., LTD.
Bygginga- og Eldiviður í heildsölu og smásölu.
Sölust: Princess og Higgins Tals. 5060, 5061, 5062

MYNDASMIDIR.

G. H. LLEWELLIN,
"Medallions" og Myndarammar
Starfstofa Horni Park St. og Logan Avenue

SKÓTAU Í HEILDSÖLU.

AMES HOLDEN, LIMITED
Princess & McDermott. Winnipeg.

THOS. RYAN & CO.
Allskonar Skótau. 44 Princess St.

THE Wm. A. MARSH CO. WESTERN LTD.
Framleiðendur af Finu Skótaui. Talsími: 3710
88 Princess St. "High Merit" Marsh Skór

BYGGINGA-EFNI.

JOHN GUNN & SONS
Talsími 1277 296 Jarvis Ave.
Höfum bezta Steinn, Kalk, Cement, Sand o. fl.

THOMAS BLACK
Selur Járnvöru og bygginga-efni allskonar
76—82 Lombard St. Talsími 600

THE WINNIPEG SUPPLY CO., LTD.
298 Rietta St. Talsímar: 1936 & 2187
Kalk, Steinn, Cement, Sand og Möl

MATHESON AND GAY
Húsasmiðir, smiðkarar og viðgerðarmenn
221 Higgins Ave. Winnipeg

BYGGINGAMEISTARAR.

PAUL M. CLEMENS
Bygginga-Meistari, 443 Maryland St.
Skrifst.: Argyle Bldg., Garry st. Talsími 5997

CLYDEBANK SAUMAVELA AÐGERDARMAÐUR. Brúkaðar vélar seldar frá $5.00 og yfir
645 Notre Dame Phone, Main 8624

ACCOUNTANTS & AUDITORS

A. A. JACKSON,
Accountant and Auditor
Skrifst.—28 Merchants Bank. Tals.: 5702

PIPE & BOILER COVERING

GREAT WEST PIPE COVERING CO.
132 Lombard Street.

VÍRGIRÐINGAR.

THE GREAT WEST WIRE FENCE CO., LTD
Alskonar virgirðingar fyrir bændur og borgara.
76 Lombard St. Winnipeg.

ÁLNAVARA Í HEILDSÖLU

R. J. WHITLA & CO., LIMITED
264 McDermott Ave Winnipeg
"King of the Road" OVERALLS.

BILLIARD & POOL TABLES.

W. A. CARSON
P. O. Box 225 Room 4 1 Molson Banka.
Öll nauðsynleg áhöld. Ég gjöri við Pool-borð

NÁLAR.

JOHN RANTON
203 Hammond Block Talsími 4670
Sendið strax eftir Verðlista og Sýnishornum.

GASOLINE Vélar og Brunnborar

ONTARIO WIND ENGINE and PUMP CO. LTD
301 Chamber St. Sími: 2988
Vindmillur — Pumpur — agætar Vélar.

BLÓM OG SÖNGFUGLAR

JAMES BIRCH
442 Notre Dame Ave. Talsími 2638
BLÓM — allskonar. Söng fuglar o. fl.

BANKARAR, GUFUSKIPA AGENTR

ALLOWAY & CHAMPION
North End Branch: 667 Main street
Vér seljum Avisanir borganlegar á Íslandi

LÆKNA OG SPÍTALAAHÖLD

CHANDLER & FISHER, LIMITED
Lækna og Dýralækna áhöld, og hospitala áhöld
185 Lombard St., Winnipeg, Man.

höfðu hópað sig saman til að samfagna honum. Það voru fyrverandi háskólabræður hans, sem að afloknu prófi höfðu sezt að í höfuðborginni. Sér til mikillar ánægju fann hann Albert Broman meðal þeirra, sem hafði iðkað "hirðréttinn" og var orðinn embættismaður. Þar var og Edvarð Hólm, sem var skipaður undirlæknir við setuliðssjúkrahúsið,— ásamt mörgum öðrum. Endurfundirnir voru ánægjurikir, og Móritz þrýsti innilega hendur þessara vina sinna. — Einnig voru þar nokkrir aðrir ungir menn, sem ekki voru kunnugir Móritz, en langaði til að kynnast honum.

Nú tók Albert til máls og sagði:

"Herrar mínir, ég vona við séum allir á sama máli um það, að hinn ungi ríthöfundur, meistari Sterner, hafi gert okkur kveld þetta mjög skemtilegt með áhrifamikla leikritinu sínu, og þess vegna sting ég upp á því, að við bjóðum honum til kveldverðar eftir gamalli Uppsalavenju".

"Vel mælt!" hrópuðu allir í einu.

"Þá skulum við halda af stað til stallvarðar búgarðsins", sagði Albert.

"Já, af stað til stallvarðar búgarðarins".

"En við skulum syngja á leiðinni okkur til skemtunar", sagði Móritz, "einn af gömlu Uppsala hersöngvunum".

"Söngmenn! Gangið þið á undan og leiðið rithöfundinn", kallaði Albert. "Syngið svo: 'Karl hilmir, hetjan unga'".

"Já, við skulum syngja 'Karl hilmir'. Það er hersöngur, sem er þess verður, að hann sé sunginn".

Svo óyrjuðu þessir ungu, fjörugu menn að syngja og leiddust eftir götunum, sem voru fullar af fólk enn, er var að ganga sér til skemtunar, en nam staðar og hlustaði á þennan fagra söng.

XI.

Faðir og sonur.

Það þarf ekki að geta þess, að það lá vel á Móritz þetta kveld. Sérhver lesari, sem hefir fylgt söguhetju vorri með eftirtekt, sér strax að hann hafði ástæðu til að gleðjast, ekki að eins yfir hinni þýðingarlitlu og hégómlegu virðingu, sem múgurinn, þrátt fyrir holdshyggju sína, þorir ekki að neita vísindunum og listgáfunni um, heldur einnig yfir öðru, sem eftir hans skoðun hafði miklu meiri þýðingu en alt hrósið, sem ausið var yfir hann.

Meðan Móritz og félagar hans nutu ánægjunnar, meðan þeir sungu, drukku og fluttu ræður á gildisskálanum, sem þeir höfðu leitað til, áttu sér stað alveg gagnstæðir viðburðir í einu af skrautlegustu hótelunum í Drotningargötunni, sem var eign og núverandi aðsetur barúns Ehrenstam og fjölskyldu hans.

Georg varð að fylgja móður sinni og systur heim, því um miðjan síðasta þáttinn hafði gamli barúninn staðið upp, kvartað um lasleika og farið.

Vagninn hans beið fyrir utan leikhúsið. Hann stóð upp í hann og skipaði ökumanni að halda heim.

"Hvað þá, herra minn?" spurði ökumaður. "Á rúin og ungfrúin — —"

"Af stað undir eins", óskraði barúninn, "þær koma með syni mínum".

Vagninn ók af stað, svo Georg neyddist til að flytja móður sína og systur heim, þrátt fyrir það

að hann með sjálfum sér bölvaði þeirri óhepni, sem hindraði hann frá, að þjóta strax til ástmeyjar sinnar, þar sem hann ætlaði að neyta kveldverðar ásamt beztu vinunum sínum.

Undir eins og barúninn kom heim, stökk hann ofan úr vagninum og þaut upp stigann.

Lengi gekk hann þegjandi fram og aftur um hina verðmiklu dúka, sem þöktu gólfið í herbergi hans.

"Fjandinn hafi það", sagði hann við sjálfan sig, "hver hefir samið þennan sjónleik, sem þessir vitlausu áheyrendur klöppuðu lof í lófa og hrópuðu húrra fyrir? ..... Þessir asnar, sem skæla yfir lognum þjáningum, sem sýndar eru á leiksviðinu, enda þótt þeir séu eins miklir sýngirningar og ég .....".

Barúninn krepti hnefana og stappaði á gólfið af vonzku.

"Að sjá sig þannig afhjúpaðan, smánaðan af vesalmannlegum ritsnáp, sem fjandinn sjálfur hefir sagt æfisögu mína. — Dauði og djöfull".

"Rafhjartað, ... þessi bölvaði óhappagripur, sem ég hengdi um hálsinn á dóttur minni. ..... Þessi skrautgripur, sem fyrri kona mín átti, og sem ég gaf sveitarómaganum, móður hungraða vesalingsins, sem segist vera sonur minn, og sem að líkindum er nú að dragast upp í einhverju fangelsinu. ..... Þessi skrautgripur, sem glataðist í vatnið fyrir átta árum, skríður nú upp úr sinni votu gröf til þess að vera afturganga á leiksviðinu, og endurkalla viðburði, sem — hve barnalegt sem það er — ekki vilja láta sálu mína í friði".

"Skrattinn hafi það alt saman. Ég hélt að enginn þekti þennan leyndardóm, nema sá rauðhærði, sem ég lét setja í hegningarhúsið eftir að hann reyndi að drepa mig, sem hann kallar föður sinn".

"Ég hélt, að enginn mundi trúa frásögu þessa

flökkubetlara, og að ríthöfundur léti sér detta í hug, að nota þessa frásögu, — hvern gat grunað slíkt!"

"En hver er þessi höfundur? ..... Því verð ég að komast eftir ..... og þó — það vitnast bráðum. Máske hann geri vart við sig strax í kveld, þegar hann sér að leiknum er vel tekið. ..... Máske asnarnir krefjist þess að sjá hann og heyra nafn hans, og að hann á þessu augnabliki njóti sigurhróss, að hóli og blómargeni sé ausið yfir hann af þessum kjökrandi, viðkvæmu aulum, sem fylla stúkurnar. En ég skal blanda beiskju í ánægjubikarinn hans".

Meðan á þessu eintali stóð, var æði barúnsins orðið óviðráðanlegt. Hann krepti hnefana, stappaði á gólfið, reif í hárið sitt og hagaði sér eins og hann væri vitlaus.

"Það var lán", sagði hann, þegar reiðin var ögn farin að réna, "að ég yfirgaf stúkuna nógu snemma, annars mundi þetta æði, sem var að brjótast um í huga mínum, hafa gert vart við sig og orðið mér til enn meiri minkunar".

"En hverjar ætli afleiðingarnar verði af þessum hörðu leik? Höfundurinn, sem virðist þekkja æfisögu mína, mun ef til vill baknaga mig og hæðast að mér, og þá mun þessi öfundandi flokkur, þetta viðbjóðslega hyski, sem finnur mesta ánægjuna í því, að höfðingjunum sé niðrað, æpa af ánægju. Á þann hátt verður leikritið áhrifameira og verður eflaust sýnt í nokkrar vikur enn. Og kona mín, börn mín og kunningjar fá að heyra söguna, svo að það, sem áður var álitið staðlaus mælgi flökkubetlarans, sem kvaðst vera sonur minn, verður nú tekið trúanlegra, eða vekur að minsta kosti meiri áhrif, þegar þessi höfundardrusla leiðir það í ljós með fögrum og hjartnæmilegum orðum. ..... Ég vildi að hann væri kominn norður og niður".

Svartahöndin í Winnipeg

"Svartahöndin" eða svarthandar-menn, glæpaflokkurinn alræmdi, hefir nú gert vart við sig í Winnipeg, þó í smáum stil sé enn sem komið er; samt sitja þó fimm Ítalir í gæsluvarðhaldi, sakaðir um að tilheyra þeim félagsskap og að hafa reynt að ná peningum út úr fólki með hótunum, — en það eru að jafnaði vegir svarthandarmanna. Ítalir og aðrir einaðir útlendingar hér í borg, eru kvíðandi komandi tíma, ef að glæpahundar þessir skyldu ná fótfestu hér.

Annars hafa lög Canada verið svo hörð á slíkum náungum, að þeirra hefir að litlu gætt. Þó, í Montreal, þar sem Ítalir eru flestir í Canada, voru fyrir fáum árum nokkur morð framin af Svarthandar-mönnum og einamenn kúgaðir um peninga, og það alt svo slæglega gert, að ekki varð uppvíst um glæpaseggina. En þó ekki tækist að draga þá fyrir dómstólana, munu þeir hafa yfirgefið borgina af ótta við lögin og ekki komið þangað síðan.

Í Toronto gerðu Svarthandarmenn einnig vart við sig, en að því kvað lítið, og voru þeir þar upptækir gerðir strax í byrjun.

En þó Canada hafi verið svo lánsamt til þessa, að losna að mestu leyti við Svörtuhöndina, þá hafa Bandaríkin ekki átt því láni að fagna. Í öllum stærri borgum þar eru Svarthandar-félög og þrífast vel. Í New York, aðallega, hafa glæpir Svörtuhandarinnar gengið fram úr öllu hófi. Menn hafa verið myrtir svo tugum skiftir á síðustu árum, bankar og skrifstofur rændar í hópatali, mönnum, konum og börnum stolið, sem svo hefir orðið að útlevsa með offjár, — ef ekki, þá var fanginn drepinn og óteljandi aðrir glæpir, smærri og stærri, framdir af þessu illþýði.

Annars er algengasti glæpur Svörtuhandarinnar að kúga út fé úr efnuðum samlöndum sínum, og hóta þeim dauða, ef gjaldið vrði ekki greitt. Á þennan hátt hefir ógrynni auðæfa gengið til glæpafélags þessa, enda hefir það sýnt sig, að sumir þeirra, er komist hafa í klær lögreglunnar, hafa verið stórefnaðir menn. — Annars er oftar, að fátækir glæpahundar framkvæma hryðjuverkin undir leiðsögu eða skipun þeirra, er ofar standa í félagsskapnum og sem oft koma fram og eru álitnir fullkomlega heiðvirðir menn. Þeir borga svo leigutólum sínum, er glæpina fremja, nokkra dollara fyrir ómakið, en sópa mestu af hagnaðinum í sinn vasa.

Þannig hefir Svartahöndin rekið starfsemi sína í Bandaríkjunum til fleiri ára, og þó all-margir af Svarthandarmönnum hafi verið dregnir fyrir lög og dóm, þá þrífst sá félagsskapur vel þar enn sem komið er, og virðist vera að dafna ár frá ári.

Frá borginni Neapel á Ítalíu er Svartahöndin runnin. Var hún stofnuð þar fyrir rúmum hundráð árum sem leynifélag, er hafði fyrir mark og mið, að berjast fyrir frelsi Ítalíu, á þann hátt, að víkja harðstjórum úr vegi og fremja önnur ofbeldisverk þjóðinni til frelsunar. Og þó nú Ítalía sé fyrir löngu búin að ná frelsi sínu, og óþarfi sé að drýgja glæpi í þarfir frelsisins lengur, þá starfar félagið engu að síður, og enn er Neapel miðstöð þess og höfuðborgSvörtuhandarinnar. Þaðan koma skipanir til allra stærri glæpa, og þangað sendir Bandaríkjadeildin offjár árlega, sem skyldu eða skattgjald til höfuðdeildarinnar.

Hvar sem Svartahöndin hefir flækst eða farið, hefir hún skilið eftir blóðugan feril, og öllum staðið af henni hinn mesti ótti. Þess vegna væri margt ákjósanlegra, en að Winnipeg borg yrði ein af deildum Svörtuhandarinnar.

— Gift kona ein í Parísarborg hefir á furðanlegan hátt frelsast frá sjálfsmorðstilraunum. Hún hefir sex sinnum á þessu ári reynt að ráða sér bana, en alt af mistekist. Hún hefir reynt að drekkja sér, skera sig á háls, taka inn eitur og skjóta sig, en alt af hefir einhver orðið að bjarga áður en það varð um seinan. Síðustu tilraunina að svifta sig lífi gerði hún nýskeð á þann hátt, að fleygja sér út úr hraðlest á fleygiferð, en það dugði eigi að heldur, — hún meiddist að eins lítillega. Sjálfsmorðstilraunir konu þessarar hafa vakið undrun hvivetna, því læknar segja, að konan sé með fullu viti, og heimiliskringumstæður hennar hinar beztu.

Kvenfrelsi.

Úr "Kvistum" Sig. Júl. Jóhannessonar

Fylsta bjóðum frelsi þjer,
fagna, góða kona!
Lands og þjóðar lstum vjer
lögin hljóða svona:

Þú mátt rifið þræða fat
— þjer er þeg yfir sjálfur, —
þú mátt skrifa' um þvott og mat,
þú mátt hífa' — að hálfu.

Knattborð í kirkjum.

Í Chicago er katólsk kirkja ein, sem "Jesuit Fathers Church" er kölluð. Hún er ein með stærstu og veglegustu kirkjum borgarinn; hún stendur í vesturhluta borgarinnar, og áfast við hana er St. Ignatius College, sem margir af beztu mönnum Chicago borgar eru útskrifaðir frá.

Presturinn við kirkjuna, Dr. Thomas Nolan, var í vandræðum með, hvað hann ætti að gera til að aftra unglingspiltum, er sófnuði hans tilheyrðu, frá því að eyða tíma sínum á götum úti, eða á knæpum og "Pool Rooms". Gerði hann alt til að hæna þá að kirkju sinni með fyrirlestrum, samkomum og öðru, sem honum þótti bezt til fallið í þann svipinn, — en árangurslaust. Hann sá og fann, að áhugi piltanna á kirkjutarfsemnni fór sí-minkandi, þeir komu að vísu í kirkju á sunnudögum og á skóla að jafnaði, en það var alt. Prestur sá og fann, að allur áhugi þeirra var bundinn við Pool Rooms og aðra skemtistaði. Hann tók þá það fyrir, að kaupa nokkur knattborð og láta þau í kjallarann undir kirkjunni, sem var stór mjög og rúmaði mikið. Við næstu guðsþjónustugerð kunngerði hann þetta, og bauð piltunum að koma, og er prestur kom um kveldið, kjallarann, var fult þar fyrir af piltum, sem allir vildu spila "Pool". — Prestur sá og fann brátt, að knattborðin voru of fá, og útvegaði fleiri. En þar reglur setti prestur, að revkingar, blót og áflog væri bannað með öllu.

Eftir því sem stundir liðu fram, óx áhugi piltanna meir og meir á kirkjulegri starfsemi, um leið og þeir einnig iðkuðu skólanám stórum betur en áður. Kveldunum eyddu þeir við knattborðin í kirkjukjallaranum, í stað þess sem áður var, að flækjast um strætin og sitja á knæpum. Á þennan hátt forðuðust þeir slæman félagsskap, og hættu með öllu slæmum lífnaði tem þeir höfðu tekið áður upp.

Nú hefir séra Nolan rekið "Pool Room" í kirkjunni í 4 ár, og segir hann að hann vilji ekki hætta við það fyrir öll heimsins gæði, því það hafi vernað fleiri frá glötun og fært fleiri unglinga í kirkju sína, en nokkur prestur gæti gert á tíu ára tíma.

Hvað mundu vestur-íslenzku kirkjustólparnir segja um að gera kirkjukjallarana sína að "Pool Rooms"?

Hún svelti hann.

George Ward, sem í sl. 20 ár hefir verið kennari á sunnudagaskóla í presbyteriönsku kirkjunni einni í Pittsburg í Pennsylvania, hefir höfðað mál móti konu sinni og heimtar skilnað frá henni, af þeirri ástæðu, að hún tími ekki að veita honum nægilega fæðu.

Georg vinnur á stálgerðarverkstæði þar í borginni og hefir $6.00 í laun á dag. Hann segir að kona sin gangi sjálf eftir hverju centi, sem hann vinni sér inn, og taki alger umráð yfir peningunum. — Hjónin hafa verið gift í 6 ár, og þerra er seinni konan Wards, hún er þritug, en hann fimtugur.

Bóndinn ber það fram fyrir réttinum, að hann hafi ekki í þau sex ár, sem hann hafi búið saman við konu sina, fengið svo mikiið, sem 86 cents til eigin þarfa, því að kona hans taki öll vinnulaunin og eyði þeim eins og henni þóknist.— en að hann megi vinna hungraður. Og þetta hafi hann þolað möglunarlaust þar til nú sé svo komið, að hann þoli ekki mátið lengur, og verði að fá algerðan skilnað frá konu sinni.

Þegar til réttarins kom, kvaðst konan engan lögmann þurfa fyrir sína hönd, hún væri einfær um, að annast sinar eigin sakir. Hvað fé það snerti, sem bóndi hennar ynni sér inn, þá hefði hún orðið að ganga hart eftir geymslu þess, til þess að fyrirbyggja, að dætur hans með fyrri konunni, sem nú væru orðnar fullorðnar, eyddu því öllu í óþarfa prjál á sig.

Bóndi kvað þetta enga vörn. Hann væri að eins að kvarta um, að hann fengi ekki nóg að éta, þótt hann væri miklu meira en matvinnungur, og tók til dæmis, að þegar meðlimir kirkju sinnar kæmu til að heimsækja sig, þá yrði hann að flýja yfir í þann endann á húsinu, sem dætur sinar byggju í, og neyta þar þess matar, sem hann vildi veita þeim. En þá kæmi það oft fyrir, að kona sín kæmi þangað á eftir og rifi í borðdúkinn og svifti öllu af borðum ofan á gólf, svo að gestirnir færu heim aftur undrandi yfir æðisgangi konunnar.

Þessu svaraði hún svo, að jafngott væri, þó þetta sunnudagaskóla hyski væri látið skilja, að því væri annað sæmra, en að flækjast milli húsa til að slúðra, sníkja og spilla helgum heimilisfriði hjónanna.

Enn hefir ekki frézt, hvernig málinu lyktar.

LEIDRÉTTINGAR. — Í síðasta tbl. Heimskringlu hafa þessar prentvillur slæðst: —

Í kvæðinu til Lárusar Guðmundssonar var fyrsta línan í síðasta versi prentuð þannig: — "Sem hugur er skammsýnn, en drottins náðar djúp"; átti að vera: "Vor hugur er skammsýnn, en drottins náð er djúp".

Aldur stúlkunnar í "Confirmation" skýrslu séra O. V. Gíslasonar er rangt prentaður. Stúlkan er fædd 1896 en ekki 1906.

SPURNINGAR.

Eru erfðaskrár gildandi að lögum í Canada — öllum fylkjunum — á hvaða tungumáli, sem þær kunna að vera samdar, og dugar að útnefna konu sina skiftaráðanda eingöngu, eða verður að útnefna aðra henni til aðstoðar við það starf. Fáfr.

SVAR. — Erfðaskrár eru gildar á hvaða tungumáli sem er. Konan getur verið skiftaráðandi einsömul. Ritstj.

* * *

1. Eiga menn, sem stefna öðrum vissan dag, nokkuð með að geyma málið þar til næsta dag, án þess að byrja á því?

2. Á friðdómari í vissri bygð nokkuð með að fá einhvern mann, er honum sýnist, til að dæma fyrir sig?

3. Á ekki að bóka eins, þegar vitnin verða tvísaga, eins og alt annað? Fáfróður.

SVÖR. — 1. Það getur staðið svo á, að sækjandinn geti ekki mætt á þeim degi, sem hann hefir stefnt verjanda fyrir rétt. En verjandinn er ekki skyldur að mæta í réttinum á neinum öðrum degi en þeim, sem nefndur er í stefnuskjalinu.

2. Það er komið undir því, hvern honum sýnist að setja í sinn stað. Sé það annar friðdómari, þá hefir hann réttinn til að setja hann fyrir sig, getí hann sjálfur ekki verið viðstaddur.

3. Já, — það á eins að bókast. Ritstj.

Minnisvarðar

úr málmi, sem nefndur er "White Bronze", eru fallegustu, varanlegustu og um leið ódýrustu minnisvarðar, sem nú þekkjast. Þeir eru óbrjótanlegir, ryðga ekki og geta aldrei orðið mosavaxnir, eins og steinar; ekki heldur hefir frost nein áhrif á þá. Þeir eru bókstaflega óbilandi og miklu fegurri en hægt er að gera minnisvarða úr steini (Marmara eða Granit). Alt letur er upphleypt, sem aldrei máist eða aflagast. Þeir eru jafn dýrir, hvort sem þeir eru óletraðir eða alsettir letri, nefnilega: alt letur, og myndir og merki, sem óskað er eftir, er sett á fritt. — Kosta frá fáeinum dollurum upp til þúsunda. Fleiri hundruð tegundir og mismunandi stærðir úr að velja.

Þessir minnisvarðar eru búnir til af THE MONUMENTAL BRONZE CO., Bridgeport, Conn. Þeir, sem vilja fá nákvæmar upplýsingar um þessa ágætu minnisvarða, skrifi til undirritaðs, sem er umboðsmaður fyrir nefnt félag.

Thor. Bjarnarson,
BOX 304
Pembina - - N. Dak.

Jakob gamli.

Fyrir langa löngu var bóndi einn, sem Jakob hét. Hann hafði verið sómamaður alla sína daga, en trúmaður lítill, eftir skoðun almennings. Svo lagðist gamli Jakob banaleguna, og heimsótti presturinn þá gamla manninn, og vandaði um hið synduga líferni hans og áminti hann að iðrast synda sinna og verða guðsbarn, því ella færi hann að sjálfsögðu í þann stað, sem tilbúinn væri djöflinum og árum hans.

Gamli Jakob hlustaði með hinni mestu stillingu á ræðu prestsins. Að henni lokinni tók hann til máls: —

"Prestur minn, mig dreymdi í nótt, að ég væri dáinn og kominn til himna. Ég stóð í fordyri himnaríkis, ásamt múg og margmenni af öllum trúarflokkum. — Blessaður unginn hann sankti Pétur gætti dyranna og vísaði þeim til sætis, sem inngönguleyfi fengu. Við lúterska sagði hann, þið getið farið inn og tekið sæti hjá trúarbræðrum yðar á hinum óæðra bekk, — þið eruð alt af að versna.

Við katólska sagði hann, takið sæti hjá trúbræðrum yðar; og svona gekk það til, — allir, sem inngöngu fengu, áttu sæti þjá sínum trúarbræðrum. Mér fór satt að segja ekki að lítast á blikuna, því ég tilheyrði engum trúarflokki og þegar loksins röðin kom að mér, skalf ég á beinunum af hræðslu.

"Jæja, Jakob minn, sagði sankti Pétur, því hann ávarpaði alla með nafni, hvað er þér á höndum?

"Ég vil inn, svaraði ég, og röddin titraði.

"Ójá, rétt er nú það; sagði sankti Pétur; en hvaða trúarflokki heyrir þú til?

Ekki neinum, svaraði ég, og reyndi að herða upp hugann.

"Hvað, — ekki neinum, sagði sankti Pétur og gretti sig. Þá færðu ekki inngöngu, við höfum enga trúleysingja hér um slóðir. En fyrst þú ert nú kominn alla þessa leið, og ég hefi frétt þú sért sómamaður, þá segðu mér nánar af högum þínum, má vera að það bæti úr skák.

"Ég hefi alla mína ævi reynt að lifa heiðarlegu lífi, — aldrei hefir neinn þurfandi frá mér farið óbænheyrður, og þó ég hafi ekki trúað kreddum klerkanna, þá hefi ég ekki trúlaus verið; ég hefi trúað á náttúrulögmálið, á hið góða í hverjum manni og reynt að elska náungann sem sjálfan mig.

Sankti Pétur stóð í djúpum þönkum um stund, leit síðan framan í mig og guðdómlegt bros lék um varir hans. Jakob minn, mælti hann, og var rómurinn klökkur, sannlega átt þú inngöngu skilið, þú hefir lifað sem góður drengur, og það er bezt af öllu; gakk því inn í guðs nafni og tak þér sæti á hinn æðra bekk þar sem þér bezt líkar.

Og ég labbaði inn fyrir og tók mér sæti hjá meistara Vídalín. — Þér sjáið því, prestur minn, að umvendunartilraunir og helvitiskenning hefir engin áhrif á mig, — þér megið fara, ég dey ánægður"

Um nóttina andaðist Jakob gamli, — um ásjónu hans lék bros, — það var bros sannleika og friðar. —

SMÆLKI.

Hægt og með höfuðið ofan á bringu og skjálfandi á beinunum gekk hinn glataði sonur heim til föðurhúsanna.

Faðirinn stóð í anddyrinu, þá er hann kom.

Faðir, ég hefi komið heim til að deyja, viltu fyrirgefa mér.

Hver fjandinn, — og ég neitaði að framlengja lífsábyrgðina þina um mánaðamótin og fæ því ekki grænan túskilding eftir þig látinn, hrópaði hinn ógæfusami faðir.

* * *

Maður einn, sem verzlaði með lifandi og útstoppuð dýr, sagði eitt sinn við verzlunarþjón sinn:

Eddy, ég fer nú upp á loft að skrifa reikninga, ef einhver kemur og vill kaupa lifandi dýr, þá kallaðu á mig, en sjálfur getur þú selt stoppuðu dýrin.

Litlu síðar kemur maður inn í búðina og vill kaupa lifandi apa. Manninum til undrunar hleypur Eddý upp í stigann og kallar:

Komdu ofan, herra minn, hér er maður, sem vantar þig.

* * *

Nokkrir ungir menn voru að segja af hvaða ástæðum þeir tilheyrðu þessum eða hinum stjórnmálaflokki. Meðal annars sagði einn að hann væri Demókrat af því faðir sinn og afi hefðu verið það.

Ef faðir þinn og afi og forfeður hefðu verið þjófar, hvað mundir þú hafa verið? spurði einn úr hópnum.

Repúblikan, var svarið.

* * *

Reyndurðu að stríða móti freistingunum? spurði heimsóknari einn af glæpamönnunum.

Já, frú mín, var svarið.

Hefðirðu barist lítið eitt harðara, hefðir þú aldrei komið hingað

Ég gerði það bezta, sem ég gat, frú mín góð. Það tók 3 lögreglumenn og 4 hjálparmenn að taka mig fastan.

* * *

Sveitakennari var að spyrja ut úr biblíusögum. Meðal annars spurði hann hvað Nói hefði aðhafst þessa 40 daga syndaflóðsins. Yngsti krakkinn rétti upp hendina hikandi.

Jæja þá, sagði kennarinn.

Hann var að veiða fisk, sagði sá litli.

Getur verið, svaraði kennarinn.

Fyrirgefið herra, hann gat ekki fiskað lengi, það voru ekki nema tveir ormar í örkinni að hafa í beitu, og beitulaust hefir hann aldrei fiskað, svaraði-annar krakki.

JÓN JÓNSSON, járnsmiður, að 790 Notre Dame Ave. (horni Toronto St.) gerir við alls konar katla, könnur, potta og pönnur fyrir konur, og brýnir hnífa og skerpir sagir fyrir karlmenn. — Alt vel af hendi leyst fyrir lítla borgun.

Til sölu.

eru 10 ekrur af landi á Point Roberts, Wash., hér um bil helmingur hreinsað, enn hinn helmingurinn í skógi.

Þeir, sem vildu sinna þessu, snúi sér til

GISLA O. GUDMUN
4-8 Point Roberts, Wash.

FRIÐRIK SVEINSSON

tekur nú að sér allar tegundir af húsmáling, betrekking, o.s.frv. Eikarmálning fljótt og vel af hendi levst. Heimili 443 Maryland St.

Bókalisti

N. Ottenson's,—River Park, Winnipeg.

Ljómæli Páls Jónssonar í bandi	(3)	0.85
Sama bók (að eins 2 eint.)	(3)	0.60
Dionusöngvar (útselt um tima	(2)	0.30
Jökulrósir		0.15
Dalarósir	(3)	0.20
Kvæði H. Blöndal	(2)	0.45
Hamlet	(3)	0.45
Ljóðmæli Jóns Árnasonar á Viðimýri, 1879	(4)	0.60
Tíðindi Prestafélagsins í hinu forna Hólastifti	(2)	0.15
Áttungurinn	(2)	0.45
Grant skipstjóri	(2)	0.40
Leynisambandið	(2)	0.35
Börn öveðursins	(3)	0.55
Umhverfis jörðina á áttatíu dögum	(3)	0.60
Valdimar múnkur	(3)	0.55
Kynlegur þjófur	(3)	0.40
Blindi maðurinn	(3)	0.15
Fjórblaðaði smárinn	(3)	0.10
Kapitola (í II. bindum)	(3)	1.25
Áfengi og áhrif þess, í b.		0.10
Eggert Ólafsson (B.J.)		0.15
Gönguhrólfs rimur (B.G.)		0.20
Hugsunarfræði (E.B.)		0.15
Höfrungahlaup		0.15
Jón Ólafssonar Ljóðmæli í skrautbandi		0.60(3)
Kristinfræði		0.45(2)
Kvæði Hannesar Blöndal		0.15(2)
Málsgreinafræði		0.15
Mannkynssaga (P.M.), í b.		0.85(5)
Mestur í heimi, í b.		0.15
Olnbogabarnið		0.15
Prestkosningin. Leikrit, eftir Þ. E., í b.		0.30
Ljóðabók M. Markússonar		0.50
Friðþjófs sönglög		0.50
Ritreglur (V. Á.), í b.		0.20
Seytján æfintýri, í b.		0.35(3)
Siðfræði (H. H.), í b.		1.10
Sundreglur, í b.		0.15
Útsvarið. Leikrit, í b.		0.35(2)
Verði ljós		0.15
Vestan hafs og austan. Þrjár sögur, eftir E. H., í b.		0.90
Víkingarnir á Hálogalandi eftir H. Ibsen		0.25
Þjóðsögur Ó. Davíðss., í b.		0.35(4)
Þorlákur helgi		0.15
Þrjátíu æfintýri, í b.		0.35(4)
Ofurefli, skálds. (E.H.), íb.		1.50
Draugasögur, í b.		0.35(4)
Ölöf í Ási		0.45(3)
Smælingjar, 5 sögur (E.H.) í bandi		0.85
Skemtisögur eftir Sigurð J. Jóhannesson 1907		0.25
Kvæði eftir sama frá 1905		0.25
Ljóðmæli eftir sama. (Með mynd höfundarins) Frá 1897		0.25
Tólf sönglög eftir Jón Friðfinnsson		0.50
Nýustu svenskar Musik Bækur, útg. í Stockholm:		
Svenska Skol-Qvartetten		0.60(5)
26te och 27de Tusendet Sv. Skol-Qvartetten		0.60(5)
Dan Kören		1.00(5)
Normal-Sangbok		0.50(5)
Safn til sögu Íslands og ísl. bókmenta í b., III. bindi og það sem út er komið af því fjórða.	(53c)	$9.45
Íslendingasaga eftir B. Melsted I. bindi í bandi, og það sem út er komið af 2. b.	(25c)	2.85
Lýsing Íslands eftir Þ. Thoroddsen í bandi	(16c)	1.90
Fernir fornislenzkir rímnaflokkar, er Finnur Jónsson gaf út, í bandi	(5c)	0.85
Alþingisstaður hinn forni eftir Sig. Guðm.son, í b.	(4c)	0.90
Um kristnitökuna árið 1000, eftir B. M. Ólsen	(6c)	0.90
Sýslumannaæfir eftir Boga Benediktsson, I. og II. b. innbundið	(55c)	8.10
Íslenzk fornbréfasafn, 7 bindi innb., 3 h. af 8. b.	($1.70)	27.80
Biskupasögur, II. b.innb.	(42c)	5.15
Landfræðissaga Íslands eftir Þ. Th., 4 bindi innb.	(55c).	7.75
Rithöfundatal á Íslandi 1400—1882, eftir J.B., í b.	(7c)	1.00
Upphaf allsherjarríkis á Íslandi eftir K.Maurer, í b.	(7c)	1.15
Auðfræði, e. A. Ól., í b.	(6c)	1.10
Presta og prófastatal á Íslandi 1869, í bandi	(9c)	1.25
B. Thorarinsson ljóðmæli, með mynd, í bandi		1.50
Bókmentasaga Íslendinga eftir Finn Jónsson, í b.	(12c)	1.80
Norðurlandasaga eftir P. Melsted, í bandi	(8c)	1.50
Nýþýdda biblían	(35c)	$2.65
Sama, í ódýru bandi	(33c)	$1.60
Nýjatestamentið, í vönduðu bandi	(10c)	0.65
Sama, í ódýru bandi	(8c)	0.30

Nýkomnar bækur.

Kóralbók p. Guðjónssonar		0.90
Sama bók í bandi		1.10
Svartfjallasynir	(5)	0.60
Aldamót (Matth. Joch.)		0.20
Harpa	(4)	0.60
Ferðaminningar, í bandi	(5)	0.90
Bóndinn	"	0.35
Minningarrit (M. Joch.)	"	0.35
Týndi faðirinn	"	0.35
Nasreddin, í bandi		0.35
Ljóðmæli J. Þórðarsonar	(3)	0.45
Ljóðmæli Gestur Pálsson	"	0.75
Hálfdánar rímur		0.30
Ljóðmæli Jóns Árnasonar á Viðimýri	(6)	0.90
Maximi Petrow	(2)	0.45
Leyni-sambandið	(2)	0.45
Kapitola, I. og II. bindi	(3)	1.25
Hinn óttalegi leyndardómr	(2)	0.50
Sverð og bagall	(2)	0.30
Wladimer Nihilisti		0.75
Ljóðmæli Matth. Jochumssonar, I.-V. bd., í skrautb.	(45)	4.50
Afmælisdagar Guðm. Finnbogasonar		1.00
Bréf Tómasar Sæmundss.	(4)	0.75
Sama bók í skrautbandi	(4)	1.15
Íslenzk-ensk orðabók, G. T. Zoega	(10)	1.80
Fornaldarsögur Norðurlanda, í 3 bindum, í vönduðu sveltubandi	(15)	4.50
Gegnum brim og boða		0.90
Ríkisréttindi Íslands		0.50
Systurnar frá Grænadal		0.35
Æfintýri handa börnum		0.30
Vísnakver Páls lögmanns Vídalins		1.25
Ljóðmæli Sig. Júl. Jóhannss.		1.00
Sögur frá Alhambra		0.30
Minningarrit Templara í vönduðu bandi		1.65
Sama bók, í bandi		1.50
Pétur blásturbelgur		0.10
Bækur Sögufélagsins í Rvík:		
Morðbréfabæklingur		1.35
Byskupasögur, 1.—6.		1.95
Aldarfarsbók Páls lögmanns Vídalín		0.45
Tyrkjaránið, I.—IV.		2.90
Guðfræðingatal frá 1707—'07		1.10

* * *

Bækur Sögufélagsins fá áskrifendur fyrir nærfelt hálfvirði.

Umboðsmenn mínir í Selkirk eru Dalman bræður.

Ég hefi fengið töluvert meira af bókum frá Íslandi en hér er auglýst að þessu sinni; reikningarnir fyrir þær ókomnir. Þess skal getið viðvíkjandi bandinu á Fornaldarsögum Norðurlanda, að það er mjög vandað, handbundið skrautband, vel frá gengið: eins er með Bréf Tómasar Sæmundssonar.

Tölurnar í svigum tákna burðargjald, er sendist með pöntunum.

N. OTTENSON,
River Park, Winnipeg, Man.

Vér höfum FLUTT

Vort nýja heimkynni er á horni

Portage Avenue og Hargrave Strætis

J. J. H. McLean & Co LIMITED

Cor Portage Ave. & Hargrave
Phone: Main 808.

Fréttir úr bænum.

Mrs. B. L. Baldwinson, kona ritstjóra þessa blaðs, hefir legið á almenna sjúkrahúsinu um tveggja mánaða tíma í innvortis meinsemd, og verið þungt haldin. Holskurður var á henni ger af Dr. H. H. Chown, og er hún nú á batavegi, þó hægt fari.

Það er fátitt meðal vor, að 14 ára gamlar stúlkur taki fullnaðarpróf í pianóspili, en það hefir Miss Sigríður Thorgeirsson (fósturdóttir hr. J. G. Thorgeirssonar) látið sig hafa. Hún lauk prófi með lofi við Royal Academy of Music fyrir skömmu, og þess utan tók hún inntökupróf á Collegiate með ágætiseinkunn. Þetta hvorutveggja er vel að verið af jafnungri stúlku og hún er, og leika ekki margar eftir.

Miss Helga Halldórsson, frá Seattle, Wash., kom hingað til borgarinnar sl. laugardag í kynnisför til kunningja og vina, því hún dvaldi hér í bæ áður en hún fór vestur á Kyrrahafsströnd fyrir tæpum 3 árum. Hún lætur vel yfir líðan þar vestra, og segir að landar, sem þar eru, séu í upgangi. Miss Halldórsson býst við að dvelja hér tveggja mánaða tíma.

Herra Þorsteinn Jónsson, einn af stórbændum Argyle bygðar, var hér í borg í sl. viku. Hann hefir nýlega fundið gasæð mikla á heimilisréttarlandi sínu. Hann var að láta bora eftir vatni, en á 90 feta dýpi gaus gas upp úr holunni. — Pípan, sem nær yfir 80 fet niður í jörðu og er um 7 þumlunga víð, er svo full af gasi, að loginn stendur 3 fet upp í loftið, þegar kveikt er á því. Það er alment álitið, að olía sé þar undir, og mun herra Jónsson hafa í hyggju, að láta rannsaka þetta til fullnaðar. Fari svo, að olía finnist þar í jörð, þá ætti hann að fá laglegan skilding fyrir brunninn.

Sökum fjarveru séra Guðm. Árnasonar verður ekki messað í Únitarakirkjunni á sunnudaginn kemur.

Íslendingadagurinn var haldinn sem til stóð þriðjudaginn 2. ágúst í Elm Park, og sóttu hann meira fjölmenni en nokkru sinni áður. Hátíðin fór vel úr hendi, en regn mikið kom, en halla tók degi, svo hætta varð við hjólreiðarnar, en ráðgert þær fari fram í River Park í kveld (miðvikudag). Í næsta bl. kemur nákvem skýrsla um hátíðina

Göngin undir Pembina stræti eru nú fullger að mestu, og eru sporvagnarnir farnir að renna um þau. Hefir gengið í mikilli rekistefnu, að fá þau fullger, og hefir Thomas Kelly, er verkið hefir á hendi, verið harðlega vítur fyrir hvað seint hefir gengið því mannhætta hefir verið að ferðast með strætisvögnum þeim, er þurftu að renna eftir göngunum, og stór vandræði með annan flutning og umferð um Pembina stræti á þessu svæði.

Maður einn frá Belgíu, sem dæmdur hafði verið til sex ára fangelsisvistar þar, en tókst að flýja hingað vestur og hefir nú lifað friðsömu lífi í St. Boniface með konu og börnum sl. 3 ár, var á laugardaginn var tekinn fastur og sendur áleiðis til Belgíu til að úttaka hegningu þá, sem hann flýði frá áður. Sagt er, að einhver af samlöndum hans hafi þekt hann og látið belgisku yfirvöldin fá nasaþef af núverandi verustað mannsins.

Herra Magnús G. Guðlaugsson var hér í borg í sl. viku í hestakaupum. Hann fór með "Carload" af ágætis hestum vestur til Wynyard um helgina, og vildum vér benda Saskatchewan bændunum á að finna Magnús að máli og skoða hesta hans.

Landi vor Gunnar B. Björnsson, ritstjóri Minneota Mascot, sem altalað var að mundi verða í kjöri sem Senator til sambandsþingsins í Washington, hefir ekki séð sér fært, að verða við óskum vina sinna og gefa kost á sér við kosningarnar, — er of bundinn bæði sem blaðútgefandi og póstmeistari.

Alex Brunskill kjötsali auglýsir á öðrum stað í þessu blaði. Hann býður beztu kjöttegundir með lægsta verði, og skilar aftur peningunum fyrir hverjar þær vörur, sem keyptar eru í búð hans og ekki reynast nægjusamar. Hann biður Íslendinga að heimsækja sig í nýju búðina að 717 Sargent Ave. Phone: Main 4459.

Herra George Peterson, lögfræðingur í Pembina, kom hingað norður um síðustu helgi til þess að taka þátt í Íslendingadags hátíðahaldi hér. Í fréttum sagði hann, að Daniel Laxdal lögfræðingur í Cavalier, hefði verið útnefndur "County Attorney" í stað Magnúsar sál. Brynjólfssonar.

Síðastliðinn mánudag gaf séra Fr. J. Bergmann saman í hjónaband þau Mr. Ólaf Johnson og Miss Kristbjörgu Samson, frá Edinburg P.O., N. Dak. Ungu hjónin ætla að dvelja hér í bænum um stund. Heimskringla óskar þeim allra heilla.

Kennara prófin.

Úrslit kennara (Collegiate) prófanna urðu kunn sl. fimtudag, og hafa, að því er séð verður, 23 íslenzkar stúlkur staðist prófin.

Fullnaðarpróf: —
Violet C. Paulson.
Margrét H. Strang.

Annars flokks kennarapróf (með lofi. —
Hilda Johnson.
Gertie M. Oddson.

Þriðja flokks kennarapróf. —
Sigríður A. Kristjánsson — með lofi.
Guðný Thorsteinsson.
Helen M. Benedictsson.
Lilja Hallgrímsson.
Sigríður H. Johnson.
Halldóra K. Jónasson.
Margrét Hansson.

I. ársprói: —
Agnes Einarsson (með lofi).
Rúna Jóhannsson (með lofi).
Soffía G. Johnson (með lofi).
Guðbjörg Helgason.
Salóme R. Hinriksson.
Ellen E. Jóhannsson.
Andrea Ingjaldsson.
Ingibjörg Thorsteinsson.
Emma J. E. Sigurðsson.
Dorothy Thorsteinsson.
Elisabeth Paulson.
Jennie Vopni.

Þess er sérstaklega vert að geta, að af 26 Pólverjum og Galiciumönnum, sem gengu undir þriðja flokks kennarapróf, tóku 20 af þeim ágætiseinkunn, — að eins einn náði ekki prófi. En um 10 Íslendingar, eftir því, sem við bezt vitum, stóðust ekki prófin.

Dr. G. J. Gíslason,
Physician and Surgeon
18 South 3rd Str, Grand Forks, N.Dak

Athygli veitt AUGNA, EYRNA og KVERKA SJÚKDÓMUM. ASAMT INNVORTIS SJÚKDÓMUM og UPPSKURÐI. —

Herra Thurber Magnússon, frá Spanish Fork, Utah, kom til Winnipeg í sl. viku, til veru hér fyrst um sinn. Herra Magnússon er ættaður úr Rangárvallasýslu á Íslandi, en hefir dvalið í Utah um 17 ára tíma, að undanteknum 15 mánaða tíma 1897—8, þegar hann tók sér skemtiferð til gömlu átthaganna á Íslandi. Hann segir uppskeruhorfur syðra í góðu meðallagi, þrátt fyrir hita og óvanalega þurka í sumar, og líðan Íslendinga í bezta lagi.

Manitoba Elevator Commission

D. W. McCUAIG, Commissioner — W. C. GRAHAM, Commissioner — F. B. MACLENNAN, Commissioner

Aðal skrifstofa: 227 Garry St., WINNIPEG
P. O. Box 2971

Commissioners tilkynna hér með Manitoba bændum að þeir hafa fengið frá tíðar skrifstofu til starfsnota og að öll beiðni skylda sendast Commissioners á ofan nefnda staði.

Beiðniform og allar upplýsingar sem bændur þarfnast til þess fá kornhlöður í nágrenni sín verða sendar hverjum sem óskar.

Commissioners óska eftir samvinnu Manitoba bænda í því að koma á fót þjóðeignar kornhlöðum í fylkinu.

W. R. Milton, bæjarfulltrúi og brauðgerðarmeistari, er í þann veginn að láta reisa stórt og vandað brauðgerðarhús á horni Bannatyne og Olivia stræta. Á það að kosta um 57,000 dollara og samsvara í öllu fylstu kröfum nútíminans.

Yfirstórstúku-þing.

Annað þing Yfirstórstúku Canada af Alþjóða Reglu Goodtemplasa (National Grand Lodge of Canada) verður haldið hér í bænum í næstu viku.

Sunnudaginn þann 7. verður ræðusamkoma í ísl. Únitarakirkjunni á horninu á Sherbrooke og Sargent strætum, kl. hálf-fjögur síðdegis, og verða þar fluttar ræður um bindindi. Allir eru boðnir og velkomnir að koma þangað.

Þingið siðlíft verður sett á mánudagskveldið þann 8 í Goodtemplarahúsinu á horninu á McGee og Sargent strætum, og þá heldur umdæmisstúka Winnipegbæjar fulltrúum og gestum móttöku samsæti. Þingið stendur síðan yfir næstu þrjá dagana, og verða starfsfundir haldnir að deginum til, en kveldunum varið til samkvæma og ræðufunda fyrir almenning.

Á þriðjudagskveldið halda fulltrúar allra bindindisfélaga í Winnipeg gestunum samsæti.

Á miðvikudagskveldið verður opinn fundur í Goodtemplarahúsinu. Á þeim fundi verða bindindisræður fluttar af ágætum ræðumönnum, og einnig skemt með söng og hljóðfæraslætti.

Fimtudagskveld verður skemtiferð niður eftir Rauðánni með skemtiferðaskipinu Winnitoba. Farmiðar kosta 50 cents fyrir fullorðna og 25 cents fyrir börn og verða til sölu á öllum Goodtemplarafundum þessa viku.

Af aðkomumönnum, sem á þingi þessu sitja, má neína:

J. V. Jackson, frá Moncton, N. B.
Séra T. Marshall, frá Sackville, N. B.
M. Bell, frá Prince Edward Island.
Mr. Cotterill, frá Seattle, Wash.
Séra Lawson, frá New Brunswick.
Séra A. Graham Barton, frá Englandi.

Íslenzkir Goodtemplarar eru mintir á, að sækja vel fundi þá, sem opnir eru fyrir almenning, og að taka sem beztan þátt í starfi þingsins, svo að það getf orðið Goodtemplurum í Winnipeg til sóma. G. Á.

Brunskill's
Nýtýzku kjötbúð

Til þess að þola strangt erfiði verðum ver að éta nóg af góðu kjöti. Markmið vort er að selja viðskifta vinum vorum bezta kjötmeti með sanngjörnu verði.

Vér ábyrgjumst að vörur vorar séu daglega ferskar.

Vér skilum peningunum aftur fyrir hverjar þær vörur er ekki reynast ákjósanlegar.

Verð á keti voru er meðal annars.

Family Roast beef..	10c.
Stew Meat	8c.
Round Steak	15c.
Fresh Pork Roast or Chop.....	18—20c.

Nýr fiskur daglega.

Vér óskum viðskifta Íslendinga. Fljót afgreiðsla.

Alex. Brunskill
717 SARGENT AVE.
Phone Main 4459

Herra Friðbjörn Samson, frá Edinburg, N. Dak., og hr. Ólafur Jónsson, frá sama stað, voru hér í borginni um síðustu helgi. Þeir segja uppskerubrest mikinn þar syðra á öllu hálendi, en vonað eftir sæmilegri uppskeru á láglendi sem bezt hefir þolað hita og þurka sumarsins. Þeir félagar fara suður aftur núna í vikunni.

Mrs. J. G. Thorgeirsson, 662 Ross Ave., brá sér vestur til Wynyard í fyrri viku í skemtí og kynnisför til frændafólks og vina.

Í síðasta blaði Hkr. var þess getið, að þau herra Stefán Kristjánsson og ungfrú Jónína Guðmundsson hafi verið gefin saman í hjónaband 19. júlí, og brúðurin talin að vera frá Keewatin, en átti að vera frá Kenora.

Þessi eiga bréf og blöð á skrifstofu Heimskringlu:

Mrs. O. T. Anderson (Íslandsbréf).
Miss V. Friðriksdóttir (Íslandsbréf).
Mrs. Loftur Guðmundsson (Íslandsbréf).
Mrs. Mína Gíslason (Íslandsbréf).
Mrs. M. J. Benedictsson (blöð frá Hollandi).
Sig. J. Hlíðdal (Íslandsbréf).

Kennara vantar.

að Háland skóla nr. 1227, í þrjá almanaksmánuði, byrjar 1. september 1910. Umsækjendur tilgreini kaupgjald og mentunarstig. Tilboð sendist til undirritaðs fyrir 15. ágúst 1910.

Hove P.O., 18. júlí 1910.
S. EYJÓLFSSON.

Ágætt Piano

lítið brúkað til sölu fyrir $160.00 gegn borgun út í hönd, — ekki hálft verð. Einnig saumavél lítið brúkuð, með lágu verði. Heimskringla vísar á seljanda.

J. T. STOREY — S. DALMAN
Your Valet
HREINSAR, PRESSAR, GERIR VIÐ OG LITAR FATNAÐ.
Alt ágætlega gert. Komið því með fötin til okkar.
690 NOTRE DAME AVE.
TALSÍMI MAIN 2798

The Farmer's Trading Co.
(BLACK & BOLE)
HAFA EINUNGIS BESTU VÖRUTEGUNDIR.
Einu umboðsmenn fyrir:—
"SLATER" Skóna góðu.
"FIT-RITE" Fatnaðinn.
"H. B. K." prjónafélagið.
"HELENA" pils og 'waist' kvenfatnaði.
Bestu matvörutegundir.
"DEERING" akuryrkju verkfæri o. s. frv.
Beztu vörur Lágt verð
Fljót og nákvæm afgreiðsla.
Farmer's Trading Co.,
THE QUALITY STORE
Wynyard, Sask.

Giftingaleyfisbréf
SELUR
Kr. Ásg. Benediktsson
486 Simcoe st. Winnipeg.

Minnist þess.

Sérhver kvenmaður vill hafa fallega fætur, og það eru skórnir, sem laga og aflaga fæturnar, og jafnframt hafa áhrif á vöxt og göngulag.

Við bjóðum kvenmönnum — þeim, sem skóvandar eru — að koma til okkar, því hér eru skórnir betri, fallegri og ódýrari eftir gæðum, en annarsstaðar í bænum.

Verð frá $2.50 til $6.00

Ryan-Devlin Shoe Co
494 MAIN ST. PHONE 770.

Sherwin-Williams PAINT
fyrir alskonar húsmálningu.
Þrýðingar-tími nálgast nú. Dálítið af Sherwin-Williams húsmáli getur prýtt húsið yðar utan og innan. — Brúkið ekker annað mál en þetta. — S.-W. húsmálið málar mest, endist lengur, og er áferðarfegurra en nokkurt annað hús mál sem búið er til. — Komið inn og skoðið litarspjaldið. —

Cameron & Carscadden
QUALITY HARDWARE
Wynyard, Sask.

Atvinna.

Okkur vantar fáeina duglega umboðsmenn í hinum íslenzku bygðum í Manitoba og Norðvesturlandinu til að selja Stereoscopes og myndir. Sendið 75c fyrir umboðsmanna áhöld.

Arnason & Son.
8-4 Churchbridge, Sask.

"Kvistir,"
kvæði eftir Sig. Júl. Jóhannesson, til sölu hjá öllum íslenzkum bóksölum vestanhafs. Verð: $1.00.

TIL SÖLU:
160 ekrur af bezta landi, stutt frá járnbrautarstöð. — Fyrsti maður með $7.00 fær hér góð kaup. — Finnið
Skúli Hansson & Co.
47 Aikens' Bldg.
Talsími, Main 6476 P. O. Box 833

DR. H. R. ROSS
C.P.R. meðala- og skurðlækuir.
Sjúkdómum kvenna og barna veitt sérstök umönnun.
WYNYARD, — SASK.

A. S. BARDAL
Selur líkkistur og annast um útfarir. Allur útbúnaður sá bezti. Enfremur selur hann alskonar minnisvarða og legsteina.
121 Nena St. Phone 306

Dr. M. Hjaltason, Oak Point, Man.

Anderson & Garland,
LÖGFRÆÐINGAR
35 Merchants Bank Building
PHONE: MAIN 1561.

MARTYN F. SMITH,
TANNLÆKNIR.
Fairbairn Blk. — Cor Main & Selkirk
Sérfræðingur í Gullfyllingu og öllum aðgerðum og tilbúnaði Tanna. Tennur dregnar án sársauka. Engin veiki á eftir eða gómbólga. —
Stofan opin kl. 7 til 9 á kveldin
Office Phone 6944. Heimilis Phone 6462.

Þarft þú ekki að fá þér ný föt?

EF ÞAU KOMA FRÁ CLEMENT'S, — ÞÁ VERÐA ÞAU RÉTT

Réttur að efni, réttur í sniði réttur í áferð og réttur í verði.

Vér höfum miklar byrgðir af fegurstu og beztu fataefnum. —

Geo. Clements & Son
Stofnað árið 1874
264 Portage Ave. Rétt hjá Free Press

Th. JOHNSON
JEWELER
286 Main St. Talsími: 6606

Sveinbjörn Árnason
Fasteignasali.
Selur hús og lóðir, aldsábyrgðir, og lánar peninga. Skrifstofa: 12 Bank of Hamilton.
TALSÍMI 5122. HÚS-TALS. 8695

G. NARDONE
Verslar með matvöru, aldini, smá-kökur, allskonar sætindi, mjólk og rjóma, sömul. tóbak og vindla. Óskar viðskifta Íslend. Heitt kaffi eða te á öllum tímum. Fón 7756
714 MARYLAND ST.

Boyd's Brauð
Alt af hin sömu ágætu brauðin. Það er ástæðan fyrir hinni miklu sölu vorri. — Fólk veit það getur reitt sig á gæði brauðanna. Þau eru alt af jafn lystug og nærandi. Biðjið matsala ykkar um þau eða fónið okkur.
Boyd's
Bakery Cor. Spence & Portage Ave
Phone Sherb. 680

Winnipeg Wardrobe Co.
Kaupa brúkaðan Karla og Kvenna fatnað,—og borga vel fyrir hann.
Phone, Main 6539 — 597 Notre Dame Ave

BILDFELL & PAULSON
Union Bank 5th Floor, No. 520
selja hús og lóðir og annast þar að lútandi störf; útvegar peningalán o. fl.
Tel.: 2685

Jónas Pálsson,
SÖNGFRÆÐINGUR.
Útvegar vönduð og ódýr hljóðfæri
460 Victor St. Talsími 6803.

J. L. M. THOMSON, M.A., L.L.B.
LÖGFRÆÐINGUR. 255½ Portage Ave.

BONNAR, TRUEMAN & THORNBURN,
LÖGFRÆÐINGAR.
Suite 5-7 Nanton Blk. Tals. 766
Winnipeg, Man. P.O.BOX 223

Húðir og ógörfuð Loðskinn
Verzlun vor er vor bezta auglýsing. Sendið oss húðir yðar og loðskinn og gerist stöðugir viðskiftamenn.
Skrifið eftir verðlista.
The Lightcap Hide & Fur Co., Limited
P.O.Box 1092 172-176 King St Winnipeg 16-9-10

W. R. FOWLER — A. PIERCY.

Royal Optical Co.
307 Portage Ave. Talsími 7286.
Allar nútíðar aðferðir eru notaðar við augn-skoðun hjá þeim, þar með hin nýja aðferð, Skugga-skoðun, sem gjöreyðir öllum ágiskunum. —

Heimskringla.

XXIV. ÁR | WINNIPEG, MANITOBA, FIMTUDAGINN, 11 ÁGÚST 1910 | NR. 45

GOTT OG TRAUST REIÐHJÓL

Þarf hver sá að hafa, sem tekur þátt í kapp hjólreiðum. Ég hefi nú á boðstólum hin traustustu og beztu "racing" reiðhjól, sem til eru búin í Canada

BRANTFORD OG BLUE FLYER

Landar, sem taka ætla þátt í kapp hjólreiðum eða á sérstökum langferðum geta fengið sérstök vildarkjör hjá mér á þessum ágæta reiðhjólum, sem eru traust og endingargóðen þó létt og lipur.

West End Bicycle Shop

Jón Thorsteinsson, eigandi

475—477 Portage Avenue.

TALSÍMI: SHERB. 2308

Fregnsafn.

Markverðustu viðburðir hvaðanæfa.

— William J. Gaynor, borgarstjóri í New York, var skotinn og hættulega særður sl. þriðjudag, af fyrrum undirmanni sínum, sem hann hafði svift stöðu. Borgarstjórinn var albúinn til Evrópuferar og kominn um borð á "Kaiser Wilhelm", þegar á hann var skotið. Deyi Gaynor hafa Demókratar þar á bak að sjá einum af þeirra mætustu mönnum.

— Alexandra, ekkja hins látna Bretakonungs, ætlar bráðlega að yfirgefa England fyrir fult og alt, og búa í höll sinni í Kaupmannahöfn.

— Kóleran geysar stöðugt á Rússlandi og breiðist óðfluga út. Í St. Pétursborg, höfuðstað ríkisins, hefir hún nú náð fótfestu, og í síðustu viku komu þar fyrir um þúsund sjúkdómstilfelli og um 300 dóu. — Alls er talið að um 17 þúsund manns hafi dáið á þessum tveggja mánaðatíma, sem plágan hefir geysað þar í landi.

— Grand Trunk Pacific verkfallinu er nú lokið. Hafa hvorutveggju málsaðilar slakað til og farið millveginn. Þannig fá verkfallsmenn allir vinnu sína aftur, nema þeir, sem sannir verða að sök um einhver ofbeldisverk eða skemdir á eignum félagsins. Launahækkun þá, sem þeir fóru fram á, fá þeir sumpart strax, en hitt 1. jan. 1912. Tapa verkfallsmenn eftirlaunastyrknum, sem þeir höfðu unnið sér, — því þeir verða allir að byrja starfið aftur sem nýjir menn. — Verkfallið stóð yfir í 2 vikur og einn dag, og kostaði bæði félagið og verkfallsmennina svo hundruðum þúsunda dollara skiftir. Þeim ráðherrunum Mackenzie King og Sir Frederick Borden er þakkað, að samningar komust á.

— Borgarstríð virðist nú óumflýjanlegt á Spáni. Er það aðskilnaður ríkis og kirkju, sem öllu hefir hleypt í bál og brand. Ganga klerkar berserksgang og æsa lýðinn gegn stjórninni, og hafa upphot orðið all-víð. Einnig eru þeir, sem Karlungum fylgja að málum og hyggjast að koma konungsefni þeirra Don Jaime til valda, reiðubúnir að gripa til vopna og gera bandalag við klerkana, ef kirkjan vill styðja Don Jamie. — Sjálfur hefir Alfons konungur yfirgefið Spán, og einnig drotning hans, og eru þau nú á Englandi, til að sjá hverju framvindur og leita ráða.

— Tvö hundruð manns drukknuðu á miðvikudaginn var á Amur ánni á Rússlandi. Voru það smábátar, sem hvolfdust í ofsaveðri, er geysaði þann dag og olli á þann hátt þessu hörmungaslysi.

— Fjölskylda ein, er bjó í Sonoma County í Californiu, fanst myrt sl. fimtudag og líkin í eldstónni í eldhúsinu. Er japanskur matreiðslumaður, er vann þar, grunaður um morðin, en hann er horfinn eitthvað út í buskann. Nú hafa njósnarar verið sendir í allar áttir að leita hans. Það voru hjón og sonur þeirra, er myrt voru.

— Heimspekingur einn, er Lausegger hét, var á ferð um Alpafjöllin með einum af kunningjum sínum, og varð svo uppgefinn, að hann mátti sig ekki hreyfa. Kunningi hans fór þá að leita hjálpar, en er hann kom nokkru síðar með hóp manna, fann hann Lausegger örendan undir 18 þumlunga fannbreiðu; hafði heimspekingurinn ekki haft rænu á, að forða sér úr fönninni og kafnað.

— Svertingi einn, Henry Gentry, frá Dallas, Tex., var nýskeð brendur á báli af skrílnum, vegna þess hann brauzt inn í herbergi hvítrar stúlku að næturlagi, og skaut lögregluþjón, sem hljóð stúlkunnar kölluðu til hjálpar.

— Strathcona lávarður og High Commissioner of Canada, varð nýræður sl. laugardag. Vann hann þann dag á skrifstofu sinni, sem ekkert væri um að vera, en fjöldi heillaóska barst gamla manninum viðsvegar að, frá stórmerkum mönnum. — "Það eru sjötíu ár síðan ég fór til Canada", sagði lávarðurinn, "og að minsta kosti er ég gamall Canada-búi, ef ekki gamall maður, og það er það, sem mér er kært að minnast".

— Holdsveikin, sem til þessa hefir verið talin ólæknandi og meira böli hefir ollað en flestir aðrir sjúkdómar, getur nú læknast. Læknarnir Brinkerhoff og Curry, ásamt herra T. Hallman, allir frá Honolulu, þykjast hafa fundið óbrigðult læknislyf við þessari voða plágu, og reynist slikt sannleikur, getur fátt orðið kærkomnara fyrir Íslendinga en læknun holdsveikinnar, því marga hefir hún lagt í gröf á ættlandi voru.

— Við nýafstaðnar forsetakosningar í Mexico hlaut Diaz, hinn endurkosni forseti, 18,829 atkvæði, en mótstöðumaður hans, Francisco Madero, að eins 221 atkvæði. Er þetta í tíunda sinni, sem Diaz er endurkosinn.

— Gull hefir fundist nálægt Pas Mission, Sask., og hafa þegar 40 námalóðir verið teknar. Gullið fanst í árfarvegi, og er sagt að tvö þúsund punda af sandinum hafi inni að halda 50 dollara virði af gulli. En örðugt mun vera að ná í gullið, því samgöngur á þessu svæði eru hinar verstu, mest fen og forræð, og er hætt við, að kostnaðurinn verði meiri en gullfundinum nemur.

— Forseti rússneska þingsins, Alexander Guchkoff, hefir orðið að leggja forsetatignina niður, til að fara í fangelsi og úttaka mánaðarfangelsisvist fyrir það, að hann háði hólmgöngu við Uvaroff greifa, einn af aðal-mótstöðumönnum sínum í Dúmunni. Særðist greifinn lítillega, en forsetann sakaði hvergi, en það var hann, sem var upphafsmaður hólmgöngunnar og þess vegna varð hann að skifta þingsalnum fyrir fangaklefa.

— Óveður mikið geysaði um Austurfylkin sl. fimtudag og olli stórtjóni. Sérstaklega urðu íbúar hinnar brunnu Campbellton borgar í New Brunswick fyrir hrakningum, því tjöld eru einu skýlin, sem þeir hafa.

— Fimm hundruð rússneskir herforingjar, undir og yfirmenn, hafa verið teknir fastir fyrir stórkostleg fjársvik. Höfðu þeir dregið undir sig stórfé af styrk þeim, sem ganga átti til matar og fatakaupa handa liðsmönnunum. Létu þeir liðsmennina ganga í fatagörmum og hafa ilt og ónógt fæði. Skifta fjársvik þessi svo miljónum dollara nemur og hafa ollað hneyksli miklu, ekki sízt fyrir það, að margir háttstandandi hershöfðingjar eru við þau riðin.

— Meðal annars, sem Abdul Hamid, fyrverandi Tyrkjasoldán, lét eftir sig, þegar hann fór frá völdum, voru hvorki meira né minna en 746 eiginkonur og hjákonur, sem Tyrkjastjórn hefir orðið að ala önn fyrir. Á þinginu kom það til umræðu, að reyna að gifta eitthvað af hóp þessum, eða gefa þær í önnur kvennabúr og linna útgjöldunum, sem af viðhaldi þeirra leiðir; en meirihluta þingsins þótti ósæmandi og á móti trúarbrögðunum, að konur bær, sem soldánínum höfðu tilheyrt yrði látnar njóta hylli annara. Er því ákveðið, að þessar 746 konur lifi á ríkiskostnað til ársins 1920, hvað sem lengra verður.

— Lögreglustjórinn í Rómaborg, sem Cæsar Ballenti hét, framdi sjálfsmorð í brjálsemisæði á mánudaginn var. Hann var frægur fyrir ótrauða framgöngu gegn Svarthandarmönnum, og hafði hann dregið fjölda þeirra fyrir dómstólana. Ógnanir þeirra og sífeld lífshætta ollu því, að hann framdi sjálfsmorð.

— Þrettán manns fórust og tólf meiddust til muna í járnbrautarslysi skamt frá Ignacio í Californiu sl. mánudag.

— Í Nicaragua uppreistinni veitir nú uppreistarmönnum betur með hverjum degi. Á mánudaginn var unnu þeir borgina Sannbaldo af stjórnarmönnum, eftir harða árás og mannfall mikið af stjórnarherunum. Einnig er borgin San Joze, sem er ein af aðalherstöðvum stjórnarhersins, mjög nauðlega stödd, og talið víst, að hún muni falla í hendur uppreistarmanna vonum bráðar.

— Japanar eru í þann veginn að koma sér upp herflota í loftinu. Hafa þeir sent marga af liðsforingjum sínum til Evrópu og Ameriku í þeim tilgangi, að læra að stjórna bæði loftskipum og flugvélum.

— Barnamorð eru farin að tíðkast í Toronto. Eru það óskilgetin börn, sem tekin eru til fósturs af fólki, sem heimtar vissa fjáruppheð í eitt skifti fyrir öll fyrir uppeldi barnsins eða barnanna, og styttir þeim svo stundir á einn eða annan hátt, — og er slíkt gróðavegur, þótt fúlmannlegur sé. — Fyrir skömmu var ekkja ein, Mrs. Turrill að nafni, dæmd í 18 ára fangelsisvist fyrir að kæfa tvö af fósturbörnum sínum, og nú nýskeð hafa hjón að nafni Dumas, verið tekin föst, ásökuð um, að hafa svelt til dauða unnabarn, sem þeim var trúað fyrir. — Öllu djöfullegri glæpi en að myrða ómálgabörn til fjár, er vart hugsandi, og ættu lögin ekki að fara mjúkum höndum um slíkt hyski.

— Á Rússlandi fara barnasjálfsmorð stöðugt í vöxt, er svo talið, að 436 börn hafi framið sjálfsmorð á sl. ári. Eru það mest skólabörn, sem fremja sjálfsmorð, og létu flest eftir sig bréf, sem skýrðu frá, hvaða ástæðu þau styttu sér aldur. Flest gerðu það vegna þess þau voru vanheil, mörg vegna þess að skólaprófin gengu ekki þeim að óskum, og einnig mörg fyrir illar heimiliskringumstæður. — Yfirvöldin standa ráðþrota og geta ekkert að gert.

— Kona ein frá Antioch í Californiu, Mrs. Jos. Mello að nafni, drekti 4 börnum sínum í baðkeri og að því loknu gaf sig á vald lögreglunni. Elzta barnið var að eins fjögra ára að aldri. Haldið er, að hún hafi framið glæp þennan í brjálsemisæði.

— Grænland á nú að fá frjálslegt stjórnarfyrirkomulag. Hafa Danir samþykkt lög þess efnis, að Grænland skuli fá ráðgefandi þing og tvo umsjónarmenn til meðráða. — Verða Eskimóarnir eftir því á svipuðu réttarstigi og Ísland fyrir 1874.

— Ítali einn, Louis Restelli að nafni, kaupmaður í bænum Granite, Mass., skaut til dauðs móður sína og námueiganda einn, sem Henry Hardwick hét, og særði bróður sinn og tvo aðra hættulega. Að þessu ódáðaverki unniu, hljóp hann á burt og hefir ekki fundist síðan.

— Etatsráð Ferslev, einn af kunnustu blaðaeigendum Dana, er nýdáinn. Eitt af blöðum hans var National Tidende, aðal hægrimanna málgagnið í Kaupmannahöfn.

Íslendingadagurinn.

Hin tuttugasta og fyrsta þjóðminningarhátíð Íslendinga í Winnipeg var haldin sem til stóð í Elm park þriðjudaginn 2. ágúst, og sótti hana fjölmenni mikið, svo aldrei mun fleira hafa verið á Íslendingadegi hér.

Um morguninn var loft þungbúið og útlit fyrir rigningu og litinn skúr gerði laust fyrir hádegi, en eftir hann birti til og bjuggust menn við góðum degi og svo varð þar til um kl. 7 um kveldið að hellirigning kom og spilti gleði manna. Stóð 10 mílna kapphlaupið yfir, þegar rigna tók, og var því haldið áfram, þrátt fyrir að regnið gerði hlaupendum óhægð mikla. En hjólreiðunum varð að iresta, og voru þær haldnar í River Park á miðvikudagskveldið.

Skemtanir allar fóru vel fram, sérstaklega voru ræðurnar góðar, og eins kvæðin, og sömuleiðis skemti hornleikendaflokkurinn íslenzki mönnum hið bezta með spili sínu. Má segja, og það með sanni, að nefndin hafi gert sitt ýtrasta til að gera hátíðina sem bezt úr garði, og að henni hafi tekist það.

Vegna rúmleysis í þessu blaði, getum vér ekki birt ræðurnar eða kvæðin, en það mun síðar gert, en hér fer á eftir listi yfir verðlaunin, sem veitt voru fyrir íþróttirnar á hátíðinni.

Hlaup.

Stúlkur 9—12 ára:

1. verðl. Guðrún Jónsdóttir.
2. " Clara Thordarson.
3. " Hansina Hjaltalín.
4. " Hólmfríður Byron.

Drengir 9—12 ára:

1. verðl. Stanley Johnson.
2. " Óli Freeman.
3. " Óli Júlíus.
4. " Kristján Friðriksson.

Stúlkur 12—16 ára:

1. verðl. Magdal. Johnson.
2. " Kristín Byron.
3. " Elise Johnson.
4. " Gabriella Thordarson.

Drengir 12—16 ára:

1. verðl. Ólafur Björnsson.
2. " B. Baldwin.
3. " Jóhannes Olson.
4. " Robert Helgason.

Ógiftar stúlkur:

1. verðl. Lena Hannesson.
2. " Minnie Johnson.
3. " Sigrún Stefánsson.

Ógiftir menn:

1. verðl. J. Baldwin.
2. " B. Baldwin.
3. " Einar Johnson.

Giftar konur:

1. verðl. Mrs. Tilly Pétursson.
2. " Mrs. Goodrich.
3. " Mrs. D. Anderson.

Kvæntir menn:

1. verðl. Egill Stefánsson.
2. " Victor Anderson.
3. " G. Runólfsson.

Konur 50 ára og eldri:

1. verðl. Mrs. Anna Eiríksson.
2. " Mrs. M. Byron.
3. " Mrs. G. Jochumsson.

Karlmenn 50 ára og eldri:

1. verðl. Magnús Jónsson.
2. " H. Olson.
3. " Teitur Sigurðsson.

Stökk.

Landstökk, hlaupa til:

1. verðl. J. Baldwin.
2. " Einar Johnson.
3. " B. Baldwin.

Hástökk, hlaupa til:

1. og 2. verðl. Ág. Blöndal og B. Baldwin.
3. verðl. G. Jóhannsson.

Stökk, jafnfætis:

1. verðl. Ágúst Blöndal.
2. " Einar Johnson.
3. " B. Baldwin.

Kapphlaup, 10 mílur:

1. vtrðl. Guðjón Hallsson.
2. " F. O. Anderson.
3. " J. Ingjaldsson.

Kapphlaup, 1 míla:

1. verðl. Einar Johnson.
2. " L. Sumarliðason.
3. " P. Anderson.

Þriggja-fóta hlaup:

1. verðl. J. og B. Baldwin.
2. " V. Anderson og E. Stefánsson.
3. " Á. Blöndal og E. Johnson.

Barnasýning:

1. verðl. Herman J. Johnson (foreldrar: Mr. og Mrs. Árni Johnson).
2. verðl. A. L. Johnson (Foreldrar: Mr. og Mrs. Alex. Johnson.
3. verðl. Elín Johnson (Foreldrar: Mr. og Mrs. Kristinn Johnson.
4. verðl. Nanna Anderson (Foreldrar: Mr. og Mrs. Pétur Anderson).

Kappsund.

1. verðl. (silfurbikar) G. H. Gillis.
2. " Brynjólfur Sveinsson.
3. " K. J. Halldórsson.

Hjólreiðar, 1 míla:

1. verðl. Thorsteinn Goodman.
2. " H. Goodman.
3. " Sig. Thorsteinsson.

Hjólreiðar, 3 mílur.

1. verðl. Thorsteinn Goodman.
2. " H. Goodman.
3. " Sig. Thorsteinsson.

Hjólreiðar, 5 mílur:

1. verðl. Thorsteinn Goodman.
3. " H. Goodman.
3. " Sig. Thorsteinsson.
4. " Sam. Gilles.

Íslenzkar glímur:

1. verðl. Jón Árnason.
2. " Einar Abrahamsson.
3. " Gísli Benson.
4. " Sig. Stephensen.

Aflraun á kaðli,

á milli kvæntra og ókvæntra manna. Báðar hliðar dæmdust jafnar.

Dans.

Valz, að eins fyrir Íslendinga.

1. verðl. Miss N. Goodman.
2. " Mrs. S. A. Johnson.
3. " Miss Finsson.
4. " Mrs. M. Goodman.

Valz, fyrir alla:

Verðlaun—Mrs. P. Bowrey.

* * *

Sem sjá má af lista þessum, hefir B. Baldwin unnið flest verðlaun, hefir 7 vinninga, en næstir honum koma Ágúst Blöndal og J. Baldwin, með 5 hvor. Thorsteinn Goodman vann fyrstu verðlaun við allar hjólresíðarnar, og er slíkt vel að verið.

Starfaðu þannig á meðan þú ert ungur, að þú hafir huggun af að minnast þess, þegar þú ert orðinn gamall.

UMFRAM ALT HREIN AÐSKILNING.

STJÓRN SASKATCHEWAN FYLKIS.
LANDBÚNAÐAR RÁÐANEYTIÐ.

MJÓLKURBÚA DEILDIN

Vottorð frá stjórnar-rjómabúinaðLloydminster, Sask. 18 maí 1910.

Ég hefi notað og reynt MAGNET skilvinduna í átta ár og fundið hana góðan skiljara og trausta vél.

AÐAL KOSTIR HENNAR ERU:

Auðveld hreinsun

Breyting á framleiðslu krafti í sömu umgjörð—úr 400 í 1100 pund á klukkutímanum. En umfram alt hrein aðskilning.

J. J. McDONALD
Sérfræðingur stjórnarinnar

THE PETRIE MFG. CO., LIMITED
WINNIPEG, MAN.

ÚTIBÚ: Calgary, Alta., St. John, N. B., Montreal, Que., Vancouver, B.C., Regina, Sask., Victoria, B.C., Hamilton, Ont.

OGILVIE'S
Royal Household Flour

Til Brauð og Köku Gerðar

OGILVIE'S ROYAL HOUSEHOLD

Gefur Ævinlega Fullnægingu

EINA MYLLAN Í WINNIPEG.—LÁTIÐ HEIMAIÐNAÐ SITJA FYRIR VIÐSKIFTUM YÐAR.

Wall Plaster

"EMPIRE" VEGGJA PLASTUR kostar ef til vill ögn meira en hinar verri tegundir, —en berið saman afleiðingarnar.

Vér búum til:

"Empire" Wood Fibre Plaster
"Empire" Cement Wall "
"Empire" Finish "
"Gold Dust" Finish "
"Gilt Edge" Plaster of Paris
og allar Gypsum vöruuteg-undir. —

Eigum vér að senda yður bækling vorn?

BÚIÐ TIL EINUNGIS HJÁ
MANITOBA GYPSUM CO. LTD
SKRIFSTOFUR OG MILLUR Í
Winnipeg, - Man.

Hagur kvenna á Perslandi.

Í Austurlöndum allflestum er hagur kvenna harla bágborinn. — Múhameðstrúin, sem þar er ríkjandi, kennir að skoða konuna óæðri manninum, leyfir fjölkvæni og geíur manninum algeran rétt til að fara með konuna sem honum líkar bezt. Hann getur rekið hana frá sér, misþyrmt henni og jafnvel tekið af lífi, án þess að honum verði hegnt á nokkurn hátt. Konan er hans eign, sem hann hefir full umráð yfir.

Eitt af löndum þeim, sem þennan sið hafa, er Persia eða Perland.

Þegar persneskur maður óskar eftir að fá sér konu, er móðir hans eða systir eða reynd og ráðsett kona send út af örkinni til að velja hæfa konu handa honum. — Flest hjónabönd eru hannig, að brúður og brúðgumi hafa aldrei sést fyrri en á giftingardeginum. Stundum kemur það þó fyrir, að brúðurin hefir verið boðin til nánustu skyldmenna sinna, og þar er brúðguminn falinn bak við dyratjöldin, og getur hann baðan virt konuefni sitt vandlega fyrir sér. En vesalings brúðurin fær aldrei að sjá mannsefnið sitt fyrr en á giftingardeginum. Eftir þennan undirbúning eru foreldrar brúðarinnar formlega beðin um hana til handa biðlinum. Ef þau eru því samþykk, koma ættmenn beggja saman hjá foreldrum brúðarinnar, og hafa prest með sér, og þar fer hjónavígslan fram. Hercergið, sem giftingin fer fram í, er tjaldað, og bak við tjöldin situr brúðurin í hóp annara kvenna. Eftir stutta bæn spyr presturin brúðurina, ef hún af frjálsum vilja gangi að eiga brúðgumann. Spurning, sem brúðurin að jafnaði hikar við að svara, en konur þær, sem hjá henni sitja, reyna eftir megni að tala um fyrir henni, fá hana til að játa. En ef hún þverskallast, þá lýsir elzta konan yfir því, að hún hafi heyrt brúðurina segja já, og hinar konurnar samsinna það í einu hljóði, og það lætur presturinn sér nægja. Sama spurning er lögð fyrir brúðgumann, og þegar samþykki hans er fengið, les presturinn hjónaskilmálana og lýsir blessan sinni yfir brúðhjónunum. Því næst verður brúðguminn að kyssa á hönd tengdaföður síns og greiða honum all-álitlega fjárupphæð fyrir konuna. Gjald það eru kallaðir mjólkurpeningar, og á að vera fyrir móðurmjólk þá, sem brúðurin hlaut í bernsku.

Þá er brúðurin flutt heim til brúðgumans, og er þá mikið um dýrðir, fylgja henni skyldmenni hennar og söngflokkur, sem syngur og spilar giftingarsöngva. En er kemur að hinu nýja heimili hennar, stendur eiginmaðurinn á húströppunum og sperrir út fæturnar, og verður konan að skríða milli fóta hans til þess að fá inngöngu í húsið. Á þetta að kenna brúðurinni, að maðurinn sé húsbóndi hennar og eigandi en hún að eins ambátt hans. Oft er þetta í fyrsta skifti, sem hjónin sjá hvort annað, og er það brúðurin, sem líður að jafnaði, ekki sízt, ef margar eiginkonur og hjákonur eru fyrir í húsinu.

Kjör kvenfólksins, bæði í kvennabúrunum og utan þeirra, eru oftlega eymdarkjör. Afbrýðissemi á milli kvennanna orsakar sífelda bardaga, og sem stundum enda með dauða, því eiturbyrlan er þar altíð. Eiginmaðurinn skiftir tímanum á milli hinna mörgu kvenna sinna, og þykist sú kona lánsöm, sem fær að njóta nærveru hans tvisvar á viku. Við það tækifæri verður konan að þjóna honum til borðs og sængur. Og þegar hún ávarpar mann sinn, verður hún að kalla hann "drotnara sinn" eða húsbónda, en þegar hún minnist á sjálfa sig, þá að kalla sig ambátt hans. — Ef konan nýtur hylli mannsins, er hún ekki nefnd sínu eigin nafni, heldur kend við son þann, sem hún hefir fætt. Til dæmis: Móðir Hassan, — og fram eftir þeim götunum.

Sérhver kona í kvennabúrunum fær vissan skerf til lífsviðurhalds, en fyrir utan þá upphæð, á hún enga heimting til eigna mannsins. Maðurinn getur rekið konuna frá sér, þegar honum svo sýnist; sérstaklega er það alsiða, ef hún reynir að stela frá honum, — þá er henni hegnt fyrst og því næst rekin á burtu. Hann getur þó gifst henni aftur og rekið hana aftur, og þannig getur það gengið þrisvar, en í fjórða sinni verður hún að hafa giíst einhverjum í millitíðinni og skilið við hann, og ef fyrri maður hennar heimtar hana að nýju, verður hún að hlýða.

Í kvennabúrunum neyta konurnar matar sins út af fyrir sig, en hjá þeim fátækari verður konan eða konurnar að bíða, þar til maðurinn er búinn að borða, og neyta þá þess, sem honum hefir þóknast að skilja eftir. — En þó þær, sem í kvennabúrunum búa, séu íklæddar pelli og purpura og neyta góðs matar, eru kjör þeirra að jafnaði mun verri en hinna, sem fátækari eru, — því þær eru fangar í búri og hafa tveim herrum að þjóna, því fyrir utan húsbónda sinn verða þær að hlýða kvennabúrsverðinum, þó þræll sé í þjónustu manns þeirra. Hann jafnvel skipar fyrir um, hvenær þær skuli sofa og borða, og ákveður hegningar, þegar honum svo sýnist.

Ef persnesk kona verður veik, er læknir örsjaldan sóttur, því það er stranglega bannað, að karlmaður megi stíga fæti sínum inn fyrir veggi kvennabúrsins, og þar sem kvenlæknar eru engir til þar um slóðir, eru galdrakerlingar sóttar, sem með bænum og göldrum leitast við að lækna sjúklinginn. Vana lega fer svo, að sjúklingurinn deyr og þá krossleggja kerlingarnar hendurnar á brjóstinu, skotra augunum til himins, og segja: Drottinn, verði þinn vilji.

Þegar slys ber að höndum, er heldur engum karlmanni levft að koma til hjálpar. Þess vegna varð það fyrir nokkrum árum, þegar almenna baðhúsið í Teheran hrundi og gróf 200 konur, er þar voru að baða sig. Karlmennirnir, sem nærstaddir voru, í stað þess að koma til hjálpar, hlupu til prestanna og leituðu ráða, hvað gera skyldi, og prestarnir harðbönnuðu þeim að reyna að bjarga, og á þann hátt fórust konurnar. Hvað gátum við gert? hrópaði mannfjöldinn. Þetta voru forlög þeirra. Þær gátu ekki umflúið refsivönd drottins.

Um mentun meðal persnesks kvenfólks er ekki að tala. Það er alið upp með þeim eina ásetningi, að gera það að leikfangi karlmannanna; undirgefni undir þeirra vilja er því innrætt frá blautu barnsbeini. Dans og spil er nalega það eina, sem því er kent, enda er það ein af aðal-sælustundum Persa að láta konur sínar og ambáttir dansa fáklæddar frammi fyrir sér. Minnir það þá á, hverju þeir eiga von á í Paradís eftir dauðann, því trúarbrögðin gefa þeim fyrirheit um andlegar dansmeyjar og sæluvist í Paradís, ef þeir eru sannir Múhameðs-játendur.

Framfarir nútímans hafa lítil áhrif haft á hag kvenna á Perslandi, — situr það þann dag í dag að mestu við það sama og í þúsund-og-einni-nótt stendur, þó sú bók sé rituð fyrir tugum alda síðan.

Fréttir.

— Um 8 þúsund Gyðingar voru reknir frá heimilum sínum á Rússlandi út fyrir landamærin, í júní og júlí. Ofsóknirnar halda stöðugt áfram, og alt útlit fyrir að stefna stjórnarinnar sé, að útrýma Gyðingum alveg úr hinu rússneska riki.

— Vilhjálmur Þýzkalandskeisari vakti almenna undrun fyrir skömmu með því að panta tvo járnbrautarvagna hlaðna af frönsku kampavíni. Það átti sem sé að hækka tolla á frönskum vínum, og vildi keisarinn byrgja sig áður en tollhækkunin kæmist á, — en margir hafa hentí gaman að þessari fyrirhyggju keisarans.

— Alexöndru ekkjudrotningu og syni hennar, hinum núverandi konungi, kemur ekki sem bezt saman, og er systur hennar, keisaraekkjunni rússnesku, kent um ósamlyndið. Er hún gestur Alexöndru og leggur henni heilræði, sem konungi ekki falla allskostar vel. Miskliðin milli mæðginanna stafar meðal annars af því, að ekkjudrotningin hefir dregið óþarflega lengi, að flytja sig úr Buckingham höllinni, sem ungu konungshjónin eiga að fá til íbúðar. Sömuleiðis hefir hún látið taka ýms dýrmæt málverk úr höllinni, og látið flytja til hallar sinnar í Danmörku, sem hún hygst að búa í eftirleiðis. En málverk þessi eru eiginlega þjóðareign, sem fylgdu Buckingham höllinni, og máttu ekki þaðan fara. Hefir konungi gramist mjög missir þeirra og heimtað þau aftur, en því hefir móðir hans að engu sint. — Alexandra erfði eftir mann sinn sjö bifreiðar, hafði Georg konungur augastað á þeim og vildi kaupa þær, en móðir hans seldi fimm þeirra öðrum, en tveimur ætlar hún sjálf að halda. — Misklíð þessi milli mæðginanna hefir vakið undrun víða, því Alexandra er almennt elskuð og virt um alt Bretland.

— Á sex mánaða tímabili, frá janúar-byrjun til júníloka þ.á, hafa 160,000 innflytjendur komið til Canada.

EIRÍKSJÖKULL.

EFTIR ÞORSKABÍT.

Þú Eiríksjökull, forni sjóli fjalla,
í frumleiksdýrð þitt höfuðból má sjá
til vesturs, þar sem vötnum fer að halla
og víðsýnast er Snælands heiðum á.
En litið að eins lægra fótskör þinni
vors landsins dýra fegurst blóma sveit
þar breiðist út í allri fegurð sinni,
sem opin bók, er fingur drottins reit.

Þá sett með fjöllum sú var bygðin kæra,
í sætið æðsta fyrst var skipað þér.
Í hátign sinni mynd þín brosir mæra
á móti, þá í austur litið er.
Þar, líkt og veiti lotning herra sínum,
hin lægri standa fjöll, sem þögul hirð,
því inst hjá konungs urðarstóli þínum
í auðnarveldi ríkir heilög kyrð.

Þar örsmá Hvítá léttstíg áfram líður,
svo lygn og hljóð og köld og spegil-tær.
Og Strúturinn þar stendur hár og fríður
í stakki bláum armi þínum nær.
Um aldir hefir Langijökull legið
í lingorms mynd við bak þitt — vörður ger —,
þar autt og lágt og breitt og bogadregið,
er bil, sem víst er helgað einum þér.

Þig skreyta ei blóm né skrúði grænna hlíða,
það skraut, sem fölnar, hæfir ekki þér;
í sumarblæ, í hörkum vetrarhríða
þinn höfðingssvipur aldrei breytir sér.
Og dagar, vikur, ár og aldir líða,
og áframhaldið fer sinn vana hring, —
hjá þér — með fanna silfurhárið síða —
ei sýnist vera nokkur umbreyting.

Þú samt ert fagur sýnum allavega,
þig svífur kring um dularvætta her,
með töframáttar taugum undarlega,
sem toga hugann ósjálfrátt að þér.
Svo jötun hár, með hamrabrjóstið gráa,
ert hrika-stór, en ýturvaxin þó,
af enni þinu, hvelfda, bjarta, háa,
skín huldra krafta fegurð, tign og ró.

Við birtu-skifti', er breiðir nóttin frána
sitt bláa tjald, sem hvolfþak yfir frón,
og heilög tendrar himinljós og mána, —
að horfa' á þig er fögur unaðs-sjón:
í sveiflum þegar segullogar titra
og sveiga gullna knýta þitt um hár,
í rökkurdýrð við dimmblátt loftið glitra
með demantslitum frosin himintár.

Þá blikar sóldís björt í ljóma sínum,
hún brosir við þér, fjallajöfur hár,
svo milt þig kyssir margan dag, að þínum
af mjallarvöngum hrynja gleðitár,
þá tíminn henni leyfir ekki lengur,
að leika við þitt héluskeggið sítt,
og hafs að beði í gyltum náttserk gengur
á geislafingrum koss þér sendir blítt.

Hvað gamall ertu, um það sagnir þegja,
og ekki það í kirkjubókum sést,
því þú varst til, það þori ég að segja,
mörg þúsund árum fyr en guð skóp prest.
Á einum stað þó aldur þinn er talinn,
í annálsbókar- jarðlaganna -skrá,
sem undir þykkum urðahjúpi' er falin
og aldrei nokkurt mannlegt auga sá.

Það alda-verksafn verður bágt að kanna,
ei vorra tíma rannsókn þangað nær.
Of skammsýn enn er skilningsgáfan manna,
að skýra megi trölla-rúnir þær.
En fóstri Borgarfjarðar grænu dala,
úr fornri tíð, sem löngu gleymd er nú,
á okkar máli, ef mættir við oss tala,
frá mörgum efnum segja kynnir þú.

Þú hefir bæði heyrt og séð þau undur,
þá heims í iðrum brutust krampaflog,
og fóðruð björgum fjöllin sprungu sundur,
sem fúin kufl, með dauðleg öskur-sog,
þá landið engdist sundur bæði' og saman
og seig og lyftist eins og bólgið haf,
en blessuð sólin sjálf varð rauð í framan,
á sorta-veggnum braut sinn geislastaf.

Sem örskot flýgi, fyr en nokkuð varði,
að festing himins rauðblár logi gaus.
Af ógn og felmtri stirðnað lífið starði,
sem stæði drottinn sjálfur ráðalaus.
Og við þeim feiknum veru hverja hrylti,
þá varð af ódaun banvænt andrúmsloft,
ei neitt fékk auga greint, en að eins grilti
í gegn um mistrið inn í vítis-hvopt.

En þú varst kyr, og þér ei brá að líta
á þennan jarðar stærsta hrikaleik.
En vera má að höfuðlín þitt hvíta
þó hafi saurgast lítt af ösku' og reyk.
En ekki minsta skaða hlaut þinn skjöldur,
er skóg og engi loga-regnið sveið,
þá fót þinn snertu eldhafs tryltar öldur
þær afl sitt mistu' og beygðu fljótt af leið.

Þú sást hið fyrsta fley, er bar að landi
á firði þeim, sem héraðsnafnið ber,
og gamla Skallagrím með eldibrandi
og glóðarmörkum landið helga sér.
Og þú manst eftir Agli Borgfirðingi,
þeim afrekskappa list er sýndi' og þrótt,
sem valin hetja var á sverðaþingi,
sem viðkvæmt skáld, á sorga langri nótt.

Þú sást hvar Grettir, seint á vetrarkveldi,
er svefns ei naut í fýgsnum óbygðar,
við litla birtu', er lagði af fölum eldi,
sinn lífsins óð á stokk í rúnum skar.
Þá oft á milli á eigin kringumstæður
með eirðarleysis-þrá hann leit sem fyr,
og hljóður starði' á hálfkulnaðar glæður,
en heiftar-voíur glottu fram við dyr.

Hvort mundi' ei flestum mönnum, — jafnvel öllum
í moldhríð finnast daufleg vetrarkvöld
í dimmum kofa fram á eyði fjöllum,
að fela sig á draugatrúar-öld?
Og hafa ei aðra hlutdeild bygðarmanna,
en hefndir forðast þeirra' og vélaráð,
að heyra' í anda ýlfur rándýranna,
sem eru' að leita hungruð sér að bráð.

Hver getur annars gjörla lýst þeim kvölum,
sem gegn um smjúga hug og tilfinning
þess manns, sem einn er inni í þröngum dölum,
en óláns-her og féndur alt í kring?
Því fár veit hverju lífsbók annars leynir,
né litur það, sem hans und stakki býr.
Og satt er orðtak: "Sá veit bezt er reynir"
en sú er þekking stundum nokkuð dýr.

Þú sást vort land í svívirðinga-flóði
á söguöld, sem þó er talin merk,
og laufguð héruð lauguð heitu blóði
og leynibrennur, morð og níðingsverk.
Á þeirri tíð var hetjan Hörður sleginn,
þá hart, sem oftar, reyndist frænda klapp.
Og þú sást Snorra vitra svíkinn — veginn
af valdaþyrstum nætur-glæpa-hrapp.

Þá fór að lækka frægðarsólin háa,
og frelsisgyðjan döpur kvaddi lýð,
en drungaleg sig lagði þokan gráa
um landið alt, sem spáði neyðartíð.
Og sjálfstæðis þá svartidauði' að mestu
í sveitum eyddi fornum hetjubrag,
er synir landsins sjálfir á sig festu
það sauðarband, sem heldur enn í dag.

Á hendur þegar harðstjórunum gengu,
þá hnekt var rétti dóms og laga-máls,
og konungs-böðlum frelsi og verjur fengu,
þeir fjötur þræla lögðu sér um háls;
sem undirlægjur volaðar og veikar
í viðjum þoldu slög og eignarán, —
þá urðu þínar björtu kinnar bleikar
af blygðun fyrir fósturjarðar smán.

Ó, löng var þessi þrauta-nóttin kalda,
og þungt margt andvarp leið frá kvaldri þjóð,
sem áa sinna glópsku varð að gjalda, —
þau grátleg forlög tærðu merg og blóð. —
En nú er breytt. Það bjarmar upp af degi
og blikar vonar morgunstjarnan skær.
Ég gullið ský við yzta sjónhring eygi, —
þar er á heimleið frelsisgyðjan kær.

Þú, fóstran góða, fága þína sali,
snú faðmi gróðurs móti heilladís.
Sú læðu-móða', er lág um þína dali,
nú lyftist óðum, sólin bráðum rís.
Þá gömul yngjast aftur þjóðin tekur,
sjá, alt í kring er fjör og lífsins gnótt.
Sá frelsis kyngikraftur aleinn vekur
hjá kynskiftingum nýjan manndóms þrótt.

Mín ættarfoldin, fegurst allra landa,
með fjöllin glæst og dalaskautið frítt,
nú mér er sem ég sjái þig í anda,
er sjálfráð börn þín hefja merki nýtt,
og manndáð þeirra' úr gömlum flækjum greiðir
og göfgið forna' á veldisstólinn sest, —
þá brosir móðir mild og faðminn breiðir
á móti þeim, sem henni reyndust bezt.

Þú, eyjan fræga, alt sem bezt má gagna
þér auðnist meðan nokkurt hjarta slær!!
Ég ársól þinnar endurreisnar fagna,
því alla daga verður þú mér kær.
Og mitt í tryltum mannlífs ólgustraumi
ég minnist þín í ljúfri hjartans þrá,
sem finnur hvíld í dýrðarsælum draumi,
er dvel ég fjallabrjóstum þínum hjá.

Og þegar mínir lífsins dagar linna,
og lýk ég augum fast í hinsta sinn,
ég bið að heim til heiðarlinda þinna
af huldum fluttur andi verði minn.
Þar sannlega ég sáluhólpinn væri
við svanakvak og lækja værðar-hjal,
og svalur fjallablærinn ef mig bæri
á bifreið sinni stundum ofan dal.

Svo framarlega' að lífið áfram heldur
með líkar þrár og sömu tilfinning,
í ánauð veit ég enginn verður seldur,
hver andi kosið fær sinn dvalar hring, —
þá mun ég ekki verða' í neinum vafa,
að velja bústað ættjörð mín hjá þér,
þar hjá mér að eins ef ... fæ að hafa
þá alla, sem að kærstir voru mér.

NAIRN PLACE LÓDIR

EINA OG HÁLFA MÍLU FRÁ CITY HALL

Vægir borgunarskilmálar **$7.00** FETIÐ OG UP Vægir borgunarskilmálar

NAIRN PLACE er síðasta tækifærið sem menn hafa til kaupa. Kjostakjör á lóðum fást hvergi slik og við bjóðum hér. Missið ekki af jafn auðsœu gróða fyrirtæki.

Sporvagna umferð

Sem stendur liggur spor braut táa fadma frá NAIRN PLACE, og önnur sporbraut hefir verið útmæld út Carter Ave. að Panet Road sem liggur samhliða endilöngu NAIRN PLACE aðeins örfáum fodmum í burtu.

Auknar samgöngur valda verðhækkun lóða, Sá sem því kaupir lóðir í NAIRN PLACE í dag, uppsker ágóðan af verðhœkkun þeirri sem fylgir sporbrautarlagninguni eftir Carter Ave.

Sporbraut þessi rennur að mestu í benni línu frá Winnipeg til Transcona og eykur verð alla þeirra lóða sem liggja að henni.

Allar lóðirnar eru

30x120 fet



Nairn Place

Á NAIRN PLACE lóðum græðir þú peninga og það fljótlega.

Vegna þess:

Strætin eru öll sléttuð (graded)

Hvert stræti hefir sidewalks.

Nairn Place er raflýst.

Nú þegar eru til hús bygð og í þeim búið og helmingi fleiri munu þau verða áður en snjór fellur í haust.

Að NAIRN PLACE er útmælt hið stærsta skóla svæði í Winnipeg.

NAIRN PLACE lóðir eru boðnar almenningi með slíkum kosta kjörum að trauðla finst annað eins.

Allar lóðirnar eru:

30x120 fet

Við viljum byggja ykkur hús í hvaða hluta borgarinnar sem er. Borgunarskilmálar svipaðir húsaleigu. Við viljum byggja ykkur hús að NAIRN PLACE. Hœttið því að borga húsaleigu.

MUNIÐ EFTIR UNDIRSKRIFTINNI

Western Trunk Land Building Development Corporation Limited.

Talsími Main 6145
Skrifstofan opin á kvöldin

537 MAIN STREET
WINNIPEG

Talsími Main 6145
Skrifstofan opin á kvöldin

Dánarminning.

Þann 14. júní sl. andaðist að heimili sínu í Gardar-þorpi í Pembina Co., N.D., BJARNI MAGNÚS JÓNSSON.

Bjarni sál. var fæddur í Keflavík í Gullbringusýslu 24. nóv. 1869. Voru foreldrar hans þau Jón Bjarnason og Ólöf Magnúsdóttir, sjómannafólk. Ólst hann upp hjá foreldrum sínum, en misti ungur föður sinn. Var hann í fyrstu sjómaður í fæðingarstað sínum, en er hann var rúmlega tvítugur að aldri, fluttist hann til Reykjavíkur og tók að nema bakaraiðn hjá tengdamanni sínum Frederiksen bakara, dönskum manni. Var Bjarni þar um tveggja ára bil.

Sumarið 1893 fluttist Bjarni sál. til Ameriku á eftir móður sinni og systkinum, sem þangað höfðu fluzt nokkrum árum áður. Höfðu þau sezt að í New Jersey, og fór Bjarni þá til þeirra, og dvaldi þar fyrst um sinn. En nær ári síðar fluttist hann til Gardar-bygðar og var hann að staðaldri upp frá því í þeirri bygð. Fluttist þá og þangað móðir hans, og var hann upp frá því ellistoð hennar, — enda létust þá og um svipað leyti 3 af börnum hennar, svo að ekki voru eftirskildir nema Bjarni sál. og annar sonur miklu yngri, Björgvin að nafni. Reisti Bjarni þeim heimili í Gardar-þorpi, og bjuggu þau þar jafnan síðan.

Eftir að Bjarni kom til Vesturheims, stundaði hann heldur litið handiðn sína, en fékst mest við almenna sveitavinnu í þjónustu bænda. Var hann hvervetna vel látinn, verklaginn, dyggur og húsbóndahollur, þótt ekki væri hann afkastamaður meira en alment gerist. Að öðru leyti er honum þann veg lýsandi, að hann var fremur álitlegur sýnum og bauð sóðan þokka; viðfeldinn maður í viðtalsumgengni, en annars fáskiftinn og látlaus; hreinn maður og óflár í allri gerð, skynbær á almenn efni í góðu lagi, en ekki framgjarn. Vel innrættur og innilega trúaður. Ekki návinur margra, en þó í heild sinni vinsæll. Tryggur vel og fastur í vináttu þeim, sem hann tók henni. Þar á meðal svo góður sonur gamalli móður sinni, sem bezt má verða, bæði í hugarfari og fyrirhyggju. — Má því svo telja, sem Bjarna sál. sé alment saknað af kunnugum, þó mestur sé söknuðurinn þar sem mist er hvorttveggja: sonurinn og aðal-ellistoðin (þó hitt reyndar sé óskandi og vonandi, að það eina barnið, sem eftir er skilið, taki nú á sig ábyrgðarskyldu þeirra fráföllnu).

Bjarni sál var meðlimur Forester stúkunnar á Gardar, og gerðu stúkubræður hans sér þann sóma, að láta sér ant um útför hans, — þótt ekki væri viðhöfn nein af þeirra hálfu við jarðarförina.

Annað, sem einkum kirkjutrúargrónum sálum þótti mjög á skorta við útför þessa, og jafnvel ganga hneyksli næst, var það, að ekki náðist í prestvígðan mann til að lesa "guðsorðið" yfis líkinu og lofa þeim framliðna upprisunni við ámokstur inn, — því vigðir kennimenn bygðarinnar voru komnir á kirkjuþing eða á leið þangað. En nota flest í nauðum skal, og var við þetta tækifæri tjaldað því, sem til var, — ungum manni ókunnugum, sem þess utan vantaði algerlega hið ósæja krúnumark heilagrar handaáleggingar, — með öðrum orðum: segulafl vígslunnar. Ósvikinn undirhljóm virtist þó að heyra frá varaskeifu þessari, svo að sumum þótti ekki mjög á skorta það, sem vænta hefði mátt frá "merkum presti að heiman".— En hvað sem þessu líður: Bjarni sál. hvílir nú undir grænu laufskrúði sumarsins í einmanalegum grafreit norður af Hallson-þorpi. Því þangað var hann fluttur til þess að leggjast við hlið systur sinnar, er gengin var þar til gráti döggvaðrar rekkju á undan honum. En borinn var hann til kirkju á Gardar að aflokinni húskveðju, og þar haldin önnur ræða yfir börnunum; sú þriðja yfir gröfinni.

Bygðarmenn fjölmentu við jarðarförina, og sýndu hinni mæddu, gömlu móður að öðru leyti hæfilega hluttekningu við sonarmissinn, — þótt misjöfnu væri þar til að dreifa eins og allstaðar.

Trúin sér hinn framliðna í hylláingum í gleðisölum guðsbarna, í eilífu lífi. Og vonin lætur hann ekki gjalda þess, að óhelguð hönd breiddi ofan á hann og óvígðar varir lýstu upprisunni yfir honum, — en lyftir honum í anda alt að einu upp af raunareit grafarinnar á dómsins degi, eins og ekkert hefði í skorist.

En áður til þess komi — sofi hann í friði undir minningar rósblæju móðurkærleikans. —d—.

Íslands fréttir.

Hákarlaskipið Kjærstine, eign Gránufélagsins á Akureyri, fórst í ofsaveðrinu, er geysaði um Norðurland 7. júní sl., og druknaði skipshöfnin, 12 manns: Jóhann Jónsson, Litla-Árskógi (skipstj.); Ólafur Jónsson frá sama bæ; Gunnl. Jóhannsson og Jóhann Jóhannsson, frá Litla-Árskógssandi; Arngrímur Jónsson frá Jarðbrú; Jakob Jónsson frá Birnunesi; Jón Þorvaldsson, frá Árbakka; Jón Skarphéðinsson frá Litla-Árskógssandi; Jón Friðriksson frá Tjarnagarðshorni; Sigurbjörn Gissurarson frá Hjalteyri; Sigurpáll Guðmundsson frá Hauganesi, og Stefán Hansson frá Hauganesi (stýrimaður).

Barn á öðru ári brendi sig til bana að Vetleifsholti í Holtum 30. júní sl.

Vélabátur frá Mjóafirði fórst 6. júlí sl. í róðri, með fjórum mönnum á: Hallgrímur Jónsson, Baldi, gagnfræðingur, kvæntur og átti 3 börn; Þorsteinn Sigurðsson, Skaftfellingur, kvæntur og átti 3 börn; Sigurður Ólafsson úr Garði, og Guðlaugur Sigurgíslason, unglingspiltur úr Mjóafirði.

Aðalfundur Bókmentafélagsins í Reykjavík var haldinn 8. júlí, og var bæði stjórnin og varastjórn endurkosin.

Brauðgerðarhús Böðvars bakara Böðvarssonar í Hafnarfirði brann til grunna 3. júlí sl. Vátrygt.

Meiðyrðamál, ekki færri en 28, hefir Þorsteinn Gíslason, Lögrétturitstjóri, höfðað á móti Ísafold, en því svaraði Ísafold með 33 meiðyrðamálsstefnum. Þá hefir Lárus H. Bjarnason, lagaskólastj., höfðað 5 meiðyrðamál á hendur Ísafold fyrir skammir síðan í fyrra haust. Og loks hefir Jón Ólafsson höfðað 12 meiðyrðamál á móti sama blaði, en því var svarað um hæl með öðrum 12 meiðyrðamálum á hendur Jóni. — Sum af meiðyrðamálum þeim, sem Þorsteinn og Jón hafa höfðað gegn Ísafold, eru fyrir grein A. J. Johnsons, sem birtist í Heimskringlu, og Ísafold tók upp og kallaði: "Bardagaaðferðin". En hálf kátbroslegt virðist að höfða sakamál á hendur Ísafold fyrir grein, sem A. J. Johnson ritar með fullu nafni, þó hann sé fyrir utan lands lög og rétt.

Dáinn er Eggert Helgason, frá Heiguhvammi í Húnavatnssýslu, áttræður að aldri, einn hinn merkasti maður í bændaröð fyrir margra hluta sakir. Hann var elztur barnakennari á Íslandi og hlaut fyrstur manna verðlaun úr styrktarsjóði Kristjáns konungs IX.

Vélabátur fórst við Faxaflóa 1. júlí sl. og druknuðu þar 3 menn: Matthías Sigurðsson, Sveinssonar frá Seyðisfirði; Brynjólfur Ögmundsson og Sveinbjörn Þorsteinsson. Þeir voru allir kvongaðir.

Ludvig Hansen fyrrum kaupmaður í Reykjavík andaðist 4. júlí sl., rúmlega fimtugur.

Áformað er, að heyforðabúri verði komið á fót í Lundareykjadalnum í Borgarfirði.

Sæluhús er nú verið að byggja á Mýrdalssandi, og er það hið mesta nauðsynjaverk. Sandurinn er langur og illur yfirferðar, einkum þegar snjóþungt er. Húsið á að vera 16 fet á lengd, en 14 á breidd, — bygt úr steinsteypu, og kostar sýslusjóður bygginguna.

Laugardaginn 2. júlí sl. lögðu menn austan úr Holtum af stað úr Hafnarfirði áleiðis austur, og höfðu með sér dreng á níunda ári, Stefán Kolbeinsson úr Hafnarfirði (systurson Stefáns B. Jónssonar á Reykjum), er átti að vera þar eystra í sumar. Þeir komu seint upp í "Vötn", tjölduðu bar, sleptu hestunum á haga, og lögðu sig sið an til svefns. Um dagmálabil á sunnudaginn vökuðu þeir, og sendu þá drenginn til að lita eftir hestunum, en munu sjálfir hafa lagt sig fyrir aftur. Leið svo fram eftir deginum, og drengurinn kom ekki aftur. Fóru þeir þá að litast um eftir drengnum, en fundu hann hvergi. Leituðu þeir svo allan síðari hluta sunnudagsins, og um kveldið hittu þeir ferðamann á suðurleið, og báðu hann að koma að Lækjarbotnum, og síma baðan til Hafnarfjarðar, að drengurinn væri týndur. En maðurinn gerði ekkert vart við sig á Lækjarbotnum. Að Geithálsi hafði hann þó komið og getið þess þar, að drengur hefði týnzt uppi í Vötnum, en gerði engar ráðstafanir til þess að koma skeyti til Hafnarfjarðar. Á mánudagsmorguninn komu svo menn þeir, er drengnum týndu, til bygða, og var þá þegar símað til Hafnarfjarðar, og safnað liði bæði þar og í Mosfellssveitinni. Hafa síðan 20—30 manns og stundum fleiri, leitað drengsins dag og nótt, en ekki fundið. Fór hans fundu leitarmenn í moldarflagi skamt fyrir norðan Lyklafell, en gátu ekki rakið þau nema á litlum bletti. Förin steindu til heiðar. Sjálfsagt má telja það víst, að drengurinn sé nú fyrir löngu dáinn úr hungri og kulda, því að kalsaveður og rigning hefir verið til fjallsins meiri hluta vikunnar, og drengurinn mjög illa undir það búinn að mæta því. Leiðinda-atburður þetta. Sárt fyrir foreldrana, að missa barn sitt þannig, en sárt líka fyrir þá menn, er drengnum týndu, ef þeir geta á einhvern hátt kent sér um það. Þann 18. júlí var drengurinn ófundinn.

GEO. ST. JOHN VAN HALLEN

Málafærzlumaðnr

Gerir öll lögfræðis störf

Útvegar peningalán

Bæjar og landeignir keyptar og seldar, með vildarkjörum.

Skiftisbjöl $3.00
Kaupsamningar $3.00

Sanngjörn ómakslaun
Reynið mig

Skrifstofa 1000 Main St.
Talsimi Main 5142
Heimils talsimi Main 2357
WINNIPEG

Heyrirðu ekki vel?

Ef svo er ættir þú að hafa

Wilson's Common Sense Ear Drums

Ný vísindaleg uppgötvun. Hjálpar yður þegar alt annað bregst. Þessar heyrnarpípur eru viðfeldnar og sjást eigi þótt notaðar sén. Verð: $6.50 parið. Burðargjald frítt. Sendið póstávisun, express ávisun eða peninga í ábyrgðarbréfi, til

K. K. Albert
P.O. Box 64 WINNIPEG

Getið um Hkr. er þér skrifið

Heimskringla
Published every Thursday by The Heimskringla News & Publishing Co. Ltd

Verð blaðsins í Canada og Bandar $2.00 um árið (fyrir fram borgað). Sent til Íslands $2.00 (fyrir fram borgað af kaupendum blaðsins hérlendis $1.50.)

B. L. BALDWINSON
Editor & Manager

Office:
729 Sherbrooke Street, Winnipeg
P.O BOX 3083. Talsími 3512.

MANITOBA
búnaðarskólinn.

Hann hefir nú verið starfandi um 4 ára tíma, og fimta kensluár sitt byrjar hann þann 25. október næstkomandi. Og til þess er þessa hér getið, að þeir Íslendingar, sem vildu afla sér búfræðilegar og annarar þekkingar, geti tekið sig til í tíma, að undirbúa sig undir námið.

Á síðasta kensluári skólans, sóttu nokkrir Íslendingar þangað nám, — alls voru þeir 10 eða 11 talsins, og próf tóku 7 þeirra. Þeir voru: H. J. Danielsson, frá Otto, Man.; J. H. Helgason, frá Foam Lake, Sask.; H. Kristjánsson, frá Tantallon, Sask.; A. O. Olson, frá Churchbridge, Sask., Steve Sigmar, frá Glenboro, Man.; S. J. Sigfússon, frá Clarkleigh, Man., og T. S. Thorsteinsson, frá Wynyard, Sask. Þessir piltar voru, eins og gefur að skilja allir við fyrsta árs nám. En nokkrir nemendur hérlendir, sem strax byrjuðu að ganga á skólann, þegar hann var stofnaður, hafa þegar lokið annars, þriðja og fjórða árs prófum. Þeir, sem lengst eru komnir þar áleiðis, útskrifast algerlega að vori, geta þá tekið kennarastöður á búnaðarskólum, hvar sem er hér í landi. Það hefði verið gaman að eiga Íslending í þeirra tölu, og það hefði vafalaust tekist, ef landar vorir hefðu að nokkru sint þessari þarfastofnun á þremur fyrstu tilveruárum hennar. En því miður létu þeir þá eins og þeir vissu ekkert um tilveru hennar, eða mettu hana ekki þess, að veita henni nokkurt athygli, og það var ekki fyrr en í haust er leið, að þeir fóru að láta sig skólann nokkru skifta. Nú er þó vonandi, að þeir láti svo til sín taka á komandi kensluári hans, að talsvert margir þeirra sæki þangað nám.

Kostnaðurinn við námið er tiltölulega lítill, borinn saman við hagsmunina, sem af náminu leiða. Fyrir Manitoba nemendur er innritunargjaldið $5.00 og varasjóðsborgun $5.00, en það er þeim endurgoldið að námsskeiðinu enduðu, ef framferði þeirra hefir verið svo, að þeir hafi ekki ollað skemdum á eignum skólans. Fyrir nemendur úr öðrum fylkjum er innritunargjaldið $30.00. — Annar kostnaður er: Fyrir fæði og herbergi í skólanum 21 vikur $56.00, fyrir bækur $6.00 og fyrir aðgang að tilraunastofnun skólans $5.00.

Aðgönguskilyrði að skólanum eru þessi: 1. að pilturinn sé fullra 17 ára að aldri; 2. að hann sé siðferðis og heilsugóður, og 3. að hann hafi svo mikla ensku-þekkingu, að hann geti haft not af námi því, sem skólinn veitir.

Skólinn hefir sem stendur nægilegt húsrúm fyrir 200 pilta. En bezt er þeim, sem vilja tryggja sér þar íbúð, að gefa sig fram sem fyrst, því að ætla má, af reynslu liðinna ára, að aðsókn á skólann verði á komandi hausti svo mikil, að ekki verði þar rúm fyrir alla; með því að þeir, sem hafa verið þar á liðnum árum, og hafa lokið hluta af námsskeiðinu, verða að sjálfsögðu, að sitja í fyrirrúmi fyrir nýsveinum, hvað íbúð á skólanum snertir. Þeir halda þeim herbergjum á næsta hausti, sem þeir gengu frá á sl. vori. En með því að einatt má ganga að því vísu, að ýmsir þeirra, sem voru við nám á síðasta ári, geti ekki ýmissa orsaka vegna sótt námið á komandi vetri, þá eru mörg herbergi nú laus. En þau verða veitt þeim, sem fyrstir biðja um inngöngu í skólann, og þess vegna væri æskilegt, að þeir Íslendingar, sem hugsa sér að læra þar búfræði á komandi vetri, gæfu sig fram sem fyrst við skólaráðið. — Þetta má gera með því að skrifa: "The Principal Manitoba Agricultural College, Winnipeg, Canada".

Heimskringla getur fullyrt, að skólaráðinu er ant um, að fá sem flesta íslenzka nemendur til þess að stunda nám á Búnaðarskólanum, og vér vonum, að margir þeirra geri það.

Mr. W. J. Black, yfirkennari skólans, gefur fullar upplýsingar um alt það, er lýtur að skólanum, námi þar og kostnaði við það, hverjum þeim, sem þess óskar. Skrifið honum sem fyrst.

SAMTAL UM BÚSKAP.

EFTIR ORRA.

Eitt þarf ég enn að minna þig á viðvíkjandi börnunum, sem er, að láta dæturnar njóta jafnréttis við sonu þína, því þær þarfnast eigi síður góðrar hrynju á orustuvelli lífsins en þeir, — menta þær þannig, að þær verði sannar konur, sem bezt búnar að orði og verki. Eigi er það fullnægjandi, að þær séu mentaðar til bókarinnar. Þær verða að læra alla vinnu, sem húsmóður verkahringnum tilheyrir. — Það er ekki einhlýtt, þótt þær hafi tekið próf í háum vísindum, geti þær ekki búið til lystuga máltíð matar. — Mörgum þjóðmegunarfræðingum þessa lands stendur stuggur af verklegri vankunnáttu hinnar uppvaxandi kvenþjóðar, — eru þær ekki nema hálfmentaðar. Flestar komast þær á húsmóðurstöðuna fyrr eða síðar. Því betur, sem þær eru undir þá stöðu búnar, því farsæla verður líf þeirra. Heimilin eru lífætur þjóðfélagsins og þau mörk, er mæðurnar setja á minnisblöð barnanna, eru óafmáanlea. Sökum þess er það lífsnauðsynlegt, fyrir einstaklinga og þjóðfélag, að mæðurnar séu því vaxnar, að vera uppeldis leiðtogar hinna ungu. — Verkahringur konunnar er bæði vandasamur og viðtækur.

Við höfum verið að tala um búskap, en þetta hér að framan munu sumir álíta honum óviðkomandi. En vel að merkja, búskapurinn er ekki einungis í því innifalinn, að ala upp kvikfénað og safna auð, — með endurbættum búskap eiga menn að verða meiri og betri menn, fjölhæfari, glaðværari, mannblendnari, frjálsari, — gera heimilin — ja, líklegast fyrst, sem arðmest og notasælust, þar næst sem fegurst, hvað hrifnu utan húss og innan snertir. Til þessa er ekki einverðungu nóg að hafa auðfjár, því oft er fátæks manns heimili fegra sýnum en hins ríka. Til dæmis: fyrir 20 cents getur maður keypt mikið af blómfræi til að skreyta með balann framundan húsinu. Margir segja, að slíkt sé ekki arðvænlegt, ekki gróðavegur; en sérhver óspiltur maður hefir yndi af blómum. Stendur heima: öll sönn ánægja lengir æfi vora og séum vér nokkurs virði, hljótum vér að telja þau atvik til gróða, er auka oss ánægju, þ. e.: lengja lífið.

ATLI: Hvernig er útlit með vinnufólkshald bænda í þeim hluta landsins, er þú hefir dvalið í nú um stund?

KETILL: Þar er vinnufólksekla fram út hófi, og kaupgjald afarhátt. Verkafólk þyrpist í bæina, enda þótt það fái þar ekki svo hátt kaup sem hjá landbúanum. Því þykir bæjalífið skemtilegra og frjálsara. Afleiðing vinnuekluunar er, að bændur ganga nær sér og sínum en góðu hófi gegnir.

ATLI: Sérðu nokkurt ráð við þessum vandkvæðum?

KETILL: Þar má margt segja um með og mót. Um þetta mál hefir af ýmsum verið mikið rætt og ritað. Verkalýðurinn segir sem svo: Hjá bændum er vinnan ofrjáls, siekju erill frá morgni til kvelds. Vinnutími bænda er frá degi til nætur, en í bæjunum þurfum við ekki að vinna nema 8–10 klukkustundir. Þá höfum við 14–16 kl.tíma til endurnæringar sálar og líkama. Þar eru skemtanir margar, fjölmenni mikið. — Og við getum ekki neitað því, að svo sé. En bót er við böli hverju. Ég hygg, að ef bændur hefðu fastara form fyrir verkahring sínum, en alment gerist, að það mundi bæta stórum. Ég hefi oft orðið þess var að marga bændur skortir hina nauðsynlegu formfestu í verkstjórn — hafa ekki fasta niðurröðun í verkahringnum, eru óákveðnir í skipunum, gefa t. d. hestunum fyrst þennan morgun, en nautum næsta morgunn. Svona er það í ýmsu öðru. Þess háttar víesl á verkahringnum eyðir tíma og kveikir leiðindi. Verkstjórar þurfa að vera búnir að vinna allan dagstarfann í huga sér áður en til verkframkvæmda kemur, þá verður verkmaðurinn aldrei var við neinn efa í stjórninni, — þá þarf verkstjórinn aldrei að láta verkamanninn heyra: Ja, ég veit nú reyndar ekki, hvað ég á að láta þig gera, eða hvernig ég á að láta þig gera það. Við smiðir, sem höfum mönnum að stýra, verðum svo vel sé, að gera alla vinnuna í huga vorum fyrst, svo að eitt vik byggingarinnar reki annað, — um að gera, að alt hangi saman sem keðja.

ATLI: Ég að sönnu verð að játa, að verkahringur vor bænda er ei svo fast bundinn reglum, sem bezt má verða. En eigi vil ég játa að vinnuharka sé svo mikil hjá okkur, svona yfirleitt, að verkafólk þurfi að firrast vist hjá okkur þess vegna. Vinnutími er að sönnu lengri hjá okkur en í bæjunum gerist, en vistum okkar fylgja ýmsir kostir, er að mínu áliti eru svo þungir á metum, að mundangurinn bendir okkar mein. O- skulum við nú í fljótu bragði líta yfir verkahringinn:

Að sumrinu er risið úr rekkju klukkan hálf 6, gefið hestum, kýr mjólkaðar. Morgunmatur kl. hálf 7. Út á akur kl. 7 til hálf 8. Miðdagshvíld hálfur annar kl.tími. Komið heim af akri kl. 6. Kveldverk búin kl. 8. Fimm máltíðir matar á dag, en í bæjum að eins 3. Vér gefum verkafólki fridaga, án þess að draga af kaupi þess, þjónustu hefir það hjá okkur fría. Vinnan er frjálsari hjá okkur, við erum eigi alt af á hælum vinnufólksins, eins og verkstjórar í bæjum. Vinna okkar er margbreytt, og þess vegna má segja, að hjá okkur sé vinnulegur mentaskóli; þeir af verkamönnum, er við ölum upp, eru fjölhæfari og fullkomnari til vinnu, heldur enn þeir, er í bæjum vaxa upp. Þeir venjast gripahirðingu, margs konar verkvélavinnu, yrkingu jarðar og ávöxtun hennar, — venjast við að beita sér gegn kenjadutlungum náttúrunnar, það verður svipað með þá sem sjómenn, þeir gerast veðurglöggari. — Kaupgjald hjá okkur er snögt um hærra en í bæjum. En þrátt fyrir þetta gengur oss tregt vinnufólkshaldið. Nú er vinnufólk ótryggara í vistum en fyrrum með lágu kaupi, og það undrunarverðasta er, að því virðist ekki að skotra nú meir áfram efnalega en áður, meðan kaupgjald var hartnær eigi annað en matur og klæði.

KETILL: Það eru eðlilegar afleiðingar velliðunar, því hagsældin eykur eyðslu. Hugsunarhátturinn er, að ná í fé með sem minstri fyrirhöfn. Fái verkamaðurinn $3 á dag, er honum það í lófa lagið, að hann geti notið helmingi meiri hvíldartíma en með að eins $1.50. Og vér erum allir alt af stöðugt að leita velsældar, sinn upp á hvern hátt, — og velsæld letingjans er í því fólgin, að reyna sem minst á líkams og sálar krafta.

Þér bændur standið nú betur að vígi með að borga hátt kaup, er afurðir yðar eru í slíku gengiverði, sem nú eru þær, heldur enn fyrrum, þá er þér selduð hveiti fyrir 30 cents bushel og jafnvel lægra.

ATLI: Satt segir þú það, að afurðir eru í háu verði, en kaupgjald og verð afurða er ekki í samræmi. Kaupgjaldið er svo hátt að við reisum ekki rönd við að gjalda það, og þess sjást glögg merki víða. Landeigendur leigja jarðir sínar og flytja í bæina, sökum hins háa kaupgjalds; en það er staðreynd að leiguliðar — að jafnaði — sitja eigi svo vel jarðir sem eigendur; jarðirnar fara í niðurníðslu, og áður langt um líður er svo mikil órækt komin í jarðveginn, að hann getur ei framleitt fulla uppskeru. Afleiðingin verður, þurð á markaðnum og með þurðinni hærra verð á nauðsynjavöru verkamannsins. Því vel að merkja, þótt jörðin rýrni að kostum, gefur hún af sér — undir flestum kringumstæðum — nauðsynjar þær er bóndinn þarfnast, hér í landi þarf hann vart að svelta. Útkoman verður því þannig, að því meir, sem að bónda-num þrengir í kaupgjaldi, því frekar rýrir hann framleiðsluna, — mátar hana sem næst sínum eigin þörfum. Kreppan kastast því mest til baka á verkamannaflokkinn. — Mundi því eigi verða happasælla fyrir verkamanninn, að krefjast nægilegs kaupgjalds og hafa stöðugri atvinnu? — Hugsunarhátturinn þarf að breytast. Almenningur lifir sér um megn, það er að segja kostbærara en efni leyfa. Ég þekki bónda hér skamt frá, sem fyrir fáum árum hafði alt af einn og tvo vinnumenn, en nú í fjögr sl. ár hefir hann engan haft nema að eins yfir uppskerutímann. En hann hefir fækkað búpeningi og þar með rýrt vörumagnið. Slík eru mörg dæmi meðal bænda. Bóndinn hefir í hendi sér lykil að forðabúri náttúrunnar, — á honum byggist velsæld þjóðfélagsins.

KETILL: Þar talaðir þú nú af þér félagi, er þú segir, að bóndinn hafi lykil að forðabúri náttúrunnar. Náman er hluti af forðabúrinu, og þeim er bóndinn óráðandi.

ATLI: Má vera. En látum okkur sjá. Er ei korn það er námamaðurinn býr sér til brauð úr þroskað og uppskorið á akri bóndans? Kjötið, eggin, mjólkin, kaffið og sykurinn og alt fataefni er frá bóndanum komið. Má því með sanni segja, að hann hafi lykilinn, því er um að gera, að bóndinn gæti skyldu sinnar og að aðrar stéttir þröngvi eigi kjörum hans.

KETILL: Hvernig hefir viðrað hér hjá ykkur nú í vor?

ATLI: Í byrjun vorsins var öndvegistíð allan marzmánuð, svo akuryrkja gekk mjög greiðlega, en eftir miðjan apríl snerist veðurátt til norðurs og norðausturs, fyrst með snjó og regni, svo með norðan-nepju kuldum og frosthörkum. Af völdum þeirra veðurbreytinga eyðilagðist akragróður svo stórskemdum sætir, þar sem jörð var sendin. Ofviðri voru einnig tíð. Og eyðilögðust akrar, svo vart mun hálf uppskera verða. Þannig er útlitið hér. Það af korntegundum, er síðast var sáð, er nú í mestum blóma. — Þar af getum vér séð og lært, að láta eigi blíðviðrið löngu á undan gróðrartíma einna oss á glapstigu. Hér í nordvestrinu koma oft vorkuldar skæðir. — Einn af beztu búhöldum Þjóðverja hér hefir það fyrir ófrávíkjanlega reglu, að byrja eigi sáningu fyrr en eftir 5. apríl, fram að þeim tíma álítur hann veðrið óráðið.

KETILL: Hér er þá vatnsþróin þín, og mér sýnist hún vera í frekara lagi lek, því erið slabbsamt er í kring um hana. Má ég ekki benda þér á aðferð til að búa til aðra, er aldrei lekur, og sem væri ævarandi eign, en þó verðlítil?

ATLI: Jú, því tek ég með þökkum.

KETILL: Við búum til þrór úr sement, sandi og grjóthruðling. — Fyrst mælum við grunnmálið, svo rekum við niður staura við hvert horn og svo millistaura, sem þörf krefur. Innan á þá staura sláum við svo borð, þar næst setjum við 6 þml. þykt lag af sements-graut í botninn. Þegar það er búið, búum við til aðra öskju, 6 þml. minni að lengd og breidd en þá fyrri. Þessa setjum við svo innan í þá fyrri, og verður þá þriggja þml. rúm á milli borða, er fyllist með sements-grautnum. Samsetningur efnisins er þannig: Portland Cement einn sjöundi, sandur tveir sjöundu og mulinn steinn eða möl fjórir sjöundu. Blanda þessu síðan saman, svo alt sé jafnt, fylla svo upp forminn, ekki í einu, heldur smámsaman. Í hvert sinn, sem í er látið, þjappar maður ofan á með spituhnalli, þar til vatn dregst til toppsins. Þegar maður er búinn að fylla, jafnar maður toppinn og þekur yfir og lætur þannig standa í 12 klukkutíma. Að þeim tíma liðnum er manni óþætt, að taka forminn utan af. Að því búnu tekur maður sement (en engan sand) blandar vatni svo að verði áþykt við málfarfa, og þessu smyr maður á alt í kring og þekur aftur. Einu sinni á dag í tvær vikur skal vatnssprauta steypuna. Að þeim tíma liðnum er þessi þró fullger til brúkunar.

Skylduverk.

(Framhald).

Ég sagði í síðasta kafla, að óháður dómstólar yrðu að skera úr þessu máli sem öðrum. Óháður dómstóll — bæjarfógetinn í Rvík — hefir úrskurðað afsetning gæzlustjóranna 22. nóv. 1909 fyrir fult og alt ÓLÖGLEGA; hefir úrskurðað að Kr. Jónsson sé löglegur gæzlustjóri (hjali Bja. Magnússonar um þennan úrskurð skal svarað síðar). Annar óháður dómstóll — Landsyfirrétturinn — hefir staðfest þennan úrskurð, þennan dóm; hefir einnig dæmt gerðir ráðherra ólöglegar. En hvað gerir ráðherra? Maðurinn, sem mest talar um það, að lögin eigi að ganga jafnt yfir alla. Beygir hann sig undir lögin? Hlýðir hann dómum? Nei, hann virðir æðsta innanlandsdóm að vettugi. Hann gefur embættismönnum og öðrum þá fyrirmynd, að hlýða EKKI lögum eða dómum.

Sanngjarnir menn sjá, hvílíkur voði öllu réttarfari landsins er búinn, ef einn maður er látinn komast upp með það, að reka eftir geðþótta embættismenn landsins, setja í þeirra stað hverja, er honum sýnist, og gefa engan gaum dómum, sem bygðir eru á lögum landsins. Eitt af því, sem af slíku leiðir, er það, að embættismenn skipaðir af honum, þora ekki annað en sitja og standa, skrifa og tala eftir hans boði og banni, þótt það sé þvert á móti heilbrigðri skynsemi, þvert á móti lögum þjóðarinnar, þvert á móti embættisskyldum þeirra og þvert á móti þeirra eigin samvizku. Ekkert er líklegra, en að slíkt geti leitt af þannig löguðu einveldi. Eitt er að minsta kosti mjög sennilegt, og það er það, að ráðherra mundi reka og reka og reka og skipa nýja og nýja embættismenn þangað til einhverjir fundust nógu þýlyndir til þess að verða auðsveilt verkfæri í höndum hans. Því þótt einhver hefði kjark til að breyta eftir eigin sannfæringu og yrði rekinn fyrir það, og þótt hann ynni mál á móti ráðherranum, þá þyrfti hans hátign, ráðherrann, ekki að fara eftir dómum eða beygja sig undir lög.

Þetta er eitt meðal annars, sem vakir fyrir þeim mönnum, sem heimta aukaþing. Þeir vita, að Björn Jónsson er skyldur að hlýða fógetaúrskurði, alveg eins og hver annar borgari landsins. Þeir vita, að hann var skyldur að viðurkenna Kristján Jónsson (og Eirík Briem eftir anda úrskurðarins), sem löglegan gæzlustjóra þangað til öðruvísi kynni að verða dæmt af æðri dómstólum. Þeir vita, að hann var skyldur að hlýða æðsta dómstóli, sem til er innanlanlands, er staðfesti fógetaúrskurðinn óbreyttan. Þeir vita, að rétti staðurinn fyrir Björn Jónsson til þess að svara fyrir öll þessi lagabrot og ólöghlýðni, er á Alþingi, og þess vegna er það, að MEIRI HLUTI ALLRA ÞINGMANNA, og þar á meðal ALLIR FORSETAR ÞINGSINS, hafa krafist aukaþings nú þegar, og MEIRI HLUTI ALLRAR ÞJÓÐARINNAR heimtar það með þeim. Ef þingmenn neita kröfum frá meiri hluta þjóðarinnar — eða kjósendanna, þá BRJÓTA ÞEIR ÞJÓDRÆÐI, og það er séra Björn Þorláksson á Dvergasteini viljugur að gera. En meiri hluti þingmanna hefir svo ljósa meðvitund um skyldur sínar gagnvart þjóðinni, að þeir neita ekki kröfum hennar. Konungkjörnu þingmönnunum má segja það til hróss, að þeir hafa í þetta skifti komið fram með vilja þjóðarinnar. Ef ráðherra neitar að kalla saman aukaþing, þegar meiri hluti þingmanna krefst þess, þá er það BROT Á ÞINGRÆDI, en brot á þingræði er hvervetna talinn STJÓRNARFARSLEGUR GLÆPUR. Hvað mundi hafa verið sagt — hvað mundi Björn Jónsson hafa sagt — um Hannes Hafstein í líkum kringumstæðum? Svari þeir eftir beztu samvizku, sem muna eitir gauraganginum 1908.

Samkvæmt áliti Björns Jónssonar og þeirra, sem honum fylgja að málum, er honum sjálfum heimilt, að reka menn úr embætti fyrir fult og alt, þegar honum svo sýnist, án þess að sannað sé fyrir dómstólunum, að þeir hafi í nokkru brotið embættisskyldur sínar, og það alveg eins, þótt dómstólarnir úrskurði, að þeir hafi fulla heimild til þess að halda embættunum. Hann SJÁLFUR hefir heimild til að skipa menn í embætti fyrir fult og alt, eftir eigin geðþótta, hafa þá þar eins lengi og eins skamt og honum SJÁLFUM sýnist, og reka þá þegar honum SJÁLFUM bvkir við eiga. Hann á SJÁLFUR að úrskurða, hvort hann SJÁLFUR þurfi að hlýða dómum og beygja sína hátign undir lög eða ekki. HANN ER SJÁLFUR YFIR ÆÐSTA DÓMSTÓLI INNANLANDS. HANN SJÁLFUR HEFIR VALD TIL, AÐ NEITA KRÖFUM MEIRI HLUTA ÞINGINS MEÐ MEIRI HLUTA ÞJÓDARINNAR Á BAK VIÐ ÞÆR KRÖFUR. Þessu mótmæla þingmenn, þessu mótmælir þjóðin heima og þessu mótmæla nokkrir Íslendingar hér vestra, — ég er einn þeirra. Það skal tekið fram, að fjölmargir af flokksmönnum Björns sjálfs krefjast aukaþings, og sýnir það, að þeir fylgja ekki foringja sínum í blindni.

Hvað er það annars, sem Björn getur haft á móti aukaþingi? Ef hann treystir málstað sínum, trúir hann þá ekki á sigur, þar sem flokkur hans er þó í meiri hluta á þingi? Aukaþingskostnaðurinn hefir verið gerður að grýlu, það er satt; en fram á það hefir verið sýnt, og aldrei mótmælt með rökum, að aukaþing þarf ekki að valda eyris aukakostnaði. Því er þannig varið sem hér segir: — Stjórnin og þingið hefir lofað, að stjórnarskránni skuli verða breytt á næsta þingi; af því leiðir það, að aukaþing verður að vera á eftir, með öðrum orðum, reglulegt þing 1911 og aukaþing 1912. Verði aukaþing kallað saman 1910, þá má samþykkja þar stjórnarskrárbreytinguna, og svo kemur reglulegt þing 1911. Munurinn er sá, að þingið átti að verða 1911 og 1912, en yrði annars 1910 og 1911. kostnaðurinn yrði nákvæmlega sá sami.

Nei, það er ekki kostnaðurinn, sem Björn Jónsson setur fyrir sig, heldur hitt, að hann vill halda einveldinu sem lengst.

Nú sem stendur breytir hann eins og einvaldur konungur gerði á miðöldunum. Vald Noregs konungs, sem Íslendingar lutu um eitt skeið, var meðal annars það, sem hér segir: Hann ÁTTI landið alt, svo og fólkið, sem í var landinu. Hann átti það á sama hátt og menn eiga naut og sauði og annan fénað, það, sem hann bannaði, var hegningarvert, hvort sem það var rétt eða rangt. Hann hafði hið æðsta hegningarvald. Hann EINN hafði vald til að veita grið. Hann var hinn æðsti dómari. Hann var einvaldur yfir embættismönnum, lénum og jarðeignum krúnunnar, og öllum ríkistekjunum. Hann átti ótakmarkað vald yfir öllum utanríkismálum. Hann réð yfir verzlun við útlönd, og hann bar enga ábyrgð nema fyrir guði.

Svona mikið vald í eins manns höndum telur siðmenning vorra tíma óviðurkvæmilegt, og sérstaklega, þegar einn maður hrifsar það til sín, án samþyktar úr nokkurri átt.

Margir spyrja sjálfa sig á þessa leið: Hversu langt á þetta að ganga? Hversu lengi ætla Íslendingar að líða þetta? Hví er ekki haldinn allsherjar þjóðfundur á hinum fornhelga stað, þingvelli, og ráðgjafanum þar gerðir tveir kostir: Annaðhvort að hlýða dómum og lögum þjóðarinnar og kalla saman aukaþing, þar sem aðalágreiningsmálið verði útkljáð, eða að öðrum kosti víkja sæti? Eða ef hann neitar kröfu meiri hluta þingsins, hví kalla þá ekki forsetarnir saman þing án hans og hrópa hann af? Eða hví skrifa þeir ekki konungi og krefjast þess, að hann skipi ráðherra að kalla þing saman þegar í stað? Ætlar þjóðin og fulltrúar hennar og fulltrúar konungs, að beygja sig undir þrældómsok Neros? Ætlar hn og þeir að kyssa á vönd Calicúle? Ætlar hún og þeir að vera flugur Domitians? — Já, svona spyrja menn, og mér finst það í alla staði afsakanlegt.

Ég læt nú úttalað um bankamálið, þangað til A. J. Johnson kemur til sögunnar. Ég ætlaði að drepa á önnur örlá íslenzk stjórnmál, en þau eru svo vafin inn í stjórnmálabréfið hans A. J. Johnsons (og hógværu greinina hans stóra Bjarna), að ég læt þau bíða, þangað til ég svara þeim, og það skal því gert í næsta kafla.

Maður á að leita sér heiðurs með því, að hefja sig upp, en ekki með því, að rífa aðra niður.

• • •

Þinn eigin hugur er vissasti geymslustaður leyndarmála þinna.

Minnisvarðar

úr málmi, sem nefndur er "White Bronze", eru fallegustu, varanlegustu og um leið ódýrustu minnisvarðar, sem nú þekkjast. Þeir eru óbrjótanlegir, ryðga ekki og geta aldrei orðið mosavaxnir, eins og steinar; ekki heldur hefir frost nein áhrif á þá. Þeir eru bókstaflega óbilandi og miklu fegurri en hægt er að gera minnisvarða úr steini (Marmara eða Granit). Alt letur er upphleypt, sem aldrei máist eða aflagast. Þeir eru jafn dýrir, hvort sem þér eru óletraðir eða alsettir letri, nefnilega: alt letur, og myndir og merki, sem óskað er eftir, er sett á fritt. — Kosta frá fáeinum dollurum upp til þúsunda. Fleiri hundruð tegundir og mismunandi stærðir úr að velja.

Þessir minnisvarðar eru búnir til af THE MONUMENTAL BRONZE CO., Bridgeport, Conn. Þeir, sem vilja fá nákvæmar upplýsingar um þessa ágætu minnisvarða, skrifi til undirritaðs, sem er umboðsmaður fyrir nefnt félag.

Thor. Bjarnarson,
BOX 304
Pembina - - N. Dak.

JÓN JÓNSSON, járnsmiður, að 790 Notre Dame Ave. (horni Toronto St.) gerir við alls konar katla, könnur, potta og pönnur fyrir konur, og brýnir hnífa og skerpir sagir fyrir karlmenn. — Alt vel af hendi leyst fyrir lítla borgun.

Til sölu

eru 10 ekrur af landi á Point Roberts, Wash., hér um bil helmingur hreinsað, enn hinn helmingurinn í skógi.

Þeir, sem vildu sinna þessu, snúi sér til

Gisla O. Gudmundsonar
4-8 Point Roberts, Wash.

EINS og áður hefir verið sagt frá í Heimskringlu, andaðist MAGNÚS BRYNJÓLFSSON, ríkis lögsóknari fyrir Pembina County, að heimili sínu í Cavalier. Pembina County, North Dakota, þann 16. dag júlímánaðar þessa árs. Hann dó af hjartaslagi, eftir að eins átta klukkustunda sjúkleika.

MAGNÚS BRYNJÓLFSSON var fæddur að Skeggstöðum í Svartárdal í Húnavatnssýslu á Íslandi, þann 28. dag maímánaðar 1866. Foreldrar hans, Brynjólfur Brynjólfsson Magnússonar og Þórunn Ólafsdóttir Björnssonar, bjuggu fyrst að Forsæludal i Vatnsdal í Húnavatnssýslu um 9 ára skeið, þar eftir að Skeggstöðum um önnur 9 ár. Árið 1874 fluttist Magnús — ásamt fleiri systkinum — með þeim til Ameríku; lentu þau í Quebec í septembermánuði. Veturinn fyrsta dvöldu þau i Kinmount í Ontario. Vorið næsta (1875) fluttu þau til Halifax County, í Nova Scotia; þar dvöldu þau 6 ár. Þaðan fluttust þau í ágústmánuði 1881 til Duluth í Minnesota, en næsta vor til Pembina County í Norður Dakota; þar námu þau land 4 mílur suðvestur frá Hallson pósthúsi.

Magnús fylgdist með foreldrum sínum og veitti þeim þá aðstoð, sem hann mátti, þar til um áramótin 1886—7, að hann fór til George H. Maguire, lögfræðings í Pembina; hjá honum las hann lög í 3 mánuði. Sumarið 1887 var hann skipaður aðstoðarréttarskrifari fyrir Pembina County; þeim starfa hélt hann um 3 ár. Þann tíma las hann lög í frístundum af miklu kappi. Lagapróf tók hann hjá dómara Charles F. Templeton þann 9. dag septbermánaðar 1889. Var hann (að því sem ég bezt veit) fyrstur Íslendingur, sem tók lagapróf hér fyrir vestan haf.

Haustið 1890 byrjaði hann í félagi við Daníel J. Laxdal (sem tók lagapróf litlu síðar en Magnús) starf sitt sem málaflutningsmaður í Cavalier; voru þeir fyrstir málaflutningsmenn í þeim bæ. Eftir 3 ár skildu þeir Daníel félagsskap og hafa þeir starfað sinn í hvoru lagi síðan.

Í septembermánuði 1898 gekk Magnús að eiga ungfrú Sigríði Magnúsdóttur Halldórssonar. Þau hjón eignuðust 4 börn, sem öll dóu nýfædd.

Haustið 1902 var Magnús kosinn ríkislögsóknari fyrir Pembina County; hefir hann þaðsvar verið endurkosinn og þannig haldið embættinu samfleytt í 8 ár; hefir enginn haldið því embætti jafnlengi; má af því marka, hverjar vinsældir hans voru, þar sem hann sótti um embættið undir merkjum þess flokks, sem var svo hundruðum skifti í minnihluta í Pembina County. Ennfremur var hann kosinn fyrstur bongarstjóri í Cavalier, og hélt hann því embætti um 2 ár. Auk þess tók hann ætíð mikinn og leiðandi þátt í stjórnmálum og var fylgjandi skoðunum Demókrata.

MAGNÚS BRYNJÓLFSSON var mikill maður á velli og fríður sýnum, 5 fet og 10 þumlungar á hæð, gildur og þrekvaxinn, ljós á hár, með grá augu, sem gátu tekið ótal myndbreytingum. Hann sté þungt til jarðar og sveiflaði herðunum lítið eitt við hvert fótmál. Málrómurinn var fullkominn og skýr.

Í æsku var hann rólyndur, góðlyndur og stiltur og gerði ekki misklíð út af smámunum. Samt bar snemma á því, að hann vildi ekki láta hlut sinn, ef honum fanst á nokkru vernlegu standa, sérstaklega ef honum fanst réttindum sínum, eða annara, hallað. Einnig kom það snemma í ljós, hversu framgjarn hann var, því hann var enn ungur, þegar hann hneigðist til að taka að sér formensku og stjórn, í hverjum þeim flokki, sem hann var staddur það eða það skiftið. Það var honum ósjálfrátt, að skoða sjálfan sig sem talsmann og verndara allra þeirra manna, sem hann var í flokki með, beittist hann því ótraður fyrir öll þeirra vanda- og nauðsynja-mál. Ekki vil ég neita því að honum fundust réttindi mannanna, sem voru í flokknum hans, ögn hærri, en réttindi nokkura annara manna. Þó undarlegt megi virðast, þá vissi ég ekki til, að nokkur tæki illa upp þessa stjórnsemi hans, en það hygg ég hafi komið af því, að menn fundu hag sínum betur borgið fyrir þessa hlutsemi hans.

Tilhneigingin til að stjórna fór vaxandi með aldrinum, enda vöndust menn á. að leita til hans með úrræði og framkvæmdir, jafnvel þar, sem lítils þurfti við, hvað þá ef um stórræði var að tefla; enda var hann fús og skjótur til að ganga undir vandkvæði manna, stór og smá, þó þau weru langt fyrir utan verkahring hans, sem málaflutningsmanns, því hann var allra manna hjálpsamastur.

Þegar hann byrjaði á málaflutningi, má nærri geta, að þekking hans á lögum, hafi verið af skornum skamti — þó hann nú um mörg ár hafi staðið með þeim allra fremstu í þeirri grein. Samt lærðu menn þegar í byrjun að bera traust til hans og álíta því máli vel borgið, sem hann fór með. Stundum hefi ég reynt, að gera mér ljóst, hver hafi verið sterkasti þátturinn i eiginleikum hans, og hefi ég ætíð komist að þeirri niðurstöðu, að metnaðurinn, kappgirnin, sjálfstraustið (enskan kallar það "pride"), sem hann var svo auðugur af, hafi verið það. Slíkur metnaður, sem hann hafði, varð öðrum hæfileikum hans knúningsafl, svipað og gufan er vélinni, sem setur allan hjólagrúann í hreyfingu, þá henni er hleypt í vélina. Mótstaðan var honum aflgjafi, eftir því sem hún var hlíðarlausari uxu kraftar hans. Það mátti segja, að hann stækkaði við hvert áhlaup; hann fann til þess, að það var ekki honum samboðið, að æðrast eða gefast upp, þó við ofurefli væri að etja, enda var hann aldrei svikinn á því trausti, sem hann bar til sjálfs sín.

Næst voru skýrar og traustar gáfur, sem gerðu honum mögulegt, að hafa handbært það sem hann kunni og nota það, á réttum tíma og á réttan hátt. Þar við bættist ótakmörkuð trúmenska, næstum því smásmugleg vandvirkni, áhrifamikil mælska og óbilandi starfsþrek. Fátt lét hann hindra sig frá því, sem hann hafði ráðið að framkvæma; hann ferðaðist jafnt nætur sem daga, og í öllum veðrum. Enginn skildi samt halda, að hann hafi verið þræll starfa sinna; þvert á móti var hann gleðimaður mikill, sem elskaði félagsskap, ef hlé varð á störfum.

Hann átti fjölda vina, sem hann elskaði og sem elskuðu hann; svo og kannske nokkra bitra fjandmenn, því staða hans og skaplyndi gátu varla annað en gert það að verkum, að einhverjum líkaði miður, þar sem hann tók vagni sínum fram og vildi ógjarna sneiða úr vegi.

Hann eftirskildi talsverða fjármuni, þó var fjársöfnun langt frá að vera hans sterka hlið, því hann var allra manna örastur á fé sitt og vissi sjaldanönnur hendin, hvað hin gerði. Þrátt fyrir fjölda góðra kosta, hafði hann nokkra smágalla; stundum fanst mér það eitt af göllum hans, hversu vinfastur hann var, — það var á stundum eins og mér findist réttvísin fella vogina niður, þegar vinir hans áttu hlut að máli.

Ófrelsi hataði hann á öllum svæðum mannlegs lífs, en þó var honum trúar-ófrelsi leiðast allra hafta; enda varð hann snemma til að slíta þann gleipni af sálu sinni; varð meiri og betri maður eftir.

Hann hafði verið ófriskur um nokkra daga áður hann andaðist, en lét það ekki á sér festa, en sinti störfum sem ekkert væri. Að kveldi þess 15. hafði vinur hans Daníel Laxdal orð á því við hann, hversu vel hann liti út, og svaraði Magnús því, að sér findist hann vera friskari þá, en um langa undanfarna tíð. Til hvílu gekk hann á vanalegum tíma, en klukkan 4 um morguninn vaknaði kona hans við, að hann var sjúkur. Telefónaði hún þá eftir lækni og hjúkrunarkonu, sem komu strax; gaf læknirinn honum hjartastyrkjandi lyf og sýndist það hafa góð áhrif í bráð, yfirgaf þá læknirinn sjúklinginn um stund, en hjúkrunarkonan varð þess brátt vör, að honum lakaðj, var þá læknirinn kallaður á ný, ásamt Daníel Laxdal; þótti útlitið þá svo alvarlegt, að annar læknir var kallaður til ráðagerða. Því næst var Móritz læknir Halldórsson kallaður (en hann hafði yfir 30 mílur að fara, varð því of seinn). Konan vildi láta telefóna eftir sérstökum lækni til Grand Forks (um 90 mílur burtu), en Daníel kvað það þýðingarlaust, "því annaðhvort verður honum batnað áður eða hann verður"—"dauður", tók Magnús undir. Þannig gegndi hann hinu síðasta kalli, eins og hann hafði gegnt öllum öðrum störfum í lífinu, með hugprýði og ró; — hið mikla og góða hjarta hætti að slá og fölvi dauðans færðist yfir andlit hans. Þannig dó Magnús Brynjólfsson fáum mínútum eftir hádegi, á hádegi æfi sinnar, inuilegar og dýpra harmaður af alþýðu manna en nokkur annar, sem frá hefir fallið í hinu tiltölulega unga Pembina County, "fagur í lífi, en tígulegastur í dauða",— svo komst maður að orði, sem sá hann í kistunni.

Að morgni þess 19. júlí var bjart veður og svalandi vindblær frá norðvestri; þá dreif fjölda fólks inn til Cavalier úr öllum norðaustur hluta Norður Dakota, og nokkrir komu frá Winnipeg til að vera viðstaddir jarðarförina. — Að afliðandi hádegl var líkið hljóðlega flutt í samkomuhús bæjarins, og voru embættismenn Countys-ins líkmenn. Þar söng séra H. B. Thorgrimsen sálm og talaði fáein velvalin og vingjarnleg orð. Þar næst flutti dómari C. M. Cooley, frá Grand Forks, ávarp fyrir hönd lögfræðinga sambandsins í Norður Dakota og fylgir þýðing af því hér með.

Þá var líkið flutt um 12 mílur vegar suðvestur í land, til hins forna búgarðar föður hans, og var þar fyrir mikilll mannfjöldi. Séra Rögnvaldur Pétursson, Únítara-prestur frá Winnipeg, flutti ágæta ræðu.

Þannig lögðum vér vorn elskaða Magnús til hvíldar — við hlið móður hans og ömmu — á hinum "fornhelga stað" undir lundinum litla, sem vér gróðursettum með vorum eigin höndum á sléttunni auðu, — blóma og prýði ættmanna vorra og yngstan af bræðrunum fimm, innilega þakklátir fyrir að hafa átt hann og notið hans, en beygðir af söknuði og harmi. Þungbærust var þó sorgin og sárust konunni hans ungu, sem unni og var unnað hugástum, en vér vonum, að hún lifi og hugguist við endurminningar horfinna sæludaga í 12 ára sambúð við hann.

Ég hefi ekki reynt að gleyma því, að hann Magnús var bróðir minn, get það ekki um eina sekúndu. Ég hefi ekki lýst honum fyrir þeim, sem þektu hann, en fyrir þeim ber ég ábyrgðina að hafa gert það rétt.

S. B. BRYNJÓLFSSON.



Magnús Brynjólfsson

Ávarp

flutt af dómara C. M. COOLEY í ráðhúsi Cavalier bæjar við útför Magnúsar Brynjólfssonar.

Fyrir hönd fjölmargra meðlima lögfræðinga-sambands þessa ríkis, vil ég hér með votta þeirra innilegustu hluttekningu í hinni sárustu sorg, sem komið hefir fyrir ættmenn og vini hins héðanfarna bróður vors.

MAGNÚS BRYNJÓLFSSON var maður, sem vér öll unnum hugástum. Hann var gæddur þeim eiginleikum, sem ekki að eins áunnu honum virðingu, heldur einnig ástsæld allra, sem þektu hann vel. Náin viðkynning glæddi hinar hlýjustu tilfinningar, er tengdu menn við hann með ástúðlegasta bróðurbandi. Sem lögfræðing álitu stéttarbræður hans honum engan fremri í þessu ríki, bæði að því er snerti lagalega þekkingu og göfugmannlega framkomu. Hinni djúpu þekkingu hans á landslögum, var samfara sá ómissandi eiginleiki, að geta beitt henni með skarpri dómgreind. Úrlausn hans í lagalegum vandamálum og erfiðum viðfangsefnum var ætíð ákveðin og hiklaus, hugsunin skörp og fljót og skilningurinn djúpsær. Og þegar þessum eiginleikum er samfara óþreytandi atorka og hvíldarlaus ástundan, sem hvorttveggja einkendi starfsemi hans, — var hann einn hinn óárennilegasti mótstöðumaður þegar í rétt kom.

En hefðarsess sinn sem lögmaður og virðingu og traust stéttarbræðra sinna átti hann ekki eingöngu að þakka sínum fjölbreyttu gáfum. Hann framfylgdi staðfastlega í starfsemi sinni því, sem vér nefnum siðareglur stöðu vorrar. Enginn maður rak nokkuru sinni erindi skjólstæðings síns með meiri samvizkusemi eða lagði meira á sig í þarfir hans. Hann reyndi aldrei að flækja eða tefja fyrir málum að ástæðulausu, en beitti ætíð öllum kröftum sínum með ráðvendni og ötulleik í þarfir skjólstæðings síns, án tillits til persónulegra hagsmuna. Hann var jafn-reiðubúinn til að veita fulltingi sitt hinum fátæka sem hinum ríka. Hinn fátæki ofsótti, og undirokaði átti ávalt athvarf þar sem hann var, því hann var ætíð fús til að verja tíma sínum, hæfileikum og fjármunum í þarfir hans. Aldrei kom það fyrir, að hann synjaði neinum manni, sem hafði réttmæta sókn eða vörn, liðveizlu sinnar, vegna þess að fé skorti til að framfylgja hinu fyrra eða veita stuðning hinu síðara. Alt, sem hann gerði, var gert eftir beztu sannfæringu, með einlægri og stöðugri viðleitni til að framfylgja hinu rétta, en ekki í þeim tilgangi, að skara eld að sinni köku. Öll starfsemi hans sem lögmanns ber vott um miklar gáfur og siðferðislegt þrek, næma réttlætistilfinningu og þá umhyggju fyrir hag skjólstæðinga sinna, sem fáum mun auðið að láta í té. Við stéttarbræður sína var hann ávalt alúðlegur, kurteis og hjálpsamur. Ofurkapp og æsingar við flutning máls, væri ósanngirni ekki beitt, lét hann aldrei egna sig til reiði eða gremju og hann var ætíð fús til, að slaka til við andstæðing sinn, ef það kom ekki í bága við hag skjólstæðings hans. En fremur öllu öðru var það drenglyndi hans og óhlutdrægni, hvernig sem á stóð, sem áunnu honum hina miklu virðingu stéttarbræðra hans. Öll sín loforð efndi hann með trúmensku, og munnlegt loforð hans var hverjum manni næg trygging. Hann hafði hina mestu andstygð á allri hrekkvísi og ósanngirni, enda gat enginn maður með sanni borið honum neitt þess konar á brýn. Margir breyta ráðvandlega af því það borgar sig bezt, en ráðvendni hans átti sér göfugri rætur en umhyggju fyrir eigin hag. Hann breytti réttvíslega ekki að eins við aðra heldur og við sjálfan sig, því hann mat meira samþykki samvizku sinnar en viðurkenningu fjöldans.

En málfærslumanna-samband þessa ríkis hefir mist einn sinn ágætasta lögfræðing, og meðlimir þess sinn tryggasta vin. Minn eigin missir er meiri, en ég geti með orðum lýst, því við höfum verið alúðarvinir um mörg undanfarin ár. Vér, sem eftir lifum harmandi burtför hans, getum að eins boðið honum góða nótt hér, en bráðum mun oss auðnast, að bjóða honum góðan morgun í bjartara heimi.

TIL FORNVINAR MÍNS

Magnúsar Brynjólfssonar

LÖGMANNS.

Var ég endurvakinn þá
Vinar-bendinguna
Þína' í hendi þegar sá, —
Þökk fyrir sendinguna.*)

Svipinn kenni' ég, sá var mér
Sól um tvenna morgna.
Sé ég enn í augum þér
Eldinn brenna forna.

Þá í straumi starfgjörn önd
Stóð við flauma rokið,
Þú hefir tauma þrátt úr hönd
Þrjóskra rauma strokið.

Engri gungu er ásmegin
Anna-þunga megin.
Hvassyrð tunga, hjörinn þinn,
Hjó þér ungum veginn.

Ekki er sjúkri sálma-þjóð
Sú jafn-mjúk og fiður:
Eins og rjúpa hrædd og hljóð
Hræsnin lúpast niður.

Hörð er gjóla um hrakfallsskarð
Hröktum ólánslýði.
Engan kól né úti 'ann varð
Ef í skjól þitt flýði.

Þinn er andi að tápi og tryggð
Tröll í vandaflækjum,
Þó að fjandinn, flónska'og lyggð,
Fylli land af klækjum.

* * *

Nú eru gengin galsa-spor,
Geymast engu minni.
Skemti lengi ljósríkt vor
Lífi og drenglund þinni.

*) Mynd af M. B.

[Vísur þessar orkti Kristinn Stefánason skáld fyrir nokkrum árum síðaf, — þeir voru samtíða við járnbrautargerð, þegar Magnús var 16 ára. — Vegna þess mér finnast þær sönn lýsing, set ég þær hér.—S. B. B.]

Bókalisti

N. Ottenson's,—River Park, Winnipeg.

Ljómæli Páls Jónssonar í bandi .... (3) 0.85
Sama bók (að eins 2 eint.(3) 0.60
Diönusöngvar (útselt um tíma ... ... (2) 0.30
Jökulrósir 0.15
Dalarósir .... (3) 0.20
Kvæði H. Blöndal ..... (2) 0.15
Hamlet .... (3) 0.45
Ljóðmæli Jóns Árnasonar á Viðimýri, 1879 ... ... (4) 0.60
Tíðindi Prestafélagsins í hinu forna Hólastifti ..... (2) 0.15
Áttungurinn .... (2) 0.45
Grant skipstjóri .... (2) 0.40
Leynisambandið .... (2) 0.35
Börn óveðursins .... (3) 0.55
Umhverfis jörðina á áttatíu dögum .... (3) 0.60
Valdimar munkur .... (3) 0.55
Kynlegur þjófur .... (3) 0.40
Blindi maðurinn .... (3) 0.15
Fjórblaðaði smárinn ..... (3) 0.10
Kapitola (í II. bindum) (3) 1.25
Áfengi og áhrif þess, í b. 0.10
Eggert Ólafsson (B.J.) ... 0.15
Gönguhrólfs rimur (B.G.) 0.20
Hugsunarfræði (E.B.) 0.15
Höfrungahlaup 0.15
Jón Ólafssonar Ljóðmæli í skrautbandi ... ... 0.60(3)
Kristinfræði .... 0.45(2)
Kvæði Hannesar Blöndal 0.15(2)
Málsgreinafræði 0.15
Mannkynssaga (P.M.), í b. 0.85(5)
Mestur í heimi, í b. 0.15
Olnbogabarnið 0.15
Prestkosningin. Leikrit, eftir þ. E., í b. 0.30
Ljóðabók M. Markússonar 0.50
Friðþjófs sönglög 0.50
Ritreglur (V. Á.), í b. ... 0.20
Seytján æfintýri, í b. ... ... 0.35(3)
Siðfræði (H. H.), í b. 1.10
Sundreglur, í b. 0.15
Útsvarið. Leikrit, í b. ..... 0.35(2)
Verði ljós 0.15
Vestan hafs og austan. Þrjár sögur, eftir E. H., í b. 0.90
Víkingarnir á Hálogalandi eftir H. Ibsen 0.25
Þjóðsögur Ó. Davíðss., í b. 0.35(4)
Þorlákur helgi 0.15
Þrjátíu æfintýri, í b. ..... 0.35(4)
Ofurefli, skálds. (E.H.), íb. 1.50
Draugasögur, í b. .... 0.35(4)
Ölöf í Ási .... 0.45(3)
Smælingjar, 5 sögur (E.H.) í bandi 0.85
Skemtisögur eftir Sigurð J. Jóhannesson 1907 ... 0.25
Kvæði eftir sama frá 1905 0.25
Ljóðmæli eftir sama. (Með mynd höfundarins) Frá 1897 .... 0.25
Tólf sönglög eftir Jón Friðfinnsson 0.50
Nýustu svenskar Musik Bækur, útg. í Stockholm:
Svenska Skol-Qvartetten ...0.60(5)
26te och 27de Tusendet Sv. Skol-Qvartetten ... ... 0.60(5)
Dan Kören ... ... 1.00(5)
Normal-Sangbok .... 0.50(5)
Safn til sögu Íslands og ísl. bókmenta í b., III. bindi og það sem út er komið af því fjórða. (53c) $9.45
Íslendingasaga eftir B. Melsted I. bindi í bandi, og það sem út er komið af 2. b. (25c) 2.85
Lýsing Íslands eftir þ. Thoroddsen í bandi (16c) 1.90
Fernir fornislenzkir rímnaflokkar, er Finnur Jónsson gaf út, í bandi .... (5c) 0.85
Alþingisstaðir hinn forni eftir Sig. Guðm.son, í b. (4c) 0.90
Um kristnitökuna árið 1000, eftir B. M. Ólsen (6c) 0.90
Sýslumannaæfir eftir Boga Benediktsson, I. og II. b. innbundið .... (55c) 8.10
Íslenzk fornbréfasafn, 7 bindi innb., 3 h. af 8. b. ($1.70) 27.80
Biskupasögur, II. b.innb.(42c) 5.15
Landfræðissaga Íslands eftir þ. Th., 4 bindi innb.' (55c). 7.75
Rithöfundatal á Íslandi 1400—1882, eftir J.B., í b. (7c) 1.00
Upphaf allsherjarríkis á Íslandi eftir K.Maurer, í b. (7c) 1.15
Auðfræði, e. A. Ól., í b. (6c) 1.10
Presta og prófastatal á Íslandi 1869, í bandi .... (9c) 1.25
B. Thorarinsson Ljóðmæli, með mynd, í bandi 1.50
Bókmentasaga Íslendinga eftir Finn Jónsson, í b. (12c) 1.80
Norðurlandasaga eftir P. Melsted, í bandi .... (8c) 1.50
Nýþýdda biblían ..... (35c) $2.65
Sama, í ódýru bandi - (33c) $1.60
Nýjatestamentið, í vönduðu bandi .... (10c) 0.65
Sama, í ódýru bandi ... (8c) 0.30

Nýkomnar bækur.

Kóralbók p. Guðjónssonar ... 0.90
Sama bók í bandi 1.10
Svartíjallasynir .... (5) 0.60
Aldamót (Matth. Joch.) 0.20
Harpa .... (4) 0.60
Ferðaminningar, í bandi (5) 0.90
Bóndinn ...." 0.35
Minningarrit (M. Joch.) ... " 0.35
Týndi íaðirinn ... ... " 0.35
Nasreddin, í bandi 0.35
Ljóðmæli J. Þórðarsonar (3) 0.45
Ljóðmæli Gestur Pálsson " 0.75
Háldánar rímur 0.30
Ljóðmæli Jóns Árnasonar á Viðimýri .... (6) 0.90
Maximi Petrow .... (2) 0.45
Leyni-sambandið .... (2) 0.45
Kapitola, I. og II. bindi (3) 1.25
Hinn óttalegi leyndardómr (2) 0.50
Sverð og bagall ..... (2) 0.30
Wladimer Nihilisti 0.75
Ljóðmæli Matth. Jochumssonar, I.-V. bd., í skrautb. (15) 4.50
Afmælisdagar Guðm. Finnbogasonar 1.00
Bréf Tómasar Sæmundss. (4) 0.75
Sama bók í skrautbandi ...(4) 1.15
Íslenzk-ensk orðabók, G. T. Zoega .... (10) 1.80
Fornaldarsögur Norðurlanda, í 3 bindum, í vönduðu skrautbandi .... (15) 4.50
Gegnum brim og boða 0.90
Ríkisréttindi Íslands 0.50
Systurnar frá Grænadal 0.35
Æfintýri handa börnum 0.30
Vísnakver Páls lögmanns Vídalíns 1.25
Ljóðmæli Sig. Júl. Jóhannss. 1.00
Sögur frá Alhambra 0.30
Minningarrit Templara í vönduðu bandi 1.65
Sama bók, í bandi 1.50
Pétur blásturbelgur 0.10

Bækur Sögufélagsins í Rvík:
Morðbréfabæklingur 1.35
Byskupasögur, I.—6. .... 1.95
Aldarfarsbók Páls lögmanns Vídalín 0.45
Tyrkjaránið, I.—IV. 2.90
Guðræðingatal frá 1707—'07 1.10

* * *

Bækur Sögufélagsins fá áskrifendur fyrir nærfelt hálfvirði.

Umboðsmenn minir í Selkirk eru Dalman bræður.

Ég hefi fengið töluvert meira af bókum frá Íslandi en hér er auglýst að þessu sinni; reikningarnir fyrir þær ókomnir. Þess skal getið viðvíkjandi bandinu á Fornaldarsögum Norðurlanda, að það er mjög vandað, handbundið skrautband, vel frá gengið: eins er með Bréf Tómasar Sæmundssonar.

Tölurnar í svigum tákna burðargjald, er sendist með pöntunum.

N. OTTENSON,
River Park, Winnipeg, Man.

"Kvistir,"

kvæði eftir Sig. Júl. Jóhannesson, til sölu hjá öllum íslenzkum bóksölum vestanhafs. Verð: $1.00.

ROBLIN HOTEL
115 Adelaide St. Winnipeg
Bezta $1.50 á-dag hús í Vestur-Canada. Keyrsla ókeypis milli vagnstöðva og hússins á nóttu og degi. Aðhlynning hins bezta. Viðskifti Íslendinga óskast. OLAFUR G. ÓLAFSSON, íslendingur, afgreiðir yður. Heimsækjið hann.—
O. ROY, eigandi.

JIMMY'S HOTEL
BEZTU VÍN OG VINDLAR.
VÍNVEITARI T.H.FRASER,
ÍSLENDINGUR. : : : : :
James Thorpe, Eigandi

MARKET HOTEL
146 PRINCESS ST. á móti markaðnum
P. O'CONNELL, eigandi, WINNIPEG
Beztu tegundir af vínföngum og vindum, aðhlynning góð, húsið endurbætt

Woodbine Hotel
466 MAIN ST.
Stærsta Billiard Hall í Norðvesturlandinu
Tíu Pool-borð.—Alskonar vín og vindlar.
Gisting og fæði: $1.00 á dag og þar yfir
Lennon & Hebb.
Eigendur.

JOHN DUFF
PLUMBER, GAS AND STEAM FITTER
Alt verk vel vandað, og verðið rétt
664 Notre Dame Ave. Phone 3815
Winnipeg

A. S. TORBERT'S
RAKARASTOFA
Er í Jimmy's Hótel. Besta verk, ágæt verkfæri; Rakstur 15c en Hárskurður 25c. — Óskar viðskifta Íslendinga.—

HEIMSKRINGLU og TVÆR skemtilegar sögur fá nýir kaupendur fyrir að eins **$2.00**.

FRIÐRIK SVEINSSON
tekur nú að sér allar tegundir af húsmáling, betrekking, o.s.frv. Eikarmálning fljótt og vel af hendi leyst. Heimili 443 Maryland St.

Fréttabréf.

SPANISH FORK, UTAH.
25. júlí 1910.

Herra ritstjóri.

Þó nokkuð sé nú liðið síðan að héðan var skrifað síðast, og að þar af leiðandi ætti að vera til eitthvað af almennu fréttarusli, sem á borð mætti bera fyrir lesendur blaðsins, — þá er nú samt ekki því að heilsa. Hér er yfirleitt mjög viðburðalitið, utan það, sem gerist svona daginn og veginn, og sem margir álíta helzt engar fréttir.

Hér hafa verið fjarska miklir hitar og þurkar í alt sumar, svo að elztu menn muna ei aðra slíka. Kenna sumir halastjörnunni um það, en aðrir bindindinu, sem hér var sett á laggirnar um sl. nýár, og virðist hafa haft góðan árangur, að minsta kosti hér í vorum bæ. — Að eins tvisvar hafa svo litlir smáskúrar komið síðan í apríl í vor, og er það nú orðinn langur þurviðra kafli. Samt er uppskeruútlitið all-gott, bæði á korntegundum og sykurrófum. En hey var heldur rýrara en vanalega gerist, sérstakjega seinni uppskera á því, sem nú er verið að slá og hirða.

Yfirleitt líður öllum hér um slóðir bærilega; og gott er heilsufarið.

Pólitisk málefni liggja hér nú sem stendur í saltinu, við getum ekki átt við þau fyrr en fer að kólna svolitið, en þá er búist við all-liflegum bardaga, því aðalspursmálið verður sjálfsagt um algert bindindi í öllu ríkinu, sem margir berjast nú fyrir með hnúum og hnefum, en aðrir verja gamla Bakkus og vilja hreint ekki án hans vera.

Hjá löndum gerast nú engin sérstök tíðindi, utan það, sem þegar hefir verið um í þessu blaði,— fráfall Sigurðar bónda Hannessonar.

Tveir landar lögðu af stað til Íslands 16. júní, í trúboðserindagerðum fyrir kirkju Mormóna. Heita þeir Jakob B. og Halldór Jónssynir, merkisbændur frá Cleveland hér í Utah, og búast þeir við að verða 2—3 ár í ferðinni, og flytja síðan alla, sem þeir snúa til sinnar trúar til Alberta í Canada, og verður það vatn á ykkar myllu þar norður frá, en hér fækka landarnir einlægt.

Herra Thurber Magnússon lagði einnig af stað héðan frá Zion hinn 22. þ.m., og var ferðinni heitið til Winnipeg. En ég kem ekki fyrr en á sýninguna.

Með vinsemd þinn
E. H. Johnson.

Svar til G. A. á Gimli.

Ég ætla að eins að senda örfáar línur, til að reyna að lina þjáningar "persónunnar á Gimli", ef ske mætti, að sljákkaði ögn í henni ósköpin út af kvenfrelsismálinu, sem hún virðist vera svo hrædd við. Auðvitað þjáist hún af fleiru, því auðséð er, að þessi greinarómynd,sem hún setur í Heimskringlu 4. ágúst er aðallega skrifuð til þess, að geta slett frá sér glósum og óþverra, sem þó að eins tollir og loðir við greinarhöf., en gerir engum öðrum mein.

Skyldi ekki verða lítið úr greinarhöf., ef konurnar í Ft. Rouge, Winnipeg, fengi að heyra og skilja vitnisburðinn, sem hún gefur þeim, — já, og segir, að það séu skoðaðar "leiðandi konur"? Ekki gerir hún heldur undantekningar. þær eru allar í sömu svívirðingunni. Svo rambar hún með þær upp í fylkisstjórastöðuna, og spyr hvernig þær geti verið fylkisstjórar. En sú hugsun og djúphygni, drottinn minn! Ég tel alveg víst, að allar þessar konur, sem greinarhöf. hneykslast á, og sem henni þykja svo ómentaðar, geti samt frætt hana á því, að það er fólkið, sem kýs menn (og mun kjósa konur) í stjórnarembættin, og reynir þá að velja eins vel og það hefir vit á. Það verður enginn fylkisstjóri, nema sá, sem af fjöldanum er álitinn svo hæfileikum búinn, að geta staðið vel í stöðu sinni. Svo greinarhöf. þarf ekki að vera hrædd eða kvíðandi fyrir því, að hún sjálf eða konur eins og hún lýsir í Ft. Rouge (ef nokkrar eru til) lendi í stjórnarembættum. Því það þarf annað til að vera álitinn hæfileikamaður eða kona en framhleypni, glósur og baknag.

Greinarhöf. spyr, hvað hún eigi að gera við þetta ótakmarkaða frelsi, þegar búið sé að leggja það upp í hendurnar á henni. "Heimska þrjóta að þreyta við, það er ljóta gamanið". — það er enginn neydd ur til að brúka atkvæðisrétt sinn. Og víst eru enn nokkrir menn, sem aldrei brúka atkvæðisrétt sinn. En væri þá sanngjarnt, að taka atkvæðisréttinn frá öllum hinum, sem eiga hann og nota, bara af þeirri ástæðu, að það eru fáeinir aulabárðar, sem ekki kunna að meta réttinn?

Eins finst mér vera með réttarkröfur kvenna. Er rétt að neita öllum konum um atkvæðisrétt, þó nokkrar konur kynnu að finnast á svipuðu stigi og þessi "G. A." á Gimli?

Svo segir greinarhöf.: "Þið haldið því fram, að karl og kona hafi jafnt líkams og sálarþrek". Vill hún gera svo vel, að segja okkur, hver hefir haldið því fram, að karl og kona hafi jafnt líkamsþrek, og hvar hún hefir séð eða heyrt þá staðhæfingu?

Ég hefi skrifað Mrs. M. J. Benedictsson og mælst til þess, að hún eyði ekki tíma sínum til þess, að fara í orðakast við Gimli persónuna, því allir sjá, að annað eins raus og greinin hennar er, skemmir hvorki manneskjur né málefni. Það að eins atar þann, sem sendir það frá sér, og verði G.A. gott af því.

Jónína Samúelsson.

Skotmót.

Síðastliðna viku var hér í Winnipeg hið mesta skotmót, sem nokkurntíma hefir háð verið í Vestur-Canada. Allir hinir mestu skotkappar landsins milli Fort William (Ont.) og Kyrrahafsins, voru hér saman komnir. Ekki vitum vér um tölu á þeim fyrir víst, en hundruðum skiftu þeir. Hér var hinn frægi Blackburn, sem talinn er beztur marksmaður í öllu brezka veldinu, og fjöldi annara heimsfrægra snillinga. Enda segja hérlend blöð, að aldrei hafi hér jafn mikið mannval verið samankomið, og aldrei skotið af jafn mikilli snild, því einlægt fer mönnum fram í þeirri list sem öðrum.

Kappleikur þessi eða turniment fór fram undir umsjón M.R.A. (þ.e. Manitoba Rifle Association), sem veitti verðlaun þeim, sem fram úr skörðuðu, bæði í peningum og munum og hefir félagið saman peninga á þann hátt, að hver sá, er keppir, verður að borga 15 dollara, ef utanfélags, en 13 dollara, ef félagsmaður, eftir því, sem oss er sagt af skilvísum mönnum. Félagið getur því vel staðið sig við að borga ríflega þeim, sem þess eru verðir, því hér eru margir kallaðir en fáir útvaldir.

Vegalengdin, sem skotið var á, var frá 200—1000 yards (100—500 faðmar), og virðist óvönum það ógurleg vegalengd og jafnvel ómögulegt, að hæfa mark á jafnlöngum vegi. En æfingin, hún gerir manninn að nokkurskonar vél, sem vinnur sitt verk vel og dyggilega.

Að eins einn Íslendingur mun hafa tekið þátt í orrahríð þessari, Jóhann Victor Austmann, liðsforingi hér í bænum, drengur á 18. ári, sem oft hefir verið minst á hér í blaðinu áður. En þó ungur væri, farnaðist honum prýðisvel. Vér sjáum, að þá vinningar eru taldir (The Grand Aggregate) standa þeir fremstu á þessa leið:

E. Adams, Estewan 410 vinninga.

Laut. Blackburn, Winnipeg, 406 vinninga.

N. T. Windsor, La Riviere, 399 vinninga.

Corp. Austmann, Winnipeg, 398 vinninga.

Þrir aðrir hafa sömu tölu, nefnilega 398.

Á þessu sjáum vér, að það eru að eins 3 menn, sem hafa fengið hærri tölu en drengsnáðinn okkar.

Verðlaun þau, er Austmann fékk voru: 50 dollarar í peningum, silfurbikar og verðlaunaskjöldur úr "bronze". Jóhann hefir nú þegar fengið í verlaun fyrir íþróttir 5 medalíur og 5 silfurbikara, þar af 2 í félagi með öðrum fyrir skautahlaup (Hockey), ásamt fjölda annara muna, svo sem gullnisti (Locket), sjónauka (Opera Glasses), með meiru. — Þegar tekið er tillit til þess, hve ungur hann er, mun þetta vera dæmafátt.

J. V. Austmann er ásjálegur og vel vaxinn, 5 fet 11 þuml. á hæð, og 160 pund á þyngd.

Á morgun (fimtudag) verður hann sendur til Ottawa, ásamt 29 öðrum þeim beztu héðan úr fylkinu, sem eiga að halda uppi heiðri Manitoba á skotmóti því, er haldið verður í höfuðstað landsins nú bráðlega.

Vér óskum þessum unga og efnilega manni til lukku og blessunar, og vonum að hann verði Manitoba og þjóðflokki vorum til sóma nú eins og að undanförnu, og verður vafalaust í framtíðinni, ef honum endist aldur til.

The Northern Wine Co.
LIMITED.
Selur sérhverja góða tegund af Whisky, vínum og bjór o.fl. o.fl. Við gefum sérstaklega gaum familfu pöntunum og afgreiðum þær bæði flótt og vel til hvaða hluta borgarinnar sem er—Gefið okkur tækifæri að sýna ykkur að svo sé.
Við óskum jafnframt eftir sveita pöntunum. Afgreiðsla hin bezta
Talsímar 1673 6744 MAIN — 215 Market St.

Manitoba Elevator Commission
D. W. McCUAIG, Commissioner — W. C. GRAHAM, Commissioner — F. B. MACLENNAN, Commissioner
Aðal skrifstofa: 227 Garry St., WINNIPEG
P. O. Box 2971
Commissioners tilkynna hérmeð Manitoba bændum að þeir hafa fengið fra ofiðar skrifstofu til starfsnota og að öll b éf skylda sendast Commissioners á ofan nefnda áritun. Baðmiform og allar upplýsingar sem bændur þarfnast til þess fá kornhlöður í nágrenni sín., verða sendar hve jum sem óskar.
Commissioners óska eftir samvinnu Manitoba bænda í því að koma á fót þjóðeignar kornhlöðum í fylkinu.

Ókeypis Píanó fyrir yður



Þetta er vort "Louis Style" Piano, fegursta hljóðfæri í Canada. Sent yður til reynslu í 30 daga ókeypis.—

LESIÐ ÞETTA:
STEFNA þessa félags hefir verið, að "fullnægja, eða peningum yðar skilað aftur". Og nú gerum vér það bezta tilboð sem nokkrir Píanó-salar hafa nokkru sinni gert í þessu landi. Það veitir yður fría reynslu hljóðfærisins og kauprétt á því með HEILDSÖLU verði og vægum afborgunum ef þess óskast. Vér biðjum ekki um 1 cent af yðar peningum fyrr en þér eruð alveg ánægðir. —

Tilboð vort
Fillið út og sendið meðfylgjandi "COUPON" og vér sendum yður strax sýnismyndir af vorum ýmsu hljóðfærum með verði hvers þeirra. Þér veljið Píanó, og vér sendum yður það tafarlaust og borgum flutningsgjald; þér reynið það í 30 daga ókeypis. Eftir það getið þér sent það oss á vorn kostnað, eða keypt það af oss með heildsölu verði. Er þetta ekki gott boð?

W. DOHERTY PIANO & ORGAN CO., LTD.,
WESTERN BRANCH, WINNIPEG, MAN. — FACTORIES, CLINTON, ONT.

— COUPON —
W. DOHERTY PIANO & ORGAN CO., LTD.,
286 HARGRAVE STREET, WINNIPEG, MANITOBA.
Kæru herrar! Sendið mér strax sýnismyndir af Piano tegundum yðar, meðverðlista og upplýsingum um ókeypis reynslu-tilboð yðar, er sýnir hvernig ég get reynt Píanó-ið um 30 daga, mér kostnaðarlaust.
NAFN _____
ÁRITAN _____

LEIÐBEININGAR--SKRA
YFIR AREIÐANLEGA VERZLUNARMENN Í WINNIPEG

MUSIC OG HLJÓÐFÆRI
CROSS, GOULDING & SKINNER, LTD.
Pianos; Player Pianos; Organs; "VICTOR" og "EDISON" Phonographs; T. H. Hargrave, Íslenzkur umboðsmaður.
323 Portage Ave. Talsími 4413

BYGGINGA- og ELDIVIÐUR.
J. D. McARTHUR CO., LTD.
Bygginga- og Eldiviður í heildsölu og smásölu. Sólust: Princess og Higgins Tals. 5060, 5061, 5062

MYNDASMIÐIR.
G. H. LLEWELLIN,
"Medallions" og Myndarammar
Starfstofa Horni Park St. og Logan Avenue

SKÓTAU Í HEILDSÖLU.
AMES HOLDEN, LIMITED
Princess & McDermott. Winnipeg.
THOS. RYAN & CO.
Allskonar Skótau. 44 Princess St.
THE Wm. A. MARSH CO. WESTERN LTD.
Framleiðendur af Finu Skótaui. Talsími: 3710
88 Princess St. "High Merit" Marsh Skór

BYGGINGA - EFNI.
JOHN GUNN & SONS
Talsími 1277 266 Jarvis Ave.
Höfum bezta Stein, Kalk, Cement, Sand o. fl.
THOMAS BLACK
Selur Járnvöru og Bygginga-efni allskonar
76—82 Lombard St. Talsími 600
THE WINNIPEG SUPPLY CO., LTD.
298 Rietta St. Talsímar: 1936 & 2187
Kalk, Steinn, Cement, Sand og Möl
MATHESON AND GAY
Húsasmiðir, smikkarar og viðgerðarmenn
221 Higgins Ave. Winnipeg

BYGGINGAMEISTARAR.
PAUL M. CLEMENS
Bygginga-Meistari, 443 Maryland St.
Skrifst.: Argyle Bldg., Garry st. Talsími 5997

CLYDEBANK SAUMAVELA AÐGERÐARMAÐUR. Brúkaðar vélar seldar frá $5.00 og yfir
645 Notre Dame Phone, Main 8624

ACCOUNTANTS & AUDITORS
A. A. JACKSON,
Accountant and Auditor
Skrifst.—28 Merchants Bank. Tals.: 5702

PIPE & BOILER COVERING
GREAT WEST PIPE COVERING CO.
132 Lombard Street.

VÍRGIRÐINGAR.
THE GREAT WEST WIRE FENCE CO., LTD
Alskonar virgirðingar fyrir bændur og borgara.
76 Lombard St. Winnipeg.

ÁLNAVARA Í HEILDSÖLU
R. J. WHITLA & CO., LIMITED
264 McDermott Ave Winnipeg
"King of the Road" OVERALLS.

BILLIARD & POOL TABLES.
W. A. CARSON
P. O. Box 225 Room 4 1 Molson Banka.
Öll nauðsynleg áhöld. Ég gjöri við Pool-borð

NÁLAR.
JOHN RANTON
203 Hammond Block Talsími 4670
Sendið strax eftir Verðlista og Sýnishornum.

GASOLINE Vélar og Brunnborar
ONTARIO WIND ENGINE and PUMP CO. LTD
301 Chamber St. Sími: 2968
Vindmillur — Pumpur — Ágætar Vélar.

BLÓM OG SÖNGFUGLAR
JAMES BIRCH
442 Notre Dame Ave. Talsími 2638
BLÓM - allskonar. Söng fuglar o. fl.

BANKARAR, GUFUSKIPA AGENTR
ALLOWAY & CHAMPION
North End Branch: 667 Main street
Vér seljum Ávísanir borganlegar á Íslandi

LÆKNA OG SPÍTALAAHÖLD
CHANDLER & FISHER, LIMITED
Lækna og Dýralækna áhöld, og hospítala áhöld
185 Lombard St., Winnipeg, Man.

ALDREI SKALTU geyma til morguns sem hægt er að gera í dag. Pantið Heimskringlu í dag.

Skylduropar
DOCTORSINS.

Mikil óhægð hlýtuð að vera fyrir brjóstinu á Leslie Doctornum, eins oft og maðurinn ropar. Roparnir eru orðnir hans reglulegt skylduverk. Þann 17. marz sl. kom út í Hkr. fyrsti ropapistillinn, segist Doc. þá ómögulega geta varist þeim lengur. Ávítar þá vestur-isl. blöðin fyrir meðhald með stjórn Íslands, og fyrir hve lítið þau birti úr mótstjórnarblöðunum; hvernig æfisögur núverandi ráðherra og hins fyrverandi hljóti að verða skráðar af íslenzku þjóðinni, — segist nú ætla að ræða hina íslenzku pólitik, en ætli að sigla langt frá skerjum "hlutdrægni, þröngsýnis og flokksfylgis".

Það er nú öllum vitanlegt, hversu vel Doc. hefir farist að efna þetta loforð, sem lesið hafa pistla hans. Það leyndi sér ekki strax í þessum fyrsta 17. marz pistli, að maðurinn er þjáður af Heimastjórnarflokks-fylgi, bæði á því, er hann gat ekki unt B. Jónssyni ráðherra sannmæli. Það er öllum ljóst, að h a n n (B.J.) hafir varið lífskröftum sinum í þarfir þjóðarinnar, og barist ótraudur af gáfum og kjarki fyrir öllum hennar velferðarmálum. Og líka af því, er honum (Doc.) farast orð á þá leið, að hann fái þeim blöðum aldrei fullþakkað, er prenti svívirðilegar grinmyndir af núverandi stjórn Íslands.

Síðari partinn af marzmánuði hafði Doc. þjáðst svo af þessum pólitiska Hafsteinska vindi, að fáeinir (5?) landar hans aumkvuðust yfir hann og fóru að heimsækja Doc. og spjalla við hann um hvað heppilegast mundi til bragðs að taka. En Doc. hélt að sér myndi lina sárustu þrautirnar, ef þeir vildu svo vel gera, að samþykkja með sér vantraustsyfirlýsingu á ráðherra Íslands og heimta aukaþing þar. Að síðustu létu landarnir tilleiðast, þótt þeir byggust við (sem raun varð á), að það yrði að eins til þess, að vekja hlátur um þvera og endilanga Ameriku, þar sem nokkur Íslendingur lifði. Eftir þennan fáránlega vindgang virtist Doc. hægja allmikið, með því um þær mundir var hann að fá góðar og vel úr garði gerðar inntökur frá herra A. J. Johnson í Chicago. En nú má sjá á Heimskringlu, að vindurinn elnar aftur óðum fyrir brjósti Doc, og að hann er aftur byrjaður að ropa.

Í 21. april-pistlinum þykist Doc. leggja fram syndaregistur íslenzku stjórnarinnar, og séu syndirnar níu talsins. Sú fyrsta hljóðar þannig:

"Hann (þ.e. ráðh. Íslands) hefir rænt rétti þingsins og brotið lög landsins, með því að vilja mönnum úr embætti til fullnustu, sem þingið eitt hafði vald til að gera", — Hvar stóðu orðin "til fullnustu" í frávikningarskjali ráðherra til bankastjórnarinnar? — Hvergi. En á þessari setningu er mest alt vindropasmíði Doc. bygt. Bygt á rangfærslum og ósannindum. Ráðherra vék bankastjórnini frá um stundarsakir, eða frá 22. nóv. sl., þar til næsta alþing kæmi saman. Þá ræður alþingi því, hvort því sýnist rétt, að setja herrana í bankastjórnina aftur eða ekki, — til að fullkomna ráðsmenskuna á því fé, sem eftir var í bankanum.

Nr. 2: "Hann hefir rænt rétti þingsins með því að skipa mennn í embætti sín og fótumtroðið lög landsbætti, sem þingið eitt hafði vald til að gera". — Eins og ráðherra hafði fullan lagalegan rétt til að víkja bankastjórninni frá, er upp-víst var um óreglu hennar og kæruleysi, eins hafði hann rétt til að skipa aðra menn í embættin til næsta alþingis. Eða átti hann kannske að loka bankanum fyrir 14—15 mánuði?

Nr. 3.: "Hann lét hefja rannsókn á Landsbankanum þannig, að ætla mætti að stjórn hans væri skipuð stórglæpamönnum". — Það er ekki vindlaust að tarna. Þó að þessi vaðall sé naumast að neinu leyti svara verður, þá vil ég samt í svars stað spyrja Doc., hvort hann áliti þá menn algerlega sýkna saka, sem sóa eða bruðla út uppá einhvern máta (þó það verði eigi kannske sannað, að þeir hafi beinlínis stolið) 400,000 kr. af fé blá-fátækrar þjóðar, sem þeim hefir verið trúað fyrir, og eru hátt launaðir fyrir? Hvernig heldur Doc. að slík bankastjórn, sem gamla bankastjórnin á Íslandi, kæmi sér hér í Canada? Hver myndi verða launin þeirra hér? Þeir fengju fangelsi fyrir lengri eða skemri tíma. Og myndu þeir þó kunna sig betur en svo, að rjúka upp með hrokaskömmum og mála ferlum á embættismenn landsins, og heimta að vera settir inn í embættin aftur, — ef þeir vissu sig jafn-seka og bankastjórnin íslenzka var.

Nr. 4: "Hann lét rannsókn og ákærur koma fram, án þess að sakborningum væri gefinn kostur á, að svara fyrir sig". — Nei, langt frá, þeir fengu ekki að svara fyrir sig(!) og gerðu það heldur ekki(!!). En auðvitað urðu sér til stórrar minkunar (og verða það að líkindum betur) og urðu að borga háar sektir.

Nr. 5: "Hann fellir sjálfur dóm í málinu, og gerir það án þess sakborningum væri gefinn kostur á, að svara fyrir sig". Þetta er bara rakalaus lýgi, lapin upp úr blaðinu Reykjavík, forðabúri lýginnar, — að því leyti, sem þessi málsgrein er ekki sama ruglið og sú næsta á undan.

No. 6: Greinin er um það, að ráðherra hafi brotið helgar réttarkröfur — líklega á bankastjórninni —. Eða meinar Doc. það, að bankastjórnin hafi haft helgar réttlætiskröfur til að fá að sitja í embættunum við bankann til að eyðileggja hann að öllu leyti? — Ég álít, að ráðherra hafi haft helgari réttlætiskröfu til að fría bankann frá eyðileggingu.

Nr. 7 er um það, að ráðherra hafi símað út um landið og til útlanda um ástandið, sem hafi verið óhróður um bankastjórnina, áður en málið væri fullsannað. Já, rétt er það. Það var þó sannanarlegt og sannað að nokkru.

Nr. 8. Sama efnis og sú 7.

Nr. 9: "Hann skevtir ekki lögregludómi, sem upp er kveðinn af bæjarfógetanum í Reykjavík; hann setur þannig sjálfan sig yfir lög og rétt og stofnar öllu réttlæti í landinu í voða". — Það, að áfrýja dómi til æðra dóms, segir Doc. að sé að stofna öllu réttlæti í landinu í voða, — vel að merkja, ef það gerir núverandi ráðherra Íslands. En ef það væri H.H. eða einhver af hans gæðingum, yrði alt öðru máli að gegna.

Hvað skyldi Doctorinn búast við að afreka með slíku ritsmíði? Álítur hann sig að vera að vinna guði og mönnum þægt verk með því? Nei, svo blindan af Hafsteinsku flokksfylgi get ég ekki hugsað hann. Hann hlýtur að vita með sjálfum sér, að Vestur-Íslendingum almennt eru slíkir pistlar hið mesta leiðinda efni. Því flestir eða allir eru þeir svo gerðir, að þeir vilja vel föðurlandi sínu og þjóð sinni þar heima. En þessir pistlar Doc. eru ritaðir í gagnstæðum anda og gagnstæðum tilgangi. Hann se ist lesa blöð begeja flokkanna þar heima. Það má vel vera, að það sé satt, en þess kennir lítið í pistlunum. Þeir benda til þess, að maðurinn lesi ekki annað en blöð Heimastjórnarflokksins. En sá flokkur er í sumum greinum jafnvel spiltari en Anarkistaflokkar í öðrum löndum. Í rithætti á blöðum sínum skeyta þeir hvorki skömm né heiðri. Þeir eru svo blindaðir af öfund, valdagræðgi, heift og hatri, að þeir naumast sjá fyrir sér veginn. Blöð þeirra full af lygum, rógi, heiftþrungnum skömmum og ærumeiðandi getsökum um menn og málefni, að slíks munu tæpast dæmi í viðri veröld. Og ekki nóg með það, að þeir gefa blöð sín út full af þessu góðgæti, — þeir senda lygar og rógs-greinar til útlanda, og láta prenta þær í blöðum, t. d. Danmerkur, Noregs og Þýzkalands. Oa ef þeir ekki koma vilja sínum fram, hóta þeir manndrápi. Þeir vilja ná völdunum aftur, svo þeir geti haft úr nógu að moða og leikið sér að sóa og svalla út fé þjóðarinnar, — geti ónýtt vínbannslögin og innlimað landið í hið danska ríki, og þannig eyðilagt Íslendinga sem sérstakan þjóðflokk. Þeir semja sérstök níðrit um stjórnina og senda þau á allar áttir út um landið, full af rógi og lýgi. Þeir ráða menn til að flakka landshornanna á milli til að prédika sama efni. Og þeir hafa allar klær úti til að vinna bug á þeim mönnum, sem berjast fyrir frelsi og rétti og farsæld þjóðarinnar í öllu mögulegu af fremsta megni. Þetta, svo dásamlegt sem það er, veit Doc. að er alt óhrekjanlegur sannleikur. Og hefir herra A. J. Johnson bent honum á margt af því, en sumt hefir komið í dagsljósið síðan.

Tæpast myndi það viðgangast í nokkru öðru landi en Íslandi, ef Kristjáni Jónssyni verður framvegis trúað fyrir dómaraembættinu, eftir alla frammistöðuna í bankamálinu. Að minsta kosti hlýtur þjóðin að hafa eigi all-lítinn vansa af því í augum annara þjóða, nema Heimastjórnarflokkurinn komist von bráðar til valda, því þá má einu gilda um alt velsæmi þar. Þá verður hver silkihúfan upp af annari í öllum greinum!

Þetta er flokkurinn, sem Leslie-Doc. er að skrifa fyrir og vill fylgja að málum. Þó rithátturhans sé, enn sem komið er, ekki nærri eins dónalegur, þá er andinn þó sá sami.

Það sjá allir heilvita menn, hvet yrðu afdrif íslenzku þjóðarinnar, ef jafnspiltur flokkur, sem Heimastjórnarflokkurinn er orðinn, næði aftur völdum. Hrokinn, sjálfbyrgingshátturian, fjáreyðsla og kúgun hefðu engin takmörk. Sá flokkur hefir einu sinni verið ráðandi, og allir vita, hve ánægjuleg stjórn hans var, og hver ósköp hans afrek voru fyrir land og lýð. Og það, er hann var nýr og ferskur, og að minsta kosti sumir innan flokksins þá, sem virtust vilja vel landi og þjóð.

Vonandi er, að alþýðuna hendi eigi það slys, að veikja svo fylgi við núverandi stjórn, að Hafsteinsflokkurinn fái nokkurt tækifæri til að komast að völdum aftur. Og sannarlega ættu Vestur-Íslendingar að sjá svo sóma sinn, að seilast eigi austur yfir Atlantshaf til að berjast með Hafsteins-flokknum, og það með ekki heiðarlegri vopnum en þetta bankamáls-ofstæki er frá þeirri hlið.

Jón Kristjánsson.

Barons, Alta., 10. júlí 1910.

Kennara vantar.

að Háland skóla nr. 1227, í þrjá almanaksmánuði, byrjar 1. september 1910. Umsækjendur tilgreini kaupgjald og mentunarstig. Tilboð sendist til undirritaðs fyrir 15. ágúst 1910.

Hove P.O., 18. júlí 1910.
S. EYJÓLFSSON.

Giftingaleyfisbréf
SELUR
Kr. Ásg. Benediktsson
486 Simcoe st. Winnipeg.

The Farmer's Trading Co.
(BLACK & BOLE)
HAFA EINUNGIS BESTU VÖRUTEGUNDIR.

Einu umboðsmenn fyrir:—
"SLATER" Skóna góðu.
"FIT-RITE" Fatnaðinn.
"H. B. K." prjónafélagið.
"HELENA" pils og 'waist' kvenfatnaði.
Bestu matvörutegundir.
" DEERING " akuryrkju verkfæri o, s. frv.

Beztu vörur Lágt verð

Fljót og nákvæm afgreiðsla.

Farmer's Trading Co.,
THE QUALITY STORE
Wynyard, Sask.

The Evans Gold Cure
229 Balmoral St. Sími Main 797

Varanleg lækning við drykkjuskap á 28 dögum án nokkurrar tafar frá vinnu eftir fyrstu vikuna. Algerlega privat. 16 ár í Winnipeg. Upplýsingar í lokuðum umslögum.

Dr. D. R. WILLIAMS, Exam. Phys
J. L. WILLIAMS, Manager

THE **DOMINION BANK**
HORNI NOTRE DAME AVENUE OG SHERBROOKE STREET

Höfuðstóll uppborgaður: $4,000,000.00
Varasjóður - - - $5,400,000.00

Vér óskum eftir viðskiftum verzlunar manna og ábyrgumst að gefa þeim fullnægju. Sparisjóðsdeild vor er sú stærsta sem nokkur banki hefir í borginni.

Íbúendur þessa hluta borgarinnar óska að skifta við stofnun sem þeir vita að er algerlega trygg. Nafn vort er full trygging óhlutdræka. Byrjið spari inulegg fyrir sjálfa yðar, komu yðar og barn.

H. A. BRIGHT, RÁÐSMAÐUR.

Með því að biðja sérstaklega um "T.L. CIGAR," þá eru viss að fá ágætan vindil.

T.L.

T.L. CIGAR
(UNION MADE)
Western Cigar Factory
Thomas Lee, eigandi Winnipeg

Vitur maður er varkár með að drekka eingöngu HREINT ÖL. Þér getið jafna reitt yður á

DREWRY'S REDWOOD LAGER.

Það er léttur, freyðandi bjór, gerður eingöngu úr Malt og Hops. Biðjið ætíð um hann.

E. L. DREWRY, Manufacturer, Winnipeg

STRAX Í DAG er BEZT AÐ GERAST KAUPANDI AÐ HEIMSKRINGLU. — ÞAÐ ER EKKI SEINNA VÆNNA.

Manitoba á undan.

Manitoba hefir víðáttumikla vatnsfleti til uppgufunar og úrfellis. Þetta, hið nauðsynlegasta frjógunarskilyrði, er því trygt.

Enníþá eru 25 milión ekrur óbygðar.

Íbúatal fylkisins árið 1901 var 225,211, en er nú orðið um 500,000, sem má teljast ánægjuleg aukning. Árið 1901 var hveiti og hafra og bygg framleiðslan 90,367,085 bushela; á 5 árum hefir hún aukist upp í 129,475,943 bushel.

Winnipeg borg hafði árið 1901 42,240 íbúa, en hefir nú um 150,000; hefir nálega fjórfaldast á 8 árum. Skattskildar eignir Winnipegborgar árið 1901 voru $26,405,770, en árið 1908 voru þær orðnar $116,106,390. Höfðu meir en þrefaldast á 7 árum.

Flutningstæki eru óviðjafnanleg,— í einu orði sagt, eru í fremsta flokki nútíðartækja: Fjórar þverlandsbrautir liggja um fylkið, fullgerðar og í smíðum, og með miðstöðvar í Winnipeg. Í fylkinu eru nú nálega 4 þúsund milur af fullgerðum járnbrautum.

Manitoba hefir tekið meiri landbúnaðarlegum og efnalegum framförum en nokkurt annað land í heimi, og er þess vegna ákjósanlegasti aðsetursstaður fyrir alla, af því þetta fylki býður beztan arð af vinnu og fjárleggi.

Skrifið eftir upplýsingum til: —

JOS. HARTNEY, 77 York Street, Toronto, Ont.
JOS. BURKE, 178 Logan Avenue, Winnipeg, Man.
A. A. C. LaRIVIERE, 22 Alliance Bldg., Montreal, Quebec.
J. F. TENNANT, Gretna, Manitoba.

J. J GOLDEN,
Deputy Minister af Agriculture and Immigration, Winnipeg.

"Einmitt".

"Hvað átti hann saman við Sterner að sælda?"

"Hann var kennari Sterners, þegar hann var barn, og átti heima í Ódinsvíkurkofanum hjá móður sinni".

"Það er hann", tautaði barúninn, "það er án efa hann".

"Hvað ertu að segja, babbi?"

"Ekkert. ..... En hvernig lítur hann út, þessi Sterner?"

"Hann er ákaflega líkur tilvonandi mági mínum, Stjernekrans greifa, enda þótt andlit hans sé ekki eins horað. Mig undrar alls ekki, þó Sterner reyndist að vera hálfbróðir greifans, enda veit enginn neitt um faðerni hans, en minningu móður sinnar geymir hann sem helgidóm".

"Þetta nægir, Georg. Nú máttu fara, ég vil ekki tefja þig lengur. Góða nótt".

Georg hneigði sig og fór.

Barúninn var aftur einsamall.

"Móritz Sterner", sagði hann við sjálfan sig, "já nú man ég það, hann hét það, drengurinn, sem bjargaði Ísabellu, þegar hún datt í ána og misti bannsett hálsskrautið, sem leikritið er nefnt eftir. Móritz Sterner. Það er sami drengurinn, sem settist ofan á vagninn hjá mér fyrir mörgum árum, á móts við dysina yfir syni mínum, sem myrtur var, og sá sami, sem kom að. Liljudal til að selja tebollana nokkru síðar. ..... Nú man ég það, að hann mintist á það, að hafa bjargað Ísabellu, og að ég bauð honum peninga í staðinn, sem hann með drembilegri fyrlrlitningu afþakkaði. Hann ætlar nú að hefna ranglætis þess, sem hann álítur sér hafi verið sýnt. ..... En hvar hefir hann kynst æfisögu minni?"

"Ég hata þennan þorpara; en jafnframt verð ég

"Georg, veiztu hver hefir samið leikritið, sem sýnt var í kveld?"

"Það veit allur mannheimur, að undanteknum þér, sem fórst úr leikhúsinu áður en leikurinn var búinn".

"Hvað heitir hann?" spurði barúninn ákafur.

"Hann er einn af kunningjum mínum frá Uppsölum, ungur, draumlyndur meistari, Sterner að nafni".

"Sterner", endurtók barúninn. "Hvar hefi ég heyrt það nafn áður?"

"Það veit ég ekki, því ég man ekki eftir að hafa minst á hann við þig. En hvers vegna ertu að hugsa um þetta? Þér finst þó líklega ekki, að leikurinn snerti þig?"

"Ó", svaraði barúninn og ypti öxlum, "en hvernig þú talar. Hvað koma leikrit heimsins mér við sérstaklega? En það voru nokkrir þættir í þessum leik, sem mintu mig á atvik, sem áttu sér stað, þegar ég var ungur, en af því, það er leyndarmál, sem ekki er mín eign, má ég ekki segja þér það. — Þú sagðir, að höfundurinn hæti Sterner?"

"Já".

"Þekkir þú skírnarnafn hans?".

"Já, hann heitir Móritz".

"Móritz Sterner", tautaði barúninn við sjálfan sig, "ég er sannfærður um, að ég hefi heyrt það nafn áður, — en nær og hvar. — Ætli það geti verið — nei, það er ómögulegt, — hann var bóndastrákur".

"Hve gamall er þessi Sterner?" spurði barúninn hátt.

"Ég held hann sé tuttugu og þriggja ára".

"Á hvern hátt kynntist þú honum í Uppsölum?"

"Ég var með bréf til hans frá sóknarprestinum okkar — honum, þessum einkennilega sérvitring, þú þekkir hann".

"Bergholm prest", sagði barúninn fljótlega.

"Þegiðu!" orgaði faðir hans, og gekk til sonar sins með hnefann reiddan til höggs, "eða ég mer þig í sundur".

Georg stóð upp rólegur og sagði kuldalega:

"Þú hagar þér eins ..... eins og barúninn, sem þú sást í leiknum í kvöld. Leikurinn hefir haft áhrif á þig, og þú ætlar að endurtaka hann hér í þínum eigin herbergjum. Þú leikur alveg aðdáanlega, en ég vil ekki vera fórnarlambið þitt. ..... Vertu sæll á meðan".

Hann sneri sér við til að fara.

"Vertu kyr, Georg", kallaði barúninn, sem varð eins og heltekinn af orðum sonar sins. "Vertu kyr, ég þarf að tala við þig".

"Hamingjan góða, ég held þú ætlir að berja mig"

"Nei, nei, seztu og vertu rólegur. Það var augnabliks yfirsjón. En þú umgengst mig líka sem félaga þinn, en ekki föður, það verðurðu að viðurkenna".

"Ó, hvaða barnaskapur er þetta. Þú hefir ávalt áður verið svo frjálslyndur, og frá því augnabliki, er þú fyrir nokkrum árum fékst mér sæti meðal nánustu vina þinna — þú manst eftir kveldinu, þegar þú gaist mér hana Colestinu fögru — hefi ég vanið mig á, að skoða þig sem viðkvæman föður; og nú ert þú jafn óður og tígrisdýr. Svei, svei.; Ert þú heimsmaður?"

"Nóg er komið, Georg", sagði barúninn, sem fölnaði bæði af ilsku og sneypu. "Við skulum ekki tala meira um þetta. Það er alt annað, sem ég ætlaði að tala við þig um".

"Jæja, láttu það þá koma, ég þarf að flýta mér. Ég ætla að borða kveldverð hjá Helenu, og hefi boðið þangað nokkrum af vinum minum. Hvað viltu mér eiginlega?"

"Ég verð að yfirgefa Stokkhólm. Ég vil ekki vera hér á meðan þessi leikur er sýndur. Ég fer".

Á þessu augnabliki nam vagn staðar niðri í garðinum.

Barúninn kipti í bjöllustrenginn. Að nokkrum mínútum liðnum, þegar óþolinmæði barúnsins var komin á sitt hæsta stig, kom þjónn inn, sem fór undireins að skjálfa, þegar hann sá þrumuskýin á enni húsbónda sins.

"Því kemurðu ekki, þegar ég hringi, þrælinn þinn?" hrópaði barúninn, og gekk á móti þjóninum með kreptan hnefann.

Þjónninn stamaði út úr sér afsökun.

"Hlauptu ofan og segðu syni minum að koma hingað upp. Ég vil tala við hann", sagði barúninn.

Þjónninn hraðaði sér ofan samkvæmt skipun húsbóndans, og þóttist heppinn að sleppa.

Skömmu síðar kom Georg, leiður yfir því, að vera tafinn aftur. Hann gekk hiklaust inn í herbergi föður sins, með hattinn á höfðinu og vindil upp í sér, settist svo kæruleysislega á legubekk og sagði:

"Hvað viltu, pabbi? Segðu það strax, ég þarf að flýta mér".

Að sönnu var nú barúninn vanur við ósvífni sonar sins, og hafði um langan tíma fremur umgengist hann sem félagsbróðir, heldur en sem faðir, en á þessu augnabliki var hann ekki eftirgefanlegur, og þurfti þess utan einhvern til að láta reiði sina bitna á í þann svipinn.

"Burt með hattinn og dreptu í gindlinum, þræll", sagði barúninn ofsareiður. "Mundu það, að þú ert í minu herbergi".

"Ó, minn kæri", sagði Georg kærulaust og tók ofan hattinn, "hver skrattinn gengur að þér? Ég held að þú sert reiður".

Vér höfum FLUTT

Vort nýja heimkynni er á horni

Portage Avenue og Hargrave Strætis

McLean & Co Limited

Cor Portage Ave. & Hargrave
Phone: Main 808.

Fréttir úr bænum.

Sextiu íslenzkir vesturfarar komu hingað til bæjarins á miðvikudagskveldið var, í fylgd með útflutningsagentinum H. S. Bardal. Meginþorri fólks þessa eru konur og börn, og úr flestum sýslum Íslands aðkomin. Lét hópurinn vel yfir förinni vestur, þó lengi væri á leiðinni, voru sumir hálfan annan mánuð frá því þeir yfirgáfu heimili sín og þar til hingað kom.

Í hóp þessum voru meðal annara:

Jóhannes Stefánsson og Jón Magnússon frá Sauðárkrók.

Hulda Laxdal, Ingólfur Guðmundsson prentari og Jónas Stefánsson trésmiður frá Akureyri.

Albert verzlunarmaður Wathne frá Seyðisfirði.

Jón kaupmaður Finnbogason og fjölskylda hans frá Reyðarfirði.

Margrét Karlsdóttir, bróðurdóttir H. S. Bardal.

Einnig kom systir Bardals, Mrs. Ásdis Hinriksson, sem brá sér í skemtiför heim í átthagana í sl. febrúarmánuði. Lét hún hið bezta yfir förinni, og kvaðst hafa notið heimar ágætlega.

Annars létu vesturfararnir illa af ástandinu heima, skuldabasl, atvinnuleysi og þar af leiðandi þröng í búi víða. Grassnretta í lakara lagi, en aflabrögð all-góð víða.

Fimtudagskveldið í þessari viku, þann 11. þ.m. verður skemtiferð með bátnum Winnitoba niður eftir Rauðánni undir umsjón undirstúkanna af A.R.G.T. í Winnipeg. Báturinn fer frá St. Johns Park kl. 7 að kveldinu. Fargjald er 50c. Farmiðar fást viðsvegar hjá Goodtemplurum. Tveir aðrir bátar fara síðar, svo þeir, sem óþreinir kynnu að verða, þurfa ekki að sitja eftir. Bátarnir fara til Hyland Park, 12 milur. Skemtiferð þessi er farin í tilefni af Yfirstórstúku-þingi Canada, sem stendur nú yfir hér í bænum. Það eru vinsamleg tilmæli forstöðunefndarinnar, að sem flestir Goodtemplarar verði með og komi í tíma, — fyrir kl. 7.

Látinn.

Þann 4. þ.m. andaðist hér í borg PÁLL JOHNSON, 29 ára gamall, úr brjóstveiki. Hann eftirskilur unga dóttur og háaldraða móður. Konu sína misti hann á sl. vetri. Johnson sál. hafði um mörg ár unnið hér á pósthúsinu, og var vel kyntur hvívetna. Jarðarför hans fór fram á sunnudaginn var.

Herra Guðni Eyjólfsson Lyngdal frá Grafton, N. Dak., kom til bæjarins um síðustu helgi til þess að mæta konu sinni, sem væntanleg er frá Íslandi með næsta innflytjendahópi, í lok þessarar viku. — Sjálfur kom herra Lyngdal frá Íslandi í lok janúarmánaðar sl. og lætur vel af líðan sinni síðan hann kom vestur. Hann býst við, að setjast að í Gardar-bygð fyrst um sinn.

Þorsteinn Björnsson, cand.theol., kom hingað til borgarinnar frá Gardar, N. Dak., í fyrri viku. Messaði hann í Tjaldbúðarkirkjunni sl. sunnudag. Fer hann suður aftur eftir stundardvöl hér.

Herra Ástvin Johnson, frá Watertown, S. Dak., hefir verið hér í borginni um sl. tveggja vikna tíma Hann kom hingað í kynnisför til fornra kunningja, en fór aftur heimleiðis í þessari viku. Sjö íslenzkar fjölskyldur búa þar syðra, og líður öllum vel. Framfór er mikil í bænum og vinnulaun ágæt, $2.50 á dag fyrir algenga vinnu.

Séra Fr. J. Bergmann er mælt að hafi sagt af sér kennaraembættinu við Wesley College hér í borg, og að í hans stað muni koma séra Runólfur Marteinsson, frá Gimli.

Mrs. Guðni Gestsson frá Mountain, N. Dak., var hér í borg í sl. viku, að taka á móti fjölskyldu, sem kom í hópi íslenzkra vesturfara 3. þ.m. — Herra Ármann Stefánsson, frá Edinburg, N. Dak., var og hér í sömu erindum. Báðar fjölskyldurnar fluttu suður í sl. viku.

Dr. G. J. Gíslason,
Physician and Surgeon
18 South 3rd Str., Grand Forks, N.Dak
Athygli veitt AUGNA, EYRNA og KVERKA SJÚKDÓMUM. ASAMT INNVORTIS SJÚKDÓMUM og UPPSKURÐI —

Tvö herbergi
með stóar-aðgangi til leigu að 384 Simcoe St. $7.00 á mánuði.

Herra Þorgrímur Péturssen frá Víðir bygð var hér í borg á Íslendingadaginn, áleiðis til Westbourne í þreskingarvinnu. Hann segir grassprettu all-góða þar í bygð, en lakari, er austar dregur.

Þann 2. ágúst sl. urðu þau hjón Mr. og Mrs. Chr. Johnson hér í bæ fyrir þeirri sorg, að missa dóttur sína Edith, þriggja ára gamla, úr lungnatæringu. Hún dó á Gimli og var jarðsett þar á fimtudaginn var. Mrs. Johnson hafði dvalið með hana þar mánaðartíma til að vita, hvort loftbreytingin hefði ekki áhrif til batnaðar á heilsu hins sjúka barns.

Þann 5. aug. sl. voru þessir félagar í embætti settir af umboðsmanni stúkunnar Heklu, Kr. Stefánssyni:

F.Æ.T.—Sigurbjörn Pálsson.
Æ.T.—Jóh. Vigfússon.
V.T.—Systir J. Johnson.
R.—Sv. Björnsson.
A.R.—Sig. Vigfússon.
F.R.—B.M.Long, 630 Maryland.
Gk.—G. Magnússon.
Kap.—Systir A. Jónsdóttir.
D.—Systir A. Sigurðsson.
A.D.—S. Christie.
V.—E. Hallsson.
U.V.—H. Olson.

Við byrjun þessa ársfjórðungs eru 307 góðir og gildir meðlimir í stúkunni.

Sv. Björnsson,
555 Sargent Ave.

Embættismenn stúkunnar Skuldar fyrir nýbyrjaðan ársfjórðung:

F.Æ.T.—Swain Swainson.
Æ.T. R. Th. Newland.
V.T.—Miss K. Arthur.
R.—Jón Árnason.
F.R.—Gunnl. Jóhannsson.
Gk.—Magnús Jónsson.
D.—Margrét Hallsson.
Kap.—Sig. Oddleifsson.
A.R.—Lúðvík Kristjánsson.
A. D.—Sigurlaug Sigurðsson.
I.V.—Gísli Árnason.
Ú.V.—Sig. Sigurðsson.

Umboðsm. Guðm. Johnson setti þessa meðlimi í embætti á síðasta fundi stúkunnar Ísland:

F.Æ.T.—Mrs. H. Skaftfeld.
Æ. T.—H. Skaftfeld.
V.T.—Mrs. F. Swanson.
R.—S. Pétursson.
G.—Magnús Skaftfeld.
Kap.—Finnbogi Þorkelsson.
D.—Niels Gíslason.
V.—Hjálmar Gíslason.
A.R.—S. B. Brynjólfsson.

Innsetningu F.R. og A.D. frestað til næsta fundar.

Brunskill's
Nýtýzku KJÖTSÖLUBÚÐ
717 SARGENT AVE.
selur beztu kjöttegundir með lægsta verði, og óskar eftir viðskiftum Íslendinga. — Mr. Brunskill hefir verzlað 5 ár í vesturbænum, og er þektur sem hreinskiftinn verzlari. — Peningum skilað aftur, ef varan reynist ekki ágæt í alla staði.

DR. H. R. ROSS
C.P.R. meðala- og skurðlækuir.
Sjúkdómum kvenna og barna veitt sérstök umönnun.
WYNYARD, — SASK.

Dr. M. Hjaltason, Oak Point, Man.

J. T. STOREY S. DALMAN
Your Valet
HREINSAR. PRESSAR. GERIR VIÐ OG LITAR FATNAÐ.
Alt ágætlega gert. Komið því með fötin til okkar.
690 NOTRE DAME AVE.
TALSÍMI MAIN 2798

W. R. FOWLER A. PIERCY.

Royal Optical Co.
307 Portage Ave. Talsími 7286.
Allar nútíðar aðferðir eru notaðar við augn-skoðun hjá þeim, þar með hin nýja aðferð, Skuggs-skoðun, sem gjörð er öllum ágiskunum. —

Húðir og ógörfuð Loðskinn
Verzlun vor er vor bezta auglýsing. Sendið oss húðir yðar og loðskinn og gerist stöðugir viðskiftamenn.
Skrifið eftir verðlista.
The Lighteap Hide & Fur Co., Limited
P.O.Box 1092 172-176 King St Winnipeg 16-9-10

BONNAR, TRUEMAN & THORNBURN,
LÖGFRÆÐINGAR.
Suite 5-7 Nanton Blk. Tals. 766
Winnipeg, Man. P.O.BOX 223

MARTYN F. SMITH,
TANNLÆKNIR.
Fairbairn Blk. Cor Main & Selkirk
Sérfræðingur í Gullfyllingu og öllum aðgerðum og tilbúin aðl Tanna. Tennur dregnar án sársauka. Engin veiki á eftir eða gómbólga. —
Stofan opin kl. 7 til 9 á kveldin
Office Phone 6944. Heimilis Phone 6462.

Anderson & Garland,
LÖGFRÆÐINGAR
35 Merchants Bank Building
PHONE: MAIN 1561.

Ill fóta PLÖGG
Óneitanlega eru ill fótaplögg orsök í flestum fótaveikindum. Líkþorn, fótasár, blöðrur og aflögun á tám eiga rót sína að rekja til skókreppu.
Það er ógerningur, að eiga mokkuð á hættu með ódýrar skótegundir. Það eru vanalega dýrustu skórnir.
Vorir karla $5.00, $5.50 og $6.00 skór, og kvenna $4.00 og $5.00 skór verða aldrei orsök í fótasýki.
Ryan-Devlin Shoe Co
494 MAIN ST. PHONE 770.

Sherwin-Williams PAINT
fyrir alskonar húsmálningu.
Þríðingar-tíma nálgast nú. Dálítið af Sherwin-Williams húsmáli getur þrýtt húsið yðar utan og innan. — Brúkið ekker annað mál en þetta. — S.-W. húsmálið málar mest, endist lengur, og er áferðarfegurra en nokkurt annað hús mál sem búið er til. — Komið inn og skoðið litarspjaldið. —
Cameron & Carscadden
QUALITY HARDWARE
Wynyard, · Sask.

Atvinna.
Okkur vantar fáeina duglega umboðsmenn í hinum íslenzku bygðum í Manitoba og Norðvesturlandinu til að selja Stereoscopes og myndir. Sendið 75c fyrir umboðsmanna áhöld.
Arnason & Son.
8-4 Churchbridge, Sask.

A. S. BARDAL
Selur líkkistur og annast um útfarir. Allur útbúnaður sá besti. Enfremur selur hann alskonar minnisvarða og legsteina.
121 Nena St. Phone 306

TIL SÖLU:
160 ekrur af bezta landi, stutt frá járnbrautarstöð. — Fyrsti maður með $7.00 fær hér góð kaup. — Finnið
Skúli Hansson & Co.
47 Aikens' Bldg.
Talsími. Main 6476 P. O. Box 833

J. L. M. THOMSON, M.A., L.L.B.
LÖGFRÆÐINGUR. 285½ Portage Ave.

Þarft þú ekki að fá þér ný föt?
EF ÞAU KOMA FRÁ CLEMENT'S, — ÞÁ VERÐA ÞAU RÉTT
Réttur að efni, réttur í sniði réttur í áferð og réttur í verði.
Vér höfum miklar byrgðir af fegurstu og beztu fataefnum. —
Geo. Clements & Son
Stofnað árið 1874
264 Portage Ave. Rétt hjá Free Press

Th. JOHNSON
JEWELER
286 Main St. Talsími: 6606

Sveinbjörn Árnason
Fasteignasali.
Selur hús og lóðir, aldisábyrgðir, og lánar peninga. Skrifstofa: 12 Bank of Hamilton.
TALSÍMI 5122. HÚS-TALS. 8695

G. NARDONE
Verzlar með matvöru, aldini, sæl-kökur, alskonar sætindi, mjólk og rjóma, sönnl. tóbak og vindla. Óskar viðskifta Íslend. Heitt kaffi eða te á öllum tímum. Fón 7756
714 MARYLAND ST.

Boyd's Brauð
Alt af hin sömu ágætu brauðin. Það er ástæðan fyrir hinni miklu sölu vorri. — Fólk veit það getur reitt sig á gæði brauðanna. Þau eru alt af jafn lystug og nærandi. Biðjið matsala ykkar um þau eða fónið okkur.
Boyd's
Bakery Cor. Spence & Portage Ave
Phone Sherb. 680

Winnipeg Wardrobe Co.
Kaupa brúkaðan Karla og Kvenna fatnað, — og borga vel fyrir hann.
Phone. Main 6539 597 Notre Dame Ave

BILDFELL & PAULSON
Union Bank 5th Floor, No. 520
selja hús og lóðir og annast þar að lútandi störf; útvegar peningalán o. fl.
Tel.: 2685

Jónas Pálsson,
SÖNGFRÆÐINGUR.
Utvegar vönduð og ódýr hljóðfæri
460 Victor St. Talsími 6803.

að dást að honum. Það er laglég, ágæt, óviðjafnanleg hefnd, sem hann lætur í té".

Barúninn, sem ekki gat látið sér detta í hug, að Móritz hefði neinar gófugar ástæður, sem hann bygði leikrit sitt á, var sannfærður um, að hann hefði samið það af eintómri hefnigirni.

"En", bætti hann við, "hvernig á ég að fyrirbyggja, að nafn mitt verði ekki sett í samband við þennan leik? Þóég gerði þessum unga manni boð að finna mig og reyndi að géra hann hlyntan mér. ..... En, nei, það væri að auðmýkja mig um of — og þó langar mig til að vita, hvernig hann hefir náð í þessa sögu".

Nú truflaðist eintal barúnsins af tónunum í pianói, sem stóð í næsta herbergi.

En barúninn var ekki í því skapi, að hann hefði skemtun af hljóðfæraslætti, reif því opnar dyrnar að herbergi þessu, sem enga aðra þörtu hafði en tungslljósið, sem streymdi inn um háu gluggana.

"Ísabella", kallaði hann ilskulega, "ert þú þarna?"

Hljóðfæraslátturinn þagnaði strax.

"Já, pabbi", svaraði hún hræðslulega.

"Því siturðu þarna og leikur á hljóðfæri um miðja nótt? Þú veizt, að mér fellur það ekki".

"Ég hélt þú væri háttaður".

"Farðu að hátta, Ísabella, og lofaðu mér að hafa frið".

Hún stundi við, stóð upp og lokaði pianóinu, og gekk svo burt, án þess til hennar heyrðist.

Það var nokkru eftir miðnætti, að barúninn gekk til sængur, en sofnað gat hann ekki. Hann velti sér upp og fram á mjúku dýnunum, eins og þegar hestar velta sér um hrygg, sem svo er kallað.

* * *

Þegar Georg fór frá föður sínum, flýtti hann sér til leikhússins til að finna Helenu, sem enníþá var í búningsklefa sínum, og nýlega vöknuð af yfirliðinu.

Helenu var að batna, en hún var enníþá föl og magnlaus. Með aðstoð herbergisþernu sinnar var hún búin að fara úr leikfötunum og í sín eigin föt. Þegar Georg kom inn, stóð hún upp með erfiðismunum og rétti honum hendi sína.

"Hvernig stendur á þessu Helen?" spurði hann órólegur. "Liður þér illa?"

"Já, en það er nú að batna".

"Batna? Hefirðu verið veik?"

"Já, ég varð ögn lasin".

"Ögn lasin", sagði herbergisþernan. "Ungfrúin misti meðvitundina alveg".

"Hvað segirðu?" hrópaði Georg.

"Það hefir enga þýðingu — komdu nú", sagði Helen, um leið og hún tók hendi Georgs. "Ertu með vagninn þann hérna, Georg?"

"Já, hann bíður úti".

"Þá skulum við fara".

Hún færði sig í kápu og yfirgaf svo leikhúsið.

"Nú, Helen", sagði Georg, þegar þau sátu í vagninum. "Ég vona, að þú sért ánægð með þetta kveld?"

"Ójá".

"En hvað þú segir þetta raunalega. Hefirðu ekki verið óvanalega heppin? Þú varst nærri því hulin af blómum, og vanst þann sigur, sem ekki á sinn jafningja nema hjá Catalani eða Malibran".

"Já, ég hefi verið mjög heppin".

"En þú ert samt ekki ánægð, ekki kát — hvað gengur að þér?"

Helen svaraði ekki, en fór að gráta og fól andlit sitt við brjóst Georgs.

"Hvaða barnalæti eru þetta?" sagði Georg ó-

þolinmóður. "Ertu veik, eða hvað er það, sem veldur óró þinni?"

"Ó, Georg, — ég hefi séð hann".

"Hann? — Hvaða hann?"

"Móritz Sterner".

"Nú, og hvað meira?" sagði Georg. "Hvað kemur Móritz Sterner þér við?"

"Ó, Georg. Hann leit á mig með ásakandi augnaráði, en þó svo blíðu, að það gagntók hugarinn. Þetta tillit hefir vakið hjá mér tilfinningu, sem lá í dvala, og sú tilfinning er iðranin".

"Ó, flónið þitt", sagði Georg önugur, "hvers hefir þú að iðrast? Þú hefir fylgt tilhneigingu binni og elskað mig, það er alt. Mér þætti gaman að sjá þann mann, sem leyfði sér að ásaka þig fyrir það".

"Georg, mín eigin samvizka ásakar mig. Nú, þegar það er of seint, vaknar tilfinningin fyrir minni eigin svívirðingu. Þessi tilfinning hefir legið á dái, en vaknaði við tillit hans, — þess eðallynda, gófuga sem vildi mér vel, en sem ég svík".

"Þegiðu, Helen, ég vil ekki heyra talað um slíkt. Mundu eftir því, að þú verður að vera glöð og kát í kvöld. Fleygðu þunglyndinu burt og vertu eins og þú átt að þér að vera".

"Ó, Georg, ég elska þig. Þú veizt það, — en þú hefir gert mig ólánsama, takmarkalaust ólánsama, — ég finn það núna".

"Hvaða rugl er þetta?" sagði Georg gremjulega. "Það hefði kannske verið réttara, að ég hefði látið þig ganga um og betla í Uppsölum?"

Ó, Georg, vertu ekki svona óþýður. Fyrirgefðu mér, ef ég hefi hrygt þig, ég skal aldrei gera það oftar. Mér kemur til hugar, hvað um mig yrði, ef þú yfirgæfir mig".

"Ég skal ekki yfirgefa þig", sagði Georg, "og svo hefir þú nú ágæta stöðu. Leikhúss-stjórnin borgar

þér nokkur þúsund dali í árslaun, og ef þú vilt, getur þú heimsótt framandi lönd og öðlast þar gull og góða frægð. Að öðru leyti sver ég það, að hvernig sem fer, þá skalt þú ekki líða neyð á meðan ég lifi. Svona, vertu nú róleg, Helen, og minstu þess, að í kveld verður þú í fyrsta sinni að koma fram sem húsmóðir fyrir stóran gestahóp".

Helen varð ögn rólegri og svaraði:

"Ekki verður því breytt, sem búið er. ..... Það eru samt undarleg forlög, sem létu mig mæta fyrrverandi kennara minum á þennan hátt. Að ég skyldi byrja sem leikmær í leik, sem hann hafði samið. — Það er undarlegt".

Á þessu augnabliki nam vagninn staðar hjá heimili Helenar.

Fjöldi ungra manna hafði hópað sig saman úti fyrir húsinu, til að taka á móti Helenu og Georg. Þeir umkringdu vagninn og einn þeirra hrópaði: "Lifi hin svenska sönggyðja", sem hinir svöruðu með því, að hrópa níu sinnum húrra.

Iðranin og sorgin dróu sig í hlé hjá Helenu, en ánægjan yfir því, að vita sig vera eftirlætisgoð tignustu gleðimanna borgarinnar, yfirvann á augnabliki allar aðrar tilfinningar.

Hún studdi sig við handlegg Georgs, stökk svo léttilega niður úr vagninum og heilsaði gestunum með unaðslegu brosi.

"Sjáið nú til, herrar mínir", sagði Georg, "loksins erum við þá komin. Ég var tafinn, án þess ég ætti von á því, og þess vegna hafið þið orðið að bíða. Gerið svo vel að ganga inn".

Helen gekk á undan, og Georg ásamt gestunum á eftir henni.

Menn gengu inn í salinn, sem var skrautlega lýstur. Úrvals kveldverður stóð tilbúinn á borðinu,

Heimskringla.

XXIV. ÁR | WINNIPEG, MANITOBA, FIMTUDAGINN, 18 ÁGÚST 1910 | NR. 46

GOTT OG TRAUST REIÐHJÓL

Þarf hver sá að hafa, sem tekur þátt í kapp hjólreiðum. Ég hef nú á boðstólum hin traustustu og beztu "racing" reiðhjól, sem til eru búin í Canada

BRANTFORD og **BLUE FLYER**

Landar, sem taka ætla þátt í kapp-hjólreiðum eða á sérstökum langferðum geta fengið sérstök vildarkjör hjá mér á þessum ágæta reiðhjólum, sem eru traust og endingargóðen þó létt og lipur.

West End Bicycle Shop

Jón Thorsteinsson, eigandi

475—477 Portage Avenue.

TALSIMI: SHERB. 2308

Fregnsafn.

Markverðustu viðburðir hvaðanæfa.

— Bandaríkin og Japan hafa nýskeð gert nýja og traustari verzlunar samningja sín í millum og með þeim léttir ófriðar bliku þeirri er sveimaði milli ríkjanna. Aðal inntak samninganna er það, að Japan opnar allar sínar hafnir fyrir Bandamönnum og veitir þeim frjálsan aðgang til verzlunar. Bandaríkjin aftur að móti viðurkenna yfirráð Japana yfir Koreu og Manchuríinu og lofa að blanda sér ekkert í málefni þau sem Japönum varða, þar austur frá—Aftur komust fulltrúar ríkjanna að engri niðurstöðu hvað fólksflutningi Japana til Bandaríkjanna áhrærir og situr því þar við það sama og áður þó innflutninga lögin séu all ströng á Japönum, en skóla-réttur var þeim veittur — þó fjöldi Bandamanna vildi bola þá frá skólum sínum.

— Florance Nightingale kvenhetjan frá Krímstríðinu andaðist að heimili sínu í London, síðari hluta laugardagsins — 13. þ. m rúmlega níræð. — Hún var hinn fyrsti kvenmaður sem fylgdist með hersveitum sem hjúkrunarkona og var henni fyrir þá starfsemi veitt auknefnið — „Krímarengillinn". Hún barðist fyrir að koma á fót sjúkrahúsum fyrir hermenn og skólum fyrir hjúkrunarkonur og ritaði fjölda bóka um það efni. — Líknarstarfsemi hennar hefir bjargað þúsundum hermanna og nafn hennar mun blessað af enskum hermönnum öld eftir öld — því henni eiga þeir öllum fremur að þakka fyrir góða hjúkrun, ef særa á vígvellinum. — Miss Nightingale var fyrst allra kvenna gerð, heiðursborgari í Lundúnum og sú eina kona sem hlotið hefir the „Order of Merit" sem ér önnur virðingarmesta orðan sem Englands konungur getur veitt, enda leikur enginn vafi á, að við lát hennar á England að baki að sjá einu sínu mesta mikilmenni. —

— Nicholos Montenegrofursti hefir með leyfi stórveldanna tekið sér konungsnafn, eftir hálfraraldar ríkisstjórn sem fursti. — Montenegro er því hér eftir konungsríki.

— Kína er nú að koma sér upp herskipaflota eftir sniði Evróputjóðanna. Sjá Kínverjar nú að eini vegurinn til að halda sjálfstæði sínu og löndum, er að semja sig sem mest eftir menningar þjóðunum og krófum nútímanns. Tvö stærðar herskip eru nú í smíðum fyrir Kínverjar á Englandi.

— William J. Gaynor, borgarstjórinn í New York, sem getið var um í síðasta blaði að skotið hefði verið á og hættulega særður, er nú talinn úr allri hættu. — En maður sá er skaut á borgarstjórann er talið að muni fá 10 ára fangelsisvist fyrir tilræðið. —

— Dr. Crippen og miss Ethel Le Neve sem sökuð eru um morðið á Belle Elmo e, konu læknisins — voru tekin áleiðis til Englands á þriðjudaginn eftir 15 daga dvöl í fangelsi í Quebec. Einn af beztu málafærslumönnum Englands hefir tekið að sér að verja þau og má því búast að hart verði aðgengið að fá þau sýknuð. — Annars er alment álitið að miss Le Neve sé algjörlega saklaus af allri hluttöku í glæpnum og Crippen neitar öllu þó að honum berist böndin. —

— Paulhan, franski fluggarpurinn hlaut fim þúsund dollara verðlaunin sem stórblaðið Daily Mail hét fyrir samanlögð lengdarflug—síðastliðið flugár, sem endaði sl. laugardag. H fði hann flogið 851 mflu, en Englendingurinn Graham White sem næstur honum komst flaug 759 milur. —

— W. K. Myers — sko hallareigandi í Chicago sýndi skotfimi sína sl. föstudag er hann skaut konu sína, son sinn, tengdaföður og sj lfan sig á eftir — skaut öll fjögur í fjörum skotum. —

— Í Popin,Mo, giftu sig nýskeð ekkja ein 68 ára gömul sem Anna Miller hét og ekkjillinn Robert Steinson 70 að aldri, en eftir sólarhrings hjónaband skildu þau aftur — höfðu fengið nóg af samvistinni. — Kerlingarsauðurinn hafði att 3 eiginmenn áður og Steinson hafði sömuleiðis verið fjórkvæntur, svo hvorugt voru hjónabands nýgræðingar. —

— Í Urkraine á Austur-Rússlandi er sá siður að kvennfólkið biður karlmannanna. — Fái stúlka ást á manni fer hún heim til hans og skýrir honum frá ást sinni og sé hann viljugur fellur alt í ljúfa löð, en vilji hann ekki sinna henni sest hún að í húsi hans og reyuir á þann hátt að þröngva honum til að ganga að eiga sig — og er manninum ekki annað fært, annaðhvort að ganga að eiga hana eða að fara að heiman og vera á burtu meðan hún dvelur í húsum hans, því ræki hann hana út mundu ættmenn hennar hefna slíkrar smánar grimmilega. —

— Tveir vitskertir morðingjar sluppu úr geðveikrahælinu í Hamilton á mánudagsnóttina og er haldið þeim hafi tekist að sleppa suð ur fyrir landamærin. — Annar morðingja þessara hafði myrt konu sína; hinn sem var hermaður, myrti yfirboðara sinn, en báðir sluppu við galgann, vegna þess þeir voru taldir ekki með öllum mjalla. —

— Heimsýningin í Brussel í Belgíu, sem nú stendur yfir, varð fyrir stórtjóni af eldi á mánudaginn. Brann þar mikið af sýningarmunum og fjöldi dýra voru skotin niður af hermönnum — fjörutíu hús brunnu og tveir menn biðu bana en um þrjátíu urðu fyrir meiðslum. — Brezka, belgiska og franska deild sýningarinnar biðu mest tjón. Allur var skaðinn metinn um 75 miljónir dollars. —

— Í járnbrautarslysi við Royan á Frakklandi létu 13 lífið og 58 særðust. — Flest voru það skólastúlkur sem fyrir áfallinu urðu.

— Baronessa Vaughan sem gift var Leopold Belgiukonungi til vinstri handar og átti með honum tvo sonu, ráðgerir nú að giftast á ný, auðugum kaupmanni sem Emmanuel Durieau heitir og hefir verið ráðunautur hennar í fjarmálum — Hefir þessi ráðagerð baronessunnar vakið gremju meðal ættmenna hins látna konungs, því þó hann væri ekki við eina fjöl feldur í ástamálum, telja þeir lítt sæmandi fyrir kvenmann sem notið hefir konunglegar hylli og gifst honum, skuli nú flegja sér í faðm á kaupmanni—og börn þeirra ef nokkur yrðu,hálfsyskíni konungs sonanna.

Kona ein í Creston, Iowa hefir höfðað skilnaðarmál gegn eigin manni sínum, segir hún hann hafi gjört sig sekan í flest öllu því sem hægt sé að finna að karlmanni. Þau giftu sig fyrir rúmum tveim mánuðum, var brúðurin 68 ára en brúðguminn 78. Konan átti allmiklar eignir og segist hún hafa orðið að ala önn fyrir manni sínum allar þann tíma sem þau hafi gift verið og jafnvel greiða allan kostnað er af brúðkaupinu leiddi.

— John Redmond, hinn alkunni leiðtogi Íra í breska þinginu er væntanlegur til Canada í fyrir lestrar leiðangri seinni hluta þessa máðaðar. Meðal annar heimsækir hann Winnipeg.

— Vatnavextir miklar geysa í Japan og hafa ollið stórtjóni. Hafa þorp og borgir gjörsamlega sópast á burtu en flestir af íbúunum björguðu sér á viðar-flekum en bjargar skortur er mikill og liggur við að fólkið verði hungur morða því afur örðugt er að koma matar byrgðum þar sem jarnbrautir flestar stórskemdust í vatnagangi þessum.

— Sögunarmylla og all mikið af unnum við,eign Fort FrancisLumber Co. brann á mánudaginn og er tjónið talið um sextíu þúsund dollars.

—Spanska gufuskipið Marlos fórst á Þriðjudaginn við Afriku strendur nálægt Toriff og drukknuðu þar 39 manns þar af 32 farþegar. Þetta vildi til í níða þoku á þann hátt að annað gufuskip rakst á Marlos—og sökk hann á svipnustundu að kalla.

Yfirstórstúku-þing Kanada.

Yfirstórstúka Kanada (National Grand Lodge of Canada) hélt annað þing sitt í fundahúsi íslenzku stúknanna Heklu og Skuldar þ. 9., 10. og 11. þ. m. Þingið var sett að kvöldi þess 9. og við það tækifæri héldu ræður: W. S. Ewans borgarstjóri, sem bauð gestina velkomna fyrir hönd bæjarins; Dr. Jones Bandaríkjakonsúll, er talaði til alþjóða stórkanslara, G. F. Cotterills þingmanns frá ríkinu Washington; Cervinsky, er var mættur fyrir hönd Royal Templars; Mrs. Chisholm fyrir hönd W. C. T. U; séra McLean fyrir hönd prestafélags bæjarins og W. W. Buchanan fyrir hönd Moral og Social Reform Council.

Borgarstjóri Ewans sagði í ræðu sinni, að sér fyndist sérstök ástæða að bjóða þetta þing velkomið til bæjarins, þar sem til þess væri stofnað í alvarlegum tilgangi. Honum fórust mjög vingjarnlega orð í garð bindindismálsins, og var gerður góður rómur að ræðu hans. Ræður hinna ræðumannanna voru allar góðar og tóku fram nytsemi bindindisstarfseminnar. Sérstaklega lagði Dr. Jones áherzlu á þýðingu bindindismálsins í sambandi við samkomulag svertingja og hvítra manna í suðurfylkjum Bandaríkjanna.

Starfsfundir þingsins voru haldnir á miðvikudag og fimtudag þ. 10. og 11. Á miðvikudagskvöldið var opin fundur, og töluðu þar G. F. Cotterill, sem var mættur á þinginu fyrir hönd hástúkunnar og séra J. A. Smith yfirstórtemplar Kanada. Auk ræðuhaldanna voru ýmsar skemtanir. Sama daginn var farið með gestina um bæinn á bifreiðum og gekst framkvæmdarnefnd stórstúkunnar fyrir því. Á fimtudagskvöld höfðu undirstúkurnar í Winnipeg skemtiferð með bátnum Winnitoba niður eftir Rauðánni til Hyland Park og tóku margir Goodtemplarar, enskir, íslenzkir og sænskir þátt í henni. En daginn áður en þingið byrjaði, á mánudagskvöld hafði umdæmisstúka Winnipegbæjar gengist fyrir samsæti í Goodtemplarahúsinu.

Embættismenn fyrir næsta ár voru kosnir:

Y.S.T. J.A. Smith frá Nova Scotia
Y.S.K. O.P. Lambourne Winnip.
Y.S.V.T. Mrs. W. L. Scott Waskida, Man
Y.S.R. J.V. Jackson,Moncton N. B.
Y.S.G. G. G. Miller, Fort William, Ont.
Y.S.G.U.G. Mrs J. V. Jackson, Moncton, N. B.
Y.S.G K. C. W. Whitaker, B. C.
Y.S.D. J. Colvin, Winnipeg.
Y.V.K. Mrs. Dickey, N. S.
Y.S A.R. Mrs. J. Johannsson, Winnipeg.
Y.S.A.D. G. G. Wilson, Ninga Man.
Y.S.V. G. Arnason, Winnipeg.
Y.S.Ú.V. G. Robarts.
Y.F.S T. W. H. Lambly, Quebec.

Ákveðið var að halda næsta þing síðustu vikuna í maí 1911 í Moncton N. B.

G, F. Cotterill A. S, K. veitti þessum hástúkustigið, sem er hið hæzta stig reglunnar.

G. Johnson, frá St. Ísland
G. Árnason, frá st. Heklu.
J. Cain, frá st. Hope of Elmwod.
B. Ward, frá st. Brittannia.
C. H. Forsyth,frá st Brittannia.
Mrs E. Smith, frá st. Queens Lodge.
Mrs. C. Pope, frá st. Brittannia.

Áður en þinginu var slitið létu gestirnir í ljósi þakklæti sitt fyrir viðtökurnar bæði til stúknanna hér og til bæjarins.

Símskeyti barst frá Mrs. G. Búason, sem þá var stödd í Lundúnum á leið af framkvæmdarnefndarfundi hástúkunnar, sem haldinn var í Belgiu í júlí.

Opinn ræðufundur var haldinn í sambandi við þingið næsta sunnudag áður en það hófst í ísl. Únitarakirkjunni og var hann vel sóttur af almenningi.

Allir hinna aðkonum gesta létu í ljósi aðdun sína yfir starfi ísl. stúknanna hér í bænum. Koma þeirra getur verið ísl. bindindismönnum hér mikil hvöt til að halda áfram framvegis eins og að undanförun. Öll samvinna þeirra sem vinna fyrir sama málefnið styrkir hvert félag og hvern einstakling út af fyrir sig.

OGILVIE'S

Royal Household Flour

Til Brauð og Köku Gerðar

Gefur Ævinlega Fullnæging

EINA MYLLAN Í WINNIPEG,—LÁTIÐ HEIMAIÐNAÐ SITJA FYRIR VIÐSKIFTUM YÐAR.

Til kaupenda Heimskringlu.

Herra Stefán Péturson, sem um margra ára tíma hefir stílsett blaðið, á stílsetningavél þess, hefir nýlega sýkst af taugaveiki og því ekki fær um að starfa að blaðinu um óákveðin tíma. En með því að hann er eini maðurinn fáanlegur hér í borg sem stílsett getur með vél blaðsins,og með því að nú sem stendur, á blaðið völ eingöngu á lítt vönum prenturum. Þá geta ekki komið út meira en 4 síður á viku um nokkrar komandi vikur. Við það verða kaupendur að una og útgáfunefndin ber það traust til þeirra að þeir taki svo tillit til kringumstæðanna að þeir standi fast með blaðinu á tímum neyðarinnar. Vitandi að bót verður ráðin á þessu ástandi eins fljótt og kringum stæðurnar leyfa það.

Aðvörun.

C. Eymundsson ritar frá Athabasca Landing dags. 8.þ m. og biður Hkr. að aðvara þá Íslendinga, sem kynnu að hafa í huga að nema lönd í Peace River héraðinu um að flytja ekki þangað að svo stöddu, nema þeir hafi efni á að sjá sér borgið á eigin spýtur þar til járnbraut kemur inn í héraðið. Herra Eymundsson segir að þangað séu þegar komnir margir menn sem ekki geti náð að sér nauðsynjum sínum nema með afar miklum erviðismunum og að enn séu menn að flykkjast þangað, svo að víða megi sjá innflytjendur á norðurleið á veginum frá Edmonton. Hann segir ennfremur að það bezta úr landinu sé þegar að mestu setið og að nú séu ýmsir að flytja lengra vestur til aðdragandans að klettafjöllunum, British Columbia megin, þar sem einnig sé sléttlendi.

Svo er að skilja sem Eymundsson ráði mönnum til þess að flytja ekki inn í Peace River héraðið fyr en vissa er fyrir að járnbraut liggi þangað.

— Forseti Chile lýðveldisins Pedro Montt, varð bráðkvaddur á þriðjudagsmorguninn, í Bremen á Þýzkalandi.

Kennara vantar.

Tilboðum um að kenna við Minervu skóla nr. 1045, frá 1. október 1910 til 30. apríl 1911 (í sjö mánuði), verður veitt móttaka af undirrituðum til 1. september 1910 Umsækjendur tilgreini mentunar-

S. EINARSSON, Sec'y-Treas,
25-8 Gimli P.O., Man.

Wall Plaster

"EMPIRE" VEGGJA PLASTUR kostar ef til vill ögn meira en hinar verri tegundir, —en berið saman afleiðingarnar.

Vér búum til:

"Empire" Wood Fibre Plaster
"Empire" Cement Wall "
"Empire" Finish "
"Gold Dust" Finish "
"Gilt Edge" Plaster of Paris
og allar Gypsum vöruutegundir. —

Eigum vér að senda yður bækling vorn?

BÚIÐ TIL EINUNGIS HJÁ

MANITOBA GYPSUM CO. LTD

SKRIFSTOFUR OG MILLUR I

Winnipeg, - Man.

Hin mikla fleyti-vél

Magnet Rjómaskilvinda No. 6 fleytir 1000 pund á kl. stund

BÖRN STJÓRNA HENNI

MAGNET rjómaskilvindan aðskilur þúsund pund á kl. stund, barn geta annast um mjólk úr 50 kúm.

Bóndin með fjölda gripa hefir beðið eftir þessu. Engin þörf á gasolin eða gufu vélum, og þarfnast ekki mann. Hin hefir MAGMET Square gear útbúnaðin. Stóra stálskál studda beggja vegna. Magnet hömlu, einstykkis fleyti, hæg hreinsuð aðskilur eins fljótt og 10 geta mjólkað

Svo traustgerð að hún endist mansaldur MAGNET er á 6 stærðum, allar passa á sama fót og höfn sama hreyfi gear.

F. W. Hodson, fyrrum gripaumboðsmaður segir."—Ég hef reynt vél yðar á ýmsum stærðum og álít yðar 1000 pd. á kl. stund stærð skara fram úr hinum stærðunum af auðskildum ástæðum.

Ef þér hafið margar kýr. Skrifið oss, og það kostað yðar ekkert að komast að raun um hve léttilega MAGNET aðskilur mjólk yðar.

MAGNET eyðist ekki á 50 árum.

THE PETRIE MFG. CO., LIMITED

WINNIPEG, MAN.

ÚTIBÚ: Calgary, Alta., St. John, N. B., Montreal, Que., Vancouver, B.C., Regina, Sask., Victoria, B.C., Hamilton, Ont.

Heimskringla
Published every Thursday by The Heimskringla News & Publishing Co. Ltd

Verð blaðsins í Canada og Bandar. $2.00 um árið (fyrir fram borgað).
Sent til Íslands $2.40 (fyrir fram borgað af kaupendum blaðsins hér $1.50.)

B. L. BALDWINSON
Editor & Manager

Office:
729 Sherbrooke Street, Winnipeg
P.O. BOX 3083. Talsími 3512.

Þeir eru viðkvæmir.

Ekki verður því neitað, að prentfrelsislögin á Íslandi séu þvingandi takmörkuð fyrir þá, sem þurfa að segja ómengaðan sannleika um menn og málefni. — Enda bera nú nýkomin Íslandsblöð þess vott, að mikið sé þar um málaferli út af blaðameiðyrðum, hnjóðsyrðum og lítilsvirðingum.

Jón Ólafsson skýrir frá því í blaðinu Reykjavík, að ráðherrann hafi höfðað 57 mál gegn 2 ritstjórum og einum alþingismanni; af þeim eru 31 mál móti Þorsteini Gíslasyni ritstjóra Lögréttu, 17 mál gegn Jóni alþingism. Ólafssyni og 9 mál gegn ritst. Þjóðólfs. Aðallega eru mál þessi hafin út af hnjóðsyrðum og lítilsvirðingarnöfnum, sem birst hafa um ráðgjafann í nefndum blöðum, ásamt blaðinu Reykjavík.

Aftur hefir Jón Ólafsson höfðað 12 mál fyrir ærumeiðingar móti ritstj. Ísafoldar. Þorsteinn ritstj. Gíslason hefir og höfðað 28 mál móti sama ritstjóra, 2 mál móti Einari Hjörleifssyni og 1 mál mót Sveini Björnssyni, alt fyrir ærumeiðingar og önnur ókvæðisorð og meiðyrði í Ísafold. Tryggvi Gunnarsson hefir og höfðað 22 mál móti sama ritstjóra, og lagaskólastjóri Lárus H. Bjarnason hefir höfðað 5 mál móti sama ritstjóra. — Alls segir Jón Ólafsson, að 70 mál hafi höfðuð verið móti ritstj. Ísafoldar, og að hann muni fá önnur 70 eða fleiri mál á hálsinn, í viðbót við þau, sem nú eru af stokkunum. — Aftur hefir ritstjóri Ísafoldar höfðað 33 mál móti Þorsteini ritstj. Gíslasyni, 12 mál á hendur Jóni Ólafssyni, að því er blaðið Reykjavík segir:

Hvernig öll þessi mál kunna að fara, verður ekki sagt að svo stöddu, en opinbert er það orðið, að Björn ráðherra hefir komið fram sektum á hendur þeim Jóni Ólafssyni og Tryggva Gunnarssyni fyrir meiðyrði, og bendir það til, að Björn megi heldur þetur í viðureigninni fram að þessum tíma.

Kristján yfirdómari hafði og steínt Birni fyrir að nefna sig trassa, en því máli var vísað frá rétti, með því að lýsingin hefði verið réttmæt.

Væntanlega mun Ísafold höfða fleiri mál móti andstæðingum sínum, heldur en enn er frétt um, svo sem til þess að sýna lit á, að launa fyrir sig.

Það er eftirtektarvert, að 1 eða 2 af málum þeim, sem höfðuð hafa verið móti Ísafold, eru fyrir það, að blaðið hafði flutt útdrætti ritgerð eftir herra A. J. Johnson í Chicago mót greinum Dr. Sig. Júl. Jóhannessonar og sem birt var í Heimskringlu.

Alt þetta bendir á, að þeir séu meira en lítið viðkvæmir fyrir virðingu sinni þar heima, og mikið má það vera, ef þessir gæðingar í hjörtum sínum finna sig svo hreina og siðferðislega flekklausa, að þeir hver um sig verðskuldi ekki einhvern lítinn skerf af skömmunum, sem þeir um marga undanfarna mánuði hafa kepst við að ausa hver annan. Eða er viðkvæmnin að eins komin til af því, að þeir þoli lakar ámæli frá öðrum, heldur en þeir ætlist til að aðrir þoli ámæli frá sér? Eða eru öll þessi málaferli út af ærumeiðingum, hnjóðs- og lítilsvirðingarorðum að eins látalæti, til þess ger, að slá um sig með þeim í augum þjóðarinnar? Eða eru þau til orðin af því, að ekkert annað heiðarlegra og þarflegra starf sé fyrir hendi þar heima, sem vinna mætti til þjóðþrifa?

Frá sjónarmiði vor Vestur-Íslendinga — sem horfum álengdar á leikinn — virðist allur þessi gauragangur ærið unggæðingslegur og í mesta máta óþarfur. Vér litum svo á, að íslenzka þjóðin ætti nú að vera búin að ná því þroskastigi, að hún veitti blaðamönnum sínum svo víðtækt ritfrelsi, að þeir þurfi ekki að óttast stórsektir eða fangavistir, þó þeir kveði á hispurslaust um þá menn og þau mál, sem þeir taka til umræðu, og eigi sízt þegar um stjórnmálastefnur og stjórnarathafnir er að ræða.

Það sorglegasta í öllu þessu mikla málastappi er það, að hér eru nálega eingöngu blaðaritstjórar og blaðaútgefendur, sem hlut eiga að máli. Þeir berast hér á réttarfarslegum banaspjótum, í skjóli laga, sem þeir sjálfir vita að eru þvingunarlög, þrungin svæsnasta ófrelsi, og sem ekki er viðbúandi nú á tímum.

Miklu hefði þessum blaðamönnum verið sæmra, að mynda samtök með sér til þess að fá prentfrelsislögunum breytt í frjálslegra horf en þau nú eru í, svo að hverjum borgara landsins, sem taka vildi opinberan þátt í landsmálum væri leyfilegt, að rita og ræða um áhugamál sín og bjóðar sinnar, svona nokkurn veginn þvingunarlaust, og án ótta við fjársektir eða fangelsi, þó sannleikur sé sagður í ákveðnum orðum. Blaðamennirnir ættu sem allra fyrst að vinna einhuga að því, að fá núgildandi prentfrelsislög úr gildi numin, og önnur sanngjarnari sett í þeirra stað.

Hvað sérstaklega viðkemur ráðherranum, þá ætti hann sem æðsti valdsmaður landsins, og jafnvel þó lægra væri settur í valdastiganum, að geta gengið nokkurn veginn þegjandi og afskiftalaust fram hjá því, sem um hann og stjórn hans er ritað. Hann mætti vel huggast við það, að þeir tveir menn, þorsteinn Gíslason og Jón Ólafsson, sem allra svæsnast og ófyrirleitnast og ósanngjarnast hafa um hann ritað og ráðsmensku hans, komast hvorugur nokkurntíma þangað í mannvirðingum eða tiltrú þjóðar sinnar, sem hann nú nýtur og hefir notið. Í því ætti hann að breyta eins og Hannes Hafstein, sem aldrei lútir svo lágt, að skifta sér af, hvað um hann er sagt eða ritað, og virðist þó komast allra sinna ferða málaferlalaust.

Í þessu landi dettur stjórnmálamönnum ekki í hug að ganga til laga, þó þeim sé sýnd óvirðing í ræðu eða riti. Enda er hér einskis manns heiður skertur við það, þó illa sé um hann mælt eða ritað, og tiltrú sinni halda þeir jafnt fyrir það, þó pólitiskir andstæðingar þeirra beiti þá ókvæðisnöfnum og riti djarflega um starfsemi þeirra.

Sama er að segja um hérlenda ritstjóra, að þeir eyða ekki tíma og efnum í, að ofsækja hver annan með sakamálssóknum, þó þeir beitist fyrir andvígum skoðunum í blöðum sínum.

Þessi alls óþörfu málaferli milli ritstjóranna heima ættu að vekja þingið til meðvitundar um, að full þörf sé á breytingu prentlaganna, og næsta þing ætti að breyta þeim í skynsamlega frjálslegt horf, svo að slík málaferli, sem nú eru þar efst á baugi, verði framvegis ómöguleg.

Eimreiðin.

Þriðja hefti hennar hefir nýskeð borist oss í hendur, og kennir þar margra grasa sem oftar.

Fyrstur er þar Ólafur Friðriksson með ritgerð, sem hann kallar "Um fjárhag vorn og framtíð". Gefur hann þar Íslandi og Íslendingum býms heilræði þar að lútandi. Meðal annars segir greinarhöf, að tvö ráð séu til að auka fjárhaginn, sem eru, að spara og auka tekjurnar, og það eru án efa allir honum samdóma um, en hvort heilræðin sem hann leggur, yrðu eins affarasæl á reynd inni og þau lita út á pappírnum, getur orðið álitamál. Hann hygst að auka tekjurnar með því að auka eða réttara sagt skapa innlendan iðnað. Það hefir verið reynt áður og stórtjón að jafnaði orðið ávöxturinn. Verksmiðjur þær, sem stofnaðar hafa verið, hafa farið á höfuðið jafnharðan. Og hafi handiðnamenn komið og ætlað að reka einhvera þá handiðn, sem lítt kunn var áður, þá hafa þeir orðið að hætta vonum bráðar, ekkert fengið að vera. — Héðan fór fyrir tveim eða þrem árum velfær aktýgjasmiður og ætlaði að reka iðn sina í Reykjavík; hann fékk ekkert tækifæri svo að segja til að stunda iðn sína, enginn vildi rétta honum hjálparhönd; hann flosnaði upp vonum bráðar og kom hingað vestur aftur, þakkandi drottni, að hafa ekki orðið hugurmorða í höfuðstað Íslands. Mundi marga handiðnamenn fýsa eftir öðru eins? — Annars er greinin í heild sinni fróðleg og vel rituð.

Dr. Þorvaldur Thoroddsen kemur með áframhaldið af ritgerð sinni "Vísindalegar nýjungar og stefnubreyting nútímans". Er þetta þriðji kaflinn og er hann kallaður: Skuggahliðar menningarinnar. — Öfgastefnur. — Sem sjá má af öllum þessum fyrirsögnum, er ritgerð þess hávísindaleg, en vísindin hafa aldrei verið ofarlega á baugi meðal alþýðunnar, og litt mun ritgerð þessi glæða vísinda þekkingu fólksins, — nema ef væri áræsin á Dr. Georg Brandes. Hann hefir til þessa skipað öndvegissess meðal Íslendinga yfirleitt, en jarðfræðisprófessorinn getur ekki unað því lengur.

Að vísindunum loknum kemur Gunnar Gunnarsson með fimm kvæði, lipurt kveðin.

Og að lokum rekur ritstjórinn lestina, með ritdómum og hringsjá. Sérstaklega er ritdómurinn um Andvökur Stephans G. Stephanssonar ýtarlegur, og einhver sá bezti, sem birst hefir um bók þá.

Skuggamyndir.

Svo heitir bók ein, nýkomin til útsölu hér vestra, fróðleg bók og all-einkennileg. Hún er alþýðlegar frásagnir úr sögu páfadómsins, eftir Þorstein Björnsson, guðfræðiskandidat. Bókin er 200 bls. í vanalegu broti, útgefin í Reykjavík fyrir 2 árum.

Bókin hefir það inni að halda, sem titill hennar bendir til. Segir hún í þrem þáttum frá ástandi kirkjunnar katólsku og hins leyklega kredduvalds hennar niður eftir öldunum, og fer um það hörðum orðum, sem von er.

Fyrsti kaflinn er um páfavaldið og páfana, annar kaflinn um klaustrin, og þriðji kaflinn um dýrlingana.

Stýll höf. er skýr og greinilegur og framsetning málsins öll með alþýðlegum blæ, þó staðsetning stöku orða sé nokkuð hjárænuleg hjá því, sem alment er á íslenzkum bókum.

Bókin er skemtileg aflestrar, bæði vegna málsins, sem er gott, og hins vegar vegna þess, að höf. tekur inn í frásögnina — til skýringar — talsvert af skemtilegum sögum. Má því bókin teljast hvorttveggja í senn, skemtibók og fræðibók, og sýnir höf. með því, hve sagnfróður hann er. Enda er sýnilegt, að hann hefir lagt mikla vinnu í samningu bókarinnar.

Engin guðfræðileg helgislikja er á framsetning eða frásögn höf. og mun það alment verða talinn kostur á bókinni.

Vér teljum bókina vænan tekjuauka íslenzkum bókmentum, bæði að efni og innihaldi, sem ekki hefir áður verið ritað um í íslenzkum bókum svo teljandi sé, og engu síður vegna forms og frágangs hennar.

Bókin er hin eigulegasta eign og vel þess verð, að Heimskringla mæli með útsölu hennar. Að eins takmörkuð eintakatala hefir send verið hingað vestur, og ættu því þeir, sem vilja eignast hana, að snúa sér sem fyrst til útsölumannsins herra H.S. Bardal. Verð hennar er oss sagt að sé 75c.

Fréttabréf.

MARKERVILLE, ALTA.
(Frá fréttaritara Hkr.).
3. ágúst 1910.

Næstliðinn mánuð hefir verið mjög þurkasamt og sjaldan komið regnskúrir. Hitarnir hafa stundum verið mjög miklir, svo jafnvel hefir keyrt úr hófi. Næturfrost hafa komið oftar en einu sinni, en einkum þó aðfaranótt 25. sl., sem skemdi akra mjög víða, einkum bygg. Á stöku stöðum verður akrasláttur byrjaður næstu viku.6

Langt er síðan sumir byrjuðu heyvinnu, þótt kalla megi, að sumir séu nýbyrjaðir. Grasspretta víðast léleg og mun því vinnast seint, því mikils þarf við, ef fást eiga nægar fóðurbirgðir fyrir næsta vetur. Heilsufar er yfir höfuð bærilegt. Þó mun á stöku heimilum hafa stungið sér niður hitaveiki, nú fyrirfarandi.

Þá koma þrjú kvæði eftir Sigurð Jónsson frá Helluvaði, sem hann kallar "Í önnum dagsins". Fyrsta kvæðið, eftirmælin eftir Jón A. Hjaltalín, er bezt, — hin tvö eru lipur.

Guðm. G. Bárðarson kemur með seinni hluta greinar sinnar "Loftsiglingar og fluglist". Er það fluglistin, sem hér er á borð borin, og er saga hennar all-ýtarlega sögð.

Þá er Halldór Hermannsson með "Vín og vínbann". Berst hann á móti aðflutningsbanni, og telur það muni verða til niðurdreps Íslandi, ef sá ófögnuður skyldi ná þar fótfestu. Kemur hann með ýms dæmi úr Bandaríkjunum því til sönnunar.

Í næstliðnum mánuði dó Benedict Jónsson Bardal, 73. ára gamall. Hann var einn af hinum elztu landnámsmönnum þessarar bygðar, og bjó hér mörg ár, unz hann misti konu sina fyrir nokkrum árum. Síðan hefir hann verið hjá sonum sínum.

Íslendingadagurinn var haldinn hér í gærdag (2. ág.) við mikið fjölmenni. Veður var gott og skemtu menn sér hið bezta. Forseti dagsins var C. Christinson. Rædd voru minni Íslands, Canada og Vestur-Íslendinga. Ræðumenn voru J. J. Hunford, séra Pétur Hjálmsson og Stephan G. Stephansson, sem einnig flutti kvæði. — Einnig flutti lipra tölu Þorsteinn Borgfjörð (frá Winnipeg), sem heimsótti okkur snöggva ferð. Hann er einn i samningsvinnufélagi, sem sér um Stations byggingar meðfram Kyrrahafsbrautinni. Vegna annríkis mátti hann ekki vera hér neitt um kyrt.

Skemtanir dagsins voru ennfremur: Kapphlaup, kappstökk, kappreiðar og knattleikur, m. fl., og dans að liðnum degi á Fensala Hall. String Band Innisfail manna spilaði á horn um daginn.

Frá Íslandi komu að kveldi 10. þ.m. 34 íslenzkir innflytjendur, allir af Suðurlandi. Þeir fóru frá Reykjavík 20. júlí og degi síðar frá Vestmannaeyjum. Þaðan komu — Sæmundur Björnsson, Hallvarður Ólafsson, Guðjón Þorvaldsson með konu sina, Guðmundur Jóhannsson, Kristján Finnbogason Loftur Þórðarson og Þórunn Jónsdóttir. Sæmundur sagði góðan afla á eyjunum á sl. vetri, en litinn sem engan í vor. Nokkrir bátar höfðu þó verið hepnir, en að eins fáir af fjöldanum. Annars sögðu Vestmanneyingar allgóða líðan yfirleitt á Eyjunum.

Tveir Vestur-Íslendingar komu með þessum hópi: Ólafur Hallson frá Narrows með konu og 2 börn, hafði dvalið 3 ár á Íslandi, og Ágúst Eyjólfsson frá Westbourne. Hann fór héðan til Íslands 14. marz sl., eftir 9 ára dvöl vestra. Ágúst sagði líðan á Suðurlandi sæmilega góða, en almenningur skuldum vafinn, að undanteknum örfáum bændum. Hann kom með 2 bræður sina að heiman, annan með konu og 4 börn (eitt barnanna fæddist á leiðinni, á skipinu Botnia, þar var því gefin fagur silfurbikar með nokkuð á fimta pundi gulls í, og með þeim skildaga, að stúlkan litla skyldi heita látin Botnia, enda var nafn hennar þegar grafið á bikarinn. Barni og móður heilsaðist vel. Ágúst fór með bræður sina heimleiðis til Westbourne á föstudaginn var.

SPAKMÆLI.

Ef vér viljum ná vizkunni, verðum vér að leita hennar af alhug.

• • •

Íhugaðu áður en þú talar. Íhugaðu við hvern þú talar. Íhugaðu um hvað þú talar.

• • •

Vitur maður léttir mæðubyrði sína með von, og beygir drambsem meðlætisins með íhugun um óstöðugleika þess.

• • •

Af því mannelska getur ekki átt sér stað sem dygð út af fyrir sig, þá eru henni ávalt samfara fleiri mannkostir.

• • •

Að hjálpa vinum sínum sér til eignamissis er myndarlegt. Að hugsa að eins um sjálfan sig, er svívirðilegt.

• • •

Því erfiðari, sem þrautin er, þess meiri er frægðin að vinna hana.

• • •

Dygðin er vissasti gæfuvegur, hún sykrar alla nautn og er bezta bót við öllu böli.

• • •

Sá, sem þiggur velgerning, ætti aldrei að gleyma honum. Sá, sem veitir hann, ætti aldrei að minnast þess.

• • •

Ávítaðu aldrei vin þinn, án þess að tala hlýlega við hann um leið.

• • •

Hugsaðu eins og hygnir menn, en talaðu eins og almenningur.

• • •

Dulinn hugur og djarít vtlit fer óhult lífsleið sína.

• • •

Gamansemin likist eldglæring, sem brýzt í gegn um skýflóka og blikar rétt í svip.

• • •

Glaðlyndið lætur sálina njóta stöðugrar heiðríkju.

• • •

Væri kurteisin rekin burt úr heiminum, fylgdist með henni helmingur allra dygða, sem þar eru.

• • •

Talaðu ekki, fleira við ókunnan mann, en þig gildir einu hvar fer.

• • •

Segðu ekki alt, sem þú veizt, gerðu ekki alt, sem þú ert, trúðu ekki öllu, sem þú heyrir, eyddu ekki öllu, sem þú átt.

Magnús lögsóknari Brynjólfsson.

Magnús Brynjólfs-sonur sæll
siglt í burtu hefur.—
Hann var aldrei þræla þræll;
það mér huggun gefur.

Frjáls á velli, frjáls í lund,
frjáls í málum öllum.—
Mælskur hann á mörgum fund
mælti rómi snjöllum.

Man eg þegar Menningarmætt var félag stofnað.—
Heila nótt var þulið þar
þá var ekki sofnað.

1) 4. febr. 1888.

Í fyrsta sinni sá eg þá
syni Brynjólfs gamla:
Skafta"og Manga"-En skemti-þrá
skyldum mátti' ei hamla.

Sýndi frábært sálarflug,
sannleiks-ást og menning,
og óbilandi dáð og dug
— dýrust frelsis kenning.

Hugnæmt var að hlusta á
hetju-ræður sítkar.
Eg því gleyma aldrei má;
engar heyrði' ítkar.

Húnaþingi heiður er,
að hafa báða alið;
og föður þeirra færa ber
fylsta þakka valið.

Skarð er fyrir skildi nú,
skuld, sem valdið hefur.
Njótum branda nornin sú
neyð og sorgir gefur.

Og skarðið það ei skipast fljótt;
skaðinn varla bætist.—
Yfir sítku andans drótt,
afturhaldsins, kætist.

Því frelsis-hetjan höggin snjöll
henni mörg nam greiða.—
Upp á hæstu andans-fjöll
alþjóð vildi hann leiða.

En að fást við fhalds-lið,
uppalið af prestum,
og margra aldna ófrelsið,
örðugt gengur flestum.

Ingersoll hann unni mest
allra frægra manna,
Í sókn og vörn hann sýndis bezt
sannleiks- djúpið kanna.

Og mikið einnig Magnús var
í mörgu honum líkur:
Hvor um sig af sinni bar
samtíð — gæða-ríkur.

Um sólskin-auðgan sumar dag
sárt er að verða' að hátta,
og sjá um miðdag sólarlag,
og sorta allra nátta.

En aftur, kaunske, eygló rís
yfir hvílu þinni,
og þér birtist al-lífs dís
í allri fegurð sinni!

(27. júlí 1910).

J. ÁSGEIR J. LÍNDAL.

The Northern Wine Co.
LIMITED.

Selur sérhverja góða tegund af Whisky, vínum og bjór o.fl. o.fl. Við gefum sérstaklega gaum familfu pöntunum og afgreiðum þær bæði flótt og vel til hvaða hluta borgarinnar sem er—Gefið okkur tækifæri að sýna ykkur að svo sé.

Við óskum jafnframt eftir sveita pöntunum. Afgreiðsla hin bezta

Talsímar 1673 6744 MAIN — 215 Market St.

Manitoba Elevator Commission

D. W. McCUAIG, Commissioner — W. C. GRAHAM, Commissioner — F. B. MACLENNAN, Commissioner

Aðal skrifstofa: 227 Garry St., WINNIPEG
P. O. Box 2971

Commissioners tilkynna hérmeð Manitoba bændum að þeir hafa fengið framantiðar skrifstofu til starfsnota og að öll bréf skyldu sendast Commissioners á ofan nefnda árítun. Beiðniform og allar upplýsingar sem bændur þarfnast til þess fá kornhlöður í nágrenni sína, verða sendar hverjum sem óskar.

Commissioners óska eftir samvinnu Manitoba bænda í því að koma á fót þjóðeignar kornhlöðum í fylkinu.

Ókeypis Píanó fyrir yður



Þetta er vort "Louis Style" Piano, fegursta hljóðfæri í Canada. Sent yður til reynslu í 30 daga ókeypis. —

LESIÐ ÞETTA:

STEFNA þessa félags hefir verið, að "fullnægja, eða peningum yðar skilað aftur". Og nú gerum vér það bezta tilboð sem nokkrir Píanó-salar hafa nokkru sinni gert í þessu landi. Það veitir yður fría reynslu hljóðfærisins og kauprétt á því með HEILDSÖLU verði og vægum afborgunum ef þess óskast. Vér biðjum ekki um 1 cent af yðar peningum fyrr en þér eruð alveg ánægðir. —

Tilboð vort

Fillið út og sendið meðfylgjandi "COUPON" og vér sendum yður strax sýnismyndir af vorum ýmsu hljóðfærum með verði hvers þeirra. Þér veljið Píanó, og vér sendum yður það tafarlaust og borgum flutningsgjald; þér reynið það í 30 daga ókeypis. Eftir það getið þér sent það oss á vorn kostnað, eða keypt það af oss með heildsölu verði. Er þetta ekki gott boð?

W. DOHERTY PIANO & ORGAN CO., LTD.,
WESTERN BRANCH, WINNIPEG, MAN. — FACTORIES, CLINTON, ONT.

COUPON

W. DOHERTY PIANO & ORGAN CO., LTD.,
286 HARGRAVE STREET, WINNIPEG, MANITOBA.

Kæru herrar! Sendið mér strax sýnismyndir af Piano tegundum yðar, meðfylgandi verðlista og upplýsingum um ókeypis reynslu-tilboð yðar, er sýnir hvernig ég get reynt Píanó-ið um 30 daga, mér kostnaðarlaust.

NAFN _____

ÁRÍTAN _____

ROBLIN HOTEL
115 Adelaide St. Winnipeg
Bezta $1.50 á-dag hús í Vestur Canada. Keyrsla ókeypis milli vagnstöðva og hússins á nóttu og degi. Aðhlynning hins bez s. Viðskifti Íslendinga óskast. OLAFUR G. ÓLAFSSON, Íslendingur, afgreiðir yður. Heimsækjið hann. —
O. ROY, eigandi.

The Farmer's Trading Co.
(BLACK & BOLE)
HAFA EINUNGIS BESTU VÖRUTEGUNDIR.
Einu umboðsmenn fyrir :—
"SLATER" Skóna góðu.
"FIT-RITE" Fatnaðinn.
"H. B. K." prjónafélagið.
"HELENA" pils og 'waist' kvenfatnaði.
Bestu matvörutegundir.
" DEERING " akuryrkju verkfæri o, s. frv.
Beztu vörur Lágt verð
Fljót og nákvæm afgreiðsla.
Farmer's Trading Co.,
THE QUALITY STORE
Wynyard, Sask.

JIMMY'S HOTEL
BEZTU VÍN OG VINDLAR.
VÍNVEITAMI T.H.FRASER.
ÍSLENDINGUR.
James Thorpe, Eigandi

MARKET HOTEL
146 PRINCESS ST. á móti markaðnum
P. O'CONNELL, eigandi, WINNIPEG
Beztu tegundir af vínföngum og vindum. aðhlynning góð húsið endurbætt

Woodbine Hotel
666 MAIN ST.
Stærsta Billiard Hall í Norðvesturlandinu
Tíu Pool-borð.—Alskonar vín og vindlar
Gistin. og fæði: $1.00 á dag og þar yfir
Lennon & Hebb
Eigendur.

JOHN DUFF
PLUMBER, GAS AND STEAM FITTER
Alt verk vel vandað, og verðið rétt
664 Notre Dame Ave. Phone 3815
Winnipeg

A. S. TORBERT'S
RAKARASTOFA
Er í Jimmy's Hótel. Besta verk, ágæt verkfæri; Rakstur 15c en Hárskurður 25c. — Óskar viðskifta Íslendinga.—

S. K. HALL
TEACHER OF PIANO and HARMONY
STUDIO: 701 Victor St.
Haustkensla byrjar 1st Sept.

Framtíðarhorfur.

EFTIR H. G. WELLS.

III.

ÞJÓÐFÉLAGSLEG FRAMKVÆMDARÖFL 20. ALDARINNAR.

Öll hin mentaðri þegnfélög, sem hafa náð þroska á síðastliðnum 4,000 árum, hafa, þrátt fyrir mikinn ytri mismun, þó verið greinar af einum og sama mannfélagsstofni. Það, sem á þessum tíma hefir gert eitt land eða tímabil mismunandi frá öðru í mannfélagslegu tilliti, hefir ekki orsakast af óliku stjórnarfyrirkomulagi þegnfélaganna, heldur af mismunandi notkunaraðferð þess, eða af kringumstæðum, sem það hefir verið miðað við. Það má athuga hvaða þjóðkyn eða hvert tímabil sem vera vill í veraldarsögunni, alt af finnast tvær þjóðfélagslegar aðalstéttir, — lægri stéttin, samanstandandi af verkamönnum, bændum og prælum, er að samanlögðu hafa myndað starfsvélar þjóðanna, — og æðri stéttin, er skipuð var hermönnum, aðalsmönnum og valduðum mentamönnum, sem stjórnuðu og að sumu leyti áttu þessar mannlegu vélar. Að undanskildu afli vatns og vinds, sem dálítið var notað, og dráttardýranna, hesta, múldýra og uxa, var það lægri stéttin, sem gerði alla líkamlega vinnu, bæði í sveit og borgum, er félagslifið byggist á, en æðri stéttin þar á móti áleit það vanvirðu fyrir sig að vinna í flestum löndum Norðurálfunnar skipuðu aðalsmenn æðri stéttina, í Indialöndunum hinn "tvisvar fæddi" erfðaflokkur og í Kína mandarínarnir. Oft hefir niðurröðun þjóðfélaganna orðið margbrotnari við það, að innan aðalstéttanna hafa myndast smáir flokkar. Lægri stéttin hefir t.d. klofnað á akuryrkjubændur og verkamenn, og æðri stéttin í konunga, hertoga, jarla og fleiri þrep niður á við. En þetta hefir ekki raskað undirstöðu stjórnarfyrirkomulags þjóðfélaganna, sem heldur sér eins óbreytt og hún ætti rót sína í eðli náttúrunnar.

Það er í rauninni undravert að sjá, hve óverulegum breytingum mannfélagsfyrirkomulagið hefir tekið yfir allan þann tíma, sem mannkynssagan nær yfir. Það er gamalt orðtak, að ekkert nýtt sé undir sólunni, og það á vel við þroskun fornaldarinnar, því að það er naumast mögulegt, að benda á nokkurt tímabil í veraldarsögunni, sem ekki líkist nákvæmlega öðru umliðnu tímabili. En nú stöndum við gagnvart nýjum þroskaferli, sem þetta orðtak á alls ekki við. Sagan er komin á nýjar brautir, sem hún hefir áður ekki farið um, er leiða að alveg nýrri þjóðfélagshegðun. Hin skyndilega framför aflfræðinnar, sem fyrst gerði verulega vart við sig um miðja 18. öld, hefir stofnað nýjar sýslanir fyrir fjölskipaða flokka mannfélagsins, og jafnframt hafa aðalstéttir þjóðfélaganna tekið þeim breytingum, að hið gamla fyrirkomulag er algerlega hverfandi.

Einna markverðust hinna nýju stétta, sem breytingu þjóðfélaganiðurskipunarinnar á tilveru sína að þakka, er stétt hlutabréfaeigendanna, sem að öllu eða nokkru leyti lifa af eign, sem er alveg ný í sögunni. Áður en 18. öldin rann upp, var öll veruleg eign innifalin í löndum og byggingum. Auk þessa voru ýmsar nauðsynjar til afnota eignarinnar, fénaður, húsmunir, prælar og áhöld, skip, vopn og peningar. Sjálfur varð tigandinn, að gæta eigna sinna og ábyrgjast þær, því bæði var það allmikil vogun, að fela öðrum á hendur umsjón þeirra, og svo var það annmörkum og kostnaði bundið, að lifa af afurðum þeirra í fjarlægð. Það er ljóst, að sífeld skifting á þessum fasteignum eftir dauða eigandans, hefði haft truflandi áhrif á félagslifið, og því varð það að hefð og síðar að lögum, að elzti sonur skyldi erfa aðalfasteignina.

Myndun hlutafélaganna, sem byrjaði á 18. og fyrri hluta 19. aldar, gerði algerlega ný afnot peninganna möguleg, og skapaði nýjar eignir og nýja stétt eigenda. Það er auðvelt að lýsa því nýja við þessar eignir. Sé opinber sóma tilfinning til staðar, geta menn átt hluti í hvaða félagi sem er og í hverri fjarlægð sem er, sem gefa af sér góða vexti, án þess eigandi þeirra stuðli að því á nokkurn hátt. Með öðrum orðum, hlutabréf eru ábyrgðarlaus eign, sem mönnum fyr á öldum var ókunnugt um. Þrátt fyrir hinn mikla mismun þessarar eignar og hinnar eldri, er hún samt ummælalaust gerð arfgeng, sem var félagsleg nauðsyn undir gamla fyrirkomulaginu. Hlutabréf eru í rauninni jafn veigagóð og lönd og byggingar voru fyr á tímum, þau eru að eins undirorpin þeim verðmun, sem leiðir af fjárhagslegum breytingum og það er útlit fyrir, að þessi tegund eignar muni vaxa til muna á 20. öldinni. Þeir ábyrgðarlausu, óháðu og ríku hlutabréfaeigendur, sem ekki þurfa neitt að reyna á sig og engum sérstökum skyldum að gegna, eru ávalt fjölgandi. Þeir troða sér fram fyrir hina ábyrgðarmiklu fasteignaeigendur og verulegu viðskiftamenn, og allur fjöldinn af hinni æðri stétt liðna tíma ans, aðalsmenn og stóreignamenn, hafa og eru að færa sig inn í þessa nýju stétt.

Það einkennilegasta við stétt hlutabréfaeigendanna er það, að hún á öll þau sérréttindi, sem eign fylgja, án þess að starfa nokkuð að þessari eign. En hún myndar engan samstæðan, auðkennilegan hóp í þjóðfélögunum. Hún flytur sig óséð yfir í allar aðrar stéttir, og læsir sig um mannfélagið eins og þræðir eða æðar af gulli um steininn. Hún geymir í sér hinn stærilátu miljónamæring, hinn metnaðargjarna pólitiska auðkýfing, hinn ríka sækera, hinn örláta, trúaða mannvin, hina kappgjörnu íþróttamenn og hinn stóra hóp af mönnum, sem halda jafnvægi á lífsleiðinni með fremur knöppum tekjum. Og tala þeirra, sem að nokkru leyti heyra til stétt hluteigendanna, á þann hátt að þeir hafa tekjur af öðrum störfum jafnframt hlutunum, er legio (Rómverjar kölluðu herflokk með 6000 mönnum legion). Skutulsveinninn, sem gengur um beina á kaffisöluhúsunum, á ef til vill nokk ur þúsund dollara virði í hlutum í einhverju fjarlægu atvinnufyrirtæki og presturinn, sem virðist hafinn yfir veraldlegan atvinnurekstur, á ef til vill hlutabréf í tesölufélagi, eða í kolanámum. Yfir höfuð verður maður þess var, þegar litið er út fyrir verkamannastéttina, að það eru tiltölulega fáir menn, sem eingöngu lifa af sinni eigin starfsemi.

Hvaða ástæðu höfum við nú til að ætla, að þessi stétt stóreignamannanna muni verða atkvæðamestu framkvæmdaröflin í þjóðfélagsfyrirkomulagi 20. aldarinnar? Til að svara þessari spurningu, verðum við að líta á orsakirnar, sem myndað hafa hlutafélögin. Við sjáum þá strax, að þroskun hlutafélaganna er í samræmi við þroskun framleiðsluvélanna og flutningstækjanna. Í byrjuninni voru það að eins bændur, sem fengu annara peninga að láni til sinnar starfrækslu, en svo urðu kaupmennirnir þess varir, að markaðurinn, sem opnaðist fyrir verzlun þeirra, var of stór fyrir þeirra eigið fjármagn, og loks fundu einnig iðnaðarmenn og framleiðendur, að þeir þurftu aukið fjármagn til notkunar hinna mörgu véla, er hugvitsmennirnir fundu upp. Uppgötvanir vélanna, sem urðu til þess, að gripa truflandi inn í fyrirkomulag þjóðfélaganna, urðu svo að segja að borga fyrir heimild sína til að gera þessa umturnun, og arður hlutanna varð sá skattur, sem hin nýja framtakssemi þurfti að borga gamla auðnum. Hlutafélögin eiga því rót sína að rekja til vélauppfundninganna og efnaþroskunarinnar, sem af þeim leiddi.

Ef þessi framför væri nú búin að ná takmarki sínu, mundum við — eins og jafnaðarmennirnir vilja — geta bundið enda á reikninginn við hlutaeigendurna, en tímabil aflfræðislegra uppfundninga er enn þá í byrjun að eins. Alt af bólar á einhverju nýju, sem reynir að ná fótfestu á kostnað þess eldra, og á meðan efnaþroskunin á sér stað, munu hlutafélögin verða við líði. Til þess að nýju uppgötvanirnar nái fótfestu, verða þær að borga hinum núverandi auðskatt sinn, og á meðan þessi uppgötvanastraumur heldur áfram, mun einnig þessi nauðsynlega kvöð verða farin.

Aðalþýðing hinnar ógurlegu fjölgunar hlutaeigendanna sézt glögt af því framanskráða. Hún er í því innifalin, að hin fyrverandi tímabundna æðri stétt þjóðfélaganna hverfur, með því hún breytist úr ábyrgðarfullum starfendum í ábyrgðarlausa starfleysingja mannfélagsins, og jafnframt og slík breyting fer fram í æðri flokkum mannfélagsins, á sama aðferðin sér stað hjá lægri flokkunum. Það er ekki eingöngu æðri stéttin, heldur einnig lægri stéttin, sem hverfur eða flæmist burt frá sins félagsstörfum, og hlið við hlið á hinum starfslausu, ríku hlutaeigendum, fjölgar einnig hópurinn af starfslausum fátæklingum, sem mest er af í bæjunum, en skortir ekki heldur í sveitunum. Þetta er, eins og alment er sagt, hinn "fallni" hluti mannfélagsins, hugsunarlaus múgur, án nokkurs steinu takmarks, sem flæmist niður í undirdjúpin. Í raun réttri samanstendur þessi múgur af mönnum, sem ekki hafa getað hagað sér eftir hinum breyttu kringumstæðum, er framför vélaaflsins hefir orsakað — fólk, sem er án atvinnu, og þar af leiðandi sem sníkjudýr á þeim, sem betur eru staddir efnalega, annaðhvort af því að vélarnar hafa gert það óþarft, eða af því, að iðntegundirnar, sem það stundaði, hafa flutst í fjarlægð langs með nýjum samgöngubrautum, eða máske af því, að það er

(Framhald).

THE DOMINION BANK
HORNI NOTRE DAME AVENUE OG SHERBROOKE STREET
Höfuðstóll uppborgaður : $4,000,000.00
Varasjóður - - - $5,400,000.00
Vér óskum eftir viðskiftum verzlunar manna og ábyrgumst að gefa þeim fullnægju. Sparisjóðsdeild vor er sú stærsta sem hokkur banki hefir í borginni.
Íbúendur þessa hluta borgarinnar óska að skifta við stofnun sem þeir vita að er algerlega trygg. Nafn vort er full trygging óhluttekna. Byrjið spari inulegg fyrir sjálfa yðar, komu yðar og börn.
H. A. BRIGHT, RÁÐSMAÐUR.

Með því að biðja sérstaklega um "T.L. CIGAR," þá ertu viss að fá ágætan vindil.
make mine T.L. CIGAR
T.L.
(UNION MADE)
Western Cigar Factory
Thomas Lee, eigandi Winnipeg

Vitur maður er varkár með að drekka eingöngu HREINT ÖL. Þér getið jafna reitt yður á
DREWRY'S
REDWOOD LAGER.
Það er léttur, freyðandi bjór, gerður eingöngu úr Malt og Hops. Biðjið ætíð um hann.
E. L. DREWRY, Manufacturer, Winnipeg

STRAX Í DAG er BEZT AÐ GERAST KAUPANDI AÐ HEIMSKRINGLU. — ÞAÐ ER EKKI SEINNA VÆNNA.

Manitoba á undan.

Manitoba hefir viðáttumikla vatnsfleti til uppgufunar og úrfellis. Þetta, hið nauðsynlegasta frjógunarskilyrði, er því trygt.

Ennþá eru 25 milión ekrur óbygðar.

Íbúatal fylkisins árið 1901 var 225,211, en er nú orðið um 500,000, sem má teljast ánægjuleg aukning. Árið 1901 var hveiti og hafra og bygg framleiðslan 90,367,085 bushela; á 5 árum hefir hún aukist upp í 129,475,943 bushel.

Winnipeg borg hafði árið 1901 42,240 íbúa, en hefir nú um 150,000; hefir nálega fjórfaldast á 8 árum. Skattskildar eignir Winnipegborgar árið 1901 voru $26,405,770, en árið 1908 voru þær orðnar $116,106,390. Höfðu meir en þrefaldast á 7 árum.

Flutningstæki eru óviðjafnanleg,— í einu orði sagt, eru í fremsta flokki nútiðartækja: Fjórar þverlandsbrautir liggja um fylkið, fullgerðar og í smíðum, og með miðstöðvar í Winnipeg. Í fylkinu eru nú nálega 4 þúsund milur af fullgerðum járnbrautum.

Manitoba hefir tekið meiri landbúnaðarlegum og efnalegum framförum en nokkurt annað land í heimi, og er þess vegna ákjósanlegasti aðsetursstaður fyrir alla, af því þetta fylki býður beztan arð af vinnu og fjárleggi.

Skrifið eftir upplýsingum til: —

JOS. HARTNEY, 77 York Street, Toronto, Ont.
JOS. BURKE, 178 Logan Avenue, Winnipeg, Man.
A. A. C. LaRIVIERE, 22 Alliance Bldg., Montreal, Quebec.
J. F. TENNANT, Gretna, Manitoba.

J. J GOLDEN,
Deputy Minister af Agriculture and Immigration, Winnipeg.

sem svignaði undir fyltum silfurskálum og kampavínsflöskum.

"Velkomnir, herrar mínir", sagði Helen við gestina, "ég yfirgef ykkur snöggvast, en kem strax aftur"

Hún opnaði dyrnar að næsta herbergi og hvarf þar inn.

"Hvert fór hún?" spurði barún Cæsar G., sem áður hefir verið nefndur.

"Ó, hún kemur strax", svaraði Georg. "Hún ætlar líklega að laga klæðnað sinn. Gerið svo vel, að fá ykkur sæti".

"Þetta kveld hefir gefið okkur tvær markverðar persónur í heimi listanna, rithöfund og leikmeyju", sagði Alfreð H. greifi, annar þeirra manna, sem um er getið að áttu tal saman á Norðurbrúnni.

"Og báðar hafa unnið starf sitt prýðilega vel", sagði Georg. "Finst ykkur það ekki, herrar mínir?"

"Þú hefir heiður af skjólstæðing þínum, Georg", sagði Alfreð. "Við megum þakka þér það, að föðurland okkar hefir eignast leikmeyju, sem er gædd framúrskarandi listagáfu".

Við skulum nú lofa þessum spjátrungum, sem voru alls 10 að tölu, að halda áfram samræðum sínum á meðan við fylgjum Helenu inn í búningsklefa hennar, þar sem hún nam staðar frammi fyrir stórum spegli.

"Svei, ég er enn ekki búin að þvo tállitinn af andlitinu", sagði hún við sjálfa sig. "Ég lít út eins og mynd".

Hún vætti handklæðið í vatni og þurkaði burtu tállitina, en tók þá eftir því, hve fölar kinnar hennar voru.

"Hamingjan góða, en hvað ég er föl", sagði hún, "augun eru rauð og þrútin af tárum. — Ég hefi grátið, það er langt síðan ég hefi gert það — og að það skyldi einmitt vilja til í dag —"

"Þetta augnatillit. Því gleymi ég aldrei. En — ég má ekki hugsa um það. Ég á að vera glöð og kát, sagði Georg. Glöð og kát. Hefi ég ekki ástæðu til að vera það, sagði hún, og leit í kringum sig á fallegu húsmunina. "Hér er alt svo fallegt, alt geislar af gulli, silki og krystöllum. Gleðin brosir við mér. Fólkið hrósar mér og smjaðrar af fyrir mér — nú, jæja. Af hverju kemur þá þessi einkennilega óró, sem nístir huga minn? Hvers vegna finst mér eins og ég standi á barmi eldgígs, sem ég get dottið ofan í, þegar minst von um varir?"

"Ég hefi aldrei fundið til sliks áður, og nú — einmitt á degi sigursins, — vakna þessar hugsanir hjá mér".

"Ó, ég fleygi þeim frá mér — þetta er barnaæði. Blessuð augun mín, þið megið ekki koma upp um mig. Þið eigið að senda frá ykkur eldingar fjörs og ánægju, en óró og hrygð megið þið ekki láta sjá í spegli ykkar. Ég verð að afmá spor þeirra".

Helen vætti handklæðið í köldu vatni og nuggaði augun með því, sem brátt fengu sitt vanalega útlit.

"Móritz vildi ekki tala við mig, hann fór leiðar sinnar, án þess að spyrja eftir mér, hann fyrirlitur mig", hugsaði Helen.

"Og þó vil ég gefa tíu ár af æfi minni til að geta áunnið mér aftur virðingu hans. Hve aðallyndur, hve göfugur er ekki þessi ungi maður. Ó, guð minn góður, hann er alt öðruvísi heldur en — —"

"Þei, Helen. Gestirnir bíða þín. Ég heyri í þeim hláturinn. — Ég kem, ég kem".

Hún kipti snögt í bjöllustrenginn. Herbergisþernan kom.

"Flýttu þér að klæða mig, Karólína. Hvítan silkikjól með kniplingum, gimsteinakeðju í hárið, svarta silkiskó og lyonnískt sjal, — skilurðu?"

"Já, ég skal ekki vera lengi".

Tíu mínútum síðar gekk Helen inn í salinn, töfrandi fögur, enda bætti hinn kostbæri búningur hennar við fegurðina, en dró ekki úr henni. Brosið lék á vörum hennar, og með aðdáanlegri kurteisi bað hún gesti sina, sem Georg kynti henni, að setjast að borðinu.

Mennirnir fengu sér sæti. Kampavínið freyddi spaugínu rigandi niður og gleðin var í hugum allra.

* * *

Meðan Georg og félagar hans eyddu miklum hluta næturinnar við hlátur, spaug og vín, sem óx til muna við hinn fagra söng og hljóðfæraslátt Helenar, gekk einmana maður, kaldur og hungraður, fram og aftur fyrir utan bústað hinnar fögru leikmeyjar.

Hann sveimaði þarna alla nóttina, og leit við og við upp í gluggana, þar sem ljósin loguðu fyrir innan.

Klukkan var tvö, þegar gestirnir komu ofan stigann. Sumir þeirra áttu bágt með að standa, þegar þeir komu út á götuna.

"Skemtilegt kveld, — ágætt vín", sagði einn þeirra. "Það er að eins leitt, að ég gat ekki verið í staðinn Georgs".

"Því þá það?" spurði annar hikstandi.

"Þá hefði ég fengið að vera hjá Helenu litlu".

Njósnarinn heyrði ekki meira, því nú hvarf hópurinn fyrir húshorn inn í aðra götu.

En hann hafði heyrt nóg. Með örvæntandi og hatursríku augnatilliti hóf hann knýttan hnefann á móti stjörnubjarta himninum og sór voðalegan eið, — eið, sem vættur næturinnar heyrðu.

Síðan gekk hann burt í hægðum sínum og hvarf í hinum dimmu götum.

Þessi einmana göngumaður var betlarinn, Jakob Kron.

XII.

Gamlir kunningjar.

Við skulum nú fara frá Stokkhólmi og lofa Helenu að njóta sigurhróss sins, ljúka við barattu sina. Við munum sjá hana seinna undir öðrum kringumstæðum eftir ýmislega reynslu. Nú flytur sagnarandi vor okkur til annara manna og annara staða.

Við fylgjum lesaranum heim á fátæka en snotra heimilið hans Bergholms prests, síðari hluta veðurblíðs dags í endanum á maímánuði, árið eftir að þeir viðburðir áttu sér stað, sem um er getið í næsta kafla á undan þessum.

Hinn heiðvirði sálusorgari er alveg eins og hann var, þegar við sáum hann síðast, að öðru en því, að árin höfðu beygt beinvaxna líkamann hans, og stráð meiru af silfri í hárið. En hjartað er hið sama, — þetta eðallynda hjarta, sem undir grólgerðu hýði slær fyrir öllu, sem er mikilfenglegt, heilagt og fagurt í lífinu, — sömu blíðu drættirnir dvelja enn á fölu vörunum, og háa, hrukkótta enniið ber ennþá vott um lærdómsiðkanir og — sorgir.

Og konan hans, Brita Caisa, — hvað eigum við að segja um hana? Lesarinn mun kannast við hana, sem hina litlu, kviku, þriflegu konu, sama fjörið, sömu annirnar eins og áður, sama óráðlyndið og

Vér höfum FLUTT

Vort nýja heimkynni er á horni

Po tage Avenue og Hargrave Strætis

J. H. McLean & Co LIMITED

Cor Portage Ave. & Hargrave
Phone: Main 808.

Fréttir úr bœnum.

Ráðskona óskast nú þegar á fáment íslenzkt heimili skamt frá Winnipeg. Ritstj. Heimskringlu vísar á.

Íslendingadagsþróttirnar

Bikarinn frá Clemens and Árnason, sem undanfarinn tvö sumur hefir verið unninn af K.Bachmann og P. S. Pálsyni fyrir yfirburði í flestum þróttum, var í þetta sinni unninn af Einari Johnson frá Vestfold, Man. Hann náði markinu 10, en þeir næstu honum Ág. Blöndal og Þorsteinn Guðmundsson 9. Það er því rangt skýrt frá í síðasta blaði Heimskringlu, þar sem sagt er frá hverir hafa orðið hlutskarpastir.

G. ÁRNASON
(Skrifari nefndarinnar)

Ísl. Timbur félag.

Þeir herrar Ingvar Ólafson og Ludvig H. J. Laxdal, bóndi að Leslie, Sask hafa í félagi keypt Candahar Lumber Company og tóku við því þann 15 þ. m.

Í tilefni af þessu ætlar herra Laxdal að selja alla búslóð sína. Það er öll akuryrkju-áhöld og nautgripir við opinbert uppboð, laugardagin 27. águst kl. 2 e. h. Meðal gripanna eru 7 kýr, 7 kvígur 7 kálfar og 9 ungir uxar, alt góðir gripir. Akuryrkju verkfærin eru þau sem alment gerast og að auki 1 DeLaval skilvinda í góðu ástandi. Öll kaup $20.00 eða minni borgist út í hönd Stærri upphæðir njóta gjaldfrestar.

Minni Íslands.

Þú fósturjörð með fanna hvíta tinda,
þú færðir oss þitt heita ástar bál,
þú fölskvalausan, fornan kærleik myndar,
þar friður ríkir, ást og vinar mál.

Þú fósturjörð, með fornu rúnakvæðin,
þú fluttir margt, er léttir andans flug,
með eigin sonum áttu mestu fræðin;
vér ávalt minnumst þín af kærleika hug.

Þu fósturjörð með fossaniðinn skæra.
er fjörga lætur margan hal og snót,
frá instu æðum ertu oss að fræða,
þar andans gæðin festa sína rót.

Þitt bergmál heyrist, burt er allur kvíði,
sem bragnar höfðu á jökla hvítu snót,
þá andinn lifir eining með og friði
og afli því, er veitti tímans rót.

Þú fósturjörð, þótt fölvar séu kinnar,
þín frægð skal lifa meðan æðar slá;
þín mynd er helg í hugum sona þinna,
þitt heiðursmerki börnin stöðugt þrá.

W. G. Johnson.

Anchor Brand MJÖL

er bezta fáanlegt mjöl til nota í heimahúsum og annarstaðar. Það er gert úr No. 1. Hard HVEITI eftir nýjustu aðferðum.

Símið 4326 eftir söluverði þess.

Leitch Bros.
FLOUR MILLS
Winnipeg skrifstofa
240-4 GRAIN EXCHANGE

Allir meðlimir stúkunnar "Vinland" eru vinsamlega boðaðir á fund heim til Gunnl. Jóhannssonar 800 Victor St., næsta þriðjudags kvöld (23 aug.) kl. 8. — munið að koma, þér eigið erindi. G. J.

"Kvistir,"

kvæði eftir Sig. Júl. Jóhannesson, til sölu hjá öllum íslenzkum bóksölum vestanhafs. Verð: $1.00.

GEO. ST. JOHN VAN HALLEN
Málafærzlumaður
Gerir öll lögfræðis störf
Útvegar peningalán
Bæjar og landeignir keyptar og seldar, með vildarkjörum.
Skiftiskjöl $3.00
Kaupsamningar $3.00
Sanngjörn ómakslaun
Reynið mig
Skrifstofa 1606 Main St.
Talsími Main 5142
Heimils talsími Main 2357
WINNIPEG

Dr. G. J. Gíslason,
Physician and Surgeon
18 South 3rd Str, Grand Forks, N.Dak
Athygli veitt AUGNA, EYRNA og KVERKA SJÚKDÓMUM. ASAMT INNVORTIS SJÚKDÓMUM og UPPSKURÐI. —

Tvö herbergi
með stóar-aðgangi til leigu að 384 Simcoe St. $7.00 á mánuði.

Dr. M. Hjaltason, Oak Point, Man.

Anderson & Garland,
LÖGFRÆÐINGAR
35 Merchants Bank Building
PHONE: MAIN 1561.

MARTYN F. SMITH,
TANNLÆKNIR.
Fairbairn Blk. Cor Main & Selkirk
Sérfræðingur í Gullfyllingu og öllum aðgerðum og tilbún aði Tanna. Tennur dregnar án sársauka. Engin veiki á eftir eða gómbólga. —
Stofan opin kl. 7 til 9 á kveldin
Office Phone 6944. Heimilis Phone 6462

DR. H. R. ROSS
C.P.R. meðala- og skurðlækuir.
Sjúkdómum kvenna og barna veitt sérstök umönnun.
WYNYARD, — SASK.

J. T. STOREY S. DALMAN
Your Valet
HREINSAR, PRESSAR, GERIR VIÐ OG LITAR FATNAÐ.
Alt ágætlega gert. Komið því með fötin til okkar.
690 NOTRE DAME AVE.
TALS'MÍ MAIN 2798

Brunskill's
Nýtýzku KJÖTSÖLUBÚÐ
717 SARGENT AVE.
selur beztu kjöttegundir með lægsta verði, og óskar eftir viðskiftum Íslendinga. — Mr. Brunskill hefir verzlað 5 ár í vesturbænum, og er þektur sem hreinskiftinn verzlari. — Peningum skilað aftur, ef varan reynist ekki ágæt í alla staði.

Kennara vantar.

að Háland skóla ,nr. 1227, í þrjá almanaksmánuði, byrjar 1. september 1910. Umsækjendur tilgreini kaupgjald og mentunarstig. Tilboð sendist til undirritaðs fyrir 15. ágúst 1910.

Hove P.O., 18. júlí 1910.
S. EYJÓLFSSON.

J. L. M. THOMSON, M.A., L.L.B.
LÖGFRÆÐINGUR. 255½ Portage Ave.

BONNAR, TRUEMAN & THORNBURN,
LÖGFRÆÐINGAR.
Suite 5-7 Nanton Blk. Tals. 766
Winnipeg, Man. P.O.BOX 223

Húðir og ógörfuð Loðskinn
Verzlun vor er vor bezta auglýsing. Sendið oss húðir yðar og loðskinn og gerist stöðugir viðskiftamenn.
Skrifið eftir verðlista.
The Lightcap Hide & Fur Co., Limited
P.O.Box 1092 172-176 King St Winnipeg
16-9-10

W. R. FOWLER A. PIERCY.

Royal Optical Co.
307 Portage Ave. Talsími 7286.
Allar nútíðar aðferðir eru notaðar við auga-skoðun hjá þeim, þar með hin nýja aðferð, Skugga-skoðun, sem gjörreynd öllum ágiskunum. —

Góðir skór og góðir tímar.
Hversu margar ánægjulegar ár-stíðir hafa ekki eyðilagst af illum skóm, skóm sem kreftu, skóm sem særðu, skóm sem bönnuðu þægindir þegar mest reið á þeim. Um alt þetta hafið þér kent skósmiðnum.
Reynið okkar skó gerða af samviskusemi. Þeir spilla aldrei ánægju notendanna.
VERÐIÐ ER
Karla $2.00 til $7.00
Kvenna $2.00 til $6.00
Unglinga skór $1.50 til 3.50
Barnaskór 60c til $2.25
Ryan-Devlin Shoe Co
494 MAIN ST. PHONE 770.

Sherwin-Williams PAINT
fyrir alskonar húsmálningu.
Prýðingar-tími nálgast nú. Dálítið af Sherwin-Williams húsmáli getur prýtt húsið yðar utan og innan. — Brúkið ekker annað mál en þetta. — S.-W. húsmálið málar mest, endist lengur, og er áferðarfegurra en nokkurt annað hús mál sem búið er til. — Komið inn og skoðið litarspjaldið. —
Cameron & Carscadden
QUALITY HARDWARE
Wynyard, Sask.

Atvinna.

Okkur vantar fáeina duglega umboðsmenn í hinum íslenzku bygðum í Manitoba og Norðvesturlandinu til að selja Stereoscopes og myndir. Sendið 75c fyrir umboðsmanna áhöld.

Arnason & Son.
8-4 Churchbridge, Sask.

A. S. BARDAL
Selur líkkistur og annast um útfarir. Allur útbúnaður sá bezti. Enfremur selur hann alskonar minnisvarða og legst-ina.
121 Nena St. Phone 306

TIL SÖLU:
160 ekrur af bezta landi, stutt frá járnbrautarstöð. — Fyrsti maður með $7.00 fær hér góð kaup. — Finnið
Skúli Hansson & Co.
47 Aikens' Bldg.
Talsími. Main 6476 P. O. Box 833

Þarft þú ekki að fá þér ný föt?
EF ÞAU KOMA FRA CLEMENT'S, — ÞÁ VERÐA ÞAU RÉTT
Réttur að efni, réttur í sniði réttur í áferð og réttur í verði.
Vér höfum miklar byrgðir af fegurstu og beztu fataefnum. —
Geo. Clements & Son
Stofnað árið 1874
264 Portage Ave. Rétt hjá FreePress

Th. JOHNSON
JEWELER
286 Main St. Talsími: 6606

Sveinbjörn Árnason
Fasteignasali.
Selur hús og lóðir, eldsábyrgðir, og lánar peninga. Skrifstofa: 12 Bank of Hamilton.
TALSÍMI 5122. HÚS-TALS. 8695

G. NARDONE
Verzlar með matvöru, aldini, sæl-kökur, allskonar sætindi, mjólk og rjóma, sömul. tóbak og vindla. Óskar viðskifta Íslend. Heitt kaffi eða te á öllum tímum. Fón 7756
714 MARYLAND ST.

Boyd's Brauð
Alt af hin sömu ágætu brauðin. Það er ástæðan fyrir hinni miklu sölu vorri. — Fólk veit það getur reitt sig á gæði brauðanna. Þau eru alt af jafn lystug og nærandi. Biðjið matsala ykkar um þau eða fónið okkur.
Boyd's
Bakery Cor. Spence & Portage Ave
Phone Sherb. 680

Winnipeg Wardrobe Co.
Kaupa brúkaðan Karla og Kvenna fatnað, — og borga vel fyrir hann.
Phone, Main 6539 597 Notre Dame Ave

BILDFELL & PAULSON
Union Bank 5th Floor, No. 520
selja hús og lóðir og annast þar að lútandi störf; útvegar peningalán o. fl.
Tel.: 2685

Jónas Pálsson,
SÖNGFRÆÐINGUR.
Útvegar vönduð og ódýr hljóðfæri
460 Victor St. Talsími 6803.

sömu sáttgirnina, sömu ástina á manni sínum og börnum og sömu rausirðurnar.

Óskar er ekki heima. Hann er orðinn verzlunarmaður í Gautaborg og gengur prýðisvel. Um hver jól og hverja Jónsmessu kemur hann heim, og hefir þá ávalt meðferðis verðmiklar gjafir handa allri fjölskyldunni.

Af dætrunum, Maríu, Lovísu Lottu og Ullu, eru að eins þrjár heima. Þær sitja við gluggann í stofunni og sauma af kappi.

Við verðum að segja lesaranum frá því, að hin fagra, fjöruga og aðlaðandi María er gift fyrir fáum árum. Foreldrum hennar til mikillar ánægju, giftist hún sérlega virðingarverðum og góðum manni, sem við kinnig þekkjum. Það er nefnilega meistari Hólm, sem þegar hann hafði lokið kenslustarfi sínu hjá barún Ehrenstam, settist að úti á landi á litilli en snotri bújörð, sem barúninn, samkvæmt loforði sínu, hafði bygt honum leigulaust æfilangt.

Prófastskonan Washolm, bókmenta kvinnan, sem lesarinn eflaust man eftir, var ásamt hinum ölelskandi prófasti stödd á prestssetrinu. Prófastskonan situr í litla, fáteklega legubekknum, og hefir ofan af fyrir sér, eins vel og hún getur, með því að tala við húsmóðurina, og dýfir tvíböku við og við ofan í kaffibollann, sem hún hélt á.

Prófasturinn og presturinn sátu í einu stofuhorninu og tefldu damm, — eina taflið, sem Bergholm prestur kunni. Spegilfögur tinkanna, full af nýju öli, stóð á litlu borði við hliðina á prófastinum; því presturinn, sem vissi, hve þorstlátur prófasturinn var, gleymdi aldrei að gæða honum á átrúnaðardrykk hans.

"Hinkraðu við, vinur minn", sagði prófasturinn, um leið og hann setti frá sér könnuna, sem hann hafði sopið duglega á, "nú hlýtur þú að tapa, en

það er sjálfum þér að kenna, þú þurftir ekki að ilytja þessa töflu. Sjáðu nú, nú hefi ég unnið".

"Mirable dictu," sagði presturinn. Þú ert meistari í dammtafli. Og ég, sem stóð svo vel að vígi í byrjun. ..... Sed varia est fortuna!"

"Sannarlega sannarlega", svaraði prófasturinn, sem ekki skildi eitt orð í latinu, því það litla, er hann einu sinni kunni, var löngu gleymt. "En þú vilt máske fá jafnaðarbót?"

"Já, það vil ég raunar", svaraði presturinn og raðaði töflunum aftur; "hec tontumelia me non fregit, sed erexit", eins og Nepos segir. Við byrjum að nýju".

Þeir byrjuðu aftur að tefla, og nú taldi presturinn sér sigurinn vísan, því hann var búinn að ná mörgum af töflum prófastsins, þegar hann alt í einu segir:

"Nú hefi ég aftur unnið taflið. Ég er óvanalega heppinn í dag, vinur minn".

"Já, þú ert jafn heppinn og ég er óheppinn", sagði presturinn ofurlítið gramur um leið og hann stóð upp. "Það var nú raunar það, sem ég vissi fyrirfram", tautaði hann við sjálfan sig, "illis, quorum meruere labores!"

Bergholm prestur hafði tekið eftir því, að það var eitthvað, sem prófastinn langaði til að vekja máls á. Hann hafði nokkrum sinnum snúið kollhúfunni sinni og opnað munninn, eins og hann ætlaði að segja eitthvað, en hætt við það aftur, alveg eins og honum þætti umtalsefnið of vandfarið með.

Samt sem áður tók hann þó til máls á endanum og sagði:

"Tengdasonur þinn, sem að öðru leyti er framúrskarandi virðingarverður og ágætur maður, — hann — Hefirðu heyrt, hvað hann hefir fyrir stafni á litlu bújörðinni sinni?"

"Hefir fyrir stafni", endurtók presturinn, "líklega ekki annað en gott, vona ég?"

"Nei, verulega ilt er það í sjálfu sér ekki, enda þó ég geti ekki samþykt það. Hann hefir stofnað skóla fyrir börn bændanna þar í sókninni, og vinnur að því, að kenna þeim mannkynssögu, landafræði og reikning. Hann gerir þetta auðvitað í góðu skyni, en ég er hræddur um, að honum hafi skjátlað í því, að taka börnin frá vinnu sinni til að kenna þeim það, sem þau hafa engin not, af. Finst þér ekki, vinur minn, að maður ætti að vinna á móti þessu fyrirtæki?"

Presturinn ypti öxlum. "Fyrirtæki þetta er sprottið af mannást, og ég sé ekkert ilt við það, enda hefi ég sjálfur hvatt Holm til þess", svaraði presturinn. "Ég var sjálfur með í því að áforma fyrirkomulagið, skal ég segja þér".

"Þú, það held ég hafi verið óþarft, og sé enda skaðlegt, að kenna börnunum meira heldur en útheimtist til sáluhjálpar þeirra. Þessi hálfmentun leiðir af sér dramb og gort. Lagasnápar og þess konar þorparar, sem auka svo mikinn óróa í sóknunum, mundu ekki vera til, ef menn létu sér nægja, að kenna börnunum að eins spurningarkverið. Ég fyrir mitt leyti vildi síður halda þann vinnumann, sem æfði sig í stærðfræði í stað þess að gæta uxanna. Það er meira en nóg fyrir vinnukonur, að kunna að þvo gólf og sjóða graut. Hvað varðar þær um það, hvort Karl tólfti var konungur í Svíþjóð eða á Tyrklandi?"

"Washolm hefir alveg rétt fyrir sér", sagði kona hans í heiðarlegum og þóttafullum rómi. "Þú verður að takmarka þetta, prestur minn góður. Við, sem erum mentuð, megum ekki leyfa múgnum, að stíga inn á okkar andlegu eignarjörn, því af því leiddi það, að við yrðum þá sjálf að annast öll okkar

störf, því bændurnir mundu þá þykjast jafnsnjallir okkur. Þetta ættirðu að íhuga, prestur minn góður, og að öðru leyti get ég fullvissað þig um, að nærri alt tigna fólkið í sveitinni hérna er á sömu skoðun. Fyrir nokkrum dögum heimsótti ég húsbændur og eigendur Liljudals, og þar hafði áform Holms vakið megna óánægju, bæði hjá barúninum og barúnsfrúnni. Hann ætti þó að varast að styggja þenna volduga verndarengil sinn, sem með velgerningum sínum hjálpar honum til að framdraga lífið".

Meðan samræður þessar fóru fram, gerði Bergholm prestur alt sem hann gat til að halda reiði sinni í skefjum, en að hann var reiður, sást á hinum dimmu og þrútnu æðum á enni hans, og af eldingunum, sem augu hans skutu, sem annars voru vön að vera svo blíð og vingjarnleg.

Honum tókst að stjórna reiði sinni svo, að hann gat sagt í rólegum róm:

"Að því er síðustu athugasemdina snertir, frú mín góð, þá skal ég segja þér, að tengdasonur minn er hvorki háður barún Ehrenstam né nokkrum manni öðrum í heiminum, hann er engum til byrði. Litla jörðin, sem hann býr á, er engin náðargjöf, hverrar langæi er komið undir eðallyndi barúnsins. Hún er borguð fyrir margra ára erfiða og dygga þjónustu, og er löglega afhent honum sem slík. Þar af leiðir, að hann er frjáls maður á sinni jörð, og barúninn hefir ekkert vald á honum. Ef hann vill kenna fátæku börnunum, sem hann elskar, eins og hver eðallyndur maður elskar þær manneskjur, sem stjúpmóðurlega er með fraið, þá er ekkert mannlegt vald til, sem getur hindrað hann í því. Hann kreíst engrar borgunar fyrir það, og þá er það ekki eigingirni, sem hvetur hann til þess, heldur löngunin til að útbreiða ljós og blessun í kring um sig, — löngunin til að ræka sína stöðu sem samþegn og kristinn maður.

Heimskringla.

XXIV. ÁR | WINNIPEG, MANITOBA, FIMTUDAGINN, 25 ÁGÚST 1910 | NR. 47

Fregnsafn.

Markverðustu viðburðir hvaðanæfa.

— Tvö hundruð manns hafa látið lífi í skógareldunum í Montana og Idaho, og skaðinn nemur tugum miljóna dollars.

— Forstöðunefnd Grand Trunk Pacific brautarinnar hefir ákveðið að bíða ekki með lestagang yfir St. Lawrence fljótið þar til búið er að brúa það heldur að flytja lestarnar á skipum yfir fljótið þar til brúin er bygð. Auglýst hefir verið eftir ferjum til þessa starfs og á hver ferja að geta borið minst 30 járnbrautarvagna fermda fólki eða farangri. Enn hafa engin tilboð komið en nefndin hefir ákveðið að verja nægilegu fé til þess að tryggja það að ferjurnar verði búnar til hið allra bráðasta svo að hægt verði að nota þær strax á næsta vori.

— Þrir af fyrverandi embættismönnum Ill. Central járnbrautarfélagsins hafa verið teknir fastir, kærðir um að hafa haft af félaginu 1½ million dollars. Þessir náungar eru kærðir um að hafa haft samsæri til þess að svikja fé af félaginu. Rannsókn hefir hafin verið í máli þessu og nokkur af kæru atriðunum hafa þeir félagar meðgengið að sögn.

— Madriz forsetinn í Nicaragua hefir lagt niður völd og flúið, en Estrada uppreisnarforinginn tekið sæti hans og þar með er uppreisninni lokið.

— Mál var nýlega fyrir rétti í Winnipeg, þar sem bóndi einn hér í fylkinu var kærður fyrir að hafa misþyrmt konu sinni. Hann hafði kveld eitt, um háttatíman, birjað að atyrða konu sína fyrir eitthvað er þeim bar á milli, hótaði konan þá að ganga úr rúmi frá honum ef hann héldi ekki frið í húsinu. Við þetta reiddist bóndi svo, að hann barði konu sína og sparkaði hana með fótunum og rak hana síðan út um kveldið og hótaði að drepa hana ef hún kæmi fyrir sín augu framar. Konan lá úti alla nóttina en fanst næsta dag illa á sig komin og sem næst klæðlaus úti á alfaravegi það aðframkomin af sjúkleik og harmi. Fyrir réttinum var sýnt að kona þessi hafði eitt skifti verið á vitfyrringa spítala og það var gert að svo mikilli réttlætingar ástæðu fyrir grimdarverk bóndans að hann var ekki sektaður, en að eins skipað að hafa frið við konu sína. Sýnir þetta meðal annars hve algerlega réttlausar giftar konur eru hér í landi gagnvart bændum sínum.

Sundrungin og sundurlyndið þroskast í Garðarbygð.

— Megn kóleru sýki hefit gosið upp á suður Ítaliu og eru íbúarnir þar mjög óttaslegnir, en stjórnin telur hættu litla ef varúðarreglum sé fylgt. Alþýðan leynir sjúklingum sínum svo sem hægt er, en gengur um götur bæja og borga með myndir af dýrðlingum kirkjunnar og biðst fyrir í kirkjunum nætur og daga, en neitar að leita þeim sjúku læknishjálpar. Mannfall af sýki þessari hefir þegar orðið mikið þar í landi. Sýkin hefir einnig geysað í Rússlandi um tíma og margt manna dáið þar. Víða í Suður Rússlandi eru börnin að falla af húngri af því að foreldrar þeirra og annað vandafólk hefir dáið úr sýkinni en börnin of úng til þess að geta annast um þarfir sínar. Umsjónarmaður stjórnarinnar á þeim stöðvum segir þúsundir manna og kvenna sýkjast þar daglega, og að mesti fjöldi falli úr sýkinni.

— Efri málstofa Ástraliu þingsins samþykti 19. þ. m. að setja á stofn þar í landi 127 þús. manna fasta her sem ætlað er að kosti ríkið árlega 10 milliónir dollars.

— Þeir herrar Reid og Young, í Selkirk, sem um nokkurn undanfarinn tíma hafa verið að rannsaka fiskveiðar í Winnipegvatni eru nýkomnir úr þeim leiðangri og segja að nú sé hvítfiskveiði ágæt við mynnið á Berensánni þar sem fiskveiði hefir verið bönnuð í s. l. 15 ár. Að einnig sé góður fiskafli við Mikley, og á öðrum stöðum þar sem fisklaust hefir verið að undanförnu.

— Svo er mikið um mannflutninga frá Evrópu til Canada að alt rúm á fyrstu og annari káetu Allan og C. P. R. skipanna hefir verið pantað um næstu 6 mánuði.

— Nýlega hefir í spanskur loftsiglingamaður farið á loftfari frá Paris á Frakklandi til Lundúna á Englandi. Annar maður hefir flutt farþega yfir sundið milli Englands og Frakklands og loks hefir frakki einn farið á loftfari sínu frá Amiens til Parisar, nálega 500 mílur á tæpum 12 klukkustundum eða með 40 mílna hraða á klukkustund að jafnaði.

— Beiðni hefir send verið til Bandaríkja stjórnar um að senda herskip til þess að ná ræningjaskipi er nefnist Baltico og sem um undanfarnar vikur hefir gert spell mikið meðfram ströndum Mexicoríkis. Skipstjórinn, sem nefnist Pablo Charles, fékk leyfi til þess að mega fiska og flytja fisk meðfram ströndum þar, en í stað þess hefir hann notað skútu sína til ránferða og hefir rænt fjölda smáskipa af öllu sem á þeim var fémætt og selt það svo í borgunum meðfram ströndinni og sérstaklega í Geronimo borg og öðrum bæjum við Magdalena fjörðin. Við Geronimo eyjuna lagðist skúta þessi á strandað skip og tók úr því alt sem til var og hægt var að hreyfa þar með 3 þúsund sekki af varningi. Borgarstjórinn þar hefir beðið stjórnina að handsama þessa náunga og hegna þeim.

— Francis Joseph, Austurríkiskeisari varð 80 ára gamall 18. þ. m.

— 217,285 mans hafa flutt til Canada frá Evrópulöndum á þessu ári fram að 1. þ. m.

— Skýrzlur frá Ítaliu sýna að 80 þús. manna voru á s. l. 12 mánuðum særðir þar með knífstungum. Það hefir verið trú og kenning alþýðunnar þar að knífurinn sé hinn sanni óvinur en að maðurinn þar á móti sé háður augnabliksástriðu og því sýkn saka, en knífurinn sé sá seki, að ef knífurinn sé gerður landrækur þá hverfi knífstungurnar úr landi. Stjórnir landsins hver fram af annari, hafa reynt með ýmiskonar löggjöf að útbola knífnum, en ekki tekist það, því að alþýðan hefir ekki fengist til að hlýða ákvæðum laganna. Mál þetta hefir verið rætt í þingum og ýmsir menn þar kent mentaskorti þjóðarinnar um þetta ástand. Þeir telja hina sönnu vörn gegn knífstungu ástriðu þjóðarinnar felast í aukinni mentun hennar. Það virðist ljóst að nú sé þar vöknuð tilfinning fyrir því að ráða verði bót á þessu ástandi, og er talið líklegt að það verði gert með því tvennu, að auka að mun fræðslu alþýðunnar, og einnig með lögum er banna burð stingknífa að viðlögðum þungum sektum eða fangelsi.

— Nýlega hafa Bretar fleytt nýju afarmiklu herskipi, nefnt 'Orion.' og er það talið öflugasta drápsvél er á sjó hefir farið. Sprengikúlur þær sem skip þetta ber eru nær 2000 punda þungar og getur skipið skotið þeim að marki í 10 mílna fjarlægð. Skipið gengur með 21 mílna hraða á kl. stund og hefir 10 fallbyssur svo stórar að ekki geta meiri. Hlaupop þeirra er 13½ þuml. að þvermáli.

— Þessa árs hveiti er nú komið á markað í Portage la Prairie og selst fyrir 90c bushelið; gæðin No. 1 Northern; uppskeran 20 bush. af ekrunni þar um slóðir. Það þykir nú sýnt að uppskeran verði að mun betri hér í fylkinu en á horfðist fyrir mánuði.

— Nýlátinn er á Englandi Spencer lávarður, 75 ára að aldri, einn af mestu gáfu og stjórnmálamönnum Breta á fyrri árum.

— Eitt af herskipum Tyrklands sökk nýlega á hafi úti í ofsa veðri Skipið valt um koll, en um afdrif skipshafnarinnar er ófrjett, þó talið víst að allir hafi þar farist.

— Nýlega hefir einn af þjónum Canadastjórnar í Vancouver tekið 167 könnur af opium sem Kínverskir farþegar höfðu flutt með sér og ætlað að selja án þess að borga toll af því. Opium þetta er mikils virði en stjórnin tekur það í sína eign og höfðar um leið sakamál mót eigendum þess, og er búist við að þeir fái langa fangavist fyrir tiltækið.

— Í fyrirlestri sem Lionel Phillips flutti nýlega um gulltekju mögulleika Ástraliu, hélt hann fram því áliti sínu að ekki mundi landið hreint af gulli á þessari öld og að víða í gulltekjuhéruðunum mætti nema gull á 7 þúsund feta dýpi og í svo ríkum mæli að það borgaði vinnuna.

— Stjórnmálamenn Frakklands eru óglaðir yfir því tvennu að íbúatala ríkisins fari minkandi og að þau ungmenni sem þar eru að alast upp séu vaxtarsmærri og þróttminni en á fyrri árum. Þeir ráða til þess að líkamsæfingar séu lögskipaðar þar í landi framvegis. í þeirri von að á þann hátt takist að skapa nýjan þrótt í þjóðina. Flestir lærdóms og vísindamenn þjóðarinnar eru samhuga um þetta mál, þeir benda á að árlega séu 55 þúsund manna af læknum landsins taldir óhæfir til að starfa í hernum jafnvel á friðartímum vegna veikrar líkamsbyggingar og afflevsis. Þessvegna hafa nú líkamsæfinga stofnanir verið settar á fót um alt landið undir æðum kennurum, og þar sem konum jafnt og körlum eru kendar líkamsæfingar samkvæmt vísindalegum reglum.

— Nýlega hefir Páfinn rekið úr þjónustu sinni einn af æðstu embættismönnum sínum fyrir það að hann sat veizlu þá sem borgarstjórnin í Rómaborg hélt Col. Roosevelt þegar hann ferðaðist þar um fyrir nokkrum vikum. Maður þessi, auk þess að vera í þjónustu Páfans er einnig í borgarráði Rómaborgar og taldi sér því skilt að sitja veizlu þessa. En Páfin leit öðruvísi á það mál og svipti mannin embætti.

— Í vatnavöxtunum í Japan létu um 12 hundruð mans lífið og um 4 þúsund hús sópuðust á burt.

— Samkvæmt nýafstöðnu manntali hefir Chicago rúmar 2½ miljón íbúa.

— New York á, eftir því sem Rev. H. A. Matthews frá Seattle segir, að vera nú siðferðisbezta borgin í Bandaríkjunum, ef svo er, hljóta sumar hinna að hafa miðlungi gott siðferði, því fáir munu skoða New York fyrirmynd í þeirri grein—og algóða.

— Þrettán mans létu lífið í járnbrautarslysi nálægt Nevada, Mo., á þriðjudaginn var og yfir tutugu meiddust meir og minna.

— Samkvæmt verzlunarskýrslum Bandaríkjanna fyrir Júlí mánuð s. l. hafa innfluttar og útfluttar vörur verið með langmesta móti. Útfluttar vörur tæpar 115 milliónir dollars en innfluttar aftur á móti rúmlega 117 milliónir dollars.

— Úngfrú Dellaripa Richardson í New York, sem talin er að eiga 30 milliónir dollars eignir, seldi nýlega stórhýsi þar í borg sem hún notaði fyrir íbúðarhús sitt. En er hún hafði fengið kaupverðið neitaði hún að framselja eignina svo að yfirvöldin urðu að bera hana út úr húsinu.

— Marja Scott Hartje í Pittsburg, Pennsylvania gat ekki búið með manni sínum, sem er milióna eigandi. Hún sókti því um skilnað frá honum og fékk hann, en bóndinn samdi um að borga henni 6 þús. dollars á ári í lifeyri framvegis og til þess að tryggja hennar þá borgun lagði hann fram í dómsinn eitt hundrað þúsund dollars, sem ganga á til konunnar, $6.000 á ári, meðan upphæðin endist, og verður þá bætt við svo hún hafi yfir engu að kvarta.

OGILVIE'S

Royal Household Flour

Til Brauð og Köku Gerðar

Gefur Ævinlega Fullnæging

EINA MYLLAN Í WINNIPEG,—LÁTIÐ HEIMAIÐNAÐ SITJA FYRIR VIÐSKIFTUM YÐAR.

— Baroness Vaughan, ekkjukona Leopalds Belgíu konúngs, sál. hefir nýlega kvongast auðugum uppgjafa kaupmanni í Frakklandi. Þegar þetta varð uppvíst, safnaðist götulýður mikill að brúðurinni og ángruðu hana með ólátum og illum munnsöfnuði, þar til hún gat flúið undan ósköpunum. En bóndinn lét sér hvergi bregða, enda var hann ekki áreittur.

— Námsmaður einn í Ottawa hefir uppgötvað aðferð til þess að breita kopar í járn. Kveðst hann fús til þess að leyfa sönnum vísinda-lærðum málmfræðingum að rannsaka aðferð sína og sannfærast um að hann getur breitt einum málmi í annan. Margir vísindamenn hafa áður reynt þetta en ekki tekist.

— Herra Shipman, friðdómari í St. Catherines í Ontario, fékk þá fregn í s. l. viku að náfrændi hans í Englandi hefði þá látist og eftirskilið honum hálfa million dollars í fasteignum og peningum. Shipman er hnigin á efra aldur en á börn sem geta eytt peningunum.

— Vatnsflóð á Spáni hafa í s. l. viku orðið rúmlega 11 hundrað mans að bana. 3,955 íbúðar og önnur hús hafa eiðilagst af völdum flóðsins og mörg þúsund manna mist aleigu sína.

— Jarðskjálftavart hefir orðið á Suður-Frakklandi—en þó í smáum stíl enn sem komið er.

FEIKNA VAGNSTÖÐ.

Eins og svo margt annað sem unnið er í Ameriku, verður húa all myndarleg, vagnstöðin mikla sem bygð skal í New York borg fyrir Grand Central járnbrautarfélagið.

Mikill fjöldi manna hefir í meira en 5 ára tíma unnið uppihaldslaust nótt og dag að byggingu þessarar vagnstöðvar og undirbúnings við bygging hennar, að stækka og dýpka svæði það hið mikla sem sporin liggja um og sem tekur yfir margar ekrur lands. Á svæði þessu liggja járnbrautarsporin í miklum kerfum hvort upp af öðru á 70 ekru svæði. Meðfram Lexington Ave. eru sum stórhýsin þegar fullgerð og komin til nota. Alt þetta er í miðri borginni og því eru fyrnefnd brautakerfi bæði neðanjarðar. Auk þess eru 32 mílur af brautarsporum í sjálfri vagnstöðinni sem öll eru þakin stál- og glerþaki, svo að ekki komist vindur eða vatn á farþega félagsins er þeir lenda á vagnstöðinni, sem sjálf þekur margar ekrur ummáls, eins og sézt á því að biðsalirnir þar sem farþegarnir halda til þegar þeir koma af lestunum eða fara á þær, nær yfir 7 ekru svæði. Mælt er að í öllu verði vagnstöð þessi svo stórfengleg, ramger og fagurlega skreytt að hún taki langt fram öllum öðrum járnbrautarstöðvum í heimi. Þessi vagnstöð rímir á sporum sínum, undir þaki 1149 járnbrautarvagna. Aðal vagnstöðvahúsið er 600 feta langt, 300 feta breitt og 105 feta hátt, á yfirborði jarðar, en neðan jarðar verður það 745 feta langt, 480 feta breitt og 45 feta djúpt. 35 þús. tons af stáli fara í þetta mikla hús. Aðal biðsalirnir eru tveir og rúmar hver þeirra yfir 3 þús. mans, og er þá rúmt um alla—en als geta 30 þús. mans verið inni í vagnstöðinni í einu án þess að þröngt verði þar um nokkurn.

Góð skytta.

Heimskringla hefir nokkrum sinnum minst á skotfimi herra Corporal J. V. Austman. Hann er nú 17. ára gamall, sonur herra Snjólfs Austmans hér í borg. Piltur þessi tilheyrir 90 herdeild hér í borg og hefir í s. l. 3 ár verið talinn með slitlegustu skyttum í öllu ríkinu. Eftir sigra þá sem hann vann hér í borg fyrir fáum vikum og getið var um hér í blaðinu var hann valinn einn af 10 þeim beztu úr Winnipeg til að þreyta kappskot við beztu skyttur Breta veldisins. Sem mæta í Toronto og Ottawa. Skotþrautin í Toronto er nú þegar afstaðin. Þar keptu 410 beztu skyttur Canada veldis og ungi Austmann lét þar svo til sín taka, að hann hefir vakið hina mestu athygli, t. d. má geta þess að í hinni svonefndu Mac Donald skotþraut þar sem menn verða að skjóta 7 skotum á 500 yards færi á 75 sekundum, þar var hann beztur allra og tók fram hinum víðfræga Lieut A. M. Blackburn sem í fyrra vann sigur yfir öllum skytum í gjörvöllu Brezkaveldinu, við Bisley á Englandi. Nú varð hann að lúta í lægra haldi fyrir þessum unga Íslendingi.

Aðrar skotþrautir voru þar háðar og var hann í fremstu röð sigurvegara í þeim öllum eftir austanblöðum að dæma. Þessir skotkappar hefja skotþraut sína í Ottawaborg í þessari viku og mun Hkr. reyna að hafa gát á úrslitum þar. Vonandi er að Austmann haldi heiðri sínum óskertum þar í höfuðborginni. Hans heiður er heiður Vestur-Íslendinga.

Hin mikla fleyti-vél

Magnet Rjómaskilvinda No. 6 fleytir 1000 pund á kl. stund

BÖRN STJÓRNA HENNI

MAGNET rjómaskilvindan aðskilur þúsund pund á kl. stund, barn geta annast um mjólk úr 50 kúm.

Þúsundir með fjölda gripa hafir beðið eftir þessu. Engin þörf á gasolin eða gufu vélum, og þarfnast ekki mann. Hin hefir MAGNET Square gear útbúnaðin. Stóra stálskál studda beggja vegna. Magnet hömlu, einstykkis fleyti, hæg hreinsuð aðskilur eins fljótt og 10 geta mjólkað

Svo traustgerð að hún endist mansaldur MAGNET er á 6 stærðum, allar passa á sama fót og höfn sama hreyfi gear.

F. W. Hodson, fyrrum gripaumboðsmaður segir."—Ég hef reynt vél yðar á ýmsum stærðum og álít yðar 1000 pd. á kl. stund stærð skara fram úr hinum stærðunum af auðskildum ástæðum.

Ef þér hafið margar kýr. Skrifið oss, og það kostað yðar ekkert að komast að raun um hve léttilega MAGNET aðskilur mjólk yðar.

MAGNET eyðist ekki á 50 árum.

THE PETRIE MFG. CO., LIMITED

WINNIPEG, MAN.

ÚTIBÚ: Calgary, Alta., St. John, N. B., Montreal, Que., Vancouver, B.C., Regina, Sask., Victoria, B.C., Hamilton, Ont.

Wall Plaster

"EMPIRE" VEGGJA PLASTUR kostar ef til vill ögn meira en hinar verri tegundir,—en berið saman afleiðingarnar.

Vé- búum til:

"Empire" Wood Fibre Plaster
"Empire" Cement Wall "
"Empire" Finish "
"Gold Dust" Finish "
"Gilt Edge" Plaster of Paris
og allar Gypsum vöruutegundir.—

Eigum vér að senda yður bækling vorn?

BÚIÐ TIL EINUNGIS HJÁ

MANITOBA GYPSUM CO. LTD

SKRIFSTOFUR OG MILLUR Í

Winnipeg, - Man.

Heimskringla

Published every Thursday by The Heimskringla News & Publishing Co. Ltd

Verð blaðsins í Canada og Bandar $2.00 um árið (fyrir fram borgað). Sent til Íslands $2.00 (fyrir fram borgað af kaupendum blaðsins hér $1.50.)

B. L. BALDWINSON.
Editor & Manager

Office:
729 Sherbrooke Street, Winnipeg
P.O. BOX 3083. Talsími 3512.

Toronto eða Winnipeg.

Um það hefir maður nýlega ritað í Austurfylkjablað, hvort betra sé að bóa í Toronto höfuðborg Ontario fylkis eða í Winnipeg höfuðborg Manitobafylkis. Hann lengir ritgerð sína með að sýna að praktískir gáfumenn sem víða hafa ferðast og bera skyn á þau atriði sem sérstaklega miði að framförum og þroska borga, haldi því hiklaust fram að Winnipeg bjóði betri kosti til framtíðarþrifa heldur en nokkur annar staður í Canada, af því að hér séu atvinnu- og verzlunartækifærin betri en annarstaðar í ríkinu, en að fráteknu þessu þá er talið að Torontoborg hafi ýmsa yfirburði yfir Winnipeg sem ákjósanlegur aðsetursstaður.

Tveir merkismenn sem hingað komu á síðastliðnu ári, þeir Strathcona lávarður og James J. Hill, létu það ótvírætt í ljós í ræðum sínum að þeir hefðu mikið álit á Winnipegborg og framtíð hennar. Meðal annars sagði Strathcona lávarður. "Eg er sannfærður um það, að á komandi aldarþriðjungi verður framför Winnipegborgar tiltölulega langtum meiri heldur en á þeim aldarþriðjungi sem liðin er síðan borgin myndaðist". James J. Hill sagði. "Winnipeg verður innan skams tíma fyrsta borg Canadaveldis. Þér fáið ekki umflúið vöxt hennar. Hún myndar hliðið sem liggur að hinu mikla Norðvesturlandi og allur kornvarningur og aðrar afurðir landsins verða að flytjast um það hlið, aðeins ein önnur leið er hugsanleg, hún liggur í kringum Michigan vatn og sú leið er tæpast takandi til greina". Þessir menn báðir bygðu skoðanir sínar um frantíð borgarinnar, bæði á reynslu liðinna ára og núverandi útliti. Að einhver breyting kunni að verða þegar hin marg þráða Hudson's flóa braut er fullgerð og tekin að starfa, er að vísu hugsanlegt því að svo má haga brautarlagning á komandi árum að hægt verði að flytja afurðir norðvesturlandsins yfir þá braut út til flóans og þaðan á Evróputorgin án þess að koma við í Winnipeg, og þá einnig Evrópuvörur vestur, á sama hátt. En líkurnar eru litlar til að svo verði. Miklu fremur er full ástæða til að ætla, að þessi borg verði aðalstöð Hudson flóa brautarinnar, svo að þær vörur sem yfir hana eru fluttar hvort heldur að austan eða vestan, fari í gegnum þessa borg. Svo er það nú orðið sem næst full víst að hér verður ýmiskonar iðnaður rekin í stórum stíl innan fárra ára eða strax og borgin er búin svo að fullkomna rafafltöð sína að nægilegt og ódýrt hreyfiafl geti veizt hverjum þeim, er hér vill setja á stofn iðnverkstæði. Alt canadiska Norðvesturlandið er að byggjast upp. Í því eru nú 1½ miljón íbúa. Innan fárra ára verða þeir 5 eða sinnum fleiri því innstraumur fólksins fer óðum vaxandi með hverju ári. Með vaxandi fólksfjölda verður vaxandi iðnaður og jarðrækt. Vestur Canada gefur nú af sér árlega nær 150 miljónir bushela af kornvöru, og þess verður ekki langt að bíða að kornuppskeran tífaldist svo að hún verði þúsund miljónir búshel á ári að minsta kosti. Það gefur að skilja að flutningur allra þessara afurða sem vestur Canada gefur af sér á ári og flutningur alls þess varnings sem árlega verður fluttur inn í ríkið, krefur mikla vinnu og margar hendur. Þetta bendir til þess að hér verði afar stór borg með tímanum og á þessu mun það vera, sem herra Hill byggir þá skoðun sína, að Winnipeg verði á komandi árum stærsta borgin í Canada.

Aftur er þess að gæta, að hér í borg er dýrt að lifa, húsaleiga, eldiviður, fatnaður og allar lífsnauðsynjar eru dýrari en víðast annarstaðar í Canada, en vinnulaun ekki að sama skapi hærri. Vetrarríki er hér mikið svo að fólk verður að klæðast góðum hlýjum fatnaði, búa í hlýjum húsum, verja miklu fé til eldsneytis og neita nægilegrar og góðr ar fæðu svo því geti liðið vel. Alt þetta er ódýrara í Toronto og þess utan er náttúrufegurð þar meiri en hér í borg enda er borg sú miklu eldri og mannshöndin því haft lengri tíma til að fága og prýða borgina með unaðslegum skemtistöðum. En þó þetta sé í sjálfu sér ánægjulegt þá eykur það ekki vinnu inntektir íbúanna heldur miklu fremur miðar til að eyða þeim með því að íbúarnir verja þess meira til skemtana, sem þær eru ódýrari og aðgangur að þeim auðfengnari. En atvinnu möguleikar og framtíðarþroskun vinnendanna er ólíkt tryggari hér en eystra, og yfirleitt má fullyrða að í engum hluta heimsins býr vinnulýðurinn við betri kost yfirleitt en í Vestur Canada. Þetta vita þeir sem víða hafa ferðast og mikla lífsreynslu hafa fengið og þess vegna er það nokkurnvegin einróma álit slíkra manna, að ekki að eins Winnipegborg eða Manitobatylki heldur alt VesturCanada eigi trygga og glæsilega framtíð í vændum á komandi árum.

Áhrif vestur-landsins

Í ríkisþinginu í Ottawa fara stögugt vaxandi við hverjar ríkiskosningar sem fara fram að afstöðnu manntali, á 5 og 10 ára fresti. Undir grundvallar lögum Canada, þá ræður Quebecfylki úrslitum um það hve marga þingmenn hvert fylki geti sent á sambandsþingið. Með þeim lögum er það ákveðið að Quebec fylki skuli jafnan hafa 65 menn í Ottawa þinginu, hvorki meira né minna og við þá málsvara tölu bygða á íbúatölu fylkisins, miðast málsvaratala annara fylkja í því þingi. Nú var þann 31. Marz s.l. íbúatala Quebec fylkis um 2¼ miljón eða rúml. 33. þúsund mans fyrir hvern 1 máls svara fylkissins í ríkisþinginu. Við þessa tölu verður því að miða málsvaratölu annara fylkja. Nú er talið að íbúatala Canada sé rúmlega 7½ miljón og að hún verði fullar 8 miljónir í júní næsta ár. En þegar íbúatala Manitoba og hinna annara Vesturfylkja er miðuð við íbúa og málsvaratölu Quebec fylkis þá verður ljóst að eftir næsta ríkismanntal sem fer fram mjög bráðlega, fær Manitoba 15 mans í þingið í stað 10 sem nú eru þar. Saskatchewan fær 11 eða 12 og Alberta 10 í stað 7 nú, af þessu er ljóst að áhrif Vesturlandsins fara óðfluga vaxandi í Ottawa þinginu og þó. ennþá sé málsvara tala Vestur Canada svo lítil þar, að hún komi hvergi nálægt því að ráða úrslitum mála þá er þá huggun stór í þeirri vissu að íbúatala Vesturlandsins vex örara en austurhlutans og að af því má ráða að sá tími komi þegar vér í vestrinu fáum tillit tekið til óska vorra og þarfa ekki síður en austur hluti ríkisins nú fær.

Fyrir 10 árum var íbúatala Ontario fylkis 2.187.000 en er nú 2.687.000 hefir því vaxið um að eins hálfa miljón á 10 árum. Quebec hafði árið 1901, 1.648.000 íbúa en hefir nú 2.154.900- En 3 vestur fylkin Manitoba, Saskatchewan, og Alberta höfðu fyrir 10 árum 419 þús. íbúa en hafa nú 1,200.000 fólksfjölgun er því hér langt um hraðari enn í austur hlutanum fyrir hinn mikla innstraum fólks inn í landið. Hvernær sá tími kann að koma að Vestur Canada hafi fleirtölu málsvara í ríkisþingi getur ekki orðið ákveðið með vissu en skygnustu mönnum kemur saman um að vel sé mögulegt að það verði um miðja þessa öld, eða í síðasta lagi á æfi þeirra sem nú lifa hér á ungum barnsaldri og öllum ber saman um að Vestur Canada eigi í vændum glæsilegri framtíð en nokkur annar hluti þessarar heimsálfu.

Vesturför Laurier's

Vestur á Kyrrahafsströnd hefir forsætisráðherra Canada komist slysalítið en sigurför hefir þessi leiðangur Sir Wilfrids sannarlega ekki orðið. Alt frá því hann steig fæti sínum á Manitoba og þar til náði Vancouver hefir hann orðið fyrir mótspyrnu að meira eða minna leyti sumstaðar í blöðum aðeins annarstaðar bæði í blöðunum og á fundum sínum og á sumum fundunum varð hann fyrir hörðum áársum af mönnum sem til þessa höfðu verið leiðandi Liberalar í sínu bygðarlagi — sérstaklega fóru Alberta bændurnir ómjúkum höndnm um Sir Wilfrid og stefnuskrá hans. Alberta sem talið var hans trausta fylki annað en Quebec snöri nú við honum bakinu og sagði honum beran sannleikann óhikað og vítti aðgörðir hans og stefnuskrá harðlega. Bændurnir í Vestur fylkjunum höfðu fulla einurð á að segja hvað þeim bjó í brjósti, fagurgali og málskrúð hafði engin áhrif á þá — og á því liggur ekki hinn minsti efi að öll Vestur-fylkin eru nú andvíg Sir Wilfrid og stefnuskrá hans og honum töpuð. Í ræðum sínum og fyrirlestrum reyndi Laurier með málsnild sinni að töfra almenning og afla sér fylgis með því, það mistókst. Hann talið einnig óspart um sínar silfur hvítu hærur og enda leikur á því lítill vafi að hærar hans hafa til þessa aflað honum meira fylgis og spilað stærri "pólitískarollu" en flest annað — þó það dygði ekki að þessu sinni,

Sir Wilfrid lét sér mjög hugarhaldið, að prédika um einingu og frið,og eini af sínum aðal óskum sagði Sir Wilfrid að væri sú, að þá er hann sofnaði sinn hinsta blund, að vita Canadabúa lifa saman í pólitískri einingu og bandi friðarins." Slík orð sem þessi láta vitanlega vel í eyrum, og ef hugur fylgði máli væru þau vitanlega góð, en allir sem hafa kynt sér stefnu Sir Wilfrids vita að svo er ekki og mun aldrei verða. Hann hefir gegnum alt sitt pólitíska líf átt í höggi og vakið ástæður til orra hríða, og á því öllu öðru fremur hefir hann bygt — og nú fyrir skemstu blés hann að þeim kolunum að koma Ontario og Manitoba í hár saman út af landnmerkja málinu. Og nú er hann að leika saman leikinn, hann veit sem er, að Vesturfylkin eru honum töpuð, þess vegna boðar hann frið, samvinnu og bræðralag sem hann veit þau vilja ekki sinna, því þau vita hann meinar ekkert með því,enn þetta getur orðin honum gott kosning agn ef hann gæti talið Austurfylkunum trú um að Vesturfylkin væru þeim andvíg sem vitanlega er ósatt en ekki andvíg stjórn sinni sem er sannleikur, en sem gestrisni þeirra, hann getur tilfært sem vinarþel til stjórnarinnar. Á þennan hátt vonar hann að koma misklíð milli Austur og Vestur-fylkjanna, og á þeirri misklíð hygst hann að vinna fylgi Austurfylkjanna og halda með því völdunum áfram. Að honum takið þetta er ósennilegt en ómögulegt er það engann veginn. Sir Wilfrid Laurier með nægilegum þingmeiri hluta hefir leyft fjárglæframönnum að hremsa undir sig auðæfi Vesturlandsins. Og járnbraut þá sem hann er að bygja sem tengsli mili Austur og Vestur fylkjanna hefir hann sett svo háan gjaldtekstá sem gerir látt flutnings valds ómögulegt — og þetta hefir hann ekki gert Vesturfylkjunum í hag getur hver og einn séð, heldur með því að ákveða gjaldtekstann svona háan, gefið járnbrautarfélaginu tækifæri til að auðgast sem mest á flutningunum.

Þetta ásamt fleiru hefir öllið gremju og reiði í Vesturfylkjunum gegn Sir Wilfrid og stjórn hans,en ekki gegn Austurfylkjunum eins og nann hefir látið í veðri vaka að væri. En hann mundi átrauður varpa syndabyrði stjórnarinnar á Austurfylkin í þeirri von að þegar til kastanna kæmi mundu þau sem fyr hafa á honum traustið sem hann hefir svikið og þar með halda honum í þeim sessi sem hann hefir saurgað.

En hvernig sem komandi kosningar fara þá hefir Vesturförin orðið Sir Wilfrid engin frægðar för.—

Í henni var hann dœmdur og léttvægur fundinn.

Brunnborun.

Svo er nú mikil eftirsókn eftir brunnborunar vélum fylkisins, úr nálega hverri sveit, að með engu móti er mögulegt að uppfylla allar þarfirnar. — Upprunalega voru vélar þessar keyptar til þess að reyna með þeim hvar vatn væri tíðanlegt í héruðum þar sem bændur ekki gátu náð vatni með því að grafa, eftir því,en í reyndinni hefir þetta breizt þannig að víða hefir grafið verið á fylkiskostnað þar sem bændur sjálfir hefðu getað fengið vatn ef þeir hefðu leitað þess með nokkurri alúð og einatt hefir það komið í ljós að bændur skoðuðu þessa brunnborun, sem nokkurs konar skyldukvöð sem fylkinu bæri að fullnægja jafnvel þar sem vatn var auðfengið með litlum grepti og gerðu það svo að óánægju efni ef stjórnin lét ekki grafa brunna fyrir alla í þeim héruðum sem vélarnar störfuðu í. Á öðrum stöðum þar sem þörfin var brýn að ná vatni, hafa sveitirnar keypt vélar á eigin reikning leigt þeim bændum þær til nota sem þörf höfðu fyrir þær.

Þetta er rétta stefnan. Það ætti hver sveit sem nokkra þörf hefir fyrir brunnborunarvél að kaupa eina og lána hana bændum sveitarinnar þar til allir hafa fengið gnægð vatns. Fullkomin brunnborunnarvél kostar $1200 eða þar um bil með gasolinemótor og öllum nauðsynlegum áhöldum og engri sveit er það ofvaxið að eiga slíka vél.Þeir sem hennar hefðu not yrðu að sjalfsögðu að greiða lítið lánsgjald auk vinnukostnaðar til þess að sveitin fengi vexti af innstæðu fjárins en innstæðufé eða kaupverð vélarinnar ætti að vísast aftur í sveitarsjóðin með sköttum og yrði það svo lítil skatt hækkun að engin fyndi til þeirrar aukningar. Með þessu móti væri léttilega ráðin bót á vatnsskortinum og brunnleysinu og væri það sveitunum ólíkt meiri hagnaður, en að bíða árum skifti í vonum að fá not af stjórnarvél,sem svo ekki yrði nema fáum að gagni þegar loksins hún kæmi.

Glæpamenn og vegabætur.

Í Bandaríkjunum eru um fimtíu þúsund glæpamenn sem vinna að ýmiskonar handiðnaði, svo sem að búa til skó, fatnað, húsmuni og annað því um líkt. — Þessi fangelsisverkstæði hafa samkvæmt síðustu árskýrslu gefið af sér um þrjátíu og þrjár miljónir dollara en nú á samkvæmt nýustu fyrirskipunum að leggja flest af þeim niður og gefa föngunum annað að vinna sem talið er heppilegra fyrir ríki og þjóð og jafnframt fangana sjálfa en það er að vinna að vegabótum.

Verkamannafélög víðsvegar um ríkin, höfðu lýst megnri óánægju yfir fangelsis verkstæðunum fyrir þá sök að fangarnir tækju atvinnu frá fjölda verkamanna, og kvæði svo ramt að því að sumar iðnaðargreinar væru eingöngu unnar í fangelsisverkstæðunum, aðrir sem rekið höfðu sömu iðnaðargrein áður gátu ekki staðist samkepnina og urðu að hætta. Þannig unnu fangelsisverkstæðin alla bursta bæði fína og grófa, katla, pönnur og potta o. fl.

Verð á vörum þeim sem verkstæðin framleiddu var meir en helmingi lægra en hinir sem höfðu rekið sömu iðn á undan, seldu þær fyrir. Þessvegna hættu sumir, en aðrir keyptu vörurnar frá fangelsisverkstæðunum í stórum stíl, en við það urðu fjöldi manna er þá iðn höfðu haft áður, atvinnulausir. Verkamannafélögin risu því upp og mótmæltu og afleiðingin varð sú að öllum fangelsisverkstæðum á að loka, nema kvenmenn þeir sem í fangelsi sitja eiga að vinna að búa til fatnað á fangana og eins þeir karlmenn sem lasburða eru eiga vinna að tilbúningi þeirra hluta, sem fangelsin þurfa með. Aftur á meginþorri hinna fanganna að vinna að vegabótum, brúargerðum og jafnvel almennri bændavinnu og sumir af kvenföngunum eiga að fylgjast með, og matbúa og þjóna karlmönnunum.

Fyrirkomulag þetta er af öllum álitið heppilegt og munu flestir því una.

Mundi ekki ráðlegt fyrir Manitoba eða Canada í heild sinni að fara hér að dæmi Bandaríkjanna.

Vanþörf væri það engin.

BÚÐIN Á SARGENT.

Á þessum stað ætla ég að auglýsa vörur mínar í nýju gullstáss búðinni 664 Sargent Ave. við Victor St. um næsta 6 mánaða tíma. Eg hefi þar allar þær vörur sem tilheyra gullstáss verzlun þeim sem beztar gerast. Til þess að vekja Íslendinga sel ég næsta laugardag 27. þ. m. *Vekjaraklukkur* fyrir 55 cents allment seldar fyrir $1.25

PHONE MAIN 2878

G. THOMAS Gull og Silfur Smiður

The Northern Wine Co.
LIMITED.

Selur sérhverja góða tegund af Whisky, vínum og bjór o.fl. o.fl. Við gefum sérstaklega gaum familíu pöntunum og afgreiðum þær bæði flótt og vel til hvaða hluta borgarinnar sem er—Gefið okkur tækifæri að sýna ykkur að svo sé.

Við óskum jafnframt eftir sveita pöntunum. Afgreiðsla hin bezta

Talsímar 1673 6744 MAIN 215 Market St.

Manitoba Elevator Commission

D. W. McCUAIG, Commissioner — W. C. GRAHAM, Commissioner — F. B. MACLENNAN, Commissioner

Aðal skrifstofa: 227 Garry St., WINNIPEG
P. O. Box 2971

Commissioners tilkynna hérmeð Manitoba bændum að þeir hafa fengið fra tíðar skrifstofu til starfsnota og að öll bréf skyldu sendast Commissioners á ofan nefnda ritin. Beiðniform og allar upplýsingar sem bændur þarfnast til þess fá kornhlöður í nágrenni sín., verða sendar hve jam sem óskar.

Commissioners óska eftir samvinnu Manitoba bænda í því að koma á fót þjóðeignar kornhlöðum í fylkinu.

Dr. M. Hjaltason,
Oak Point, Man.

Anderson & Garland,
LÖGFRÆÐINGAR
35 Merchants Bank Building
PHONE: MAIN 1561.

Kvæði

FLUTT Á SAMKOMU 3. JÚNÍ S. L.

Hjá heiminum er Eden en við líði,
alt hið gamla falska töfrasmíði
ef til vill, þó ennþá, ennþá fegri
og eplin margfalt fleiri og girnilegri.

Hann á alt, er eina sál kann dreyma,
alstaðar hans kynja lindir streyma,
en eftr því sem tókum teiga fleiri
tryllumst við, og þorstinn verður meiri.

Börnin hans í bak hvort öðru naga
hver böðulshönd á lofti til að aga
af því margt, hann á af spiltum sonum
þá hann líka margt af föllnum konum.

Hann baneitruðum beitir andans stálum,
beiskur mjöður fleyðir hans á skálum,
gjöreiðendur grimmir vopnin stæla
þá gremur kúgum soltnra mammonsþrœla.

Að vísu er margur göfugur og góður,
er gjarnan vildi reisa fallinn bróður,
en Astorguðsins eldur, út er brunninn
og hans fagra sól til viðar runnin.

Væri ei mál að enda heimsins harma,
hans hröktu barna, sára þerra hvarma
því ómælandi á hann flóð af tárum
hann allur virðist flakandi í sárum.

Halastjarna hirtu þína göngu
hefðir þú komið endur fyrir löngu
þá hefðu færri hjartans undir logað
þá hefðu færri-tár af kinnum bogað.

R. J. D.

ROBLIN HOTEL
115 Adelaide St. Winnipeg
Bezta $1.50 á-dag hús í Vestur-Canada. Keyrsla ókeypis milli vagnstöðva og hússins á nóttu og degi. Aðhlynning hins bezta. Viðskifti Íslendinga óskast. OLAFUR G. ÓLAFSSON, Íslendingur, afgreiðir yður. Heimsækjið hann. —
O. ROY, eigandi.

The **Farmer's Trading Co.**
(BLACK & BOLE)
HAFA EINUNGIS BESTU VÖRUTEGUNDIR.
Einu umboðsmenn fyrir :—
"SLATER" Skóna góðu.
"FIT-RITE" Fatnaðinn.
"H. B. K." prjónafélagið.
"HELENA" pils og 'waist' kvenfatnaði.
Bestu matvörutegundir.
" DEERING " akuryrkju verkfæri o, s. frv.
Beztu vörur Lágt verð
Fljót og nákvæm afgreiðsla.
Farmer's Trading Co.,
THE QUALITY STORE
Wynyard, Sask.

JIMMY'S HOTEL
BEZTU VÍN OG VINDLAR.
VÍNVEITARI T.H.FRASER,
ÍSLENDINGUR. : : : : :
James Thorpe, Eigandi

MARKET HOTEL
146 PRINCESS ST. á móti markaðnum
P. O'CONNELL, eigandi, WINNIPEG
Beztu tegundir af vínföngum og vindum, aðhlynning góð húsið endurbætt

Woodbine Hotel
466 MAIN ST.
Stærsta Billiard Hall í Norðvesturlandinu
Tíu Pool-borð.—Alskonar vín og vindlar
Gistin. og fæði: $1.00 á dag og þar yfir
Lennon & Hebb
Eigendur.

JOHN DUFF
PLUMBER, GAS AND STEAM FITTER
Alt verk vel vandað, og verðið rétt
664 Notre Dame Ave. Phone 3815
Winnipeg

A. S. TORBERT'S
RAKARASTOFA
Er í Jimmy's Hótel. Besta verk, ágæt verkfæri; Rakstur 15c en Hárskurður 25c. — Óskar viðskifta Íslendinga. —

S. K. HALL
TEACHER OF PIANO and HARMONY
STUDIO: 701 Victor St.
Haustkensla byrjar 1st Sept.

Uppléttíng.

Ritstj. Heimskringlu.

Gerðu mér þann greiða, að ljá þessum línum rúm í blaði þínu.

Eftir 6 ára dvöl í Quill Plain bygð í Saskatchewan, síðan ég kom frá Íslandi, réð ég af, að létta mér upp um tíma með því, að sækja sýninguna í Winnipeg og sömuleiðis Íslendingadagshaldið þar, svo og til þess, að finna Önnu systur mína og aðra kunningja og ættingja, sem þar búa.

Þegar ég kom að heiman fyrir 6 árum, fanst mér fátt um Winnipeg borg, enda mætti ég þar þá engum, sem ég þekti, þá 2 daga, sem ég hafði þar viðdvöl, nema þeim hjónum, herra Jóni Bildfell og konu hans, sem er frænka mín, og tóku þau þá, eins og nú, vel á móti mér. En nú fanst mér útsýni borgarinnar alt sinu bjartara og fegurra en þá, en hefir framför verið mikil á þessu tímabili.

Ég varði 2 dögum til að skoða sýninguna. En rúm blaðsins leyfir ekki, að því sé öllu lýst, sem þar bar fyrir augu, og var þó alt þess vert, að vera nákvæmlega athugað. Hrifnastur varð ég af að skoða hinar ýmsu gripa og dýrategundir, sem þar voru. Þar keppa bændur um að sýna fegursta og bezt alda gripi, — naut, hesta, sauði, svin og fugla. Og svo virtist mér, sem við bændur úr nýbygðunum gætum mikið lært af að sækja slíkar sýningar og að keppa eftir kynbótum á fjárstofni vorum, og að afla oss þekkingar á þeim eldisefnum, sem notuð eru til framleiðslu svo fagurra dýra. Ómögulegt er mér að telja upp alt er ég sá á sýningunni, en ég sannfærðist um það, að það borgi sig fyrir bændur, að kosta sig inn á þessa árlegu sýningu, því hún veitir bændum meiri þekkingu en nemur ferðakostnaðinum. Menn verða að líta hana með eigin augum til þess að geta metið réttilega gildi hennar.

Eftir sýninguna beið ég í borginni til þess að vera viðstaddur þjóðhátíðarhald Íslendinga þar 2. ágúst. Þar fann ég mesta fjölda landa minna og ræddi viðmarga þeirra. Alt fór þar vel fram, en mesta unun hafði ég af þeim ágætu ræðum, sem þar voru fluttar, og alt var hátíðahaldið hið ánægjulegasta og misti eg þó af all-litlu af prógramsskemtununum, vegna regnfalls um kveldið, — þar með ferð á gufubát, sem gekk eftir Rauðá um kveldið til að skemta gestunum. Við þetta hátíðahald fann ég góðkunningja minn Runólf Halldórsson frá Selkirk, sem bauð mér að heimsækja sig, og gerði ég það fáum dögum síðar í félagi með bróður hans, sem býr í Winnipeg.

Mörgum öðrum kunningjum mætti ég í Winnipeg og báði heimboð hjá þeim. Nefni ég þar á meðal Jónas Stephensen, sem gekk með mér um borgina 2 heila daga og sýndi mér mestan hluta hennar. Hjá Jóni Bildfell var ég því nær daglegur gestur, og hefði hann veitt mér húsnæði meðan ég dvaldi í Winnipeg, hefði ekki verið of áskipað í húsi hans af sýningargestum og öðru fólki. — Daniel Danielsson, sem var eitt sinn vinnumaður minn á Íslandi, er nú kvongaður og býr í borginni, og veitti hann mér vingjarnlegar viðtökur. — Ég eyddi og með Önnu systur minni skemtilegri kveldstund í húsi þínu, herra ritstjóri. Einnig heimsótti ég Stefaníu Magnúsdóttur og Guðnýju dóttur hennar, sem kvonguð er herra Magnúsi Pálssyni bókhaldara. Sömuleiðis Ólaf Vopna og Eirík Björnsson frá Ljótsstöðum, nágranna minn á Íslandi og samferðamann minn hingað vestur fyrir 6 árum. Þá heimsótti ég einnig Kr. Vopnfjörð og konu hans og Pétur Sigurjónsson og konu hans. — Og marga aðra hitt ég þar, þótt ekki nafngreini ég þá, og mætti allstaðar hlýlegustu viðtökum, og bið ég blað yðar að bera þeim öllum kæra kveðju og alúðarþökk mína fyrir viðkynninguna.

Síðast skal þess getið, að Anna systir mín og María dóttir hennar og ungfrú Helga Nielsson lögðu saman og gáfu mér, er ég fór frá Winnipeg, ágæta leður-ferðatösku, og votta ég þeim hér með kæra þökk fyrir.

Rétt áður en ég fór úr borginni gerði ég mér ferð á almenna sjúkrahúsið til þess að sjá Mrs. B. L. Baldwinson, sem þar hefir verið 9 víkur, og virtist mér hún vera á vænlegum batavegi.

Margt annað vildi ég sagt hafa um þessa skemtiför, en það væri ósanngjörn áníðsla á rúmi blaðsins. Aðeins bið ég blaðið að flytja kæra kveðju mína öllum þeim mörgu, sem ég kyntist og naut höfðinglegrar gestrisnu hjá á þessari ferð, og þakka ég þeim öllum alúðlega þeirra góðu viðtökur og viðmót.

J. J. Vestdal.

Dánarfregn.

"Vantar nú í vinahóp,
völt er lífsins glíma,
þann sem yndi og unað skóp
oss, fyrir skemstum tíma".

M. J.

Hinn 13. júní sl. vildi sá sviplegi sorgaratburður til hér í bænum, að bóndinn Sigurður Hannesson varð bráðkvaddur. Það vildi þann ig til, að Sigurður ásamt syni sínum Victor, og öðrum dreng til, hafði verið við heyvinnu um daginn, að aka saman og stakka heyi, og var að öllu leyti heilbrigður að því er sjáanlegt var. En þegar leið að kveldinu kl. 6—7, og þeir ætluðu að fara að hætta vinnu, gekk Sigurður, sem sjálfur hafði verið uppi á heystakknum, út að öðrum enda stakksins til eftirlits, og spurði son sinn, sem niðri var, hvernig stakkurinn liti út. En í þeirri somu svipan féll hann afturbak niður á heystakkinn, og var þegar örendur. Nábúar, sem voru þar nærstaddir, komu þegar til aðstoðar, fluttu líkið heim og gerðu alt, sem í þeirra valdi stóð, með lífgunartilraunir, sem reyndist árangurslaust. Tveir læknar voru sóttir, og álitu þeir að orsökin til dauða hans mundi vera sú, að æð hefði slitnað í höfðinu, máske vegna hita og þreytu og af ofmikilli áreynslu, og að hann hefði bráðdáið, — ekki vitað af sér, þá er hann féll niður.

Sigurður Hannesson var fæddur 23. ágúst 1855 á Hvoli í Ölfusinu í Árnessýslu, sonur Hannesar Hannessonar, merkisbónda, sem bjó á téðum bæ allan sinn búskap, og varð einnig bráðkvaddur, er hann var að leggja hnakk á hest, en þá samt nokkuð hnigin að aldri.

Sigurðu var kvæntur Sigríði Gísladóttur, bónda á Krögguls-stöðum í sömu sveit og sýslu á Íslandi. Fluttu þau hjón til Ameríku árið 1885, settust að í Spanish Fork, og hafa búið hér síðan og liðið mæta vel.

Víð frá fall Sigurðér hjóst hið mesta skarð í þjóðlífsskjöld vorn, því hann var hinn mesti starfs- og dugnaðar maður. Hann bjó hér fyrirmyndarlegu búi og átti lagleg an og vel um hirtan búgarð í grend við bæinn, en snoturt, vandað og skemtilegt íbúðarhús og heimili hér í bænum. Hann var í meðallagi greindur, eða fult það, vinfastur, en nokkuð vínavandur; alla jafna sí-glaður og findinn og spaugsamur í viðræðum. Ágætur nábúi. Bezti og umhyggjusamasti húsfaðir. Ástríkur eiginmaður og faðir.

Hann lætur hér eftir sig — auk sinna mörgu vina, sem öllum er sár söknuður að frá falli hans á bezta aldri og svona sviplega, — ekkju þá, sem hér að framan er nefnd, tvo syni, 17 og 22 ára að aldri, og eina dóttur 6 ára, — og 5 systur, sem allar eru á Íslandi, giftar og búa í Reykjavík og þar í grendinni.

"Nú hvílir hetjan styrkva
á hægri grafar-sæng,
en sál frá sorgar-myrkva
er svifin ljóss á væng;
og uppheims-stjörnum ofar,
þars engin blæða sár,
hún lávarð himna lofar
fyr liðna gleði' og tár".

E. H. Johnson.

Spanish Fork, 17. júlí 1910.

Magnús Brynjólfsson.

Að björtum degi dimmdi í hverjum ljóra
dýrðleg blómin virtust fella tár.
Það hristist jörð, þá hrundi bjargið stóra,
Hér er Plató annar lagður nár.

Það stynur jörð er steypast björg,
sér stúrinn fugl í lundi harmur,
með dör í hjarta dróttin mörg,
Drenginn nýta, sáran harmar.

R. J. Davíðson

LEIÐRÉTTING.

Í síðustu hendingu 10 erindis í kvæðinu "Eiríksjökull" hefir misprentast eitt orð, "fyrir" en á að vera YFIR.

— Til Íslands fór, frá Chicago borg þann 18. þ. m., herra A. J. Johnson með konu sina og barn eftir ársdvöl þar syðra. Segir hann svo í bréfi til ritstj. Hkr. að heilsa þeirra hjóna þoli ekki hitann og loftslagið þar syðra, og eins getur hann þess að hann geri ekki ráð fyrir að koma aftur vestur. Þau hjón biðja Heimskringlu að flytja Vestur Íslendingum alúðar kveðju sína með þökk fyrir viðkynninguna.

* * *

Sólar stigvéla endast lengur, ef við og við er borin á þá terpentína. Hún smýgur inn í holurnar á leðrinu og varnar vatninu aðgöngu.

THE DOMINION BANK
HORNI NOTRE DAME AVENUE OG SHERBROOKE STREET
Höfuðstóll uppborgaður : $4,000,000.00
Varasjóður - - - $5,400,000.00
Vér óskum eftir viðskiftum verzlunar manna og ábyrgumst að gefa þeim fullnægju. Sparisjóðsdeild vor er sú stærsta sem nokkur banki hefir í borginni.
Íbúendur þessa hluta borgarinnar óska að skifta við stofnun sem þeir vita að er algerlega trygg. Nafn vort er fullrygging óhlutdeika. Byrjið spari innlegg fyrir sjálfa yðar, komu yðar og börn.
H. A. BRIGHT, RÁÐSMAÐUR.

Með því að biðja sérlega um "T.L. CIGAR," þá ertu viss að fá ágætan vindil.
T.L.
T.L. CIGAR
(UNION MADE)
Western Cigar Factory
Thomas Lee, eigandi Winnipeg

Vitur maður er varkár með að drekka eingöngu HREINT ÖL. Þér getið jafna reitt yður á
DREWRY'S REDWOOD LAGER.
Það er léttur, freyðandi bjór, gerður eingöngu úr Malt og Hops. Biðjið ætíð um hann.
E. L. DREWRY, Manufacturer, Winnipeg

STRAX Í DAG er BEZT AÐ GERAST KAUPANDI AÐ HEIMSKRINGLU. — ÞAÐ ER EKKI SEINNA VÆNNA.

Manitoba á undan.

Manitoba hefir viðáttumikla vatnsfleti til uppgufunar og úrfellis. Þetta, hið nauðsynlegasta frjógunarskilyrði, er því trygt.

Ennþá eru 25 miljón ekrur óbygðar.

Íbúatal fylkisins árið 1901 var 225,211, en er nú orðið um 500,000, sem má teljast ánægjuleg aukning. Árið 1901 var hveiti og hafra og bygg framleiðslan 90,367,085 bushela; á 5 árum hefir hún aukist upp í 129,475,943 bushel.

Winnipeg borg hafði árið 1901 42,240 íbúa, en hefir nú um 150,000; hefir nálega fjórfaldast á 8 árum. Skattskildar eignir Winnipegborgar árið 1901 voru $26,405,770, en árið 1908 voru þær orðnar $116,106,390. Höfðu meir en þrefaldast á 7 árum.

Flutningstæki eru óviðjafnanleg,— í einu orði sagt, eru í fremsta flokki nútíðartækja: Fjórar þverlandsbrautir liggja um fylkið, fullgerðar og í smíðum, og með miðstöðvar í Winnipeg. Í fylkinu eru nú nálega 4 þúsund mílur af fullgerðum járnbrautum.

Manitoba hefir tekið meiri landbúnaðarlegum og efnalegum framförum en nokkurt annað land í heimi, og er þess vegna ákjósanlegasti aðsetursstaður fyrir alla, af því þetta fylki býður beztan arð af vinnu og fjárleggi.

Skrifið eftir upplýsingum til: —

JOS. HARTNEY, 77 York Street, Toronto, Ont.
JOS. BURKE, 178 Logan Avenue, Winnipeg, Man.
A. A. C. LaRIVIERE, 22 Alliance Bldg., Montreal, Quebec.
J. F. TENNANT, Gretna, Manitoba.

J. J. GOLDEY,
Deputy Minister af Agriculture and Immigration, Winnipeg.

Og ég má fullvissa þig um, prófastsfrú, að sérhver fróður og verulega mentaður maður mun hrósa honum fyrir það".

Presturinn lagði svo mikla áherzlu á orðin: verulega mentaður, að prófastsfrúin tók það sem persónulega sneið. Mögru, fölu kinnaranar hennar litaði ilskan rauðar.

Það var ekkert til sem eins mikið særði konu þessa, eins og að láta í ljós efa um mentun hennar. Þetta orð var ávalt á vörum hennar, og sérhver sem kyntist henni, varð þess fljótt var, að sjálfsálit hennar var takmarkalaust. Hún trúði á óskeikullei dómsgreindar sinnar, og að undanskilinni barónsfrú Ehrenstam í Liljudal, var engin kona í sókninni sem tók henni fram í neinu. Að efast um sæmd hennar, dygð og lunderni, það gat nú staðist, en að efast um mentun hennar, það var óheyrandi.

Menn geta skilið hve reið hún varð, þegar hún heyrði lítilsigldan þorpsprest efast um hennar, hinnar fyrverandi kennslukonu, alfullkomnu mentun.

Hún varð ýmist rauð eða föl, hvassi nefbroddurinn varð háraður og eldur logaði í augum hennar. Hún reyndi árangurslaust að finna orð og setningar, sem gætu lokað munninum á þessum fífldjarfa presti fyrir fult og alt.

Frú Bergholm, sem varð all-óróleg og kvíðandi yfir því þrumuveðri er maður hennar átti í vændum, gat ekki fundið annað vænna ráð en að velta borðinu með kaffikönnunni og tveimur bollapörum, um koll, til þess að leiða athygli þessarar bókfróðu skjaldmeyjar í aðra átt.

Það heppnaðist líka. Hávaðinn kom prófastsfrúnni til að snúa sér við. Hún gleymdi að láta reiði sína streyma yfir prestinn, þegar hún sá innihald kaffikönnunnar renna út um gólfið. Bergholm presti var bjargað, en að eins fyrir stutta stund.

"Hamingjan góða, hvað ég er klaufaleg," kallaði frú Bergholm, með uppgerðar hræðslu. "Ó, pabbi, komdu og hjálpaðu mér."

Presturinn hraðaði sér að verða við þessari bón konu sinnar, glaður yfir því að losna við augnatillit þessarar reiðu konu. En sú gleði varð nú nokkuð endaslepp, því naumast var búið að reisa borðið við, þegar prófastsfrúin sagði:

"Góði prestur minn, við vorum að tala um áform tengdasonar þíns, og þú sagðir, að sérhver verulega mentaður maður yrði að fallast á áform hans. Var það ekki þetta sem þú sagðir, eða heyrði eg skakt?"

"Alveg rétt, alveg rétt, frú mín góð," svaraði presturinn, sem nú iðraðist eftir að hafa talað á þenna hátt, "en ég meinti að eins með því—"

"Þú meintir með því, að ég ætti enga verulega mentun til, fyrst ég væri á móti áformi hans," sagði frúin all-hávær. "Þú hyggur þig vera framúrskarandi vitran mann, af því að þú hefir í mörg ár lesið grísku og latínu, en ég get fullvissað þig um það, að bókmentir nútimans hafa að geyma sáðkorn til eins mikillar mentunar og fornaldar bókmentirnar. Hve lítilfjörleg skáld voru ekki Virgil, Cicero og Tacitus í samanburði við Byron, Goethe og Tasso?"

"Cicero og Tacitus voru ekki skáld," sagði presturinn kurteislega. "Sá fyrri var—"

"Mér er sama hvað þeir voru," greip frúin fram í fyrir honum, hamstola yfir misgáningi sínum og því, að presturinn skyldi dirfast að leiðrétta hana, "en hver og einn verður þó að viðurkenna það, að þeir, sem uppi voru fyrir tvö þúsund árum síðan, hafa ekki getað staðið á jafn háu mentunarstigi eins og þeir þrir, sem ég nefndi, og sem tilheyra okkar tíma."

"Tasso heyrir ekki okkar tíma til," sagði presturinn með egnandi rósemi. "Hann var uppi fyrir mörgum hundruðum ára síðan."

"Ég veit það eins vel og þú, prestur minn," sagði frúin með vaxandi vonsku, "ég veit mjög vel—"

"Og hvei, prófastsfrú, ég var bara að spauga. Þú veist mjög vel að Tasso lifir enn, þó hann sé orðinn mjög gamall," greip presturinn fram í fyrir henni.

Þetta var við það að gera frúna bandóða. Satt að segja hafði frúin ekki lesið eitt orð eftir Tasso, og vissi ekki annað um hann en að hann hafði verið stór-skáld. Presturinn hafði því gaman af vandræðunum sem hann kom henni í, með því að halda því fram að Tasso væri lifandi.

Frúin áttaði sig þó brátt og sagði:

"Okkur varðar í raun réttri ekkert um Tasso, við vorum að tala um tengdason þinn, hr. Holm, og bændaskólann hans."

"Konan min hefir rétt fyrir sér," sagði litli digri prófasturinn, sem við hlið konu sinnar líktist mest núlli aftan við einn í tölu, "það var umtalsefnið, þú hefir enn ekki svarað athugasemdunum sem ég gerði við fyrirtæki þetta."

"Þeim er auðvelt að svara," sagði presturinn. "Þú ert hræddur um að skóli tengdasonar míns skapi lagasnápa og þesskonar illþýði, en þó liggur það í augum uppi, að skóli þessi verður til að eyðileggja þá. Því einmitt fyrir það að þekkingin verður almenn, það er að segja, að allir geta öðlast hana, munu bændurnir eftirleiðis ekki leita á náðir slíkra þorpara, sem táldraga þá einföldu og þekkingarsnauðu. Þeir eiga að læra að hjálpa sér sjálfir, og sú litla fræðsla, sem þeir öðlast í æsku sinni, mun ekki gera þá hrokafulla eða drambsama, eins og þú heldur, heldur þvert á móti auðmjúka, því þegar

þeir eru leiddir inn á völl vísindanna, sjá þeir að hann er takmarkalaus. Þá sjá þeir og hve lágt þeir standa, sjá að þeir eru ekkert, og þessi vissa vekur hjá þeim auðmýkt.....vona eg. Og þetta er tilgangur skólans, sem minn eðallyndi og heiðvirði tengdasonur hefir stofnað, ásamt dóttur minni."

"Hvað þá?" sagði prófasturinn; "en þetta verður aldrei annað en hálfmentun.....þoka....."

Presturinn ypti öxlum.

"Hvort er betra," spurði hann, "að vera einsýnn eða alveg blindur, að ganga í þoku eða niðamyrkri. Segðu mér það, vinur minn."

"Mér finst þessi líking ekki eiga vel við....."

"Jú, hún á eins vel við og nokkur líking getur átt við þetta efni; hvers vegna eru mennirnir, bænduirnir sem aðrir, settir í þennan heim? Er það til þess að þeir eyði æfi sinni við skort og mótlæti í myrkri fávizkunnar? Má ekki bóndinn fá leyfi til við og við að lyfta huga sínum frá moldinni sem hann stendur á, til þess að festa hugsjón sína á einhverju öðru en því sem er að eins efnislegt? Eigum við, sem köllum okkur mentaða og fróða, ekki að unna bræðrum vorum neinnar mentunar eða fróðleiks?"

Bergholm prestur talaði þessi orð með raustu, sem titraði af hjartnæmri tilfinningu. Hinn gamli, heiðvirði maður var gagntekinn af hugsunum þeim, sem nú riktu hjá honum, — hugsunum um þessa fátæku, fyrirlitnu, rangsleitni liðandi bræður, um hverra velvegnan hann ávalt hugsaði, þessa vitsmunablindu, sem hann vildi gera sjáandi — en hann gleymdi á þessu augnabliki við hvern hann talaði, gleymdi því, að maðurinn sem hann talaði við, var vitgrannur, ruddalegur og singjarn prestur, sem ekki skildi hugsjónir þær, sem hinn gáfaði, mentaði, fróði og góði maður ól.

Vér höfum FLUTT

Vort nýja heimkynni er á horni

Portage Avenue og Hargrave Strætis

J. J. H. McLean & Co LIMITED

Cor Portage Ave. & Hargrave
Phone: Main 808.

Fréttir úr bænum.

— Mrs. Helga Baldwinsson, sem í s.l. 11 vikur hefir verið hér á almenna spítalanum, fékk heimfararleyfi í dag.

Giftu konurnar í St.Skuld bjóða öllum ísl. G.T. á skemtifund á miðvikudaginn (í kveld) Veitingar og skemtanir frítt — komið öll.

Hinn 3. þ m. gaf séra Bjarni Thorarinson saman í hjónaband þau herra Kristján Thorvaldson frá Langenburg, Sask. og ungfrú Jónínu Guðrúnu Guðmundson frá Marshland. Hjónavíxlan fór fram að Marshland Hall að viðstöddum fjölda fólks. Veitt var öllum af mestu risnu.

— Safnaðarfundur á Garðar N Dak. fyrra sunnudag samþykti með 79 atkv. gegn 5, að kalla cand theol Lárus Thorarensen til prests fyrir söfnuðinn, með $800 árslaun. Köllunin send með símskeyti og $100 til ferðakostnaðar vestur.

Í hálfrar mílu kapphlaupi hér í borg þann 16. þ. m. vann landi vor Leifur Eiríksson Sumarliðason frægan sigur yfir alla keppinauta—mesta fjölda, og vann fagran rúggustól. Tíminn 2 mínútur og 4 sekúndur. Kapphlaup þetta var háð inni í húsi; en talið víst að ef hlaupið hefði verið úti, þá hefði leifur hlaupið hálfa mílúna á 2 mínútum.

Herra Sveinbjörn Vigfusson, mjólkursali, á bréf að Heimskringlu, áríðandi að það komist sem fyrst til hans.

Hálft fjórða þúsund kaupamenn komu til bæjarins 18. þ. m., flestir frá Ontario-fylki. Flestir þeirra ætluðu til Saskatchewan. Nokkur þúsund voru áður komnir hingað vestur.

Í ráði er að færa brúna miklu sem liggur yfir C. P. R. járnbrautarsporin hjá Salter Street vestur á Nena stræti og gera það þannig beint stræti alla leið frá Assiniboine ánni að sunnan og norður úr bænum. Rætt hefir og verið um að breita nafninu á Nena stræti og kalla það Sherbrooke stræti.

Megn taugasjúkdómur er mælt að upp hafi gosið í Vestur Winnipeg í byrjun þessa mánaðar, og að tugir sjúklinga séu nú með veikina, sen þó er talin væg og ekki líkleg að reynast mannskæð.

Herra S. F. Oddson, frá Cold Springs, var hér á ferð í s. l. viku og sagði grassprettu í meðallagi í bygð sinni og uppskeru horfur á kornvöru í góðu meðallagi. Herra Oddson var á ferð vestur til Argyle í uppskeruvinnu þar.

Sigvert Jóhannesson frá Ardal og Axel J. Melsted og Olafur C. Olafsson, frá Árnes og Oskar Eiríkson frá Nes P. O. voru hér í bæ í s. l. viku á leið í uppskeru vinnu að Roland, Man.

Til skiftavina.

Um leið og vér þökkum yður fyrir undanfarin góð viðskifti tilkynnum vér yður hérmeð að vér höfum selt verzlun vora til FINNBOGASON BROS., og óskum vér að þér látið þá njóta sömu velvildar í viðskiftum, sem vér höfum hlotið frá yður á undanförnum árum. Vér getum fullvissað yður um að þeir óska eftir viðskiftum yðar og að þeir munu gera alt sem í þeirra valdi stendur til þess að gera viðskiftin þægileg.

Clemens, Arnason and Palmason.

Við undirritaðir, sem keypt höfum ofangreynda verzlun leyfum okkur hérmeð að mælast til viðskifta við Íslendinga í Winnipeg og fullvissum þá um að við munum láta okkur annt um að veita þeim eins góða verzlunarkosti og völ er á annarstaðar.

Finnbogason Bros.

Jónas Pálsson

Piano og tónfræðis kennari byrjar aftur kennslu fyrsta Sept. n. k.

Hann býr nemendur undir próf við Toronto University, sem er bezta og áreiðanlegasta mænta stofnun þessa lands.

Margir af nemendum J. P. eru farnir að kenna sjálfir nú þegar og farnast vel.

ÁRITUN: 760 Victor St.
WINNIPEG
Talsími Sherbrooke 1179

J. T. STOREY S. DALMAN

Your Valet

HREINSAR, PRESSAR, GERIR VIÐ OG LITAR FATNAÐ.

Alt ágætlega gert. Komið því með fötin til okkar.

690 NOTRE DAME AVE.
TALSÍMI MAIN 2798

Dr. G. J. Gíslason,

Physician and Surgeon
18 South 3rd Str, Grand Forks, N.Dak

Athygli veitt AUGNA, EYRNA og KVERKA SJÚKDÓMUM. ASAMT INNVORTIS SJÚKDÓMUM og UPPSKURÐI. —

The Evans Gold Cure

229 Balmoral St. Sími Main 797

Varanleg lækning við drykkjuskap á 28 dögum án nokkurrar tafar frá vinnu eftir fyrstu vikuna. Algerlega privat. 16 ár í Winnipeg. Upplýsingar í lokuðum umslögum.

Dr. D. R. WILLIAMS, Exam. Phys
J. L. WILLIAMS, Manager

"Kvistir,"

kvæði eftir Sig. Júl. Jóhannesson, til sölu hjá öllum íslenzkum bóksölum vestanhafs. Verð: $1.00.

MARTYN F. SMITH,

TANNLÆKNIR.

Fairbairn Blk. Cor Main & Selkirk

Sérfræðingur í Gullfyllingu og öllum aðgerðum og tilbún aði Tanna. Tennur dregnar án sársauka. Engin veiki á eftir eða gómbólga. —

Stofan opin kl. 7 til 9 á kveldin
Office Phone 6944. Heimilis Phone 6462

ANCHOR BRAND HVEITI

er bezta fáanlegt mjöl til nota í heimahúsum og annarstaðar. Það er gert úr No. 1. Hard HVEITI eftir nýjustu aðferðum.

Símið 4326 eftir söluverði þess.

Leitch Bros.
FLOUR MILLS
Winnipeg skrifstofa
240-4 GRAIN EXCHANGE

GEO. ST. JOHN VAN HALLEN

Málafærslumaður

Gerir öll lögfræðis störf
Útvegar peningalán

Bæjar og landeignir keyptar og seldar, með vildarkjörum.

Skiftiskjöl $3.00
Kaupsamningar $3.00

Sanngjörn ómakslaun
Reynið mig

Skrifstofa 1000 Main St.
Talsími Main 5142
Heimils talsími Main 2357
WINNIPEG

DR. H. R. ROSS

C.P.R. meðala- og skurðlækuir.
Sjúkdómum kvenna og barna veitt sérstök umönnun.

WYNYARD, — SASK.

Brunskill's

Nýtýzku KJÖTSÖLUBÚÐ

717 SARGENT AVE.

selur beztu kjöttegundir með lægsta verði, og óskar eftir viðskiftum Íslendinga. — Mr. Brunskill hefir verzlað 5 ár í vesturbænum, og er þektur sem hreinskiftinn verzlari. — Peningum skilað aftur, ef varan reynist ekki ágæt í alla staði.

Kennara vantar.

að Háland skóla nr. 1227, í þrjá almanaksmánuði, byrjar 1. september 1910. Umsækjendur tilgreini kaupgjöld og mentunarstig. Tilboð sendist til undirritaðs fyrir 15. ágúst 1910.

Hove P.O., 18. júlí 1910.
S. EYJÓLFSSON.

Húðir og ógerfuð Loðskinn

Verzlun vor er vor bezta auglýsing. Sendið oss húðir yðar og loðskinn og gerist stöðugir viðskiftamenn.
Skrifið eftir verðlista.

The Lightcap Hide & Fur Co., Limited
P.O.Box 1092 172 176 King St Winnipeg
16-9-10

W. R. FOWLER A. PIERCY.

Royal Optical Co.

307 Portage Ave. Talsími 7286.

Allar nútíðar aðferðir eru notaðar við augn-skoðun hjá þeim, þar með hin nýja aðferð, Skugga-skoðun, sem kjörgengi öllum ágiskunum. —

Gefið fótunum meiri gaum.

Fætur sem voru hraustlega bygðir og mundu hafa endst til æfiloka hafa margoft verið eyðilagðir vegna ódýrra og óviðeigandi fótaplagga.

REYNIÐ OKKAR SKÓ, þeir munu vernda fæturnar

Sérhvað er eins og það á að vera við þá.

Reynið því þá, að þessu sinni.

Karlmannaskór $4.00—$8.00

Kvennaskór: $3.00—$6.00.

Ryan-Devlin Shoe Co
494 MAIN ST. PHONE 770.

Sherwin-Williams PAINT

fyrir alskonar húsmálningu.

Prýðingar-tími nálgast nú. Dálítið af Sherwin-Williams húsmáli getur prýtt húsið yðar utan og innan. — Brúkið ekker annað mál en þetta. — S.-W. húsmálið málar mest, endist lengur, og er áferðarfegurra en nokkurt annað hús mál sem búið er til. — Komið inn og skoðið litarspjaldið. —

Cameron & Carscadden

QUALITY HARDWARE

Wynyard, · Sask.

Atvinna.

Okkur vantar fáeina duglega umboðsmenn í hinum íslenzku bygðum í Manitoba og Norðvesturlandinu til að selja Stereoscopes og myndir. Sendið 75c fyrir umboðsmanna áhöld.

Arnason & Son.
8-4 Churchbridge, Sask.

A. S. BARDAL

Selur líkkistur og annast um útfarir. Allur útbúnaður sá bezti. Enfremur selur hann al skonar minnisvarða og legsteina.

121 Nena St. Phone 306

TIL SÖLU:

160 ekrur af bezta landi, stutt frá járnbrautarstöð. — Fyrsti maður með $7.00 fær hér góð kaup. — Finnið

Skúli Hansson & Co.
47 Aikens' Bldg.
Talsími. Main 6476 P. O. Box 833

Tvö herbergi

með stóar-aðgangi til leigu að 384 Simcoe St. $7.00 á mánuði.

Þarft þú ekki að fá þér ný föt?

EF ÞAU KOMA FRA CLEMENT'S, — ÞÁ VERÐA ÞAU RÉTT

Réttur að efni, réttur í sniði réttur í áferð og réttur í verði.

Vér höfum miklar byrgðir af fegurstu og beztu fataefnum. —

Geo. Clements & Son
Stofnað árið 1874
264 Portage Ave. Rétt hjá FreePress

Th. JOHNSON

JEWELER

286 Main St. Talsími: 6606

Sveinbjörn Árnason

Fasteignasali.

Selur hús og lóðir, eldsábyrgðir, og lánar peninga. Skrifstofa: 12 Bank of Hamilton.

TALSÍMI 5122. HÚS-TALS. 8695

G. NARDONE

Verzlar með matvöru, aldini, smá-kökur, allskonar sætindi, mjólk og rjóma, sömul. tóbak og vindla. Óskar viðskifta Íslend. Heitt kaffi eða te á öllum tímum. Fón 7756

714 MARYLAND ST.

Boyd's Brauð

Alt af hin sömu ágætu brauðin. Það er ástæðan fyrir hinni miklu sölu vorri. — Fólk veit það getur reitt sig á gæði brauðanna. Þau eru alt af jafn lystug og nærandi. Biðjið matsala ykkar um þau eða fónið okkur.

Boyd's

Bakery Cor. Spence & Portage Ave
Phone Sherb. 680

BILDFELL & PAULSON

Union Bank 5th Floor, No. 520

selja hús og lóðir og annast þar að lútandi störf; útvegar peningalán o. fl.

Tel.: 2685

Jónas Pálsson,

SÖNGFRÆÐINGUR.
Útvegar vönduð og ódýr hljóðfæri
460 Victor St. Talsími 6803.

BONNAR, TRUEMAN & THORNBURN,

LÖGFRÆÐINGAR.

Suite 5-7 Nanton Blk. Tals. 766
Winnipeg, Man. P.O.BOX 223

"Í huga mínum sé ég þann dag renna upp", bætti Bergholm við með vaxandi eldlegum áhuga, "þegar nútíma hugsjónir rikisins gripa sverðið til að fara í leiðangur móti fávizkunni og myrkrinu, svo að börn mins föðurlands séu ekki einvörðungu háð forlögum sínum — þann dag verða hin almennu vísindi ekki lengur hulin öllum fjölda hins svenska fólks — þann dag getur bóndinn, sem yrkir land sitt, með ánægju og þakklæti hugsað til þeirrar stundar, þegar hann lærði —"

"En góði prestur minn," tók prófastsfrúin fram í fyrir honum. "Guð varðveiti mig frá að lifa á þeim tímum sem þú sérð í vændum....."

Presturinn svaraði engu. Orð frúarinnar eyðilögðu drauma hans.

Loks stóð prófasturinn upp með þeim fasta ásetningi, að gera alt sem hann gæti til að fella skóla þann, sem Holm hafði stofnað.

Þegar gestirnir voru farnir, sagði presturinn:

"Hamingjunni sé lof að þau eru farin, Brita Caisa. Aðra eins skepnu eins og þessa prófastsfrú hefi ég aldrei þekt. Þá vil ég þig þúsund sinnum heldur, Brita Caisa, enda þótt þú hafir aldrei heyrt getið um Tasso."

"En, Bergholm, þú stríðir henni líka alt af:"

"Stríði henni," sagði presturinn ákafur. "Var það ekki hún og skilningsdauði maðurinn hennar, sem í dag reyndu með öllu móti að egna mig til reiði?... að tala um það hve skaðlegur skóli Holmers væri. Þau mega skammast sín."

"Góði pabbi," kölluðu nú stúlkurnar þrjár, um leið og þær slóu hring um föður sinn, "vertu nú ekki lengur reiður, en komdu með okkur til Marienlundarins. Við lofuðum Maríu í gær að við skyldum koma þangað í kveld, og hjálpa henni með fræðslu

barnanna. Klukkan er ekki nema fimm.....komdu góði pabbi."

"Já, börn, ég skal strax koma með ykkur," svaraði presturinn, "en fyrst ætla ég að líta í bréfin mín. Eg sé að Brita er að koma með bréfatöskuna, það kemur ef til vill eitthvert áríðandi bréf.

Presturinn tók á móti töskunni, opnaði hana og fann þar býsna þykt bréf með Uppsala póstmerkinu.

"Frá Morits," tautaði hann við sjálfan sig um leið og hann opnaði það. "Ég hefi ánægju af þeim dreng. Hann auðsýnir mér svo mikla vinsemd, hann gleymir ekki gamla kennaranum sínum, þó honum gangi vel. Ó," bætti hann við og stundi, "því leyfði Guð ekki að minn eigin sonur yrði.....og þó, það er ekki vert að mögla yfir því.....úlfurinn á heima í skóginum og dúfurnar í dúfnabúrinu, segir orðtækið."

...

Hann opnaði bréfið og las það.

"Nú, hvað skrifar hann?" spurði frú Bergholm.

"Brita Caisa, það er nauðsynlegt að útbúa litla herbergið, sem er á móti mínu, eins vel og unt er."

"En góði Bergholm, þar hefi ég mjólkurtrogin."

"Komdu, gerðu eins og ég segi. Mjólkurtrogin verðurðu að flytja yfir í matarklefann, herbergið þarf að laga til, því Morits Sterner ætlar að dvelja nokkrar vikur hjá okkur í sumar. Gerðu herbergið eins snoturt og þú getur, og minstu þess, að það á máske að geyma eitt af okkar tilvonandi heimsfrægu skáldum. Og það sem er enn meira vert: gleymdu ekki, að hann er heimilisvinur okkar."

"Hvað varðar mig, um heimsfrægðina," tautaði frú Bergholm, "Mjólkurtrogin mín eru mér meira virði.....Heimilisvinur, en að heyra þetta. Eins og drengurinn eigi ekki þér að þakka það sem hann er orðinn. En þú hefir ávalt verið svo ástúðlegur við

hann; ég held satt að segja að þú elskir hann heitar en konu þína og börn."

"Að minsta kosti heitara en mjólkurtrog konu minnar," sagði presturinn rólegur.

"Góða mamma," sagði hin alúðlega Lovisa, sem var eftirlætisgoð mömmu sinnar, af því hún var líklegust til að gegna húsmóðurstörfum og matartilbúningi, "við skulum hjálpa þér að flytja trogin, og búa herbergið húsgögnum. Það er ekki nema sanngjarnt að hr. Sterner fái sérstakt herbergi handa sér, hann verðskuldar það fyrir fallega leikritið sem hann sendi okkur í haust, þú manst víst eftir því, það hét rafhjarta."

"Já, já, góða barnið mitt," sagði frúin, sem strax gleymdi reyði sinni, "ég man vel eftir því, þó eg hafi ekki enn haft afgangs tíma til að lesa það. Nú við verðum þá að flytja trogin, þú hjálpar mér með það á morgun, góða mín. Nær kemur Sterner?"

"Í næstu viku," svaraði presturinn. "Hann gat ekki ákveðið daginn, en segir að sér leiðist í Uppsölum, og vill koma hingað út í sveitina til að hrista af sér bókarykið. Ég ætla að skrifa Óskari og bjóða honum að koma og dvelja hér nokkra daga. Þeir geta sofið saman, herrarnir."

"Já, það var rétt vinur minn," sagði frú Bergholm, sem nú var orðin sátt við Morits og trogaflutninginn, "ef að Óskar má koma heim, þá skal ég gera alt sem þú biður um. Mér þykir mjög vænt um Morits, en blóðið er þó þykkra en vatnið."

"Já, og þykkra en mjólk," sagði presturinn brosandi. "Að öðru leyti skrifar Morits ekkert sem ykkur getur þótt gaman að. Hann talar um nám sitt og framtíðarhorfur, en ekki segjir hann frá innihaldi þeirra skjala sem hann erfði eftir móðir sína, og sem áttu að opnast á tuttugasta afmælisdegi

hans. "Þegar við sjáumst"—segir hann—"skal ég segja þér það, og ég er viss um að þú samþykkir breytni mína".....En komið þið nú stúlkur litlu, við skulum fara til Marienlundar."

Þær voru strax ferðbúnar. Létu aðeins á sig hatta, annars þurfti ekki, því veður var blítt.

"Nú, viljið þið ekki hafa mig með?" kallaði móðir þeirra.

"Jú, ef þú mátt vera að því, Brita Caisa," svaraði presturinn, "þá þykir mér vænt um það. Við komum þá on grand femille," bætti hann við brosandi.

"BritaC Gleymdu ekki að hreinsa baunirnar og að líta eftir eldinum," sagði frúin við vinnukonuna um leið og hún lét á sig hattinn. "Ég verð stundarkorn í burtu."

Þessi litla fjölskylda fór af stað, og höfðu litlu, kátu stúlkurnar nóg að gera að elta fiðrildin, sem flögruðu yfir grænu, blómriku engjarnar.

Það var inndælt vorkvöld í endirnum á maí. Himinninn var blár, og bláar voru öldurnar í ánni og vatninu, sem hin lækkandi sól speglaði sig í. Þúsundir fugla hoppuðu um greinar trjánna og milli þeirra, og þúsundir af smáum blómum gægðust upp úr jörðunni og hlustuðu á tíst þeirra. Í fjarlægð heyrði maður óm veiðilúðursins inni í skóginum, og alstaðar heyrðist suðan í flugunum sem svifu um kring í geislum vorsólarinnar.

Leið prestsins og fjölskyldu hans lá yfir brú; það var sama brúin og Isabella Ehrenstam datt út af ofan í ána fyrir átta árum síðan. Hér nam presturinn staðar litla stund til að skoða hið undurfagra útsýni, sem oppnaðist langs með bökkum árinnar og endaði í ótmælanlega fjarsýni, þegar augað náði hinum sléta, tígulega fleti Wenernvatnsins.

Heimskringla.

XXIV. ÁR | WINNIPEG, MANITOBA, FIMTUDAGINN, 1. SEPTEMBER 1910 | NR. 48

Fregnsafn.

Markverðustu viðburðir hvaðanæfa

— Dominion stjórnin hefir létt á þeim álögum sem hún að undanförnu hefir lagt á Brezka innflytjendur. Að undanförnu hafa þeir orðið að hafa $25 landgöngu eirir hver fullorðinn farþegi. En hérefter verða þeir látnir á land án landgöngueiris. Þetta ákvæði nær þó ekki til annara en Brezkra þegna. Ástæðan fyrir ívilnaninni til þeirra er sú að Ástralía er nú tekin að keppa öfluglega við Canada um innflytjendur.

— Ottawastjórnin hefir nýskeð ákveðið að ferðamenn utanríkja, sem ferðast um Canada megi hafa í fórum sínum 40 vindla og 100 vindlinga toll frítt.

— Verkfall í járnnámum á Spáni hefir verið samfara óeirðir allmiklar í sumum héruðum þar, svo að landsherinn hefir með lögregluliðinu orðið að skerast í leikinn.

— Tilraun hefir verið gerð til þess í Montreal borg, að undirlægi Fylkisstjórnarinnar, að koma í veg fyrir að sýndar verði þar hreyfimyndir af hnefleik þeirra Johnson og Jeffries. En einn af fylkisdómurunum hefir neitað að skerast í það mál, segir myndasýning þessa vera lögum samkvæma.

— Bandaríkjastjórn hefir í hyggju að láta gera rafmagnsgangvélar í sum af herskipum sínum, telur þær taka upp minna rúm en veita meira afl en gufuvélar.

— Þau hlunnindi hafa verið veitt finum fylkiboltum í Englandi, að þeim er gert mögulegt að fá lýstar brautirnar sem þeir þurfa að fara eftir þegar þeir fara úr drykkjukránum á kveldin til þess að komast heim til sín. Rafljósin eru slökt kl. 11 á kveldin, en þeir sem eru seinna á ferð þurfa ekki annað en setja einn penny í slotvélar sem festar eru á ljósastaurana og kemur þá rafljósið og lýsir þeim að næsta ljósastólpa; vilji þeir hafa ljós lengra ákiðis, þá setja þeir annan penny í næstu ljósastólpavél og svo áfram þar til þeir slangrast heim til sín.

— Kóleran geysar stöðugt í Rússlandi og Italíu og fer stöðugt í vöxt svo til stór vandræða horfir. Á einni viku sýktust um 29 þúsund mans á Rússlandi, en tæp 11 þúsund dóu. Í alt, eftir nýustu skýrslum, hafa um 51 þúsund mans dáið úr sýkinni síðan hún hófst á Rússlandi fyrir rúmum tveim mánuðum síðan. Læknarnir hafa nú lýst yfir því að þeir geti ekkert gert að því að lækna sýkina, það eina sem þeir geti gert sé að varna að hún breiðist frekar út. Á Italíu er svipað ástatt nema hvað færri hafa dáið þar að svo komnu, enda er veikin í byrjun þar. Fólk streymir í þúsunda tali úr borgunum, til að leita sér hælis út á landi þar sem loftslagið er hollara. Einnig þyrpist það í kirkjurnar og ákallar Maríu mey og alla dýrðlinga til verndar gegn þessu voða böli. Konungur og drottning gera alt sem þau geta til hjálpar og hefir konungur skipað svo fyrir að hann fái stöðugt nákvæmar fréttir frá héruðum þeim sem sýkin geysar í. Hefir hann í hyggju að heimsækja þau ef hann gæti orðið frekar að liði.

— Quebec stjórn sýnir nær millión dollars tekju afgang fyrir síðasta fjárhagsár. Inntektir fylkisins urðu rúmlega 6½ millión dollars en útgjöld 5,600,000 dollars.

— Blaðamaður einn í Lundúnum hefir hreift því í blaði sínu að þörf sé á að þar í borg og víðar á Englandi séu sett á stofn barnagæzlu hæli, til aðstoðar ríkum mæðrum. Hann segir mikinn fjölda auðmannakvenna eiða mestu af tíma sínum—vanalega frá kl. 2 e. h. til kl. 2 að morgni, til spilamensku en á meðan séu börn þeirra í umsjá stúlkna sem hafi eins mikla þörf á skemtunum eins og sjálfar mæðurnar og séu því einatt alt of lausar við barnfóstrið. Segir hann að þar af mæðrunum, sem enhverja tilfinningu hafi fyrir börnum sínum mundi líða betur ef þær vissu að barnanna væri vel gætt á stofnun sem bæri fulla ábyrgð gerða sinna.

— Einn maður var dreptinn og annar hættulega særður í fótboltaleik í Ontario fylki þann 25. þ.m., Yfirvöldin hafa gert rannsókn í því máli.

Dr. Jóhann S. Jakobsson.

MAÐUR sá er "Hkr" flytur mynd af í dag, er einn af hinum þrautseigustu og þolnustu Íslendingum er við eigum til fyrir vestan haf. Hann hefir unnið látlaust og hvíldarlaust, svo árum skiftir, frá kl. 7 á morgnana til kl. hálf ellefu á kveldin. Fyrst við daglega vinnu sína (á rafarmagnsverksmiðju) í 10 tíma á dag; síðan við nám sitt fram á nótt. Og mikinn hluta sunnudaganna á sjúkrahúsum

Ótal áðurgleikar hafa mætt honum, en hann hefir yðrstigið þá alla. Aldrei mist sjónar á markinu,—og nú er því náð. Hann tók próf í læknisfræði með fyrsta ágætiseinkun, 1. Júlí sl.

Dr. J. S. Jakobsson, er fæddur á Eskifriði á Suðurmálasýslu á Íslandi 3. Ágúst 1875.

Foreldrar hans voru Jóhannes Jakobsson, veitingamaður þar, og kona hans Guðný Jónsdóttir, nú hjá dóttur sinu í Grenfell, Sask., Canada. Faðir sinn misti hann 1875.

1893 fekk hann inngöngu á lærðaskólann í Reykjavík, og stundaði þar nám í 2 ár. Til Ameríku (Chicago) kom hann 1895. Gekk þar á alþýðuháskóla á kveldin, í 2 ár, og las ensku, þýsku, sögu, enskar bókmentir, grasafræði, dýrafræði, eðlisfræði oft. Tók próf með ágætis einkun 88 stig. Árið 1900 byrjaði hann að læra rafarmagnsfræði, við bréfaviðskifaskóla í Pennsylvania. Eftir tvö ár tók hann próf frá honum með ágætum vitnisburði 98 stig í hreifingafræði, efna og eðlisfræði, þrýhyrnufræði og bókstafareikingi.

Árið 1906 byrjaði hann að lesa kekisfræði,

Af þessu má sjá að Dr. Jakokson hefir ekki setið auðum höndum síðan hingað kom. Hann hefir "búið sér til veg" með dugnaði og reglusemi, og vel sé hverjum sem gerir það. Þeir menn sem það gera, eru fyrirmynd annara. Þeim, HEIÐUR sem heiðurinn ber.

A. J. J.

OGILVIE'S

Royal Household Flour

Til Brauð og Köku Gerðar

Gefur Ævinlega Fullnæging

EINA MYLLAN Í WINNIPEG.—LÁTIÐ HEIMAIÐNAÐ SITJA FYRIR VIÐSKIFTUM YÐAR.

— Svenska stjórnin hefir látið telja hreindýrin þar í landi og fundið að í Lapplensku fylkjunum eru 27,233 tamin hreindýr. Þau eru eign 355 Lapplendinga. Sumir menn þar eiga frá 1000 til 2000 dýr.

— Séra Irving, í Los Angeles, Cal., ásamt með 2 konum og einum karlmanni hafa svelt sig í sex vikna tíma. Presturinn dó af sultinum en hitt fólkið lifði er síðast fréttist.

— Japan hefir fengið tilboð frá Þýskalandi um verzlunarsamninga milli ríkjanna. Sendiherrar beggja ríkjanna eru nú sem óðast að búa undir, áður en opinber skjalaviðskifti um mál þetta birja í næsta mánuði.

— Methodista kirkjan hefir á þingi sínu nýskeð afnumið bann gegn saklausum skemtunum. Að undanförnu hefir kirkjan bannað meðlimum sínum að dansa, en söfnuðirnir hafa á síðari árum gert svo megna uppreist gegn þessu þvingunar ákvæði og neitað að hlíða því, að stjórnendur kirkjunnar sáu sér ekki annað fært en að afturkalla bannið.

ELDURINN MIKLI.

— Þess var með örfáum orðum getið í síðasta blaði, að eldur mikill brynni í Montana og Idaho ríkjunum og hefði gert 3 millión dollars eignatjón.

Nokkru nánari fregnir hafa síðan borist af skógarbruna þessum, sem setti fyrneind ríki í eitt stórlogabál á sunnudaginn 21. Ágúst s. l. og eiddi þá hluta af bænum Wallace í Idaho og gerði þar á þeim eina stað millión dollars eignatjón auk þeirra mannslífa sem fórust í brunanum. Mörg þúsund mans flýðu strax bæjan og komust undan, þó varð lest sú sem flytja átti hospitalssjúklingana úr hættu, of seint fyrir og lenti í loganum og létust þar margir tugir sjúklinganna. Nokkrir bæjarbúar komust niður í námu við bæjinn og björguðu þannig lífi sínu. Ýmsir bæjir á leið eldsins í báðum ríkjum urðu fyrir stór skemdum og er talið að nokkur hundruð manna hafi farist. Heilar herdeildir voru sendar til að slökkva eldinn og vetja bygðir, en tókst ekki fyr en regn og snjór fell þann 24. Ágúst. En verður ekki sagt með vissu hve skaðinn nemur miklu eða hve margt manna hafi týnt lífi af þessum mikla skógarbruna.

— Ice cream virðist ekki vera jafnholt og margir hakla, aðminsta kosti reyndist kirkjufólkinu í Portsmouth, Ohio—það ekki sem bezt því sjö liggja fyrir dauðanum af völdum þess og margir meir og minna lasnir. Talið er að Ice cream þetta muni hafa verið skemt eða eitrað.

C. H. RICHTER

— Blaðið "St. Paul Dispatch" dags. 23. águst, skírir frá því að öflug nefnd "business"-manna úr St. Anthony Park, Merian Park og Hamline, hafi heimsókt landa vorn C. H. Richter í St. Paul og beðið hann að gefa kost á sér til þingmensku í Minnesota þinginu, og boðið honum alt það afl og fylgi sem þeir ættu völ á. Einnig skírir annað St. Paul blað frá því að nú sé verið að gera öfluga tilraun til þess að fá herra Richter til að sækja um þingmensku undir merkinu Republicanaflokksins fyrir 37. kjördeild (Senatorial Dristrict), en að hann hafi ennþá ekki veitt sendinefndum þeim sem til hans hafi komið, ákveðið svar.

— Eitt þýzkt gufuskip fanst nýlega á hafi úti, í báli. En hjálpin kom mátulega til þess að skips höfninni yrði bjargað.

— Skógareldar hafa brotist út í Oregon og Washington ríkjunum, og svo eru íbúarnir þar óttslegnir, að sent hefir verið eftir stórskotaliði og vígskipum til þess að hefja skothríð í loft upp í þeirri von að við það framleðist regn er slökt geti eldana.

— Vilhjálmur Þýzkalandskeisari hefir á ný vakið athygli á sér með ræðu sem hann hélt nýlega Koenigsburg, þar sem hann hélt því fram að hann héldi keisaratign sinni samkvæmt guðs boði og að þessvegna væri hann ekki ábyrgðarfullur gerða sinna fyrir mönnum eða þinginu, heldur eingöngu fyrir guði almáttugum. Ræða þessi hefir vakið óhug meðal þegna hans og undrun alls siðaðs mannheims.

— Georg Breta kóngur hefir látið lýsa því yfir að engin tilhæfa sé í því að hann sé óánægður með Buckingham Palace fyrir verustað sinn. Hann játar að vísu að höllin sé gamaldags og úrelt og þoli engan samjöfnuð við hin miklu skrauthýsi New York miljóneranna sem búa í Lundúnum, né heldur sé hún líkt því eins stór og Spánarkonungs, og engu stærri en einn útskaginn á konunglegu höllinni í Hollandi og ekki stærri en svo að hún gæti staðið í bakgarðinum sem er við höll Rússakeisara. En með því að laun Bretakonungs eru miklu minni — aðeins $2,350,000 dollars á ári — heldur en laun Spánarkonungs, Þýzkalands eða Rússa keisaranna, og með því að Bretakonungur er að eðlisfari mjög sparsamur, en höll hans að ýmsu leyti þægilega innréttuð þá gerir hann sig ás ttan með hana sem framtíðarbústað sinn.

— Þresking er byrjuð á fyrirmyndar heimili Canadastjórnar í Indian Head, Sask. Uppskera þar er sögð ágæt, t. d. má nefna hina svon efndu Marquis, hveiti tegund sem þar hefir verið sáð til og nú gefur 54 bushels af ekrunni, og er talin ágæt hveititegund.

— George H. Ruff, sem fyrir nokkrum tíma kom til Canada frá Englandi og kvongaðist hér vestra var í s. l. viku dæmdur í Toronto borg, til 3 ára fangavistar fyrir fjölkvæni. Hann hafði átt konu í Englandi og með henni barn, en ekki fengið lögskilnað frá henni áður hann kvongaðist hér vestra.

— Saskatchewan stjórnin telur að nú sé þar í fylkinu 7,375,000 ekrur undir ræktun korntegunda og að þær á þessu hausti gefi af sér 162 milliónir bushela, þannig: hveiti, í 4,624,000 ekrum gefur 14.7 bushel af ekru, eða als 68,416,000 bushel. Hafrar í 2,103 ekrum, gefi 93.7 bushel af ekru, eða als 83,500,000 bushel. Bygg, í 237,000 ekrum, gefur 26.1 bushel af ekru, eða als 6,200,000 bushel. Hör í 393,100 ekrum gefur 9.66 bushel af ekru, eða als 3,797,590 bushel.

JÓN JÓNSSON, járnsmiður, að 790 Notre Dame Ave. (horni Toronto St.) gerir við alls konar katla, könnur, potta og pönnur fyrir konur, og brýnir hnífa og skerpir sagir fyrir karlmenn. — Alt vel af hendi leyst fyrir lítla borgun.

EINATT VIÐ STARFIÐ

MagnetRjómaskilvindan

HVERSVEGNA?

Af því hún er sterk og stíf, hefur "Square gear" stóra skál, einstykkis fleytir (hæghreinsaðan) með tvístuðningi - sem varnar eyðslu. MAGNET hamlan stöðvar skálina á 8 sekundum án skemda. Börn geta unnið með MAGNET sem sýnir að hún er velgerð létt snúin og að engin núningur er á pörtum hennar.

"Canadian Machinery" segir; —"Eitt atriði í MAGNET vélum er hin óvið jafnanlegu "Patent" hamla það er stálspöng umvafin skálinni og stöðvar vélina mjög fljótlega með litlum þristingi þetta er ágæt hamla og gerir útbunað vélarinnar fullkomin".

Það er ágætt að eiga áreiðanlega vél því þarf ekki að undra þó vér segjum einatt við starfið, tvisvar á dag í 50 ár.

SPYRJIÐ NÁBÚA YÐAR SEM Á MAGNET HANN MUN SEGJA YÐUR HÚN BREGÐIST ALDREI.

THE PETRIE MFG. CO., LIMITED

WINNIPEG, MAN.

ÚTIBÚ: Calgary, Alta., St. John, N. B., Montreal, Que., Vancouver, B.C., Regina, Sask., Victoria, B.C., Hamilton, Ont.

Wall Plaster

"EMPIRE" VEGGJA PLASTUR kostar ef til vill ögn meira en hinar verri tegundir,—en berið saman afleiðingarnar.

Vér búum til:

"Empire" Wood Fibre Plaster
"Empire" Cement Wall "
"Empire" Finish "
"Gold Dust" Finish "
"Gilt Edge" Plaster of Paris og allar Gypsum vörunteg. undir. —

Eigum vér að senda yður bækling vorn?

BÚIÐ TIL EINUNGIS HJÁ

MANITOBA GYPSUM CO. LTD

SKRIFSTOFUR OG MILLUR Í

Winnipeg, - Man.

SVAR

til Dr. Sig. Júl. Jóhannessonar

II.

Síðan ég skrifaði síðast hefir "skylduverki" doktórsins dálitið þokað áfram. Er því best, áður en hann kemst lengra út á þá hættulegu braut, sem hann er nú svo greinilega komin inná, — ósanninda og rangfærslubraut Hafsteinskunnar — að gera honum dálitið skil; hrekja verstu ósannindin og fjærstæðurnar, ef ske kynni að það hefði þau áhrif, að hann gætti sín betur næst, áður en hann gleypir Heimastjórnar (!!!) sannleikann.

Dr. Sig. Júl. hefir tekið sér fyrir hendur að sýna ákærur, á hendur bankastjórninni gömlu, og svör hennar gegn þeim, og er ekkert út á það að setja. Og það má hann eiga að hann hefir að mestu leiti á yfirborðinu tilfært þetta rétt, en einu hefir hann gleymt; sem sé því, að tilfæra SANNANIRNAR, RÖKSEMDIRNAR, sem hver málsaðili um sig hefir borið fram sínum málstað til stuðnings.

Það tæki of langan tíma, og of mikið rúm, að fara að tilfæra rökssemdirnar, við hvern einasta lið, (það átti Sig. Júl. að gera um leið og hann birti ákærurnar og svörin, því með ÞEIM stendur og fellur málstaður hvors málsaðila) en ég vil sína hér NOKKRAR teknar af handahófi.

Bankastjórinn (fráset ti) er á kærður fyrir að hafa veitt lán, (sjálfskuldaraábyrgðar og víxla lán án þess að gæslustj. annar, eða báðir, ueittu til þess samþykki sitt. Þetta er brot á lögum bankans.

Með hverju rökstyður nú rannsóknarnefndin þessa ákæru?

Með því að vitna í reglugerð Landsbankans 8. Apríl 1884, 13 gr. þar stendur: "að Landsbankinn láni fé gegn sjálfskuldaráoyrgð, er BANKASTJÓRNIN (fleirtala; bankastj. og gæzlustjórarnir) álitur fullnægjandi."

Þessari ákæru svarar gamla bankastjórnin með því að segja að lög bankans veiti framkvæmdarstjóra FULT vald til þessa, án samþykkis gæzlustjóra. Það sé hvergi heimtað í lögum bankans; (þó það standi svart á hvítu í reglugerðinni) sömu reglu sé fylgt í Íslandsbanka." Þeim til stuðnings vitna þeir í lög bankans frá 18. Sept. 1885, 22 gr. Þar segir: Framkvæmdarstj. annast um dagleg störf bankans, og stýrir þeim, UNDIR UMSJÓN gæslustjóranna.' En í hverju er þessi "umsjón" fólgin? Vitanlega í því að framkvæmdarstjóri veiti EKKERT lán nema að full trygging sé fyrir. En hvað verður úr þessari umsjón sem lögin leggja þeim á herðar, og sem er AÐALSTARF þeirra, ef bankastjórinn EINN, má veita hverjum lán sem honum sýnist, án þess þeir viti minstu vitund af því, fyr en EFTIRÁ; fyr en löngu eftir að lántakandinn er kominn veg allrar veraldar með skildingana? Hafi bankastjórinn af einræði sínu, lánað einhverjum peninga, án þess að næg trygging væri fyrir, hvar er hún þá þessi "umsjón" gæslustjóranna með gerðum framkvæmdarstjórans? Vitanlega hvergi. Hún á sýnilega að vera fólgin í því að þeir hafi hönd í bagga, AÐUR en lánin eru veitt, annars er hún alveg þýðingarlaus.

Hér sjá því allir sjáandi menn, að þessi tilvitnun bankastj. er verri en einkisvirði fyrir þeirra málstað, því hún einmitt styður málstað nefndarinnar. Og þessi grein laganna er í fullu samræmi við greinina í reglugerð bankans sem eg tilfærði hér að framan. Hér er því ómótmælanlega sannað að bankastjórinn hefir brotið bæði lög og reglugerð bankans, og ákæran því í fyllsta máta réttmæt.

Hvað tiðkast í Íslandsbanka kemur málinu ekkert við. Hann hefir alt önnur lög. Annars er hlæjilegur allur vefurinn um þetta í "Aths. og andsvörum" gömlu bankastjórnarinnar (bls. 15), t. d. eins og það er, hún segir, að orðið "BANKASTJÓRN" (fleirtala) þýði sitthvað, þar sem það kemur fyrir í lögum og reglugerð bankans. Stundum þýði það, eða merki það, aðeins framkvæmdarstjórann, en stundum, bæði framkvæmdarstj. og gæslustjórana.

Að ætla sér að telja nokkrum manni trú um það, að ákveðið fleirtöluorð, sé nokkurntíma haft þegar átt er við aðeins einn mann er biræfni í meira lagi. Þetta sýnir best á hvað hálu svelli mennirnir eru. Það er lélegt hálmstrá, sem þeir reyna ekki að gripa í. Ef þeirra skilningur væri réttur, þá hefðu þeir menn er sömdu lög og reglugerð bankans, verið svo miklir heimskingjar, að þeir ekki hefðu kunnað að gera greinarmun á fleirtölu og eintölu orði. En lög og reglugerð bankans tala um FRAMKVÆMDARSTJÓRA, GÆSLUSTJÓRA, og "BANKASTJÓRA" (þessa þrjá menn í sameiningu) vitanlega eftir því, við hvað af þessu þrennu er átt, í það og það skiftið; og sýnir það, að þeir er sömdu lög og reglugerð bankans, hafa ekki verið eins grænir, eins og frávikna bankastjórnin virðist ætla.

Bankastjórnin er ákærð fyrir, að hafa látið ábyrgðarlausa þjóna, kaupa víxla fyrir sem skiftir mörgum tugum þúsunda kr. Til þessa hafi hún ekkert vald, hvorki lagalegt eða siðferðislegt. Þeir ákærðu játa að þetta sé satt. Þessir víxlar hafi "venjulega komið í bankann síðdegis, EFTIR að bankastjórnin hafi verið farin úr bankanum." (Þetta eru víxlarnir sem nefndin álitur að hafi flestir verið frá óskilamönnum, mönnum sem vildu heldur eiga við ábyrgðarlausa þjóna, en bankastjórnina sjálfa, og komu því ekki fyr en EFTIR að hún var farin.) Að venja menn á þetta, var vitanlega að venja þá á óskilsemi, eins og nefndin segir. En bankastjórnin reynir að klóra sig út úr þessu, með því að segja að lög bankans mæli ekkert fyrir um, hvernig víxlar séu keyptir. En þó svo væri, sem ekki er nú satt—því samkvæmt lögum er reglugerð bankans, og sem tilkært er hér að framan, eru víxlakaup og lánveitingar einmitt AÐALSTARF bankastjórnarinnar, eins og gefur líka að skilja—þá höfðu þeir siðferðislega ábyrgð á þessu. ÞEIM, sem BANKASTJÓRN, er falið á hendur, að gæta fjár bankans, og þeir bera ábyrgð á hvernig það er lánað út m. fl. Hvað verður úr þessari ábyrgð þegar ábyrgðarlausir þjónar lána svo og svo mikið af fé út, (að kaupa víxil er alveg sama og veita lán) án þess að bankastjórnin viti minstu vitund um það, fyr, en eftir að lánið er veitt, (búið er að kaupa víxilinn). Fyrir þetta kæruleysí, sem gengur nærri því, að vera bein ótrúmenska á ábyrgðarmiklum störfum, sem þeim er trúað fyrir, og sem þeir hafa lagalega og siðferðislega ÁBYRGÐ á, áttu þeir skilið að vera reknir frá störfum sínum, þó ekkert hefði verið annað athugavert. Það mun hvergi tiðkast um VÍÐA VERÖLD, að menn geti fengið lán í bönkum, eða framlengt þar lán, eftir að ÖLL bankastjórnin er farin úr bankanum—aðeins með því, að eiga við ábyrgðarlausa bankaþjóna. Hver sú bankastjórn, sem léti slíkt viðgangast—ég tala nú ekki um, sem levði annaðeins, eða jafnvel FYRIRSKIPAÐ) það—mundi alstaðar þykja óhæf; mundi í hvaða landi sem væri, vera vikið frá umsvifalaust.

Bankastjórnin er ákærð fyrir að víxla og ávísanaeign bankans sé ekki nærri eins mikil, og bækur bankans tilfæra; þetta sé annaðhvort reykningsvillur, í bókunum, eða að þetta sé týnt; ef til vill hvorutveggja. Bækur bankans séu því rangar um þessa upphæð, sem skiftir þúsundum kr.,(x) og reikningar bankans hafi verið rangir um mörg ár.

Bankastjórnin játar að þetta se satt, og segist hafa vitað af þessu, en segist ekki geta fundið hvaðan þetta liggi. Er slíkt harla aumleg frammistaða, að vita ekki hvar fé er, sem þeim er trúað fyrir; og vera ekki búnir að komast fyrir það, þó að þeir vissu um þetta fyrir löngu síðan, jafnvel fyrir mörgum árum. (Sjá játning F. G. Aths. og Andsvör, bls. 41).

Þeir eru ákærðir fyrir að bækur bankans hafi verið í ólagi. Þessu neita þeir harðlega, og segjast óhræddir leggja þær fram fyrir sanngjörnum rétti; en eins og hér að framan er sýnt, JÁTA þeir, að þúsundir króna vanti á eignir bankans, samkvæmt því er bækurnar tilfæra þær. Hvernig í ósköpunum geta þá bækurnar verið réttar? Af því að bækurnar sýna miklu hærri upphæð, en þær eiga að sýna, þá HLJÓTA þær að vera RANGAR, og einnig hlýtur efnahagsreykningur bankans að vera RANGAR, því hann er tekinn eftir bókunum. Það þarf meira en meðal óskammfeilni, til að þræta fyrir að bækurnar séu í ólagi. EFTIR að vera búnir að gera þessa játningu. Hún er ófeimin, gamla bankastjórnin! Um eftirlit gömlu bankastjórnarinnar með víxlaeign bankans farast nefndinni svo orð:

"Þess skal getið, að ámeðan hin fráfarna bankastjórn sat að völdum, voru hinir og þessir starfsmenn bankans, látnir hafa hönd á víxlakössunum, og taka úr þeim víxla þá er féllu daglega í gjalddaga; jafnvel SENDISVEINN bankans; og er þá ekki óliklegt að víxill eða víxlar, hafi getað fallið úr kössunum á gólfið, og glatast þannig."

Svona var nú eftirlitið með fjármuni (sama sem peninga) bankans. Þessari þungu og alvarlegu ákæru, reynir gamla bankastjórnin ekki að svara með einu einasta orði; og samkvæmt því hvað önnur svör hennar eru þung á metunum, þegar farið er að kryfja þau til mergjar, þá er þetta þegjandi vottur um, að gegn þessari ákæru GAT hún ekkert sagt.

Bankastjórnin er ákærð fyrir að hafa sett mikið af varasjóði bankans, sem tryggingu til Landmansbankans Danska, fyrir skuld við þann banka. Þetta er beint á móti reglugerð bankans frá 8. Apr. 1894, 24 gr. Þar segir. Varasjóð bankans má EKKI lána út, heldur skal jafnóðum, svo fljótt sem því verður viðkomið, kaupa fyrir hann konungleg skulda bréf, eða önnur áreiðanleg verðbréf, er á SKÖMMU má koma í peninga." Að setja varasjóð sem tryggingu fyrir láni (sem svo er lánað svo út aftur) er alveg sama og lána út varasjóð; það sér hver heilvita maður.

Bankastjórnin neitar því að þessi ákæra sé sönn. En hvað sú neitun er veigamikil og samkvæm sannleikanum, má sjá af yfirlýsingu Gluckstads bankastjóra Danska bankans, 25. Nóv. 1909. Hann lýsir því yfir að 816 þús kr. í verðbréfum séu hjá Landmandsbankanum, HANDVEÐSETT, ("haandpantsat") sem trygging fyrir viðskiftum Landsbankans við Landmandsbankann danska. Það sjá allir hvað auðvelt er að koma verðbréfum varasjóðs í peninga á "SKÖMMUM" tíma, eins og reglugerðin mælir fyrir, þegar þau eru "handveðsett" og geymd hjá útlendum banka sem trygging fyrir skuld ("Salds") við þann banka sbr. bréf frá bankastjórninni SJÁLFRI, sem prentuð eru í dönsku, á 28—29 bls. í skýrslu rannsóknarnefndarinnar.

Eg hirði svo ekki um að fara meira út í þetta. Þetta nægir til að sýna, og sanna, hvað röksemdir þeirra fráviknu eru ábyggilegar og sannleikanum samkvæmar. Undir eins og annað er á þar eru þær hjaðnaðar niður eins og sápubóla. Þeir segja það löglegt, sem lög og reglugerð bankans segja berum, og ótvíræðum orðum að sé ólöglegt. Þeir verja, og mæla því bót að ábyrgðarlausir þjónar, láni út fé bankans; geri verk sem þeir EINIR (og enginn annar) EIGA að gera, er TRÚAÐ fyrir að gera—þó það sé bæði siðferðislegt og lagalegt brot.

Þeir þræta í öðru orðinu fyrir þær ákærur, sem þeir í hinu, játa, að séu á góðum rökum bygðar.

Þeir þræta fyrir að hafa gert það, sem hægt er að sýna svart á hvítu (með bréfum frá þeim sjálfum) að þeir hafa gert. Svona eru nú röksemdirnar gegn þeim ákærum, sem þeir reyna að svara, með röksemdaleiðslu. Mörgum ákærum svara þeir aðeins með því að SEGJA, að þær séu "ósannindi," "staðlaus sleggludómur," o. s. frv., REYNA ekki að rökstyðja með EINU orði. Allur vefur bankastj. í aths. og andsvörum fellur um koll, jafnskjótt og við hann er komið.

Þá kem ég að síðasta pistli dr. Sig. Júl. Eg varð alveg undrandi þegar ég hafði lesið hann. Undrandi yfir því, að sjá jafnmikið af ósannindum, og vitleysum hrúgað saman í ekki lengra mál. Mér kom ekki til hugar, að maðurinn sem í upphafi lofaði að ræða þessi mál án "HLUTDRÆGNI, ÞRÖNGSÝNIS og FLOKKFYLGIS" mundi komast eins langt og raun ber vitni um. Auðvitað stakk það mig illa, að hann skildi í fyrsta kaflanum bera fram bein ósannindi; en svo þegar búið var að benda honum á það, hélt ég að hann yrði varkárari eftirleiðis. Hann byrjar mjög spekingslega með því að skýra frá að ÓHÁÐIR dómstólar séu búnir að dæma "afsetninguna frá 22 nóv. f.á. ólöglega." (bætir ekki einu sinni við frá nýári.)

ÓHÁÐIR! Margt má nú segja manni! Hvaða menn eru nú í þessum dómstólum? Jón Magnússon, Jón Jensson og Halldór Danielsson. ALT menn sem standa í fremstu fylkingunni í pólitíska bardaganum MÓTI núverandi stjórn, og meiri hluti. Einn er þingmaður, í andstæðingaflokk stjórnarinnar, (var í millilandanefndinni sælu) hinir tóku eins mikinn þátt og þeir gátu í kosningabardaganum 1908 GEGN sjálfstæðisflokknum.

Í einu orði sagt. Allir þessir menn hafa sýnt sig að vera mjög ákveðnir—að eg ekki segi svæsnir—mótstöðumenn núverandi stjórnar og meiri hluta. Og svo eiga þeir að vera "óháðir" dómarar í málum sem höfðuð eru út úr pólitik, gegn mótstöðumönnum þeirra.

Dómarar ÆTTU að vera "óháðir" öllum pólitískum flokkum. En er hægt að búast við, að þeir séu það—geti verið það—eins og mannlegum breyskleika er varið—þegar kringumstæður, og hluttdeild þeirra í stjórnmálabaráttunni er athugað?

Eg læt hverjum eftir að svara fyrir sig þá segir Sig. Júl. að ráðherra "hlýði ekki dómnum." Þetta er sýnilega étið eftir Hafsteins blöðunum umhugsunarlaust. Veit Sig. Júl. ekki, að dómum er ALDREI hlýtt, (fullnægt) alt svo lengi að málinu er áfrýað, frá undirdómi til yfirdóms, og frá yfirdómi til hæstaréttar í Kaupmannahöfn, sem enn er æðsti dómstóll í Íslenzkum málum. Það er undrunarvert, að Sig. Júl. skuli gleypa umsvifalaust, svona bjánalega vitleysu. Það er ekki að furða þó hann æpi dálitið, eftir að hafa gleypt þessa flugu, og selt hana upp aftur—um, að ráðherra "gefi embættismönnum og öðrum þá fyrirmynd að hlýða ekki lögum né dómum" um að "réttarfar" landsins sé í voða, "einveldi" o.fl. Ef ráðh. ekki hlýðir hæstaréttardómi í þessum málum, þá FYRST er hægt að segja að hann hlýði ekki dómnum, en vitanlega kemur aldrei til þess.

Hvernig hæstaréttardómur fellur í þessum málum skal engu spáð, en íhugunarvert er að hugsa til þess, hvað marga dóma frá ísl. dómstólum að hæstiréttur hefir sett úr gildi, — dæmt alveg gagnstætt—nú í síðustu tíð, einkum þó í pólitískum málum, má benda t. d. á Skúlamálið, Lárusarmálin svokölluðu, og mörg önnur. Er óhugsandi að það eigi rót sína að rekja til þessa pólitíska vasturs ísl. dómaranna. Hlítur það ekki að hafa áhrif á dóma þeirra?

Mér kemur ekki á óvart þó hæstiréttur dæmdi þessi mál gagnstætt ísl. dómstólunum. tíminn leiðir það í ljós. Bulli Sig. Júl. um að fógetaúrskurðurinum hafi ekki verið hlýtt leiði ég hjá mér að svara í annað sinn. Gerði það síðast, og tilfærði þá úrskurðinn ORDRÉTLAN, svo lesendur gætu séð hvað haldgóð þessi ákæra er. Að hámarki ofstækisins kemst dr. Sig. Júl., þegar hann fer að tala um aukaþingsáskoranir þingmanna.

Hann byrjar þau ósköp með að segja þau ÓSANNINDI að "allir forsetar þingsins hafi krafist aukaþings." Skúli Thoroddsen (forseti sameinaða þingsins) hefir ALDREI krafist aukaþings. Hann hefir sagt, að hann hafi "leitt ÞAÐ hjá sér, að eiga þátt í áskoruninni um aukaþing, eða hvetja til hennar." Hann hefir AÐEINS getið þess, að SÉR "virðist" ráðherra ætti að verða við áskoraninni "ÞAR SEM HÚN VÆRI FRAM KOMIN." Hann hefir enníremur sagt, að hann gæti EIGI séð aukaþingsins svo brýna þörf, eins og bankamálinu er NÚ komið, að hann hefði séð ÁSTÆÐU til að vera einn í tölu áskorendanna." Ráðherrahefir fengið FOGMLEGA áskorun um aukaþing frá 21 þingmönnubm (einn hefir þó lýst yfir síðan, að hann efaðist um að kjósendur sínir vildu aukaþing, EFTIR að hafa lesið og kynt sér þæt skýringar, er nú eru fram komnar í bankamálinu, nfl. skýrslu nefndarinnar. Sex af þessum 21, (réttara sagt 20) eru stjórnkjörnir (konungkjörnir), valdir af Hannesi Hafstein, FYRST og FREMST með tilliti til þess að þeir væri nógu dyggir og ötulir flokksmenn HANS.

Þessir menn eru langt frá því að vera fulltrúar þjóðarinnar, eða fara með umboð fyrir hana; og því er ÓMÖGULEGL fyrir nokkra stjórn að taka áskorun beirra til greina. Það eru aðeins þjóðkjörnir þingmenn, sem stjórinn getur tekið til greina (meirihluti þeirra) og hún á að standa eða falla eftir vilja ÞEIRRA. Með því EINU móti er þjóðræðisreglunni fylgt.

Það væri þjóðræði í lagi, ef hægt væri að fella stjórnina með tilstyrk 6 konungkjörinna þingmanna, enda þó hún (stjórnin) hefði meira en helming þjóðkjörinna manna sér fylgjandi. (xx)

Þessir konungkjörnu menn hafa nálega ALLIR, og nálega ALTAF verið þver öfugit við þjóðarviljann í helstu velferðarmálum þjóðarinnar, (t.d. á síðasta þingi í sjálfstæðismálinu, aðflutningsbanninu o. fl.) og eins eru þeir á móti vilja meirihluta þjóðarinnar í ÞESSU máli; því sú staðhæfing Sig. Júl., að "meiri hluti þjóðarinnar hafi heimtað aukaþing er HELBER ÓSANNINDI, sem hljóta að vera sögð vísvitandi, ef Sig. Júl. hefir fylgst með öllum áskorunum, og fundarsamþyktum, er fram hafa komið af beggja hálfu; og lagt saman tölurnar sem hafa komið MEÐ og MÓTI aukaþingi. Vilji dr. Sig. Júl. halda þessari fjærstæðu áfram, skal ég sína honum með tölum sem hann GETUR EKKI hrakið, að miklu fleiri kjósendur á Íslandi (af þeim er hafa látið sig málið nokkru skifta, um hina er ekki að ræða hvorki með né móti) hafi verið á MÓTI AUKAÞINGI, jafnvel svo skiftir hundruðum. Sig. Júl. hleypur í einn þingmann meirihlutans (séra Björn á Dvergast.) og segir að hann sé viljugur að brjóta þjóðræðið, en hann gleymir að geta um þingmann Rangæinga í því sambandi, líklega af því að þeir eru báðir Hafsteinsliðar; en þeir hafa báðir skrifað undir aukaþingsáskorunina, þó mikill meiri hluti kjósenda þeirra hafi lýst yfir að þeir væri á móti aukaþingi.

Sumir þingmennirnir, er skrifuðu undir áskorunina hafa EKKERT umboð haft til þess frá kjósendum sínum, ekki einusinni LEITAÐ þess (H. Þ. og J. M.) og aðrir hafa haft yfirlýstan vilja kjósenda sinna (meiri hl. þeirra) á móti aukaþingi.

Allir sanngjarnir menn hljóta því að sjá, eftir að hafa kynt sér málavöxtu; eftir að hafa séð, að aðeins 14 eða 15 þjóðkjörnir menn af 34, hafa óskað aukaþings; og eftir að vita að meirihluti þjóðarinnar var á MÓTI því—að það var ógerningur að kalla saman aukaþing. Það hefði verið stjórnfarslegur glæpur, sem algerlega var óverjandi, gagnvart meirihluta þings, (þjóðkjörinna þingm.) og meirihluta þjóðarinnar.

Aftur á móti ætti það að vera sjálfsagt, að alþingi kæmi saman 15 Febr. n.k., á reglulegum tíma. Og hvað er langur tími pangað til? Í mesta lagi 6 mánuðir. Mikið liggur nú þessu bankamáli á. ef það má ekki bíða í 6 mánuði. Hvaða nauðsýn ber annars til að flýta þessu máli svo mjög? Verði bankastjórnin sýknuð, þá verður hún það alveg eins á þingi, í vetur, eins og þó aukaþing hefði verið haldið nú ísumar. Verði hún fundin sek, þá verður það sama upp á teningnum. Það er ekki óhugsandi að "óháður" dómstóll verði búinn að dæma í málinu að 6 mán. liðnum. Og gæti það verið talsverður stuðningur fyrir þingið, ef það vissi hverni sá dómur félli áður en það fer að dæma. Svo þegar öll hvol koma til grafar mælir alt á móti aukaþingi, en með því að málið sé ekki tekið fyrir, fyr en á reglulegu þinginæsta vetur. Niðurlagi greinarinnar hirði ég ekki um að svara, það er ofstækisfult þvaður, spunnið út af ósannindum, sem ég hér að framan hefi hrakið lið fyrir lið, svo ekki er tætla eftir.

Dr. Sig. Júl. má hjala eins mikið og hann vill, um "brældómsok Nerós" 'vönd Caligula, o.s.frv." ef hann hefir ánægju af því. Slíkt ofstækishjal er aðeins til að brosa að. Tillögu hans, eða áskorun, um að skrifa konungi, og krefjast þess að hann skipi ráðherra að kalla saman aukaþing, á móti vilja hans (ráðherra) á móti vilja og tilhlutan meiri hluta þjóðkjörinna þingmanna; (þessa flugu hefir dr. Sig. Júl. gleypt hjá sínum elskulega fornvini Jóni Ólafssyni) fær vitanlega ekki minstu áheyrn hjá nokkrum ærlegum Íslending. Slík fásinna hefir víst engum komið til hugar nema æstustu foringjum Hafsteinsflokksins — innlimunar flokksins. Enginn Íslendingur ætti að láta sér til hugar koma, að fara að leika nú, sorglegustu þætti Sturlunngaaldarinnar, sem að síðustu hjálpuðu og leiddu til þess, að landið tapaði frelsi sínu og sjálfstæði. Að leita á náðir ÚTLENDA VALOSINS og fá það—biðja það, skora á það—að hlutast til um. og gera út um ágreinings mál landsmanna sjálfra, (eins og verstu ófriðarseggirnir gerðu á Sturlungaöldinni) getur verið STÓRHETTULEGT sjálfstæði LANDSINS. Því þegar svo langt er komið fer útlenda valdið smátt og smátt að færa sig uppá skaftið og æsa og auka á ófrið landsmanna; en nota sér hann svo til að koma ár sinni fyrir borð, að það getur fært frelsi og sjálfstæði þjóðarinnar í hel. Svona gekk það til á Sturlungaöldinni, og alveg eins mundi fara nú, ef farið væri að leika sama bragðið. Á dauða mínum átti eg von, en EKKI á því að dr. Sig. Júl. yði færi að éta upp þetta konungskriftað Lokaráð, eftir Jóni Ólafssyni og Þorsteini Gíslasyni. En þetta er sýnishorn þess, hvað, ofstæki og blint flokksfylgi getur komist langt með menn.

Eg skil svo við þetta mál að sinni. Eg mun, (þrátt fyrir meiri fjærlægð) svara því er dr. Sig. Júl. ritar héreftir um þessi mál, ef mér þykir þess við þurfa.

A. J. Johnson.

(x) Sú staðhæfing bankastj. að víxlauppheðin týnda sé HELMINGI LÆGRI en nefndin segir, er aðeins fullyrðing, sem þeir hafa ekki REÞNT til að rökstyðja með einu einasta orði.

(xx) Alveg er sama að segja um það, að engin stjórn ætti að geta setið við völd, með tilstyrk stjórnkjörinna manna, ef hún hefir meirihluta þjóðkjörinna manna á móti sér.

Ef þér
viljið styrkja þarflegt
íslenzkt fyrirtæki, þá kaupið og
borgið Heimskringlu

Prentun

VÉR NJÓTUM, sem stendur, viðskipta margra Winnipeg starfs- og "Business"-manna.— En þó erum vér enþá ekki ánægðir. — Vér viljum fá alþýðumenn sem einatt notast við illa prentun að reyna vora tegund. — Vér ábyrgjumst að gera yður ánægða. — Símið yðar næstu prentpöntun til —

'Phone: Main 5944

The ANDERSON Co. COR. SHERBROOKE ST. AND SARGENT AVENUE. WINNIPEG.
PROMPT PRINTERS

ALDREI SKALTU geyma til morguns sem hægt er að gera í dag. Pantið Heimskringlu í dag.

Íslands fréttir.

— Reykjavík hefir nú komið á fót gasstöð og notar því gas bæði til lýsingar og suðu, en aftur eru Akureyri og Seyðisfjörður í þann veginn að koma á fót hjá sér rafljósum — Jóh. Reykdal úr Hafnarfirði hefir tekið að sér rafljósing Seyðisfjarðar, en bæði hann og danskur verkfr. Kjögx að nafni, keppa um rafljósing Akureyrar, er talið líklegra að hinn síðarnefndi verði þar hlutskarpari.

— Núlifandi meðlimir sjúkrahússfélagsins gamla í Rvík, þeir Dr. J. Jónasson, Magnús Stephensen landshöfðingi og B. M. Olsen, prófessor hafa gefið Reykjavíkur bæ gamla spítalann ásamt lækskurðarhúsinu sem hvorutveggja er verðlagt um 21 þúsund krónur. Á eigninni hvílir 5 þúsund króna skuld sem bærinn verður að greiða, en sjúkrahússjóð skal stofna fyrir andvirði eignanna. — Tilgangur sjóðsins er að koma upp sjúkrahúsi fyrir bæinn og skal hann vera á vöxtum undir umsjón borgarstjóra þar til bærinn sér sér fært að byrja á hinni nýju — spítalabyggingu — Sem stendur er Læknaskólinn í gamla spítalanum.

— Túnasláttur er nú víðasthvar langt komiun. Töður eru á Norðlandi í tæpu meðallagi, hið sama gildir um hálfdeigjuengi og harðvelli, aftur er betra útlit með flæðiengi. — Á Suðurlandi er grasspretta mun betri. Engjaspretta dágóð á Austurlandi.

— Á Húsavík borgar Örum & Wulffs verzlun 85 aura í peningum fyrir ullarpundið. — Á Akureyri er borgað 80 aura fyrir pundið í reikninga og gegn vörum.

— Carl T. Fredreksen, bakari í Rvík er nýlátinn í Kaupmannahöfn.

— Tóverksmiðjumál Eyfirðinga er nú loks til lykta leitt, á þann hátt að sýslunefnd Eyjafjarðarsýslu og bæjarstjórn Akureyrarkaupstaður hafa samþykt að taka á sig ábyrgð gagnvart landssjóði á 60 þúsund króna láni til verksmiðjunnar á Akureyri, gegn því að hluthafar félagsins ábyrgist 10 þúsund kr. af skuld þess við Íslandsbanka, að félagið hlíti reglum bæjarstjórnar og sýslunefndar um eftirlit með og umráð yfir rekstri fyrirtækisins og að sýslufélag og kaupstaður fái 1. veðrétt í öllum eignum félagsins sem óveðsettar eru, og 2. annan veðrétt í eignum þeim sem þegar eru veðsettar landssjóði. Er því nú búist við að verksmiðjurnar við Glerá verði bráðlega endurreistar.

— Guðm. T. Hallgrímsson cand. med. hefir verið settur héraðslæknir í Höfðahverfishéraði við Eyjafjörð.

— Ráðskona við geðveikrahælið á Kleppi er nýlega ráðin Sigríður Gísladóttir. — Umsækendur yfir 50.

— Í júní þ. á. var viðskiftavelta Íslandsbanka 2,796,000 krónur.

— Dr. Friðþjófur Nansen, norðurfarinn frægi kom til Seyðisfjarðar í síðustu viku júlí. — Var honum þar vel fagnað. Halldór Jónsson skólastjóri mælti fyrir minni hans, en Nansen mælti aftur fyrir minni Íslands. Fæst Dr. Nansen við mælingar og fiskirannsóknir úti fyrir ströndum Íslands í ár.

— Á heimleið frá biskupsvígslunni á Hólum í Hjaltadal, drukn aði stúlka, Ingibjörg Sveinsdóttir að nafni. Þegar hún var að fara yfir brú á Dalsá í Blönduhlíð, datt hesturinn er hún reið og bæði hún og hesturinn hrundu út af brúnni niður í ána og týndust.

— Fiskiafli er góður við Vestur og Norðurland — þó meir um bátfiski á Norðurlandi. Hákarlaveiði misheppnaðist á liðinni vertíð.

— Í símskeyti frá Kaupmannahöfn 22. ágúst er þess getið að eldsumbrot muni vera í Heklu. Reykur bent úr gígnum, jökullinn hefir bráðnað utan af honum og jarðskjálftar hafa orðið talsverðir í námunda við fjallið, svo búast má við eldgosi með hverjum degi.

— Á Seyðisfirði andaðist 23. júlí sl. frú Ólöf Einarsdóttir, móðir Einars Th. Hallgrímssonar konsúls og þeirra bræðra. Hún varð 95 ára.

— Þjóðminningardag héldu Ísfirðingar 6 ágúst sl. og var þar mikið um dýrðir.

— Nýdáinn er í Kaupmannahöfn frú Guðrún Magnússon, systir Ásgeirs Ásgeirssonar stórkaupmanns frá Ísafirði.

— Í Reykjavík andaðist 26. júlí sl. ekkjan Valgerður Jóhannsdóttir hin mesta rausnarkona. — Hún var ekkja Guðmundar sál. Þórðarsonar útvegsbónda og bæjarfulltrúa sem dó fyrir 12 árum. Hún varð tæpra 90 ára.

— Silfurbrúðkaup sitt héldu þau David Sch. Thorsteinsen læknir á Ísafirði og frú hans — 14. júlí sl.

— Guðvarður Guðmundsson bóndi í Hvammkoti í Arnarneshreppi í Eyjafjarðarsýslu fanst örendur í brunninum þar við bæinn fyrir skömmu. — Fyrri hluta dagsins var hann eitt heima fullorðinna manna, hitir við róðra, en þegar komið var að var hann horfinn og fanst eftir langa leit örendur í brunninum. — Hann var um sextugt og talinn undarlegur á geðsmunum.

— Þórður Guðmundsson frá Hala fyrrum þingm. Rangvellinga, og um 35 ár hreppstjóri Áshrepps, sagði þeim starfa lausum sakir sjóndepru. — Var honum og konu hans haldið veglegt samsæti 2. júlí sl. af sveitungum þeirra, var Þórði gefið vandað úr en konu hans brjóstnál hvorutveggja gripir góðir. Þorsteinn Erlingsson orti kvæði til Þórðar við þetta tækifæri.

— Reykvíkingar héldu enga Þjóðminningarhátíð 2. ágúst eins og að undanförnu. Búðum var að sönnu víðast hvar lokað þann dag og fánar dregnir á stöng enda voru það mestu hátíðabrygðin.

— Dáinn er bændaöldungurinn Ólafur Gissurssson frá Ósr í Bolungavík.

Falskt hár.

Að vera hárprúð hefir frá alda öðli verið innilegasta þrá kvenfólksins, bæði fyrir það að fátt prýðir það frekar en mikið og fagurt hár og eins vegna að karlmennirnir hafi að jafnaði rent hýru auga til hárprúðra kvenna. — Kvenfólkinu hefir því verið mjög hugarhaldið að nota öll þau ráð sem mættu til þess verða að prýða og auka hárið, og það sem hefir verið svo ólánsamt að hafa lítið hár, hefir núna á seinni tímum tekið upp á því snjallræði að nota falskt hár, og kveður nú svo ramt að þessu að meginþorri Amerískra kvenna notar falskt hár með meira eða minna leyti. — Í sjálfu sér er þetta ekki lastandi, en fróðlegt er engu að síður að rekja sögu falska hársins lítillega, og ef vera kynni að sumar sem nota það, skoðuðu huga sinn tvisvar áður en þær keyptu sér það — við að kynna sér sögu þess.

Mest af því hári sem flyst til New-York og annara stórborga Bandaríkjanna sem hárverzlun reka, kemur frá Kína, en allir sem nokkuð til þekkja vita að Kínverjar eru mjög stoltir af hárpísk sínum og vilja alls ekki við hann skilja í lifanda lífi, aftur er það gamall kínverskur siður, þá er menn deyja úr holdsveiki eða öðrum pestum sem all tíðar eru í Kína, að henda líkunum út á strætin og nota þá hárprangararnir tækifærið og ræna hárinu af líkunum, eins er því varið með óbótamenn sem af lífi eru teknir, böðullinn fær hárið fyrir snúð sinn og selur þeim það svo sem bezt bíður, en eins og nærri má geta er hár þannig fengið fult af óhroða og sóttkveikjuefnum, en þannig er það samt látið í poka og sent til New-York og annara stórborga, og eru árlega fluttir skipsfarmar af hári þannig fengnu frá Kína. — Vitanlega hreinsa hárverksmiðjurnar, sem hárið kaupa, það, áður en á sölumarkaðinn kemur, en ófagrar sögur hafa borist af þeirri hreinsun.

Eitt af merkustu tímaritum New York borgar fer hörðum orðum um hárverkstæði borgarinnar, segir að sóðaskapur eigi sér þar stað allvíðast og kæruleysi afskaplegt við hreinsun þess t. d. hreinsað og óhreinsað hár kembt í sömu kembivélum, þó eitanlega að óhreinsaðahárið sé fult af bakteríum og sem auðvitað fara í hreinsaða hárið úr kembivélinni, þó allar bakteríur sem í því voru áður, kynni að hafa drepist við suðuna. — Eins segir tímaritið að hreinsað og óhreinsað hár sé oft hvað innan um annað í geymsluherbergjunum svo á þann hátt gætu sóttkveikjuefni borizt hæglega.

En hvernig sem hreinsunin er, þó mikið sé undir henni komið, þá ætti það eitt, hvaðan hárið er komið og af hvaða mönnum það er, að vera nóg til að aftra kvenfólkinu frá að skreyta sig með því að óþörfu. — Mundu blómarósirnar sem falskt hár nota, skreyta sig til lengdar ef þær vissu að það væri af kínverskum morðingja eða holdsveiku líki? Mundu þær? það er spurningin, og svarið mundi hjá mörgum verða neitandi en aftur eru margar sem hafa tízkuna fyrir sinn guð, og ef hún heimtar það þá sjálfsagt að nota það af hvaða kvikindi sem það kynni að vera.

Og veslings morðingjarnir yrðu án efa glaðir ef þeir vissu af þeim heiðri sem hári þeirra er sýnt.

Fréttabréf.

Kæri herra ritstjóri Hkr.

Jafnvel þó, nú sé nokkuð langt síðan eg hefi skrifað héðan úr Nýja-Íslandi fréttir til Heimskringlu, hafa samt engar stórkostlegar nýungar skeð hér síðan; því þó að hér séu stöðugt talsverðar framfarir getur það varla talist með nýum fréttum. Því nú á dögum, er eins og framfarir í heiminum séu ekki orðnar neinar fréttir eða nýungar lengur. Samt sem áður eru hér um alt Nýja-Ísland talsverðar framfarir í þá áttina að bæta vellíðan manna.

Akrar bæði fyrir hveiti, og hafra, eru einlægt að stækka og fjölga; og verkfæri til jarðræktar einlægt að aukast.

Og eiga sérstakir menn eigi lítinn þátt í því að efla dugnað, framkvæmd og fjár, að heiðri allra annara óskertann; það eru kaupmennirnir, sem ávalt vaka yfir því, að láta helzt ekkert vanta, sem getur orðið bændunum að notum, til þess ekkert þurfi að stansa, og óþægilegt yrði fyrir bændur sjálfa að nálgast. Það er auðvitað þeirra (kaupmannanna) eigin þága líka þrátt fyrir það eiga þeir mikinn heiður fyrir dugnað sinn, og umbrot í framfaralegu tilliti, því þannig örfa þeir ósjálfrátt aðra dugnaðarmenn.

Af kaupmönnum hér í Nýja-Íslandi þekki eg einna mest til sveitarstjóra (oddvita) Mr. Sveins Thorvaldssonar, sem hefir verzlun í félagi með Mr. Jóhannesi Sigurðssyni, sem er borgarstjóri í Gimlibæ. Og hafa þeir báðir mikla verzlun bæði við Icelandic River og á Gimli Ekki fyrir allmörgum árum, settist Mr. S. Thorvaldson að, við Icelandice River (Fljótið sem kallað er) og setti þar á stofn smjörgerðarverkstæði, og byrjaði um leið verzlun. Til að hrinda öllu á stað á sem hagkvæmastann hátt, gerði hann bændum eins létt fyrir, og hægt var, með því að láta sækja rjómann heim til þeirra allra, sem því vildu sinna.

Síðan hefir hver dugnaðartilraunin einlægt rekið aðra. Og því næst í sveitarmálum hefir hann mjög mikið látið til sín taka, og nýtur sín þar nú mjög mikið, sem hann er formaður (eða oddviti sveitarstjórnarinnar) og lætur sér mjög ant um velferð héraðsbúa. Hann hefir einna mest og bezt barizt í því að járnbraut fengist lögð frá Gimli, og alla leið norður að Fljóti eða River Town. Og enn lætur hann ekki deigan á síga, en er nú góðrar vonar um að alt muni lagast, og að járnbrautin hljóti að koma áður en mörg ár líða. Samt hefi eg heyrt menn segja að Mr. S. Thorvaldson ynni á móti því að járnbrautin kæmi norður að Icelandice River. En það er auséð að þeir menn, sem það segja eru óvinir, Mr. Thorvaldsonar. Því það segir sig sjálft að maður, sem býr nálægt fyrirhuguðum brautarenda eða nálægt braut, mundi ekki vinna á móti því að járnbraut legðist þangað, sem hann á heima. Það liggur miklu fremur í augum uppi, að maður, sem á jafnmiklar eignir og Mr. Thorvaldson við Icelandice River, smjörgerðarverkstæði, verzlunarhús og fleira mundi hafa meira en lítinn áhuga á því að járnbraut fengist þangað, enda hefir hann gert sterkar tilraunir til þess, og ekki sýnt síður dugnað í því enn öllum öðrum áhuga málum hans?

Það hafa líka nokkrir menn sagt það um yður herra ritstjóri Heimskringlu að yður væri ekkert áhugamál að járnbraut kæmi frá Gimli til Icelandice River, — og meira enn það að þér munduð jafnvel vera á móti því — en það hljóta að vera óvinir líka sem það segja. En það nær engri átt, að þér hvorki persónulega, né sem þingmaður séuð á móti því. Heldur bendir alt með því að þér beitið öllum yðar kröftum bæði utan þings og á þingi til að vinna að því að járnbraut fáist "áminsta leið". Og ég þykist viss um að hafi það ekki verið, — þá sé það orðið nú, fullkomið áhugamál yðar, og alvarlegt kappsverk að vinna að því að járnbraut fáist á einhvern hátt lögð frá Gimli til Icelandic River.

Og óskum vér Nýíslendingar því málefni til hamingju, ásamt öllum framtakssömum og góðum mönnum.

Nýja-Íslands-maður.

HITT ÓG ÞETTA.

Flugnaskarn á húsmunum úr trê hverfur með því að nugga ullardúk, vættum í steinolíu, um munninn. — Séu blettirnir gamlir, verður að gera þetta oftar en einu sinni. Að þessu búnu er mjúkri dulu núið um tréð. — Flugnaskarn af speglum næst bezt með því, að núa um þá tusku, sem er vætt í vatni og salmiaksspiritus, blandað að jöfnum hlutum.

* * *

Það kemur oft fyrir, að rusl týkur upp í augu manna. Til að ná því úr augunum, er hvítur silkipappir hentugastur. Hann er undinn saman og vættur í vatni, og sá, sem er handlipur, getur fljótlega náð duft-ögninni úr auga mannsins, án þess að hann finni til sársauka, því silkipappírinn er mýkri en vasaklútar.

* * *

Þegar hvítir dúkar liggja lengi óhreyfðir, vilja þeir vanalega gulna. Til þess að gera þá aftur hvíta, er gott, að leggja þá í áfir einn sólarhring. Smágerðir dúkar þola ekki að liggja eins lengi og stórgerðir, áfirnar mega ekki súrna á þeim. Svo eru dúkarnir þvegnir í volgu sápuvatni og köldu vatni á eftir. Sjáist enn gulir blettir á dúkunum, verður að endurtaka þessa aðferð.

* * *

Þegar vörtur vaxa á júfrum kúa, er bezt að velja og binda fast sterkum þræði um vörtuna, hún visnar þá og kemur ekki aftur.

Kaldar fætur má gera hlýja með því að drekka einn bolla af volgu vatni á morgnana, áður en annars er neytt, og annan á kvöldin áður en maður háttar. Baða þarf fæturna í volgu vatni á hverju kveldi og nugga þá vel. Þetta eykur hraða á umferð blóðsins og styrkir meltinguna.

* * *

Þegar fita vill ekki þvost af eldunarpottum eða öðrum vatnsílátum, er hentugt að taka hreina tusku, dýfa henni í salt og nugga barmana með henni.

* * *

Lampabrennarar hreinsast vel með því, að sjóða þá stundarkorn í vatni ásamt kartöfluhýði, nugga þá síðan með ullartusku, vættri í volgu vatni.

* * *

Líkþorn á fótum eru harla óþægileg. Til þess að fjarlægja þau, skaltu taka brauð, bleyta það í ediki og leggja á líkþornið næturlangt. Ef það losar ekki líkþornið, verður að endurtaka þessa aðferð. — Gott er líka að blanda rjóma saman við steinolíu og smyrja líkþornið með því.

* * *

Saltlaust smjör geymist óskemt á þann hátt, að maður hnoðar það vel í vatni, svo engin mjólk verði eftir í því. Svo hnoðar maður smjörinu fast ofan í tréílát og lætur það standa í dálitlu söltu vatni. Um saltvatnið verður að skifta á hverjum degi.

Svarfaðardalur.

Minni, sungið á 1000 ára hátíð Svarfdæla, á Dalvík við Eyjafjörð, 26. júní, 1910.

Það er til þögn, sem á svo háa hljóma
þeir heyrast gegnum lífsins strit og þrár,
og hjörtu vor nú greina glögt þá óma,
er góðar nætur bjóða þúsund ár.
Hver steinn, hvert kuml, hver fornrúst til vor talar,
og tilfinningin verður næm og ljúp.
Hér liggja vorra og þeirra bernskubalar,
sem byrgir tímans þúsund ára djúp.

Ó, Svarfaðsdalur! mætt er þín að minnast
og margs að geta, fátt þótt verði sagt.
En sona nöfn þín samt á steinum finnast,
sem saga tíu alda hefir lagt.
Hún geymir fræði fornrar, nýrrar speki,
sem fóstruð var við brjóst þín heit og köld.
Hún geymir verk, sem voru ei skráð með bleki
en vitna samt að hér var manndóms öld.

Þinn opni sær og himin-hátt tindar,
og hnjúkasalir, strangar fossaár,
sem skauti þínu skjaldborg trausta myndar,
og skýlt oss hefir nú í þúsund ár.
Þinn lági gróður, langur vetur, þungur,
sem lætur dug og hreysti kenna stríðs.
Þín eldbrend hraun og hjarnsins jökulbungur —
alt heggur glögga mynd á svip þíns lýðs.

Og þú átt, dalur, drótt, sem starfið þekkir,
sem djörf og þolgóð berst mót köldum hramm,
sem veit að lífi letimókið hnekkir,
og lætur höndur standa' úr ermum fram.
Sem skilur fremur flestum landsins sveitum
hvers föðurlandið þarfnast helzt og mest:
að lífs og sólar orku allir beitum
hvert innlent fræ að lífga við sem bezt.

Það hefir oft að sonum þínum sorfið
frá Svarfaðs tíð og fram á þennan dag,
en skipum sínum héldu þeir í horfið
með hreysti-prýði fram á sólarlag.
Og enn þeir eiga krafta þá í köglum,
sem kveifast ei þótt fast sé tekið á.
Og þó að blóðið bresti undan nöglum
þeir bíta aðeins fastar jöxlum þá.

Og hún er Íslands frelsi, frægð og ljómi,
hin forna, þögla dygð, sem hugrökk berst;
sem skelfur aldrei fyrir drotna dómi
en dugir meðan líf ei þver — og verst.
Vort land það heimtar meir en kjól og kraga,
sem kitla dáð og þol úr hverri taug,
ef lengur íslenzk á að myndast saga,
en ekki verða glerbrot týnt í haug.

Þér dugar aldrei útlent glys og gylling,
né geipi orð frá skrumaranna vör,
er Norðri sækir hús þín heim með trylling
og heljar dróma bindur lands þíns kjör.
Þá þarfnast Ísland sannra Svarfdælinga,
sem sjá hvar skórinn kreppir fæti að.
Sem mæla fátt, þá ægi örvar stynga,
en æ því betur græða sárið það.

Hin styrka hönd og starf-fús sonar andi,
sem stríðir ötull fram á rauða nótt,
er líf og viðreisn voru fósturlandi,
sem verður ei til þings né stjórnar sótt.
Og græðið heilir, sönna Íslands synir
vorn Svarfaðsdal í næstu þúsund ár,
unz aftur vaxa fornir, fagrir hlynir,
sem friða öll hans hjartans blóm og þrár.

Nú strengjum öll þess heit á heilla stundu
við heiður vorn og drengskap — guð vors lands,
að mölva í framtíð, fjötra þá, sem bundu
vort frelsi geymt, í dalsins sigurkrans.
Ó, knýjum göfgi æðstu fram í arfi
frá instu rótum þjóðarhjarta vors,
og tengjum hana stríði voru og starfi
og stefnum beint mót sól á löndum þors.

Já, fram og hærra! Fram um þúsund aldir
að fegra, græða, blómga Svarfaðs stað!
Því annars verða tímar vorir taldir
hjá tímans herra — autt vort lífsins blað.
Sem lítil börn á ljósið hans vér köllum,
sem lífið gaf oss — þökkum sæld og tár. —
Guð gefi okkur góðar stundir öllum! —
Nú góðar nætur bjóða þúsund ár!

Þorsteinn Þ. Þorsteinsson.

Flugur eru ekki áfram um, að ferðast um þær gluggarúður, sem þvegnar eru með steinolíu.

* * *

Til þess að ná blettum af hnífum, er hentugt að taka hráa kartöflu, dýfa henni í ösku og nugga um blettinn.

Steinolíulampar loga betur og orsaka enga ólykt sé salt látið á botn þeirra undir olíuna. Kamfóra er líka góð til þess.

* * *

Mýs leita aldrei í þau fílát, sem lítill kamfóru-moli er geymdur í.

Heimskringla

Published every Thursday by The Heimskringla News & Publishing Co. Ltd

Verð blaðsins í Canada og Bandar $2.00 um árið (fyrir fram borgað), Sent til Íslands $2.00 (fyrir fram borgað af kaupendum blaðsins hérlendis $1.50.)

B. L. BALDWINSON.
Editor & Manager

Office:
729 Sherbrooke Street, Winnipeg
P.O BOX 3083. Talsími 3512.

Ellistyrkur.

Eins og lesendur þessa blaðs mun reka minni til, lögleiddi Canadastjórn ellistyrk hér í landi árið 1908 Í rauninni er það ellistyrks ábyrgð sem fólk verður að borga fyrir eins og hverju aðra ábyrgð,en aðeins þeir geta keypt hana og orðið hennar aðnjótandi, sem heimilisfastir eru í Canada. Ábyrgð þessi er tvenskonar: Í fyrsta lagi undir 'A' fyrirkomulaginu. Þar sem erfingjum ábyrgðarhafans er borgað alt það fé, ásamt með 3% vöxtum sem ábyrgðarhafin hefir borgað til stjórnarinnar í ellistyrktar sjóðin, ef hann deyr áður en fyrsta ellistyrksborgun fellur í gjalddaga.

Í öðru lagi undir 'B' fyrirkomulaginu. Þar sem samkynja ábyrgð fæst fyrir lægra gjald og þar sem erfingjar ábyrgðarhafans fá ekkert ef hann deyr áður en fyrsta ellistyrksborgun fellur í gjalddaga. Borganir geta ábyrgðarhafar greitt inn á öll pósthús landsins sem selja "Money Orders" og ekki þurfa þær nauðsynlega að að vera gerðar á ákveðnum degi eða í ákveðnum upphæðum heldur eftir því sem hverjum er hentast, þó svo að ekki sé minna borgað en sú upphæð sem til þess þarf að halda uppi ákveðinni ábyrgðar upphæð minst $50.00 ellistyrks ábyrgð á ári.

Allar borganir sem fram yfir eru, eru færðar ábyrgðarhafa til inntekta með 3% vögstum og er það auðsælega til þess gert að örfa landslýðin til sparnaðar, og er þið jafn þarft eins og það er virðingarvert, því að með þessu gerist stjórnin fjárhaldsmaður ábyrgðarhafanna og ávagstar sparifé þeirra með meiri nákvæmni og tryggingu en margir þeirra gætu sjálfir gert það, og þeim algerlega kostnaðarlaust. Tryggingin er sem, sé allar ríkiseignir Canada. Þess hefir áður verið getið og mikið um það ritað, að hverjum borgara ríkisins, hvort hann er karl eða kona, beri brýn siðferðisskylda til þess að tryggja sér lífsuppeldi á elli árunum af eigin ramleik og án þess að þurfa að eiga tilveru sína undir annara sveita. En sú hefir reyndin jafnan verið í öllum löndum að alt af mikill hluti þjóðarinnar fer alt of gálauslega með efni sín, og gerir enga ráðstöfun til þess að safna svo miklu af vinnuarði manndómsáranna að það með því fái tryggt sér viðunanlegt lífs uppeldi í ellinni. Í þessu landi er þó engin hlutur hægri, hverjum fullvinnandi manni og konu, en að spara viku eða mánaðalega nægilega upphæð til þess að tryggja sér sæmilegan ellistyrk svo að þau ekki þurfi þegar starfsaflið þverr, að lifa á annara vinnuarði. Þessi sannleikur verðu aldrei of vel brýndur fyrir fólkinu og hversu oft og hversu rækilega sem hann er sagður. Þá verða þeir einatt alt af margir sem ekki sinna honum, sér eða öðrum til hagsbóta en þó má vænta þess að þess oftar og þess öfluglegar sem hann er prjedikaður í riti og ræðu þess meir verði hann kunnur og að seinast komi upp nýjir lærisveinar sem málefni það taki að sér og flytji öðrum boð skapin, þar til svo er komið að hann er greiptur á meðvituud þjóðarinnar og ellistyrks tryggingin orðin að trúarlegri skyldugrein. Allir þeir sem nokkra lífsreynslu hafa fengið vita það svo vel að hversu hyggilega sem þeir þóttust vera að verja fé sínu þá kom það oft fyrir að þeir urðu fyrir skaða, og töpuðu því á ýmsan hátt. En slíkt getur ekki komið fyrir þar sem um það ræðir að leggja fé í hendur stjórnarinnar til ellistyrks tryggingar, þar er féð vel geymt og fer til nota annaðhvort sjálfum ábyrgðarhafanum eða erfingjum hans. Þess er og vert að geta að þó ábyrgðarhafin sé skuldugur þá getur engin undir neinum kringumstæðum fastsett eða náð ábyrgðar upphæðinn til lukningar þeim skuldum,þetta er skírt ákveðið í lögunum. Ellistyrks ábyrgð sú sem stjórnni selur nemur minst $50.00 og mest $600.00 á ári, og allir geta fengið hana keypta sem eru innan 85 ára aldurs, sá sem byrjar 20 ára gamall og borgar 25c á viku þar til hann er 60 ára, fær eftir það árlegan ellistyrk svo nemur $176.38 sé hann 25 ára þegar borgunir byrja þá fær hann $131.35 á ári,

Konur borga hærri gjald en menn fyrir jafna ellistyrks usphæð. Sá 20 ára karl sem vill tryggja sér $300. ellistyrk árlega eftir að hann er 60 ára gamall, borgar 8¼c á dag eða als $1201.20 eigi upphæðin að verða $400.00 þá 11c á dag eða als $1601.60.

Fyrir $500á rlegan ellistyrk borgar hann 13⅔c á dag eða $50.05 á ári eða als $2002.00.

Ellistyrks borganir eru gerðar á hverjum 3 mánuðum til ábyrgðarhafa.

Því ber ekki að neita að undir þessu fyrir konulagi verður fólk að borga fyrir það sem það fær.Stjórnin gerir enga kröfu til þess að hún geti eitthvað fyrir ekkert en hún gerir íbúum ríkisins hreint og ákveðið ellistyrks tilboð og lætur hvern sjálfráðan um það hvort hann sætir því boði eða ekki og húngefurhinni nppvaxandi kynslóð ríkisins þá hollu ráðlegging að verja ungdóms og manndóms árunum svo að hún megi hafa ánægjulega eftir minningu um það á elli árunum, að hún noti ungdóms árin eins og bóndi vortíðina, þegar hann sáir svo að hann fái uppskeru verka sinna þegar hausta tekur.

Innlimun Koreu.

Keisaradæmið Korea er nú úr sögunni. — Korea sem sjálfstætt ríki er ekki lengur til hún hefir nú verið innlimuð í Japansveldi og verður héðan í frá einn hluti þess, það þykir alt af tíðindum sæta þegar heilt ríki missir sjálfforæði sitt, þegar heil þjóð hættir að vera til, sem sjálfstæð þjóð og ekki sízt þegar að engum amlóðaskap er um að kenna að svo er komið. — Korea hefir verið sjálfstætt ríki í 518 ár og um miðja nítjándu öld var útlit fyrir að hún mundi verða fyrsta Austurlanda þjóðin sem mundi semja sig að siðum og háttum menningar þjóðanna og mundi verða Japönnm framar í framförum en svo varð ekki. Lítt nýtir menn komust til valda sem halda vildu öllu við það sama og aftur á bak hefir alt gengið fyrir Koreu síðan þar til nú að hún var ekki lengur talin einfær um að stjórna sér — það var ekki her eða styrjöld sem kom henni á kné heldur þjóðarinnar eigin vesaldómur sem því var valdandi.

Korea er á stærð við England, og hefir um 12 miljónir innbyggendur. Þeir eru af sama kynflokki og Japanar og Kínverjar, en hafa á síðari árum verið værukærir; höfðingjarnir lagst í svall og sællífi en alþýðan átt við þröngan kost að búa og mentunarlaus með öllu. — Kvenfólks hefir þar að engu gætt, hefir það verið í ánauð frá upphafi vegar. — Fjölkvæni var siður; höfðu höfðingjarnir og embættismennirnir heil kvennabúr, en fátæklingarnir sem ekki höfðu efni á því höfðu þó að jafnaði 2—3 konur. Áttu konur fátæklinganna við bág kjör að búa, því eigendur þeirra fóru með þær sem vinnudýr sín. — Aftur þær sem í kvennabúrunum voru lifðu í sællífi að öllum jafnaði. En þó var það alsiða, að reyndist kona í kvennabúri ótrú eða féll í ónáð hjá húsbónda sínum, að hann eftir að hafa refsað henni með svipum nægilega, gæfi hana einum af undirmönnum sínum og þannig gat það gengið koll af kolli. — Kona sem í upphafi var eign stórhöfð. ngja gat hafa verið gefin svo oft að vera að síðustu eign lítilmótslegasta svínahirðis. — Á sölutorginu mátti kaupa konur fyrir 10 dollara.

Eftir því sem Koreu hnignaði þessi meiri eftirtekt veittu Japanar rás viðburðanna þar — og blésu sífelt að þeim kolunum að æsa flokkarig og á þann hátt að veikja þjóðina. Hin síðasti keisari Koreu, sem Japan hefir nú dempt á eptirlaun, var kosinn keisari árið 1864, þá 10 ára. Í æsku hans stýrði sá maður ríkinu lai Wen Kun hét, dugnaðarmaðnr en óvæginn og ofsótti kristna menn og lét jafnvel drepa suma. Var það til þess að aðrar þjóðir fóru að blanda sér inn í mál Koreu og varð það fyrsti vísirinn til afskifti Japana af málum manna þar Seinna þegar keisarinn sem Y. Hyong heitir, hafði náð lögvaldi, vildi hann feta í spor fyrirrennara síns, en var kviklyndur og lítt dugandi, þar á móti var drotning hans gædd óvenjulega miklu þreki og gáfum, og gerði hún alt sem hún gat til að bola áhrifum Japana á bug. Japanar sáu í henni áttu þeir dugandi óvin og í upppoti sem varð í höfuðborginni myrtu þeir hana, þetta var árið 1895 — þegar keisarinn hafði mist hana fór veldi hans hnignandi með degi hverjum þèrstaklega eftir að hann hafði tekið sèr Amerískanskt æfintýrakvendi fyrir drotningu — það þótti þegnum hans óþolandi ekki sízt fyrir þá sök að hún var alt of afskiftin af stjórnmálum. Þegar svo ófriðurinn hófst milli Japana og Rússa, hleyptu Japanar hersveitum sínum á land í Koreu og höfðu þar herstöð þrátt fyrir mótbárur Koreu stjórnar. Þegar svo friðurinn var saminn milli ríkjanna í Portomonth 5. sept. 1905 var svo áskilið að Japan skyldi hafa eftirlit með Koreu. Fyrst í stað lét Janastjórn sér nægja að hafa menn í meðráðum með Koreastjórn, og herstöð í Seoul, höfuðborginni, en eftir að Ito græfi einn af helztu stjórnmálamönnum Japans hafði verið myrtur sl. vetur af Koreöskum manni fóru þeir að þrengja að sjálfstæði Koreu meir og meir, þar til loksin 23. ágúst sl. að þeir innlimuðu Koren algjörlega og settu keisarann og fjölskyldu hans á eftirlaun.

Það er enginn efi á að undir stjórn Japana tekur Korea miklum stakkaskiftum, og að líkindum til hagnaðar bæði landi og lýð. — Og að hafa mist sjálfsforræði sitt þannig sem nú er komið getur Korea, engu öðru umkent en duglausri stjórn, og mentunarlausri alþýðu og höfðingjaflokk sem lagstur var í sællífi og gætti enskis annars eða með öðrum orðum, sofandi þjóð. — Veslings Korea.

Það er kunnugt, þótt eigi vaki við veðri, að herra kand. Sigrbjörn Á. Gíslason hefir, um tíma, verið að skrifa íslenzkum prestum í Vesturheimi og biðja þá að *koma á framfæri* við Brezka og erlenda Biblíufélagið beiðni um breytingar á hinni nýju þýðingu biblíunnar í væntanlegri vasa-útgáfu. Kvað málið hafa komið til umræðu á fundi á kirkjuþingi presta eigi alls fyrir löngu. Skildist möndum svo, sem að hr. Sigurbjörn hefði vilyrði frá einhverjum skrifara hins Brezka Fèlags að breytinga-beiðni skyldi verða *íhuguð*.

Presta fundurinn hvað hafa sampykt, að gera fyrirspurn um það, hvort breytingatillögum við þýðinguna myndi verða sint *ef* þær kæmu frá *prestum kirkjufélagsins*.

Hèr við er ýmislegt að athuga.— Eigi sèst það glögglega, hvort prestarnir ætla *sjálfir* að gera þessar breytingar, eða þeir, af kristilegri greiðvikni, ætla aðeins 'að koma á framfæri' við Brezka Fèlagið breytinga-uppástungum hr. Sigurbjarnar, svo sem sínum eigin. Ráðlegt myndi vera, að gera fèlaginu glöggva grein fyrir faðerni þessarra tveggja tegunda uppástungna, ef úr samþykt fundarins verður farmkvæmd — ráðlegt fyrir prestana sjálfa.

Skylda er það og prestanna við hr. S, að láta hann njóta þess sögulega sannleika *hjá Brezkafélaginu*, að hann hefir verið fyrsti hvatamaður þeirra að þessu máli. Þetta er og brýn skylda prestanna *við félagið sjálft*, sem þegar er svo nákunnugt orðið breytinga-uppástungum hr. S. og hefir tjáð honum mátt sinn á þeim.

Hinsvegar er það sjálfsagt, að prestar fái og hr. S. láti þeim í té fyrirfram fulla skrá yfir þær breytinga-uppástungur, sem hann og samverkamenn hans hafa þegar borið fram fyrir Brezkafélagið, með áreiðanlegri skýrslu yfir það, *hvern býr þær hafa haft* hjá félaginu. Því að þar með ætti loku að vera skotið fyrir það, að kirkjufélags prestar færu óafvitandi að bera upp breytingatillögur, sem Brezkafélagið hafði þegar lagt dóm á. Væri slíkt tilfelli prestunum sjálfum hið óæskilegasta.

VARNAGLI.

25 ára Minningarrit

GOODTEMPLARA Á ÍSLANDI
1884—1909.

Einn af vinum Heimskringlu hefir gefið blaðinu Minningarrit það sem stórstuka Islands gaf út í Reykjavík í fyr a í minningu um 25 ára aldur Goodtemplara reglunnar þar í landi.

Bók þessi sem er 184 blaðsíður að stærð, í stóru broti er með þeim allr vönduðustu bóka útgáfun sem vér höfum séð. Bókin er prentuð á fegursta gljápappír, þykkan, og í góðu bandi.

Innihaldið er;—

1. Ágrip af sögu Reglunnar, ritað af Haldóri Jónssyni.
2. Saga Reglunnar á Íslandi í 8 köflum.
3. Þroskum Reglunnar á Íslandi með skyrslutöflum, ritað af herra Pétri Zophoniassyni.
4. Skýrslur um Unglingaregluna á Íslandi frá stofnunardegi hennar 1. Febrúar 1908 með fróðlegum skyrslu-töfum, ritað af Jóni Árnasyni.
5. Minningar, það er síðasti og lang mesti kafli bókarinnar, birjar á bls 75 og tekur yfir rúman 100 síður,þessi kafli flytur æfiágrip af og stuttar ritgerðir um regluna og hennar góðu áhrif á þjóðlífið. Eftir 150 leiðandi goodtemplara á Íslandi og með mynd af hvorþeirra, karlum og konum.

Fyrst af þessum smágreinum er rituð af Byrni Jonssyni Ráðherra. Í enda þeirra greinar segir hann Ísland vera "Fyrsta þjóðlandið er gerir sér lög eftir kenningu eins hins mesta mannvinar og mesta stjórn vitrings, er uppi hefir verið W. E. Gladstone, þeirri,að áfengisneysla, eins og hin gerist nú í heiminum og hefir gerst öldum saman, sé meira heimsböl en allar styrjaldir og allar drepsóttir, er yfir mannkynið hafa gengið."

Næsta ritgerð er eftir ÁgústJónsson. Hann byrjar svo: "Sérhvert heit sem lyftir fótum vorum einni tröppu hærra í siðmenningar stiganum er áríðandi að haldn trúlega, því aðdráttarafl siðspillingarinnar er áleitið, og fallhraðin getur orðið voðalegur ef út af ber. Höfuð vort er skynseminnar Eden, þar á hún að aukast og margfaldast fyrir áhrif starfskyldu og raunvísinda. Áfengiseitranin er cin hinna skæðustu ofsókna skynseminnar, því hún hefir þá ekki lengur rótumbúðirnar skjálfu í æðisgengi og orð og framferði, varpa hraunleðju siðleysisins á aflar hliðar, eyðileggja fegursta bygðir, og búa úr þeim eyðisanda. Sá hryllilegi heimskuleikur kom mér svo fyrir sjónir, að ég taldi fylstu skyldu mína að gerast bindindismaður."

Þriðja ritgerðin eftir Friðbjörn Steinsson,um innleiðslu reglunnar, árángur hennar og framtíðarhorfur, á Íslandi, í henni segir hann. "Það er fyrst og fremst sannfæring mín aðþaðhafiverið mittstærstagæfuspor næst því að eignast góða konu, að hafa orðið til þess, að styðja að því að Goodtemplara reglan festi fót hér á landi, með þeirri siðmenning sem heim fylgir."

Þessi fáu synishorn gefa bendingu um aðal efni fimta kaflans. Ritgerðirnar eru yfirleitt góðar. En á stúku stað bregður fyrir gamaldags hugsunum um orsök ofdrykkjunnar, og það jafnvel hjá Haral li Nielsyni--sem ætti að vita betur. Hann staðhæfir beint að vínsalarnir"leggi alstaðar snörur til til að fella þá"—(dyrkkjumennina) þótt þeir væru reistir á fætur." Betur finst oss það hæfði átt við af honum—og meir í samræmi við köllum hans sem prests, að gera þá sannleiks grein fyrir ofdrykkjunni að hún komi til af skorti á því tvennu, heilbrigðu viti og sómatilfinningu þeirra sem sökkva sér í ofdrykkju og ekki sízt á þetta við þá sem hafa tekið lækingu við ofnautn víns en taka svo til af ásettu ráði og einskæru kæruleysi og fótum troða sitt eigið manngildi með því á ný að sökkva sér í ofdrykkju þó þeir hafi fulla þekking á því hver ju tjóni það veldur þeim. Alt eins sanngjart væri það að kenna það kaðlinum sem hángir á bæjar bustinni að heima maður hengdi sig, eða borðknif húsfreyunnar að sonur hennar skar sig á háls, eins og að kenna vínsalunum um það að menn leggjast í ofdrykkju. Freist ingin kemur innanað frá af því að siðferðis þrekið er of veikt — meðfædd sómatilfinning lömuð. Hitt er annað mál, að holt sè að herja á vínverzlanina. Ekki vegna vínsalanna heldur vegna heimsku þeirra sem ekki hafa vit né rænu til þess að neita víns öðruvísi en sjálfum sér til vanvirðu eða tjóns og öðrum til hrygðar oghugraunar.

En eins og tekið var fram, þá eru greinarnar í fimta kafla yfirleitt ágætt lesmál, ritaðar af einlægri sannfæringu um ágæti Goodtemplara reglunar. Myndirnar eru allar vel gerðar þó sumar séu helst til litlar. Síðast í bókinni eru registur yfir nöfn þeirra sem myndirnar í henni eru af.

Bókin er í fylsta máta fróðleg og skemtileg og ætti að vera í eign hvers Goodtemplara og Vínbanns vinar or reindar allra fróðleikselkenda.

Bókin fæst í bókaverzlun N. Ottenson í RiverPark og hjá Pálma Einarsyni að 622 AgnesSt. og kostar í bandi $1 50.

Crippen og LeNeve.

Dew. heitir einn af þjónum hins mesta leynilögreglufélags sem til er í Breska veldinu og hefir aðsetur sitt í svo nefndu Scotland Yard á Englandi. Svo vildi til að þann 21. Janúar sl. tyndist kona ein í Lundunum, hún hafði áður verið leikkona en giftist Crippin lækni, og þau bjuggu þar í borginni. hvarf konunnar kom vinum hennar mjög kynlega fyrir. Læknirin gerði grein fyrir hvarfinu, en það var vinum þeirra hjóna ekki full nægjandi. Það var fyrst borið út að frúin hefði farið í kynnisferð um óákveðin tima. En þegar tíminn leið og hún kom ekki til baka þá óx grunsemd á lækninum og vinur konunnar fóru til Scotland Yard og skýrðu lögreglunni þar frá öllum málavöxtum það var 28 Júní sl. Dew var fengið málið til meðferðar og hann meðhönlaði það eins og viðvaningur, með því að gera als ekkert í því þar til 8 Júlí að hann heimsókti læknirin og sagði honum að grunsemd hefði vaknað að hann væri valdur að hvarfi konu sinnar. Crippen tók þessu einkar stillilega og kvað sig vera að finna þar í húsi sínu hvenar sem rannsókn yðri hafin í málinu. En strax næsta dag strauk hann úr borginni og með honum ung kona sem verið hafði stúlritari hans umlengri tíma, sú hét LeNeve. En ekkert vissi Dew um hvarfið þeirra hjúa fyr en 11. Júlí og þá tók hann að gera varanlega gangskör til að leita þau upp, og leitina gerði hann alstaðar sem þau voru ekki. Svo leið viku tími eða meira þar til Dew fékk loftskeyti um það frá skipherra á Gufuskipum Montrose,sem þá var á Atlandz hafi, á leið til Canada, að Dr. Crippen og fylgikona hans væri á skipinu, þau höfðu tekið sèr far frá Andwerp,undir annarlegumnöfnum og stúlkan var klædd í drenga fötog kvaðst vera sonur gamla mannsins sem hún væri með euskipstjórin tók eftir því að hún nældi buxunumupp með Safety-pins og það vakti grunsemi hans á þessum farþegum. Hann varð þess vís að hèr væri engin annar en Crippen og Le Neve og hann sendi hraðskeyti þess efnis eins og áður er sagt. Dew tók sér tafarlaust far með hraðskreiðu skipi yfir hafið og var hér til staðar að mæta Montrose skipinu er þar bar að landi, þar tók hann bæði hjúin og eftir nokkurn tíma flutti til Englands þau komu þangað á laugardagin var, til að standa fyrir máli sínu.

SPAKMÆLI.

Þegar gljáinn er horfinn af vaxdúkum, skal taka terpentinu með uppleystu vaxi í, dýfa ofan í hana ullartusku og nugga um dúkinn, — kemur þá gljáinn aftur og dúkurinn verður sem nýr.

* * *

Sólbrunni hverfur með því, að bera á sig vel þeytta eggjahvítu 4—5 kveld í röð. Þetta efni er líka gott við freknum.

* * *

Nýtt kjöt má geyma fram að því í tvær vikur, sé það látið í súra mjólk eða áfir, en vel þarf að þvo það áður en soðið er.

* * *

Þegar blóð kemur úr júgrum kúa ásamt mjólkinni, þarf að gefa þeim eina matskeið af saltpétri saman við short eða bran vikutíma eða lengur, þá hættir blóðrenslið og mjólkin verður hrein.

* * *

Það er sönn heimspeki að sigra girndir sinar og sætta sig við hver helst lífskjör, sem vera skal.

* * *

Sannarlegt góðverk skin með sínum eigin ljóma.

* * *

Bætur fyrir ójöfnuð eru engum til vanvirðu.

* * *

Þar fer oftast öll stjórn bezt fram, er hæfustu menn ráða.

* * *

Gáfaður maður á miklu hægra með að fyrirgefa en hefna sín.

* * *

Auður og upphefð eru brothættar stoðir, en sakleysi er áreiðanlegur stólpi.

* * *

Óhóf í klæðaburði sprettur af monti.

* * *

Það er athöfn en ekki elli, sem meta skal eftir ágæti lífsins.

* * *

Heiður er brothættur. Auður er blóm, sem næturfrost gæfunnar eyðileggur.

* * *

Til að verjast maurum (ants) á heimilum, hefir Electric Pasta, sem fæst í lyfjabúðum, reynst vel.

* * *

Óhófsmennirnir lifa til að éta og drekka, hygnir menn éta og drekka til að lifa.

2 Bækur Gefins

FÁ NÝJIR KAUPENDUR AÐ HEIMSKRINGLU SEM BORGA $2.00 FYRIRFRAM, OG ÞESSUM BÓKUM ÚR AÐ VELJA :—

Mr. Potter frá Texas
Aðalheiður
Svipurinn Hennar
Hvammverjarnir
Konuhefnd
Robert Manton
og Leyndarmál Cordulu frænku. —

Alt góðar sögur og sumar ágætar, efnismiklar, fróðlegar og spennandi. Nú er tíminn að gerast kaupendur Hkr. Það eru aðeins fá eintök eftir af sumum bókunum.

Heimskringla
P.O. Box 3083, Winnipeg

Úr bænum

Kaupendur eru beðnir velvirðingar á því að í fregnbréfi frá Mörkerville hafði slæðst hluti úr grein um Eimreiðina. Einnig að tvær local-greinar voru áfastar aftan við bréfið án þess að vera aðskildar með striki eins og venja er. Á seinustu síðu stendur dagsetning blaðsins á höfði.

Lögberg síðasta flytur þarflega bendingu um að gæta sín fyrir slysum á vögnum strætisbrautafélagsins, sem nú eru orðin alt of tíð hér í borg. Við þá bendingu viljum vér bæta því að ekki allfá af þeim slysum, sem fólk verður fyrir með það að fara út úr vögnunum orsakast af því að margir fara af meðan þeir eru á hreyfingu, stökkva aftur með þeim í stað þess að stökkva fram með þeim. Þetta gildir sérstaklega um konur, sem daglega má sjá fara þannig út úr vögnunum að þær horfa í öfuga átt við það sem vagninn rennur, og þá er jafnan hætt við slysum. Ef farþegar þar á móti, þeir sem annars þurfa að yfirgefa vagnana meðan þeir eru á ferð, vildu gera sér það að fastri reglu að stíga jafnan niður fram með vögnunum þá er miklu síður hætt við slysum, og ógnar létt að komast af þeim á þann hátt þó þeir renni með talsverðum hraða. En helst ætti kvenfólk að bíða þar til vagnarnir stanza algerlega, til þess að fyrirbyggja slys.

Nokkur þúsund kaupamenn hafa þegar komið til að vinna við uppskeruna hér í fylkinu, en samt vantar enn fjölda manna til að fullnægja þörf bænda hér og í Saskatchewan.

Herra Joseph Samuelson frá Baldur var hér í borg um síðustu helgi—sagði uppskeruhorfur nú líkastar því sem var í nýlendunni árið 1892. Argyle bændur gera sér ekki von um meira en hálfa meðal uppskeru á þessu hausti. Nýja kirkju er nú verið að byggja að Brú og er það allmikið hús, um 15 þús. dollars virði. Jón Olsen hefir verið þar yfirsmiður og er sagður að hafa vandað vel bæði verk og efniviði. Grasspretta hefir verið lítil í nýlendum í ár, og er því hætt við að bændur verði ef til vill að fækka gripum eitthvað.

Herra Frímann Helgason, frá Wild Oak, var hér í borg í s. l. viku. Hann sagði járnbrautarlestir nú ganga norður þangað einu sinni í viku—á mánudögum, og er það hagræði mikið fyrir bygðirnar Wild Oak og Marshland. Í ráði er að bráðlega gangi þangað 2 lestir í viku, á mánu- og fimtudögum. Herra Helgason hefir nýlega birjað vöruverzlun og timbursölu þar vestra, að Langruth Station, 4 milur vestur af Wild Oak Hall, í félagi með Soffoníasi bróðir sínum og herra Birni Bjarnasyni. Þeir félagar hafa viðskifti við Wild Oak og Marshland-búa, og aðra bændur í nærliggjandi héruðum. Í Langruth er útmælt bæjarstæði og þegar tekið að byggja þar gistihús og 2 önnur hús. Bæjarlóðir eru þar frá $60 og upp yfir $100.00.

Yfir hálfrar millión dollars virði af byggingarleyfum hefir verið veitt hér í borg 17. og 18. þ. m. Upphæð byggingarleyfa nú orðin á árinu nálega 12 milliónir fyrir 2,800 hús á öllum stærðum.

Að þessum tíma nema byggingaleyfi þau sem tekin hafa verið út hér í borg á þessu ári, rúmlega 11½ millión dollars, og er talið víst að um ársenda verði talan stigin upp í 15 milliónir.

Herra Olafur Olafsson, ættaður frá Hróbergi í Steingrímsfirði í Strandasýslu, en fór síðast frá Stað í sömu sveit til Ameriku fyrir 28 árum, kom til bæjarins í s. l. viku. Hann hafði tekið sér kynnisferð til bróður sins, herra Ingimundar Olafssonar að Narrows, en var á leið heim til sín til New York borgar er vér áttum tal við hann. Í New York hefir herra Olafsson dvalið um 22 ára tíma og farnast þar vel í byggingameistara iðn hans. Hann segir frá 40 til 50 Íslendinga vera búsetta í New York og hafa sæmilega atvinnu. All dýrt segir han sé að lifa þar í borg en þó engu dýrara en hér í Winnipeg eftir því sem hann gat komist næst. Herra Olafsson er allvel efnum búinn, og er einn í stjórnarnefnd Bay Ridge sparibankans þar í borg, og má af því merkja að maðurinn er í áliti þar í borg. Herra Olafsson var lengi í siglingum áður hann settist að í New York og fyrir átta árum heimsókti hann ættjörð sína og ættmenni þar.

Herra Stephan Sigurðson, eigandi gufuskipsins Mikado kom á skipi sínu í þessari viku hingað til borgarinnar með 80 þús. fet af timbri frá Íslendingafljóti og 80 cords af eldivið frá Fort Alexander. Hann er því fyrsti maður í Manitoba sem flutt hefir fermi um flóðlokurnar í Rauðá.

Canadian Northern félagið hefir samið um að verja millión dollars til umbóta í St. Boniface nú bráðlega, í því talið stálbrú yfir Rauðá, 38 gufuvéla hringhús og ágæt vagnstöð ásamt öðrum byggingum.

Hér með skora ég aðvinýju, á þá er eigi enn—þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir—hafa gert mér skil fyrir útsölu á sölu á post- og myndaspjöldum minum, ýmist als ekki, eða aðeins að hálfu leyti, að gera nú skil TAFARLAUST, til herra þ. þ. þorsteinssonar skálds, 732 McGee St., Winnipeg, Man., og endursenda honum það er óselt kynni að vera. Verði eg neyddur til að auglýsa einusinni enn, birti ég nöfn þeirra, er ekki hafa staðið í skilum.

A. J. Johnson.
Chicago, 17. Ágúst, 1910.

Herra Þorvaldur Gunnarsson, frá Stillwater, Minn., var hér á ferð í s. l. viku. Hann hafði dvalið mánaðartíma í kynnisför meðal kunningja sinna í Selkirk og Winnipeg Beach. Herra Þ. G. hefir dvalið 5 ár þar syðra og lætur vel af líðan sinni þar. Hann lagði heimleiðis um síðustu helgi.

Þau hjón, herra Kolbeinn S. Thordarson og kona hans urðu fyrir þeirri sorg að missa 4 mánaða son sinn Jon Harald, þann 24. ágúst sl. úr hitasýki. Hann var grafinn í Brookside grafreitnum á föstudagin var.

Í Mikley andaðist 24. ágúst sl. öldungurinn Haldor Haldorson 77 ára gamall. Hann hefir legið rúmfastur í sl. 3 ár af einhverri innvortismeinsemd. Hann var með fyrstu íslenzku landnemum í þessu fylki og bezti drengur.

Fyrir nokkru síðan var Djáknanefnd Tjaldbúðarinnar að leita samskota fyrir veikann mann, sem hafði verið búinn að vera veikur um 2½ ár og er það enn. Þegar byrjað var á þeirri samskota leitun, var það hugmind nefndarinnar að birta nöfn allra gefenda í Heimskringlu en sökum þess að nokkrir, sem gáfu ekki vildu láta geta nafns sins, þá hefir nefndin afnent áminstum manni nöfn gefendanna með peningunum.

Fyrir þær gjafir, sem allir gáfu af fúsum vilja, er nefndin mjög þakklát.

Fyrir hönd nefndarinnar.

Ó. J. Vopni.

ATHUGASEMD.

Mér sýnist á grein J. Samuelson að útatið vera mest á hennar hlið og vildi ég því biðja hana að gjöra svo vel og lita ofan fyrir fæturnar á sér til að sjá hvort hún hefir ekki í ógáti stigið ofan í óþverrann sem hún þikjist sjá í kring um "G. A. frá Gimli!"

Lesari.

SPURNING.

"A" tekur heimilisréttarland og hefir það svo mörg ár, 1, 2, 3, eða 4, og gerir ekkert á landinu og borgar engan skatt, og gefur svo landið inn aftur. Svo tekur "B" landið, þegar "A" hefir sagt því lausu til stjórnarinnar. Getur þá sveitarráð þeirrar sveitar sem landið er í, eða nokkur annar, krafist þess af "B" að hann greiði til sveitarinnar skatt skuld þá, er féll á landið frá því "A" tók það þar til "B" festi heimilisrétt á því.

A. E.

Svar.—Sveitarráðið, eða einhver fyrir þess hönd getur krafist skattanna, en ekki heimt þá að lögum af neinum nema "A". Hann einn er í skuld um þá. — Ritstj.

VINGJARNLEG HUGHREYSTING.

Úr bréfi til ritstj. Hkr., dagsett 22. Ágúst, 1910: "Eg las nýlega í Heimskringlu að herra Stephan Pétursson lægi veikur, og þóktu mér það ill tíðindi. Hann er einn af hinum fáu strang staðföstu og góðu drengjum, og því sorglegra að vita hann lagstann í valin um lengri eða skemri tíma.

Viðvikjandi blaði þínu, þá veit ég að flestir af vinum þess láta það ekki gjalda svona óhapps. Við kaupum það og borgum ánægðir þó ekki komi nema 2 blaðsíður í viku þar til úr prentara vandræðunum rætist og á meðan þú ert sjálfur við það."

Í öðru bréfi, frá Sask. segir:

"Ekki þarftu að óttast að við hér segjum okkur frá Kringlunni þó hún minki um tíma vegna veikinda prentarans. Við erum fúsir að taka okkar þátt í því óhappi og vitum að þú ræður bót á þessu eins fljótt og þú getur."

Framtíðarhorfur.

EFTIR H. G. WELLS.

í heiminn borið undir þeim kringumstæðum, sem ekki gefa því tæki færi til að taka þátt í þeim stórfum, sem algeng eru. Allir menn, sem ekki geta lagað sig eftir hinum nýju og breytilegu skilyrðum, er hverri iðngrein og verzlun fylgir, lenda í sorpgryfju þjóðfélaganna, og það er öll ástæða til að álíta, að þetta vinnulausa fólk haldi áfram að vera glögt aðskilinn hópur frá hinum æðri og starfandi félagsflokkum, á meðan menn ingin heldur sinni núverandi tilraunariku framfarastefnu. Á meðan menn geta ekki með framsýni, sem enn er óþekt, komið í veg fyrir fæðingar óhæfra og ónýtra mannsefna, hlýtur þetta fólk að troðast niður undir fótum hins framfararíkara mannkyns. það er eins óhjákvæmilegt líffærakerfi fyrir félagslifið, eins og eydd efni í hraustum, starfsömum mannslíkama.

Við sjáum þannig, að bæði æðri og lægri stéttirnar frá eldri tímum, eru að hverfa sem starfandi undirstöður í mannfélaginu, en jafnhliða þessum tveimur breytingum er hin þriðja, ennþá þýðingarmeiri breyting, og það er fyrirkomulag og víðtæk aukning hinnar gömlu meðalstéttar. Hún er nú alls ekki lengur meðalstétt. Hin núverandi félagslega dreifing hefir breytt stöðu hennar gersamlega. Allar nákvæmlega takmarkaðar stéttir umliðna tímans eru nú blandaðar saman, og þar af leiðandi eru þjóðfélögin óaðgreinanlegur múgur af öllum tegundum manna. Sumir halda sér ofansjávar á smærri eða stærri flekum af ábyrgðarlausri eign, aðrir synda hingað og þangað, án verulegrar hjálpar, og enn aðrir hanga á sundmönnunum eða auðmönnunum, er fljóta á flekunum, eða sökkva til botns, ef þeir finna ekkert að halda sér við. Á þessari einkennilegu mynd vorrar aldar mannfélags, eru sundmennirnir athugaverðastir. Þeir eru málsvarar hinna starfandi frumatriða í mannfélaginu, meðan hinir flokkarnir — auðmennirnir á fljótandi flekum og fátæklingarnir sökkvandi — eru að eins athugaverðir sökum hinna miklu áhrifa, er þeir geta haft á hin starfandi öfl mannfélagsins. Í fyrstunni sýnast sundmennirnir vera á jafn óskipulegri ringulreið eins og hinir starfslausu mannfélagsflokkar. Lægri flokkar hinnar gömlu meðalstéttar eru nú að missa takmörk sín, t.d. smásalarnir, sem einu sinni var lokuð stétt líkrar tegundar um alla Norður-álfu, eru nú annaðhvort að sameinast hinum stóru verzlunarfélögum, eða að gerast umferðasalar, og þeir af þeim, sem ekki geta á neinn hátt haldið sér uppi, hljóta að falla í hyldýpið. Þegar við athugum nákvæmar þenna óskipulega hræigraut af sundmönnum, sjáum við sérstaka hópa með frábrugðnum lyndiseinkunnum og hugsjónum. Tökum t.d. afliræðinga og mannvirkjafræðinga í fylsta skilningi þessara nafna, sem skiftast í verkvélasmiði, rafmagnsfræðinga, námafræðinga, járnbrautafræðinga, gangvélasmiði og vatnsleiðslufræðinga, os.frv., o.s. frv. Hver þýðingarmikil uppgötvun myndar nýja atvinnugrein, og hver ný grein starfsetur fjölda ólíkra manna, sem áður hafa stundað mjög mismunandi atvinnu. Lítum að eins á hinn fjölbreytta hóp, sem er starfsettur við að fullnægja þörfum tízkunnar með reiðhjólin, úrsmiðir, hjólasmiðir, þeir sem gera við saumavélar og menn frá ýmislegum vélasmiða starfsgreinhafa nú fengið atvinnu við þessa nýju iðngrein. Þekking þeirra og fullkomnun fyrir þetta nýja starf, er ennþá ekki nægileg. En ætli hún haldi áfram að vera það? Naumast. Vissar kröfur munu verða heimtaðar af þeim, og ef þeir ekki fullnægja kröfunum, mun samkepnin leiða aðra menn að starfi þeirra, sem ýta þeim nær undirdjúpinu. Þeir, sem lægst standa, verða að þekkja og skilja þá vél, sem þeir vinna við, og eins og við vitum eru vélarnar margbreyttar og sífeldum endurbótum undirorpnar. Eftir því sem reiðhjóla iðngreinin fullkomnast, kreíst hún þekkingar og vakandi mannvits af þeim, sem að henni starfa. Æfingin, sem áður á tímum var iðnaðarmönnum nægileg, verður þeim ekki einhlit, því ef þeir ekki skilja frumhugtökin, sem eru grundvöllur hinna breytilegu framkvæmda, ef þeir geta ekki fylgst með nýungunum, sem alt af koma í ljós, þá verða þeir á eftir. Einmitt nú er þessum ólíka mannflokk hætta búin af móturunum, sem koma með ný vandræði, nýja umbun, nýja samkepni. Reiðhjóla vélfræðingar, sem ekki geta áttað sig á þessum nýju viðfangsefnum, sem fyrir hendi eru, eiga ekki góðar horfur í vændum. Komi það fyrir, að framleiðsla reiðhjólanna minki, og þeir séu ekki færir um, að starfa að hinni nýju iðngrein, eða ekki færir um, að fylgjast með þroskun reiðhjólasmiðanna, sem ef til vill leiðir af samkepninni, þá er hætt við, að þeir verði rækir úr flokki sundmannanna.

Og eins og ástæðurnar eru í iðngrein reiðhjólanna, þannig eru þær líka í öllum öðrum iðngreinum. Hinn vaxandi vandi við tilbúning hlutanna, sem á að framleiða, og nauðsynin á, að geta lagað sig eftir hinum nýju starfsskilyrðum, er nýjar smíðavélauppgötvanir sífelt framleiða, mun gera meðalstétt framtíðarinnar — afliræðinga og mannvirkjastarfsmenn — að miklu hæfari, duglegri og vitsmunarikari mönnum, heldur en iðnaðarmenn og verkamenn voru áður. Eina verulega hindrunin á þessari framfaraleið er framkoma verkamannafélaganna. Verkamannafélögin urðu til fyrir erfðakenningu hins horfna tímabils þjóðfélaganna, þegar vinnuveitendum eða æðri stéttinni þótti sér nauðsynlegt, að verkamennirnir létu í té eins mikla vinnu og þeim var mögulegt, og verkamennirnir álitu sér hag í því, að vinna sem minst fyrir kaupi sinu. Ef að verkamannafélögin sameina meðlimi sína í lokaða heild gagnvart vinnuveitendum, miðar það að því, að tefja fyrir framiör fullkomnunar og dugnaðar, af því að það leiðir af sér sömu hagsmuni fyrir nýta og ónýta verkamenn.

En verkamannafélögin munu ekki til lengdar geta komið í veg fyrir, að liðins tíma og nútíma vinnumenn verði bættir upp af mannmörgum hópum af vélasmiðum og stórvirkjafræðingum, fullkomnari hinum og hæfari — nýju framkvæmdarafli í mannfélaginu, nýju þreki í veraldarsögunni. Og þroskun þessa nýja undirstöðuatriðis þjóðfélaganna mun valda mörgum víðtækum breytingum, t.d. í skólunum, þar krefst þessi nýja tegund mentunarinnar nýrra kennara, í akuryrkjunni, þar mun vélafræðin og visindin í sameiningu gera skynsamlega ræktunaraðferð mögulega, sem veitir akuryrkju og garðrækt mikla umbót frá því sem nú er, í hernaðarfyrirkomulaginu, þar verða mentaðir verkfræðingar, sem þekkja til hlítar hernaðarhöldin, í stað vankunnandi hermanna, sem helzt eru hæfir fyrir vargamat.

Aðal-undirstöður þjóðfélaganna í framtíðinni verða því: 1) ábyrgðarlausir, óstarfandi stóreignamenn —, hjálparvana, vinnulausir verkamenn, — 3) stór, óskipulegur fjöldi af mismunandi duglegum mönnum, vinnandi að því, að gera hinn vaxandi forða af vísindalegri þekkingu notkunarhæfan fyrir almennar þarfir, og 4) fjölmennur hópur af arðlausum manneskjum, lifandi í og af hinum almenna glundroða.

Allar þessar undirstöður þroskast með böndum hinna gömlu erfðakenninga um höndur og fætur. Lögin, sem þær hlýða, stjórnaraðferðin sem þær búa við, er að mestu levti frá þeim timum, þegar gufuaflið var enn ekki þekt. Saga komandi áranna hlýtur þess vegna að skýra frá tilraunum við að máta þessi gömlu lög og stjórn artilhögun eftir hinum nýju, breytilegu þjóðfélagsþörfum, — tilraunir, sem ekki verða barattulausar.

(Framhald).

SUCCESS BUSINESS COLLEGE

HORNI PORTAGE AVE. & EDMONTON ST. WINNIPEG.

Kennir samhv. nýjustu aðferðum alskyns verslunar fræði og Bankastörf. Einnig hraðritun og stýlritun. Betri verslunarskóli ekki til í Vestur-Canada. kenslu stofur þar finst í borginni. Nemendur geta byrjað hvenær sem þeir óska. En kenslu tíma bilið birjað 1. Sept í dag.

Skrifið eftir upplýsingum eða símið MAIN 1664.

BÚÐIN Á SARGENT.

UM TÍMA SEL EG

15 steina karlmanna vasa úr fyrir $5,00 Ólíklegt að slíkt tækifæri haldist lengi.

Ábyrð fylgir hverju Úri.

G. THOMAS Gull og Silfur Smidur

674 Sargent Ave. Phone Sherb. 2542

WINNIPEG BUSINESS COLLEGE.

STOFNSETT 1882

Helsti hraðritunar, Stylritunar og verzlunar skóli í Canada.

Hlaut. 1. Verðlaun á St. Louis Sýninguni fyrir kenslu aðferð og sýnishorn vinnu.

Dag og nátt skóli

og sérstök tilsögn—Atvinna útveguð hæfum nemendum. Tilsögn veitt með pósti, ef óskast.

Skrifið oss eða Símið Main 45

WINNIPEG BUSINESS COLLEGE

HORNI PORTAGE AVE. OG FORT ST. WINNIPEG, MANITOBA.

Anderson & Garland,
LÖGFRÆÐINGAR
35 Merchants Bank Building
PHONE: MAIN 1561.

Dr. M. Hjaltason,
Oak Point, Man.

LEIÐBEININGAR--SKRA
YFIR AREIÐANLEGA VERZLUNARMENN Í WINNIPEG

MUSIC OG HLJÓÐFÆRI
CROSS, GOULDING & SKINNER, LTD.
Pianos; Player Pianos; Organs; "VICTOR" og "EDISON" Phonographs; T. H. Hargrave, Íslenzkur umboðsmaður.
323 Portage Ave. Talsími 4413

BYGGINGA- og ELDIVIÐUR.
J. D. McARTHUR CO., LTD.
Bygginga- og Eldiviður í heildsölu og smásölu. Sölust: Princess og Higgins Tals. 5060, 5061, 5062

MYNDASMIÐIR.
G. H. LLEWELLIN,
"Medallions" og Myndarammar
Starfstofa Horni Park St. og Logan Avenue

SKÓTAU Í HEILDSÖLU.
AMES HOLDEN, LIMITED
Princess & McDermott. Winnipeg.
THOS. RYAN & CO.
Allskonar Skótau. 44 Princess St.
THE Wm. A. MARSH CO. WESTERN LTD.
Framleiðendur af Finu Skótaui. Talsími: 3710
88 Princess St. "High Merit" Marsh Skór

BYGGINGA-EFNI.
JOHN GUNN & SONS
Talsími 1277 296 Jarvis Ave.
Höfum bezta Stein, Kalk, Cement, Sand o. fl.
THOMAS BLACK
Selur Járnvöru og Bygginga-efni allskonar
76—82 Lombard St. Talsími 600
THE WINNIPEG SUPPLY CO., LTD.
298 Rietta St. Talsímar: 1936 & 2187
Kalk, Steinn, Cement, Sand og Möl
MATHESON AND GAY
Hásasmiðir, smikkarar og viðgerðarmenn
221 Higgins Ave. Winnipeg

BYGGINGAMEISTARAR.
PAUL M. CLEMENS
Bygginga-Meistari. 443 Maryland St.
Skrifst.: Argyle Bldg., Garry st. Talsími 5997

CLYDEBANK SAUMAVELA AÐGERÐARMAÐUR. Brákaðar vélar seldar frá $5.00 og yfir
643 Notre Dame Phone, Main 8624

ACCOUNTANTS & AUDITORS
A. A. JACKSON,
Accountant and Auditor
Skrifst.—28 Merchants Bank. Tals.: 5702

PIPE & BOILER COVERING
GREAT WEST PIPE COVERING CO.
132 Lombard Street.

VIRGIRÐINGAR.
THE GREAT WEST WIRE FENCE CO., LTD
Alskonar virgirðingar fyrir bændur og borgara.
76 Lombard St. Winnipeg.

ÁLNAVARA Í HEILDSÖLU
R. J. WHITLA & CO., LIMITED
264 McDermott Ave Winnipeg
"King of the Road" OVERALLS.

BILLIARD & POOL TABLES.
W. A. CARSON
P. O. Box 225 Room 4 1 Molson Banka.
Öll nauðsynleg áhöld. Eg gjöri við Pool-borð

NÁLAR.
Kaupmenn af framleiðendu geta keypt nálar til allra þarfa á rettu verði; af
JOHN RANTON
203 Hammond Block Talsími 4670

GASOLINE Vèlar og Brunnborar
ONTARIO WIND ENGINE and PUMP CO. LTD
301 Chamber St. Sími: 2968
Vindmillur -- Pumpur -- agætar Vélar.

BLÓM OG SÖNGFUGLAR
JAMES BIRCH
442 Notre Dame Ave. Talsími 2638
BLÓM - allskonar. Söng fuglar o. fl.

BANKARAR, GUFUSKIPA AGENTR
ALLOWAY & CHAMPION
North End Branch: 667 Main street
Vér seljum Avísanir borganlegar á Íslandi

LÆKNA OG SPÍTALAÁHÖLD
CHANDLER & FISHER, LIMITED
Lækna og Dýralækna áhöld, og hospítala áhöld
185 Lombard St., Winnipeg, Man.

Th. Svd. Lamb:

UPPTÍNINGUR.

Allir þeir, sem hefðu eitthvað ósagt að vansagt,gerðu vel í því að skrifa Th. Svd. Lamb, P. O. Box 3083, Winnipeg, Canada. Hann kæmi öllum þeirra vankvæðum á á rétta boðleið—á "gamla staðinn" í Hkr.

* * *

Bróður og systur-kærleikur, getur ekki átt sér stað í þessum vonda heimi, svo lengi sem einn tapar á annars gróða. En þarf það að vera ? — Gaman væri að fá svar !

* * *

Svo vel hefir ritstjóra "Upptíningsins" líkað fréttagreinar þær og önnur "skrif" hr. Sigurðar Magnússonar, að ekki þarf hann að óttast að "hagalagðar" frá honum yrðu misbrúkaðir honum til ópægindi í "gamla staðnum" (Sbr. Hkr. 4. þ. m.). Nei langt frá! Annars er "Íslenzkt þjóðerni" hjá honum í sama blaði mjög vel hugsuð grein, sem hefir vit og sannleik að bakhjarli sínum, en því eigum vér nú ekki Vestur-Íslendingar, að venjast í sumum þeim greinum sem oss eru sendar til lestrar með blöðunum — því miður! Vér vonumst eftir „lagði" frá Sigurði, við tækifæri.

* * *

Eftirfarandi stökur hafa ritstj. "Upptíningsins" borist í hendur, og birtum vér þær með ánægju. Fögur smá-ljóð og smellnar vísur eru kærkomnir gestir. En engin nöfn verða birt,nema þess sé sérstaklega óskað.

Ó! er það þó ekki unun,
þótt oft sé þungt í huga,
að sjá hvernig lífið leikur,
leikana harms og gleði.

Sjá þessar mörgu myndir
mannlífs og náttúrunnar
breytast við skin og skugga,
skapast og aftur hverfa.

Heyra þá undur-óma
eyranu sem að berast :
sumars og og vetrar söngva.
frá sólar og myrkurs djúpum.

Eiga sér von sem vonar
að vorsólin bræði snjóinn.
Eigi sér þrá, sem þráir
þess, sem að firðin hylur.

Eiga sér yndisdrauma,
óska þeir megi rætast.
Gleðjast með hinum glöðu,
gráta er hjarta þyngir.

Víst er það ljúft að lifa,
lifa til þess að deyja,
deyja til þess að dreyma
drauminn, sem gaf oss lífið.

* * *

Sá, sem yrkir "Mjallhvítar" — kvæðið, í Heimskringlu 4. þ. m., hlýtur að vera ástsjúkur, m. m. En hvað annars hefir þessi"1-1910" við ástsýkina að starfa, eða er það höfundurinn, eða hvað?

* * *

Skopmyndin í Hkr., 4. ág. þ. á., af Bárdal og Ottenson, virðist tæpast vera sanngjörn. Eða hvar er sanngirnin? Er það hárið á Bardal og kjálkarnir á Ottenson? Skopmyndin hefði vel mátt bíða,þangað til full reynsla er fengin á kjörkaupunum hjá "Nick í Parkinum", fram yfir hið vana verð, á ísl. bókum er H. S. Bardal selur. Getur vel verið að hr. Bardal sé dýr-seldur, en standa ekki fleiri landar vorir hér vestra á sömu þúfunni og hann? — Er ekki einokun hér á fleiri vörutegundum en ísl. bókum, ef vel er að gætt? Væri ekki gamann að fá skopmyndir of öllum þeim Vestur-Íslendingum sem "oka" og "ein-oka" í verzlunarlegu tilliti ?

* * *

Þeir, sem hæst hafa, og digrast mæla meðal Vestur-Íslendinga, munu oftast þeir, sem á einhvern hátt lifa í kosnað síns eigin þjóðflokks, jafnvel þótt skildingarnir komi annarstaðar frá óbeinlínis.

* * *

Staka hefir oss borist í hendur, sem kölluð er „Danskir Íslendingar", og er ort í tilefni af greininni „Núlifandi danskir menn", sem tekin var í Lögberg úr Fjallkonunni, 4. ágúst sl :—

Hvert íslenzkt hrak og hræsi-menni,
sem hýlst und dönskum svika-feldi,
með tárum grimmum Geysir brenni,
en gjósi á það Hekla eldi.

* * *

Margir menn eru þöglir í þessu lífi, en engin kona fyrr en hún er dáin.

* * *

Lyftivélin er fmynd mannlífsins. Hún er eins fljót að koma oss niður, eins og hún er fljót að koma oss upp.

* * *

SPURNING: Hver eru þau fjögur L. sem ganga í einni halarófu, hvert í skottinu á öðru, hjá stórum hóp Vestur-Íslendinga ?

SVAR: Laurier,Liberal,Lögberg Lúterskur.

* * *

Listin, hjá oss Vestur-Íslendingum er heldur höfð í lágu gildi. Ef til vill stendur hún ekki á háu stigi hjá oss, enda er hún nú heldur smá virðurkenningin og arðvonin, sem málarar,skáld og sönglagasmiðir vorir eiga í vændum fyrir verk sín hjá oss.Blöðin og tímaritin hér vestra minnast þeirra með örfáum orðum þegar þeir eru—dauðir. Það er alt og sumt. Ef einhver lúa-lubbi getur nurlað saman nokkrum þúsundum dala, með svitadropum sambrærða sinna, þá eru blöðin vís með að básúna nafn hans til skýjanna, og þakka honum fyrir velunnið starf í þarfir landanna! En ef einhver málaði listamynd, orti lista-kvæði, eða sendi lista-lag, þá er alt minna um dýrðir hjá blöðum vorum. Ekki eitt þakkarorð; að maður ekki tali um peningalegan hagnað af því starfi, því það væri sama og biðja Dani um skilnað Íslands frá Danmörku. Almein vort í þessu efni er það, að ritstjórar blaða vorra og tímarita hafa ekki auga fyrir þá litlu frjóanga listarinnar, sem veikir og í vondri mold eru að spretta upp á meðal Vestur-Íslendinga, því flestir eru þeir, ritstjórar, annaðhvort gallharðir guðfræðingar eða þá þurrir BUSINESS-menn, og frá hvorugum þeim flokki á list vor mikils liðsinnis að vænta.

Íslenska sönglistin hér vestra átti góðan frömuð og talsmann, þar sem skáldið Gunnsteinn sál. Eyjólfsson var. En hver var viðurkenning og laun hans hér vestra hjá löndum hans? Fáein orð í bundnu og óbundnu máli þegar hann var farinn frá oss til sinnar hinstu hvíldar. Og þó orti hann lög, sem festu sig við hjartarætur og instu tilfinningar þjóðarinnar heima. Lög sem þjóð vor ÞAR kunni að meta. — En — lög sem sára fáir syngja hér né kunna. Er þetta ekki minkun fyrir oss Vestur-Íslendinga?

Annan söngfræðing, sem margt gull-fallegt lag hefir gefið oss, eigum vér Íslendingar hér vestra. mann, sem býr hér meðal vor, mann, sem vér munum segja margt gott um, og yrkja falleg eftirmæli eftir — þegar hann er dáinn. Þar kemur snildin vor Vestur-Íslendinga í ljós! Maðurinn er Jón tónskáld Friðfinnsson, sem gefið hefir oss fleiri og fallegri lög en nokkurt annað núlifandi tónskáld, vestan hafs. „Vöggu-ljóðin" hans draum-fögru festast í hverju því hjarta sem þau heyrir og óspilta fegurðar-söngnæmi hefir, sama má segja um mörg af örðum lögum hans. En hvað hafa blöð vor og tímarit sagt am sönglög hans? Blöðin og tímaritin, sem lögin hafa flutt? Þau hafa þagað—þagað. Viðurkenningin fyrir verk hans eru engin. Og söngfræðingar vorir hinir þegja: Kennararnir í hljómlistinni, sem mest ættu að hafa vitið eg þekkinguna að dæma um sönglög Jóns. — — Hægan dauðdaga hljóta þeir í þögninni, málararnir, skáldin og sönglagasmiðirnir hjá Vestmönnum !

Fréttabréf.

Thistle, Utah 15. ág. 1910.

Kæri ritstjóri!

Fyrir skömmu síðan las ég í blaði þínu velritaða, og lærdómsríka grein um vort göfuga móðurmál. Eg segi göfuga, því frá hvaða helzt stjórnarráði sem að Íslenzkan er yfirveguð, þá er hún einkennilegt, göfugt, og mikilsvert mál. Hún hefir ekkert breizt, nema hvað hún hefir aukist, í, að minsta kosti þúsund ár, og eru það víst ekki mörg önnur mál sem það verður sagt um. Þetta er mest því að þakka, að hún hefir líklega snemma verið ritmál. Því þó það séu ekki nein sérstök rit til, sem eru eldri en Íslendingabók ára þorgilssonar sem var rituð nálægt 1120. Þá er ósennilegt að það hafi verið hið fyrsta rit sem samið var á íslenzkri tungu. En svo er annað sem hefir mikið stutt að því að málið hefir haldist hreint og óskemt svo lengi, eru sögulestrarnir sem tíðkast hafa Og þó það hafi frá því fyrsta í sögu Íslands, altaf verið nokkrir hámentaðir menn þar, menn sem óefað hafa lært öll þau Austurlanda mál sem mentaðir menn tíðkuðu að læra, á því, eða því, tímabili, þá var íslenzkan altaf í áliti og brúki, jafnt hjá lærðum sem ólærðum á Islandi.

Það næsta sem gerir íslenzkuna merkilegt og göfugt mál, er sú snild sem Eddumálinu fylgja. Það var fyrir þessi snildar orðatiltæki úr Eddunum,sem særa Jón Þorláksson Bæisárskáld brúkar á ýmsum stöðum í þýðingu sinni af Miltons Paradísar Missir, voru af Enskum fræðimönnum, dæmd árleg verðlaun frá Englandi meðan hann lifði, fyrir að hafa, bætt upp á það mikla, og heimsfræga listaverk, og er það reglulegt stórvirki, sem ekkert skáld, á nokkru öðru máli hefir getað gert, eða mun geta gert. Og sýnist að vera, að Íslendingar ættu ekki að fyrirlíta, og ljúga öllum upphugsanlegum lítum og skömmum á landa sinn þó hann lesi þessar bækur og haldi af þeim.

Ennfremur má, réttilega telja íslenzkunni til gildis það, að þótt öll önnur Norðurlandamál verði að sníkja úr Grískunni hér um bil öll orð yfir vísindalegar uppgöfganir og alt nýtt sem þessi mikla framfaratíð leiðir í ljós, þá má jafnaðarlega mynda ný, fögur, og skáldleg orð yfir alt þessháttar á íslenzku, og eru íslenzku orðin fremur snildarlegri en hin.

Eg hefi tekið eftir því, að þrátt fyrir alla þá barnaskóla sem eru hér í Ameríku, þá tala hérlendir móðurmál sitt mikið bjagaðra, en Íslendingar gera móðurmál sitt heima á Íslandi. Hver mundi vera svo skyniskroppinn heima á Íslandi, að í staðinn fyrir "hann og ég", að segja, "honum og mig", en það er þó algengt hér í Ameríku að segja "him and me", í staðinn fyrir "he and I". Og það eru mörg fleiri orðatiltæki lík þessu, en af hverju er það? Er það ekki af því að börnin á öllum sínum fyrri skólárum, eru mestmegnis látin lesa bækur sem eru á ófullkomnu máli; en á Íslandi er börnunum kent að lesa á bókum sem eru á góðu, fullkomnu máli.

Til að sýna lesendum mínum, að snild íslenzkunnar er meðkend af Enskum, og öðrum — ekki íslenzkum — fræðimönnum, þá set eg hér fáein orð af því sem lávarður Dufferinn segir um ritháttinn á íslenzku fornaldarsögunum, en Noregskonungasögunum sérstaklega.

"They are" segir hann, "detailed by the old historian with so much art and cleverness,as almost to combine the dramatic power of Macauly with Clarendon's delicate deliniation of character,and the charming loquacity of Mr. Pepys. His stirring seafights, his tender lovestories and delightful bits of domestic gossip, are really inimateable. You actually iive with the people, he brings upon the stage, as intimatly, as you do with Falstaff Piercy, and Prince Hal".

Eg ætla ekki að skrifa meira um ágæti Íslenzkunnar að þessu sinni. En eg fékk í dag bréf frá ritstjóra hér í Utah, hvar í hann biður mig að skrifa grein, og sýna hver Óðinn muni hafa verið og hvaða álit forfeður vorir höfðu á honum. og um hann, og ætla eg að reyna að gera það, og senda greinina Heimskringlu þegar hún er komin út.

JOHN THORGEIRSON.

Tilkynning.

Með því að friðunartími "Villianda" er nú úti 1. sept. n. k. er það nauðsynlegt fyrir alla þá, sem hafa í hyggju að fara á veiðar og ekki hafa þegar fengið veiðileyfi að, sækja um slíkt leyfi til landbúnaðar og innflytjendaskrifstofunnar í Winnipeg, áður en þeir fara á veiðar. Sjáið neðalmálsgrein (k) at sjöundu grein í "The Manitoba Game Protection Act.

Þeir sem ekki eru borgarar eða heimilisfastir verða sömuleðis að sækja um veiðileyfi til áðurnefndrar skrifstofu ef þeir hafa í hyggju að veiða dýr eða fugla hvort heldur undir verndarlögum eða ekki. Sjáið lagagreinar 24 og 25 og fyrirbyggið öll ópægindi og áhættu af lögsókn.

Sérhver fylkisbúi sem fylgir aðkomumanni á veiðar án þessa leyfis, skoðast jafnsekur og er því hengt á sama hátt.

Það er skylda hvers veiðigæslumanns eða lögregluþjóns að hafa eftirlit með, að lögum þessum sé stranglega framfylgt.

Öll veiðileyfi fyrir árið 1909 gengu úr gildi 31. des. það ár, að eins gild fyrir það ár, sem þau eru gefin út fyrir.

Þegar sótt er um leyfi eiga allar umsóknir að sendast beint til Department of Agriculture and Immigration Winnipeg, Man.

Piparsveinaskattur.

Hjónabönd eru víða að fara fækkandi og sumstaðar svo að til vandræða horfir. Bezta ráðið til að leysa úr þessum vanda hafa vitrir menn haldið fram, að væri það, að leggja sérstakan skatt á ógifta menn sem komnir væru á giftingar aldur. Þessi piparsveinaskattur halda þeir fram að muni verða til stórra bóta og eru allar líkur til að svo verði að piparsveinarnir vilji heldur gifta sig en borga skatt til lengdar.

Í fornöld var ekki farið silki höndum um piparsveinana.

Í Spörtu voru þeir sviftir öllum borgaralegum réttindum og bannað að koma á almenn hátíðahöld. Æskulýðnum var ekki skylt að auðsýna þeim virðing, og konurnar höfðu rétt að draga þá á skegginu og lemja með svipum. — Yfirvöldin neyddu þá oft um há vetur, að ganga nakta um strætin og syngja háðsöngva um sjálfa sig. — Í Apennuborg var farið heldur vægar með piparsveinana, en þar voru þeir samt sviftir borgaralegum réttindum sem í Spörtu og urðu jafnframt ef þeir voru yfir 35 ára gamlir, að greiða í ríkissjóð sem svaraði viðhalda kosnaði.

Víðar en á Grikklandi voru lögin hörð á piparsveinunum í fornöld t. d. hjá Kartagóborgarmönnum. Í þá daga sáu menn að viðhald þjóðanna var undir hjónabönd-unum komið, og þjóðarinnar vegna áttu þeir að gifta sig og fjölga mannkyninu, hvað sem þeirra eigin skoðunum leið. — Nú aftur á móti gætir þjóðarviljans og þjóðar þrifanna að engu, eigin vellíðan er það sem að mestu ræður, hvort maðurinn giftist eða ekki. Sumir vitanlega eru þannig af guði gerðir að engin stúlka vill sjá þá eða heyra, en þeir munu vera harla fáir sem enga geta fengið.

En nú kemur piparsveinaskatturinn vonum bráðar og knýr piltana í hjónabandið, en engu spilti það þó sem flestir giftu sig áður.

Kvenfólkið er til.

Magaveiki batnar oft við það, að taka inn gott hunang, eina teskeið í jafn miklu af vatni kvölds og morgna..

The Northern Wine Co.

LIMITED.

Selur sérhverja góða tegund af Whisky, vínum og bjór o.fl. o.fl. Við gefum sérstaklega gaum familíu pöntunum og afgreiðum þær bæði flótt og vel til hvaða hluta borgarinnar sem er— Getið okkur tækifæri að sýna ykkur að svo sé.

Við óskum jafnframt eftir sveita pöntunum. Afgreiðsla hin bezta

Talsímar 1673 / 6744 MAIN — 215 Market St.

Manitoba Elevator Commission

D. W. McCUAIG, Commissioner — W. C. GRAHAM, Commissioner — F. B. MACLENNAN, Commissioner

Aðal skrifstofa: 227 Garry St., WINNIPEG

P. O. Box 2971

Commissioners tilkynna hérmeð Manitoba bændum að þeir hafa fengið fra tíðar skrifstofu til starfsnota og að öll b éf skylda sendast Commissioners á ofan nefnda staðinn. Beiðniform og allar upplýsingar sem bændur þarfnast til þess fá kornhlöður í nágrenni sín, verða sendar hve jem sem óskar.

Commissioners óska eftir samvinnu Manitoba bænda í því að koma á fót þjóðeignar kornhlöðum í fylkinu,

Bókalisti

N. Ottenson's,—River Park, Winnipeg.

Ljómæli Páls Jónssonar í bandi	(3)	0.85
Sama bók (að eins 2 eint.)	(3)	0.60
Diönusöngvar (útselt um tima	(2)	0.30
Jökulrósir		0.15
Dalarósir	(3)	0.20
Kvæði H. Blöndal	(2)	0.15
Hamlet	(3)	0.45
Ljóðmæli Jóns Árnasonar á Víðimýri, 1879	(4)	0.60
Tíðindi Prestafélagsins í hinu forna Hólastífti	(2)	0.15
Áttungurinn	(2)	0.45
Grant skipstjóri	(2)	0.40
Leynisambandið	(2)	0.35
Börn óveðursins	(3)	0.55
Umhverfis jörðina á áttatíu dögum	(3)	0.60
Valdimar múnkur	(3)	0.55
Kynlegur þjófur	(3)	0.40
Blindi maðurinn	(3)	0.15
Fjórblaðaði smárinn	(3)	0.10
Kapitola (í II. bindum)	(3)	1.25
Afengi og áhrif þess, í b.		0.10
Eggert Ólafsson (B.J.) ...		0.15
Gönguhrólfs rímur (B.G.)		0.20
Hugsunarfræði (E.B.)		0.15
Höfrungahlaup		0.15
Jón Ólafssonar Ljóðmæli í skrautbandi		0.60(3)
Kristinfræði		0.45(2)
Kvæði Hannesar Blöndal		0.15(2)
Málsgreinafræði		0.15
Mannkynssaga (P.M.), í b.		0.85(5)
Mestur í heimi, í b.		0.15
Olnbogabarnið		0.15
Prestkosningin. Leikrit, eftir þ. E., í b.		0.30
Ljóðabók M. Markússonar		0.50
Friðþjófs sönglög		0.50
Ritreglur (V. Á.), í b. ...		0.20
Seytján æfintýri, í b.		0.35(3)
Siðfræði (H. H.), í b.		1.10
Sundreglur, í b.		0.15
Útsvarið. Leikrit, í b.		0.35(2)
Verði ljós		0.15
Vestan hafs og austan. þrjár sögur, eftir E. H., í b.		0.90
Víkingarnir á Hálogalandi eftir H. Ibsen		0.25
Þjóðsögur Ó. Davíðss., í b.		0.35(4)
Þorlákur helgi		0.15
Þrjátíu æfintýri, í b.		0.35(4)
Ofurefli, skálds. (E.H.), íb.		1.50
Draugasögur, í b.		0.35(4)
Ölöf í Ási		0.45(3)
Smælingjar, 5 sögur (E.H.) í bandi		0.85
Skemtisögur eftir Sigurð J. Jóhannesson 1907 ...		0.25
Kvæði eftir sama frá 1905		0.25
Ljóðmæli eftir sama. (Með mynd höfundarins) Frá 1897		0.25
Tólf sönglög eftir Jón Friðfinnsson		0.50
Nýustu svenskar Musik Bækur, útg. í Stockholm :		
Svenska Skol-Qvartetten ...		0.60(5)
26te och 27de Tusendet Sv. Skol-Qvartetten		0.60(5)
Dan Kören		1.00(5)
Normal-Sangbok		0.50(5)
Safn til sögu Íslands og ísl. bókmenta í b., III. bindi og það sem út er komið af því fjórða. (53c)		$9.45
Íslendingasaga eftir B. Melsted I. bindi í bandi, og það sem út er komið af 2. b. (25c)		2.85
Lýsing Íslands eftir þ. Thoroddsen í bandi (16c)		1.90
Fernir fornísienzkir rímnaflokkar, er Finnur Jónsson gaf út, í bandi .... (5c)		0.85
Alþingisstaður hinn forni eftir Sig. Guðm.son, í b. (4c)		0.90
Um kristnitökuna árið 1000, eftir B. M. Ólsen (6c)		0.90
Sýslumannaæfir eftir Boga Benediktsson, I. og II. b. innbundið .... (55c)		8.10
Íslenzk fornbréfasafn, 7 bindi innb., 3 h. af 8. b. ($1.70)		27.80
Biskupasögur, II. b.innb.(42c)		5.15
Landfræðissaga Íslands eftir þ. Th., 4 bindi innb. (55c).		7.75
Rithöfundatal á Íslandi 1400—1882, eftir J.B., í b. (7c)		1.00
Upphaf allsherjarríkis á Íslandi eftir K.Maurer, í b. (7c)		1.15
Auðfræði, e. A. Ól., í b. (6c)		1.10
Presta og prófastatal á Íslandi 1869, í bandi .... (9c)		1.25
B. Thorarinsson ljóðmæli, með mynd, í bandi		1.50
Bókmentasaga Íslendinga eftir Finn Jónsson, í b. (12c)		1.80
Norðurlandasaga eftir P. Melsted, í bandi .... (8c)		1.50
Nýþýdda biblían ..... (35c)		$2.65
Sama, í ódýru bandi (33c)		$1.60
Nýjatestamentið, í vönduðu bandi .... (10c)		0.65
Sama, í ódýru bandi ... (8c)		0.30

Nýkomnar bækur.

Kóralbók p. Guðjónssonar ...	0.90
Sama bók í bandi	1.10
Svartíjallasynir .... (5)	0.60
Aldamót (Matth. Joch.)	0.20
Harpa .... (4)	0.60
Ferðaminningar, í bandi (5)	0.90
Bóndinn ...."	0.35
Minningarrit (M. Joch.) ... "	0.35
Týndi faðirinn ... ... "	0.35
Nasreddin, í bandi	0.35
Ljóðmæli J. Þórðarsonar (3)	0.45
Ljóðmæli Gestur Pálsson "	0.75
Háldánar rímur	0.30
Ljóðmæli Jóns Árnasonar á Víðimýri .... (6)	0.90
Maximi Petrow .... (2)	0.45
Leyni-sambandið .... (2)	0.45
Kapitola, I. og II. bindi (3)	1.25
Hinn óttalegi leyndardómr (2)	0.50
Sverð og bagall ..... (2)	0.30
Wladimer Nihilisti	0.75
Ljóðmæli Matth. Jochumssonar, I.-V. bd., í skrautb. (15)	4.50
Afmælisdagar Guðm. Finnbogasonar	1.00
Bréf Tómasar Sæmundss. (4)	0.75
Sama bók í skrautbandi ...(4)	1.15
Íslenzk-ensk orðabók, G. T. Zoega .... (10)	1.80
Fornaldarsögur Norðurlanda, í 3 bindum, í vönduðu svltu bandi .... (15)	4.50
Gegnum brim og boða	0.90
Ríkisréttindi Íslands	0.50
Systurnar frá Grænadal	0.35
Æfintýri handa börnum	0.30
Vísnakver Páls lögmanns Vídalíns	1.25
Ljóðmæli Sig. Júl. Jóhannss.	1.00
Sögur frá Alhambra	0.30
Minningarrit Templara í vönduðu bandi	1.65
Sama bók, í bandi	1.50
Pétur blásturbelgur 0.10	
Bækur Sögufélagsins í Rvík :	
Morðbréfabæklingur	1.35
Byskupasögur, 1.—6.	1.95
Aldarfarsbók Páls lögmanns Vídalín	0.45
Tyrkjaránið, I.—IV.	2.90
Guðfræðingatal frá 1707—'07	1.10

* * *

Bækur Sögufélagsins fá áskrifendur fyrir nærfelt hálfvirði.

Umboðsmenn mínir í Selkirk eru Dalman bræður.

Eg hefi fengið töluvert meira af bókum frá Íslandi en hér er auglýst að þessu sinni ; reikningarnir fyrir þær ókomnir. Þess skal getið viðvíkjandi bandinu á Fornaldarsögum Norðurlanda, að það er mjög vandað, handbundið skrautband, vel frá gengið : eins er með Bréf Tómasar Sæmundssonar.

Tölurnar í svigum tákna burðargjald, er sendist með pöntunum.

N. OTTENSON,
River Park, Winnipeg, Man.

ROBLIN HOTEL

115 Adelaide St. Winnipeg

Bezta $1.50 á dag hús í Vestur-Canada. Keyrsla ókeypis milli vagnstöðva og hússins á nóttu og degi. Áhlýunnig hins bezta. Viðskifti Íslendinga óskast. OLAFUR G. ÓLAFSSON, Íslendingur, afgreiðir yður. Heimsækið hann. —

O. ROY, eigandi.

The Farmer's Trading Co.

(BLACK & BOLE)

HAFA EINUNGIS BESTU VÖRUTEGUNDIR.

Einu umboðsmenn fyrir :—
"SLATER" Skóna góðu.
"FIT-RITE" Fatnaðinn.
"H. B. K." prjónafélagið.
"HELENA" pils og 'waist' kvenfatnaði.
Bestu matvörutegundir.
" DEERING " akuryrkju verkfæri o, s. frv.

Beztu vörur Lágt verð

Fljót og nákvæm afgreiðsla.

Farmer's Trading Co.,
THE QUALITY STORE
Wynyard, Sask.

JIMMY'S HOTEL

BEZTU VÍN OG VINDLAR.
VÍNVEITARI T.H.FRASER.
ÍSLENDINGUR. : : : : :
James Thorpe, Eigandi

MARKET HOTEL

146 PRINCESS ST. á móti markaðnum
P. O'CONNELL, eigandi, WINNIPEG
Beztu tegundir af víni, vindlum og vindum, aðhlynning góð húsið endurbætt

Woodbine Hotel

466 MAIN ST.
Stærsta Billard Hall í Norðvesturlandinu
Tíu Pool-borð.—Alskonar vín og vindlar
Gistin og fæði: $1.00 á dag og þar yfir
Lennon & Hebb
Eigendur.

JOHN DUFF

PLUMBER, GAS AND STEAM FITTER
Alt verk vel vandað, og verðið rétt
664 Notre Dame Ave. Phone 6815
Winnipeg

A. S. TORBERT'S

RAKARASTOFA
Er í Jimmy's Hótel. Besta verk, ágæt verkfæri; Rakstur 15c en Hárskurður 25c. — Óskar viðskifta Íslendinga. —

S. K. HALL

TEACHER OF PIANO and HARMONY
STUDIO: 701 Victor St.
Haustkensla byrjar 1st Sept.

Til skémtunar og fróðleika fyrir fólkið.

EFTIR E. H. JOHNSON

Í einni ritgerð minni hédan, ekki als fyrirlöngu, drap ég í fljótheitum á gleðina og fögnuðinn, sem varð hér á meðal fólks, við útkomu "Pólreiðinnar Vol. IV; en sú gleði, og sá fögnuður, var sem ekki neitt í samanburði við þau undur og ósköp, sem existeraðist í hjörtum hinna trúuðu, þegar þeir lásu það í Heimskringlu 19 maí að það stæði nú til, áður en langt um líður, að öllu því bezta, úr öllum trúarbrögðum, yrði safnað í eitt," og þá, "þegar svo væri komið, yrði alt svo fullkomið" já, hver efast um það sagði páfagaukurinn. Þá mætti nú held ég segja og það með góðri áherslu: "Það er fullkomnað." Á þessari jörðu gætu menn varla vænst eftir mikið betra, því það fer nærri, að það mundi líkast trúarástandinu, sem prédikað er, að eigi að verða í hinu eilífa lífi, þar trúa sjálfsagt allir því sama, og engir öðru en því sem rétt er, hvort sem það verður samtíningur úr öllum trúarbrögðum eða eitthvað annað. Ég vil leiða hest minn frá, að grufla nokkuð úti það. Hitt verðhendi næst að athuga svolítið, með fáum orðum, þetta sem nú „kvað standa til," og vil ég nú reyna að géra það, eftir minnu beztu sannfæringu og þekkingu.

Ég gat þess hér að framan, að þessi tíðindi, eða spádómur; eða hvað helzt sem heppilegast væri að kalla það, hefði vakið mikla gleði í hjörtum hinna trúuðu, enn mitt í þessari óumræðilegu gleði og öllum þeim fögnuði sem átti sér stað við téða fregn, vaknaði sú spurning í hugum manna: Hver mundi nú verða líklegastur til að komu þessu mikla þarfa verki í framkvæmd og en fremur, hvar mundi verða hentugasti staðurinn fyrir hinn nýja söfnuð, til að byggja sín Joss hús, tilbiðja sinn endurskapaða Jehóva. Vóru margir á þeirri skoðum, að enginn væri færari að gera þetta, en spámaðurinn sjálfur, en aðrir mæltu á móti: ekki veit ég fyrir hvaða ástæðu. Hinir þriðju vóru á þeirri skoðum, að það mundi nú ekki ganga mikið betur að fá mann til að útfæra þessa reformation en það hefur gengið til þessa dags, að fá mann til þess að skrifa landnáms sögu Vestur-Íslendinga. En þetta fer nú varla svo, og álít ég alveg ástæðulaust að kvíða nokkuð fyrir því. Það hefur aldrei komið fyrir í heiminum en, að ekki hafi orðið eitthvað til þess sem á að verða og svo mun fara með þetta. Mér finnst ég treysta mér til — þó, auðvitað sé ég eingin Demosthenes — að upplýsa fólk svo lítið um þetta, og hvernig það getur huglegast orðið. Ég er semsé paullesin í guða og goðafræði allra trúarbragðaflokka, og hefi þar að au i kynt mér alla spádóma þæði eldri og yngri, og þar í finn ég helst, hina „áreiðanlegustu" undirstöðu fyrir því, hvernig þetta gétur með hægasta móti existerast! og er það sem fylgir:

I einum af áminnstum spádómum stendur það: að maður nokkur, stórvitur, og stórvirtur! hafi fengið, sent á hinni nýtjándu öld, opinberingu, eða spádómslega vitran um það, að hann ætti eftir að lifa það, að verða faðir að þeim mesta spekingi sem nokkur tíma hefði verið í heiminum, og að sá spekingur yrði allra spekinga æðstur, gerði meira krafta og furðuverk, en nokkurn hefði nokkuru tíma dreymt um. Má því svo sem nærri géta, hvaða gleði tilfinningar hafi lifnað í sálardjúpi mannskepnunnar, við aðra eins opinberingu, sem óefað hefur komið af hæðum ofan! Hann réði sér valla. Hann lék allur á reiðiskálfi. Hann gat ekki um annað hugsað en að reyna að koma þessu í framkvæmd sem allra fyrst, og segir sagan; spádómurinn ætlaði ég að segja, að hann hafi þar og þá, í þessum opinberinga sælu draumi, boðið kérlingu, sem var fimmtíu ára að aldri, þau náðar kjör, að mega verða móðir að spekingnum. En það hafði farið líkt fyrir henni, og Jósep gamla, þegar Madame Pótifar, ætlaði að fara að verða góð við hann. Kérlingar kindin hafnaði semsé þessu sóma boði, sem hafði þær sorglegu, en þó til sömu tíðar eðlilegu afleiðingar, að spekingurinn er ófæddur en, og bágt að segja hvað lengi það kann að dragast, að menn fái þá æru að líta slíkann mann. En, hvað sem öllu þessu líður, og hvert sem ég lifi þá tíð eða ekki, þá trúi eg því samt — og svo géra náttúrlega fleirri — eins og Gyðingar trúa með Krist, að hann eigi eftir að fæðast, og að þessi makalausi spekingur, verði óefað maðurinn sem „safnar öllu því bezta saman úr öllum trúarbrögðum," og býr til úr því eina „alfullkomna heild." Þetta finnst oss nú mjög sennilegt og ekkert eftir géfa, fyrir en vér megum til. Spádómur þessi, er ein, áreiðanleg og óhrekjandi "vissa" maðurinn sem fékk vitranina lifir en, og er sjálfsagt viljugur að staðfesta þetta, ef þess skildi krafist, að vér förum hér með sannleikann, og eins það, að gétur vorar og trú með speking þenna, eru ekki gripnar úr lausu lofti. En þá „þegar svo er komið" verður nú gaman að lifa í heimi vorum. Þá kémur nú þessi „alsherjar friður" sem vér höfum heyrt talað um; þá leikur lambið sér við ljónið; þá skrifa nú engir „skammir og svívíringar" í blöð; alt verður þá „vísdóms vindur". Þá situr nú gull hjá gulli, og dánumenskan umfaðmar kennþrýðina; þá verður Nellie sezt í hásætið, og þá jórtrar enginn lengur um eyra-rúnu, o s frv. samber „Völuspá hina nýrri". En um samansöfnunar stoðin er eng-um blöðum að fletta; hann verður hvergi nema á Pólnum í aldingarðinum gamla. Spekingurinn og faðir hans láta hreinsa þar svo til, að það ætti að verða þolanlegur bústaður hinna rétt trúuðu; jafnvel um allar eilífðir. Blður nokkur betur?

Dánarfregn.

Þann 21. júlí 1910 andaðist að heimili sínu í Marietta, Wash. konan Steinunn Blöndal, hún var 57 ára og nokkra mánaða gömul. Hún hafði verið heilsutæp um tveggja ára tíma en tveimur dögum áður en hún dó fjekk hún slag og misti máttinn, og málið litlu síðar. Hún var jarðsett 22 júlíað Woodlon grafreit í Ferndeil, að mörgu fólki viðstöddu.

Steinun heitin var fædd að Flögu í Húnavatnssýslu 12. Nóvember 1853.

Foreldrar hennar vóru Gísli Sigurðson og Ásdís Magnúsdóttir. Hún ólst upp í Húnavatnssýslu og átti þar heimili þangað til hún flutti til Canada fyrir 21 ári síðan. Ári síðar giftist hún eftir lifandi manni sínum Hannes Blöndal, litlu síðar fluttu þau sig til Kyrrahafsins og hafa löngum síðan búið í Marietta, Wash.

Þeim hjónum varð tveggja barna auðið sem bæði dóu í æsku.

Steinun heitin varð vel greind kona og hafði frammúrskarandi minni, hún var sérstaklega brjóstgóð og mátti ekkert aumt sjá, vinföst og trygglynd. Hennar er því sárt saknað af öllum sem kyntust henni.

Og sárt syrgð af eftirlifandi eiginmanni sem hún reyndist trúr vinur og stoð, í hverju sem að höndum bar.

Hvar er Jóhannesína.

Íslandsbréf hefir verið skilið eftir á skrifstofu Heimskringlu áritað til Fröken Jóhannesína Jóhannesdóttir, sem fór frá Hornbrekku í Ólafsfirði, en síðast frá Reykjum á Reykjaströnd, til Ameríku. — Hver, sem veit um verustað konu þessarar, er beðinn að tilkynna það að Heimskringlu. — það er áríðandi, að bréfið komist til hennar.

SPURNING. — Hefir nágranni minn eða nokkur óviðkomandi maður rétt til að fara með 'team' og vagn yfir slægjuland mitt, án míns leyfis, þegar komið er að því að slá það, og hann gerir það án allra nauðsynja? Ef ekki, hverju varðar það? Bóndi.

SVAR. — Nei. En betra væri þér samt að girða landið og auglýsa friðhelgi þess. Ef menn aka um land þitt eftir að þú hefir auglýst "No Tresspass", þá ættir þú að geta átt lagasök á hendur þeim. Ritstj.

Sendið Heimskringlu til vina yðar á Íslandi

THE DOMINION BANK

HORNI NOTRE DAME AVENUE OG SHERBROOKE STREET

Höfuðstóll uppborgaður : $4,000,000.00
Varasjóður - - - $5,400,000.00

Vér óskum eftir viðskiftum verzlunar manna og ábyrgumst að gefa þeim fullnægju. Sparisjóðsdeild vor er sú stærsta sem nokkur banki hefir í borginni.

Íbúendur þessa hluta borgarinnar óska að skifta við stofnun sem þeir vita að er algerlega trygg. Nafn vort er full trygging óhlutdeika. Byrjið spari inulegg fyrir sjálfa yðar, konu yðar og börn.

H. A. BRIGHT, RÁÐSMAÐUR.

Með því að biðja sérstaklega um "T. L. CIGAR," þá ertu viss að fá ágætan vindil.

T.L.

Smoke the T. L. CIGAR

(UNION MADE)

Western Cigar Factory
Thomas Lee, eigandi Winnipeg

Vitur maður er varkár með að drekka eingöngu HREINT ÖL. Þér getið jafna reitt yður á

DREWRY'S
REDWOOD LAGEIR.

Það er léttur, freyðandi bjór, gerður eingöngu úr Malt og Hops. Biðjið ætíð um hann.

E. L. DREWRY, Manufacturer, Winnipeg

STRAX Í DAG er BEZT AÐ GERA STKAUPANDI AÐ HEIMSKRINGLU. — ÞAÐ ER EKKI SEINNA VÆNNA.

Manitoba á undan.

Manitoba hefir viðáttumikla vatnsfleti til uppgufunar og úrfellis. Þetta, hið nauðsynlegasta frjógunarskilyrði, er því trygt.

Ennþá eru 25 milión ekrur óbygðar.

Íbúatal fylkisins árið 1901 var 225,211, en er nú orðið um 500,000, sem má teljast ánægjuleg aukning. Árið 1901 var hveiti og hafra og bygg framleiðslan 90,367,085 bushela; á 5 árum hefir hún aukist upp í 129,475,943 bushel.

Winnipeg borg hafði árið 1901 42,240 íbúa, en hefir nú um 150,000; hefir nálega fjórfaldast á 8 árum. Skattskildar eignir Winnipegborgar árið 1901 voru $26,405,770, en árið 1908 voru þær orðnar $116,106,390. Höfðu meir en þrefaldast á 7 árum.

Flutningstæki eru óviðjafnanleg,— í einu orði sagt, eru í fremsta flokki nútíðartækja: Fjórar þverlandsbrautir liggja um fylkið, fullgerðar og í smíðum, og með miðstöðvar í Winnipeg. Í fylkinu eru nú nálega 4 þúsund milur af fullgerðum járnbrautum.

Manitoba hefir tekið meiri landbúnaðarlegum og efnalegum framförum en nokkurt annað land í heimi, og er þess vegna ákjósanlegasti aðsetursstaður fyrir alla, af því þetta fylki býður beztan arð af vinnu og fjárleggi.

Skrifið eftir upplýsingum til: —

JOS. HARTNEY, 77 York Street, Toronto, Ont.
JOS. BURKE, 178 Logan Avenue, Winnipeg, Man.
A. A. C. LaRIVIERE, 22 Alliance Bldg., Montreal, Quebec.
J. F. TENNANT, Gretna, Manitoba.

J. J. GOLDEN,
Deputy Minister af Agriculture and Immigration, Winnipeg.

bóndastúlku sem sat við hlið hennar og lás í lærdómskverinu sinu. Barn þetta var nefnilega ekki nógu gamalt til að taka þátt í fræðslu hinna barnanna. — "Já, ef litla Anna er kappsöm og iðin," sagði María, "þá kemst hún bráðum í hóp hinna, og getur skilið alt það skritna og skemtilega sem meistarinn kennir eldri stúlkunum og drengjunum.

Litla Anna gerði það sem hún gat, enda var hún orðin svo vel læs, að það var að eins á stöku stað sem hún stamaði á orðunum; og af því hún var iðin og námfús, hafði María góða von um framför hennar.

Þegar presturinn kom stóðu öll börnin upp, en Holm gekk á móti tengdaföður sínum og heilsaði honum. Systurnar og móðir þeirra þutu til Maríu og settust við hlið hennar á róluljólina.

"Haldið þið áfram, carissime!" sagði presturinn, þegar hann var búinn að þrýsta hendi tengdasonar sins; "haltu áfram kenslunni. Eg sest hér á meðal áheyrenda þinna."

Himinglaður lagðist presturinn endilangur í grasið hjá börnunum.

Holm hélt áfram.

Fjörið og skilgreiningin í fyrirlestri hans var svo ljós, að allir nemendurnir, jafnvel þeir gáfnasnauðustu, skildu hann, og hlustuðu líka á hann með nákvæmri eftirtekt. Ekki eitt einasta orð af óbrotnum og auðskildum sannleika, sem hann sagði börnum þessum, fór fram hjá þeim. Og þó að einstöku sinnum kæmu fyrir setningar sem nemendurnir skildu ekki strax, þá vissu þeir að þeir máttu biðja um nánari skýringar að fyrirlestrinum afstöðnum. Meistari Holm notaði engar kenslubækur og fékk börnunum ekkert ákveðið að læra. Fyrst gaf hann þeim nákvæma lýsingu af því úrlausnarefni sem hann vildi láta þau þekkja, og svo reyndi hann með spurningum að komast eftir að hve miklu leyti þau hefðu skilið

hann. Þessi aðferð var, eftir hans skoðun, ekki að eins hin bezta, heldur einnig sú eina mögulega. "Lexiurnar skilja þau ekki," sagði hann, "en munnlegar skýringar skilja þau, og auk þess hefi eg engan tíma til að sinna hverju einstöku barni. Þau verða því öll í einu að hlusta á það sem ég vil leiða í ljós, og gera svo seinna grein fyrir skilningi sínum á því."

Þetta kvöld stóð fyrirlestur Holms yfir eina klukkustund, og svo fór hann að spyrja þau á þenna hátt:

"Nú, Mads Persens Óli, getur þú sagt mér hvernig jörðin er löguð?"

"Hnöttótt," svaraði drengurinn.

"Og þú, Eiríkur, veiztu hvort hún er kyr eða að hún hreyfir sig?"

"Hún er kyr," svaraði Eiríkur, sem ef til vill hefir ekki tekið eins vel eftir og aðrir.

"Það er skilningur þinn sem er kyr, Eiríkur," sagði Holm. "Nú, börn, hvað segið þið um þetta?"

"Hún hreyfir sig í kringum sólina," svöruðu hin börnin öll sem einum rómi.

Þannig hélt kenslan áfram góða stund. Hvert eitt barn fékk sína spurningu, og flest af þeim sýndu að þau höfðu skilið orð kennarans rétt. Svo leyfði hann þeim að fara heim, þegar búið var að flytja bæn og lesa einn kapítula í Nýja Testamentinu, sem öll börnin höfðu eitt eintak af með sér. Lesturinn gekk eftir röð, eitt eða tvö vers handa hverju barni, og þegar eitthvað var sem þau ekki skildu, þá var það skýrt fyrir þeim. Síðan þökkuðu börnin kennaranum fyrir leiðbeiningarnar, lofuðu að muna þær og fóru.

Skömmu síðar sátu báðir mennirnir, tengdafaðirinn og tengdasonurinn á róluíjólinni, því kvenfólkið var farið inn í húsið.

"Þetta er sannarleg guðsþjónusta," sagði prest-

urinn, um leið og hann horfði á eftir hinum hverfandi barnahóp, "guðsþjónusta, sem á rót sína að rekja til eðallyndrar hugsunar. Guð blessi tilraunir þínar sonur minn."

Holm svaraði engu. Svipur hans var þungbúinn. Það var auðséð að einhver sorg þjáði gleði sinnið hans.

"Þú þegir," sagði presturinn, "og ert hryggur á svip. Hvað gengur að þér?"

"Ó, faðir. Hverjum gat komið til hugar að þessi skóli, sem ég hlakkaði svo mikið til að setja á stofn, skyldi verða þyrnir í augum sumra heldri mannanna hér í sókninni, en það er hann, og það er það sem hryggir mig og mér gremst."

"Þeir vilja ekki unna bændunum neinnar fræðslu, ég veit það svo vel, sonur minn. Ó, ég þekki mjög vel þetta þröngsýna eðli.....þeir vilja ekki—svo ég noti orð hinnar vitsmunablindu prófastsfrúar—leyfa innrás hinna ruddalegu flokka á andlega vísindavelli. Þannig eru þeir, og í broddi fylkingar er prófastur Washolm, einn af undirstöðubjálkum kirkjunnar. En við skulum bjóða þeim birginn."

"Ó, faðir, ef hér væri aðeins að tala um prófastinn. En, veiztu hver hefir knúð þau hjón til að snúast gegn mér og minum skóla?"

"Nei," svaraði presturinn. "Hver er það?"

"Það er fyrverandi húsbóndi minn, barúninn í Liljudal. Hann gerði mér boð að finna sig í gær, og lét mér í té hinar hörðustu ásakanir fyrir þetta heimskulega fyrirtæki mitt,—sem honum þóknaðist að nefna það."

"Og hverju svaraðir þú honum?" spurði presturinn ákafur.

"Eg sagði honum í kurteisum en ákveðnum róm, að eg væri frjáls og sjálfstæður maður, sem ekki þyrfti lengur að hlýða skipunum hans, og að enginn

hefði ástæðu til að veita mér árás á meðan eg gerði ekkert ólöglegt."

"Það var rétt, sonur minn," sagði presturinn. "Hið sama sagði ég í dag við prófastinn og konu hans.....Nú.....og barún Ehrenstam?"

"Þú hefðir átt að sjá æðið í honum. Það var voðalegt. Hann krepti hendurnar og froðufeldi af ilsku. "Veiztu þá ekki," þrumaði hann, "að sá sem hefir gefið þér jörð, getur tekið hana frá þér aftur.....getur rekið þig og fjölskyldu þína burtu af henni? Tuska, eins og þú ert, sem lifir á minni miskunnsemi, ætti ekki að hefjast handa á móti velgerðamanni sínum."

"Svívirðilegt!" kallaði presturinn, og eldur brann í augum hans. "Og hverju svaraðir þú?"

"Hr. barún," svaraði ég, "virðing fyrir þínum gráu hárum býður mér að veita tilslökun, enda þótt að orð þín verðskuldi ofanígjöf. Eg lifi ekki á þinni miskunnsemi og skulda þér enga þökk. Bújörðina sem þú lézt mig fá fyrir vinnu mína samkvæmt samningi, getur þú ekki tekið af mér. Að því er skólann minn snertir, þá held ég áfram með hann þrátt fyrir vonsku þinar hr. barún. Vertu sæll."

Um leið og eg sagði þetta, opnaði eg dyrnar og yfirgaf hann, alveg óðan af vonsku.

"Þú hefir svarað vel, sonur minn," sagði presturinn, "og ég vona að þú látir ekki hræða þig héreftir. Það sem maður álítur vera rétt, það sem maður álítur vera skylda sína—það verður maður að gera, þrátt fyrir alt mótlæti og erfiðleika. Og að öðru leyti.....hvað getur barúninn gert þér?"

"Hann getur ekki svift mig jörðinni, það er nú víst. En með áhrifum þeim, sem auðurinn veitir honum getur hann eiðilagt ávextina af starfi minu. Hann getur fyrirboðið bændunum að senda börn sín í minn skóla....."

Til þess að fá best

SMIDI

og beztan tón og

FÁGAN

með sanngjörnu verði á

PIANOS

Farið þangað sem fullnæging er veitt í öllum tilfellum.

J. J. H. McLean & Co LIMITED

Cor Portage Ave. & Hargrave
Phone: Main 808.

Fréttir úr bænum.

Kvenfélag Únítarasafnaðarins ætlar að halda samkomu 26. sept. næstkomandi. Prógramm verður auglýst í næsta blaði.

Herra Jóhannes Stefánson, frá Selkirk. — Nýkominn frá Íslandi meiddist á höfði við það að hann steig ógætilega út úr Strætisvagn hér í borg á laugardaginn var. Þessu er getið öðrum til viðvörunar.—Það er aldrei of gætilega farið af strætisvögnunum.

Finnur Finnsson frá Geysir var hér á ferð í þ. viku, sagði grassprettu illa nýðra, akra í meðallagi einnig kál og jarðeplagarðar. Járnbrautin frá Teulon að Íslendingafljóti nú sem næst fullgerð og járnbrautarbrúin fullgerð yfir fljótið. Mikil byggingarvinna nú í Árdal þorpi. Allir verzlunarmenn þar að stækka og bæta verslunarhús sín. Þeir Sigurðsson og Thorvaldson hafa sem næst fullgert hið mikla verzlunarhús sitt þar og birja mjög bráðlega að verzla í því. Lönd um hverfis þar takast nú daglega í tugatali af allra þjóða fólki.

Þeir Björn Beck og Sigurður Eyford úr Argyle nýlendu, fluttu búferlum á heimilisréttarlönd sín að Moose Horn Bay, Man., í s. l. viku.

Verkfræðingur borgarinnar hefir tilkynt bæjarráðinu að nauðsynlegt sé að grafa stóra saurrennu skurði í vissum strætum borgarinnar. Á ætlaður kostnaður við þetta er $829,708. Búist er við að birjað verði á þessu nauðsynjaverki strax á þessu ári.

Þorbergur Brynjólfsson og Anna Helgason bæði frá Mikley, voru gefin saman í hjónaband 24. ágúst, 1910, af séra Friðrik J. Bergmann, að heimili hans 259 Spence St.

Barnastúkan ÆSKAN byrjar sín venjulegu fundarhöld á laugardagin kemur, æskilegt að meðlimir fjölmenni.

Herra Guðmundur Árnason biður þess getið að heimili hans sé að 688 Home St. og þar er hann að hitta, en ekki í búðinni á Sargent og Victor St, sem hann hefir selt. Munið eftir 688 Home St.

Lesendur eru myntir á að taka eftir auglýsingu G. Thomas hér í blaðinu. Hann hefir lofað Heimskringlu að láta utanbæjarfólk njóta sömu kjörkaupa eins og Winnipegbúa, þó það vegna fjarlægðarinnar geti ekki settið komið pöntunum til hans á þeim tíma sem auglýst kjörkaup standa yfir.

Herra Sveinn Thorsteinson, frá Edinborg, N. D., sem um nokkurn undanfarinn tíma var í landtöku og landkaupa erindum í Íslenzku nýlendunum í Saskatchewan, fór suður aftur í s. l. viku. En hugsar að flytja á lönd sín í grend við Wynyard innan fárra mánaða.

— Herra lögfræðingur Sveinbjörn Johnson, sem að undanförnu hefir stjórnað bókhlöðu og skjalasafni í Bismark, N. D., hefir nú flutt sig til Cavalier og ætlar að stunda þar lögfræðisstörf framvegis. Sveinbjörn er hæfilakamaður mikill og ætti að farnast vel í sinum nýja verkahring.

Herra Franklin Thordarson, yfirkennari við skóla í Mayville, N.D. var hér í borg í s. l. viku. Hann kom vestan frá Oregon riki, úr kynnisferð til móður sinnar og systra, sem þar hafa tekið heimilisrétt á aldina löndum og þegar fengið þau til fullrar eignar. Franklin lét vel af ástandi og útliti vestur á ströndinni. Hann fór heimleiðis eftir dagsdvöl hér í borg.

Jónas Pálsson

Piano og tónfræðis kennari byrjar aftur kennslu fyrsta Sept. n. k.

Hann býr nemendur undir próf við Toronto University, sem er bezta og áreiðanlegasta mentastofnun þessa lands.

Margir af nemendum J. P. eru farnir að kenna sjálfir nú þegar og farnast vel.

ÁRITUN: 460 Victor St.
WINNIPEG
Talsími Sherbrooke 1179.

Herra Arnór Árnason frá Chicago, kom hingað til borgarinnar með fjölskyldu sína í s. l. viku. Hann mun hafa í hug að setjast að hér nyrðra.

Land til sölu.

Ekkja í Árdalsbygð, Nýa Íslandi vill selja land sitt fyrir $1000. Á landinu er skógur, bæði byggingaviður og eldiviður heyskapur fyrir 10-12 kýr. Lyst hafendur snúi sér til Mr. Sigfúsar Sveinsonar, Árborg, Árdal P. O. sem gefur ytarlegri upplýsingar.

Miss Jóhanna Olson.

Piano kennari, byrjar aftur að veita nemendum tilsögn að heimili sínu 557 Toronto St.

TIL LEIGU.

3 ágæt herbergi með ljósi og vatni, að 907 Selkirk Ave. 15 á mánuði. Th. Johnson.

3 vanir málarar

geta fengið atvinnu nú strax, hjá undirrituðum. Þorsteinn Þ. Þorsteinsson, 732 McGee St. W'p'g.

"Kvistir,"

kvæði eftir Sig. Júl. Jóhannesson, til sölu hjá öllum íslenzkum bóksölum vestanhafs. Verð: $1.00.

MARTYN F. SMITH,
TANNLÆKNIR.
Fairbairn Blk. Cor Main & Selkirk

Sérfræðingur í Gullfyllingu og öllum aðgerðum og tilbúin aði Tanna. Tennur dregnar án sársauka. Engin veiki á eftir eða gómbólga. —

Stofan opin kl. 7 til 9 á kveldin
Office Phone 6944. Heimilis Phone 8462

ANCHOR BRAND HVEITI

er bezta fáanlegt mjöl til nota í heimahúsum og annarstaðar. Það er gert úr No. 1. Hard HVEITI eftir nýjustu aðferðum.

Sími 4326 eftir söluverði þess.

Leitch Bros.
FLOUR MILLS
Winnipeg skrifstofa
240-4 GRAIN EXCHANGE

J. T. STOREY S. DALMAN

Your Valet

HREINSAR, PRESSAR, GERIR VIÐ OG LJTAR FATNAÐ.

Alt ágætlega gert. Komið því að tötin til okkar.

690 NOTRE DAME AVE.
TALSÍMI MAIN 2798

GEO. ST. JOHN VAN HALLEN
Málafærzlumaður

Gerir öll lögfræðis störf
Útvegar peningalán

Bæjar og landeignir keyptar og seldar, með vildarkjörum.

Skiftiskjöl $3.00
Kaupsamningar $3.00

Sanngjörn ómakslaun
Reynið mig

Skrifstofa 1000 Main St.
Talsími Main 5142
Heimils talsími Main 2357
INNIPEG

DR. H. R. ROSS

C.P.R. meðala- og skurðlækir.
Sjúkdómum kvenna og barna veitt sérstök umönnun.

WYNYARD, — SASK.

Dr. G. J. Gíslason,
Physician and Surgeon
18 South 3rd Str., Grand Forks, N.Dak.

Athygli veitt AUGNA, EYRNA og KVERKA SJÚKDÓMUM. ASAMT INNVORTIS SJÚKDÓMUM og UPPSKURÐI. —

The Evans Gold Cure
229 Balmoral St., Sími Main 397

Varanleg lækning við drykkjuskap á 72 dögum án nokkurrar tafar frá vinnu eftir fyrstu viknna. Algerlega privat. 16 ár í Winnipeg. Upplýsingar í lokuðum umslögum.

Dr. D. R. WILLIAMS, Exam. Phys
J. L. WILLIAMS, Manager

W. R. FOWLER A. PIERCY.

Royal Optical Co.
307 Portage Ave. Talsími 7280.

Allar nútíðar aðferðir eru notaðar viðsjón skoðun hjá þeim, þar með hin nýja aðferð, Sjónarga-skoðun, sem gjörð er öllum ágiskunum. —

Brunskill's
Nýtýzku
KJÖTSÖLUBÚÐ
717 SARGENT AVE.

selur beztu kjöttegundir með lægsta verði, og óskar eftir viðskiftum Íslendinga. — Mr. Brunskill hefir verzlað 5 ár í vesturbænum, og er þektur sem hreinskiftinn verzlari. — Peningum skilað aftur, ef varan reynist ekki ágæt í alla staði.

Sherwin Williams PAINT
fyrir alskonar húsmálningu.

Þrýðingar tími nálgast nú. Dálftið af Sherwin Williams húsmáli getur prýtt húsið yðar utan og innan. — Brúkið ekker annað mál en þetta. — S.-W. húsmálið málar mest, endist lengur, og er áferðarfegurra en nokkurt annað hús mál sem búið er til. — Komið inn og skoðið litarspjaldið. —

Cameron & Carscadden
QUALITY HARDWARE
Wynyard, Sask.

Atvinna.

Okkur vantar fáeina duglega umboðsmenn í hinum íslenzku bygðum í Manitoba og Norðvesturlandinu til að selja Stereoscopes og myndir. Sendið 75c fyrir umboðsmanna áhöld.

Arnason & Son.
8-4 Churchbridge, Sask.

A. S. BARDAL
Selur líkkistur og annast um útfarir. Allur áhöldnaður sá bezti. Enfremur selur hann alskonar minnisvarða og legstaina.
121 Nena St. Phone 306

TIL SÖLU:

160 ekrur af bezta landi, stutt frá járnbrautarstöð. — Fyrsti maður með $7.00 fær hér góð kaup. — Finnið

Skúli Hansson & Co.
47 Aikens' Bldg.
Talsími Main 6476 P. O. Box 833

Tvö herbergi

með stóar-aðgangi til leigu að 384 Simcoe St. $7.00 á mánuði.

Þarft þú ekki að fá þér ný föt?

EF ÞAU KOMA FRÁ CLEMENT'S, — ÞÁ VERÐA ÞAU RÉTT

Réttur að efni, réttur í sniði réttur í áferð og réttur í verði.

Vér höfum miklar birgðir af fegurstu og beztu fataefnum. —

Geo. Clements & Son
Stofnað árið 1874
264 Portage Ave. Rétt hjá FreePress

Th. JOHNSON
JEWELER
286 Main St. Talsími: 6606

Sveinbjörn Árnason
Fasteignasali.
Selur hús og lóðir, eldsábyrgðir, og lánar peninga. Skrifstofa: 12 Bank of Hamilton.
TALSÍMI 5122. HÚS-TALS. 8698

G. NARDONE
Verzlar með matvöru, aldini, smá-kökur, alskonar sætindi, mjólk og rjóma, sömul. tóbak og vindla. Óskar viðskifta Íslend. Heitt kaffi eða te á öllum tímum. Fón 7756
714 MARYLAND ST.

Boyd's Brauð

Alt af hin sömu ágætu brauðin. Það er ástæðan fyrir hinni miklu sölu vorri. — Fólk veit það getur reitt sig á gæði brauðanna. Þau eru alt af jafn lystug og nærandi. Biðjið matsala ykkar um þau eða fónið okkur.

Boyd's
Bakery Cor. Spence & Portage Ave
Phone Sherb. 680

BILDFELL & PAULSON
Union Bank 5th Floor. No 520
selja hús og lóðir og annast þar að lútandi störf; útvegar peningalán o. fl.
Tel.: 2685

Jónas Pálsson,
SÖNGFRÆÐINGUR.
Utvegar vönduð og ódýr hljóðfæri
460 Victor St. Talsími 6803.

BONNAR, TRUEMAN & THORNBURN,
LÖGFRÆÐINGAR.
Suite 5-7 Nanton Blk. Tals. 766
Winnipeg, Man. P.O.BOX 223

"Sjáið þið nú börn," sagði presturinn og kallaði dætur sínar til sín, "sjáið þessa fögru mynd sem guð vill gleðja alla með. Sjáið hvernig sólin spinnur með hægð sína gullnu þræði, á meðan hún smátt og smátt nálgast sali djúpsins. Ó, þessi sól, þessi eldur er kveiktur fyrir alla, börnin mín. Það er enginn maður til, sem geislar hennar hafa ekki fjörgandi áhrif á.....og þó eru til menn, sem með djúpri fyrirlitningu gagnstætt skaparans vilja halda því fram, að hið andlega ljós eigi aðeins að fræða fáeina útvalda, að hin andlega sól eigi ekki að skina á hina útskúuðu, úrhrak mannkynsins, sem þeir dæma til að lifa í endalausu myrkri, ævarandi nótt. Vei þessum mönnum. Þeir vilja ekki skilja tilgang skaparans. Þeir setja sinar eigin grönnu, takmörkuðu, vitgrönnu og singjörnu skoðanir, fyrir ofan hinar almennu frelsis hugmyndir er sýna gildi sitt í náttúrunni."

Presturinn þagnaði og stóð lengi kyr í djúpum hugsunum. Þetta var ein af athugaleysis stundum hans. Hann gleymdi öllu, og kona hans togaði árangurslaust í frakkalöfin. Hann aðeins veifaði hendinni ósjálfrátt, eins og hann meinti með því: Lúttu mig vera, eg hefi annað að hugsa um.

Loksins varð kona hans óþolinmóð, þreif allhart í handlegg manns sins og sagði:

"Hvað gengur að þér, Bergholm. Þú ert búinn að gleyma því að við ætluðum til Marienlundar."

Presturinn vaknaði smátt og smátt af draum sínum. "Þó segir satt kona," sagði hann loksins, "mig var að dreyma. En komið þið nú, við skulum halda áfram ferð okkar."

Hér um bil hálfum milu fjörðung frá prestssetrinu lá bugðóttur aukavegur til vinstri handar inn í skóginn. Eftir þeim vegi var gengið til Marjenlundar, þar sem tengdasonur og dóttir prestsins áttu heimili.

Húsið var einlyft, umkringt háum, laufrikum birki og linditrjám. Bak við húsið var fagur og vel ræktaður matjurtagarður sem lá ofan að ánni. Engjarnar, beitilandið og akurinn voru hins vegar við ána, til hægri og vinstri handar við byggingunna. Fyrir framan húsið var græn slétta, umkringd skuggarikum trjám, og fyrir neðan hana voru gripahúsin og hlöðurnar, en bak við þau var hávaxinn greniskógur, sem að nokkru leyti tilheyrði þessu bóndabýli.

Laglegur, grænmáluður rimagarður aðskildi sléttuna og brautina.

Þannig var býli það er barún Ehrenstam, samkvæmt loforði sínu, hafði fengið hinum fyrverandi kennara barna sinna til ábúðar. Áður hafði jörð þessi verið leigubýli og legið undir Liljudal, en nú hafði Holm fengið eignarráð yfir henni um 80 ár, eða á meðan hann og kona hans lifðu. Holmer var nú 40 ára en María, kona hans aðeins 22 ára, svo að þau gátu enn haft umráð jarðarinnar í 58 ár. Svo fell jörðin aftur undir Liljudal, eða eiganda hans, þannig voru skilmálarnir.

Því verður ekki neitað að þetta voru býsna góð kennaralaun, en barún Ehrenstam var líka eigandi miljónar, og munaði því ekki mjög mikið um þetta. Þrátt fyrir singirni sína, kom það fyrir að hann gat verið frjálslyndur, og að honum þótti vænt um hrósið sem nágrannarnir veittu honum fyrir örlyndi sitt við Holmer, sem að sinu leyti með óbifanlegri þolinmæði og dyggri þjónustu verðskuldaði það fyllilega.

Þegar á alt var litið, var það ekki heldur nema fárra hundrað dala tekjur sem hinn riki maður sá af. Ábúðin veitti ekki hærri leigu, og auk þess höfðu leigulíðarnir vanrækt jörðina, svo að arðurinn var orðinn svo litill að þeir gátu ekki goldið leiguna. En í höndum hins skynsama og reglufasta Holmers, var

eignin engir smámunir, enda vonaði hann, og það af góðum og gildum ástæðum, að geta alið önn fyrir sér og fjölskyldu sinni af afurðum hennar.

Þannig stóðu sakir, þegar hinum eðallynda, mannúðarríka Holm kom til hugar að nota frístundir sínar til þess að fræða börn almúgans í sókninni.

Og þetta vor var hann einmitt að byrja á framkvæmd þessa áforms. Hann var ekki rikur og gat því ekki auðsýnt þá líkn, sem aðeins verður veitt með tilstyrk peninga. En hann átti meðfædda innri löngun til að verða öðrum að gagni, og þegar hann var að hugsa um hvernig hann ætti að fullnægja þessari löngun, þá fann hann ekkert annað betra, ekkert, sem betur samrýmdist tilhneigingum hans og kringumstæðum, heldur en þá fögru köllun að veita öðrum fræðslu, sem hann vonaði að yrði undirstaða guðsótta og dygða meðal hinna fávisu og á þeim tíma gjörsamlega vanræktu bændabörnum í sókninni sem hann var í.

Hann heimsótti því alla bændurnar og alstaðar varð hann var við ruddahátt, vanþekkingu og hjátrú, sem honum sárnaði mjög. Hann talaði við foreldrana og bauð þeim að senda börnin til sín á hverju kvöldi, til þess að hann veitti þeim fræðslu. Holmer var mjög mælskur þegar hann var að lýsa hagsmunum fræðslunnar við hina efnagjörnu foreldra, sem félli í hlut barnanna. Foreldrarnir hlustuðu á orð hans, og þegar þeir voru búnir að ráðgast um þetta við Berghelm prest, þáðu flestir af þeim tilboð hans, sem þeir álitu að hefði þó þann kost, að það kostaði ekkert.

Á þenna hátt var þetta máleini útkljáð. Átján eða tuttugu drengir og eins margar unglingsstúlkur gáfu sig fram, og komu eftir það á hverju kvöldi til Marienlundar, þar sem kennarinn og kona hans gerðu það sem í þeirra valdi stóð til að uppfylla þá skyldu

sem þau höfðu tekið að sér. Við skulum nú brátt sjá hvaða aðferð þau notuðu, en snúum aftur, eftir þenna útúrdúr, til prestsins og fjölskyldu hans, sem við yfirgáfum á leiðinni til þess staðar sem við vorum að lýsa.

XIII

Í Marienlundi.

Þegar Bergholm prestur, kona hans og dæturnar þrjár komu að dyrum girðingarinnar utanvert við hina áðurnefndu sléttu sem var frammi fyrir húsinu, komu þau auga á sjónarsvið það, sem nú skal greint.

Milli 30 og 40 börn, piltar og stúlkur sátu í viðum hring á sléttunni við stóra rólufjöl, sem stóð upp við múrsteinsvegg hússins. Flest af börnunum voru yfir 10 ára að aldri, sum jafnvel meira en 15 ára. Mitt á meðal þeirra sá maður gáfulega og góðmannlega andlitið hans Holms, hann sat á fljótum steini sem hann notaði fyrir kennarastól, og hélt á tilbúnum hnetti í hendinni, sem hann sýndi hinum forvitnu og eftirtektasömu áheyrendum, af hverjum engan hafði áður grunað að jörðin væri svona hnöttótt, og reyndi með rólegum, ljósum og almennum orðatiltækjum að gera börnunum skiljanlegar orsakir frumatriðanna fyrir hinni eðlisfræðilegu landafræði.

Á rólufjölinni bak við Holm sat unga konan hans með sofandi barn í keltu sinni. Með annari hendinni hrakti hún flugurnar í burtu sem settust á andlit barnsins, og hlustaði jafnframt á 7 ára gamla

Heimskringla.

XXIV. ÁR | WINNIPEG, MANITOBA, FIMTUDAGINN, 8. SEPTEMBER 1910 | NR. 49

Fregnsafn.

Markverðustu viðburðir hvaðanæfa.

— Strætirbrautaverkmenn í Columbius Ohio gerðu verkfall í sl. viku og létu ófriðlega grýttu hvern þann vagn sem gerð var tilraun að láta renna eftir strætunum og sprengdu aðra í stykki með dinamit. Lögreglan og herlið var hvatt til áhlaups á þá sem tóku þátt í óeirðunum og voru þá margir meiddir og mesti fjöldi tekin fastur. Enginn lét þó lífið í þeirri viðureign.

— Glenn Curtiss einn af mestu fluggörpum Bandaríkjanna fór 31. ágúst sl. í flugvél sinni 60 mílur vegar, yfir Erie vatn, frá Euclid Beach til Cedar Point, í Ohio ríki, þessar 60 mílur fór hann á 1 kl. stund og 18 mínútum. Meðal hraðinn varð því 45 mílur á kl. stund. En yfir 20 mílur af þessari vegalengd var hraðinn svo mikill að hann nam mílu á mínútu hverri. 40 þús. manns horfðu á flug þetta, sem er það lengsta er yfir vatn hefir farið verið.

— Monaco hefir fengið sjálfstjórn að nafninu til. Prince sá sem að þessum tíma hefir verið þar einvaldur stjórnari hefir gefið út nýja stjórnarskipun í samræmi við kröfur fólksins, eins og getið var um hér í blaðinu fyrir nokkrum vikum. Íbúarnir hafa skifst í 4 flokka og er einn þeirra lang stærstur. Hann myndar þar hið fyrsta þingbundið ráðaneyti, og Prince in hefir veitt stjórninni 200 þús. dollars á ári til meðferðar. En nýja stjórnin hefir peninganna engin not að svo stöddu og veit ekki hvað við þá á að gera, því að Monte Carlo spilfélagið leggur héraðinu miklu meira fé en þörf er á til umbóta enda er héraðið gamalt og svo ræktað og umbætt að litlu eða engu þarf þar við að bæta. Jafnaðárreikningur nýju stjórnarinnar er því á þessa leið:

Inntektir — 200 þús. dollars
Útgjöld engin.
Tekjuafgangur 200 þús. dollars.

— Kóleru sýkin hefir borizt frá Rússlandi og Italiu yfir til Austurríkis. Mikill fjöldi manna í Vínarborg hefir fengið sýkina. Hún barst hingað með ferðafólki frá Ungverjalandi.

— Þýzkar vinnukonur á gistihúsum og bjórsölusvæðum hafa tekið upp það ráð að bera hraðmæla á fótum sér til þess að komast að hve mikinn gang þær verði að hafa yfir daginn. Ein slík kona í Munichborg sem ekki trúði á áreiðanleik mælisins, keypti sér menn til þess að telja spor þau, sem hún varð að ganga á bjórsölusvæðinu frá kl. 10 að morgni til miðnættis Þeim taldist hún taka 58 þúsund spor á þessum 14 kl. stundum og hvert spor jafnast upp í 27½ þml. Var því gangan konunnar 25 mílur yfir daginn. Út af þessu segir eitt af dagblöðum borgarinnar að þetta jafnist á við 8 stunda göngu hermanna og sé ljóst dæmi þess hve mikla áreynslu þessar veitingakonur verði að þola. Þrátt fyrir að það að laun þeirra eru litlu meira en svo að þær fái fætt og klætt sig af þeim.

— Nokkru nánari fregnir eru fengnar af ræðu þeirri sem Vilhjálmur keisari flutti fyrir skömmu í Köeningsberg. Þar sem hann hélt því fram að hann héldi keisaratign sinni samkvæmt boði guðs og að hann ætlaði sér að stjórna ríkinu eingöngu samkvæmt eigin geðþótta og án tillits til vilja þings eða þjóðar enda bœri hann ábyrgð gerða sinna fyrir guði einum en ekki fyrir mönnum eða þingum. Þýzku blöðin hafa harðlega andmælt þessari skoðun og er svo að sjá í sumum þeirra að þessi ræða keisarans geti leitt til uppreistar í ríkinu. Reynt er að koma á ábyrgðum fyrir þessa ræðu á herðar hèraðsstjórnarformanninum, en hann hveðst ekki um hana hafa vitað og engan þátt eiga í henni. En sjálfur hafði keisarinn yfirfarið hana áður hún var fengin blöðunum til meðferðar.

— Rússar hafa keypt 1½ miljón dollars virði af hergögnum frá Frökkum en í hverjum tilgangi það er enn ekki látið uppskátt.

— Í sl. viku komu til Montreal 6171 innflytjendur á 10 gufuskipum, flestir frá Bretlandi og til heimilisfestu í Vestur-Canada.

— Mrs. Martin Cerm í New-York borg sneið annað eyrað af bónda sínum í bræði sinni af því henni þókti hann vera of málóður. Hún hótaði að sneiða hitt eyrað af ef hann þegði ekki.

Magnús Brynjólfsson,

LÖGMAÐUR.

Það slær að norðri myrkva, því svart er suðri í,
því sólin hneig að myrkvið, með glæsi-menni því,
sem hvíldar nýtur Sléttunnar breiðu brjóstin við,
og býr hjá mömmu sinni, í þögn og helgum frið.

Vér grátum þig, sem sofnaðir svona undur-fljótt,
og sárast að vér máttum ei bjóða góða nótt! —
Og vegna þess að æfin þín var sólbjört sigurför,
vér söknum þyngra og dýpra, og berum stærri ör.

Það er sem stöðugt dimmi í öllum áttum þeim,
sem Íslendingar byggja, og festa stofn, um heim.
Hver soðbolli nær elli, og situr hæst á núp,
en silfurkerið gleypir hið mikla, þögla djúp.

Þú fæddist drengur, Magnús, og drengur góður varst.
Þú drengskap norræns göfug-manns í svipnum þínum barst.
Og hver sem leit í augu þín og átti með þér stund
hann enn af hjarta langar að komast á þinn fund.

Vér mænum alt af lengra en ljósið jarðar nær,
þá ljósþrá burt úr sál vorri engin *vantrú* þvær.
Og er ei von vér höldum í lengstu lög í þá,
sem lýstu bezt og skemtu, er sorta á æfi brá? — —

Í þá, sem voru ljúfir, sem blessuð saklaus börn,
en borið gátu þungann og haldið uppi vörn —
Sem drengir sannir glöddust en dugðu eins og menn,
sem dygð úr feðra sveitum ei tapað hafa enn?

Jú, það er von vér elskum þá fáu frjálsu menn,
sem fornmönnunum líkjast: að kjassa ei málin tvenn.
Sem hvorki veita Jave né gamla Mammon grið,
er göfgi norrænt mótmælir að fornum, helgum sið. —

Eg man þín augun fránu, svo hrein og heið og skær
og hvassa og milda tungu — sem skeð það hefði í gær. —
Það var nú aðeins hending við hittumst nokkur kvöld
í hópi góðra vina — á sannri skemti öld.

En síðan er mér hlýung í hjarta til þín æ,
þótt horfinn sértu, vinur, of dauðans kalda sæ.
En hvað mun þeim, sem næst þér og nánast standa á braut
— mun nokkuð geta mýkt þeirra djúpu sorg og þraut?

Já, lífið, það er eilift og á sér eilíf ráð,
það aldrei getur dauðinn frá starfs síns krafti máð.
Það byggir upp og lífgar, sem lamað er og mótt
unz ljúfust hvíldin friðar — Ó, Magnús, góða nótt!

ÞORSTEINN Þ. ÞORSTEINSSON.

OGILVIE'S
Royal Household Flour

Til Brauð og Köku Gerðar

Gefur Æfinlega Fullnœging

EINA MYLLAN Í WINNIPEG,—LÁTIÐ HEIMAIÐNAÐ SITJA FYRIR VIÐSKIFTUM YÐAR.

— Nýlega hefir fundist í Reno bœ í Nevada, feikna mikil koparnáma. Menn voru þar að vinna að strætisbrautargerð og urðu í einum stað að grafa djúpt í jörð niður, komu þeir þá í námu þessa, koparlagið er 10 feta þykt og svo hreint að lítill sori er í því. Það er talið víst að það nái langt niður í jörðina og að hér sé um mikla auðlegð að ræða.

— Nýlega hefir fundist Silfur og blýnáma hjá Hamilton Ont æðin er 2 mílna löng og 100 feta breið og 40 feta þykk. Hún er metin miljón dollars virði. Nokkur hluti af landi þessu er eign sýslunnar en meiri hlutinn er bænda eign.

— Canadastjórn hefir ákveðið að setja frímerkjasöluvél í Pósthúsin í Ottawa, Montreal, Toronto og Winnipeg, og síðar í fleiri pósthús hér í ríkinu. Vèl þessi er fundin upp og smíðuð á Englandi og er nú svo fullkomin að stjórnin telur það áreiðanlegt að hún vinni verk sitt óaðfinnanlega rétt. Alls hefir stjórnin gert kaupsamning um 50 af vèlum þessum.

— Bandaríkjafélag eitt, hefir boðið 2 miljónir dollars fyrir eyju eina í St. Lawrence ánni skamt frá Montreal. Félagið ætlar að nota hana til geitaræktar og afla þannig skinna til glóagerðar á verkstæðum þess í Bandaríkjunum. Nokkrar Katólskar nunnur eiga þessa eyju sem ýmist er nefnd Sankti Pals eða Nunnu eyja. Líklegt þykir að samningar takist.

— Loftsiglingamaður McCurdy sendi á Sunnudaginn var, loftskeyti ofan úr skýjunum til New York borgar. Hann hafði þá komist meira en mílu upp í loftið, og þaðan sendi hann skeytið til þess að láta vita hvernig sér liði. Þetta er í fyrsta sinni að loftskeyti hafa send verið frá nokkurri flugvél til jarðar.

— Brezkir Social Democratar hafa samið ávarp og sent það til allra helstu staða á Indlandi Í því ávarpi kæra þeir Brezku stjórnina um harðstjórn, ofbeldi og þjófn að þar í landi, segja að Indverjum hafi í síðastliðna mannsaldra verið svo þjakað afa Brezkum yfirvöldum að ekkert annað ráð sé nú fyrir hendi en að gera almenna uppreist mót veldi Breta þar í landi. Þeir lofa stuðningi sínum til þess að uppreist verði framkvæmd.

— Rannsókn er hafin í Montreal borg út af því að 20 þús. dollars af borgarfé hefir verið varið til að asfhalta hið svo nefnda C. P. Ry stræti og sem átt hefði að vinnast á kostnað C. P. Ry fèlagsins. Engin í borgarráðinu kveðst vita hver skipun hafi gefið um að láta vinna verk þetta með borgarfé.

— Til þess að lækna heyrnarleysi og magasjúkdóm, hefir Roland Mueller, verkfræðingur einn í Denver, Colorado, fastað í 57 daga, en er nú tekin á ný að mataast. Hann hefir fengið heyrn sína aftur en er veikur mjög. Hann vóg 148 pund áður en hann hætti að borða en að föstunni endaðri vóg hann 97 pund.

— Londonbúar hafa bvgt sér nýtt Posthús úr steinsteypu, og er það fyrsta stjórnarbygging þar í landi sem gerð hefir verið úr því efni. Gólfrúm hússins er 80 þús. ferh. fet og byggingukostnaðurinn varð 1¾ milliónir dollars, og er það talið langt um minna en hægt hefði verið að byggja úr nokkru öðru varanlegu bvgginga efni. Húsin eru 2, þó þau séu samföst og eru 7 lofta há. Fimm ár hafa þau verið í smiðum.

— Ungfrú Helen Duttrin, í Paris, flaug nýlega í loftbát sínum 28 mílur vegar, og hafði með sér einn farþega. Hún komst hæst í loft upp 1500 fet.

— Þingseta Frakka er nýafstaðin. Guli maðurinn hefir sést þar í salnum á nýafstöðnu þingi. Hann heitir öðru nafni þingsalsdraugurinn og hefir sézt þar nokkrum sinnum á s. l. 60 árum. Hann sázt fyrst árið 1851 og aftur árið 1870 áður en stríðið milli Frakka og þjóðverja braust út. Enn kom hann í ljós litlu áður en Gambetta forseti andaðist árið 1882 og einnig sázt hann 2. dögum áður en Carnot forseti var myrtur. Nú þykir víst að einhver óhamingja muni vofa yfir Frakklandi úr því Guli maðurinn hefir sýnt sig á ný.

— Það eru fleiri lönd en vestur Canada sem verða að fá kaupafólk til uppskeruvinnu. Nú auglýsir þýskaland eftir 250 þús. kaupamönnum til að hjálpa við uppskeruna þar. Svo er mikið verk fyrir höndum á öllum verkstæðum landsins að leita verður til útlanda til þess að fá fólk við uppskeruna og hafa menn verið sendir víðsvegar út úr ríkinu til þess að fá fólkið.

— Þrjár stúlkur, barnabörn Chas. sál. Dickens, mesta skáldsagnahöfundar sem Brezka þjóðin hefir átt, búa nú allar í Englandi við mikla fátækt. Nokkrir menn hafa tekið sig saman um að hefja samskot til hjálpar konum þessum og biðja um 100 þús. dollars minst. Svo er til ætlast, að allir þeir sem ánægju hafa af sögum Dickens leggi í sjóð þennan. Það er áætlað að af bókum eftir hann séu nú meðal alþýðu 24 millión eintök. Hugmyndin er að gefa út "Charles Dickens Testimonial Stamps" sem þeir kaupi er bækurnar eiga, og límí einn í hverja bók. Með því að selja miða þessa afar ódýrt, svo ódýrt að enginn þurfi að finna til útlátanna, mætti hafa upp þessa 100 þús. dollars á skömmum tíma, og mundu vextir af þeirri upphæð nægja til að halda piparmeyjum þessum við þægileg lífskjör. Áskorun um þessa hjálp hefir þegar verið gerð í tímaritinu "Strand Magazine."

— Kornhlöðu nefnd Manitoba stjórnarinnar hefir nú þegar keypt nokkuð á annað hundrað korngeymsluhlöður hér í fylkinu síðan síðustu kosningar fóru fram og heldur stöðugt áfram að auka við þá tölu eins ört og hægt er að komast að samngjörnum kaupsamningum. Auk þess er nefndin að láta byggja 10 nýjar korngeymsluhlöður. Nefndin er að gera samninga um kaup á nálega öllum kornhlöðum í fylkinu að undanteknum þeim sem eru eign hinna miklu mölunarfélaga.

— Elding varð 4. mönnum að bana nálægt Larmoure, N. Dak. á föstudaginn var. Þeir sváfu úti í tjaldi. Höfðu verið við þreskivinnu.

— Í Malokai eyju í Hawaii eyja klasanum er stórt holdsjúkrahæli, og þaðan hafa Bandaríkjastjórninni borist skeyti um að sú uppgötvan hafi gerð verið en gefi von um að innan skams tíma fynnist óbrigðul lækning við þessum voðalega sjúkdóm. Það var Hansen læknir, sem, árið 1879 fyrstur manna fann frumögn þá sem myndar holdsveikina. Nú hafa 3 Bandaríkjalæknar, eftir margra mánaða ýtarlegar og uppihaldslausar tilraunir við holdsveikisstofnunina á Malokai eyju, fundið aðferð til að rækta frumögn þessa án nokkurs sambands við mannlegan líkama. Læknum þessum hefir tekist að rækta frumögn þessa í litlum glerhólkum og tilraunum þeirra er nú svo langt komið að frumagnirnar hafa fætt af sér afkvæmi sem nú er í þriðja lið. Fjórum sinnum hafa læknar þessir tekið holdsveikisfrumagnir úr líkömum sjúklinganna og alið þá upp í glerhólkum sínum á kjötseyði eggjum og "Amoeba" úr iðranu úr guinea pig. Auk þessara lækna hefi Bandaríkjastjórnin sent eftir Clegg lækni, sem fyrir ári síðan gat þess í Manilla borg að hann hefði uppgötvað aðferð til þess að rækta þessa frumögn, sérskilda frá mannaholdi og fengið hann til þess að fara yfir á Malokai eyju, til þess að aðstoða hina læknana við rannsóknir þeirra þar. Þessi markverða uppgötvan Bandaríkja læknanna er fyrsta sporið í áttina til þess að finna óbrigðula lækning við holdsveikinni. Með því að næst liggur fyrir að finna vökva þann sem spýta megi inn í hold manna ýmist til varnar eða lækningar sýkinni, á sama hátt og nú er gert við ýmsa aðra sjúkdóma. Þeir sem þau varnar og lækninga lyf hafa fundið, hafa haft nákvæmlega sömu aðferð eins og Bandaríkjalæknarnir að finna fyrst frumögn þá er orsaka sjúkdóminn og síðan aðferð til að ala hana upp og láta hana axlast og síðast lyf til að eiða henni.

EINATT VIÐ STARFIÐ

MagnetRjómaskilvindan

HVERSVEGNA?

Af því hún er sterk og stíf, hefir "Square gear" stóra skál, einstykkis fleytir (hæghreinsaðan) með tvístuðningi - sem varnar eyðslu. MAGNET hamlan stöðvar skálina á 8 sekundum án skemda. Börn geta unnið með MAGNET sem sýnir að hún er velgerð létt snúin og að engin núningur er á pörtum hennar.

"Canadian Machinery" segir;—"Eitt atriði í MAGNET vèlum er hin óviðjafnanlegu "Patent" hamla það er stálspöng umvafinn skálinni og stöðvar vélina mjög fljótlega með litlum þristingi þetta er ágæt hamla og gerir útbunað vélarinnar fullkomin".

Það er ágætt að eiga áreiðanlega vèl því þarf ekki að undra þó vér segjum einatt við starfið, tvisvar á dag í 50 ár.

SPYRJIÐ NÁBÚA YÐAR SEM Á MAGNET HANN MUN SEGJA YÐUR HÚN BREGÐIST ALDREI.

THE PETRIE MFG. CO., LIMITED
WINNIPEG, MAN.
ÚTIBÚ: Calgary, Alta., St. John, N. B., Montreal, Que., Vancouver, B.C., Regina, Sask., Victoria, B.C., Hamilton, Ont.

Wall Plaster

"EMPIRE" VEGGJA PLASTUR kostar ef til vill ögn meira en hinar verri tegundir, —en berið saman afleiðingarnar.

Vér búum til:

"Empire" Wood Fibre Plaster
"Empire" Cement Wall "
"Empire" Finish "
"Gold Dust" Finish "
"Gilt Edge" Plaster of Paris
og allar Gypsum vöruuteg-undir. —

Eigum vér að senda yður bækling vorn?

BÚIÐ TIL EINUNGIS HJÁ
MANITOBA GYPSUM CO. LTD
SKRIFSTOFUR OG MILLUR Í
Winnipeg, - Man.

Heimskringla

Published every Thursday by The Heimskringla News & Publishing Co. Ltd

Verð blaðsins í Canada og Bandar. $2.00 um árið (fyrir fram borgað). Sent til Islands $2.50 (fyrir fram borgað af kaupendum blaðsins hérlendis $1.50.)

B. L. BALDWINSON.
Editor & Manager

Office:
729 Sherbrooke Street, Winnipeg
P.O. BOX 3083. Talsími 3512.

Fréttir.

— 2 þús. kaupamenn frá austustu fylkjunum komu til Winnipeg einnd ag í sl. viku, frá þeim fylkjum hafa nú komið 9 þús. manns í sumar til þess að vinna að uppskerunni í Vestur-Canada, auk allra þeirra þúsunda sem komið hafa frá Ontario, Alls er talið að um eða yfir 20 þús. kaupamenn hafi sókt bænda vinnu hingað vestur á þessu sumri og má það teljast mikill fjöldi þegar til þess er tekið að uppskeran í þessu fylki er miklu minni en þegar best gerist þó hún hinsvegar sé talsvert betri en útlit var fyrir að verða mumdi, fyrir nokkrum vikum.

— Col. Roosevelt hefir auglýst stefnu sína í stjórnmálum Bandaríkjanna og skipað sér á bekk með framsóknar mönnum Republicana-flokksins. Stefna hans er í 18 liðum.

1.) Að nema burtu öll pólitísk áhrif auðfélaga landsins.

2.) Fullkomin og fullnægjandi opinberun á starfsaðferð allra auðfélaga.

3.) Lagabann gegn notkun á fé auðfélaga til afskifta í stjórnmálum.

4.) Umsjón stjórnarinnar á höfuðstóls myndun allra félaga sem reka millirríkjastarf.

5.) Að stjórnendur og ráðsmenn auðfélaga beri persónulega glæpa ábyrgð gerða sinna.

6.) Aukið vald þeirra nefnda eða stjórnardeilda sem eiga að hafa tilsjón með auðfélögum og millirríkja verzlun.

7.) Endurskoðun eða breyting tolllaganna samkvæmt tillögum sérfræðinganefndar sem stjórnin setji til að íhuga þau mál.

8.) Stigbreytilegir inntektaskattar og dánarbússkattar.

9.) Endurskipun á fjármálum landsins á þann hátt að komið verði í veg fyrir það hræðsluæði sem grípur þjóðina á ýmsum tímum út af fjármálum hennar.

10.) Að nota þjóðarauðæfin til þarfa alls fólksins.

11.) Viðhald nægilega mikils land- og sjóhers til þess að tryggja frið við aðrar þjóðir.

12.) Að auka starfsvið akuryrkjumáladeildarinnar bæði í alríkinu og í hinum ýmsu sérstöku ríkjum og að byggja Búnaðarskóla og tilraunastöðvar er fjalla um allar starfsgreinir sem landbúnaði fylgja

13.) Að gera ákvæði um vinnusamninga og vinnuskilyrði með vinnulaunalöggjöf og löggjöf er takmarki vinnu barna og kvenna, og ákvæði um strangari tilsjón með hreinlæti á vinnustofum og umbætur á öllum útbúnaði til varnar meiðslum á verkamönnum áverkstæðum og við vöruflutninga yfir alt ríkið.

14.) Ákveðin skifting á valdi sérstakra ríkja og alríkisins.

15.) Ákvæði um útnefningafundi, í sambandi við kosningasvika lögin.

16.) Að auglýsa gjafir til kosningasjóðs ekki aðeins fyrir kosnigar, heldur einnig að þeim afstöðnum.

17.) Að reknir séu úr þjónustu ríkisins allir óhæfir og svikulir þjónar.

18.) Bann gegn því að ríkisþjónar veiti millirríkjaverzlunarfélögum nokkra þjónustu eða að þeir þyggi laun frá þeim.

Öllu þessu vill Roosevelt koma í framkvæmd og að því kveðst hann ætla að vinna af öllum mætti.

— 33,416 heimilisréttarlönd hafa verið tekin í vestur Canada á fyrstu 6 mánuðum þessa árs, það eru 11 þús. fleiri en tekin voru á tilsvarandi tímabili í fyrra. Í Júlí voru tekin 4,260 heimilisréttarlönd, af þeim tóku Bandaríkjamenn nálega þúsund, meira hluta þeirra tóku menn frá Dakota og Minnesota.

— Nýlega var kona ein í Medicine Hat, Alta dæmd í 9 mánaða fangavist fyrir meinsæri. Hún hafði tekið heimilisréttarland og svarið að hún væri ekkja er hefði fyrir fjölskyldu að sjá. En stjórnin komst að því að hún átti mann á lífi austur í Bandaríkjum, að hún hafði yfirgefið hann fyrir þrem árum og að eina barnið sem þau hjón áttu, var í umsjá föður síns. Konan var því hvorki ekkja né hafði fyrir fjölskyldu að sjá. Bóndi hennar kom fram í rètti, og bar móti henni og bar henni fremur illa sögu.

— Georg Callath, féhirðir Errsahasaloa í Ungverjalandi strauk þaðan nýlega með 12 þús dollars af borgarfé. Hann var tekinn fastur í New-York í sl. viku og verður sendur heim til sín í þessum mánuði til að standa fyrir máli sínu þar

— Séra L. S. C. Brown í Kansas U. S., drap 2 konur í sl. viku og svo sjálfan sig á eftir.

— Í ráði er að Laureir stjórnin láti framlengja Inter Colonial járnbrautina frá Quebec til Toronto með 200 miljón dollars tilkostnaði. Vegalengdin um 500 mílur kostnaður því $40,000 á mílunn.

— Þeir Bryan og Roosevelt hafa báðir auglýst að þeir ætli ekki að sækja um forsetaembættið í Bandaríkjunum við næstu forsetakosningar En þó eru mikil líkindi til þess að Roosevelt komist ekki hjá að sækja og að hann verði næsti forseti Bandaríkja.

— Fyrir 35 árum var íbúatala Toronto borgar 70 þús., nú er hún 370 þús. manns

— Gæslumenn á vitfyrringahælinu í Quebec eru um þessar mundir fyrir rétti kærðir um grimdarlega meðferð á sjúklingunum. Einu sjúklinganna hefir dáið af barsmíði gæslumanna. Við líkskoðunina kom í ljós að 7 rif voru brotin og að eitt brotið hafði rekist inn í lungað. Aðrir sjúklingar hafa og verið stór meiddir af þrælum þessum, sem nú eru sakaðir um morð.

— Í ráði er að lyfta Bandaríkja herskipinu „Main", sem sprakk í Havana höfn og sökk þar fyrir 12 árum. O. Rourke verkfræðingafélagið hefir gert Bandaríkjastjórn tilboð um að taka að sér verkið. Formaður þess félags segir vel mega lyfta skipinu fyrir það fé $300,000, sem Cengress veitti til þess. Með því að Bandaríkjastjórnin hjálpi til með því að leggja til gufudráttarbáta og menn og aðra hjálp. Taft forseti hefir rætt mál þetta við félagið og hefir stefnt formanni þess á sinn fund í lok þessa mánaðar í þeirri von að geta þá komist að ákveðnum samningum við hann. Taft er sérlega ant um að verkinu geti orðið hraðað svo að hægt sé að sigla skipinu inn á höfn í Banda ríkjunum á Nýársdag n. k. og verði þá skipið einskonar nýársgjöf til Bandaríkjaþjóðarinnar.

— "Spaulding," nýjasta herskip Bandaríkjanna, hefir reynst að vera hraðskreiðasta skip í heimi; fer 32 mílur á kl. stund og getur aukið þann hraða um eina mílu á kl. stund ef þörf gerist. Skipið er ætlast til að spilla tundþrbátum óvinanna í hernaði. Það brennur olíu í stað kola.

— Holdsveikin, sem að þessum tíma hefir reynst ósigrandi viðfangsefni læknisfræðinnar er nú í þann veg að bíða ósigur fyrir vísindalegum rannsóknum.

Úr bænum

Lesendur ag velunnarar Heimskringlu eru beðnir að taka eftir T. Eaton Co. auglýsingunni í þessu blaði, og að skrifa sem allra flestir og sem allra fyrst eftir gjafa bók félagsins. Með því vinna þeir það tvent að fá bókina og láta félagið sjá að Heimskringla er lesin. Getið blaðsins er þér skrifið.

Einhver kunningi Heimskringlu hefir sent blaðinu eintak af "The Prince Rupert Optimist," dags 20. águst sl. og sé honum þökk fyrir. Þetta er sérstök 24 síðu útgáfa með myndum af mönnum húsum ofl og er fragangur yfirleitt góður. "Framfara og tækifæra útgáfa", er eintak þetta nefnt og með því er efni ritsins lýst sem er lysing á Prince Rupert borg og framförun þar og gróða möguleikum. Af myndunum að dæma er útsýni þar fagurt og hús mörg skrautleg og svo sýnir myndin af sjötta stærsti að frumbýlingútlit sé þar ekkert. Ekki sézt á blaðinu að neinir Íslendingar sem þar í atkvæða stöðum, og er það tæpast von, því þar eru ekki svo vér vitum nema 2 eða 3 landar, það er leitt að hvorugur þeirra hefir fundið köllun hjá sér til þess að rita Ísl. blöðunum hèr, svo mikið sem eina línu um bæ þann eða landið þar umhverfis því það gæta þeir gert, sèr að kostnaðar litlu og mundu slíkar greinar verða vel þegnar af lesendunum því miklum fjölda Íslendinga leikur hugur á að fá ljósar fregnir af staðnum, ásigkomulagi öllu þar, að vinnuvegum og framfara vonum. Það er lítill efi á að nokkrir Íslendingar flýtji þangað í nálægri framtíð og væri þá vel ef í þeim hópi yrði einhver sem fyndi hjá sér menningu og henningu til þess með penna að varpa ljósr yfir bæ þann og ásigkomulagið þar.

Svo hafa sakir jafnast með Múrsteinsleggjurun og bygginga samkundunni hér í borg að Múrsteins leggjarar, sem verið höfðu atvinnu lausir í sl. 1 vikur, tóku aftur til starfa á mánudagiu var.

Herra Jóhannes Einarson, frá Lögberg, P.O. Sask. var hér í borg í sl. viku að selja gripi. Hann sagði nýlátin, Arngrím Kristjánson bónda í Thingvalla bygð, einn af elstu Ísl. bændum þar. Hann var fimtugur að aldri og lætur eftir sig ekkju og 3 syni. Akra segir hann þar góða vestra og von um mikla uppskeru. Smjörgerðarhúsið í Churchbridge sem er bænda eign, hefir á 3 mánuðum í sumar framleitt yfir 15 þús. pund á mánuði og er enþá starfandi. Í júní og júlí var bændum borgað 20c fyrir hvert pund af smjörfitu í rjómanum þegar rjómin var sóktur heim til þeirra en 22c. pd. til hinna sem fluttu rjóman sjálfir að smjörgerðarhúsinu þetta smjörgerðarhús hlaut í sumar á Iðnaðarsýningunni hér í Winnipeg Gull Medalíu fyrir besta smjör sem sýnt var, sömuleiðis diploma og tvö fyrstu verðlaun.

Mrs. J. Pétursson, frá Elfros, Sask, sem hér hefir dvalið 6 vikna tíma og gekk hér undir uppskurð hjá Dr. Brandson fór heimleiðis í sl, viku —heil-heilsu.

Herra Jóhannes Gillis, frá Vita, P.O. Man, var hér í borg í sl. viku og lèt vel af ástandinu og uppskeru horfum í bygð sinni. Hann kvað Bandaríkja auðmenn hafa nýlega sétt á fót afar mikið verkstæði í Vita, til þess að reka þar algerlega nýja attvinnugrein. En hún er sú, að vinna upp alt það nálgresi sem vex þar í fenum og á votlendi í grend við Roseau Ave. og gera úr bindara tvinna og dýra mottur og annað þess háttar, málgresi þetta hefir engum áður hugkvæmst að til nokkurs yrði notað. En nú er sýnt að það er auðsuppspretta þegar réttilega er notað. Gras þetta er sívalt, stinnt og oddar þess fram mjóir eins og nálar, það vex frá 2 til 4 feta hátt og er víðast þar sem flóar og votlendi eru. Mr. Gillis sagði landgæði svo mikil þar sýðra að hann undraðist að ekki væri þar hvert land fyrir löngu til ábúðar og víst taldi hann að þess yrði ekki lángt að bíða að landið tækist alt upp og væri þá vel að landar vorir næðu mestu af því. Landið er um 60 mílur suður frá Winnipeg og 30 mílur austur.

Frá Churchbridge voru hér á ferð í sl. viku þeir bændur Jón Árnason og James Johnson.

Safnaðarfundur Foam Lake safnaðar þann 17. júlí sl. fundargjörningur frá síðasta fundi lesinn upp og samþiktur.

Bréf frá ritara Tjaldbúðarsafnaðar iesið og tekið til umræðu tillaga frá J. Einarsyni studd af G. E. Guðmundsyni að ritara safnaðarins sé falið að svara bréfi ritara Tjaldbúðarsafnaðarins er fundurinn hefur nú rætt viðvíkjandi miðlunar umleitun kirkjufélagsins á þann hátt að Foam Lake söfnuður sjái sér ekki fært sem stendur að senda fulltrúa á fund þann er boðaður er í Tjaldbúðinni 3. águst næst komandi á hinn boginn sér söfnuður þessi ekki að miðlun geti átt sér stað í þessu máli svo framarlega sem báðar hliðar telja sannleikann sín megin hvor fyrir sig, leggur hann því til að stefnunum sé haldið framvegis og málin skírð á siðprúðann hátt eftir göngum hinna starfandi flokka,

Breytingartillaga frá C J. Helgasyni studd af J, Einarsyni að öllu úr uppástúngu J. Einarsonar eftir orðin 3. águst næstkomandi sè sleept og í þess stað sett að þessi söfnuður álíti æskilegt að samkomulag kæmist á með báðum málspörtum svo framarlega sem minnihlutinn þarf ekki að láta af sanngjörnum kröfum sínum samþykt með öllum atkvæðum.

Uppástúnga frá S. Sigurðsyni st. af J. Einarsyni að presti sè borguð þau umsömdu laun samþ.

Uppástúnga frá J. Einarsyni studd af G. E, Guðmundsyni að skrifara sé falið á hendur að birta þennan fundargjörning í íslenzku blöðunum s. þ,

G. Bildfell.

James R. Kerr, gamall hermaðfrá Englandi nýlega komin til Canada með konu, og börn, var í sl. viku sendur í 2 mánaða fangelsi fyrir að berja konuna sína, Hún hafði beðið hann að kaupa brauð fyrir börn sín. En hann svaraði með því að slá hana á vángan. Dómarin kvað mann þennan vera Breska hernum til vanvirðu og hann kvast mundi sjá til þess að hann yrði sendur til baka til Englands þegar hann kæmi út úr fangelsinu. Karl bað að losast undan fanga vist af því að hann tapaði eftirlaunum í hernum ef hann færi í fangelsi. En þeirri bón var ekki sinnt.

Til bæjarins kom í síðustu viku J. V, Austmann — Skyttan fræga. 750 manns képtu að skotspæni í Ottawa. En svo var veður ilt meðan þeir voru þar að þeir hefðu ekki eins vel og í Toronto skotkappinu, þó vann Austmann nokkur smá verðlaun þar og varð þar jafn Lieut Blackburn, Engin Vestanmanna gerði reglulega vel af því veður var svo svart að tæpast sást í markið. Austmann for til Niagara fossins til að skoða hann og þókti mikið til hans koma. Ekki var hann hrifin af Ottawa borg. Þókti strætin mjó og byggingar engu betri en hér vestra að undanteknum þinghúss. byggingunum, sem honum þóktu fagrar. Einnig dáðíst hann að skipalokun um þar, sem taldar eru þær mestu sinnar tegundar í heimi,

Nýlega er látin í Gardar bygð N.D. Gestur Kristjánson, einhleypur maður 36 ára gamall. Hafði dvalið þar í bygð um nokkur ár og var vel kyntur maður. Ekki er þess getið hver sýki varð honum að bana.

Herra Sveinn Björnson, lögfræðingur frá Presho, Suður Dakota, kom til borgarinnar í þessari viku. Hann ætlaði í kynnisför vestur í Saskatchewan nýlendur. Herra Björnson lauk lagaprófi við Háskóla í Indiana ríkinu á síðasta ári.

Í síðasta blaði urðu tvær villur í fregngrein frá Argyle nýlendu. 1. Joseph Samuelson, átti að vera Danielson; 2. Kirkjan að Brú kostaði nær 5 þús., ekki 15 þús. dollars. Þetta eru lesendur beðnir að athuga. ...&



Þessi mynd sýnir Winnipeg-búð.

THE T. EATON CO. LIMITED
WINNIPEG CANADA

Þér getið keypt allar nauðsynjar yðar frá þessari búð með lægsta verði. Sendið nafn yðar og fáið gefins verðlistabók. Bókin er 275 blaðsíður sýnir yður verðið á og myndir af fatnaði, matreiðslu og hitunar stóm og öllum varningi sem þér þarfnist til haust og vetrar nota.

RITIÐ NAFN YÐAR OG .....
NAFN ÁRITUN .....
ARITUN .....

SUCCESS BUSINESS COLLEGE



HORNI PORTAGE AVE. & EDMONTON ST. WINNIPEG.

Kennir samhv. nýjustu aðferðum alskyns verzlunar fræði og Bankastörf. Einnig hraðritun og stýlritun. Betri verzlunarskóli ekki til í Vestur-Canada. kenslu stofur þar finst í borginni. Nemendur geta byrjað hvenar sem þeir óska. En kenslu tíma bilið birjað 1. Sept í dag.

Skrifið eftir upplýsingum eða símið MAIN 1664.

BÚÐIN Á SARGENT.

UM TÍMA SEL EG

15 steina karlmanna vasa úr fyrir $5,00 Ólíklegt að slíkt tækifæri haldist lengi.

Ábyrð fylgir hverju Úri.

G. THOMAS Gull og Silfur Smidur
674 Sargent Ave. Phone Sherb. 2542

WINNIPEG BUSINESS COLLEGE.

STOFNSETT 1882

Helsti hraðritunar, Stýlritunar og verzlunar skóli í Canada.

Hlaut. 1. Verðlaun á St. Louis Sýninguni fyrir kenslu aðferð og sýnishorn vinnu.

Dag og nátt skóli

og sérstök tilsögn—Atvinna útveguð hæfum nemendum. Tilsögn veitt með pósti, ef óskast.

Skrifið oss eða Símið Main 45

WINNIPEG BUSINESS COLLEGE.
HORNI PORTAGE AVE. OG FORT ST. WINNIPEG, MANITOBA.

Anderson & Garland,
LÖGFRÆÐINGAR
35 Merchants Bank Building
PHONE: MAIN 1561.

Dr. M. Hjaltason,
Oak Point, Man.

Til þess að fá best

SMIDI

og beztan tón og

FÁGAN

með sanngjörnu verði á

PIANOS

Farið þangað sem fullnæging er veitt í öllum tilfellum.

J. J. H. McLean & Co LIMITED

Cor Portage Ave. & Hargrave
Phone: Main 808.

Fréttir úr bænum.

Þann þriðju þ. m. lést hér í borg landi vor Pétur Melsted úr tæringu Hann var 24 ára gamall, sonur herra Vigfúsar Melsted bónda í í Thingvalla Nýlendu. Pétur sál hafði verið hér vestra síðan hann uar 10 eða 12 ára gamall. Hann var hæfileika maður og drengur góður. Tæringu sykina fékk hann fyrir 2 árum og búinn að vera frá verkum nær árlangt. Hann var jarðsettur á Mánudagin var,

Allir meðlimir stúkunar Heklu, nær og fjær,eru vínsamlega beðnir að borga Ársfjórðung gjöld sín til stúkunnar sem allra fyrst.

Eins ættu allir þeir meðlimir sem möguléga geta að sækja fundi stúkunnar, og gera eitthvað fyrir okkar góða málefni,Já muna það,að við verðum að vera vakandi og vinnandi,og trúir okkar félagsskap, komið öll á næsta fund á föstudagskvöldið 9 þ.m. og komið með menn og konur, pilta og stúlkur, sem vilja gjörast meðlimir stúkunnar.

Til skemtana verður á fundinum leikur, sem ekki hefur verið leikinn áður með öðru fleira.

B. M. Long,
620 Maryland St.

Winnipeg 5. Sept. 1910

Í Foam Lake bygð andaðist úr Hjartveiki þann 30. ágúst sl bóndin Bernharður Jónsson, 53 ára gamall, hann varð sjúkur á laugardagin 27 ágúst, hann eftir skilur ekkju og fósturdóttir gifta.

Til hagnaðar fyrir Mrs. Hallfriði ekkja eftir Jón Sál Helgason, sem dó af slýsi hér í borg í fyrra sumar var reiðhjól hins látna selt með hlutaveltu, þann 30. ágúst sl. fyrir forgöngu þeirra herra Ólafs Vopni og Þórarins Olafssonar. Inntektir af þessu urðu $76.50 og kom ekkjunni vel að fá fé þetta því hún stendur upp með 2 börn, einmana og alslaus. Felix Finnson, tinsmiður frá Selkirk hreppti hjólið.

Þessir eiga bréf að Heimskringlu. Mr. Gísli Magnússon úr Huuaþingi. Mr S. Brynjólfson. Miss R. J. Davidson, Miss Thora Anderson, Miss Guðrún Christjánson.

Fasteignasali Sveinbjörn Árnason hefir flutt skrifstofu sína í Room 310 McIntyre block á Main St. Síma númir þar er Main 4700 en hús númir hans að 506 Beverley St. Sherbrooke 2018.

Dr. Magnús Hjaltason, frá Oak Point var hér í þessari viku. kvað nú unnið af kappi að járnbrauta lagningum norðu frá Oak Point um bygð Islendinga og þar norður um landið til Gypsumville annars engin markverð tíðindi,

Jóhannesína er fundin.

Kona sú sem auglýst var eftir í síðasta blaði er fundin, hún er gift nú og nefnist Mrs. Geo. Barrett. Heimili hennar er að 823 Home St. hér í borg.

Þrjár og hálfa ekrur lands á bökkum Assiniboine Árinnar hjá Silfur Hæð hér við borgina var í síðasta viku seldar fyrir 22. þúsund dollara. það er 25 krónur fyrir dagsláttuna — það mundi þika gott verð á Íslandi.

Á þessu ári hefir Winnipeg borg náð þeim heiðri að verða mesti Hveiti markaður í heimi,að þessum tíma hefir Minneapolis verið mesta borg í þessari grein en varð nú að þoka skör lægra en Winnipeg.

Jónas Pálsson

Piano og tónfræðis kennari byrjar aftur kennslu fyrsta Sept. n. k.

Hann býr nemendur undir próf við Toronto University, sem er bezta og áreiðanlegasta menta stofnun þessa lands.

Margir af nemendum J. P. eru farnir að kenna sjálfir nú þegar og farnast vel.

ÁRITUN: 460 Victor St.
WINNIPEG
Talsími Sherbrooke 1179.

Stúkan Hecla ætlar að hafa Tombólu í næsta mánuði þar verða góðir munir, góðar skemtanir og gott kaffi, nánar auglýst síðar. Lesið það.

DANS.

Nokkur ungmenni í Stúkunni Heclu ætla að hafa bögglasölu og dans í Goodtemplarasalnum efri þann 19 þ. m. kl. 8. að kveldi — Johnson's Orchestra spilar.

Inngangur 25c.

Miss Jóhanna Olson.

Piano kennari, byrjar aftur að veita nemendum tilsögn að heimili sínu 557 Toronto St.

TIL LEIGU.

3 ágæt herbergi með ljósi og vatni, að 907 Selkirk Ave. 15 á mánuði. Th. Johnson.

3 vanir málarar

geta fengið atvinnu, nú strax, hjá undirrituðum. Þorsteinn Þ. Þorsteinsson, 732 McGee St. W'p'g.

"Kvistir,"

kvæði eftir Sig. Júl. Jóhannesson, til sölu hjá öllum íslenzkum bóksölum vestanhafs. Verð: $1.00.

MARTYN F. SMITH,
TANNLÆKNIR.
Fairbairn Blk. Cor Main & Selkirk

Sérfræðingur í Gullfyllingu og öllum aðgerðum og tilbún aði Tanna. Tennur dregnar án sársauka. Engin veiki á eftir eða gómbólga. —

Stofan opin kl. 7 til 9 á kveldin
Office Phone 6944. Heimilis Phone 6462

ANCHOR BRAND HVEITI

er bezta fáanlegt mjöl til nota í heimahúsum og annarstaðar. Það er gert úr No. 1. Hard HVEITI eftir nýjustu aðferðum.

Símið 4326 eftir söluverði þess.

Leitch Bros.
LOUR MILLS
Winnipeg skrifstofa
240-4 GRAIN EXCHANGE

J. T. STOREY S. DALMAN

Your Valet

HREINSAR, PRESSAR, GERIR VIÐ OG LITAR FATNAÐ.

Alt ágætlega gert. Komið því með fötin til okkar.

690 NOTRE DAME AVE.
TALSÍMI MAIN 2798

GEO. ST. JOHN VAN HALLEN
Málafærzlumaður

Gerir öll lögfræðis störf
Útvegar peningalán

Bæjar og landeignir keyptar og seldar, með vildarkjörum.

Skiftiskjöl $3.00
Kaupsamningar $3.00

Sanngjörn ómakslaun
Reynið mig

Skrifstofa 1000 Main St.
Talsími Main 5142
Heimils talsími Main 2357
WINNIPEG

DR. H. R. ROSS

C.P.R. meðala- og skurðlækuir. Sjúkdómum kvenna og barna veitt sérstök umönnun.

WYNYARD, — SASK.

Dr. G. J. Gíslason,
Physician and Surgeon
18 South 3rd Str, Grand Forks, N.Dak

Athygli veitt AUGNA, EYRNA og KVERKA SJÚKDÓMUM, ASAMT INNVORTIS SJÚKDÓMUM og UPPSKURÐI. —

The Evans Gold Cure
229 Balmoral St. Sími Main 797

Varanleg lækning við drykkjuskap á 28 dögum án nokkurrar tafar frá vinnu eftir fyrstu vikuna. Algerlega privat. 16 ár í Winnipeg. Upplýsingar í lokuðum umslögum.

Dr. D. R. WILLIAMS, Exam. Phys.
J. L. WILLIAMS, Manager

W. R. FOWLER A. PIERCY.

Royal Optical Co.
307 Portage Ave. Talsími 7286.

Allar nútíðar aðferðir eru notaðar við augn-skoðun hjá þeim, þar með hin nýja aðferð, Skugga-skoðun, sem gjöreyðir öllum ágiskunum. —

Brunskill's
Nýtýzku
KJÖTSÖLUBÚÐ
717 SARGENT AVE.

selur beztu kjöttegundir með lægsta verði, og óskar eftir viðskiftum Íslendinga. — Mr. Brunskill hefir verzlað 5 ár í vesturbænum, og er þektur sem hreinskiftinn verzlari. — Peningum skilað aftur, ef varan reynist ekki ágæt í alla staði.

Sherwin-Williams PAINT
fyrir alskonar húsmálningu.

Prýðingar-tími nálgast nú. Dálftið af Sherwin-Williams húsmáli getur prýtt húsið yðar utan og innan. — Brúkið ekker annað mál en þetta. — S.-W. húsmálið málar mest, endist lengur, og er áferðarfegurra en nokkurt annað hús mál sem búið er til. — Komið inn og skoðið litarspjaldið. —

Cameron & Carscadden
QUALITY HARDWARE
Wynyard, - Sask.

Atvinna.

Okkur vantar fáeina duglega umboðsmenn í hinum íslenzku bygðum í Manitoba og Norðvesturlandinu til að selja Stereoscopes og myndir. Sendið 75c fyrir umboðsmanna áhöld.

Arnason & Son.
8-4 Churchbridge, Sask.

A. S. BARDAL

Selur líkkistur og annast um útfarir. Allur útbúnaður sá bezti. Enfremur selur hann aliskonar minnisvarða og legsteina.

121 Nena St. Phone 306

TIL SÖLU:

160 ekrur af bezta landi, stutt frá járnbrautarstöð. — Fyrsti maður með $7.00 fær hér góð kaup. — Finnið

Skúli Hansson & Co.
47 Aikens' Bldg.
Talsími. Main 6476 P. O. Box 833

HEIMSKRINGLU og TVÆR skemtilegar sögur fá nýir kaupendur fyrir að eins $2.00.

Þarft þú ekki að fá þér ný föt?

EF ÞAU KOMA FRA CLEMENT'S, — ÞÁ VERÐA ÞAU RÉTT

Réttur að efni, réttur í sniði réttur í áferð og réttur í verði.

Vér höfum miklar byrgðir af fegurstu og beztu fataefnum. —

Geo. Clements & Son
Stofnað árið 1874
264 Portage Ave. Rétt hjá FreePress

Th. JOHNSON
JEWELER
286 Main St. Talsími: 6606

Sveinbjörn Árnason
Fasteignasali.
Selur hús og lóðir, eldsábyrgðir, og lánar peninga. Skrifstofa: 310 McIntyre Blk.
office TALSÍMI 4700. hús TALSÍMI 2108

G. NARDONE

Verslar með matvöru, aldini, smá-kökur, allskonar sætindi, mjólk og rjóma, sömul. tóbak og vindla. Óskar viðskifta Íslend. Heitt kaffi eða te á öllum tímum. Fón 7756

714 MARYLAND ST.

Boyd's Brauð

Alt af hin sömu ágætu brauðin. Það er ástæðan fyrir hinni miklu sölu vorri. — Fólk veit það getur reitt sig á gæði brauðanna. Þau eru alt af jafn lystug og nærandi. Biðjið matsala ykkar um þau eða fónið okkur.

Boyd's

Bakery Cor.Spence & Portage Ave
Phone Sherb. 680

BILDFELL & PAULSON
Union Bank 5th Floor, No. 520
selja hús og lóðir og annast þar að lútandi störf; útvegar peningalán o. fl.
Tel.: 2685

Jónas Pálsson,
SÖNGFRÆÐINGUR.
Útvegar vönduð og ódýr hljóðfæri
460 Victor St. Talsími 6803.

BONNAR, TRUEMAN & THORNBURN,
LÖGFRÆÐINGAR.
Suite 5-7 Nanton Blk. Tals. 766
Winnipeg, Man. P.O.BOX 223

náð svo mikilli fullkomnun að hún gæti kept við Taglioni sjálfan. Þegar stór heimboð eiga sér stað í Liljudal, þá verður hún líka að sína þessa list sína til að skemta gestunum; og hún gerir það með ánægju, af því hún elskar dansinn afar heitt. Þú ættir að sjá hana við slík tækifæri. Það er eins og maður sjái fiðrildi svífa um salinn á léttu vængjunum sínum. Hún dansar ekki eingöngu með líkamanum, hún dansar einnig með sálinni, hún fyllist af andagift, og fögru, djúpu, dimmbláu augun hennar geisla af einhverjum einkennilegum eldi. Okkur er sagt að vatnadísirnar dansi þannig í tunglskininu á grænu hólunum. En hjá Isabellu er það ekki eingöngu fegurð og finni.....það er einnig sál í dansinum."

Nú kom unga húsmóðirin að bjóða þeim kvöldverð, svo samræðurnar urðu að hætta.

"Svona, karlar," sagði hún glaðlega. "Nú fáið þið ekki lengur leyfi til að sitja hér og rabba saman. Er það kurteisi að láta okkur stúlkurnar vera einar út af fyrir okkur.....og þú, pabbi, þú hefir ekki einu sinni spurt um litlu Wendelu mína í dag. Ætlar þú ekki að koma inn og kissa dótturdóttur þína?"

"Jú, góða mín, nú kem ég," sagði presturinn um leið og hann stóð upp. "En segðu mér eitt, hefirðu nokkurn mat handa okkur, því eg er sársvangur?"

"Já, þú skalt fá reykt flesk, spínat og gamalost," svaraði María. "Hvernig líkar þér það?"

"Ágætlega, barnið mitt," sagði presturinn, sem þótti gamalostur mjög góður. "Þú gazt ekki fundið annað betra að gæða okkur á."

Með föður sinn við aðra hlið og manninn sinn við hina gekk María inn í litlu stofuna, þangað sem kvöldsólin sendi geisla sína. Alt var viðhafnarlaust, en þægilegt og skemtilegt. Veggjapappírinn var

ljósleitur og skreyttur myndum eftir Holmer, sem var furðu lipur við prentlist. Húsmunirnir voru skrautlausir en viðfeldnir, þar var og fortópianó, sem Holmer hafði fengið á uppboði fyrir gott verð. Á borðinu undir speglinum stóðu sex bollapör í hálfhring utan um stærra bollapar af Austur-Indversku postulíni. Hvernig á því stóð, vissi María ekki, því það hafði Holm aldrei sagt henni, en hún hafði ástæðu til að ætla að einhver dýrmæt endurminning stæði í sambandi við þessa bolla, því maður hennar hafði oft beðið hana að fara varlega með þá, og að láta ekki aðra snerta á þeim. Hún vissi ekki að maður hennar vildi geyma þá sem endurminning um eðallynda breytni.

Hrygðarsvipurinn sem sezt hafði að á enni Holms meðan hann talaði við tengdaföður sinn, hvarf strax aftur, þegar hann var seztur hjá þessu káta og alúðlega fólki. Við borðið var gamalostinum hrósað eins mikið og hann átti skilið, en samt gat Lovisa ekki dulist þess að segja, að það væri tæplega nóg af karlemömmum í honum, en María svaraði brosandi, að maður sinn vildi ekki annað kryddmeti en góða matarlyst og glaðlyndi, við það yrði maður að una.

Og þetta vantaði heldur ekki.....Spaugið og hlátrinn í unga fólkinu kom gömlu hjónunum til að brosa. Hjartanlega ánægt með daginn og hvert við annað, skildi þetta viðhafnarlausa og alúðlega fólk, þó varð presturinn að lofa því að endurtaka heimsóknina eins oft og annir hans leyfðu, og umfram alt að gera það sem í hans valdi stæði, til að bægja burtu óveðri því, sem yfir skólameistaranum svífi.

Endir annarar deildar.

ÞRIÐJA DEILD.

FJÓRÐI KAFLI.

I.

Endurfundir.

"Nú, nú, Bergholm minn góður, nú er herbergið í góðu ásigkomulagi. Mjólkurtrogin flutt burtu, blæjurnar hengdar upp og litli legubekkurinn fluttur þangað inn. — Heldurðu að hann komi í dag?"

Það var frú Bergholm sem talaði þessi orð um leið og hún kom inn í daglegu stofuna úr eldhúsinu, heit og rjóð, eins og hún átti að sér, þegar hún vann að búverkunum.

"Hver er það, sem vonast er eftir?" spurði Holm, sem var nýkominn þangað.

"Ó, það er satt, ég hefi alveg gleymt að segja þér frá því," sagði presturinn. "Það er fyrverandi nemandi minn, Morits Sterner."

"Ungi rithöfundurinn, sem hefir samið fallega leikritið er allir dáðust að í fyrrahaust?"

"Já, einmitt hann."

"Það verður inndælt að kynnast honum," sagði Holm. "En það er undarlegt, að í hvert sinn sem þú eða aðrir nefna þetta nafn, finst mér að eg hafi heyrt það fyrir löngu síðan, en hvar og nær get ég ekki munað."

Lesarinn man að líkindum eftir því, að Morits hafði að eins einu sinni séð og talað við Holm fyrir 14 árum síðaan. Atburði þeim hafði Holm alls ekki gleymt, en nafni drengsins var hann búinn að gleyma og að öðru leyti gat hann ekki grunað, að drengur-

inn, sem hann áleit ofurseldan skortinum og neyðinni, hefði getað unnið sig upp í það sæti mannfélagsins, sem Morits nú var staddur í. Í hvert skifti sem hann heyrði þetta nafn, vaknaði einhver óljós endurminning hjá honum, en aldrei hafði honum dottið í hug Óli, grátandi drengurinn, sem Georg og hinn drambsami, grimmi faðir hans sýndu svo mikla rangsleitni að honum ásjáandi.

En Bergholm prestur, sem Morits hafði sagt frá þessari fyrstu heimsókn sinni í Liljudal, þekti og hafði lengi þekt ástæðuna til þess, að Holm eins og kannaðist við þetta nafn. Samt hafði hann ekkert sagt og ætlaði ekkert að segja, því hann gladdist innilega með sjálfum sér yfir því, að geta veitt tengdasyni sínum þann óvænta fögnuð að kynna hann Morits við tækifæri.

Presturinn hafði mjög gaman af að gera mönnum bilt við, láta mönnum koma á óvart eitt og annað "Ætli þeir þekkist—hvað ætli þeir segi?" spurði hann sjálfan sig og brosti ánægjulega að þessum hugsunum. "Það verður gaman að sjá undrun Holms, þegar hann í þessum ágæta leikrita höfundi þekkir litla, grátandi, svanga og kalda drenginn, sem hann einu sinni sýndi svo aðdáanlega góðvild."

Þetta var hugsun prestsins, og þannig hafði hann hugsað í mörg ár. "Morits heimsækjir okkur einhvern tíma," sagði hann við sjálfan sig, "og þangað til skal þetta leyndarmál vera geymt."

Einnig í þetta sinn fór presturinn undan í flæmingi og gaf ekki glögt svar.

"Eg veit ekki hvar þú hefir getað heyrt þetta nafn áður en þú komst á okkar heimili, en síðan hefir þú oft heyrt mig og dætur mínar hafa það um hönd. Það er samt sem áður ekki ómögulegt, að þú hafir séð hann, því hann átti heima hér í grendinni þegar þú fluttir í Liljudal. Þó fór hann héðan nokkrum

Heimskringla.

XXIV. ÁR | WINNIPEG, MANITOBA, FIMTUDAGINN, 15. SEPTEMBER 1910 | NR. 50

Fregnsafn.

Markverðustu viðburðir hvaðanæfa.

— Hudsons Bay félagið hefir sárt fundið til verzlunar þurrðar síðan T. Eaton félagið fór að verzla hér í Vestur Yanada, og það virðist hafa hyggt á heíndir í einhverri mynd. Nú hefir Hudsons Bay félagið ákveðið að láta mjög bráðlega byggja afar - mikið verzlunarhús í Toronto borg sem keppa skuli við Eaton félagið þar eystra. Væntanlega hyggur og félagið að byggja aðra slíka búð hér í Winnipeg til þess að keppa við Eaton félagið hér í Vestur Canada. En ekki er ennþá ráðið hvenær sú búð verði reyst hér.

— Blaðið London Times segir að konungur Breta muni heimsækja allar nýlendur ríkisins eins ört og því verði viðkomið til þess að kynnast þegnum sínum í öllum pörtum ríkisins.

— Allan Línan hefir samþykt að láta smíða nokkur afar hraðskreið mann- og póstflutningsskip nú þegar og er það ætlun felagsins að þau skulu verða hraðskreiðari en nokkur önnur skip sem fara milli Engjands og Canada.

— Friðarþingið í Hague hefir um nokkrar undanfarnar vikur haft til meðferðis ágreiningsmál nokkur milli Breta og Canada á aðra hlið en Bandaríkjanna á hina. Aðal þrætuefnið og það sem lengstan tíma tók að binda enda á var það, að hve miklu leyti Bandaríkjn hefðu rétt til þess að veiða fisk í Canadiskum sjó og vötnum. Bandaríkjn héldu fram því að samkbæmt samningum þeirra við Breta árið 1818 þá væri samþykki Bandaríkjanna nauðsynlegt til þess að þær fiskiveiðaákvarðanir hefðu gildi sem gerðar væru af Breta eða Canada stjórnum. Þessari kröfu neitaði þingið og þar við ákvað það Bretum og Canada umráð yfir öllum vötnum og sjo í landhelgi þeirra. Eitt af því sem þingið samþykti var að landhelgi tæði þrjár mílur í haf út fra línu þeirri sem dregin væri hein milli yztu tanga, þessvegna væru allir flóar og víkur, hversu breiðir og langir sem þeir væru, í landhelgi.

— Lítið stúlkubarn, sem hafði það fyrir atvinnu að betla á götum Rómaborgar, mætti nýlega Abruzzi hertoga, og bað hann að kaupa af sér hlutaveltuseðil. Hertoganum leist vel á barnið og keypti seðilinn. Nú hefir seðill þessi fært hertoganum $18,600 í peningum úr hlutaveltunni. En hann hefir gefið stúlkunni, sem seldi honum seðilinn, alla upphæðina. Það var bæði höfðinglega og mannúðlega gert.

— Grey lávarður, landstjóei Canada, hefir nú nokkrar undanfarnar vikur verið að ferðast norður í Hudsonsflóa. Norður fór hann gegnum Winnipeg og Selkirk, og þaðan eftir ám og vötnum, en tilbaka með gufubát til Nýfundnalands og þaðan heimleiðis til Ottawa. Hann lætur vel af ferðalaginu öllu, segir veðrið ágætt þar nyrðra, og svo góða höfn í Fort Churchill, að hann telur víst að þar verði endastöð Hudsonsflóa brautarinnar, sem nú á tafarlaust að fara að leggja þangað norður að flóanum.

— Tilraunir hafa nýlega verið gerðar til þess -að komast fvrir hve lett væri að kasta sprengiefni úr loftförum niður á herskip á vatni. Það reyndist, að í hverju 5 tilfellum af 6 mátti kasta efninu niður á skipsdekkin milu ofan úr lofti en skipin gátu rkki skotið á loftförin.

— Nýlega eru Parísarbúar teknir að gera karlmanna hálskraga úr geitna mjólk, eða öllu heldur úr skvri út geitnamjólk. Skirið er fyrst sýað, svo að öll misan fer úr því, síðan er það pressað þar til það er orðið eins og þunnar celluloid plötur, þá eru plöturnar sniðnar og pressaðar í kragalag. Margir nota nú kraga þessa þar í borginni og þikir þeir betri en celluloid kragar, viðfeldari, gljámiuni og ekki eins eldfimir, og því ekki eins hættulegir til notkunar.

— Fyrir nokkrum tíma kom það mesta hagljel í Calcutta, sem þar hefir komið í 40 ár. Höglin urðu 5, og í sumum tilfellum 6 þuml. að stærð.

— Litla Etienne Querles í Frakklandi, nú 12 ára gömul, er farin að fljúga einsömul í loftbát. Hún mun vera yngsta ungmennið, sem tekið hefir að sér að fljúga einsömul í loftinu.

— Timburtökumenn í British Columbia hafa ákveðið að stofna 500 timbursölustöðvar í Saskatchewan og Manitoba fylkjum. Skal fyrst byrja með 50 slíkum stöðvum í Sask. fylki og síðan auka við og ærast austur á bóginn eins ört hægt er að útvega hæfileg svæði fyrir timbursöluna og menn til að standa fyrir henni. Ástæðan sem B. C. timbursalar færa fyrir þessari starfsemi sinni er sú, að timbur kaupmenn í nefndum fylkjum hafi fært timburverð upp svo að úr hófi keyri og þessvegna sé samkeppnin nauðsynleg.

EINATT VIÐ STARFIÐ

MagnetRjómaskilvindan

HVERSVEGNA?

Af því hún er sterk og stíf, hefir "Square gear" stóra skál, einstykkis fleytir (hæghreinsaðan) með tvístuðningi - sem varnar eyðslu. MAGNET hamlan stöðvar skálina á 8 sekundum án skemda. Börn geta unnið með MAGNET sem sýnir að hún er velgerð létt snúin og að engin núningur er á pörtum hennar.

"Canadian Machinery" segir;—"Eitt atriði í MAGNET vélum er hin óviðjafnanlegu "Patent" hamla það er stálspöng umvafinn skálinni og stöðvar vélina mjög fljótlega með litlum þristingi þetta er ágæt hamla og gerir útbunað vélarinnar fullkomin".

Það er ágætt að eiga áreiðanlega vél því þarf ekki að undra þó vér segjum einatt við starfið, tvisvar á dag í 50 ár.

SPYRJIÐ NÁBÚA YÐAR SEM Á MAGNET HANN MUN SEGJA YÐUR HÚN BREGÐIST ALDREI.

THE PETRIE MFG. CO., LIMITED

WINNIPEG, MAN.

ÚTIBÚ: Calgary, Alta., St. John, N. B., Montreal, Que., Vancouver, B.C., Regina, Sask., Victoria, B.C., Hamilton, Ont.

Magnús Lögmaður Brynjólfsson.

Hví falla blómin frið og stór að velli,
og fölna þegar sólin gyllir braut,
enn stráin bleiku blakta kvalin elli
og beigjast veik af stormi heims og þraut.
Vér stöndum h ærðir, horfum út í bláinn
af hálum ís á kalda dauðans vök,
vor sjón er döpur, sem er allra þráin,
að sjá og skilja lífsins huldu rök.

* * *

Þú stóðst og leist frá lífsins sjónarhæðum
á landið sem þér ungum veitti skjól
með norrænt þrek, og eld í hraustum æðum
og æskuvonir kryndar morgun sól.
Þem Héðinn áður frár á Markar-Fljóti
með fránan hjör að þrúna r m li skeiði,
þú gekkst á hólminn hettum öllum móti
og horfðir beint að marki sett á leið.

Þú stefndir hátt og hræddist enga boða
með hjarta stórt og göfga víkings lund,
þér var svo ljúft í ljósi alt að skoða
og létta bræðrum hverja þrauta stund.
Þú reyndist vinum dyggur alla daga
þar drengskapar og ráða margur naut,
og aldrei þótti heglum hent að draga
úr hendi þér, á samkeppninnar braut.

Um farinn veg þú varst oss hvöt og styrkur
með von og traust, og skarpa andans sjón,
þú hraktir burtu hræsni, fals og mirkur,
og hjátrú blinda, lands og þjóðar tjón,
í fararbroddi barst þú glæstan vigur
með beittri egg í hverri sókn og vörn
og stórum, smáum, starfið þitt var sigur
þar stýrði lundin hlý og framagjörn.

Nú hnípir bygð þar brosti hátt þitt merki
og beigðir vinir fella tárin heit
þú reyndist æ í orði, ráði, verki
svo eðalyndur vættur þinni sveit,
og því er sárt að sjá á miðju skeiði
til sævar hníginn lífsins röðul þinn,
er skein svo fagurt, skært og blítt í heiði,
og skreytti geislum allan ferilinn.

Vér söknum þín, enn þökkum djúpt af hjarta
að þér var lánað fagurt pund á braut,
þú gafst oss marga glaða stund, og bjarta,
og gullin blóm sem aldrei fella skraut,
Enn hvað er stundarvegferð, æska, elli?
hinn eini sami mælir tímans skeið,
og hví skal gráta góðan dreng að velli,
því göfug minning bendir hærri leið.

M. Markússon.

— Skipasmíðameistarar í Englandi hafa sagt 50 þús. verkmönnum upp atvinnu af því að verkfall var gert hjá einum þeirra, sem þeir álitu brot á vinnusamningum er gerð höfðu verið við stjórnendur verkamannafélagsins. Segjast þeir ekki veita þessum mönnum nokkra atvinnu fyr en stjórn verka mannafélagsins gefi gilda tryggingu fyrir því að samningar verði haldnir framvegis.

— Járnbrautarstarfsemi á eyjunni Cuba er gróðavænleg í bezta lagi. Sir William Van Horne, sem eitt sinn var aðal stjórnandi C.P.R. brautarinnar hér, stjórnar nú Cuba járnbrautum. Í nýútgefinni skýrslu segir hann að inntektir Cuba brautarinnar hafi á árinu sem endaði 30. Júní s. l. orðið $2,559,335, en útgjöldin $1,452,036. Gróðin þessvegna yfir millión dollars á árinu eða rúmlega 40 prócent.

— Feikna mikið þing halda höfðingjar katólsku kirkjunnar í Montreal þessa daga. Þar eru samankomnir 2 kardinalar, 50 erkibiskukar, mesti fjöldi af biskupum og öðrum stórmennum kirkjunnar, frá Ítaliu, Spáni, Frakklandi, Rússlandi og öðrum löndum, auk fjölda af kirkjunnar stórhöfðingjum þessa lands.

— Nýlega hafa nokkrir ræningjar náð sér 17 þús. dollars virði af silfri úr Nova Scotia námunni í Cobalt héraðinu. Þeir urðu að grafa sig gegn um 14 þuml. steinsteypu vegg. Menn voru að vinna alt í kring um þá, en svo fóru karlar kænlega að starfinu, að enginn varð var við þá.

— Fregn frá Seattle segir þangað komin hinn Coreanska jarðsjúkdóm eða "Tochil." Sjúkdómur þessi er sagður smittandi og ólæknandi og hefir slegið miklum ótta í borgarbúa. Hans hefir sjaldan áður orðið vart hér í landi.

— Toronto borg hefir í hyggju að kaupa algerlega strætisbrautakerfið þar. Nefnd var fyrir nokkru sett til að íhuga það mál og hefir hún ráðið til kaupsins. Ekki kveður nefndin beinlínis á um það hve mikið skuli borga fyrir kerfið, en svo er sagt að ef borgin kaupir það og bætir, verði kostnaðurinn um 25 millión dollars. En ef borgarráðið vildi heldur hafa nöðanjarðar umferð á helstu strætum þá kostar sá útbúnaður 41 millión dollars. Nefndinni telst svo til að ½ millión manna verði í borginni árið 1921 en að íbúatalan verði orðin ein millión tíu árum seinna. Það sé því gróði að kaupa nú þegar strætisbrauta kerfið og starfrækja það á borgar kostnað.

— Strætabrautirnar í Port Arthur og Fort William eru eign bæjanna. Skýrsla yfir starfsemi þeirra á síðustu 12 mánuðum sýnir að alls renna 20 mannflutningsvagnar þar um strætin þeir hafa á árinu flutt 2,832,426 farþega Inntektir félagsins hafa orðið yfir 180 þús. dollars en útgjöld yfir 74 þús. Gróðinn er $56,290 eða full $2,614. eftir hvern vagn. Það borgar sig að starfrækja slíkar brautir undir þjóðeignar fyrirkomulagi.

OGILVIE'S

Royal Household Flour

Til Brauð og Köku Gerðar

Gefur Ævinlega Fullnœging

EINA MYLLAN Í WINNIPEG,—LÁTIÐ HEIMAIÐNAÐ SITJA FYRIR VIÐSKIFTUM YÐAR.

— Gull er fundið við Winnipegoses vatn, en óreint en mikið af því kann að vera í klettum þeim, sem það hefir fundist í. Þó ætlað að þar sé um auðuga námu að ræða.

— Bandaríkja auðmannafélag ætlar að leggja járnbraut um endilangt Alberta fylki frá landamerkjalínunni að sunnan norður í Peace Rever héraðið, búið er að mæla út 100 mílur af brautarstæðinu, en öll á brautin að vera 700 mílur á lengd. Albertstjórnin hefir samþykt mælinguna.

— Nýlega hefir Svarthandarfélagið í Ítaliu látið drepa þar lögregluþjón konu hans og sex börn þeirra hjóna. Tveir félagar nýlega komnir þangað frá New York eru grunaðir um glæpinn.

— Enn hefir komið óhapp fyrir þá sem eru að byggja Quebec brúna miklu. Umbúnaður sá sem gerður hefir verið við annan enda stólpann hefir sigið svo í jörð að hálfrar miljón dollars virði af verki e eiðilagt og brúarsmíðið við það tafið um eins árs tíma.

— Íbúatala New York borgar þann 1. þ. m., var 5,766,883. hefir aukist á sl. 10 árum, um 1,300,000 manns. New York er nú önnur stærsta borg í heimi.

— Miljóna eigandi einn í New York ríki, að nafni Robert Winthrop Chanier varð nefnilega ástfanginn í söngkonu einni sem söng á leikhúsunum þar í borg. hún hét Nina Cavalieri, hafði fína söngrödd og var talin fríðust kona í heimi. Chanier er lista málari hann umgekkst aðeins auðugasta fólk borgarinnar og var gleðimaður mikill og gaf sig einnig talsvert við pólitískum málum. Hann hó bónorð til þessarar konu og hún gaf jáyrði sitt til ráðahagsins. Giftingin skyldi fara fram í París á Frakklandi og þangað héldu þau beði. Tveimdögum fyrir þann tíma sem brúðkaupið var ákveðið, voru þau hjónaefnin heimsókt af tveimur lögfræðiugum, annar var Englendingur en hinn var Frakknesku maður. Þeir báru með sér skjalapakka mikinn, konan tók við skjölunum og þaut með þau upp um hálsinn á unnusta sínum og bað hann að skrifa undir þau. Hún sagði honum hreinskinislega að með þeirri undirskrift sinni afsalaði hann sér öllum auðæfum sínum og gerði hana eina eiganda að þeim. Þetta hvað hún óumflýanlegt að hann gerði áður en hún gengi að giftast honum. En jafnframt fullvissaði hún hann um það að hún ætladi sér, að annast ovo um eignirnar að þær bæri sem mestan arð fyrir þau bæði, hún vildi losa hann við allar áhyggjur og umsvíf af stjórn eignanna svo hann gæti varið alveg tíma sínum til þess annars sem honum væri geðfeldara bæði til að stunda málara list sína og til þess hann gæti sint sér sem konu hans öllum samveru stundum þeirra. Svo kysti hún úr honum allan þrótt og viljaþrek að lögmönnunum áhorfandi, þar til hann lét tilleiðast að rita nafn sitt undir skjölin að þeim öllum áhorfandi. Svo kom giftingin og þrír sólarhringar af hjónabandsælu liðu svo að ekkert bar til tíðinda, en fjórða morguninn gaf kona þessi bónda sínum þá tilkynningu að hún ætti ein allar þær eigur sem hann hefði áður átt og að héreftir ætladi hún að veita honum 100 franka $20.00 á hverjum mánuði. En af því yrði hann að klæða sig og borga þjóni sínum kaup hans, en sjálf kvaðst hún ætla að sjá honum fyrir fæði. Samtímis þessu kom fram á sjónarsviðið Rússneskur prins að nafni Dargoranki, sem kynst hafði konunni mikið áður en hún giftist Chanier. Sambúð konunnar og Prinsins var þannig að bóndanum leist ekki á leikinn. Hann sá að sér var þar algerlega ofaukið, og hélt því aftur til New York, þar er hann nú hjá kunningjum sínum, konulaus og algerlega eignalaus. En Rússneski Prinsinn ferðast um Evrópulönd með konuna og þau gera sér bæði glaða daga af miljón Chanir.

— J. B. Moissant, Franski loftsiglinga maðurinn, sem nýlega flaug með farþega milli Parísar og Lundúna, heldur fram þeirri sannfæring sinni að innan 5 ára muni mönnum takast að fljúga yfir Atlandshaf á 24 klukkustundum. Hann telur áreiðanlegt að hægt sé að gera svo öflug loftför að knýja megi þau áfram með 100 mílna hraða á kl. stund. Til þess að fá þessa ferð þarf ekki nema 200 hesta aflvél og sú vél segir hann að verði notuð í loftför innan 2 ára.

KAUPIÐ Heimskringlu.

Wall Plaster

"EMPIRE" VEGGJA PLASTUR kostar ef til vill ögn meira en hinar verri tegundir, —en berið saman afleiðingarnar.

Vér búum til:

"Empire" Wood Fibre Plaster
"Empire" Cement Wall "
"Empire" Finish "
"Gold Dust" Finish "
"Gilt Edge" Plaster of Paris
og allar Gypsum vöruutegundir. —

Eigum vér að senda yður bækling vorn?

BÚIÐ TIL EINUNGIS HJÁ

MANITOBA GYPSUM CO. LTD

SKRIFSTOFUR OG MILLUR Í

Winnipeg, - Man.

Heimskringla
Published every Thursday by The Heimskringla News & Publishing Co. Ltd

Verð blaðsins í Canada og Bandar $2.00 um árið (fyrir fram borgað).
Sent til Íslands $2.00 (fyrir fram borgað af kaupendum blaðsins hérl. $0.)

B. L. BALDWINSON.
Editor & Manager

Office:
729 Sherbrooke Street, Winnipeg
P.O. BOX 3083. Talsími 5512.

Til stúlkna.

Það er ekki með jafnaði að Heimskringla ræðir málefni ungra kvenna kristilega félagsins hér í borg og þó er stefnuskrá og starfssvið félagsins þess vert að á það sé bent öllum lesendum blaðsins. En þó sérstaklega Íslenskum konum og stúlkum.

Félag þetta hefir nýlega sent út skýrsluskrá yfir tilgang sinn og starfsemi og er þar skorað á ungar konur að ganga í félagið til þess að hjálpa starfinu áfram.

Í Prospectus þessum segir félagið tilgang sinn felast í 4 liðum, en það er að starfa að menta þroskun kvenna, að styrkja þær andlega og trúarlega, mentalega, líkamlega og félagslega.

Allar ungar konur sem eru siðferðisgóðar geta fengið inngöngu í félagið. Ársgjaldið er einn dollar. En fyrir þá sem nefndir eru viðhaldsmeðlimir, eða "Sustaining members" er ársgjaldið $5.00 aftur borga ungir meðlimir "Junior members" ekki nema 50c á ári. Félagið lætur þess getið að meðlimatala þess hér í borg sé 11 hundruð, en það langar til að auka þá tölu upp í tvö þúsund á þessu ári. Félagið á stórhýsi mikið hér í borginni og þar heldur það fundi sína og samkomur og skóla.

Í trúardeildum eru biblíulestrar með útskýringum svipað því sem kent er á Sunnudagaskólum. Einnig hefir félagið stóran sal þar sem konur geta iðkað líkamsæfingar undir tilsögn æfðra kennara, er þetta gert til þess að styrkja líkamann og bæta heilsuna, gera korurnar hraustar, sterkar og þolnar. Læknir er látinn skoða konurnar áður en þær birja á líkamsæfingum og æfingunum er svo háttað eftir heilsufari meðlimanna, ákveðinn fatnaður tilheyrir þessum æfingum og verða meðlimir að láta gera sér þá samkvæmt tilsögn stjórnendanna 60 líkamsæfinga lexíur eru veittar hverjum meðlim árlega, á þriðju- og föstudögum fyrir og eftir hádegi og á hveldin og á sunnudagsmorgna fyrir börn. Fyrir tilsögn í líkamsæfingum er sérstök borgun, 2 klukkutíma lexiur á viku kosta 5 dali um árið.

Í menta deildinni er konum kendar ymsar fræðigreinar svo sem lestur, skrift, reikningur, málfræði, landafræði, Franska og Þýzka og bókmentir. Fyrir nám í málum er borgunin $2.00 fyrir 10 lexiur Einnig er kend stýlritun, hraðritun og bókhald fyrir afar lítið gjald, sömuleiðis er kend music, að spila á Piano og Fiolin og Guitar og Mandolin. Kendur er og söngur og áherzlu lestur (elocution). Fyrir alt þetta er gjaldið svo lágt að ekki má heita nema lítilfjörleg þóknun fyrir tímatöf kennaranna.

Þá er og einnig kendur útsaumur, hattagerð, kjólagerð, dráttlist og myndamálning, matargerð húshald og alt það er prýða má hverja þá konu sem verða vill vel að sér í almennum fræðum.

Af því sem hér hefir sagt verið er það ljóst að Y. W. C. A. félagið er að starfa þarft verk og viðfangsmikið og að kenslan hjá því er svo ódýr að næst gengur því að gefin sé, og þessvegna er hér á þetta vikið, að það virðist rétt að beina athygli Íslenskra kvenna að félaginu og stafsemi þess, ef ske kynni að einhver fyndist í hóri þeirra sem vildi færa sér þetta menningar og menta tilboð félagsins í nyt. Það er á allra vitund að hér í borg er mikill fjöldi ungra kvenna sem ekki notar frístundir sínar nándar nærri eins vel og vera mætti. En mundu hafa bæði gagn og sóma af því að breyta svo til að þær verðu þó ekki væri nema 2 kveldum í viku við nám einhverra af þeim greinum sem getið hefir verið. Eins og öllum húsráðendum er kunnugt þá er nú orðið og hefir um nokkur undangengin ár verið nálega ómögulegt að fá stúlkur í mánaðarvistir í fjölskylduhús, af 2 ástæðum: Fyrst þeirri að ekki væri þar eins gott kaup borgað eins og á verkstæðum og í öðrulagi af því vinnukonur hefðu engar frístundir í vistunum, heldur þyrftu einatt að vera bundnar við hússtörfin — misjafnlega þokkaleg — og ekki svo mikið að þær hefðu frístund á sunnudögum, þarna yrðu þær að ganga að vinnunni með húsmóðurinni — og oft jafnvel án hennar — og standa við verkin frá því þær færu á fætur á morgnana þar til þær örmagna af preytu legðust í rúmið seint að kveldinu. Á verkstæðum hinsvegar væri vist verk að vinna og vinnutímar reglubundnir. Með þessu móti gefist stúlkum nægar frístundir til eigin nota og skemtana þar sem þær hefðu öll kveld vikunnar á valdi sínu, og alla sunnudaga og í mörgum tilfellum laugardaga eftir hádegið og svo að sjálfsögðu alla almenna frídaga þegar verzlunar- og atvinnu stofnunum hér er lokað.

Óneitanlega er verksmiðjuvinnan frá því sjónarmiði sem hér hefir verið ávikið, miklu aðgengilegri fyrir konur heldur en algengar vistir í privat fjölskylduhúsum, og engin láir þeim þótt þær kjósi þann atvinnuveginn sem þeim er geðþekkari og sem veitir þeim meiri frístundir til eigin nota. En að hinu má jafnframt spyrja, hvort frístundir þessar séu eins vel notaðar og vera mætti og hvort stúlkurnar verji nokkrum þeirra sér til verulegrar uppbyggingar til þess að auðga þekkingu sína og mentun, og að gera sig með því hæfari til þess að sinna hverju því starfi sem framtíðin kann að varpa á veg þeirra. Ef til vill kunna sumar þeirra að líta svo á að þetta sé atriði sem Heimskringlu komi harla lítið við og ætti ekki að skipta sér af og má það að nokkru leyti til sannsvegar færa, en hitt er engu að síður satt að blöðum ber til þess bein skylda að benda á það sem betur má fara en það sem er, og þó fyrst megi játa að margar stúlkur verji vel og skynsamlega tíma sínum. Þá er hitt engu að síður víst, að mikill fjöldi af ungum Ísl. uppvaxandi konum gætu haft stórann hagnað af að verja frístundum sínum enn þá betur en þær gera, og til þeirra er grein þessi aðallega stíluð. Þeim er hérmeð bent á þetta ungra kvenna kristilega félag og starfsemi þess og mentatilboð og þau einkar góðu kjör sem félagið býður meðlimum sínum. Heimskringla hefir sannfæringu fyrir því að það geti orðið mörgum Ísl. stúlkum til mikils framtíðarhagnaðar að ganga í það félag og að færa sér þar í nyt, þau einkar aðgengilegu mentatilboð sem félagið gerir. Hver ung stúlka sem á verkstæðum vinnur mundi, ef vilji væri til þess, geta varið 2 kveldstundum í viku til þess að afla sér þekkingar í einhverjum af þeim mentagreinum sem félagið býður að kenna þeim fyrir mjög litla þóknun, og blað vort getur vel staðið sig við að biðja þær að íhuga mál þetta alvarlega, að lesa prospectus félagsins og afla sér upplýsinga um það, og ákveða svo með sjálfum sér hvað þeim lýst heppilegast að gera.

Hamard.

Parísarborg er öll á lofti af ánægju yfir sigurvinningum þess mesta leynilögregluspæjara sem heimurinn hefir þekt. Sá maður er Hamard, hann er aðal stjórnari allrar leynilögreglu í Frakklandi. Engin veit hve margir menn og konur eru í þjónustu hans, en 400 þeirra eru þektir, auk þeirra hefir hann 210 aðra, alt þetta eru karlmenn, en auk þeirra hefir hann mesta sæg af konum og svo er álitið að tæpast sé það greiðasölu hús, leikhús eða aðrir staðir þar sem fólk kemur saman að ekki sé einhver þar í þjónustu hans hvervetna í öllu Frakklandi. Hamard er grár fyrir hærum, höfuðstór, hraustlegur, dimmróma og góðgjarnlegur, hann hefir bros á vörum mót hverjum manni og er hinn þægilegasti í öllu viðmóti. En engin skyldi ætla að því brosi og viðmótsþýðu fylgdu einlægni, því maðurinn getur breitt sér öllum í einni tjónending og orðið hinn grimmúðlegasti og áleitnasti, og verður þá rómurinn sem þrumuveður svo að þeir sem hann á í höggi við tapa kjarki og fá ekki hulið sektir sínar.

Maður einn sem um hann hefir ritað í Chicago Record Herald, kveðst fyrst hafa orðið var við starf þessa manns þegar hann hafi dag einn sent eftir sér á leikhús þar í borginni, þar sem hann var að horfa á skemtileik, og gert sér boð að finna sig. Sendimaður kom í sjálfhreyfivagni og gekk beint þangað í leikhúsið, sem fregnritin sat og var það sönnun þess að hann hafði verið vaktaður, en svo stóð á að fregnriðinn hafði komist að samningi við mann þar í borginni að útvega sér 100 línufregn um atriði nokkurt sem lögreglan vildi halda leyndu. Hamard hafði komist að þessu og erindið var að fá fregnritan til að hætta við að senda fregnina eða að gera hana svo stutta að hún tæki ekki meira upp en 15 línur í blaði hans. Það telur fregnritin áreiðanlegt að Hamard sé illa við að Bandaríkjablöð nái réttum úr Parísarborg eins tímanlega og Londonblöðin fái þær. Það telur hann líka áreiðanlegt að Hamard hafi nákvæmar njósnir um allar hreyfingar hvers einasta borgara ekki aðeins í París, heldur í öllu Frakklandi. Síðar fékk fregnriti þessi tækifæri til þess að kynnast betur þessum undra manni og þá komst hann að því hvernig hann færi að ná tangarhaldi á glæpamönnum og að koma upp glæpum sem aðrir gætu ekki rakið dróg til, meðal annars segir fregnritin 2 sögur er sýna ráðkænsku Hamards.

Það var í apríl sl. að lögfræðingur einn var myrtur á skrifstofu hans í París. Enginn vissi hver morðinginn var en tekið hafði hann með sér eitthvað af fötum lögmannsins en skilið eftir sitt eigið vesti þar á skrifstofunni, Hamard setti strax út 40 menn til þess að komast fyrir það hver ætti gamla vestið og þeir unnu að því þriggja mánaða tíma, að lokum fundu þeir verksmiðjuna sem gert hafði klæðið sem vestið var gert úr, það var á Norður Italiu, en hnapparnir voru gerðir í verksmiðju á Englandi. Næst fundu þeir klæðskeran sem bjó til vestið fyrir senator í Argentinu ríkinu, hann hafði gefið það vinnumanni sínum unglingsmanni frá Belgiu. Sá maður var eltur til Suður Ameríkuu og þaðan aftur til Parísar og þar hafði hann búið í götu einni gengt skrifstofu hins myrta lögfræðings. Hann var tekinn og meðgekk glæpinn.

Í öðru sinni fann lögreglan höfuð af stúldu vafið innaní silkitreyju á auðu byggingalóðasvæði París, en til að gera höfuðið óþekkjanlegt hafði nef eyra og kinnar og varir verið sniðnar af því, stykki af líkamanum fundust á víð og dreyf um borgina. Vinir stúlkunnar þektu treyuna, hún var af Elisa Vaudamme og þeir höfðu síðast séð hana á einu götuhorni í París kl. 2 eftir hádegi síðan vissi engin um hana. Hamard sendi nú í allar áttir umhverfis staðinn þar sem hún sást síðast og hver gæslumaður í 10 þús húsum var spurður að hvort hann hefði heyrt nokkur hljóð um nóttina 27. febr. s.l., þetta verk varaði í 3 mánuði þar til loks að einn maður fanst, sem hafði heyrt hljóðin og að karlmannsrómur hafði svarað „Enga heimsku", sá málrómur kom frá glugga á fimta lofti í húsi hinumegin í strætinu, sá sem þá bjó í því herbergi var ungur Cosikumaður, alvarlegur og meinhægur daglaunamaður. Hann vann við að flytja bögglar um borgina á litlum mótorvagni. Hamard dulklæddi sig og fór á öðrum slíkum vagni út og rak sig, eins og af hendinu á manninn. Hann vissi enga sök á manninn og grunaði ekkert verulega, en hann fylgdi í þessu vissum reglum og vildi vita hvernig náunganum yrði við stuðið. Alt gekk að óskum. Maðurinn tapaði sér og játaði ótilhvaddur sök á sig, sagðist fyrir 4 árum hafa strokið úr fangelsi í Cayenne. Hann hvaðst viss um að Hamard þekti sig svo óþarft væri að dyljast lengur.

Í öllu sínu starfi með að finna glæpamenn, vinnur njósnari þessi eftir föstum ákveðnum reglum, sem hann hefir sjálfur uppgötvað og svo hefir honum tekist vel að grafa fyrir huldustu launmál glæpamanna að Parísarbúar eru farnir að trúa á hann sem óyggjandi fundvísan njósnara og glæpamenn hafa svo mikinn ótta af honum að þeir meðganga tafarlaust séu þeir sekir.

Kvennréttindi G. A. og Lesari.

Það var duglegur löðrungur öllum andstæðingum jafnréttir hugsjónarinnar, greinin sem birtist í "Hkr" fyrir stuttu frá G.A. á Gimli. Þetta greinartétur er svo ómerkilegt að undrum sætir að nokkur kona skyldi vilja hafa sig til þess að láta annað eins og þetta sjást á prenti og kinnroðalaust getur engin rétthugsandi maður eða kona mælt slíku bót Háttvirta G. A. þú spyrð hvað kvennfólkið eigi að gjöra með þetta ótakmarkaða frelsi sem kvennréttinda vinir ætla að rétta ykkur upp í fangið. Góða kona þú þarft ekki að hagnyta því það aukna frelsi sem barist er fyrir þó það náist. Það er engin knúður til þess, að nota atkvæðis rétt sínu eða sækja um embætti, og það verður ekki þó jafnrétti fáist, þú segist vera ófróð um flesta hluti en samt kastar tólfunum þegar um kvennréttinda málið er að ræða. Það held þeg þú segir alveg satt, þú skilur ekki tilgang lífsins. Þú skilur ekki þann sannleika sem ætti þó að vera hverju barni auðskilin að frumhöfundur lífsins skapaði alt fólk með sömu réttindum lítla og stóra konur sem karla, heldur þú að þú gætir ekki skilið það ef þú hugsaðir rækilega um það að konan hefur sál og tilfinningu og skynsemi alveg eins og maðurinn, réttlætis tilfinningin krefst þess að allir fái að njóta sama réttar. Þótt minna hafi borið á kvennfólkinu í gegnum söguna þá er það öllum auðskilið hver þar er ástæðan. Kvennfólkinu hefur verið fyrirmunað að keppa við karlmennina á öllum sviðum þjóðfélagsins, af hinni ríngsnúnu löggjöf ríkis og kirkju, sem hefur algjörlega verið í höndum karlmannanna. En þrátt fyrir það hafa verið á öllum tímum sögunnar reglulegar kvennhetjur sem oft hafa skákað hinum frægustu karlmönnum þeirrar samtíðar. Þessi makalausa G. A. segir að kvennréttinda konurnar séu óhæfar til þess að stjórna heimilum sínum, lesi ekkert nema hegómlegt rugl, svo sem "Town Topics" ekkert fræðandi eða mentandi. En hefðir þú reynt að auðga anda þínu og lesið eitthvað sem fróðleikur var í svo sem kvennréttindahugsjónina frá rótum, og mannfélags fræði þá hefðirðu aldrei skrifað greinina þína frægu, og lagt fyrir fólk jafnvitlausar spurningar og þú gjöru þar.

Sagan hefur sannað það að konur geta stjórnað, Victoria og Elizabet stjórnuðu Bretum eins vel eða betur heldur en nokkur konúngur sem þar hefur setið á valdastóli. Frú Curie vann Nobel verðlaunin fyrir vísindalegar rannsóknir. Á velli bókmentanna standa þar ekki mjög lágt Lady Henry Somerset og Ella Wilcox, eða Helen Gardiner ogStowe og mörg hundruð fleiri. Florence Nightingale vann stærra mannúðarverk heldur en flestir karlmnen, M. J. Benedictson Briet Bjarnhéðinsdóttir Torfh. Hólm, Ólafía Jóhannsdóttir og Halldóra Olson eru engin smámenni og heiðurhvaða þjóð sem væri að eiga slíkar konur, og hræddur er ég um að þær hafi einhverntíma lesið eitthvað sem fróðleikur hefur verið í. Það væri fróðlegt fyrir G. A. að lesa um kvennréttindam. eftir Briet í skírnir.

Það er ekki nauðsynlegt fyrir konur að gjöra alla vinnu þó þær hafi sama rétt og karlmenn. Þeirra verksvið verður innan húss í flestum tilfellum eftir sem áður, eins og starfsvið karla verður utan húss í flestum tilfellum. Hermensku hefði G. A. ekki átt að nefna því herkostnaðar og stríðsfarganið er sú mesta stæðsta og svartasta svívirðing samliðar vorrar. Og þegar jafnrétti er unnið verður alheimsfriðar og Bindindis hugsjónunum ráðið til heppilegra úrslita. Og fyr r það tvennt verður heimurinn 10 sinnum hreinni og hvítari en hann er nú undir stjórn karlmanna einna. Og þetta tvennt er nægileg ástæða fyrir alla til þess að vinna þessu málefni gagn.

Jónina Samuelson á þakkir skyldar fyrir sína þátttöku í þessu máli. Hún hefur áður ritað vel. En á lágu menningarstigi stendur sá er skrifar sig lesara, og sparkar fætinum í Jóninu í síðustu „Hkr" — enda veit hann það, því hann skammast sín fyrir að láta nafns getið, og þó grein hans sé stutt. Þá er hún samt nógu löng til þess að hann er aungu betri heldur en nafntóguð G. A. Þaug standa bæði í sömu forinni. Reynsla liðins tíma sannar það að aukið frelsi í hvaða mynd sem er hefur æfinlega verið til blessunar. Það stækkar sjóndeildarhringin og flytur mannkynið lengra á brautir menningarinnar og fullkomnunarinnar það vekur einstaklingana til heilbrigðrar umhugsunar um hinn sanna tilgang lífsins það drepur og kæfir hjörtu fáfræði og einstreingingsskap. Ómetanlegt ánægjuefni er það öllum jafnréttisvinum hvað góðan árángur það hefur borið í þeim löndum sem jafnrétti hefur náð svo niðri, og einmitt það hefur gefið hreyfingunni byr undir vængi. Hlægileg er sú staðhæfing G. A. að kvennfólkið hafi nóg réttindi alstaðar í hinum mentaða heimi, það eitt er nóg til að sanna það hún ber lítið skyn á það mál sem til umræðu liggur. Nú min góða kvennlega, fáfróða og einhliða G.A. það situr illa á þér eða nokkurri annari konu að vera að slást upp á Mrs. Benedictson með ónotum því betri kona eða mikilhæfari er ekki til meðal Ísl. fyrir vestan haf. Hún hefur unnið til annars af Ísl. kvennþjóðinni. Hún sem hefur barist eins og hetja fyrir þessu mesta velferðarspurnsmáli sem alt mannkynið karlar sem konur ættu að ljá fylgi sitt. Með þeim árángri að nú er hún viðurkennd af öllum betri hluta hinnar Íslenzku þjóðar bæði vestan hafs og austan. Bláfátæk hefur hún barátttuna fyrir 12 árum síðan og með dæmafáum dugnaði hefur hún haldið út blaði sínu og aflað bæði sjálfri sér og íslenzku þjóðinni álits með því. Og fyrir hennar sannfæringar afl hefur nú jafnréttis hugsjónin náð sterka taki á huga alls þorra fólks. Hlyntir þessu málefni eru nú allir eða flestir Íslenzkir Prestar og Ritstjórar V. hafs.

Mrs. Benedictson hefur náð miklu álíti hjá mörgum af hinum mikil hæfustu mannréttindla vinum B. rikjanna og víðar og með því aukið álit Íslendinga út á við. Blað hennar hefur náð mikilli útbreiðslu þegar tekið er tilliti til kringumstæðanna. Freyja fer til Hollands og Þýzkalands og víðar um hinn mentaða heim, og vitnisburður Hr. K. Kuchlir's um hana er meira virði heldur en slettur annars eins persónu og þessara háttvirtu G. A. á Gimli. Sú meinloka virðist hafa komist inn í höfuðið á þessari G.A. eins og sumum fleiri fáfróðum að ef kvennfólkið fær pólitískt jafnrétti þá verði alt kvennfólk þingmenn eða fylkisstjórar eða aðrir embættismenn en karlmönnum verði steyft úr öllum embættum og sveltir í hel. Þetta er misskilningur á málefninu kona góð, slæmt hvað skilningur þinn nær skamt, þegar jafnrétti er fengið þá hafa allir sama rétt karlar og konur og embættin skipar það fólk sem þjóðin kys og álftur hæfast til að standa í þeim stöðum án tillits til kynferðis, Engin verður neiddur til þess að nota atkvæðisrétt sinn og engin verður neiddur í embætti. Að endingu lángar mig til að spyrja G. A. eða lesara einnar spurningar. Hvort er heimurinn betri eða verri nú eða hann var fyrir rúmum 50 árum síðan; áður en kvennréttinda baráttan hófst? er það ránglátt að leyfa kvennfólki að vinna við verzlunar störf, á skrifstofum eða við önnur embætti sem þær nú skipa Er það ránglátt að leyfa þeim að mentast á háskólum landanna, þetta hefur alt fengist fyrir kvennr. baráttan áður var þeim þetta alt fyrirmunað, ég held að heimurinn sé mikió betri fyrir þetta. En lángt er þángað til fullkomin sigur er unnin, en smá þokar í áttina.

Gætið þið að því G. A. og lesari að um leið og það svívirðið Mrs. Benedictson og annað það fólk sem nú berst fyrir þessu málefni þá svívirðið þið um leið alla þá mörgu mannvini og frelsis frömuði sem unnið hafa að þessu málefni í meir en hálfa öld. En getið að því um leið að þið atið sjálf ykkur mest með svona löguðum óhroða. Mrs. B eða hitt fólkið sakar ekki neitt eg hef átt tal við margt fólk um greinar þessar og alstaðar kveður við sama tón, fólk hefur megns óbeit á þessum árásum.

G. J. Oleson

Glenboro 5 sept. 1910,

RÓSIN

Eg þekti eitt sinn rós svo rjóða,
Rauðari en sólarbál;
Hún vildi' öllum bros sitt bjóða,
Sem barnsins alhreina sál.

Hún bjarta blaðkrónu teigði,
Mót blikandi sólroðans lind;
I regnskúrum blöðin sín beigði,
Er bærðust fyr' svalhægum vind.

Hún elskaði lífið og ilinn,
Ástsælu, vonir og þrá;
Hún þekti ekki stormbitra bilinn,
Er blómin helnístir smá.

Og svo kom sumarsins endi
Og silturlit frosthrímið gaf,
Og haustið með ómjúkri hendi,
Hristi blöð rósinni af.

Hnípin helköld og nakin,
Hálfvisnuð feiskin rós;
Var dauðadæmd og hrakin
Af dimmviðri, — en þráði ljós.

Svo lauk hennar lífsins skeyði,
Hún lagðist að jörðu nár.
En enginn sá yfir leiði,
Annað en, hélunnar tár.

JÓHANNES STÉFÁNSSON

Framtíðarhorfur.

EFTIR H. G. WELLS.

IV.

ÁSIGKOMULAG HEIMILIS OG SIÐFERÐIS.

Í fyrri greininni sáum við, að starfandi frumöfl félagslífs 20. aldarinnar, muni aðallega verða mergð af misjafnlega vel vitu bornum, óháðum og vel mentuðum mannvirkjafræðingum af ýmsu tagi og/að þessi mergð verður blönduð starfslausum, misjafnlega ríkum hlutabréfaeigendum. Neðan við þessar tvær stéttir standa, ávalt glögt aðskildar frá þeim, ónýtar og útskúfaðar manneskjur úr félagslífinu.

Af þessum frumöflum félagslífs 20. aldarinnar, vekja auðvitað mannvirkjafræðingarnir mest athygli á sér, og vér getum með nokkurn veginn áreiðanlegri vissu sagt, hvernig slík stétt muni lífa og hugsa, og hver áhrif hún muni hafa á samtíðarmenn sína. Af því mannvirkjafræðingar framtíðarinnar verða mentaðir menn, munu þeir hafa almenna vísindalega þekkingu á alheiminum, og af því aðalstarf þeirra snýst um vísindalega raunhæfa hagnýtingu efnanna, mun skapferli þeirra verða ákveðið og viðkunnanlegt. Trúarskoðanir þeirra munu verða bygðar á rökréttu guðfræðiskerfi í samræmi við vísindin, öll dularfull og teprulega viðkvæm trúaratriði skipa hjá þeim neðri bekk, eða eru alls ekki til. Heltztu lundareinkenni þeirra munu verða skyldurækni, sjálfsstjórn og reglubundnir lífshættir, því án þessara lundareinkunna gæti þeir naumast varið þreki sínu til hugsunar og starfa, sem er hverjum góðum verkfræðing nauðsynlegt. Holdsýsnir, sem kynnu að gera vart við sig hjá þeim, yrðu ekki stjórnlausar, heldur látnar holdinu í té sem nauðsyn, svo þeir gæti verið hressir og glaðir. Enda þótt hjónaböndin verði naumast eins fast bindandi á ókomna tímanum eins og þau hafa verið, megum við samt álíta þá gifta í kristnum skilningi, en þeir munu hvorki hafa tíma né efni til að eiga keipótta, geðrika, munaðargjarna konu, og verður því óhætt að hugsa sér konu þessa framtíðarmanns með heilbrigðum lífsskoðunum, vitsmunarika og not invirka, sem verður vinur og félagi manns síns á hvíldartímum hans, og stjórnar heimili hans sam kvæmt vísindalistar meginreglum. Alloftast mun hann vera faðir að fáeinum börnum, því hinn vísindalegi hugsunarháttur hans, kemur honum til að líta á lífið sem barláttu fyrir tilverunni, og að barnlaust líf, þó að það sé að ýmsu leyti þægilegt, er tilgangslaust.

A heimili hans munu naumast verða þjónar, því það sem nú gerir búsýslu okkar nauðsynlegt að hafa vinnukonur, er skortur á réttu fyrirkomulagi heimilisins, og stundum þekkingarskortur konunnar. Það starf, sem vinnukonur leysa af hendi, innifelur í sér skyldur, sem þekkingu og æfingu þarf til að framleiða, er konuna skortir oft, t. d. matgerðarlistin, sem er þó aðallega innifalin í vandaðri verki, er væri óþarft, ef heimilin væri betur fyrir komið. Það er samt auðsætt, að konur verkfræðinga framtíðarinnar muni kunna alt, sem að innanhúss búsýslu lýtur, og verkfræðingarnir munu einnig sjá um það, að heimilunum sé þannig fyrir komið, að alt vandalitið starf verði óþarft. Tilfinnanleg orsök til ryksins og óhreinindanna á heimilum vorum, sem vinnukonum er ætlað að hreinsa, eru léleg hitunaráhöld og slæm loftumrás. Hús framtíðarinnar fá væntanlega hita sinn frá veggjunum, sem fá hann leiddan til sín frá einni eða annari aflstöð, og loftumrásin mun fást í gegnum veggpípur, sem meðal annars verma hið innstreymda loft og hreinsa alt ryk úr því. Af þessu leiðir, að kolaburður, og að miklu leyti sópun og þvottur verður óþarft. Tvær aðrar skyldur þjóna eru að hverfa, nefnilega skóaburstun og hreinsun lampa. Í húsum framtíðarinnar verða rafljós, og menn munu nota skó og stigvél, sem auðvelt er að hreinsa á einni eða tveimur minútum. Svefnherbergjum mun einnig verða betur fyrirkomið á ókomna tímanum en nú. Einkennilegur skortur á heilbrigðri skynjan er orsök þess, að í svefnherbergjum okkar er ekki nóg af heitu og köldu vatni eftir þörfum, og verður því að bera að og frá þeim miklar vatnsbirgðir, en þetta hverfur alt með tímanum. Sérhverju svefnherbergi mun fylgja bað og búningsklefi á ókomna tímanum, sem menn geta notað og yfirgefið án þess nokkur hreinsun sé nauðsynleg. Að því er svefnherbergin snertir, er þá að eins eftir að búa um rúmið, sem má gera á fimm minútum. Annað leiðinlegt vinnukonustarf er að þvo mataráhöldin, sem í framtíðinni krefur skemri tíma og minna verk og skemmri tíma heldur en nú. Öll notuð leirlát verða blátt áfram látin í þvottakassa, sem er fyltur með vatni og efnablöndu, er rennur burt, þegar það er búið að hreinsa ílátin og skálur þau eftir til að þorna. Til þess að hreinsa gluggarúður, mun einnig einhver efnablanda notuð. Fyrir ofan hvern glugga er auðvelt að hafa pípu, fylta með slíkri blöndu, sem rennur niður eftir báðum hliðum gluggans og safnast saman í ræsi undir neðri enda hans. Þegar þetta er búið þurfa gluggarnir að eins að þorna til þess að verða hreinir og gljáandi, aðalfyrirhöfnin við gluggaþvott er því að snúa einum krana. Þá er nú eftir matarsuðan, sem á þessum tímum er all-erfið. Hitun matreiðsluvélarinnar, öskuburðurinn, eldhússhitinn, heitu og sótugu pottarnir, gera matreiðsluna að óþægilegu starfi. En með snotrum og hagkvæmum matreiðsluáhöldum, hituðum með rafmagni, útbúnum með hitaskýlum og hitamælirum til að tempra hitann, verður matreiðslan skemtilegt starf fyrir skynsamar konur. Eftir á að hyggja, þá minnir þetta okkur á það, að hús framtíðarinnar mun ekki hafa reykháfa, nema til að leiða burtu matarlykt úr eldhúsum.

Hve langur tími líður áður en alt þetta er fengið, er ekki hægðarleikur að ákveða. Ef einhver líknarlynd manneskja léti smíða vekja tilhneigingu til sparnaðar og þokkalegrar framkomu, auður og starfsleysi hvetja til skrauts og glysgirni. Við hliðina á því þægilega og snotra, sem verkfræðingastaðan framleiðir, munum við þess vegna líka eiga að búa við viðhöfn og skraut hlutaeigendanna. Þeir munu verða skrúðhöfundar í mannfélaginu. Heimili þeirra verða þrungin af sterkum litum, skrautlegum dúkum, listalegum gler eða málmmunum og skrauti af ótelj andi tegundum. Fyrir gullið sitt kaupa þeir listina, sem eftir þeirra smekk sýnir sig í mjúku, glæsilegu og indælu, ginnandi sniði. Margir listfengir húsasmiðir komast að raun um, að þeir græða meira á því, að fullnægja smekk hlutaeigendanna, með hugsjónalegum eða rómantiskum skrauthýsum, heldur en að mæta þörf verkfræðinganna fyrir ódýr, snotur og hagfeld heimili, og listagöfur skraddaranna munu ávalt starfsettar við að finna upp eitthvað nýtt og skrautlegt fyrir konur og karla. Það er svo sem sjálfsagt, að þessi fegurðarblær hlutaeigendanna muni ryðja sér til rúms á heimilum verkfræðinganna, svo að þau um langan nokkur hús, útbúin með hagfeldum áhöldum af þessu tagi, og léti þau standa til sýnis og ræða um þau í blöðunum, þá myndi það stórkostlega auka framfarir á heimilunum, en mannvináttan steinir enn ekki í þessa átt, og neyðin verður því að líkindum bezti kennarinn í þessu efni sem öðrum. Skorturinn á góðum og áreiðanlegum vinnukonum er allstaðar að aukast, og því verða menn neyddir til að finna eitthvert ráð til að geta verið án þeirra.

Það, sem við höfum nú verið að skoða, er frumleg verkfræðings búsýsla, fundin upp og löguð eftir stamsþekkingu mannvirkjafræðinga en við verðum að muna það, að þótt verkfræðingastéttin sé aðalkjarni mannfélags 20. aldarinnar, munu áhrif hennar verða stórlega takmörkuð af stétt hlutaeigendanna, sem, eins og áður er sagt, verður ábyrgðarlaus, vinnulaus og auðugri en nokkur stétt hefir áður verið. Ríku hlutaeigendurnir og verkfræðingarnir verða tvær glöggar andstæður í félagslífi framtíðarinnar, og því má ekki gleyma, að af þessum tveimur eru það hlutaeigendurnir, sem nota peningana. Mentun og reglubundin vinna tíma munu apa eftir skrautgirni auðugu lstingjanna. Eigendurnir munu ef til vill koma með athugasemnir, en þeir geta ekki hætt vinnu sinni til að kenna húsasmiðunum, hvernig þeir eigi að haga fyrirkomulagi húsanna, og húsasmiðirnir láta smekk hlutaeigendanna stjórna störfum sínum. Um langan tíma verða því heimili verkfræðinganna útbúin með eld stó, til prýðis, þó þau séu hituð með rafmagni, og þó þau séu útbúin með sjálfvinnandi áhöldum til gluggahreinsunar, verða þau aulin bak við skrautlega útskornar gluggabryddingar. Þetta tildur mun um langan tíma falla verkfræðingunum illa.

Hlutaeigendurnir munu því sama sem kaupa húsasmiðina, skraddarana og skrúðmuna smiðina, en — það sem er verra — þeir munu líka í óeiginlegum skilningi kaupa margar konur, sem annars hefðu getað orðið duglegar húsmæður samkvæmt sönnum verkfræðinga smekk. Peningastraumurinn að og frá hinum ríku og skrautið, sem þeir eru valdir að, hlítur að hafa áhrif á hugsunarhátt og hugarþelsstefnu kvenfólksins. Hjá ungri uppvaxandi stúlku mun ávalt fylgjast með fegurð og glaðlyndi, hégómagirnd og sérdrægni, skraut og glys auðmannanna glepur henni sjónir, dregur hana að sér og lætur hana dreyma dagdrauma um heimili þeirra. Henni veitist erfitt að kæra heimilisstjórn og gæzlu barna, þar sem um enga vinnukonu er að ræða, og þess utan getur hinn útvaldi orðið úr hópi auðmanna en ekki starfsmanna. Hún vill helzt lesa sögur um óháða auðmenn, helzt sjá leiki, sem í smáu og stóru sýna henni, hvernig auðmenn lifa, og hún vill helzt lesa tímarit, sem lýsa hugsunarhætti auðmannanna. Eada þótt draumur hennar rætist ekki, og hún giftist starfandi verkfræðing, mun hún reyna að laga heimili sitt að meira eða minna leyti í samræmi við skrautið og glysi, sem hana hafði dreymt um, að svo miklu leyti, sem efnahagur manns hennar leyfir. Á slíkum heimilum sést því hægfara stæling af skrauti auðmannanna, ýmsir munir, er líkjast þeim, sem auðmenn hafa, en eru samt ódýrari. Heimili, sem konur af þessari tegund stjórna, öerða vinnuhjúalaus, en einnig án barnaherbergja og eldhúss, og þau munu sennilega verða í nánu sambandi við auðmannahópinn.

Skorturinn á barnaherberginu þarf ekki beinlinis að stafa af því, að slík hjón séu barnlaus, því að flestir menn álíta það heiður, að vera feður (enda þótt tízkunnar konur áliti það ekki heiður að vera mæður), og mennirnir munu vænlanlega hafa sitt mál fram með það, að konurnar verði mæður, en þeim mun ekki ávalt takast, að fá þær til að rækja móðurskylduna. Börn af slíkum foreldrum munu því verða alin upp á uppeldisstofnunum, frá því þau fæðast, og vegna þess verða uppeldisstofnanir hlið við hlið á barnlausum heimilum, þar sem líkami og sál barnanna verða ræktuð af, í þessu efni, fullkomnum fóstrum. Framfarirnar stefna sjáanlega í þessa átt. Það er ekki langt síðan að skólar voru til, sem að eins veittu stálpuðum unglingum fræði og húsrúm auk kenslu, en nú eru víða stofnaðir skólar fyrir undirbúningskenslu hánda litlum börnum, þar sem þau jafnframt eiga heimili. Skólum þessum er oft stjórnað af ógiftum stúlkum, sem rækja starf sitt með móðurlegri umhyggju. Þessi tegund duglegra kvenkennara, er meðal athugaverðustu afleiðinga þjóðfélagsframfaranna. Oftast eru þetta stúlkur, sem annaðhvort af sérstakri and, legri gölgi, eða vitsmunalegri sérdræsni, eða af hreinskilnislega viðurkendum skorti á ástleiðslu, hafa hafnað hjónabandinu. Stundum eru það stúlkur með aðdáanlegri lundfestu og sjálfstjórn, og það er þýðingarmikið fyrir mannkynið, að gáfur þeirra og hugsunarháttur fer ekki þegjandi gegn um heiminn. Handa þessari frummynd kvenna á framtíðin efalaust stór ætlunaráerk.

(Framhald).

Það er alveg víst, að Það borgar sig að auglýsa í Heimskringlu.

The Northern Wine Co.
LIMITED.

Selur sérhverja góða tegund af Whisky, vínum og bjór o.fl. o.fl. Við gefum sérstaklega gaum familfu pöntunum og afgreiðum þær bæði flótt og vel til hvaða hluta borgarinnar sem er — Gefið okkur tækifæri að sýna ykkur að svo sé.

Við óskum jafnframt eftir sveita pöntunum Afgreiðsla hin bezta

Talsímar 1673 / 6744 MAIN — 215 Market St.

Manitoba Elevator Commission

D. W. McCUAIG, Commissioner — W. C. GRAHAM, Commissioner — F. B. MACLENNAN, Commissioner

Aðal skrifstofa: 227 Garry St., WINNIPEG
P. O. Box 2971

Commissioners tilkynna hérmeð Manitoba bændum að þeir hafa fengið fra aðiðar skrifstofu til starfsnota og að öll bréf skyldu sendast Commissioners á ofan nefnda áritun. Beiðniform og allar upplýsingar sem bændur þarfnast til þess fá kornhlöður í nágrenni sín., verða sendar hverjum sem óskar.

Commissioners óska eftir samvinna Manitoba bænda í því að koma á fót þjóðeignar kornhlöðum í fylkinu.

ROBLIN HOTEL
115 Adelaide St. Winnipeg
Bezta $1.50 á-dag hús í Vestur-Canada. Keyrsla ókeypis milli vagnstöðva og hússins á nóttu og degi. Aðhlynninig hins bezta. Viðskifti Íslendinga óskast. OLAFUR G. ÓLAFSSON, Íslendingur, afgreiðir yður. Heimsækjið hann. —
O. ROY, eigandi.

JIMMY'S HOTEL
BEZTU VÍN OG VINDLAR.
VÍNVEITARI T.H.FRASER,
ÍSLENDINGUR. : : : : :
James Thorpe, Eigandi

MARKET HOTEL
146 PRINCESS ST. á móti markaðnum
P. O'CONNELL, eigandi, WINNIPEG
Bestu tegundir af vínföngum og vindlum, aðhlynning góð húsið endurbætt

The Farmer's Trading Co.
(BLACK & BOLE)
HAFA EINUNGIS BESTU VÖRUTEGUNDIR.
Einu umboðsmenn fyrir :—
"SLATER" Skóna góðu.
"FIT-RITE" Fatnaðinn.
"H. B. K." prjónafélagið.
"HELENA" pils og 'waist' kvenfatnaði.
Bestu matvörutegundir.
" DEERING " akuryrkju verkfæri o, s. frv.
Beztu vörur Lágt verð
Fljót og nákvæm afgreiðsla.
Farmer's Trading Co.,
THE QUALITY STORE
Wynyard, Sask.

Woodbine Hotel
466 MAIN ST.
Stærsta Billiard Hall í Norðvesturlandinu
Tíu Pool-borð.—Alskonar vín og vindlar
Gisting og fæði: $1.00 á dag og þar yfir
Lennon & Hebb,
Eigendur.

JOHN DUFF
PLUMBER, GAS AND STEAM FITTER
Alt verk vel vandað, og verðið rétt
664 Notre Dame Ave. Phone 3815
Winnipeg

A. S. TORBERT'S
RAKARASTOFA
Er í Jimmy's Hótel. Besta verk, ágæt verkfæri; Rakstur 15c en Hárskurður 25c. — Óskar viðskifta Íslendinga. —

S. K. HALL
TEACHER OF PIANO and HARMONY
STUDIO: 701 Victor St.
Haustkensla byrjar 1st Sept.

Með því að biðja sölulega um "T.L. CIGAR," þá ertu viss að fá ágætan vindil.
T.L.
T.L. CIGAR
(UNION MADE)
Western Cigar Factory
Thomas Lee, eigandi Winnipeg

með óvanalegum dugnaði, ungi maður, og ég virði þig fyrir það. Við skulum vera vinir."

"Af heilum huga," svaraði Morits og þrýsti hendi Holms. "Þú hefir ávalt setið ofarlega í huga mínum. Það sem þú gjörðir fyrir mig í það skifti, hefir ávalt dvalið í huga mínum ásamt innilegu þakklæti."

"Það sem ég gerði fyrir þig," sagði Holmer, sem ávalt var vanur að draga úr góðverkum sínum, "var ekki þess vert að minnast á það. Ég keypti af þér ágæta bolla, sem ég á enn þá og sem mér þykir mjög vænt um, og þetta álitur þú þakkarvert."

"Ó, þú gleymir undir hvaða kringumstæðum verzlunin átti sér stað.....þú gleymir því að eg átti móður, sem var að því komin að deyja úr hungri, og að þú bjargaðir bæði mínu og hennar lífi ef til vill..... þú gleymir því að þú borgaðir mér helmingi meira en ég beiddi um fyrir bollana."

"Ekki einu orði fleira um þetta efni," sagði Holm brosandi. "Eg gerði aðeins það sem þúsundir annara manna mundu hafa gjört.....En svo við snúum frá þessu umtalsefni. Þú kemur frá Uppsölum.....þú verður að segja okkur einhverjar nýungar þaðan.

Öll fjölskyldan settist nú í kring um Uppsalabúann, og Morits sagði frá öllu sem hann mundi eftir og vissi að gaman mundi þykja að. Einkum höfðu ungu stúlkurnar gaman af að spyrja um hvað krónprinsin og krónprinsessan hefðu sagt við hann, þegar hann kom inn í stúkuna til þeirra, því í bréfum sínum hafði hann aðeins lauslega minst á þennan viðburð, sem þeim þótti svo afarmerkilegur. Morits varð að gera grein fyrir öllu, bæði hvað krónprinsessan sagði, hverakg hún var klædd og hverskonar skraut hún bar í hárinu o.s.frv., og hann gerði það eins vel og hann gat, enda þótt hann, sannast að segja, myndi litið eftir því.

Eftihr sólarlagið og að afstöðnum kveldverði, gengu allir til hvíldar nema Morits, sem presturinn benti að koma með sér inn í lestrarherbergið.

* * *

"Dú, mi fili," sagði presturinn, þegar Morits var seztur í leðurklædda legubekkinn, og gamli maðurinn hafði fylt pípuna sína og kveikt í henni, "nú getum við talað saman í fullkomnu næði. Það er án efa ýmsar tilviljanir sem fyrir þig hafa komið, er ég ekki þekki. Vilt þú nú, samkvæmt loforði þínu bera það traust til mín að segja mér æfisögu þína, án þess að dylja nokkuð. Eg skal ekki bregðast trausti þínu."

"Minn góði föðurlegi vinur," sagði Morits viknandi. "Þú skalt fá að vita alt.....Eg skal ekki dylja einn einasta viðburð fyrir þér.....Og, hamingjunni sé lof, fyrir breytni mína hefi ég enga ástæðu til að blygðast mín Það sem ég hefi enn ekki sagt þér, hefi ég ekki þorað að skrifa um. Bréf geta auðveldlega komist í annara hendur.

"Það er satt drengur mían.....En lofaðu mér nú að heyra hvað fyrir þig hefir komið?

"Þú þekkir viðburðina frá æsku minni," svaraði Morits. "Eg hefi sagt þér frá samfundum okkar Jakobs Kroa í skóginum. Og þú fræddir mig á því, að litla stúlkan, sem ég fyrir 9 árum bjargaði fra druknun, væri dóttir barúns Ehrenstam, þess sama manns sem breytti svo ranglátlega og harðneskjulega við mig. Eftir þessu öllu manstu að líkindum?"

"Já, sonur minn, en í hvaða sambandi stendur það við síðari æfiatriði þín?"

"Þú kemst bráðum að raun um það."

Morits byrjaði nú á æfisögu sinni um hin síðast liðnu ár. Hann sagði honum sögu Heleanar og hve

sárt sér hefði þótt það, að hann var óviljandi orsök í hrösun hennar. Hann mintist og á erfðaskrá föður síns, hinn girnilega auð og viðhafnarlegu nafnbót, sem hann hafði afsalað sér, til þess að njóta þeirrar ánægju að vita sig sjálfan hafa brotið sér braut, og umfram alt, til þess að þurfa ekki að bera sama nafn og morðingi móður hans.....lífsbaráttu sína, skortinn og á endanum sigur,—alt þetta sagði hann gamla kennaranum sínum, sem með undrun og aðdáun hlustaði á orð hans.

Þegar hann var búinn, stóð presturinn upp og gekk fram og aftur um gólfið.

"Morits," sagði hann loksins og stóð kyr frammi fyrir honum, "hefirðu skjölin hjá þér sem sanna fæðingu þína?í'

"Já, hér eru þau," svaraði Morits, um leið og hann tók umslagið upp úr brjóstvasa sínum.

Gamli maðurinn greip ófergjulega eftir bögglinum, opnaði hann og gekk að borðinu til þess að lesa þau.

Svo lét hann þau aftur í umslagið og hélt áfram að ganga um gólfið þegjandi.

"Hvers vegna þegir þú?" spurði ungi maðurinn. "Líkar þér ekki breytni mín?"

"Líkar mér ekki!" sagði presturinn með ákafa, "jú, ég dáist að þér, þögn mín stafar af því að ég gat ekki fundið orð til að lýsa með tilfinningum minum."

"Ó, ástfólgni kennari minn! En hvað það gleður mig að þú skildir samþykkja breytni mína."

"Morits," sagði presturinn, um leið og stór tár ultu ofan eftir hrukkóttu kinnunum hans, "komdu í faðm minn, sonur minn.....Ó, hversvegna ertu það ekki.....En það er það sama, ég elska þig meira heldur en þó þú værir það. Eg virði göfuglyndi þitt, hina eðallyndu sjálfsafneitun þína, sigurinn sem þú

hefir unnið, miklu meira en almenningshrósið, sem list þín hefir öundið við það nafn sem þú gengur undir, það nafn sem ég hefi gefið þér," bætti hann við brosandi. — "Hve undarlega stjórnar þó forsjónin öllu í heiminum. Að þú og móðir þín skylduð búa í kofa, sem var eign hins ríka bróður þíns."

"Já, og að þessi bróðir skyldi að síðustu svifta mig henni, sem ég elskaði umfram alt í heiminum..... Það er eitt af því, sem maður getur freistast til að kalla leik forlaganna."

"Nei, nei, sonur minn," sagði presturinn alvarlega. "Þetta nafn getur að eins hinn hugsunarlausi múgur eða hinn algerði forlagatrúarmaður notað. Forlögin leika sér ekki að okkur, enda þótt vegir hans séu stundum óskiljanlegir. —Og hversu aðdáanlega hefir hann ekki séð um þig, Morits. Þú mátt á þessu augnabliki vera ánægðari en sá ánægðasti. Þú ert ungur, frjáls, og vegna listagáfu þinnar og þekkingar ertu óháður; þú hefir aflað þér virðingar og aðdáunar hjá samtíðarmönnum þínum; þú ert eigandi fagurrar nafnbótar og allmikilla fjármuna, þó þú hafir afsalað þér því, því ég veit að Stjernekrans greifi átti miklar eignir auk óðalsins.....Í sannleika sagt, Morits, ef framtíðin brosir á móti nokkrum, þá brosir hún á móti þér."

"Ó, góði kennari minn, hver er nokkru sinni ánægður á þessari jörð? Eru ekki ótal óskir til, ótal vonir, sem maður árangurslaust vill koma í framkvæmd, mörg barátta, sem maður biður ósigur í, mörg órósemi, margar sorgir, sem maður getur ekki gert sér grein grein fyrir af hverju stafa?.....Eg hefi verið mjög heppinn.....það viðurkenni ég, en ég hefi líka stundum verið takmarkalaust ógæfusamur."

"Þetta er ekki skynsamlegt, Morits. — Hvað er það sem hefir amað að þér?"

"Eg veit það ekki sjálfur, en mér hefir stundum

Verkfall skrardara.

Verkfall mikið hefir staðið yfir í New York borg s. l. 9 vikur, það voru fatasauma fólk sem þar áttu hlut að máli. Tíu þúsund vinnendur tóku þátt í verkfallinu en í þeirra fjölskyldum töldust 50 þús. mans. að börnum meðtöldum. Á þessu 9 vikna tímabili er talið að verkfallsfólkið hafi tapað 10 milliónum dollars í verkalaunum, og verkveitendur og verzlunarmenn margfaldri þeirri upphæð við uppihaldið sem orðið hefir. Yfirleitt virðist fólk þetta hafa verið afar fátækt og svo var farið að þrengja að því af vinnuleysinu að það gat hvorki veitt sér fæði né borgað húsaleigu, og þar kom að lokum 1. þ. m. að 11 hundruð fjölskyldur voru dregnar fyrir rétt, af því þæi gátu ekki borgað húsaleigu. Þar af voru þúsund ekkjur og aðrar konur með börnum, svo nam als 5 þús. mans sem húsviltir voru gerðir. Dómarinn átti enkis annars úrkostar, en að dæma húseigendum í vil. En hann veitti fólkinu 4. daga frest til þess að hafa saman fé til að borga húsaleiguna, vitandi þó vel að það átti engra peninga von, og því engin líkindi til að það gæti lokið skuldunum þar sem það var farið að ganga um strætin hungrað og klæðlítið og alslaust. En svo er að sjá sem þessi réttarhöld hafi haft þau áhrif að enda verkfallið, því að daginn eftir var verkfallinu létt og allir sem vildu og gátu, tóku til starfa. Yfirleitt gekk verkfallið friðsamlega af; þó urðu nokkrar óeirðir stöku sinnum, og gerðu þá verkveitendur smkvörtun til dómstólanna, og fengu við það eitt dómsákvæði—frá Goff dómara—sem þeir undu vel, en sá dómsúrskurður var það að hvert það verkfall sem gert væri til þess að knýja verkveitendur til þess að veita engum öðrum atvinnu en þeim sem báðir væru verkamanna félögum, væri samsæri til viðskifta hindrunar. (conspiracy in restraint of trade).

Nú þó að verkfall þetta hafi lyktað að óskum vinnuveitenda þá hefir verkfallsfólkið einnig unnið talsvert til hagsmuna ekki aðeins sjálfu sér, heldur einnig öllu þjóðfélaginu, því að með samningum þeim, sem nú tókust milli verkveitenda og verkþyggjenda er bundinn endi á hinar svo nefndu sweat shops. Með öðrú... orðum engin akkorðsvinna er gefin út til vinnu í heimahúsum. Öll klæðagerð í New York borg verður héreftir að fara fram í verkstæðunum og undir þeim hreinlætis og heilsureglum sem þar eru settar með lögum.

Í öllum undangengnum verkföllum sem fatasauma fólk þar hefir gert þá hefir samkomulagið milli þess og verkveitenda strandað á því sem nefnt er closed shop eða lokað verkstæði. Vinnufélögin hafa krafist þess að enginn yrði veitt atvinna nema þeim sem teldust til vinnufélaganna, að verkstæðin skyldu lokuð fyrir öllum öðrum. En þessu hafa verkveitendur jafnan neitað. Nú hafa þeir samningar tekist að þó verkveitendur láti þá sitja fyrir atvinnu sem tilheyra vinnufélögunum, þá er þeim frjálst að veita hverjum öðrum atvinnu sem þeir vilja. Báðir málsaðilar hafa viðurkent að hæfileikamunur vinnenda er mikill og að oft geta verið þeir utanfélagsmenn að miklu sé hæfari vinnendur en margir þeir sem tilheyra félögunum og að jafnan skuli þeir forgangsrétt hafa til atvinnu sem hæfastir reynast. Hin önnur atriði í samningnum eru: að verkveitendur veiti vinnendum rafafl til knúnings sautmavélanna og annara vinnuvéla ókeypis; að ekkert verk sé gefið út til vinnu í heimahúsum; að 6 daga vinna sé veitt í viku hverri og vinnulaun séu borguð vikulega í peningum. Að koma megi ábyrgð á hendur hverjum þeim vinnuveitenda sem sýni hlutdrægni í viðskiftum sínum við vinnuþiggjendur; að dagvinna sé 9 kl. stundir 5 daga vikunariog 5 kl. stundir sjötta daginn; að borgað sé tvöfalt kaup fyrir vinnu í yfirtímum; að borgun fyrir stykkjavinnu sé ákveðin af nefnd sem skipuð sé af vinnuveitendum og vinnuþiggjendum.

Með þeim samningum sem nú hafa tekist og því að fólkið er tekið til starfa á ný, er vonandi að húsráðendur gangi ekki svo hart eftir húsaleigu sinni að fólkið þurfi að yfirgefa heimili sin.

Íslands fréttir.

— Björn Kristjansson og Björn Sigurðssón höfðuðu mál gegn ritstjóra Lögrjettu fyrir meiðyrði og aðdróttanir í þeirra garð. Meiðyrðin dæmd dauð og ómerk en ritstj. sektaður 80 kr. og málskostnað. — Tryggvi Gunnarsson höfðaði mál mót þórði lækni á Kleppi útaf ummælum hans um kosningu Tryggva í bæjarstjórnina Ummælin dæmd ómerk og læknirin sektaður 100 kr. og málskostnað. — Frakkneskur botnvörpungur nýlega strandaður suður af Garðskaga. Skipverjar björguðust og margt fémætt innanborðs. — Ísafold segir Lárus guðfræðis kandidat Thorarinsen verði bráðlega vígður til prests áður hann flytur til Ameriku til þess að þjóna þar Garðar söfnuði. — Þrumuveður varð á Suðurlandi þann 5. Ágúst s. l. meira en menn muna dæmi til. 44 þrumur á kl. stund, als um 80 þrumur þá um kveldið. — Nýlega er kominn maður til Reykjavíkur frá Brussels til þess að athuga hvernig hentugast verði að koma á loftskeyta sambandi milli meginlands og vestmannaeyja. Er þetta gert samkvæmt ráðstöfun ráðherra Íslands við Marconi félagið. — Máli því sem Tryggvi Gunnarsson höfðaði mót ráðherra Íslands útaf orðalaginu á frávikningar skjalinu 22. nóvember s. l. og til að fá 10 þús. kr. skaðabætur frá Ráðgjafanum hefir verið vísað úr rétti eins og máli Kr. Jónssonar útaf sama málsefni. — Tveir menn drukknuðu nýlega í Miðá í Dölum. Eyólfur Böðvarsson frá Þangsstöðum í Laxárdal, og Ólafur Stefansson frá Sáurhóli í Saurbænum. — Ísafold 6. Ágúst flytur kafla úr rímu eftir Einar skáld Benedictson. Allar eru vísurnar í þessum kafla sléttubönd, segir als vera í rímunni 100 slíkar vísur og telur að fáir munu leika það eftir. Einari er annt um aðendurvekja rímna kveðskapinn í nýrri mynd, með því að halda ekki gömlu rímna lögunum, heldur hitt, að gerð verði undirlög við rímurnar, þær síðan lestar upp og leikið undir. Vísurnar eru sýndar á öðrum stað í þessu blaði. — Elín Þorsteinsdóttir, frá Djúpadal, niðursetningur á Móheiðarhvoli í Rangárvallasýslu hengdi sig nýlega í svuntunni sinni. Með því að rifa hana í lengjur og gera reipi úr henni. Hafði lengi verið brjáluð. — Nýlega brann til ösku bærinn á Hellum við Beruvík undir Jökli. Fólk bjargaðist með naumindum á nærklæðunum og engum munum varð bjargað. Alt óvátrygt.

Hveitibrauð.

Allir Íslendingar kannast við þetta nafn, og flestir að líkindum við brauðið sjálft. Annars eru til ymsar tegundir hveitibrauðs. Fyrir 40 árum var aðeins ein hveitibrauðstegund þekt á Íslandi og nefndist SKONROK en reindar var víst ekkert hveiti í því brauði, heldur mun það hafa gert verið úr möluðu hysmi af rúgi, byggi, höfrum og maískorni, mest af því síðastnefnda. Það var grófgert til átu og glerhart þar til það var bleytt upp. Hvorki hafði það lit né smekk af hveiti — aðeins nafnið, þá var og lítið um sykurát á Íslandi og einnig lítið um tannpínu og tæringarsýki. En með vaxandi mentun og menningu hefir alt þetta breizt — og hvergi til batnaðar. Því að á síðari árum er bæði hveiti og hveitibrauð fáanlegt á Íslandi, alt eins og hér í Ameríku, brauð sem gert er úr sönnu hveiti,finmöluðu og drifhvítu, brauð sem ásamt með vaxandi sykuráti skapar tannpínu og tæringuna, og flesta eða alla meltingar og maga kvilla sem þjáir mannkynið í menningarlöndum heimsins.

Það var víst harla lítið um tæringu á Íslandi fyrir 40 árum á þeim tímum sem Skonrokið var, eina hveitibrauðstegundin sem þar var þekt, og tannpína var þá engin í landinu. En með vaxandi nútíðar hveitibrauðs og sykuráti hafa báðir þessir sjúkdómar magnast þar heima, alt eins og hér vestra og í réttum hlutföllum við það.

Að vísu er ekki algerlega áreiðanlegt að hægt yrði að full sanna að nautn þessara fæðutegunda verj bein orsök nefndra sjúkdóma, en mjög eru þeir margir, bæði meðal lærðra og leiknanna, sem halda fram þeirri skoðun að hvorutveggja sé samfara og að reikningurinn standi þannig: Útgjöld: erfiði og peningagjöld. Inntektir: sykur og hveitibrauð, tæring og tannpína. Að nefndar tvær fæðutegundir séu bein orsök flestra eða allra meltingarfæra og maga sjúkdóma, er einnig skoðun þessara manna.

Þessir menn ráða til þess að hætt sé við þetta mikla hveitbrauðsát í þeirri mynd sem þess nú er neitt, en að í þess stað sé hveitið soðið heilt með hismínu eða hýðinu, eins og það kemur af akrinum og þannig notað til fæðu. Fólk getur haft það mauk eins þykt eða þunt eins og það vill og haft það sem graut eða gert brauð úr því, en heilt og ósyktað verður hveitið að vera í hvorum tilfellum sem er. Því er haldið fram að sé hveitinu neitt á þenna hátt þá sé það skjót lækning við meltingarleysi og auki bæði hold og afl þess er neitir. En ekki er því lofað að það lækni tæringarsýki eða komi algerlega í veg fyrir tannpínu. En það er staðhæft að minna muni verða um þessa sjúkdóma ef minna sé etið af möluðu hveiti og sykri en nú er gert, og yfir höfuð, ef minna er etið alment af allri fæðu en flestir nú gera. Að eta heilt hveiti eða bygg hvort heldur er í grautum eða brauði, hefir og þann stóra kost að það er langt um ódýrara þannig heldur en þegar það er malað auk þess sem hyðið er þá því meðfylgjandi, en það er talið nauðsynlegt til þess að halda meltingunni í góðu lagi, svo að þeim sem neitir verði sem mest not af fæðunni.

HITT OG ÞETTA.

Það er ekki nóg, að kaffikannan sé hrein og gljáandi að utan, hún þarf einnig að vera hrein að innan, því það er viðbjóðslegt, að sjá og drekka óhreint kaffi. Ef safnast hefir dökk húð innan í könnuna, er ekki auðvelt að ná henni burt. Í slíkum tilfellum lætur maður dálitið af sóda á botn könnunnar, ásamt litlu af niðurskafinni sápu, fyllir hana svo með vatni og lætur hana standa nokkra klukkutíma í sjóðandi vatni. Síðan er kannan hreinsuð að innan með hörðum busta, og að síðustu skoluð innan í volgu vatni og svo þurkuð með hreinum ullarklút. — Náist ekki dökka húðin innan úr könnunni í fyrsta sinn, verður að endurtaka þessa hreinsun.

* * *

Hreinsaðu gleraugun með fínum silkipappir (Tissue-Paper), og þegar þú neyðist til að þvo þau, notaðu þá vínanda (Alcohol) og vatn að jöfnum mælir.

* * *

Það kemur sér oft vel, að geta sorfið sundur glerbrot, háls af flösku o. s. frv. Það má gera á þann hátt, að dýfa smágerðri þjöl ofan í benzín, sem eins mikið af gamfóru er bráðnað í og benzínið getur uppleyst. Með þessari þjöl er mögulegt að sverfa sundur gler. Þurfi maður að spengja glerílát, verður að dýfa bornum ofan í þessa blöndu, svo hann vinni á gleríð. Sé ekki benzín við hendina, má nota terpentinu í staðinn.

* * *

Það er all-erfitt, að hreinsa flöskur, sem olía eða önnur feiti hefir verið í. Samt er það mögulegt með því að fylla flöskuna með ösku, láta hana svo ofan í kalt vatn í potti, sem hitað er með hægð unz það sýður. Svo er flaskan látin sjóða hálfan klukkutíma í vatninu, og að því búnu er hún látin kólna niðri í því. Þegar hún er orðin köld, hellir maður í hana sápuvatni og skolar burtu öskuna eins vel og þarf, og svo er hún látin þorna.

Hefir þú borgað Heimskringlu?

Miðnætursól.

Ljósgjafans kjarni með lítskrúð frítt,
Ljómar við úthafsins sjónhvörf blátt,
Við miðnæturskeyð er þar mest um dýrð,
Á mildum hásumarstundum.
Þú voldugi sólhnöttur hugfró mér býrð,
Hrifinn eg lifi mig í þína mynd;
Hún greipist í roðans rós á hvern tind,
Og rjóðast í skrautblómalundum.

Djúp ljóssins speglast í dimmblátt mar,
Í draumavœrð samhljóma bylgjurnar þar,
Sólaldan fellur í sæbáruarm,
Í samstreymis blikperlukransi.
Hvíla þær ljúft með barm við barm,
Brosir þá ægir mót lífsins glóð,
Dumbrauða eldhafsins ilstrauma flóð,
iðar í hrannsogsins dansi.

Lífsbrunnur djúpi og ljósskraftsins stöð,
Líð þú að unnarbrjóstum glöð;
Hraða þér ei þitt huliðsmagn,
Hjarta mitt að þér dregur
Rafloga bjartari rennur vagn,
Á röðulteinum um heiðloftið blátt,
Mín undrandi sál mænir eftir þér hátt
Ardagsins gulllegi vegur.

Á snarbröttum hömrum við hyldjúpan sjá,
Hef ég oft dvalið og starað þig á
Augu mín teigað þá aflstrauma gnótt
Er í þínum geisladans kvikar
Heilög og vœrðrík er vordrauma nótt,
Vafin er bygðin í svefnhöfga þreytt,
Ilmbylgjan hefur sig um hana breitt,
Einn drekk eg sólskinsins bikar!

JÓHANNES STEFÁNSSON

THE DOMINION BANK
HORNI NOTRE DAME AVENUE OG SHERBROOKE STREET

Höfuðstóll uppborgaður: $4,000,000.00
Varasjóður - - - $5,400,000.00

Vér óskum eftir viðskiftum verzlunar manna og ábyrgumst að gefa þeim fullnægju. Sparisjóðsdeild vor er sú stærsta sem nokkur banki hefir í borginni.
Íbúendur þessa hluta borgarinnar óska að skifta við stofnun sem þeir vita að er algerlega trygg. Nafn vort er fullrygging óhluttleika. Byrjið sparí innlegg fyrir sjálfa yðar, komu yðar og börn.
H. A. BRIGHT, RÁÐSMAÐUR.

Vitur maður er varkár með að drekka eingöngu HREINT ÖL. Þér getið jafna reitt yður á
DREWRY'S
REDWOOD LAGER.
Það er léttur, freyðandi bjór, gerður eingöngu úr Malt og Hops. Biðjið ætíð um hann.
E. L. DREWRY, Manufacturer, Winnipeg

mánuðum seinna, til að rækja þá stöðu sem mér hafði heppnast að útvega honum."

"Þú hlýtur að vera mjög ánægður yfir því að skjólstæðingur þinn veitir þér jafn mikinn heiður og hann gerir," sagði Holm. "En," bætti hann við eftir stutta þögn, "eigum við ekki að tefla damm?"

Það var síðari hluti sunnudags að samtal þetta átti sér stað. Stofudyrnar stóðu opnar, og á einum bekknum úti í garðinum sáust systurnar fjórar, kappsamlega ræðaandi um þetta athugaverða ekkert, sem ungum stúlkum er svo gjarnt til að spjalla um.

"María," sagði Lotta mjög alúðleg, "hefir þú heyrt að Sjöholm ráðsmaður í Ódinsvík sé heitbundinn Heddu Falkmann.

"Hvernig veiztu það?" spurði Lovísa með dálitlum ákafa, því það var ekki laust við að hún væri sjálf að hugsa um Sjöholm.

"Anna H. sagði mér það," svaraði Ulla og brosti glettnislega, sem sýndi glögt að sagan var búin til í því skyni að striða systur hennar. "Að minsta kosti hafði Sjöholm dansað fjórum sinnum við Heddu á stóra dansleiknum, sem Ehrenstam hélt í vikunni sem leið."

"Hefir verið dansleikur í Liljudal?" spurði María með ákafa.

"Já, veiztu það ekki? Eg hélt að Isabella hefði sagt þér það, fyrst ykkur var ekki boðið."

"Isabella hefir ekki komið hingað í hálfan mánuð," svaraði María, sem var orðin alvarleg og þungbúin á svip. "Það er undarlegt.....Holm og ég höfum ávalt verið boðin þegar samkvæmi hefir verið í Liljudal.....þessu höfðingjafólki þykir eitthvað við okkur."

Unga konan þagnaði og var venju fremur dauf alt kvöldið, án þess hún gæti gert sér grein fyrir af

hverju það var. Það var eins og hana grunaði að eitthvert óhapp væri í vændum.

"Lovísa," kallaði nú presturinn innan úr stofunni, "farðu upp í herbergið mitt og taktu þar damm-taflið og komdu með það ofan til okkar, Og þú, Ulla, farðu út í eldhúsið til mömmu og vittu hvort hún á ekki ögn af öli til að gefa okkur. Þess er full þörf í þessum hita."

Báðar skipanirnar voru strax framkvæmdar, og skömmu síðar sátu þeir báðir, tengsafaðirinn og tengdasonurina rólegir við dammtaflið, og dreyptu við og við á ölinu.

Systurnar voru aftur seztar úti í stigaþrepin. Þær ógiftu héldu áfram að spjalla og spauga hlæjandi en María studdi hönd undir kinn og var þegjandi.

Alt í einu heyrðist skröltið í bændavagni sem var að nálgast. Systurnar þrjár litu í áttina þangað sem skröltið heyrðist.....þær sáu vagnan undir eins og jafnframt, það, að sá sem í vagninum ók mundi ætla til prestssetursins. Á sama augnablikinu þutu þær allar á fætur og inn í salinn.

"Pabbi, það kemur einhver maður akandi hingað. Það er eflaust Morits Sterner," sögðu þær allar í einu.

"Sterner!" kallaði presturinn hástöfum, með óvanalegu fjöri, um leið og hann slepti dammtöflunum og stóð upp. "Það verð eg að sjá."

Á sama augnabliki og presturinn kom út á pallinn, nam vagninn staðar í garðinum. Ungur maður stökk ofan úr vagninum, og án þess að segja eitt orð, fleygði hann sér í opna faðminn prestsins.

"Morits.....fili mi dilectissime!" tautaði gamli maðurinn með ánægjutár í augum sínum, "loksins sé eg þig þá aftur. Guð blessi þig fyrir það að þú hefir gert gamla kennaranum þínum heiður."

Hann strauk dökka hárið unglingsins til hliðar og kysti á háa, hvíta ennið hans.

"Ó, minn kæri ástfólgni kennari og faðir," sagði Morits, frá sér numinn af geðshræringu, "hvað ætli eg hefði orðið án þín."

"Þey, þey, talaðu ekki um það," sagði hinn eðallyndi prestur, um leið og hann lyfti upp hofði unglingsins. "Littu í kringum þig, hér eru fleiri sem vilja heilsa þér."

Húsmóðirin stóð með brosandi andlit á bröskuldinum. "Velkominn, Morits minn góður," sagði hún og rétti honum hendina, sem hann bar upp að vörum sér og kysti með lotningu. "Þú leyfir mér líklega að kalla þig skírnarnafni þínu eins og í fyrri daga, þó þú sert nu orðinn mikill maður?"

"En sú spurning," svaraði Morits í hlíðum ásakandi róm. "Verðskulda ég hana? — Og hérna," bætti hann við, um leið og hann sneri sér við, "eru æskuleiksystur mínar. En hvað þið eruð orðnar stórar. Þekkið þið mig aftur!?"

"Já," sögðu María, Lovísa, Lotta og Ulla, "við þektum þig strax, þó þú hafir vaxið mikið og sért fölari en fyrir átta árum síðan."

Systurnar tóku alúðlega í hendi hins fyrverandi leikbróður sins, og Morits var á þessu augnabliki miklu ánægðari heldur en hann var, þegar hann stóð á leiksviðinu og hrósið og blómin dundu yfir hann frá hinum fögru, skrautbúnu Stokkhólms stúlkum.

Honum fanst hann vera kominn heim, og fann að alúð sín var endurgoldin. Í þessari brennandi eyðimörku, sem kölluð er heimur, mundi ferðamaðurinn örmagnast, þrátt fyrir hinar geislandi tíðbrár sem mættu auga hans,ef hann ekki við og við endurnærðist af hinni hlýttakandi uppsprettu ástarinnar.

"Og þú, María," sagði Morits, þegar hann var búinn að heilsa, "þú hefir bundist þelhlýju sam-

bandi síðan við sáumst seinast.....Eg óska þér ævarandi hamingju af einlægum huga; þú hefir hlotið eðallyndan mann."

Um leið og Morits sagði þetta, leit hann upp og kom auga á miðaldra mann, sem stóð þar auðsjáanlega undrandi.

Það var naumast annað hugsanlegt, en að kannast við þessa andriku svipdrætti. Á þessu augnaoliki stjórnaðist Morits aðeins af þakklætistilfinninganni sem rikti í huga hans. Hann hraðaði sér til Holms og greip hendi hans, sem gerði Holm enn meira forviða.

"Ó, það er hann," sagði hann, og þrýsti hendi Holms að hjarta sinu. "Mér getur ekki skjátlað..... þessir eðallyndu andlitsdrættir, þessi blíðu augu.....ó, ég þekki þig aftur....."

"Hvernig stendur á þessu, meistari Sterner?" sagði Holm með vaxandi undrun. "Höfum við sést fyrri?"

"Já, en það er langt síðan."

Presturinn stóð með höndur í vösum, hjartanlega ánægður, og hlustaði á samtal þessara ungu manna.

"Mér finst líka," sagði Holmer, "að ég kannist við nafn þitt, en ég get ekki munað nær og hvar við höfum kynst."

"Ó, þú hlýtur að muna eftir litla, fátæka, grátandi drengnum, sem þú fyrir 14 árum síðan keyptir af Austur-Indversku postulínsbolla, eftir að nemandi þinn, Óeorg Ehrenstam, var búinn að brjóta annað bollapari?"

"Varst það þú?" sagði Holm viknandi. "Myndin af þessu vesalings barni hefir oft svífið fyrir hugskotssjónum mínum, en þar eð ég hafði gleymt nafni þínu, gat ég ekki spurt mig fyrir um þig.....Og nú er þetta fátæka barn frá lélega bóndakofanum orðið að manni, sem allir tala um. Þú hefir brotið þér braut

Th. Sod. Lamb:

UPPTÍNINGUR.

Ef vor háttvirti herra, Sir Wilfrid meinti eins vel og hann talar, eða efndi loforð sín eins vel og hann er máli farinn! —Ó, hvílíkan ágætis keiralumann vér ættum þá, sem hélti um stjórnaraumana í Kanada,

• • •

Lögberg heldur með Laurier, en Heimskringla með Borden.— Bæði eru skoðin góð! Meinið mesta er það, að báðir forkólfarnir hafa misyndismenn, í stjórnmálaflokkum sínum, sem hugsa meir um sinn eigin hag, en alþýðunnar; — utan þess, sem ástæða er til, að gruna þá báða, formennina, um grækzku.

• • •

SPURNING: Hver eru þau fjögur N,sem öll eiga sammerkt að einhverju leyti?

SVAR: Nibelheimur, Nikulás Rússakeisari,Niðurlagsfót og Norður-söfnuður.

• • •

Meðan góðskáldið vort, séra Mattías Jochumsson, þarf ekki að óttast neina samkepni frá skáldbræðrum sínum,þá sjáum vér ljómandi — reglulega glæsilega — ritdóma frá honum um verk þeirra. En ef einhver stendur honum jafnfætis á þúfu listarannar, þá er alt minna um hólið og fagurgalann;— aðeins ströng gagnsýning, í alvöru töluð!

• • •

Presturinn,séra Dudley C. Fosher, sem þjónaði söfnuði RYDER MEMORIAL UNIVERSALIST kirkjunnar í suðar-hluta Chicagóborgar, hefir nýskeð breitt sér í leikara, sem leikur sína " rullu " eins vel í leikflokkum þeim, sem hann vinnur fyrir, eins og hann áður gjörði í prédikunarstólnum. Maðurinn hlýtur að vera frjálslyndur enda segir hann svo sjálfur frá að þann tíma, sem hann hefir starfað við þetta nýja verk sitt, þá hafi hann ekki fundið ástæðu til að prédika yfir leikendum þeim, sem hann hefir unnið með. Hann segir ennfremur að sér líki þetta síðara starf sitt miklu betur en hið fyrra, og hann álítur, að þetta verk sitt gjöri fullkomulega eins mikið gagn og prestsverk sín. — Gaman væri — Nei, gagnlegt mundi það verða,að fáeinir íslenzku prestanna vildu breyta eftir herra Fosher, og feta á fótspor hans. Það myndi verða íslenzku þjóðinni, hér fyrir vestan hafið, meir til uppbyggingar, en alt það guðspjallarugl, sem þeir þylja upp úr sér á sunnudögum, sér til mikunar, en flestum til stórra leiðinda.

• • •

Víða er pottur brotinn með mjólkina hérna í Winnipeg.—Hún Katrín hérna var orðin svo þreytt á því að setja mjólkina, sem hún keyptiaf mjólkurmanninum sínum, í þrjú dægur, á þess nokku- rjóm sæist á yfirborði hennar (bara hún var orðin sór, eins og þið skiljið), að hún sagði svona rétt að gamni sínu (eða í gamni og alvöru, eins og gengur) við mjólkurmanninn:

„Já, heyrðu hérna kunningi sæll! Hvernig stendur á því að það kemur engin rjómi ofan á mjólkina frá þér, svo við verðum að súpa svart kaffið. Þið veiðið þó aldrei rjómann ofan af henni, áður en þið sendið hana til okkar?"

Svo sagði Katrín gamla. En hverju haldið þið að mjólkurmaðurinn hafi svarað?

"Mjólkin okkar er eigi nógu kostgóð, til þess að nokkur rjómi setjist ofan á hana — Í þrjú ár hefi ekki séð nokkurn rjóma á þeirri mjólk sem við höfum selt."

Gamla Katrín hristi höfuðið, en mjólkurmaðurinn ók í burtu.—

• • •

Öll hornsýli eru víst útdauð í Rauðánni, svo nú sjást aldrei silungsbröndur í mjólk Winnipegmanna, eins og mælt er í gömlum 'skröksögum" að hafi átt sér stað fyrr á tímum — En samt er mjólk in ekki of góð hjá öllum!

• • •

"Lifið er kalt og dimt eins og dauðinn-
þad dregur á eyrunum heimskann sauðin"

Kvað eitt skáldið vort, vestanhafs, hér um árið. Þeir, sem lesa íslenzku blöðin, sjá bezt, hvort þessar vísu-hendingar eiga ei sannan verustað hjá oss, þann dag dag

• • •

Svo lítið berst oss af „Upptíningi", nú á þessum síðustu og verstu tímum annríkisins, að Heimskringla verður að taka "hagslagða„ vora í lóðatali í reikning sinni Samningurinn var, að nokkur pund yrðu lögð inn í einu, og vonumst vér til, að góðfúsir nánngar hjálp til þess í framtíðinni.

Úr bænum

Mrs. M. J. Benedictson fór um síðustu helgi vestur að hafi. Bjóst við að verða þar vestra tveggja mánaða tíma til heilsubótar.

LUKKUÓSK

Mina hjartans lukkuósk ciga þessar línur að flera séra Bjarna Þórarinssyni og konu hans að Wild Oak P. O., Man., í tilefni af 25 ára giftingardegi þeirra niunda September, 1910.

Gamalt Sóknarbarn.

Herra N. Ottenson skrapp til Gimli á mánudaginn var, með nokkuð af sölubókum sínum. Útsölumaður hans þar er herra Guðmundur Erlendsson verzlunarmaður. Einnig hafa útsölu á bókum hans þeir Tómas Björnsson að Geysir og þeir Dalmann bræður í Selkirk. Ottenson er væntanlegur heim aftur í dag.

Þann 30. ág. síðastl. voru gefin saman í hjónaband af séra Guðm. Árnasyni, herra Jóhann B. Halldórsson og ungfrú Jónína Ólafsson Hjónavíxlan fór fram að heimili móður brúðurinnar Ingibjargar Ólafsson 806 Simcoe Str. að viðstöddum nokkrum vinum brúðhjónanna.

Þann 26. þ. m. ætar Kvenfélag Únitarasafnaðarins að halda samkomu. Á samkomunni verður leiknn stuttur gamanleikur, ræðuri haldnar og skemt með söng og hljóðfæraslætti, góðar veitingar á eftir prógraminu. Í næsta blaði verður nánari auglýsing.

Dominion Bankinn á horni Notre Dame Ave og Sherbrooke St. biður þess getið að nú vinni þar ungur Íslendingur (Ediwin G. Baldwinson) og að íslenzka sé þar því töluð til hægðarauka þeim viðskiftavinum, sem helst tala íslenzku.

Frá Árdal er ritað 6. þ. m.

„— — Nú eru þeir kaupmenn Shorvaldson og Sigurdson teknir að verzla í hinni nýju búð sinni hér á staðnum, birjuðu 1. þ. m. Búðin er 26X60 fet, öll gerð innan úr B. C. furu, Plate glass gluggar, gaslýst og gerð samkvæmt nýustu týsku. Þar verður verzlað með allar vörur sem gerast í General Stores og akuryrkjuverkfæri. Verz'anir þeirra félaga á Gimli og við Ísl. fljót eru þektar og reyndar að vönduðum vörum, og áreiðanlegum og sanngjörnum viðskiftum. Þeir kaupa vörur sínar í stórum stíl fyrir peninga út í hönd og geta látið viðskiftamenn sína njóta hagnaðarins af þeim afslætti sem þeir fá við þannig lagaða verzlun.

Sá sem vildi selja byggingarlóð á Iugersoll Stræti eða þar í grend, getur fengið kaupanda með því að heimsækja Hkr.

Mansöngur.

(úr Ólafs ríma Grænlendings.)

Veri signuð okkar átt,
auðgist hauðrið fríða,
beri tignarhvarminn hátt
heiða auðnin víða.

Fögur dregur móðurmold
muna handan sjáar.
Mögur tregar föðurfold,
fjalla strandir bláar.

Strauma kaldra brúast bil,
blásir skammur vegur;
drauma aldna túnsins til
taugin ramma dregur.

Skaflar háir, sollin sær
sýnist innri taugum.
Gaflar lágir, bursta bær
birtist minnis augum.

Kólga norðurs faðma fjöll,
fölvar strýkur grundir.
Ólga storðar fossaföll
fannabrikum undir.

Lampabrosin glitra glöð
gegnum dökka karma.
Glampa frosin húsahlöð,
hringa rökkurs arma.

Vakan ómar háreist hér
hurðu fyrir innan.
Stakan hljómar. Úti er
utandyra vinnan.

Harða stóðið étur jörð.
Jötu skallar hnoða,
Garðarfóðrið hníflar hjörð.
Hestur stallinn moða.

Saman bekkjast kona, karl,
kvæðamaminn heyra.
Gaman ekkert prúðan pall
prýðir annað meira.

Handa allra milli má
margvíst skoða tóvið,
bandakarlsins fléttu frá
frammi voðar þófið.

Stálið óðar þróttar þungt.
þrumulagi kveður.
Málið góða, altaf ungt,
allan bæinn gleður.

Engum stundin leiðist löng,
léttar mundin vinnur.
Löngum undir sagna söng,
sveitahrundin spinnur.

Spanga grundu altaf ei
ófrið sagan hermir.
Vanga stundum mjúkan mey
mansöngs baga vermir.

Situr stokkinn flóðið frítt
feimin undan litur,
flytur hnokkan, brosir blítt
blábþráð sundur slítur.....

Skiftast myndir. Draumur dvín.
Daprar sveitir hvíla.
Sviftast vindar. Líkhljóð lín
lágum reitum skýla.

Grundin fölnuð byrgja blóm.
Bleika gröfin þegir.
Undir Fjölnis dauða dóm
disin höfuð beygir.

Ljóði hijóðu illa er
okkar blóði farið.
Óði þjóðin hefir hér
helgar glóðir varið. —

Dýrra braga þrjóti þögn,
þjóðlög Íslands syngist.
Nýrra daga söngvum, sögn,
sveitavísan yngist.

Þjóðleg íræði orðum óðs
Eddu hending glæði.
Fróðleg kvæði listin ljóðs
lýðnum endurfæði.

Meðan álfur heimsins hátt
hefja efnis menning
héðan sjálfir æðri átt
andans steinum kenning.

Anda kraftinn hverri hrygð
Hallgríms kveði sálmar.
Landa aftur beri bygð
Breiðfjörð — eða Hjálmar.

Friður haldist. Blómgist bú.
Blessist frúar arinn.
Siður aldinn tengist trú,
tryggist hjúa skarinn.

— Kunni sögur Íslands ey.
Aldrei ljóðin gleymist.
Unni brögum marar mey
meðan þjóðin geymist. —

Falla tímans voldug verk,
varla falleg baga.
Snjalla ríman stuðla sterk
stendur alla daga.

Einar Benediktsson.

Minnisvarðar

úr málmi, sem nefndur er "White Bronze", eru fallegustu, varanlegustu og um leið ódýrustu minnisvarðar, sem nú þekkjast. Þeir eru óbrjótanlegir, ryðga ekki og geta aldrei orðið mosavaxnir, eins og steinar; ekki heldur hefir frost nein áhrif á þá. Þeir eru bókstaflega óbilandi og miklu fegurri en hægt er að gera minnisvarða úr steini (Marmara eða Granit). Alt letur er upphleypt, sem aldrei máist eða aflagast. Þeir eru jafn dýrir, hvort sem þér eru óletraðir eða alsettir letri, nefnilega: alt letur, og myndir og merki, sem óskað er eftir, er sett á fritt. — Kosta frá fáeinum dollurum upp til þúsunda. Fleirí hundruð tegundir og mismunandi stærðir úr að velja.

Þessir minnisvarðar eru búnir til af THE MONUMENTAL BRONZE CO., Bridgeport, Conn. Þeir, sem vilja fá nákvæmar upplýsingar um þessa ágætu minnisvarða, skrifi til undirritaðs, sem er umboðsmaður fyrir nefnt félag.

Thor. Bjarnarson,
BOX 304
Pembina - - N. Dak.

Dr. M. Hjaltason,
Oak Point, Man.

Anderson & Garland,
LÖGFRÆÐINGAR
35 Merchants Bank Building
PHONE: MAIN 1561.

Herra Jón Hólm, gullsmiður að 770 Simcoe St., biður þess getið, að hann selji löndum sínum gull- og silfur-muni og gigtarbelti. — Belti þessi eru óbrigðul við gigt, ef þau eru notuð samkvæmt fyrirskipunum Jóns. Kosta að eins dollar og kvart.

JÓN JÓNSSON, járnsmiður, að 790 Notre Dame Ave. (horni Toronto St.) gerir við alls konar katla, könnur, potta og pönnur fyrir konur, og brýnir hnífa og skerpir sagir fyrir karlmenn. — Alt vel af hendi leyst fyrir lítla borgun.

Giftingaleyfisbréf
SELUR
Kr. Ásg. Benediktsson
486 Simcoe st. Winnipeg

FRIÐRIK SVEINSSON
tekur nú að sér allar tegundir af húsmáling, betrekking, o.s.frv. Eikarmálning fljótt og vel af hendi levst. Heimili 443 Maryland St.

2 Bækur Gefins

FÁ NÝJIR KAUPENDUR AÐ HEIMSKRINGLU SEM BORGA $2.00 FYRIRFRAM, OG ÞESSUM BÓKUM ÚR AÐ VELJA :—

Mr. Potter frá Texas
Aðalheiður
Svipurinn Hennar
Hvammverjarnir
Konuhefnd
Robert Manton
og Leyndarmál Cordulu frænku —

Alt góðar sögur og sumar ágætar, efnismiklar, fróðlegar og spennandi. Nú er tíminn að gerast kaupendur Hkr. Það eru aðeins fá eintök eftir af sumum bókunum.

Heimskringla
P.O. Box 3083, Winnipeg

SUCCESS BUSINESS COLLEGE



HORNI PORTAGE AVE. & EDMONTON ST. WINNIPEG.

Kennir samhv. nýjustu aðferðum alskyns verzlunar fræði og Bankastörf. Einnig hraðritun og stýlritun. Betri verzlunarskóli eksi til í Vestur-Canada. kenslu stofur þar finst í borginni. Nemendur geta byrjað hvenar sem þeir óska. En kenslu tíma bilið bi.jað 1. Sept í dag.

Skrifið eftir upplýsingum eða símið MAIN 1664.

WINNIPEG BUSINESS COLLEGE.
STOFNSETT 1882

Helsti hraðritunar, Stýlritunar og verzlunar skóli í Canada.

Hlaut. 1 Verðlaun á St. Louis Sýninguni fyrir kenslu aðferð og sýnishorn vinnu.

Dag og nátt skóli

og sérstök tilsögn—Atvinna útveguð hæfum nemendum. Tilsögn veitt með pósti, ef óskast.

Skrifið oss eða Símið Main 45

WINNIPEG BUSINESS COLLEGE.
HORNI PORTAGE AVE. OG FORT ST. WINNIPEG, MANITOBA.

BÚÐIN Á SARGENT.

Kennið úngl ngunum að nota vel tíman Það gerist best með því að þau beri á sér vasa úr. Eg sel vönduð kvenn-úr f á $2.50 og upp. Eg sel $10.00 Kon-úr fyrir $6.00 þau eru í gullþynnu kössum, með ágætu gangverki ábyrgð fygir hverju úri.

Drengja úr sel eg fyrir $1.25 og þar yfir.

G. THOMAS Gull og Silfur Smiður
674 Sargent Ave. Phone Sherb. 2542

Manitoba á undan.

Manitoba hefir víðáttumikla vatnsíleti til upp gu'un r og úr fellis. Þetta, hið nauðsynlegasta frjogunarssilyrði, er því tryg.

Ennþá eru 25 miljón ekrur óbygðar.

Íbúatal fylkisins árið 1901 var 225,211, en er nú orðið um 500,000, sem má teljast ánægjuleg aukning. Árið 1901 var hveiti og hafra og bygg framleiðslan 90,367,085 bushela; á 5 árum hefir hún aukist upp í 129,475,943 bushel.

Winnipeg borg hafði árið 1901 42,240 íbúa, en hefir nú um 150,000; hefir nálega fjórfaldast á 8 árum. Skattskildar eignir Winnipegborgar árið 1901 voru $23,405,770, en árið 1908 voru þær orðnar $116,106,390. Hoiðu meir en þrefaldast á 7 árum.

Flutningstæki eru óviðjafnanleg,— í einu orði sagt, eru í fremsta flokki nútiðartækja: Fjórar þverlandsbrautir liggja um fylkið, fullgerðar og í smíðum, og með miðstöðvar í Winnipeg. Í fylkinu eru nú nálega 4 þúsund milur af fullgerðum járnbrautum.

Manitoba hefir tekið meiri landbúnaðarlegum og efnalegum framförum en nokkurt annað land í heimi, og er þess vegna ákjósanlegasti aðsetursstaður fyrir alla, af því þetta fylki býður beztan arð af vinnu og fjárileggi.

Skrifið eftir upplýsingum til: —

JOS. HARTNEY, 77 York Street, Toronto, Ont.
JOS. BURKE, 178 Logan Avenue, Winnipeg, Man.
A. A. C. LaRIVIERE, 22 Alliance Bldg., Montreal, Quebec.
J. F. TENNANT, Gretna, Manitoba.

J. J. GOLDEN,
Deputy Minister af Agriculture and Immigration, Winnipeg.

ALDREI SKALTU geyma til morguns sem hægt er að gera í dag. Pantið Heimskringlu í dag.

Þegar þér Kaupið

PIANO

Þá farið til áreiðanlegs félags Vér seljum best gerð hljóðfæri, svo sem HEINTZMAN & CO. Weber, og mörg önnur á verði sem er sanngjarnt.

J. J. H. McLean & Co LIMITED

J. W. Kelly. J. Redmond, W. J. Ross

Cor Portage Ave. & Hargrave Phone: Main 808.

Fréttir úr bœnum.

Á samkomu þessari var mjög hlýlega mælt til Mrs. Búason og félagskonu hennar, og þeim færðar þagnaðar og lukkuóskir í tilefni af þeim miklu framförum se bindindismálið hefir tekið, ekki aðeins í Manitoba fylki heldur einnig í öllu Canada veldi, og þess getið að skýrslur sýni að Canada búar neyti minna víns en nokkurt annað Brezkt þjóðfélag, og að þar einnig væru færri ölæðisglæpir framdir en í öðrum hlutum Brezka veldisins. Þetta væri bein afleiðing af því að í Canada væru vinnautnar tækifærin minni en annarstaðar, sem sýndi sig með vinbannslögum Nova Scotia fylkis og sveita vinbanns í mörgum stöðum í Manitoba og Ontario fylki, og í Quebec og New Brunswick, og sívaxandi áhuga Canadamanna að útbola algerlega víni úr landi þar, Sú ósk var samþykt á þessari samkomu að heimsókn Mrs. Búason og Miss Oddson til stúknanna í Evrópu megi ekki aðeins verða hvatning til Góðtemplara í Evrópu að inna verk sinnar köllunar með vaxandi áhuga og vaxandi árangri fyrir góðtemplara málefnið, heldur einnig megi þessir heiðursgestir styrkjast að heilsu og starfsþreki við Evrópu ferð sína, svo að þær fái framvegis starfað með auknu afli að útrýming vinnautnarinnar úr löndum heimsins.

Mrs. Búason svaraði með lipurri og fróðlegri ræðu og svo segja blöðin, "The Norwood Weekly Herald" og "General Advertiser," að hún hafi gefið nákvæmt yfirlit yfir bindindis starfsemina í Canada og sérstaklega í Manitoba, þar væri stöðug fjölgun þeirra, sem aðhyltust bindindið og störfuðu að útbreiðslu þess. Meðal innlytjenda væru og margir góðtemplarar sem ótrauðir tæki þátt í starfinu er þeir væru seztir að í landinu.

Mr. og Mrs. H. S. Hilman, að 32 Hill St., Norwood, urðu fyrir þeirri sorg að missa 7. þ. m. 9 mánaða gamlan son þeirra, Alexander Otto, að nafni. Yngilegasta barn. Hin svonefnda hitatæring varð honum að bana.

Herra Sigurður Holm að Roleau í Sask. var hér í korg í s. l. viku. Hann hefir á síðari árum dvalið vestur á Kyrrahafsströnd. En á síðasta ári í N. Dak. Nú hafa synir hans tekið lönd í Sask. En sjálfur hefir hann bújörð að Roleau.

Mrs. Guðrún Búason, alheims varatemplar, og ritari stórstúku I.O.G.T. í Manitoba, og ungfrú Óföf Oddson, báðar frá Winnipeg, þáðu mikið heiðurssamsæti þann 10. Ágúst s. l. hjá "Hope of Norwood" Good Templars stúkunni, No. 780, í Englandi.

ANCHOR BRAND HVEITI

er bezta f anlegt mjöl til nota f heimahúsum og annarstaðar. Það er gert úr No. 1. Hard HVEITI eftir nýustu aðferðum.

Sími 4326 eftir söluverði þess.

Leitch Bros.
LOUR MILLS
Winnipeg skrifstofa
240 4 GRAIN EXCHANGE

Herra C. J. Panser, um mörg ár Road Master C. P. járnbrautarinnar fanst örendur í rúmi sínu hér í borg á föstudaginn var. Hann var 64 ára gamall og hafði verið 28 ár í þjónustu C. P. R. félagsins. Panser var Svenskur að uppruna og góður drengur.

Frá Íslandi komu í s. l. viku herra Elías Magnusson, bóndi úr Bolungarvík í Ísafjarðarsýslu með konu og 3 börn þeirra hjóna og vinnukonu. Myndarmaður og sæmilega efnaður. Hann fór til Baldur, Man., til aðseturs þar fyrst um sinn. Einnig urðu þeim hjónum samferða ungur maður og ung stúlka, bæði einhleip. Svo kom og Húsfrú Ingibjörg Helgadóttir — Helgasonar söngfræðings, með barn. Maður hennar, Einar Teitson dvelur vestur á Kyrrahafs strönd, í Seattle, en konan ætlar að dvelja um stund hjá frænda sínum Helga Jónassyni í Norwood, áður en hún heldur áfram ferðinni vestur. Í fréttum sagði Elías mjög stirt tíðarfar á Vesturlandi og grasbrest þar, og deyfð mikla í öllu viðskiftalífi.

Úr bréfi frá Seattle, 31. Ágúst: "Hér fyrir skömmu andaðist Júlíus Adolph Sumarliðason, (gullsmiðs Sumarliðasonar) að heimili foreldra sinna sem nú eru skamt frá Olympia, hér í ríkinu. Hann var um tvítugt og mjög vel látinn af öllum er þektu hann. Sjúkdóm sinn hafði hann borið með mestu þolgæði, en það var brjósttæring. Hafa þau Sumarliðason hjónin nú mist 3 uppkomin börn sín úr þeirri voða veiki, og öll hin mannvænlegustu. Má það heita djúpt höggvið. Jarðarförin fór fram hér í Seattle, að viðstöddum fjölda fólks. Séra Jónas A. Sigurðsson flutti líkræðu, en líkið síðan brent, og hafði hinn látni óskað þess."

ÚTÁSETNING

Flest sem ég geri, ég segi það satt,
sýnist einn alsherjar snagi.
Þar útásetningin hengir sinn hatt,
og helfingin færir úr lagi.

Innlendur málsháttur á hér við, á Íslenzku set ég hann bara:
"Þér ef að ekki þóknast mitt hlið,
um það ert ei beðin að fara."

Guðjón Hjaltalín.

Dr. Andrews Smith í Toronto er nýlátinn. Eftirskildi 600 þús. dollars virði í góðum og gildum eignum. Nokkrum líknarstofnunum þar í borg hafði hann í erfðaskránni gefið smá gjafir—svo sem þúsund dollars hverri. En hávaðann af auðæfunum fengu börn hans og ekkja.

Akuryrkjumáladeildin í Manitoba hefir beðið Hkr. að minna alla þá sem eiga þreskiúthald og starfa með þeim að grein 16 í "The Threshers Lien Act" taki það fram að eintak þeirra laga skuli jafnan fest við hverja þreskivél meðan unnið sé með henni hér í fylkinu, og að það sé skylda þess er með vélinni vinnur að sjá um að þessu sé framfylgt, að viðlögðum $10 sektum, og að hver sá sem eyðileggur eða slítur burt af vélinni þessi lög skal sæta sömu sektum. King's Printer, herra James Hooper gefur hverjum þreskivéla eiganda eintak af lögum þessum þegar hann er beðinn um þau.

ENDURSENDING.

Meðal spkmæla Heimskringlu stóð fyrir stuttu þetta: "Karlar geta verið þögulir meðan lifa, en konur ekki fyr en þær eru dauðar."

Við munar sendum þessa staðhæfingu heim aftur og biðjum þennan kvenna góða að geyma hana hjá sér þar til hann hefir sýnt að hann geti sannað hana.

Hafa nú karlar ástæðu til að kvarta yfir lausmælgi kvenna? Mega þeir ekki öllu heldur þakka fyrir að við segjum ekki meira og eru ekki karlar í flestum tilfellum nægilegt tilefni til mælgi okkar. Það þarf þrek til að bindast orða yfir orðum þeirra og gerðum gagnvart okkur konum.

R. J. Davidson.

Þann 18. Ágúst s. l. andaðist að heimili sínu í Marietta bæ í Washington ríkinu á Kyrrahafsströnd, Hannes Benjaminson Blöndal, rúmlega fimtugur að aldri. Brjóstveiki, sem hann hafði þjáðst af um mörg liðin ár varð honum að bana. Konu sína var hann búinn að missa fyrir tæpum mánuði. Hans verður nánar getið síðar.

Herra Gestur Johannson frá Poplar Park var hér á ferð í s. l. viku. Hann sagði grassprettu góða í sinni bygð.

Skemtisamkoma

Næstkomandi Þriðjudagskvöld 20. þ. m. hefur Djáknanefnd Tjaldbúðarsafnaðar skemti samkomu Ágóðanum varið til hjálpar bágstadri fjölskyldu byrjar kl. 8. inngangur 25c. fyrir fullorðna, 15c. fyrir börn yngan 12. ára.

PRÓGRAM

1. Pfanó Solo. Miss A. Gilbertson
2. Upplestur. Miss G. Sigurðson
3. Vocal Solo, Miss G. Vigfússon
4. Kvæði, Mr. S. E. Björnson
5. Söngur, nokkrar ungar Stúlkur
6. Ísl. Quartette, nokkr. ung. Piltar
7. Upplestur, Mr. Jóh. Vigfússon
8. Solo, Mrs. A. Johnson
8. Ísl. Þjóðlag, nokkrir ung. Piltar
10. Solo, Mr. Alex. Johnson

Skemtisamkoma í Tjaldbúðinni 20 þ. m. næstkomandi þriðjudagskveld undir umsjón Djknanefndarinnar, til hjálpar bágstaddri famelíu. Prógram auglýst á öðrum stað í blaðinu, hlynnið að góðu málefni og fjölmennið á þriðjudagskveldið. Programið mælir með sér.

ELLIÐI.

Herra N. Ottenson í River Park hefir til sölu steinprentaða mynd af gömlu Rorrænu víkingaskipi, sem nefnt er Elliði. Sjálf myndin er 14 x 20 þuml. en spjaldið sem hún er prentuð á er 22 x 28 þuml. Myndin sýnir skipið á ferð. 32 menn eru undir árum og sýnir 16 skildi á borð. Í staðinn er mikill maður með horn í hendi; annar er sýndur við stýrið og sjálfur skipsherran eða víkinga foringinn stendur í hiftingu rétt innan við sporð drekans. Fagurt dreka höfuð með gýnandi trjónu er framan á skipinu og upp úr drekahöfðinu er gunnfáni á stöng. Alt er skipið hið fegursta og menn allir sýndir brynjaðir með stálhjálma á höfðum og spjót við hvers mans hlið meðan þeir róa. Myndin er skrautlituð. Nokkur eintök eru til sölu og kosta einn dollar hvert. Sýnishorn á skrifstofu þessa blaðs. Myndin verður send postfritt hverjum kaupanda út um landið hvort heldur í Canada eða Bandaríkjunum. Peningar fylgi öllum pöntunum.

SKÝRSLA.

um ársfund deildar hins Íslenzka Bókmentafélags í K.höfn 1910.

Ársfundur deildarinnar var haldinn þann 20. Ágúst 1910. Á fundi voru 25. Forseti skýrði frá fjárhag deildarinnar og lagði fram endurskoðunar reikning, er sýndi tekjur á árinu als 4976 kr. 26 aura, gjöld 4377 kr. 18 aura. Sjóður deildarinnar var í árslok 23500 kr. Reykningurinn var samþykktur umræðulaust. Forseti skýrði enfremur frá, að félagið hefði sent krans á kistu Björnstjerne Björnsons. Þá skýrði forseti frá bókaútgáfu félagsins. Reykjavíkurdeildin hefði gefið út: Skírnir 84 árg. og Sýslumannaæfir Boga Benediktssonar IV. b. 2 h. og Íslenzkt fornbréfasafn IX. 2; Hafnardeildin hefði gefið út Safn til Sögu Íslands IV. 4, Íslendingasögu eftir B. Th. Melsted II. 4, og Lýsing Íslands eftir þorv. Thoroddsen II. II. 2. Næsta ár yrði hér í deildinni eingöngu gefin út áður samþykkt rit. Reykjavíkurdeildin hefði í hyggju að gefa út ævi Jóns Sigurðssonar, og var samþykkt að Hafnardeildin borgaði alt að helmingi af útgáfukostnaðinum. Í stjórn voru endurkosnir forseti prófl. þorv. Thoroddsen, féhirðir Gísli Brynjólfsson, læknir, skrifari, Sigfús Blöndal, undirbókavörður við kgl. Bókasafnið, og bókabörður Pétur Bogason, læknir. Í varastjórn voru þeir endurkosnir: varaforseti mag, B. Th. Melsted, varaféhirðir stórkaupmaður þor. E. Tulinius, varaskrifari cand. jur. Stefán G. Stefansson og varabóka vörður Jónas Einarsson, cand. polit. Endurskoðunarmenn voru kosnir þeir Stefán Jónsson, stud. med. og Oddur Hermannsson, stud. jur. Að lokum voru 14 nýir félagar teknir inn.

TAPAST HEFIR,

Eg, undirrituð tapaði kven Sable fur kraga í brúðkaupsveizlu að Marshland Hall, að kveldi 3. Ágúst s. l. Finnandi er beðin að skila honum til Mrs. Johnson, Marshland, Man.

Jónasína Guðmundson.

Tombóla.

Stúkan Skuld hefir ákveðið að halda stóra Tombólu 3. okt. n. k. Þá verður EINN DRÁTTUR — allskonar skemtilegt program og KAFFI — alt fyrir kvart. Munið tíman og staðinn. Nánar auglýst síðar.

PÁLL BERGSSON, 564 Simcoe St., biður þá að finna sig er vilja selja hús og lóðir, eður kaupa, einnig þá, sem þarfnast að fá leigð hús eður sérstök herbergi. Hann býst við að þurfa ekki að láta ykkur hlaupa neina snuðferð.

Í kappreiðum verkamanna í River Park á laugardaginn var, vann landi vor H. Goodman tveggja og fimm mílu hjólreiðarnar á móti öllum keppinautum, hina fyrri á 5 mínutum 41⅜ sekunkum, hina síðari á 14 mínútum, 41¾ sekundum.

Svo margar og meinlegar prentvillur voru í kvæðinu Miðnætursól sem birtist í síðasta blaði, að það er birt á ný í þessu blaði með leiðréttingum.

Góðar stöður.

Geta ungir, framgjarnir menn og konur fengið á járnbrauta eða loftskeyta stöðvum.

Síðan 8 kl. stunda lögin gengu í gildi og síðan loftskeyta fregusending varð útbreidd þá vantar 10 þúsund telegraphers (fregnsendla). Launin til að byrja með eru frá $70 til $90 á mánuði. Vér störfum undir umsjón telegraph yfirmanna og öllum sem verða fullnuma eru ábyrgðar atvinnustöður.

Skrifið eftir öllum upplýsingum til þeirrar stofnunar sem næst yður er. NATIONAL TELEGRAF INSTITUTE, Cincinatti, Ohio, Philadelphia, Pa., Memphis, Tenn., Columbia, S. C., Davenport, Ill., Portland, Ore.

Jónas Pálsson

Piano og tónfræðis kennari byrjar aftur kennslu fyrsta Sept. n. k.

Hann býr nemendur undir próf við Toronto University, sem er bezta og áreiðanlegasta menta stofnun þessa lands.

Margir af nemendum J. P. eru farnir að kenna sjálfir nú þegar og farnast vel.

ÁRITUN: 460 Victor St.
WINNIPEG
Talsími Sherbrooke 1179

TIL LEIGU.

3 ágæt herbergi með ljósi og vatni, að 907 Selkirk Ave. 15 á mánuði. Th. Johnson.

DANS.

Nokkur ungmenni í Stúkunni Heclu ætla að hafa bögglasölu og dans í Goodtemplarasalnum efri þann 19 þ. m. kl. 8. að kveldi — Johnson's Orchestra spilar.

Inngangur 25c.

Miss Jóhanna Olson.

Piano kennari, byrjar aftur að veita nemendum tilsögn að heimili sínu 557 Toronto St.

Dr. G. J. Gíslason,
Physician and Surgeon
18 South 3rd Str., Grand Forks, N. Dak
Athygli veitt AUGNA, EYRNA og KVERKA SJÚKDÓMUM. ASAMT INNVORTIS SJÚKDÓMUM og UPPSKURÐI. —

J. T. STOREY S. DALMAN

Your Valet

HREINSAR, PRESSAR, GERIR VIÐ OG LITAR FATNAÐ.

Alt ágætlega gert. Komið því með fötin til okkar.

690 NOTRE DAME AVE.
TALSÍMI MAIN 2798

Brunskill's
Nýtýzku
KJÖTSÖLUBÚÐ
717 SARGENT AVE.

selur beztu kjöttegundir með lægsta verði, og óskar eftir viðskiftum Íslendinga. — Mr. Brunskill hefir verzlað 5 ár í vesturbænum, og er þektur sem hreinskiftinn verzlari. — Peningum skilað aftur, ef varan reynist ekki ágæt í alla staði.

Sherwin-Williams PAINT
fyrir alskonar húsmálningu.

Þrýðingar-tími nálgast nú. Dálítið af Sherwin-Williams húsmáli getur prýtt húsið yðar utan og innan. — Brúkið ekker annað mál en þetta. — S.-W. húsmálið málar mest, endist lengur, og er áferðarfegurra en nokkurt annað hús mál sem búið er til. — Komið inn og skoðið litarspjaldið. —

Cameron & Carscadden
QUALITY HARDWARE
Wynyard, · Sask.

Atvinna.

Okkur vantar fáeina duglega umboðsmenn í hinum íslenzku bygðum í Manitoba og Norðvesturlandinu til að selja Stereoscopes og myndir. Sendið 75c fyrir umboðsmanna áhöld.

Arnason & Son.
8-4 Churchbridge, Sask.

A. S. BARDAL
Selur líkkistur og annast um útfarir. Allur útbúnaður sá bezti. Enfremur selur hann al skonar minnisvarða og legsteina.
121 Nena St. Phone 306

TIL SÖLU:

160 ekrur af bezta landi. stutt frá járnbrautarstöð. — Fyrsti maður með $7.00 fær hér góð kaup. — Finnið

Skúli Hansson & Co.
47 Aikens' Bldg.
Talsími. Main 6476 P. O. Box 833

"Kvistir,"

kvæði eftir Sig. Júl. Jóhannesson, til sölu hjá öllum íslenzkum bóksölum vestanhafs. Verð: $1.00.

GEO. ST. JOHN VAN HALLEN
Málafærzlumaður
Gerir öll lögfræðis störf
Útvegar peningalán
Bæjar og landeignir keyptar og seldar, með vildarkjörum.
Skiftiskjöl $3.00
Kaupsamningar $3.00
Sanngjörn ómakslaun
Reynið mig
Skrifstofa 1000 Main St.
Talsími Main 5142
Heimils talsími Main 2357
WINNIPEG

MARTYN F. SMITH,
TANNLÆKNIR.
Fairbairn Blk. Cor Main & Selkirk
Sérfræðingur í Gullfyllingu og öllum aðgerðum og tilbún aði Tanna. Tennur dregnar án sársauka. Engin veiki á eftir eða gómbólga. —
Stofan opin kl. 7 til 9 á kveldin
Office Phone 6944. Heimilis Phone 6462

Þarft þú ekki að fá þér ný föt?

EF ÞAU KOMA FRA CLEMENT'S, — ÞÁ VERÐA ÞAU RÉTT

Réttur að efni, réttur í sniði réttur í áferð og réttur í verði.

Vér höfum miklar byrgðir af fegurstu og beztu fataefnum. —

Geo. Clements & Son
Stofnað árið 1874
264 Portage Ave. Rétt hjá Free Press

Th. JOHNSON
JEWELER
286 Main St. Talsími: 6606

Sveinbjörn Árnason
Fasteignasali.
Selur hús og lóðir, eldsábyrgðir, og lánar peninga. Skrifstofa: 310 McIntyre Blk.
office TALSIMI 4700. hús TALSIMI 2108

G. NARDONE
Verzlar með matvöru, aldini, smá-kökur, allskonar sætindi, mjólk og rjóma, sönul. tóbak og vindla. Óskar viðskifta Íslend. Heitt kaffi eða te á öllum tímum. Fón 7756
714 MARYLAND ST.

Boyd's Brauð

Alt af hin sömu ágætu brauðin. Það er ástæðan fyrir hinni miklu sölu vorri. — Fólk veit það getur reitt sig á gæði brauðanna. Þau eru alt af jafn lystug og nærandi. Biðjið matsala ykkar um þau eða fónið okkur.

Boyd's
Bakery Cor. Spence & Portage Ave
Phone Sherb. 680

BILDFELL & PAULSON
Union Bank 5th Floor, No. 520
selja hús og lóðir og annast þar að lútandi störf; útvegar peningalán o. fl.
Tel.: 2685

Jónas Pálsson,
SÖNGFRÆÐINGUR.
Utvegar vönduð og ódýr hljóðfæri
460 Victor St. Talsími 6803.

BONNAR, TRUEMAN & THORNBURN,
LÖGFRÆÐINGAR.
Suite 5-7 Nanton Blk. Tals. 766
Winnipeg, Man. P.O.BOX 223

DR. H. R. ROSS
C.P.R. meðala- og skurðlækuir.
Sjúkdómum kvenna og barna veitt sérstök umönnun.
WYNYARD, — SASK.

The Evans Gold Cure
229 Balmoral St. Stmi Main 797
Varanleg l kning við drykkjuskap á 28 dögum án nokkurrar tafar frá vinnu eftir fyrstu vikuna. Algerlega privat. 16 ár í Winnipeg. Upplýsingar í lokuðum umslögum.
Dr. D. R. WILLIAMS, Exam. Phys
J. L. WILLIAMS, Manager

W. R. FOWLER A. PIERCY.

Royal Optical Co.
307 Portage Ave. Talsími 7286.
Allar nútíðar aðferðir eru notaðar við augn-skoðun hjá þeim, þar með hin nýja aðferð, Skugga-skoðun, sem gjöreyðir öllum ágiskunum. —

Heimskringla.

XXIV. ÁR | WINNIPEG, MANITOBA, FIMTUDAGINN, 22. SEPTEMBER 1910 | NR. 51

Fregnsafn.

Markverðustu viðburðir hvaðanæfa.

— William Randolph Hearst, hefir nýlega símað frá Paris til blaða sinna í New York, að hann skuli fylgja Roosevelt að málum með öllum því afli sem hann eigi ráði á, í árásum hans á einokunarfélögíBandaríkjunum:meðalannars segir hann!— "Komdu til New York,herra Roosevelt og gágtu ein lægleg í berhögg við auðmagnið. Vérháðumennirnir erum að skerpa hér axir vorar undir bardagan, það er engin öfundsýki í hérbúðum vörum hérbúðum, oss er sama hver fyrirliðin er ef aðeins hann leiðir í retta átt. Oss er sama hver heiðurin hlytur, ef aðeins fólkið vinnur sigur. Rektu Republican bosses út úr Republicana flokknum,herra Roosevelt,og ef nokkur þeirra fer yfir í Democrata flokkin, þá eru 50 þús. óháðir menn til þess að fylla skarð þeirra, og ef Barnes Aldridge eða Woodruff, allir 3 fara yfir til Democrata, þá höfum vér 150 þús. óháða menn til að fylla þeirra skarð. Vér höfðum það mörg atkvæði við síðustu kosningar, herra Roosevelt,og vér getum aftur haft eins mörg, — og fleiri."

—Crippen morðmálið í Englandi er á fallanda fæti Krúnan hefir hætt við morðkæruna á hendur LeNeve stúlkuni, og sérfræðingar þeir sem skoðað hafa leifar þær af líkinu er fanst í kjallaranum undir húsi Crippens geta ekki sagt hvort þær séu af karli eða konu.

— Feikna mikið kolasvæði hefir fundist hjá Cooks Inlet í Alaska, þar eru sagðar óþrjótandi byrgðir af ágætum kolum.

— Nýjustu skýrslur sýna að sl. ári voru 100 miljón Cigarettur reyktar í Canada umfram það sem var, árinu næst á undan. Þrátt fyrir öflugar aðvaranir allra lækna landsins um að reykja ekki Vindlinga af því það væri óhollara en nokkur önnur reykingar aðferð.

— Feikna mikið kolasvæði hefir fundist við Breslau ána hjá Edson, vestur frá Edmonton. Kolin hafa verið rannsökuð suður í Pennsylvania og reinst að vera fgildi kola þeirra er þar fá-t.

— Frézt hefir að auðug járnnáma hafi fundist í grend við Fisher River hér í fylkinu og að þar sé hreinust járnæð, þeirra er fundist hafa í Canada.

— Kóleru sýkin í Rómaborg fer í vöxt 20 manns sýkjast og 8 mans deyja úr henni á dag.

— Kosningar í Maine ríkinu þann 12. þ. m. veittu Democrats algerðan sigur yfir Republicans. Ríkið hefir verið stránglega Republican í 40 ár. En nú snerist það til Democrata, bæði í ríkisstjóra og þingkosningunum.

— Ný afstaðið 44 þús. manna verkfall í kolanámum í Illinois ríkinu sem leitt var til lykta 8 þ. m. gerði verkamönnum 12 miljón dollars inntektatap. En náma-eigendum 15 miljón dollars tap á verzlunar hagnaði, sem þeir hefðu fengið á tímabilinu sem verkfallið stóð yfir,hefði það ekki orðið.

— Gamli James J. Hill, ávitar auðmenn Bandaríkjanna harðlega fyrir hugleysi það sem þeir sýni í því að þora ekki að leggja fé sitt í ný iðnaðar, verzlunar og önnur gróða fyrirtæki. Hann segir að nú sé hentugur tími til þess að koma slíkum stofnunum á fót og að það sé hreinasta vitleysa fyrir auðmenn að vera rægir til framkvæmda.

— Svensku stjórninni stendur stuggur af útflutningi þúsunda manna árlega til bandaríkjanna Þess vegna hefir hún gert út erindreka sem nú eru komnir til Bandaríkjanna til þess að reyna að telja um fyrir landsmönnum sínum og fá þá til þess að flytja heim aftur til Svíaríkis. Þessir sendimenn bjóða að lána hverjum þeim far gjald sem ekki getur öðruvísi komist heim aftur.

— Páfin er mælt að tekið hafi ógleði mikla út af uppreist þeirri sem Spánn hefir nýlega gert gegn veldi hans í málum kirkjunnar. Frakkar gengu úr greipum Pafa nýlega og er Spánn að feta í sömu sporin þetta hefir haft svo íll áhrif á karl sauðin að hann hefir tekið hættulega sýki. Þrir læknir eru stöðugt yfir honum og óttast um líf hans ef hann hætti ekki tafarlaust allri afskiptasemi af málum kirkjunnar, og allri annari andlegri starfsemi,

— Feikna mikið stórhysi er nota skyldi fyrir sýninga höll á sýningar svæði einn í Belgíu féll til grunna á fimtudagin var og biðu nokkrir menn bana við það og margir særðust. Húsið var ekki fullgert.

— Yfir 500 mans liggja í taugaveiki í Toronto borg. Illu vatni og illri mjólk er kent um ástand þetta. sýkin útbreiðist stöðugt um borgina.

— Baron Rothchild hefir leigt Loftfar Zeppelíns greifa til þess að skemta nokkrum kunningjum sínum í því. Hann borgar $250.00 um kl. stund fyrir not þess.

— Þau $17,500 virði af Silfri sem nýlega var stolið úr Nova Scotia námunni í Cobalt heraðinu, hefir fundist. Sex vóru þjófarnir, allir fundnir. Tveir þeirra hafa meðgengið, fjórir eða fimm vóru verkamenn félagsins. Þaraf tveir verkstjórar, og einn Hotel haldari þar í héraðinu.

— Franskt vöruflutninga gufuskip var nýlega hætt komið á Atlanshafi Það sigldi frá New-York 29 Ágúst með full fermi og 16 far þega á leið til Frakklands, en 1. Sept. kviknaði í flutningnum í lestuni, þá var skipið skamt komið leiðar sinnar. En samt hélt það áfram en allir um borð urðu að vinna uppihaldslaust nótt og dag í 12 sólarhringa að því að slökkva eldin þar til skipið náði höfn á Frakklandi 13. þ. m. og var þá eldurin enþá lifandi.

— Erfðaskrá Dr. Goldwin Smith sem fyrir nokkru lést hefir verið opinberuð, og sýnir að maðurinn atti 832 þús. dollars virði í eignum. Af þessu hefir hann gefið Cornell University í Bandaríkjunum 800 þús, dollara, en afgangnum er skift milli þjóna þess látna og tveggja mannúðar stofnana í Toronto borg.

— Roosevelt hefir brynjað sig til bardaga og andmælir stefnu Tafts forseta í ýmsum atriðum, það er alment álitið syðra að þetta tilræði hans muni veita Democrötum sigur við næstu forseta kosningar þar syðra.

— Stór hópur Bánka eigenda og bánka stjóra, frá Bandaríkjunum eru um það bil að ferðast um Vestur Canada til þess ,að athuga ástandið hér. Þeir ferðast í 8 járnbrautarvögnum og er ferðin gerð með þeim ásetningi að verja hér fé í landa kaup og í verzlunar og iðnaðar stofnanir, ef þeim líst gróða vænlega á landið sem ekki þarf að efa. Meðal annars ætla þeir að dvelja nokkuð í Winnipeg borg og verja fé hér í lóðakaup þar sem þeim lýst vænlegast.

— Akuryrku deild Ottawa stjórnarinnar hefir með skyrslu 13. þ. m. gefir yfirlit yfir væntanlegu uppskeru þessa árs. Með samanburði við uppskeru síðasta árs. Áætlar uppskeru alríkisins af hveiti höfrum og byggi er 445½ miljén bushela. Það er 129 miljón minna en á síðasta ári. Þurkarnir í Vestur Canada í júlí sl. segir skyrslan að hafi eiðilagt fimtúng hveiti uppskerunnar, fjórðúng hafra og þriðjúng bygg uppskeranunnar. Í þremur Vestur fylkjunum Man. Sask, og Alb. er uppskeran áætluð 100 miljón bush. hveiti,92miljón bush. hafra og nálega 15 millón bush. byggi, það gerir meðal tal af ekru af hveiti nálega 15¼ bush. en 28 af höfrum og 21¼ bush. að byggi af þeim ökrum sem slegnir verða.

— Hagskyrsla C.P. Ry. fél. fyrir sl. ár fram að 30. júní sýnir að inntektir félagsins voru als nálega 95 miljón dollars, útgjöldin rúml. 61 miljón, og gróði hartnær 34 miljónir, Félagið seldi og lönd á árinu fyrir 14½ miljón dollars.

— verkfræðingur Kjögx hefir gefið til kynna að hann ætli á næsta vetri að gera tilboð um ný rafljósa Akureyri með vatnsafli úr Glerárfossi. Enþá hefir hann ekki mælt afl fossins, svo að hann geti gert nákvæma áætlun um kostnaðinn. En hann telur víst að lýsa megi bæinn mjög ódýrt.

— Roosevelt hafði nýlega boð að þiggja heiðursveislu sem Hamilton Club í Chicago hélt honum. En jafnframt gerði hann það að skilyrði að senator Lorimer frá Illinois, sem boðið hafði verið í veizluna, skyldi ekki þar vera, félagið varð því að skrifa honum og afturkalla veizluboð sitt til hans.

— Georg Clause í Peru hefir nýlega komist í loftari sínu 8.792 fet upp fr yfirborði jarðar. Það er hátt á aðra mílu vegar, það er það hæsta sem nokkur maður hefir komist. Hann var rúmar 40 mínútur í þessum leiðangri.

— Fiskafli afarmikill á Hrútafirði og síldar veiði. í birjum Ágúst, en sífeldar þokur og óþurkar.—Merkur maður undir jökli ritar þjóðólfi dags 5 Ágúst að það kveld og eftirfarandi nótt hafi verið ógurleg eldsumbrot í lofti. en muni hafa verið eldgos úr sjóvar botni. Þessu hafi fylgt feikna undirgangur er allur hafi verið að heyra neðan jarðar. Hljóðið var líkt og jörðin væri að hrynja undir fótum mans, stundum líktist það þúngum sjávar niði stundum suðu eða snarki líkt og þegar köldu vatni er hélt á heitt járn. — Eitt trollara félag í Reykavík er að auka höfuðstól sinn með því augnamiði að kaupa nýjan trollara í viðbót við skipastól sinn.

— Séra William King í Duluth, hefir verið kærður um vanrækslu barna sinna. Hann kom fyrir nokkru frá Englandi með 4 börn sín, hið elsta 9 ára og kom þeim á barna hæli. Þann hafði mist konu sína í Englandi. Í Duluth vann hann að málaraiðn. En svo kom nýlega kona frá Englandi þangað til borgarinnar með fjögur börn. Hún sýndi að hún hafði gifst presti þessum þar og var þá sýnt að hann hafði átt tvær konurnar, þegar presturinn varð þessa var strauk hann úr borginni, en náðist brátt í Iowa ríkinu og var fluttur til Duluth til þess að standa fyrir máli sínu þar.

Leaded Lights.

Vér getum búið til alskonar skrautglugga í hús yðar ódyrara og fljótara en nokkur önnur verksmiðja í borginni Vér sýnum yðar myndir og kostnaðar áætlanir.

Western Art Glass Works.

553 SARGENT AVE.

— Einkennilegt mál liggur fyrir bæjarstjórninni í Montreal. Geo. Marcil sem var borgarstjóri í bænum Notre Dame de Grace sem lág áfast við Montreal borg þegar sambands málið við Montreal var á dagskrá. Marcil vann af alefli á móti því að bær sinn sameinaðist Montreal borg, en atkvæði borgarbúa urðu á móti honum og sameining var gerð"Nú er Notre Dame de Grace" ein deild Montreal borgar, og Marcil er öldur maður fyrir þá deild. Nú gerir hann kröfu á Montreal borg fyrir $2.000 sem hann kveðst hafa varið til þess að vinna móti sameiningunni, og með því að bær sinn sé nú hluti af Montreal borg þá beri borginni að greiða sér þetta fé eins og hann mundi hafa fengið það greitt sér, ef ekki hefði orðið af sameiningunni.

OGILVIE'S

Royal Household Flour

Til Brauð og Köku Gerðar

Gefur Ævinlega Fullnæging

EINA MYLLAN Í WINNIPEG,—LÁTIÐ HEIMAIÐNAÐ SITJA FYRIR VIÐSKIFTUM YÐAR.

—Málm og jarðfræðingar Bandaríkjastjórnarinnar segja að 150 miljónir dollars virði í gulli hafi verið tekið út úr útþvottarnámunum í Klondike héraðinu síðan árið 1898, og að annað eins að minsta kosti sé ennþá eftir þar í héraðinu. Nálega 4 miljónir dollars í gulli verða flutt út úr héraðinu á þessu ári.

— Borgarstjórinn í San Francisco hefir nýlega opinberað þá sannfæringu sína að öll lögregla borgarinnar sé svo gegnsýrð af fjárdráttar sviksemi að full nauðsyn sé til þess að endurskapa alt lögreglulið. Hann kveðst viss um að lögregluliðið hylmi yfir með glæpamönnum þar í borginni fyrir peninga þóknun.

— Anthony Grasiadei. einn af þjónum páfans. var nýlega rekinn úr embætti fyrir óleyfilegan fjárgróða. Samverkamenn hans tóku eftir því að hann eiddi árlega miklu meira fé en nam launum hans. Strangar gætur voru því hafðar á honum þar til það komst upp að í hvert sinn sem páfinn lét skera hár sitt þá tók Grasiadei það til sín og seldi svo hár og hár til hinna trúuðu, sérstaklega til úrlendinga. Varan var álitin dýrmæt og seldist háu verði. Þetta hafði náungin leikið um mörg liðin ár og grætt þúsundir líra árlega á verzluninni. Þar til alt varð opinbert og hann sviftur stöðunni.

— James D. Dawson. einn af leiðandi þingmönnum Republican flokksins í New York, segir afdráttarlaust að sinn flokkur verði undir í næsta Congress og að Democrats muni hafa það 30 fleirtölu eða meira. Hann hefir nýlega ferðast um 11. af ríkjunum og segir að útlitið sé þar hið versta fyrir Republican flokkin. Það þykir og víst að stefna sú er Roosevelt hefir nú tekið riði allan bagga munin til hagnaðar fyrir Democrata. Taft forseti hefir látið það boð útganga að til þess að reyna að koma samkomulagi á með hinu tveimur andvígu deildum flokks sins þá muni hann hér eftir sjá til þess að uppreistar mennirnir í flokkinum fái notið sömu hlynninda hjá stjórn sinni eins og hinir auðsveipari flokksmenn í þinginu. Þetta er talið órækt merki um ótta þann sem hann hefir af uppreistar flokknum og ekki líklegt að hafa önnur áhrif en þau að styrkja þann flokk sinn meira en áður var.

— Málþráður hefir verið lagður frá Edmonton til Peace River Crossing 400 mílur vegar. Verki því er ný lokið og fyrsta skeytið þaðan að norðan kom til Edmonton þann 12. þ. m. Það var beiðni um poka til þess að geyma kornið af ökrum bænda þar.

— Kosningar í suður Afríku eru afstaðnar Botha stjórnin hefir unnið þær en sjálfur varð Botha stjórnar fromuður undir í sínu kjördæmi. fimm flokkar sækja þar um völdin en Botha flokkurin hefir fleiri menn í þingi en allir hinir til samans.

— Cambridge University, auglýsir að það hafi fengið umráð yfir útgáfu rétti alfræði bókarinnar Ensku sem nefnd er"Encylopaedia Britannica". Af þessari bók ætlar háskólin að prenta elleftu útgáfuna um næsta áramót. Hann hefir haft hóp lærðra manna starfandi að þessari bók í sl. 8. ár samfleytt og á hún að verða sú lang fullkomnasta sinnar tegundar sem nokkru sinni hefir verið gerð, og fela í sér yfirlit yfir þá þekkingu sem mannkynir hefir náð í öllum greinumfram að sumrum 1910. Als á þessi mikla bók að verða 28 bindi, stór, í því síðasta verður yfirlit yfir efnið í allri bókinni.

Það eru nú liðin 140 ár síðan fyrsta útgáfa þessarar fræði bókar var gerð, hún kom út árið 1768, og var þá í aðeins 3 bindum en síðasta bindið kom þá ekki út fyr en árið 1771.

Háskólin lofar að í þessari komandi nýju útgáfu verði skýringar yfir þá þekkingu á nokkrum fræði greinum sem mannkynið hefir náð, en sem ekki hafa áður verið opinberaðar heiminum til fhugunar og frekari rannsókna. Bókin öll—28 bindin Verður gefin út í einu lagi svo að kaupendur þurfa ekki að bíða eftir nokkrum hluta hennar. Svo árum skiftar eins og var á fyrri árum. Bandið á bókinni verður svo vandað sem hægt er að hafa það og verðið ekki hærra en svo að allir fróðleiks elskendur geta komist yfir eintak af henni. Bókin verður prentuð á besta India pappír. Bókin verður öll 60 pund að þyngd og kemst á 2 feta langa hillu í húsum manna. Háskólin lofar að ekki einasta verði bók þessi fullkomari en þær 10 útgáfur sem á undan eru gengnar, heldur einnig að hún verði fullkomari en nokkur önnur alfræðibók á hvaða máli sem hún er prentuð.

EINATT VIÐ STARFIÐ

MagnetRjómaskilvindan

HVERSVEGNA?

Af því hún er sterk og stíf, hefir "Square gear" stóra skál, einstykkis fleytir (hæghreinsaðan) með tvístuðningi - sem varnar eyðslu. MAGNET hamlan stöðvar skálina á 8 sekundum án skemda. Börn geta unnið með MAGNET sem sýnir að hún er velgerð létt snúin og að engin núningur er á pörtum hennar.

"Canadian Machinery" segir;—"Eitt atriði í MAGNET vélum er hin óyiðjafnanlegu "Patent" hamla það er stálspöng umvafinn skálinni og stöðvar vélina mjög fljótlega með litlum þristingi þetta er ágæt hamla og gerir útbunað vélarinnar fullkomin".

Það er ágætt að eiga áreiðanlega vél því þarf ekki að undra þó vér segjum einatt við starfið, tvisvar á dag í 50 ár.

SPYRJIÐ NÁBÚA YÐAR SEM Á MAGNET HANN MUN SEGJA YÐUR HÚN BREGÐIST ALDREI.

THE PETRIE MFG. CO., LIMITED

WINNIPEG, MAN.

ÚTIBÚ: Calgary, Alta., St. John, N. B., Montreal, Que., Vancouver, B.C., Regina, Sask., Victoria, B.C., Hamilton, Ont.

Wall Plaster

"EMPIRE" VEGGJA PLASTUR kostar ef til vill ögn meira en hinar verri tegundir,—en berið saman afleiðingarnar.

Vér búum til:

"Empire" Wood Fibre Plaster
"Empire" Cement Wall "
"Empire" Finish "
"Gold Dust" Finish "
"Gilt Edge" Plaster of Paris
og allar Gypsum vörutegundir. —

Eigum vér að senda yður bækling vorn?

BÚIÐ TIL EINUNGIS HJÁ

MANITOBA GYPSUM CO. LTD

SKRIFSTOFUR OG MILLUR Í

Winnipeg, - Man.

Heimskringla

Published every Thursday by The Heimskringla News & Publishing Co. Ltd

Verð blaðsins í Canada og Bandar $2.00 um árið (fyrir fram borgað).
Sent til Íslands $2.00 (fyrir fram borgað af kaupendum blaðsins hérlendis $1.50.)

B. L. BALDWINSON
Editor & Manager

Office:
729 Sherbrooke Street, Winnipeg
P.O. BOX 3083. Talsími 3512.

Vestur-Íslenzkir listamenn.

Athugasemd Th. Svd. Lamb, í No. 48, Hkr. 1 þ. m. um vírðingarskort Vestur Íslendinga á listamönnum þeirra og ræktarleysi þjóðflokksins við þá, eru í sumum atriðum þann veg stíladar að full þörf er að gera athugasemdir við þær, því að ella mætti ætla, af þeim sem málunum eru ekki nægilega kunnugir, að við hér vestra kunnum ekki að meta það sem vel er sagt og gert. Enda segir Lamb það berum orðum að "ritstjórar blaða vorra og tímarita hafi ekki auga fyrir þá litlu frjóaanga listarinnar, sem veikir og í vondri mold eru að spretta upp meðal Vestur Íslendinga." og að frá þeim eigi list vor lítils liðsinnis að vænta.

Nú má spyrja: Hvernig maðurinn viti um þetta sjónleysi ritstjóranna, og um það að frá þeim sé einkis að vænta til stuðnings listinni, í hverri mynd sem hún kemur fram, og hvers vegna beinist hann sérstaklega að ritstjórunum í þessu efni, eða veit hann nokkurn annan flokk landa vorra hér vestra sem betur sjá eða glöggvar meti hæfileika og nytsemi Vestur Íslenzkra listamanna, heldur en einmitt ritstjórana eða veit hann af nokkrum öðrum flokki manna sem líklegri eru en ritstjórarnir til þess að hlynna að vexti og viðgangi listarinnar með Vestur Íslendingum, að undanskildum sjálfum listamönnunum. Frá hverjum annars á listin mikils að vænta í framtíðinni nema frá þeim sem sjálfir eru listfengir; svo listfengir að þeir séu, eða verði færir um að gera betur en áður hefir gert verið, því að vitanlega getur engin framför orðið í neinni grein nema að einhverju sé um það bætt sem áður hefir unnið verið, og ekki er saangjarnt að búast við þeim umbótum frá öðrum en þeim sem sjálfir eru gæddir þeirri listfengi er taki fram listfengi annara samtíðamanna, svo að þeir geti leist af hendi betri listaverk en aðrir hafa áður gert. Það virðist því ekki nein gild ástæða til þess að væna ritstjórana um hæfileika skort til þess að gera umbætur þessar, frekar en aðra mannflokka meðal Vestur Íslendinga. Heimskringla staðhæfir að það séu lista og listfengu mennirnir eingöngu, sem listin, í hverri mynd sem hún er, getur vænst nokkurs stuðnings og umbóta frá. Vér fáum ekki betur séð en að það eitt liggi í verkahring ritstjóranna að minnast á og draga athygli alþýðu að þeim verkum listamannanna sem þeir leysa af hendi og gera þau opinber, og það hefir Heimskringla jafnan gert svikalaust, og með því reynt að hvetja þá til enn frekari og fullkomnari starfa, reynt með þessu að votta þeim þá viðurkenningu sem sanngyrni hefir krafist, um leið og það var bending til hinna ungu sem kunna að búa yfir óþroskuðum eða óreyndum lista hæfileikum, að koma fram á sjónarsviðið og sýna hvað þeir gætu afrekað. Annað eða meira fáum vér ekki séð að sé á valdi ritstjóranna að gera listum til gagns og stuðnings.

Lamb segir: "Ef einhver málaði listamynd, orti listakvæði eða samdi lista lag þá er alt minna um dýrðir hjá blöðum vorum." Hvar finnur maðurinn rök fyrir slíkri staðhæfing? Hefir ekki Heimskringla flutt mynd og æfiágrip af herra Friðrik Sveinson hér í borg, þeim eina þektum og viðurkendum lista málara sem Íslendingar eiga fyrir vestan haf og hefir ekki blaðið farið mjög hlýlegum orðum um listaverk hans og kvatt landa vora hér til þess að styðja að list hans með því að kaupa af honum listaverkin og láta hann hafa svo nóg að gera af listasmíði að hann þyrfti ekki að verja tíma sínum til annara verka, en gæti varið öllum kröftum sínum til þess að stunda list sína.

Hefir ekki Heimskringla tekið fegins hendi við hverju því lista kvæði sem blaðinu hefir borist og prentað þau, og hefir ekki blaðið jafnan gefið verðskuldað lof öllum ljóða útgáfum, sem komið hafa frá pennum Vestur Íslendinga. Hvað annað eða meira hefði blaðið getað gert fyrir skáldin. Hefir ekki Heimskringla birt á síðum sínum þau einu 2 lög sem henni hafa verið send af Íslendingum hér vestra, þeim herrum Helga Helgasyni í Wynyard og Jóni Friðfinssyni í Winnipeg. Hvað annað eða meira gat blaðið gert fyrir þessa menn. Það er rétt að engir ritdómar hafa byrst um þessi lög, því starfi er ritstjóri Hkr. ekki vaxinn. Enda ekki annara meðfæri en þeirra sem gæddir eru söngfræði gáfunni; og þeir menn eru harla fáir sem slíkt er ætlandi, jafnvel herra Lamb lætur vera að rekja eða liða í sundur tónstigin og hljóðföllin í snildarlögum Jóns Friðfinssonar og sýna Íslendingum almenningi hverja þýðingu hvert þeirra hefir, og hvar betur mætti fara, af nokkurstaðar. Því gerir hann þetta ekki?. Svarið er ofur óbrotið. Það kemur af því að hann getur það ekki, og það sama mætti með sanni segja um að minsta kosti 999 af hverju þúsundi manna, hvaða þjóðflokki sem þeir tilheyra og í hvaða landi sem þeir eru. En af hinum einum af hverju þúsundi sem telja má að beri skyn á tónlistaverk, er þó engin vissa fyrir að þeim bæri öllum saman um ágæti eða gildi verksins. Enda als enginn viðurkendur "standard" þar eftir að fara svo að ekki verði um deilt. Dómar um slík verk byggjast á sálarlífstilfinningum einstaklinganna og þær eru eins mismunandi eins og mennirnir eru margir. Það er því engin ástæða fyrir Lamb að finna ritstjórum Íslendinga blaðanna það að sökstuddum ritdómum um þau efni sem þeir hafa ekki meiri þekkingu á en hann hefir sjálfur. Það, að blöðin flytja lögin og leggja þau þannig fram fyrir og undir álit almennings, það er í raun réttri alt sem með sanngyrni má af þeim heimta og Heimskringla hefir gert skyldu sína í því efni.

Hvað viðkemur peningalegum hagnaði, þá hljóta listamennirnir eins og aðrir menn að byggja inntektir sínar á starfsemi sinni. Um gróða af þeim stórfum hjá jafn fámennri þjóð eins og Íslendingar hér í landi eru, getur naumast verið að ræða. En svo er að því er hljómlistina snertir engin þjóðernis takmörk er hún sé bundin við. Tónstigin er alheimslegur, nær jafnt til allra þjóða um víða veröld en er ekki háður nokkrum þjóðernis böndum. En samsetning hljómanna í lög, fer eingöngu eftir sálarlífi hvers sérstaks tónskálds. Sé maðurinn nægilega mikill hljóm eða tónsnillingur, þá má óefað fullyrða að hann fengi nægilega fjárhagslega viðurkenningu verka sinna, þar sem hann hefir hér í álfu 100 millión manna markað til að verzla við, og nái tónskáldið ekki þeirri viðurkenningu eða fjárgróða fyrir verk sín sem það kann að álíta sér bera, þá er það af því að hann sýnir ekki að hann sé nógu mikill listamaður til þess að knýja fram hjá þjóðinni þá viðurkenningu sem hann þykist verðskulda, og ritstj. Íslendinga blaðanna er að engu leyti um það að kenna, og vér sjáum ekki að um þann viðurkenningarskort sé nokkrum sérstökum að kenna nema tónskáldinu sjálfu.

Að minsta kosti 3 Vestur Íslenzkir tónfræðingar, þeir Gunnsteinn sál. Eyólfsson, Jón Friðfinnson og Jónas Pálsson hafa gefið út sönglög og sönglaga hefti, og þó ekki verði sagt að þeir hafi haft beinan fjárhagslegan gróða af þeim útgáfum, þá má þó fullyrða að þeir hafa fengið af þeim peninga inntektir, sem meir en borga útgáfu kostnaðinn. En enginn þeirra mun hafa grætt svo að telja megi sæmileg laun fyrir samning laganna eða undirbúning þeirra til prentunar. Að þetta sé illa farið, því neitar enginn. En hinsvegar er, af þeim fámennis ástæðum sem að framan er getið, ekki hægt að vænta mikillar útsölu slíkra bóka meðal Vestur Íslendinga. Fru Lárus Bjarnason gaf og út sönglaga hefti (Laufblöð) fyrir nokkrum árum, og svo er oss sagt að sú útgáfa hafi meira en borgað útgáfu kostnaðinn.

Herra Hjörtur Lárusson í Minneapolis hefir og gefið út nokkur sérstök lög eftir hann sjálfan, þau hafa mætt miklum vinsældum meðal hérlendra manna og gengið vel út. Alt þetta er viðurkenning frá hálfu alþýðu þótt ekki sé hún eins peningalega arðvæn eins og tónskáldin verðskulda eða gætu kosið sér. Allra þessara verka hefir verið getið í Íslenzku blöðunum og vér fáum ekki betur séð en að ámælin á Íslenzku ritstjórana og afstöðu þeirra gagnvart Íslenzku listamönnum sé ekki á rökum bygð.

Gallin stóri á Íslenzku tónfræðingunum er sá að þeir hafa pukrað með list sína, gefið sig eingöngu við því að láta „Íslenska þjóðflokkinn og hann einan njóta verka sinna, með því að gefa þau út eingöngu undir Íslenzku textu. Hefði þeim verið annt um að fá verk sín útbreidd hér í landi, þá hefðu þeir átt að hafa enskan texta við lögin jafnframt þeim íslenska. Þá fyrst var von til að útgáfurnar hefðu borgað sig vel ef lögin hefðu reynst að vera við hérlendrar alþýðu hæfi.

Móti þessari stefnu má finna það að ekki sé hægt að fá Íslendinga hér vestra til þess að snúa Íslenzku textanum á gott enskt mál. Það má að vísu vera að ekki sé hægt að finna neitt af Íslenzku skáldunum hér vestra sem gætu leyst þetta verk vel af hendi. En hinsvegar er hér vestra—á kyrrahafsströndinni—einn Íslendingur sem Heimskringla veit með vissu að getur leyst það starf vel af hendi, eins vel og nokkur nú lifandi Íslendingur, en það er sá galli á þeim manni að hann fer svo dult með þessa gáfu sína að hann vill helst að enginn viti viti af henni og þess vegna er nafns hans hér ekki getið. Ef Vestur Íslenzku tónfræðingarnir létu sér annt um að hafa fé upp úr list sinni þá mundu þeir semja létt og fjörug lög við fyndnar kýmnivísur, frumortar, og á enskum máli, sem þannig væru lagaðar, að þær læstu sig inn í huga fjöldans. Slík verk seljast vel hér í landi og gerir höfunda þeirra auðuga á skömmum tíma. En Íslenzku hugsunarháttur er of þunglamalegur, alvarlegur og strembinn til þess að tónskáld vor leiki þessa tegund listarinnar, þeim er eiginlegra að sökkva sér dýpra niður við klassisk frumverk sem gefi von um að verða varanleg með þjóðflokknum, þó ekki bjóði það betri arð en greint hefir verið hér að framan.

Önnur tegund lista er kýmnimyndagerðin (Cartoons) sem nú er iðkuð meðal allra menningarþjóða. Vestur Íslenzku eina að minsta kosti 3 menn sem gert geta slíkar myndir og Heimskringla hefir orðið fyrst allra Íslenzku blaða til þess að flytja margar myndir frá þeim öllum. Hvaða aðra viðurkenningu gat blaðið hafa gefið þeim, en þá að auglýsa þá með því að flytja myndirnar þeirra. En svo voru landar vorir óvanir list þessari og ókunnir þýðingu slíkra mynda að blaðið fékk í fyrstu þung ámæli bæði frá einstökum mönnum og blöðum og var jafnvel hótað sakamálsókn fyrir þessa nýlundu í Íslenzku blaðamensku. Nú er svo komið að fólk vort er farið að læra að skilja slíkar myndir og geðjast yfirleitt vel að þeim, og vilja meira. Fólkið er farið að láta sér skiljast að kýmnimynda höfundarnir hafa alt eins mikin rétt til þess að koma skáldskaparlistaverkum sínum fram fyrir alþýðu eins og ljóðmæringar eða tónfræðingar, sagna eða leikritaskáld eða aðrir listamenn.

Algerlega er það rangt hjá Lamb að blöðin hér minnist ekki á listamenn vora fyr en þeir eru dauðir. Væri þetta satt þá mundi enn ekki hafa verið minnst á marga þeirra, því langflestir eru þeir ennþá lifandi og á þeim aldri að ætla má að flestir þeirra eigi langa framtíð og taki ennþá talsverðum framförum. Heimskringla hefir t. d. gefið út heila skraut útgáfu, til þess að sýna myndir Vestur Íslenzku skálda og sýnishorn af verkum þeirra, gerðum sérstaklega fyrir þá útgáfu. Hvað meira gat blaðið gert fyrir þessa menn? það eitt vantar á að vel sé að sýnd sé mynd af "ÞORSKABÍT," sem óhætt má telja í allra fremstu röð Vestuhr Íslenzku skálda, og það vonar Heimskringla að geta gert einhverntíma.

Það kennir ekki kurteisis hjá Lamb, að nefna þá menn "Lúalubba" sem með yfirburða vits munum og óþreytandi elju og dugnaði og fjár og starfsmálalegri þekkingu hafa orðið auðugir hér vestra, eða hvers vegna finst honum þeir menn verðskulda fyrirlitningar nöfn. Að kenna þá við lúa getur að vísu verið vel eigandi—ef lubba heitinu hefði verið sleppt, því enginn vafi er á því að þeir af Vestur Íslenzku sem mest fjármagn hafa grætt hér, hafa gert það í sveita sins andlitis, og með því eingöngu að leggja svo hart að sér að þeir hafi lúðst við starf sitt. Að þeir menn sem með atorku og skynsamlegri fyrirhyggju, hafa aflað þess fjár er nota megi til uppbyggingar því landi og arðs þeirri þjóð sem þeir búa með skuli þess vegna þurfa að sæta því að vera titlaðir fyrirlitningar og ókvæðis nöfnum, það skoðar Heimskringla í fylsta máta ranglátt og ósæmilegt.

Sá rangsleitni hugsunarháttur virðist vera orðinn alt of ríkjandi hjá mörgum Vestur Íslendingum að skoða þá menn varga í véum, óholla vætti og óvini lands og þjóðar, sem skarað hafa fram úr öðrum í fjárgróða, og það án nokkurs tillits til þess hve ráðvandlega auðurinn er fenginn og hve vel honum er varið.

Heimskringla getur ekki samsinnt þeirri staðhæfingu Lamb, að "listin hjá oss Vestur Íslendingum sé heldur hölð í lágu gildi." þvert á móti er það skoðun vor að Vestur Íslenzku hafi hana í háu gildi og kunni vel að meta hana og af því sé það sprottið hve miklu fleiri Vestur Íslenzku leggja stund á hana heldur en Austur Íslenzku í tiltölu við fólksfjölda þeirra beggja megin megin hafsins, og hve miklu lengra Vestur Íslenzku eru komnir í þá átt í sumum greinum en ættmenn þeirra austan hafs.

Lítum á söngs og hljóðfæraslátt-arlistina, á Íslandi, eru nú, svo oss sé kunnugt aðeins 6 eða 7 mans, sem fást við söngfræði og hljóðfæraslátt, svo orð sé á gerandi, þeir Bjarni Þorsteinsson, Sigfús Einarsson, Magnús Einarsson, Jón Laxdal, Árni Þorsteinsson, Brynjolfur Þorláksson og ungfrú Kristin Hallgrímsson og Björn Kristjansson. Hinsvegar eru hér vestra, svo vér gripum til þess aðeins sem næst er minninu, S. K. Hall, Jónas Pálsson, Pétur Th. Johnson, Hjörtur Lárusson, Fred Dalman, Stefan Sölvason, Sigurður Helgason, Helgi Helgason, Thorsteinn Johnson, Jón Friðfinnsson, Louisa Thorlakson, Johanna Olson, Sigrún Baldwinson, Sigríður Thorgeirson, Lina Thomas og mesti fjöldi annara karla og kvenna sem vel eru á veg komnir í listinni að ógleymdum öllum þeim mikla fjölda karla og kvenna í Bandaríkjunum sem söngfræði stunda og eru sjálfsagt eins langt komnir og þeir sem nefndir hafa verið, þótt vér þekkjum ekki að nafngreina þá. Það er víst óhætt að segja, að meðal Vestur Íslenzku séu 20 manns sem söngfræði stunda fyrir hvern 1 sem það gerir á Íslandi, og engin ástæða er til að ætla að þeir hér vestra séu ekki alt eins langt komnir í list þessari og að þeir hafi eins mikla söngfræðilega þekkingu eins og þeir eystra, og hvað hljóðfæraslátt-in sérstaklega áhrærir þá er oss svo sagt, af skynsömum og skilríkum mönnum, sem á síðari árum hafa hlustað á hann í báðum heimsálfum, að hann sé kák eitt hjá þeim þar eystra við það sem hann er hér, eins og líka gáfur að skilja, þar sem hvorki eru efni til að kaupa né húsakynni til að geyma önnur eins hljóðfæri eins og hér eru víða í húsum Íslenzku svo sem t. d. Pianos, sem kosta hartnær 2 þús. krónur hvert, og í einstöku tilfellum nokkru meira. Þar eystra eru víst mjög fáir ælðir kennarar í hljóðfæraslátt-arlistinni, en hér í landi með þessari miklu þjóð eru heilir hópar ágætra kennara sem stundað hafa list sína við beztu stofnanir stórþjóðanna í Evrópu, þar sem listin er lengst á veg komin og selja kl. stundar lexiur sínar frá 10 til 20 krónur. Það er því óhætt að fullyrða, að hljóðfæraslátt-arlistin sé hér í miklu meiru gildi en hún sé á Íslandi og hér miklu fullkomnari en þar.

Góðir mállistamenn eru 3 á Íslandi, þeir Ásgr. Jónsson, Þórarinn B. Þorlaksson og Einar Jónsson. Bestur þeirra er Ásgrímur talinn. Hér vestra höfum vér einungis þá. Friðrik Swanson, svo kunnugt sé, en samanburð á verkum hans og þeirra heima getur Heimskringla ekki gerz, nema ef dæma má af málverkum þeim frá busta Ásgríms sem send voru vestur hingað til sölu fyrir nokkrum árum, en gengu ekki út af því að þau þóktu ekki eins góð og málverk þau sem landar vorir höfðu vanist frá herra Swanson. Vér hyggjum því að landar vorir séu engir eftirbátar þeirra á Íslandi í málara listinni og sízt ef miðað er við tölu landa vorra hér og þar.

Þá eigum vér og nokkra drátt-listamenn svo sem P. M. Clemens og Sigurð Vigfússon, o. fl. Herra Clemens heúr hlotið verðlaun fyrir uppdrætti sína í samkeppni við hérlenda viðurkenda drátt-listarmenn. Á Íslandi er einn drátt. listarmaður, Rögnvaldur Olafsson. Í þessari grein þola Vestur Íslendingar samanburð við Austur Íslenzku og meir en það.

Þá eigum vér hér einnig nokkra menn sem draga kýmnimyndir, (Cartoonista). Enginn slíkur er á Íslandi svo kunnugt sé, og engar slíkar myndir hafa blöð þar flutt er sýndu að þær væru gerðar af Íslendingi. Í þeirri list eru því Vestur Íslenzku tvímælalaust langt á undan Austur Íslendingum.

Einn skrautskrifara eigum vér hér Vestra svo kunnugt sé, og svo mikill snillingur er hann í þeirri list að vér staðhæfum að ekki verði sýnt að á Íslandi sé eða hafi nokkru sinni verið maður er jafnast hafi á við hann. Þegar þess er nú gætt að vér hér vestra erum ekki mikið fleiri en einn fjórði af tölu heima þjóðarinnar, þá virðist það auðsætt að vér erum ekki aðeins jafnokar þeirra heima, heldur langt á undan þeim í listum, og þetta sannar að vér hér vestra metum listir og höfum þær í meira gildi en heima þjóðin.

Hvað sérstaklega snertir ljóða, leikrita og skáldsagnagerð, þá bera landar vorir heima frægan sigurkrans af hólmi. Á Íslandi er að minsta kosti 2 leikrita skáld, hér vestra ekkert. Á Íslandi eru 4 skáldsagna höfundar, Einar Hjörleifsson, Guðm. Magnússon, Séra Jónas Jónasson og Jón Stefansson, hér vestra er J. Magnús Bjarnason eini teljandi skáldsagna höfundurinn, og hefir hlotið góðan orðstýr fyrir verk sín. Á Íslandi er fjöldi af ágætum ljóðskáldum á móti örfáum hérna er jafnist á við þau. En hinsvegar eignum vér hér nokkra menn sem gert geta snotur kvæði svona í viðlögum. En svo er hér ógrynni af miðlungi og af lélegum hagyrðingum sem bæði skortir anda og mál, og rímfegurðar tilfinningu, þó þeir séu að gutla við að hnoða saman hendingum. Þeir menn vinna hvorki sjálfum sér frægð né þjóðflokki sínum neina sæmd eða gagn með ljóðagerð sinni. Listin er ekki á þeirra valdi.

Þegar um það er að ræða hvort vér hér vestra metum ljóðskáld vor eins vel og Austur Íslenzku meta sín, þá eru kaup á bókum þeirra eini mælikvarðinn sem hægt er eða réttlátt að fara eftir. Nú er það víst að í tiltölu við fólksfjölda, kaupa Vestur Íslenzku langtum meira af verkum sinna skálda en heima þjóðin kaupir af verkum sinna og í sumum tilfellum kaupa Vestur Íslenzku meira af verkum Austur Íslenzku skálda, heldur en sjálf heimaþjóðin. Þetta virðist oss benda til þess að vér hér vestra kunnum að meta gildi listarinnar engu síður en landar vorir heima. Að vísu hefir einstöku sinnum verið á það bent í blöðunum hér vestra, af vinum listarinnar, að heimaþjóðin ali góðskáld sín á landssjóðsfé, og er það að vísu satt, en ekki getur það komið til greina sem sönnun fyrir því hve vel íslensk alþýða meti verk þeirra skálda. Heldur er landssjóðsstyrkurinn þannig til orðinn að fjárbænirnar til þingsins eru bygðar á því að alþýðan meti verk þessara manna SVO LÍTILS að þeir fái ekki alið sig sæmilega af arðinum sem útgáfa rita þeirra færi þeim af frjálsum og óþvinguðum kaupum alþýðunnar, þess vegna sé nauðsynlegt að gripa fé hennar í landssjóði þvingunar lögtaki, til þess að styrkja skáldin til að fyrrast sult og klæðleysi. Því er stöðugt haldið fram á Alþingi, í hvort sinn sem slíkar bænir koma þar fram, að vegna þess hve Íslenzka þjóðin sé fámenn og fátæk, þá geti hún ekki haldið skáldum sínum við með kaupum bóka þeirra, og að þess vegna sé landssjóðsstyrkurinn nauðsynleg uppbót á því sem alþýðan hefir viljað leggja til þeirra af frjálsum vilja. Lagdssjóðsstyrkurinn má því með sanni teljast, miklu fremur gustukagjöf, en vottur þess hve mikils þjóðin meti skáldverkin. Landssjóðsstyrkurinn má því með réttu teljast bein afleiðing þess, og sönnun, hve lítils Íslenzku alþýða metur skáldlistina þar heima og hve hún er þar í lágu gildi. Vér leggjum undir dóm óvilhallra lesenda hvort ekki sé full ástæða til þess að halda fram því:

1. Að vestur Íslendingar séu með tilliti til fólksfjölda þeirra, fullt eins langt komnir í listum eins og Austur Íslendingar, og

2. Hvort Vestur Íslendingar meti ekki gildi sinna listamanna alt eins vel og Austur Íslendingar sinna.

VORNÓTT.

Vorblóm eg kýs að vaka með þér
Vornóttin felur mig örmum sér,
Djúp rökkir kyrð um lög og láð
Ljóðstiltar gígjur hljóma.
Hásumarsró hefir hámarki náð
Huldra margbreyttra óma.

Blærinn er léttur sem barnsins tal,
Berst þungt að eyra fossins hjal
Söngfuglin hvílir á blómskrúðisns beð
Við barm hinnar stóru móður
Og hver hefir meiri sælu sér
En sumarsins akra gróður

Mér finst eg vakandi falla í draum
Því fjær er dagstritsins hringlandi glaum
Mig hrg júfir þankar hefja langt
Um hugværðar dulda vegi
Og lengur ei finst mér lífið strangt
Því liðin er sérhver tregi.

Eg sé standa opið algeimsins hlið,
Og eilífa sólin þar ljómar við,
Ó, mikil er frumlind að aflstraumsins að,
Er öllu lífsmagnið gefur
Og hver getur litið þar hæztu hæð,
Því hjarta guðs alla vefur.

Eg lít þar máttarins mikla spil
Og mund þá sem að bjó heilan til,
Þar hver ein tálvon og hver ein þrá,
hefir sitt mót og gildi
Hún finnur hver hjörtu heitast slá
Af hreinum kærleik og myldi.

Því ekkert laufblað og engin rós,
Og ekkert sandkorn við flótsins ós
Engin þruma í andrúmsins sæ
Ber útlit og lögun sama
Hvert andvarans hljómbrot í aftanheiðblæ
Já, alt rómar lífgjafans frama.

Himininn faðmvefur fagra jörð,
Fjólurnar dofna um hól og börð,
Lífsstraumurinn teigar hver liljurein
Ei lokað er svefnsins auga.
Eg heyri ei stunu mín hugsun er ein,
Mitt hjarta í unaði' að langa.

JÓHANNES STEFÁNSSON

Hvað er að?

Þarftu að hafa eitthvað til að lesa? Hver sá er vill fá sér eitthvað nýtt að lesa í hverri viku, ætti að gerast kaupandi að Heimskringlu.

Hún færir lesendum sínum ýmiskonar nýjan fróðleik 52 sinnum á ári fyrir aðeins $2.00. Viltu ekki vera með?

ROBLIN HOTEL
115 Adelaide St. Winnipeg
Besta $1.50 á-dag hús í Vestur-Canada. Keyrsla ókeypis milli vagnstöðva og hússins á nóttu og degi. Aðhlynning hins besta. Viðskifti Íslendinga óskast. OLAFUR G. ÓLAFSSON, Íslendingur, afgreiðir yður. Heimsækjið hann. —
O. ROY, eigandi.

The **Farmer's Trading Co.**
(BLACK & BOLE)
HAFA EINUNGIS BESTU VÖRUTEGUNDIR.
Einu umboðsmenn fyrir :—
"SLATER" Skóna góðu.
"FIT-RITE" Fatnaðinn.
"H. B. K." prjónafélagið.
"HELENA" pils og 'waist' kvenfatnaði.
Bestu matvörutegundir.
" DEERING " akuryrkju verkfæri o, s. frv.
Beztu vörur Lágt verð
Fljót og nákvæm afgreiðsla.
Farmer's Trading Co.,
THE QUALITY STORE
Wynyard, Sask.

JIMMY'S HOTEL
BEZTU VÍN OG VINDLAR.
VÍNYRKJAR T.H.FRASER,
ÍSLENDINGUR.
James Thorpe, Eigandi

MARKET HOTEL
146 PRINCESS ST. á móti markaðnum
P. O'CONNELL, eigandi, WINNIPEG
Beztu tegundir af vínföngum og vindl um, aðhlynning góð, húsið endurbætt

Woodbine Hotel
566 MAIN ST.
Stærsta Billiard Hall í Norðvesturlandinu
Tíu Pool-borð.—Ágætar vín og vindlar
Gisting og fæði: $1.00 á dag og þar yfir
Lennon & Hebb,
Eigendur.

JOHN DUFF
PLUMBER, GAS AND STEAM FITTER
Allt verk vel vandað, og verðið rétt
664 Notre Dame Ave. Phone 3815
Winnipeg

A. S. TORBERT'S
RAKARASTOFA
Er í Jimmy's Hótel. Besta verk, ágæt verkfæri; Rakstur 15c en Hárskurður 25c. — Óskar viðskifta Íslendinga. —

S. K. HALL
TEACHER OF PIANO and HARMONY
STUDIO: 701 Victor St.
Haustkensla byrjar 1st Sept.

Framtíðarhorfur.

EFTIR H. G. WELLS.

Ætli hjónaböndin verði jafn óleysanleg undir þessum kringumstæðum eins og þau hafa verið? Naumast. Aðalástæðan fyrir eingiftingu er staðfestan, sem fjölskyldan fær með henni, og gagnið af staðfestunni er innifalið í hagkvæmum skilyrðum við barnauppeldið, sem hún veitir, og ástúð legri umgengni, sem börnin fá að búa við. En jafnframt og skynsamlegt barnauppeldi verður almennt utan heimilis, missir þessi ástæða gildi sitt, og þar af leiðandi má ætla, að hjónaskilnaðir eða lausleg sambönd milli karls og konu, verði síðar meir tíðari en nú.

Að þessu vinnur einnig önnur ástæða. Hin ófullkomnu flutningstæki liðna tímans voru orsök í því að mismunandi eða jafnvel gagnstæðar siðferðisskoðanir áttu sér stað á landsvæðum, sem ekki voru mjög langt hvort frá öðru; en því fullkomnari og ódýrari, sem flutningstækin verða, því meiri verður blöndunin á mönnum með misjafnar siðferðisskoðanir. Ríkir múhameðstrúendur og furstar frá Austurlöndum munu flytja til hinna skrautmestu staða Vesturlandanna og setjast þar að. Þeir munu auka til muna við stétt hlutseigendanna, og þeir munu flytja kvennabúrin sín með sér. Aftur á móti munu Norðurálfumenn þyrpast til Asíu, þar sem ýmsir giftingasiðir eiga sér stað, sem enn eru ekki leyfðir í Evrópu. Þessi blöndun á Vestmönnum mæð smærri eða stærri fjölkvænis þjóðkynum, mun koma af stað fjolda lausagiftinga, sem yfirvöldin neyðast til að samþykkja með því að hreyta hjónabandslögunum, ef þau ætlast ekki til þess, að stór hópur manna standi fyrir utan lögin og opinbera almenningsvirðingu, sýknaðir af eigin samvizku sinni, og sem mun takast að bregða ofurlitlum bjarma af heiðri yfir vísvitandi lauslæti og ósiðsemi.

Kringumstæðurnar virðast því ætla að geta hlynt að siðferðishnignun í framtíðar-félagslífinu, og tilhneigingar hinna óháðu auðmanna munu stefna í sömu átt. Við verðum að muna það, að þetta auðuga fólk mun njóta þess frelsis, sem er alveg óþekt í veraldarsögunni. Þeir hafa selt heimild sína til að stjórna og gera tilraunir með auðmagn þjóðfélaganna, og hafa í staðinn fengið frelsi — óháðir áhyggjum, ábyrgð og starfi. En slíkt frelsi, fyrir jafn ófullkomna skepnu og maðurinn er, leiðir til nautnar og lasta. Rómversku keisararnir hafa sýnt okkur, hve siðferðisáhrif ótakmarkaðra valda og frelsis, geta haft spillandi áhrif á menn, og rússnesku keisarainnurnar hafa bent okkúr á það, hvernig konurnar geta orðið undir líkum kringumstæðum. Sá tími nálgast, sem ruglingurinn á siðferðisskilningi manna mætir ekki eins hörðum almenningsdómum og nú, og þar eð vanagildi trúarinnar hefir veikst af innbyrðis efa og ósamkomulagi, og þar eð auðveldara verður að forðast að búa á meðal aðfinslugjarnra og meinsamra nábúa. Áður á tíðum, þegar siðferðisgallarnir áttu aðallega heima í hirðlífinu, sýktu þeir að eins það fólk, sem umgekst hirðina, en á ókomna tímanum munu flestir starfhæfir auðmenn gefa sömu siðferðisleikina og tiðkuðust við hirðir konunganna. Þar sem hver manneskja hefir sitt dagblað, og þar sem forvitninni er fullnægt af liprum rithöfundum, mun sérhvert siðferðisbrot verða heyrum kunnugt, spjall að um og dæmt í öllum félagskerfum. Við megum þess vegna búast við því í framtíðinni, að almenningur viðurkenni og virði lausari hjónabönd, og sjái í gegn um fingur með ofnautn og siðferðisspillingu. Umliðna tíðin hefir verið tími heimilanna. Ókomna tíðin mun einnig hafa sín heimili, sínar sannverulegu mæður, sem ala upp hinar komandi kynslóðir með umhyggjusemi og góðri gæzlu á hagsmunum þeirra. En þessi jarðföstu björg heimilanna verða umkringd af freyðandi brimbyglgjum af vínsöluhúsum, mötuneytishúsum, ófrjóum heimilum, takmarkalausu skrauti og glysi.

En þessi slekja á siðferðisböndum mannfélagsins, má ekki skoðast sem almenn spilling. Hún verður aðallega í því innifalin, að í stað eins siðferðis verður margþáttuð siðfræði. Sérhver maður hegðar sér á sinn hátt, samkvæmt lunderni sínu og uppeldisvenju. Og enda þótt hin almenna hagkvæmd verði ráðandi, sem hinar mjög misjöfnu manneskjur hegða sér eftir, mun persónuleg umgengni milli manna og heimila eiga sér að eins stað, þar sem sömu siðferðisreglur eru ríkjandi, eins og persónuleg umgengni þessara tíma á sér helzt stað meðal manna af sama trúflokki. Siðfræðismismunurinn orsakar samband meðal manna af sömu siðferðisskoðun. Það munu myndast grandvör og heiðarleg bygðarlög, og bygðarlög með lötum og sællífum manneskjum. Á stórum landssvæðum verður nautn skrautsins ráðandi, sem sumstaðar enda bólar á nú þegar. Áður hefir verið minst á minniháttar miðdepla, sem verða munu innan takmarka borganna, miðdeplar fyr ir leikhús og skemtigöngur, miðdeplar fyrir iðkun iþrótta, miðdeplar fyrir vísindi o.s.frv. Hinn ytri mismunur, sem aðskilur miðdeplana, sprettur af andlegum innri mismun. Fólk, sem lifir viðfeldnu og frjálsu lífi á góðum veðri svæðum, vill alls ekki viðurkenna sömu siðferðishugmyndir og fólk með fegurðarsmekk og söngheefileikum, er safnast saman við skipa naustin á árbökkum, eða þar sem skrautklætt fólk safnast saman á skemtigöngustöðum og hlustar á fjörugan hljóðfæraslátt. Þar sem lítil leikhús og aðrar tilbreytingar bjóða skemtanir og afþreying, getur sá, sem hneigður er fyrir slíkt, dvalið þar án þess að verða fyrir fyrislitningu hinna, sem eru þar ásamt honum. Þar sem vindmyllurnar eru og fossarnir falla, sjást hinir bjarteygðu, rólegu verkfræðingar og vélastjórar, og kring um háskólana og starfhús efnafræðinganna sjást alvarleg, ígrundandi andlit.

Þessir hópar, myndaðir af mismunandi siðferðisskoðunum, munu smátt og smátt sameinast í fyllilega samvitandi menningarfélag. Samkvæmni í sumum siðfræðishugmyndum mun á endanum mynda samkvæmni í vissum bókmentum, aðdráttarafli, sem mynd aði hópinn, mun síðar meir mynda sameiningu hópanna á yfirborðinu. Hver einstakur hópur eða hérað mun á þennan hátt sérkenna sig í klæðnaði, framkomu, og máske í vaxtarlagi og andlitsfalli, og nýprentuð bók, sem í einu héraði er á allra vörum, mun í öðru héraði ekki nefnd með einu orði. Á endanum verða engar almennar bókmentir til. Sundranin meðal almennings, leiðir af sér sundrun í bókmentunum líka.

Sá tími, þegar menn gerðu þetta en létu hitt ógert, af því það var venja, — þegar menn hegðuðu sér eftir almenningsálitinu eins og brætt blý lagar sig eftir mótinu, sem því er helt í, er umliðinn, og eftir því, sem líður á öldina, mun ávalt kvikna ný, sérkennileg menning. Nú er mannkynið grátt og móraútt, af því hinir misjafnlega litu einstaklingar blandast svo mikið saman, en seinna munu einstaklingar af sama lit hópa sig saman út af fyrir sig, svo að í staðinn fyrir hinn gráa blæ kemur lifgandi blöndun misjafnra lita.

SPAKMÆLI.

Horfðu á stjörnurnar en gleymdu því ekki að þú gengur á jörðunni.

Hygginn maður getur optlega hent slys. En sönn viska er að geta lært af óhöppunum þá list að lifa.

* * *

Lífið er lærdómur. Reynzlan er sá bezti skóli er nokkur maður hefir nokkru sinni þekt.

* * *

Engin sár eru svo djúp að þau ekki gröi ef smirsl æskunnar er á þau borin og balsam fullorðinsáranna nær að verka á þau.

* * *

Lítil bylta getur grandað lífi manns. Mikil bylta veldur oft engu tjóni.

* * *

Vanstiltur maður með veikluðu viljaþreki, þarf að handleggsbrotna, fótbrotna, rifbrotna, rotast og liggja rúmfastur marga mánuði, áður hann lærir að fara sæmilega gætilega.

* * *

Þrir fjórðu allra glæpa eru afleiðing ofdrykkjunnar.

* * *

Áfengið er allra eymda móðir.

* * *

Letin er eiginkona Bakkusar. En lýgin, hrekkvísin, þjófnaðarástríðan, morðsýkin, heimskan, vitfirringin, hrokinn ódrengskapurinn ótrygðin, lauslætið meinsæri og samviskusvefn eru skildgetin börn þeirra.

* * *

Tamt er ungum ilt að gera og gott líka ef nógu vel er vaninn.

REYNDUR.

JÓN JÓNSSON, járnsmiður, að 790 Notre Dame Ave. (horni Toronto St.) gerir við alls konar katla, könnur, potta og pönnur fyrir konur, og brýnir hnífa og skerpir sagir fyrir karlmenn. — Alt vel af hendi leyst fyrir lítla borgun.

THE **DOMINION BANK**
HORNI NOTRE DAME AVENUE OG SHERBROOKE STREET
Höfuðstóll uppborgaður : $4,000,000.00
Varasjóður - - - $5,400,000.00
Vér óskum eftir viðskiftum verzlunar manna og ábyrgumst að gefa þeim fullnægju. Sparisjóðsdeild vor er sú stærsta sem nokkur banki hefir í borginni.
Íbúendur þessa hluta borgarinnar óska að skifta við stofnun sem þeir vita að er algerlega trygg. Nafn vort er full trygging óhlutdeilna. Byrjið spari innlegg fyrir sjálfa yðar, konu yðar og börn.
H. A. BRIGHT RÁÐSMAÐUR.

Vitur maður er varkár með að drekka eingöngu HREINT ÖL. Þér getið jafna reitt yður á
DREWRY'S
REDWOOD LAGER.
Það er léttur, freyðandi bjór, gerður eingöngu úr Malt og Hops. Biðjið ætíð um hann.
E. L. DREWRY, Manufacturer, Winnipeg

Með því að biðja sérlega um "T.L. CIGAR," þá ertu viss að fá ágætan vindil.
T.L.
T.L. CIGAR
(UNION MADE)
Western Cigar Factory
Thomas Lee, eigandi Winnipeg

STRAX Í DAG er BEZT AÐ GERAST KAUPANDI AÐ HEIMSKRINGLU. — ÞAÐ ER EKKI SEINNA VÆNNA.

Manitoba á undan.

Manitoba hefir víðáttumikla vatnsfleti til uppgufunar og úrfellis. Þetta, hið nauðsynlegasta frjógunarskilyrði, er því trygt.

Ennþá eru 25 milíón ekrur óbygðar.

Íbúatal fylkisins árið 1901 var 225,211, en er nú orðið um 500,000, sem má teljast ánægjuleg aukning. Árið 1901 var hveiti og hafra og bygg framleiðslan 90,367,065 bushela; á 5 árum hefir hún aukist upp í 129,475,943 bushel.

Winnipeg borg hafði árið 1901 42,240 íbúa, en hefir nú um 150,000; hefir nálega fjórfaldast á 8 árum. Skattskildar eignir Winnipegborgar árið 1901 voru $26,405,770, en árið 1908 voru þær orðnar $116,106,390. Höfðu þær en þrefaldast á 7 árum.

Flutningstæki eru óviðjafnanleg,— í einu orði sagt, eru í fremsta flokki nútíðartækja: Fjórar þverlandsbrautir liggja um fylkið, fullgerðar og í smíðum, og með miðstöðvar í Winnipeg. Í fylkinu eru nú nálega 4 þúsund mílur af fullgerðum járnbrautum.

Manitoba hefir tekið meiri landbúnaðarlegum og efnalegum framförum en nokkurt annað land í heimi, og er þess vegna ákjósanlegasti aðsetursstaður fyrir alla, af því þetta fylki býður beztan arð af vinnu og fjárleggi.

Skrifið eftir upplýsingum til : —

JOS. HARTNEY, 77 York Street, Toronto, Ont.
JOS. BURKE, 178 Logan Avenue, Winnipeg, Man.
A. A. C. LaRIVIERE, 22 Alliance Bldg., Montreal, Quebec,
J. F. TENNANT, Gretna, Manitoba.

J. J. GOLDEN,
Deputy Minister af Agriculture and Immigration, Winnipeg.

fundist eins og hinar voðalegustu kvalir biðu mín. Ógæfa mín er því í raun réttri fólgin í skorti á því, að geta trúað á og treyst gæfunni. Það er vofa sem stendur á milli mín og ánægju nálægs tíma..... og þessi vofa er framtíðin."

"Ó, Morits,.....berðu ekki umhyggju fyrir hinum komandi degi, eins og eitt af okkar nafnkunnustu skáldum hefir sagt.....En hvað segir þá grunur þinn þér um framtíðina?"

"Hann hvíslar í eyra mér: 'Ungi maður, þú leikur þér enníþá að blóminu á barmi regindjúpsins. Ástríður þínar eru enníþá ekki vaknaðar, en vei þér, þegar þær vakna.' Þú verður þó að viðurkenna, faðir, að þetta er voðaleg hugsun."

"En þú átt að tjóðra ástríður þínar með skynseminni, Morits, hingað til hefirðu getað það."

"Já, hingað til, því þær ástríðaur sem eg hefi þurft að tjóðra, hafa aðeins verið holdlegar. Eg hefi aldrei elskað neina stúlku nema með augnabliks ástarblossa, og hann hefir mér verið auðvelt að slökkva. Til þess hefir skynsemi mín reynst nógu sterk. En það skal eg segja þér faðir minn, að ef nokkru sinni kviknar hjá mér sú ást, sem að hálfu leyti tilheyrir himninum, og að hálfu leyti jörðunni, fái eg nokkru sinni að sjá þá konu, sem er ýmynd drauma minna —því mig dreymir líka stundum—þá vei mér, verði ást mín ógæfusöm! .....Enda þótt eg sé skáld, er metnaðargirni mín ekki nógu sterk til að ráða yfir hinum öðrum ástríðum mínum. Sá metnaður hefir drotnað í mér, að ryðja mér sjálfum braut, og honum er þegar fullnægt. Mér hefir aldrei fundist hrós mannanna, né ódauðleiki nafns míns þess virði, að vert sé að sækjast eftir því, og það sýnir að þessi ástríða, metnaðargirnin, er ekki nógu örugt skjól fyrir ástina að flúa í, ef hún yrði ólánsöm. Og eg skal ekki dyljast þess, að eg hefi oft fundið einhverja

þrá, löngun, vanmegnan og tómleika í huga mínum, sem engin skemtan, ekkert starf hefir getað hrakið á brott. Eg er að eðlisfari léttlyndur, enda þó eg þvingi sálu mína til að vera djúphugula."

"Þegar að því kemur að þú velur, vona eg að val þitt verði heppilegt," sagði presturinn. "En, hefir þú séð Isabellu Ehrenstam, síðan þú bjargaðir henni úr ánni?"

"Nei, eg get naumast sagt að eg hafi séð hana, því þó að hún væri í leikhúsinu þegar leikritið mitt var sýnt í fyrsta sinni, þá sat hún þannig að eg gat ekki séð andlit hennar.....En heldurðu að hún viti að það var eg sem....."

"Nei, það veit hún fráleitt," sagði presturinn, "því hinir drambsömu foreldrar hennar hafa ekki sagt henni það, og eg hefi heldur ekki minst á það við nokkurn mann, af því þú vildir ekki að neinn fengi að vita það. Isabella veit því ekki nafn þess sem bjargaði henni, og foreldrar hennar munu naumast vita það heldur. Þau urðu svo reið yfir því að þú vildir ekki þessa vikaborgun sem barúninn bauð þér, að þau hafa naumast spurt eftir nafni þínu seinna. Það var bóndadrengur sem bjargaði barninu þeirra—meira vita þau ekki.'

"Gott," sagði Morits, "það þykir mér vænt um."

"'En við sitjum hér og eyðum tímanum," sagði presturinn alt í einu, "og sökum singirni minnar gleymi eg því, að þú hlýtur að vera þreyttur eftir ferðalagið.....þess vegna segi eg góða nótt, sonur minn, við tölumst við á morgun aftur. Herbergið þitt er beint á móti mínu.....Þú manst víst eftir gestaherberginu?"

Morits þrýsti hendi gamla mannsins innilega, kveikti ljósið sitt og fór.

Þegar hann var farinn, nam presturinn staðar á miðju gólfi og féll í djúpar hugsanir.

Sagan sem Morits hafði sagt honum, gaf honum nóg efni til að hugsa um.

"Þessi unglingur," sagði presturinn við sjálfan sig, "er hinn ágætasti talsmaður hinna ungu, nývöknuðu hugsjóna, sem bráðlega ryðja sér rúm í heiminum og eyðileggja hina gömlu hleypidóma. Fáir, eða jafnvel enginn, hefir annað eins þrek og hann .....að neita þeim hagsmunum sem ætterni og auður veita, þegar hann þurfti ekki annað en rétta hendina eftir þeim, til þess að öðlast þá—að vera nógu göfugur til þess að neita gljáa greifanafnsins—að hafa nægan dug til að brjótast áfram einsamall og fátækur eftir sinni þyrnum stráðu æskubraut, þegar hann þurfti ekki annað en að segja eitt orð til að hlotnast als nægtir—í sannleika sagt, það er stórkostlegt, það er sigur sem er Cato samboðinn."

"Já," sagði presturinn ennfremur í eintali sínu, "hann mun verða mikilhæfur talsmaður hinna voldugu hugsjóna sem nú eru að fæðast, hann mun með andans vopnum ganga í broddi fylkingar gegn hinum auðvirðilegu hleypidómum nútímans, gegn fávizkunni og myrkrinu. Hann mun verða herforingi ljóssins .....svo framarlega sem hann ekki....."

Presturinn lauk ekki við setninguna. Með mestu hægð lagði hann pípuna á borðið, gekk að bókaskápnum og tók biblíuna sína, sem hann var vanur að lesa einn kapítula í á hverju kveldi áður en hann gekk til hvílu.

Að þessu sinni var bæn hans innilegri og heitari en nokkru sinni. — Hann bað fyrir unglingnum, sem verið hafði lærisveinn hans.

II.

ENDURMINNINGIN.

Það var um kvöldið næsta dag.

Fjölskylda prestsins hafði hópað sig saman í tröppunni fyrir utan dyrnar, sömu persónurnar voru þar saman komnar og kvöldið áður, nema Holmer, hann var heima að kenna nemendum sínum. Kona hans var þó ein í hópnum.

Skrautlegur ferðavagn ók framhjá með miklum hraða.

"Hvaða vagn var þetta?" spurði Morits.

"Hann var frá Liljudal," svaraði María. "Öll fjölskyldan er á ferð til S. greifa í Broby, og ætlar að dvelja þar nokkra daga."

"Nú, það vill vel til," sagði Morits. "Þá get eg skoðað þetta fagra heimili á meðan hún er fjærverandi. Eg hefi að sönnu komið þar einu sinni, en það er mjög langt síðan. Ef eg man rétt, þá er þar fagur skemtigarður."

"Mjög fagur," sagði María. "Þú ættir að fara þangað, hann er þess verður að sjá hann. Hann er rausnarlega tilbúinn, þar eru steinhvelfingar, laufskálar, gosbrunnar og skurðir, og ef þú gefur garðyrkjumanninum fáeina skildinga, þá lofar hann þér eflaust inn í aldingarðinn, sem er eins fallegur og skemtigarðurinn. Þegar þú kemur inn í blómarækt-arhúsið mun þér finnast að þú sért kominn til heitu landanna.

"Eg fer strax," sagði Morits og stóð upp um leið.

"Eg hefi enn ekki komið þangað sem kofi móðir minnar stóð. Þar er nú líklega búið að byggja skrauthýsi með ítölsku sniði. Það var að minsta kosti áform Stjernekrans greifa?"

To the Honorable The Legislative Assembly of the Province of Manitoba in Parliament assembled.

The Petition of the undersigned of the „Canadian Suffrage Association" and others humbly sheweth:

THAT WHEREAS: All just Government derives its power from the consent of the governed.

AND WHEREAS: Woman is subject to all the laws of the land, being punished for crime, paying taxes on property, and taking her part in the commercial and economic social structure,

THEREFORE RESOLVED that woman should have the full franchise extended to her on the same basis as that of man,

WHEREFORE YOUR PETITIONERS HUMBLY PRAY that your Honorable House may be pleased to pass an Act fully enfranchising all women, whether married, widowed or spinster (on the same terms as man) and as in duty bound your petitioners will ever pray.

(Promoted by the Icelandic Woman Suffrage Associations of Manitoba)

NAMES	OCCUPATIONS	ADDRESSES

Óhollir straumar.

Eg heyrði þessi orð notuð í opinberri ræðu, og eftir því sem mér skildist áttu þau að tákna að Vestur Íslendingar væru undir áhrifum óhollra strauma heiman af fósturjörð þeirra Ísl. Ræðumaðurinn tók það því miður ekki fram, á hvaða andlegum svæðum þessir straumar beittu áhrifum sínum. En eg tel víst að hann hafi átt við hinar andlegu hreyfingar í hinu kirkjulega lífi Vestur Íslendinga. Hvort að þeir straumar, sem vakið hafa þá hreyfingu eru komnir frá Íslandi eða öðrum stöðum, gerir lítinn mismun. Eg tek því ekki framhluta málsins til meðferðar. Hitt er aðalatriðið. Að hverju leyti eru þessir straumar óhollir fyrir Vestur-Íslendinga

Þegar menn segja að einhver áhrif séu óholl, þá meina þeir með því, að þau áhrif hafi í sér öfl sem séu veikjandi fyrir einhverja ákveðna heild. Það þarf ekki nauðsynlega að taka til greina, hvort þessi heild er SJÁLF holl eða óholl, gagnvart öðrum heildum, því menn hafa fullan rétt til að kalla þau áhrif óholl sem veikja hana. Ræðumaður hafði því fullan rétt til, að kalla það óholla strauma þessar nýju kirkjulegu hreyfingar, sem auðsjáanlega eru að draga úr afli hinnar kirkjufélagslegu heildar. Þessir strumar eru að flytja ný frækorn inn í hina persónulegu meðvitund einstaklinganna sem mynda þá heild, og þar sem þessi frækorn hitta fyrir góðan og hentugan jarðveg þá þroskast þau og bera mikinn ávöxt. En þar sem að sá ávöxtur er ákveðin að vera illgresi, sem heildin hefir engan markað fyrir, og jafnvel ekki heimilisnot, þá er auðsætt að þessi straumur er óhollur mjög. Af hans völdum rýrist gildi heildarinnar, því öllum þeim ökrum sem þetta illgresi hefir yfihönd, verður heildin að hafna. En nýjar plöntur hafa ekkert notagildi fyrir þá heild eins og áður er sagt.

Það er öllum kunnugt að þessi kirkjufélagslega heild Vestur-Íslendinga hafði upphaf eða byrjun, og margir af stofnendum hennar eru enn á lífi. Sömuleiðis hefir sú stofnskrá haft upphaf sem þessi heild byggir á tilveru sína. Það er því eðlilegt að það sem hefir upphaf, hlýtur að breytast og batna Enda hefir þessi stefnuskrá í gegnum aldirnar alt af verið að smá breitast, eftir því sem menning heildarmeðlimanna hefir þroskast. Og eg tel víst að á meðan minni hlutinn var að vinna sig upp í að verða meiri hluri, þá hafi áhrif hans ætíð verið kölluð óhollir straumar. Það mun því vera óhætt að kalla þetta álit ræðumanns, reynslusannleik. Og ályktun hans um óholla strauma er því eðlileg og rétt frá meiri hluta sjónarmiði. Það er einnig mjög eðlilegt að það taki nokkuð langan tíma að fá þessar hreifingar viðurkendar, sem holla strauma af meirihluta þess fólks, sem talin er að vera hin kirkjulega félags heild Vestur-Íslendinga, sérstaklega þar sem svo er ástatt að leiðtogarnir kenna og trúa sjálfir að þeir hafi fundið allan sannleikan á hinum andlegu svæðum. Því þar sem allur sannleikurinn er fundin, þar ríkir á því svæði hvíld, þar er ekkert meira að starfa og þar er næðissamur svefn persónuleikans. En eg vona að í þessu umræddu máli, sem skapar nýjan þrótt til þess að hefja hinar trúarlegu hugsjónir á þau stig sem mannsandinn hefir fundið fullkomnust og göfugust, og í fullu samræmi við þá þekkingu sem fengin er á náttúrunni og öllum hennar. Eg hefi nú þegar skoðað þetta málefni frá meirihluta sjónarmiði en svo vil eg einnig athuga það ofurlítið frá minnahlutans hlið.

Sérhver maður er persónulega frjáls, innan þeirra takmarka, að hann hindri ekki aðra frá því að vera jafnfrjálsa, þetta sama gildir um félagsheild hvort sem hún er stór eða lítil. Vinni einhver einstaklingur að því að útbreiða sína persónulegu sannfæringu á einhverju málefni hefir hann fullan rétt til þess ef málefnið er ekki þess eðlis að það miði til þess að taka þenna sama rétt frá öðrum. Af þessu leiðir að hinar nýju kirkjulegu hreyfingar hafa jafnan útbreiðslurétt eins og það kenningakerfi sem kirkjufélagið viðurkennir. (Það gæti þó máski verið spursmál um þenna rétt þar sem kenningar halda fram óeðlilegum og ósönnum ákvæðum sem hindra menn frá frjálsri skoðun og rannsókn). Minnihlutinn eða sú heild sem hefir viðurkent og vinnur fyrir þessa nýju strauma, hefir því jafnmikinn rétt til þess að kalla þau áhrif óholla strauma — hvaðan sem koma — ef að þeir straumar miða til þess að hindra þroskun hennar. Það er því ekkert við þessa óhollu strauma að athuga frá sjónarmiði einhverra ákveðinna heilda, sérhver heild hefir sama rétt í því efni.

En nú kemur annað spursmál til sögunnar. Eru þessi umræddu áhrif, óhollir straumar í heild heildanna eða allra Vestur-Íslendinga sem heildar? Það er þá fyrst að athuga hvaða öfl og efni þessir straumar að flytja. Eg lít svo á, samkvæmt þeirri kynning er eg hefi haft af þessari nýju kirkjulegu hreifing, að hún miði í þá átt að vekja hjá fólkinu nýjar og göfugri hugsanir, auka þekkingu þess, bæði í þeim efnum, sem hið gamla trúarbragða kerfi byggist á, og sömu leiðis á ýmsum sannleik, sem vísindamenniruir hafa fundið. Enn fremur að hún miði til þess að styrkja kærleiksamböndin mannanna og auka jafnrétti þeirra á öllum stigum lífsins. Hún skilur að kenningar Krists er í samræmi við hina menningarlegu þroskun mannanna og þess vegna tignar hún hann sem leiðtoga og fyrirmynd.

Ef eg hefi nú skilið rétt þessa kirkjulegu hreyfingu þá virðist óhætt að álykta að þessir straumar séu ekki óhollir, heldur þvert á móti mjög hollir, af því þeir leiða inn í íslenzka þjóðarlífið hér í landi heilbrigða menning. Allir vita að stærð persónuleikans byggist á þekkingunni, og göfgi hans á kærleikanum, eg álít því að öll þau öfl sem miða til þess að byggja upp manngildið í þessa átt séu hollir straumar, og sagan mun endurtaka sig eins og hún hefir áður gert í þessu efni, að þeirra manna sem leiddu þessa strauma inn í þjóðlíf Vestur-Íslendinga, mun hún minnast með aðdáun fyrir þeirra djarfmannlega þrek í stríðinu móti fávitaku og andlausum, úreltum formum.

Það er vissulega kominn tími til þess fyrir Vestur-Íslendinga, og alt annað mentað fólk, að skoða málefni mannanna í gegnum sína persónulegu dómgreind, en ekki í gegnum lög og reglur sem flokksforingjarnir skapa fyrir fjöldann. Og þessvegna býst eg við að margir fari að athuga með óhlutdrægri yfirvegun, hvaða áhrif þessi umræddu straumar muni hafa á hina menningarlegu þroskun Íslendinga í þessu landi.

Þess er getið í einni menningarsögu heimsins, að maður nokkur sem vann að því að brjóta á bak nýja andlega strauma, hafi heyrt rödd sem ávarpaði hann á þessa leið: "Því ofsækir þú mig? það verður erfitt fyrir þig að spyrna á móti broddunum." Það væri mjög hyggilegt fyrir mótstöðumenn hinna nýju strauma, að taka þessa spurningu upp að nýju leggja hana fyrir sig sjálfa, og svara henni, ekki sem flokksspursmáli heldur sem almennu menningar spursmáli hins Íslenzka þjóðflokks.

M. J.

MÉR FINST SVO KALT.

Mér finst ei sagan um Samverjan,
að sofnuðum kærleiks skara glæðum
Á róli lífs finnum ræningjann
er rænir oss holds og sólar klæðum.

Í brjóst vor hann stingur bitrum geir
berast vor hljóð um vegu langa.
Ó, hversu margir eru ei þeir
fskaldir sem að fram hjá ganga.

R. J. Davidson.

Herra Jón Hólm, gullsmiður að 770 Simcoe St., biður þess getið, að hann selji löndum sínum gull- og silfur-muni og gigtarbelti. — Belti þessi eru óbrigðul við gigt, ef þau eru notuð samkvæmt fyrirskipunum Jóns. Kosta að eins dollar og kvart.

Ávarp til Kyrrahafsstrandar Íslendinga 2. ágúst 1910.

Heill sé þér landi þú lifir nú þar
sem liðveldið heimsfræga ávegsti bar
svo mislita meinlega og góða
og hér ertu sestur á sólfagra strönd
í sjálfsmensku tilraun á Kyrrahafsströnd
þar frammtíð þú birginn munt bjóða.

Því hafið þig vekur með þórdunur þær
við þrumandi brimöldur karlmenskan grær
í mannraunum mátturinn skapast.
og fjöllin að baki þau benda þér hátt,
sú bending hún þíðir að treysta á þinn mátt,
það eitt sem að ekki má tapast.

Það kom mér í huga þá fluttuð þið fyrst
að Fjallkonan hefði ekki börnin sín mist
hún ætti þau eins fyrir vestan
og þessvegna höldum við hátíð í dag
og hlustum á ræður og íslenzkan brag
það enn gleður fjölda vorn flestan.

Eg er ekki hrifinn af alþjóða graut
sem iðar um götur og rykuga braut
með lítið af vakandi viti
og hinir sem eiga að halda því við
að háttvirtum nútímans menningar sið
þeir stirðna í ánauð og striti.

Eg hélt ekki að lundernið stórgert en stilt
það stikki út í sollinn og dansaði vilt
svo mistum við manndóminn ungan
eg vonað það hefi og vona það enn
að vaxi upp kynsælir atgerfis menn
og töluð sé Íslenzka tungan.

Og við sem að köllum oss Íslenzka enn
eg óska að þið heyrið það konur og menn
að hvar sem vér landnámsins leitum
þá vinnum með hreinlindi umbótum að
því enn þá er fáment um málefni það
til blessunar borgum og sveitum.

Þó synir og dætur þar fluzt hafi frá
hvar fegurst skein sólin á ungdómsins brá
um fjarlægð mér finst ekki að kvarta
því hér skulu styrkjast vor blóðskildu bönd
svo brúum við hafið og samtengjum lönd
sem allir vèr elskum af hjarta.

Sigurður Jóhannsson.

WINNIPEG BUSINESS COLLEGE.
STOFNSETT 1882
Helsti hraðritunar, Stylritunar og verzlunar skóli í Canada.
Hlaut. 1. Verðlaun á St. Louis Sýninguni fyrir kenslu aðferð og sýnishorn vinnu.
Dag og nátt skóli
og sérstök tilsögn—Atvinna útveguð hæfum nemendum. Tilsögn veitt með pósti, ef óskast.
Skrifið oss eða Símið Main 45
WINNIPEG BUSINESS COLLEGE.
HORNI PORTAGE AVE. OG FORT ST. WINNIPEG, MANITOBA

"Já, en hann hætti við það, hvers vegna veit ég ekki. Kofi móðir þinnar stendur enn þá."

"Hamingjan góða! Er það svo?" sagði Morits viknandi. "Hver á þar heimili núna?"

"Enginn. Hann er lengi búinn að vera í eyði, en það er nýlega búið að byggja húsmannsbústað spölkorn frá kofanum, sem nú er orðinn mjög hrörlaftur," sagði Morits. "Enginn má fylgja mér, ég legur."

"U, ég verð að fara og sjá hann, ég þekki hann vil vera einn."

Og hann fór.

Sérhvert tré, sérhver runnur, sem hann sá á þessari göngu sinni, var honum kunnur frá æskuárunum. Endurminningarnar hvísluðu í laufinu, sem kvöldgolan suðaði í, og brostu við honum frá bláu bárunum sem blikuðu í sólargeislunum. Tréð, sem hann sat hjá þegar hann var að lesa Semiramis, mylnan fyrir neðan, sem var nærri búin að deyða hann með hjólum sínum, brúin, sem Isabella datt út af; alt þetta sveif fyrir hugskotssjónum hans, og kom strengjum endurminningarinnar til að titra.

Í þungum hugsunum hélt Morits áfram uns hann kom að götunni sem lá heim að kofa móður hans. Hann sá grán veggina í gegnum skóginn. Titrandi af geðshræringu nálgaðist hann þenna yfirgefna og hrörlega kofa.

Dyrnar voru opnar, gluggann var búið að taka burt, svo vindurinn hafði frjálsan aðgang.

Áköf tilfinning greip hann þegar hann gekk inn í kofann, þar sem hann hafði svo oft setið við hlið hinnar blindu móður sinnar, og blandað saman sínum tárum og hennar, sem elskaði hann heitar en nokkur móðir hefur elskað.

Í kofanum var að eins eitt herbergi og það var tómt, reykhafurinn hafði að mestu leiti verið tekinn

burt, og kalkið var hrunið úr veggjunum. Gamall ormetinn stóll á þremur fótum var það eina sem þar sást. Menn höfðu ekki álitið það ómaksins vert að flytja hann.

Morits þekti hann. Stóllinn var gamall kunningji hans sem talaði á máli endurminninganna um fyrverandi eiganada sinn. Hann hafði staðið þarna frá þeim tíma að hann og móðir hans bjuggu í kofanum. Morits gekk að stólnum og kysti hann grátandi, þar sem hún hafði svo oft setið með hendur hans í kjöltu sinni.

Þegar hann skoðaði hann nánar, sá hann að A og S var skorið í stólinn og neðan undir þeim stöfum voru M og S, hringur var utan um bæði fangamörkin, sem átti að tákna krans; þetta voru hans handaverk.

Hann settist nú á leyfar reykhafsins og féll í djúpar hugsanir.

"Þarna stóð rúmið hennar," sagði hann við sjálfan sig, "hérna stóð dragkistan hennar, og á henni geymdi hún menjagripina eftir föður minn, sem hún ávalt syrgði. Hérna var saumaborðið hennar, sem hún sat við á því ungnabliki sem hún misti sjónina."

"Unaðssæli skuggi," bætti hann við. Án efa svífur þú í kringum son þinn á þessu augnabliki. Ósénilegar hver annari mætast sálir okkar á landamerkjum tímans og eilífðarinnar. Þú kemst ekki lengra niður, og ég kemst ekki lengra upp. Þess vegna mætumst við á landamærunum."

"Kærleikurinn er þolinmóður, segir Páll. Hann þolir alt, líður alt. Hve fagurlega sannaðir þú ekki þessi orð, bæði sem kona og móðir."

"Líf þitt var kvaðalíf, en trúarstyrkleika þina sýndir þú með því að biðja fyrir morðingja þínum á dauðastundinni."

"Og ég, sem hefi dirfst að hata, flytja bölbænir og mögla."

"En þökk sé endurminningunni um þig, móðir. Hatur mitt hefir breyzt í ást, bölbænirnar í blessun og möglið í auðmýkt."

"Hinn myrkri efi minn—friðþjófur æsku minnar og fyrstu unglingsáranna—hvarf, við endurminninguna um dauða þinn, við hugsunina um það sem þú varzt að líða og fyrirgafst með tilstyrk trúar þinnar. Og þegar þessi efi kviknar hjá mér á þunglyndisstundum mínum, þegar endurminningarnar um eyðilagðar hugsjónir og rangindi, sem ég hefi orðið fyrir, vekja hjá mér geðbeiskju, þarf ég ekki annað en að hugsa um þig móðir min, til að hrekja þessa óvini í burtu."

Morits þagnaði og stóð upp. Leit enn einu sinni yfir þetta tóma herbergi, nöktu veggina og svarta loftið, gekk svo í hægðum sínum burt frá þessum endurminningarrika stað.

III.

Hugsanaskyldleiki.

Morits hélt nú áfram göngu sinni eftir þjóðveginum. Þegar hann kom að trjágöngunum, snéri hann inn í þau til vinstri handar og stefndi heim að Liljudal, fallega höfðingasetrinu, sem sást í gegnum skóginn. Hann mætti engum manni í þessum skuggariku göngum, en þegar hann kom heim undir húsið hitti hann gamlan mann með vatnskönnu í hendinni.

"Heyrðu maður minn," sagði Morits, "ert þú garðyrkjumaður hjerna?"

"Það á að heita svo, herra minn."

"Það er gott. Eg veit að höfðingafólkið er ekki heima, og spyr þessvegna þig að því, hvort þá viljir

lofa mér að skoða aldingarðinn og skemtigarðinn?"

"Velkomið, enda þótt ég hafi ekki tíma til að fylgja þér núna. Gerðu svo vel að ganga í gegnum þetta girðingarhlið, hinumegin við það er aldingarðurinn, en fyrst þarf ég að vita nafn þitt, herra minn? Eg er vanur að skrifa hjá mér nöfn allra þeirra manna sem koma til að skoða Liljudal."

Morits sagði honum nafn sitt.

Garðyrkjumaðurinn fór og Morits gekk inn í aldingarðinn.

Að lýsa þessum fagra og skrautlega jurtagarði er ofætlun fyrir okkur. Alt var eins töfrandi eins og maður hugsar sér aldingarða Harun al Raschids í þúsund og einni nótt. Hið skrautlega og skáldlega skiftist á, hinu listarika var raðað innan um hið náttúrlega. Hér sá maður fagran og ilmandi blóm areit, þarna kínverskt musteri; hér er Venus ásamt þokkagyðjunum, búin til úr marmara, við stóran og fagran gosbrunn, þarna er lækur sem rennur á milli klettastalla skrýdda grænum mosa, tilbúið af mannahöndum. — Í fám orðum sagt: Alt var, svo maður segi eins og María, guðdómlegt.

Þegar morits var búinn að skoða öll furðuverkin í aldingarðinum, gekk hann í gegnum lítið hlið inn í skemtigarðinn.

Ein hlið hans náði að Wenern, og hann var enn fegurri og fullkomnari en aldingarðurinn. Flest voru eikartrén, en innan um þau hér og hvar birki og almtré. Skemtigarðurinn var afarstór og í gegnum hann rann á, út frá henni voru grafnir skurðir í allar áttir, sem mynduðu marga smáhólma, og voru þeir settir í samband sín á milli og við garðinn með einkar snotrum brúm. Á hólmunum voru víða steinhvelfingar, sem hvorki sólskin eða regn komst inn í.

Morits var lengi að skoða þenna fagra skóg, sem hann áleit vera eins konar Eden, og var farinn að

Bréfkafli frá Vesturheimi.

Eins og kunnugt er, hafa vestur-íslenzku blöðin, „Heimskringla" og „Lögberg", sem gefin eru út af Canadastjórn, blandað sér töluvert inn í íslenzk stjórnmál, sérstaklega síðan í bardaganum við síðustu ráðherrakosningar. Bæði hafa þau verið einstakliga samtaka í þessu efni, og svo er að sjá sem þeim hafi þótt það mikið í munni, að vera með meirihlutanum, því bæði grobbuðu yfir sigrinum og luku lofsorði á sjálf sig, eftir að H. P. ráðherra var steypt úr völdum og eftir að núverandi ráðherra tók við stjórn.

Meðan á kosningabaráttunni stóð heima og mestur æsingur var gerð ur af B. J. og hans fuglum til að koma H. H. frá völdum, þ. spara blöðin okkar í Winnipeg ekki neitt vopn heiðarlegt né óheiðarlegt til að gera H. H. og hans flokk sem allra auðvirðilegastan í augum vestur-íslezku þjóðarinnar. Þá var öllu tjaldað og alt notað, sem til var. Sjá „Heimskringlu" og „Lögberg" frá þeim tíma.

Þeirri reglu hafa Winnipeg-blöðin jafnan fylgt, þegar þau hafa fjallað um íslenzk stjórnmál, eða þegar þau hafa látið mest til sín taka í íslenzkri pólitík, að sneiða sem mest og bezt hjá málefnunu, sem um er að ræða, en í þess stað að hamast sem mest og öflugast á mönnum, sem við málið eru riðnir. Og þessari óhrœsisreglu fylgja þau enn í dag; einkum fylgir þó „Heimskrengla" dyggilega og afdráttarlaust þessari dæmafáu og svívirðilegu reglu. Það er auðvitað, að íslenzk alþýða hér vestra, er ekki nægilega kunnug stjórnarfari Íslendinga heima. Þetta er ekki tiltökumál og ógn eðlilegt, að menn sem dvalið hafa fjarri fósturjarðarströndum svo tugum ára skiftir og það í annari heimsálfu (eins og á sér stað með oss Vestur-Íslendinga) geti fylgst svo með áhugamálum þjóðar vorrar, svo í nokkru lagi sé, hvað þá heldur að auðið sé fyrir V. Í. að dæma um menn og málefni íslensku þjóðarinnar í heid sinni.

Og einmitt vegna þess, hve fáfróðir vér V.-Í. erum yfirlett í íslenzkri pólitík, var afar árríðandi fyrir oss að fá óhlutdrægar og nákvæmar fréttir af ástandinu heima og sem allra réttmætasta skýringu á öllum málavöxtum.

En það er öðru nær en að Vestur-Íslendingar hafi átt því láni að fagna að eiga samviskusöm og óhlutdræg blöð, þegar um Ísland og íslenzk mál er að ræða. Allur þorri V.-Í. heldur Winnipegblöðin „Lögberg" og „Heimskringin", þar eru fréttirnar sannar og ósannar, bætandi og spillandi. Vestur-Íslendingar eiga ekki völ á öðru betra og verða því að gera sér það að góðu. En óholl andleg fæða er þar oftast borin á borð fyrir lesarann, að því er Ísland snertir, eins og sjá má af afskiftum þeirra af íslenzkum stjórnmálum á síðari árum.

Það að „Heimskringla" og „Lögberg" létu afdráttarlaust í ljósi sína skoðun á Íslands stjórnmálum, er ekkert við að athuga. Slík skoðun nær skamt og skiftir engu. En hitt er ófyrirgefanlegt af þeim, að berja þeirri skoðun sinni inn í V.-Í., að allir séu landráðamenn heima, sem fylgja H. H. og hans flokki, eins og þau þrásinnis hafa reynt að gera. „Heimskringla" hefir auðvitað gengið á undan í þessari svívirðingu eins og hennar er vandi í öllum málum, er almenning varða. Hún hefir sigað upp á móti H. H. og hans flokki *óþverramannræflum, reglulegum hundspottum* og látið þá þenja út allar klær, þangað til þeir hafa orðið sér og blaðinu til stórskammar og athlægis.

Gamli agentinn, núverandi ritstjóri „Heimskringlu", hefði eflaust gert réttast í að segja sem minst um stjórnmálabaráttu Íslendinga, bæði vegna þess, að maðurinn er auli í þeim sökum og ennfremur vegna þess, að allir vita að hann er enginn föðurlandsvinur og Íslendingur lítill.

Eitt hneykslið af mörgum var það, þegar nokkrir menn í hópi V.-Í. tóku sér það bessaleyfi að senda símskeyti til Íslands hér um árið þess eðlis, að allir Vestur-Íslendingar fylgdu B. J. að málum og hans flokki. Þessi lýgi er ein af þeim afar mörgu lygum, sem til Íslands bárust frá blöðunum hér vestra og einstöku mönnum, sem „Heimskringlu" tókst að æsa upp á móti H. H. Sannleikurinn er sá, að ef til arkvæða væri gengið meðal V.-Í. um stjórnmálaflokkana heima, hverjum hver fyrir sig fylgdi að málum, myndi mjög óvíst hverjir yrðu fjölmennari, þrátt fyrir allan vaðalinn í blöðunum.

Eins og eg tók fram hér að framan, hafa V.-Í. frá byrjun fengið mjög svo ófullkomnar og hlutdrægar skýringar á Íslandsmálum, með því að ekki hefir verið unt að byggja neitt verulega á Winnipegblöðunum, jafn einhliða og einstrengingsleg og þau hafa verið. En nú er að rakna fram úr þessu, Sig. Júl. Jóhannesson læknir hér í Vesturheimi er nýlega byrjaður að rita um þetta mál og leitast við að skýra það fyrir V.-Í. á hagkvæmastan hátt Áður en hann lýkur máli sínu verða Vestur-Íslendingar eflaust farnir að skilja, hvað um er að vera í íslenzkum stjórnmálum heima á Íslandi og hvaða pólitíski flokkurinn hafi á réttari og betri grundvelli að standa og hvað þjóðinni er hollast og eiginlegast í framtíðinni.

V. Í.

Ath. — Við þennan bréfkafla er það helzt að athugandi að hann virðist ritaður undir áhrifum œstra geðsmuna og án tillits til sannleika og sanngirni. Að ritarinn sé æstur flokksmaður H. Hafsteins er sýnilegt og ekki að því finnandi ef hann hefði valið á að ræða um skoðanir sínar á sæmilegri hátt en honum hefir hér tekist. Sárt finnur hann til þesa hve Vestur-Íslendingar séu fáfróðir í ísl. pólitík og hve árríðandi það væri fyrir þá að fá óhlutdrægar og nákvæmar fréttir af ástandinu heima. Þetta er rétt mælt, en hitt er rangt, að blöðin hér hafi ekki reynt að skíra mál þau eins vel og rúm þeirra hefir leyft, á þeim tíma sem sambandslagafrumvarpið lá fyrir til umræðu með Ísl. þjóðinni, og ekki sjáum vér betur en að öll greinin beri þess vott að hún sé fremur rituð af illhug til Ísl. blaðanna hér, heldur en til þess að lagfæra eða leiðrétta að nokkru það sem honum finst varhugavert. Til dæmis má nefna að í allra fyrstu málsgrein þessa bréfkafla eru ósannindi vísvitandi sögð, því hvorki Lögb. né Hkr. eru gefin út af Canadastjórn og Hkr. hefir aldrei fengið styrk þaðan nema 1 ár fyrir 14 eða 15 árum. Í annari málsgrein einnig ósannindi því að ísl. blöðin hér voru ekki í meirihuta heldur skipuðu sér í minnihluta, sem þá var, og studdu að því að því að gera hann að meiri eða stjórnandi hluta þar heima. Ekki er það heldur satt að blöðin hér beittu nokkrum æsingum í umræðu málanna heldur allri þeirri sannsýni og sanngirni sem þau höfðu vald á og svo voru röksemdir þeirra ljósar og öflugar að 10 eða 12 Ísl. byggðarlög hér Vestra, samþyktu á fjölmennum fundum yfirlýsingar, samhljóða stefnu blaðanna hér, og samkvæmt þeim vilja Ísl. þjóðarinnar sem kom í ljós við kosningarnar þar heima, á hinn bóginn er oss ekki ljóst að ein einasta samþykt væri gerð hér vestra á nokkrum fundi í nokkru bygðarlagi, er andmælti stefnu Vestur-Ísl. blaðanna í stjórnmálum Íslands. Sú staðhæfing er og ósönn að vestan blöðin hafi sneitt sem mest hjá málefninu er þau ræða ísl. stjórnmál. Þvert á móti, hafa þau haldið svo fast við málefnið að landar vorir hér hafa fengið nokkurnvegin ljósa hugmynd og þessvegna getað mindað sér ákveðna skoðun um þau eins og hvervetna kom í ljós um þann tíma sem mál þau voru á dagskrá. Um aulaskap ritstjóranna eða samvízkuleysi blaðanna vestan hafs er óþarft að deila. Landar vorir hér eru hvortveggja svo kunnir, að þeir viðurkenna tæpast dóm bréfritarans um þau, og sama hyggjum vér að verði uppi á baugi heima því blöðin þar hafa margsinnis talað mjög hlýlega um Vestur-Íslenzku blaðamensku og þá haft sérstakt tillit til þeirra blaða tveggja sem bréfritarinn virðist vera mest í nöp við. Lang lakast í bréfkaflanum eru nöfnin — „óþverra mannræflar og hundspott", sem höf gefur þeim Vestur-Ísl. sem ekki geta skoðað málin með hans augum, og tæpast trúum vér að Þjóðólfur, sem bréfkaflann flytur hefði birt þessa titla ef aðrir en Vestmenn hefðu átt í hlut og hyggilega hefir hann gert í því að birta ekki nafn höf.

Árás höf á ritstjóra Hkr. sérstaklega liggur oss í léttu rúmi. En hitt látum vér ekki afskiftalaust er hann segir Heimskringlu hafa verið einstreingingslega einhliða í ísl. málum, því að það er á allra vitund hér vestra að Hkr. hefir veitt móttöku ritgerðum frá meðhaldsmönnum H. Hafsteinsstjórnarinnar, alt eins og frá meðhaldsmönnum núverandi stjórnar og fyrir það frjálslyndi blaðsins hefir dr. Sig. Júl. Jóhanneson fengið óhindraðan aðgang með ritgerðir sínar um Ísl. stjórnmál. Þetta hefði höf. bréfkaflans átt að hafa drenglyndi til að kannast við og það hefði hann að líkindum gert væri hann ekki andlegur samoki þeirra tveggja mannflokka sem hann titlar sérstaklega í bréfkaflanum.

Ritstj.

Fréttabréf.

MARKERVILLE, ALTA.
(Frá fréttaritara Hkr.).
10. sept. '10.

Tíðin var nœstliðin mánuð mjög óhagstæð; lengstaf votviðri (sjaldan stórrigningar), sem töfðu stórkostlega fyrir heyvinnu, en afleiðingarnar af því, ásamt lélegri grassprettu, eru þær, að fáir eru hér enn, vel á veg komnir með heyskap og margir varla hálfnaðir með hann, tíðarfarið sýnist enn hið sama, og boðar slíkt vandræði ef ekki breytist fljótt til batnaðar; margir eiga mikið hey úti, og flestir mikið eftir að slá. Akrasláttur er um það búinn, en allir óhyrtir. Yfirleitt mun uppskera verða léleg og lítil þetta haust; það er eðlileg afleiðing af hinum miklu vorkuldum og frostum, sem gengu í vor, og þó var frostið sem kom seint í júlí, sem gerði mestar skemdir á ökrum hér um pláss.

Ekki er enn hægt að segja, hvernig gripa markaður verður hér í haust; allar horfur hafa verið á því, að hann yrði daufur, þótt úr því geti ræzt.

Stud. theol. C. Olson, hefir dvalið hér í þjónustu Alberta safnaðar, síðan snemma í næstliðnum mánuði

Við Tungu á.

Skírnin þarna á Skutulsfirði
skyldi hún vera nokkurs virði
margir þunga bera birði
beigðir undir okur vald
þar hefir löngum þrotið gjald
greina fleira hér ei hirði
hreinir voru greiin
fölleit andlit fjöldans dável þvegin.

Heldur víða fettir fingur
fingra langur Englendingur
þar sem áin iðar singur
út í landsins frægu höfn
endur skírast ymsra nöfn
þessi sinda þvottur ringur
þeirra ei breitir liti
hann er gerður helzt af grunnu viti.

Sumir halda að sinda þvottinn
séu að gera fyrir Drottinn
nú er forna dáðinn dottin
drjúpir lagt við Skutulsfjörð
mörg eru þjóðar meinin hörð
útlend hræsni upp er sprottin
ekki mikils virði
kæru vinir kastið þeirri birði.

Það er bezt að þvo sér sjálfur
þvotturinn verður meira en hálfur
teigðu á bandi tjóður kálfur
til að fá þér duglegt bað
heilræði mitt heirðu það
fregn sú barzt um allar álfur
Ísfirðingar hreinir
umbótonum ekki nokkur leinir.

Ef að þú vilt umbót sína
innri hugsjón skírðu þína
láttu sannleiks ljósið skína
líginni vísa burt úr hug
sindu í þrautum dáð og dug
útlent glingur á að blína
Íslendingur varast
við það margar villigötur sparast,

Sigurður Jónsson.

Þessi Stóra Bók um lægsta verð er gefin. SENDIÐ EFTIR HENNI í dag.

Hún sýnir lægsta verð sem þér getið keypt áreiðanlegar vörur fyrir, af öllum tegundum. Í þeim eru þúsundir af myndum sem sýna útlit hinna ýmsu hluta. Alt það sem sýnt er í henni er ábyrgst að vera úr traustasta efni. Ef þér kaupið eitthvað og eruð ekki algerlega ánœgður með það, þá getið þér sent oss vörurnar til baka og vér skilum yðar peningunum, og borgum allan tilkostnað.

Fáið strax þessa peninga-sparnaðar bók

Skrifið nafn yðar á þessa auglýsingu og sendið hana til T. Eaton Co., Limited. Winnipeg, Canada. Bókin verður þá send yður tafarlaust.

ÞAÐ er undir auðvelt að panta vörur með pósti frá EATON'S. Veljið úr bókinni hlutina sem þér viljið fá og sendið með pöntuninni nóga peninga til að borga fyrir þá samkvæmt auglýstu verði í bók inni. Póstið svo pöntun yðar til EATON'S og yðar skulu strax sendar vörurnar. Það er engin áhætta í þessu. Vér tryggjum yður gegn tapi eða óánœgju.

THE T. EATON CO LIMITED
WINNIPEG CANADA

NAFN.....
PÓST-HUS.....

Fréttir.

— Kólerusýkin sem fyrir nokkru gaus upp í Suður-Rússlandi hefir þegar orðið yfir 100 þús. manns að bana og nú útbreiðist yfir í Asiu í suðaustur Manchuru. Þar hafa þegar sýkst yfir 182 þús, mans og af þeim dáið nálega 9 þús. manns

— Tveir feðgar, landnemar hjá Gull-Lake Sask fóru nýlega inn í beinn til þess að drekka sig fulla, þeim tókst það. Þegar heim kom lenti þeim saman í illindum með þeim afleiðingum að sonurinn skaut föður sinn til bana. Sonurinn er nú í höndum lögreglunnar.

— Tveir embættismenn sykureinveldisins í Bandaríkjunum hafa fundist sekir um skýrslufölsun til Bandaríkjastjórnarinnar um þyngd sykurs sem tollur átti að borgast af. Þeir eru dæmdir til 5 þús. dollars fjársekta hver þeirra og að auk tveggja ára fangavistar. Í ráði er að Bandaríkjastjórn uppleysi félag þetta. Þessi sviksemi komst upp þannig að annar embættismaður félagsins, sem áður hafði verið dæmdur til fangelsisvistar ljóstaði upp um félaga sína og fékk fyrir það uppgjöf saka og lausn úr fangelsi.

— Fasteignir Montreal borgar hafa vaxið um 50 miljón dollars á sl. ári, þetta hefir gerst með því að færa út takmörk borgarinnar og innlima í hana nokkur úthverfi sem áður voru sérskilin.

— Ítali einn að nafni Fernanda Bernásconi hefir gert sér nýja flugvél sem getur svifið um loftið með meira hraða en aðrar vélar og hægt er einnig að stöðva hana á flugi og sígur hún þá hægt og létt til jarðar.

— Dómstólar Breta hafa ákveðið að verkamannafélögin hafi engan lagarétt til þess að leggja skatt á meðlimi sína til þess að borga þeim mönnum laun sem þeir kjósa úr verkamannaflokkinum til þingsins. Út af þessu er farið fram á það að Enska stjórnin launi hér eftir öllum þingmönnum þar í landi og er það samkvæmt stefnu hennar.

— Mál er höfðað mót 4 sjómönnum í New York fyrir að hafa í sl. júní ráðist á sjómann nokkurn þar í borg rænt af honum öllu fémætu sem hann hafði meðferðis, barið hann til óbóta og skorið af honum hægra eyrað, og þetta fyrir þá eina sök að maðurinn hafði neitað að ganga í það verkamannafélag sem fjórmenningarnir tilheirðu. Eftir að hafa framið þennan glæp flýðu fjórmenningarnir og voru eltir til Buffalo, Cleveland, Chicago, Culuth, Deltroit og til New York, þar fundust þeir og voru teknir.

Það er alveg víst, að það borgar sig að auglýsa í Heimskringlu.

SUCCESS BUSINESS COLLEGE



Kennir samhv. nýjustu aðferðum alskyns verzlunar fræði og Bankastörf. Einnig hraðritun og stýlrittun. Betri verzlunarskóli eksi til í Vestur-Canada. kenslu stofur þar finst í borginni. Nemendur geta byrjað hvenær sem þeir óska. En kenslu tíma bilið byrjað 1. Sept í dag.

Skrifið eftir upplýsingum eða símið MAIN 1664.

The Northern Wine Co.
LIMITED.

Selur sérhverja góða tegund af Whisky, vínum og bjór o.fl. o.fl. Við gefum sérstaklega gaum familiu pöntunum og afgreiðum þær bæði fljótt og vel til hvaða hluta borgarinnar sem er Getið okkur tækifæri að sýna ykkur að svo sé.

Við óskum jafnframt eftir sveita pöntunum Afgreiðsla hin bezta

Talsímar 1673 / 6744 MAIN — 215 Market St.

Manitoba Elevator Commission

D. W. McCUAIG, Commissioner — W. C. GRAHAM, Commissioner — F. B. MACLENNAN, Commissioner

Aðal skrifstofa: 227 Garry St., WINNIPEG
P. O. Box 2971

Commissioners tilkynna hér með Manitoba bændum að þeir hafi fengið fra tíðar skrifstofu til starfsnota og að öll tilboð skyldi sendast Commissioners á ofan nefnda áfitn. Blöðunum og allar upplýsingar sem bændur þarfnast til þess fá korn hlöður í n.r.n.s.n. verða sendar hverjum sem óskar.

Commissioners óska eftir samvinnu Manitoba bænda í því að koma á fót þjóðeignar kornhlöðum í fylkinu.

BÚÐIN Á SARGENT.

Kennið únglingunum að nota vel tíman. Það gerist best með því að þau beri á sér vasa úr. Eg sel vönduð Kvenn-úr frá $2.50 og upp. Eg sel $10.00 Konu-úr fyrir $6.00 þau eru í gullþynnu kössum, með ágætu gangverki ábyrgð fygir hverju úri.

Drengja úr sel eg fyrir $1.25 og þar yfir.

G. THOMAS Gull og Silfur Smidur
674 Sargent Ave. Phone Sherb. 2542

ALDREI SKALTU geyma til morguns sem hægt er að gera í dag. Pantið Heimskringlu í dag.

Þegar þér Kaupið

PIANO

Þá farið til áreiðanlegs félags Vér seljum best gerð hljóðfæri, svo sem HEINTZMAN & CO. Weber, og mörg önnur á verði sem er sanngjarnt.

J. J. H. McLean & Co LIMITED

J. W. Kelly. J. Redmond. W. J. Ross

Cor Portage Ave. & Hargrave
Phone: Main 808.

Fréttir úr bænum.

T. Eaton félagið auglýsir á ný gjafabækur sínar í þessu blaði. Félaginu er ant um að gefa sem flestar þessar bækur til Íslendinga í hinum ýmsu nýlendum í Vestur Canada, og Hkr. er ant um að sem allra flestir sendi eftir þeim til félagsins, og geti um leið þessa blaðs svo félagið sj i að það sé lesið. Ekki er annar vandin en að klippa auglýsinguna úr blaðinu og senda hana með nafni og áritan þess er vill fá bókina gefins. Eins dug ar að skrifa eftir bókinni og nefna auglýsinguna í Hkr.

Verzlunarhús eitt á Main St. féll til grunna í sl. viku, um 30 manns voru í húsinu, en komust undan áður en það féll.

Alfred Roberson, Polece Inspector í Winnipeg skaut sig til bana á vagnlest í Ontario á laugardaginn var. Hann hafði verið mörg ár í lögregluliðinu hér, en skrapp nýlega austur í kynnisför til ættingja og vina í Ontario. Hann var stór maður vexti og hinn hermannlegasti og vel látinn af öllum er þektu hann. Engin ástæða er gefin fyrir þessu tiltæki.

Þær Mrs. Guðrún Búason og ungfrú Leva Oddson, komu heim aftur til Winnipeg úr Evropuferð sinni á þriðjudag í sl. viku þann 13. þ. m.

Í síðustu Hkr. var þess getið að landi vor H. Goodman hefði unnið 2 og 5 verðlaunahjólreiðarnar 10. þ. m. í Sýningargarðinum (ekki Rever Park) þessi H. Goodman er Haraldur Kristjánsson Guðmundsson, málara. að 601 Bevrly St. hér í borg. Tólf menn tóku þátt í þessum hjólreiðum. Goodman reiið hjóli frá þeim Sigurdson & Matthews.

Herra Þórður Jónsson frá Minnitonas Man var hér í borg í sl. viku til þess að selja heimilsréttarland sitt þar vestra. Hann hefir búið þar vestra 10 ára tíma og hefir farnast vel. Fyrir landið fekk hann gott verð. Hann á húseign í Minnetonas bæ og hyggur á að selja það einnig og flytja úr héraðinu á komandi vori. Uppskeruna í Swan Riverdalnum segir hann þá beztu er komið hafi þar nokkurn tíma.

ANCHOR BRAND HVEITI

er bezta fáanlegt mjöl til nota í heimahúsum og annarstaðar. Það er gert úr No. 1. Hard HVEITI eftir nýjustu aðferðum.

Símið 4326 eftir söluverði þess.

Leitch Bros.
LOUR MILLS
Winnipeg skrifstofa
240-4 GRAIN EXCHANGE

Herra Hannes Lindal, timburkaupmaður í Leslie bæ Sask, var hér á ferð um síðustu helgi Hann sagði framför mikla þar í Nýlendum. Uppskeran á þessu hausti segir hann verði að jafnaði um eða heldur yfir 30 bush. af ekru af hveiti, sem með því verði sem nú er á hveiti og verður á komandi vori gefur bændum fullar 100 krónur af ekru í glærum peningum. Land er að hækka þar í verði, það sem í fyrra fekst fyrir $12.00 ekran kostar nú $15.00 og tvöfaklast áreiðanlega í verði innan fárra ára. Einn Íslendingur í Leslie bæ, hefir nú keypt sér motorvagn og fleiri munu fylgja hans dæmi innan skams. Motorbátur gekk og eftir Stóra Quill vatni í sumar, og í ráði að láta stóran motorbát ganga þar eftir vatninu á komandi sumri. Með því hefi spádómur B. L. B. ræzt í greininni „Eg kom og sá", aðeins hefir hann ræzt ári fyrri en þar var ætlað og svo mun fara um aðra spádóma í þeirri grein. Gott Hotel er nú komið í Leslid bæ. Herra W. H. Paulson frá Winnipeg er nú að láta byggja sér stóra búð í Leslie bæ, þar ætlar hann að reka verzlun, (járnvöruverzlun aðallega) og gera þar framtíðarbústað sinn.

Mikill fjöldi verksmiðjueigenda frá Austur Canada eru um þessar mundir að ferðast um Vestur Canada. Þeir voru hér í borg á Mánudaginn og Þriðjudaginn í sl. viku og var haldin veizla mikil í Alexandra-Hotelinu að kveldi 13. þ. m. Borgarstjóri Evans flutti þar fróðlega ræðu um framleiðslu möguleika í Winnipegborg og gat þess meðal annars að árið 1890 hefði vöruframleiðslan frá verkstæðum borgarinnar verið 18 miljónir dollars virði, en 5 árum síðar hefði hún orðið 36 miljónir og nú í ár væru hér yfir 240 verksmiðjur og iðnaðarstofnanir sem framleiddu nær 40 miljón dollars virði af varningi árlega. Verksmiðjur Winnipegborgar borguðu daglega 14 þús. dollars í vinnulaun og þess utan væri heildsöluverzluu borgarinnar við Austurfylkin 100 miljón dollars virði á ári. Höfuðstóll framleiðenda hér í borg kvað hann vera 20 miljón dollars. Járnbrautirnar að austan og sunnan flyttu árlega inn í Winnipeg 2 miljónir tons af varningi. Borgarbúar væru á yfirstandandi tíma að verja nálega 4 miljón dollars til þess að tryggja borginni ódýrt rafafl til knúnings vinnuvèla og gæti innan skams tíma selt hèr 17 þús. hesta afl á ári með lægra verði en fáanlegt væri í Ontario fylki. Svo hvað hann borgarbúum ant um að koma hér á fót öflugum iðnaðarstofnunum að þeir verðu 25 þús. dollars árlega til þess að auglýsa borgina út á við, svo að auðmönnum gæfist kostur á að kynnast ástandinu og framtíðarútliti hèr.

Að hèr væru efni til þess að borga fyrir þær vörur sem frammleiddar yrðu mætti marka af því að á sl. ári hefði korn uppskeran í Vestur Canada verið 100 miljón dollars virði, og sama yrði á þessu ári.

Þeir herrar Guðm. Sigurðsson frá Narroos og J. K. Jónasson frá Dogbreek voru hér í borg í sl. viku Jónas var að vinna að því að fá sæmilega akbraut gerða frá Dog Creek P. O. austur að nýju C. N. járnbrautinni, um 16 mílur vegar. Norðan við Tp. 22 gegnum Ranges 7, 8 og 9. w. 1 m. Verkfræðingur verður bráðlega sendur þangað norður til þess að mæla út brautar stæðið og gera áætlun um kostnaðinn við brautina. Í fréttum sagði hann járnbrautina nú teinlagða norður undir Lundar Pósthús.

Byggingarlóð var í sl. viku seld á Portage Ave skamt fyrir vestan Main St. fyrir 4000 dollars hvert fet framhliðar og önnur lóð, 40 feta breið var seld á Norte Dame Ave skamt frá Portage Ave á bak við Queens Hotel, fyrir 100 þús. dollars. Það er enginn afturkippur í landsölu hèr í borg, þvert á móti fara góðar byggingalóðir stöðugt hækkandi.

KAUPIÐ Heimskringlu.

Góðar stöður.

Geta ungir, framgjarnir menn og konur fengið á járnbrauta eða loftskeyta stöðvum.

Síðan 8 kl. stunda lögin gengu í gildi og síðan loftskeyta fregnsending varð útbreidd þá vantar 10 þúsund telegraphers (fregnsendla). Launin til að birja með eru frá $70 til $90 á mánuði. Vér störfum undir umsjón telegrapn yfirmanna og öllum sem verða fullnuma eru ábyrgðar atvinnustöður.

Skrifið eftir öllum upplýsingum til þeirrar stofnunar sem næst yður er. NATIONAL TELEGRAF INSTITUTE, Cincinatti, Ohio, Philadelphia, Pa., Memphis, Tenn., Columbia, S. C., Davenport, Ill., Portland, Ore.

Nýtt kostaboð.

Kaupendur Heimskringlu geta með tilhjálp þessa blaðs fengið keypt viku útgáfuna af blaðinu „The Mail and Empire", sem gefið er út í Toronto borg, fyrir að eins 15 cent frá þessum tíma til ársenda 1910 Og fyrir 50c fyrir árið 1911.

Mail and Empire er eitt af elstu og stærsatu og áhrifamestu blöðum í Canada og betra fréttablað fæst ekki. Nýir kaupendur að Heimskringlu geta fengið með henni Mail and Empire blaðið til 1. janúar 1912, með því að senda fyrifram borgun $2 50 til þessa blaðs.

Betri kostaboð getur blað vort ekki gert að þessu sinni.

Miss. Friða Björnson, sem um nokkurra ára bil hefir dvalið vestur á Kyrrahafsströnd, kom til borgarinnar í sl. viku.

Blöðin segja að Roblin stjórnin hafa nýlega keypt 500 ekrur lands á bökkum Rauðár í St. Vital og St. Norbert sveitum 2½ mílu fyrir sunnan suður takmörk Winnipegborgar fyrir $175,000. Þessi staður er einn hinn fegursti umhverfis borgina og er ætlaður til nota fyrir Búnaðarskóla fylksisins, sem nú þegar hefir alt of lítið landrými til þess að geta stundað starf sitt eins og þörf gerist.

Ottawa stjórnin hefir skipað að mánudagur 31 okt. n. k. skuli vera haldinn almennur þakkargerðar og hvíldardagur í Canada.

Giftingar — herra Hallsteinn Skaptason og ungfrú Anna Freeman, í 1. Lút. kirkju 13. þ. m. og 15. þ. m. þau William Pettigrew og Sarah Sigurdson.

Næstkomandi sunnudag þ. 25. þ. m. verður ekki messað í úníta rakirkjunni hér í bænum, vegna þess að prestur safnaðarins verður fjarverandi við innsetningu séra Alberts E. Kristjánssoar á Gimli þann dag.

Herra Jóh. T. Paulson, akuryrkjusali í Leslie var hér í borg alla síðustu viku. í verzlunarerindum. Hann fer heimleiðis eftir helgina. Í fréttum sagði hann að Magnús P. Magnússon, sonur Páls Magnússonar bónda þar, hefði nýlega fótbrotnað fyrir ofan öklalið. En vonað að hann grædist að fullu bráðlega.

C. N. Ry. fél. er mælt að ætli að byggja 2 miljóna dollars Hotel á horni Main og Water St. þar sem nú eru rústir gamla Northern Pacific Hotelsins.

Frida Björnson, sem nýflutt er hingað til Winnipeg frá Blaine Wash, og nú býr að 696 Simcoe St. biður Heimskringlu að flytja kveðju sína og bezta þakklæti til allra þeirra Blaine-búa, sem hún hafði kynni af, og sérstaklega til Mrs. Lindal og barna hennar, sem hún dvaldi hjá, er blaðið bediið að flytja alúðarfylsta þakklæti hennar fyrir margar velgerðir og góða sambúð, meðan hún dvaldi þar vestra.

Sex Bricklayers sem gengu úr félagi sínu meðan stóð á verkfallinu hèr í borg fyrir skömmu, og reyndu þá að mynda nýtt félag, hafa nú af Bricklayers Union, verið sektaðir um 100 dollars hver.

PRÓGRAM

1. Avarp forseta
2. Söngur, tvær stúlkur
3. Ræða, G. Árnason
4. Sólo, G. Johnson
5. Upplestur, Þ. Þ. Þorsteinsson
6. Recitation, R. Swanson
7. Sólo, Óskf Goodman
8. Óákveðið,
9. Sjónleikur (Hin sanna vináttа)
10. Veitingar,

Inngangseyrir 25c.

hjá J. R. TATE & Co.
522 Notre Dame Ave.

er staðurin til að fá góð föt gerð eftir máli úr frægustu dúkum og fyrir lægra verð en slik föt eru gerð fyrir neðar í borginni. Vér höfum mesta úrval af fatadúkum og ábyrgum hverju spjör. Íslendingum boðið að koma og skoða vörurnar. Vèr óskum viðskifta við þá.

J. R. TATE & Co. Skraddarar

Þann 11. þ. m. lézt í Grand Forks í Norður Dakota, merkisbóndinn Pálmi Hjálmarson, úr Hallson bygð þar í ríkinu, Pálmi sál. var faðir herra Pétur Pálmasonar að Pine Valley hér í fylkinu. Hann hafði búið fjölmörg ár þar syðra og var háaldraður maður.

Þann 24 þ. m. verður að forfalla lausn opnuð ný íslenzk Hattabúð á horninu á Sargent og Victor og verða þar seldir nýir hattar af nýjustu gjörð einnig gjörðir um gamlir hattar sem nýir væru og vonum við að Íslendingar láti okkur njóta þjóðernis okkur og komi að líta á okkar hatta áður en þeir gjöra kaup sin annarsstaðar.

með virðingu

Mrs. H. Skaftfeld
Miss Jóh. Jónson

Leikurinn, sem leikinn verður á samkomu kvenfélags únítara á mánudaginn kemur, er eftir þýzka leikritahöfundinn G. E. Lessing, sem er eitt af frægustu leikritaskáldum Þjóðverja. Í leiknum blandast saman gaman og alvara, kostir og gallar persónanna. Munið eftir að koma. Leikurinn er þess virði að hann sé sóttur.

Þeir herra Sigurður Sölvason frá Westbourne og J. S. Skagfjörð frá Leifur P. O. Man. voru hér á ferð í sl. viku. Hann sagði grassprettu heldur íra þar nyrðra en nýtingu ágæta.

Læknar segja hundrað scarletsóttar sjúklingar nú hér í norðurbænum. Samtímis þessari fregn var sú bæn send til bæjarstjórnarinnar að hún beri undir samþykki bæjarbúa að veita 350 þús. dollars til að byggja nýjan spítala í Norðurbænum.

TIL LEIGU

3 ágæt herbergi með ljósi og vatni, að 907 Selkirk Ave. 15 á mánuði. Th. Johnson.

Miss Jóhanna Olson.

Piano kennari, byrjar aftur að veita nemendum tilsögn að heimili sínu 557 Toronto St.

Dr. G. J. Gíslason,
Physician and Surgeon
18 South 3rd Str, Grand Forks, N.Dak

Athygli veitt AUGNA, EYRNA og KVERKA SJÚKDÓMUM. ASAMT INNVORTIS SJÚKDÓMUM og UPPSKURÐI. —

Anderson & Garland,
LÖGFRÆÐINGAR
35 Merchants Bank Building
PHONE: MAIN 1561.

Dr. M. Hjaltason,
Oak Point, Man.

J. T. STOREY S. DALMAN

Your Valet

HREINSAR. PRESSAR. GERIR VIÐ OG LITAR FATNAÐ.

Alt ágætlega gert. Komið því með fötin til okkar.

690 NOTRE DAME AVE.
TALSÍMI MAIN 2798

Sherwin-Williams PAINT
fyrir alskonar húsmálningu.

Prýðingar-tíma nálgast nú. Dálítið af Sherwin-Williams húsmáli getur prýtt húsið yðar utan og innan. — Brúkið ekker annað mál en þetta. — S.-W. húsmálið málar mest, endist lengur, og er áferðarfegurra en nokkurt annað hús mál sem búið er til. — Komið inn og skoðið litarspjaldið. —

Cameron & Carscadden
QUALITY HARDWARE
Wynyard, · Sask.

Atvinna.

Okkur vantar fáeina duglega umboðsmenn í hinum íslenzku bygðum í Manitoba og Norðvesturlandinu til að selja Stereoscopes og myndir. Sendið 75c fyrir umboðsmanna áhöld.

Arnason & Son.
8-4 Churchbridge, Sask.

A. S. BARDAL
Selur líkkistur og annast um útfarir. Allur útbúnaður sá bezti. Enfremur selur hann alskonar minnisvarða og legsteina.
121 Nena St. Phone 306

TIL SÖLU:

160 ekrur af bezta landi. stutt frá járnbrautarstöð. — Fyrsti maður með $7.00 fær hér góð kaup. — Finnið

Skúli Hansson & Co.
47 Aikens' Bldg.
Talsími. Main 6476 P. O. Box 833

"Kvistir,"

kvæði eftir Sig. Júl. Jóhannesson, til sölu hjá öllum íslenzkum bóksölum vestanhafs. Verð: $1.00.

HEIMSKRINGLU og TVÆR skemtilegar sögur fá nýir kaupendur fyrir að eins **$2.00**

GEO. ST. JOHN VAN HALLEN
Málafærzlumaður
Gerir öll lögfræðis störf
Útvegar peningalán
Bæjar og landeignir keyptar og seldar, með vildarkjörum.
Skiftiskjöl $3.00
Kaupsamningar $3.00
Sanngjörn ómakslaun
Reynið mig
Skrifstofa 1000 Main St.
Talsími Main 5142
Heimils talsími Main 2357
WINNIPEG

MARTYN F. SMITH,
TANNLÆKNIR.
Fairbairn Blk. Cor Main & Selkirk
Sérfræðingur í Gullfyllingu og öllum aðgerðum og tilbún aði Tanna. Tennur dregnar án sársauka. Engin veiki á eftir eða gómbólga. —
Stofan opin kl. 7 til 9 á kveldin
Office Phone 6944. Heimilis Phone 6462

Þarft þú ekki að fá þér ný föt?

EF ÞAU KOMA FRA CLEMENT'S, — ÞÁ VERÐA ÞAU RÉTT

Réttur að efni, réttur í sniði réttur í áferð og réttur í verði.

Vér höfum miklar byrgðir af fegurstu og beztu fataefnum. —

Geo. Clements & Son
Stofnað árið 1874
264 Portage Ave. Rétt hjá FreePress

Th. JOHNSON
JEWELER
286 Main St. Talsími: 6606

Sveinbjörn Árnason
Fasteignasali.
Selur hús og lóðir, eldsábyrgðir, og lánar peninga. Skrifstofa: 310 McIntyre Blk.
office TALSÍMI 4700. hús TALSÍMI 2108

G. NARDONE
Verslar með matvöru, aldini, smá-kökur, allskonar sætindi, mjólk og rjóma, sömul. tóbak og vindla. Óskar viðskifta Íslend. Heitt kaffi eða te á öllum tímum. Fón 7756
714 MARYLAND ST.

Boyd's Brauð

Alt af hin sömu ágætu brauðin. Það er ástæðan fyrir hinni miklu sölu vorri. — Fólk veit það getur reitt sig á gæði brauðanna. Þau eru alt af jafn lystug og nærandi. Biðjið matsala ykkar um þau eða fónið okkur.

Boyd's

Bakery Cor. Spence & Portage Ave
Phone Sherb. 680

BILDFELL & PAULSON
Union Bank 5th Floor, No. 520
selja hús og lóðir og annast þar að lútandi störf; útvegar peningalán o. fl.
Tel.: 2685

Jónas Pálsson,
SÖNGFRÆÐINGUR.
Útvegar vönduð og ódýr hljóðfæri
460 Victor St. Talsími 6803.

BONNAR, TRUEMAN & THORNBURN,
LÖGFRÆÐINGAR.
Suite 5-7 Nanton Blk. Tals. 766
Winnipeg, Man. P.O.BOX 223

DR. H. R. ROSS
C.P.R. meðala- og skurðlækuir.
Sjúkdómum kvenna og barna veitt sérstök umönnun.
WYNYARD, — SASK.

The Evans Gold Cure
229 Balmoral St. Sími Main 797
Varanleg lækning við drykkjuskap á 28 dögum án nokkurrar tafar frá vinnu eftir fyrstu vikuna. Algerlega privat. 16 ár í Winnipeg. Upplýsingar í lokuðum umslögum.
J. Dr. D. R. WILLIAMS, Exam. Phys
J. L. WILLIAMS, Manager

W. R. FOW LER A. PIERCY.

Royal Optical Co.
307 Portage Ave. Talsími 7286.
Allar nútíðar aðferðir eru notaðar við augn-skoðun hjá þeim, þar með hin nýja aðferð, Skuggа-skoðun, sem gjöreyðir öllum ágiskunum. —

Heimskringla.

XXIV. ÁR | WINNIPEG, MANITOBA, FIMTUDAGINN, 29. SEPTEMBER 1910 | NR. 52

Leaded Lights.

Vér getum búið til alskonar skrautglugga í hús yðar ódýrara og fljótara en nokkur önnur verksmiðja í borginni Vér sýnum yðar myndir og kostnaðar áætlanir.

Western Art Glass Works.
553 SARGENT AVE.

Fregnsafn.

Markverðustu viðburðir hvaðanæfa.

— Manuel Portugalskonungur er í vanda stadd ur. Stjórn hans er farin að hugsa honum fyrir kvon fangi. En svo er nú mikil þurð á Prinsessum í Evaopu, að aldrei hefir unnað eins skeð í minni núlifandi manna. Aðeins 8 Prinsessur eru þar á giftingaraldri. En flestar þeirra eru komnar vel til aldurs, fult þrítugar og tvær þeirra eru þegar bundnar, helzt er ætlað að konungurinn muni hyggja til ráðahags við dóttur Danakonungs.

— Járnbrautarslys nálægt Oporto í Portogal, 20 þ. m., meiddi 100 manns, en engin beið bana.

— Þjóðverjar hafa gert nýtt herskip sem slegið hefir ótta í hermála deildir Evrópu þjóðanna. Það var gert af skipagerðarfélagi í Nuremburg, og fer með 30 mílna hraða á kl. stund. Það var nýlega sýnt við heræfingar á hafi úti. Engin maður var á skipinu heldur var því stjórnað úr landi, það var látið fara ýmist afturábak eða áfram eða í hring, eftir vild. Sprengja neðansjávar námur, og skjóta Torpedo og gera hvað annað sem það gæti gert þótt menn hefðu á því verið.

— Nýlega var útlendingur einn fyrir rétti í Montrealborg kærður um glæp. Hann hafði verið 3 mánuði í fangelsi að bíða dómsins, en er kom fyrir réttinn fundust engar sakir á hann heldur reyndist sá sekur sem borið hafði sök á hann. Dómarinn sýknaði hann með fullum heiðri, og bað velvirðingar á þeirri yfirsjón lögreglunnar að hafa haldið honum saklausum svo lengi í fangelsi. Aðrar skaðabætur fékk hann ekki.

— Sjóþurð Þýzku stjórnarinnar á yfirstandandi fjárhagsári er nær 11 miljón dollars. Svo miklu fé er árlega varið til hergagna að þjóðin er orðin sáróánægð með eyðslusemina. En keisarinn er einráður í að verja öllu því fé sem nauðsynlegt er til þess að gera veldi sitt það öflugasta herveldi í heimi.

— Feikna miklir fólksfluttningar eru um þessar mundi frá Bandaríkjunum til Vestur-Canada. Margar lestar á dag bera fullfermi manna að sunnan, sem allir eru í landaleit til Saskatchewan eg Alberta fylkjanna.

— Franskur blaðstjóri varð nýlega gjaldþrota. Rétturinn sem rannsakaði fjárhagsástand hans sagði hann skulda alls $216,330 en eiga $50 virði í eignum.

— Langvinnar stórriguingar á Spáni hafa gert feikna tjón á allina uppskerunni þar. Alta þorp í Barcelona héraðinu eru yfirflotin vatni. Vatnið þar er sagt að vera 3 til 6 feta djúpt á götunum. Margir aldinaræktar héruð eru og undir vatni svo að uppskeran þar er eiðilögð. Haglstormar hafa og gert miklar skemdir á ýmsum stöðum í landi þar.

— Spánar stjórn hefir tilkynt þinginu að hún ætli innan skams að afnema dauðahegningu þar í landi og á ýmsan annan hátt að bæta glæpalögin í mannúðlegri átt en þau nú eru.

— Berlinarbúar eru kjötlausir um þessar mundir. Gripasjúkdómur hefir gosið upp þar í borg svo að slátrunarhúsin hafa hætt öllu starfi. Kjöt því ófáanlegt nema aðkeypt og með ærnum kostnaði. Stórfundir eru nú daglega haldnir þar í borginni til að ræða um ástand þetta. Skorað á stjórnina að leyfa innflutning gripa og kjöts hvaðan sem það fæst tollfrítt.

— Frétt frá Jerusalem das 19 þ. m., segir fundist hafa á Olive fjalli kirkju þá er Kristur sótti með postulum sínum árið 350. Svo langt er nú búið að grafa eftir rústum þessum að sjá má stærð hússins og ýmislegt hefir fundist þar inni. Meðal annas nálega óskemdir skírnarfontar, sömuleiðis rétt við grunnstæði hússins, legsteinn mikill með nafninu „Theodorus" áletruðu.

— 146,817 innflytjendur hafa komið til Canada frá Bretlandi, á sl. 8 mánuðum, þar af komu 19,532 í ágúst sl.

— 42 menn mistu líf sitt og 7 særðust hættulega, þegar 2 vagnar á rafmagnsbrautinni í Indiana rákust á þann 21 þ. m.

— Skýjaglópur einn reyndi nýlega að fljúga yfir sundið milli Irlands og Englanda, en féll í sjóinn, er hann átti eftir 200 fet að landi. Vélin bilaði á sundinu svo hann átti örðugt með flugið meira en helming leiðarinnar, en komst þó nálega alla leið eins og að framan er sagt.

— John R. Bradley frá New York var nýlega í Kaupmannahöfn. Hann kvaðst vera á leið yfir til Grænlands að leita að skýrslum og verkfærum dr. Coeks, í sambandi við Polar för hans. Grunur leikur á því að Dr. Cook sé með Bradley þó hann sé ekki hafður í augsýn almennings.

— Thomas A. Elison, hugvitsmaðurinn mikli er í þann veg að nota rafafl til þess að kæla hús New York búa á sumrum eins vel og til að hita þau á vetrum. Kælingarútbúnaður hans er enn ekki fullger en þó svo langt kominn að hann telur víst að hann geti innan skams kælt húsin eins auðveldlega og þau eru nú hituð með rafafli.

— Séra Nwedo í Mardrid á Spáni (Katolskur prestur) skaut sig til bana í sl. viku, af því hann var eltur af skyldmennum konu einnar sem hann var að strjúka með.

— Þýzka stjórnin hefir ákveðið að nota ekki belgflugvélar í hernaði, en halda fast við belglausu motorflugvélarnar sem einatt er verið að umbæta, og fullkomna.

— Socialistar héldu þing mikið í Berlin á Þýzkalandi í sl. viku, þar var sýnt að 720 þús. menn borguðu tillag sitt til flokksins og að af 397 þingmönnum væru 50 fylgjandi Socialistum, 44,000 Socialistafundir höfðu verið haldnir á árinu í Þýzkalandi. Aðalmálgagn flokksins hefir 160 þús. áskrifendur og græðir $30,000 á ári, sem alt er not að til flokksþarfa, als nafa Socialistar 75 vikublöð og 70 dagblöð. At kvæðamagn Socialista við síðustu kosningar var 341 þús. en ári áður aðeins 129 þús. Flokksfylgið því meira en tvöfaldast á árinu.

— Það kom fyrir í bæ einum í Nova Scotia að börn Unionmanna gerðu námsfall og neituðu að ganga til kenslu með börnum þeirra sem ekki tilheyrði verkamannafélaginu. Það hafði orðið verkfall þar í kolanámu. Unionmenn hættu starfi en hinir héldu vinnu áfram af þessu spratt hatrið milli barnanna.

— Nýútkomnar skýrslur Brezku stjórnarinnar sýna að inntektir íbúanna í Bretlandi hafa á árinu sem endaði 31. marz sl. verið yfir 5 þús. miljónir dollars. Alls eru á Englandi 237,186 manns sem borga skatt af inntektum sínum eða vinnulaunum, af þessu fólki eru 20 manns sem hver hefir í árslaun yfir $250,000. Svo er talið að laun verkamanna hafi á sl. ári orðið $30 lægri að meðaltali en árinu áður.

— Til þess að hefna sín á mönnum þeim sem fyrir nokkru gerðu verkfall í kolanámu í Wales á Englandi, þá hefir kolanámaeigendum þar í héraðinu komið saman um að hætta öllu starfi í öllum mánunum óákveðinn tíma, og hafa þannig 200 þús. manns mist atvinnu undir veturinn. Verkfallið var þá gert af að eins 12 þús. mönnum en þvert ofan í samninga við námaeigendurna og þvert ofan í skipanir félagsleiðtoganna. Þykir með þessu sýnt að leiðtogarnir hafi ekki lengur vald yfir mönnum sínum og horfir því til nokkurra vandræða innan sjálfra félagsdeildanna.

— Bretar og Þjóðverjar keppast hvorir við aðra að handtaka menn hinna og kæra þá um að vera spæjara. Þjóðverjar byrjuðu þennan leik með því að handsama Breska ferðamenn sem komið höfðu til Þýzkalands og Bretar svöruðu jafn harðan með því að taka Þýzka menn sem voru á ferð á Englandi.

— Georg Chauez frá Peruvin gerði, þann 23. þ. m. tilraun til þess að komast yfir Alpafjöll í flugvél. Fjöll þessi, sem aðskilja Swissland frá Italiu eru þau hrikalegustu í Evropu og talin að vera 6592 feta há Italska loftsiglingafél. hafði heitið 20 þús. dollars verðlaunum, hverjum þeim er fyrstur gæti flogið yfir fjöllin frá borginni Brig í Swisslandi til Milan borgar á Italiu. Chauez komst 7000 fet í loft upp og komst yfir fjöllin en hann varð að lenda vél sinni í Domodosala borg og þá meiddi hann sig svo að hann gat ekki flogið þær 75 mílur er eftir voru. Hann hafði fótbrotnað á báðum fótum við það að verða undir vélinni er hún kom við jörð. Samt hefir hann heiðurinn af því að verða fyrstur manna til að komast í flugvél yfir Alpafjöllin og talið víst að félagið muni veita honum verðlaunin, þó hann kæmist ekki þá í svipinu alla leið til Milanborgar. Bandaríkjamaður einn gerði—dagin eftir — tilraun til að fljúga yfir fjöllin En varð að hætta við það áform vegna óveðurs.

27. þ. m. kom sú fregn að Georg Chauez, sá er flaug yfir Alpafjöllin, hafi látist af meiðslum þeim er hann beið við lendingu við jörðu.

— Mælingum á Saskatchewan ánni, milli Edmonton og Winnipegvatns, er nú lokið. Í ráði er að bæta farveg árinnar svo hún verði skipuleg alla leið og geta þá þeir, gutlað á prömmum sínum milli Winnipeg og Edmonton, sem ekki hafa annað betra með tíma sinn að gera. Vegalengdin verður þúsund mílur.

— Tveir feðgar frá Swisslandi hafa nýlega klifrað upp á 2 af klettafjöllunum Douglasfjall er 11220 feta hátt á hæzta tind. Það tók þá feðga 17 kl. stundir að komast upp á tindin. Quadra fjallið er 10,200 feta hátt en 20 kl. tíma tók þá að komast þar upp. Margir hafa áður reynt að klifra fjöll þessi en engum tekist fyr en þessum feðgum. Á eftir þeim var læknir einn frá Montrealborg, en hann komst upp á annað fjallið en varð að láta hitt hlutlaust. Þeir feðgar segja að hvergi sé örðugra að klifra í Alpafjöllum en í klettafjöllum og útsýnið frá klettafjöllum sé fult eins fagurt og tilkomumikið eins og á Swisslandi eða Italiu. Assiniboyne fjallið er 11,800 feta hátt þangað hafa þeir tvívegis farið og með þeim dr. Hickson, frá Montreal.

— Duralumin heitir nýr málmur eða málmblendingur sem H. R. Weeks í Englandi hefir nýlega fundið eftir margra mánaða tilraunir. Blendingur þessi er hálfu þyngri en Aluminium, en eins sterkur og bezta stál og nú algerlega notaður til loftskipagerðar til hernaðarþarfa Verkfræðingar telja víst að málmur þessi verði innan skams eingöngu notaður til herskipasmíða, með því að hann er fullum þriðja léttari en stál, riðgar síður en er eins traustur til allra nota.

— Vinnuveitendur í París héldu þing mikið fyrir nokkrum dögum til þess að ræða um orsakir til vinnuskorts sem nú er þar í landi. Formaður félagsins kvað þá helzta ástæðu að piltar væru alt of snemma látnir fara að vinna, áður en þeir hefðu fengið svo mikið sem algenga barnaskóla mentun. Þeir ynnu því án nokkurrar þekkingar eða skynsamlegrar hugsunar og gætu því ekki orðið góðir verkamenn. Professor einn frá Columbia háskólanum var á þingi þessu og sagði að Bandaríkin hefðu fengið eina miljón verkamanna frá Evropulöndum á árinu 1909. Hann kvað rétt að aðgreina þær 2 tegundir manna, sem þjáðust af iðjuleysi. Í öðrum flokknum væru þeir sem fyrir þekkingar og kunnáttuskort ekki væru hæfir til þess að leysa almennilegt verk af hendi, í hinum þeir sem hefðu þetta hvortveggja, en kýsu heldur að ganga iðjulausir en að vinna fyrir því kaupi sem þeir ættu kost á að fá. Bourgegis fyrverandi forseti Frakka taldi æskilegt að alþjóðafélag yrði myndað með deildir í öllum löndum til þess að vinna að því að vinnulíðurinu ætti kost á aukinni verkþekkingu og til þess einnig að tryggja sem flestum atvinnu á öllum tímum ársins.

— Brezkir vísindamenn hafa nýskeð haldið þing mikið í Sheffield borg til þess, meðal annars að bera saman skoðanir sínar um afleiðingarnar af jarðskjálftum þeim, hinum miklu sem á þessu ári hafa orðið í Kyrrahafi. Á þingi þessu var borin fram skrá yfir tölu allra jarðskjálfta sem vísindamennirnir höfðu sögur af frá fyrstu tímum fram að árinu 1900 og var tala þeirra um 4 þús. Það var skoðun þessa þings að nú sé að myndast mikið meginland í Vesturhluta Kyrrahafsins. Þó enn sén ekki komnir upp nema hæztu fjallatindar. Það var sýnt að nú á síðari árum eru mestu jarðskjálftarnir frá suður ströndum Pilipseyjanna og fara alt suðaustur í mitt Kyrrahafið. Á svæði þessu eru margar eyjar, upp úr eyjum þessum og á milli þeirra hefir skotið upp miklum fjallahnjúkum, sem áður ekki voru til. Það var skoðun þingsins að ef jarðskjálftunum þar héldi áfram um nokkur ár með sama afli og verið hefir, þá myndist þarna nýtt meginland.

— Á þessu hausti hafa Íslendingafljóts, Geysir, Árdals og Framnesbygðir, framleitt full 60 þús. búsh. af korni, aðallega höfrum. Menn þar nyrðra eru nú farnir að fá áhuga fyrir jarðrækt og má búast við að akrar fari stækkandi með hverju líðandi ári. Hveiti uppskeran var góð, um og yfir 30 búsh. af ekru, Hafrar um 50 búsh. af ekru, Bygg um 30 búsh. af ekru.

OGILVIE'S
Royal Household Flour

Til Brauð og Köku Gerðar

Gefur Ævinlega Fullnæging

EINA MYLLAN Í WINNIPEG.—LÁTIÐ HEIMAIÐNAÐ SITJA FYRIR VIÐSKIFTUM YÐAR.

Íslands fréttir.

Mokafli fyrir Austurlandi um miðjan ágúst. Mótorbátar afla daglega 4—7 skip., en smábátar koma inn í logninu drekkhlaðnir. Öll hús eru full af fiski, svo kaupmenn verða að slá upp skúrum fyrir saltfisk. Óþurkar fylgja þessum aflabrögðum svo mikkr, að í heilan mánuð hefir að eins komið einn þurkdagur. Einnig er mikil síldveiði á Austfjörðum.

Ekkjiðurður ætlar að fá sér raflýsingu á næsta ári.

Alment manntal á að fara fram á Íslandi 1. des. næstk.

Í ráði er að byggja nýtt leikhús í Reykjavík.

Látinn er Stefán Pálsson, bóndi á Stóru-Vatnsleysu, 72. ára gamall.

Margrét Magnúsdóttir (frá Streiti) fél í mógröf á Berufjarðarströnd og drukknaði.

Tryggvi Gunnarsson dæmdur í yfirdómi Íslands, 22. ágúst sl., í 200 kr. sekt fyrir meiðyrði um ráðherranh.

Jón Jónsson, héraðslæknir á Þórshöfn, andaðist 17. ágúst úr heilablóðfalli, var veikur einn dag. Ungur maður og vel látinn.

Blaðið Norðurland getur þess, að bændur úr Víkursveit í Mýrdal syðra hafi nýlega ferðast um oorð í útlent botnvörpuskip, sem þangað hafi komið, og flutt þaðan með sér brennivín í skjóðum, án þess að borga toll af því samkvæmt landslögum.

Nokkur fiskafli á Norðurlandi seint í ágúst, en síldveiði lítil.

Verksmiðjufélagið nú formlega myndað, og skal ullarverksmiðjan við Glerá taka til starfa að kemba í haust, og máske einnig að spinna. En umbætur þurfa að gerast við vatnsleiðsluna í vélahúsið, og einnig að kaupa nokkrar nýjar vélar, sem áður voru ekki taldar nauðsynlegar og ekki gerð áætlun um í endurreisnarkostnaðinum. Bæjarstjórn Reykjavíkur gerir verksmiðjufélaginu þau boð, — 1. að lána það, er á verksmiðjunni hvílir með 1. veðrétti, sé endurnýjað með sömu kjörum og það var veitt í fyrstu, og áfallnir og ógreiddir vextir af því látnir falla niður; og 2. að fyrirtækinu sé veittur 12 þúsund kr. styrkur í eitt skifti til þess að koma því í gang.

Árið 1909 fæddust á Íslandi 2349 börn, fullur áttundi hluti óskilgetinn. Dauðsföllin urðu 1329. Hjónabönd urðu 453, þeim fækkar ár frá ári. Af slysförum dóu 54 manns.

EINATT VIÐ STARFIÐ

MagnetRjómaskilvindan

HVERSVEGNA?

Af því hún er sterk og stíf, heur "Square gear" stóra skál, einstykkis fleytir (hæghreinsaðan) með tvístuðningi - sem varnar eyðslu. MAGNET hamlan stöðvar skálina á 8 sekundum án skemda. Börn geta unnið með MAGNET sem sýnir að hún er velgerð létt snúin og að engin núningur er á pörtum hennar.

"Canadian Machinery" segir; —"Eitt atriði í MAGNET vélum er hin óviðjafnanlegu "Patent" hamla það er stálspýing umvafinn skálinni og stöðvar vélina mjög fljótlega með litlum þristingi þetta er ágæt hamla og gerir útbunað vélarinnar fullkomin".

Það er ágætt að eiga áreiðanlega vél því þarf ekki að undra þó vér segjum einatt við starfið, tvisvar á dag í 50 ár.

SPYRJIÐ NÁBÚA YÐAR SEM Á MAGNET HANN MUN SEGJA YÐUR HÚN BREGÐIST ALDREI.

THE PETRIE MFG. CO., LIMITED
WINNIPEG, MAN.
ÚTIBÚ: Calgary, Alta., St. John, N. B., Montreal, Que., Vancouver, B.C., Regina, Sask., Victoria, B.C., Hamilton, Ont.

Wall Plaster

"EMPIRE" VEGGJA PLASTUR kostar ef til vill ögn meira en hinar verri tegundir, —en berið saman afleiðingarnar.

Vér búum til:

"Empire" Wood Fibre Plaster
"Empire" Cement Wall "
"Empire" Finish "
"Gold Dust" Finish "
"Gilt Edge" Plaster of Paris
og allar Gypsum vörutegundir. —

Eiqum vér að senda yður bækling vorn?

BÚIÐ TIL EINUNGIS HJÁ
MANITOBA GYPSUM CO. LTD
SKRIFSTOFUR OG MILLUR Í
Winnipeg, - Man.

Heimskringla
Published every Thursday by The Heimskringla News & Publishing Co. Ltd

Verð blaðsins í Canada og Bandar $2.00 um árið (fyrir fram borgað).
Sent til Íslands $2.40 (fyrir fram borgað af kaupendum blaðsins hérlendis $1.50.)

B. L. BALDWINSON
Editor & Manager

Office:
729 Sherbrooke Street, Winnipeg
P.O. BOX 3083. Talsími 3512.

Landar vorir vestan hafs

Eftir. Guðmund Friðjónsson

Þeir gefa altaf betri og meiri gaum lífinu í landi voru heldur en vér gefum þeirra lífi, það sézt á ýmsu athæfi þeirra bæði fyr og síðar. Samskot þeirra í íslenska guðskistu eru orðin mörg og mikil, til ekkna sjódrukknaðra manna, handa holdsveikum mönnum og berklaveikum, o. fl. mætti nefna.

Áhugi þeirra á íslenzkum málum er altaf augljós. Þjóðmálin hérna kveikja í þeim eld brennanda, þegar hér eru þessháttar eldgos í landi. Og blöðin þeirra flytja látlaust ótal ritgerðir úr blöðum vorum og flytja þannig hugsunarhátt vorn út um nýlendur þeirra. Blöðin okkar fylgja málum þeirra miklu miður. Þjóðmál Vestur-Íslendinga eru og all-fjarlæg lokkur, svo þess er varla von, að vér látum þau til vor taka. En bókmenta viðleitni þeirra mættum vér betur fylgja en gert er.

Blöðin þeirra eru betri spegill til að sýna líf landa vorra vesturfrá, heldur en okkar blöð eru af lífi landslýðsins hérna megin hafsins. Þar rita margir alþýðumenn í blöðin og birta þar menningar þroska sinn og hugsunarhátt. Hér rita ritstjórarnir blöðin að mestu leyti.

Landar vorir vestra fást mikið við ritstnuðar. Margir menn fást við skáldskap út um allar trissur og hagorðir menn og skáldmæltir gefa út ljóðasöfn ár frá ári, sem enginn heyrir nefnt á nafn hér megin hafsins, enda er sumt af því brauði fangafæða, sem óþarft væri að auglýsa í tveimur heimsálfum. En áhugamenn eru þeir vafalaust langt fram yfir heimalningana flesta, bæði um bókmentir og mannfélagsmál. Til dæmis skal ég benda á það, að allmargir alþýðumenn vestur-íslenzkir hafa skrifað mér eða sent mér rit sín, þótt ókunnir mér séu, og eru þessir menn býsna mikið hugsandi, þótt mentunarskorturinn hamli því, að hugsanirnar séu fagurlega framsettar á íslenzku. Það er ekki tiltökumál; því þessir menn hafa enga íslenzku mentun fengið og eru aldir upp á útigangi. Miklu sjaldnar ber það til, að landar minir hérna heima sendi mér kveðju sína, og lafir það lengst við mörlandann sem sagt var um hann í fornöld, að hann væri tómlátur.

Nýlega fékk eg bók senda að vestan. Höf. er ungur alþýðumaður og heitir Guttormur J. Guttormsson, austfirskur maður. Bókin er saga í ljóðum og heitir Jón Austfirðingur. Bókin lýsir landnámi og lífskjörum bónda, sem flytur að heiman frá góðu búi, en missir alt sitt vestur frá, bæði börn sín og vonir.

Sagan er býsna átakanleg og vel kveðin, þó margt megi að vísu finna að skáldskapnum. Ef höfundur hennar er ungur og útigenginn, sýnist litill vafi vera á, að þar sé skáld á ferðinni. Ef til vill er hann lærisveinn séra Friðriks, hefir verið í skóla hans? Og sumstaðar bera vísur hans keim af Stefáni G. Stephanssyni. Þó er þar ekki um stælingar að tala. Eg ætla nú að segja lesendum blaðsins frá bókinni. Efni hennar snertir margan Íslending og kemur ef til vill í bága við aventa ræður og alþýðutrú um "fyrirheitna landið."

Höfundurinn byrjar bók s'na á því að lýsa Jóni bónda heima á Austurlandi að búi sínu. Sú lýsing er heldur máttlitil og þó færð í aukana. Bezt gæti ég trúað því, að höf. væri fæddur í Vesturheimi, nema svo sé, að hann hafi farið barn að aldri að heiman. Ættlandið virðinst vera fyrir hugskotssjónum hans viðlíka fagurt og girnilegt, sem Vesturheimur er í augum unglinga, sem heima sitja "Oss finst það alt bezt sem fjærst er," segir Steingrímur, og það er dagsanna.

Einn dag kemur "agent" til Jóns bónda og lýsir fyrir honum undralandinu. Höf. yrkir ræðuna og er hún bæði löng og hóflaus lygi. En vara má, að þar sé þó farið rétt með orð agentsins, því að skreytnir hafa sumir Ameríkusmalar verið, þó sumir þeirra hafi verið sannorðir og fámæltir. Eg set hér eina vísu af eitthvað tuttugu til að sýna vaðalinn í þessum velluspóa að vestan, sem fólkið ærði af landinu.

"Það dýrmæta land sem að drottinn oss gaf
er dæmalaus alsælustaður.
Og siglir þú, vinur minn, vestur um haf,
þá verður þú auðugur maður. —
Og forðabúr heimsins er fold þessi neind,
sem faðmast af eilífum degi,
og þar ríkir jöfnuður, framsókn og fremd
en fátæktin þekkist þar eigi."

* * *

Jóni reyndist þó annað en það, að fátæktin þektist þar eigi, Og séð hefi ég skáldsögn frá Chicago, sem lýsir lífinu við ægilegar verksmiðjur "kjötkónganna," þar sem margar þúsundir manna hafa atvinnu við. En þar var fátæktin svo nakin og hungruð, og ólifnaður, svik og grimd svo átakanlegt alt saman, að lesandanum rennur kalt vatn milli skinns og hörunds þessi saga lýsir stórsvikum slátturfélaga og kjötvarningsiðnaðar svo vel, að niður sér í botnlaust helvíti mannvonsku og þjóðspillingar. Og vízt hefði sagan sú átt að koma út á íslenzku máli, til þess að hnekkja þeirri fávizku, að verra sé að lifa í landi voru, heldur en í öllum öðrum löndum.

En það er frá Jóni Austfirðing að segja, að hann komst til "fyrirheitna landsins" og varð það hlutskifti hans að fara til Nýja Íslands og nema þar land. Þar bygði hann bjálkahús og lifði á dýraveiðum og fiski úr vatninu. Konan hans spann á rokk og prjónaði, en hann þæfði og kvað rímur á kveldin.

Nú er þar næst að segja, að bólan kom á þæjinn og úr henni dóu synir þeirra allir, þar næst kom flóð í Winnipegvatn og æddi yfir landið. Þar er þessi lýsing:

"Af skóggyðju kórónu skrautið var fokið;
á skjólstöðum hálmur um sjálfan sig valt;
og náttúruhörpunnar hásöng var lokið;
á hauðri var þögult og dapuslegt alt.
Og vindurinn andaði iskulda-svalt,
sem eind væru' hans seinustu köf
í norðri við heimskautsins höf.

Og gráskýja lagður í hánorðri hóst,
í hvolfinu tættist og kemdist og spanst;
í klæðisdúk, vaðmál og einskeftu ólst;
hvert álnanna hundrað á svipstundu vanst.
Með húmskuggum túnglsljós í feluleik fanst
og faldist á loði og grund
og ísjökum silfraðist sund."

* * *

Jón misti sumt af skepnum sínum í flóðinu. En næsta aðkastið sem að honum steindi, var skógareldur. Þá brann húsið hans og innanbæjar aleiga öll.:

* * *

"Á fjarlægar útkjálka óbygðir lands
fél askan af brennandi skóg.
Um loftvegu bráðfara reykurinn rann
og rökkrið á jörðina sló.
En helbjarmi rauður á valköstum var
þar viðurinn skrælnaði og dó.

Og eftir hvern brennu og bvltinga dag
fór blysför um skógarins torg
og logarnir þutu frá tá upp í topp
á trjánum með herlúðurs org.
Og dagsetursrökkrið var rautt eins og blóð
með rákir af dökkleitum korg."

Dóttir Jóns, Guðrún, varð eftir í Winnipeg og vann þar í vist. Um hana er lengsta kvæðið í bókinni. Margt er vel sagt í því. Enn yfirleitt er það þó laust á kostunum og er það vonlegt, því að hún lendir í ösku og eldi og er ekki barna meðfæri að lýsa ungri stúlku sem ratar í raunir, eftir að hún hefir lifað einmana og mállaus í landi vonanna. Hún giftist enskum manni sem er óreglustrákur. Hann strýkur frá henni og barni þeirra. En Guðrún deyr frá öllu saman. Jón gamli Austfirðingur fréttir þetta altsaman út í Nýja Ísland og sækir þá barnið og tekur að sér.:

"Í barnahæli fann hann vinarvon
og vonar sinnar laun og fylling skarðs,
sinn yfirgefna unga dótturson,
sem yl að loknum kulda norðangarðs.
Svo skiftast veður, — veður taps og arðs.
Hann vafði barnið sæng og örmum tveim,
og flutti það í faðmi sínum heim."

Niðurlag sögunnar er nú það, hvernig Jón byrjaði aftur að byggja upp bæ sinn og koma fótum fyrir sig, eftir öll þessi áföll, með dóttursson sinn að leiðarstjörnu. Hann var seigur karlinn og nærri því ódrepandi. Hann hafði ekkert unnið heima meðan hann bjó á Íslandi. En nú tók hann til höndunum.

"Og það var hans lögmál að stælast við stríð
og steina að takmarki sínu.
Ef frumherji þreytist á þrautanna tíð
og þokar af beinustu línu;
Er markmiði ónáð af öllum,
sem ætluðu að feta hans spor.
En uppi á "örðugum hjöllum"
ef örsjaldan hamingja vor.

Það bezta er hann flutti til framandi lands
úr feðaranna dýrgripa safni,
var trúin á landið, og hugsjónin hans
sá hamingju þess fyrir stafni.
Að vantreysta er vegi að tapa,
að voga er launin að fá,
að hika er sama og hrapa
og "hjallinum" aldrei að ná."

Saga þessi lýsir vel erfiðleikum frumbyggjalífsins. Og margt er af henni að læra, þó að hún sé að einhverju leyti tilbúningur, á þann hátt að minsta kosti, að engina einn nýbýlingur verður fyrir öðrum eins mótgangi, sem Jón Austfirðingur er látinn verða fyrir. En sagan er þó sönn eða sennileg, og er hún öðruvísi en agentinn spáði Jóni að verða mundi hlutskifti hans.

Aftan við sögu Jóns Austfirðings er ljóðsaga—eitt kvæði – um Bjarna gamla Skagfirðing. Hann fékk og sinn mæli skekinn og fleyti fullan þar vestur frá:

"Bjarni var einn af elztu landnámsmönnum,
austan um haf 'ann kom úr Skagafirði,
vanur frá æsku ferðum úti á fönnum,
fjallgöngum, sjáfarróðri og þungri byrði. .....

Snauður kom hann að heiman eins og fleiri,
hafði ekki safnað fé um æfidaga.
Þjónum sem reynast öðrum orkumeiri
illa er launað, það er gömul saga.

Sundrað var öllum sveitungum og vinum,
sjálfstæðum mönnum gefnar akurlendur;
talið var víst að hollar yrðu hinum
hrjóstrugar fiskivatna eyðistrendur.
Flestir af þeim sem höfðu tómar hendur
hættu sér ekki á sléttlendið með plóginn.
þeir urðu að fiska, höggva skarð í skóginn.

Bjarni nam land, sem lá í skógi og feni,
lífsbjörgin var á fiskimiði dregin;
húsið 'ans var að hálfu leyti grent;
hold voru djúpum flugnasárum slegin;
gangandi manni var ei fært um veginn;
vatnaði yfir harðvelli og mýrar—
kaupstaðarvörur voru allar dýrar.

Þar var hann undir þunga dagsins sveittur,
þar voru kaupgjöld ónóg fátæklingum—,
Sveinlaus um nætur, þegar hann var þreyttur,
þoldi ekki við af sárum gigtarstingjum.
Skógurinn gnæfði hringinn hann í kringum,
hann átti þar að slíta sínum kröftum,
seinasta lífsins afli á—axarsköftum

Fólksmalinn lét sér aldrei ant um landann
eftir að hafa tælt hann út á klaka.
Alla, sem komu alslausir að handan
að sér varð Bjarni seint og snemma að taka,
einn yfir þeirra þröngu kjörum vaka,
þurfandi veita öðrum, sem hann mátti,
miðla af því litla, sem hann sjálfur átti.

En þau urðu launin þessa mans, að hann dó einmana. Konan hans var langt í burtu í vinnu. En nágrannarnir þorðu ekki að koma nærri honum á sóttarsænginni af hræðslu við veikina, sem hann lá í og dó úr.

Þetta eru landnámsljóð að vestan, með sannleiksblæ og sögð af reynslu og þekkingu. Þau stinga allmjög í stúfinn við umsagnir agentanna hérna á árunum. Þessir menn lifa ennþá í endurminningunni. Og líklegt er það, að nú sé auðveldara að nemá sér löndin þar vestur frá, af því að hjálpin er meiri í fyrirrúmi, af hálfu þeirra sem búnir eru að búa um sig. En þó er óbygðin altaf óbygð, og landnema lífið jafnan örðugt.

Þessvegna rita eg þessar línur, að ég vildi benda löndum mínum á lýsingu þessa manns á landnámsörðugleikum Íslendinga vestur í Canada. En hins vegar vildi ég vekja athygli á þessum nýja höfundi, sem virðinst vera betur gefinn en aðrir þeir sem yrkja þar vestur frá, að Stefani G. Stephans svni undanskyldum. Hann yrkir ekki óaðfinnanlega. En hann nær svo góðum tökum á máli og myndum, að bókin hans á það skilið, að lesin sé og keypt, og sómi sýndur. Öll er bókin um baráttu og sárindi, að því undanskildu, að aftast í henni er kvæði, sem er hugljúft. Höfundurinn hefir viliað, ef til vill, að lesandinn legði hana frá sér með ljúfum tilfinningum. Þetta kvæði er svo fallegt og frumlegt, að eg get ekki betur séð en að rétt sé að taka það upp í heilu lagi. Það heitir:

LJÓSÁLFUR.

Svífur ljósálfa fjöld
um hið kyrðsæla kvöld
og af kyndlunum bjart
verður náttmyrkrið svart,
eins og gneistaflug þétt
áfram líðandi létt
smígur loftið í gegn
þetta tindrandi regn,
þessi góðkunna glóð,
þetta glysfagra blys.

Jafnvel lamaðan hug
getur hafið á flug
yfir helmyrkta bik
þetta ljósálfa blik,
svo við lifið í sátt
upp um heiðloftið hátt
getur hafist hver önd,
sem vill nema sér lönd
ljóssins hásæti hjá
þar sem húmar er rúm.

Þegar endað er skeið
og mitt líf sína leið
hefir liðið of fljótt
eins og draumur um nótt,—
vil ég fljúga um geim
yfir gjörvallan heim,
vera geislandi sál
eins og ljósálfsins bál
Uppfylt þá er mín þrá
og til þarfa mitt starf.

Ó, þú ljósálfa bál!
að þér laðast mín sál,
þú ehst ljósdrottning mín
þegar sólskinið dvín.
Þegar önduð og stirð
er á hausti þín hirð
og þín hátign er byrgð
ertu í einrúmi syrgð.
Verði hróður og hljóð
þér til hróss, drottning ljóss!

Vill ekki eitthvert tónskáldið okkar semja lag við þessar vísur? Mér sýnist það álitlegt efni til þeirrar listar.

(Eftir Ísafold.)

Kvennrettinda málið.

Í þessu blaði birtist bænarskrárform, sem ætlast er til að allir þeir undirriti, sém hlyntir eru hinu svonefnda kvenréttindamáli, svo að undirskriftirnar verði sem flestar undir bænarskránni, þegar hún verður send til Manitobaþingsins á næsta vetri.

Heimskringla lætur að sjálfsögðu hvern sjálfráðan um það, hvort hann undirskrifar bænarskrána eða lætur það ógert. En hinsvegar leyfir blaðið sér, að benda lesendum á nokkrar bær ástæður, sem kvenþjóðin telur réttlæta jafnréttiskröfu sína, og frá voru sjónarmiði eru þær allar þess eðlis, að þær eru íhugunarverðar, — en þær eru þessar:

1. Að kvenþjóðin sé helfingur alls þjóðfélagsins.
2. Að löggjöf þjóðanna eigi að vera gerð af þjóðfélaginu í heild sinni, eða kosnum málsvörum þess á þingi.
3. Að karlmenn hafi á liðnum öldum afskift kvenþjóðina hennar eðlilega rétti að mega taka þátt í löggjöf þeirri, sem hún verður að búa við og bera ábyrgð á engu síður en karlmenn, og að þessi afskifting sé gerð þvert á móti vilja hennar og samþykkis.
4. Að konur ættu að hafa levfi til þess, að taka þátt í þeirri löggjöf, sem þær verða að búa við.
5. Að konur ættu að hafa jafnrétti við karlmenn í samningi þeirra laga, sem ákveða um skyldur barna við foreldra þeirra, og rétt foreldranna til umsjár og yfirráða yfir börnum sínum. Eins og nú standa sakir í landi voru, þá er eignarréttur móðurinnar í lægra gildi, heldur en eignarréttur föðursins til barna þeirra, ef börnin eru skilgetin. En séu þau óskilgetin, þá heldur móðirin óskertum eignarrétti til þeirra. Slík lög eru uppörfun til lausungar og miða til þess að hindra sambúð karla og kvenna í hjónabandi.
6. Að með hjónabandinu gerist konan réttlaus eign bónda sins, sem hann geti farið með nokkurnveginn eftir eigin geðþótta.
7. Að alt, sem þau vinna sameiginlega fyrir í hjónabandi, verði lögleg eign mannsins en ekki konunnar.
8. Að konur séu sviftar þeim rétti, sem brezka stjórnarfyrirkomulagið byggist á: — að enginn sé skattskyldur, nema hann hafi rétt til hluttöku í löggjöf og stjórn landsins.
9. Að konur séu skattskyldar alt eins og karlmenn, og að þær borgi sinn fulla hluta af sköttum og tollum til sveita og ríkis eins og karlar, án þess að mega njóta þess réttar í mannfélaginu, sem karlmenn hafa.
10. Að karlmenn einir leggi skattana á konurnar jafnt og sjálfa sig, og að þeir innheimti þá og verji þeim eftir eigin geðþótta.
11. Að mikilhæfustu konur, sem veita forstöðu sjálfstæðum atvinnuvegum, sem þær hafa sjálfar bygt upp með atorku sinni, fái ekki að eiga neina hlutdeild í samningi þeirra laga, sem beinlínis snerta atvinnuveg þeirra, — en að lítilhæfustu karlmenn hafi óskertan rétt til þess að ráða sínum málum.
12. Að hversu mikilla vitsmuna, mentunar, þekkingar og siðgæðis, sem konan er gædd, þá fái hún ekki með atkvæði sitt fylkja eða ríkisþinga kosninga að eiga nokkra hlutdeild í því, hverjir skuli semja lög landsins eða stjórna því; en að hinsvegar séu karlmenn kvaddir til að gera það, án minsta tillits til þess, hversu fáfróðir, siðlausir og drykkfeldir, sem þeir kunna að vera.
13. Við konum sé hegnt með því, að svifta þær borgaralegum réttindum, fyrir enga aðra sök en kynferði þeirra, sem þær eru þó vitanlega engin skuld í frekar en karlar.
14. Að yfirburða borgaralegur réttur karlmanna sé bygður eingöngu á kynferði þeirra, og á engu öðru.

Öllu þessu og mörgu fleiru vilja konur fá breytt, og til þess krefjast þær atkvæðisréttarins alt eins og karlmenn nú hafa. Þær halda því fram, að ekki einasta séu þær persónur eins og karlar, heldur einnig að þær séu borgarar þess lands, sem þær búa í, og að hlutverk þeirra og starfsemi í borgaralegu félagi sé eins nauðsynlegt og ábyrgðarfult eins og karla, — og þess vegna vilja þær ekki una við ómyndugleikann, heldur fá full borgaraleg réttindi í þjóðfélaginu, og til þess vona þær að allir sannsýnir karlmenn vilji hjálpa.

Jafnrétti kvenna hefir þegar verið lögleitt í 4 af Bandaríkjunum og í Ástralíu, Finnlandi og ef vér munum rétt einnig í Noregi, og máske víðar, og ekki hefir annað frétzt en það hafi gefist vel, hvar sem reynt hefir verið.

Konurnar í Manitoba langar til að ná jafnréttis viðurkenningu, og í þeim tilgangi er bænarskráin lögð fyrir almenning, að allir þeir, sem fúsir eru að fylgja þeim að málum, riti undir hana.

Technical Education.

Nefnd hefir verið skipuð af ríkisstjórninni til að leita sér upplýsinga um það, hverjar umbætur hæst sé að gera á handverks- og sérfræðis vinnuþekkingu canadiskra manna, og til að koma fram með ráðleggingar, er bætt geti úr þekkingarskortinum, sem nú er alment viðurkent að standi canadiskum verkamönnum fyrir þrifum.

Á fundi, sem nýlega var haldinn í Toronto borg, skýrði formaður nefndarinnar frá verkahring hennar. Hann sagði, að nefndin væri ekki til þess skipuð, að skapa sér hugsjóna-grillur, heldur ætti hún að komast eftir því, hvað hefði verið gert, hvað verið væri að gera, og hvað og hvernig betur mætti gera, en það sem nú á sér stað, að því að bæta verklega þekkingu canadiskra verkamanna í öllu ríkinu. Nefndin hefði verið skipuð samkvæmt beiðni verzlunar og iðnaðarfélaga á eina hlið og verkamannafélaganna á hina. Verksmiðjueigendur og framleiðendur hefðu kvartað yfir því, að canadiskir verkamenn hefðu ekki nægilega mikla verklega þekkingu til þess að standa fyrir ábyrgðarmiklum stórvinnu fyrirtækjum. Það væri viðurkent, að íbúar landsins hefðu nægilega skynsemi til þess að geta afkastað eins sæmilegu verki eins og aðrar þjóðir. En þá skorti nægilega mikla verklega þekkingu til að gera það. Verkamannafélögin væru og áfram um, að stjórnin gengist fyrir því, að bót yrði ráðin á þessu, svo að ekki þyrfti að sækja verkfræðinga til útlanda, til þess að standa fyrir þeim verkum, sem unnin væru í Canada, heldur ættu ábyrgðarmestu og bezt launuðu stöðurnar að vera í höndum sjálfra landsmanna.

Önnur nefnd hefir verið sett til þess að komast eftir því, hve mikil auðæfi canadiska þjóðin á. En þessi nefnd ætti að finna ráð til þess, að þjóðinni yrði sem mest úr auðæfum sínum, með því að auka verklega þekkingu þjóðarinnar. Auðæfi landsins væru mikil og margbreytileg. Langflestir af íbúum landsins hefðu mjög óljósa hugmynd um þau, eða hvers virði þau væru. Menn vissu ekki ennþá hve margar ekrur af ræktanlegu landi væru í Canada. Þegar báðar þessar nefndir hefðu lokið starfi sínu, vonaði hann að ráð yrðu fundin til þess að auka svo iðnaðar og listfræðilega þekkingu íbúanna, að þeir gætu gert sér sem allra mest not af auðæfum landsins.

Verksmiðjueigendur hefðu fundið til þess, að þeir gætu ekki fengið verkamenn, sem hefðu þekkingu á því, að búa til eins góðar og útgengilegar vörur eins og menn annara þjóða gerðu, og þetta þýddi það, að fólk sæktist eftir útlendum varningi, en léti heimaiðnaðinn sitja á hakanum, sem gerði það að verkum, að heimaverkamenn hefðu ekki eins mikla atvinnu við framleiðsluna eins og ætti að vera, og það væri landinu og þjóðinni hið mesta tjón. Til þess að komast fyrir um þetta, hefði nefndin tekið eiðlestan framburð 600 manna fram að þessum tíma. Forkólfar mentamálanna í hverju fylki hefðu verið yfirheyrðir og þeir lýst hinu mentalega ástandi í fylkjum sínum, og komið fram með tillögur um, hvernig bæta mætti listfræðilega þekkingu íbúanna. Verksmiðjueigendur hefðu gefið nefndinni upplýsingar um það, hverjar umbætur þeir óskuðu að yrðu gerðar. Verkmenn hefðu og verið yfirheyrðir og sagt álit sitt um, hvernig þeir óskuðu að synir þeirra yrðu mentaðir. Og æðir menn í öllum iðngreinum í ríkinu hefðu komið fyrir nefndina með tillögur um þær breytingar, sem þeir óskuðu að yrðu gerðar á vinnubrögðum landsins.

Formaðurinn kvað það nauðsynlegt, að veita iðnaðarstofnunum ríkisins tækifæri til að geta kept við iðnaðarstofnanir annara landa með því að tryggja þeim gnægð verkfróðra og vandvirkra manna. Hann kvað nefndina einnig ætlæ sér að grafast eftir því, hvernig verkamenn eyddu fristundum sínum, því það væri vitanlegt, að þeir gætu ekki verið hæfir til vinnu, ef þeir ekki legðu alt kapp á, að auka og bæta heilsu sína í fristundum sínum. Einnig ætlaði nefndin að grenslast eftir húsakynnum verkamanna, því að það væri víst, að þeir sem byggju í óhollum húsakynnum, gætu ekki unnið á við þá, sem byggju í góðum húsakynnum, þar sem nóg væri af heilnæmu lofti. Konur jafnt og karlar yrðu kvaddar til þess, að gefa upplýsingar um allar hliðar atvinnumálsins og húsakynni verkamanna.

Nefndin ætlar að ferðast um Bandaríkin og England og máske önnur lönd í Evrópu til þess að afla sér upplýsinga um vinnuástandið þar, til samanburðar við það, sem á sér stað hér í landi.

— Nokkrir menn liggja í fangelsi í Tokio, kærðir um að hafa gert samsæri til þess að ráða Japans keisara af dögum. Þeir tilheyra Socialistafélagi þar í landi. Þetta er í fyrsta sinn sem það hefir orðið uppvíst að tilraun hafi gerð verið af sjálfum landsmönnum til þess að ráða keisara sinn af dögum. En svo eru gögn sterk gegn þessum mönnum, að líf þeirra er í voða.

ROBLIN HOTEL

115 Adelaide St. Winnipeg

Bezta $1.50 á-dag hús í Vestur-Canada. Keyrsla ókeypis milli vagnstöðva og hússins á nóttu og degi. Aðhlynning hins bezta. Viðskifti Íslendinga óskast. OLAFUR G. ÓLAFSSON, Íslendingur, afgreiðir yður. Heimsækjið hann.—

O. ROY, eigandi.

The **Farmer's Trading Co.**

(BLACK & BOLE)

HAFA EINUNGIS BESTU VÖRUTEGUNDIR.

Einu umboðsmenn fyrir :—
"SLATER" Skóna góðu.
"FIT-RITE" Fatnaðinn.
"H. B. K." prjónafélagið.
"HELENA" pils og 'waist' kvenfatnaði.
Bestu matvörutegundir.
" DEERING " akuryrkju verkfæri o, s. frv.

Beztu vörur Lágt verð

Fljót og nákvæm afgreiðsla.

Farmer's Trading Co.,
THE QUALITY STORE
Wynyard, Sask.

JIMMY'S HOTEL

BEZTU VÍN OG VINDLAR.
VÍNVEITARI T.H.FRASER,
ÍSLENDINGUR.

James Thorpe, Eigandi

MARKET HOTEL

146 PRINCESS ST. á móti markaðnum
P. O'CONNELL, eigandi, WINNIPEG
Beztu tegundir af vínföngum og vindum, aðhlynning góð, húsið endurbætt

Woodbine Hotel
466 MAIN ST.
Stærsta Billiard Hall í Norðvesturlandinu
Tíu Pool-borð.—Alskonar vín og vindlar
Gisting og fæði: $1.00 á dag og þar yfir
Lennon & Hebb.
Eigendur.

JOHN DUFF
PLUMBER, GAS AND STEAM FITTER
Alt verk vel vandað, og verðið rétt
664 Notre Dame Ave. Phone 3815
Winnipeg

A. S. TORBERT'S
RAKARASTOFA
Er í Jimmy's Hótel. Besta verk, ágæt verkfæri; Rakstur 15c en Hárskurður 25c. — Óskar viðskifta Íslendinga.—

S. K. HALL
TEACHER OF PIANO and HARMONY
STUDIO: 701 Victor St.
Haustkensla byrjar 1st Sept.

Dánarfregn.

Þann 31. ágústandaðist að heimili sínu í Gloucester Mass konan Maria Stefánsdóttir 88 ára og nokkra mánaða að aldri, hún hafði verið mjög heilsu lasinn um lángan tíma, og viku áður en hún dó varð hún fyrir því slisi að mjaðmar brotna, sem vikl til á þann hátt að henni varð fóta missir á leið inn í hús sitt og fjell ofan af tveimur lágum tröppum og meiddist sem fyrr segir.

Maria sáluga var fædd og uppalinn í nýlendu á Höfðaströnd í Skagafjörðarsýslu á Íslandi, hjá foreldrum sínum Steffáni Þorbergsyni og Guðrúnu Sigurðardóttir sem þar bjuggu um lángan tíma, einnig lifði hún mestan hluta æfi sinnar í sömu sveit þar til hún fluttist til Ameríku árið 1900 með manni sínum og syni. Síðan átti hún heimili í bænum þessum að undanteknum þriggja ári tíma sem hún átti heimili í Mountain N. D.

Maria heitin var vel greind kona eins og hún átti kyn til, hún var trúrækin mjög, og frammúrskarandi brjóst góð, svo að hún mátti ekkert aumt sjá, hún var vinföst og trygglind, og óx með hverri þraut sem að höndum bar sem opt vildi til á hinni löngu lífs leið hennar.

Jarðarförinn fór fram frá heimili hinnar látnu að viðstöddum flestum Íslendingum í bæ þessum og mörgum innlendum sem þektu hana.

Hún er sýrgð af eftir lifandi eigin manni og tveimur börnum sínum, einnig fjölda ættingja og vina bæði austanhafs og vestan. Blöðin "Lögberg" og "Norðurland" eru beðin að taka upp dánarfregn þessa.

Styðjum Heimskringlu.

B. L. Baldwinson,
Winnipeg.

Háttvirti ritstjóri. — Eg hefi svo lítið vit á blaðamensku að eg hygg sáðnverka mönnum mínum mundi þykja það skrítið ef eg færi að skrifa í blöð. En svo stendur þú nú altaf með fólkinu, Balwinson minn, þessvegna ætla eg að pára þér fáeinar línur, ef þú vildir ljá þeim rúm í blaðinu.

Mér þókti ilt að frétta um veikindi prentara þíns og þar af stafandi örðugleika á úlgáfu blaðsins. En það verð eg að segja að mér finst bæði ranglátt og ósanngjarnt ef menn láta blað þitt gjalda þess að nokkru leyti, þó að blaðið verði nokkru minna þennan stutta tíma, meðan maðurinn er frá verkum, en það hefir verið endrar nær. Þú bætir það alt upp við okkur seinna, heilla karlinn, og svo er annað sem mér og mörgum finst þú eiga þakkir fyrir, og það er hve seinasta blað þitt var skemtilegt og algerlega eins og eg og mínir líkar vilja hafa það. Eg segi fyrir mig, mér leiðast þessar löngu og vísindalegu ritgerðir lærðumannanna í Lögbergi, og sama reyndar um sumt sem séðst hefir í þínu blaði. En samt undanskil eg það sem frá þínum penna kemur, því atlaf þikir mér þú lang ritfærastur af blaðamönnunum okkar að minsta kosti þeim,sem verið hafa í seinni tíð. En tökum nú til dæmis stóru greinarnar eftir dr. Jóhanneson. Eg hefi nú ekki lesið þær nema lítillega af því mér finst þær ekki uppbyggilegar. Þó doktorinn sé óneitanlega stórgáfaður maður, og málið hjá honum altaf svo kraftmikið að það minnir mig á það sem Jón Sigurðsson skrifaði um mál okkar, fyr á árum í „Fjölni" og „Ármann á Alþingi" og okkur þókti gaman að lesa á yngri árunum. Konan mín hefir lesið alt sem doktorinn hefir skrifað, en hún er nú stundum svo ósanngjörn að hún kallar það endaleysu, af því engin endir er ennþá sjáanlegur á þeim ritsmíðum. Stundum kallar hún það löngu vitleysu af því það er svo langt mál. Eg get sagt alveg það sama um það sem dr. J. Jóhanneson ritar. Það er alt of langt og verst hvað hann fer stundum rangt með. En nóga hefir hann þekkinguna karl sá

Það sem okkur geðjast bezt, og það sem fólkið vill hafa og varðar mest um, er, hvað fram er að fara í heiminum eða með öðrum orðum, fréttirnar og þær ert þú altaf svo góður að skrifa og í engu ísl. blaði eru eins skemtilegar fréttir og hjá þér. Sérstaklega var Kringla þín fréttafróð seinast, og vildi eg mælast til að þú héldir því áfram, en lofaðir löngu greinunum að eiga sig, að minsta kosti þangað til blaðið stækkar.

Mér finst það skylda fólksins að standa drengilega með Kringlu þinni, og ekki læt eg standa á mér með að gera það. Þú mátt búast við mér með 2 dali snemma í haust, fyrir næsta ár. Því án Heimskringlu vil eg ekki vera. Það má margt af henni læra og þeim peningum er vel varið sem goldið er fyrir hana. Eg álít sem flestir Íslendingar ættu að kaupa hana og eg vona að tala þeirra fari fjölgandi sem það gera og altaf segi eg við vini mína og nágranna. Styðjum Heimskringlu.

Winnipeg 10. sept. 1910.
DAGLAUNAMAÐUR.

Boðsbréf til "G. A."

Kvenrèttinda kvenfèlagið "Sigurvon" Gimli, Man., býður hèr með "G. A." (henni sem í sumar auglýsti fáfræði sína í Heimskringlu) að koma á næsta fund fèlagsins sem haldinn verður Föstudaginn 7. Oct. kl. 3 e. h. í húsi Mrs E. Olson Gimli, Man., og bera þar fram allar þær spurningar viðvíkjandi kvenrèttinda málinu er hún hefur enn ekki fengið svarað. Fèlags meðlimir munu leytast við að svara — Fynst sér það skylt þar eð "G. A." ritar frá Gimli.

Fyrir hönd félagsins.
Th. Sigurdsson, Forseti
S. J. Stefánson, Viðskifta Rit

VORNÓTT.

Vorblóm eg kýs að vaka með þér,
Vornóttin felur mig örmum sér,
Djúp ríkir kyrð um lög og láð,
Ljóðstiltar gígjur hljóma.
Hásumarsró hefur hámarki náð,
Huldra margbreyttra óma.

Blærinn er léttur sem barnsins tal,
Berst þungt að eyra fossniðsins hjal,
Söngfuglinn hvílir á blómskrúðsins beð
Við barm hinnar stóru móður
Og hver hefir meirá sælu séð
En sumarsins alríka gróður.

Mér finst ég vakandi falla í draum
Því fjær er dagstritsins hringlandi glaum,
Mig hugljúfir þankar hefja langt
Um hugverðar dulda vegi
Og lengur ei finst mér lífið strangt
Því liðin er sérhver tregi.

Eg sé standa opið alheimsins hlið,
Og eilífa sólin þar ljómar við,
Ó, mikil er frumlind að aflstraumsins æð,
Er öllu lífsmagnið gefur
Og hver getur litið þar hæsta hæð,
Því hjarta guðs alla vefur.

Eg lít þar máttarins mikla spil
Og mund þá sem að bjó heilan til,
Þar hver ein tálvon og hver ein þrá
Hefir sitt mót og gildi.
Hún finnur hver hjörtu heitast slá
Af hreinum kærleik og mildi.

Því ekkert laufblað og engin rós
Og ekkert sandkorn við fljótsins ós
Engin fruma í andrúmsins sæ
Ber útlit og lögun sama,
Hvert andvarans hljómbrot í aftanheiðblæ
Já, alt rómar lífgjafans frama.

Himinninn faðmvefur fagra jörð,
Fjólurnar dafna um hól og börð,
Lífsstrauminn teigar hver liljurein
Ei lokað er sveinsins auga.
Eg hevri ei stunu, mín hugsun er ein,
Mitt hjarta í unaði' að lauga.

JÓHANNES STEFÁNSSON.

Hvað er að?

Þarftu að hafa eitthvað til að lesa? Hver sá er vill fá sér eitthvað nýtt að lesa í hverri viku, ætti að gerast kaupandi að Heimskringlu.

Hún færir lesendum sínum ýmiskonar nýjan fróðleik 52 sinnum á ári fyrir aðeins $2.00. Viltu ekki vera með ?

THE **DOMINION BANK**
HORNI NOTRE DAME AVENUE OG SHERBROOKE STREET

Höfuðstóll uppborgaður : $4,000,000.00
Varasjóður - - - $5,400,000.00

Vér óskum eftir viðskiftum verzlunar manna og áhyrgumst að gefa þeim fullnægju. Sparisjóðsdeild vor er sú stærsta sem nokkur banki hefir í borginni.
Íbúendur þessa hluta borgarinnar óska að skifta við stofnun sem þeir vita að er algerlega tryggð. Nafn vort er full trygging óhlutleika. Byrjið spari inulegg fyrir sjálfa yðar, komu yðar og börn.

H. A. BRIGHT RÁÐSMAÐUR.

Vitur maður er varkár með að drekka eingöngu HREINT ÖL. Þér getið jafna reitt yður á

DREWRY'S
REDWOOD LAGER.

Það er léttur, freyðandi bjór, gerður eingöngu úr Malt og Hops. Biðjið ætíð um hann.

E. L. DREWRY, Manufacturer, Winnipeg

Með því að biðja æfinlega um "T.L. CIGAR." þá ertu viss að fá ágætan vindil.

T.L.

MOKE T.L. CIGAR

(UNION MADE)

Western Cigar Factory
Thomas Lee, eigandi Winnipeg

STRAX Í DAG er BEZT AÐ GERAST KAUPANDI AÐ HEIMSKRINGLU.— ÞAÐ ER EKKI SEINNA VÆNNA.

Manitoba á undan.

Manitoba hefir viðáttumikla vatnsfleti til uppgufunar og úrfellis. Þetta, hið nauðsynlegasta frjógunarskilyrði, er því trygt.

Ennþá eru 25 milión ekrur óbygðar.

Íbúatal fylkisins árið 1901 var 225,211, en er nú orðið um 500,000, sem má teljast ánægjuleg aukning. Árið 1901 var hveiti og hafra og bygg framleiðslan 90,367,085 bushela; á 5 árum hefir hún aukist upp í 129,475,943 bushel.

Winnipeg borg hafði árið 1901 42,240 íbúa, en hefir nú um 150,000; hefir nálega fjórfaldast á 8 árum. Skattskildar eignir Winnipegborgar árið 1901 voru $26,405,770, en árið 1908 voru þær orðnar $116,106,390. Höfðu meir en þrefaldast á 7 árum.

Flutningstæki eru óviðjafnanleg,— í einu orði sagt, eru í fremsta flokki nútíðartækja: Fjórar þverlandsbrautir liggja um fylkið, fullgerðar og í smíðum, og með miðstöðvar í Winnipeg. Í fylkinu eru nú nálega 4 þúsund milur af fullgerðum járnbrautum.

Manitoba hefir tekið meiri landbúnaðarlegum og efnalegum framförum en nokkurt annað land í heimi, og er þess vegna ákjósanlegasti aðsetursstaður fyrir alla, af því þetta fylki býður beztan arð af vinnu og fjárileggi.

Skrifið eftir upplýsingum til: —

JOS. HARTNEY, 77 York Street, Toronto, Ont.
JOS. BURKE, 178 Logan Avenue, Winnipeg, Man.
A. A. C. LaRIVIERE, 22 Alliance Bldg., Montreal, Quebec.
J. F. TENNANT, Gretna, Manitoba.

J. J. GOLDEN,
Deputy Minister af Agriculture and Immigration, Winnipeg.

hugsa um að yfirgefa hann og fara aftur heim á prestssetrið, því sólsetrið nálgaðist meir og meir. Þá sá hann litinn hólma umkringdan skurðum og á honum ljómandi fallegan laufskála úr birki og lindi-trjám, sem honum virtist fegurri en hinir.

"Jæja, ég ætla að skoða hann líka," sagði hann við sjálfan sig og stefndi þangað, "en svo fer ég heim, það er einu sinni vist."

Hann gekk yfir brúna sem lá út á litlu eyjuna, sveigði nokkrar grinar til hliðar sem hengu niður í dyr laufskálans, og ætlaði sér að ganga inn og hvíla sig litla stund á svarðbekknum. En hann var naumast búinn að líta inn í þenna laufskála, þegar hann stóð kyr, og hreifðist ekki fremur en steinmynd.

Hann vissi ekki hvort hann var vakandi eða að hann dreymdi, þegar þessi sýn mætti augum hans.

Ung stúlka sem var fegurri en Mahómedstrúarmenn imynda sér Houris sína í Paradís Mahómeds, lá á hliðinni á svarðbekknum, studdi höfuð undir kinn og horfði á bók, sem hún var að lesa í, er lá á svarðbekknum. Hún virtist sokkin ofan í innihald bókarinnar, en þessi fagra, hirðuleyslislega afstaða hennar, minti á hina unaðslegu forngrísku Erigone.

Það var eins og einhver fjarskalegur þungi héldi Morits kyrrum þar sem hann stóð. Kurteisin skipaði honum að ganga í burtu jafn hægt og hávaðalaust eins og þegar hann kom, en önnur, enþá sterkari tilfinning hélt honum kyrrum með ósýnilegum fjötrum.

Þögull, hreyfingarlaus, tæplega þorandi að anda, stóð hann og starði á þessa fögru sýn, sem honum virtist vera tibrá frá hinu dularfulla ríki draumanna, og var hræddur um að dreyfðist og hyrfi á næsta augnabliki.

Þar sem hann stóð hafði hann ágætt tækifæri til að athuga alla fegurð hennar, nema augnanna, sem alt af hörfðu á blöðin í bókinni.

Síða, hrafnsvarta hárið hennar var óflétað og liðaðist ofan um herðarnar, vaxtarlag hennar var liðlegt og þriflegt, svo hún gat verið hin fullkomnasta fyrirmynd hins nafnkunnasta myndasmiðs; á inndælu vörunum hennar lék dapurt bros, sem gaf hinu óviðjafnanlega fagra, eggbungumyndaða andliti hennar þann svip sem Morits hafði aldrei áður séð hjá nokkrum kvenmanni, og hafði þau áhrif á hann, að hjarta hans sló til muna tíðara.

Svipur þessi benti á reykula, dreymandi sálu, eins og hans eigin sála var, og þetta hafði meiri áhrif áhann, en hin líkamlega fegurð, þó fullkomin væri.

Isabella Ehrenstam var að lesa "Titan" eftir Jean Paul. Á þessu augnabliki fylgdist hugsun hennar með Albans á Isola Bellas hjöllunum. Hún sá sólina koma upp úr Magiores róslitu bylgjum, hún sá hina snjóþöktu tinda Alpafjallanna glitra í geislum hennar. Fjörugu hugmyndirnar þessa mikla skálds sá hún glögt með sínum innri augum.

"Ó, Albano," sagði hún skírum rómi við sjálfa sig, "hvar get ég fundið þinn líka?"

Um leið og hún sagði þetta leit hún upp og í augu Morits. Á að gizka sekúndu horfðu þau hvort í annars augu,

Morgunroði blóðsins huldi snjó kinnanna. Jafn lipurt og skógargeit þaut hún upp af bekknum og leit til jarðar.

Þetta augna tillit, jafn stutt og það stóð yfir, hafði ákveðið forlög þeirra í ókomna tímanum. Tvær náskyldar sálir þutu á geislum augans hvor móti annari, og bæði fundu þau það á sama augnablikinu, því blóðið hamaðist áfram í æðum þeirra eins og því væri hrundið með rafmagni.

Morits flúði ekki, því hann grunaði hver hún var.

"Það er hún," sagði hann við sjálfan sig, en þó

svo hátt að það heyrðist, "það er Isabella Ehrenstam."

Unga stúlkan leit upp. Nú var það undrun og sérð tilfinning sem sjá mátti í augum hennar.

"Herra minn," sagði hún, ofurlitið feimin. "Þú ert í sannleika býsna djarfur. Hver ert þú?"

"Ungfrú," sagði Morits og hneigði sig. "Þú munt án efa fyrirgefa dirfsku mína, því hún var ósjálfráð. Eg vissi ekki að þú varst hér í laufskálanum, en þegar ég sá þig, gat og ekki hreyft mig fremur en jarðfast bjarg. Grunur minn sagði mér líka strax hver þú værir, þó langt sé síðan ég sá þig seinast."

"Hvað er þetta, herra minn?" sagði Isabella meir og meir forviða, "höfum við nokkru sinni sézt áður? Mér finst eins og ég kannist við andlitsfall þitt, en get þó ekki munað....."

"Og þó, ungfrú góð," greip Morits fram í fyrir henni, "hefi eg verndargrip, sem kannske geti mint þig á hver ég er."

"Hvaða verndargripur er það?" spurði Isabella.

"Hann er þetta," sagði Morits, um leið og hann rétti henni skartgrip þann, sem var hennar eign, en sem hann hafði borið við brjóst sitt öll þessi ár.

Isabella leit snögglega á gripinn.

"Hamingjan góða," sagði hún, "þenna grip hefi ég séð áður. Þegar ég var barn, bar ég hann um hálsinn, en svo misti ég hann, án þess ég muni hvar eða hvernig. Hvernig hefir hann komist í þinar hendur?"

"Hann festist í fötum mínum þegar ég var að berjast við bárurnar með litla stúlku í faðmi mínum, sem var nærri druknuð, en sem mér lánaðist þó að bjarga."

"Og þessi litla stúlka var ég," sagði Isabella fjörlega og gekk til unga mannsins. "Ó, ég man það mjög vel."

"Já, þessi unga stúlka varst þú, ungfrú góð."

"Þá erum við gamlir kunningjar," sagði Isabella með töfrandi brosi og rétti honum hendina. "Þú hefir bjargað lífi mínu, en þegar ég hugsa um það að ég þekki ekki einusinni nafn þitt, þá skammast ég mín fyrir vanþakklætið. Í hvert skifti sem ég hefi spurt foreldra mína um það, hafa þau svarað því, að þau gætu ekki frætt mig um það, af því þú hefðir farið undir eins, án þess að segja til nafns þíns og án þess að þiggja nokkra borgun fyrir hina eðallyndu hjálp þína."

"Ó, já," sagði Morits brosandi. "Það er satt, ungfrú mín. Eg vildi ekki þiggja borgunina sem faðir þinn bauð mér."

"Og mig minnir fastlega að eg reyndi til aðhalda þér kyrrum," sagði Isabella, "en þú ýttir mér frá þér og fórst."

"Já, það er alveg rétt."

"Hefirðu aldrei eftir þetta talað við foreldra mína?"

"Nei, aldrei."

"Og öll þessi ár hefirðu farið á mis við þakklæti þeirra og mitt? Eg hefi ekki vitað nafnið á þeim sem bjargaði mér, enda þó eg hafi beðið fyrir honum, jafnframt því sem ég hefi beðið fyrir mér."

"Og þó hefir þú, ungfrú mín, heyrt mig nefna þetta nafn, og ég held jafnvel að þú þekkir það."

"Nær og hvar?" spurði Isabella undrandi. "Hefi ég nokkru sinni heyrt þig nefna nafn þitt?"

"Þegar þú gafst mér þetta blóm," svaraði Morits brosandi, um leið og hann opnaði vasabókina sína og tók út úr henni samanfergða þyrnirós, sem hann hafði séð Isabellu festa niður á leiksviðið, þegar hann var þar staddur í því skyni að segja til nafns síns, og hafði tekið upp rósina og geymt hana.

Nú var undrun Isabellu ofboðið.

To the Honorable The Legislative Assembly of the Province of Manitoba in Parliament assembled.

The Petition of the undersigned of the „Canadian Suffrage Association" and others humbly sheweth:

THAT WHEREAS: All just Government derives its power from the consent of the governed.

AND WHEREAS: Woman is subject to all the laws of the land, being punished for crime, paying taxes on property, and taking her part in the commercial and economic social structure,

THEREFORE RESOLVED that woman should have the full franchise extended to her on the same basis as that of man,

WHEREFORE YOUR PETITIONERS HUMBLY PRAY that your Honorable House may be pleased to pass an Act fully enfranchising all women, whether married, widowed or spinster (on the same terms as man) and as in duty bound your petitioners will ever pray.

(Promoted by the Icelandic Woman Suffrage Associations of Manitoba)

NAMES	OCCUPATIONS	ADDRESSES

Bænaskráin hér að ofan er sameiginlegt verk kvennréttindafélaganna Íslenzku í Winnipeg, Gimli og Argyle. Hún gildir fyrir Manitoba og er til þess prentuð hér og í öðrum blöðum Ísl. og enskum að allir geti séð hvað hún fer fram á og hvers vegna.

Ennfremur til þess að allir sem jafnrétti kvenna eru hlyntir innan þessa fylkis viti af því að hún er til og geti hjálpað málinu áfram með því að rita sjálfir nöfn sín undir hana og fá aðra til að gera það.

Þessi félög hafa með höndum bænarskrárform, sem rúma frá 75 til 80,000 nöfn, auk þess rúms sem blöðin gefa og einnig má hagnyta.

ALLIR 21 árs gamlir konur sem karlar mega rita nöfn sín undir bænaskrána.

„Hið fyrsta íslenzka kvennréttindafélag Íslendinga í Ameríku" vill hér með vinsamlegast skora á alla sem unna þessu máli, að hjálpa til að fylla upp þessi bænarskrárform. Hvert blað rúmar 25 nöfn, og ætti því sérhver einstaklingur að senda eftir eins mörgum blöðum og hann treystir sér að fylla út og senda eftir þeim til.

M. J. Benediktson, 593 Victor St. Wpg. Man. Karolina Dalman, 538 Victor St. Wpg. Man. Miss. H. Kristjánson, 533 Agnes St. Wpg. Man. Mrs. G. Pétursson, 706 Simcoe St. Wpg. Man. Mrs. G. Pálmason, 675 Agnes St. Wpg. Man.

Einnig má fylla út eyðu þá er Heimskringla og önnur blöð gefa og senda annaðhvort ritstjórum nefndra blaða eða ofannefndum konum úr félaginu það. Þeir sem kunna að skrifa M. J. Benediktson eftir bænaskránni, eru vinsamlega beðnir að merkja þau bréf með litlu svörtu merki í einu horninu og verður þeim þá svarað jafnvel í fjarveru hennar, því til stendur að hún fari 4. okt. næstk. snöggga ferð vestur að hafi (mishermi að hún væri farin, og átti leiðréttingþessi að vera komin fyrir viku síðan). Þeir sem næstir eru Gimli og Argyle kvennréttindrfélögunum gerðu vel að snúa sér til þeirra í því efni. Bænaskráin er sú sama að öllu leyti.

Þess skal og hér getið að nokkur stór félög eins og t. d. W. C. T. U. og verkamannafélagið í Manitoba hafa heitið þessu máli óskiftu fylgi sínu. Þingmannsefni síðara flokksins hafði það á dagskrá sinni við síðustu kosningar hér í Winnipeg, og W. C. T. U. býst við að vinna að samskonar bænaskrá verði því gefin tími til að átta sig og koma því í verk,

Það sem næst liggur fyrir, er að fá samvinnu sem flestra hèrlendra tèlaga og að því verða kvennréttindafélögin og vinir þeirra að vinna fyrst af öllu, enda auðfengin samvinna sé tíma og kröftum til þess varið.

Það ætti ekki að þurfa að taka það fram, hve afar nauðsynleg sé samvinna við hérlent fólk, og að betra sé að kosta til þess að fá hana, nokkrum tíma og fyrirhöfn. En fyrir fámennan útlendan þjóðflokk að fara styrkiftill af stað með bænaskrá sem varðar alla jafnt. Samt ættu Íslendingar ekki að láta sitt eftir liggja að neinu leyti og vera samhuga um MÁL, sem álla varðar án tillits til allra annara skoðana. Borgaralegt jafnrétti kvenna sem karla er lykill að þjóðmálum vorum, án hvers áhrif vor á þau eru magnlaus.

Þeir, sem hafa bænaskrá þessa með höndum óska allra vinsamlegast að þeir sem kunna að vinna að henni með oss handfjalli hana varlega og sjái um að nöfn, atvinnuvegir og heimili sé glögt ritað og á rétta staði.

Vèr treystum því að margir verði til að vinna að máli þessu, prestar frá prédikunarstólum sínum, leikmenn frá ræðupöllum og blaðamenn í blöðum sínum, og allir með prívat áhrifum.

Virðingarfyllst.

STJÓRNARNEFND.

„Fyrsta Ísl. kv.fr. kv fgs. Ameríku"
Winnipeg Man.

Fréttabréf.

Spanish Fork Utah.
20. sept. 1910.

Herra ritstjóri:

„Eg óska að vekja athygli lesenda Hkr." og máske allrar veraldarinnar, á fáeinum „atriðum" sem skeð hafa hjá „stjórnarráði" voru síðan eg skrifaði þér síðast, og er þá fyrst að byrja á því, að oss líður öllum bærilega, og góð er tíðin. Hinir miklu halastjörnuhitar sem hér hafa verið í sumar, eru nú mikið farnir að réna; smá skúrir í austri, og eins það sem liðið er af þessum mánuði, hafa mikið kælt loftið; eiðilagt rikið, og yfir höfuð að tala gert mikið gagn, en lítin, og því nær öngvan skaða. Það er hér í kring, og yfir leitt, í öllu Zins-veldi. „Up here, ond round about", kalla sumir lærðir menn það, en eg læt þetta kuga. — Heisufarið er gott og öll uppskeru atvinna gengur ágætlega. Þresking er fyrir það mesta um garð gengin og reindist uppskera korntegunda í góðu meðallagi, víðast hvar; sykurrófur líta líka mikið vel út, og verður byrjað á uppskeru þeirra nú í þessari viku. Hveiti verð í haust, hefir verið og er enn, 80—90c bush, eh hey er frá 8—12 dollara tonnið. Yfirleitt eru allar lífsnauðsynjar í háu verði, nú sem stendur, og líkur að það muni verða framhald að því, ef ekki kemur nein ófyrirsén breiting á lönd og líð.

Pólitískar hreifingar eru hér nú allmiklar, og undirbúningur undir kosningar í november. Sýnist að þetta svo kallaða bindindismál, ætli að verða aðal spursmálið sem þrætt verður um í haust; bindindismenn eru nú hinir áköfustu og vilja ekkert annað en algret vínsölubann yfir heila ríkið. Democratar sem allareiðu eru búnir að halda flokks þing sitt, hafa sett bindindismálið sem einn helzta lið, á stefnuskrá sína, en Republikanir hafa ekki haldið sitt þing ennþá; svo vèr vitum ekki en, eða upp á vist, hver stefna þeirra kann að verða, en þó er líklegt, að hún verði lík, að því leiti sem vínsöluna áhrærir. Vér sjáum nú hvað setur.

Yfirleitt líður löndum hér í umdæminu bærilega. Það hafa nú öngvir dáið á meðal þeirra fyrir nokkra tíð, og friður og samlyndi virðist ríkja hjá þeim í hvívetna. Það eru nú allir að hlakka til að fá að sjá æfisögu Óðins gamla, sem „áður en langt um líður" verður gefin út í stórblaðinu „Thistle Ratatoskur", og síðan í Heimskringlu eitthvað nálægt jólunum, að oss er „fortalið". Má því svo sem nærri geta, að kaupenda tala tèðra blaða muni aukast drjúgum þegar „svo er komið", því öllum verður sönn ánægja í því, að lesa eitthvað um þenna „Óðinn", sem enginn hefir heyrt neitt eða sèð um svo vèr vitum! Ekkert ólíkleg tilgáta væri það, að „Óðinn" hefði verið stór bóndi; eða máske landshöfðingi norður á pólnum, um þær mundir sem „Guð almáttugur bjó á jörðunni", og að þar hefði margt sögulegt og fróðlegt skeð í þá daga. Vèr bíðum nú rólegir átektanna.

Eg man svo ekki meiri fréttir að þessu sinni, og slæ því botninn í, óskandi þér, og öllum lesendum blaðs þíns, til „gleði og gengis".

Þinn með vinsemd.

E. H. JOHNSON.

* * *

Ath.—Ekki er það ólíkleg tilgáta að lesendum muni þykja gaman að ritgerð um „Óðin", eins og öllu frá penna herra John Thorgeirson í Thistle. Lesendur Hkr. hafa um fleiri ár veitt því eftirtekt að þar er djúpgáfaður maður, víðlesin og margfróður — þó sýnilega sjálfmentaður. Heimskringla telur sér sæmd í því að flytja ritgerðir frá penna þess höfundar.

Ritstj.

JÓN JÓNSSON, járnsmiður, að 790 Notre Dame Ave. (horni Toronto St.) gerir við alls konar katla, könnur, potta og pönnur fyrir konur, og brýnir hnífa og skerpir sagir fyrir karlmenn. — Alt vel af hendi leyst fyrir lítla borgun.

Herra Jón Hólm, gullsmiður að 770 Simcoe St., biður þess getið, að hann selji löndum sínum gull- og silfur-muni og gigtarbelti. — Belti þessi eru óbrigðul við gigt, ef þau eru notuð samkvæmt fyrirskipunum Jóns. Kosta að eins dollar og kvart.

The Northern Wine Co.
LIMITED.

Selur sérhverja góða tegund af Whisky, vínum og bjór o.fl. o.fl. Við gefum sérstaklega gaum familíu pöntunum og afgreiðum þær bæði flótt og vel til hvaða hluta borgarinnar sem er—Gefið okkur tækifæri að sýna ykkur að svo sé.

Við óskum jafnframt eftir sveita pöntunum. Afgreiðsla hin bezta

Talsímar 1673 6744 MAIN — 215 Market St.

Manitoba Elevator Commission

D. W. McCUAIG, Commissioner — W. C. GRAHAM, Commissioner — F. B. MACLENNAN, Commissioner

Aðal skrifstofa: 227 Garry St., WINNIPEG
P. O. Box 2971

Commissioners tilkynna hérmeð Manitoba bændum að þeir hafa fengið framtíðar skrifstofu til starfsnota og að öll bréf skyldu sendast Commissioners á ofan nefnda áritun. Beiðniform og allar upplýsingar sem bændur þarfnast til þess fá kornhlöður í nágrenni sinu, verða sendar hverjum sem óskar.

Commissioners óska eftir samvinnu Manitoba bænda í því að koma á fót þjóðeignar kornhlöðum í fylkinu.

WINNIPEG Business College

STOFNSETTUR 1882

Helsti; hraðritunar, stýlritunar og verslunar skóli í Vestur Canada.—Hlaut 1. verðlaun á St. Louis Sýningunni fyrir kensluaðferðum.

Dag og kveld kensla.

Kent með bréfa viðskiftum ef óskast, atvinna útvegað, hæfum nemendum. Skrifið eftir upplýsingum.

WINNIPEG BUSINESS COLLEGE.

Horni Portage og Fort St. — WINNIPEG MAN.

SUCCESS BUSINESS COLLEGE



HORNI PORTAGE AVE. & EDMONTON ST. WINNIPEG.

Kennir samhv. nýjustu aðferðum alskyns verzlunar fræði og Bánkastörf. Einnig hraðritun og stylritun. Betri verzlunarskóli ekki til í Vestur-Canada. Kenslu stofur þar finst í borginni. Nemendur geta byrjað hvenar sem þeir óska.

Skrifið eftir upplýsingum eða símið MAIN 1664

ALDREI SKALTU geyma til morguns sem hægt er að gera í dag. Pantið Heimskringlu í dag.

"Þú ert að gera að gamni þínu, herra minn," sagði hún. "Eg hefi ekki séð þig nema í þetta eina skifti, þegar þú bjargaðir lífi mínu, og þá gaf eg þér ekkert blóm. Þú verður því að gera gleggri grein fyrir þessu."

"Þessu blómi," bætti Morits við, "kastaðir þú niður á leiksviðið á konunglega leikhúsinu þann 20. september í fyrra, þegar ungur höfundur og ung leikmær létu sjá sig þar í fyrsta sinni."

"Hvað þá," sagði Isabella með ákefð. "Getur það verið? Ert þú höfundurinn?"

"Já, og eg er þér þakklátur fyrir það, að þú lézt í ljósi samsinni þitt með leikritinu."

"Ó, fyrst að þetta er þannig, þá veit eg að þú heitir Sterner," sagði Isabella mjög ánægjulega. "Eg hefi margsinnis þráð að kynnast þér. Hugvit þitt hreif huig þannig, að mig dreymdi um "rafhjartað" vikum saman."

"En það er satt," sagði hún við sjálfa sig um leið og henni varð litið á skrautgripinn sem hún hélt á í hendi sinni, "er rafhjartað í nokkru sambandi við....."

"Við það sem þú heldur á," sagði Morits. "Ekki á annan hátt en þann, að eg gaf leikritinu sama nafn, eins og eg nefndi aðal-persónuna í leikritinu þínu nafni.

Morits vildi ekki særa tilfinningar Isabellu með neinni ásökun gegn föður hennar, og þagði því um sögu rafhjartans.

"Mitt nafn," sagði Isabella og roðnaði. "Þú hefir þá geymt endurminningarnar um litlu stúlkuna sem þú bjargaðir."

"Ávalt, ungfrú mín."

"Og þenna ómerkilega grip hefir þú geymt öll þessi ár við brjóst þitt?"

"Já, ungfrú mín. Hann hefir aldrei þaðan farið."

Isabella þagnaði og leit ofurlitið feimin. Morits horfði á hana þegjandi.

Hvað ætli þau hafi hugsað um á þessu augnabliki.

"Í sannleika sagt, herra minn," sagði Isabella glaðlega og leit upp. "Þú hefir kynt þig á óvanalegan hátt. Að koma fram fyrir unga stúlku bæði sem bjargvættur hennar, og sem andríkur höfundur, sem hún hefir þekt og dáðst að.....það er mikið, mjög mikið. Meira en nóg til að vekja áhuga hennar."

"Eg hefi ekki komið fram fyrir þig, ungfrú, í því skyni að vekja áhuga með því sem eg hefi sagt, heldur hefi eg fært það til sem afsökun fyrir því, að eg leyfði mér að standa kyr og ávarpa þig. Eg vonta la um umburðarlyndi? Á eg þér ekki að þakka að eða þú myndir umbera mér það."

"Ó, herra minn, hvernig dettur þér í hug að eg lifi enn?"

"Þetta leyndarmál hefði aldrei farið yfir mínar varir, ef eg hefði ekki álitið það skyldu mína að skila þér grip þessum, sem eg hefi geymt við brjóst mitt öll þessi ár, í þeirri von að tilviljanir léti fundum okkar bera einhverntíma saman."

"Þú leyfir mér þá að hafa þenna grip í minni geymslu?" spurði unga stúlkan áhyggjuleg

"Hvernig ætti eg að geta bannað það? Hann er þín eign."

"Ó, hvað eg er þér þakklát.....Eg skal geyma hann sem endurminningu um minn eðallynda lífgjafa, sem endurminningu um þessa stund, sem eg gleymi aldrei."

Morits hneigði sig þegjandi.

"En segðu mér eitt," sagði Isabella, "ertu hér að eins á snöggri ferð, eða dvelurðu um tíma hér í nágrenninu?"

"Eg er sem stendur gestur hjá fyrverandi kennara minum, Bergholm presti," svaraði Morits.

Meðan samtal þetta átti sér stað höfðu þau hæði staðið, en nú settist Isabella á svarðbekkinn og bað Morits að setjast hjá sér.

Morits settist hjá henni.

"Hve lengi ætlarðu að dvelja hjá blessuðum prestinum?" spurði Isabella.

"Það er óákveðið. Ef til vill mánuð eða eitthvað nálægt því."

"Foreldrar mínir eru ekki heima sem stendur," sagði Isabella, "og þess vegna get ég ekki boðið þér inn, en ég vona og óska að þú gerir okkur þá ánægju að heimsækja okkur. Pabbi og mamma koma heim annað kvöld.....Eg vona því að fá að sjá þig annan dag frá þessum."

"Eg skal með ánægju koma, ef þú vilt ábyrgjast mér eitt," sagði Morits.

"Hvað er það?"

"Að ég verði laus við alt þakklæti fyrir þann greiða sem ég gerði þér sem barni. Eg vil ekki að því efni sé hreyft með einu orði. Viltu lofa mér því, ungfrú Isabella?"

"Þetta er undarleg krafa," sagði unga stúlkan, "en ef þú vilt ekki heimsækja okkur undir öðrum skilyrðum, þá verð ég að samþykkja hana."

"Þakka þér fyrir."

"En," bætti Isabella við, "þú verður þó að lofa mér því, að seðja forvitni mína, eða réttara sagt hluttekningu mína, sem þú hefir vakið hjá mér, með því að segja mér dálitið um æfiferil þinn. Mig langar svo mikið til að þekkja þann mann, sem frá mikilli fátækt, frá lága bóndakofanum, hefir hafið sig upp á lífsins háa tind. Því ég skal segja þér það, Sterner, að ég viðurkenni ekki aðrar hæðir en þær,

sem vísindin, listirnar eða dygðin setja menn á, og það eru þessar hæðir sem þú hefir náð."

"Enganveginn," svaraði Morits rauplaust, "ég hefi aðeins gert ófullkomnar tilraunir til að ná þeim. .....Og að því er þetta efni snertir," bætti hann við brosandi, "þá hefir þú, ef orðrómurinn segir satt, sjálf, þrevtt við að ná sama takmarki.....Við stöndum kanske jafn ofarlega."

"Nei, nei," sagði Isabella. "Þú gerir of mikið úr mér. Eg elska líka það fagra; í mínum augum eru vísindin og listin miklu meira virði en glampinn, sem auðurinn og ætternið veita; aðalseigin sálarinnar er það sem ég dáist mest að; — en þrátt fyrir mina miklu löngun veit ég sárlitið. Eg er aðeins þreklítil kona, sem hefi lesið mikið, en ég hefi ekkert framúrskarandi hugvit eins og þú, hr. Sterner. En við erum komin langt frá efninu."

"Þig langaði til að kynnast æfiferli minum, ungfrú?"

"Já, ef þer finst það ekki of nærgöngult."

"Drengurinn, sem bjargaði lífi þínu, ungfrú, var, eins og þér hefir verið sagt—um það leyti ekkert annað en ómentaður, ruddalegur bóndadrengur. Eða, var þér ekki sagt þetta á þenna hátt?"

"Jú," svaraði Isabella og roðnaði, "þannig var mér sagt það. Minum marg ítrekuðu spurningum var ávalt svarað á þessa leið: 'Það var bóndadrengur, sem hefir ekki gert vart við sig síðan, og við höfum ekki getað fundið hann þrátt fyrir alla eftirspurn okkar'".

"Það hafa líklega verið foreldrar þínir sem svöruðu þannig?" spurði Morits með svo mikilli beiskju í rómnum að Isabella gat ekki annað en veitt því eftirtekt.

Nú skildi unga stúlkan alt. Af því hún þekti hitt harðýðgislega, gjörsamlega tilfinningarlausa lund-

William J. Gaynor

Þess var fyrir skömmu getið að tilraun hefði verið gerð til þess að skjóta William J. Gaynor, borgarstjóra, til bana, og svo tókst sú tilraun vel, að um tíma var tvísýnt um líf hans, þótt nú sé hann á góðum batavegi.

Blaðið "The Outlook", dags. 20. Ágúst, s. l. flytur langa og fróðlega ritgerð um mann þennan og starf hans. Hún sýnir að hann er ákafur umbóta maður, og fyrir umbætur þær er hann hafði gert, var árásin gerð á líf hans af Jas. J. Gallagher, sem þá skömmu áður hafði verið vikið frá starfi því sem hann um nokkurn tíma hafði haft sem gæzlumaður við skipakvíar borgarinnar.

Til fróðleiks lesendum þessa blaðs, setjum vér hér útdrátt úr "Outlook" ritgerðinni.

W. J. Gaynor hefir verið borgarstjóri New York borgar um 7 mánaða tíma. Hann hefir stjórnað borginni með svo miklum dugnaði og sparsemi að við það hefir ekki verið jafnast um langan liðin aldur, og svo hafa embættaveitingar hans til starfa í hinum ýmsu deildum borgarstjórnarinnar mælst vel fyrir að jafnvel þeir sem öflugast unnu móti kosningu hans, hafa lokið lofsoði á stjórnarathafnir hans. Hann náði kosningunni með hjálp Tammany félagsins, en þeir sem þannig ná kosningu láta sjaldan svo til sín taka sem hann hefir gert. Það er því ekki undravert þó stjórn hans hafi vakið athygli manna um land allt. Það er ýmsra skoðun að framsóknarþrá herra Gaynors hafi ekki náð hámarki við kosningu hans í borgarstjóra stöðuna, að hann líti svo á að þar verði hann að sýna sig og að beita starfshæfileikum sínum svo að það tryggi honum aðgang að hærri embættum síðar, og sé það svo, þá er embættisrekstur hans allur þess verður að honum sé veitt náið athygli. Sjálfur segir hann að starf sitt í núverandi embætti sé aðeins framhald þess er hann hafi unnið að síðan hann komst á mannsaldurinn, að sér hafi verið kent um að hafa þegar hann átti kost á því, veitt embætti jafnt andstæðingum sem meðhaldsmönnum. Hann kvaðst um fjórðungs aldar skeið hafa gert það að ófrávíkjanlegri reglu að veita þeim mönnum embætti sem hann hefði þekt og vitað að hann mátti trúa og treysta á, og að alla æfi sína hafi hann stöðugt starfað að umbótum í stjórnarfari borgarráðsins.

"Í 25 ár," segir hann, "hefi ég unnið samkvæmt þeim hugsjónum sem umbótamenn þikjast trúa á. Það má því virðast eitt af hinum pólitísku öfugstreymum að ég var útnefndur af Tammany flokknum—útnefndur af andstæðingum frekar en meðhaldsmönnum mínum. Fyrsta embættið sem ég komst í var "Police Commissioner" í Flatbush. Ég hvorki bað um né vildi það embætti. En ég hafði haft orð á því að ég ætlaði mér að hafa hönd í bagga með bæjarstjórnina og starf mitt í þeim bæ er upphaf als míns pólitíska starfs síðan.

Gaynor heldur fram því að enginn leiðtogi geti rekið alþýðuna eða knúð hana áfram með meiri hraða en henni sé eðlilegt og hún sé viljug að fara. Allar umbætur séu hægfara. Það sé um þroskun og framfarir manna eins og trjánna, að allur góður vöxtur sé seintekinn vöxtur. Helst kvaðst hann hafa óskað sér hefði hann átt þess kost, að vera háskóla kennari, frásneyddur öllum flokkarig og þjóðmála þrasi, en mega áleingdar horfa á framfarir mannkynsisns og íhuga ráðgátur lífsins író og næði. Kennarar og fræðarar eru á öllum tímum áhrifamiklir menn, hvert sem þeir hafa nokkurt embætti eða ekkert. Herra Gaynor talaði með stillingu um þá örðugleika sem hann hefði átt við að stríða í borgarstjóra starfi sínu, um þau störf sem hann hefði nú þegar afkastað og þær umbætur sem hann óskaði að geta komið á í framtíðinni. Næsti dagur var virkur dagur, þá sat hann á skrifstofu sinni í borgar ráðhúsinu. Nokkru var hann alvarlegri en daginn áður, rómurinn nokkuð veiklaður en þó valdslegur. Hann var þar æðsti valdsmaður í annari stæðstu borg í heim. Þarna gat hann beitt sínu mikla valdi til góðs eða ils 4 milliónum manna. Stjórntaumarnir lágu frá skrifstofu hans út yfir Ítalska bygð sem taldi fleira fólk en stæðsta borgin á Ítaliu. Út yfir bygðir Írlendinga sem mannfleiri voru en nokkur bygð á Írlandi. Út yfir mannfleiri Gyðinga bygð heldur en eru í Jerusalem, eða nokkurn tíma hafa verið þar í sögu heimsins. Út yfir þjóðverja, Frakka, Rússa, Pólverja, Kinverja og marga aðra þjóðflokka, sem til saman mynda millióna tölu íbúanna. Þarna var Ameríka í uppvextinum; þarna var deigla sú sem hinir ýmsu þjóðflokkar eru bræddir í og úr samsuðunni á að mynda þá mestu þjóðarheild sem heimurinn hefir augum litið. Og einmitt á þessu fæðingar og uppvaxtar timabili verður þjóðin að læra þá örðugustu af öllum námsgreinum — SJÁLFSTJÓRN. Vissulega hefir enginn maður fyr ráðið yfir einkennilegri stórborg en þeirri sem herra Gaynor hefir í umsjá sinni. En þrátt fyrir það undurmikla starf sem afkastað er á skrifstofu borgarstjórans, þá er þar alt gert eftir föstum starfsreglum og þögn og hæglæti er þar ríkjandi. Sjálfur gengur borgarstjórinn milli bústaðar sins og skrifstofunnar. Starf sitt byrjar hann kl. 9.30 árdegis og verður þá í gegn um 400 dróf sem honum berast daglega, en sem öll eru opnuð og raðað niður af privat ritara hans áður en borgarstjórinn kemur á morgnana. Hverju bréfi er svarað. Flest eru bréfin umkvartanir, úr öllum pörtum borgarinnar, og sum langt utan úr landi. Margbreitt er efni þessara bréfa. Ein kona úr New York ríki skrifaði að hún hafi sent 22 dali til fatasölu húss þar í borginni en hvorki fengið svar né fatnað til baka. Bréfið var sent frá borgarstjóranum til kaupmannanna, sem svo jöfnuðu sakir við konuna. Önnur kona, frá Virginiu, skrifaði að hún hefði sent peninga til læknis þar í borginni fyrir meðul fyrir frænda sinn, sem hefðu reynst ónýt. Hún krafðist þess að borgarstjórinn fyndi læknirinn og jafnaði sakir við hann. Borgarstjórinn skrifaði læknirnum um þetta og skömmu síðar fékk hana þakkarbréf frá konunni sem sagði að læknirinn hefði skilað frænda sínum skildingunum aftur fyrir ónýtu meðölin. Þetta sýnir, meðal annars, hvað fólkið í fjarlægum rikjum ætlast til að borgarstjórinn geri í embættisrekstri sinum. Eftir að bréfunum er svarað, ræðir borgarstjórinn bæjarmál við formenn hinna ýmsu deilda og hann er jafnan í ráðum með þeim með allar umbætur sem gerðar eru í borginni, og oft heyrist hann kveða svo á við hina ýmsu umsjónarmenn: "Látum oss koma saman og ræða málin og komast að niðurstöðu um hvað hægt er að gera." Það eru þessi fundahöld eða samræður um málin, sem svo mjög hafa hjálpað herra Gaynor til þess að verða borginni að því mikla liði sem raun hefir á orðið. Hann kveðst trúa því, að þegar gætnir og skynsamir menn koma saman til skrafs og ráðagerða þá sé ætíð hægt að komast að fastri ákvörðun um hvert atriði, hversu sundurlausar sem skoðanirnar kunni að vera í byrjun samræðanna, því allir viti að enginn geti grætt neitt á ósamlyndi en allra hagur byggist á því að geta verið sammála og samtaka um það sem þarf að framkvæma. Hann hefir reynslu fyrir þessu því hann hefir notið alúðlegrar samvinnu ýmsra þeirra sem öfluglega unnu á móti kosningu hans, en sem létu alt gleymt er hann hafði náð embætti. Um samvinnu með embættismönnum borgarinnar segir hann: "Ég vissi að ég hafði veitt góðum mönnum embættin. En ég vissi ekki hve góðir þeir voru fyr en ég fór að vera í samvinnu með þeim á þessum fundum." Síðar í ritgerðinni er langur upptalningur á því sem Gaynor hefir komið í framkvæmd síðan hann varð borgarstjóri, og sýnt að með því að beita hyggindum og sparsemi í stjórnarathöfnunum þá hefir honum tekist að minka árleg útgjöld um tvær milliónir dollars, að undanskyldu því algerlega, sem hann hefir sparað borginni í launalækkun til borgarþjóna, fyrst með því að svifta stöðum alla þá sem hann sá að voru borginni algerlega óþarfir og með því að reka úr embættum þá sem sýnt var að væru eyðslunsamir og ófrómir. Öll bygginga efni og aðrar nauðsynjar sem árlega verður að kaupa á borgar reykning kostar nú miklu minna en áður og öll prentun sem gerð er fyrir borgina er einnig miklu ódýrari nú en fyrrum, án þess að verð hvers sérstaks hluttar eða laun vinnendanna hafi lækkað. Sparnaðurinn liggur í því, að undir stjórn þessa mans, þá verða borgarþjónar að vinna fyrir launum sinum betur en þeir gerðu áður. Meðal annars, sem hann hefir breytt í borgarráðinu er þetta: 1) Hann lét það vera sína fyrstu skipun til undirmanna sinna að neita algerlega öllum bænum politískra manna um nokkur sérhlunnindi.

2) Hann hefir komið skipulagi á lögregluliðið með því að koma áþyrgð á hendur hverjum þeim lögregluþjóni sem á einhveru hátt verður brotlegur í starfi sínu.

3) Hann hefir umbætt skattálögufyrirkomulagið svo að þeir sem áður fengu ívilnun í skattálagning á eignir þeirra af því þeir voru áhrifamiklir borgarar, fá nú enga slíka ívilnan, og við það græðir borgin stórfé á hverju ári.

4) Hann hefir án þess að ráðgast um það við aðra, sett ýmsar nefndir til þess að rannsaka starfs aðferðina í hinum ýmsu deildum borgarstjórnarinnar og framferði borgarþjónanna.

5) Hann hefir uppleyst sumar nefndir, og svift þær öllu valdi og sett aðrar í þeirra stað, þar sem hann áleit þess þurfa við.

6) Í einni svipan svifti hann 79 borgarþjóna embætti, sem ekki höfðu annað gert en að draga laun sin, og sparaði borginni við það $760,000 á ári, í vinnulaunum.

7) Lögfræðisstarf borgarinnar hefir hann fengið lækkað að miklum mun með því að gera breytta samninga við lögfræðingana.

8) Hann hefir komið góðri skipun á mál og vigt í borginni. Hvor tveggja það var áður svikið um alla borgina.

9) Eitt sinn sat hann sem lögregludómari—það hefir enginn borgarstjóri þar áður gert í heila öld—þá gaf hann út skipun um að taka skyldi til fanga einn af þjónum borgarinnar, fyrir fjárdrátt.

10) Hann lét loka leikhúsum þegar þeir leikir voru auglýstir sem hann áleit ósæmilega.

Þetta er að eins lítið sýnishorn af afskiftasemi þessa mans af bæjarmálum, og hvervetna til góðs fyrir borgaraheildina. Stundum fer hann í lögreglu dómhúsið til þess að komast eftir hvernig dómarinn þar gegni köllun sinni. Afleiðingin af því er sú að hann hefir komið í veg fyrir að menn séu handteknir fyrir smásakir sem vel má jafna án þess. Um þessa ferð sína í lögleguldóminn sagði borgarstjórinn þetta:—

"Það sem eg sá og heirði sannfærði mig um kveld réttarhaldið hefir litla þýðingu aðra en þá að dómarinn geti látið lausa þá sem kærðir eru af heimskum og oft grimmum lögregluþjónum. Þeir sem handtaka borgarana fyrir slíkar smá sakir eru heimskingjar. Skynsamir lögregluþjónar gera það ekki. Einn lögregluþjónn kærði dreng fyrir að hafa kastað togleðurbolta í strætið, annar kærði dreng sem dansaði á palli á strætinu. Annar kom með 2 menn sem voru að þræta úti á götu. Annar kom með pilt sem ekur bögglavagni fyrir verzlunar hús á kveldin. Hann hafði farið út úr húsi sinu meðan móðir hans var að reiða honum kveldverð. Hann var kærður um að slæpast á götunni. Það var hrygðareini að horfa á drenginn þegar dómarinn leit á hann. Einn lögregluþjónn handtók matreiðslumann af því að hann sá hann með fugl í hendinni. Einhver hafði sagt að hann hefði stolið fuglinum og svo handtók hann mannin ólöglega. Hann var svo heimskur, að hann skildi ekki að hann hafði engan rétt til að taka mannin án þess að hafa skipun til þess eða sjálfur að hafa séð stuldin. En engin sönnun kom fram gegn manninum. Þetta er sýnishorn af því sem ég sá og hver eftir annan var sýknaður og látinn laus af hinum skynsama og gætna dómara. En þegar skynsamir lögregluþjónar kærðu einhvern, þá var það á gildum rökum. Það er þetta ástand í lögregludeildinni sem Gaynor hefir lagfært. Hann var eitt sinn lögreglustjóri í bænum Flatbush, og er því vel kunnugur þessum málum, það er og vitanlegt að hann gengur stranglega eftir því að hverju hans boði sé hlitt og í því eru fólgnar þær umbætur sem hann hefir gert, að hann litur persónulega eftir því að alt sé unnið eins og hann vill vera láta. Hann veit að borgarbúar hafa kosið hann í embættið til þess að þjóna sér og hann er fastráðinn í að gegna þeirri skyldu sinni. Hann hefir látið stranglega fylgja þeim lagaákvæðum sem fyrirskipa að vínsöluhús skuli vera lokuð á sunnudögum. Það er á almanna vitund að Gaynor hefir í flestum atriðum orðið hin mesta vonbriði fyrir Tammany flokkin sem kom honum til valda í borgarstjóra stiðuna. Sá flokkur hefir að undanförnu haft borgarráðið á sínu valdi og getað beitt þeim áhrifum á borgarstjórnina sem honum hefir þótt best. En Gaynor er ákveðinn í því að láta engum áhrifum hvorki frá einstaklingum eða félögum og sízt af öllu frá Tammany flokknum. Mjög er nú talað um það, ef hann nær fullri heilsu eftir skotin frá Gallagher, að kjósa hann næsta ríkisstjóra í New York ríki. Maðurinn er mikilhæfur og einlægur aji þýðuvinur og mundi, væri hann kosinn, rækja skildu sina sem ríkisstjóri sjálfum sér til sóma og ríkinu til gagns.

Þessi sauðskinns fóðraða treyja

$6.25

NO. 13 D. 419

Hlý, Smekkleg, Endingargóð.

ÞESSI treyja gerð úr sterkum móraudum segldúk er 32 þuml. löng og öll fóðruð með No. 1. hlýju þykku sauðskinni ágætlega görfuðu, u.júku og voðfeldu kragin er sjö þuml. hár, og skýlir öllu andlitinu fyrir vindi og kulda þegar honum er snúið upp. Vasarnir eru leðarbryddir, allir saman tvistúngnir sem gerir þá órifanlega. Ermarnar eru leðurþaktar undir handarkrikanum og með prónuðum ullar handstúkum í ulfiðum. Í þessari treyju verður yður jafnan hlýtt og notalegt, og þegar þér pantið hana og ef yður líkar hún ekki þá sendum við yður peningana aftur og borgum allan kostnað.

Stærðir 36 til 48, þegar þér pantið segið hæð yðar og þyngd.

Eaton verðlistabókin

Sendið nafn yðar og áritan, og vér skulum senda yður vora nýjustu verðlistabók (Catalogue) Í henni er 275 blaðsíður sem sýna myndir og nákvæma lýsingin af öllu sem þér þarfnist.

Sendið eftir henni í dag.
Hún er GEFIN.

THE T. EATON CO LIMITED
WINNIPEG CANADA

Ný saga eftir Jón Trausta.

Þessi nýja saga hans heitir „Fylgsni" og er framhald af Heiðarbýlissögunum, fjórða sagan í röðinni, þegar „Halla" er talin með, sem er inngangssagan til þeirra og óslítanleg frá heildinni. Sagan tekur nafn af þjófafylgsni uppi í heiðinni, sem lýst hefur í fyrri sögunum, og er leitinni eftir því, tildrögum hennar og afleiðingum lýst í þessari sögu. Enn er hér margt sama fólkið á ferð og í fyrri sögunum: Hreppstjórinn í Hvammi og húsfreyja hans, heiðakotafólkið, Ólafur og Halla, Finnur og Setta o. s. frv. En nýtt fólk bætist við. Þar er helzt að telja Pétur hreppstjóran mág, bróður Borghildar í hvammi, og verður það hann sem mesta althygli dregur að sér í þessum þætti sögunnar, enda er honum mjög vel lýst. Þá er lesendum nú komið í kynni við sýslumanninn, yfirvald þessa fólks sem lýst hefur verið, og son hans, háskólastúdent, Borga í Hvammi, sem var að hlaupa milli fólksins í síðasta þætti sögunnar, er nú orðin fullríða, og fallegasta stúlkan í allri sveitinni. Þorlákur þófari er karl, sem gaman er að kynnast, og á hann frændur til og frá um sveitir. Og en er þarna fleira af nýju fólki. Ágæt lýsing er þar af prúðkaupsveislu í sveit. En þjófaleitin og afleiðingar hennar er þó þungamiðja sögunar. Efnið skal svo ekki rakið hér frekar en þetta. Fyrri þættir „Heiðarbýlisins" hafa eignast fjölda vina, sem bíða framhaldsins með óþreyju.—og þessi nýja saga mun ekki bregðast bestu von um þeirra.

Lögréttu 17 ágúst 1910.

* * *

Ofangreind saga hefir send verið Heimskringlu til yfirlíta og þessvegna er framangreindur ritdómur um hana hér birtur og þess látið viðgetið að Hkr. er honum fylli lega samdóma það sem hann nær. En sögu þessari er ekki syndur nægilegur sómi með svo stuttum ritdómi. Það þarf að skrifa svo langt mál um hana að fólk taki eftir henni því hún verðskuldar það margfaldlega og allir þeir sem lesið hafa undangegnar skáldsögur þessa höfundar munu kannast við, að fyrir hugmyndaauð,og nákvæmni í náttúru og mannlýsingum og alþýðlega framsetning málsins, þá er hann engin eftirbátur þeirra sem best rita nú þar heima. Náttúrulýsingarnar hafa aðallega verið í tveim fyrri heftum sögunnar, en í þessu síðasta er meira um mannlýsingar sérstaklega að því er snertir Borgheldi og í Hvammi og Pétur bróðir hennar, lyndis einkunum þeirra er svo dásamlega lýst að betur verður ekki. Pétur er að mörgu leyti skynsamur maður, en hæðskur og kærulítill, hann fremur sjálfsmorð til þess að firrast fangelsi þegar hann var komin undir manna hendur fyrir þjófnað, hér er sýnishorn af skoðunum hans. "Það er til þjófnaður í margskonar myndum Í engri grein hefir mannlegt hugvit verið frjósamara.

Hér í sveitinni hefir ein grein þjófnaðarins blómgast og blessast. Það eru tíundarsvikin. Menn hafa horft á þau með opnum augum hver hjá öðrum og þagað. Allir hafa verið samsekir ..... það sér ekki á börnum þjófanna, þau þrifast eins og önnur börn og kannske betur. Komast til valda og metorða og verða stólpar mann félagsins. Engin veit hver þau eru eða hvar þau eru ..... Œru leysi mitt verður þeim ekki lengi að farartálma þjófsmerkin úrættast fljótt. En það er annað til sem ekki úrættist. Það eru þurfalings merkin þeir sem á sveitinni liggja,sökkva niður fyrir það í almennings álitinu, að vera mann elskur. Þeir voru með hundum taldir.... Börnin alast upp með hundsálum, altaf horfandi upp á manneskjurnar, eins og æðri verur altaf snúkjandi og snapandi eftir náð og góðmensku. Þau fá sjaldan aðheyra annaðen aðþau séutilþyngsla,etistolið brauð,lifi á annara sveita .... þurfalingarnir eru vinnusýkt með mansviti, þau eiga að vinna svo mikið sem þau getu,fyrir það minsta sem þau geta komist af með, Vinna af sér uppeldisskuldina, vera þrælar þrælanna. Mentunarsnauð og vanhirt. Úr þeim verða nýir þurfamenn, út af þeim lifna mörg þurfamanna efni, heilar þurfamanna kynslóðir."

Þetta er aðeins eitt sýnishorn af hugarstefnu þessa mans, sem gerðist þjófur til þess að geta alið börn sín svo að þau lentu ekki á sveitinni og stytti sér svo aldur til þess að firrast hegningar hússvinnu fyrir glæpi sína, og til þess að frelsa börn sín 4, öll í ómegð, frá þeim ámælun er þau mundu verða fyrir ef þau þæðu af sveit, að því gætti hann ekki. að með athæfi sínu skildi hann þeim eftir þann arf sem hlaut að loða við þau meðan þau lifðu, og sem þan væntanlega fyndu til næmara og sárara en allir aðrir að þau væru börn þess mans — þótt prófastssonur væri sem sjálfur var bæði þjófur og sjálfsmorðingi, og alt þetta var beín afleiðing af þeim öfuga og rangsleitna hugsunar hætti sem ríkti hjá þjóðinni.

Af þeim 3 köflum, sem þegar eru komnir út af sögu þessari, er þessi sá tilþrifa mesti átakanlegasti og—skemtilegasti aflesturs. Þess má vænta að mikil eftirspurn verði eftir bókinni enda er hún vel þess virði, að vera lesin og geymd.

Önnur sending að Vestan.

Kafli úr bréfi, sem Lögrétta dags. 24. ágúst sl. segir að sé frá merkum Íslendingi, sem einnig sé nákunnugur þar heima á síðari árum, ræðir enn um íslenzka stjórnmálaþrefið, og í niðurlagi þessa bréfkafla er þetta: —

"Einn maður hér vestra, sem nálega allir hafa viðbjóð á fyrir ritsmíðar hans í Heimskringlu, — það er A. J. Johnson, eða Jón nokkur Kristjánsson, sem flækst hefir hér víða og er hvervetna illa þokkaður meðal landa sinna".

Það er augsýnilegt af rithætti og orðavali þessa bréfkafla, að hann er eftir sama höfund, sem ritað hefir bréfkaflann, sem birtur var í síðasta blaði, og þó Lögrétta hafi ekki látið nafns hans getið, þá eru tilfærðar þær upplýsingar um hann, að hann sé nákunnugur í Reykjavík á síðari árum. — þeim nóg, sem skilur.

Nú vill svo vel til, að hér vestra — í Winnipeg — er að eins einn Íslendingur — Vestur-Íslendingur — sem nákunnugur er í Reykjavík á síðari árum. Sá maður dvelur nú hér í borg síðan hann kom frá Reykjavík í vor er leið. Og orðalagið í báðum bréfköflunum er svo nákvæmlega í samræmi við eðlisfar og sálfræði þessa manns, að um ekkert er að villast — og vonum vér innan fárra vikna að geta gefið nánari upplýsingar um þetta.

En þess má strax geta, að umsögnin um herra A. J. Johnson er algerlega viljandi, því að hann kom hvervetna vel fram meðan hann dvaldi hér í borg, og eignaðist hér fjölda vina, þó einstöku manni sviði undan penna hans, þegar því var að skifta. Jón sýndi það hér, að hann er skýrleiks og hæfileikamaður, og kom sér vfirleitt vel, og vér teljum það afarilla gert, að ræga hann í íslenzkum blöðum algerlega að ástæðulausu og með ósönnum ákærum. En þar sem Jón er nú kominn til Reykjavíkur, þá er honum vel til þess trúandi, ekki eingöngu að halda uppi vörn fyrir sjálfan sig, heldur einnig til þess, að nafngreina höfund þessara bréfkafla, — því full þörf er á, að draga þann náunga fram í dagsbirtuna, svo að Vestur-Íslendingum gefist kostur á, að virða manninn fyrir sér.

Nýtt kostaboð.

Kaupendur Heimskringlu geta með tilhjálp þessa blaðs fengið keypt viku útgáfuna af blaðinu „The Mail and Empire", sem gefið er út í Toronto borg, fyrir að eins 15 cent frá þessum tíma til ársenda 1910 Og fyrir 50c fyrir árið 1911.

Mail and Empire er eitt af elstu og stærsatu og áhrifamestu blöðum í Canada og betra fréttablað fæst ekki. Nýir kaupendur að Heimskringlu geta fengið með henni Mail and Empire blaðið til 1. janúar 1912, með því að senda fyrifram borgun $2 50 til þessa blaðs.

Betri kostaboð getur blað vort ekki gert að þessu sinni.

MELBA

Heimsins mesta söngkona notar

HEINTZMAN & CO. PIANO

á sigurferð hennar um mestu borgir í Canada. Hún vill engin önnur nota.

MIKIL LISTA KONA MIKIÐ PIANO,

J. J. H. McLean & Co Limited

J. W. Kelly, J. Redmond, W. J. Rose

Cor Portage Ave. & Hargrave

Phone: Main 808.

Fréttir úr bænum.

Herra Joseph Thorson lagði af stað héðan úr borg á leið til Oxford háskólans á Mánudagin var. Hann er annar Islendingurinn sem hlotið hefur Rhodes náms verðlaunin og hyggur nú að verja næstu 4 árum fyrir handan hafið til að njóta þeirra. Mr. Thorson ætlar að stunda þar lögfræði og ganga þar undir próf áður en hann hverfur vestur hingað aftur. Tvö samkvæmi voru honum haldin á laugardagskveldið var. Annað í Young Mens Christian Association salnum á Portage Ave. af hanns mörgu vinum í því félagi. Hitt skilnaðar samsætið hélt herra Thomas H. Johnson, Þingmaður fyrir West Winnipeg, á Commercial Club á Main St.og hafði hann þangað boðið nokkrum af skólabrærðum og öðrum kunningjum heiðursgestsins.

Innilegustu heillaóskir fylgja þessum unga og efnilega námsmanni yfir hafið. og þær óskir að hann og félagi hans, Skúli Johnson, sem nú er þar eystra, megi í fyllingu tímans, að afloknu námi þeirra koma hingað vestur aftur, hlaðnir sæmd og brynjaðir þeim lærdóms gögnum er geri þá hæfa til þess að starfa sem mest í þarfir þess ríkis sem hefir alið þá og mentað.

Miss Helga Halldórsson, frá Seattle, Wash., sem dvalið hefir hér tveggja mánaða tíma í kynnisferð til vina og kunningja, fór heimleiðis aftur á laugardaginn var. Samferða henni var hálfsystir hennar, Miss Guðrún J. Heidman, sem dvalið hefir hér í bæ nokkur undanfarin ár. Hún bjóst við að setjast að í Seattle. Hánir mörgu vinir þeirra systra hér í bæ árna þeim allra fararheilla.

Nýlátin er að Mary Hill, Man Jóhann Haraldur Finnbogi, sonur þeirra hjóna herra Eiriks Hallsonar og konu hans. Hann var fæddur 21 Sept. 1909 en andaðist 18. Sept 1910, jarðarför fór fram 21. þ. m.Piltur þessi var talin af þeim sem sáu hann, þó stærsta og efnilegasta barn er þeir hefðu séð. Hitasýki varð honum að bana. Hann veiktist á laugardagin 17. þ. m. og lifði aðeins sólarhring eftir það.

Oak Point brautin nú teinlögð 22 mflur norður fyrir Oak Point, alt að Swan Lake og vagnar hafa þegar gengið eftir henni.

ANCHOR BRAND HVEITI

er bezta fáanlegt mjöl til nota í heimahúsum og annarstaðar. Það er gert úr No. 1. Hard HVEITI eftir nýjustu aðferðum.

Símið 4326 eftir söluverði þess.

Leitch Bros.

LOUR MILLS

Winnipeg skrifstofa

240 4 GRAIN EXCHANGE

Á næsta fundi stúkunnar Heklu. föstudaginn 30. þ.m., ætla systurnar í stúkunni að hafa kaffiveitingar. Sömuleiðis verður prógrammið óvanalega gott. Öllum Goodtemplurum í bænum er vinsamlega boðið að vera viðstöddum. — Bræður og systur, fyllið nú einusinni fundarhúsið.

Sex menn voru fangaðir við giftingarveizlu hér í norðurbænum á laugardagskveldið var. Þeir voru þar óboðnir gestir og komu til þess að gera óspektir. Þeir verða dæmdir til fangavistar fyrir tiltækið.

Í vísum í síðasta blaði "Mér finst svo kalt" lesist í 4. línu: sálarklæðum, og í 5. línu: brjóst vort.

Hlutabréf Winnipeg Electric félagsins eru nú komin upp í tvöfalt ákvæðisverð, — hver $100 hlutur kostar $200.

Þrjátíu og fimm hundruð feta landspilda meðfram Cambridge stræti í Fort Rouge hér í borg var í sl. viku seld fyrir rúma 100 þúsund dollara, eða 30 dollara hvert fet framhliðar.

Í ráði er að koma upp líkbrenslu stofnun hér í borg. Ein slík stofnun er í Canada, í Montreal borg, en víða í borgum Bandarikjanna, og gefast þær vel. En kostnaðarsöm er líkbrenslan sögð, og óvíst að hún komist hér á fyrst um sinn

Byggingalevfi í Winnipeg nema yfir 13 millión dollara á þessu ári, — fram að þessum tíma. Verða áreiðanlega yfir 15 miliónir dollara við árslok.

Dominion stjórnin auglýsir, að hún taki undir próf þann 9. nóvember næstk. alla þá, sem vilja gangu í sjóher Canada ríkis. Prófin fara fram í Port Arthur, Winnipeg, Brandon, Regina, Saskatoon, Calgary, Edmonton, Nelson, Vancouver og Victoria.

Lesið Tombólu auglýsingu stúkunnar Skuldar í þessu blaði. Þess mun engan iðra, því slík kostaboð eru fáheyrð meðal Íslendinga.

Hvar er Eiríkur Þorbergsson? — Hann er fæddur og uppalinn í Syðri-Tungu á Tjörnesi. Ég hefi lauslega frétt, að hann hafi flutt hingað vestur um haf nú í sumar. Undirritaður mælist vinsamlega til að fá upplýsingar um heimili hans.

A. Johnson,
Sinclair P.O., Man.

Svar til J. S.

Eg verð að játa að eg varð fyrir miklum vonbrigðum er eg las greinina frá J. S. í síðustu Heimskringlu dagsett 11. ágúst 1910.

Af því að eg var búinn að mælast til þess í fyrnefndri grein minni að einhver af hinum helztu frelsis hetjum svöruðu spurningum mínum viðvíkjandi kvenfrelismálinu.

Og vilt þú víst að þú sert álitin fremst í flokki þeirra, ef nú má dæma þig af grein þinni, get eg þess til að mörgum muni finnast flokkur frelsis hetjanna þunn skipaður og mun stjórnmálum ekki betur borgið eftir en áður, þegar þú og hinar smærri hetjur í flokki þínum eru komnar til valda. Þeim sem lesa grein þína gefur á að líta, kvenlega kurteisi og orðfindni og smekkvísi í ljóðagerð og máske fleiri sálarhæfileikum er þar koma í ljós.

En ekki ræddir þú mikið um frelsið hið mikla, einni spurningu minni svaraðir þú þó, nefnilega þessari. Hvort karl og kona hefðu jafnt líkamsþrek og játaðir þú fyrir mér að þær hefðu minna, er þá ekki bein afleiðing af því að sálarþrekið verði líka minna, er ekki svo náið samband milli sálar og líkama að ef líkaminn er veikbigður þá sé sálin það líka. Eg ætla ekki að biðja þig að dæma um þetta atriði því eg álít það þitt ofurefli að dæma það, svo af sanngirni sé gert. Mitt álit er að karl og kona hafi jafnar sálargáfur, en að þær hafi minna lálarþrek til náms og stúderinga. Enda er það langt fyrir utan kvenfólks verkahring að blanda sér inn í pólitísk mál, sem eru af öllum sanngjörnum konum og körlum álitin óhreinlegustu mál heimsins. Því ætli skaparinn í öndverðu hafi ekki skapað konur eingöngu eða karla eingöngu, ef að afstaða karls og konu í lífinu er gersamlega sú sama.

Eg álít að kvenfólkið sé finni og betri partur mannkynsins og að þeirra rétta hilla í mannlífinu sé, að hjálpa bágstöddum, hjúkra sjúkum, hugga munaðarlausa, og að heilla sig sínum heimilum þær sem þau eiga og varðveita siðferði barnanna sinna, að vanrækja ekki að kenna börnunum sitt móðurmál o. s. frv.

Og til alls þessa er gnægð af frelsi. Líka geta fengið að njóta algengrar mentunar í þessu landi konur jafnt sem karlar. Nú kæru hetjur ef ykkur nægir ekkert nema að gera sjálfar ykkur að strákum, þá náttúrlega vantar ykkur enn meira frelsi.

Eg þakka minni kæru J. S. fyrir úrlausnina frá að þurfa að gefa nafnið mitt eða minna á kjörlista án míns eigin vilja. Mér datt í hug að máske að þaðgripi ykkur frekja líkt og konurnar í London á Englandi, þar sem þær leifðu sér að fleingja sjálfa ráðgjafana úti á götu borgarinnar, eins hugsaði eg að gæti skeð með ykkur að þið gerðuð einhverjar skelfingar meðal vor.

Ef að J. S. er hrædd um að eg hafi gefið rangan vitnisburð konunni í Fort Rouge þá ráðlegg eg henni að finna að máli séra Gordon í Winnipeg hann mintist þeirra í ræðu sinni á prédikunarstólnum fyrir 4 árum síðan og munu margir hafa fest það í minni er hann sagði í þeirri ræðu og þér ætti að vera óhætt að trúa því sem hann segir. Guðsmaðurinn mundi ekki leifa sér að segja þér ósatt.

Farðu vel kæra J. S, nær finst eins og að eg muni ekki geta lært mikið af þér viðvíkjandi kvenfrelsismálinu þar eð þú leiðir flestar spurningar hjá þér, sem lagðar eru fyrir þig og svo ef þú þarft líka að passa Mrs. M. Benediktson frá allri lyginni sem þú segir svo mikið af í fyrnefndri grein minni, sem fáir munu geta séð, að því búnu hefir þú víst lítin tíma í afgang aumingin

G. A.

FRIÐRIK SVEINSSON

tekur nú að sér allar tegundir af húsmáling, betrekking, o.s.frv. Eikarmálning fljótt og vel af hendi levst. Heimili 443 Maryland St.

BAZAAR

verður haldinn að tilhlutun kvenfélags Tjaldbúðar safnaðar í samkomusal kirkjunnar miðvikudag og fimtudag þann 5. og 6. oktober næstk., kl. 2 til 5 síðd. og kl. 8 til 11 að kveldi, báða dagana. Kaffi til sölu handa öllum sem vilja. — Kvenfélagið vonar eftir góðri aðsókn.

Fallegir KVENHATTAR

af nýjustu gerð til sölu í hattabúðinni á horni Sargent og Victor stræta. Gamlir hattar einnig gerðir um. Munið eftir staðnum og látið íslenzku konurnar, sem eiga búð þessa, njóta viðskifta yðar, því þér getið gert eins góð kaup þar og nokkurstaðar annarstaðar í bænum.

Miss Jóhanna Olson.

Piano kennari, byrjar aftur að veita nemendum tilsögn að heimili sínu 557 Toronto St.

TOMBÓLA OG SKEMTANIR

Undir umsjón Goodtemplara Stúkuunar Skuld.

MÁNUDAGINN 3. OCTOBER, klukkan 7.30 p. m.

Í G. T. HÖLLINNI,

Allur undir búningar til þessarar Tombólu er svo góður sem bezt má verða; Í heilann mánuð hefur 20 manna nefnd unnið af kappi til þess að hafa alt sem fullkomnast og tilkomumest, og það mun sannast næsta mánudagskvöld að aldrei hafa Winnipeg Íslendingar séð jafn "fínka" menn standa fyrir Tombólu eins og einmitt nú hjá Stúkunni Skuld.

Og nú um leið að Stúkan óskar þess að almenningur veiti tilraun um félagsins eftirtekt og viður kenningu með návist sinni þetta kvöld,— að þá verður fólkinu veitt — auk Tombólunnar — bæði Kaffi og bakkelsi, Music, söngur og fleiri skemtanir langt fram á nótt.

Gleymið ekki að „drættirnir" eru ekta nýjar vörur úr kaupstaðnum, sumir $5.00 virði, og enginn minna en 25 cents virði.

Inngangur og einn dráttur } 25c.
Prógram og veitingar }

Byrjar 7.30

Kitari nefndarinnar.

Góðar stöður.

Geta ungir, framgjarnir menn og konur fengið á járnbrauta eða loftskeyta stöðvum.

Síðan 8 kl. stunda lögin gengu í gildi og síðan loftskeyta fregnsending varð útbreidd þá vantar 10 þúsund telegraphers (fregnsendla). Launin til að byrja með eru frá $70 til $90 á mánuði. Vér störfum undir umsjón telegraph yfirmanna og öllum sem verða fullnuma eru ábyrgðar atvinnustöður.

Skrifið eftir öllum upplýsingum til þeirrar stofnunar sem næst yður er. NATIONAL TELEGRAF INSTITUTE, Cincinatti, Ohio, Philadelphia, Pa., Memphis, Tenn., Columbia, S. C., Davenport, Ill., Portland, Ore.

hjá J. R. TATE & Co.
522 Notre Dame Ave.

er staðurin til að fá góð föt gerð eftir máli úr frægustu dúkum og fyrir lægra verð en slik föt eru gerð fyrir neðar í borginni. Vér höfum mesta úrval af fatadúkum og ábyrgum hverju spjör, Íslendingum boðið að koma og skoða vörurnar. Vér óskum viðskifta við þá.

J. R. TATE & Co. Skraddarar

Dr. G. J. Gíslason,

Physician and Surgeon

18 South 3rd Str, Grand Forks, N.Dak

Athygli veitt AUGNA, EYRNA og KVERKA SJÚKDÓMUM. ASAMT INNVORTIS SJÚKDÓMUM og UPPSKURÐI. —

Anderson & Garland,

LÖGFRÆÐINGAR

35 Merchants Bank Building

PHONE: MAIN 1561.

Dr. M. Hjaltason, Oak Point, Man.

BÚÐIN Á SARGENT.

Kennið únglingunum að nota vel tíman. Það gerist best með því að þau beri á sér vasa úr. Eg sel vönduð Kvenn-úr fá **$2.50** og upp. Eg sel **$10.00** Konu-úr fyrir **$6.00** þau eru í gullþynnu kössum, með ágætu gangverki ábyrgð fygir hverju úri.

Drengja úr sel eg fyrir **$1.25** og þar yfir.

G. THOMAS Gull og Silfur Smiður

674 Sargent Ave. Phone Sherb. 2542

J. T. STOREY S. DALMAN

Your Valet

HREINSAR, PRESSAR, GERIR VIÐ OG LITAR FATNAÐ.

Alt ágætlega gert. Komið því með fötin til okkar.

690 NOTRE DAME AVE.
TALS MÍ MAIN **2798**

Sherwin-Williams PAINT

fyrir alskonar húsmálningu.

Prýðingar-tími nálgast nú. Dálítið af Sherwin-Williams húsmáli getur prýtt húsið yðar utan og innan. — Brúkið ekker annað mál en þetta. — S.-W. húsmálið málar mest, endist lengur, og er áferðarfegurra en nokkurt annað hús mál sem búið er til. — Komið inn og skoðið litarspjaldið. —

Cameron & Carscadden

QUALITY HARDWARE

Wynyard, · Sask.

Atvinna.

Okkur vantar fáeina duglega umboðsmenn í hinum íslenzku bygðum í Manitoba og Norðvesturlandinu til að selja Stereoscopes og myndir. Sendið 75c fyrir umboðsmanna áhöld.

Arnason & Son.

8-4 Churchbridge, Sask.

A. S. BARDAL

Selur líkkistur og annast um útfarir. Allur útbúnaður sá bezti. Enfremur selur hann alskonar minnisvarða og legsteina.

121 Nena St. Phone 306

TIL SÖLU:

160 ekrur af bezta landi. stutt frá járnbrautarstöð. — Fyrsti maður með $7.00 fær hér góð kaup. — Finnið

Skúli Hansson & Co.

47 Aikens' Bldg.

Talsími. Main 6476 P. O. Box 833

"Kvistir,"

kvæði eftir Sig. Júl. Jóhannesson, til sölu hjá öllum íslenzkum bóksölum vestanhafs. Verð: $1.00.

HEIMSKRINGLU og TVÆR skemtilegar sögur fá nýir kaupendur fyrir að ein **$2.00**

GEO. ST. JOHN VAN HALLEN

Málafærzlumaður

Gerir öll lögfræðis störf

Útvegar peningalán

Bæjar og landeignir keyptar og seldar, með vildarkjörum.

Skiftiskjöl $3.00
Kaupsamningar $3.00

Sanngjörn ómakslaun
Reynið mig

Skrifstofa 1000 Main St.
Talsími Main 5142
Heimils talsími Main 2357
WINNIPEG

MARTYN F. SMITH,

TANNLÆKNIR.

Fairbairn Blk. Cor Main & Selkirk

Sérfræðingur í Gullfyllingu og öllum aðgerðum og tilbúnaði Tanna. Tennur dregnar án sársauka. Engin veiki á eftir eða gómbólga. —

Stofan opin kl. 7 til 9 á kveldin

Office Phone 6944. Heimilis Phone 6462

Þarft þú ekki að fá þér ný föt?

EF ÞAU KOMA FRA CLEMENT'S, — ÞÁ VERÐA ÞAU RÉTT

Réttur að efni, réttur í sniði réttur í áferð og réttur í verði.

Vér höfum miklar byrgðir af fegurstu og beztu fataefnum. —

Geo. Clements & Son

Stofnað árið 1874

264 Portage Ave. Rétt hjá FreePress

Th. JOHNSON

JEWELER

286 Main St. Talsími: 6606

Sveinbjörn Árnason

Fasteignasali.

Selur hús og lóðir, eldsábyrgðir, og lánar peninga. Skrifstofa: 310 McIntyre Blk.

office TALSIMI 4700. hús TALSIMI 2108

G. NARDONE

Verslar með matvöru, aldini, sælu-kökur, allskonar sætindi, mjólk og rjóma, sömul. tóbak og vindla. Óskar viðskifta Íslend. Heitt kaffi eða te á öllum tímum. Fón 7756

714 MARYLAND ST.

Boyd's Brauð

Alt af hin sömu ágætu brauðin. Það er ástæðan fyrir hinni miklu sölu vorri. — Fólk veit það getur reitt sig á gæði brauðanna. Þau eru alt af jafn lystug og nærandi. Biðjið matsala ykkar um þau eða fónið okkur.

Boyd's

Bakery Cor. Spence & Portage Ave
Phone Sherb. 680

BILDFELL & PAULSON

Union Bank 5th Floor, No. 520

selja hús og lóðir og annast þar að lútandi störf; útvegar peningalán o. fl.

Tel.: 2685

Jónas Pálsson,

SÖNGFRÆÐINGUR.

Utvegar vönduð og ódýr hljóðfæri

460 Victor St. Talsími 6803.

BONNAR, TRUEMAN & THORNBURN,

LÖGFRÆÐINGAR.

Suite 5-7 Nanton Blk. Tals. 766
Winnipeg, Man. P.O.BOX 223

DR. H. R. ROSS

C.P.R. meðala- og skurðlækuir. Sjúkdómum kvenna og barna veitt sérstök umönnun.

WYNYARD, — SASK.

The Evans Gold Cure

229 Balmoral St. Sími Main 797

Varanleg lækning við drykkjuskap á 2-3 dögum án nokkurrar tafar frá vinnu eftir fyrstu vikuna. Algerlega privat. 16 ár í Wipnipeg. Upplýsingar í lokuðum umslögum.

Dr. D. R. WILLIAMS, Exam. Phys
J. L. WILLIAMS, Manager

W. R. FOWLER A. PIERCY.

Royal Optical Co.

307 Portage Ave. Talsími 7286.

Allar nútíðar aðferðir eru notaðar við augn-skoðun hjá þeim, þar með hin nýja aðferð, Skuggа-skoðun, sem gjörreynd öllum ágiskunum. —

Heimskringla.

XXV. ÁR | WINNIPEG, MANITOBA, FIMTUDAGINN, 6. OKTÓBER 1910 | NR. 1.

Leaded Lights.

Vér getum búið til alskonar skrautglugga í hús yðar ódýrara og fljótara en nokkur önnur verksmiðja í borginni Vér sýnum yðar myndir og kostnaðar áætlanir.

Western Art Glass Works.
553 SARGENT AVE.

Fregnsafn.

Markverðustu viðburðir hvaðanæfa

— Verkfall mikið stendur um þessar mundir yfir á Þýzkalandi. Sagt er, að 600 þús. manna, er vinna að húsagerð og húsagerðarefnum séu nú iðjulausir. Verkfall þetta er þannig tilkomið, að skipa gerðarmenn þar gerðu verkfall fyrir nokkrum tíma, en er leið að því, að þeir fóru að verða peninga litlir, þá lögðu húsa- og húsefnagerðarmenn þeim fé af launum sínum, svo þeir gætu haldið verkfallinu áfram. Við þetta reiddust verk veitendur og lokuðu öllum verksmiðjum sínum um óákveðinn tíma, þegar vinnan brást, fóru verkamenn að láta ófriðlega, og nokkur spell gerðu þeir í ýmsum borgum, en mest kvað að þessu í Berlin. Þar brutu þeir upp búðir og verzlunarhús og rændu og rupluðu öllu ætu og ósætu. Lögreglan mátti sín einkis, svo herlið var kallað út og skipað að halda verkamönnunum í skefjum, og beita til þess sverðum sínum, ef þörf gerðist. Svo varð bardagi á götum Berlinar snemma í sl. viku og stóð yfir langa stund. Gerðu þá báðir málspartar það er þeir gátu, hermenn beittu sverðseggjum sínum og særðu margt manna, en drápu suma. Mátti svo heita, að bardagasvæðið litaðist blóði hinna særðu. Sósialista flokkurinn í heild sinni veitir verkfallsmönnum að málum alt er hann orkar. Alla síðustu viku var haldið uppi látlausum óeirðum, og Berlinarlöðin skoruðu fastlega á stjórnina, að beita öllu því afli, sem hún ætti ráð á til þess að friða borgina. Aðfaranótt 29. sept. var bardagi háður á götum borgarinnar alla nóttina og fram til hádegis næsta dag. Þá særðust yfir 200 manns á litlu svæði í borginni. Verksmiðjurnar og sölubúðum er lokað, og fáir þora að ganga um göturnar. Tólf hundruð lögreglumenn hafa verið settir til gæzlu á bardagasvæðinu. Þriggja nátta óeirðir hafa ollað falli 400 manna, sem nú liggja í sárum, og margir tugir húsa hafa verið skemd, svo nemur tugum þúsunda dollara.

— Viðkvæmur er Dr. Chas. Sheard, aðalumsjónarmaður heilbrigðismálanna í Toronto borg. Hann hefir þjónað þessu embætti um margra ára tíma, og getið sér almennra vinsælda fyrir það. En á síðari árum hafa risið upp ýmsir menn í borgarráðinu, sem ósleitilega hafa fundið að embættisfærslu læknisins, og sum blöðin þar í borg hafa fylgt þeim að málum. Út af þessu varð læknirinn svo sár, að hann sagði af sér stöðunni í marz sl. Ýmsir læknar sóttu þegar um embættið, en enginn þeirra hafði svo mikla tiltrú, að hann gæti fengið meðmæli fleirtíllu manna í borgarráðinu. Og svo fór að lokum, að það gat ekki tekið embættisuppsögn Dr. Sheard gilda, en fékk hann með öllum samhljóða atkvæðum til þess að halda áfram starfinu, og hækkaði um leið laun hans upp í 5 þúsund dollars á ári. Við þetta espuðust andstæðingar hans og blöðin, bar til þeir þreyttu læknirinn svo með árásum sínum, að hann hefir á ný sagt upp stöðunni, — nú fyrir fult og alt. Í uppsagnarbréfi sínu tekur hann það beint fram, að af því hann hafi reynslu fyrir því, að þriðjuhluti borgaranna kunni ekki að meta heiðarlega, fullnægjandi og ráðvandlega embættisfærslu sína, þá vilji hann ekki halda stöðunni lengur.

— Tveir veiðimenn hafa nýlega týnst í Black River héraðinu; 75 menn hafa leitað þeirra um nokkurn tíma, en hafa ekki fundið mennina. Fyrir nokkrum dögum fundu Indíánar slóð þeirra á þörtum og heyrðu þá byssuskot við og við, og gefur það von um, að mennirnir kunni ennþá að vera lifs, þó enn hafi þeir ekki fundist.

— Samtali var haldið uppi með loftskeytum þann 28. sept. sl. milli Honolulu og Triangle loftskeytastöðvarinnar á Kyrrahafsströndinni. Vegalengdin milli þessara staða er 2500 milur. Trianglestöðin er við norðurenda Vancouver eyjar.

— Walter Brookings flaug á fimtudaginn var milli Chicagoborgar og Springfield borgar í Illinois ríkinu. Vegalengdin er 186 mílur og var farin á 7 klukkutímum og 12 mínútum. Tvisvar varð hann að láta síga til jarðar á þessari leið. Fyrir flug þetta hlaut hann 10 þúsund dollara, sem blaðið Chicago Herald hafði heitið hverjum þeim, er fyrstur flýgi milli nefndra borga.

— Markverðasti fundur, sem járnbrautaþjónar í Bandaríkjunum hafa nokkru sinni haldið hér í álfu, fór fram í Amsterdam leikhúsinu í New York borg þann 25. sept. Þar var rætt um kaupgjald hinna ýmsu flokka járnbrautarþjóna. Í þeim félagsskap eru aðallega fjórar deildir: Gufuvélastjórar, gufuvélakindarar, lestastjórar og lestavinnumenn. Fulltrúarnir, sem þar voru mættir, höfðu umboð frá 350 þúsund járnbrautavinnendum á 63 járnbrautum í Bandaríkjunum, og þeir voru málsvarar fyrir tvær miliónir kjósenda, sem hafa lífsuppeldi af járnbrautastarfinu þar syðra, austan Mississippe árinnar. Leiðtogarnir fluttu snjallar ræður um áhugamál sín, kaupgjald verkamanna og flutnings- og farþegagjöld. Eftir 4 klukkustunda umræður var samþykt að skora með bænaskrám á Taft forseta, milliríkjanefndina og þingið í Washington, og einnig þing hvers sérstaks ríkis í sambandinu, að löghelga járnbrautafélögunum að hækka flutningsgjöld, svo að þau gætu betur staðið við, að veita vinnendunum hærra kaup og styttri vinnu tíma, og ýms önnur bætt vinnuskilyrði. Það var og ákveðið, að krefjast þess af hverjum umsækjanda til þings eða annara embætta, að hann opinberaði stefnu sína í þessu máli.

— Nýlega hafa nokkrir stærri spítalar í Lundúnum byrjað á nýrri lækningaaðferð til varnar kvefi. Þeir nefna það "prophylactec" innsprautun. Lyfin eru flokkuð og þeim beitt við tilsvarandi kvefsjúkdóma. Læknarnir búa sjálf ir til lyfin úr gerlum, sem þeir taka úr sjúklingunum. Þessir gerlar eru látnir æxlast, þar til fjöldi þeirra er orðinn nægilega mikill. Svo eru þeir drepnir með hita og miliónum þeirra spýtt undir hörund sjúklingsins. Helzt eru gerlarnir teknir úr hálsi og nefi sjúklinga. Lækning þessi er sagt að hafi gefist svo vel, að þeir sem áður einatt voru kvefaðir, finna nú ekki framar til þessa kvilla.

— Til minnis þeim, sem hyggja á landtöku, skal þess getið, að af ræktanlegu landi í Vestur-Canada eru í Manitoba 23 miliónir ekra, í Saskatchewan 93 miliónir og í Alberta 98 miliónir ekra. Einnig eru 56 miliónir ekra í Ontario af ræktanlegu, ónumdu landi. Alberta fylkið hefir þannig mest af ræktanlegu landi og hlýjast loftslag.

— Kvenréttindakonur á Englandi héldu fund mikinn á bersvæði í sl. viku. Yfir þúsund karlmenn réðust á þær með eggjum og suarkasti, svo lögreglan varð að vernda þær.

— Enn á ný hafa loftskeytin orðið til þess, að bjarga lífi heillar skipshafnar í Miðjarðarhafinu. — Þýzkt seglskip hafði hrakist þar 5 sólarhringa hálfýlt vatni, 1000 mílur frá landi. Ítalsk gufuskip, sem þar var á ferð og merkti af flöggum þess um ástand þess, — sendi loftskeyti til lands, en fregnin kom niður á gufuskip, sem var að eins 4 stunda ferð frá hinu sökkvandi skipi. Það brá þegar við og bjargaði 19 mönnum, sem þar voru í hinni mestu lífshættu og að fram komnir.

— Loftsiglingafélagið á Ítalíu hefir mælt móti því, að frekari tilraunir séu gerðar til þess að fljúga yfir Alpafjöll, með því að sá eini maður, sem það hafi gert, misti líf sitt við það. Félagið ætlar þó að borga erfingjum hans þær 75 þúsund franka, sem það hafði heitið, þó hann ekki kæmist alla leið að Milan borg. Loftsiglingamenn kváðu og vera einráðnir í því, að gera engar frekari tilraunir til flugs yfir fjöllin.

— Loftsiglingamaður einn, að nafni Klockmann, féll úr flugvél sinni á þýzkalandi í sl. viku, 150 fet til jarðar, og beið bana af falkinu. Tveir aðrir loftsiglingamenn hafa og látið lífið þessa síðustu viku af líkum orsökum.

— Ungur Bandaríkjamaður, sem vinnur á einu af herskipum þjóðarinnar, hlaut nýskeð miljón dollara arf. En ekki gaf hann sér tíma til að sinna arftökunni, — kvaðst vel ánægður með stöðu sína á herskipinu, og ætla sér að dveljast þar fyrst um sinn.

— Á síðasta ári voru 21 miljón ekra af ómældu landi, í norðurhluta Alberta og Saskatchewan fylkja, skoðaðar af landmælingamönnum Dominion stjórnarinnar. Þeir segja, að 10 miliónir ekra á svæði þessu sé gott akuryrkjuland. Nokkuð af hinum hluta svæðisins er votlendi, sem hægt væri að þurka upp og gera byggilegt. Enn eru engir vegir að landflæmi þessu, en í ráði er að leggja járnbraut norður til Ft. McMurray innan skams tíma, og þá búist við að landið byggist strax.

— Fyrir nokkrum tíma var verkfall gert á Grand Trunk brautinni í Ontario. Meðal verkfallsmanna voru nokkrir gamlir menn, sem búnir voru að vinna fyrir félagið milli 20 og 30 ár, og hefðu innan skams tíma getað hætt vinnu með eftirlaunum. En með að taka þátt í verkfallinu afsöluðu þeir sér eftirlaunaréttinum. Um 300 þessara manna eru nú atvinnulausir, því yngri menn tóku stöður beirra meðan á verkfallinu stóð. Gömlu mennirnir eru illa settir, að hafa tapað bæði atvinnu sinni og eftirlaunaréttinum.

— Fastheldnir eru Englendingar við það, sem gamalt er, en nú hafa þeir þó látið tilleiðast, að rífa niður gamla drykkjukrá, sem stendur í miðbiki Lundúnaborgar, og staðið hefir þar síðan 1271, — yfir 630 ár. Þessi staður hefir verið talinn einn hinn sögurikasti í brezka veldinu. Skýrslur í British Museum sanna aldur hússins, svo ekki verður móti mælt. En nú er land orðið dýrt í Lundúnum, svo að ekki borgar sig lengur að hafa 600 ára gamla bjálkahjalla í miðbiki borgarinnar.

— Tyrkjastjórnin nýja hefir gert markverðar uppgötvanir viðvíkjandi manntali ríkisins. Skýrslur gömlu stjórnarinnar sýndu, að á Tyrklandi í Evrópu væru rúmar 6 miliónir manna, en nú er sannað, að tala þeirra er yfir 10 miliónir. Í Djakova borg t.d. voru taldir 21 þúsund íbúar, en nú er sannað, að þar séu fullar 80 þúsundir. Ástæðan fyrir þessum mikla mun liggur í því, að hinir svikulu embættismenn gamla soldánsins drógu til sín skattana frá öllum þeim, sem ekki voru taldir í skýrslunum. Þeir borguðu honum skatta frá 21 þúsund íbúum Djakova borgar, en stungu sköttunum frá hinum 60 þúsundum í vasa sinn. Og svona var ástandið um alt ríkið.

— Uær 30 hermenn af skipinu New Hampshire drukknuðu í Hudson ánni á laugardagskveldið var. Þeir voru á leið fram að skipinu, sem lá í Hudson ánni og höfðu verið í landi að leika sér. En hvast mun hafa verið og báturinn hlaðinn. Leitað var að líkunum allan sunnudaginn, en engin fundust. Svo er sagt, að kona ein, móðir eins af hermönnunum, sem í sjóinn fóru, hafi ráðið fyrir bát þeim, sem flutti mennina úr landi áleiðis til skipsins, en sökk á ánni, — hafi frelsað líf sonar sins og 11 manna annara. Einn af hermönnunum frelsaði einnig 4 af félögum sínum, en druknaði sjálfur. Hann hafði haldið þeim ofansjávar, þar til lífbjarg-hringir bárust að þeim. En þá var hann sjálfur svo að fram komina að hann sökk.

Június Jónsson.

Í þetta sinn flytur blað vort mynd af herra Június Jónssyni, einum allra-gervilegasta ungra Íslendinga vestan hafs. Hann er fæddur 5. júní árið 1884, sonur þeirra hjóna Jóns Stefánssonar og Ragnheiðar Þorfinsdóttur, er bjuggu á Völlum í Hólmi í Skagafirði, og síðar á Skinnþúfu, þar til árið 1900, að þau seldu bú sitt og fluttu til Ameríku með sumt

JÚNÍUS JÓNSSON

af fjölskyldu sinni, og settust að í Árdalsbygð og bjuggu þar, þar til Jón sál. andaðist árið 1907.

Június er friður maður og að öllu vel gefinn. Hann fór snemma úr föðurgarði, eftir að hann kom til þessa lands, og fékk sér atvinnu með mælingamönnum og vann með þeim í Vesturfylkjunum, en lærði jafnframt mælingafræði og varð fullnuma í henni og stóð þá fyrir landmælingum þar vestra. Einn af vinum Heimskringlu hefir nýlega ritað blaðinu um hann á þessa leið:

Június Jónsson, sem tvívegis hefir unnið 12 mílna kapphlaup Saskatchewan fylkis, er haldið hefir verið í Saskatoon á verkamannadaginn í fyrra og í ár, og verður eigandi að fögrum silfurbikar, ef hann vinnur kapphlaupið aftur að ári, — er einn af vorum ungu og efnilegu Íslendingum, sem verðskuldar heiður og þakklæti þjóðflokks vors, ekki eingöngu fyrir afrek hans í þessum kapphlaupum, heldur einnig og sérstaklega fyrir það álit og virðingu, sem hann hefir áunnið sér hjá hérlendum meðborgurum með allri framkomu sinni, sem í orði og verki hefir verið honum og þjóðflokki vorum til stórsóma.

Herra Jónsson kom að heiman fyrir 10 árum, þá á fermingaraldri — mállaus og þekkingarlaus á enska tungu og hérlenda háttu. Hann fékk sér atvinnu hjá einum af mælingamönnum stjórnarinnar og dvaldist við það starf nær 7 árum. Hann ferðaðist með landmælingaflokknum á sumrum um hinar víðáttumiklu sléttur Norðvesturlandsins, alt vestur í Klettafjöll, en á vetrum var starfssvið hans í hinum þykku skógarbeltum og meðal hinna mörgu smávatna, sem hvervetna finnast um landið. Slík atvinna er einhver hin erfiðasta, sem hægt er að þola á vetrardag. En hún hafði þau áhrif á landa vorn, að herða hug hans og stæla vöðvana og gera hann þrautseigan. Nær því allan þennan tíma var hann formaður þess flokks, er hann var með og sýndi með því hæfileika sína til þess að stjórna bæði starfi og mönnum, þótt ungur væri.

Fyrir rúmum 2 árum réði hann sig sem verkstjóri og mælingamaður fyrir bæjarstjórn Saskatoon borgar, og beirri stöðu heldur hann nú, og það álit er á honum hjá þeim, sem þekkja hann, að hann sé einn af hæfustu og áreiðanlegustu mönnum bæjarstjórnarinnar.

Þrátt fyrir það, þótt verkahringur herra Jónssonar se stór og skyldur hans margar, hefir hann tekið tíma til að æfa sig í ýmsum íþróttum, sérstaklega við kapphlaup, og er óhætt að fullyrða, að hans jafningi finst ekki í Saskatchewan fylki, og unun er sjá, hve hann hleypur léttilega.

Einnig hefir hann gefið sig við kirkjustörfum, og er meðal annars forseti í bibliulestrardeild í stærstu Presbytera kirkjunni þar í borg. Með því sýnir hann, að hægt er að sameina leikfimi og kirkjustörf, því allar íþróttir ættu að vera á svo háu stigi, að það sé samboðið öllum heiðvirðum og kristnum mönnum að taka þátt í þeim.

Allir hæfileikar herra Jónssonar gefa von um að hann verði einn af vorum merkustu borgurum, sér og þjóð vorri til heiðurs og sóma, og vér óskum honum, og öllum vorum ungu og efnilegu mönnum, hamingju og heillaríkrar framtíðar.

— Verkföll á Bretlandi á síðasta ári voru 436 talsins. Í þeim tóku þátt 300,819 manns. Verkfallsdagarnir urðu alls 2,773,986. Mest af þessum verkfölluhm var gert af kolanámamönnum. Þeir voru 272,754 talsins, og vinnutap þeirra varð 2,229,487 dagar. Nokkuð var kaupið hækkað við námamenn í tilefni af þessum verkföllum, eða svo sem svarar 25c á dag á mann. Yanalega kaupið hefir verið $10.00 á viku.

— Nýútgefin þingskýrsla á Bretlandi sýnir, að fólk giftist á ungum aldri á Indlandi. Að vísu berjast mentamenn landsins mjög á móti þessari venju, en engin lög eru þar sem banna hana. Íbúatala landsins er um 300 miliónir, og af þeim eru fullar 25 miliónir, sem ganga í hjónabönd undir 20 ára aldri, og yfir 360 þúsund börn, sem giftast eða eru gefin í hjónaband undir 5 ára aldri, eftir samningum foreldra þeirra. Skýrsla þessi sýnir giftingaraldurinn á þessa leið: Undir 5 ára 121,500 konur og 243,503 karlar. Frá 5 til 10 ára 759,051 konur og 2,029,742 karlmenn. Frá 10 til 15 ára 2,539,279 konur og 6,584,768 karlmenn. Frá 15 til 20 ára 4,326,388 konur og 9,343,718 karlmenn.

— Prentsmiðjuhús blaðsins Times í Los Angeles borg í Californiu var gersamlega eyðilagt á föstudaginn var. Þar létust 20 manns. Sprengikúla hafði verið sett að húsinu um nóttina, en sprengingin varð snemma morguns. Önnur sprengikúla var lögð að íbúðarhúsi General Otis, sem er aðaleigandi og ritstjóri blaðsins, og tilraun gerð til að sprengja það upp siðdegis sama dag, en það mistókst. Eignatjón blaðsins er metið hálf milión dollars. Einhver ósátt hafði verið með útgefendum blaðsins og prentarafélaginu þar í borg, og General Otis segir hiklaust, að af verkamannafélags völdum hafi glæpur þessi verið unninn. En leiðtogar verkamanna neita því fastlega, og hafa boðið fram hjálp sína til þess, að reyna að komast fyrir um af hvers völdum sprengingin hafi orðið. — Samtímis þessu var tilraun ger til að sprengja upp íbúðarhús eins af aðal starfsmönnum blaðsins, en það varð uppvíst áður en vélin sprakk, og þar með var húsið með öllum íbúum þess frelsað frá eyðileggingu. — Við blað þetta unnu eingöngu menn, sem ekki voru í prentarafélaginu, og það gefur grun um, að félagið sé orsök í sprengingunum.

— John Deitz í Winter, bæ í Wisconsin ríkinu, hefir fyrir löngu komist í ónáð við sveitunga sína fyrir ofbeldisverk sín. Hann hefir skotið tvo menn til bana, og hefst nú við með fjölskyldu sína í bjálkakofa úti í skógi þar í héraðinu. Svo er maður þessi talinn hættulegur viðureignar, að nábúarnir forðast hann. Kona hans og 6 börn þeirra hjóna eru hjá honum í kofanum. Ríkisstjórnin sendi nýlega 25 vopnaða menn til höfuðs honum, og þeir umkringdu kofann, en voru þó í mikilli fjarlægð frá honum. Svo kom það fyrir á laugardaginn var, að Deitz sendi börn sín 3 inn í Winter bæ, eftir pósti og öðrum hlutum. Það var elzta dóttir hans, 22 ára gömul, elzti sonur hans, 20 ára gamall, og annar piltur nokkuð yngri. Á leiðinni til bæjarins réðust leitarmenn á börnin og skutu 2 þeirra, — stúlkuna svo hættulega, að hún er talin ólæknandi, og eldri drenginn svo, að hann er hættulega sár. Síðan handtóku þeir börnin og vörpuðu þeim í fangelsi. Þetta óhevrða níðingsverk á börnunum hefir mælst afar-illa fyrir.

— Þann 1. þ.m. keptu 31 mótorvagnar um verðlaun mikil, sem herra Vanderbilt hafði boðið fram. Kappreiðin fór fram í 12 mílna stórum hring í New York, og sá, sem vann verðlaunin fór 278.8 mílur á 4 klukkustundum 15 mín. 58 sek., eða til jafnaðar 6 mílur á klukkustaund. Svo var þessi veðreið sótt af miklu kappi, að þrír menn mistu líf sitt við árekstur og 11 særðust mjög mikið.

OGILVIE'S
Royal Household Flour

Til Brauð og Köku Gerðar

Gefur Ævinlega Fullnægingu

ÁVAL EINA MYLLAN Í WINNIPEG.—LÁTIÐ HEIMAIÐNAÐ SITJA FYRIR VIÐSKIFTUM YÐAR.

Wall Plaster

"EMPIRE" VEGGJA PLASTUR kostar ef til vill ögn meira en hinar verri tegundir, —en berið saman afleiðingarnar.

Vér búum til:

"Empire" Wood Fibre Plaster
"Empire" Cement Wall "
"Empire" Finish "
"Gold Dust" Finish "
"Gilt Edge" Plaster of Paris
og allar Gypsum vörurunteg-undir. —

Eigum vér að senda yður bækling vorn?

BÚIÐ TIL EINUNGIS HJÁ
MANITOBA GYPSUM CO. LTD
SKRIFSTOFUR OG MILLUR Í
Winnipeg, - Man.

Heimskringla
Published every Thursday by The
Heimskringla News & Publishing Co. Ltd

Verð blaðsins í Canada og Bandar $2.00 um árið (fyrir fram borgað).
Sent til Íslands $2.40 (fyrir fram borgað af kaupendum blaðsins hérlendis $1.50.)

B. L. BALDWINSON
Editor & Manager

Office:
729 Sherbrooke Street, Winnipeg
P.O. BOX 3083. Talsími 3512.

Járnbraut

um bygð Nýja Íslands, með fram Winnipeg-vatni, frá Gimli bæ norður að Riverton, við Íslendingafljót, — hefir lengi verið eitt hið mesta áhugamál íbúanna sem búsettir eru á því svæði. Og nú virðist máli því svo komið, að líkindi nokkur eru til þess, að því verði bráðlega framgengt.

Síðustu fylkiskosningar sýndu, að fólkinu, sem býr á því svæði, sem braut sú verður að liggja um, er ekki alveg sama um það mál.

Ég lít svo á, að atkvæðagreiðsla kjósendanna á þessu svæði hafi að miklu leyti verið bygð á þeirri von, að ef ég næði kosningu, sem þingmaður kjördæmisins, þá myndi ég skoða það skyldu mína, að hjálpa máli því áfram til heppilegra úrslita, og að einmitt þess vegna hafi atkvæðayfirburðir þeir, sem ég hlaut við kosningarnar, orðið eins miklir og raun varð á. Enda skoðaði ég kosningu mína — að því er áminsta kjósendur snerti — sem beina skipun frá þeim, að hefjast handa í máli þessu, og samkvæmt þeim skilningi, ritaði ég, snemma í septembermánuði, aðalráðsmanni C.P.R. félagsins fyrir Vestur-Canada, og bað hann að veita Hon. R. P. Roblin, stjórnarformanni fylkisins, og mér sjálfum viðtal við fyrstu hentugleika sína.

Ég sagði honum í hverjum erindum við vildum heimsækja hann og gaf jafnframt nokkrar ástæður fyrir því, hvers vegna ég og kjósendur mínir á nefndu svæði vonuðum fastlega, að hann mundi sinna málaleitun okkar vel.

Tveim dögum síðar fékk ég það svar, að hann væri viðbúinn heimsókn okkar, hvenær sem við hefðum hentugleika á að finna hann á skrifstofu hans.

Svo var það föstudaginn 23. sept., að við heimsóttum herra Whyte, og bar þá Hon. R. P. Roblin upp erindið og mælti snjalt fyrir því. Hann kvað sér ant um framför fylkis þessa, og ant um það, að þessir menn, sem fyrstir allra útlendra þjóða hefðu tekið sér bólfestu í Manitoba og væru nú búnir að vera þarna í nýlendunni útilokaðir frá öllum nútíðar samgöngu eða flutningstækjum um 35 ára tíma, meðan allir aðrir hlutar fylkisins hefðu verið tengdir saman með járnbrautum og rit-og tal-símum, — sér væri ant um, að þessir menn mættu nú loksins fá að njóta þeirra hlynninda, sem allir aðrir íbúar fylkisins nú hefðu, og með því að C.P.R. félagið hefði einkaleyfi til að leggja járnbrautir um þetta svæði, eða stæði betur að vígi að leggja járnbraut um svæðið en nokkurt annað félag, þá vonaði hann og óskaði, að félagið tæki bráðlega að sér að veita íbúunum þessi réttmætu hlynnindi.

Herra Whyte tók málaleitun þessari einkar-vel, og eftir nokkrar umræður lofaði hann stjórnarformanninum því, að hann skyldi setja kostnaðaráætlun um lagningu þessarar brautar, frá Gimli til Riverton (25 mílur vegar) inn í næsta árs útgjaldaáætlun félagsins.

Með þessu var bundinn endir á málaleitun okkar. Við gátum ekki gert meira en að fá loforð um það, að félagið skyldi byggja brautina, og að áætla í næsta árs útgjöldum þess kostnaðinn við lagningu hennar.

Með þessu er það enganveginn sagt, að brautin verði bygð á næsta ári, — það getur að nokkru leyti verið komið undir því, hve mikinn áhuga þeir Ný-Íslendingar, sem hér eiga hlut að máli, sýna á framgangi málsins.

En hitt er víst, að þegar félagið hefir tekið að sér, að taka málið á dagskrá sína, þá er það engum öðrum en Ný-Íslendingum einum að kenna, ef ekki verður af framkvæmdum.

Ef þeir sýna félaginu engan áhuga sjálfir á því, að þeir óski brautarinnar, þá dragast framkvæmdir að sjálfsögðu. En ef þeir þar á móti sýna það öllum almenningi í orði og á borði, að þeir vilji fá járnbrautina og að þeir hafi hennar þörf, þá má telja það áreiðanlegt, að hún verði lögð mjög bráðlega alla leið norður að Íslendingafljóti.

Ef einhver skyldi spyrja, á hvern hátt að Ný-Íslendingar geti sýnt þennan áhuga, þá liggur það svar beint við, að þeir verða —

1. Að halda fjölmenna fundi um bygðirnar, sem á greindu svæði liggja, og á þeim fundum að taka þær ákvarðanir, sem nauðsynlegar eru til þess, að áhugi þeirra geti komið sem allra greinilegast og öflugast í ljós.
2. Þeir verða að vera við því búnir, að senda hingað til borgarinnar eins fjölmenna nefnd og þeir hafa frekast föng til, til þess að ræða mál þetta sameiginlega við stjórnina og félagsstjórann, og
3. Þeir verða að hafa almenn samtök til þess, að hefjast tafalaust handa, að ryðja skóginn af löndum sínum og koma þeim, eða eins miklu af þeim og frekast er mögulegt í arðberandi akurlendi.
4. Þeir verða að útbúa nefnd þá, sem þeir senda hingað, með þær skýrslur og önnur gögn, er geti sannfært bæði stjórnina og félagið um það, að þeir geti veitt brautinni það farþega og flutningsmagn, sem tryggi það, að starf hennar borgi sig. Að öðrum kosti geta þeir ekki sýnt, að þeir hafi hennar þörf.

Í einu orði talað: Þeir verða að geta leitt rök að því, að á þessu svæði búi fólk, sem sé igildi annara íbúa fylkisins í dugnaði og framkvæmdum.

Það er á allra vitund, að þessi bygð er ein sú allra-elzta í fylki þessu, og það væri leitt að þurfa að viðurkenna að svo lítið hefði verið unnið á 35 ára tímabilinu, að það gæti ekki borgað sig, að verja fé í að leggja almenn hvítra manna samgöngu og flutningstæki um héraðið.

Ég vildi mega minna Nýíslendinga á það, að þingmaður þeirra getur ekki einn áorkað því, sem þeim öllum í sameiningu hefir ekki reynst mögulegt að afreka á þriðjungs aldar skeiði. En með sameiginlegum áhuga og framkvæmdum vona ég að þetta megi takast, svo að úrslitin geti orðið öllum að óskum og til ánægju og hagsmuna, fyrir ársenda 1912, eða fyrri.

Að líkindum verður þess ekki þörf, að senda nefndina hingað fyr en að afstöðnu þingi í vetur, eða undir næsta vor, en þá ætti hún að vera svo skipuð, að sýnt yrði, að héraðið væri bygt starfandi mönnum. Á fundum þessum gætu menn og bundið það fastmælum, hvað hver sérstakur landnemi vildi takast í fang að vinna til umbóta á löndum sínum á næstkomandi tveimur árum, til að byrja með, svo að hægt yrði að fá yfirlit yfir fyrirhugaða starfsemi íbúa héraðsins í heild sinni.

Því hefir lengi verið haldið fram, að menn mundu taka til óspiltra mála, að rækta lönd sín í Nýja Íslandi, ef þeir fengju járnbrautir, svo að þeir kæmu afurðum sínum frá sér. En ekki virðist sá spádómur hafa ræzt að nokkru verulegu ráði á svæðinu frá Winnipeg Beach til Gimli, og full þörf væri á því, að hægt yrði að sýna meiri viðleitni til framkvæmda á svæðinu norður frá Gimli, í tilefni af þessari fyrirhuguðu braut norður með vatninu. Því það eitt er algerlega áreiðanlegt, að sé landið milli Gimli og Íslendingafljóts eins gott til ræktunar eins og jafnan hefir verið haldið fram, þá ætti það að vera landeigendum þar hinn mesti hagur, að rækta löndin, og nú þegar vissa er fengin fyrir því, að járnbraut fáist þangað norður. Þá er afsökun aðgerðalevsisins þar með horfin og úr gildi gengin.

Járnbraut frá Gimli til Riverton hlýtur að hafa þau áhrif, að auka stórum landverð á öllu því svæði. Með lagningu þessarar brautar verða þá lengnar tvær járnbrautir eftir endilöngum Gimli og Bífröst sveitum (auk þeirra annara tveggja járnbrauta, er ég hefi fengið bygðar í vesturhluta kjördæmisins), og eru þá þær sveitir eins vel settar með járnbrautir og nokkur önnur héruð í þessu fylki.

Bréf að Heimskringlu eiga:

Sigurður Pálmason.
Kr. Á. Benediktsson.
Th. Svd. Lamb.
Finna Jóhannsson.
Elísabet Sigurðardóttir.
Mrs. Signý Olson.
Mrs. Guðrún Christianson.

Jafnrétti kvenna.

Lytton lávarður flutti í júní í fyrra eftirfarandi ræðu á fundi jafnréttar kvena, í St. James leikhúsinu í Lundúnum.

"Ef til vill get ég ekki gefið við gangi þeim, sem kvenréttindamálið hefir fengið á síðari árum, neina betri viðurkenningu en þá, að kannast nú þegar við það, að ekki er lengur hægt að bera fram nokkur ný atriði málinu til stuðnings eða falls. Engin stjórnlrænileg hugsjón verður framkvæmd fyr en hún hefir verið rædd frá öllum hliðum, þar til allir eru orðnir málinu kunnugir. Kvenréttindamálið hefir nú þegar náð því hámarki. Það ber því ekki lengur neina nauðsyn til þess, að leita í huga sínum eftir nýjum málsgögnum, hvorki með né móti málinu. Alt það, sem hægt er að færa fram á báðar hliðar, er þegar orðið öllum landslýð kunnugt.

Þess vegna mælist ég til áheyrnar yðar um nokkrar minútur í dag, ekki í þeirri von, að ég fái upplýst nokkur ný atriði í málinu, heldur aðallega til þess, að endurtaka nokkur málsatriði frá sjónarmiði minna eigin skoðana og tilfinninga. Mér er ekki í huga að ræða mál þetta með vanalegum kappræðu-ástæðum, né að fást við þá, sem álíta, að þeir hafi krufið málið til mergjar, þegar þeir segja, að menn séu menn og konur séu konur", og að eðlismunur kynanna sé næg ástæða til þess, að biðja konurnar að gera sig ánægðar með yfirráð karla eingöngu. Ég er því ekki hér í dag sem flokksmaður, eða til þess að mæla máli kvenna, heldur kem ég fram sem vitni til þess að gera játningu mína, ekki fyrir konur, heldur fyrir karlmenn. Ég er hér til þess að segja, sem karlmaður, að það eru karlmenn, sem mestan hagnað hafa af því, að konur fái að taka þátt með þeim í öllum umræðum um þjóðmál vor, og sem varða allar stéttir og alla mannflokka í voru víðlenda ríki.

En áður en ég geri framburð minn, þá leyfið mér að gera yður grein fyrir afstöðu minni. Ég hefi ekki, rétt nú sem stendur, neinn ákafan áhuga fyrir því, hver pólitiskur flokkur ræður lögum og lofum í landi hér, og þess vegna kvelst ég ekki af áhyggjum um það, hvort atkvæði kvenna á komandi árum verða greidd með Conservativ eða Liberal flokknum, eða máske með einhverjum flokki, sem kann að myndast hér eftir. Því, að þegar að er gáð, þá eru völd flokkanna stundleg og hverfandi og litilsverð í samanburði við þau mál, sem flokkarnir verða að fjalla um. Og leyfið mér, að minna yður á nokkur af þeim málum, sem varða jafnt alla íbúa ríkisins: Heilbrigðismálin, mentamálin, málin um að koma í veg fyrir glæpi og skort, atvinnumálin og umhyggju fyrir velgengni íbúanna, og umhyggju stjórnarinnar fyrir velferð þeirra þjóðflokka, sem í útlöndum lúta brezka veldinu. Eða ef ég má endurtaka orð Sir Edward Grey: "Frómlyndi stjórnar og heiður ríkis". Þetta eru hin varanlegu atriði umfram alla flokka, og þetta eru þau þjóðstjórnaratriði, sem mest er um vert. Og nú spyr ég yður, hvernig þessu sé farið á yfirstandandi tíma, þegar helfingur allra íbúanna er atkvæðislaus og bannaður allur borgararéttur eða ábyrgð á stjórn landsins, og hver verður breyting á þessu ástandi, þegar sú lagabreyting verður gerð sem viðurkenni þessi réttindi og varpar þessari ábyrgð á herðar kvenna.

Áður en ég reyni að svara þessu verð ég að gera tvær skýringar. Hin fyrsta fjallar um eðli jafnréttiskröfunnar og grundvöll kjörréttarins. Þetta mál er jafnan rætt eins og ef kosningaskilyrðin á yfirstandandi tíma væru skynsemi eða mentun eða áhrif, og þegar því þess vegna er haldið fram, að skilyrði margra kvenna séu vissulega engu minni en skilyrði margra manna, sem atkvæðisrétt eiga, þá er svarið jafnan: "Já, en af því að of margir menn eiga atkvæðisrétt, þá er þar fyrir engin ástæða til að veita konum hann einnig". Ég efa ekki, að þér hafið allir heyrt þessa röksemdafærslu, — ég heyri hana sjálfur daglega. En ég hygg, að þeir, sem beita henni, gleymi því, á hvaða grundvelli atkvæðisréttur vor er bygður. Þeir lifa aftur í tímum, fyrir árið 1832. Þeir halda ennþá, að kosningaskilyrðin séu vitsmunir eða mentun. En tilgangur vorra kosningarlaga nú á tímum er alls ekki sá, að kjósa þá vitrustu eða hæfustu til þingsins, heldur sá að þingið sé þannig skipað, að það "representeri" í jöfnum hlutföllum alla flokka íbúanna, sem koma undir áhrif þeirra laga, sem þar eru samin. Ég hygg að enginn muni neita því, að þing vort yrði betur skipað hlutfallslega við alla hagsmuni þjóðarinnar, ef bæði kynin hefðu kosningarrétt. Hugsjón grundvallarlaga vorra er, að íbúunum sé stjórnað samkvæmt sinu eigin samþykki. Valdaskjól allra stjórna og sameinað afl og viðurkenning allra laga og stjórnarráðstafana er þetta: Meðvitundin um að stjórnarráðstafanirnar og lögin hafi samþykki þeirra, sem stjórnað er. En eins og nú stendur, þá eru konur beðnar að hlýða lögunum, borga skattana og beygja sig undir allar stjórnargerðir. En samþykkis þeirra er ekki leitað. Þér skattskyldið eignir þeirra, ákveðið um vinnutíma þeirra; þér samþykkið daglega í þinginu lög, sem nákvæmlega snerta hag þeirra á þeirra eigin heimilum og daglega iðju þeirra, og svo lengi, sem konur samþykkja að þér skuluð gera þetta, þá er ekkert um það að segja. En þegar þær veita ekki það samþykki, þegar alt þetta er gert fyrir konur, án þess konur veiti samþykki sitt til þess, — þá segi ég að þér séuð að minsta kosti að teygja þá hugsjón, sem stjórnarskrá vor er bygð á, og um leið eruð þér að vinna að því, að rýra afl og gildi og samþykki bæði stjórnlegra athafna og löggjafar þingsins. Þetta er fyrri skýringin, sem ég vildi gera. Það er áríðandi að hafa í minni, að spursmálið er ekki um hæfileika kvenna til atkvæðagreiðslu, heldur aðallega um það, hvort þingið, sem þér kjósið til þess að gæta hagsmuna hinna ýmsu stétta íbúanna, er þannig skipað, að það gegni köllun sinni í því tilliti.

Næsta atriði, sem ég vildi minnast á, er þýðing atkvæðis. Hvað þýðir það? Og hver eru áhrif þess? Mér finst alþýðan skoða atkvæðisréttinn eins og það væri eingöngu persónulegt atriði. Hvað munu konur gera með atkvæði sitt ef þær fá það? Ef vér skoðum atkvæðisréttinn frá þessu þröngu og einhliða sjónarmiði, þá er ekkert undarlegt við það, þótt menn spyrji: "Er atkvæðið sérlega þýðingarmikið, þegar á alt er litið? Margir menn mundu sjálfkrafa afsala sér því, og ef konur fá það, þá verða þær margar, sem aldrei nota það". Alt þetta getur satt verið. En vér verðum að íhuga málið frá hinni hliðinni. Vér megum ekki skoða málið frá einstaklings sjónarmiði, heldur frá því almenna, og þá verður þýðing atkvæðis nokkuð öðruvísi. Atkvæðið er tákn. Það þýðir miklu meira en fólk alment hyggur. Það er tákn borgaralegs réttar í öllum löndum, sem hafa þingbundna stjórn, og þess vegna, hvort sem það er notað eða ekki, þá veitir eign þess viss, ákveðin borgaraleg réttindi. Það er þess vegna, að það er svo dýrmætt, og ég þori að staðhæfa, að engin stétt manna í voru borgaralega félagi vildi missa það, og þó að einstaklingar kunni að finnast, sem ekki meta dýrmæti atkvæðisréttarins eins og vera ber, þá mundi heiklin ganga út í bardaga til þess að halda þeim eignarrétti óskertum.

Og nú snú ég þá að vitnisburði mínum. Spurningin, sem ég vakti máls á, er þessi: "Hver eru áhrif þess, í hinni víðtækustu merkingu, að konur eru ekki kvaddar til meðráða í myndun laga vorra, og að þeim er neitað um að fá að njóta borgaralegra réttinda?" Sú ástæða er færð fyrir þessu, að stjórnfræðileg mál séu sérstaklega í verkahring karlmanna, en ekki í verkahring kvenna, og það er í sambandi við þessa staðhæfingu, sem ég ætla að gera framburð minn. Ég ætla að segja yður mína eigin reynslu um þýðingu þessara stjórnfræðimála, sem oss er tjáð að sé konum óviðkomandi.

Hver eru þau þjóðmál og löggjöf, sem þing vort hefir aðallega haft til meðferðar á sl. 7 árum, sem ég hefi verið riðinn við þjóðmál? Fyrst var Suður-Afríku stríðið. Er nokkur sá, sem vill segja, að það stríð hafi verið kvenþjóð lands vors óviðkomandi, eða að það hafi engin áhrif haft á hag þeirra, eða að útkoma þess hafi engin áhrif haft á hagsmuni þeirra yfirleitt? Þær mistu í því stríði bræður sína, eiginmenn og syni, og margar þeirra lögðu fé til herkostnaðarins af eigin efnum sínum. Til hvers var hernaður þessi hafinn? Vér fórum í stríð vegna þess, að í hluta af Suður-Afríku var Englendingum neitað um borgaraleg réttindi, þau sömu réttindi, sem konur eru nú að krefjast. Og það var af því, að mönnum var neitað um atkvæðisréttinn, að þjóð vor hér heima áleit nauðsynlegt, að fara í stríð og um 3. eða 4. ára tíma að hella út blóði og eyða fé til þess að tryggja þeim þann rétt, sem vér vissum að var þeim svo dýrmætur í hverju meuningarriki. Eftir það komu á dagskrá hjá oss tvö þjóðleg stórmál, sem menn eru enn að ræða um, — mentamálið og vínsöluleyfismálið. Vill nokkur halda fram því, að mentun barna vorra og bindindismálið sé konum landsins óviðkomandi? Ég veit ekki, hvort þér hafið orðið fyrir þeirri reynslu, sem ég hefi þekt á fundum, sem haldnir hafa verið til þess að ræða um mentamál þjóðarinnar. Ef þér hafið haft nokkra reynslu í þessum efnum, þá munuð þér játa með mér, að þá fundi sækja 10 konur móti hverjum einum manni. Og það er mjög eðlilegt, að þetta sé þannig, vegna þess, að í mentun barna felst eitt mikilvægasta skilyrðið fyrir framtíðar velferð þjóðarinnar. Vissulega er þetta mál, sem snertir móðurina engu síður en föðurinn.

Hvað er um vínbannsmálið? — Hver er það, sem mest tjón biður við ofnautn vínsins? Snertir það ekki mæður og börn? Eru það ekki þau, sem mest líða við það, að feðurnir fera ekki verkalaun sín heim í búin? Og þó er oss sagt, að stjórnmál séu konum óviðkomandi.

Síðar kom á dagskrá mál, sem ennþá er ekki leitt til lykta. Það er endurbót fjárhagslaganna, eða með öðrum orðum, fjártillag íbúanna í fjárhirzlu ríkisins. Mér kemur ekki sérstaklega við um þetta mál. En ég fullyrði að það varði konur vorar fult eins mikið og karlmennina.

Og svo ég komi þá að síðustu almennum kosningum. Hver önnur þjóðmál voru þá á dagskrá? Og um hvaða mál hefir þingið, sem þá var kosið, þurft að fjalla? Verksmiðju vinnulöggjöf. Lög um þóknun til þeirra, sem slasast hafa við vinnu, um atvinnuskort, um glæpamál, fátækramál, og í einu orði talað, fullir níu tíundu af allri löggjöf þingsins er viðvíkjandi málum, sem engu síður snerta konur en karla, og í talsvert mörgum af þessum málum eru hagsmunir kvenna jafnvel meiri en karla, því að þegar þér athugið t. d. sumar mestvarðandi greinar í barnalöggjöfinni, þá segi ég, að þær snerti hag kvenna meir en karla.

Næst kem ég að öðru efni. Þegar oss er sagt, að konur séu ekki vaxnar því að mynda sér skoðun á þessum málum, málum, sem nátengd eru þeirra eigin tilveru, þá svara ég því, að ástæðan, ef það væri satt, sé sú, að þær hafa til þessa tíma ekki haft íhugunar áþyrgðina, sem örfar til umhugsunar um þjóðmálin, og þess fyr, sem lagfæring kemst á þetta, þess betra er það fyrir sjálfa karlmennina, engu síður en kvenþjóðina. Ég er hér að tala frá sjónarmiði karlmanna, og ég staðhæfi, að í öllum þeim málum, sem ég hefi talið upp, gætu karlmenn notið hins mesta stuðnings frá konum, og þegar þeir fá þá hjálp, þá munu þeir — karlmennirnir — leysa störf sín betur af hendi. Þá verður þingið skipað karlmönnum, sem betur þekkja hinn almenna þjóðarvilja og hvað landinu er fyrir beztu, og löggjöf slíks þings stendur á traustara grundvelli. Stjórnin verður betri og ríkið sælla.

Eitt orð vildi ég mega segja um bardagaaðferð kvenna, og það er, að hún hefir hin síðustu 2 árin verið mér hið mesta hrygðarefni. Þessi aðferð hefir snert mig sjálfan engu síður en mörg af yður, og það mál er of nájð oss til þess að vér höfum það í skopi. Vér vitum að það er alvarlegt, og engum í þessu landi getur verið annara um það en mér, að bundinn sé endi á þessa bardagaaðferð. En ég get hins vegar ekki lokað augum fyrir þeim kringumstæðum, sem hafa gert hana nauðsynlega, eftir að allar lagalegar aðferðir hafa reynst árangurslausar. Vel veit ég, að þessi nýtízku bardagaaðferð er uppreist gegn landslögum, og að þeir, sem ráða til slíkra verka eða jafnvel samþykkja þau, baka sér með því ábyrgð, sem ekki er hægt að gera of mikið úr. En ég segi, að þeir, sem angrast yfir þessari aðferð, ættu að líta aftur í tímann nokkur ár. Þetta þjóðmál, sem í síðastliðinn mannsaldur hefir mætt háði og spotti, er nú orðið eitt af alvarlegustu stórmálum þjóðarinnar. Það er nú orðið þýðingarlaust, að neina þessa aðferð "apakattarlæti" eða "villidýrsæði", eða öðrum slíkum nöfnum, því það bindur ekki enda á málið. Þeir dagar eru liðnir, að hægt sé að kæfa réttmætar réttarkröfur helfings þjóðarinnar með slíkum nöfnum. Nú eru þau sem olía í eld kastað til að auka bálið, sem nú þegar er vel kvíknað.

Þeir, sem vildu koma í veg fyrir þessa ofbeldis réttarkröfu-aðferð, ættu að muna þrjú atriði: Fyrst það, að þeir, sem ekki hafa full borgararéttindi, geta ekki beitt þeim aðferðum, sem þau réttindi mundu heimila þeim, ef þeir hefðu þau, til þess að afla málum sínum áheyrnar hjá því fólki og þingi, sem "representerar" þá, og fá þeim framgengt á þann hátt. Hér er ekki að ræða um þá stétt, sem með atkvæðum sínum getur sent málsvara á þingið til þess að fylgja þar fram réttarkröfum sínum. Konur hafa ekki atkvæði, sem þær geti notað til þessa.

Í öðru lagi verðum vér að muna að friðsömum aðferðum hefir verið beitt í sl. 40 ár, til þess að fá þessum réttarbótum framgengt, og að bænarskrár til þingsins, skruðgöngur, almennir fundir og ræðuhöld utan þings og innan hafa stöðugt rekið hvað annað á þessu tímabili. Öll lagaleg meðul hafa verið reynd, án nokkurra sjáanlegra áhrifa á blýþunga þess kæruleysis, sem í þjóðinni hefir setið.

Í þriðja lagi skyldum vér gæta þess, að þetta stríð er ekki hafið gegn þeim, sem málinu eru andmælt, heldur móti afskiftaleysi og aðgerðaleysi þjóðarinnar. Uppreist er ekki löglegt vopn minnahluta gegn ákveðinni stefnu meirahluta. Ég get ekki tekið það of skýrt fram. En hér er engu sliku til að dreifa. Ef þessum neyðarúrræðum er beitt, þá er það af því, að á sl. 40 árum hafa engar aðrar aðferðir orkað að hrista af þingmönnum vorum afskifta og aðgerðaleysið í þessu máli, jafnvel ekki af þeim, sem bundist hafa þeim heitum, að fylgja fram réttarkröfum þessum til streitu. Þess vegna er það, að ég stend hér til að lýsa því yfir með fullri meðvitund þeirrar ábyrgðar, sem orðum minum fylgja, — að það er komina tími til, að binda enda á þetta réttarkröfumál kvenna. Tíminn er kominn til þess að láta í ljós afstöðu sína, sýna ótvírætt hvar maður stendur. Ef þér eruð meðmæltir málstað kvenna, þá berjist fyrir honum. Ef þér eruð mótfallnir, þá berjist gegn honum. Berjist við kosningaborðið, berjist í þinginu, berjist hvar sem þér megið. En gerið oss að minsta kosti þann greiða, að veita málefninu alvarlega íhugun og gera ljósa grein fyrir afstöðu yðar gagnvart því.

Að síðustu vildi ég segja eitt orð til andmælenda, — þeirra, sem í einlægni kvíða afleiðingunum sem það hafi í för með sér, þegar konum er helgaður borgaralegur réttur til þess að bera ábyrgð á stjórnarfari og meðferð þjóðmála þessa lands. Það eru margir slíkir, margir meðal minna eigin vina, og ég virði þá og kenni í brjósti um þá, og sú meðlíðan er sterkasta ástæðan fyrir því, að ég óska að bundinn sé endi á þetta mál, af því ég veit, að ekkert nema virkileikinn getur afmáð ótta þeirra. Þeir neita að trúa því, að atkvæðisbær kona geti haldið áfram að vera kvenleg, vegleg og elskuleg — þar til þeir sjá það sjálfir. Ekkert nema virkileikinn getur sannfært þá. Framtíðin, sem vér horfum til með mikilli von og trausti, er í þeirra augum voðaleg. Vér getum ekki sannfært þá með röksemdum. Þess vegna bíð ég óþreyjufullur þess dags, að ég fái mætt þessum vinum mínum og geti sagt við þá: Sjáið nú, — það, sem þér óttuðust, er alls ekki svo hræðilegt. Í stað þess að hafa rænt konur viðkvæmni þeirra, ástríki og fegurð, þá hefir fegurð þeirra aukist, hluttekning þeirra fullkomnast og skoðanir þeirra þroskast.

Margir spyrja nú á tímum þannig: "Er það mögulegt, að þér viljið virkilega láta konur fara að apa eftir siðum karla? Viljið þér virkilega láta konur stiðrna karlmönnu? Getur það skeð, að þér séuð að æsa upp sundrung milli kynanna?" Þeir spyrja slíkum spurningum. Vér svörum: Nei, vér óskum þess ekki. En þeir trúa ekki, að þátt-taka vor geti haft nokkrar aðrar afleiðingar. — En sá dagur kemur einhverntíma, í fyllingu tímans, að þeir öðlast reynslu sannleikann í þessu efni. Þeir sjá þá í holdinu það sem vér sjáum í anda. En á meðan sá dagur er að nálgast, verðum vér að endurtaka staðhæfingu vora, að vér óskum ekki eftir sundrung, heldur samvinnu; ekki eftir samkepni, heldur samhjálp. Vér óskum að sjá hvort kynið uppfylling hins. Vér viljum sjá bæði kynin, ekki sem landstæðar þjóðfélagsheildir, heldur samvinnendur, í samverki góðra áforma og veglegra framkvæmda, með sameiginlegum áhuga, skyldum og ábyrgð í hluttöku þjóðmála vorra alt eins og í heimilislífi þeirra.

FRIÐRIK SVEINSSON
tekur nú að sér allar tegundir af húsmáling, betrekking, o.s.frv. Eikarmálning fljótt og vel af hendi leyst. Heimili 443 Maryland St.

Sorgleg saga.

Mr. James McDowell, málmleitari og námamaður, er sem stendur í heilsuhæli í New York borg, en með litilli von um bata. Hann er orðinn svo mjög taugaveiklaður að hann ætlar sér sjálfur ekki lífs von. Þessi taugaveiklun stafar af því, að hann varð að skjóta konu sína til þess að firra hana kvölum Hann hefir nú dvalið á heilsuhæli þessu um nokkurn tíma og einatt farið heldur hnignandi. — Sjálfur segir hann sögu sína á þessa leið:

Konan mín hét Fanny Crawford og var ættuð úr Alberta fylki, dóttir John Crawfords, sem stundað hafði málmleitun og námagröft í Californiu og Canada svo árum skiftí. Við vorum góðir vinir og erum það enþá. Fanny var að eins 22. ára gömul, þegar við giftumst. Ég átti auðuga námalóð í grend við Castle fjall í Cascade héraðinu í British Columbia. Og skömmu eftir giftingu okkar ráðgerði ég að fara þangað. Ég hafði verið þar nokkrum árum áður og höggvið braut að námalóðinni. Fanny vildi fara með mér, en ég taldi það úr, af því þar væri ekki sæmilegur bústaður fyrir konu, en hún lagði því fastara að mér, að taka sig með, og það varð úr, að ég lét að vilja hennar. Við töfðum um tíma í Calgary og heimsóttum kunningja okkar þar, um leið og ég keypti nauðsynjar þær, sem við þurftum til viðurværis úti á náma landi mínu. Svo lögðum við af stað út að námunni, og var það 5 daga ferð á múlösnum. Við höfðum 3 múlasna, einn fyrir konuna, annan fyrir mig og þriðja fyrir klifin, sem höfðu inni að halda matvæli og verkfæri, sem þurftu við kofasmíði, því ég ætlaði mér að vinna að námagreftri á lóðinni.

Göturnar í Cascadefjöllunum eru afar-þröngar og svo bráttar, að jafnvel múlasnar eiga erfitt með að komast eftir þeim. Einn dag vorum við að ferðast eftir einum af þessum stigum. Konan mín var nokkrum fetum á undan mér, en ég sat í hnakki mínum hálfsofandi, klukkan var 10 að morgni og við höfðum verið á ferðinni síðan kl. 7. Alt í einu rak múlasninn, sem konan mín sat á, upp ömurlegt vein, eins og hann hefði fengið kvalakast. Ég leit upp og sá að hann hallaðist út af skörinni í hengiflugi því, sem við vorum þá komin að. Ég hefi einatt álitið, að broddfluga hafi stungið hann. Ég reyndi að hraða mér sem mest ég mátti til konunnar minnar, en áður en ég komst þangað hafði múlasninn oltið út af stallinum og tekið Fanny með sér. Ég fleygði mér niður og gægðist fram yfir brúnina, og heyrði að múlasninn hentist niður á milli trjánna og lenti á kletti full 2 þúsund fet fyrir neðan stallinn. Ég var nærri búinn að fleygja sjálfum mér á eftir. Það var hartnær 24 klukkustundum síðar, að ég fann skrokk múlasnans, og hafði ég þá ekki bragðað mat í 30 klukkustundir. Var ég nær því vitstola af sorg, hungri og þorsta. Föt mín og hold var sundurtætt af klettasnösunum, sem ég varð að klifrast um, og hörund mitt var brent af sólarhita, og mig sveið svo í augun, að ég var næstum blindur.

Ég flýtti mér þó að yfirgefa skrokk múlasnans og skreið áfram 50 yards. Þar fann ég konuna mína liggjandi meðal klettanna, og var hún svo sundurmarin að engin líkamslögun var sjáanleg. Hún dró lífsanda en var meðvitundarlaus. Ég held að hvert bein í líkama hennar hafi verið brotið og feiknastórt sár var á enni hennar. Ég blandaði saman í vatni og brennivíni í bolla og helti því í munn hennar. Eftir nokkrar mínútur raknaði hún við, en hafði óþolandi kvalir. Hún grátbændi mig að skjóta sig, til þess að enda kvalirnar. Engin maðnleg vera var innan 100 mílna frá þessum stað, að því er ég bezt vissi, — næsti læknir var í Calgary 120 mílur í burtu. Það hefði tekið mig að minsta kosti 10 sólarhringa, að fara eftir hjálp og koma henni til konunnar, og úlfar hefðu étið hana upp til agna innan sólarhrings.

Ég sá að hér var ekki um annað að gera en verða við bón konu minnar. Ég setti því hlaupið á skambyssu minni að höfði hennar og hleypti skotinu af. Svo fell ég í ómeginn. Þegar ég raknaði við, eftir nokkra klukkutíma, þakti ég líkið með grjóthellum, laufblöðum og grasi, til þess að fela það fyrir úlfum, og lagði svo af stað til Calgary. Svo var ég illa á mig kominn, að ferðin þangað tók mig 10 daga. Þegar þangað kom fór ég á fund "sheriff", og sagði honum sögu mína. Hann sendi með mér 2 menn, og þeir fundu alt eins og ég hafði skýrt frá.

Við jarðsettum konuna mína, og snerum síðan aftur til Calgary. Rannsókn var haldin og ég var frikendur. Skömmu þar eftir fékk ég sólslag. Þegar ég raknaði við aftur, var allur taugastyrkur minn þrotinn, og ég fór hingað til lækninga.

Ástin kólnar.

Fyrir skömmu síðan var einhver náungi að hnjóða í ástar kvæði er birtist eitt sinn í Heimskringlu — kvæðið er þar nefnt "Mjallhvít"— höfundi þess er borið á brýn að hann sé ástveikur. Er því útlit fyrir að nú sé ástin úr móð. Þar aldrei má sjást eitt ástar kvæði á margra ára fresti án þess að sé fundið.

Þótt undarlegt megi virðist er sem ást og kærleikur manna fari hnignandi með vaxandi mentun.þó kærleikurinn í raun og vera sé hið góða guðdómlega og göfugasta afl í manns sálinni, er það nú orðið óhafandi í skáldskap,

Hvað mynda fornu skáldin segja mættu þau nú upplíta úr gröf sinni er svo dásamlega orktu um ástina áhrifamikil ljóð, full af eldlegum, helgum kærleik sem hvorki tími né rúm fékk grandað, víst er um það að margur yrkir nú fögur og vel samin kvæði; þó flest af þeim séu köld og þyrkingsleg, og ekki snefill af ást né hlýjum tilfinningum í þeim.

Þetta kvæði "Mjallhvít" er raunar helst til staglsamt þó er það lipurt og ástin er þar í óvanalega fögrum búningi, fegri en hún hefir birst í um nokkur um liðin ár, hún hefur vanalega á síðustu tímum látið sjá sig í fornfálegum tötrum. Í stað þess að birtast sem gyðja fegurðarinnar göfug blíð og aðlaðandi, sem líknandi verndarengill er hrifur mannsandann út úr hinum nístandi kuldanæðingi,sem leggur frá ljóðum sumra vesturheims hagyrðinga og skálda.

Það er líkt með ástina og trúna þessi helgu blys fölna smámsaman unz þau falla niður og deyja. Vel sé þér "þú höfundur að hinu liðlega kvæði "Mjallhvít.".

Og sé það nokkuð í því annað en eintómur skálda draumur, óska ég, sem þessar fáu línur skrifa að það verði sannað, með þínum eigin orðum að —

Ykkar verði veizla
í vænu rjóðri skóga
þar sem glóð ei geisla
gefur ykkur nóga,

Þar er frálst hreint og heilnæmt andrúms loft sem engir falsvinir komast að, til að setja út á veizluhaldið, guðsól, græn jörð og söngfuglar, loftsins. með ylmviðum trjánna gefur vissulega unnendum fullkomari fagnað en hinir bestu samkvæmis gestir myndu gjöra.

J. S. Thorvald

Kvæði um Island.

Til austur-geims horfi eg í anda,
þá árdegis röðull mér skin,
þar lít ég þig ljómandi að vanda
Ltfagra ættjörðin mín.

Þar hávaxinn hefur hvítt trafið
hinn alkunni kendur af snæ;
hans glansandi gullbelti er vafið
geislum kveldsólar við ægi'.

Svo bergmála hamrarnir háu
og hliðanna glitra mörg blóm,
þar bruna fram fossarnir frágu,
og fagran þar heyri ég hljóm. —

Af fuglanna fjölbreyttum kliði,
sem fagurt þar syngja öll ár,
það eykur mér undrun og gleði,
þó oft hrynji saknaðartár.

Og eldfjöllin ógnarbál kynda,
það undrar því margan að sjá.
En svanir á tjörnunum synda
og syngja við börnin sín smá.

Þar gulfagran lita má Geysir,
með glitrandi vatnið sitt blátt,
það hamtryldur hann svo titt reisir
— mót himni þá gnæfir það hátt.

Og fjöllin þar fögru og háu,
sem faldinum skauta úr snjó;
þar liða fram lækirnir bláu
og laxárnar alt fram í sjó.

Svo brekkur og grundirnar grænu
þær gróa þótt köld komi él,
þar fult er af fögru og vænu
fólki með kærleikans þel.

Þar hvílast nú hetjurnar hraustu,
sem heitin sín efndu svo vel,
og bundu fast trygðina traustu, —
það traðla á nútíð er til.

Þar frændur og vini ég á enn
og ástkæru systkinin mín;
ég ekdaust fæ þau að sjá senn,
því sorgin og hérvistin dvín.

Og foreldra leiðin mín lágu,
þar ljúflega krýp ég unz dey,
þar geymi ég blómin þau bláu,
sem bera nafn Gleymdu-mér-ei.

Ég ætla því aldrei að gleyma,
en alföður himnanna bið
í guðlegri náð alt að geyma,
sem grátandi skildi' ég þar við.

Svo kveð ég þig, fóstran mín fagra
og falslausan helga þér óð.
Þú marga átt hugu of magra,
og mörg líka gullfögur ljóð.

Kristjana Hafliðason.

The Northern Wine Co.
LIMITED.

Selur sérhverja góða tegund af Whisky, vínum og bjór o.fl. o.fl. Við gefum sérstaklega gaum familíu pöntunum og afgreiðum þær hæði flótt og vel til hvaða hluta borgarinnar sem er – Geðð okkur tækifæri að sýna ykkur að svo sé.

Við óskum þafuframt eftir sveita pöntunum Afgreiðsla hin bezta

Talsímar 1673 6744 MAIN 215 Market St.

Manitoba Elevator Commission

D. W. McCuaig, Commissioner — W. C. Graham, Commissioner — F. B. MacLennan, Commissioner

Aðal skrifstofa: 227 Garry St., WINNIPEG
P. O. Box 2971

Commissioners til þess hér með Manitoba bændum að þeir hafa fengið fastar skrifstofur til starfsemi og að öll bréf skyldu sendast Commissioners á ofan nefnda prent. Beiðniform og allar upplýsingar sem bændur þarfnast til þess fá kornhlöður í nágrenni sín, verða sendar hve jum sem óskar.

Commissioners óska eftir samvinnu Manitoba bænda í því að koma á fót þjóðeignar kornhlöðum í fylkinu.

WINNIPEG Business College
STOFNSETTUR 1882

Hraðri, hraðritunar, skriftunar og verzlunar skóli í Vestur Canada — Hlaut 1. verðlaun á St. Louis Sýningunni fyrir kenslu náhvæmni.

Dag og kveld kensla.

Kent með bréfa viðskiftum ef óskast, atvinna útveguð, hæfum nemendum. Skrifið eftir upplýsingum.

WINNIPEG BUSINESS COLLEGE.

Horni Portage og Fort St. WINNIPEG MAN.

SUCCESS BUSINESS COLLEGE

HORN PORTAGE AVE. & EDMONTON ST. WINNIPEG.

Kennir samhv. nýjustu aðferðum alskyns verzlunar fræði og Bankastörf. Einnig hraðritun og stylritun. Betri verzlunarskóli ekki til í Vestur-Canada. Kenslu stofur þar finst í borginni. Nemendur geta byrjað hvenar sem þeir óska.

Skrifið eftir upplýsingum eða símið MAIN 1664

ALDREI SKALTU geyma til morguns sem hægt er að gera í dag. Pantið Heimskringlu í dag.

bandi hennar við foreldrana. Auk þess verður gaman að sjá svip barúnsins, þegar hann sér mig".

IV.

Ísabella.

Það var liðið á kveldið. Enþá logaði ljósið í staðsherbergi Ísabellu, þar sem hún sat og laut niður að skrifborðinu.

Húshúnaðurinn í herbergi þessu var ekki kostbær, en honum var svo smekklega komið fyrir, að það var sönn prýði að því, og bar þess utan vott um venjur og staðsemi eigandans.

Þarna stóð fortepianó, hérna pentgrind með mynd í, sem var nýbyrjað á að mála, hérna aftur bókaskápur með verðmiklum bókum í, sem höfðu að geyma úrvalið af bókmentum allra landa og allra tímabila, frá grísku skáldunum og til nýjari tímans heimspekinga. Með hinni rannsakandi sálu sinni, sem enga hindrun þekti hafði þessi unga stúlka sökt sér niður í bóknám, sem vanalega ekki er eðli konunnar. Dauðu málin hafði hún numið með jafnmikilli nákvæmni og hin lifandi, um völundarhús heimspekinnar hafði Hólm jafnvel orðið að líða hina óróleegu sálu hennar, sem fyrirleit heimsins hégóma glingur, og sökti sér þess vegna helzt ofan í drauma og huganir.

Ljóssins daufi glampi fell á hið fyrirmyndar-fagra andlit Ísabellu, hvers bjarti hörundslitur varð enþá skærari við hvíta náttfatnaðinn, sem hún var í, er lagðist í unaðslegum fellingum um líkama hennar, sem enda þótt hann væri íturvaxinn, var einnig bústinn, og líktist að hálfu leyti Júnó og að hálfu leyti Hebe.

Ísabella var að skrifa í dagbókina sína — hennar einu alúðarvin. Og orðin, sem penninn skildi eftir á pappírnum, voru þessi:

"Grunur minn segir mér, að ég hafi í dag fundið það, sem ég hingað til hefi árangurslaust leitað að, það er sálu, sem samrýmist minni eigin. Ég veit ekki, hvaða tilfinning það er, sem streymdi í gegnum mig, þegar hann þrýsti hendi mína, — — þegar augu hans mættu mínum augum. Ég var hvorttveggja í einu: óróleg og þó glöð. — Ætli það hafi eingöngu verið þakklætistilfinning til hans, sem frelsaði líf mitt?"

"Ég sat í skemtigarðinum og las Titan. Lundarfar Albanos hreif mig, og ég stundi af löngun eftir að fá að sjá líka hans, eins og mann oftast langar til að sjá veruleika hinna fögru lýsinga, — — þá leit ég upp og varð litið í augu honum".

"Hann líkist Albano, og þess utan líkist hann hinum vonda manni, sem faðir minn vill selja mig, — — það eru sömu lögunarfögru, samræmandi, greinilegu drættirnir, sama gríska nefið, sama háa, hvítaennið, — — og þó svo mismunandi".

"Það er yfirbragðið, svipurinn, sem gerir mismuninn, því um leið og mér finst andlit greifans viðbjóðslegt, svo að mig hryllir við að horfa á hann, finst mér Móritz Sterner sé yfirnáttúrlega fagur, þar sem andriki og dygð er sameinað í andlitssvipnum".

"En hvað ég vildi líka, þegar hann talaði um móður sína, sem hann elskaði svo innilega. Hann hlýtur að hafa verið óvíðjafnanlega góður sonur".

"Hvers vegna hefir mér ekki hlotnast sú gæfa, að eiga föður eða móður, sem ég get elskað? Ég er nærri því ókunnug foreldrum minum, þau skilja mig ekki, þau hrinda mér frá sér með hörku, þegar ég nálgast þau með ást. Það er því ekkert undur, þó ást mín sé köld".

"Honum hafa þau líka sýnt ójöfnuð, hörku og vanþakklæti. Það er nú svo langt síðan, að ég man naumast eftir viðburði þessum, en mig minnir þó, að lífgjafi minn yfirgæfi okkur í reiði sinni".

"Honum fanst hann án efa vera móðgaður. Faðir minn bauð honum að sönnu peninga, sem hann afþakkaði tigulega, en slíkt dramb hjá "betlaraunga" gat hann ekki skilið".

"En ég skil það. — — Vesalings barnið! En hvað honum, með tilfinningarnæma hjartað sitt, hefir blotið að sárna þetta kuldalega vanþakklæti. Stolt hans verðskuldaði vingjarnlegt augnatillit og ástrik orð, en það fékk hann ekki".

— — — — — — — — — — —

"Þessi ungi maður kemur hingað hinn daginn. Ég kom honum til þess, máske það hafi verið rangt af mér".

"Foreldrar mínir komast í leiðinleg vandræði við þessa samfundi. Þau skammast sín fyrir vanþakklæti sitt, og þess vegna mun faðir minn mæta honum með kulda, ef til vill móðga hann aftur. Nei — — svo aulalega hagar hann sér ekki. Að sönnu er hann harður, kaldur og drambsamur, en hann er of yanur samkvæmislífinu til þess, að geta ekki sýnt viðmótslæti. Maður eins og Sterner verðskuldar í öllu tilliti athygli og virðingu, og þótt föður minn kunni að langa til, að taka á móti honum á annan hátt, mun hann þó óttast almannarómin. Ég get í því efni verið óhrædd, — — það verður að minsta kosti tekið á móti hinum unga höfundi með kurteisi".

— — — — — — — — — — —

Ísabella skrifaði ekki meira. Hún lagði pennan frá sér, stóð upp og settist við pianóið.

En tónarnir, sem hún frámleiddi, voru ósamróma og undarlegir. Stundum voru þeir eins og ástarandvörp, stundum eins og eftirlöngunar kvalastunur.

Tíminn leið án þess hún veitti því eftirtekt. Ljósið dó á lampanum, og þegar hún leit út um gluggann, sá hún morgunroðann breiðast um austurhluta himinsins.

Það var að birta af degi.

Hún lokaði pianóinu undir eins, gekk að gluggannum, opnaði hann og lét morgunandvarann streyma inn í herbergið og leika sér að svörtu lokkunum sínum, sem hengu lausir niður um herðarnar.

Var hún ekki á þessu augnabliki lík deginum, sem var að fæðast af roðaþöktu skýjunum? — Með dökkblá augu eins lit og næturhimininn, svarta hárið, samlitt nóttunni, og kinnarnar, sem geisluðu purpuraraufar af ljósengla-kossum morgunroðans?

Hún hafði vakað alla nóttina, en það var ekki í fyrsta skiftí. Sálir, eins og hennar, unna ekki líkamanum hvíldar.

Þær vaka jafnvel á meðan líkaminn sefur, því eldur þeirra verður ekki slöktur.

Hið mikla fjör, sem bjó í Ísabellu, hafði hún hingað til reynt að lýja, ýmist á vængjum hugsananna eða í öldurót tilfinninganna. Og heita blóðið hafði ávalt kólnað og orðið viðráðanlegt, þegar hún þreytti sálu sína við hinar erfiðu rannsóknir, eða þegar hún, eins og núna, svam í bylgjum tónanna um tilfinningahafið.

En nú gat þetta ekki dugað lengur, því nú var það eklá blóð, sem rann um æðar hennar, heldur eldstraumur, sem hún reyndi árangurslaust að láta morgunblæinn kæla. Hjarta hennar barðist bæði af

ROBLIN HOTEL
115 Adelaide St. Winnipeg
Bezta $1.50 á dag hús í Vestur-Canada. Keyrsla ókeypis milli vagnstöðva og hússins á nótu og degi. Aðhlynning hins bezta. Við skifti Íslendinga óskast. OLAFUR G. ÓLAFSSON, Íslendingur, afgreiðir yður. Heimsækið hann.
O. ROY, eigandi.

The Farmer's Trading Co.
(BLACK & BOLE)
HAFA EINUNGIS BESTU VÖRUTEGUNDIR.
Einu umboðsmenn fyrir:—
"SLATER" Skóna góðu.
"FIT-RITE" Fatnaðinn.
"H.B.K." prjónafélagið.
"HELENA" pils og 'waist' kventatnaði.
Bestu matvörutegundir.
"DEERING" akaryrkju verkfæri o. s. frv.
Beztu vörur Lágt verð
Fljót og nákvæm afgreiðsla.
Farmer's Trading Co.,
THE QUALITY STORE
Wynyard, Sask.

JIMMY'S HOTEL
BEZTU VÍN OG VINDLAR.
VÍNVEITARI T.H.FRASER.
ÍSLENDINGUR.
James Thorpe, Eigandi

MARKET HOTEL
146 PRINCESS ST. á móti markaðnum
P. O'CONNELL, eigandi, WINNIPEG
Beztu tegundir af vínfongum og vindum, aðhlynning góð húsið endurbætt

Woodbine Hotel
566 MAIN ST.
Stærsta Billiard Hall í Norðvestorlandinu
Tíu Pool-borð.—Alskonar vín og vindlar
Gistin og fæði: $1.00 á dag og þar yfir
Lennon & Hebb
Eigendur

JOHN DUFF
PLUMBER, GAS AND STEAM FITTER
Alt verk vel vandað, og verðið rétt
664 Notre Dame Ave. Phone 3815
Winnipeg

A. S. TORBERT'S
RAKARASTOFA
Er í Jimmy's Hótel. Bezta verk, fáguð verkfæri; Rakstur 15c en Hárskurður 25c. — Óskar viðskifta Íslendinga.—

S. K. HALL
TEACHER OF PIANO and HARMONY
STUDIO: 701 Victor St.
Hausthensla byrjar 1st Sept.

Ódýr hraðskeyti.

Einn af þingmönnum Breta, hr. Henneker Heaton, sem eitt sinn var þar póstmálastjóri og átti þá upptökin að því, að burðargjald á bréfum um alt brezka veldið var fært niður í 2 cents fyrir hverja únsu til þess að ræða þetta mál.

Herra Henneker vill að brezka stjórnin kaupi út öll hafþráða og ritþráða félög í ríkinu og geri tæki þessi að þjóðeign innan takmarka brezka veldisins. Hann segir, að veldissambandið verði aldrei trygt fyrr en þessu sé komið í framkvæmd út til yztu endimarka veldisins, svo að fregnsendingar frá Fiji eyjum til Nýja Sjálands verði eins ódýrar og hvervetna annarstaðar, þar sem fréttasamband er. Og þetta segir hann að megi gera með því, að strengja og leggja nokkur þúsund tons af koparþráðum þar sem nú skortir samband.

Hann viðurkennir, að þeir, sem lagt hafa fé sitt í þessi tæki á liðnum árum, standi illa að vígi í samkeppni við stjórnina, og hann ræður til þess, að breytt sé samningum þeirra allar með núverandi ákvæðisverði, þrátt fyrir það, þó nú sé hægt að leggja hafþræði með þriðjungi minni tilkostnaði en unt var á fyrri árum.

Hann segir Englendinga nú borga árlega fullar 25 miliónir dollara fyrir hafþráðaskeyti, og þó eru gjöldin svo há, að ekki eitt af hundrað skeytum er privat eðlis, heldur alt í sambandi við verzlun. þræðirnir séu því nú að eins til gagns fyrir auðmenn, en ekki fyrir almenning. Sá verkamaður, sem hér í Ástralíu, þyrfti þriggja vikna vinnulaun sín til þess að geta sent skeyti til ættingja sinna á Englandi, til að láta þá vita um hag sinn. Brezka og nýlendustjórnirnar borga og árlega um hálfa aðra milión dollara fyrir hafþráða skeyta sendingar. Hann segir að með þessum útgjöldum mætti á fáum árum borga allan kostnaðinn við að gera eignir þessar allar að þjóðeign.

Herra Heaton heldur því fram, að ritþráða og hafþráða félögin séu þegar búin að hafa svo mikinn hagnað af starfi sínu, að þau geti vel staðið við, að láta þau tæki af hendi með sanngjörnu verði.

Helzt vill hr. Heaton að hægt sé að koma samningum á svo að unt verði að senda fréttir ekki aðeins um alt brezka veldið, heldur einnig um öll Evrópu-ríki fyrir 2 cents hvert orð, svo að hver maður, hversu fátækur sem hann er, geti átt kost á að nota fréttaþræðina.

Herra Heaton hefir áður gert tilraunir til þess, að fá máli þessu framgengt, en ekki tekist það. En hann er mikilsmetinn maður og hefir varið æfi sinni til þess að ihuga samgöngu og fréttasambands mál þjóðarinnar, má því vera, að nú fái mál hans þá áheyrn að af framkvæmdum verði.

Íslands fréttir.

Blaðið Ingólfur, dags. 15. sept. segir tíðarfar kalt og umhleypingasamt allan fyrri hluta sept.

Jarðabótaverðlaun hafa fengið þeir Jakob Jónsson á Varmalæk, og Kristján Þorláksson í Múla, í Ísafjarðarsýslu, 140 kr. hvor.

Botnvörpung handsömuðu Vestmanneyjingar og sektuðu 1800 kr. fyrir ólöglegar veiðar í landhelgi. Afli og veiðarfæri gert upptækt. Skipið keypti aftur aflann fyrir 900 kr. — Gufuskipið Valurinn hafði og handsamað aðra 2 botnvörpunga, en þeir voru ódæmdir, er síðast fréttist.

Brytinn á Sterling var sektaður í Vestmannaeyjum um 400 krónur fyrir ólöglega vínsölu þar við eyjarnar.

Helgi Jónsson grasafræðingur nýfarinn til Hafnar, að verja fyrir Doktors nafnbót ritgerð um þarategundir.

Síldveiði gekk ágætlega Norðanlands síðustu dagana í ágúst, og fengust fleiri þúsund tunnur á dag þá daga, svo að orðinn var skortur bæði á tunnum og salti. Tveir sunnlenzkir botnvörpungar fóru norður til að veiða og fengu 2300 og 2700 tunnur síldar.

Vitnin týndust.

Góðtemplarar í Ontario höfðuðu nýlega mál móti 30 vínsölum þar í fylkinu. Alt gekk eins og í sögu með málshöfðanirnar. Bindindismenn höfðu öll nauðsynleg málsgögn við hendina. Þeir höfðu náð vínflöskunum, sem seldar höfðu verið. Valdir menn höfðu verið fengnir til þess að kaupa vínið á þeim tímum, sem lögum bönnuðu sölu þess, og til að skila því hendur Góðtemplara, svo þeir gætu haft það sem sannanagögn fyrir réttinum.

Fólk má ekki gleyma því, að það er partur af starfsemi lögreglunnar og réttvísinnar hér í landi, að lokka og tæla vínsalana til þess, að brjóta landslögin, til þess að geta hegnt þeim fyrir lagabrotin. Hvort þessi aðferð er í samræmi við heiðarlega ráðsmensku þeirra, sem sérstaklega hafa þá köllun að sjá um að lögunum sé hlýtt, þarf ekki hér að ræða um.

En hinsvegar má geta þess, að þegar málin gegn vínsölunum komu fyrir rétt, þá voru flöskurnar þar til staðins. En þeir gátu ekki talað, og þess vegna ekki borið vitni móti seljendum vínsins eða kaupendum. Það voru menninirnir, sem keyptu höfðu vínflöskurnar, sem öll málin stóðu á. En þegar þeirra var leitað til að bera vitni fyrir réttinum, voru þeir allir týndir. Ekki einn einasti þeirra fanst eða hefir síðar fundist. Allir vissu, eða þóttust vita, að þeir hefðu verið keyptir til þess að koma fram sektum á hendur vínsölunum. En hitt grunaði menn ekki, að þeir kynnu einnig að hafa verið keyptir til þess, að koma vínsölunum hjá allri ábyrgð af lagabroti þeirra.

Hitt er nú orðið öllum ljóst, að öll þessi 30 mál, sem komu fyrir réttinn, féllu þar af því, að enginn var til að sanna kærurnar á hendur vínsölunum, og voru þeir því allir frikendir.

Spæjararnir hafa unnið fyrir báða málsparta og verið báðum trúir. Þeir hafa gert það fyrir Góðtemplara, að fá vínsalana til þess að brjóta lögin, og þeir hafa gert það fyrir vínsalana að halda sig sem lengst í burtu — í felur — áður en málin komu fyrir rétt.

Bréfkaflar að heiman.

Úr bréfi úr Borgarfjarðarsýslu, dags. í ágúst sl.

"Tíðin hefir verið alveg framúrskarandi góð þetta sumar síðan sláttur byrjaði, altaf þurkar, en þó logn og blíðviðri, — getur varla heitið, að komið hafi skúr er loíti í fleiri vikur, nema einn dag sem rigndi, og þar með fylgdu 40 þrumur, sem ráku hver aðra með stuttu millibili. Það var gauragangur eins og alt ætlaði um koll að keyra".

* * *

Þann 10. sept. úr sömu sýslu:

"Sláttur byrjaði almennt ekki fyr en um miðjan júlí, því gróðurleysi var fram eftir vorinu. Síðan í júlíbyrjun hefir verið ágæt tíð. Grassprettan í góðu meðallagi á votengi. Hevskapur gengið vel, þar til fyrir rúmri viku að brá til óþurka, síðan sífeldar rigningar og úrkomur og stormar, svo nú eiga menn töluvert hey úti".

* * *

Úr bréfi af Suðurlandi, dags. 10. sept. sl. (Gamall og merkur bóndi ritar þaðan):

"Ég er orðinn hundleiður á, að lesa skammirnar og rifildið um ráðherrann og bankamálið, þann svívirðilega rithátt, er sum blöðin temja sér nú. Ég heyri, að sumum þykir Birni hafa farist gassalega við gömlu bankastjórnina. En engan heyri ég tala um, að hann hafi gengið linlega í málið. Mundi þó ekki vera full ástæða til að höfða sakamál á hendur gömlu bankastjórninni fyrir víxlatapið, þó ekki væri annað? En hvað sem um það má segja, þá er ég Birni ráðherra þakklátur fyrir, að hann bjargaði miklu af bankanum, það mátti ekki seinna vera. Hann er búinn að sýna í þessu og mörgu öðru, að hann er stöðunni vaxinn, langsamlega fram yfir fyrirrennara sinn. Ég rita ekki meirá um þetta. Það væri að bera í bakkafullan lækinn, sem flóir út um alt ekki síður vestan hafs en hér heima".

SKÁLDIÐ
Stephan G. Stephansson

Stefáns kalla bjartir bezt
Brennipunktsins neistar.
Því þeir halla, hrista mest
Heimsku-borgir reistar.

Dróma-band hann brýtur vort,
Byltir anda úr vímu,
Yfir landið hefir horft
Hærri andans skýmu.

Engan sannleik æðri tel
Í hans ljóðum búinn:
Hagnaðarlaus að vilja vel
Verður hreinust trúin.

J. O. NORMAN.

Herra Jón Hólm, gullsmiður að 770 Simcoe St., biður þess getið að hann selji löndum sínum gull og silfur-muni og gigtarbelti. — Belti þessi eru óbrigðul við gigt, ef þau eru notuð samkvæmt fyrirskipunum Jóns. Kosta að eins dollar og kvart.

Hefir þú borgað Heimskringlu?

THE DOMINION BANK
HORNI NOTRE DAME AVENUE OG SHERBROOKE STREET
Höfuðstóll uppborgaður: $4,000,000.00
Varasjóður - - - $5,400,000.00
Vér óskum eftir viðskiftum vönduðu mannanna og ábyrgumst að gefa þeim fullnægju. Sparisjóðsdeild vor er sú stærsta sem nokkur banki hefir í borginni.
Íbúendur þessa hluta borgarinnar óska að skifta viðskiftum sínum þar vita að er algerlega tryggt. Nafn vorrar er full trygging óhultleika. Byrjið sparisjóðsreikning fyrir yður hjá oss og bætið á hann.
H. A. BRIGHT RÁÐSMAÐUR.

Vitur maður er varkár með að drekka eingöngu HREINT ÖL. Þér getið jafna reitt yður á
DREWRY'S
REDWOOD LAGER.
Það er léttur, freyðandi bjór, gerður eingöngu úr Malt og Hops. Biðjið ætíð um hann.
E. L. DREWRY, Manufacturer, Winnipeg

Með því að biðja sérlega um "T.L. CIGAR," þá ertu viss að fá ágætan vindil.
T.L.
Smoke T.L. CIGAR
(UNION MADE)
Western Cigar Factory
Thomas Lee, eigandi Winnipeg

STRAX Í DAG er BEZT AÐ GERAST KAUPANDI AÐ HEIMSKRINGLU.—ÞAÐ ER EKKI SEINNA VÆNNA.

Manitoba á undan.
Manitoba hefir víðáttumikla vatnsfleti til uppgufunar og úrfellis. Þetta, hið nauðsynlegasta frjógunarskilyrði, er því trygt.
Ennþá eru 25 milión ekrur óbygðar.
Íbúatal fylkisins árið 1901 var 225,211, en er nú orðið um 500,000, sem má teljast-ánægjuleg aukning. Árið 1901 var hveiti og hafra og bygg framleiðslan 90,367,085 bushela; á 5 árum hefir hún aukist upp í 129,475,943 bushel.
Winnipeg borg hafði árið 1901 42,240 íbúa, en hefir nú um 150,000; hefir nálega fjórfaldast á 8 árum. Skattskildar eignir Winnipegborgar árið 1901 voru $26,405,770, en árið 1908 voru þær orðnar $116,106,390. Höfðu meir en þrefaldast á 7 árum.
Flutningstæki eru óviðjafnanleg,— í einu orði sagt, eru í fremsta flokki nútiðartækja: Fjórar þverlandsbrautir liggja um fylkið, fullgerðar og í smíðum, og með miðstöðvar í Winnipeg. Í fylkinu eru nú nálega 4 þúsund mílur af fullgerðum járnbrautum.
Manitoba hefir tekið meiri landbúnaðarlegum og efnalegum framförum en nokkurt annað land í heimi, og er þess vegna ákjósanlegasti aðsetursstaður fyrir alla, af því þetta fylki býður beztan arð af vinnu og fjárleggi.
Skrifið eftir upplýsingum til: —
JOS. HARTNEY, 77 York Street, Toronto, Ont.
JOS. BURKE, 178 Logan Avenue, Winnipeg, Man.
A. A. C. LaRIVIERE, 22 Alliance Bldg., Montreal, Quebec.
J. F. TENNANT, Gretna, Manitoba.
J. J. GOLDEN,
Deputy Minister af Agriculture and Immigration, Winnipeg.

arðar föður síns, var henni ljóst, að Morits hafði við þetta tækifæri sært dramb hans, og að hann þess vegna hafði skilið við lífgjafa barns sins með fyrirlitningu og vanþakklæti.

Ísabella fyrirvarð sig vegna föður síns, og svaraði spurningu Móritz niðurlút.

"Jú, það voru foreldrar mínir, sem töluðu þessi orð, en ef þau hafa breytt rangt við þig — sem ég er hrædd um að þau hafi gert — þá, fyrirgefðu þeim, ef ekki af öðrum ástæðum, þá, gerðu það fyrir mig", bætti hún við, og leit nú stóru dimmblátt augunum biðjandi á hann.

"Ungfrú mín", sagði Móritz, "foreldrar þínir hafa gert mér rangt til — mjög rangt; en ég er ekki þannig skapi farinn, að ég beri langvarandi hatur í hjarta mínu. Ég sver það við endurminningu móður minnar, sem er mér dýrmætust af öllu, að ég ber engan kala til neins manns fyrir þann ójöfnuð, sem ég hefi orðið að þola".

"Ég trúi þér, Sterner. ..... Og því til sönnunar ætlar þú að heimsækja okkur, þegar foreldrar mínir eru komnir heim".

"Já, því lofa ég".

"En nú", sagði Ísabella, "verðurðu að segja mér eitthvað um ævi þína, um móður þína. Það má nærri því skoða okkur sem systkini, sem höfum fundist eftir margra ára aðskilnað. Þú hlýtur að bera hugðarhvöt til mín, af því þú hefir bjargað lífi mínu, ... og ég þakklæti til þín sem velgerðamanns míns. Og þetta band, sem tengir okkur saman frá fyrri árum, hlýtur að vekja hjá okkur gagnhverfa alúð, gera okkur samrýnd, — að minsta kosti er það tilfinningaskoðun mín".

"Þú segir satt, ungfrú. Ég skoða þig nú orðið sem systur, sem vinstúlku".

"Og ég skoða þig sem bróður".

Orðið átti erfitt með að komast yfir varir hennar, en loksins kom það þó og um leið stokkroðnaði hún.

Móritz fór nú að segja henni frá ævi sinni og móður sinni. Hann mintist á baráttu hennar, þjáningar og þolinmæði, ... og augu Ísabellu fylltust tárum, þegar hún heyrði hann lýsa sambandinu milli móður og sonar með jafn-fögrum og skáldlegum orðum og hann gerði það.

Móritz gekk auðvitað fram hjá öllu, sem snerti frú Ehrenstam og Jakob. Heldur ekki mintist hann á leyndarmálið viðvíkjandi fæðingu sinni, af því hann var hræddur í því að gera aldrei kröfu til þeirra hagsmuna, sem hún gat veitt honum, og vildi því ekki að neinu þekti það leyndarmál, nema þeir vinir hans, sem þegar vissu það, og voru áreiðanlega þögulir.

En það, sem unga stúlkan fékk að hevra, var nægilegt til þess, að hún, með auðuga og fjörruga ímyndunaraflinu, gat gert sér grein fyrir aðalsveigini hans. Hún virti hann mikils í huga sínum, og það sem meira var; Hann hafði öðlast samhygð hennar og hugarþokka.

Á meðan á þessu stóð lengdust skuggar trjánna meir og meir, þessar alúðlegu samræður í laufskálanum dimma, sem þau fundu svo mikla ánægju í, án þess að hugsa um kröfur venjunnar, urðu nú að hætta. Fin klukkustund var liðin, án þess þeim findist hún hafa verið lengri en minúta, eða án þess þau vissu af henni. Móritz stóð upp til að fara.

Hún rétti honum mjúku hendina sína. ..... Og ennþá mættust augu þeirra, með hinu sama töfrandi, sama, dávalda, segulmagnaða aðdráttarafli og í fyrsta sinni, þegar sálir þeirra runnu saman og urðu sem að einni.

Hönd Ísabellu titraði í hendi hans. Hjarta hennar sló afar-hart og brjóstið belgdist út. Hún fann það ósjálfrátt, að hún stóð við vegamót lífsferils sins, og roði og bliknan skaðtust á á kinnum hennar all-ört.

Hún svaraði handaþrýstingi hans lítilega, og sagði með skjálfandi röddu:

"Vertu sæll, Sterner, við sjáumst aftur ..... er það ekki? Þú kemur daginn eftir morgundaginn?"

"Já, ég skal koma".

"Þú mátt vera sannfærður um mitt ævarandi þakklæti fyrir það, sem þú hefir gert fyrir mig. ..... Ó, sú skuld verður aldrei endurgoldin".

"Þú mátt ekki nefna orðið skuld, ungfrú Ísabella. Það er ég, sem á þér ólaunað eitt af ánægjurikustu augnablikunum, sem ég hefi lifað. Ég skal ávalt muna eftir þessu kveldi, þegar ég kyntist þér og öllum hinum dýrmætu eiginleikum sálar þinnar. En", bætti hann fljótlega við, "er það nauðsynlegt, að þú sýnir foreldrum þínum rafhjartað, sem ég skilaði þér?"

"Ég held ekki", svaraði Ísabella hikandi, "ef þú vilt það heldur, þá skal ég geymá það hjá mér, svo —"

"Já, mér er það kærara".

"Jæja, ég skal verða við ósk þinni. Enginn skal fá að sjá það".

"Þakka þér fyrir".

Móritz þrýsti ennþá einusinni hönd Ísabellu og yfirgaf hana svo fyrir utan dyrnar á laufskálanum.

Hún horfði á eftir honum unz tignlegi líkaminn hans hvarf inn í skóginn.

Síðan gekk hún sömu leið í hægðum sínum heim

* * *

Með hugann fullan af áður óþektum tilfinningum sneri Móritz aftur til prestssetursins.

Hann hafði séð hana — þessa stúlku, sem hann hafði borið ímyndaða ást til árum saman, án þess að þekkja hana. Myndina af barninu, sem hann frelsaði frá druknun, hafði tíminn ekki orkað að afmá úr huga hans, — einhver óljós grunur hafði fyrir löngu síðan hvislað því að honum, að þessi stúlka myndi til fulls bæta fyrir ranglæti það, sem hinir drambsömu og harðúðgu ættingjar hennar höfðu gert honum. Og hvernig fann hann hana nú á átjánda ára aldri hennar? Alveg eins og hann hafði hugsað sér hana, eins og hann í ímyndunardraumum sínum hafði skapað sér hugsaða tilveru, — búin líkamlegri fegurð í fylsta máta, ásamt uðaði sakleysisins, og svo þenna tigna hugsunarháttu, hina sönnu, djörfu en þó lítilþægu mentun, sem hann varð hrifinn af, jafnframt og hann dáðist að henni.

"Það er undarlegt", hugsaði Móritz, "að þetta ágæta blóm skuli hafa sprottið upp úr slíkum jarðvegi, ... að þessi kalda og drambsama móðir og hinn grimdarriki faðir skuli geta átt slíka dóttur. En, eftir á að hyggja: Hún hefir fengið mentun sína hjá Hólm, sem hefir gróðursett í huga hennar allar sínar eðallyndu og háleitu skoðanir, og þroskað skilning hennar með sinni margbreyttu þekkingu. Það er auðsæð, að hún hefir verið olnbogabarn, ef til vill mætt illri viðbúð hjá foreldrum sínum, sem ekki hafa skilið hana, og þess vegna hefir hún snúið sér að hinum eðallynda kennara sínum, sem hefir hugað hana, og sem jafnaðarbót fyrir hina bitru reynslu auðgað sálu hennar með gersemum andans og ígrundunarinnar. Og af þessum gersemum á hún fleiri en nokkur önnur kona, sem ég hefi þekt".

"Ég verð að sjá hana aftur, ég verð að heimsækja hana á heimili hennar til þess að kynnast sam-

Th. Sved. Lamb:

UPPTÍNINGUR.

Um marga menn má með sanni segja að þeir séu sára lítið annað en kjötætur og vinnudýr.

* * *

Lífið hefir mikla fegurð að bjóða — — en — að eins þeim, sem sjá hana.

* * *

Mammon.

Svo heitir smákvæði, sem oss hefir verið sent af einum af vinum "Upptínings". Kvæðið er mjög lauslega þýtt, en höfundurinn heitir W. R. Van Frenckt.

Herranna allra æðstur,
allra konunga mestur,
svikari aumra sálna,
sjóli, er öllu stjórnar!

Horaðir til þín horfa —
hæð þá; en brostu eigi!
Dyr þínar á þeir drepa —
drag þú lokuna fyrir!

Harm þeirra hreyrirðu eigi,
hjálpar þinnar, sem leyta.
Grátnir með gjall í hjarta
ganga þeir burtu frá þér.

Einmana sárt þeir sveitast,
sorgin er þeirra vinur,
meðan þú bölvun bætir
brauð þeirra í og drykki. —

Heyr þú mér, hari, æðstur,
hásæti þitt skal brotna;
horaðir loks þér hrynda
helgrunninu í þann djúpa!

* * *

Hin vaxandi óánægja hinna þjáðu og þrekuðu í heiminum, er hið eina, sanna gleðitákn tímanna.

* * *

Ef einhver fátæklegur stæli einu epli upp í munninn á sér, þá væri hann óðara dæmdur í fángelsi í 3 mánuði — jafnvel í þrjú ár. En þegar löggæslumenn alþýðunnar í þings, og stjórnar sætum þessa lands, stela "löglega" allmennings löndum þessa lands, þótt í þúsunda og miljóna tali sé, þá byggja þeir sér aðeins fegurra heimili og lifa í vellystingum praktuglega, það sem eftir er æfinnar. Ó, hvílík rétt vísi!

* * *

Þau voru saman, Jón og Jónína, suður í Parki, og töluðu saman í hita og ástar æði ungdómsins. "Elsku hjartað," sagði Jón, "Eg elska þig! — Svo sterk er ást mín, að ef einhver annar maður skotraði til þín ástarauga, þá myndi eitthvað alvarlegt vilja til."

Já, hvað svo sem gæti það nú verið?" Spurði Jónína.

Það, að ég væri líklegur til að drepa hann! Trúir þú mér?"

„Nei, ónei," svaraði Jónína, og sleit um leið fáein blöð af einu elmtrénu suður í Parkinum. „Nei?— Hvað! Meinar þú að segja nei? En ég sver þér það af heilum huga; af hjarta og sál, að ég skal bara steindrepa hvern þann mann, ungan eða gamlan, vesalan eða voldugan, fátækan eða ríkan, sem vogar sér að sýna þér ást sína. Það sver ég við alt sem, að heilagt er. Nú! trúir þú mér nú!"

"Nei", svaraði Jónína.

„Nú, hver í dauðanum er svo sem ástæðan? Því geturðu ekki trúað því, að ég dræpi bannsettann óþokkann. Spurði Jón, sem var gramur í meira lagi. "Ó, ástæðan er sú Jón minn," svaraði Jónína, um leið og hún sleit nokkur fleiri elmviðarblöð til jarðar, "að ég léti þig aldrei vita neitt um það og hann ekki heldur. — Skilurðu nú, þorskurinn þinn!"

* * *

Þat, írski skatti, stóð fyrir framan dómarann, sakaður um fjölkvæmi. Fjórum sinnum hafði hann gifst á lífsleið sinni, og allar voru konur hans við góða heilsu. „Alveg er ég forviða, á þér Pat, að fara svona illa með margar konur," byrjaði dómarinn áminningarræðu sína til Pats.

Þá greip Pat fram í fyrir honum og svaraði: „Ó, yðar háverðugheit, ég var bara að reyna að ná mér í eina brúklega — eina almennilega en það er nú svei mér ekki svo létt sök, herra dómari."

* * *

Ef vér, menn, viljum finna veikustu hliðina á kvennfólkinu, þá er bezt fyrir oss að stein-þegja, en hlusta vel.—

* * *

Þeir, sem fordæma mest, vesöskulda, vanalegast mestu fordæmingu sjálfir.

* * *

Kaffið í heiminum, sem drukkið er, sakar ei eins mikið heilsu vora, og orðin, sem oft eru töluð við kaffidrykkjur. — Þau saka bæði heiður vorn og heilsu.

* * *

Vitur er sá maður, sem veit eigi meir en hann á að vita.

Ástasaga.

Lauslega þýdd úr "Hugsjónaheild" af M. J.

Það voru liðin 5 ár síðan að Georg Oleson og Tom Peeterson höfðu verið félagar og unnið saman á verksmiðju í bænum Shelton. Þeir voru báðir 25 ára gamlir, stórir, velbygðir og einlegir áliturn. Þeir voru reglumenn og góðir drengir, samanborið við meðalhæfi manna á þeim tíma. Þeir voru fjörugir og kátir og færðu sér líka vel í nyt allar siðsamar skemtanir, sem völ var á í bænum. Þeir fóru á leikhús og dönsuðu á danssamkomum, æfðu knatt leika o.s.frv. Stúlkurnar voru yfir höfuð hrifnar af þeim, og það virtist, að þeir gætu valið um hlutskifti meðal þeirra. Þeir voru nú komnir á þann aldur, sem flestir ungir menn fara að líta eftir kvonfangi, enda voru þeir líka farnir að hugsa um það. Af því að þeir voru félagar og vinir, þá sögðu þeir hvor öðrum sín áform og hugmyndir. Þeir töluðu um stúlkurnar og lýstu áliti sínu á þeim hvor fyrir öðrum, og sögðu jafnvel hvor öðrum, hverja þeirra þeir vildu kjósa fyrir sig. Svo kom að því, að Tom gerði enda á öllum fyrirætlunum sínum. Hann trúlofaðist á danssamkomu henni "Lilly", einni allra-fallegustu dansmeyjunni í bænum, og skömmu síðar kvongaðist hann í kyrþey, og fór með hana heim í sína gömlu átthaga.

Eins og áður er sagt frá voru liðin 5 ár síðan þetta gerðist. — Einn góðan veðurdag í júlí kemur Tom til baka (til Shelton) til þess að heimsækja George gamla vin sinn. Þegar hann kemur í bæinn, sér hann að miklar breytingar hafa átt sér stað síðan hann fór, svo hann þekti naumast afstöðuna Honum dottur þá ósjálfrátt í hug pósthúsið, og að það muni vera á sama stað og í sama formi, og að þar muni hann máske mæta einhverjum, sem geti gefið sér upplýsingar um vin sinn. Þegar hann kemur þangað, verður George fyrsti maðurinn, sem hann sér, og honum til mikillar undrunar búinn að taka á sig "gentlemans" útlit. Í sömu svipan mætast augu þeirra og þeir þekkja hvor annan og heilsast alúðlega.

Hvernig líður þér Tom? segir Georg. Mér þykir vænt um, að þá að sjá þig aftur. Mér sýnist þú vera orðinn talsvert breyttur frá því, sem þú varst. Hvernig hefir þér gengið lífið síðan?

Ég hefi tekist þessa ferð á hendur til að sjá þig, George, segir Tom, og fá að vita, hvernig þér líður og hefir liðið síðan ég fór héðan. Ég álít, að það sé réttmæt krafa af mér, að þú segir mér æfisögu þína fyrst, þar sem ég hefi kostað svo miklu til að fá að heyra hana. Mína sögu skal ég segja þér á eftir. Ertu giftur, Georg?

Já, svaraði Georg.

Og hverja þeirra áttir þú?

Það er nú heil-löng saga, sem ég hefi að segja þér um það alt, segir Georg. Eins og þú vissir, gengum við útfrá því, að við gætum valið úr öllum þeim stúlkum, sem tóku þátt í danssamkomunum með okkur, og þegar þú fórst með hana Lilly, var ég ennþá vissari í minni sök. En jafnvel þó að mér líkaði stúlkurnar að mörgu leyti, var ég samt einhvernveginn ekki vel ánægður með nokkra þeirra. Mér fanst það líka vera alt of auðunnið fyrir mig, að ná hlutskifti úr þeirra flokki. Mér fanst þetta atriði vera svo stórt í lífinu, að ég áleit, að ég ætti endilega að hafa einhverja fyrirhöfn fyrir því, svo afleiðingin varð, að ég fór að lita eftir fleirum en þeim sem tóku þátt í skemtunum okkar.

Þú manst víst eftir stúlkunni, sem vann á pósthúsinu, Tom, — henni Ednu Tomson.

Já, ég man eftir henni, sagði Tom; ég sá hana þar oft. Það var frekar lagleg stelpa, en mér virtist hún vera fremur köld og ekki aðlaðandi.

Hún var það líka, segir George. En einmitt þess vegna vaknaði hjá mér sterk löngun til að kynnast henni. En það var hægar sagt en gert, hún var ekki á almannafæri. Hún fór hvorki á leikhús eða danssamkomur, svo ekki var hægt að ná þar til hennar. Hún fór í kirkju um hádegismessuna, en ekki á kveldin, svo ekki var þar tækifæri. Á kveldin sást hún aldrei á ferli. En svo komst ég loksins að því, að hún gekk á hverjum sunnudegi eftir hádegi út í skemtigarðinn með systrum sínum, og dvaldi þar tvo klukkutíma, og þar var þá eina tækifærið til þess að reyna til að kynnast henni. Eftir að mér kom til hugar, að læra að þekkja þessa stúlku, gerði ég mér mörg ómök á pósthúsið, og fann upp á ýmsu til að spyrja um, og hagaði vanalega svo til, að hún þurfti að svara mér. Á þann hátt lét ég hana þekkja nafnið mitt og andlitið á mér. Nú fór ég að taka mér skemtigöngu á sunnudögum út í listigarðinn, og mætti henni þá oft og ávarpaði hana með allri þeirri kurteisi, sem ég átti til. Hún svaraði mér hæversklega, án þess að gefa mér frekar gaum. En smámsaman, eftir að ég var búinn að sýna henni, að ég lagði engar lykkjur á leið mína, til þess að geta mætt henni, fór hún að verða viðfeldnari. Svo kom að því, að við skiftumst á nokkrum setningum, eins og alment gerist, um veðrið, náttúrufegurðina, o.s.frv. Þegar ég hélt, að við værum orðin dálitið kunnug, fór ég að spyrja hana um stöðu hennar og hvernig henni líkaði vinnan. Vel, segir hún. Hvort hún færi aldrei út úr bænum. Nei, sagði hún. Hvort hún færi aldrei á leikhús eða danssamkomur. Nei, sagði hún, o.s.frv. Öllum mínum spurningum svaraði hún með einsatkvæðisorðunum, já og nei, og var frekar ákvarleg. Ég var farinn að hugsa, að það væri ekki greitt aðgöngu, að kynnast þessari stúlku. Hún fór sínar leiðir, og tók ekkert tillit til minna ferða. Hún forðaðist ekki að mæta mér, og var æfinlega jafn-kurteis og alvarleg. Það var auðséð, að hún fylgdi einhverri ákveðinni stefnu. En eitt var skrítið með sjálfan mig. Eftir því sem ég sá betur, hvað hún tók lítið tillit til mín, eftir því fór þrá mín vaxandi til þess að ná vinsemd hennar. Nú fór ég að hugsa um, hvaða ráð ég ætti að finna til þess að geta náð tilgangi mínum. Ég hugsaði það væri bezt, að byrja á þessu vanalega: að bjóða henni á leikhús eða dans, eða keyra hana út á land. Annaðhvort mundi hún þiggja það, eða það mundi særa tilfinningar hennar svo, að hún segði meira en vel, já eða nei. Þetta ráð tók ég, og lagði svo eftirfylgjandi spurningar fyrir hana: Ég hefi heyrt, að það eigi að sýna mjög merkilegan leik á leikhúsinu annaðkveld, má ég ekki bjóða þér, Miss Thomson, og systrum þínum að koma með mér þangað. Svo á að verða grímudans á föstudagskveldið, máske þú vildir heldur koma þangað? Eða máske þú vildir helzt keyra með mér út á land á sunnudaginn? Mér væri mjög mikil ánægja, að þú þægir eitthvað af þessum tilboðum mínum, helzt öll. Hvað heldur þú að hún hafi sagt, Tom?

Hún hefir líklega sagt eins og Kristur sagði við freistarann: Vík frá mér Satan, segir Tom.

Nei, það gerði hún ekki. Hún sagði að eins þetta: Ég þakka þér fyrir boð þín, Mr. Ólson. Ég hvorki vil né get þegið þau. — Ekki ætlar þetta að duga, hugsaði ég, meira má ef duga skal. Ég sagði því við hana: Þú segir, Miss Tomson, að þú hvorki viljir né getir þegið tilboð mín. Viltu vera svo góð, að segja mér ástæður þínar í báðum þessum tilfellum? Það er velkomið, sagði hún. Í fyrsta lagi stendur svo á, að ég geng á kveldskóla alla virka daga vikunnar, sem ég má ekki vanrækja, af því ég er viss um, að þar er gagnlegri þekking framboðin en á leikhúsum og danssölum. Ástæðan fyrir því, að ég vil ekki þiggja þau er: Í fyrsta lagi, að ég hefi ákveðið, að forðast alt það, sem menn kalla "flirt" eða daður. Í öðru lagi, ég hefi ákveðið, að borga sjálf fyrir nautnir minar. Og í þriðja lagi, ég hefi ákveðið, að nota tíma minn til að ná heilbrigði mennjag. — Nú fór mér að hálfsárna við hana, og spyr hana því ennþá: Á ég að skilja þetta svo, að þú ætlir þér að fara einförum í lífinu og hafa engann félagsskap við nokkurn mann? Hún svarar þá, með tignarlegri alvörugefni — taktu nú eftir, Tom: Ég lít svo á, að þú farir dálitið lengra en heiðarlegri kurteisi sæmir með spurningum þínum og áleitni þinni. Þú hlýtur að vita, að áform mín og framkvæmdir eru mín persónuleg eign; ég ætla sjálf að vera ábyrgðarfull fyrir þeim, og ég ætlast ekki til, að þetta geri þér gott eða illt, skoðað á skynsamlega vísu. Hvaða tilgang þú hefir með áleitni þinni, læt ég mig engu skifta, þú átt hann sjálfur, og nýtur hans eða geldur sjálfur í gegn um afleiðingarnar. Hún lítur svo á úrið sitt og segir systrum sínum að koma heim með sér.

Ég var nú kominn í svoleiðis ástand, að ég vissi varla mitt rjúkandi ráð. Hvílík hrakför, hugsaði ég. Þetta verður þó að hafa einhvern enda, og væri þá ekki bezt, að þetta væri endirinn? En hún sagði: Skoðað á skynsamlega vísu, og ég mundi njóta eða gjalda afleiðinganna. Hún líklega álitur aðferð mína óskynsamlega. En hvað skyldi hún kalla skynsamlega aðferð? Um það hugsaði ég fram og aftur. Og svo kom aftur spurning sú í huga minn: Því ertu að elta ólar við hana, þenna dæmalausa sérvitring, þegar svo margar aðrar mundu telja sér það hina mestu sælu, að gefa þér hönd sína og hjarta? Já, að vísu var nokkuð í þessu. Svo kom aftur rödd: Og þú getur gert einhverja af þeim sæla og orðið sjálfur sæll. En það er of fyrirhafnarlaust, að ná þeirri sælu, hugsaði ég. Og enn kom í huga minn einhver skynsamleg aðferð. Er það mögulegt, að ég geti fundið hana, fundið skynsamlega aðferð? Ég fór nú heim með allar þessar hugleiðingar í fórum mínum. Næstu tvo sunnudaga hagaði ég svo til, að verða ekki á vegi hennar í skemtigarðinum. Eg veitti henni eftirtekt álengdar, og sá ég að hún gekk ekki neinar ákveðnar leiðir í garðinum. Það, sem hún veitti sérstakt athygli, voru jurtirnar og náttúrufegurðin. Mér sýndist hún skoða hvert nýútsprungið blóm og hverja fölnaða rós. Hún var jafn kurteis við alla, sem ádörpuðu hana, gerði engan greinarmun í því óni á körlum og konum. Það er í einu orði sagt, hún fó sinn eigin veg.

Jafnvel þó ég til þessa hefði farið hrakfarir með tilraunir mínar, þá þótti mér lítilmannlegt, að gefast upp, svo ég var alt af að reyna að finna einhverja skynsamlega aðferð, frá því sjónarmiði, sem hún mundi skilja það. Ég bjóst við, að þar sem hún sjálf var svo hrein og ákveðin, þá væri ekki til neins fyrir mig að fara neinar krókaleiðir, — eina ráðið mundi vera, að koma fram ákveðinn með erindi mitt, og ef það dygði ekki, sá ég engan veg færan.

(Niðurlag).

Þessir heimaspunnu sokkar aðeins 25c parið

KALDA VEÐRIÐ ER AÐ nálgast og þá þarfnist þér hlýrra fata. Sokkarnir verða einnig að vera hlýjir, og hvar getið þér keypt þá með betra verði en hjá Eaton? Vér kaupum þessar vörur í feikna stórum stíl og með afarlágu verði, þess vegna getum vér selt þá til viðskiftavina vorra svo ódýrt, að þeir hafa hagnað af hverjum kaupum.

7D111 Karla heimaspunnir garðprjonaðir Sokkar

úr óvanalega gildu ullarbandi, í eðlilegum litum, hvítir hælar, totur og fitjar; aðhaldsgóðir og veðleldir. — Vér höfum selt sokka þessa svo árum skiftir, þeir hafa veitt fullnæging.

Parið 25 cents. Tylftin $2.85

Eaton's vörupantana-bókin.

Ef þér hafið ekki vörulista vorn (Catalogue) þá sendið eftir honum strax, og hann verður sendur yður tafarlaust. Bókin sýnir myndir af og lýsir öllum hlutum, sem þér þarfnist, og á því verði, sem sparar yður fé, hvert sinn, sem þér pantið eftir henni.

Skrifið nú strax eftir þessari bók og hún verður send yður kostnaðarlaust.

EATON'S verzlunaraðferð.

Kaup við Eaton eru auðveld og ánægjuleg. Þér fáið pantanir yðar fljótt afgreiddar, í góðu ástandi með lítilli fyrirhöfn. Þér ættuð að reyna það. Þér þurfið ekki annað en að velja úr vörulista bók vorri þá hluti, sem þér þurfið. Sendið næga peninga í bréfi yðar, setjið það á pósthúsið, og Eaton gerir afganginn. Hvenær, sem þér eruð ekki ánægður með vörurnar, þá sendið þær til baka og vér skilum yður aftur peningum yðar og borgum tilkostnað

THE T. EATON Co LIMITED
WINNIPEG CANADA

Fréttir.

— Afskaplegur regn og þrumuskúr æddi yfie Quebec borg á laugardaginn var, og varð 2 mönnum að bana, og gerði miklar skemdir á fasteignum bæði þar og í Montreal borg. — Sami stormur virðist hafa haldið áfram vestur um landið og kom hér við aðfaranótt sl. mánudags. En gerði engar skemdir hér.

— Maður að nafni Mars, frá Montana, reyndi nýlega að fljúga yfir Klettafjöllin, og átti hann að fá þúsund dollara fyrir það, ef það tækist. Þegar hann var kominn yfir 7 þúsund fet upp í lottið, stöðvaðist vélin í loftfarinu, en loftfarið leið þó áfram og skánalt niður á við þar til það kom til jarðar í fjöllunum og brotnaði. En flugmaðurinn meiddist ekki og er það talið almættis kraftaverk.

— Ástralíu stjórnin hefir lagt 2 lagafrumvörp undir atkvæði almennings, annað um það, að gera allar opinberar nauðsynjar þar í landi að þjóðeign, en hitt um aukið starfssvið gerðardóma.

— Menn eru farnir að gerast nærgöngulir við Niagarafossinn. Einu sinni fór nýlega á mótorbát gegnum hringiðuna neðan við fossinn. Hætt var hann kominn að farast, og bæði var báturinn og hann sjálfur nokkuð skemdur undþað hann komst úr hættunni. Annar maðurinn fór á sunnudaginn var, í tilraukti tunnu, fram af fossinum Hann meiddist og nokkuð á höfði og annarstaðar á skrokknum í þeirri ferð, en komst þó klakklaust leiðar sinnar. Þykja hvortveggja þetta hin mestu afreksverk.

Margrét Ólöf Ólafsdóttir

Ó, þú ert farin héðan burt úr heimi,
hjartkæra vina, sem varst trygg og góð.
þökk fyrir alt, ó, þér ég aldrei gleymi
unz þreytt ég hnig að velli heim á slóð.

Þú þráðir hvíld, svo hvíld nú líka fékstu,
hve stórt því skarð í vinahópinn er.
Á drottins vegi dygðuð ætíð gekstu,
í dýrð hann sjálfur nú það launar þér.

Stórt var þitt lífsstarf, — vinum einlæg varstu;
vel skynsöm, glöð, og hjálpleg var þín mund.
Sorgirnar þínar þungu líka barstu
með þreki og stilling fram að síðstu stund.

Þótt fækki vinir fækka líka árin,
sem framundan oss blasa á raunastund;
en þótt þau fækki, ei fækka sorgar tárin,
unz fast vér sofnum hinsta dauðans blund.

Þín lifir önd í himnasalnu háa,
þú héðan fórst til dýrðar sælulands.
Minn hugur svífur þínu að leiði lága,
þar læt ég tár, en ekki blómakrans.

KRISTJANA HAFLIÐASON.

A. SECALL

(áður hjá Eaton félaginu).

Besti kvennfata Skraddari

Loðskinna fötum veitt sérstakt athygli.

Hreinsar, Pressar, Gerir við.

Fjórir (4) alfatnaðir hreinsaðir og pressaðir, samkvæmt samningum, hvort heldur er karlmanna eða kvenfatnaður, fyrir aðeins $2.00 á mánuði.

Horni Sargent og Sherbrooke

Minnisvarðar

úr málmi, sem nefndur er "White Bronze", eru fallegustu, varanlegustu og um leið ódýrustu minnisvarðar, sem nú þekkjast. Þeir eru óbrjótanlegir, ryðga ekki og gata aldrei orðið mosavaxnir, eins og steinar; ekki heldur hefir frost nein áhrif á þá. Þeir eru bókstaflega óbilandi og miklu fegurri en hægt er að gera minnisvarða úr steini (Marmara eða Granit). Alt letur er upphleypt, sem aldrei máist eða aflagast. Þeir eru jafn dýrir, hvort sem þér eru óletraðir eða alsettir letri, nefnilega: alt letur, og myndir og merki, sem óskað er eftir, er sett á fritt. — Kosta frá fáeinum dollurum upp til þúsunda. Fleiri hundruð tegundir og mismunandi stærðir úr að velja.

Þessir minnisvarðar eru búnir til af THE MONUMENTAL BRONZE CO., Bridgeport, Conn. Þeir, sem vilja fá nákvæmar upplýsingar um þessa ágætu minnisvarða, skrifi til undirritaðs, sem er umboðsmaður fyrir nefnt félag.

Thor. Bjarnarson,
BOX 304
Pembina - - N. Dak.

Hvar er Eirikur Þorbergsson? — Hann er fæddur og uppalinn í Syðri-Tungu á Tjörnesi. Ég hefi lauslega frétt, að hann hafi flutt hingað vestur um haf nú í sumar. Undirritaður mælist vinsamlega til að fá upplýsingar um heimili hans.

A. Johnson,
Sinclair P.O., Man.

JÓN JÓNSSON, járnsmiður, að 790 Notre Dame Ave. (horni Toronto St.) gerir við alls konar katla, könnur, potta og pönnur fyrir konur, og brýnir hnífa og skerpir sagir fyrir karlmenn. — Alt vel af hendi leyst fyrir lítla borgun.

MELBA

Heimsins mesta söngkona notar

HEINTZMAN & CO. PIANO

á sigurferð hennar um mestu borgir í Canada. Hún vill engin önnur nota.

MIKIL LISTA KONA MIKIÐ PIANO,

J. W. Kelly. J. Redmond, W. J. Ross

Cor Portage Ave. & Hargrave
Phone: Main 808.

Fréttir úr bænum.

Óvanaleg veðurblíða hefir verið hér í sl. 3 eða 4 vikur. Betra haust veður getur ekki á vorri jörð.

Herra W. G. Simmons, frá Brú P.O., kom til bæjarins í fyrri viku til lækninga við augnveiki, en fór heim aftur um hæl. Kom svo aftur í síðustu viku, og var hér þá nokkra daga. Hann sagði uppskeruna í Argylebygð yfirleitt mjög rýra á þessu hausti, einkanlega í vestur- og mið-hluta bygðarinnar, — þar varð hveitiuppskeran ekki yfir 4—5 bush. af ekru að jafnaði, en alt að 10—12 bushel í austurhlutanum. Hafra og bygg uppskera eanþá rýrari hlutfallslega. Yfirleitt hefir akurvrkjan ekki borgað sig í þeirri nýlendu þetta ár. — Herra Albert Oliver varð fyrir því slysi, að detta ofan af byggingarpalli við nýju kirkjuna, sem þar er verið að byggja, og meiddist mikið við það, en ekki gat læknir sagt þá í svip, hvort bein hefðu brotnað. Hann er nú á góðum batavegi. — Herra Simmons hélt heimleiðis um síðustu helgi, og hafði þá von um bata á sjóndepru þeirri, sem þjáði hann.

Herra Narfi Vigfússon, frá Tantallon, Sask., kom til borgarinnar í sl. viku, og sagði almenn gott úr sinni bygð. Hveitiuppskera þar frá 20—30 bushel af ekru. Fólk það, sem úr nýlendunni flutti á síðasta vori til þess að setjast að í suðvestur horni fylkisins, hefir flest komið aftur til að fá sér atvinnu, því uppskeran brást því algerlega í sumar vegna ofþurka. Herra Vigfússon fór austur til Keewatin til þess að sjá þar gamla kunningja og dvelja þar eystra um hríð.

Munið eftir Tombólu stúkunnar HEKLU þann 17. þ.m.

Bergvin Jónsson, bóndi að Antler, Sask., og ungfrú Kristjana Halldórsson hér í borg voru gefin saman í hjónaband föstudaginn 25. sept. sl., af séra Fr. J. Bergmann, að 259 Spence St. Að heimili Guðmundar Thordarsonar og konu hans Guðlaugar, 658 Alverstone St., var heim brúðhjónum samfagnað með fjölmennu samkvæmi langt fram á nótt, og skemtu menn sér hið bezta. Næsta dag fluttu brúðhjónin vestur á bújörð brúðgumans.

Blaði voru hefir borist ein af auglýsihgabókum herra Hjartar Thordarsonar, rafmagnsfræðings í Chicago. Hún er prentuð á bezta myndprentunar gljápappír, 48 bls. að stærð, með myndum á hverri bls. af þeim hlutum, sem hann hér til og verzlar með í verkfræðistof-

ANCHOR BRAND HVEITI

er bezta fáanlegt mjöl til nota í heimahúsum og annarstaðar. Það er gert úr No. 1. Hard HVEITI eftir nýjustu aðferðum.

Símið 4326 eftir söluverði þess.

Leitch Bros.
LOUR MILLS
Winnipeg skrifstofa
240-4 GRAIN EXCHANGE

um sínum. En ekki hafa aðrir fult gagn af þeim myndum en þeir, sem þekkingu hafa á því starfi. Á síðustu bls. er mynd af rafmagnsneistum þeim, sem framleiddir eru með miljón "volt", 100 hestafla 25 "Sycle Transformer", sem herra Thordarson uppgötvaði, bjó til og sýndi á St. Louis sýningunni árið 1904 og hlaut gull-medaliu fyrir, sem er aflmest allra slíkra véla, sem til þessa hafa verið tilbúnar. Bókin bendir á, að hún sé af engum vanefnum gerð, og er sannur dýrgripur í sinni röð.

Herra Ólafur Loftsson í Selkirk bæ var hér í borg um síðustu helgi. Hann fór nýlega með konu sína vestur á Kyrrahafsströnd henni til heilsubótar og báðum til skemtunar. Þau hjón ferðuðust þar vestra um mánaðartíma, komu í Vancouver, Victoria, Seattle, Tacoma og Portland, en ekki fundu þau Íslendinga nema í Vancouver. Fegurst þótti honum Victoría, en Seattle mikillenglegust. Í Vancouver kvað hann land komið upp í geysiverð, 25 feta lóðir 3 til 6 mílur út úr bænum komnar í 3 til 6 hundruð dollars, en lóðir á góðum stöðum inni í borginni, sömu stærðar, frá 25 til 30 þúsund dollara. En á aðalstræti borgarinnar eru lóðir ennþá dýrari, og það er skoðun hans, að þar vestra séu byggingalóðir langt um dýrari en hér í Winnipeg. — Það álítur Ólafur, að Manitoba sé betri bústaður enn sem komið er. En eftir því tók hann, sem flestir aðrir hafa einnig áður séð, að fólk þar vestra er sællegra í útliti en það, sem býr austan fjallanna.

Séra Lárus Thorarensen, hinn kjörni prestur Gardar safnaðar, er væntanlegur hingað til borgarinnar í þessari viku.

Unglingafélagsfundur í samkomusal Únitara í kveld (miðvikudag). — Félagsmeðlimir eru beðnir að mæta.

Einn mótormaður á strætisvagni hér í borg, var sektaður í sl. viku um $50.00 fyrir að vera drukkinn við starf sitt.

Lögreglan í Winnipeg befir fundið gimsteina þá, sem Countess af Antrim tapaði hér á Alexandra hótelinu, þegar hún gisti bar á ferð sinni um Vestur-Canada fyrir nokkrum vikum. Ekki verður sá lögsóttur, sem valdur var að hvarfi steinanna með því að eigandi þeirra neitaði að koma hingað aftur til þess að bera vitni í málinu.

Herra Ásmundur Jóhannesson, að 599 Agnes St., sem í júní sl. slasaðist eins og áður var skýrt frá hér í blaðinu, og var þá frá verkum í rúma 2 mánuði, hefir beðið Hkr. að votta sitt innilegasta þakklæti djáknum Tjaldbúðarinnar, sem nýlega færðu honum $45.00 peningagjöf; einnig ungfrú Elínu Thorlacius, sem áður hafði afhent honum $10.00 í peningum. Einnig þakkar hann $14.00 samskot, sem Guðni bróðir hans afhenti honum á því timabili, sem hann var frá verkum. Öllu þessu velgerðafólki þakkar hann innilega góðvild þá, sem það hefir sýnt honum, þegar þörfin var brýnust og starfskraftar hans svo lamaðir, að hann gat ekki séð fyrir fjölskyldu sinni.

Við kvæðið "Tungu-á", í No. 51 þessa blaðs, stóð nafnið Sigurður Jónsson, en átti að vera Sigurður Jóhannsson.

Melba, söngkonan heimsfræga, sem söng hér á leikhúsinu á miðvikudagskveldið í síðustu viku, hefir lofað að syngja hér aftur að kveldi 11. þ.m. í Walker leikhúsinu — Sætið kostaði $5.00, er hún söng hér, en svo var aðsóknin mik il, að fleiri urðu frá að hverfa, en þeir, sem inn komust í það stóra hús.

Vinnupallur við Manitoba Clothing félags bygginguna á Main St. hrundi til grunna á fimtudaginn var. Átta menn féllu með honum 25 fet niður og skörðuðust allir, — sumir hættulega, einum er ekki hugað líf.

Strætisbrautafélagið hefir auglýst, að það ætli að lengja braut sína vestur eftir Notre Dame Ave. alt að C.P.R. sporinu, en það er 12 strætum vestar en brautin liggur nú. Þetta verk kvað eiga að gerast nú í haust.

Þann 29. sept. lézt hér í borg Guðmundur Guðmundsson, bróðir þeirra Högna bónda og Eiríks Guðmundssona, að Lundar P.O., Man. Lungnabólga varð banamein hans. Hann var um fertugt og eftirlætur konu og 2 börn.

Herra Þiðrik Eymundsson, frá Westbourne, var hér í borg í þessari viku með 130 nautgripi til sölu. Hann var ánægður með söluna. Öllum liður vel úti í hans bygðarlagi og uppskeran þar góð á þessu hausti. — Það slys vildi til, að Eyjólfur Eyjólfsson, frá Laugarvatni í Grímsnesi í Árnessýslu, sem í sumar kom að heiman ,með konu og 4 börn, það elzta 6 ára, varð veikur í þreskingarvinnu, og var fluttur hér inn á sjúkrahúsið og dó þar næsta dag. Bygðarmenn brugðu þegar við og skutu saman 150 dollars til styrktar ekkjunni og börnum hennar, og lætur herra Eyvindsson mikið af rausn þeirra og er þeim þakklátur fyrir hönd ekkjunnar.

Samkoma til arðs fyrir tvo veika menn, sem hafa verið veikir tvo og þrjú ár, verður haldin í samkomusal Únitara undir umsjón hjálparnefndar Únitarasafnaðarins, um eða eftir miðjan þennan mánuð. Nánar auglýst í næsta blaði.

Herra Guðjón Ingimundsson, timbursmiður frá Selkirk, hefir nýlega keypt hús það hér í borg, sem áður átti Capt. Sigtryggur Jónasson. Hann flutti hingað alkominn með konu sína og börn þann 29. sept. Herra Ingimundsson hefir dvalið í Selkirk nær 18 ára tíma. Bæjarbúar þar héldu þeim hjónum veglegt samsæti í Goodtemplarahúsinu þar að kveldi 28. sept. Fyrir því stóðu konur úr lúterska söfnuðinum, Bandalaginu og kvenfélag safnaðarins. Söfnuðurinn gaf honum þar $30.00 göngustaf, og kvenfélagið gaf konu hans dýrmætt silfursett. Viðeigandi áletran var á hvorttveggja gjöfunum. — Heimili þeirra hjóna verður að 729 Toronto St.

Notið tækifærið!

Ég sel með góðu verði mikið af bókum og blöðum á íslenzku, dönsku, norsku og ensku.

Sigmundur M. Long,
790 Notre Dame Ave., Winnipeg.

Bændafélagsfundur

verður haldinn í Geysir skólahúsinu 15. október kl. 2 e. h. Félagsmeðlimir eru beðnir að sækja þennan fund vel og koma í tíma,

Geysir, Man., 30. sept. 1910.

B. JÓHANNSSON, skrifari

Tombóla

Stúkan Hekla heldur Tombólu og aðrar góðar skemtanir í Goodtemplarasalnum

Mánudag 17. okt. 1910

BAZAAR

verður haldinn að tilhlutun kvenfélags Tjaldbúðar safnaðar í samkomusal kirkjunnar miðvikudag og fimtudag þann 5. og 6. oktober næstk., kl. 2 til 5 síðd. og kl. 8 til 11 að kveldi, báða dagana. Kafti til sölu handa öllum sem vilja. — Kvenfélagið vonar eftir góðri aðsókn.

Fallegir KVENHATTAR

af nýjustu gerð til sölu í hattabúðinni á horni Sargent og Victor stræta. Gamlir hattar einnig gerðir um. Munið eftir staðnum og látið íslenzku konurnar, sem eiga búð þessa, njóta viðskifta yðar, því þér getið gert eins góð kaup þar og nokkurstaðar annarstaðar í bænum.

Þeir bræður Sigvaldi og Jóhann Björnssynir, frá Keldulandi í Nýja Íslandi, komu til borgarinnar í þessari viku, úr þreskingarvinnu í Medora héraðinu. Uppskeran þar í löku meðallagi af hveiti, og minna en það af hafrum. Mannskortur var þar mikill og aðalkaupgjald $2.50 á dag og fæði. Þeir bræður haldg heimleiðis í næstu viku.

Í greininni "Ódýr hraðskeyti" á 3. síðu þessa blaðs hafa fallið burt ufirfylgjandi línur, sem eiga að koma á undan seinustu línu fyrir ofan fyrstu greinaskil:

hálfrar únzu þyngd, hefir nýlega farið fram á það, að hafþráðaskeyti um gjörvalt brezka veldið verði fært niður í 2 cents hvert orð. Hann vill, að póstmeistarar Evrópulöndum komi saman á

TIL LEIGU.

Ágætt framherbergi í nýtízku húsi, 856 Home St. Sanngjörn leiga.

Uppboðssala.

Eftir beiðni herra J. H. Johnson, að Hove P.O., Man., sel ég við opinbert uppboð á landi hans suðaustur fjórða af Sec. 10 Tp. 18 R. 3. w.

Mánudag 24. okt. 1910.

Alla nautgripi hans, sem eru:

30 kýr, sem eiga að bera í vetur og á næsta vori.
15 geldneyti á þriðja ári.
12 geldneyti á öðru ári.
8 vetrar og vor kálfa.
2 naut.

Einnig sel ég þar nokkra hesta og ýmislegt fleira.

Salan byrjar kl. 1 e. h.

Miðdagsverður veittur ókeypis.

Kaupskilmálar eru: 9 mánaða gjaldfrestur gegn trygðum borgunarskuldbindingum (Approved Joint Note) með 6 prósent ársvöxtum.

Sex prósent afsláttur af öllu, sem borgað er í peningum út í hönd.

Dags. að Lundar, 1. okt. 1910.

PAUL REYKDAL,
uppboðshaldari.

Hjá J. R. TATE & Co.
522 Notre Dame Ave.

er staðurin til að fá góð föt gerð eftir máli úr frægustu dúkum og fyrir lægra verð en slík föt eru gerð fyrir neðar í borginni. Vér höfum mesta úrval af fatadúkum og ábyrgum hverju spjör. Íslendingum boðið að koma og skoða vörurnar. Vér óskum viðskifta við þá.

J. R. TATE & Co. Skraddarar

Dr. G. J. Gíslason,
Physician and Surgeon
18 South 3rd Str, Grand Forks, N.Dak

Athygli veitt AUGNA, EYRNA og KVERKA SJÚKDÓMUM. ASAMT INNVORTIS SJÚKDÓMUM og UPPSKURÐI. —

Anderson & Garland,
LÖGFRÆÐINGAR
35 Merchants Bank Building
PHONE: MAIN 1561.

Dr. M. Hjaltason,
Oak Point, Man.

BÚÐIN Á SARGENT.

Kennið únglingunum að nota vel tíman. Það gerist best með því að þau beri á sér vasa úr. Eg sel vönduð Kvenn-úr frá $2.50 og upp. Eg sel $10.00 Konu-úr fyrir $6.00 þau eru í gullþynnu kössum, með ágætu gangverki ábyrgð fygir hverju úri.

Drengja úr sel eg fyrir $1.25 og þar yfir.

G. THOMAS Gull og Silfur Smiður
674 Sargent Ave. Phone Sherb. 2542

Góðar stöður.

Geta ungir, framgjarnir menn og konur fengið á járnbrauta eða loftskeyta stöðvum.

Síðan 8 kl. stunda lögin gengu í gildi og síðan loftskeyta fregnsending varð útbreidd þá vantar 10 þúsund telegraphers (fregnsendla). Launin til að birja með eru frá $70 til $90 á mánuði. Vér störfum undir umsjón telegrapn yfirmanna og öllum sem verða fullnuma eru ábyrgðar atvinnustöður.

Skrifið eftir öllum upplýsingum til þeirrar stofnunar sem næst yður er. NATIONAL TELEGRAF INSTITUTE, Cincinatti, Ohio, Philadelphia, Pa., Memphis, Tenn., Columbia, S. C., Davenport, Ill., Portland, Ore.

J. T. STOREY S. DALMAN

Your Valet

HREINSAR, PRESSAR, GERIR VIÐ OG LITAR FATNAÐ.

Alt ágætlega gert. Komið því með fötin til okkar.

690 NOTRE DAME AVE.
TALSÍMI MAIN 2798

Sherwin-Williams PAINT
fyrir alskonar húsmálningu.

Prýðingar-tími nálgast nú. Dálítið af Sherwin-Williams húsmáli getur prýtt húsið yðar utan og innan. — Brúkið ekker annað mál en þetta. — S.-W. húsmálið málar mest, endist lengur, og er áferðarfegurra en nokkurt annað hús mál sem búið er til. — Komið inn og skoðið litarspjaldið. —

Cameron & Carscadden
QUALITY HARDWARE
Wynyard, Sask.

A. S. BARDAL
Selur líkkistur og annast um útfarir. Allur útbúnaður sá bezti. Enfremur selur hann alskonar minnisvarða og legsteina.
121 Nena St. Phone 306

TIL SÖLU:

160 ekrur af bezta landi, stutt frá járnbrautarstöð. — Fyrsti maður með $7.00 fær hér góð kaup. — Finnið

Skúli Hansson & Co.
47 Aikens' Bldg.
Talsími, Main 6476 P. O. Box 833

GEO. ST. JOHN VAN HALLEN
Málafærzlumaður
Gerir öll lögfræðis störf
Útvegar peningalán
Bæjar og landeignir keyptar og seldar, með vildarkjörum.
Skiftiskjöl $3.00
Kaupsamningar $3.00
Sanngjörn ómakslaun
Reynið mig
Skrifstofa 1000 Main St.
Talsími Main 5142
Heimils talsími Main 2357
WINNIPEG

MARTYN F. SMITH,
TANNLÆKNIR.
Fairbairn Blk. Cor Main & Selkirk
Sérfræðingur í Gullfyllingu og öllum aðgerðum og tilbún aði Tanna. Tennur dregnar án sársauka. Engin veiki á eftir eða gómbólga. —
Stofan opin kl. 7 til 9 á kveldin
Office Phone 6944. Heimilis Phone 6462

Þarft þú ekki að fá þér ný föt?

EF ÞAU KOMA FRA CLEMENT'S, — ÞÁ VERÐA ÞAU RÉTT

Réttur að efni, réttur í sniði réttur í áferð og réttur í verði.

Vér höfum miklar byrgðir af fegurstu og beztu fataefnum. —

Geo. Clements & Son
Stofnað árið 1884
264 Portage Ave. Rétt hjá FreePress

Th. JOHNSON
JEWELER
286 Main St. Talsími: 6606

Sveinbjörn Árnason
Fasteignasali.
Selur hús og lóðir, eldsábyrgðir, og lánar peninga. Skrifstofa: 310 McIntyre Blk.
office TALSÍMI 4700. hús TALSÍMI 2108

G. NARDONE
Verzlar með matvöru, aldini, smá-kökur, allskonar sætindi, mjólk og rjóma, sömul. tóbak og vindla. Óskar viðskifta Íslend. Heitt kaffi eða te á öllum tímum. Fón 7556
714 MARYLAND ST.

Boyd's Brauð

Alt af hin sömu ágætu brauðin. Það er ástæðan fyrir hinni miklu sölu vorri. — Fólk veit það getur reitt sig á gæði brauðanna. Þau eru alt af jafn lystug og nærandi. Biðjið matsala ykkar um þau eða fónið okkur.

Boyd's
Bakery Cor. Spence & Portage Ave
Phone Sherb. 680

BILDFELL & PAULSON
Union Bank 5th Floor, No. 520
selja hús og lóðir og annast þar að lútandi störf; útvegar peningalán o. fl.
Tel.: 2685

Miss Jóhanna Olson.

Piano kennari, byrjar aftur að veita nemendum tilsögn að heimili sínu 557 Toronto St.

BONNAR, TRUEMAN & THORNBURN,
LÖGFRÆÐINGAR.
Suite 5-7 Nanton Blk. Tals. 766
Winnipeg, Man. P.O.BOX 223

DR. H. R. ROSS
C.P.R. meðala- og skurðlækir.
Sjúkdómum kvenna og barna veitt sérstök umönnun.
WYNYARD, — SASK.

The Evans Gold Cure
325 Balmoral St. Sími Main 797
Varanleg lækning við drykkjuskap á 48 dögum án nokkurrar tafar frá vinnu eftir fyrsta vikuna. Algerlega privat. 16 ár í Winnipeg. Upplýsingar í lokuðum umslögum.
Dr. D. R. WILLIAMS, Exam. Phys
J. L. WILLIAMS, Manager

W. R. FOWLER A. PIERCY.

Royal Optical Co.
307 Portage Ave. Talsími 7286
Allar nútíðar aðferðir eru notaðar við augn-skoðun hjá þeim, þar með hin nýja aðferð, Skugga-skoðun, sem gjöreyðir öllum ágiskunum. —

Heimskringla.

XXV. ÁR | WINNIPEG, MANITOBA, FIMTUDAGINN, 13. OKTÓBER 1910 | NR. 2.

Leaded Lights.

Vér getum búið til alskonar skrautglugga í hús yðar ódýrara og fljótara en nokkur önnur verksmiðja í borginni Vér sýnum yðar myndir og kostnaðar áætlanir.

Western Art Glass Works.
553 SARGENT AVE.

Fregnsafn.

Markverðustu viðburðir hvaðanæfa.

— Þess er getið, að bóndi einn í Alberta fylki, P. J. Umbrate, hafi á sl. vori leitt áveitu á land sitt þvert á móti öllum reglum, sem tiðkast hafa þar í fylkinu fram að þessum tíma. Bændur þar í fylkinu vöruðu hann við, að veita miklu vatni á nýsána akra sína. og kváðu það mundi drekkja útsæðinu og orsaka uppskerubrest. En Umbrati sinti ekki ráðum nágranna sinna. Hann veitti miklu vatni yfir alla akrana strax er hann hafði lokið sáningu, og afleiðingin varð sú, að hann fékk meiri uppskeru og betri en nokkur af nágrönnám hans. Sjálfur segist hann hafa ræktað hveiti í ýmsum ríkjum Bandaríkjanna, en aldrei fyr fengið eins mikla og góða uppskeru og á þessu ári. Enda hafi hann hvergi þekt jarðveg, sem eins vel láti við áveitu og haldi rakanum eins lengi í sér eins og land í Alberta fylki.

— Nýlega hefir skipshöfn ein frá Skotlandi verið hrifin frá bráðum dauða úti í norðurhöfum. Hún fór þangað fyrir rúmu ári í hvalveiðar. En er skipið kom ekki aftur á ákveðnum tíma, var annað skip sent að leita þess, og það búið út, með nesti til lengri tíma. — Nú er það skip komið aftur með 2 menn af fyrri skipshöfninni, og þeir segja ljóta sögu af vosbúð og harðindum, sem þeir urðu fyrir þar nyrðra. Þeir segja, að á sl. hausti hafi hvalveiðaskipið lent í stórsjóum norður í íshafinu og í einni kviðunni hafi það brotnað við hafísjaka. Skipshöfnin vann alt það, er hún mátti, að því að bjarga skipinu. En svo kom að lokum, að mennirnir urðu svo þreyttir af vosbúð og vinnu, að þeir máttu ekki haldast við á skipinu og urðu að yfirgefa það áður en það sykki. Nokkra sólarhringa voru þeir í björgunarbátnum á opnu íshafinu, án einatt í sífeldri hættu af að rekast á einhvern hafísjaka og týna þannig lífi sínu. Að lokum komust þeir þó að landi í Cumberland flóanum og var bjargað af Eskimóum, setu þar búa, og veitt skjól í iskofum þeirra. Ekki höfðu þeir annað að éta um veturinn, en hrátt selakjöt, og svo var lítið um jafnvel þessa björg, að íbúarnir voru allir aðframkomnir af hungri á sl. vori, er fyrsta danska hvalveiðaskipið bar þar að strönd. Allir héldu þó lífi. Hinir allir, sem á skipinu voru, héldu heimleiðis með danska hvalveiðaskipinu. — Svo segja þessir 2 menn, að Eskimóar hafi reynst sér hið ágætasta fólk, og hlúð að sér af öllum mætti, og skift með sér þeirri litlu fæðu, sem það gat náð um veturinn, og svo tók það nærri sér, að það svelti bæði sig og börn sín til þess að geta haldið skipshöfninni lifandi, þar til björg bærist með hvalfangaraskipum að vorinu.

— Nýlega varð vábrestur í kolanáma í Mexico. Þar biðu 72 manna bana, aðallega Mexíkanar og Japanar. Að eins tveir menn hafa náðst úr námanum.

— Fellibylur á norðanverðri Luzon eyju í Japan æddi yfir þann 8. sept. sl., og gereyddi fjórum þorpum rbæjum, þar á meðal höfuðborginni Hagan í Isabella fylkinu. Ekki er getið um, að neinir hafi mist lífi, en yfir þúsund fjölskyldur eru þar heimilislausar og töpuðu öllu eignum sínum.

Stórtjón af skógareldi.

Um hundrað manns láta lífið og smábæir gereyðast.

Voðalegir skógareldar hafa um nokkra undanfarna daga ætt yfir norðurhluta Minnesota ríkis og hluta af Ontario fylki, í grend við Canadian Northern járnbrautina frá Rainy River að austan til Warroad að vestan. Þessi voðaeldur segja síðustu fréttir að muni hafa orðið 500 manns að bana og gereytt margra milión dollara virði af skógi, húseignum og lifandi peningi. Þurkarnir í sumar og haust hafa gert skóginn svo eldfiman, að þegar eitt sinn náði til að kvikna í honum, varð bálið ekki slökt. Vindar hafa og blásið að loganum svo ákaft, að sagt er að gneistaflugið hafi ætt yfir mílu á mínútu á sumum stöðum og sett heilt landssvæði í logandi bál. Undankoma íbúanna verður ómöguleg, og svo er sagt, að alt landsvæðið milli Rainy River og Skógavatns að norðan og 25 mílur suður, og frá Beaudette að austan og vestur að Warroad — sé gersamlega í ösku, og að á þessu svæði hafi 6 þorp brunnið til ösku og búarnir farist.

Bærinn Rainy með 2000 íbúum var að mestu óskemdur um síðustu helgi. En fregnir eru ekki glöggar þaðan að austan, með því að allir fregnþræðir eru brunnir og lestagangur stöðvaður, því brýr hafa brunnið af fljótum og ám á þessu svæði.

Fjöldi fólks, karlar og konur, hafa fundist brunnin meðfram C. N. R. brautinni. Hafði vealings fólkið yfirgefið heimili sín og flúið undan eldinum, en dagað uppi á leiðinni dauðþreytt og hálfkafnað af reykjarsvælunni, og svo að síðustu lent í eldinum.

Bruni þessi sagður stórfeldasta sorgartilfelli, sem komið hefir fyrir í Bandaríkjunum í 15—20 ár.

— Hjón ein frá Montreal, sem nýlega eru komin til Pittsburg, Penn., þar sem maðurinn fékk atvinnu, sem fiðlinspilari á leikhúsi, hafa uppgötvað, að dóttir þeirra, Georgia, sem send var á spítala og sögð að hafa dáið á þeim spítala þann 19. jan. sl. og var grafin án þess foreldrarnir fengju að sjá líkið, — muni alls ekki vera dáin. Þau hjón höfðu farið á leikhús nýlega, þar sem sýndar eru hreyfimyndir, og meðal annara mynda, sem þar voru sýndar, þóttust þau þekkja mynd af hinu látna barni sínu. Svo eru þau viss um, að ein af þessum hreyfimyndum er af þeirra eigin barni, að þau hafa gert ráðstafanir hjá þeim, að barnsins verði leitað hjá þeim leikflokki, sem myndirnar eru af. Það styrkir og grun þeirra, að þeim var bannað að sjá líkið af barni sínu, og sagt að það hefði dáið úr svo smittandi sjúkdómi, að það væri hættulegt að láta þau sjá það. — Foreldrarnir eru sannfærðir um, að barni þeirra hafi verið komið undan og það hafi alls ekki dáið, og þau eru staðráðin í, að hefja leit eftir barninu.

— Loftskeytafélag það í Canada, sem starfar með Marconi loftskeytatækjunum, auglýsir, að það hafi sent loftskeyti beina leið til herra Marconi, sem nú er í Argentinu. Skeytið var sent frá Glace Bay í Nova Scotia yfir til Írlands og þaðan til Argentinu, 5600 mílur vegar.

— Rafmagnsvagnar rákust á hjá Staunton, Ill., þann 4. þ. m. þar létu 28 manns líf, en 25 særðust.

— Miklir skógaeldar hafa gengið í norður Minnesota, með fram C. N. R. járnbrautinni, milli Rainy River og Warroad bæja. Sagt er, að í Grace Town hafi alt brunnið til ösku, en haldið að búarnir hafi bjargast á flótta.

— Öll þúðurgerðarfélögin í Canada hafa slegið sér saman í eitt samsteypufélag með 10 miliðn dollara höfuðstól.

— Félag eitt í Brandon bæ hefir tekið að sér að leiða gufuhitun í fjölda húsa þar í bænum eftir neðanjarðarpípum frá miðframleiðslustöð félagsins. Sagt er, að þessi hitun gefist ágætlega, og að um 75 hús séu þegar búin að fá hitun þessa leidda til sín.

— Fjármálaráðgjafi Rússa getur þess, að tekjuafgangur stjórnarinnar á yfirstandandi fjárhagsári muni verða yfir 100 miliónir dollara, og að hann geti nú fengið vexti af öllum lánum Rússlands færða niður um hálft prósent.

— Hundrað og fimtíu þúsund vinnendur á ullarverkstæðum á Englandi hafa verið sviftir atvinnu um stundarsakir. Orsökin til þessa er ofurlitið verkfall, sem 75 manns gerðu á einni verksmiðjunni. Vinnuveitendur buðu, að leggja ágreiningsmálið í gerðardóm, en verkamannafélögin neituðu því og studdu verkfallsmenn að málum. Þá gerðu verksmiðjueigendur það með sér, að loka verksmiðjum sínum algerlega, þar til gerðardómstilboð þeirra yrði þegið. Stjórnin hefir tekið að sér að hafa afskifti af málinu, og vonar að geta bráðlega komið sáttum á.

— Ein sönnun þess, hve mjög þjóðverjar eru að auðgast, er fjárupphæð sú, sem þeir verja í áhættuspil í Monte Carlo. Ekki er hægt að segja, hve margir sæki þangað á ári hverju, en taldir eru þeir, sem fara inn á sjálft spilahúsið, og eru það 25 miliónir árlega. En við þessa tölu er þess að gæta, að sami maðurinn er talinn eins oft og hann fer þar inn. Fram að árinu 1900 voru það aðallega Bretar og Bandaríkjamenn, sem þangað sóttu, og töldust þeir þá 70 prósent allra gestanna. Þá komu þangað fáir þjóðverjar. En á síðari árum hefir þeim fjölgað, svo að nú teljast þeir 55 prósent allra gesta, er þangað koma, að meðtöldum Austurríkismönnum. — En tala Breta hefir færst niður í 30 prósent. Vanalegur ársgróði Monte Carlos bankans er 14 miliónir dollars. Það er sú upphæð, sú, sem spilamenn tapa. Tapið lafnast niður í þessum blutföllum: Þjóðverjar 8 miliónir, Bandaríkjamenn og Englendingar 3 miliónir, Frakkar 1½ milión og Rússar 1 milión. Afgangurinn skiftist niður meðal annara þjóða.

— Verzlunarmannafélagið í Montreal borg er í uppgangi. Kaupmaður einn þar í borg bauð nýlega 29 þúsund dollara í peningum til þess að fá inngöngu í félagið, svo að hann hefði sæti á "Stock Exchange". Boðinu var neitað. Honum var sagt, að 5 sæti væru til sölu, en að verðið væri 30 þús. dollara fyrir hvert, og að engin minni upphæð yrði þegin.

— Vábrestur varð í náma í Colorado á sunnudaginn var. Svo mikið af kolalagi sprakk út úr veggjunum, að námamunninn fyltist, og byrgði inni 52 menn, sem hljóta að kafna áður en hjálp kemur, því miklum erfiðleikum er það bundið að komast til mannanna.

— Georg Grikkjakonungur er mælt að ætli bráðlega að afsala sér konungstign, og í hans stað á að koma prins Constantinos. — Georg konungur vildi segja af sér konungstign fyrir ári síðan, en vildi þó draga það þar til sátt væri komin á með Grikkjum og Tyrkjum. En nú hefir sætt þessi enn ekki komist á og litlar líkur til þess í nálægri framtíð, og konungur er því orðinn svo þreyttur á stöðu sinni, að hann vill losna við hana sem fyrst.

— Jarðarför George Chavez, þess er flaug yfir Alpafjöllin frá Svisslandi til Ítalíu, fór fram 29. sept. og var hin stórfenglegasta. Skrautblómum rigndi að úr öllum áttum, og hermálaráðgjafi Ítalíu sendi umboðsmann sinn til þess að vera við jarðarförina. Flestar borgir á Ítalíu sendu og menn til þess að heiðra minningu hins látna. Þúsundir bænda flyktust að hvaðanæva, og allir lögðu blóm á gröfina. Biskupinn, sem flutti aðallikræðuna, gat þess, að Chavez hefði komist 8409 fet í loft upp, og er það hæzta flug, sem enn hefir verið gert. — Franskur maður hefir og nýskeð komist 7956 fet í loft upp í flugvél sinni.

Nýtt lýðveldi.

Uppreistarmenn í Portúgal steypa konungi frá völdum.

— Portúgal er orðið lýðveldi. — Það var konungtriki á þriðjudagskveldið 4. þ.m., en lýðveldi á miðvikudagsmorguninn þann 5. Herforingjar bæði í land og sjóherinum höfðu umsnúið hollustueiðum sínum, svo að ranghverfan sneri út á þeim. Klukkan 9.30 á þriðjudagskveldið gerði landherinn áhlaup á Lisbon borg, og samtímis skutu herskipin á konungshöllina. Vörn borgarbúa varð lítil, og innan stundar var konungshöllin í rústum og höfuðborg ríkisins í höndum uppreistarmanna og konungurinn á flótta rekinn.

Fyrsti forseti lýðveldisins í Portúgal heitir Theophile Braga, en Bernardo Machado utanríkisráðgjafi. Þessir herrar hafa gert svolátandi yfirlýsingu um stefnu nýju lýðstjórnarinnar:

1. Land- og sjóherinn og alþýðan hefir lýst því yfir, að Portúgal sé lýðveldi.
2. Friður og regla er fyllilega trygt. Fylkjastjórnirnar eru sammála aðalstjórninni, og ánægja landslýðsins með stjórnarfarið er meiri en nokkru sinni áður.
3. Bráðabyrgðar stjórnin hefir þungar skyldur á herðum, sem útheimta mikla vinnu. Hún verður í raun réttri að endurskapa landið.
4. Viðvíkjandi stefnu vorri, þá lýsi ég því yfir, að vér munum reyna að framkvæma stefnu Repúblikan flokksins. Þar í felst sundurgreining dóms- og löggjafarvalds, bæði heima fyrir og í nýlendunum.
5. Fjármálunum verður hagað svo, að það verði öllu landinu til hagnaðar, og það verður gert sanngjarnlega og frómlega. Auðlegð landsins verður aukin.
6. Allir samningar við erlendar þjóðir verða haldnir, og stjórnin óskar friðsamlegrar samvinnu við þær.
7. Prentfrelsi verður trygt. Alt höfðingjavald og stundhagnaðarlög verða afnumin. Mentamál þjóðarinnar, frá lægstu skólum til hinna hæstu, verða óháð öllu kirkjulegu valdi. Vér höfum í hyggju, að koma á fót víðtæku mentakerfi undir umsjón stjórnarinnar.
8. Endurskipun hersins, sem verðskuldar ómælanlegt þakklæti þjóðarinnar fyrir starf hans í þágu föðurlandsins, verður gerð tafarlaust.
9. Stjórnin ber hina mestu virðingu fyrir almenningsálitinu, og hún gengur að störfum sínum með þeim einlæga ásetningi, að vinna þau ráðvandlega og trúlega. Tilgangur hennar er að vinna á allan hátt sem bezt að hagsmunum þjóðarinnar.

Hið framantalda lýsir í fáum orðum ásetningi og tilgangi og einlægri viðleitni bráðabyrgðarstjórnarinnar á þessum alvarlegu tímamótum í Portúgal.

— Nýlega sökk í ofveðri við strendur Japans gufuskip með 200 manns á, sem allir drukknuðu. — Mörg slík tilfelli hafa orðið þar við strendur og einnig við strendur Kína á þessu hausti, en ekkert líkt þessu, hvað manntjón snertir.

— Gas hefir fundist hjá Bassano í Alberta fylki á þúsund feta dýpi. Jarðfræðingar segja þetta sömu gasæðina, sem liggi undir Medicine Hat bæ á 600 feta dýpi. Svo er mælt, að C.P.R. félagið muni hafa í hyggju, að nota gas þetta til þess að lýsa og hita upp hús bænda á stóru svæði þar umhverfis og til aflframleiðslu í héraðinu.

— Í ræðu, sem Taft forseti flutti í veizlu, sem honum var haldin í Astor hótelinu í New York þann 1. þ.m., lauk hann miklu lofsorði á stefnu og starfsemi "Insurgent"-Repúblikana, og hældi einnig mjög Roosevelt fyrir styrk þann er hann veitti þeim flokki.

OGILVIE'S
Royal Household Flour

Til Brauð og Köku Gerðar

Gefur Ævinlega Fullnœging

EINA MYLLAN Í WINNIPEG.—LÁTIÐ HEIMAIÐNAÐ SITJA FYRIR VIÐSKIFTUM YÐAR.

Helgi Sigurður Helgason

sonur Helga Helgasonar, tónskálds, er ólaðið meðal hinn færustu söngfræðinga íslenzkra vestan hafs, og hefir átt mikinn og góðan þátt í að útbreiða þekkingu í þeirri grein. Hann er fæddur í Reykjavík 12. febrúar 1872.

Snemma bar á hæfileikum hans til söngs og söngfræði, og naut hann á unga aldri tilsagnar Steingríms heitins Johnsens (söngkennara hinna æðri skóla í Reykjavík), föður síns (aðallega að leika á horn) og frú Önnu Pétursson (að leika á pianó). Var á þeim árum meðlimur nær allra söngfélaga, er þá mynduðust í Reykjavík, bar á meðal Hörpu, sem JónasHelgason stofnaði fyrir þjóðhátíðina 1874, og sem bæði varð langlíf og vinsæl. — Þeir feðgar Helgi og Sigurður ásamt Dr. Ólafi Stephensen eru líklega einu landarnir vestanhafs, sem voru meðlimir Hörpu.

Árið 1890 flutti Sigurður vestur um haf til Winnipeg, þá 18 ára; kyntist þar brátt Halldóri heitnum Oddssyni og stofnaði með honum og fleirum "The Icelandic String Band", og síðar "The Icelandic-Swedish Sextett", og var jafnframt meðlimur í hornleikaraflokki 90. herdeildarinnar.

Á þeim árum mun hann og hafa samið nokkur sönglög, sem þóttu mjög snotur. Um það leyti mun og hinn ágæti söngfræðingur Hjörtur Lárusson hafa fengið sína fyrstu undirstöðu í þeirri grein hjá Sigurði, bæði við að leika á orgel og horn. Hefir vináttа milli þeirra haldist síðan.

Haustið 1894 flutti Sigurður til Dakota, söng þar og spilaði í hérlendum söngfélögum og stofnaði síðar söngskóla á Gardar. Þá æfði hann íslenzkan söngflokk til að syngja "Queen Esther". Var það sungið tvívegis á Gardar og þótti prýðilega gert. Var það víst í fyrsta skifti, að íslenzkur söngflokkur söng það ágætis verk.

Árið 1900 fluttist Sigurður til Seattle, Wash., og byrjaði þegar á söngstarfi sínu. Stofnaði "Icelandic Glee Club" og stýrði norsku söngfélagi (Norden) og sænsku (Svedish Club) o.fl., o.fl. Las þá einnig "Harmony" og "Composition" hjá frægum ítölskum kennara og tónskáldi, Signore D'Auria. — Hefir Sigurður aðallega starfað meðal Skandinava og hafa þeir mjög mikið álit á honum. Má því til sönnunar geta þess, að þegar bruninn mikli varð í Aalesund í Noregi fyrir nokkrum árum tóku allir Skandinavar í Seattle sig saman um, að halda samkomu til styrktar hinum bágstöddu, og var þá Sigurði falið að stýra söngnum. Hafa þó víst ýmsir verið allvel færir meðal þeirra. Eitthvað um 200 manns sungu, en áheyrendur full 2000. Þótti Sigurði takast prýðilega, enda mun söngstjórn láta honum bezt.

Allmörg lög hefir Sigurður samið, en ekki er mér kunnugt, hvort nokkuð þeirra hefir verið prentað annað en "Vormorgun", sem hlotið hefir lof mikið. Auk þess hefir lofsorði sérstaklega verið lokið á Skagafjörður (Matth.Joch.) og Vor (Þorst. Erl.) og Hannes Hafstein (Matth. Joch.).

Í vetur er leið stofnuðu landar í Seattle söngfélag, er þeir nefndu "Svanur". Er Gunnar Matthíasson formaður þess, en Sigurður söngstjóri. Söng félagið tvívegis opinberlega og hlaut hrós mikið. Þótti bera langt af öðrum slikum félögum. Er það félag nú um það leyti að taka til starfa aftur, eftir sumarhvíldina.

Ætti ég að geta þess, hvað ég persónulega met mest hjá Sigurði viðvíkjandi sönglist, þá er það, hve fljótur hann er að finna og viðurkenna, hvað vel er gert hjá öðrum, ásamt því að vera ávalt fús og reiðubúinn til að hjálpa og leiðbeina þeim, er auka vilja þekkingu sína í söng og tónfræði að einhverju leyti. Hann er þar með lífi og sál. S.

— Bankastjóri einn í Brockville, Ont., hefir verið dæmdur í fangelsi fyrir að nota nokkuð af fé bankans í eigin þarfir sínar.

Til sölu

eða í býttum við fasteign í Winnipeg, eru 2 góðar bújarðir í Alftavatnsbygð, nálægt vagnstöðvum. Nánari upplýsingar að 847 Home St., Winnipeg.

Wall Plaster

"EMPIRE" VEGGJA PLASTUR kostar ef til vill ögn meira en hinar verri tegundir, —en berið saman afleiðingarnar.

Vér búum til:

"Empire" Wood Fibre Plaster
"Empire" Cement Wall "
"Empire" Finish "
"Gold Dust" Finish "
"Gilt Edge" Plaster of Paris
og allar Gypsum vöruutegundir. —

Eigum vér að senda yður bækling vorn?

BÚIÐ TIL EINUNGIS HJÁ
MANITOBA GYPSUM CO. LTD
SKRIFSTOFUR OG MILLUR Í
Winnipeg, - Man.

Heimskringla
Published every Thursday by The
Heimskringla News & Publishing Co. Ltd

Verð blaðsins í Canada og Bandar $2.00 um árið (fyrir fram borgað). Sent til Íslands $2.00 (fyrir fram borgað af kaupendum blaðsins hér $1.50.)

B. L. BALDWINSON
Editor & Manager

Office:
729 Sherbrooke Street, Winnipeg
P. O. BOX 3083. Talsími 3512.

Heim og hingað.

Öllum hefir komið saman um það, bæði þeim, sem á Íslandi búa, og hinum, sem þaðan hafa flutt hingað vestur, að mikill meirihluti þeirra, sem vestur flytja, beri í bejóstí sér löngun til að líta ættjörð sína aftur. Einkanlega er þetta svo um hið eldra fólk, að margt af því langar á fyrstu árum sínum hér til þess að heimsækja aftur ætjörðina, þegar það sé búið að safna svo efnum, að það geti staðið sig við að verja nauðsynlegum tíma og efnum til ferðarinnar. Þessi löngun er jafnan sterkust á fyrstu árunum eftir að hingað er komið, en sem dofnar eftir því, sem dvölin lengist hér í landi, — og svo fer þá vanalega, að þegar dvölin er orðin svo löng, að fólkið hafi efni til ferðarinnar, þá er það vanalega búið að festa sig á ýmsan hátt þannig, að það má ekki eyða tímanum til heimferðar.

Algerlega er óhætt að fullyrða, að mikill fjöldi manna og kvenna þeirra, sem hingað flytja, geta, ef viljinn er nógur, heimsótt ættjörðina eftir þriggja ára dvöl hér vestra, sé það ekki stjórað niður með ómögum. En einatt fer það svo, að þegar efnin eru fengin, þá er heimþráin orðin svo dauf, að það kýs að fresta ferðinni, "svona fyrst um sinn", og hjá flestum verður þetta "fyrst um sinn" svo langdregið, að aldrei verður af heimferðinni, nema í einstökum tilfellum þar sem þeir eiga hlut að máli, sem léttum hala hafa að veifa. Þó hafa á síðari árum allmargir Vestur-Íslendingar horfið heim aftur. En í lang-flestum tilfellum hafa þeir komið aftur von bráðar, jafnvel þeir, sem héðan hafa farið með þeim einlæga ásetningi, að setjast þar að algerlega.

Hvers vegna verður dvölin þar heima svo skammæ hjá þessum Vestur-Íslendingum? Er það af eintómu kvíkyndi, eða á það sér dýpri rætur? Og ef svo, hverjar eru þær rætur? Vér hyggjum, að þær séu margvíslegar. Meðal annara þessar:

1. Þeir, sem heim fara, fara þangfremur til þess að finna ættingja og vini og til að dvelja hjá þeim, heldur en af nokkurri ást til landsins, sem slíks, þótt það sé fósturjörð þeirra. Fáir eða engir mundu sækja austur um haf eingöngu til þess að sjá landið, ef ekki væru þar fyrir ættmenn og kunningjar, sem þeir höfðu alist upp með frá blautu barnsbeini. Þeir eiga þar börn eða foreldra, systkini og aðra nánfrændur. Það er þetta fólk, sem þeir fara til að heimsækja — en ekki landið. En svo opnast þeim nýr heimur, er heim kemur. Þeir finna landið sjálft eins og það var, hvorki betra né verra; landslögun, jarðmyndun og loftslag er þar eins og þegar þeir fóru að heiman, — breyting er þar engin á, eða ekki svo stórvægileg, að hún hafi nokkur áhrif á hugi þeirra. En samt er breytingin orðin mikil, þeim óvænt og ógeðfeld. Fólkið hefir breyzt í þeirra augum. Ef til vill finna þeir þó ekki til þess, sem mestri breytingu hefir tekið, — það eru þeir sjálfir, heimkomnu Vestur-Íslendingarnir. Þeir hafa, sér óafvitandi áreiðanlega, orðið svo samgrónir landi og lífnaðarháttum hér vestra, að þeir verða þess fyrst varir, er þeir eru heimkomnir, að þeir geta enganveginn felt sig við umskiftin. Vinir þeirra og ættmenn taka þeim með allri blíðu og breyta við þá eins vel og þeim er eiginlegt. En eitthvað er það þó, sem tekið hefir svo mikilli breytingu frá því, sem þeir vöndust á fyrri árum, að þeir geta ómögulega felt sig við ástandið eins og þeir verða þess varir. Þeir sjá nú, að alt hörfir við þeim nokkuð óðruvísi, en þeir áttu von á áður en þeir lögðu af stað héðan að vestan. Jafnvel þeirra nánustu vinir og ættingjar, sem þeir voru samrýmdir meðan þeir dvöldu samvistum við þá — þó þeir hafi engri annari breytingu tekið en þeirri að verða eldri en þeir áður voru — eru nú samt svo mjög óðruvísi, en Vestur-Ísl. höfðu gert sér von um, að þeir kunna ekki eins vel við þá; hugsunarháttur þeirra getur nú enganveginn samrýmst hugsunarhætti hinna heimkomnu, eins og áður var, og samhúðin verður þeim því ekki eins ánægjuleg og þeir höfðu gert sér hugmynd um að hún yrði. Þetta verður þeim vonbrigði.

2. Þó að veðuráttan á Íslandi hafi ekki tekið neinum breytingum síðan Vestur-Íslendingurinn flutti úr landi, og þó að kuldinn hér í Canada sé enganveginn minni, og enda talsvert meiri með köflum á veturna heldur en heima, þá er það samt einhvernveginn svo, að honum finst nú alt meira til um kuldann heima heldur en áður fyrri meðan hann bekti ekki annað loftslag. Honum finst hann næða gegn um hold og merg, þó langt sé komið fram á vor, og hann smýgur einhvernveginn svo þræsingslega um mann, að Vestur-Íslendingnum finst ekki við það unandi. Þetta orsakast af sjáfar-rakanum salta, sem er þar í loftinu. Hér vestra er loftslagið þurt og menn búa sig viðunandi skjólfötum, svo að kuldinn þvingar þá ekki. En sumarhitarnir á hinn bóginn þvinna blóðið og gera mann viðkvæmari fyrir öllum óvanalegum breytingum. Líkaminn endurskapast hér á fárra ára tímabili, svo að þegar V.-Ísl. kemur heim, þá er hann í raun réttri alt annar maður en þá er hann fór að heiman, hafi hann dvalið langvistum hér vestra. Og þetta orsakar það, að hann þolir loftslagið miklu ver, er hann kemur héðan að vestan, en hann þoldi það áður en hann flutti úr landi. -- Þetta einnig eru honum vonbrigði.

3. Atvinnuvegirnir, sem hann ólst upp við meðan hann dvaldi í heimahögum, eru nú orðnir honum svo ókunnir og ógeðfeldir, að hann kann ekki við þá. Hér vestra hefir hann vanist alt öðrum vinnubrögðum, og miklu hærra kaupgjaldi, reiðilega borguðu í peningum og eftirtölulaust. Honum finst hann verða að vinna heima fyrir hálfum launum, og minna en það, frá því sem hann hefir hér vanist, og í flestum tilfellum hefir sú reynd á orðið, að hann hefir ekki getað sætt sig við þau kjör, sem boðist hafa. Vinnan hefir verið alt óðruvísi og launin alt lægri en hann hefir vanist vestra. Og þetta hefir orðið honum vonbrigði. Jafnvel mörg sú vinna, sem hann fyrrum stundaði með glöðu geði, getur hann nú ekki felt sig við, og það þótt hún sé engu lakari en sú, sem hann hefir hér stundað.

4. Nú finnur hann það, þegar hann kemur heim til ættlandsins, að lífskostnaður allur er þar miklu hærri en hann var fyrr á árum, þegar hann þekti til, og hann verður þess var, að krónan er í sannleika smár peningur, og að notagildi hennar er nú orðið miklu minna, en hann hafði gert sér í hug að verða myndi. Hann finnur að fljótt eyðist fé hans, — miklu fljótar, en hann hafði gert ráðgert um. Þetta eru honum vonbrigði.

Annað atriði, sem honum kemur ókunnuglega fyrir, eru þeir skattar, sem lagðir eru á hann, þegar hann kemur heim, — skattkröfur, sem hann hefir ekki þekt hér vestra, og sem eru þess eðlis, að hann alls ekki vill láta þvingast til að mæta þeim. Honum finst þá alt of mjög vera þrengt að sinu persónulega frelsi. Og það hafa sagt oss menn, sem héðan hafa flutt til átthaganna fornu, að þessar skattkröfur hafi verið sú vogstöng, sem mest ýtti undir útflutning þeirra hingað aftur. En vitanlegt er það, að hér var að ræða um menn, sem engan fastan atvinnuveg höfðu í landinu, voru þar til þess — ef svo mætti að orði kveða — að eyða fé sínu í landinu til hagnaðar þeim, sem þar voru fyrir, og þeim fanst það svo ósanngjarnt, að heimtaðir væru af þeim skattar, eftir minna en tveggja mánaða dvöl í landinu, að þeir vildu ekki lúta þeirri kúgun. Hér í landi dettur engu sveitafélagi í hug, að skattleggja þannig ferðamenn, sem engar eignir eiga, fastar eða lausar, aðrar en peninga sem þeir lifa á. Og sjálft hefir Ísland ekki annað úr býtum fyrir ágengni þessa, en að missa af því fé öllu, sem þessir menn myndu eyða heima, væru þeir látnir óáreittir og undanþegnir slíkum kúgunarkröfum.

5. Ef til vill hefir ekkert eins mjög stutt að því, að reka eða neyða þá Vestur-Íslendinga til vesturferðar aftur, eftir að þeir höfðu komið þangað heim, eins og hin almenna grunsemi, sem jafnan legst á hvern þann mann héðan að vestan, er þar festir fót, á ættjörðinni, að hann sé "leyni-agent", sérstaklega gerður út af stjórnum þessa lands til þess að vinna að útflutningi fólks frá Íslandi, og þau ruddalegu og óverðskulduðu brixlyrði, sem Vestur-Íslendingarnir verða fyrir: að þeir séu lævísir þorparar, sem sigli undir fölsku flaggi og sitji á svikráðum við landið. Það er víst alveg óhætt að fullyrða, að hver einasti Íslendingur, karl eða kona, sem til Íslands hafa flutt héðan að vestan, hafa orðið fyrir slíkum brixlum frá ýmsum ruddamennum og ófyrirleitnum afglöpum þar heima, og það er enginn hlutur eðlilegri en að heiðarlegir þrívat ferðamenn firtíst við slíkar móttökur, því að þær eru svo algerlega þverötugar við alt það, er telja má mannúð og velsæmi, og einnig algerlega ólíkt öllu því viðmóti, sem Íslendingum er sýnt, er þeir koma hingað til landsins. Að vísu má Vestur-Íslendingum í léttu rúmi liggja þessi grunsemd, ákærur og brixlyrði, því að enginn glæpur væri það, þótt þeir hvettu landa sína til vesturferðar. Og það væri ekki leiðum að líkjast, þótt þeim væri líkt við agentana, því að þeir einir menn hafa ennþá verið sendir í þeim erindagerðum til Íslands, að ekkert land þarf að blygðast sín fyrir þá. Vér vitum ekki betur, en að agentarnir, sem sendir hafa verið heim af stjórnunum hér á liðnum árum, séu alt eins heiðarlegt drengjaval eins og mögulegt vrði að safna saman, hvar sem leitað væri um alt Ísland. Og allir hafa það verið menn, sem ekki unnu í leyni, heldur létu gjörvallan landslýð vita, hverjir þeir væru og í hvaða erinda gerðum þeir væru komnir. En margir þeir Vestur-Íslendingar, er heim hafa flutt, eru þannig skapi farnir, að þeir vilja ekki una við að vera álitnir unnað en það, sem þeir í raun réttri eru. Og ýmsir, sem heim hafa farið, hafa beint sagt, að þetta hafi flæmt þá vestur aftur. Þeir mættu hvarvetna sönnu ákærunum og hverskyns ruddamensku viðmóti, sem engum heiðarlegu hugsandi manni er sæmandi né viðunandi. — Alt þetta eru þeim vobrigði.

Margar fleiri orsakir mætti til þess leiða, að Vestur-Íslendingar fá ekki unað hag sínum heima, — enda hefir sú raun á orðið, að lang-flestir þeirra hafa horfið vestur aftur. Þeir hafa fengið mæli reynslunnar fyrir því, troðinn, skekinn og fleytifullan, að alt blaðagumið þar heima um hlýtt hugarþel heimaþjóðarinnar til Vestur-Íslendinga, er eintómt nasaveður, að hugur fylgir þar ekki máli og að undir niðri er hatrið svo biturt til lands og ættmenna hér vestra, að þeim er ekki þolað það, að þeir tala satt um landið hér vestra, þegar þeir koma heim til Íslands.

"Suðurland"

Svo heitir nýtt vikublað, sem byrjað var að gefa út á Eyrarbakka í júní sl. Það er í sama broti og Þjóðviljinn, 4 bls. á viku. Frágangur allur smekklegur, letur skýrt og stórt. Stefna blaðsins, eins og hún er auglýst í fyrsta blaðinu, er að það skuli vera -- "laust við stórpólitík og forðast allan flokkadrátt, en ræða málefni er snerta landbúnað og verða megi þeim atvinnuvegi til eflingar; einnig önnur atvinnumál og menta mál, vega- og samgöngu-mál; svo og fræðandi greinar um þau efni, sem alþýðu varðar mest",— ætlar blaðið einnig að flytja. Aðallega er blaðið stofnað til þess, að annast um hagsmuni héraðanna í suðaustur undirlendi Íslands.

Þau 13 eintök, sem komin voru út af þessu blaði fram að 8. sept. sl., hafa Heimskringlu verið send. Þau sýna, að hinni auglýstu stefnu hefir nákvæmlega verið fylgt, og haldi blaðið þann veg áfram framvegis, þá má ætla, að það verði með nytsömustu blöðum landsins.

Útgefendur eru "Prentfélag Árnesinga". Í stjórn blaðsins eru: Séra Gísli Skúlason á Stórahrauni Guðm. Þorvarðarson hreppstjóri í Sandvík og Oddur Oddsson gullsmiður á Eyrarbakka. Auk þeirra eru þeir Guðm. Sigurðsson sýslunefndarmaður, Helgi Jónsson sölustjóri og Jón Jónatansson búfræðingur í ritnefnd.

Verð blaðsins er 3 kr. á ári.

Liberalar og tollmálið.

Eftir Árna Sveinsson

Í ritgerð, sem birtist í Lögbergi 4. ágúst síðastl., er staðhæft, að aðalmálið, sem stjórnmálaflokkunum hér í Canada ber á milli, sé tollmálið; en þar sem slík staðhæfing er mjög fjarri sanni, og í mótsögn við stefnu og framkvæmd ir Mr. Lauriers, og meðráðenda hans, virðist mér ekki úr vegi, að taka til íhugunar afstöðu þeirra í sambandi við það málefni, fyrir og eftir árið 1896, og draga fram á sjónarsviðið framkomu beirra eins og hún hefir verið, og er í raun og veru. Til þess að komast að réttri niðurstöðu, og leiða sannleikann í ljós, virðist mér bezti og beinasti vegurinn, að taka nákvæmlega til yfirvegunar þeirra eigin orð og gerðir í sambandi við þetta stórmál þjóðarinnar. Mun ég því tilfæra nokkra kafla úr ræðum þeirra og ritum viðvíkjandi tollmálinu. Og þá að sjálfsögðu byrja með kafla úr ræðu Sir Wilfrids, — er hann flutti á hinum nafnfræga flokksfundi liberala árið 1893 — sem hljóðar þannig:

"Það er tekið af fólkinu í Canada yfir $20,000,000.00 á hverju ári með tolla-álögum. Ef hvert cent innheimt gegnum áhrif verndartollanna, gengi í ríkissjóðinn, væri það þolandi; en fyrir hvern dollar, sem gengur í féhirzlu þjóðarinnar, lenda $2 til $3 í vasa hinna verndaðu verksmiðjueigenda. Ég, — sagði Mr. Laurier — mótmæli slíku. Ég segi það: ekki cent ætti að vera innheimt fyrir utan það, sem nauðsyn landsins krefur. Vér viljum leggja á skatta fyrir tekjur, en ekki eitt cent af verndartolli. Skatta-álögur eru skaðlegar, sem ekkert nema þarfir ríkisins geta réttkætt. Þegar vér höfum — (og ég vil ekki selja skinnið af birninum fyrr en hann er skotinn, en ég hygg að conservative björninn (the Tory bear) sé um það að vera fleginn) — þá viljum vér létta verndartollinum af fólkinu, sem er svik og blekking og rán; því það er rán, að taka peninga frá einum manni og gefa öðrum".

Mjög lík þessu, að efni og orðfæri, er ræða Mr. Lauriers þegar hann flutti íbúum Winnipeg borgar fagnaðarboðskap Liberala 1894.

"Ég kem til þess, að leggja fyrir ykkur stefnu liberal flokksins í stjórnmálum. Stjórnmálahugsjón vor má endurtakast með hinu góða e.-saxneska orði "freedom" (frelsi) í orðsins fylstu merkingu. Frelsi í ræðum, frelsi í framkvæmd um, frelsi í trúlífi, frelsi í bjóðlífi, og síðast en ekki sízt, frelsi í verzlunarlífinu. Í sambandi við hið amerikska lýðveldi, er línan, sem aðskilur frjálslynda flokkinn og íhaldsflokkinn, — spursmálið um frjálsa verzlun, — þeir standa með þrældómi, vér stöndum með frelsi. Ég fordæmi fyrirkomulag verndartollanna sem þrældóm, já, þrældóm, og ég meina þrældóm í sómu merkingu, sem hið amerikska þrælahald var þrældómur. Ekki á sama stigi, ef til vill, en á sama hátt. Á sama hátt er fólkið í þessu landi — og sérílagi íbúar Winnipeg borgar — að vinna fyrir húsbónda, sem tekur — ekki hvert cent af ágóðanum — en mjög stóran hlut af því, sem þið erfiðið og sveitist fyrir. Ég segi ykkur ekki, að vér þurfum ekki að leggja á neina skatta; en ég segi það, að stjórnin hefir engan rétt til þess, að taka eitt cent frá þér eða mér, nema það sem nauðsynlegt er fyrir tekjur ríkisins. Ef stjórnin tekur nokkurn hlut þar yfir, hvort sem sá hluti er stór eða smár, til þess að gefa hann einhverjum öðrum, þá er hún eins mikill ræningi og sá ræningi, sem setur skambissu fyrir enni þér og segir: þína peninga, eða þitt líf". —

Það mun varla mögulegt, að skýra betur stefnu Liberala í tollmálinu, eða gefa ákveðnari loforð um afnám verndartollanna, en Laurier gerði fyrir árið 1896. En hvort þar hefir hugur fylgt máli, er mjög efasamt; að minsta kosti hefir því verið haldið fram, að eftir einu verzlunarfrelsis leiðangur hans, hafi hann látið verksmiðjueigendur vita, að þeir þyrftu engu að kvíða, tollvernd yrði ekki afnumin, þótt Liberalar kæmust til valda. Hvort sem þetta er sannleikur eða ekki, þá er það í samræmi við stefnu og framkomu Liberala síðan þeir tóku við völdum; þeir viðhalda tollvernd enn, og ekki var Mr. Laurier lengi að breyta stefnu sinni eftir að hann var kominn til valda — það er að segja, ef hann hefir nokkurn tíma haft nokkra ákveðna stefnu í stjórnmálum — því orð hans og framkvæmdir, einkanlega að því er tollmál snertir, virðast bera greinilegan vott um stefnuleysi, eins og eftirfylgjandi orð hans sanna: "Liberal flokknum mega tilheyra þeir, sem hafa verzlunarfrelsis hugsjónir, og þeir, sem hafa tollverndar hugsjónir. Ég — fyrir mitt leyti — hneigist hvorki á eina hlið eður aðra". Sömuleiðis virðist ræða sú, er hann flutti í Massey-Hall 1901, ekki vera í samræmi við loforð hans og stóryrði fyrir 1896, því þá fórust honum orð á þessa leið:

"Það hefir verið sagt, 'sæll er sá maður, sem hefir enga sögu', og það má eins með sönnu segja, sæl er sú þjóð, sem hefir enga sögu.— Ég er í þeirri einkennilegu stöðu umbótamanns, sem ekkert hefir til að endurbæta. Það voru þeir tímar, að ég vildi endurbæta alt; en nú á dögum er ég talsverður íhaldsmaður; fyrir mitt leyti er ég ekki reiðubúinn til þess að breyta því, sem á yfirstandandi tíma er alveg rétt".

Samkvæmt framanskrifuðum orðum Mr. Lauriers, er tollmálið ekki lengur ágreiningsmál milli flokkanna, alt er í svo góðu lagi, að hann hefir ekkert til að endurbæta, og þá verndartollafyrirkomulagið alveg rétt; enda lætur Mr. Fielding — sjálfur tollmálaráðgjafi Lauriers — sömu skoðun í ljós með þessum ótvíræðu orðum:

"Ég vona, að ég geti sagt það, að tollmálið sé að mestu utan við stjórnmál, því ef bið viliið leggja á ykkur þá fyrirhöfn, að lesa þingræðurnar í Ottawa, munu þið komast að þeirri niðurstöðu, að það er ekki mikill skoðanamunur með hinum miklu stjórnmálaflokkum í Canada í sambandi við tollmálið".

Hér höfum vér einnig orð Mr. Fieldings fyrir því, að tollmálið er ekki lengur ágreiningsmál milli flokkanna, það er að mestu utan við stjórnmál; og þá að sjálfsögðu hafa Liberalar gengið inn á stefnu íhaldsmanna, þar sem þeir enþá viðhalda tollvernd. Enda virðist, að liberal-blaðið Montreal Witness, skilji þessa yfirlýsinu Mr. Fieldings á þá leið, því henni viðvíkjandi kemst það þannig að orði:

"Ef þetta meinar nokkuð, þá hefir það þá þýðingu, að "Manufacturers" hafa fengið rétt til þess að leggja skatta á fólkið, svo langt, sem hinn núverandi verndartollur nær. En hvar er nú öll röksemdaleiðsla Liberala áður en þeir komust til valda? Hvar er nú alt böl og ólán verndartollanna, sem allir liðu svo mikið við meðan Conservativar héldu völdum? Nú eru ekki lengur tvö flögg. Það lítur svo út, sem óvinirnir séu bræður. Dvíð kastar nú ekki steinum að tröllinu, og Delila hefir skorið lokkana af Samson".

Þannig lítur Montreal Witness á samkomulag flokkanna í tollmálinu. Sannarlega álítur það ekki, "að tollmálið sé aðalmálið, sem flokkunum ber á milli". Það er heldur ekki von á slíku, þar sem sjálfur Mr. Fielding álítur það að mestu utan við stjórnmál, — þótt Lögberg þykist vita betur.— Ráðgjafarnir og málgögn þeirra levna því alls ekki þar eystra, að stjórnin viðhaldi tollvernd. Þeir vilja jafnvel koma ábyrgðinni á Conservativa, hvað toll-lækkun snertir, vegna þess, að á síðustu stjórn, árárum þeirra, var tollurinn lækkaður meira en Liberalar hafa gert á síðastl. 14 árum. Því til sönnunar set ég hér orð liberal-blaðsins Brantford Expositor.

"Fyrir hinn aukna innflutning á Bandaríkja verkfærum hvílir mikill hluti af ábyrgðinni á "Tory" flokknum, sem færði tollinn úr 35 prósent niður í 20 prósent. Liberalar hafa ekki fært hann niður úr því. En þeir hafa sett verksmiðjueigendur í betri afstöðu til að mæta samkepni Bandaríkjamanna með því að lækka tollinn á ónunum vörum (raw material)".

Í sama strenginn tekur conservativa-blaðið Halifax Herald viðvíkjandi toll-lækkun flokkanna, — með eftirfylgjandi orðum:

"Árið 1888 var tollurinn að meðaltali á öllum aðfluttum vörum 22 prósent, en árið 1895 hafði Conservative stjórnin fært það meðaltal hér um bil niður í 17¾ prósent — niðurfærsla á 7 árum 4¼ prósent. Eftir tvær atrennur við endurskoðun toll-laganna hefir Laurier stjórnin fært meðaltalið niður í 16½ prósent, niðurfærsla á fjórtán árum 1¼ prósent. Svo viðvíkjandi toll-lækkun þolir Laurier-stjórnin ekki samanburð við vernd artolla-stjórnina, sem var við völdin á undan henni".

Hér höfum vér vitnisburð tveggja flokksblaða, og kemur þeim báðum saman um það, að Conservativar hafi lækkað tollinn margfalt meira en Liberalar, og liberal-blaðið vill ekki að sinn flokkur beri ábyrgðina af þeirri óhæfu, en telur honum það til gildis, að hann hafi fært niður tollinn á ónunum vörum, sem nauðsynlegar eru við tilbúning akuryrkjuverkfæra, og þar með sett verksmiðjueigendur í betri afstöðu en þá, sem þeir voru í, þegar Mr. Foster skildi við þá. En nú eru verksmiðjueigendur í Canada, setu framleiða ónunna vöru (raw material). Skyldu þessir náungar hafa verið ánægðir með niðurfærslu tollsins, á þeim vörum, sem þeir framleiða? Nei, alls ekki. En Laurier-stjórnin varð ekki ráðalaus; og til þess að geta gert þá ánægða, hefir hún dregið dollara, svo miliónum skiftir, beint úr ríkissjóði og gefið málmsteypufélögunum. Það eru því að eins verksmiðjueigendur, sem hafa hag af nefndri tollækkun; því gjaldþegnar ríkisins greiða þennan aukaskatt til félaganna, gegnum ríkissjóðinn, sem auðvitað evkur gjaldbyrði þeirra og útgjöld ríkissjóðs.

Þótt svo virðist, sem Mr. Sifton hafi gengið inn á verndartollastefnu Conservativa, og sé nú á móti toll-lækkun, og áliti núverandi tollalöggjöf yfirleitt sanngjarna, svo að æsingakröfur um frekari niðurfærslu séu ekki líklegar til að hafa heillavænlegar afleiðingar, — þá kom hann þó fram sem ákveðinn verzlunarfrelsismaður fyrir 1896, og sá þá alt af betur og betur skaðsemi verndartollanna, sérstaklega að því leyti, sem það snerti jarðyrkjuverkfæri; og rökstuddi þá skoðun sína með mörgum og ljósum dæmum, sem áttu að sanna, hve mikið fé lenti í vasa verksmiðjueigenda fyrir áhrif verndartollanna, í samanburði við það, sem gengi í ríkissjóðinn. Það aukagjald sagði hann fólkið þyrfti að borga, og lagði fram þá spurningu, hvort ekki myndi betra að hætta við flokkaskifting og gera eitthvað til hagsælda fyrir landið. Og þá einkanlega að því leyti, sem það snerti velferð bændanna; vegna þess, að lífsnauðsynjar allra kæmu á einn eða annan hátt frá bændunum. Nú eru liðin 14 ár síðan Liberalar komust til valda, og Mr. Sifton ávalt verið þingmaður og innanríkisráðgjafi langan tíma, og þó hefir hann lítið unnið að velferð bændanna viðvíkjandi tollmálinu. Miklu fremur beitir hann áhrifum sínum í gagnstæða átt, eins og kemur fram í bréfi, er hann hefir nýlega ritað, og í einni kosningaræðu, er hann flutti í Brandon, þar sem hann kemst þannig að orði:

"Vér færðum niður tollinn á sumum vörum 5 til 10 prósent, en á sjálfbindurum og sláttuvélum var það ómögulegt, vegna þess að innflutningur á þeim vélum var að vaxa svo fljótlega, að það var nálega víst, að ef vér hefðum fært niður tollinn, þá hefði Canada verksmiðjurnar að miklu leyti eyðilagst".

Hér kemur greinilega fram verndartollastefna Liberala, og prinsipið er hið sama hjá báðum flokkunum, nefnil. það, að halda tollinum svo háum, að hann veiti verksmiðjueigendum nægilega vernd — fyrir samkepni utanríkismanna — til að leggja aukaskatt á þjóðina, sem dregur miklu hærri fjárupphæð í þeirra vasa, en tekjur ríkisins eru gegnum verndartollana, — eins og Mr. Laurier sjálfur staðhæfði — fyrir 1896. Enda mintu bændur hann rækilega—í sumar -- á þá staðhæfing hans. Og þeir rökstuddu hana með því, að benda honum á, að undir hans stjórn og tollalöggjöf, hefðu bændur borgað í ríkissjóð árið 1906 toll á innfluttum jarðyrkjuverkfærum að eins $323,024. En þá hefði tollurinn á heimatilbúnum jarðyrkjuverkfærum, að sama hlutfalli, numið $2,567,149, sem auka-gróði fyrir "Manufacturers", tekinn frá bændunum. Og ennfremur sýndu þeir fram á, að síðastliðið ár hefði tollur á aðfluttu cementi verið að upphæð $159.077 í ríkissjóð. En á sama tíma hefði cement einokunarfélagið dregið í sinn sjóð, sem aukaborgun fyrir áhrif hátollanna, hér um bil $1,740,000, frá þeim, er keyptu cementið.

(Niðurlag).

FRIÐRIK SVEINSSON tekur nú að sér allar tegundir húsmáling, betrekking, o.s.frv., að líf Eikarmálning fljótt og vel af hendi leyst. Heimili 443 Maryland S

ROBLIN HOTEL
115 Adelaide St. Winnipeg
Bezta $1.50 á-dag hús í Vestur-Canada. Keyrsla ókeypis milli vagnstöðva og hússins á nóttu og degi. Aðhlynning hins besta. Viðskifti Íslendinga óskast. OLAFUR G. ÓLAFSSON, Íslendingur, afgreiðir yður. Heimsækjið hann.—
O. ROY, eigandi.

The Farmer's Trading Co.
(BLACK & BOLE)
HAFA EINUNGIS BESTU VÖRUTEGUNDIR.
Einu umboðsmenn fyrir:—
"SLATER" Skóna góðu.
"FIT-RITE" Fatnaðinn.
"H. B. K." prjónafélagið.
"HELENA" pils og 'waist' kvenfatnaði.
Bestu matvörutegundir.
"DEERING" akuryrkju verkfæri o, s. frv.
Beztu vörur Lágt verð
Fljót og nákvæm afgreiðsla.
Farmer's Trading Co.,
THE QUALITY STORE
Wynyard, Sask.

JIMMY'S HOTEL
BEZTU VÍN OG VINDLAR.
VÍNVEITARI T.H.FRASER.
ÍSLENDINGUR.
James Thorpe, Eigandi

MARKET HOTEL
146 PRINCESS ST. á móti markaðnum
P. O'CONNELL, eigandi, WINNIPEG
Bezta tegundir af vínföngum og vindlum, aðhlynning góð, húsið endurbætt

Woodbine Hotel
466 MAIN ST.
Stærsta Billiard Hall í Norðvesturlandinu
Tíu Pool-borð.—Alskonar vín og vindlar.
Gisting og fæði: $1.00 á dag og þar yfir
Lennon & Hebb,
Eigendur.

JOHN DUFF
PLUMBER, GAS AND STEAM FITTER
Alt verk vel vandað, og verðið rétt
664 No. 2a Dame Ave. Phone 8815
Winnipeg

A. S. TORBERT'S
RAKARASTOFA
Er í Jimmy's Hótel. Besta verk, ágæt verkfæri; Rakstur 15c en Hárskurður 25c. — Óskar viðskifta Íslendinga.—

A. S. BARDAL
Selur líkkistur og annast um útfarir. Allur útbúnaður sá bezti. Enfremur selur hann allskonar minnisvarða og legsteina.
121 Nena St. Phone 306

Minni Íslands.

(Flutt að Wynyard, Sask., 2. ágúst 1910)

Í æskunni hétum vér Íslandi tryggð,
sem atvikin blind hafa rofið, —
vér lengum ei sigrað þá breyting og bryggð,
sem brautgöngu lífs vors er ofið,
og ættjörð oss fyrra nú órofa höf
og Ísland er mörgum sem nárinn í gröf.

Og burt eru vonir, sem æskan oss ól
og Íslandi helguðum forðum, —
þær hurfu með ættlandsins síðustu sól
og síðustu frumvina orðum. —
Vér söknum þess enn, sem með æskunni hvarf,
þá ættjörðu misstist vor hugur og starf.

Nú minnumst vér Íslands, sem móður í gröf, —
sem misstum, en elskuðum forðum,
vort saknaðartár er hin síðasta gjöf,
er sendum í lánýtum orðum.
Vér óskum að börn þín, sem eiga þar byggð,
þar efni nú heit sín og loforð og tryggð.

Vér vonum, þótt okkur sé ættjörð sem gleymd,
sem aldrei þar stigum á grundu,
að enn sé hún dugandi ástmögum geymd,
sem eigi sér göfuga lundu,
og verði þeir Íslandi viðreisnargjöf
og vaxi sem rósir á dáinna gröf. —

Og vertu þeim Ísland sem ylgeisla-dís,
þá árin og dagarnir líða
og vek þá af draumum, þá vorsólin rís, —
sem vernd þinna arfbornu lýða, —
vek hetjurnar aftur, sem hurfu þér fyr, —
með heitlestu, sigur og framkvæmdabyr!

Ver ljós vort í austri, og lýs yfir haf,
sem ljómi þar eilífur dagur,
og ljá þú oss mál þitt sem leiðsagnarstaf, —
þá lifir vor framtiðarhagur, —
svo lengi vér eigumið íslenzka mál
vér íslenzkir verðum í hjörtum og sál.

Styrkárr V. Helgason.

LEIÐRÉTTING.

Herra ritstjóri Heimskringlu.

Það hafa, því miður, þó nokkrar prentvillur slæðst inn í vísurnar, sem mér duttu í hug, er mér barst andlátsfregn Magnúsar lögsóknara Brynjólfssonar í Cavalier, N. D., sem prentaðar voru í 46. tölublaði Heimskringlu, dags 18. í. m., og verð ég því að biðja um rúm í blaðinu fyrir þessa leiðréttingu.

Í þriðju vísunni hefir samtengingarmerki (-), sem var framan við nafnorðið "félag" (þar sem ég, rímsins vegna, varð að skifta eiginnafninu "Menningarfélag" í sundur og setja tvö orð í milli fyrri og síðari hluta þess) fallið í burtu. Svo hefir einnig niðurvítnunarmerkið (*), sem stóð aftan og ofan við orðið "stofnað", í sömu vísu. Það er því ekki hægt að sjá, hvar orðin: "4. febr. 1888", — sem auðvitað áttu að vera neðanmáls, en kemur eins og sá "gamli" úr sauðarleggnum inn á milli vísnanna, — eiga við. Þá eru úrfellis-merkin (') aftan og ofan við nöfn þeirra "Skafta' og Manga'", í fjórðu vísunni, tvöföldð, svo úr þeim verða tilvísunar-merki ("-"), sem er fremur óviðfeldið. — Fyrsta orðið í sjöttu vísunni er prentað "hugnæmt" fyrir hugðnæmt, og fyrstu persónu fornafnið "ég", í síðasta vísuorði í sömu vísu, hefir alveg fallið úr. Þar stendur: "engar heyrði líkar", fyrir engar heyrði ég líkar. — Þá er skapanornar-heitið "Skuld", í áttundu vísu, prentað með litlu s-i, og getur úr því orðið óþægilegur meiningamunur og misskilningur. — En í níundu vísunni er þó langlakasta prentvillan. Þar stendur: "Yfir slíku andans drótt", fyrir Yfir slíku andlaus dróttt (afturhaldsins, kætist).— Þá vantar eignarfalls s-ið í nafnorðið sólskin, í fjórtándu vísunni. Þar stendur: "Um sólskin-auðgan sumardag", fyrir Um sólskins-auðgan sumardag (sárt er að verða' að hátta). — Auk þessa, er nú hefir verið talið, þá hafa nokkur greinar-merki ruglast eða fallið alveg burtu. — Dags. kvæðisins (27. júlí 1910) er rétt, en hún er sett niður á þann hátt, að hún líkist miklu meiraneðanmálsgrein heldur en dagsetningu.

Ég bað þig, ritstjóri góður, á sínum tíma, að leiðrétta eina prentvillu í eftirmælunum um Árna heit. Breiðfjörð, sem birtust í 7. tölubl. Heimskringlu, dags. 18. nóv. í. á., og lofaðir þú mér að gera það, en hefir svo sjálfsagt gleymt því, því leiðréttingin kom aldrei.

Prentvillan, sem hér ræðir um, er í því fólgin, að í 4. vísuorði, í 5. vísu hefir u fallið úr óákveðna fornafninu nokkur. Í blaðinu stendur: "nokkru" fyrir nokkuru, eins og það var í handritinu, og eins og það líka þurfti það vera til þess að bragliðurinn og vísuorðið í heild sinni hefði réttan atkvæðafjölda og rétta áherzlu, samkvæmt réttum þríliðahætti, sem kvæðið er orkt undir.

Kveðskapur minn má alls ekki við því, að aflagast í meðferðinni, — jafnvel hversu lítið, sem það kann að vera.

Victoria, B.C., 30. sept. 1910.

J. ÁSGEIR J. LINDAL.

Íslands fréttir.

Veitingam. í Stykkishólmi nýlega sektaður 180 kr. fyrir óleyfilega vínsölu.

A. J. Johnson með konu sína og barn kom til Reykjavíkur frá Chicago 6. sept. sl.

Óþurkar á Norðurlandi í öndverðum ágúst sl. svo miklir, að töður voru þá farnar að skemmast.

Grímseyingar hafa ákveðið, að koma upp kornforðabúri hjá sér, til skepnufóðurs, nú á þessu komandi hausti, og hefir sýslunefndin í Eyjafjarðarsýslu samið reglugerð fyrir það.

Jón Ólafsson alþm. sektaður í tveimur málum 60 kr. og 90 kr., auk málskostnaðar, fyrir ósæmileg ummæli um ráðherra Íslands. — Ekki verður annað séð, af meiðyrðamálum þeim mörgu, sem um þessar mundir eru fyrir dómstólum Íslands, en að Björn ráðgjafi einn hafi stórum meira vit og laga þekkingu en hin öll stórmennin, sem á móti honum eru, að minsta kosti verða sektarútlátin öll úr þeirra vösum.

Þjóðviljinn, dags. 12. sept. sl., flytur fréttir frá útlöndum. Þar eru fregnir frá Danmörk, Svíþjóð, Bretlandi, Hollandi, Belgiu, Frakklandi, Spáni, Portúgal, Italíu, Balkan-ríkjunum, Þýzkalandi, Finnlandi, Rússlandi, Bandaríkjunum, Nicaragua, Chili, Nýju Guinia, Indlandi og Kóreu, — en ekki eitt einasta orð um Canada eða framfarir hér eða um Íslendinga hér — Íslenzku blöðin heima eru öll samtaka í því, að þegja algerlega um Canada, svo að íslenzk alþýða fái sem fæstar fregnir héðan, þrátt fyrir það, að þetta land er á vfirstandandi tíma eitt af allra-framfaramestu löndum í heimi. Hvers á Canada að gjalda?

Gránufélagið hefir á sl. fjárhagsári tapað að mun á þilskipaútgerð sinni, og gat því engan arð gefið hluthöfum fyrir það ár.

Berklaveikrahælið á Vífilsstöðum nú tekið til starfa, og hafa þegar 20 sjúklingar sótt um inntöku þar.

Gasljós nú nýlega farið að nota á götum Reykjavíkurbæjar, byrjað 1. sept. sl.

Hvalur náðist nýlega á Snæfjallaströnd, sást á reki á sjó úti og var dröslað í land.

Síldveiði mikil á Eyrarbakka og Stokkseyri í byrjun september. En skortur á veiðarfærum og fleiru hamlaði mönnum frá að ná veiðinni.

Enskir málmleitunarmenn hafa verið á ferð um Árnes og Rangárvalla sýslur, og gert samninga við bændur þar um námagröft á jörðum þeirra.

Dr. Jónas Jónassen, fyrrum landlæknir, varð sjötugur 18. ágúst sl. Fánar þá á flestum flaggstöngum í Reykjavík.

Herra Jón Hólm, gullsmiður að 770 Simcoe St., biður þess getið, að hann selji löndum sínum gull- og silfur-muni og gigtarbelti. — Belti þessi eru óbrigðul við gigt, ef þau eru notuð samkvæmt fyrirskipunum Jóns. Kosta að eins dollar og kvart.

Hefir þú borgað Heimskringlu?

Manitoba Elevator Commission

D. W. McCUAIG, Commissioner — W. C. GRAHAM, Commissioner — F. B. MACLENNAN, Commissioner

Aðal skrifstofa: 227 Garry St., WINNIPEG
P. O. Box 2971

Commissioners tilkynna hérmeð Manitoba bændum að þeir hafa fengið framtíðar skrifstofu til starfsnota og að öll bréf skyldu sendast Commissioners á ofan nefnda áritun. Beiðniform og allar upplýsingar sem bændur þarfnast til þess fá kornhlöður í nágrenni sín., verða sendar hverjum sem óskar.

Commissioners óska eftir samvinnu Manitoba bænda í því að koma á fót þjóðeignar kornhlöðum í fylkinu.

WINNIPEG Business College
STOFNSETTUR 1882
Hefsti, hraðritunar, stýlritunar og verslunar skóli í Vestur Canada.— Hlaut 1. verðlaun á St. Louis Sýningunni fyrir kensluaðferðir.
Dag og kveld kensla.
Kent með bréfa viðskiftum ef óskast, atvinna útvegað, hæfum nemendum. Skrifið eftir upplýsingum.
WINNIPEG BUSINESS COLLEGE.
Horni Portage og Fort St. WINNIPEG MAN.

SUCCESS BUSINESS COLLEGE



HORNI PORTAGE AVE. & EDMONTON ST. WINNIPEG.
Kennir samhv. nýjustu aðferðum alskyns verzlunar fræði og Bánkastörf. Einnig hraðritun og stýlritun. Betri verzlunarskóli ekki til í Vestur-Canada. Kenslu stofur þar finst í borginni. Nemendur geta byrjað hvenar sem þeir óska.
Skrifið eftir upplýsingum eða símið MAIN 1664.

ALDREI SKALTU geyma til morguns sem hægt er að gera í dag. Pantið Heimskringlu í dag.

hugboði og ótta. Hún varð þess vör, að eins og hinn vaxandi dagbjarmi stráði ljósi sínu yfir skraut hinna sofandi skógarlunda, þannig birti af degi í henni sjálfri, — — sól ástarinnar stráði sínum blíðu geislum yfir alla tilveru hennar.

Á þessi nýfæddi dagur að verða dimmur eða bjartur? Á þessi upprennandi sól hans að hverfa aftur í dauðans dimmu dali, eða á hún að skína tær og björt frá hvíldarlegri ástarinnar? ——

Ísabella hafði sofnað þenna morgun, en svefn hennar var laus og órólegur eins og fuglanna.

Dálítill hávaði, sem herbergismærin orsakaði þegar hún var að læðast inn til að vita, hvort Ísabella væri vöknuð, með því að koma við borð, sem stóð þar, vakti hana strax.

"Afsakaðu, ungfrú", sagði þernan, þegar hún sá að Ísabella reis upp í rúminu, "afsakaðu að ég vakti þig; það var ekki tilgangur minn".

"Það gerir ekkert, Anna. Hvað er klukkan?"

"Hálf-átta".

"Þá ætla ég strax að fara á fætur. Farðu og segðu ökumanninum, að hann verði að hafa beitt fyrir vagn handa mér kl. 9. Ég ætla að aka til Marienlundar fyrri hluta dags".

"Það skal gert, ungfrú".

Anna fór, en Ísabella fór á fætur án þess að bíða afturkomu hennar.

Smekklegur úrvalsfatnaður jók í dag á hina eðlilegu fegurð hennar, og þegar Anna var komin aftur, og hafði búið um hár hennar, leit hún raunsakandi augum í spegilinn og brosti að fegurð sinni.

"En hvað þú hefir skreytt þig í dag", sagði þernan, "þú sem annars ert svo lítið hneigð fyrir skraut.

Ég má til að segja það, að ég hefi aldrei séð þig jafn fagra og núna, og þess utan ertu svo ánægjuleg, að það gleður mig að horfa á þig".

"Finst þér það?" sagði Ísabella vingjarnlega, en roðnaði. "Mér þykir vænt um það".

"Mig furðar það", sagði Anna, "því þú ert altaf vön að sneypa mig, þegar ég tala um fegurð þína. Hve oft hefirðu ekki sagt við mig, að ég gerði þér enga ánægju með slíku umtali, og að þú virtir fegurðina lítils? Áður hefir þú líka verið í skrautlausum klæðnaði hversdagslega, en nú....."

"Nú", tók Ísabella brosandi fram í fyrir henni, "ertu orðin alt of málgefin, Anna mín góð. Ég hefi í huga, að heimsækja kunningja mína, og því er ekkert undarlegt við það, þó ég búi mig betur en hversdagslega. En yfirgefðu mig nú".

"Já, já", tautaði Anna við sjálfa sig um leið og hún gekk ofan stigann, því herbergi Ísabellu var á efsta lofti, "ég skil alt. Í gær var hún að tala við ungan mann úti í skemtigarðinum, en ég ætla ekki að tala um það. Það var samt gaman, að koma henni í dálítil vandræði. — Nú — nú. Þetta hlaut að koma fyrir hana fyr eða síðar".

Þannig hugsaði Anna..... En hvað gerði Ísabella?

Þegar hún var orðin ein og laus við málgefinu þernuna sína, tók hún rafhjartað, sem Móritz hafði fengið henni, leysti það frá silkibandinu og festi það við gullfesti, sem hún bar um hálsinn.

Og þessi ofundzrverði skrautgripur huldist nú gersamlega af silkifötum ungfrúarinnar.

"Þannig á það að vera", sagði hún með hægð, "þarna skaltu eiga heima, þangað til ég dey. Þú geymir helgar endurminningar".

Hún mundi hafa sagt blóðugar endurminningar, ef hún hefði þekt sögu rafhjartans.

En hún þekti hana ekki. Ætli Móritz hafi gleymt eða virt að vettugi aðvörun Jakobs: Sá, sem ber þennan skrautgrip á sér, hann verður ólánsamur".

Nú kom Anna aftur í þriðja skifti.

"Klukkan er níu og vagninn bíður við dyrnar".

"Það er ágætt.....En, hinkraðu við. Ég hefi breytt áformi mínu. Ég ætla heldur að ganga. Veðrið er svo inndælt og leiðin ekki löng. Fáðu mér sjalið, sólhlífina og hattinn".

Anna gerði það.

"Á ég að láta ökumanninn leysa hestana frá vagninum?" spurði hún.

"Auðvitað; þú veizt að ég ætla að ganga".

Þar eð Anna var vön við hverflyndi lafði sinnar, sagði hún ekkert. Hestarnir voru leystir frá vagninum og Ísabella gekk.

"Hún býst við, að mæta honum á leiðinni", sagði Anna við sjálfa sig. "Það er þess vegna, að hún vill ganga".

Eftir 15 mínútna göngu var Ísabella komin að heimili fyrverandi kennara síns.

Hún gekk inn í stofuna og hitti þar Maríu, sem var að láta morgunverðinn á borðið.

"Góðan morgun!! María mín", sagði Ísabella alúðlega. "Ég sé þú vinnur að skylduverkum þínum.

"Hvað er þetta, Ísabella?" sagði María undrandi, "fórstu ekki til Broby?"

"Nei, mig langaði ekki til að taka þátt í þeirri leiðinlegu ferð. Þú veizt, að ég forðast alt þess konar ráp. Ég er ekki hentug fyrir skrautsali".

"Þú? — En að heyra til þín. Ef að ungu snyrtimennirnir heyrðu þetta, myndu þeir sverja þess dýran eið, að þú værir sól salanna".

"Já, þeir eru skotnir í mér, eða réttara sagt í peningunum mínum. Ef ég ætti þá ekki, myndurðu

heyra þá syngja við annan tón. — En svo við tölum um annað, er maðurinn þinn heima?"

"Já, hann er upp í herbergi sínu að skrifa. Settu þig niður, Ísabella mín, og segðu mér ástæðuna fyrir því, að foreldrar þínir eru reiðir við Hólm og mig"

"Reiðir?" sagði Ísabella vandræðaleg. "Á hvern hátt?"

"Mér var sagt, að fyrir nokkrum dögum hefði verið mannmargt samkvæmi hjá ykkur, en okkur var ekki boðið, eins og venja hefir verið að undanförnu. Þegar þar við bætist, að þú hefir ekki heimsótt okkur um langan tíma, gerði það mig órólega, og gaf mér ástæðu til að ætla, að faðir þinn væri reiður við Hólm".

"Ó", svaraði Ísabella, "ég er hrædd um, að grunur þinn sé réttur. Föður mínum líkar ekki skóli Hólms. En láttu það ekki fá á þig, við skulum vona, að það jafnist með tímanum".

"Guð gefi að það verði", sagði María og stundi. "En hvað hefir faðir þinn að finna að þessum skóla?"

"Við skulum ógresta að tala um það núna. Það er annað, sem mig langar til að minnast á".

"Hvað er það?"

"Þekkir þú — rödd Ísabellu skalf dálítið — þenna unga höfund, sem hefir samið "Rafhjartað"?"

"Móritz Sterner.....já, mjög vel. Hefi ég aldrei sagt þér, að við erum kunnug frá æskuárum?"

"Nei, aldrei".

"Jæja, en við erum það nú samt. Faðir minn var kennari hans".

"Ég veit það", svaraði Ísabella, "og um það leyti bjargaði hann lífi mínu. Hefirðu aldrei heyrt getið um það?"

"Nei, aldrei. Ég hefi heldur aldrei heyrt, að líf þitt hafi verið í hættu statt", svaraði María undrandi.

Ástasaga.

Lauslega þýdd úr "Hugþónshöll" af M. J.

(Niðurlag).

Næsta sunnudag hagaði ég svo ferð minni, að geta mætt henni strax, þegar hún kom inn í listigarðinn, útbúinn með ákveðinn svip, ákveðið ávarp og ákveðna framkomu. — Góðan daginn, Miss Tomson, sagði ég. Hvernig líður þér í dag? — Mér líður vel eins og vant er, segir hún, og um leið sá ég svolitinn glettnissvip í augunum á henni. Nú er hún að hæða mig, hugsaði ég, en lét mér þó hvergi bregða, og segi hiklaust við hana: Mér skildist seinast þegar við töluðum saman, að þú byggist við, að ég hefði einhvern tilgang með því að leitast við að kynnast þér. Þú máske hugsar, að tilgangur minn sé óheiðarlegur, eins og þér þótti spurningar mínar ókurteisar, jafnvel þó bær væru ekki annað en venjuleg aðferð til að byrja með kunningsskap við stúlkur. Af því að við erum orðin svolitið málkunnug, þá vil ég ekki að við skiljum til fulls eins og sakir stóðu seinast. Þú hefir dæmt framkomu mína gagnvart þér ókurteisa, og nú ætla ég að gefa þér tilgang minn til álíta og dómsúrskurðar og segja hann í algerlega hreinskilnu og opinberu formi. Tilgangur minn var og er að leitast við að kynnast þér, einungis með því markmiði, að fá þig fyrir félaga gegnum lífið. Með öðrum orðum: fá þig fyrir eiginkonu. Af því ég elska þig, þá spyr ég þig nú í eitt skifti fyrir öll: Viltu verða félagi minn og konan mín?

Ég átti nú von á, að hún sýndi kulda og reiðisvip, en mér til mestu undrunar, sá ég henni ekki bregða á þann veginn. Hún segir þá við mig: Mér líkar hreinskilni og ákveðin framkoma, og í flestum tilfellum má treysta þeim mönnum, sem á þann hátt sýna líferni sitt. En áður en ég svara spurningu þinni, verð ég að leggja fyrir þig nokkrar spurningar, og fá frá þér svör, því þú hefir sjálfur gefið mér ástæðu til, að grenslast eftir managildi þínu. Spurningar mínar eru þá þessar: 1) Hvað hefir þú komist langt í skólalærdómi? 2) Hefir þú lært nokkurt sérstakt handverk, eða sérstaka fræðigrein, sem þú ætlar að gera að atvinnu þinni? — 3) Hefir þú nokkurt áhugamál, sem þú hefir ásett þér að koma í framkvæmd fyrir almenningsheill? — 4) Hvaða skilning hefir þú á félagsskap þeim, sem þú óskar að ég gangi í með þér? — Hvaða skynsamlega ástæðu færir þú fyrir því, að kjósa mig heldur fyrir félaga þinn, en einhverja aðra konu? — 6) Hefir þú heitbundist nokkurri konu? — 7) Hvað er ást eða kærleikur? — Þegar þú hefir svarað þessum spurningum, skal ég segja álit mitt um þína spurningu, eða réttara sagt, erindi þitt við mig.

Eins og þú skilur, Tom, tóku nú þessar kringumstæður mínar út yfir alt undanfarið, nú var ég kom inn laglega í gildruna. Nú voru að eins tveir vegir fyrir hendi, að flýja sem heigull, eða svara öllum þessum spurningum. Mér kom snöggvast til hugar, að það borgaði sig naumast fyrir mig, að fara að þreyta mig á skynsamlegri hugsun, þar sem líkurnar voru svo litlar fyrir því, að ég gæti svarað á þann hátt, sem mundi vekja hjá henni traust til mín, og þó svo óliklega vildi til, þá hlyti hún að verða mér ósjarl í félagsskapnum. En þá áttaði ég mig á því, að það var óþolandi smán fyrir mig, að láta sjálfstæði ungrar konu yfirbuga sjálfstæði mitt, — og svo gat ég ekki neitað því, að jafnvel þó ég á þeim tíma hálfgert óttaðist hana, þá óx virðing mín fyrir henni og sameiningarþrá við hvert orð, sem hún talaði og hvert augnatillit, sem hún sendi mér. Mér fanst að ég vera nú kominn inn í nýjan hugsjónaheim, og sá nú lífið í alt öðru ljósi, en ég hafði áður gert, og um leið sá ég, að það var undir svörum minum komið, hvernig áform mitt hepnaðist. Því var áríðandi fyrir mig að svara eins og henni mundi vera þóknanlegast. — Ég sagði því við hana: Jafnvel þó ég byggist ekki við svona lagaðri úrlausn á erindi minu við þig, þá ætla ég samt að reyna til að svara spurningum þínum, þó í sem fæstum orðum:

1. spurning: Ég fór aðeins gegnum barnaskóla, 8 stig. — 2) Tvo handverk hefi ég lært, sem ég get gert að atvinnu minni, ef ég þarf á að halda. — 3. Ég hefi mörg áhugamál, sem ég vildi gjarnan geta komið í framkvæmd til heilla fyrir sjálfan mig og aðra. Þar á meðal er útrýming áfengis, jafnrétti manna á öllum svæðum lífsins, og umfram alt, að geta fengið þ i g fyrir félaga og aðstoð í þessu efni. (Nú brosti hún ofurlitið). — 4) Ég skoða hjónabandið jafnréttisfélag. Ég tek til dæmis, að bæði þú og ég hafa óskertan sinn persónulega rétt. En um leiða og við tökum að okkur sameiginlegar skyldur, þá verðum við, sem sameiginleg heild, að uppfylla þær, með sameinuðum öflum og sameinuðu viti. (Nú sá ég nýjan fegurðarglampa í augunum hennar). — 5) Ástæðan fyrir því, að ég kýs þig frekar fyrir konu en nokkra aðra, er það, að ég hugsa að það sé fyrir mestu að vinna þar sem verkið er erfitt, og af því að ég sé, að þú hefir ákveðna lífsstefnu, og alt aðra en flestar aðrar stúlkur, og af því að ég trúi því, að þessá lífsstefna sé skynsamleg, geri farsælan félagsskap og uppbyggilegt líf. — Ég hefi ekki gert tilraun til, að ná félagsskap við aðra konu en þig, og þarafleiðandi ekki heitbundist nokkuri annari. — Þá er nú eftir að svara seinustu spurningu þinni. Ég vildi nú helzt af öllu, að þú vildir sjálf leysa mig af hólmi í því efni, af því ég hygg, að ástin sé mikið betur skiljanleg fyrir konueðlið en karlmannsins. En af því ég sagði, að ég elskaði þig, verð ég að gera grein fyrir, hvað það hugtak á að tákna: Það er virðing, aðdáun, traust og innileg þrá til að sameina okkar persónulegu öfl í andlega heild. Nú hefir þú fengið svör mín, Miss Tomson, og nú býst ég við, að fá að heyra álit þitt á þeim, og um erindi mitt yfir höfuð. En áður en þú afgreiðir mig að þessu leyti, væri mér kært að fá útskýringu þína yfir ástina.

Hún segir þá: Ég lít svo á aðaluppsprettu ástar eða kærleika, að hún sé andlegt aðdráttarafl, og annar aðalhluti skynsemi mannsins. Þó að skynsemin hafi mikla þekkingarstærð, þá notast sú stærð ekki fyrir hina sameiginlegu heild, nema hún hafi samsvarandi stærð af kærleika. Skynsemi, sem aðeins hefir þekkingarstærð, er eins og áhrifalaus hlutur, sem hvorki er til gagns eða ógagns. En hafi hún samsvarandi stærð af kærleika, þá er hún lifandi og starfandi heild, sem viðheldur öllum andlegum hreyfingum meðal manna, viðheldur öllu jafnvægi meðal einstaklinganna, vill láta öllum liða vel og vera jafn-fullkomna, góða og góðuga.

Viðvíkjandi svörum þínum er það að segja, að ég bjóst ekki við að þú gæfir jafn-góðar úrlausnir eins og þú gerðir, og ætla ég því engar athugasemdir við það að gera, og ef þú lífir samkvæmt þeim hugsjónum, sem svörin tákna, þá sé ég enga skynsamlega ástæðu til að hafna félagsskapar tilboði þínu. Ég álít samt réttast af okkur báðum, að við búum okkur undir eitthvert ákveðið æfistarf í eitt ár, og á þeim tíma get um við fundið út, hvort að samband með okkur muni hafa framtíðar farsæld í för með sér. Ég ætla mér að eiga heimili annaðhvort ein eða í félagi með manninum minum, og þess vegna hefi ég ákveðið, að ganga á hússtjórnarskóla. Ég býst líka við, að þú hafir ákveðið þér einhverja hagvænlega lífsstöðu. Svo hefi ég ekki meira að segja viðvíkjandi þessu máli í þetta sinn, nema að ég er þér þakklát fyrir þína hreinskilnu og ákveðnu framkomu. Það er 1. september í dag, 1. maí næsta ár getur þú reynt að líta eftir mér á þessum sama stað. Á morgun held ég ákveðið, að fara á skólann og vera þar í vetur. — Svo rétti hún fram hönd sína í fyrsta sinn og kvaddi mig með einkennilega alúðlegum tignarsvip.

Þetta varð þá árangurinn af öllu minu erfiði, hugsaði ég, hvorki já né nei. Hvað skyldi hún annars meina? Líklega fara og koma aldrei aftur. En svo datt mér í hug: Ef þú lifir samkvæmt svörum þínum, sagði hún, og eitthvað hefir hún meint með því. Ég skal þá líka samkvæmt þeim, hugsaði ég, ég skal sýna henni og heiminum, að ég er sjálfum mér trúr, og ef hún kemur ekki aftur, þá hefi ég haft rangt álit á henni, og væri þá gott fyrir okkur bæði, að erindi mitt hafði þenna enda.

Er þá saga þín búin, segir Tom, kom hún aldrei aftur?

Ég fór út í garðinn 1. maí, og þar var hún þá á sama stað með systrum sínum. Nú erum við búin að vera hjón í 3½ ár. Hún er reglulega skemtileg fyrirmyndarkona og elskuleg móðir litla drengsins okkar. Ég hefi spurt hana, því hún hefði hagað sér svona einkennilega gagnvart mér og öðrum meðan hún var ógift. Hún sagðist hafa gert það þess vegna, að hún áleit það eina ráðið til að geta verndað sakleysi sitt. Ég er nú póstmeistari hér, og hefi að ég vona varanlega atvinnu. Þá er nú mín saga búin, Tom. Segðu mér nú þína.

Hún er stutt segir Tom, ég ætla að segja þér hana alla í fáum orðum. Ég fór heim með konuna mina, eins og þú vissir og leigði hús fyrir okkur. Hún kunni ekki húshald, en fylgdi vel tízkunni hvað klæðnað snerti. Ég vann á verksmiðju og hafði gott kaup, en gat ekkert af því sparað. Ég fór með hana á leikhús og aðrar skemtanir. Samt fanst henni lífið daufleg, varð óánægð, af því hún hafði enga skynsamlega hugsjón að lifa fyrir. Barnið okkar var aumingi og dó tveggja mánaða. Hana langaði út í heiminn aftur, bað um skilnað og ég gaf hann eftir. Og þarna hefir þú mína sögu, Georg. — En alt af var Lilly mín falleg.

JÓN JÓNSSON, járnsmiður, að 790 Notre Dame Ave. (horni Toronto St.) gerir við alls konar katla, könnur, potta og pönnur fyrir konur, og brýnir hnífa og skerpir sagir fyrir karlmenn. — Alt vel af hendi leyst fyrir litla borgun.

Ef auglýsing yðar er í Hkr. þá verður hún lesin

THE **DOMINION BANK**

HORNI NOTRE DAME AVENUE OG SHERBROOKE STREET

Höfuðstóll uppborgaður: $4,000,000.00
Varasjóður - - - $5,400,000.00

Vér óskum eftir viðskiftum verzlunar manna og ábyrgumst að gefa þeim fullnægju. Sparisjóðsdeild vor er sú stærsta sem nokkur banki hefir í borginni.

Íbúendur þessa hluta borgarinnar óska að skifta við stofnun sem þeir vita að er algerlega trygg. Náin vort er fullrytgging óhlutdeika. Byrjið spari innlegg fyrir sjálfa yðar, konu yðar og börn.

M. A. BRIGHT, RÁÐSMAÐUR.

Vitur maður er varkár með að drekka eingöngu HREINT ÖL. Þér getið jafna reitt yður á

DREWRY'S REDWOOD LAGEIR.

Það er léttur, freyðandi bjór, gerður eingöngu úr Malt og Hops. Biðjið ætíð um hann.

E. L. DREWRY, Manufacturer, Winnipeg

Með því að biðja æfinlega um "T.L. CIGAR," þá ertu viss að fá ágætan vindil.

T.L. CIGAR

(UNION MADE)

Western Cigar Factory
Thomas Lee, eigandi Winnipeg

STRAX Í DAG er BEZT AÐ GERAST KAUPANDI AÐ HEIMSKRINGLU. — ÞAÐ ER EKKI SEINNA VÆNNA.

Manitoba á undan.

Manitoba hefir viðáttumikla vatnsfleti til uppgufunar og úrfellis. Þetta, hið nauðsynlegasta frjógunarskilyrði, er því trygt.

Ennþá eru 25 milión ekrur óbygðar.

Íbúatal fylkisins árið 1901 var 225,211, en er nú orðið um 500,000, sem má teljast ánægjuleg aukning. Árið 1901 var hveiti og hafra og bygg framleiðslan 90,367,065 bushela; á 5 árum hefir hún aukist upp í 129,475,943 bushel.

Winnipeg borg hafði árið 1901 42,240 íbúa, en hefir nú um 150,000; hefir nálega fjórfaldast á 8 árum. Skattskildar eignir Winnipegborgar árið 1901 voru $26,405,770, en árið 1908 voru þær orðnar $116,106,390. Höfðu meir en þrefaldast á 7 árum.

Flutningstæki eru óviðjafnanleg,— í einu orði sagt, eru í fremsta flokki nútíðartækja: Fjórar þverlandsbrautir liggja um fylkið, fullgerðar og í smíðum, og með miðstöðvar í Winnipeg. Í fylkinu eru nú nálega 4 þúsund milur af fullgerðum járnbrautum.

Manitoba hefir tekið meiri landbúnaðarlegum og efnalegum framförum en nokkurt annað land í heimi, og er þess vegna ákjósanlegasti aðsetursstaður fyrir alla, af því þetta fylki býður beztan arð af vinnu og fjárleggi.

Skrifið eftir upplýsingum til: —

JOS. HARTNEY, 77 York Street, Toronto, Ont.
JOS. BURKE, 178 Logan Avenue, Winnipeg, Man.
A. A. C. LaRIVIERE, 22 Alliance Bldg., Montreal, Quebec,
J. F. TENNANT, Gretna, Manitoba.

J. J. GOLDEN,
Deputy Minister af Agriculture and Immigration, Winnipeg.

$3 VIRÐI FYRIR $2

Örfá orð til þeirra sem EKKI kaupa blaðið Heimskringlu.

EF ADVÉR tækjum $3.00 upp úr vasa vorum og byðum yður þá í skiftum fyrir $2.00 þá munduð þér fljótt taka boði voru. — vér ætlum nú ekki að gera það, ekki beinlínis, en vér ætlum að gefa yður tækifæri, — sem þó ekki kemur oft fyrir, — að fá keypt $3.00 virði af LESMÁLI fyrir $2,00, — Ef að þér sendið oss $2.00 nú þegar þá skulum vér senda yður Heimskringlu frá þessum tíma til 1. maí 1912, í 15 mánuði, ($2,50 virði), og sömuleiðis eina ríkmanns skemtilega 50 centa sögubók í góðri kápu. — Og þá fáið þér $3,00 virði af lesmáli, og það fjölbreyttu fyrir $2.00. — Þér, sem EKKI kaupið Heimskringlu, notið yður þetta tækifæri,—skrifið eða komið til vor í dag, Á MEÐAN ÞÉR MUNIÐ!

HEIMSKRINGLA, P. O. BOX 3083, WINNIPEG, MAN.

"Jú, ég var einu sinni nærri druknuð í ánni hér hjá þjóðveginum, þegar Sterner, sem þá var drengur, varp sér í ána og bjargaði mér".

"Það er harla undarlegt, að hvorugt ykkar skuli hafa minst á þetta atvik við mig".

"Ég vissi ekki fyr en í gær, að það var hann, sem gerði mér þennan greiða, og hann hefir verið of tiguleg ur til þess að miklast af því eða jafnvel að minnast á það".

"Það er honum líkt", sagði María. "Hann er sjaldgæft göfugmenni. En hver sagði þér þetta í gær?"

"Hann sjálfur".

"Hvað er þetta? Fanstu hann?"

"Já, hann fann mig ófyrirsynju í skemtigarðinum, þar sem ég sat og var að lesa. Hann grunaði, hver ég var og ávarpaði mig því. Við kyntumst brátt, eins og þú getur ímyndað þér".

"Það er eðlilegt fyrir jafn-göfugar sálir og ykkar. En hvernig leizt þér á hann?"

"Ó, ég fresta mínum dómi um hann fyrst um sinn. En nú fer ég upp á loft til mannsins þíns. Þú verður líklega ekki afbrýðissöm?"

"Ég held það sé ekki ómaksins vert", sagði María glaðlega. "En gættu þín að verða ekki ástfangin í Móritz Sterner, því hann geturðu aldrei fengið".

Ísabella sneri sér snögglega við á þrepskildinum. "Get ég ekki?" sagði hún með uppgerðar ró. "Er hann heitbundinn?"

"Nei, ekki svo ég viti; en mér datt í hug mismunurinn á aðalsnafninu Ehrenstam og borgaralega nafninu Sterner".

"Ó, þú er dálitið flón, María. Hverjum hefir dottið í hug að verða ástfangin?" sagði Ísabella spaugandi. "Nei, nú fer ég upp til að trylla manninn þinn".

Ísabella hljóp upp stigann og inn í lítið herbergi, þar sem hún fann Hólm sitjandi við skrifborðið.

Hann leit snögglega upp, en þegar hann sá, hver kominn var, stóð hann upp og rétti henni hendi sína glaður á svip.

"Nú, þetta líkar mér", sagði Hólm. "Það eru nú líka meira en 3 vikur síðan þú hefir komið hingað til okkar".

"Ó, minn kæri vinur og kennari", sagði Ísabella um leið og hún settist. "Þú veizt ofurvel, að það er ekki mér að kenna. Faðir minn hefir bannað mér að heimsækja ykkur, af því hann er reiður við þig, en í dag er ég einsömul heima, af því foreldrar mínir fóru til Broby, og eins og þú sérð nota ég strax tækifærið til að heimsækja ykkur".

"Jæja, gott", sagði Hólm, "eigum við að halda áfram að þýða sorgarleikinn eftir Æschyli, eða viltu heldur, að við lesum Miltons Paradísarmissir?"

"Hvorugt" svaraði Ísabella, "ég hefi svo margt annað að tala um við þig, að ég held við verðum að geyma skáldin á hyllunni að þessu sinni. Hólm, þu ert eini vinurinn, sem ég á; eini maðurinn, sem ég treysti. Ég hefi aldrei dulið neina hugsun eða tilfinningu mína fyrir þér. Af mínu eigin kyni hefi ég enga þekt, sem ég treysti, allar konur hata mig fyrir mitt smámunalega nám og mína ímynduðu yfirburði. Foreldrar mínir álíta mig nærri brjálaða og fyrirlíta mig fyrir hinn ruddalega hugsunarháttt, sem þau segja að þú hafir innrætt mér. Þetta veiztu, og þú veizt líka, að frá því ég var barn, hefir þú einn átt alt mitt þakklæti, alt mitt traust og alla mín viináttu".

"Og þú, Ísabella, veizt það líka, að ég hefi aldrei brugðist trausti þínu", sagði Hólm, "að ég hefi reynt að verðskulda vináttu þína, alveg eins síðan við

skildum, eins og áður, þegar ég var kennari þinn. En hvers vegna minnir þú mig á þetta núna?"

"Hvers vegna?" endurtók Ísabella og roðnaði. "Ó, Hólm, af því ég ætla að gefa þér enn sterkari sönnun fyrir trausti mínu, af því skeð getur að ég þurfi bráðlega að leita ráða þinna og þekkingar..... Nýjar tilfinningar hafa sezt að í hjarta mínu".

Hún þagnaði alt í einu og leit niður.

"Nú Ísabella, haltu áfram", sagði Hólm. "Mig grunar samt, hvert leyndarmál þitt muni vera. Þú ert ástfangin í fyrsta sinni".

Ísabella þagði.

"Hver er sá gæfusami maður, sem þú hefir fest ást á?"

"Ó, Hólm, ég hefi að eins séð hann tvisvar, fyrst fyrir 10 árum síðan og svo aftur í gær".

"Að eins tvisvar", sagði Hólm og hristi höfuðið. "Ísabella — það er nokkuð mikið. Þú hefir eins og vant er, látið augnabliks tilfinningar ná áhrifum yfir þér. Þær hverfa ef til vill eins fljótt og þær komu".

"Nei, nei, Hólm.....Ástin, hin sanna ævarandi ást, hlýtur að vera eins og ég hefi hugsað mér hana. Hún fæðist snögglega, kviknar með fyrsta augnatillitinu, sem tvær skyldar sálir senda hvor annari. Hún er ekki fundin með langvarandi reikningi, íhuguð og reynd með kaldri hugsun, hún er elding, sem slær niður í hjartað og endurfæðir það..... Ó, Hólm, þú, sem hefir gengið eftir brautum visindanna — mælt hæðir og lægðir lífsins, dirfist ekki að neita hinum mikla órannsakanlega sannleika, sem nefndur er samhygð sálnanna".

"Ég neita honum ekki", sagði Hólm og brosti þunglyndislega, "en ég er rólegri, íhugunarsamari en þú, Ísabella. Í hinni dreymandi ímyndun þinni treystir þú titringnum, sem fer um þig, þegar þú í fyrsta sinni sér andlitsdrætti, sem þú hyggur þig

kannast við frá hugsjónadraumum þínum. Þessi hugsun getur verið sönn, en hún getur líka verið fölsk. Menn fella ekki dóm yfir samhygð sálnanna á einu augnabliki. Fyrstu áhrifin eru oft villandi, og maður verður, að vera varkár með þau, ef maður vill ekki þurfa að gráta yfir tálvonum sínum. Þu mátt reiða þig á það, að sálin kemur ekki öll í ljós í augnatillitinu; það eru að eins augnabliksáhrifin, sem þar gera vart við sig".

"Afsakaðu", sagði Ísabella fjörlega, "að ég felst ekki á þessa skoðun. Ég ímynda mér ekki, að það eigi sér alt af stað, að skyldar sálir þekki hver aðra við fyrsta augnatillit, en ég er þó sannfærð um, að það á sér stað stundum. Og að því, er mig snertir, veit ég að þau áhrif, sem ég hefi orðið fyrir, eru ekki fölsk".

"Og hver er það, sem hefir haft þessi áhrif á þig?" spurði Hólm.

Ísabella sagði frá því, að hún og Móritz hefðu fundist kvöldið áður, og gat um alt, sem þau töluðu saman, að undanskildu ráðhjartanu, sem hún hafði lofað að þegja um.

"Og þú elskar þenna mann?" spurði Hólm, þegar hún hætti.

"Ég segi ekki, að ég elski hann, en ég segi, að hann er sá eini maður, sem með augnatilliti sínu hefir vakið þessa undarlegu hreyfingu í mér, — við augnatillit hans hefi ég fundið þann streng titra í hjarta mínu, sem enginn annar hefir getað látið hreyfast.....Er þetta ást? Ég veit það ekki, en ég veit, að það er ekki eingöngu þakklátsemi við lífgjafa minn, og heldur ekki aðdáun að hugviti hans".

"Og þú baðst hann að heimsækja ykkur í Liljudal?" spurði Hólm.

"Já; var mér annað mögulegt?".

"En sérðu það þá ekki, vesalings barn, að þú

Brúðurin úr frumskóginum.

"Í þessum hita er New York alveg óþolandi. Það er þó heppilegt, Estella, að við höfum áformað, að fara til Newport á morgun".

"Ég hefi breytt áformi mínu, frænka; ég ætla að verða ungfrú Dinah Goodwood samferða til að gera uppdrætti af ýmsum landshlutum".

"Ertu hætt við að fara til Newport? Hvað hugsarðu?"

Frú Richard misti blævænginn og stóð upp úr ruggustólnum undrandi.

"Ég er búin að fá nóg af þessu vanabundna félagslífi" sagði Estella rólega, "svo að Newport verður að vera án mín eina eða tvær vikur. En mín áform mega ekki spilla þínum, frænka mín góð. Þú getur notað skemtilega húsið mitt sem þar er, ef þú vilt, og, þegar Sallie Hengler verður með þér, vona ég að ykkur líði vel".

"En Estella mín góð, ég held þú breytir rangt í þessu. Ég er viss um, að Charlie Stewart mundi biðja þín í Newport, og með því að ferðast um landið með gamalli og heyrnarsljórri piparmey eyðileggur þú ákjósanlegt gjaforð".

"Taktu þér þetta ekki nærri vegna Stewarts. Ég er viss um, að hann biður mín ekki, hvorki í Newport eða annarstaðar".

"Þú átt þó ekki við það, að þú hafir neitað honum í kveld?" sagði frú Richard, og þegar hún hafði beðið litla stund árangurslaust eftir svari, bætti hún við þykkjulega: "Viltu segja mér eftir hverjum þú biður? Ég er viss um, að þú deyrð sem gömul jómfrú".

"Og gef allar eigur mínar til að byggja fyrir heimili handa gömlum og ógiftum ungfrúm", sagði Estella glaðlega. "Já, það er einmitt það, sem ég ætla mér að gera".

"Nei, í alvöru talað, Estella, hefirðu gleymt, að lávarður Ilfracombe og vinur hans, Montagu herforingi, ætla að koma til Newport? Þú lofaðir Easton fjölskyldunni, að gera þitt til, að skemta þeim, þegar þeir kæmu til Ameríku".

"Ó, sé þetta allar hindranirnar, þá hefir þú ótakmarkaða heimild, frænka, til að ráða fram úr þeim. Auk þess mun Sallie Hengler þykja vænt um, að mega stytta stundir fyrir jafn-mikilhæfum útlendingum".

"Nú, jæja, þú kemst að raun um, að endirinn verður, að hún giftist lávarðinum", sagði frúin kjökrandi.

"Að hugsa sér Sallie, sem konu lávarðar", sagði Estella hlæjandi. "En ég verð að fara að undirbúa ferðina, því snemma í fyrramálið förum við til Eureka. Búðu þig undir, að taka á móti þinni flakkandi frænku í Newport eftir nokkrar vikur, mátulega snemma til að vera viðstödd giftingu Sallies og lávarðarins".

"Heimska barn, með tilliti til fegurðar þinnar og peninga, væri þér innan handar að fá hann sjálf, ef þú vildir vera skynsöm".

Þetta voru síðustu mótmæli frúarinnar, og Estella fór, ásamt gömlu vinstúlkunni sinni, ungfrú Goodwood, til gistihússins í Eureka, sem fáir þektu aðrir en listamenn og íþróttamenn.

Nærri því í fjórtán daga voru þær einu gestirnir á gistihúsinu, og var Estella mjög ánægð yfir kyrðinni og einverunni í sveitinni. Henni þótti því miður, þegar gestgjafinn með glöðu bragði sagði henni, að næsta dag væri von á tveim gestum.

"Heyrðu, Montagu, vorum við ekki búnir að ráðgera að fara til Newport fyrir nokkrum dögum?" sagði lávarður Ilfracombe, þar sem þeir sátu úti og horfðu á landslagið.

"Ég man það ekki", sagði herforinginn seinlega og reykti vindil sinn í ákafa. "Við höfum ekki verið hér nema viku enn þá. Er þér farið að leiðast fiskiveiðin?"

"Nei, ég hefi aldrei á æfi minni verið jafnheppinn, en það er einmanalegt, að vera einn við veiðar. Hvað gerðir þú í gær?"

"Ég var að gera uppdrætti með ungfrú Grant".

Montagu roðnaði í framan og gerðist feiminn, enda þótt hann reyndi að vera rólegur.

"Skólastelpan sú, sem ég leyfi mér að kalla hana. Fyrst að þú hennar vegna hættir við veiðarnar, ættum við sem fyrst að fara héðan. Þú sannar það, að hún bakar þér óþægindi".

"Þú mátt kalla hana, hvað sem þú vilt, en það eru fáar stúlkur á Englandi jafn fullkomnar og hún".

"Góði vinur, er þannig ástatt fyrir þér? Þú ert særður djupt. Hún er snotur, en of ljósleit, að mér sýnist. Þú þekkir hana ekkert. Hvað heldurðu að fólk segi, ef þú velur konu úr frumskógunum?"

"Ég vel mér konu eftir mínum eigin smekk", svaraði Montagu.

"Alveg rétt. Ég sagði að eins mína skoðun", sagði lávarður Ilfracombe sáttgjarnlega.

Sökum hins vingjarnlega róms lávarðarins, vogaði Montagu að segja honum frá því, að ungfrúrnar ætluðu að aka út í skóg síðari hluta dags, og hefðu spurt, hvort Englendingarnir vildu ekki vera með.

"Það er ekki afleitt. Ætlar þú líka?" spurði lávarðurinn kæruleysislega.

"Já, ég held það", svaraði Montagu. "Ungfrú Grant — stúlkurnar sögðu hentugast að fara kl. 5".

"Jæja, kunningi, ég skal þá vera ferðbúinn".

Lávarðurinn notaði tækifærið til að ginna skólastelpuna. Hún sat við hliðina á honum í vagninum, og hló að spjalli hans, því hann var skemtilegur. Hvað ætli frænka hennar og Sallie mundu segja, ef þær vissu, hverja ferðafélaga hún hefði fengið í hinu litilsvirta Eureka?

Um leið og vagninn rann gegn um skóginn, sagði lávarðurinn að trén mintu sig á Skotland.

"Mig langar til að heimsækja Skotland einhverntíma", sagði Estella kát. "Afi minn var skotskur".

"Einmitt það. Nafn þitt er líka skozkt".

"Já, afi minn var steinhöggvari —", sagði hún.

Hún sagði þetta svo rólega, að það hafði meiri áhrif á lávarðinn, heldur en þó hún hefði gortað af því, að hún væri ættuð frá Normandíu.

"Hamingjan góða", hugsaði lávarðurinn, "ég vildi ég vissi, hver faðir hennar var. Hún er fullkomin heldri kona".

Hann veitti sonardóttur steinhöggvarans meira og meira athygli. Hann fór fyrst að veita henni athygli sökum Montagu, en hélt áfram með það fyrir sjálfan sig. Þegar þau komu til hins fyrirhugaða staðar, varð hann að játa með sjálfum sér, að skólastelpan var töfrandi.

Meðan teið var drukkið, talaði Montagu eingöngu við ungfrú Grant. Hann hafði tekið eftir tilfinninga breytingu vinar sins, og vildi nú fá jafnaðarbót á því, sem hann misti af á leiðinni. Hún hafði aldrei verið eins töfrandi og núna. Hattinn sinn lét hún hallast til annarar hliðarinnar, svo að þegar kveldsólin gylti hárið hennar, minti hún á Titaníu. Hann var í efa um, hvort þetta væri veruleiki eða draumur.

"Nú verðið þið, lávarður Ilfracombe og Montagu herforingi, að kynnast amerikskum meyzlutegundum", sagði Estella, þegar þeir voru seztir. "Sérstaklega vil ég mæla með þessum bláberjarjóma, því hann hefi ég sjálf búið til".

"Ef þú hefir búið hann til, þá er hann góður", sagði lávarðurinn og rétti henni diskinn sinn.

Enginn vissi hvernig á því stóð, eða hvernig það atvikaðist, að þegar Montagu tók við diski vinar sins, til þess að rétta honum hann, rak hann hendina í hann, svo að það, sem á honum var, heltist ofan á kjólinn hennar Estellu.

Allir þutu á fætur hálfhissa yfir þessu óhappi, og sá, sem valdur var að því, bað fyrirgefningar á þessum klaufaskap sínum. Estella endurtók hvað eftir annað brosandi, að þetta gerði ekkert, það hefði að eins verið bómullarkjóll; en samt lét Montagu ekki huggast. Hann var kyrlátur og þögull það sem eftir var dagsins.

Daginn eftir var mikill hiti, svo stúlkurnar héldu sig inni, en karlmennirnir fóru út eftir að þeir höfðu spurt um liðan stúlknanna.

Langt bréf frá Sallie Hengler kom mjög heppilega til að stytta þeim stundir, og Estella las með athygli:

"Newport er óþolandi. Alt heldra fólkið er að líkum farið til Englands, að undanteknum Charlie Stewart, sem er mjög alúðlegur við mig. Enginn mikilhæfur útlendingur lætur sjá sig. Það er sagt, að von sé á nokkrum, en þeir eru ekki komnir. Það er afarleiðinlegt, því Montagu, vinur lávarðar Ilfracombe, hefði verið hæfilegur fyrir mig. Caston segir, að föðurbróðir hans, lávarður Montagu, sé afarríkur, og, að þegar hann deyi, þá erfi bróðursonurinn alt".

"Það er leiðinlegt, að hann skuli vera ríkur, ég hefi nóg handa okkur báðum", sagði Estella við sjálfa sig.

Allan daginn var hún leið og óróleg, enda hafði hún engan að tala við, því gamla ungfrú Goodwood hafði höfuðverk og var því inni í herbergi sínu. Rétt í því að hún hafði ásett sér að fara inn og hátta snemma, kom Montagu út í garðinn til hennar.

"Hefirðu verið heppinn í dag?" spurði hún.

"Ég hefi ekki verið á fiskiveiðum. Ég fór í erindum mínum til Bayford".

"Fórstu til Bayford í þessum hita?" sagði hún hræðslulega.

"Það eru nærri 3 mílur til Bayford. En hvað þú hefir verið óvarkár, Montagu herforingi! — Varstu ekki hræddur við, að þú fengir sólstungu?"

Það var ekki mögulegt, að misskilja tilfinningar hennar. En hvað hún var falleg. Hann þorði naumast að horfa á hana, en flýtti sér að segja:

"Ó, mér líður ágætlega, ungfrú Grant, eins og þú sérð. Fyrir hermenn hefir hitinn enga þýðingu. Ég fór til að sækja þetta", — og um leið tók hann stóran böggul og fór að rifa utan af honum umbúðirnar.

"Ég hefi aldrei á æfi minni séð jafn skjálfhentan mann", hugsaði Estella. "Hvað ætli þetta sé?"

Hún varð enn undrunarfullari, þegar hann var búinn að ná umbúðunum af, og rétti henni rjómalitan netludúk.

"Ég — ég — bezta ungfrú Grant, viltu ekki þiggja þetta í staðinn fyrir kjólinn, sem ég eyðilagði í gær? Vertu ekki reið við mig", sagði hann, þegar hann sá, að hún roðnaði, "fyrirgefðu mér, það var ekki af ásettu ráði, að ég var svona klaufalegur".

"Nei, nei, herra Montagu, þú getur ekki verið klaufi", sagði hún og brosti ánægjulega og rétti báðar hendur á móti kjólefninu. "Ef ég giftist nokkurntíma, þá skal þetta vera brúðarkjóllinn minn".

Um leið og hún sagði þetta datt netludúks böggullinn á jörðina, því Montagu hafði gripið hendi hennar og hvísladi ákafur:

"Góða ungfrú, ég elska þig. Vertu konan mín".

"Viltu giftast fátækri og umkomulausri stúlku, herra Montagu? Þú, tíginn Englendingur?" spurði hún og hopaði á hæl.

"Ég elska þig, býð þér hendi mína og alt, sem ég á", sagði hann ákafur.

"Fyrst svo er, þá tek ég tilboði þínu", svaraði hún, og hann kysti hana.

Frú Richard, Sallie Hengler og heldra fólkið í Newport varð mjög hissa, þegar það frétti um trúlofun Estellu.

"Þú verður lafði Montagu, en ég að eins frú Stewart", sagði Sallie gremjulega.

Stóra undrun vakti það, að Estelle var klædd í netludúkskjóli, þegar hún giftist, hún, ríkasta stúlkan í New York. En brúðguminn var ánægður með hann, því hann átti honum að þakka brúðurina úr frumskóginum.

Manitoba Elevator Commission

D. W. McCUAIG, Commissioner — W. C. GRAHAM, Commissioner — F. B. MACLENNAN, Commissioner

Aðal skrifstofa: 227 Garry St., WINNIPEG

P. O. Box 2971

Commissioners tilkynna hérmeð Manitoba bændum að þeir hafa fengið framtíðar skrifstofu til starfsnota og að öll bréf skyldu sendast Commissioners á ofan nefnda áritun. Beiðniform og allar upplýsingar sem bændur þarfnast til þess fá kornhlöður í nágrenni sína, verða sendar hverjum sem óskar.

Commissioners óska eftir samvinnu Manitoba bænda í því að koma á fót þjóðeignar kornhlöðum í fylkinu.

SUCCESS BUSINESS COLLEGE

HORNI PORTAGE AVE. & EDMONTON ST. WINNIPEG.

Kennir samhv. nýjustu aðferðum alskyns verzlunar fræði og Bankastörf. Einnig hraðritun og stýlritun. Betri verzlunarskóli ekki til í Vestur-Canada. Kenslustofur þar finst í borginni. Nemendur geta byrjað hvenær sem þeir óska.

Skrifið eftir upplýsingum eða símið MAIN 1664.

The Northern Wine Co. Ltd.

Selur sérhverja góða tegund af Whisky, vínum og bjór o.fl. o.tl. Við gefum sérstaklega gaum familíu pöntunum og afgreiðum þær bæði fljótt og vel til hvaða hluta borgarinnar sem er— Gefið okkur tækifæri að sýna ykkur að svo sé.

VIÐ óskum jafn framt eftir sveita pöntunum—Afgreiðsla hin bezta.

Talsímar Main 1673-6744

215 MARKET ST.

Það kostar minna en FJÖGUR cent á viku

að fá HEIMSKRINGLU heim til þín vikulega árið umkring, Það gerir engan mismun hvar í heiminum þú ert, því HEIMSKRINGLA mun rata til þín. Þú hefur máske ekki tekið eftir því, að vér gefum þér

$1.00 virði af sögubókum

með fyrsta árgagnum. Skrifið eftir HEIMSKRINGLU nú þegar, til P.O. Box 3083. Winnipeg, Man.

Ef auglýsing yðar er í Heimskringlu þá verður hún lesin.

fyrir þig, Ísabella", sagði barúnsfrúin. "Ég er sannfærð um, að þú hefir boðið honum hingað".

"Já, mamma, ég gerði það".

"Mig grunaði það. En að hinu leytinu finst mér það undarlegt, að ung stúlka, í fyrsta sinni sem hún sér ungan mann —".

"Það er ekki í fyrsta skifti, sem ég hefi séð hann", sagði Ísabella.

"Nú, er það ekki, — hvar hefirðu kynst honum áður?"

"Í fyrsta skifti fyrir tíu árum síðan".

"Fyrir tíu árum síðan?"

"Hún veit alt", tautaði barúninn við sjálfan sig. "Ja, hver skrattinn".

"Já", sagði Ísabella, "fyrir tíu árum síðan bjargaði hann lífi mínu, þegar ég var nærri druknuð í mylnuánni. Þú manst eflaust eftir þeim viðburði?"

"Er það hann?" sögðu foreldrar hennar bæði í einu, frúin með sannri undrun, barúninn með uppgerðar-undrun.

"Já, og þú skilur það þá, að ég gat ekki annað en boðið honum að heimsækja okkur".

"Alveg rétt, Ísabella", sagð frúin. "Þú hefir breytt alveg rétt. Maður verður ávalt að vera þeim þakklátur, sem hafa gert manni jafnmikinn greiða".

"Ó", sagði barún Örnskjold, "hvað ég öfunda þennan unga mann, sem var svo heppinn að bjarga lífi þínu, ungfrú. Hann á alt af heimting á hluttekning þinni".

"Alveg rétt, herra barún, það á hann".

"Hvar er þessi Sterner núna?" spurði barún Erhenstam.

"Hjá fyrverandi kennara sínum, Bergholm presti"

"Einmitt það. Það er skemtilegt fyrir þig, Ísabella mín, að hafa fundið lífgjafa þinn. Hann yfirgaf okkur án þess að segja til nafns síns, og síðan hafi ég árangurslaust leitað hans. Þá var hann líka ungur drengur, og fatnaður hans og útlit gaf mér ástæðu til að ætla, að hann væri ekki af heldra manna tagi. Ég áleit hann vera bóndadreng, og bauð honum viðeigandi björgunarlaun, en hann afþakkaði þau svo tigulega að mig furðaði, og svo fór hann án þess að segja eitt orð. Síðan hefi ég ekkert vitað um hann".

Barúninn talaði þetta svo látlaust og óhikað, að Ísabella, sem vissi að hann hafði móðgað Móritz stórkostlega, dáðist nærri því að því, hve laglega honum fórst að prýða breytni sína.

"Hann kemur þá á morgun?" spurði barúnsfrúin.

"Já, því lofaði hann, en þó með einu skilyrði".

"Og það er?"

"Að hann heyri ekki nefnt á nafn neitt þakklæti fyrir þann greiða, sem hann gerði mér. Hann vill ekkert þakklæti heyra, — hvers vegna veit ég ekki".

"En ég veit það", tautaði barúninn við sjálfan sig. "Það á að vera okkur til smánar. — Hann gat ekki valið neitt, sem betur átti við".

Barúnsfrúin var sömu skoðunar og maður hennar, en bæði þögðu og létu ekki á neinu bera.

Þessu málefni var heldur ekki hreyft aftur, því þjónninn kom inn og lét vita, að matur væri á borð borinn. Að lokinni máltíð gengu allir til hvildar, því allir voru þreyttir eftir síðustu vökunótt.

Það var síðari hluta dags, klukkan var orðin 4. daginn eftir hina síðastnefndu viðburði. Barúnsfrúin sat á öðrum enda legubekksins í allri sinni dýrð, en barúninn á hinum og las í dagblaði; Georg sat við spilaborð í hinum enda salsins, og spilaði fúmber við vini sína, sem höfðu lofað að vera hálfsmánaðartíma í Liljudal, honum til skemtunar.

Ísabella sat í hægindastól við hliðina á móður sinni, og vann að blómasaum, en frúin sjálf skoðaði myndir.

"Ísabella", sagði barúnsfrúin, sem var óvanalega blíð og þægileg við dóttur sína þenna dag, enda hafði hún aldrei annað út á hana að setja, en hinar frjálslyndu skoðanir hennar, hið takmarkalausa nám hennar, og fyrirlitningu hennar fyrir samkvæmislífinu. "Ísabella, hefirðu heyrt að Eberhard greifi kom heim aftur í gær úr baðferð sinni? Hann undi þar ekki lengur en eina viku, og er því kominn".

"Það hefi ég ekki heyrt. Hvernig fékst þú að vita það?"

"Þjónn hans kom hingað í dag og afhenti mér bréf frá einum af kunningjum mínum, sem hafði fundið hann á ferðalagi. 'Pierre-, sagði ég við hann, 'veiztu ekki, hvers vegna greifinn kom svona fljótt aftur? Það var áformað, að hann yrði mánuð burtu?' — 'Já, svaraði hann, 'það var raunar ákveðið svo í byrjun, en greifinn breytti áformi sínu, og þegar ég spurði hann um orsökina, svaraði hann: 'Pierre, ég er leiður á þessu einverulífi, — ég fer heim til að giftá mig'."

Hrollur fór um Ísabellu. Hún var hrædd um, að giftingin, sem faðir hennar hafði eitt sinn fyrirhugað, en sem fórst fyrir sökum óvilja beggja málsparta, myndi nú aftur verða áformuð, og hana hrylti við að hugsa til allrar þeirrar baráttu og kvala, sem fyrir sér lægi, ef greifanum dytti í hug að gera alvöru úr því efni.

Hún lét samt ekki á neinu bera, en sagði rólega:

"Nú, en það er sagt, að greifinn sé upp á síðkastið orðinn algerður mannhatari, og slíkur maður getur naumast hugsað um að gifta sig. Hefir hann ekki síðustu fjögur eða fimm árin lifað eins og einbúi á landinu sínu, án þess að vilja sjá nokkurn mann annan en Pierre þjón sinn?"

"Jú, það hefir hann að sönnu gert, en það sem hann sagði við þjón sinn, bendir á að hann hafi skiit skoðun. Það er mjög líklegt, að greifinn komi hingað, áður en langt um líður, til að biðja þín, Ísabella. Mér er kunnugt um, að honum hefir ávalt litist vel á þig, svo það er einungis hið óskiljanlega aðdráttarafl að einlífinu, sem hingað til hefir hindrað hann frá kvonbænum. En nú, þegar hann er leiður á einlífinu, hefir hann ásett sér að setjast um kyrt í Óðinsvík og fá sér konu. Það er því ekki of seint fyrir þig, að verða greifaínna Stjernekrans".

"Heldur deyja", hugsaði Ísabella fölnandi.

"Ég hefi alt af haft viðbjóð á þessu sambandi, og nú er það ómögulegra en nokkru sinni áður", sagði Ísabella við sjálfa sig, um leið og hún hugsaði um samfund sinn og Móritz fyrir tveim dögum.

"Nú", sagði frúin, þegar Ísabella svaraði engu. "Þú þegir?"

Það þarf naumast að geta þess, að þær töluðu svo lágt, að enginn af þeim, sem í nánd voru, heyrði hvað sagt var.

"Mamma", sagði Ísabella loksins með titrandi röddu, "dettur þér virkilega í hug, að gefa Eberhard greifa hönd dóttur þinnar?"

"En hvernig þú getur spurt. Er hægt að hugsa sér nokkurn betri ráðahag? Þið eruð bæði ung, rík og af háum aðli. Það er áform föður þíns, að gefa þér Liljudal ásamt tvö hundruð þúsund ríkisdölum í heimanmund. Georg fær þá ættaróðal mitt í Austur-Gautlandi ásamt öðrum eignum okkar, — alt auðvitað, þegar við erum dáin. Þegar þínar eignir og Stjernekrans greifa eru taldar saman, þá verðið þið ríkustu hjónin í öllu Svíaríki. Auk þess hefir ráðahagur þessi verið uppáhaldsáform föður þíns".

ROBLIN HOTEL

115 Adelaide St. Winnipeg

Besta $1.50 á-dag hús í Vestur-Canada. Keyrsla ókeypis milli vagnstöðva og hússins á nóttu og degi. Aðhlynning hins besta. Viðskifti Íslendinga óskast. OLAFUR G. ÓLAFSSON, Íslendingur, afgreiðir yður. Heimsækjið hann.—

O. ROY, eigandi.

The **Farmer's Trading Co.**

(BLACK & BOLE)

HAFA EINUNGIS BESTU VÖRUTEGUNDIR.

Einu umboðsmenn fyrir :—
"SLATER" Skóna góðu.
"FIT-RITE" Fatnaðinn.
"H. B. K." prjónafélagið.
"HELENA" pils og 'waist' kvenfatnaði.
Bestu matvörutegundir.
"DEERING" akuryrkju verkfæri o, s. frv.

Beztu vörur Lágt verð

Fljót og nákvæm afgreiðsla.

Farmer's Trading Co.,
THE QUALITY STORE
Wynyard, Sask.

JIMMY'S HOTEL

BEZTU VÍN OG VINDLAR.
VÍNVEITARI T.H.FRASER.
ÍSLENDINGUR. : : : : :
James Thorpe, Eigandi

MARKET HOTEL

146 PRINCESS ST. á móti markaðnum
P. O'CONNELL, eigandi, WINNIPEG
Bestu tegundir af vínföngum og vindum, aðhlynning góð, húsið endurbætt

Woodbine Hotel

466 MAIN ST.
Stærsta Billiard Hall í Norðvesturlandinu
Tíu Pool-borð.—Alskonar vín og vindlar.
Gisting og fæði: $1.00 á dag og þar yfir
Lennon & Hebb,
Eigendur.

JOHN DUFF

PLUMBER, GAS AND STEAM FITTER
Alt verk vel vandað, og verðið rétt
664 Notre Dame Ave. Phone 3815
Winnipeg

A. S. TORBERT'S

RAKARASTOFA
Er í Jimmy's Hótel. Besta verk, ágæt verkfæri; Rakstur 15c en Hárskurður 25c. — Óskar viðskifta Íslendinga.—

A. S. BARDAL

Selur líkkistur og annast um útfarir. Allur útbúnaður sá besti. Enfremur selur hann alskonar minnisvarða og legsteina.
121 Nena St. Phone 306

Lítil skýring.

Í 40. tbl. Heimskringlu þ.á. birtist áskorun frá einhverjum náunga er nefnir sig "Kjósanda í Cypress sveit", til okkar undirritaðra, út af atkvæðagreiðslu Mrs. Nönnu Sigurdson, Glenboro, við vínbannskosningarnar í Suður-Cypress þann 21. des. sl.

Við getum ekki orðið við þeirri áskorun, að taka neitt til baka af því, sem við höfum sagt um atkvæðagreiðslu Mrs. N. Sigurdson. En við höfum verið að bíða eftir því, að "Kjósandi í Cypress sveit" tæki til baka áskorun sína í Heimskringlu, því það hefði verið langheppilegast fyrir hann eins og sakir standa. En fyrst hann hefir ekki fundið ástæðu til að gera það, leyfum við oss að gefa eftirfylgjandi skýring.

Við höfum aldrei neitað því, að Mrs. N. Sigurdson eigi fasteign í Glenboro; — en þó hún eigi fasteign í Glenboro, þá helgaði sú fasteign henni alls ekki atkvæðisrétt, þar sem eign hennar í Glenboro stóð hvergi á kjörskránni, sem notuð var við vínbannskosningarnar 21. des. sl., og þess vegna gat ekki nafn hennar staðið við eignina, sem ekki var til á kjörskránni.

Við höldum því hiklaust fram, að Mrs. N. Sigurðsson hafi greitt atkvæði eftir einum misprentuðum staf í nafni Asmundar Sigurdsonar, N í staðinn fyrir A, og að hún hafi þannig greitt atkvæði, ásamt Ásmundi, á hans eign en ekki sína, af þeirri einföldu ástæðu, að fasteignar númer hennar stóð hvergi á kjörskránni.

Kjósandi heimtar, að við sönnum, að það sé ekki Mrs. N. Sigurdson rétta nafn, sem stendur á kosningalistanum. Við skulum fúslega verða við þeirri skípun.—Nafnið, sem, Mrs. N. Sigurdson greiddi atkvæði eftir, er N.Sigurdson, verkamaður (Laborer), Block 12 — lot 12. En á hinum nýprentaða lista er nafn og númer af fasteign Mrs. Sigurdson gefið þannig: Mrs. N. Sigurdson, Block 8, Lot 10, og mun það vera hennar rétta nafn og númer á fasteign hennar í Glenboro.

Við vonum, að þessi skýring nægi til að sýna, að við höfum ekki farið með rangt mál, og svo margir aðrir, sem þessu eru kunnugir. Og það er föst sannfæring okkar, að "Kjósandi í Cypress sveit" hefði átt að sitja heima og fara hvergi. Með öðrum orðum: Hann hefði ekki átt að segja eitt einasta orð í opinberu blaði viðvíkjandi hinni umræddu atkvæðagreiðslu; því hann hlýtur að vita það, að nálega engar kosningar fara svo fram, að ekki sé talað um einhver rangindi eða misstigin spor í sambandi við þær. En svo firnist yfir þessi mistök, sem gerð eru víðvitandi og óafvitandi, svo allir þagna, og eins hefði farið í þetta sinn. En með því að auglýsa fyrir öllum lesendum Heimskringlu, að umtal hafi orðið um atkvæðagreiðslu Mrs. N. Sigurdson, að hún hafi verið látin afleggja eið og greitt atkvæði á annars manns eign, — þar að auki skorað á okkur, að segja opinberlega sannleikann í þessu efni, — fer það að verða auðskilið, hver verst hefir farið með Mrs. N. Sigurdson í þessu máli.

Sterkur grunur leikur á því, að einhver eða einhverjir vínbannsvinir hafi ráðið Mrs. Sigurdson til að greiða atkvæði á þann hátt, sem hún gerði. Og við þekkjum hana að því, að vera bæði skynsöm og gætin kona; enda munu fáir, sem þekkja hana, trúa því, að hún hefði greitt þannig lagað atkvæði, ef hún hefði verið að öllu leyti sjálfráð.

Vér leggjum svo undir óvilhallan dóm þeirra manna, sem kunnugir eru kosningalögunum í Manitoba fylki, hverjir þeir menn eru, sem illa hafa farið með Mrs. N. Sigurdson í umræddu efni.

Ummæli "Kjósanda í Cypress sveit um okkur, eru dæmd dauð og ómerk af öllum, sem kunnugir eru málavöxtum. Við skulum aðeins geta þess, að við óskum, að honum megi hepnast, að kveða niður hjá sjálfum sér svona lagaða fljótfærni í rithætti, svo hún verði honum ekki að fótakefli í framtíðinni.

Glenboro, 20. okt. 1910.

Alex H. Johnson.
S. Sveinsson.

Bókalisti.

N. OTTENSON'S- River Park, W'p'g.

Ljóðmæli Páls Jónssonar í bandi	(3)	85
Sama bók (að eins 2 eint.	(3)	60
Jökulrósir		15
Dalarósir	(3)	20
Kvæði H. Blöndal	(2)	15
Hamlet	(3)	45
Ljóðmæli Jóns Árnasonar á Viðmýri, 1879	(4)	60
Tíðindi Prestafélagsins í hinu forna Hólaskifti	(2)	15
Ástungurinn	(2)	45
Grant skipstjóri	(2)	40
Leynisambandið	(2)	35
Börn óveðursins	(3)	55
Umhverfis jörðina á áttatíu dögum	(3)	60
Blindi maðurinn	(3)	15
Fjórblaðaði smárinn	(3)	10
Kapitola (I II. Bindum)	(3)	1.25
Eggert Ólafsson (B. J)		15
Jón Ólafssonar Ljóðmæli í skrauðbandi	(3)	60
Kristinfræði	(2)	45
Kvæði Hannesar Blöndal	(2)	15
Mannkynssaga (P. M.) í bandi	(5)	85
Mestur í heimi, í b.		15
Prestkosningin, Leikrit, eftir D.E., í b.	(3)	30
Ljóðabók M. Markússonar		50
Ritreglur (V. Á), í b.		20
Sundregur, í b.		15
Terði ljós		15
Vestan hafs og austan, Þrjár sögur eftir E. H., í b.		90
Vikingarnir á Hálogandi eftir H. Ibsen		25
Þorlákur helgi		15
Ofurefli, skálds. (E. H.) í b.		1.50
Ólöf í Ási	(3)	45
Smælingjar, 5 sögur (E. H.), í b.		85
Skemtisögur eftir S. J. Jóhannesson 1907		25
Kvæði eftir sama frá 1905		25
Ljóðmæli eftir sama. (Með mynd höfundarins) frá 1897		25
Safn til sögu og ísl. bókmenta í 3b., III. bindi og það sem út er komið af því fjórða	(53c)	9.45
Íslendingasaga eftir B. Melsted I. bindi í bandi, og það sem til er komið 2, b.	(25c)	2.85
Lýsing Íslands eftir D. Thoroddsen í b.	(16c)	1.90
Fornir fornísleuzkir rímnaflokkar, er Finnur Jónsson gaf út, í bandi	(5c)	85
Alþingisstaðir hinn forni eftir Sig. Guðmundsson, í b.	(4c)	90
Um kristnitökuna árið 1000, eftir B. M. Olsen	(8c)	90
Sýslumannaæfir eftir Boga Benediktson I. og II. b innbundið	(55)	8.10
Íslensk fornbréfasafn, 7. bindi innbundið, 3 h. af 8 b.	(1 70)	27.80
Biskupasögur, II. b. innbundið	(42c)	5.15
Landfræðissaga Íslands eftir D. Th., 4. b. innbundið	(55c).	7.75
Ríthöfunda tal á Íslandi 1400—1882, eftir J. B., í bandi	(7c)	1.00
Upphaf alþingis á Íslandi eftir K. Maurer, í b.	(7c)	1.15
Auðfræði, e. A. Öl., í bandi	(6c)	1.10
Presta og prófastatal á Íslandi 1869, í b.	(9c	1.25
B. Thorarinsson ljóðmæli, með mynd, í b.		1.50
Bókmentasaga Íslendinga eftir F.J., í b.	(12c)	1.80
Norðurlandasaga eftir P. Melsted, í b.	(8c)	1.50
Nýþýdda biblían	(35c)	2.65
Sama, í ódýru bandi	(33c)	1.60
Nýjatestamentið, í vönduðu bandi	(10c)	65
Sama, í ódýru bandi	(8c)	90

Nýkomnar bækur,

Kóralbók P. Guðjónssonar		90
Sama bók í bandi		1.10
Svartfjallasynir	(5)	60
Aldamót (Matt. Joch.)		20
Harpa	(4)	60
Ferðaminningar, í bandi	(5)	90
Bóndinn	"	35
Minningarrit (Matt. Joch.)	"	35
Týndi faðirinn	"	35
Nasreddin, í bandi		35
Ljóðmæli J. Þórðarsonar	(3)	45
Ljóðmæli Gestar Pálsson	"	75
Hálfdánar rímur		30
Ljóðmæli Jóns Árnasonar á Viðimýri	(6)	90
Maximi Petrow	(3)	45
Leyni-sambandið	(2)	45
Kapitola, I. og II bindi	(3)	1.25
Hinn óttalegi leyndardómur	(2)	50
Sverð og bagall	(2)	30
Waldimer Nihilisti		75
Ljóðmæli M. Joch. I.-V. bd., í skrauth.	(15)	4.00
Afmælisdagar Guðm Finnbogasonar		1.00
Bréf Tómasar Sæmundsson	(4)	75
Sama bók í skrautbandi	(4)	1.15
Íslensk-ensk orðabók, G. T. Zoega	(10)	1.80
Fornaldarsögur Norðurlanda, í 3 bindum, í vönduðu giltu bandi	(15)	4 0
Gegnum brim og boða		90
Ríkisréttindi Íslands		50
Systurnar frá Grænadal		35
Ódæmt fyrir handa börnum		30
Vísnakver Páls lögmans Vídalíns		1.25
Ljóðmæli Sig. Júl. Jóhannesson		1.00
Sögur frá Alhambra		30
Minningarrit Templara í vönduðu bandi		1.65
Sama bók, í bandi		1.50
Pétur blástarbelgur		10
Bækur sögufélagsins í Reykavík:		
Morðbréfabæklingur		1.35
Byskupasögur, 1—6,		1.95
Aldarfarsbók Páls lögmanns Vídalín		45
Tyrkjaránið, I—IV,		2.90
Guðfræðingatal frá 1707—'97		1.10
Jón Arason		80
Skipið sekkur		60
Jóh. M. Bjarnason, Ljóðmæli		55
Maður og Kona		1 25
Fjarða mál		25
Beina mál		10
Oddur Lögmaður		95
Grettis Ljóð,		65
Andrarímur		50
Lækafróðsrímur		35
Jóhanni Black rímur		25
Reimarsrímur		35
Álaflekksrímur		25
Rímur af Gísla Súrssni		35
Dular, Smásögur		50
Hinrik Heilráði, Saga		20
Svöld ár rímur		35
Þjóðvinafél, Almanak 1911		20
Andvari 1911		75
Gísasaga Benjamín Franklins		75

Sögusafn þjóðviljans I—II árg. 35c; III árg. 20c IV árg. 20c; V. árg. 20; VI. 45; VII. 45; VIII. árg. 55: IX. árg. 55; X. árg. 55; XI. árg. 55; XII. árg. 45; XIII. árg. 45; XIV. árg. 55; XV. árg. 30: XVI. árg. 25; XVII, árg. 45; XVIII árg. 55; XIX, árg. 25.

Alt sögusafn þjóðviljans selt á $7.00

Bækur Sögufélagsins fá áskrifendur fyrir nærri hálfvirði,—$3.00.

Umboðsmenn minir í Selkirk eru Dalman bræður.

Þess skal getið viðvíkjandi bandinu á Fornaldarsögnunum Norðurlanda, að það er mjög vandað, handbundið skrautband, vel frá gengið eins er með Bréf Tómasar Sæmundssonar.

Tölurnar í svigum tákna burðargjald, er sendist með pöntunum.

SMÆLKI.

Konan: Sú ógæfa er ekki til, sem kvenfólk getur orðið fyrir, er ég hefi ekki reynt.

Bóndinn: Jú, jú, elskan mín, þú hefir aldrei verið ekkja.

Konan: Ég sagði ógæfa, herra minn.

* * *

Lögmaður hins ákærða segir við dómarann: Yrði það skoðað sem lítilsvirðing við réttinn, ef ég segði, að þér, herra dómari, hafið farið með þetta mál á þann hátt, sem er smán fyrir dómarastöðuna?

Dómarinn: Auðvitað.

Lögmaðurinn: Nú, þá ætla ég ekki að segja það.

Sendið Heimskringlu til vina yðar á Íslandi.

THE **DOMINION BANK**

HORNI NOTRE DAME AVENUE OG SHERBROOKE STREET

Höfuðstóll uppborgaður: $4,000,000.00
Varasjóður - - - $5,400,000.00

Vér óskum eftir viðskiftum verzlunar manna og ábyrgumst að gefa þeim fullnægju. Sparisjóðsdeild vor er sú stærsta sem nokkur banki hefir í borginni.

Íbúendur þessa hluta borgarinnar óska að skifta við stofnun sem þeir vita að er algerlega trygg. Nafn vort er fullrygging óhlutleika. Byrjið spari innlegg fyrir sjálfa yðar, komu yðar og börn.

H. A. BRIGHT, RÁÐSMAÐUR.

Vitur maður er varkár með að drekka eingöngu HREINT ÖL. Þér getið jafna reitt yður á

DREWRY'S
REDWOOD LAGER.

Það er léttur, freyðandi bjór, gerður eingöngu úr Malt og Hops. Biðjið ætíð um hann.

E. L. DREWRY, Manufacturer, Winnipeg

Með því að biðja sérlega um "T.L. CIGAR," þá ertu viss að fá ágætan vindil.

T.L.

Smoke T.L. CIGAR

(UNION MADE)

Western Cigar Factory
Thomas Lee, eigandi Winnipeg

STRAX Í DAG er BEZT AÐ GERA STAÐAÐ KAUPANDI AÐ HEIMSKRINGLU. — ÞAÐ ER EKKI SEINNA VÆNNA.

Manitoba á undan.

Manitoba hefir víðáttumikla vatnsfleti til uppgufunar og úrfellis. Þetta, hið nauðsynlegasta frjógunarskilyrði, er því trygt.

Ennþá eru 25 milión ekrur óbygðar.

Íbúatal fylkisins árið 1901 var 225,211, en er nú orðið um 500,000, sem má teljast ánægjuleg aukning. Árið 1901 var hveiti og hafra og bygg framleiðslan 90,367,065 bushela; á 5 árum hefir hún aukist upp í 129,475,943 bushel.

Winnipeg borg hafði árið 1901 42,240 íbúa, en hefir nú um 150,000; hefir nálega fjórfaldast á 8 árum. Skattskildar eignir Winnipegborgar árið 1901 voru $26,405,770, en árið 1908 voru þær orðnar $116,106,390. Höfðu meir en þrefaldast á 7 árum.

Flutningstæki eru óviðjafnanleg,— í einu orði sagt, eru í fremsta flokki nútíðartækja: Fjórar þverlandsbrautir liggja um fylkið, fullgerðar og í smíðum, og með miðstöðvar í Winnipeg. Í fylkinu eru nú nálega 4 þúsund mílur af fullgerðum járnbrautum.

Manitoba hefir tekið meiri landbúnaðarlegum og efnalegum framförum en nokkurt annað land í heimi, og er þess vegna ákjósanlegasti aðsetursstaður fyrir alla, af því þetta fylki býður beztan arð af vinnu og fjárleggi.

Skrifið eftir upplýsingum til: —

JOS. HARTNEY, 77 York Street, Toronto, Ont.
JOS. BURKE, 176 Logan Avenue, Winnipeg, Man.
A. A. C. LaRIVIERE, 22 Alliance Bldg., Montreal, Quebec,
J. F. TENNANT, Gretna, Manitoba.

J. J. GOLDEN,
Deputy Minister af Agriculture and Immigration, Winnipeg.

"Mamma", sagði Ísabella, "þú sagðir nýlega, að greifinn væri orðinn leiður á þessu einlífi og hinum skammvinnu skemtunum þess, og hefði því ásett sér að leita sér að konu. Þér getur naumast verið ókunnugt um, að þessi maður hefir tæmt alla bikara þessarar ánægju, svo að mönnum hefir staðið og stendur enn viðbjóður af framferði hans. Og nú — æskublóm hans eru eyðilögð af eitri ástríðanna, þar eð alls konar fúllifnaður, jafnvel hinn auðvirðilegasti og dýrslegasti, hefir eyðilagt heilbrigði hans, svo hann er að eins skuggi af því, sem hann áður var — orðinn að lifandi beinagrind, — auk þess er hann orðinn svartur af örvæntingu, kaldur, singjarn og tilfinningarlaus. Viltu fleygja einkadóttur þinni í faðm þessa manns, þvinga hana til að giftast manni, hvers umliðna líf hefir mætt viðbjóð og fyrirlitningu allra réttþugsandi manna? Hefirðu íhugað þetta, mamma?"

"Ó, Ísabella, þú ert alt af sjálfri þér lík", sagði frúin og ypti öxlum. "Alt af æst, hóflaus og ósanngjörn. Geturðu aldrei lært að sjá hlutina eins og þeir eru, án þess að imyndanir þínar og heimska snúist um þá og kasti á þá skugga, hvern öðrum verri? Af öllu þessu voðalega fjási, sem þú fórst með, er það eitt satt, að Stjernekrans greifi hefir, eins og flestir aðrir ungir menn og auðugir, tekið þátt í skemtunum mannlífsins um tíma. Hann hefir verið léttúðugur og hvarflandi, látum svo vera, en hann er enginn eyðilagður ræfill. Ég játa það, að hann hefir verið þunglyndur og mannhatari nú í seinni tíð, en það orsakast án efa af því, að hann hefir verið svo einmana. Þegar hann er giftur, mun hann brátt ná sínu fyrverandi glaða og góða lunderni, það máttu reiða þig á. Að öðru leyti er hann ennþá tiltölulega ungur maður, aðeins liðlega þrítugur, og að því er útlit hans snertir, þá er andlitsfall hans, þó fölt sé, dáindis viðfeldið. Ef þú giftist honum — sem ég vona að verði — þá muntu verða ánægð áður langt líður, þó þú getir ekki elskað hann í byrjunni".

"Það er ómögulegt, mamma", sagði Ísabella örvæntandi. "Ég get aldrei elskað hann".

"Tvöfalt bít, Örnskjold", kallaði Georg sigrihrósandi í hinum enda salsins. "Þetta bít þitt er 160".

"Bölvaðir blaðasnáparnir", tautaði barún Ehrenstam, kastaði frá sér blaðinu, sem hann hélt á og tók annað. "Þeir eru svívirðilegir óþokkar".

"Ísabella", sagði frúin aftur eftir ofurlitla þögn, "þú talar um að elska. Rík stúlka af aðalsættum eins og þú, giftir sig ekki sökum ástatilfinninga. Enda á slíkt heima, nú á tímum, í skáldsögunum og á leiksviðum. Þú ættir annars að íhuga orð Kristínar drotningar, sem hún sagði við Ebba Brahe: Eitt er að vilja, annað að verða, o. s. frv., — þú þekkir víst þá sögu?"

"Það er þá áform þitt, að þvinga mig?" spurði Ísabella með einkennilega skjálfandi röddu.

"Þvinga þig? Ég vona að ég þurfi þess ekki".

"Af frjálsum vilja fylgi ég aldrei þessum manni að altari", sagði Ísabella örvæntandi en þó ákveðið. "Og þess vegna bið ég þig — ef það skyldi koma fyrir, að hann biðlaði til mín — að þvinga mig ekki, því annars getur skeð að ég —"

Hún þagnaði skyndilega.

"Að þú?" spurði frúin.

Ísabella gat ekki svarað, því á sama augnabliki opnaði þjónn nokkur dyrnar og nefndi nafn Stjernekrans greifa.

Barún Ehrenstam lagði blaðið frá sér, þeir sem voru að spila, stóðu allir strax upp, frúin gekk mjög tígulega á móti gesti sínum, og Ísabella, sem líka var staðin upp, fann að blóð sitt hætti næstum umferð

sinni, svo bilt varð henni við. Hún varð að grípa í legubekkinn til að verjast falli.

Eberharð gekk inn í salinn, hneigði sig fyrir mæðgunum, og rétti barúninum hendi sína, sem þrýsti hana svo innilega, að því er séð varð, að slíkt var alveg óvanalegt hjá honum.

Stjernekrans greifi var eins og vant var svartklæddur. Dökku, grönnu, en þó fallegu andlitsdrættirnir hans, yfirskygðir af hrafnsvörtu hári, sem þó var farið að þynnast uppi yfir gagnaugunum, báru vott um deyfð og örmagnan, sem hvildarlaus holdleg nautn ávalt framleiðir.

Háðslegu drættirnir um varirnar, skuggalega augnatillitið, hrukkurnar á enninu, sem báru vott um baráttu ástríðanna, náhleiku, næstum hvítu kinnarnar, gáfu andliti þessu, þrátt fyrir hina samræmilegu fegurð, það útlit, sem í fyrstu vakti hræðslu.

Enginn hafði nokkru sinni séð bros á andliti þessu. Alt af kalt, skuggalegt og mjallahvítt, virtist það heldur tilheyra vofu, heldur en manni með holdi og blóði. Að eins augað, sem ennþá blossaði af ástandi, nærri djöfullegum eldi, sýndi að lífið var til.

"Það var óvænt, að sjá þig svona snemma, herra greifi", sagði barúnsfrúin, um leið og hún bauð honum að setjast á legubekkinn. "Þú varst búinn að ákveða, að eyða nokkrum hluta sumarsins við baðstaðinn. En þú ert hvarflandi eins og vant er".

"Já, frú, mér leiddist, og þess vegna fór ég heim aftur svona fljótt. Ég er orðinn þreyttur á ferðalagi og skemtunum, og ætla nú að setjast að í Óðinsvík í ró og næði".

Um leið og hann talaði þessi orð, leit hann til Ísabellu, sem varð afarbilt við, af því hún þóttist lesa forlög sín í augum hans.

"En minn góði greifi, þú mátt ekki haga þér eins

og fyrirlarandi sumur", sagði barún Ehrenstam. "Þá léztu aldrei sjá þig, og lifðir eins og mannhatari. Þú verður nú að heimsækja granna þína allolt; og erum við hérna meðal þeirra, sem næstir eru".

"Ég skal koma", sagði Eberharð, "ef þið viljið lofa því, að skoða mig sem einn af fjölskyldunni. Hreinskilna og alúðlega umgengni met ég mest af öllu".

"Hennar skalt þú ekki sakna hér", sagði Georg. "Við skulum fara á veiðar, riða okkur til gamans, spila og drekka kampavín þessa tvo mánuði, sem ég verð heima. Hér sérðu tvo skemtilega félagsbræður, sem ég var svo heppinn að ná í mér til skemtunar yfir sumarið. Barún Örnskjold og lautinant Hjorteskjold", bætti hann við um leið og hann kynti greifanum þá.

Eberharð stóð upp og hneigði sig kuldalega.

Spilamennirnir settust aftur við borðið, án þess að gefa gestinum meiri gætur.

Á meðan töluðu hjónin við greifann um ýms markaus efni. Ísabella tók ekki þátt í samræðunum, en sat og saumaði.

Af og til leit hún til dyranna, og í hvert skifti, sem hún heyrði gengið um stigann, hlustaði hún með nákvæmni.

En það leið hálf klukkustund, án þess að dyrnar væru opnaðar.

"Hann ætlar ekki að koma", hugsaði unga stúlkan, "hann hefir gleymt loforði sínu. Jæja, það er það sama".

En við þetta orð hætti hún hugsunum sínum, því dyrnar voru opnaðar og þjónninn sagði:

"Herra meistari Sterner".

Eberharð var að lýsa mynd af Rubens, sem hann hafði séð í Milano, en þegar hann heyrði nafnið,

Th. Svd. Lamb:

UPPTÍNINGUR.

Haustið er komið!

Það hefir verið býsna lengi á leiðinni til vor, en nú er það komið! Hvað þau láta eitthvað kalt í eyrum þessi þrjú orð: "Haustið er komið"! Þau ryðja upp fyrir oss heilan heim af frosti, myrkri og dauða.

Þau óma sem lík-kluknahringing yfir ástvinarmoldum.

Og hversu margir ástvinir eru það ekki, sem vér eigum á bak að sjá við enda hvers sumars — við byrjun hvers hausts?

Haustið er komið; veturinn er nærri!

Fyrstu hríðarslæðurnar leggjast eins og náhjúpur yfir bliknuð blöð og skrælnaðar rósir. Kuldanepjan næðir gegnum oss úti á götunum, og hún kemur að luktum dyrum og lokuðum gluggum og gægist inn í húsin, líkt og óhreinn andi í sálu syndugs manns. Og ef hún á ekki inn að ganga og yfirfalla oss, þá verðum vér að rísta oss krossmarki eldsins á baki og brjósti.

Frá vöggu til grafar erum vér fyrst og fremst eldsdýrkendur, ljósdýrkendur, sóldýrkendur, — hverju, sem vér annars kunnum að trúa. En ekki þá hvað sízt, er nákrumlur kuldans vilja hremma oss.

Eins og hríðarfjúkið fellur til jarðar frá hrímgráum skýjum hausthiminsins, svo hniga líka frosin angistartár af augum þeirra, sem vetrinum kvíða.

Og hversu margir eru þeir ekki?

En angistarstunurnar og örvæntingarsogið blandast saman við og hverfa í trumbuslátt haustvindanna hrollköldu; — þar geymist það þangað til á dómsdegi, og máske lengur. —

Fuglarnir, sem fegurst sungu á liðnu ári, sitja nú hljóðir og hnýpnir. Þeir hafa ekki safnað sér í kornhlöður, eins og hin hygnustu dýr meðal mannanna barna. En þeir sáðu þó mörgu lífsfræi í akur sálnanna. Margt fagurt og sólríkt blóm spratt upp af þeim fræjum, og vér, menn, njótum uppskerunnar, sem vinirnir fleygu sáðu til. Þá vantaði hygnina, sem í hag kemur, aumingjana. Einmana mega þeir nú berjast móti ofurvaldi hríða og harðréttis, og setjast niður við náðarborð hinna miskunarlausu náttúruafla. — En þetta er hin eilífa lífssaga, — óumbreytanleg frá fyrstu vakningu í lífsheimum, til síðasta sveinsins, sem færir oss til helheima, þar sem alt jafnast. — Hún endurtekst daglega, árlega og aldalega, í jurtaríki, dýraríki og mannlífi. Hún er förunautur lífsins frá eilífð til eilífðar. — —

Haustið er komið!

Gleymum því ekki, að veturinn er að eins ókominn. Mætum honum vel útbúnir með innra og ytra eldi, svo áhrif hans verði sem minst, þótt hann verði fimbulvetur frosta og snjóa. Reynum að eiga svo mikið af hlýindum, að vér heldur séum veitandi en þurfandi, því hætt er við, að mörgum kunni að verða kalt þennan vetur, en þeim væri sælt að geta ylað.

Og ef vér sjáum vængjaðan vin í vétrarfrostunum, þá víkjum honum góðu. Hann á það margfaldlega skilið af oss fyrir söngvana sína fögru. Og ef vér hittum á vegi vorum grábröndóttan kött, með gul augu sem er að frjósa í vetrarhörkunum, heimilislaus og svangur, þá ættum vér að muna — ættum að finna það í sjálfum oss —, að hann þarfnast fæðu og hlýrra húsa, eins og vér.

Öll ættum vér sameiginlega að hafa það hugfast, að láta hita og ljós hins liðna sumars ríkja í sálum vorum, heimilum og félagslífi, þá finnum vér ekki eins mikið til kuldans og myrkursins, þótt haustið sé komið.

* * *

Jafnvel ríki maðurinn kemur inn í þennan heim með tóma vasana, en þegar hann fer út aftur, þá er stundum flogist á um vasana — ekki satt?

* * *

Þegar maður giftist fyrir peninga og fær að eins aðgöngumiða að máltiðum (meal tickets), — er það ekki sanngjarnt endurgjald? — Jú bet!

* * *

Góður vinur er sá maður, sem eyðir peningum sínum fyrir oss, án þess að gefa oss tækifæri að eyða vorum peningum fyrir hann.

* * *

Það er stór furða, hve margar námsgreinar menn og konur geta lært á skólum, sem aldrei koma þeim að nokkru gagni í lífinu!

* * *

Lítill drengur horfði eitt sinn lengi framan í pabba sinn, um miðdegismatartímann, unz hann sagði:

"Pabbi! Hvað er það, sem gerir nefið á þér svona óttalega rautt?"

"Austanvindurinn, auðvitað", svaraði faðirinn í flýti. "Réttu mér bjórbrúsann, og talaðu ekki svona mikið".

Þá svaraði móðir drengsins mjúklega, frá hinum enda borðsins:

"Já, Tumi minn! réttu pabba þínum austanvindinn, en gættu að því, að hella engu niðr í borðdúkinn".

* * *

Prestar geta verið nógu skratti fyndnir í sér, þegar því er að skifta.

Núna um daginn ætlaði einn hnappastrákur vantrúarinnar að koma einum þeirra í bobba, þar sem þeir gengu saman á þilfarinu á skemtiskipi einu. Hann sagði:

"Ó, hvað mér þætti ánægjulegt, að fá að heyra eina af ræðum yðar, herra prestur!"

"Já, eimmitt það", svaraði prestur inn, "þú hefðir getað hlustað á mig á sunnudaginn var, ef þú hefðir verið þar, sem þú ættir að vera".

"Nú, hvar svo sem er það?"

"Í aðal fangelsi landsins" svaraði presturinn, um leið og hann gekk burtu frá honum.

* * *

Hver, sem vill hafa bréfaskifti við Th. Svd. Lamb, geri svo vel og festi á minnið, að póstkassinn hans er nr. 3083, í Winnipeg, Kanada.

* * *

Fáar ljóðabækur hér vestra munu seljast betur en "Kvistir" Dr. Sig. Júl. Jóhannessonar. Og er það ekki auðráðin gáta? Hver hefir og hver getur betur flutt lifandi hugsanir fólksins til fólksins? — Dr. S. J. J. hefir ávalt verið "fólksins" maður, í ræðum, ritum, og ei hvað sízt í daglegri um gengni. Kvæði hans eru svo hugnæm og aðlaðandi, að þau bæta og lifga hvert óspilt hjarta, sem les þau; — og máske þau, sem spilt eru líka! Einu sinni var S. J. J. hér í Winnipeg. Þá var hann ritstjóri Dagskrár II. Elskaður af þeim, sem unnu frelsi á öllum sviðum mannlífsins, en óhætt að segja hataður af þeim, sem héldu ófrelsi og kúgun í hæsta gildi. Nú mun vera farið að sléttast yfir alt þetta, en Winnipeg-búarnir íslenzku hafa mist þar sinn bezta mann, sem Dr. Sig. Júl. Jóhannesson er. — Öll sín beztu kvæði orti hann á árum sínum í Winnipeg. Þar blasti mannlífið opið fyrir honum; þar fékk hann nóg yrkisefni, — sum fögur, sum ófögur. — Kvæði hans eru "Daglega lífið", látlaust dregin mynd með réttum litum.

The Northern Wine Co. Ltd.

Selur sérhverja góða tegund af Whisky, vínum og bjór o.fl. o.fl. Við gefum sérstaklega gaum familíu pöntunum og afgreiðum þær bæði fljótt og vel til hvaða hluta borgarinnar sem er— Gefið okkur tækifæri að sýna ykkurað svo

VIÐ óskum jafn tramt eftir sveita pöntunum—Afgreiðsla in bezta.

alsímar Main 1673-6744
215 MARKET ST.

Um Þorskabít.

Hver skyldi betur skipa orðum niður,
af skötnum þeim, sem fást við ljóða snið,
en Þorskabítur, þessi lista smiður,
sem þjóðskáld vor hin beztu keppir við?—
Hans afar-langa „Eirfksjökuls" kvæði,
er einn stór gimsteinn — bókmentaleg rós!
Og öll hans skáldverk sýna gáfna gæði,
og gegnum þau skín fagurt manndóms-ljós.

J. Ásgeir J. Lindal.

"Insurgents"

Það eru mörg orð daglega notuð í ensku blaðamáli, sem nú eru að ná fastri festu, eins og orðin "graft" og "insurgent". Í meðvitund almennings táknar orðið "graft" óleyfilegan ágóða af atvinnu eða starfi, og oftar miklu er því orði beitt um verzlunar- eða iðnaðar-hagnað, heldur en réttmætt er. Orðið "insurgent" hins vegar er nokkuð ákveðnara og þýðir uppreistarmaður. Í pólitik þýðir það þann, sem skerst úr flokki sínum, eða vinnur á móti stefnu flokksins eins og hún er viðurkend af fleirtölu þeirra, sem mýnda hann, án þess þó að þeir gangi yfir í andstæðingaflokkinn, heldur eru uppreistar eða óróaseggir í sínum eigin flokki.

Slíkur "insurgent"-flokkur er nú fyrir nokkru myndaður í Bandaríkjunum, út úr Repúblikana flokknum og svo hefir hann orðið bráðþroska, að ósýnt er, að nokkur önnur uppreistar-hreyfing hafi áður vaxið jafn-mikið á jafnskömmum tíma. Og nú síðast hefir flokkurinn fengið þann liðsmann, sem telja má sjálfkjörinn leiðtoga hans, og sem um leið má telja lang-áhrifamesta þjóðmálamanninn, sem nú er uppi þar í landi: Theodore Roosevelt, fyrverandi lýðveldisforseti. Ef til vill verður hann talinn upphafsmaður þessarhreyfingar í sögu komandi ára.

Orðið "insurgent" var ekki þekt í pólitisku máli Bandaríkjanna fyrr en í Filips-eyja ófriðnum, og í byrjun síðasta árs var því fyrst beitt sem lýsingarorði við þá þingmenn, fáa að tölu, sem með atkvæðum sínum í Congress sýndu, að þeir höfðu sjálfstæðar skoðanir, en létu ekki bindast við stefnu flokks þess, er þeir töldust til. — Fyrst var þessi óeirðarflokkur innan Repúblikana flokksins minna en 20 talsins, og gerði það flokknum í þinginu ekkert tjón, en eftir mán aðartíma, þegar þeir á ný sýndu atkvæðamagn sitt í þinginu, þá voru þeir orðnir yfir 30 talsins. Nú var farið að veita þeim eftirtekt, og það því fremur, sem það varð nú á allra vitund, að þeir voru eindregið með því, að bola Cannon úr forsetastöðu í þinginu. Þeir heimtuðu, að þingreglum yrði breytt til muna. En þeir urðu í stórum minna hluta. Samt héldu þeir áfram að fjölga, og innan árs voru þeir orðnir svo fjölmennir, að þeir gátu komið því til leiðar, að Cannon var ekki settur í nefnd þá, er skipuð var til þess að yfirlíta þingreglurnar, eða endurskoða þær.

Þetta var fyrsti sigur uppreistarmanna. Svo fórust Cannon þá orð, að of gott væri það þessum náungum að verða hengdir.

Taft forseti og stjórnarráð hans voru eindregnir á móti óróaseggjunum, og það varð að þegjandi samtökum meðal allra trúrra flokkfylgjenda, að telja þessa menn ekki flokksbræður sína, heldur voru þeir skoðaðir sem andstæðingar, og því var alment spáð, að þegar sumar-kosningarnar og útnefningar væru um garð gengnar, þá mundi flokkur þessi hinn litli verða steindauður og ekkert spyrjast til hans framar, heldur mundi pólitisk heiðríkja og sólskin hvíla yfir herbúðum Repúblikana, og hann myndi að mun sterkari en áður.

Nú er sumarið liðið, og útnefningar og sumar-kosningar hafa víða um garð gengið. En ekki er "insurgent" flokkurinn dauður, heldur hefir hann orðið flokksbræðrum sínum yfirsterkari í eftirtöldum ríkjum: Indiana, Iowa, Michigan, Wisconsin, Kansas Nebraska, Colorado, Oklahoma, Arkansas, Georgia, Florida, California, Oregon, Arizona, Idaho, Washington, Vermont, New Hampshire, Maine, og allra síðast í New York ríkinu.

Satt er það, að í sumum af þessum ríkjum, unnu þessir uppreistarmenn með Demókrataflokkn um og töldust honum fylgjandi. En í hinum héldu þeir persónugervi sínu sem flokkur, en sameinuðu sig Demókrötum. Og í einstöku ríkjum unnu þeir sigur sjálfstæðir og frásneiddir báðum hinum flokkunum.

Ekki varð "insurgent" flokkurinn í minna hluta nema í tveim ríkjum: Pennsylvania og Ohio. Þó urðu sumir þingsætisumsækjendur í Ohio, að lofa uppreistarmönnum því, að þeir skyldu greiða atkvæði móti því, að Cannon yrði kjörinn forseti þingsins.

Í Illinois vann Cannon flokkurinn sigur, en mjög minkuðu vfirburðir hans þar, eins og í hinum öðrum ríkjum, sem fylgdu gamla Republikan flokknum að málum.

Sagt er, að tveir forkólfar gamla Republikan flokksins, þeir Senator Burrows frá Michigan og Senator Flint frá California, hafi þegar fallið úr tign sinni og áhrifum, og sömuleiðis þeir Senatorarnir Aldrich og Hale.

Mælt er, að Demókratar, er þeir sáu hvað gerðist í Repúblikana flokknum, hafi ákveðið, að hreinsa til í herbúðum flokks síns, og hafa þær fágaðar til fullnustu fyrir næstu forseta kosningar.

Dánarminning.

Þann 7. sept. þ.á. andaðist að heimili sínu í Músárdal, N. Dak., öldungurinn SVEINBJÖRN SIGURÐSSON, 73. ára að aldri. Var hann oftast kenndur við Ós í Öxnadal á Íslandi og var þektur um alt Norðurland sem Sveinbjörn frá Ósi. Banamein hans var innvortis krabbamein.

Sveinbjörn heitinn var drengur hinn bezti og öllum að góðu kunnur, sem hann þektu. Enginn var hann afburðamaður, en fiörugur, glaðlyndur og fyrirtaks gestrisinn. Var sem allir kæmu til foreldra eða fornvina, er komu að garði þeirra hjóna Sigríðar og hans, og það þótt ókunnir væru. Svo var það alla tíð meðan þau bjuggu á Íslandi, og sama var hér, það var ætíð þjóðbraut hjá þeim.

Í sumar höfðu landar þar syðra samtök um, að halda gullbrúðkaup tveggja hjóna þar: þeirra Sveinbjarnar og Sigríðar frá Ósi og Jóhannesar Magnússonar og Steinunnar Jónsdóttur úr Skagafirði. Var það gert í virðingarskyni fyrir alla framkomu þeirra og sýndi velvild þá, sem sveitungar þeirra báru til þeirra.

Voru þeim þar gjafir færðar og hvoru hjónanna heiðurspeningur mikill úr gulli með ártali og fangamörkum hjónanna. Var gjöf sú bæði tilhlýðileg og fögur. Við tækifæri þetta var samsæti haldið og ræður fluttar, og sótti það hvert mannsbarn í nýlendunni að kalla mátti.

Þá var Sveinbjörn heitinn asinn orðinn. Hrestist hann þó fyrst við nokkra daga, en hnignaði svo smátt og smátt þangað til kraftarnir hurfu með öllu.

Nú situr ekkjan sorgfull og döpur, þar sem hún sér á bak vininum, sem elskaði hana og studdi hana yfir 50 ár; sonurinn syrgir ástríkan föður, en sveitin öll góðan dreng og vandaðan.

Ritað 7. okt. 1910.

KUNNINGI HINS LÁTNA.

Kennara vantar.

Kennara, sem hefir nokkra æfingu, vantar við Diana skólann, No. 1355, fyrir nóvember og desember mánuði, og svo gjarnan áfram fyrir næsta skólaár, ef um semst. Sendið tilboð fyrir lok þessa mánaðar (október) og nefnið kennarastig, kensluæfing og kaup.

MAGNUS TAIT,
Box 145 Antler, Sask.

SAMSÆTI.

Hinn 29. sept. sl. flutti Contractor G. Ingimundarson til Winnipeg með fólk sitt alfari. Hann hefir verið hér í Selkirk um 20 ár, unnið við húsasmíði og nú um nokkur ár tekið "akkorð" á stærri byggingum og smærri, og leyst verk sín af höndum með stakri vandvirkni.

Kveldið áður en hann flutti, var honum og fólki hans boðið til samsætis í Bindindismannahúsinu af safnaðar kvenfélaginu og safnaðarnefndinni. Þar var fjölmenni samankomið. Þegar búið var að gleðja sig á kaffi og allra-handa góðgæti, sem rausnarlega var framreitt, þá bauð forseti samsætisins Mr. Sigvaldi Nordal, Mrs. S. Vigfússon á ræðupallinn, og flutti hún snjalla tölu fyrir hönd kvenfélagsins. Hún þakkaði innilega Mrs. G. Ingimundarsyni fyrir starf hennar, og gat þess, að þeim mundi verða erfitt, að fá í það sæti, sem autt yrði við hennar burtför, og að síðustu afhenti hún henni kaffisett úr silfri, sem minningarmerki. Á það var grafið: "Til Mrs. G. Ingimundarsonar frá kvenfélagi Selkirksafnaðar".

Mr. Kl. Jónasson flutti næst tölu undir nafni safnaðarins, þakkaði Mr. G.I. fyrir hans mikla og umhyggjusama starf þeim félagsskap til eflingar, og afhenti honum gullbúinn staf sem minningarmerki. Á hann var grafið: "Frá Selkirksöfnuði til G. Ingimundarson 1910". Ræðumaður gat þess, að eins og stafur studdi mann á göngu, svo hefði söfnuðurinn, sem Mr. G.I. væri nú að kveðja, stutt sig við hann um mörg liðin ár.

Mr. G. Ingimundarson þakkaði með velvöldum orðum gjafir þær, sem þeim hjónum voru afhentar. Hann rendi huga yfir dvöl sína í þessum bæ, bæði blítt og strítt, og þakkaði öllum innilega fyrir þá aðstoð og velvild, sem hann og hans hefðu ávalt notið. — Þótt Mr. G.I. flytti ekki langa ræðu, þá gæti ég trúað því, að orð hans geymdust lengur hjá sumum af áheyrendunum, en á meðan þau voru töluð.

Tölur fluttu einnig Sigv. Nordal, B. Benson, G. Jóhannsson, Kr. Kristjánsson, B. Byron og séra N. S. Thorlaksson, og mintust allir með ákveðnum orðum á starf þeirra hjóna í þarfir safnaðarins og alls félagsskapar á meðal okkar. — Milli ræðuhaldanna var skemt með söng fram til miðnættis.

Það eru ekki aðeins innilegustu heillaóskir frá löndum hér, sem fylgja þeim Mr. og Mrs. G. Ingimundarson til þeirra nýja heimilis, heldur líka frá fjölda enskumælandi manna, sem hafa fengið það álit á Mr. G.I., að með burtför hans héðan missum við ús félagshéldnni einn okkar nýtasta dreng.

Ritað 4. okt. 1910.

Selkirkbúi.

Fréttir.

— Svo hefir fiskafli verið lítill við Labrador strendur á þessu sumri, að mesta neyð vofir yfir fiskimönnum þar á komandi vetri. Sumar og haustveiðin hefir verið sú minsta í sögu héraðsins. Til dæmis má geta þess, að útflutturfiskur frá héraðinu var á sl. ári 160 þúsund "quintals", en í ár verður það ekki 50 þúsund "quintals".

— Dominion stjórnin áætlar að hún hafi tapað sem svarar 150 þús. dollara á þessu ári við sviksemi í sambandi við innflutning Kínverja. Hver þeirra á að lögum að borga 500 dollara landgöngueyri, en mjög margir hafa smeygt sér inn í landið án þess að borga tollinn. Grunur liggur á, að einhverjir í hærri embættum séu í vitorði með þessum náungum, og hafi svo árum skifti leikið þetta. Stjórnin hefir látið hefja rannsókn í málinu. Helzt liggur grunur á þeim embættismönnum, sem í Vancouver eiga að annast um tollinntektir ríkisins frá kínverskum innflytjendum.

— Írlendingafélag í Bandaríkjunþúsundum dollara til kosningaum hefir tekið að sér að safna 150 sjóðs handa landsmönnum sínum heima fyrir, svo að þeir geti sem bezt stutt að málum þau þingmannaefni, sem berjast fyrir sjálfstjórn á Írlandi. Fjárbeiðnin frá Írlandi fór eingöngu fram á, að 100 þúsund dollarar yrðu gefnir í Bandaríkjunum. En þegar Írar komú á fund þann í Buffalo, sem haldinn var þar 28. sept. sl. til þess að ræða um þetta mál, þá samþyktu þeir að fjárbeiðnin væri alt of lítil til þess að geta orðið að verulegu liði, og að ekki mætti senda minni upphæð austur yfir hafið en 150 þúsund dollara. Samkvæmt þessu var samskota leitað þar á fundinum, og innan hálfrar klukkustundar var búið að gefa — og borga til hins kosna féhirðis 151 þúsund dollara. Fundurinn samþykti traustsyfirlýsingu til John Redmonds, leiðtoga írska flokksins í brezka þinginu, og lofaði að skjóta saman 100 þúsund doll. í viðbót áður en næsti ársfundur yrði haldinn, og vonaði jafnvel að geta aukið við það loforð.

SORG.

Sorg! — þú djúpa sorg,
Svellandi társtraumsins vakl,
Með geigvænlegt gap þér að baki,
þú gin eins og voða úr hraundimmri borg.
Lífsandinn hræðist þig,
Ljóssenglar fælast þig,
Ólánsnorn þig ætíð eltir,
Örlaga sorg,
Örlaga grimma sorg.

Magn! — þú töframagn,
Ótal þú afvega leiðir
Með ómælis kraft til þín seyðir,
þá veiðir þín gildra og vélar þitt agn.
Hatur menn hafa á þér,
Heimsbygð þó lýtur þér,
Segulafl er í þér,
Eldhafsins magn,
Eldhafsins stormþungt magn.

Kvöl! — þú beiska kvöl,
Nístandi, merjandi naðra,
Neyðdjúpsins kvikindið harða,
Í þér felst vondauðans ógnir og böl.
Meðaumkvun forðast þú,
Mestri eymd fagnar þú,
Velgjörð ei þekkir þú,
þúsunda kvöl,
þúsunda ótal kvöl.

Ís! — þú sálar ís,
Vorrósum æskunnar eyðir,
Ilmblómin munfögur deyðir,
Ástliljan helkalt við hjarta þitt frýs,
Jökulbáls járnhönd þín,
Jötunsterk krumlan þín,
Fólskuverk fremur þú
Frostbitri ís,
Frostbitri heljar-ís.

JÓHANNES STEFÁNSSON,

Minnisvarðar

úr málmi, sem nefndur er "White Bronze", eru fallegustu, varanlegustu og um leið ódýrustu minnisvarðar, sem nú þekkjast. Þeir eru óbrjótanlegir, ryðga ekki og geta aldrei orðið mosavaxnir, eins og steinar; ekki heldur hefir frost nein áhrif á þá. Þeir eru bókstaflega óbilandi og miklu legurri en hægt er að gera minnisvarða úr steini (Marmara eða Granit). Alt letur er upphleypt, sem aldrei máist eða aflagast. Þeir eru jafn dýrir, hvort sem þar eru óletraðir eða alsettir letri, nefnilega: alt letur, og myndir og merki, sem óskað er eftir, er sett á fritt. — Kosta frá fáeinum dollurum upp til þúsunda. Fleiri hundruð tegundir og mismunandi stærðir úr að velja.

Þessir minnisvarðar eru búnir til af THE MONUMENTAL BRONZE CO., Bridgeport, Conn. Þeir, sem vilja fá nákvæmar upplýsingar um þessa ágætu minnisvarða, skrifi til undirritaðs, sem er umboðsmaður fyrir nefnt félag.

Thor. Bjarnarson,
BOX 304
Pembina - - N. Dak.

A. SEGALL

(áður hjá Eaton félaginu).

Besti kvennfata Skraddari

Loðskinna fötum veitt sérstakt athygli.

Hreinsar, Pressar, Gerir við.

Fjórir (4) alfatnaðir hreinsaðir og pressaðir, samkvæmt samningum, hvort heldur er karlmanna eða kvenfatnaður, fyrir aðeins $2.00 á mánuði.

Horni Sargent og Sherbrooke

MELBA

Heimsins mesta söngkona notar

HEINTZMAN & CO. PIANO

á sigurferð hennar um mestu borgir í Canada. Hún vill engin önnur nota.

MIKIL LISTA KONA MIKIÐ PIANO,

McLean & Co Limited

J. W. Kully. J. Redmond. W. J. Ross

Cor Portage Ave. & Hargrave

Phone: Main 808.

Fréttir úr bœnum.

Nú hefir Manitoba stjórnin auglýst, að hún ætli að færa Búnaðarskólann nýja suður til St. Vital, 5 mílur suður fyrir Winnipeg borg, og setja hann þar niður á 500 ekra svæði því, sem hún keypti nýlega á bökkum Rauðár þar syðra. — Tilgangurinn er, að stjórnin selji Málleysingjaskólann, sem stendur á horninu á Sherbrooke St. og Portage Ave., en færi málleysingjana í eina eða fleiri af byggingum núverandi Búnaðarskóla. Stjórnin kveðst hafa fulla þörf fyrir allar þær byggingar, sem nú mynda akuryrkjuskólann, svo að ekkert peningatap þurfi að verða við flutninginn. — Gamla málleysingjaskóla-svæðið er orðið afar-dýrmæt eign, og alt hið mikla land, sem Búnaðarskólinn stendur nú á, er einnig komið í mjög hátt verð, svo að stjórnin getur haft upp úr báðum þessum landeignum miklu meira en þær hafa kostað. En svæði það, sem hún hefir valið fyrir skólann, er eitt hið fegursta í fylkinu og hefir auk þess nægilegt landrými til framtíðarþarfa.

Herra Pétur G. Magnus, frá Chicago, kom hingað norður um fyrri helgi og brá sér vestur í Argyle bygð og kvongaðist þar þann 4. þ.m. ungfrú Guðrúnu Arason. Hjónavígsluna gerði séra Friðrik Hallgrímsson. Brúðhjónin héldu suður til Chicago þann 7. þ.m. Þeim fylgja hugheilustu árnaðaróskir allra Argyle-búa og annara vina brúðhjónanna, — og Heimskringlu.

Séra Lárus Thorarensen kom til borgarinnar á fimtudaginn var, og með honum þessir vesturfarar: — Margrét Jónsdóttir frá Reykjavík, Björg Jónsdóttir frá Tobbukoti í Rangárvallasýslu, og Valgerður Jóhannsdóttir frá Hól í Reykjavík, hún fór til Boston. Einnig komu tveir Vestur-Íslendingar: þau Valgerður Swanson frá Winnipeg, og Victor Olson, frá Lögberg P.O., Sask.

Herra Sigurður Johnsen, frá Hartford, Conn., í Bandaríkjunum, kom til borgarinnar á sunnudaginn var. Hann hefir verið 6 ár þar syðra. Hann segir þar illa borgaða vinnu, en dýrt að lifa. Vikufæðið þar á almennum greiðasöluhúsum $8.00, en kaupgjald 20c á klukkustund. Herra Johnsen ætlar að setjast hér að.

Herra John Westmann, sem um nokkurn undanfarinn tíma hefir dvalið að South Hill, Vancouver, B.C., biður þess getið, að hann sé fluttur til Bandaríkja, og er þetta áritun hans: Kent P.O., Wash., U.S.A., Box 215, R.F.D. No. 1.

ANCHOR BRAND HVEITI

er bezta fáanlegt mjöl til nota í heimahúsum og annarstaðar. Það er gert úr No. 1. Hard HVEITI eftir nýjustu aðferðum.

Sími 4326 eftir söluverði þess.

Leitch Bros.

LOUR MILLS

Winnipeg skrifstofa

240 4 GRAIN EXCHANGE

Herra Chris. Breckman, sem um liðin ár hefir unnið við verzlun á Oak Point, var hér í borg í sl. viku, að kaupa vörur fyrir verzlun þá, sem hann er að setja upp í Clarkleigh. Hann ætlar að hafa þar GENERAL STORE og vandaðar vörur. Hann býst við að hafa svo mikið úrval að vel geti mætt þörfum sinna mörgu viðskiftavina, og alt með sanngjörnu verði.

Þann 5. þ.m. lagði Mrs. M. J. Benedictsson af stað héðan vestur að Kyrrahafi. Bjóst hún við að verða þar nokkurn tíma. Áritun hennar verður fyrst um sinn að Blaine P.O., Wash. — Henni samferða vestur varð Miss Bertha Anderson, sem hugði að gera þar framtíðarbústað sinn.

Í hjónaband gengu 19. sept. sl. þau herra Rafnkell Eiríksson, frá Stoney Hill, og ungfrú Halldóra Sveinsdóttir hér í borg. Séra Jón Bjarnason, D.D., gaf brúðhjónin saman að heimili bróður brúðarinnar, að 926 Ingersoll St. hér í borg. Brúðhjónin fóru samdægurs til Birch Island í Manitoba-vatni og hyggja að setjast þar að fyrst um sinn.

Barnlaus hjón óska að fá leigt eitt stórt herbergi með aðgang að stó. Heimskringla vísar á hjónin.

Á föstudaginn var gaf séra Jón Bjarnason, D.D., saman í hjónaband Dr. Jóhannes Pál Pálsson og ungfrú Sigríði Octaviu Peterson. Heimili þeirra hjóna verður að Árborg, Man.

Í bréfi frá herra Jóni Westmann, dags. 2. þ. m., stendur meðal annars þetta: — "Nú er ég kominn í nokkra fjarlægð frá öllum Íslendingum. Ég hefi keypt mér 5 ekru landspildu 16 mílur frá Seattle en 25 mílur frá Tacoma. Íslendingar eru í báðum þeim borgum. Land mitt er alt rutt, að undanteknum litlum bletti, sem hefir eldiviðr til 10 eða 15 ára; það er alt furuviður. Öll hús eru á landinu og í góðu ástandi. Landið er á hentugum stað til allra aðflutninga; áin gæt akbraut liggur frá landeigninni inn í Kent bæ 1¾ mílu vegar. Bær sá hefir um 6000 íbúa. Talsvert er land hér hæðótt og malarkent sumstaðar. Alt er það skógi vaxið. Á landi mínu er talsvert af ávaxtatrjám, svo sem Plum- epla- og Cherry-tré, og Raspberry og Strawberry runnar. Ég hefi 50 hæns, og kosta þau $1.00 hvert og sum meira. Egg til útungunar kosta hér $1.25 tylftin; góðar kýr kosta $65.00, og annað þar eftir. Ég hygg hér sé góð framtíð fyrir dugandi fólk".

Herra Peter Anderson, frá Leslie, Sask., kom til borgarinnar um síðustu helgi. Hann segir ágæta uppskeru vestra og Leslie bær sé í sæmilegum uppgangi. Almenn uppskera varð um 30 bush. af ekru af hveiti, og um 70 bush. af höfrum.

Herra Jósef Davíðsson, frá Baldur, Man., sem dvalið hefir hér í borg við smíðavinnu sl. 2 mánuði, hélt heimleiðis í gærdag.

Gleymið ekki að sækja HEKLU Tombóluna í Templarahöllinni á mánudagskveldið kemur. Sá, sem kaupir drátt, fær að dansa á eftir.

Til vina minna.

Það hefir dregist mikið lengur en ég hefði óskað mér, að votta þeim velgerðavinum mínum, Mr. Ólafi Vopna og Mr. Þórarinn Ólson mitt innilegasta þakklæti fyrir alla þá vinnu og fyrirhöfn, er þeir lögðu á sig á þeim tíma, er þeir gengust fyrir að "rafla" reiðhjóli mannsins míns sál., og færðu þeir mér að því loknu $67.00, þar af $6.00 gjöf frá Mr. Bárði Sigurðssyni, sem ég af hjarta þakka honum.

Einnig votta ég hér með mitt alúðarbezta þakklæti öllum, er að einhverju leyti unnu að því, að gera peningasjóð þennan svo stóran og myndarlegan, og sem um leið verður svo ósegjanlega mikil hjálp fyrir mig og börnin mín á þessum íhöndfarandi vetri.

En aldrei hefi ég fundið jafnmikið sannleiksgildi í þessum orðum, er við öll kunnum: "Sælla er að gefa en þiggja", — eins og síðan ég misti minn ástríka og umönnunarsama eiginmann. En á sama tíma hefi ég grætt ótakmarkað traust á því góða og kærleiksríka í heiminum, fullvíss orðin um, að hann hefir meira af því að bjóða en almenningur veitir eftirtekt.

Mínir kæru vinir, þökk, já, hjartans þökk fyrir alt og alt.

Mrs. Friða Helgason.

Nokkrar kvenréttarfélags konur komu saman í húsi Mrs. Gróu Magnússon, 680 Arlington St., að kveldi 4. þ.m., til þess með ofurlitlu samsæti að kveðja þær Mrs. M. J. Benedictsson og Bertha Anderson, sem kveldið eftir lögðu af stað vestur að hafi. Fylgdu þá flestar þessar konur þeim á járnbrautarstöðvarnar, og báðu þeim allra heilla. — Í samsætinu voru þeim flutt hlý kveðjuorð í ræðum og fáein erindi í ljóðum.

Kvenréttarfélags-deildin hér miss ir mikils við burtför Mrs. Benedictsonar, sem er aðal-leiðtogi hins íslenzka kvenréttarfélags í þessu landi. En þess er óskað og vænst, að hún hafi það gott af þessari ferð, og félagið sömuleiðis, að heilsa hennar og kraftar fái þá endurnærandi hvíld og hressing, sem hún leitar eftir og þarfnast, og að hún komi svo til baka með nýju fjöri og nýjum dug, og taki þar til óspiltra mála, "er fyrr var frá horfið".

Mrs. Benedictsson ráðgerir að vera um þriggja mánaða tíma vesturfrá, og biður hún alla, sem kynnu að vilja skrifa sér, að adr. bréfin til Blaine, Wash. C.D.

Þann 30. sept. sl. andaðist að heimili sínu, 563 Victor St. hér í borg, bóndinn Guðmundur Guðmundsson, 48 ára gamall. Banamein hans var lungnabólga. Guðmundur sál. var bróðir þeirra Eiríks og Högna Guðmundssona, bænda í Álptavatns-nýlendu. Hann var ættaður úr Norður-Múlasýslu á Íslandi. Foreldrar hans voru þau Sesselja Högnadóttir og Guðmundur Eiríksson, er bjuggu alla æfi sína í Borgarfirði, — bæði fyrir löngu dáin. Guðmundur sál. flutti til Ameríku fyrir 20 árum. Árið 1892 kvongaðist hann eftirlifandi konu sinni, Sigríði Guðmundsdóttur, sem nú syrgir hann, ásamt 3 börnum þeirra hjóna, tveimur stúlkum og einum dreng, því hann var ástríkur ektamaki og faðir.

Notið tækifærið!

Ég sel með góðu verði mi'iið af bókum og blöðum á íslenzku, dönsku, norsku og ensku.

Sigmundur M Long,

790 Notre Dame Ave., Winnipeg.

Tombóla

Munið eftir HEKLU TOMBOLUNNI á mánudagskveldið kemur

17. október

Byrjar kl. 8. — Fólk er beðið að koma snemma, svo að aðrar skemtanir geti farið fram sem fljótast. — Kvenfólkið í nefndinni hefir tekið að sér að veita fólkinu kaffi og brauð. — Nokkrir menn úr stúkunni Heklu hafa leigt salinn frá kl. 10, og verður þar dansað til kl. 1. — Mahers Orchestra skemtir með hljóðfæraslætti frá klukkan 8.

Inngangur og einn dráttur kostar 25 cents.

Fallegir KVENHATTAR

af nýjustu gerð til sölu í hattabúðinni á horni Sargent og Victor stræta. Gamlir hattar einnig gerðir um. Munið eftir staðnum og látið íslenzku konurnar, sem eiga búð þessa, njóta viðskifta yðar, því þér getið gert eins góð kaup þar og nokkurstaðar annarstaðar í bænum.

YFIRLÝSING.

Herra ritstjóri Heimskringlu.

Þar sem mjög margir hafa spurt mig að því, hvernig herra S. Gíslasyni liði, bið ég yður, herra ritstjóri, að taka meðfylgjandi yfirlýsingu í blað yðar:

Beinkramar, hreyfi-ósamræmis, mátt- og tilfinningar-leysis sjúklingurinn SIGURÐUR GÍSLASON, nú að 540 Toronto stræti, Winnipeg, — dauðar hreyfi- og tilfinninga-taugar, nú lifandi, — er nú kominn á fætur, eftir 3. ára rúmvist, og getur gengið um húsið, og upp og ofan í kjallara, stuðnings-lítið; ennfremur kipp og kipp stuðningslaust, og þarfnast eigi lengur pípur til nauðsynja; — hefir þannig lifnað við, við handlækningar séra O. V. Gíslasonar, á tímabilinu frá 27. júlí 1909 til 2. sept. 1910. — Sjáið manninn! "Nánari skýring síðar".

Winnipeg, 1. okt. 1910.

O. V. GÍSLASON.

Uppboðssala.

Eftir beiðni herra J. H. Johnson, að Hove P.O., Man., sel ég við opinbert uppboð á landi hans suðaustur fjórða af Sec. 10 Tp. 18 R. 3. w.

Mánudag 24. okt. 1910.

Alla nautgripi hans, sem eru:

30 kýr, sem eiga að bera í vetur og á næsta vori.
15 geldneyti á þriðja ári.
12 geldneyti á öðru ári.
8 vetrar og vor kálfa.
2 naut.

Einnig sel ég þar nokkra hesta og ýmislegt fleira.

Salan byrjar kl. 1 e. h.

Miðdagsverður veittur ókeypis.

Kaupskilmálar eru: 9 mánaða gjaldfrestur gegn trygðum borgunarskuldbindingum (Approved Joint Note) með 6 prósent ársvöxtum.

Sex prósent afsláttur af öllu, sem borgað er í peningum út í hönd.

Dags. að Lundar, 1. okt. 1910.

PAUL REYKDAL,
uppboðshaldari.

Hjá J. R. TATE & Co.
522 Notre Dame Ave.

er staðurin til að fá góð föt gerð eftir máli úr frægustu dúkum og fyrir lægra verð en slík föt eru gerð fyrir neðar í borginni. Vér höfum mesta úrval af fatadúkum og ábyrgum hverju spjör. Íslendingum boðið að koma og skoða vörurnar. Vér óskum viðskifta við þá.

J. R. TATE & Co. Skraddarar

Dr. G. J. Gíslason,

Physician and Surgeon

18 South 3rd Str, Grand Forks, N.Dak

Athygli veitt AUGNA, EYRNA og KVERKA SJÚKDÓMUM ASAMT INNVORTIS SJÚKDÓMUM og UPPSKURÐI. —

Anderson & Garland,

LÖGFRÆÐINGAR

35 Merchants Bank Building

PHONE: MAIN 1561.

Dr. M. Hjaltason,
Oak Point, Man.

BÚÐIN Á SARGENT.

Kennið únglingunum að nota vel tíman. Það gerist best með því að þau beri á sér vasa úr. Eg sel vönduð Kvenn-úr frá $2.50 og upp. Eg sel $10.00 Konu-úr fyrir $6.00 þau eru í gullþynnu kössum, með ágætu gangverki ábyrgð fygir hverju úri.

Drengja úr sel eg fyrir $1.25 og þar yfir.

G. THOMAS Gull og Silfur Smiður

674 Sargent Ave. Phone Sherb. 2542

Góðar stöður.

Geta ungir, framgjarnir menn og konur fengið á járnbrauta eða loftskeyta stöðvum.

Síðan 8 kl. stunda lögin gengu í gildi og síðan loftskeyta fregnsending varð útbreidd þá vantar 10 þúsund telegraphers (fregnsendla). Launin til að byrja með eru frá $70 til $90 á mánuði. Vér störfum undir umsjón telegraph yfirmanna og öllum sem verða fullnuma eru ábyrgðar atvinnustöður.

Skrifið eftir öllum upplýsingum til þeirrar stofnunar sem næst yður er. NATIONAL TELEGRAPH INSTITUTE, Cincinatti, Ohio, Philadelphia, Pa., Memphis, Tenn., Columbia, S. C., Davenport, Ill., Portland, Ore.

J. T. STOREY S. DALMAN

Your Valet

HREINSAR, PRESSAR, GERIR VIÐ OG LITAR FATNAÐ.

Alt ágætlega gert. Komið því með fötin til okkar.

690 NOTRE DAME AVE.
TALSÍMI MAIN 2798

Sherwin-Williams PAINT

fyrir alskonar húsmálningu.

Prýðingar-tími nálgast nú. Dálítið af Sherwin-Williams húsmáli getur prýtt húsið yðar utan og innan. — Brúkið ekker annað mál en þetta. — S.-W. húsmálið málar mest, endist lengur, og er áferðarfegurra en nokkurt annað hús mál sem búið er til. — Komið inn og skoðið litarspjaldið. —

Cameron & Carscadden

QUALITY HARDWARE

Wynyard, · Sask.

S. K. HALL

TEACHER OF PIANO and HARMONY

STUDIO: 701 Victor St.

Haustkensla byrjar 1st Sept.

TIL SÖLU:

160 ekrur af bezta landi, stutt frá járnbrautarstöð. — Fyrsti maður með $7.00 fær hér góð kaup. — Finnið

Skúli Hansson & Co.

47 Aikens' Bldg.

Talsími. Main 6476 P. O. Box 833

GEO. ST. JOHN VAN HALLEN

Málafærzlumaður

Gerir öll lögfræðis störf

Útvegar peningalán

Bæjar og landeignir keyptar og seldar, með vildarkjörum.

Skiftiskjöl $3.00

Kaupsamningar $3.00

Sanngjörn ómakslaun
Reynið mig

Skrifstofa 1000 Main St.
Talsími Main 5142
Heimils talsími Main 2357
WINNIPEG

MARTYN F. SMITH,

TANNLÆKNIR.

Fairbairn Blk. Cor Main & Selkirk

Sérfræðingur í Gullfyllingu og öllum aðgerðum og tilbún aði Tanna. Tennur dregnar án sársauka. Engin veiki á eftir eða gómbólga. —

Stofan opin kl. 7 til 9 á kveldin

Office Phone 6944. Heimilis Phone 6462

Þarft þú ekki að fá þér ný föt?

EF ÞAU KOMA FRA CLEMENT'S, — ÞÁ VERÐA ÞAU RÉTT

Réttur að efni, réttur í sniði réttur í áferð og réttur í verði.

Vér höfum miklar byrgðir af fegurstu og beztu fataefnum. —

Geo. Clements & Son

Stofnað árið 1874

264 Portage Ave. Rétt hjá FreePress

Th. JOHNSON

JEWELER

286 Main St. Talsími: 6606

Sveinbjörn Árnason

Fasteignasali.

Selur hús og lóðir, eldsábyrgðir, og lánar peninga. Skrifstofa: 310 McIntyre Blk.

office TALSÍMI 4700. hús TALSÍMI 2108

G. NARDONE

Verzlar með matvöru, aldini, smá-kökur, allskonar sætindi, mjólk og rjóma, sömni. tóbak og vindla. Óskar viðskifta Íslend. Heitt kaffi eða te á öllum tímum. Fón 7756

714 MARYLAND ST.

Boyd's Brauð

Alt af hin sömu ágætu brauðin. Það er ástæðan fyrir hinni miklu sölu vorri. — Fólk veit það getur reitt sig á gæði brauðanna. Þau eru alt af jafn lystug og nærandi. Biðjið matsala ykkar um þau eða fónið okkur.

Boyd's

Bakery Cor. Spence & Portage Ave
Phone Sherb. 680

BILDFELL & PAULSON

Union Bank 5th Floor, No. 520

selja hús og lóðir og annast þar að lútandi störf; útvegar peningalán o. fl.

Tel.: 2685

Miss Jóhanna Olson.

Piano kennari, byrjar aftur að veita nemendum tilsögn að heimili sínu 557 Toronto St.

BONNAR, TRUEMAN & THORNBURN,

LÖGFRÆÐINGAR.

Suite 5-7 Nanton Blk. Tals. 766
Winnipeg, Man. P.O.BOX 223

DR. H. R. ROSS

C.P.R. meðala- og skurðlækuir. Sjúkdómum kvenna og barna veitt sérstök umönnun.

WYNYARD, — SASK.

The Evans Gold Cure

229 Balmoral St. Sími Main 797

Varanleg lækning við drykkjuskap á 28 dögum án nokkurrar tafar frá vinnu eftir fyrstu vikuna. Algerlega privat. 16 ár í Winnipeg. Upplýsingar í lokuðum umslögum.

J. Dr. D. R. WILLIAMS, Exam. Phys
J. L. WILLIAMS, Manager

W. R. FOWLER A. PIERCY.

Royal Optical Co.

307 Portage Ave. Talsími 7286.

Allar nútíðar aðferðir eru notaðar við augn-skoðun hjá þeim, þar með hin nýja aðferð, Skugga-skoðun, sem kjóreyðir öllum ágiskunum. —

Heimskringla.

XXV. ÁR | WINNIPEG, MANITOBA, FIMTUDAGINN, 20. OKTÓBER 1910 | NR. 3.

Leaded Lights.

Vér getum búið til alskonar skrautgluggs í hús yðar ódýrara og fljótara en nokkur önnur verksmiðja í borginni Vér sýnum yðar myndir og kostnaðar áætlanir.

Western Art Glass Works.

553 SARGENT AVE.

Fregnsafn.

Markverðustu viðburðir hvaðanæfa.

— "Góðra vega félagið" í Manitoba ætlar að biðja Manitobastjórnina að veita hálfa milión dollara til að leggja góða vegi, og sé það einn þriðji hluti fjár þess er varið verði til veganna. Ennþá hefir félagið ekki auglýst prógram sitt nákvæmlega, í þessu tilliti, en ætlar að gera það á fundi sveitarstjórnanna í þessu fylki, sem haldast á í St. Boniface þann 24. nóv. næstk. Hugmyndin mun þó vera sú, að fá sveitirnar til að leggja fram tvo þriðju hluta þess fjár, sem til vegagerða ganga, móti einum þriðja hluta frá stjórninni. — Sennilegt er og, að tilgangurinn sé, að gera upp fáeina aðalvegi, þar sem þeirra er engan vegin brýnust þörf, og eingöngu innan þeirra takmarka, sem undir formlegri sveitarstjórn eru, og mega þá héruðin, sem enga sveitarstjórn hafa, búast við að verða algerlega útundan.

— Ameríkumaðurinn WalterWellman byrjaði ferð í loftfari yfir Atlantshaf á laugardaginn var. Hann lagði upp frá Atlantic City, N.J. kl. 8 um morguninn í loftfari miklu, sem sérstaklega var smíðað til þessarar ferðar á kostnað blaðsins Chicago Herald og tveggja annara stórblaða (í New York og London). Loftfar þetta er 223 fet á lengd og 52. feta breitt. Farþega rýmið í því er 156 feta langt, og í gólfinu er geymslustaður fyrir 9 þúsund gallon af gasólín olíu. Tvær hreyfivélar knýja loftfarið áfram. Með Wellman í loftfarinu eru þessir menn: Melwin Vaniman, F. Murray Simons, J. K. Irwin, Albert Louis Laud og John Aubert. Alls eru því 6 menn í leiðangri þessum, með mánaðar vistaforða, en búast þó við að komast yfir hafið á 6 til 8 sólarhringum, ef alt gengur greiðlega og slysalaust. — Svo hefir allur undirbúningur undir ferð þessa farið lágt, að enginn virðist hafa orðið hans var, fyr en blöðin gátu þess, að þessir 6 fullhugar væru lagðir af stað. Þykk þoka var á, þegar þeir hófu flugið á laugardagsmorguninn. Loftskeytatæki voru á farinu, og hvert skeytið rak annað frá þeim, er sagði, hvernig ferðin gengi. Wellman lagði leið norður með ströndum til Nýfundnalands og þaðan beint út yfir hafið áleiðtil Englands. Skeytin sýndu, að flughraðinn var fyrst 15 mílur á klukkustund og síðar 25 mílur, og að við greiðari ferð væri búist, ef undanhald yrði. Um hádegi á sunnudaginn voru þeir komnir 300 mílur frá Atlantic City, og þar með sýnt, að skipið hafði bokast áfram milli 10 til 11 mílur á klukkustund til jafnaðar. — Á sunnudagskveldið kom loftskeyti frá skipinu, er sagði, að ekki yrði með vissu ákveðin hin rétta afstaða skipsins, en að það væri einhversstaðar frá 300 til 800 mílur frá landi, og hefði valið sér þá leið yfir hafið, sem skip alment færu um. Líklegt þykir, að fleiri fregnir berist ekki frá Wellman og þeim félögum fyrr en þeir komast yfir pollinn, eða að gufuskip á leið þeirra sénda fregnir af þeim.

Eftir að þetta var stílsett, kom sú fregn með loftskeyti (á þriðjudaginn), að skipið Trent, sem var á leið frá Bermuda eyjum hefði kl. 5 þann morgun bjargað Wellman og félögum hans á breiddargráðu 35.43 og lengdargráðu 68.18. Voru þeir þá í lífshættu á hafi úti. En loftfarið var skilið eftir.

— Óvanaleg hjónavígsla fór fram í Ottawa þann 6. þ.m. Brúðguminn var í handjárnum meðan vígslan fór fram. Hann hafði orðið uppvís að því, að vera vasaþjófur og var dæmdur í 5 ára fangelsi fyr ir glæp sinn. En svo stóð á, að hann var kominn fast að giftingu, þegar þjófnaðurinn komst upp um hann. Unnusta hans vildi ekki bregða heiti sínu. Eftir að búið var að dæma hann, var farið með hann úr fangelsinu í handjárnum til St. Josephs kirkjunnar og giftur þar. Hann var svo tafarlaust fluttur þaðan í fangelsið í Kingston, til 5 ára veru. En brúðurin fór sína leið þangað sem hún átti heima. Aðstoðarmenn við giftinguna voru fangavörðurinn og spæjari sá, sem hafði komið upp um brúðgumann og fengið hann dæmd an til fangavistar.

— Rússastjórn er í þann veg að láta grafa skipaskurð mikinn til að tengja Baltic og Caspian höfin við Svartahafið. Skurður þessi verður sá mesti sinnar tegundar í heimi. Vegalengdin öll er 1525 mílur, og er svo til ætlast, að hin stærstu vígskip geti farið viðstöðulaust eftir honum. Ýmsar stórár verða notaðar parta af leiðinni með, því að gera farveg þeirra breiðari, beinni og dýpri en nú er. Áætlaður kostnaður við verkið er yfir 67 miliónir dollara. Rússar hafa allra þjóða mest unnið að því, að nota og bæta vatnavegi sína innanlands, og hafa á sl. 50 árum varið til þess 3 þúsund miliónum dollara. Árlegur viðhaldskostnaður þeirra vatnavega er 6½ milión dollara.

— Tekjur strætisbrautafélagsins í Montreal frá 1. sept. 1909 til 31. ágúst 1910 urðu $4,281,473.74, og af því fær borgin $276,618 í bæjarsjóð.

— Glace Bay bær í Nova Scotia var nýlega tekinn lögtaki fyrir skuldir. Það voru aðeins 16 þús. dollarar, sem bærinn skuldaði, en brjóskaðist við að borga. Málið fór fyrir dómstólana og bærinn var dæmdur til að borga, en sunti ekki dóminum, svo lögtak var gert á öllum eignum bæjarins.

— Í Kolanáma þeim í Mexico ríki, þar sem vábrestur varð fyrir fáum dögum og lukti 150 manns inni, — hafa fundist 6 Kínverjar lifandi, allir hinir voru dauðir. — Feikna klettur hafði oltið fyrir munnann á göngum þeim, þar sem þessir 6 menn voru að vinna, svo að þeir voru innibyrgðir í 5 sólarhringa áður en þeir fundust. Allir voru þeir orðnir veikir af hungri og loftleysi, en vonað þó að þeir náí fullri heilsu aftur.

— Stórviðri á Englandi gerði í sl. viku feikna líftjón og eigna þar. Mörg skip fórust með skipshöfnunum og björgunarskipin voru ráðalaus að veita nokkra hjálp. Fimm mönnum varð þó bjargað af einu gufuskipi, sem valt um í ofveðrinu og gat enga björg veitt mönnum sínum; tuttugu menn voru á skipinu og fórust 15. Ýmsir hlutar af mörgum skipum hafa rekið á land og bendir það til, að þau skip hafi farist. — Einnig varð ofveður mikið á Florida skaganum og á Cuba eyju. Skemdir urðu litlar í Florida en tóbaksuppskeran í Cuba er sagt að hafi skemst mikið og algerlega eyðilagst á sumum stöðum.

— Einatt er talsímakerfi Manitoba fylkis í framför. Þrjátíu og fjórir hópar manna eru nú stöðugt að leggja talsíma um alt fylkið, bæði í hinum ýmsu smábæjum og úti um landsbygðirnar, þar sem næg tala bænda er til að nota þræðina. Nú eru yfir 33 þúsund fónar í fylkinu, þar af 15 þúsund í Winnipeg borg. Áætlað er, að 2000 fónum verði aukið við nefnda tölu áður þetta ár er liðið, og verður aukningin þá 40 prósent á árinu.

— Nú er Bandaríkjastjórnin farin að láta rannsaka beiðni verkamannafélaganna um flutningsgjaldahækkun með járnbrautum í austurhluta Bandaríkjanna, og 2 járnbrautakongar hafa þegar farið til Washington til þess að flýta fyrir þessu máli. Það eru stjórnendur Baltimore og Ohio og New York Central járnbrautanna. Báðum bar þeim saman í vitnisburðum sínum, og hvorugur bygði hækkunarkröfu sína eingöngu á auknum vinnulaunum, heldur einnig á því, að framför, nútímans krefðist mikilla umbóta í öllu járnbrautastarfinu, og að fé til slíkra umbóta fengist ekki á annan hátt en þann, að hækka flutningsgjöldin.

— Í ráði er, að Bandaríkjastjórn færi póstgjald á bréfum niður í 1 cent fyrir hverja hálfa únzu, í stað tveggja centa nú. Sagt að póstmáladeildin borgi sig svo vel, að niðurfærslan verði möguleg innan skams tíma.

— Kínverjar eru vaknaðir til meðvitundar um, að þeir ættu að fá þingbundna stjórn. Samkvæmt þeirri ósk hefir keisarinn skipað að mynda "Senate" og valið sjálfur alla menn í þá málstofu. Þessi málstofa tók til starfa þann 4. þ. m. og var sett af keisaranum með tilhlýðilegri viðhöfn. Í innsetningarræðu sinni gat hann þess, að þjóðin krefðist þingræðis, og bað hann senatorana að undirbua það vel og vandlega. Nýtt þinghús á byggja bráðlega í Pekin borg, stórt og vandað, svo að ekki skorti húsnæði, þegar þingbundin stjórn kemst þar á fót. Kosninga- og kjörgengis skilyrði eru enníþá óákveðin, svo og fylkja og kjördæmaskiftíng. En Senatið á að gera út um þessi atriði.

— Járnbrautamanna og rafljósamanna verkfall er á Frakklandi um þessar mundir, og hafa 100,000 manna hætt vinnu. Stjórnin lefir látið handtaka nokkra af leiðtogum járnbrautaverkfallsmanna og varpa þeim í fangelsi. Sem afleiðing af því hafa ýmsir verkamenn byrjað að vinna aftur á járnbrautunum, svo að lestagangur er nokkur. En Parísarborg er ljóslaus, og fær stjórnin ekki að gert. Strætisvagnar urðu og að hætta umferð, er raflýsing fékst ekki. Nokkrir óeirðir hafa fylgt þessu verkfalli. — sprengikúlum kastað og annar skaði unninn.

— Stanley Ketchel, miðlungsþyngdar bardagakappi heimsins, var drepinn á laugardaginn var úti á hjarðlandi einu í Montana. Hann átti í orðakasti við hestasmala þar, sem skaut hann umsvifalaust.

— Nýlega hefir Bandaríkjastjórnin slegið hendi sinni yfir sölumunni þeirra Duveen bræðra í New York borg. Bræður þessir, sem eru 5 að tölu, hafa eina af heimsins stærstu sölubúðum á Fimtu Avenue þar í borg og verzla með listasmíðisgripi allskonar og forngripi. Sá eini af bræðrunum, sem var í búðinni, þegar stjórnin tók lagahald á henni, var handtekinn og kærður um, að hafa svikið Bandaríkjastjórn um tollgreiðslu af innfluttum varningi. Annar bróðirinn var handtekinn á gufuskipinu Lusitania. Lögsóknari stjórnarinnar segir tollsvik bræðranna muni nema yfir milión dollara. Orsökin til þessa málareksturs er sú, að bræður þessir, eða verzlun þeirra, fékk nýlega 3 skrautker, sem voru virt til tollgreiðslu á $1,107.00, en sem voru $38,000.00 virði. Bræðurnir voru látnir lausir gegn 50 þúsund dollara tryggingu fyrir hvorn þeirra.

— Vagnaverkstæði mikið er verið að byggja í Port Arthur. Félagið, sem stendur fyrir því verki, hefir lagt 10 þúsund dolara tryggingarfé í bæjarsjóð til tryggingar því, að 300 manns verði veitt stöðug atvinna á verksmiðjunni, þegar hún er komin í starfandi ástand. Bæjarstjórnin veitir felaginu talsverð hlynnindi til bess að reka starf sitt þar í bænum.

— Roosevelt hefir nýlega látið þess getið, að hann sé fús að rækja um forsetastöðuna við næstu kosningar, ef flokkur sinn sýni sér eindregið fylgi, og vinni að því, að Suðurríkin fylgi sér að málum ekki síður en Norðurríkin. Hann hefir nýlega ferðast suður í Georgía ríki og mætt þar góðum viðtökum. Nú er altalað, að hann verði forsetaefni Repúblikanflokksins við næstu kosningar.

— Vesalings piltur einn í Huntsville í Ontario varð nýlega fyrir því óláni, að fá ást á stúlku þar í bænum. Foreldrum stúlkunnar geðjaðist illa að þessu og vönduðu um það við dóttur sína, en hún svraði með því, að yfirgefa foreldrahúsin og fá sér vinnu og verustað þar í bænum, svo hún gæti óáreitt mætt unnustanum, þegar henni litist. Svo var það eitt kveld, að pilturinn var bar á leið, sem ekki var fjölfarið, og hafði faðir stúlkunnar legið þar fyrir honum. Gamli maðurinn tók piltinn, batt hendur hans og fætur og makaði hann allan í volgri tjöru, velti honum svo upp úr dún og fiðurbing og barði hann svo með nautasvipu, þar til hann var nær dauða en lifi. Síðan skipaði hann honum að flýja úr bænum innan sólarhrings. Fyrir þetta var bóndi dæmdur í $18 útlát og málskostnað. En ungu hjúin giftu sig daginn eftir eins og ekkert hefði iskorist. En ekki var gamla mannínum boðið í veizluna.

— Foringjar Frelsishersins hafa ákveðið, að senda til Canada á næsta ári 15 þúsund verkamenn og vinnukonur.

— Enn á ný hefir fellibylur ætt yfir Cuba eyju, og valdið eignatjóni, sem nemur mörgum miliónum dollara, aðallega á vesturhluta eyjarinnar. Þúsundir fólks hafa tapað aleigu sinni og er húsvilt og allslaust. Fyrst varð þar fellibylur á sunnudaginn var, sem gerði stórtjón, en létti af seint um kveldið. En á þriðjudaginn kom annar ennþá skæðari og varaði meira en sólarhring, með afskaplegu regnfalli. Öll uppskera í fjórum vestlægustu fylkjunum er gersamlega eyðilögð, og fjöldi íbúðar húsa hafa fokið og brotnað og sum flætt burtu. Í Havana borg einni er skaðinn metinn yfir milión dollara. Mesti fjöldi skipa hefir og farist í þessu ofsaveðri, og ailir menn, sem á þeim voru. Þetta er talið mesta skaðræðisveður í allri sögu eyjarinnar.

— Félag eitt á Englandi hefir afráðið, að halda úti gufuskipa-línu milli Englands og Hudson flóans strax og járnbraut er bygð að einhverri höfn við flóann. Félagið, sem stendur fyrir þessu fyrirtæki, hefir haft umboðsmann sinn, um nokkurn undanfarinn tíma, til þess að rannsaka ástand alt við flóann og einnig hér í Vestur-Canada, og hann hefir sannfærst um, að nóg verði að starfa fyrir öfluga gufuskipalínu milli Englands og flóans. Félagið ætlar bráðlega að láta byggja sum af gufuskipunum til þessara ferða og kaupa hin. Öll eiga skipin að verða stór og traust og hraðskreið.

Fjár-útvegun.

Einar Benediktsson, skáld og fyrrum sýslumaður, hefir verið að reyna að mynda félag af brezkum auðmönnum til þess að rannsaka auðlegð Íslands og að reka þar gróðavænleg fyrirtæki. Svo er að sjá á Íslands blöðum, að félagið sé þegar myndað og heiti "The British North Western Syndicate, Limited".

Herra Einar Benediktsson hafði samið og gefið út á Englandi "Prospectus" nokkurn, eða skýrslu um auðlegð landsins, og segir bl. Reykjavík, að skýrsla þessi hafi átt að fara mjög leynt, og sérstaklega vakað yfir því, að þær kæmu ekki í hendur mönnum á Íslandi. En sú saga er fremur ótrúleg, því ekki eru landarnir austanhafs svo gerðir, að þeir mundu þykkjast við Einar fyrir það, þó hann hældi landi sínu og þeirra, eða teldi fram til fróðleiks og íhugunar erlendum auðmönnum kosti þess og fjárgróða möguleika þar. En hins vegar getur blaðið þess, að mönnum muni verða nýung að frétta, hver óþrynni auðs séu samankomin á Íslandi, og hve mikið af auði þeim er í umsjá herra E.B., og hvílík gullnáma íslenzk verzlun sé nú sem stendur.

Herra Jón Ólafsson hefir þýtt kafla úr þessum "Prospectus" hr. E.B., og fylt með þeim tvö blöð af Reykjavík, nr. 41 og 42 þ.á.

Fyrst er þar rætt um stærð landsins og íbúatölu, hnattstöðu þess og vegalengd frá Skotlandi. Er íbúatalan gerð 80 þús. manna, búsettir, og svo sagt, að annar eins manníjöldi sé þar samankominn af útlendingum er stunda fiskiveiðar. Eftir því ættu bar að vera 160 þúsund manns að sumarlaginu.

OGILVIE'S

Royal Household Flour

Til Brauð og Köku Gerðar

Gefur Ævinlega Fullnægingu

EINA MYLLAN Í WINNIPEG.—LÁTIÐ HEIMAIÐNAÐ SITJA FYRIR VIÐSKIFTUM YÐAR.

Þá er annar kaflinn um landsins geysimiklu náttúruauðæfi og hið ágæta lífslag og um góðan efnahag landssjóðs og hið góða lánstraust hans, og um löngun stjórnarinnar til að fá auðsuppsprettur landsins hagnýttar, öllum landslýð til hagsældar. Að landið sé svo auðugt af náttúrlegum auðsuppsprettum, að auðið ætti að vera að græða stórfé á þeim á fáum árum. Að aðalauðsuppspretturnar séu landbúnaður, fiskiveiðar, náma gröftur og vatnsafl. Að öll viðskiftaupphæð verzlunar landsins sé yfir 36 miliónir króna, og að af þeirri upphæð nemi útfluttur fiskur 10 miliónum króna.

Næsti kaflinn er um málma, og sagt að gull sé í jörðu á stóru landssvæði, einnig sé þar kopar, kol, brennisteinn, og af hinu síðast nefnda svo mikið, að Ísland hafi byrgt alla Evrópu af því á fyrri árum. Þá er skýrt frá því, að stjórnin þurfi á fé að halda til að hagnýta auðæfi landsins, og að hún mundi fús til að taka nær tveggja milión króna lán árlega gegn 4 til 4½ prósent vöxtum. Svo myndi og bæjarstjórnir og sýslunefndir — sem á landinu eru 30 að tölu — þiggja milión króna lán á ári með 4½ prósent vöxtum.

Skýrt er frá því, að eitt af fyrstu stórfum stjórnarinnar, er lánið væri fengið, myndi verða að byggja höfn í Reykjavík, er kosti nær 2 miliónum króna. Einnig hafi hún í hyggju, að leggja járnbraut til hins frjósama undirlendis sunnanlands, um 60 mílur á lengd. Sé brautarstæði það þegar mælt og leyfisskrá um það að verða veitt.

Höfundurinn segir, að Ísland hafi að líkindum framleiðslumesta fiskimið í veröldinni, og að fiskifloti landsmanna sé nokkur hundruð talsins. En til þess að hafa full not fiskimiðanna, þurfi botnvörpunga, og væri það stór gróða von.

Þá er kafli um landbúnaðinn, og þar sagt, að jarðvegur Íslands sé ákaflega frjósamur, og að þar sé mikil jarðrækt, en aðeins ræktaðar 20 til 30 ferhyrn.mílur af 40 þúsund, sem ræktanlegar séu taldar. Aðalágæti vatnsleiðslunnar þar heima sé, að árnar beri fram með sér leir, sem sé ákaflega frjóg andi. Grasið sé ágætt að æðum og verði yfir tveggja feta hátt á flatlendinu. Af kartöflum megi rækta feiknamikið og sé 12- eða 15-föld uppskera af þeim alveng. Fjárkynið sé mjög arðsamt, svo að ein fjölskylda geti lifað af arðinum af 35 til 40 kindum, er hver kosti 16 til 17 shillings. Jarðir megi kaupa fyrir nær því ekki æeitt. Höfundurinn segist hafa borgað minna en 200 pund sterling fyrir eina jörð, er sé 3 fermílur að flatarmáli með 6 bændabýlum á. Niðursuðu megi hafa á sauðakjöti, silungi, rjúpum, laxi og öðrum fisktegundum. Iðnaður sé sem næst enginn í landinu. En höfuðauðlegð Íslands sé vatnsaflið — Dettifoss, sem sé mestur allra fossa í Norðurálfu, hafi 170 þúsund hestöfl, en með stíflum geti hann veitt 720 þúsund hestafla. Foss þessi sé metinn yfir 16 milión króna virði, og að af honum megi hafa árlegan arð, er nemi hartnær 12 miliónum króna. Höfundurinn segir að margir fossar séu á Íslandi og eigi hann marga af þeim, og einn þeirra, til dæmis, hafi 50 þúsund hestafla.

Þá er þess getið, að Ísland sé fjarskalega auðugt að málmum, og kveðst höfundurinn eiga ítök í nokkrum slíkum málmberandi eignum. Laxveiði segir hann svo góða, að með einu sjávarfalli hafi fengist yfir 700 laxar í einni kvísl, sem renni úr einni af sínum eigin laxám, og höfðu þó net þau rifnað, sem girtu kvíslina. Silungurinn segir höfundurinn að verði svo stór á Íslandi, að hann vegi um 20 pund. — Hann kveðst hafa keypt helfinginn af nokkrum samlægum jörðum, sem alls hafi sex milna langa laxveiði-á, og hafi goldið aðeins 9 þúsund krónur fyrir allar eignirnar til samans. Ennfremur getur hann þess, að hann hafi á sl. 15 árum keypt og fengið umráðarétt yfir fjölda dýrmætra fasteigna, sem hann telur úrvalið úr öllum fasteignum landsins.

Margt annað fróðlegt er í þessari auðsælaskrá, en hér er sýnt eingöngu það, sem lýtur að áliti því, sem herra Einar Benediktsson hefir á landinu, og hve arðvænlegt hann telur það fyrir brezka auðmenn, að verja fé sínu til gróðafyrirtækja á Íslandi. En svo er að skilja á Jóni Ólafssyni, að honum þyki nokkuð geyst farið í hinum ýmsu gróðaáætlunum, og maður eins og les það milli línanna, að hann efist um að uppgrip auðs verði eins mikil eins og áætlanir herra E.B. gefa í skyn.

Nú er sem líkafast verið að ræða mál þetta í hinum ýmsu íslenzku blöðum heima. En algerlega neitar stjórnarráð Íslands að eiga nokkurn þátt í þessu með Einari, — vill auðsælega ekki bera ábyrð á öllu oflofinu og ýkjunum.

Til sölu

eða í býttum við fasteign í Winnipeg, eru 2 góðar bújarðir í Alftavatnsbygð, nálægt vagnstöðvum. Nánari upplýsingar að 847 Home St., Winnipeg.

WALL PLASTER

"Empire" VEGGJA PLASTUR kostar ef til vill ögn meira en hinar verri tegundir, —en berið saman afleiðingarnar.

Vér búum til:

"Empire" Wood Fibre Plaster
"Empire" Cement Wall "
"Empire" Finish "
"Gold Dust" Finish "
"Gilt Edge" Plaster of Paris
og allar Gypsum vöruutegundir. —

Eiqum vér að senda yður bækling vorn?

BÚIÐ TIL EINUNGIS HJÁ

MANITOBA GYPSUM CO. LTD

SKRIFSTOFUR OG MILLUR I

Winnipeg, - Man.

Heimskringla

Published every Thursday by The Heimskringla News & Publishing Co. Ltd

Verð blaðsins í Canada og Bandaríkjunum er $2.00 um árið (fyrir fram borgað).
Sent til Islands $2.00 (fyrir fram borgað af kaupendum blaðsins hérlendis $1.50.)

B. L. BALDWINSON
Editor & Manager

Office:
729 Sherbrooke Street, Winnipeg
P.O. BOX 3083. Talsími 3512.

Uppreistin í Portúgal.

Uppreistin í Portúgal, sem á 30 klukkustundum breytti landinu úr konungsríki í lýðveldi, braust út sem afleiðing af litlu smáatriði, sem kom fyrir í Lisbon borg. Að vísu var almenn óánægja orðin með stjórnarfarið, og hafði verið svo árum skifti um alt landið, — eins og sýndi sig í því, að Carlos konungur og elzti sonur hans voru báðir skotnir til bana fyrir tveimur árum, er þeir keyrðu í vagni um götur Lisbon borgar. En ekki datt stjórn landsins í hug, að bein uppreist gegn veldi konungsins væri eins nálæg eins og raun hefir á orðið, og þess vegna var hún síður viðbúin áhlaupinu og því linari til varnar.

Svo stóð á, að einn herforingi, að nafni Santo, hafði orðið vitskertur og verið um tíma á vitfirringaspítala. Yfirlæknir spítalans var prófessor Bombarda. Vildi stjórnin fá herforingjann lausan, en Bombarda kvað hann ekki fulllæknaðan, og lagði það til, að hann yrði lengur á spítalanum. En áhrif stjórnarinnar máttu sín meira og maðurinn var settur frí. Hann fór þá strax til Parísar og var þar um tíma, en sneri síðan heim til Lisbon borgar og lét það vera sitt fyrsta verk, að heimsækja Bombarda á spítalanum. Þeim varð sundurorða og Santos skaut prófessorinn og særði hann svo, að hann dó af þeim áverka.

Þegar atburður þessi varð hljóðbær, varð alþýða borgarinnar óð og uppvæg. Einstöku gætnir menn litu svo á, að hér þefði verið ræða um glæp, sem brjáladur maður hefði framið, og væri hann því tæpast ábyrgðarfullur gerða sinna. En öll alþýða leit svo á, að hér hefði einn hermaður konungs verið settur út til þess að bana prófessor Bombarda, sem kunnur var fyrir samhygð sína með lýðveldissinnum. Blöðin þar í borginni aðhyltust þessa skoðun, og eitt þeirra prentaði þegar afar-harða ákæru á konungsliðið, og skoraði á alþýðu landsins, að rísa nú tafarlaust upp í almætti sínu og brjóta af sér kúgunarhlekki konungsvaldsins. Prestur einn, sem las ávarp þetta, mælti í heyranda hljóði heldur móti því og varði konungssinna. Það var þegar ráðist á hann og hann barinn og grýttur. Samt tókst honum að komast undan inn á skrifstofu annars blaðs, og þar fékk hann skýli. En götulýðurinn æpti sem ákafast — "hefnið morðsins, niður með konunginn! — þá fór lögreglan að reyna að skakka leikinn og tókst þegar bardagi með henni og óróamönnum. Lögreglan hafði betur í þeirri viðureign, en misti þó nokkurra úr liði sínu, sem fellu fyrir skotum lýðveldissinna. Uppreistarmenn kunnu því illa, að verða undir í þessari viðureign við lögregluna. Þeir tóku sig því til og héldu að næstu setuliðsstöð, sem var þar hjá bænum, og æstu upp þann hluta hermannanna, sem þeim voru fylgjandi í skoðunum, og voru þeir svo margir, að þeir tóku stjórn á setuliðsstöðinni og handtóku og vörpuðu í fangelsi tveimur af yfirmönnunum, sem voru eindregnir konungssinnar. — Síðan hófu þeir uppreistarfánann á stöng, en drógu konungsfánann niður og tröðkuðu hann undir fótum sér.

Eftir það lagði mestur hluti hermannanna út úr víginu með 4 fallbyssur og önnur skottæki, og hófu skothríð á konunghöllina, en aðrir voru eftir til að verja vígið á meðan. Næst fóru uppreistarmenn að hergagnabúri stjórnarinnar, brutu það upp og tóku þaðan alla rifla og kúluskot, og útbýttu því meðal uppreistar leiðtoga, sem mátti reiða sig á. — Svo var símað um alt land, að uppreist væri byrjuð, og að því loknu voru allir fréttaþræðir út frá borginni tafarlaust skornir sundur, og einnig allir fréttaþræðir milli landa, svo engar fregnir gætu borist til umheimsins. Brezki hafþráðurinn var skorinn sundur þar sem hann tók við land, og herskipum, sem þar voru á höfninni, var með flöggum tilkynt, hvað um væri að vera.

Nú varð einnig uppreist í öðru setuliðsvígi, og þeir foringjar þar, sem draga vildu taum konungssinna, voru þegar skotnir.

Sagt er, að alls um 600 manna hafi fallið í þessari uppreist í Lisbon og Oporto borgum. — Alt þetta gekk svo fljótt, að konungsstjórnin varð þess ekki vör fyrr en skothríðin hófst. Þá fyrst vaknaði hún til starfa og beitti því liði öllu, sem hún gat til náð móti uppreistarmönnum. En þá tóku herskip þau, sem voru þar á höfninni, að berjast móti stjórninni. Bardaginn er sagt að hafi varað í 30 klukkussundir, þar til stjórnin varð að gefast upp og leggja niður völdin. Hún hafði áður til vara útbúið skip og flutt um borð í það nokkuð af eignum konungsfjölskyldunnar, og um borð í það skip fór konungur og hans nánustu strax og byrjað var að skjóta á konungshöllina, og komust þannig undan til Gibraltar, á náðir Breta.

Þegar vissa var fengin um sigur uppreistarmanna, lagði lögreglustjóri borgarinnar sig upp í rúm, kvaðst vera veikur og ekki geta stýrt liði sínu, og varð lögregla borgarinnar konungssinnum þess vegna til miklu minna liðs en ella hefði orðið.

Sem dæmi þess, hve stjórnin var óviðbúin, er þess getið, að einmitt á þeim tíma, sem uppreistin hófst, voru ýmsir stjórnarráðgjafarnir í veizlum víðsvegar í borginni. En aðalherforinginn í Lisbon borg og margir undirforingjar voru að skemtiböðstöð langt frá borginni. En konungur sjálfur var að halda nýkosnum stjórnarformanni heiðursansæti. Það var því enginn í borginni, sem nokkurt vald hafði til að hafa á hendi stjórn konungs sinna. En uppreistarmenn bar á móti voru vel sameinaðir og höfðu formlega flokksskipun og beztu stjórn á öllu. Að vísu kom aðalherforingi konungsins til borgarinnar á þriðjudagsmorguninn 4. þ.m., en þá hafði bardaginn staðið yfir alla nóttina, og uppreistarmenn höfðu búið svo vel um sig, að sigurinn var þeim vís. Við sólarupprás um morguninn bættist eitt herskip við tölu þeirra, sem áður voru á höfninni, og það hóf þegar bardaga með uppreistarliðinu. Klukkan 2 um nóttina hafði konungsfjölskyldan verið flutt um borð í skip það, sem áður er getið, og komst þannig undan í náttmyrkrinu. Þannig var frelsað líf konungsins.

Þess er getið, að aðalherskip konungsins var á höfninni, þegar skothríðin hófst, en tók engan þátt í bardaganum á hvoruga hlið. Eins er þess getið, að þeir sem stjórnuðu fallbyssum þeim, sem umkringdu konungshöllina, gerðu enga tilraun til að skjóta á skip uppreistarmanna. Allir virtust vera konungi og stjórn hans ótrúir. Þegar hlutar af konungshöllinni voru skotnir í rústir og hús helztu ráðgjafanna, og konungsfjölskyldan sjálf flúin úr landi, var sigurinn unninn.

Daginn eftir gerði foringi uppreistarmanna, sem nú er dómsmálastjóri í bráðabyrgðarstjórninni nýmynduðu, sér ferð á hendur yfir í herbúðir uppreistarmanna til þess að þakka þeim fyrir starf sitt og framkomu, og sérstöku lofsorði lauk hann á þær konur, sem borið höfðu skotvopn og staðið í fylkingum uppreistarmanna og barist með þeim við hlið bænda sinna, sona og bræðra í 30 klukkustundir samfleytt, þar til sigur var fengin.

Fyrsta verk, sem nýja stjórnin gerði, var að bannlýsa konuninn og alla hans ættmenn, og gera þá útlæga úr landi. Sömuleiðis að gera landræka tafarlaust alla munka og nunnur úr Portúgal. Sex hundruð af því fólki var flutt út úr ríkinu inna fjögra daga eftir uppreistina. Og það hefir stjórnin auglýst, að hún skuli sjá um, að hver einasti munkur og nunna sé gerð landræk eins fljótt og tæki fáist til að flytja það hyski út yfir landamærin. — Það er og ákveðið, að stjórnin leggi undir ríkið allar landeignir og aðrar fasteignir konungsins afdankaða og ættmenna hans, að unkanteknum eignum móður konungsins, sem ekki verða af henni teknar.

Hinn afsetti konungur hefir ákveðið að búa framvegis á Englandi.

LEIÐRÉTTING.

Í fyrri hluta ritgerðar nr. Árna Sveinssonar, sem birtist í síðasta blaði, hefir fallið úr eitt orð í miðjum fjórða dálki á annari bls. þar stendur: "þegar vér höfum", en á að vera: "þegar vér höfum v ö l d i n. — þetta eru lesendur beðnir að athuga.

Liberalar og tollmálið.

Eftir Árna Sveinsson

(Niðurlag).

Þessi dæmi sýna, að hátollar Laurier-stjórnarinnar útiloka að mestu innflutning á útlendum vörum, og draga þar með mikið af þeim tekjum, sem með réttu ættu að dragast í ríkissjóð, í sjóð verksmiðjueigenda, því fyrir utan "excise" fær ríkið engan skatt af heimatilbúnum vörum. Þar sem tekjutolla fyrirkomulagið, sem Mr. Laurier lofaði — en sveik — margfaldar innflutning á útlendum vörum, og þar af leiðandi vaxa tekjur ríkisins, og jafnframt lækka í verði heimatilbúnar vörur, til hagnaðar fyrir almenning. Hátolla fyrirkomulagið er því að eins til að vernda verksmiðjueigendur og einokunarfélög fyrir samkepni utanríkismanna.

Ekki reyndi Mr. Laurier að mótmæla framburði bændanna. Hann kvaðst þeim að mörgu leyti samþykkur, þótt hann auðvitað væri þeim ekki nákvæmlega samdóma í öllum greinum. Hann var þeim þakklátur fyrir uppfræðsluna viðvíkjandi tollmálinu og fleiru. Og hann lofaði, að leggja krókur þeirra fyrir Mr. Fielding, og segja honum að spýta í lófana og reyna að gera betur. Það myndi verða Mr. Fielding óvænt fregn, því það hefði ávalt verið hans markmið, að bæta hag bændanna!!

Fleira mætti tilfæra úr ræðum og ritum Liberala, sem sönnun fyr ir því, að "tollmálið er ekki aðalmálið, sem flokkunum ber á milli" — en ég vona, að það, sem hér hefir verið tekið fram, nægi til að sannfæra mína libersku vini um afstöðu beggja flokkanna viðvíkjandi tollmálinu. Og ennfremur vona ég að þeir sjái, að þrátt fyrir hin ótvíræðu loforð Mr. Lauriers um afnám verndartollanna og öll stóryrðin um svik, blekking, rán og þrældóm, að hann hefir viðhaldið tollvernd alt fram á þenna dag; og þá um leið, samkvæmt hans eigin orðum, svikum, blekking, rán og þrældómi, og að þegar það fer fram undir hans stjórn, er sem honum virðist það alveg rétt, og þurfi ekki endurbóta,við. Hann hneigist hvorki á eina hlið eða aðra. Í tollmálinu virðist hann steinulaus, og haga þar seglum bara eftir vindi. Þegar hann ávarpar tollverndarmenn, er hann þeim samþykkur; en þegar við verzlunarfrelsismenn er að ræða, er hann að sjálfsögðu verzlunarfrelsismaður; en að vera sjálfum sér samkvæmur og efna orð sín, virðist honum ekki mjög umhugað. En þó virðist, sem hann hafi tilfinning fyrir því, að margt af því, sem hann hefir talað, og þau loforð, sem hann hefir ekki efnt, væru betur gleymd, þar sem hann tekur það fram: að sæll sé sá maður, og sæl sú þjóð, sem hefir enga sögu. Þó mun hann aldrei hafa betur fundið til þess en á ferð sinni um Norðvesturlandið næstliðið sumar, að ýmislegt í sambandi við stjórnmálasögu hans væri betur grafið og gleymt, þegar bændur mintu hann svo rækilega á hin sviknu loforð hans. — Hins vegar virðist það ekki bera vott um háfleygar hugsjónir eða framsókn í framfara og menningaráttina í samkepninni við aðrar framfaraþjóðir heimsins, að telja þá þjóð sæla, sem hefir enga sögu. Allar merkustu þjóðir heimsins hafa haft og hafa mjög frægar og þýðingarmiklar sögur, fyrir mentalíf og framfarir í heiminum. Og sama er að segja um öll mikilmenni. Sá maður og sú þjóð, sem að engu er getið — hefir enga sögu — verður aldrei til mikils gagns fyrir menning og mentun í heiminum, — og getur slíkt varla talist sæla.

Jafnvel þó varla sé mögulegt, að benda á nokkurt atriði í stefnu skrá Liberala — frá 1893 — sem þeir hafa trúlega reynt að framfylgja, skal ég fúslega viðurkenna, að tollmálið er mjög erfitt og vandasamt spursmál, einkanlega meðan nágranna og viðskiftaþjóðirnar viðhalda hátollum; og því varla sanngjarnt eða heppilegt, að afnema verndartollana. En Liberalar hefðu aldrei átt að loa slíku, því mörgum þeirra hefir verið það full-ljóst, að undir þáverandi kringumstæðum myndu þeir ekki geta efnt það loforð, og að lofa því, sem menn hvorki geta eða ætla sér að efna, er mjög skaðlegt og óheiðarlegt. Og það gera ekki nema óþokkar, en aldrei heiðarlegir og vandaðir menn. Það er því framkoma Liberala í sambandi við tollmálið, sem mér virðist lítt fyrirgefanleg; þeir sigla þar undir fölsku flaggi: Skamma Conservativa fyrir hátolla-stefnu þeirra, þótt þeir sjálfir fylgi sömu stefnu og hafi í aðalatriðunum aðhylst og fylgt stefnuskrá "Tory" flokksins. Svo þeir geta með fullum rétti nefnt sig Tory-Liberals, eða flokk sinn fullu nafni: The Tory Liberal Party of Canada.

Það væri auðvitað mjög æskilegt, að þjóðirnar gætu komið á samningum um frjáls verzlunarviðskifti, svo allir gætu óhindrað verzlað þar, sem þeim er hagkvæmast, án þess að greiða aukagjald til vissra stétta. Og þótt gjaldþegnar Canada yrðu þá að greiða beina skatta í ríkissjóð, yrðu útgjöld þeirra mun lægri. Þá vissu þeir líka betur, hve há útgjöld stjórnin leggur á sjálfa þá. Og jafnframt myndu þeir hafa betra eftirlit með því, hvernig fé ríkisins er varið, og ekki láta það viðgangast, að óráðvandir stjórnmálamenn og flokksþjónar dregu stórfé úr ríkissjóði undir ýmsu yfirskyni, til þess að halda sér og sínum flokki við völdin með því. — Þetta vita stjórnmálamenn mikið vel, og það, með öðru fleiru, styður að því, að öllu er haldið í gamla horfinu.

Vér gjaldþegnar ríkisins gerum okkur ekki nægilega ljósa grein fyrir þeim útgjöldum, sem á okkur hvíla fyrir áhrif verndartollanna. Auðvitað er það mest vegna þess, að vér höfum ekki nægilega þekkingu á stjórnmálum. Flestir láta sér nægja þá uppfræðslu í stjórnmálum, sem þeir verða aðnjótandi gegnum flokkablöðin — sem virðast gefin út og leigð til að slá ryki í augu almennings —, og láta stjórnmálamenn okkur borga fyrir það, gegnum ríkissjóðinn.

Viðvíkjandi útgjöldum vorum gegnum hátollana skal ég leyfa mér að láta þá skoðun í ljós, — byggða á eigin reynslu, og gangandi út frá því, að tollurinn á nauðsynjavörum og jarðyrkjuverkfærum sé til jafnaðar 20 prósent, — að sá bóndi, sem kaupir $2,000 virði af vörum og verkfærum á ári — greiði árlega $400 skatt, og að af þeirri upphæð fái ríkið nálægt $120 — samkvæmt staðhæfing Lauriers —, en $280 lendi í sjóð verksmiðjueigenda.

Árið 1899 mun ég að minsta kosti hafa borgað $900 gegnum verndartollana. En það ár keypti ég Bandaríkja þreskivélar (engine and seperator), og var tollurinn á þeim $525, lagður á eftir "Factory" virðingarverði félagsins, var vélunum haldið í Winnipeg þar til nefnd upphæð var borguð. Á sama tíma keypti nágranni minn Canada þreskivélar — hærra verði — en borgaði engan toll í ríkissjóð; hann auðvitað gekk í sjóð verksmiðjueigenda. Svo þeir, sem vilja auka tekjur ríkissjóðs, verða að sjálfsögðu að kaupa innfluttar vörur.

Það, sem vér bændurnir erum óánægðir með, er þessi aukaskattur til vissra stétta. Vér erum ánægðir með, að borga sanngjarna skatta í þarfir þjóðfélagsins, sé fénu ráðvandlega varið þjóðinni til heilla og hagsælda. En "það er ekki því að heilsa um þessa daga" — því óráðvandari meðferð á almenningsfé mun varla hafa átt sér stað í stjórnmálasögu Canada, heldur en einmitt nú á stjórnarárum Mr. Lauriers. Að vísu mun hann lítil afskifti hafa af fjármálum, enda virðast ræður hans og áætlanir ekki bera vott um, að hann sé mikill fjármálafræðingur. Til dæmis mun ég leyfa mér að benda á hina nafnfrægu áætlan hans um byggingarkostnað G.T.P. brautarinnar, þar sem hann heldur því frm, að brautin — frá hafi til hafs — kosti Canada þjóðina þrettán miliónir dollara, og ekki eitt cent meira. Auðvitað er þetta svo mikil fjarstæða, sem nær engri átt, að enginn maður með heilbrigðri skynsemi leggur trúnað á slíkt, þótt hálfblindir flokksmenn tækju það sem góða og gilda vöru. Að sjálfsögðu var Lögberg þar með, og lagði svo þetta góðgæti velgerðaföður sins á borð fyrir lesendur sína með svofeldum orðum:

"Merkasta málið, sem þingið af-"greiddi, má vafalaust telja samn-"ingana við Grand Trunk Pacific "félagið, um járnbraut um þvert "landið frá hafi til hafs, sem ekki "kostar Canada nema $13,000,000, "eða jafnmikla upphæð eins og "tekjuafgangurinn var á síðasta "fjárhagsári".

Svo brautin kostar Canada samkvæmt þessu "ekki nema $13,000,000", sem borga má með eins árs tekjuafgangi. Já, "miklir menn erum við Hrólfur minn", og miklir snillingar eru Liberalar, þegar um stjórnmála afreksverk þeirra er að ræða! Og von er að Lögberg dáist að hinni makalausu stjórnmálaspeki velgerðaföður sins, þegar það trúir slíku. En því miður voru þetta að eins loftkastalar, sem þegar hafa hrunið, og hver veit hvað langt niður. Skyldi það ekki verða talsvert á þriðja hundrað miliónir, sem brautin kostar Canada þjóðina, "þegar öll kurl koma til grafar"? Og varla mun allur byggingarkostnaður brautarinnar verða borgaður með tekjuafgangi, meðan núverandi stjórn hefir völdin; því í raun réttri mun hún sjaldan hafa haft tekjuafgang, þótt það sé látið heita svo, þegar tekjurnar eru hærri en hin vissu útgjöld. Því þegar búið er að borga hin óákveðnu gjöld, verður oftast tekjuhalli, og þar af leiðandi vex ríkisskuldin í miliónatali; enda varla við öðru að búast, meðan bygging G. T. P. brautarinnar stendur yfir. Svo ber líka að gæta þess, að byggingarkostnaður brautarinnar verður margfalt hærri, en fyrstu áætlanir Liberala gerðu ráð fyrir. En þrátt fyrir það heldur Lögberg sömu fjarstæðunni fram, við kosningarnar 1908, og þá kemst það þannig að orði:

"þessar $13,000,000 er sá hluti "kostnaðarins við byggingu G.T. "P. brautarinnar, er kemur á "þjóðina, þegar öllu er á botninn "hvolt. Hitt ber félaginu að borga "og hefir stjórnin næga tryggingu "fyrir því í samningunum".

Það þarf ekki að eyða mörgum orðum til að leiðrétta þessi ósannindi, þau munu öllum augljós, sem nokkuð hafa fylgst með í stjórnmálum Canada. En fróðlegt væri að vita, hvar Lögberg hefir fundið tryggingu fyrir því í samningunum, að félagið borgi allan kostnað við byggingu brautarinnar, að frádregnum þessum $13,000,000.

Auðvitað hefir félagið aldrei gefið neina tryggingu fyrir slíku. Það gerir vissulega betur, en nokkur von er til, samkvæmt undanfarinni reynslu, ef það borgar allan byggingarkostnað við sina eigin braut frá Winnipeg vestur að hafi, — því það er svo, náskylt Grand Trunk félaginu — og í raun og veru sama félagið —, sem fyrir mörgum árum fékk að láni $25,000,000 af ríkisfé, en samkvæmt því, sem fram kom á þingi 1903, hafði það aldrei borgað eitt cent af vöxtum eða höfuðstól. Og svo er með fleiri samninga félagsins, þar sem Canada þjóðin hefir átt hlut að máli, að það stendur hvorki við orð eða gerðir. En stjórnin hefir borgað því stórfé úr ríkissjóði, jafnvel þótt hún hafi ekki haft rétt til þess, þar sem félagið uppfylti ekki þá skilmála, sem stjórnartillagið var bundið við. Það má því fara nærri um það, hvort félagið muni taka að sér þann kostnað, sem samningarnir ákveða að þjóðin borgi. — Enda var því haldið fram, þegar G. T. P. samningarnir lágu fyrir þingi til umræðu og staðfestingar, að það myndi varla borga vexti af byggingar kostnaði brautarinnar. Er vonandi sú spá rætist ekki, þótt hún styðjist við undanfarandi reynslu.

Það virðist nú samt dálítið vera að rofa til fyrir stjórnmálasjónum Lögbergs, svo það sér, að ekki er hægt að treysta útreikningi velgerðaföður sins. En til hvers skyldi Lögberg þá snúa sér í vandræðum sínum? Já, "ótrúlegt er það, en samt er það satt", það snýr sér til Bordens, leiðtoga Conservativa, og leitar á hans náðir, til þess að fá nú áreiðanlegan grundvöll, sem því sé óhætt að byggja á útreikning sina, viðvíkjandi þeim kostnaði, sem legst á þjóðina í sambandi við byggingu G.T.P. brautarinnar. Og Lögberg fór þá heldur ekki í geitahús að leita ullar. Það fann fljótt $250,000,000 áætlun Bordens, og við hana miðar það nú útreikning sinn, og kemst þá að þeirri niðurstöðu, að vaxtagreiðslan, sem kemur á íbúana, verði að eins $38,769,126, og að það sé allur kostnaðurinn, sem legst á þjóðina. En blaðið gerir jafnframt ráð fyrir því, að vextirnir verði að öllu sjálfráðu þýsna mikið lægri en Borden áætlaði, því að fremur muni hann hafa ofreiknað. En jafnvel þó það kostaði þjóðina 38 miliónir, að fá slíka braut, álitur blaðið það meir en tilvinnandi, og langt fram yfir það. — Raunar hafði Lögberg farið fremur óvirðulegum orðum um áætlanir Bordens og nefnt þær hringlanda; en það hefir líklega sannfærst um það, að áætlanir velgerðaföður sins væru miklu fjarri því rétta, og enn meiri hringlandi, og þess vegna leitað á náðir Bordens. — Jafnvel þótt nefnd upphæð ($38,769,126) sé nærri þreföld í samanburði við þær $13,000,000, sem Lögberg var að reyna að telja fólki trú um að væri allur sá kostnaður, sem kæmi á þjóðina við byggingu G.T.P. brautarinnar, þá er hún einnig langt frá því rétta, því enn fylgir blaðið þeirri reglu, að telja þjóðinni til skuldar að eins vexti af þeim höfuðstól, sem gengur til að byggja brautina, en það er bæði rangt og villandi, — þótt Lögberg staðhæfi: "Hitt ber félaginu að borga. En félagið borgar aldrei þetta "Hitt", og stjórnin hefir enga tryggingu fyrir því, það er óhætt að trúa því og treysta, að enginn annar en Canada þjóðin borgar byggingar kostn aðinn á þjóðeignarhluta brautarinnar, — hvað sem Liberalar segja því viðvíkjandi. Og þótt þeir setji það í stefnuskrá sina: að borga að eins vexti af skuldum ríkisins, en aldrei höfuðstól, og viðhaldi þeim "planka" betur en gömlu "plönkunum" frá 1893, sem flestir eru sviknir og brotnir. Að reyna að telja fólki trú um, að G. T. P. brautin, þegar hún er fullger frá hafi til hafs, kosti þjóðina að eins 13 til 38 miliónir dollara, kemur engum heiðarlegum manni í hug. Og það ætti líka að vera langt fyrir neðan alla heiðvirða blaðamensku. — Ég er Lögbergi þakklátur fyrir allar uppbyggilegar og fræðandi ritgerðir, sem það flytur, og eins margar þarflegar og góðar bendingar, sem það gefur lesendum sínum, en þrátt fyrir það virðist mér það vera mjög óáreiðanlegt í stjórnmálum, og að Lögbergska pólitikin sé verri en ekki neitt, og því bezt að hún fari:

"Ofan í heitan Heklutind", og
"Hellubjarg þar smellist yfir".

Kirkju-mál.

Blaðið Grand Forks Daily Herald, dags. 15. þessa mánaðar, getur þess, að minni hluti Eyford safnaðar hafi gengið til laga móti meirihluta safnaðarins í því skyni, að fá sér dæmda kirkjueignina þar á staðnum. Mál þetta er risið út af trúarsundrung þeirri — segir blaðið — sem varð í hinum ýmsu söfnuðum hins ev. lút. kirkjufélags Íslendinga í Vesturheimi á sl. ári. Eyford söfnuður klofnaði um það leyti. Meiri hluti safnaðarins sagði skilið við kirkjufélagið, en hélt kirkjunni, sem hinn sameiginlegi söfnuður hafði bygt áður en hann sundraðist. En nú hefir minnihlutinn lagt málið fyrir dómstólana, og vill að kirkjan verði dæmd eign sín, af þeirri ástæðu, að hann haldi fast við kenningar kirkjufélagsins, en hinn fráfarni minnihluti hafi kastað trúnni og geti því ekki haft rétt til eigna þeirra, sem áður átti hinn sameiginlegi kirkjusöfnuður.

Málið verður að líkindum skemtilegt, og mun Heimskringla reyna að fylgjast með því, og skýra lesendum frá málalyktum.

Fylgdarmaðurinn: Hér verðurðu að vera varkár, herra minn. Á þessum stað hafa margir ferðamenn hálsbrotnað.

Ferðamaðurinn (segir við konusína): Ágústa, farðu á undan.

"KVISTIR"

kvæði eftir Sig. Júl. Jóhannesson, til sölu hjá öllum íslenzkum bóksölum vestanhafs

Verð: $1.00

A. SEGALL
(áður hjá Eaton félaginu).

Besti kvennfata Skraddari

Loðskinna fötum veitt sérstakt athygli.

Hreinsar, Pressar, Gerir við.

Fjórir (4) alfatnaðir hreinsaðir og pressaðir, samkvæmt samningum, hvort heldur er karlmanna eða kvenfatnaður, fyrir aðeins $2.00 á mánuði.

Horni Sargent og Sherbrooke

ROBLIN HOTEL

115 Adelaide St. Winnipeg

Bezta $1.50 á-dag hús í Vestur-Canada. Keyrsla ókeypis milli vagnstöðva og hússins á nóttu og degi. Aðhlynning hins bezta. Viðskiftl Íslendinga óskast. OLAFUR G. ÓLAFSSON, Íslendingur, afgreiðir yður. Heimsækjið hann.—

O. ROY, eigandi.

The Farmer's Trading Co.

(BLACK & BOLE)

HAFA EINUNGIS BESTU VÖRUTEGUNDIR.

Einu umboðsmenn fyrir :—
"SLATER" Skóna góðu.
"FIT-RITE" Fatnaðinn.
"H. B. K." prjónafélagið.
"HELENA" pils og 'waist' kvenfatnaði.
Bestu matvörutegundir.
" DEERING " akuryrkju verkfæri o, s. frv.

Beztu vörur Lágt verð

Fljót og nákvæm afgreiðsla.

Farmer's Trading Co.,
THE QUALITY STORE
Wynyard, Sask.

JIMMY'S HOTEL

BEZTU VÍN OG VINDLAR.
VÍNVEITARI T.H.FRASER,
ÍSLENDINGUR. : : : : :
James Thorpe, Eigandi

MARKET HOTEL

146 PRINCESS ST. á móti markaðnum
P. O'CONNELL, eigandi, WINNIPEG
Bestu tegundir af vínföngum og vindum, aðhlynning góð, húsið endurbætt

Woodbine Hotel
498 MAIN ST.
Stærsta Billiard Hall í Norðvesturlandinu
Tíu Pool-borð.—Alskonar vín og vindlar.
Gisting og fæði: $1.00 á dag og þar yfir
Lennon & Hebb,
Eigendur.

JOHN DUFF
PLUMBER, GAS AND STEAM FITTER
Alt verk vel vandað, og verðið rétt
664 No ve Dame Ave. Phone 3615
Winnipeg

A. S. TORBERT'S
RAKARASTOFA
Er í Jimmy's Hótel. Besta verk, ágæt verkfæri; Hakstur 15c en Hárskurður 25c. — Óskar viðskifta Íslendinga.—

A. S. BARDAL
Selur líkkistur og annast um útfarir. Allur útbúnaður sá besti. Enfremur selur hann alskonar minnisvarða og legsteina.
121 Nena St. Phone 306

Íslands fréttir.

Britinn á Sterling var sektaður þann 16. sept. sl. um 400 kr. fyrir ólöglega vinsölu á Vestmannaeyjum.

Nýskeð brann hlaða á Hjalla í Ölfusi, með 600 hestum af heyi. Hey brann og á Bakka í sömu sveit. Eldurinn stafaði frá hita í heyinu.

Landsímastjóri Forberg vill láta byggja sæsíma til Vestmannaeyja, í stað loftskeytatækja. Einnig sæsíma til Víkur í Mýrdal og til Hornafjarðar norðan frá Austfjörðum; einnig milli Norðfjarðar og Mjóafjarðar, frá Blönduósi til Skagafjarðar; einnig síma til Stykkishólms frá Borðeyri eða Borgarnesi, og síma frá Borðeyri til Ísafjarðar.

Ráðherra fór utan 24. sept. og með honum annar sonur hans.

Viðskiftavelta Íslandsbanka fyrir ágústmánuð hefir verið 5½ miljón króna, og litlu minna í júlímánuði.

Nafnverð hlutabréfanna í Íslands banka er nokkru hærra en í fyrra um þetta leyti, nú talið 95 af hundraði hæst.

Tuttugu og tveir sjúklingar nú komnir á Heilsuhælið og aðrir á leið þangað.

Meðal við "fransós" nú auglýst með stóru letri og ritað um það í öllum Íslands blöðum eins og lífsnauðsyn bæri til að koma því inn á hvert einasta heimili í landinu. Meðalið kvað hafa verið reynt á nokkrum sjúklingum, sem hafast við á hinum nýja holdsveikisspítala landsins.

* * *

Glímumennirnir erlendis.

Jóhannes Jósefsson og félagar hans hafa sýnt íþróttir sínar í ýmsum borgum í Suður- og Miðþýzkalandi og Austurríki. Hafa þeir skrifað frá Elberfeld 10. sept. — þar glímdu þeir til þess 16. — Frá 16. til 30 sept. eru þeir ráðnir við leikhús í Stuttgart, 1.—15 okt. í Zurich og 15.—31. okt. í Bremen.

Í ágúst voru þeir við Zirkus Strassburger í Prag.

Þar bar það til eitt kveldið, að í móti Jóhannesi óð glímumeistari Bæheimsmanna, Fristensy, og hugðist mundi ráða niðurlögum Jóhannesar í skjótri svipan og græða 1000 mörkin, sem heitið var þeim, er stæði fyrir Jóhannesi 5 minútur. Lagði Jóhannes dólginn 6 sinnum á 3 minútum, segir í blöðum þjóðverja. Og gerðist þá órói mikill í þingheimi. Bæheimsbúar tóku svo upp þykkjuna fyrir landa sinn, að Jóhannes helt við drápi. Var kastað að honum steinum o. s. frv. Fór svo, að lögreglan varð að skerast í leikinn og fylgja Jóhannesi heim. En út af þessari ókurteisi Pragbúa sagnvart Jóhannesi hætti leikhússtjórinn sýningum þar í bænum.

Jóhannes telur nú íslenzka glímu komna í gott álit og fastan sess meðal íþrótta í Norðurálfu, og fýsir hann nú mjög til Vesturheims, að ryðja henni veg þar.

Kennarinn: Hvað heitir fleirtalan af eindrægni?

Nemandinn: Tvídrægni.

BOKALISTI.
N. Ottenson's,—River Park, Winnipeg.

Ljómæli Páls Jónssonar í bandi .... (3) 0.85
Sama bók (að eins 2 eint.) (3) 0.60
Jökulrósir 0.15
Dalarósir .... (3) 0.20
Kvæði H. Blöndal ..... (2) 0.15
Hamlet .... (3) 0.45
Ljóðmæli Jóns Árnasonar á Viðimýri, 1879 ... ... (4) 0.60
Tíðindi Prestafélagsins í hinu forna Hólastifti ..... (2) 0.15
Áttungurinn .... (2) 0.45
Grant skipstjóri .... (2) 0.40
Leynisambandið .... (2) 0.35
Börn óveðursins .... (3) 0.55
Umhverfis jörðina á áttatíu dögum .... (3) 0.60
Blindi maðurinn .... (3) 0.15
Fjórblaðaði smárinn ..... (3) 0.10
Kapitola (í II. bindum) (3) 1.25
Eggert Ólafsson (B.J.) ... 0.15
Jón Ólafssonar Ljóðmæli í skrautbandi ... ... 0.60(3)
Kristinfræði .... 0.45(2)
Kvæði Hannesar Blöndal 0.15(2)
Mannkynssaga (P.M.), í b. 0.85(5)
Mestur í heimi, í b. 0.15
Prestkosningin. Leikrit, eftir þ. E., í b. 0.30
Ljóðabók M. Markússonar 0.50
Ritreglur (V. Á.), í b. ... 0.20
Sundreglur, í b. 0.15
Verði ljós 0.15
Vestan hafs og austan. Þrjár sögur, eftir E. H., í b. 0.90
Víkingarnir á Hálogalandi eftir H. Ibsen 0.25
Þorlákur helgi 0.15
Ofurefli, skálds. (E.H.), íb. 1.50
Ölöf í Ási .... 0.45(3)
Smælingjar, 5 sögur (E.H.) í bandi 0.85
Skemtisögur eftir Sigurð J. Jóhannesson 1907 ... 0.25
Kvæði eftir sama frá 1905 0.25
Ljóðmæli eftir sama. (Með mynd höfundarins) Frá 1897 .... 0.25
Safn til sögu Íslands og ísl. bókmenta í b., III. bindi og það sem út er komið af því fjórða. (53c) $9.45
Íslendingasaga eftir B. Melsted I. bindi í bandi, og það sem út er komið af 2. b. (25c) 2.85
Lýsing Íslands eftir þ. Thoroddsen í bandi (16c) 1.90
Fernir fornislenzkir rimnaflokkar, er Finnur Jónsson gaf út, í bandi .... (5c) 0.85
Alþingisstaður hinn forni eftir Sig. Guðm.son, í b. (4c) 0.90
Um kristnitökuna árið 1000, eftir B. M. Ólsen (6c) 0.90
Sýslumannaæfir eftir Boga Benediktsson, I. og II. b. innbundið .... (55c) 8.10
Íslenzk fornbréfasafn, 7 bindi innb., 3 h. af 8. b. ($1.70) 27.80
Biskupasögur, II. b.innb.(42c) 5.15
Landfræðissaga Íslands eftir þ. Th., 4 bindi innb. (55c). 7.75
Rithöfundatal á Íslandi 1400—1882, eftir J.B., í b. (7c) 1.00
Upphaf allsherjarríkis á Íslandi eftir K.Maurer, í b. (7c) 1.15
Auðfræði, e. A. Öl., í b. (6c) 1.10
Presta og prófastatal á Íslandi 1869, í bandi .... (9c) 1.25
B. Thorarinsson ljóðmæli, með mynd, í bandi 1.50
Bókmentasaga Íslendinga eftir Finn Jónsson, í b. (12c) 1.80
Norðurlandasaga eftir P. Melsted, í bandi .... (8c) 1.50
Nýþýdda biblían .... (35c) $2.65
Sama, í ódýru bandi (33c) $1.60
Nýjatestamentið, í vönduðu bandi .... (10c) 0.65
Sama, í ódýru bandi ... (8c) 0.30

Nýkomnar bækur.

Kóralbók p. Guðjónssonar ... 0.90
Sama bók í bandi 1.10
Svartfjallasynir .... (5) 0.60
Aldamót (Matth. Joch.) 0.20
Harpa .... (4) 0.60
Ferðaminningar, í bandi (5) 0.90
Bóndinn ...." 0.35
Minningarrit (M. Joch.) ... " 0.35
Týndi faðirinn ... ... " 0.35
Nasreddin, í bandi 0.35
Ljóðmæli J. Þorðarsonar (3) 0.45
Ljóðmæli Gestur Pálsson " 0.75
Háldánar rimur 0.30
Ljóðmæli Jóns Árnasonar á Viðimýri .... (6) 0.90
Maxima Petrow .... (2) 0.45
Leyni-sambandið .... (2) 0.45
Kapitola, I. og II. bindi (3) 1.25
Hinn óttalegi leyndardómr (2) 0.50
Sverð og bagall ..... (2) 0.30
Wladimer Níhilisti 0.75
Ljóðmæli Matth. Jochumssonar, I.-V. bd., í skrautb. (15) 4.00
Afmælisdagar Guðm. Finnbogasonar 1.00
Bréf Tómasar Sæmundss. (4) 0.75
Sama bók í skrautbandi ...(4) 1.15
Íslenzk-ensk orðabók, G. T. Zoega .... (10) 1.80
Fornaldarsögur Norðurlanda, í 3 bindum, í vönduðu svltu bandi .... (15) 4.50
Gegnum brim og boða 0.90
Ríkisréttindi Íslands 0.50
Systurnar frá Grænadal 0.35
Æfintýri handa börnum 0.30
Vísnakver Páls lögmanns Vídalíns 1.25
Ljóðmæli Sig. Júl. Jóhannss. 1.00
Sögur frá Alhambra 0.30
Minningarrit Templara í vönduðu bandi 1.65
Sama bók, í bandi 1.50
Pétur blásturbelgur 0.10
Bækur Sögufélagsins í Rvík:
Morðbréfabæklingur 1.35
Byskupasögur, 1.—6. .... 1.95
Aldarfarsbók Páls lögmanns Vídalín 0.45
Tyrkjaránið, I.—IV. 2.90
Guðfræðingatal frá 1707—'07 1.10

* * *

Bækur Sögufélagsins fá áskrifendur fyrir nærri hálfvirði,— $3.80.

Umboðsmenn minir í Selkirk eru Dalman bræður.

Þg hefi fengið töluvert meira af bókum frá Íslandi en hér er auglýst að þessu sinni; reikningarnir fyrir þær ókomnir. Þess skal getið viðvíkjandi bandinu á Fornaldarsögum Norðurlanda, að það er mjög vandað, handbundið skrautband, vel frá gengið; eins er með Bréf Tómasar Sæmundssonar.

Tölurnar í svigum tákna burðargjald, er sendist með pöntunum.

Ef auglýsing yðar er í Heimskringlu þá verður hún lesin. :: ::

Manitoba Elevator Commission

D. W. McCUAIG, Commissioner — W. C. GRAHAM, Commissioner — F. B. MACLENNAN, Commissioner

Aðal skrifstofa: 227 Garry St., WINNIPEG
P. O. Box 2971

Commissioners tilkynna hérmeð Manitoba bændum að þeir hafa fengið framtíðar skrifstofu til starfsnota og að öll bréf skyldu sendast Commissioners á ofan nefnda áritun. Beiðniform og allar upplýsingar sem bændur þarfnast til þess fá kornhlöður í nágrenni sín, verða sendar hverjum sem óskar.

Commissioners óska eftir samvinnu Manitoba bænda í því að koma á fót þjóðeignar kornhlöðum í fylkinu.

WINNIPEG Business College

STOFNSETTUR 1882

Helsti, hraðritunar, stýlritunar og verslunar skóli í Vestur Canada.— Hlaut 1. verðlaun á St. Louis Sýningunni fyrir kensluaðferðir.

Dag og kveld kensla.

Kent með bréfa viðskiftum ef óskast, atvinna útveguð, hæfum nemendum. Skrifið eftir upplýsingum.

WINNIPEG BUSINESS COLLEGE.

Horni Portage og Fort St. — WINNIPEG MAN.

SUCCESS BUSINESS COLLEGE

HORNI PORTAGE AVE. & EDMONTON ST. WINNIPEG.

Kennir samhv. nýjustu aðferðum alskyns verzlunar fræði og Bánkastörf. Einnig hraðritun og stylritun. Betri verzlunarskóli ekki til í Vestur-Canada. Kenslu stofur þar finst í borginni. Nemendur geta byrjað hvenar sem þeir óska.

Skrifið eftir upplýsingum eða símið MAIN 1664.

Það kostar minna en FJÖGUR cent á viku

að fá HEIMSKRINGLU heim til þín vikulega árið umkring, það gerir engan mismun hvar í heiminum þú ert, því HEIMSKRINGLA mun rata til þín. Þú hefur máske ekki tekið eftir því, að vér gefum þér

$1.00 virði af sögubókum

með fyrsta árgagnum. Skrifið eftir HEIMSKRINGLU nú þegar, til P.O. Box 3083. Winnipeg, Man.

Tímarnir liðu eins og mínútur. Það var komið fast að hádegi, þegar Ísabellu kom til hugar, að hún yrði að fara heim.

Bergholm prestur og Móritz fylgdu henni nær því heim. Presturinn var þögull og hugsandi og lét þau eiga sig, enda notuðu þau sér frelsið eins og tvö saklaus börn. Þau hlupu hvort í kapp við annað á eftir fiðrildunum, og gáfu hvort öðru blóm, sem þau tíndu á leiðinni, en um leið komu hendur þeirra hvor við aðra, sem orsakaði titring í taugunum og hleypti blóðinu út í kinnar þeirra.

Að öðru leyti töluðu þau fátt, en létu sér nægja hið þögla mál augnanna.

"Ég hlakka til að sjá þig aftur", hvíslaði Móritz um leið og þau skildu.

Ísabella svaraði aðeins með augunum.

X.

Heimsóknin.

Sama kveldið komu foreldrar Ísabellu heim úr kynnisför sinni, ásamt tveim ungum mönnum og Georg.

"Gott kveld, Ísabella", sagði barúninn, þegar hún kom inn í salinn. "Það hefir líklega enginn komið hér meðan við vorum burtu?"

"Nei, pabbi".

Ungu mennirnir, sem fylgst höfðu með barúninum, fóru nú að heilsa ungfrúnni.

"Ó, lafði mín", sagði lautinant Hjorteskjold alúðlega, "við höfum fylstu ástæðu til að kvarta yfir þér".

"En þú munt án alls efa iðrast", bætti barún Örnskjold við.

"Iðrast hvers, herra minn?" sagði Ísabella brosandi.

"Háns óskiljanlega uppátækis þíns, að vera heima og vilja ekki taka þátt í hinni unaðslegu veizlu í Broby".

"Já, ég fer í raun réttri að iðrast þess", svaraði Ísabella. "En til allrar ógæfu er það nú orðið of seint. En hvað var það, sem lautinantinn þurfti að kvarta yfir?"

"Auðvitað það sama", svaraði lautinantinn. "Fjarvera þín svíti hátíðina fegurstu prýðinni, og lét okkur karlmennina finna sáran til hinna brostnu vona".

"Ég skal segja ykkur, herrar mínir", sagði barúninn, "að lífsskoðun dóttur minnar er alveg gagnstæð allra annara ungra stúlkna. Hún hörfar frá heiminum, og ef að klaustur væru enþá til, þá er ég viss um, að hún mundi leita þangað frá heimsins glaumi og glysi".

"Og nú hefir hún án efa viljað vera heima til þess að lesa hjarðmannaljóð Virgils í næði", sagði móðir hennar.

"Þið hafið að líkindum heyrt það, herrar mínir", sagði Georg, "að systir mín er hin mentaðasta stúlka, sem sagan getur um, að undantekinni Kristínu drotningu. Þess vegna fyrirlítur hún líka okkur og aðra, sem sækjast eftir þessum, að hennar áliti, svo lítilmótlegu skemtunum".

Öllu þessu skensi, sem hún var orðin svo vön, svaraði hún með meðaumkunarbrosi.

"Ó, lafði mín", sagði lautinant Hjorteskjold, "hvernig stendur á því að þú skulir meta hjarðmannaljóð Virgils meira, heldur en það, sem við eigum kost á að sjá og heyra? Ef þú hefðir verið til

staðar í Broby í gær, þá hefðir þú með þínum eigin augum séð reglulegt hjarðmannalíf".

"Reglulegt hjarðmannalíf?" spurði Ísabella.

"Já, hugsaðu þér bara! Við vorum öll búin eins og hjarðmenn og hjarðmeyjar. Það var fæðingardagur greifans, og því vildi kona hans að hátíðahaldið yrði dálítið óvanalegt. Við dönsuðum úti á grænu sléttunni þangað til komið var sólarlag, þá fyrst byrjaði dansinn inni í salnum. Það var unaðsleg danssamkoma, sem hélt áfram til klukkan 2 um nóttina, að flestir af gestunum fóru heim. Helztu heimilisvinirnir voru kyrrir, og í morgun höfðum við skemtireið, klæddir hjarðmannabúningunum sömu og í gær, svo borðuðum við dagverð við lítinn straumharðan læk í skóginum. — — En, ungfrú, þú hlustar ekki á sögu mína".

"Jú", svaraði Ísabella, dálítið kýminn, "ég hefi heyrt alt, sem þú sagðir, en það er ögn ófyrirleitið af þér, að vekja hjá mér iðrun á þessa hátt. Ég finn ofurlítla löngun hjá mér, til þess að öfunda þig af þessu reglulega hjarðmannalífi".

"Er það mögulegt, ungfrú?"

"Ó, trúðu henni ekki", sagði Georg háðslega. "Hún finnur enga ánægju í öðrum lýsingum en þeim, sem eru skrifaðar, hvort heldur þær eru á frönsku, grísku eða latínu. Og dansinn, — — hún elskar hann eins og fagra list. Dans samkvæmin okkar eru að eins afskræmi í samanburði við dansinn í hans æðri merkingu".

"Er það ekki satt, systir?"

"Alveg rétt, Georg, — — eins og hinir áköfustu dansendur og danssamkvæma stofnendur eru afskræmi mannsins í æðra skilningi þess orðs", svaraði unga stúlkan, reitt til reiði af háði bróðursins.

"Ísabella", kallaði barúninn reiður. "Þú gleymir þér".

Ísabella fann, að tárin leituðu fram í augu henna, en hún hindraði það, af því hún gat ekki unnað hinum tilfinningarlausa bróður sínum þess sigurs. Lautinantinn og barúninn höfðu þokað sér út að glugganum hálf vandræðalegir, og létust skoða útsýnið nákvæmlega.

"Ísabella", sagði barúninn, til þess að gera enda á hinni leiðinlegu þögn, sem leiddi af ávítun barúnsins, "hvað hefir þú hafst að síðan við fórum?".

"Í morgun heimsótti ég Hólm", svaraði hún og leit þrjóskulega á föður sinn.

"Hvað þá, Ísabella", sagði barúninn ilskulega. "Þú hefir dirfst að breyta á móti — —"

Hann þagnaði alt í einu, þegar hann mundi eftir gestunum.

"Já, ég dirfðist að breyta á móti skipun þinni", svaraði Ísabella. "Ég vildi ekki, ég gat ekki sýnt minum fyrverandi mikilsvirta kennara það vanþakklæti, að hætta öllu sambandi við hann. Ég varð að minsta kosti að láta hann vita, að það væri ekki samkvæmt minum vilja, að ég hætti að heimsækja hann".

"Við skulum tala nánar um þetta efni seinna", sagði barúninn þóttalega.

"Hjá Hólm", sagði Ísabella og leit fast á föður sinn, "hitti ég ungan mann, sem ætlar að heimsækja okkur á morgun. Þú þekkir hann án efa, að minsta kosti nafn hans".

"Hver er það?" spurði barúninn.

"Hann heitir Móritz Sterner".

"Móritz Sterner!" hrópaði barúninn með ákefð og stökk upp af stólnum. "Það er líklega þessi leikritahöfundur?" bætti hann við, og reyndi að gera róm sinn kæruleysislegan.

"Ó, það er mjög athugaverður kunningsskapur

Lýður viðförli og Jón einförli.

Hvernig líður þér í dag, Jón minn? spyr Lýður.

Jón svarar: Ég hefi veitt því eftirtekt, að þegar skynsemin hefir stjórn yfir hinum líkamlegu hvötum og kröfum mínum, þá líður minni mannlegu heild æfinlega vel, og þá er ég ánægður með lífið. Hugsjón mín hvílir þá við þekkingarinnar hæstu takmörk og þekkingarþráin knýr mig áfram til þess að leita sannleikans, og sérhvert sannleikskorn, sem ég hrepp, veitir mér sanna nautn. En þar á móti, þegar hið gagnstæða á sér stað, þegar tízkureglur heimsins, lífshvatir og líkamlegar nautnakröfur ná valdinu, líður mér illa. Þá vaknar óánægjan með alt umhverfið og sjálfan mig. Söknuður liðna tímans, nægtaþrá nútímans og metnaðarþrá ókomna tímans gera þá persónu mína að einni sogandi hringiðu í hinum hraðfara nautnastraum mannlífsheildarinnar — og þaðan er erfitt að bjarga sjálfum sér.

• • •

Jón einförli mætti Lýð víðförla á sveitarbrautinni.

Jón spyr: Hvaðan kemur þú, Lýður minn. Mér sýnist þú vera svo ánægjulegur á svipinn í dag.

Ég kem af atkvæðagreiðslufundi um áfengissöluna. Við bárum sigur úr býtum og verðum frjálsir að fá okkur glas næsta ár að minsta kosti, segir Lýður.

Og þú ert þá í meiri hluta ennþá, segir Jón. Seigt er reipið, sem heldur ykkur við tjóðurhæl fávizkunnar, og í eitt ár enn verðið þið lausir við þá áreynslu að virða manngildið. En hvenær skyldu vínsalarnir sjálfir sjá, að atvinna þeirra er óheiðarleg?

Lýður svarar: Þú heldur því fram Jón, að atvinna vínsölumanna sé óheiðarleg. En þar á móti skil ég svo, að öll lögmæt atvinna sé heiðarleg, og samkvæmt gildandi lögum er þessi atvinna bæði leyfð og vernduð. Til þess að atvinna þessi verði kölluð með réttu óheiðarleg, verða lögin, sem vernda hana, að vera óheiðarleg, og sömuleiðis mennirnir, sem bjuggu þau til. Eg sé nú ekki, Jón minn, hvernig þú ætlar sjálfur að umflýja óvirðing almennings fyrir þessa ályktun þína, og ég ætla ekki heldur að gera mér ómak til að leggja þér lið.

Ég sé, Lýður minn, segir Jón, að þinn æðsti dómstóll er meirihluta eða almenningsálitið, og með því ætlar þú að sýkna sjálfan þig en sakfella mig. Frá þínu hugsjónatakmarki skoðað, getur rökfærsla þín verið rétt, og eitt er víst, að almenningsálitið er vissulega gott skjól til að skýla sér undir, því þar er efalaust meirihluti líkamsaflanna, og þau eru verjur og vopn hinna dýrslegu hvata. Eins og þú skilur, Lýður minn, byggi ég ekki ályktun mína á meirihluta-áliti, og úr þeirri átt vænti ég ekki annars en áfellisdóms. Ályktun mín byggist á hugsjón minni um þroskun manngildisins, og ef rökfærsla mín verður ekki skynsamlega hrakin frá því sjónarmiði, þá stendur ályktun mín óhögguð. Hugtak það, sem ég tákna með orðinu heiður er verðskulduð virðing, sem einstaklingur inn, eða sérstök mannfélagsheild, hafa áunnið sér með fagurri, eftirbreytnisverðri og uppbyggilegri framkomu á framfarabraut mannkynsins. Eg veit, að sumir álíta þann mann heiðursverðan, sem fylgir gefnum, ákveðnum reglum og kenningum, og sem lifir samkvæmt lögum og landssið. En af því að það er mannfélagsskylda, þá getur þess kyns breytni ekki verðskuldað heiður, því ef það væri hæsta hugsjónin um manngildið, að meta heiðursvert að rækja skylduna, þá bendir það á frekar lága manngildiskröfu, og frekar lága framsóknarhugsjón. Og eitt er víst, og það er: Ef að heiðurinn væri ekki miðaður við hærri kröfu en skylduna, þá yrði framförin seinfær, því kepptakmark heiðursins yrði þá ekki annað en það, sem lög og landssiðir heimta. Eins og þú sérð af þessu, þá tileinka ég þeirri framkomu einungis heiður, sem er sprottin af persónulegri hvöt og hugsjón mannsins sjálfs, og sem liggur hærra en gefnar skyldureglur heimta. Um leið skal ég taka það fram, að ég álít, að þeir menn, sem að eins uppfylla hinar almennu skyldur, séu meðalhæfimenn, og þeim tilheyrir því hvorki heiður né vanheiður. Samkvæmt þessu, hljóta því vínsalarnir að standa skör lægra en meðalhæfið, til þess að þeim verði tileinkaður vanheiður.

Það mun óhætt að fullyrða, að enginn vínsali er svo fávís, að hann viti ekki, hverjar afleiðingar vínsalan hefir á menningargildi neytendanna. Hvaða áhrif áfengið hefir á líffæri mannsins, í fyrsta lið að minsta kosti. Þeir vita mjög vel, að áfengið tekur frá manninum skynsamlega sjálfstjórn, og þegar skynsamleg sjálfstjórn einkennir ekki manninn lengur, þá er hann ekki lengur maður. Hann er þá aðeins dýr, og þó ekki eðlilegt dýr, heldur brjálað dýr. Þeir hljóta að ganga að því vísu, að afleiðingin af atvinnu þeirra verður öflug tilraun til að eyðileggja það, sem göfugustu hugsjónir mannanna eru að byggja upp, sem er þroskun skynseminnar. Af þessu er auðsætt, að þeir virða manngildið að engu. Það, sem þeir sækjast eftir, eru líkamlegir og fjármunalegir hagsmunir fyrir þá sjálfa, sem þeim virðist auðveldast að ná með því að lama sjálfstæði og skynsemi mannsins. Hitt mun vera sjaldgæft meðal vínsala, að hvötin byggist á því, að þá langi til að byggja upp nýja lífsheild, sem samanstandi af brjáluðum dýrum. Það væri líka helzt til langt hugsað fyrir þá menn.

Ég veit, Lýður minn, að þú skilur nú, á hverju ég hefi bygt þá ályktun mína, að atvinna vínsalans sé óheiðarleg. Og ég ætla því aðeins að bæta því við, að hvort sem menn eru þingmenn, stjórnarmenn, eða alþýðumenn, sem ljá lið sitt vernd og viðhaldi áfengis, þá eru þeir að því leyti óheiðarlegir menn.

Ég er nú svo lánsamur, Jón minn góður, segir Lýður, að það er engin nauðsyn fyrir mig að mótmæla rökfærslu þinni, þar sem að málefnið, sem um er að ræða, er verndað af meirihlutanum. Og meðan að vínsalarnir hafa meirihluta-heiður, þá eru þeir ánægðir, og vinna því glaðir sinn starfa. Og svo að hinu leytinu, þar sem hver fullorðinn maður er frjáls að kaupa og neyta þess, sem hann vill, þá hefir hann alla ábyrgð á afleiðingum gerða sinna. Eins og þú veizt, þá eru það peningar, sem stjórna heiminum; og eins og þú veizt, má alveg eins kaupa manngildið fyrir peninga, eins og að kaupa frá sér vitið, — menn eru jafn-frjálsir að gera hvorttveggja. Og sú atvinna, sem stofnuð er í þeim tilgangi, að fullnægja þörfum og kröfum mannanna, eins og vínsalan, mætti nefnast mannkærleiks atvinna. Ég hefi æfinlega heyrt, að það væri kærleiksverk, að gefa þyrstum svaladrykk og hungruðum máltíð, og engan þorsta þekki ég jafn-kveljandi eins og áfengisþorstann, og þar af leiðandi enga svölun eins innilega ánægjulega fyrir manninn, eins og að fá svalað þeim þorsta með nokkrum glösum af áfengi, eftir þörfum. — það er því vissulega miskunnarverk, að fullnægja nautnum mannanna í því efni. Og þó segir þú, Jón, að það sé óheiðarlegt starf; þú hlýtur að hafa litla meðliðun með tilfinningum mannanna.

Þessi síðasta rökfærsla þín, Lýður minn, segir Jón, er svo átakanlega lág og aumingjaleg, að hún vekur hjá mér viðkvæma vorkunnsemi gagnvart persónugildi þínu. Þú hefir ekki hærri hugsjónir um manngildið en að maðurinn sé algerlega á valdi ástriðna og líkamlegra tilhneiginga, og að það sé rétt, að vitsmuna yfirburðir einstaklinganna stjórnist af hagsmunalegum hvötum fyrir þá sjálfa — þú kallar það miskunnarverk, að svala þeim nautnum mannsins, sem eyðileggja líffæri hans, og þar af leiðandi alt manngildi hans, með því eina augnamiði, að ná fjármunum hans. Þú sérð ekki skynsamlegt gildi mannsins. En þú þekkir svolítið af sægðarviti, — vonandi, að það verði fyrsta sporið hjá þér til að öðlast skynsamlegt vit, eins og ein kenningin heldur fram að hafi verið upphaf vizkunnar hjá hinum fyrsta manni.

Það hlýtur að vera utanaðlærð þula hjá þér, um ábyrgð og frelsi mannsins, sem þú skilur ekki. — Frelsið er ekki fólgið í því, að hafa rétt til þess, að fullnægja dýrslegum hvötum; því ef svo væri, þyrfti engin lög og enga stjórn. Aflið og kænskan réði þá eins og á meðal dýranna. Þar á móti er frelsið fólgið í því, að maðurinn megi óhindraður nota vit sitt, reynslu og þekkingu til þess að stjórna hinum dýrslegu öflum og hvötum, og nota þau einungis til þess, að byggja upp hina skynsamlegu lífsheild og manngildi einstaklinganna. Og ábyrgðin, sem af mönnum er krafist, er: að þeir noti frelsið einungis á þennan hátt. Sem betur fer, er þetta meining þeirra frelsishugsjóna, sem mennirnir hafa öðlast, og á þeim grundvelli hafa þeir verið að byggja lögin. En þau eru ennþá næsta ófullkomin og ósamræm í sjálfu sér. Þau nálgast grundvallar hugsjónina í sumum greinum, en stríða á móti henni í öðrum. Þar af leiðandi verður framkvæmdarvaldið ein óumræðileg ósamkvæmni frá upphafi til enda. Frelsið og ábyrgðin er miðað við kynferði og aldurstakmörk, í staðinn fyrir þekkingarstig. Frelsisskerðing mannsins er miðuð við glæpi, sem hann gerir gagnvart öðrum mönnum. En glæpir, sem hann vinnur gegn sjálfum sér, eða sinni lagalegu og siðferðislegu skyldu, er hann frjáls að gera, — glæpir, sem þó í mörgum tilfellum leiða af sér almennan kostnað, auk siðspillingar, sorgar og kynspillingar. Ég tek dæmi: það er bæði siðferðisleg og lífseðlisleg skylda og þjóðfélags nauðsyn, að fjölskyldufaðirinn noti framleiðsluöfl sín til þess að uppala og þroska afkvæmi sín á líkamlega og andlega vísu. En svo er vínsalanum frjálst, að koma í veg fyrir, að maðurinn uppfylli þessar skyldur sínar. Vínsalinn má taka vinnulaunin, ef hann gefur manninum eyðileggjandi áfengi í staðinn. Konan og börnin mega líða líkamlega og andlega nauð, maðurinn má verða brjálað dýr og vínsalinn má hafa hagnaðinn af því öllu saman. Og hann má lifa sviðrðilegu nautnalífi af fjármunum þeim, sem litlu, hungruðu og klæðlítlu börnin og konan höfðu allan rétt til. Honum er leyft að taka smátt og smátt vitið frá manninum og veikja líffæri hans, þangað til hann er algerlega kominn á vald áfengisins. Honum er leyft að eyðileggja manninn í manninum. En ef maðurinn tekur án leyfis eitthvert verðmæti frá vínsalanum, þá kostar það frelsisskerðing og fangelsi. Dásamlegt samræmi og mannúðartilfinning!!

Minnisvarðar

úr málmi, sem nefndur er "White Bronze", eru fallegustu, varanlegustu og um leið ódýrustu minnisvarðar, sem nú þekkjast. Þeir eru óbrjótanlegir, ryðga ekki og geta aldrei orðið mosavaxnir, eins og steinar; ekki heldur hefir frost nein áhrif á þá. Þeir eru bókstaflega óbilandi og miklu fegurri en hægt er að gera minnisvarða úr steini (Marmara eða Granit). Alt letur er upphleypt, sem aldrei máist eða aflagast. Þeir eru jafn dýrir, hvort sem þeir eru óletraðir eða alsettir letri, nefnilega: alt letur, og myndir og merki, sem óskað er eftir, er sett á fritt. — Kosta frá fáeinum dollurum upp til þúsunda. Fleiri hundruð tegundir og mismunandi stærðir úr að velja.

Þessir minnisvarðar eru búnir til af THE MONUMENTAL BRONZE CO., Bridgeport, Conn. Þeir, sem vilja fá nákvæmar upplýsingar um þessa ágætu minnisvarða, skrifi til undirritaðs, sem er umboðsmaður fyrir nefnt félag.

Thor. Bjarnarson,
BOX 304
Pembina - - N. Dak.

Leyndarmál Cordulu frænku.

Nýjir kaupendur að HEIMSKRINGLU sem borga fyrir einn árgang fyrirfram, fá skáldsögu þessa og aðra til, alveg

ókeypis.

THE DOMINION BANK
HORNI NOTRE DAME AVENUE OG SHERBROOKE STREET

Höfuðstóll uppborgaður: $4,000,000.00
Varasjóður - - - $5,400,000.00

Vér óskum eftir viðskiftum verzlunar manna og ábyrgumst að gefa þeim fullnægju. Sparisjóðsdeild vor er sú stærsta sem nokkur banki hefir í borginni.

Þúsundir þessa hluta borgarinnar óska að skifta við stofnun sem þeir vita að er algerlega trygg. Nafn vort er full trygging óhlutleika. Byrjið sparifé inulegg fyrir sjálfa yðar, konu yðar og börn.

H. A. BRIGHT, RÁÐSMAÐUR.

Vitur maður er varkár með að drekka eingöngu HREINT ÖL. Þér getið jafna reitt yður á

DREWRY'S
REDWOOD LAGEIR.

Það er léttur, freyðandi bjór, gerður eingöngu úr Malt og Hops. Biðjið ætíð um hann.

E. L. DREWRY, Manufacturer, Winnipeg

Með því að biðja sérlega um "T.L. CIGAR," þá ertu viss að fá ágætan vindil.

T.L.

(UNION MADE)
Western Cigar Factory
Thomas Lee, eigandi Winnipeg

STRAX Í DAG er BEZT AÐ GERAST KAUPANDI AÐ HEIMSKRINGLU. — ÞAÐ ER EKKI SEINNA VÆNNA.

Manitoba á undan.

Manitoba hefir víðáttumikla vatnsfleti til uppgufunar og úrfellis. Þetta, hið nauðsynlegasta frjógunarskilyrði, er því trygt.

Ennþá eru 25 milión ekrur óbygðar.

Íbúatal fylkisins árið 1901 var 225,211, en er nú orðið um 500,000, sem má teljast ánægjuleg aukning. Árið 1901 var hveiti og hafra og bygg framleiðslan 90,367,085 bushela; á 5 árum hefir hún aukist upp í 129,475,943 bushel.

Winnipeg borg hafði árið 1901 42,240 íbúa, en hefir nú um 150,000; hefir nálega fjórfaldast á 8 árum. Skattskildar eignir Winnipegborgar árið 1901 voru $26,405,770, en árið 1908 voru þær orðnar $116,106,390. Hófðu meir en þrefaldast á 7 árum.

Flutningstæki eru óviðjafnanleg,— í einu orði sagt, eru í fremsta flokki nútíðartækja: Fjórar þverlandsbrautir liggja um fylkið, fullgerðar og í smíðum, og með miðstöðvar í Winnipeg. Í fylkinu eru nú nálega 4 þúsund milur af fullgerðum járnbrautum.

Manitoba hefir tekið meiri landbúnaðarlegum og efnalegum framförum en nokkurt annað land í heimi, og er þess vegna ákjósanlegasti aðsetursstaður fyrir alla, af því þetta fylki býður beztan arð af vinnu og fjárleggi.

Skrifið eftir upplýsingum til: —

JOS. HARTNEY, 77 York Street, Toronto, Ont.
JOS. BURKE, 178 Logan Avenue, Winnipeg, Man.
A. A. C. LaRIVIERE, 22 Alliance Bldg., Montreal, Quebec.
J. F. TENNANT, Gretna, Manitoba.

J. J. GOLDEN,
Deputy Minister af Agriculture and Immigration, Winnipeg.

hefðir heldur átt að ganga úr leið frá hættunni. Ef ástríðurnar kvikna einu sinni í huga þínum, blossa þær upp úr óslökkvandi glóð, líkari Suðurlanda ástabáli, heldur en því, sem hér tíðkast.....Og þenna blossa vilt þú ekki forðast?..... Setjum nú svo, að hann endurgyldi ást þína með annari jafn-heitri, jafnblossandi ást, hver yrði afleiðingin? Ógæfa fyrir ykkur bæði".

"Því þá ógæfa?"

"Hefirðu gleymt því, að Móritz Sterner er af borgaralegum ættum, að foreldrar þínir myndu heldur grafa þig lifandi, en leyfa þér að giftast manni, sem ekki er af aðalsættum".

"Um það hefi ég ekki hugsað, vinur minn. Ég hugsaði að eins um yfirstandandi tímann.....Ég trúi á guðlega forsjón og lel henni framtiðina á hendur."

"En íhugaðu það, barnið mitt, að ef menn ganga út í hættuna í blindni og segja: Ég trúi á forsjónina, þá trássast maður við forsjónina í stað þess að treysta henni. Það er hættulegt, að leika sér að eldinum".

Hvernig geturðu krafist þess, að ég skyldi fordæst að sjá hann, sem hefir bjargað lífi mínu?" sagði Ísabella dálítið óþolinmóð. "Hvað mundi hann hafa hugsað, ef ég hefði hagað mér þannig gagnvart honum? Og að öðru leyti: Hver hefir hugsað um sameiningu?"

"Ekki núna, það er satt, en sá tími getur komið að þú hugsir um það".

"Og ef það skyldi nú koma fyrir, heldur þú þá, að hún væri ómöguleg? Er ekki þetta nafn meira virði, nafnið Móritz Sterner, heldur en aðalborið nafn? Og er það ekki líklegt, að því aukist virðing ennþá?

"Í okkar augum, Ísabella, er þetta nafn jafnvirðingarvert og hvert annað nafn, en ekki í augum

föður þíns. Enda þótt að orðrómur Sterners væri óafmáanlegur, mundi það engin áhrif hafa á föður þinn. Hvað er hugvit og listagáfa í hans augum gagnvart greifalegu eða aðalbornu nafni?"

"Þú segir satt. Ó, hamingjan góða, að slíkir hleypidómar skuli vera til".

"Það er auðvitað mjög leiðinlegt, en það er ekki á okkar valdi að útrýma þeim. Þú verður að vera varkár, Ísabella, og láta ekki þessa tilhneigingu ná því valdi yfir þér, að hún verði að ástríðu, því þá flytur hún þér ógæfu".

"Hólm, þú talar svo kalt og svo rólega, að ég kannast ekki við þig", sagði unga stúlkan. "Þú, sem hefir leitt hinn rannsakandi anda minn á flakki hans um ríki vísindanna og listanna. Þú, sem hefir kent sálu minni, að fyrirlíta glamur og vesalmensku heimsins, að leita allstaðar hins fagra og sanna, eins í náttúrunni og í listunum. Þú, sem aldrei hefir viljað leyfa hleypidómum heimsins inngöngu í huga minn. — Þú vilt nú banna hinni helgustu og gæfurikustu tilfinningu, sem nokkru sinni hefir gert vart við sig í dauðlegri veru, að þroskast í sálu minni. Þú vilt loka hinni einu Paradís, sem guð hefir opnað mönnunum á jörðunni, — Paradís ástarinnar. Þú segir við mig: "Gættu þín, unga stúlka, elskaðu ekki. Sá maður, sem hjarta þitt aðhyllist, er af borgaralegum ættum, en þú af aðli". Hvernig skeður það, að þú, kennari minn, vinur minn, skulir tala þannig?"

"Af því að ég, sem er yfir fertugt, sé málefni þetta frá alvarlegra sjónarmiði, heldur en þú, sem aðeins ert átján ára", sagði Hólm og brosti raunalega. "Og af því að þú ert vinstúlka mín, sem ég virði mikils, þá vil ég reyna að hægja frá þér sársaukanum, sem ólánssamri ást fylgir".

"Það er engin ást ógæfusöm, sem er endurgoldin".

"Þessi rökleiðsla væri sönn, ef ástin tilheyrði að eins sálunni og væri ekki jafnframt holdleg. En hún er nú að eins miklu leyti holdleg eins og andleg. Hún vill ekki eingöngu elska í orðsins fylstu merkingu, hún vill líka eiga. Og geti hún ekki náð því takmarki að eignast, mun eldur hennar að síðustu eyðileggja hjartað, bregða skugga yfir skynsemina, gera rósir kinnanna fölar, og þvinga tár saknaðarins og sársaukans út úr augunum".

"Það eru þessar kvalir, sem ég vil losa þig við, og það er ástæðan fyrir aðvörun minni".

"Þakka þér fyrir, Hólm; ég skal muna eftir henni", sagði Ísabella um leið og hún stóð upp og réttí honum hendina. "Þú ert alt af vinur minn, eini, sanni vinurinn minn í þessum heimi, — það veit ég. Þess vegna kem ég líka til þín, þegar eitthvað hreyfir sér í mér, sársauki, töfran, eða eitthvað sem gerir mig hugfangna; ég skoða þig næstum því sem föður. Í sannleika sagt", bætti hún við brosandi, "heimurinn mundi hlægja, ef hann vissi að ung stúlka leitaði til manns, sem ekki er ættingi hennar, eftir ráðleggingu í ástasökum. Það er að minsta kosti ekki alment".

"En þú ert heldur engin almenn stúlka", svaraði Hólm brosandi. "En, þey. Ég heyri fótatak Maríu í stiganum. Hún kemur til að segja mér að morgunverðurinn sé tilbúinn".

"Nú, eru samræður ykkar ekki búnar ennþá?" spurði María, um leið og hún opnaði dyrnar. "Komið þið ofan og drekkið kaffi".

"Þakka þér fyrir, María", sagði Ísabella. "Ég er búin að borða morgunverð".

"Þú getur komið samt", sagði unga konan. — "Komdu, ég skal sýna þér nokkuð fallegt".

María brosti svo gletnislega, að Ísabella vissi ekki hvað hún átti að hugsa.

"Jæja þá", svaraði hún. "Ég skal koma".

Þegar komið var ofan í stofuna, var Móritz Sterner það fyrsta, sem Ísabella sá. Bergholm prestur hafði tekið hann með sér til þess að sýna honum, hvernig tengdasyni sínum og dóttur liði, og hve notalegt og laglegt heimili þeirra væri.

Móritz hneigði sig glaðlega og kurteislega fyrir ungu stúlkunni, enda þótt hann furðaði á, að sjá hana á þessum stað. En María sagði gletnislega:

"Má ég kynna meistara Sterner og ungfrú Ehrenstam".

"Við þekkjumst", svaraði Móritz.

"Já, og það fyrir löngu síðan, eftir því sem ungfrú Ísabella hefir sagt mér", sagði Hólm.

"Það er sannleikur", sagði Ísabella, um leið og henni varð litið í augu Móritz. "Sterner á fulla heimtingu á minu ævarandi — —"

"Minstu ekki á það einu orði, ungfrú mín", greip Móritz fram í fyrir henni. "Þegar mér veittist sú virðing í gær, að tala við þig fáein orð í skemtigarðinum í Liljudal, bað ég þig að minnast aldrei á þann greiða, sem ég var svo heppinn að veita þér, og — þú lofaðir því".

Ísabella þagði, en dökku augun hennar endurguldu Móritz lítillæti hans.

Samræðurnar urðu nú brátt all-fjörugar. Aðallega var talað um bókmentir, sem þau þektu öll; Ísabella hlustaði með duldri ánægju á hvert orð, sem Móritz sagði. Henni fanst, að hugsjónir þær, sem hann útlistaði, væru teknar úr sinni eigin sálu — væru bergmál af hennar eigin hugsunum, og án þess að gefa gætur að aðvörun Hólms, naut hún hins sæta en hættulega ilms með hverjum andardrætti.

Rafsending.

Allir Íslendingar hafa heyrt getið um Niagara-fossinn, sem þann mesta foss í heimi, og margir eru þeir, sem í sl. fimtíu ár hafa ferðast, frá öllum löndum heimsins, til að líta þennan mikla foss. Að þessum tíma hefir hann aðeins verið augnagaman fyrir þá mörgu, sem hann hafa séð. — Á síðari árum hefir hann og verið notaður til skemtana, ef skemtanir mætti kalla, — menn hafa reynt að svamla gegnum hringiðuna undir fossinum, og margir látið líf sitt við það. Aðrir hafa reynt að fara á mótorbátum gegn um hringiðuna, og hefir tekist það, en með illan leik, og ekki ómeiddir. Enn aðrir hafa gert sér tunnur og látið setja sig í þær og steypa sér síðan fram af fossinum. Þetta hafa leikið nokkrir karlmenn og ein kona, og hafa öll komist lífs úr þeirri raun, og að mestu ómeidd, — því vel hefir verið um tunnurnar búið og innihald þeirra. — En lengi hafa menn — hugsandi menn — fundið til þess, að til einhvers þarfara mætti og ætti að nota það hið mikla afl, sem í fossfalli þessu er, heldur en að hafa það fyrir augnagaman og leikfang.

Og nú er svo komið, að Ontario stjórnin hefir látið beizla nokkuð af þessu afli, til þess að renna fólksflutningavögnum eftir strætum Toronto borgar, í 40 mílna fjarlægð frá fossinum, og efnnig til þess að lýsa upp og hita húsin í Berlin borg í Ontario og til að knýja vélar á verkstæðum þar.

Það er hvorttveggja, að Niagara fossinn hefir verið og er talinn eitt af heimsins sjö mestu furðuverkum, enda er nú starf hans orðið sannarlegt kraftaverk, og vafalaust hefðu forfeður vorir eað sannleiksgildi þess, ef þeim hefði verið sagt, að foss þessi mundi verða notaður til þess, að lýsa upp stórborgir fylkisins, hita hús íbúanna, reka aflvélar á iðnaðarstofnunum þeirra, og knýja áfram fólksflutningsvagna um allaravegi fylkisins og stræti stórborganna. En alt þetta er nú á daginn komið fyrir framkvæmdir Whitney-stjórnarinnar í Ontario, og afleiðslan er þjóðeign.

Margir voru þeir í Ontario fylki, þegar fyrst var byrjað á starfi þessu, sem töldu það óðs manns æði, gert til þess að eyða fylkisfé í fyrirtæki, sem þeir töldu algerlega óframkvæmanlegt. Enda hafði engin stjórn áður tekist samkyns starf á hendur. En stjórnin fór að öllu gætilega, hún setti nefnd farustu rafmagnsfræðinga til að rannsaka málið, og að fengnum öllum upplýsingum um framkvæmanlegleika fyrirtækisins og kostnaðinn við það, með áætlun um árleg útgjöld og inntektir, — sem árlega færu vaxandi eftir því, sem meira afl yrði notað, — lét hún byrja á verkinu. Og nú í þessum mánuði var það svo fullgert, að rafafliði, sem framleitt er við fossinn, er leitt þvert yfir Ontario vatn, 40 mílna veg, og notað til að knýja áfram strætisvagna borgarinnar.

Þann 11. þ.m. var orku allinu beint inn í Berlin borg til þeirra nota þar, sem að framan er getið.

Hér með er gerð fyrsta tilraun til þess, að nota afl Niagara fossins, og er þessi byrjun aðeins lítið sýnishorn þess, hve nota má það afl. Nú fyrst eru allir sannfærðir um, að notagildi fossaflsins sé ótakmarkað, — að ekki sé nema tímaspursmál, að leiða afliið í allar borgir, bæi og þorp fylkisins til þess að lýsa þær og hita, — og enda kæla á sumrum — að knýja hreyfivélar allskonar, og það sem mest er í varið, — að hjálpa til við rekstur landbúnaðar á þann hátt að knýja áfram allar vinnuvélar á landinu. Fossafliið er óþrjótandi, og aldrei verður þess svo mikils þörf, að ekki sé næg uppspretta í fossinum.

Enga fossa eigum vér á Íslandi, er jafnist við Niagara fossinn, en nægu fossa samt til þess að lýsa landið alt, verma jarðveginn og knýja áfram iðnvélar, — ef framtakssemi og þekking væri þar til staðar. Og vissulega væri þess meirl þörf, að vinna landi því einhvern framtíðarhagnað með slíkri starfsemi, heldur en að eyða mörgum síðum af blöðum landsins til þess að rífast um beygingar og skilning á fáeinum latneskum orðum, eins og þeir Prófl. B. Ólsen og Dr. J. Þorkelsson eru nú að gera. Ef stjórn landsins vildi beitast fyrir því, að auka verkfræði í landinu, þá væri vel að verið, ekki eingöngu fyrir þá, sem nú lifa, heldur miklu fremur fyrir allar komandi kynslóðir.

Magnet rjómaskilvindan

Vöruhús Petrie félagsins í Winnipeg.

The Petrie Mfg. Co., Limited, Hamilton, Ont., hafa bygt og eru nú að flytja í stórt og vandað vöruhús á Henry Ave. hér í borginni.

Capt. Peters, byggingameistari hér í borg, gerði uppdrættina, en smiðirnir voru Carter-Halls-Aldinger félagið. Vöruhúsið er með þeim vönduðustu, sem til eru í borginni og mjög vel sett, á Henry Ave. við Tecumseh strætis, rétt fyrir norðan Logan Ave., og þannig í miðstöð hins bezta svæðis í borginni.

Eins og kunnugt er, býr Petrie Mfg. félagið til MAGNET rjómaskilvinduna, sem er canadisk og hefir fengið mikla útbreiðslu í öllum fylkjum ríkisins. Vinsældir vélar þessarar byggjast aðallega á hinu sterka og varanlega square gear lagi hennar, og því, hve vel hún aðskilur og hve létt er að snúa henni.

Uppgötvun þessa félags á einstykkis fleytirinn svo auðhreinsuðum, að ekki þarf nema 3—5 mínútur til að þvo alla parta vélarinnar, hefir umsteypt aðskilnaðarverkinu.

Framförin í útbreiðslu vélarinnar hefir verið bráð, sökum þess, hve vel hún hefir reynst, með því að spara vinnu og auka gróða mjólkur bændanna.

Félagið er nú varanlega heimilisfast í hverju fylki með vöruhús nálægt járnbrautasporum. Það bygði ágætt vöruhús í Regina 1909, á Rose St., og nú þetta nýja vöruhús í Winnipeg, og á næsta ári verða bygð lík hús í Edmonton og Vancouver, á lóðum, sem liggja við járnbrautir.

The Petrie Mfg. Co., Limited, eru sérfræðingar í skilvindusmiði, með 12 ára reynslu við smiði MAGNET skilvindunnar. Höfuðstóll félagsins er yfir ¾milión dollara, sem liggur í eignum þess í hinum ýmsu fylkjum, og er það sérhverjum viðskiftavini öruggasta trygging þess, að hagsmuna haus verður gætt er hann kaupir MAGNET skilvinduna.

Framtíðarhorfur.

EFTIR H. G. WELLS.

V.

ENDALOK LÝÐSTJÓRNARINNAR.

Í undanfarandi greinum höfum vér nær eingöngu fengist við öll, sem leiða til framfara, en ekki við þau, sem orsaka baráttu og hindranir. Vér höfum ekki litið við landamærum tungumálanna, sem liggja þvert yfir vorrar aldar stóru brautir samgnguæranna, og vér höfum ekkert tillit tekið til hinna einkennilegu hópa af hleypidómum og óskynsamlegum eðlisávísunum, sem kemur tvistringi af hlutaeigendum, verkamönnum, fjármálastjórum og óþörfum fátæklingum, sem kalla sig Englendinga, til að hata, ásaka og breiða út ósannindi um annan álíka tvistring, sem kalla sig Frakka eða Þjóðverja. Enn fremur höfum vér ekki gefið sérstakan gaum að þeirri staðreynd, að hið nýja þjóðfélags fyrirkomulag, sem við erum að reyna að ná af glöggri mynd, þroskast innan takmarka þess stjórnarfyrirkomulags, sem er til orðið undir gamla skipulaginu, er alls ekki á við innleiðslu hinna aflfræðislegu framleiðslutækja. Það er þetta síðasta atvik, sem vér ætlum nú að skoða.

Menn kalla ávalt yfirstandandi tíma "lýðstjórnar tímabilið", og hjá almenningi ríkir þegjandi samkomulag um það, að lýðstjórn muni öðlast vaxandi gildi eftir því, sem tíminn líður. Tilvísanirnar um hin þroskandi áhrif lýðstjórnarinnar eru yfirleitt svo óruggar og almennar, að það getur verið ómaksins vert að rannsaka, hvað það er í raun réttri, sem liggur til grundvallar fyrir lýðstjórninni. Slík rannsókn mun sýna oss, hve hol undirstaðan er og vekja hjá oss alt annan skilning en þann almenna á framtíðarinnar pólitiska ástandi. Þegar vér vorum að íhuga stækkun stórborganna, urðum vér þess varir, að nákvæm rannsókn getur umhverft verandi skoðunum á ókomna tímanum, og rannsókn vor á lýðstjórninni mun gefa oss fylstu ástæðu til að ætla, að hin núverandi stjórn fólksins sé ekki byrjun yfirgripsmikillar hreyfingar í heimum, sem muni halda áfram í sömu steinu, heldur fyrstu lífsmerki þeirra afla, sem á endanum sveifla sér inn á aðra braut.

Frumhugsun lýðstjórnarinnar er fulltrúamenska. Ríkisstjórnin er í byrjuninni grundvölluð á kosningum, og hver stjórnari er, að minsta kosti í orði og á borði, þjónn alþýðuviljans. Ímyndun hinna lýðstjórnarlegu fræðikenningar er því sú, að alþýðuvilji sé í raun og veru til, og að þessi alþýðuvilji sé sama sem samanlögð upphæð vilja allra ríkisþegnanna, að því er opinber málefni snertir. Varnarrök lýðstjórnarinnar eru alment, annaðhvort nauðsynleg afleiðing þeirrar siðfræðikröfu, að stjórn sé bundin við samþykki þeirra, sem stjórnað er, ellegar hentugt pólitiskt miðlunarmál, sem minsta ásteytingu veitir í eftirliti opinberra mála, af því það gróðursetur mesta almennings velíðan, og takmarkar mannfélagseymdina eins mikið og mögulegt er. En það er auðséð, að í ótelj andi mikilsverðum pólitiskum spurningum er enginn alþýðuvilji til staðar, af því almenningur lætur sig þær engu skifta, að kosningakerfið blátt áfram leggur völdin í hendur duglegustu kjörstjórnanna, að hvorki mennirnir né réttindi þeirra eru fyllilega jafnir, og umfram alt, að lástig og hástig almennrar velliðunar stendur í svo nánu sambandi við hin opinberu eftirlit, að alþýðan líður möglunarlaust fjölda af eymdum, sem stjórn hennar er orsök í, um sama leyti sem hún stundum hrindir frá sér leiðendum sínum af mjög lítilsverðum ástæðum. Sannanirnar, sem auðvelt er að flytja á móti glamuryrðaflóði lýðstjórnarinnar, eru svo margar og svo sterkar, að það verður ómögulegt, að skoða útbreiðslu lýðstjórnarinnar í nútímanum, sem afleiðing vitsmunalegrar sannfæringar. — Mönnum kemur ósjálfrátt til hugar sá grunur, að kenning lýðstjórnarinnar sé aðeins mælskubúningur sögulegrar staðreyndar, sem ekkert á skylt við þá kenningu, og samkvæmt þessum grun skulum vér hefja rannsókn vora.

Upprunl lýðstjórnarinnar á sér stað um sama leyti og framför framleiðslunnar byrjar, fyrir aðstoð hinna nýuppfundnu vinnuvéla, og þessi samhljóðun bendir strax á það, að hér eigi sér stað orsaka samband. Nákvæm rannsókn á hinum þjóðfélagslegu og pólitisku lífnaðarháttum á 18. öldinni, staðhæfir líka enn betur þessa ætlun. Ný þjóðfélagsframkvæmdaröfl voru farin að gera vart við sig — hinn hagsýni verksmiðjustjóri, vitsmunariki starfsmaðurinn, þekkingarhæfi leiguliðinn, mannfélagsdreggjar stórborganna — og hið gamla einveldi aðals-stórbokkanna var þessum öflum ókunnugt og skildi þau alls ekki. Þeir gerðu enga tilraun til að kynnast þeim, en lágu eins og þungur óhreyfanlegur moldarbingur á leið þeirra. Þess er nú að gæta, að hinar nýju þjóðfélagsstéttir voru sniðlausar, og án meðvitundar um takmarkið, sem þær stefndu að, og þær eru sér enn ekki meðvitandi um þetta takmark, þrátt fyrir hina fljótu þroskun, er þær hafa öðlast, því að vér erum ennþá án nokkurar ákveðinnar lögunar fyrir ummyndun mannfélagsins, í samræmi við hin aflfræðislegu framleiðsluáhöld og ásigkomulag flutningstækjanna. Það, sem vér höfðum á 18. öldinni, var því ekki sér meðvitandi ný tilhögun í stríði við hina eldri, heldur sniðlaus vaxandi mergð af nýju safni við hliðina á hinni hverfandi mergð af gömlum venjum. Og þessi sniðlausa mergð sem var málsvari hins nýja, varð, sökum afturhaldssteinu hins gamla um tíma neydd til að mynda pólitík sína eftir ákveðinni stefnu, sem að ytra álíti hafði játandi lögun, en var í raun réttri neitandi. "Konungarnir, aðalsmenn og einkaréttindamenn í deyjandi embættum mannfélagsins, eru ekki færir um, að leysa úr okkar málefnum", — þetta var kjarninn í kenniorði hinna nýju þjóðfélagsstétta, og þar eð ekkert nýtt var tilbúið til að nota í stað hins gamla, varð kenningin um alþýðuviljann og óskeikulleik hans, ásamt framkomu einstakra óneitanlega duglausra manna sem bakhlið, viðeigandi og sanngjörn verknaðar tilgáta. Það, sem hefir myndað lýðstjórnina, er því ekki vaknandi meðvitund fólksins um vald sitt og réttindi — eins og skrafgjarnir menn vilja telja oss trú um — heldur hrörnun hinna gömlu drotnandi stétta, í sambandi við vöxt iðnaðarins og skort á niðurskipun og sjálfsskilningi hjá hinum nýju vitsmunariku undirstöðu atriðum í ríkinu. Fyrstu löndin, sem lýðstjórnin náði fótfestu í, var Frakkland og Bretland hið mikla, og það er frá frönsku og enskutalandi þjóðunum, að lýðstjórnin hefir náð mestri fullkomnun. Þetta er einnig vel skiljanlegt, þegar þess er minst, að í þessum löndum þroskuðist fyrst iðnfræði og vélaframleiðsla, sem kom af stað framförum hjá miklum fjölda atvinnugreina fyrir utan hina viðurkendu pólitisku umgerð.

Það er samt sem áður áreiðanlegt, að hinn óákveðni fjöldi, sem nýju þjóðfélags undirstöðurnar eun þá hafa á boðstólum, fyr eða síðar skiftist í atvinnufróðar mentaðar stéttir, starfsettar við að gera visindalegan árangur notkunarhæfan í daglega lífinu. Og þessar stéttir, eða ef til vill réttara í þessari stétt, hverrar drotnandi stöðu í mannfélagi framtíðarinnar vér höfum haft tækifæri til að skoða, mun áreiðanlega á endanum með fullri meðvitund verða ríkið, og taka að sér að stjórna hinum starfslausa múg, sem þeir eru ennþá blandaðir saman við. Hvernig þetta muni ganga fyrir sig, er mögulegt að geta sér til, enda þótt frjóangar hinna komandi viðburða sé enn mjög óálitlegir. Á þessum tímum stendur alt sérstaklega mentað og í sinni stöðu duglegt fólk — verkfræðingar, læknar og praktiskir vísindamenn af öllum tegundum — næstum því alveg afskiftalaust af pólitisku lífi, og hefir enn ekki látið í ljós neina þrá til að taka þátt í því. En þau öfl, sem draga það inn á framhlið leiksviðsins, eru byrjuð að starfa.

Tízkunnar lýðstjórn eða lýðstjórnar einveldið stjórnar mannfélagsmálunum þannig, eins og ekkert slíkt væri til, sem sérmentun og iðnaðarþekking. Helzta viðurkenningin, sem það veitir manni með sérþekkingu á einni iðn, er að leita ráða hans viðvíkjandi einstökum atriðum, og síðan að fleygja ráðleggingum hans undir fætur sér og ganga á þeim, eða að fela honum á hendur eina eða aðra ómögulega skyldu með mjög takmörkuðum skilyrðum. Sérstaklega iðnmentaður maður, er ávalt skoðaður sem markvert og nytsamt dýr, skör lægra en stjórnarmennirnir. Fallbyssu smiðurinn, t. d., fær leyfi til að skjóta úr fallbyssunum sínum og flytja þær, en hann fær ekki leyfi til að ákveða, hvar skuli skotið úr þeim. Það er ákveðið af mönnum, sem litið þekkja til skothæfni og kúlubrautarinnar. Verkfræðingurinn fær að sönnu leyfi til að hreyfa skipið og hleypa af skotunum úr víginu, en að eins undir stjórn annars manns sem minni þekkingu hefir í þeim efnum. Þegar laga þarf reiðhjól eftir þörfum hermanna, er það álitinn gamanleikur fyrir þennan eða hinn foringjann í frítímum hans, og ef kaupa þyrfti hesta handa brezka hernum á Indlandi, senda menn ekki sérfræðing í þeirri grein, heldur lávarð Edward Cecil. Mennirnir, sem hafa stjórntaumana í höndum, kunna ekki að virða þekkingu. Uppeldi þeirra hefir kent þeim, að skilja hið voðalega vald vfirskinsins á þessum lýðstjórnartímum. Að vera mikilfenglegur, er að komast áfram í heiminum, — hvers annars þarfnast?

Fljótt álitið virðist svo sem þetta ástand muni eiga sér stað um óákveðinn tíma, og þroskast samkvæmt lögunum fyrir áhrifamismun pólitisku gortaranna, sem halda stjórntaumunum, og múgsins, sem þeir stjórna. En flokksleiðsla lýðstjórnarinnar mun á endanum leiða af sér vandræði, sem gerir frelsun ríkisins háða hinum duglegu mentamönnum, sem vandræðin munu kalla inn á leiksviðið. Stríð er óhjákvæmileg afleiðing lýðstjórnar fyrirkomulagsins, og hvort sem það á sér stað eða ekki, flytur það með sér yfirvofandi hættur, og kemur hinum duglegu íbúum landsins, sem aðhvíast sama þjóðfélags fræðikerfi, til að eyðileggja flokksstjórnar vélarnar.

Að lýðstjórnar fyrirkomulagið stefnir í áttina til stríðs, er markvert en ekki óskiljanlegt. Þrætugirni þjóðrækninnar og lýðstjórn halda höndum saman, og flokksvélarnar í hinum ýmsu löndum munu — þegar tímar líða — verða meir og meir notaðar af ættjarðarástinni, á kostnað framandi þjóðar, sem vill halda völdum sínum. Þær munu ekki starfa með smámunalegum pólitiskum stefnuskrám, af því þá verður ekki til nein lítilfjörleg, ákveðin opinber skoðun, og þá munu andleg en einkum efnisleg áhrif verða mjög dreifð og mismunandi að tegundum, og þá er aðeins ein ástríða eftir, sem aðstoðar stjórnmálamennina til að safna kjósendunum í samhuga flokk að kjörskrínunum, — nefnilega ættjarðarástin. Í sérhverju landi, þar sem áhrif lýðstjórnarinnar eru ofan á, er því líklegt, að flokksvél myndist, sem eingöngu vinnur með aðstoð þjóðrækninnar, en verður mjög óákveðin í öðrum málum.

En þjóðræknin lifir ekki af lofti eingöngu, — hún verður að hafa einhvern til að standa á verði gegn, að hata. Þjóðlegur ættjarðarástar flokkur er óvinvettur framandi flokk, og tilheyrandi hins tízkulega falsguðs, lýðstjórnin, mun kalla hátt á framandi fólk. Ekki af illgirni, en eingöngu til að halda í völdin, mun hin "sitjandi" stjórn eða hin ráðandi flokksvél undirstrika öll þjóðleg deilumál. Með háverum bendingum mun hún reyna að halda sinu fólki vakandi, og gagnstæða flokka mun hún reyna að eyðileggja með því að gera þá tortryggilega sem svíkara. Flokksloðin leika hlutverk varðhundsins, og með sínu þrotlausa gelti og urri gegn einu eða annari framandi þjóð, koma þau sinni eigin þjóð til að gleyma innbyrðis deilumálum. Nú þegar heyrir maður eina þjóð gelta að annari um allan hnöttinn, og daglöðin annast dyggilega um það, að engri ástæðu til hatars og ofundar verði gleymt. Ekki eingöngu pólitiskir vafningar, heldur einnig samkeppnin í verzlun og iðnaði verður notuð til að æsa ofsann, með því hvert land fylgir þeirri ómögulegu hugsjón, að flytja alt út án þess að flytja nokkuð inn. — Hljómurinn í blöðunum frá einu landi til annars verður ávalt ákafari, æsingin yfir hverjum nýjum vandræðum sífelt stærri, og stjórnmálamenn framtíðarinnar munu hrekja hver annan nær bakka hyldýpisins, ekki af því, að þá eða neinn annan langi til að stíga ofan fyrir hann, heldur af því, að kringumstæðurnar gefa þeim um tvent að velja, annaðhvort að missa völd sín eða halda áfram þessari orrahríð. Hágöngudepill lýðstjórnar þroskunarinnar mun því verða alþjóða samkepni, albjóða óvinátta og hatur, og að síðustu, sem óhjákvæmileg afleiðing, þegar síðasti dropinn lætur renna út úr bikarnum — stríð.

(Niðurlag).

Þessar fögru skotthúfur með kjörkaups verði

SVONA fagrar skotthúfur voru vissulega aldrei fyr seldar svo lágu verði,

Hver skólastúlka mun vilja eignast eina þeirra og allar mun gleðast við þá eign. Vér gerðun stærri pöntuu til verksmiðjunnar en áður hafði þangað komið, og fengum auka afslátt þessvegna, og þér njótið þess hagnaðar. Pantið eftir númeri og væntið skjótra skila. Ef húfurnar eiga að sendast með pósti þá sendið 7 cents umfram fyrir hverja húfu. Eaton's hefir þetta ár betri útbúnað en nokkru sinni fyr, til að afgreiða fljótt allar pantanir.

Skrifið eftir Eaton's verðlistabók, hún er gefin

NO. 10D32	Sérstakt lágt verð á snúðprjónuðum ullar skottúfum, full stærð, keyptum sérstaklega fyrir pöntunum viðskiftavina. Mjúk ull, langt skott þetta er með beztu kjörkaupum er vér höf. um boðið, litur svart, blátt, rauðar, grænar hvítar.	VERÐ 35c
NO. 10D33	Efnisgóðar stærðir, snúðprjónaðar skoll, húfur með löngu skotti al-ull-gerðar á bestu hufuversmiðju í Canada. Einlitar með rauð á ögri. Þessar húfur seldust ágætilega í fyrra og reyndust vel. Litar, hvítar, bláar, rauðar, svartar, ljós-ar og dökkrauðar, bláar með hvítu eða dökkrauðu.	VERÐ 45c
NO. 10D34	Barna ágætar þéttprónaðar ullar húfur með 3 röndum á sterkum litum, stórar með langt skott þær reynast ágætilega og fást hvítar, bláar með hvítum eða bláum röndum.	VERÐ 25c

THE T. EATON CO LIMITED
WINNIPEG CANADA

The Northern Wine Co. Ltd.

Selur sérhverja góða tegund af Whisky, vínum og bjór o.fl. o.tl. Við gefum sérstaklega gaum familtu pöntunum og afgreiðum þær bæði fljótt og vel til hvaða hluta borgarinnar sem er — Getið okkur tækifæri að sýna ykkurað svo sé.

VIÐ óskum jafn framt eftir sveita pöntunum—Afgreiðsla hin bezta.

Talsímar Main 1673-6744
215 MARKET ST.

SMÆLKI.

Það hafa margar tilraunir verið gerðar til að ráða hina einfræðislegu gátu um þrýstingarafl jóssins, bæði af Maxwell, Bartolis og Crookes. Mönnum hefir virzt þrýstingur sólarljóssins vera 0.4 milligram á hvern ferhyrningsmeter af svörtum fleti, en 0.8 milligram á speglaðan flöt. Professor Lebedew í Moskva, sá hinu sami og fundið hefir hinar stýrðu "Hertz-bárur", hefir komist að þeirri niðurstöðu, að ljósvakabárurnar, sem ljós, hiti, rafmagn, segulafl, o. s. frv. framleiða, orsaki þann þrýsting, sem verði mældur. Tilvera ljósvakans, þess tónis, sem álitið er að geisli gegnum alt efni og fylli geiminn, ætti að vera nú sönnuð. Þrýstingur sólarinnar á hnött vorn er því rúmlega 300,000 tonn. þar eð stærð þrýstingsins er komin undir þvermáli hlutarins, ættu minstu hlutirnir í tilliti til þyngdar sinnar, að verða fyrir mestum þrýstingi. Það er hugsanlegt, að hali halastjarnanna sumanstandi af smáum efnisögnum, sem loftþrýstingur halastjarnaholuðsins hrindir burt, þrátt fyrir þyngdaraflið.

JÓN JÓNSSON, járnsmiður, að 790 Notre Dame Ave. (horni Toronto St.) gerir við alls konar katla, könnur, potta og pönnur fyrir konur, og brýnir hnífa og skerpir sagir fyrir karlmenn. — Alt vel af hendi leyst fyrir lítla borgun.

Kennara vantar.

Kennara, sem hefir nokkra æfingu, vantar við Diana skólann, No. 1355, fyrir nóvember og desember mánuði, og svo gjarnan áfram fyrir næsta skólaár, ef um semst. Sendið tilboð fyrir lok þessa mánaðar (október) og nefnið kennarastig, kensluæfing og kaup.

MAGNUS TAIT,
Box 145 Antler, Sask.

MELBA

Heimsins mesta söngkona notar

HEINTZMAN & CO. PIANO

á sigurferð hennar um mestu borgir í Canada. Hún vill engin önnur nota.

MIKIL LISTA KONA MIKIÐ PIANO,

McLean & Co Limited

J. W. Kelly, J. Redmond, W. J. Ross

Cor Portage Ave. & Hargrave

Phone: Main 808.

Fréttir úr bænum.

Hér í bænum voru um síðustu helgi J. K. Jónasson og sonur hans, einnig Stefán Steiánsson póstmeistari, allir frá Dog Creek. Einnig var hér Sigurður Sigfússon frá Narrows, að biðja um akbraut á Township-línu sunnan við Tp. 25 L röðum 7, 8 og 9 vestur, — svo að Narrows búar ættu kost á, að komast að Station á nýju járnbrautinni norðan Dog Lake. Lofað var, að mælingamaður skyldi sendur til að mæla út brautarstæðin, bæði sunnan og norðan Dog Lake, nú í þessum mánuði. Lengra er því máli ekki komið ennþá, en væntanlega verða þessir akvegir gerðir upp við allra fyrstu hentugleika.

Winnipeg borg hefir gefið nokkur þúsund dollara til þeirra, sem mistu heimili sín og aleigu í eldinum mikla, sem nýlega varð í Minnesota og Rainy River bæ. Eaton félagið gaf einnig 4 þúsund dollara virði af vörum, matvælum og fatnaði, svo að þeir, sem komust lífs úr þessum mikla bruna, verða látnir njóta allrar þeirrar hjálpar, sem hægt er að veita þeim.

Meðlimir stúkunnar Ísland eru ámintir um að koma í tíma á næsta fund (annaðkveld 20. þ.m.). Stúkan hefir ákveðið að hraða fundi, svo meðlimirnir geti fært sér í nyt heimboð annarar stúku það kveld. — Annars ættu allir að gera sér það að fastri reglu, að koma ætíð í tíma á stúkufundi,— og aðra fundi.

Þórður Kolbeinsson, áður bóndi að Tantallon, en nú nýlega að Kindersley P.O., Sask., biður þess getið, að núverandi pósthús hans sé: WILKIE, SASK.

Winnipeg Íslendingar eru mintir á, að sækja samkomu þá, sem haldin verður í samkomusal Únítara á mánudagskveldið, kemur 24. þ.m., til arðs fyrir tvo íslenzka fjölskyldufeður hér í borg, sem um langan tíma hafa verið sjúkir. Vér er að ræða um að veita líkn, sem vonað er að hver Íslendingur, karl eða kona, með heilbrigðri mannúðartilfinningu, finni sér skylt, að styrkja með nærveru sinni.

Herra Stephan Sigurðsson, kaupmaður að Hnausa, Man., hefir nýlega flutt sig hingað til borgarinnar með fjölskyldu sína alla. Börn þeirra hjóna eru nú farin að ganga í skóli mentavegina hér í borginni og þess vegna flutti hr. Sigurðsson bústað sinn. Heimili þeirra er að 813 St. Paul Terrace, horni Arlington St. og St. Paul Ave.

Fulltrúar stúkunnar SKULDAR halda Tombólu 14. næsta mán.

ANCHOR BRAND HVEITI

er bezta fáanlegt mjöl til nota í heimahúsum og annarstaðar. Það er gert úr No. 1. Hard HVEITI eftir nýjustu aðferðum.

Símið 4326 eftir söluverði þess.

Leitch Bros.
LOUR MILLS

Winnipeg skrifstofa
240-4 GRAIN EXCHANGE

Menningarfélagið.

Fyrsti fundur félagsins eftir sumarhvildina verður haldinn næsta miðvikudag þann 26. þ.m. í Únítarakirkjunni. Mr. S. B. Brynjólfsson flytur þar erindi, og verður umræðuefnið auglýst í næsta blaði.

Mrs. Sarah Vik, frá Duxby, Minn., var hér á ferð í fyrri hluta þessa mánaðar í kynnisför til frændfólks sins á Gimli og kunningja í Selkirk bæ. Hún lagði af stað heimleiðis aftur 12. þ.m.

Únítara söfnuðurinn ætlar að halda Tombólu í byrjun næsta mánaðar.

Á orði er, að Manitoba stjórnin muni kaupa af Dominion stjórninni landspildu þá, vestan þinghúss ins á Broadway, sem Drill Hall stendur á, í því skyni, að byggja þar veglegt þinghús, er samsvari þörfum fylkisins á komandi tíð og sé við hæfi Winnipeg borgar. Núverandi þinghús er orðið alt of gamalt og fornfálegt og langlakast allra fylkja-þinghúsa í Canada.

Mr. og Mrs. Th. Peterson, frá Ivanhoe, Minnesota, komu hingað til borgarinnar alflutt 14. b.m., og setjast að hjá dætrum sínum hér, Miss Línu og Kristínu Sigurðsson, sem dvalið hafa hér í borg nokkurn undanfarinn tíma. Heimili þeirra verður að 504 Agnes St.

Fred Dalman söngfræðingur, sem hefir dvalið hér í bænum í sumar, fór um síðustu helgi suður til Minneapolis, og hyggur að stunda list sina þar framvegis. Dalman hefir áður dvalið þar syðra, og fallið þar vel, hafi meira að gera og betur borgað en hægt er að vænta hér í bæ enn sem komið er.

Jóhannes Stefánsson, frá Uppsölum í Skagafirði, er dvaldi um tíma í Selkirk eftir að hann kom frá Íslandi í ágúst í sumar, er nú kominn til frænda sinna vestur í landi. Þegar hann fór var honum að fullu batnað höfuðmeiðsli það, er hann varð fyrir við fall af strætisvagni hér í borg skömmu eftir að hann kom að heiman, eins og skýrt var frá í þessu blaði.

George H. Bradbury, M.P., sem verið hefir á ferðalagi um Evrópu í sl. 3 mánuði, kom til baka til bæjarins um síðustu helgi. Hann er eins og kunnugt er, þingmaður fyrir Selkirk kjördæmið, og mun ætla að finna eitthvað af kjósendum sínum áður en hann situr næsta þing, sem á að byrja í Ottawa í næsta mánuði.

Nýlega hefir strætisbrautafélagið vikið 4 mönnum úr þjónustu sinni, af því þeir höfðu, hvert á móti reglum félagsins, drukkið áfengi á opinberum stöðum meðan þeir voru í einkennisbúningi félagsins. Nokkur óánægja er meðal samverkamanna þeirra út af þessu tiltæki félagsins. En hins vegar sýnir það, að drykkjuskapur er ekki í hávegum hafður meðal þeirra, sem stjórna eiga opinberum mannflutningatækjum eða öðrumfangsmiklum stofnunum, þar sem lítil yfirsjón getur haft stórkostlegt tjón í för með sér.

Samkoma

verður haldin í samkomusal Únítara, horni Sherbr. og Sargent st.

Mánudagskv. 24. okt.

til hjálpar tveimur veikum mönnum, er hafa verið veikir tvö og þrjú ár. — Þessir skemta á samkomunni:

Stefán Thorson: Ræða.
Miss Sigrún Baldwinson: Piano Sóló.
Mrs. S. Swanson: Upplestur.
Gísli Johnson: Sóló.
Kristján Stefánsson: Upplestur.
Miss Efemia Thorwaldson: Sóló
E. J. Árnason: Upplestur.

KÖKUSKURÐUR. — Skapti B. Brynjólfsson og B. L. Baldwinson kappræða um, hvor eigi að skera kökuna. S. B. Brynjólfsson mælir með giftri konu en B. L. Baldwinson með ógiftri.

Að því búnu verður kaffi veitt.

Hjálpið þeim,

sem hafa orðið fyrir þeirri óhamingju, að missa heilsuna og eru þess vegna ósjálfbjarga um stundarsakir, — þeim peningum, er til þess ganga, er vel varið.

Forstöðunefndin.

Jóhannes Einarsson, frá Lögberg P.O., Sask., var hér í borg um síðustu helgi með sölugripi. Hann segir, að verðið nú sé nokkuru lægra en að undanförnu, bæði á nautum og sauðum, en lifandi svín séu í sama verði og áður, 9c pd. En það hyggur hann að góðir gripir verði í góðu verði á næstu árum. — Með Jóhannesi kom sonur hans Jón, sem stundað hefir nám við Wesley College sl. 2 vetur og heldur áfram því námi á komandi vetri. — Uppskeru segir Jóhannes hafa verið góða í sinni bygð á þessu hausti; hveiti frá 20—30 bush. og hafrar frá 50—80 bush. af ekru. Hveiti þó lítið eitt frosið á stöku stað, en hafrar sem næst ekkert frosnir. En svo hefir mannekla verið mikil þar vestra, að víða er óþreskt ennþá, og hefir þó kaupgjald verið hátt, frá $2.00 til $2.50 og alt að $3.00 á dag og fæði. — Einnig sagði hann að Björn Sigvaldason, kennari, sem dvalið hefir í Thingvalla nýlendu við barnakenslu, hefði í sl. viku flutt sig með konu sína og húslóð alla norður til Nýja Íslands, og ætlar að gera þar framtíðarbústað sinn.

SPURNINGAR.

Herra ritstj. Heimskringlu.

Gerðu svo vel að leysa úr eftirfarandi spurningu.

A. á heimilisréttarland. Hann er búinn að byggja stórt hús á því, einnig fjós og fleiri byggingar. Þar að auki er hann búinn að plægja stóra spildu á því og girða það, með fleiru.

B. hefir land fast við hliðina á A. í sama skólahéraði, og er hann ekkert búinn að gera á landinu, nema bygga lítinn húskofa.

Hvernig stendur á því, að B. verður að borga eins háan skatt af óunnu landi eins og A. af unnu? Eða fer skattupphæðin ekki eftir virðingu á löndunum? Eða er réttlátt af virðingamanni, að virða öll lönd jafnhátt, hvernig sem þau líta út?

Fáfróður.

SVAR. — Virðingamaður hefir bæði rétt og skyldu til þess að leggja jafna virðingu á þau lönd, sem liggja samhliða og eru jafnvel útbúin frá náttúrunnar hendi. Honum ber að virða löndin, án tillits til umbótanna, sem á þeim eru.

Ritstj.

FRANCISCO FERRER,

spánski píslarvotturinn, sem tekinn var af lífi í fyrra 13. okt., sakaður um, að hafa sett af stað upphlaupið í Barcelona, — stofnandi modern skólanna, sem hin kristna kirkja hatar svo mjög, — verður umtalsefni í

Fyrirlestur

sem S. B. BENEDICTSSON flytur í samkomusal Únítara, horni Sargent og Sherbrooke, fóstudaginn.

28. okt., kl. 8 síðd.

Þar verður skýrt frá "Ilvers vegna Spán myrti Ferrer", og hvaða þýðingu þessi atburður hefir fyrir frjálsar skoðanir, o.s.frv.

Allir eru velkomnir og beðnir að koma og fylla salinn, en sérstaklega er SKORAÐ Á ALLA PRESTA, kristna og heiðna, að koma og taka þátt í umræðunum á eftir.

Mönnum er lofað skemtilegu kveldi.

Aðgangseyrir: 15 cents.

Notið tækifærið!

Eg sel með góðu verði mikið af bókum og blöðum á íslenzku, dönsku, norsku og ensku,

Sigmundur M Long,
790 Notre Dame Ave., Winnipeg.

Þessir eiga bréf á skrifstofu Heimskringlu:

Miss G. Sigurðsson.
Miss Elisabet E. Sigurðsson.
Mrs. Margrét Bergman.
Mrs. Signý Olson.
Leifur Sumarliðason.
Jóhann Thorarensen.
Mrs. O. T. Anderson (frá Ísl.).

— John D. Rockefeller hefir á ný gefið nálega 4 miliónir af auðlegð sinni til spítalastofnunar þeirrar, sem bygð var í sambandi við Rockefeller Institute í New York borg, og sem aðallega er ætlað til þess, að rannsaka orsakir til sjúkdóma. Alls hefir hann gefið stofnun þessari nálega 9 miliónir dollara. Um leið ráðstafaði hann þessum gjöfum þannig, að öll eignin er í höndum nefndar, sem skipuð er læknum og sérfræðingum, og er óháð öllum utanað komandi áhrifum, og getur því hagað steinunni og ráðsmenskunni algerlega eftir eigin geðþótta.

Uppboðssala.

Eftir beiðni herra J. H. Johnson, að Hove P.O., Man., sel ég við opinbert uppboð á landi hans suðaustursjórða af Sec. 10 Tp. 18 R. 3. w.

Mánudag 24. okt. 1910.

Alla nautgripi hans, sem eru:

30 kýr, sem eiga að bera í vetur og á næsta vori.
15 geldneyti á þriðja ári.
12 geldneyti á öðru ári.
8 vetrar og vor kálfa.
2 naut.

Einnig sel ég þar nokkra hesta og ýmislegt fleira.

Salan byrjar kl. 1 e.h.

Miðdagsverður veittur ókeypis.

Kaupskilmálar eru: 9 mánaða gjaldfrestur gegn trygðum borgunarskuldbindingum (Approved Joint Note) með 6 prósent ársvöxtum.

Sex prósent afsláttur af öllu, sem borgað er í peningum út í hönd.

Dags. að Lundar, 1. okt. 1910.

PAUL REYKDAL,
uppboðshaldari.

Hjá J. R. TATE & Co.
522 Notre Dame Ave.

er staðurinn til að fá góð föt gerð eftir máli úr frægustu dúkum og fyrir lægra verð en slík föt eru gerð fyrir neðan í borginni. Vér höfum mesta úrval af fataefnum og ábyrgum hverju spjöri, Íslendingum boðið að koma og skoða vörurnar. Vér óskum viðskifta yð þá.

J. R. TATE & Co. Skraddarar

Dr. G. J. Gíslason,
Physician and Surgeon
18 South 3rd Str., Grand Forks, N.Dak

Athygli veitt AUGNA, EYRNA og KVERKA SJÚKDÓMUM. ASAMT INNVORTIS SJÚKDÓMUM og UPPSKURÐI. —

Anderson & Garland,
LÖGFRÆÐINGAR
35 Merchants Bank Building
PHONE: MAIN 1561.

Dr. M. Hjaltason,
Oak Point, Man.

BÚÐIN Á SARGENT.

Kennið únglingunum að nota vel tíman. Það gerist best með því að þau beri á sér vasa úr. Eg sel vönduð Kvenn-úr frá $2.50 og upp. Eg sel $10.00 Konu-úr fyrir $6.00 þau eru í gullþynnu kössum, með ágætu gangverki ábyrgð fygir hverju úri.

Drengja úr sel eg fyrir $1.25 og þar yfir.

G. THOMAS Gull og Silfur Smiður
674 Sargent Ave. Phone Sherb. 2542

Góðar stöður.

Geta ungir, framgjarnir menn og konur fengið á járnbrauta eða loftskeyta stöðvum.

Síðan 8 kl. stunda lögin gengn í gildi og síðan loftskeyta fregnsending varð útbreidd þá vantar 10 þúsund telegraphers (fregnsendla). Launin til að byrja með eru frá $70 til $90 á mánuði. Vér störfum undir umsjón telegrapn yfirmanna og öllum sem verða fullnuma eru ábyrgðar atvinnustöður.

Skrifið eftir öllum upplýsingum til þeirrar stofnunar sem næst yður er. NATIONAL TELEGRAF INSTITUTE, Cincinatti, Ohio, Philadelphia, Pa., Memphis, Tenn., Columbia, S. C., Davenport, Ill., Portland, Ore.

J. T. STOREY S. SKELMAN

Your Valet

HREINSAR, PRESSAR, GERIR VIÐ OG LITAR FATNAÐ.

Alt ágætlega gert. Komið því með fötin til okkar.

690 NOTRE DAME AVE.
TALSÍMI MAIN 2798

Sherwin-Williams PAINT
fyrir alskonar húsmálningu.

Prýðingar-tími nálgast nú. Dálítið af Sherwin-Williams húsmáli getur prýtt húsið yðar utan og innan. — Brúkið ekker annað mál en þetta. — S.-W. húsmálið málar mest, endist lengur, og er áferðarfegurra en nokkurt annað hús mál sem búið er til. — Komið inn og skoðið litarspjaldið. —

Cameron & Carscadden
QUALITY HARDWARE
Wynyard, - Sask.

S. K. HALL
TEACHER OF PIANO and HARMONY
STUDIO: 701 Victor St.
Haustkensla byrjar 1st Sept.

TIL SÖLU:

160 ekrur af bezta landi, stutt frá járnbrautarstöð. — Fyrsti maður með $7.00 fær hér góð kaup. — Finnið

Skúli Hansson & Co.
47 Aikens' Bldg.
Talsími, Main 6476 P. O. Box 833

GEO. ST. JOHN VAN HALLEN
Málafærzlumaður
Gerir öll lögfræðis störf
Útvegar peningalán
Bæjar og landeignir keyptar og seldar, með vildarkjörum.
Skiftiskjöl $3.00
Kaupsamningar $3.00
Sanngjörn ómakslaun
Reynið mig
Skrifstofa 1006 Main St.
Talsími Main 5142
Heimils talsími Main 2357
WINNIPEG

MARTYN F. SMITH,
TANNLÆKNIR.
Fairbairn Blk. Cor Main & Selkirk

Sérfræðingur í Gullfyllingu og öllum aðgerðum og tilbún aði Tanna. Tennur dregnar án sársauka. Engin veiki á eftir eða gómbólga. —

Stofan opin kl. 7 til 9 á kveldin
Office Phone 6944. Heimilis Phone 5462

Þarft þú ekki að fá þér ný föt?

EF ÞAU KOMA FRA CLEMENT'S, — ÞÁ VERÐA ÞAU RÉTT

Réttur að efni, réttur í sniði réttur í áferð og réttur í verði.

Vér höfum miklar byrgðir af fegurstu og bezta fataefnum. —

Geo. Clements & Son
Stofnað árið 1874
264 Portage Ave. Rétt hjá FreePress

Th. JOHNSON
JEWELER
286 Main St. Talsími: 6606

Sveinbjörn Árnason
Fasteignasali.
Selur hús og lóðir; aldinbýgrðir, og lánar peninga. Skrifstofa: 310 Melntyre Blk.
office TALSÍMI 4700. heim TALSÍMI 2108

G. NARDONE
Verzlar með matvöru, aldini, sætabökur, alskonar sætindi, mjólk og rjóma, sönul. sóbak og vindla. Óskar viðskifta Íslend. Heitt kaffi eða te á öllum tímum. Fón 7358
714 MARYLAND ST.

BOYD'S BRAUÐ

Alt af hin sömu ágætu brauðin. Það er ástæðan fyrir hinni miklu sölu vorri. — Fólk veit það getur reitt sig á gæði brauðanna. Þau eru alt af jafn lystug og nærandi. Biðjið matsala ykkar um þau eða fónið okkur.

Boyd's

Bakery Cor. Spence & Portage Ave
Phone Sherb. 680

BILDFELL & PAULSON
Union Bank 5th Floor, No. 520
selja hús og lóðir og annast þar að lútandi störf; útvegar peningalán o. fl.
Tel.: 3085

Miss Jóhanna Olson.
Piano kennari, byrjar aftur að veita nemendum tilsögn að heimili sínu 557 Toronto St.

BONNAR, TRUEMAN & THORNBURN,
LÖGFRÆÐINGAR.
Suite 5-7 Nanton Blk. Tals. 766
Winnipeg, Man. P.O.BOX 223

DR. H. R. ROSS
C.P.R. meðala- og skurðlækuir.
Sjúkdómum kvenna og barna veitt sérstök umönnun.
WYNYARD, — SASK.

The Evans Gold Cure
229 Balmoral St. Sími Main 797

Varanleg lækning við drykkjuskap á 28 dögum án nokkurrar tafar frá vinnu eftir fyrstu vikuna. Algerlega privat. 16 ár í Winnipeg. Upplýsingar í lokuðum umslögum.

Dr. D. R. WILLIAMS, Exam. Phys
J. L. WILLIAMS, Manager

W. R. FOWLER A. PIERCY.

Royal Optical Co.
307 Portage Ave. Talsími 7286.

Allar nútíðar aðferðir eru notaðar við augn-skoðun hjá þeim, þar með hin nýja aðferð, Skugga-skoðun, sem gjörreyðir öllum ágiskunum. —

Heimskringla.

XXV. ÁR | WINNIPEG, MANITOBA, FIMTUDAGINN, 27. OKTÓBER 1910 | NR. 4.

Leaded Lights.

Vér getum búið til alskonar skrautgluggga í hús yðar ódýrara og fljótara en nokkur önnur verksmiðja í borginni Vér sýnum yðar myndir og kostnaðar áætlunir.

Western Art Glass Works.
553 SARGENT AVE.

Fregnsafn.

Markverðustu viðburðir hvaðanæfa

Góð saga er sögð af Lloyd George, fjármálaráðgjafa Breta :— Hann var nýlega að flytja ræðu í borg einni á Englandi, og var þar mikið fjölmenni samankomið. Meðal annars sagði hann : "Munið þér eftir —" og hélt svo áfram að minnast á ýmislegt, sem gerst hafði í stjórnarsögu landsins á fyrri árum. Þá var hrópað úr mannþrönginni : "En manst þú eftir, þegar þú varst að keyra kol í smávagni, dregnum af asna?". "Víst man ég það", sagði fjármálaráðgjafinn, "og nú er litli vagninn fyrir löngu liðinn undir lok, en asninn er enn við lýði og hefst við um þessar slóðir".

— Blaðið Toronto Mail and Empire segir að blaðið Calgary News hafi hætt útkomu sökum þess, að blaðið var komið í 70,000 dollara skuld umfram eignir þess.

— Robert E. Cughan, bankastjóri í Brockville, Ont., var í sl. viku dæmdur í þriggja ára fangelsi fyrir fjárdrátt, og fyrir það að hafa brotið reglur bankans í því, að hann leyfði undirmönnum sínum að annast um sum þau stórf, sem hann átti að leysa af hendi. Einnig fyrir það, að gefa út rangar skýrslur um ástand bankans.

— Í sl. viku lögðu 10 loftsiglingamenn upp frá St. Louis í Bandaríkjunum, allir í belgvélum, til þess að keppa um verðlaun mikil, sem boðin voru þeim, sem lengst kæmist á ákveðnum tíma. Um síðustu helgi höfðu 7 þeirra komið til skila norður í Canada, og höfðu sumir þeirra komist 850 mílur vegar. En þrir loftsiglingamennirnir voru ekki komnir fram, og óttast margir, að þeir hafi farist eða lent í óbygðum í Norður-Ontario. Ontario stjórnin hefir verið beðin að hafa gætur á þessum loftsiglingamönnum og leggja þeim lið, ef þörf gerist.

— Yfir 400 landtakendur hafa tekið sér búlönd á "Pleavine" sléttunni, 75 mílur norðvestur frá Edmonton, á þessu sumri. Það er talið eitt hið ágætasta landssvæði sem nú er til í Norðvestur-Canada, og fólkið streymir þangað inn óðfluga. Akvegur hefir verið gerður frá Edmonton þangað. Búist er við, að þetta svæði byggist algerlega á næsta sumri.

— Marconi er um þessar mundir að byggja loftskeytastöð suður í Buenos Ayres. Hann lofar að halda uppi loftskeyta sambandi við Evrópu — 6 þúsund mílur vegar — innan skams, og fyrir lægra verð en áður þektist.

— Fimtán hundruð gullnemar úr Klondike héraðinu hafa með síðustu skipum flutt sig suður til Bandaríkja til þess að vera þar í vetur. Gulltekjan þar hefir verið allgóð á þessu ári. Með síðustu skipum var mikið gull sent út úr héraðinu, en nokkru af því var stolið á leiðinni, og unnu 5 menn að því verki. Tveir þeirra hafa náðst og það af þýfinu, sem þeir höfðu meðferðis. Hinir 3 eru ófundnir enn þá.

— Philippe Roy, bankaráðsmaður, sem í fyrra var dæmdur til 5 ára fangavistar í Quebec fylki, hefir verið náðaður. Svo illa hefir hann þolað fangavistina, að hann er heilsulaus orðinn og kominn nær dauða.

— Maður einn í Toronto borg var í sl. viku dæmdur í 3. mánaða fangelsi fyrir að berja konuna sína.

— Banki einn á Englandi hefir nýlega orðið gjaldþrota og samtímis hefir Englands banki hækkað vexti af útlánum sínum.

— Nýlega bárust þýzkir loftsiglingamenn í loftbelgvélum yfir landamærin til Frakklands. Skotið var á þá frá tveimur setuliðsstöðvum Frakka, en þá sakaði ekki því byssurnar hæfðu ekki vélarnar, sem voru hátt í lofti. Loftsiglingamennirnir komust aftur til baka yfir landamærin og hrósuðu happi að sleppa ómeiddir.

— Flugmaðurinn Moissant sýndi list sína í því þann 18. þ.m. í New York borg, að hefjast í belgfullri flugvél 1500 fet í loft upp, fljúga svo 7 mílur áfram og til baka þangað sem hann lagði af stað — á 17 mínútum. Annar flugmaður flaug eina mílu á 53 sekúndum. — Veður var hagstætt.

— Vinbanns atkvæðagreiðsla á að fara fram í Saskatchewan fylki 12. des. næstk. í 4 borgum, 17 bæjum og 82 sveitum.

— Nýlega er látin í Vínarborg í Austurríki konan Katharia Lustig 112 ára gömul. Ömmur hennar urðu 113 og 110 ára gamlar. Tvær systur hennar urðu 90 ára, og 2 eftirlifandi dætur hennar eru nú yfir 90 ára hvor þeirra. Bóndi hennar andaðist, þegar hann var 106 ára gamall, skömmu eftir að þau hjónin höfðu haldið hátíðlegt 75 ára giftingarafmæli sitt. Eftir dauða bónda síns vann gamla konan við regnhlífagerð þar til hún var 106 ára gömul, en fór þá að lýjast við stöðuga vinnu. Samt gat hún saumað og þrætt nálar sínar gleraugnalaust alt fram að síðustu dögum æfi sinnar. Langlífi sitt og góða heilsu þakkaði hún því tvennu, að hún fari snemma á fætur á morgnana og að hún hefði alla æfi drukkið bjór með öllum máltíðun.

— Frú Virginia Southern í Reno, Nev., fékk skilnað frá manni sínum þann 15. þ.m. Hún kvað hann hafa yfirgefið sig í júní 1906 og þá flutt til New York, og þar hefði hann 100,000 dollara laun á ári, en hefði þó hvorki séð né sinnt sér svo mikið sem eitt cent allan þann tíma. Ekki kvaðst hún hiðja um neinn lífeyri, að eins um lausn frá bóndanum. Henni var veitt það.

— Látin er í Middleton, N. J., 17. þ.m. Mrs. Júlía Ward Howe, 91 ára gömul, fædd í New York 27. maí 1819. Mrs. Howe var gáfukona mikil, sagna og ljóðskáld, og ein af aðal forvígiskonum fyrir jafnrétti kvenna.

— Nýlega var bóndi einn að grafa á landi sínu hjá Palestínu. Kom hann þá niður á dýr, sem þar voru, og fann þar grafhvelfingu mikla. Prót. Macallister hefir sent fregn um þetta frá Jerúsalem, og segir, að þegar Musa bóndi hafi komið niður þar sem dyrnar voru, hafi hann opnað þær og komið inn í litinn helli, sem hafi verið hólfaður sundur. Í framhéllinu var ekkert markvert, en er hann opnaði dyrnar, sem voru á milli hólfanna, fann hann í innra hólfinu grafhvelfingu og í henni sérlega vandaða líkkistu úr harðviði. Hann opnaði kistuna og fann í henni aðra kistu úr kristalla gleri. Þessa kistu braut hann opna og fann í henni liggjandi skrautbúna konu. Það er ein af drotningum fyrri alda. Þessi múmía hafði kórónu á höfði. Kórónan var alsett dýrmætum gimsteinum, og um hálsinn var perlufesti og á brjóstunum voru þrjár aðrar festar. Við höfuð konunnar var kertastjaki og annar við fætur hennar, og voru þeir báðir gerðir úr gulli. Hárið á þessari múmíu var laust og höfuðið bundið með dúkum, er báru þess vott, að drotningin hafi rómversk verið, en skór hennar voru egypskir að gerð. Engin leturgerð fanst í kistunni eða á hlutum þeim, sem í henni voru, að undantekinni bók, sem þar var. En ekki getur fregnin um, hverskonar bók það hafi verið, eða hvort nútíðar fræðimenn geti ráðið í innihald hennar.

Björn Blöndal dáinn.

Látinn er hér í borg þann 21. þ. m. Björn Blöndal trésmiður, eftir að hafa lengst af legið rúmfastur nokkuð á annað ár í innvortis krabbameinsemd. Hann varð rúmlega 52. ára gamall. Hann var fæddur á Flögu í Vatnsdal í Húnavatnssýslu 24. maí 1858. Hann kvongaðist Björgu Björnsdóttur Halldórssonar frá Ullsstöðum í Loðmundarfirði, en misti hana fyrir 4 árum. — Hann kvongaðist aftur fyrir rúmu hálfu öðru ári Rannveigu Stefánsdóttur frá Miðfirði í Húnavatnssýslu, sem nú lifir lifinn mann sinn, ásamt einu stúlkubarni þeirra hjóna.

Frá fyrra hjónabandi eru 4 börn á lífi. Elzt þeirra er Ágúst Blöndal, sem nú stundar nám á læknaskólanum hér í borg.

Björn sál. var friður sýnum, mesti atgervismaður og bezti drengur. Hann var orðinn þrýðasvel efnaður áður en hann missti heilsuna.

Jarðarför hans fór fram frá heimili hans á Victor St. á sunnudaginn var að miklu fjölmenni viðstöddu.

— Nokkrir blaða útgefendur í Bandaríkjunum hafa gert samtök til þess að láta byggja trjákvoðuverkstæði mikið hjá Sault Ste. Mary bæ í Ontario. Stofnun sú á að kosta 10 miliónir dollara, og er trjákvoðan ætluð til pappírsgerðar. Með stofnun þessari ætla blaða útgefendur að tryggja sér pappírsbyrgðir á komandi árum.

— Henry Wynemalen, ungur hollenzkur loftfari, flaug nýlega í vél sinni frá Parísarborg kl. 7.33 að morgni og kom til Brussels í Belgíu kl. 1.16 e.h. Hann flaug sömu leið til baka og hafði farþega með sér báðar leiðir. Fyrir þetta fékk hann 20 þúsund dollara frá flugfélaginu í París.

— Einn merkur rithöfundur hefir nýlega skrifað um Japan-veldið, og getur hann þess til, að ekki muni langir tímar líða þar til Japanar slái eign sinni á alla Manchuríu og stjórni henni sem hluta af Japan. Segir það vera á allra vitund, að Japanar hafi í huga, að leggja alt Kínaveldi undir sig með tímanum, og hann kveður það sannfæringu sína, að samstevna verði gerð svo að Japanar og Kínverjar verði ein þjóð undir einni stjórn. Telur hann að þá verði þar mesta og voldugasta stórveldi heimsins.

— Í kosninga æsingunum, sem urðu í Petitburg í Guadeloupe þann 17. október sl., voru 6 menn drepnir og 18 hættulega særðir. Orsökin til æsinganna var sú, að stranglega var fyrir það girt, að svikum yrði komið fram við kosningu bæjarráðsfulltrúa, sem verið var að reyna að koma í framkvæmd.

— Mál hefir verið höfðað móti borgarstjóranum í Spring Hill, Nova Scotia, fyrir það, að skólaráðið í þeim bæ leyfir ekki viðsum börnum aðgang að skólunum. — Verkfall varð þar í kolanáma fyrir nókkrum vikum, og voru þá fengnir menn úr fjarlægum héruðum til þess að taka við því starfi, sem verkfallsmenn höfðu áður haft. Þeir fluttu sig til bæjarins með fjölskyldur sínar og börn þeirra sóttu um inngang á skóla bæjarins, og var þeim leyft það, en þá gerðu öll börn verkfallsmanna náms-lafi, og neituð að sækja skólana meðan börn aðkomumanna væru þar. Til þess að koma friði á, gekk bæjarstjórinn og aðrir menn með honum í málið, og töldu svo um fyrir börnum aðkomumanna, að þau lofuðu, að sækja ekki skólana. Nú er þessum mönnum steint fyrir tiltækið. Börn aðkomumanna heimta kenslu á skólunum, en er nú neitað um hana. Málið hefir valdið mikla eftirtekt, en er ekki afgreitt enn þá.

— Frétt frá Washington segir, að 75 menn hafi beðið bana við tilraunir sínar að verja bygðir í vesturhluta Bandaríkjanna frá eyðileggingu af völdum hinna stór kostlegu elda, sem geysuðu þar viðsvegar í sl. ágústmánuði. Yfirleitt hefir þetta ár verið eitt skæðasta mannskaða-ár af völdum elda, sem langa lengi hefir komið yfir landið.

— Yfir 200 hús eru nú í smíðum í Spooner og Beaudette bæjum í Minnesota, sem brunnu í eldinum miklu um daginn. Nefnd sú, sem stóð fyrir útbýting þess fjár og nauðsynja, sem hinu allslausa fólki hefir verið gefið, kvittar fyrir $20,986.22 gjöfum, sem henni hafi borist.

— Yfir 100 sauðkindur voru seldar við opinbert uppboð í Portage la Prairie bæ þann 19. þ. m., og seldust sumar fyrir $9.30 hver, en meðalverð alls hópsins varð $7.75 fyrir hverja kind.

— Þetta hefir verið ilt ár fyrir kartöflurækt, vegna óvanalegra þurka. Þó hafa tveir bændur sent kartöflur til sýnis til Winnipeg, sem hver vegur yfir 4½ pund.

— Joseph Pinault í Sherbrooke bæ, í fylkinu Quebec, komst nýlega í ónáð við landslögin fyrir að eiga 3 konur, sína í hverri borg þar í fylkinu. Með einni átti hann 4 börn, með annari aðeins 2 og hinni þriðju ekkert.

— Alfred La Blanche í St. Louis flaug 14. þ.m. eina mílu á 53 sekúndum. Flugið var í grend við nefnda borg. Þetta er hraðasta ferð, sem enn hefir farin verið.

— Nú hefir nefnd, sem Bandaríkjastjórnin skipaði til að íhuga og gefa ráðleggingar um, á hvern hátt hægast væri að lyfta herskipinu Maine, sem sökk á höfninni í Cuba, — komið fram með tillögur sínar og forsetinn fallist á þar og gefið út skipun um, að láta byrja á verkinu tafarlaust. Vonað, að því verði lokið þann 15. febr. nk. Þá eru liðin 13 ár síðan skipið sökk. Það liggur á mjúkum leirbotni á 25 feta dýpi. Ekki gerir stjórnin sér von um, að finna aðrar leifar af þeim mörgu mönnum, sem fórust í skipinu, en beinagrindur þeirra.

Íslands fréttir.

Þeir lögmennirnir Eggert Claessen og Sveinn Björnsson, hafa verið að semja um það, hvort ekki væri auðið að miðla svo málum, að meiðyrðamálin féllu niður að miklu leyti. Mælt er, að þeim hafi ekki tekist þetta og öll málin muni halda áfram. Sennilega bætast og nokkur við enn, úr því skriðið er komið á.

Síldveiðin í Siglufirði varð mjög mikil í sumar, svo að skortur varð bæði á tunnum og salti til þess að koma aflanum undan óskemdum. Skipastóll sá, er veiðina stundaði, var mun minni en undanfarin ár, því að skaði varð hjá mörgum útgerðarmanni í fyrra.

Mikil hey eru úti hjá bændum sunnanlands (í lok sept.), sumstaðar alt að fimtungi þess, er slegið hefir verið á sumrinu.

Snjókoma í Eyjafirði seint í september. Hvítt ofan í flæðarmál.

Skýrsla um kostnað við holdsveikra spítalann sýnir, að kostnaður við fæði sjúklinganna, sem þar eru, hefir orðið 48 aurar (þ.e. 13 cents) á sólarhring.

Blaðið Fjallkonan kvartar um vanskil á blöðum á Íslandi. Segir, að blöðin séu látin liggja á sumum bréfhirðingastöðum alt að 3 mánuðum, annaðhvort úti í horni eða á hillu undir búðarborði, og komist þau seint eða aldrei til skila. Þetta eigi sér stað hjá afgreiðslu og bréfhirðingamönnum, jafnvel á næstu stöðum við Rvík, þó blöðin séu til manna, sem búa þar á næstu grösum, og mætti oft koma þeim til skila samdægurs, ef nokkur viðleitni væri sýnd. — Ennfremur segir blaðið, að á sumum póststöðvunum liggi blöðin og safnist saman svo árum skifti.

Eldur er uppi í Dyngjufjöllum og hefir öskuryk talsvert borist þaðan um sveitir í grend. Barst yfir í Seyðisfjörð 22. sept. sl. — Sum blöðin segja eldinn vera í Vatnajökli. Eldtungur hafa sézt teygja sig í loft upp og viðvara í 2 klukkustundir.

Mjög mikil brögð sögð að atvinnuleysi almennings í Reykjavík um þessar mundir.

Á Norðurlandi stundaðar sengur óþurkar fram eftir á og efna[illegible] því, að í fyl[illegible] mánuði kom[illegible] til nytj[illegible] og lá úr málmi, ist mönnum þá á inn töðu[illegible] sem úti voru, þó nokkuð hraktar voru orðnar.

OGILVIE'S
Royal Household Flour

Til Brauð og Köku Gerðar

Gefur Ævinlega Fullnæging

EINA MYLLAN Í WINNIPEG —LÁTIÐ HEIMAÍÐNAÐ SITJA FYRIR VIÐSKIFTUM YÐAR.

Fréttabréf.

MARKERVILLE, ALTA.
(Frá fréttaritara Hkr.).

7. október 1910.

Síðan um miðjan næstliðin mánuð hefir verið hér góð tíð, þurkar og sólfar flesta daga, með litlum næturfrostum. Stormar hafa verið talsverðir, sem tafið hafa fyrir vinnu, hey hér var ekki almennt búin fyr en um seinustu mánaðamót. Heyskapur gekk seint bæði vegna grasbrests og ótíðar í ágúst mánuði. Samt mun heyafli hafa orðið vel í meðallagi, kannske meira sumstaðar, á endanum. En líkur eru til, að hey verði nú lett og ódrjúg, því mikið varð að hevja í bithaga og sinu.

Alment er hér nú gott heilsufar fólks. — Seint í næstliðnum mánuði dó hér unglingspiltur, Skúli að nafni, fóstursonur Sigurðar bónda Benedictssonar og konu hans.

Stud. theol. C. J. Olson fór héðan austur um mánaðamótin síðustu. Mr. Olson leifir sér hinn bezta orðstír hér meðal bygðarmanna, bæði innan kirkju og utan; fær hann hér almenna viðurkenningu, sem snjallur ræðumaður, og háttprúður og skemtilegur í allri umgengni.

Vel leizt Mr. Olson á sig hér, og gaf sveitinni hinn bezta vitnisburð.

Nú er verið að vinna kappsamlega að járnbrautarlagningunni frá Red Deer vestur til Rocky Mountain House. Er það nú séð, að hún liggur um 5 mílur norður frá íslenzku bygðinni.

Atvinna er hér og hefir verið góð, og kaupgjald hátt í sumar; mánaðarkaup manna alt að $40.

Gripamarkaður lítur út fyrir að verði nú góður, betri jafnvel en að undanförnu.

SPANISH FORK, UTAH.
17. október 1910.

Herra ritstj. Hkr.

Smávaxnar verða fréttirnar úr bygðarlagi voru í þessum ganginn. Hér liður öllum yfir höfuð að tala heldur bærilega. Hausttíðin hefir verið bæði hagstæð og góð, enginn snjór enn þá, en talsvert regnfall með köflum; þó hvorki til hindrunar eða skaða. Haustvinna gengur því ágætlega. — Heilsufar er gott og útlit fyrir hagstæða framtíð.

Pólitíkin er nú orðin í líflegra lagi. Allir flokkarnir, fjórir að tölu, eru nú búnir að tilnefna merkisbera sína, og ganga þeir nú "syngjandi og segjandi" um alt, að prédika fyrir lýðnum, og hafa menn af þesskonar samkomum ina mestu skemtun. Aðalflokkarnir berjast mest um vínsölumálið :— Demókratar, eins og ég gat um seinast, vilja hafa "State-wide Prohibition", en Repúblikanar aftur á móti "Local Option", að því er vínmálið snertir. Og um þetta verðum vér nú að velja. Það er [illegible] gott að segja fyrir um [illegible] en margar líkur benda þó [illegible] Repúblikana flokkurinu berí [illegible] úr býtum, því að hann hefir tvær stórmaktir á sína hlið, og svo sitja þeir nú við völdin, — og það mun líklega duga.

Líðan meðal landa vorra er að vanda fremur góð. Það er ekki mikið um breytingar hjá þeim, utan svona daginn og veginn. Herra Ketill Eyjólfsson (Kelly Johnson) er nú í þann veginn að yfirgefa oss Zíons búa, og kvað hann hafa í hyggju, að flytja sig og fjölskyldu sína til Suður Californíu, og óskum vér honum til hamingju með fyrirtækið.

Þau hjónin, Ólafur og Þorbjörg Olson, mistu ellefu ára gamla stúlku úr barnaveiki 10. þ.m. Hún hét Guðbjörg Ingveldur.

Meira nenni ég nú ekki að skrifa þér í dag, ég vil heldur ekki gera nein fyrirheit, sem þó auðvitað ætti að vera hæst móðins.

Með vinsemd, þinn gamli

E. H. Johnson.

WALL PLASTER

"Empire" VEGGJA PLASTUR kostar ef til vill ögn meira en hinar verri tegundir, —en berið saman afleiðingarnar.

Vér búum til:

"Empire" Wood Fibre Plaster
"Empire" Cement Wall "
"Empire" Finish "
"Gold Dust" Finish "
"Gilt Edge" Plaster of Paris
og allar Gypsum vöruteg. undir. —

Eigum vér að senda yður bækling vorn ?

BÚIÐ TIL EINUNGIS HJÁ
MANITOBA GYPSUM CO. LTD
SKRIFSTOFUR OG MILLUR Í
Winnipeg, - Man.

Heimskringla

Published every Thursday by The Heimskringla News & Publishing Co. Ltd

Verð blaðsins í Canada og Bandar $2.00 um árið (fyrir fram borgað). Sent til Íslands $2.46 (fyrir fram borgað af kaupendum blaðsins hérlendis $1.50.)

B. L. BALDWINSON
Editor & Manager

Office:
729 Sherbrooke Street, Winnipeg
P.O. BOX 3083. Talsími 3512.

Kennið sparnað.

Öll saga Vesturálfu heims sýnir, að auðmannaflokkurinn eru þeir menn, sem á uppvaxtarárum sínum var kent að spara centin, sem þeir unnu fyrir. Langmestur hluti amerískra auðmannanna eru menn sem á uppvaxtarárunum voru algengir daglaunamenn, og alt frá fyrstu ungdómsárunum voru þeir ötulir, árvakrir, ástundunarsamir og sparneytnir piltar. Þeir voru frá fæðingu gæddir því manndómseðli, að vilja verða ekki aðeins sjálfstæðir, heldur miklu fremur það, að geta verið heldur hjálpandi öðrum en þurfandi. Ekki er þess getið neinstaðar, að neinir þeirra hafi þjáðst af þeim hugsjónagrillum, að efnamenn landsins væru illa komnir að auði sínum; og ekki er þess heldur getið, að þeir hafi þjáðst af öfund yfir efnalegri velgengni þeirra, sem meira höfðu handa á milli en þeir sjálfir. En hins vegar er þess allstaðar getið, að þeir hafi verið ástundunarsamir og trúvirkir, — lögðu sig alla fram til þess, að standa svo vel í hverjum þeim verkahring, sem þeir voru settir í, að aðrir gætu ekki gert það betur, og gerðu sér far um, að vera vinnuveitendum sínum svo þarfir og nauðsynlegir, að þeir mættu ekki án þeirra vera.

Þeir virðast hafa séð það, bessir piltar, að þessi stefna þeirra leiddi til upphefðar og aukinna verkalauna, meðan þeir væru á því stigi, að þurfa eða vilja vera annara vinnumenn. Frá ungdómsárunum vakti það fyrir þessum piltum, að sá tími kæmi yfir þá, er aldur og heilsa leyfðu, að þeir mundu skapa sér sinn eigin atvinnuveg, og með þeirri von stóðugt í huga lögðu þeir a[illegible] á, að afla sér þekkingar [illegible] um þekkinguna fengu þeir með [illegible] er skynsemikinu sem algengur daglaunagjöur, en tók síðar heimilsréttarland og ræktaði það, vann sig svo upp í það, að hafa ofurlítla sveitaverzlun á eigin reikning. Tók svo þátt í málum sveitar sinnar, þar til hann var gerður að sveitarstjóra og síðar kosinn til bings. En nú hefir hann verið stjórnarformaður um 10 ára tíma, og afkastað meira verki á því tímabili en nokkur annar stjórnarformaður í Canada, þegar tillit er tekið til stærðar og efnahag fylkisins, er hann náði völdum.

Vitanlegt er, að allir hafa þeir menn, sem neíndir hafa verið, haft til brunns að bera gnægð af heilbrigðu viti. Þeir hafa verið líkamlega og andlega vel skapaðir. En mestu varðar, að siðræðiseðlið hefir verið svo ríkt í þeim, að þeir hafa beitt öllum sínum miklu hæfileikum til þess að verða landi sínu að sem mestum notum, láta sem mest æfistarf liggja eftir sig, og láta það starf verða til varanlegra hagsmuna fyrir komandi kynslóðir.

En þrátt fyrir þessara manna miklu hæfileika, þá hefði þeim aldrei tekist, að koma því í verk, sem eftir þá liggur, hefðu þeir ekki verið mestu reglu og sparsemdarmenn. Þeir hafa séð það, sem allir mega vita og þurfa að skilja, að öll efnaleg velferð og framtíðarhagsæld er undir því komin, að hver einstaklingur verji sem bezt arðinum af eigin erfiði sínu, og það má fyllilega trevsta því, að hver sá, sem svo brevtir, hann vinnur landi sínu þarft verk á margan hátt annan, og sjálfum sér sæmd og seim.

Það eru dæmi lík þeim, sem hér hafa verið dregin fram, sem nú sem óðast eru að hvetja stjórnmálamenn stórþjóðanna til þess að örfa alþýðu manna í löndum sínum sem mest til sparnaðar. Á þessari hugsjón eru bygð ellistyrks lög hinna ýmsu þjóða, þar sem íbúarnir, þeir, sem vilja verða ellistyrksins aðnjótandi, verða að gjalda ákveðna upphæð í ríkissjóðinn á ári hverju. Á sömu hugsjón eru sparibankarnir stofnsettir, og svo er nú langt gengið, að farið er að stofna sérstaka sparibanka fyrir skólabörn, og þeim kent á skólunum nauðsyn og þýðing sparnaðarins. Á þennan hátt lögðu skólabörn í Ottawa borg yfir 6 þúsund dollara í sparibanka á sl. ári. — Það má gera ráð fyrir, að öllu því 25c hverja, nema þegar hann er í stórborgum; og fót hans eru vana lega snáð, gerð úr þykku ullarvaðmáli, og vel við vöxt. Alt útlit mannsins ber þess vott, að hann er ekki gefinn fyrir þrjál og skeytir því ekki um að vera í móð, hvað klæðaburð eða annað snertir. Allur hugurinn er við það, að afkasta sem mestu, og að láta æfistarfið verða landi sínu sem farsælast.

Annað og þriðja dæmið eru þeir McKenzie og Mann, eigendur Canadian Northern járnbrautarinnar. Það er ekki yfir fjórðungur aldar liðinn síðan þeir voru báðir sem óbreyttir daglaunamenn við járnbrautalagningu hér í Canada. En svo hafa þeir báðir haft sig upp, að þeir eiga nú heilt járnbrautakerfi, sem innan skams mun fra Atlantshafi til Kyrrahafs, þvert yfir Canada, og með gufuskipalinum á Atlants og Kyrrahöfum. Báðir sniðu þeir stefnu sína eftir James J. Hill, bæði hvað snerti dugnaðinn, reglusemina, verklegan fróðleik og sparsemi. Og afleiðingin fyrir þá er söm og hún varð fyrir Hill.

Fjórða dæmið er Timothy Eaton, stofnandi T. Eatons verzlunarfélagsins mikla, — þess langmesta sinnar tegundar í Canada. Eaton byrjaði æfistarf sitt sem vikadrengur á smá-bóndabýli á Írlandi, en endaði æfiskeið sitt í fyrra, þá virtur og heiðraður af öllum, sem nafn hans þektu fyrir það, hve miklu lífsstarfi hann hafði afkastað. — Aldrei var Eaton nirfill að upplagi, en ákaflega var hann spar samur og reglusamur, og svo hataði hann tóbak og vín, að hann seldi það aldrei í búð sinni, þó hann hefði þar nálega alt annað, sem fáanlegt er milli himins og jarðar.

Þessara dæma er hér getið til þess, að íslenzkir foreldrar megi benda börnum sínum á þau, auk annara, sem þau kunna sjálf að hafa kynni af, og að örfa þau til þess, að taka sér slíka menn til eftirbreytni. Markið verður aldrei sett of hátt, og árveknin, ástundunarsemin, trúmenskan og sparsemin verður aldrei oflofuð. Og aldrei verður sérhlífninni, öfundsýkinni, letinni, óregluseminni og eyðsluseminni of harðlega andmælt.

Og enn mætti benda á eitt dæmi — ásamt mörgum öðrum. Það er núverandi stjórnarformaður íManitoba, sem byrjaði æfistarf sitt hér skynsemikinu sem algengur daglaunagjöur, en tók síðar heimilsréttarland og ræktaði það, vann sig svo upp í það, að hafa ofurlítla sveitaverzlun á eigin reikning. Tók svo þátt í málum sveitar sinnar, þar til hann var gerður að sveitarstjóra og síðar kosinn til bings. En nú hefir hann verið stjórnarformaður um 10 ára tíma, og afkastað meira verki á því tímabili en nokkur annar stjórnarformaður í Canada, þegar tillit er tekið til stærðar og efnahag fylkisins, er hann náði völdum.

Vitanlegt er, að allir hafa þeir menn, sem neíndir hafa verið, haft til brunns að bera gnægð af heilbrigðu viti. Þeir hafa verið líkamlega og andlega vel skapaðir. En mestu varðar, að siðræðiseðlið hefir verið svo ríkt í þeim, að þeir hafa beitt öllum sínum miklu hæfileikum til þess að verða landi sínu að sem mestum notum, láta sem mest æfistarf liggja eftir sig, og láta það starf verða til varanlegra hagsmuna fyrir komandi kynslóðir.

En þrátt fyrir þessara manna miklu hæfileika, þá hefði þeim aldrei tekist, að koma því í verk, sem eftir þá liggur, hefðu þeir ekki verið mestu reglu og sparsemdarmenn. Þeir hafa séð það, sem allir mega vita og þurfa að skilja, að öll efnaleg velferð og framtíðarhagsæld er undir því komin, að hver einstaklingur verji sem bezt arðinum af eigin erfiði sínu, og það má fyllilega trevsta því, að hver sá, sem svo brevtir, hann vinnur landi sínu þarft verk á margan hátt annan, og sjálfum sér sæmd og seim.

Það eru dæmi lík þeim, sem hér hafa verið dregin fram, sem nú sem óðast eru að hvetja stjórnmálamenn stórþjóðanna til þess að örfa alþýðu manna í löndum sínum sem mest til sparnaðar. Á þessari hugsjón eru bygð ellistyrks lög hinna ýmsu þjóða, þar sem íbúarnir, þeir, sem vilja verða ellistyrksins aðnjótandi, verða að gjalda ákveðna upphæð í ríkissjóðinn á ári hverju. Á sömu hugsjón eru sparibankarnir stofnsettir, og svo er nú langt gengið, að farið er að stofna sérstaka sparibanka fyrir skólabörn, og þeim kent á skólunum nauðsyn og þýðing sparnaðarins. Á þennan hátt lögðu skólabörn í Ottawa borg yfir 6 þúsund dollara í sparibanka á sl. ári. — Það má gera ráð fyrir, að öllu því fé hefði verið eytt í óþarfa, ef ekki hefði verið haldið að börnunum að spara. Væri slíkt gert í averri borg og bæ í Canada, þá er óhætt að fullyrða, að miljónir spöruðust árlega um leið og börnunum væri innrætt þörfin á því og hagurinn við það, að eyða ekki efnum í óþarfa, en nota þau heldur til hagsmuna sér og landi sínu.

Misskilningur.

Í Gimlungi No. 30, dags. 19.okt. sl., er greinarkorn eftir "G.A." um dýrleika á þeim mat og vörum, sem seldar eru hér í íslenzku kirkjunum. Þetta greinarkorn hljóðar svo:

"ATHUGANIR.

"Rétta nafnið á lútersku kirkjunni íslenzku í Winnipeg er 'Restaurant', því þar fer alt af fram greiðasala með uppsprengdu verði, svo sem þessar kveldmáltíðir á 50 cts. máltíðin, sem er helmingi dýrara en á hótelum, og 10c ísrjómadiskurinn í Tjaldbúðinni, og er það líka dýrara en annarstaðar. Eins er með 'Tombólur', sem haldnar eru í þarfir safnaðanna, á þeim hafa drættir verið dýrari en á nokkurri annari Tombólu, sem ég hefi verið á eða hevrt talað um.

"Ef kveldmáltíðirnar væru útbúnar í kirkjum til að slökkva hungur fátækliga, þá gæti það kallast góðverk, og að nokkuru leyti líkt því, sem Kristur gerði. Ekki rita ég þessar línur til þess að dæma sera J. B., né í hans máli verður nú þegar vísað til æðsta réttar. Heldur rita ég þetta til þess, að góður maður geti tekið til íhugunar, hversu sorglegt það er, þegar móðirin er búin að innræta barninu sínu sanna trú, að þá skuli presturinn verða til þess að útrýma trúnni, og ekki er síður eftirtektavert um kenslu presta en skólakennara, að kensluaðferðin sé rétt.

G. A., Gimli".

* * *

Það virðist ljóst, að grein þessi er ekki rituð í þeim tilgangi, að hlynna að kirkjumálunum lútersku meðal Vestur-Íslendinga, og í raun réttri verður ekki annað séð, en að hún sé rituð í þeim tilgangi eingöngu að kvefsa, og án þess, að ákærur eða aðfinslur hef. styðjist við nokkur sanngirnisrök eða heilbrigða hugsun. Hann segir að rétta nafnið á kirkjunni sé "Restaurant", og gefur sem ástæðu fyrir því nafni, að þar fari einatt fram greiðasala með uppsprengdu verði, og tekur til dæmis, að máltíð kosti þar 50 cents, en rjómadiskur 10c. Vafalaust er verðið rétt tilfært hjá höfundinum — en að hinu virðist hann ekki gæta, að áformið við greiðasölu þessa í kirklunum er alls ekki það, að selja með kostverði, heldur hitt, að ágóði skuli verða af sölunni til hagnaðar söfnuðunum. Því er ekki leynt, að matarverzlun þessi sé gerð í gróðaskyni, og því er ekki leynt, að þeir sem sækja hana geri það í þeim tilgangi, að borga þar meira fyrir máltíð, en þeir gætu fengið hana fyrir annarsstaðar á jöfnum æðum. Þetta er gert í þeim tilgangi eingöngu, að styrkja safnaðarfélögin, og þeir einir taka þátt í þessu svona alment, sem fúsir eru til þess, að leggja eitthvað af mörkum til safnaðarþarfa. Einu má gilda, hvort maður gefur fé sitt beint til safnaðanna eða þeir leggja það fé til á þann hátt, sem að framan er getið. Alt gengur í sama sjóðinn og til að styrkja sama málefnið. — Höfundurinn ætti að skilja, að þessi máltíðasala er gerð í þeim tilgangi, að safnaðarfélögin hafi gróða af því. Í raunninni er máltíðasalan þarflaus til að seðja þá, sem þangað sækja, því að allir þeir geta haft máltíðir heima hjá sér, og hafa enda oft máltíðar heima hjá sér áður en þeir fara á þessar máltíða samkomur.

Sama er að segja um hlutasölu þá, sem safnaðakonur hafa við og við, undir nafninu "Bazaar", en sem höfundurinn neíndir "Tombólur", að þær eru gerðar í gróðaskyni til hagnaðar fyrir söfnuðina. Enginn heldur því fram, að hlutir séu þar seldir með því lægsta verði, sem hægt mundi að fá þá fyrir. En oftast mun þó sú raun verða, að þeir eru virði þeirra peninga, sem borgaðir eru fyrir þá.

Saga liðinna ára hefir sýnt, að söfnuðirnir hafa átt örðugt uppdráttar fjárhagslega, og að margt af fólki er svo gert, að því fellur betur, að leggja fram gjöld sín óbeinlínis, heldur en beinlínis. Þess vegna eru þessar matar- og munasölur haldnar, að ýmsir sækja þær og leggja á þann hátt tillög til safnaðanna, sem mjög óvíst er, að annars hefðust inn.

Með þessari skýringu er engin veginn verið að halda uppi vörn fyrir lútersku kirkjurnar sérstaklega, heldur fyrir allar kirkjur í þessu landi, sem vér höfum nokkur kynni af, því að þær beita allar sömu aðferðinni til þess að hafa inn peninga í sínar þarfir. — Sumar kirkjur, meira að segja, hafa knattleikaborð og önnur leikföng í sambandi við starf sitt, sem veita þeim talsverðar inntektir.

Það má að vísu einatt deila um, hvort það sé rétt af kirkjunni, að hafa saman nokkurt fé á bennan hátt, en ekki fáum vér séð, að það geti talist ókristilegra en að launa prestum safnaðanna nokkuð fyrir starf þeirra annað en það, sem þeir fengju reitt saman með því að ganga um meðal fólksins, eins og Kristur sjálfur og postular hans gerðu endur fyrir löngu.

Hitt virðist oss algerlega óþarft og rangt, að leggja nokkra sérstaka kirkjudeild í einelti fyrir það, að hún fylgir nútíðarsiðum við fjárheimtuna, því að allar eiga þær sammerkt í því efni. Aðferðin hefir gefist vel, og hún er mynduð af sjálfum sölnuðunum, sem vitanlega eru sinum hnútum kunnugastir, og leggja sjálfir til mestar inntektirnar.

Hitt væri miklu lakara, ef prestarnir gera sig seka í að burtrýma trúnni úr hjörtum barnanna, sem mæður þeirra hafa innrætt þeim. En það mál liggur utan við afskifti Heimskringlu. Þeir verða að deila um það, sem þar eiga hlut að máli.

Stjórnmálabréf frá Bandaríkjunum.

FYRSTA BRÉF.

STJÓRNARBRELLUR TAFTS FORSETA OG CANNONS.

Eins og flestum íslenzku kjósendunum í Bandaríkjunum er kunnugt, voru Repúblikanar sigursælir í kosningunum 1908. Var þá kosinn sem forseti Bandaríkjanna W. H. Taft. Sigur hans var mest því að þakka, að Roosevelt, þáverandi forseti, gaf honum meðmæli sín, og það hafði mikil áhrif. Síðan Taft komst í forsetasætið, hefir Repúblikan flokkurinn klofnað, og er það mest honum að kenna.

Uppreistarmenn eru þeir kailaðir, sem Taft og fleiri repúblikanskir leiðtogar, eru að reka úr flokknum fyrir að greiða atkvæði með Demókrötum í mörgum á, hugamálum landsins.

Fyrst bar á þessum uppreistarmönnum, þegar átti að kjósa forseta neðri málstofunnar. Gamli Joe. Cannon, frá Illinois, hefir verið það í mörg ár, en sem forseti neðri málstofunnar hafði hann svo mikið vald, að hann var næst um einvaldur. Hann var álitinn óþolandi þröskuldur í öllum umbótamálum landsins, sökum þess, að hann var auðsveipur þjónn einokunarfélaganna. Vegna þess voru margir repúblikanskir þingmenn búnir að taka sig saman um, að steypa honum úr völdum.

Karl varð ekki mikið smeykur við þessa uppreist, kvaðst ekki sjá ástæðu til að bera kvíðboga fyrir forsetasætinu. En það var sæmt, — ekki fyrir hann en fyrir fólkið. Cannon fór á fund Taft forseta, og bað hann að veita sér lið í þessum bardaga, og það gerði sjálfur forsetinn. Hann, með öðrum orðum, gleymdi því, að sem forseti Bandaríkjanna var hann æðsti embættismaður allra þjóðarinnar, en ekki að eins leiðtogi pólitiskrar klikku eða flokks.

Afskiftasemi Tafts hefir verið mikið löstuð af mönnum úr báðum flokkum, og það er von. En samt hafa sumir gert tilraun til, að mæla afskiftum Tafts bót, en vörnin er heimskuleg og jafnvel hlægileg, þegar hún er brotin til mergjar. Vörnin er, að til þess að koma í verk hinum sérstöku umbótum, er Taft hafði lofað þjóðinni, var nauðsynlegt að halda flokknum saman, og enginn annar vegur var til þess, en að koma Cannon gamla í forsetastöðuna í neðri málstofunni, því hann (Cannon) er stefnufastur og fastlyndur og þess vegna líklegastur til að halda flokknum saman.

Nú skulum vér athuga þessa vörn.

Ef sundrung á sér stað í pólitiskum flokki eða nokkrum öðrum félagsskap sem er til, þá verður sá maður, er reynir að koma á sátt og samlyndi, að vera hæðinn sáttfús og eftirgefanlegur. Þessi einkenni, en ekki stefnufesta og fastlyndi, eru nauðsynleg til að halda félagsskap saman.

Stefna Cannons er fyrir auðlögin en ekki fólkið. Og þó ég játi, að Cannon muni halda fast við þessa stefnu, þá rengi ég, að hann muni halda nokkrum pólitiskum flokki saman til lengdar með því, að halda fast við þessa stefnu. Til að sýna, hve líklegur Cannon er til að halda Repúblikana flokknum saman, skal ég tilfæra ýmislegt úr ræðum hans. Í ræðu í Kansas City líkti hann uppreistarmönnum við Norðurrikjamenn, er voru í hjarta sínu með Suðurrikjamönnum, og sagðist ekki sjá nema eina veg til að fara með þá, og það væri, að "berjast við þá eins og barist hefði verið við Mr. Bryan og hans fylgismenn". — Nú, nú, hvernig lízt ykkur á þetta? Maðurinn, sem líklegastur var til að halda flokknum saman, lætur þá skoðun í ljós, að uppreistarmenn skuli vera álitnir andstæðingaflokkur.

Í annari ræðu, sem hann hélt í New York, sagði hann, að uppreistarmenn væru svikarar, sem ætti að hengja, því það væri of gott að skjóta þá. Er þetta þá aðferðin til að halda flokknum saman?

Eg er viss um, að allir landar mínir mundu greiða atkvæði á móti þessum skaðræðis stjórnmálamanni, ef þeir hefðu tækifæri. En þó þeir geti það ekki beinlínis, þá geta þeir það óbeinlínis.

L. B. Hanna var útnefndur aftur af Repúblikönum, sem þingmaður í neðri málstofunni (Representative). Hanna tilheyrir þeim hluta af Repúblikönum, er fylgja Cannon. Hann greiddi atkvæði með Cannon, og einnig greiddi hann atkvæði á móti tillögu þeirri, er miðaði til að skerða vald forsetans í neðri málstofunni yfir þinginu. Hann fylgdi einnig afturhalds Repúblikönum, þegar verið var að semja nýju toll-lögin, og sýndist starfa fyrir einokunarfélögin algerlega.

Lesið stefnuskrá Melvins, þingmannsefnis Demókrata, og ég er viss um, að bið munuð greiða atkvæði með honum.

Nú skulum vér snúa oss að tolllögunum nýju.

* * *

FÁEIN ORD UM PAYNE-ALDRICH TOLL-LÖGIN.

Á undan kosningunum 1908 lofuðu báðir flokkar að endurskoða toll-lögin sem þá voru. Demókratar lofuðu að endurskoða lögin á þann hátt, að lækka tollinn á nauðsynjavörum og gera ótollskyldar vörur þær, er framleiddar væru af einokunarfélögum. Repúblikanar lofuðu að endurskoða lögin, en gleymdu að segja, hvort að það þýddi að færa hann (tollinn) upp eða niður, og þeir héldu fram því, að tollurinn ætti að vera svo hár, að samsvara mismuninum á kostnaði á að framleiða hér og erlendis. Fólkið hafði þá hugmynd að tollurinn myndi til jafnaðar verða færður niður; enda sagði Taft, forsetaefni Repúblikana, þegar hann var að halda ræður sínar, er áttu að útskýra stefnu flokksins, að hann áliti, að endurskoðun á tollinum, eftir loforði Repúblikana, meinti það að lækka tollinn til jafnaðar, þó það gætu verið fáeinar undantekningar. En í ræðu, sem hann hélt í New York, þegar búið var að semja nýju toll-lögin, sagði hann: "Repúblikanska stefnuskráin sagði ekki beinlínis, að tollurinn skyldi verða lækkaður". Sagt er, að áhevrendurnir hafi hlegið háðslega, þegar þeir hevrðu þetta, og ég furða mig alls ekki á því.

Taft forseti ferðaðist um landið veturinn sem leið til að tala við fólkið. Hann lofaði Senator Aldrich, í ræðu í Boston, fyrir gott starf, og sagði að fólkið gæti trúað honum til að gera rétt. Það var óheppilegt fyrir Taft að gera þetta, því fólkið ásakar Aldrich fyrir að hafa haft velferð auðfélaganna en ekki velferð almennings í huga, þegar toll-lögin voru samin.

En aðalræðuna hélt forsetinn þó í Winona, Minn. Sú ræða var um toll-lögin nýju. Hann sagði þar, að Payne-Aldrich toll-lögin væru beztu toll-lögin, sem samin hefðu verið fyrir þetta land. Hvernig hann fór að komast að þessari kynlegu niðurstöðu, er ekki gott að segja, en það hlýtur að vera, að hann treysti svo mikið á miskunnsemi einokunarfélaganna, að hann haldi að það geri ekkert ilt, að tollurinn sé hærri en hann var áður. Í þessari sömu ræðu neitar hann, að það hafi verið skylda Repúblikana, að lækka svo tollinn, að það myndi auka vöruinnflutning. En í New York segir hann að toll-lögin nýju séu beztu toll-lögin til að ná inn tekjum fyrir ríkið (Custom Law), vegna þess, að þau sýni, að Repúblikanar hafi lækkað tollinn en aukið tekjur ríkisins á sama tíma. Hvernig ætlar Taft að sýna, að lækkun á tolli muni auka tekjur nema sú lækkun hafi það í för með sér, að vöruinnflutningur, sem tollur er borgaður af, aukist á sama tíma? — Hér er hann kominn í mótsögn við sjálfan sig, og það sýnir, hve mikið hann veit um tollmálið.

En lítum nú á röksemdafærslu hans og annara Repúblikana, sem á að sanna, að tollurinn hafi verið færður niður. Hún er í stuttu máli þetta:

"Tollurinn var færður niður á 654 vörutegundum, sem brúkað er 5,000,000,000 dollara virði af árlega, en upp á að eins(?) 220".

En þetta sannar ekkert annað en að röksemdafærsla Repúblikana er "rotten". Auðvelt verk var að færa tollinn svo mikið upp á þessum 220 vörutegundum og lækka tollinn svo lítið á hinum 654 vörutegundum, að tollurinn yrði mikið hærri að meðaltali, en hann áður var. Svo lítur út, sem að tollurinn hafi verið endurskoðaður af hans beztu vinum, og maður alveg ókunnugur tollmálum látinn verja hann. (Meira).

ÍSLENZKAR BÆKUR

Ég undirritaður hefi til sölu nálega allar íslenzkar bækur, sem til eru á markaðinum, og verð að hitta að Mary Hill P.O., Man. — Sendið pantanir eða finnið.

Niels E. Hallson.

Sherwin Williams PAINT
fyrir alskonar húsmálningu.

Prýðingar tími nálgast nú. Dálítið af Sherwin Williams húsmáli getur prýtt húsið yðar utan og innan. — Brúkið ekker annað mál en þetta. — S.-W. húsmálið málar mest, endist lengur, og er áferðarfegurra en nokkurt annað hús mál sem búið er til. — Komið inn og skoðið litarspjaldið. —

Cameron & Carscadden
QUALITY HARDWARE
Wynyard, - - Sask.

"KVISTIR"

kvæði eftir Sig. Júl. Jóhannesson, til sölu hjá öllum íslenzkum bóksölum vestanhafs

Verð: $1.00

A. SEGALL
(áður hjá Eaton félaginu).
Besti kvennfata Skraddari

Loðskinna fötum veitt sérstakt athygli.

Hreinsar, Pressar, Gerir við.

Fjórir (4) alfatnaðir hreinsaðir og pressaðir, samkvæmt samningum, hvort heldur er karlmanna eða kvenfatnaður, fyrir aðeins $2.00 á mánuði.

Horni Sargent og Sherbrooke

Framtíðarhorfur.

EFTIR H. G. WELLS.

V.

ENDALOK LÝÐSTJÓRNARINNAR.

(Niðurlag).

En þegar flokksvélin hefir komið til leiðar stríði, eru forlög hennar ákveðin. Því flokksvél eða fólksstjórn geta valdið stríði, en munu reynast óhæf til að stjórna því. Það má ekki búast við því, að kosin stjórn geti haft í höndum viðtæka pólitík. Tilraunir hennar stefna fyrst og fremst í þá átt, að halda völdunum, en ekki að nota völdin til neins, og skilyrðin fyrir tilveru hennar eru þau, að hún haldi yfirskininu á lofti en skottunum niður, á hann hátt, að fólkið imyndi sér, að alt sé í góðu lagi. Um her og flota lætur hún sig litlu skifta, og í öllum tilfellum mun því hernaðarútbúnaður hennar aðallega bygður á því, að fá fjöldann til að treysta vígfimi land og sjóhers sins, og þess vegna verður her og floti undir hennar stjórn, í öllu verulegu, í samræmi við gömlu erfðakenningarnar; því það verður naumast hægt að finna nokkurt afl, sem getur unnið á móti langvarandi friðareyðslu, trygt öllum hernaðarútbúnaðinum hinar nauðsynlegu æfingar, komið til leiðar fullkominni niðurskipun á öllum áhöldum, sem og fyrirkomulaginu í heild sinni, eftir þeim möguleikum, sem hin nýja iðnfræði skipar. Duglausar, en roggnar og kappgjarnar persónur, með pólitiskum áhrifum, munu hafa ruglað hinum ýmsu tegundum vopna og skilið við þau í óreglu, svo að verulega dugandi herforingjar hafa í reiði sinni yfirgefið herinn, eða þá að herinn hefir rekið þá burtu sem jögunargjarna menn með röngum hugsjónum. Þannig undirbúin mun því lýðstjórnin fara í stríð, og fyrsti þátturinn í þessu stríði verður innifalinn í sneypu, vanvirðu og ósigri þessara lögmætu herflekka, sem orsakar almennan rugling af felmtruðum en hamstola mönnum, er berjast hver gegn öðrum. — Hversu langt þetta nær, hvort það verður hávaðasamur, vekjandi viðburður, eða af því leiðir almenna umbylting, er ekki mögulegt að segja fyrirfram, það er undir kringumstæðunum komið. En eitt er víst, að verulegt stríð mun valda lýðstjórnarríkjunum óþægilegrar undrunar, sem gerir fyrirkomulag þeirra valt í sessi.

Með þessa útsjón fyrir augum er auðvelt fyrir oss að falla í gildruna, sem dæmi Napóleons sýnir. Menn hraða sér með að spá því, að í glundroðanum rísi upp einn maður. Hann verður framkvæmdaríkur, með hreint og ákveðið lundarlag, aðlaðandi og ávalt sigursæll. Hann sópar burtu hinumum og flokkaleiðendunum, útvegar þjóðinni sinni frægð og heiður, stofnar keisaraveldi og heldur því við liði með því að láta móta mynd sína á peningana og stofna til nýrra og sigursælla herfara. Hann mun gera eina lagasamsteypu úr öllum tegundum laganna, kveikja nýtt líf í páfadómnum, eða í öllu falli galvanisera kristindóminn, niðurskipa vísindunum og kenslu þeirra í litla, undirförula eða flókna háskóla, og skipa fyrir um undravert uppeldiskerfi. Hinar þakklátu þjóðir munu aftur beygja kné fyrir hepninni, ágengnisríkri sérdrægni o. s. frv., þangað til oss sundlar af heilaspunanum.

Ekkert af þessu mun eiga sér stað, ef það kemur fyrir, mun það verða eins konar millileikur, en ekki nauðsynlegt atvik í framför mannkynsins. Það er jafn-ómögulegt, að koma jörðinni af braut sinni af tilviljunar einstaklingum, eins og að veita einhverri borg næga birtu með eldflugum. Alutirnir fullkomnast í samræmi við víðtæk, áhrifamikil lög, og tími einstaklings valdhafa er liðinn. Samjöfnuður og fyrirmyndir, sem koma einhverjum til að ætla, að einveldi muni vera í vændum, eða að framtíðin muni sýna slíkar eftirstælingar af Cæsars starfsbraut, eins og þær, sem afreksmaðurinn Napóleon leiddi í ljós á óhentugan hátt, eru falskar. Og þessar ályktanir eða getgátur eru falskar, af því þær taka ekki tillit til tveggja kringumstæða, nefnilega fyrst og fremst framför nýrrar mentaðrar stéttar, sem er eðlileg afleiðing af þroskun vísindanna og iðnfræðinnar, og að öðru leyti algerðrar umbreytingar á hernaðarlistinni, sem vísindin og iðnfræðin eru að koma af stað. Síðari kringumstæðan verður nánar útlistuð í næstu grein. Hér er nægilegt að færa sannanir fyrir því, að stríð með áhöldum framtíðarinnar verður alveg ólíkt stríði liðna tímans. Fyr á tíðum voru stríðin leidd til lykta á vissum dögum með mikilhæfum hetjudáðum. Herferðum og bardögum var stýrt af stórvöxnum herforingja, sem gnæfði við himin á baki hestsins í óvanalegri stærð, og leit vel eftir öllu. En þannig verður það ekki í framtíðinni. Endalok framtíðar hernaðarins verða háð langvarandi, framsýnum og hugsjónaríkum undirbúningi. Það mun naumast verða heinn fullnaðarsigur, en mergð af dreifðum bardögum, og endalok stríðsins verða minna komin undir leiðandi persónum og hvetjandi tilfinningum, heldur en vitsmunum og dugnaði margra lönmentaðra manna. Annaðhvort á undan eða eftir stríðinu, en í öllum tilfellum í skugga þess, verður það ljóst — vera kann jafnvel, að það uppgötvist skyndilega — að öll valdaáhöld í landinu eru í höndunum á nýrri stétt, sem skipuð er vitsmunaríkum og vísindalega mentuðum mönnum. Meðan þungi stríðsins hvílir á þjóðinni munu þeir finnast, eða þeir verða sín varir sjálfir, hafandi undir höndum vegi og járnbrautir, landabréf og borgir, vatnsleiðslur, matarbirgðir, gufuafls stöðvar og leiðslur, ásamt fallbyssum og eyðileggingaráhöldum, sem engan hefir enn dreymt um. Og þeir munu finna sjálfa sig gædda vaxandi sameiginlegri samvitund, sem aðskilur þá frá múgnum og veitir þeim sjálfsstraust, sem hin sundurliðuðu visindi bera með sér. Þeir munu standa frammi fyrir blóðsúthellingum og voðalegum óhöppum. Er það þá nokkur furða, að þeir, ráðandi fyrir bessum áriðandi áhöldum, segi: — "Setjum nú svo, að við l'tilsvirðum þessa mælsku, hreyknu stjórnendur fyrir ofan okkur, og þennan ruglaða, ráðlausa múg fyrir neðan okkur. Setjum nú svo, að við leggjum hemil á alt saman, og gerum tilraun með eitthvað, sem er varanlegra og áreiðanlegra? Þessir pólitisku ríkisráðendur hafa sjálfsagt alt, sem lög og venja heimilar þeim. Þeir hafa hagað þjóðstofnununum eftir sínu höfði. Þeir hafa dómarana og blöðin á sínu bandi, og þeir geta gert alt annað en hindra byltingu. En svo höfum við nú á okkar hlið þessar ágætu fallbyssur. En ef við í staðinn fyrir að raða þeim á móti jafnágætum fallbyssum, sem stjórn að er af jafningjum okkar, notuðum þær samkvæmt heilbrigðri skynsemi og sópuðum burtu þessum gífurmælta stríðshávaða úr götunum?"

Þessi hugsjón þarf ekki að verða að neinni leikaralegri framruðning. Það er vel mögulegt, að fyrir oss liggi ekki að lifa neitt hátíðlegt augnablik, þegar nýja cromvelskan stendur augliti til auglitis frammi fyrir hinum pólitisku glamuryrðum og sápubólum, þjóðræknisfánum og herklukkum. En með eða án leikaralegra viðburða mun hugsjónin verða að framkvæmd. Þá verður það ljóst, sem nú er almenn skoðun, að auðsæfi þrátt fyrir alt eru ekki virkilegt yald, heldur áhrif á viljalausar manneskjur undir lögreglustjórn. Á meðan friður er, verður haldið taum á dugnaðarmönnum landsins og þeir huggaðir, og hið núverandi ásigkomulag hlutanna getur litið vel út í höndum þeirra, sem lifa í yfirskini en ekki sannreynd. En eins og ofsödd sundurliðun breytist í krystalla, ef ílátið, sem hún er í, mætir hristingi, þannig hlýtur framtíðarinnar nýja mannfélagsstétt, sem þjóðheillin hvílir á, að ná tilveru sinni fyrir hernaðarskjálftann. Gortararnir geta smogið burt frá öllu nema stríðinu; en við hið þjóðlega smjaður og uppgerð, við ástríðurnar, sem æsa menn á móti mönnum, verða þeir að hanga, og þetta, sem nú er að stoð þeirra, verður þeim síðar til falls. Hvort sem það skeður með ofbeldislegri stjórnarbylting, eða hægt og hægt með jöfnum aðdraganda, þá hlýtur þessi gráa mergð lýðstjórnarinnar að hverfa, eins og leyfar næturinnar fyrir deginum, eða eins og mergð fjörvana maðka hverfur fyrir hinum æðri lífgæddu verum.

Vinsamleg tilmæli.

Þar eð gert er ráð fyrir, að bráðlega komi á prent II. kafli af landnámsþætti Íslendinga í Alberta nýlendunni, þá vil ég hér með vinsamlega mælast til, að þeir, sem kynnu að finna eitthvað rangt í frásögninni, hvað ártöl, ættartölur eða bústaði manna áhrærir, vildu góðfúslega láta mig vita um það sem fyrst, svo það yrði leiðrétt í III. kafla sögunnar. Ég hefi ekki æfinlega átt kost á svo áreiðanlegum heimildum, sem æskilegt hefði verið.

Markerville, 11. okt. 1910.

JÓNAS J. HUNFORD.

Nýr dagur er að renna upp fyrir bændur

"MIDGET" PATENT MÖNDUL HVEITIMÖLUNAR MILLA

Hvað hún er

Fullkomin hveiti mölunar milla í einni umgerð rekin með einu belti.

Þegar gólf rúm 10 fet x 4 fet. Hæð 6 fet 3 þuml. Þarf 3 hesta rekskurs afl.

Hefur 4 þör af möndlum og 4 miðflóttaafls hveiti kefli.



Hvað hún gerir

Malar 196 til 220 þund hveiti á klukku stund.

Gerir eins gott hveiti og stærstu millur.

Þarfnast EKKI æfðan malara eða stjórnarmannn.

Veitir bændum Bran og Shorts skepnufóðurs.

"Midget" hafa hlotnast hin hæstu verðlaun meðal hinna sóðari eru: 1910 GULL MEDALÍU á Japan-Bretsku sýninginn í London og stóra SILFUR MEDALÍU frá Verslunar samkundunni í Lodi og aðal heiðurs Diploma í Brescia á Ítalíu og æðstu verðlaun í Padova á Ítalíu.

Þessi Milla ásamt HVEITI-HREINSUNARVÉL, Gasoline aflvél og húsi, kostar minna en algeng þreskivél, en starfar 12 mánuði úr hverju ári, 24 kl. tíma í sólarhring.

Skrifið eftir bæklingi með öllum upplýsingum um kostnað og uppsetning afl, til

EIN AF ÞESSUM MILLUM VERÐUR BRÁÐLEGA STARFANDI I JASMIN BŒ, SASK.

Chas. Lunn, Jasmin P.O. Sask.

LOGN

Hér á stórvatnsins strönd
Nem eg staðar í kveld.
Breiðir friður sinn feld
Yfir flæði og lönd,
Þögul ókyrðarhreyfing um undirdjúp brýst
Sem þess yfirborð lýst
Hefir sjaldgæst og síst,
Því í svip þess og raust
Er alt dulrátt sem loftið um drunglegt haust,

Það er sljákkað og slétt,
Löngu slotað er byl.
Ekki spólnanna spil
Eða spörðaslög þétt
Merkja krystallsins blátæru flutneskju fjöl,
Ekkert fár eftir kjöl
Þetta er draumsælu dvöl
Því það dottar nú rótt,
Veðrið lofar því kyrru að lúra í nótt.

Hrapi stjarna úr stað
Fellur stjarna í því.
Hefjist skyggjandi ský
Óðar skýjar á það.
Vatn og himinn í faðmlögum una sem eitt
Þar til aðskilnað veitt
Hefir blærinn og breytt,
Vatnsins bliðu í rok —
Hrekkur bandið í sundur í lognviðrislok.

Vatnið eins og það er
Með sinn unað og frið,
Og með sjónleika svið,
Fyrir sál mína ber.
Nú er bundinn sá kraftur sem æsir þess afl,
Reisir öldunnar skafl,
Sá er teninga tafl
Leikur tvísýnt við gnoð.
Nú er leiks hlé—um ána er vafin hver voð.

Betur hvílist eg hér
Undir himinnsins væng,
En á silki og sæng —
Vatnið sefur hjá mér.
Alt skal sofa sinn dúr þessa náðugu nótt
Fá að nýju sinn þrótt,
Koma friðslitin fljótt
Lífi forðandi önn,—
Þá skal vakna við storminn og steðjandi hrönn.

Eins og nýjuð í nótt
Sé öll náttúrulög,
Eins og hönd sem er hög
Ráði hlutanna gnótt,
Eins og réttlætið loks hafi niðri sér nið,
Bætt sé náttúru ráð
Öllu líknað um láð,
Gefið lífsafl og fjör
Þeim sem ætla að morgni að ýta úr vör.

Guttormur J. Guttormsson

Heimskringla gefur nýjum fyrirfram borgandi :: kaupendum tvær sögur í kaupbætir. ::

Við jarðarför.

Náhrafnar nagandi beinin,
— níðingar dygða —
hetjunnar frelsis, sem fundu
fallna til jarðar.

Nú þurfti enginn að óttast
hans einlægu djörfung,
sem ruddi burt helgidóms-hræsni
— því hann var nú dáinn.

G. J. Goodmundsön.

SMÆLKI.

Hæð og hraði skýjanna hefir verið mældur í Bossekop í Finnmörk og í Manilla á Filippseyjunum. Í Bossekop sáust þráðaskýin svífa fella 7 kilómetra frá jörðu, með 18 metra hraða á sekúndu; í Manilla voru tölurnar 12 kilóm. og 14.6 metrar. — Hæð lýsing-þráðaskýjanna var í Bossekop 4.5 km., hraðinn 11 metrar, í Manilla 5.6 km. og 6.4 metrar. — Ingri skýin voru í Fossekop 1—2 km. frá jörðu, með 7 metra hraða á sekúndu; í Manilla 1.7 km. og 5 m. Efsta skýið, sem athugað var í Manilla, var 20.4 km. frá jörðu, í Bossekop að eins 11.8 km. Því hærra, sem skýin svífu, bess hraðara fóru þau. Svo reyndist það á báðum þessum stöðum.

* * *

Samkvæmt síðustu athugunum fer pólstjarnan með 12—13 kilómetra hraða á kverri sekúndu gegnum geiminn.

* * *

Árið 1848 bauð Alexander Dumas hinn eldri sig fram fyrir þingmann, og taldi upp þessi meðmæli —: Sem rithöfundur hafði hann unnið 10 klt. daglega í 20 ár, alls 73,000 klt., og á þeim tíma samið 400 bindi af skáldsögum og 35 leikrit. Skáldsögurnar höfðu veitt stílsetjurum 264,000 franka, prentarum 528,000, pappírssölum 633,000, innheftingamönnum 120,000, bóksölum 2,400,000, víxlurum 1,600,000, umboðsmönnum 1,600,000, þeim sem létu bækurnar í umbúðir 100,000, leigu-bókhlöðum 4,580,000, myndapenturum 28,600 franka Alls yfir höfðu skáldsögur hans þessi 20 árin veitt 692 starfsmönnum 3 franka daglaun. — Þessi 35 leikrit voru sýnd til jafnaðar 100 sinnum; á þeim græddu leikhússtjórarnir 1,400,000 franka, leikendurnir 1,250,000, skrúðgerðarmenn 210,005, leikbúningssalir 149,000, leikhúsaeigendur 700,000, þöglar persónur á leiksviðunum 350,000, eldslökkviliðin 70,000, viðarsalar 70,000, skraddarar 50,000, olíusalar 525,000, pappírssalar 60,000, hljóðfæraleikendur 157,000, fátækrasjóðurinn 630,000, auglýsendur 80,000, þvottakonur 10,000, umsjónarmenn 140,000, vélastjórar 170,000, hárskerar 93,000 og eldsábyrgðarmenn 60,000, alls 6,184,000 franka. Leikirnir höfðu í 10 ár veitt 1450 persónum lífsuppeldi. Miljónunum, sem skáldið græddi, eyddi hann jafnóðum. Þegar hann dó, hafði hann 20 franka, sem hann hafði lánað hjá syni sínum.

Níutíu og þrjár sauðkindur voru seldar hér í borg á laugardaginn var, við opinbert uppboð. Þær seldust fyrir $7.10 hver kind, að jafnaði.

FRIÐRIK SVEINSSON

tekur nú að sér allar tegundir af húsmáling, betrekking, o.s.frv. Eikarmálning fljótt og vel af hendi levst. Heimili 443 Maryland St.

Minnisvarðar

úr málmi, sem nefndur er "White Bronze", eru fallegustu, varanlegustu og um leið ódýrustu minnisvarðar, sem nú þekkjast. Þeir eru óbrjótanlegir, ryðga ekki og geta aldrei orðið mosavaxnir, eins og steinar; ekki heldur hefir frost nein áhrif á þá. Þeir eru bókstaflega óbilandi og miklu legurri en hægt er að gera minnisvarða úr steini (Marmara eða Granit). Alt letur er upphleypt, sem aldrei máist eða aflagast. Þeir eru í fin dýrir, hvort sem þar eru óletraðir eða alsettir letri, nefnilega: alt letur, og myndir og merki, sem óskað er eftir, er sett á fritt. — Kosta frá fáeinum dollurum upp til þúsunda. Fleiri hundruð tegundir og mismunandi stærðir úr að velja.

Þessir minnisvarðar eru búnir til af THE MONUMENTAL BRONZE CO., Bridgeport, Conn. Þeir, sem vilja fá nákvæmar upplýsingar um þessa ágætu minnisvarða, skrifi til undirritaðs, sem er umboðsmaður fyrir nefnt félag.

Thor. Bjarnarson,
BOX 304
Pembina - - N. Dak.

JÓN JÓNSSON, járnsmiður, að 790 Notre Dame Ave. (horni Toronto St.) gerir við alls konar katla, könnur, potta og pönnur fyrir konur, og brýnir hnífa og skerpir sagir fyrir karlmenn. — Alt vel af hendi leyst fyrir lítla borgun.

Góðar stöður.

Geta ungir, framgjarnir menn og konur fengið á járnbrauta eða loftskeyta stöðvum.

Síðan 8 kl. stunda lögin gengu í gildi og síðan loftskeyta fregusending varð útbreidd þá vantar 10 þúsund telegraphers (fregusendla). Launin til að birja með eru frá $70 til $90 á mánuði. Vér störfum undir umsjón telegraph yfirmanna og öllum sem verða fullnuma eru ábyrgðar atvinnustöður.

Skrifið eftir öllum upplýsingum til þeirrar stofnunar sem næst yður er. NATIONAL TELEGRAPH INSTITUTE, Cincinatti, Ohio, Philadelphia, Pa., Memphis, Tenn., Columbia, S. C., Davenport, Ill., Portland, Ore.

Piano yfirburðir.

Hljómurinn, lagið, endingin og sniðið á Heintzman & Co. Piano getur ekki orðið umbætt. Hver starfsmaður í þessu gamla, áreiðanlega félagi er sérfræðingur í Pianosmíði. Þeir hafa upphugsað og teiknað og sniðið hvern sérstakan hluta þessa undraverða hljóðfæris, sem er hið bezta, sem hægt er að fá í þessu landi.

Skrifið oss í dag umHeintzman & Co. Piano.

J. W. Kully. J. Redmond, W. J. Ross
Cor Portage Ave. & Hargrave
Phone: Main 808.

Fréttir úr bœnum.

Séra Magnús J. Skaptason kom til bæjarins á laugardaginn var, og verður hér hjá ættingjum og vinum um tíma. Hann auglýsir í þessu blaði, að hann flytji fyrirlestur um norræna fornfræði — "Brot úr norrænum fornfræðum" — í Únitarakirkjunni á þriðjudagskveldið í næstu viku (1. nóvember). Vonandi er að húsfyllir verði, því fyrirlesturinn verður vafalaust bæði fróðlegur og skemtilegur.

Þann 20. þ.m. voru gefin saman í hjónaband af séra Guðm. Árnasyni þau herra Jón J. Hallsson og ungfrú Steinunn Guðlaug K. Anderson, frá Leslie, Sask. Brúðguminn, sem stöðugt hefir átt heima hér í bænum hjá foreldrum sínum, Mr. og Mrs. Hallsson á Ellice Ave., er mörgum Winnipeg Íslendingum vel kunnur. Brúðurin mun hafa dvalið þar vestra lengst af síðan hún kom frá Íslandi nú fyrir nokkurum árum. Ungu hjónin lögðu af stað næsta dag vestur til Leslie, Sask., og verður heimili þeirra þar í grendinni framvegis. Heimskringla óskar hjónum þessum allrar hamingju.

Af ógáti var þess ekki getið í síðasta blaði, að herra W. H. Paulson, sem hefir dvalið hér í borginni um sl. 23 ár, og er einn af mest þektu Íslendingum vestan hafs, — lagði af stað héðan með fjölskyldu sína þann 17. þ.m. vestur til Leslie í Saskatchewan fylki, þar sem hann ætlar að gera framtíðar heimili sitt og stunda verzlun. Saskatchewan búar fá þar ótraudan liðsmann í íslenzku fylkinguna, og mega vænta þess, að Wilhelm láti frétta frá sér er fram líða stundir. — Þeim hjónum voru haldin bæði privat og opinber samsæti áður þau fluttu héðan, og það má óhætt fullyrða, að þeim fylgi hugheilustu óskir allra, sem hafa haft kynni af þeim á liðnum árum.

Þau herra Sigurður Christopherson og kona hans, sem fyrir nokkurum vikum komu frá heimili sínu í British Columbia hingað austur í kynnisför til ættingja og vina, — komu til bæjarins í sl. viku vestan úr Argyle nýlendu, og héldu heimleiðis um síðustu helgi. — Sigurður er faðir Argyle nýlendunnar og bjó þar um eða yfir 20 ár. Þau hjónin áttu því þar marga kunningja og vini, enda lét Sigurður mikið yfir því hve ástúðlega þeim hjónum hefði verið tekið hvervetna þar í nýlendunni. Og síðast áður en þau fóru þaðan í sl. viku, var þeim haldið samsæti mikið að skilnaði, þar sem yfir hundrað manns tóku þátt í, og var Mrs. Christopherson gefinn þar skrauthringur mikill, og er það hinn bezti dýrgripur, en Sigurði var gefið gullfestar-men, stórt og vand að, og á það letrað "Argyle", til minnis um bygðina farsælu, sem hann stofnaði þar í kringum árið 1880 til 1881. — Sigurður mælist til þess, að Heimskringla flytji Argyle búum alúðarfýlstu þakkir sínar og konu sinnar fyrir örlæti það alt og alúð, sem þeim hjónum var þar hvervetna sýnd á þessari ferð þeirra, og jafnan kvað hann hug þeirra hjóna dvelja við fornu stöðvarnar þar í bygð, þótt þau séu nú búsett í meira en þúsund mílna fjarlægð vestur á Kyrrahafsströnd.

Hvað eigum vér að gera?

heitir erindi það, sem herra S. B. Brynjólfsson flytur á Menningarfélagsfundi, sem haldinn verður í Únitarakirkjunni í kveld (miðvikudag 26. okt.). Það ætti að verða húsfyllir, því bæði er ætið skemtilegt að hlusta á hr. Brynjólfsson og svo á Menningafélagið það skilið, að fólk sæki fundi þess, sem einatt eru fræðandi og vekjandi til umhugsunar um ýms mikilsverð málefni. Það er einnig að líkindum eina félagið í þessum bæ, sem aldrei leitar fjárframlaga hjá almenningi, en býður allaútanfélagsmenn velkomna á fundi sína þeim að kostnaðarlausu, og leyfir þeim að taka eftir vild þátt í umræðunum, sem eru á eftir hverjum fyrirlestri. Fjölmennið á Menningarfélagsfundi

Herra Stefán Björnsson, frá Westfold P.O., kom til bæjarins um síðustu helgi með Bessa son sinn 13 ára gamlan til lækninga. Pilturinn hafði skotið sig í annan handleggginn, og var hann tekinn af hér á spítalanum af Dr. Brandson. Útlitið er, að pilturinn sé á góðum batavegi. — Líðan í bygð þar vestra segir Stefán allgóða, tíðina ágæta og næg hey, þó þurt hafi verið í sumar.

Í þessu blaði er auglýst MIDGET HVEITIMÖLUNARMILLA, og ættu bændur í íslenzku nýlendunum að athuga hana. Þarfara verkfæri né nauðsynlegra getur engin bygð átt. Sýnishorn af hveiti, Bran og Shorts frá henni hafa verið sýnd hér í borg, og jafnast það á við hið bezta, sem unt er að fá frá stærstu millum. Þar, sem vildu skapa sér arðvænlegan atvinnuveg, ættu að skrifa Chas. Lunn eftir upplýsingum.

Fyrirlestur

"Brot úr norrænum fornfræðum"

kallast fyrirlestur, sem séra Magnús J. Skaptason ætlar að flytja í Únitarakirkjunni (horni Sherbrooke og Sargent St.) þriðjudagskveldið

1. nóvember þ.á.

Byrjar kl. 8. Umræður á eftir. Inngangseyrir 25 cents.

Canadian Pacific járnbrautarfélagið heur keypt suðvestur hornlóðina á Portage Ave. og Main St. Kaupin gerðust í vikunni sem leið. Lóðin er 132 fet á Portage Ave. og 94 fet á Main St. Verðið er mælt að hafi verið 725,000 dollarar eða 5,500 dollarar fyrir hvert fet framhliðar á lengri veginn. Góð bygging er á lóðinni, en mælt að félagið muni rífa hana niður og byggja þar stórhýsi mikið, svo að verðið liggur í rauninni alt í landinu sjálfu. — Dýrt mundi það þykja á Íslandi, ef byggingarlóðir væru metnar yfir 20½ þúsund kr. hvert fet framhliðar, eða 4720 kr. fyrir þumlunginn.

Ungmennafélag Únitara heldur skemtifund í fundarsal sínum á laugardaginn kemur. Allir félagamenn ættu að sækja fundinn.

Herra Árni Sveinsson biður þess getið, að í síðari hluta ritgerðar hans, er birtist í síðasta blaði, hafi ein villa orðið í einni málsgrein. Þar stendur: "Árið 1899 mun ég að minsta kosti hafa borgað $900.00 gegnum verndartollana". Þar átti að vera: $800.00.

Herra Jónas Jónasson, aðstoðarsali í Fort Rouge, hefir afhent Heimskringlu tvo dollara til styrktar þeim tveim fjölskyldufeðrum, sem samkoman í Únitarasalnum síðasta mánudagskveld var haldin til arðs fyrir. Hann kvaðst mundu hafa lagt sinn dollar í hvorn hatt, hefði hann haft tíma til að vera á samkomunni. Vel sé honum.

Herra Jónas Hall, frá Edinburg, var hér í borg um síðustu helgi, snöggva ferð.

Mrs. Kristín Sveinson, sem um nokkur undanfarin ár hefir stjórnað búi í Clandeboy fyrir herra Hannes Kristjánsson, flytur til Vestur-Selkirk í þessari viku og gerir þar heimili sitt.

Samkoma sú, sem haldin var á mánudagskveldið undir umsjón Únitara safnaðarins í fundarsal hans til arðs fyrir 2 veika fjölskyldufeður hér í borg, — var afarfjölmenn. Húsið var svo þéttskipað að nokkrir urðu að standa, því sæti hrukku ekki. Kökuskurðurinn þar var og óvenjulega arðsamur, yfir $70.00 komu inn fyrir kökuna, auk alls inngangseyris.

Menn eru beðnir að muna eftir kveldverðar samkomunni í Tjaldbúðinni þakkkætisdaginn næsta mánudag, þann 31. þ.m., kl. 7 að kveldi. Bænahald og söngur í kirkjunni á undan. Kveldverðurinn kostar 50 cents.

Tombóla

Safnaðarnefnd Únitara hefir ákveðið, að halda Tombólu í samkomusal safnaðarins mánudagskveldið þann

7. nóvember

Margir ágætir drættir úr að velja, og þar að auki verður þar um hönd haft ýmislegt til skemtunar. Kaffiveitingar.

Aðgangur og dráttur 25c.

FRANCISCO FERRER,

spánski píslarvotturinn, sem tekinn var af lífi í fyrra 13. okt., sakaður um, að hafa sett af stað upphlaupið í Barcelona, — stofnandi modern skólanna, sem hin kristna kirkja hatar svo mjög, — verður umtalsefni í

Fyrirlestur

sem S. B. BENEDICTSSON flytur í samkomusal Únitara, horni Sargent og Sherbrooke, föstudaginn.

28. okt., kl. 8 síðd.

Þar verður skýrt frá "Hvers vegna Spán myrti Ferrer", og hvaða þýðingu þessi atburður hefir fyrir frjálsar skoðanir, o.s.frv.

Allir eru velkomnir og beðnir að koma og fylla salinn, en sérstaklega er SKORAÐ Á ALLA PRESTA, kristna og heiðna, að koma og taka þátt í umræðunum á eftir.

Mönnum er lofað skemtilegu kveldi.

Aðgangseyrir: 15 cents.

Notið tækifærið!

Ég sel með góðu verði mikið af bókum og blöðum á íslenzku, dönsku, norsku og ensku.

Sigmundur M Long,
790 Notre Dame Ave., Winnipeg.

Herra Friðrik Fljótsdal frá Warroad, Minn., hefir verið hér í borg um nokkurra undanfarna daga, til að semja við járnbrautafélögin þrjú, C.P.R., C.N.R. og G.T.P., um aukin vinnu-hlynnindi fyrir verkamenn. Hann lagði af stað héðan í þessari viku með 9 menn með sér austur til Toronto til þess að fullgera samninga við félögin. — Í september sl. fór hann til Boston, U.S., með öðrum einbættismönnum verkamanna, á alls herjar þing járnbrauta verkamanna í Bandaríkjunum og Canada. Á þessu þingi var Fljótsdal sýndur sá heiður, að hann var kosinn formaður nefndanna, er samanstanda af formönnum hinna ýmsu deilda járnbrauta verkamanna í Bandaríkjunum og Canada, og sýnir það, hve vel hann hefir staðið í stöðu sinni í þau 5 ár, sem hann hefir annast um hagsmuni vinnendanna á C. N. R. járnbrautinni í Vestur-Canada. Áður var hann algengur verkamaður á braut þessari um 10 ára tíma. — Mr. Fljótsdal kom til bæjarins með dóttur sína til að leita henni lækninga við lífrarmeini. Hana hafir góða von um, að hún verði albata með tímanum. — Hann segir, að eldurinn mikli hafi ekki gert neinn skaða í Warroad bæ, sökum þess að íbúarnir tóku sig til í tíma, að brenna umhverfis bæinn, og beita öðrum varnartækjum, sem trygðu hústaði þeirra. Þeir sendu t.d. hingað til Winnipeg eftir tveimur eldslökkvivélum, sem voru þar í 4 daga. Fólk úr grendinni flýði inn í bæinn og var það 250 manns að tölu. Því var öllu veitt það lið, sem hægt var, en margt af fólkinu tapaði heimilum og öðrum eignum sínum. Mr. Fljótsdal segir, að Minnesota ríki veiti fólkinu, sem varð fyrir tjóni í eldi þessum, allan nauðsynlegan styrk til lífsviðurhalds fyrir komandi vetur, og einnig til að endurbyggja heimili sín. Vel segir hann að látið sé yfir styrk þeim, sem veittur var héðan frá Winnipeg borg og frá Eaton félaginu, öðrum félögum og einstökum mönnum. Tveim dögum eftir að kunnugt varð um brunann, voru komin 3 vagnhlöss af mat og öðrum nauðsynjum til Warroad og var sá styrkur nægur til að bæta úr bráðustu þörfum.

Prof. A. B. Clark, M.A., á Manitoba háskólanum ætlar að flytja 25 fyrirlestra um hagfræðilegar hugsjónir og sögu hagfræðinnar. Fyrirlestrar þessir eru aðallega ætlaðir kennurum, bankastjórum, lögfræðingum, bókhöldurum og öðrum "business" mönnum. Fyrirlestrarnir eru ókeypis og allir boðnir og velkomnir. Þeir verða fluttir á mánudags- og miðvikudags-kveldum kl. 8, og byrja í háskólahúsinu næsta mánudagskv.

Í Vancouver borg voru þann 19. þ. m. gefin saman í hjónaband þau herra Albert Bonnett og ungfrú Una Ásta, dóttir þeirra Mr. og Mrs. K. Johnson þar í borg. — Heimskringla óskar brúðhjónunum allra heilla.

Dr. G. J. Gíslason,
Physician and Surgeon
18 South 3rd Str, Grand Forks, N.Dak
Athygli veitt AUGNA, EYRNA og KVERKA SJÚKDÓMUM ASAMT INNVORTIS SJÚKDÓMUM og UPPSKURÐI. —

Anderson & Garland,
LÖGFRÆÐINGAR
35 Merchants Bank Building
PHONE: MAIN 1561.

Dr. M. Hjaltason,
Oak Point, Man.

Herra Kristlaugur Anderson, frá Grafton, N. Dak., sem nýlega flutti með fjölskyldu sína búferlum þaðan að sunnan norður í Árdalsbygð, — biður Heimskringlu að flytja löndum sínum í Grafton bæ alúðarfýlsta þakklæti fyrir ágæta viðkynningu í þau 19 ár, sem hann hefir dvalið með þeim. Einnig fyrir $20.00 samskot, sem Mrs. Sigríður Ármann færði þeim hjónum að gjöf kvöldið áður en þau lögðu af stað í norðurferð sína, og sem þeim hjónum koma sérlega vel við þetta tækifæri. Hjón þessi hafa dvalið hér í borg í sl. 10 daga, en lögðu héðan af stað norður til Gimli á þriðjudaginn var.

Í bókalista hr. N. Ottenson, sem prentaður er í þessu blaði, eru auglýstar 3 góðar alveg nýkomnar bækur: Þjóðvinafélags Almanakið fyrir 1911, æfisaga Benjamins Franklins og Andvari fyrir 1911.

Þeir herrar Þórarinn Goodman, Albert Sveinsson, Stefán Sigmar og Kristján Helgason, allir frá Argyle nýlendu, komu til borgarinnar um síðustu helgi til þess að stunda hér nám á Búnaðarskólanum.

Ungu stúlkurnar í st. SKULD bjóða öllum íslenzkum Good-templurum heim til sín í kveld (miðvikudag) í neðri sal G. T. hússins.

Hjá J. R. TATE & Co.
522 Notre Dame Ave.
er staðurin til að fá góð föt gerð eftir máli úr frægustu dúkum og fyrir lægra verð en slík föt eru gerð fyrir neðar í borginni. Vér höfum mesta úrval af fatadúkum og ábyrgum hverju spjör, Íslendingum boðið að koma og skoða vörurnar Vér óskum viðskifta við þá.
J. R. TATE & Co. Skraddarar

J. T. STOREY S. DALMAN
Your Valet
HREINSAR, PRESSAR, GERIR VIÐ OG LITAR FATNAÐ.
Alt ágætlega gert. Komið því með fötin til okkar.
690 NOTRE DAME AVE.
TALSÍMI MAIN 2798

S. K. HALL
TEACHER OF PIANO and HARMONY
STUDIO: 701 Victor St.
Haustkensla byrjar 1st Sept.

TIL SÖLU:
160 ekrur af bezta landi. stutt frá járnbrautarstöð. — Fyrsti maður með $7.00 fær hér góð kaup. — Finnið
Skúli Hansson & Co.
47 Aikens' Bldg.
Talsími. Main 6476 P. O. Box 833

GEO. ST. JOHN VAN HALLEN
Málafærzlumaður
Gerir öll lögfræðis störf
Útvegar peningalán
Bæjar og landeignir keyptar og seldar, með vildarkjörum.
Skiftiskjöl $3.00
Kaupsamningar $3.00
Sanngjörn ómakslaun
Reynið mig
Skrifstofa 1000 Main St.
Talsími Main 5142
Heimils talsími Main 2357
WINNIPEG

MARTYN F. SMITH,
TANNLÆKNIR.
Fairbairn Blk. Cor Main & Selkirk
Sérfræðingur í Gullfyllingu og öllum aðgerðum og tilbún aði Tanna. Tennur dregnar án sársauka. Engin veiki á eftir eða gómbólga. —
Stofan opin kl. 7 til 9 á kveldin
Office Phone 6944. Heimilis Phone 5462

Þarft þú ekki að fá þér ný föt?
EF ÞAU KOMA FRA CLEMENT'S, — ÞÁ VERÐA ÞAU RÉTT
Réttur að efni, réttur í sniði réttur í áferð og réttur í verði.
Vér höfum miklar byrgðir af fegurstu og beztu fataefnum. —
Geo. Clements & Son
Stofnað árið 1874
264 Portage Ave. Rétt hjá FreePress

Th. JOHNSON
JEWELER
286 Main St. Talsími: 6606

Sveinbjörn Árnason
Fasteignasali.
Selur hús og lóðir, eldsábyrgðir, og lánar peninga. Skrifstofa: 310 McIntyre Blk.
office TALSIMI 4700. hús TALSIMI 2108

G. NARDONE
Verzlar með matvöru, aldini, smá-kökur, allskonar sætindi, mjólk og rjóma, sönul. tóbak og vindla. Óskar viðskifta Íslend. Heitt kaffi eða te á öllum tímum. Fón 7756
714 MARYLAND ST.

Gott brauð
Ástæðan fyrir vinsældum Boyds brauðanna er sú, að þau eru gerð úr bezta hveiti, gerð í hreinu bakarii undir strángustu hreinlætisreglum, af æðum bökurum landsins, með nýjustu vélum. þau eru góð brauð, í einu orði: þau eru Boyds brauð.
Boyd's
Bakery Cor. Spence & Portage Ave
Phone Sherb. 680

BILDFELL & PAULSON
Union Bank 5th Floor, No. 520
selja hús og lóðir og annast þar að lútandi störf; útvegar peningalán o. fl.
Tel.: 2685

Miss Jóhanna Olson.
Piano kennari, byrjar aftur að veita nemendum tilsögn að heimili sínu 557 Toronto St.

BONNAR, TRUEMAN & THORNBURN,
LÖGFRÆÐINGAR.
Suite 5-7 Nanton Blk. Tals. 766
Winnipeg, Man. P.O.BOX 223

DR. H. R. ROSS
C.P.R. meðala- og skurðlækuir.
Sjúkdómum kvenna og barna veitt sérstök umönnun.
WYNYARD, — SASK.

The Evans Gold Cure
229 Balmoral St. Sími Main 797
Varanleg lækning við drykkjuskap á 48 dögum án nokkurrar tafar frá vinnu eftir fyrstu vikuna. Algerlega privat. 16 ár í Winnipeg. Upplýsingar í lokuðum umslögum.
Dr. D. R. WILLIAMS, Exam. Phys
J. L. WILLIAMS, Manager

W. R. FOWLER A. PIERCY.

Royal Optical Co.
307 Portage Ave. Talsími 7286.
Allar nútíðar aðferðir eru notaðar við augn-skoðun hjá þeim, þar með hin nýja aðferð, Skugga-skoðun, sem gjöreyðir öllum ágiskunum. —

ANCHOR BRAND HVEITI
er bezta fáanlegt mjöl til nota í heimahúsum og annarstaðar. Það er gert úr No. 1. Hard HVEITI eftir nýjustu aðferðum.
Símið 4326 eftir söluverði þess.
Leitch Bros.
LOUR MILLS
Winnipeg skrifstofa
240-4 GRAIN EXCHANGE

BÚÐIN Á SARGENT.
Kennið únglingunum að nota vel tíman. Það gerist best með því að þau beri á sér vasa úr. Eg sel vönduð Kvenn-úr frá $2.50 og upp. Eg sel $10.00 Konu-úr fyrir $6.00 þau eru í gulhþynnu kössum, með ágætu gangverki ábyrgð fygir hverju úri.
Drengja úr sel eg fyrir $1.25 og þar yfir.
G. THOMAS Gull og Silfur Smiður
674 Sargent Ave. Phone Sherb. 2542

Heimskringla.

XXV. ÁR | WINNIPEG, MANITOBA, FIMTUDAGINN, 3. NÓVEMBER 1910 | NR. 5.

Leaded Lights.

Vér getum bóið til alskonar skrautgluggga í hús yðar óðlyrara og fljótara en nokkur önnur verksmiðja í borginni Vér sýnum yðar myndir og kostnaðar áætlanir.

Western Art Glass Works.
553 SARGENT AVE.

Fregnsafn.

Markverðustu viðburðir hvaðanæfa

— Indíánar, sem nýlega komu til Edmonton, báru þar fregnir, að landmælingamenn Dominionstjórnarinnar hafi fundið afarmikið stöðuvatn einhversstaðar norðvestur frá Edmonton, sem sé á stærð við Superior vatn. Engar fregnir hafa áður borist af þessu vatni. En þessi fregn hefir verið send til Ottawa og er þaðan komin til blaðanna.

— Hundrað þús. Caribou-dýr sáust nýlega nálægt Circle City í Alaska. Þau voru á leið norðureftir. Bankamaður þar í borginni kvað þetta vera stærri hóp, en hvítir menn hefðu áður séð. Sjálfur hafði hann séð hóp þennan og dvalið margar klukkustundir við þá sjón.

— Kjötverð á Ítalíu er orðið svo hátt, að þjóðin verður að hætta að nota það til fæðu. Í sl. mánuði var verð á kjöti í Rómaborg sem hér segir: Kálfskjöt 48c pundið, nautakjöt frá 18 til 36c pundið, eftir gæðum. En jafnvel með þessu háa verði hefir kjötneyzla aukist í landinu, og miðar það til verðhækkunar. En nú er í orði að hækka kjötverðið enn þá meira, og verður það þá aðeins notað til fæðu af ríkisfólki, en alþýðan hefir ekki ráð á að kaupa það. — Talað er um, að reyna að ráða bót á þessu með lögum er örfi kjötframleiðslu í landinu á þann hátt að létta sköttum á gripabændum, en um leið að hækka mjög skatta á kálfskjöti, sem vonað er að hafi þau áhrif, að bændur ali kálfa þar til þeir ná fullorðinsaldri. Einnig er í ráði að flytja inn kjöt frá Argentina, sem hægt er að lá þar fyrir mjög lágt verð.

— Eldur 6kom upp í Victoria borg í British Columbia að kvöldi þess 26. okt. Vindur var mikill, svo eldurinn breiddist út með ógnar hraða og varði framundir næsta morgun, gereyddi miklum hluta af miðbiki borgarinnar og gerði tveggja miljón dollara eignatjón. Nokkur skip, sem voru þar á höfninni, gátu ekki forðað sér og brunnu.

— Ungur drengur í Montreal borg var nýlega kærður fyrir að hafa stolið prjónapeisu. Fyrir réttinum sagði hann dómaranum, að hann hefði stöðuga atvinnu hjá strætisbrautafélaginu, en svo stæði á, að faðir sinn hefði dáið fyrir 3 mánuðum, svo að hann væri einn að vinna fyrir móður sinni og yngri börnunum. Hvert einasta cent, sem hann gæti unnið sér inn gengi til móður sinnar til að borga húsaleigu og lífsnauðsynjar, og að hann hefði ekkert afgangs til að verja til fata, svo hann gæti stund að vinnu sinu; hann hefði þess vegna haft mikla þörf fyrir peisuna. Dómarinn lét hann lausan.

— Prófessor Matthews í McMaster College í Toronto var nýlega kærður fyrir villukenningar í trúmálum. Mál hans var rannsakað af æðsta ráði baptista kirkjunnar þar í borg, og þar ályktað í einu hljóði, að það væri samkvæmt stefnu kirkjunnar, að leyfa samvizkufrelsi jafnt í trúmálum sem öðrum málum. Prof. Matthews var því sýknaður af kærunni og heldur áfram að kenna á skólanum.

Sveinn Brynjólfsson.

Herra Sveinn Brynjólfsson hér í borg var þann 4. október skipaður varakonsúll Dana í Canada. Herra Andrew Schmidt, sem um sl. 20 ár hafði gengt því embætti, sagði því lausu í apríl sl. Síðan hefir danska stjórnin verið að leita eftir hæfum manni í þessa



SVEINN BRYNJÓLFSSON.

stöðu, og þó margir danskir menn séu búsettir hér í Vestur-Canada, þá fann hún engan úr þeirra hópi, sem henni geðjaðist að. Hún valdi því herra Brynjólfsson til starfsins, og vottaði með því álit sitt á hans miklu og góðu hæfileikum. Í slíkar stöður eru ekki kosnir aðrir en afburða hæfileikamenn, og er því embættisveiting þessi hin mesta sæmd fyrir herra Brynjólfsson. Maðurinn er stöðunni vel vaxinn og mun sinna henni með dugnaði og hyggindum. — Heimskringla óskar honum allra heilla í þessu embætti.

Skrifstofa hans er: Nr. 506 Builders Exchange, á Portage Av. hér í borg.

— Fasteignir í Montreal borg hafa vaxið í virðingarverði um 120 miljónir dollara á sl. ári.

— Voðalegt hvassveður með sjávarflæs gerði um síðustu helgi feiknatjón á Nýfundnalandi. Mörg skip er mælt að farist hafi í því ofsaveðri, og af einu skipi, sem rak að landi nálægt St. John borg, fórust 19 manns.

— Póstskip strandaði um síðustu helgi við strendur Suður-Afríku. Á því voru 250 farþegar, en aðeins 3 druknuðu, og 3 aðrir týndust einhvernveginn svo að ekki hefir til þeirra spurst.

— Bæjarstjórnin í Toronto borg hefir samþykt, að biðja stjórnina í Ontario að kaupa allar eignir Bell talsímafélagsins. Einnig, að semja við allar sveitastjórnir í fylkinu um, að fylgja sér að málum í þessu efni. Bæjarstjórninni virðist, að talsímakaup Manitobastjórnar hafi gefist svo vel, að Ontario stjórnin ætti að fylgja því dæmi.

— Innanríkis ráðgjafinn á Ítalíu hefir skýrt þinginu bar í landi frá því, að flóðalda mikil hafi gengið yfir Ischia eyju, sem hefir 4 þús. íbúa, og að 200 manns hafi druknað þar. Stjórnin hefir sent 4 herskip til eyjarinnar með allar lífsnauðsynjar til hjálpar þeim af íbúunum, sem kunna að vera þar nauðliðandi. — Jarðskjálfti eyðlagði eyju þessa algerlega árið 1883, en hún hefir síðan bygst upp og þykir góður bústaður.

— Mr. E. J. Chamberlain, aðalumsjónarmaður G. T. P. brautarinnar, segir, að brautin muni á þessu hausti flytja 10 miljónir bush, af hveiti, og að félagið hafi geymslurúm fyrir 30 miljónir bush. við endastöðvar sínar. Járnbrautalestir segir hann muni renna frá Montreal til Klettafjalla árið 1912, og ári síðar alt vestur til Prince Rupert við Kyrrahafið. Og hann segist sannfærður um það, að á mestu 10 árum verði svo miklar framfarir í Vestur-Canada, að öll yfirráð í landinu, bæði pólitisk og fjárhagsleg, verði frá Vestur-Canada, og að Austurfylkin megi þá lúta í lægra haldi.

— Feikna stormar hafa undanfarna daga ætt yfir strendur norðurhluta British Columbiu og Alaska. — Fjarska miklar rigningar hafa og gengið þar, svo brýr hafa skolast burt af vatnsföllum og talog ritsímastólpar hafa brotnað og fallið til jarðar. Járnbrautateinar hafa einnig skolast burtu á 2 mílna svæði. Jarðfall við Skeena ána sópaði burtu í einu vetfangi öllum ritsímastaurum á mílu svæði, og vatn gekk í hús manna svo að 15 þuml. hátt varð á gólfum inni. Hafnstæði og skipalægi við Prince Rupert hefir algerlega eyðilagst á nokkurra mílna svæði. Mörg skip og bátar hafa brotnað í spón. Ekki hefir spurst að mannskaði hafi orðið þar vestra af völdum þessa óveðurs.

— Bandaríkjastjórnin hefir höfðað mál móti eigendum blaðsins New York World fyrir grein, sem prentuð var í blaðinu um það leyti sem baráttan stóð sem hæst um forsetakosningarnar árið 1908. Í grein þeirri var staðhæft, að Charles P. Taft, Douglas Robinson, Wm. Cromwell og J. P. Morgan hefðu náð umráðum yfir Panama skipaskurðar-veginum fyrir að eins 3 miljónir dollara, og selt svo rétt sinn til Bandaríkjastjórnarinnar fyrir 36 miljónir dollara. Þessu átti að hafa verið komið í kring með tilstyrk Roosevelts, sem þá var forseti, og Wm. H. Tafts, núverandi forseta. Málið er nú fyrir hæsta rétti Bandaríkjanna, en dómsúrskurður ólengnin enn.

— Á Rússlandi voru 6,977 menn dæmdir fyrir pólitiskar sakir á sl. ári, og hegnt sem hér segir: — vistar æfilangt 1765, til fangavistar um skemri tíma 1525, í herfangelsi 660, til lífstíðar útlegðar í Síberíu 507 og til ýmiskonar annarar hegningar 1081.

— Nýlega hefir hefðarfrú ein á Ítalíu verið tekin föst og mál höfðað á hendur henni fyrir prettvísi. Svo stóð á, að fyrir 20 árum átti hún eiginmann og þess utan átti hún elskhuga. Bóndinn og elskhuginn háðu einvígi og bóndi beið bana. En út af þessu fékk elskhuginn svo mikið samvizkubit, að hann gekk í klaustur og gerðist munkur. En frúin, sem hann hafði gert að ekkju, mátti ekki án hans vera. Hún klæddist því karlmannsbúningi, tók sér gerfinafn og fékk inngöngu í sama klaustrið, sem elskhugi hennar var í. Þar hefir hún nú verið í sl. 18 ár, án þess að nokkur hafi grunað að hún væri kona, þar til nú í byrjun óktóber, að það komst upp af tilviljun og var hún þá handtekin.

— Fyrsta herskipið, sem Canada hefir keypt, kom til Quebec þann 21. b. m., og var fagnað þar með mikilli viðhöfn.

— Dr. Crippen morðmálinu á Englandi er lokið. Hinn ákærði var af kviðdóminum sakfeldur — eftir líkum — um morð konu sinnar og dæmdur til að hengjast þann 14. eða 15. nóv. — Ungfrú LaNeve — sem kærð var um, að vera meðsek Crippen í morðinu, var sýknuð og er nú frí og frjáls.

— Tveir Bandamenn hafa nýlega kept um háflug, annar komst 7,105 fet en hinn 7,303 fet í loft upp. Á þeirri hæð var kuldi svo mikill, að frosthéla kom á gleraugu þess, er vélinni stýrði, og varð hann því að boka sér niður á við. — Enn einn flugmaðurinn, C. F. Raglev (brezkur maður) hefir nýlega flogið 20 mílur vegar á minna en 20 mínútum, eða nákvæmlega 19 mínútum 45 og tveim fimtu hlutum úr sek.

— Nú eru þeir Allan O. Hawley og Augustus Post, sem fyrir nokkuru þeldu upp frá St. Louis í loftfari, komnir fram við Paribonka ána í norðurhluta Quebec fylkis. Þeir höfðu flogið alls 1350 mílur, og er það lengsta loftflug, sem enn hefir verið gert. Þeir voru 46 klt. á flugínu.

— Nýja stjórnin í Portúgal segist vera undrandi yfir spilliagu gömlu stjórnarinnar og fjárdrætti embættismanna hennar. Konungslaunin, sem voru 800 þús. dollarar á ári, sparast hér eftir algerlega, en lýðveldisforsetanum verða ætluð viðunandi laun fyrir starf hans — Allir tollar á nauðsynjum alþýðunnar verða lækkaðir, en útgjöld verða hækkuð á ríkisfólki, sem á liðnum árum hefir komist hjá skattgreiðslu af miklu af eignum sínum, en verður hér eftir látið borga fullan skatt af þeim. Algerður aðskilnaður ríkis og kirkju verður og gerður svo fljótt, sem unt er, helzt fyrir lok þessa nýbyrjaða mánaðar (nóv.).

— Óvanalegur fjöldi af ungum konum stunda um þessar mundir lækninám á Englandi. Þetta orsakast af því, að stjórnin hefir ákvarðað, að mynda fjölskipaða kvenlæknadeild á Indlandi, er borgað sé af ríkisfé. Að þessum tíma hefir sú raun á orðið, að miljónir sjúkra kvenna á Indlandi hafa beldur kosið að deyja drotni sínum, heldur en að þiggja lækrishjálp frá karllæknum. En til þessa tíma hafa að eins fáir kvenlæknar unnið á Indlandi, og hefir heim verið borgað af svonefndum Dufferin sjóði. En þetta hefir reynst allsendis ónógt og þess vegna hefir stjórnin tekið málið að sér, og ætlar nú að auka tölu kvenlækna og launa þá alla af ríkisfé.

— Þær fregnir berast stöðugt út að uppreist sé nú á Grikklandi, svo að Georg konungur verði neyddur til að leggja niður völd hið bráðasta, en litlar fregnir eru enn látnar berast út um það. — Fyrirspurnir um þetta voru sendar til Athenuborgar þann 27. okt., en svör fengust engin þaðan, og gefur það grun um, að borgin kunni að vera á valdi uppreistarmanna. Fjandskapur mikill hefir að undanförnu verið með alþýðu þar í borg og landsþinginu, svo að stjórnin varð að leysa þingið upp fyrir nokkrum dögum. Síðasta stjórnarráðið var myndað þar þann 18. óktóber, en það var að eins við lýði 8 daga. Í þinginu var hver höndin upp á móti annari, svo að stjórnin gat við ekkert ráðið. Venizelos stjórnarformaður minti það á, að Grikkland hlyti að tapa sjálfstæði sínu, ef þessu færi fram, eins og Finnland hefði tapað því fyrir innbyrðis óeirðir. Konungur hefir neitað, að taka uppsögn ráðaneytisins gilda, svo að ráðherrarnir verða að sitja í embættum móti vilja sínum. — Hvort Grikkland verður lýðveldi, eða kemst aftur undir yfirráð Tyrklands, verður ekki með vissu sagt að svo stöddu, en líklegt þó, að Tyrkir slái eign sinni algerlega á landið, ef stórveldin ekki skerast í leik. Grikkir voru áður undir yfirráðum Tyrkja, en náðu frelsi árið 1830, eftir 9 eða 10 ára ófrið. Georg konungur kom til valda þar árið 1863, og hefir jafnan síðan verið valtur í sessi, þó landið sé undir vernd Breta, Frakka og Rússa, sem hverjir um sig hjálpa til að borga honum part af launum hans, sem nema alls 52 þúsund pund sterling á ári. en hvert af nefndum ríkjum leggja í hann sjóð 4 þúsund pund á ári. — Þar í landi er skyldu-herþjónusta, og verður hver fullorðinn maður að vera 3 ár í hernum.

— Embættismenn Dom. stjórnarinnar hafa í nýútkominni skýrslu frá Ottawa mælt móti því, að stjórnin starfræki hina fyrirhuguðu Hudson flóa braut. Aðalverkfræðingur opinberra verka deildarinnar segir braut þá, þegar búið er að leggja hana, ekki geta orðið starfrækta til fullnustu meira en tvo mánuði eða að mesta lagi þrjá mánuði úr ári hverju. Þess vegna verði hún að starfrækjast í sambandi við eitthvert öflugt járnbrautarkerfi. Vagnstöðvar eiga að vera á braut þeirri á hverjum 5 mílum, og vatnsker á hverjum 15 mílum. Og verksmiðjur verða settar á hæfilegum stöðum á brautinni, sem geti lagfært og haldið í góðu ástandi 32 vöruflutningslestum og einni fólksflutningslest á hverjum sólarhring. Port Nelson er sögð bezta höfnin við flóann og braut þangað 67 mílum styttri, en ef hún vröi lögð til Fort Churchill og land er betra sunnan við Port Nelson, heldur en þegar norðar dregur.

— Snjófall talsvert með skörpu frosti varð sumstaðar í Minnesota og Ohio þann 27 óktóber, og einnig í Kansas.

— Landmælingamenn Dominion stjórnarinnar skýra frá því, að þeir hafi fundið fjall norðast í Canada, sem muni vera það hæsta á meginlandi Ameríku, og þeir ætla að það sé 2 þúsund fetum hærra en McKinley fjall.

— Meira kapp er nú lagt á loftsiglingar, en flest annað, sem menn fást við, og hver keppist við annan, að komast sem hæst í loft upp, að komast sem lengstan veg á sem styztum tíma og að halda sér sem lengst í lofti á flugi. — Þann 28. okt. flaug Ralph Johnson í New York borg 8471 fet í loft upp. það er miklu hærra flug, en nokkur annar maður hefir áður gert.

— Þýzka þingið, sem átti að hafa komið saman þann 8. þ. m., byrjar ekki fyr en hálfum mánuði síðar. Þessi þingfrestun var ákveðin — segir stjórnin — í því augnamiði, að veita nefnd þeirri, sem fjallar um endurbætur á ábyrgðarlögum ríkisins, tíma til að lúka starfi sínu. En alþýða manna í Berlín og víða út um landið segir hina sönnu ástæðu vera, að stjórnin óttist að mæta fulltrúum þjóðarinnar, því að mikil óánægja er nú um land allt yfir ástandinu. Það hefir orðið hljóðbært, að fjárhagur ríkisins sé alt annað en á kjósanlegur. Svo eru æsingar miklar út af framkomu lögreglunnar í Berlín, þegar óeirðir urðu nýlega þar í borginni, og einnig út af ræð um þeim, sem keisarinn hafði flutt í ýmsum borgum um guðlega köllun sína til einveldis og ábyrgðarleysis. — Aðalmálin, sem rædd verða á næsta þingi þjóðverja, er fjárhagur ríkisins, hækkun verðs á öllum lífsnauðsynjum, tollmálið, ræður keisarans o. fl. þ. h. Það er mál manna, að stjórnin vildi helzt geta komist hjá umræðum um öll þessi mál.

— Loftsiglingamenn reyndu sig á laugardaginn var í New York borg og flaug einn þeirra 60 mílur á klukkustund. Annar flaug 72 mílur á sama tíma, sá hét Alfred la Blanc; hann flaug 70 fet frá jörðu, en flug hans endaði svo, að hann rak vél sína á ritsímastaur, þegar hann var að fara til jarðar. Flugvélin varð ónýt og staurinn brotnaði í tvent. En flugmaðurinn gat hent sér úr vélinni áður en hún rakst á staurinn, og meiddist hann nokkuð á höfði, en var að öðru leyti óskaðaður.

— Capt. Madiot datt úr flugvél sinni í Parísarborg á laugardaginn var, yfir 200 fet til jarðar, og beið bana við fallið. Honum hafði tekist vel flugið, en orsök til þess að hann féll úr vélinni, er ókunn.

— Spánarstjórn hótar, að senda 40 þúsund hermenn til að herja á Morocco, ef ekki sé tafarlaust borgaðar þær 26 miljón dollara dollara skaðabætur, sem Spánn heimtar af Morocco, sem afleiðing af síðasta ófriði milli þeirra.

Sjötíu og fimm þúsund pör af hafsúlum búa árlega á skozku eyjunni Bass, sem er mjög lítil. Á Falklandseyjunum finnast 100,000 mörgæsaegg, á 25,000 ferhyrningsmetra svæði. Hver gæs leggur aðeins eitt egg í hreiðrið, svo þar eru 200,000 mörgæsir alls. Langs vesturströnd Suður-Ameríku sézt þétt röð af fuglum þessum á mílulöngu svæði. Fyrir utan Tasmaníu sást þéttur hópur af fýlungum, 200 metra breiður og 40—50 metra hár, fljúgandi áfram viðstöðulaust í 1½ klukkustund; tala þeirra var áætlin að vera í minsta lagi 150 miljónir. Á eyju, þar sem selir halda til, hefir sézt selahjörð á 18 kilómetra löngu svæði og 70 metra breiðu, sem eftir því að dæma hefir verið talsvert yfir miljón að tölu. Við efri Kongó hafa sézt flokkar af antilópum, sem að minsta kosti töldu 30,000, árið 1872 veiddust á vesturströnd Slésvíkur 5 miljónir af síld, og í þeim fundust til jafnaðar 30,000 af ofurlitlum kröbbum, eftir því alls hér um bil 10 miljarðar af kröbbum.

OGILVIE'S
Royal Household Flour

Til Brauð og Köku Gerðar

OGILVIE'S ROYAL HOUSEHOLD

Gefur Æfinlega Fullnæging

EINA MYLLAN Í WINNIPEG — LÁTIÐ HEIMAIÐNAÐ SITJA FYRIR VIÐSKIFTUM YÐAR.

Á Menningarfélagsfundi

26. Óktóber 1910.

Með sannleiksþrá og sigurhönd
að sópa heimsins skuggalönd
er hlutverk mannsins öld frá öld
og aldrei ketnur tímans kvöld,
en jafnt um hreysi' og höfuðból
mun hækka lífsins morgunsól
og geislum hella' á leiti og laut
og lýsa andans huldu braut.

Og heill sé þeim, sem hvatir fann
af hönd að leysa starfa þann
að slíta vanans vélabönd,
sem veikja dáð og lama hug,
að beita vængjum frjáls á flug,
að finna þráða ljóssins strönd.

* * *

Vor félagsheild mun hreppa enn
í hlut sinn alla góða menn,
sem tengja ætíð andans bönd,
þó að þá skilji haf og lönd, —
sem virða einkis vana' og stétt,
en vinna' að því að breyta rétt.

Jónas Hall.

ÍSLENZKAR BÆKUR

Ég undirritaður hefi til sölu nálega allar íslenzkar bækur, sem til eru á markaðinum, og verð að biðja að Mary Hill P.O., Man. — Sendið pantanir eða finnið.

Niels E. Hallson.

WALL PLASTER

"Empire" VEGGJA PLASTUR kostar ef til vill ögn meira en hinar verri tegundir, —en berið saman afleiðingarnar.

Vér búum til:

"Empire" Wood Fibre Plaster
"Empire" Cement Wall "
"Empire" Finish "
"Gold Dust" Finish "
"Gilt Edge" Plaster of Paris
og allar Gypsum vöruteg. undir. —

Eigum vér að senda yður bækling vorn?

BÚIÐ TIL EINUNGIS HJÁ
MANITOBA GYPSUM CO. LTD
SKRIFSTOFUR OG MILLUR Í
Winnipeg, - Man.

Heimskringla

Published every Thursday by The Heimskringla News & Publishing Co. Ltd

Verð blaðsins í Canada og Bandar $2.00 um árið (fyrir fram borgað). Sent til Íslands $2.40 (fyrir fram borgað af kaupendum blaðsins hérlendis $1.50.)

B. L. BALDWINSON
Editor & Manager

Office:
729 Sherbrooke Street, Winnipeg
P.O. BOX 3083. Talsími 9512.

Fjármál ríkisins.

Skýrslan um þau fyrir fyrstu 6 mánuði þessa árs, sýnir, að innflutningur á vörum til landsins er að aukast, og inntektir í fjárhirzluna aukast í jöfnum hlutföllum við vaxandi skatta á landsbúum. Rétt er að taka það fram, að fyrir hverja dollars inntekt í ríkissjóðinn, verða að koma dollars útgjöld einhversstaðar frá, og af því að aðrar þjóðir hafa ekki lagt það í vana sinn, að moka fé í fjárhirzlu Canada, þá leiðir af því, að, að Canada búar verða sjálfir að leggja það til. Þess vegna er það, að þess meiri sem inntektir ríkissjóðsins verða, þess meiri útgjaldabyrði legst á Canada þjóðina, því að hún ein leggur til alt það fé, sem í fjárhirzluna kemur.

Nú sýna þessar skýrslur, að inntektatollar, hinir svo nefndu "frjálsverzlunar tollar Laurierstjórnarinnar", hafa á þessu sex mánaða tímabili orðið $36,185,416, eða nálega eins miklir eins og öll ársinntekt Canada ríkis var á síðustu stjórnarárum Conservativa 1905—6, þá var öll inntekt ríkissjóðsins $36,618,590.

Það má ætla, að inntektir þessa fjárhagsárs verði að minsta kosti tvöfaldar við það, sem bær voru fyrir 14 árum, og tolltekjan af innflutnum varningi einnig tvöfölduð við það, sem hún þá var, eða sem næst 70 miljónir dollara. Innlandstollar verða og ekki langt undir 15 miljónum, svo að tolltekjurnar alls munu nálgast 85 miljónir dollara, en það er þreföld upphæð við það, sem Conservativar lögðu á þjóðina undir verndartolla fyrirkomulaginu, á sínu síðasta stjórnarári.

Þessi feikna tollskattur, sem nú er lagður á þjóðina, nemur sem næst $12.00 á mann, eða $60.00 á hverja fjölskyldu í landinu á ári. Með öðrum orðum, "frjálsverzlunarskattur" Laurierstjórnarinnar er sem næst einn dollar á mánuði á hvert mannsbarn í landinu, konur jafnt sem karla og börn jafnt sem gamalmenni.

Því verður ekki neitað, að skatrálögur hafa hækkað á þjóðinni á sl. nokkrum árum langt umfram það, sem íbúatalan hefir aukist, og þetta er órækur vottur þess, að hið svo nefnda inntekta-tollafyrirkomulag tryggir það engan veginn að skattbyrðin lækki umfram það, sem hún var eða er eða verða kann undir verndartollafyrirkomulaginu.

Inntektatollar eru óákveðin stærð, og takmarkast ekki við neitt nema eyðsluákvörðun stjórnarinnar. Þegar sparsöm stjórn er í landi, þá má búast við lægri tollbyrði, en þegar eyðslusöm stjórn hefir ráðin.

Á yfirstandandi tíma höfum vér ríkisstjórn, sem lengra hefir gengið í tollheimtu frá þjóðinni, en nokkur önnur undanfarandi stjórn, sem hefir verið hér í landi. En þrátt fyrir það, þó tolltekjur stjórnarinnar séu þrefaldar við það, sem áður var, hefir þó þjóðskuldin hækkað úr 325 miljónum upp í 483 miljónir. Og einu gildir, hvort ríkiseignirnar eru í háðum tilfellum dregnar frá aðalríkisskuldinni eða ekki, — skuldin, hvort sem hún er talin "net" eða "gross", hefir mikið aukist, og mun halda áfram að aukast ár frá ári meðan núverandi fjármálafyrirkomulag er viðvarandi.

Farið hefir verið fram á, að stofna viðvarandi tollmálanefnd, sem ákveði, hve mikinn toll skuli leggja á hverja vörutegund, sem flutt er inn í landið, og skal sú nefnd vera óháð stjórninni að öllu öðru leyti en því, að biggja laun sín frá ríkinu. Með þessu móti færir stjórnin alla ábyrgð af sér yfir á nefndina, og er henni það ekki láandi. En þegar nefnd sú er tekin til starfa, má ætla, að hún taki hagsmuni alþýðu til greina, svo að tollálagningin verði sem næst því, sem, almennt verður álitið sanngjarnt. Með því móti er tollmálið tekið út úr pólitik, og það mundi ekki verða landslýðnum yfirleitt neitt hrygðarefni. Það mundi spara marga deilugrein, og ekki framar verða gert að höggstað á stjórn landsins, hvor flokkurinn sem að völdum kann að sitja.

Enn er þó óvíst, hvort nefnd þessi verði skipuð eða ekki, en líkindi til að svo verði, því hugur alþýðu stefnir stöðugt í þá átt, og þegar alþýðan vinnu sameiginlega að framgangi þjóðlegra mála, þá er það ætíð trygging fyrir heppilegum úrslitum.

Portúgal stjórnin.

Fregnriti blaðsins London Times, sem vitanlega er lærður maður, því að það blað hefir ekki annað en hámentaðfólk í þjónustu sinni, — hefir nýlega ritað blaðinu frá Portúgal um skoðun sína á þeim mönnum, sem þar hafa völdin nú sem stendur.

Hann segir, að uppreistin gegn veldi konungsins hafi haft framgang fyrir aðgerðir þriggja æsinga manna. Tveir þeirra segir hann að séu með mestu lærdómsmönnum þar í landi, en sá þriðji sé gróðgerður grjótpáll, sem mest hafi unnið að verklegu framkvæmdunum meðal þjóðarinnar, meðan hinir hafa lagt á ráðin og myndað grundvöll fyrir framkvæmdir hinnar nýju stjórnar. Hann dregur engan efa á, að lærdómsmennirnir báðir muni reynast vaxnir þeim ábyrgðarfullu embættum, sem þeir hafa tekið að sér í stjórninni, hvað sem um "grjótpálinn" kunni að verða, sem nú er orðinn dómsmálastjóri í hinni nýju stjórn. En það hyggur hann, að nú sem stendur sé stjórn landsins í umsjá manna, sem þjóðin megi fylliega treysta.

Forseti stjórnarinnar er eins og kunnugt er Theophile Braga. Hann var áður stjórnandi vísindaskólans í höfuðborg ríkisins. Hann er kunnur um land alt, sem einn af mestu lærdóms og mælskumönnum í Portúgal. Stjórnmálaskoðanir hans eru sagðar að vera eins háfleygar og nokkurs annars samtíðarmanns hans í nokkru landi, og þær hafa gert hann að einum vinsælasta manni landsins. Allir viðurkenna hann sem hreinskilinn og strang-heiðarlegan stjórnmálamann, og enginn efast um þá einlægu ást, sem hann ber til föðurlandsins. En andstæðingar hans finna honum það til foráttu, að hann sé of mikill draumsjónamaður, og segja, að hann muni styttu aldur sinn með sinni óstjórnlegu framleitni. Annars er Braga einn þeirra manna, sem ekki að eins hugsar um stjórnmál í sínu eigin landi, heldur lætur sig einnig máli skifta stjórnarfar annara ríkja, að svo miklu leyti, sem hann fær því við komið með áhrifum sínum. Hann hefir um margra ára tíma vonað að geta komið á lýðveldissambandi með Portúgal og nágrannaríkjunum, og þó hann sé farinn nokkuð að eldast, vonar hann samt að lifa svo lengi, að hann sjái hugsjón sinni komið í framkvæmd.

Miklu óðruvísi maður er Alfonso Costa, núverandi dómsmálaráðgjafi. Hann er sönn ímynd æsingamanna, og hefir verið leiðtogi hinna svæsnustu þeirra í þinginu um sl. 3 ár, og var einn af leiðtogum uppreistarinnar, sem þar var gerð í hitteðfyrra og sem þá mistókst algerlega. Í þeirri atrennu var hann staðinn að verki, og var þá varpað í fangelsi. En ekki gugnaði hugur hans við það. Hann var einn þeirra, sem beztri vörn hélt uppi fyrir þeim, sem myrtu Carlos konung, og í þinginu hefir hann ótraðlega unnið að því, að fella sex stjórnarráð. Og hann var ætíð andvígur stjórninni hver svo sem hún var og hversu vel sem hún starfaði. Hann er afar duglegur og fljótur til að framkvæma alt, sem hann hefir áhuga á. En hvort hann verður sjálfur hygginn stjórnari, verður ekki sagt að svo stöddu.

En hinn mesti maður í Portúgal á yfirstandandi tíma er talinn Dr. Bernardina Machado, núverandi utanríkisráðgjafi. Hann er meira þektur í öllum Evrópulöndum, en nokkur hinna. Hann er lærdómsmaður mikill og talar mörg tungu mál. Um nokkurra ára bil var hann prófessor í heimspeki í mesta háskóla Portúgal ríkis, og bækur þær, sem hann hefir samið um stjórn og hagfræði, hafa náð mikilli útbreiðslu. Um tíma var hann ráðgjafi opinberra verka í stjórnarráði Carlos konungs, en sagði því embætti af sér, þegar konungurinn krafðist þess, að hann léti gera umbætur á konungshöllinni á kostnað ríkisins. Fram að þeim tíma hafði hann verið einn af konunghollustu mönnum landsins. En þegar honum sinnaðist við konunginn, snerist hann algerlega. Og þá varð hann sannfærður um, að svo lengi, sem konungum vröi leyft, að hafa nokkur áhrif á stjórnarfar landsins, þá yrði gjaldþoli alþýðunnar ofþyngt og engin von um sparsamlega meðferð ríkisfjárins.

Hann fór aftur til háskólans. En árið 1907 tók hann að sér að halda fram málstað nokkurra ungra námsmanna í deilum þeirra við kirkjuna, — katólsku kirkjuna þar í landi. En við það snerust vinir kirkjunnar svo á móti honum, að hann hætti að halda fyrirlestra á háskólanum. Síðan hefir hann um ekkert annað hugsað og að engu öðru unnið en því, að fella konungsstjórnina og kirkjuvaldið og koma á lýðveldi. Þetta gat hann gert vegna þess, að hann er auðugur maður og þurfti ekki undir högg að sækja til andstæðinga sinna. Hann vildi haga og reyndi að haga svo málum sínum og flokks síns, að hægt yrði að koma lýðstjórn á í landinu án blóðsúthellinga, og það er mikið að þakka hans ráðum og kænlega undirbúningi, að svo fáir féllu þegar uppreistin hófst fyrir alvöru fyrir fáum vikum.

Fregnriti London Times segir að Machado sé eitt af aðal-goðum portúgisku þjóðarinnar. Hann er djúphygginn stjórnmálamaður og gæfur í lund, góðgjarn og sérlega gjafmildur við fátæklinga. Og svo er sagt, að jafnvel meðan Manuel konungur ríkti, þá hafi honum ekki verið eins vel fagnað í samkvæmum eins og Machado, þegar hann fór út á meðal alþýðunnar.

Dr. Machado er sérlega vinveittur Englandi, en hann fylgir embættisbræðrum sínum í því, að krefjast þess, að Bretar láti þjóðmál Portúgals afskiftalaus, og að hvert það samband, sem ríkin geri sín á milli verði gert á lýðstjórnarlegum grundvelli en ekki konunglegum.

Þrældómur.

Þó þeir tímar séu nú undir lok liðnir meðal menningarþjóðanna, að mansal eigi sér stað, og þar af leiðandi þeirri ánauð létt, vill þó brenna all-víða við, að litlu eða engu betri þrældómur eða ánauð viðhaldist. Því hvað er lágt kaupgjald og langur vinnutími annað en ánauð? Vinna, sem stórspillir heilsu, og kaupgjald, sem lætur fólk svelta, — getur nokkur ánauð verið öllu bersýnilegri?

Hvað karlmönnunum viðvíkur eru þeir miklu betur af í þessu efni en kvenfólkið. Þeir hafa viðsvegar öflug verkamannafélög sér til verndar, en kvenfólkið ekki, og þess utan eru kjör þeirra að jafnaði mun betri.

Margir munu álíta, að kjör vinnukonunnar eða eldabuskunnar séu einna lökust, en svo er ekki. Þær hafa þó fæði og húsnæði og þurfa því ekki á þann hátt að kvíða komandi degi, sem margar aðrar meðsystur þeirra oftlega gera. Þær, sem eru lakast farnar í þessum efnum, eru verksmiðju og búðarstúlkur. Tökum sem dæmi verksmiðjustúlkur, sem hafa $5.00 á viku, sem flestar hafa, er þær byrja vinnu, og sumar minna, jafnvel ekki meira en $3.00. Af þessum $5.00 verður hún að borga $3.50 til $4.00 fyrir fæði og húsnæði og 50 cents fyrir strætisvagnagjald. Hafi hún þá einn dal afganga, gengur hann í klæðnað, og sér hver heilvita maður, að minna kemst enginn af með. Á sunnudögum verður hún svo að þvo af sér, því engin ráð hefir hún að borga fyrir þvott. Missi hún vinnuna eða veikist, stendur hún uppi allslaus og ráðþrota, algerlega upp á hjálp og góðmensku annara komin. Vitanlega fær stúlkan launahækkun, þegar fram líða stundir, en yfir 9 dollara fá þær örsjaldan, þó þær hafi unnið í fleiri ár í sama stað. — Svipað er því varið með búðarstúlkur, launin eru lítið eitt hærri, en þær verða að vera langtum betur búnar en verksmiðjustúlkur, og vinna þeirra er og að mun óhollari. Verksmiðjustúlkan getur oftlega setið við vinnu sína, en það er búðarstúlkunni ómögulegt að jafnaði bannað, og að fá aldrei tækifæri að setjast niður allan daginn nema um miðdegisverðinn, er nóg til að eyðileggja heilsu hverrar meðalhraustrar stúlku áður en mörg ár eru liðin. — Búðarstúlka, sem hefir 6 dollara á viku, verður oftlega að svelta hálfu hungri til þess að geta verið svo vel til fara, sem af henni er heimtað. Hún leigir oftast herbergi í félagi með annari, og búa þær að jafnaði til morgunverð og kveldverð, en kaupa dögurð á greiðasöluhúsum. En þótt þær neyti alls sparnaðar í mat og þvoi þvott sinn sjálfar, þá eru þær oftlega ráðalausar að geta klætt sig eins vel og af þeim er heimtað. Þær vita, að þær missa atvinnuna, ef þær eru ekki vel til fara, og það eitt er nóg til þess, að gera þær hálf-ringlaðar. Hvert á umkomulaus unglingsstúlka að leita? Hið eina, sem henni er opið er að halda í atvinnu sína, — atvinnu, sem er svo smánarlega borguð, að ill-lífvænleg er, en sem gerir svo strangar kröfur til klæðnaðar, að þetta litla kaup nægir alt að ganga í hann, ef vel væri. — Þetta, frekar öllu öðru, hefir knúð margar umkomulausar ungar stúlkur út á lastanna braut og þær munu ekki all-láar vera, sem nú eru útskúfaðar, glataðar sálir, sem hafa byrjað sem búðarstúlkur, en sem hungur eg vo'æði, eða með öðrum orðum afleiðing af lágu kaupi, hefir gert að vændiskonum.

Í einu af merkasta tímariti Bandamanna, McClure's Magazine fyrir októbermánuð, er þetta mál tekið til athugunar, og eru þar meðal annars tilfærðar skýrslur frá ýmsum búðarstúlkum yfir kjör þeirra. Allar höfðu þær unnið í New York, og allar voru þær meir eða minna farnar að heilsu eftir fárra ára vinnu.

Fyrsta dæmið, sem tímaritið tilfærir, er af stúlku, sem byrjaði að vinna tvítug í einni af aðalbúðum borgarinnar. Hún byrjaði með $4.50 á viku, og á fimm ára tímabili, sem hún vann í búðinni, fékk hún eins dollars launahækkun. Hún vann níu stundir á dag, og ef það kom fyrir, að lítið eða ekkert var til að gera og hún sett ist niður til hvíldar, var henni jafnskjótt skipað, að standa á fætur og gera þetta eða hitt, sem engin nauðsyn var á að gera, sem einungis var til þess gert, að aftra henni fárra mínútna hvildar. Vikuna fyrir jólin varð hún að vinna 14 stundir á dag, án þess að fá aukaborgun. Af þessum "stóðum" varð hún fótaveik, og þegar hún eitt sinn kvartaði um lúa, var henni gefið til kynna, að hennar þvrfti ekki lengur með, þeir heiðu ekki not af heilsulausumræflum. Hún hafði unnið í þessari búð í fimm ár, er henni var sagt upp vistinni. Hún fékk seinna vinnu í annari búð með $4.00 vikulaunum, en þá atvinnu misti hún nokkurum mánuðum síðar vegna sjúkleika. Þannig var stúlka þessi 25 ára gömul orðin heilsulaus aumingi eftir sex ára vinnu í búðum, eingöngu fyrir illa aðbúð sem afleiðing af lágu kaupgjaldi og heimskulegri harðneskju af hálfu yfirmanna búðanna, að neita stúlkunum hvíldar, þegar ekkert var að gera.

Annað dæmið tilfærir tímaritið af 17 ára gamalli stúlku, sem hafði fyrir tveim árum byrjað að vinna í búð, og sem fékk $2.62½ um vikuna, eða $5.25 borgað hálfsmánaðarlega. Hún vann tíu stunda vinnu á dag, nema fyrir jólin vann hún 14 stundir. Hún bjó hjá ekkju sinni, ogtil hennar gengu allir þeir peningar, sem hún vann fyrir fyrsta árið. Seinna flutti hún til frænku sinnar, sem bjó út úr borginni, og henni greiddi hún $1.15 fyrir fæði og húsnæði; en vegna þess, hvað hún bjó langt frá bænum, varð hún að borga $1.26 fyrir ferðir sínar með strætisvögnunum. Þegar hún vann yfirtíma, gat hún sjaldan komist heim fyrr en kl. hálftólf á kveldin, og til þess að komast í vinnuna í tæka tíð á morgnana, varð hún að fara á fætur kl. 6, eftir 5 og hálfrar stundar svefn. Seinna fékk hún vinnu í annari búð, sem borgaði henni $4.00 á viku. Flutti hún sig þá til borgarinnar og kom sér fyrir á hjálparstofnun fyrir ungar stúlkur. Borgaði hún 6 cents fyrir næturgreiða, morgunmat hafði hún engan, en um hádegið keypti hún sér kaffi og brauð fyrir 10 cents, og á kveldin neytti hún þess sama. Henni var ómögulegt að þvo af sjálfri sér, svo hún varð að borga 21 cents fyrir þvott á hverri viku. Vikuskýrsla hennar var þannig: — Húsnæði 42c, fæði $1.40, þvottur 21c og fatnaður $1.97; samtals $4.00. Auðvitað gat stúlkan ekki haldið heilsu til lengdar með þannig lagaðri aðbúð. Eftir nokkurra mánaða tíma, varð hún að hætta vinnu og varð að fara til ömmu sinnar sem heilsulaus ræfill, og óvíst, að hún verði nokkru sinni jafngóð.

Dæmi lík þessum tveimur flytur tímaritið all.mörg og segist muni flytja fleiri.

Hins vegar skal þess getið, að fjöldinn allur af búðarstúlkum í New York búa á góðgerðastofnunum; sem veita bæði fæði og húsnæði fyrir væga borgun. En harla er það hart, að þurfa að vera upp á góðgerðastofnanir kominn vegna þess, að vinnuveitendurnir eru blóðsugur, sem pína og halda verkafólki sínu í fjötrum ánauðar og smánarlega lágs kaupgjalds.

Hvað Winnipeg borg viðvíkur, þá virðist ástandið hér lítið eitt betra en í New York, — en það er að eins lítið eitt betra. Kaupgjaldið einum eða tveimur dollurum hærra, en lífsskilyrðin aftur á móti dýrari, og góðgerðaheimili, sem liðsinna búðarstúlkum eða verksmiðjustúlkum, engin.

Ein ung og efnileg íslenzk stúlka leitaði sér atvinnu við aðra stærstu verzlun borgarinnar, og fékk hana. Þegar gjalda átti henni kaupið, kom það henni mjög á óvart, að fá að eins 3 dollara, hún hafði búist við margfalt meiru. Henni var sagt, að þetta væri vanaborgun fyrir byrjendur. Hverni ig hefði nú þessi stúlka farið að framflevta lífinu með þessum launum, ef hún hefði ekki átt aðstandendur? Því hvað sparlega, sem hún hefði lifað, og hvað ódýra húsaleigu, sem hún hefði borgað, þá var það lífs-ómögulegt fyrir hana, að fá húsnæði, fæði og föt fyrir 3 dollara. Hvað hefði þá legið fyrir umkomulausri stúlku annað en svelta, eða selja sjálfa sig? Ég sé engan annan veg fyrir hana.

Menn kasta steini að hinum fallna, — guðsmennirnir engu síður enn aðrir, en þeir gæta þess ekki, að fallið hefir oftlega orsakast vegna þess, að þeir og aðrir máttarstólpar þjóðfélagsins, hafa með smásálarlegum nirfilsskap knúð þær til að falla.

Margs furðar ef til vill á þessu, og telja lítt trúanlegt, en þeir hinir sömu þurfa ekki annað til að fullvissa sig um, að hér er rétt hermt, en að vera viðstaddir þegar stúlkunum er borgað kaup sitt, eða sem öllu auðveldara er: fara sjálf og biðja um atvinnu, eða ef karlmaður á í hlut, þá fyrir hann að senda dóttur sína eða kunningjastúlku í þeim erindagerðum, og þá mun fullvissa fást fyrir, að hér er ekki orðum aukið. Kaupið, sem þeim vröi boðið, mundi sannfæra þær eða þá um það.

En er ekki tími til kominn, að ráða þessu bót?

LÝÐHVÖT

Til Íslendinga í Pembina County,

Kosningadagurinn er í nánd. Stjórnmálaflokkarnir fá sinn dómsúrskurð með atkvæðum fólksins, hverjum sem hann verður í vil. Samt er eitt mál á dagskrá utan vébanda flokkanna, sem gengur til atkvæðagreiðslu. Það er flutningur County höfuðstaðar frá Pembina til Cavalier. Það er engin þörf á, að leiða athygli lesarans að því, hvor staðurinn er hentugri — það liggur í augum uppi, þar sem Cavalier er allra bæja næstur miðju Countysins, og stendur Pembina ekkert að baki með samgöngufæri. En Pembina hefir ekkert til síns ágætis annað en að þar var eitt sinn ákveðinn höfuðstaður og þinghús byggt, samkvæmt lögum, sem ríkisþingið samþykti árið 1882, eftir að Ordway ríkisstjóri hafði neitað þeim lögum undirskriftar.

Meðal annara ástæða, sem hann taldi fyrir þeirri neitun, var sú, að í frumvarpinu, eins og það kom frá þinginu, hefði hann talið 150 málfræðislegar villur.

Ég hefi ekki lögin né ástæður ríkisstjóra Ordways við hendina, og man ekki, hverjar hinar voru, en líkast er, að hann hafi séð, hvernig í málinu lá, nefnilega, að það var kappsmál þingmannsins frá Pembina County, sem átti heima í Pembina og átti miklar eignir í bænum, að fá alt klappað og klárt áður enn vesturhluti Countysins byggðist meira. En eins og þá stóð, var Pembina næsti bærinn við járnbraut, sem lá í gegnum St. Vincent hinumegin Rauðár.

Flutningurinn er áhugamál allra kjósenda í vesturhelmingi Countysins. Austurpartinn skaðar hann ekki, nema Pembina bæinn, sem auðvitað verður fyrir halla. Þess vegna hafa mótmælin eingöngu komið þaðan, og aðalástæðan hefir verið bygginga kostnaður í Cavalier, og fólkinu ægt með, hve mikill hann yrði. "Fáir ljúga meira en helming", segir máltækið, en þar hefir Pembina farið ögn lengra í kostnaðar áætlununum.

Jafnframt hafa þeir Pembinamenn, fyrir munn spámannsins, sem gefur út Pioneer Express, haldið því fram, að Pembina Co. mundi komast af með þær byggingar. sem þar standa, þangað til einhverptíma seinna á öldinni, ef ekki þangað til í aldarlok. Pembina bærinn kemst reyndar af með byggingarnar á meðan embættismenn Countysins eru búsettir þar, en Countyið kemst það ekki.

Skrifstofurnar eru þar í fjórum byggingum, og samt er ekki pláss fyrir skjalageymslu, nema að bera sumt af skjölunum út í járnklædda timburhjall og þakka þeim þar í kassa.

Þetta mun Pioneer Express sannfærast um og sjá strax eftir kosningar, ef atkvæði fást ekki nógu mörg til flutnings þaðan, og kreíjast nýrra bygginga eins fljótt og auðið er, og ef byggja skyldi eftir kostnaðaráætlun Pioneer Express, mundi hann verða tvöfaldur á móts við það, sem fullnægjandi byggingar mundu kosta í Cavalier.

En þetta er nú ekki aðalefnið, sem ég vildi útlista, heldur baráttu-aðferð Pembina-eins og hún hefir komið fram.

Aðferðin er sú, að taka málið í heild sinni frá úrskurðarrétti með atkvæðagreiðslu fólksins sem hlut á að máli, fólksins, sem borgar skattana og stendur kostnaðinn. Það var reynt, en lukkaðist ekki.

Með tilhjálp þriggja Hamiltonmanna var yfirréttur ríkisins beðinn að draga flutningsmálið af kjörskrá, ellegar, ef það yrði ekki gert, þá að bæta Hamilton við Pembina og Cavalier sem umsækjanda. Yfirrétturinn neitaði, að skifta sér nokkuð af málinu, og sú för varð ónýt. Gerð Pembina er söm fyrir það. Hún meinar: "The public be d—d". Meinar það, að fólkið skuli ekkert um það hafa að segja, hvort það vill borga árlegan aukaskatt fyrir að viðhalda Pembina og County byggingunum þar sem þær eru, eða ekki.

Munið þetta, landar! Sleppið engu atkvæði, sem hægt er að ná kosningardaginn, og greiðið þau öll fyrir Cavalier svo vefalaust sé.

JÓNAS HALL.

Sherwin-Williams PAINT
fyrir alskonar húsmálningu.

Prýðingar-tími nálgast nú. Dálítið af Sherwin-Williams húsmáli getur prýtt húsið yðar utan og innan. — Brúkið ekker annað mál en þetta. — S.-W. húsmálið málar mest, endist lengur, og er áferðarfegurra en nokkurt annað hús þál sem búið er til. —Komið inn og skoðið litaspjaldið.—

Cameron & Carscadden
QUALITY HARDWARE
Wynyard, - - Sask.

"KVISTIR"

kvæði eftir Sig. Jól. Jóhannesson, til sölu hjá öllum íslenzkum bóksölum vestanhafs

Verð: $1.00

A. SEGALL
(áður hjá Eaton félaginu).
Besti kvennfata Skraddari

Loðskinna fötum veitt sérstakt athygli.

Hreinsar,
Pressar,
Gerir við.

Fjórir (4) alfatnaðir hreinsaðir og pressaðir, samkvæmt samningum, hvort heldur er karlmanna eða kvenfatnaður, fyrir aðeins $2.00 á mánuði.

Horni Sargent og Sherbrooke

Hveitibrau-
krin-

(Eftir J.

Í Heimskringl
er ritgerð
'Hveitibrauð',
undrast yfir vít
þessi algenga
slika yfirvegun.

Vegna þess,
útbreitt og víð
hætt við, að
leggja trúnað
og slá því fös
ar, er hún
sannindi. Ég
að ihuga hat
að sýna með
rituð gersaml
eininu, sem

Hið
er i greinin
árum síðan
brauðstegun
og neind "
"Skonrog")
glerhart
upp. Hvo
hveiti — a
lítið um
einnig lítið
ingarsýki.
un og
breyzt og
á síðari
hveitibra
sem með
tannpinu
alla melt
það var
ingu á
þeim tím
og tann

Svona
og útle
við h
fyrsti
hefir
Íslandi
fæðute
danskt
um li
allega
naum
brauð
ingar
þeirr
heilb
þar
runn
eigi
að
una

T
um
ver
árv
læk
ser
18
tæ
isl
C
í
gl

AKKUS

nda,
; svika,
ur banaspjót bar.
freymda,
raumnum kvika,
nna faðmi um lopt um lás og mar.

ettuna uggar,
aru barninn,
lur heimurinn hans,
ð vondauðaskuggar,
nákalda arminn
k við gleðinnar fagra glitblómakrans.

ramanns blikstundir eyðast,
etir köldum svörum,
nin skilja ei huggöfgismál,
n tíðum leiðast,
á tælandi vörum,
ap er loks verður bitur og helþung bana-
skál.

anga manns þráir
tnanna beði,
pist að öðlast hvert ánægjuhnoss.
ða lán-mo!ar-fáir,
ð von hans og gleði
æna eitur með böl og eilífan samviskukross.

þeim viskunnar syni,
forðast hið mesta,
sér aldrei hið fyrsta staup.
lýtur að hjarta sínu vini
gju — óðalið bezta,
ar þá aldrei glaprøðis endalaus glötunarhlaup

akleysis hrópandi tárin,
ýni umbóta lýður,
sar herfang er Lassarus lægst.
læknа vill lagdjúpu sárin,
lýsa, í myrkri er biður?
egning hins forbolna eplis verði sem alla vægst.

onunnar kvalaboðsdreyra,
affærði vonir og gleði,
fórn fyr' ást er hún of heitt bar.
a leggur sitt langþráða eyra
ð lándremu örmagna geði,
eymdsalans lás, hennar aðstoð í spýju kútbiltíst
þar.

dæm ei hart moldlegi maður,
tt morðvélar áfengis særi
nn veika bróður er breyskleik flýr
i Bakkusar bölfunar vaður,
eð blekkinga gullfléttu snæri,
pt eltir og hremmir þann er ávalt þó undan snýr.

Hver mannlyndis hugsun magni,
forn mannúðarneista að báli,
Og alt megi lúta eldinum þeim.
Þá getum vér orðið að gagni
Mót glaprøðis langþyngstu táli,
Og góða heimvon í hús vors föður að lyktum átt.

REYNDUR.

ALDREI SKALTU geyma til morguns sem hægt er að gera í dag. Pantið Heimskringlu í dag.

Þórdís spákona.

Hún bjó á Spákonufelli á Skagaströnd fyrir nálega hálfri tíundu öld. Hún var sögð illa lynd og göldrótt, því hún var að mörgu ólík almenningi. Hún sá margt, sem öðrum var hulið, og skildi margt, sem öðrum var óskiljanlegt, því hún var spákona. Mörgum þótti gott að leita til hennar, þegar mik ið lá við, því spákonur hafa ætíð ráð undir hverju rifi. Og hún var fús á að hjálpa, því hún var kona. Og hún varð ýmsum að liði.

Einu sinni var Þórdís í veizlu hjá ríkum bónda, sem bjó að Giljá í Vatnsdal. Hann hét Koðrán og var heilmikill höfðingi. Hann átti tvo syni, og unni öðrum miklu en hinum litlu. Sá var klæddur lítt, og gerr í hvívetna hornungur bróð ur sins". En hann var þægur og eftirlátur, og vann alt, sem honum var sagt. Enda var ekki sparað að nota hann, þegar hann gat nokkuð gert. Þegar Þórdís var í veizlunni hjá Koðráni, tók hún eftir þessum litla dreng. Hún sá, að hann var olnbogabarn, sem enginn hirti um. Hún fann, að honum leið illa, og þó var hann glaður og góður við alla, og gerði alt, sem honum var sagt, svo vel sem hann gat. Hún fann, að þessi drengur átti betra skilið, og sá, að það var mannsefni í honum, því hún var spákona. Svo fór hún til föður hans og sagði: "Það legg ég til ráðs með þér, að þú sýnir meiri manndóm héðan af syni þínum, en þú hefir gert hér til, því að ég sé það með sannindum, að fyrir margra hluta sakir mun hann verða ágætari en allir aðrir þínir frændur; en ef þú hefir á honum litla elsku að sinni, þá lát hann lausan, ef nokkur verður til að sjá um með honum, meðan hann er ungur". Koðrán tók þessu vel, og sagðist skyldi fá honum fé. Svo kom hann með sjóð einn og sýndi henni. Þórdís leit á silfrið og mælti: "Ekki skal hann hafa þetta fé, því að það hefir þú tekið með afli og ofríki af mönnum í sakareyri". Þá tók Koðrán fram annan sjóð og sýndi henni. Hún leit á hann og sagði: "Ekki tek ég þetta fé fyrir hans hönd, því að það hefir þú saman dregið fyrir ágirndar sakir í landskyldum og fjárleigum, meira en réttilegt er, fyrir því tilheyrir þetta fé ekki þeim manni til meðferðar, er bæði mun vera réttlátur og mildur". Þá sýndi Koðrán henni þriðja sjóðinn, og úr honum tók hún fé handa drengnum. Koðrán spurði hana, hvers vegna hún vildi heldur taka úr þessum sjóði en hinum. En hún svaraði: "Úr honum tek ég af því hann er vel fenginn, þar sem það er föðurarfur hinn".

Síðan fór Þórdís heim og tók drenginn með sér. Þar óx hann upp og þroskaðist vel, því Þórdís var honum góð og lét hann hafa nóg af öllu. Þegar hann var fullþroska maður, ráðlagði hún honum, að fara utan og framast eins og aðrir höfðingjasynir. Og það gerði hann. Hann fór í víking og ferðaðist víða um lönd. Allstaðar gat hann sér góðan orðstír. Hann var í herferðum með manni, sem hét Sveinn tjúguskegg og varð seinna Danakonungur. Sá maður sagði síðar um hann, að hann væri "svo vitur, sem spökum konungi hæfði að vera, svo styrkur og hugdjarfur sem hinn öruggasti berserkur, og svo siðugur og góðhattaður sem hinn siðugasti spekingur". — Það fé, sem hann fékk í hernaði, veitti hann þurfendum, og til útlausnar herteknum mönnum, og hann hjálpaði mörgum þeim, er illa voru staddir.

Þetta var þá orðið úr olnbogabarninu: þróttmikill, hugaður, góður maður. Og efalaust átti Þórdís mestan þátt í því, að svo var komið. Hún hafði séð mannsefnið í sveininum, gegnum tötra olnbogabarnsins, frjálsborna manninn gegnum flíkur og fjötra ofríjálsa unglingsins, því hún var spákona. Hún vakti honum traust á sjálfum sér, því hún treysti honum, þegar hann vissi ekki sjálfur hvað í honum bjó, og allir aðrir vantreystu honum. Hún vakti honum frelsisþrána, því hún leysti af honum fjötrana, losaði hann við tötrana. Hún vakti virðingu hans fyrir því sanna og góða, því hún vildi ekki, að hann nyti annars en þess, sem vel var fengið. Og minningin um hana fylgdi honum í fjarlæg lönd. Hún var verndarengillinn hans, hvar sem hann fór. Hvar og hvenær, sem hann sá frjálsborinn mann í fjötrum, þá mintist hann — ljóst eða óljóst — konunnar, sem leysti litla drenginn, líknaði olnbogabarninu. Og hann leysti fangana út, annaðhvort með fé sínu eða fyrirbænum og gaf þeim frelsi. Það mundi spákonan fóstra hans hafa gert. Og góðverk hennar áttu ekki að stansa hjá honum. Þau áttu að ganga sem vel fenginn arfur frá manni til manns, frá kynslóð til kynslóðar.

Þessi maður hét Þorvaldur, og var kallaður víðförli. Hann boðaði fyrstur manna kristna trú á Íslandi, og varð þannig byltingamaður — siðbreytingamaður með þjóð sinni. Skyldi hann hafa orðið það, ef spákonan hefði ekki fært hann úr föðurgarði? Ef þú vilt vita meira um hann, þá leitaðu í biskupasögunum.

* * *

Einu sinni var ungur maður á Mel í Miðfirði. Hann átti unnustu þar í sveitinni, en vildi ekki kvongast henni strax. Brúðkaup þeirra var ákveðið á vissum degi. En hann kom ekki til brúðkaupsins, svo það varð ekkert af því. Þá varð faðir unnustunnar reiður og gifti hana öðrum manni — nauðuga. Sá var gamall og hét Hólmgöngu-Bersi. Ungi maðurinn fór til Bersa og heimtaði af honum konuna — unnustuna sína.

En Bersi vildi ekki sleppa henni með nokkru móti, og bauð honum systur sína til sátta. Bróðir unga mannsins var með honum og réð honum til að þiggja boðið. Hann skildi ekki í því, að bróður hans væri ekki sama, hverja konuna hann ætti. En Þórdís á Spákonufelli skildi það. Hún vissi, að það var ógæfuvegur, að giftast til fjár metorða eða sátta. Hún vissi, að sá tími mundi koma, að heiðarlegum mönnum þætti ósæmilegt, að konur gengi kaupum og sölum, þótt það væri alsiða þá, og ena sé það furðu títt. Því hún var spákona. Hún kom á bæinn, meðan þeir vóru að tala um þetta, og heyrði, hvað þeir sögðu. "Bjóðið honum ekki falskonu", sagði hun. En þeir urðu reiðir og ætluðu að reka hana burtu, — allir nema ungi maðurinn. Hann fann, að hún sagði satt. Hann elskaði ekki þessa konu, sem þeir voru að bjóða honum. Þess vegna hlaut hún að verða falskona fyrir hann, hversu góð, sem hún annars væri. Og svo hafnaði hann boðinu. Hann gleymdi aldrei unnustunni sinni og orti um hana ódauðleg ljóð. Hann kvæntist aldrei, því hann vildi ekki eiga falskonu, og fann, að unnustan hans var sú eina, sem ekki var falskona fyrir hann. Þessi maður hét Kórmakur. Það er til löng saga af honum.

* * *

Heiðna spákonan er horfin fyrir löngu. En orð hennar hljóma hanaan um aldirnar, alt af jafnskýr og sönn og viturleg: "Sýndu manndáð syni þínum! ... ... Bjóddu honum ekki falskonu!"

g.....

— Fjallkonan.

Í lyfjabúðinni: Má ég biðja um 5 centa virði af varasmyrsli handa konu minni?

Hún brúkar mikið af varasmyrsl konan þin.

Já, munaurinn á henni sennur líka eins hratt eins og rokkhjól, þegar spunnið er af kuppi.

JÓN JÓNSSON, járnsmiður, að 790 Notre Dame Ave. (horni Toronto St.) gerir við alls konar katla, könnur, potta og pönnur fyrir konur, og brýnir hnífa og skerpir sagir fyrir karlmenn. — Alt vel af hendi leyst fyrir sitla borgun.

Herra Jón Hólm, gullsmiður að 770 Simcoe St., biður þess getið, að hann selji löndum sínum gull- og silfur-muni og gigtarbelti. — Belti þessi eru óbrigðul við gigt, ef þau eru notuð samkvæmt fyrirskipunum Jóns. Kosta að eins dollar og kvart.

Manitoba Elevator Commission

D. W. McCUAIG, Commissioner — W. C. GRAHAM, Commissioner — F. B. MACLENNAN, Commissioner

Aðal-skrifstofa: 227 Garry St., WINNIPEG

P. O. Box 2971

Commissioners tilkynna hér með Manitoba bændum að þeir hafa fengið fra tíðar skrifstofu til starfsnota og að öll b éf skyldu sendast Commissioners á ofan nefnda árítun. Beiðniform og allar upplýsingar sem bændur þarfnast til þess fá kornhlöður í nágrenni sín., verða sendar hverjum sem óskar.

Commissioners óska eftir samvinnu Manitoba bænda í því að koma á fót þjóðeignar kornhlöðum í fylkinu.

SUCCESS BUSINESS COLLEGE

HORNI PORTAGE AVE. & EDMONTON ST. WINNIPEG.

Kennir samhv. nýjustu aðferðum alskyns verzlunar fræði og Bánkastörf. Einnig hraðritun og stýlritun. Betri verzlunarskóli ekki til í Vestur-Canada. Kenslu stof- ur þar finst í borginni. Nemendur geta byrjað hvenær sem þeir óska.

Skrifið eftir upplýsingum eða símið MAIN 1664

The Northern Wine Co. Ltd.

VIÐ óskum jafn framt eftir sveita pöntunum—Afgreiðsla hin bezta.

Selur sérhverja góða tegund af Whisky, vínum og bjór o.fl. o.fl. Við gefum sérstaklega gaum familíu pöntunum og afgreiðum þær bæði fljótt og vel til hvaða hluta borgarinnar sem er— Gefið okkur tækifæri að sýna ykkurað svo sé.

Talsímar Main 1673-6744

215 MARKET ST.

aði hann skyndilega og stökk upp af legubekkn-
eins og hann hefði verið bitinn af höggormi.

Móritz, sem var dökk-klæddur eins og Eberharð, k hiklaust og djarflega inn í salinn.

Í nokkrar sekúndur var dauðaþögn hjá þeim, sem staddir voru í salnum. Mjög mismunandi til-ningar ríktu í hugum þeirra. Dramb, forvitni, ótti, þakklátsemi, ást og ráðaleysi, — ofan yfir allþessar tilfinningar var breitt hið glaðlega, kæru-leysislega samtal, sem nú var byrjað.

"Herra minn", byrjaði barúnsfrúin, sem gekk á móti hinum unga manni með úrvals kurteisi, "ég þarf ekki að segja þér, hvað það gleður okkur að á þig hér í okkar hóp. Við vitum, í hve stórri þakklætis-skuld við erum við þig, — skuld, sem við rangurslaust reyndum að afborga".

"Háttvirta frú, ég mælist til þess, að þú minnist ekki einu orði á þetta", sagði Móritz og hneigði sig. "Ég hefði aldrei minst á þetta einu orði, ef það hefði ekki gefið mér aðgengilegt tækifæri til þess að mega koma í mjög viðfeldinn samkvæmishóp".

"Samkvæmishóp, sem veitir þér móttöku með þakklæti, herra minn, og sem vonar að mega telja þig meðal sinna daglegu gesta", sagði barún Ehrenstam, og rétti honum hendina með þessari snotru hegðan og vingjarnlega brosi, sem fullkomnaður heimsmaður notar til að dylja með tilfinningar sínar.

Önnur óvænt tæviljun vakti nú eftirtekt þeirra, sem þarna voru staddir.

"Guð minn góður! Stjernekrans greifi", kallaði frúin, um leið og henni varð litið á Eberharð. "Er þér ilt? Hvað gengur að þér?"

Greifinn svaraði ekki. Hann hafði gripið dauðahaldi í bak legubekksins, og stóð þannig nötrandi, sem strá í vindi, og starði á Móritz.

Hræðslan sást svo glögt á andliti hans, að þeim,

sem varð litið á hann, fanst sem ísköldu vatni vari steypt yfir sig, svo megn var viðbjóðshrollurinn.

Eberharð virtist hafa gleymt, hvar hann var staddur, gleymt, að hann á þessu augnabliki var takmark það, sem allra augu störðu á.

"En hvað þetta er ógeðslegt", hvíslaði barún Örnskjold að Georg. "Þannig hefir Hamlet hlotið að líta út, þegar hann sá vofu föður sins".

Enda þótt að örð þessi væru ágt töluð, heyrði greifinn þau samt, og þau bergmáluðu afarhatt í huga hans og samvizku.

Hann var nær því að verða vitstola. Hann bandaði annari hendinni að Móritz, sem stóð með krosslagðar hendur og horfði á hann, og sagði í þeim róm, sem helzt hefði mátt eigna æringamanni:

"Það er 16. júní í dag ..... Burt, burt. Það var ekki ég,.....það voru forlögin".

"Eberharð, Eberharð! Ertu orðinn vitlaus?" kallaði Georg og þreif í handlegg hans um leið. "Þú sérð þó líklega ekki afturgöngur?"

Við þessi orð rankaði greifinn við sér. Með ósegjanlegri áreynslu tókst honum að losna við þann hugarburð, sem kastað hafði skugga á skynsemi hans. Andlit hans náði smátt og smátt hinum rólega og kalda svip, sem vanalega einkenndi það; líkaminn, sem áður hafði útmattast af hinu ólýsanlegu geðshræringu, féll í sínar gömlu fellingar, alveg eins og stormvakin bára gerir í logninu, og augun, sem virtust ætla út úr augnahvolfunum, settust að á sinum vanalega stað.

Eberharð strauk rauða silkivasaklútinum um enni sitt og andlit, sem var náfölt.

"Fyrirgefið mér", sagði hann veikluðega og stamandi, "mér varð ilt.....ég.....það var.... eins og mig svimaði.....En nú.....nú er ég betri".

Ísabella horfði á viðburð þennan með ósegjanlegri

hræðslu. Hún var sú eina af þeim, sem þar voru staddir, sem datt í hug, að greifinn hlyti að vita sig sekan um voðalega glæp.

Hinir allir, að Móritz undanskildum, sem ekki vissi, hvað hann átti að hugsa um þetta, tóku orð greifans fyrir góða og gilda vöru. Samkvæmt skipun frúarinnar kom þjónninn með fult glas af köldu vatni, sem greifinn drakk í einum teig, og jafnaði sig svo vel smátt og smátt, að hann gat tekið þátt í samræðunum.

Það var auðséð, að Georg var feiminn, þegar hann heilsaði Móritz, enda hneigði Móritz sig þegjandi, án þess að taka í hendi hans, sem hann rétti honum.

"Móritz", hvíslaði Georg að honum um leið og hann gekk til hans, "gleymdu liðna tímanum..... Kringumstæðurnar eru húsbændur allra, og beztu áformin geta eyðilagst.....Annars líður Helenu vel".

"Gleyma! .....Aldrei! .....En við skulum ekki tala um það".

Móritz gekk til Ísabellu og settist við hlið hennar.

Hann rendi augunum um salinn. Það er sjaldgæft, að nokkur maður sé staddur í samskonar ásigkomulagi og Móritz var þarna.

Allir fluttu honum hrós og smjaður. Það var talað um hið ágæta leikrit hans, sem allir höfðu séð, um fegurð samtalsins, um viðtæki og sannleika skapferlanna, um hina mörgu, áhrifamiklu viðburði, sem ritið hafði að geyma.

Móritz hafði gaman af, að meta í huga sínum hin mörgu glamuryrði, sem hann heyrði. Hann hafði aldrei áður séð eins glögt, hve mikill sannleikifelst í þessum orðum Thorilds: Okkur er gefið málið til að dylja með því hugsanir okkar.

"Ég verð að viðurkenna það, minn góði Sterner"

sagði barún Ehrenstam, "leikritið þitt er meðal þeirra áhugaverðustu, sem nokkru sinni hafa sýnd verið á svensku leiksviði. Það vekur hjá manni ágætar vonir um framför leikrita bókmentanna".

"Móritz brosti og sagði við sjálfan sig: "Skýringin á þessu orðagjálfri er þannig:

"Bölvaður blekbullarinn, sem hefir notað bína lélegu vitsmuni til að lýsa undanfarinni æfi minni. Ég vildi, að þessi byrjun þín hefði orðið þér til skammar".

"En hvað það er líka skemtilegt fyrir okkur, að mega telja í okkar hóp þann mann, sem með hæfileikum sínum hefir áunnið sér aðdáun allra þeirra, sem elska hinar fögru listir og kunna að meta þær", sagði barúnsfrúin.

Þó ótrúlegt sé, þá lítur helzt út fyrir, að Móritz hafi hafst hið undraverða augnagler Delphine Gays, því út úr þessum alúðlegu orðum frúarinnar las hann þessa meiningu:

"Farðu í sjóðandi. Það er bágborið að vera neyddur til að taka á móti gesti, sem álítur sig hafa orðið fyrir vanþakklæti og rangindum af manni sjálfum".

"Og hvað það er skemtilegt fyrir mig", sagði Georg, "að geta endurnýjað vináttu mína við sannan vin minn frá háskólaárunum. Því það get ég sagt þér, mamma, að við vorum góðir vinir á þeim árum".

"Það er bölvað", sagði skýringin, "að hann, þessi asni, sem mér tókst svo vel að táldraga í Uppsölum, skuli vera kominn hingað. Það eykur mér vandræði".

"Sterner", sagði Eberharð, sem hafði þagað um stund, "þú hefir fylstu ástæðu til að undrast yfir þeirri geðshræringu, sem greip mig þegar ég sá þig. Hún á rót sína að rekja til taugaveiklunar, sem ég

ROBLIN HOTEL

115 Adelaide St. Winnipeg

Besta $1.50 á-dag hús í Vestur-Canada. Keyrsla ókeypis milli vagnstöðva og hússins á nóttu og degi. Aðhlynning hins bezta. Viðskiftl Íslendinga óskast. OLAFUR G. ÓLAFSSON, Íslendingur, afgreiðir yður. Heimsækjið hann.—

O. ROY, eigandi.

The Farmer's Trding Co.

(BLACK & BOLE)

HAFA EINUNGIS BESTU VÖRUTEGUNDIR.

Einu umboðsmenn fyrir:—
"SLATER" Skóna góðu.
"FIT-RITE" Fatnaðinn.
"H. B. K." prjónafélagið.
"HELENA" pils og 'waist' kvenfatnaði.
Bestu matvörutegundir.
" DEERING " akuryrkju verkfæri o, s. frv.

Beztu vörur Lágt verð

Fljót og nákvæm afgreiðsla.

Farmer's Trading Co.,
THE QUALITY STORE
Wynyard, Sask.

JIMMY'S HOTEL

BEZTU VÍN OG VINDLAR.
VÍNVEITARI T.H.FRASER.
ÍSLENDINGUR. : : : : :
James Thorpe, Eigandi

MARKET HOTEL

146 PRINCESS ST. á móti markaðnum
P. O'CONNELL, eigandi, WINNIPEG
Bestu tegundir af vínföngum og vindum, aðhlynning góð húsið endurbætt

Woodbine Hotel

566 MAIN ST.
Stærsta Billiard Hall í Norðvesturlandinu
Tíu Pool-borð.—Alskonar vín og vindlar
Gisting og fæði: $1.00 á dag og þar yfir
Lennon & Hebb
Eigendur

JOHN DUFF

PLUMBER, GAS AND STEAM FITTER
Alt verk vel vandað, og verðið rétt
664 Notre Dame Ave. Phone 3815
Winnipeg

A. S. TORBERT'S

RAKARASTOFA
Er í Jimmy's Hótel. Besta verk, ágæt verkfæri; Rakstur 15c en Hárskurður 25c. — Óskar viðskifta Íslendinga.—

A. S. BARDAL.

Selur líkkistur og annast um útfarir. Allur útbúnaður sá bezti. Enfremur selur hann alskonar minnisvarða og legsteina.
121 Nena St. Phone 306

Fréttabréf.

Herra ritstj. Hkr.

Mig langar til að biðja þig fyrir þessar fáu línur, — ekki fyrir það, að mig langi svo til að skrifa í blöð, en tilganginn sjá menn síðar í þessu bréfi.

Um almennar fréttir héðan get ég ekki verið margorður. Það geta einhverjir aðrir hér um slóðir haft á hendi. Í öðru lagi kann ég ekki að stíla þær svo, að einhverjum náunga kunni ekki að þykja sér misboðið, því menn eru stundum tiltektasamir. — Samt held ég megi geta þess, að vellíðan sé hér yfirleitt, og uppskera á korutegundum með bezta móti, enda er sýnilegur áhugi fyrir henni vaknaður. Allir eða flestallir þeir blettir, sem sáð var í í vor, eru nú "baksettir" og stórum blettum viðbætt ("brotið") og undirbúið til sáningar fyrir næsta vor, jafnvel hjá þeim, sem aldrei áður þótti ómaksins vert, að hreyfa nokkuð á þann hátt við jörðinni sinni.

Bréf eru nú að koma frá ýmsum félögum í Winnipeg, að fala korn hjá bændum; nokkuð nýtt fyrir okkur hér, að þeir herrar fari að veita okkur þetta athygli.

Heyskapur manna gekk yfirleitt vel vegna tíðarinnar, þó frámunaleg sneggja (grasleysi) væri á heimalöndum manna, og urðu menn að sækja heyskap langt að margir hverjir, og var ég einn af þeim. Samfara þurkunum fyrri partinn í sumar voru svo miklar engisprettur, sem gereyddu öllu grasi, þar sem harðvelli var. Og einnig var svo mikill kartöfluormur, sem gereyddi öllum kartöflu ávexti, þar sem ekki voru brúkuð varnarmeðul í tíma.

Ég gat þess, að ég hefði verið einn af þeim, sem langt hefði þurft að sækja heyskap sinn. En við það tilfelli kom fyrir mig atvik, sem skýrir tilgang þessa bréfs. Síðla dags í ágústmánuði leysti ég uxapar mitt frá vélinni á haga, en brunnhola var þar skamt frá, sem uxarnir voru vanir að drekka úr sjálfir. Eftir svo sem tvo klukkutíma kom ég að þessari brunnholu aftur. Þá var annar uxinn niðri, hérumbil dauður, en komst þó að eins ofaní með frampartinn. Þegar ég gat fengið hjálp, var það um seinan. — Stóð ég þá ráðalaus uppi, því hvergi var skepnu hægt að fá um það leytí til að fylla skarðið. Þá varð ég þeirrar hjálpar aðnjótandi, sem mér ber skylda að minnast með þakklæti. Mr. Kristinn Kristinnsson, unglingspiltur, sem var við heyskap á landi sínu þar skamt frá, tók annan uxann sinn frá vagninum, sem hann var að brúka um daginn, og lánar mér, — ekki einasta allan tímann, sem eftir var af slættinum, heldur líka alt haustið, svo að ég gat gert þær plægingar, sem ég nauðsynlega þurfti.

Það er ekki í fyrsta sinni, að þessi piltur hefir rétt hjálparhönd bæði mér og öðrum. — Einnig hafa líka sumir aðrir af nágrönnum mínum sýnt mér mikla hjálpsemi, þegar mér hefir legið á, sem er geymt en ekki gleymt.

Geysir, Man., 24. okt. 1910.
B. Jóhannsson.

Dánarfregn.

Þann 15. september andaðist að heimili sínu í Winnipegosis, Man., konan Sigríður Pétursdóttir (Crawford), úr langvarandi brjóstveiki.

Sigríður heitin var fædd 4. september 1855 á Hrishóli í Reykhólasveit í Barðastrandarsýslu. Hún var dóttir Péturs Gestssonar hreppstjóra og Ástríðar Magnúsdóttur Einarssonar í Skáleyjum á Breiðafirði. Pétur og Ástríður bjuggu allan sinn búskap á Hrishóli, og dóu þar. Sigríður heitin og Gestur skáld Pálsson voru systrabörn.

Árið 1881 giftist Sigríður heitin eftirlifandi manni sínum, Birni Sigurðssyni, sem í þessu landi er almennt kallaður Crawford. Fyrstu búskaparárin 4 bjuggu þau í Gautsdal. Þaðan fluttu þau að Skáldstöðum í Reykhólasveit, og voru þar í 4 ár. Þaðan fóru þau til Ameríku árið 1890, og dvöldu í Winnipeg 3 ár, fluttu svo til Big Point við Manitobavatn og voru þar í 3 ár. Frá Big Point fluttu þau til Winnipegosis.

Þau hjónin eignuðust 7 börn, er á fót komust, og lifa enn 2 synir og 4 dætur. Ein dætranna, sú elzta, er heima á Íslandi hjá móðursystur sinni.

Sigríður heitin var skyldurækin kona og ástrík móðir.

Einn af nágrönnunum.

Bókalisti.

N. OTTENSON'S,- River Park, W'p'g.

Ljóðmæli Páls Jónssonar í bandi	(3)	85
Sama bók (að eins 2 eint.	(3)	60
Jökulrósir		15
Dalarósir	(1)	20
Kvæði H. Blöndal	(2)	15
Hamlet	(3)	45
Ljóðmæli Jóns Árnasonar á Víðimýri, 1879	(4)	60
Tíðindi Prestafélagsins í hinu forna Hólaskifti	(2)	15
Áttungurinn	(2)	45
Grant skipstjóri	(2)	40
Leynisambandið	(2)	35
Börn öveðursins	(3)	55
Umhverfis jörðina á áttatíu dögum	(3)	60
Blindi maðurinn	(3)	15
Fjórblaðaði smárinn	(3)	10
Kapitola (í II. Bindum)	(3)	1.25
Eggert Ólafsson (B. J.)		15
Jón Ólafssonar Ljóðmæli í skrauðbandi	(3)	60
Kristinfræði	(2)	45
Kvæði Hannesar Blöndal	(2)	15
Mannkynssaga (P. M.) í bandi	(5)	85
Mestur í heimi, í b.		15
Prestkosningin, Leikrit, eftir D.E., í b.	(3)	30
Ljóðabók M. Markússonar		50
Ritreglur (V. Á), í b.		20
Sundreglur, í b.		15
Verði ljós		15
Vestan hafs og austan, Þrjár sögur eftir E. H., í b.		90
Víkingarnir á Hálogandi eftir H. Ibsen		25
Þorlákur helgi		15
Ofurefli, skálds. (E. H.) í b.		1.50
Ólöf í Ási	(3)	45
Smælingjar, 5 sögur (E. H.), í b.		85
Skemtisögur eftir S. J Jóhannesson 1907		25
Kvæði eftir sama frá 1905		25
Ljóðmæli eftir sama. (Með mynd höfundarins) frá 1897		25
Safn til sögu og ísl. bókmenta í b., III. bindi og það sem út er komið af því fjórða	(53c)	9.45
Íslendingasaga eftir B. Melsted I. bindi í bandi, og það sem úl er komið 2. b.	(25c)	2.85
Lýsing Íslands eftir P. Thoroddsen í b.	(16c)	1.90
Fornir fornísienzkir rímnaflokkar, er Finnur Jónsson gaf út, í bandi	(5c)	85
Alþingisstaðir hinn forni eftir Sig. Guðmundson, í b.	(4c)	90
Um kristnitökuna árið 1000, eftir B. M. Olsen	(6c)	90
Sýslumannaæfir eftir Boga Benediktson I. og II. b innbundið	(55)	8.10
Íslenzk fornbréfasafn, 7. bindi innbundið, 3 h. af 8 b.	(1 70)	27.80
Biskupasögur, II. b. innbundið	(42c)	5.15
Landfræðissaga Íslands eftir D. Th., 4. b. innbundið	(35c).	7.75
Ríthöfunda tal á Íslandi 1400—1882, eftir J. B., í bandi	(7c)	1.00
Upphaf alþýðuríkis á Íslandi eftir K. Maurer, í b.	(1c)	1.15
Auðfræði, e. A. Ó., í bandi	(6c)	1.10
Presta og prófastatal á Íslandi 1889, í b.	(9c	1.25
B. Thorarinsson ljóðmæli, með mynd, í b.		1.50
Bókmentasaga Íslendinga eftir F. J., í b.	(12c)	1.50
Norðurlandasaga eftir P. Melsted, í b.	(8c)	1.30
Nýþýdda biblían	(35c)	2.65
Sama, í ódýru bandi	(33c)	1.60
Nýjatestamentið, í vönduðu bandi	(10c)	65
Sama, í ódýru bandi	(8c)	40

Nýkomnar bækur,

Kóralbók P. Guðjónssonar		90
Sama bók í bandi		1.10
Svartfjallasynir	(5)	60
Aldamót (Matt. Joch.)		20
Harpa	(4)	60
Ferðaminningar, í bandi	(5)	90
Bóndinn	"	35
Minningaritt (Matt. Joch.)	"	35
Týndi faðirinn	"	35
Nasreedin, í bandi		35
Ljóðmæli J. Þórðarsonar	(3)	45
Ljóðmæli Gestar Pálssonar	"	75
Haldórar rímur		30
Ljóðmæli Jóns Árnasonar á Víðimýri	(6)	90
Maximi Petrow	(2)	45
Leyni-sambandið	(2)	45
Kapitola, I. og II bindi	(3)	1.25
Hinn óttalegi leyndardómur	(2)	50
Sverð og bagall	(2)	30
Waldimer Nihilisti		75
Ljóðmæli M. Joch I.-V. bl., í skrautb.	(15)	4.00
Afmælisdagar Guðm Finnbogasonar		1.00
Bréf Tómarar Sæmundsson	(4)	75
Sama bók í skrautbandi	(4)	1.15
Íslenzk-ensk orðabók, G. T. Zoega	(10)	1.80
Fornaldarsögur Norðurlanda, í 3 bindum, í vönduðu giltu bandi	(15)	4.00
Gegnum brim og boða		90
Ríkisréttindi Íslands		50
Systurnar frá Grænadal		35
Eftirtýri handa börnum		30
Vísnakver Páls lögmanns Vídalíns		1.25
Ljóðmæli Sig. Júl. Jóhannessonar		1.00
Sögur frá Alhambra		30
Minningarrit Templara í vönduðu bandi		1.65
Sama bók, í bandi		1.50
Pétur blásturbelgur		10
Bækur sögufélagsins í Reykavík;		
Morðbréfabækingur		1.35
Byskupasögur, I—6.		1.95
Aldarfarsbók Páls lögmanns Vídalín		45
Tyrkjaránið, I—IV.		2.90
Guðfræðingatal frá 1707—'07		1.10
Jón Arason		80
Skipið sekkur		60
Jóh. M. Bjarnason, Ljóðmæli		55
Maður og Kona		1 25
Fjarða mál		25
Beina mál		10
Oddur Lögmaður		95
Grettis Ljóð.		65
Andrarímur		50
Lækafrónsrímur		35
Jóhanni Black rímur		25
Reimarsrímur		35
Álaflekksrímur		25
Rímur af Gísla Súrsrimi		35
Dular, Smásögur		50
Hinrik Heilráði, Saga		20
Svöld ár rímur		35
Þjóðvinafél, Almanak 1911		20
Andvari 1911		75
Æfisaga Benjamin Franklins		45

Sögusafn þjóðviljans I—II árg. 35c; III árg. 20c IV árg. 20c; V. árg. 30; VI. 45; VII. 45; VIII. árg. 55: IX árg. 55; X. árg. 55; XI. árg. 55; XII. árg. 45; XIII árg. 45; XIV. árg. 55; XV. árg. 30; XVI. árg. 25; XVII. árg. 45; XVIII árg. 55; XIX. árg. 25.

Alt sögusafn þjóðviljans selt á $7.00

Bækur Sögufélagsins fá áskrifendur fyrir nœrri hálfvirði,—$3.80.

Umboðsmenn mínir í Selkirk eru Dalman bræður.

Þess skal getið viðvíkjandi bandinu á Fornaldarsögunum Norðurlanda, að það er mjög vandað, handbundið skrautband, vel frá gengið eins er með Bréf Tómasar Sæmundssonar.

Tölurnar í svigum tákna burðargjald, er sendist með pöntunum.

Leyndarmál Cordulu frænku

Nýjir kaupendur að HEIMSKRINGLU sem borga fyrir einn árgang fyrirfram, fá skáldsögu þessa og aðra til, alveg

ókeypis.

THE DOMINION BANK

HORNI NOTRE DAME AVENUE OG SHERBROOKE STREET

Höfuðstóll uppborgaður: $4,000,000.00
Varasjóður - - - $5,400,000 00

Vér óskum eftir viðskiftum verzlunar manna og ábyrgumst að gefa þeim fullnægju. Sparisjóðsdeild vor er sú stærsta sem nokkur banki hefir hér borg uni.

Íbúendur þessa hluta borgarinnar óska að skifta við stofnun sem þeir vita að er algerlega trygg. Nafn vort er fullt trygging óhlutdeika. Byrjið spari inulegg fyrir sjálfa yðar, konu yðar og börn.

H. A. BRIGHT, RÁÐSMAÐUR.

Vitur maður er varkár með að drekka eingöngu HREINT ÖL. Þér getið jafna reitt yður á

DREWRY'S REDWOOD LAGER.

Það er léttur, freyðandi bjór, gerður eingöngu úr Malt og Hops. Biðjið ætíð um hann.

E. L. DREWRY, Manufacturer, Winnipeg

Með því að biðja sérlega um "T.L. CIGAR," þá ertu viss að fá ágætan vindil.

T.L.

Smoke T. L. CIGAR

(UNION MADE)

Western Cigar Factory
Thomas Lee, eigandi Winnipeg

STRAX Í DAG er BEZT AÐ GERAST KAUPANDI AÐ HEIMSKRINGLU.— ÞAÐ ER EKKI SEINNA VÆNNA.

Manitoba á undan.

Manitoba hefir viðáttumikla vatnsfleti til uppgufunar og úrfellis. Þetta, hið nauðsynlegasta frjógunarskilyrði, er því trygt.

Ennþá eru 25 milión ekrur óbygðar.

Íbúatal fylkisins árið 1901 var 225,211, en er nú orðið um 500,000, sem má teljast ánægjuleg aukning. Árið 1901 var hveiti og hafra og bygg framleiðslan 90,367,085 bushela; á 5 árum hefir hún aukist upp í 129,475,943 bushel.

Winnipeg borg hafði árið 1901 42,240 íbúa, en hefir nú um 150,000; hefir nálega fjórfaldast á 8 árum. Skattskildar eignir Winnipegborgar árið 1901 voru $26,405,770, en árið 1908 voru þær orðnar $116,106,390. Höfðu meir en þrefaldast á 7 árum.

Flutningstæki eru óviðjafnanleg,— í einu orði sagt, eru í fremsta flokki nútíðartækja: Fjórar þverlandsbrautir liggja um fylkið, fullgerðar og í smíðum, og með miðstöðvar í Winnipeg. Í fylkinu eru nú nálega 4 þúsund mílur af fullgerðum járnbrautum.

Manitoba hefir tekið meiri landbúnaðarlegum og efnalegum framförum en nokkurt annað land í heimi, og er þess vegna ákjósanlegasti aðsetursstaður fyrir alla, af því þetta fylki býður beztan arð af vinnu og fjáreleggi.

Skrifið eftir upplýsingum til: —

JOS. HARTNEY, 77 York Street, Toronto, Ont.
JOS. BURKE, 178 Logan Avenue, Winnipeg, Man.
A. A. C. LaRIVIERE, 22 Alliance Bldg., Montreal, Quebec,
J. F. TENNANT, Gretna, Manitoba.

J. J. GOLDEN,
Deputy Minister af Agriculture and Immigration, Winnipeg.

þjáist af, og sem stundum er við það að svíta mig vitinu. Auk þess minnir andlit þitt mig á sorglegan atburð, sem fyrir mig hefir komið, en sem ég get ekki með góðu móti sagt þér".

Ísabellu virtist hrollur fara um Eberharð um leið og hann sagði þetta.

Ef Móritz hefði skilið þessi orð hans, mundi blóðið hafa hætt að renna um æðar hans af hræðslu. En sem betur fór fyrir hann sjálfan, lagði hann ekki réttan skilning í þau.

"Hann hugsar þannig", sagði Móritz við sjálfan sig: "það er eðlilegt, að mér yrði bilt við að sj þenna ungling, sem misti vesalings blindu móðurina sína undir fótunum á hestinum mínum, sem svifti hana lífinu".

Þessi tilgáta Móritz var röng. Eberharð kom ekki sú tilviljun til hugar. Hann var löngu búinn að gleyma henni.

Ísabella var sú eina, sem ekkert glamur lét heyrast frá sínum vörum, en með augunum talaði hún við unga manninn margfalt meira en allir hinir gerðu með vörunum.

Móritz tók þessu augnatilliti með þakklæti og áhuga. Honum virtist hann líka sjá þar tilfinningu, sem hann naumast þorði að gera sér von um.

Engum duldist, hve líkir Móritz og Eberharð voru, en enginn talaði samt um það, vegna þess að skeð gat að þeir væru skyldir.

En þegar gerður var samanburður á andlitum þeirra og útliti, var það Móritz sem græddi.

Það var eins og Ísabella skrifaði í dagbókina sina — aðalleg yfirbragðið, svipurinn, sem var mismunandi. Fögru, reglubundnu drættirnir, háa, hvítaennið, svarta, hrokkna hárið, laglega bugðan á nefinu, sporöskjulagaða höfuðið og mjallahvítu tennurnar — var alveg eins hjá báðum. En augu Eberhards

voru ögn dekkri en augu Móritz, sem höfðu þenna hnetubrúna lit, er að eins finst hjá fegurstu þjóðheimsins, Cirkassíunum.

Þrátt fyrir það, hve andlitin voru ábekk, var svipurinn svo ólíkur, að ekki var unt að villast á mönnunum, nema ef vera skyldi í hálfdimmu eða daufu tunglsljósi, þegar yfirbragðið dvlst undir skugganum og að eins andlitsfallið sést. Hörund þeirra beggja var fölleitt, en blærinn á hörundi Eberharðs var sem á lönu líki, þar sem blærinn hjá Móritz var þannig, sem sumar viðkvæmar stúlkur kalla áhrifarikan, og sem óneitanlega veitir andlitinu mjög oft gáfulegt útlit, og bendir á langvint nám og sálareynslu.

Auk þessa gat Móritz roðnað, en það var Eberharð ómöguleet. Blóðið hafði yfirgefið kinnar hans fyrir fult og alt, til þess að geta starfað óhindrað í hjartanu og æðunum, þar sem það brunaði áfram sem eldflóð.

En það, sem sýndi mismuninn miklu glöggar en litur andlitsins, var fegurð sálarinnar, er speglaði sig í hverjum svipdrætti, sem andríki og saklaus tilfinning í sameiningu hjá öðrum þeirra; en hjá hinum var hið kalda, ógeðslega, vanabundna hreyfingarleysi, háðslegu drættirnir um varirnar, og hinn glóandi eldur ástríðanna, sem lógaði í augunum, það, sem eyðilagði hina viðfeldnu fegurð í samræmi svipdráttanna, og vakti viðbjóð og hræðslu í stað ánægjunnar, sem vanalega fylgir því að horfa á fallegt andlit.

Móritz var engill Miltons áður en hann hrasaði, en Eberharð var djöfull hans eftir hrösunina. Andlit Eberharðs líktist vaxgrímu, sem hafði verið mótuð eftir andliti Móritz, og fest á eigandann, án þess á henni væru nokkrar dyr fyrir sálina að sjá í gegnum.

Það var naumast hægt að ímynda sér gleggri

andstæðu en þessa tvo menn, sem skaparinn virtist hafa gert svo líka í andliti bara að gamni sínu.

Það var og undarlegt, hve lík rödd þeirra var. Hljóðið og framburðurinn var eins, en eins og andlitið hefir sitt einkennilega yfirbragð, þannig hefir röddin það líka, og hún var einnig mismunandi hjá þeim.

Í fám orðum: Gerðu Eberharð þjátíu árum yngri, láttu hann verða fyrir sömu lífsreynslu og Móritz, njóta sama uppeldis og sömu fræðslu, og þá findist að líkindum enginn mismunur á þeim.

VI.

Í blómaræktunarhúsinu.

Þetta samkvæmi, sem við höfum séð og hlustað á um tíma, var statt í móttökusalnum í Liljufal, sem, eins og lesarinn væntanlega man, var á neðsta gólfi, en skrautherbergin og gestaherbergin voru á loftinu uppi yfir salnum og hinum hliðarherbergjum hans. Nokkrir gestir höfðu bæzt við seinna um kveldið, og meðal þeirra var prófasturinn og bókmentafrúin hans.

Fólkið hafði skifzt í smáhópa. Sumir skemtu sér við að ganga um lystigarðinn, aðrir um aldingarðinn, og nokkrir voru kyrrir í salnum og hlustuðu á tónleiki Ísabellu. Meðal þeirra var Móritz.

Bráðla tæmdist þó salurinn. Móritz og Eberharð voru þeir einu, sem eftir urðu hjá Ísabellu, sá fyrnefndi til að hlusta á tónana, sem hann var hrif-

inn af, en hinn síðarnefndi af því, að hann hafði viðbjóð á öllum skemtunum undir beru lofti.

Bræðurnir forðuðust hvor annan. Greifinn settist út í það horniið, sem fjærst var, en Móritz stóð við pianóið, bak við stólinn, sem Ísabella sat á.

Gamli barún Ehrenstam gekk í gegnum herbergið. Eberharð stóð undir eins upp, tók hendi sinni undir handlegg hans og fylgdist með honum inn í viðtalsklefann. Þeir læstu dyrunum á eftir sér, svo enginn gæti komist inn til þeirra.

Móritz og Ísabella voru stundarkorn einsömul.

Unga stúlkan sneri sér snögglega við, þegar hún hevrði að dyrnar voru opnaðar, en þegar hún sá Eberharð fylgja föður sínum inn í klefann, varð hún snögglega hrædd.

Hljóðfæraslátturinn þagnaði og Ísabella stökk upp af stólnum.

"Hamingjan góða, ungfrú Ísabella", sagði Móritz. "Hvað er að? Þú ert föl og skelfur".

"Þey, þey", sagði Ísabella og stundi þungan, "á þessu augnabliki er ef til vill afráðið um framtíð mína. Ó, guð hjálpi mér!"

"Framtíð þina?"

"Já, já.....þú veizt ekki.....Ó, þú ert lánsamur, sem ekki veizt, hvað nafntign né auður er, eða hve voðalegar kvalir þetta tvent hefir í för með sér".

"Jú, ég veit það, ungfrú Ísabella. En greindu nánar frá þessu".

"Þekkirðu Stjernekrans greifa?" spurði hún.

"Hvort ég þekki hann?" svaraði Móritz ákafur. "Ó, já, aðeins lauslega", bætti hann við, þegar hann gætti sín.

"Veiztu að þessi maður er hlaðinn löstum og allskonar illum lífnaði, að afbrot hans hvíla á honum eins og farg, að heilsa hans er eyðilögð, að hann

Hveitibrauð Heimskringlu.

(Eftir J. Einarsson)

Í Heimskringlu frá 15. sept. sl. er ritgerð með fyrirsögninni "Hveitibrauð", og mun margur undrast yfir vitnisburði þeim, er þessi algenga fæða öðlast fyrir slíka yfirvegun.

Vegna þess, að Heimskringla er útbreitt og viðlesið blað, er óefað hætt við, að ýmsir verði til að leggja trúnað á þessa nefndu grein og slá því föstu, að staðhæfingarnar, er hún flytur, séu óhrekjandi sannindi. Ég ætla því að leyfa mér að ihuga hana lauslega og reyna að sýna með rökum, að hún sé rituð gersamlega án þekkingar á efninu, sem hún fjallar um.

Hið fyrsta, sem staðhæft er í greininni, er það, að fyrir 40 árum síðan hafi að eins ein hveitibrauðstegund verið þekt á Íslandi og nefnd "Skonrok" (rétta nafnið "Skonrog"), "grólgert til átu og glerhart þar til það var bleytt upp. Hvorki hafði það smekk af hveiti — að eins nafnið, þá var og lítið um sykurát á Íslandi og einnig lítið um tannpínu og tæringarsýki. En með vaxandi menntun og menningu hefir alt þetta breyzt og hvergi til batnaðar, því á síðari árum er bæði hveiti og hveitibrauð fáanlegt á Íslandi, ... sem með vaxandi sykuráti skapar tannpínu og tæringu og flesta eða alla meltingar og magakvilla. ..... Það var vist harla lítið um tæringu á Íslandi fyrir 40 árum á þeim tíma, sem skonrokið var,... .. og tannpína þá engin í landinu".

Svona er nú textinn hljóðandi og útleggingin er í fullu samræmi við hann. Sannleikurinn, hinn fyrsti er sá, að skonrog-brauðið hefir aldrei verið algeng fæða á Íslandi, aldrei talið með íslenzkum fæðutegundum. Það var og er danskt brauð, og var fyrir 40 árum litt þekt út um landið, en aðallega í kaupstöðum. Það er því naumast vert, að þakka þessu brauði tæringarleysið(!) og meltingaraflið hjá landsmönnum á þeirri eða nokkurri tíð. Skýrslur heilbrigðisnefndanna í Danmörku, þar sem þetta himnabrauð er upprunnið og viðhaldið, bera heldur eigi með sér, að því hafi auðnast að verja tæringunni og tannpínunni landnám í því ríki.

Til þess að fá nokkra hugmynd um, hvort tæring og tannpína hafi verið lítt kunn á Íslandi fyrir 40 árum, mætti til dæmis vitna til lækningabókar Jóns Péturssonar, sem prentuð mun hafa verið árið 1833, 134 gr. og áfram, að því er tæringu snertir. Að eins er tekniska nafnið þar Phthisis en ekki Consumption, eins og hér tíðkast í seinni tíð; og ennfremur í 307 gr. viðvíkjandi tannpínu.

Það myndi og saklaust, að líta í grasafræði þá, sem kend er við Odd Hjaltalín og prentuð var árið 1830, bls. 178, og fá þar ráðleggingar við verk í tönnunum. Þeir, sem eiga "Klausturpóstinn" frá þeim árum, ættu og að geta með ráðum hans linað í sér sárustu tannþjáningarnar. Í þessu sambandi má og geta þess, að jafnlítil bók sem lækningabók Jóns Péturssonar, muni eigi fjalla um sjúkdóma, sem litt voru kunnir í landinu, heldur þá eina, sem algengastir voru og flestum í mun að þekkja deili á og ráð við.

Ennfremur segir áminst grein þannig frá: "Að vísu er ekki algerlega áreiðanlegt, að hægt yrði að fullsanna, að nautn þessara fæðutegunda væri bein orsök nefndra sjúkdóma", o.s.frv. Ég er ósköp hræddur um það líka! Fyrir 40 árum, eða fyr á tíma hefði líklega mátt telja mörgum trú um, að hveitibrauðið væri tæringar orsök og ef til vill bráðdrepandi. En nú á þessum síðustu og verstu tímum, þegar vantrúin er í essinu sínu, trúa menn ekki í alvöru neinu, sem þeir vita að er ósatt. Nú vill svo vel til, að nálega öllum er kunnugt um, að tæringin getur ekki orðið til í manninum, nema ein sérstök, tiltekin tegund af bakteríu sé fyrst til staðar, og ennfremur, að sú baktería verður að koma úr hráka einhvers manns og á einhvern hátt að berast til líffæranna, sem sýkjast eiga. Þessar bakteríur geta auðvitað borist í hveitinu eins og með öðrum efnum, en ekki fremur, og reyndar öllu síður en með sumum öðrum fæðutegundum og miklu síður en með ýmsum efnum, sem ekki eru fæðutegundar. Þessi staðhæfing gildir og jafnt að því er sykurinn snertir.

Það lítið ég hefi orðið var við að hafi verið eftir dr. Koch, hinum heimsfræga bakteríu og tæringarfræðing, um tilorðning og lækningu á tæringarveikinni, minnist ég ekki að hafa orðið var við, að hann rekti orsökina til hveitibrauðsins né sykursins, né heldur að hann framleiddi innsprautunarvökvana, sem um hríð var álitið að læknaði sjúkdóminn, úr eða frá "skonrog" brauði.

Á hinn bóginn er ekki nema rétt og vanalegt þegar um tæringu er að ræða, að tekið sé tillit til tæringargildis fæðutegundanna, sem óhætt er fyrir óveiktan almenning að nota, til þess að viðhalda sem fylstum lífskrafti, sem, eins og kunnugt er, er eina nútíðar-vörnin og lækningin, ásamt hreinlæti að öllum háttum og hreinu lofti, gegn þessum voða sjukdómi. Vana legt er, að skifta öllum fæðutegundum í 4 deildir, nefnil.: "Proteids", fitur, "Amyloids" og málmefni (Minerals), og er hveitið talið að fela í sér mjög mikið af öllum þessum tegundum, fremur öllum korntegundum öðrum, og án þess að þar sé mais-korn undantekið, sem Heimskringla hyggur að "skonrokið" hafi verið aðallega búið til úr. Hveitið er því eitt allra nauðsynlegasta fæðuefnið, sem enn er þekt, og hveitibrauðið undantekningarlaust álitið nauðsynleg tilhögun til alengrar nautnar þess. Hveitibrauðið er ein af þeim fæðutegundum, sem prófessor Huxley nefndi "vital food stuffs" eða lífs-fæðuefni.

Efnasambandið í hveitinu, eftir venjulegum hlutföllum, getur höf. greinarinnar kynt sér á auðveldan hátt nær sem honum finst þess við þurfa, og skal því hlaupið yfir þær tölur að sinni.

Að því er meltingarkraftinn snertir, sem hveitibrauðið krefur, og sem rétt er að taka tillit til í þessu máli, þá er gert ráð fyrir, að nýtt brauð (sem er jafnan talið óhelnæmast) meltist á 3 klt. og 30 min., alveg jafnlöngum tíma og harðsoðin egg, nautakjötssteik, gamall ostur og næpur, og 15 min lengur en mais-brauð, en 30 mínútum skemur en saltaður lax, pönnusteikt nautakjöt, glóðsteikt kálfskjöt og alifuglakjöt, steikt eða soðið, og klukkutíma (60 mín.) skemur en soðið svínakjöt (saltað), steiktar villiendur og soðin kálhöfuð. Sé þessi venjulega viðtekt rétt, þá sýnir hún, að torveldara er fyrir meltingarkerin að vinna næringarefnin úr ýmsum öðrum algengum fæðutegundum en brauðinu, og þar af leiðandi ætti hveitibrauðið að vera fult eins hæfilegt og þær að þessu leytinu.

Soðna hveitimaukið, sem minst er á í enda greinarinnar, hygg ég að muni vera fárra lækna ráð, hinna betri. En kunnugt er, að nokkrir halda því fram, og ef til vill eigi að raunalausu, að það, að tyggja hveitikorn þurt, á vissum tímum, sé eitt hið bezta meltingaraflvi. Það er til nokkuð það, sem almennt er kallað sérvizka (Idosyncracy) og sem einstöku læknum (eins og öðrum) er hætt við að hylla framyfir heilbrigða skynsemi.

Þrátt fyrir það, þótt mér þetti ekki í hug að trúa því, að hveitibrauðið sé orsök tæringar, neita ég ekki, að nautn þess geti haft áhrif á tennurnar, sem auðvitað kemur ekki af því, að það ætti ekki að vera tuggið, heldur af því að nauðsynlegar hreinlætisreglur eru ekki viðhafðar að því er tennurnar snertir.

Algerlega hið sama má segja um venjulegan sykur og jafnvel lélegar brjóstsykur tegundir, að það eru fáir svo langt á eftir tímanum, að þeir trúi því, að sykurát sé orsök tæringar. En með sykrinum, líkt og flestum öðrum efnum, getur tæringarfrumlan borist (á sama hátt og áður var sagt um brauðið) inn í heilbrigðan líkama, og hún svo þróast þar. Mér er ókunnugt um, að nokkurt það neyzluefni sé til, sem bessi og fleiri frumlur geti ekki borist með, og því er erfitt að lifa svo að vissa sé fengin fyrir því, að bakería þessi nái aldrei að snerta líffæri vissra (eða óvissra) manna undir neinum kringumstæðum.

En að því leytinu er sykurinn áhriflega ólíkur hveitibrauðinu, að álitið mun það vera almennt, að bein áhrif hans á tennurnar séu óheilnæm. Þó hygg ég að þeirra áhrifa muni öllu meira gæta að því er snertir hinar lakari, óhreinni og blandaðri tegundir, svo þessi áhrif muni ekki öll að kenna sykurefninu sjálfu, heldur og að nokkru leyti fylgi-efnum þess.

Að rita í blöðin um heilbrigðismál, t. a. m. sjúkfræðilegt, heilnæmis- og græðslu-efni, er svo víðingarmikið og áhættu háð, að í það er varla hlaupandi fyrir þá, er ekki hafa dálitla þekkingu við að styðjast. Það er slempiluska, að ýmsar af ráðleggingum sumra hérlendra alþýðu-blaða skuli ekki segjana eða jafnvel bráðdrepa fólk. Það, sem varnar slíkum óhöppum, er líklega hið sama og í öðrum atvikum, t. a. m. þegar eitthvað á að fara að lappa við sálarkvillana, að það, sem fer inn um annað eyrað, fer óðar út um hitt, en ástandið beldur sínu fram eða skánar af náttúrlegum orsökum.

Ef tækifæri eða tími leyfði, mætti síðar ræða um líkurnar fyrir ýmsum og sérstökum orsökum þess, að tæringin (og ef til vill tannpínan) hefir þróast eins og raun hefir á orðið á seinni tíð á Íslandi, og hygg ég að rök mætti leða að því, að sektin lægi bvugra á öðrum efnum, jafnvel óætum, en hveitinu.

Deitz málið.

Í Wisconsin ríkinu eru furuskógar breiðir svo miklar, að óvíst er að aðrar meiri finnist nokkurstaðar í Bandaríkjunum. Þar er Eden timburkonunganna, og landnemar eru ekki vinsælir í þeim héruðum, þar sem skógurinn er mestur og beztur. Samt hafa nokkrir framgjarnir frumherjar tekið sér þar lönd á síðari árum, helzt meðfram ám og lækjarfarvegum, og rutt þar rjóður fyrir byggingar sínar, og hafast þar við af jarðrækt.

Einn slíkra manna, að nafni John Deitz, sem er nú orðinn þjóðkunnur fyrir mótþróa þann, sem hann hefir sýnt yfirvöldum Wisconsin ríkis og timburkonunganum þar í sl. nokkur ár,— keypti sér landblett í Sawyer-héraðinu, hjá svoneíndum Cameron dam. Það reyndist við mælingu landsins, að þessi "dam" eða flóðgarður var á landi, sem Deitz hafði keypt og borgað fyrir. Þessa stýflu hófðu timburfélögin notað um mörg liðin ár, eða einatt síðan þau fóru að starfa að timburtekju þar í héraðinu, og þau héldu áfram að nota hana til þess að fleyta trjábolum sínum niður ána, eins eftir það að þau vissu, að hún var á landi bónda þessa og hans lögleg eign. En svo stóð á, að í landsöluskjali því, sem Deitz fékk, er hann keypti land þetta, var það tekið fram, að félögin hefðu rétt til þess að nota stýfluna til þess að fleyta timbri sínu niður ána þangað sem sögunarmyllur þeirra voru. En þrátt fyrir þetta, þá gerði Deitz það að skilyrði árið 1904, þegar hann keypti landið, að félögin yrðu að greiða sér fé fyrir afnot stýflunnar. Hann setti upp skriflega auglýsingu þess efnis, og þegar félögin skeyttu því engu, þá sprengdi hann flóðgarðinn með dýnamit, og við það tiltæki rak 5 miljón feta af timbri víðsvegar upp í árbakkana á löngu svæði.

Chippewa timburfélagið leitaði þá lagaverndar og fékk því áorkað, að dómstóllinn gaf út bann gegn því, að Deitz hefði nokkur afskiti af timbri félagsins. En hann sinti því banni ekki. Tvisvar sinnum embættismenn ríkisins sendir til hans til þess að reyna að fá hann til að mæta fyrir rétti og láta dómstólana ákveða um deilumál hans við félagið. En Deitz, sem er sósialisti, kvaðst ekki mundi verða látinn njóta réttar síns gegn svo voldugu timburfélagi. Hann kvaðst ekki kunna að berjast með öðrum vopnum en riflinum sínum, og með honum kvaðst hann einráðinn í að verndaa stýfluna gegn öllum ásækjendum. Um leið og hann sagði þetta, miðaði hann byssunni á embættismannin (Sheriff), og hörfaði hann þá undan og hélt heim aftur.

Svo liðu mánuðir. Lögsóknir voru færðar á hendur Deitz, og dómar féllu á móti honum, en það reyndist ómögulegt, að birta honum stefnur eða dómsákvæði. Einn embættismaður, sem bió sig eins og námamaður, til þess að geta náð tali af Deitz, var rekinn út úr húsi hans treyju og húfulaus, og varð að ganga 15 milur vegar til næsta bæjar, og var þá frost 10 gráður fyrir neðan zero. En sami embættismaður kom aftur á fund Deitz, en varð þá frá að hverfa með riflkúlu í handleggnum.

Í 6 ár samflevtt hefir Deitz búið með fjölskyldu sinni í kofa nálægt bessari Cameron stýflu, og svo er sagt, að öll fjölskyldan, að undanteknu ungbarni, hafi æft sig í skotfimi, svo að ekki var áreynlegt að sækja að kofa bessum. Afleiðingin var sú, að nágrannar og aðrir létu þau í friði og forðuðust alt samneyti við þau. En á hinn bóginn heimsóttu þau nágrannana eins og ekkert hefði iskorist, og ekkert þeirra þektist frá öðru fólki á neinu öðru en því, að þegar þau fóru að sækja póstinn, þá höfðu þau jafnan byssu með sér.

Almenningsálitið var með Deitz í viðureign hans við timburfélagið, og litill gaumur var gefinn að því, þó hann skyti á umboðsmann laganna.

Nú komst timburfélagið að þeirri niðurstöðu, að bezt mundi borga sig, að semja við Deitz um notkun stýflunnar og að borga honum fyrir hana, svo það gæti fleytt timbri sínu niður eftir ánni til sögunarmyllunnar, í stað þess að hafa það liggjandi langt úti í skógum, — svo nú virtist deilumálið vera á enda kljáð.

En þá kom það fyrir, fyrir nokkurum mánuðum, að Deitz komst í orðakast við mann einn að nafni O'Hara, út af kosningamálum. Maður að nafni Horel var þar nærstaddur og gaf sig í þá deilu, með þeim ásetningi að koma á sættum, en Deitz skaut þann náunga sinn, og særði hann miðið. Horel átti marga vini í nágrenninu, því að hann var maður vel látinn. Þessir vinir æstu nú bygðarbúa upp á móti Deitz, sem þeir nefndu glæpamann og útlaga, og sögðu honum vera of laus bvssan, svo að enginn gæti verið óhultum líf sitt fyrir honum meðan honum væri leyft að leika lausum hala.

Timburfélagið hafði nákvæmar gætur á öllu, sem gerðist, og þegar það komst að brevtingunni á almenningsálitinu, að fólkið var snuið móti Deitz og fjölskyldu hans, þá hætti það við að borga honum fyrir stýflu-notin og tók að hefja málsóknir gegn honum.

Þegar hér var komið sögunni, skarst sýslunefndin í málið og bauð tveimur orðlögðum skyttum $1800.00 til þess að handtaka Deitz. Þessir menn tóku boðinu, en til þess að vera ekki aleinir að verki, fengu þeir sér til aðstoðar 70 menn eða fleiri til bess að hjálpa sér að ná útlaganum. Allur þessi hópur umkringdi heimili Deitz, og auk þess voru þar nokkurir blaðamenn frá Chicago, Milwaukee, St. Paul og Minneapolis borgum. Allir umsáturmenn voru vel vopnaðir með beztu riflum, en ekki voguðu beir í fyrstu nær kofanum en 2 milur, meðan beir voru að skipa flokknum niður alt í kring um kofann. Blaðamennirnir fóru á undan og áttu tal við Deitz, og hann tók beim svo vel, að einn þeirra sagði honum í trúnaði frá umsát hinna 70 manna, sem sætu um líf hans og frelsi, ef hann vogaði sér út úr húsinu eða færi til bæjar eftir pósti.

Næsta dag sendi Deitz börn sín 3, tvo pilta og eina stúlku, inn til bæjar eftir póstinum og ýmsum nauðsynjum, sem hann burfti að fá. Þau keyrðu í vagni. En á leiðinni réðust umsáturmenn á þau (eins og fyrir skömmu var frá skýrt hér í blaðinu), og skutu á börnin, særðu annan piltinn og stúlkuna og tóku þau til fanga. En hinn pilturinn er sagt að hafi komist undan á flótta. Þau systkinin særðust svo mikið, að það varð að flytja þau á spítala, og eru þau nú á góðum batavegi.

Svo er að sjá á þeim fregnum öllum, sem blöðin hafa borið um mál þetta, að engin ástæða hafi verið til þess að skjóta á börnin, enda ekki sýnt, að þau séu í neinu sek við landslögin.

Smámsaman færðist umsáturmannahópurinn nær kofanum, þar til flestir þeirra voru komnir í þægilegt skotfæri við hann. Um það leyti sendi ríkisstjórinn orð til Deitz, og bauðst til að ábyrgjast, að hann fengi sanngjarna áheyrn, ef hann gæfist upp. En Deitz var ekki á því að öllu óreyndu. Svo kom þar að, að umsáturmanna hópurinn byrjaði skothríð á kofann.

Ástæðan fyrir því, að ríkisstjórinn gerði Deitz þetta tilboð, var sú almenna æsing, sem varð móti umsáturmönnunum fyrir meðferð beirra á varnarlausum börnunum. Því máli var skýrskotað til ríkisstiórans, og hann sendi bessvegna tilboð sitt til Deitz. Ennfremur bauð ríkisstjórinn að leggja honum til hverja þá lögfræðinga, sem hann vildi tilnefna til að verja mál sitt, og skyldi ríkið standast þann kostnað, sem af því leiddi.

Það var þetta tilboð ríkisstjórans, ásamt skothríð umsáturmanna, sem að lokum kom Deitz til að gefast upp, eftir að hann hafði um 6 ára tíma barist móti öflugu auðfélagi og öllu lögregluog dómsvaldi Wisconsin ríkis. — Frímúrara félagið bauð að leggja fram það fé, sem þyrfti til bess að verja Deitz, og jafnframt var byrjað af tveimur blöðum, að safna samskotum honum til styrktar. Ríkisstjórinn sendi og dómsmálastjóra ríkisins, og með honum ritara sinn, til bess að finna Deitz að máli og revna að semja við hann um uppgjöfina.

Nú er mál hans komið fyrir dómstólana og Deitz sjálfur í varðhaldi, en málinu ekki lokið enþá. Væntanlega verður síðar skýrt frá úrslitum þessa máls.

Framtíðarhorfur.

EFTIR H. G. WELLS.

VI.,

STRÍÐ.

Breytingarnar, sem eiga sér stað í ásigkomulagi hernaðarins, eru hinar sömu og þær, sem þjóðfélagslifið er undirorpið. Við höfum þegar séð, í hvaða att breytingar mannfélagsins stefna, — hvernig starf verkamannanna nú er unnið með véla-afli, og hvernig mismunurinn, sem einu sinni þótti sjálfsagður, milli heldri manna og alþýðunnar, er hverfandi. Í hernaðarfyrirkomulaginu er breytingin í því innifalin, að í stað hermannsins og hestsins, sem einu sinni voru þær einu striðsvélar, eru komin aflfræðisleg áhöld, og að mismunurinn milli þeirra, sem skipa fyrir, og þeirra, sem skipað er, fer ávalt minkandi.

Meðal þeirra atriða, sem vinna að því, að gera framtíðar hernað ólíkan hernaði liðna timans, er einkum framför kúlubyssunnar og fallbyssunnar. Fyrst var kúlubyssan óvandað áhald, sem hver og einn gat lært að brúka á hálfum degi, en nú er hún orðin margbreytt áhald, sem hætt er við að komist í ólag og verði rangt brúkuð, en sem getur komið miklu til leiðar í höndunum á kjarkgóðum og lundföstum og gáfuðum manni. Að hún er viss með að hæfa takmarkið á langri leið, gerir ekki meðhöndlun hennar eins vandasama og hitt, að kunna að nota hana rétt eftir því, hvernig landslaginu er varið milli skyttunnar og takmarksins. Væntanlega er hún enn ekki búin að ná sinni mestu fullkomnun. Menn geta hugsað sér hana útbúna með fjarsæis-aflturmiði, sem er í þeim stellingum — lagað með haglega fyrirkomnum loftrakamælis áhöldum — að það geti jafnvel sýnt fjarlægðina, svo að skyttan gæti miðað á skotmálið í 1½ kilómeters fjarlægð eða meir, og verið viss um að hæfa það. Hún mun sennilega einnig verða útbúin sumum kostum vélar-fallbyssunnar, og það er hugsanlegt, að hún geti ekki aðeins sent skot, heldur einnig él af kúlum yfir lítið svæði. Að líkindum getur einn maður borið hana, en þegar ekki er tekið tillit til hins arfgenga byssustings, er engin stæða til þess, að hún sé einstaklings áhald. Það er full ástæða til að ætla, að hún verði fest við reiðhjól, og að tveir eða þrir menn noti hana í sameiningu. Með slíku vopni og revklausu púðri, myndu fáeinar skyttur geta gert sig ósýnilegar allvíða. Þar gætu komið að óvörum, stöðvað og eyðilagt all-marga sýnilega óvini, sem ósjálfrátt kæmu í skotmál; og röð af slíkum skyttuhópum, þannig niðurskipuð, að hún væri í varnarstellingum fyrir komandi hjálparlið og forða frá landsvæðinu bak við, ætti að geta staðið sig gegn sjáanlegri árás um óákveðinn tíma, nema því að eins að svæðið, sem beir standa á, yrði þakið með kúluregni frá fallbyssu, sem flytur kúlurnar lengri leið en kúlubyssan. Ef þetta landssvæði væri fyrirfram nægilega útbúið með víggröfum og jarðgöngum, er jafnvel mögulegt, að slíkt fallbyssu-kúluregn gæti ekkert mein gert, svo að atlögufloklkurinn hefði ekki önnur ráð, en að nota nóttina, eða tilbúinn reyk, til árásar, — þó er það ljóst, að kúlur skotmannanna undir þessum kringumstæðum myndu orsaka mikla eyðileggingu. Væri það ekki sökum möguleika af slíkum atlögum, ættu fáein hundruð af góðum skyttum, að geta varið afarlangt svæði, og nokkur þúsund af þeim mundu geta varið heil landamæri. Það eina, sem ætti að geta ráðið niðurlögum slíkrar skotmanna raðar, myndu vera hópar af ennþá betri skyttum, sem nálguðust þá með hægð og varkárni, duldir af myrkri eða reyk eða eldi, búandi til víggrafir, þegar kostur væri á, og kæmust þannig smátt og smátt nær, unz þeir næðu slíku valdi yfir stöðusviði verjendanna, að þeir gætu gert allan aðflutning af hjálparliði, matvælum og skotferum ómögulegan. Verjendurnir ættu þá ekki aðra úrkosti, en að gefast upp eða flýja í myrkri.

Þar sem tvö ríki liggja hlið við hlið, munu framtíðarstríðin byrja milli hópa af skyttum beggja megin við landamærin, sem jafnt og stöðugt verður skift um og batt í skörð þeirra, sem falla. Um stund verður væntanlega enginn her hér eða þar, engir ákveðnir bardagar og heldur ekki neinn mikilhæfur liðsforingi. En á einum eða öðrum stað, bak við skytturnar, mun hernaðarleiðandinn sitja við miðpúnkt talsímakerfis, og þaðan mun hann skipa fyrir um herauka á þessum eða hinum staðnum, eftir því, hvernig hann sér óvinina haga sér. Bak við skytturöðina, sem er á vígvellinum, mun öllu komið fyrir skjótlega samkvæmt hernaðarkröfunum. Stórar vélar munu byggja fyrstu, aðra, þriðju og fjórðu röð af viggirðingum, ef það kæmi fyrir, að skytturnar vröi að hopa aftur af vígvellinum. Margar þverleiðir verða búnar til, svo að reiðhjóla hermennirnir geti skyndilega hreyft sig til hliðar, þegar þörf krefur, því þeir munu ávalt hafðir til taks. Og langs með hinum stóru mótorbrautum, sem um var talað í fyrstu greininni, munu stórar og mjög landskeytar fallbyssur fluttar fram og aftur. Þessum fallbyssum verður sennilega stjórnað af loftförum, sem munu sveima langs með röð skyttanna, ýmist svífandi í loft upp til að gá að ásigkomulagi óvinanna, eða niður á jörðina, til þess að haga fyrirkomulagi fallbyssanna sem haganlegast, í því skyni, að gera óvinunum sem mestan baga.

Það er mjög sennilegt, að sá hernaður, sem markhæfni kúlu- og fallbyssanna kemur af stað, hafi minkandi sorglegar afleiðingar fyrir mannkynið. Í staðinn fyrir liðsforingja sitjandi á hestbaki, sendandi hermenn sína í þúsunda tali í dauðann eða til sigurs, munum við fá foringjasveit af trygglyndum mönnum, starfandi hiklaust og alvarlega dag út og dag inn að því, að sjá um að fylkingarbrjóstið sé ávalt fullskipað hæfum mönnum, og í sjálfu fylkingarbrjóstinu munu verða smáir hópar manna á óhultum stöðum, sem hver út af fyrir sig eru herráð, og sem undir leiðslu hins duglegasta af þeim, vinna á móti samskonar hópum í óvinahernum, að sínu leyti eins og fótboltahópar leita sér gagnvart hver öðrum. Með öðrum orðum, í stað hervéla í einkennisbúningi, munum við fá sjálfstæða, starfandi og striðandi einstaklinga, og í stað mergðar af meir eða minna ölvuðum mönnum á leiðinni til bardagans, og sumir þeirra óæðir, munum við fá þúsundir af ódrukknum, aðfúum mönnum, sem hver fyrir sig gerir það sem hann getur, með vakandi augum og eyrum.

(Niðurlag).

Hefir þú borgað Heimskringlu?

Minnisvarðar

úr málmi, sem nefndur er "White Bronze", eru fallegustu, varanlegustu og um leið ódýrustu minnisvarðar, sem nú þekkjast. Þeir eru óbrjótanlegir, ryðga ekki og geta aldrei orðið mosavaxnir, eins og steinar; ekki heldur hefir frost nein áhrif á þá. Þeir eru bókstaflega óbilandi og miklu fegurri en hægt er að gera minnisvarða úr steini (Marmara eða Granit). Alt letur er upphleypt, sem aldrei maist eða aflagast. Þeir eru jafn dýrir, hvort sem þar eru áletraðir eða alsettir letri, nefnilega: alt letur, og myndir og merki, sem óskað er eftir, er sett á fritt. — Kosta frá fáeinum dollurum upp til þúsunda. Fleiri hundruð tegundir og mismunandi stærðir úr að velja.

Þessir minnisvarðar eru búnir til af THE MONUMENTAL BRONZE CO., Bridgeport, Conn. Þeir, sem vilja fá nákvæmar upplýsingar um þessa ágætu minnisvarða, skrifi til undirritaðs, sem er umboðsmaður fyrir nefnt félag.

Thor. Bjarnarson,
BOX 304
Pembina - - N. Dak.

Hvað er að?

Þarftu að hafa eitthvað til að lesa? Hver sá er vill fá sér eitthvað nýtt að lesa í hverri viku, ætti að gerast kaupandi að Heimskringlu.

Hún færir lesendum sínum ýmiskonar nýjan fróðleik 52 sinnum á ári fyrir aðeins $2.00. Viltu ekki vera með?

Piano yfirburðir.

Hljómurinn, lagið, endingin og sniðið á Heintzman & Co. Piano getur ekki orðið umbætt. Hver starfsmaður í þessu gamla, áreiðanlega félagi er sérfræðingur í Pianosmíði. Þeir hafa upphugsað og teiknað og sniðið hvern sérstakan hluta þessa undraverða hljóðfæris, sem er hið bezta, sem hægt er að fá í þessu landi.

Skrifið oss í dag umHeintzman & Co. Piano.

J. W. Kelly. J. Redmond, W. J. Ross

Cor Portage Ave & Hargrave
Phone: Main 808.

Fréttir úr bænum.

Enn er sól og sumar hér, nú í byrjun nóvember, talsverðir hitar daglega, og enn hefir ekki vottað fyrir snjó á þessu hausti. Byggingar og önnur útivinna sótt með mesta kappi. Byggingaleyfin orðin 15 miliónir samtals á þessu ári. Mikið fjör hefir verið í land og lóðasölu á þessu hausti, og sl. viku voru eignir seldar hér í borg fyrir rúmlega eina milión doliara.

Lukkuósk blaðsins Free Press til ritstjóra Heimskringlu á afmælisdegi hans þann 26. okt. hér með viðurkend með þakklæti.

116 feta lóð á norðaustur horni Spence St. og Portage Ave. var í síðustu viku seld fyrir 95 búsdollara, eða $815.00 fyrir hvert fet framhliðar.

Herra Sveinn Árnason fór í sl. viku norður í Hnausabygð til aðsetuts hjá dætrum sínum bar á íhöndfarandi vetri. Hann hefir tekið sér heimilisréttarland þar norðurfrá.

Þeir herrar Björn Magnússon og Jóhann Victor Austmann (unga skyttan alkunna) lögðu af stað héðan á laugardaginn var austur í óbygðir í Austur-Keewatin til dýraveiða. Tilgangurinn er að "leggjast út" yfir allan veturinn fram í aprilmánuð næstkomandi. Björn hefir stundað dýraveiðar í óbygðum Vestur-Canada í sl. 16 vetur, og þó oftið hafi á ýmsum endum í þeim útlegðum, þá er þó aðdráttaraflið þar nyrðra svo mikið, að hann fær ekki haldið kyrru fyrir hér í borg. Þetta verður Austmanns fyrsti "útlegðartúr", og gerir hann sér góðar vonir um framkomu þeirra félaga, ef þeir komist í gott skotfæri við skógardýrin.

Herra Sigurjón Sveinsson, frá Wynyard, Sask., var hér á ferð í síðustu viku. Hann hafði verið vitni í járnbrautarmáli suður í Minneapolis og var á ferð heimleiðis þaðan.

Úr bréfi frá Winnipegosis þann 24. okt.: "Héðan helztu fréttir þær, að nú eru fiskimenn að búa sig af stað norður á vatnið. Margir eru þegar farnir. Verð á fiski með bezta móti, hvítfiskur 4½c, pikkur 4c, pækur óslægður 2c, en slægður 2½c.

ANCHOR BRAND HVEITI

er bezta fínalegt mjöl til nota í heimahúsum og annarstaðar. Það er gert úr No. 1. Hard HVEITI eftir nýjustu aðferðum.

Símið 4326 eftir söluverði þess.

Leitch Bros.
LOUR MILLS
Winnipeg skrifstofa
240-4 GRAIN EXCHANGE

Þeir bræður Eiríkur B. Stephansson og Eli Bjarni Lindal Stephansson, synir herra Bjarna Stephanssonar bónda að Elphinstone, Man., komu til borgarinnar um miðjan síðastliðinn mánuð til að stunda hér nám við Manitoba Búnaðarskólann.

Á sunnudagskveldið var gerði Ungmennafélag Únitara þeim hjónum Mr. og Mrs. Sigurjón Björnsson, 624 Simcoe St., óvænta heimsókn. Um 40 af félagsmönnum komu þangað í fylkingu til að kveðja þau hjón og börn þeirra, sem eru á förum úr bænum. Eftir að menn höfðu skemt sér um stund það séra Guðm. Árnason sér hljóðs og þakkaði þeim hjónum — og allri fjölskyldunni — fyrir starfsemi þeirra í þarfir Únitra málefnisins, og afhenti þeim að lokum dálítinn minjagrip frá Ungmennafélaginu. Hjónin þökkuðu gestunum fyrir heimsóknina og gjöfina og hið hlýja hugarþel til sín, er hvorttveggja bæri vott um.

Eftir að menn höfðu gert sér til góða af veitingum þeim, er gestirnir lögðu á borð með sér, var skemtunum haldið áfram þar til nokkru eftir miðnætti.

Mr. Björnsson hefir tekið sér land vestur í Argylebygð, og flytur þangað alfarinn með fjölskyldu sína innan skams.

Fólk er beðið að muna eftir Tombólu Únitara, sem haldin verður í samkomusal þeirra á mánudagskveldið kemur. Margir góðir drættir verða þar á boðstólum, skemtanir og kaffiveitingar.

Fyrsti fundur Íslenzka stúdentafélagsins verður haldinn laugardaginn þann 5. þ.m. í samkomusal Únitara, kl. 8 að kveldi. Þess er óskað, að sem flestir meðlimir sæki þennan fyrsta fund þessa árs. Það verður eins og að venju skemtifundur, og fer þar margt fram til fróðleiks og ánægju. Allir stúdentar við æðri mentastofnanir hér í borg, sem ekki eru meðlimir félagsins, eru innilega velkomnir á fundinn.

Stúkan Ísland er að undirbúa samkomu, sem haldin verður í Únitara samkomusalnum þann 10. þ.m. Aðalstykkið á prógramminu verður spánýr sjónleikur, sem er mjög fyndinn og skemtilegur. Upplestrar og sólós verða þar einnig til skemtunar. Sjá auglýsingu á öðrum stað í blaðinu.

Herra S. B. Benedictsson flutti fyrirlestur um Francisco Ferrer og æfistarf hans og þýðingu þess í Únitara fundarsalnum á föstudagskveldið var. Það var að mestu leyti þýðing á ræðu um sama efni, sem Bandaríkjamaður einn flutti nýlega í New York. Fyrirlesturinn var illa sóttur, — um 30 manns voru í salnum. — Síðari hluti fyrirlestursins fór fram á, að Únitarar — eða ef ekki þeir, þá Íslendingar yfirleitt — stofni Ferrerskóla, aðskilda ríki og kirkju.

Í bókalista N. Ottenson í síðasta blaði varð sú villa, að Afsaga Benjamins Franklins er talin að kosta 75 cents, en átti að vera 45 cents.

Tombóla

Safnaðarnefnd Únitara hefir ákveðið, að halda Tombólu í samkomusal safnaðarins mánudagskveldið þann

7. nóvember

Margir ágætir drættir úr að velja, og þar að auki verður þar um hönd haft ýmislegt til skemtunar. Kaffiveitingar.

Aðgangur og dráttur 25c.

SPURNING. — Ég sá í Hkr. fyrir nokkru, að búið væri að setja á fót verkstæði í Vita, Man., en með því, að ég hefi enn ekki séð það verkstæði, vil ég biðja John Gilles, sem fréttin er eftir, að skýra frá, hvar það er sett.

Sjóndapur.

Notið tækifærið!

Ég sel með góðu verði mikið af bókum og blöðum á íslenzku, dönsku, norsku og ensku.

Sigmundur M Long,
790 Notre Dame Ave., Winnipeg.

Th. Johnson gullsmiður, 286 Main St. hér í borg hefir gefið út 36 bls. skrautbækling með fjölda af skýrum myndum, til þess að lýsa hinum svonefndu "Omega" vasaúrum, fyrir karla og konur, silfur- og gull-úr á öllum stærðum og með fullri ábyrgð. Þau eru á öllu verði, frá aðeins fáum dölum og alt að $150. Herra Johnson verzlar með úr þessi.

Herra Guðmundur Sörensen bóksali hér í borg afhenti séra Guðm. Árnasyni einn dollar til styrktar þeim fjölskyldufeðrum, sem samkoman stóra í Únitarasalnum var haldin til arðs fyrir, mánudaginn 24. okt. sl. Allur ágóðinn af þessari samkomu hefir því orðið yfir $152.00, og er það mikil hjálp fyrir hina nauðstöddu sjúklinga og lönd um vorum mikill sómi, að hafa lagt svo ríflega af mörkum á samkomunni.

Jóhann S. Thorarensen, sem síðast var í Saskatoon, Sask., er hér með ámintur um, að gefa þeim McKerchar & Forresters, lögfræðingum, 413 Union Bank hér í borg, tilkynningu um heimilisfang sitt hið allra bráðasta, annars er viðbúið, að hann tapi algerlega fasteign þeirri hér í borg, sem að þessum tíma hefir staðið í hans nafni.

Þann 15. júli síðastl. þóknaðist algóðum guði að burtkalla úr sína elskuðu eiginkonu, Margrétu Jónsdóttir, eftir langvarandi veikleysi, sem hún þó bar með óbilandi þolinmæði og í fullu trausti til guðs, að hann miskunnaði sig á hentugum tíma og sendi sér margþráða hvíld. Hún dó á Almenna sjúkrahúsinu í Winnipeg, og var jarðsungin af séra Friðriki J. Bergmann 19. s.m. Blessuð sé minning hennar, hennar sártsaknandi vinur

S. S. Skúlason.

Eg kem næst

heitir gamanleikur nýþýddur úr ensku, sem leikinn verður í samkomusal Únitara fimtudagskveldið

10. nóvember 1910

undir umsjón stúkunnar Ísland, I.O.G.T. Þeir sem leika eru vel æfðir og margir þaulvanir þessum starfa. — Þar að auki verður gott prógram, svo sem upplestur, söngur o.fl. — Komið allir og sjáið hinn bezta skopleik, sem hér hefir verið sýndur í langa tíð. — Byrjar kl. 8. — Inngangur að eins 25c.

CONCERT OG DANS

West Winnipeg Band hefir Concert og Dans mánudagskveldið 7. þ.m. í Goodtemplarahúsinu. Byrjar kl. 8 að kveldi. Inngangsverð 35 cents.

Góðar stöður.

Geta ungir, framgjarnir menn og konur fengið á járnbrauta eða loftskeyta stöðvum.

Síðan 8 kl. stunda lögin gengn í gildi og síðan loftskeyta fregnsending varð útbreidd þá vantar 10 þúsund telegraphers (fregnsendla). Launin til að birja með eru frá $70 til $90 á mánuði. Vér störfum undir umsjón telegraph yfirmanna og öllum sem verða fullnuma eru ábyrgðar atvinnu stöður.

Skrifið eftir öllum upplýsingum til þeirrar stofnunar sem næst yður er. NATIONAL TELEGRAF INSTITUTE, Cincinatti, Ohio, Philadelphia, Pa., Memphis, Tenn., Columbia, S. C., Davenport, Ill., Portland, Ore.

AÐVENT.

Konurnar Mrs. Vigdís G. Hjaltalín og Mrs. Sigurlaug G. Jóhannsson, á Maryland stræti hér í borg, brugðu sér skemtiferð sl. sunnudag til Upham, N.D., — meðal annars til að sitja þar trúðkaupsveizlu og dvelja hjá ættingjum og vinafólki þar syðra um tveggja eða þriggja vikna tíma, treystandi á góða veðrið — sumarauka í náttúrunni — "Indiána-sumarið", sem hér almennt er kallað. Þær áttu líka til góða sína árlegu sumar-fríadaga (holidays), létu nefnilega þetta sumar svo hjáliða, að fara ekki til dvalar til neinna sumarbústaða, hvorki til Gimli né vestur á Kyrrahafsströnd, eða austur til Íslands. En sem betur fer virðast þær fáar íslenzku konurnar nú á dögum í Winnipeg, sem ekki geta látið eitthvað því líkt eftir sér, ef þær bara sjálfar vilja. — Öll slík ferðalög og frilén yfirleitt er vottur um velliðan og í vissu tilliti sterk og sönn prédikun um hið vaxandi og sjálfsagða kvenfrel í nútíðarinnar.

Vísurnar, sem nýlega voru endurprentaðar í Heimskringlu, með fyrirsögninni "Kvenfrelsi" — fyrir mörgum árum ortar af Dr. Sig. Júl. Jóhannessyni — eru nú alt of gamaldags í anda, tilheyra löngu liðinni tíð. Öllu sanngjörnu fólki hlýtur að finnast sú saga, sem þær tvær stuttu vísur eru að burðast með um karlmennina og bændurna, ekki nema hálfsögð, — þeim eru gerð upp orðin, látnir segja við konuna:

"þér er ég yfir sjálfur".
"Þú mátt rifið bræða fat,
þú mátt lifa að hálfu"(!!).

Nú á tímum sjá allir, sem ekki eru steinolindir af þessari kvenfrelsis-ofstæki, að allur sannleikur verður ekki sagður í einum tveimur ferskeyttum vísum viðvíkjandi því, hvað þeir segja að þær megi. Sannleikurinn er: Karlmennirnir beygja sig og bugta næstum undan tekningarlaust fyrir kvenfólkinu; þeirra mottó er hér í álfu, "frúrnar fyrst". Þær mega nú sem sagt lifa og láta eins og þær vilja. Þótt máske karlmönnunum endur fyrir löngu hafi ekki verið um að bær lífðu "nema að hálfu", — og það á þeim tíma, er téðar vísur voru ortar.

Eina stöku líkt gamla eftir sama höfund væri nú ekki úr vegi að minna á. Hún birtist forðum í dagskrá með fyrirsögninni "Fréttir úr bænum" og hljóðar þannig:

"Hér úr borg er fátt að frétta,
fjólur ei á grjóti spretta,
ísinn fæðir enga rós.
Gömul naut á hornum hampa
hundrað ára grútarlampa, —
hér er ekkert æðra ljós".

Þessi vísa hljóðar nú ekki um kvenfrelsi, — en seinni partur hennar getur svo vel átt við ósanngjarna, ofstækis kvenfrelsis prédikara, sem sífelt tyggja sömu tuggurnar um stolna réttinn, þrældómshlekkina, sem þær ættu að brjóta af sér(!!), klafann, sem þær séu bundnar á, o. s. frv. Með þessum og þvílíkum orðatiltækjum er sannarlega verið að "hampa hundraðára grútarlampa". G. H.

Dr. G. J. Gíslason,
Physician and Surgeon
18 South 3rd Str, Grand Forks, N.Dak

Athygli veitt AUGNA, EYRNA og KVERKA SJÚKDÓMUM ASAMT INNVORTIS SJÚKDÓMUM og UPPSKURÐI. —

Anderson & Garland,
LÖGFRÆÐINGAR
35 Merchants Bank Building
PHONE: MAIN 1561.

Dr. M. Hjaltason, Oak Point, Man.

BÚÐIN Á SARGENT.

Kennið únglingunum að nota vel tíman. Það gerist best með því að þau beri á sér vasa úr. Eg sel vönduð Kvenn-úr frá $2.50 og upp. Eg sel $10.00 Konu-úr fyrir $6.00 þau eru í gullþynnu kössum, með ágætu gangverki ábyrgð fygir hverju úri.

Drengja úr sel eg fyrir $1.25 og þar yfir.

G. THOMAS Gull og Silfur Smiður
674 Sargent Ave. Phone Sherb. 2542

ÞENNARA

vantar fyrir The Narrows S. D. No. 1450, frá 2. jan. til 30. júní 1911. — Umsóknir, er tiltaki kaupherð og mentastig, verða að vera komnar til undirskrifaðs ekki síðar en 1. desember næstk.

The Narrows P.O. Man.
19. okt. 1910.
J. R. JOHNSON, Sec'y-Treas.

FRIÐRIK SVEINSSON

tekur nú að sér allar tegundir af húsmáling, betrekking, o.s.frv. Eikarmálning fljótt og vel af hendi levst. Heimili 443 Maryland St.

Giftingaleyfisbréf
SELUR
Kr. Ásg. Benediktsson
486 Simcoe st. Winnipeg.

Hjá J. R. TATE & Co.
522 Notre Dame Ave.
er staðurin til að fá góð föt gerð eftir máli úr frægustu dúkum og fyrir lægra verð en slík föt eru gerð fyrir neðar í borginni. Vér höfum mesta úrval af fatadúkum og ábyrgum hverju spjör, Íslendingum boðið að koma og skoða vörurnar. Vér óskum viðskifta við þá.
J. R. TATE & Co., Skraddarar

J. T. STOREY S. DALMAN
Your Valet
HREINSAR, PRESSAR, GERIR VIÐ OG LITAR FATNAÐ.
Alt ágætlega gert. Komið því með fötin til okkar.
690 NOTRE DAME AVE.
TALSÍMI MAIN 2798

S. K. HALL
TEACHER OF PIANO and HARMONY
STUDIO: 701 Victor St.
Haustkensla byrjar 1st Sept.

TIL SÖLU:
160 ekrur af bezta landi, stutt frá járnbrautarstöð. — Fyrsti maður með $7.00 fær hér góð kaup. — Finnið
Skúli Hansson & Co.
47 Aikens' Bldg.
Talsími. Main 6476 P. O. Box 833

GEO. ST. JOHN VAN HALLEN
Málafærzlumaður
Gerir öll lögfræðis störf
Útvegar peningalán
Bæjar og landeignir keyptar og seldar, með vildarkjörum.
Skiftiskjöl $3.00
Kaupsamningar $3.00
Sanngjörn ómakslaun
Reynið mig
Skrifstofa 1000 Main St.
Talsími Main 5142
Heimils talsími Main 2357
WINNIPEG

MARTYN F. SMITH,
TANNLÆKNIR.
Fairbairn Blk. Cor Main & Selkirk
Sérfræðingur í Gullfyllingu og öllum aðgerðum og tilbún aði Tanna. Tennur dregnar án sársauka. Engin veiki á eftir eða gómbólga. —
Stofan opin kl. 7 til 9 á kveldin
Office Phone 6944. Heimilis Phone 5668

Þarft þú ekki að fá þér ný föt?
EF ÞAU KOMA FRÁ CLEMENT'S, — ÞÁ VERÐA ÞAU RÉTT
Rétt er að efni, réttur í sniði réttur frá verð og réttur í verði.
Vér höfum miklar byrgðir af fegurstu og beztu fataefnum. —
Geo. Clements & Son
Stofnað árið 1874
264 Portage Ave. Rétt hjá FreePress

Th. JOHNSON
JEWELER
286 Main St. Talsími: 6606

Sveinbjörn Árnason
Fasteignasali.
Selur hús og lóðir, eldsábyrgðir, og lánar peninga. Skrifstofa: 310 McIntyre Blk.
office TALSIMI 4700. hús TALSIMI 2108

G. NARDONE
Verzlar með matvöru, aldini, smá-kökur, allskonar sætindi, mjólk og rjóma, sömul. tóbak og vindla. Óskar viðskifta Íslend. Heitt kaffi eða te á öllum tímum. Fón 7756
714 MARYLAND ST.

Gott brauð
Ástæðan fyrir vinsældum Boyds brauðanna er sú, að þau eru gerð úr bezta hveiti, gerð í hreinu bakarii undir strönguslu hreinlætisreglum, af æðum bökurum landsins, með nýjustu vélum. Þau eru góð brauð, í einu orði: þau eru Boyds brauð.
Boyd's
Bakery Cor. Spence & Portage Ave
Phone Sherb. 680

BILDFELL & PAULSON
Union Bank 5th Floor, No. 520
selja hús og lóðir og annast þar að lútandi störf; útvegar peningalán o. fl.
Tel.: 2685

Miss Jóhanna Olson.
Piano kennari, byrjar aftur að veita nemendum tilsögn að heimili sínu 557 Toronto St.

BONNAR, TRUEMAN & THORNBURN,
LÖGFRÆÐINGAR.
Suite 5-7 Nanton Blk. Tals. 766
Winnipeg, Man. P.O.BOX 223

DR. H. R. ROSS
C.P.R. meðala- og skurðlækir.
Sjúkdómum kvenna og barna veitt sérstök umönnun.
WYNYARD, — SASK.

The Evans Gold Cure
229 Balmoral St. Sími Main 797
Varanleg lækning við drykkjuskap á 28 dögum án nokkurrar tafar frá vinnu eftir fyrstu vikuna. Algerlega privat. 16 ár í Winnipeg. Upplýsingar í lokuðum umslögum.
Dr. D. R. WILLIAMS, Exam. Phys
J. L. WILLIAMS, Manager

W. R. FOWLER A. PIERCY.

Royal Optical Co.
307 Portage Ave. Talsími 7286.
Allar nútíðar aðferðir eru notaðar við augn-skoðun hjá þeim, þar með hin nýja aðferð, Skugga-skoðun, sem gjörsyðir öllum ágiskunum. —

Heimskringla.

XXV. ÁR | WINNIPEG, MANITOBA, FIMTUDAGINN, 10. NÓVEMBER 1910 | NR. 6.

Leaded Lights.

Vér getum búið til alskonar skrautglugga í hús yðar ódýrara og fljótara en nokkur önnur verksmiðja í borginni Vér sýnum yðar myndir og kostnaðar ætlanir.

Western Art Glass Works.
553 SARGENT AVE.

Fregnsafn.

Markverðustu viðburðir hvaðanæfa.

Vitfirringa spítalinn í Brandon borg brann til ösku að kveldi 4. þ.m., og varð það hálfrar miliónar dollara eignatjón. Í húsinu voru þegar eldsins varð vart 625 sjúklingar og 75 starfsmenn, kl. 5 á föstudagskveldið. Það hafði kviknað upp undir þaki í miðju hússins og eldurinn læsti sig svo ramlega í viðunum, að hann blossaði með ógnar hraða um bygginguna. En svo voru starfsmennirnir snarráðir, að þeir höfðu komið öllum sjúklingunum út úr húsinu og undir þak á 8 mínútum. Þeir fóru með sjúklingana í gripahús og önn ur hús þar umhverfis. Mælt er, að enhverjir af sjúklingunum hafi komist undan meðan á þessu stóð en fáir munu þeir hafa verið. Um kveldið var búið um alla sjúklingana svo vel, sem föng voru til. Því mestu af innanstokksmunum varð bjargað. Húsið sjálft, sem var 250 feta langt 75 feta breitt og 4 tasfur á hæð, brann til ösku. — Upptök eldsins eru ókunn, en ætlað helzt, að einhver sjúklinganna kunni að hafa náð í eldspítu og orsakað eldinn. — það er alment til þess tekið, hve góð stjórn var á þessari stofnun, að á 8 mínútum skyldi vera mögulegt að koma öllum sjúklingunum undan, svo að engin slys urðu, og voru þó margir af þeim svo óðr, að ilt var við þá að fást.

— 130 þúsund konur á Þýzkalandi hafa sent bænarskrá til þingsins um, að banna með lögum að kvenfólk hafi atvinnu við vinveitingar. Og 20 þúsund leiðandi borgarar landsins hafa beðið þingið að leyfa sveitum ríkisins að löglegíða vínbann, ef atkvæði borgaranna falli þann veg. Svo er að sjá af öllum fregnum þaðan, að miklu minna sé nú drukkið af víni og bjór en var fyrir nokkrum árum. Jafnvel læknar nota vín til lækninga á spítulum miklu minna á síðari árum en áður tíðkaðist.

— Meira en 20 þús. manna biðu bana af völdum skógardýra á Indlandi árið 1908. Skýrslur enskra stjórnarinnar um þetta efni, sem nýlega eru gefnar út, sýna, að á því ári féllu 909 menn fyrir tigrisdýrum, 308 fyrir leópörðum, 169 fyrir skógaúlfum og 686 fyrir öðrum dýrum. En snákar urðu á því ári 19,738 manns að bana. Bömuleiðis drápu leópardar 42,427 nautgripi, tigrisdýr 28,253 en úlfar 10 þúsund. Snákar drápu einnig 10 þúsund nautgripi. Þar á móti drápu landsmenn 17,926 skógardýr og 70 þúsund snáka, og fengu fyrir það hjá stjórninni $52,470. Íbúatala landsins er nær 300 miliónir manna. Tveir þriðju þeirra eru Hindúar, 66 miliónir eru Múhametstrúar og 8 miliónir kristnir. Þar eru 108 þús. holdsveikra, 350 þús. blindra, 150 þús. heyrnar- og mállausingjar og 65 þúsundir vitskertra manna.

— Sívaxandi kjötverð í flestum borgum Evrópu hefir vakið íbúana til þess, að nota alt það hrossakjöt til átu, sem til hefir fallið. Dr. Pascal hefir ritað um þetta í "Paris Journal", og hælir mjög hrossakjöti, segir það heilnæmt og ljúffengt, sé það rétt meðhöndlað, og langt um ódýrara eins og nú stendur en nokkurt annað kjöt. Hann segir, að óhugur sá, sem að undanförnu hafi verið móti hrossakjöti, sé óðum að hverfa, að sama skapi sem dýrtíð og hungur þrengi að alþýðu manna í stórborgum heimsins. — Fyrsta hrossakjöts sölubúð var sett á fót í Paris árið 1866, en nú eru 800 slíkar búðir þar í landi, þar af 550 í Parísarborg og nágrenninu. Tvö hrossa-slátrunarhús eru í Seine héraðinu. Þar var slátrað árið 1907 60,173 hestum, 1141 ösnum og 463 múlum. Mest af hrossakjöti í París er saxað niður í langa, og bendir það til, að enn sé óhugur almennur á hrossakjötsáti. — Það telur Dr. Pascal lakast, að ekki sé slátrað nema gömlum og úttauguðum hrossum, í stað þess að slátra vel fóðruðum hrossum til átu. Heilbrigðisráðið í Parísarborg lætur daglega saxa 1700 pund af hrossakjöti, til fæðu sjúklingum á sjúkrahúsum borgarinnar. Kjötið er auðmelt og mjúkt. Það er og annað gott við hrossakjötið, að það ber ekki í sér tæringargerla eins og nautakjötið. Og svo segir Pascal læknir, að af 58 þúsund hestum, sem slátrað var árið 1305, hafi að eins 4 haft sýki þessa. Árið 1906 var 57 þúsund slátrað, og af þeim voru að eins 7, sem höfðu sýkina.

— Nýlega hefir höfðingi einn úr hirð Ítalíu konungs ráðið sér bana — sökum þess að hann komst að því, að stúlka sú, sem hann vildi kvongast, var óskilgetin systir hans. Móðir hans varð að segja honum alt leyndarmálið til þess að afstýra kvonfangiinu. En svo varð honum mikið um þetta, að hann réð sér bana.

— Maður að nafni Joseph Hemmel á Þýzkalandi hefir til sýnis í glerskáp 2 brauð, sem bökuð voru fyrir 94 árum. Þegar hungursneyðin mikla var þar í landi árið 1816, þá kostaði hveiti 84 dollara hvert bushel; brauðið var því mjög dýrmætt í þá daga, enda voru brauðin þá gerð mjög smávaxin. Hvert þessara gömlu brauða vegur 1½ únzu. Þegar neyðinni létti voru brauð þessi óeydd og lögð til síðu til geymslu. Hemmel fékk þau til eignar, þegar hann fyrir 50 árum heimsótti föðurleifð sína í Wurtemberg.

— Nýlega hafa Crow-Indiánar í Montana ríki náð lifandi einum stærsta höggormi, sem sögur fara af. Slanga þessi er af óþektu kyni, er 20 feta löng og 10 þuml. gild. Hún er nú á sýningu í Laurel bæ.

— Magnaða náttúrufregn flytja blöðin í Halifax, dags. 28. okt. sl. — Pleasant Bay heitir hérað norðvestarlega í Cape Breton, og þar hefir þessi músa-landplága tekið sér bólfestu. Um 40 bændur eru þar við víkina, og mýsnar, sem sagt er að séu í miliónatali, hafa á þessu ári gereytt allri uppskeru þeirra og heyföngum. Þær hafa grafið sig þar í jörðu, og byrjuðu árásir sínar með því, að éta mest alt grasið af slæjulandi bænda áður en sláttur hófst. Síðar réðust þær á kornategundir og átu þær svo gersamlega, að allir þeir bændur, sem við víkina búa, náðu ekki nema 7 bushelum óskemdum. Næst réðust þær á matjurtagarðana og átu upp allan jarðepla og næpu ávöxt, og að því búnu réðust þær á hin yngri tré, sem uxu í héraðinu og átu börkinn af þeim. Og nú segja blöðin, að mýsnar séu farnar að ráðast á íbúðarhúsin og eyðileggi þar alt matarkyns, allan fatnað fólksins og jafnvel hús gögnin. — Feikna kynstur hafa bændur veitt af músunum, en þær virðast samt fjölga þess meira eftir því sem meira veiðist af þeim. Enn hafa bændur ekki þorað að eitra fyrir þær af ótta fyrir því, að búpeningur þeirra biði tjón af eitrinu. Þeir standa því uppi algerlega ráðþrota og á meðan gleðja mýsnar sig og fita á öllu því, sem tönn á festir.

— Einn sá mesti gullfundur, sem orðið hefir í Canada á sl. 10 árum, varð í Algoma héraðinu, Ontario fylki í sl. mánuði. Málmurinn fanst í Hobon sveitinni í nánd við C.P.R. brautina, og er sagður að vera afar-gullauðugur. Mesti fjöldi manna hefir þegar farið þangað til að taka sér námalóðir.

— Eldur kom upp í Florence bæ í Nova Scotia um sl. mánaðamót, sem gereyddi hálfum bænum. Eldurinn náði og að læsa sig í tvo náma, en þeim varð báðum bjargað af slökkviliði námafélaganna, sem einnig frelsaði bæinn frá gereyðingu.

— Þrjú dagblöð á Englandi hafa nýlega verið sektuð þúsund dollara hvert fyrir að hafa flutt rangar fregnir um Crippen málið. Eitt blaðið hafði sagt, að Crippen hefði meðgengið morð konu sinnar. — Annað blað fullyrti, að lögmaður hans hefði átt tal við einn af skipsmönnum þeim, sem urðu Crippen samferða yfir hafið, og hefði skipsmaður sagt sér, að hann hefði lofað Crippen því, að fela hann í skipinu og koma honum undan við lendingu í Canada. — Dómarinn tók fram, að þó þessar staðhæfingar blaðanna væru í eðli sínu ekki þýðingarmiklar, þá væru þær þó brot á lögum landsins, því að strax og búið væri að gefa út skipun um að handtaka mann fyrir glæp, þá hefðu blöðin engan rétt til að ræða mál hans á neinn þann hátt, er gæti haft hin minstu áhrif á málið. Hann gat þess og — blaðamönnum til aðvörunar — að ef slíkar rangfregnir kæmu oftar fyrir í sambandi við samskonar sakamál, þá yrði blaðstjórunum varpað í fangelsi, en ekki gerður kostur á, að levsa sig undan hegningu með fjársektum.

— Páfaráðið í Rómaborg hefir ákvarðað, að ekki megi telja Pius 9. í tölu dýrðlinga kirkjunnar um óákveðinn tíma, af þeirri ástæðu, að hann hafi verið bendlaður við konu í ástamálum, þegar hann var byskup og í broddi lífsins. — Það var ungur maður að nafni Lancellotti, sem kom þessu upp um ömmu sína og samnaði með skjölum, að hneyksli þetta heiði orðið árið 1852.

— Fæðingar fara fjölgandi á Frakklandi. Árið 1909 dóu þar 28,205 manns fleiri en fæddust, en á fyrstu 6 mánuðum yfirstandandi árs hafa fæðst 21,189 fleiri en dáið hafa.

— Herra Franco, fyrverandi stjórnarformaður í Portúgal, hefir verið handtekinn og kærður um, að hafa misbeitt valdi sínu meðan hann hélt stjórnartaumum þar í landi. En ekki þykist núverandi stjórn eiga neinn hlut í því, að hann var tekinn til fanga. Þar á móti hefir hún látið handtaka 32 herforingja, og kært þá um samsæri gegn nýju stjórninni. Síðan hafa ýmsar herdeildir risið upp, bæði í land- og sjó-hernum og sent formlegt skrifað ávarp til hinnar nýju stjórnar og tilkynt henni, að þær gerðu tafarlaust uppreist gegn henni, ef hún haldi ekki öll þau loforð, sem hernum í heild sinni og einstöku mönnum úr honum voru gerð áður en uppreistin hófst. En þessi loforð voru aðallega um hærri embætti og launaviðbætur. Mælt er, að stjórnin verði að sinna kröfunum.

— Það kom nýlega fyrir í Brooklyn, N.Y., að loftsiglingamaður, sem ætlaði að ferðast með járnbraut, neitaði að þiggja efra rúm í svefnvagni, kvaðst vera hræddur við, að detta úr því ofan á gólf og meiða sig. En hann kvaðst hafa flogið í vél sinni 7 þúsund fet í lofti, og þá ekki fundið til nokkurrar hræðslu, svo hefði hann verið öruggur í vélinni.

— Franska stjórnin sagði af sér 2. þ. m. Innbyrðis sundrung í stjórnarráðinu út af óeirðunum, sem urðu nýlega þar í borg, þegar járnbrautamenn gerðu verkfall, gerðu Briand stjórnarformanni ómöguleet að halda völdum. Sumir af ráðgjöfum hans kendu honum um, að hafa vanrækt að taka þær ákvarðanir, sem komið hefðu í veg fyrir verkfallið. Forseti Frakka vildi ekki taka uppsögn stjórnarformannsins gilda og skipaði Briand að mynda annað stjórnarráð. Sagðist enga ástæðu finna til að bera vantraust til hans, þar sem bónsið með atkvæðagreiðslu hefði látið í ljósi traust sitt á honum. Briand myndaði því nýtt ráðanevti strax næsta dag og situr það nú að völdum.

Hempu-rífrildið á Gardar.

OGILVIE'S
Royal Household Flour

Til Brauð og Köku Gerðar

Gefur Ævinlega Fullnæging

EINA MYLLAN Í WINNIPEG —LÁTIÐ HEIMAIÐNAÐ SITJA FYRIR VIÐSKIFTUM YÐAR.

— Mál hefir verið höfðað móti 9 mönnum í Nebraska ríki fyrir illa meðferð þeirra á landnemum þar í ríkinu. Þessir nýju landnemar voru allir hjarðmenn og létu hjarðir sínar ganga yfir afarstórt landflæmi. En þegar gömlu íbúun um þótti landnemarnir taka að þrengja að sér, gerðu þeir árásir á bústaði hjarðmanna, skemdu uppskeru þeirra og eyðilögðu vinnuvélar þeirra og hótuðu þeim líkamlegum meiðslum og jafnvel lífláti, ef þeir gæfu ekki upp löndin og hefðu sig á burt úr héraðinu. Sumir af landnemunum gerðu þetta, en aðrir sátu kyrrir og hafa nú komið fram lagaábyrgð á hendur þessum glæpaseggjum.

— Michigan Central járnbrautarfélagið hefir tekið 10 milión dollara lán á Frakklandi til þess að bæta brautarkerfi sitt og flutningstæki. Mörg önnur járnbrautafélög hafa áður fengið peningalán á Frakklandi, og bendir það á, að Frakkar séu eina-þjóð. Engin burð virðist vera þar á peningum, þegar góðir vextir eru í boði. Þetta síðasta lán var veitt til eins árs gegn 4½ prósent vöxtum.

— Nokkrir náma- og verzlunarmenn í Dawson City hafa myndað félag til þess að grafa göng mikil inn í hæð þá, sem álitið er að allir gullburðar lækirnir í Yukon héraðinu renni úr. Ríkisstjórnin er í verki með mönnum þessum, og er þeir byrjað á, að grafa göng úr ýmsum áttum inn í hæðina eða fiallið. Það er ætlan manna, að þar séu ótaldar miliónir dollara virði af gulli, og að lækirnir taki gullburð sinn þaðan. En að öðru leyti er fyrirtæki þetta beint áhættusnil, því engin vissa er fyrir að neitt finnist, þó líkurnar séu miklar.

— Mr. Volney B. Davis hefir nýlega lokið 10,400 mílna ferð, frá San Francisco til New York og til baka, á mótorhjóli. Hann lagði upp frá San Francisco hann 10. febr. sl. og var 183 daga að fara ferðina fram og til baka. Hann er fyrsti maður til að leggja upp í slíka langferð á mótor reiðhjóli.

— Rafafl frá Niagarafossi hefir verið leitt inn í Guelph bæ í Ontario, og rekur nú aflvélar á verkstæðum þar í borginni og knýr strætisvagna áfram eftir götum bæjarins og lýsir bæinn og hitar.

— Fregnriti tímaritsins Popular Electricity getur þess, að uppfyndingamaðurinn mikli Thomas Alva Edison, hafi nýlega í viðtali við sig látið í ljósi, að hann væri ekki eins upp með sér af nokkurri uppfyndingu eins og "Storage Battery" sínu, sem hann hafi í mörg ár verið að stríða við að gera svo fullkomið, sem nú sé raun á orðin. Þetta nýja rafmagnsgeymslu-hylki er bæði miklu léttara og ódýrara, en þau, sem áður hafa verið notuð, og svo endingargott að það er jafngott eftir margra ár brúkun. Ein hleðsla slíks hylkis, sem er mátulega stórt fyrir mótorvagna, er nægileg til að knýja vagninn áfram 100 mílna langan veg. Edison kveðst hafa þá fóstu sannfæringu, að þessi rafmagnshylki verði ekki að eins alment notuð til að knýja áfram verksmiðjuvélar heldur einnig til að hreyfa akuryrkjuvélar bændanna.

— Konsúll Bandaríkjanna í Acapulco í Mexico hefir símað Washington stjórninni, að 5 menn hafi verið handteknir þar, grunaðir um að hafa sprengt upp Times bygginguna í Los Angelós, Cal., fyrir nokkrum vikum. Þessir menn höfðu komið inn á höfnina í Acapulco á dálítilli gasólín snekkju til þess að kaupa oliu. Það er álit manna, að þeir séu allir glæpamenn á flótta, og að í hópi þeirra sé Wilson B. Evans, sem grunaður er um að hafa rænt Merchants & Farmers bankann í Los Angeles. Enda fundust 12 þúsund dollarar í peningum í bátnum, og þykir líklegt, að það sé hluti af hinu rænta fé. Allir gáfu þessir menn nöfn sín en yfirvöldin hyggja að þau séu öll fölsk.

— Þjóðverjar hafa fengið ótta af áhrifum uppreistarinnar í Portúgal. Það er sagt, að rifflum hafi verið útbýtt til lögregluliðsins þar í landi, og því gefin ströng skipun um, að "skjóta og drepa", hvenær sem óeirðir verði og undireins og fyrsta skot komi frá óeirðarmönnum. Að þessum tíma hefir það komið fyrir í Þýzkalandi eins og annarstaðar, að þegar verkföll hafa orðið, þá hafa ýmsir óróaseggir orðið til þess, að hleypa af skambyssum. Nú er lögreglunni sagt, að skilja slík skot sem vopnaða uppreist og að hafa tafarlaust skotliðið á múginn, svo að vel skarar skríði á skjótri stundu.

— Átta hundruð þúsund manns á Englandi þáðu styrk af stjórnarfé sér til viðurværis í byrjun ársins 1910. Skýrslurnar sýna ekki hvort tala þiggendanna hefir aukist síðan.

ÍSLENZKAR BÆKUR

Ég undirritaður hefi til sölu nálega allar íslenzkar bækur, sem til eru á markaðinum, og verð að hitta að Mary Hill P.O., Man. — Sendið pantanir eða finnið.

Niels E. Hallson.

WALL PLASTER

"Empire" VEGGJA PLASTUR kostar ef til vill ögn meira en hinar verri tegundir, —en berið saman afleiðingarnar.

Vér búum til:

"Empire" Wood Fibre Plaster
"Empire" Cement Wall "
"Empire" Finish "
"Gold Dust" Finish "
"Gilt Edge" Plaster of Paris
og allar Gypsum vöruteg. undir. —

Eigum vér að senda yður bækling vorn?

BÚIÐ TIL EINUNGIS HJÁ
MANITOBA GYPSUM CO. LTD
SKRIFSTOFUR OG MILLUR I
Winnipeg, - Man.

Heimskringla
Published every Thursday by The Heimskringla News & Publishing Co. Ltd

Verð blaðsins í Canada og Bandar. $2.00 um árið (fyrir fram borgað). Sent til Islands $2.00 (fyrir fram borgað af kaupendum blaðsins hérl. 50.)

B. L. BALDWINSON.
Editor & Manager

Office:
729 Sherbrooke Street, Winnipeg
P. O. BOX 3083. Talsími 5512.

Laurier tapar.

Aukakosning til Ottawa þingsins fór fram í Drummond-Arthabaska kjördæminu í Quebec fylki þann 3. þ. m. Sjóhermála-brask Laurier stjórnarinnar var aðal ádeiluefnið í þessum kosningum, og var með þessari kosningu lagt undir álit og dómsúrskurð kjósendanna.

Þetta kjördæmi er bústaður Sir Wilfrid Lauriers, þar á hann atkvæði og heimilisfestu og þar hefir hann hvað eftir annað náð kosningu til þingsins, jafnvel þegar hann hefir jafnframt sótt í öðrum kjördæmum. Því það vill stundum til, að leiðtogar flokka sækja í tveimur kjördæmum í senn, þó þeir geti ekki verið þingmenn nema fyrir annað þeirra. Og Laurier hefir þráfaldlega sótt í tveimur kjördæmum við sömu kosningar, og þetta kjördæmi, sem hann hefir sjálfur búið í og átt atkvæði í, hefir verið annað þeirra og aldrei brugðist honum.

Það var því álitið nokkurn veginn trygt, að leggja herflotamálastefnu hans undir dóm þessa kjördæmis. Stjórnin hafði engan efa á, að hún mundi vinna sætið nú, eins og að undanförnu. Og úrslit málsins í þessu kjördæmi áttu að sýna öllum kjósendum Canada, hve stefnan væri vinsæl þar eystra. Stjórnin valdi og sterkan og vinsælan merkisbera þar í kjördæminu, að nafni S. Perrault. En andstæðingar nefndu herra A. Gilbert til sóknar fyrir sig. Hann er af flokki hinna svonefndu Nationalista, sem Henry Bourassa er leiðtogi fyrir. Bourassa var áður fylgjandi Laurier, en vígðist Liberal flokkinn fyrir fáum árum vegna hinnar megnu sviksemi, sem hann kvað vera hvervetna innan flokksins og í öllu stjórnarfarinu. Bourassa hefir sjálfur sæti í Ottawaþinginu, hann er hæfileika maður mikill og vinsæll. Hann vann móti stefnu stjórnarinnar, og sýndi fram á, að ekki yrði þess langt að bíða, að ungir, hraustir menn yrðu teknir nauðugir í sjóherinn, og að herskipin yrðu látin berjast í stríðum Breta um allan heim. Á þann hátt mættu mæðurnar þar í kjördæminu og hvervetna annarstaðar í ríkinu búast við að missa syni sína, bændur og bræður í stríðum út um allan heim, hvar sem Bretar ættu í höggi við aðrar þjóðir.

Þetta hafði svo mikil áhrif á kjósendurna, að sent var eftir Laurier sjálfum til að taka þátt í bardaganum. Bæði hann og ráðgjafar hans unnu alt sem þeir orkuðu í kjördæminu, og svo er sagt, að ekkert hafi verið til sparað til að vinna þessa kosningu. En svo fór samt, að herra Gilbert, andstæðingur stjórnarinnar, sigraði með 200 atkvæðum umfram.

Enginn má ætla, að þessi ósigur stjórnarinnar sé vissa fyrir falli hennar við næstu kosningar. En hins vegar er það sýnt, að hún er mjög að veikjast í sessi, jafnvel í sjálfu Quebec fylki. Og lítill efi er á því, að hún mundi hafa tapað í sérhverju öðru kjördæmi þar í fylkinu á þessu máli.

Að þessi ósigur sé alvarleg aðvörun til stjórnarinnar, verður ekki neitað, og séu skoðanir manna annarsstaðar í ríkinu nokkuð líkar því, sem þarna kom fram, þá er ekki að efa, að dagar stjórnarinnar eru taldir.

— Fyrsta sambandsþing Suður-Afríku var sett í sl. viku. Fjögur fylki eru í sambandinu, Natal, Cape Colony, Transvaal og Orange River Colony. Um 120 þingmenn mættu á þessu fyrsta þingi.

Vinsamleg bending.

Einn vinur minn í Nýja Íslandi hefir nýlega tilkynt mér með bréfi, að sá orðrómur sveimi þar austra, að ég hafi átt að rita það í bréfi til herra Bjarna Marteinssonar, skrifara Bifröst sveitar, að þeir félagar, Sveinn Thorvaldsson kaupmaður við Íslendingafljót og Jóhannes Sigurðsson kaupmaður á Gimli,— "væru svarnir óvinir þess, að járnbrautin yrði framlengd frá Gimli bæ norður að Riverton við Íslendingafljót", og telur hann illa farið, ef þeir félagar séu máli því andvígir, því að það sé þar öllugur almenningsvilji, að framlenging þessi fáist þangað norður sem allra fyrst.

Í tilefni af þessu skal ég taka fram það, að samkvæmt tilmælum minum sendi herra B. Marteinsson mér fyrir nokkrum tíma skriflegt yfirlit yfir væntanlegar inntektir, sem járnbrautin mundi fá af svæðinu frá Gimli bæ norður alla leið. Þessa sendingu bakkaði ég honum með bréfi, — því eina, er ég hefi ritað til hans í sambandi við járnbrautarmálið. Jafnframt gaf ég samkvæmt ósk hans bendingu um það, hvað ég áliti heppilegt að landeigendur þar nyrðra gerðu til þess sem fyrst og sem best að hrinda járnbrautarmálinu í æskilegt horf, — þannig að tryggja framlenginguna norður um bygðina sem allra fyrst.

Ég mintist ekki með svo miklu sem einu orði, hvorki í því bréfi né nokkru öðru bréfi, sem ég hefi ritað, á skoðun mína eða trú á því, að þeir Sveinn og Jóhannes væru framlengingunni andstæðir. Enda hafði ég enga ástæðu til þess. Miklu fremur er það skoðun mín og sannfæring, að þessir menn báðir séu einhuga fylgjandi því, að járnbrautin verði lengd norður að Fljótinu sem fyrst, og það af þeirri eðlilegu ástæðu, að þeir, vegna verzlunar sinnar og annara ítaka í bygðinni, mundu hafa fult eins mikinn hag af framlengingu brautarinnar eins og nokkrir aðrir menn, sem búsettir eru í Nýja Íslandi, eða heldur meiri.

Mér er og persónulega kunnugt um það, að Sveinn Thorvaldsson hefir allra manna mest starfað að því um nokkur undanfarin ár, að bæði járnbraut og talsímar yrði lagt norður þangað. Og hann hefir engar dulur dregið á það, að verzlun sú, sem hann veitir þar forstöðu og allir íbúar bygðarinnar mundu hafa hinn mesta hag af járnbraut þangað norður. Þessu til sannindamerkis er það, að hann hefir nú svo árum skiftir lagt sig allan fram til þess, að áætla sem allra nákvæmlegast væntanlegar inntektir brautarinnar á þessu svæði, og ég hygg að á þeim útreikningi aðallega sé áætlun su byð, sem ég fékk hjá herra B. Marteinssyni, sem minst er á hér að framan.

Við Jóhannes man ég ekki til að hafa rætt járnbrautarmálið nú svo árum skiftir, en ég veit að hann var, um það leyti, sem verið var að undirbúa málið um framlenginguna frá Winnipeg Beach norður, einlægleg meðmæltur því, að járnbrautin fengist lögð alla leið norður að fljótinu, og ég hefi ekki heyrt eða orðið þess var, að skoðun hans í þessu efni hafi tekið nokkrum breytingum síðan. Ég tel það því algerlega áreiðanlegt, að hann muni af alefli nú fylgja þeim að málum, sem bæði óska og þurfa og eiga sanngjarna heimting á að fá járnbrautina framlengda norðureftir bygðinni.

Og í þessu sambandi skal ég taka það fram, að ég vona svo góðs til allra þeirra manna, sem búa á Gimli og þar sunnan, að þeir veiti nú norðurbygðarmönnum eins einlæglega og öfluglega að málum að fá framlenging brautarinnar norður, eins og norðanmenn veittu þeim að málum að fá framlenginguna frá Winnipeg Beach til Gimli bæjar.

En svo ég snúi mér aftur að kjarna málsins — um fjandskap þeirra Sveins og Jóhannesar gagnvart beztu hagsmunum norðurhluta bygðarinnar, — þá er sú saga ekki ný. Ég frétti það norður við Fljótið, er ég var þar í sl. maímánuði við jarðarför Gunnsteins heitins Eyjólfssonar, að Sveinn væri andvígur því, að járnbraut fengist norður að Fljótinu. En í þessari sömu ferð, lagði Sveinn hart að mér að gera alt það, sem í mínu valdi stæði til þess að vinna að því, að járnbraut fengist þangað norður sem allra fyrst og einnig talsímar. Og mér er kunnugt, að um það leyti, eða litlu síðar, gerði hann tvær ferðir upp hingað til þess að hrinda málum þessum í æskilegt horf, að svo miklu leyti, sem það var þá möguleg. Og það er sannsagnarst, að ég vætti það hér opinberlega, að í öll þau ár, sem ég hefi haft þann heiður, að vera þingmaður Gimli kjördæmis, eftir árið 1899, þá er enginn sá maður í Norður Nýja Íslandi, sem eins eindregið og öfluglega hefir stutt að því, að ég fengi unnið til hagnaðar bygðinni, eins og Sveinn Thorvaldsson. Hann hefir tekið á sig mörg ómök og talsverð peningaútlát til þess að koma hingað upp eftir til þess að styðja að því, að ég fengi sem mestar fjárveitingar til umbóta í bygð hans þar nyrðra.

Ég hefi orðið langorðari um mál þetta en átt hefði máske að vera. Ef til vill hefði ég átt að láta orðasveim þennan afskiftalausan og óumræddan og láta mig engu skifta munnmælin. En hins vegar fellur mér illa, að vita þá menn verða fyrir ámælum, sem ég veit með vissu að einlæglega og uppihaldslaust vinna af öllum mætti að hagsmunum bygðar sinnar.

En að því er mig sjálfan snertir, þá er það ósk mín og vinsamleg tilmæli, að nafn mitt sé ekki tengt við óröstuddar og ósannar flugusögur. Það getur verið margt ilt í minu fari, en undirferli og baktal um náungann er ekki meðal þeirra lasta. Ef ég hefði nokkra hugmynd um, að þeir Jóhannes og Sveinn væru að vinna móti hagsmunum sveitar sinnar, þá hefi ég næga einurð til þess að hafa sagt það opinberlega. Og ef þeir eru nokkrir í Nýja Íslandi, sem láta sér ant um að vita með vissu, hvað ég hefi ritað í bréfið til herra B. Marteinssonar, þá efa ég ekki, að hann verði fús til þess að veita sannar upplýsingar í því máli.

Frá mínu sjónarmiði er það lífsnauðsyn, að vér getum allir unnið einhuga að framlenging brautarinnar norður, — þá er sigurs von, jafnt í því sem öðrum málum.

B. L. Baldwinson

Íslands fréttir.

Herra A. J. Johnson er orðinn ritstjóri Ísafoldar, í fjarveru Ólafs Björnssonar, meðan Ólafur er í útlöndum með föður sínum, Birni ráðherra.

Árni Sigfússon real stúdent, um fertugt, skaut sig á háls til bana í Snjóholti í Fljótsdalshéraði. Hann hafði verið í Ameríku og var nýlega komin heim þaðan.

Guðmundur Magnússon í Washington í Bandaríkjunum hefir sent Heilsuhælinu á Íslandi 100 krónur að gjöf, og lofað að gefa þessari stofnun árlega 100 krónur meðan hann lifi. Hann er nú 25 ára gamall.

Nýdáinn er séra Hjörleifur Einarsson faðir Einars Hjörleifssonar skálds. Hann varð áttræður.

Vélabáturinn "Harpa", sem haldið hefir uppi póstferðum á Breiðafirði, rakst á sker þann 29. sept. og fórust 3 menn af honum: Guðni Guðmundsson kaupmaður í Flatey, Pétur Hafliðason frá Svefneyjum og Einar Daðason úr Skötufirði. Báturinn sökk.

Í öndverðum októbermánuði féll dómur í 20 af þeim málum, sem Björn ráðherra höfðaði gegn Þorsteini Gíslasyni ritstjóra Lögréttu. Sagt er, að Þorsteinn hafi verið sýknaður af einni ákærunni, en dæmdur sekur í 19 málum, og sektaður í öllum. Alls voru sektirnar 580 krónur og málskostnaður hans 285 krónur.

Látin er í Hafnarfirði þóra Böðvarsdóttir, 83. ára, systir séra Þórarins Böðvarssonar fyrrum prófasts í Görðum.

Thor Tulinius hefir útvegað Íslandi sauðfjármarkað í Belgíu, og hafa tveir belgískir kaupmenn keypt í haust nálega 3 þúsund fjár á norður og austurlandi.

Ísafold getur þess, að sýslumaður og hreppstj. Barðstrendinga, er nýlega höfðu farið þar út í botnvörpung til að fá hann sektaðan fyrir ólöglega veiði í landhelgi, — hafi verið hafðir á burt, botnvörpungurinn sigldi tafarlaust með þá til Englands. Blaðið segir, að þeir séu nú komnir fram í Hull á Englandi. Jafnframt getur blaðið þess, að hafi sýslumaðurinn ekki verið klæddur einkennisbúningi, þá sé vansé, að hægt verði að koma fram ábyrgð á hendur skipstjóranum.

Tíðarfar mjög úrkomusamt á Suðurlandi um miðjan október; kemur naumast sá dagur, er trygur sé til enda.

Mokfiski á Húsvík í október, alt upp í landsteina, bæði á lóðir og handfæri, stundum 20 króna hlutir á dag. Vélabátar allir hættir veiðum síðan veðrátta tók að spillast. Róðrarbátar hafðir í þeirra stað.

Þrjátíu sjúklingar nú á Heilauhælinu á Vífilsstöðum og fjölgar vikulega. Á geðveikrahælinu eru yfir 60 sjúklingar, og á Laugarnesspítalanum 60 sjúklingar.

Heyskapur í Árness og Rangárvalla sýslum sagður í góðu meðallagi á þessu ári. Nýting hin bezta og heyin góð, að undanteknu því síðslegnasta.

"Um áfengisnautn sem þjóðarmein og ráð til að útrýma henni" hefir Guðmundur Björnsson landlæknir skrifað bók, og er hún nú prentuð. Ágóðinn af sölu bókarinnar á að ganga til styrktar Heilsuhælinu á Vífilsstöðum.

Fimtugan hval rak nýlega á Neðra-Nesi á Skaga.

Fréttabréf.

MARKERVILLE, ALTA.
(Frá fréttaritara Hkr.).
31. okt. 1910.

Góð tíð hefir haldist þennan mánuð til nálægs tíma, enginn snjór fallið enn sem komið er, en næturfrost og kuldi er nú að aukast, svo jörð er farin að frjósa, svo ekki er plægjandi. Líkur eru til, að nú sé að frjósa upp, og er það nokkru fyrr en vanalegt er.

Líðan og heilsa fólks hér um pláss yfirleitt góð. — Rétt fyrir miðjan þennan mánuð andaðist hér í bygðinni Geirhjörtur Kristjánsson, aldraður maður. Hann kom frá North Dakota fyrir tæpu ári síðan og tók hér land. Hann var þjáður af hjartasjúkdómi, sem leiddi hann til bana. Hann eftirskilur hér aldraða konu og uppkomna dóttur, báðar heilsutæpar.

Kvenfélagið "Vonin" hafði hlutaveltu og dans þann 28. þ. m., í þeim tilgangi, að verja ágóðanum til styrktar konu og dóttur Geirhjartar sál., sem eru í erfiðum kringumstæðum.

Gripasala er nú nýafstaðin og reyndist betri en undanfarin ár; pundið í lifandi uxum 3. ára og eldri 3½c; pundið í geldum kvigum og kúm 2½c til 3c; pundið í lömbum 5c, en fullorðnu té 4c; pundið í lifandi svínum er nú 7½c, og búist við þau hækki enn í verði. Annars lítur nú út fyrir, að allar afurðir bænda hækki smámsaman í verði; en svo eru líka horfur á því, að allar nauðsynjavörur, sem bændur þurfa að kaupa, stigi mjög í verði. Allar korntegundir eru nú þegar orðnar dýrar; hafrar eru 40c og bygg 50c bush, og hey er ákaflega dýrt, við járnbrautarbygginguna hefir það verið $20.00 ækið, af lausu heyi, og má ætla það hækki enn meira.

Mikið er nú talað um járnbrautalagning ar um þetta pláss; nú er verið að reyna að fá járnbraut lagða hér um miðja íslensku bygðina til Markerville bæjar, eða þar í grend, og er unnið hart að því máli, og eru miklar líkur að það hafi framgang. Yrði þá bygð þessi ákjósanlega sett með samgöngufæri og markað, en mjög myndi það breyta búnaðarháttum frá því sem nú er.

Ekki er enn lokið þreskingu hér í bygð; uppskera er í rýrara lagi, og víða spilt af frosti.

Úr bænum

Þann 30. okt. sl. andaðist í St. Helen bæ í Oregon ríki S. A. Lynge, úr hjartveiki. Lík hans var brent þann 1. þ. m. samkvæmt eigin ósk hans.

Herra Runólfur Runólfsson, frá Simens, Sask., kom til borgarinnar fyrir tveim vikum og brá sér norður til Álptavatns nýlendu til að ganga í hjónaband. Hann giftist þar ungfrú Björgu Stefaníu Bergþórsdóttur (Jónssonar frá Lundar P.O.). Brúðhjónin héldu vestur á heimilisréttarland herra Runólfssonar þann 3. þ.m.— Hann sagði uppskeruna í bygð sinni bar vestra tæplega eins góða í ár eins og hún var í fyrra. Hveiti varð 25 bush. af ekru, en hafrar um 50 bush.

Á Manitoba búnaðarskólanum eru nú ásamt öðrum Íslendingum þeir Matthías Guðmundsson frá Bertdale, Sask., og Helgi J. Helgason frá Foam Lake, Sask. þeir byrjuðu námið þann 27. okt. sl.

Herra Sigurður Sigvaldason, trúboði, sem héðan fór í september í fyrra suður til Bandaríkjanna og hefir starfað í stórborgunum þar en lengst í New York borg,— kom hingað til bæjarins á laugardaginn var, og hyggur að dvelja hér fyrst um sinn.

Herra Jón Þórðarson, bóndi að Wild Oak, var hér í borg í sl. viku. Hann segir góða líðan í bygð sinni. Þreskingu um það lokið og uppskera góð þar í bygð, hafrar 40—50 bush. af ekru (verð 40c) og hveiti 20—35 bush. (verð 90c). — Þórðarson segir þreskivél sín sé enn að vinna og hafi 2. vikna verk fyrir hendi. Hann og synir hans hafa þreskt fyrir alla Big Point búa, yfir 20 talsins.

Herra Sigurður Jónsson, að Bantry, N. D., hefir góðfúslega tekið að sér umboð fyrir Heimskringlu í Bantry og Upham bygðum. Sér til hægðarauka geta því viðskiftavinir blaðsins snúið sér til hans og sömuleiðis þeir, sem vildu gerast kaupendur að "Kringlunni", og það óska útgefendur að sem flestir verði, og bjóða hverjum nýjum kaupanda, sem borgar einn árgang fyrirfram, sögur í kaupbæti.

Menningarfélagið.

Fyrsti Menningarfélagsfundur var haldinn þann 26. okt. sl. — Herra Skapti B. Brynjólfsson flutti þar erindi. Umræðuefni var hinn vaxandi innflutningur til þessa landshluta vorra að heiman, sem hefðu orðið brotlegir við lögin. Virtist sem sumir þar hefðu það úrræði, ef illa færi fyrir þeim, að "stinga af" til Ameríku. Ræðumaður komst að þeirri niðurstöðu, að það væri ekki æskilegt, að þessu héldi áfram óátalið, — hvorki fyrir þjóðflokk vorn hér eða heima á föðurlandinu. Ameríka væri ekkert gríðland sakamanna, og bezt væri að koma löndum vorum heima í skilning um það atriði. Bæði Canada og Bandaríkin bönnuðu harðlega innflutning þeirra, er brotlegir hefðu orðið við lögin í föðurlandi sínu. Það bezta, sem innflytjendur gæti komið með, er óflekkað mannorð.

All-langar umræður urðu á eftir.

Herra Jónas Hall, einn af stofnendum Menningarfélagsins í North Dakota, flutti félaginu frumsamið kvæði.

Næsti Menningarfélags fundur verður haldinn í kveld (miðvikudag 9. nóv. Herra Stefán Thorson flytur þar síðari kafla erindis síns "Um glæpamenn": Hvað veldur glæpum?. Fundurinn verður haldinn í Únitarakirkjunni, Sherbrooke og Sargent strætum. Allir boðnir og velkomnir. Umræður á eftir.

F. Swanson, ritari.

Viðurkenning.

Ég undirrituð finn mér skylt að votta hér með stúkunni "Vínland" þakklæti mitt fyrir Eitt þúsund dollara lífsábyrgðarborgun, sem Mr. Karl Ólson afhenti mér þegar eftir andlát mannsins míns Guðmundar Guðmundssonar, þann 30. sept. sl.

Sömuleiðis þakka ég Mr. Páli S. Bárdal fyrir alla þá hjálp, sem hann veitti mér í sambandi við útför látins eiginmanns míns. Og einnig þakka ég af hjarta Mrs. Guðrúnu Búason fyrir alla þá miklu hjálp, sem hún veitti mér af mestu alúð allan þann tíma, sem maðurinn minn lá banalegu sína og eftir að hann var látinn. Sömuleiðis öllum öðrum, sem veittu mér hjálp í minum sorglegu kringumstæðum.

Gimli, Man., 3. nóv. 1910.
Mrs. G. Goodman.

— Á ný hefir Ralph Johnson í New York flogið í vél sinni 9714 fet í loft upp þann 31. okt. sl. Engir hafa áður komist þá hæð, sem var svo mikil, að þeir, sem viðstaddir voru og horfðu á eftir honum, mistu algerlega sjónar á honum. Hann var í því, sem nefnt er "biplane"-vél og var 1½ klt. í lofti. — Claude Graham, Englendingur, flaug sama dag meira en 60 mílur á klt. og fékk 3000 dollara fyrir það.

Fyrirlestur

ætlar séra M. J. Skaptason að flytja á eftirfylgjandi stöðum í Saskatchewan.

Foam Lake, Mánudag 14. Nov.
Kristnes, Miðvikudag 16. "
Leslie, Laugardag 19. "
Elfros, Mánudag 21 "
Wynyard, Miðvikudag 23 "

EFNI: Dýrmætasta eignin Íslendinga. Brot úr norrænum goðsögnum. Byrjar kl 7 að kveldinu á öllum stöðunum — Frjálsar umræður, Nánari upplýsingar verða á ofan greindum stöðum 2 eða 3 dögum á undan.

Winnipeg, 7. Nóv. 1910.
M. J. SKAPTASON

Sherwin-Williams PAINT
fyrir alskonar húsmálningu.

Prýðingar-tími nálgast nú. Dálítið af Sherwin-Williams húsmáli getur prýtt húsið yðar utan og innan. — Brúkið ekker annað mál en þetta. — S.-W. húsmálið málar mest, endist lengur, og er áfordarfegurra en nokkurt annað hús mál sem búið er til. — Komið inn og skoðið litarspjaldið. —

Cameron & Carscadden
QUALITY HARDWARE
Wynyard, -- Sask.

"KVISTIR"

kvæði eftir Sig. Júl. Jóhannesson, til sölu hjá öllum íslenzkum bóksölum vestanhafs

Verð: $1.00

A. SEGALL
(áður hjá Eaton félaginu).
Besti kvennfata Skraddari

Loðskinna fötum veitt sérstakt athygli.

Hreinsar,
Pressar,
Gerir við.

Fjórir (4) alfatnaðir hreinsaðir og pressaðir, samkvæmt samningum, hvort heldur er karlmanna eða kvenfatnaður, fyrir aðeins $2.00 á mánuði.

Horni Sargent og Sherbrooke

ROBLIN HOTEL

115 Adelaide St. Winnipeg

Besta $1.50 á-dag hús í Vestur-Canada. Keyrsla ókeypis milli vagnstöðva og hússins á nótte og degi. Athlynnisig hins bezta. Viðskifti Íslendinga óskast. OLAFUR G. OLAFSSON, Íslendingur, afgreiðir yður. Heimsækjið hann.—

O. ROY, eigandi.

The Farmer's Trading Co.

(BLACK & BOLE)

HAFA EINUNGIS BESTU VÖRUTEGUNDIR.

Einu umboðsmenn fyrir:—
"SLATER" Skóna góðu.
"FIT-RITE" Fatnaðinn.
"H. B. K." prjónafélagið.
"HELENA" pils og 'waist' kvenfatnaði.
Bestu matvörutegundir.
"DEERING" akuryrkju verkfæri o, s. frv.

Beztu vörur Lágt verð

Fljót og nákvæm afgreiðsla.

Farmer's Trading Co., THE QUALITY STORE

Wynyard, Sask.

JIMMY'S HOTEL

BEZTU VÍN OG VINDLAR.
VÍNVEITARI T.H.FRASER.
ÍSLENDINGUR. : : : : :

James Thorpe, Eigandi

MARKET HOTEL

146 PRINCESS ST. á móti markaðnum

P. O'CONNELL, eigandi, WINNIPEG

Bestu tegundir af vínföngum og vindum, aðhlynning góð. húsið endurbætt

Woodbine Hotel

566 MAIN ST.

Stærsta Billiard Hall í Norðvesturlandinu Tíu Pool-borð.—Alskonar vín og vindlar. Gisting og fæði: $1.00 á dag og þar yfir

Lennon & Hebb, Eigendur.

JOHN DUFF

PLUMBER, GAS AND STEAM FITTER

Alt verk vel vandað, og verðið rétt

664 Notre Dame Ave. Phone 8615 Winnipeg

A. S. TORBERT'S

RAKARASTOFA

Er í Jimmy's Hótel. Besta verk, ágæt verkfæri; Rakstur 15c en Hárskurður 25c. — Óskar viðskifta Íslendinga.—

A. S. BARDAL

Selur líkkistur og annast um útfarir. Allur útbúnaður sá besti. Enfremur selur hann alskonar minnisvarða og legsteina.

121 Nena St. Phone 306

Hákarlaveiðar við Florida-skaga.

Bókleður úr hákarlsskráp.

Hákarlinum er sízt markaður bás allra lifandi íbúa sjávarins. Hann er nær allstaðar í söltum sæ, þar sem svo er djúpt, að hann getur sundi við komið.

Mest er þó um hann í heitum hitum og í tempraða beltanu, þar verður hann stórvaxnastur og graðugastur.

Bókleður (Shagreen, Chagrin), sem notað er til iðnaðar, er úr roði hans eða skráp, og hefir það margt til sins ágætis, sem ekkert annað efni hefir. Hákarlaveiðarar hafa því ávallt visan markað fyrir skrápinn.

Hákarlinum er um það ólíkt farið öðrum fiskum, að roð hans er áþreifanlega seigt. Hann hefir ekki hreistur sér til hlífðar, eins og þorsk-makrillinn, né spík eins og hvalur. En roðið á honum lifandi er seigt sem sútað leður, og eins og það sé beint til þess gert að standast bit hvassra hvalta og högg ferlegra vigtanna, því að hvorki er því hætt við að rifna eða skerast, nema því fastara sé eftir fylgt, enda er nokkur teygja í því. Kostið er að aferð líkast stórgerðum sandpappír, af smágöddum þeim, sem á því eru, og þarf góðan kuta til þess að hafa inn úr skráp á fullorðnum hákarli, án þess að eggin fari úr honum. Og kjötið undir skrápnum er svo seigt og breyskið, að það er til einskis nýtt nema í áburð. Feiti er engin í hákarlinum, hversu bústinn sem er. Hann er allur vöðvar og sinar, eins og alger eyðingar vel allra hluta, er fyrir honum verða, því fátt stenzt hinar hárhvössu tannaraðir, sem standa í sexföldum hringróðum í gini hans, nema járn eða tré. Kokið er svo vítt, að hann getur gleypt eins og snákur það, sem hann fær yfir ginið, og þarf ekki stóran hákarl til þess að svelgja í einu kjötflikki, sem er alt að 100 pundum.

Hákarlar eru misgrimmir, verstir þegar þeir eru hungraðir og innanum sjódýr, sem þeir óttast ekki. Í fiskahóp er hann hinn grimmasti og rífur alt í sig. En hann er latur og nennir sjaldan að elta bráðsynda fiska, heldur dokar hann við, þangað til einhver álpast í færi við hann, og þarf sá hinn sami ekki griða að biðja. Hann er étinn upp til agna á svipstundu. Hákarlinn svelgur í sig alt að hálfþunga sjálfs sín áður en hann leifir, og syndir svo letilega á burt.

Margar ótrúlegar ýkjusögur ganga um grimd hákarlsins, sem ekki eru umtalsverðar. Hann er úlfur hafsins og líkur úlfinum á landi að því, hve hann er huglaus. Hann getur borið sig grimmúðlega í nánd við bát, ef hann veit, að ekki verður til hans náð. Hann tekur ekki beitta sókn, fyrr en hann hefir athugað hana stundarkorn, snuðrað í kring og nartað í beituna sem varlegast og ekkert fundið athugavert. Þá loks svelgir hann sóknina með öllu og syndir af stað tafarlaust. En er hann kennir agnhaldsins um leið og það hrífur, þá tekur hann viðbragð og brýzt um ramlega litla stund til þess að losna. Brátt gefur hann þó alveg upp vörnina og er svo auðsveipur, að furðu gegnir. Hann er afarsterkur og lífseigur, sporður og uggar geysistórir "hildibrandar" og gínið sett svo ferlegum tanngörðum, að ljóns-gin kemst í engan samjöfnuð, en þó gefur hann sig oftast, er hann veit sig fastan. Margir aðrir fiskar brjótast um af allri orku meðan nokkur liftóra er í þeim og gera sem allra torsóttast þeim, sem ná vill lífi þeirra. En hákarlinn tekur dauðanum með óviðkunnanlegri undirgefni.

Hákarlaveiðararnir eru oftast hluttakar í aflanum sjálfir, tveir eða þrir á bát, og fá þeir þá jafnan hlut allir og báturinn einn hlut, jafnan hlut hvors þeirra. Bátnum fylgir olía og veiðarfæri. Beituna borga allir. Stundum er allur kostnaðurinn við útgerðina tekinn af óskiftu og afganginum síðan skift jafnt. Sú aðferðin er bezt, og er hún ein höfð við austurströnd Florida.

Þegar komið er á miðin beita veiðimenn sóknir sínar. Beitan er eitthvert fiskæti, nægilega stórt til þess að ginna hákarlinn. Sjóferðin er hafin í endalok útfalls og mið valið á þeim stað, sem fiskurinn gengur inn með flóðinu. Sóknunum er varpað fyrir borð með vaðnum og hann síðan gefinn út þangað til hann liggur langt aftur af skutnum í tærum sjónum við rifin. Senn kemur hákarl sveimandi og snuðrar upp ætið, því fyrr ef farið er að slá í það, og stingur snjáldrinu í hræið. Hákarlinn legst ekki á hliðina, þegar hann bítur í, en af því að augun standa framarlega í hausnum, þá teygir hann upp hausinn, þegar hann er að korfa á eitthvað fyrir ofan sig, alveg eins og menn gera, þegar þeir líta upp fyrir sig. Hitt er mesta fjarstæða, að hákarlinn leggist á bakið, þegar hann ætlar að bíta á. Gin hans er svo stórt og vel tent, að honum veitir létt að gripa ætið. Temurnar eru skörðóttar sem sög og hvassar sem hárjárn.

Hákarlinn sveimar kringum beituna, lyktar af henni og gielsar varlega í hana, þangað til hann tekur skjóta ályktun og gleypir ætið. Fiskimaður rykkir ekki beint í vaðinn, heldur lætur hákarlinn fyrst kingja vel, því að húðin er nærri því eins sterk á honum innan sem utan. Þegar hann finnur, að hákarlinn hefir svifað sér, kippir hann í, í gagnstæða stefnu við þá, sem hákarlinn syndir. Oftast hrífur þá agnhaldið og maðurinn tekur í af öllu afli til þess það gangi sem bezt í. Hákarlinn tekur ógnar-viðbragð, legst á vaðinn með öllu megni og punga og dregur fleytuna á eftir sér. Þarf þá að gefa út vaðinn annað veifið, þegar hann tekur mestu rykkina. — Eftir litla stund sannfærist hákarlinn um það, að ekki er undankomu auðið, rykkirnir verða minni og hann kemur upp undir borðið. Hinn skipverjinn biður færis með byssuna.

Þegar mjög er glært í sjó, svo að hákarlinn sér gerla, hvað um er að vera, er oft erfitt að fá hann að bátnum. Hann sveimar hægt í nokkurra faðma fjarlægð, en streitist af öllum mætti, ef reynt er að draga hann nær borði. Veiðimaðurinn lætur sér þá lynda, að hafa hákarlinn rólegan og nærri ánægðan á fárra faðma færi. Með því að smákippa í vaðinn fæst hákarlinn til þess að koma alveg upp í vatns skorpuna og jafnvel upp úr henni. Byssan gellur, kúlan ríður af og lamar mótspyrnuna. Öðru skeyti er hleypt af, sjórinn litast blóði, og hákarlinum er lofað að synda með vaðinn á enda, meðan áverkinn er að dasa hann. Því næst er hann dreginn að borði, færi brugðið um hann framan við sporðinn, hausinn dreginn upp úr, sóknin skorin úr með skálm, beitt af nýju og rent. Annar hákarl læðist að, og fer um hann sem hinn fyrri, unz þrir eða fjórir dófgar eru bundnir við borð. Þá er haldið til lands til þess að flá af þeim skrápinn.

Það er ekki sá hægðarleikur að ná af skrápnum, sem sumir kunna að ætla. Til þess er hafður stor hnífur, og þegar hann verður eggslaus, er annar tekinn. Fiskurinn er ristur á kviðinn og slægður. Því næst rist um þvert aftan við tálknin. Einn maður togar í skráp inn og annar sker frá með hnífsoddinum, þangað til alt er laust aftur á "strabba" rétt við sporðinn. Þá er skorið frá og skrápurinn festur á grind til þerris. Engínn "hákarl" má vera eftir innan í skinninu, og er mestur vandinn, að ná burt megrunni, sem næst er skrápnum. Holdrosan er hvít sem skjall, og skrápur af fullorðnum hákarli er á þykt við hrossha. Uthverfan er gra og er henni snúið niður, en holdrosunni upp og núin með salti. Skrápurinn þornar á fám dögum og verður nálega harður sem stokkur. — Stundum eru skoltarnir skornir úr hákarlinum eða hryggurinn og hafður fyrir merkisstöng, en veiðimennirnir fleygja venjulega öllum fiskinum nema skrápnum. Sumir blámenn, sem veiðar stunda, bræða lifrina, og fá úr henni ágætt lýsi. Það er eina feitin, sem vart verður á skepnunni, hitt er alt bein, sinar og megrutrefjar.

Stundum er gerð veiðikvi fyrir hákarla í lónum, þar sem lítil umferð er og vel hagar til. Oft eru djúpar dokkir í kóral-skerjum, fullar af tærum sjó. Með háflæði er dýpið nóg fyrir stærstu hákarla til þess að synda inn í þessa polla, sem fleygt er í ýmsum úrgangi til að hæna þá að. Þegar fjarar verður svo grunt á rifinu milli pollsins og sjávar, að enginn fiskur kemst yfir nema hann komi eitthvað upp úr vatninu. Maður fer þá með byssu og skutul að rifinu, en annar fælir hákarlana úr pollinum. Ef engin stygð hefir komið að þeim áður, þá hafa þeir unað vel við ætið, en taka nú á sprett út í rúmsævið og keppast með busli og umbrotum að komast yfir grynninguna. Maðurinn er í bezta færi, stöðvar þá með skotunum, festir skutulinn, fjötrar þá saman, og því næst eru þeir rónir burt þegar flæðir.

Náttveiðar eru stundum beztar, ef fiskurinn hefir verið stygður, og að áliðnu sumri. En um mitt sumar er bezt að veiða um hádag þegar hiti er mestur og hreint veður. Því betra, sem lygnara er, því að hákarlinn leitar dýpisins þegar hvessir, en í logni kemur hann næst landi og yfirborðinu.

Skráparnir eru misdýrir, eftir stærð og gæðum. En það er vafalaust, að verð skrápsins verður miklu hærra, þegar hann verður víðkunnari. Hann hlýtur fyrr eða seinna að komast í tízkugengi ekki síður en krókódílaskinnin vestrænu og gnóttin er svo mikil, að hann þrýtur miklu seinna en þau. Hin stærstu krókódílaskinn kosta nú 15 dollara, en eftirspurnin er að hverfa, af því að hennar hefir ekki orðið fullnægt. Það er engin ástæða til þess, að hákarlsskrápar komist ekki í jafnhátt verð, þar sem þeir eru miklu seigari, eru lausir við hreisturförin og hafa því ýmsa kosti umfram öll önnur skinn. Í töskur og ferðasekki eru þeir betri en nokkurt annað leður.

Fiskimenn eru oftast fátækir og svo er um hákarlaveiðarana. Þeir búa við lítil efni á útskögum og eyðieyjum, en eru hraustir og venjulega ánægðir, ef þeir veiða fyrir fleski og mjöli til þess að lifa á í hitanum.

* * *

Ofanrituð grein er tekin úr blaðinu Fjallkonan, þýdd úr ritinu "The Independent". Blaðið álítur þess vert fyrir Íslendinga heima, að veita grein þessari athygli og reyna að gera sér meira úr hákarlsskrápnum en áður með því að selja hann til þeirra, er verzla með bókleður.

Manitoba Elevator Commission

D. W. McCUAIG, Commissioner — W. C. GRAHAM, Commissioner — F. B. MACLENNAN, Commissioner

Aðal skrifstofa: 227 Garry St., WINNIPEG

P. O. Box 2971

Commissioners tilkynna hérmeð Manitoba bændum að þeir hafa fengið frá aðiðar skrifstofu til starfsnota og að öll bréf skyldu sendast Commissioners á ofan nefnda áritun. Baðmiform og allar upplýsingar sem bændur þarfnast til þess fá kornhlöður í nágrenni sín, verða sendar hvenæ jam sem óskar.

Commissioners óska eftir samvinnu Manitoba bænda í því að koma á fót þjóðeignar kornhlöðum í fylkinu.

SUCCESS BUSINESS COLLEGE



HORNI PORTAGE AVE. & EDMONTON ST. WINNIPEG.

Kennir samhv. nýjustu aðferðum alskyns verzlunar fræði og Bánkastörf. Einnig hraðritun og stýlritun. Betri verzlunarskóli ekki til í Vestur-Canada. Kenslu stofur þar finst í borginni. Nemendur geta byrjað hvenær sem þeir óska.

Skrifið eftir upplýsingum eða símið MAIN 1664

The Northern Wine Co. Ltd.

Selur sérhverja góða tegund af Whisky, vínum og bjór o.fl. o.fl. Við gefum sérstaklega gaum familíu pöntunum og afgreiðum þær bæði fljótt og vel til hvaða hluta borgarinnar sem er— Gefið okkur tækifæri að sýna yykurað svo sé.

VIÐ óskum jafn framt eftir sveita pöntunum—Afgreiðsla hin bezta.

Talsímar Main 1673-6744

215 MARKET ST.

Ef auglýsing yðar er í Heimskringlu þá verður hún lesin.

framdregur sitt vesæla líf án nokkurs tillits til andlegra þarfa eða velferðar".

"Ég veit þetta, en haltu áfram".

"Jæja, það á að fórna mér handa þessum manni, eins og heiðingjarnir fórnuðu börnum sínum handa Moloch".

"Ómögulegt!" kallaði Móritz. "Það getur, það skal aldrei koma fyrir".

"Og þó eru þeir að verzla með mig þarna inni. Faðir minn býður honum 200,000 dali og Liljudal til þess að taka mig".

"En það hefir verið sagt, að greifinn hefði viðbjóð á hjónabandi".

"Já, en nú langar hann til að giftast. Ó, guð minn, guð minn góður! Hver ætli bjargi mér?"

"Ég", svaraði Móritz einbeittlega.

"Þú?"

"Já, vertu alveg róleg. Þú skalt ekki verða kona þessa viðbjóðslega manns".

"Ó, má ég trúa þér? Þú yrðir þá í annað sinn lífgjafi minn. En hvernig ferðu að koma í veg fyrir það?"

"Hefirðh lesið leikrit, sem heitið Æfiþættir djöfulsins?" spurði Móritz skyndilega.

"Já, svaraði Ísabella undrandi. "En hvað kemur það minni giftingu við?"

"Mjög mikið. Setjum nú svo, til dæmis, að ég, eins og Róbert í frænska sjónleiknum, þekti ýms leyndarmál, sem gætu haft nægjanleg áhrif á þá, sem vilja ráða forlögum þínum".

"Þú ert að spauga".

"Setjum svo, að ég þekti vissa atburði og sögur, sem, ef það yrði opinbert, gæti gert þeim smán, svo mikla smán, að þeir vildu kaupa þögnina hvaða verði sem væri".

"Hamingjan góða, hvað áttu við? Föður minn?"

"Ó, það er minna að segja um föður þinn, heldur en um Stjernekrans greifa", svaraði Móritz, sem var hræddur við, að særa tilfinningar Ísabellu, ef hann léti heyra á sér, að faðir hennar hefði nokkuð að dylja fyrir heiminum. "En hér er ekki heitugt pláss til að tala um þetta efni. Við gætum mætt truflun á hverju augnabliki. Ég ætla að eins að biðja þig að hryggjast ekki eða kvíða án þarfa. Ég vaki yfir velferð þinni".

"Þú segir þetta með svo öruggum og fullvissandi svip", sagði Ísabella, sem fanst eins og þungri byrði væri af sér létt, "að ég má til að trúa þér. Ég er viss um, að þú getur ekki svikið mig. Þú átt —"

Móritz lagði skyndilega fingurinn á varirnar. Salsdyrnar voru opnaðar og inn kom Georg, ásamt hinum tveimur vinum sínum.

"Nú — nú", sagði Georg. "ert þú lærða systir mín í bókmentalegum kappræðum við lífgjafa þinn? Hvert er umtalsefnið? Söngvar Pindars, sorgarleikur Sophocles eða myndbreytingarnar eftir Ovidii? Þú skalt vita það, Móritz, að Ísabella er Wendela Skytte nitjándu aldarinnar. Hún kann rit gríska og rómverskra rithöfunda utanbókar. Ef hún væri karlmaður, þá gæti hún fengið doktors nafnbót nær sem væri".

"Ég hefi heyrt", sagði Móritz alvarlegur, "að ungfrúin hafi varið miklum tíma til náms. Það starf er miklu heiðarlegra, ánægjulegra og betur fullnægjandi, heldur en þessar dreifðu skemtanir og tryllingslega gleði, sem heimurinn hefir að bjóða".

"Og þegar slík andleg ræktun, þegar svo sjaldgæf þekking sameinast jafn yndislegri lítilþægni eins og hjá ungfrú Ísabellu, þá verður slíkt að vekja virðingu og aðdáun hjá hverjum eðallyndum og mentuðum manni, á jafn háu stigi, eins og það vekur upp-

gerðar fyrirlitningu hjá þeim léttúðugu og ómentuðu".

Georg beit á jaxl af ilsku, en systir hans leit þakklátum augum til Móritz.

Að litilli stundu liðinni, þegar Georg var búinn að jafna sig, sagði hann:

"Þú verður þó að viðurkenna, Móritz, að þú varst í meira lagi dulur í Uppsölum, þar eð þú mintist aldrei á það atvik, sem veitti þér svo sterka kröfu til þakklætis okkar".

"Ó", sagði Móritz og horfði fast á hann. "Þér er víst kunnugt um, að seinna kom fyrir annað atvik, sem veitir mér ennþá stærri þakklætiskröfu til þín. En, við skulum ekki tala um það".

Georg svaraði engu. Hann roðnaði og leit undan.

En þessi feimni var ekki sprottin af því, að hann skammaðist sín. Georg var ekki sá maður, sem bar kinnroða sökum breytni sinnar, þvert á móti hrósaði hann sér fyrir hana, og hafði oft sagt kunningjum sínum frá þeim grikk, er hann gerði hinum bóklærða stúdent í Uppsölum, sem hafði verið nógu einfaldur til að trúa því, að hann, barún Georg Ehrenstam, tæki að sér uppeldi ungrar stúlku án annara hvata en meðlíðunar.

Feimnin, sem á þessu augnabliki greip Georg, stafaði af eins af því, eins og hvern annan svikara hendir, að hann stóð frammi fyrir þeim, sem hann hafði svikið.

Hún stóð heldur ekki lengi yfir. Georg leit upp og sagði kuldalega:

"Ef þú hefir eitthvað að ásaka mig fyrir, þá er hér hvorki timi né staður til þess. Viltu spila við okkur einn hring?"

"Nei, þakka þér fyrir", sagði Móritz, "ég spila

ekki. Ég ætla að ganga út í aldingarðinn og skoða blómaræktunarhúsið".

"Ég fer með þér", sagði Ísabella. "Hér er svo þungt loft og heitt".

Við göngum inní privatherbergi barúns Ehrenstams, sem voru við annan enda salsins. Við hinn endann voru margir forsalir, svefnherbergi og klefar.

Eberhard hafði tekið sér sæti á legubekknum í innra herbergi barúnsins, sem stóð með krosslagðar hendur fyrir framan hann.

"Ég skal segja þér það, greifi minn góður", sagði hann, "þú verður að hjálpa mér til að koma í veg fyrir þessa óhæfu. Ég get ekki beinlínis bannað Hólm að kenna ungunum, en þegar við, sem erum ríkustu mennirnir hér í nágrenninu, höldum saman, mun okkur brátt takast, að eyðileggja þennan skóla. Þú mátt ekki líta kæruleysislega á þetta máleíni, því þess er mjög mikilsvert. Meðan bændurnir eru fávisir, getum við stjórnað þeim og þrælkað þá eins og skepnur, en lengur ekki. Hugsaðu þér að eins, hve óþægilegt það yrði að eiga við þær persónur, sem sökum náms sins ímynduðu sér, að bær gætu sjálfar hugsað. Þú verður þess vegna að koma í veg fyrir, að börn þeirra manna, sem þér eru undirgefnir, geti gengið á þenna skóla".

"Ég skal segja ráðsmanni mínum frá því", sagði Eberhard. "Hann finnur einhver ráð til að halda börnunum frá skólanum".

"Það er gott", sagði barúninn, "auk þess hefir prófasturinn lofað að aðstoða okkur. Að því er mig snertir, þá er ég þegar búinn að gefa mínum undirsátum bendingu um, að ég hafi í hyggju að byggja þeim út af kotunum og ljá þau öðrum til á-

Framtíðarhorfur.

EFTIR H. G. WELLS.

(Niðurlag).

Ótölulegur grúi manna í báðum hernaðarlöndunum, mun verða starfsettur bak við fylkingarbrjóst in, og vinna þeirra verður að flestu leyti hin sama og á friðartímunum. Hinum stóru mótor og járnbrautafélögum, og öllum þeim mönnum, sem fyrir þau vinna, verður falið á hendur að flytja burt kvenfólk, börn, veika menn og gamla, og að flytja að liðsauka og forða. Læknarnir munu verða teknir burt frá daglega gaufinu sínu, og settir í opinberar stöður til að aðgæta matarneyzlu hermannanna og varðveita þá fyrir veikindum. Verkfræðingarnir munu verða starfsettir við að byggja viggirðingar, og að finna upp margskonar nýjar vélar, til þess að gera óvinunum órótt og vinna þeim baga. Stórir matar og klæða salar munu jafnframt og stríðið byrjar verða gerðir að opinberum kaupmönnum. Yfir höfuð mun hagkvæm framkvæmd jafnaðarmannahugsjónanna ná yfirráðum í hernaðarríkjunum. Það ríki, sem ekki hefir innlimað í hernaðarfyrir, komulag sitt alla starfhæfa menn sína og öll hjálpargögn, vegi, flutn ingstæki, verksmiðjur og starfhýsi, öll tæki til að útvega allskonar nauðsynjar, — það ríki, sem í byrjun stríðsins verður að semja við járnbrauta og gufuskipafélög, bæta upp reynda stöðvarstjóra með óreyndum herforingjum, þoka niður ósanngjörnum kröfum fyrir hverja útvegun á nauðsynjum, — verður öfalt ver sett heldur enn það ríki, sem er hafið yfir nútíðar þjóðfélagsrugling, og hefir öll sín hjálpargögn í röð og reglu.

Herstjórnarlist þessarar nýju stríðstegundar mun í byrjuninni aðallega fólgin í skjótum hreyfingum hermannanna bak við skytturöðina, til þess að geta hafið öflugan bardaga þar, sem óvinirnir eru sízt viðbúnir, eða til að geta náð einhverju ákveðnu svæði, þar sem færi gefst á, að geta komist bak við óvinaherinn og notað kosti landslagsins móti honum. Tilraunirnar munu að miklu leyti ganga í þá átt, að þrýsta saman eða þynna skytturöðina, eða þenja hana út í bogamyndun, þar til hún brestur; sömuleiðis mun kapp lagt á, að nå þeim stöðum, þar sem mögulegt er að hindra eða eyðileggja aðflutning á liðsauka, forða, fallbyssum og öðrum áhöldum. Mikilsvert framkvæmdaratriði í þessari hernaðaraðferð munu loftförin verða. Vér höfum séð þau vinna sitt hlutverk í Suður-Afríku stríðinu; en í hugsanlegu stríði milli framtíðarinnar verulega vel niðurskipuðu ríkjum Norðurálfunnar, mun hlutverk þeirra verða mörgum sinnum stærra í sambandi við fallbyssur, væntanlega af litilli stærð en mjög langskeytar. Fallbyssur þessar munu verða fluttar á stórum vélavögnum með svo risavöxnum hjólum, að þeir geti komist yfir nærri því hvaða jarðlögun sem er. Skipstjórar loftfaranna munu hafa með sér nákvæm landabréf af óvinalandinu, þeir munu gefa fallbyssuliðinu glöggar bendingar um þau svæði, er fallbyssuskotunum skuli beint að, og sprengikúlurnar munu þjóta yfir hálsa og dali — ef til vill yfir 15 kilómetra lengd — til þess staðar, þar sem verið er að búa sig undir næturárás, eða verið að flytja fallbyssur að vígvellinum. Fjöldi af loftförum mun reynast herflokkunum árvökur augu — augu á háum stöngum með talsimataug í gegnum hverja stöng — og á nóttunni munu þeir rannsaka óvinalandið með ljósglömpum. Væntanlega verður auðvelt að stjórna loftförunum, og neðan frá jörðunni þurfa þau varla mikið að óttast. Kúla, sem fer gegnum loftfar, veldur því naumast miklum baga, og fyrir stórskotaliðsmann verður naumast mögulegt að hæfa loftfar, sem svífur um loftið í óákveðinni hæð og fjarlægð. Þess utan mun verða lagt kapp á, að gera loftförin hæf til hernaðar, og þegar það hepnast má telja það víst, að þau verði strax notuð í þeim tilgangi. Stríðið milli skyttanna, sem um langan tíma mun gefa lítinn árangur, verður þá bætt upp með afarharðri atlögu til að ná sigri upp í loftinu — atlögu, sem mun taka skjótan enda. Flugvélarnar munu berjast líkt og valir, með þeim mismun, að þær skjóta kúlum og sprengikúlum hver á aðra. Þær munu ávalt svífa hærra og hærra, til þess að geta steypt sér niður yfir óvinarvélina, þangað til þunna andrúmsloftið leyfir blóðinu að koma út í augun og framundan nöglunum, svo loftskipastjórarnir verða veikir. Loks mun einn láta sig detta niður til annars, og skjóta úr fallbyssum sínum um leið og hann fer framhjá, og þannig munu þeir halda áfram, unz annar neyðist til að gefast upp.

Undir eins og annar hefir náð sigri upp í loftinu, verður stríðið að bardaga milli sjáandi og blindra herflokka. Sigrandi flokkurinn í loftstríðinu mun aðgæta mótstöðuflokk sinn með þúsundum árvakra augna, og haga fallbyssum sínum og hernaðar fyrirkomulagi samkvæmt þeim athugunum. Áhrifin af loftsigrinum munu verða afarmikil. Ekki eingöngu yur landamærunum, heldur yfir öllu landi óvinanna, mun sigurvegarinn láta loftför sín svífa, sleppandi sprengikúlum og öðrum eldkveikjandi efnum niður, þar sem þau valda mestum baga, og á nóttunni munu þessi sveimandi augu senda ljósglampa sína hingað og þangað, til þess að geta séð hverja tilraun, sem óvinirnir gera, til þess að færa hinum örþreyttu skyttum liðsafla, forða og hergögn. Nú hefir stríðið náð öðru stigi sínu, og tilraunir sigurvegarans stefna að því, að fá óvininn til að gefast upp, og til að ná því takmarki, mun hann reyna að ná yfirráðum yfir vatnsleiðslu borgahéraðanna, rafaflsstöðvum þeirra, sem birgja landið upp með ljós og hita, ásamt aðalvegunum, sem matartegundir og aðrar nauðsynjar eru fluttar eftir. Á þenna hátt mun verða þrengt mikið að þarlendum íbúum, svo að jafnvel hinn þverúðgasti óvinur verður smátt og smátt undirokaður.

Þar sem hernaðarlöndin eru aðskilin af hafinu, mun sennilega eiga sér stað bardagi um yfirráðin á sjónum, á undan bardaga í loftinu. Það hafa margar tilraunir verið gerðar til að gera sér grein fyrir hvernig slíkt stríð mundi verða. En þar, eins og í öllum öðrum hernaði, verður sigurinn þeim megin, sem mest kapp er lagt á, að finna upp haganlegar hernaðarvélar. Það er ekki hægt að segja, hver tegund herskipa muni verða hentugust, þegar hið mikla sjóstríð byrjar, en það er ástæða til að ætla, að herskipasmiðir hinna dugmestu þjóða muni leggja mesta áherzlu á hraðskreiði skipanna í sambandi við skothæfni fallbyssuanna. Herskip framtíðarinnar mun því væntanlega verða snúningsliðugur hryndreki, með þykkum brynjum, þar sem hann hefir vélar sínar og púðurklefa, en annarstaðar ekki, og útbúinn með voðalega stórum broddi framúr skipinu niðri í sjónum. Í bardaga á hafi úti, mun hann líklega þurfa að óttast hina hægfarulu, hálfblindu neðansjávarbáta, og hann mun ekki skeyta meira um tundurbáta, en berfættur maður skeytir um þá tilviljun, að hann muni stíga ofan á nál. Í framtíðinni munu sjóbardagar naumast vara lengur en eina viku eða sem næst því; þeir einu, sem máske geta haldið lengur áfram, eru Englendingar og Ameríkumenn, sem eiga miklu hægra með að afla sér kola heldur en aðr ar þjóðir. Annarhvor stríðsflokkurinn mun brátt verða eyðilagður á sjónum, hrakinn inn í sínar hafnir og byrgður þar inni, eða hindraður frá að ná í kolaforða sinn og neyddur til að berjast eða játa sig yfirunninn. Máttarlítill floti, sem reynir að fela sig á hafinu, mun að síðustu finna máttarsterkan flota milli sín og kolastöðva sinna, og verður þá annaðhvort að berjast strax, eða eiga á hættu, að verða tættur í sundur í sundur með skotum, þar sem hann liggur hjálparvana á sjónum.

Það er erfitt að skilja, að neðansjávarbátar í slíku stríði geri annað en kæfa þá menn, sem á þeim eru. Það hlýtur að vera mjög óþægilegt, að vera á þeim bátum um langan sima. Maður hugsar sér, að maður sé á neðansjávarbát, sem hefir vogað sér fáeina kilómetra út frá höfninni; maður hefir höfuðverk og ógleði, og undir eins og maður kemur upp á yfirborð sjávarins, á maður á hættu að verða séður við ljósglampana, sem annað herskip sendir frá sér, er sveimar með hraða hingað og þangað, og stefnir undir eins á neðansjávarbátinn, er þá sekkur sér, en hefir fylstu ástæðu til að hræðast hinn voðalega brodd, og ef til vill netið, sem herskipið dregur á eftir sér. Neðansjávarbáturinn getur auðvitað sent frá sér tundurskot, en hann hefir ekki meira útlit fyrir að hæfa, heldur en maður, sem bundið er fyrir augun á, sem eftir að hafa snúið sér þrisvar í hring, sendir skambyssuskot á móti fil, er ásækir hann. Ef herskipið, sem ekki er ólíklegt, hefði net til að slæða neðansjávarbátinn í, verður hættan fyrir mennina, sem á honum eru, enn meiri. Ef neðansjávarbátur er í nánd við land, má búast við, að þar séu blindboðar og klettar í kafi, sem er mjög óþægilegt, ef hann þarf að sökkva sér í skyndi. Sennilega mun hann einnig í slíkum kringumstæðum vera umkringdur af bátum með litlar vélafallbyssur til að senda honum kveðju sína. Þegar bezt lætur, verður neðansjávarbáturinn nærsýnn, en í flestum tilfellum blindur. Hann verður neyddur til að veita árásir með augun aftur. Ef eitthvert yfirgefið brynskip væri sjáanlegt úr landi, gæti neðansjávarbátur máske þreifað sig áfram til þess, og eyðilagt það, en það væri miklið betra, að láta nokkra djarfa menn á dráttarnekkju ráðast á það og taka það. Neðansjávarbátar munu helzt verða notaðir í þröngum sundum og mjóum ám, eða til að trufla og eyðileggja skip inni á höfnum.

Hagurinn af yfirráðum á sjónum fyrir hermenskuna, verður sennilega meiri á ókomna tímanum en á liðna tímanum. Herfloti með aðstoð loftskipa, getur sent herdeildir á land, hvar sem er í óvinaríkinu, og ráðið yfir nokkurra kilómetra breiðri landspildu, með fallbyssum sínum. Allar borgir og bæir, sem við sjó eru, verða á hans valdi, og hann mun geta sent viðeigandi fjölda af reiðhjólaskyttum til að yfirvinna varnarlitlu svæðin, er hann verður var við. Undir eins og flokkur af skyttum er á land sendur, hefir hann allan varnarhagnaðinn sín megin, þegar óvinirnir reyna að reka hann af höndum sér. Þeir, sem verjast þurfa, verða neyddir til að hafa fallbyssur, forða og hermenn á sífeldri ferð langs með ströndum sínum, meðan herflotinn, sem árásina veitir, ýmist dreifir sér eða safnast saman í hópa, hverfur annað veifið, en kemur svo aftur, þegar sízt er von á honum. Því lengri, sem strendur verjandans eru, því verra fyrir hann. Yfirráðin á sjónum hafa aldrei verið eins mikils virði og nú.

Sú þjóð, sem framleiðir tiltölulega flesta mentaða og gáfaða verkfræðinga, jarðyrkjumenn, kennara, lækna, æfða hermenn og vitsmunarikt og hagsýnt fólk af öllum tegundum, sú þjóð, með öðrum orðum, sem framleiðir tiltölulega aflmesta þjóðfélags-vöðva, mun vissulega hafa vænlegast útlit í stríði framtíðarinnar, eins og á öllum öðrum verksviðum.

Herra Jón Hólm, gullsmiður að 770 Simcoe St., biður þess getið, að hann selji löndum sínum gull- og silfur-muni og gigtarbelti. — Belti þessi eru óbrigðul við gigt, ef þau eru notuð samkvæmt fyrirskipunum Jóns. Kosta að eins dollar og kvart.

KAUPIÐ af þeim og verzlið við þá sem auglýsa starfsemi sína í Heimskringlu og þá fáið þér *betri* vörur með *betra* verði og *betur* útilátnar.....

Skrifið yður fyrir HEIMSKRINGLU svo að þér getið ætíð fylgst með aðal málum Íslendinga hér og heima.

THE **DOMINION BANK**

HORNI NOTRE DAME AVENUE OG SHERBROOKE STREET

Höfuðstóll uppborgaður: $4,000,000.00
Varasjóður - - - $5,400,000.00

Vér óskum eftir viðskiftum verzlunar manna og fullvissum að gefa þeim fullnægju. Sparisjóðsdeild vor er sú stærsta sem nokkur banki hefir í borginni.

Íbúendur þessa hluta borgarinnar óska að skifta við stofnun sem þeir vita að er algerlega trygg. Nafn vort er full trygging óhlutleika. Byrjið spari inulegg fyrir sjálfa yðar, konu yðar og börn.

H. A. BRIGHT, RÁÐSMAÐUR.

Vitur maður er varkár með að drekka eingöngu HREINT ÖL, þér getið jafna reitt yður á

DREWRY'S REDWOOD LAGER.

Það er léttur, freyðandi bjór, gerður eingöngu úr Malt og Hops. Biðjið ætíð um hann.

E. L. DREWRY, Manufacturer, Winnipeg

Með því að biðja sérstaklega um "T.L. CIGAR," þá ertu viss að fá ágætan vindil.

T.L.

T.L. CIGAR

(UNION MADE)

Western Cigar Factory
Thomas Lee, eigandi Winnipeg

STRAX Í DAG er BEZT AÐ GERA STAÐAN AÐ HEIMSKRINGLU. — ÞAÐ ER EKKI SEINNA VÆNNA.

Manitoba á undan.

Manitoba hefir víðáttumikla vatnsfleti til uppgufunar og úrfellis. Þetta, hið nauðsynlegasta frjógunarskilyrði, er því trygt.

Ennþá eru 25 milión ekrur óbygðar.

Íbúatal fylkisins árið 1901 var 225,211, en er nú orðið um 500,000, sem má teljast ánægjuleg aukning. Árið 1901 var hveiti og hafra og bygg framleiðslan 90,367,066 bushela; á 5 árum hefir hún aukist upp í 129,475,943 bushel.

Winnipeg borg hafði árið 1901 42,240 íbúa, en hefir nú um 150,000; hefir nálega fjórfaldast á 8 árum. Skattskildar eignir Winnipegborgar árið 1901 voru $26,405,770, en árið 1908 voru þær orðnar $116,106,390. Höfðu meir en þrefaldast á 7 árum.

Flutningstæki eru óviðjafnanleg,— í einu orði sagt, eru í fremsta flokki nútíðartækja: Fjórar þverlandsbrautir liggja um fylkið, fullgerðar og í smíðum, og með miðstöðvar í Winnipeg. Í fylkinu eru nú nálega 4 þúsund mílur af fullgerðum járnbrautum.

Manitoba hefir tekið meiri landbúnaðarlegum og efnalegum framförum en nokkurt annað land í heimi, og er þess vegna ákjósanlegasti aðsetursstaður fyrir alla, af því þetta fylki býður beztan arð af vinnu og fjárleggi.

Skrifið eftir upplýsingum til: —

JOS. HARTNEY, 77 York Street, Toronto, Ont.
JOS. BURKE, 176 Logan Avenue, Winnipeg, Man.
A. A. C. LaRIVIERE, 22 Alliance Bldg., Montreal, Quebec,
J. F. TENNANT, Gretna, Manitoba.

J. J. GOLDEN,
Deputy Minister af Agriculture and Immigration, Winnipeg.

---

búðar, ef þeir dirfist að senda börn sín á skólann í Marienlundi. Þetta hefir haft þau áhrif, að nemendunum hefir stórum fækkað hjá þessum heimskingja. En þetta er ekki nóg, við verðum að rykkja þessu illgresi upp með rótum".

"Það ætti að vera auðvelt, ef eigendur Liljudals og Óðinsvíkur eru sammála", sagði Eberhard. "En við skulum ekki tala fremur um þetta efni núna. Það er alt annað, sem óg ætlaði að tala um".

"Og það er?" spurði barúninn forvitnislega.

"Fyrir nokkrum árum síðan fórst þú þess á leit, að ég giftist dóttur þinni. Hingað til hefi ég ekki viljað þetta, af því ég hefi ekkert haft viljað leggja á frelsi mitt. Með fáum orðum: Ég hefi enga löngun haft til að kvongast".

"Og nú?" spurði barúninn ákafur.

"Nú hefi ég ekkert á móti uppástungu þinni, ef hún er enn hin sama. Dygðir, gáfur og fegurð Ísabellu hafa yfirunnið óbeit mína á því að kvongast. Svo er ég líka orðinn leiður á ánægjum einbúalífsins. Ég ætla mér að fara að gæta hagsmuna minna sjálf ur, setjast að író og næði og kvongast".

"Ég óska þér til lukku af heilum hug með svo skynsamleget áform", sagði barúninn, sem naumast gat dulið ánægju sína. "Hreinskilnislega talað, þá hefir mig ávalt grunað, að þetta yrði niðurstaðan, og þess vegna hefi ég afþakkað öll tilboð, sem mér hafa verið gerð. Það hefir alt af verið ósk mín og von, að þú giftist dóttur minni, svo framtíð hennar væri óhult".

"Þú ert þá samþykkur þessum ráðahag?"

"Af öllu hjarta, og ég vona að heimanmundurinn, sem hún fær, verði að nokkru leyti samsvarandi eign þinni, þó hann verði ekki alveg eins mikill. Ég er orðinn gamall og get ekki lifað lengi hér eftir. Þegar ég er dáinn, fær Ísabella Liljudal, með þeim skil-

málum, að Cecilía eigi þar heimili á meðan hún lifir. Auk þessa gef ég henni 100,000 ríkisdali í peningum og skuldabréfum daginn sem hún giftist, og að mér liðnum fær hún jafn mikla upphæð. Ertu ánægður með þetta?"

"Já, fyllilega", svaraði Eberhard, sem ekki hafði gert sér von um jafn stóran heimanmund. "Ég vissi ekki, að þú varst svona ríkur. En það er auka-atriði. Aðalatriðið er, að ná samþykki dóttur þinnar".

"Geturðu efast um það, þegar það er ég, sem heitbind hana?" sagði barúninn og ypti öxlum. "Hún hefir heldur ekki ennþá fengið ást á neinum manni, svo henni veitir þess vegna hægra að láta að vilja mínum. Ég skal tala við hana á morgun um þetta efni".

"En ef hún neitar?"

"Hún!" sagði barúninn í undrandi róm. "Dettur þér virkilega í hug, að spyrja þannig í alvöru? Enda þótt ég hafi gefið syni mínum lausan tauminn að ýmsu leyti, þá máttu ekki ímynda þér, að ég hafi alið dóttur mína upp á sama hátt. Auk þessa heitir hún ekki, þrátt fyrir gáfur sínar og þekkingu, þrálátt eða staðfast lundarfar, hún mun óttast reiði mína".

"Heldurðu það?" sagði Eberhard, sem þekti lundarfar Ísabellu betur en foreldrar hennar. "Ég er þó á gagnstæðri skoðun".

"Láttu mig um það", sagði barúninn óþolinmóður. Skilmálarnir eru fullgerðir".

Til merkis um að þeim var lokið, tóku þeir höndum saman.

Meðan lokið var við samninginn um framtíð Ísabellu, var hún Móritz samferða á milli trjánna í aldingarðinum. Með hluttekningarríkum og glaðlegum orðum hafði Móritz hepnast að hrekja ótta hennar á brott og vekja glaðlyndið.

Barúnsfrú Ehrenstam, ásamt gestum sínum, var sezt að í einum laufskálanum, og hafði sökt sér niður í bókmentalegar samræður við frú Washolm. Prófasturinn og tvær rosknar kunningjakonur barúnsfrúarinnar sátu geispandi og hlustuðu á.

Ekki hafði Ísabella né Móritz neina löngun til að sameinast hópnum í laufskálanum. Talandi mál augnanna gengu þau þegjandi hvort við annars hlið. Kveldsólin, sem hvarf í vatnið Wenern, fuglarnir, sem sungu í trjánum, blómin, sem ilmuðu við fætur þeirra, gosbrunnurinn, er lét sínar gljáandi silfurperlur falla ofan í vatnsþróna, sem lindadísirnar hreyfðu ofurhægt, náttúrunnar helgi friður, mikilleiki og tign, — alt þetta talaði með þúsund tungum ástarinnar volduga, áhrifamikla mál, sem okkar fátæku orð ekki megna að lýsa. Þess vegna þögðu þau líka, þar eð þau vissu mjög vel að hjörtu þeirra sálir þeirra, mættust á slíkri stund sem þessari með þeim tilfinningum, sem voru of djúpar, of heilagar til þess, að varir dauðlegra manna væru færar um, að klæða þær í hæfilegan og um leið skiljanlegan búning hugsjónamálsins.

Á þenna hátt voru þau komin í þann enda aldingarðsins, þar sem hvíta byggingin stóð, er blómaræktunin fór fram í. Dyrnar voru opnar, því garðyrkjumaðurinn var inni að gegna störfum sínum.

"Þig langaði til að sjá blómaræktunina", sagði Ísabella og rauf þögnina. "Við skulum ganga inn".

Móritz hrópaði upp af undrun og aðdáun, þegar hann kom inn í þenna blómaheim, þar sem gölgin sat á jurtaleggjunum í ríki gróðrardísarinnar og andaði frá sér unnarríkum ilm. Það var sem væri hann staddur undir hitabeltissólunni, inn á milli

runna pálmahnetu-, fíkju- og gullepla-trjánna. Inndæl, áhrifamikil angan lagði á móti honum, og hið fegursta litskrúð, sem náttúran — betri málari en nokkur annar, sem til hefir verið og verður til — var fær um að framleiða, glapti honum sjónir. Hann stóð kyr og hlustaði, eins og hann ætti von á að heyra til næturgalans.

"Nú", spurði Ísabella, sem horfði á hann brosandi, "hvernig lízt þér á þenna heim? Finst þér ekki, að við séum komin í ríki fegurðarinnar?"

"Ó, hvílíkt ríki", sagði Móritz og settist niður hjá möndlutré. "Hverjum gæti komið annað til hugar hér, en að hann væri kominn í Paradís Múhamets, og áliti þig vera eina af yndismeyjum hennar".

"Nei, herra minn, sleptu þér ekki út í slíka drauma", sagði unga stúlkan með angurværu brosi. "Hér í heimi er Paradís að eins að finna í gróðrarhúsum. Og við — hvað erum við annað en jurtir, sem erum fluttar burt frá föðurlandi okkar, til að þroskast hér, visna og deyja á annarlegri jörðu".

"Ó, Ísabella", sagði Móritz fjörlega, "talaðu ekki þannig. Fegurðin visnar hvorki né devr, því hún er óþrotleg. Hún er sköpuð handa himninum og þaðan er hún komin, en samt sem áður getur hún einnig gróið og blómgast ágætlega á jörðinni. Hún hefir opnað sitt ómælanlega ríki handa okkur, þar sem ævarandi vorblær suðar í toppum trjánna. Við höfum séð fyrirbrigði hennar koma í ljós, geisla hennar bruna fram í spegli listanna, við höfum tínt blóm hennar og þrýst þeim að hjörtum okkar. Þau blóm geta ekki dáið, ilman þeirra ekki dvínað. Sá heimur, sem í okkur býr, er okkar eign. Honum getur dauðinn ekki ræent okkur".

"En", sagði unga stúlkan, "heimurinn takmarkast oft af ytri þvingun, hve oft er hann ekki yfir-

SKÖNKOPP og VALBRÁ.

Íslenzk þjóðsaga frá ofanverðri 19. öld.

Saga sú, sem hér fer á eftir, er eins ótrúleg og mest má verða, en þó var henni alment trúað á Austfjörðum, eða þar sem ég ólst upp.

Móðir mín, sem var mesta greindarkona, jafnvel trúði henni, eða að minsta kosti að sumu leyti. Hún talaði oft við Eyjólf um þau atriði, er sagan getur um. En hann var ætíð dumbur. Hann vildi þáð sízt af öllu nefna slíkt á nafn. Ég er viss um, að sagnir þessar hafa aldrei verið skrásett- og ég er í efa um, að nokkur núlifandi maður kunni þær jafnvel og ég, nema ef vera skyldi systir mín á Íslandi. Ég kann fleiri sögur, sem ég lærði í ungdæmi mínu, og sem mig langar til að skrifa upp. En ég hefi aldrei tíma til neins, því ég á marga munna smá, sem matinn allir vilja fá, og verð því að vinna alla daga vikunnar, og þegar komið er heim að kveldi, er sálin alveg eins þreytt og líkaminn. Maðurinn er allur dofinn.

Rétt nýlega hefi ég talað við háaldraða konu hér í Winnipeg, Sigurleif, ekkju Erlendar Erlendssonar kafteins, og segist hún hafa séð Eyjólf, sem var stór og karlmannlegur. Söguna hafði hún líka heyrt eins og ég. En mér sagði móðir mín Ingigerður, dóttir "Sögu"-Bessa Jónssonar á Krossi við Berufjörð.

Skrifað 11. maí 1910.

S. J. AUSTMANN

Winnipeg, Man.

* * *

Á Ánastöðum í Breiðdal bjó sá bóndi, er Jón hét og var Eyjólfsson(?). Ekki er þess getið, svo ég muni, hvað kona hans hét. En son áttu þau Eyjólf að nafni.

Eyjólfur var með allra efnilegustu ungum mönnum í sveitinni, og var þó að eins 19 ára, þegar saga þessi gerðist.

Jón Eyjólfsson á Ánastöðum var fremur vel efnaður, og átti all margt sauða, sem fleiri Breiðdælingar, því það má svo heita, að sveitin styðjist algerlega við sauðfjárrækt.

Það var á jólaföstu árið 1814 eða 1815, að Eyjólfur stóð yfir fé föður síns einu sinni sem oftar í fjallshlíð ekki langt frá bænum (Ánastöðum), sem er sunnanverðu Breiðdalsár, en insti bær í dalnum þeim megin árinnar, og skamt frá heiðinni, — Breiðdalsheiði.

Eyjólfi var létt í skapi. Veðrið var svo blítt og sauðirnir beittu sér svo vel. Þeir kröfsuðu snjóinn jafnóðum og hann festi sig við völlinn eða lyngið, og var ekkert og skafrenningur myndaðist við það. Þeir bruddu fjalldrapann, gráviðirinn og reynirinn, ásamt smágresinu, sem þar var á milli. En þussaskegginu sneiddu þeir hjá og vildu ekkert við það eiga. Það var eins og hver blessuð skepnan keptist við aðra, að fá sem fyrst fylli sína. En Eyjólfur var að blakka til jólanna, því þá ætlaði hann til kirkju út að Eydölum, og um jólin var ætíð eitthvað af ungu og fögru kvenfólki við kirkju. Og hvað er það, sem ungir menn girnast eins að líta og vera í félagsskap við? Ekkert á guðs grænni jörð!

En þessar hugleiðingar og þessir draumórar Eyjólfs voru truflaðir, þegar þeir stóðu sem hæst. Það brast í kjarrinu, eins og hýðbjörn eða villigöltur væri á ferð, og Eyjólfur hrökk við og litaðist um. Sér hann þá, að kona mikil vexti og ekki sem friðust sýnum skálmar fram úr runnanum og stefnir til hans. Honum verður ekki um sel, en biður þó og vill verða vísari, hverju þetta gegni. Konan nálgast hann nú fljótt og sér Eyjólfur þá, að hún er engum menskum konum lík. Hún var skessa að vexti, kinnbeinin há, hakan mjó að neðan, nefið hátt og vantaði "miðsnesið", þ. e. nefið hafði eina nasaholu, — það var "bryggju"-laust. Hún var girt í brækur, en var þó í stuttu pilsi utan yfir, sem skall í knésbótum. Leðurskó hafði hún á fótum, sem bundnir voru með þvengjum utanyfir hosurnar. Hún var glófalaus og hettulaus, og var hárið stýft um eyru. Hún gekk með hraða miklum þangað sem Eyjólfur stóð agndofa og ávarpaði hann á þessa leið:

Ekki veit ég nafn þitt, ungi maður, en ég veit ég elska þig. Það er langt síðan, að ég fékk ást á þér, og ég hefi séð þig og vaktað þig án þess þú vissir af því. Ég er þinn verndarengill, reiðubúin að láta lífið fyrir þig, ekki einu sinni heldur hundrað sinnum, — já þúsund sinnum. Þú ert mér alt. Þú ert það eina, sem ég þrái. Með þér er ég alsæl. Án þín er mér lífið kvöl, beiskur, glóandi eldur, sem brennir sálu mína! Ef ég græt, er eins og hvert tár glæði eldinn. Hvað segir þú, ungi maður? Viltu bjarga mér? Viltu elska mig? Viltu eiga mig? Ó, ég vona þú segir já! Lát mig ekki brenna lengur, lát mig ekki tortímast!

Eyjólfur var eins og í leiðslu eftir þetta ávarp skessunnar. — Hann vissi ekki, hvað hann átti að segja. Honum fanst hann standa á glæðum. Hann var gersamlega ráðþrota. Hann herti samt upp hugann og spurði:

— Hvar áttu heima og hvað heitir þú?

En skessan var fljót til svars: — Ég heiti Valbrá, en faðir minn Skönkopp, og eigum við heima í helli miklum inst í hamarsbótum*). Móðir mín er dáin fyrir nokkrum árum og öll mín systkini. Ég kom yfir öræfin fyrir sunnan Lágubrún og þvert yfir Öxi. (Fjallvegur þessi er nú alment nefndur Öxi, en er í fornsögum vorum nefndur Öxarheiði, og er gömul þingmannaleið). — Það eru nú að eins fjórar persónur á lífi á öllu landinu af kynflokki þeim, sem nefndur er tröll: tvær stúlkur og feður þeirra. Hin feðginin eiga heima vestur á landi. Svo þú sérð, að okkur er vorkunn, þó við leitumst við, að fá menska menn fyrir maka, þar eð karlkynið er útdautt nema feður okkar, sem nú eru orðnir gamlir. Ég er nýkomin vestan af landi, og kom okkur saman um það, Huldu — svo nefndi hún risadótturina á Vesturlandi) — og mér, að við skyldum sem fyrst fá okkur menska maka. Hún hefir augastað á ungum og gervilegum manni þar vesturfrá. En ég hefi haft augun á þér meira en ár, og fékk ég ást á þér við fyrstu sýn, þó aldrei hafi ég verið eins djörf og nu, að ganga að þér og tjá þér alt um hagi mína. Það er engin hætta fyrir þig, að fara með mér. Þú skalt verða borinn á höndunum, og ég skal sýna þér öll þau elskuatlot, sem ein kona getur manni veitt. Ég er svo ung, aðeins 16 ára. Ástin töfrar mig. Hvað segirðu? Hverju svararðu?

Eyjólfur virti nú skessuna fyrir sér, og fanst honum hún ekki eins ljót og í fyrstu. Honum fanst góð menskan skína út úr henni, og hann var á báðum áttum. En þá fanst honum frekar en heyrðist, að vera hvíslað í eyra sér: Farðu hvergi, sál þín er í veði. Og Eyjólfur kiptist við. Þetta var sagnarandi sendur af guði, sem hvíslaði í eyra hans til að vara hann við hættunni, — sálarhættunni. — Nei, með henni mátti hann ekki fara, það var sálartjón, því hann heyrði eða fann sagt við sig: Sál þín er í veði.

Eyjólfi óx nú kjarkur og mælti: Ég get ekki með þér farið, því sál mín er í veði.

— Það er ekki satt, mælti Valbrá, sál þín er ekki í veði. Þú getur farið til kirkju og hlýtt á helgar tíðir, þó ég verði konan þín. Ekkert er til fyrirstöðu, — engin sál í veði.

En ég á föður og móður, sem ég þarf að ráðfæra mig við. Gefðu mér vikufrest, sagði Eyjólfur.

Það skaltu fá, mælti Valbrá. En mundu það: Engin brögð í tafli, því þess skal þig iðra svo lengi sem þú lifir. Vertu nú sæll, ég finn þig að viku liðinni.

Eyjólfur fór nú heim og sagði föður sínum og móður, hvað fyrir sig hefði komið, og kom þeim saman um, að bezt væri að finna séra Snorra Brynjólfsson, sem þá var nýbúinn að fá Eydali.**).

Voru nú söðlaðir tveir hestar handa þeim feðgunum, sem riðu nú á fund prests að segja honum sín vandræði.

Þegar þeir komu til séra Snorra var þeim vel tekið og boðið í stofu, og sögðu þeir presti erindi sitt og báðu hann nú sér góð ráð gefa í þessum vandræðum.

Séra Snorri hugsaði nú málið vandlega, og sá að þér þurftu góð ráð og fljót. Hann sagði sér litist bezt á, að fá Eyjólfi kvonfang og giftu hann undir eins og lýsingar gætu farið fram. Næsta sunnudag mætti messa tvisvar og lýsa við báðar messurnar. Kvað hann tvær lýsingar duga samkvæmt lauðsins lögum, þó þrjár lýsingar væru tíðari. Spurði þá prestur þá feðga, hvort þeir hefðu ekki hugsað um, hvar niður skyldi bera um kvonbænir, og kváðu þeir nei við, og báðu hann þar til ráð leggja sem annars.

Það var hjá séra Snorra ung ekkja, sem Sunnefa hét, og var hún fyrir framan hjá presti. Sunnefa var fríð sýnum og kvenskörungur mikill, og hinn bezti kvenkostur. Þessarar konu biður séra Snorri handa Eyjólfi, með samþykki þeirra feðga, og þar eð Eyjólfur var einhver hinn efnilegasti ungur maður í sveitinni, leizt Sunnefu ráðahagur þessi hinn sæmilegasti og var hún því föstnuð Eyjólfi, og skyldi brúðkaupið fara fram næsta sunnudag eftir messu. En varast var að láta Sunnefu vita nokkuð um Valbrá og kunningsskap Eyjólfs við hana.

Næsta sunnudag á eftir var messað tvisvar — fyrir hádegi og eftir hádegi — og var Eyjólfur og Sunnefa gefin saman í hjónaband.

Það var mikið talað um það meðal fólksins, hvernig á því stæði að brúðkaupi þeirra Eyjólfs og Sunnefu hefði verið flýtt eins og gert var, og komst það alt í ljós skömmu síðar.

Að afstaðinni veizlunni, sem haldin var á Eydölum á sunnudagskveldið sama og þau voru gefin saman, fóru hin ungu hjón heim til sín að Ánastöðum. En áður en þeir feðgar fóru, tók séra Snorri þeim vara fyrir því, að láta ekki Eyjólf verða á vegum skessunnar, ef mögulegt væri því við að koma.

Brátt tókust beztu ástir með hinum ungu hjónum, og ástarsólin skein í heiði friðarins, vonarinnar og kærleikans.

En brátt dró ský fyrir sólina, og það svo snögglega og hraparlega, að það má með sanni segja, að það hörmunganna ský gengi aldrei undir. Það skygði ávalt á gleðisól þeirra Eyjólfs og Sunnefu svo lengi sem þau lifðu. Því á þriðja degi, eða réttri viku frá fundi þeirra Eyjólfs og Valbrár, var Eyjólfur knúður til að standa yfir fé föður síns, því engum öðrum var á að skipa. Veðrið var frostlitið, en þoka huldi mest af dalnum, og var það ekki talinn góðs viti um það leyti árs. Eyjólfi var því umhugað um, að fara sem fyrst heim. Honum leizt ekki á veðrið, og þó var annað óskyggilegra, — koma Valbráar í annað sinn. Það var vika í dag frá því að þau höfðu fundist, og hví skyldi hún ekki efna loforð sín?

Eyjólfur mátti ekki um þetta hugsa. Honum fanst það trufla sig. Það fór um hann hrollur og hann skalf á beinunum.

Hann bað til guðs, að hún kæmi aldrei aftur. En Eyjólfur var ekki bænheyrður, því áður en hann varði, var Valbrá komin fast að honum, og var nú faðir hennar með henni. Þau höfðu ratað, þó þokan væri.

Skönkopp var orðinn gamall og sköllóttur. Hann var jötun að vexti og hinn harðfenglegasti að öllu leyti.

Valbrá varð fyrst til þess að mæla. Hún kastaði kveðju á Eyjólf og virtist vera í glöðu bragði, og betur var hún nú búin en áður.

— Nú erum við komin að sækja þig, sagði hún, og er nú ekkert undanfæri. Ég hefi tjáð föður mínum frá því, hve mjög ég elska þig og fullvissað hann um, að ég mundi springa af harmi, ef ég ekki næði samvistum við þig. Hann kom því með mér, svo mér gengi betur. Þú kemur með okkur, og það verður leikið við þig eins og konungssoninn í jötunheimum, sem móðir mín sagði mér frá.

Eyjólfur var nú ekki lengi að hugsa sig um. Hann sagði þeim, að nú hefði hann sér konu festa, sem hann elskaði af öllu hjarta, og væri ekki til neins að fara fram á það við sig, að hann yfirgæfi hana.

Við orð Eyjólfs reiddist jötuninn ákaflega. Hann þreif í skottið á hundi þeim, er fylgdi Eyjólfi og sló honum við stein, svo heilasletturnar lituðu grjótið, og kvað hann Eyjólf skyldi fara sömu ferðina, ef hann ekki kæmi með þeim.

Valbrá hljóp þá á milli þeirra og bað föður sinn stilla sig sín vegna. — Sömuleiðis lagði hún nú fast að Eyjólfi að koma með sér og taldi heimili sínu alt til gildis. Hún gerði sig svo blíða, að Eyjólfi fanst hann mundi hálfa getað átt hana. Og honum jafnvel datt í hug, að ásaka sjálfan sig fyrir að hafa verið svo fljótur að gifta sig. En þá kom sami sagnarandinn og áður og hvíslaði í eyra honum: Sál þín er í veði.

Já, sál hans var í veði. Hann mátti ekki með þeim fara. Það var einn hlutur vís. Hann varð að hafa kjark í sér til að afneita þessu flagði og föður hennar. En hverjar urðu þá afleiðingarnar af því? Þetta alt flaug sem leiftur í gegnum huga Eyjólfs. En Valbrá ýmist starði á hann glampandi ástaraugum eða talaði um fyrir honum með að koma með þeim suður í hamarsbætur. Hann gat farið til kirkju út að Hofi, þegar honum sýndist, ekkert var því til fyrirstöðu. Hún vildi gera honum alt til geðs, ef ske kynni hún næði elsku hans, þó ekki væri nema ofurlitlum vl, sem með tímanum máske ykist smátt og smátt og vrði, þegar stundir liðu fram, að fölskvalausri ást.

Eyjólfur sá nú, að þetta banf var þýðingarlaust. Hér varð eitthvað að skriða til skarar. Hann herti nú upp hugann og sagði þeim, að það væri þýðingarlaust fyrir þau, að biða hér lengur. Með þeim færi hann aldrei, þau væru ekkert annað en tröll, — heiðin tröll, sem ekki þektu skapara sinn né frelsara. En hann væri kristinn og þekti báða, um það hefði hann lesið í bibliunni.

Þegar Skönkopp hafði hlustað á Eyjólf, reiddist hann ákaflega og veður að Eyjólfi og gripur hann fangbrögðum, og urðu þar harðar stimpingar, því Eyjólfur var með stærstu mönnum og ramur að afli. En krafta hafði hann enga á við jötuninn, og urðu hér bráð umskifti. Skönkopp færði Eyjólf til jarðar og hvgst nú að láta kné fylgja kviði og ganga af honum dauðum. En þá kom Valbrá til bjargar Eyjólfi. Hún gat ekki séð föður sinn vinna á manni, sem hún unni hugástum.

En annarhvor varð að deyja, — um það var ekkert spursmál. Og í huga hennar kom upp hlutur gamla mannsins. Það var hann, sem hlaut að deyja, þegar svona stóð á. Og í fáum orðum sagt, — þau hjálpuðust að því, Valbrá og Eyjólfur, að sálga karli, sem þau dysjuðu þar í urð.

En þegar því var lokið, hóf Valbrá að nýju ástargælur sínar til Eyjólfs. Henni fanst nú sjálfsagt, að hann færi með sér, þar sem hún hafði unnið þetta niðingsverk, að vinna á föður sínum Eyjólfi til lífs. Líf hans mat hún meira en alt annað. En Eyjólfur sat fastur við sinn keip. Hann sagðist hvergi fara, sér væri það ómögulegt. Fé skyldi hann deyja. Með henni gæti hann ekki búið, því hún væri heiðin skessa, og sál hans væri í veði.

Valbrá reiddist nú ákaflega og veður að Eyjólfi, þrífur hann í loft upp og rekur niður fall mikið. Hann var rétt sem skinnsokkur í höndum hennar.

Þegar hún nú hafði komið honum undir, þreif hún um vinstra lærið á Eyjólfi og kramdi alt hold að beini, og hóf svo ræðu sína á þessa leið:

— Þú vanþakklátl heimskingi, sem ég hefði aldrei átt að elska, en elskaði svo heitt, að ég drap föður minn, svo hann ekki dræpi þig. — Þér skal verða fundur okkar minnisstæður. Þú skalt fyrir álögum verða: Legg ég á og mæli um, að þú héðan í frá sjáir aldrei glaðan dag. Þú skalt verða örkumsla maður alla þína æfi. Hold það, sem ég hefi nú kramið á líkama þínum, skal aldrei heilt verða. Ef þér og konu þinni verður barna auðið, skulu þau verða ykkur til sorgar og armæðu en ekki til gleði. Þau skulu verða brjáluð eða flogaveik, og að öllu leyti hinir mestu aumingjar. En ef þið skylduð eignast barn, sem er vankalaust, skal það erfa sýkina af systkini sínu, þá er það deyr, svo verða alt til armæðu og sorgar, þó í fyrstu virðist benda til hins gagnstæða. Og þín ætt skal tortímast alveg eins og mín. Þetta er minn síðasti dagur. — Ég get nú ekki borið það, að lifa lengur. Ég hefi drepið föður minn og ekki náð þér til mín, — þér, sem ég unni svo heitt og vildi heldur að lifði en faðir minn. Mínar hörmungar eru nú þegar á enda, en þínar að eins að byrja. — Vertu sæll.

Og Valbrá steíndi á Breiðdalsheiði, og hefir aldrei orðið vart við hana síðan.

En Eyjólfur lá þarna, sem Valbrá skildi við hann. Hann var svo stirður, að hann gat hvorki hreyft legg eða hönd. Hann gat jafnvel ekki hrópað. Hann var allur lamaður, á sálu jafnt og líkama.

Nú var komið fram yfir þann tíma, sem Eyjólfur var vanur að koma heim, og fór nú foreldrum hans og Sunnefu konu hans ekki að verða um sel. En engan var að senda, því Eyjólfur var eini karlmaðurinn hjá Jóni bónda á Ánastöðum. Það var beðið fram eftir öllu kvöldi, en Eyjólfur kom ekki heim, og fór Jón þá að leita að syni sínum, og fann hann þar sem Valbrá skildi við hann.

Eyjólfur gat talað, og sagt föður sínum alt, sem fram hafði komið við hann um daginn. En hreyft sig gat hann ekki. Jón varð því að fara yfir að Höskuldarstöðum eftir mönnum, sem urðu að bera Eyjólf heim í voðum, því hann gat ekki hreyft legg eða hönd.

Jón bóndi fékk nú mann að fara út að Eydölum á fund séra Snorra Brynjólfssonar, sem gift hafði þau Eyjólf og Sunnefu fyrir að eins viku. Prestur kom, en gat ekkert annað að gert en að huggrevsta bæði hin eldri og yngri hjón.

Af Eyjólfi er það að segja, að hann lá í rúminu allan veturinn. En næsta sumar á eftir komst hann á ról, en varð aldrei heill heilsu alla sína æfi, og varð þó eitthvað 50 ára eða vel það. — Hann gat aldrei gengið að útivinnu. Hann var oftast á sumrum við að riða sela og fiskinet, en á vetrum við kembingar og reipagerð.

Þau Eyjólfur og Sunnefa eignuðust fjögur börn, tvo drengi og tvær stúlkur. Fyrsta barnið var stúlka, sem dó fárra mánaða. En sagt var, að eitthvað hefði verið rangt við hana. Drengur, sem Jón hét, var annað barn þeirra hjóna, og var hann algert fíl að viti. — Stúlka var það þriðja, sem Guðný hét, og var hún flogaveik. — Fjórða barnið var drengur, sem Eiríkur hét, og hann var óvankaður. Jón og Guðný lifðu bæði framundir tvítugt, og voru foreldrum sínum til stakrar armæðu. Guðný lifði lengur enn Jón, og voru þau foreldrar þeirra full af kvíða fyrir því, að nú myndi Eiríkur, sem var yngstur og greindur og efnilegur hnokki, erfa veikina, ef Guðný dæi. Bara Guðný gæti lifað sem lengst, þó hún leiðinleg væri, svo Eiki litli mætti vera þeim til ánægju! Blessaður litli stúfurinn! Fína barnið, sem almennilegt var! Og þau báðu guð að vernda Eirík frá því, að fá þessa óttalegu veiki — flogaveikina, — sem kvaldi vesalings Guðnýju.

Guðný dó, þegar hún var 16 ára og var þá Eiríkur 8—9, og hann fékk ekki veikina. Guð hafði hevrt bænir þeirra, og hann var mátturgri en skessan, — skessan, sem steypt hafði allri fiölskyldunni í tímanleat böl og glötun, — öllun nema Eiriki. Hann virtist nú ætla að verða aumingia l ng-mæddu foreldrunum til gleði og ánægju, og hann varð það.

Eiríkur þessi varð mesti fróðleiksmaður, enda hafði hann tækifæri að verða það, því foreldrar hans höfðu part af iörð afa míns á Krossi, sem móðir mín fékk í erfðir eftir hann (föður sinn).

Þegar safnað var til bjóðsagna Jóns Árnasonar, skrifuðu þeir faðir minn og Eiríkur fjarskan allan af allskonar sögnum upp eftir afa mínum Bessa, og átti Guðbrandur Gunnarsson, sonur Glúmu-Gunnars sem eitt sinn bjó í Skörurvík á Langanesi, að koma handritunum til skila. En Guðbrandur, sem jafnan var kallaður "Bóka-Brandur", varð úti með öll handritin um vetrartíma, og fanst hann ekki fyrr en næsta haust á eftir fjallgöngum, og voru þá öll handritin ónýt, eins og nærri má geta.

Eiríkur kvongaðist ekki og átti engin börn. Þannig dó ætting út.

* * *

Séra Snorri, sem getið er hér að framan, var faðir Rósu, konu Jóns Þorvarðarsonar í Papey. Jón og Rósa áttu mög börn, en að eins 4 dætur nú á lífi (?), og er yngst þeirra Helga, kona Jósephs Jósepssonar "hins ríka" í Lincoln County í Minnesota.

Jón Þorvarðarson og kona hans voru með allra merkilegustu hjónum á Austurlandi, og hefðu átt það skilið, að þeirra hefði verið getið, þegar þau létust fyrir fáum árum síðan, í Minnesota. Ég sá lát þeirra eða andlátsfregn í íslenzku blöðunum, og var ég alla tíð að vonast eftir, að sjá eitthvað meira um þau. En sú von brást. Ég var þá kominn á fremsta hlunn með, að geta þeirra að einhverju leyti, en fann mig tæpast færan til þess, þar sem ég var drengur um fermingaraldur þá er þau fluttu til Ameríku.

Lengi lifi nafn þeirra merku og góðu hjóna, Jóns og Rósu úr Papey!

*) "Bætur" kalla Austfirðingar instu dalbotna. Þar af leiðandi sauðfé bótótt, þ. e. botnótt.

S.J.A.

**) Sr. Snorri Brynjólfsson var vígður árið 1814, og fékk Eydali 1815.

S.J.A.

Bókalisti.

N. OTTENSONS, - River Park, W'p'g.

Ljóðmæli Páls Jónssonar í bandi	(3)	85
Sama bók (að eins 2 eint.	(3)	50
Jólaljóðir		15
Dalaróir	(3)	30
Kvæði B. Blöndal	(2)	15
Hamlet	(3)	45
Ljóðmæli Jóns Árnasonar á Víðimýri, 1879	(4)	60
Tíðindi Prestafélagsins í hinu forna Hólastifti	(2)	15
Ástunguinn	(2)	45
Grant skipstjóri	(2)	40
Leynisambandið	(2)	35
Báru óveðursins	(3)	55
Umhverfis jörðina á áttatíu dögum	(3)	60
Blindi maðurinn	(3)	15
Fjórblaðaði smárinn	(3)	10
Kapitola (I II, Bindum)	(3)	1.25
Eggert Ólafsson (H. J.)		15
Jón Ólafssonar Ljóðmæli í skrautbandi	(3)	60
Kristinfræði	(2)	45
Kvæði Hannesar Blöndal	(2)	15
Mannkynssaga (P. M.) Bandi	(5)	85
Mestur í heimi, í b.		1.0
Prestkosningin, Leikrit, eftir D.E., í b.	(3)	30
Ljóðabók M. Markússonar		50
Ritreglur (V. Á). í b.		20
Sundreglur, í b.		15
Verði ljós		15
Vestan hafs og austan, Þrjár sögur eftir E. H., í b.		90
Víkingarnir á Hálogandi eftir H. Ibsen		25
Dularkuðhelgi		15
Ofurefli, skálds. (E. H.) í b.		1.50
Ólöf í Ási	(3)	45
Smælingjar, 5 sögur (E. H.), í b.		85
Skemtisögur eftir S. J. Jóhannesson 1907		25
Kvæði eftir sama frá 1905		25
Ljóðmæli eftir sama. (Með mynd höfundarins) frá 1897		25
Safn til sögu og ísl. bókmenta í b., III. bindi og það sem út er komið af því fjórða	(53c)	9.45
Íslendingasaga eftir B. Melsteð I. bindi í bandi, og það sem til er komið 2. b.	(25c)	2.85
Lýsing Íslands eftir D. Thoroddsen í b.	(16c)	1.90
Fernir fornfslenzkir rímnaflokkar, er Finnur Jónsson gaf út, í bandi	(5c)	85
Alþingisstaðir hinn forni eftir Sig. Guðmundsson, í b.	(6c)	90
Um kristnitökuna árið 1000, eftir B. M. Ólsen	(6c)	90
Sýslumannaæfir eftir Boga Benediktson I. og II. b innbundið	(55)	8.10
Íslenzk fornbréfasafn, 7. bindi innbundið, 3 h. af 8 b.	(1.70)	27.80
Biskupasögur, II. b. innbundið	(42c)	5.15
Landfræðissaga Íslands eftir D. Th., 4. b. innbundið	(55c)	7.75
Ríthöfunda tal á Íslandi 1400—1882, eftir J. B., í bandi	(7c)	1.00
Upphaf alþjóðarríkis á Íslandi eftir K. Maurer, í b.	(7c)	1.15
Auðfræði, e. A. Ól., í bandi	(6c)	1.10
Presta og prófastatal á Íslandi 1869, í b.	(9c)	1.25
B. Thorarinsson ljóðmæli, með mynd, í b.		1.50
Bókmentasaga Íslendinga eftir F.J., í b.	(12c)	1.80
Norðurlandasaga eftir P. Melsted, í b.	(8c)	1.50
Nýfundda biblían	(35c)	2.65
Sama, í ódýru bandi	(33c)	1.60
Nýjatestamentið, í vönduðu bandi	(10c)	65
Sama, í ódýru bandi	(8c)	60

Nýkomnar bækur,

Kóralbók P. Guðjónssonar		90
Sama bók í bandi		1.10
Svartfjallasynir	(5)	60
Aldamót (Matt. Joch.)		20
Harpa	(4)	60
Ferðaminningar, í bandi	(5)	90
Bóndinn	"	35
Minningaritt (Matt. Joch.)	"	35
Týndi faðirinn	"	35
Nasreedin, í bandi		35
Ljóðmæli J. Þórðarsonar	(3)	45
Ljóðmæli Gestar Pálsson	"	75
Hálðánar rímur		30
Ljóðmæli Jóns Árnasonar á Víðimýri	(6)	90
Maximi Petrow	(2)	45
Leyni-sambandið	(2)	45
Kapitola, I og II bindi	(3)	1.25
Hinn óttalegi leyndardómur	(2)	50
Sverð og bagall	(2)	30
Waldimer Nihilisti		75
Ljóðmæli M. Joch I.-V. bd., í skrautb.	(15)	4.00
Afmælisdagar Guðm. Finnbogasonar		1.00
Bréf Tómarar Sæmundsson	(4)	75
Sama bók í skrautbandi	(4)	1.15
Íslenzk-ensk orðabók, G. T. Zoega	(10)	1.80
Fornaldarsögur Norðurlanda, í 3 bindum, í vönduðu gilltu bandi	(15)	4.00
Gegnum brim og boða		90
Ríkisréttindi Íslands		50
Systurnar frá Grænadal		85
Gefintfri handa bömum		30
Vísnakver Páls lögmanns Vídalíns		1.25
Ljóðmæli Sig. Júl. Jóhannessonar		1.00
Sögur frá Alhambra		30
Minningaritt Templara í vönduðu bandi		1.65
Sama bók, í bandi		1.50
Pétur blásturhaldur		10
Bækur sögufélagsins í Reykavík:		
Morðbréfabókin		1.35
Þjóðsagnasögur, 1—6.		1.95
Aldarfarsbók Páls lögmanns Vídalín		45
Tyrkjaránið, I—IV.		2.90
Guðfræðingatal frá 1707—'07		1.10
Jón Arason		80
Skipið sekkur		60
Jón M. Bjarnason, Ljóðmæli		55
Maður og Kona		1.25
Fjarða mál		25
Beina mál		10
Oddur Lögmaður		95
Grettis Ljóð.		65
Andrarímur		50
Lækafrósarímur		35
Jóhanni Black rímur		25
Reimarsrímur		35
Álaflekksrímur		25
Rímur af Gísla Súrssyni		35
Dular, Smásögur		50
Hinrik Heilráði, Saga		20
Svöld ár rímur		35
Þjóðvinafél, Almanak 1911		20
Andvari 1911		75
Æfisaga Benjamin Franklins		45

Sögusafn þjóðviljans I—II árg. 35c; III árg. 30c IV árg. 20c; V. árg. 20; VI. 45; VII. 45; VIII. árg. 55; IX. árg. 55; X. árg. 55; XI. árg. 55; XII. árg. 45; XIII. árg. 45; XIV. árg. 55; XV. árg. 30; XVI. árg. 25; XVII. árg. 45; XVIII árg. 55; XIX, árg. 25.

Alt sögusafn þjóðviljan selt á $7.00

Bækur Sögufélagsins fá áskrifendur fyrir nærri hálfvirði,—$3.80.

Umboðsmenn mínir í bekirk eru Dalman bræður.

Þess skal getið viðvíkjandi bandinu ó Fornaldarsögunum Norðurlanda, að það er mjög vandað, handbundið skrautband, vel frá gengið eins er með Bréf Tómasar Sæmundssonar.

Tölurnar í svigum tákna burðargjald, er sendist með póntunum.

— Eldur kom upp í Gilbert Plains bæ í Manitoba 4. þ. m., sem gerði talsvert eignatjón. Þar brann pósthúss byggingin og tvær aðrar byggingar.

— Dominion stjórnin hefir borgað 675 þúsund dollara fyrir uppdrætti af brú, sem fyrirhugað er að byggja yfir St. Laurence ána hjá Quebec.

PIANO varðveitsla

Piano kaup skyldu jafnan gerð með hinni mestu varasemi. Þessa vegna er hyggilegt, að reiða sig eins mikið á orðróm smiðsanna og það, hve hljóðfæriið virðist hafa góðan tón — og miklu meira — eins og hitt, hvað það kostar. Heintzman & Co. ábyrgjast hvert Piano um 5 ára tíma, og ábyrgð beirra þýðir það sem hún segir.

Komið og talið við oss um Piano mál.

J. W. Kully. J. Redmond. W. J. Ross
Cor Portage Ave. & Hargrave
Phone: Main 808.

Fréttir úr bænum.

Lítilfjörlegt snjófjúk kom hér í borg dagana 3. og 4. þ. m. og einnig þann 5.

Þann 3. þ. m. voru veitt byggingaleyfi hér í borg fyrir samtals 100 þúsund dollara.

Fyrirlestur sá, sem séra Magnús J. Skaptason flutti í Únítarakirkjunni að kveldi þess 1. þ. m., var með þeim betri, sem landar vorir hafa átt kost á að hlusta á um langan tíma. En efnið: "Brot úr norrænni fornfræði", var ekki aðlaðandi fyrir meginþorra landa vorra; þar var ekkert aðdráttarafl fyrir þá léttúðugu og hugsunarsljófu og óupplýstu ungu kynslóð, — þess vegna var aðsóknin miklu minni en átt hefði að vera, að eins milli 50 og 60 manns voru í húsinu. Í rauninni var ræðuefnið um norræna goðafræði eða goðatrú fornaldarmanna. Lýsti hann trú þeirri nákvæmlega og hugmyndum þeim, sem fornmenn gerðu sér um annað líf, um dómsdag og um ástand þeirra dæmdu, og um bústað sælunnar. Einnig um ástand þeirra, sem dísirnar ekki fengju varið svo fyrir hinum æðsta dómi, að þeir leystust undan hegningu fyrir afbrot sín í þessu lífi. — Fyrirlesarinn sýndi fram á, að í öllu trúarlífi fornmanna var aðaláherzlan lögð á sannan drengskap og dygðugt líferni, og að bjartsýni hefði hvílt yfir öllu trúarlífi þeirra. Hann gerði fagra og áhrifamikla lýsingu af bústöðum sælunnar, sem hinir góðu hlytu við æðsta dóm, og sýndi jafnframt, að hugmyndir forfeðranna um ástand hinna seku, sem fyrir hegningu hlytu að verða, væri alls ólík því, sem hin kristna kirkja hefir kent um þau efni. Og svo lýsti hann hugmyndum forumanna um hinn æðsta dóm, að ekki varð komist hjá þeirri hugsun, að nútíðar réttarfar Breta sé að miklu leyti bygt á hugsjónum hinna heiðnu fornmanna og því, sem tíðkaðist hjá þeim.

Herra Jón Th. Clemens trésmiður lagði upp í Íslandsferð sína héðan úr borg á laugardaginn var. Hann fór suður til Minneapolis, St. Paul og Chicago, og svo þaðan til Guelph í Ontario, þar sem sonur hans séra Jón J. Clemens þjónar söfnuði og gefur út kirkjublað. Þar býst hann við að dvelja fáeina daga áður hann hefur ferð sína til skips í Montreal, en þar mætir hann þeim öðrum, sem héðan fara nú í vikunni og verða honum samferða til Íslands á sama skipi. — Sérstaklega ber herra Clemens ferð þessa til þess að finna systur sína, sem býr í Rvík, — ekkju séra Þorkels frá Reynivöllum — og þá aðra frændur og gamla vini, sem hann á heima. — Þeir, sem kynnu að vilja skrifa honum, geta áritað bréfin til 28 Vesturgötu, Reykjavík. Hann býst við að dvelja heima fram á næsta vor.

Íbúatala Winnipeg borgar er nú áætluð 200 þúsundir. Talan er ekki algerlega ákveðin, en verður það innan skamms, því útgefendur Hendersons Directory hafa látið taka manntal hér í borginni, en enníþá ekki tilbúnir að auglýsa töluna nákvæmlega.

Séra Magnús J. Skaptason fer næsta föstudag vestur til Foam Lake og ætlar að flytja fyrirlestra á ýmsum stöðum þar vestra. Sjá auglýsingu í þessu blaði.

Þeir herrar Sveinn Thorvaldsson oddviti og Björn Hjörleifsson virðingamaður Bifröst sveitar, báðir borg í sl. viku. Í fréttum sögðu beir þá sorgarfregn, að á miðvikudaginn 2. þ. m. hefði Ólafur, 11 ára gamall sonur Björns Hjörleifssonar, dottið niður um tveggja nátta gamlan ís þar á fljótinu og beðið bana af. Tveir drengir Sv. Thorvaldssonar féllu í sömu vökina, en varð bjargað. Þetta var í skólafrí um daginn, og höfðu piltar þessir vogað sér út á ísinn án gamni sinu, en ísinn var svo veik ur, að hann hélt þeim ekki uppi.

Næstkomandi sunnudag messar séra Rögnv. Pétursson í Únítarakirkjunni hér í bænum, í fjarveru séra Guðm. Árnasonar, er fer til Pine Valley nú í vikunni og messar þar á sunnudaginn.

Herra Stephan Sigurðsson hefir orðið fyrir því fjárhagslega áfalli, að gufuskip hans "Mikado" strand aði í sl. viku norður við Swamp eyju í Winnipeg vatni, og situr þar meira eða minna brotið. Skip þetta var eitt hið stærsta og bezt útbúna þeirra skipa, er ganga á vötnum Vestur-Canada. Fimtán manna áhöfn var á skipinu, sem hélt — eða átti að halda — uppi stöðugum "vöktum", og með því að skip þetta hafði öll nýjustu tæki til allra hluta, þá er óskiljanlegt, hvernig slysið gat orðið inni á höfn, þar sem aðfðir menn voru á bátnum, og bezt launuðu menninir á öllu vatninu. — Herra Sigurðsson hefir beðið feiknatjón við þetta tilfelli, en trúa má honum til þess, að koma sér upp öðru skipi engu minna eða lakar útbúnu, við fyrsta tækifæri.

Fólk er mint á að sækja Menningarfélagsfundinn í Únítarakirkjunni í kveld (miðvikudag 9. þ.m.). Herra Stefán Thorson flytur þar síðari hluta fyrirlesturs síns "Um glæpamenn", er fjallar um orsakir þær er stuðla að því að gera menn að glæpamönnum. Fundurinn ætti að verða fjölsóttur. Allir velkomnir. Umræður á eftir.

Munið eftir samkomu stúkunnar Ísland, sem haldin verður í Únítarasalnum annaðkveld (fimtudag 10. þ.m.). Mjög skemtilegur gamanleikur verður leikinn og gott prógram á boðstólum þar að auki. Inngangur 25c. Sjá auglýsingu í þessu blaði.

Herra Th. Thorkelsson og Grímur sonur hans, frá Oak Point, Man., voru hér í borg um síðustu helgi. Thorsteinn var í verzlunarerindum, en Grímur sér til skemtunar.

Á laugardaginn var kom til bæjarins ungfrú Lárensína Hallgrímsdóttir frá Wild Oak. Hún hefir um sl. 2 ár stundað kjólasaum í Dauphin bæ, en kom nú frá Gladstone, þar sem hún hefir dvalið í sl. 2 mánuði. Hún býst við að setjast að hér í borg og stunda kjólasaum.

Til Íslands fór þann 9. þ. m. herra Sigurður Vigfússon, dráttlistarmaður, sem dvalið hefir hér í borg um sl. nokkur ár · einnig ungfrúrnar Þóra Þorvarðarson og Sigurbjörg Anderson. — Herra Vigfússon, sem nú flytur héðan alfarinn, biður Heimskringlu að flytja sínum mörgu vinum, sem hann átti ekki kost á að sjá og kveðja áður en hann lagði af stað, sína beztu kveðju með þökk fyrir hugðnæm viðkynni. Stúkan Hekla hélt honum skilnaðarsamsæti áður en hann fór og gaf honum gjafir í þakklætis skyni fyrir starfsemi hans í þarfir stúkunnar og bindindismálsins yfirleitt. — Við skipsfjöl í Montreal mætir herra Jón Th. Clemens Sigurði og konunum, og verða þau öll samferða yfir hafið. Heimskringla óskar þeim farsældar á þessu ferðalagi þeirra.

Stórstúka Góðtemplara í Manitoba ætlar að hafa mikinn BAZAAR í Góðtemplarasalnum neðri allan fimtudaginn 24. þ. m. og að kveldinu. Einnig verðurCONCERT í efri salnum að kveldinu. Góðar veitingar seldar allan daginn. Vonað að salan verði fjölsótt. Nánar auglýst síðar.

Sjaldgæft tækifæri.

Ef einhverjir Íslendingar hafa í hyggju, að stunda nám á "Business College" í vetur, þá getur Heimskringla vísað á mann, sem selur þess konar "Course" fyrir fjórðungi minna verð en nokkur annar getur boðið. Nemendur geta valið um tvo af helztu þess konar skólum í Winnipeg.

Þeir herrar Th. Johnson fiólinkennari og Jónas Pálsson planókennari hafa sitt fyrsta vetrar Recital á fimtudagskveldið 1. des. næstk., kl. 8.30, í Goodtemplarasalnum efri. Þeir munu ætla að hafa þessar músik-samkomur mánaðarlega í vetur. Inngangur ókeypis. — Ódýrust skemtun og ánægjulegust, sem völ er á meðal Íslendinga í þessum bæ. — Samskota verður leitað.

Herra Benóný Stefánsson frá Gardar, N. Dak., var hér í borg í sl. viku, á heimleið úr ferð vestur í nýlendu Íslendinga í Saskatchewan fylki. Hann hafði dvalið þar vikutíma og kvað sér lítast vel á landið og útlit alt þar. En nokkuð þótti honum löndin orðin dýr þar um slóðir. Til eru lönd í grend við Wynyard, sem metin eru 25 dollara ekran, og 160 ekru land á fjórðu mílu út frá Elfros bæ, var selt meðan hann var þar vestra fyrir hálft fimta þúsund dollara. Í skógarbeltinu fyrir sunnan Wynyard er nú tekið að jafnaði eitt land á dag, og eru löndin þar að mestu uppgengin. En fæst af þeim munu Íslendingar hafa tekið, og er það leitt. Benóný mun hyggja á vesturferð til aðseturs þar, þó hann segði fátt um það.

Úr bréfi frá Prince Albert 3. nóv. 1910: — "Herra Hallgrímur Sigurðsson Eyford, sem í mörg ár er búinn að vinna hjá C.N.R. félaginu, og hefir 4 síðustu árin verið "Yard"-formaður í Kamsack, er nú fyrir mánuði síðan orðinn "Roadmaster", og mun hann vera fyrsti Íslendingur, sem náð hefir þeirri stöðu. Framtíðar heimili hans verður hér í Prince Albert og verða þá tvær íslenzkar fjölskyldur hér í borginni. Ég er sannfærður um, að allir góðir og gamlir vinir herra Eyfords óski honum góðrar og langrar framtíðar í sinni nýju stöðu".

Í hjónaband voru gefin í bænum Saskatoon, Sask., þann 25. okt. sl., þau herra C. Clinton Hodge (Supt. of Steam Fittings fyrir F. W. Miller Heating Co. í Chicago, Ill.) og ungfrú Freyja Svarfdal frá Wynyard, Sask. — Hinir mörgu vinir brúðarinnar hér í borg munu samfagna henni, og geta þeir þá sent lukkuóskir sínar til Hardisty P.O., Alberta fyrst um sinn.

ANCHOR BRAND HVEITI

er bezta fáanlegt mjöl til nota í heimahúsum og annarstaðar. Það er gert úr No. 1. Hard HVEITI eftir nýjustu aðferðum.

Sími 4326 eftir söluverði þess.

Leitch Bros.
LOUR MILLS
Winnipeg skrifstofa
240-4 GRAIN EXCHANGE

Eg kem næst

heitir gamanleikur nýþýddur úr ensku, sem leikinn verður í samkomusal Únítara fimtudagskveldið

10. nóvember 1910

undir umsjón stúkunnar Ísland. I.O.G.T. Þeir sem leika eru vel æfðir og margir þaulvanir þessum starfa. — Þar að auki verður gott prógram, svo sem upplestur, söngur o.fl. — Komið allir og sjáið hinn bezta skopleik, sem hér hefir verið sýndur í langa tíð. — Byrjar kl. 8. — Inngangur að eins 25c.

Vantar vinnukonu,

ætíða, sem kann óbreytta matreiðslu. Leitið til Mrs. W. J. Whitley, 366 Spence St.

Fundaboð.

Ég undirritaður meðráðamaður sveitarráðsins í Bifröst, fyrir deild 2, álít heppilegt og nauðsynlegt, að fundir séu haldnir í deildinni til að ræða sveitarmál og gera greiu fyrir starfi mínu þann tíma, sem ég hefi verið meðráðamaður, og með því ég álít, að fundir þessir ættu að vera haldnir fyrir útnefningu meðráðamanna og oddvita, þá leyfi ég mér hér með að boða til funda á eftirfylgjandi stöðum og dögum:

Í GEYSIR SKÓLAHÚSI
Laugardag 26. Nóv. 1910
kl. 2 eftir hádegi.

Í bændafélags samkomuhúsinu í Riverton,
VIÐ ÍSLENDINGAFLJÓT,
Mánudag 28. Nóv. 1910
kl. 2 eftir hádegi.

Ég óska og vona, að kjósendur deildarinnar fjölmenni á fundina.

Með virðingu,
TÓMAS BJÖRNSSON.

Notið tækifærið!

Ég sel með góðu verði mikið af bókum og blöðum á íslenzku, dönsku, norsku og ensku.

Sigmundur M Long,
790 Notre Dame Ave., Winnipeg.

ÚT Á LAND.

Fjölskylda, sem kynni að vilja flytja út á land, getur fengið fritt húsnæði, eldivið og mjólk á íslenzku bóndabýli skamt frá Gimli bæ, niður við vatnsbakka. Maðurinn getur haft þar atvinnu við skógarhögg allan veturinn, með kaupi. Tilboð þetta er hið ákjósanlegasta. Þeir, sem vildu sinna boðinu, ættu að finna herra Árna Eggertsson fasteignasala, sem gefur fullar upplýsingar.

FRIÐRIK SVEINSSON

tekur nú að sér allar tegundir af húsmáling, betrekking, o.s.frv. Eikarmálning fljótt og vel af hendi levst. Heimili 443 Maryland St.

JÓN JÓNSSON, járnsmiður, að 790 Notre Dame Ave. (horni Toronto St.) gerir við alls konar katla, könnur, potta og pönnur fyrir konur, og brýnir hnífa og skerpir sagir fyrir karlmenn. — Alt vel af hendi leyst fyrir lítla borgun.

Dr. G. J. Gíslason,
Physician and Surgeon
18 South 3rd Str, Grand Forks, N.Dak

Athygli veitt AUGNA, EYRNA og KVERKA SJÚKLÓMUM ASAMT INNVORTIS SJÚKDÓMUM og UPPSKURÐI. —

Anderson & Garland,
LÖGFRÆÐINGAR
35 Merchants Bank Building
PHONE: MAIN 1561.

Dr. M. Hjaltason
OAK POINT, MAN

BÚÐIN Á SARGENT.

Kennið únglingunum að nota vel tíman. Það gerist best með því að þau beri á sér vasa úr. Eg sel vönduð Kvenn-úr frá $2.50 og upp. Eg sel $10.00 Konu-úr fyrir $6.00 þau eru í gullþynnu kössum, með ágætu gangverki ábyrgð fygir hverju úri.

Drengja úr sel eg fyrir $1.25 og þar yfir.

G. THOMAS Gull og Silfur Smiður
674 Sargent Ave. Phone Sherb. 2542

Þegar þér þurfið að kaupa
Gott smjör
Ný egg
og annað matarkyns til heimilisins, þá farið til
YULES PRODUCE STORE
941 Notre Dame St.
Prices always reasonable

KENNARA

vantar fyrir The Narrows S. D. No. 1450, frá 2. jan. til 30. júní 1911. — Umsóknir, er tiltaki kauphæð og mentastig, verða að vera komnar til undirskrifaðs ekki síðar en 1. desember næstk.

The Narrows P.O. Man.
19. okt. 1910.
J. R. JOHNSON, Sec'y-Treas.

Giftingaleyfisbréf
SELUR
Kr. Ásg. Benediktsson
486 Simcoe st. Winnipeg.

J. R. TATE & CO.
522 Notre Dame Ave.

er staðurin til að fá góð föt gerð eftir máli úr frægustu dúkum og fyrir lægra verð en slík föt eru gerð fyrir neðar í borginni. Vér höfum mesta úrval af fatadúkum og ábyrgum hverju spjör, Íslendingum boðið að koma og skoða vörurnar. Vér óskum viðskifta við þá.

J. R. TATE, & CO
Skraddarar.

J. T. STOREY S. DALMAN
Your Valet
HREINSAR, PRESSAR, GERIR VIÐ OG LITAR FATNAÐ.
Alt ágætlega gert. Komið því með fötin til okkar.
690 NOTRE DAME AVE.
TALSÍMI MAIN 2798

S. K. HALL
TEACHER OF PIANO and HARMONY
STUDIO; 701 Victor St.
Haustkensla byrjar 1st Sept.

TIL SÖLU:

160 ekrur af bezta landi, stutt frá járnbrautarstöð. — Fyrsti maður með $7.00 fær hér góð kaup. — Finnið

Skúli Hansson & Co.
47 Aikens' Bldg.
Talsími. Main 6476 P. O. Box 833

GEO. ST. JOHN VAN HALLEN
Málafærzlumaður
Gerir öll lögfræðis störf
Útvegar peningalán
Bæjar og landeignir keyptar og seldar, með vildarkjörum.
Skiftiskjöl $3.00
Kaupsamningar $3.00
Sanngjörn ómakslaun
Reynið mig
Skrifstofa 1000 Main St.
Talsími Main 5142
Heimils talsími Main 2357
WINNIPEG

MARTYN F. SMITH,
TANNLÆKNIR.
Fairbairn Blk. Cor Main & Selkirk
Sérfræðingur í Gullfyllingu og öllum aðgerðum og tilbún aði Tanna. Tennur dregnar án sársauka. Engin veiki á eftir eða gómbólga. —
Stofan opin kl. 7 til 9 á kveldin
Office Phone 6944. Heimilis Phone 6462

Þarft þú ekki að fá þér ný föt?

EF ÞAU KOMA FRÁ CLEMENT'S, — ÞÁ VERÐA ÞAU RÉTT

Réttur að efni, réttur í sniði réttur í áferð og réttur í verði.

Vér höfum miklar byrgðir af fegurstu og beztu fataefnum. —

Geo. Clements & Son
Stofnað árið 1874
264 Portage Ave. Rétt hjá FreePress

Th. JOHNSON
JEWELER
286 Main St. Talsími: 6606

Sveinbjörn Árnason
Fasteignasali.
Selur hús og lóðir, eldsábyrgðir, og lánar peninga. Skrifstofa: 310 Melntyre Blk.
office TALSÍMI 4700. hús TALSÍMI 2108

G. NARDONE
Verslar með matvöru, aldini, smá-kökur, allskonar sætindi, mjólk og rjóma, sönul. tóbak og vindla. Óskar viðskifta Íslend. Heitt kaffi eða te á öllum tímum. Fón 7756
714 MARYLAND ST.

Hver sneið er góð.

Hafið þér nokkurn tíma eynt að borða þungt og límoent brauð? Slíkt brauð var illa bakað. Það var ekki Boyds brauð. Sérhver sneið af Boyds brauði er gerð í bezta bakarii, úr bezta mjöli og yður mun geðjast að því, biðjið ætíð um það.

Boyd's
Bakery Cor. Spence & Portage Ave
Phone Sherb. 680

BILDFELL & PAULSON
Union Bank 5th Floor, No. 520
selja hús og lóðir og annast þar að lútandi störf; útvegar peningalán o. fl.
Tel.: 2685

Miss Jóhanna Olson.
Piano kennari, byrjar aftur að veita nemendum tilsögn að heimili sínu 557 Toronto St.

BONNAR, TRUEMAN & THORNBURN,
LÖGFRÆÐINGAR.
Suite 5-7 Nanton Blk. Tals. 766
Winnipeg, Man. P.O.BOX 223

DR. H. R. ROSS
C.P.R. meðala- og skurðlækuir.
Sjúkdómum kvenna og barna veitt sérstök umönnun.
WYNYARD, — SASK.

The Evans Gold Cure
229 Balmoral St. Sími Main 797
Varanleg lækning við drykkjuskap á 28 dögum án nokkurrar tafar frá vinnu eftir fyrstu vikuna. Algerlega privat. 16 ár í Winnipeg. Upplýsingar í lokuðum umslögum.
Dr. D. R. WILLIAMS, Exam. Phys
J. L. WILLIAMS, Manager

W. R. FOWLER A. PIERCY.
Royal Optical Co.
307 Portage Ave. Talsími 7286.
Allar nútíðar aðferðir eru notaðar við augn-skoðun hjá þeim, þar með hin nýja aðferð, Skugga-skoðun, sem gjöreyðir öllum ágiskunum. —

Heimskringla.

XXV. ÁR | WINNIPEG, MANITOBA, FIMTUDAGINN, 17. NÓVEMBER 1910 | NR. 7.

Leaded Lights.

Vér getum bóið til alskonar skreutglugga í hús yðar ódýrara og fljótara en nokkur önnur verksmiðja í borginni Vér sýnum yðar myndir og kostnaðar áætlanir.

Western Art Glass Works.
553 SARGENT AVE.

Fregnsafn.

Markverðustu viðburðir hvaðanæfa

— Mesti fjöldi manna á Englandi, lögmenn, læknar, kaupmenn og menn af öllum flokkum, og einnig konur, hafa samið og sent til stjórnarinnar bænaskrár um að náða dr. Crippen, þann sem nýlega var dæmdur til dauða fyrir konumorð. Fólki þessu þykir, sem von er, að sökin hafi bundist að mestu við óbein rök, og að ekki sé sanngjarnt að hengja manninn. Samtímis er og þess getið í enskum fréttum, að ungfrú Le Neva sé á leið til Bandaríkjanna og víti engin, hvert erindi hennar sé þangað.

— Fimtán þumlunga djúpur snjór féll í Pennsylvania riki snemma í þessum mánuði.

— Strætisbrautafélagið í Hamilton, Ont., hefir nýlega hækkað verkalaun mótormanna sinna um 2c á klukkustund, aukið þannig útgjöld sín um 18 þúsund dollara árlega.

— Pólitisku flokkarnir á Englandi eru nú sem óðast að búa sig undir næstu kosningar. Tilraun var gerð til þess að koma á samkomulagi um afstöðu lávarðadeildarinnar gagnvart fjármálum þjóðarinnar, en það mistókst. Er því búist við, að þingið verði mjög bráðlega uppleyst, og að gengið verði til nýrra kosninga. Líberalar halda því fram — og réttilega — að þar sem lávarðarnir séu ekki kosnir af þjóðinni, þá beri þeim ekki að neita fjármálafrumvörpum stjórnarinnar, sem ein beri ábyrgð af þeim fyrir þjóðinni, þar sem lávarðarnir séu ábyrgðarlausir.

— Snjófall mikið með ofsaveðri varð á Þýzkalandi þann 11. þ. m. Slitnuðu þá mál og fregnþræðir um land alt og ýmsar aðrar skemdir urðu. — Í sama veðri strönduðu 2 skip við strendur Englands, og druknuðu yfir 26 manns af öðru þeirra. Mælt er, að nokkrir fiskibátar hafi og farist í þeirri sömu kviðu.

— Langvinnar rigningar á Frakklandi hafa gert feikna vöxt í vatnsföll þar. Seine áin er 18 fetum hærri, en þegar hún er vatnsminst og hefir flætt yfir bakka sína á sumum stöðum, svo að flætt hefir yfir úthverfi Parísarborgar og Moselledalinn. Þar hafa verksmiðjur orðið að hætta starfi vegna flóða.

— Nýlega hefir Count Tolstoi hvarfið. Bréf hafði hann sent konu sinni og sagt henni, að hann hefði ákvarðað, að eyða þeim dögum, sem hann á ólifað, í einlífi og frásneiddur öllu samfélagi annara. — Hann fór frá Tulaborg þann 10. þ. m., og þá var læknir í fylgd með honum. En svo mikið varð konu hans um fregnina, að hún reyndi tvívegis að fyrirfara sér, en fékk því ekki framgengt. Enn hafa engar fregnir borist af Tolstoi síðan hann hvarf að heiman.

— Nýútkomnar stjornarskýrslur sýna, að kartöflu uppskeran í Canada hefir á þessu ári orðið afarlitil, eða að eins 147 bushel af ekru að jafnaði. Frá öllum fylkjunum hafa komið kvartanir um rotnunarsýki í kartöflunum á þessu ári, enda eru þær nú eins miklu dýrari eins og þær eru miklu verri en á nokkru undangengnu hausti.

— Nýjustu póstmála skýrslur sýna, að á sl. fjárhagsári hefir tala bréfa og póstspjalda, sem flutt hafa verið með pósti í Canada, orðið 45,705,000, eða tíunda hluta fleiri en á síðasta ári. Gróði ríkisins á póstflutningum hefir orðið $743,210 á árinu.

— Þrir ræningjar voru í sl. viku dæmdir í Brandon: Einn í fjögra, annar í fjórtán og þriðji í fimtán ára fangelsi og 21 vandarhagga hýðingu. Hinn síðastnefndi, sem þyngsta hegningu fékk, var leiðtoginn í ránum þeim, sem framin voru.

— Dr. Crippen á að hengjast á Englandi þann 23. þ.m. fyrir morð konu sinnar. Bænaskrár um að breyta dómnum í fangavist, hafa þegar verið sendar til dómsmálastjórans.

— Krýning Georges Bretakonungs á að fara fram í Lundúnum þann 22. júní næstk.

— Þýzka stjórnin hefir auglýst útgjalda áætlun sína fyrir næsta ár. Útgjöldin verða alls yfir 731 miljón dollara. Af þeirri upphæð verður varið til landhersins 204 miljónum og til sjóhersins 113 miljónum dollara. Alls er því hernaðartilkostnaður ársins nær 320 miljónum dollara.

— Nýafstaðnar kosningar í nær 30 af ríkjum Bandamanna hafa snúist svo, að Demókratar hafa fengið stórkostlegan sigur. Svo að næsta þing Bandaríkja í Washington verður þannig skipað, að þar sitja 216 Demókratar mót 139 Repúblikönum, í neðri málstofunni. Í efri málstofunni eru Repúblikanar þó enn í meiri hluta, hafa 51 sæti mót 40 demókrata sætum. — Í New York ríki, þar sem Mr. Roosevelt barðist með ákafa miklum fyrir kosningu umsækjanda Repúblikan flokksins, vann Demókratinn með 60,000 atkvæðum umfram, í stað þess, að við síðustu kosningar vann ríkisstjóraefni Repúblikana með 70,000 atkvæðum umfram. Svipað þessu urðu úrslitin í flestum ríkjum, sem kosningar fóru fram í. Víst þykir nú, að næstu almennar kosningar muni ganga Demókrötum í vil.

— Stjórnin í Ástralíu hefir komist að því, að ýmsum innflutninga umboðsmönnum hefir verið mútað svo árum skifti til þess að hlevpa Kínverjum þar á land, með því að borga umboðsmönnunum stórfé í engin vasa, alt að $500.00 fyrir hann. — Sama stjórn hefir og lagt fyrir þingið lagafrumvarp um tveggja centa póstgjald milli Ástralíu og Bandaríkianna. Frumvarpið er nú fyrir efri málstofunni og talið víst, að það nái samþykki þeirrar deildar.

— Brezka gufuskipið "Para" er nýlega týnt í stórsjó við strendur Brazilíu og mælt að þar hafi farist með því 100 manns, skipshöfnin og farþegar.

— Frá Tripoli frétíist nýlega, að 300 franskir hermenn hafi verið drepnir í bardaga við innlenda menn þar. Frakka höfðu amast við yfirráðum Tyrkja þar í landi, og sýnt sig ófriðlega, og réðust þá 15 þúsund Tripoli menn að Frökkum og veittu þeim þessar búsifjar. Þeir vega nú að frönskum hermönnum, hvar sem færi gefst.

— Svertingi í Georgia hafði nýlega banað manni þar syðra. Hann náðist eftir tvær vikur frá því að hann framdi glæpinn, og var varpað í fangelsi til að bíða þar dóms. En íbúarnir réðust á fangelsið áður en svertinginn hafði verið þar 2 klukkustundir, tóku hann með sér að næsta tré og hengdu hann þar.

— Jarðskjálfta mælar hafa sýnt það hvað eftir annað, að um þessar mundir séu jarðskálftar einhversstaðar í Kyrrahafi. En ennþá hefir ekkert nánar um það frézt, hvar eða hve mikil brögð hafi orðið að þeim.

— Col. Jasper Ewing Bradley, einn þeirra fjögra manna, sem sendir voru af Bandaríkjastjórn til þess að grafast fyrir um orsakirnar til sprengingar herskipsins Maine, sem sprakk í loft upp á Havana höfn í febrúar 1898, — flutti nýlega fyrirlestur í Kanas City. Í þeim fyrirlestri kvað hann Bandaríkjaforsetann og hermálaráðgjafann vita með vissu, hver valdur væri að ódáðaverkinu. Og hann sagði hispurslaust, að maður sá, sem lagði sprengivélina á sjávarbotn þar á höfninni hefði heitið Jose Zavaldo, og að skipið hefði verið sprengt upp af Cuba mönnum, í þeim tilgangi að koma af stað ófriði milli Spánar og Bandaríkjanna, svo að Cuba eyjan losaðist undan yfirráðum Spánverja. Það var þessi Jose Zavaldo, sem sprengdi skipið í loft upp og drap með því 207 Bandaríkja hermenn. Hann var síðar skotinn til bana, samkvæmt skipun General Blanco. Spánverjum var því ekki bemt um sprengingunna að kenna, því þar áttu enga hlutdeild í henni. Hún var gerð í blóra við þá.

— Nýlega var seld í Victoria borg fasteign sú, sem Durard hótelið stendur á. Verðið var nær 400 þúsund dollara, og hefir engin fasteign þar í borginni verið seld svo háu verði áður.

— William Jennings Bryan telur víst, að Demókratar vinni næstu almennar kosningar í Bandaríkjunum, sem fara fram haustið 1912, og að þeir muni þá leiða í lög, að öldungar málstofu þingmenn (Senators) verði kosnir með almennri atkvæðagreiðslu kjósendanna, eins og þingmenn neðri málstofunnar.

— Inntektir strætisbrautafélagsins í Toronto urðu í sl. októbermánuði rúmlega 882 þús. dollars. Hluti borgarinnar af því fé varð nokkuð yfir 30 þús. dollars.

— Kappreið mikil var háð í Savanna borg í Georgia ríkinu á laugardaginn var í bifreiðum. — Vegalengdin, sem keppinautarnir burftu að fara, var 415 mílur, á hringspori, sem var 15 milur umháls. Marair voru keppinautar, en David Bruce-Brown frá New York varð hlutskarpastur. Hann fór vegalengdina á 5 klt. 53 mín., en það er að jafnaði yfir 70 mílur á klt. Á einu skeiði fór hann með braða, sem jafngilti 76 mílum, rúmum, á klt., og hefir enginn áður slíka ferð farið. Næstur honum var frakkneskur maður að nafni Hemery, hann varð 1½ sekúndu á eftir. Báðir keyrðu þeir í Henzvögnum.

— Gullfundur mikill er sagt að hafi orðið í Yilgarn héraðinu í Vestur-Ástralíu. Mesti fjöldi manna hefir þegar flutt þangað og straumurinn heldur stöðugt áfram. Svo er fundur þessi álitinn mikilsvarðandi, að ráðgjafar stjórnarinnar hafa ferðast þangað, og þar færa þær fregnir, að þar muni vera hið auðugasta gulltekjuhérað sem fundist hafi þar í landi.

— Nýlega hafa Japar hlevpt af stokkunum 20 þúsund tonna herskipi, sem er eitt hið öflugasta, er smíðað hefir verið. Því var flevtt í viðurvist keisarans og 50 þúsund manna. Skip þetta var að öllu leyti smíðað á minna en 12 mánuðum. — Annað slíkt skip er í smíðum í Kúra borg og verður það fullgert innan fárra vikna. — Japar eru einráðir í því að koma upp svo öflugum vígskipaflota, að hann þoli samanburð við það, sem bezt er með öðrum þjóðum. Þeir ráðgera, að smíða 5 slík skip á næstu 5 árum, sem kosti til samans 40 miljónir dollara.

— Flóðalda mikil, samfara ofsaveðri, gekk yfir námasvæði á sönd-unum við Nome í Alaska þann 3. þ.m., og skolaði burtu 2 húsum og 15 skýlum. Að líkindum hafa gullnámamenn átt skýli þessi, og er ekki óhugsandi, að einhverjir af þeim kunni að hafa verið Íslendingar, því nokkrir þeirra hafa stundað þar námavinnu í sl. 10—12 ár. Enginn mannskaði hafði orðið í flóði þessu, en mörg skip, sem lágu þar við land, höfðu rekið á grynningar.

— Stjórn Kínaveldis auglýsti 4 þ. m., að fyrsta þjóðþing þar í landi kæmi saman árið 1913.

— Í ráði er, að Dominionstjórnin muni leggja fyrir næsta þing frumvarp til laga, er heimili læknum, sem útskrifast hafa af einhverjum viðurkendum læknaskóla í ríkinu, að stunda lækningar í hverju fylki í Canada, sem þeir vilja, án þess að þurfa að ganga undir próf í þeim fylkjumj sem þeir kunna að flytja í.

— Ofsaveður við England varð fsanska fiskiflotanum að tjóni. Mörg af skipum hans fórust í sundinu milli landanna og yfir 30 fiskimenn druknuðu.

Mótmæli gegn Laurier.

— Fagnaðarmót mikið var haldið í Montreal þann 9. þ.m. Þá komu þeir þangað Monk leiðtogi Conservativa í Quebec og Bourassa leiðtogi hinna svonefndu "Nationalista". Þegar fregnin barst um borgina, að menn þessir væru komnir, eftir sigurvinningarnar í Drummond-Arthabaska kjördæminu í Quebec fyrir nokkrum dögum, þá tóku borgarbúar sig til og skutu á fundi í stærsta samkomusal borgarinnar, en það var í svonefndum "Ontario skála". En þó undirbúningur væri lítil komu þar þó saman 10 þúsundir manna, og mörg þúsund urðu frá að hverfa, sem skálinn rúmaði ekki. Þar var þeim félögum fagnað svo sem fundurinn bezt gat, og svo voru fagnaðarlætin mikil, að þeir fengu ekkert ráðrúm til að tala þegar loks varð nokkurt hlé á fagnaðarlátunum, var lesin upp til samþykktar á fundinum svohljóðandi ályktun:

"Þessi fundur fagnar yfir úrslitum kosninganna í Drummond-Arthabaska kjördæmunum og þeirri grunnvallarstefnu, sem heimtar sjálfræði Canada. Kosningasigurinn réttlætir fyllilega stefnu þá, sem herra Monk hélt fram í sambandi við lagafrumvarpið til sjóhers-myndunar, og þeirra, sem fylgdu honum þar að máli. Sigurinn sýnir einnig, að kjósendurnir krefjast þess, að álits þeirra sé leitað áður en þeir eru dregnir út á braut nýrrar stefnu í hermálum alríkisins.

"Fundurinn samþykkir og staðfestir dómsákvæði kjósendanna í Drummond-Arthabaska kjördæminu, og samþykkir vilja Canadabúa í því að halda á lofti brezkum yfirráðum í Canada, — kunngerir vilja sinn og viðbúnað til þess að styrkja og tryggja vernd hinnar canadísku landeignar. Ef álitur það vera brot á canadisku sjálfræði og til hindrunar fyrir hina eiginlegu sameining keisaradæmisins, að mynda nokkra þá stefnu, er miði til að þvinga íbúana til að hafa nokkra hlutdeild í hermálum Breta út á við, þar sem Canada menn eru ekki kallaðir til ráða. En Canada er sá eini hluti brezka veldisins, sem Canada þjóðin getur haft pólitisk og grundvallarleg áhrif á".

Þessi yfirlýsing var samþykt í einu hljóði með því, að allur mann fjöldinn reis á fætur. Þegar kallað var eftir mótatkvæðum, kom ekki eitt einasta í ljós.

Eftir það fluttu beir Monk og Bourassa sína ræðuna hvor, og svo nokkrir fleiri á eftir þeim. Alt látbragð fundarmann sýndi, að vinsældir Lauriers eru horfnar og það svo, að tvísýnt þykir, hvort hann fengi nú áheyrn í sínu eigin heima-kjördæmi. Hvenær, sem nafn hans var nefnt á fundi þessum, komu org og óhljóð úr öllum hornum hússins, er sýndu, að hann er ekki lengur hafður í þeim heiðri, sem hann naut þar fyrir nokkurum árum.

Meðal annars, sem Bourassa sagði var það, að hann skoraði á Laurier og ögraði honum til að setja kosningar á í hverjum beim 6 kjördæmum í Quebec fylki, sem hann áliti hollust stjórn sinni, og að gerast sjálfur umsækjandi í hverju þeirra sem hann helzt vildi kjósa, — og skyldi hann þá sýna honum, að hann skyldi bíða ósigur í öllum kjördæmunum, svo gersamlega væri nú Quebec fylkið orðið fráhverft honum og stjórn hans. Bourassa kvaðst ætla sér, að berjast móti Laurier ekki að eins í Quebec fylki heldur einnig í Ontario fylki, því hann vissi að brezkir Canadamenn væru ekki síður orðnir andvígir stjórninni en þeir frönsku í Quebec fylki, og það mundi sýna sig við næstu almennar ríkiskosningar.

Sjaldgæft tækifæri.

Ef einhverjir Íslendingar hafa í hyggju, að stunda nám á "Business College" í vetur, þá getur Heimskringla vísað á mann, sem selur þess konar "Course" fyrir fjórðungi minna verð, en nokkur annar getur boðið. Nemendur geta valið um tvo af helztu þess konar skólum í Winnipeg.

OGILVIE'S
Royal Household Flour

Til Brauð og Köku Gerðar

Gefur Ævinlega Fullnæging

EINA MYLLAN Í WINNIPEG —LÚTIÐ HEIMAIÐNAÐ SITJA FYRIR VIÐSKIFTUM YÐAR.

Menningarfélagsfundur

var haldinn miðvikudagskveldið 9. nóv. Fundurinn var vel sóttur.

Herra Stefán Thorson flutti þar síðari hluta erindis sins "Um glæpamenn". Skýrði hann frá rannsóknum mannfræðinga og glæpafræðinga á orsökum til glæpa. Gerði grein fyrir byggingu og starfi taugakerfis mannsins og benti á, að undir ásigkomulagi þess — heilbrigðu eða sjúku — væri breytni mannsins — ill eða góð — að miklu leyti komin. — Glæpafræði nútíðarinnar væri afleiðing af læknisfræðislegum rannsóknum.— Umhverfi sumra manna væri þannig, að það hrinti þeim út á glæpastigu. — Hann skýrði með dæmum, hvers konar heimilisbragur leiddi til glæpa. Einhver stærsta orsök til glæpa væri vinnautn, — og skýrði hann all-ítarlega frá áhrifum vínanda á taugakerfi manns ins, og sýndi, hve ægilegar afleiðingar vinnautn foreldra hefði á afkvæmi þeirra. Tilraunir með verkun vínanda á fóstur í dýrarikiau hefðu leitt í ljós sams konar áhrif þar. — Síðan vék hann nokkuð að tóbaksnautn unglinga og kvað revnsluna hafa sannað, að hún hefði mjög svo skaðleg áhrif á andlegt atgerfi og siðferði þeirra. — Meðferð glæpamála væri mjög svo ábótavant. Kviðdómsfyrirkomulagið, eins og það væri hér, væri óheppilegt, og dómararnir sumir væru ekki starfi sínu vaxnir. Meðferð glæpamanna ætti að vera læknisfræðisleg og bygð á þekkingu á eðli glæpamanna.

Fyrirlesaranum var greitt þakklætisatkvæði að erindinu loknu.

Nokkrar umræður urðu á eftir, og tóku þátt í þeim: Séra Rögnv. Pétursson, Páll M. Clemens, séra Guðm. Árnason og Skapti B. Brynjólfsson. Hrósuðu beir mjög fyrirlestrinum og voru fyrirlesaranum samdóma í aðalatriðum.

Samþykt var á fundinum, að breyta um fundarkveld. Verða fundir eftirleiðis haldnir 2. og 4. þriðjudagskveld í hverjum mánuði.

Á næsta fundi, þriðjudagskveldið 22. nóvember, flytur dr. Ólafur Stephensen erindi "Um heilann".

Friðrik Sveinsson, ritari.

Mannalát.

Þann 10. þ. m. andaðist hér í borg Mrs. Thorbjörg, eiginkona herra Eiriks Sumarliðasonar, af barnsförum, 40 ára gömul. Mesta skýrleikskona. Hún eftirlætur fimm börn, 3 syni 13, 15 og 17 ára, og 2 dætur, 4 og 20 ára. Jarðarför hennar fer fram frá heimili þeirra hjóna á Victor St. á sunnudaginn kemur.

Þann 11. þ.m. andaðist að heimili sínu, 640 Alverstone St. hér í borg, Anna, eiginkona herra J. T. Bergmanns byggingameistara, úr tæringu, eftir tveggja ára sjúkdómsþjáningar. Hún varð 25 ára gömul. Hún eftirlætur mann sinn og eina dóttur unga.

Þann 28. september sl. lézt á Ísafirði á Íslandi öldungurinn Friðfinnur Jónsson Kjernested, áttræður að aldri. Hann var mesti hæfileika og dugnaðarmaður og ágætur smiður. Við fráfall hans var fáni dreginn á hverja stöng þar í kaupstaðnum, og Iðnaðarmannafélagið tók að sér að standa fyrir útförinni, og gerði hana með miklu viðhöfn. Væntanlega verður síðar birt æfisaga þessa merka manns hér í blaðinu.

Myndarlega af stað farið

Séra Jón J. Clemens, B.D., sem nú þjónar lúterskum söfnuði í borginni Guelph í Ontario, er einnig orðinn ritstjóri að blaðinu "The Canada Lutheran". Það er mánaðarblað, 20 blaðsíður að stærð, 9x12 þuml. (3. dálka rúm). — Blað þetta er prýðisvel frágengið og lesmál þess uppbyggilegt. Séra Jón mun sjálfur hafa stofnað blað þetta. Það eintak, sem oss hefir sent verið, er No. 1 af fyrsta árgangi, og dagsett í október sl. — Sem sýnishorn af lesmálinu nefnum vér ritgerðir um þessi efni; "Áfram", "Tækifæri vort og skylda í Canada", "Tækifærin nytlærð", "Vöxtur Lúterstrúar meðal Breta, "Framför Lúterstrúar á Englandi", "Kirkjuljóðið og prestur-inn", "Trúboð í heimalandi", "það þarf leiðréttingar", "Sýnishorn af kirkjulífi voru", "Að gera mennina góða", "Undirstaða allra stjórna", "Fagnaðarminning Ágústana", "Laun presta". Svo eru ýmsar stuttar mentagreinar í blaðinu, teknar úr öðrum blöðum, og eru þær í flokki sér, eins og líka ritgerðaflokkurinn "Að ganga um og gera gott", "Hinumegin hafsins", "Til skemtunar á heimilunum", "Piltar og stúlkur", "Leó og Lúter" og margt fleira.

Blað þetta er svo ólíkt öllum íslenzkum kirkjuritum, að það ljómar eins og leiðarstjarna á lagnætti trúarlífsins, meðal safnaðarlíma. Það væri íslenzkum kristindómi ómetanlegur hagur, að eignast slíkt blað og þetta fyrsta eintak af "The Canada Lutheran" er. Séra Jón J. Clemens hefir byrjað ritstjórnar og útgáfu-ferl sinn prýðilega. Haldi hann áfram í sömu átt.

WALL PLASTER

"Empire" VEGGJA PLASTUR kostar ef til vill ögn meira en hinar verri tegundir, —en berið saman afleiðingarnar.

Vér búum til:

"Empire" Wood Fibre Plaster
"Empire" Cement Wall "
"Empire" Finish "
"Gold Dust" Finish "
"Gilt Edge" Plaster of Paris
og allar Gypsum vöruuteg. undir. —

Eigum vér að senda yður bækling vorn?

BÚIÐ TIL EINUNGIS HJÁ
MANITOBA GYPSUM CO. LTD
SKRIFSTOFUR OG MILLUR I
Winnipeg, - Man.

Heimskringla

Published every Thursday by The Heimskringla News & Publishing Co. Ltd

Verð blaðsins í Canada og Bandar. $2.00 um árið (fyrir fram borgað), Sent til Íslands $2.40 (fyrir fram borgað af kaupendum blaðsins hérl. $2.00.)

B. L. BALDWINSON
Editor & Manager

Office:
729 Sherbrooke Street, Winnipeg
P.O. BOX 3083. Talsími 3512.

Veizlan á Gimli.

Conservative klúbburinn í Gimli sveit hélt þeim George H. Bradbury, ríkisþingmanni fyrir Selkirk kjördæmið (sem Gimli sveit er hluti af), og B. L. Baldwinsyni, fylkisþingmanni fyrir Gimli kjördæmið, heiðurssamsæti í Lake View hótelinu í Gimli þe þann 9. þ. m. Klúbburinn hafði haft í huga að halda þingmönnum sínum slíka veizlu einhverntíma við hentugt tækifæri, og að bjóða þá þangað velunnendum Conservative stefnunnar viðsvegar að úr öllu kjördæminu, en varð að hætta við það áform af tveimur ástæðum.

Í fyrsta lagi af því, að nú sem stendur er ekkert hús til þar í bænum, sem rúmað fengi svo mikið fjölmenni, sem vitanlegt var að mundu sækja slíkt samsæti, ef boðsbréf hefðu verið send út um alt það viðlenda kjördæmi. Og í öðru lagi af því, að klúbburinn vildi geta vottað herra Bradbury verðuga viðurkenningu fyrir það starf, sem hann hefir int af hendi í Ottawa þinginu ekki að eins fyrir Gimli kjördæmið heldur miklu fremur fyrir alt Vestur-Canada, áður en hann fer austur til þriðju þingsetu sinnar, nú í þessum mánuði. Til þess að geta þetta, varð að hraða framkvæmdum og halda veizluna með að eins fárra daga fyrirvara, og þess vegna voru boðsbréf til hennar send til þeirra eingöngu, sem búa í Gimli og Bifröst sveitum. Í rauninni var ekki fastákveðið um tíma veizluhaldsins, fyr en fengnar voru fullar fregnir um úrslit kosninganna í Drummond Arthabaska kjördæminu í Quebec fylki, nú fyrir fáum dögum. En klúbburinn las "letrið á veggnum" um úrslit þeirrar kosningar, eins og allir aðrir heilskygnir menn í Canada hafa lesið það, — að þau boði stjórnarskifti í Canada við næstu almennar kosningar. Þess vegna vildi klúbburinn styrkja hendur herra Bradburys á næsta þingi, sem nú þegar hefir getið sér þann orðstýr þar eystra, að hann sé með allra færustu þingmönnum í Vestur-Canada, — með því að sýna það opinberlega, að kjördæmi hans beri fult traust til hans og sé samhuga honum í starfi hans í þinginu.

Veizluna sóttu um 50 boðsgestir úr endilangri Nýja Íslands bygðinni, alt frá Winnipeg Beach og norður að Íslendingafljóti, og auk þeirra nokkrir menn frá Winnipeg, sem frétt höfðu um samsætið og vildu með nærveru sinni votta samhygð með og virðingu fyrir herra Bradbury. Meðal þessara Winnipeg-gesta var Hon. Colin H. Campbell, dómsmálastjóri Manitoba fylkis, sem mætti þar fyrir hönd Manitoba stjórnarinnar.

Herra Björn B. Olson á Gimli stýrði samsætinu og kallaði gestina til snæðings um kveldið kl. 9. Að lokinni máltíð byrjuðu ræðuhöld. Skýrði þá forseti frá tilgangi samsætisins og bauð menn velkomna.

DÓMSMÁLASTJÓRI HON. C. H. CAMPBELL HEFIR ORÐIÐ.

Hon. Colin H. Campbell hélt fyrstu ræðuna. Mintist á það þýðingarmikla starf, sem herra Bradbury hefði unnið í Ottawa þinginu, og hve vel hann hefði leyst það af hendi, og hve mikils kjördæmið mætti vænta frá honum framvegis. Taldi víst, að hann yrði endurkosinn við næstu kosningar, því hann hefði langsamlega unnið til þess, að kjördæmið sýndi honum fulla og viðvarandi tiltrú sem málsvara sínum þar eystra.

Þá mintist hann á stefnu og starfsemi Roblin stjórnarinnar og hvað hún hefði gert fyrir Gimli kjördæmið, og lofaði að hún skyldi framvegis halda áfram í sömu átt, að vinna að vexti og framförum fylkisins í hvevetna.

En aðalefni ræðu hans var um landamerkjamál fylkisins og tilraunir Roblin stjórnarinnar að fá Manitoba fylki stækkað, og að tryggja því sömu hlynningu frá ríkisstjórninni eins og önnur fylki í sambandinu hefðu. En af ástæðum, sem ekki væri nauðsynlegt að skýra með berum orðum, af því þær væru öllum kunnar, þá hefði Sir Wilfrid Laurier að þessum tíma algerlega neitað, að veita Manitoba jafnrétti við önnur fylki í Canadaveldi, og þess vegna væri nauðsynlegt, að vinna að því, að velta honum úr valdastólnum. — Hins vegar hefði herra Borden, leiðtogi Conservative flokksins, lofað að veita Manitoba þau réttindi, sem Roblin stjórnin æri fram á, og einnig lofað því, að afnema innflutningstolla af akuryrkjuverkfærum, sem bændur í Canada þyrftu að nota.

Hann bað því kjósendur að hafa eindregin samtök við næstu ríkiskosningar til þess að koma Conservative flokknum að völdum í Ottawa, og kvað þá myndi fyllilega sýnt, hve miklu herra Bradbury gæti komið til leiðar fyrir kjósendur sína, þegar hann gæti haft samvinnu við góða Conservative stjórn þar eystra.

BRADBURY TALAR UM ÁRANGURINN AF STARFI SÍNU.

Næst talaði herra Bradbury og gerði yfirlit yfir það, sem hann hafði komið til leiðar fyrir þann hluta landsins, sem Gimli kjördæmið væri í, frá því hann fyrst byrjaði að taka þátt í velferðarmálum þeirra fyrir 16 árum eða meira. Þá var ekkert ljósker neinstaðar við vatnið. Hann hefði gengist fyrir því, að fá ljósker sett við skipaleið sjómannanna heim til leiðarvísis í myrkri. Þá hefði hann og gengist fyrir því, að fá bryggju bygða að Hnausum, og á sama ári, sem hún hefði verið bygð, hefði mæling verið gerð fyrir sín tilmæli fyrir bryggju að Gimli bæ. Á þeim árum hefðu fiskimenn átt við bág kjör að búa. Bandaríkjafiskifélögin hefðu haft fiski-einveldi í Winnipeg vatni, og hefðu þá tekið um 10 miliónir punda árlega úr vatninu, en ekki hefðu þau borgað fiskimönnum nema 2½c fyrir hvern hvítfisk, sem þá var nær 5 punda þyngd að meðaltali, það var ½c fyrir pundið, en nú væri þeim borgað 5 sinnum meira fyrir veiði sína. En með þeim takmarkalausa uppaustri fiskjar, sem félögin hefðu haft, hefðu þau verið að smáteæma vatnið. Þau hefðu farið til Bandaríkianna með allan gróðann af fiskiveiðunum, en íbúarnir hér vestra hefðu fengið sultarlaun fyrir veiði sína. Þetta ástand hefði hann ekki getað þolað, sér fyndist að auðæfi Canada ættu að lenda í höndum Canadamanna sjálfra, og þess vegna hefði hann gengist fyrir því, að fá takmarkaða sumarveiði Bandaríkjafélaganna, en leyfa íbúunum umhverfis vatnið óhindraðan rétt til vetrarveiði, til þess að sem mest af fiskiauðlegð Winnipeg vatns gæti lent í þeirra hendur, en sem minst í hendur utanríkis auðfélaga.

Hann bað kjósendur sína að íhuga þetta mál, og að misskilja ekki þá viðleitni, sem hann hefði haft til þess, að verða þeim að góðu liði til að auka ágóðann af eigin starfsemi þeirra. Hann hefði jafnan verið vinveittur fiskimönnum og mundi halda áfram að verða það og gera alt, sem í hans valdi stæði, til að bæta hag þeirra. Herra Bradbury mintist einnig á ýmislegt fleira, sem hann hefði unnið í þarfir Vesturlandsins, og var góður rómur gerður að máli hans.

BALDWINSON RÆÐIR UM ÁHUGAMÁL GIMLI KJÖRDÆMIS.

Þá talaði B. L. Baldwinson. Kvað sér skylt að veita klúbbnum þakklæti fyrir þann heiður, sem sér væri sýndur með tilboðinu að vera í þessu samsæti, jafnframt því, sem hann þakkaði kjósendunum fyrir þá tiltrú, sem þeir hefðu sýnt sér með því mikla atkvæðamagni, sem þeir hefðu veitt sér við síðustu kosningar. Hann kvað sér skylt, að gera Gimli kjördæmi að umtalsefni, og það sérstaklega af þeirri ástæðu, að hér væri viðstaddur einn af ráðsmönnum stjórnarinnar. En svo væri háttað, að enginn þingmaður ætti nokkurntíma kost á, að tala við alt stjórnarráðaneytið í einu, hversu áríðandi mál, sem hann hefði að flytja, heldur yrði hann að tala við hvern ráðgjafa sérstaklega, og þá um þau mál, sem sérstaklega þeirðu undir deildir þeirra. En nú stæði svo á, að sig langaði til að benda á nokkur atriði í sambandi við Gimli kjördæmið, sem hann vildi láta alt ráðaneytið vita, og þess vegna gripi hann þetta tækifæri til þess að skýra málið, svo að hinn viðstaddi dómsmálaráðgjafi gæti flutt stjórnarbræðrum sínum fréttirnar og upplýst þá um ástand kjördæmisins, þarfir þess og kröfur. Vér gleddumst allir við nærveru ráðgjafans að þessu sinni, en enn meira mundum vér gleðjast, ef alt stjórnarráðið vildi ferðast um vegi kjördæmisins og vegleysur þess í aprílmánuði eftir þungan snjóavetur, því að þá mundi það sannfærast um það, að bæði þess um styrkveitingar hefðu á undanförnum árum verið miklu minni en nauðsyn hefði krafið. Af þessum ástæðum vildi hann helzt beina máli sínu til ráðgjafans og minna hann á stærð og auðlegð kjördæmisins og þarfir þess, um leið og hann benti gestunum á þann styrk sem kjördæmið hefði á liðnum árum fengið frá Roblin stjórninni, og á þær framfarir, sem hefðu orðið þar á sl. 12 árum, síðan Roblin stjórnin kom til valda.

Hann benti á, að Gimli kjördæmi væri eitt hið viðáttumesta og örðugasta að vinna fyrir, sem til væri í fylkinu, og þess vegna væri það ekki undarlegt, þó þingmaður þess gæti ekki á öllum tímum uppfylt allra þarfir, sem fyrir vaxandi innflutning og íbúatölu færu einnig vaxandi með hverju líðandi ári, þannig, að þess meira, sem veitt væri til umbóta í kjördæminu, þess meir yxu þarfir þess. Stærð kjördæmisins væri 260 Townships, eða 9,360 fermílur, eða jafngildi 37,440 heimilisréttarlanda, eða alls 7,790,400 ekrur. Kjördæmið væri viðáttumeira, en alt konungsríkið Belgía í Evrópu. — Þess vegna væri það alt of umfangsmikið starf fyrir einn mann, að hjóna því svo vel færi. Löndið í Gimli kjördæminu, þó það væri metið afarlágt, væri að minsta kosti 75 miljón dollara virði á vfirstandandi tíma, og verðgildi þess færi óðfluga vaxandi.

Auðlegð kjördæmisins væri meiri en svo, að hægt væri að gera áætlanir um hana, hún feldist í friðsem jarðvegsins, í gras- og korntegundum, í timbri og námum, og síðast en ekki sízt í þeim afarmiklu fiskiveiðum, sem vötnin í kjördæminu gæfu af sér. Skýrslur sýndu, að fiskiveiðar frá Manitoba væru virði ein miljón dollara á ári, og að mestur hluti þeirra veiði fenginn innan þeirra takmarka, sem mynduðu Gimli kjördæmið. Þetta mikla kjördæmi gæti framfleytt meira fólki en nú væri alls í öllu Manitoba fylki. Hann hikaði ekki við að segja, að í kjördæmi sínu gætu búið hálf miljón manna og lifað þar góðu lífi. Kjördæmið legði eins mikið af mörkum árlega til auðlegðar fylkisins eins og nokkurt annað kjördæmi í Manitoba. En nú væri að athuga, hvort Gimli kjördæmi legði nokkuð til fylkissjóðsins, til að vega upp á móti því, sem það þægi úr honum til vegabóta og annara þarfa. Nokkra inntekta liði gæti hann bent þeim á, sem þess væru verðir, að þeim væri veitt eftirtekt. Í fyrsta lagi væri þess að geta, að fylkið fengi árlega frá ríkinu neiskatt, sem næmi 80 cents fyrir hvert mannsbarn í fylkinu, og hann áætlaði, að nú væru full 15 þúsund manns í Gimli kjördæminu. Svo hefði og fylkið inntektir fyrir ýmiskonar leyfi, og auk þess fengi það ákveðna upphæð á hverju ári fyrir það, að ríkisstjórnin hefir alla umsjón á fylkislöndunum, að undanteknum litlum hluta af bleytilöndum, og einnig fær fylkið ákveðna upphæð á ári til stjórnarkostnaðar, eins og hin önnur fylki í sambandinu. Reikningurinn stæði þá svona: Fylkissjóðurinn fengi árlega fyrir Gimli kjördæmi neiskatt, sem næmi 12 þúsund dollars, eða um 50 þúsund á kjörtímabilinu; svo fengi það talsverða peninga fyrir heyleyfi, viðartökuleyfi, skot- og veiðileyfi, giftingaleyfi, vínsöluleyfi, tilfallandi skatt og sveitaskatt. Alt þetta mundi nema sem næst 75 þúsund dollars á kjörtímabili hverju. Þess utan væri rétt að minnast þess, að frá Gimli kjördæminu hefði komið þau Manitoba og North Western járnbrautarlönd, sem stjórnin seldi nýlega fyrir 400 þús. dollars í peningum. Þessa upphæð hefði Gimli kjördæmið lagt til fylkissjóðins, og auk þess átti kjördæmið sinn þátt í þeim peningum, sem fylkið fengi frá ríkinu fyrir stjórnarkostnað og ráðsmensku fylkislanda. Þetta væri stórt tillag frá einu kjördæmi, en þó væri það enn ótalið, sem mest varðaði málið, en það væri verðhækkun sú á bleytilöndum fylkisins, sem orðið hefði fyrir bær umbætur, sem gerðar hefðu verið í kjördæminu, á parti af fylkisfé og á parti af sköttum íbúanna, og sem hefði svo aukið innflutning fólks í fylkið, að eftirspurnin eftir flóalöndum þess hefði vaxið að miklum mun. Þau lönd hefðu verið hækkuð í verði um einn dollar hver ekra frá 15. sept. sl. — Þetta þýddi, að fyrir hverja Section, sem stjórnin seldi, fengi hún nú 640 dollars meiri peninga, en hún fékk áður, og þessi verðaukning væri bein afleiðing af þeim umbótum, sem gerðar væru í kjördæminu. Fullur þriðjungur af því fé, sem fylkissjóðurinn fær árlega fyrir flóalönd, er frá Gimli kjördæminu. Svo að í raun réttri leggur Gimli kjördæmið drjúga fúlgu í fylkissjóðinn árlega, og á því sanngjarna heimtingu á, að fá aftur af fylkisfé meira til umbóta en það hefir nokkurntíma fengið að þessum tíma; og það væri að eins fyrir feimni og hæversku þingmannsins, að hann ekki hefði gert hærri kröfur til fjárveitinga til kjördæmisins, en raun hefði á orðið. Hann kvaðst mundi auka þær kröfur framvegis, og það ráðgjafann að flytja þá fregn til stjórnarbræðra sinna, að Gimli kjördæmið verðskuldaði alla þá hjálp og umönnun, sem fylkisstjórnin gæti veitt því, og að það legði svo mikið til fylkissjóðsins á hverju ári, að styrkveitingar opinberra verka deildarinnar, til vegabóta og annara þarfa, væru engar náðargjafir, heldur lítilfjörleg þóknun fyrir fé það alt, sem kjördæmið leggur til fylkisins.

Næst mintist þingmaðurinn á þá ákæru, sem borin var á hann á ræðupöllum við síðustu kosningar, að hatur seldur hefði jafnan brunnið í brjósti hans til Nýja Íslands og Nýi-Íslendinga. Nú taldi hann það viðeigandi að sýna heim og sanna, hvernig sá eldur hefði brunnið, þau ár, sem hann hefði haft þann heiður, að vera þingmaður þeirra.

Þrjú næstu árin áður en hann náði kosningu árið 1899 hefði kjördæmið fengið úr fylkissjóði alls $2,803.17, eða $911.00 á ári. En á þeim 7 árum, sem hann var málsvari þeirra hefði hann fengið fyrir kjördæmið $21,103.98, eða rúmlega $3,014.85 á ári, eða talsvert betur en þrefalt það sem áður var. Menn gætu af þessu séð, að hatur seldurinn hjá sér hefði orðið þeim að meiru liði, heldur en ástarblossi Liberal stjórnarinnar, sem þeim hefði þótt svo vænt um fyrir örlæti hennar við kjördæmi. Sér fyndist, að fólk í bygðinni hefði átt að meta þessar miklu styrkveitingar Roblin stjórnarinnar. En í stað þess hefðu þeir, fyrir einhverjar huldar og óskiljanlegar orsakir, sýnt henni megnan fjandskap við kosningarnar 1906, með því að fella sig við þær kosningar með miklu atkvæðamagni. Hann efaðist um, að þeir gætu sjálfir gert sér nokkra grein fyrir því, hvers vegna þeir hefðu gert þetta. Og undarlegast af öllu hefði það verið, að einmitt á svæðinu, sem þá var fyrirhugað að leggja járnbraut frá Gimli og norður að Fliótí, og sem Roblin stjórnin hafði lofað að styrkja með stórri fjárveitingu, til þess að tryggja byggingu brautarinnar, — einmitt á því svæði hefði hann hefðið mestan ósigur á hverjum kjörstað. — Stjórnin gat ekki skilið þann ósigur nema á einn veg, þann sem sé, að fólkið á þessu svæði hefði verið andvígt stefnu stjórnarinnar, — og þess vegna hefði líka málið legið í dái. Nú hins vegar hefðu kjósendur á þessu sama svæði sýnt, að þeir væru járnbrautarmálinu samþykkir, og að þeir vildu nú fá járnbraut norður um landið, og þess vegna hefði líka stjórnarformaður fylkisins, Hon. R. P. Roblin, tekið á sig það ómak, að fara persónulega á fund umboðsmanns C.P.R. félagsins og fá hann til að lofa byggingu brautarinnar norður þangað að Fliótinu. Og í þessu sambandi vildi hann benda á, að þegar Roblin stjórnin kom til valda, þá var engin járnbraut í öllu kjördæminu. Nú eru þangað komnar fjórar járnbrautir, sem eiga að liggja eftir endilöngu kjördæminu. Alt þetta hefir gert verið á stjórnartíma núverandi Conservative stjórnar, og það er fullkomlega óhætt að fullyrða, að allar framfarir, sem orðið hafa í bessu héraði, sem nú myndar Gimli og Bifröst sveitir, hafa orðið síðan sú góða stjórn tók við völdum. Fyrir 12 árum voru lönd í grend við Gimli bæ, sem höfðu á sér byggingar, brunn og girðingar og aðrar umbætur, seld fyrir 125 dollara. Nú er land þar að jafnaði metið 10 dollara hver ekra. Landverð hefir því hækkað 100 prósent á hverju ári síðan Roblin tók að stjórna, miðað við landverðið, sem var um síðustu aldamót.

Ræðumaður kvaðst því samþykkur, sem Hon. Campbell hefði sagt, að stjórnin hefði aldrei neitað um, að veita það sem um hefði verið beðið til þarfa í kjördæminu, eins og sýnt hefði verið með því, að í þau 7 ár, sem hann hefði verið þingmaður, hefðu veitingarnar orðið yfir 3 þúsund dollara á ári.

Í þessu sambandi væri fróðlegt að íhuga, hvað íbúarnir hefðu lagt til sjálfir af sköttum sínum til þess að hjálpa sjálfum sér til vegabóta. Ræðumaður kvaðst hafa skýrslu úr þeirra eigin sveitabókum, sem sýndu, að á 15 árum, frá 1887 til 1901, að báðum þeim árum meðtöldum, hefðu þeir sjálfir — í öllu Nýja Íslandi — lagt til af sköttum sínu að eins $4,156.44, eða nákvæmlega sömu upphæð á hefðum 15 árum, eins og Roblin stjórnin hefði veitt hefndum sveitum á sl. 4 mánuðum! En hann bað gestina að gæta þess, að peningum hefði verið riflega mokað til umbóta í Nýja Íslandi í sl. 20 ár, en nú væri sá tími kominn, að líta yrði eftir högum manna í öðrum bygðarlögum innan kjördæmisins. Járnbrautin frá Oak Point til Gypsumville lægi að jafnaði 16 mílur vegar frá ströndum Manitoba vatns, og til þess að íbúarnir meðfram því vatni gætu haft not af þeirri braut, þá yrði nauðsynlegt, að gera fjórar akbrautir með hæfilega löngu millibili frá vatninu austur að brautinni. Og þetta mundi kosta 15 til 16 þúsund dollara, og yrði að vera hið fyrsta áhugamál stjórnarinnar. — Nýi-Íslendingar, sem einir hefðu setið að mestu af fylkisfjárveitingunum til kjördæmisins á liðnum árum, yrðu því að hafa þolinmæði þó þeir fengju ekki eins mikið og þeir óskuðu eftir meðan verið væri að fullgera þetta nauðsynjaverk í vesturhluta kjördæmisins. Hins vegar vildi hann fullvissa kjósendurna um það, að hann mundi gera sitt ítrasta til þess, að útvega þeim sanngjarnan styrk til nauðsynlegra umbóta, eins á komandi árum eins og þeim liðnu. Og þar sem stjórnin væri nú, fyrir sína hyggilegu fjármálatilhögun, búin að sópa mestu af skuldum fylkisins af því, og þar sem við því mætti búast, að tekjuafgangar Roblin stjórnarinnar mundu hér eftir nálgast hálfrar miljón dollara mark á ári, þá mundi hún hafa nóg fé til þess, að mæta öllum sanngjörnum kröfum kjósendanna allstaðar í fylkinu.

Síðast sneri hann sér að Hon. Campbell og tjáði honum, að sér væri ant um, að járnbrautin frá Gimli til Íslendingafljóts yrði bygð sem allra fyrst, og í síðasta lagi innan tveggja ára. Einnig væri sér ant um, að þeir, sem byggju á því svæði, sem brautin ætti að liggja um, færu að sýna eitthvert lífsmark með sér og láta bera á því, að þeim einnig væri ant um, að tryggja sér járnbrautina. Þá gæti hann lagt niður þingmannsstarf sitt ánægður, þegar braut sú væri fengin, og með þeirri meðvitund, að eins og Roblin stjórnin hefði verið sú lang-bezta stjórn, sem nokkru sinni hefði verið hér í fylkinu, svo hefði hún einnig gert meira til umbóta fyrir Gimli kjördæmið heldur en nokkurt annað kjördæmi í fylkinu, og að undir hinni föðurlegu handleiðslu þeirrar stjórnar hefði þessi hluti fylkisins tekið tiltölulega meiri framförum en nokkur annar, þó allstaðar hefðu orðið hraðskreiðar framfarir á sl. 12 ára tímabili.

* * *

Þar næst töluðu ýmsir héraðsmenn og létu í ljós þann einlæga ásetning sinn, að vinna af ýtrasta megni að því, að Roblin stjórnin mætti vera sem lengst við völdin, og að Laurier stjórninni yrði sem fyrst kollvarpað. Þeir sögðust vera við öllu búnir, hvenær sem kallið kæmi.

Meðal þeirra utansveitamanna, sem töluðu, voru þeir Marinó lögmaður Hannesson, frá Winnipeg, og Páll Reykdal, frá Lundar, sem af áhuga fyrir velgengni Conservative flokksins hér í fylkinu hafði komið alla leið þaðan að vestan til þess að taka þátt í samsæti þessu.

Klukkan að ganga 3 um morguninn var ræðuhöldum lokið, og stóðu menn þá upp frá borðum, mettir líkamlega og andlega.

Veizlan fór vel fram, og svo sögðu oss þeir mörgu, sem þar voru viðstaddir, að ekki hefðu þeir í annað sinn notið meiri fróðleiks eða skemtunar en í þetta skifti.

Til ritstjóra Hkr.

Í ritgerð, sem birtist í Heimskringlu 10. þ.m. undir fyrirsögninni "Vinsamleg bending", stendur þetta: —

"Einn vinur minn í Nýja Íslandi hefir nýlega tilkynt mér með bréfi, að sá orðrómur sveimi þar austra, að ég hafi átt að rita það í bréfi til herra Bjarna Marteinssonar, skrifara Bifröst sveitar, að þeir félagar, Sveinn Thorvaldsson kaupmaður við Íslendingafljót og Jóhannes Sigurðsson kaupmaður á Gimli væru svarnir óvinir þess, að járnbrautin yrði framlengd frá Gimli bæ norður að Riverton eða Íslendingafljót".

Í tilefni af þessu vil ég leyfa mér að lýsa yfir: —

1. Að hr. B. L. Baldwinson, hinn núverandi þingmaður Gimli kjördæmisins, hefir aldrei ritað í bréfi til mín hina tilfærðu setningu, né nokkuð það, sem gefi á nokkurn hátt ályktun til að álíta, að þeir félagar Sveinn Thorvaldsson og Jóhannes Sigurðsson séu "óvinir" framlengingu Gimli brautarinnar.
2. Að ég hefi ekki sagt við nokkurn mann, að B. L. Baldwinson hafi sagt eða skrifað svo, né heldur gefið í skyn með orði eða viðmóti, að B. L. Baldwinson hafi þetta álit á hinum sögðu kaupmönnum.
3. Að ég skora á sögumanninn, að segja til nafns sins, eða ef hann ekki vill gera það sjálfur, að ritstjóri Heimskringlu birti nafn hans í blaðinu.

Hnausum, 12. nóv. 1910.

Bjarni Marteinsson.

* * *

ATHS. — Af því að hið umrædda bréf var privat-bréf, vil ég ekki auglýsa nafn ritarans. Ég reit grein mína til þess að sýna, að orðrómurinn um þá Svein og Jóhannes væri ekki á rökum bygður, og til þess að fá nain mitt leyst úr öllu sambandi við fregnina.

B. L. B.

LEIÐRÉTTINGAR. — Í kvæðinu eftir Margréti sál. Clafsdóttir, eftir Kristjönu Hafliðason, er seinasta hendingin í fyrsta erindi prentuð þannig: "unz þreytt ég hnig að velli heim á slóð", en átti að vera svona: — unz þreytt ég hnig að velli heims á slóð. — Í kvæðinu um Ísland eftir sömu konu er seinasta hendingin í öðru erindi prentuð: "geislum kveldsólar við ægi", en á að vera: geislum kveldsólar við sæ. Í þriðju hendingu í tólfta erindi: "guðlegri náð alt að geyma", en á að vera: af guðlegri náð alt að geyma. Og seinasta hending í tíunda erindi: "því sorgin og hérvistin dvín", en átti að vera: þá sorgin og hérvistin dvín.

JÓN JÓNSSON, járnsmiður, að 790 Notre Dame Ave. (horni Toronto St.) gerir við alls konar katla, könnur, potta og pönnur fyrir konur, og brýnir hnífa og skerpir sagir fyrir karlmenn. — Alt vel af hendi leyst fyrir lítla borgun.

Sherwin-Williams PAINT
fyrir alskonar húsmálningu.

Prýðingar-tími nálgast nú. Dálítið af Sherwin-Williams húsmáli getur prýtt húsið yðar utan og innan. — Brúkið ekker annað mál en þetta. — S.-W. húsmálið málar mest, endist lengur, og er áferðarfegurra en nokkurt annað húsmál sem búið er til. — Komið inn og skoðið litarspjaldið, —

Cameron & Carscadden
QUALITY HARDWARE
Wynyard, -- Sask.

A. SEGALL
(áður hjá Eaton félaginu).
Besti kvennfata Skraddari

Loðskinna fötum veitt sérstakt athygli.

Hreinsar, Pressar, Gerir við.

Fjórir (4) alfatnaðir hreinsaðir og pressaðir, samkvæmt samningum, hvort heldur er karlmanna eða kvenfatnaður, fyrir aðeins $2.00 á mánuði.

Horni Sargent og Sherbrooke

ROBLIN HOTEL
115 Adelaide St. Winnipeg
Besta $1.50 á-dag hús í Vestur-Canada. Keyrsla ókeypis milli vagnstöðva og hvessins á nóttu og degi. Áðhlynning hins bezt o. Viðskifti Íslendinga óskast. OLAFUR G. ÓLAFSSON, Íslendingur, afgreiðir yður. Heimsækjið hann. —
O. ROY, eigandi.

The Farmer's Trading Co.
(BLACK & BOLE)
HAFA EINUNGIS BESTU VÖRUTEGUNDIR.
Einu umboðsmenn fyrir :—
"SLATER" Skóna góðu.
"FIT-RITE" Fatnaðinn.
"H. B. K." prjónafélagið.
"HELENA" pils og 'waist' kvenfatnaði.
Bestu matvörutegundir.
" DEERING " akuryrkju verkfæri o, s. frv.
Beztu vörur Lágt verð
Fljót og nákvæm afgreiðsla.
Farmer's Trading Co.,
THE QUALITY STORE
Wynyard, Sask.

JIMMY'S HOTEL
BEZTU VÍN OG VINDLAR.
VÍNVEITARI T.H.FRASER.
ÍSLENDINGUR. : : : : :
James Thorpe, Eigandi

MARKET HOTEL
146 PRINCESS ST. á móti markaðnum
P. O'CONNELL, eigandi, WINNIPEG
Bestu tegundir af víndfönguum og vind um, aðhlynning góð húsið endurbætt

Woodbine Hotel
466 MAIN ST.
Stærsta Billiard Hall í Norðvesturlandinu
Tíu Pool-borð.—Alskonar vín og vindlar
Gistin. og fæði: $1.00 á dag og þar yfir
Lennon & Hebb
Eigendur

JOHN DUFF
PLUMBER, GAS AND STEAM FITTER
Alt verk vel vandað, og verðið rétt
664 Notre Dame Ave. Phone 3815
Winnipeg

A. S. TORBERT'S
RAKARASTOFA
Er í Jimmy's Hótel. Besta verk, ágæt verkfæri; Rakstur 15c en Hárskurður 25c. — Óskar viðskifta Íslendinga.—

A. S. BARDAL.
Selur líkkistur og annast um útfarir. Allur útbúnaður sá besti. Enfremur selur hann alskonar minnisvarða og legsteina.
121 Nena St. Phone 306

Athugasemd við "Litlu skýringuna.

Í Heimskringlu, sem út kom 27. okt. sl., er greinarkorn frá þeim Eldjárni Jónssyni, Glenboro, og Sveini Sveinssyni. Greinin er réttnefnd "lítil skýring", því lítið verður á henni grætt.

Þeim félögum virðist líða mjog ónotalega út af atkvæðagreiðslu minni við seinustu vínbannskosningar í Cypress sveit. Það hefir víst margur orðið forviða þegar sást, að þeir voru farnir að rita í opinbert blað, því hvorugur maðurinn er vel pennafær, svo útlit er fyrir, að fast hafi að þeim sorfið. Auðvitað er oft hægt að fá hjálp, og það þó óþverraverk sé verið að vinna, því til eru menn, sem finst fátt vera sér ósamboðið.

Það munu flestir sjá, sem nokkuð þekkja málstað félaganna, að þeir eru ekki mjög vandir að virðingu sinni. Reyndar hefir S. Sveinsson ekki mikið álit að missa, en Eldjárn Jónsson hafði meira áður en hann fór að vinna að þessu vínsölulevfis-máli. Í því máli hefir hann sannarlega ekki komið fram sér til sóma, og skal lengra farið út í það, ef hann vill.

Hvað mínu atkvæði viðvíkur, þá mun þeim ganga seint að hrekja það á nokkurn hátt, og ekkert eru þeir nær því að geta það, þó þeir létu þessa grein í Heimskringlu.

Þeir bera ekki móti því í grein sinni, að ég eigi fasteign í Glenboro. Svo koma þeir með nafn mitt stafrétt úr kosningalistanum, en vilja gera úr því nafn Ásmundar Sigurðssonar, sem hvergi er til á listanum, og hafa það sem ástæðu, að tölurnar við fasteign mína eru ekki rétt prentaðar. Það er ekki alveg víst, að ;ólk sé eins gleypigjarnt eins og þeir hugsa, sauðirnir, og yfirleitt mun fólk vera eins vel lesandi og þeir eru. Þess vegna munu flestir sjá, að ég hefi meiri rétt til nafnsins N. Sigurðsson, heldur en Ásm. Sigurðsson getur haft.

Af því að númerin við fasteign mína voru ekki rétt prentuð á kjörskránni, heimtuðu vínsölulevfismenn, að ég væri látin sverja mér atkvæðisréttinn. Það gerði ég óhikað, og læt ég hér fylgja af skrift af eiðnum, svo að fólk geti séð, hvað það var, sem ég varð að sverja. Það mundi mega gott kalla, ef Eldjárn Jónsson gæti svarið eins hreinan þennan eið eins og ég gat svarið, því fleira er nefnt í eiðnum en nafn og fasteign.

Eitt er ég viss um og það er, að fólk mundi fá meira álit á blaðagreinum þeirra félaga, ef þeir fengju mann til að hjálpa sér sem ekki hefði þann hugsunarhátt, að skynsemi og gætni væru skilvrði fyrir því, að hægt sé að leiða mann út í ógöngur og jafnvel til að drýgja glæpi, — því með glæpum mun meinsæri vera talið. Og þó tif dæmis, að maðurinn vildi vera mjúkur í máli og tala um skynsemi og gætni til smekkbótar, þá lita svona lagaðar setningar mjög álappalega út og munu lítil hjálp verða hjálfum, sem í nauðum eru staddir.

Kvað viðvíkur "Kjósanda í Cypress sveit", hafi ég getið rétt til, hver maðurinn er, þá er ég viss um, að hann mun óhikað og óhræddur verja rétt mál, þó að við meiri mennu væri að etja, en hér er um að ræða, því hann er drengur hinn bezti og hefir alt öðruvísi álit en þeir Sveinn Sveinsson og Eldjárn Jónsson. Hann mundi aldrei vilja teljast í flokki þeirra ómenna, sem ljúga óhróðri á varnarlausa konu.

Ef "Kjósandi" vildi gera svo vel, að leifa fólki að vita, hvar hann er, þá munu verða mjög fáir til þess að álíta, að hann reyni að verja rangt mál. Og þekking hans á kosningarlögum Manitoba fylkis efast víst enginn um að standist samanburð við lögkænsku þeirra E. Jónssonar og S. Sveinssonar.

Ég ímynda mér meira að segja, að hann viti hvaða þýðingu það gæti haft, að fara heim til einhvers kjósanda rétt fyrir kosningu og bjóða honum peninga fyrir atkvæði hans.

Svo að endingu vil ég biðja þá Svein Sveinsson og Eldjárn Jónsson að gera svo vel að sanna, að ég hafi ekki verið sjálfráð að greiða atkvæði eins og ég gerði við þessar umræddu kosningar, eða þá í öðru lagi að sera sér að góðu að heita ósannindamenn og rógberar.

Glenboro, 3. nóv. 1910.

N. Sigurðson.

* * *

FORM OF OATH.

You swear (or do solemly affirm) that you are the person whose name is entered or intended to be entered on the list which I show you now (the one supplied by the clerk): That you are 21 years of age and subject of His Majesty by birth or nauturalization. That you have not before voted at this election, and have not received anything or accepted any promise, directly or indirectly, to induce you to vote or to indemnify you for your loss of time or any service connected with the voting on this by-law; that you are entitled to vote at this election; and that you have not been guilty of any act of corruption disqualifying you from now voting, — so help you God. (R.S.M. 1902, c. 101 s. 69).

Fáein orð í bróðerni.

Með örfáum orðum ætla ég að svara greininni, sem birtist í síðasta blaði Heimskringlu frá þeim herrum Alex Johnson og Sveini Sveinssyni (& Co. ?-! ! !), Glenboro P.O., með fyrirsögninni "Lítil skýring", rituð af svo framúrskarandi biskuplegri andagift (eins og líka var eðlilegt), og sem átti að vera svar móti áskorun frá mér til þeirra, í Hkr. fyrir nær fjórum mánuðum, út af atkvæðagreiðslu Mrs. Nönnu Sigurdson við vínbannskosningarnar í S. Cypress sveitinni 21. des. sl.

Áminst grein er lítil skýring, — það er alveg satt, og lítið er á henni að græða, og betra held ég hefði verið fyrir þá fóstbræður heima að sitja og nota sjálfir þá bendingu, sem þeir gefa mér, held ur en að birta þessa grein, eftir að vera búnir að melta áskorunina í nærri fjóra mánuði, og gera sig svona dæmalaust hlægilega í augum alls fólks.

Þeir byrja með því, að játa það sannleika, að þeir hafi verið að útbreiða óhróðurssögur um atkvæðagreiðslu Mrs. Sigurdson. — Þeir gerðu það líka dyggilega, ekki einungis meðal Íslendinga, heldur einnig eftir mætti meðal hérlendra manna. Það hefir einhverneveginn þverskallast inn í blessaðan kollinn á þeim, að þeir væru að vinna þarft verk, og hefir líklega verið þóknanlegt húsbændum þeirra.

Það er þarflaust, að þrátta um nafnið á kjörskránni. Mrs. Sigurdson átti það, það var skýrum stöfum ritað N. Sigurdson, og þó tölurnar væru skakkar, þá raskaði það ekki rétti hennar til atkvæðagreiðslu, því enginn annar á sama nafn á þessum stöðvum. Enda hafði kjörstjóri ekkert á móti atkvæði hennar, og er hann þó allra manna kunnugastur í Glenboro (R. M. West).

Staðhæfing ykkar um það, hver verst hafi farið með Mrs. Sigurdson í téðu máli, geri ég mér ekki þunga rellu út af. Almenningsdóm kýs ég um það, en ekki ykkar.

Sterkur grunur leikur á því, að einhver eða einhverjir vínbannsvinir hafi ráðið Mrs. S. til að greiða atkvæði á þann hátt, sem hún gerði — segja þeir; og ennfremur, til þess að sanna þessa klausu, segja þeir: og við þekkjum hana að því, að vera bæði skynsöm og gætin kona. Þeir játa það hiklaust og ótilkvaddir, að Mrs. S. sé gætin og skynsöm, en á sama tíma lýsa þeir því yfir, að hún sé svo mikið flón, að hún láti bindindismenn leiða sig á eyrunum eins og sauð út í hinar mestu ógöngur, svo langt að hún fremur glæp til að þóknast þeim. Þetta er nú samræmið! Hefir almenningur nokkurntíma heyrt getið um eða séð jafn klaufalega vitlausar rökfærslur?

Þeir vilja skjalla hana upp í öðru orðinu, en í hinu gera svo lítið úr henni sem þeir geta. Þetta smjaðurs óhreinlyndi kemur mér nokkuð kynlega fyrir, því ég áleit báða mennina lausa við þennan leiðinlega eiginleika.

Sannleikurinn viðvíkjandi Mrs. N. Sigurdson er sá, að hún er gætin og skynsöm kona og rasar ekki fyrir ráð fram; það vita allir, sem þekkja hana. Hún er umbótakona í skoðunum. Hún hefir brennandi áhuga fyrir bindindismálinu og fylgir sannfæringu sinni í hvaða máli sem er. Atkvæði sitt greiddi hún óhrædd, án áhrifa frá nokkrum manni eða konu, það held ég enginn efist um, sem satt vill segja.

Loks vil ég skora á ykkur að sanna það, að Mrs. S. hafi ekki verið sjálfráð með atkvæði sitt, eða að öðrum kosti verði þið stimplaðir marki ódrengskapar um alla ókomna tíð.

Ég hefi enga tilhneigingu til að vera að skattyrðast við ykkur meira en góðu hófi gegnir, en ef ykkur langar ósköp til, þá er ég fús að lengja leikinn, því ég á enn eftir ögn í pokahorni mínu; — ég á enn eftir að spila út mínu hæsta trompi.

Verið þið svo æfinlega blessaðir og sælir.

Kjósandi í Cypress sveit.

Glenboro, 2. nóv. 1910.

THE DOMINION BANK
HORNI NOTRE DAME AVENUE OG SHERBROOKE STREET
Höfuðstóll uppborgaður: $4,000,000.00
Varasjóður - - - $5,400,000.00
Vér óskum eftir viðskiftum verzlunar manna og ábyrgumst að gefa þeim fullnægju. Sparisjóðsdeild vor er sú stærsta sem nokkur banki hefir í borginni.
Íbúendur þessa hluta borgarinnar óska að skifta við stofnun sem þeir vita að er algerlega tryggð. Nafn vort er fullhryggilug óhlutleika. Byrjið sparí innlegg fyrir sjálfa yðar, konu yðar og börn.
H. A. BRIGHT, RÁÐSMAÐUR.

Vitur maður er varkár með að drekka eingöngu HREINT ÖL. Þér getið jafna reitt yður á
DREWRY'S
REDWOOD LAGER.
Það er léttur, freyðandi bjór, gerður eingöngu úr Malt og Hops. Biðjið ætíð um hann.
E. L. DREWRY, Manufacturer, Winnipeg

Með því að biðja sérlega um "T.L. CIGAR," þá ertu viss að fá ágætan vindil.
T.L.
(UNION MADE)
Western Cigar Factory
Thomas Lee, eigandi Winnipeg

STRAX Í DAG er BEZT AÐ GERAST KAUPANDI AÐ HEIMSKRINGLU. — ÞAÐ ER EKKI SEINNA VÆNNA.

Manitoba á undan.

Manitoba hefir viðáttumikla vatnsfleti til uppgufunar og úrfellis. Þetta, hið nauðsynlegasta frjógunarskilyrði, er því trygt.

Ennþá eru 25 milión ekrur óbygðar.

Íbúatal fylkisins árið 1901 var 225,211, en er nú orðið um 500,000, sem má teljast ánægjuleg aukning. Árið 1901 var hveiti og hafra og bygg framleiðslan 90,367,085 bushela; á 5 árum hefir hún aukist upp í 129,475,943 bushel.

Winnipeg borg hafði árið 1901 42,240 íbúa, en hefir nú um 150,000; hefir nálega fjórfaldast á 8 árum. Skattskildar eignir Winnipegborgar árið 1901 voru $26,405,770, en árið 1908 voru þær orðnar $116,106,390. Höfðu meir en þrefaldast á 7 árum.

Flutningstæki eru óviðjafnanleg,— í einu orði sagt, eru í fremsta flokki nútíðartækja: Fjórar þverlandsbrautir liggja um fylkið, fullgerðar og í smíðum, og með miðstöðvar í Winnipeg. Í fylkinu eru nú nálega 4 þúsund mílur af fullgerðum járnbrautum.

Manitoba hefir tekið meiri landbúnaðarlegum og efnalegum framförum en nokkurt annað land í heimi, og er þess vegna ákjósanlegasti aðsetursstaður fyrir alla, af því þetta fylki býður beztan arð af vinnu og fjárleggi.

Skrifið eftir upplýsingum til: —

JOS. HARTNEY, 77 York Street, Toronto, Ont.
JOS. BURKE, 178 Logan Avenue, Winnipeg, Man.
A. A. C. LaRIVIERE, 22 Alliance Bldg., Montreal, Quebec.
J. F. TENNANT, Gretna, Manitoba.

J. J. GOLDEN,
Deputy Minister af Agriculture and Immigration, Winnipeg.

nei, það er logandi ástríða, sem eyðileggur mig, ef hún verður ekki endurgoldin. — Endurgoldin? Ó, um endurgjald óarf ég ekki að efa. Ég sá í augum hans von um ósegjanlega sælu, og augu hans segja ekki ósatt".

"Hólm sagði satt. Ástin vill ekki að eins elska, hún vill líka eiga. Á þessu augnabliki finn ég, að ég verð annaðhvort að eignast hann eða deyja. Ef menn vildu aðskilja okkur, hika ég ekki við að fylgja honum, hvert sem vera skal, hvort heldur er til ísbafseyjanna eða hinnar hitaríku eyðimerkur Suðurálfunnar. Ást mín til hans þolir alt".

"Komdu nú, faðir minn, og skipaðu mér að rétta öðrum manni hendi mína; ég hlýði þér ekki, því nú finn ég mig færa um, að breyta á móti skipun þinni".

"Viljir þú reka mig burt, bannlýsa mig og gera mig arflausa, þá skal ég þola það án þess að mögla, því ég er nógu rík með ást mína eina".

"Enda þótt ég hafi elskað listir og vísindi, þá var mér það ekki nóg. Ég fann til einhvers tómleika og löngunar, sem þjáði mig, en nú hefir ástin fylt upp þetta tóma pláss, og löngunin fundið sitt takmark".

"Ó, guð, ég þakka þér", sagði unga stúlkan og leit til himins, "ég þakka þér, að ég hefi fundið hjarta, sem skilur mig, sál, sem ég get elskað og dáðst að. Ég þakka þér, að þú hefir leyft þessari tilfinningu að lifna hjá mér, tilfinningu, sem gerir mennina guðunum jafna. Sælan, sem þessari tilfinningu fylgir, hefir sterk áhrif á skilningarvit mín, jafnframt og hún lyftir anda mínum til þín".

Ísabella lokaði glugganum, settist við pianóið og lék ýms sönglög fram yfir miðnætti.

VII.

Bónorðið.

Það voru liðnir nokkrir dagar, án þess að Móritz hefði komið aftur í Liljudal, og án þess að Eberhard greifi, sem var þar daglegur gestur, hefði borið fram bónorð sitt.

Ísabella var farin að gera sér vonir um, að hún fengi að vera í friði.

"Guði sé lof", hugsaði hún, "hann þegir. Máske hann sé aftur hættur við að hugsa um giftingu?"

En henni skjátlaði.

Kveld nokkurt gekk Eberhard til fundar við hana þar sem hún sat og las í bók skamt frá gosbrunnunum. Þegar hann settist hjá henni skalf hún sem strá fyrir vindi.

"Hvað ertu að lesa, ungfrú?" spurði greifinn til að byrja með.

"Þislarvottana, leikrit eftir Stagnelius".

"Um hvað hljóðar það?" spurði Eberhard. "Ég hefi ekki lesið það".

"Það segir frá ungri, rómverskri konu, sem fórnaði öllu, — föður, móður, bróður og síðast sjálfri sér — sökum ástar sinnar".

"Sökum ástar sinnar?"

"Já, og það þótt ást hennar væri ekki bundin við jörðina heldur himininn".

"Hún hefir þá fórnað sér sökum trúar sinnar", sagði greifinn.

"Þú ræður, hvernig þú skilur það, herra greifi. En trú hennar var ást og ást hennar var trú".

"Ungfrú mín", sagði Eberhard eftir litla þögn, "ég var einu sinni það flón, að ætla að engin sönn ást væri til. Og ég hafði einsett mér, að engin kona skyldi nokkru sinni hafa áhrif á hjarta mitt, en ég hefi orðið fyrir hegningu sökum þess ásetnings. — Mynd þín hefir smátt og smátt rutt sér til rúms í hjarta mínu og tekið sér bólfestu þar. Ég tala af alvöru", sagði hann, þegar hann sá að Ísabella ætlaði að standa upp og fara, "og þú getur naumast verið svo ósanngjörn, að veita mér ekki athygli. Að minsta kosti verðskulda ég að þú hlustir á mig".

"Hvað ætlarðu að segja, herra greifi?" spurði Ísabella, sem var orðin fölur af hræðslu, og hjartað barðist svo ótt í brjósti hennar, að því lá við að springa.

"Hvað ég ætla að segja? Ég ætla að segja, að ég elska þig svo ákaft, að án þín er mér lífið einskis virði. Ég hefi verið þunglyndur og mannfælinn, það viðurkenni ég. Þú ein getur flutt ljós inn í sálu mína og hrakið á burt þau ský, sem byrgt hafa minn hugarhimin. Á knjám mínum bið ég um ást þína, og á þessu augnabliki legg ég framtíð við fætur þér. Ísabella, ég bið þig að verða kona mín".

Á þessu augnabliki, sem Eberhard knéféll frammi fyrir hinni ungu stúlku, var hann óviðjafnanlega fagur. Þetta kalda hreyfingarleysi, sem ávalt hvíldi yfir andliti hans og svip, var nú horfið, en í þess stað blossaði eldur ástríðanna með þeim ákafa, að kvíðahrollur fór um Ísabellu.

Ísabella gerði alt, sem í hennar valdi stóð, til að stjórna tilfinningum sínum, og, með vilja-afli sínu tókst henni að verða svo róleg, að hún gat beitt

íhugan sinni og dómgreind á þessu, fyrir hana, svo mikilsverða augnabliki.

"Stattu upp, herra greifi", sagði hún, "svo við getum talað saman í ró og af fullri alvöru. Ef þú ekki setur þig aftur í sæti þitt undir eins, þá fer ég án þess að svara þér nokkru".

Eberhard stóð upp og settist við hlið hennar.

"Herra greifi", sagði Ísabella með ofurlitlum ákafakeim, "ég skal viðurkenna, að þetta kom mér á óvart, ekki bónorð þitt, því ég hafði búist við því, heldur aðferð þín við að flytja bónorðið. Hugsaðu þér bara, þú, Stjernekrans greifi, frammi fyrir fótum ungrar stúlku á hnjánum. Þú, hinn kærulausi, kaldi, þunglyndi mannhatari, — þú, á hnjánum — þú ert horfinn frá þinni vanalegu hegðun til að leika falska. .....Eða, skjátlar mér? Er þessi hegðun þér eiginleg, en kuldi þinn, þunglyndi og heimsfyrirlitning að eins til málamynda?"

"Þú ert ófyrirleitin, ungfrú", sagði Eberhard og hleypti brúnum. "Verðskuldar mitt hreinskilnislega bónorð ekki annað svar en þetta nístandi háð?"

"Jú, í raun réttri gerir það það", svaraði unga stúlkan, "og þér skal veitast það, en fyrst verður þú að lofa því, að gera þig ánægðan með þetta svar, hvernig sem það verður. Viltu samþykkja þessa skilmála?"

"Þessi orð virðast benda á, að þú ætlir að neita mér", sagði greifinn, "og sé svo, þá þarf ég ekki að heyra meira".

Hann stóð upp til að fara.

"Nei, í hamingju bænum, vertu kyr", kallaði unga stúlkan. "Þú verður að hlusta á það, sem ég ætla að segja þér".

Greifinn settist aftur.

"Ég skal segja þér, herra greifi", sagði Ísabella, "ég elska þig ekki, og — ég skal segja þér það hreint

Bókalisti.

S. OTTENSON'S,- River Park, W'p'g.

Ljóðmæli Páls Jónssonar í bandi	(3)	85
Same bók (að eins 2 eint.	(3)	60
Jólaróslir		15
Dalaróslir	(3)	20
Hamlet	(3)	45
Ljóðmæli Jóns Árnasonar á Vilmafri,1870	(4)	90
Tíðindi Prestafélagsins í hinu forna Hólastiftí	(2)	15
Ástagurinn	(2)	45
Grant skipstjóri	(2)	40
Börn óvæðursins	(3)	35
Umhverfis jörðina á áttatíu dögum	(3)	60
Blindi maðurinn	(3)	15
Fjárhlaðabi smárinn	(3)	10
Kapítola (í II. Bindum)	(3)	1.25
Eggert Ólafsson (B. J.)		15
Jón Ólafssonar Ljóðmæli í skrautbandi	(3)	60
Kristinfræði	(2)	45
Kvæði Hannesar Blöndal	(2)	15
Mannkynssaga (P. M.) Íbandi	(5)	85
Mestur í heimi, í b.		15
Prestkonungin, Leikrit, eftir D.E., í b.	(3)	20
Ljóðabók M. Markússonar		50
Ritreglur (V. Á.) í b.		10
Sundreglur, í b.		15
Tvöföld lífs		15
Vestan hafs og austan, Dýjar sögur eftir E. H.; í b.		90
Víkingarnir á Hálogandi eftir H. Ibsen		25
Dorlákurþ helgi		15
Ofurefli, skálds. (E. H.) í b.		1.50
Ólöf í Ási	(3)	45
Smælingjar, 5 sögur (E. H.), í b.		85
Skemtisögur eftir S. J. Jóhannesson 1907		25
Kvæði eftir same frá 1905		25
Ljóðmæli eftir same. (Með mynd höfundarins frá 1897		25
Safn til sögu og fal, bókmenta í b., III. bindi og það sem út er komið af því fjórða	(53c)	9.45
Íslendingasaga eftir B. Melsted I. bindi í bandi, og það sem út er komið af 2. b. (25c)		2.85
Lýsing Íslands eftir P. Thoroddsen í b.(16c)		1.90
Fornir forníslenzkir rímnaflokkar, er Finnur Jónsson gaf út, í bandi (5c)		85
Alþingisstaðar hinn forni eftir Sig. Guðmundsson, í b. (4c)		90
Um kristnitökuna árið 1000, eftir B. M. Ólsen (6c)		90
Sálmamennirnir eftir Boga Benediktsson I. og II. b. innbundið (55)		8.10
Íslenzkt fornbréfasafn,7. bindi innbundið, 3 h. af 8 b. (1 70)		27.80
Biskupssögur, II. b. innbundið (42c)		5.15
Landfræðissaga Íslands eftir P. Th., 4. b. innbundið (55c).		7.75
Ríthöfunda tal á Íslandi 1400—1882, eftir J. B., í bandi (7c)		1.00
Upphaf alþýðujarðrækt á Íslandi eftir K. Maurer, í b. (7c)		1.15
Auðfræði, e. A. Öl., í bandi (9c)		1.40
Presta og prófastatal á Íslandi 1869, í b.(9c		1.25
B. Thorarinsson ljóðmæli, með mynd, í b.		1.50
Bókmenntasaga Íslendinga eftir F.J., í b.(12c)		1.80
Norðurlandssaga eftir P. Melsted, í b.(8c)		1.50
Nýþýdda biblían (35c)		2.65
Same, í ódýru bandi (33c)		1.60
Nýjatestamentið, í vönduðu bandi (10c)		65
Same, í ódýru bandi (8c)		30

Nýkomnar bækur,

Kóralbók P. Gröndjánssonar		.90
Same bók í bandi		1.10
Svartfjallasynir	(5)	.60
Aldamót (Matt. Joch.)		.50
Harpa	(4)	.60
Ferðaminningar, í bandi	(5)	1.0
Bóndinn	"	.35
Minningarit (Matt. Joch.)	"	.35
Týndi faðirinn	"	.35
Nasreddin, í bandi		.85
Ljóðmæli J. Þórðarsonar	(3)	45
Ljóðmæli Gestur Pálsson	"	75
Haldórar rímur		.80
Maxim Petrow	(2)	45
Leyni-sambandið	(2)	40
Hinn óttalegi leyndardómur	(2)	50
Sverð og bagall	(2)	.30
Waldimer Nihilisti		75
Ljóðmæli M. Joch. I.-V. bd., í skrautb.	(15)	4.00
Afmælisdagar Guðm Finnbogasonar		1.00
Bréf Tómasar Sæmundssonar	(4)	75
Same bók í skrautbandi	(4)	1.15
Íslenzk-ensk orðabók, G. T. Zoega	(10)	1.80
Fornaldarsögur Norðurlanda, í 3 bindum, í vönduðu gilitu bandi	(15)	4.00
Gegnum brim og boða		.90
Ríkisréttindi Íslands		.50
Systurnar frá Grænadal		.35
Öðlintfri handa börnum		.30
Vísnakver Páls lögmans Vídalíns		1.25
Ljóðmæli Sig. Júl. Jóhannessonar		1.00
Sögur frá Alhambra		.30
Minningarrit Templara í vönduðu bandi		1.65
Same bók, í bandi		1.40
Pétur blaðstarberjar		.10
Bækur sögufélagsins Reykavík;		
Mordbréfabækling ur		1.35
Biskupssögur, 1—6,		1.95
Aðdarfarsbók Páls lögmanns Vídalín		45
Tyrkjaránið, I—IV,		2.90
Guðfræðingatal frá 1707—'07		1.10
Jón Arason		.80
Skipðsskrár		.60
Jóh. M. Bjarnason, Ljóðmæli		.55
Maður og Kona		1.25
Fjarða mál		.75
Bessa mál		.10
Oddur Lögmaður		.95
Grettis Ljóð.		.65
Andvarinnur		.50
Lækninnsrímur		.35
Jóhanni Sleck rímur		.25
Reimarsrímur		.35
Ásaflokkarímur		.25
Rímur af Gísla Súrssyni		.35
Dular, Sundsögur		.50
Hinrik Heilsbi, Saga		.20
Svölda ár rímur		.35
Djóðvinafél, Almanak 1911		.20
Andvari 1911		.75
Æfisaga Benjamin Franklins		.45
Sögusafn Þjóðviljans I—II árg. 3,50; III árg. 20c IV árg. 30c; V. árg. 10; VI. .45; VII. .45; VIII. árg. .55; IX. árg. .55; X. árg. .55; XI. árg. .55; XII. árg. .45; XIII. árg. .45; XIV. árg. .55; XV. árg. .60; XVI. árg. .75; XVII. árg. .45; XVIII árg. .55; XIX. árg. .75.		
Alt sögusafn Þjóðviljan selt á		$7.00

Bækur Sögufélagsins fá félagsmenn fyrir hálfvirði,—$3.60.

Umboðsmenn mínir í Selkirk eru Dalman bræður.

Þess skal getið viðvíkjandi bandinu á Fornaldarsögunum Norðurlanda, að það er mjög vandað, handbundið skrautband, vel frá gengið eins er með Bréf Tómasar Sæmundssonar.

Tölurnar í aftari tákna burðargjald,er sendist með pöntunum.

Framtíðarhorfur.

EFTIR H. G. WELLS.

VII.

BARÁTTAN MILLI TUNGUMÁLANNA.

Af öllum framtíðarmyndunum, sem við höfum reynt að draga upp, liggur það fyrir augum opið, að takmörkin, sem framtíðarinnar skapandi öfl setja á milli mannfélagsflokkanna, eru að flestu leyti ólík pólitiskum takmörkum nútíðarinnar. Landsvæði, sem nú eru aðskilin, munu verða sameinuð, og landsvæði, sem nú eru sameinuð, munu verða aðskilin. Á einum stað í heiminum mun hálf tylft af tungumálum og þjóðflokkum verða sameinuð, og jafnframt mun á öðrum stað samkynja þjóðfélagi verða dreift og skift á milli ýmsra þjóðflokka. Af þessum ástæðum ætlum við því að líta á öflin, sem munu koma til leiðar þjóðfélags takmörkum framtíðarinnar.

Með nærgætinni athugun verður það strax ljóst, að öll takmörk þjóðkynjanna, tungumálanna og stjórnmálanna, hafa stjórnast af ásigkomulagi samgöngufæranna frá því fyrsta lína mannkynssögunnar varð til. Upprunni aðskilnaðar þjóðkynjanna, mismunur og dreifing tungumálanna, klofning mannkynsins í þjóðir, sameining og skifting smærri og stærri ríkja, — hefir altsaman stafað af breytilegri framkomu samgöngufæraþroskans, og þannig mun það verða framvegis. Endurbætt samgöngufæri milli mannflokka, sem áður voru aðskildir, hefir alt af táknað og mun ávalt tákna aukin afskifti þeirra á milli. Þessir flokkar blandast saman, og verða á endanum að einum flokki.

Löngu áður en sagan byrjaði, þegar tungumálin voru í æsku, hurfu smátt og smátt hinir upprunalegu milliveggir, sem aðskildu þjóðkynin, þegar þau voru að myndast. Smáir hópar þjóðkynanna runnu saman og urðu að samkynja mannflokk, þegar fyrstu brautirnar urðu til á milli mannflokkanna, — vanalega hernaðarbrautir. Samt sem áður höfðu enn þá hin sundrandi en ekki sameinandi öfl yfirráðin. Án tíðra viðskifta milli ættstofnanna, og án tíðra giftinga sín á milli, sem hefði orðið hið verulegasta afl þessara samskifta, hélt tvístrunin áfram, og sökum þess varð til mismunur í mállýzku, í venjum, í hegðun og í ytra útliti. En með vaxandi mentaþroska, með inuleiðslu járn-áhalda og hernaðarreglu, með tilbúningi reglubundinna vega og niðurröðun þegnfélagsstjórnar, en einkum þegar hesturinn kom inn á leiksvið menningarinnar, byrjuðu samskifta svæðin að stækka. Því tímabili var náð, þegar einu ósigrandi hindranir samganganna voru haf, fjallahryggir, óvanalega breiðar ár eða — að eins fjarlægð, og samhljóðunin eða mismunurinn, sem á þessu samskifta-tímabili fullkomnaðist í kyni, tungumáli, venjum o. s. frv., varð efni til nýrrar byltingar, þegar siglingum varð framgengt, og þær umbreyttu kringumstæðum samskiftanna.

Líkt þessu verður maður að hugsa sér framför í tungumálum og pólitiskum flokkafélögum. Þegar skriftin var fundin, gerði hún stærri pólitisk stjórnsvið eða mannfélög möguleg. Fyrstu stórríkin urðu til, þegar skriftarskerlin tóku framförum. Eins og smáriki geta naumast átt sér stað án hesta, þannig geta stór ríki ekki verið til án skriftar og póstvega. Síðustu þúsund árin er mannkynssagan frásaga um það, hvernig ríkja-einingin, sem náði yfir stærra svæði en lítil fylki, hefir reynt að laga sig og halda sér uppi með aðstoð hestanna, skipanna og hinna skrifuðu orða.

Fyrir austan Gobi hefir undir þessum nýju skilyrðum kínverska ríkjakerfið smátt og smátt komist á fót, og fyrir norðan Sáhara hepnaðist Rómverjum með sömu tilfærum, að ná yfirráðum yfir stórum landsvæðum. En á varanlegustu tímabilum rómverska ríkisins var þessi sameining að eins bygð á pólitisku ásigkomulagi, viðhaldið af tiltölulega fáum latínutalandi embættismönnum, gisnu neti af vegum, og mjög þunnu, lítt sjánalegu smyrsli af siðferðis-umbótum, hjá þeim nær því ósnortna þjóðamúg. Annað eins samband og þetta, gat auðvitað tafið fyrir en ekki stöðvað hinn hægfara en óhjákvæmilega aðskilnað fylkis frá fylki, þjóð frá þjóð. Samgöngufærin, sem gerðu hinu rómverska keisaraveldi, og seinna undiröldu þess, mögulegt að koma á fót stórum ríkiseiningum, voru ónóg til að hefja þessar einingar upp yfir hið pólitiska stig Tungumál, samkendarþel, trúfræðislegir og þjóðfélagslegir siðir gliðnuðu í sundur og kúlumynduðust eins og olíudropar í vatni. Að eins hátt settir embættismenn, hermenn og ríkt fólk ferðaðist um löndin, hvert einstakt hérað var að flestu leyti sjálfstætt og fært um að halda áfram tilveru sinni, enda þótt öll önnur lönd hefðu horfið burt af hnettinum.

En nú stöndum vér við byrjun nýs tímabils, útbúnir tilhögunar og sambandstækjum, sem aldrei áður hafa þekst, svo sem afl fræðislegum flutnings-áhöldum, telefón, telegraf og heilum herskara af verkfærum til að minka fjarlægð. Áhrif þessara sameinandi afla sjást þegar í kvíslunarstöðvun tungumálanna, jafnvel hinna útbreiddustu. Já, kvíslunar eða dreifingaröfl málanna starfa nú ekki lengur, en tillikingar aðferð er byrjuð. Í byrjun 19. aldar gat almugamaður frá Somerset á Englandi ekki skilið almúgamann frá Sussex. Þeir höfðu mismunandi framburðarhlæ, mismunandi mállýzku, mismunandi orð og mismunandi hugmyndir. Nú er aðeins framburðarblærinn mismunandi, og þó er hann að minka. Mál þeirra er orðið viðtækara nú, af því þeir lesa. Þeir lesa bækur, blöð og tímarit, sem kemur því til leiðar, að orð ritmálsins vinna sigur á mállýzkum og framburði íbúanna í fjarlægum héruðum. Auk þess á sífeld fólksblöndun sér stað, menn fara og koma frá og til hinna ýmsu héraða, sem ekki þektist meðan járnbrautir voru ekki til. Af þessu leiðir, að mállýzkurnar eru óðum að hverfa, og ný mállýzkumyndun fær ekki tækifæri til að þroskast. Samskonar upprætting mállýzkanna á sér stað á Frakklandi, Ítalíu, Þýzkalandi og Bandafylkjunum, því hún er blátt áfram ein hlið hinnar almennu breytingar, sem vélbúnu flutningstækin hafa komið af stað.

Og þessi breyting er ekki eingöngu bundin við mállýzkurnar. Maður í litlu landi, sem ekki kann annað tungumál en móðurmálið, verður ávalt meir og meir á eftir þeim samlöndum sínum, sem auk þess kunna eitthvert af þremur stóru tungumálum Norðurálfunnar. Að því er snertir skáldsagna bókmentir, er hann háður þeim höfundum, sem rita á hans eigin móðurmáli, og með tilliti til vísinda, er hann enn ver staddur. Því föðurland hans getur ekki framleitt kennara og uppfindingamenn í jafn stórum stíl og hin mannmörgu mentalönd, og það svarar ekki kostnaði, að gefa út vísindabækur í fámenna landinu hans, hvorki frumsamdar eða þýddar. Því fleira fólk, sem les eitthvert tungumál, þess meira er gefið út af frumsömdum og þýddum bókum, og því fleiri, sem lesendur eins tungumáls eru, þess ódýrari verða bækurnar. Með tilliti til nýunga verður einnig sá, sem að eins skilur eitt mál, illa staddur. Blöðin hans verða að nota ódýra starfkrafta, og þar af leiðir, að hann fær takmarkaðar innanlands nýungar, og gamlar og óljósar útlendar fregnir. Auk þessa verður það mjög erfitt fyrir hann að ferðast til annara landa, til að fá löguð eða fullkomnuð einhver viðskifti. Englendingur, sem að eins kann sitt móðurmál, getur ferðast um allan heiminn; hann finnur allstaðar menn, sem tala hans móðurmál. En hvað á Finnlendingur, Grænlendingur eða Færeyingur að gera, sem að eins kunna sitt móðurmál?

Englendingar, þjóðverjar og Frakkar hafa nú sem stendur knýjandi ástæðu til að læra eitt af stóru mentamálunum, auk móðurmáls síns; en fyrir íbúa litlu landanna verður það þvingandi nauðsyn. Að verða mentaður maður á skúmaskotsmáli er ómögulegt, og maður verður annaðhvort að verða andlegur þegn einhvers stóra mentamálsins, eða sökkva niður meðal fólks undirdjúpsins. Hið starfandi afl sérhverrar þjóðar verður í framtíðinni mentaðar manneskjur, og mentaðar verða að eins þær, sem tala eða að minsta kosti skilja eitt aðalmál. Þess meira, sem stóru málin flæða yfir þau minni, þess færri ástæður verða til að gefa út bækur á þeim, hvort heldur þær eru frumsamdar eða þýddar, og fátöluðu tungumálin munu því eðlilega smátt og smátt hverfa. Þess má minnast, að á komandi árum munu ferðalög verða tíðari og viðtækari, dreifingin á bókum og blöðum ódýrari og hraðari, og — það sem einkum er athugavert — telefón-sambönd-in útbreiddari. Að þessi öfl geri stóru málunum hægra fyrir að sigra þau smáu, segir sig sjálft. Á 20. öldinni [illegible] um við að sjá það, að þó að stóru málin hverfi ekki með öllu, verður þeim bætt við eitt eða annað mentamál, sem allir mentaðir menn í landinu geta talað.

(Niðurlag).

Manitoba Elevator Commission

D. W. McCUAIG, Commissioner — W. C. GRAHAM, Commissioner — F. B. MACLENNAN, Commissioner

Aðal skrifstofa: 227 Garry St., WINNIPEG

P. O. Box 2971

Commissioners tilkynna hérmeð Manitoba bændum að þeir hafa fengið fra atiðar skrifstofu til starfsnota og að öll bréf skyldu sendast Commissioners á ofan nefnda árita n. Beiðniform og allar upplýsingar sem bændur þarfnast til þess fá kornhlöður í nágrenni sína, verða sendar hverjum sem óskar.

Commissioners óska eftir samvinnu Manitoba bænda í því að koma á fót þjóðeignar kornhlöðum í fylkinu.

SUCCESS BUSINESS COLLEGE

HORNI PORTAGE AVE. & EDMONTON ST. WINNIPEG.

Kennir samhv. nýjustu aðferðum alskyns verzlunar fræði og Bánkastörf. Einnig hraðritun og stylritun. Betri verzlunarskóli ekki til í Vestur-Canada. Kenslu stofur þar finst í borginni. Nemendur geta byrjað hvenar sem þeir óska.

Skrifið eftir upplýsingum eða símið MAIN 1664

The Northern Wine Co. Ltd.

Selur sérhverja góða tegund af Whisky, vínum og bjór o.fl. o.fl. Við gefum sérstaklega gaum familíu pöntunum og afgreiðum þær bæði fljótt og vel til hvaða hluta borgarinnar sem er— Gefið okkur tækifæri að sýna ykkurað svo sé,

VIÐ óskum jafn framt eftir sveita pöntunum—Afgreiðsla hin bezta.

Talsímar Main 1673-6744

215 MARKET ST.

ALDREI SKALTU geyma til morguns sem hægt er að gera í dag. Pantið Heimskringlu í dag.

skygður af hinum þykku skýjum veruleikans. Þú, sem hefir lifað þínu áhrifamikla lífi án þess að vera bundinn hinum gullnu fjötrum ófrelsisins, finnur ei til vill ekki til þess á sama hátt og ég. En vei mér. Það er öðruvísi ástatt með mig".

Hún huldi andlitið með höndum sínum og Móritz sá fáein tár læðast út á milli fögru fingranna hennar.

"Gráttu ekki, Ísabella", sagði Móritz í undurblíðum róm. Gráttu ekki. Ég hefi líka verið fjötraður, en með öðruvísi fjötrum en þínir eru. Mínir hafa ekki verið gyltir, þeir voru úr járni, því það voru fjötrar fátæktarinnar. Það er annars undarlegt að við, sem höfum haft sömu hugsjónamyndirnar fyrir augum, sem með óslökkvandi þrá höfum elskað og leitað hins fagra, við höfum staðið sitt við hvorn enda mannlífskeðjunnar og höfum bæð kvartað. Hjá þér hefir auðurinn og ættartignin, þvingun vanans, hégómagirnd samvistamanna þinna og háð kvennanna, truflað margar hugsjónir og hindrað frjálsa þroskun anda þíns. En ég", sagði hann brosandi, "hefi ekki þurft að kvarta yfir slíku. Verulsikinn hefir byrlað mér aðra beiskju. Hann hefir nétt mér bikar þrautanna, og ég hefi tæmt hann gersamlega, þar eð mér var vel kunnugt, að maður verður að þola og líða mikið, ef maður vill njóta ávaxta sigursins. Og þó, hvað hafa þessir fjötrar að þýða, Ísabella? Það koma augnablik fyrir á lífsleiðinni, sem maður er alveg frjáls — sæl augnablik, þegar strengirnir á hörpu hugsananna og tilfinninganna sveiflast sjálfráðir. Það eru til augnablik eins og þetta, þegar hjartað stækkar, af því það máanda að sér ilm fegurðarinnar — og þá lyftist sálin upp af ánægju yfir því, að mega reyna vængi sína í hreinna lofti. Nú, jæja. Hvers vegna eigum við þá að kvarta?"

"Ó, Móritz", sagði Ísabella hugfangin, "en hvað ég elska draumavingl þitt, ég finn svo glögt skyldleika sálna vorra. Já, þú segir satt. drykkur lífsins er beiskur; en þó eru augnablik til, sem maður er frjáls og óbundinn, laus við alla hlekki. Þú hefir talað um það, sem mig hefir grunað og dreymt, enda þó ég væri ekki búin að koma orðum að því".

Hún laut að honum og festi baldursbrá í hnappagatið á treyjunni hans. Þegar hún leit upp aftur, varð henni litið í augu hans. Frá því augnablikí var ævarandi samband stofnað milli þeirra, enda þótt ekkert orð kæmi yfir varir þeirra.

Garðyrkjumaðurinn, sem farið hafði að sækja vatn, kom nú aftur og truflaði drauma þeirra.

"Við skulum ganga heim á leið aftur", sagði Ísabella. "Fólkið hefir ástæðu til að undrast yfir burtveru okkar".

Móritz stundi og tók hana við hönd sér, og svo sneru þau aftur til hins fólksins.

"Sérðu þessa háu konu", sagði Ísabella, "sem kemur þarna með móður minni?"

"Já, hver er hún?"

"Það er prófastsfrú Washolm, sem aldrei talar um annað en bókmentir. Hún verður víst glöð yfir að kynnast þér".

"Nei, í hamingju bænum", sagði Móritz, "slíkar konur er ég hræddur við".

"En það verður ekki umflúið", sagði Ísabella gletnislega. "Hún er búin að sjá okkur og stefnir beint hingað. Hún álítur þig vera heppilegt herfang fyrir hann hluta kveldsins, sem eftir er".

"Ó, Ísabella, en hvað þú er miskunnarlaus".

Ísabella brosti, og þegar þau mættust skömmu síðar, kynti barúnsfrúin Móritz bókmentagyðjunni.

"Nú er ég hissa", sagði prófastskonan, "meistari Sterner. Ó, herra minn, hvað það gleður mig að kynnast þér. Þú ert sekur um það, að hafa bakað mér vökunótt".

"Ég?"

"Já, því áhrifamikla leikritið þitt, sem ég las með aðdáun, hélt mér vakandi langt fram á nótt, og ég óskaði mér þá að geta kynst þér til þess að tala um þetta efni við þig. Atriðin, sem ég las, komu út á mér tárunum, og ég var stundum reið við þig fyrir þjáningarnar, sem þú lézt Ísabellu verða fyrir".

"Þú kemur mér raunar í vandræði, frú", sagði Móritz. "Veiztu ekki, að maður á aldrei að dæma rit höfundanna í nærveru þeirra?"

"Það hefi ég heyrt, og enda þótt ég dáist að lítillæti, held ég þó að maður eigi að hvetja hæfileikana. Þú ert gáfumaður, herra minn, mikil gáfumaður. Þú ert andlega náskyldur hinum mikilhæfa Shakespeare, sem þú líkist svo mjög, enda þótt þú hafir tæplega nóga mannþekkingu, en þess má heldur ekki vænta af svo ungum höfundi".

Ísabella brosti í laumi, og barúnsfrúin beit á vörina til að geta varist hlátri. Móritz svitnaði allmikið, og óskaði frúnni hangað sem piparinn grær, en hvað dugði það? Frúin hafði nú einu sinni ásett sér að ræða um bókmentir við hinn unga mann, og ekkert gat hindrað hana í því. Móritz var of lundgóður til að benda gaman að henni, og tók því þegjandi við pyndingum mælsku hennar. En þegar prófastsfrúin var orðin þrevtt á skvaldrinu, og varð þess vör, að hún fékk að eins eins-atkvæðis orð til svars upp á athuganir sínar, þagnaði hún alt í einu, og það augnablik notaði Móritz til að skjótast í burtu.

Hann stóð upp og gekk út úr laufskálanum þar sem samtalið fór fram. Ísabella var farin á undan honum, en Móritz náði henni við garðshliðið.

"Nú", spurði hún brosandi, "hvernig kantu við þessa lærðu prófastsfrú?"

"Hún er voðaleg", svaraði Móritz í eins konar örvæntingar róm.

"Komdu, við skulum fara inn", sagði Ísabella brosandi, "ég skal leika eitt lag á pianóið fyrir þig. Þú elskar hljóðfæraslátt held ég".

"Já, að minsta kosti þegar það ert þú, sem á hljóðfærið leikur".

Þegar þau nálguðust húsið, mættu þau barún Ehrenstam og Eberharð, sem voru á leið út í garðinn.

Ísabellu hrylti við að sjá augnatillit greifans og flýtti sér fram hjá þeim.

"Heyrðu", hvíslaði Eberharð að barúninum. "Segðu ekkert við dóttur þína, fyrr en ég er búinn að tala við hana. Það er ef til vill bezt, að ég biðji hana að giftast mér, eins og vanalegt er".

"Eins og þú vilt", sagði barúninn. "En það sem á að gerast, verður að gerast bráðlega".

Þegar Ísabella kom inn í herbergi sitt seinna um kveldið, eftir að gestirnir voru farnir, opnaði hún gluggann, til þess að hið svalandi loft kældi kinnar hennar.

"Já", sagði hún við sjálfa sig, "framtíð mín er ákveðin. Ég elska, — ég elska í fyrsta sinni, elska af öllu hjarta með þrótti þeirrar sálar, sem að undanförnu hefir leitað fyrir sér í myrkrinu að ímynd hugsjóna sinna. Það er ekki kyrlát tilfinning, sem í mér býr, tilfinning, sem getur gleymst og horfið, —

BŒKUR Bókmentafélagsins 1910.

Þær eru flestar áframhald þeirra miklu rita, sem félagið hóf að gefa út, sum fyrir löngu, sum fyrir fáum árum. Þeirra er elzt og fyrirferðar mest enn sem komið er

1. ÍSLENZKT FORNBRÉFASAFN.

Það stóra safn hefir lengstum verið fyrir lærðu mennina eingöngu, en er nú komið fram að þeim tíma, er flestallir greindir lesendur geta haft gagn af því til fróðleiks og skemtunar. Það, sem út hefir komið í ár, inniheldur mestmeguis bréf og gjörninga biskupanna Ögmundar og Jóns Arasonar. Kemur þar vel fram aldarhátturinn, einkum er veit til stjórnar og laga, en það er á því tímabili, er biskupavaldið er sem ríkast, rétt áður en konungsvaldið mylur það undir sig. Einkum virðist biskup Jón feta í fótspor formanns sins, Gottskálks biskups grimma, með aðförunum við ríka Teit í Glaumbæ. Þó er sá munur á, að Gottskálk var sér einhlítur til að kúga Jón Sigmundarson og rýja hann aleigu hans, en Jón Arason skákaði fram Rafni lögmanni, tengdasyni sínum, og fór loks bakdyra veginn til konungsvaldsins, með "300 rínsk gyllini í gulli", enda þurfti alls við, því að Ögmundur biskup skakkaði leikinn með Teiti (fyrir ríflegan skerf af eignum hans), en alþingisdóma og hirðstjórabréf lét Jón biskup ekki á sig bíta. Hér kemur og fram örlæti þeirra biskupa, Ögmundar við vini sína og "heilagrar Skálholtskirkju", Jóns við sonu sína; styður hann þá til eða gefur þeim feit embætti, útvegar þeim auðug gjaforð og gefur þeim stórgjafir þar á ofan. Margra annara grasa kennir í þessu bindi og er sumt merkilegt fyrir sögu landsins, og ekki verða næstu bindin ómerkilegri, þegar kemur að sjálfum siðaskiftunum með þeim sviplegu tíðindum, er þá gerast.

* * *

2. SÝSLUMANNAÆFIR.

Þær eru að stofninum til eftir Boga bónda Benediktsson á Staðarfelli, eins og kunnugt er, en handrit hans hefir verið leiðrétt og aukið afarmikið af hinum ættfróðustu mönnum á landinu, fyrst Jóni háyfirdómara Péturssyni, tengdasyni Boga, þar næst Hannesi Þorsteinssyni, dótturmanni Jóns, þá tók Jósafat Jónasson við um stund, en er hans misti við, tók Hannes aftur til við þær. Það er lítill vafi á því, að enginn tekur Hannesi fram um fróðleik í ættartölum seinni alda; nú sýnir hann slíkt hið sama um fyrri aldir, þar sem hann rekur ætt Víkurmanna, framætt Hauks lögmanns og fleiri fornmanna. Hannes er ekki síður áreiðanlegur en fróður, hann gerir skarpan greinarmun á getgátum, hversu líklegar sem vera kunna, og því, sem sannað verður, og það er víst, að það, sem hann telur óyggjandi, þá verður því ekki raskað. Í síðustu heftunum eru helzt taldar ættir um Suðurland og geta margir Sunnlendingar rakið ættir sínar samkvæmt þeim upp til Orms í Eyjum, ríka Toríu í Klofa, Lopts ríka og margra annara fornra skörunga.

* * *

3. LÝSING ÍSLANDS.

Í þessa árs hefti segir prof. Þ. Thoroddsen frá jarðfræði landsins í eiginlegum skilningi, bergtegundum, sævar- og jöklamenjum, myndunarsögu landsins og steinaríkinu (minerals). Segir þar að þess sé ekki að vænta, að málmar finnist á Íslandi, með því að það er yngra en önnur lönd, og þykir höf. landinn vera auðtrúa á ýkjusögur um kola- og málmnámufundi; þó tekur hann fram, að ekki sé óhugsanlegt, að málmur kunni að finnast þar sem fornum jarðlögum skýtur upp um sprungur á gosdyngjunni, sem landið hefir hlaðist upp af, og allstaðar liggur afarþykt ofan á þess konar bergi eða jarðlögum, sem dýra málminn geyma hvervetna annars staðar í heiminum. Ef dýrir málmar eru til á Íslandi, þá eru þeir vel geymdir. Hraunin liggja ofan á þeim, forn og nýj, hálsar og hæðir, fjöll og firnindi, hæstu fjöll og dýpstu dalabotnar á Íslandi liggja langt fyrir ofan þá jörð, er von væri til að málmar fyndust í. Það er djúpt á heim. Til þeirra nær enginn óðruvísi en með nafri þjalar-Jóns, nema ef svo skyldi vera, að náttúran sjálf hefði á einhverjum stað rofið skorpuna og skotið jörum jarðarinnar út í sárið. Í bessu hefti segir ennfremur frá brennisteinsnámum, silfurbergi og rauða. Þá byrjar um veðráttufar á Íslandi með sögulegu yfirliti, töflum og uppdráttum, og er betta í fyrsta sinn, sem skrifað er um það efni í íslenzku samfelt rit með vísindalegri þekkingu. Veðurfræða-stofnun Dana hefir veitt höf. aðstoð í því efni.

Þó að Íslandslýsing þessi sé orðin stór bók, tveggja línda þykk, þá hefir höf. víða orðið að fara fljótt yfir, að því er hann segir. Það er trúlegt að því leyti til, að hann hefir ekki sagt nema litinn hluta af því, sem hann veit. Hann hefir stundað betta efni nærfelt í heilan mannsaldur, skoðað það og rannsakað og skrifað um það á mörgum tungumálum með svo miklum yfirburðum, að hann hefir hlotið meiri frama og virðing en nálega nokkur annar Íslendingur. Bókin er að vissu leyti árangurinn af starfi, sem mikilhæfur gáfumaður hefir unnið að mikinn hluta æfi sinnar; hún er um efni, sem hver Íslendingur ætti að þekkja, en þekkir ekki, með því að rit um náttúru landsins, íbúa og atvinnubrögð, nokkuð svipað þessu, hefir ekki verið til; það er ennfremur óhætt að segja, að prof. Th. hefir aldrei tekist betur upp en í þessu sínu höfuðriti á íslenzku; hann er vel orði farinn, eins og kunnugt er, stíllinn einstaklega blátt áfram, frásögnin fjörleg og skemtileg að lesa og mótulega stutt og laggóð. Það mun því varla ofmælt, að þó ekki væri eftir öðru að slægjast, þá væri vel þess vert, fyrir þá sem vildu eignast, skemtilega, fróðlega og eigulega bók, að gerast meðlimir Bókmentafélagsins hennar vegna.

* * *

4. ÍSLENDINGA SAGA

eftir Boga Melsted er enn eitt stóra ritið, sem félagið gefur út í þáttum á ári hverju, og er hver um sig allstór bók. Þetta er lokaþáttur II. bindis og nær fram að 1030, eða til enda sögualdar. Þar þrýtur hinar fornu sögur flestar og verður 100 ára eyða í sögunni, því nær frásagnalaus, og þó fæðast og vaxa upp á því skeiði vorir mestu sögumenn sumir, svo sem Ari fróði og Sæmundur, en þeir munkarnir Karl, Oddur og Gunnlaugur fæðast nær því takmarki sem þeir deyja. Engir þeirra skrifuðu um Íslands sögu, svo menn viti, nema Ari, og því mun verða skjótsögð sagan þar til Sturlunga tekur við og hinar ýtarlegu biskupasögur.

Um það 150 ára bil, sem saga Melsteds nær yfir, eru til stórar og merkilegar frásagnir, Landnáma og Íslendingabók og Kristni saga, Íslendingasögur svo sem Njála, Egla og Eyrbyggja o.s.frv., lög, kvæði og þættir í sögum Noregs konunga. Á því tímabili gerðust þau tíðindi, er frásögulegust þóttu er tímar liðu fram og enn þykja svo, bygging lands og lagasetning, landafundir, kristnitaka, þingdeildir og vígaferli milli ætta eða einstakra höfðingja, en að vísu eru þær frásagnir bókfærðar mjög löngu seinna, en atburðirnir gerðust, og því miður nákvæmar um ýms atriði. Herra Melsted hefir vinsað úr og dregið saman það, sem honum þykir trúlegast og merkilegast af þessum frásögnum. Sagan er svo ýtarleg, að þar mun fáu slept, sem miklu máli skiftir, með því að höf. er nákunnugur efninu og því sem skrifað hefir verið um það að fornu og nýju. Bókin er nauðsynleg öllum, sem vilja kynnast sögu landsins og mjög þarfleg og handhæg, jafnvel fyrir þá, sem eru vel að sér í því efni, með því að þar eru margar frásagnir færðar í einn stað, og víðast vísað til, hvar ýtarlegri fræðslu sé að finna. Hún er greinilega sögð og auðveld aflestrar og laus við að vera strembin, þó að sá galli fylgi mörgum ritum, sem eru kölluð vísindaleg. Höfundurinn segir söguna hlutdrægnis- og hleypidóma-laust, eins og vísindamanni sæmir, hann elskar dug, drengskap og löghlýðni og alla þá kosti, sem til heilla horfa í þjóðfélagi, en ónýtur eða illur félagsþegn er honum viðbjóður og því er bók hans holl að lesa fyrir unga menn og borgaraefni.

Það mætti helzt að riti þessu finna, að frásagan er ekki svo sniöll, sem efninu hæfir, og einkum virðast hugleiðingar höf. yfirleitt efnis- og veiga-litlar. Orðlærið er sumstaðar ekki vel liðlegt, ekki beint dönskuskotið, þó að liðtar dönskuslettur komi þar fyrir (t. a. m. "þetta horfði ekki vænlega út"), en samt öllu líkara því á sumum stöðum, sem útlendur maður mundi til orða taka, sá er kynni málið vel, heldur en innborinn Íslendingur. Það er kækjalaust og ótyrfið en helzt til fjörlitið. Þetta er höf. að sumu leyti ósjálfrátt, með því að hann hefir dvalið í útlöndum frá því á unga aldri og umgengist mest danska menn. En hann segir frá því sjálfur, að prentað sé eftir handriti sínu jafnóðum og hann skrifi. Sú fljótaskrift er vítaverð, einkum þar sem höf. hefir haft opinberan styrk um mjög langan tíma til þess að semja söguna, og er mikið mein að slíku afkomulevsi, bæði fyrir sjálfan hann og lesendur hans.

* * *

5. SAFN TIL SÖGU ÍSLANDS.

Í þetta sinn hefir það að flytja rit eftir prófessor Björn M. Ólsen um mannfjölda til forna. Til eru enn skattbændatöl frá árunum 1065 og 1311. Til þess að finna fólkstöluna eftir þeim, hefir prófessorinn rannsakað manntalsbækur síðari tíma og komist að þeirri niðurstöðu, að einn skattgjaldandi komi á hverja seytján menn að meðaltali á öllu landinu. Reiknast þá svo til, að árið 1311 hafi íbúatalan verið 72420, en 77520 árið 1095. Margir lærðir menn hafa reynt að gera sér hugmynd um mannfjölda í landinu í fornöld, en engum tekist fyllilega fyr en nú að prof. Björn færir lesendum sínum heim fullan sann um það, að niðurstaða hans er svo nærri lagi sem verða má.

Þó að þessi hluti ritsins sé næsta lærður, þá virðist það sem á eftir fer miklu flóknara, en það er tilraun til þess að finna íbúatöluna kringum árið 965. Þá var landið alheiðið. Þá bjó Breddhelgi í Vopnafirði, Eyjólfur Valgerðarson í Eyjafirði, Þórður Gellir í Breiðafirði, Þóroddur goði í Ölfusi. Þeir herrar héldu ekki manntalsbækur og létu sig hafa það að reikna hoftolla og þingfararkaup í huganum. En þá bar svo til, að Eyvindur skáldaspillir orti lofkvæði um alla Íslendinga, "en þeir launuðu svá, at hverr bóndi gaf hánum skattpening; sá stóð 3 penninga silfrs vegna, ok hvítr í skor. En er silfrit kom fram á albinoi, þá réðu menn bat af at fá smiða til at skíra silfrit; síðan var görr af feldardálkr; en þar af var greitt smiðarkaupit; þá stóð dálkrinn 50 marka", er

álhimins utan
oss lendingar sendu,

eins og Eyvindur kvað. Útaf þessu finnur prófessorinn, eftir langa og ýtarlega rannsókn, að landsbúar muni þá hafa verið um 60000. — Margra grasa kennir í þessari rannsókn, þar á meðal er skýring á því, að lögaurar höfðu silfurnöfn (6 álnir vaðmáls kallaðar eyrir, 48 álnir mörk, o. s. frv.), hvernig sem dýrleiki silfurs og vaðmála breyttist, og liggur sú skýring svo nærri og er svo einföld að hún er sjálfsagt rétt, þó enginn hafi dottið hún í hug fyr en þessum skarpskygna lærdómsmanni.

Auk þessa hefir Safnið inni að halda skýrslur um Skaptárdal, Kötlugos og Mývatnselda eftir ýmsa samtíðarmenn, þar á meðal Jón prófast Steingrímsson, fróðlegar ritgerðir og læsilegar. Tróf þorvaldur gefur þær út.

6. SKÍRNIR.

Hann virðist hafa grætt á því en ekki tapað, að dr. Björn Bjarnason tók við ritstjórn hans af Einari Hjörleifssyni. Margir hinir ritfærustu menn skrifa nú í það tímarit: Séra Matthías, Björn Ólsen, Dr. Helgi skrifa um ferð sína út í lönd með óveniulegu andriki. Þar skrifar Jón Jónsson (um Björnstjerne Björnsson og Laða fróða), Sæm. Bjarnhéðinsson, Ágúst Bjarnason (um heiðinn speking merkilegan), o. s. frv. Þar er ennfremur lítil saga eftir Jóhann Sigurjónsson, þann er leikrit samdi; efnið er dagstund í æfi kotbónda á Íslandi, og er sagan svo vel sögð, að hinir landsjóðsiaunuðu skáldsöguhöfundar mættu vel setjast að fótum þessa unga manns og læra af honum, — jafnvel "óskmögur hinnar íslenzku skáldsagnagyðju" ekki síður en aðrir. Þessi smásaga er betur sögð en nokkur önnur, sem ég þekki á íslenzku, og er það að vísu ekki geysimikið lof. Ef Skírnir hefir átt völ á fleiru eftir Jóhann þennan, þá er óskiljanlegt, að hann hefir ekki tekið það fremur en hann einskisverða hégóma, sem nefnist "Dauðinn", eftir Jónas Guðlaugsson. Sá samsetningur hefði ekki átt að koma á prent í vönduðu tímariti, eins og Skírnir er nú, heldur endursendast höfundi til lagfæringar; hann hefði haft gott af því, og tímaritið ekki síður.

* * *

Meðlimir Bókmentafélagsins fá bækur þess fyrir tæplega hálfvirði, 2 dollara á ári, fyrir utan Skírni, og ef þeir vilja kaupa hann líka, þá fá þeir hann fyrir minna verð en þeir, sem kaupa hann í lausakaupum. Að félagið getur selt meðlimum sínum bækurnar svo ódýrt, kemur nokkuð til af því, að stjórn þess vinnur fyrir ekki neitt. Það hefir alla tíð þótt virðingarstaða, að vera í stjórn þess, þó að talsvert ómak væri því samfara. Félagið hefir aldrei unnið kappsamlegar að takmarki sínu en einmitt nú. Forseti deildarinnar á Íslandi er Prof. Björn M. Ólsen, en hinnar útlendu Prof. Þorv. Thoroddsen. Umboðsmaður félagsins hér er H. S. Bardal. Flestar bækur þess fást og hjá N. Ottenson í River Park.

Winnipeg, 10. nóv. 1910.

Kr. Sigurðsson

Skírnir.

Nýkomið hingað vestur um haf 3. og 4. hefti af Skírnir. Það flytur þetta:

1. Sendibréf til Arndísar Andvaradóttur, eftir Guðmund Friðjónsson (skáldlegt kvæði).
2. Saga eftir Jón Trausta: Þegar ég var á fregátunni".
3. Ritgerð eftir Dr. Björn M. Ólsen: Ísland gagnvart öðrum ríkjum.
4. Ágrip af sögu holdsveikinnar á Íslandi (niðurlag), eftir Sæmund læknir Bjarnhéðinsson.
5. Kellufell, saga eftir Sigurð Nordal.
6. Efniskenningin nýja, eftir Ágúst Bjarnason.
7. Loftfarir (niðurlag), eftir Andrés Björnsson og Magnús Björnsson.
8. Orkunýting og menning, eftir Guðmund Finnbogason.
9. Staða og kjör kvenna, þýtt af Björgu Þ. Blöndal.
10. Tveir hellar í Hallmundarhrauni, eftir Matthías Þórðarson.
11. Kvæði eftir Jóhann Sigurjónsson.
12. Þrjú bréf eftir Jónas Hallgrímsson.
13. Ritfregnir, eftir merka höfunda.
14. Fréttir frá útlöndum.

Öll er bókin skemtileg og fræðandi.

ÚR BRÉFI.

Seattle, 9. nóv. 1910: "Tíðindalítið er hér nú. Lítur fremur illa út með atvinnu, og búast menn við erfiðum vetri yfir höfuð. Fyrir skömmu gaf séra A. J. Sigurðsson saman í hjónaband Miss Grace Bjarnason (systir Jacobs Bjarnasonar lögregluþjóns) og Daniel Ryan, hérlendan mann. Fluttu þau til San Francisco, því þar hefir hr. Ryan aðalheimili sitt, en hefir á sumrum aðallega fyrir atvinnu, að veita forstöðu lax niðursuðuhúsum (Canneries). — Þá flutti Mrs. Margrét Benedictsson her nýlega erindi um kvenréttindi, á fundi félagsins "Vestri", og var þar fjölment. Hérlend kona talaði þar einnig í líka átt, en miklu styttra. Erindi það, sem Mrs. Benedictsson flutti, hafði að geyma margan sögulegan sannleik og ýmsan fróðleik, en mörgum fanst það helzt til langt. Slík erindi ná betur tilgangi sínum, ef þau eru ekki höfð svo löng, að þau þreyti áheyrendur. — Nýlega flutti Sigurður Ólafsson (frá Ytri-Hól í Landeyjum) sig með konu sína til Portland, Oregon, að sögn til að stunda þar guðfræðisnám. Hann er mjög vel gefinn og ágætis drengur. — Frá Alaska (Fairbanks?) komu hingað fyrir stuttu tveir landar, er hafa verið þar nyrðra í sl. 10 ár, þeir Baldur Guðjohnsen (frá Húsavík) og Kolbeinn Þórðarson (frá Leirá). — Man ei fleira að þessu sinni".

I. O. G. T.

Á fundi stúkunnar Skuld 2. þ. m. setti Ásbjörn Eggertsson, umboðsmaður stúkunnar, eftirfylgjandi meðlimi í embætti fyrir næstkomandi ársfjórðung:

F.Æ.T.—R. Th. Newland.
Æ.T.—O. S. Thorgeirsson.
V.T.—Guðrún Johnson.
F.R.—Gunnl. Jóhannsson.
G.K.—Magnús Johnson.
R.—Guðjón H. Hjaltalín.
A.R.—Jónína Jóhannsson.
K.—Sigurður Oddleifsson.
D.—Margrét Hallsson.
A.D.—Lilly Stephansson.
V.—Gísli Árnason.
Ú.V.—Sigurg. Sigurðsson.

Spilari stúkunnar: Miss Sigríð ur Friðriksson.

Ritstjóri stúkubláðsins: Sigurður Oddleifsson.

Núverandi meðlimatala stúkunnar er 216. G. H.

* * *

Á fundi stúkunnar Ísland þann 3. þ.m. setti umboðsmaður stúkunnar Guðm. Johnson þessi meðlimi í embætti fyrir yfirstandandi ársfj:

F.Æ.T.—Hreiðar Skaftfeld.
Æ.T.—Mrs. Sigríði Swanson.
V.T.—Miss Þóru Johnson.
R.—Hjálmar Gíslason.
A.R.—Stefán Pétursson.
Fr. Sigurð Sigurðsson.
Gk.—Magnús Skaftfeld.
Kap.—Jón Hafliðason.
Dr.—Mrs. Olga Skaftfeld.
A.Dr.—Miss Eggertsson.
V.—S. B. Brynjólfsson.

* * *

Þann 5. nóv. setti gæslumaður unglingastúkunnar Æskan, Mrs. Gunnl. Jóhannsson, eftirfylgjandi unglinga í embætti fyrir komandi ársfjórðung:

F.Æ.T.—G. A. Jóhannsson.
Æ.T.—Hansína Hjaltalín.
V.T.—Theodora Ólafsson.
Rit.—Clara Thordarson.
A.R.—Kristín Nelson.
F.R.—Óskar Finnbogason.
Gk.—Geo. Long.
Kap.—Thora Vigfússon.
D.—Clara Thorbergsson.
A.Dr.—Sigurlaug Sæmundsson.
V.—Geo. Vigfússon.
Ú.V.—Harry Hinriksson.

Núverandi meðlimatala barnastúkunnar er 162.

ATHUGASEMD

Þar sem blöðin Heimskringla og Lögberg skýra frá því, hann 13. f. m., hverir komið hafi að heiman með séra Lárusi Thorarensen, segja þau að eins stúlka í þessum litla vesturfarahópi, heiti Björg Jónsdóttir og sé frá Tobbakoti í Rangárvallasýslu. Þetta er miður rétt meðfarið, að því er föðurnafn stúlkunnar og heimilisfang hennar snertir, því hún er Einarsdóttir, og heimili hennar var í Reykjavík.

Þetta hefir hlutaðeigandi beðið mig að benda ofannefndum blöðum á, í þeirri von að þau yrðu fús til að leiðrétta misherminið.

Victoria, B.C., 5. nóv. 1910.

J. Ásgeir J. Líndal.

Dánarfregnir.

Sunnudaginn 30. okt. síðastliðinn andaðist á sjúkrahúsinu í Portage la Prairie ungfrú GUÐBJÖRG HELGA PÉTURSDÓTTIR HALLSONAR, að Lundar P. O., Man., eftir rétta 8 vikna sjúkdómslegu, úr afleiðingum taugaveiki. Hún var 18 ára og 8 mánaða að aldri, fædd 26. febr. 1892. Í tvær vikur vann hún við áðurnefnt sjúkrahús, sem hún var ráðin við, áður en hún lagðist á banbeðinn, og gat hún sér þar hinn bezta orðstir. Hún var jarðsungin að Lundar 3. nóv. af séra Jóni Jónssyni.

Fyrir tæpu ári síðan, eða 7. des. 1909, mistu þau hjón Pétur J. Hallson og kona hans Gunnvör aðra dóttur eldri í Winnipeg borg: JÓNÍNU INGIBJÖRGU, er fædd var 2. júní 1880. Hún var gift Mr. Joseph Misseaen í Winnipeg. Eignuðust þau hjón 4 börn og lifa þrjú þeirra; einn sonur þeirra er nú hjá móðurforeldrum sínum að Lundar.

Báðar þessar systur voru hinar efnilegustu og komu sér allstaðar vel, og voru ástríkar dætur foreldranna. Er þeirra því sárt saknað af þeim, systkinum beirra og vandamönnum. Blessuð sé minning þeirra. J. J.

þakkarorð

Mikil er sú peningalega og önnur hjálp, sem Íslendingar hér í borg hafa veitt mér og fjölskyldu minni á þeim síðastliðna þriggja ára tíma, sem ég hef legið veikur og engu björg getað veitt skyldulíði mínu. Hvað eftir annað hafa safnaðafélögin íslenzku hér í borg gengist fyrir innbyrðis samskotum mér til styrktar, og nú á ný hafa þau á þessu sumri sent mér eftirtaldar gjafir:

Herra Sveinn Sveinsson, fyrir hönd djáknanefndarinnar í Fyrsta lút. söfnuði, afhenti mér $10.00. Þeir herrar Ólafur Vopni og Jóhann Vigfússon, fyrir hönd djáknanefndar Tjaldbúðar safnaðar, afhentu mér $45.00. Og nú síðast hefir séra Guðm. Árnason, prestur Únitara safnaðarins, fært mér $78.00, sem er arður af samkomu, sem söfnuður hans hélt mér til styrktar.

Öllum þessum safnaðafélögum og öðrum löndum mínum, sem styrkt hafa mig í bágindum mínum, votta ég mitt alúðarfýsta hjartans þakklæti fyrir hönd mín, konu minnar og barna.

Winnipeg, 12. nóv. 1910.

Marteinn Jóhannesson.

Þess ber að geta sem gert er.

Þegar ég á næstliðnu vori tókst ferð á hendur að finna mína fornu góðkunningja í Mouse River bygð, var mér tekið þar með mestu alúð og öll m einkennum sannrar gestrisni. Ég dvaldi þar í 5 mánuði, án þess að kosta mig nokkuð, og vegna þess ég sá, hvað fólkið gerði þetta af einlægum greiðviknishug, þá finn ég mér bæði ljúft og skylt, að flytja þessu sama fólki mitt hjartanlegasta þakklæti fyrir veittar velgerðir. En af því það er lítt endurgald, þá bið ég himnaföðurinn að fylla í eyðurnar og endurgjalda þessu velgerðafólki mínu af ríkdómi náðar sinnar, í þeirri tíð, sem hann sér því hentast.

Að ógleymdu skal þess getið, að við burtfer mína úr bygðinni urðu nokkrir menn og konur til að víkja mér góðu, svo það nam fullkomléga ferðakostnaði austur til minna fornu átthaga í Pembina County. Og allra einkunnarorð virtust vera: Komdu aftur.

Ástar þakklæti fyrir alt og alt.

Svold P.O., N.D., 4. nóv. 1910.

Thorsteinn Jóhannesson

Fyrirlestur

ætlar séra M. J. Skaptason að flytja á eftirfylgjandi stöðum í Saskatchewan.

Leslie, Laugardag 19. "
Elfros, Mánudag 21 "
Wynyard, Miðvikudag 23 "

EFNI: Dýrmætasta eignin Íslendinga. Brot úr norrænum goðsögnum. Byrjar kl 7 að kveldinu á öllum stöðunum — Frjálsar umræður, Nánari upplýsingar verða á ofan greindum stöðum 2 eða 3 dögum á undan.

Winnipeg, 7. Nóv. 1910.

M. J. SKAPTASON

FRIÐRIK SVEINSSON

tekur nú að sér allar tegundir af húsmáling, betrekking, o.s.frv. Eikarmálning fljótt og vel af hendi levst. Heimili 443 Maryland St.

"KVISTIR"

kvæði eftir Sig. Júl. Jóhannesson, til sölu hjá öllum íslenzkum bóksölum vestanhafs

Verð: $1.00

PIANO varðveitsla

Piano kaup skyldu jafnan gerð með hinni mestu varasemi. Þess vegna er hyggilegt, að reiða sig eins mikið á orðróm smiðanna og það, hve hljóðfæriið virðist hafa góðan tón — og miklu meira — eins og hitt, hvað það kostar. Heintzman & Co. ábyrgjast hvert Piano um 5 ára tíma, og ábyrgð beirra þýðir það sem hún segir.

Komið og talið við oss um Piano mál.

J. W. Kully. J. Redmond. W. J. Ross
Cor Portage Ave. & Hargrave
Phone: Main 808.

Fréttir úr bænum.

Herra Thurber Magnússon, frá Spanish Fork, Utah, sem kom til Winnipeg fyrir rúmum 3 mánuðum, fór héðan aftur heim til sín, til Spanish Fork, á föstudaginn var. Hann kvaðst hafa unað hag sínum all-vel síðan hann kom hingað, þykir borgin hrein og rósöm, en strætin ljót. Þeim mörgu kunningjum, sem hann hefir aflað sér hér nyrðra, bað hann blað vort að bera beztu kveðju sína.

Almennur kjósendafundur verður haldinn á North West Hall, horni Ross og Isabel stræta, ÞRIÐJUDAGSKVELDIÐ þann 29. þessa m. Vonað að sem flestir íslenzkir kjósendur í 4. kjördeild sæki fund þennan.

Herra Eirikur H. Bergmann, að Gardar, N.D., biður þess getið, að hann hafi nú með höndum næga peninga til þess að lána gegn fyrsta veðrétti í löndum. Þeir, sem vildu fá skildinga, ættu að finna Eirik, og þiggja téð.

Þann 8. þ.m. gaf séra Friðrik J. Bergmann saman í hjónaband að heimili sínu, 259 Spence St., þau herra Jóhann Kristmundsson frá Árdal og ungfrú Jónasínu Guðmundsdóttur frá Mikley.

Silfurbrúðkaup.

Þau herra Páll S. Bardal og kona hans urðu fyrir óvæntri heimsókn seint á sunnudagskveldið var. Þá voru liðin 25 ár frá því þau gengu í hjónaband, og þeirra mörgu vinir mintust þessa atburðar með því, að nær hundrað manns heimsóttu þau að þeim óvörum kl. 9 um kveldið. Séra Jón Bjarnason afhenti þeim hjónum silfurkassa skrautlegan fyltan með fögrum silfurpeningum, og flutti um leið lipra og hlýlega fagnaðarkveðju til þeirra hjóna.

Herra P. S. Bardal þakkaði gjöfina, kvað sér koma hún og heimsókn gestanna mjög á óvart og aldrei hefði hann áður fundið til þess eins og nú, hve lítill hann væri og ómaklegur þessa örlætis vina sinna. Kvaðst hafa verið þannig settur um mörg liðin ár, að hann hefði ekki getað beitt sér fyrir félagsmálum landa vorra eins og hann hefði viljað geta gert; hefði því ekki getað búist við, að sér væri veitt sú eftirtekt eða hann væri aðnjótandi þess hlýhugar landa sinna, sem heimsókn þessi og skrautgripur sá og fjársjóður, sem hann og kona hans hefðu hér þegið, bæri vott um. Hann þakkaði gestunum fyrir hönd sína og konu sinnar fyrir ekki aðeins heimsókn þessa og gjöfina, heldur miklu fremur fyrir hlýhug þann, sem það hvorttveggja vottaði.

Nýtt $500.00 pianó var þar í salnum, og var það gefið þeim hjónum í minningu um silfurbrúðkaup þeirra, af nánustu skyldmenn um þeirra beggja. — Gestirnir skemtu sér í íbúð þeirra Bárdals hjóna, í Bardal Block á Sherbrooke St., við söng og hljóðfæraslátt og rausnarlegar veitingar fram yfir miðnætti.

Þess er fólk beðið að minnast, að Menningarfélagsfundir verða framvegis haldnir á þriðjudagskveldum, en ekki miðvikudagskveldum, eins og verið hefir að undanförnu. Næsti fundur felagsins verður á þriðjudagskveldið kemur þann 22. þ.m. í Únitarakirkjunni. Dr. Ólafur Stephensen flytur þá fyrirlestur "Um heilann". Umræður á eftir. Allir velkomnir.

Séra Oddur V. Gíslason hefir sett upp "Massage" stofu, að 369 Sherbrooke St. Hann byrjaði starf sitt þar í byrjun þessarar viku. Hann vonar, að Íslendingar, sem þurfa á nudd-lækningum að halda, finni sig á ofangreindum stað.

Magnús Thorarinsson, sem nýlega var á Fort Rouge Hotel hér í Winnipeg, á Íslandsbréf á skrifstofu Heimskringlu.

Stúkan Hekla hefir kaffiveitingar á föstudagskveldið í þessari viku. Góðtemplarar eru alvarlega ámintir um að fá sér sopa.

Lesendum er bent á að lesa auglýsinguna í þessu blaði um söngsamhomuna miklu í Fyrstu lútersku kirkjunni þann 30. þ.m. þar syngja þau Mrs. S. K. Hall og séra Hans Thorgrimsen, en Mr. S. K. Hall spilar á orgel og Miss Olga Simonson á fiólin. Alt betta fólk er svo vel þekt, að kirkjan ætti að verða full. Sjá prógram í næsta blaði.

KAPPRÆÐA. Á fundi stúkunnar Skuld í kveld (miðvikudag) fer fram kappræða, og er kappræðuefnið þetta: "Mundu Vestur-Íslendingar gera rétt með því, að flytja alfarnir til Íslands?" Búist er við fjölmenni á fundinn.

Hver sem veit um núverandi heimilisfang herra Karls Neilson, sem kom frá Íslandi til Winnipeg þann 15. júní sl., er beðinn að senda tilkynningu um það hið fyrsta til Magnúsar Guðbrandssónar, að 616 Lapton St., Winnipeg

Takið eftir.

Ungir menn í Fyrsta lúterska söfnuði halda sinn annan ágæta KONZAAR þann 22., 23. og 24. þessa mánaðar.

Fyrsta skemtunin verður algerlega "musical". Skemtunin annað kveldið verður hreyfimyndasýning, og sú þriðja á að vera algerlega ÍSLENZK; þá verða sungnir íslenzkir söngvar af færasta söngfólki, sem völ er á, og fluttar ræður af leiðandi mönnum.

Undir eins á eftir hverri samkomu verður til sölu allskonar varningur með gjafverði (ekkert dýrara en 25c). Einnig fara fram margskonar skemtanir, sýningar og fleira.

Þar verður tækifæri til að hevra heimsfræga söngmenn, svo sem Melba og Caruso á vél (Audophone), sem framleiðir tóna eins náttúrlega eins og að listamaðurinn væri persónulega viðstaddur.

Þeir ætla sér að hafa til sölu falla nýustu söngva og flest það, er lýtur að músik. Þessi deild verður undir umsjón manna, sem eru útfarnir í þeirri list og geta spilað söngvana, ef menn vilja.

Í aldina deildinni verða til sölu allar tegundir af aldini og brjóstsvkri. Sú deild er í höndum Mr. E. Goodman, og er það nægilegt meðmæli.

Einnig verður á hverju kveldi hreyfimyndasýning og "Illustrated Song", og margt fleira, sem ekki er pláss að telja.

Það er ætlan ungu mannanna, að gera þennan Konzaar fullkomnari og stórkostlegri en í fyrra.

Aðgangur: Eitt kvöld 10c, þrjú kvöld 25c. Aukasýningar 5 og 10c.

Komið snemma, og hafið með yður smápeninga, og gleymið ekki börnunum heima.

ANCHOR BRAND HVEITI

er bezta fáanlegt mjöl til nota í heimahúsum og annarstaðar. Það er gert úr No. 1. Hard HVEITI eftir nýjustu aðferðum.

Sími 4326 eftir söluverði þess.

Leitch Bros.
LOUR MILLS
Winnipeg skrifstofa
240-4 GRAIN EXCHANGE

Song Recital

Söng Samkoma—Song Recital—verður haldin í Fyrstu Lútersku kirkju miðvikudaginn

30. nóvember 1910,

af Mrs S. K. HALL, og séra H. B. THORGRÍMSEN, með aðstoð Miss OLGA SIMONSON, Violinist, og Mr. S. K. HALL, Accompanist Prógram verður birt í næsta blaði.

Fyrirlestur flytur S. B. Benedictsson á Gimli 23. þ.m. Ræðuefni hið sama og hann hefði hér í borg fyrir skömmu.

TIL LEIGU

sjö herbergja hús, horni Ross og Sherbrooke stræta. Ritstj. vísar á.

Skemtisamkoma

Í TJALDBÚÐARKIRKJU

22. Nóv. 1910.

kl. 8 að kveldi.

1. Piano Sólo.
2. Quartette — karlmannaraddir.
3. Sér Lárus Thorarensen—Ræða: Ísland.
4. Duette—Alex Johnson og Mrs. Louise Johnson.
5. Ræða—Séra F. J. Bergmann.
6. Sólo—Alex Johnson.
7. Quartette — karlmannaraddir
8. Kaffi ókeypis í salnum.

Arðinum af samkomunni verður varið til að gleðja fátæka um jólin

Inngangur 25c.

Kvenfélagið.

BAZAAR
—OG—
Grand Concert

Fimtudaginn þann 24. þ.m. heldur framkvæmdarnefnd stórstúku Goodtemplara Bazaar til arðs fyrir útbreiðslusjóð Reglunnar. Bazaarinn setndur yfir eftirmiðdag og kveld fimtudagsins í Gocdtemplara húsinu, og um kveldið verður einnig Concert í sambandi við Bazarinn í efri sal hússins. Inngangur að Concertinu verður 25c. Alt eftirnóniið og að kveldinu verða veitingar seldar í neðri salnum, þar sem Bazaarinn verður haldinn.

Þess er óskað, að sem flestir landar komi og noti þetta tækifæri að fá góða og ódýra muni, sem þar verða seldir. Margir munirnir gætu orðið ágætar jólagjafir, svo sem máluð taflborð í umgerð, máluð mynd af Vestmannaeyjum, tækur, smámyndir, kassar o.s.frv.

Einnig er búist við, að Concert það, sem þá verður haldið, verði með þeim allra beztu, sem haldin hafa verið. Enginn, sem kemur á Bazaarinn, er skyldaður til að sækja Concertið.

Herra B. M. Long, að 620 Maryland St., veitir móttöku gjöfum fyrir Bazaarinn. Eins má koma þeim til hvers annara úr framkvæmdarnefndinni sem er.

Fundaboð.

Ég undirritaður meðráðamaður sveitarráðsins í Bifröst, fyrir deild 2, álít heppilegt og nauðsynlegt, að fundir séu haldnir í deildinni til að ræða sveitarmál og gera greiu fyrir starfi mínu þann tíma, sem ég hefi verið meðráðamaður, og með því ég álít, að fundir þessir ættu að vera haldnir fyrir útnefningu meðráðamanna og oddvita, þá leyfi ég mér hér með að boða til funda á eftirfylgjandi stöðum og dögum:

Í GEYSIR SKÓLAHÚSI

Laugardag 26. Nóv. 1910

kl. 2 eftir hádegi.

Í bændaflags samkomuhúsinu í Riverton,

VIÐ ÍSLENDINGAFLJÓT,

Mánudag 28. Nóv. 1910

kl. 2 eftir hádegi.

Ég óska og vona, að kjósendur deildarinnar fjölmenni á fundina.

Með virðingu,
TÓMAS BJÖRNSSON.

Notið tækifærið!

Ég sel með góðu verði mikið af bókum og blöðum á íslenzku, dönsku, norsku og ensku.

Sigmundur M Long,
790 Notre Dame Ave., Winnipeg.

Dr. G. J. Gíslason,
Physician and Surgeon
18 South 3rd Str, Grand Forks, N.Dak

Athygli veitt AUGNA, EYRNA og KVERKA SJÚKDÓMUM ASAMT INNVORTIS SJÚKDÓMUM og UPPSKURÐI —

ÚT Á LAND.

Fjölskylda, sem kynni að vilja flytja út á land, getur fengið fritt húsnæði, eldivið og mjólk á íslenzku bóndabýli skamt frá Gindlbæ, niður við vatnsbakka. Maðurinn getur haft þar atvinnu við skógarhögg allan veturinn, með kaupi. Tilboð þetta er hið ákjósanlegasta. Þeir, sem vildu sinna boðinu, ættu að finna herra Árna Eggertsson fasteignasala, sem gefur fullar upplýsingar.

Dr. M. Hjaltason
OAK POINT, MAN

BÚÐIN Á SARGENT.

Kennið únglingunum að nota vel tíman. Það gerist best með því að þau beri á sér vasa úr. Eg sel vönduð Kvenn-úr frá $2.50 og upp. Eg sel $10.00 Konu-úr fyrir $6.00 þau eru í gullþynnu kössum, með ágætu gangverki ábyrgð fygir hverju úri.

Drengja úr sel eg fyrir $1.25 og þar yfir.

G. THOMAS Gull og Silfur Smiður
674 Sargent Ave. Phone Sherb. 2542

Þegar þér þurfið að kaupa
Gott smjör
Ný egg
og annað matarkyns til heimilisins, þá farið til
YULES PRODUCE STORE
941 Notre Dame St.
Prices always reasonable

Anderson & Garland,
LÖGFRÆÐINGAR
35 Merchants Bank Building
PHONE: MAIN 1561.

ÞERNARA
vantar fyrir The Narrows S. D. No. 1450, frá 2. jan. til 30. júní 1911. — Umsóknir, er tiltaki kaup-hæð og mentastig, verða að vera komnar til undirskrifaðs ekki síðar en 1. desember næstk.
The Narrows P.O. Man.
19. okt. 1910.
J. R. JOHNSON, Sec'y-Treas.

Giftingaleyfisbréf
SELUR
Kr. Ásg. Benediktsson
486 Simcoe st. Winnipeg.

KOL OG VIÐ
Alskonar Kol og Við selur J. W. THORGEIRSON að 590 Cathedral Ave.
Phone 7691
SILKSTONE KOL selur hann á $5.00 tonnið, þau gefa jafnan hita eins og kord af bezta eldivið, eru hrein og jafn ágæt til matreiðslu sem húshitunar.
SENITH COKE selur hann á $9.00 Tonnið. Lægsta verð á öllum eldivið. Símið eftir upplýsingum.

S. K. HALL
TEACHER OF PIANO and HARMONY
STUDIO: 701 Victor St.
and
Imperial Academy of Music And Arts.
Dr. Ralph Homer, Director.
290 Vaughan St.

TIL SÖLU:
160 ekrur af bezta landi, stutt frá járnbrautarstöð. — Fyrsti maður með $7.00 fær hér góð kaup. — Finnið
Skúli Hansson & Co.
47 Aikens' Bldg.
Talsími, Main 6476 P. O. Box 833

GEO. ST. JOHN VAN HALLEN
Málafærzlumaður
Gerir öll lögfræðis störf
Útvegar peningalán
Bæjar og landeignir keyptar og seldar, með vildarkjörum.
Skiftiskjöl $3.00
Kaupsamningar $3.00
Sanngjörn ómakslaun
Reynið mig
Skrifstofa 1000 Main St.
Talsími Main 5142
Heimils talsími Main 2357
WINNIPEG

MARTYN F. SMITH,
TANNLÆKNIR.
Fairbairn Blk. Cor Main & Selkirk
Sérfræðingur í Gullfyllingu og öllum aðgerðum og tilbúnaði Tanna. Tennur dregnar án sársauka. Engin veiki á eftir eða gómbólga. —
Stofan opin kl. 7 til 9 á kveldin
Office Phone 6944. Heimilis Phone 6682

Þarft þú ekki að fá þér ný föt?
EF ÞAU KOMA FRA CLEMENT'S, — ÞÁ VERÐA ÞAU RÉTT
Réttur að efni, réttur í sniði réttur í áferð og réttur í verði.
Vér höfum miklar byrgðir af fegurstu og beztu fataefnum. —
Geo. Clements & Son
Stofnað árið 1874
264 Portage Ave. Rétt hjá Free Press

Th. JOHNSON
JEWELER
286 Main St. Talsími: 6606

Sveinbjörn Árnason
Fasteignasali.
Selur hús og lóðir, eldsábyrgðir, og lánar peninga. Skrifstofa: 310 McIntyre Blk.
office TALSÍMI 4700. hús TALSÍMI 2108

G. NARDONE
Verzlar með matvöru, aldini, smá-kökur, allskonar sætindi, mjólk og rjóma, sönnl. tóbak og vindla. Óskar viðskifta Íslend. Heitt kaffi eða te á öllum tímum. Fón 7756
714 MARYLAND ST.

Hver sneið er góð.
Hafið þér nokkurn tíma eynt að borða þungt og límoent brauð? Slíkt brauð var illa bakað. Það var ekki Boyds brauð. Sérhver sneið af Boyds brauði er gerð í bezta bakarii, úr bezta mjöli og yður mun geðjast að því, biðjið ætíð um það.
Boyd's
Bakery Cor. Spence & Portage Ave
Phone Sherb. 680

BILDFELL & PAULSON
Union Bank 5th Floor, No. 520
selja hús og lóðir og annast þar að lútandi störf; útvegar peningalán o. fl.
Tel.: 2685

Miss Jóhanna Olson.
Piano kennari, byrjar aftur að veita nemendum tilsögn að heimili sínu 557 Toronto St.

BONNAR, TRUEMAN & THORNBURN,
LÖGFRÆÐINGAR.
Suite 5-7 Nanton Blk. Tals. 766
Winnipeg, Man. P.O.BOX 223

DR. H. R. ROSS
C.P.R. meðala- og skurðlækuir.
Sjúkdómum kvenna og barna veitt sérstök umönnun.
WYNYARD, — SASK.

The Evans Gold Cure
229 Balmoral St. Sími Main 797
Varanleg lækning við drykkjuskap á 28 dögum án nokkurrar tafar frá vinnu eftir fyrstu vikuna. Algerlega privat. 16 ár í Winnipeg. Upplýsingar í lokuðum umslögum.
Dr. D. R. WILLIAMS, Exam. Phys
J. L. WILLIAMS, Manager

W. R. FOWLER A. PIERCY.

Royal Optical Co.
307 Portage Ave. Talsími 7286.
Allar nútíðar aðferðir eru notaðar við augn-skoðun hjá þeim, þar með hin nýja aðferð, Skugga-skoðun, sem gjöreyðir öllum ágiskunum. —

Heimskringla.

XXV. ÁR | WINNIPEG, MANITOBA, FIMTUDAGINN, 24. NÓVEMBER 1910 | NR. 8.

Leaded Lights.

Vér getum bóið til alskonar skrautglugga í hús yðar ódýrara og fljótara en nokkur önnur verksmiðja í borginni Vér sýnum yðar myndir og kostnaðar áætlanir.

Western Art Glass Works.
553 SARGENT AVE.

Fregnsafn.

Markverðustu viðburðir hvaðanæfa

— Tólf smjörgerðarhús í Nova Scotia fylki hafa um sl. 3 ár unnið að því í sameiningu, að finna aðferð til þess, að búa til smjör úr misu. Þetta hefir þeim nú tekist, þannig, að á sl. sumri hafa þau framleitt 61 þúsund pund af misu-smjöri og fengið fyrir það nær 13 þús. dollara.

— Thomas Jennings nokkur var dæmdur í Chicago borg þann 11. þ.m. fyrir morð. Fingraför hans var sterkasta sönnun gegn honum. Þetta er í fyrsta sinni í Ameríku, að maður hefir verið fundinn sekur um morð og dæmdur til hengingar af fingrafara-sönnunum einum. Enn hefir maðurinn þó ekki meðgengið glæp þann, sem hann er sakaður um.

— Til Montreal komu í síðustu viku 4 Jesúítar frá Portúgal, þeir fyrstu, sem komið hafa síðan stjórnarbyltingin varð þar. Þeir segja félag sitt hafa tekið svo mikinn þátt í opinberum málum, að nýja stjórnin, þegar hún komst til valda, hafi rekið alla Jesúíta úr landi, nema einn einasta mann, sem lá dýrir dauðanum og hefði því ekki getað komist burtu. Annars segir hann að katólskir menn þar í landi séu sannfærðir um, að lýðstjórnin nýja verði varanleg þar í landi, og þess vegna hafi þeir allir snúist með henni og styðji hana að málum að öllu leyti, þó þeir áður berðust móti því, að hún kæmist á.

— Count Leó Tolstoi er fundinn. Hann fanst í múnkaklaustri einu, um 80 milur vegar frá heimili sínu, komst ekki lengra sökum veikinda. Hann lá þar nokkra daga og dó sunnudaginn var þann 20. þ. m., í fullri ósátt við konu sína og börn, — að fregnir segja.

— Ottawa þingið var sett þann 16. þ. m. Samdægurs fór Hon. W. S. Fielding, fjármálaráðherra Canada, suður í ríki, til að leita sér hvíldar og lækninga. Hann býst við, til að byrja með, að verða sex vikna eða tveggja mánaða tíma burtu. Ráðgjafinn hefir verið veikur um nokkurn undanfarinn tíma. Sjúkdómurinn er sagður að vera mestur í andliti mannsins, svo hann eigi bágt með að tala.

— Strathcona lávarður hefir á nýj gefið 200 þúsund dollara til eflingar heræfingum ungra pilta á barnaskólum í Canada. Áður hafði hann gefið 300 þús. dollara í sama augnamiði.

— Nýtt pappírsgerðarverkstæði er verið að byggja í Sault Ste. Marie hæ í Ontario. Það á að kosta eina milión dollara. Bær þessi er aðallega verksmiðjubær. Þar eru stærstu járnverkstæð í Mið- eða Vestur-Canada. Eitt járnverkstæði þar hefir á sl. mánuði framleitt daglega að jafnaði 652 ton af "Bessemer" járni. Mest framleiðsla á einum degi hefir orðið 680 tons.

— Samningar hafa tekist með Spán og Morocco. Eftir uppreistina, sem Morocco-menn gerðu móti veldi Spánar og sem Spánverjar bældu niður, gerðu sigurvegararnir kröfu til herkostnaðar og landfláka nokkurs, sem tilheyrði Morocco. Spán hefir fengið alt það, er krafist var, og með því er endi bundinn á deilumál milli ríkjanna, að svo stöddu.

— Slagur mikill varð í katólskri kirkju einni í Montreal á sunnudaginn 13. þ.m. Ræðumaður þar hafði talað ógætlega um mann einn, er var þar viðstaddur. Sá andmælti þegar ásökuninni og skoraði á ræðumann að sanna sögu sína. En prestur var því óvanir, að vera beðnir að sanna það, sem þeir segja, og þessi gat ekki gert það. En sjaknaðir og aðrir safnaðarlimir réðust á hann ákærða strax þar inni með illindum. Sló þá yegar í bardaga með þeim, sem presti voru fylgjandi og hinum, sem tóku málstað þess ákærða. Lögreglan var sótt til að skakka leikinn, en neitaði að hafast að. Var þá barist um stund þar til margir voru orðnir bláir og blóðugir áður en þeir yfirgáfu guðshúsið.

— Lagafrumvarp hefir verið sam bykt í Alberta þinginu, sem gerir það ólöglegt, að setja landveðsetningar skilyrði í samninga milli akuryrkjuverkfæra-sala og bænda. — Tilgangurinn er, að frelsa bændur frá því, að verða að veðsetja búlönd sín fyrir akuryrkju verkfærum sem þeir kaupa.

— Mælt er, að Ottawa stjórnin ætli að setja í næsta árs útgjaldaáætlun sína nauðsynlega fjárupphæð til þess að byggja 150 milur af Hudsons flóa brautinni, sem nú þegar er mæld norður að flóanum.

— Ralph Johnstone, flugmaðurinn, sem fyrir nokkrum dögum flaug hærra í loft upp en nokkur annar maður hefir komist, datt með flugvél sinni 500 fet til jarðar og beið bráðan bana af. Þetta skeði þann 17. þ.m. í Denver, Colo. Hann var þar, að sýna list sína, og horfðu mörg þúsund manns á hann er hann var að leggja af stað upp í loftið. Hann var kominn hátt upp, en þá hilaði annar vængur vélarinnar alt í einu, svo hún sporðreistist og fell með ógnarhraða til jarðar ásamt flugmanninum.

— Cunard gufuskipafélagið hefir auglýst eftir tilboðum um að byggja farþega og vöruflutninga skip, sem sé stærra en nokkuð annað, sem nú er til. Það á að vera 895 feta langt, 95 feta breitt og geta farið 23 milur á klukkustund. Það á að geta borið 50 þúsund tons af vörum og flutt 3800 farþega, 660 á fyrsta, 740 á öðru og 2400 á þriðja farrými. — Skipið á að kosta 10 miliónir dollara.

— Íbúatala Canada er nú 8 miliónir.

— Gróði Montreal bankans á sl. fjárhagsári var $1,797,992.00, eða tæpri milión dollars meira en þurfti til þess, að borga ákveðna vexti af hlutabréfum bankans. — Þessa árs gróði er þó nokkru minni en gróðinn næsta ár áður.

— Látinn er danski málarinn frægi, prófessor Julius J. Exner. Hann var fæddur í Kaupmannahöfn árið 1825.

— Kona ein í Toronto, Mrs. Cox að nafni, var í síðustu viku handtekin og kærð fyrir flæking á götunum, drykkjuskap og fleiri lagabrot. Hún hafði áður oft verið sektuð fyrir ýmsa óknytti. Son á hún, sem nú er 10 ára gamall og gott mannsefni. Hann hefir algerlega unnið fyrir sér með blaðasölu síðan hann var 4. ára gamall, og oft verið svo efnum búinn, að hann hefir borgað sektir móður sinnar. Í þetta sinn kom hann fyrir réttinn og sagði æfisögu sína og fékk því ákærkað, að móðir hans var látin laus, án þess að sæta sektum eins og vant var. Og svo fanst dómaranum mikið til um dugnað þessa pilts, að hann fékk hann settan á barnaheimili, þar sem vel fer um hann og hann verður látinn njóta mentunar, en far þó að halda áfram blaðasölunni sér til arðs og ánægju.

— Nýlega eru fundnar leyfar vísindamanna þeirra og félaga þeirra, sem Austurríkis stjórn sendi fyrir 14 árum síðan í rannsóknarferð til Salomón eyjanna, en sem allir fórust án þess nokkuð fréttist um afdrif þeirra. Nú hefir Dr. Deck fundið leyfar þessara manna á Tatuve eyjunni, og hefir fengið þær upplýsingar hjá gömlum íbúum þar, að þeir hafi slátrað öllum vísindamannahópinum og étið þá.

Fundarboð.

Með því að á næstkomandi sumri eru liðin 100 ár frá fæðingu Jóns Sigurðssonar alþingisforseta, og með því að því hefir verið hreyft meðal landa vorra á Íslandi, að minnast þessa atburðar, með því að reisa honum viðeigandi minnisvarða, finst oss undirrituðum, að það mál ætti að taka til vor Íslendinga hér í álfu. Viljum vér því, undirritaðir Íslendingar hér í Winnipeg borg, biðja alla íslenska menn og konur hér í borg, er enn láta sig nokkru varða velferðarmál þjóðar vorrar, að mæta á almennum fundi í Templarasalnum að kveldi

Mánudagsins 28. nóvember 1910

og ákveða, hver þátt-taka vor hér vestra skuli vera í þessu máli, er áreyft hefir verið meðal bræðra vorra heima.

Dagsett að Winnipeg, Man., 19. nóv. 1910.

Jón Bjarnason,	Clafur S. Thorgeirsson,
R. Marteinsson,	B. L. Baldwinson,
Árni Eggertsson,	S. Björnsson,
Eggert Jóhannsson,	Thos. H. Johnson,
Lindal Hallgrímsson,	B. J. Brandson,
Bergsveinn Long,	Ó. Stephensen,
Friðjón Friðriksson,	Ó. Björnsson,
J. B. Skaptason.	F. J. Bergmann,
Kristinn Stefánsson,	Guðm. Árnason.
Stefán Thorsen,	Baldur Sveinsson,
S. B. Brynjólfsson,	Hjálmar A. Bergmann.

Undirritaðir eru beðnir að koma saman til undirbúnings í herbergjum þeirra Drs. Brandson & Björnson í Lögbergs byggingunni, horni William Ave. og Sherbrooke St., næsta laugardagskveld kl. 8.

— Eitt af því, sem rætt var í nýafstöðnum kosningum í Drummond-Arthabaska kjördæminu í Quebec og sem feldi Laurier stjórnar fylgismann þar, — var samanburður á stefnu Conservativa árið 1896 og Liberala árið 1910. — Almenn út gjöld voru á fyrneindu ári 36 miliónir, tolltekja 19 miliónir og öll ríkisútgjöldin þá samtals 44 miliónir. Nú eru almenn útgjöld ríkisins 79 miliónir, tolltekjan 60 miliónir og öll ríkisútgjöldin 115 miliónir. Árið 1896 var ríkisskuldin 258½ milión, en nú orðin rúmlega 336 miliónir, — í báðum tilfellum að fráskildum ríkiseignum. Alt hefir þrefaldast, nema tollbyrðin, — hún hefir gert betur undir "frjálsverzlunar" fyrirkomulagi Lauriers.

— Það er síður landsstjórans í Canada að halda í efri málstofu þingsins, meðan þing stendur yfir, kvnnisfund, sem á hérlendu máli er ýmist nefnt "Drawing Room" eða "Reception". Þessir fundir eru til þess ætlaðir, að koma í kynni við landsstjórann og frú hans helztu borgurum landsins, sem þá kunna að vera þar í borginni. En alt þetta er gert eftir fastákveðnum reglum, og ein af þeim er sú, að borgarstjórinn í Ottawa skuli hafa forgangsrétt til þess að ganga eða vera leiddur fram fyrir landsstjórann og gerður kunnur honum, á undan konsúlum hinna ýmsu stórvelda og ríkja, sem hafa aðsetur hér í landi sem erindsrekar stjórna sinna. — Ein slík "Reception" var haldin í Ottawa á laugardaginn var. Kom þá fram tilkynning um, að utanríkja konsúlarnir hefðu komið sér saman um, að sækja hvorki þennan né nokkra aðra kvnnisfundi landsstjórans, nema þeim væri sýndur sá heiður, að hafa forgangsrétt fyrir borgarstjóranum í Ottawa borg. Núverandi aðferð álíta þeir móðgun gagnvart ríkjum þeim, sem þeir eru erindsrekar frá.

— Óeirðar urðu í Puebla í Mexico á föstudaginn var. Andstæðingar stjórnarinnar voru að halda fund í stórum fundarsal í borginni. Lögregluliðið kom þá inn í salinu í þeim tilgangi, að eyðileggja fundinn, en fundarmenn veittu þeim svo ötulega viðnám, að hundrað manns biðu bana áður en friði varð á komið. Kona ein varð til þess, að skjóta foringja lögreglumanna til bana, og það kom aðalberdagaunum af stað. Sprengikúla var þá og um sömu mundir kastað í miðjan hóp lögreglunnar, og varð það margra manna bani. — Slagurinn varaði frá miðnætti fram á næsta morgun. Mælt er að almenn uppreist muni nú orðið á umflýjanleg þar í landi.

— Herforingi Shiraz í Japan hefir staðið fyrir því, að Japar gerleit að suðurpólnum. Stjórnin keypti skip handa honum, sem kostaði 17½ þúsund dollara, og á því fór hann í leitina, en fann ekki pólinn. Út af þessu eru blöð Japana afarreið, segja að hann hafi keypt skipið alt of dýrt og varið verðmætum tíma og miklum auðæfum í einskis nýtan leiðangur. Þau ráða manni þessum eindregið til þess að hengja sjálfan sig tafarlaust.

— Sir Wilfrid Laurier er nú kominn á sjötugasta árið. — Innan 12 mánaða verður hann kominn á áttræðisaldur, og ætti að fá lausn frá stjórnarstörfum.

Ferðasaga rœntu valdsmannanna.

Þeir Guðmundur Björnsson, sýslumaður Barðstrendinga, og Snæbj. hreppstjóri Kristjánsson í Hergilsey, sem enski botnvörpungurinn rænti 7. þ.m. (okt.), komu aftur frá Englandi í fyrradag með ísl botnvörpuskipinu "Snorri Sturluson".

Það var missögn í síðasta blaði, að þeir hefðu farið á báti frá Varanger yfir í botnvörpunginn. Sýslumaður lét leggja Varanger að honum.

Um atlögu þeirra og vörn botnvörpungsins segist þeim svo frá:

Undir eins og Varánger kom að hlið botnvörpungsins, stökk sýslumaður upp á þilfarið og bauðSnæbirni að koma með sér. En í sama bili kom skipstjóri botnvörpungsins með heljarmikla öxi reidda og bjóst að leggja henni í höfuð sýslumanni, en þegar Snæbjörn sá það, brá hann skjótt við og stökk upp á þilfarið og skipaði um leið skipverjum á Varanger, að lja sér eitt hvað í höndina. Skipstjórinn á Varanger þreif þá afarmikinn járnkarl og barði honum með svo miklu afli í öldustokk botnvörpungsins, að járnkarlinn hrökk sundur í miðju. Greip þá Snæbjörn þann hlutann, er hann náði í, og vatt sér að enska skipstjóranum, og mun honum þá ekki hafa þótt Snæbjörn fýsilegur viðureignar, eða að minsta kosti lét hann öxina síga. Alt þetta gerðist á skemri tíma, heldur en þarf til að lýsa því.

Um fyrirskipanir sýslumanns og óhlýðni og þrjózku skipstjóra nægir að vísa til þess, sem frá hefir verið skýrt áður.

Á leiðinni til Englands leið þeim allvel, að öðru leyti en því, að hvílarúm þeirra voru afar-slæm Urðu þeir að liggja á trébekkjum, að minsta kosti fyrst í stað.

Skipstjórinn hafði sig litt frammi á leiðinni, og var sem hann forðaðist, að láta þá sýslumann sjá sig. Hann mataðist í eldhúsinu og hafðist þar við oftast, en gægðist þó stundum niður til þeirra þegar þeir voru lagstir í hvílu.

Skipverjar gerðu margar tilraunir til þess, að ná járnkarlinum af Snæbirni, en árangurslausar urðu þær allar, hverjum brögðum sem þeir beittu. Hann hélt járnkarlinum alla leið til Englands.

Ferðin til Englands gekk vel, og var alt af haldið áfram með fullum hraða.

Til Hull komu þeir 12. þ.m (október) nál. kl. 8 um kveldið. Stóð þá svo á, að þeir gátu ekki lagst við hafskipaklöppina, og fór skipstjóri því í land á báti, en neitaði að taka þá sýslumann með sér.

Múgur og margmenni beið í landi, því að fregnin um brottnám valdsmannanna var kunn orðin af símskeyti því, sem héðan hafði verið sent, og hafði fólk því safnast saman, þegar það frétti, að botnvörpungurinn væri að koma.

Skipstjórinn notaði nú tímann til þess, að raupa af hreystiverki sínu og ljúga ýmsum sögum hæði í blaðamenn og aðra, og kentu blöð þau, er út komu um kveldið, gaman að "happadrætti" þeim, er botnvörpungur þessi hefði fengið við strendur Íslands.

En á tíunda tímanum kom danski konsúllinn í Hull um borð í botnvörpunginn til þess að sækja þá sýslumann og hreppstjóra, og fór hann með þá að landi annarstaðar, til þess að þeir skyldu ekki lenda í mestu mannþyrpingunni.

Þeir losnuðu samt ekki alveg við hana, því að óðara en þeir stigu á land, þyrptust fréttasnatar blaðanna að úr öllum áttum og létu þá engan frið hafa. Og áleitni þessari héldu blaðamenn áfram, hvenær sem færi gafst á, þá tvo daga, sem þeir sýslumaður stóðu við í Hull.

Blöðin í Hull fluttu samtal við sýslumanninn og myndir af þeim félögum, og tvö blöð í Lundúnum sendu menn til Hull, til þess að leita frétta hjá þeim og taka af þeim myndir. Og tónninn í blöðunum varð allur annar, eftir að þau höfðu haft tal af sýslumanni og vissu hið rétta.

Danski konsúllinn kom þeim fyrir í gistihöll einni og bauð þeim á skemtun með sér þegar fyrsta kveldið.

Skipstjórinn var mög hróðugur fyrst í stað, sagðist hafa tekið þá með sér til Englands til þess að "ná rétti sínum" o. s. frv., en eftir að hann hafði haft tal af útgerðarmönnum skipsins, fór töluvert að dofna yfir honum. Útgerðarmennirnir söguðu honum þegar upp skipstjórastöðunni og sömuleiðis stérimanninum. Og ekki fær botnvörpungur þessi að fara til Íslands aftur meðan málið stendur yfir. Verður hann látinn veiða í Hvítahafinu á meðan.

Ísafold gat þess síðast, að á tvennu léki um það, hvort sýslumaður hefði verið í einkennisbúningi eða ekki, og væri því vanséð, hvort hendur yrðu hafðar í hári sökudólgsins.

Sýslumaður kvaðst hafa verið í öllum einkennisbúningi, svo enga afsökun hefði skipstjóri þar. Og viðvíkjandi landhelgistakmörkunum, gat sýslumaður þess, að tveir eða fleiri siglingafræðingar hefðu þegar mælt afstöðuna, og komist að þeirri niðurstöðu, að botnvörpungurinn hefði verið langt fyrir innan landhelgislínuna. Alt væri því eins og það ætti að vera frá Íslendinga hálfu.

Enginn veit ennþá, hverja hegningu skipstjóri og útgerðarmenn verða dæmdir í. En sjálfsagt fá þeir háa sekt, og væntanlega fær skipstjóri áll-þunga hegningu fyrir brjóskuna, ránið og tilræðið við sýslumann, hvort sem það hefir verið alvara eða ógnun ein.

Danski konsúllinn í Hull sér um rekstur málsins. Þeir sýslumaður láta mikið yfir því, hve hann sé liðug maður og elskuverður í allastaði, og lét hann sér mjög annt um, að þeim liði vel, meðan þeir stóðu við á Englandi.

Hinn 14. okt. hittu þeir skipstjórann á "Snorra Sturlusyni", er þá var á Englandi að selja afla sinn, og bauð hann þeim far með sér til Íslands, og sama kveldið kom símskeyti sama efnis frá útgerðarmönnum "Snorra" hér, Miljónafélaginu.

Ferðin heim gekk ágætlega og skilaði "Snorri" þeim hér í land í 20. okt. heilum á húu.

Yfir höfuð láta þeir sýslumaður og hreppstjóri hið bezta yfir för þessari, segja hana hafa verið reglulega ókeypis skemtiferð. Til dæmis sagðist Snæbjörn hafa verið með eina 25 aura í vasa sínum, þegar hann fór, og þeir væru þar enn þá, og kvaðst hann mundi geyma þá til minja um för þessa. En járnkarlinum gleymdu þeir í Englandi.

— "Reykjavík", 22. okt. 1910.

OGILVIE'S
Royal Household Flour

Til Brauð og Köku Gerðar

Gefur Ævinlega Fullnœging

EINA MYLLAN Í WINNIPEG — LÁTIÐ HEIMAIÐNAÐ SITJA FYRIR VIÐSKIFTUM YÐAR.

WALL PLASTER

"Empire" VEGGJA PLASTUR kostar ef til vill ögn meira en hinar verri tegundir, — en berið saman afleiðingarnar.

Vér búum til:

"Empire" Wood Fibre Plaster
"Empire" Cement Wall "
"Empire" Finish "
"Gold Dust" Finish "
"Gilt Edge" Plaster of Paris
og allar Gypsum vöruteg. undir. —

Eiqum vér að senda yður bækling vorn?

BÚIÐ TIL EINUNGIS HJÁ
MANITOBA GYPSUM CO. LTD
SKRIFSTOFUR OG MILLUR Í
Winnipeg, - Man.

Heimskringla
Published every Thursday by The Heimskringla News & Publishing Co. Ltd

Verð blaðsins í Canada og Bandar $2.00 um árið (fyrir fram borgað).
Sent til Íslands $2.00 (fyrir fram borgað af kaupendum blaðsins hér $1.50.)

B. L. BALDWINSON
Editor & Manager

Office:
729 Sherbrooke Street, Winnipeg
P.O. BOX 3083. Talsími 3512.

Gerið yður stóra

Ef það er nokkuð öðru fremur, sem þörf er að brýna fyrir þeim Íslendingum, sem flutt hafa til þessa lands, og afkomendum þeirra hér, þá er það þjóðrækni. Margt hefir oss skort á því 35 ára tímabili, sem vér höfum dvalið hér vestra, en engan hlut þó eins mikið eins og sanna borgaralega rækt við landið, sem vér búum í, og sem svo dásamlega hefir launað hverja þá einlæga viðleitni, sem vér höfum sýnt til þess að bæta eigin líðskjör vor, og að gera oss að nýtari drengjum og betri en vér áður vorum. Og miklu erum vér nú nær því, að geta heitið sannir borgarar í landi þessu en áður var. Samt verður því ekki neitað, að fyrir mörgum Íslendingi, einkananlega þeim eldri og fullorðnari, er hugurinn að eins hálfur hér. Hinn helfingurinn er heima á ættjörðinni gömlu.

Langt sé það frá oss, að hallmæla nokkrum fyrir það, þó hann elski ættland sitt hið gamla og lifi þar upp aftur í endurminningum liðinna ára. En hins vegar er þess að gæta, að á meðan hugurinn er þannig tvískiftur, þá er hann óheill báðum löndunum og þjóðunum, sem í þeim búa. Elskan til Íslands er svo óheil, að vér höfum ekki viljað og viljum ekki búa þar, og með því unna landinu þess hagnaðar, sem það gæti haft, ef vér lægðum fram alla krafta vora og efni til þess að vinna því eingöngu það gagn, sem vér lengjum orkað. Ástin til gamla ættlandsins er ekki svo rík eða einlæg hjá oss, að vér viljum taka oss nokkuð í mein fyrir hana, — svo að orð sé á gerandi. En hins vegar er hún nógu sterk til þess — hjá sumum af oss — að vér erum að eins hálfir hérna megin hafsins, og njótum fyrir það ekki orku vorrar eins og vera ætti og fullveðja borgurum þessa lands ber full skylda til að gera.

Þessi heilleika skortur virðist oss aðallega koma fram í ræktarleysi við landið, sem nú elur oss, og gerir það miklu betur en vér áður áttum að venjast. Sumir af oss eru ennþá ekki farnir að láta sér skiljast, að þetta sé í raun og sannleika vort land, þessi þjóð vor þjóð, og þetta stóra brezka veldi vort keisararíki. Vér höfum að þessum tíma dvalið hér að miklu leyti eins og ókunnir útlendingar, berandi lítið skyn á helztu áhugamál og framtíðar hugsjónir þessa mikla veldis, sem vér erum eindir af, og skiljandi ekki ábyrgð vora eða þar skyldur, sem á oss hvíla, sem fullveðja borgurum veldisins.

Vér elskum ekki þetta land eins einlæglega og vér ættum að gera. Vér höfum enn ekki endurfæðst inn í hið mikla brezka þjóðerni, skiljum ekki eðli þess til hlýtar og berum því ekki nema að lítlu leyti sambygð með því. Ef að börn vor ná þessu eins og aðrir brezkir innfæddir borgarar, þá er það eða verður í trássi við alt, sem vér fáum að gert, og án nokkurs tillits til áhrifa vorra á þau.

Í raun réttri eru áhrif vor á börn vor ekki nándar nærri eins góð og ákjósanlegt væri, né breytni vor gagnvart þeim. Að segja, að vér meinum þeim, að mentast á hérlendu skólunum, væri að vísu rangt. En hins vegar eru þau alt of mörg íslenzku foreldrin, sem fyrir einskæra eigingirni og ímyndaða fátækt, eða einhverjar aðrar huldar orsakir, ekki leyfa börnum sínum að njóta allrar þeirrar mentunar, sem þeim væri innan handar að veita þeim. Börnin eru í stórhópum tekin nauðug út úr alþýðuskólunum löngu áður en þau hafa fengið tækifæri til þess að njóta þeirrar upplýsingar, sem þar er veitt. Sum fá ekki að komast lengra en í sjötta bekk, þá er þeim kipt frá náminu, — einmitt þegar mest ríður á, að halda þeim sem fastast við það, — og látin fara að vinna áður en þau eru orðin almennilega sendibréfsfær. — Slíkur undirbúningur undir lífsstarf þeirra, er alls ónógur og gerir þeim ómögulegt á komandi árum, að þola samkepni í bardaganum fyrir daglegu brauði, og í sinu til auðs og metorða, við þau önnur innfædd börn með jöfnum hæfileikum, sem látin eru njóta betra uppeldis af hugulsamari foreldrum.

Þessi mentunarskortur miðar ekki til þess, að skapa hjá börnunum göfugar hugsjónir, eða að gera þau áhugasöm fyrir æðstu velferðarmálum ríkisins. Þau geta í mesta lagi orðið, þegar árin færaст yfir þau, löghlýðnir og leiðitamir flokksfylgjendur, en þau verða aldrei, nema með sáraláum undantekningum, þar sem yfirburða hæfileikar eru til staðar, — hugsanlega eða prinsipslega sjálfstæðar verur.

Þetta þarf að breytast. Börn vor þurfa að fá að njóta meiri mentunar, en almennt hefir viðgengist á liðnum árum. Reynslan hefir sýnt, að þau eru móttækileg fyrir hana, og með vaxandi lífsreynslu og aukinni þekkingu, geta þau fært sér hana vel í nyt. — Foreldrarnir þurfa og að innræta þeim sanna og einlæga ást til þessa lands, og glæða hjá þeim áhuga fyrir hverju því máli, sem miðar til nytsemdar og framþróunar, ekki eingöngu því landi, sem þau eru fædd og uppalin í, heldur einnig hverju því máli, sem snertir vöxt og viðgang þessa mikla veldis — brezka veldisins — í heild sinni.

Það þarf að kenna þeim að skilja að þetta land sé þeirra föðurland, og að þeim beri að elska þetta land öllum löndum fremur og að helga því alt það bezta, sem í þeim búi. Og það þarf að innræta hjá þeim þekkinguna á því, að þetta þeirra föðurland sé einn fegursti og frjósamasti og sælurikasti hluti af því stærsta og öflugasta og göfugasta þjóðveldi, sem enn hefir myndast í heiminum, — það þarf að glæða hjá þeim meðvitund um og tilfinningu fyrir því, að Canada sé eitt hið stærsta og bezta land í heimi, og að hvergi hafi Íslendingum liðið betur, hvergi hafi þeir þroskast meir eða trygt sér jafn góða framtíð eins og í þessu mikla og ágæta landi.— Það þarf að benda þeim á, að inn í þetta land flytji fólk úr öllum álfum heimsins, og að hverjum þjóðflokki beri brýn skylda til þess að keppa við hina í því, að framleiða sem mikilhæfasta og nýtasta borgara. Að Íslendingar og afkomendur þeirra megi ekki dragast aftur úr í þeirri samkepni, heldur verði hvert íslenzkt barn að beita allri sinni orku til þess að skara sem lengst fram úr keppinautum sínum í öllum þeim heiðarlegum störfum, sem þau takast á hendur. Að þá fyrst gegni borgararnir sínum sæmilegu skyldum, þegar hver keppist við annan í því, að efla sitt land og sitt þjóðfélag, svo mikið, sem orkan frekast leyfir.

Það er ekki nóg, að þetta sé kent á skólunum — á skólunum, sem börnin ekki fá að ganga á, nema að litlu leyti, — það þarf að innræta þeim þessar skoðanir í heimahúsum. Því að öllu öðru jöfnu, þá er heimilislífið áhrifamesta kenslustofnunin, sem börnin kynnast. Og svo er heimilislífið áhrifamikið á siðferði, framferði og hugsunarhátt barnanna, að þau bera þess óafmáanleg merki alla sína æfi. Þau áhrif loða við þau eins og eigin eðli þeirra, og þau fá hvorugt umflúið.

En fyrst af öllu verður foreldrunum að verða þetta skiljanlegt, því ekki má vænta þess, að þau kenni börnum sínum annað, en það, sem þau kunna sjálf. En eins og að framan var getið, er heil legión af íslenzkum foreldrum, sem ekki hafa heilbrigðan skilning á þessum hlutum, hafa ef til vill aldrei nent að hugsa um þá, eða hafa ekkert lag á því, að upplýsa börn sín um það, sem þau kunna. En þess meiri þörf er þá á því fyrir hvern þann, sem orðinn er hér svo innlendur og samrýndur þessu landi og þessari þjóð, að innræta börnunum sanna þjóðrækni.

Það hefir verið sagt, að ungum, uppvaxandi piltum og stúlkum vorum bæri að mæla sjálfa sig við uppdráttinn af Canada, og að gera sér grein fyrir því, hvort þau, sem borgarar og menn og konur, væru hlutfallslega jafn stór eins og landið, sem þau búa í. Og það hefir verið bent á það, að þetta land þarfnist stórra manna og kvenna, er samsvari stærð canadisku fjallanna, stóránna, stórvatnanna og stórsléttanna í þessu landi. En hér er talað í líkingum. Hið unga, uppvaxandi fólk í þessu landi á að skilja það eins og einhver segði við það, hvern einstakan: Lægðu fram alla krafta þína til þess, að þú, sem borgari, fáir samsvarað stærð og gæðum þessa lands og þess volduga ríkis, sem það er hluti af. Lægðu alla stund á, að auka göfgi þitt og manngildi til þess að þú getir réttlátlega tekið sæti á bekk með stórmennum landsins. Beittu starfsemi þinni allri til nytsemdar, ekki að eins sjálfum þér, heldur miklu fremur landi þínu og þjóðfélagi í þessu landi og þessari þjóð, sem þu ert eind af. Mundu, að það eru hugsanir þínar og verk þín, sem gera þig stóran eða smáan, hagaðu hvorttveggja svo, að það geri þig stóran, svo að áhrifin af þeim nái ekki að eins til þín og samtíðar þinnar, heldur einnig til komandi kynslóða. Láttu þér skiljast, að fyrir þær beri þér að lifa, alt eins og fyrir þig sjálfan og samtíðarmenn þína.

Gleymdu því ekki, ungi, uppvaxandi maður, að hvert einasta gott starf og göfugt, sem þú vinnur, hefir varanlega þýðingu engu síður fyrir þær óbornu miliónir manna, sem á komandi árum byggja land þetta hið mikla og ágæta en fyrir þig og samtíð þína. Hver sú umbót, sem þér auðnast að gera á högum þínum og samtíðarmanna þinna, er grundvöllur undir aukna hagsæld komandi kynslóða. Þær læðast undir betri skilyrðum og hagfeldari lífskjörum, í rétt um hlutföllum við þann undirbúning, sem þú veitir þeim með starfi þínu í þessu föðurlandi þínu. Bind þú aldrei hugsanir þínar og athafnir við eigin hagsmuni eingöngu. Það ber vott um litilmensku og er ósamboðið þeim, sem eru afsprengi göfugs þjóðernis.

Beittu gáfum þínum og starfsþrótti til þess að vinna þér ekki að eins áþúðaróðal nútímans, heldur miklu fremur til þess, að tryggja þér sess í sögu landsins, svo að þú, jafnvel eftir dauðann, fáir skinið sem björt leiðarstjarna á vegum hinna mörgu framleitandi manna, sem land þetta munu byggja á komandi öldum.

Þetta á að vera takmark hvers göfugs anda, og hver einasti maður, sem af einlægni ásetur sér að ná því takmarki, verður fyrir það að nýtari manni og göfugri, og þeim mun gagnlegri þjóð sinni og föðurlandi, sem hann kemst nær því.

Þetta er skilyrðið til þess, að vera góður borgari, og þess betri borgari, sem þú getur orðið þessu þínu föðurlandi, þess meiri sóma gerir þú landi forfeðra þinna.

Quebec kosningin.

Enginn viðburður hefir orðið í canadisku þjóðlífi, sem eins gersamlega hefir vakið meðvitund alþýðunnar í öllum pörtum Canadaveldis um pólitiska ástandið, eins og það er nú og hefir verið til margra ára, — eins og þessi aukakosning, sem nýlega fór fram í Drummond Arthabaska kjördæminu í Quebec fylki, því menn sjá, að afleiðingarnar af henni hljóta að verða miklar á næstu almennar ríkiskosningar í Canada. Vera má að ekki hefði svo mjög borið á þessari vakningu úti á meðal almennings, svona fyrst um sinn, ef sjálfir ráðgjafar Laurier stjórnarinnar hefðu getað dulið skelk þann hinn mikla, er hún sló þeim í bringu. Og í nokkra daga eftir þessa kosningu reyndu þeir að dylja óttann, og láta sem minst bera á, að þeir könnuðust við þar ósarir, sem Laurier stjórnin beið við þær kosningar. En svo kom fundurinn mikli, 10 þúsund kjósenda fundurinn í Montreal (sem nokkuð ítarlega var frá skýrt í síðasta blaði), sem þar var haldinn þann 9. þ.m., og þar sem samþykt var einróma yfirlýsing móti stefnu Laurier stjórnarinnar. Conservative blöðin segja, að sú yfirlýsing hafi verið samþykt með öllum — 10 þúsund — atkvæðum, er þar voru. En Liberal blöðin segja, að 4 atkvæði hafi fallið með stjórninni.

Þetta var meira en ráðgjafarnir gátu þolað. Þeim var það ljóst, að jafnvel þó að 4 kjósendur væru með sér, þá gætti þess lítið á móti þeim 9,996 er á móti voru. Einn af ráðgjöfunum var því strax næsta dag sendur til Ottawa til þess að koma því skipulagi á flokk sinn, sem verða mætti. Það var L. P. Brodeur. Hann átti fund með eins mörgum Liberal þingmönnum og Senators þaðan úr fylkinu eins og hann hafði getað náð til að hóa saman áður en hann lagði af stað frá Ottawa. Fundur sá varð all-fjölmennur, en ekki að sama skapi friðsamur eða sammála um, hvað þyrfti að gera. Þar komu fram raddir þingmanna, sem mælt er að hafi kvartað sárlega undan því, að þeir hafi ekki verið látnir njóta hlynninda af stjórninni, sem væri í nokkru samræmi við það starf, sem þeir hefðu um mörg ár int af hendi fyrir flokkinn. Þeir viðurkendu, að hafa ekki sterklega talað máli stjórnarinnar í Drummond-Arthabaska kjördæminu, og gáfu sem ástæðu fyrir því, að stjórnin hefði sent þangað svo marga Liberal ræðumenn, sem hún hefði borgað $50.00 á dag hverjum einstökum til að tala máli sínu, að sér hefði fundist óréttlátt, að ætlast til þess af sér að tala fyrir alls ekkert. — Út af þessum ummælum reiddist ráðgjafinn, og svo varð ósáttin mikil, að sumir þingmenn gengu þegar af fundi. En meirihlutinn varð þó eftir til skrafs og ráðagerða.

Það sem sérstaklega æsti ráðgjafann á fundi þessum, var sú vantrausts yfirlýsing, sem honum fanst beint að sér með þessum kröfum sumra fundarmanna og sérstaklega þeirri kröfu, að Rudolphe Lemieux, sem nú er í Suður-Afríku, skyldi tafarlaust kvaddur þaðan til þess að vinna að skipulagi (Organization) Liberal flokksins í Quebec.

Það bætti og ekki úr skák, að þingmaður Jos. Turcotte, sem gat ekki verið á fundi þessum, sendi þangað þau orð, að alt Quebec fylki væri í uppnámi móti stjórninni, nema hún breytti algerlega um stefnu í herflotamálinu, og gerði að ýmsu öðru leyti miklar umbætur á stjórnarfari sínu. Hann hafði og ritað sjálfum Laurier bréf um þetta mál. En fundurinn samþykti, að stjórnin gæti ekki neitað sinni eigin stefnu nú á ellefu stundu, og að hún væri nauðbeygð til þess að halda henni fram, jafnvel þó það leiddi til ósigurs fyrir hana við næstu kosningar. — Hins vegar var samþykt, að gera alt, sem efni og afl stjórnarinnar gæti áorkað til þess að friða Quebec fylkið og sætta það við stefnu Laurier stjórnarinnar.

Jafnan má búast við, að þau blöð, sem andvíg eru Laurier stjórninni, kunni að skýra að einhverju leyti rangt eða hlutdrægt frá málavöxtum, og að geta rangt til um það, af hvaða orsökum sérstaklega stjórnin fékk þetta ó bætanlega rothögg í Drummond-Arthabaska kosningunni. Og þess vegna er fróðlegt að vita, hvað Liberal blöðin hafa um það að segja, — þau blöð, sem þar eru á staðnum og kunnugust eru öllum málavöxtum, og eru um leið velviljuð stjórninni. Þessum blöðum ber undanteknigarlaust saman um, að nú orðið sé svo mikil óeining innan flokksins, að til stórvandræða horfi. Þau viðurkenna og, að eyðslusemi stjórnarinnar hafi verið meiri, en þurft hefði að vera, og að ójafnt hafi verið skift með fylgjendum flokksins. — Blaðið La Patrie í Montreal, eitt af stórblöðum flokksins og með þeim áhrifamestu í Austur-Canada, segir hreinskilnislega, að Laurier hafi nú fengið þann skell, sem hann bíði ekki bætur, og þó sýni kosninga úrslitin í Drummond-Arthabaska ekki ofurmagn óánægjunnar við hann og stjórn hans eins og það sé orðið í raun og veru. Meðal annars farast blaðinu orð á þessa leið: —

"Það er orðin djúp sundrung í Liberal flokknum í Montreal og um alt fylkið. Síðan síðustu almennar kosningar fóru fram hafa leiðtogarnir lítið samneyti haft við fólkið. Flestir ráðgjafarnir hafa breytt eins og þeim bæri engin skylda til þess, að standa reikningsskap ráðsmensku sinnar, en hafa látið sér nægja, að draga laun sín og að gleðja sig við arðinn, sem því fylgir, að hafa völdin. Satt er það, að Quebec fylki hefir Laurier-fleirtölu, en það má ekki gleymast, að 100 þúsund Conservativar greiddu þar atkvæði við síðustu kosningar".

Ennþá berorðara er blaðið La Presse, sem einnig fylgir Laurierstjórninni. Það gefur nákvæma lýsingu af ástandinu innan flokksins, eins og það er "á bak við tjöldin", og segir, að flokkurinn se nú ekki lengur það sem hann eitt sinn var, þannig, að hann haldi við fast ákveðna grundvallarstefnu, heldur sé hann nú orðinn heimkynni fjárplógsmanna (Exploiters) — Meðal annars segir blaðið La Presse þetta: —

"Mikill fjöldi flokksmanna hafa gert áhlaup á stjórnina og hafa kreyst út úr ráðgjöfunum alt mögulegt herfang í eigin persónulegar þarfir sínar. Frjálsverzlunarstefnan er orðin að ráðgjafaverzlunarstefnu. Í staðinn fyrir hina dásamlegu grundvallarstefnu fyrri daga, þá er nú komin í flokksfylgendur mögnuð græðgi í persónulegan hagnað. Það eru of margir menn, sem eru að reyna að verða ríkir á landsins kostnað. Það eru of margir lögfræðingar í þinginu, sem vilja ná í dómarastöður. Liberal blöðin, í stað þess að vera samfélagar stjórnarinnar, eru orðin auðsveipir þjónar hennar. Valdinu hefir verið beitt í þjónustu þeirra efnalegu hlynninda, sem því eru samfara".

En það, sem blaðið furðar sig mest á, er það, "að ráðgjafarnir, með þeirri þekkingu, sem þeir hafa, skuli halda áfram að hafa fyrir trúnaðarmenn ataða einstaklinga og samvizkulausa fjárglæframenn, sem ekki hafa neinn snefil af sómatilfinningu og ráðvendni".

Þetta mundi þykja fullhart að orði kveðið, ef það hefði staðið í andstæðingablaði. En þegar slíkar staðhæfingar eru útbreiddar af þeim blöðum, sem fylgja Liberalflokknum að málum, þá verður það ekki lengur dulið alþýðu manna, að ástandið er í meira lagi ískyggilegt. Það er þessi meðvitund um rotnun innan sjálfs flokksins, sem flokksblöðin sjálf nú játa, sem hefir gert ráðgjafana óttaslegna. Þeir þekkja sjálfir bezt sitt heimilisástand, og þeir vita, að það er meðvitundin um þessa spillingu í stjórnarfari þeirra, sem nú hefir vakið og svo æst þjóðina, að jafnvel Quebec fylkið hefir snúið við henni bakinu. Með Quebec fylki í alvæpni á móti stjórninni, getur Laurier stjórnin ekki gert sér nokkra von um sigur við næstu almennar kosningar.

— Þann 16. þ.m. eyðilagði eldur í Montreal húsgagnaverkstæði og nokkur íbúðarhús. Skaðinn metinn 100 þús. dollara.

Magnús Brynjólfsson.

I.

Um stund-lengri samdvöl var synjað af mér
Við síðasta fund okkar glaða.
Hve naumur er tíminn vor! Nú kom að þér
Sú nauðungin biðinni að hraða.

Af mér get eg skilnaðinn hlakkandi hrist
Og hollvin minn kvatt, ef mér sýnist,
Að hans sé alt óhult, sem mest gat í mist
Og manngöfgi er hættast, ef týnist.

Því aldrei eg síðustu kveðjunni kveið
Né kröggum með fundina hina.
Hver óra-lengd virðist mér örskota-leið
Ef áttin er hús minna vina.

Mér ógnar það sjaldan, hvað sundið er breitt
Um samtíð, og brigðult að vinnast,
Sem hindrun og aldur sé als ekki neitt
Á ætlunar-götunni, að finnast.

Eg býzt við ef hnuggur í huga minn legst
Um heitfestu þessara vona:
Að það verði efalaust eg, sem þá bregzt
Ef efndirnar færu' ekki svona.

En fyrst að þú varðst til þess, vinurinn minn,
Eg vík til þín — yzt þinna bræðra —
Og ber þig á kórgólf í kvæðið mitt inn
Og kirkjan er tunga' okkar mæðra.

II.

Hér lagðist hún snemma, sú tálmunar tíð,
Að tápleysi — þá varstu ungur —
Sem hégiljum drepur í hlustir á lýð
Og hefta vill spámanna tungur.

Við sveitungar munum hve æskan var örv
Til andmáls, af hálfunni þinni,
Hve kapp þitt var prúðmannlegt, drengslund þín djörf,
Og dygð þína' í hlutanum minni.

Þú tókst aldrei boðum, sem beygðu þinn háls,
Svo brautina hlytirðu þjála.
Þinn æsku-stíg brauztu til frægðar en frjáls
Með fartálmun óvænna mála.

Ef freistuðu' að spreyta sinn fróðleik á þér
In flug-lærðu háskóla-gildin,
Þau fundu hve ofvaxin einatt varð sér
Þín orðhvata, meðfædda snildin.

Á umþokun lagðirðu' ei óvildar bönd,
— Þó æsktir hún færi sér greiðar' —
En réttir því framsækna fúslega hönd,
Sem fetaði spöl þinnar leiðar.

Þitt óvænta frafallið hverfði manns hug,
Sem hrun hefði bygð þína slegið —
Ið góðgjarna harmar þinn hollvilja' og dug,
Alt hrekkvíst er skarðinu fegið.

Og þannig er greftrun þín sigurför sú
Sem sæmdi vel ágæti þínu.
Og græskan sem lastmælti lýtur þér nú
Á líkbörum — sneypt yfir sínu.

III.

Já þetta er stríðið við heiminn og hold:
Að hvarfla' ei frá beinustu línum,
Og láta svo vinina verpa sig mold,
En vafðan í fánanum sínum.

En minst er þeim hlúð, sem að hugsa svo djarft
Né högunum snúið í vilið.
En gott var þér lífið og gaf þér svo margt
Af gæfu, sem þú áttir skilið.

Þú hlauzt okkar kjörfylgi, hver helzt sem vann,
Er kappsmál til þings höfðu riðið —
Við vissum það aftend, þar áttum við þann
Sem oddvita, er glæsti alt liðið.

Og svo fékstu' að erfðum þá öðlinga-sál
Sem efnunum hlífði' ekki sínum.
Og glögt vissi einstæðings áhalla-mál
Sér efndir í höndunum þínum,

Við þökkum þér, félagi! Hann var svo hýr
Og heill, okkar samveru-dagur —
Og alt til ins hinzta skal hugur vor nýr,
Og heimur og sannleikinn fagur.

Og fyrst þú varst hjá okkur, finst oss í geim'
Þess framhalds, sem niðjarnir kanna:
Sem þokuna rifi frá ríkari heim'
Og rofi til göfugri manna.

Þó verði um legstað þinn lokin vor spor.
Og ljóðgígju strengirnir hljóðir:
Þá standa þar ástin og virðingin vor
Sem verðir um leiðið þitt, bróðir.

Stephan G. Stephansson.

3.—10.—'10.

Bókalisti.

S. OTTENSON'S,- River Park, W'p'g.

Ljóðmæli Páls Jónssonar í bandi	(3)	85
Sama bók (aðeins 2 eins.	(3)	60
Jökulrósir		15
Dalarósir	(3)	20
Hamlet	(3)	45
Ljóðmæli Jóns Árnasonar á Víðmýri,1879	(4)	90
Tíðindi Prestafélagsins í hinu forna Hólaskifti	(7)	15
Útnesurinn	(2)	45
Grant skipstjóri	(2)	40
Börn öræfanna	(3)	55
Umhverfis jörðina á áttatíu dögum	(3)	60
Blindi maðurinn	(3)	15
Fjórhlaðbi smárinn	(3)	10
Kapitola (í II, Bindum)	(3)	1.25
Eggert Ólafsson (B. J.)		15
Jón Ólafssonar Ljóðmæli í skrautbandi	(3)	60
Kristinfræði	(2)	45
Kvæði Hannesar Blöndal	(2)	15
Manukynssaga (P. M.) Óbandi	(5)	85
Móðir í heimi, í b.		15
Prestkonningin, Leikrit, eftir D.E., í b.	(3)	30
Ljóðabók M. Markússonar		50
Ritreglur (V. Á), í b.		20
Sundreglur, í b.		15
Tæpti lljós		15
Konan hafa og austan, Þrjár sögur eftir E. H., í b.		90
Víðingarnir á Hálogandi eftir H. Ibsen		25
Þorlákur helgi		15
Ofreflí, skálds. (E. H.) í b.		1.50
Ólöf í Ási	(3)	45
Smælingjar, 5 sögur (E. H.), í b.		85
Skemtisögur eftir S. J. Jóhannesson 1907		25
Kvæði eftir sama frá 1905		25
Ljóðmæli eftir sama. (Með mynd höfundarins) frá 1897		25
Safn til sögu og tíðarsögu Íslendinga, III. bindi og það sem út er komið af því fjórða	(53c)	9.45
Íslendingasaga eftir B. Melsted I. bindi í bandi, og það sem út er komið af 2. b.	(25c)	2.85
Lýsing Íslands eftir P. Thoroddsen í b.	(16c)	1.90
Fornir fornfslenzkir rímnaflokkar, er Finnur Jónsson safnað hefur, í bandi	(5c)	85
Alþingisstaðir hinn forni eftir Sig. Guðmundsson, í b.	(4c)	90
Um kristnitökuna árið 1000, eftir B. M. Ólsen	(6c)	90
Sálumannaræðir eftir Boga Benediktsson I. og II. b. innbundið	(55)	8.10
Íslenzkt fornbréfasafn, 7. bindi innbundið, 3 b. af 8 b.	(1 79)	27.80
Biskupasögur, II. b. innbundið	(42c)	5.15
Landfræðissaga Íslands eftir P. Th., 4. b. innbundið	(55c)	7.75
Ríthöfunda tal á Íslandi 1400—1882, eftir J. B., í bandi	(7c)	1.00
Upphaf alþíðarríkis á Íslandi eftir K. Maurer, í b.	(7c)	1.15
Auðfræði, e. A. Ól., í bandi	(6c)	1.10
Prosta og prófastatal á Íslandi 1889, í b.	(9c	1.25
B. Thorarinsson ljóðmæli, með mynd, í b.		1.50
Bókmentasaga Íslendinga eftir F.J., í b.	(12c)	1.80
Norðurlandssaga eftir P. Melsted, í b.	(8c)	1.50
Nýþýdda biblían	(35c)	2.65
Sama, í ódýru bandi	(33c)	1.60
Nýjatestamentið, í rönduðu bandi	(10c)	65
Sama, í ódýru bandi	(8c)	50

Nýkomnar bækur,

Kóralbók P. Guðjónssonar		90
Sama bók í bandi		1.10
Svartfjallasynir	(5)	60
Aldamót (Matt. Joch.)		20
Harpa	(4)	60
Ferðaminningar, í bandi	(5)	10
Bóndinn	"	35
Minningarit (Matt. Joch.)	"	15
Týndi faðirinn	"	15
Nasreddin, í bandi		35
Ljóðmæli J. Þórðarsonar	(3)	45
Ljóðmæli Gestur Pálsson	"	75
Baldinar rímur		30
Maximi Petrow	(2)	45
Leyni-sambandið	(2)	40
Hinn óttalegi leyndardómur	(2)	50
Sverð og bagall	(2)	50
Waldimer Nihilisti		75
Ljóðmæli M. Joch' I.-V. bd., í skrautb.	(15)	4.00
Afmælisdagar Guðm Finnbogasonar		1.00
Eríf Tómarar Sæmundsson	(4)	75
Sama bók í skrautbandi	(4)	1.15
Íslenzk-ensk orðabók, G. T. Zoega	(10)	1.80
Fornaldarsögur Norðurlanda, í 3 bindum, í vönduðu gilltu bandi	(15)	4.00
Gegnum brim og boða		90
Ríkisréttindi Íslands		50
Systurnar frá Grænadal		35
Œðintýri handa börnum		30
Vísnakver Páls lögmanns Vídalíns		1.25
Ljóðmæli Sig. Júl. Jóhannessonar		1.00
Sögur frá Alhambra		30
Minningarrit Templara í vönduðu bandi		1.65
Sama bók, í bandi		1.50
Pétur blásturbelgur		10
Bækur sögufélagsins Reykavík;		
Morðbréfabæklingur		1.35
Biskupasögur, 1—6.		1.95
Aldafarsbók Páls lögmanns Vídalín		45
Tyrkjaránið, I—IV.		2.90
Guðfræðingatal frá 1707—'07		1.10
Jón Arason		80
Skipið sekkur		60
Jóh. M. Bjarnason, Ljóðmæli		55
Maður og Kona		1.25
Fjarða mál		25
Bessa mál		10
Oddur Lögmaður		95
Grettis Ljóð.		65
Andvaramur		50
Líkafróðsrímur		35
Jóhanns Black rímur		25
Reimarsrímur		35
Álaflekkarrímur		25
Rímur af Gísla Súrssyni		35
Dular, Smásögur		50
Hinrik Heilráði, Saga		30
Svölda ár rímur		35
Þjóðvinafél, Almanak 1911		20
Andvari 1911		75
Œfisaga Benjamin Franklins		45

Sögusafn þjóðviljans I—II árg. 35c; III árg. 20c IV árg. 20c; V. árg. 20; VI. 45; VII. 45; VIII. árg. 55; IX. árg. 55; X. árg. 55; XI. árg. 55; XII. árg. 45; XIII. árg. 45; XIV. árg. 55; XV. árg. 30; XVI. árg. 25; XVII. árg. 45; XVIII árg. 55; XIX. árg. 25.

Alt sögusafn þjóðviljan selt á $7.00

Bækur Sögufélagsins fá ágætfenður fyrir nærri hálfvirði,—$3.80.

Umboðsmenn mínir í Selkirk eru Dalman bræður.

Þess skal getið viðvíkjandi bandinu á Fornaldarsögunum Norðurlanda, að það er mjög vandað, handbundið skrautband, vel frá gengið eins er með Ríef Tómasar Sæmundssonar.

Tölurnar í svigum tákna burðargjald, er sendist með pöntunum.

Lánsamir foreldrar.

Margt er undarlegt í heimi þessum, og mörgu er misjafnlega niðurraðað, ekki sízt þegar um fæðingar barna er að ræða. Sumir foreldrar eignast svo mörg börn, að þau eru í vandræðum að hata ofan í þau og á; — aftur aðrir þurfa að baslast í barnlausu hjónabandi. Mikill er munurinn. Sumar mæður fæða 20 börn og þar yfir, en aðrar verða aldrei mæður. Og sumar eignast þrí-, fjór- og jafnvel fimm-bura, aðrar verða að sætta sig við eitt.

Suður í Cleveland, Ohio, er kona ein, Mrs. Wm. C. Clark að nafni, sem er að eins 33. ára gömul, en sem hefir eignast 17 börn. Hún hefir fætt þribura þrisvar og tvíbura fjórum sinnum. Af þessum barnahóp eru 7 ein á lífi. Mrs. Clark er af frönskum ættum, en kom til Bandaríkjanna 6 ára gömul, og giftist 12 ára. Árið eftir fæddi hún tvíbura, en fyrstu þriburana eignaðist hún 14 ára. — Sjálf á hún 26 systkini á lífi. — Hún er gift járnsmið. Á þriðja degi eftir síðasta barnsburðinn gengdi hún sínum vana húsverkum.

Þó Mrs. Clark hafi vel gert í því augnamiði, að fjölga mannkyninu, þá hafa margar gert betur. Þannig eru um þessar mundir vestur í Saskatchewan ung hjón, maðurinn 23. og konan 22. ára, sem hafa verið gift í 6 ár, en sem eignast hafa fimm sinnum tvíbura, og lifa öll þessi 10 börn við góða heilsu Hvað ætli verði, ef þau halda áfram þessum dugnaði til elliáranna?

En þegar litið er fram í tímann, þá verða fyrir okkur markverðari dæmi en þessi tvö. Þannig fæddi kona ein að Dunstable á Englandi fyrir hálfri öld síðan, 19 börn á 0 árum, — þrisvar þribura og tvisvar varð henni 5 barna auðið í senn, og náðu öll þeirra fullorðinsárunum.

Þó gerði þýzk kona í Dayton, Ohio betur. Hún eignaðist tvisvar sexbura. — Hugsið ykkur þá gleði, að vera vakinn um hánótt af sex ungbörnum í einu, sem öll vilja fá að sjúga eða láta taka sig, — væri það ekki dásamlegt!

Hollenzk kona á öldinni sem leið eignaðist tvisvar sjöbura, og naðu öll þessi fjórtán börn að komast á legg.

Árið 1861 fæddi kona ein í Trumbull Co., Ohio, þrjá drengi og fimm stúlkur í einu. Ímyndið ykkur gleði föðursins, þegar yfirsetukonan kom út úr sjúkraherberginu og hélt upp átta fingrum!

En þó hefir frönsk kona, eftir því sem kirkjubækur Parísarborgar geta um árið 1760, borið höfuð og herðar yfir allar aðrar mæður. Því hún á að hafa fætt níu börn í einu.

Lafði Elphinstone á Englandi, sem dó árið 1700, varð 36 barna móðir, og komust 27 þeirra úr ómegð. Einn sona hennar eignaðist 22 börn með fyrri konu sinni, en 14 með seinni konunni.

Mrs. Thos. Urquhart, skozk heiðarfrú, eignaðist 36 börn, sem öll náðu fullorðinárum.

Ítölsk kona ein, Dionora Salviati að nafni, varð 52 barna móðir. Þar af voru einir sexburar, en hitt alt þríburar, að undanskildu einu.

Af Bandaríkjamönnum, eftir því sem sögur fara af, hefir David Wilson, frá Madison, Indiana, átt flesta afkomendur. Hann lézt fyrir hálfri öld síðan. Hann varð 47 barna faðir.

En sá maður, sem ber höfuð og herðar yfir alla aðra í barneignum, hefir án efa verðið Rússinn Fedor Wassiley, sem lifði um miðja fyrri öld. Með fyrri konu sinni eignaðist hann sextán sinnum tvíbura, sjö sinnum þríbura og að lokum fjórbura. En þá misti hann konu sína, — eftir að hún hafði fætt honum samtals 69 börn, sem öll lifðu. Fedor sá brátt, að konulaus mátti hann ekki vera til lengdar með alla þessa barnahrúgu. Hann kvongaðist því aftur, og eignaðist með seinni konunni sex tvíbura, og tvenna þríbura, eða 18 börn alls; svo þegar karl lagðist til hinnar hinstu hvíldar, að loknu dagsverki, hafði hann orðið 87 barna faðir.

Hvað Íslendingum viðvíkur virðast þeir vera eftirbátar annara í þessum efnum, að minsta kosti hvað mæðurnar áhrærir. Þó hafa sumar eignast um tuttugu börn, eftir því sem sögur fara af og sumir karlmenn hafa eftir því sem orðrómur leikur, eignast 30 börn og þar yfir. Þannig var sagt um merkisprest á Norðurlandi, að hann hefði átt 50 börn á víð og dreif.

Það hljóta því að vera óvanalega lánsamir foreldrar, sem drottinn er svo mildur að veita þessa gnótt barna.

Ég vildi þó trauðla verða fyrir beirri gæzku gjafarans.

Gunnl. Tr. Jónsson

Dansmeyjar og þjóðhöfðingjar.

Þó merkilegt sé, hafa dansmeyjar komið ueiri þjóðhöfðingjum á kaldan klaka en annað, — enda er það nú orðið að máltæki: "það tekur leikmær að sigra konung".— Og þegar betur er að gætt, er ekki nema eðlilegt, að svo sé. Dansmeyjar og leikkonur eru margar meðal hinn fríðustu kvenna heimsins, og kongar og aðrir þjóðhöfðingjar eru þó ekki annað en menn, sem flestir hafa ekki miklu ástríki að fagna í hjónabandinu, og leita því nautna og gleði, sem aðrir breyskir meðborgarar, þar sem hana er að finna.

Sumir þessara þjóðhöfðingja hafa lagt of fjár að fótum slíkra vinkvenna sinna, og aðrir hafa jafnvel lagt kórónu og tign í sölurnar fyrir fagra dansmær, — þó þeir séu færri. En svo þegar undirsátarnir heyra af sukki og svalli þjóðhöfðingja síns, þá kemur oft kur upp, sem oft hefir orðið kórónuðu höfuði að fótakefli. — Vesalings krýndu höfuðin, sem ekki megið breyta sem aðrir dauðlegir menn.

Síðasta fórnarlamb dansmeyjanna er hinn útskúfaði konungur Portúgalsmanna, hinn ungi Manuel. Því eftir því sem bezt kunnugt er, misti hann kórónu sína fyrir of mikla vinsemd við hina frönsku dansmær, hina gullfögru Galey Deslys.

Svo stóð á, að Portúgalsmenn heimtuðu af hinum unga konungi sínum, að hann færi að kvongast. Lagði því Manuel af stað í brúðarleiðangur, hirð frá hirð, en leist ekki á neina af hinum ungu prinsessum, eða þeim á hann. Þó var sagt, að hann mundi helzt hafa kosið Lovisu einkadóttir Vilhjálms þýzkalandskeisara, og var það á orði, að svo yrði. En þá brá Manúel sér til Parísar, og þá fór ver en skyldi. — Paris er, sem alkir vita, miðstöð gleði og skemtana og þar er sukk og svall meir en annarstaðar á bygðu bóli, — og þar eru dansmeyjar, sem bera af öllum öðrum fyrir fegurð og yndi. Enda fann hinn ungi konungur fljótt, að svo var. Paris töfraði hann. Hann fór frá leikhúsi til leikhúss og dansknæpu til dansknæpu og skemti sér ágætlega. Þar sá hann fyrst hina fögru Galey Deslys, og þegar hann sá hana, varð hann ástfangin á svipstundu. Og var ekki að orðlengja það, að Manuel fékk hana fyrir of fjár lausa frá leikhúsinu og í fylgd með sér, og nú sló hann öllum prinsessum og giftingar tilhugsunum úr huga sínum. Galey hans skyldi ein ríkja yfir hjarta hans og hönd um aldur og æfi. Þegar þau svo höfðu skemt sér á Frakklandi um stund, fór Manuel að hugsa til heimferðar, og tók hann þá dansmeyjuna fögru auðvitað með sér. Og er til Portúgals kom, fékk hann henni íbúð í höll sinni og hlóð að henni gjöfum og ástaratlotum. En er fram liðu stundir urðu undirsátar konungs ekki alls ástar ánægðir með þetta tiltæki, og tóku að kurra, en konungur fór hinu sama fram eftir sem áður, — en óvildin hjá þjóðinni fór dagvaxandi. Menn kváðu illa varið stórfé í dansmeyjar, og réttast væri að stoppa slíkt ráðlag í tíma. — Svo fór um síðir að hin fagra dansmær áleit ekki ráðlegt, að dvelja lengur hjá Manuel, og hélt í burt til Vínarborgar, en hlaðin gulli og gimsteinum frá elskhuga sínum og órjúfandi trygð hans í kaupbæti.

En þetta var um seinan; æsingarnar gegn konungi voru orðnar svo magnaðar, að rönd varð ekki reist við neinu. Og endurinn varð sá, að Manuel veltist úr konungstigninni.

Og nú er Manuel að eins berra Manuel, og það hefir hann dansmeyjunni að þakka frekar öllu öðru. En hún þar á móti kærir sig lítið um hann framar, að eins gerir sér gott af auði þeim, sem Manuel gaf henni, og hælir sér af því, að hafa dansað kórónuna af höfði hins unga konungs. — það sannar sig á Manuel, flestum fremur, að kvennaskegð og legurð er ekki barna meðfæri.

Veslings Manuel.

Herra Jón Hólm, gullsmiður að 770 Simcoe St., biður þess getið, að hann selji löndum sínum gull- og silfur-muni og gigtarbelti. — Belti þessi eru óbrigðul við gigt, ef þau eru notuð samkvæmt fyrirskipunum Jóns. Kosta að eins dollar og kvart.

Sendið Heimskringlu til vina yðar á Íslandi.

Manitoba Elevator Commission

D. W. McCUAIG, Commissioner — W. C. GRAHAM, Commissioner — F. B. MACLENNAN, Commissioner

Aðal skrifstofa: 227 Garry St., WINNIPEG

P. O. Box 2971

Commissioners tilkynna hérmeð Manitoba bændum að þeir hafa fengið fra utiðar skrifstofu til starfsnota og að öll bréf skyldu sendast Commissioners á ofan nefnda áritun. Beiðniform og allar upplýsingar sem bændur þarfnast til þess fá kornhlöður í nágrenni sína, verða sendar hverjum sem óskar.

Commissioners óska eftir samvinnu Manitoba bænda í því að koma á fót þjóðeignar kornhlöðum í fylkinu.

SUCCESS BUSINESS COLLEGE

HORNI PORTAGE AVE. & EDMONTON ST. WINNIPEG.

Kennir samhv. nýjustu aðferðum alskyns verzlunar fræði og Bánkastörf. Einnig hraðritun og stylritun. Betri verzlunarskóli ekki til í Vestur-Canada. Kensla stofur þar finst í borginni. Nemendur geta byrjað hvenar sem þeir óska.

Skrifið eftir upplýsingum eða símið MAIN 1664

The Northern Wine Co. Ltd.

VIÐ óskum jafn framt eftir sveita pöntunum—Afgreiðsla hin bezta.

Selur sérhverja góða tegund af Whisky, vínum og bjór o.fl. o.tl. Við gefum sérstaklega gaum familíu pöntunum og afgreiðum þær bæði fljótt og vel til hvaða hluta borgarinnar sem er— Gefið okkur tækifæri að sýna ykkurað svo sé.

Talsímar Main 1673-6744

215 MARKET ST.

ALDREI SKALTU geyma til morguns sem hægt er að gera í dag. Pantið Heimskringlu í dag.

og beint — ég get aldrei elskað þig. Getur þú átt þá konu, sem aldrei elskar þig?"

"Aldrei", endurtók Eberhard með dulinni reiði. "Ó, taktu þetta orð aftur. Segðu það sé ekki meining þín".

"Nei, ekki einn einasta staf af því. Og, ég skal segja þér það, að ég ætla heldur að líða hvaða kvalir sem er, heldur en að fylgja þér upp að altarinu".

"Við skulum sjá, hvað setur", sagði greifinn og leit til hennar með því augnaráði, sem hrakti hvern blóðdropa úr andlíti hennar.

"Þú ætlar að snúa þér að föður mínum, ég veit það", sagði Ísabella með skjálfandi röddu. "Þú ætlar að nota vald foreldranna, þegar þú finnur að ég vil ekki fórna mér af sjálfsdáðum. En þú mátt vera viss um, að þú vinnur ekkert annað með því, en að gera mig ógæfusama og svala hefnigirni þinni. Faðir minn getur rekið mig í burt og bölvað mér, það er satt, en það skal ekki breyta áformi mínu. Ég sver það, og eið mínum máttu trúa, að heldur en að verða greifainna Stjernekrans, skal ég flækjast á milli manna og snikja mér fæðu, eða enda þarna", og um leið benti hún á vatnið.

"Þú elskar þá annan mann?" sagði Eberhard, og í augnatilliti hans logaði hatur og afbrýði. "Mig grunar það: Hjarta þitt er ekki óháð".

"Ég þarf enga skýrslu að gefa þér um það efni", svaraði Ísabella og roðnaði lítið eitt. "Þér nægir að vita það, að ég elska þig ekki".

"Þú ert að minsta kosti hreinskilin, ungfrú", sagði Eberhard beiskjulega.

"Já, það er skylda mín að segja þér sannleikann, svo að þú hafir ekki ástæðu til síðarmeir að segja, að ég hafi vakið hjá þér falskar vonir. En hlustaðu nú á mig, greifi, því nú er það ég, sem flyt fram mál. Sýndu nú að þú sért heiðarlegur maður, og

reyndu ekki að öðlast hendi mína, þegar þú veizt að hjartað getur ekki fylgt henni. Hvað getur það gagnað þér, að ég kjósi heldur hið áðurnefnda, en að giftast þér. Ó, vertu nú eðallyndur, vertu miskunnsamur. Aðskildu ekki hjörtu föðursins og dótturinnar að öllu leyti. Segðu föður mínum, að þú sért hættur við áform þitt, að tilfinningar þínar hafi afvegaleitt þig. Segðu honum hvað sem þér sýnist, en leitaðu ekki aðstoðar hans til að hafa áhrif á mig. Sómatilfinningin bannar þér það".

"Sómatilfinningin", kallaði greifinn, þaut á fætur og einblindi á hana með krosslögðum höndum og í meira lagi brúnaþungur. "Jafn sterk ástríða og mín spyr ekki um sómatilfinningu. Nei, Ísabella, þú verður annaðhvort að verða konan mín, eða — deyja. Gerðu þér engar falskar vonir, því ég vil heldur sjá þig drukna í vatninu en í annars manns faðmi".

"Herra greifi, þú gleymir þér", kallaði Ísabella um leið og hún stóð upp og gekk af stað.

En hann greip í kjólinn hennar og hélt henni kyrri.

"Láttu mig heyra síðasta orðið þitt, ungfrú", sagði hann. "Síðasta orðið þitt —"

"Verður nei, þúsund sinnum nei", hrópaði unga stúlkan rjóð af reiði.

Svo sleit hún sig lausa og þaut í burtu eins fótfim og skógargeit. Eberhard var einn eftir, þögull og svipdimmur.

"Ha", sagði hann loksins og nísti tönnum, — "þetta skal verða henni dýrt. Hún elskar þennan mann, sem likist honum, — mig grunaði það. En vei þeim báðum. Járnhönd forlaganna skal gripa þau. — Ég skal merja þau".

"En hvernig?" sagði hann eftir stundar þögn. "Hvernig? það er aðalatriðið".

Í þungum hugsunum gekk hann áleiðis til skemtigarðsins.

Á svarðbekk, sem stóð í skugga við eikartré, sá Eberhard roskinn mann sitjandi og lá ferðapoki við hlið hans. Maðurinn var klæddur í lélegan fatnað, og líktist helzt umrennings iðnaðarmanni, enda bótt rauða hárið og þykka skeggið gerði hann villimannslegan, nærri því ræningjalegan.

Eberhard nam staðar frammi fyrir honum og horfði fast á hann.

"Hvað ert þú að gera hér?" spurði hann.

"Eins og þú sérð, herra minn", svaraði hinn rauðhærði, "þá er ég að hvíla mig".

"Þarft þú, önnur eins tuska og þú ert, endilega að ganga inn í skemtigarð höfðingja til að hvíla þig? Hvers vegna leggurðu þig ekki fyrir í skurðinum hjá svínunum? Þar er þitt rétta pláss".

"Dagurinn er heitur og ég þráði svölun", sagði gesturinn, "ég hélt að menn mundu unna hinum fátæka skugga trjánna".

"Um hvað talið þið?" spurði Georg, sem bar þar að í þessu ásamt vinum sínum, lautinantinum og barúninum. "Hvað vill þessi flækingur?"

"Hann vill hvíla sig í skugga trjánna og kæla sig", svaraði Eberhard háðslega.

"Heldurðu að skemtigarðurinn sé búinn til handa betlurum og flækingum?" sagði Georg fyrirlitningarlega. "Snáfaðu burtu".

"Þú rekur mig þá í burtu?" sagði betlarinn, um leið og hann stóð upp og leit illilega til Georgs.

"Já, farðu til skrattans", kallaði Georg í vonzku. "Ef ég sé þig hér oftar, þá skaltu fá að kenna á því".

Betlarinn tautaði eitthvað, sem Georg heyrði ekki, tók svo poka sinn og fór.

Þegar hann var kominn út á þjóðveginn, settist hann niður á skurðbarminn.

"Alt þetta bölvaða hyski verðskuldar hefnd mína", sagði hann við sjálfan sig. "Það er engin guð til, sem hefnir mín, og því verð ég að gera það sjálfur".

"Ég hefi lengi verið í efa, en nú er áform mitt óumbreytanlegt. Hefði ég fundið dóttur mína, hana Helenu, sem ég leitaði svo lengi að, saklausa og ósp illaða, var ekki óhugsandi, að ég hefði fyrirgefið. En að finna hana sem frillu hans, það var um of".

"Ef ég þyrfti ekki að lifa til að hefna mín, þá skyldi ég drepa mig þegar í stað. Georg og Ísabella. Ykkar forlög eru ákveðin, ems og foreldra ykkar. Ég ætla að byrja með ykkur".

"Nú minn góði greifi", sagði barún Ehrenstam, þegar Eberhard kom inn í herbergi hans seinna um kveldið, "hefirðu talað við hana?"

"Já".

"Og hverju svaraði hún?"

"Að hún vildi heldur deyja, en verða konan mín, og að ekkert skyldi koma henni til þess".

"Er það mögulegt", hrópaði barúninn reiður, "sagði hún þetta?"

"Sömu orðin".

"Nú, við skulum vita til. Ég býst við að hún láti undan, þegar ég fer að tala við hana".

Í því efni er skoðun þín röng. Dóttir þín er ekki þessi blíða, ístöðulitla dúfa, sem þú álítur hana vera. Hún hefir staðfast lundarfar og mun bjóða þér byrginn".

"Jæja, þú heldur það? Það verður þá að minsta kosti í fyrsta skiftið, sem hún gerir það".

(Endurprentað úr Winnipeg Daily Tribune, 16. nóv. 1910).

Miðbik British Columbiu á fagra framtíð í vændum

Fort George verður verzlunar-miðstöð stó mikils héraðs sem er auðugt af timbri, málmi og akuryrkju-löndum.

Alt athygli hins mentaða heims beinist nú að miðhluta British Columbia fylkis, um leið og járnbrautirnar teygja teina sína þangað í áttina, sem áður var óþekt land. Nú með því að ýmsar óáreiðanlegar og villandi sögur hafa verið sagðar um hérað það, sem liggur umhverfis Suður Fort George, og verið prentaðar í blöðum undir nöfnum þeirra, sem hafa verið teknir trúanlegir, og með því, að ýmsir menn hafa, af óþektum ástæðum, borið út villandi lýsingar um Mið-British Columbia fylkið, — þá hefir verzlunarfélagið í South Fort George samið dálitinn bækling, er lýsir rétt og hlutdrægnislaust South Fort George og Mið-British Columbia, í því augnamiði, að leiðrétta rangherm þau, sem áður hafa verið borin út um héraðið, og sem hafa krafist þess, að rétt og sönn lýsing væri gerð á héraðinu.

Herra P. A. O'Farrell, einn af umboðsmönnum Bandaríkjastjórnarinnar í matvæla rannsóknarnefndinni, sagði nýlega í viðræðu:

"Þagar ódýrra ábúðarlanda eru hverfandi, og það kemur mér til að segja, að Vestur-Canada og British Columbia eru þeir síðustu miklu landshlutar í heimi, sem gera mönnum mögulegt, að festa sér ónunin lönd og að breyta þeim úr óræktarástandi í brosandi og frjósöm akurlendi.

Þessi lönd hafa geymst ósnert þar til síðast, af því að auðlegð þeirra var óþekt og að hægra var að komast að öðrum stöðum. — Menn héldu, að hér væri hrjostrugt frostaland, sem ekki væri til annars en villidýraveiða, en nú, þegar hvergi annarstaðar er hægt að leita, þá hafa menn snúið hugum sínum til þessa lands og finna hér beztu landflákana, sem til eru nokkurstaðar í Vesturheimi".

FEIKNA AUDSUPPSPRETTUR.

Herra O'Farrell sagði ennfremur: "British Columbia hefir 50 miliónir ekra af ágætum frjólöndum, sem breyta má í aldina-akra, kornakra og hjarðlönd, og innan 20 ára verða öll þessi lönd orðin fullræktuð. Vaxandi eftirspurn alls heimsins krefst þess.

"Og látið mig tilkynna það öllum mannheimi, að British Columbia er dýrðlegasti landshluti, sem þektur er. Stærð hennar er meiri en allra brezku eyjanna, Belgiu, Hollands, Danmerkur og Þýzka keisaradæmisins, — öll samanlögð. Loftslag fylkisins er betra en Englands eða Frakklands, eða nokkurs annars lands á hnetti vorum. Fiski-auðlegð þess er meiri en nokkurs annars lands á hnettinum. Í fylkinu eru 182 milión ekra af ósegjanlega verðmætum timburlönd um. Og 25 miliónir hestafla liggja nú ónotuð í ám þess og vötnum, og ekkert er hægra en að gera þar skipaleiðir um land alt og framleiða gnægð afls til atvinnu og samgöngureksturs.

Svæði það, sem innibindur hina frjósömu dali, Fraser, Nechaco, Stuart, Bulkley, Peace, Findlay og Parsnip ánna og hundruð smærri vatnsfalla, liggur milli Klettafjallanna og Kyrrahafsins og er í sjálfu sér heilt keisaradæmi 200 þúsund fermílur að stærð.

INDÆLT LOFTSLAG.

Þó það sé ekki á alþýðu vitund, þá er loftslagið í British Columbia eitt af allra-sterkustu aðdráttaröflum fylkisins. Fylkið er á sömu breiddargráðu og brezku eyjarnar. Sumurin þægilega hlý og vetrar, kuldar verða frá zero alt að 40 st. neðan, En slík kuldaköst vara ekki lengi. Snjófall er mest í fjöllum, en á láglendinu frá 20—30 þuml. að meðaltali. Vindar eru litlir, loftið þurt, svo kuldinn þvingar ekki. Veðjimenn sofa úti við elda allan veturinn. Þeir, sem reynslu hafa, segja að kuldar séu meiri í norðaustur Bandaríkjunum, en í Mið British Columbia.

NÁMA AUDLEGD.

Námar í British Columbia hafa gefið af sér 300 miliónir dollara. Fyrir 50 árum vakti Cariboo hérað athygli alls heims. Þar næst Mason lækur í Omenica héraðinu. Þessi héruð veita enn ótæmanlega auðlegð. Mið-British Columbia á ótæmanlega auðlegð í Findley ánni og Cariboo héraðinu. Þar eru þúsundir fermílna af málmlöndum, er enn eru ósnert. En Pine Pass járnbrautin frá Edmonton til Fort George veitir aðgang að auðugu málmtekjulandi, sem menn hafa til þessa tíma ekki komist að fyrir vegleysum. Gull fæst bar í hverjum læk og fjöllin eru full af málmgrjóti. Með lagning járnbrautarinnar um héraðið verður þar paradís málmtekjumanna.

VERZLUNAR MIDSTÖÐ.

Afstaða Fort George í Mið-British Columbiu mun gera bæinn að miðstöð verzlunar og þaðan verður dreift út á heimsmarkaðinn afurðum þessa auðuga héraðs. — Nærliggjandi þessum bæ eru þeir auðugu dalir, sem G.T.P. járnbr. liggur um. Í dölum þeim er þeztu aldina og kornræktarlönd, sem fáanleg eru. Fort George er ekki að eins komandi miðstöð járnbrauta í B.C., heldur er þar og skipgeng á til að hraða vexti bæjarins. Það er engum efa bundið, að þar verður stór og fögur borg innan fárra ára.

FYRIRHUGUD BIFREIDABRAUT.

C. N. Moore, frá Fort George, sagði nýlega í viðræðu í Vancouver: "Síðan ég kom hingað hefi ég séð mikið í Bandaríkjablöðum um þörf á mótorvagnabrautum með fram Kyrrahafsströndinni, frá Seattle til Feisco. Hér í Canada tala menn um keyrslubraut frá Winnipeg til Regina, Calgary og Banff, og ýmsir mæla með þessu. En ef slíkum vegi væri haldið áfram frá Alberta til Kyrrahafs, þá mætti sameina hann við Bandaríkja vegina, og þá yrði slíkur vegur sá lengsti í heimi, frá San Francisco til Winnipeg vatns. Hugmyndin er ágæt, og ég er henni hjartanlega meðmæltur. En ég sé þörf fyrir annan milli-fylkja veg samhliða Vancouver-Calgary veginum, og það er braut frá Prince Rupert til Edmonton og Prince Albert. Sú braut gæti legið meðfram G.T.P. járnbrautinni, eins og hin brautin lægi meðfram C.P.R. járnbrautinni. Ég hefi mikinn áhuga fyrir þessum vegagerðum, því ég veit, hverja þýðingu þær hafa fyrir framför landsins. Það eru að eins fáir dagar síðan hægt var að komast til Fort George um nokkra vegi, og ennþá er engin braut austur þaðan uppá Fraser ánni, og að eins léleg slóð í vesturátt. Landbúnaður er ennþá ómögulegur, þar til brautir eru lagðar. Stjórnin, borgarar og bændur verða allir að sameina krafta sína til þess að fá brautir lagðar, þær eru grunnmúr allra framfara. Stjórnin er nú að starfa að þessu. Mælingamenn hafa lagt út veg vestur frá Fort George til Stony Creek, 70 mílur, og eru nú að mæla úr vegstæði frá Quesnel til Fort George, austan Fraser árinnar, sem styttir leiðina milli þessara staða um 30 mílur. Aðalvegur eru fyrsta nauðasyn, þegar þeir eru fengnir, munu íbúarnir sjálfir annast um alla aukavegi".

FORT GEORGE CENTRE

Lóðir seljast þar nú með upprunalega lægsta verði. KAUPIÐ NÚ, áður en verðið hækkar. Uppdrættir og mynda-lýsinga bæklingur sendur hverjum, sem biður um það.

Verð $200.00 til $300.00 hver lóð
eftir afstöðu þeirra.

K. K. ALBERT
Real Estate
Phone M. 7323. 708 McArthur Bldg., Winnipeg, Man.

Póstulleg kveðja

Til M. INGIMARSSONAR.

Í fréttabréfi frá Tantallon P.O., Sask., er postulleg kveðja eða inngangur að fréttum úr bygðinni á þessa leið: "..... það er vitanlegt að lesendum Lögb. og Hkr. er fátt kærara að lesa, en fréttir úr íslenzku nýlendunum hér vestra. Þó er mjög leiðinlegt, þegar menn eru að klúðrast við að vefa persónuleg ónot og brígslyrði inn í fréttabréfin sín, eins og svo oft og átakanlega vill brenna við í Heimskringlu, og sýnir þetta eitt meðal annars, hvað B. L. Baldwinson er vandur að virðingu sinni og blaðsins". Og svo þessi þýðingarmikla athugasemd(!!): "Þess má geta til íhugunar, að Lögb. flytur ætíð lengri og greinilegri Íslandsfréttir en Heimskringla". — Svo mörg eru þessi órökstuddu og illgjörnu orð í þessari postullegu kveðju M. Ingimarssonar.

Ég hefi enga ástæðu, og því síður löngun til að gera neina athugasemd við sjálft fréttabréfið. En ég þykist hafa fulla ástæðu til, að fara nokkrum orðum um ranglæti það, sem sýnt er hr. B. L. Baldwinson og Heimskringlu, sem líka er að öllu leyti sérstakt og fráskilið fréttum bygðarinnar.

Frá mínu sjónarmiði er þetta fávíslega flapur sprottið af blindu flokksfylgi og illgjarnri hvöt, sem hefir hleypt fregnritaranum á þetta ólánlega og óheiðarlega gönuskeið.

Hvað því viðvíkur, að menn "klúðrist" við að vefa meir af persónulegum ónotum inn í Hkr. en Lögb., er vandi að dæma rétt um í fljótu bragði, til þess þyrfti að ganga í gegnum blöðin fyrir nokkra mánuði að minsta kosti. Og vanalega þegar það hefir átt sér stað, þá er það hnjóð og ólu bogaskot innan sömu bygðarlaga, sem efni bréfana fjalla um, vanalega sáralítils virði, og koma sem sagt almenningi út í frá ekki hót við.

Hér er alt öðru máli að gegna. Hér á hlut að máli einn af allra nýtustu og heiðarlegustu mönnum í flokki vorum hér vestra, þar sem herra B. L. Baldwinson er. Og hér á einnig hlut að máli blaðið Heimskringla, sem hefir náð mikilli almenningshylli undir hans ritstjórn og umsjá allri. Þar af leiðandi nær þessi órökstudda og illgjarna árás á B.L.B. og Hkr. til allra sanngjarnra hugsandi manna, sem unna og kunna að meta manninn rétt og blaðið, sem hann gefur út.

Það má vel vera, að hr. B.L.B. láti sig þetta litlu skifta, frekar en annað last og vanþakklæti, sem of oft er í té látið, bæði til hans og annara beztu og nýtustu manna þjóðar vorrar. En ég reiddist fyrir hans hönd, þegar ég las níðið, eins og Gunnar reiddist fyrir hönd Njáls og sona hans, og ég lít þannig á, að það sé manndómsleg skylda fyrir hvern ærlegan mann og konu, að taka svari allra vorra nýtu manna, sem í gegnum alla vora landnámstíð hér — baráttu og þrautir — hafa talað í okkur kjarkinn, hafa hjartanlega glaðst af allri okkar framför, hafa aldrei látið hjá líða, að gefa hverjum einum sanna viðurkenning fyrir því, sem rétt og gott var, þeim til uppörfunar og öðrum til eftirdæmis, og hafa með sinni hygni og dugnaði unnið sér og sínum þjóðflokki göfugt og heiðarlegt álit innlendu þjóðarinnar, sem vér erum orðnir partur af. Þetta á hr. B. L. Baldwinson alt.

Ég þekki hvorki sporð eða höfuð á þessum blessuðum náunga, sem postullegu kveðjuna sendi í Lögberg. En ef hann er álitinn svo merkur maður, að orð hans kasti nokkurri vigt til lesenda blaðsins, þá skora ég á hann, að sýna með rökum, að hr. B. L. Baldwinson sé ekki strang-heiðarlegur maður. Og að hverju leyti er hann ekki vandur að virðingu sinni? Þessu verður hr. M. Ingimarsson að svara í sama blaði og illkvitni hans flutti, og færa sannanleg rök fyrir, — annað ekki tekið gilt, — eða þá standa hér eftir sem illgjarn heimskingi, sem enginn tekur mark á.

Viðvíkjandi "íhugunar" hendingunni, skal ég geta þess hér, að ég hefi engan fyrri heyrt kvarta um það, þó að Íslandsfréttir vorar samandregnar í minna rúm í Hkr. en í Lögb. Til þess eru tvær ástæður: Sú fyrri, að æðimargir hér vestra kaupa blöð að heiman, og þó mest af þeirra lesmáli sé gott og blessað, og afarmerkilegt, eins og málaferli og því um líkt, þá samt langar sárafáa til þess að borga aftur fyrir alt það sama í vorum vestur-íslenzku blöðum. — Í öðru lagi vilja fjöldamargir hafa langtum meira af íhugunum — svo ég bræki orð M.I. — um vor eigin áhugamál og viðburði, og láta sér hjartanlega nægja alt það merkasta, sem við ber á ættjörðinni, samandregið í lítið rúm í vikublöðum vorum.

En fyrir þessa hátíðlegu pillu skal ég gefa hr. M. Ingimarssyni þá íhugun aftur og móti, að allur fjöldi af mönnum hér í Winnipeg eru sár-óánægðir með Lögberg nú, og segja það sé orðið mest tómar a..... auglýsingar. Hvað mun verða um jólaleytið? — Þetta er að vísu heldur harðar dómur, en í þetta sinn ætla ég ekki að kveða upp neinn rökstuddan dóm um gagnsemi og gildi blaðanna vorra, Heimskringlu og Lögbergs. En ég hefi hugsað mér, ef kringumstæður leyfa og ef hr. M.I. fer að malda á móti þessu, að taka bæði blöðin, Heimskringlu og Lögberg, fyrir ákveðið tímabil, og sýna fram á, með öllum þeim óhlutdræk og sanngirni, sem ég á til, hvernig samanburður þeirra verður. Hvað mikið þau leitast við að vekja menn til frama og frægðar. Hvað mikið þau láta sér annt um vor farsælustu framtíðarmál. Hvað mikið þau gera til að brýna fyrir mönnum andlegt og efnalegt sjálfstæði fyrir alla, hvern einstakan. Og hvað mikið þau leggja á sig til þess, að eyða flokkadrætti og draga krafta þjóðar vorrar saman í eitt, svo meir og betur verði unnið og afkastað. Og líka sýna fram á, hvað hvort blaðið fyrir sig er meiri skuggsjá af andlegri og alþýðlegri menning Vestur-Íslendinga. Og einnig þá vitanlega sýna samanburð á því frumsamda eftir ritstjórana, og sýna fram á, hvernig þeirra andlega frelsi stendur í tilliti til lesendanna, sem þau á parti vilja vera, og ættu að vera nokkurskonar leiðarstjarna.

Svo bið ég hr. Ingimarsson að muna það, að ég tek engina til mæli gild til hr. B. L. Baldwinsonar eða Heimskringlu, nema að þeim fylgi óhrekjanlegar sannanir. Snúningar duga ekki hót, og ég get orðið langtum þunghentari í annað sinn, ef því er að skifta.

Lárus Guðmundsson.

Íslands fréttir.

Látnir: Samúel Richter, fyrrum kaupmaður og verzlunarstjóri í Stykkishólmi, 76 ára gamall. — Jóna Jónsdóttir, kona Magnúsar Jónssonar í Borgarnesi barnakennara.

Þann 20. október féll dómur í 19 meiðyrðamálum í Reykjavík. Þar af þoru 14, er ráðherra Björn Jónsson höfðaði móti Jóni Ólafssyni alþm., og 5 er Lárus Bjarnason lagaskólastjóri höfðaði móti ritstjóra Ísafoldar. Jón Ólafsson var dæmdur í 12 málunum í 430 kr. sekt alls og 180 kr. í máskostnað. En ritstjóri Ísafoldar var dæmdur í 200 kr. sekt og 75 kr. í málskostnað. Ísafold getur þess, að einhverjum af þessum Lárusarmálum verði áfrýjað.

Maður að nafni Kristinn Jóhannesson, trésmiður úr Reykjavík, drukknaði í Norðurá í Borgarfirði. Hann var að vinna við smíði á brú, sem verið er að setja yfir ána.

Kartöflu uppskera á Norðurlandi hefir orðið lakari en í meðallagi. Ræktunarfélag Norðurlands fékk meðal uppskeru, 15-falt.

Siglfirðingar eru að ráðgera, að koma upp vatnsleiðslu í kaupstaðnum.

Peningamálanefndin, eftir að hafa íhugað beztu ráð til að bæta úr peningavandræðum landsins, hefir komið fram með svolátandi tillögur:

1. Að einn banki að eins hafi seðla-útgáfu rétt.
2. Að allir seðlar séu trygðir á líkan hátt og nú er um seðla Íslandsbanka.
3. Að einn banki að eins hafi veðdeild.
4. Að breytingar verði gerðar á lánskjörum þeim, sem nú eiga sér stað um veðdeildarlán, — þannig: — a) Að lán gegn veði í jörðum verði veitt bannig, að helfingur lánanna standi afborgunarlaust um aldur og æfi, en hinn helfingurinn veitist til alt að 75 ára. Ennfremur að lána mætti út á jarðir alt að tveim þriðju virðingarverðs jarðanna sjálfra, og auk þess alt að þriðjungi virðingarverðs húsa á jörðinni. — b) Að lán gegn veði í húsum, sérstaklega steinhúsum í kaupstöðum og kauptúnum, verði veitt til lengri tíma en nú er, t.d. alt að 60 árum. — d) Að veðdeildin hafi lögákveðið stöðugt eftirlit með viðhaldi fasteigna þeirra, sem veðsettar eru.

Úr Dýrafirði er ritað 24. sept.: "Sumar gat ekki heitið að væri hér nema tvo mánuði, júlí og ágúst, því að með september brá til votviðra og storma, svo að sumir eiga enn úti hey. Mest kvað hér að rokinu aðfaranótt 21. þm., og urðu þá skemdir á bátum, húsum og heyjum á sumum stöðum, einkum í Önundarfirði. ..... Eftir sl. vor bera hér flestir halt höfuð, vegna korn- og mjölkaupa handa skepnum sínum, er urðu lítt bærileg".

Á Ísafirði var komin haustveðráttu seinni part september, kraparingingar öðru hvoru og snjór í fjöllum.

Lýðháskólinn á Hvítárbakka í Borgarfirði hefir 40 nemendur á komandi vetri, og hafa þó fleiri sótt um inntöku á skólann. Á lagaskólanum verða 13 nemendur í vetur.

Jón Magnússon datt út úr vélabát við Wathnes bryggju á Seyðisfirði 4. okt. sl., og drukknaði.

Þann 25. september gerði slíkt ofsarok á Seyðisfirði, að 5 ritsimastaurar þar í kaupstaðnum brotnuðu niður við jörð. Þak rauf á steinhúsi, sem í smíðum var, og efri hluti veggjanna hrundi.

Á almenna mentaskólanum í Reykjavík eru nú 126 námsmenn. Nemendur á Læknaskólanum eru 10 að tölu. Og 105 námsmeyjar eru á kvennaskólanum.

Úr ræktunarsjóði Íslands hafa 49 menn hlotið verðlaun, sem hafa numið frá 50 til 200 kr. Þjóðvilinn segir, að alls hafi 6 menn hlotið 100 kr. eða þar yfir; hinir allir 75 kr. eða 50 kr.

Fréttir.

— Brezka þingið verður upplevst þann 28. þ.m. Lávarðadeildin má kjósa um það tvent: annaðhvort að gera algerlega að vilja stjórnarinnar og viðurkenna réttleysi sitt til þess að hafa neitunarvald í fjármálum landsins, eða ganga umsvifalaust til almennra kosninga.

— Stjórn Japana hefir pantað frá skipasmíðafélagi einu í Evrópu svo stórt og öflugt vígskip, sem jafnist við þau allra-beztu sem nú eru til. Það á að kosta minst 10 miljónir dollara.

— Mælt er, að svo lítið sé nú um sauðafóður í Montana ríki, að margir hjarðmenn þar hafi selt alt sauðfé sitt og hætt algerlega við sauðfjárrækt. Í þessum mánuði hefir 15 þúsund fjár verið sent þaðan á hjarðleindin miklu í Alberta og Saskatchewan fylkjum, og von á mörgum þúsundum í viðbót því að heyskortur mikill er í Montana.

ÍSLENZKAR BÆKUR

Ég undirritaður hefi til sölu nálega allar íslenzkar bækur, sem til eru á markaðinum, og verð að hitta að Mary Hill P.O., Man. — Sendið pantanir eða finn ð.

Niels E. Hallson.

JÓN JÓNSSON, járnsmiður, af 790 Notre Dame Ave. (horni Toronto St.) gerir við alls konar katla, könnur, potta og pönnur fyrir konur, og brýnir hnífa og skerpir sagir karlmenn. — Alt vel af hendi leyst fyrir lítla borgun.

Það er alveg víst, að Það borgar sig að auglýsa í Heimskringlu.

"KVISTIR"

kvæði eftir Sig. Júl. Jóhannesson, til sölu hjá öllum íslenzkum bóksölum vestanhafs

Verð: $1.00

Sherwin-Williams PAINT
fyrir alskonar húsmálningu.

Prýðingar-tími nálgast nú. Dálítið af Sherwin-Williams húsmáli getur prýtt húsið yðar utan og innan. — Brúkið ekker annað mál en þetta. — S.-W. húsmálið málar mest, endist lengur, og er áferðarfegurra en nokkurt annað hús mál sem búið er til. — Komið inn og skoðið litarspjaldið. —

Cameron & Carscadden
QUALITY HARDWARE
Wynyard, -- Sask.

A. SEGALL

(áður hjá Eaton félaginu).

Besti kvennfata Skraddari

Loðskinna fötum veitt sérstakt athygli.

Hreinsar, Pressar, Gerir við.

Fjórir (4) alfatnaðir hreinsaðir og pressaðir, samkvæmt samningum, hvort heldur er karlmanna eða kvenfatnaður, fyrir aðeins $2.00 á mánuði.

Horni Sargent og Sherbrooke

FRIÐRIK SVEINSSON

tekur nú að sér allar tegundir af húsmáling, betrekking, o.s.frv. Eikarmálning fljótt og vel af hendi levst. Heimili 443 Maryland St.

Í TÓMSTUNDUM

Þad er sagt, ad margt megi gera sér og sínum til gíðs og nytsemds, í tómstundunum. Og það er rètt. Sumir eyða öllum sínum tómstundum til að skemta sèr; en aftur aðrir til hins betra; að læra ýmislegt sjálfum sér til gagns í lífinu. Með því að eyða fáum mínútum, í tómstundum, til að skrifa til HEIMSKRINGLU og gerast kaupandi hennar, gerið þér ómetanlegt gagn, — þess fleiri sem kaupa þess lengur lifir íslenzkan Vestanhafs.

PIANO varðveitsla

Piano kaup skyldu jafnan gerð með hinni mestu varasemi. Þess vegna er hyggilegt, að reiða sig eins mikið á orðróm smiðanna og það, hve hljóðfæriið virðist hafa góðan tón — og miklu meira — eins og hitt, hvað það kostar. Heintzman & Co. ábyrgjast hvert Piano um 5 ára tíma, og ábyrgð beirra þýðir það sem hún segir.

Komið og talið við oss um Piano mál.

J. W. Kelly. J. Redmond, W. J. Ross

Cor Portage Ave & Hargrave
Phone: Main 808.

Fréttir úr bænum.

MUNID EFTIR RECITAL ÞEIRRA JÓNASAR PÁLSSONAR OG TH. JOHNSON Í GOODTEMPLARS HALL Þ. FYRSTA (1.) DESEMBER NÆSTKOM.

Þann 5. þ. m. gáf séra Bjarni Þórarinsson saman í hjónaband, að Westbourne, Man., þau herra Ágúst Eyjólfsson og ungfrú Guðrúnu Grímsdóttur. Um 60 manns sátu þar brúðkaupsveizlu mikla, og var það þó að eins nokkur hluti þeirra hinna mörgu, sem boðnir voru. Ágúst er maður stór að vexti og stór í lundu, og alt er það myndarlegt, sem hann gerir. Ífyrra fór hann í kynnisfór til Íslands og kom aftur þaðan með bróður sinn — sem síðan er látinn — og fjölskyldu hans. Nú hefir hann keypt búland mikið og verðmætt þar vestra og hygst að hokra þar í stórum stíl og stunda hveitirækt. Til leiðbeiningar þeim, sem vildu hafa bréfaskifti við hann, skal þess getið, að pósthús þeirra hjóna verður framvegis Addingham, Man.

Útför Mrs. Thorbjargar Sumarliðason fór fram frá Tjaldbúðarkirkju á sunnudaginn var, eftir að húskveðja hafði verið flutt að heimili hinnar látnu. Svo var mannfjöldinn mikill við kirkjuna, að hún rúmaði ekki nema nokkuru hluta þeirra, sem komu; hinir stóðu úti fyrir, þar til útfararminningin hafði farið fram og að því kom, að viðstöddum var boðið að líta á líkið áður en það væri borið út úr kirkjunni. Talsverður hópur fylgdi hinni látnu út í kirkjugarðinn, þar sem líkið var sett í hvelfingu til geymslu til greftrunar á næsta vori.

Á þriðjudagsmorguninn kom upp eldur í meðala heildsöluhúsi þeirra Martin, Bole & Wynne Co. hér í borg. Allar vörur á 4 loftum hússins brunnu með því. Skaðinn metinn full 200 þús. dollara.

Allmikilla æsinga hefir það valdið hér í borg, að prestur einn að nafni Shearer hefir borið út þá fregn, að lögregluástandið í Winnipeg sé rotið, og að borg þessi sé siðferðis-versta borgin í Canada.— Bæjarráðið hefir ákveðið, að láta rannsaka mál þetta frá rótum og dómsmálastjóri Campbell hefir útnefnt Robson dómara til að halda þá rannsókn. Rannsóknin er gerð til þess, annaðhvort að presturinn sanni sögu sína eða að öðrum kosti aftur kalli hana. Bæjarstjórnin er í engum vafa um, að sýnt muni verða, að hér sé siðferði og siðgæði yfirleitt á eins háu stigi og nokkurstaðar annarstaðar í jafnstórri borg.

Nýlega hafa þeir sér Runólfur Marteinsson, kennari við Wesley College, og séra Fr. J. Bergmann gengið í Goodtemplara stúkurnar íslenzku hér í borg, — séra Runólfur í Skuld og séra Friðrik í Heklu. Vænta má þess, að prestarnir vinni félaginu mikið gagn með nærveru sinni á fundum þess, og að það verði mörgum manni hvöt til þess að ganga í félagið.

Hinir þrír íslenzku prestarnir hér í bænum hafa þegar lengi verið meðlimir í G.T. félaginu.

Lesendur eru beðnir velvirðingar á ranghermi í síðasta blaði, um fundarhald kjósenda í 4. kjördeild, sem sagt var að yrði á North West Hall 29. þ.m., en átti að vera 22. þ.m. Fundurinn er því um garð genginn.

Til borgarinnar komu á laugardaginn var Friðbjörn P. Magnússon og Richard Brun, frá Leslie. Richard býst við að dvelja hér fram yfir jólin, en Friðbjörn máske yfir allan veturinn.

Mr. Geo. Spearman, frá Wynyard, Sask., var hér á ferð í bænum. Hann er að byggja hveitimylnu þar vestra, er malar 75 bushel af hveiti á dag. Spearman er kunnugur Íslendingum þar vestra og lætur vel af þeim. Mylna hans er í nýjasta sniði og vel byggð. Hann óskar viðskifta Íslendinga, og lofar að breyta vel við þá. Hann hefir haft viðskifti við marga Íslendinga, og kunnugir menn segja, að hann séð góður maður og áreiðanlegur.

Herra L. H. J. Laxdal, bóndi að Kristnes P.O., Sask., sem fyrir nokkru gerðist félagi í "The Canadian Lumber Company", er nú fluttur til Candahar, Sask., og félag hans tekið þar til starfa. Þeir, sem vildu skrifa herra Lúðvíg Laxdal, sendi bréfin til Candahar, Sask. Einnig mundi hann þiggja, að þeir sem þurfa að kaupa timbur eða annað byggingaefni, vildu heldur verzla við félag hans, en að taka á sig langan krók til þess að fá verri við með hærra verði annarstaðar.

Kappræðan, sem auglýst var í síðustu viku hjá stúkunni Skuld, varð að bíða, þar til nú í kveld (miðvikudag). Ræðumennirnir eru góðir, annar frá Skuld og hinn úr Heklu. Umræðuefnið er stórt og vel þess virði, að um það sé hugsað og talað. — Oss er sagt, að Skuld hafi tekið inn 8 nýja með lými á síðasta fundi, og gleður það oss mjög. Goodtemplara félagsskapurinn á það sannarlega skilið, að fólkið standi með honum og styrki í hvívetna. Það eru sterk meðmæli með hverjum manni í þessu landi, ef hann er Goodtemplar í raun og sannleika.

Hr. N. Ottenson í River Park biður þess getið, að hana hafi enn þá eftir talsvert af myndunum stóru, af víkingaskipinu "Elliði". Þeir, sem vildu eignast þær, sendi pantanir sem fyrst til N. Ottenson River Park, Winnipeg.

ANCHOR BRAND HVEITI

er bezta f anlegt mjöl til nota í heimahúsum og annarstaðar. Það er gert úr No. 1. Hard HVEITI eftir nýjustu aðferðum.

Sími 4326 eftir söluverði þess.

Leitch Bros.
LOUR MILLS
Winnipeg skrifstofa
240-4 GRAIN EXCHANGE

FÖSTUDAGINN 11. nóv. varð ég fyrir þeirri sorg, að sjá á bak ástkæru eiginkonu minni, ÖNNU EGILSDÓTTUR, eftir að eins fjögurra ára sambúð, og langvinnan tæringar sjúkdóm, er loks varð henni að bana.

Öllum þeim hinum mörgu, er sýndu okkur hluttekningu í því stríði og mér og litlu dóttur minni með að heiðra minningu hennar við jarðarförina, tjái ég hér með hjartans þakkir mínar.

J. T. BERGMANN

Tilkynning.

Mánudagskveldið 5. desember næskomandi fer fram kosning fulltrúa (Trustees) stúknanna Heklu og Skuldar fyrir næstkomandi ár, í efri sal Goodtemplarahússins. — Allir meðlimir téðra stúkna hér í bæ eru ámintir um að sækja fundþennan.

Nöfn þeirra, sem útnefndir verða í stúkunum, verða birt í næsta blaði.

Fyrir hönd fulltrúanefndarinnar.

G. ÁRNASON,
varaskrifari.

"It may be my lot to love a girl".

Svo heitir nýr ástarsöngur, sem blaðið Grand Forks Daily Herald (dags. 16. þ. m.) segir að landi vor herra Fred. E. Arason, að Mountain, N. Dak., hafi nýlega ort, — bæði ástarljóðin og lagið við þau.

Að talsvert muni þykja varið í ljóð þessi og lagið við þau, má marka af því, að eitt mesta söngva-útgáfufélag í Chicago borg hefir gefið hvorttveggja út á eigin reikning, og er nú sem óðast að útbreiða það.

Blaðið segir, að söngurinn sé mjög vinsæll meðal músik-unnenda, og söngfræðinga, og sé að ná mikilli útbreiðslu.

Það væri sanngjarnt af öllum þeim Íslendingum, sem unna músik og virða viðleitni þessa unga manns til að ryðja sér braut á svæði sönglistarinnar, að senda til hans eftir eintaki af söngnum, sem að eins kostar 25 cents.

Sendið pantanir til Fred E. Arason, Composer, Mountain, N. D.

Lárensína Hallgrímsdóttir, frá Wild Oak, sem hingað kom til Winnipeg fyrir liðugum tveimur vikum, ætlar nú til Nýja Íslands skemtiferð næstk. laugardag, og býst við að dvelja þar til vors.

Mannalát.

Látinn er hér í borg Sigurður Guðmundsson, á Lipton St., daglaunamaður, um eða yfir fimtugt. Hann eftirskilur konu og 8 eða 9 börn á ýmsum aldri. Fjölskylda þessi hefir verið 7 ára tíma hér vestra.

Það slys varð hér í borg á laugardaginn var, að þorsteinn Björnsson, 28 ára að aldri (ekkjumaður en barnlaus), sem um sl. 3 ár hefir unnið að útkeyrslu fyrir T. Eaton félagið, datt af keyrsluvagni sín um og beið bana af því. Hestarnir hófðu fælst, en samt hélt hinn látni í taumana, þó hann dytti úr vagninum og drógst þannig spölkorn, þar til vagnhjólin runnu yfir höfuðið á honum og brutu það. — Maður þessi var vel kyntur og talinn með áreiðanlegustu þjónum Eaton félagsins. Móðir hans og bróðir búa að Baldur, Man. Útförin fór fram á þriðjudaginn var.

BAZAAR
—OG—
Grand Concert

Fimtudaginn þann 24. þ.m. heldur framkvæmdarnefnd stórstúku Goodtemplara Bazaar til arðs fyrir útbreiðslusjóð Reglunnar. Bazaarinn setndur yfir eftirmiðdag og kveld fimtudagsins í Goodtemplara húsinu, og um kveldið verður einnig Concert í sambandi við Bazarinn í efri sal hússins. Inngangur að Concertinu verður 25c. Alt eftirnónið og að kveldinu verða veitingar seldar í neðri salnum, þar sem Bazaarinn verður haldinn.

Þess er óskað, að sem flestir landar komi og noti þetta tækifæri að fá góða og ódýra mun, sem þar verða seldir. Margir munirnir gætu orðið ágætar jólagjafir, svo sem máluð taflborð í umgerð, máluð mynd af Vestmannaeyjum, bækur, smámyndir, kassar o.s.frv.

Einnig er búist við, að Concert það, sem þá verður haldið, verði með þeim allra beztu, sem haldin hafa verið. Enginn, sem kemur á Bazaarinn, er skyldaður til að sækja Concertið.

Herra B. M. Long, að 620 Maryland St., veitir móttöku gjöfum fyrir Bazaarinn. Eins má koma þeim til hvers annara úr framkvæmdarnefndinni sem er.

Tillaga hefir verið gerð um, að hætt sé við að kenna listir á Manitoba College hér í borg, og að hér eftir verði ekkert kent þar annað en guðfræði. Skóli þessi hefir starfað hér vestra um 25 ára tíma og alt af haft nægar inntektir til þess að mæta útgjöldunum, þar til á sl. fjárhagsári, að 1500 dollara tap varð á starfseminni. Ætlað er, að skólinn geti haldið áfram að lifa, ef hann bindur sig eingöngu við guðfræðikenslu.

Dánarfregn.

Hinn 5. nóvember 1910 lézt að heimili sínu nálægt Mountain, N. Dak., konan Guðný Sveinsson, 39 ára að aldri. Hún var dóttir þeirra hjóna Jóseph Schram og Kristinar konu hans, sem lengi bjuggu nálægt Akra, N. D., en fluttu árið 1901 til Nýja Íslands Man.

Guðný sál. ólst upp hjá foreldrum sínum, þar til hún 31. des. 1899 giftist eftirlifandi ektamanni Oddi Sveinssyni. Þau hjónin eignuðust 3 börn, sem ásamt föðurnum syrgja ástríka móður.

Guðný sál. var greind kona, umhvggjusöm eiginkona og ástrik móðir. Hún var glaðlynd. Hennar er því sárt saknað af ættfólki og öðrum, sem kynni höfðu af henni, en bó mun sorgin sárust hjá ekkju manninum, og svo móður hinnar látnu, sem sér til ánægju tók sér ferð á hendur með dóttur sinni til að heimsækja þetta barn sitt eftir tíu ára skilnað. En í stað ánægju varð það til þess að vaka og þrevtast og með móðurhönd að hjúkra hinni látnu á banabeði hennar.

En um leið skal þess getið, að Mrs. Schram óskar, um leið og hún nú heldur aftur til heimilis sins í Nýja Íslandi, að þakka öllum í Dakota fyrir bá hluttekning, sem henni hafi verið sýnd í þessu sorgarstríði, og með því létt undir með sér að bera sorgarbyrðina.

Einnig þakkar herra Sveinsson öllum þeim, er sýndu honum hluttekningu í sorginni, en sér í lagi kvenfélagi Víkursafnaðar (hverju hin látna tilheyrði), sem lagði blómsveig á kistu Guðnýjar sál. og með því sýndu innilega hluttekningu aðstandendum hinnar látnu.

Vinur.

KENNARA

vantar fyrir The Narrows S. D. No. 1450, frá 2. jan. til 30. júní 1911. — Umsóknir, er tiltaki kauphæð og mentastig, verða að vera komnar til undirskrifaðs ekki síðar en 1. desember næstk.

The Narrows P.O. Man.
19. okt. 1910.
J. R. JOHNSON, Sec'y-Treas.

Notið tækifærið!

Ég sel með góðu verði miklið af bókum og blöðum á íslenzku, dönsku, norsku og ensku.

Sigmundur M Long,
790 Notre Dame Ave., Winnipeg.

Dr. G. J. Gíslason,
Physician and Surgeon
18 South 3rd Str, Grand Forks, N.Dak

Athygli veitt AUGNA, EYRNA og KVERKA SJÚKDÓMUM ASAMT INNVORTIS SJÚKDÓMUM og UPPSKURÐI —

REV. DR. O. V. GISLASON
HANDLÆKNIR
359 Sherbrooke St.

Dr. J. A. Johnson
SKURÐLÆKNIR
HENSEL, N. D.

Þegar þér þurfið að kaupa
Gott smjör
Ný egg
og annað matarkyns til heimilisins, þá farið til
YULES PRODUCE STORE
941 Notre Dame St.
Prices always reasonable

Anderson & Garland,
LÖGFRÆÐINGAR
35 Merchants Bank Building
PHONE: MAIN 1561.

Sjaldgæft tækifæri.

Ef einhverjir Íslendingar hafa í hyggju, að stunda nám á "Business College" í vetur, þá getur Heimskringla vísað á mann, sem selur þess konar "Course" fyrir fjórðungi minna verð, en nokkur annar getur boðið. Nemendur geta valið um tvo af helztu þess konar skólum í Winnipeg.

Giftingaleyfisbréf
SELUR
Kr. Ásg. Benediktsson
486 Simcoe st. Winnipeg.

KOL OG VIÐ

Alskonar Kol og Við selur I. W. THORGEIRSON að 590 Cathedral Ave.

Phone 7691

SILKSTONE KOL selur hann á $5.00 tonnið, þau gefa jafnan hita eins og kord af bezta eldivið, eru hrein og jafn ágæt til matreiðslu sem húshitunar.

SENITH COKE selur hann á $9.00 Tonnið. Lægsta verð á öllum eldivið. Símið eftir upplýsingum.

S. K. HALL
TEACHER OF PIANO and HARMONY
STUDIO; 701 Victor St,
and
Imperial Academy o Music And Arts.
Dr. Ralph Homer, Director.
290 Vaughan St.

TIL SÖLU:

160 ekrur af bezta landi, stutt frá járnbrautarstöð. — Fyrsti maður með $7.00 fær hér góð kaup. — Finnið

Skúli Hansson & Co.
47 Aikens' Bldg.
Talsími. Main 6476 P. O. Box 833

MARTYN F. SMITH,
TANNLÆKNIR.
Fairbairn Blk. Cor Main & Selkirk

Sérfræðingur í Gullfyllingu og öllum aðgerðum og tilbúnaði Tanna. Tennur dregnar án sársauka. Engin veiki á eftir eða gómbólga. —

Stofan opin kl. 7 til 9 á kveldin
Office Phone 6944. Heimilis Phone 6462

Dr. M. Hjaltason
OAK POINT, MAN

GEO. ST. JOHN VAN HALLEN
MÁLAFERZLUMAÐUR
GERIR ÖLL LÖGFRÆÐIS STÖRF ÚTVEGAR PENINGALAN.
Bæjar og landeignir keyptar og seldar, með vildarkjörum.
Skiftiskól $3.00
Kaupsamningar $3.00
Sanngjörn ómakslaun. Reynið mig.
Skrifstofa 1000 Main St.
Talsími Main 5142
Heimilis talsími Main 2357
WINNIPEG

Þarft þú ekki að fá þér ný föt?

EF ÞAU KOMA FRÁ CLEMENT'S — ÞÁ VERÐA ÞAU RÉTT

Réttur að efni, réttur í sniði réttur í áferð og réttur í verði.

Vér höfum miklar byrgðir af fegurstu og beztu fataefnum. —

Geo. Clements & Son
Stofnað árið 1874
264 Portage Ave. Rétt hjá Free Press

Th. JOHNSON
JEWELER
286 Main St. Talsími: 6606

Sveinbjörn Árnason
Fasteignasali.
Selur hús og lóðir, eldsábyrgðir, og lánar peninga. Skrifstofa: 310 McIntyre Blk.
office TALSÍMI 4700. hús TALSÍMI 2108

G. NARDONE
Verzlar með matvöru, aldini, smá-kökur, allskonar sætindi, mjólk og rjóma, sönul. tóbak og vindla. Óskar viðskifta Íslend. Heitt kaffi eða te á öllum tímum. Fón 7756
714 MARYLAND ST.

Hver sneið er góð.

Hafið þér nokkurn tíma eynt að borða þungt og límoent brauð? Slikt brauð var illa bakað. Það var ekki Boyds brauð. Sérhver sneið af Boyds brauði er gerð í bezta bakarii, úr bezta mjöli og yður mun geðjast að því, biðjið ætíð um það.

Boyd's

Bakery Cor. Spence & Portage Ave
Phone Sherb. 680

BILDFELL & PAULSON
Union Bank 5th Floor, No. 520
selja hús og lóðir og annast þar að lútandi störf; útvegar peningalán o. fl.
Tel.: 2685

Miss Jóhanna Olson.
Piano kennari, byrjar aftur að veita nemendum tilsögn að heimili sínu 557 Toronto St.

BONNAR, TRUEMAN & THORNBURN,
LÖGFRÆÐINGAR.
Suite 5-7 Nanton Blk. Tals. 766
Winnipeg, Man. P.O.BOX 223

DR. H. R. ROSS
C.P.R. meðala- og skurðlækuir.
Sjúkdómum kvenna og barna veitt sérstök umönnun.
WYNYARD, — SASK.

The Evans Gold Cure
229 Balmoral St. Sími Main 797
Varanleg lækning við drykkjuskap á 28 dögum án nokkurrar tafar frá vinnu eftir fyrstu vikuna. Algerlega privat. 16 ár í Winnipeg. Upplýsingar í lokuðum umslögum.
Dr. D. R. WILLIAMS, Exam. Phys
J. L. WILLIAMS, Manager

W. R. FOWLER A. PIERCY.

Royal Optical Co.
307 Portage Ave. Talsími 7286.
Allar nútíðar aðferðir eru notaðar við augn-skoðun hjá þeim, þar með hin nýja aðferð, Skugga-skoðun, sem gjöreyðir öllum ágiskunum. —

BÚÐIN Á SARGENT.

Kennið únglingunum að nota vel tíman. Það gerist best með því að þau beri á sér vasa úr. Eg sel vönduð Kvenn-úr frá $2.50 og upp. Eg sel $10.00 Konu-úr fyrir $6.00 þau eru í gullþynnu kössum, með ágætu gangverki ábyrgð fygir hverju úri.

Drengja úr sel eg fyrir $1.25 og þar yfir.

G. THOMAS Gull og Silfur Smiður
674 Sargent Ave. Phone Sherb. 2542

Heimskringla.

XXV. ÁR | WINNIPEG, MANITOBA, FIMTUDAGINN, 1. DESEMBER 1910 | NR. 9.

Leaded Lights.

Vér getum búið til alskonar skrautglugga í hús yðar ódýrara og fljótara en nokkur önnur verksmiðja í borginni Vér sýnum yðar myndir og kostnaðar áætlanir.

Western Art Glass Works.
553 SARGENT AVE.

Fregnsafn.

Markverðustu viðburðir hvaðanæfa

— Þau fá ekki að giftast, — það er dómsákvæði, sem prinsessa Sulkowska verður að lúta, þó hún sé eigandi að nær 5 miljónum dollara virði í eignum, sem nú eru í umsjá fjárhaldsmanns, sem stjórnar eignunum, samkvæmt ráðstöfun dómstólanna. Ástæðan fyrir giftingarbanninu er sú, að unnusti prinsessunnar sé þurfamaður. Það er þýzkur maður af góðum ætum, greifi von Schmettow. Faðir hans á miljón dollars. En svo er sonurinn eyðslusamur, að hann hefir evtt öllum eignum föður sins, sem hann gat komist yfir, þar til gamli maðurinn lokaði pyngjunni, svo pilturinn fær ekki meira meðan karl er á lifi. Mælt er að þýzkir bankaeigendur muni þó hjalpa honum fram úr vandræðunum, svo að hann nái í stúlkuna og þessar 5 miljónir hennar, og geti svo lifað rólega, þar til karl faðir hans brekkur upp af.

— Mælt er að nýja stjórnin í Portúgal eigi í erjum við hermenn þá, sem hjálpuðu til að steypa Manúel konungi af veldisstóli. Þeir hafa gert margar kröfur og harðar, sem þeir heimta að stjórnin uppfylli, og neita að leggja niður vopn, fyr en hún gangi að því að veita allar krafirnar. Þeir segjast muni setja 10 þúsund vopnaða hermenn á land í Lissabon og hefja tafarlaust aðra uppreist, ef stjórnin ekki láti tafarlaust að kröfunum. Fyrirliði hermanna þessara er einn af foringjum sjóhersins, að nafni Machado. Hann var og einn af leiðtogum uppreistarinnar.

— Ungfrú Grace, dóttir William McKenzie eiganda C.N.R. brautarinnar, er trúlofuð frönskum flugmanni, greifa T. de Lesseps. Hann er nú í Toronto á heimili unnustunnar. Þau ætla bráðlega að ferðast að gamni sinu, ásamt foreldrum brúðarinnar, um Mexico og Mið- og Suður-Ameriku og þaðan til Evrópu, þar sem foreldrar brúðgumans væntanlega eru, og verða þau þá látin kynnast tengdadottursinni.

— Dr. Crippen var hengdur á miðvikudaginn 23. f. m. Dómsmálaráðherrann neitaði að breyta dómsákvæðinu, þrátt fyrir bænarskrár undirritaðar af mörgum þúsundum manna.

— Þingið á Rússlandi hætti starfi þann 21. f.m., þegar það frétti um lát Tolstoi greifa, af virðingu við eitt af þjóðarinnar mestu mikilmennum.

Til Íslendinga í Wynyard, Sask.

Mér þætti vænt um, að geta átt fund með sem flestum Íslendingum í Wynyard, og þeim öðrum, er þangað geta sótt sér að meinalausu. NÆSTA LAUGARDAGSKVELD, 4. desember, — til að ræða um þátt-töku Vestur-Íslendinga í 100 ára afmælis minningu Jóns Sigurðssonar, — Íslands þjóðskörungs og frelsishetju.

B. L. Baldwinson

vestra fyrir $10.00 innskriftargjald í hafa nú selt þau fyrir á til 4½ þúsund dollara, og löndin stiga í verði óðfluga. — Það borgar sig að búa í Canada.

— Svo hafa kvenfrelsiskonur á Englandi látið ófriðlega umhverfis Þinghúsið undanfarnar tvær vikur, að um 150 af þeim hefir verið varp að í fangelsi. Fyrir fáum dögum náðu þær í lurginn á forsætisráðherranum og þjöppuðu svo að honum, að lögreglan varð að bjarga honum úr höndum þeirra. Þær réðust og á lögregluþjóna og veittu þeim svo harða atlögu, að þeim þótti nóg um.

— Sjóliðsmenn í Brazilíu gerðu uppreist þann 22. f.m. Óeirðirnar brutust fyrst út á einu herskipi og breiddust þaðan út til annara skipa í sjóher lýðveldisins. Uppreistarmenn sendu svæsna áskorun til stjórnarinnar um að hækka laun hermannanna, að afnema ýmsar refsingar fyrir brot beirra gegn herlögunum, og að breyta herreglunum í mannúðlegri átt en þær nú eru. Efri deildin (Senat) var tafarlaust kvödd til fundar og samþykti að verða við kröfum uppreistarmanna. En Þingdeildin neðri varð ekki eins fljótt ásátt um, hvað gera skyldi Skipin bjuggust til orustu og beindu byssukjöftum sínum á stjórnarbyggingarnar í Rio de Janeiro. Fjórir yfirhermenn á skipunum, þeir sem trúir voru lýðveldinu, voru dregnir strax í byrjun upphlaupsins, en nokkrum öðrum, sem líkt var um, var hlevpt í land ómeiddum. Síðan bjuggu skipin sig út til sjóferðar birgðir af kolum, matvælum og vopnum, og biðu svo á veðinu svars frá stjórninni. En er svarið var ekki komið þann 23. f.m., þá hófu þau hæga skothríð á borgina og héldu því uppi af og til allri nóttina. Íbúarnir urðu skelkaðir, sem von var, þó miklar skemdir yrðu ekki á bænum. Eitt skotið lenti óvart á bóndabýli og drap konu og 2 börn. — Eftir þetta kom báðum þingdeildum saman um, að verða við kröfum uppreistarmanna En þeir neituðu öllum sáttum þar til búið væri að lögleiða á formlegan hátt allar þær umbætur, sem þeir heimtuðu. Vænta má þess, að uppreistin endi, þegar búið er að uppfylla kröfur hermannanna og tryggja það, að þeim verði ekki þegnt fyrir upphlaupið.

— Landsala er líflegri nýlendu Íslendinga í Saskatchewan. S. J. Sigfússon hefir selt S. J. Víum 160 ekrur fyrir $4,500.00, og G. S Snidal hefir keypt hálfa sektion fyrir 6,400. J. O. Jónasson hefir og selt H. J. Halldórssyni hálfa sektión fyrir óneínt verð. Og margar aðrar sölur geta blöðin um. Ágenga verðið er 4 þús. dollars og þar yfir fyrir hvern sektiónarfjórðung. Margir landar vorir, sem fyrir 6 til 7 árum tóku sér land þar

— Umræðum hefir það valdið í Ottawa þinginu, að skólabörn í Red Deer héraðinu í Alberta hafa neitað að syngja bjóðsöng Breta. Þau eru börn Bandaríkjamanna, sem þangað hafa flutt, og hafa í heimalandi sínu vanist við að syngja bjóðsöng Bandaríkjanna, og vilja svo halda því áfram eftir að hingað er komið.

— Þúsund manns drukknuðu í Ouang Ngai fylkinu í Kínaríki sl. mánuði í stórflóðum og 100 báta týndust. Í næsta fylki norðanvið létust og 100 manns og um þúsund húsa eyðilögðust. Margir fiskibátar meðfram ströndum þessara fylkja fórust í ofsaveðri þessu. — Langvinnar rigningar höfðu gert vatnavexti svo mikla í ár og læki, að yfirflæddi mikið landflæmi og eyðilagði uppskeru.

— Mesti fjöldi háskólanemenda á Rússlandi voru barðir og sæfðir með sverðum til óbóta þann 24. og 25. nóv. sl. Stúdentarnir, bæði menn og konur, söfnuðust saman viðsvegar á strætum úti þessa daga til að andmæla stjórninni inni fyrir það, að hún leyfði ekki, að nokkur virðingarmerki væru opinberlega sýnd hinum látna mikla manni, Leó Tolstoi. En riddaralið lögreglunnar og hermannaflokkar hröktu stúdentana jafnóðum af hverri samkomu þeirra, ýmist með sverðum eða hnútasvipum. Svo urðu óeirðir miklar, að aðrar eins hafa ekki orðið á Rússlandi í sl. 5 ár.

Hallæri var mikil hjálp í baráttunni gegn aukaþingi.

— Ekkja Russell sál. Sage hefir ákveðið, að verja nokkru af sínum mikla auði til þess að setja á stofn bæ í Forest Hill Gardens á Langeyju í New York ríki, nærfram Long Island járnbrautinni. Hún hyggur á, að bygga hús á þessari pyngju er rúmi 1500 fólksvitna á 142. ekra landspildu. Þar eiga að vera öll nútíma þægindi eins og í bezt útbúnum húsum í stórborgum, og bærinn verður skreyttur með listigörðum og skemtistöðum, svo að íbúarnir hafa hvorttveggja í einu: stórborga þægindi og landsbygðar útsýni og loftslag. Ekkjan hét við, að gera komið þessu í framkvæmd fyrir 2¼ miljón dollars, og þá upphæð hefir hún þegar lagt fram til fyrirtækisins, og þegar látið gera alla uppdrætti og samninga, sem að verkinu lúta. Einnig hefir hún buið svo um, að þæta megi við annari eins upphæð, ef þörf gerist, til að vanda alt sem bezt, og hefir lofað að leggja fram fé það einnig. — Hugmynd ekkjunnar er að setja í bæ þennan efnalitlar fólksvitnur með góðum karakter, en sem geta borgað sem svarar $25.00 hús á mánuði, eða öll í heildar niðurborgun í eignunum, því hún ætlast til að húsin verði með tíðanum eign leiguliðanna. Mrs. Sage hyggur, að algengir verkamenn geti ekki staðið við að tignast hús í þessum nýja bæ annar, en jafnframt lætur hún þess getið, að hún muni síðar hugsa fyrir högum þeirra. Í bæ þessum á að vera hið mesta hreinlæti. Allir, sem vilja fá þar heimili, verða að ganga undir rannsókn, er sýni, að þeir séu í alla staði heiðarlegir borgarar — Með því hyggst hún tryggja það, að barinn verði siðferðisgóður.

— Kvenfrelsiskonur réðust 22 nóv. sl. á íbúðarhús Asquiths forsætisráðherra Breta. Loka var mikil svo að þær komust að húsinu án þess að tekið yrði eftir þeim. Þær grýttu húsið með steinum og járnrusli, og hvaðju öðru, sem hönd á festi, brutu hvern glugga í húsinu og létu svo ófriðlega, að heimilismenn urðu skelkaðir. Lögreglan kom að í þessum svifum og ráku konurnar á flótta, en fáar voru teknar fastar.

— Tvær mílur upp í loftið flaug J. Armstrong Drexel í Philadelphia þann 23. nóv. sl., er hann komst 9970 fet upp frá jörðu, og lengra ekki, þótt hann reyndi til þess. Hann hafði ásetti sér að komast 10 þúsund fet, en þó ekki skorti nema 30 fet á þá vegalengd, þá var loftið þar uppi orðið svo létt, að 100 hestafla vélin, sem knúði loftfarið áfram, vann ekki á að koma því hærra. Enda var þá kuldinn orðinn svo mikill, að flugmaðurinn átt þágt með að stýra vélinni, og hafði hann þó búið sig út til að þola mikinn kulda — Þetta er hæsta flug, sem nokkur maður hefir gert, eftir því sem "barograph" mælirinn sýndi.

— Brezka þingið var uppleyst seint í nóvember mánuði og allmennar kosningar standa nú yfir þar í landi.

Islands fréttir.

Nýlega voru enn dæmd 11 af meiðyrðamálum þeim, sem ráðherrafi hefir höfðað gegn ritstjóra Lögréttu. Var hann sýknaður í 2 þeirra, en dæmdur í 9 · 320 kr. sekt alls og 165 kr. málskostnað.

Jóhannes Jósepsson og félagar hans hafa verið undanfarið suður í Stuttgart og sýnt list sina í leikhúsi einu bar. Eftir blöðum þaðan að dæma vekur Jóhannes mikla aðdáun með sjálfsvörn sinni. Þar vega að honum, segja blöðin, hinir mestu svaðilmenni með blikandi hnífum, og neyta allra bragða til þess að koma Jóh. á kné, en verða allir sem einn að "bíta í grasið" Mestur fangbragðs berserkur þar um slóðir, Ludvig Grammer, "hinn þæheimski Herkúles", freistaði að leggja Jóhannes hvað eftir annað, en stóðst eigi mátið lengur en 2 mín. og 15 sek. eitt sinnið og 1 mín. 40 sek. annað sinni.

Í viðræðu, sem ritstj. Ísafoldar fyrir skömmu átti við Einar Jónsson listamann í Khöfn, lét hann þess getið, að eun væri nógur tími til þess, að gera veglega standmynd af forsetanum innan 100 ára afmælis hans, "en ekki má það dragast mikið úr þessu" bætti hann við.

Frú Disney Leith, hin góðkunna brezka kona, hefir ritað einar hlýlega grein um íslenzkar glímur í skozkt blað, sem kemur út í Abedeen. Lætur hún mikið af fegurð glímunnar og fimleika glímumanna — það voru þeir Hallgrímur og Sigurjón, sem hún sá eigast við.

Fjárhagsnefnd bæjarstjórnarinnar í Rvík hefir lokið við fjárhagsáætunarvarp bæjarins 1911. Eftir frumvarpinu verða það undir 300,000. sem bærinn þarf að fá í tekjum til að standast áætluð gjöld, í fyrra voru það 175,000 í frumvarpinu (urðu í áætluninni 160.000) og í hittiðfyrra 140,000 kr. Aðallindin til þess að auka tekjurnar ætlast fjárhagsnefnd til að verði niðurjöfnunin. Vill hún láta jafna niður næsta ár 99,000 kr., — í fyrra 89,000 kr.

Látin er nýlega húsfrú Kristín Stefánsdóttir, kona Ingvars bónda Grímssonar í Laugardalshólum, — af barnsförum. Hún var dóttir sr. Stefáns Stephensen, fyrv. prests á Mosfelli. Dó frá 6 börnum í æsku.

OGILVIE'S
Royal Household Flour

Til Brauð og Köku Gerðar

Gefur Ævinlega Fullnæging

EINA MYLLAN Í WINNIPEG.—LÁTIÐ HEIMAIÐNAÐ SITJA FYRIR VIÐSKIFTUM YÐAR.

Botnvörpungur sá, er Fálkinn tók hér á dögunum í landhelgi við Gerðar, neitaði og neitaði langalengi sekt sinni. Þar kom þó að lokum, að hann reyndist tvísaga, og var hann svo sektaður um 1800 kr. og afli gerður upptækur.

Botnvörpungurinn Chieftain, sá er rændi valdsmönnunum á Breiðafirði, hefir nú verið sektaður um 125 pd. Sterling (2250 kr.) fyrir landhelgisbrotið, en hitt er óútkljáð enn, hvaða refsingu hann fær fyrir valdsmannaránið.

"Recital"

Lesendur eru mintir á RECITAL, berra Jónasar Pálssonar og Th. Johnson í Goodtemplarasalnum í kveld (fimtudag) 1. des. — Rétt er að benda á, að þar spila tvö ungmenni, sem byrjuðu nám sitt hjá Jónasi Pálssyni og hvort á hafa notið tilsagnar nema hjá honum. Þau eru þau Stefán Sölvason og Guðrún Nordal, — bæði frá Selkirk. Þau hafa bæði fengið beztu meðmælum frá öll undangengna próf og eiga nú að eins tvö próf ótekin hvort þeirra, þar til þau hafa náð "proessioanal" fullnámi. Þau hafa bæði með höndum músik kennslu í Selkirk bæ, og auk þess spilar Stefán á leikhúsinu þar í bæ, en Guðrún spilar í kirkju þar. Bæði eru þau þess verð, að húsfylli verði til að hlusta á þau, er vér hafa gefst áheyrendum tækifæri til að sannfærast um kenslu hæfileika þess manns, sem einn hefir kent þeim það, sem þau kunna í tónfræði og hljóðfæraslætti.

Program þessa Recitals er sem fylgir:

1. Overture: Golden Sept. Schlepegrell—Ensemble.
2. Piano Solo: Sonata in A, Mozart—Miss Guðrún Nordal.
3. Violin Solo: (1) Cavatina, Raff; (2) Mazurka op. 19 Weiniawski—Magnús Magnússon.
4. Piano Solo: (1) Marine Grotesque, Sinding; (2) Etude in F., Kullak—Stefán Sölvason.
5. Violin Solo: Il. Trovatore, Verdi—Lauri Oddson.
6. Piano Solo: Impromptu op 142 No. 3, Schubert—MissGuðrún Nordal.
7. Violin Solo: Concerto No. I Adagio & Rondo, Rodi—Miss Clara Oddson.
8. Piano Solo: Il. Trovatore—Stefán Sölvason.
9. Overture: Eagles nest, Isenman—Ensemble.

Menningarfélagsfundur

var haldinn þann 22. nóvember. — Á þeim fundi flutti Dr. Ólafur Stephensen fyrirlestuur "Um heilann".

Fyrirlesarinn gerði grein fyrir sloðunum, er menn hefða haft á heilanum á fyrri öldum, allt frá tíð Aristótelesar. En aðalefni fyrirlestursins var lýsing á byggingu heilans, og skýring á því, er nútíðarrannsóknir hefðu leitt í ljós viðvíkjandi starfi hinna ýmsu heilastöðva, er kæmi fram í ýmsum sálar- og líkamlegum athöfnum, — alt frá því er Brocco uppgötvaði það, að viss felling á heilanum réði yfir talfærum manna, og sem erfðafræði hann kend. — Ágætan uppdrátt af heilanum (gerðan af Chas. G. Thorson) hafði fyrirlesarinn til skilningsauka.

Margar hagnýtar upplýsingar og bendingar gaf fyrirlesarinn um broskun og heilbrigði þessa dasamlega líffæris.

Fundurinn var vel sóttur, og gerðu menn hina bezta róm að erindinu, og var flytjanda greitt bakklætisatkvæði.

Þar eð efni fyrirlestursins var svo sérfræðilegt, urðu engar umræður á eftir.

Næsti fundur verður haldinn þann 6. b.m. (næsta þriðjudagskveld). Á þeim fundi flytur séra Guðm. Árnason erindi um þýzka skáldið Goethe.

Friðrik Sveinsson, rit.

"Hún iðrast"

Nokkrir stúdentar í Íslenzka stúdentafélaginu hafa nú um tíma verið að undirbúa leik, sem þeir hafa ákveðið að gefa almenningi kost á að sjá þ. 10. og 2. þessa mánaðar (desember), í samkomuhúsi Goodtemplara. Leikurinn er nýkominn og hefir alltaf verið sýndur fyr. Aðgöngum þar fyrir leikinn, er nefnist HÚN IÐRAST, hafa þegar verið prentaðir og sendir út til að seljast.

Íslendingar! Sýnið stúdentunum sama velvildarhug og fyr, með því að koma, annaðhvort kveldið, eða bæði, ef yður sýnist. Þér vitið, að starf Stúdentafélagsins, sem miðar að því, að miklu leyti, að hjálpa nemendum áfram við námið, er þess virði að þér hjálpið. Þér burfið ekki að óttast, að það verði að kasta peningum yðar á glæ, ef sækja samkomuna, því góð skemtun er yður ábyrgst.

Nákvæmari auglýsing birtist í næsta blaði, og verður þá einnig birt aðaleíni úr leikritinu.

WALL PLASTER

"Empire" VEGGJA PLASTUR kostar ef til vill ögn meira en hinar verri tegundir, —en berið saman afleiðingarnar.

Vér búum til:

"Empire" Wood Fibre Plaster
"Empire" Cement Wall "
"Empire" Finish "
"Gold Dust" Finish "
"Gilt Edge" Plaster of Paris
og allar Gypsum vörutegundir. —

Eiqum vér að senda yður bækling vorn?

BÚIÐ TIL EINUNGIS HJÁ
MANITOBA GYPSUM CO. LTD
SKRIFSTOFUR OG MILLUR Í
Winnipeg, - Man.

Heimskringla

Published every Thursday by The Heimskringla News & Publishing Co. Ltd

Verð blaðsins í Canada og Bandar $2.00 um árið (fyrir fram borgað). Sent til Islands $1.50 (fyrir fram borgað af kaupendum blaðsins hérlendis $1.50.)

B. L. BALDWINSON,
Editor & Manager

Office:
729 Sherbrooke Street, Winnipeg
P.O. BOX 3083. Tal.sími 3312.

Hundrað ára afmæli JÓNS SIGURÐSSONAR

Fundur sá í Goodtemplarahúsinu sem haldinn var á mánudagskveldið var, eins og auglýst var í síðasta blaði, var ekki eins vel sóttur eins og átt hefði að vera. Þó voru þar nær 200 manns, — alt góðlorð fólk og ráðsett fólk. Æfistarfi Jóns Sigurðssonar var þar nákvæmlega lýst af séra Jóni Bjarnason. Ennfremur um þátttöku Vestur-Íslendinga í minnisvarða máline urðu litlar, því fundurinn var því endregið fylgjandi, að oss ætti að taka sómasamlegan þátt í hverri þeirri hreyfingu, sem gerð verður heima á ættjörðinni til þess að reisa honum mikla frelsishetju sem veglegastan minnisvarða.

Þess vegna samþykti fundurinn í einu hljóði svolátandi ályktun:

1. Að Vestur-Íslendingar beri þjóðernisleg skylda til þess að taka sómasamlegan þátt í þeirri hreyfingu, sem nú er orðin á Íslandi til þess að minnast með þakklæti og virðingu æfistarfs þess manns, sem mest vann í þarfir lands og þjóðar allra þeirra, sem nokkuru sinni hafa fæðst með þeirri þjóð.
2. Að hlutfallslega við tölu vor hér vestra beri oss að leggja af mörkum til þessa fyrirtækis tíu þúsund krónur.
3. Að 15 manna nefnd sé kosin til að standa fyrir fjársöfnuninni meðal Vestur-Íslendinga og til að skila því fé í umsjá þeirra, sem á Íslandi hafa fram þæmt arvald í minnisvarða málinu.

Það var tekið fram á fundinum að aðaláherzlan skyldi lögð á, að hvert einasta mannsbarn meðal Vestur-Íslendinga tæki þátt þess um samskotum, og yrðu þá útlátin svo léttvæg hverjum einstaklingi, að engan munaði um þau. Ef tuttugu þúsund Íslendingar eru í Ameríku, þá mundu 15 cents frá hverjum — að meðaltali — þeirra eða nægja til þess að mynda sjóðinn, og það var álitið, að enginn þyrfti að gefa stærri upphæð en EINN DOLLAR. Þó að sjálfsögðu margir muni fúsir til þess að gefa miklu meira, eins og líka hitt, að margir kunna að verða, sem ekki er möguleet að ná til, til þess að ná tillagi frá þeim.

Hitt er víst, að uppæðin — Tíu þúsund Krónur — er svo lítil, að oss veitir létt að bera hana upp, ef allir leggjast á eitt í því skyni, og það er oss samgrauðt að gera það.

Fimtán manna nefndin er enn þá ekki fullmynduð, en hún verður auglýst í næsta blaði, og þá verður erlegar ávarp frá henni til Vestur-Íslendinga. En þessa er hér getið til þess að landar vorir víðsvegar í heimsálfu þessari geti hugað málið nú strax og ákveðið hvern þátt þeir geta eða vilja taka í því.

* * *

Eftir að þetta var skrifað, og skömmu áður en blaðið fór í pressu, bárust oss fregnir um, að nefndin væri fullskipuð, og samanstendur hún af þessum mönnum:

Séra Jón Bjarnason, D.D.
Séra Friðrik J. Bergmann.
B. L. Baldwinson.
Thos. H. Johnson.
Stefán Björnsson.
Stefán Thorson.
Sveinn Brynjólfsson.
Skapti B. Brynjólfsson.
Dr. B. J. Brandson.
Dr. Ólafur Stephensen.
Árni Eggertsson.
Jón J. Vopni.
Séra Guðm. Árnason.
Ólafur S. Thorgeirsson.
Friðjón Friðriksson.

* * *

ATH S.— Nefndin mæti á Lögbergsskrifstofunni á fostudagskveldið kl. 8.

400 þús. dollars eru bráðustu þarfir sjúkrahússins í Winnipeg.

Það hefir um lengri tíma verið á vitund læknafélagsins, bæjarstjórnarinnar, spítalastjórnarinnar og fjölmargra leiðandi borgara í Winnipeg, þeirra, sem þekkja starfsemi þessarar afar-nauðsynlega stofnunar og áhuga hafa fyrir því, að hún fái mætt vaxandi þörfum hins sívaxandi sjúklingafjölda hér í borg og í Manitobafylki yfirleitt, — að bráða nauðsyn ber til þess, að byggja stóra viðbót við núverandi sjúkrahús borgarinnar, ef hún á að geta haldið áfram að sinna óumflýjanlega nauðsynlegum lækninga- og hjúkrunar-þörfum fylkisbúa.

Í rauninni er þörf þessi öllum kunn, því að atkvæði voru tekin hér um veitingu þessa á síðastliðnu ári og Dr. B. J. Brandson ritaði þá langa og itarlega ritgerð í Lögberg og Heimskringlu um það. En þegar til kjósendanna kom, þá neituðu þeir með atkvæðum sínum að veita fjárupphæð þá, sem beðið var um til sjúkrahússins, og við það lömuðust framkvæmdir spítalastjórnarinnar í bráð.

Nú verður fjárveiting þessi á ný borin undir atkvæði borgarbúa á næstu bæjarstjórnar kosningum, þ. 13. þessa mánaðar (desember), og þeir beðnir að veita úr borgarsjóði 400 þúsund dollara til að auka og bæta sjúkrahús borgarinnar. Að vísu er hægt að tryggja bæjarstjórninni vald til að veita þessa fjárupphæð með því að skjóta málinu til næsta fylkisþings. En það er viðkunnanlegra, að þurfa ekki að hafa fyrir því. Viðkunnanlegra miklu, að borgarbúa sjái sæmd sína í því, að annast svo um sín eigin mál, að ekki þurfi að taka ráðin úr eigin höndum þeirra.

Þess vegna vonar Heimskringla, að hver einasti íslenzkur kjósandi hér í borg greiði atkvæði sitt með þessari fjárveitingu til spítalans.

Það, sem hefir knúð kjósendurna til þess á sl. ári að greiða atkvæði móti fjárveitingunni, er óttinn við aukin útgjöld. En þeir hafa ekki gætt þess, að þessi auknu útgjöld eru engan vegin tilfinnanleg. Í raun réttri eru þau svo lítil, að gjaldþegnarnir mundu aldrei verða þeirra varir í sköttum sínum til bæjarins. Vextirnir af þeirri upphæð, með 4 prósent, eru að eins 16 þús. dollarar á ári, en öll skattupphæð borgarinnar er nú orðin á þriðju milión dollara. Það er því auðsætt, að þó veitingar-upphæðin — 400 þúsund dollaras — virðist all-stór, skoðuð sérstaklega, þá eru árleg afgjöld og vextir af henni svo lítil upphæð, að engin gjaldþegn vröi hennar var í skattgjöldum sínum, — að eins örlítið brot úr einu centi á hvert hundrað dell. virði af eignum þeirra. Gætu menn fengist til þess, að líta á málið frá þessari hlið, hinni einu fjárhagslega réttu, og að gæta þess um leið, að afgreiðsla skuldarinnar verður borguð af næstu kynslóð alt eins vel og þeirri, sem nú er uppi, — þá má vænta þess, að menn greiði eindregið atkvæði með fjárveitingunni, og það vonar þetta blað að Íslendingar geri þann 13. þessa mánaðar.

Vitanlegt er, að margir menn og konur hafa á liðnum árum haft — og hafa ennþá — kaldan hug til og ótrú á Winnipeg spítalanum. En ekki fáum vér séð, að það sé á gildum rökum bygt, og víst er það, að ýmsir slíkir hafa gert sér að góðu, að þiggja hjálp frá þeirri stofnun, og orðið það að góðu liði. Sá, er þetta ritar, hefir fulla reynslu fyrir því, að meðferð sjúklinga á Winnipeg spítalanum er langsamlega betri en möguleegt er í mörgum sjúkdómum að veita sjúklingunum í heimahúsum þeirra, — hversu þægileg og velútbúin, sem þau kunna að vera. Enda er nú þeim Íslendingum einatt að tjölga, sem viðurkenna þörf þessarar stofnunar og ágæti hennar. Satt er það að vísu, að ýmsir sjúklingar deyja þar árlega, en að eins mjög fáir tiltölulega af öllum þeim fjölda, er þangað leita hjálpar. En eins víst er hitt, að margir sækja þangað heilsu og líf, sem annars væru dauðadæmdir, ef þeir hefðu ekki notið allrar þeirrar læknislegu nákvæmni, sem læknisleg þekking getur veitt. Þetta er að verða þeim mun viðurkendara, sem menn fá nákvæmari og sannari þekkingu á starfsemi spítalans og lækningum þar.

Það eru nú liðin full 40 ár síðan Winnipeg spítalinn var fyrst bygður. Það var gert árið 1869. Hann var lítill þá, en svaraði fyllilega þörfum bæjarins. Hann var bygður af samskota og gjafafé, og honum var stjórnað af privat borgurum, og þeirri stefnu náð verið hafðið fram á þennan dag. Árlega hefir verið aukið við hann og hann hagaður með æðrum tilkostnaði, í samræmi við þarfir fylkisbúa. En á síðari árum hefir fóðatala fylkisins vaxið svo ört, að eini hafa ekki verið til þess að láta spítalann vaxa með jöfnum hraða. Í öll þessi 40 ár hafa lækna Winnipegborgar algerlega gefið tíma sinn og þekkingu til lækningar þeim tugum þúsunda, sem þangað hafa sótt og þar fengið bót meina sinna, — þeim algerlega kostnaðarlaust. Fólk hefir sótt þangað úr öllum hlutum fylkisins og víðar að. Hvenær, sem einhver hefir slasast við járnbrautalagningar, húsabyggingar eða aðra þá vinnu, sem hættuleg getur verið líf og limum, þá hefir einatt fyrsta ráðið verið það, að senda þá inn á Winnipeg spítalann. Og lang-mestur fjöldi þessa fólks hefir verið efnalaus og orðið að þiggja fría hjálp og hjúkrun, — og lang-mestur fjöldi þeirra hefir fengið bót meina sinna. Og það er óhætt að fullyrða, að það er engin sú stofnun til innan takmarka þessa fylkis, sem jafnvel verðskuldar hlýhug og fjárhagslegan stuðning allra þeirra sem meta líf sitt og heilsu nokkurs virði, eins og almenna sjúkrahúsið hér í borg.

Flestum stofnunum er svo varið, sem reistar eru til þess að starfa í eigin hagsmuna skyni, að þess eldri sem þær verða og umfangsmeira sem starfssvið þeirra verður þess auðugri verða þær og betari til að bola samkepni og gerast köllun sinni. — Ekki svo með almenna spítalann. Hann var ekki byggður né er honum viðhaldið í eigin hagsmuna skyni, heldur er hann hrein og bein líknarstofnun og algerlega ómissandi því þjóðfélagi, sem hann hefir vaxið upp með og starfar fyrir. Þess vegna er það, að eftir því sem hann starfar lengur og meira til nytsemdar fylkisbúum, eftir því aukast þarfir hans. Aukning þarfanna verður árlega meiri en aukning inntekanna, eða möguleikanna á því, að auka og bæta stofnunina í samræmi við vaxandi þarfir og tilkall fylkisbúa. Af þessu kemur það, að spítalinn er nú þannig settur efnalega, að það er orðið algerlega óumflýjanlegt, að honum berist fjármaga einhverstaðar frá, ef hann á að geta haldið áfram að mæta vaxandi lækningaþörfum fylkisbúa.

Það er að vísu satt, að margir sjúklingar, sem á spítalann hafa sótt á síðari árum, hafa borgað fyrir veru sína þar. En langflestir hafa ekkert borgað, eða svo lítið, að það hefir ekki mætt þeim útgjöldum, sem spítalinn hefir bundist þeirra vegna. Meðal daglegur tilkostnaður við hvern sjúkling er stiginn upp yfir 1½ dollar, en spítalinn setur $1.00 á dag hverjum "Public Ward" sjúklingi, — þeim, er borgað geta. Þeir, sem betur eru efnum búnir og leggjast í privat eða "semi"-privat herbergi, verða að borga hærra, frá 2 til 3 dollars á dag, og jafnvel alt að 3½ dollars á dag. En fjöldi þeirra fá tæklinga, sem borga hið lægsta gjald, og hinna, sem borga alls ekkert, er svo mikill, að tap spítalans við veru þeirra þar, er meira en þeim gjöfum nemur, sem spítalanum berast árlega. Þess vegna er stofnunin í raun réttri að verða þeim mun efnaminni, sem meiri verður aðsókn þeirra sem þangað sækja. Útgjöld spítalans eru nú orðin sem næst 175 þús. dollars, og tekjurnar sem næst að sama skapi, að öllum gjöfum meðtöldum. En með þessu ástandi stendur stofnunin í stað og þroskalaus, er ekki fær um að vaxa í samræmi við fólksfjölgun og aukna þörf hinna vanheilu. Einmitt nú á yfirstandandi tíma er aðsóknin þangað svo mikil, að sumir sjúklingar verða að liggja úti í göngunum. Það eru hvorki til herbergi að hýsa þá, né hæfileg rúm til að hvílast í.

Allir geta séð, að þetta ástand getur ekki haldist við lengur — Stofnunin verður að geta fullnægt köllun sinni, ef hún á að verða að liði, og þess vegna verður það brýn skylda borgaranna, að veita fjárupphæð þá, sem nú er krafist í lífsnauðsyn spítalans.

Það þarf að byggja tvö stórhýsi, sem ætlað er að standi framan við núverandi spítala bygginga arnar, á suðurhlið Bannatyne Ave. Þau verða bygð í líkingu við þær spítalabyggingar, sem fullkomnastar eru hér í landi, og með öllum nauðsynlegum útbúnaði og nýjustu og fullkomnustu lækningatækjum. Tilkostnaður við þetta er áætlaður 360 þúsund dollara. Hin 40 þús. verða notuð til þess að byggja viðbót við íbúð hjúkrunarkvenna spítalans, sem nú er þegar orðin langt og lítil. Með þessu móti mundi spítalinn fá yfir 300 legurúm fyrir sjúklinga, í stað þeirra, sem nú eru þar, og með því er það trvgt, að hann geti um þörg komandi ár mætt vaxandi þörfum þeirra sjúku, sem þangað mundu sækja. Eins og nú stendur þá eru 325 legurúm á spítalanum 214 þeirra eru ætluð þeim, sem annaðhvort litið eða ekkert geta borgað; 36 legurúm eru í privat herbergjum og 75 í "semi"-privat herbergjum. Það sézt á þessu, að lang-flest rúmin eru í almenna deildunum og þar sett í beinu líknarskyni. Við hvern sjúkling, er þau rúm nota, bíður spítalinn árlega talsvert fjárhagslegt tjón, og þetta tjón er að mestu bætt upp með gjöfum frá privat félögum, sjóðum og mönnum og með styrk úr bæja og sveitasjóðum.

Reikningar spítalans frá árunum 1900 til 1909, að báðum þeim árum meðtöldum, sýna, að inntekt irnar á þessu tímabili hafa orðið Fjin Miliön 157 þús. dollars, — þannig:

Frá bæjarsjóði $222,000.00.
" fylkissjóði $225,500.00
" ríkissjóði 36,000.00.
" sveitafélögum $19,000.00.
" safnaðafélögum $13,500.00.
Gjafir $106,000.00.
Frá sjúklingum í privat herbergjum $86,500.00.
Frá sjúklingum í opinberri deildunum $48,500.00.
Frá öðrum uppsprettum $70,000.

Af þessu yfirliti sézt það glögt, að þeir, sem lang-mestrar hjálpar njóta, leggja lang-minst til inntektanna, — að eins 48 þús. dollars af nálega 1¼ milión.

Það er þess vegna engin furða þó spítalinn sé í peningaþröng, þar sem þeim fjölgar árlega, sem litið eða ekkert geta borgað fyrir veru sína þar. En hér er einungis um tvent að velja: Annaðhvort það, að neita þessum sívaxandi fjölda burfalinganna inntöku á spítalann og láta þá deyja drotni sínum hjúkrunarlaust, eða að auka svo fjarmagn spítalans, að hægt sé að halda áfram framvegis eins og að undanförnu að líkna þeim snauðu og leiða þá til lífs og heilsu.

Það er viðurkent, að læknar Winnipeg borgar yfirleitt séu eins hæfir í sinni grein eins og nokkrir aðrir á meginlandi Ameríku, og það væri Winnipeg búum hin mesta vanvirða, að fyrirmuna þeim, að geta beitt sér fyllilega í læknisstörfum sínum sökum rúmleysis og verkfæraskorts á spítalanum.

Þess vegna vonar Heimskringla — og biður — íslenzka kjósendur hér í borg, að greiða eindregið atkvæði sín með veitingu þeirri (400 þúsund dollars), sem um er beðið til spítalans. Útgjaldauaukning gjaldþegnanna er lítil, þörfin er mikil og árangurinn af vaxandi starfsmöguleikum spítalans ómetanlegur.

Ný bók.

"Vornætur á Elgsheiðum" (sögur frá Nýja Skotlandi), eftir J. Magnús Bjarnason. Bók þessi er prentuð í Reykjavík á þessu ári, en höfundurinn er eitt af vorum velþektu vestur-íslenzku ljóð- og söguskáldum, og er nú skólakennari að Marshland P.O. hér í fylkinu.

Bókin er nær 200 bls. að stærð, í stóru 8-blaða broti. Góður pappír og prentunar frágangur.

Í bókinni eru alls sjö sögur:

1. "Ungfrú Harrington og ég", í 6 köflum.
2. "Íslenzkur ökumaður", í 3 köflum.
3. "Íslenzkt heljarmenni"
4. "Íslenzkur Sherlock Holmes".
5. "Mabel McIsaac".
6. "Patrick O'Moore".
7. "Bergljót".

Að minsta kosti tvær af sögum þessum, þær "Íslenzkt heljarmenni" og "Íslenzkur Sherlock Holmes", hafa áður birzt í prenti, en sóma sér vel í safni þessu eigi að síður. Fyrsta sagan er lengst, tekur yfir 80 bls., og talsverð skáldleg tilþrif eru í henni, eins og í "Íslenzkur ökumaður", hún hvorug sé brungin af skáldagáfu. Yfirleitt eru sögurnar efnisríkar en ljúfar og þýðar, frásögnin er ljós og greinileg og þær eru allar skemtilegar aflesturs. Þær eru ritaðar í þeim anda, að maður getur hugsað sér þær vera skýrslu, lýsingar og nákvæmlega samdar, um endurminningar höfundarins frá ungdómsárum hans í Nýja Skotlandi fyrir 30 árum. Engum sem les þær, getur vitað, hvort þar eru frumhugsaðar skáldsögur eða sagnir um virkilega viðburði úr lífi höfundarins, enda skiftir það mínstu; en hitt miklu meiru, að þær eru allar þannig gerðar að efni og frásögn, að þær eru hin ánægjulegasta eign og ættu að seljast vel hér vestra. Þær munu na vinsældum meðal Vestur-Íslendinga og vér vonum, að sem flestir eignist þær. Ekkert verð er auglýst á bókinni, en hún er til sölu hjá H. S. Bardal, og þá sjálfsagt auglýst í bókalista hans.

Haustkvöld.

Hér sit ég um síðdegis stund,
er sól fer að lækka,
í skjólrikum skógarins lund
þá skuggarnir stækka.
Þó vonarikt, vinljúft og þýtt
sé vordegið fríða,
og hásumar "fagurt og fritt",
sem fjöltitir prýða.
Mér hugkærst af hrifagnýndum tíða
er haustkvöldsins dreymandi blíða.

Þó náttúran öld eftir öld
líkt árstíðum hagi,
þá finst mér samt kvöldið í kvöld
í kyrrasta lagi.
Nú dagsbartan hnigin er hálf
að hvarfbaugsins djúpi,
þar lýst mér sem ljósgyðjan sjálf
af lotningu drúpi
og glóbærð í glansandi hjúpi
við guðdómsins fótaskör krjúpi.

Sú geisla dýrð gleðinnar fró
er grátþrungnum hvarmi,
sem ástboð um algeimis sjó
fer andblærinn varmi,
og kynja-lit kyrran á skóg
slær kvöldroðans bjarmi.
Hér sælt væri' í sólarlagsró,
að sofna frá harmi;
að hvílast und himinsins armi
og hallast að almætis barmi.

Svo hljótt er að heyra má fold
sin hófga lyf blanda
því fræi, sem fóstrar í mold,
í framtíðar anda.
Nú hiðinn frá eyranu er
hver einasti kliður,
að alvæðar hljóðleika hér
alt hlustandi styður,
sem dáinna draumsæli friður
sé dropinn af himninum niður.

En þegar að þögnin er mest
og þysglaumar deyja,
þá heyrir minn hugurinn bezt
hvað Huldurnar segja,
því hlusta ég hugfanginn á
þá heilögu munna,
við gátum, sem geymir vor þrá,
þeir goða svör kunna,
sem berast um ómælis unna,
frá upptökum lífsspekis brunna.

Svo þýtt er og mjúklegt það mál,
sem munnar þeir tala,
og blitt, eins og barnanna sál,
sem brosandi hjala.
Það er sem með ósærri fylgd
hér alveldið messi.
Svo ylrik og andaktar mild
er athöfnin þessi,
sem jörðina blæengill lessi,
með Llómtiðar útgöngu-vessi.

Þó trautt fái túlkað það mál
vor tilfinning aftur,
þá lyftir upp lamaðri sál
þess leyndardóms kraftur.
Nú heyri' ég ástbliðan óm
— hann orðmála' er vandi, —
sem fljúgandi fjallsvanur rúm
við fiðlustreng blandi,
sem hörpunnar hljómdísir audi,
sem hreimar frá ódáins landi.

Það er sem minn andi sé rétt
þar alsælan drotnar,
þá titrandi tónbylgjan létt
á taugunum brotnar.
Mér virðist sem virkileik frá
min vitund sé skorin,
og sveiflandi ómvængjum á
um alheiminn borin,
hvar kikur sér ljóshnatta morin
um loftið, sem fuglar á vorin.

Þar alt er á eðlífri ferð
i umfarar hringum,
og stjarnanna miljóna mergð
snýst miðsólir kringum.
Það helgasta hulið bó er
fyr' huganum þanda,
svo heim aftur fljúgandi fer
til feigðarheims stranda,
því leyft er ei óboðnum anda
i alsýnis fordyrum standa.

Hve fátt það og örlitið er,
sem andi vor skilur
af öllum þeim undranna her,
sem ósýnið dylur.
Því liður sem leiðinda dott
vor lifstiminn naumi.
Hve sælt væri' að berast á brott
úr blindinga glaumi,
i fræðslunnar fegurðar draumi
með framhaldsins eilífa straumi.

Þroskabtur.

Minnisvarðar

úr málmi, sem nefndur er "White Bronze", eru fallegustu, varanlegustu og um leið ódýrustu minnisvarðar, sem nú þekkjast. Þeir eru óbrjótanlegir, ryðga ekki og geta aldrei orðið mosavaxnir, eins og steinar; ekki heldur hefir frost nein áhrif á þá. Þeir eru bókstaflega óbilandi og miklu fegurri en hægt er að gera minnisvarða úr steini (Marmara eða Granit). Alt letur er upphleypt, sem aldrei máist eða aflagast. Þeir eru jafn dýrir, hvort sem þeir eru óletraðir eða alsettir letri, nefnilega: alt letur, og myndir og merki, sem óskað er eftir, er sett á fritt. — Kosta frá fáeinum dollurum upp til þúsunda. Fleiri hundruð tegundir og mismunandi stærðir úr að velja.

Þessir minnisvarðar eru búnir til af THE MONUMENTAL BRONZE CO., Bridgeport, Conn. Þeir, sem vilja fá nákvæmar upplýsingar um þessa ágætu minnisvarða, skrifi til undirritaðs, sem er umboðsmaður fyrir nefnt félag.

Thor. Bjarnarson,
BOX 304
Pembina - - N. Dak.

(Þýtt).

Eg hef hætt að reykja

og ég er hreinni. Er nú orðinn laus við andremmu. Ég er nú ekki lengur opinber óþrifnaður. Ég er nú ekki lengur móðgun konu minni og börnum. Hús mitt er nú hreint og loftgott, og nú er engin tóbaksreykinga-sterkja í því til þess að hneykslá þá, sem um það gangar. Nú hefi ég reglulegri hjartslátt. Ég get unnið betur, gengið lengra og klifrað hærra. Ég hefi betri samvizku, af því að nú þarf ég ekki lengur að stelast til að reykja vanans. Ég brenn ekki upp $50.00 á ári, og ég er ekki framar ungum piltum ljót fyrirmynd. Ég veiki ekki áhrif mín í kristnum félagsskap, jafnvel ekki meðal vandfýsnustu bræðra minna. Reykingavaninn myndast í mótþróa við alt mannlegt eðli. Drengir þvinga sig til að reykja, til þess að líkjast þeim, sem eldri eru. Þeir halda að það sé mannalegt. Það er hægt að venja sig af að reykja, og það veitist lótt þeim, sem hafa viljan til þess. Þeir, sem reykja, verða bara að ákveða með sjálfum sér, að þeir skuli hætta, og svo gengur það vel. Reykingalöngunin er tækar imynduð en virkileg eða líkamleg þörf. Þegar ég sagði við sjálfan mig: "Nú skal ég hætta að reykja", þá var um leið lögunin og ástriðan horfin. Engum manni líður betur eftir að hafa reykt. Illa bragð er í munni hans, ill lykt af fötum hans og hneykslanleg svækja í herbergjum hans. Hann fyrirverður sig fyrir þetta með sjálfum sér, og hefir minna siðferðislegt og líkamlegt þrek og minni peninga.

Sjaldgæft tækifæri.

Ef einhverjir Íslendingar hafa í hyggju, að stunda nám á "Business College" í vetur, þá getur Heimskringla vísað á mann, sem selur þess konar "Course" fyrir fjórðungi minna verð, en nokkur annar getur boðið. Nemendur geta valið um tvo af helztu þess konar skólum í Winnipeg.

Kæru skifta vinir.

Eins og ykkur flestum mun vera kunnugt, hefi ég auglýst stórkostlega niðursett verð á öllum vörum, sem ég hefi í búð minni. Lesið auglýsinguna vandlega og sjáið, hvert þar er ekkert, sem þér þurfið með fyrir veturinn. — Alla þrisa, sem þar eru nefnd ir, lofa ég að standa við eins engi og það er til í búðinni. Notið tækifærið, ef þér þurfið vörunnar með. Ég get haft not af peningunum.

Húðir og allar aðrar bændavörur keyptar með hæsta verði. Salan standur yfir þar til fyrsta næsta mán aðar. — Mig vantar 200 pör af góðum heima-tilbúnum sokkum nadir eins og þessi sala er afstaðin.

E. Thorvaldson
Mountain, N. D.

ROBLIN HOTEL
115 Adelaide St. Winnipeg
Besta $1.50 á dag hús í Vestur Canada. Keyrsla ókeypis milli vagnstöðva og hússins á nóttu og degi. Áðhlynning hin bezta. Við skifti Íslendinga óskast. OLAFUR G. OLAFSSON, Íslendingur, afgreiðir yður. Heimsækjið hann.—
O. ROY, eigandi.

The Farmer's Trading Co.
(BLACK & BOLE)
HAFA EINUNGIS BESTU VÖRUTEGUNDIR.
Einu umboðsmenn fyrir :—
"SLATER" Skóna góðu.
"FIT-RITE" Fatnaðinn.
"H. B. K." prjónafélagið.
"HELENA" pils og 'waist' kvenfatnaði.
Bestu matvörutegundir.
" DEERING " akuryrkju verkfæri o. s. frv.
Beztu vörur Lágt verð
Fljót og nákvæm afgreiðsla.
Farmer's Trading Co.,
THE QUALITY STORE
Wynyard, Sask.

JIMMY'S HOTEL
BEZTU VÍN OG VINDLAR.
VÍNVEITARI T.H.FRASER.
ÍSLENDINGUR. : : : : :
James Thorpe, Eigandi

MARKET HOTEL
146 PRINCESS ST. á móti markaðnum
P. O'CONNELL, eigandi, WINNIPEG
Bestu tegundir af vínföngum og vindum, aðhlynning góð. húsið endurbætt

Woodbine Hotel
466 MAIN ST.
Stærsta Billiard Hall í Norðvesturlandinu
Tíu Pool-borð.—Alskonar vín og vindlar
Gisting og fæði: $1.00 á dag og þar yfir
Lennon & Hebb
Eigendur

JOHN DUFF
PLUMBER, GAS AND STEAM FITTER
Alt verk vel vandað, og verðið rétt
664 Notre Dame Ave. Phone 3815
Winnipeg

A. S. TORBERT'S
RAKARASTOFA
Er í Jimmy's Hótel. Besta verk, ágæt verkfæri; Rakstur 15c en Hárskurður 25c. — Óskar viðskifta Íslendinga.—

A. S. BARDAL
Selur líkkistur og annast um útfarir. Allur útbúnaður sá bezti. Enfremur selur hann alskonar minnisvarða og legsteina.
121 Nena St. Phone 306

Ég er særð til að særa.

Samkoman, sem haldin var 13. júní sl., átti aldrei að verða til umtals í blöðum, — endurminningin um hana átti að hverfa sem fyrst. Það átti að gera gott með samkomuhaldi þessu, en það særi, en ekki græddi. En samt hlýt ég að minnast þess að nokkru.

Konan, sem samkoman átti að haldast fyrir, kveðst ekkert hafa hlotið af arði hennar. Hún hefir ekki látið það fylgja með, að hún hafi þverneitað, að taka við einu einasta centi af þessum samkomupeningum. Samt keypti ég fyrir heiming þess, sem inn kom, það sem ég áleit henni nauðsynlegt, og neyddi hana til að taka við því. Það var ekki mikið, en það var betra en ekki neitt. Svo vona ég að hún geri það fyrir mig og þá, sem gáfu, að þiggja það, sem eftir er, þegar hún verður beðin þess. — Ég ætlaði aldrei samkomuna fyrir mig, enda bótt ég segði henni það. Nei, það verða að kólna enn meir dagarnir. Ef ég sé engin ráð, þá kýs ég heldur að kasta mér í náðarfaðm dauðans en manna.

Svo ég segi nú þessa sögu eins og hún gekk: Mér er svo farið, að það sem ég tek fyrir að vilja framkvæma, verður að hafa framgang, þó ég eigi í vændum reiði alls heimsins. — Maður konu þessarar, er hér ræðir um, forbannaði mér að halda áfram með samkomuhaldið, en of seint til þess, að ég upplags mins vegna, gæti hætt við alt saman, og ég hélt áfram, eins og kunnugt er, í þeirri von og í því trausti, að konan mundi lítillækka sig, — það særi hana, aumingjann, að verða að þiggja hjálp. Ég á hægt með, að setja mig í hennar spor. Hún er sér þess meðvitandi, að hún á mann, er virðist æta verið fær í flestan sjó. En hvað er að tala um það. Hann hefir um langa tíð verið fangi, fjötraður fangi, — fangi ástríðanna.

Hér er ekki þörf á ljósari skýringum. Hjón þessi þurfa hjálp og hana svo um muni. Börnin eru mörg, og væri jafnvel nóg fyrir hvern sem væri, að ala önn fyrir jafnstóru heimili. Ég harma örlög þessa manns. Hann hefir verið verður gimsteinn, en týndist í sorpið einn dimman dag.

Já, hann mæti nú sagt, að ég hefði nóg með harma minna eigin örlaga. Það virðast nornir hafa staðið yfir vöggu minni, og mælt um og lagt á, að orð min og verk væru troðin niður, og ég sjálf eins langt og hægt er að koma mér, — fyrir það, sem aðrir hljóta eins mikla ást og nú á dögum er hægt að hljóta fyrir þau sömu orð og þær sömu gerðir, sem ég hlýt jafnvel hatur eða fyrirlitningu — sem er þúsund sinnum verra en hatur.

Hjartans þakkir til allra, sem að einhverju leyti styrktu mig við þetta vanþakkláta verk, — samkomuhaldið.

R. J. Davíðsson.

SMÆLKI.

Presturinn var að húsvitja hjá einni safnaðarkonu sinni, og meðan hún var að hita á katlinum, var klerkur að útskýra fyrir Maríu litlu dóttur hennar, að guð væri allstaðar nálægur og altsjáandi.

Virkilega? varð Maríu að orði. Getur þá guð séð mig í baðherberginu okkar?

Auðvitað, litla vina mín, sagði presturinn.

Ónei, þar skjátlar þér hrapallega, sagði María og hló. Við höfum ekkert baðherbergi.

• • •

Ungur stjórnmálagarpur: Ég get fullvissað þig um það góða min, að það er ekkert erfiðara, en halda sina fyrstu ræðu fyrir fjölmenni.

Konan hans: Ójú, góði minn; ég veit eitt, sem er erfiðara.

Hann: Hvað er það?

Hún: Að hlusta á ræðuna.

Mrs Guðlaug Guðmundsdóttir

Frá Öxará í Geysir bygð.

Sízt megum kvarta, þá dauðinn ber dyrum að æðandi þó dapurt sé hjarta og holsárin nísti oss blæðandi.
Vegferð er enduð þín, vina mín, kærust í raununum, veldugi drottinn þér útbýti dýrustu launununi.

Þú settir þér markið, að elska það góða og göfuga, gleðjandi alla, er reyndu hið stríða og öfuga, léttandi nauðum og líknandi hendur út breiðandi, ljósgeisla kærleikans sólfagra í guðsótta leiðandi.

Þektir ei hræsni, því hjartað var dygðunum gróandi, þrautgóð í raununum, staðföst í trygðunum frjóandi, hugprúð og glaðlynd, þó hrektist í ofviðris nárununi, hjálpandi nauðstöddum, þerrandi af sorgmæddum tárununum.

Þá lífsböndin slitna við litum þig aftur á hæðununi, vor ljúfasta vina ert hafin frá sorgum og mæðununi, en andi þinn lifir í ódáins sælunnar sölunum, en sorgin oss þrýstir í niðsvörtu táranna dölunum.

Margrét J. Guðmundsson.

Guðmundur Guðmundsson

Fæddur 2. Sept. 1846. Dáin 13. Feb. 1910.

Hjartað er brostið, höndin stirðnuð,
hvellur heyrist í lofti duna,
dimmir á foldu, dregur skýflóka sólu fyrir,
syrtir að augum
við dánarfregn hins drenglynda manns.

Gengið er til hvíldar göfugmenni,
hjartaprúður, hinn hugum stóri,
er hataði lygi og hræsnis-glamur,
en sannleiksveg bjartan sífelt elskaði,
en heljar-nornin brandi beitti sínum.

Hátt barstu merki hreinskilni og dygðar,
glaðlyndur oftast göfuna breyttir;
gjafmildur, blíður við örvasa og auma,
fetaðir veginn frægðar og sóma,
en heljar-nornin brandi beitti sínum.

Gott barstu hjarta, guð þinn elskaðir,
og stóðst sem hetja í stríði hörðu,
og hugfallast lézt ei á hálum lífsvegi,
en lydduskap allan þú lítilsvirtir.
Von er þó syrgi þig vinir og frændur, —
en heljar-nornin brandi beitti sínum.

Sárt er þig liðinn líta á fjölum,
vinur minn kæri, því vegir oss skilja,
en æðrast ei skulum, þó iturmenni
kveðji kalt líf, því krossi er létt.

Ó, hvað margt þér eflaust náði granda,
óðast tárin mér um falla kinn.
Kæri vinur, kveð ég þig í anda
kossi hlýhjum nú í hinsta sinn.

Lifðu heill í himna ranni friðum,
hnossið friðar öðlast hefir þú;
lifðu sæll hjá sólar-hara blíðum,
sigri hrósa fögrum máttu nú.

Margrét J. Guðmundsson.

THE DOMINION BANK
HORNI NOTRE DAME AVENUE OG SHERBROOKE STREET
Höfuðstóll uppborgaður: $4,000,000.00
Varasjóður - - - $5,400,000.00
Vér óskum eftir viðskiftum verzlunar manna og ábyrgumst að gefa þeim fullnægju. Sparisjóðsdeild vor er sú stærsta sem nokkur banki hefir í borginni.
Íbúendur þessa hluta borgarinnar óska að skifta við stofnun sem þeir vita að er algerlega trygg. Nafn vort er full trygging óhultleika. Byrjið spari inulegg fyrir sjálfa yðar, konu yðar og börn.
H. A. BRIGHT, RÁÐSMAÐUR.

Vitur maður er varkár með að drekka eingöngu HREINT ÖL. Þér getið jafna reitt yður á
DREWRY'S REDWOOD LAGER.
Það er léttur, freyðandi bjór, gerður eingöngu úr Malt og Hops. Biðjið ætíð um hann.
E. L. DREWRY, Manufacturer, Winnipeg

Með því að biðja mínlega um "T.L. CIGAR," þá ertu viss að fá ágætan vindil.
T.L. (UNION MADE)
Western Cigar Factory
Thomas Lee, eigandi Winnipeg

STRAX Í DAG er BEZT AÐ GERAST KAUPANDI AÐ HEIMSKRINGLU. — ÞAÐ ER EKKI SEINNA VÆNNA.

Manitoba á undan.

Manitoba hefir viðáttumikla vatnsfleti til uppgufunar og úrfellis. Þetta, hið nauðsynlegasta frjógunarskilyrði, er því trygt.

Ennþá eru 25 milión ekrur óbygðar.

Íbúatal fylkisins árið 1901 var 225,211, en er nú orðið um 500,000, sem má teljast ánægjuleg aukning. Árið 1901 var hveiti og hafra og bygg framleiðslan 90,367,085 bushela; á 5 árum hefir hún aukist upp í 129,475,943 bushel.

Winnipeg borg hafði árið 1901 42,240 íbúa, en hefir nú um 150,000; hefir nálega fjórfaldast á 8 árum. Skattskildar eignir Winnipegborgar árið 1901 voru $26,405,770, en árið 1908 voru þær orðnar $116,106,390. Höfðu meir en þrefaldast á 7 árum.

Flutningstæki eru óviðjafnanleg,— í einu orði sagt, eru í fremsta flokki nútiðartækja: Fjórar þverlandsbrautir liggja um fylkið, fullgerðar og í smíðum, og með miðstöðvar í Winnipeg. Í fylkinu eru nú nálega 4 þúsund milur af fullgerðum járnbrautum.

Manitoba hefir tekið meiri landbúnaðarlegum og efnalegum framförum en nokkurt annað land í heimi, og er þess vegna ákjósanlegasti aðsetursstaður fyrir alla, af því þetta fylki býður beztan arð af vinnu og fjárleggi.

Skrifið eftir upplýsingum til: —

JOS. HARTNEY, 77 York Street, Toronto, Ont.
JOS. BURKE, 178 Logan Avenue, Winnipeg, Man.
A. A. C. LaRIVIERE, 22 Alliance Bldg., Montreal, Quebec,
J. F. TENNANT, Gretna, Manitoba.

J. J. GOLDEN,
Deputy Minister af Agriculture and Immigration, Winnipeg.

"Það er þá engrar hjálpar að vænta frá þér, mamma?" sagði unga stúlkan hrygg í huga.

"Ég vil ekki baka mér reiði föður þíns sökum þinna heimskulegu kenja".

"Vertu þá sæl, mamma. Að átta dögum liðn um áttu enga dóttur".

"Sem þér þóknast", sagði frúin, og bar ilmvatnsflöskuna upp að nefi sínu. "Hamingjan góða, en hvað samtal þetta hefir lamað taugar mínar".

Ísabella fór, og frúin tók aftur upp skáldsögunna eftir Balzac, til að gráta yfir hinum óhappalegu forlögum kvenhetjunnar.

"Nú er að eins Georg eftir", sagði Ísabella við sjálfa sig, um leið og hún gekk í gegnum salinn, "ég hefi lita von um, að vekja meðaumkun hjá honum, en samt ætla ég að reyna það. Hann hefir mikil áhrif á pabba, og gæti máske komið honum til að breyta áformi sínu".

Georg hafði aðsetur í öðrum armi hússins. Ísabella gekk yfir garðinn inn í byggingararminn og barði að dyrum hjá Georg.

"Ertu þarna inni, Georg?" spurði hún.

"Já", svaraði Georg.

"Ertu einsamall?"

"Já, komdu inn".

Ísabella gekk inn.

Georg var að hreinsa byssu sína, því hann ætlaði á veiðar með vinum sínum, Örnskjold og Hjorteskjold, sem biðu hans með hundana úti í skemtigarðinum.

"Hvað er það", sagði Georg og hélt áfram að hreinsa byssuna, "sem veitir mér þann heiður, að hin lærða systir mín heimsækir mig fyrri hluta dags?

Hvert er erindið? Láttu það heyrast, því ég þarf að flýta mér".

"Georg", sagði Ísabella í bænarróm. "Þú verður að nota áhrif þín á pabba til að koma í veg fyrir ógurlega ógæfu, sem yfir mér vofir. Ég kem til þín sem sorgmædd systir. Ó, ég vildi að guð gæfi, að þú ætti bróðurhjarta fyrir mig".

"Nú, hvaða voðaleg.....það er þó bölvað rusl í þessum byssulás.....ógæfa er það, sem.....ég held að fjandinn hafi fest þessa skrúfu.....yfir þér vofir, góða Ísabella?.....Hektor! ligg þú kyr, skrattinn þinn".

Seinustu orðin voru töluð við hænshahundinn, sem lagðist strax við fætur húsbónda síns.

"Settu frá þér byssuna, Georg, og hlustaðu á mig rólegur", sagði Ísabella.

"Nei, þú getur þrátt fyrir það talað og ég heyrt", svaraði Georg og hélt áfram að skrúfa lásnum. — "Segðu mér nú, hvað það er, sem að þér amar í dag? Er búið að fyrirbjóða þér að lesa latinu? Eða er búið að svifta þig fornaldarritunum?"

"Georg, — er þetta óróðurlegt? Hvernig getur þú fengið af þér að tala svona háðslega, þegar þú sérð að ég er nær dauða en lifi af örvæntingu?"

"Hver fjandinn, segðu mér hvað það er", sagði Georg um leið og hann lagði byssuna á öxl sér og kallaði á hundinn. "En flýttu þér, því Örnskjold og Hjorteskjold bíða mín úti í garðinum. Við ætlum á veiðar".

Ísabella sagði honum nú í fám orðum orsökina til sorgar sinnar, og skoraði á hann að frelsa sig frá þessari yfirvofandi ógæfu.

"Nú, það er þetta", sagði Georg hlæjandi. "Það á að gera þig að ríkri og tignarlegri greifainnu, og þú kemur hingað til að biðja mig að varðveita þig fyrir þessari voðalegu ógæfu. Hvað get ég gert í þessu efni, góða Ísabella?"

"Þú getur beitt áhrifum þínum á pabba, og fengið hann til að hætta við þetta þrælslega áform. Ó Georg, ég sárbæni þig um að hafa meðaumkun með mér".

Hún fór að gráta.

"Nei, þetta ætlar að verða of sár sorgarleikur", sagði Georg og ypti öxlum. "Mér þykir það slæmt, Ísabella, að ég get ekki hjálpað þér. En það er gagnstætt sannfæringu minni, að vilja eyðileggja þenna ráðahag, sem ég álít mjög ákjósanlegan..... Hektor! sæktu".

Georg benti á vasaklútinn sinn, sem lá á legubekknum, og hundurinn sótti hann strax.

"Ó, Georg, þú hefir ekkert hjarta í brjóstinu", sagði Ísabella, um leið og hún leit svo hlíðlega til hans með tárvotum augum, að tígrisdýr hefðu hlotið að vikna. "Ó, miskunnaðu þig yfir mig".

"Ágætt", sagði Georg. "Þessi staða gæti verið heppileg fyrir ungfrú Rachel. Hún er frábær.....en þú hallar höfðinu vel mikið til annarar hliðarinnar".

"Vertu sæll, Georg", sagði systir hans, um leið og hún jafnaði sig og hóf upp höfuð sitt tígulega. "Guð fyrirgefi þér illsku þína".

Hún fór. Georg blistraði kæruleysislega á hundinn, sem bar veiðitösku herra sins í gininu.

"Það er gagnslaust", tautaði ógæfusama stúlkan við sjálfa sig, um leið og hún gekk fram og aftur um gólfið í herbergi sínu. "Faðir, móðir, bróðir, þau hæðast öll að mér og útskúfa mér. Það er engin ögn af meðaumkun eða tilfinningu hjá neinu þeirra".

"Jæja, þá flý ég til kennara míns, þess eina manns, sem skilur mig, þess eina, sem miskunnar sig

yfir mig. Ég skal finna hann í kvöld og leita ráða hans".

"Og ef þau þvinga mig á heljarþrömina, þá skal ég bera forlög mín með hugrekki. Það finst einhverstaðar kimi í heiminum, þar sem hin útskúfaða finnur skjól".

"Og, ef hvergi finst skjól annarstaðar, þá finst það í gröunni".

"Ó, Móritz Sterner, hvers vegna bjargaðir þú mér frá druknun,.....eða réttara sagt, hvers vegna kemur þú ekki og bjargar mér í annað sinn, ef þú getur það?"

IX.

Hjá dysinni.

"Anna", sagði Ísabella um kvöldið við herbergisþernu sina, "ég ætla að fara til Marieholmar. Ef einhver spyr eftir mér, þá veiztu hvar ég er".

"En, ungfrú, bara að barúnun reiðist ekki".

"Það er alveg sama", tók Ísabella fram í fyrir henni óþolinmóð. "Hugsaðu ekkert um það, Anna. — Eins og stendur, þá er pabbi í Óðinsvík núna, og mamma er líklega í sínum herbergjum eins og vant er. Ég sé því ekki, að neinn þurfi að vita um fjarveru mína".

"Veltu ekki, ungfrú, að ég fylgi þér? Þá getur verið komið myrkur áður en þú kemur heim".

"Ef svo skyldi fara, bíð ég Hólm og Maríu að ganga með mér gegnum skóginn. En það er engin hætta á ferðum, þó ég væri ein".

Svertingja hatrið í Bandaríkjunum.

Þó nú séu yfir 40 ár síðan svertingjarnir í Bandaríkjunum fengu frelsi sitt og borgaraleg réttindi, virðast þeir hafa unnið lítið á að afla sér hylli eða virðing hinna hvítu meðbræðra sinna á þessu tímabili; öllu heldur hefir hatur og viðbjóður hinna hvítu farið vaxandi, heldur en hitt. Þeim finst það örðugt, að skoða svertingjana sem jafnoka sína, svertingjana, er þeir fyrrum litu niður á sem skynlausar skepnur, og sem á þann hátt fyltu vasa margra þeirra með ol fjár, — en sem nú heimta borgun fyrir vinnu sína, og engar refjar, — svertingjana, sem þeir gátu farið með eftir vild sinni, jafnvel lamið til dauða, ef þeim svo sýndist. Að þeir nú þurfi að skoða þá sem sína borgaralegu meðbræður og jafnoka, það finst hinum hrokafulla Bandaríkjamanni harla þungbært. Og þegar það svo í talbót hefir sýnt sig, að svertingjar hafa litt kunnað með frelsi sitt að fara, hafa hvað eftir annað drýgt stórglæpi og smánað og svívirt hvítar konur, þá hefir viðbjóður og hatur hinna hvítu aukist og fer alt af vaxandi.

En þó vitanlega að svertingjarnir séu margir hverjir gallagripir, þá ber þess ekki að neita, að margir þeirra eru friðsemdarmenn og nýtir og duglegir borgarar, og það hefir oftlega sýnt sig, að það eru hinir hvítu menn, sem blása að kolunum en skella skuldinni á hina og ofsækja þá svo miskunnarlaust fyrir. Nú er svo komið, að nærfelt hver svertingi, sem drýgir glæp, er í flátinn án dóms og laga, og þó sumir af glæpum þeirra verðskuldi dauðahegningu, þá eru meginþorrinn smáglæpir, sem fyrir engum dómstóli mundi varða meiru en eins árs fangelsi eða minna.

Mest af glæpum þeim, sem svertingjarnir drýgja, eru á hvítum konum, sumir alvarlegir, aðrir smámunir einir. Þannig hefir það sýnt sig, að af því að svertingi dirfðist að yrða á hvíta hefðarmey á stræti úti, að það var nægur glæpur til þess, að hann var hengdur á næsta símastaur.

Flest af þessum ofbeldisverkum gegn svertingjunum hafa drýgð verið í Suður-Bandaríkjum, og standa þar ríkin Texas og Louisiana fremst í flokki. Í Texas hafa um 30 svertingjar verið líflátnir án dóms og laga síðan um áramót, og í Louisiana yfir 20. Alls er talið, að um 200 svertingjar hafi líflátnir verið í Bandaríkjunum án dóms og laga síðan um áramót, auk annara smærri og stærri misþyrminga. — Stundum hefir sannast síðarmeir, að þeir sem líflátnir hafi verið, hafi reynst al-saklausir. Þannig var því t. d. varið með svertingjann Henry Davis, sem var brendur á báli í Texas ríkinu um miðjan júní í sumar. Hann var ásakaður um, að hafa á næturþeli brotist inn í hús bónda eins og svívirt konu hans. Þó hann þrætti fyrir að hafa framið glæpinn, var hann viðstöðulaust tekinn af skriðunum og brendur á báli. Síðarmeir sannaðist það, að það var hvítur maður, sem glæpinn drýgði, og fékk hann að eins tveggja ára fangelsi, þó svertingjanum saklausum yrði það dauðasök.

Annar svertingi var hengdur í Louisiana fyrir það, að hafa rant kossi frá hvítri eldabusku, sem vann á sama húsi og hann. Sambjónn hans, hvítur, sem vingott átti við eldabuskuna, komst að þessu, og hann og aðrir félagar hans hengdu svertingjann fyrir koss-stuldinn.

Dæmi þessu lík eru algeng. Í sumum tilfellum eru glæpirnir stærri, í mörgum tilfellum líkir eins og hér var getið.

Þess ber þó að geta, að ekki hefir nema ein svertingjakona verið svipt lífi, og voru til þess ástæður ekki svo lítlar, þar sem kona sú hafði gert sér það að atvinnuveg, að ræna drukna menn, sem heimsóttu pútnahús það, sem hún stjórnaði, enda urðu launin sú, að henni var varpað í poka og drekt í Mississippi fljótinu.

Aftur eru misþyrmingar algengar á svertingjakonum og stundum grimdarlegar, þó lítið sé unnið til saka. Einna ljótast dæmi er af meðferð þeirri, sem dóttir svertingja biskupsins í Louisiana varð að sæta. Svo stóð á, að stúlka þessi, sem var vel mentuð og vel látin, fékk simskeyti frá einni af kunningjakonum sinum, en þeir, sem á simastöðinni voru, fundu það óviðeigandi fyrir svertingjastelpu að vera kölluð "Miss", og riðu því utan á skeytið nafnið eingöngu. Stúlkan kvartaði yfir þessari ókurteisi, sagði sem var, að það væri alsiða, að titla allar ógiftar stúlkur sem "Miss", og kvaðst því eiga fulla heimtingu á, að sér væri sýnd hin sama kurteisi og hinum hvítu meðsystrum sinum. Þetta fanst hvítu stúlkunum ókvæði hið mesta, sem ekki mætti líðast bótalaust. Gerðu þær því aðfór að húsi biskupsins og handsömuðu stúlkuna, sem þæi síðan drógu á hárinu út úr húsinu, alt fram á aðalstræti bæjarins. Þar rifu þær af henni hverja spjör og bundu hana síðan allsnakta við símastaur og húðstrýktu af grimd mikilli. En ekki þar með búið: "Kvenskörungarnir" slógu því næst skjaldborg um stúlkuna, og létu hana þannig ásigkomna standa bundna við staur inn í brennandi sólarhita allan daginn, og hafði lögreglan ekki ræna eða vilja á, að bjarga stúlkunni úr höndum ofsóknara sinna fyrr en seint um kveldið, að "kvenskörungarnir" höfðu flestir farið heim til bús og barna, — þá var stúlkan nær dauða en lífi leyst frá staurnum og flutt heim til sín. En þegar þangað kom, var hús biskupsins brunnið til grunna. Höfðu eiginmenn og synir hvítu kvennanna tekið upp þykkjuna fyrir þær og brent hús biskupsins til kaldra kola. Og lögreglan tilkynti biskupnum, að það bezta, sem hann gæti gert, væri að hypja sig með hyski sitt sem bráðast burtu úr bænum. Lét biskup sér það að kenningu verða, því ella taldi hann sér og sinum bana vísan. — Og allar þessar hörmungar varð biskupinn og dóttir hans að líða bótalaust, að eins fyrir þá ó-lýrirgefanlegu dirfsku, að mentuð stúlka, þó af svertingja ætt væri, heimtaði að sér væri sýnd almenn kurteisi.

Annars má það dæmalaust heita í frjálsu landi, að lögreglan eða dómstólarnir skuli láta slík ofbeldisverk sem þetta liggja óhegnd. En það hefir að öllum jafnaði sýnt sig, að hvað miklum ojöfnuði og ofbeldi, sem svertingjarnir eru beittir, þá verða þeir að þola það bótalaust. En hvað lítið sem þeir aðhafast, þá eru þeir látnir gjalda þess grimmilega. — Glæpur, sem hvítur maður fengi nokkurra mánaða fangelsi fyrir, kostar svertingjann oftlega jafnmörg ár. — Og þetta er í landi frelsisins, hinum voldugu Bandaríkjum.

Hvað félagslifi viðvíkur, þá eru svertingjarnir gersamlega útilokaðir frá hvíta heiminum. Þeir hafa ekki einu sinni rétt til að ganga í sömu kirkju, fara á sama leikhús eða ferðast með sama strætisvagni og hinir hvítu. Þá er og gefinn hlutur, að allir skólar undanteknigarlaust í Suður-Bandaríkjunum eru lokaðir fyrir svertingjum. Engum föður getur til hugar komið, að láta barn sitt sitja á sama skólabekk og svertingja-unga, — nei, slikt væri til of mikils mælst. Og ef hinir hvítu hefðu nokkur ráð yfir himnaríki, mundu þeir óefað hólfa það í sundur og aðskilja svertingjana frá hinum hvítu meðbræðrum sinum, eða öllu heldur, að senda þá í neðri staðinn, ef þeir væru ekki hræddir um, að hvítir væru þar einnig.

Svertingjarnir verða því að hafa sina eigin skóla og kirkjur, ferðast með sérstökum strætisvögnum, og jafnvel á skipum þeim, er um vötnin og stórárnar fara, eru þeir aðskildir, líkt og sauðir frá hafrum. Þeir eru sem sé óhæfir til alls samnevtis við hina hvítu nema sem þjónar eða þrælar, — það er hugsunarhátturinn. — Það er því ekki að undra, þó oft vilji brenna við, að svertingjarnir hefjist ganda og jafni um kúgara sina, og því síður að undra, þó oft sé allhroðalegar aðgerðir þeirra, þar sem þeir standa á lægra menningarstigi, sem eðlileg afleiðing lítillar skólagöngu, og þess utan eiga margs að gjalda.

Þegar þess er gætt, hve hatrið nú er rótgróið á báðar hliðar, munu þess lítil líkindi, að um heilt grói. Það, sem því að flestra dómi væri happasælast, væri að allir svertingjar flyttu búferlum til Afríku, þaðan sem þeir eru runnir. Þar gætu þeir bezt notið sín, og þar eiga þeir heima. Í Bandaríkjunum verða þeir alt af gestir og framandi, illa liðnir og fyrirlitnir.

JÓN JÓNSSON, járnsmiður, af 790 Notre Dame Ave. (horni Toronto St.) gerir við alls konar katla, könnur, potta og pönnur fyrir konur, og brýnir hnífa og skerpir sagir fyrir karlmenn. — Alt vel af hendi leyst fyrir lítla borgun.

Bókalisti.

N. OTTENSON'S, - River Park, W'p'g.

Ljóðmæli Páls Jónssonar í bandi	(3)	8
Sama bók (að eins 2 eint.	(3)	60
Jökulrósir		15
Dalarósir	(3)	20
Hamlet	(3)	45
Ljóðmæli Jóns Árnasonar á Víðmýri, 1879	(4)	90
Tíðindi Prestafélagsins í hinu forna Hólaskifti	(2)	15
Útlagurinn	(2)	45
Grant skipstjóri	(2)	40
Börn öreiðarsins	(3)	55
Umhverfis jörðina á áttatíu dögum	(3)	60
Blindi maðurinn	(3)	15
Fjarhlaðni smalinn	(3)	10
Kapitola (I II, Bindum)	(3)	1.25
Eggert Ólafsson (n. J.)		15
Jón Ólafssonar Ljóðmæli í skrautbandi	(3)	60
Kristinfræði	(2)	45
Kvæði Hannesar Blöndal	(2)	15
Mannkynssaga (P. M.) Þandi	(5)	85
Mótur í heimi, í b.		15
Prestkosningin, Leikrit, eftir D.E., í b.	(3)	30
Ljóðabók M. Markússonar		50
Ritreglur (V. A), í b.		20
Sögudreg ur, í b.		15
Verði ljós		15
Vestan hafs og austan, Þrjár sögur eftir K. H., í b.		90
Víkingarnir á Hálogandi eftir H. Ibsen		25
Þorlákur helgi		15
Ofurefli, skálds. (E. H.) í b.		1.50
Ölöf í Ási	(3)	45
Sæmlin. jar, 5 sögur (E. H.), í b.		85
Skemtisögur eftir S. J. Jóhannesson 1907		35
Kvæði eftir sama frá 1905		25
Ljóðmæli eftir sama, (með mynd hátíðarinn frá 1907		25
Safn til sögu og íslenzkra bókmenta í b., III. bindi og það sem út er komið af því fjórða	(53c)	9.4
Íslendingasaga eftir B. Melsted I. bindi í bandi, og það sem út er komið af 2. b.	(25c)	2.85
Lýsing Íslands eftir P. Thoroddsen í b.	(16c)	1.90
Fornir íslenzkir rímnaflokkar, er Finnur Jónsson hefir gefið út, í bandi	(3c)	85
Alþingisstaðurinn forni eftir Sig. Guðmundsson, í b.	(4c)	90
Um kristnitökuna árið 1000, eftir B. M. Olsen	(6c)	90
Sýslumannaæfir eftir Boga Benediktsson I. og II. b innbundið	(5c)	8.10
Íslenzkt fornbréfasafn, I. bindi innbundið, 3 h. af 8 b.	(1 70)	27.20
Biskupssögur, II. b. innbundið	(42c)	5.15
Landfræðissaga Íslands eftir P. Th., 4. b. innbundið	(50c)	7.15
Ríthöfunda tal á Íslandi 1800—1882, eftir J. b., í bandi	(7c)	1.00
Upphaf alþýðufræðslu á Íslandi eftir K. Maurer, í b.	(1c)	1.15
Auðfræði, e. A. Ó., í bandi	(6c)	1.10
Presta og prófastatal á Íslandi 1869, í b.	(9c	1.25
S. Thorarinsson ljóðmæli, með mynd, í b.		1.50
Bókmentasaga Íslendinga eftir F. J., 1 b.	(12c)	1.80
Norðurlandas ga eftir P. Melsted, 1 b.	(8c)	1.50
Nýþýdda biblian	(35c)	2.60
Sama, í ódýru bandi	(55c)	1.60
Nýjatestam. nið, í vönduðu bandi	(10c)	65
Sama, í ódýru bandi	(8c)	35

Nýkomnar bækur,

Kóralbók P. Guðjónssonar		90
Sama bók í bandi		1.10
Svartfjallasynir	(5)	60
Aldamót (Matt. Joch.)		20
Harpa	(4)	60
Ferðaminningar, í bandi	(5)	90
Sóndinn	"	35
Minningarit (Matt. Joch.)	"	35
Tíundi faðirinn	"	35
Nasreddin, í bandi		35
Ljóðmæli J. Þórðarsonar	(3)	45
Ljóðmæli Gestur Pálsson	"	75
Hálkánar rímur		30
Maximi Pétrow	(2)	45
Leyni-sambandið	(2)	40
Hinn óttalegi leyndardómur	(2)	50
Sverð og bagall	(2)	30
Waldimer Nthilisti		75
Ljóðmæli M. Joch I.-V. bd., í skrautb.	(15)	4.00
Afmælisdagar Guðm Finnbogasonar		1.00
Bréf Tómarar Sæmundsson	(4)	75
Sama bók í skrautbandi	(4)	1.15
Íslenzk-ensk orðabók, G. T. Zoega	(10)	1.80
Fornaldarsögur Norðurlanda, í 3 bindum, í vönduðu giltu bandi	(15)	4.00
Gegnum brim og boða		90
Ríkisréttindi Íslands		50
Systurnar frá Grænadal		35
Œfintýri handa börnum		35
Vísnakver Páls lögmanns Vídalíns		1.25
Ljóðmæli Sig. Júl. Jóhannessonar		1.00
Sögur frá Alhambra		30
Minningarrit Templara í vönduðu bandi		1.65
Sama bók, í bandi		1.50
Pétur blásturbelgur		10
Bækur sögufélagsins Reykavík;		
Mordbréfabækling ur		1.35
Biskupssögur, 1—6,		1.95
Aldarfarsbók Páls lögmanns Vídalín		45
Tyrkjaránið, I—IV,		2.90
Guðfræðingatal frá 1707—'07		1.10
Jón Arason		80
Skipið sekkur		60
Jóh. M. Bjarnason, Ljóðmæli		55
Maður og Kona		1.25
Fjarða mál		25
Beina mál		10
Oddur Lögmaður		95
Grettis Ljóð,		65
Andrarímur		50
Líkafrónsrímur		35
Jóhanni Black rímur		25
Reimarsrímur		35
Álaflekksrímur		25
Rímur af Gísla Súrssyni		35
Dular, Smásögur		50
Hinrik Heilráði, Saga		20
Svölda ár rímur		35
Þjóðvinafél, Almanak 1911		20
Andvari 1911		75
Œfisaga Benjamin Franklins		45
Sögusafn þjóðviljans I—II árg. 35c; III árg. 20c		
IV árg. 20c; V. árg. 70; VI. 45; VII. 45; VIII. árg. 35; IX. árg. 55; X. árg. 55; XI. árg. 55; XII. árg. 45; XIII. árg. 45; XIV. árg. 55; XV. árg. 30; XVI. árg. 25; XVII. árg. 45; XVIII árg. 55; XIX. árg. 25.		
Alt sögusafn þjóðvi jan selt á		$7.00

Bækur Sögufélagsins fá áskrifendur fyrir nærri hálfvirði,—43.80.

Umboðsmenn minir í belkirk eru Dalman bræður.

Þess skal getið viðvíkjandi bandinu á Fornaldarsögunum Norðurlanda, að það er mjög vandað, handbundið skrautband, vel frá gengið eins er með Bréf Tómasar Sæmundssonar.

Tölurnar í svigum tákna burðargjald, er sendist með pöntunum.

Herra Jón Hólm, gullsmiður að 770 Simcoe St., biður þess getið, að hann selji löndum sinum gull- og silfur-muni og gigtarbelti. — Belti þessi eru óbrigðul við gigt, ef þau eru notuð samkvæmt fyrirskipunum Jóns. Kosta að eins dollar og kvart.

Sendið Heimskringlu til vina yðar á Íslandi.

Manitoba Elevator Commission

D. W. McCUAIG, Commissioner — W. C. GRAHAM, Commissioner — F. B. MACLENNAN, Commissioner

Aðal skrifstofa: 227 Garry St., WINNIPEG

P. O. Box 2971

Commissioners tilkynna hér með Manitoba bændum að þeir hafa fengið frá tíðar skrifstofu til starfsnota og að öll b éf skylda sendast Commissioners á ofan nefnda áritun. Beiðniform og allar upplýsingar sem bændur þarfnast til þess fá kornhlöður í nágrenni sina, verða sendar hve jum sem óskar.

Commissioners óska eftir samvinnu Manitoba bænda í því að koma á fót þjóðeignar kornhlöðum í fylkinu.

SUCCESS BUSINESS COLLEGE

NORTH PORTAGE AVE. & EDMONTON ST. WINNIPEG.

Kennir samhv. nýjustu aðferðum alskyns verzlunar fræði og Bánkastörf. Einnig hraðritun og stýlritun. Betri verzlunarskóli ekki til í Vestur-Canada. Kenslu stofur þar finst í borginni. Nemendur geta byrjað hvenar sem þeir óska.

Skrifið eftir upplýsingum eða símið MAIN 1664

The Northern Wine Co. Ltd.

VIÐ óskum jafn framt eftir sveita pöntunum—Afgreiðsla hin bezta.

Selur sérhverja góða tegund af Whisky, vínum og bjór o.fl. o.fl. Við gefum sérstaklega gaum familíu pöntunum og afgreiðum þær beði fljótt og vel til hvaða hluta borgarinnar sem er— Gefið okkur tækifæri að sýna ykkurað svo sé.

Talsímar Main 1673-6744

215 MARKET ST.

ALDREI SKALTU geyma til morguns sem hægt er að gera í dag. Pantið Heimskringlu í dag.

"Og ég fullvissa þig um það, að þú skalt fyr slíta alt hárið af höfði mínu, en ég láti þig draga mig upp að altarinu. Þú getur misþyrmt mér, en æði þitt hræðir mig ekki. Gerðu mér það ilt, sem þú vilt".

Hún stóð upp til að fara.

"Vertu kyr, Ísabella", þrumaði barúninn. "Vertu kyr. Ég skipa þér það".

Ísabella settist aftur á legubekkinn, án þess að segja eitt orð.

Barúninn gekk lengi þegjandi fram og aftur um gólfið, og reyndi að bæla niður æði það, sem sauð í huga hans, og sem vanalega vaknaði við hve litla mótstöðu, sem hann mætti, hjá hverjum sem helzt, nema Georg, vald hans yfir sér varð hann sjálfur að viðurkenna, þó það væri honum á móti skapi.

Loksins stóð hann kyr og horfði fast á dóttur sína, sagði svo í köldum og rólegum róm, sem hræddi Ísabellu meira en æðið, sem áður var í honum:

"Þú hefir átta daga umhugsunartíma. Ef þú ekki innan þess tíma hefir ráðið við þig, að hlýðnast skipun minni, þá ferð þú burt af heimili mínu, og mátt ekki eftir það stiga fæti þínum yfir minn þröskuld. Hugsaðu þig vel um. Þú veizt að ég stend við orð mín. Farðu".

Róleg, en föl sem marmaramynd, stóð unga stúlkan upp, er hún heyrði þessi grimmúðgu orð. Þrysti hendinni að hjarta sínu og sagði ofurlítið skjálf rödduð:

"Ég skal hlýða þér, faðir minn, og yfirgefa heimili þitt. Þú átt þá einu barninu hærra og einni bölvan fleira til að hvíla á samvizku þinni. Heimurinn er stór. Það finst ef til vill heimili, sem veitir hinni útskúfuðu viðtöku".

Barúninn svaraði engu, en benti bara á dyrnar. Ísabella gekk hiklaust í burtu.

"Ó, þessi djörfung hverfur, hugsa ég", tautaði barúninn við sjálfan sig. "Og ef hún óhlýðnast, þá má ég til að framkvæma dóminn".

Þegar Ísabella kom aftur inn í herbergi sitt, hné hún grátandi niður á legubekkinn og huldi andlit sitt í sessunum.

"Útskúfuð af föður mínum, hrakin burt af æskustöðvum mínum", sagði hún við sjálfa sig. "Ó, guð minn góður, það er voðalegt".

"Og hann kemur ekki, — hann, sem fullvissaði mig um, að hann skyldi vaka yfir velferð minni, og eyðile gja áform þeirra, sem vilja ráða yfir forlögum mínum? Hvers vegna kemur hann ekki?"

"Ég ætla að flýja til mömmu og Georgs. Þau elska mig ekki, en þau hafa máske meðliðan með mér og reyna að bægja burt þeirri ógæfu, sem yfir mér vofir. Já, ég ætla strax að finna þau".

Hún stóð upp, þurkaði tárin af augum sér og hringdi.

"Anna", sagði hún við herbergisþernuna, sem inn kom, "veiztu hvort mamma er heima?"

"Já, hún er í herbergi sínu".

"Farðu ofan og spyrðu hana, hvort ég geti fengið að tala við hana í einrúmi stundarkorn".

Herbergisþernan fór og kom brátt aftur með þau skilaboð, að móðirin væri albúin að taka á móti dóttur sinni.

Tíu minútum síðar gekk Ísabella inn í sérherbergi móður sinnar. Frúin að hálfu leyti sat og að hálfu leyti lá á legubekknum, með tár í augum, sem þátimans tízkunnar skáldsaga, er hún var að lesa í, hafði framleitt.

Þegar Ísabella kom inn, lagði frúin bókina á borðið, þurkaði sér um augu og benti Ísabellu að setjast á legubekkinn.

"Þú finnur mig í megnri geðshræringu, Ísabella mín", sagði frúin lágum rómi. "Þú veizt að taugar mínar eru orðnar æðið veikar upp á síðkastið. Ég hefi ekki getað lesið þessa skáldsögu eftir Balzac án þess að vikna og fella tár. Hann lýsir svo dásamlega lífsbaráttu ógæfusumu kvenhetjunnar sinnar En það er satt, þú komst til að tala við mig um eitthvað".

"Mamma", sagði Ísabella og fór að gráta", "sýndu mér nú meðaumkun. Ef þú berð nokkra velvild til mín, þá sýndu það í verkinu".

"En, hamingjan góða, blessað barnið mitt", sagði barúnsfrúin óþolinmóð, "hvað gengur að? Þú veizt, að mér er lítið gefið um raunatölur. Þær hafa óheilnæm áhrif á taugar mínar. En hvað hefir komið fyrir?"

"Stjernekrans greifi hefir beðið mín".

"Hefir hann gert það?" spurði frúin sigri hrósandi. "Nú ég gat þess til, að þetta mundi verða endirinn á leiknum. Ég óska þér allrar hamingju, góða Ísabella, og gef þér mina móðurlegu blessun til þessa ráðahags".

"Ó, mamma, en hvað þú talar grimdarlega, og þó veiztu, að ég vil heldur deyja, en giftast þessum hataða manni".

"Þvættingur. Ég vil ekki heyra þig tala þannig", sagði móðirin óþolinmóð. — "Deyja? Jú, það er líklegt. Ef dauðinn kæmi í raun og veru, þá myndir þú flýja á brúðarbekkinn, hugsa ég, svo framarlega að ekki væri um annað að velja. Gáðu nú að. Notaðu nú skynsemi þína og hlýddu foreldrum þín um. En umfram alt, láttu mig engan harmagrát heyra, það er svo taugaskelfandi".

"Þú ert eins ósanngjörn og pabbi".

"Þú veizt ekki, hvað þér er fyrir beztu, og þess vegna verðum við að ráða fyrir þig. Trú þú mér, ég vil velferð þína. Hverju svaraðir þú greifanum?"

"Að ég skyldi aldrei verða konan hans".

"Því svari verður þú líklega að breyta, kæra Ísabella", sagði frúin háðslega. "Hvað segir faðir þinn um þetta?"

"Hann segist reka mig í burtu, ef ég ekki innan átta daga samþykki að giftast greifanum. Ó, mamma, hafðu nú meðaumkun og vertu miskunnsöm, ef þú vilt ekki neyða mig til hins síðasta".

Hún fleygði sér niður fyrir fætur móður sinnar, og vætti hvíta morgunkjólinn hennar með tárum sínum.

"Ísabella", sagði frúin með veikri röddu, "Ísabella, stattu upp. — Ó, guð minn góður, þetta er óþægilegt ásigkomulag. Þú eyðileggur hvíta kjólinn minn með tárum þínum. Ó, réttu mér ilmvatnsflöskuna, sem stendur á borðinu. Stattu þó upp, manneskja".

Unga stúlkan stóð upp, þurkaði tárin af augum sínum og sagði með titrandi röddu:

"Mamma, þú grætur yfir skáldsögunni, sem þú ert að lesa, en fyrir hina takmarkalausu sorg dóttur þinnar áttu ekki eitt hluttekningarorð. Þú hrekur mig burtu með hörku".

Frúin fann sannleikann í þessari samlíkingu og sárnaði. Lét samt ekki á því bera og sagði eftir litla þögn:

"Ísabella, þó ég vildi koma í veg fyrir þennan ráðahag, þá veiztu að ég get það ekki. Faðir þinn breytir aldrei áformum sínum, hvað sem á gengur, og að öðru leyti verð ég að segja þér það, að ég er eins mikið áfram um, að þessi gifting fari fram eins og hann".

Leo Tolstoi.

Eins og getið var um í síðasta blaði, andaðist stórskáldið Leó Tolstoi á sunnudagsmorguninn 20. nóv. sl., í þorpinu Astapova. — Hann hafði flúið frá heimili sínu fyrir rúmum mánuði, en ástæður fyrir flótta þeim eru ekki fyllilega kunnar. Að sögnu skildi hann eftir bréf til konu sinnar og gat þess þar, að hann vildi ekki lengur búa við auð og allsnægtir, og ætlaði sem eftir væri ævinnar að lifa í einveru og fátækt. Flótta hans var haldið leyndum af ættmönnum hans í nærfelt mánuð. Þá gat kona hans ekki lengur setið á sér og tilkynti hvarf hans. Var þá gerð gangskör að leita hans með þeim árangri, að hann fanst á herragarði skamt frá þorpinuAstapova. Lá hann þar sjúkur, hafði ferðalag þetta orðið hinu 82. ára gamalmenni um megn. Samt var ráðgert, að fara með hann heimleiðis, en þegar til þorpsins kom, var svo af honum dregið,að lengra varð ekki haldið, og þar andaðist hann á sunnudagsmorguninn, eftir að hafa verið rænulaus í nærfelt tvo sólarhringa. Banameinið var talið lungnabólga.

Í frásögn Leo Tolstoi á rússneska þjóðin að baki að sjá sinu lang-mesta skálda og andans frömuði, er uppi hefir verið með henni. Hann, öllum fremur, lýsti henni af dvalanum, sem hún hafði legið í um fleiri aldir, og hann var manna fyrstur að koma þjóðinni til meðvitundar um, að hún var annað en þrælar.

Leo Nikolayvich Tolstoi var fæddur 28. ágúst árið 1828 í þorpinu Yasnaya Polyana. Var hann af gömlum og merkum aðalsættum, og fékk því uppeldi, sem tíðt var að veita aðalsmanna sonum um þær mundir. Hann var ungur sendur í skóla og útskrifaðist af háskólanum í Kazan 25 ára gamall. Á skólaárum sínum þótti hann fremur slarkfenginn og ódæll, en próf sín tók hann með lofi enga að síður. Að skólanámi loknu dvaldi hann í föðurhúsum um árstíma og gerðist þá hermaður. Var hann sendur til Kákasus og gerður að undirforingja, í herdeild þeirri, sem bróðir hans átti yfir að ráða. Þar lifði hann í sukki og svalli, spilaði peningaspil og gerði sér vingott við Kákasus neimasæturnar. — En svo fór um síðir, að honum tók að leiðast þetta líferni, enda kreistu skuldir að honum. Fékk hann þá lausn frá störfum um tíma og hélt til Tiflis, höfuðborgarinnar í Kákasus. Þar leigði hann sér herbergi í útjaðri borgarinnar og hugðist að lifa þar rósömu lífi meðan tækifæri gæfist. Sér til afþreyingar fór hann að fást við ritstörf, og þar samdi hann söguna "Bernskan" (Childhood), og hlaut hún strax lof mikið.

Þessu næst tók Tolstoi þátt í Krímarstríðinu, en Alexander II., sem lesið hafði bók hans, skipaði svo fyrir, að setja hið unga skáld í enga hættu, því hann vildi, að Rússland mætti njóta hans sem lengst.

Að stríðinu loknu fékk Tolstoi lausn út herþjónustu og hélt til St. Pétursborgar, og hugðist hann að gefa sig einvörðungu við ritstörfum sem eftir væri ævinnar. — Um þessar mundir kvongaðist hann Soffíu Berg, sem enn er á lífi og varð hjónaband þeirra hið hamingjusamasta.

Nú var komin alger breyting yfir Tolstoi; svall og ólifnaður úr sögunni, en starfslöngunin komin í þess stað. — Um ungdómsár sín farast honum þannig orð:

"Ég minnist þeirra daga með viðbjóði. Sá glæpur er ekki til, sem ég drýgði ekki. Ég drap menn í orustum, smánaði konur, spilaði peningaspil, drakk og svallaði, stal, lang og myrti. Ég lifði á sveita landseta föður míns, og lét hegna þeim í launaskyni. — Ungdómsár mín verða því alt af svartasti blettur á lífsleið minni".

Eftir að Tolstoi var seztur á laggirnar í St. Pétursborg, byrjar hann fyrir alvöru sem skáld. — Fyrst birtist eftir hann sagan "Stríð og friður", og hlaut sú bók lof mikið og færði höfundinum auð fjár. En sú af sögum Tolstois, sem gerði hann heimsfrægan, var 'Anna Karenina', sem án efa er hið mesta snildarverk, sem ritað hefir verið á rússneska tungu. Saga þessi lýsir heimilislífi rússneskra aðalsmanna svo snildarlega, að gagntekur hvern sem les.

En eftir þetta meistaraverk snýst hugur Tolstois meir og meir að trúmálum, og semur hann þá: "Endurreisn helvítis", "Trú mín", "Játningin" o.fl. í þá átt. — Jafnframt þessu ferðaðist hann víðsvegar um landið, og prédikaði skoðanir sínar fyrir alþýðunni. — Margir héldu nú, að hann hefði látið af að semja skáldsögur með öllu, en svo varð ekki. Árið 1890 kemur skáldsagan "Kreutzer Sonata", sem þruma úr heiðskíru lofti, og setur Rússland getsamlega á annan endann. Fjöldinn skildi ekki söguna, en meginþorrinn hataði hana, en allir lásu, sem lesið gátu. — Í sögu þessari ræðst hann á hjónabandið og ýmsar kirkjukreddur, og þar með hefst fullur fjandskapur milli hans og "Helgu sýnódunnar", og sem varði til æfilóka. — Skömmu síðar birtist skáldsagan "Drottinn og maður" (Master and man), og vakti hún hina mestu eftirtekt. En eftir þá sögu þegir Tolstoi að mestu, þangað til fyrir tveimur árum síðan, að skáldsagan "Upprisan" kom út. Þá bótti "Helgu sýnodunni" svo úr hófi keyra, að hún bannfærði Tolstoi, og í því banni dó hann.

Þegar fór að líða á ellidáinn, óx þunglyndi Tolstois með degi hverjum. Tók hann þá upp ýmsa kvöldlega siði, sem ættmönnum hans geðjaðist miður að. Vildi hann svipa sig sem mest eftir hinum undirokaða landbónda, bæði í búsingi og viðurværi. Hafðist hann því við í kofa, en ekki í höll þeirri, sem hann hafði lengst af búið í, og kona hans og börn bjuggu. Bæði þetta og annað í fari hans varð til þess, að sumir halda því fram, að hann hafi ekki verið með öllum mjalla hin síðari árin. — En hvað sem því líður, þá mun nafn hans engu að síður uppi verða að eilifu, sem mesta snillings hinnar rússnesku þjóðar, en jafnframt eins hins óhamingjusamasta manns, sem hinn slafneski þjóðflokkur með öllu sínu þunglyndi hefir borið.

Af ritverkum Tolstois eru að eins fáeinar smásögur þýddar á íslenzku, — neðanmáls í blöðum, og svo hefir Guðmundur læknir Hannesson þýtt "Endurreisn helvítis" og "Opið bréf til klerka og kennimanna", og það er alt, sem til er á vorri tungu eftir Tolstoi. — En sæmra hefði verið, að þýða sumar af sögum hans, en eldhússrómanaruslið, sem nú er verið að pranga út í þjóðina, og sem er bæði illa þýtt og vitlaust. Þýðingar af sögum Tolstois eru bókmentum hverrar þjóðar til sóma.

Gunnl. Tr. Jónsson

SKÍRNIR

Orkunýting og menning.

Eftir Guðm. Finnbogason.

Ekki er unt að hugsa sér prettlausari viðskiftavin en náttúruna. Hún hefir fasta verðlagsskrá og víkur hvergi frá. Um aldir alda selur hún sömu gæði sama verði. Gæði hennar eru viðskiftaleg, eitt má fá fyrir annað, en fyrir sama skamt af einhverjum tilteknum gæðum lætur hún ætíð úti ákveðinn skamt, veginn og mældan, af öðrum gæðum. Og svo er hún reikningsglögg, að hvergi skeikar. Hún svíkur engan og enginn fær svikið hana.

Sama verður því miður ekki sagt um mennina.

Gerum ráð fyrir, að ég þyrfti að láta flytja 4 kassa, er hver vegur 50 kg., neðan af götunni og upp á loft, 10 metra yfir jörð. Ég sem um það við verkamann að bera upp kassana, og greiði honum það kaup, sem hann setur upp. Síðan fæ ég að vita, að hann hefir tekið af mér hálfu hærra kaup, en aðrir mundu hafa gert, og hann var vanur að taka af öðrum fyrir sömu vinnu. Hann hefir þá prettað mig. Það gat hann. En náttúruna getur hann ekki prettað. Það sjáum vér, er vér athugum, hvað til þess þarf að koma kössunum upp á loftið.

Kassarnir fara ekki þversfótar af sjálfum sér. Það kostar e r f i ð i, að koma kössunum upp á loftið, og erfiðið var það, sem ég borgaði manninum. En hvað er þá erfiði?

Fl til vill þykir þetta ófróðlega spurt og letimannlega, því allir, sem einhverntíma hafa tekið handartak, munu þykjast vita, að erfiði er fólgið í því, að vinna bug á viðnámi, og að til þess þarf afl, jafnmikið og viðnámið er. Kassarnir veita viðnám, þegar reynt er að lyfta þeim frá jörðu, og þetta viðnám er jafnt þunga þeirra. Þyngd mælum vér í kilógrömmum. En erfiðið, sem í því er fólgið að lyfta 1 kg. í 1 metra hæð, köllum vér kilógrammetra erfiði. Ef ég í stað þess að lyfta 1 kg. í 1 metra hæð lyfti 10 kg. í sömu hæð,þá tífaldast erfiðið, hvort sem ég lyfti hverju kilógrammi út af fyrir sig eða öllum í senn. En erfiðið tífaldast líka, ef ég lyfti 1 kg. í 10 metra hæð, í stað þess að lyfta því 1 m. hæð. Það verður 1 báðum tilfellum 10 kgm. En ég drýgi líka 10 kgm. erfiði, ef ég lyfti 2 kg. í 5 m. hæð, eða 5 kg. í 2 m. hæð. Af þessu er ljóst, að erfiði má mæla með því, að margfalda saman viðnámið, sem sigrast er á, og vegalengdina, sem það flytur átakspunkt sinn. Verkamaðurinn, sem flutti kassana mína upp á loftið, hefir því drýgt 4x50x10=2000 kgm erfiði.

Hvernig sem hann nú færi að því að koma kössunum upp á loftið, þá kostar það sama erfiði. Ef til vill kemur einhverjum í hug, að með hagsýni mætti komast af með minna erfiði en ella, t. d. með því að nota einfalda vél. En svo er ekki. Gerum ráð fyrir, að verkamaðurinn geti dregið upp einn kassa (50 kg.) í reipi, ef hann stæði á loftskörinni. Festi hann nú annan reipisendann í krók á loftskörinni og bregði reipinu undir skoruhjól í blökk, sem kassinn væri fest ur neðan í, þá gæti hann að vísu dregið upp tvo kassa (100 kg.) eins auðveldlega og hann áður dró einn, því að krókurinn ber nú hálfan þungann, en hann yrði að draga að sér helmingi lengra reipi, og erfiðið yrði því hið sama, hvort sem hann dræi hvern kassa fyrir sig, eða notaði skoruhjólið og dræi tvo í einu.

Til þess að drýgja erfiðið, sem í því var fólgið að koma kössunum upp á loftið, hefir verkamaðurinn orðið að neyta o r k u sannar. Hann hefir breytt vöðvaorku sinni í erfiði. Og allir vita, að orka manns dvínar því meir sem hann erfiðar lengur. Hann verður þreytt ur og svangur. Nýja orku fær hann aftur með fæðunni, því "maturinn er mannsins megin", en að því komum vér síðar. Hér skal að eins bent á þetta, að erfiði fæst fyrir orku, eða að orka getur breyzt í erfiði. En hvað verður um erfiðið? Verður það að engu eða kemur jafnan eitthvað í staðinn? Reynslan virðist sanna, að erfiði verður aldrei að engu, það breytist í annað. Svo er t.d. um erfiðið, sem gekk til þess að koma kössunum upp á loftið. Það er að vísu horfið, en þegar betur er að gáð, kemur það fram, að erfiðið hefir breyzt í orku, sem kassarnir hafa öðlast við það að lyftast 10 m. yfir jörð. Það má kalla s t a ð o r k u þeirra, og henni má breyta í erfiði, sem þá reynist jafnt því, sem gekk til þess að lyfta þeim 10 metra hátt. Ef vér t.d. tækjum einn kassann, festum hann í reipi, legðum reipið yfir shoruhjól í loftskörinni, en hengdum jafnþungan kassa í hinn reipisendann og létum svo kassann falla, þá mundi hann, ef engin væri núnings-fyrirstaðan, lyfta hinum í sömu hæð og hann fellur úr, þ.e. drýgja sama erfiði og þurfti til þess að lyfta honum sjálfum í þessa hæð.

En vér getum eins vel látið kassann falla þannig, að hann lyftist aftur sjálfur. Gerum lykkju á reipisenda og bregðum henni í krók í loftskörinni, bindum kassann í reipið og færum hann til hliðar svo langt sem reipið nær og látum hann svo falla. Hann fellur þá í boga með vaxandi hraða, unz reipið hangir beint niður, en hann nemur ekki staðar, heldur lyftist í boga til hinnar handar með þverrandi hraða, og væri ekki viðnám loftsins og núningsfyrirstaða á króknum, mundi hann ekki stöðvast fyr en hann væri kominn í sömu hæð og hann féll úr, falla svo aftur sömu leið með vaxandi hraða, unz reipið hangir beint niður, lyftast á ný jafnhátt og fyr, og þannig koll af kolli. Í reynd inni lyftist kassinn í hverri nýrri umferð lægra en áður, sem kemur af því, að nokkuð af erfiðinu, sem hann hefir drýgt, gengur til þess að vinna bug á viðnámi loftsins og núningsfyrirstöðunni, þar sem krókur og reipi koma saman. Meðan kassinn var að falla svo langt niður, sem hann komst, jókst honum ný orka, sem fólgin var í hraðanum, og þessi orka, h r e y f i o r k a, breyttist aftur í erfiði, sem gekk til þess að lyfta honum aftur og signast þannig á viðnámi þyngdarinnar. Hreyfi-orkan dvínar því meir, sem erfiðið vex, þ. e. kassinn lyftist. og þegar hann nemur staðar, hefir hann fengið staðorku, sem aftur breytist á fallinu í hreyfi-orku, — koll af kolli.

Ef til vill þykir þetta undarlega að orði komist, en þó vita allir, er hlutir á hreyfingu geta drýgt erfiði unnið bug á viðnámi, að streymandi vatn getur hreyft vinnuvélar og stundum flutt stór björg úr stað, að streymandi loft, stormurinn, hrærir skip yfir höfin og rifur stundum hús af grunni og eikur upp með rótum. Jafnkunnugt er hitt, að því hraðara, sem hlutur fer, því meira erfiði getur hann drýgt, ef hann mætir viðnámi. Nagli gengur ekki inn í tré, þótt hamarsskallinn sé lagður hægt á hann, en sé hamrinum sleglið, rekst hann inn og því dýpra, sem hamrinum er hraðara sveiflað.

Vér höfum nú séð, að orka getur breyzt í erfiði og erfiði í orku, og að ein orkan getur breyzt í aðra. En orkan er margskonar.

Það kostar erfiði að draga upp fjöðrina í klukkunni, því eins og allir fastir hlutir veitir hún viðnám, þegar reynt er að breyta formi hennar. En erfiðið hefir breyzt í orku, sem sést af því, að fjöðrin getur nú hreyft klukkuhjólin. Þegar fjöðrin hefir aftur náð sínu upphaflega formi, er orka hennar — f o r m - o r k a eða fjaðurmagnið — horfin, og klukkan stöðvast. Á sama hátt kostar það erfiði, að draga upp boga, og form-orkan, sem hann fær við það, breytist í hreyfi-orku örvarinnar, þegar strengnum er slept.

Eins og fastir hlutir veita viðnám, þegar reynt er að breyta formi þeirra, veita allir hlutir, hvort heldur eru fastir, fljótandi eða loftkendir viðnám, ef reynt er að færa saman rúmtak þeirra eða rými. Lofttegundum má þrýsta nokkuð saman í lokuðu íláti. Þeim evkst þá r ý m i s - o r k a, og þær geta því drýgt erfiði, er þær benja úr sér aftur. Það er rýmis-orka vatnsgufunnar, sem hreyfir bulluna í gufuvélinni.

Þegar vér nefnum gufuvélina, minnumst vér h i t a n s. Það er hitinn, sem breytir vatninu í gufu og eykur rýmis-orku hennar. En ef hverju kemur hitinn í gufukatlinum? Hann kemur þegar kolin í eldastónni brenna, en þau brenna, er kolaefnið sameinast súrefni loftsins, og myndar með því kolsýru. Þegar efnin sameinast, kemur fram hiti. En um leið trissa þau orkuna, sem í þeim bór meðan þau eru aðskilin, líkt og steininn, sem fellur til jarðar, missir staðorkuna, sem hann hafði áður en hann féll, og hann hafði fengið, er honum var lyft. Og til þess að skilja efnin að aftur, verður ný orka að koma til, alveg eins og nýrrar orku þarf til þess að lyfta steininum á ný.

Vér mintumst á kolsýruna. Hún kemur ekki einu sinni úr öllum reykháfum veraldar, heldur og úr hverjum barka, sem lífsanda dregur. Vér öndum stöðugt frá oss kolsýru, sem myndast þegar kolefni líkamans "brenna", þ.e. sameinast súrefninu, sem vér höfum andað að oss og borist hefir með blóðinu frá lungunum út um allan líkamann. Frá þessum efnum, er sameinast líkamanum, fær hann alla þá orku, sem hann neytir til að drýgja hvers konar erfiði, en efnin fær hann með fæðunni. Menn irrar fá fæðu sína úr líkömum jurta og dýra, en dýrin nærast á öðrum dýrum, eða á jurtum, svo í rauninni eru jurtirnar orkubrunn ur manna og dýra. Grænu jurtirnar geta hagnýtt sér kolsýruna, en þess er dýrunum varnað. Blaðgræna jurtanna er einskonar smiðja til þess að vera úr kolsýrunni lífræn efni, og þau geta sameinast súrefni loftsins, er þau mæta því í lifandi líkama. Það er því hagkvæm verzlun, er menn og dýr eiga við jurtirnar. Þær fá, ef svo má að orði kveða, ílát orkunnar tóm og skila þeim svo aftur fullum af orku. Auðsætt er, að jurtirnar yrðu brátt gjaldþrota á þeim viðskiftum, ef þær ættu sér ekki þann vininn, sem er eins örlátur og hann er hlýr og hjartaverfirlitum, en það er sólin. Í sólargeislunum, er jurtirnar sjúga í sig, býr orkan sem þær neyta, er þær vinna lífræn efni úr kolsýrunni.

En jurtirnar eru ekki að eins orkubrunnar manna og dýra á þann hátt, er nú var greint. Kolalögin, sem flestar vinnuvélar heims hafa hitann úr, eru ekki annað en jurtaleifar frá fyrri jarðöldum, og orka þeirra er því ættuð sem bezt, því hana má rekja til sólarinnar.

Vér sögðum áður, að orku þyrfti til að skilja að efni, sem sameinast hafa, og vér höfum séð, hvernig gengur með kolsýruna. — Annað dæmi skulum vér nefna: Vatnið er samsett af tveim lofttegundum, vatnsefni og súrefni, þegar þær sameinast, myndast vatn og hiti. En með fulltingi rafmagnsstraums má skilja þessi frumefni vatnsins að aftur, og veita þeim þannig á ný orkuna, sem þau mistu við sameininguna. Rafmagnsstraumur kemur fram við efnasameiningar, er verða í rafmagnsvirkinu, svo að um leið og frumefni vatnsins lá aftur orku sína, gengur orka annara efna til burðar í rafmagnsvirkinu. Nú má að vísu framleiða rafmagnsstraum með öðrum tilæringum, t.d. með rafsegulvél (dynamo). En orku þarf til að snúa þeirri vél sem öðrum, og hvort sem hún gengur fyrir handafli, vatnsafli eða gufuafli, verður niðurstaðan hin sama: Vér breytum einni orku í aðra, kaupum eina fyrir aðra, en fáum hana aldrei ókeypis.

Eins og hitinn getur breyzt í erfiði, eins getur erfiði breyzt í hita. Það kostar erfiði, að núa trespýtum saman, og svo má núa þeim fast, að í þeim kvikni. Sagarblaðið hitnar, þegar ákaft er sagað; nokkuð af erfiðinu breytist í hita. Ef hlutur á hraðri ferð rekst á, svo hann stöðvast, kemur fram hiti; þegar járn er kaldhamrað, hitnar bæði það og hamarinn. Og rafmagnsstraumur hitar þráðinn, sem hann fer um. —

Öll þau dæmi, sem nú hafa verið nefnd, áttu að sýna það, að ein orkan breytist í aðra, og að erfiði breytist í orku og orka í erfiði, að hvenær sem ein orkan hverfur, kemur önnur í staðinn. En nákvæmar rannsóknir hafa sýnt, að þessar breytingar, þessi orkuskifti, fylgja föstum lögum. Náttúran hefir, eins og vér áður sögðum, fasta verðlagsskrá. Fyrir ákveðinn mæli einnar orku fæst ákveðinn mæli annarar. En orkan er mælanleg, því hverri orku má breyta í erfiði, og erfiðið má mæla, eins og vér höfum séð.

Orkan er sem gullið, hver tegund hennar er sem mótuð mynt. Fyrir tiltekna tölu króna fást svo og svo mörg mörk, eða franka, eða skillingar, og sama krónutalan fæst fyrir ákveðna tölu marka, hvort sem þeim er víxlað beint í krónur, eða fyrst í franka eða skillinga, og þá í krónur. En eins og víxla má tilteknum krónufjölda svo, að fyrir nokkrar krónur komi mörk, en fyrir hinar frankar eða skillingar, eins má breyta einni tegund orku samtímis í fleiri en eina aðra orkutegund, en hve margar, sem tegundirnar verða, þá jafngilda þær samanlagðar orkunni, sem þær komu fyrir. Orkan vex hvorki né þverrar í heilli sinni, hún breytir að eins mynd.

Án orku skifta engin breyting! Það er að verða orðtak vísindanna. Án orku-skifta stæði alt í stað, stirt og kalt og andvana. Orkuforða náttúrunnar verður að vísu ekki breytt, en myndbreyting orkunnar er margvísleg, og þar með hagnýting hennar. En hagnýting einhverrar orku er í því fólgin, að breyta henni í þá orkuna, sem neyta þarf til þess að öðlast það, sem hugurinn þráir. Fyrir orkuna, sem býr í vöðvum mínum, get ég fengið hvaða orku sem ég vil, ef ég hefi nægilegar tilæringar til að breyta henni í aðra orku. Ég get t. d. dregið sleða upp á fjallsbrún. Hann fær þá stað-orku, og hemi get ég snúið í erfiði og hreyfi-orku með því að láta sleðann falla — renna niður brekkuna. Erfiðið gengur til þess að vinna bug á núningsfyrirstöðunni milli hjarnsins og meiðsanna, og breytist í hita, en hreyfi-orkan sjálfir sleðanum á fram eftir að hann er kominn niður á í insléttu og gengur til þess að vinna bug á núningsfyrirstöðunni þar. Ég hefði líka getað látta tilæringalaust, með því að ganga upp á hæðina og setjast á hjarnið og renna mér. Að ég kaus sleðann, kom af því að ég vildi heldur láta hann taka við núningnum, og höggum á nibbum og hrjónum, og svo rennur hann betur en buxnasetan. Og að ég var orku minni til þess arna, kemur af því, að ég hefi gaman af að renna mér.

(Meira).

þakkarorð

þurfamanninu þar og hér
þrautir margar hryggja.
Sannmæli það segjum vér:
"Sælla er að gefa en þiggja".

Það er gamall og sannur málsháttur. En svo tekur maður leg inshugar við gjöfum, þegar bór er stór og neyðin þrengir að. Ég er orðinn því vel kunnur, því mínir heiðruðu og góðu meðbræður og systur hafa ekki látið sitt eftir liggja, að veita mér hjálp hvað eftir annað, í mínum langvarandi veikindum. Og gat ég þess í Lögbergi og Heimskringlu sl. apríl. — En þá, sem hafa rétt mér hjálparhönd fjárhagslega síðan, finn ég skyldu mína að nefna, og eru það þessir:

Mr. Þorl. Nelson $14. Good templarastúkan Frækorn, Tantallon, Sask., $10. Mrs. V. Sveinsson og Mr. S. Thorson, $5 hvort. Djáknanefnd Tjaldbúðar safnaðar $5. Mrs. S. V. Hólm, $4. Mr B. Hjálmarsson $3. Mrs. T. Stephanson, Leslie, Sask., 3. Miss V. Thorgeirsson, $2. Ónefnd, $2 Mrs. G. Johnson, $1.50. Mr. S. Arnason, Mr. Kr. Kristjánsson, Mrs. G. Hallson, Miss G. Gíslason, Mrs. M. Sveinsson og tvær ónefndar, $1 hvert. Mrs. Ögmundsson og Mrs. Samson, 50c hvor. Og nú nýlega afhenti séra Guðm. Árnason mér $78, sem var afgangur af samskotum, er hann og hans sóknarbörn hélt.

Svo skal getið heiðurshjónanna Mr. og Mrs. H. Thorgeirsson, sem ég var hjá í 12 vikur, og fóru bæði með mig hverjum degi um öðrum hetur, — og tóku sama sem ekkert fyrir.

Þetta ofangreinda sýnir, að samúðarfullasta er rikjandi meðal Íslendinga, þegar þeir sjá nauðstaddan bróðir!

Af hjartans einlægni þakka ég þeim öllum, sem hafa rétt mér liknarhendi í minu veikindastríði, sem er nú búið að standa yfir full fjögur ár. Hamingjan hlæi þeim öllum, sem mér hafa hlúð við kærleiksarninn.

Ykkar innilega þakklátur,
S. GÍSLASON.

Winnipeg, 23 nóv. 1910.

Dánarfregn.

Hér með tilkynnist vinum og vandamönnum, að laugardaginn 29. okt. sl. andaðist að heimili systur sinnar, Mrs. Th. Gíslason, nálægt Tantallon, Sask., ekkjan Guðleif Stefánsdóttir Einarsson, eftir langvarandi veikindi. — Hún átti 4 börn á lífi, og eru þau nú til heimilis hjá Mrs. Gíslason. — Þau þakka inniléga öll um þeim, sem veittu móður þeirra og þeim hjálp og aðstoð í hinu langa stríði hennar, er var auðið af heilsulevsi og ástvina missi.

S. S.

"KVISTIR"

kvæði eftir Sig. Jól. Jóhannesson, til sölu hjá öllum íslenzkum bóksölum vestanhafs

Verð: $1.00

Sherwin-Williams PAINT
fyrir alskonar húsmálningu.

Prýðingartími nálgast nú. Dálítið af Sherwin Williams húsmáli getur prýtt hús yðar utan og innan. — Bókið ekkert annað mál en þetta. — S. W. húsmálið mælar mest, endist lengur, og er áferðarfegurra en nokkurt annað hús mál sem búið er til. — Komið inn og skoðið litaspjaldið. —

Cameron & Carscadden
QUALITY HARDWARE
Wynyard, -- Sask.

A. SEGALL
(áður hjá Eaton félaginu).
Besti kvennfata Skraddari

Loðskinna fötum veitt sérstakt athygli.

Hreinsar, Pressar, Gerir við.

Fjórir (4) alfatnaðir hreinsaðir og pressaðir, samkvæmt samningum, hvort heldur er karlmanna eða kvenfatnaður, fyrir aðeins $2.00 á mánuði.

Horni Sargent og Sherbrooke

PIANO TAL

Margir verða þeirsem hugsa um að kaupa Piano til að gefa um þessi komandi jól, því að Piano er í sannleika Drottning allra gjafa.

En yður ber að vanda valið á Piano kaupum, gerið fyrst samanburð, og það munið þér komast að því að HEINZMAN & CO., PIANO, hefir sérstakan hljóm, ljóma, snerting og hljómfegurð, afl, og list í öllu smíði hljóðfærsins.

Það er fremst alla Pianos í Canada, og eins og útlendi hljómfræðingurinn hefir sagt, í fremstu röð bestu Pianos í heimi — Athugið áður en þér kaupið, Lélegt Piano er dýrt, á öllu verði.

Cor Portage Ave. & Hargrave
Phone: Main 808.

Fréttir úr bœnum.

Fólksflutningalestir ganga nú orðið reglulega á C.P.R. brautinni frá Winnipeg alla leið norður að Árborg við Íslendingafljót. Fer frá Winnipeg kl. 9 að morgni á mánudögum, miðvikudögum og föstudögum norður. En frá Árborg kl. 8 að morgni á þriðjudögum, fimtudögum og laugardögum, suður. Fyrsta lestin er sagt að hafi farið norður mánudaginn 21. f. m. Með fyrstu lest að norðan komu þeir Tryggvi Ingjaldsson, Sigurjón kaupmaður Sigurðsson og fleiri.

Herra Jóhann Straumfjörð frá Otto P.O. var hér á ferð í sl. viku, að finna börn sín hér og aðra vini og kunningja. Með honum kem og ein dóttir hans Sannlækninga erindum. Þau héldu heimleiðis aftur um helgina.

Íbúar Winnipeg borgar hafa á viku tíma skotið saman 1½ miljón króna ($350,000 rúml.) til arðs fyrir Ungra manna kristilega félagið hér í borg, til þess að geta bygt sér veglega bygginga er sé í samræmi við stefnu þess og starf. Í fyrstu var upphæðin bundin við 350 þúsund dollara, en samskotin urðu nálega 10 þús. betur. — Það verður ekki sagt, að það mannfélag sé efnalega fátækt, sem kippir upp með frjálsum samskotum annari eins upphæð á vikutíma.

Herra Stefán Arngrímsson, frá Mozart, Sask., var hér á ferð í síðustu viku, á leið í kynnisferð til ættingja og vina í Norður Dakota, og bjóst hann við að dvelja þar mánaðartíma.

Kvenréttindafélagið "Sigurvon" á Gimli hélt skemtifund mikinn þar í bæ á föstudagskveldið var. Aðsangur var ókeypis og aðsóknin varð svo mikil, að húsið, sem rúmar á þriðja hundraðið manns, var svo þéttskipað, að margir urðu að standa. Tuttugu stykki voru á prógramminu, sem talsvert löng, þar á meðal 3 ræður og 3 upplestrar, þá söngur og hljóðfæraslátur. Samkoman varði langt fram yfir miðnætti og fór að öllu leyti mjög vel fram. Sýnt var, að kvenréttindakonur fengu á margra öflugra fylgjendur þar í bygð, ekki síður meðal karla en kvenna. Til dæmis töluðu þeir séra Jóhann Bjarnason frá Íslendingafljóti og séra Albert Kristjánsson á Gimli báðir sæjalt með þessu áhugamáli kvenfólksins. — Samkomu þessa sóttu margir jafnréttisvinir víðsvegar að er býja Íslandi, frá Selkirk og Winnipeg.

Næsti Menningarfélagsfundur verður haldinn í Únitara-kirkjunni á þriðjudagskveldið kem. þann 6. desember kl. 8. Á þeim fundi flytur séra Guðm. Árnason fyrirlestur um bézka skáldið Goethe. — Allir velkomnir.

Mrs. Anna Ottenson, frá River Park, fór 25. f. m. snögga ferð norður til Árborg, í kynnisför til systur sinnar í Geysirbygð og annara kunningja þar nyrðra. Hún kom heim aftur í byrjun þessarar viku.

Herra Jóhann Pálsson, sem búið hefir að Mary Hill P.O., biður þess getið, að framvegis verði póshús sitt Clarkleigh, Man.

Mannalát.

Valgerður Jónsdóttir Veum, móðir Jóns kaupmanns Veum, að Foam Lake, Sask., andaðist að heimili sonar sins laugardaginn 22. nóvember, eftir langvarandi sjúkdóm. Séra Rögnvaldur Pétursson fór vestur á þriðjudaginn var til að jarðsyngja hina látnu. Af líkindum verður konu þessarar minst nánar í blaðinu síðar.

Blaðið Free Press, dags. 28. nóv., getur þess, að Björn O. Björnsson bóndi í Mikley hafi nýskeð drukknað í Winnipeg vatni. Björn hafði þann starfa, að flytja póstinn milli Íslendingafljóts og eyjarinnar. Hann var á ferð milli lands og eyjar þann 21. nóv., en ísinn þunnur, og sagt að sleðinn, sem var dreginn af hundum, hafi sokkið ofan um ísinn og með honum Björn og þrír hundarnir, en einn hundurinn hafði slitið sig úr akbeygjum og komst heim. — Björn sál. var rúmlega 50 ára gamall og hafði haft póstkevrslu á hendi sl. 4 ár. Hann eftirlætur ekkju og mörg börn ung. Hann var fæddur og uppalinn í Álptártungu í Álptahreppi í Mýrasýslu á Íslandi, og á uppkomin börn bar í heimilinu. — Lík Björns sál. hefir fundist, en fregnir af því óljósar ennþá. — Ísafold er beðin að minnast þessa atburðar.

Lesendur eru beðnir að lesa hvert einasta orð í stóru auglýsingunni hans G. THOMAS, gullsmiðs. Verðlækkun hans er bona fide, og maðurinn er áreiðanlegur. VERZLIÐ VIÐ HANN.

Að 660 Victor St. er alskonar saumaskapur gerður og gömul föt gerð sem nýr fyrir vægt borgun. — Þér þurfið nokkur betur?

Studentafélagsfundur.

Stúdentafélagið heldur fund laugardagskveldið 3. des. í skemtisal Únitara (horni Sher & Sargent), þar á að fara fram meðal annars fyrsta kappræðan í röðinni um verðlaun, — bikar þann, sem Dr. Brandson gaf félaginu, og sem eins og flestum er kunnugt var unninn í fyrra af þeim J. Jónassyni og G. Pálssyni. Í þessari fyrstu kappræðu verða þeir Hallg. Jónsson og Baldur Jónsson sækjendur, en verðlauna-hafar verja málið. Verður vandað til kappræðunnar, og er þess vænst, að sem flestir meðlimir sæki fundinn og verði komnir á staðinn kl. 8.

Tilkynning.

Mánudagskveldið 5. desember næstkomandi fer fram kosning fulltrúa (Trustees) safnaðanna Hecklu og Skuldar fyrir næstkomandi ár, í efri sal Good-templarahússins. — Allir meðlimir téðra stúkna hér í bæ eru áminntir um að sækja fund þennan.

Stúkurnar hafa útnefnt þessa menn til að vera í kjöri

1. Arinbjörn S. Bardal.
2. Ásbjörn Eggertsson.
3. Ásmundur Jóhannsson.
4. Bergsveinn M. Long.
5. Björn E. Björnsson.
6. Guðm. Árnason (prestur).
7. Guðm. Árnason (kaupm.).
8. Gunnlaugur Jóhannsson.
9. Jóhann Vigfússon.
10. Jóhannes Sveinsson.
11. Jón Tryggvi Bergmann
12. Kristján Steánsson
13. Magnús Johnson.
14. Ólafur S. Thorgeirsson.
15. Sveinn Pálmason.
16. Swain SWainson.

Fyrir hönd fulltrúanefnd'innar
G. ÁRNASON,
varaforsetari.

KOL OG VIÐ

Alskonar Kol og Við selur J. W. THORGEIRSON að 590 Cathedral Ave.

Phone 7691

SILKSTONE KOL selur hann á $5.00 tonnið, þau gefa jafnan hita eins og korð af bezta eldivið, eru hrein og jafn ágæt til matreiðslu sem húshitunar.

Tamarac $7.50 korðið

Dr. G. J. Gíslason,
Physician and Surgeon
19 South 3rd Str., Grand Forks, N. Dak
Athygli veitt AUGNA, EYRNA og KVERKA SJÚKLÓMUM ASAMT INNVORTIS SJÚKDÓMUM og UPPSKURÐI. —

REV. DR. O. V. GISLASON
HANDLÆKNIR
369 Sherbrooke St.

Dr. J. A. Johnson
PHYSICIAN and SURGEON
HENSEL, N. D.

Dr. M. Hjaltason
OAK POINT, MAN

ATVINNA
getur góður, lipur landi fengið við að selja brauð fyrir Perfection Bakeries, horni Ellice og Simcoe.

LAND
með góðum byggingum, norðanti í Nýja Íslandi, fæst í skiptum fyrir hús og lóð í Winnipeg. Menn snúi sér til Guðm. Strandberg, 557 Toronto St.

Þegar þér þurfið að kaupa
Gott smjör
Ný egg
og annað matarkyns til heimilisins, þá farið til
YULES PRODUCE STORE
941 Notre Dame St.
Prices always reasonable

S. K. HALL
TEACHER OF PIANO and HARMONY
STUDIO: 701 Victor St,
and
IMPERIAL ACADEMY OF MUSIC AND ARTS
Dr. Ralph Homer, Director.
290 Vaughan St.

MARTYN F. SMITH,
TANNLÆKNIR.
Fairbairn Blk. Cor Main & Selkirk
Sérfræðingur í Gullfyllingu og öllum aðgerðum og tilbúnaði Tanna. Tennur dregnar án sársauka. Engin veiki á eftir eða gómbólga. —
Stofan opin kl. 7 til 9 á kveldin
Office Phone 6944. Heimilis Phone 6462

TIL SÖLU:
160 ekrur af bezta landi, stutt frá járnbrautarstöð. — Fyrsti maður með $7.00 fær hér góð kaup. — Finnið
Skúli Hansson & Co.
47 Aikens' Bldg.
Talsími. Main 6476 P. O. Box 833

GEO. ST. JOHN VAN HALLEN
MÁLAFERZLUMAÐUR
GERIR ÖLL LÖGFRÆÐIS STÖRF ÚTVEGAR PENINGALAN,
Bæjar og landeignir keyptar og seldar, með vildarkjörum,
Skiftiskil $3.00
Kaupsamningar $3.00
Sanngjörn ómakslaun. Reynið mig.
Skrifstofa 1000 Main St.
Talsími Main 5142
Heimils talsími Main 2357
WINNIPEG

Þarft þú ekki að fá þér ný föt?
EF ÞAU KOMA FRA CLEMENT'S, — ÞÁ VERÐA ÞAU RÉTT
Réttur að efni, réttur í sniði réttur í áferð og réttur í verði.
Vér höfum miklar byrgðir af fegurstu og bestu fataefnum. —
Geo. Clements & Son
Stofnað árið 1874
264 Portage Ave. Rétt hjá FreePress

Th. JOHNSON
JEWELER
286 Main St. Talsími: 6606

Sveinbjörn Árnason
Fasteignasali.
Selur hús og lóðir, eldsábyrgðir, og lánar peninga. Skrifstofa: 310 Melntyre Blk.
office TALSÍMI 4700. hús TALSÍMI 2108

G. NARDONE
Verslar með matvöru, aldini, smá-kökur, allskonar sætindi, mjólk og rjóma, sönul. tóbak og vindla. Óskar viðskifta Íslend. Heitt kaffi eða te á öllum tímum. Fón 7756
714 MARYLAND ST.

Öll sagan
um undra vinsældir Boyd's brauða verður sögð í 5 orðum, þannig:—
Hreinleiki
Ljúffengi
Hollusta
Smekkgæði
Fullnæging
Þau eru gerð í stóru hreinu bakarfi eins og góð brauð ættu að vera, af beztu bökurum í landinu, biðjið alstaðar um þau.
Boyd's
Bakery Cor. Spence & Portage Ave
Phone Sherb. 680

BILDFELL & PAULSON
Union Bank 5th Floor, No. 520
selja hús og lóðir og annast þar að lútandi störf; útvegar peningalán o. fl.
Tel.: 2685

BONNAR, TRUEMAN & THORNBURN,
LÖGFRÆÐINGAR.
Suite 5-7 Nanton Blk. Tals. 766
Winnipeg, Man. P.O.BOX 223

DR. H. R. ROSS
C.P.R. meðala- og skurðlækuir.
Sjúkdómum kvenna og barna veitt sérstök umönnun.
WYNYARD, — SASK.

The Evans Gold Cure
229 Balmoral St. Sími Main 797
Varanleg lækning við drykkjuskap á 28 dögum án nokkurrar tafar frá vinnu eftir fyrstu vikuna. Algerlega privat. 16 ár í Winnipeg. Upplýsingar í lokuðum umslögum.
Dr. D. R. WILLIAMS, Exam. Phys
J. L. WILLIAMS, Manager

W. R. FOWLER A. PIERCY.

Royal Optical Co.
307 Portage Ave. Talsími 7286.
Allar nútíðar aðferðir eru notaðar við augn-skoðun hjá þeim, þar með hin nýja aðferð, Skugga-skoðun, sem gjörsamlega öllum ágiskunum. —

Anderson & Garland,
LÖGFRÆÐINGAR
35 Merchants Bank Building
PHONE: MAIN 1561.

ANCHOR BRAND HVEITI
er bezta fáanlegt mjöl til nota í heimahúsum og annarstaðar. Það er gert úr No. 1. Hard HVEITI eftir nýjustu aðferðum.
Sími 4326 eftir söluverði þess.
Leitch Bros.
LOUR MILLS
Winnipeg skrifstofa
240-4 GRAIN EXCHANGE

Horfið! Hlustið! Hugsið!

TIL JÓLANNA

FRÁ ÞESSUM tíma til miðnættis á aðfangadagskveld jóla, sel ég í búð minni 674 SARGENT AVE., við hornið á Victor St., hvern þann hlut sem kaupendur vilja kjósa sér, með 25 per cent afslætti frá vana verði.

Í búðinni eru 8 ÞÚS. DOLLARS virði af alskonar völdum og vönduðum gull og silfur varningi, klukkum og vasa úrum á öllum stærðum og gerðum fyrir karla og konur' Einnig alskonar krystals ogöðrum skrautvarningi. Sömuleiðis alskonar demants og öðrum steinhringum, og signet og einbaugs hringum, fyrir karla og konur.

Eg hef valið vörurnar án tillits til inkaupssparnaðar og með því eina augnamiði að geta fullnægt þörfum og smekkvísi viðskiftavina. 20 ára verzlunar og viðskiftasamband við Íslendinga hefir verið mér öruggur leiðarvísir í vali varningsins.

Eg hef ásett mér að selja, UM ÞESSI JÓL hvern einasta hlut í búð minni svo ódyrt að hvergi fáist jafn vandaðir hlutir með jafn lágu verði, þessvegna kostar hjá mér hvert Dollars virði aðeins 75 cents.

Allar aðgerðir verða samt seldar fullu verði eins og áður, því vinnulaun eru þau sömu.

Utan hæjar pantanir afgreiddar fljótt og samvizkusamlega, og vörurnar seldar með sama afslætti og til bœjarmanna og sendar kaupendum kostnaðarlaust, hvort sem er í Vestur Canada.

Eg hef gert það að fastri lífsreglu að skipta svo við landa mína að þeir hefðu aldrei umkvörtunar efni, og sama gildir enn. Eg ábyrgist allar vörur sem eg sel og sínni tafarlaust öllum umkvortunum.

Þessi vilkjör gilda einnig fyrir gullstáss verzlun mína í Selkirk bæ.

Komið sem flestir, sem fyrst og skoðið vörurnar og sendið pantanir til

674 Sargent Ave. — **G. THOMAS** WINNIPEG, CANADA. — Phone Sherb. 2542

PIANO TAL

Margir verða þeir sem hugsa um að kaupa Piano til að gefa um þessi komandi jól, því að Piano er í sannleika Drottning allra gjafa.

En yður ber að vanda valið á Piano kaupum, gerið fyrst samanburð, og það munið þér komast að því að HEINZMAN & CO., PIANO, hefir sérstakan hljóm, ljóma, snerting og hljómfegurð, afl, og list í öllu smíði hljóðfærsins.

Það er fremst alla Pianos í Canada, og eins og útlendi hljómfræðingurinn hefir sagt, í fremstu röð beztu Pianos í heimi — Athugið áður en þér kaupið, Lélegt Piano er dýrt, á öllu verði.

Cor Portage Ave. & Hargrave
Phone Main 808.

Fréttir úr bænum.

Fólksflutningalestir gaaga nú orðið reglulega á C.P.R. braut inni frá Winnipeg alla leið norður að Árborg við Íslendingafljót. Fer frá Winnipeg kl. 9 að morgni á mánudögum, miðvikudögum og föstudögum norður. En frá Árborg kl. 8 að morgni á þriðjudögum, fimtudögum og laugardögum, suður. Fyrsta lestin er sagt að hafi farið norður mánudaginn 21. f. m. Með fyrstu lest að norðan komu þeir Tryggvi Ingjaldsson, Sigurjón kaupmaður Sigurðsson og fleiri.

Herra Jóhann Straumfjörð frá Otto P.O. var hér á ferð í sl. viku, að finna börn sín hér og aðra vini og kunningja. Með honum kem og ein dóttir hans Þannlækninga erindum. Þau héldu heimleiðis aftur um helgina.

Íbúar Winnipeg borgar hafa á viku tíma skotið saman 1½ miljón króna ($350,000 rúml.) til arðs fyrir Ungra manna kristilega félagið hér í borg, til þess að geta bygt sér veglega byggingu er sé í samræmi við stefnu þess og starf. Í fyrstu var upphæðin bundin við 350 þúsund dollara, en samskotin urðu nálega 10 þús. betur. — Það verður ekki sagt, að það mannfélag sé efnalega fátækt, sem kippir upp með frjálsum samskotum annari eins upphæð á vikutíma.

Herra Stefán Arngrímsson, frá Mozart, Sask., var hér á ferð í síðustu viku, á leið í kynnisferð til ættingja og vina í Norður Dakota, og bjóst hann við að dvelja þar mánaðartíma.

Kvenréttindafélagið "Sigurvon" á Gimli hélt skemtifund mikinn þar í bæ á föstudagskveldið var. Aðsangur var ókeypis og aðsóknin varð svo mikil, að húsið, sem rúmar á þriðja hundraðs manns, var svo þéttskipað, að margir urðu að standa. Tuttugu stykki voru á prógramminu, sem talsvert löng, þar á meðal 3 ræður og 3 upplestrar, þá söngur og hljóðfæraslátturr. Samkoman varði langt fram yfir miðnætti og fór að öllu leyti mjög vel fram. Sýnt var, að kvenréttindahreyfingin á marga öfluga fylgjendur þar í bygð, ekki síður meðal karla en kvenna. Til dæmis tóku þeir séra Jóhann Bjarnason frá Íslendingafljóti og séra Albert Kristjánsson á Gimli báðir sæjalt með þessu áhugamáli kvenfólksins. — Samkomu þessa sóttu margir jafnréttisvinir víðsvegar að úr Nýja Íslandi, frá Selkirk og Winnipeg.

Næsti Menningarfélagsfundur verður haldinn í Únitara-kirkjunni á þriðjudagskveldið kem. þann 6. desember kl. 8. Á þeim fundi flytur séra Guðm. Árnason fyrirlestur um þýzka skáldið Goethe. — Allir velkomnir.

Mrs. Anna Ottenson, frá River Park, fór 25. f. m. snöggva ferð norður til Árborg, í kynnisför til systur sinnar í Geysirbygð og annara kunningja þar nyrðra. Hún kom heim aftur í byrjun þessarar viku.

Herra Jóhann Pálsson, sem búið hefir að Marv Hill P. O., biður þess getið, að framvegis verði pósthús sitt Clarkleigh, Man.

Mannalát.

Valgerður Jónsdóttir Veum, móðir Jóns kaupmanns Veum, að Foam Lake, Sask., andaðist á heimili sonar síns laugardagina 26. nóvember, eftir langvarandi sjúkdóm. Séra Rögnvaldur Pétursson fór vestur á þriðjudaginn var til að jarðsyngja hina látnu. Af líkindum verður konu þessarar minst nánar í blaðinu síðar.

Blaðið Free Press, dags. 28. nóv., getur þess, að Björn O. Björnsson bóndi í Mikley hafi nýskeð drukknað í Winnipeg vatni. Björn hafði þann starfa, að flytja póstinn milli Íslendingafljóts og eyjarinnar. Hann var á ferð milli lands og eyjar þann 21. nóv., en ísinn þunnur, og sagt að sleðinn, sem var dreginn af hundum, hafi sokkið ofan um ísinn og með honum Björn og þrir hundarnir, en einn hundurinn hafði slitið sig úr akbergjum og komst heim. — Björn sál. var rúmlega 50 ára gamall og hafði haft póstkevrslu á hendi sl. 4 ár. Hann eftirlætur ekkju og mörg börn ung. Hann var fæddur og uppalinn í Álptártungu í Álptahreppi í Mýrasýslu á Íslandi, og á uppkomin börn bar í heimínu. — Lík Björns sál. hefir fundist, en fregnir af því óljósar ennþá. — Ísafold er beðin að minnast þessa atburðar.

Lesendur eru beðnir að lesa hvert einasta orð í stóru auglýsinguni hans G. THOMAS, gullsmiðs. Verðlækkun hans er bona fide, og maðurinn er áreiðanlegur og áreiðanlegur. VERZLIÐ VIÐ HANN.

Að 660 Victor St. er silkskonasaumaskapur gerður og gömul föt gerð sem nýr fyrir vægt borgun. — Þeður þokkur betur?

Studentafélagsfundur.

Stúdentafélagið heldur fund laugardagskveldið 3. des. í skemtisal Únitara (horni Sher & Sargent). Þar á að fara fram meðal annars fyrsta kappræðan í röðinni um verðlaun, — bikar þann, sem Dr. Brandson gaf félaginu, og sem eins og flestum er kunnugt var unninn í fyrra af þeim J. Jónassyni og G. Pálssyni. Í þessari fyrstu kappræðu verða þeir Halldór Johnson og Baldur Jónsson sækjendur, en verðlauna-hafar verja málið. Verður vandað til kappræðunnar, og er þess vænst, að sem flestir meðlimir sæki fundinn og verði komnir á staðinn kl. 8.

Tilkynning.

Mánudagskveldið 5. desember næstkomandi fer fram kosning fulltrúa (Trustees) sóknarinnar Hecklu og Skuldar fyrir þæstkomandi ár, í efri sal Good-templarahússins. — Allir meðlimir téðra stúkna hér í bæ eru áminntir um, að sækja fund þennan.

Stúkurnar hafa útnefnt þessa menn til að vera í kjöri

1. Arinbjörn S. Bardal.
2. Ásbjörn Eggertsson.
3. Ásmundur Jóhannsson.
4. Bergsveinn M. Long.
5. Björn E. Björnsson.
6. Guðm. Árnason (prestur).
7. Guðm. Árnason (kaupm.).
8. Gunnlaugur Jóhannsson.
9. Jóhann Vigfússon.
10. Jóhannes Sveinsson.
11. Jón Tryggvi Bergmann
12. Kristján Steánsson
13. Magnús Johnson.
14. Ólafur S. Thorgeirsson.
15. Sveinn Pálmason.
16. Swein SWainson.

Fyrir hönd fulltrúanefndarinnar
G. ÁRNASON,
varaforseti.

KOL og VIÐ

Alskonar Kol og Við selur J. W. THORGEIRSON að 590 Cathedral Ave.

Phone 7691

SILKSTONE KOL selur hann á $5.00 tonnið, þau gefa jafnan hita eins og kord af bezta eldivið, eru hrein og jafn ágæt til matreiðslu sem húshitunar.

Tamarac $7.50 korðið

Dr. G. J. Gíslason,
Physician and Surgeon
18 South 3rd Str, Grand Forks, N.Dak
Athygli veitt AUGNA, EYRNA og KVERKA SJÚKDÓMUM ASAMT INNVORTIS SJÚKDÓMUM og UPPSKURÐI. —

REV. DR. O. V. GISLASON
HANDLÆKNIR
369 Sherbrooke St.

Dr. J. A. Johnson
PHYSICIAN and SURGEON
HENSEL, N. D.

Dr. M. Hjaltason
OAK POINT, MAN

ATVINNA
getur góður, lipur landi fengið við að selja brauð fyrir Perfection Bakeries, horni Ellice og Simcoe.

LAND
með góðum byggingum, norðanti í Nýja Íslandi, fæst í skiftum fyrir hús og lóð í Winnipeg. Menn snúi sér til Guðm. Strandberg, 557 Toronto St.

Þegar þér þurfið að kaupa
Gott smjör
Ný egg
og annað matarkyns til heimilisins, þá farið til
YULES PRODUCE STORE
941 Notre Dame St.
Prices always reasonable

S. K. HALL
TEACHER OF PIANO and HARMONY
STUDIO: 701 Victor St.
and
IMPERIAL ACADEMY OF MUSIC AND ARTS
Dr. Ralph Homer, Director.
290 Vaughan St.

MARTYN F. SMITH,
TANNLÆKNIR.
Fairbairn Blk. Cor Main & Selkirk
Sérfræðingur í Gullfyllingu og öllum aðgerðum og tilbúnaði Tanna. Tennur dregnar án sársauka. Engin veiki á eftir eða gómbólga. —
Stofan opin kl. 7 til 9 á kveldin
Office Phone 6944. Heimilis Phone 6462

TIL SÖLU:
160 ekrur af bezta landi, stutt frá járnbrautarstöð. — Fyrsti maður með $7.00 fær hér góð kaup. — Finnið
Skúli Hansson & Co.
47 Aikens' Bldg.
Talsími. Main 6476 P. O. Box 833

GEO. ST. JOHN VAN HALLEN
MÁLAFÆRZLUMAÐUR
GERIR ÖLL LÖGFRÆÐIS STÖRF ÚTVEGAR PENINGALÁN.
Bæjar og landeignir keyptar og seldar, með vildarkjörum,
Skiftisktil $3.00
Kaupsamningar $3.00
Sanngjörn ómakslaun. Reynið mig.
Skrifstofa 1000 Main St.
Talsími Main 5142
Heimilis talsími Main 2337
WINNIPEG

Þarft þú ekki að fá þér ný föt?
EF ÞAU KOMA FRA CLEMENT'S, — ÞÁ VERÐA ÞAU RÉTT
Réttur að efni, réttur í sniði réttur í áferð og réttur í verði.
Vér höfum miklar byrgðir af fegurstu og beztu fataefnum. —
Geo. Clements & Son
Stofnað árið 1874
204 Portage Ave. Rétt hjá FreePress

Th. JOHNSON
JEWELER
286 Main St. Talsími: 6606

Sveinbjörn Árnason
Fasteignasali.
Selur hús og lóðir, eldsábyrgðir, og lánar peninga. Skrifstofa: 310 McIntyre Blk.
office TALSÍMI 4700. hús TALSÍMI 2108

G. NARDONE
Verzlar með matvöru, aldini, smá-kökur, alskonar sætindi, mjólk og rjóma, sönul. tóbak og vindla. Óskar viðskifta Íslend. Heitt kaffi eða te á öllum tímum. Fón 7754
714 MARYLAND ST.

Öll sagan
um undra vinsældir Boyd's brauða verður sögð í 5 orðum, þannig:—
Hreinleiki
Ljúffengi
Hollusta
Smekkgæði
Fullnæging
Þau eru gerð í stóru hreinu bakarí eins og góð brauð ættu að vera, af beztu bökurum í landinu, biðjið alstaðar um þau.
Boyd's
Bakery Cor. Spence & Portage Ave
Phone Sherb. 680

BILDFELL & PAULSON
Union Bank 5th Floor, No. 520
selja hús og lóðir og annast þar að lútandi störf; útvegar peningalán o. fl.
Tel.: 2685

BONNAR, TRUEMAN & THORNBURN,
LÖGFRÆÐINGAR.
Suite 5-7 Nanton Blk. Tals. 766
Winnipeg, Man. P.O.BOX 223

DR. H. R. ROSS
C.P.R. meðala- og skurðlækuir.
Sjúkdómum kvenna og barna veitt sérstök umönnun.
WYNYARD, — SASK.

The Evans Gold Cure
229 Balmoral St. Sími Main 797
Varanleg lækning við drykkjuskap á 28 dögum án nokkurrar tafar frá vinnu eftir fyrstu vikuna. Algerlega privat. 16 ár í Winnipeg. Upplýsingar í lokuðum umslögum.
Dr. D. R. WILLIAMS, Exam. Phys
J. L. WILLIAMS, Manager

W. R. FOWLER A. PIERCY.

Royal Optical Co.
307 Portage Ave. Talsími 7286.
Allar nútíðar aðferðir eru notaðar við augn-skoðun hjá þeim, þar með hin nýja aðferð, Skugga-skoðun, sem gjörð er öllum ágiskunum. —

Anderson & Garland,
LÖGFRÆÐINGAR
35 Merchants Bank Building
PHONE: MAIN 1561.

Horfið! Hlustið! Hugsið!

TIL JÓLANNA

FRÁ ÞESSUM tíma til miðnættis á aðfangadagskveld jóla, sel ég í búð minni 674 SARGENT AVE., við hornið á Victor St., hvern þann hlut sem kaupendur vilja kjósa sér, með 25 per cent afslætti frá vana verði.

Í búðinni eru 8 ÞÚS. DOLLARS virði af alskonar völdum og vönduðum gull og silfur varningi, klukkum og vasa úrum á öllum stærðum og gerðum fyrir karla og konur' Einnig alskonar krystals ogöðrum skrautvarningi. Sömuleiðis alskonar demants og öðrum steinhringum, og signet og einbaugs hringum, fyrir karla og konur

Eg hef valið vörurnar án tillits til inkaupssparnaðar og með því eina augnamiði að geta fullnægt þörfum og smekkvísi viðskiftavina. 20 ára verzlunar og viðskiftasamband við Íslendinga hefir verið mér öruggur leiðarvísir í vali varningsins.

Eg hef ásett mér að selja, UM ÞESSI JÓL hvern einasta hlut í búð minni svo ódyrt að hvergi fáist jafn vandaðir hlutir með jafn lágu verði, þessvegna kostar hjá mér hvert Dollars virði aðeins 75 cents.

Allar aðgerðir verða samt seldar fullu verði eins og áður, því vinnulaun eru þau sömu.

Utan hæjar pantanir afgreiddar fljótt og samvizkusamlega, og vörurnar seldar með sama afslætti og til bæjarmanna og sendar kaupendum kostnaðarlaust, hvort sem er í Vestur Canada.

Eg hef gert það að fastri lífsreglu að skipta svo við landa mína að þeir hefðu aldrei umkvörtunar efni, og sama gildir enn. Eg ábyrgist allar vörur sem eg sel og sínni tafarlaust öllum umkvortunum.

Þessi vilkjör gilda einnig fyrir gullstáss verzlun mína í Selkirk bæ.

Komið sem flestir, sem fyrst og skoðið vörurnar og sendið pantanir til

674 Sargent Ave. — **G. THOMAS** WINNIPEG, CANADA. — Phone Sherb. 2542

ANCHOR BRAND HVEITI
er bezta fáanlegt mjöl til nota í heimahúsum og annarstaðar. Það er gert úr No. 1. Hard HVEITI eftir nýjustu aðferðum.
Símið 4326 eftir söluverði þess.
Leitch Bros.
LOUR MILLS
Winnipeg skrifstofa
240-4 GRAIN EXCHANGE

Heimskringla.

XXV. ÁR | WINNIPEG, MANITOBA, FIMTUDAGINN, 8. DESEMBER 1910 | NR. 10.

Leaded Lights.

Vér getum búið til alskonar skrautgluggga í hús yðar ódýrara og fljótara en nokkur önnur verksmiðja í borginni Vér sýnum yðar myndir og kostnaðar áætlanir.

Western Art Glass Works.
553 SARGENT AVE.

Fregnsafn.

Markverðustu viðburðir hvaðanæfa

— Keyrslumaður Tolstoi greifa, sem um mörg liðin ár hafði verið dyggur þjónn húsbónda sins, tók sér svo nærri lát greifans, að hann lagðist á leiði hans, opnaði æðar með beittu eggjárni á báðum úlnliðum sínum, og lét sér blæða út til ólifis. Hann fanst á leiðinu örendur.

— Gamli Carnegie gaf fyrir nokkurum tíma 1½ milión dollara til þess að byggja listaskóla í Pittsburg, Pennsylvania. Nú hefir hann á ný bætt $2,800,000 við fyrri gjöfina, og hefir þá alls gefið nær 4½ milión dollara í þessu augnamiði. Meira hefir enginn maður áður gefið til mentaþarfa þar í borg. — Ætlað er, að 3 þús. nemendur geti haft þar stöðuga ókeypis kenslu.

— Tuttugu og fimm verksmiðjustúlkur brunnu til dauðs í fyrri viku í borginni Newark, N. J., og margar slysuðust að meira eða minna leyti. Það var pappirsgerðarverksmiðja sem brann.

— Kosningar til enska þingsins standa nú yfir, og hafa sjaldan verið sóttar af meira kappi en nú — af beggja hálfu. Af stjórnarliðum hafa þeir ráðgjafarnir Winston Churchhill og Lloyd George sérstaklega skarað fram úr. Hvorutveggja eru afburða mælskumenn og stjórnmálagarpar hinir mestu. Hafa þeir farið um þvert og endilangt England og Skotland og haldið þrjár og fjórar ræður á dag. — Af íhaldsmönnum hefir mest borið á foringjunum Balfour lávarði og Austin Chamberlain. Frítolla og tollverndunar stefnurnar, ásamt heimastjórn Íra og afnámi lávarðadeildarinnar hafa verið aðal þrætueplin. — All-margir Canadamenn eru í kjöri. Bezt kunnir eru: Joe Martinj sem sækir endurkosningar, og Hamar Greenwood, sem talinn er liklegt ráðherraefni, en sem féll við síðustu kosningar. — Þegar þingið var rofið höfðu stjórnarliðar 275 þingmenn, en andstæðingar 273. En þar að auki hafa þingmenn verkamannaflokksins og Íra fylgt stjórn inni að málum. — Fullnaðar úrslit kosninganna verða ekki kunn fyrr en í næstu viku, en öll líkindi benda til, að stjórnin haldi velli.— Meðal þingmanna þeirra, sem voru kosnir gagnsóknarlaust, voru þeir Joseph gamli Chamberlain og leiðtogi íhaldsmanna J. A. Balfour lávarður.

— Toronto borg virðist standa lang-fremst hvað drykkjuskap viðvikur af borgum í þessu landi. Telst svo til, að 20 þús. manna séu að staðaldri í vinveitingastofunum á kveldin, og tvö þúsund blindfullir. Og samkvæmt skýrslu séra B. H. Spence hafa hátt á ní unda þúsund karlamanna verið settir í svartholið fyrir að vera drukknir árið sem leið. — Ekki virðist vanþörf á endurbótum þar.

— Ekki linnir á ólátunum hjá kvenfrelsiskonum ensku, og nú við kosningabaráttuna hafa 4 verið sendar í fangelsi í tvo mánuði, 2 í þrjá mánuði og 93 verið sektaðar frá 40—100 skillinga eða hálfsmánaðar til mánaðar fangelsi fyrir óspektir. En 103 konur sluppu með áminningu og næturgisting á svartholinu. Ekki virðist betta benda á neina afturför í kvenlegu skapferli. Þær konur, sem sektaðar voru, kusu fangavistina, og höfðu sent eftir prjónum sínum og tandi, til þess að prjóna eiginmönnum og elskhugum sínum sokka í inniverunni.

— Abraham Ruef, hinn illræmdi fjárglæframaður og stjórnmálaþjarkur í San Franrisco, sem dæmdur hafði verið til 14 ára fangavistar fyrir klæki sína, en sem heimtaði nýja rannsókn í málinu, — hefir verið synjað um þá beiðni sína og verður því að úttaka hegninguna, sem hann var í dæmdur. — Þessi 14 ár. Aðstoðarmaður hans í fjárglæfrunum, fyrverandi borgarstjóri Schmit, sem dæmdur var til fimm ára hegningarhússvinnu, leikur lausum hala í Evrópu.

— Krýning Georgs konungs hefir nú verið kunngerð með stjórnarauglýsingu. Krýningardagurinn á að verða 22. júní. Drotningin verður ekki krýnd hinn sama dag, heldur viku síðar.

— Skósmiður einn í Hadersfev í Danmörku, Böttcher að nafni, myrti dóttur sína í öræði fyrir skömmu. — Hafði komið seint heim um nóttina og fundið dóttur sína á ferli, og manni, sem hann grunaði um að hafa vingott við hana, hafði hann mætt við húsið. Þetta fylti skóarann af bræði mikilli, svo hann tók hníf einn mikinn og rak í brjóst dóttur sinnar, og af því sári dó hún. En faðirinn var handsamaður.

— Ekkja Leó Tolstois liggur hættulega veik, og eru lítil likindi til, að henni auðnist að lifa mann sinn margar vikur. Hún lagðist strax eftir jarðarför hans og hefir hrakað með degi hverjum. Hún er rúmlega sextug.

— Nýafstaðið manntal í borgum Bandaríkjanna sýnir hlutfallslega meiri vöxt í bæjum, sem hafa undir 100,000 íbúa, en í þeim stærri.— New York borg hefir 4¾ milión íbúa, en New York ríkið, að borginni meðtalinni, 9¼ milión. Ríkið Illinois telur 5¾ milión -búa, en aftur Oklahoma að eins rúma hálfa aðra milión. Borgin Seattle á Kyrrahafsströnd, þar sem all margir landar eru búsettir, telur 237,194 innbyggendur.

— Dómsmálaráðherra Canada hefir náðað morðingjann Robert Parker, sem hengja átti 12. þ. m. Var það aldur mannsins, sem varð honum til lífs.

— Uppreistin í Mexico hefir verið gersamlega bæld niður, og uppreistarforinginn. Francisco Montanaz, flúið land.

— Dr. Frederick Cook, sá sem fyrstur þóttist hafa fundið norðurpólinn, hefir nú játað, að verið geti að svo sé ekki. Segist hann hafa verið orðinn nær frávita af hungri og vosbúð og líkur því miklar til, að fundur pólsins hafi verið ímyndun ein. — Dr. Cook er nú í London og kona hans hjá honum, en börn þeirra eru í frönsku klaustri. Ráðgerir hann að koma til New York 22. des. Hann segist hafa dvalið lengst af síðan hann "hvarf" í London, og hafi aldrei tekið á sig neitt dulargerfi. Hins vegar hafi hann gengið undir fölsku nafni fyrst í stað, en bráðlega hætt því. Hafi kallað sig sínu fulla nafni lengst af, en Fólk hafi ekki trúað því, og sagt sem svo: Við höfum heyrt þá sögu áður. — Dr. Cook leggur mikla áherzlu á, að þó sér hafi yfirsézt um uppgötvun pólsins, sé engin ástæða til að kalla sig mesta lygara og svikara veraldarinnar. Hafi sér yfirsést, þá sé það af vankunnáttu í sambandi við hörmungar þær, sem hann varð að þola. — Hann gerir því kröfu til þess að vera skoðaður sem heiðarlegur meðborgari og maður, þó sér hafi mishepnast. — Og hvað sem um Dr. Cook má segja, þá hafa allir lokið upp einum munni um það, að hann sé dugnaðarforkur og drengur góður. Hann sest að líkindum að í New York og stundar iðn sína sem læknir. — Peary hefir lýst því yfir, að hann leggi trúnað á þessa skýrslu mótstöðumanns sins.

— Merkilegur dómsúrskurður var kveðinn upp í New York nýverið. Fimtán ára gömul ítölsk kona og móðir hafði ekki gengið á barnaskóla, sins og aldur hennar heimtaði, og hélt hún, að sem móðir væri hún undanþegin skólaskyldu. Skólaráðið klagaði, og nú hefir dómarinn ákveðið hana skylda að ganga á barnaskóla, — þrátt fyrir það, þó hún sé gift kona og móðir. — Margar fleiri italskar konur eru jafnaldrar hennar og jafnvel yngri. Verða þær allar að hlýða dómsúrskurði þessum og ganga á barnaskóla. Þær mega hafa ungbörn sín með sér í skólann, ef þær vilja. — Dómsúrskurður þessi hefir vakið gremju meðal Ítala í Bandaríkjunum yfirleitt, og hafa þeir skotið máli sínu til hærri réttar.

— Scott foringi í sjóiði Canada lagði af stað frá Nýja Sjálandi, á skipi sínu "Terra Nova", áleiðis til suðurpólsins þann 30. nóv., og býst Scott við að ná pólnum í desember 1911. — Dagina áður lagði hinn japanski sjóliðsforingi Shirasi af stað í sömu erindagerðum á skonnortunni "Kainanmaru". Álit fróðra manna er, að honum muni aldrei takast að ná suðurpólnum, því útbúnaður hans sé ónógur í alla staði. Aftur hefir almenningur góða von um, að Scott muni auðnast að ná takmarkinu.

Fundarboð

ÍSL. CONSERVATIVE KLÚBBURINN

hellur fyrsta fund sinn á þessum vetri NÆSTA FÖSTUDAGSKVELD (9. þ. m.) í samkomusal Únitara (horni Sherbrooke og Sargent). — Skorað er á alla meðlimi klúbbsins, að mæta á þessum fundi, því þar verða gerðar nauðsynlegar byrjunar-ráðstafanir fyrir starfi klúbbsins á þessum vetri.

Gleymið ekki að koma í tíma, kl. 8, og með sem flesta nýja meðlimi.

J. GOTTSKÁLKSSON, forseti.

Winnipeg, 7. des. '10.

Leslie bréf.

Herra ritstjóri B. L. Baldwinson.

Kæri vinur!

Það er langt síðan "Kringla" þin hefir flutt fréttir héðan svo nokkru nemi. Samt ber hér ýmislegt til tiðinda í bygðinni, og ekki síður á Leslie en á öðrum stöðum bygðarinnar. Bærinn hefir mikið breyzt að útliti og svip síðan þú varst staddur á miðsvetrarsamkvæminu í fyrra. Stórt og vandað gistihús hefir verið bygt, og var þess stór þörf. Eini agnúinn á því er sá, að eitursala er í sambandi við það. Hafa ýmsir fengið að kenna á því þegar, þótt ekki sé langt liðið. Menn hafa síðan drukk ið frá sér vit og sjálfsstjórn, eytt fjármunum sínum, vanrækt störf sín og heimilisskyldur, í einu orði sagt, orðið að nýjum og verri mönnum. Atkvæðagreiðsla um vínsölubann fer fram hér 12. æes; er búist við harðri hríð í sambandi við það. Vinmenn eru þegar teknir að halda fund með sér, — leynilega þó; — málefni þeirra hefir aldrei getað horft opnum augum í birtuna, og sama virðist ætla að verða upp á teningnum í þetta skifti. — Það er sorglegt, að sumir mestu atkvæðamennirnir hér — sem að öðru leyti eru nýtir menn og uppbyggilegir — skuli fylla þann flokkinn, sem hefir þá stefnu, að troða niður gott siðferði, viðhalda verzlun, sem undir öllum kringumstæðum hlýtur að rýra manngildi þeirra, sem fyrir áhrifum hennar verða. — Ekki meira um þetta atriði nú. Við munum biðja þig fyrir rúm í Kringlu fyrir eina eða tvær ritgerðir um málið áður en langt líður.

Já ég var að tala um breytingu á svip og útliti bæjarins. Sú breyting er ekki eingöngu á yfirborðinu, ekki einungis í vexti og byggingum, heldur einnig í andlegu tillitt. Sál bæjarins virðist ætla að vaxa fullkomlega í hlutföllum við likamann, ef svo mætti að orði komast. Við höfum fengið hingað mann frá Winnipeg, sem flestum er að því kunnur, að taka þátt í félagsmálum og leggja ríflegan skerf til gleði og ánægju samborgara sinna; það er W. H. Paulson. Hann hefir byrjað járnvöruverzlun og bygt stórt og vandað hús til verzlunar og íbúðar. Við Lesliemenn erum talsvert upp með okkur af því, að hafa fengið hann hingað.

Kristján Johnson, kjötsali frá Winnipeg, hefir og flutt hingað og bygt sér hús. Verzlun hans hefir gengið mjög vel síðan hann byrjaði.

Smjörgerðarhús var bygt hér í vor, og dró það mikla verzlun að bænum. Það er eina smjörgerðarhúsið í þessari bygð. Er það að hálfu eign þess, er verkið vinnur, en að hálfu eign verzlunarmanna bæjarins. Er útlit fyrir, að það ætli að hepnast mjög vel. Aðalforgöngumaður þess fyrirtækis var Stephan kaupmaður Stephansson, sem í öllu hefir unnið bænum gagn og verið honum uppbyggilegur, nema í vínsölumálinu. Þar eru áhrif hans því skaðlegri, sem þau eru meiri. Svo er um alla mikla menn, þegar þeir beita sér fyrir gott málefni, hlýtur starf þeirra að verða til framkvæmda og blessunar, en þegar ógætan beinir starfi þeirra í öfugar áttir, þá er hætt við, að stórtjón leiði af starfi þeirra. Stephan er einhver hæfileikamesti maður hér og hefir unnið Leslie bæ ómetanlegt gagn, en í þessu máli mætti bæirinn segja, ef hann hefði mál og hugsun: "Og þú líka, sonur minn Brútus!"

Tvö kaffihús hafa komið upp síðan þú varst hér og ein aldinaverzlun. Götur bæjarins hafa verið bættar og jafnaðar, og gangstétir lagðar. Bæjarstjórnin er að semja um kaup á slökkviáhöldum og stræta ljósum, og núna um mánað. armótin verður byrjað á að bygg a bæjarráðshús og fangahús. — Já, fangahús er eitt af nauðsynlegu böli bæjarins síðan eitursalan komst á.

Fyrir jólin eigum við von á, að hér komist upp prentsmiðja og blað. Er áformað, að það verði bæði á íslenzku og ensku til helminga. Útgefandinn og ritstjórinn verður Styrkárr Vésteinn Helgason og fær hann nokkurn styrk frá sumum verzlunarmönnum bæjarins til þess fyrirtækis. Vænt um vér að blaðútgáfa hér verði bænum til mikilla framfara. Styrkárr er kunnur að því öllum þeim, sem þekkja hann r é t t, að vera stórgáfaður maður. Sumir virðast hafa horn í síðu hans vegna skoðana hans, en ég held fyrir mitt levti, að bygðarmenn hér séu yfirleitt frjálslyndari en svo og skynsamari en svo, að þeir geri það að stórri grýlu. Ég held að sá sannleikur skiljist flestum, að það að vera nýtur og sannur maður heyrir ekki sérstaklega til neinum sérstökum stjórnmálaflokki né sérstakri trúmáladeild. Þegar safnast er saman við gröf látins manns, þá er það eins og sálir mannanna dragist saman, — nær hver annari; þá er eins og þeir skilji hvor annan fullkomlega, og þá geta þeir tekið þannig saman höndum, að allur maðurinn — innri maðurinn — finst á bak við handtakið. Þá er ekkert að því spurt, hverju maður trúi, — á þeirri stundinni erum vér flestir sannir menn, en þá er það um seinan. Á meðan menn lifa virðist það vera hnefaréttur inn einn — hnefaréttur í einhverri mynd — sem verður að rýðja þeim braut. Hafi þeir ekki nógu sterkan hnefa, eiga þeir vaña lega lítils liðs að vænta.

Talsvert kapp á sér stað á milli bæjanna hér með brautinni. Þykist þar hver um sig vera góður fyrir sinn hatt, eins og þar segir. Þetta kapp er þeim til góðs, það er að segja á meðan það getur gengið vinsamlega, — vinsamleg samkepni er undirstaða heilbrigðra framfara. Sannleikurinn er sá, að Foam Lake, Leslie og Elfros eru — og líklega verða — þessingar yfirleitt. Finn þverinn hefir það, sem annar hefir ekki, en þegar alt kemur til alls, er víst munurinn sáralitill.

Uppskera var hér góð og verð all-hátt. Hveiti af ekrunni um 30 bushel og hafrar um 70 að meðaltali. Ógrynni af landi hefir verið brotið og undirbúið til næsta árs. Auðmaður einn frá Englandi hefir keypt hátt á annað þúsund ekrur af landi í grend við Leslie og látið vinna þar mörg hundruð ekrur. Land hér skamt suður af bænum, sem er alveg óunnið, er nú komið upp í $25.00 ekran. Vegir í bygðinni hafa verið bygðir og bættir í ár, svo undrum sætir, og byrjað er á að leggja málbræði á stöku stað. Á Wynyard er verið að bygg a siúkrahús, og til orða hefir það komið, að hér yrði bygt annað í vetur.

Þann 15. júlí var veizla mikil og ríkmannleg haldin að heimili þeirra hjóna Egils og Guðlaugar Anderson, sem búa hálfa míl u frá Leslie. Var það brúðkaupshátíð þeirra ungfrú Línu Anderson, dóttur beirra hjóna, og herra P. S. Pálssonar, bróður Jónasar Pálssonar, söngkennara í Winnipeg. Um 60 manns voru þar saman komnir, og var enginn nýlendubragur á neinu. Var það mál flestra, að fegurri brúður hefðu þeir sialdan séð en ungfrú Anderson. Þess var getið undir borðum, að skömm og vanvirða væri það mikl fyrir einbúa bvæðarinnar — sem vér köllum baslara — að láta Winnipeg mann nema héðan á brott bezta kvenkost bygðarinnar. Fjöldi fólks fylgdi ungu hjónunum á járnbrautarstöðina um kveldið, og með heillaóskum og hrísgrjónahríðum. Hornleikaraflokkur bæjarins kvaddi þau hljómfagurri kveðju undir forustu herra Sigurðar F. Bjarnasonar.

Ef þú skyldir verða á ferð hér í vetur, þá komdu um líkt leyti og í fyrra. Við ætlum þá að halda miðsvetrarsamkomu, og reyna að vanda til hennar betur en í fyrra; enda hafa okkur bæzt all-miklir kraftar síðan.

Um stjórnmál er hér lítið rætt. Samt líður nú óðum að kosningum, og munu Íslendingar þá hafa í hyggju að koma að manni af sínum flokki, enda ætti þeim að vera það hægðarleikur. Það var af eins fyrir mistök, að ekki var Íslendingur kosinn hér síðast.

Sumum þótti þú bera oflof á þessa bygð í blaði þínu í fyrra, en það munu þó flestir játa, að hún sé hjarta íslenzkra bygða hér vestan hafs.

Vel er það til fallið af ykkur Winnipeg Íslendingum, að hrinda áleiðis minnisvarða hugmyndinni á 100 ára afmæli Jóns Sigurðssonar, en blessaðir farið þið nú ekki að vekja upp aftur Íslendingadagsrifrildið gamla. Annar ágúst hefir þegar fengið svo mikla festu bæði hér og heima, að sá dagur ætti að vera sjálfkjörinn þjóðminningardagur. Eða er nokkur svo blindur að neita því, að Íslendingar fengu stjórnarbót, sem í virkileika komst í gildi 2. ágúst 1874? Og hvað var það aðallega, sem Jón Sigurðsson vann? Hann með öðrum ágætismönnum þjóðarinnar vann þann sigur, sem þá fékst. Það, sem þá fékst, var ávöxtur af lífsstarfi hans. Það var sá grundvöllur, sem síðar hefir verið bygt á. Lúthersstúar-menn minnast oftar siðabótarinnar, þeirra umbóta, sem Luther kom á, heldur en fæðingar hans. Í stjórnmálum ætti það að vera eins.

Illutdrægur þykir mér þú þar sem þú viðurkennir ekki, að Austur-Íslendingar eigi neinn skrípamyndasmið. Ég held þó, ef þú leitar vel í öllum kynnum samvizku þinnar, að þú hljótir að viðurkenna, að "Kjötpottur Íslands" sé mesta meistarverkið, sem enn hafi birzt eftir nokkurn Íslending. Og þótt myndin væri nafnlaus rýrir það ekkert gildi hennar. Sum heimsfrægustu kvæði eru nafnlaus.

Ég má ekki vera að því að skrifa lengra núna.

Þinn einl.

Sig. Júl. Jóhannesson.

OGILVIE'S
Royal Household Flour

Til Brauð og Köku Gerðar

Gefur Ævinlega Fullnæging

EINA MYLLAN Í WINNIPEG.—LÁTIÐ HEIMAIÐNAÐ SITJA FYRIR VIÐSKIFTUM YÐAR.

Ung stúlka nær rœningja á sitt vald.

Sú var Lilly Strafford, dóttir Straffords greifa, að Hartford. Hennar frábæra hugrekki verður séð að eins með því að koma og sjá leikinn "HÚN IDRAST", sem Íslenzka stúdentafélagið sýnir í Goodtemplarahúsinu

Gleymið ekki að kaupa aðgöngumiða yðar í tíma, — að eins fáir óseldir.

WALL PLASTER

"Empire" VEGGJA PLASTUR kostar ef til vill ögn meira en hinar verri tegundir, —en berið saman afleiðingarnar.

Vér búum til:

"Empire" Wood Fibre Plaster
"Empire" Cement Wall "
"Empire" Finish "
"Gold Dust" Finish "
"Gilt Edge" Plaster of Paris
og allar Gypsum vörutegundir. —

Eiqum vér að senda yður bækling vorn?

BÓIÐ TIL EINUNGIS HJÁ
MANITOBA GYPSUM CO. LTD
SKRIFSTOFUR OG MILLUR I
Winnipeg, - Man.

Heimskringla

Published every Thursday by The Heimskringla News & Publishing Co. Ltd

Verð blaðsins í Canada og Bandar. $2.00 um árið (fyrir fram borgað).
Sent til Íslands $2.50 (fyrir fram borgað af kaupendum blaðsins hérlendis $2.00.)

B. L. BALDWINSON
Editor & Manager

Office:
729 Sherbrooke Street, Winnipeg
P.O BOX 3083. Talsími 3512.

Rannsóknin.

Að Winnipeg væri siðspiltasta borgin í Canada og að yfirvöldin tækju í heimildarleysi tolla af hanum ólöglegu pútnahúsum borgarinnar, voru aðdróttanir sem Toronto-klerkurinn, Dr. Shearer, lét sér um munn fara við eina af guðsþjónustugjörðum sínum fyrir skömmu. Að sönnu höfðu Winnipeg guðsmennirnir látið slíkt í veðri vaka, þó þeir hafi ekki orðið jafn berorðir, sem meðbróðir þeirra í Toronto.

Ummæli þessi vöktu auðvitað hina mestu eftirtekt, og að undirlagi Evans borgarstjóra skipaði Campbell, dómsmálaráðherra fylkisins, Robson dómara til að rannsaka, hvað hæft væri í þessum áburði.

Þeir menn, sem aðdróttunum þessum var aðallega beint að, eru Evans borgarstjóri, Daly lögregludómari og McRae lögreglustjóri. Þeir eru mennirnir, sem bera löggæzlu borgarinnar á herðunum, og þar af leiðandi þeir, sem ábyrgðin hvílir á. En allir eru þeir þrautreyndir heiðursmenn, sem vilja ekki vamm sitt vita.

Við rannsóknina hefir til þessa ekkert það komið fram, sem getur á einn eða annan hátt sett hinn minsta blett á neinn af mönnum þessum. En hins vegar kom það í ljós, sem öllum var kunnugt, að það var að undirlagi þeirra, að vændiskonur bæjarins sófnuðust á einn stað; töldu þeir það eina ráðið til verndar heiðarlegu kvenfólki og firring sjúkdóma, sem tóru dag-vaxandi. Þeir vissu sem var, að það var ógjörningur að losa borgina með öllu við kvenfólk þetta, margra ára reynsla hafði sýnt að svo var. Eftir að pútnahúsin á Thomas stræti voru rudd fyrir nokkrum árum, fyrir ötula framgöngu prestanna, sem töldu þau smán fyrir borgina, dreifðust stúlkur þær, sem í þeim voru, út um borgina, og fjölgaði þeim óðum, sem tóku að stunda þann atvinnuveg, — þó lögreglan gerði sitt ýtrasta til að losna við þær, bæði með því að reka þær úr borginni, sem aðkomnar voru, og senda hinar í fangelsi eða betrunarheimili, þá kom það fyrir ekkert, — þeim fjölgaði óðum. Og, sem verst var, fjöldi uppvaxandi stúlkna voru táldregnar og svívirtar og fyltu svo þann hópinn, sem rak atvinnuveg þennann. Umkvartanir bárust lögreglunni daglega, að vændiskona væri nágranni sinn, o. s. frv., en þegar átti að biðja hina sömu að koma með sannanir eða bera vitni, þá vildu þeir vera lausir allra mála.— Örðugleikar þeir, sem lögreglan hafði við að stríða, voru afarmiklir, — ekki sízt fyrir þá sök, að eina fullgilda sönnunin, ef hin ákærða játaði ekki brot sitt, var að standa hana að verki, og það var enginn hægðarleikur. Það sýndi sig margoft, að þó lögregludómarinn sakfeldi stúlku, að skyti hún máli sínu til hærri réttar, þá var hún sýknuð, því sannanir þóttu ekki nægar. — En verst af öllu var, hinn vaxandi hópur af kornungum stúlkum, sem leiddust út á lastanna braut, mest fyrir þá sök, að hús þessi voru um alla borgina og opin fyrir hverjum, sem varð til þess að koma með kunningjastúlku sína þangað, og leika svo grátt, sem þeim sýndist.

Sumum húsunum var stjórnað af giftum konum — jafnvel mæðrum —, sem lánuðu herbergi fyrir góða þóknun, og seldu vín í ofanálag. Og margar kornungar stúlkur, 13—15 ára, eftir því sem Daly dómari gaf skýrslu um, stigu fyrsta sporið á lastanna braut í þessum leigu.herbergjum.

Lögreglustjórnin sá því að eitthvað varð að gera, og hún áleit, að heillavænlegast mundi vera, að sameina allar vændiskonur bæjarins á einhvern afskektan stað, en fól að öðru leyti McRae lögreglustjóra allar framkvæmdir málsins. Að hans undirlagi voru strætin Rachel og MacFarlane valin, sem aðsetur þessara föllnu kvenna, án þess þó að lögreglan á neinn hátt héti þeim vernd eða vilyrðum. — Áður en þetta skeði, voru 75 pútnahús á 30 strætum í bænum, en nú eru þau 49 á tveimur strætum.

En þegar þannig er komið, rísa prestarnir upp, sem bandóðir væru, og taka að hamast á móti þessari voða-svívirðing, að halda opinber hús í hópatali og það í jafn siðferðisgóðri borg og Winnipeg hefði verið. — Þeir gættu þess lítið, að Winnipeg hafði alt af farið versnandi eftir að þeir höfðu hreinsað Thomas stræti. Þeim skifti engu, hve mörg hús væru pútnahús, og hve margar stúlkur færu glapstigu, ef að eins hinar föllnu konur væru ekki einangraðar frá öðrum konum og húsin mynduðu ekki nokkurs konar nýlendu út af fyrir sig, — það var of áberandi og það gátu þeir ekki þolað. — Eftir þetta taka þeir að ofsækja Evans borgarstjóra, Daly lögregludómara, lögreglustjórann o. fl.; og öllu lúalegri bardagaaðferð hefir vart átt sér stað en sú, sem guðsmennirnir viðhöfðu. Þess utan eru þeir ábyrgðarfullir fyrir óorði því, sem Winnipeg hefir hlotið út í frá. Þeir básúnuðu spillingu borgarinnar frá prédikunarstólunum og fengu presta sunnan úr Bandaríkjunum og víðar að til að gera slíkt hið sama.

Winnipeg guðsmennirnir hafa því gert alt, sem í þeirra valdi hefir staðið, til að vinna á móti þeim mönnum, sem af ítrasta megni hafa reynt að bæta siðferði borgarinnar, og vakað yfir heiðri og sóma hennar í öllum greinum.

Í Vancouver borg er svipað fyrirkomulag og hér er nú og hefir gefist ágætlega, og prestarnir þar voru svo hygnir að sjá, að það var bænum til góðs, og þögðu, — en þeim eiginleikum voru klerkar vorir ekki gæddir.

Þetta er í stuttu máli saga málsins, eins og komið hefir fram, við rannsóknina. Af þeim mönnum, sem yfirheyrðir hafa verið, má geta um þessa: Hon. Colin H. Campbell, dómsmálaráðherra; W. Sanford Evans, borgarstjóra; Daly, dómara; McRae, lögreglustjóra, og Leach, siðferðisumsjónarmann. — Allir þessir voru sammála um, að einangrun vændiskvenna frá almenningi væri heppilegasta stefnan, og jafnframt, að ógjörningur væri, að reka þær úr bænum, eins og klerkarnir héldu fram og telja auðvelt, — nema með þeim hætti, að fá lögunum breytt. Lögin heimila, að brjóta upp hús, sem grunuð eru að vera ópíums-knæpur eða spilahús, en pútnahús er gagnstætt lögunum að brjóta upp eða að afla sér sannana gegn þeim með ofbeldi.

Einnig ber þess að geta, að engin lög heimila, að reka húseigendur úr sínum eigin húsum, en margar af konum þessum eru húseigendur.

Hvað mútu-aðdróttanirnar áhrærir, eða að valdsmenn bæjarins hafi fé ólöglega af konum þeim, sem húsunum stjórna, þá hefir rannsóknin leitt það í ljós, að áburður sá er rakalaus ósannindi. Það hefir komið í ljós, að konurnar borga leynilögreglufélagi hér í borginni, sem hefir ekkert við lögregluna saman að sælda, vissa upphæð mánaðarlega fyrir vernd. — Sömuleiðis hefir það sannast, að þær hafa verið stór-snuðaðar af mönnum þeim, sem seldu þeim húsin, en þeir menn eru á engan hátt valdsmönnum borgarinnar háðir eða við þá riðnir. — Einnig hefir það sannast, að þær hafa orðið að borga sektir fyrir hina ólöglegu vínsölu sína, — en það er á engan hátt fé í vasa valdsmanna borgarinnar, heldur gengur í fylkissjóð, og er lagalega réttmætt, sem sektir fyrir ólöglega vínsölu.

Við rannsókn þessa hafa prestarnir ekki legið á liði sínu, að reyna að færa sannanir fyrir áburði Dr. Shearers, en það hefir komið að litlu haldi. Allar þeirra sannanir og stóryrði hafa að mestu reynst, sem goluþytur utan af landsbygðinni. Og nú biða þeir eftir Dr. Shearer sjálfum að koma og sanna aðdróttanir sínar.

En allur þessi ákafi og ofsi, þessar aðdróttanir að saklausum mönnum hafa að endingu snúist Winnipeg-búum til ómetanlegs góðs, sem sé með framboði W. Sanford Evans, borgarstjóra, til hinnar sömu tignar fyrir næsta kjörtímabil.

W. Sanford Evans hefir nú gegnt borgarstjórastarfinu í tvö kjörtímabil, og leyst það vandasama hlutverk af hendi með sæmd. — Hann hafði afráðið, að verða ekki aftur í kjöri og tveir aðrir höfðu gefið sig fram að berjast fyrir stefnu hans. En þessar síðustu árásir á hann, ásamt vaxandi áskorunum, urðu til þess, að hinir tveir drógu sig til baka, og hann gaf kost á sér í þriðja sinn.

Það má óhætt fullyrða, að komandi bæjarstjórnarkosningar verða sóttar af meira kappi en nokkru sinni áður. Báðir flokkarnir munu vinna af mætti. Prestaflokkurinn með E. D. Martin, með þá einu stefnu, að eyðileggja starfsemi lögreglustjórnarinnar í þessu vændiskvenna-máli. — Gerum nú ráð fyrir, að Martin verði ofan á. Hvað þá? Stúlkurnar verða að hkindum reknar úr þeim stað, sem þær eru nú í, og dreifast um allan bæinn, sem áður var. Alt sækir í sama horfið, spillingin eykst. Það er alt, sem unnið er við kosningu Mr. Martins. — Látum okkur aldrei detta í hug þá kenning, að fara að "betra" konur þessar. Slíkt lætur vel í eyrum, en mun reynast ómögulegt í framkvæmdinni. Betrun sú, sem hér er átt við, er að taka stúlkurnar úr húsunum og reyna að gera þær að vinnukonum. En sú stúlka, sem til fleiri ára hefir lifað í iðjuleysi, mun una þeim skiftum illa, að fara að skúra gólf og þvo þvott, eða gera önnur stritverk. Hún mun fljótlega ganga úr vistinni og taka upp sína fyrri iðju.

Aftur á móti, ef Evans verður kosinn, mun stefna lögreglustjórnarinnar ríkja, — stefna, sem miðar að því að vernda konur og dætur borgara bæjarins, og bæta úr þeirri spillingu, sem heimskuleg vandlæting og ákafi klerkanna steypti borginni í.

Þó rannsókninni sé enn ekki lokið, mun lítill efi leika á því, að þar fara prestarnir halloka.

Eins ætti að fara við bæjarstjórnarkosningarnar á þriðjudaginn kemur.

G. T. J.

Nýtt frétta-samband.

Það var telegrafað frá Kaupmannahöfn nú fyrir fáum dögum, að "Store Nordiske" telegraphfélagið hafi í hyggju að koma upp frétta-sambandi við Ameríku, frá norðurenda Skotlands yfir Orkneyjar, Færeyjar, Ísland og Grænland. Félagið hefir fengið allar upplýsingar í þessu sambandi og telur kostnaðinn miklum mun minni, en ef lagður væri hafþráður alla leið. Þetta virðist sennilegt, þegar athugað er, að hafþráður er kominn til Íslands. Eftir er þá að leggja landþráð vestur á Snæfellsnes, þá hafþráð vestur til Danmerkurhöfða á Grænlandi, um 300 mílur, þá landþráð suðvestur um Grænland til Frederikshaab, — um 450 mílur, þaðan hafþráð yfir til Ramah-fjarðar t. d., á Labrador, um 480 mílur, og þaðan landþráð suður um Labrador til nyrztu stöðvanna í canadiska telegrafkerfinu. — Það er nlítill efi, að þetta yrði lang-ódýrastur telegrafþráður til Norðurálfu, og Íslands vegna er óskandi, að þetta fréttasamband komist á.

ÚR BRÉFI ÚR ÁRDALS BYGÐ

(Dags. 26. nóv. 1910).

" — — Þá er nú loksins þessi langþráða járnbraut til vor Árdæla komin í vinnandi ástand, og lestagangur eftir henni eins hentugur og við verður búist. Lestin kemur til Árborgar á mánudag, miðvikudag og föstudag kl. 3 e.h., og staðnæmist þar til kl. 8 næsta morgun, þegar ferðin er hafin til Winnipeg. — Vagnstöðvahúsið í Árborg er nú í smíðum, en verður naumast fullgert fyrr en eftir mánuð.

Mig langar til að minnast á fundinn, sem góðir Íslendingar í Winnipeg hafa boðað þann 28. þ. m. Það gleður mig að sjá, að fyrir þessu nauðsynjamáli gangast svo margir okkar beztu menn, og fyrirbyggja þannig að flokkarígur komist þar að. Með þessu er fengin nokkur vissa fyrir, að hluttaka Vestur-Íslendinga í þessu máli verður eins myndarleg eins og minning Jóns Sigurðssonar verðskuldar að hún sé. Frá mínu sjónarmiði, er það mestu varðandi, að sem flestir leggi til dálítla fjárupphæð til þess annaðhvort að reisa hinum látna þjóðskörungi veglegan minnisvarða á aldaafmæli hans eða að stofna minningarsjóð, sem haldi nafni hans á lofti um ókomnar aldir. Ég vona, að allir sannir Íslendingar, hvar á hnettinum, sem þeir búa, stuðli til þess í orði og verki, að minning hans, sem var óskabarn Íslands, sómi þess, sverð og skjöldur, falli ekki í gleymsku".

Þessi eiga bréf á skrifstofunni:

Miss Elisabet E. Sigurðsson — Íslandsbréf.

Mrs. Sigurbjörg Gissursdóttir — Íslandsbréf.

Miss Friða Björnsdóttir.

Mrs. Sigurbjörg (Pálsdóttir) Béring.

Úr bænum

Allir íslenzkir Conservativar í bænum eru mintir á fund þann, sem forseti Íslenzka Conservative Klúbbsins auglýsir í þessu blaði. Fundurinn verður haldinn í Únítara samkomusalnum á föstudagskveldið kemur (9. des.) og byrjar kl. 8. Félagsmenn ættu að gera sér far um að fjölmenna á fund þenna, og einnig ættu þeir íslenzkir Conservativar, sem búa í bænum og ekki eru þegar félagsmenn, að sækja þennan fund og gerast meðlimir.

Nýlega hefir verið feldur dómur yfir ritgerðum, kvæðum og smásögum þeirra, er keptu um verðlaun í "Literary Society" Wesley skólans. — Tveir Íslendingar stóðu þar fremstir; hlaut Walter Lindal gullmedalíu fyrir beztu ritgerðina, en Lawrwnce Jóhannsson sömu verðlaun fyrir beztu smásögunna.

Íslendingar hafa stofnað taflfélag hér í borg og eru þegar um 20 meðlimir í félaginu og margir fleiri væntanlegir. Fundir félagsins verða fyrst um sinn í Goodtemplarasalnum neðri á þriðjudagskveldum. Í stjórn félagsins eru: Ólafur J. Ólafsson formaður, Sveinn Oddson skrifari og Friðrik Kristjánsson féhirðir. Allir íslenzkir taflmenn eru velkomnir á fundi félagsins.

Lesendum er bent á auglýsingar þeirra G. Thomas, Jeweller, og Th. Johnson, Jeweller, í þessu blaði. Það er ekki í verkahring þessa blaðs, að gera upp á milli mannanna, en að eins að benda löndum vorum á auglýsingarnar og mælast til, að þeir lesi þær og skifti við landa sína.

Herra Leifur Jónsson, frá St. Adelard, var hér á ferð fyrir helgina. Dvaldi hann í nokkra daga hér í bænum í landkaupaerindum.

Fullyrt er, að D. C. Cameron verði fylkisstjóri í stað Sir Daniels McMillan, þegar tímabil hans er útrunnið, sem verður innan skams — D. C. Cameron var liberal þingmannsefnið hér í borg við síðustu Dominion kosningar, en féll sem kunnugt er, fyrir Alex. Haggart.

Tíðarfar er hér mjög stilt, en nokkuð tekið að kólna allra seinustu dagana. Snjór kominn nógur til þess að fara á sleðum um alt.

Herra Chr. Ólafsson, umboðsmaður New York Life félagsins, hefir flutt skrifstofu sína í nýju Lögbergs bygginguna.

Bólsna slæm kvefveiki gengur nú hér í bænum, og hafa margir orðið lasnir. Skarlatssótt er og töluverð, bæði hér í borginni og út um fylkið hér og þar.

Allir íslenzkir kjósendur ættu að greiða atkvæði með fjárveitingunni (400 þúsund dollars) til Almenna spítalans. Það er brýn nauðsyn á henni, og vonar því Heimskringla að allir landar, sem kosningarrétt hafa greiði henni atkvæði sitt.

Í nokkrum síðustu blöðum hefir staðið, í bókalista hr. N. Ottensens, River Park, að Fornaldarsögur Norðurlanda í 3 bindum í gyltu vönduðu bandi kosti $4.00. Þetta er ekki rétt, átti að vera $4.50. — Lesendur eru beðnir að veita þessu athygli.

Stúkan SKULD hefir SOCIAL fund í þessari viku á venjulegum tíma í neðri salnum. — Allir Goodtemplarar velkomnir.

Þann 25. nóv. voru gefin saman í hjónaband þau herra Guðjón Guðjónsson (Goodman) héðan úr bæ og Miss Þuríður Eyjólfsdóttir til heimilis í Selkirk bæ, þar sem hjónavígslan fór fram.

Mannalát.

Þann 29. nóv. sl. lézt að Candahar, Sask., öldungurinn Sigurður Laxdal, fyrrum verzlunarþjónn á Akureyri á Íslandi, nær áttræður að aldri. Hann reis úr rekkju um morguninn með vanalegri heilsu, og gekk út til að saga viðarkubb í eldastóna, en féll niður við verkið bráðkvaddur. Jarðarför hans fór fram að Leslie bæ á sunnudaginn var.

Þann 28. nóvember síðastliðinn andaðist að heimili dóttur sinnar, 752 Beverly St. hér í borg, eftir margra ára sjúkdómsþjáningar, heiðurskonan Helga Ingibjörg Sigfúsdóttir, 60 ára gömul, kona Sigurðar Ólafssonar, sem nú lifir að syrgja konu sína, ásamt 6 fullorðnum börnum. Þau hjón bjuggu um mörg ár á Ánastöðum í Víðirnesbygð í Nýja Íslandi.

Framkoma hans
ER STEFNA HANS

Endurkjósið borgarstjóra
W. Sanford
EVANS
Liðni starfs tíminn eru beztu meðmælin.

Winnipeg á að vera hrein, ekki saurguð.



E. D. Martin
fyrir borgarstjóra.

TIL KJÓSENDANNA: —

Síðan ég ávarpaði yður síðast og óskaði eftir aðstoð yðar við íhöndfarandi borgarstjóra kosningu — hefir sú breyting orðið á, að bæjarráðsmennirnir Waugh og Harvey hafa dregið sig í hlé, sem gagnsækjendur mínir, og eftirlátið sem mót-kandidat minn borgarstjóra Evans.

Ég bauð mig fram samkvæmt ítrekuðum áskorunum kjósendanna sem urðu æ fleiri og fleiri, þar til nú, að þeir nema yfir tvö þúsund. Það er sérstaklega eitt öðru fremur, sem liggur mínum áskorendum þungt á hjarta, og það er EINANGRUN VÆNDISKVENNA Í FIMTU KJÖRDEILD. Þessum óföguðu hefir lögreglustjórnin þröngvað upp á kjördeildina. Borgarstjóri Evans hefir játað þátttöku sína í því, sem einn af meðlimum lögreglurðsins. Landslögin heimila hvergi, að pútnahús séu við líði, hvorki í samsteypu eða öðruvísi. Þessi ráðstöfun lögreglunnar var gerð án þess, að kjósendurnir væru á einn eða annan hátt spurðir um, hvað þeim sýndist ráðlegt, eða að heimildar beirra væri leitað að framkvæma þetta.

Ég fyrir mitt leyti er sannfærður um, að kjósendur Winnipeg borgar hafa ekkert meðhald með þessari ráðstöfun eða þola spilling þessu líka, — einnig að þeir eru andvígir þessu gjörræði lögreglunnar, að hafa án vitundar og vilja þeirra og þvert á móti landslögunum myndað pútnahúsa nýlendu. Og ég er þess einnig fullviss, að þessi "spilling" getur hvorfið, ef yfirvöldin einhuga gangast fyrir því. Það er hin eina rétta stefna, og fyrir henni mun ég berjast af mætti, verði ég kosinn. Og þess vegna skora ég á alla rétthugsandi menn, að gefa mér atkvæði sitt og vinna á þann hátt bug á þessu þjóðarböli.

Aðalbaráttan verður ekki milli Evans og mín um borgarstjóraheiðurinn, heldur um það: Á AÐ HEIDRA LÖG CANADA OG FRAMFYLGJA ÞEIM? Ég fylgi fast fram afnámi "THE SEGREGATED AREA", og hvers annars pútnahúss í borginni, hvort heldur það er í "nýlendunni" eða annarstaðar innan vébanda borgarinnar.

E. D. MARTIN
Aðalnefndarstofa: 281 Donald St.

ROBLIN HOTEL

115 Adelaide St. Winnipeg

Besta $1.50 á-dag hús í Vestur-Canada. Keyrsla ókeypis milli vagnstöðva og hússins á nóttu og degi. Áhöldunum hins besta. Við skiftl Íslendinga óskast. OLAFUR G. ÓLAFSSON, Íslendingur, afgreiðir yður. Heimsækjið hann.—

O. ROY, eigandi.

The Farmer's Trading Co.

(BLACK & BOLE)

HAFA EINUNGIS BESTU VÖRUTEGUNDIR.

Einu umboðsmenn fyrir :—
"SLATER" Skóna góðu.
"FIT-RITE" Fatnaðinn.
"H. B. K." prjónafélagið.
"HELENA" pils og 'waist' kvenfatnaði.
Bestu matvörutegundir.
" DEERING " akuryrkju verkfæri o. s. frv.

Beztu vörur Lágt verð

Fljót og nákvæm afgreiðsla.

Farmer's Trading Co.,
THE QUALITY STORE
Wynyard, Sask.

JIMMY'S HOTEL

BEZTU VÍN OG VINDLAR.
VÍNVEITARI T.H.FRASER,
ÍSLENDINGUR. : : : : :

James Thorpe, Eigandi

MARKET HOTEL

146 PRINCESS ST. á móti markaðnum
P. O'CONNELL, eigandi, WINNIPEG
Bestu tegundir af víuföngum og vindum, aðhlynning góð, húsið endurbætt

Woodbine Hotel

495 MAIN ST.
Stærsta Billiard Hall í Norðvesturlandinu
Tíu Pool-borð.—Alskonar vín og vindlar.
Gisting og fæði: $1.00 á dag og þar yfir

Lennon & Hebb,
Eigendur.

JOHN DUFF

PLUMBER, GAS AND STEAM FITTER

Alt verk vel vandað, og verðið rétt

664 Notre Dame Ave. Phone 3815
Winnipeg

A. S. TORBERT'S

RAKARASTOFA

Er í Jimmy's Hótel. Besta verk, ágæt verkfæri; Rakstur 15c en Hárskurður 25c. — Óskar viðskifta Íslendinga. —

A. S. BARDAL.

Selur líkkistur og annast um útfarir. Allur útbúnaður sá besti. Enfremur selur hann alskonar minnisvarða og legsteina.

121 Nena St. Phone 306

SVIPUR.

Orkunýting og menning.

Eftir Guðm. Finnbogason.

(Framhald).

Ég get ekki með vöðva-orku minni skilið í sundur frumefni vatnsins, því fjarri fer því að ég geti gripið súrefnis-eindirnar annari hendi og vatnsefnis-eindirnar hinni, og skilið þær að eins og reiða hunda. En ég get beitt orku minni til þess að snúa rafsegulvél, og með fulltingi rafmagnsstraums skilið efnin að, eins og áður var sýnt. — Ég get ekki hoppað upp í loftið og tekið fuglinn fljúgandi, sem mig langar í, en ég get dregið upp boga, lagt ör á streng og skotið fuglinn. Fyrir vöðva-orkuna fékk ég form-orku bogans, fyrir form-orku bogans fékk ég hreyfi-orku örvarinnar, og hún var það, sem skilaði örvaroddinum inn að hjarta fuglsins.

Svona má fyrir hverja tegund orku sem er, fá hverja aðra er vill, ef tilfæringar eru nægar til að breyta einni orku í aðra, alveg eins og fyrir hvaða mynt sem er, má fá jafngildi hennar í hverri mynt er vill, ef menn snúa sér til víxlara; sem hefir nægilega góð viðskiftasambönd. Allar vélar, hverju nafni sem nefnast, eru tilfæringar til að breyta einni orku í aðra. En á hvaða orku maðurinn þarf að halda, og í hvaða mæli, fer eftir því, hvað maður vill fratukvæma, eða hvers maður vill njóta.

Auðsætt er, að til þess að eiga hagkvæm viðskifti við náttúruna, þarf að þekkja lög hennar og vita nákvæmlega verðlag hverrar orku, en það er, eins og áður er sagt, fast. Náttúran býður fram allan sinn orkuforða og maldar ekki í móinn, þótt mennirnir fari með hana eins og sína eign. En hún heldur fast við verðlagsskrána.

Fleira er einkennilegt í fari náttúrunnar, sem hér verður að minnast á. Eitt er það, að hún er afartreg til að skifta einni orkutegund fyrir jafngildi hennar í einhverri annari tegund einni saman. Fyrir eina tegund orku fæst venjulega fleiri en ein önnur tegund. Náttúran er eins og víxlari, sem fyrir tilteknu tölu króna vill ekki borga jafngildi þeirra í mörkum einum saman, heldur sumt af fjárhæðinni í mörkum og sumt í annari mynt, og stundum vill ekki einu sinni víxla allri fjárhæðinni, svo eigandinn situr eftir með nokkrar krónur sem hann fær ekki víxlað. En auðsætt er, að geti ég ekki fengið það sem ég vil, fyrir það sem ég hefi, nema skifta því fyrir annað, þá er það, sem ég get ekki skift, eða fæ í þeirri mynt, sem ég get ekki notað, mér einskis virði. Sé ég t. d. staddur með 100 kr. í landi, sem hefir aðra mynt, og enginn víxlari vill víxla við mig nema 9 kr. af því, sem ég hefi, og þó svo að ég fái jafngildi 50 króna í þeirri mynt sem gjaldgeng er þar í landi, en 40 króna í annari mynt, þá eru þessar 100 kr. mér að eins 50 króna virði í því landi. Kalli ég notagildi hlutfallið milli beirra peninga, sem ég fæ í nýtilegri mynt og þeirra, sem ég hefi, þá er það í þessu dæmi 50 prósent eða ½. Verði notagildið ½, þá fengi ég fyrir 100 kr. að eins kr. 33.33, o. s. frv.

Þessu er nú alveg eins farið, þegar um orku er að ræða. Ef vér köllum frum-orku þá orku, sem breyta á í aðra, en nýti-orku þá tegund orku, er vér þurfum á að halda; þá er notagildið — $\frac{\text{nýti-orka}}{\text{frum-orka}}$.

Þegar vér vitum, hve mikil frum-orkan er, og þekkjum notagildið, getum vér því reiknað út, hve mikil nýti-orkan er, með því að margfalda saman frum-orku og notagildi.

Notagildið fer annars vegar eftir því, um hverjar orku-tegundir er að tefla, og hins vegar eftir því, hvernig tilfæringarnar eru, sem notaðar eru til þess, að breyta einni orkunni í aðra. Þessar tilfæringar, vélar eða verkfæri, má telja því betri, sem notagildi orkunnar, sem þeitt er, verður meira, og veit hver maður, að miklu meira má með sömu orku vinna, ef verkfærið er gott, en ef það er slæmt. Á tiltekinni tímalengd getur t. d. hjólmaður farið lengri veg á góðum hjólum en slæmum, þótt áreynslan sé söm.

Steinolíulampinn er vél til að snúa efnisorku steinolíunnar í ljós. Efnis-orkan er þá frum-orkan, ljósið nýtiorkan. En hvoratveggja orkuna má mæla. Reynslan sýnir, að á venjulegum steinolíulampa breytast að eins 2—3% af efnisorku steinolíunnar í ljós. Á því sézt, að hann er mjög ófullkomin vél. Nýjustu lampar, sem breyta steinolíunni í gas og hafa glóðarnet, snúa um 10% af efnis-orkunni í ljós. Þeir eru því miklu betri vélar.

Nú má spyrja: Hver eru skilyrði þess, að ein orkan breytist í aðra? Það mun sjást, ef vér athugum nokkur dæmi.

Jörðin brúnar um himingeiminn með hraða, sem nemur nálega 30 km. á sekúndunni, og hreyfi-orka hennar er því feiknamikil. Til dæmis mundi hnefastór steinn með þeim hraða eiga orku til að sprengja hús í loft upp, ef hann rækist á það. En hreyfi-orka jarðarinnar kemur oss að engu haldi, því allir hlutir á jörðunni hafa sama hraða og hún. Og meðan svo er, getur hreyfi-orkan ekki breyzt í aðra orku. Til þess þyrfti hraðamunur að koma fram. Hann gæti t. d. komið við það, að jörðin rækist á annan hnött.

Þetta má sjá í smærri stíl í járnbrautarvagni. Meðan hann heldur áfram með jafnri ferð, er alt laust, sem í vagninum er, kyrt á sínum stað, bæði farþegar og annað. Sé nú hömlunni beitt og vagninn stöðvaður skyndilega, breytist hreyfiorka hans í hita. En farþegarnir kastast áfram, því þeir eru lausir við vagninn, en hömlunni er ekki beitt á þá, þeir halda því hreyfiorku sinni, unz þeir reka sig á og hún breytist í annað.

En svona er með hverja orku sem er. Hún breytist ekki í aðra nema stigmunur eigi sér stað. Séu tveir misheitir hlutir settir í samband hvor við annan, streymir hiti frá hinum heitara til hins kaldari, unz báðir hafa náð sama hitastigi, og hita, sem streymir þannig, má breyta í orku. En hafi báðir hlutirnir sama hitastig, streymir enginn hiti milli þeirra, og notagildi hans er því 0. Öll hans orka er bundin, að sínu leyti eins og vatnsins, þegar það er komið í lygnan sæinn. Vatn, sem fellur frá hærri stað til lægri staðar, er gætt orku, sem breyta má í aðra orku, eins og vér höfum séð, en þegar vatnsflöturinn er orðina jafnhár allstaðar, getur vatnið ekki drýgt erfiði lengur, því af sjálfu sér kemst það ekki úr jafnvæginu, þegar það er einu sinni komið í það. — Rafmagn streymir ekki frá einum líkama til annars, nema rafmagn þeirra hafi mismunandi þenslu. Rýmis-orkan drýgir ekki erfiði meðan þrýstingurinn er allstaðar jafn. Verði einhverstaðar bilbugur á, getur hún breyzt í erfiði. — Tveir menn, sem togast á, þokast hvergi úr sporum, meðan ekki kennir aflsmunar, en þverri orka annars, kemur brátt hreyfing á.

Stigmunur er því nauðsynlegur til þess unt sé að breyta einni orku í aðra, og þar sem hann er horfinn, er orkan bundin, og losnar ekki aftur af sjálfri sér. Nú er það svo, að sérhver orka breytist fyr eða síðar í hita, en hitinn dreifist, streymir frá heitari hlut til kaldari, unz alt hefir fengið sama hitastig, en þegar svo er komið, er notagildið 0. Það er t.d. engin smávegis orka, sem neytt er til þess að knýja hin miklu hafskip yfir höfin. Hún breytist í hita, sem dreifist um sjóinn og engin tök eru á að breyta aftur í aðra orku.

Af þessu leiðir, að þótt orkuforðinn haldist óbreyttur, þá minkar þó sá hluti orkunnar, sem nýtilegur er, þ.e. óbundinn. Hitadreifingin er sá feigðarós, sem allar lindir orkunnar streyma að. Alt jafnar sig þar, en jöfnuðurinn er dauðinn.

Á jörðunni mundi sakir hitadreifingarinnar fyrir ævalöngu helfjötur kominn á alla orku, ef hún fengi ekki stöðugt nýjar birgðir óbundinnar orku með sólargeislunum. Vér höfum séð, hvernig jurtir og dýr fá orku sína þaðan, en nálega öll önnur orka, er mennirnir færa sér í nyt, er frá sólunni runnin. Á steinkolin höfum vér minst, en vindafl og vatnsafl er og sólarættar, og þar með hver sú orka, sem þeim verður breytt í. Sólin hitar loftið misjafnt, loftið hynnist, er það hitnar, og léttist því og stigur, en kaldara loftið fellur að, þar sem hið heitara víkur; af því verða vindar. Sólarhitinn breytir vatninu í gufu, hún stígur í loft upp, kólnar þar, þéttist og verður að úrkomu. Það, sem fellur á hæðum og fjöllum, safnast í lindir, læki og ár. Og alt streymir það að einum ósi, — í hafið.

(Meira).

Leyndarmál Cordulu frænku

Nýjir kaupendur að HEIMSKRINGLU sem borga fyrir einn árgang fyrirfram, fá skáldsögu þessa og aðra til, alveg

ókeypis.

THE **DOMINION BANK**

HORNI NOTRE DAME AVENUE OG SHERBROOKE STREET

Höfuðstóll uppborgaður: $4,000,000.00
Varasjóður - - - $4,400,000.00

Vér óskum eftir viðskiftum verzlunar manna og ábyrgumst að gefa þeim fullnægju. Sparisjóðsdeild vor er sú stærsta sem nokkur banki hefir í borginni.

Íbúendur þessa hluta borgarinnar óska að skifta við stofnun sem þeir vita að er algerlega trygg. Nafn vort er fullrygging óhlutleika. Byrjið spari innlegg fyrir sjálfa yðar, konu yðar og börn.

H. A. BRIGHT, RÁÐSMAÐUR.

Vitur maður er varkár með að drekka eingöngu HREINT ÖL. Þér getið jafna reitt yður á

DREWRY'S REDWOOD LAGER.

Það er léttur, freyðandi bjór, gerður eingöngu úr Malt og Hops. Biðjið ætíð um hann.

E. L. DREWRY, Manufacturer, Winnipeg

Með því að biðja um innlegg um "T.L. CIGAR," þá ertu viss að fá ágætan vindil.

T.L.

T.L. CIGAR

(UNION MADE)

Western Cigar Factory
Thomas Lee, eigandi Winnipeg

STRAX Í DAG er BEZT AÐ GERAST KAUPANDI AÐ HEIMSKRINGLU. — ÞAÐ ER EKKI SEINNA VÆNNA.

Manitoba á undan.

Manitoba hefir viðáttumikla vatnsfleti til uppgufunar og úrfellis. Þetta, hið nauðsynlegasta frjógunarskilyrði, er því trygt.

Enníþá eru 25 milíón ekrur óbygðar.

Íbúatal fylkisins árið 1901 var 225,211, en er nú orðið um 500,000, sem má teljast ánægjuleg aukning. Árið 1901 var hveiti og hafra og bygg framleiðslan 90,367,065 bushela; á 5 árum hefir hún aukist upp í 129,475,943 bushel.

Winnipeg borg hafði árið 1901 42,240 íbúa, en hefir nú um 150,000; hefir nálega fjórfaldast á 8 árum. Skattskildar eignir Winnipegborgar árið 1901 voru $26,405,770, en árið 1908 voru þær orðnar $116,106,390. Höfðu meir en þrefaldast á 7 árum.

Flutningstæki eru óviðjafnanleg,— í einu orði sagt, eru í fremsta flokki nútíðartækja: Fjórar þverlandsbrautir liggja um fylkið, fullgerðar og í smíðum, og með miðstöðvar í Winnipeg. Í fylkinu eru nú nálega 4 þúsund mílur af fullgerðum járnbrautum.

Manitoba hefir tekið meiri landbúnaðarlegum og efnalegum framförum en nokkurt annað land í heimi, og er þess vegna ákjósanlegasti aðsetursstaður fyrir alla, af því þetta fylki býður beztan arð af vinnu og fjárleggi.

Skrifið eftir upplýsingum til: —

JOS. HARTNEY, 77 York Street, Toronto, Ont.
JOS. BURKE, 176 Logan Avenue, Winnipeg, Man.
A. A. C. LaRIVIERE, 22 Alliance Bldg., Montreal, Quebec,
J. F. TENNANT, Gretna, Manitoba.

J. J. GOLDEN,
Deputy Minister af Agriculture and Immigration, Winnipeg.

og svo fór ég að bera saman kringumstæðurnar þá og nú. En það var ekki um það, sem við ætluðum að tala. Hjarta þitt er sundurmarið, sagðir þú. Segðu mér frá sorgum þínum, og geti ég losað þig við eina þeirra, skal ég glaður leggja líf mitt í sölurnar".

"Stjernekrans greifi hefir beðið mín", sagði Ísabella, "Þú manst að við töluðum dálitið um það í salnum í Liljudal?"

"Já, ég man það mjög vel. Og hverju svaraðir þú?"

"Geturðu efast um það? Ég auðvitað færðist undan".

"Og foreldrar þínir?"

"Hafa skipað mér að giftast greifanum, eða yfirgefa heimili sitt innan átta daga. — Ó, herra minn, það eru voðalegir kostir".

"Á", sagði Móritz og hleypti brúnum. "Þau hafa þá ekki minstu ögn af miskunnsemi, þessi tilfinningarlausu —"

Hann þagnaði alt í einu eins og hann væri hræddur við að segja of mikið.

"Segðu það sem þú meinar", sagði Ísabella, "því að við þig get ég talað hiklaust með fullu trausti, og þess vegna máttu segja mér hugsanir þínar eins og þær eru, án þess að vera hræddur um, að þú særir mig. Já, þú segir satt, þau eru tilfinningarlaus, köld hörð og eigingjörn. Þau hafa enga samhygð með sorg minni, þau hika ekki við að fórna barni sínu fyrir hleypidóma sína, hégómagirnd og dramb. Það er erfitt fyrir mig, að verða að flýja til ókunnugra manna til að leita þeirrar hluttekningar, sem ég hefi árangurslaust reynt að finna hjá foreldrum mínum".

"Segðu mér nákvæmlega, hvað skeð hefir", sagði Móritz.

Ísabella sagði honum frá bonorði greifans, hve reiður hann hefði orðið yfir neituninni, sömuleiðis hina grimmu skipun föður sins, og svo hinar árangurslausu tilraunir sínar við að leita aðstoðar móður sinnar og bróður.

"Þú sérð nú", sagði hún grátandi, "að allir eru á móti mér, og ég á því ekki annað fyrir höndum en deyja".

"Gráttu ekki, Ísabella", sagði Móritz með svo hluttekningarríkri rödd, að Ísabella gat ekki annað en treyst honum. "Enníþá hefir þú ekki farið í neina sérstaka ógæfu. Hefirðu gleymt því, sem ég lofaði þér? Ég skal koma í veg fyrir að þú verðir þvinguð".

"Móritz", hvíslaði Ísabella og horfði í augu honum, "ó, er þetta draumur? Getur þú hjálpað mér?"

"Ísabella", sagði Móritz, sem nú réð ekki lengur við tilfinningar sínar, "ég get og skal hjálpa þér, ég sver það, einu stúlkunni sem ég hefi elskað, Ísabella, — við elskum hvort annað. Hvers vegna eigum við að dylja það? Augu þín hafa sagt mér það. Sálir okkar hafa leitast við að sameinast, löngu áður en við sáumst; þær hafa leitað hvor annarar með sterkri löngun, eins og tvær hugarástir þrá að sameinast, og runnu saman í eitt í fyrsta skifti, sem við litum hvort í annars augu. Áður en ég sá þig, Ísabella, fann ég einhvern tómleika búa í huga mínum, sem ég gat ekki orðið af með. Einhver óljós grunur sagði mér, að ég mundi einhverntíma finna þig, og að í þér findi ég þá fögru hugsjónamynd, sem mig hafði dreymt um. Ó, Ísabella, hvers vegna lítur þú undan? Svaraðu mér og segðu, að ég hafi ekki verið of djarfur. Segðu að við elskum hvort annað".

Ísabella leit aftur upp.

"Móritz", hvíslaði hún, "þú talar satt. Við elskum hvort annað".

Hún fell í faðm hans og lagði höfuð sitt á öxl honum.

"Það er þá satt", sagði ungmennið um leið og hann kysti hana. "Þú elskar mig, Ísabella. Komi nú mótheti lífsins, — ég hræðist það ekki. Hér á þessum stað, þar sem lífsbeiskjan kvaldi huga minn fyrir mörgum árum, hefir guð í staðinn veitt mér hina mestu ánægju, sem ég hefi nokkru sinni þekt".

"Móritz", hvíslaði Ísabella, um leið og hún í hálfgerðu meðvitundarleysi fann koss hans á vörum sínum, "ó, Móritz, það væri sannarleg sæla að mega deyja í faðmi þínum á þessu augnabliki".

"Hvað þá? Deyja?" sagði Móritz, um leið og hann stökk á fætur. "Talaðu ekki um að deyja, elsku stúlkan mín. Lífið er fagurt, og við skulum lifa hvort fyrir annað. Viltu deyja um leið og þú byrjar að lifa, því líf án ástar er ekkert líf? Nei, eins víst eins og að stjörnurnar glitra í himinhvelfinguni, þá skulum við lifa, — lifa til að njóta eins mikillar, eins hreinnar gleði og nokkrum dauðlegum manni hefir nokkru sinni auðnast að njóta. Einu sinni grét ég yfir lífinu, hataði mennina og fyrirleit forsjónina, og þó hafa þessar tilfinningar legið í dvala í huga mínum, eins og eldurinn lifir undir öskunni. En á þessu augnabliki eru þær dauðar, eyðilagðar af ofurafli ástarinnar. Þær skulu ekki koma í ljós aftur, fyrst mér hepnaðist að þekkja sælu ástarinnar. Og þú talar um að deyja, Ísabella!"

"Fyrirgeðið mér, Móritz!" kallaði unga stúlkan hrifin og fleygði sér í faðm hans. "Þetta var vanþakklátt orð, sem skauzt yfir varir mínar, án þess að eiga heimili í sálu minni. Ég segi eins og þú: Við verðum að lifa — lifa til að njóta sælunnar, sem sálir okkar hafa þráð. Þú ert mér alt í þessum heimi. Þín vegna skil ég ánægð við föður, móður og bróður, við þína hlið vil ég tæma bikar ánægjunnar

og einnig sorganna, sé það nauðsynlegt. Nú verða allir skuggar, allar sorgir að flýja, af því þú elskar mig".

Síðustu geislar sólarinnar sloknuðu, en þau veittu því ekki eftirtekt. Tunglið fól sig bak við skýin, en þau sáu það ekki, og kvöldgolan söng í skóginum, en þau heyrðu það ekki. .....

Þau voru ánægð,.....en í fárra feta fjarlægð lá hefndin í felum.

"Ísabella", sagði Móritz loksins, um leið og hann tók upp kápuna hennar, sem hafði dottið á jörðina, og lagði hana á herðar hennar, "það er orðið framorðið. Þú verður að fara heim. Það getur verið varasamt að dvelja hér lengur".

"Núna strax?" sagði unga stúlkan og leit í kring um sig. "Já, þú segir satt, það er orðið dimt, við verðum að skilja".

"Já, en þú verður að lofa mér að finna mig á morgun um þetta leyti í Liljudals skemtigarðinum, í laufskálanum, þar sem við fundumst fyrst. Þú manst víst eftir honum, þeim sem er á hólmanum lengst til hægri handar".

"Heldurðu að ég hafi gleymt í hvaða laufskála það var?" sagði Ísabella brosandi. "Já, Móritz, ég skal finna þig þar annað kvöld eftir sólsetur".

"Og þá vona ég að geta fært þér góðar fréttir", sagði Móritz. "Ég skal tala við föður þinn í fyrramálið. Þú mátt trúa mér, ég hefi góð meðmæli, sem hafa áhrif á hann".

"Ég vona að guð gefi það, Móritz", sagði Ísabella hnuggin. "En þó þér takist að koma í veg fyrir giftingu mína og Stjernekrans greifa, sem ég naumast þori að gera mér von um, þá færðu pabba aldrei til að samþykkja giftingu okkar. Hann vildi heldur vita mig deyja en giftast þér".

"Hver veit", sagði Móritz brosandi.

STUTT ŒFIMINNING HJÓNANNA

Steingríms Grímssonar og Guðrúnar Jónsdóttur.

Steingrímur Grímsson var fæddur 20. ágúst 1831 á Síðumúla í Myrasýslu. Foreldrar hans voru Grímur bóndi Steinólfsson, Jónssonar, frá Hvanneyri og Guðrún Þórðardóttir, prests að Lundi Borgarfjarðarsýslu, Jónssonar, frá Möðruvöllum í Kjós, Jónssonar prests frá Einholti í Hornafirði.

Steingrímur ólst upp hjá foreldrum sínum, fyrst í Síðumúla og fluttist svo með þeim að Grímsstöðum í Reykholtsdal í Borgarfjarðarsýslu. Þar bjuggu foreldrar hans til dauða Gríms, — um 1860. Bjó hann svo með móður sinni, þar til hann kvæntist árið 1861, Guðrúnu Jónsdóttur, bónda Kristjánssonar frá Kjalvararstöðum í Reykholtsdal og konu hans, Kristínar Einarsdóttur, frá Kalmannstungu, Þórólfssonar, og seinni konu Einars, Helgu Snæbjarnardóttur, prests frá Grímstungu í Húnavatnssýslu.

Þau hjón Steingrímur og Guðrún bjuggu fyrst á Grímsstöðum í Reykholtsdal, þar til árið 1887,— fyrst á allri jörðinni, svo nokkur ár á hálfri jörðinni, móts við Pál bónda Jónasson, föður þeirra Hjartar og Jónasar söngfræðings Pálssonar í Winnipeg. Fluttust þau svo að Kópareykjum í sömu sveit og bjuggu þar þangað til um vorið 1882, að þau fluttust til Ameriku. Fyrstu árin voru þau í húsmensku hjá Guðrúnu systur Steingríms, er fluzt hafði vestur 9 árum áður (1873), og bjó þá um 3 milur norðvestur af Garðar bygð í Norður Dakota. Fluttust þau síðan vestur á hin svonefndu Pembina fjöll, og nam Steingrímur þar land árið 1886, fjórar milur norður af Milton, Cavalier Co., N. D. — Bjuggu þau hjón þar þangað til um vorið 1904, að þau brugðu búi og fluttu fyrst til Snæbjarnar sonar sins, og síðan til Kristínar dóttur sinnar. Bygðu þau sér þar hús og voru þar til dauðadags. — Guðrún andaðist 26. maí 1906, eftir 5 vikna legu af hjartasjúkdómi: Steingrímur lifði tveimur árum lengur, eða þar til 24. okt. 1908, að hann dó eftir að eins hálfs days legu af hjartaslagi.

Steingrímur Grímsson var með almaður á hæð en vel vaxinn og friður sýnum. Hann var vel viti borinn eins og hau systkin öll, en fremur dulur í skapi. Hann var glaðlegur jafnan og þýður í viðmóti og vildi á einskis manns hluta gera. Frjálslyndur var hann í trúarskoðunum og umburðarlyndur. Hann fylgdist vel með í málum Íslands alt af eftir að hann kom til þessa lands. Hann las mikið af því bezta, sem út var gefið á Íslandi, og þjóðólf, Ísafold og Lögréttu keypti hann og las að staðaldri. Lítið gaf hann sig að hérlendum málum, enda var hann vel miðaldra maður, þegar hann kom til þessa lands. Hann var ágætis ektamaki og faðir, tryggur og vinfastur, þar sem hann tók því, en ekki var allra að ná vináttu hans; en óvini átti hann enga. — Hann var afbragða fjörmaður og glöggur á mörk, og var hann því að sveitungum sínum sendur í fjárleitir norður í Húnavatns og Skagafjarðarsýslur í mörg ár, og rak hann það starf með trúmensku og dugnaði.

Systkini átti Steingrímur mörg, og eru að eins 4 á lifi, tvær systur, Svanborg og Ingibjörg, á Íslandi, og tvö systkin hér í Ameríku, Daníel bóndi að Mozart, Sask., og Jóreiður ekkja að Wynard, Sask.

Guðrún Jónsdóttir var fædd á Sigmundarstöðum í Hálsasveit þ. 7. des. 1835. Ólst hún upp hjá foreldrum sínum, Jóni Kristjánssyni og Kristínu Einarsdóttur, sem bjuggu lengst á Kjalvararstöðum í Reykholtsdal, þar til hún giftist árið 1861 Steingrími Grímssyni, eins og áður er sagt. Þau hjón eignuðust 13 börn, og dóu 5 af þeim í æsku, og einn sonur, sára Jón í Gaulverjabæ, tæpra 29 ára að aldri (d. 20. maí 1891). Á lifi eru: Grímur bóndi í Alberta, Snæbjörn bóndi að Milton, N. D., Kristín ekkja Stefáns sál Guðmundssonar (frá Breiðdal í Suðurmúlasýslu, d. í marz 1899), Milton, N. D.; Guðrún kona G. E. Guðmundssonar, Bertdale, Sask.; Steinunn G. kona Friðriks Reinholts, Fairdale, N. D.; Karítas ekkja F. J. Kelly, Edmore, N. D., og Guðmundur lögfræðingur og ritstjóri í Munich, N. D.

Guðrún Jónsdóttir var gædd góðum og miklum hæfileikum. Hún var góð og trúföst vinkona, inni leg eiginkona og ástrík móðir. — Með hyggindum og forsjálni hjálpaði hún manni sínum gegn um landnámsskeiðið í hinu nýja landi. Hún var trúrækin og guðhrædd kona, og hélt fast við kenningar þær, sem hún lærði í æsku, og studdi kirkjulíf eftir fremsta megni.

Einahagur þeirra hjóna var fremur þröngur á Íslandi og hin fyrstu árin í Ameríku, en þau voru æfinlega glaðlynd, og á heimili þeirra ríkti hin sanna íslenka gestrisni. Fyrir börn sín stríddu þau og komu þeim öllum til manns, enda voru þau þeim eftirlát, báru einlæga ást og virðingu fyrir þeim og voru þeim hlíðin í öllu. Heimili þeirra hjóna var alla tíð fyrirmynd að reglusemi í öllu. Æfikvöld þeirra var friðsamt og fagurt. Börn þeirra, sem flest voru í nágrenni við þau, léku við þau, og gátu þau verið hjá þeim eftir vild.

Guðrún sál. átti mörg systkini, og er að eins einn bróðir á lifi, það ég frekast veit til, Árni Reykdal, bóndi í Alptavatnsnýlendu.

Þau hjón bæði, Steingrímur og Guðrún, hvíla í grafreit Fjallasafnaðar í North Dakota, og hafa börn þeirra þar syðra reist þeim vegleg minnismerki. En dýpsta og veglegasta minnismerkið hafa þau með æfistarfi sínu skilið eftir í hjörtum allra barna sinna, ættingja og vina, sem minnast þeirra ætíð með söknuði, virðingu og ást.

* * *

Ísafold og Lögrétta eru hinsamlegast beðin, að taka upp þessa minningu. G.

GUÐRÚN JÓNSDÓTTIR



STEINGRÍMUR GRÍMSSON

Bókalisti.

N. OTTENSON'S,- River Park, W'p'g.

Ljóðmæli Páls Jónssonar í bandi	(3)	85
Sama bók (að eins 2 eint.	(3)	60
Jökulrósir		15
Dularósir	(3)	20
Hamlet	(3)	45
Ljóðmæli Jóns Árnassonar á Vilmfri, 1879	(4)	90
Tíðindi Prestafélagsins í hinu forna Hólaskifti	(2)	15
Áttungurinn	(2)	45
Grant skipstjóri	(2)	40
Börn öræfanna	(3)	55
Umhverfis jörðina á áttatíu dögum	(3)	60
Blindi maðurinn	(3)	15
Fjarbláðaði smárinn	(3)	10
Kapitola (í II. Bindum)	(3)	1.25
Eggert Ólafsson (B. J.)		15
Jón Ólafssonar Ljóðmæli í skrautbandi	(3)	60
Kristinfræði	(2)	45
Kvæði Hannesar Blöndal	(2)	15
Mannkynssaga (P. M.) í bandi	(5)	85
Mestur í heimi, í b.		15
Prestkosningin, Leikrit, eftir D.E., í b.	(3)	30
Ljóðabók M. Markússonar		50
Ritreglur (V. A), í b.		20
Sundrag ur, í b.		15
Terði Ijós		15
Vestan hafs og austan, Drjár sögur eftir S. H., í b.		90
Víkingarnir á Hálogandi eftir H. Ibsen		25
Þorláksr.helgi		15
Ofureflí, skálds. (E. H.) í b.		1.50
Ólöf í Ási	(3)	45
Snælinxjar, 5 sögur (E. H.), í b.		85
Skemtisögur eftir S. J. Jóhannesson 1907		25
Kvæði eftir sama frá 1905		25
Ljóðmæli eftir sama. (Með mynd höfundarinns frá 1897		25
Safn til sögu og ísl. bókmenta í b., III. bindi og það sem út er komið af því fjórða	(53c)	9.4
Íslendingasaga eftir B. Melsted I. bindi í bandi, og það sem út er komið af 2, b.	(25c)	2.85
Lýsing Íslands eftir P. Thoroddsen í b.	(16c)	1.90
Fernir fornísleuzkir rímnaflokkar, er Finnur Jónsson gaf út, í bandi	(3c)	85
Alþingisstaður hinn forni eftir Sig. Guðmundsson, í b.	(4c)	90
Um kristnitökuna árið 1000, eftir B. M. Ólsen	(3c)	10
Sýslumannaæfir eftir Boga Benediktsson I. og II. b innbundið	(5.)	8.10
Íslenzkt fornbréfasafn, I. bindi innbundið, 3 b. af 8 b.	(1 70)	27.80
Biskupasögur, II. b. innbundið	(42c)	5.15
Landfræðissaga Íslands eftir P. Th., 4. b. innbundið	(35c).	7.55
Rithöfunda tal á Íslandi 1400—1882, eftir J. B., í bandi	(7c)	1.00
Upphaf alþherjarríkis á Íslandi eftir K. Maurer, í b.	(7c)	1.15
Auðfræði, e. A. Öl., í bandi	(5c)	1.10
Presta og prófastatal á Íslandi 1869, í b	(9c	1.25
B. Thorarinsson ljóðmæli, með mynd, í b.		1.50
Bókmentasaga Íslendinga eftir F. J. í b.	(12c)	1.80
Norðurlandasaga eftir P. Melsted, í b.	(8c)	1.50
Nýþýdda biblían	(35c)	2.65
Sama, í ódýru bandi	(33c)	1.60
Nýjatestamentið, í vönduðu bandi	(10c)	65
Sama, í ódýru bandi	(8c)	3

Nýkomnar bækur,

Kóralbók P. Guðjónssonar		90
Sama bók í bandi		1.10
Svartfjallasynir	(3)	60
Aldamót (Matt. Joch.)		20
Harpa	(4)	60
Ferðaminningar, í bandi	(5)	90
Bóndinn	"	35
Minningarit (Matt. Joch.)	"	35
Týndi faðirinn	"	35
Nasreddin, í bandi		35
Ljóðmæli J. Þórðarsonar	(3)	45
Ljóðmæli Gestur Pálssoð	"	75
Hálfdánar rímur		30
Maximi Petrow	(2)	45
Leyni-sambandið	(2)	40
Hinn óttalegi leyndardómr	(2)	50
Sverð og bagall	(2)	30
Waldimer Nihilisti		75
Ljóðmæli M. Joch I.-V. bd., í skrautb.	(15)	4.00
Afmælisdagar Guðm Finnbogasonar		1.00
Bréf Tómarar Sæmundsson	(4)	75
Sama bók í skrautbandi	(4)	1.15
Íslenzk-ensk orðabók, G. T. Zoega	(10)	1.80
Fornaldarsögur Norðurlanda, í 3 bindum, í vönduðu giltu bandi	(15)	4.50
Gegnum brim og boða		90
Rökisréttindi Íslands		50
Systurnar frá Grænadal		35
Œfintýri handa börnum		30
Vísnakver Páls lögmanns Vídalíns		1.25
Ljóðmæli Sig. Júl. Jóhannesson		1.00
Sögur frá Alhambra		90
Minningarrit Templara í vönduðu bandi		1.65
Sama bók, í bandi		1.50
Pétur blásturbelgur		10
Bækur sögufélagsins Reykavík;		
Morðbréfabæklingur		1.35
Byskupasögur, 1—6,		1.95
Aldarfarsbók Páls lögmanns Vídalín		45
Tyrkjaránið, I—IV,		2.90
Guðfræðingatal frá 1707—'07		1.10
Jón Arason		80
Skipið sekkur		60
Jóh. M. Bjarnason, Ljóðmæli		55
Maður og Kona		1.25
Fjarða mál		25
Bæna mál		10
Oddur Lögmaður		95
Grettis Ljóð.		65
Andrarímur		50
Lækafræðarímur		35
Jóhanni Black rímur		25
Reimarsrímur		25
Álafleikkarímur		25
Rímur af Gísla Súrssyni		35
Dular, Smásögur		50
Hinrik Heilráði, Saga		20
Svölda ár rímur		35
Þjóðvinafél. Almanak 1911		20
Andvari 1911		75
Œfisaga Benjamin Franklins		45

Sögusafn þjóðviljans I—II árg. 30c; III árg. 20c IV árg. 20c; V. árg. 20; VI. 45; VII. 45; VIII. árg. 55; IX. árg. 55; X. árg. 55; XI. árg. 55; XII. árg. 45; XIII. árg. 45; XIV. árg. 55; XV. árg. 20; XVI. árg. 25; XVII. árg. 45; XVIII árg. 55; XIX. árg. 25.

Alt sögusafn þjóðviljans selt á $7.00

Bækur Sögufélagsins fá áskrifendur fyrir nærri hálfvirði,—$3.80.

Umboðsmenn mínir í Selkirk eru Dalman bræður.

Þess skal getið viðvíkjandi bandinu á Fornaldarsögunum Norðurlanda, að það er mjög vandað, handbundið skrautband, vel frá gengið sins er með Bréf Tómasar Sæmundssonar.

Tölurnar í svigum tákna burðargjald, er sendst með pöntunum.

Manitoba Elevator Commission

D. W. McCUAIG, Commissioner — W. C. GRAHAM, Commissioner — F. B. MACLENNAN, Commissioner

Aðal skrifstofa: 227 Garry St., WINNIPEG

P. O. Box 2971

Commissioners tilkynna hérmeð Manitoba bændum að þeir hafa fengið frá ríðar skrifstofu til afnotaog að öll bréf skyldu sendast Commissioners á ofan nefnda áritun. Beiðnum og allar upplýsingar sem bændur þarfnast til þess fá kornhlöður í nágrenni sína, verða sendar hverjum sem óskar.

Commissioners óska eftir samvinnu Manitoba bænda í því að koma á fót þjóðeignar kornhlöðum í fylkinu.

SUCCESS BUSINESS COLLEGE

PORTAGE AVE. & BANNATYNE ST. WINNIPEG.

Kennir samhv. nýjustu aðferðum alskyns verzlunar fræði og Bánkastörf. Einnig hraðritun og stylritun. Betri verzlunarskóli ekki til í Vestur-Canada. Kenslu stofur þar finst í borginni. Nemendur geta byrjað hvenar sem þeir óska.

Skrifið eftir upplýsingum eða símið MAIN 1664

The Northern Wine Co. Ltd.

VIÐ óskum jafn framt eftir sveita pöntunum—Afgreiðsla hin bezta.

Selur sérhverja góða tegund af Whisky, vínum og bjór o.fl. o.fl. Við gefum sérstaklega gaum familíu pöntunum og afgreiðum þær bæði fljótt og vel til hvaða hluta borgarinnar sem er— Gefið okkur tækifæri að sýna ykkurað svo sé.

Talsímar Main 1673-6744

215 MARKET ST.

ALDREI SKALTU geyma til morguns sem hægt er að gera í dag. Pantið Heimskringlu í dag.

"Ekki það", sagði Anna. "Hugsaðu eftir því, að þú verður að ganga fram hjá dysinni yfir hálfbróður þinn, unga barúninn, sem myrtur var þar fyrir mörgum árum síðan. Ég geng aldrei fram hjá henni án þess að hrollur fari um mig".

"Þú ert flón, Anna", sagði Ísabella, um leið og hún fleygði kápu sinni á axlir sér. "Þeir dauðu hvíla í ró. Guð gefi, að þeir lifandi auki okkur ekki meiri kvalir".

Ísabella var nú ferðbúin. Án þess að mata nokkrum gekk hún yfir garðinn að járnhliðinu, og gegnum það úti trjáganginn.

Þegar hún var komin út á þjóðveginn, snéri hún til vinstri handar, og gekk svo hugsandi gegnum hinn háa, einmanalega greniskóg, þar sem kvöldgolan lék í toppum trjánna.

Við skógarjaðarinn til vinstri hliðar við veginn var dysin, sem búin hafði verið til, til endurminningar um glæpinn, sem þar var framinn.

Síðustu tíu árin hafði dys þessi stækkað að mun, því engin almúgamanneskja gekk fram hjá henni án þess að fleygja stein eða moldarkögli í hana.

Þegar Ísabella nálgaðist þenna ógeðslega stað, sá hún, sér til undrunar, að maður stóð efst uppi á dysinni, og að því er henni virtist, var hann í djúpum hugsunum.

Blóðið þaut fram í kinnar ungu stúlkunnar. Hún sá nefnilega, að það var lífgjafi sinn, Móritz Sternar. Hann stóð með krosslagðar hendur, horfandi til jarðar, í þessu gagnrýnis ásigkomulagi, sem bendir á það, að sálin er fjarverandi á ferðalagi um ríki draumanna.

Ísabella var hrædd um, að hann yrði þess ekki var, þó gengið væri fram hjá, og ræskti sig því til að vekja eftirtekt hans.

Móritz leit upp fljótlega og þá mættust augu

beirra. Hann var óðara kominn ofan á veginn til hliðar hennar.

"Ó, ungfrú", sagði hann fjörlega, "það var óvænt en heppilegt, að við fundumst núna. Ég hefi þráð svo mjög að finna þig, því ég hefi mjög áríðandi málefni að tilkynna þér".

"Sé svo", sagði Ísabella í ásakandi róm, "má ég þá spyrja, hvers vegna þú hefir ekki komið í Liljudal í marga daga? Það lítur út fyrir, að þér hafi leiðst þar í fyrsta skifti, sem þú komst".

"Leiðst? Hvernig dettur þér þetta í hug? Nei, það eru aðrar ástæður til þess, sem ég skal síðar segja þér. En fyrst ég var svo heppinn að finna þig, þá ætla ég að biðja þig að leyfa mér að tala við þig í fáeinar minútur. Þú mátt reiða þig á, að það er þér til góðs".

"Ég efast ekki um það, herra minn, og er albúin til þess að hlusta á þig. Við skulum verða samferða til Marienlundar, þangað er ferð minni heitið".

"Nei", sagði Móritz, "við skulum heldur setjast í skugga grenitrjánna bak við dysina. Hlíssið er ráun réttri ekki fallegt, og sorgleg endurminning er bundin við það, sem snertir ætt þína, en þar er stór trjábolur liggjandi á jörðunni og á honum er þægilegt sæti. Ég hefi einu sinni, fyrir mörgum árum síðan setið á þessum trjábol, en það var undir öðrum kringumstæðum, og það kemur ekki þessu máli við. Þegar við sitjum þar, getur enginn séð okkur né heyrt. Komdu, Ísabella. Ilmurinn af skóginum er svo þægilegur og hressandi, og niður kveldgolunnar í toppum trjánna hefir einkennilegan þunglyndisunað í sér fólginn. Komdu".

Hann tók í hendi hennar og hún fór með honum án nokkurs mótþróa, enda þótt hana furðaði á því, hve skuggarikt pláss Móritz valdi.

Á sama augnablikinu og Móritz og Ísabella hurfu bak við dysina, lædist þriðja persónan, sem hingað til hafði hlustað á samtal þeirra óséð, út úr skóginum á hina hlið vegarins, flýtti sér yfir hann, komst að dysinni og faldi sig í nánd við hana, svo hún gat heyrt hvert einasta orð, sem ungu persónurnar töluðu saman, án þess að eiga á hættu að hún yrði séð.

Þessi persóna var betlarinn, sem Eberhard og Georg ráku út úr skemtigarðinum kveldið áður.

Móritz lét Ísabellu setjast á trébolinn, sem lá á milli dysjarinnar og skógarins í skugga tveggja stórra grenitrjáa.

Sjálfur settist hann á jörðina við fætur hennar, og hélt hendi hennar í höndum sínum, sem hún gleymdi að draga að sér af fátinu, sem á hana kom.

Kvöldskuggarnir voru að byrja að breiðast yfir nágrennið. Þrösturinn tók undir með suðu kveldgolunnar og myndaði eins konar tvísöng í trjátoppunum, að öðru leyti var alt kyrt og þögult. Tunglið kom upp fyrir sjóndeildarhringinn og fylgdust með því margar þúsundir blikandi stjarna.

Móritz sat þögull og hélt í hendi ungu stúlkunnar. Sérstök hugsun, einkennilegt samband af tilviljunum hafði ráð yfir sálu hans þessa stundina.

Á þessum sama stað hafði hann fyrir fjórtán árum síðan setið og hlustað á Jakob Kron, sem gaf honum glögga lýsingu af hinum erfiðu forlögum sínum, og reyndi að sá hinni huggunarlausu kenningu í hjarta unga barnsins. Og nú, nú sat hann hér við hliðina á systur Jakobs, þessari ungu stúlku, sem hann hafði einu sinni bjargað frá druknun, og sem hann elskaði með öllum ákafa og ástríðu hinnar fyrstu ástar.

Hún var komin frá hinum skrautlegu sölum hallarinnar, frá borg hinna ættgöfgu foreldra sinna, ung

og fögur, umkringd skarti auðs og ættartignar, til þess að segja frá þjáningum sínum og baráttu, — eins og hinn útskúfaði bróðir hennar, fyrir fjórtán árum síðan, var kominn frá hinum röku fangaklefum, frá glæpanna og neyðarinnar viðbjóðslega hreiðri, hulinn tötrum fátæktarinnar, til þessa sama staðar, til að tala um hina leyndu, sáru eymd, örvæntinguna og hin voðalegu forlög, sem höfðu hann fyrir leiksopp.

"Hér sér maður gagnstæður lífsins", sagði Móritz við sjálfan sig, "en hér sér maður líka samkvæmnina á milli endastöðva mannkynshlekkjanna. Þjáningin ratar leiðina að tilfinningunum, til hjartans, hvort sem það er hulið af tötrum eða silki".

Undarlegu forlög.

Hvað skyldi Móritz hafa hugsað, ef hann hefði vitað, að þessi útskúfaði vesalingur, sem eitt sinn hafði svo mikil áhrif á hann, hlustaði á orð hans í nokkurra feta fjarlægð?

"Þú þegir", sagði Ísabella loksins með lágri röddu. "Ó, ef þú vissir, hve djúpum sárum hjarta mitt er sært, þá myndir þú undireins veita mér meðaumkun þína".

"Ég þagði, Ísabella, af því að endurminningarnar, sem bundnar eru við þennan blett, fjötruðu huga minn og vörnuðu mér máls".

"Endurminningar?" sagði Ísabella. "Um hvaða endurminningar talar þú? Ég hefi átt hálfbróður, sem fyrir mörgum árum á það hafa verið myrtur hér, án þess morðingjinn hafi fundist, en sú endurminning snertir þig ekki".

"Nei, það eru aðrar endurminningar. Mér duttu hug þeir tímar, þegar ég var barn, og var að tína eldivið í þessum skógi, til þess að hina veika móðir mín gæti fengið heitan mat, — ég man hvað ég var hræddur við þessa dys, þegar ég gekk fram hjá henni

16. Afmælishátið Tjaldbúðarinnar

verður haldin 15. desember næstkomandi.

PROGRAM.

1. Söngflokkurinn.
2. Ræða: Séra F. J. Bergmann.
3. Student Samspil: Th. Johnson
4. Ræða: B. L. Baldwinson.
5. Vocal Sóló: Miss Alice Johnson.
6. Fjórar karlmannaraddir.
7. Upplestur: Miss Magnea Bergmann.
9. Fjórar karlmannaraddir.
10. Violin Sóló: Th. Johnson.
11. Kvæði: M. Markússon.
12. Fríar veitingar.

Inngangur 25 cents fyrir fullorðna, 15c fyrir börn.

Skemtisamkoma

Ungl.agafélag Únítara heldur samkomu miðvikudaginn 14. des. næstkomandi, kl. 8 e.m. í samkomusal Únítara (horni Sherbrooke og Sargent).

PROGRAM.

1. Kappræða.
2. Sóló.
3. Piano Sóló.
4. Quartette.
5. Upplestur.
6. Margraddaður söngur
7. Tableau.
8. Margraddaður söngur.
9. Kaffiveitingar.

Aðgangur kostar 25 cents.
MUNID EFTIR AD KOMA.

— Tuttugu og fimm manns létu lífið í járnbrautarslysi nálægt Rio Janeiro í Braziliu á föstudaginn var.

Hefir þá borgað Heimskringlu?

Ársfundarboð.

Hér með boðast til ársfundar Geysir Farmers Institute 10. desember næstkomandi á Geysir skóla húsinu, byrjar kl. 2 e.h. Áríðandi að menn sýni áhuga fyrir þessum fundi og komi í tíma, því að mikið og margt er að ræða fyrir utan vanaleg störf. Að þessi fundur er fyrr en vanalega hefir gerst, er samkvæmt fyrirmælum akuryrkjudeildarinnar.

Geysir, Man., 26. nóv. 1910.
B. JÓHANNSSON.

W. R. Milton

fyrir ALDERMAN
í 4. kjördeild

Um leið og ég bið kjósendur í 4. kjördeild um atkvæði þeirra og áhrif til endurkosningar, sem fulltrúi þeirra í bæjarstjórninni, bendi ég þeim á framkomu mína í þessi tvö ár, sem meðmæli. FYLGI FRAM ÖRUGGRI FJÁRMÁLASTEFNU OG GÓÐU SIÐFERÐI.

Ég þakka kjósendunum fyrir fylgi þeirra síðast og vona þeir greiði mér aftur atkvæði.

W. R. Milton

"Hún iðrast"

Eins og áður hefir verið auglýst, verður ofannefnt leikrit lekið í Goodtemplarahúsnu þ. 10. og 12. desember.

Leikurinn fer fram á Englandi, á miðöldunum. — Persónur eru: Greifi af Strafford og dóttir hans; barón Berry og móðir hans; Margrét þjónustustúlka greifadótturinnar; þjónn greifans; Victor stigamaður og Tumi fífl.

Barónninn biður dóttur greifans, en hún neitar, en segist þó skuli eiga hann, ef hann vinni sér eitthvað til frægðar. — Victor ræningi hefir stolið peningum og áríðandi skjölum frá greifanum, og til þess að fá vilja sínum framgengt, býðst barón Berry til að handsama eða drepa Victor. Boði hans er tekið og hann leggur af stað í leiðangurinn; finnur Victor í skóginum og þar fer fram einvíg milli barónsins og ræningjans. Barónninn fellur og er fluttur heim í sárum. Ræninginn hafði skotið gat á annað eyrað á honum.

Þegar greifadóttirin fréttir ófarir barónsins, og sér eðallyndi ræningjans, ákveður hún að fara á fund stigamannsins, til að reyna að koma honum í klær yfirvaldanna. Hugmyndinni er framfylgt; hún fer um nótt, ásamt Margrétu þjónustustúlku sinni og finnur ræningjann í skóginum; hún telur honum þar harmatölur sínar, sem eru þær, að hún segir að kærastinn sinn sé fangi í kastala greifans, og biður Victor að fara þangað tiltekið kvöld, er greifinn og hans fólk alt yrði á brott, og því auðvelt að komast inn í kastalann. Þessu lofar Victor, og hún fer heim og segir tíðindin.

Eins og nærri má geta er þetta fagnaðarefni á greifasetrinu, og er því farið að búa alt undir komu ræningjans.

Nú kemur aðalkjarni sögunnar. Þegar dóttir greifans sér hvað verða vill, iðrast hún þess, að hafa á sviksamlegan hátt orðið verkfæri í höndum yfirvaldanna til þess að framkvæma níðingsverkið. Hún getur ekki þolað, að Victor verði drepinn fyrir sínar aðgjörðir, því hún finnur að hún sjálf er orðin verri en ræninginn. Hún ber virðingu fyrir þeim manni, sem að eins skaut gat á eyrað á þeim manni, er framar öllum öðrum vildi hann feigan. Hún sér hann nú sem mannlundaða hetju í álögum. Hún ákveður því, að gera ónýtt alt sitt fyrra ráðabrugg. Fer á fund Victors aftur og segir honum satt og rétt frá öllu, varar hann við hættunni, og biður hann fyrirgefningar á yfirsjón sinni. Fyrirgefningin er auðfengin. En nú kemur nýr þáttur í sögunni. Eitt af skjölum þeim, er Victor hafði rænt frá greifanum, var erfðaskrá systur greifans, er átti greifasetrið. Hún erfir son sinn, er tapast hefir, að öllu greifadæminu, svo fremi að hann finnist lifandi. Victor hefir lesið erfðaskrána og í henni er lýsing á barninu, er tapaðist. Aldurinn og nafnið stemdi við hans aldur og nafn. Hann grunar, að hann sjálfur muni vera rétti erfinginn. Hann ákveður því að fara á fund greifans og fá nægar sannanir. Hann fer, hittir greifann, og það sannast að hann er rétti maðurinn. Hann fær fyrirgefningu og þar með dóttur greifans, og það eru leikslok.

S. E. B.

Aftaka Crippens.

Hvernig þeir hengja menn á Englandi er lýst í blaði einu nýlega. — Það segir: Dr. Hawley Crippen, tannlæknirinn, sem nýlega var dæmdur fyrir morð konu sinnar, var hengdur kl. 9 f. h. þann 22. nóvember.

Mikill fjöldi fólks hafði safnast saman snemma um morguninn við hliðið á fangelsisgarðinum, þó var á, svo lítið sást álengdar. Fólkið sá því ekkert, nema einu kerru fara inn um hliðið og út þaðan aftur eftir litla stund. Svarta flaggið, sem áður fyr var dregið á stöng við slík tækifæri, var ekki sýnt og engin ytri merki þess, að nokkuð óvanalegt ætti að fara fram þarna, voru sýnileg. Aðeins var og síður, að hringja klukku, hvenær sem einhver var líflátinn, en nú er það ekki lengur gert, af hliðrunarsemi við aðra fangana sem kunna að vera undir dauðadómi í fangelsinu. Tjöld höfðu verið reist umhverfis aftökustaðinn svo að íbúar í nálægum húsum skyldu ekki fá séð, hvað fram færi. Þó hvel hliðar grafju þeir, sem fanginn átti að falla í með snúrunni, voru þaktar, og alt var gert til þess, að hvorki skyldi sjást né hevrast neitt, þegar aftakan fór fram. Engum blaðamönnum var levft að vera viðstöddum. Alþýðu vissu, að athöfnin átti að fara fram kl. 9 um morguninn og þegar kl. sló, varð dauðaþögn hjá mannfjöldanum. Tíu mínútum síðar keyrði sá maður út um hliðið, sem átti að annast um aftökuna og það var eina merkið, sem mannfjöldinn fékk um það, að öllu væri lokið. — Crippen hafði sofið fía um nóttina, og engan morgunmat vildi hann þiggja. Þegar böðullinn kom inn til hans skömmu fyrir aftökuna, til að binda um hendur hans og draga á höfuð honum hvíta hettu, reis Crippen nærri upp úr stól sínum og stóð upprétur og grafkyr meðan hann var bundinn. En svo gekk alt þetta fljótt af og umsvifalaust, að ekki liðu nema ein mínúta frá því böðullinn kom til hans, þar til hann fór af aftökupallinum í sporunum. — Þá var negld upp auglýsing á fangelsishliðið, að Crippen væri látinn, og allur mannfjöldinn snéri þegjandi heimleiðis.

Kennara vantar

til Geysir skóla, sem hefir 2nd Prof. Teachers Certificate fyrir Manitoba. Kenslutími 6 mánuðir, frá 2. janúar 1911. Tilboð, sem tiltaki kaup, sendist undirrituðum fyrir 15. des. næstkomandi.

Geysir, Man., 26. nóv. 1910.
B. JÓHANNSSON,
Sec'y-Treas.

Atkvæða yðar og áhrifa

er virðingarfylst óskað af

T. J. NOBLE

fyrir bæjarfulltrúa, í

4. kjördeild

Stefna hans er, siðferðislega hreinn bær, beztu hagsmunir fyrir kjördeilkina og bæinn í heild sinni.

Fyrir Controller kjósið

J. G. Harvey

sem er fulltrúi fólksins.



Controller Harvey hefir ásamt öðrum í bæjarráðinu lagt núverandi málefni fram fyrir kjósendurna. Hann óskar eftir atkvæðum fólksins fyrir endurkosningu í

Board of Control

STEFNA HANS ER: — Ódýrt rafafl, viðtækari þjóðeign í sveitamálum, nóg og gott vatn, almenn baðhús og leiksvæði. Opinber verk unnin á daglaun er aðal-plankinn í Controller Harveys stefnuskrá.

Greiðið atkvæði með manni sem hefir æfingu sem opinber þjónn, manni sem gelur allan sinn tíma í þarfir borgarinnar

Harveys aðalráðstofa er: 288 William Ave.



Controller A. A. McARTHUR

sækir fyrir

BOARD of CONTROL

Ég óska eftir atkvæði yðar þann 13. þ.m. fyrir endurkosningu.

Ég hefi þessi tvö kjörtímabil, sem Controller, starfað af öllum mætti fyrir hagsmunum bæjarins. Vil hafa gnægð af línu vatni, fullkomið skurðakerfi og í öllum greinum trúverðuga bæjarstjórn.

Markið því kjörseðilinn: —

McArthur X

R. D. Waugh

fyrir CONTROLLER

CONTROLLER WAUGH hefir gegnt þeim starfa tvö undanfarin kjörtímabil og hefir að allra dómi verið leiðandi maður í bæjarráði Winnipeg.

Endurkjósið því Waugh sem Controller.

ATKVÆÐA YÐAR OG ÁHRIFA ÓSKAST FYRIR

THOMAS WILSON

fyrrum bæjarfulltrúa,

sem Controller 1911

STEFNA HANS ER: Ódýrt gas, — Gnægð af línu vatni, — Öflugri löggæsla fyrir útjaðra borgarinnar, — Fullkomnari sporvagnasamgöngur, — Og siðferðisgóð borg.

Kjósið því Wilson

Framfara maður fyrir framfara borg

ATKVÆÐI YÐAR OG ÁHRIFA ER VIRÐINGARFYLST ÓSKAÐ TIL HANDA

Ald. D. McLean

fyrir CONTROLLER árið 1911.

ALD. D. McLEAN hefir sýnt að hann er hæfur starfsmaður hins opinbera, hann hefir síðan hann varð bæjarfulltrúi haft ýms ábyrgðar mikil störf með höndum, meðal annars tvö sl. ár verið formaður opinbera verka og til þess þar, dugandi og vel hæfann mann, og þekkingu sem reynslan ein veitir.

Atkvæða yðar er því óskað til handa D. McLEAN sem Controller fyrir Winnipeg fyrir árið 1911.



H. GRAY

(uppboðshaldari)

bæjarfulltrúa efni fyrir 3. kjördeild

TIL KJÓSENDANNA!

Ég hefi verið búsettur í bænum í nítján ár og rekið atvinnu með góðum árangri, og þess vegna óska ég eftir almennu fylgi yðar við þessar kosningar, því sá maður, sem er framkvæmdasamur fyrir sjálfan sig, er líklegur til hins sama í þarfir hins opinbera; enda mun ég beita öllum mínum hæfileikum bænum til heilla, en þó sérstaklega 3. kjördeild, verði ég kosinn.

Mér þykir fyrir, hve mikið veður hefir verið gert úr "social evil" málinu og að það skuli vera höfuðatriðið í þessari kosningabaráttu. Og verði ég kosinn, mun ég verja krröftum mínum fyrir framkvæmdum bæjarins, en láta þá, sem meiri reynslu hafa, ráða fram úr "social evil" þrætunni. Þangað til málið kemur fyrir bæjarstjórnina, þá mun ég grandgæfilega athuga upplýsingar þær, sem þar liggja fyrir, og fylgja því einu fram, sem ég álít verði bæjarbúum og borgunni fyrir beztu.

H. GRAY

Aðalnefndarstofa: 591 Portage Av.
Talsímar: Sherbrooke
3422, 3370, 950.

Norðvestur nefndarstofa: Cor. Sargent og Victor

Sherwin-Williams PAINT

fyrir alskonar húsmálningu.

Prýðingar-tími nálgast nú. Dálítið af Sherwin-Williams húsmáli getur prýtt hósið yðar utan og innan. — Brúkið ekker annað mál en þetta. — S.-W. húsmálið málar mest, endist lengur, og er áferðarfegurra en nokkurt annað hús mál sem búið er til. — Komið inn og skoðið litarspjaldið. —

Cameron & Carscadden

QUALITY HARDWARE

Wynyard, · Sask.

FRIÐRIK SVEINSSON

tekur nú að sér allar tegundir af húsmáling, betrekking, o.s.frv. Eikarmálning fljótt og vel af hendi levst. Heimili 443 Maryland St.

A. SEGALL

(áður hjá Eaton félaginu).

Besti kvennfata Skraddari

Loðskinna fötum veitt sérstakt athygli.

Hreinsar, Pressar, Gerir við.

Fjórir (4) alfatnaðir hreinsaðir og pressaðir, samkvæmt samningum, hvort heldur er karlmanna eða kvenfatnaður, fyrir aðeins $2.00 á mánuði.

Horni Sargent og Sherbrooke

Piano verð

Það ætti öllum að vera ljóst, að góðir hlutir kosta meira en lélegir, og að Heintzman & Co. búa til allra beztu Pianóin, þó þeir geti ekki selt ódýrustu Pianóin, svokölluð, af öllum tegundum og verði og gæðum, — alveg eins og það er með úrin. Það má oft fá úr, sem ganga um tíma þolanlega fyrir svo lágt verð, að dúsinið kostar jafnmikið og eitt einstakt úr, sem er gott og vel vandað. Lástfengi og gott efni krefjast vanalega fremur hárra prísa, og Heintzman & Co. Piano eru hin allra beztu, sem hægt er að eignast fyrir peninga.

Cor Portage Ave. & Hargrave
Phone Main 808.

Fréttir úr bænum.

Nefndin, sem kosin var til að gangast fyrir samskotum til minnisvarða Jóns Sigurðssonar, hélt fyrsta fund sinn föstudaginn 2. des. Forseti nefndarinnar var kosinn séra Jón Bjarnason, D.D., varaforseti Árni Eggertsson, skrifari séra Guðm. Árnason og féhirðir Skapti B. Brynjólfsson.

Í næstu blöðum birtist ávarp frá nefndinni til Vestur-Íslendinga.

Recital þeirra Jónasar Pálssonar og Th. Johnsonar síðastliðið fimtudagskveld tókst yfirleitt vel, og aðsókn frekar góð.

Nemendur hr. Johnsonar gerðu vel, þegar til greina er tekið, að þeir eru að eins byrjendur, að frátekinni Miss C. Oddson, sem spilaði lang-bezt af þeim. — Að eins voru þar tveir af nemendum Jónasar Pálssonar, þau ungfrú Guðrún Nordal og hr. Stefán Sölvason, bæði ljómandi spilarar. Alt spiluðu þau utanbókar og af list og kunnáttu, þar voru fingur fljótir og fagrir tónar. Víst má með sanni segja, að Stefán Sölvason á sér engan jafningja meðal íslenzkra unglinga, sem enn hafa látið til sín heyra. — Lánsamur er sá kennari, er slíka lærlinga hefir, sem bæði þessi ungmenni.

Landar ættu að fjölmenna á frumsamda leikinn "HÚN IÐRAST", sem Íslenzka stúdentafélagið ætlar að sýna í Goodtemplarahúsinu á laugardagskveldið 10. og mánudagskveldið þann 12. þ.m. — Það er ekki svo oft, að kostur er að sjá frumsaminn íslenzkan sjónleik, að vert sé að sleppa tækifærinu, þegar það býðst.

Í kjöri sem borgarstjóri við kosningarnar þann 13. þ.m. verða núverandi borgarstjóri W. Sanford Evans og E. D. Martin kaupmaður. Báðir eru menn þessir kunnir bæjarbúum, — Evans sem borgarstjóri um tvö kjörtímabil, þrautreyndur heiðursmaður og hæfileika og atorkumaður hinn mesti, sem hverri borg væri til sóma að hafa fyrir borgarstjóra, og E. D. Martin, sem klerkalýðurinn fylgir, er duglegur kaupmaður, en einráður og einþykkur fram úr hófi, og illa fallinn að vorum dómi í borgarstjórasessinn.

Í kjöri sem bæjarfulltrúi í 4. kjördeild eru þeir R. A. Milton, núverandi bæjarfulltrúi kjördeildarinnar, og F. J. Noble, fasteignasali.

Sem bæjarráðsmenn verða í kjöri hinir sömu og áður, Waugh, Harvey, McArthur og Cockburn. En Auk þeirra sækja: McLean bæjarfulltrúi, Thos. Wilson fyrrum bæjarfulltrúi og A. W. Puttee verkamanna leiðtoginn. — Enga ástæðu sjáum vér að breyta til um bæjarráðsmenn.

Næstkomandi sunnudagskveld fer fram sérstök messugjörð í Únítara kirkjunni til minningar um rússneska rithöfundinn og umbótamannin Leo greifa Tolstoi. Æfiatriða hans og starfsemi verður minst, og sömuleiðis verða lesnir valdir kaflar úr helztu ritverkum hans. — Allir velkomnir.

Herra Th. S. Borgfjörð, sem í sumar hefir dvalið vestur í Saskatchewan og Alberta fylkjum til að hafa umsjón yfir byggingastarfi sem félag hans (McDiarmid Co.) er að vinna fyrir C.P.R. á ýmsum stöðum þar vestra, — varð fyrir því slysi um fyrri helgi að detta 10—11 fet niður í byggingu í Calgary. Hann meiddist talsvert í aum ari öxl og síðu, en er nú svo á batavegi, að hann er ferðafær og væntanlegur hingað til bæjarins í þessari viku.

Afmælishátíð Tjaldbúðarinnar verður haldin fimtudaginn 15. þ.m. Þar verður margt til skemtunar um hönd haft, svo landar ættu að fjölmenna. Nógar og góðar veitingar ókeypis.

Í þriðju kjördeild eru í kjöri sem bæjarfulltrúaefni þeir H. Gray og M. Rodgers. Mr. Gray er að góðu kunnur og álitlegur bæjarfulltrúi.

Oddfellows félagið heldur skemtisamkomu með dansi í Goodtemplara húsinu 19. des. Nánar auglýst í næsta blaði.

Ungmennafélag Únítara auglýsir skemtisamkomu miðvikudagskv. í næstu viku. Þar verður margt til skemtunar, svo sem kappræða, söngur og Tableau. Friar veitingar

Jólagleðin er nálæg.

Gleymið ekki að kaupa GULLSTÁSS yðar hjá undirrituðum, svo sem Gullúr, Gullhringi, Armbönd, Hálsmen, Úrkeðjur, Brjóstnálar, Slifsisprjóna, Klukkur, Lindarpenna, Köku- og Aldina-Skálar, Silfurborðbúnað, Hnífa, Gaffla, og margt fleira þar að lútandi. Alt vandaðar vörur og með afarlágu verði.

Utansveita pantanir afgreiddar fljótt og áreiðanlega.

TH. JOHNSON,
JEWELLER
266 Main Street. Tals.: Main 6606
Horni Graham Ave.

KOL OG VIÐ

Alskonar Kol og Við selur J. W. THORGEIRSON að 590 Cathedral Ave.

Phone 7691

SILKSTONE KOL selur hann á $5.00 tonnið, þau gefa jafnan hita eins og korð af bezta eldivið, eru hrein og jafn ágæt til matreiðslu sem húshitunar.

Tamarac $7.25 korðið

Þegar þér þurfið að kaupa
Gott smjör
Ný egg
og annað matarkyns til heimilisins, þá farið til
YULES PRODUCE STORE
941 Notre Dame St.
Prices always reasonable

Þarft þú ekki að fá þér ný föt?

EF ÞAU KOMA FRÁ CLEMENT'S, — ÞÁ VERÐA ÞAU RÉTT

Réttur að efni, réttur í sniði réttur í áferð og réttur í verði.

Vér höfum miklar byrgðir af fegurstu og beztu fataefnum. —

Geo. Clements & Son
Stofnað árið 1874
264 Portage Ave. Rétt hjá FreePress

Dr. G. J. Gíslason,
Physician and Surgeon
18 South 3rd Str., Grand Forks, N.Dak
Athygli veitt AUGNA, EYRNA og KVERKA SJÚKDÓMUM ASAMT INNVORTIS SJÚKDÓMUM og UPPSKURÐI. —

S. K. HALL
TEACHER OF PIANO and HARMONY
STUDIO: 701 Victor St.
and
IMPERIAL ACADEMY OF MUSIC AND ARTS
Dr. Ralph Homer, Director.
290 Vaughan St.

MARTYN F. SMITH,
TANNLÆKNIR.
Fairbairn Blk. Cor Main & Selkirk
Sérfræðingur í Gullfyllingu og öllum aðgerðum og tilbún aði Tanna. Tennur dregnar án sársauka. Engin veiki á eftir eða gómbólga. —
Stofan opin kl. 7 til 9 á kveldin
Office Phone 6944. Heimilis Phone 6462

Th. JOHNSON
JEWELER
286 Main St. Talsími: 6606

Rev. Dr. O. V. Gíslason
HANDLÆKNIR
369 Sherbrooke St.

Dr. J. A. Johnson
PHYSICIAN and SURGEON
HENSEL, N. D.

Dr. M. Hjaltason
OAK POINT, MAN

TIL SÖLU:
160 ekrur af bezta landi, stutt frá járnbrautarstöð. — Fyrsti maður með $7.00 fær hér góð kaup. — Finnið
Skúli Hansson & Co.
47 Aikens' Bldg.
Talsími. Main 6476 P. O. Box 833

Sveinbjörn Árnason
Fasteignasali.
Selur hús og lóðir, eldsábyrgðir, og lánar peninga. Skrifstofa: 310 McIntyre Blk.
office TALSÍMI 4700, hús TALSÍMI 2108

G. NARDONE
Verzlar með matvöru, aldini, smá-kökur, allskonar sætindi, mjólk og rjóma, sönnul, tóbak og vindla. Óskar viðskifta Íslend. Heitt kaffi eða te á öllum tímum. Fón 7756
714 MARYLAND ST.

ATVINNA
getur góður, lipur landi fengið við að selja brauð fyrir Perfection Bakeries, horni Ellice og Simcoe.

LAND
með góðum byggingum, norðanti. í Nýja Íslandi, fæst í skiftum fyrir hús og lóð í Winnipeg. Menn snúi sér til Guðm. Strandberg, 557 Toronto St.

GEO. ST. JOHN VAN HALLEN
MÁLAFÆRZLUMAÐUR
GERIR ÖLL LÖGFRÆÐIS STÖRF ÚTVEGAR PENINGALÁN,
Bæjar og landeignir keyptar og seldar, með vildarkjörum,
Skiftiskiki $3.00
Kaupsamningar $3.00
Sanngjörn ómakslaun. Reynið mig.
Skrifstofa 1000 Main St.
Talsími Main 5142
Heimils talsími Main 2357
WINNIPEG

Öll sagan
um undra vinsældir Boyd's brauða verður sögð í 5 orðum, þannig:—
Hreinleiki
Ljúffengi
Hollusta
Smekkgæði
Fullnæging
Þau eru gerð í stóru hreinu bakarí eins og góð brauð ættu að vera, af beztu bökurum í landinu, biðjið alstaðar um þau.
Boyd's
Bakery Cor. Spence & Portage Ave
Phone Sherb. 680

BILDFELL & PAULSON
Union Bank 5th Floor, No. 520
selja hús og lóðir og annast þar að lútandi störf; útvegar peningalán o. fl.
Tel.: 2685

BONNAR, TRUEMAN & THORNBURN,
LÖGFRÆÐINGAR.
Suite 5-7 Nanton Blk. Tals. 766
Winnipeg, Man. P.O.BOX 223

DR. H. R. ROSS
C.P.R. meðala- og skurðlækuir.
Sjúkdómum kvenna og barna veitt sérstök umönnun.
WYNYARD, — SASK.

The Evans Gold Cure
229 Balmoral St. Sími Main 797
Varanleg l kning við drykkjuskap á 28 dögum án nokkurrar tafar frá vinnu eftir fyrstu vikuna. Algerlega prívat. 16 ár í Winnipeg. Upplýsingar í lokuðum umslögum.
Dr. D. R. WILLIAMS, Exam. Phys
J. L. WILLIAMS, Manager

W. R. FOWLER A. PIERCY.

Royal Optical Co.
307 Portage Ave. Talsími 7286.
Allar nútíðar aðferðir eru notaðar við augn-skoðun hjá þeim, þar með hin nýja aðferð, Skugga-skoðun, sem gjörð er á öllum ágiskunum. —

Anderson & Garland,
LÖGFRÆÐINGAR
35 Merchants Bank Building
PHONE: MAIN 1561.

ANCHOR BRAND HVEITI
er bezta fáanlegt mjöl til nota í heimahúsum og annarstaðar. Það er gert úr No. 1. Hard HVEITI eftir nýjustu aðferðum.
Símið 4326 eftir söluverði þess.
Leitch Bros.
LOUR MILLS
Winnipeg skrifstofa
240-4 GRAIN EXCHANGE

Horfið! Hlustið! Hugsið!

TIL JÓLANNA

FRÁ ÞESSUM tíma til miðnættis á aðfangadagskveld jóla, sel ég í búð minni 674 SARGENT AVE., við hornið á Victor St., hvern þann hlut sem kaupendur vilja kjósa sér, með 25 per cent afslætti frá vana verði.

Í búðinni eru 8 ÞÚS. DOLLARS virði af alskonar völdum og vönduðum gull og silfur varningi, klukkum og vasa úrum á öllum stærðum og gerðum fyrir karla og konur' Einnig alskonar krystals ogöðrum skrautvarningi. Sömuleiðis alskonar demants og öðrum steinhringum, og signet og einbaugs hringum, fyrir karla og konur.

Eg hef valið vörurnar án tillits til inkaupssparnaðar og með því eina augnamiði að geta fullnægt þörfum og smekkvísi viðskiftavina. 20 ára verzlunar og viðskiftasamband við Íslendinga hefir verið mér öruggur leiðarvísir í vali varningsins.

Eg hef ásett mér að selja, UM ÞESSI JÓL hvern einasta hlut í búð minni svo ódyrt að hvergi fáist jafn vandaðir hlutir með jafn lágu verði, þessvegna kostar hjá mér hvert Dollars virði aðeins 75 cents.

Allar aðgerðir verða samt seldar fullu verði eins og áður, því vinnulaun eru þau sömu.

Utan hæjar pantanir afgreiddar fljótt og samvizkusamlega, og vörurnar seldar með sama afslætti og til bœjarmanna og sendar kaupendum kostnaðarlaust, hvort sem er í Vestur Canada.

Eg hef gert það að fastri lífs reglu að skipta svo við landa mína að þeir hefðu aldrei umkvörtunar efni, og sama gildir enn. Eg ábyrgist allar vörur sem eg sel og sínni tafarlaust öllum umkvortunum.

Þessi vilkjör gilda einnig fyrir gullstáss verzlun mína í Selkirk bæ.

Komið sem flestir, sem fyrst og skoðið vörurnar og sendið pantanir til

674 Sargent Ave. — G. THOMAS WINNIPEG, CANADA. — Phone Sherb. 2542

Heimskringla.

XXV. ÁR | WINNIPEG, MANITOBA, FIMTUDAGINN, 12. DESEMBER 1910 | NR. 11.

ÍSLENDINGAR! Endurkjósið W. Sanford Evans, fyrir borgarstjóra. Sómi bæjarins, sverð og skjöldur.

Fregnsafn.

Markverðustu viðburðir hvaðanæfa

— Sjö kínverskar stúlkur komu með skipi til San Francisco þann 7. þ.m. þær voru frá 14 til 19 ára gamlar. Reynt var að koma þeim í land af skipinu, svo lítið bæri á, en lögreglan var vakandi og tók þær allar í umsjá sína, er þær stigu af skipsfjöl. Átta kínverskir menn voru og teknir með stúlkunum. Saga stúlkna þessara er hin ljótasta: þeim hafði öllum verið stolið frá heimilum sínum í Hong Kong í Kína, og áttu að seljast í San Francisco til ólifnaðar þar. — Vænta má, að stúlkurnar verði sendar beint heim til foreldra sinna við fyrstu hentugleika og ránsmönnum þeirra verði stranglega hegnt fyrir tiltækið.

— Kosningarnar á Englandi eru enn ekki um garð gengnar í öllum kjördæmum. En augljóst er samt, að núverandi stjórn vinnur sigur.

— Sameinuðu bændaelögin á Englandi hafa ákveðið að stofna til svonefndra mentaferða fyrir meðlimi félagsins á næsta sumri. Tilgangurinn er, að þeir ferðist í stórhópum um Vestur-Canada til þess að kynnast landi hér og landbúnaði, svo að þeir geti kent ensku bændunum, hvernig þeir geti bætt búnaðar aðferðir hjá sér. — Ferðamennirnir eiga að heimsækja alla búnaðarskóla og fyrirmyndarbú í Canada og austurhluta Bandaríkjanna. En landbúnaðarvinnu ætla þeir að íhuga í Manitoba, Saskatchewan og Alberta; einnig aldinarækt í Niagara héraðinu í Ontario, og í Alberta fylki, Michigan og New York ríkjum. Ferðamenn eiga einnig að sækja fyrirlestra um allar greinar landbúnaðarins á þessari ferð sinni, eftir því sem um semst fyrir fram. — Sumar þessar ferðir eiga að vara yfir 3 mánaða tíma og aðrar yfir 6 mánaða tíma, svo að ferðamenn geti haft beirra full not og öðlast fulla þekkingu á búskaparháttum Canada og Bandarikjanna. Svo er um samið, að lengri ferðin verði ekki dýrari en sú styttri, og er það til þess, að sem flestir félagslimir noti lengri ferðina og nái fullkomnari þekkingu á búnaðarháttum hérlendis, og geti svo síðar dreift beirri þekkingu, sem þeir þannig öðlast, út meðal bænda í átthögum sínum austan hafs.

— Talsverðanundirbúning til almennra ríkiskosninga er Laurierstjórnin nú farin að gera, einkanlega í Quebec fylki, og eru nú málfundir þar tíðir. Á laugardaginn í fyrri viku höfðu Liberalar í St. Johns kjördeildinni mikinn fund og andstæðingar stjórnarinnar sömuleiðis annan stórfund. — Kjördeild þessi er í Montral borg. Blöð bar evstra segja, að andstæðingafundurinn hafi verið miklu mannfleiri en hinn. Enginn vafi virðist vera á því, að Laurierstjórnin sé orðin smeik um sig bar evstra. Enda er það nú orðið hljóðbært, að stjórnin muni ætla að sjá svo um við næstu kosningar, að beir bingmenn verði ekki í kjöri, sem hafa sýnt henni mótþróa í sjóðliðsmálinu.

— Síðustu fregnir frá Kína segja að alger stjórnarbreyting verði gerð þar í landi eftir nýár næstkomandi. Bænarskrár til stjórnarinnar þar hafa haft þau áhrif, að hún hefir loðað að veita landinu slíka stjórnarskipun, sem nú viðgengst í menningarlöndum heimsins. Þetta þýðir, að ráðaneytið verður myndað af þjóðkjörnum mönnum, sem hafa öll æðstu völd, og að keisarinn verður hér eftir að lúta ákvæðum þess í stjórnarfari landsins. Ekki er þó búist við, að almennar kosningar verði látnar fara þar fram eða formlegt þjóðkjörið þing stofnsett fyr en árið 1913.

— John Deitz málið er nú fyrir dómstólunum í Sawer County í Wisconsin. Einn af kviðdómendum í málinu hefir svarið, að Sheriff Madden hafi boðið þúsund dollara í peningum hverjum þeim manni, sem vildi skjóta Deitz, og er þetta gert að ástæðu fyrir því, að Deitz hafi verið nauðbeygður til þess að ganga vopnaður, svo hann fengi varið líf sitt, ef á hann væri leitað af útsendurum Maddens.

— Umræður urðu um það í Ottawa þinginu þann 5. þ.m., að einhver háttstandandi borgari í Austur-Canada hefði ritað það til Hollands, að land í Vestur-Canada væri í hámarks verði um þessar mundir, og að fyrir bréf þetta hefði auðmannafélag þar í landi, sem ætlaði að verja miklu fé til umbóta í Vestur-Canada, hætt við það fyrirtæki. Það komst upp í þinginu, að Sir Charles Fitzpatric yfirdómari í Canada hafði ritað bréfið, og við það var málið þagnað niður um stundarsakir.

— Þýzka stjórnin ætlar að fleyta tíu nýjum og afar öflugum herskipum á næsta ári, það verða 4 tröllbarðar og 6 beitiskip. Engin þjóð hefir áður fleytt svo mörgum skipum á nokkru einu ári.

— Sjómálaráðherrann Laurier stj. gaf þær upplýsingar í þinginu hinu 5. þ.m., að þau tvö skip, sem Laurier stjórnin hefir keypt frá Englandi til hernaðarþarfa, skipin "Rainbow" og "Niobe", hefðu kostað: Hið fyrnefnda $243,330.33 og hið síðarnefnda $1,046.333.33. Ennfremur skýrði hann frá því, að árlegur tilkostnaður við "Rainbow" mundi verða $295,500.00 og við "Niobe" $630,500.00. "Niobe" væri bygt árið 1899, en "Rainbow" árið 1892. "Niobe" var í sjóhernum begar Laurier keypti það, en "Rainbow" skipið var afdankað, — ekki talið hæft skip til hernaðar. Á "Niobe" eru 40 yfirmenn og 659 menn, en á "Rainbow" 17 yfirmenn og 252 menn. Laun þessara manna fram að 1. okt. sl. voru alls $47,834.00. Ýmsir þingmenn létu þá skoðun í ljós, að bæði skipin hefðu verið talin ófær til sjóhernaðar, og þess vegna hefðu Bretar orðið fegnir að selja þau fyrir það verð, sem fást mundi bar heima fyrir járnruslið úr beim hefðu þau verið rifin. Og að Bretum væri enginn styrkur í því, að kaupa af þeim ónýta skipsdalla, sem einskis væru taldir nýtir heima fyrir. En hinsvegar væri þeim hagur í, að geta fengið skildinga fyrir bau. En alt þetta brask væri beint tap fyrir fjárhyrzlu Canada, og að eins gert til þess, að geta viðhaldið mörg hundruð stjórnarvinum á landsins kostnað landsins í sífeldum siglingum á þessum döllum, um leið og þeim væri vel borgað fyrir að skemta sér. — Það var bent á, að skipin hefðu gert sama gagn til varnar Bretaveldi, þó þau hefðu verið kyrr heima fyrir, og ríkissjóði Canada sparaðar þær 1½ milión dollars, sem skip bessi eru þegar búin að kosta landið.

— Svo er að sjá á blöðunum, að timburtökumenn í Canada og Bandaríkjunum hafa í hyggju, að minka framleiðslu á timbri á næsta ári. Sú ástæða er gefin, að eftirspurn eftir timbri sé alt of lítil, og að verð hans sé þess vegna svo lágt, að framleiðslan borgi sig ekki. Þess vegna virðist tigangurinn vera sá, að minka framboðið, þar til þörfin er orðin svo mikil, að hægt sé að hækka timburverðið að mun frá því sem það nú er.

— Dómarar í Kingston í Ontario hafa gefið þann dómsúrskurð, að ekki sé hægt að leggja skatt á laun beirra, þó beir hinsvegar séu skyldir að borga skatt af eignum sínum eins og aðrir borgarar.

Jón Sigurðsson



ÁSKORUN.

VER UNDIRRITAÐIR, sem valdir höfum verið í nefnd til að gangast fyrir samskotum til minnisvarða Jóns Sigurðssonar, Alþingisforseta, leyfum oss að leggja eftirfarandi áskorun fyrir almenning.

Með því að samþykt hefir verið á almennum fundi hér í Winnipeg þann 28. nóv. síðastl. að verðugt og æskilegt sé, að vér Vestur-Íslengingar tökum sómasamlegan þátt í því að hinum mikla föðurlandsvini og þjóðmálaskörungi, Jóni Sigurðssyni verði reistur minnisvarði á hundraðára fæðingarhátíð hans, eins og til tals hefir komið á Islandi, leyfum vér oss hér með að skora á *alla Vestur-Íslendinga, konur sem karla, unga sem gamla*, að leggja eitthvað af mörkum til þessa fyrirtækis.

Eins og flestum er kunnugt, hefir Jón Sigurðsson hlotið þá viðurkenningu, að vera einn hinn mesti ágætismaður þjóðar vorrar. Honum öllum öðrum framar, á þjóðin að þakka hið vaxandi sjálfsforræði sitt á síðari tímum. Með óþreytandi þreki og óbilandi staðfestu vann hann að stjórnarfarslegu sjálfstæði og menningarlegri framför hennar. Einskis manns minningu er þjóðinni jafn-skylt að halda á lofti.— Vestur-Íslendingar hafa áður sýnt ættlandinu þjóðrækni og vinarþel. Nú er tími fyrir oss að sýna bæði vinarhug til Íslands og að vér kunnum að meta hið mikla og óeigingjarna starf þessa mikilmennis í þarfir íslenzku þjóðarinnar og mannréttindanna yfirleitt. — Vér getum mjög hæglega stutt þetta mál með fjárframlögum, *leggjumst nú allir á eitt og gerum það.*

Það er ætlað að *tíu þúsund krónur* mundu verða hæfilegur skerfur frá Vestur-Íslendingum. Og þar sem hér er um alþjóðar fyrirtæki að ræða, álitum vér nauðsynlegt að samskotin verði sem *allra almennust.* Nefndin biður því engan einstakling um hærri upphæð en *einn dollar*, né lægri en tíu cents, en vonar að þátttakan í þessu fyrirtæki verði svo *almenn* að hin ofannefnda upphæð fáist

Það er tilgangur nefndarinnar, að fela málið til framkvæmdar þeim mönnum, er hún álitur bezt setta víðsvegar um Íslandingabygðir, og verða í því skyni send út eyðublöð, sem nefndin óskar að verði notuð.

Samskotin ættu að sendast beina leið til féhirðis nefndarinnar Hr. Skafta B. Brynjólfssonar 623 Agnes Str. Winnipeg. Nefndin álítur heppilegast að samskotunum verði lokað fyrir 15. marz næstkomandi.

JÓN BJARNASON	Ó. S. THORGEIRSSON
GUÐM. ÁRNASON	STEPHAN THÓRSON
S. B. BRYNJÓLLSSON	B. J. BRANDSON
ÁRNI EGGERTSSON	F. J. BERGMANN
B. L. BALDWINSON	JÓN J. VOPNI
SVEINN BRYNJÓLFSSON	STEFÁN BJÖRNSSON
THOS. H. JOHNSON	FRIÐJÓN FRIÐRIKSSON
O. STEPHENSSON	

OGILVIE'S
Royal Household Flour

Til Brauð og Köku Gerðar

Gefur Ævinlega Fullnægingu

EINA MYLLAN Í WINNIPEG.—LÁTIÐ HEIMAIÐNAÐ SITJA FYRIR VIÐSKIFTUM YÐAR.

— Talsverð hreyfing er nú komin á Írlandi til þess að bæta hreinlætis- og heilbrigðisástand í landi þar. Þess vegna stendur nú rannsókn yfir í bænum Waterford út af því, að bæjarstjórnin hafði nýlega neitað, að verða við þeim tilmælum bæjarbúa, að setja mann til þess að líta eftir hreinlæti í bænum, og sem verði öllum tíma sínum til þess að annast um heilbrigðisástand bæjarbúa. Við rannsókn þessa hafa komið í ljós mörg dæmi um kæruleysi og sóðaskap bæjarbúa, og því hefir jafnvel verið haldið fram, að meiri óþrifnaður væri á Írlandi yfirleitt en í nokkru öðru landi í Evrópu. Einn af læknum bæjarins bar það fram, að hann hefði á síðasta ári fundið 16 hús, sem ekki voru hæf til íbúðar, og látið loka þeim. En væri fólk aftur komið í þau og bæjarstjórnin skifti sér ekki af því. Nýlega hefði hann fundið taugaveikissjúkling í herbergi, sem var 10 fet á einn veg, en 12 á hinn, og í því voru foreldrar með 4 börn sín, — auk sjúklingsins. Ekkert einangunarhæli væri til í borginni, og þegar heilbrigða fólkinu væri skipað út úr húsum, þar sem sóttnæmir sjúkdómar væru í, þá hefði það ekki annan verustað en strætið. Sami læknir bar það fram, að á 5 ára tímabili, frá 1899 til 1904, hefðu allar ráðleggingar sínar í hreinlætisáttina verið virtar að vettugi, af beirri ástæðu að þær hefðu kostnað í för með sér. Hann kvaðst þekkja marga bæi bæði á norður og suður Írlandi, sem væru afar mannmargir, en hefðu alt of lítið vatnsmegn og engar neðanjarðar saurrennur, og margir stórbæir tækju vatn sitt úr ám og lækjum, án þess að það væri hreinsað. Svo kvað hann fátæktina vera mikla, að jafnvel í höfuðborginni Dublin hefði safnast 7½ milión dollara skuld á sl. 8 árum, og skattar þó svo háir, að fólk rís ekki undir þeim. Þeir eru sem svarar 86 cents á hvert $5.00 leiguvirði fasteignanna. Kjötsala borgarinnar í aðalmarkaðinum er rekin á bæjarkostnað, og veldur 20 þúsund dollara tapi á ári. Áður fyrri var markaðurinn privat eign og þá rekinn með hagnaði, en kjötið þó ódýrara en nú er. Borgin rekur ýmsar aðrar vörutegundir og tapar tiltölulega á þeim öllum. Ástandið er hið versta alstaðar þar í landi.

— Nítján ára gamall piltur, James Gorham í Petersboro í Ontario, var í sl. viku dæmdur til hengingar þann 31. jan. næstkomandi fyrir móðurmorð. Ekki varð honum meira um dóminn en svo, að hann brosti ánægjulega framan í dómarann, þegar hann kvað upp líflátsdóminn. Mál þetta sem staðið hefir yfir um nokkurn tíma, er svo tilkomið, að pilturinn skaut á lögregluþjón, sem ætlaði að taka hann fastan, en skotið lenti í móður piltsins og varð henni að bana. Það morð var því óviljaverk, þótt hitt hefði orðið viljindi gert, ef hann hefði skotið lögregluþjóninn. Talið er víst, að pilturinn verði náðaður af Dominstjórninni.

— Þingnefnd í þinginu á Frakklandi hefir malt með því, að konum sé veittur atkvæðisréttur þar í landi í sveitamálum. Nefndin segir, að bær hafi haft þennan rétt á miðöldunum, ef þær áttu fasteignir, en sá réttur var síðar tekinn af þeim. Nú vill nefndin að þær fái réttinn aftur, en ekki mælir hún með atkvæðisrétti kvenna til þingkosninga.

— Bæjarstjórnin í London, Ont., hefir boðið að kaupa allar eignir strætisbrautafélagsins þar í bæ fyrir 100 þús. dollara. Tilboðinu var neitað. Félagið heimtar 200 þús. dollara, segir 100 þús. dollara tilboðið ekki hrökkva fyrir skuldum, er séu á eignum félagsins.

Engir hýstir.

Hér með tilkynni ég undirrituð, að hér eftir hýsi ég enga ferðamenn til gistingar, en skal fyrir þón fjölmargra vina halda áfram, að selja ferðamönnum miðdagsverð, eins og að undanförnu.

Ferðamenn skilji það því afdráttarlaust, að svefnrúm veiti ég engum ferðamönnum eftir birtingu þessarar auglýsingar.

Að Birkivöllum í Árnesbygð,
8. des. 1910.
Mristín Lilja Gunnarsdóttir.

FUNDARBOÐ.

Íslenzki Conservative Klúbburinn

heldur fund NÆSTA FÖSTUDAGSKVELD (16. þ. m.) í samkomusal Únitara (horninu á Sherbrooke og Sargent). Allir meðlimir og vinir Íslenzka Conservative Klúbbsins eru vinsamlega beðnir að fjölmenna á þenna fund, því þá fara fram embættismanna kosningar fyrir næstkomandi ár.

J. Gottskalksson, forseti.

WALL PLASTER

"Empire" VEGGJA PLASTUR kostar ef til vill ögn meira en hinar verri tegundir, —en berið saman afleiðingarnar.

Vér búum til:

"Empire" Wood Fibre Plaster
"Empire" Cement Wall "
"Empire" Finish "
"Gold Dust" Finish "
"Gilt Edge" Plaster of Paris
og allar Gypsum vörutegundir. —

Eiqum vér að senda yður bækling vorn?

BÚIÐ TIL EINUNGIS HJÁ
MANITOBA GYPSUM CO. LTD
SKRIFSTOFUR OG MILLUR Í
Winnipeg, - Man.

Heimskringla

Published every Thursday by The Heimskringla News & Publishing Co. Ltd

Verð blaðsins í Canada og Bandaríkjunum $2.00 um árið (fyrir fram borgað), heim til Íslands $2.40 (fyrir fram borgað af kaupendum blaðsins kr. $1.50)

B. L. BALDWINSON
Editor & Manager

Office:
729 Sherbrooke Street, Winnipeg
P.O. BOX 3083. Tel. num. 3512.

Borgarstjóra kosningin.

Aldrei síðan Winnipeg komst í borgatölu hefir annar eins ákafi verið í kosningabarátta til bæjarráðsins, sem að þessu sinni, þó vítanlega um borgarstjórasætið sé rimman hörðust. Hvern á að kjósa? það er spurningin og henni á að svara á morgun. Á að endurkjósa núverandi borgarstjóra W. Sanford Evans, eða eigum við að setja klerka-kandidatinn E. D. Martin í valdastólinn? Eigum við að láta þá menn, sem hæði leynt og ljóst hafa setið á svikráðum við heiður borgarinnar, komast til valda, — þá menn, sem frá prédikunarstólunum hafa ausið sur á báða bóga, — sem hafa fengið aðsend leigutól til að gera slíkt hið sama, og sem nú síðast, en ekki sízt, leggja í einelti beztu menn borgarinnar með rógi og brígslyrðum. — Eigum við að fá þessum mörnum völdin í hendur? — Eða eigum við að fylgja enn einu sinni vorum núverandi borgarstjóra að máli? Manni, sem öllum er að góðu kunnur, sem hefir sýnt og sannað, að velferð borgarinnar er hans einasta markmið — Manni, sem er viðurkendur hæfileikamaður, framkvæmdasamasti framfaramaður og þrautreyndur heiðursmaður, og sem hver borg mætti vera upp með sér að hafa fyrir æðsta valdsmann sinn. Eigum við að fylgja honum eða hinum frambjóðandanum, sem aldrei hefir haft neitt opinbert starf á hendi og lítt kunnur að neinum afreksverkum, nema af fylgi sínu við klerkana, — og að hann er bróðir "Fighting Joe", sem trauðla getur talist honum til gildis.

Milli þessara tveggja manna er að velja, og milli þeirra er að vorum dómi auðkosið.

William Sanford Evans hefir nú verið borgarstjóri Winnipeg borgar í tvö kjörtímabil. Á þessum tíma má fullyrða, að hann hefir gert meira borginni í hag en nokkur annar borgarstjóri, sem setið hefir það sæti á undan honum. — Hann hefir komið lánstrausti borgarinnar í ágætt horf, sem áður var harla bágborið, þó Ashdown bætti að nokkru, — og á síðasta sumri, þegar Evans var í London, sóttust auðmenn eftir að lána Winnipeg borg fé. Og skuldabréfin, sem áður átti að selja með afföllum, hefir hann komið í það horf, að þau seljast nú fullu verði, og á heimsmarkaðinum hefir hann tryggt fullgildi skuldabréfanna, og bænum boðist mun lægri vextir en áður. Þess utan hefir hann sparað borginni fullar $300,000.00 útgjalda á ári með sparsamlegri og hygginni fjármálastefnu.

Honum er það að þakka öllum öðrum fremur, að skattarnir á bæjarbúum eru talsvert lægri en fyrir tveim árum síðan, svo að jafnvel munar sjötta hluta á sumum eignum.

Með ferðum sínum til Evrópu og víðar hefir Evans borgarstjóri vakið eftirtekt á Winnipeg og komið heiminum til að líta hana öðrum augum. — En þó má aðalstarfsemi hans heita barátta við strætisvagna félagið hér í borginni og sem hann nú hefir borið sigur af hólmi yfir. Hann, fyrstur allra manna, þorði að ráðast á þetta volduga og sterkríka félag, sem hafði brotið samninga sína, þegar því svo sýndist, — og hann kom því á kné, tók af því einkaréttinn að selja borginni ljós, og fékk þann rétt bæjarstjórninni í hendur, og af þessu leiðir svo hin fyrirhugaða aðstoð bæjarins, sem án efa verður borgarinni og bæjarbúum til ómetanlegs hagnaðar. Og þessa síðasta þrekvirkis mun lengi minst verða, og heiðurinn er allur Evans borgarstjóra.

Hvað afskiptum hans af einangrun vændiskvennanna viðvíkur, þá hrevtti hann þar eftir því, sem reyndir menn áðitu bezt. Mundu ekki flestir fara frekar eftir ráðleggingum lögreglustjóra, sem hefir gegnt þeim starfi meir en fjórðung aldar og þessum málum er gagnkunnugur, heldur en eftir því, sem heimskleddur vindbani leggi til? — End leikur ekki hinn allra minsti efi á því, að þessi ráðstöfun lögregluráðsins, hvað vændiskonunum viðvíkur, var sú heppilegasta, sem tök voru á. — En því megu menn ekki heldur gleyma að bæði lögreglustjórinn, Daly dómari og Evans mundu allra manna glaðastir, ef allar ólifnaðarkonur væru komnar burt úr Winnipeg. En þeir sjá, að slíkt er ógjörningur, — í svip að minsta kosti, svo betra er að sætta sig við það, sem er skárst, heldur en það, sem er siðferðisleg eyðilegging, en það var ástandið áður. — Vernd heiðarlegra kvenna var bæði Evans og Daly fyrir öllu, og einangrun pútnanna var einl vegurinn. Þeir vissu, sem var, að eitraðir hlutir eitra út frá sér, og því bezti vegurinn, að geyma þá þar, sem enginn var til að eitra.

En hvað sem öllu þessu líður, þá er aðferð sú, sem andstæðingar Evans hafa beitt, svo lubbalega lúaleg, að undrum sætir. Ekki nóg með að ráðast á stefnu hans, heldur að svívirða og smána hann persónulega; og þetta er guðsmanna barátta! — En með því að svívirða Evans hafa þeir einnig smánað Winnipeg. Um leið og þeir útbásúnuðu hann, útbásúnuðu þeir spillingu borgarinnar, — spillingu, sem er minni en í flestum öðrum borgum af sömu stærð, en sem þeir úr prédikunarstólnum líktu við Sódóma á bibliudögunum.

Ættu nú kjósendur að fylgja þeim flokki, sem þetta hefir aðhafst? — Nei. — Ættu þeir að launa núverandi borgarstjóra unnið starf — með smán og vanþakklæti? Ef þeir fylgja Martin að málum, gera þeir það.

Kjósendur! Þið hafið verið móðgaðir og svívirtir í almenningsaugum af klerkum þessa bæjar og fylgifiskum þeirra. — Ætlið þið að líða það bótalaust? — Eini vegurinn til að halda uppi heiðri og sóma borgarinnar og ykkar sjálfra, er að styðja þann mann í borgarstjórasætið, sem setið hefir í því tvö undanfarandi kjörtímabil með sæmd. — Fall hans er kjósendunum smán. — Sigri hann hefir Winnipeg borg aftur fengið sitt flekklausa nafn, sem Evans veitti henni, en prestarnir og Martin eru að reyna að saurga.

Íslenzkir kjósendur! Heimskringla skorar alvarlega á yður, að endurkjósa núverandi borgarstjóra. Þið hafið aldrei haft betri borgarstjóra og munið trauðla fá hæfari mann í það sæti.

Fylkið því liði þann 13. þ.m. og sýnið sem oftar, að þið eruð ekki bundnir á klafa hjá hátónuðum hempu-vindhönum, heldur fylgið því einu fram, sem þið vitið að er ykkur og framtíð borgarinnar fyrir beztu. — En það gerið þið með því að endurkjósa W. Sanford Evans fyrir borgarstjóra í þriðja sinn.

Hagur giftra kvenna fyr og nú.

Mál eitt er nú fyrir hæstaréttí Bandaríkjanna, sem allar giftar konur ættu að láta sig miklu varða. Kona ein hefir skotið því til æðsta dómstóls ríkisins, hvort eiginmanni eigi að líðast það bótalaust, að misþyrma konu sinni.

Kona sú, sem hér er um að ræða, heitir Jessie E. Thompson, og er úr Columbia héraðinu. Hún segir, að maður sinn hafi sjö sinnum lamið sig til óbóta og vilji nú fá $70,000 skaðabætur frá honum fyrir misþyrmingar. Máli þessu var vísað frá undirrétta fyrir þá sök, að dómarinn kvað engan lagastaf fyrir því, er heimilaði eiginkonu skaðabætur frá bónda sínum. Aftur á móti, hefði einhver annar misþyrmt henni, hefði hún átt lagalegan rétt til skaðabóta. Mrs. Thompson lét sér ekki nægja þennan úrskurð, og nú hefir hún skotið málinu til hæstaréttar. — Hvaða úrslit málið fær bar, er óséð ennþá, en hætt er við, að þau verði ekki Mrs. Thompson í vil; því öll svipuð mál hafa til þessa gengið bændunum í vil.

Konan getur fengið bónda sinn dæmdan til fangavistar eða fjársekta fyrir illa meðferð, sómuleiðis fengið skilnað frá honum fyrir sömu ástæður, en skaðabætur hefir henni enn ekki tekist að fá, — nema ef hæstiréttur nú víkur frá fyrri venjum, og á þann hátt upphefur þessa hæð.

En þó nú fari svo, að mál þetta gangi á móti Mrs. Thompson, þá eru þó harla ólík kjör giftra kvenna nú og áður var, og ekki er víkjandi síðan, að það var talið hverium bónda sæmandi í refsa konu sinni, ef honum svo sýndist, og gat hún á engan hátt fengið hlut sinn réttan. Og ennþá til dæmis á þýzkalandi og víðar, nota þeir vöndinn á konur sínar, og bera engan kinnroða fyrir.

Það er að eins fyrir fáum árum síðan, að lögin hættu að skoða konuna sem grip, það er að segja algerða eign mannsins, sem hann gat farið með sem honum sýndist, ef hann hafði ekki framhjá henni. Nú er þó svo komið, að konan hefir lagavernd og ýms réttindi, sem mennirnir hafa ekki, og er það stór framför hjá því, sem áður var. En ekki er það ólíklegt, að líta aftur í tímann og sjá þrældóm þann, sem konan var seld í við giftinguna.

Þegar Vilhjálmur bastarður hafði unnið Englandskrúnu, skifti hann landinu niður á milli liðsmanna sinna og vildarvina, en um leið lagði forboð gegn því, að kona eignaðist landskika eða fasteign. — Í 900 ár hafa konurnar verið að leitast við að ná þeim réttindum, sem Vilhjálmur bastarður útilokaði þær frá.

Á þeim dögum og langt fram eftir öldum, var konan skoðuð ekkert annað en gripur, og var keypt og seld líkt og kýr og hestar, og í "Magna Carta" er svo áskilið, að ef konur urðu ekkjur og bónda þeirra hafði eftirlátið þeim eignir, gátu þær því að eins haldið þeim, að konungur leyfði, en fyrir slíkt leyfi urðu þær að greiða konungi fé mikið, og eins ef þær vildu fá leyfi til að giftast ekki aftur. — Greiddi konan ekki gjald þetta, hafði konungur rétt til, að selja hana þeim, sem hæst bauð, og eignir hennar féllu undir krúnuna. Í gömlum skræðum frá þeim tímum má sjá mörg dæmi þessu lík.

Júliana, ekkja Vilhjálms Jónssonar, var seld af konungi til Hinriks Tómassonar fyrir $500.

Margrét, ekkja Jóns Marks, greiddi konungi $1000 fyrir leyfi að þurfa ekki að giftast aftur.

Jón Fleming greiddi konungi $800 fyrir leyfi að selja Elízabet ekkju Jóns Haröld, handa biðli.

Í gömlum enskum lögum var manninum heimilað að lemja konu sína 10 högg í einu, með priki eða keyri, sem ekki er meir en þuml. að ummáli, en alt að 20 höggum, ef húsvöndur er notaður.

En að vera misþyrmt af manni sínum, var ekki hið versta. Hvenær sem honum svo sýndist, gat hann selt konu sína öðrum eða lánað til lengri eða skemri tíma, og stundum skift á um konur, og greiddi sá fé fyrir, er fékk hverja konuna. Eins var það, ef bóndi skipaði konu sinni að fara út á akur að vinna, varð hún að hlýða möglunarlaust. Beitti bóndi hennar af jafnaði fyrir plóginn, en stýrði sjálfur. Ef svo konuræfillinn að dagsverki loknu vakti fram á nætur að sauma einhverja spjör utan á sig, mátti hún eins vel búast við því, að bóndi sinn tæki hana af sér og gæfi móður sinni, eða seldi, ef þess var kostur.

En eftir því sem tímar liðu og menningin fór vaxandi, fóru menn að fara betur með konur sínar, þó réttindi hefðu þær lítil, og öld eftir öld var konan talin eign manns. Á giftingardeginum urðu eignir hennar eign bónda hennar, — hann átti bæði fót þau, sem hún var í, og jafnvel hringa þá, sem hann gaf henni, og hana sjálfa, — og þetta er jafnvel alsiða í sumum menningarlöndum enn í dag.

Á Rússlandi hjá alþýðufólki er sá siður, að á giftingardeginum býr brúðurin til svipu, sem hún gefur brúðgumanum, og er slíkt ein af giftingarkreddunum. Og þegar giftingar athöfnin er úti, þá á bóndinn að lemja konu sína með svipunni. Ef hann gerir það ekki, þá finst konunni, sem öllum giftingar reglunum ekki hafa verið framfylgt, því að lemja konuna á brúðkaupsdeginum á að tákna yfirráð hans yfir henni og undirgefni hennar og hlýðni — til hans.

Þegar að Bandaríkin losnuðu við England, og hinir lögfróðu menn tóku að semja lög þeirra, þá var auðvitað revnt að hafa þau sem frjálsust í öllum greinum. En hvað kvenfólkinu við kom, þá voru gömlu ensku harðýðgislögin ágæt fyrir það, og bangað til árið 1848 voru þau lög í gildi í Bandaríkjunum.

Það ár skeði sá merkisatburður, að kona ein, sem gift var drykkjumanni, sem drakk alt út, er hún vann fyrir og lét þrjú ung börn og hana svelta, — leitaði til dómstól anna að fá að hafa umráð yfir því sem hún inni fyrir, en dómararnir svöruðu, að alt sem konan vinni fyrir væri mannsins. Konan gerir sig þá hægt um hönd og myrðir öll börnin og sjálfa sig á eftir. — Þetta vakti svo mikla eftirtekt, að ákveðið var með lögum, að konan skyldi hafa umráð yfir því, sem hún vinni fyrir.

Þó varð meiri breyting á högum giftra kvenna árið 1884. Það ár var konunum leyft að gera bindandi samninga við alla aðra en menn sína. Og þrem árum síðar var þeim veitt réttindi til að taka heimilisréttarlönd, og árið 1892 var giftum konum veitt jafnrétti við ógiftar stúlkur í viðskiftamálum, með því að fá rétt til að gera samninga við eiginmenn sína. Nú er svo komið, að bó eiginmennirnir geti ekki afsalað sér eignum, nema með samþykki konunnar, þá getur hún selt eða gefið sínar eigur, án þess svo mikið sem að spyrja bónda sinn.

Fyrrum tóku lögin langtum harðara á afbrotum kvenna en karla. Nú þar á móti er það öfugt. — Áður fyrri, ef maður drap konu sína, var hann hengdur; en ef konan myrti manninn, var hún kvalin af mestu grimd áður en hún var líflátin. Áttu pintingar vesalings konunnar að vera öðrum til varúðar, og til að innræta ótta hjá konum fyrir þeim skelfingarglæp að myrða drotnara sína. Á þeim tímum voru konur einnig kvaðar til dauða fyrir sömu glæpi og menn þeirra fengu fjársektir fyrir. — Nú aftur á móti er talið vansæmd hverri bióð að lífláta konu, hvað stór sem glæpur hennar kann að vera.

Í einum af undirrétti Bandaríkjanna var mál nýskeð þess efnis, að kona ein, Mrs. B. G. Benserter, kvartaði undan því, að maður sinn skipaði sér að búa hjá ættingjum hans. Maðurinn hélt því fram, að konan væri skyld að vera þar sem hann skipaði henni. Rétturinn sagði að svo væri ekki, og dæmdi konunni í vil.

Önnur kona stefndi manni sínum fyrir skuld. Hún hafði lánað honum $2000, sem hann vildi ekki borga. Rétturinn skyldaði hann til þess.

Og hvernig sem mál Mrs. Thompson fer að þessu sinni, þá munu þeir tímar koma, og það vonum bráðar, að konur geti heimtað skaðabætur af mönnum sínum fyrir misþyrmingar. Og fult jafnrétti milli kvenna og karla mun ekki eiga langt í land.

Úr bænum

Þann 9. þ.m. hélt Íslenzki Conservative klúbburinn fyrsta fund sinn á þessum vetri í Únítarasalnum. Skrifari fundarins var kosinn Sveinn Pálmason. Ákveðið var að embættismann kosningar skyldu fram fara á næsta fundi 16. des. Þessir voru útnefndir til að verða í kjöri, en samþ. að þýta mætti við fleirum á kosningafundinum, ef óskað væri: —

Forseti —
J. Gottskálksson.
Sv. Pálmason.

Vara-forseta —
J. S. Strang,
Ásmundur P. Jóhannsson,
Hannes Pétursson,
Teitur Thomas.

Skrifarí —
Stefán Pétursson.

Féhirðir —
G. J. Goodmundsson,
Albert J. Goodman.
James Goodman,
J. B. Skaptason.

Í framkvæmdarnefnd —
Th. Peterson,
Magnús Pétursson.
Marinó Hannesson,
Skúli Hansson,
H. B. Skaptason.
S. Eymundsson.
Matúsalem Jósepsson,
Stefán Anderson,
Stefán Sveinsson,
Jack Johnson,
Th. Gooman.
Véstenn Benson.

Allir íslenzkir Conservativar í bænum, ættu að koma á kosningafundinn á föstudagskveldið kemur.

Sögunarmylna Rat Portage Lumber félagsins í St. Boniface brann til ösku þann 7. þ.m. Skaðinn metinn 90 þúsund dollars. — Einnig skemdust byggingar Arctic ísfélagsins talsvert. — D. C. Cameron, formaður viðarfélagsins hefir ákveðið, að endurreisa sögunarmylnuna tafarlaust.

Síðustu skýrslur fylkisstjórnarinnar sýna, að á árinu, sem nú er að líða, hafa í Manitoba verið undir ræktun 5,397,384 ekrur. Alls varð korntegunda uppskeran 96,088,517 bush. Mjólkurbúin í fylkinu gáfu af sér $1,636,863.54, og alls byggðu bændur byggingar á löndum sínum fyrir rúmlega 3½ miljón dollars.

Fedorenka, rússneski strokumaðurinn, sem hér hefir verið í varðhaldi um tíma og Rússastjórn er að reyna að fá fluttan til Rússlands til þess að geta þar á sina vísu hegnt honum fyrir uppreist, rán og manndráp, — er nú talinn líklegur til þess að verða kyr hér í landi. Lögmenn hafa um nokkrar undanfarnar vikur haft mál hans fyrir Robson dómara, en hann virðist því meðmæltur, eftir því sem fram er komið, að ekki sé lagaleg ástæða til þess að framsela manninn í hendur Rússastjórnar. Væntanlega verður útgert um mál það fyrir þessum dómstóli innan skamms tíma.

Kaupendur eru beðnir að gæta að blá miðanum á blöðum þeirra og athuga, hvort borganir eru rétt færðar. Mánuður og ár stendur aftan við nafn kaupandans, er sýnir að blaðið er borgað fram að þeim mánuði og ári, sem þar er sagt. "Oct. 10" þýðir október 1910, "July 08" þýðir júlí 1908, o. s. frv. Merkið er svo ljóst, að enginn þarf að villast á því. Ef einhver kynni að finna rangfærða borgun á blaði sinu, þá geri hann svo vel, að tilkynna það á skrifstofu blaðsins og geta jafnframt um, hvenær hann sendi síðustu borgun.

Ennfremur tilkynnist, að þessir eru meðal umboðsmanna blaðsins: —

J. C. Halldórsson, bóndi að Wynyard.
John S. Laxdal, bóndi að Mozart.
J. H. Goodmundsson, bóndi að Elfros.
G. A. Árnason, Churchbridge.
J. T. Friðriksson, Candahar.
G. Narfason, Kristnes.

FRIÐRIK SVEINSSON

tekur nú að sér allar tegundir af húsmáling, betrekking, o.s.frv. Fikarmálning fljótt og vel af hendi levst. Heimili 443 Maryland St.

Endurkjósið Evans



Winnipeg hefir verið kölluð "spiltasta borgin í Canada", — Sódóma og Gómorra hins nýja heims.

Þetta eru ósannindi.

Winnipeg er góður bær, — siðferðisgóður, heilnæmur, framfara- og þrifa-bær. En hinu góða nafni bæjarins og bæjarbúa hefir verið fótum troðið og svívirt og dregið niður í saurinn. Þetta þarf hverjum borgara að vera augljóst.

Það hefir ennfremur sagt verið, að undir núverandi bæjarstjórn hafi spillingin aukist, fjárglæfrar verið ríkjandi og gert gys að skírlífi, — hlegið að því.

Þessu hefir aldrei verið þannig varið.

Sýnið með atkvæðum yðar og beitið áhrifum yðar þannig, að öllum heiminum verði augljóst, að borgarar Winnipeg halda trygð við þá, sem með sæmd hafa vakað yfir velferð borgarinnar, — í orði og verki.

Bardaga aðferð, sem er í því fólgin, að smána mótstöðumenn sína og ranglátlega móðga og atyrða þriftar og framfara bæjarfélag, getur ómögulega verið bardaga aðferð þeirra, sem að eins hafa heiður og velferð borgarinnar þyngst á hjarta.

Það virðist öllu fremur vera bardaga aðferð, sem sprottin er af grunnhygni eða misskilningi og ónógri þekkingu þeirra, sem hana nota, en sem gífuryrði og órökstuddar fjarstæður hafa fest rætur hjá, — og sem orðið hefir til þess að frambjóðandi í virðulegasta sæti bæjarins hefir gefið kost á sér fyrir áskoranir aðkominna prédikara, sem enga þekkingu höfðu á málum þeim, sem þeir töluðu um, og hafa viðurkent að svo var.

W. Sanford Evans hefir reynst einn hinn allra nýtasti borgarstjóri, sem Winnipeg hefir haft.

Af alhuga hefir hann starfað að vexti og viðgangi bæjarins, fjárhagslega unnið bænum stórhag; aukið lánstraust bæjarins, aukið heiður bæjarins út á við, — jafnvel svo, að allur heimurinn er stoltur af Winnipeg.

Eigum við að krossfesta okkar fremsta heiðursmann?

Látum það aldrei spyrjast, að við leyfum neinum mönnum, í hvað góðum tilgangi sem er, að grafa í óhroða þá, sem öðrum fremur hafa vakað yfir sæmd og velferð borgarinnar og unnið ósleitilega í hennar þarfir, og sem hafa unnið hvert einasta verk af samvizkusemi og dugnaði.

Heiðrið þá nú með því, að endurkjósa þá með vaxandi fylgi og gerið þá stolta af traustí því, sem þið sýnið þeim.

Gefið þeim heiður, ekki vanþakklæti, og kennið um leið þeim, sem saurgað hafa og smánað nafn bæjarins og hans beztu manna, að þið virðið réttlætið framar ranglætinu og kunnið að meta heiðarlega og duglega starfsmenn.

Evans hefir aldrei hjálpað til, að útbreiða þá undiröldu, sem spillir siðferði og eyðileggur hugsanahreinleik barnanna.

Trúir þú á Winnipeg? Ertu stoltur af borginni, sem þú hefir helgað starfskrafta þína? Mótmælir þú rakalausum slúðursögum, sem eftir á verða kunngjörðar um heim allan og eyðileggja það góða álit, sem Mr. Evans hefir unnið borginni til handa? — Trúir þú á ráðvendni og samvizkusemi okkar æðsta manns? — Ef svo, sýndu slíkt í verkinu og greiddu atkvæði gegn óhróðri og vanþakklæti, en með réttlæting Winnipeg borgar.

Kjósið

W. Sanford Evans

E. D. Martin

fyrir borgarstjóra.



Atkvæði fyrir Martin þýðir að framkvæma landslögin,

Atkvæði fyrir Martin merkir siðferðis góða borg.

Atkvæði fyrir Martin, þýðir brezk sanngyrni fyrir fátæka sem ríka.

Atkvæði fyrir Martin er atkvæði fyrir eigin konur vorar og vermd fyrir ungar stúlkur og börn.

Atkvæði með Martin er atkvæði gegn leyni knæpum og ólöglegri vínsölu.

Atkvæði með Martin, er atkvæði fyrir stefnu þeirri sem gaf Winnipeg, flekklaust nafn.

Vændiskonur í Ameríku horfa með græðgi til Winnipeg. Atkvæði gegn Martin býður þeim að koma. Atkvæði með Martin aftur á móti segir þeim hiklaust að við viljum hrein leik og heimili vor, og borgin okkar sé flekklaus og að við viljum halda því áfram vegna hinnar uppvaxandi kynslóðar.

Kjósið því E. D. MARTIN

Aðalnefndar stofa

281 Donald St. Tals. Main 7842

Giftingaleyfisbréf

SELUR

Kr. Ásg. Benediktsson

486 Simcoe st. W'p'g.

KAUPIÐ af þeim og verzlið við þá sem auglýsa starfsemi sína í Heimskringlu og þá fáið þér *betri* vörur með *betra* verði og *betur* útilátnar.....

Fréttabréf.

UPHAM, N. D.,
29. nóv. 1910.

Herra ritstjóri Heimskringlu.

Það kemur ekki oft fyrir, að íslenzku blöðin okkar flytja fréttapistla héðan úr bygðinni, og er það þó hreint ekki fyrir þá skuld, að enginn sé fær um, að draga saman í eitt viðburðina. Að sönnu er ekki viðburðaríkt, því alt fer fram í mestu kyrð og friði félagslífið.

Fólkið blakkar æfinlega til helganna, að sjá dagblöðin, sem vanalega færa nýjar fréttir, og mun það vera regla flestra, að lesa fyrst fréttagreinar utan úr bygðum landa vorra, og eru þau bréf all-oft bæði skemtileg og fróðleg, ef vel eru skrifuð og greinilega sagt frá. Þau fréttabréf eru alt of fá, og úr all-mörgum nýlendum sem aldrei heyrist neitt, og er það mjög leiðinlegt, því flestum er meðsköpuð sú þjóðrækni, að vilja vita, hvernig löndum sínum líður í þessu landi, og eru því slík fréttabréf uppbyggilegri fyrir blöðin og lesendur þeirra, en skammir og deilur. En sem betur fer er hlé á slíku um þessar mundir.

Fréttir verða ekki héðan miklar né fjölbreyttar. Heilsufar manna fremur gott um þessar mundir og velliðan yfirleitt. Sumarið er nú liðið fyrir nokkru og kominn veturinn, eftir íslenzku tímatali. — Sumarið þótti að mörgu leyti erfitt og óhagstætt, frost og kuldar í byrjun júní, en óvanalegir hitar um allan sninni hluta mánaðarins, sem eyðilagði allan jarðargróður fyrir það mesta, svo afleiðingarnar urðu þær, að mjög rýr uppskera varð af öllu sem sáð var, — 2 til 6 bushel af hveiti af ekru; hafrar sáralitlir og víða engir. Flax fraus alt til stórskemda hjá flestum, svo ekki borgaði þreskinguna.

En þrátt fyrir deyðina í atvinnuvegunum, hefir um langan tíma ekki verið eins mikið fjör sem nú í samkvæmislífinu, og hefir því þetta sumar að því leyti verið viðburðaríkt og verður minnisstætt: Í byrjun júní hið skemtilega gullbrúðkaups samkvæmi, sem enn er hið einstakasta í sinni röð í sögu Vestur-Íslendinga, að tvöfalt gullbrúðkaup sé haldið í einu í svo litilli bygð. — Aðra skemtisamkomu höfðum við hér fyrir stuttu, sem sannarlega er þess verð að getið sé. Einn af betri bændum bygðarinnar, Stefán Johnson, gerði að dæmi forfeðra vorra og hafði boð inni að fornum sið, er tvær vikur liðu vetrar, og bauð til öllum nýlendubúum, ungum og gömlum, að sitja brúðkaup herra Ólafs Frímann og Sigríðar dóttur sinnar, sem að veizlu þessari voru gefin saman af séra Kristni K. Ólafssyni í samkomuhúsi bygðarinnar. Virðulegt samsæti var haldið á eftir, og var veizlan hin skörulegasta. Nokkrir bændur urðu til að mæla fyrir minnum, auk prestsins, sem að vanda flutti tvær skemtilegar og fjörugar tölur. Því næst var hafinn dans, og skemtu veizlugestir sér við hann meiri hluta nætur. Hvorki var þar mjöðurr né munngát, því meiri hluti boðsgesta var háður strönglu bindindislögmáli. En fyrir þá fáu, sem utan þeirra vébanda standa, hafði Stefán bóndi öl heima hjá sér til að hressa anda hinna eldri, meðan þeir ungu skemtu sér við dansinn. Því hugmynd hans var, að hver skemti sér sem bezt líkaði og allir væru ánægðir.

Um brúðkaup þetta mætti vel segja það sama, sem sagt var um brúðkaupið á Flugumýri forðum, að aldrei hafi önnur veizla verið haldin veglegri í landi hér og skörulegri, og er það lofsvert, er menn verða til að halda uppi hinum fornu og frægu einkennum þjóðar vorrar.

XVIII.

Bróðurleg bending.

Hvernig getur þú fengið af þér, að vanrækja að kóma á Goodtemplarafund viku eftir viku, mánuð eftir mánuð, — ja, jafnvel ár eftir ár? — Ef þú sæir ánægjuna, sem ljómar í andliti þeirra sem iðulega sækja fundi, þegar margir eru mættir, þá mundir þú gera þér að skyldu, að gleyma ekki stúkunni þinni þetta eina kveld í viku, sem hún heldur fund, en koma og fylla hópinn og taka þátt í því, sem fram fer.

Sérstaklega vil ég vinsamlega biðja þig, bróðir eða systir í stúkunni Ísland, sem þetta les, að gleyma ekki fundi stúku þinnar. — Ísland er yngsta íslenzka stúkan í bænum og fámennust, og þessa vegna er það tilfinnanlegast fyrir hana, hve fólk vanrækir að sækja fundi.

Vítaskuld getur sá fámenni hópur, sem vanalega sækir fundi stúkunnar Ísland, ekki lofað mönnum "gulli og grænum skógum", hvað skemtanir snertir, enda ætti það ekki að vera aðalatriðið fyrir neinum, að koma til að skemta sér, — að láta aðra skemta sér. Fólk ætti að hafa þann áhuga fyrir málefni Goodtemplarafélagsins — bindindismálinu — að fylgjast með í starfi stúku sinnar og hjálpa henni til, að leysa það verk af hendi, sem tilvera hennar er bundin við.

Hvað get ég gert? spyr þú.

Enginn getur svarað þeirri spurningu eins vel og þú sjálfur, og þú getur naumast svarað henni svo lengi sem þú stendur álengdar og skerst úr leik. En það er enginn efi á því, að þú getur á einhvern hátt lyft undir og hjálpað til að bera byrðina, ef þú ásetur þér að gera það og leggur fram kraíta þína, — hver og einn þarf að eins að leggja ofurlítið á sig, en því minna, sem fleiri eru.

Komdu nú á næsta fund. Stúkan Ísland heldur fundi sína í Únítarasalnum á hverju fimtudagskveldi. S.

JÓN JÓNSSON, járnsmiður, að 790 Notre Dame Ave. (horni Toronto St.) gerir við alls konar katla, könnur, potta og pönnur fyrir konur, og brýnir hnífa og skerpir sagir fyrir karlmenn. — Alt vel af hendi leyst fyrir lítla borgun.

Herra Jón Hólm, gullsmiður að 770 Simcoe St., biður þess getið, að hann selji löndum sínum gull- og silfur-munni og gigtarbelti. — Beltí þessi eru óbrigðul við gigt, ef þau eru notuð samkvæmt fyrirskipunum Jóns. Kosta að eins dollar og kvart.

W. R. Milton

fyrir ALDERMAN

í 4. kjördeild

Um leið og ég bið kjósendur í 4. kjördeild um atkvæði þeirra og áhrif til endurkosningar, sem fulltrúi þeirra í bæjarstjórninni, bendi ég þeim á framkomu mína í þessi tvö ár, sem meðmæli. FYLGI FRAM ÖRUGGRI FJÁRMÁLASTEFNU OG GÓÐU SIÐFERÐI.

Ég þakka kjósendunum fyrir fylgi þeirra síðast og vona þeir gresði mér aftur atkvæði.

W. R. Milton

Manitoba Elevator Commission

D. W. McCUAIG, Commissioner — W. C. GRAHAM, Commissioner — F. B. MACLENNAN, Commissioner

Aðal skrifstofa: 227 Garry St., WINNIPEG

P. O. Box 2971

Commissioners tilkynna hérmeð Manitoba bændum að þeir hafa fengið frá aðiðar skrifstofu til starfsnota og að öll bréf skyldu sendast Commissioners á ofan nefnda áritun. Beiðniform og allar upplýsingar sem bændur þarfnast til þess fá kornhlöður í nágrenni sín, verða sendar hverjum sem óskar.

Commissioners óska eftir samvinnu Manitoba bænda í því að koma á fót þjóðeignar kornhlöðum í fylkinu.

Það kostar minna en FJÖGUR cent á viku

að fá HEIMSKRINGLU heim til þín vikulega árið umkring. Það gerir engan mismun hvar í heiminum þú ert, því HEIMSKRINGLA mun rata til þín. Þú hefur máske ekki tekið eftir því, að vér gefum þér

$1.00 virði af sögubókum

með fyrsta árgagnum. Skrifið eftir HEIMSKRINGLU nú þegar, til P.O. Box 3083. Winnipeg, Man.

EF AUGLÝSING yðar er í HEIMSKRINGLU þá verður hún LESIN.

The Northern Wine Co. Ltd.

Selur sérhverja góða tegund af Whisky, vínum og bjór o.fl. o.fl. Við gefum sérstaklega gaum familtu pöntunum og afgreiðum þær bæði fljótt og vel til hvaða hluta borgarinnar sem er — Getið okkur tækifæri að sýna ykkurað svo sé.

VIÐ óskum þaf framt eftir sveita pöntunum—Afgreiðsla hin bezta.

Talsímar Main 1673-6744

215 MARKET ST.

"Þú ert ekki aðalborinn", sagði Ísabella, "og foreldrar minir virða ekkert nafn eins, hversu mikilhæft, sem það er í sjálfu sér, ef að forfeður þess eru ekki af aðli. Ó, Móritz, ég virði ekki aðalstignina sjálfa neins, en samt sem áður vildi ég á þessu augnabliki gefa 10 ár af æfi minni til þess að þú værir af aðalsættum. Þá fengjum við máske að njótast".

Við skulum tala um þetta á morgun, Ísabella, nú ætla ég að eins að segja þér þessi tvö orð: Trúðu og vonaðu. En nú skulum við yfirgefa þenna eyðilega stað, þar sem ég hefi áður verðið svo ógæfusamur en nú svo heppinn".

Síðan tók hann í hendi hennar og leiddi hana út á þjóðveginn, og fylgdi henni svo heim að Láljudal.

Þau voru naumast horfin, þegar betlarinn, sem setið hafði á hleri, stóð upp og horfði á eftir þeim.

"Heimskingjarnir", tautaði hann svipþungur. "Þau vöga sér að treysta gæfunni. Þau vita ekki að forlögin vaka yfir rósagarði ástar þeirra, og að þau eru þegar farin að hvessa örvar sínar".

"Móritz Sterner! Þú varst orsökin í niðurlægingu dóttur minnar — ef til vill ekki af ásettu ráði — en það veit ég ekki, og þarf ekki að vita, en hitt er víst, að ég vil hefna mín".

"Ísabella, systir mín, ha, ha, ha. Þú ert saklaus og óflekkuð, en hvað kemur það mér við? Þú verður þó að falla, sem sakarbót fyrir afbrot föður þíns og bróður. Öll þessi bölvaða ætt verður að falla fyrir hefnd minni.....það má til að vera þannig"

"Þú verður að deyja, — en hvernig?"

Jakob þagði litla stund.

"Á, nú fann ég aðferðina", sagði hann alt í einu. Já, þannig verður það að vera. Hún getur ekki lifað eftir það..... Þessari hugsun hefir djöfullinn hvíslað að mér, og ég skal strax framkvæma hana".

Hann gekk burt í hægðum sínum og hvarf út í myrkrið.

X.

Samtalið.

Morguninn eftir þetta áður umgetna atvik, sat Bergholm prestur, Móritz og Hólm og töluðu saman úti undir hliðinni á íbúðarhúsi Hólms.

Hólm starði til jarðar í meira lagi svipþungur, um leið og hann talaði þessi orð:

"Já, vinir mínir, ég hefi ekki eitt augnablik efast um það, að þetta mundi verða niðurstaðan. Með jafn voldugum mótstöðumönnum gat þessi skóli minn ekki staðist. Í staðinn fyrir velvild og þakklæti fyrir tilraunir mínar, hefi ég orðið fyrir hatri og óvild af háum sem lágum, því bændurnir kenna mér nu um það, að þeir hafa orðið fyrir reiði landsdrotna sinna. Lærisveinar mínir, sem voru 40, eru nú ekki orðnir nema 3, og þeir ætla líka að hætta bráðum. Það hefir að eins verið draumur fyrir mér þessi skólastofnun mín, enda brást hún líkt og draumar gera all-oftast. Það er ekki til neins að ætlá sér að kóma góðu til leiðar meðal mannanna, á meðan þeir trúa á vald peninganna. Auðmennirnir óttast vaxandi þekkingu almennings meira en alt annað, og hafa þar af leiðandi myndð samband sín á milli til að vinna á móti henni. Það særir mig, að mannkynið skuli vera svona litilmótlegt, svo gersneitt öllum göfugum hugsunarhætti, svo þrælbundið bégóma og eigingirni".

"Já", sagði presturinn styggur í skapi. "Það er sorglegt, sonur minn, en við skulum vona betri tíma. Guð mun seinna miskunna sig yfir þenna fávisa, kúgaða lýð, og hugsjónin, sem þú ert forvígismaður að, verður ekki með öllu niður kæfð, nema um tíma. Við skulum vona", sagði hann og leit á Móritz, "að af æskulýð þessara tíma verði margir til að halda á lofti skoðun þinni og kenningu, þegar við erum orðnir að dufti í gröfinni. Baráttan, sem við urðum undir í, verður að lúta fyrir frægum sigri þeirra, svo að hleypidómar og eigingirni neyðast til að láta undan hinu ósigrandi afli æskulýðsins. Um tíma ber hið vonda sigur úr býtum, en að síðustu setur forsjónin því takmörk—"

"Hefir ekki barún Ehrenstam í Láljudal verði ákafastur í því að mótmæla skóla þínum? spurði Móritz.

"Jú", svaraði Hólm. "Hann og greifinn í Óðinsvík eru mínir verstu mótstöðumenn. Þeir hafa gert alt, sem í þeirra valdi stóð, til að fá bændurna til að senda ekki börn sín á minn skóla. Þeir hafa hótað þeim, að reka þá burt af ábýlisjörðum sínum; taka eigur þeirra upp í skuldir og jafnvel að láta kaghýða þá. Afleiðingarnaraf þessu komu brátt í ljós, Börnin komu grátandi og sögðu mér, að foreldrar sínir hefðu bannað sér að koma hér oftar. Á þenna hátt var ég bráðlega yfirgefinn af nemendum minum, og þetta góða áform mitt varð að engu".

"Einn af okkar starfsömustu mótstöðumönnum er líka Washolm prófastur", sagði Bergholm prestur. "Hann hefir notað trúarbrögðin til þess að troða þeirri ímyndun inn í bændur, að börnunum væri að eins innrætt syndsamleg veraldarkenning. Frá prédikunarstólnum hefir hann þrumað á móti þessari djöfullegu tiltekt, og hótað feðrum og mæðrum barnanna helvítis eldi og brennisteini. Á þenna hátt hefir þessum dygga drottins þjóni hepnast að eyðileggja störf okkar".

"Þetta er viðbjóðslegt", sagði Móritz. "Það ætti að kæra þenna óheiðarlega prest fyrir háskólaráðinu. Það mundi að líkindum veita honum verðskuldaða aðfinningu".

"Þar skjátlar þér algerlega", sagði Hólm. "Þessum heilögu feðrum í háskólaráðinu kemur ekki til hugar að ávita hann. Þeir ef til vill kalla það lofsvert, sem við álitumlastvert, því þeim er ekki ant um fræðslu almúgans og menningu. — Bændurnir eiga að vinna og þræla fyrir þá, og læra spurningakverið; það sem þar er fram yfir, — það er syndsamlegt. — Þannig hugsa og tala bæði biskupinn og háskólaráðið. — Það er engrar hjálpar að vænta frá þeim".

"Það er sorglegt", sagði presturinn, "en þó satt. Okkar mikilhæfu hefðarklerkar hafa ávalt verið á móti framfór og þetrun almennings í gáfnalegu tilliti. Guð fyrirgefi þeim þessa synd, því ég get ekki haldið að þeir geri það af sannfæringu".

"Hvernig sem á því stendur", sagði Móritz, um leið og hann stóð upp, "þá skulum við reyna að koma skólanum af stað aftur. Ég hefi ástæðu til að ætla, að það hepnist".

"Þú?" spurði Hólm undrandi.

"Já, ég ætla nú til Láljudals og tala við barúninn. Það er aðallega mest undir honum komið".

"Já, vinur minn", sagði Bergholm prestur, "þú hefir að sönnu bjargað lífi ungfrúarinnar, og átt sem slíkur heimtingu á þakklæti ljölskyldunnar, en ég held að barúninn láti það atvik ekki breyta áformi sínu".

"Það er heldur ekki það atvik, sem ég ætla að nota", sagði Móritz.

"Hvað er það þá?"

ROBLIN HOTEL
115 Adelaide St. Winnipeg
Bezta $1.50 á-dag hús í Vestur-Canada. Keyrsla ókeypis milli vagnstöðva og húsins á nóttu og degi. Aðhlynning hins bezta. Viðskiftvi Íslendinga óskast. OLAFUR G. ÓLAFSSON, Íslendingur, afgreiðir yður. Heimsækjið hann. —
O. ROY, eigandi.

The **Farmer's Trading Co.**
(BLACK & BOLE)
HAFA EINUNGIS BESTU-VÖRUTEGUNDIR.
Einu umboðsmenn fyrir :—
"SLATER" Skóna góðu.
"FIT-RITE" Fatnaðinn.
"H. B. K." prjónafélagið.
"HELENA" pils og 'waist' kvenfatnaði.
Bestu matvörutegundir.
" DEERING " akuryrkju verkfæri o, s. frv.
Beztu vörur Lágt verð
Fljót og nákvæm afgreiðsla.
Farmer's Trading Co.,
THE QUALITY STORE
Wynyard, Sask.

JIMMY'S HOTEL
BEZTU VÍN OG VINDLAR.
VÍNVEITARI T.H.FRASER.
ÍSLENDINGUR. : : : : :
James Thorpe, Eigandi

MARKET HOTEL
146 PRINCESS ST. á móti markaðnum
P. O'CONNELL, eigandi, WINNIPEG
Bestu tegundir af vínföngum og vindlum, aðhlynning góð, húsið endurbætt

Woodbine Hotel
408 MAIN ST.
Stærsta Billiard Hall í Norðvesturlandinu
Tíu Pool-borð.—Alskonar vín og vindlar.
Gisting og fæði: $1.00 á dag og þar yfir
Lennon & Hebb,
Eigendur.

JOHN DUFF
PLUMBER, GAS AND STEAM FITTER
Allt verk vel vandað, og verðið rétt
664 Notre Dame Ave. Phone 3815
Winnipeg

A. S. TORBERT'S
RAKARASTOFA
Er í Jimmy's Hótel. Besta verk, ágæt verkfæri; Rakstur 15c en Hárskurður 25c. — Óskar viðskifta Íslendinga. —

A. S. BARDAL
Selur líkkistur og annast um útfarir. Allur útbúnaður sá bezti. Enfremur selur hann alskonar minnisvarða og legsteina.
121 Nena St. Phone 306

Perluveiðar.!

Mælt er, að beztu perluveiðamið, sem enn hafa fundist í heiminum, séu við Queenslands strendur, nálægt Brome í Vestur-Ástralíu, — við Aroe eyjarnar, sem liggja undir Holland og á Malay eyjaklasanum. Aðallega eru það Japanar, sem vinna að perluveiðum við Queensland. Þeir eru félagar í perluveiðafélaginu þar, og eru beztu köfunarmenn, sem hægt er að finna nokkursstaðar. Þeir eru óttalausir og eru frá barnæsku ald ir upp á sjónum og við köfunarstörf. Þeim er borgað samkvæmt veiðimagni þeirra, og fyrir 6 mánaða veiði-árstíð fá þeir venju'ega 750 dollara.

Með þessu kaupi er ekki talið það, sem þeir stela, sem er meira en helfingur alls þess, sem þeir skila af veiðinni. Vér höfum í þjónustu félags vors (segir herra James Clark, einn af stjórnendum félagsins) yfir 800 menn. Þar af eru 12 menn hvítir, sem stjórna öllum hinum. Það væri ómögulegt, að koma nokkru leitar-skipulagi á hjá veiðimönnum. Hver, sem tækist á hendur að leita á þeim, yrði strax drepinn. Gróði sá, sem þeir fá með því að koma hluta af veiðinni þann ig undan, sættir þá við þær áhættur, sem starfinu fylgja, og þess vegna ættum vér máske ekki að kvarta undan gripdeildum þeirra. Þeir opna skeljarnar með því, að verma þær í sólarhita, eða á annan hátt að hita þær, og ná svo úr þeim perlum þeim, sem þær kunna að geyma. Vér höfum bát, sem safnar saman öllum skel'unum eins fljótt og hægt er að koma því við. En efnatt er það svo, að búið er að opna margar þeirra áður en vér getum náð þeim.

Við Fimtudagseyju kafa veiði menn til botns á 42. faðma dýpi (252 fet), en venjulega er dýptin þar sem kafað er annarsstaðar frá 28 til 30 faðmar. Á því dýpi gengur mönnum þessum greitt að ganga í hægðum sínum eftir sjávarbotninum og að tína upp þær perluskeljar, sem verða á vegi þeirra. Sjaldan eru þeir lengur en 40 mínútur á sjávarbotni í einu, en það tekur þá fulla klukkustund að komast niður og upp aftur, því oft verður að hvíla þá bæði á niður og upp leið, til þess að mismunandi sjávarins hafi sem minst áhrif á þá. Ef kafari væri dreginn upp í skyndi eða hvíldarlaust, þá mundi hann bíða bana við það. Og ég skal geta þess hér, að sjómáladeild Breta hefir nýlega gert ítarlegar tilraunir og rannsóknir í þessu efni, og hefir komist að sömu niðurstöðu og vér um það, að til þess að forðast manntjón er nauðsynlegt að hafa þessar tíðu hvildir bæði á niður og upp leið.— Kafararnir kafa tvisvar til botns á hverjum degi. Perluskeljar eru á yfirstandandi tíma virði $900.00 hvert ton, og bezta veiði, sem vér höfum haft á nokkrum 8 mánaða veiðitíma, var 800 tons. Ekkert auðlegðar uppgrip er nú orðið í perluveiðum, vegna þess hve mjög verð þeirra hefir lækkað frá því, sem áður var. Skeljarnar eru sendar til Lundúna, til þess að seljast þar við opinbert uppboð, og salan þar var ekki bundið við neitt ákveðið verð fram að allra síðustu árum. heldur voru skeljarnar seldar hæstbjóðanda fyrir það verð, sem í þær var boðið. Oft kom það fyrir, að svo lágt var boðið, að eigendurnir töpuðu á útgerðinni, og mörg félög urðu á þann hátt gjaldþrota. Og mér er óhætt að fullyrða, að fleiri menn hafa orðið gjaldþrota á þeim atvinnuvegi, en á nokkrum öðrum, sem ég hefi kynni af. En nú hafa félögin gert samtök til þess að tryggja það, að skeljarnar seljist ekki fyrir lægra verð en svo, að sanngjarn hagur sé af atvinnunni. Að öðrum kosti verður veiðin að hætta, og alþýða manna verður að vera án perluhnappa og annara þeirra skrautmuna, sem gerðir eru úr skeljum þessum. Til dæmis um, hvernig verð hefir fallið á þessum skeljum, má tilfæra að í marzmánuði 1905 fékst ekki meira en $250 fyrir ton af skeljum, og það var engin sýnileg orsök fyrir þessari verðlækkun skeljanna. Það var ekkert vit í þessari niðurfærslu, og það var gersamleg eyðilegging fyrir atvinnuveginn, hefði því haldið fram.

Það er engin sérleg gnægð af skeljum þessum á þeim svæðum, sem vér stundum veiði á, en þar eru perlur þær beztu, sem þekkjast í heimi. Queenslands skelin er sú finasta, sem heimur þekkir, og af því að lé er jafnan fóstra líkt, þá leiðir það af sjálfu sér, að perlurnar, sem vér fáum úr þeim skeljum, eru hinar beztu perlur. Þær eru mjög svo misjafnar að stærð, sumar eru engu stærri en títuprjónshaus, en aðrar alt af því eins stórar og vanalegar hnetur. Verð þeirra fer eftir gæðum og gæðin eru miðuð við lögun þeirra og ljóma. Þér getið fengið perlur alt frá $15.00 fyrir únzuna upp í $225,000, og jafnvel enn þá hærra verð. Alt er komið undir gæðum þeirra. — Ég hefi nýlega frétt, að einn velþektur miljónaeigandi í Bandaríkjunum hafi keypt eina perlu fyrir 125 þúsund dollara. Ég hefi ekki séð þessa perlu, en eftir verðinu að dæma, mun hún hafa verið á stærð við valhnetu, og tilheyrandi tegund þeirra allra finustu, sem til eru. Bezt löguðu perlurnar eru hnöttóttar eða eggmyndaðar, og eftir því sem þær eru líkari hver annari eftir því vex verð þeirra. Þær perlur, sem hafa mestan ljóma og eru líkastar hver annari í lögun, lit og stærð, eru margfalt meira virði en hinar, sem misjafnar eru að stærð. Þessvegna eru þær hálskeðjur svo afardýrar, sem hafa samstæðastar perlur að stærð, lögun og ljóma.

Perlu fiskveiðarnar eru aðlaðandi vegna gróðamöguleikanna, sem þeim fylgja. Það er undur ánægjulegt að finna skel, sem geymir í sér 10 þúsund dollara perlu. Slíkur fundur bætir upp fyrir marga vonbrigði. — Dómgreind er nauðsynleg í perlu-verzlaninni ekki síður en annarstaðar. Skarpgreindur maður getur lært að þekkja verðgildi gimsteina á 6 mánuðum, en þó hann sé við perluverzlun alla sína æfi, er hann samt aldrei fullærður. Atvinnan við perluverzlun er sérlega töfrandi og heillar þá, sem að henni starfa.

Ostru-veiðarnar eru líka skemtilegar, og þessi dýr virðast hafa nokkurt vit. Ef snert er við þeim, þá lokast þær saman. Ef að ormur skríður á þær og kemst inn í skelina, þá er honum haldið þar og hann smurður utan með perlukendu slími. Japanar gera það oft að gamni sínu, að þeir setja smáar pillur í lifandi ostrur. Þessar pillur smyrjast með tímanum svo, að á þær sett perlukend húð. Þessar pillu-perlur selja Japanar í ódýrt gullstáss, og verðið er fáir shillings eða fáein pund sterling, eftir því sem á stendur. Ég hefi séð nokkrar af perlum þessum síðan ég kom til Lundúnaborgar.

Köfunar útvinnan við perluveiðina er hin heilsusamlegasta. Það veit ég af 20 ára reynslu. Ég hefi í þjónustu 6minni köfunarmenn, sem verið hafa hjá mér í 16 ár, og eru við góða heilsu. Að jafnaði töpum vér ekki nema 2 til 3 mönnum á ári og sú tala samsvarar hér um bil þeirri hættu, sem vinnunni fylgir. Flestir deyja af dofa, sem er afleiðing af að kafa í djúpu vatni.

Bezti markaður fyrir skeljar vorar og perlur er á Englandi. Það mundi ekki borga sig, að senda þessar vörur til Bandaríkjanna vegna hátollanna, sem vér yrðum að borga þar.

SMÆLKI.

Þú segir, að lögregluþjónninn hafi tekið þig fastan meðan þú í hægðum þínum varst að vinna þinni?

Já, yðar háverðugheit. Hann tók í frakkakraga minn að mér algerlega óvörum og hótaði að jafna um mig með bareflinu, ef ég ekki fylgdi sér viðstöðulaust á lögreglustöðina.

Og þú varst að eins við vinnu þína og gerðir engan hávaða eða óskunda?

Nei, alls engan.

Þetta virðist all-einkennilegt. — Hver er atvinna þín?

Ég er innbrotsþjófur, yðar almætti.

* * *

Bóndinn (veikur): Mér batnar ekkert af þessum meðulum, læknir góður. Gætir þú ekki látið mig fá önnur?

Læknirinn (með þjósti): Ætlar nú eggið að fara að kenna hænunni? Veistu það ekki, að ég hefi lært á tveimur háskólum?

Bóndinn (auðmjúkur): Ég átti líka kálf, sem saug tvær kýr, og úr honum varð að eins naut.

* * *

Gjafvaxta heimasæta og móðir hennar voru að bollaleggja, hver af ógiftum kunningjum þeirra mundi vera heppilegast mannsefni.

Hvað segir þú um Jón Dawson? varð móðurinni að orði eftir langa umhugsun.

Jón Dawson, ekki nema það þó! sagði heimasætan fyrirlitlega. Hann, gamall, herfilega ljótur, nízkur og raggeit. Jón Dawson! Hann, sem hefir ekkert til sins ágætis, nema auðinn.

Þú gleymir því, góða mín, að hann líður af hjartasjúkdómi, sagði móðirin og var íbygin á svipinn.

Því gleymdi ég með öllu. Ég held það sé bezt ég giftist honum, mamma.

THE **DOMINION BANK**
HORNI NOTRE DAME AVENUE OG SHERBROOKE STREET
Höfuðstóll uppborgaður : $4,000,000.00
Varasjóður - - - $5,400,000.00
Vér óskum eftir viðskiftum verzlunar manna og ábyrgumst að gefa þeim fullnægju. Sparisjóðsdeild vor er sú stærsta sem nokkur banki hefir í borginni.
Íbúendur þessa hluta borgarinnar óska að skifta við stofnun sem þeir vita að er algerlega tryggð. Nafn vort er full trygging óhlutdeika. Byrjið spari innlegg fyrir sjálfa yðar, konu yðar og börn.
H. A. BRIGHT, RÁDSMAÐUR.

Vitur maður er varkár með að drekka eingöngu HREINT ÖL. Þér getið jafna reitt yður á
DREWRY'S
REDWOOD LAGER.
Það er léttur, freyðandi bjór, gerður eingöngu úr Malt og Hops. Biðjið ætíð um hann.
E. L. DREWRY, Manufacturer, Winnipeg

Með því að biðja sérlega um "T.L. CIGAR," þá ertu viss að fá ágætan vindil.
T.L. CIGAR
(UNION MADE)
T.L.
Western Cigar Factory
Thomas Lee, eigandi Winnipeg

STRAX Í DAG er BEZT AÐ GERAST KAUPANDI AÐ HEIMSKRINGLU. — ÞAÐ ER EKKI SEINNA VÆNNA.

Manitoba á undan.

Manitoba hefir viðáttumikla vatnafleti til uppgufunar og úrfellis. Þetta, hið nauðsynlegasta frjógunarskilyrði, er því trygt.

Ennþá eru 25 milión ekrur óbygðar.

Íbúatal fylkisins árið 1901 var 225,211, en er nú orðið um 500,000, sem má teljast ánægjuleg aukning. Árið 1901 var hveiti og hafra og bygg framleiðslan 90,367,086 bushela; á 5 árum hefir hún aukist upp í 129,475,943 bushel.

Winnipeg borg hafði árið 1901 42,240 íbúa, en hefir nú um 150,000; hefir nálega fjórfaldast á 8 árum. Skattskildar eignir Winnipegborgar árið 1901 voru $26,405,770, en árið 1906 voru þær orðnar $116,106,390. Höfðu meir en þrefaldast á 7 árum.

Flutningstæki eru óviðjafnanleg,— í einu orði sagt, eru í fremsta flokki nútíðartækja: Fjórar þverlandsbrautir liggja um fylkið, fullgerðar og í smíðum, og með miðstöðvar í Winnipeg. Í fylkinu eru nú nálega 4 þúsund milur af fullgerðum járnbrautum.

Manitoba hefir tekið meiri landbúnaðarlegum og efnalegum framförum en nokkurt annað land í heimi, og er þess vegna ákjósanlegasti aðsetursstaður fyrir alla, af því þetta fylki býður beztan arð af vinnu og fjáreleggi.

Skrifið eftir upplýsingum til: —

JOS. HARTNEY, 77 York Street, Toronto, Ont.
JOS. BURKE, 178 Logan Avenue, Winnipeg, Man.
A. A. C. LaRIVIERE, 22 Alliance Bldg., Montreal, Quebec,
J. F. TENNANT, Gretna, Manitoba.

J. J. GOLDEN,
Deputy Minister af Agriculture and Immigration, Winnipeg.

"Það skal ég seinna segja þér. Ég fer nú til að vita, hvað mér tekst. Við sjáumst aftur um miðjan dag heima hjá þér. Verið þið sælir".

"Jæja, tengdafaðir", sagði Hólm, "við hvað heldurðu að hann eigi?"

"Það veit ég ekki. Hann hefir aldrei sagt mér neitt um það. Vera kann, að hann þekki einhverjar kringumstæður, sem snerta æfiferil barúnsins, og sem hann ekki vill láta koma til eyrna almennings. — Nú, nú, við sjáum hvað setur".

"Er barúninn heima?" spurði Móritz þjóninn, sem tók á móti honum í anddyrinu.

"Já, hann er inni í herbergi sínu".

"Farðu inn til hans, segðu honum að ég sé kominn og að ég biðji hann að tala við mig vitnalaust litla stund. Það er um áríðandi málefni".

Þjónninn fór.

Eftir nokkrar mínútur kom hann aftur, og sagði að barúninn biði hans.

Móritz gekk í gegnum salinn, án þess að mæta nokkrum manni, og inn í herbergi barúns Ehrenstam.

Barúninn sat við skrifborðið sitt og sneri bakinu að dyrunum. Án þess að snúa sér við, hélt hann áfram að skrifa, en á meðan stóð Móritz við dyrnar og beið.

Móritz brosti með sjálfum sér og hugsaði: "Þú verður bráðum kurteisari".

Barún Ehrenstam hafði um tíma ímyndað sér, að höfundur "Rafhjartans" kynni ef til vill að þekkja nöfn þeirra persóna, hverra æfiferil hann hafði rakið í leikriti sínu, en þegar frá leið og hann fékk enga vitneskju um það, hvarf hann frá þeirri skoðun. "Annaðhvort er þessi samlíking að eins tilviljun ein", hugsaði hann, "eða hann hefir kynst atvikunum, án þess að þekkja nöfn persónanna, sem þau snerta. Hefði hann þekt nöfnin, myndi hann hafa notað þá þekkingu til að krefjast peninga fyrir að þegja. Jafn fátækir ríthöfundar nota ávalt hneykslin sem bjargræðisveg".

Það var samkvæmni í þessari hugsun barúnsins; hann var sjálfur svo eigingjarn, að hann gat ekki ætlað öðrum, að breyta nema af sömu hvötum. Auk þess bar hann eins og aðrir hrokafullir höfðingjar megna fyrirlitningu fyrir þeim flokki manna, sem hann kallaði "kolkrabba", og lagði að jöfnu við slæpingja. Í byrjuninni hataði hann og hræddist Móritz, en nú var hann hættur því, af því hann hélt að hann vissi ekkert ilt um sig, og gaf honum því engan gaum.

"Hann kemur til að heimta peninga fyrir að hafa bjargað Ísabellu", hugsaði barúninn. "Nú, ég verð líklega að hjálpa honum, ef hann verður ekki of kröfuhár".

Það var sökum þessarar skoðunar, að barúninn sýndi Móritz þá fyrirlitningu, að heilsa honum ekki, þegar hann kom inn.

Loksins brast Móritz þolinmæði.

"Herra barún", sagði hann, "ég kom hingað til að tala við þig, en ekki til að sjá þig skrifa. Ef þú ert ekki viðlátinn núna, gerðu þá svo vel að nefna einhvern annan tíma, þegar þú getur veitt mér áheyrn".

Barúninn þaut á fætur og sneri sér við. Röddin benti ekki á neina auðmýkt eða smjaður. Hann fór því að átta sig.

Hann duldi reiði sína og gekk á móti unga manninum með vingjarnlegt bros á vörum sínum.

"Fyrirgefðu athugaleysi mitt", sagði hann, um leið og hann bauð honum sæti í legubekknum. "Með

hverju get ég verið þér tilgreiða? Sá maður, sem bjargaði dóttur minni, á skilyrðislaust aðgang að þakklátsemi minni".

"Herra barún", sagði Móritz djarflega "ég kem til að biðja þig tveggja bóna, sem þér mun í fyrstu sýnast ómögulegt að veita, en það skal ég segja þér fyrirfram, að ég bið um engan greiða fyrir að hafa bjargað dóttur þinni, því sé starfið í sjálfu sér gott, launar það sig sjálft".

"Þetta er einkennileg byrjun", sagði barúninn. "Hvað er þetta tvent, sem þú ætlar að biðja um?"

"Það fyrra er", svaraði Móritz, "að með áhrifum þínum hefir þú eyðilagt skóla Hólms í Marienlundi. Ég álít það ekki rétt gert, því það fyrirtæki var eðallynt, mannúðarríkt og kristilegt, og því álít ég betra að styðja það en steypa því".

"Nú, þú heldur það?", svaraði barúninn og brosti háðslega.

"Já, og þess vegna óska ég, að þú breytir aðferð þinni í því efni. Ég óska þess ennfremur, að þú veitir landsetum þínum leyfi til að senda börn sín á þenna skóla, og að þú styrkir hann með hæfilegri fjárupphæð".

"Nú, þú óskar álls þessa", sagði barúninn allkýminn.

"Já, og ég vona eftir samþykki þínu".

"Einmitt það?"

"Já. Annars hefði ég ekki álitið ómaksins vert að minnast á þetta".

"En, herra minn", sagði barúninn, "hefir þér ekki dottið í hug, að þú krefst þess, sem ómögulegt er að veita?"

"Ég gat þess strax í byrjuninni, að þér myndi finnast kröfur mínar óþolandi. En, það jafnar sig. Ég kvíði því ekki".

"Þú ert æði barnalegur í ósvífni þinni", sagði barúninn og hló háðslega. "Nú, þetta var þá önnur bónin, sem þú ætlaðir að bera fram. Láttu nú hina heyrast".

"Jæja þá", svaraði Móritz. "Mér er sagt, að þú ætlir að gefa Stjernekrans greifa dóttur þína, án hennar samþykkis. Hún fyrirlítur greifann eins og eðlilegt er, og ég ber heldur ekkert traust til eiginleika hans. Ég vil ekki að því barni, sem ég bjargaði frá opnum dauða, sé steypt í enn meiri ógæfu".

"Betra og betra", sagði barúninn kýminn, "þú ert ágætlega skemtilegur, — alveg óviðjafnanlegur. En, máske þú ætlir sjálfur að biðja dóttur minnar,-- þessa barns, sem þú bjargaðir frá dauða?"

"Það hefi ég ekki sagt", svaraði Móritz svo alvarlegur, að barúninn fór að skellihlæja. "Ég vil frelsa hana frá þeim manni, sem ég fyrirlít".

"Jæja, svo þú fyrirlítur Stjernekrans greifa? — Það væri gaman að heyra, hvað þú hefir að finna að honum?"

"Manstu, herra barún, eftir veiðiför, sem átti sér stað í Óðinsvík fyrir hér um bil 10 árum? Þú varst sjálfur með".

"Já, ég man það. Haltu áfram".

"Manstu eftir ungum pilti, sem leiddi blinda konu eftir brautinni, er liggur í gegnum skóginn þinn? Þessari blindu konu var hrint um koll og troðin í hel af hesti greifans, án þess því væri gaumur gefinn. Þú varst með í hópnum, herra barún, og reiðst líka framhjá, án þess að virða hina deyjandi konu eða son hennar viðlits. Blóð hennar rann niður á jörðina á meðan þú reiðst framhjá alveg kærulaus, — alveg eðlilegt. Það var að eins fátæk kona, sem þarna var að deyja".

Barúninn var alt í einu orðinn alvarlegur. Háð-

16. Afmælishátið Tjaldbúðarinnar

verður haldin 15. desember næstkomandi.

PROGRAM.

1. Söngflokkurinn.
2. Ræða: Séra F. J. Bergmann.
3. Student Samspil: Th. Johnson
4. Ræða: B. L. Baldwinson.
5. Vocal Sóló: Miss Alice Johnson.
6. Fjórar karlmannaraddir.
7. Upplestur: Miss Magnea Bergmann.
9. Fjórar karlmannaraddir.
10. Violin Sóló: Th. Johnson.
11. Kvæði: M. Markússon.
12. Friar veitingar.

Inngangur 25 cents fyrir fullorðna, 15c fyrir börn.

Frétabréf.

SPANISH FORK, UTAH.
24. nóv. 1910

Herra ritstjóri.

Nú eru þessar blessuðu kosning ar um garð gengnar, og fóru þær eins og ég giskaði til seinast, algerlega Repúblikum í vil. Alt bindindisfarganið hjá Demókrötum, "state wide" og himinhása, sem þeir báru á borð fyrir kjósendur, og hugðust með þeim hætti að ná í völdin, valt um koll og reyndist ónýtt, kraftlaust og einskisvert, líkt og hjátrúarfullu friðþægingarmeðulin forðum daga. Já, svona fór um sjóferð þá. En samt er ekki bindindishreyfingin útdauð með öllu, því "það kvað standa til", að það mál verði tekið upp að nýju, og borið undir atkvæði almennings næstkomandi júní, og þar og þá útkljáð af öllum ríkisbúum, fyrir utan sérskildar skoðanir hinna ýmsu pólitisku flokka; — svo enn höfum vér nokkra mánuði til að sitja við skál. Lof sé herranum fyrir það. Er því nú sem stendur hið mesta lögn og inndælis blíða á hinum ólgufulla pólitiska sæ, og sömuleiðis alt yfir — eða "hvívetna".

Tíðarfar hefir verið hið ákjósanlegasta í alt haust, og enn er alautt og hin mesta blíða.

Líðan fólks yfirleitt heldur góð, en atvinnubrögð eru farin að minka, eins og vanalega plagar að ske um vetrarmánuðina.

Heilsufar er allgott víðast hvar. Samt hefir hin svokallaða taugaveiki verið að stinga sér niður hér og þar, en engum hefir hún orðið að bana svo ég hafi frétt.

Löndum vorum líður yfirleitt heldur bærilega. Þeir eru nú, eftir gömlum og góðum sið, farnir að hugsa til hátíðanna, og máske að búa sig eitthvað undir þær. Þeir lifa víst flestir í góðri von um farsæla framtíð, að undanteknum fáeinum, sem sýnast vera farnir að verða langleitir, að bíða eftir fyrirheitinu.

Herra Ketill Eyjólfsson flutti sig alfari héðan hinn 27. f.m. Heimili hans er nú National City, California, pósthúskassi 208.

Herra Þorbjörn Magnússon kom hingað úr Winnipeg ferð sinni í sl. viku, og sýnist vera með glöðu bragði og vel ánægður með alt, sem hann hevrði og sá í téðri ferð Hann lætur hið bezta af landi og lýð þar nyrðra.

Nú man ég ekki meira af þessu, sem kallaðar eru almennar fréttir. En til að klykkja út með, ritstj. góður, vildi ég mega spyrja, hvað þessari miklu sýningu líður, sem talað hefir verið um að ætti að haldast í Winnipeg 1912 eða 1914. Er nú ekkert minst á þetta málefni lengur?? Sýnist þér ekki, ef eitthvað á að verða úr henni, að vér, Íslendingar í Ameríku, ættum að fara að gera uppdrætti af þeim íslenzka bóndabæ, sem þar á að sýna, og færum að búa oss undir það með ýmsu móti, — sérstaklega, til að byrja með, með fjársamskotum? Mér mundi verða mesta ánægja, að fá að heyra þig ræða þetta mál í "Kringlunni", — svona við og við, — svo vér þar af leiðandi vissum, hvers vér mætt um vænta í framtíðinni viðvíkjandi þessari sýningu.

Að endingu vil ég geta þess, að ég hefi lesið það í þjóðvinafélags almanakinu 1911, að prófessor Bertel Högni Gunnlaugsson, sem bjó í Tacoma á Kyrrahafsströndinni, sé látinn. Ef það er satt, hvernig stendur þá á því, að þess hefir ekki verið getið í vesturíslenzku blöðunum? Máske þú vilt ir fræða oss, lesendur þína, eitthvað um þetta? Mér finst alveg ótilhlýðilegt, að geta ekki um fráfall hinna lærðustu og merkustu manna meðal þjóðar vorrar hér, sé þess á annað borð nokkur kostur.

Með vinsemd þinn

E. H. Johnson.

• • •

ATHS. — Sýningarmálið bíður andsvara Laurier stjórnarinnar um það, hvort hún vill nokkuð styrkja það. Farið hefir verið fram á það við hana, að hún legði til úr ríkissjóði 2½ milión dollara til stvrktar þessu fyrirtæki, en ekkert ákveðið svar hefir ennþá fengist. Nefnd sú, sem hér stendur fyrir máli þessu, hefir gert allan nauðsynlegan undirbúning og haft upp — í loforðum — þá fjárupphæð, sem Laurier gerði að skilyrði fyrir því, að hann veitti það sem um var beðið. En samt fæst hann ekki ennþá til að segja neitt um, hvað hann er fús til að leggja, ef nokkuð. Hver nefndin eftir aðra hefir farið austur til Ottawa, til þess að ræða mál þetta við hann, en alt stendur fast að svo stöddu. Ef hann fæst til að sinna nokkuð beiðni -búanna í Vesur-Canada í þessu máli, þá verður sýningin haldin, og þegar hún er ákveðin, þá verður væntanlega rætt um þátttöku Íslendinga í sýninguni.

Að íslenzku blöðin hafa ekki getið um lát prófessors Bertel Högna Gunnlaugssonar, kemur til af því, að þeim bárust engar fréttir af því, fyrr en þau sáu fregnina í íslenzkum ritum. Maðurinn hafði heimili í Tacoma borg á Kyrrahafsströnd, en var víst lítill Íslendingur og gaf sig alls ekkert að málum þeirra og hafði alls ekkert samneyti við landa sína þar. Af þessum ástæðum mun það vera, að enginn þeirra Íslendinga, sem þar búa, hafa fundið köllun hjá sér til þess að rita blöðunum um lát hans, — framar en aðra viðburði, sem gerast með þeim þar vestra.

Ritstj.

Dánarfregn

Þann 7. nóvember þ. á. andaðist að heimili dóttur sinnar, Mrs. M. Thorlaksson, Bellingham, Wash., BENEDIKT I. AUSTMANN.

Banamein: afleiðing af slagi. — Benedikt heitinn var fæddur 28. marz 1845 í Eyjafirði á Íslandi, en þaðan mun hann hafa fluzt á unga aldri að Hræringslæk í Hjaltastaðaþinghá og dvalið þar lengst af, — þar til árið 1876, að hann ásamt konu sinni, Rannveigu Þorleifsdóttur, og einni dóttur á fyrsta ári fluttist vistum vestur um haf og settist að í Nýja Íslandi í Canada og bjó þar um 12 ár, lengst á Miklabæ. Þaðan fluttist hann til West Selkirk og bjó þar um 18 ár.

Árið 1902 kendi kona Benedikts heitins heilsuleleika og fór því sér til heilsubótar vestur á Kyrrahafsströnd og staðnæmdist í Bellingham, Wash. Eftir stutta dvöl þar ágerðist veikin svo hún lagðist alveg í rúmið og komst því aldrei austur aftur, og andaðist 25. maí sama ár, á heimili þeirra Mr. og Mrs. Gíslasonar, sem þá bjuggu í Bellingham.

En ári síðar (1903) giftist Benedikt heitinn aftur, Kristínu Sighvatsdóttur, ættaðri úr Vestmannaeyjum á Íslandi, og sem nú lifir mann sinn.

Árið 1906 flutti Benedikt heitinn ásamt seinni konu sinni alfarinn frá Selkirk til Bellingham, Wash. Með fyrri konu sinni eignaðist Benedikt heitinn 6 börn, 6 sonu og 3 dætur. Þau lifa 2 dætur, Mrs. Hildigerður Thorlaksson, kona Magnúsar Thorlakssonar, er lengi bjuggu í West Selkirk, og Sigríður, kona Vilhjálms, öll ógift, þau öll dóu í æsku.

Með seinni konu sinni eignaðist Benedikt heitinn eitt barn (son), er dó litlu eftir fæðingu.

Benedikt heitinn mun hafa verið með fyrstu landnemum í Nýja Íslandi. Einnig hafði hann greðasölu í West Selkirk fyrir langan tíma, og munu því margir kannast við hann, bæði Íslendingar og hérlendir, því hann var gestrisinn og lét sér ant um þá, sem hjá honum gistu.

Benedikt heitinn var skyldurækinn og ástríkur faðir og maki.

Dánarminning.

Þann 12. október sl. andaðist á heimili sínu nálægt New Hill P. O., Alberta, úr hjartaslagi, bóndinn GEIRHJÖRTUR KRISTJÁNSSON. Hann var fæddur 14. febr. 1845 á Sörlastöðum í Fnjóskadal í Þingeyjarsýslu. Foreldrar hans voru merkishjónin Kristján Guðlaugsson Pálssonar, bróðir Þórðar bónda á Klarna og Gísla á Gautsstöðum á Svalbarðsströnd, föður Ásmundar föðurs Einars alþingismanns í N.-Þ.

Kona Guðlaugs hér Björg, systir Magnúsar föður Sigvalda föður Jósefs Walter á Gardar, N.D. — Kona Kristjáns, móðir Geirhjörtur sál., var Guðrún Gísladóttir frá Krókum í Fnjóskadal, Rafnssonar, systir merkisbændanna Hallgríms sál. að Gardar, N. D., og Magnúsar sál. Gíslasonar í Minnesota.

Geirhjörtur sál. ólst upp hjá foreldrum sínum fram yfir tvítugsaldur, og fór svo í vinnumensku — fyrst að Skarði í Dalsmynni, þaðan að Lundarbrekku í Bárðardal, og síðan að Möðrudal á Fjöllum.

Hann kvæntist 18. okt. 1870 eftir lifandi ekkju sinni, Guðfinnu Jónsdóttur, Davíðssonar, og Ólafar Loftsdóttur, ættaðri úr Höfðahverfi í Þingeyjarsýslu. Ólöf var systir Sigrúnar móður Þórunnar ríka í Hrísey við Eyjafjörð. Þau byrjuðu strax búskap á Syðra-Hóli í Fnjóskadal, og voru þar 11 ár, þar til 1881, að þau fluttu vestur um haf til Ameríku. Þar nam hann strax land, rúmar 3 mílur norðvestur af Gardar, N.D., og bjuggu þau hjón þar stöðugt, þar til síðastliðið haust, að hann fluttist til Alberta, og nam þar strax land hálfa aðra mílu vestur af New Hill P.O. og 15 mílur norðvestur af Markerville.

Þeim hjónum varð 7 barna auðið og mistu þau 2 af þeim, stúlku á 10. ári, Kristínu Guðrúnu að nafni, á leiðinni vestur, og pilt á 18. ári, Gunnar Jóhann að nafni. Á lífi eru fimm: Stefán Eiður, bóndi að Gardar, N.D., kvæntur Guðnýju Hansdóttur Nielssonar; Elízabet Þorbjörg, gift Stefáni S. Finarssyni bónda að Bantry, N. D.; Jóhanna Sigurmunda, gift Steinólfi S. Grímssyni, Mozart, Sask.; Gísli bóndi að Gardar, kvæntur Önnu Antonsdóttur Mullar, og Kristiana Guðrún Sigríður, ógift, heima hjá móður sinni.

Tvo bræður á Geirhjörtur sál. á lífi hér í Ameríku, þá Transta og Guðlaug, búsetta að Gardar, N. Dakota.

Geirhjörtur sál. var umhyggjusamur ektamaki og faðir. Velferð konu hans og barna var hans stærsta og mesta áhugamál alla til hinnar síðustu stundar. Hann var glaður í viðmóti, skemtinn í samræðum og framúrskarandi gestrisinn, og var kona hans honum þar samhent, eins og í öðru. Fáskiptinn var hann og orðvar, og vel liðinn af öllum, sem kyntust honum. Óvini átti hann enga.

Hann var friður sýnum og karlmannlegur á velli; verkhagur, einkum á tré og járn, eins og hann átti kyn til. Ekki var hann settur til menta í æsku, fremur en þá var titt, en hann aflaði sér sjálfur talsverðrar þekkingar, sérstaklega í reikningi og skrift.

Hans er sárt saknað af konu og börnum, vinum og vanamönnum.

Eina af vinum hans.

• • •

Blaðið Norðurland er vinsamlegast beðið að taka upp þessa dánarfregn.

Fyrir Controller kjósið

J. G. Harvey

sem er fulltrúi fólksins.



Controller Harvey hefir ásamt öðrum í bæjarráðinu lagt núverandi málefni fram fyrir kjósendurna. Hann óskar eftir atkvæðum fólksins fyrir endurkosningu í

Board of Control

STEFNA HANS ER: — Ódýrt rafafl, viðtækari þjóðeign í sveitamálum, nóg og gott vatn, almenn baðhús og leikvæði. Opinber verk unnin á daglaun er aðal-plankinn í Controller Harveys stefnuskrá.

Greiðið atkvæði með manni sem hefir æfingu sem opinber þjónn, manni sem gelur allan sinn tíma í þarfir borgarinnar

Harveys aðalráðstofa er: 288 William Ave.

R. D. Waugh

fyrir CONTROLLER

CONTROLLER WAUGH hefir gegnt þeim starfa tvö undanfarin kjörtímabil og hefir að allra dómi verið leiðandi maður í bæjarráði Winnipeg.

Endurkjósið því Waugh sem Controller.



ATKVÆÐA YÐAR OG ÁHRIFA ÓSKAST FYRIR

THOMAS WILSON

fyrrum bæjarfulltrúa,

sem Controller 1911

STEFNA HANS ER: Ódýrt gas, — Gnægð af linu vatni, — Öflugri löggæsla fyrir útjaðra borgarinnar, — Fullkomnari sporvagnasamgöngur, — Og siðferðisgóð borg.

Kjósið því Wilson

Framfarmaður fyrir framfara borg

ATKVÆÐI YÐAR OG ÁHRIFA ER VIRÐINGARFYLST ÓSKAÐ TIL HANDA

Ald. D. McLean

fyrir CONTROLLER árið 1911.

ALD. D. McLEAN hefir sýnt að hann er hæfur starfsmaður hins opinbera, hann hefir síðan hann varð bæjarfulltrúi haft ýms byrgðar mikil störf með höndum, meðal annars tvö sl. ár verið formaður opinbera verka og til þess þar, dugnaði og vel hæfann mann, og þekkingu sem reynslan ein veitir.

Atkvæða yðar er því óskað til handa D. McLEAN sem Controller fyrir Winnipeg fyrir árið 1911.

JÓLA SALA

Undirritaður býður óvanaleg kosta kjör FYRIR JÓLIN

KARLMANNA NÆRFATNAÐ — Vanaverð $1.50 til $1.75. Nú ....., ... **$1.00**

KVENMANNA NÆRFATNAÐ — Áður 50c til $2.50. Nú .... **25c--$1.50**

KARLMANNA BUXUR— Áður $1.25 til $1.50. Nú **$1.00**

MISLIT LÉREPT — Vanaverð 8—10c yd. Nú **5c**

KARLA, KVENNA og UNGLINGA STÍGVÉL, FLÓKASKÓ og YFIRSKÓ sel ég með mjög lágu verði.

JÓLASKRAUT og LEIKFÖNG af öllum upphugsanlegum tegundum sel ég nú með miklið lægra verði en alment gerast.

Eftir 15. h. m. verður búðin opin til kl. 10 á kveldin, til hægðarauka fyrir almenning.

Komið Skoðið Kaupið

GUÐM. JOHNSON HORNI ROSS OG ISABEL

HANGIÐ-KJÖT til jólanna!

Eins og að undanförnu höfum við fengið til Jólanna feiknin öll af hinu ljúffengasta og jafnframt ódýrasta HANGIKJÖTI, sem völ er á, og að góðum og gömlum íslenzkum sið, ættu allir að bjarða það um jólin.

Einnig fyrirtaks TURKEYS, sem engum ætti að missa. Og allara aðrar upphugsanlegar tegurdir af matvælum, sem bæði eru girnileg til fróðleiks og góð til átu.

Landar ættu ekki að missa af tækifærið, og því bezt að byrgja sig upp sem fyrst. — Búðin okkar er viðurkend vinsælasta íslenzka kjötbúðin og þar eru menn, sem afgreiða bæði fljótt og vel.

Vinsamlegast.

G. EGGERTSON.

613 Wellington Avenue.
Talsími: Main 3827

A. SEGALL

(áður hjá Eaton félaginu).

Besti kvennfata Skraddari

Loðskinna fötum veitt sérstakt athygli.

Hreinsar, Pressar, Gerir við.

Fjórir (4) alfatnaðir hreinsaðir og pressaðir, samkvæmt samningum hvort heldur er karlmanna eða kvenfatnaður, fyrir aðeins $2.00 á mánuði.

Horni Sargent og Sherbrooke

Piano verð

Það ætti öllum að vera ljóst, að góðir hlutir kosta meira en lélegir, og að Heintzman & Co. búa til allra beztu Pianóin, þó þeir geti ekki selt ódýrustu Pianóin, svokölluð, af öllum tegundum og verði og gæðum, — alveg eins og það er með úrin. Það má oft fá úr, sem ganga um tíma þolanlega fyrir svo lágt verð, að dúsinið kostar jafnvirði og eitt einstakt úr, sem er gott og vel vandað. Lástlengi og gott efni krefjast vanalega fremur hárra þrísa, og Heintzman & Co. Piano eru hin allra beztu, sem hægt er að eignast fyrir peninga.

Cor Portage Ave. & Hargrave
Phone: Main 808.

Fréttir úr bænum.

Sökum bæjarkosninganna er þessarar viku tíl. prentað tveim dögum fyrr en venja er til.

Evans-Martin fundur,

sameiginlegur fundur fyrir íslenzka kjósendur, verður haldinn í Únítarasalnum í kveld (mánudag) kl. 8, til að bera saman stefnur borgarstjóra umsækjendanna, þeirra Evans og Martins. Íslendingar eru beðnir að fjölmenna.

Sem bæjarráðsmenn vildi Heimskringla sérstaklega ráðleggja íslenzkum kjósendum að endurkjósa þá R. D. WAUGH og J. G. HARVEY. Harvey gamli hefir setið í bæjarstjórninni í 13 ár, og er heiðursmaður hins mesti, og Mr. Waugh hefir þau tvö síðustu árin, sem hann hefir átt þar sæti, sýnt sig sem nýtasti og ærasti bæjarráðsmaðurinn, sem þar átti sæti. Þess utan voru það þessir menn, sem drógu sig í hlé fyrir Evans borgarstjóra, og það ættu allir réttkugsandi kjósendur að virða við þá.— Ald. McLEAN og THOMAS WILSON, fyrv. bæjarfulltrúi, væru vel fallnir að fylla hin bæjaráðssætin.

Gleymið ekki að greiða atkvæði með 400 þúsund dollara tillaginu til Winnipeg spítalans. Því fé getur ekki orðið betur varið á annan hátt, — ekki eins vel, og það eykur ekki skattbyrði yðar svo teljandi sé.

W.R.MILTON bæjarfulltrúi fyrir 4. kjördeild og sem nú sækir um endurkosningu, er flestum löndum að góðu kunnur, bæði sem bæjarfulltrúi og framtaksamur starfsmaður í eigin þarfir. Sú reynsla, sem kjósendur í kjördeildinni hafa á herra Milton, sem fulltrúa sínum, er í alla staði honum til hróss. Hann hefir komið fram sem nýtur og duglegur starfsmaður hins opinbera; eins og sjálfs sins, og verið kosinn í ýmsar leiðandi nefndir, meðal annars er hann formaður markaðs-nefndarinnar. Vér sjáum því enga ástæðu til að skifta um bæjarfulltrúa í þessari kjördeild, ekki sízt þar sem gegnsækjandi Miltons, Mr. Noble, er óreyndur með öllu. — Vér ráðum því löndum til að endurkjósa Milton fyrir komandi kjörtímabil.

ANCHOR BRAND HVEITI

er bezta fáanlegt mjöl til nota í heimahúsum og annarstaðar. Það er gert úr No. 1. Hard HVEITI eftir nýjustu aðferðum.

Símið 4326 eftir söluverði þess.

Leitch Bros.
LOUR MILLS
Winnipeg skrifstofa
240-4 GRAIN EXCHANGE

Í kveld (mánudag) kl. 8 heldur Mr. Milton fund fyrir kjósendur kjördeildarinnar í King Edwards Hall, á Henry Ave., og þar æt a sem flestir að mæta.

Herra Jón Sigfússon, bóndi og kaupmaður að Clarkleigh, hefir sent Heimskringlu Tíu Dollara gjöf til minnisvarða Jóns Sigurðssonar. Hann er fyrsti gefandinn í sjóð þann. Þökk sé honum og heiður.

Hið fagra MAGNET CREAM SEPARATOR almanak fyrir árið 1911 er tilbúið til útsendingar, og hefir blað vort verið heiðrað með einu þeirra. Vér getum fullvissað kaupendur um að það er skrautlegra en undangengin almanök. Ekkert hefir verið til sparað til þess að gera það bæði þarflegt og fígurt, og þeir, sem verða svo lánsamir, að fá það sent sér, mega virða velvild félagsins í því efni. Almanak þetta hefir stórar og greinilegar dagatölur og sérmerkta alla helgidaga og tunglbreytingar. Hver, sem sendir 10c fyrir umbúðir og póstgjald, fær almanakið gefins. Sendið pantanir til félagsins í Winnipeg, Regina, Calgary eða Vancouver.

Fyrrum bæjarfulltrúi THOMAS WILSON, sem nú sækir um Controller sæti, er gamal-kunnur Winnipeg-búi. Hann sat í bæjarstjórn tvö kjörtímabil og þótti atorkusamur og hygginn. Nú er hann einn af sjórnendum listgarðanna (Parks Board), og hefir átt þar sæti um tvö ár. — Vér erum þess fullvissir, að hann mundi reynast dugandi bæjarráðsmaður og hikum alls ekki við, að ráða Íslendingum til að kjósa hann. Reyndir og dugandi starfsmenn eru það, sem bærinn þarfnast og Thomas Wilson er einn af þeim.

Stúdenta sjónleikurinn HÚN IÐRAST, sem sýndur var á laugardagskveldið, verður aftur leikinn í kveld. — Landar ættu að fjölmenna þar, því skemtunin er góð.

Ungmennafélag Únitara hefur skemtisamkomu á miðvikudagskveldi kemur. Séra Rögnv. Pétursson og hr. S. B. Brynjólfsson kappræða þar spursmálið: Eru Vestur-Íslendingar hugfallsleg eftirbátar hérlendu þjóðarinnar í menningarlegu tilliti? Og gott prógram þar að auki. Kaffiveitingar ókeypis. Inngangur 25c.

Þessar konur eiga bréf á skrifstofu Heimskringlu:
Mrs. Sigurbjörg Gissurardóttir
Miss Elisabet E. Sigurðsson.
Mrs. Mina Gíslason.
Miss Bina Johnson.

KOL OG VIÐ

Alskonar Kol og Við selur J. W. THORGEIRSON að 590 Cathedral Ave.

Phone 7691

SILKSTONE KOL selur hann á $5.00 tonnið, þau gefa jafnan hita eins og kord af bezta eldivið, eru hrein og jafn ágæt til matreiðslu sem húshitunar.

Tamarac $7.25 korðið

Dr. G. J. Gíslason,
Physician and Surgeon
18 South 3rd Str., Grand Forks, N.Dak

Athygli veitt AUGNA, EYRNA og KVERKA SJÚKDÓMUM. ASAMT INNVORTIS SJÚKDÓMUM og UPPSKURÐI. —

Rev. Dr. O. V. Gíslason
HANDLÆKNIR
369 Sherbrooke St.

Dr. J. A. Johnson
PHYSICIAN and SURGEON
HENSEL, N. D.

Dr. M. Hjaltason
OAK POINT, MAN

Þegar þér þurfið að kaupa
Gott smjör
Ný egg
og annað matarkyns til heimilisins, þá farið til
YULES PRODUCE STORE
941 Notre Dame St.
Prices always reasonable

S. K. HALL
TEACHER OF PIANO and HARMONY
STUDIO; 701 Victor St.
and
IMPERIAL ACADEMY OF MUSIC AND ARTS
Dr. Ralph Homer, Director.
290 Vaughan St.

MARTYN F. SMITH,
TANNLÆKNIR.
Fairbairn Blk. Cor Main & Selkirk

Sérfræðingur í Gullfyllingu og öllum aðgerðum og tilbún aði Tanna. Tennur dregnar án sársauka. Engin veiki á eftir eða gómbólga. —

Stofan opin kl. 7 til 9 á kveldin
Office Phone 6944. Heimilis Phone 6462

TIL SÖLU:
160 ekrur af bezta landi, stutt frá járnbrautarstöð. — Fyrsti maður með $7.00 fær hér góð kaup. — Finnið
Skúli Hansson & Co.
47 Aikens' Bldg.
Talsími, Main 6476 P. O. Box 833

GEO. ST. JOHN VAN HALLEN
MÁLAFÆRZLUMAÐUR
GERIR ÖLL LÖGFRÆÐIS STÖRF ÚTVEGAR PENINGALÁN,
Bæjar og landeignir keyptar og seldar, með vildarkjörum.
Skiftiskil $3.00
Kaupsamningar $3.00
Sanngjörn ómakslaun. Reynið mig.
Skrifstofa 1050 Main St.
Talsími Main 5142
Heimils talsími Main 2357
WINNIPEG

Jólagleðin er nálæg.

Gleymið ekki að kaupa GULLSTÁSS yðar hjá undirrituðum, svo sem Gullúr, Gullhringi, Armbönd, Hálsmen, Úrkeðjur, Brjóstnálar, Slifsisprjóna, Klukkur, Lindarpenna, Köku- og Aldina-Skálar, Silfurborðbúnað, Hnífa, Gaffla, og margt fleira þar að lútandi. Alt vandaðar vörur og með afarlágu verði.

Utansveita pantanir afgreiddar fljótt og áreiðanlega.

TH. JOHNSON,
JEWELLER
266 Main Street. Tals.: Main 6606
Horni Graham Ave.

Þarft þú ekki að fá þér ný föt?

EF ÞAU KOMA FRÁ CLEMENT'S, — ÞÁ VERÐA ÞAU RÉTT

Réttur að efni, réttur í sniði réttur í áferð og réttur í verði.

Vér höfum miklar byrgðir af fegurstu og beztu fataefnum. —

Geo. Clements & Son
Stofnað árið 1874
264 Portage Ave. Rétt hjá Free Press

Th. JOHNSON
JEWELER
286 Main St. Talsími: 6606

Sveinbjörn Árnason
Fasteignasali.
Selur hús og lóðir, eldsábyrgðir, og lánar peninga. Skrifstofa: 310 Melstyre Blk.
office TALSÍMI 4700. hús TALSÍMI 2108

G. NARDONE
Verslar með matvöru, aldini, sætá-kökur, allskonar sætindi, mjólk og rjóma, sönnul. tóbak og vindla. Óskar viðskifta Íslend. Heitt kaffi eða te á öllum tímum. Fón 7756
714 MARYLAND ST.

Öll sagan
um undra vinsældir Boyd's brauða verður sögð í 5 orðum, þannig:—
Hreinleiki
Ljúffengi
Hollusta
Smekkgæði
Fullnæging
Þau eru gerð í stóru hreinu bakarfi eins og góð brauð ættu að vera, af beztu bökurum í landinu, hjálið alstaðar um þau.
Boyd's
Bakery Cor. Spence — Portage Ave
Phone Sherb. 680

BILDFELL & PAULSON
Union Bank 5th Floor, No. 520
selja hús og lóðir og annast þar að lútandi störf; útvegar peningalán o. fl.
Tel.: 2685

BONNAR, TRUEMAN & THORNBURN,
LÖGFRÆÐINGAR.
Suite 5-7 Nanton Blk. Tals. 766
Winnipeg, Man. P.O.BOX 223

DR. H. R. ROSS
C.P.R. meðala- og skurðlækuir.
Sjúkdómum kvenna og barna veitt sérstök umönnun.
WYNYARD, — SASK.

The Evans Gold Cure
229 Balmoral St. Sími Main 797
Varanleg lækning við drykkjuskap á 28 dögum án nokkurrar tafar frá vinnu eftir fyrstu vikuna. Algerlega privat. 16 ár í Winnipeg. Upplýsingar í lokuðum umslögum.
Dr. D. R. WILLIAMS, Exam. Phys
J. L. WILLIAMS, Manager

W. R. FOWLER A. PIERCY.

Royal Optical Co.
307 Portage Ave. Talsími 7286.
Allar nútíðar aðferðir eru notaðar við augn-skoðun hjá þeim, þar með hin nýja aðferð, Skugga-skoðun, sem kjörevð. öllum ágiskunum. —

Anderson & Garland,
LÖGFRÆÐINGAR
35 Merchants Bank Building
PHONE: MAIN 1561.

Horfið! Hlustið! Hugsið!

TIL JÓLANNA

FRÁ ÞESSUM tíma til miðnættis á aðfangadagskveld jóla, sel ég í búð minni 674 SARGENT AVE., við hornið á Victor St., hvern þann hlut sem kaupendur vilja kjósa sér, með 25 per cent afslætti frá vana verði.

Í búðinni eru 8 ÞÚS. DOLLARS virði af alskonar völdum og vönduðum gull og silfur varningi, klukkum og vasa úrum á öllum stærðum og gerðum fyrir karla og konur' Einnig alskonar krystals ogöðrum skrautvarningi. Sömuleiðis alskonar demants og öðrum steinhringum, og signet og einbaugs hringum, fyrir karla og konur'

Eg hef valið vörurnar án tillits til inkaupssparnaðar og með því eina augnamiði að geta fullnægt þörfum og smekkvísi viðskiftavina. 20 ára verzlunar og viðskiftasamband við Íslendinga hefir verið mér öruggur leiðarvísir í vali varningsins.

Eg hef ásett mér að selja, UM ÞESSI JÓL hvern einasta hlut í búð minni svo ódyrt að hvergi fáist jafn vandaðir hlutir með jafn lágu verði, þessvegna kostar hjá mér hvert Dollars virði aðeins 75 cents.

Allar aðgerðir verða samt seldar fullu verði eins og áður, því vinnulaun eru þau sömu.

Utan hæjar pantanir afgreiddar fljótt og samvizkusamlega, og vörurnar seldar með sama afslætti og til bæjarmanna og sendar kaupendum kostnaðarlaust, hvort sem er í Vestur Canada.

Eg hef gert það að fastri lífsreglu að skipta svo við landa mína að þeir hefðu aldrei umkvörtunar efni, og sama gildir enn. Eg ábyrgist allar vörur sem eg sel og sínni tafarlaust öllum umkvortunum.

Þessi vilkjör gilda einnig fyrir gullstáss verzlun mína í Selkirk bæ.

Komið sem flestir, sem fyrst og skoðið vörurnar og sendið pantanir til

674 Sargent Ave. — G. THOMAS WINNIPEG. CANADA. — Phone Sherb. 2542

Gleðileg jól!

Heimskringla.

Hagsælt nýár!

XXV ÁR | W[illegible]G, MANITOBA, FIMTUDAGINN, 22. DESEMBER 191[illegible] | NR. 12.

Fregnsafn.

Markverðustu viðburðir hvaðanæfa

— Herra W. K. Stewart, einn af mentamálamönnum Alberta fylkis, er um þessar mundir á leið til Englands til þess að ráða þar þúsund skólakennara til starfa í Saskatchewan og Alberta fylkjum. — Hann segir, að skólakennurum þar vestra sé óðum að fækka af því að flestir þeirra séu stúlkur, og þær kjósi heldur að ganga í hjónaband en halda áfram skólakenslu.

— Þýzkt gufuskip strandaði nýlega á klettum við vesturströnd Spánar, — öll skipshöfnin, 19 menn, og einnig 5 farþegar drukknuðu. Skipið brotnaði í spón.

— Járnbrautarskýrslur voru lagðar fram í Ottawa þinginu þann 16. þ.m. þær sýna, að á þessu ári hafa 627 mílur af járnbrautum verið lagðar í Canada, og að alls eru nú í ríkinu 24,731 mílur af járnbrautum. Af þessum nýbygðu 627 mflum, eru 519 í Vestur-Canada. Með þessu er ekki talið neitt af því, sem tilheyrir Grand Trunk Pacific brautarfélaginu. Sú braut öll er talin "í smíðum", jafnvel þó fullar þusund mílur séu fullgerðar og starfræktar á þessu ári. Svo er talið, að 30. júní sl. væru 4500 mílur í smíðum í Canada. Skýrslurnar sýna, að á þessu ári hefir höfuðstóll sá, sem liggur í canadiskum járnbrautum, aukist um nálega 102 miliónir dollars, og að als liggja nú í járnbrautum í Canada rúmlega 1410 þúsund miliónir dollars. — Skuldir járnbrautafélaganna 30. júní sl. voru taldar að meðaltali $52,361 á hverja mílu. — Inntektir járbrautanna í Canada voru á árinu nálega 174 miliónir dollara, en útgjöldin 120½ milión doll. Hreinn ágóði þess vegna 53½ milión doll., eða rúmlega milión dollara á hverri viku að jafnaði.— Allar inntektirnar urðu á hverja brautarmílu $7,034 og gróðinn $2,166 á hverja mílu að jafnaði. — Inntektahlutföllin urðu þannig, að fyrir farþegaflutning komu 46 og fyrir vöruflutning 117½ milión dollars.

— Gamli Carnegie hefir gefið 10 miliónir dollara til að mynda það sem hann nefnir friðarsjóð. Peningunum eða vöxtunum af þeim á að verja til þess að starfa að því, að koma framvegis í veg fyrir stríð milli þjóða. Gjöf þessi mælist vel fyrir, og talið að hún muni í mörgum tilfellum geta haft þann árangur, sem gefandinn ætlast til.

— Það kviknaði í gasi í kolanáma í Virginiu þann 14. þ.m.. Í námanum voru þá 13 menn, 11 létust strax, en tveir náðust lifandi og dó annar þeirra skömmu síðar. — Svipað tilfelli varð í sama náma fyrir 3 árum, og dóu þá 6 menn þar.

— Dr. Saunders, formaður canadisku fyrirmyndarbúanna, segir að í Canada ríki séu 636 miliónir ekra af ræktanlegu landi, og að enn sé ekki nema tíundi hluti þess undir ræktun. Í Fritish Columbia segir hann vera 36 miliónir ekra af ræktanlegu landi.

— Alberti, fyrrum dómsmálaráðgjafi Dana, var þann 16. þ.m. dæmdur í 8 ára fangelsi fyrir fjárpretti þá, sem hann varð uppvís að árið 1908. Áður hafði hann um 14 ára skeið verið einn af helztu stjórnmálamönnum Dana, og fyrir fáum árum var hann Íslands ráðgjafi.

— Lagfrumvarp er nú fyrir Ottawa þinginu, sem ákveður, að kosningadagar við almennar ríkiskosningar skuli vera almennur hvildardagur (Holiday) í öllu Canada ríki. Ennfremur, að kjörstaðir í öllum borgum og lögeiltum bæjum og kauptúnum skuli vera opnir frá kl. 6 að morgni til kl. 8 að kveldi, og úti í sveitum frá kl. 9 að morgni til kl. 5 síðdegis.

— Mælt er, að Komura greifi, utanríkisráðherra Japans, muni bráðlega segja af sér embætti, og svo látið heita, að það sé af heilsuleysis, en aðalástæðan er sú, að hann er ósáttur við hina ráðgjafana út af tollmálastefnu þeirra Nokkur hluti ráðgjafanna vill gefa Bretum sérstaka tolla-ívilnun, en sumir eru áví andvigir. Komura er einn þeirra og í minnahluta í ráða neytinu eins og stendur. Hann segir enga ástæðu til, að gera Bretum hærra undir höfði en öðrum þjóðum, þó þeir séu í bandalagi við Japana til sóknar og varnar. En hinir halda fram því, að Bretar hefðu aldrei gengið í bandalagið, nema með þeim skilningi, að þeir fengju sérstök verzlunarhlynnindi þar eystra.

— Stormar og stórsjóar, þeir mestu, sem komið hafa um mörg ár, hafa berið strendur NewBrunswick undanfarna daga. Svo hefir ógangur sjávarins verið mikill, að heilar rastir af allskyns fiskum hafa hlaðist í fjöruborðið á löngum svæðum meðfram norðurströnd fylkisins. Þúsundir krabba hafa rekið og talsvert af öðrum fisktegundum, sérstaklega svonefndum "rock-eels", og segja íbúarnir þar, að meira hafi rekið af þeim fiski en vanalega veiðist þar yfir heila haust og vetrarvertíð.

— George V. Yeandle í NewYork var í sl. viku dæmdur í 5 ára fangelsi, eða alt að 8½ ári eftir ástæðum, fyrir það að hann heimtaði mútur. Hann var einn af 12 kviðdómendum, sem áttu að ákveða um sekt eða sýknu manns, sem var undir ákæru fyrir morð. Yeandle fór til vina fangans og bauð sýknu-atkvæði sitt í málinu fyrir peninga, annars kvaðst hann verða móti fanganum. Yeandle er 50 ára gamall. Dómarinn fór hörðum orðum um glæp þennan, þegar hann birti dóm sinn.

— Mjólkursali einn í New York var í fyrri viku skotinn til bana fyrir að neita að borga þúsund dollara, sem Svarthandarfélagið hafði heimtað af honum undir líflátshótun. Áður en hann andaðist, sagði hann nafn þess, er sig hefði skotið, en það var margra ára vinur hans, sem engann grunaði að væri í þessu félagi.

— Senator Cullom bar fram í Washington þinginu þann 13 þ.m. frumvarp til laga um að verja 2 miliónum dollara af ríkisfé til þess að reisa Abraham Lincoln minnisvarða í Washington borg.

— Áætluð útgjöld Bandaríkjastjórnarinnar fyrir fjárhagsárið 1911—1912 eru samkvæmt ávarpi forsetans 687½ miliónir dollars. Af þeirri upphæð eru rúmlega 236 miliónir ætlaðar til hernaðarþarfa, að fráteknum byggingum og hafnbótum, sem gera þarf í sambandi við sjóherinn, og sem áætlað er að kosti þjóðina rúmlega 41 milión dollars. Til akuryrkjumála verður varið tæpum 20 miljónum dollars.

— Íbúatala Berlínar borgar á Þýzkalandi er nú orðin 2,180,000, hefir aukist um 7 prósent á sl. 5 árum. Að öllum umhverfum meðtöldum er íbúatalan orðin 3 miliónir manna.

— Nokkrir menn háðu nýlega 6 sólarhringa kapphjólreiðar í New York borg. Þeir enduðu kappreiðarnar þann 10. þ. m. Sá, sem lengst komst, fór 2542 mílur, en sá næsti varð að eins 3 fetum á eftir. Fyrstu og öðrum verðlaunum var skift með þeim, og fékk þá hvor þeirra 800 dollara í hlut.

— Fregn frá Jerúsalem, dags. 9 þ. m., segir að flokkur af Syriumönnum hafi ráðist á tyrkneska setuliðið í Kerak héraðinu og strá drepið það, ásamt eitt hundrað kristnum mönnum búsettum þar í héraðinu. Þetta var gert í hefndarskyni fyrir það, að einn af höfðingjum Syriumanna hafði verið líflátinn. Óaldarflokkur þessi, sem hefir gert herliði Tyrkja mikið ónæði í sl. 18 mánuði, hefir nú herbúðirnar í sínu valdi og lætur óáreitt. Engum kristnum manni er lífvænt neinstaðar þar í nágrenninu.

— Lovísa prinsessa í Belgíu hefir gert kröfu til dómstólanna að dæma sér 8 miliónir dollara af fé því, sem faðir hennar, Leópold Belgíu konungur, lét eftir sig. — Belgíu stjórnin heimtar einnig fé af þeirri ástæðu, að konungur hafi grætt það á verzlun í Afríku, sem heyri undir Belgíu, og að þess vegna sé það ríkiseign. — Prinsessan hefir og steint ýmsu af hirðfólki hins látna konungs, til þess að skýra frá, hvað verið hafi í þeim kistum, sem leyni-kona konungsins tók í sína umsjá að honum látnum. Prinsessan heldur því fram, að kistur þessar hafi verið fullar af verðbréfum og ýmsu öðru fémæti, sem leyni-konunni ekki beri að halda fyrir sér.

— Franskur loftsiglingamaður að nafni Logagneus flaug þann 9. þ.m. 10,499 fet í loft upp í bænum Pan þar í landi, og er það hærra flug en aðrir hafa áður gert.

— Blaðið Montreal Witness endaði hálfrar aldar tilveru sína þann 10. þ.m. Margar heillaóskir voru þá í blaðinu frá helztu mönnum þessa lands og ýmsum utanlands. Sömuleiðis hlýlegar blaðagreinar úr ýmsum áttum. — Montreal Witness er eitt af stórblöðum landsins, og áhrifamestu sérkenni þess eru, að flytja eingöngu þær kenningar, sem útgefendur þess telja réttastar, og að fjalla um þau mál, sem miða til að lypta lesendunum á hærra svið þekkingar og umhugsunar.

— Walter A. Hall, bankaþjónn í New York borg, strauk þaðan eftir að hafa fært sér til eigin nota $44,600 af fé bankans. Í útlegðinni frétti hann, að kona hans hafði alið barn. En svo mjög langaði hann til að sjá barn sitt, að hann fór beint heim til sín og síðan á lögreglustöðvarnar, og gaf sig í hennar hendur, og afhenti lögreglunni 15 þús. dollara, sem hann átti óeydda af bankans fé. Mælt að bankastjórnin muni hlífa honum það sem hún getur.

— Slagur varð í Calcutta þann 9. þ.m. Svo stóð á, að Móhametstrúarmenn voru að halda trúarbragðalega hátíð og fórnuðu kúm við þá athöfn, eins og vandi var til. Hindúar sem voru í borginni, andmæltu þessari kúafórn, og við það ruddust hinir. Deilan jókst orð af orði, þar til flokkunum lenti saman í blóðugan bardaga, og voru nokkrir drepnir af hvorumtveggja. Að síðustu var herdeild tilkvödd til að koma á friði. En þá sameinuðu óvinirnir sig móti hermönnunum, og létu ekki undan þeim fyrr en eftir nokkrar atrennur, að svo margir voru fallnir, að þeir, sem eftir stóðu, sáu sitt óvænna og flýðu.

— Námaslys varð í Bellevue námanum þann 9. þ.m. Fjörutíu og fimm námamenn luktust þar inni, 18 af þeim náðust lifandi, en 20 voru dregnir þaðan dauðir. Vonað er, að hinir 7, eða að minsta kosti 4 þeirra, kunni síðar að nást lifandi.

— Félag hefir verið myndað í Toronto með 10 milión dollara höfuðstól til þess að starfa að afleiðslu með vatni og rafi hvervetna í Canada ríki, en einkanlega þó í Vestur-Canada, eftir því er séð verður. Ekki er enn vitanlegt um alla þá, er félagið mynda, en talið líklegt, að öll privat afleiðslu félög landsins séu í þessu nýja félagi, sem í raun réttri sé samsteypa eða einokunarfélag.

— George Smith, einn af þeim fáu eftirlifandi Englendingum úr flokki þeirra, er börðust í Balaklava bardaganum mikla, og sem var í 600 manna deild þeirri, sem skipað var að gera áhlaup á 10 þúsund manna deild Rússa, — er nú orðinn 84. ára gamall, og svo allslaus, að hann hefir orðið að leita styrks af því opinbera í Oakland bæ í California, þar sem hann hefir búið um margra ára tíma. Hann á eina dóttur barna, sem ekki megnar að vinna fyrir þeim báðum. Nú hefir gamla hetjan beðið um styrk til þess að komast til Englands með dóttur sína, í því skyni, að biðja stjórnina þar að veita sér ellistyrk, sem laun fyrir þær orustur, sem hann háði fyrir ættjörð sína á sínum beztu manndómsárum. Þessi maður barðist einnig í indversku uppreistinni, og þáði fyrir það heiðursmerki af Victoriu drotningu, og að auki 100 dollara peningagjöf frá henni sjálfri. Eftir það flutti hann til Ameríku og hefir dvalið hér síðan.

— Robert E. Davie, hlutabréfasali í Boston, strauk þaðan fyrir rúmri viku með hálfa milión dollara virði af annara fé, að sagt er. Hann fór fyrst til Mexico, en skrifaði þaðan, að hann ætlaði til Alaska. Lögreglan vill hafa hendur í hári hans, og hygst að leita hans vandlega í Vestur-Canada, því þar, en ekki í Alaska, er talið víst að hann felist.

— Riddaralið norðvesturlandsins hefir fengið skipan um, að finna Friðrik Kristjánsson, frá Akurevri, sem ætlað er að flutt hafi til Vestur-Canada.

Vinanna skilnaður viðkvæm stund.

OGILVIE'S
Royal Household Flour
Til Brauð og Köku Gerðar
Gefur Ævinlega Fullnœging
OGILVIE'S ROYAL HOUSEHOLD
EINA MYLLAN Í WINNIPEG,—LÁTIÐ HEIMAIÐNAÐ SITJA FYRIR VIÐSKIFTUM YÐAR.

— Manntali í Bandaríkjunum, sem byrjaði 15. apríl sl., er nú lokið. Þetta er 13. manntalið, sem þar hefir tekið verið, og nær yfir öll Bandaríkin, að meðtöldu Alaska, Havaii og Porto Rico eyjum, og sýnir íbúatöluna að vera 93,482,151. Ef Filips eyjar væru meðtaldar, þá er þegnatalan 101 miliónir og 100 þúsundir. Á sl. 10 árum hefir fólki í Bandaríkjunum fjölgað um rúmar 16 miliónir. Á Filips eyjum er talið að séu nú 7,634,426 manns.

— Svo má segja, að nú séu kosningarnar á Bretlandi um garð gengnar, og að hlutföllin milli stjórnarinnar og andstæðinga hennar séu nákvæmlega eins og þau voru fyrir kosningarnar. Liberalstjórnin hefir því unnið þreunar kosningar á sl. 5 árum. Engian efi leikur á því, að vald lávarðadeildarinnar verður takmarkað með lögum, svo að hún nái ekki að skerða áhrif hinna þjóðkjörnu þingfulltrúa þjóðarinnar. Það er og talið víst, að Írlandi verði veitt sjálfsforræði eða heimastjórn þó ennþá sé ekki ákveðið, hve fullkomið það sjálfsforræði verður.

— Þrettán þumlunga snjófall varð hjá Niagara þann 7. þ. m., á minna en tveimur klukkustundum. Svo mikill stormur fylgdi snjókomunni, að tré rifust upp með rótum, talsímar slitnuðu og umferð stöðvaðist.

Minningarljóð

um aftöku

Jóns biskups Arasonar

og sona hans

í Skálholti 7. dag nóvember 1550.

Loftið eins og gröfin girti
grýttan móa, sveitir lands.
Engin fjandmanns ögrun styrkti,
ekkert vinartillit manns.
Þar var hægra um hönd að beygja
höfuð sitt en missa það.
En þeir gengu út að deyja
allir þrir af Skálholtsstað.

Þótt á lotnum liðum væri
Luthers þrælum sigur vís,
hann gat reynt hvor hærra bæri
höfuð sitt í Paradís.
Og þótt bráði blóð á grönum,
betra er það en flýja vörð,
eða snikja út úr Dönum
óðul sin og móðurjörð.

Rísið örugt, austurglæður,
yfir mó og nái þrjá,
hér er einskis örvænt, bræður —
íslenzk móðir fæddi þá.
Þó má allar vættir villa,
vilji Jóns og Ara þjóð
hæða, níða, hata og — fylla
hópinn þann sem kring um stóð.

Fá ei synir svona góðir
sveln í ró hjá hverri þjóð?
Fékkstu litið legkaup, móðir,
lífin þeirra og hjartablóð?
Er ekki orðið litlu að lúka:
lofstír vorum úti um heim,
bresti dirfsku og dug að strjúka
danskan saur af nöfnum þeim?

Merki vort að verki og óði
var þér fengið, móðurgrund,
hvegið hreint í þeirra blóði
þessa köldu morgunstund.
Mundu úr hverjum hrammi að slíta
hvern sem þetta merki ber,
annars brestur eyjan hvíta,
Íslands son, úr hendi þér.

Þ. E.

— Bardagi mikill varð fyrir skömmu í franska héraðinu í Vestur-Afríku. Fimm þúsundir manna þar undir forustu þriggja þarlendra þjóðhöfðingja réðust á 300 manna franska hersveit, sem hafði tekið sér aðsetur í einni af höfuðborgum héraðsins. Bardaginn var hinn harðasti. Tveir af þjóðhöfðingjunum féllu, þriðji særðist og 600 fylgdarmanna þeirra lágu eftir dauðir á vígvellinum. Um 30 voru drepnir af Frökkum og rúmt 100 eræðir. Franska stjórnin hefir þegar sent þangað deild hermanna, en hún verður 6 vikur að komast áleiðis til hjálpar löndum sínum í Vestur-Afríku.

Jólatréssamkoma.

Únitara söfnuðurinn heldur jólatréssamkomu sína á aðfangadagskveldið, eins og að undanförnu. — Fólk er beðið um, að koma með jólagjafirnar, sem eiga að útbýtast þar, í tíma á laugardaginn.

Sunnudagaskóla börnin syngja nokkra söngva og lesa kvæði og valda kafla í óbundnu máli.

Allir safnaðarmeðlimir, sem mögulega geta, ættu að vera viðstaddir.

Afmælishátið.

Tuttugasta og þriðja afmælishátið stúkunnar Heklu, nr. 33, af A. R. G. T., verður haldin í Goodtemplarahúsinu föstudagskveldið 30. þ.m. Allir íslenzkir Goodtemplarar eru boðnir og velkomnir. Forstöðunefndin vonar, að sem flestir komi.

Skemtiskráin verður auglýst í næsta blaði.

WALL PLASTER

"Empire" VEGGJA PLASTUR kostar ef til vill ögn meira en hinar verri tegundir, —en berið saman afleiðingarnar.

Vér búum til:

"Empire" Wood Fibre Plaster
"Empire" Cement Wall "
"Empire" Finish "
"Gold Dust" Finish "
"Gilt Edge" Plaster of Paris
og allar Gypsum vörutegundir. —

Eiqum vér að senda yður bækling vorn?

BÚIÐ TIL EINUNGIS HJÁ
MANITOBA GYPSUM CO. LTD
SKRIFSTOFUR OG MILLUR Í
Winnipeg, - Man.

Gleðileg jól!

Heimskringla.

Hagsælt nýár!

XXV AR | WINNIPEG, MANITOBA, FIMTUDAGINN, 22. DESEMBER 1910 | NR. 12.

Fregnsafn.

Markverðustu viðburðir hvaðanæfa

— Herra W. K. Stewart, einn af mentamálamönnum Alberta fylkis, er um þessar mundir á leið til Englands til þess að ráða þar þúsund skólakennara til starfa í Saskatchewan og Alberta fylkjum. — Hann segir, að skólakennurum þar vestra sé óðum að fækka af því að flestir þeirra séu stúlkur, og þær kjósi heldur að ganga í hjónaband en halda áfram skólakenslu.

— Þýzkt gufuskip strandaði nýlega á klettum við vesturströnd Spánar, — öll skipshöfnin, 19 menn, og einnig 5 farþegar drukknuðu. Skipið brotnaði í sundur.

— Járnbrautarskýrslur voru lagðar fram í Ottawa þinginu þann 16. þ.m. þær sýna, að á þessu ári hafa 627 mílur af járnbrautum verið lagðar í Canada, og að alls eru nú í ríkinu 24,731 mílur af járnbrautum. Af þessum nýbygðu 627 mílum, eru 519 í Vestur-Canada. Með þessu er ekki talið neitt af því, sem tilheyrir Grand Trunk Pacific brautarfélaginu. Sú braut öll er talin "í smíðum", jafnvel þó fullar þusund mílur séu fullgerðar og starfræktar á þessu ári. Svo er talið, að 30. júní sl. væru 4500 mílur í smíðum í Canada. Skýrslurnar sýna, að á þessu ári hefir höfuðstóll sá, sem liggur í canadiskum járnbrautum, aukist um nálega 102 miliónir dollars, og að als liggja nú í járnbrautum í Canada rúmlega 1410 þúsund miliónir dollars. — Skuldir járnbrautafélaganna 30. júní sl. voru taldar að meðaltali $52,361 á hverja mílu. — Inntektir járbrautanna í Canada voru á árinu nálega 174 miliónir dollara, en útgjöldin 120½ milión doll. Hreinn ágóði þess vegna 53½ milión doll., eða rúmlega milión dollara á hverri viku að jafnaði.— Allar inntektirnar urðu á hverja brautarmílu $7,034 og gróðinn $2,166 á hverja mílu að jafnaði. — Inntektahlutföllin urðu þannig, að fyrir farþegaflutning komu 46 og fyrir vöruflutning 117½ milión dollars.

— Gamli Carnegie hefir gefið 10 miliónir dollara til að mynda það sem hann nefnir friðarsjóð. Peningunum eða vöxtunum af þeim á að verja til þess að starfa að því, að koma framvegis í veg fyrir stríð milli þjóða. Gjöf þessi mælist vel fyrir, og talið að hún muni í mörgum tilfellum geta haft þann árangur, sem gefandinn ætlast til.

— Það kviknaði í gasi í kolanáma í Virginiu þann 14. þ.m.. Í námanum voru þá 13 menn, 11 létust strax, en tveir náðust lifandi og dó annar þeirra skömmu síðar. — Svipað tilfelli varð í sama náma fyrir 3 árum, og dóu þá 6 menn þar.

— Dr. Saunders, formaður canadisku fyrirmyndarbúanna, segir að í Canada ríki séu 636 miliónir ekra af ræktanlegu landi, og að enn sé ekki nema tíundi hluti þess undir ræktun. Í Fritish Columbia segir hann vera 36 miliónir ekra af ræktanlegu landi.

— Alberti, fyrrum dómsmálaráðgjafi Dana, var þann 16. þ.m. dæmdur í 8 ára fangelsi fyrir fjárpretti þá, sem hann varð uppvís að árið 1908. Áður hafði hann um 14 ára skeið verið einn af helztu stjórnmálamönnum Dana, og fyrir fáum árum var hann Íslands ráðgjafi.

— Lagfrumvarp er nú fyrir Ottawa þinginu, sem ákveður, að kosningadagar við almennar ríkiskosningar skuli vera almennur hvíldardagur (Holiday) í öllu Canada ríki. Ennfremur, að kjörstaðir í öllum borgum og löggiltum bæjum og kauptúnum skuli vera opnir frá kl. 6 að morgni til kl. 8 að kveldi, og úti í sveitum frá kl. 9 að morgni til kl. 5 síðdegis.

— Mælt er, að Komura greifi, utanríkisráðherra Japans, muni bráðlega segja af sér embætti, og svo látið heita, að það sé af heilsulasleik, en aðalástæðan er sú, að hann er ósáttur við hina ráðgjafana út af tollmálastefnu þeirra. Nokkur hluti ráðgjafanna vill gefa Bretum sérstaka tolla-ívilnun, en sumir eru áví andvígir. Komura er einn þeirra og í minnahluta í ráða neytinu eins og stendur. Hann segir enga ástæðu til, að gera Bretum hærra undir höfði en öðrum þjóðum, þó þeir séu í bandalagi við Japana til sóknar og varnar. En hinir halda fram því, að Bretar hefðu aldrei gengið í bandalagið, nema með þeim skilningi, að þeir fengju sérstök verzlunarhlynnindi þar eystra.

— Stormar og stórsjóar, þeir mestu, sem komið hafa um mörg ár, hafa borið strendur NewBrunswick undanfarna daga. Svo hefir ógangur sjávarins verið mikill, að heilar rastir af allskyns fiskum hafa hlaðist í fjöruborðið á löngum svæðum meðfram norðurströnd fylkisins. Þúsundir krabba hafa rekið og talsvert af öðrum fisktegundum, sérstaklega svonefndum "rock-eels", og segja íbúarnir þar, að meira hafi rekið af þeim fiski en vanalega veiðist þar yfir heila haust og vetrarvertíð.

— George V. Yeandle í NewYork var í sl. viku dæmdur í 5 ára fangelsi, eða alt að 8½ ári eftir ástæðum, fyrir það að hann heimtaði mútur. Hann var einn af 12 kviðdómendum, sem áttu að ákveða um sekt eða sýknu manns, sem var undir ákæru fyrir morð. Yeandle fór til vina fangans og bauð sýknu-atkvæði sitt í málinu fyrir peninga, annars kvaðst hann verða móti fanganum. Yeandle er 50 ára gamall. Dómarinn fór hörðum orðum um glæp þennan, þegar hann birti dóm sinn.

— Mjólkursali einn í New York var í fyrri viku skotinn til bana fyrir að neita að borga þúsund dollara, sem Svarthandarfélagið hafði heimtað af honum undir líflátshótun. Áður en hann andaðist, sagði hann nafn þess, er sig hefði skotið, en það var margra ára vinur hans, sem engann grunaði að væri í þessu félagi.

— Senator Cullom bar fram í Washington þinginu þann 13 þ.m. frumvarp til laga um að verja 2 miliónum dollara af ríkisfé til þess að reisa Abraham Lincoln minnisvarða í Washington borg.

— Áætluð útgjöld Bandaríkjastjórnarinnar fyrir fjárhagsárið 1911—1912 eru samkvæmt ávarpi forsetans 687½ miliónir dollars. Af þeirri upphæð eru rúmlega 236 miliónir ætlaðar til hernaðarþarfa, að frátöknum byggingum og hafnbótum, sem gera þarf í sambandi við sjóherinn, og sem áætlað er að kosti þjóðina rúmlega 41 milión dollars. Tal akuryrkjumála verður varið tæpum 20 miljónum dollars.

— Íbúatala Berlínar borgar á Þýzkalandi er nú orðin 2,180,000, hefir aukist um 7 prósent á sl. 5 árum. Að öllum umhverfum meðtöldum er íbúatalan orðin 3 miliónir manna.

— Nokkrir menn háðu nýlega 6 sólarhringa kapphjólreiðar í New York borg. Þeir enduðu kappreiðarnar þann 10. þ. m. Sá, sem lengst komst, fór 2542 mílur, en sá næsti varð að eins 3 fetum á eftir. Fyrstu og öðrum verðlaunum var skift með þeim, og fékk þá hvor þeirra 800 dollara í hlut.

— Fregn frá Jerúsalem, dags. 9 þ. m., segir að flokkur af Syriumönnum hafi ráðist á tyrkneska setuliðið í Kerak héraðinu og strá drepið það, ásamt eitt hundrað kristnum mönnum búsettum þar í héraðinu. Þetta var gert í hefndarskyni fyrir það, að einn af höfðingjum Syríumanna hafði verið líflátinn. Óaldarflokkur þessi, sem hefir gert herliði Tyrkja mikið ónæði í sl. 18 mánuði, hefir nú herbúðirnar í sínu valdi og lætur óáreitt. Engum kristnum manni er lífvænt meinstaðar þar í nágrenninu.

— Lovísa prinsessa í Belgíu hefir gert kröfu til dómstólanna að dæma sér 8 miliónir dollara af fé því, sem faðir hennar, Leópold Belgíu konungur, lét eftir sig. — Belgíu stjórnin heimtar einnig fé af þeirri ástæðu, að konungur hafi grætt það á verzlun í Afríku, sem heyri undir Belgíu, og að þess vegna sé það ríkiseign. — Prinsessan hefir og stefnt ýmsu af hirðfólki hins látna konungs, til þess að skýra frá, hvað verið hafi í þeim kistum, sem leyni-kona konungsins tók í sína umsjá að honum látnum. Prinsessan heldur því fram, að kistur þessar hafi verið fullar af verðbréfum og ýmsu öðru fémæti, sem leyni-konunni ekki beri að halda fyrir sér.

— Franskur loftsiglingamaður að nafni Logagneus flaug þann 9. þ.m. 10,499 fet í loft upp í bænum Pan þar í landi, og er það hærra flug en aðrir hafa áður gert.

— Blaðið Montreal Witness endaði hálfrar aldar tilveru sína þann 10. þ.m. Margar heillaóskir voru þá í blaðinu frá helztu mönnum þessa lands og ýmsum utanlands. Sömuleiðis hlýlegar blaðagreinar úr ýmsum áttum. — Montreal Witness er eitt af stórblöðum landsins, og áhrifamestu sérkenni þess eru, að flytja eingöngu þær kenningar, sem útgefendur þess telja réttastar, og að fjalla um þau mál, sem miða til að lypta lesendunum á hærra svið þekkingar og umhugsunar.

— Walter A. Hall, bankaþjónn í New York borg, strauk þaðan eftir að hafa fært sér til eigin nota $44,600 af fé bankans. Í útlegðinni frétti hann, að kona hans hafði alið barn. En svo mjög langaði hann til að sjá barn sitt, að hann fór beint heim til sín og síðan á lögreglustöðvarnar, og gaf sig í hennar hendur, og afhenti lögreglunni 15 þús. dollara, sem hann átti óeydda af bankans fé. Mælt að bankastjórnin muni hlífa honum það sem hún getur.

— Slagur varð í Calcutta þann 9. þ.m. Svo stóð á, að Móhametstrúarmenn voru að halda trúarbragðalega hátíð og fórnuðu kúm við þá athöfn, eins og vandi var til. Hindúar sem voru í borginni, andmæltu þessari kúafórn, og við það ruddust hinir. Deilan jókst orð af orði, þar til hrókunum lenti saman í blóðugan bardaga, og voru nokkrir drepnir af hvorumtveggja. Að síðustu var herdeild tilkvödd til að koma á friði. En þá sameinuðu óvinirnir sig móti hermönnunum, og létu ekki undan þeim fyrr en eftir nokkrar atrennur, að svo margir voru fallnir, að þeir, sem eftir stóðu, sáu sitt óvænna og flýðu.

— Námaslys varð í Bellevue námanum þann 9. þ.m. Fjörutíu og fimm námamenn luktust þar inni, 18 af þeim náðust lifandi, en 20 voru dregnir þaðan dauðir. Vonað er, að hinir 7, eða að minsta kosti 4 þeirra, kunni síðar að nást lifandi.

— Félag hefir verið myndað í Toronto með 10 milión dollara höfuðstól til þess að starfa að afleiðslu með vatni og rafi hvervetna í Canada ríki, en einkanlega þó í Vestur-Canada, eftir því er séð verður. Ekki er enn vitanlegt um alla þá, er félagið mynda, en talið líklegt, að öll privat afleiðslu félög landsins séu í þessu nýja félagi, sem í raun réttri sé samsteypa eða einokunarfélag.

— George Smith, einn af þeim fáu eftirlifandi Englendingum úr flokki þeirra, er börðust í Balaklava bardaganum mikla, og sem var í 600 manna deild þeirri, sem skipað var að gera áhlaup á 10 þúsund manna deild Rússa, — er nú orðinn 84. ára gamall, og svo allslaus, að hann hefir orðið að leita styrks af því opinbera í Oakland bæ í California, þar sem hann hefir búið um margra ára tíma. Hann á eina dóttur barna, sem ekki megnar að vinna fyrir þeim báðum. Nú hefir gamla hetjan beðið um styrk til þess að komast til Englands með dóttur sína, í því skyni, að biðja stjórnina þar að veita sér ellistyrk, sem laun fyrir þær orustur, sem hann háði fyrir ættjörð sína á sínum beztu manndómsárum. Þessi maður barðist einnig í indversku uppreistinni, og þáði fyrir það heiðursmerki af Victoriu drotningu, og að auki 100 dollara peningagjöf frá henni sjálfri. Eftir það flutti hann til Ameríku og hefir dvalið hér síðan.

— Robert E. Davie, hlutabréfasali í Boston, strauk þaðan fyrir rúmri viku með hálfa milión dollara virði af annara fé, að sagt er. Hann fór fyrst til Mexico, en skrifaði þaðan, að hann ætlaði til Alaska. Lögreglan vill hafa hendur í hári hans, og hygst að leita hans vandlega í Vestur-Canada, því þar, en ekki í Alaska, er talið víst að hann felist.

— Riddaralið norðvesturlandsins hefir fengið skipan um, að finna Friðrik Kristjánsson, frá Akurevri, sem ætlað er að flutt hafi til Vestur-Canada.

— Manntali í Bandaríkjunum, sem byrjaði 15. april sl., er nú lokið. Þetta er 13. manntalið, sem þar hefir tekið verið, og nær yfir öll Bandaríkin, að meðtöldu Alaska, Havaii og Porto Rico eyjum, og sýnir íbúatöluna að vera 93,482,151. Ef Filips eyjar væru meðtaldar, þá er þegnatalan 101 miliónir og 100 þúsundir. Á sl. 10 árum hefir fólki í Bandaríkjunum fjölgað um rúmar 16 miliónir. Á Filips eyjum er talið að séu nú 7,634,426 manns.

— Svo má segja, að nú séu kosningarnar á Bretlandi um garð gengnar, og að hlutföllin milli stjórnarinnar og andstæðinga hennar séu nákvæmlega eins og þau voru fyrir kosningarnar. Liberalstjórnin hefir því unnið þrennar kosningar á sl. 5 árum. Enginn efi leikur á því, að vald lávarðadeildarinnar verður takmarkað með lögum, svo að hún nái ekki að skerða áhrif hinna þjóðkjörnu þingfulltrúa þjóðarinnar. Það er og talið víst, að Írlandi verði veitt sjálfsforræði eða heimastjórn þó ennþá sé ekki ákveðið, hve fullkomið það sjálfsforræði verður.

— Þrettán þumlunga snjófall varð hjá Niagara þann 7. þ. m., á minna en tveimur klukkustundum. Svo mikill stormur fylgdi snjókomunni, að tré rifust upp með rótum, talsímar sliknuðu og umferð stöðvaðist.

Vinanna skilnaður viðkvæm stund.

OGILVIE'S
Royal Household Flour
Til Brauð og Köku Gerðar
Gefur Ævinlega Fullnœging
EINA MYLLAN Í WINNIPEG,—LÁTIÐ HEIMAIÐNAÐ SITJA FYRIR VIÐSKIFTUM YÐAR.

Minningarljóð

um aftöku

Jóns biskups Arasonar

og sona hans

í Skálholti 7. dag nóvember 1550.

Loftið eins og gröfin girti
grýttan móa, sveitir lands.
Engin fjandmanns ögrun styrkti,
ekkert vinartillit manns.
Þar var hægra um hönd að beygja
höfuð sitt en missa það.
En þeir gengu út að deyja
allir þrír af Skálholtsstað.

Þótt á lotnum liðum væri
Luthers þrælum sigur vís,
hann gat reynt hvor hærra bæri
höfuð sitt í Paradís.
Og þótt brái blóð á grönum,
betra er það en flýja vörð,
eða snikja út úr Dönum
óðul sín og móðurjörð.

Rísið örugt, austurglæður,
yfir mó og nái þrjá,
hér er einskis örvænt, bræður —
íslenzk móðir fæddi þá.
Þó má allar vættir villa,
vilji Jóns og Ara þjóð
hæða, níða, hata og — fylla
hópinn þann sem kring um stóð.

Fá ei synir svona góðir
svein í ró hjá hverri þjóð?
Fékkstu lítið legkaup, móðir,
lífin þeirra og hjartablóð?
Er ekki orðið litlu að lúka:
lofstír vorum úti um heim,
bresti dirfsku og dug að strjúka
danskan saur af nöfnum þeim?

Merki vort að verki og óði
var þér fengið, móðurgrund,
hvegið hreint í þeirra blóði
þessa köldu morgunstund.
Mundu úr hverjum hrammi að slíta
hvern sem þetta merki ber,
annars brestur eyjan hvíta,
Íslands son, úr hendi þér.

Þ. E.

— Bardagi mikill varð fyrir skömmu í franska héraðinu í Vestur-Afríku. Fimm þúsundir manna þar undir forustu þriggja þarlendra þjóðhöfðingja réðust á 300 manna franska hersveit, sem hafði tekið sér aðsetur í einni af höfuðborgum héraðsins. Bardaginn var hinn harðasti. Tveir af þjóðhöfðingjunum féllu, þriðji særðist og 600 fylgdarmanna þeirra lágu eftir dauðir á vígvellinum. Um 30 voru drepnir af Frökkum og rúmt 100 eræðir. Franska stjórnin hefir þegar sent þangað deild hermanna, en hún verður 6 vikur að komast áleiðis til hjálpar löndum sínum í Vestur-Afríku.

Jólatréssamkoma.

Únitara söfnuðurinn heldur jólatréssamkomu sína á aðfangadagskveldið, eins og að undanförnu. — Fólk er beðið um, að koma með jólagjafirnar, sem eiga að útbýtast þar, í tíma á laugardaginn.

Sunnudagaskóla börnin syngja nokkra söngva og lesa kvæði og valda kafla í óbundnu máli.

Allir safnaðarmeðlimir, sem mögulega geta, ættu að vera viðstaddir.

Afmælishátið.

Tuttugasta og þriðja afmælishátið stúkunnar Heklu, nr. 33, af A. R. G. T., verður haldin í Goodtemplarahúsinu föstudagskveldið 30. þ.m. Allir íslenzkir Goodtemplarar eru boðnir og velkomnir. Forstöðunefndin vonar, að sem flestir komi.

Skemtiskráin verður auglýst í næsta blaði.

WALL PLASTER

"Empire" VEGGJA PLASTUR kostar ef til vill ögn meira en hinar verri tegundir, —en berið saman afleiðingarnar.

Vér búum til:

"Empire" Wood Fibre Plaster
"Empire" Cement Wall "
"Empire" Finish "
"Gold Dust" Finish "
"Gilt Edge" Plaster of Paris
og allar Gypsum vörutegundir. —

Eigum vér að senda yður bækling vorn?

BÚIÐ TIL EINUNGIS HJÁ
MANITOBA GYPSUM CO. LTD
SKRIFSTOFUR OG MILLUR Í
Winnipeg, - Man.

SKÍRNIR.

Orkunýting og menning.

Eftir Guðm. Finnbogason.

(Niðurlag).

Hér skal ekki saga þessi rakin lengur, heldur skal ég nú reyna að skýra í stuttu máli frá því, hvernig reynt hefir verið á síðustu árum, að beita því sem menn vita um orkuna og lögin sem hún hlýðir, til þess að bregða ljósi yfir menningarsöguna, skilja betur en fyr viðskifti mannsins við náttúruna, og finna eins konar mælikvarða fyrir hvers konar framför í menningu.

Ágætur þýzkur vísindamaður, Wilhelm Ostwald, sem síðar fékk Nobels-verðlaun fyrir uppgötvanir sínar í efnafræði, hefir í ýmsum ritum sínum unnið að þessu, sérstaklega í bók, sem kom út í fyrra og á íslenzku mætti nefna "Orkunýting og menning" (Energetische Grundlagen der Kulturwissenschaft. Leipzig 1909). Auðvitað er hér ekki ráðrúm til að skýra nákvæmlega frá skoðunum hans, en aðalskoðunarháttinn skal ég reyna að gefa lesendum Skírnis hugmynd um og skýra hann með nokkrum dæmum.

Mannkynið er eins og ungur auðugur erfingi, sem lifir á vöxtum af geysimiklu stofnfé, en stofnféð er orka sólarinnar. Að eins örlítill hluti þessara vaxta kemur til jarðarinnar, sem sé að eins sá hluti, er svarar til þess bletts, er jörðin séð frá sólu sýnist þekja af himinhvolfinu. Og af þessum litla hluta færa mennirnir sér að eins hverfandi brot í nyt. Afgangurinn safnast ekki í sjóð, heldur verður að hita, sem dreifist meir og meir, geislar út í geiminn og verður aldrei framar að notum, svo menn viti.

En hvað er menning?

Ostwald svarar því svo, að menning sé alt það, sem miðar að fullkomnun mannlífsins. Og þar sem nú mannlífið eins og alt líf er fólgið í hagnýting óþoundinnar orku, þá verður það mælikvarði menningarinnar, hve miklu af þeirri orku, sem náttúran býður fram, er varið mannlífinu til gagns og góða. Það er einkenni allra framfara í menningu, að notagildi orkunnar vex.

Ef vér berum manninn saman við dýrin, þá kemur munurinn greinilega fram í því, að hann, sem í upphafi réð ekki fremur en dýrin vfilr annari orku en þeirri, sem fólgin var í líkama sjálfs hans, hefir smám saman tekið hvers konar aðra orku í þjónustu sína, og hagnýtt sér hana betur og betur. Það er aðalmark hans. Það hefir gert hann að drotni jarðarinnar.

Dýrin neyta ekki að neinu ráði annarar orku en líkamsorku sinnar. Á aldanna rás hafa líkamir dýranna samið sig að æfikjörunum, myndað þau líffæri, er hæfðu umhverfinu, sem þau lifðu í. Ef umhverfið breyttist, urðu lifnaðarhættir og líffæri að breytast í samræmi við það. Að öðrum kosti var ekki lífvænt.

Maðurinn hefir farið öðruvísi að. Hann hefir ekki lagað líkama sinn eftir því, sem umhverfið breyttist, hann hefir smíðið það eftir þörfum sínum.

Dýrin eiga ekki önnur verkfæri en þau, sem líkami þeirra er útbúinn, svo sem tennur og klær. Þau verkfæri eru að vísu hæf til að vinna það, sem þeim er ætlað, en til annara starfa duga þau ekki. Maðurinn einn hefir fundið upp á því, að gera sér laus verkfæri. Hendin er honum áhald allra áhalda, og hann getur því valið og smíðið verkfærin, eftir því, sem við á í hvert skiftið. Og af því verkfærin eru laus við líkamann, þá eru þau ekki úr sögunni þó hann devi. Erfiðið, sem gekk til að smíða þau, fer ekki forgörðum.

Það var menningar vísir, þegar einn af forfeðrum mannkynsins uppgötvaði það, að hann gat fært út verkanasvið orku sinnar, með því að taka sér trjágrein í hönd, og menningarauki var það, er annar fann, að hann gat látið orku sína verka marga faðma frá sér, með því að kasta steini, og enn var það framför í menningu, er menn lærðu að mynda odd og egg og beita þeim. Og svo er um hvert verkfæri og hverja vél. Menningarsagan er frá þessu sjónarmiði annars vegar sagan um frambróun verkfæra og véla, og hins vegar um það, hvernig ný og ný orka var tekin í þjónustu mannanna, og nýjar vélar og verkfæri gerð til að hagnýta sér hana. En öll framför í verkfæragerð og vélasmíð er í því fólgin, að auka notagildi orkunnar, sem beitt er. Hver hnífur er því betri, því minni orku, sem þarf til að skera með honum það sem skera á. Hver hjólhestur því betri, því meira sem notast til að skila honum áfram af orku þeirri, sem neytt er til að stiga hann, og því minna, sem þarf til að vinna eug á núningsfyrirstöðu. —

Lítum á félagslífið. Það er að vísu ein af stoðum allrar menningar, þó það sé ekki eina stoðin; enda á það sér líka stað hjá dýrum. En einkenni félagslífs er samvinna að sameiginlegu markmiði. Notagildi orkunnar vex með félaga lífinu, fyrst og fremst fyrir þá sök að þar má koma reglubundnu skipulagi á notkun orkunnar. Og allir vita, að orkan kemur að betri notum þar sem röð og regla drotnar, heldur en þar sem hver þvælist fyrir öðrum og alt fer í handaskolum. Á hinn bóginn verður að líta svo á, sem félagslífið sé að sama skapi gott sem notagildi orkunnar vex með því.

Félagslífinu fylgir verkaskifting. Hún á sér raunar víðar stað en þar, því hana má sjá í líkömum allra lífvera, nema þeirra er lægst standa. Lífverurnar eru bygðar af mörgum lífærum, er hvert hefir sitt verk að vinna, en öll vinna þau saman í þarfir lífverunnar, að vexti hennar og viðgangi. En hvort heldur er verkaskifting meðal líffæra lifandi líkama, eða meðal sjálfstæðra einstaklinga, er saman lifa í félagsskap, þá er tilgangur hennar og ávinningur: betri hagnýting orkunnar í þarfir heildarinnar.

Að notagildið vex með verkaskiftingu kemur af því, að "það verður hverjum að list, sem hann leikur". Lítum t. d. á mann, sem er að læra á skautum. Hann neytir allrar orku til að komast áfram og baðar út höndunum til að halda jafnvæginu, og gerir ótal aðrar óþarfahreyfingar. Þess vegna lýst hann brátt. Við æfinguna hverfa þessar óþörfu hreyfingar, og með þeim erfiðið, sem þær kost uðu. Orkan gengur til þeirra hreyfinga einna, er að haldi koma, og því leiknari, sem skautamaðurinn verður, því minni orku þarf hann að neyta, og því betur nær hann tilganginum. Svona er með allar íþróttir og allar iðnir. Fremjandinn verður því fljótvirkari og hagvirkari, sem hann leggur meiri stund á það, sem hann fæst við. Notagildi orku hans vex.

En mennirnir eru misjöfnum hæfileikum búnir. Einn er hneigðari til þessa starfs, annar til hins. Fái hver að helga orku sína því, sem bezt hæfir lund hans og lægni, og öðlist þannig æfinguna einmitt í því, þá er auðsætt, að notagildi orkunnar verður mest. Og varla yrði því með rökum neitað, að mannfélag stæði þá hæst, er hver meðlimur þess væri á réttri hillu.

Verkaskifting getur nú hins vegar því að eins átt sér stað, að samvinna sé og viðskifti meðal einstaklinganna, því verkaskiftingu fylgir einhæfni. Því meiri tíma og orku, sem varið er til að verða leikinn í einhverju einu, því minna vinst til annars, og hver vera er því ver sett, sem hún er einhæfari, ef hún fær ekki að neyta þeirrar leikni sem hún á. Þess vegna verða með vaxandi verkaskiftingu að koma æ auðveldari sambönd meðal einstaklinganna, svo að hver geti komið því, sem hann hefir til brunns að bera, þangað, sem hann fær það bezt endurgoldið.

Mennirnir hafa því skapað sér mörg verkfæri og vélar, til þess að greiða fyrir sambandi og viðskiftum sín á milli. Hið helzta þeirra er málið, því án þess, í einhverri mynd, er öll samvinna og öll viðskifti ófær. Saga biblíunnar um Babelsturnsmiðina sýnir ógleymanlega, hvernig málið er máttarstoð allrar samvinnu manna, og hversu kraftarnir tvístrast, er tungumálið villist. Málið er verkfæri til að láta hugsanir sínar, tilfinningar og vilja í ljósi, og er því fullkomnara, sem minni orku þarf að beita til að ná þessum tilgangi. Mælikvarðinn er hér enn notagildi orkunnar. Fyrsta krafan er því sú, að málið sé ótvírætt, því allur miskilningur veldur vafningum og erfiði, þar næst að orðin séu auðsöð og auðskilin. Stutt orð eru því að öðru jöfnu betri en löng. Og sama gildir um málsgreinar. Hvki einhverjum sem enn ætti að gera krófu um fegurð máleins, þá gæti hann að, hvort hún kemur ekki eins og náðargjöf, ef fyrstu boðorðunum er hlýtt.

Nú er málið ekki að eins talað, heldur og ritað. En letur er alt því betra, sem það er skýrara fyrir augað, og hagra fyrir hendina. Og fullkomnust stafsetning væri sú, er samræmust væri réttum framburði, og veit hver kennari hvílíkri orkueyðslu hún veldur, að framburður og stafsetning fara svo oft sína leið hvort.

Málið er ekki að eins flutningsfæri hugsananna, heldur og geymslufæri þeirra. Það skilar þeim yfir aldabilin, jafnt og yfir höf og lönd. Aldrei hafa orð verið viðfleygari en nú, er heimspóstsambandið, simar og loftskeytastöðvar greiða þeim götu hvert um heim er gill.

En hér er nú sá annmarki á, að tungan er ekki ein, heldur margar. Greining tungnanna er þröskuldur á viðskiftavegi þjóðanna, og ódæma orku er varið til að komast yfir hann.

Ostwald telur því mikla nauðsyn á, að mynda alþjóðamál, til að greiða viðskiftin meðal þjóðanna, og hann var einn af þeim vísindamönnum ýmissa þjóða, er fyrir skömmu sátu í nefnd til þess að ihuga þær breytingar, er gera þyrfti á Esperanto, svo að það næði sem bezt tilgangi sínum. Hann hefir mikla trú á framgangi þessa máleínis, og telur alþjóðamál ekki að eins fyrir þá sök nauðsynleert, að á þann hátt gæti hver sem það kynni átt aðgang að öllu því, er markvert væri í vísindum, heldur og vegna þess, að öll mál eru meira og minna ófullkomin, sem von er til, þar sem þau eru orðin til á ýmsum tímum, er andlegur þroski og þekking var manni en nú. Með því að skapa sér nýtt mál, laust við gallana, sem loða við þau mál, sem nú eru notuð, fengi mannsandinn betra verkfæri að vinna með. Jafnframt mundi vinnan að þessari smíð leiða til þess, að rannsökuð yrðu betur en fyr öll hugtök og sambönd þeirra sín á milli, og þannig kæmist betri regla og skipulag á hugsanaforða mannkynsins, en það mundi valda miklum framförum í vísindum. —

Athugum nú snöggvast framfarir í verzlun, því allir munu telja þær menningarframför.

Fæst af því, sem mennirnir burfa sér til lífsviðurhalds og nautnar, réttir náttúran þeim í þeirri mynd, er þeir óska og þarfnast. Þeir verða því að ummynda það, sem náttúran býður fram, unz það hæfir þörfum þeirra. Þess vegna fer framleiðsluverð hvers hlutar, annars vegar eftir efninu í honum, og hins vegar eftir því, hverju varð til að kosta til þess að gera hlutinn úr efninu og koma honum þangað, sem hans þarf, en það verður æ minna með vaxandi menningu.

Þó framleiðsluverð tveggja hluta sé hið sama, þá hafa menn oft mismunandi mætur á þeim. Af því kemur verzlun. Eigi tveir menn sinn hlutinn hvor, og þyki hvorum hins hlutur mætari en sinn, geta þeir skift og orðið ánægðari eftir en áður. Og séu báðir jafnánægðir með skiftin, verður ekki á betra kosið.

Til þess að skifta hlutunum á þennan hátt, verður að hittast og hafa til hlutina samtímis. En oft eru erfiðleikar á hvorutveggja. Til þess að draga úr þeim, spara sér orkuna sem mest, hafa fundist góð ráð. Meðal annara markaður og peningar.

Markaður er staður, þar sem koma saman á tilteknum tíma þeir, er viðskifti vilja eiga. Því fleiri, sem koma til slíkrar kaupstefnu, því meiri eru líkurnar, að þeir hittist, sem bezt eiga kaup saman.

Orkusparnaðinn, sem markaðurinn veldur, má mæla í vegalengdum. Vilji t. d. 10 menn eiga kaup saman, þá yrði hver þeirra að fara til 9 annara og fá heimsókn af þeim, til þess að ekkert færi væri ónotað, það er samtals 90 leiðir. Fari þeir allir til markaðs, verða leiðirnar 10.

Þegar tveir menn skiftast vörum á, þá er í rauninni hvor um sig bæði kaupandi og seljandi gagnvart hinum, því hvor þeirra afhendir hinum hlut og tekur af honum annan hlut jafngildan fyrir. Nú ber það við, að þótt einn vilji selja og annar kaupa, þá hefir ekki kaupandi einmitt þann hlut, er seljandi vill kaupa, heldur annan, sem aðrir mundu vilja kaupa. Kaupandi yrði því að skifta sínsinum hlut gegn öðrum, svo oft sem þyrfti, þangað til hann fengi í hendur einmitt þann hlutinn, sem hinn vill kaupa.

Úr slíkum vafningum greiða peningarnir. Peningar eru hlutir, sem seljendur annara hluta vilja kaupa, ef ekki sjálfra þeirra vegna, þá vegna þess að fyrir þá má fá hvern þann hlut, er á mark að er settur. En sá, sem fyrir það sem hann selur fær hlut, sem hann getur keypt sér fyrir þann hlutinn er hann vill, kemst auðvitað að jafn góðum kaupum og þó hann skifti hlutunum beint.

Nú eru peningar svo gerðir, að þeir eru auðgeymdir og auðfluttir, og svo deilanlegir, að finna má í þeim jafngildi hvers hlutar, sem selja á eða kaupa. Þeir eru því verðmælir alls, sem gengur kaupum og sölum, og er að því sami hægðarauki og að kvarðanum, er bera þarf saman stærð hluta, eða voginni, er vita þarf þyngd þeirra.

Sennt yrði að telja allan orkusparnað, er peningar valda. Sá, sem á peninga, getur keypt hvern hlut á þeim stað, sem hann fæst beztur og ódýrastur, og á þeim tíma, sem bezt hentar. Hann þarf ekki að flytja þungavöru langan veg, til að borga með henni það sem hann kaupir. Hann greiðir andvirðið í peningum, og þeir eru auðfluttir. Þá hluti, sem hann þarfnast ekki í bráð, getur hann frestað að kaupa þangað til þörfin kallar, en það er sparnaður, því flestir hlutir rýrna all-mjög og skemmast við geymslu, nema því meir sé til geymslunnar kostað. En peningar geymast vel.

Peningar eru því hið ágætasta verkfæri til að greiða viðskifti og þar með samvinnu manna um heim allan, og stuðla að því, að hver hlutur komist þangað, sem hann kemur að beztu haldi.

Eins og flest það, er nöfnum tjáir að nefna, má fá fyrir peninga, eins má fá peninga fyrir það aftur. Og af því sá, sem peninga hefir og með þá kann að fara, getur sparað sér orku, eins og áður er sýnt, þá stendur hann því betur að vígi gagnvart öðrum, sem hafa minni peningaráð. Af því leiðir aftur, að peningar safnast helzt á þær hendur, sem mest hafa fyrir af þeim, og þar með valdið, sem þeim fylgir. Saga síðustu tíma sýnir, hvern ig einstakir miljónamæringar geta orðið ofjarlar ríkisvaldsins, og þannig hættulegir þjóðfélaginu, er þeir eru misindismenn. Ostwald telur því nauðsyn á, að ríkisvaldið setji með einhverjum hætti skorður við því, að svo mikill auður safnist í hendur einstakra manna, að þeir geti orðið ríkisvaldinu hættulegir, alveg eins og ekkert ríki þolir einstökum mönnum að halda her og nota í þjónustu sjálfra sín. Ríkisvaldið verður sjálft að tryggja sér yfirráð þeirrar orku, er í slíku auðsafni býr, og til þess hefir það rétt, því hún hefir fengið þroska sinn í skjóli þess. —

Allir munu telja það framför í menningu, er lögskipulag og dómstólar koma í stað hnefaréttar einstakra manna. En að hverju miðar lögskipulag og dómstólar? Að því að jafna ágreining meðal einstaklinga og koma á samræmi milli hagsmuna einstaklinganna og þjóðfélagsheildarinnar, stuðla að því, að hver og einn fái óáreittur að neyta orku sinnar á þann hátt, sem öðrum er meinalaus. Þar sem slíkt skipulag er ekki komið á, verður jafnvægi einstaklinganna löngum óstöðugt. Sá, sem verður fyrir ágangi af öðrum, gerir þá meira á hluta hans aftur en nemur þeim skaða, er hann varð fyrir. Þar með er hinum óréttur gjör. Hann hefnir sín enn greipilegar, og svona gengur koll af kolli, unz annarhvor og þeir, sem honum fylgja eru yfirbugaðir. En því meiri orku, sem neyta þarf til sóknar og varnar, því minna verður afgangs til annars. Allur fjandskapur er orku-spillir.

Með því að hlíta lögum og láta óvilhallan dómstól dæma um málið, má spara sér orkuna, sem gengi til baráttunnar. Sá, sem tjón hefir beðið af annars völdum, fær sér þá dæmdar skaðabætur, og þar með er hin fyrsta undirrót fjandskaparins úr sögunni. En auðvitað verða dómstólarnir að hafa vald að bakhjarli, sem sterkara er en hver, sem gegn því reyndi að rísa.

Til skamms tíma hefir það þótt svo sem sjálfsagt, að ágreiningur milli ríkja yrði ekki útkljáður á annan hátt en með ofbeldi. En á síðustu árum hefir margt það gerst, er sýnir, að þjóðarréttur er að myndast og koma í stað hnefaréttarins í ágreiningsmálum þjóða á milli. Það sýnir meðal annars skilnaður Noregs og Svíþjóðar, sem og hitt, hversu Bulgaría varð konungsríki og ágreiningur við Tyrkja jafnaður með fjárgjöldum. —

Loks skulum vér athuga almenn asta og merkilegasta verkfærið, sem mannkynið hefir skapað sér, en það eru vísindin. Þau eru til þess, að vér getum þekt sem nákvæmlegast og séð fyrir þá hluti alla, er oss varða, og með sem minstu erfiði. Framfarir í vísindum eru því annars vegar fólgnar í því, að auka þekkingarforðann og hins vegar í því, að gera meðferð hans auðveldari. En hvers vegna viljum vér þekkja hlutina, hvers vegna viljum vér geta séð fyrir, hvað verða muni í hvert skiftið? Það viljum vér vegna þess, að með þeim hætti getum vér hagað athöfnum vorum svo, að fullnæging óska vorra fáist með minstri áreynslu. Öll menning hvílir því fyrst og síðast á vísindum, og þau má telja hvorttveggja í senn, æðsta blóm og dýpstu rót menningarinnar.

Vísindin eru mannkyninu líkt og heilinn hverjum manni. Þau safna hverri þeirri reynslu, er að haldi má koma. Og bækurnar eru minni mannkynsins, óháðar lífi einstaklingsins, sem notar þær í hvert skiftið. Þetta minni er auðugra en svo, að nokkur einstaklingssál geti rúmað alt það, sem þar er geymt. Bókaforðinn er orðinn svo stór og fjölbreyttur, að sérstaka vísindagrein þyrfti til að átta sig á honum.

Vísindin vaxa jafnt og stöðugt. Hver fræðimaður barf að styðjast við það, sem aðrir hafa unnið í beirri grein, sem hann fæst við og leggur aftur sinn skerf til hins sameiginlega fiársjóðs. Vísindamenn kynnast og meir og meir, halda vísindafundi, þar sem saman koma synir margvíslegra þjóða, og þannig evkst samvinna þeirra um heim allan og bræðraböndin styrkjast.

Því meir, sem vísindunum fer fram, því jafnari verður framför í öllum greinum þeirra. Það er líkt og begar flóð stigur að strönd. Vatnsröndin er í fyrstu harla hlykkjótt, því hún lagar sig eftir ströndinni, sem fyrir verður, en því hærra, sem flóðið stigur, því meir hverfa nes og grundir, unz alt er undir vatni.

Það mætti styðja að framgangi vísindanna á margan hátt. Eitt væri það, að koma á fót stofnunum, er hefðu það hlutverk, að búa í hendurnar á þeim, er vilja rannsaka eitthvert sérstakt efni. Því meir, sem vísindin vaxa, því erfiðara verður að finna í fljótu bragði það, sem ritað hefir verið um hvert viðfangsefni, og oft evðist geysimikill tími í árangurslausa leit. Væru til stofnanir, er með stuttum fyrirvara gætu svarað spurningum um slík efni, þá gætu frumlegir vísindamenn varið þeim kröftum, er spöruðust á þennan hátt, til þess að nema ný lönd í útgarði vísindanna. Hitt starfið fræðslustarfið, gætu miðlungsmenn unnið.

Fremur öllu öðru væri það mikilsvert fyrir menninguna, að fá ljósan skilning á eðli þeirra manna, er nýjar brautir ryðja í visindum, og vita, hvernig með þ ætti að fara, svo að gáfur þeirra nytu sín sem bezt. Því öllum kemur saman um, að fleiri fæðist efni í mikilmenni, heldur en þau, sem fullum þroska ná.

Það hefir löngum verið deiluefni sagnfræðinga, hvort framtarir í menningu væru einstökum mikilmennum að þakka, eða hvort forustumennirnir væru að eins afrakstur "umhverfisins". En saga vísindanna sýnir oss, hvernig gerðu þá og þá uppgötvun og á hvaða stund og stað, svo enginn getur efast um, að framfarir í vísindum, æðsta blóma allrar menningar, séu einstökum mikilmennum að þakka. Þeir studdust auðvitað við það, sem fyrir var, það var grund völlurinn; hefði hann verið annar, mundu beir hafa afrekað annað. Afreksverkið sjálft verður að rekja til skapandi anda afburðamannsins.

Minnisvarðar

úr málmi, sem nefndur er "White Bronze", eru fallegustu, varanlegustu og um leið ódýrustu minnisvarðar, sem nú þekkjast. Þeir eru óbrjótanlegir, ryðga ekki og geta aldrei orðið mosavaxnir, eins og steinar; ekki heldur hefir frost nein áhrif á þá. Þeir eru bókstaflega óbilandi og miklu fegurri en hægt er að gerа minnisvarða úr steini (Marmara eða Granit). Alt letur er upphleypt, sem aldrei máist eða aflagast. Þeir eru jafn dýrir, hvort sem þeir eru óletraðir eða alsettir letri, nefnilega: alt letur, og myndir og merki, sem óskað er eftir, er sett á fritt. — Kosta frá fáeinum dollurum upp til þúsunda. Fleiri hundruð tegundir og mismunandi stærðir úr að velja.

Þessir minnisvarðar eru búnir til af THE MONUMENTAL BRONZE CO., Bridgeport, Conn. Þeir, sem vilja fá nákvæmar upplýsingar um þessa ágætu minnisvarða, skrifi til undirritaðs, sem er umboðsmaður fyrir nefnt félag

Thor. Biarnarson.
BOX 304
Pembina - - N Dak.

Bókalisti.

N. OTTENSON'S, - River Park, W'p'g.

Ljóðmæli Páls Jónssonar í bandi	(3)	85
Sama bók (að eins 2 eint.	(3)	60
Jökulrósir		15
Ísalarósir	(3)	20
Hamlet	(3)	45
Ljóðmæli Jón- Árnasonar á Vídmýri,1879	(4)	90
Tíðindi Prestafélagsins í hinu forna Hólsskifti	(2)	15
Áttungurinn	(2)	45
Grant skipstjóri	(2)	40
Börn óveðursins	(3)	45
Umhverfis jörðina á áttatíu dögum	(3)	60
Blindi maðurinn	(3)	15
Fjorhladadi smárinn	(3)	10
Kápitola (í II. Bindum)	(3)	1.25
Eggert Ólafsson (B. J.)		15
Jón Ólafssonar Ljóðmæli í skrautbandi	(3)	60
Kristinfræði	(2)	45
Kvæði Hannesar Blöndal	(2)	15
Mannkynssaga (P. M.) Obandi	(5)	85
Mestur í heimi, í b.		1.5
Presthosningin, Leikrit, eftir D.E., í b.	(3)	30
Ljóðabók M. Markússonar		50
Ritreglur (V. Á), í b.		20
Sundrog ur, í b.		15
Verði ljós		15
Vestan hafs og austan, Þrjár sögur eftir E. H., í b.		90
Víkingarnir á Hálogandi eftir H. Ibsen		25
Þorlákur helgi		15
Ofurefli, skálds. (E. H.) í b.		1.50
Ólöf í Ási	(3)	45
Smælingjar, 5 sögur (E. H.), í b.		85
Skemtisögur eftir S. J. Jóhannesson 1907		25
Kvæði eftir sama frá 1905		25
Ljóðmæli eftir sama. (Með mynd höfundarins frá 1897		25
Safn til sögu og ísl. bókmenta í b., III. bindi og það sem út er komið af því fjórða	(53c)	9.4
Íslendingasaga eftir B. Melsted I. bindi í bandi, og það sem út er komið af 2. b.	(25c)	2.85
Lýsing Íslands eftir D. Thoroddsen í b.	(16c)	1.90
Fornir forntíðarhaugar rímnaflokkar, er Finnur Jónsson safnaði, í bandi	(5c)	85
Alþingisstaðir hinn forni eftir Sig. Guðmundsson, í b.	(4c)	90
Um kristnitökuna árið 1000, eftir B. M. Ólsen	(8c)	90
Sýslumannaæfir eftir Boga Benediktson I. og II. b innbundið	(55)	8.10
Íslenzkt fornbréfasafn, 7. bindi innbundið, 3 h. af 8 b.	(1.70)	27.80
Biskupasögur, II. b. innbundið	(42c)	5.15
Landfræðissaga Íslands eftir D. Th., 4. b. innbundið	(52c)	7.75
Rithöfunda tal á Íslandi 1400—1882, eftir J. B., í bandi	(7c)	1.00
Upphaf alþjóðarríkis á Íslandi eftir K. Maurer, í b.	(7c)	1.15
Auðfræði, e. A. Öl., í bandi	(6c)	1.10
Presta og prófastatal á Íslandi 1869, í b.	(9c	1.25
B. Thorarinsson ljóðmæli, með mynd, í b.		1.50
Bókmentasaga Íslendinga eftir F.J., í b.	(12c)	1.80
Norðurlandasaga eftir P. Melsted, í b.	(8c)	1.50
Nýþýdda biblían	(35c)	2.65
Sama, í ódýru bandi	(33c)	1.60
Nýjatestamentið, í vönduðu bandi	(10c)	65
Sama, í ódýru bandi	(8c)	30

Nýkomnar bækur,

Kóralbók P. Guðjónssonar		90
Sama bók í bandi		1.10
Svartfjallasynir	(5)	60
Aldamót (Matt. Joch.)		20
Harpa	(4)	60
Ferðaminningar, í bandi	(5)	90
Bóndinn	"	35
Minningarit (Matt. Joch.)	"	35
Týndi faðirinn	"	35
Nasreddin, í bandi		35
Ljóðmæli J. Þórðarsonar	(3)	45
Ljóðmæli Gestur Pálsson	"	75
Hálfdánar rímur		30
Maximi Petrow	(2)	45
Leyni-sambandið	(2)	40
Hinn óttalegi leyndardómur	(2)	50
Sverð og bagall	(2)	30
Waldimer Nihilisti		75
Ljóðmæli M. Joch. I.-V. bd., í skrautb.	(15)	4.00
Afmælisdagar Guðm Finnbogasonar		1.00
Bréf Tómarar Sæmundsson	(4)	75
Sama bók í skrautbandi	(4)	1.15
Íslenzk-ensk orðabók, G. T. Zoega	(10)	1.80
Fornaldarsögur Norðurlanda, í 3 bindum, í vönduðu giltu bandi	(15)	4.50
Gegnum brim og boða		90
Ríkisréttindi Íslands		50
Systurnar frá Grænadal		35
Œfintýri handa börnum		30
Vísnakver Páls lögmans Vídalíns		1.25
Ljóðmæli Sig. Júl. Jóhannesson		1.00
Sögur frá Alhambra		30
Minningarrit Templara í vönduðu bandi		1.65
Sama bók, í bandi		1.50
Pétur blásturbelgur Bækur sögufélagsins Reykavík;		10
Morðbréfabæklingur		1.35
Biskupasögur, 1—6,		1.95
Aldarfarsbók Páls lögmanns Vídalín		45
Tyrkjaránið, I—IV,		2.90
Guðfræðingatal frá 1707—'97		1.10
Jón Arason		80
Skipið sekkur		60
Jóh. M. Bjarnason, Ljóðmæli		55
Maður og Kona		1 25
Fjarða mál		25
Beina mál		10
Oddur Lögmaður		95
Grettis Ljóð.		65
Andrarímur		50
Lækafrónsrímur		35
Jóhanni Black rímur		25
Reimarsrímur		35
Alaflekksrímur		25
Rímur af Gísla Súrssyni		35
Dular, Smásögur		50
Hinrik Heilráði, Saga		20
Svölda ár rímur		35
Þjóðvinafél, Almanak 1911		20
Andvari 1911		75
Œfisaga Benjamin Franklins		45

Sögusafn þjóðviljans I—II árg. 35c; III árg. 20c IV árg. 20c; V. árg. 20; VI. 45; VII. 45; VIII. árg. 55: IX. árg. 55; X. árg. 55; XI. árg. 55; XII. árg. 45; XIII árg. 45; XIV. árg. 55; XV. árg. 30: XVI. árg. 25; XVII. árg. 45; XVIII árg. 55; XIX. árg. 25.

Alt sögusafn þjóðviljan selt á	$7.00

Bækur Sögufélagsins fá áskrifendur fyrir nærri hálfvirði,—s3.80.

Umboðsmenn mínir í Selkirk eru Dalman bræður.

Þess skal getið viðvíkjandi bandinu á Fornaldarsögunum Norðurlanda, að það er mjög vandað, handbundið skrautband, vel frá gengið eins er með Bréf Tómasar Sæmundssonar.

Tölurnar í svigum tákna burðargjald, er sendist með pöntunum.

Sendið Heimskringlu til vina yðar á Íslandi

JÓN JÓNSSON, járnsmiður, að 790 Notre Dame Ave. (horni Toronto St.) gerir við alls konar katla, könnur, potta og pönnur fyrir konur, og brýnir hnífa og skerpir sagir fyrir karlmenn. — Alt vel af hendi leyst fyrir lítla borgun.

"Hún iðrast."

Eins og til stóð sýndi hið Íslenzka stúdentafélag leik þennan þann 10. og 12. þ.m., og var hann vel sóttur í bæði skiftin, þó betur hið síðara, — og virtust áhorfendurnir yfirleitt skemta sér hið bezta.

Eins og áður var um getið, er leikurinn frumsaminn, og höfundarnir eru J. P. Pálsson læknir og Jón læknisefni Stefánsson. Leikurinn fer fram á Englandi á öndverðri seytjándu öld og fjallar um hugrekki, ástir og riddaraskap.

Saga leiksins er í stuttu máli sú að greifinn yfir Straffords greifadæmi hefir verið rændur peningum og skjölum af Victor Hardy stigamanni, sem síðarmeir kemur í ljós að er systursonur greifans, en sem á unga aldri hefir lent í ræningjahöndum, og sem tekið hefir upp þann atvinnuveg, þá er honum óx fiskur um hrygg, — en sem þó var svo eðallyndur, að ræna að eins þá ríku, til að bæta úr þörfum hinna bágstöddu. — Strafford greifi unir tapi sínu illa, og endirinn verður, að Berry barún, sem ólmur vill eignast hönd og hjarta Lilly greifadóttur, býðst að fara og handsama ræningjann og er heitið greifadótturinni að launum, ef honum skyldi takast það. En ferð barúnsins verður fýluför, og hann kemur heim aftur með skot gegnum eyrað og ber sig aumlega. Þegar svo er komið, hygst Lilly greifadóttir, að sýna hugrekki sitt og kænsku og fer á fund ræningjans ásamt vinkonu sinni og telur honum trú um, að unnusti hennar sé fangi í höll greifans, og biður ræningjann hjálpar, og heitir hann henni sínu liðsinni, og að leysa unnusta hennar úr haldinu næsta mánudag. — Greifadóttirin fer heim og segir frá gjörðum sínum og fær hrós fyrir hugrekki sitt. En þegar hún heyrir, að eigi að lífláta ræningjann, ef hann náist, þá fer hún að iðrast gjörða sinna, því henni hefir litist vel á ræningjann. Verður það þá úr, að hún fer aftur á fund hans og aðvarar hann, segir honum frá svikum sínum og viðtökunum, sem honum séu ætlaðar. — Ræninginn verður hugfanginn í Lilly, eins og hún í honum, og þar sem hann grunar, að hann muni vera hinn týndi systursonur greifans, hygst hann að hafa tal af greifanum, og þegar þeir hittast, kemst það í ljós, að svo er, og stigamaðurinn eignast frænku sína, hina fögru greifadóttur.

Þetta er saga leiksins, og hafa höfundarnir komið henni fyrir í 5 þáttum og 7 atriðum, — sem teljast verður fremur sem galli; þess færri, sem þættirnir eru og lengri, þess betra, er nú alment viðurkent. — Annars voru samtölin í leiknum góð og samræmi hið bezta í öllu, og erum við þess fullvissir, að með góðum leikkröftum og nokkrum smábreytingum mætti gera hann "success".

Það er samt leitt, að höfundarnir, sem báðir eru hæfileikamenn, skuli ekki geta fundið neitt nýtilegt í leikrit í nútímanum, heldur þurfi að fara 4 aldir aftur í tímann. Næsti leikur, sem þeir semja, væri óskandi, að færi fram á vorum dögum. Við skiljum ekki í öðru, en finna mætti nægilegt efni, — ef vel væri leitað.

Hvað leikendunum viðvíkur, þá eru þeir allir gersamlega óvanir, og er því furða, hvað sumir leysa hlutverk sín vel af hendi. Sérstaklega virtist okkur Lilly greifadóttir, sem ungfrú Magnea Bergmann lék, prýðisvel af hendi leyst. Og hið sama má segja um herra Baldur Johnson, sem lék Steddson skrifara greifans. Greifinn, sem annar af höfundunum (Jón Stefánsson) lék, var góður með köflum, og eins leystu þau Miss Laura Halldórsson (sem lék vinstúlku Lillys greifadóttur) og M. S. Kelly (sem þjónn greifans) hlutverk sín, þó smá væru, vel af hendi.

Herra Hallgrímur Johnson, sem lék Tuma fífl, hélt áhorfendunum skellihlæjandi meðan hann var á leiksviðinu, en sem oft vill verða, hættir óvönum við að yfirdrífa þess konar hlutverk og var því líkt varið hér.

Victor ræningi var leikinn af Gordon Pálssyni, og mátti segja, að það hlutverk væri honum um megn. Að sönnu var hann hinn karlmannlegasti ræningi, en hann vantaði algjörlega alt fjör og lipurð, sem hlutverk hans útheimtir, og ekki mun það hafa verið, síður á seytjándu öldinni, þegar hraustur riddari festi sér ástmey sína, að hann glápti á hana sem tröll á heiðríkju, og snerti ekki við henni. Góð faðmlög hefðu verið nær lagi.

Sá, sem lék uppskafninginn, barún Berry, var heldur ekki því starfi vaxinn. Góður leikari er nauðsynlegur í það hlutverk, ef það á að njóta sín.

Hvað búningunum viðvíkur, þá voru þeir ágætir, og leiktjöldin voru prýðisvel máluð af Fred Swanson.

Í heild sinni hefir Stúdentafélagið leyst leik þennan vel af hendi, þegar tekið er tillit til alls, — og við erum þakklát bæði því og höfundum leiksins fyrir skemtunina.

Valgerður Jónsdóttir Vium.

Eins og getið var um hér í blaðinu á dögunum, andaðist að heimili sonar sins, Jóns verzlunarmanns Vium í Foam Lake, Sask., föstudagskveldið 25. nóv. ekkjan Valgerður Jónsdóttir Vium. Banamein hennar var lifrarsjúkdómur. Hún var búin að vera heilsubiluð nú í síðastliðin tvö ár, en alt síðastliðið sumar af og til rúmföst. Hún var komin á efri aldur, en hafði þó að öllu óskerta sálarkrafta fram í andlátið.

Valgerður heitin var fædd að Nesi í Geiradalshrepp í Barðastrandarsýslu árið 1847, síðla vetrar. Voru foreldrar hennar þau Jón Sigmundarson og Valgerður Guðmundsdóttir, hjón í Nesi í Geiradalshrepp. Í heimahúsum ólst Valgerður upp, þar til hún var um tvítugt, að hún giftist yfir að Valshamri í sömu sveit, Þórði syni Brynjólfs Viums og Guðrúnar Þórðardóttur skáldkonu. Höfðu þau Brynjólfur og Guðrún búið um á Valshamri, er var eignarjörð þeirra.

Tóku nú Þórður og Valgerður heitin við búi, og bjuggu þar ofan til sumarsins 1883, að þau seldu jörð sína og fluttu alfarin af landi burt, ásamt börnum sínum 4, er þá voru á lífi og öll í ómegð, og foreldrum Þórðar. Settust þau að í Íslendingabyggðinni í Norður Dakota, og dvöldu þann vetur skamt suðaustur af Vikinni (Mountain P.O.), ásamt fleiri Vestfirðingum, er þar höfðu tekið sér bólfestu. Var þangað þá fluttur fyrir skömmu frá Nýja Íslandi Jón Jónsson frá Mæri (er býr þar enn) bróðursonur Guðrúnar skáldkonu. Vorið eftir tóku þau Valgerður heitin og Þórður sig upp og fluttu á land, er þau tóku sér skamt norður af Akra. Þar andaðist Þórður heitinn árið 1886. Flutti Valgerður heitin sig þá nokkru síðar suður yfir Tungu-á, á hinar svonefndu eystri Sandhæðir. Bjó hún þar með sonum sínum um nokkur ár, eða upp að árinu 1904. Á þessum árum misti hún börn sín 2, son og dóttir.

Vorið 1904 fluttu synir hennar tveir, er eftir voru á lífi, ásamt henni vestur til Foam Lake nýlendu í Saskatchewan. Á því ferðalagi veiktist yngri bróðirinn, Guðmundur, og eftir viku legu andaðist á Almenna spítalanum hér í bænum. Af 13 börnum hennar var þá að eins eitt eftir á lífi, Jón verzlunarmaður í Foam Lake, er hún dvaldist hjá, unz hún sjálf var kölluð til hvildar, sem fyrr segir.

Jarðarför hennar fór fram frá kirkju Foam Lake bæjar miðvikudaginn 30. nóv., að viðstödd um flestum enskum og íslenzkum er heima áttu í bænum og grenndinni. Yfir henni töluðu séra Magnús J. Skaptason frá Souris í Norður Dakota og séra Rögnv. Pétursson frá Winnipeg. Flutti hinn síðarnefndi einnig nokkur minningarorð á ensku. Hún var jarðsett í grafreit Foam Lake bygðar, er stendur á öldumynduðu svæði um 3 mílur norður af bænum.

Með fráfalli Valgerðar heitinnar er gengin til moldar ein af vorum vestur-íslenzku landnámskonum, er reyna fékk í fullum mæli stríð og baráttu frumbýlingsáranna hér. En með stakri hugprýði og þreki tók hún móti öllum erfiðleikum, enda var hún gædd frábærri stillingu og jafnlyndi. Hún var föst í lund, trygg og drenglynd, skýrleikskona mikil og orðhög vel.

Blessuð sé minning hennar.

R. P.

Borgarinn í Lögbergi.

Í hinu fræga(!) aukablaði Lögbergs, sem kom út 12. þ.m., er meðal annars góðgætis greinarstúfur, sem nefnist "Rannsóknin", og á að vera árétting á grein minni með sama nafni.

"Borgarinn" er hógvær í þessari grein sinni og virðist hafa það eitt í huganum, að boða almenningi það, sem er eða var sannast og réttast í þessu máli, en vitanlega brigslar mér um rangfærslu og ósannindi.

Mér dettur ekki í hug, að fara að endurtaka það, sem ég skrifaði áður. Það var alt í samræmi við það, sem þá var framkomið í málinu, og það, sem Dr. Shearer sjálfur hafði að segja, breytti að litlu eða engu leyti gangi málsins, frá mínu sjónarmiði. Það er reynd ar satt, að hann stóð við orð sín, en játaði um leið, að hann væri með öllu gjörsamlega ókunnugur Winnipeg og siðferðisásigkomulagi borgarinnar, — hefði að eins farið eftir sögusögn skrifara "Social and Moral Reform Council" hér í bænum, herra Buchanan, og annara klerka, sem hann hafði hitt að máli dag þann, er hann dvaldi hér í Winnipeg.

Að ég hafi því á einn eða annan hátt hallað réttu máli, get ég alls ekki viðurkent. Þó ég leitaðist við að taka í lurginn á slúður- og rógberum þeim, sem virtust hafa það eitt markmið, að troða heiður borgarinnar ofan í saurinn, — og taka málstað þeirra manna, sem við vorum sannfærðir um að vildu borginni og borgarbúum alt hið bezta.

Kosningadagurinn sýndi líka ósvikið, að allir rétthugsandi menn voru á okkar máli. Kjósendurnir fleygðu öllum slúðursögunum þann dag framan í höfunda þeirra, — lýstu fullu trausti yfir borgarstjóra Evans og stefnu hans, en virtu að vettugi gauragang hinna; — alveg eins og það átti að vera.

Þó "Borgarinn" í Lögbergi sé glámskygn á ágæti manna, þá er engin ástæða fyrir almenning að vera það.

Sú röksemdafærsla hjá "Borgaranum", sem hefir við einna mest rök að styðjast, er, að fáir mundu vilja hafa húsin í nánd við sig, og eignir manna þar í grendinni hefðu stórum fallið í verði. En einhverstaðar verða vondir að vera, og einhverjir verða að liða — fyrir heill og velferð borgarinnar, enda sýndu kosningarnar það glögglega að einmitt nágrannar pútnahúsanna álitu svo einnig, og einmitt þeir fylgdu Evans að málum, svo hann fékk mikinn meirihluta í hinum tveimur kjörstöðum, sem voru í námunda við einangraða svæðið. Og sú kjördeild í heild sinni lýsti velþóknun sinni yfir stefnu borgarstjórans, en fyrirdæmdi Dr. Shearer og hans nóta, að maklegleikum, — því þeir eru án efa gáfaðir í 5. kjördeild.

Annars sé ég enga frekari ástæðu til að svara hinum heiðraða "Borgara". Allar ráðleggingar hans og heilræði komu að engu haldi í kosningunum, hvort sem var.

En áður en ég kveð "Borgarann" með öllu, skal þess getið, að G.T.J., sem hann veit ekki hver er, hefir ekki enn sem komið er gengið í heilagt hjónaband, eða orðið heimilisfaðir á annan hátt, eins og "Borgarinn" gefur í skyn að vel gæti verið.

Gunnl. Tr. Jónsson.

Íslands fréttir.

Jóns Hólabiskups Arasonar og sona hans var hátíðlega minst víðsvegar um Ísland þann 7. nóv. sl., því þann dag voru liðnar þrjár stóraldir, þ.e. 360 ár, frá lífláti þeirra feðga að Skálholti (7. nóv. 1850).

Í Reykjavík var þeirra feðga minst á ýmsa vegu, bæði með guðsþjónustu í katólsku kirkjunni í Landakoti og með sérstöku samsæti að Hotel Reykjavík, undir forustu Þórhallar biskups og annara leiðandi bæjarbúa. Þar hélt biskupinn aðalræðuna um Jón Arason og Klemens Jónsson landritari talaði fyrir minni Íslands. Einnig hélt Jón sagnfræðingur Jónsson fyrirlestur um Jón Arason í Bárubúð, Þorsteinn skáld Erlingsson orti kvæði það, er birtist á öðrum stað í þessu blaði, og átti að syngja það í samsætinu á Hotel Reykjavík, en það þótti ganga of nærri Dönum og lúterskunni og var það því ekki sungið, heldur brot úr minningarljóðum þeim, er Matthías Jochumsson orti endur fyrir löngu. — Í Hafnarfirði hélt Einar skáld Hjörleifsson fyrirlestur um Jón Arason, og á Akureyri gekst bæjarstjórnin fyrir hátíðahaldi til minningar um þá feðga.

Matthías skáld Jochumson var 75 ára þann 11. nóv. sl. Bárust skáldinu heillaóskir víðsvegar að við það tækifæri, bæði utan lands og innan.

Ingólfur, brennivínsblaðið, hefir einu sinni enn skift um ritstjóra, Andrés Björnsson látið af, en Gunnar Egilsson, cand. phil., tekið við í hans stað. — Andrés hygst nú að leggja stund á lögfræði úr þessu.

Helgi Guðmundsson, héraðslæknir í Siglufjarðarhéraði, hefir sagt af sér fyrir elli sakir.

Hafnarfjarðar kaupstaður hefir keypt verzlunarhús og allar eignir Brydes verzlunar þar í kaupstaðnum fyrir 37½ þúsund krónur, og má það teljast gjafverð, þegar tekið er tillit til þess, að eigi all-lítill hluti af húsum kaupstaðarins stóð á lóðum verzlunarinnar.

Guðfræðiskandídat Þórður Oddgeirsson, frá Vestmannaeyjum, hefir nýskeð verið vígður aðstoðarprestur séra Jóns Halldórssonar að Sauðanesi.

Guðmundur Þorsteinsson læknaskólakandídat, hefir verið settur læknir í Skagafjarðar læknishéraði sem losnaði við fráfall Sigurðar læknis Pálssonar.

"Gull" heitir ný skáldsaga eftir Einar Hjörleifsson, og er framhald af sögunni "Ofurefli". Hún kemur út seinna í vetur.

Aflabrögð fremur lítil kringum alt landið. Þó hafa reykvíksku botnvörpungarnir fengið dágóðan afla nýverið.

Þrítugan hval rak fyrir skömmu á þönglabakkafjöru í Þorgeirsfirði á Norðurlandi.

Sex meiðyrðamál, sem ráðherra höfðaði gegn Pétri Zóphoníassyni, Þjóðólfs ritstjóra, voru dæmd í undirrétti fyrir skömmu og var ritstjórinn sektaður í 5 málunum um 175 kr. og 75 kr. málskostnað. Eitt málið féll niður.

Séra Jakob Benediktsson, faðir Jóns Jakobssonar landsbókavarðar, og eina af allra elztu prestum Íslands, andaðist að Kirkjubæ í Norðurmúlasýslu um miðjan nóvember. Var fæddur 1826.

Páll Jóhannsson, Pálssonar prests frá Bægisá, bóndi í Fornhaga í Hörgárdal, andaðist að heimili sínu 14. nóv. eftir margra ára legu, nær áttræður að aldri. Var merkur bóndi og bóka- og fróðleiksvinur.

Dr. Jónas Jónassen, fyrrum landlæknir, andaðist þriðjudaginn 22. nóv. sl. að heimili sínu í Reykjavík. Hann var fæddur 1840 og varð því 70 ára gamall. Dr. Jónassen sat lengi á alþingi, sem konungkjörinn þingmaður, og sem læknir var hann frábær starfs- og elju maður og vel látinn. Ekkja hans er Þórunn systir Hannesar Hafsteins, fyrverandi ráðherra.

Fréttabréf.

BLAINE, WASH.
26. nóv. 1910.

Herra ritstjóri Heimskringlu.

Það er nú liðið heilt ár síðan ég sendi þér fréttalínur héðan, og þar af leiðandi ætti að vera efni fyrir hendi í fréttagrein. Ég ætla þó að eins að minnast með fám orðum á kringumstæður fólksins yfir höfuð, og ýmsa viðburði, sem hér hafa átt sér stað.

Veðuráttan hefir verið hér yfirleitt góð, eins og vant er. Engar stórbreytingar, hvað það snertir hafa komið fyrir, sem höfðu nokkur óvanaleg áheif á þroskun korntegunda, eða annara jarðarvaxta.

Atvinna hefir verið hér yfirleitt góð næstl. sumar, og þar af leiðandi líður fólkinu yfir höfuð fjárhagslega vel. Og hvað Íslendinga sérstaklega snertir, hugsa ég að flestum þeirra sé að vaxa efnalegt sjálfstæði.

Ég vil þá næst geta þess, að hér í bænum voru framkvæmd tvö stórvirki sl. sumar, sem eru ný í sögu þessa bæjar. Fyrst að stór hluti af verzlunarstrætinu var steinlagt. Og auk þess voru gangstéttir endurbættar víða í bænum. Þetta kostaði mikla peninga og gaf mörgum atvinnu.

Annað stórvirki og stór framför átti sér stað með því, að vínsöluhúsunum var lokað hér í bænum 1. júlí. Fyrsta framkvæmdarstarfið í því efni var áskorun til bæjarstjórnarinnar, undirrituð af fjölda fólks. Bæjarstjórnin neitaði svo vínsölumönnum um framhaldandi vínsöluleyfi, svo bærinn varð, 'þur' (eins og þeir kalla hér). Þetta tiltæki bæjarstjórnarinnar álitu vínsölumennirnir að væri ranglátt gjörræði, og kröfðust því almennrar atkvæðagreiðslu (Local Option) sem heimiluð er samkvæmt ríkislögum. Þetta var þeim veitt. Nú var unnið hart á báðar hliðar, en útkoman varð sú, 8. sept., að mótstöðuflokkur vínsalanna hafði um 70 atkvæði í meirihluta, svo Blaine verður "þur" fyrir það fyrsta í tvö ár. — Það má telja þeim Íslendingum til gildis, sem hér búa, að flestir þeirra unnu kappsamlega og greiddu atkvæði með betri hliðinni. — Síðan þessi sigur hér í Blaine var unninn, hefir almenn atkvæðagreiðsla átt sér stað í mörgum bæjum í ríkinu, og í fleiri tilfellum hefir vínsöluhliðin orðið undir. Hér í sveitinni (Whatcom County) er að eins einn lítill bær, sem ekki hefir úrskurðað að útrýma vínsöluhúsunum, það er bærinn Sumas, og svo heyri ég sagt, að það sé vínsöluhola á Pt. Roberts, en ég tel víst, að Íslendingar þar líði hana ekki til lengdar. — Það þóttu stórtíðindi, þegar fréttist, að Bellingham og Everett, sem báðir eru talsvert stórir bæir, hefðu haft meirihluta atkv. á móti vínsöluhúsunum. Þetta er skoðað sem tákn timanna, eða ásamt fleiru sönnun fyrir því, að Washington ríki verði innan skams leyst frá því ánauðaroki, sem áfengið veldur. Enda vinna flestir góðir þeganar ríkisins í þá átt. — Það, sem mest af öllu styrkir þessa von manna er: að konurnar í ríkinu hafa nú fengið viðurkendan sinn kosningar og kjörgengisrétt, því það má telja víst, að þær noti öll sín og atkvæði til þess að vinna að sigri málefnisins, af því það felur í sér siðgæðisþroskun einstaklinganna og sæmd fyrir ríkið í heild sinni. Það er vissulega ánægjuefni fyrir alla frjálshugsandi menn, þegar þeir sjá, að meirihluti atkvæðisbærra manna í einhverri ríkisheild hefir náð þeim menningarþroska, að viðurkenna full mannréttindi konunnar með atkvæðum sínum, eins og gert var hér í ríkinu hinn 8. sept.— Íslenzkar konur hér í bænum tóku sinn þátt í, að hjálpa þessu máli áfram — þær stofnuð félag í því efni, og nokkrir karlmenn gengu í það þeim til aðstoðar. Ég hygg, að allir atkvæðisbærir landar hér í bænum hafi stutt framgang þessa máls með atkvæðum sínum.

Mrs. M. J. Benedictsson frá Winnipeg kom hingað nokkru fyrir kosningadaginn. Hún hafði hér fyrirlestur, langan og fróðlegan, viðvíkjandi kvenréttindamálinu, og fékk góða áheyrn. Auk þess hefir hún haldið hér ræður á samkomum, og þess utan kynst mörgum persónulega. Hún flutti ræður sínar skipulega, alvarlega og djarf mannlega, sem sannar sannfæring hennar og áhuga fyrir málefnunum. Það virðist, að hún hafi tals vert mikla og fjölhæfa mentun, og þar af leiðandi miklum andlegum öflum yfir að ráða, sem hún vill beita, og hefir beitt til þess að opna skilningarvit karla og kvenna svo þau sjái og viðurkenni hið eðlilega persónufrelsi og jafnrétti allra manna. Það væri bæði gagn og sómi fyrir íslenzkar konur, sérstaklega, ef þær ynnu að því, að gera Mrs. Benedictsson þægilegra en verið hefir að vinna á starfssviði menningarinnar.

Eins og auglýst var í blöðunum sl. vor, var Íslendingadagur haldinn hér í bænum 2. ágúst. Þar var fjölmenni mikið samankomið af Íslendingum, frá ýmsum stöðum og bæjum hér á ströndinni. Vanalegar skemtiathafnir þessa dags fóru fram þar og verðlaunum útbýtt. Þar voru fluttar ræður og kvæði og þess á milli voru sungnir íslenzkir söngvar, af söngflokki héðan úr bænum. Söngurinn og ræðurnar og aðrir hlutar prógramsins var yfir höfuð vel af hendi leyst. A. Danielsson var forseti dagsins. Tveir af beztu ræðumönnunum meðal Íslendinga hér á ströndinni fluttu aðalræðurnar, W. Anderson frá Vancouver og séra J. A. Sigurðsson. Það var hugðnæmt að heyra hinn fyrnefnda lýsa ættjarðarást og bróðurkærleika. Og þá ekki síður ánægjulegt að heyra hinn síðarnefnda rekja söguna og draga út úr henni lærdóm fyrir nútímann. Mr. Sigurðsson hefir eins og kunnugt er, mikla ræðumannshæfileika og mikil skynsamleg öfl, grundvölluð á þekkingu, og þess vegna er það mikill skaði fyrir samtíðina, að hann skuli ekki allstaðar fylla flokk framsóknarmannanna.

Félagslífið meðal Íslendinga hér í bænum hefir lítilum eða engum breytingum tekið á árinu sem ég veit. Þar er alt rólegt eins og tíðarfarið. Engin stór-tilþrif, ekki í kirkjumálum, hvað þá öðrum efnum. Sömu félögin eru nú við líði og starfandi. Samt hugsa ég að fólkið fylgi með menningarstraumum tíman, og þoli í því efni samanburð við sumar aðrar íslenzkar bygðir. Það les blöð og bækur, frjálst og óháð að mestu öllum áhrifum af afturhaldsöflum gamla tíman.

Nokkrir hafa dáið hér á árinu, og hefir þess verið getið í blöðunum. Nokkrir hafa gengið í hjúskaparfélag, og nokkrir nýir menn hafa komið inn í heiminn. Þetta gengur hér alt náttúrlega og eðlilega eins og annarstaðar. Nokkrir eru líkamlega veikir, en fólkið liðsinnir þeim og reynir til að bæta kjör þeirra.

M. J.

Til Magnúsar Ingimarssonar.

Tantallon, Sask.,

í tilefni af því, að fyrir skemstu ritaði ég grein í Heimskringlu, og bað þig að sanna illmæli þín um herra B. L. Baldwinson og blaðiðið Heimskringlu, sem þú áður varst búinn — eða reyndir — að svívirða, í svokölluðu fréttabréfi úr þinni bygð, — og má lesa það í Lögbergi, eins og alkan annan illgirnis-vaðal, sem út úr þínum vesalings litla heila fæðist.

Ég tók það fram, að ef þú ekki með gildum rökum sannaðir þessi illmæli, þá hlytir þú að skoðast sem illgjarn heimskingi. — Þessa nafnbót hefir þú hátíðlega við þig fest, því í staðinn fyrir rök og ástæður, sem ég af þér krafði, sendir þú mér í Lögbergi 6. þ. m. (des.) magnaðan skammaþvætting, sem algert snýst um mig og mína persónu, en varast að koma nákvæmt efninu, sem til grundvallar lá. Þar af leiðandi engin rök, engar sannanir frá þinni hendi, og þess vegna verður þú nú að taka afleiðingarnar og bera nafnið "illgjarn heimskingi".

Mér er alveg sama, hvað mikið og hvað lengi þú reynir að rubba upp og hauga saman brigslum um mig, eða til mín. — Ég hefi margt orð ritað, og stundum lent í töluvert hörðum viðskiftum vegna stefnufestu minnar og hreinskilni. En ég hefi aldrei borið menn brigslum, eða hamast á persónunni í stað þess að ræða málefnið. Slkt er svo ljótt og andstyggilegt, um leið og það er lítilmannlegt, að ég vila ekki fyrir mér að kalla þá, sem það gera, hundingja en ekki menn.

Þessari grein getur verið lokið, því engu er svarandi af sundurlausa þvættingnum, sem þú sendir mér. En af því þú skoðar mig (með öðru góðu), sem grimmasta óvin kirkju og kristindóms — heiðingja, eða eiginlega langt um verra —, þá hefi ég gaman af að minna þig á, sérstaklega sökum þess, að þú þykist vera ofurlítið brot af guðsmanni, og hafir því fullan rétt til að faðra upp á Lögberg eins og í ísjakur hundur og ausa þar hvern óhróðri, sem tilhneiging þín biður, — já minna þig á síðustu viðvörunina í 22. versi 5. kap. Matthesar guðspj., í fjallræðu frelsarans, þessi orð: "hver sem segir, þú guðleysingi, vinnur til helvítis elds". Að vísu mun þetta hafa verið talað til lærisveinanna. En sama gildir, — þú, þú ert að hrevkja þér upp til að sýnast ofurlítið postulabrot.

Það er eiginlega þetta atriði, sem snertir hekt tilfinningar minar í viklausu greininni þinni. Og mér finst stór vandi, og illa sæmandi, að bera menn þeim brígslum í opinberum blöðum.

Eins og tók fram áður, þá er mér öldungis sama, þó þú haldir áfram að prýða síður Lögbergs með óhróðri um mig. En sanni næst yrði það að líkindum, eins og þú sjálfur gefur í skyn, að þér væri skammar minst að þegja.

Lárus Guðmundsson.

Góðar stöður.

Geta ungir, framgjarnir menn og konur fengið á járnbrauta eða loftskeyta stöðvum.

Síðan 8 kl. stunda lögin gengu í gildi og síðan loftskeyta fregusending varð útbreidd þá vantar 10 þúsund telegraphers (fregnsendla). Launin til að byrja með eru frá $70 til $90 á mánuði. Vér störfum undir umsjón telegrapn yfirmanna og öllum sem verða fullnuma eru ábyrgðar atvinnustöður.

Skrifið eftir öllum upplýsingum til þeirrar stofnunar sem næst yður er. NATIONAL TELEGRAPH INSTITUTE, Cincinatti, Ohio, Philadelphia, Pa., Memphis, Tenn., Columbia, S. C., Davenport, Ill., Portland, Ore.

Heimskringla

Published every Thursday by The Heimskringla News & Publishing Co. Ltd

Verð blaðsins í Canada og Bandaríkjunum er $2.00 um árið (fyrir fram borgað), Sent til Íslands $2.00 (fyrir fram borgað af kaupendum blaðsins hérlendis $1.50.)

S. L. BALDWINSON
Editor & Manager

Office:
729 Sherbrooke Street, Winnipeg
P. O. BOX 3083. Talsími 3512.

Jón Sigurðsson.

Fimtán manna samskotanefndin, sem fyrir nokkrum vikum var kosin á almennum fundi hér í borg til þess að hafa umsjá með 10 þúsund króna samskotunum til þátttöku í 100 ára æfiminningu Jóns Sigurðssonar, — hefir þegar haft nokkra fundi til undirbúnings því máli.

Auk þess sem áskorun hefir verið birt í blöðunum Lögbergi og Heimskringlu til Vestur-Íslendinga yfirleitt, að taka sómasamlegan þátt í máli þessu með smávægilegum fjárframlögum, þá hefir og nefndin gert ráðstafanir til þess að samskyns áskorana-form verði send, ásamt með bréfum og meðfylgjandi eyðu-blöðum fyrir nöfn þeirra, er gerast gefendur í minnisvarðasjóðinn, — til ýmsra manna víðsvegar í bygðum Íslendinga vestan hafs.

Nefndin vonar, að nöfn gefendanna verði sem allra flest, og að hver Vestur-Íslendingur geri sér að skyldu, að hvetja hvor annan til að leggja skerf í sjóðinn.

Sömuleiðis óskar nefndin, að allir einstaklegir Íslendingar, víðsvegar í landi þessu utan hinna íslenzku bygðarlaga, vildu senda tillög sín til féhirðis nefndarinnar, herra S. B. Brynjólfssonar, 623 Agnes Street, Winnipeg, eins fljótt og kringumstæður þeirra leyfa.

Ennfremur mælist nefndin til þess, að Íslendingar í Winnipeg, karlar og konur, vildu gera svo vel að afhenda herra S. B. Brynjólfssyni tillög sín við fyrstu hentugleika. Það sparar nefndinni það ómak, að heimsækja hvern Íslending í borginni. Flestir nefndarmenn eru svo settir, að þeir eiga örðugt með að verja tíma til að húsvitja í borginni, og þess vegna væri það æskilegt, að Winnipeg Íslendingar vildu létta undir með nefndinni með því að afhenda féhirðir tillög sín.

Innan skamms tíma munu send verða bréf til einstakra Íslendinga er að þeir séu, og þeir beðnir að vera með í sjóðmyndaninni. Nefndin vonar hins bezta til þeirra, þó í landi þessu, hvar sem vitanlegt ekki sé hægt að heimsækja þá persónulega. Það er reynsla fyrir því, að þeir Íslendingar, sem tekið hafa sér bólfestu eða stunda atvinnu víðsvegar í Vesturheimi, utan íslenzku bygðanna, bera engu síður hlýhug til ættlandsins og íslenzks þjóðernis en þeir, sem dvelja í bygðum landa vorra hér vestra.

Þótt það megi virðast óþörf upplýsing, þá leyfir Heimskringla sér að geta þess, að ávarp nefndarinnar ber að skilja svo, að minnisvarðinn fyrirhugaði í hundrað ára minningu Jóns Sigurðssonar, verður að sjálfsögðu reistur á Íslandi, og þá væntanlega í höfuðstað landsins Reykjavík, og að nefnd Vestur-Íslendinga hugsar sér að komast í starfslegt samband við þá menn þar heima, sem til þess verða kjörnir, að gangast fyrir minnisvarðamálinu þar, eins fljótt og vitnast um kosningu slíkrar nefndar.

Það er ósk nefndarinnar, að hver fjölskyldufaðir sjái um, að allir í fjölskyldu hans séu á gjafalistanum, því að næst því að fá nægilegt fé inn, er það æskilegt, að gefendurnir verði sem flestir, svo að sýnt verði að vér ALLIR, ungir sem gamlir, kunnum að meta manninn, sem með þessum samskotum er verið að heiðra.

Tilgangur nefndarinnar er, að auglýsa í íslenzku blöðunum jafnóðum, í hverri viku, þær upphæðir, sem inn koma yfir vikuna, með nöfnum gefendanna, svo að alt sé öllum opið, og hver gefandi geti séð, að tillag hans hefir komið til skila. Sú nafnaskrá hlýtur að taka all-mikið rúm í blöðunum. En vonað er, að kaupendur sætti sig við það meðan á söfnuninni stendur.

Bæjarstjórnar kosningar.

fóru fram 13. þ.m. og voru óvanalega hart sóttar af beggja hálfu. Þrettán þúsund atkvæði voru greidd, en svo lauk bardaganum, að borgarstjóri W. Sanford Evans var endurkosinn með yfir 1700 atkvæðum umfram, eða nákvæmlega 1717. Evans hafði mikla yfirburði í öllum 7 kjördeildum borgarinnar, en langmest þó í 5. kjördeild, — þeirri, sem einangrunarunarsvæði kvenna er í. Þar hafði Martin atkvæða yfirburði á að eins einum kjörstað af 12, sem eru í þeirri kjördeild. Alls hlaut Evans í þeirri kjördeild 1271 atkvæða, en Martin 797. Í allri borginni hlaut Evans 7,592 atkv., en Martin 5,875.

Alls eru í borginni 72 kjörstaðir. Evans hafði yfirburði í 55 þeirra, en Martin í 17.

Á kjörstöðunum á McGee, Agnes, Beverly og Arlington strætum, þar sem Íslendingar hafa mest atkvæðamagn, var Evans í talsverðum meirihluta. En í Bardalsbúð á Sherbrooke St. norður, veitti Martin þetur. Vér álítum áreiðanlegt, að mikill meiri hluti landa vorra hafi greitt atkvæði með borgarstjóra Evans.

Það, sem aðallega réði úrslitum kosninganna var að vorri hyggju:

Í fyrsta lagi: Að borgarstjóri Evans og bæjarráð hans í heild sinni var þekt að því, að hafa starfað vel fyrir bæinn í þau 2 ár, sem hann hefir verið borgarstjóri. Umbætur hafa verið miklar í borginni á því tímabili. Fjármálum borgarinnar hefir verið komið í svo gott horf, sem frekast hefir verið mögulegt, og svo hefir starfsfé borgarinnar verið ráðvandlega meðhöndlað á þessu tímabili, að skattar hafa talsvert lækkað frá því sem áður var. Þetta var öllum kjósendum kunnugt. Þeir vissu að herra Evans hafði verið "sómi borgarinnar, sverð hennar og skjöldur" í borgarstjóra embættinu, og þeir fundu enga ástæðu til að kasta honum að þessu sinni. Miklu fremur var kjósendunum ant um, að borgarstjóri Evans héldi áfram því vandasama starfi framvegis, sem hann hefir svo snildarlega leyst af hendi á liðnum árum.

Í öðru lagi: Stefna hans var öllum kjósendum kunn af reynslunni og þóknanleg.

Í þriðja lagi: Stefna hr. Martins var engum kunn. Hann lofaði engu ákveðnu, sem kjósendur gátu áttað sig á, öðru en því, að flæma stúlkurnar úr húsum þeirra á Point Douglas. En hann lét aldrei uppskátt, hvað hann ætlaði við þær að gera. Borgarbúar höfðu engið sig fullreynda á sliku braski í stjórnartíð herra Sharpes fyrir nokkrum árum, og vildu ógjarnan endurtaka slíkar tilraunir, svo óvinsælar urðu afleðingar þeirra og skaðsamlegar fyrir heilsu og siðferði borgarinnar.

Í fjórða lagi: Bardagaaðferð herra Martins og þeirra mörgu presta, sem honum fylgdu að málum, var borgarbúum svo ógeðfeld, að jafnvel blaðið Free Press, sem þó fylgdi honum að málum, telur, að hún hafi verið aðalaflið, sem varð honum að falli. Heiðarlega hugsandi kjósendur gangast ekki fyrir því, að einn flokkur manna, sem til þess er kjörinn, að prédika kristilegt um burðarlyndi, ausi heiðarlega borgara óbóta skömmum og óröksuddum brígslyrðum, og hafi til þess samtök, að rýra álit borgarinnar út á við með lognum staðhæfingum um siðleysi íbúanna. — En það gerði prestaflokkurinn í þessum kosningum. Og svo voru þeir æstir, að þeir héldu kosningafundi í kirkjum sínum sunnudaginn 11. þ.m., og leituðu þar samskota til þess að standast kostnaðinn við kosningarnar. Í einni kirkju hér kvað svo ramt að, að áheyrendur stóðu upp til þess að þagga niður í prestinum, þegar hann tók að rægja vissa embættismenn borgarinnar og brígsla þeim um ólöglegan fjárdrátt. Þessi aðferð prestanna var svo fyrirlitleg í augum kjósendanna, að þeim fanst þeir ekki eiga um nema tvent að velja: Þeir yrðu með atkvæðum sínum að ákveða, hvort væri meira böli í borgarafélagi voru—rógburðar siðleysi prestanna eða vansæmi pútnanna, og að afneita því, sem lakara væri. Þeir afneituðu siðleysi prestanna, en hugguðu sig við sambúð stúlknanna í 5. kjördeild, — þeir mest, sem næstir þeim bjuggu.

Af þessu, og því sem áður var fram tekið, var ekki að eins herra Evans endurkosinn, heldur alt bæjarráðið, sem með honum hafði starfað á liðnum árum. Borgarbúar risu upp í almætti sínu til þess að réttlæta hann og bæjarstjórn hans í augum umheimsins og til að veita prestunum verðskuldaðan skell fyrir ósannindi þeirra, æsingar og rógburð.

Bæjarráðið stendur því svona:

Borgarstjóri —
W. Sanford Evans.

Bæjarráðsmenn —
F. D. Cockburn.
A. A. McArthur.
R. D. Waugh.
J. G. Harvey.

Bæjarfulltrúar —
1. kjörd.—R. C. Macdonald.
2. " —E. Cass.
3. " —H. Gray.
4. " —W. R. Milton.
5. " —J. R. Gowler.
6. " —Dr. Munroe.
7. " —J. A. Potter.

Í skólanefnd voru kosnir: F. C. Hubbard og J. A. McKercher.

Með þessum kosningum var og ákveðið, að veita úr borgarsjóði þau 400 þús. dollars, sem um var beðið til Almenna spítalans til nýrra bygginga og umbóta.

Áréttingar.

Það voru til þeir menn, sem ekki létust við því búnir að trúa því öllu, sem heilögum sannleika, sem ég sagði um Quill Lake bygð Íslendinga í Saskatchewan í fyrravetur, eftir ferð mína þar um. — Þeim þótti lýsingin helzt til glæsileg og bygð meira á ágizkun en persónulegri þekkingu. Það var algerlega rétt álitið hjá þeim elskulegu guðsbörnum, að ég vissi lítið og í raun réttri alls ekkert um bygð þá af persónulegri þekkingu, þar sem þetta var fyrsta ferð mín um bygðina, og hún gerð í flýti um hávetur. En ég átti á ferð þeirri tal við svo marga bygðarbúa um alt ástandið þar og um framtíðarmöguleika héraðsins, að ég komst ekki hjá að mynda mér ákveðna skoðun um framtíð þessa mikla héraðs.

Nú vildi svo til, að ég átti á ný erindi þangað vestur, og átti því kost á, að athuga framfarirnar, er þar hafa orðið á sl. 10 mánuðum.

Til Foam Lake bæjar kom ég ekki, — sá hann að eins tilsýndar, og get því ekkert sagt um þá breytingu, sem þar kann að hafa orðið á tímabilinu, sem um er að ræða. En í Leslie bæ, sem næstur er þar að vestan, sá ég með eigin augum umbætur, sem orðið hafa. Í fyrra voru þar 14 "business" hús en nú eru þau orðin 23, þó íbúatalan sé ekkert yfir hálft annað hundrað, — að ótöldum þeim 2 korngeymslubúrum, sem þar eru reist, og sem á sl. 3 mánuðum hafa borgað bændunum þar í nágrenninu 50 þúsund dollara fyrir hveiti og aðrar korntegundir þeirra. Elfros, sem er næsti bær þar vestan við, hefir vaxið mikið síðan í fyrra. Meðal annars hefir þar verið reist veglegt gistihús, sem talið er það bezta sinnar tegundar á öllu svæðinu milli Winnipeg og Saskatoon. Mozart bæ sá ég í svip. Þar hefir orðið nokkur framför, en minstur er hann bæja þeirra, sem nefndir hafa verið. — Wynyard bær, sem þar er vesturaf, er þeirra lang-stærstur. Þar voru í fyrra 18 "business" hús, en nú taldi ég þar 40 að korngeymslubúrunum meðtöldum. Mesti fjöldi af privat eða fjölskylduhúsum hefir og verið byggður þar, — eitthvað milli 20 og 30 eftir því sem ég komst næst. Sum þeirra eru smávaxin, en mörg einnig sérlega myndarleg, og ekki varð vart við neina peningaþurð hjá fólki yfirleitt. — Ég tafði þar að eins tvo daga, og annar þeirra var sunnudagur, þegar engir vinna. — Þar var og herra John Gilles pianósali, og frétti ég að hann hefði selt þar 4 eða 5 hljóðfæri á þeim fáu dögum, sem hann var búinn að dvelja þar. Ég get þessa til þess að sýna, að nýbyggjarnir þar vestra leika sér ekki að því að kaupa 2 þúsund króna hljóðfæri, nema þeir hafi dálítil skuldingaráð.

Það er óhætt að fullyrða, að framfarirnar í þessum nefndu bæjum hafa verið miklar á þessu liðandi ári. En ekki hafa framfarirnar hjá bændunum úti á landsbygðinni verið minni. Margir bændur hafa bygt sér þar prýðisgóð hús, og svo mikið land hefir verið plægt í allri bygðinni frá Foam Lake að austan til Candahar að vestan, að furðu gegnir. Um 800 íslenzkir bændur munu vera á þessu svæði öllu. Ég gizka á, að þeir hafi á árinu plægt um 25 ekrur hver að jafnaði, í viðbót við það, sem áður var plægt. Það gerir 20 þúsund ekrur. En sagt var mér, að þessi áætlun væri alt of lág, því að um 20 gasólín og gufuplógar höfðu starfað þar í sumar, og að eins ungur maður hefði með gufuplógi sínum plægt 16 hundruð ekrur á sumrinu. Það var Páll Sveinsson, sá er gapalegast og af mestu kappi keyrði mig um vesturhluta bygðarinnar sl. vetur. Hann er duglegur, piltur sá.

Í ár er talið, að bygðarmenn hafi haft full 40 þús. ekrur undir kornrækt og uppskorið yfir eina milión bushela af kornvöru. En það jafngildir 6 tunnum af kornmat fyrir hvert mannsbarn á öllu Íslandi, og bygð þessi þó enn ekki meira en 7 ára gömul.

Geta verð ég þess, svona innan sviga, að ég mætti í þessari ferð 14 ára gömlum pilti, sem kom frá Íslandi í sumar er leið og fór þangað vestur. Hann hafði með sínu uxapari fyrir plógi sínum plægt 40 ekrur lands. Líklega hefði hann látið slikt verk ógert, hefði hann verið heima á ættjörðinni. — Það gengur einatt eitthvað, þegar að er verið. Þess meira, sem unnið er, þess meira verður auðsafnið og framfarir í landi. Vissasti vegurinn til að standa í stað eða þokast aftur á bak, er að draga fram lífið í leti og ómensku. Þess fastara, sem þannig er setið, þess minna verður plægt, og þess rýrari verður uppskeran. — Það er enginn ómenskubragur á Saskatchewan búum. — Þeim nóg, sem skilur. —

Sem dæmi þess, hvernig það borgar sig að plægja og rækta jörðina þar vestra, skal ég geta þess, að ég átti þar tal við ungan mann — mig minnir hann héti Leó Halldórsson. Hann sagðist hafa fengið 40 bushel af hörfræi úr einni ekru. Hvert bushel seldist nokkuð á þriðja dollar. Okkur taldist svo til, að hann hefði fengið 86 dollara, eða sem næst 340 krónur upp úr ekrunni þeirri, eða fullar 300 krónur auk alls vinnukostnaðar.

Einn bóndi í grend við Wynyard keypti á sl. vori 160 ekra land þar í nágrenninu og borgaði fyrir það 4 þúsund dollara. Hann sáði hör í landið, og uppskeran af því gaf honum á fimta þúsund dollara, — meira en nam öllu landverðinu. — Það skyldi vera mér mikil ánægja, ef einhver æruverðugur föðurlandsvinur vildi benda á þann bónda á Íslandi, sem grípur upp á einu sumri yfir 15 þúsund krónur af bújörð sinni, eins og þessi fátæki barnamaður og einyrki hjá Wynyard gerði á þessu ári.

Þetta dæmi sýnir framleiðslumöguleika jarðvegsins þar vestra.

Annað dæmi má nefna: Herra Peter Anderson, bóndi að Leslie, sagði mér sjálfur, að hann hefði á sl. hausti fengið 62 bush. hveitis af einni ekru lands, þar rétt við bæinn.

Þetta sýnir, hvað hægt er að hafa upp úr moldinni þeirra Leslie manna og annara þar í bygðinni, þegar landinu er sómi sýndur. Ég hika ekki við að staðhæfa, að jarðvegurinn í allri þessari miklu bygð sé eins frjósamur eins og hægt er að fá, hvar sem leitað er á amerikanska meginlandinu, og að hún sé tvímælalaust mesta íslenzka bygðin í heimi, — jafnvel nú strax á bernskuárunum. Enda er land þar orðið dýrt og fer óðfluga hækkandi í verði. Ég spái, að innan 10 ára verði meðalverð á landi í öllum vestri hluta þessarar miklu bygðar ekki minna en 50 dollara hver ekra, og ódýrt á því verði. Hvort löndin í eystri hlutanum, sem hafa alt eins góðan jarðveg, komast í jafnhátt verð á því tímabili, er komið undir því, hvort eigendur þeirra verða þá búnir að hreinsa af þeim allan skóginn og koma þeim í fulla ræktun.

Geta verð ég þess, að Wynyard búar hafa bygt sér stórt og vandsamkomuhús á sl. sumri. Það er 30 feta breitt og full 70 fet á lengd eða meira. Lýst með björtustu gasólín ljósum. Ennþá er húsið ekki fullgert að innan, en þó farið að nota það fyrir samkomur bæjarbúa, veizluhöld og annað þess háttar. Mér var sagt, að það mundi verða notað flest kveld vikunnar á þessum vetri.

Um einstaka menn ætla ég ekki að geta að þessu sinni. Þessar línur eru ritaðar til þess að vekja athygli lesendanna á bygðinni allri, og dugnaði og risasporum íbúanna þar, og einnig að geta þess, að eftir því, sem ég kynnist landnámi þessu betur, eftir því verður óbifanlegri sú sannfæring mín, sem ég setti fram í þremur liðum í greininni "Ég kom og sá" í síðastliðnum febrúarmánuði.

Friðrik Sveinsson málari er nú fluttur í hið nýja hús sitt, að 690 Home St.

Gjafir til minnisvarða JÓNS SIGURÐSSONAR.

Sómi Íslands, sverð og skjöldur.

Jón Sigfússon, Clarkleigh, Man.	$10.00
Frá Winnipeg geiendum:	
B. L. Baldwinson,	2.00
Helga Baldwinson	2.00
Edwin G. Baldwinson	2.00
Sigrún M. Baldwinson	2.00
Sigurlín Baldwinson	2.00
Gunnlaugur Tryggvi Jónsson	1.00
Stefán Pétursson	1.00
Hólmfríður Pétursson	1.00
Ágúst P. Sigurdson	1.00
Skapti B. Brynjólfson	2.00
Gróa Brynjólfson	2.00
Sigmundur M. Long	0.25
Friðrik Kristjánsson	1.00
J. T. Bergman	1.00
Sigurbj. Paulson, 694 Maryland St.	1.00
Mrs. Sigurbj. Paulson, 694 Maryland St.	1.00
Guðrún Friðriksdóttir	1.00
Jón Árnason	1.00
Guðmundur Thorsteinsson	0.25
Óli V. Ólafsson	1.00
John J. Vopni	1.50
Mrs. John J. Vopni	1.50
Aurora Vopni	0.50
Anna Vopni	0.50
John A. Vopni	0.50
Magnús Björgvin Vopni	0.50
Kristbjörg H. Vopni	0.25
J. B. Skaptason	1.00
Mrs. J. B. Skaptason	1.00
Margaret Skaptason	0.50
Jón Bjarnson, D.D.	1.00
Lára Bjarnason	1.00
Helga Bjarnason	1.00
Lára Bjarnason, yngri	1.00
Theódora Hermann	1.00
Rögnv. Pétursson	1.00
Friða Pétursson	1.00
Þorvaldur Pétursson	0.25
Margrét Pétursson	0.25
Baby Pétursson	0.25
Samtals	$51.00

Gönuhlaup.

Einhver vandfýsinn náungi ritar um það í síðasta Lögbergi, að það hafi verið ósvinna, er herra borgarstjóri Evans var í Heimskringlu nefndur "sómi Winnipeg bæjar, sverð og skjöldur", og telur það stórlega ósmekklegt og þar haft í fíflskaparmálum. Og spyr síðan, hvort Íslendingum verði ekki hlift við slíkri ósvinnu framvegis.

Svarið er: NEI. Íslendingum verður EKKI framvegis hlift við því, að þeir menn allir verði kallaðir sómi borgarinnar, sverð hennar og skjöldur, sem af alefli og með góðum árangri vinna að vexti og sóma borgarinnar, eins og hr. Evans hefir gert á þeim 2 árum, sem hann hefir verið hér borgarstjóri.

Heimskringlu er það kunnugt, að þessi orð: "sómi, sverð og skjöldur" voru viðhöfð um Jón Sigurðsson. En Heimskringlu er ekki kunnugt um, að þau þurfi að tilheyra honum einum með nokkrum einkarétti, og engum öðrum. Eða er nokkur sönnun fyrir því, að þessi orð hafi aldrei verið viðhöfð um neinn annan ágætismann heimsins? Eða mega ekki aðrir menn eiga jafnt tilkall til þeirra, — þeir, sem gera tilsvarandi gott verk og gagnlegt, þó í þeangri verkahring sé?

Höfundurinn segir, að þessu orð séu tengd við minningu Jóns Sigurðssonar eins, og séu aldrei viðhöfð nema um hann. Þetta er ekki satt. Þau hafa verið viðhöfð í Heimskringlu um W. Sanford Evans, og þar höfð til að minna á hann, og það með fylsta rétti, og að höfundinum í Lögbergi alveg fornspurðum, og þau verða viðhöfð í þessu blaði, hvenær sem þau virðast eiga við, og um hvern þann mann, sem blaðið álítur að verðskuldi þau.

Heimskringla ber hina mestu virðingu fyrir manningu Jóns Sigurðssonar, — alt eins mikla og mögulegt er fyrir höfundinn í Lögbergi að bera fyrir henni. En Heimskringla heldur því jafnframt fram, að orðin: "sómi, sverð og skjöldur" geti alt eins átt við sérhvern annan sæmdarmann, sem ver kröftum sínum til hagsmuna þess mannfélags, sem hann býr með. Þess vegna verður Vestur-Íslendingum alls ekki framvegis hlift við því, að orðin verði notuð í Heimskringlu, hvenær sem það virðist viðeigandi og um hvern þann mann, sem blaðið álítur verðskulda þau.

Bændanefndin.

Fjögur hundruð bændur víðsvegar úr Canada, en aðallega þó úr Vestur-Canada, fóru til Ottawa og áttu fund með Laurier stjórninni á föstudaginn var, til þess að bera fram kröfur sínar, er innfelast í eftirfylgjandi liðum:

1. Að lækka tollana á innfluttum vörum, eins og flokkurinn hefði lofað áður en hann komst til valda, og sérstaklega að afnema tolla á akuryrkjuverkfærum bænda.
2. Að stjórnin tæki að sér þjóðeign á korngeymsluhlöðum í Port Arthur, Fort William og Vancouver og starfrækti þær, og við Hudsons flóann og aðra hafnstaði landsins.
3. Að stjórnin bygði Hudson flóa brautina af ríkisfé og starfrækti hana á landsins reikning.

Þetta voru aðalkröfurnar, þó að aðrar minniháttar væru einnig fram bornar, svo sem um kjöðflutning í kæliklefum, o. fl.

Sir Wilfrid stóð fyrir svörum. Kvaðst ekki vera við því búinn, að veita bændanefndinni nein fastákveðin loforð að þessu sinni viðvíkjandi nokkru atriði, sem þeir bæru fram, öðru en því, að Hudson flóa brautin skuli bygð af ríkisfé. Annars kvaðst hann ekki vera hlyntur þjóðeigu og því síður þjóðar-starfræksla. Hann lofaði engu um lækkun tolla, kvað það vera örðugt mál viðfangs, og ekkert gæti orðið ákveðið um það, fyrr enn fullrætt væri um gagnskifta fyrirkomulagið við Bandaríkin. En verzlunarhlynnindum við Breta yrði haldið áfram eins og að undanförnu.

Sir Wilfrid hélt langa ræðu, en batt stjórn sina engum föstum loforðum um að verða við kröfum bændanna, og ekki var nefndin ánægð með svör hans. Einn nefndarmaður tók það fram, að bændurnir hefðu komið þangað til að biðja um brauð, en Laurier hefði ekki gefið þeim svo mikið sem stein, heldur kastað steini að þeim.

Quebec bændur höfðu samið ávarp til upplesturs á fundi þessum er átti að sýna, að Austur-Canada væri ánægt með núverandi ástand og að toll-lækkun mundi eyðileggja atvinnuvegi þeirra. Laurier komst að þessu og kom í veg fyrir, að ávarpið yrði lesið.

Vinsældir Lauriers hafa ekki vaxið við svör hans til canadisku bændanna.

SVIK.

Ljóst dæmi þess, hvernig Laurier stjórnin fer að fækka innflutningstollana á akuryrkjuverkfærum bændanna í Canada kom upp í þinginu í sl. viku.

Núverandi toll-lög ákveða, að innflutningstollur á akuryrkjuverkfærum skuli vera 17½ prósent af söluverði þeirra í því landi, sem þau eru framleidd í. En frjálsverzlunarstjórnin í Ottawa hefir álitið þetta of lága álögu. Þess vegna hefir tollmáladeildin fyrir nokkrum árum með leyniákvörðun gert samþykt ríkisþingsins um tollhæðina á akuryrkjuverkfærum ógilda, en tekið í þess stað upp þá stefnu að ákveða sjálf verðmæti verkfæranna til tollálagsins, þannig, að í stað þess að leggja toll á þau eftir innkaupsverði utanlands, þá hefir deildin ákveðið hærra verð á þeim og lagt svo tollinn á samkvæmt sínu ímyndaða háa verði, og aukið þannig ranglega og óhæfilega verð verkfæranna.

Það var sýnt í þinginu og játað að stjórnin hefði oftlega borgað tollgreiðslumönnum til baka nokkuð af tollgjaldi þeirra, þegar þeir gátu sýnt, að þeir hefðu verið beittir rangindum. En við þá endurborgun höfðu verkfærin ekki lækkað í verði.

Það var og sýnt, að tollur á akuryrkjuverkfærum væri engu lægri nú en hann hefði áður verið hæstur og að verkfærin hefðu ekki lækkað í verði í landi þessu; — að í stað þess að gera verzlunina frjálsa, þá sé hún í raun réttri miklu bundnari nú, en hún hefir nokkru sinni áður verið, og að vörutegundir séu einatt að fara hækkandi og tollbyrðin að aukast.

Stjórnin gat ekki neitað því, að hún hefði ekki eínt toll-lækkunar loforð sín við Canada þjóðina, og að hin svonefnda inntektatollastefna hennar hefði haft þau ein áhrif, að hækka tollbyrðina að mikl um mun frá því sem var á dögum verndartolla-stefnunnar undir Conservative stjórninni.

SPURNINGAR.

1. Hvað væri ráðlegast fyrir þann mann að taka til bragðs, sem sem verður fyrir átroðningi af hrossum eins nágranna sins, á þann hátt, að hrossin standa heima við fjós hins fyrtalda á nóttunni, og gera sér gott af heyjum hans? Nú hefir hinn fyrneindi þó tvisvar gert eiganda hrossanna aðvart, en hann ekki skeytt því neinu. Þetta átti nú stað seinustu dagana af nóv.
2. Geta ekki "pound"-lög fylkisins komið til greina undir þessum kringumstæðum?

Fáfróður.

SV. — 1. Að girða land sitt, svo að skepnur gangi ekki inn á það, og að búa svo um heyin, að hestar nái ekki til þeirra, þó þeir komist inn á landið.

2. "Pound"-lög fylkisins ættu að geta komið til greina við hesta eins og aðrar skepnur, sem ganga um í óreiðu, hvort heldur það er af trassaskap eigandans eða með þeim ásetningi, að ala þær á annara fóðri.

Ritstj.

• • •

1. Er dýragæslumaður ekki skyldur að vita, hvort veiðimenn, sem esu við veiðar í kringum hann hafi veiðileyfi? Ef honum er tilkynt, að fleiri menn séu á víssum stöðum á "moose"-dýra og rottu-veiðum, og hann sinnir því ekki, hverju varðar það?
2. Eiga lögregluþjónar að líta eftir því, samkvæmt nýju lögunum, að lögum um helgi sunnudagsins sé fylgt?
3. Hver á að líta eftir, að vínbannslögum sé fylgt?
4. Hvar eiga lögregluþjónar að bera embættismerki sitt dags daglega, svo að almenningur þekki þá sem nslika?
5. Hvernig á að fara með menn þá, sem eru í embættum, en vita þó ekkert rétt?

Fáfróður.

SV. — 1. Dýragæzlumenn eru til þess settir, að gæta þess, að dýraverndunarlögunum í fylkinu sé hlýtt. Ef þeir vanrækja þá skyldu, þá ber að senda umkvörtun um það til Charles Barber, Chief Game Guardian, Winnipeg, Manitoba.

2. Já, svo er það í borgum og bæjum í fylkinu, þar sem lögreglumönnum er launað sem fasta embættismönnum. Um þá, sem úti á landsbygðinni eru, er öðru máli að gegna. Þeir, sem vita af helgidagsbrotum, geta kært þau fyrir lögreglu eða friðdómara, sem svo stefnir hinum ákærðu og lætur lögregluþjóninn birta stefnuna. En hver sá, sem veit af helgidagsbroti og ljóstar því ekki upp, er meðsekur í því broti.
3. Hver einasti maður í héraðinu, sá, sem veit af vínbannslagabroti, getur klagað það fyrir yfirvaldi og fært fram sannanir. Geri hann það ekki, þá vottar það að hann er brotinu samþykkur.
4. Framan á brjóstinu, hvenær sem þeir gegna lögreglustörfum.
5. Sú spurning er oss óskiljanleg, getum því ekki svarað henni.

Ritstj.

Almannökin 1911.

Herra G. Eggertsson, kjötsali á Wellington Ave., hefir sent Hkr. 2 skrautlituð almanök. Annað er gert eftir málverki eftir Theo. van Sluts og sýnir sauðfé og fugla á búgarði; sérlega smekklegt. Hitt er samkvæmi í stofu Benjamins Franklins, í Versailles á Frakklandi, skrautlegt og sérlega fagurt. Bæði eru spjöldin mikil húsprýði. Mánaðar og dagatal er á þeim báðum undir myndinni. Eggertsson gefur rúkmannlega. Hann verðskuldar að græða hluta af útgáfukostnaði almanakanna á sölu þess ágæta hangikjöts og fugla, er hann hefir fengið miklar byrgðir af til jólanna.

• • •

Finnbogason Bros., matsalar á horni Victor og Sargent stræta, hafa og sent Heimskringlu stórt skrautlitað almanak. Það sýnir bát í brimgarði við lendingu á grynningum. Við lendinguna standa menn og konur, horfandi og bendandi til bátsins, sem er í svnilegum háska. Nokkrir gamlir sjómenn hafa vaðið fram að brimgarðinum með reipi og önnur tæki til björgunar, biðandi eftir því, að ná til bátsins, er hann færist innar í brimröstina. Myndin er falleg. — Þeir Finnbogason bræður hafa mikla verzlun og fjölmarga viðskiftamenn. Þeir vanda vörur sínar og viðskiftareglur að sínu leyti eins vel og þeir hafa vandað til þessa almanaks, en selja þó eins ódýrt og nokkrir aðrir í borginni.

• • •

Þeir Thorvardson & Bildfell, matsalar í búðinni miklu á Ellice Ave., hafa sent Heimskringlu einkennilegan Calendar. Það er blómkarfa mikil, en framan við hana bréfahylki og undir því mánaða og dagatalið fyrir árið 1911. Til þess að öðlast þennan skrautgrip ættu landar að gera þeim félögum aðsúg og kaupa duglega af jólavörum þeirra. Þeir hafa miklar byrgðir á hæfilegu verði.

ÚR BRÚÐAR-BÁLKI.

Uppá því stakk einhver prestur,
er við guðsorð var að bauka,
að flytja skyldi frúrnar vestur,
fólkinu til hægðarauka.

Fúsi' og Lögberg, fljót til svara,
fundu strax að léttist gangan, —
þótti langt að þurfa að fara
þarna norður' á Douglas-tangann.

S. J. S.

ÚR BRÉFI

CANDAHAR, SASK.
15. desember 1910.

— — "Alt er hér tíðindalítið og gengur sinn vanagang. Næstliðið sumar var mjög þurt hér um pláss og uppskera þar af leiðandi í rýrara lagi, sérstaklega hafrar og bygg. Einnig voru slægjur mjög rýrar. Mest af hveiti mun hafa verið nr. 2.

"Veturinn gekk nokkuð snemma í garð, og urðu plægingar sumstaðar minni en menn hefðu viljað fyrir það, hvað snemma "fraus upp", en yörleitt hefir veturinn mátt kallast góður til þessa. Snjór er lítill, en samt all,gott sleðafæri.

"Land hefir stigið mikið í verði hér þetta síðasta ár, og mun gott óyrkt land vera frá $18.00—$23.00 ekran, og hafa bændur keypt mikið af landi hér um pláss í sumar, og sýnir það framför og velliðan yfirleitt. Ekki er að tala um að geta keypt yrkt land, 160 ekrur, fyrir minna en $4,000, ef það er gott, og er það vel viðunanlegur gróði fyrir þann, sem selur, að miða við tímann, sem menn hafa verið hér.

"Að kveldi þess 15. nóvember gaf séra Runólfur Fjeldsted saman í hjónaband Mr. Jón Guðnason og Miss Guðrúnu Hallgrímsson. Athöfnin fór fram að Candahar að viðstöddum fjölda boðsgesta, er skemtu sér við söng og ræðuhöld fram á nótt. Mr. Guðnason býr á landi 3 milur frá Candahar.

"Einbúarnir eru alveg að hverfa hjá okkur, sem var þó töluvert af í byrjun, en nú gíftir sig hver eftir annan, svo það er líf í fleiru hér enn landsölu".

Menningarfélagsfundur

var haldinn 6. þ.m. Á þeim fundi flutti séra Guðm. Árnason erindi um Goethe. Skýrði frá helztu atriðum úr hinni viðburðaríku æfi þessa mikilmennis og drap á hina vísindalegu starfsemi hans. En aðallega mintist ræðumaður skáldsins, sem lét eftir sig hina ódauðlega sorgarleik "Faust". Fyrirlesarinn flutti að síðustu nokkur kvæði eftir Goethe, sem þýdd hafa verið á íslenzku af Stgr. Thorsteinssyni og Benedikt Gröndal.

Friðrik Sveinsson, ritari.

Hafið þið gleymt fósturjörðinni!

Ef svo er ekki, þá sýnið það í verkinu og bregðið ykkur til 117 Nena St., því þar getið þið fengið 12 landslagsmyndir af ýmsum merkum stöðum á gamla Fróni, og ættu þær að vera hverjum Íslandsvin kærkomnar.

Myndirnar eru:

REYKJAVÍKURHÖFN
AKUREYRI
SEYÐISFJÖRÐUR
ÍRUFOSS Í SOGINU
KERLINGADALSÁ
MIDNÆTURSÓLIN
ALMANNAGJÁ
SKÓGAFOSS
HÚSAVÍK
BRÚARÁ
GEYSIR
HEKLA

Allar þessar myndir eru óviðjafnanlegar sem JÓLAGJAFIR.

Ef þið hafið bréfspjöld með myndum, þá stækkum við þær fyrir yræga borgun.

WINNIPEG PICTURE FRAME FACTORY.

A. S. BARDAL, eigandi.

LÓAN.

Hamast stórum hræsvelgur,
hamra kórinn stynur,
hjörtur ljóra hríðskelfur,
hæða sjórinn dynur.

Ilt er að lafa úti við,
öskrar hafnyrðingur,
ofan kafald fælir frið,
frost og skafrenningur.

Flögrar lóa fannbarin
fram um snjóa-breiður,
gamla móann syrgir sinn,
sumars fró og hreiður.

Ein hún villist vítt um mó,
veðri illa slegin;
hennar fyllist hús með snjó,
hún ei gryllir teyginn.

Vors á tíð hún þekti þó
þúfur viða og runna,
þegar blíð í heiði hló
himins fríða sunna.

Þá hún undi þar og söng,
þá ei bundin stríði,
þá ei stundin þótti löng,
þá var grund í prýði.

Nú hún mundi ei svásan söng,
særð var lundin spaka,
nú hver stund var leið og löng,
lengri en Grundar-vaka.

Sínu hrakin hæli fjær
hart um klakann fleygist,
undir þakið ekkert nær, —
áfram vakan teigist.

Hungruð, klökuð, hrjáð og blaut
heljartökum strokin
hnígur þjökuð heims frá þraut,
hrepti vöku-lokin.

Ung og fögur falla vann
fyrir slögum hríðar;
úti í högum hjálp ei fann,
horfin sögu tíðar.

Aðrar lóur leika sér
langt frá snjóa hrinu,
þar sem fró og friður er
fyrir óveðrinu.

Misjöfn þannig æfin er
alt eins manna og dýra; —
örlaganna undan ver
enginn kann að stýra.

Ber og nakin margur má
mæðu-klakann skríða,
öðrum hrakinn ítum frá
oft má saklaus líða.

Ávalt grættir eru með
eðlis hætti dofna, —
eitt þó bætti angrað geð,
ef þeir mætti sofna.

Sæta og langa svefninum,
svifur angri og kvíða,
undir vangi ylgóðum,
eftir ganginn stríða.

Yfir vengi vegferðar
vofa hengjur argar;
margan dreuginn þrýtur þar,
því að enginn bjargar.

Jónas J. Danielsson.

Við Eaton verzlanina hér í borg vinna um þessar mundir 3815 manns.

Hefir þú borgað Heimskringlu?

JÓLA SALA

Undirritaður býður óvanaleg kosta kjör FYRIR JÓLIN

KARLMANNA NÆRFATNAÐ — Vanaverð $1.50 til $1.75. Nú	$1.00
KVENMANNA NÆRFATNAÐ — Áður 50c til $2.50. Nú	25c--$1.50
KARLMANNA BUXUR— Áður $1.25 til $1.50. Nú	$1.00
MISLIT LÉREPT — Vanaverð 8—10c yd. Nú	5c

KARLA, KVENNA og UNGLINGA STÍGVÉL, FLÓKASKÓ og YFIRSKÓ sel ég með mjög lágu verði.

JÓLASKRAUT og LEIKFÖNG af öllum upphugsanlegum tegundum sel ég nú með mikið lægra verði en almennt gerist.

Eftir 15. þ. m. verður búðin opin til kl. 10 á kveldin, til hægðarauka fyrir almenning.

Komið Skoðið Kaupið

GUÐM. JOHNSON HORNI ROSS OG ISABEL

Búnaðarskýrslur.

— Nýjustu búnaðarskýrslur Bandaríkjanna fyrir 1910 voru birt ar 8. þ.m. Þær sýna verð hinna verð hinna ýmsu korntegunda og annarar jarðarframleiðslu á þessa leið:

Maískorn	$1,500,000,000
Hveiti	625,000,000
Hafrar	380,000,000
Bygg	79,000,000
Rúgur	23,000,000
Hör	33,000,000
Hey	720,000,000
Baðmull	900,000,000
Sykurrófur	51,000,000
Sykurreir	28,000,000
Tóbakslauf	95,000,000
Hrísgrjón	16,000,000

Ekki er sýnt í blaðfregnum verðið á eftirtöldum tegundum: Kartöflum, kálhöfðum, eplum, jarðberum, baunum, appelsínum og vatns- og öðrum melónum. Það mun láta nær sanni, að verð allrar uppskeruunnar sé ekki langt undir Sex Þúsund Miliónum Dollara, — máske meira. Skýrslurnar sýna, hve mikill munur er á verði því, sem bóndinn fær fyrir vöru sína, og því, sem almenningur verður að borga fyrir hana. Nákvæmt yfirlit yfir þetta var gert í 78 borgum landsins, og þar sýnt, að bændur fengu 50 prósent, járnbrautirnar 7 en milliliðir 43 prósent. Það er tekið fram, að engin ástæða sé til að milliliðir dragi til sín svona mikið af verði framleiðslunnar og á það bent, að menn í borgum geti — ef þeir vilja — keypt í stórkaupum af bændunum, svo að gróði bóndans verði meiri og varan þó ódýrari til kaupendanna, en nú er. — Ekkert er getið um verð lifandi penings, eða framleiðslu úr kola- og öðrum námum. Það væri æskilegt, að einhver fróður Íslendingur vildi safna skýrslum um verðmæti allrar framleiðslu í Bandaríkjunum á árinu 1910, og senda það yfirlit til birtingar í Heimskringlu.

"KVISTIR"

kvæði eftir Sig. Júl. Jóhannesson, til sölu hjá öllum helzu lenzkum bóksölum vestanhafs

Verð: $1.00

HANGIÐ-KJÖT til jólanna!

Eins og að undanförnu höfum við fengið til Jólanna leiknin öll af hinu ljúffengasta og jafnframt ódýrasta HANGIKJÖTI, sem völ er á, og að góðum og gömlum íslenzkum sið, ættu allir að borða það um jólin.

Einnig fyrirtaks TURKEYS, sem engian ætti að missa. Og allara aðrar upphugsanlegar tegundir af matvælum, sem bæði eru girnileg til fróðleiks og góð til átu.

Landar ættu ekki að missa tækifærið, og því bezt að byrgja sig upp sem fyrst. — Búðin okkar er viðurkend vinsælasta íslenzka kjötbúðin og þar eru menn, sem afgreiða bæði fljótt og vel.

Vinsamlegast.

G. EGGERTSON.

693 Wellington Avenue.
Talsími: Main 3827

brosið hvarf, og hann var ofurlítið skjálfraddaður, þegar hann sagði:

"Ég man óglögt eftir þessum sorglega atburði, en ég fékk aldrei að vita, hver kona þessi var, og svo var það heldur ekki ég, sem að yfir hana reið".

"Nei, það var Stjernekrans greifi. En þetta skeði óviljandi, og hann borgaði fyrir það hina vanalegu 10 ríkisdala sekt. Jæja, hr. barún, þessi kona var móðir mín, og drengurinn, sem leiddi hana, var ég".

"Mig grunaði það", tautaði barúninn.

"Já, það var ég", sagði Móritz, "og þig getur því ekki undrað þér eftir, þótt ég hafi ýmugust á Stjernekrans greifa; en að þessu undanskildu, þá er lífsferill greifans og allar gerðir svo viðbjóðsleg, að það hlýtur að vekja fyrirlitningu hvers rétthugsandi manns, og þess vegna óska ég að Ísabella verði ekki þvinguð til að eiga þenna mann".

"Já, það er þín ósk", sagði barúninn kýminn. "Þú ert skemtilegur, herra minn. En segðu mér nú, bara til gamans, hvað kemur þér það við, hvernig ég ráðstafa mínum og minna högum?"

"Segðu mér, herra barún, ertu ekki boðinn til Lönnvíkur á morgun?"

"Nei", svaraði barúninn undrandi yfir spurning þessari. "En hvað kemur Lönnvík þessu máli við?"

"Þar á að verða bókmentaleg skemtisamkoma á morgun", svaraði Móritz. "Ég er boðinn þangað, og lögmannsfrúin hefir beðið mig að lesa upp nokkra kafla úr "Rafhjartanu" fyrir samkvæmið. Þekkir þú sögu "Rafhjartans"".

Þó að eldingu hefði slegið niður við fætur barúnsins, gat hann ekki orðið hræddari en við að heyra þessa spurningu. Hann svaraði engu, en starði á Móritz.

"Nú", sagði Móritz, "þú svarar engu. Ég spurði hvort þú þektir sögu "Rafhjartans?"

"Hvaða sö-gu?" stamaði barúninn og reyndi að jafna sig. "Talaðu ekki svona hátt, það getur heyrst inn í salinn. Í fám orðum: Hvers óskar þú?"

"Ég er búinn að segja þér það, — þessara tveggja starfa, sem þú áleizt ómöguleg áðan".

"En ef ég færist undan?"

"Þá segi ég alla sögu "Rafhjartans" á morgun til nágrannanna, og nafngreini þá menn, sem í raun og veru hafa verið við söguna riðnir".

"Herra", sagði barúninn og stappaði á gólfið, "það er ósamboðið, það er svívirðilegt að ætla sér á þennan hátt að nota leyndarmál — eða, það sem ég ætlaði að segja — rógburðarsögu, sem menn hafa náð í".

"Alls ekki, herra barún", svaraði Móritz kalt og rólega. "Hefði ég ætlað að þvinga þig til að borga mér stórfé fyrir að þegja, þá væri það svívirðilegt, en þegar ég að eins vil þvinga þig til tveggja mannkærleiksríkra og réttlátra starfa, þá er það engum ósamboðið".

Rósemin og kuldinn, sem lá í róm unga mannsins, gerði barúninn alveg trvltan. Hnn æddi aftur og fram um gólfið eins og tígrisdýr í búri sínu, reitti af sér hárið og jós óþrifalegum skömmum yfir Móritz.

Móritz hlustaði þegjandi á barúninn stundarkorn, en svo fór honum að leiðast lesturinn og sagði:

"Þetta er nóg, herra barún, þú vinnur ekkert við þetta æði, við skulum tala rólega saman, annars fer ég, og þá mátt þú vera viss um, að á morgun þekkja allir nágrannarnir sögu, sem þú ættir heldur að vilja gleymda".

"Og ef ég verð við kröfu þinni?" sagði barúninn harðneskjulega.

"Þá fer ég ekki til Lönnvík á morgun".

"Og þegir?"

"Ég legg drengskap minn við því".

"En hvernig hefir þú komist að þessari bölvaðri sögu?"

"Það er mitt leyndarmál. Ég þekki hana og get sannað hana".

"Sannað hana?" þrumaði barúninn. "Hvað ætli þú getir sannað? Ekkert. En þú getur bakað mér fyrirlitningu hjá þessum flónum — bölvað".

Og æðið ætlaði aftur að brjótast út, en í þetta sinn gat hann ráðið við sig.

"Þú sérð að þú átt ekki annars úrkosti en láta að vilja mínum, eða verða fyrir hneykslí".

Hvað viltu að ég geri?"

"Settu þig niður og skrifaðu það sem ég segi".

Rómurinn var svo skipandi og áhrifamikill, að barúninn settist ósjálfrátt og tók pennann.

Móritz talaði og barúninn skrifaði:

"Undirritaður leggur við drengskap sinn, að vinna ekki á neinn hátt móti skóla þeim, sem meistari Hólm í Marienlundi hefir stofnað, heldur styrkja hann á allan hátt og leyfa börnum bændanna, já, hvetja þau til að sækja hann. Ennfremur skuldbind ég mig til, að afhenda meistara Hólm 500 ríkisdali, sem á að verja í þarfir skólans"

"Nú vantar að eins nafnið og innsiglið undir", sagði Móritz.

Barúninn skrifaði nafn sitt á skjalið og setti svo innsiglið undir, fékk svo Móritz skjalið, sem las það og lét það í vasa sinn.

"Þetta var nú annað starfið", tagði Móritz. "Nú er það sem meir á riður eftir, spurningin um giftingu ungfrúarinnar".

"Láttu það nægja, sem búið er", sagði barúninn. "Gerðu mig ekki alveg brjálaðan".

"Mundu eftir "Rafhjartanu", herra barún".

"Herra minn", sagði barúninn. "Ég gef þér 1000 ríkisdali út í hönd, og eins mikið á hverju ári í 3 ár, ef þú vilt afturkalla kröfu þína".

"Það er ómögulegt, herra barún. Tilboð þitt móðgar mig, en ég reiðist þér ekki".

"Ja, hver fjandinn. Gerðu mig ekki alveg ærðan", hrópaði barúninn æfur. "Þú vanþakkar það vald, sem þú hefir fengið yfir mér".

"Á ég að fara til Lönnvík eða ekki á morgun, herra barún?"

"Hvaða ábyrgð hefi ég fyrir því, að þú þegir, ef ég verð við ósk þinni og læt Ísabellu ráða?"

"Þú verður að treysta á drengskap minn. Að minsta kosti ert þú laus við loforð þitt, ef þú kemst að því að ég stend ekki við mitt".

"Komdu aftur á morgun", sagði barúninn, "þá skaltu fá svar mitt. En yfirgefðu mig núna".

Hann benti á dyrnar.

Móritz hneigði sig og yfirgaf barúninn í því ásigkomulagi, sem lesarinn á hægt með að geta sér til, hvernig verið hafi.

"Fjandinn hafi þig", sagði barúninn, þegar Móritz hafði lokað dyrunum. "Ég vildi fórna helmingnum af ólifaðri æfi minni til að sjá þig hengdan".

"Það er heimskulegt, að vera jafn hræddur við almannarómin og ég er. Mér ætti að standa á sama, hvað þeir rausa".

"Og þó — það er ómögulegt. — Menn mundu krossbölva mér, ef þeir vissu það, að ég hefði látið kaghýða minn eigin son, og svo sennna heimtað, að hann væri settur í fangelsi. Ef þessi saga væri útbreidd af helztu rithöfundum nútímans, þá mundi hún verða víðlesin. Nei, slíka svívirðingu get ég ekki þolað".

ROBLIN HOTEL

115 Adelaide St. Winnipeg

Bezta $1.50 á-dag hús í Vestur-Canada. Keyrsla ókeypis milli vagnstöðva og hússins á nóttu og degi. Aðhlynning hins bezta. Viðskifti Íslendinga óskast. OLAFUR G. ÓLAFSSON, Íslendingur, afgreiðir yður. Heimsækjið hann.—

O. ROY, eigandi.

The Farmer's Trading Co.

(BLACK & BOLE)

HAFA EINUNGIS BESTU VÖRUTEGUNDIR.

Einu umboðsmenn fyrir:—
"SLATER" Skóna góðu.
"FIT-RITE" Fatnaðinn.
"H. B. K." prjónafélagið.
"HELENA" pils og 'waist' kvenfatnaði.
Bestu matvörutegundir.
"DEERING" akuryrkju verkfæri o, s. frv.

Beztu vörur Lágt verð

Fljót og nákvæm afgreiðsla,

Farmer's Trading Co.,
THE QUALITY STORE
Wynyard, Sask.

JIMMY'S HOTEL

BEZTU VÍN OG VINDLAR.
VÍNVEITARI T.H.FRASER.
ÍSLENDINGUR. ; ; ; ; ;

James Thorpe, Eigandi

MARKET HOTEL

146 PRINCESS ST. á móti markaðnum

P. O'CONNELL, eigandi, WINNIPEG

Beztu tegundir af vínföngum og vindum, aðhlynning góð húsið endurbætt

Woodbine Hotel

466 MAIN ST.

Stærsta Billiard Hall í Norðvesturlandinu
Tíu Pool-borð.—Alskonar vín og vindlar.
Gisting og fæði: $1.00 á dag og þar yfir

Lennon & Hebb
Eigendur.

JOHN DUFF

PLUMBER, GAS AND STEAM FITTER

Alt verk vel vandað, og verðið rétt

664 Notre Dame Ave. Phone 3815
Winnipeg

A. S. TORBERT'S

BARÁRÁSTÖFA

Er í Jimmy's Hótel. Besta verk, ágæt verkfæri; Rakstur 15c en Hárskurður 25c. — Óskar viðskifta Íslendinga.—

A. S. BARDAL

Selur líkkistur og annast um útfarir. Allur útbúnaður sá besti. Enfremur selur hann alskonar minnisvarða og legsteina.

121 Nena St. Phone 306

Hún Fríða.

Tekur hrokkið hárið greiða
höndin nokkuð grönn og smá,
Til sín lokka, laða, seyða
lindadokkar augun blá.

Svipinn hreina, hálsinn bjarta
horfa sveinar löngum á,
og í leyni hug og hjarta
hennar reyna til að ná.

Blitt í næði bernskudaga
brjóst er klæðist vonaryl,
áhrif skæðust lífsins laga
leika mæðu undirspil.

Lát ei sveina lof þig blekkja,
ljúft þó einatt heyrir mál,
heldur reyn með rökum þekkja
rétt hvað leynist inst í sál.

Oft vill hresta yndið mesta
eftir festu böndin nná,
því er best að bíða, fresta
bóla-lestur hlýða á.

Ef þú bíður, utan efa
eflist blíðu-hagur þinn;
þér mun síðar gæfan gefa
góðan, friðan biðilinn.

Og í skyndi, ef þú vilt hann, —
ei skalt hrinda góðum sið;
göfuglyndan, gætinn, stiltan
gjaforð binda skaltu við.

Geir.

Ferðapistill.

Áður en ég fór til Saskatchewan voru ýmsir búnir að óska þess, að þeir fengju að vita, hvernig mér litist á nýlendur Íslendinga þar, og síðan ég kom þaðan hefir hver á eftir öðrum verið að spyrja mig þaðan. Vil ég því í fám orðum skýra frá því, hvernig mér virtist þar umhorfs.

Landið er þar verulega fagurt. Á leiðinni þótti mér víða leiðinlegt og eyðilegt að lita út úr vögnunum, og sýndist landið miður bygt og ræktað en ég hafði búist við. En þegar fór að nálgast Foam Lake, þótti mér alt fara batnandi, og úr því þótti mér landið hið bezta og ákjósanlegasta. Þar voru töluvert meiri skógar og brös (brush) en ég hafði búist við, og voru þar hæðir ávalar víða og öldumyndað land með smátoppum af skógi. Ég keyrði allstaðar út um bygðirnar og hitti fjölda manna, og það var sem mér þætti einlægt fegurra og fegurra og þó held ég fegurst á Wynyard. Hvað fólkið snerti, var það hið gestrisnasta, lék þar hver maður við fingur sinn, með hlátur á vörum en keskni í augum. Ég fann þar fjölda af fornum vinum, sem allir tóku mér tveim höndum. En það var eins þótt ég aldrei hefði séð þá, þeir réttu mér brosandi höndina og buðu mig velkomnn.

Það var auðséð, að það var enginn þyngsla-torfa, sem lægi á herðum þeirra, það var enginn kramarsvipur á börnum þeirra, þeir voru fjörugir, ánægðir og fullir vona um framtíðina. Flestir eða allir höfðu bætt hagi sína. Sumir gömlu karlarnir sýndust yngri en fyrir 10—15 árum. Bæjirnir eða þorpin voru þetta frá einu til 4 ára gömul. En þar var alt á iði. Í Wynyard glumdi við sagarhljóð og hamraslátturr frá morgni til kvelds; enda sýndist mér helfingur bæjarins hafa verið bygður í sumar.

Uppskeru höfðu þeir hina bestu í sumar, sem þeir hafa fengið þar. Þetta 30—40 bu. af hvesti af ekrunni og 70—80 af höfrum. Voru frostin vægari við þá nú en áður og skemdu lítið eða ekkert. Landið liggur nokkuð norðarlega, en samt er vonandi að frostin hverfi þar sem annarstaðar, þegar landið ræktast. En verði það, þá rís þarna upp hin fegursta og mesta bygð, sem Íslendingar eiga í álfu þessari.

Ég bið svo Heimskringlu að færa þeim kæra kveðju mína með þakklæti fyrir gestrisnina og hlýleikann og gamanyrðin og brosin. Ég gleymi þeim ekki strax.

Winnipeg, 10. des. 1910.

M. J. SKAPTASON

Herra Jón Hólm, gullsmiður að 770 Simcoe St., biður þess getið, að hann selji löndum sínum gull- og silfur-munti og gigtarbelti. — Belti þessi eru óbrigðul við gigt, ef þau eru notuð samkvæmt fyrirskipunum Jóns. Kosta að eins dollar og kvart.

FRIÐRIK SVEINSSON

húsmáling, betrekking, o.s.frv. tekur nú að sér allar tegundir af Eikarmálning fljótt og vel af hendi leyst. Heimili: 690 Home St.

Þorbjörg Jónsdóttir Sumarliðason

Fædd 2. maí 1868.
Dáin 10. nóv. 1910.

Á hásumri æfinnar endar þitt skeið
þig örlögin burt frá oss kalla;
þú hníga nú verður á hálfnaðri leið,
frá hálfnuðu lífsstarfi falla.

Og heimilið sorgar nú húsið þitt er
og hjartkæru börnin þín grátin.
Þeim huggun nú eina í harminum lér,
að hún fór til guðs, sem er látin.

Því æskunnar sál hefir sorgin nú mætt,
sem sárust í heimi er talin;
þann missir fær ekkert hið mannlega bætt,
er móðirin hnígur í valinn.

Og föðursins hjarta nú harmurinn sker
með hnífseggjum birtasta kvíða
er hjartkærust aðstoð og hjálpin nú þver,
og höndin er stirðnuð hin blíða.

En fela alt guði, og leggja sitt líf
í lífgjafans ástríku mundir,
það reynist sú einasta huggun og hlíf,
sem harmanna létt getur stundir.

Þorbjörg, þú
varst þjóðarprýði.
Mattir mest
það mikilhæfa;
þráðir það,
að þjóðin yrði
fremst í för
á frelsis vegi.

Hugsjón helg
var hæsta takmark,
ljós þíns lífs
og leiðarvísir.
Stórfelt starf
í stefnu rétta
sæla sönn
var sálu þinni.

Viss þú varst,
að viðreisn þjóðar
innist ei
með orðakasti.
Sérhver sál,
ef sama hyltist,
leiðir lífs
æ lægju saman.

Vekja von
þér var í lífi
kærust hvöt.
Og kirkju þinnar
mark og mið
þú mætast taldir
hjálpar hönd
í heimi rétta.

Vera vörn
þeim veiku, þjáðu;
leggja lið
þeim lúnu, snauðu.
Tendra tær
þeim týndu, föllnu
leiðarljós
að lífsins vegi.

Þín var brá,
að þetta innist
mætti með,
sem menning skapar.
Eining alls,
sem æðst og helgast
guð oss gaf
því gæti orkað.

Því er þungt,
er þig að kveðja
verðum við
í verka byrjun. —
Syrgjum sárt,
að sambúð slita
við oss varst
og víkja héðan.

Ó. T. Johnson.

THE DOMINION BANK

HORNI NOTRE DAME AVENUE OG SHERBROOKE STREET

Höfuðstóll uppborgaður: $4,000,000.00
Varasjóður - - - $5,400,000.00

Vér óskum eftir viðskiftum verzlunar manna og ábyrgumst að gefa þeim fullnægju. Sparisjóðsdeild vor er sú stærsta sem hökkur banki þefir í borginni.

Íbúendur þessa hluta borgarinnar óska að skifta við stofnun sem þeir vita að er algerlega trygg. Nafn vort er fullrygging óhlutleika. Byrjið spari inulegg fyrir sjálfa yðar, konu yðar og börn.

H. A. BRIGHT, RÁÐSMAÐUR.

Vitur maður er varkár með að drekka eingöngu HREINT ÖL. Þér getið jafna reitt yður á

DREWRY'S
REDWOOD LAGER.

Það er léttur, freyðandi bjór, gerður eingöngu úr Malt og Hops. Biðjið ætíð um hann.

E. L. DREWRY, Manufacturer, Winnipeg

Með því að biðja sérlega um "T.L. CIGAR," þá ertu viss að fá ágætan vindil.

T.L.

(UNION MADE)

Western Cigar Factory
Thomas Lee, eigandi Winnipeg

STRAX Í DAG er BEZT AÐ GERAST KAUPANDI AÐ HEIMSKRINGLU. — ÞAÐ ER EKKI SEINNA VÆNNA.

Manitoba á undan.

Manitoba hefir víðáttumikla vatnsfleti til uppgufunar og úrfellis. Þetta, hið nauðsynlegasta frjógunarskilyrði, er því trygt.

Ennþá eru 25 milión ekrur óbygðar.

Íbúatal fylkisins árið 1901 var 225,211, en er nú orðið um 500,000, sem má teljast ánægjuleg aukning. Árið 1901 var hveiti og hafra og bygg framleiðslan 90,367,065 bushela; á 5 árum hefir hún aukist upp í 129,475,943 bushel.

Winnipeg borg hafði árið 1901 42,240 íbúa, en hefir nú um 150,000; hefir nálega fjórfaldast á 8 árum. Skattskildar eignir Winnipegborgar árið 1901 voru $26,405,770, en árið 1908 voru þær orðnar $116,106,390. Höfðu meir en þrefaldast á 7 árum.

Flutningstæki eru óviðjafnanleg,— í einu orði sagt, eru í fremsta flokki nútíðartækja: Fjórar þverlandsbrautir liggja um fylkið, fullgerðar og í smíðum, og með miðstöðvar í Winnipeg. Í fylkinu eru nú nálega 4 þúsund mílur af fullgerðum járnbrautum.

Manitoba hefir tekið meiri landbúnaðarlegum og efnalegum framförum en nokkurt annað land í heimi, og er þess vegna ákjósanlegasti aðsetursstaður fyrir alla, af því þetta fylki býður beztan arð af vinnu og fjárileggi.

Skrifið eftir upplýsingum til: —

JOS. HARTNEY, 77 York Street, Toronto, Ont.
JOS. BURKE, 178 Logan Avenue, Winnipeg, Man.
A. A. C. LaRIVIERE, 22 Alliance Bldg., Montreal, Quebec,
J. F. TENNANT, Gretna, Manitoba.

J. J. GOLDEN,
Deputy Minister af Agriculture and Immigration, Winnipeg.

"Það liggur því ekki annað fyrir mér, en að verða að vilja þessa niðings, og hætta við þenna ráðahag fyrir Ísabellu. — Dauði og djöfull".

Barúninn varð aftur tryltur og æddi um gólfið fram og aftur.

Á meðan gekk Móritz gegnum salinn, yfir garðinn og út á veginn, án þess að mæta nokkrum.

"Ég hefi unnið spilið", tautaði hann við sjálfan sig. "Hann lætur undan, þó honum veiti það erfitt. Fáir eru hræddari við almannarómin en hann".

"Hernaðaraðferð mín var bygð á mannþekkingu, og því vann ég sigur. Ég get flutt Ísabellu góðar fregnir í kveld, þegar ég finn hana".

"Hún skal líka ráða því, hvort ég á að koma fram sem Stjernekrans greifi, og biðja hennar. Ef hún krefst þess, þá skal ég gera að hennar vilja. Hún skal fá að vita alt".

Þessar og álíka hugsanir ríktu í huga Móritz, unz hann kom heim að prestssetrinu.

Bergholm prestur og Hólm sátu á tröppunni og reyktu pípur sínar.

"Nú, nú, sonur minn", sagði presturinn, þegar Móritz var seztur hjá honum, "hvaðan kemurðu?"

"Frá Liljudal".

"Nú, hefirðu talað við barúninn um skólann minn?" spurði Hólm.

"Sjáðu þetta, lestu það", sagði Móritz og rétti honum skuldbindingu barúnsins.

Hólm las og las, en trúði ekki sínum eigin augum

"Lestu hátt", sagði presturinn. "Hvað er það?"

Hólm las skjalið.

"Ertu galdramaður?" spurði presturinn. "Hvernig skeður þetta?"

"Það er leyndarmál", svaraði Móritz.

"Það stendur á sama", sagði Hólm. "Sannleikurinn hefir sigrað, og skólanum mínum er óhætt, fyrst að barún Ehrenstam er honum meðmæltur, því þá fylgja hinir hans dæmi".

"Við skulum vona það", sagði Móritz. "Þú færð að minsta kosti öll Liljudals bændabörnin. Að því er Óðinsvík snertir, þá býst ég við að geta haft samskonar áhrif á greifann".

"Hefirðu talað við greifann um hina sorglegu tilviljun með móður þína?" spurði prestur.

"Nei, en ég held hann kannist við nafn mitt því þegar hann sá mig í Liljudal fyrir nokkrum dögum, brá honum mikið. Máske hann hafi fengið samvizkubit".

"Já, samvizkan lætur máske svæfa sig.....En komið þið nú, Brita Caisa stendur í stofudyrunum, og lætur okkur vita að dagverður sé á borð borinn".

XI.

Laufskálinn.

Sama daginn um dagverðartímann er Eberhard greifi í herbergi sínu í Óðinsvík.

Það eru sömu herbergin og áður er um getið í sambandi við jólagleði, en þau eru ellilegri nú, og hárauðar blæjur fyrir gluggunum, því greifinn hatar sólskin, af því hann þolir ekki birtu.

Greifinn er í svartri flanelskápu og gengur fram og aftur um gólfið í mikilli geðshræringu.

Andlit hans er ekki eins steinrunnið nú, eins og það er, þegar hann er á meðal manna. Hann leyfir

andlitsdráttum sínum að bera vott um hugarróann, þegar hann er einn.

En nábleikjan á andliti hans breytist aldrei.

"Bannsett", tautaði greifinn við sjálfan sig. — "Þessi kvenmaður gerir mig brjálaðann. Þvílíkt háð, þvílík fyrirlitning, sem hún sýnir mér. Ég er sannfærður um, að hún lætur heldur reka sig burt af heimili foreldra sinna, en að giftast mér. Hún vill heldur þola alt ílt".

"Og þó elska ég hana, elska hana tryllingslega".

"Hvers vegna? — Af því mótþróinn espar mig, — eða af því að hún er svo fögur, — svo fögur, að hefi enga stúlku séð fagrari, að undantekinni Angelu systur minni".

Hefði einhver sagt mér, um það leyti sem Angela flúði, að ég mundi aftur verða ástfanginn í stúlku, þá hefði ég hlegið að honum".

"Og nú, að verða fyrir háði, hatri og fyrirlitningu hjá þeirri, sem maður elskar, að sjá hana elska hinn manninn, þann mann, hvers móður ég dæmdi, og sem máske er bróðir minn, því að hún elskar hann, efast ég ekki um.— Það er hart að þola".

"Crispin! Ef þú sæir mig á þessu augnabliki, myndir þú skilja, að þessi hefnd væri mér sárari, heldur en þegar þú lagðir systur mína í faðm minn".

"Ó, þú djöfull! Gefðu mér tækifæri til að níðurlægja þessa drambsömu stúlku. Láttu mig sjá hana örvæntandi fyrir fótum mér".

Nú kom þjónninn inn með bréf.

"Herra greifi", sagði hann. "Einn af landsetum þínum kom með þetta bréf".

"Réttu mér það", svaraði greifinn.

Þjónninn fékk honum bréfið og fór.

"Hvaða bréf ætli þetta sé?" sagði greifinn og opnaði það.

Eftir því, sem hann las meira í bréfinu, glaðnaði yfir honum.

Bréfið hljóðaði þannig:

"Herra greifi. — Ungfrú Ehrenstam elskar Sterner, og hefir lofað að finna hann í kvöld í laufskálanum, sem er á hólmanum lengst til hægri handar í Liljudals skemtigarðinum. Farðu í staðinn hans, og ef hún spyr þig frétta, segir þú að það sé úti um alt, þið verðið að skilja. Ung, fjörug, ástríðurík mun hún falla í faðm þinn og álíta þig vera Sterner. Hvað þú gerir þá, er á þínu valdi. — þú skilur mig".

Ekkert nafn var undir bréfinu.

"Ha, ha", sagði greifinn sigri hrósandi. "Var það ekki rétt af mér að ákalla hinn vonda. Hann gefur mér vald í hendur, sem ég kann að nota".

"Ísabella! Þó ég geti ekki náð ást þinni, þá skal ég særa þig og elskhuga þinn dauðlegu sari. Og verði ég heppinn, hlýtur þú annaðhvort að verða mín — eða deyja".

"En hver hefir skrifað þetta bréf. Það verð ég að fá að vita. — Ó, það er nú raunar sama. — Forlögin eru með mér".

Sólin var gengin til viðar. Loftið var skýþrungið, svo ekki sást nema rönd af tunglinu við og við.

Blærinn frá vatninu var enn ekki búinn að kæla loftið, svo að það var þungt og heitt.

Maður nokkur í stórri kápu læddist í gegn um trjágöngin í Liljudals skemtigarðinum. Hann hafði brett upp kápukragann og þrýst hattinum niður á enni, svo andlit hans sást naumast í myrkrinu.

Eberhard — því þetta var hann,— var kominn að hinum umgetna laufskála, án þess að hafa mætt nokkrum, og svo gekk hann inn í myrkrið.

Þegar hann kom, sagði hann lágt:

Fréttabréf.

VÍDIR P. O.
25. nóv. 1910.

Héðan er fátt að frétta um þessar mundir. Tíðin er góð, þó sjaldan sólskin. Sagt að járnbraut til Árborgar hafi verið opnuð til reglulegra ferða á mánudaginn var þann 21. þ. m., en fáir hér í Víðirbygð vissu af því, því ekki lét þingmaðurinn okkar svo lítið sem geta um það í blaðinu Heimskringlu, sem hann er ritstjóri fyrir, en sem sjálfsagt stafar af því, að almenning hér úti á landi varðaði um það, og það mikið, en minna um samkomuauglýsingarnar þess í Winnipeg, og er þó ekki sparað að hrúga nokkrum tylftum af þeim í blöðin.

Stöðugt er verið að taka hér lönd, og eru það allar sortir af fólki, sem hér taka lönd í grend við Víðir, svo sem Gallar, Frakkar, Englendingar, Íslendingar og Frar.

Mikið hefir verið bygt hér af nýjum húsum og fjósum þetta ár, alt úr borðviði, og mun óhætt að segja, að óvíða muni bygðir Íslendinga vera betur hýstar en Árdals, Framness og Víðir bygðir eru, og eru þó þessar bygðir enn á bernsku skeiði og eiga stóra og margbreytta framtíð fyrir höndum. —

Í Árborg er stöðugt verið að byggja. Herra A. Reykdal er að láta byggja skóbúð; svo er C. P. R. félagið að láta reisa mynaarlega járnbrautarstöð, og mörg stór hús og vönduð hafa risið upp í grend við Árborg sl. sumar.

Allgóða uppskeru fengu Víðirbúar í haust. Af þeim smáblettum, sem þeir höfðu, komu um 1,000 bushela af höfrum og byggi, yfir það heila. Vonandi að akrar vaxi að mun á næsta sumri.

Heilbrigði er almenn hér að heita má, svo fremur virðist sem hinn nýji læknir í Árborg hafi lítið að gera, enda mun starf hans snúast mest um það, að standa í "Pool Room"-i því, er þeir bræður hafa, hann og Ásbjörn, og spila þar dögum saman eins og götuslæpingar stórborganna gera, og mun það eins dæmi að læknar sjáist oft á þeim stöðvum.

Á Árborg er að myndast dálítið þorp, sem eingöngu er stofnsett af ungum Íslendingum, sem líklegir eru til góðra og mikilla framkvæmda, ef rétt er byrjað. En því miður virðist svo, sem ekki sé alt eins og það ætti að vera í Árborg eða í Árdals bygðinni yfir höfuð, og þó býr ágætisfólk í þessari bygð, eins og í allri Bifröst sveit, — en það þarf ekki nema einn gikk í hverri veiðistöð, og svo mun vera í Árborg og Árdals bygð. — Fégirni sumra í Árborg virðist ætla að ganga nokkuð langt, og er farið í kringum lög sveitarinnar svo sem unt er. Til dæmis mun það naumast vera löglegt, að hafa opin "Pool Rooms" á sunnudögum, og taka fulla borgun fyrir af unglingum þeim, er þar eru að leika sér, og sem er langt frá að vera heppilegur staður fyrir þá. Sömuleiðis virðist svo, sem Árborg sé að verða uppsprettulind af áfengum drykkjum og þeim miður góðum, þrátt fyrir það, þó vínbann sé í sveitinni, og ef kvartað er undan því, að áfengistegund sú, sem útbýtt er þaðan meðal almennings, sé af lakara tagi, er það talin vitleysa ein, og því haldið fram að það sé "ákaviti", þ. e. lífsins vatn, en mun fremur vera sannkallaður dauðadrykkur.. Og sá, sem mest mælir fram með þessari góðgætistegund, bregður fyrir sig sérþekking á efnablöndun þessa drykkjar, og stendur kengfattur og grobbinn af starfi sínu, og heldur sig vera að draga dár að þeim, sem svo mjög er sneyddir allri sómatilfinningu, að þeir sí og æ hvolfa í sig áfengum, bragðillum slagbjórum. En dár það og háð er af vitlausum skoðunum framleitt, og háðsörvar þessar snúast flestar í lofti og koma að lokum niður á eigandanum sjálfum, en gera þó áður margt ilt.

Það er ekki rétt, og illa farið, þegar þorp myndast með launpukri og lagabrotum, eða með öðrum orðum með fölsku yfirskini og gyltri framkomu, og hefir slíkt illar afleiðingar, sérstaklega fyrir unglingana. Svoleiðis framkoma grefur um sig í hjörtum unglinganna og þróast þar, brýzt svo út með fullorðinsárunum í ýmsum myndum, til skaða og hneisu fyrir einstaklinginn. Þorpið fær ilt orð á sig, og liður á endanum fyrir falska framkomu frumbyggjanna stórtjón, bæði efnalega og siðferðislega.

Einn ósiður virðist vera orðinn að föstum vana í Árdals og Geysir bygðum, sem sé, að hafa með sér vín á allar skemtisamkomur, sem haldnar eru. En það bezta við vínfangaflutninginn á allar skemtisamkomur er það, að hvað vel sem brennivínsberserkir fela vínlöng sín meðan á skemtiskrá samkomunnar stendur, eiga þeir það víst, að þegar skemtiskráin er búin og þeir ætla að fara að væta kverkarnar, eru annaðtveggja ílátin tóm eða horfin með öllu, og standa þá tárin í augum þessara aumingja, er svo hrapallega hafa verið sviftir þessu eina, sem þeir elska, sjá, finna til og muna eftir. En bjófarnir standa glottandi álengdar og bretta upp varirnar og tauta í hálfum hljóðum: Skældu, bölvaður. Það eru fleiri til, sem þykir gott vín en þér! — Snúast svo skemtisamkomurnar í sorga og gremju-samkomur fyrir þeim, sem tapa, en tvöfalda gleði fyrir hinum, sem ná í dropann.

Leikritið "Skuggasveinn" var leikið í þrjú kvöld í samkomuhúsi Árdals bygðar, og var húsfyllir öll kveldin og nutu menn góðrar skemtunar, því sumar persónurnar voru vel leiknar en sumar illa, einkanlega bændurnir og Galdrahéðinn. Eru íslenzkir bændur aldrei leiknir svo hér í Árdals bygð, að þeir séu ekki ætíð gerðir að brjáluðum afskræmum, mjóróma, vælandi, róandi og tvístígandi bjálfum, gersneyddir öllum karlmannlegum málróm og tilburðum, í götóttum tötrum hinum aumustu að öllu leyti, og er slíkt óvirðing ein, þjóðflokki þeim, sem leikinn er, en skömm þeim, sem leika. Það er betra, að leikendurnir nái ekki fullu gildi persónanna, sem þeir leika, en að þeir afskræmi þær langt fram yfir alt, sem eðlilegt er. Slíkt á ekki að eiga sér stað. En vonandi er, að þetta smálagist með tímanum. Yfirleitt leikur fólk í Árdals bygð heldur vel, eftir því sem um er að gera úti á landsbygðinni og á ófullkomnum leiksviðum.

August Einarsson.

Fáein orð til N. Sigurdson

Í Heimskringlu, dags. 17 nóv. sl., er grein frá N. Sigurdson í Glenboro. Höf. byrjar með að lýsa því yfir, að okkur liði ónotalega út af atkvæðagreiðslu sinni við síðustu vínbannskosningar í Cypress sveit. En þóng er su ályktun hvað mig áhrærir, eins og flest annað í greininni, því mér stendur alveg á sama um þetta atkvæði þitt.

Eins og þú líklega manst, sagði ég ekki eitt einasta orð inni á kjörstaðnum, þegar verið var að þjarka út af atkvæði þínu. Auðvitað skal ég viðurkenna, að það var sannfæring mín, þá eins og nú, að það nafn, sem þú sórst þér, væri ekki þér ætlað, þótt enn stafur væri þar skakkur, nefnilega N., sem ég hélt að ætti að vera A., því það voru fleiri nöfn á listanum, sem voru misprentuð eða misskrifuð, og datt engum í hug, að fetta fingur út í það, ef alt annað var rétt í sambandi við nafn kjósandans. Það er svo hreint um það, að þú færir einu einustu rökstudda ástæðu fyrir atferli þínu í þessu atkvæðismáli. Hvað óvandur, sem ég er að virðingu minni, þá skal ég segja þér rétt eins og mér finst, að ég hefði ekki lagt af eið undir sömu kringumstæðum. En þú varst sjálfráð að gera hvað þér sýndist. Þú máttir vita, að eitthvað var borið við nafnið, eða þú hefðir ekki verið krafin eiðs frekar en aðrir

Þú segir hvorugur okkar Sveins sé vel pennafær, og sökum þess hefirðu líklega farið út í þessa ritdeilu, af því þú hélst at við mundum ekki geta borið hönd fyrir höfuð okkar. En hvað kemur betta málinu við? Mér finst þú vera farin að skifta þér af mínum privat sökum. Eða hvenær hefi ég beðið þig að gera skriftir eða reikninga fyrir mig? Væri ég í þínum sporum, myndi ég tala sem minst um pennafærslu. Lví kaupalegra greinarkorn en betta, sem þú sendir, man ég ekki eftir að hafa lesið í seinni tíð.

Það, sem þú segir um lögkænsku kjósandans, finst mér deilumáli okkar óviðkomandi. Annað mál er það, að ef einhver hefir verið að hampa peningum framan í þig, eða þú orðið vör við, að nágrönnum þínum væru boðnir peningar, þá er ekki nema rétt, að þú leitir þér upplýsinga um það, og látir þann lögfróða jafna þær sakir.

Það má vel vera, að það sé ekki rétt, að nokkur eða nokkrir hafi haft áhrif á N. S. við síðustu vínbannskosningar, og skal ég ekki halda því til streitu. Hún sýnist vilja hafa sómann af því sjálf. Hún um það.

Ég sendi þér hér með vottorð frá sveitarskrifaranum í Cypress bygð, og vona ég að þú áttir þig á því, að þú hafir farið heldur geyst.

Svo bið ég að heilsa "Kjósandanum", og vilji hann eitthvað við mig tala áhrærandi þetta mál, þá verður hann að gangast við þessum króum sínum, sem hann hefir sent föðurlaus út á gaddinn, því nafnlausum greinum frá "Kjósanda" gegni ég ekki.

Glenboro, 9. des. 1910.
Alex Eldjárn Johnson.

* * *

Glenboro, 21. nóv. 1910.

Til Alex Johnson.

Kæri herra. Virðingamaður fyrir Glenboro árið 1909 virti lóð 12 í spildu 12 til Ásmundar Sigurdson, og lóð 10 í spildu 8 til Mrs. N. Sigurdson. Við færslu nafnanna úr virðingabókinni yfir í mína bók, þá hefi ég einhvernveginn af vangá afritað nafnið A. Sigurdson svo að það varð N. Sigurdson. Þegar ég svo sá tvö nöfn með sama nafnstaf, þá setti ég að eins annað þeirra á atkvæðaskrána. Það var N. Sigurdson fyrir lóð 12 í spildu 12. Með þessu varð Mrs. N. Sigurdson atkvæðislaus fyrir árið 1909, og A. Sigurdson hafði að eins rétt til að greiða atkvæði á nafn N. Sigurdson, sem var á 1909 listanum fyrir lóð 12 í spildu 12.

W. T. Sutcliffe,
ritari Cypress sveitar.

Ný skýring.

Í 7. tbl. Heimskringlu þ. á. er greinarkorn frá Mrs. Nönnu Sigurdson í Glenboro, sem hún nefnir "Athugasemd við 'Lítla skýringuna'." "Lítla skýringin" hefir haft býsna mikil áhrif á konuna, því hún atar út meira en heilan dálk af blaðinu með óheppilegum brígslyrðum, sem ekkert koma málinu við, en reynir ekki að hrekja neitt af því, sem sagt var í áðurnefndri skýringu, — sem ekki er heldur von, því það sannast á henni, að "sök bítur sekan", þar sem hún er. Ég læt hér með fylgja vottorð sveitarskrifarans í Suður-Cypress, sem samdi kjörskrána fyrir árið 1909, og sýnir það vottorð, að við höfum farið með rétt mál, eins og við héldum fram, að Mrs. N. Sigurdson hefði greitt atkvæði á eiga Ásmundar Sigurdsonar í Glenboro og að hún hafi ekki haft atkvæðisrétt árið 1909.

Af þessu er það orðið augljóst, að heppilegra hefði verið bæði fyrir "Kjósanda í Cypress sveit" og Mrs. Sigurdson sjálfa, að fara færri orðum um eiðinn, sem hún var látin aflegggja, heldur en raun er á að þau hafa gert.

Ef "Kjósandi í Cypress sveit" og Mrs. N. Sigurdson finna ástæðu til að lengja leikinn enn, læt ég þess getið, að ég mun ekki svara framar í opinberu blaði, heldur taka aðra stefnu í máli þessu, þegar spilað verður út "stóra trompinu", sem okkur var lofað.

Svo ekki meira að sinni.

Glenboro, 9. des. 1910.
S. Sveinsson.

Fréttabréf.

MARKERVILLE.
(Frá fréttaritara Hkr.).
10. des. 1910.

Héðan er fátt í fréttum að segja um þessar mundir. Tíðin næstliðinn mánuð nokkuð köld og frost talsvert, stöku daga, aldrei lengi; snjór fallið lítill, svo enn er ekki sleðafæri á brautum. Nú vikutíma stilt og blitt veður.

Alment er hér nú heilsa fólks og líðun í góðu lagi. — Móðir Stephans skálds, háöldruð kona, liggur um þessar mundir þungt haldin. Nýlega hafa verið undir uppskurði Ásmundur bóndi Kristjánsson að Markerville og unglingsstúlka dóttir Guðm. bónda Björnssonar, bæði sögð á góðum batavegi.

Nýlega flutti héðan úr sveitinni alfari Ólafur G. Pétursson, austur til Foam Lake bygðar, Sask., með fjölskyldu sína.

Að hinni nýju járnbrautarlagningu hér norðan við íslenzku bygðina, var unnið fram í frost. Búist er við, að byrjað verði aftur með vorinu, strax og tíð leyfir.

Um undanfarinn tíma hefir verið unnið að því, að fá járnbraut lagða að austan til Innisfail og Markerville vestur um. Og til að framfylgja því var Daníel J. Merkeberg á Markerville kosinn til að mæta á fylkisþinginu í Edmonton nú nýskeð, og gefur hann góðar vonir um, að framkvæmd verði í þessu máli.

Kuldakast.

Bjarnar-njóla grett og grá
gripa-bóliið þekur,
visnar fjólan, falla strá,
fenna í skjólin tekur.

Rósin bliða bliknuð er,
brestur prýði lundinn,
margt hið fríða og fagra hér
fellir stríða mundin.

Sölnað fellur foldar skraut,
faðma svellin mýri,
fölna vellir, leiti og laut,
loga- gellur -hlýri.

Gustur lestir aldna eik,
álma brestur fúin,
titrar mesta björkin bleik,
blóma flestum rúin.

Sveigist hliðar ýmsar á,
eigi gríðar biður,
deyi kviða, þróttug þá
þreyir fríðinn viður.

Nær í knáum kraftaleik
kviðan hjá er sigin
gnæfir þá hin aldna eik
upp við gráu skýin.

Sigur ber úr býtum þrátt,
bein þá er um síðir, —
ó, að hér svo efldan mátt
ætti hver sem stríðir.

Þrastar söngur enginn er
uppi í stöngum viðar,
Kári um göngin sveiflar sér
svo hver ströngull ríðar.

Skógi berum fljúga frá
fuglar hver af öðrum,
yfir héruð hélu-grá
hreyfa gerir fjöðrum.

Æríð fráir förum í
fljúga um bláa geiminn,
sumar þrá og svífa því
sunnar þá í heiminn.

Væri ég eins ferðafrár
flýgi ég um geima,
en af því ég er orku-smár
uni ég mér heima.

Áður þrostu blóm í hlíð
beztu kosti viður,
en nú frosti af og hríð
eru lostin niður.

Hníga á grundu, heli níst,
húsluð undir snæfi, —
glöð í lundi sáu sízt
svipul mundi æfi.

Maður snjalf svo enginn er,
eða falleg píka,
Hel nær kalla kalda fer:
kom, að falli ei líka.

Líkt og stráin hníg ég hér
hels í dáið bleika.
Heldur má ég hreykja mér,
hismið smáa og veika!

Jónas J. Daníelsson.

Dánarfregnir.

Að kveldi hins fyrsta þessa mánaðar (des.) andaðist að heimili sínu hér í bænum, eftir 7 daga legu í heftugri lungnabólgu, bóndinn Gísli Gíslason, rúmra 66 ára að aldri, fæddur 31. október 1844.

Um ætt Gísla sál. er mér ekki vel kunnugt, en eftir því, sem næst verður komist, þá var hann fæddur á Hóli undir Eyjafjöllum, og voru foreldrar hans Gísli Brynjólfsson og Þorbjörg Þorsteinsdóttir(?), hjón á ofannefndum bæ. — Gísli sál. átti 7 eða 8 systkini, sem öll eru lífin, að undantekinni einni systir, Solveigu að nafni, sem býr á Arnarhóli í Austur-Landeyjum. Annað skyldfólk hans, svo sem bræðra og systra börn, eru í Rvík og sum í Vestmannaeyjum. Gísli sál. og Brynjólfur Jónsson, skáld og fornfræðingur, sem oft er kendur við "Minnanúp", voru bræðrasynir. Að öðru leyti en hér er sagt er mér ætt Gísla ókunn.

Gísli sál. var uppalinn undir Eyjafjöllum, en fluttist út til Vestmannaeyja þá er hann var um fermingaraldur. Mun hann svo hafa dvalið í eyjunum þar til hann flutti til Ameríku árið 1885, eða nálægt 25 ár. Á því tímabili gekk hann að eiga ungfú Steinunni Þorsteinsdóttur frá Jónshúsum í Vestmannaeyjum, og lifir hún mann sinn, ásamt einum syni og dóttur, sem bæði eru fullorðin, gift og búa hér í bænum.

Gísli bjó í Spanish Fork í 25 ár, alla tíð frá því hann kom frá Íslandi. Hann var hinn mesti starfsmaður, vann alla heilu tíðina, sumar og vetur, alt sýknt og heilagt, fyrir Denver and Rio Grande járnbrautarfélagið, og var um langa tíð deildarformaður þeirra, að viðhaldi brautarinnar, og leysti verk sitt ætíð af hendi með sérstökum dugnaði og trúmensku. Hann var þar af leiðandi í mestu metum hjá félaginu. Hann bjó að snotru og vel um hirtu heimili hér í bænum, var talinn heldur vel við efni. Hann var mesti orðheldnis og áreiðanleika maður; ávalt sígladur og skemtinn til heimsóknar.

Vér Íslendingar hér, bæði skyldir og vandalausir, höfum því á bak að sjá og sakna eins vors nýtasta, heiðarlegasta og bezta vinar, samfélaga og nágranna.

Friður sé með honum og yfir moldum hans.

E. H. Johnson.
Sp. Fork, 8. des. 1910.

Þann 27. október sl. andaðist í Hólar bygð í Saskatchewan Ingólfur Christianson, fæddur í Mývatnssveit á Íslandi 3. nóv. 1884. Banamein brjósttæring og botnlangaveiki.

Ingólfur sál. var drengur góður, og atorkumaður mikill; hófsemdar og reglumaður, og var að mörgu leyti fyrirmynd ungra manna.

Hann átti vist erfitt uppdráttar á yngri árum, því hann var einn síns liðs og átti við heilsuleysi að stríða. En síðustu árin var hann við betri heilsu, og var búinn að fá von um bata. Haustið 1909 ætlaði hann á tæringarveikra stofnun, helzt suður í ríki, og hefði þá kannske verið tækifæri til fullnaðarbata. En því miður fórst þetta fyrir. Hann fór í brunngröft með bróður sínum og meiddist við það á brjósti, og var óhlifinn sjálfum sér um veturinn. Afleiðingin varð sú, að um vorið 1910 var hann orðinn mikið veikur. Því miður um seinann fór hann þá til Winnipeg til að leita sér lækninga, en var þá búinn að missa svo kjark, að hann keypti farseðil austur og til baka áður en hann lagði af stað, og mintist hann þess, að hann hafði fyrir nokkrum árum legið veikur vestur í Klettafjöllum, einmana og peningalaus. Þegar til Winnipeg kom, sendi læknirinn, sem skoðaði hann, hann heim aftur og sagði honum "að liggja í í rúminu í 3 mánuði", — en að liggja í rúminu var á móti eðli Ingólfs sál. Hann var starfandi maður meðan hann gat staðið á fótunum.

Ingólfur sál. var kominn í góð efni, þá er hann dó; hann átti gott land með miklum umbótum á, vinnudýr og að miklu leyti öll nauðsynleg verkfæri, og margt fl., — í alt líklega um $4000 virði.

Ingólfur sál. á föður á lífi, Christian Indriðason og hálfsystkini, sem búa vestur við hafa.

Banaleguna lá hann hjá Sveini Christianson (nú Kristjanson) bróður sínum.

Skrifað í nóv. 1910.

Góðkunningi þess látna.

Manitoba Elevator Commission

D. W. McCUAIG, Commissioner — W. C. GRAHAM, Commissioner — F. B. MACLENNAN, Commissioner

Aðal skrifstofa: 227 Garry St., WINNIPEG
P. O. Box 2971

Commissioners tilkynna hér með Manitoba bændum að þeir hafa fengið fra tíðar skrifstofu til starfsnota og að öll bréf skyldu sendast Commissioners á ofan nefnda árit n. Bréðniform og allar upplýsingar sem bændur þarfnast til þess fá kornhlöður í nágrenni sín, verða sendar hverjum sem óskar.

Commissioners óska eftir samvinnu Manitoba bænda í því að koma á fót þjóðeignar kornhlöðum í fylkinu

Það kostar minna en FJÖGUR cent á viku

að fá HEIMSKRINGLU heim til þín vikulega árið umkring. Það gerir engan mismun hvar í heiminum þú ert, því HEIMSKRINGLA mun rata til þín. Þú hefur máske ekki tekið eftir því, að vér gefum þér

$1.00 virði af sögubókum

með fyrsta árgagnum. Skrifið eftir HEIMSKRINGLU nú þegar, til P.O. Box 3083. Winnipeg, Man.

The Northern Wine Co. Ltd.

VIÐ óskum jafn framt eftir sveita pöntunum—Afgreiðsla hin bezta.

Selur sérhverja góða tegund af Whisky, vínum og bjór o.fl. o.tl. Við gefum sérstaklega gaum familíu pöntunum og afgreiðum þær bæði fljótt og vel til hvaða hluta borgarinnar sem er— Getið okkur tækifæri að sýna ykkur að svo sé.

Talsímar Main 1673-6744
215 MARKET

Giftingaleyfisbréf
SELUR
Kr. Ásg. Benediktsson
486 Simcoe st. W'p'g.

Sherwin-Williams PAINT
fyrir alskonar húsmálningu.

Prýðingar-tími nálgast nú. Dálítið af Sherwin-Williams húsmáli getur prýtt húsið yðar utan og innan. — Brúkið ekker annað mál en þetta. — S.-W. húsmálið málar mest, endist lengur, og er áforðarfegurra en nokkurt annað hús mál sem búið er til. — Komið inn og skoðið litarspjaldið. —

Cameron & Carscadden
QUALITY HARDWARE
Wynyard, Sask.

A. SEGALL
(áður hjá Eaton félaginu).
Besti kvennfata Skraddari

Loðskinna fötum veitt sérstakt athygli.

Hreinsar, Pressar, Gerir við.

Fjórir (4) allatnaðir hreinsaðir og pressaðir, samkvæmt samningum, hvort heldur er karlmanna eða kvenfatnaður, fyrir aðeins $2.00 á mánuði.

Horni Sargent og Sherbrooke

Mest allra gjafa

Heintzman & Co

Piano eða Player-Piano

Music deild vor

er fylt öllum nýjustu og nýtízku blaða músik, hljóðfærum og öðrum góðum tilfærum

Þeir sem þarfnast að gerða á hljóðfærum. Finna hjá oss sérfræðinga sem gera fljótt við þau.

J. J. H. McLean & Co Limited

Cor Portage Ave. & Hargrave
Phone Main 808.

Fréttir úr bœnum.

Fregn barst til Gimli 17. þ. m., að tveir fiskimenn, B. Stefánsson og B. Sigurðsson, sem höfðu heimili nálægt Árnes P.O., hafi týnst. Þeir höfðu stundað fiskiveiðar við Hreindýraeyju í Winnipeg vatni síðan í haust. Fiskdráttarmenn þaðan að norðan höfðu fundið hunda þeirra félaga frosna í ís þar nyrðra, og benti það til þess, að mennirnir kynnu að hafa druknað. Sigurður Kristjánsson frá Gimli hafði heimsótt kofa þessara manna en varð þeirra ekki var, þó allur útbúnaður þeirra væri í kofanum.

Á sunnudagskveldið var andaðist að heimili sínu, 676 McDermot Ave. hér í borginni, Mrs. Vigdís Johnston, kona Paul Johnston, ráðsmanns fyrir Campbell Bros. & Wilson, matvöru heildsala hér í borginni. Hin látna var dóttir Halldórs Bardals bóksala, af fyrra hjónabandinu, og varð hún að eins 26 ára gömul. Banameinið var brjósttæring. — Vigdís heitin var talin með friðustu íslenzkum konum áður hún veiktist, og vel látin af öllum, sem henni kyntust. Hennar er því sárt saknað af öllum vinum hennar, en sárast af eiginmanni, ungum syni og föður og frændum. Jarðarförin fer fram í dag (miðvikudag).

Sextánda afmælishátíð Tjaldbúðarinnar fór fram í kirkjunni á fimtudagskveldið var. Aðalatriðið á því prógrammi var ræða séra F. J. Bergmanns um belgiska skáldið Maurice Maeterlinck, sem hann taldi frumlegasta skáld, sem nú væri uppi. Hann lýsti efninu í einu af leikritunum eftir þetta skáld og kvaðst hafa haft meiri unun af að lesa verk hans, sem nú væri búið að þýða og gefa út á helztu tungumálum, en flest önnur skáldverk, sem hann hefði kynst. — Upplestrar, hljóðlærasfáttur og einsöngvar voru einnig á prógramminu. — Herra M. Markússon hafði ort mikið kvæði við þetta tækifæri, og var það sérprentað og útbýtt meðal áhevrenda. Að loknu prógrammi fóru fram veitingar í samkomusal kirkjunnar.

Bréf frá Íslandi, dags 4. þ. m., var afhent á skrifstofu Heimskringlu 19. þ.m., — var þannig 14 daga á leiðinni, sem er fljótust ferð, er vér munum að bréf hafi farið milli Íslands og Winnipeg.

ANCHOR BRAND HVEITI

...ta fáanlegt mjöl til ... heimahúsum og ...staðar. Það er gert ... 1. Hard HVEITI ...ýjustu aðferðum.

...Símið 4326 eftir ...Sluverði þess.

Leitch Bros.
LOUR MILLS
... skrifstofa
...4 GRAIN EXCHANGE

Næstkomandi sunnudag, jóladaginn, verður messað kl. 3 e. h., en ekki kl. 7 að kveldinu í Únitarakirkjunni.

Svo er nú orðið lítið um mjólk hér í Winnipeg, að CrescentCreamery félagið hefir um nokkurn undanfarinn tíma orðið að kaupa frá St. Paul í Bandaríkjunum 200 gal. af mjólk daglega, til þess að mæta þörfum borgarbúa. Félagið hefir einnig keypt rjóma að sunnan. — Mjólkin kostar félagið 5 cents potturinn í St. Paul, en selst hér í borg fyrir 10 cents potturinn. — Mundi ekki vera mögulegt fyrir bændurna í Álptavatns- og Gimlisveitum, að senda mjólk hingað til sölu, svo ekki þyrfti að sækja hana til útlanda ?

Þann 16. nóv. sl. gaf séra Fard í Mortlach, Sask., saman í hjónaband þau herra Thomas R. Ward og ungfrú Ólöfu Ólafsdóttur, systur Ólafs Ólafssonar, Carn P.O., Sask. Brúðkaupið fór fram á heimili móður brúðarinnar og var þar veizla hin rausnarlegasta og brúðurinni gefnar margar kostbærar gjafir. Veizluna sátu um eða yfir 40 manns.

Guðsþjónustur fara fram í Tjaldbúðinni kl. 8 á aðfangadagskveld og kl. 3 á jóladaginn. — Jólatréssamkoma verður á jóladagskveldið kl. 8. — Enginn sunnudagaskóli á jóladaginn.

Bóksali N.Ottenson í River Park biður þess getið, að bókaútsölumaður hans hér í borg sé herra Jón Árnason, að 650 Burnell St.— Einnig fást bækur hans hjá herra O. S. Thorgeirssyni, prentara, að 678 Sherbrooke St.

Drs. Watt & Swan, sem áður höfðu starísstofur í Baker Block á Main st., hafa flutt sig í Phoenix Block hina nýju og miklu, á horni Princess St. og Notre Dame Ave. Dr. Watt er þar frá kl. 10½—12½ og frá 1½ til 4 daglega, og á þriðju-, fimtu- og laugardögum kl. 7—8½ á kveldin.

Ég óska minum íslenzku skiftavinum og öllum fjær og nær gleðilegra jóla.

G. P. THORDARSON.

Á næsta fundi stúkunnar Ísland, fimtudagskv. 22. þ.m., flytur Mrs. Sigríður Swanson ræðu um hagnefndarspursmálið: "Hvað gerir lífið þess virði að lifa?"

Herra Christian Gislason, bóndi að Dongola, Sask., var hér á ferð í sl. viku, á leið til Norður Dakota í kynnisferð til ættingja og vina þar. Hann bjóst við að verða 2 mánuði þar syðra.

Strætisbrautaþjónar hér í borg gerðu verkfall á föstudaginn var. Félagið hefir þegar fengið nokkra nýja menn í stað inn, þó ekki nógu marga. Óvíst enn hver málalok verða.

A. S. Bardal selur stórar landslagsmyndir af gamla Fróni, sem ættu að vera kærkomin jólagjöf hverjum Vestur-Íslendingi. Verðið er lágt, en myndirnar góðar.

Þessi eiga bréf á skrifstofu blaðsins:

Mrs. O. F. Anderson (Íslandsbréf, frá Málfríði G. Árnadóttur, Bildudal.

Miss Halldóra Bergthorsson (mynd og Íslandsbréf).

Mrs. Mina Gíslason (Íslandsbréf).

Mrs. Sigurbjör Gísladóttir (Íslandsbréf).

Dr. G. J. Gíslason,
Physician and Surgeon
18 South 3rd Str, Grand Forks, N.Dak
Athygli veitt AUGNA, EYRNA og KVERKA SJÚKDÓMUM. ASAMT INNVORTIS SJÚKDÓMUM og UPPSKURÐI —

Rev. Dr. O. V. Gíslason
HANDLÆKNIR
369 Sherbrooke St.

Dr. J. A. Johnson
PHYSICIAN and SURGEON
HENSEL, N. D.

Dr. M. Hjaltason
OAK POINT, MAN

Jólagleðin er nálæg.

Gleymið ekki að kaupa GULLSTÁSS yðar hjá undirrituðum, svo sem Gullúr, Gullhringi, Armbönd, Hálsmen, Úrkeðjur, Brjóstnálar, Slifsisprjóna, Klukkur, Lindarpenna, Köku- og Aldina-Skálar, Silfurborðúnað, Hnífa, Gaffla, og margt fleira þar að lútandi. Alt vandaðar vörur með afarlágu verði.

Einnig mikið úrval af 10 karat ekta Kven-gullhringum á $1.50, $1.75, $2.00 og $2.25 og yfir. Svo og 10 karat Barna-Gullhringum fyrir að eins einn dollar.

Sömuleiðis hefi ég mikið úrval af Úlfliðsböndum með úrum í fyrir konur, frá $2.75 og þar yfir fyrir leðurböndin. — Gullböndin með úrunum á $30.00 og yfir, og gullfylt úlfliðs togbönd með áreiðanlegum úrum í á$10.00.

Utánsveita pantanir afgreiddar fljótt og áreiðanlega.

TH. JOHNSON,
JEWELLER
266 Main Street. Tals.: Main 6606
Horni Graham Ave.

Þegar þér þurfið að kaupa
Gott smjör
Ný egg
og annað matarkyns til heimilisins, þá farið til
YULES PRODUCE STORE
941 Notre Dame St.
Prices always reasonable

S. K. HALL
TEACHER OF PIANO and HARMONY
STUDIO; 701 Victor St,
and
IMPERIAL ACADEMY OF MUSIC AND ARTS
Dr. Ralph Homer, Director,
290 Vaughan St.

MARTYN F. SMITH,
TANNLÆKNIR.
Fairbairn Blk. Cor Main & Selkirk
Sérfræðingur í Gullfyllingu og öllum aðgerðum og tilbún aði Tanna. Tennur dregnar án sársauka. Engin veiki á eftir eða gómbólga. —
Stofan opin kl. 7 til 9 á kveldin
Office Phone 6944. Heimilis Phone 6462

TIL SÖLU:
160 ekrur af bezta landi, stutt frá járnbrautarstöð. — Fyrsti maður með $7.00 fær hér góð kaup. — Finnið
Skúli Hansson & Co.
47 Aikens' Bldg.
Talsími. Main 6476 P. O. Box 833

GEO. ST. JOHN VAN HALLEN
MÁLAFERZLUMAÐUR
GERIR ÖLL LÖGFRÆÐIS STÖRF ÚTVEGAR PENINGALAN,
Bæjar og landeignir keyptar og seldar, með vildarkjörum,
Skiftiskil $3.00
Kaupsamningar $3.00
Sanngjörn ómakslaun. Reynið mig.
Skrifstofa 1000 Main St.
Talsími Main 5142
Heimils talsími Main 2357
INNIPEG

Þarft þú ekki að fá þér ný föt?
EF ÞAU KOMA FRA CLEMENT'S, — ÞÁ VERÐA ÞAU RÉTT
Réttur að efni, réttur í sniði réttur í áferð og réttur í verði.
Vér höfum miklar byrgðir af fegurstu og beztu fataefnum. —
Geo. Clements & Son
Stofnað árið 1874
264 Portage Ave. Rétt hjá Free Press

Th. JOHNSON
JEWELER
286 Main St. Talsími: 6606

Sveinbjörn Árnason
Fasteignasali.
Selur hús og lóðir, eldsábyrgðir, og lánar peninga. Skrifstofa: 310 McIntyre Blk.
office TALSÍMI 4700. hús TALSÍMI 2108

G. NARDONE
Verslar með matvöru, aldini, smá-kökur, allskonar sætindi, mjólk og rjóma, sönul. tóbak og vindla. Óskar viðskifta Íslend. Heitt kaffi eða te á öllum tímum. Fón 7756
714 MARYLAND ST.

Brúðir og brúðarmeyjar!
Ráðlegging til þeirra er að gera sér að s yldu að hafa góð brauð. BOYD'S BRAUÐ er eins gott og hægt er gott brauð að gera, af bestu bökurum í landinu og einatt til reiðu. Reynið það.
Boyd's
Bakery Cor. Spence & Portage Ave
Phone Sherb. 680

BILDFELL & PAULSON
Union Bank 5th Floor, No. 520
selja hús og lóðir og annast þar að lútandi störf; útvegar peningalán o. fl.
Tel.: 2685

BONNAR, TRUEMAN & THORNBURN,
LÖGFRÆÐINGAR.
Suite 5-7 Nanton Blk. Tals. 766
Winnipeg, Man. P.O.BOX 223

DR. H. R. ROSS
C.P.R. meðala- og skurðlækuir.
Sjúkdómum kvenna og barna veitt sérstök umönnun.
WYNYARD, — SASK.

The Evans Gold Cure
229 Balmoral St. Sími Main 797
Varanleg l kning við drykkjuskap á 28 dögum án nokkurrar tafar frá vinnu eftir fyrstu vikuna. Algerlega privat. 16 ár í Winnipeg. Upplýsingar í lokuðum umslögum.
Dr. D. R. WILLIAMS, Exam. Phys
J. L. WILLIAMS, Manager

W. R. FOWLER A. PIERCY.
Royal Optical Co.
307 Portage Ave. Talsími 7286.
Allar nútíðar aðferðir eru notaðar við augn-skoðun hjá þeim, þar með hin nýja aðferð, Skugga-skoðun, sem gjöre... öllum ágiskunum. —

Anderson & Garland,
LÖGFRÆÐINGAR
35 Merchants Bank Building
PHONE: MAIN 1561.

Horfið! Hlustið! Hugsið!

ÞÖKK SÉ YÐUR.

EG finn mér skylt að votta hérmeð íslenzkum viðskiftavinum mínum í Winnipeg-borg og í hinum ýmsu bygðum í Vestur-Canada, mitt innilegasta þakklæti fyrir mikil og hagfeld viðskifti, um þessi jól. Eg byrgði búð mína upp með óvanalega vönduðum vörum fyrir þessa árs jóla-verzlun og vona að viðskiptavinir mínir séu ánægðir með þær.

UM leið og eg því hérmeð flyt viðskiftavinum mínum og öllum öðrum Íslendingum í landi þessu, mínar alúðarfylstu lukku óskir um gleðileg jól, læt eg þess getið að eg vona fastlega að mega njóta viðskipta þeirra framvegis.

EG fullvissa yður alla um að eg mun af ítrasta megni reyna að hafa jafnan fylstu byrgðir af eins vönduðum vörum og fáanlegar eru nokkurstaðar í landi þessu og treysti því þessvegna að eg geti á öllum tímum uppfylt þarfir yðar, þannig að bæði verð þeirra og gæði megi verða yður þóknanleg.

Yðar með virðingu og þakklæti

674 Sargent Ave. — G. THOMAS WINNIPEG. CANADA — Phone Sherb. 2542

Hagsælt nýár.

Heimskringla.

Hagsælt nýár!

XXV. ÁR — WINNIPEG, MANITOBA, FIMTUDAGINN, 29. DESEMBER 1910 — NR. 13.

Fregnsafn.

Markverðustu viðburðir hvaðanæfa

— Nýlega skeði það í Goderich bæ í Ontario, að húsfaðir einn barði ungan son sinn til bana fyrir það, að hann gat ekki skrifað tölurnar 1 til 20 eins vel niður á steinspjald, eins og faðirinn vildi vera láta. Faðirinn barði barnið svo um höfuðið, að það skaðmeiddist. Drengurinn litli gat skrifað tölurnar 1 til 12, en gat ekki skrifað töluna 13. Móðir hans vildi þá sýna piltinum, hvernig það ætti að gerast, en faðir bannaði það og sparkaði í konuna. Síðan barði hann piltinn með hneifanum af öllu afli, og sparkaði hann svo með fótunum langan tíma, þar til pilturinn var steindauður. Það var sannað fyrir rétti að faðirinn hefði verið vanur að berja öll börn sín, jafnvel hvítvoðunginn, og svo illa, að þau gengu blá og marin undan höggunum. Í þetta skifti hafði hann traðkað og barið litla drenginn, sem ekki gat skrifað tölurnar, á annan klukkutíma, og brotið kústskaft, sem hann lamdi hann með. Faðirinn er bindindismaður og hafði ekki vín bragðað í 3 ár. Hann gerði þetta æðíngsverk því með fullu ráði.

— Ekki hefir Rússastjórn gefist upp við tilraunir sínar að ná Fedorenko, þeim manni, sem nýléga var látinn laus hér í Winnipeg úr glæpaákærum þeirrar stjórnar. Nú segir umboðsmaður Rússa í Canada, að stjórn sín muni á ný gera tilraun til að fá mann þennan seldan sér í hendur og að hún gæpi, en þá, sem hún færði áður fram á hendur honum. Fedorenko er nú búsettur hér í borg.

— Vábrestur varð í Kolanáma nálægt Bolton á Englandi, 21. þ. m. Fimtán menn og drengir björguðust strax, en 290 menn er sagt að hafi farist í námanum. Eldurinn hafði flogið um öll námagöngin og fylt þau með eiturlofti, svo að þeir köfnuðu allir, sem voru þar niðri. Þetta eitraða loft hindraði einnig menn frá að geta bjargað námamönnum, þó fimm atrennur væru gerðar til þess. Björgunarmönnum tókst að vísu að slökkva eldinn, en loftið gátu þeir ekki hreinsað. Átta menn er þó mælt að fundist hafi lifandi. Einn þeirra gat fært þá frétt, að sprengi afliið hefði verið svo mikið þar niðri, að margir menn hefðu verið tættir í sundur í smáagnir og limir verið rifnir af öðrum, fætur og hendur, við sprenginguna. Þeir, sem bjargað var, höfðu enga von um, að nokkrir fyndust lifandi í námanum.

— Fimm loftað leðurgerðarhús í Philadelphia brann til ösku þann 21. þ.m. Margir menn létu þar lífið, þar á meðal tólf slökkviliðsmenn og lögreglubjónar. Margir meiddust svo, að þeir voru sendir á spítala, og er fæstum þeirra hugað líf.

— Eldur mikill í Cincinnati þann 21. þ.m. gerði meira en tveggja milión dollars eignatjón, að mestu trygt með ábyrgð. Tuttugu menn mistu líf við eld þennan og sex meiddust svo hættulega, að einum þeirra er ekki ætlað líf. Upptök eldsins eru ókunn, en ætluð að vera af manna völdum.

— Kona ein á Frakklandi var 21. þ. m. yfir tvær klukkustundir í lofti í flugvél sinni. Hún flaug 100 milur vegar á þessum tíma. Þessi kona, er nefnist Mrs. Dutrie, er talin ein færasta loftsiglingakona, sem nú er uppi.

— Fjárlagafrumvarp Japans gerir ráð fyrir, að á komandi fjárhagsári verði ríkisinntektirnar 492 milión yen og útgjöldin 546 milión yen (yen er sem næst 50 cents); af útgjöldunum eiga sem næst 82 milión yen, að ganga til þess að auka og bæta herskipaflota þjóðarinnar. Katsura greifi, stjórnarformaðurinn, kvað stefnu sína felast í tveim liðum aðallega: 1) að láta inntektirnar ná útgjöldunum og 2) að minka árlega ríkisskuldina um 50 milión yen eða meira, með því að borga svo mikinn hluta af henni — eða meira — af almennum inntektum ríkisins. Hann kvað nauðsynlegt, að Japanar bygðu eins öflug herskip og þau, sem aðrar þjóð ir ættu bezt, þrátt fyrir það, þó Japan væri nú í fullri sátt við aðrar þjóðir. Á næsta ári kvað hann ríkið verða að byggja járnbrautir fyrir 52 miliónir yen. Sérstakt lán yrði tekið til þess fyrirtækis og það borgað af gróðanum af starfsemi brautarinnar á komandi árum. Hann kvað ástandið alt í Japan vera í æskilegasta horfi eins og nú stendur.

— Á laugardaginn þann 17. þ.m. sökk af jarðskjálftum eyja ein í Ilopango lóninu í Costa Rica, nálægt Salvador. Um 200 manns er sagt að hafi druknað, þegar eyjan sökk, en margt manna hafði áður bjargað sér á bátum til meginlandsins.

— Þrír lögregluþjónar í London á Englandi voru skotnir til bana af þjófum, sem þar voru að reyna að handsama. Þjófarnir höfðu leigt sér hús í Cutter stræti, í grend við gullstáss sölubúð eina, sem hafði 100 þúsund dollars virði af gimsteinum og öðrum dýrmætum munum í öryggishólfi sínu. Þjófarnir höfðu grafið 100 feta löng göng frá húsinu neðan jarðar yfir að gullstássbúðinni. Að þessu verki höfðu þeir verið um þrigga vikna tíma. En seinasta daginn unnu þeir með svo mikilli ákefð, að það hevrðist til þeirra að ofan og lögreglunni var gert aðvart. Hún náði fjórum karlmönnum og einni konu og mestu kynstrum af stolnum varningi. Hefðu þjófarnir fengið að vinna einum degi lengur, þá hefðu þeir komist í öryggishólf gullstássbúðarinnar og fengið þar laun fyrir starf sitt og kænsku, en eins og nú er komið, fá þeir ait annað að launum.

— Herra E. Akuaumi, stjórnarformaður Tyrklands, er um þessar mundir að ferðast um Canada og Bandaríkin, með þeim tilgangi, að fá landsmenn sína, sem nú eru nér í álfu, til að flytja heim aftur til Tyrklands með auðæfi sín, og starfa þar að viðreisn lands og þjóðar. Hann bendir á, að nú séu miklar breytingar orðnar þar í landi síðan nýja stjórnin kom til valda. Hann lofar að stjórn sin skuli gera alt, sem í hennar valdi stendur, til þess að verndа heimflytjendur, og að hjálpa þeim á all an hátt til þess að koma sér þar vel fyrir.

— Umræður hafa orðið um það í Toronto, hvort Grand Trunk félagið eigi að taka á ný í þjónustu sína þá farþegalestastjóra, sem þar gerðu verkfall fyrir nokkrum tíma. Félagið heldur því fram, að lestastjórar þeir, sem fengnir voru í hinna stað, þegar þeir gerðu verkfallið, hafi skilað til félagsins á hverjum mánuði $75.00 — hver lestarstjóri — að jafnaði meira en gömlu lestastjórarnir gerðu, án þess þó að fólksflutningar hafi aukist á brautinni. Þykir því sannað, að þeir gömlu hafi ekki skilað eins sem þeir tóku á móti af farþegunum. Af þessari ástæðu vill félagið ekki taka þá aftur í þjónustu sína.

— Nú er mælt að Sir Louis Jette, yfirdómarinn í Quebec fylki, eigi að setjast á eftirlaun, en Hon L. P. Brodeur, sjó og fiskimálaráðgjafi Laurier stjórnarinnar, að yfirgefa stjórnarembætti sitt og verða yfirdómari í Quebec. — Sir Wilfrid er farinn að búa um vini sina, svo að skakkaföllin lendi sem minst á þeim, þegar stjórnarskifti verða í Ottawa við næstu ríkiskosningar.

— Franska stjórnin er að semja lög um sáttanefnd til að gera út um ágreiningsmál verkamanna og vinnuveitenda, og ákveða þessi fyrirhuguðu lög, að úrskurður slíkrar nefndar skuli vera fullnaðardómur, sem báðir málspartar skuli skyldir að hlíta.

— Mál hefir staðið yfir í Saskatoon móti O.E.Olson fræsala, fyrir það, að hörfræ, sem hann seldi þeim Orvey bræðrum í Lemanshéraðinu, gaf enga uppskeru. Bræðurnir heimta $10,714.50 í skaðabætur, og gera reikning sinn þannig: 234 bush. hör á $409.50, sáningarkostnaður $337.50, "scrubbing"-kostnaður 9225.00, skaði leiðandi af algerðum uppskerubresti $1.75 hvert bushel, að undanteknum $1.00 á hverja ekru fyrir slátt uppskerunnar og 20c fyrir bush. fyrir þreskingu og 4c hvert bushel fyrir drátt til markaðar, $9,742.50. — Verjandi neitar að hafa tekið nokkurra ábyrgð á því, að sölu-útsæði sitt gæfi nokkra uppskeru. Málið er enn óútkljáð.

— Tveir brezkir herforingjar voru nýlega teknir á þýzkalandi fyrir, að gera uppdrætti af herstöðvum nokkrum þar í landi. Þeir játuðu að ákæran væri sönn, og voru dæmdir í 4. ára fangelsi. Brezku blöðin játa, að mönnum þessum hafi verið sýnd öll sanngirni á Þýzkalandi og að dómur þeirra hafi ekki verið of þungur.

— Eldur kom upp í gripakvíum þeirra Morris & Co. í Chicago 22. þ.m. Eignatjón varð milión dollars, og 25 menn biðu bana í eldinum, flest slökkviliðsmenn, og yfir 50 manna urðu svo yfirkomnir af hitanum, að varð að bjarga þeim.

— Hamilton bær í Ontario hefir nú fengið ljós og hita frá Niagara fossi. Afliið var leitt inn í bæinn þann 22. þ.m. Sá, er stóð fyrir verki þessu, gerði þann spádóm, að áður en núlifandi kynslóð væri liðin undir lok, mundi hvert hús í Ontario fylki eiga kost á ljósi og hita frá þessum mikla fossi, svo að ekki þyrfti að kaupa pund af kolum úr Pennsylvania námunum. — Það kostaði 3½ milión dollars, að leiða afliið úr fossinum inn í borgina.

— Námamenn í Melbourne í Ástralíu hafa gert drykkfall. Bjórglasið kostar þar 12c, en námamenn segja, að 8c sé nægilega hátt verð, og hafa gert samtök um, að drekka engan bjór fyr en verðið lækki. Atvinnurekstur hótelanna er á völtum fæti síðan drykkfalliið varð, en þau neita samt að lækka verðið.

— Stjórnin í Ástralíu hefir tekið kolasölu á stefnuskrá sína. Ríkið á mikil námalönd og getur framleitt milión tons á ári með því að selja tonnið á rúma 2 dollars, getur ríkið haft 22. centa gróða á tonni. Þjóðin fylgir stjórninni í þessu máli, en kolanámaeigendur berjast af alefli móti nýmæli þessu og telja það gert til að rýja sig.

— Howard E. Smart í Winnipeg hefir fengið leyfi hjá Laurier stjórninni til að mega þurka upp svonefnt "Waterhen" vatn í Saskatchewan fylki. Hann hefir keypt 6881 ekrur lands, sem vatnið flýtur yfir, og ætlar að þurka þær. Landið kostaði hann $1.00 ekran.

Hann heimsækir ættjörðina.

OGILVIE'S
Royal Household Flour
Til Brauð og Köku Gerðar
Gefur Ævinlega Fullnæging
EINA MYLLAN Í WINNIPEG,—LÁTIÐ HEIMAÞNAÐ SITJA FYRIR VIÐSKIFTUM YÐAR.

— Stjórnin í Ástralíu, sem nú er að koma upp herskipaflota, hefir gefið út þá skipun, að hver piltur 16, 17 og 18 ára verði að hafa gefið sig fram til tilræfinga fyrir 31. marz næstk. Ekki getur fréttin um, hve lengi þeir þurfi að vinna nauðugir viljugir í hernum, en allir verða þeir þangað að fara.

— Íbúarnir á Norður-Írlandi hafa risið upp sem einn maður móti þeirri stefnu Bretastjórnar að veita Írum sjálfstjórn. Þeir ganga svo langt, **að hóta því** opinberlega á fjölmennum fundum, að þeir skuli gera vopnaða uppreist í landinu, ef sjálfstjórn verði sett þar á laggir. Svo mikil alvara er í þessu að tilboð hafa borist til hinna væntanlegu uppreistarmanna um skotfæri og skotvopn og annan an herútbúnað, og samskot hafa verið gerð til þess að borga fyrir þau hergögn. Það er auglýst í þýzkum blöðum, að þessir menn frá Norður-Írlandi hafi pantað þar tuttugu þúsund riffla og eina milión af kúlum í þá. Og Orange félögin á Írlandi hafa sent ávarp til allra landsmanna, sem eru mótmælendatrúar, að vera búnir til vopnaðrar uppreistar, hvenær sem kallið komi.

Bændabankian í Toronto, Ont., varð gjaldþrota í sl. viku. Stjórnandi hans var þegar tekinn til fanga, kærður um, að hafa falsað skýrslur þær til stjórnarinnar, sem hann sendi henni mánaðarlega um ástand bankans. Þessu neitar hann með öllu. Málið er rétt í byrjun, svo að ekkert verður sagt um sekt formannsins, en bankanum er lokað fyrir fult og alt, að sagt er.

— Ottawa stjórnin hefir neitað, að gera korngeymslubúrin við hafnstaðina í Canada að þjóðeign, en boðið í þess stað, að setja þriggja manna nefnd, sem skuli sjá um, að hveiti bænda í Vestur-Canada sé ekki blandað saman við lakara hveiti frá öðrum stöðum meðan það er í korngeymslubúrunum. Sir Wilfrid Laurier var einbeittur móti þjóðeignar hugmyndinni, og bændur skildu við stjórnarhöfðingjann í illu skapi og með þeirri sannfæringu, að stjórnin ætlaði ekki að veita þeim neitt af því, sem þeir báðu um og þeim leikur mestur hugur á að fá framkvæmt.

— Þingmaður Rainey, frá Illinois bar fram í Washington þinginu 19. þ.m. tillögu um, að þingið setji 5 manna nefnd til þess að ihuga kostnað þann, sem Roosevelt bakaði járnbrautafélögunum meðan hann hélt forseta embættinu. Rainey heldur því fram, að forsetinn hafi gert sér það að reglu, að heimta járbrautarlestir til að flytja sig og vini sína á ýmsum skemtiferðalögum, hvenær sem ferðalöngunin greip hann, og að hann hafi einnig gert sér það að reglu, að borga aldrei járnbrautarfélögunum fyrir lestanotin, og að skuld hans fyrir þessar ferðir sé um 100 þúsund dollars, sem eigi að borgast annaðhvort af honum sjálfum eða ríkinu. Skuldin við Pennsylvania járnbrautarfélagið eitt segir þingmaðurinn að sé um 50 þús. dollars. Alt þetta á nefndin að rannsaka og gera ráðstafanir til þess eða ráðleggingar um, að félögunum sé borgað að fullu fyrir þann kostnað, sem þau hafa orðið fyrir við flutning Mr Roosevelts og vina hans víðsvegar um landið.

— Fréttir frá Cuba segja að stjórnin þar sé á mjög völtum fótum og fjármál eyjarinnar í mjög illu ástandi.

Kappspil um "TURKEY"

Næsta þriðjudagskveld, 3. janúar, verður spilað um TURKEY í Íslenzka Conservative Klúbbnum. Nefndin segir, að fuglinn verði bæði stór og ljúffengur og vonar hún að allir félagsmenn komi og reyni lukkuna. Menn ættu að koma ekki seinna en kl. 8, svo hægt verði að byrja í tíma.

— Sjötíu og fimm þúsund manns í Los Angeles í Californiu sáu á jóladaginn herra Archibald Hoxey fljúga í loftvél sinni þar yfir borginni. Loftmælirinn sýndi, að hann komst 11,474 fet, eða nokkuð betur en 2 mílur upp frá jörðu, og er það lang-hæsta flug, sem nokkur maður hefir gert. Veður var hvast — vindhraðinn 40 mílur á klukkustund. Ýmsir aðrir reyndu þar flug, en enginn komst náhægt Hoxey. Einn flugmaðurinn braut vél sína í spón, en komst þó sjálfur af ómeiddur, og nokkrir voguðu sér ekki að leggja til flugs vegna stormsins.

— Svo er veðurblíðan mikil norður við Hudsons flóann, að dýraveiðar eru þar litlar á þessum vetri, og margir Indíánar eiga því óvanalega örðugt uppdráttar.

— Sjö verkfallsmenn á Frakklandi voru nýlega kærðir um **að hafa drepið félaga sinn**, sem vann meðan stóð á verkfallinu. Einn var dæmdur til lífláts, 1 til 15 ára fangavistar og 2 til 8 ára fangelsis hvor.

— Þrjú stálbrúarfélög í Canada hafa í sameiningu gert Laurierstjórninni tilboð um, að byggja brúna miklu yfir St. Lawrence-fljótið fyrir 13 miliónir dollars, og er mælt að stjórnin muni taka þessu boði.

WALL PLASTER

"Empire" VEGGJA PLASTUR kostar ef til vill ögn meira en hinar verri tegundir, —en berið saman afleiðingarnar.

Vér búum til:

"Empire" Wood Fibre Plaster
"Empire" Cement Wall "
"Empire" Finish "
"Gold Dust" Finish "
"Gilt Edge" Plaster of Paris
og allar Gypsum vöruuteg-undir. —

Eiqum vér að senda yður bækling vorn?

BÚIÐ TIL EINUNGIS HJÁ
MANITOBA GYPSUM CO. LTD
SKRIFSTOFUR OG MILLUR I
Winnipeg, - Man.

Heimskringla

Published every Thursday by The Heimskringla News & Publishing Co. Ltd

Verð blaðsins í Canada og Bandaríkjunum $2.00 um árið (fyrir fram borgað). Sent til Íslands $2.00 (fyrir fram borgað af kaupendum blaðsins hérlendis $1.50.)

B. L. BALDWINSON
Editor & Manager

Office:
729 Sherbrooke Street, Winnipeg
P. O. BOX 3083. Talsími 3512.

Jón Sigurðsson.

Síðustu Íslandsblöð skýra frá því, að nú sé fyrir nokkru byrjað í Kaupmannahöfn, meðal Íslendinga þar, að safna fé til minnisvarða yfir Jón Sigurðsson.

Ennfremur ritar biskup Íslands um minnisvarðamálið í Kirkjublaðið, og telur sjálfsagt, að minnisvarði verði reistur yfir þjóðskörunginn mikla, og að vel verði vandað til hans.

Mun því mega ætla, að nú sé almennt byrjað á Íslandi að safna til þessa minnisvarða. Sennilegt þykir og, að alþingi finni sér skylt, fyrir hönd íslenzku þjóðarheildarinnar, að veita fé úr landssjóði til þessa fyrirtækis. Því svo mikið skuldar það minningu Jóns Sigurðssonar, að tæpast er annað hugsandi, en að sú fjárveiting yrði vinsæl af allri alþýðu. Og vér fáum ekki betur séð, en að blöðin þar heima ættu beinlínis að skora á alþingi, sem kemur saman um miðjan febrúar næstkomandi, að taka mál þetta á dagskrá, þrátt fyrir það, þó að samskot yrðu gerð meðal alþýðu út um landið.

Enginn þarf að efa, að vandað verði til þessa minnisvarða, svo sem föng verða til, og að séð verði um, að þeir verði látnir gera hann, sem færastir eru til þess að leysa verkið vel af hendi.

Nú hefir fjársöfnunarnefndin hér í borg lokið við að senda út áskriftarform sín í öll bygðarlög Íslendinga, og er vonað, að samskotin verði rifleg, — því þó að nefndin biðji beinlínis ekki um stærri upphæðir en einn dollar frá hverjum einstaklingi, þá tekur hún þó með þakklæti móti eins stórum upphæðum eins og örlæti hvers eina býður honum að gefa.

Til Winnipeg-búa.

Samskotanefndin óskar, að Íslendingar í Winnipeg vildu gera svo vel, að afhenda tillög sín sem allra fyrst til féhirðis nefndarinnar herra Skapta B. Brynjólfssonar, að 623 Agnes St. hér í borg. Og yfir höfuð er nefndinni umhugað um, að hraðað sé fjársöfnunum í öllum bygðarlögum landa vorra, jafnframt því sem hún óskar, að nöfn gefendanna verði sem allra flest, og að sem flestir þeirra, sem fullorðnir eru, nálgist sem mest dollars takmarkið, — eða meira, — ef fólk vill svo vera láta. Því að tillag Vestur-Íslendinga má ómögulega minna verða en 10 þúsundir króna.

Nefndinni er sérlega ant um, að Winnipeg Íslendingar geri sér það ljóst, að hin ýmsu bygðarlög hér vestra vona mikils til þeirra, og að vera má, að sumar bygðir biði einmitt eftir því að sjá, hvernig þeim ferst í máli þessu. Þess vegna er það áríðandi, að borgarbúar hraði tillögum sínum til herra Brynjólfssonar sem mest þeir geta, og láti þau verða svo, að ekki þurfi að bera kinnroða fyrir upphæðinni, þegar hún er auglýst. Málefnið er þess vert, að allir styðji það drengilega og sem fyrst.

Arnór á orðið.

Í nr. 51 XXIV. Heimskringlu, dags. 22. september sl., var birtur langur kafli úr niðbréfi einu, sem staðið hafði í Þjóðólfi og ritað var af einhverjum Vestur-Íslendingi. Í næsta blaði Heimskringlu, nr. 52, voru birtar fáeinar línur úr öðru niðbréfi, sem staðið hafði í Lögréttu, einnig eftir Vestur-Íslending. Andi og orðalag var svo líkt á báðum þessum bréfköflum, að talið var víst, að þau væru bæði eftir sama óþekta höfundinn, og þess vegna var þá lesendum heitið því, ym leið og nokkrum ósannindum niðbréfanna og ölgum var mótmælt, að nafn höfundar þeirra skyldi verða opinberað innan fárra vikna.

Nú er sú stund komin.

Blaðið Ísafold, nr. 74, dags. 23. november 1910, flytur svolátandi grein:

* * *

"VESTAN BRÉFIN.

Í sumar er leið voru Hafsteins blöðin, Þjóðólfur og Lögrétta, að birta bréfkafla, er þau sögðu vera frá "merkum" manni vestra, er nákunnugur væri hér heima á síðari árum.

Vér höfum nú sannfrétt að þessi "merki" maður er engin annar en Arnór Árnason frá Chicago sá er þrisvar hefir komið hér heim á fám árum, og dvalið að eins örstuttan tíma í hvert sinn.

Bréfin, sem Arnór þessi hefir skrifað undir dularnafni, eru ekki að eins frámunalegt fáránsrugl, er sýnir, hve maðurinn er gjörsneyddur þekkingu á íslenzkum málum, heldur einnig ósvífin árás á Vestur-Ísl. og blöð þeirra, fyrir það, að þeir vildu ekki umhugsunarlaust hnýta sér aftan í Hafsteinsbluna og hjálpa til að innlima Ísland í danska ríkið 1908. Kallar hann þá "hundspott", "ræfla" o. fl. Gegnir það furðu, að Hafsteinsblöðin skyldu innbyrða annan eins óþverra og bréf þessi eru, og sennilegt þykir oss, að ekki bæti það málstað þess flokks vestra, að gerast sorpkýrnur manna, sem níða og svívirða V.-Ísl. hér heima — úr skugganum.

Bréf þessi hafa vakið eftirtekt vestra fyrir það, hve ósvífin og ósönn þau eru. Og heyrt höfum vér að Vestmenn hafi mikinn hug á, aðkomast fyrir hver bréfritarinn er, og fletta dularhjúpnum af honum, svo alþjóð fái að sjá og vita, hver sé þessi "merki" talsmaður Hafsteinskunnar í Vesturheimi.

Blöðin Heimskringla og Lögberg hafa tekið þessi bréf rækilega til íhugunar. Rakið ósanninda vef beirra ögn fyrir ögn, og sýnt V.-Ísl. þar með, hvað "merkan" mann og vandaðan þeir eigi á meðal sín, og hvers þeir eigi að vænta hjá Hafsteinsblöðunum er leggi sig niður við að flytja annan eins óþverra í þeirra garð og umrædd bréf — athugasemdalaust. Ráða þau Hafsteinsblöðunum til að flytja sem mest af þannig löguðum bréfum, svo loku verði fyrir það skotið, að flokkurinn eigi nokkurn tíma uppreisnarvon hjá V.-Ísl.

Einn mann tekur bréfritarinn sérstaklega fyrir í bréfum, sem birt voru í Lögréttu. Það er hr. A. J. Johnson. Fer um hann ósönnum, ærumeiðandi orðum, sjálfsagt fyrir það eitt, að hann dró Hafsteinskuna betur fram í birtuna vestra en nokkur annar V.-Ísl. Um þessa árás bréfritara á herra A. J. J. fer Heimskringla svofeldum orðum: "Þess má strax geta, að umsögnin um herra A. J. Johnson er algerlega villandi, því hann kom hvarvetna vel fram meðan hann dvaldi hér í borg, og eignaðist hér fjölda vina, þó einstöku manni svíði undan penna hans þegar því var að skifta. Johnson sýndi það hér, að hann er skýrleiks og hæfileikamaður, og vér teljum það afarilla gert, að rægja hann í íslenzkum blöðum, algerlega að ástæðulausu, og með ósönnum ákærum".

Sennilega fær Á.A. þá ráðningu hjá blöðunum vestra og V.-Ísl., eftir að þeir vita, að hann er höfundur bréfanna, að hann leggi ekki út í, að skrifa þannig löguð bréf aftur. C."

* * *

Samkvæmt þessari Ísaf.-grein, er sú staðhæfing gerð algerlega skýlaus, að herra Arnór Árnason sé höfundur beggja bréfanna, sem birt voru í blöðunum heima, annað í Þjóðólfi en hitt í Lögréttu, — sýnilega til þess eins, að níðið í þeim um vestur-íslenzk blöð og vestur-íslenzka menn skyldi á þann hátt fá sem mesta útbreiðslu um Ísland. Hvorki Þjóðólfur né Lögrétta birtu bréf Arnórs í fullri mynd, líklegast af því, að þeim hafi þótt þau nokkuð frekorð og þar kenna meira stráksskaparlegs níðs og ósanninda en hógværlegra röksemda eða sannana, enda bólar á hvorugu þessu í bréfunum.

Til dæmis má geta þess um Lögréttu-bréfið, sem ritað var að 1153 W. Superior St., Chicago, Ill., 22. júlí 1910, að þar var haugað saman svo miklu meira af níði og rógburði um herra A. J. Johnson, heldur en Lögrétta sé sér fært að birta. — Lesendum Heimskringlu til fróðleiks skal sá kafli hér birtur í heilu líki. Hann er svona:

"Einn maður er hér vestra, sem nálega allir hafa viðbjóð á fyrir ritsmíðar hans og framkomu í Heimskringlu. Það er A. J. Johnson, eða Jón nokkur Kristjánsson, sem búinn er að flækjast um þvera og endilanga Norður-Ameríku og hvervetna er illa þokkaður meðal landa sinna. Það eru nálega 5 ár síðan hann strauk frá Vestmannaeyjum til Winnipeg, því það vissi Jón, að þorparar eiga þar friðland og geta dansað þar eftir sínum eigin nótum, hversu ramvitlausar, sem þær annars kunna að vera. Þessi yfirlætis fábjáni Björns gamla Jónssonar — því hann er auðsjáanlega hans fífl — er nú á ný byrjaður að fylla dálkana í viðurstyggilegasta afturhalds málgagninu vestur-íslenzka, nefnilega Heimskringlu í Winnipeg. Hann þykist nú vera orðinn stjórnmálavitringur afarmikill og slær nú um sig á sinn vanalega ruddalega hátt.

"Komið hefir til orða meðal ýmsra landa hér vestra, að senda kauðann og alt hans hyski til Vestmannaeyja, eða helzt á einhverja eyðiey, þar sem hann mætti í næði rifast við sjálfan sig nótt og dag. Væri óskandi, að Vestur-Íslendingar létu verða af að efna til samskota til að koma svíninu burt úr landi þessu",

Svo mörg eru Arnórs orð um herra A. J. Johnson, mann, sem hann þekti harla lítið og gat ekki af eigin reynslu haft neitt ilt um að segja, enda mun Jón ekki hafa gert neitt á hluta hans. Því það er sannast, að herra Johnson var eins snyrtimannlegur og kurteis í allri framkomu eins og hann var skýr og hógvær í ritháttu. Þess vegna er mannlastið í bréfi Arnórs eins óskiljanlegt eins og það er óverðskuldað. Alt eins er um þá staðhæfingu, að hér hafi komið til orða, að hefja samskot til að koma Johnson úr landi með skyldu liði sínu. Vér hikum ekki við að segja, að sú frégn, eins og nálega alt annað í nefndum niðbréfum þessa höfundar, sé login frá rótum. Það hefði tæpast farið algerlega framhjá Heimskringlu, ef það hefði komið til orða, "að safna fé" til heimsendingar Jóns. Enda mun hann ekki hafa þurft slíkra samskota, því frá heim tíma, sem Heimskringla fyrst hafði kynn honum, hafði hann það fyrir fasta reglu, að borga útgjöld sín með ávísunum á banka hér í borg, og virtist því ekki vera neinn gjafaþurfi. Og ekki höfum vér heyrt þess getið, að hann hafi fé skort til ferðalaga sinna hér um land eða til Íslandsferðar, þegar hann flutti þangað með fjölskyldu sína.

Vér vitum ekki betur, en að hr. Johnson nyti hér almennra vinsælda og virðingar meðan hann var hér vestra, og ekki þarf Heimskringla að blygðast sín minstu vitund fyrir ritgerðir þær, sem eftir hann hafa staðið í þessu blaði.

Hefði nú herra A. J. Johnson strokið frá Vestmannaeyjum, eins og Arnór segir í niðbréfum sínum að hann hafi gert, þá hefðu að líkindum einhverjir þar á eyjunum vitað til þess. En af öllum þeim fréttum, sem Heimskringla hefir getað aflað sér um utanför Jóns þaðan, þá var hún á allra vitund og algerlega frjáls og óhindruð. Strokusagan er því sýnilega illgjarn uppspuni frá byrjun til enda, og hefir ekki við hin allra minstu sannleiksrök að styðjast.

Hins vegar má vera, að Heimskringla hefði leitt mál þetta hjá sér, ef höfundur bréfanna hefði ekki lagt lykkju á leið sína til þess með ásettu ráði að bera hana algerlega óverðskulduðum brigslum. Slíkar árásir hefir blaðið ekki tekið með þökkum frá öðrum og ætlar ekki að taka þær með þökkum frá hr. Arnóri Árnasyni. Og þess utan eiga Vestur-Íslendingar fullan rétt á því, að blöð þeirra vaki yfir, ekki að eins sínum eigin sóma, heldur einnig yfir þeirra sóma og velferð, og að þau láti ekki óátalið úthrópa þjóðflokk sinn, sem argvítugustu mannræfla, hundspott, svín og öðrum slíkum nöfnum.

Einnig ber blöðunum að sýna Winnipeg borg, sem er fæðingarstöð þeirra og vagga, svo mikla rækt, að andmæla þeirri úthrópun, að hér sé friðland fyrir þorpara, því að vér hyggjum, að í engri stórborg í landi hér sé minna um þess háttar menn, en hér í Winnipeg, og vér vitum hvergi af betri lögreglu eða betra albýðu siðferði, en einmitt hér, og vér hikum ekki við að segja, að hvergi sé minna frið- eða grið-land fyrir þá, sem með réttu geta kallast þorparar, en einmitt hér í Winnipeg. Það er því í mesta máta sorglegt, ekki einungis vegna höfundar þessara níðbréfa, heldur einnig vegna mannorðs og sóma Vestur-Íslendinga yfirleitt, að þau voru nokkurntíma rituð.

Hvað Heimskringla sérstaklega hefir til þess unnið, að Arnór nefni hana "viðurstyggilegasta afturhalds málgagnið vestur-íslenzka", vitum vér ekki. En vér skorum hér með á hann, að gera opinberlega grein fyrir ástæðum þeim, sem hann byggir þá staðhæfingu á. Vér vitum ekki betur, en að alþýða fólks vors hér vestra hafi um mörg liðin ár viðurkent Heimskringlu að vera tvímælalaust lang-irjálslyndasta íslenzka blaðið, sem gefið er út hér vestra, og jafnan styðjandi að því, að halda uppi vörn fyrir fólk vort, hvenær sem ástæður eru til þess. Enda þarf ekki langt að leita eftir sönnun þessa. Hún er í því fólgin, að lang-flestir landar vorir, sem ástæðu finna til, að rita um áhugamál þjóðflokksins, eða um einhver þau efni önnur, sem þeir vilja koma fyrir sjónir Íslendinga yfirleitt í landi þessu, senda ritgerðir sínar til Heimskringlu, og það mundu þeir ekki gera, ef þeir ekki hefðu fult traust á blaðinu og vissu að það er útbreiddasta, víðlesnasta og áhrifamesta málgagn Íslendinga vestan hafs. Annað eða meira virðist ekki þörf að segja að svo stöddu. Vitnisburður Arnórs um Heimskringlu, eða um nokkurt annað málefni, sem hann kann að ræða, getur að vorri hyggju ekki haft mikil áhrif hjá heilskygnu fólki, eftir að búið er að afhjúpa karakter mannsins eins greinilega og rökstutt eins og vér hyggjum að gert sé með því, sem upplýst hefir verið um niðbréin hans í Þjóðólfi og Lögréttu og rógburðinn, mannlastið og mannorðsrániið sem þau bréf eru brungin af. — Heimskringla lítur svo á, að hún sé að vinna Vestur-Íslendingum þarft verk með því að skýra þetta mál á þann hátt, sem hún hefir gert, og að benda þeim á sálarástand Arnórs, og að vara þá alvarlega við, að eiga heiður sinn eða drengskaparvottorð undir fram burði hans.

Hvað Arnóri Árnasyni kann að hafa gengið til þess, að skrifa niðbréf þessi til Íslands til þess þar að rógbera með algerlega lognum og frámunalega lubbalegum sakargiftum, ekki að eins einstaka sæmdarmenn, heldur einnig stóran hluta íslenzka þjóðflokksins hér í landi og blöð hans, og að ausa Íslendinga hér svívirðilegustu smánarnöfnum, sem hann gat fundið, — það finst oss vera atriði, sem Vestur-Íslendingar eigi heimting á að maðurinn geri grein fyrir opinberlega, og að hann annaðtveggja rökstyðji og réttlæti illmælin eða afturkalli þau og biðji velvirðingar á yfirsjón sinni. En eitt fær hann aldrei yfirstigið, og það er grunsemin, sem á hann legst, hvenær sem einhver héðan að vestan kann — í blóra við hann — að rita samskyns niðbréf til manna eða blaða á Íslandi, — þá verður hans einatt fyrst getið til, sem höfundarins, af því að hann er þá þegar kunnur orðinn að slíkum ritsmíðum.

Að Ísafold feðri níðbréf Arnórs rétt, þarf enginn að efa, enda mun hvorki Þjóðólfur né Lögrétta voga sér að neita því, að Arnór sé hinn rétti höfundur þeirra, með því líka að Heimskringla heldur sig við því búna, að leggja að minsta kosti annað þeirra bréfa fram í rétti, ef nauðsyn krefur. Og þar sem herra A. J. Johnson er nú orðinn búsettur í Reykjavík, og hann á nokkurn hlut að máli þessu, þá verður hægra um upplýsingar en ella kynni að verða.

En ef herra Arnór Árnason telur sér rangt gert til með því, að vera sagður höfundur oftnefndra niðbréfa, þá er honum frjálst og hér með boðið, að nota dálka Heimskringlu sér til varnar, og engum skal þykja vænna um það en Heimskringlu, ef hann getur með fullum sannanarökum sýnt, að Ísafold hafi hann fyrir rangri sök.

Af því að Arnór, eftir bréfköflum þeim, að dæma, sem honum eru eignaðir, og birtir hafa verið í þessu blaði, er nokkurn veginn vel pennafær, — vildum vér í hjartans einlægni ráða honum til, að halda sig fremur að framhaldi ritgerða sinna um trúmál, en að vera að eyða tíma og kröftum til að rægja Vestur-Íslendinga í blöðum Íslands og í bréfum til privat manna þar.

Forseti þingsins.

Hann er ekkert smámenni, forseti þingsins í Ottawa. Laurier-stjórnin fer einkar vel með hann og sér vel um, að hann hafi öll nauðsynleg hægindi og þægindi í þeim tveimur herbergjum, sem hon um eru ætluð til íbúðar meðan þibgið stendur yfir þar í borginni. Og eins og gefur að skilja, þá er landssjóðurinn látinn borga fyrir ekki að eins ljós og kita í herbergjunum, sem hann hefir leigufrí, heldur einnig fyrir húsgögnin og það annað smáræði, sem þar er inni.

Það varð dálítið umtal um mál þetta þar í þinginu þann 7. þ.m. Ríkisreikningarnir síðustu báru með sér, að ýmislegt hafði verið keypt í þessi herbergi, sem þingmönnum fanst ekki algerlega nauðsynlegt vera, en hafði þó kostað nokkur þúsund dollara. Og svo var að sjá, sem ekkert hefði verið reynt að spara við kaup þau, því landssjóður var látinn borga fyrir vörurnar,

Meðal annars, sem reikningarnir sýndu að keypt hafði verið, var hljóðriti einn. Hvað hann kostaði, getur ekki um, en skífur í hann, eða "Records", höfðu verið keypt fyrir $375.00. Einnig hafði verið keypt mikið af kampavínsglösum og öðrum vínglösum, svo og ýmsar tegundir af dýrum vínum í flöskum og brúsum. Einnig útroðnir fuglshamir til prýðis í stofunum. Þá hafði og keypt verið dýrindis borðlín og rúmábreiður, gluggablæjur og fleira þess háttar, og alt í svo ríkulegum stórkaupum, að furðu gegnir. Meðal annars höfðu pípuhulstur — hve mörg er ekki getið — verið keypt fyrir $65.85. Þá ýmsar skrautkrúsir og aðrir skemtimunir til prýðis — Ýmsum þingmönnum fanst þetta óþörf eyðslusemi, en þá gaf Sir Wilfrid þá skýringu, að þetta hefði verið keypt á Basar, sem konur Sacred Heart kirkjunnar katólsku höfðu haldið þar í borg, og þó að hlutirnir hefðu ekki verið keyptir með neinu kjörkaupsverði, þá var ekki verið að raga það, því landssjóður var látinn borga.

Þá urðu umræður um pianó, sem Laurier stjórnin hafði tekið á leigu árið 1896, til þess að prýða herbergi þingforsetans, og hafði leigan á því, með öðrum smákostnaði í sambandi við það, orðið fram að þessum tíma rúmle 1807 dollars. Laurier var mintur á, að fyrir þessa upphæð hefði hann getað keypt fjögur ný og ágæt pianós, og ríkið svo átt þau öll skuldlaus, en nú væri búið að kasta út á nitjánda hundrað dollars fyrir pianóið og samt ætti ríkið ekki cents virði í því. Öllu þessu játaði stjórnin, — en aðgætandi var, að landssjóðurinn var látinn borga.

Þá var rætt um $2,306.00 útgjöld úr landssjóði fyrir 18 blómakrúsir, 24 kaffikatla, 85 gluggablæjur, 77 rúmábreiður. Þá voru dýratjöld á 355 dollara fyrir þessi tvö herbergi, en ekki nema einar dyr eru milli þeirra. — Alt þetta kvað Laurier keypt hafa verið fyrir herbergi þingforsetans, og brostu margir þingmenn að þeirri skýringu.

Nú er það vitanlegt, að þingforsetinn býr einn í þessum herbergjum og sefur þar einn, — eða svo á það að vera. En hlýtt hlýtur honum að vera í beddanum undir þessum 77 ábreiðum, með $355.00 tjaldið fyrir dyrunum og 85 blæjunum fyrir gluggunum. Sofi hann á nóttum, eins og heiðarlegum, samvizku-rósömum manni sæmir, og stundi þingstörf sín um daga, þá getur pianóið ekki orðið brúkað meira en svo, ef hann annars kann nokkuð að spila á það, að $1806.00 leiga fyrir það eftir 14 árin, frá 31. des. 1896 til 1. des. 1910 — hlýtur að teljast all-rífleg borgun. Hvað hann gerir með þessa 24 kaffikatla, sem landssjóður var látinn kaupa og borga fyrir handa honum, gat stjórnin ekki gefið upplýsingar um. En sjálfur var þingforsetinn í forsetasætinu og bagði meðan umræðurnar fóru fram, og því ekki hægt að beina spurningum til hans. Ekki heldur gat stjórnin sagt neitt um það, hvað forsetinn hefði gert við alt það vín af mörgum tegundum, sem keypt hafði verið og flutt heim í herbergi forsetans, eða fært forsetanum til reiknings, en landssjóður var látinn borga fyrir þau, — það eitt var víst.

Vitanlegt er nú, að hér er ekki um sérlega mörg þúsund dollars dollars að ræða, svo að hagur þjóðarinnar stendur nokkurnveginn jafnréttur fyrir þeim útgjöldum,— enda er ekki nokkurt cent af þessum peningum borgað fyrir nauðsynleg húsgögn, svo sem borð, stóla, rúmstæði, skrifborð, bókaskápa eða annað þess háttar. En þessi "smáatriði" sýna samt glögt hve Laurier stjórnin lætur sér ant um að eyða landssjóðsfé til hagsmuna og ánægju vina sinna, meðan henni gefst kostur á því. En þegar maður sér svona meðferð á almannfé í því smáa, þá gefur það bendingu um, hvernig farið er með það á hinum stærri og umfangsmeiri verksviðum. Og ekki bendir það á fjárhygni Laurier stjórnarinnar, að hafa á fáum árum borgað meira fé í leigu eftir eitt gamalt pianó, en hægt væri að kaupa fjögur ný fyrstu tegundar pianó fyrir. Það er ljúft fyrir þá "Liberölu", að leika þannig með landssjóðsfé, en ekki að sama skapi heiðarlegt. — Samt finna flokksblöð þeirra ekki að þessu, — sízt Lögberg.

Finst ekki kjósendum tími til kominn, að skifta um stjórn í Ottawa?

"FALCONS"

Íslenzkir "Hockey" leikarar.

Saga íslenzkra Hockey leikara er nú orðin næsta gömul hér í Winnipeg, og að minu áliti okkur Íslendingum í sinni röð ekki minni sómi enn frammistaða okkar framúrskarandi námsmanna, 'business' manna, bænda og annara duglegra landa, sem hafa nálega í öllum greinum, þar sem um samkepni við hérlenda menn hefir verið að ræða, borið höfuðið hátt og staðið framarlega og oft fremstir í röðinni.

Það er óþarfi, að rifja upp þá sögu, hún er svo vel þekt meðal landa vorra í þessum bæ, ásamt nöfnum þeirra félaga, er hafa haldið uppi leik þessum meðal Íslendinga, "N. L.", "I. A. C." og "Víkingar". Það eina, sem ég vil minnast hér, er, að fyrir rúmum tveim árum, þegar útkljáð var um Hansons bikarinn vorið 1908, komu þessir gömlu keppinautar sér saman um, að sameina krafta sína, til þess svo að koma sem alíslenzkt Hockey félag gegn öllum keppinautum, og sýndu drengirnir sinn norræna anda með því að gefa þessu félagi nafnið Falcons.

Fyrsta veturinn, 1908 til 1909, náðu þeir að verða næst efstir í röðinni í "Intermediate League". Næsta vetur, 1909 til 1910, voru þeir efstir, með því að vinna fjórum sinnum, tapa að eins einu sinni og gera eitt jafntefli, — þar sem næstu keppinautar, — "Monarchs", sem unnu árið áður, unnu þrisvar, töpuðu einu sinni og gerðu tvö jafntefli.

Nú í ár hefir Falcons tekist að ná þeirri viðurkenningu meðal hérlendra Hockey-leikara, að fá inngöngu í það sem kallað er "Senior League of Western Canada". Það samanstendur af fjórum félögum, einu frá Brandon, einu frá Kenora, Ont, og tveimur frá Winnipeg, "W.A.A.A." og Falcons.

Hockey er sérstaklega canadiskur leikur. Það er hvorki smábær né stórbær til í landinu, sem ekki státar sig af einum eða fleirum Hockey félögum, og þar sem Íslendingar eru niðurkomnir, hafa þeir tekið meiri eða minni þátt í þessum þjóðlega leik. En þeir eru líka þeir einu af hinum mörgu útlendu þjóðflokkum, sem byggja þetta mikla Vesturland, sem hafa komið á fót alþjóðlegum Hockey-félagsskap innan vébanda síns eigin þjóðfélags, og sem hafa síðan haft dug og djörfung til að keppa um æðsta heiður í þessu tilliti, sem fáanlegur er í Vestur-Canada, — og ég hefi engan efa á því, að þeir nái því takmarki, ef ekki í ár, þá næsta ár.

Ég álít það skyldu allra Íslendinga, sem unna karlmannlegum íþróttum, að veita þessum ungu og efnilegu mönnum sitt ítrasta fulltingi. Vér getum gert það á þann hátt, að hjálpa þeim peningalega til að mæta þeim mikla kostnaði, sem þeir verða að leggja út í þegar í byrjun, svo sem borga fyrir skautaskála til æfinga, einkennisbúninga og annað þvíumlíkt. Sá kostnaður í byrjun mun verða nær $300.00. Auk þess eru allir þessir drengir fátækir, og þurfa að vinna fyrir sér daglega, en tímatap til æfinga og ferðalags til Brandon og Kenora (því á báðum þessum stöðum verður leikið auk hér í Winnipeg) útheimtir alt það, sem sanngjarnt er að ætlast til að þeir leggi sjálfir af mörkum.

Þar næst og ekki minst getum vér hjálpað þeim með því að sækja dyggilega alla þá kappleika, sem fara fram hér í bænum, — láta þá finna til þess, þegar til orustu kemur, að þeir eiga vini trausta og trygga, sem vaka yfir hverri þeirra hreyfingu og gleðjast yfir drengilegri framsókn eða karlmannlegri vörn, og sem vilda gjarnan af fremsta megni stuðla til þess, að sigurinn yrði Falcons, — og Íslendinga.

Hinir ýmsu kappleikir, sem Falcons taka þátt í, fara fram á eftirfarandi dögum:

6. jan. W.A.A.A. gegn Falcons.
13. jan. Kenora gegn Falcons.
20. jan: Falcons gegn Kenora.
27. jan.: Falcons gegn W.A.A.A.
3. febr.: Brandons gegn Falcons.
10. febr.: Falcons gegn Brandons.

J. B. Skaptason

Óheiðarleg atvinna.

er það, sem viðgengst hér í bygð vorri, og mun líklega víðar naga tilfinnanlega í kringum sig, þar sem annars nokkur kvikfjárrækt er stunduð hér í fylkinu, sem sé: að nokkrir náungar, sem eru of latir til að vinna fyrir lífi sínu, taka upp á því, að viðhalda því með viðskiftabralli.

Við þetta væri nú auðvitað ekkert athugavert, ef að þessi viðskifti væru að nokkru leyti heiðarleg — margur lifir á viðskiftum —, en þar vilja vera á stórar misfellur í tilfellum þeim, sem hér er um að ræða.

Þessir náungar fara um bygðir manna til að fala sláturgripi til kaups. Mest er gert að því seinni part sumars og á haustin.

Af því mér er kunnugt um mína eigin bygð, vil ég sérstaklega beina athugasemdum mínum að henni, jafnvel þó ég viti að nokkuð svipað muni mjög víða eiga sér stað.

Bygðarhluti vor getur ekki heitið að vera nema fjögra ára gamall. Margir fluttu hér inn með fáa nautgripi. En eins og Íslendingum er yfirleitt eðlilegt og hughaldið, reyndu þeir að fjölga gripum sínum alt hvað þeir máttu, og er nu stofn þeirra orðinn svo vaxinn, að þeir gátu farið að miðla lítilsháttar á markað.

Öndverðlega síðastliðinn ágústmánuð fór einn náungi hér um bygðina að spyrjast fyrir um sláturgripi til kaups. Nafn hans var D. Hamilton. Hafði hann miklar sögur á boðstólum um markaðinn hvað hann væri slæmur. Sagði hann til dæmis, að framboð væri nú svo mikið úr þurkahéruðum, að kaupa mætti sláturgripi í Winnipeg fyrir $2.00 til $2.50 hundrað pund (á fæti), þ.e. 2—2½c pundið. Það mesta, sem hann gæti borgað væri $2.50 til 3.00 hundrað pd. fyrir beztu kýr og kvigur til útflutnings.

Af því að þetta var svo snemma á tíma og gripir ekki búnir að fá nægileg hold, gat hann að eins náð í 7 gripi hér um slóðir, 2 hjá einum og 5 hjá öðrum. Eftir því sem reyndist síðar á reglulegum gripamarkaði í þessu héraði, mun hann hafa haft af þeim fyrneinda um $15.00, en hinum síðarneinda um $50.00. Og hann gerði ennþá meiri skaða með þessum tilbúnu sögum, neínilega, lagði hugi manna svo í bleyti, að þeir gerðu sér ekki miklar vonir um hátt verð fyrir þessa fáu markaðsgripi sína.

Svo liðu dagar og vikur. Bygarmenn voru önnum kafnir við hey- og uppskeru-vinnu, höfðu litlar sagnir af gripamarkaðinum, — enda lítt vanir að hafa hann ríkt í huga, þar eð þeir aldrei áður höfðu haft þessa vöru til sölu.

Svo fóru að koma fleiri og fleiri gripa-snatar inn í bygðina. Vart munu þeir hafa logið eins ósvífið eins og Hamilton, en lítið létu þeir yfir verði því, sem þeir nú gætu borgað fyrir sláturgripi. Afleiðingarnar urðu þær, að þeir fengu loðun á öllum markaðsgengum gripum fyrir talsvert minna verð heldur en að verðgildi þeirra var eftir aðalmalmarkaðsverði héraðsins í haust (auðvitað ekki vegnir).

Þetta eru ekki reglulegir gripakaupmenn, sem hér er um að ræða — heldur gripasnatar, sem fara um bygðir til að ljúga þetta einn og tvo gripi út úr hinum fátæku með lágu verði, sem þeir vita að ekki þekkja vel inn á markaðsverðið, og sem stafar meðfram af því, að þeir svo sjaldan hafa þessa vöru til sölu.

Aftur fara þessir gripasnatar ekki til hinna stærri gripabænda hér í bygðinni, sem að hafa á mörgum umliðnum árum selt mikið af sláturgripum til hinna reglulegu gripakaupmanna, og sem hafa alt af vel opin augu fyrir verðgildi gripa sinna.

Jú, einn snatinn tók víst einusinni upp á því fangaráði, að kaupa alla sláturgripi af einum stærsta gripabónda hér í bygðinni. En hvernig fóru þau kaup fram? Hér réði bóndinn öllu. Hér var ekki til neins fyrir snatann, að segja um verðgildi vörunnar, og kaupin gerðust því að eins, að snatinn undirgekst að borga bónda dálitið meira heldur en að nokkur reglulegur gripakaupmaður hefði gert.

Snatinn vissi það mjög vel, að það bezta, sem hann gæti búist við út úr þessum kaupum, væri að sleppa skaðlaus og hafa ekkert fyrir sína fyrirhöfn. En hann hugðist að vinna það upp óðruvísi, sem sé, þegar hann kæmi til hinna fátæku, sem að eiga þetta einn og tvo gripi markaðsgenga, og sem ekki er vel ljóst um verðgildi þeirra.

Snatinn hefir ætíð á "reiðu höndum" sögur af markaðinum, hvað hann sé slæmur. Mjög vingjarnlega segir hann þeim frá, að þessi stóri gripabóndi hafi selt sér alla sína markaðsgripi, af því hann borgi fyrir þá alt sem hægt sé að fá. En hér ræður nú samt snatinn verðinu en ekki bóndinn.

Þetta viðskiftabrall er komið svo langt í sumum sveitum, að mönnum er eins og meinað að koma sölugripum á réttan markað, þar sem þeir eru vegnir og flokkaðir niður eftir gæðum. Þessir snatar koma oft eins og tveim mánuðum á undan markaðstíma, og með ósannsögli narra loforð út á gripunum, með affallsverði, og festa kaup í þeim.

Þó að kannske dæmi megi finna til þess, að snatarnir hafi borgað fult verð fyrir suma gripi, þá mælir það ekki bót þessari viðskiftaaðferð. Það eru helzt rýrustu gripirnir, sem eru borgaðir að fullu. Eftir því, sem gripatinn er vænni, eftir því er meira haft af seljanda.

Viðskifti þessi eru ein tegund af "gamble". Snatarnir fara eins langt og þeir komast með ósannindum, að fá þann og þann gripinn með affallsverði. Verður þá niðurstaðan sú, að sá, sem sjaldan hefir bessa vöru til sölu, og því ekki kunnugt um verðgildi hennar, verður fyrir mestum skaða, þ.e. hinn fátæki.

Það heyrist oft í hýbýlum manna kvartað undan því, að verzlunarmenn hafi heldur mikinn hagnað af vörum sínum, Má vel vera, að eitthvað sé til í því. En samt eru viðskifti þeirra heiðarleg að því leyti, að þar gengur sama verðlag yfir alla, ríka sem fátæka, hvgna sem vanhygna. Þeir viðhafa ekki sömu aðferð eins og gripasnatarnir, að nota vanþekkingu og aðrar kringumstæður til að hafa fé af einstaklingum.

Landar góðir! Ég get að eins talað við yður í gegn um Hkr..— Ég hefði gjarnan viljað tala við fleiri, og geri það kannske í gegnum ensku tunguna. — Varist að hafa viðskifti við gripasnatana. Látið liðna timann kenna yður að fara með sölugripina á réttan markað, þar sem að þeir eru vigtaðir og flokkaðir eftir gæðum. Þá fáið þér fyrir gripina það sem þeir eru virði.

Ég vil biðja Heimskringlu, að flytja þessar línur meðal manna. "Ekki veldur sá er varar".

Með þakklæti fyrir rúm í blaðinu.

Holar, Sask., 24. nóv. 1910.

J. H. Lindal.

Góðar stöður.

Geta ungir, framgjarnir menn og konur fengið á járnbrauta eða loftskeyta stöðvum.

Síðan 8 kl. stunda lögin gengu í gildi og síðan loftskeyta fregusending varð útbreidd þá vantar 10 þúsund telegraphers (fregusendla). Launin til að birja með eru frá $70 til $90 á mánuði. Vér störfum undir umsjón telegrapa yfirmanna og öllum sem verða fullnuma eru ábyrgðar atvinnu stöður.

Skrifið eftir öllum upplýsingum til þeirrar stofnunar sem næst yður er. NATIONAL TELEGRAF INSTITUTE, Cincinatti, Ohio, Philadelphia, Pa., Memphis, Tenn., Columbia, S. C., Davenport, Ill., Portland, Ore.

Manitoba Elevator Commission

D. W. McCUAIG, Commissioner — W. C. GRAHAM, Commissioner — F. B. MACLENNAN, Commissioner

Aðal skrifstofa: 227 Garry St., WINNIPEG

P. O. Box 2971

Commissioners tilkynna hérmeð Manitoba bændum að þeir hafa fengið fra ntiðar skrifstofu til starfsnota og að öll b él skyldu sendast Commissioners á ofan nefnda áritun. Blaðuiform og allar upplýsingar sem bændur þarfnast til þess fá kornhlöður í nágrenni sín., verða sendar hverjum sem óskar.

Commissioners óska eftir samvi nu Manitoba bænda í því að koma á fót þjóðeignar kornhlöðum í fylkinu.

The Northern Wine Co. Ltd.

Selur sérhverja góða tegund af Whisky, vínum og bjór o.fl. o.fl. Við gefum sérstaklega gaum familíu pöntunum og afgreiðum þær bæði fljótt og vel til hvaða hluta borgarinnar sem er — Gefið okkur tækifæri að sýna ykkurað svo sé.

VIÐ óskum jafn framt eftir sveita pöntunum—Afgreiðsla hin bezta.

Talsímar Main 1673-6744

215 MARKET ST.

Hluttekning.

I.

Ragnhildur Skúladóttir, Johnson.

Undarlegt er alheims líf,
úrlausn þess sig dylur;
upphaf, tilgang, yndi' og kíf,
enginn maður skilur.

Og enginn veit hvað ollir því,
að oftast fögru blómin,
falla skautið foldar í
fyrir skapadóminn.

Eitt slíkt dæmi örlög köld
enn hér skapað hafa.
Sorgar-rún á sögu spjöld
sí og æ þau grafa.

Seytján ára sveif á braut,
saklaus eins og barnið;
elskuð, þekti enga þrant,
— eygði' ei mannlífs hjarnið.

Há og grönn og höfðingleg,
hlý og skýr í máli,
yndisleg á allan veg,
öllu fjarlæg tali.

Elskulegust yngismær
of fljótt vini kvaddi.
Öllum var hún einkar-kær,
alla því hún gladdi.

Heimilisins sælu-sól
segja má hún væri;
því hún mesta yndi ól
öll við tækifæri

Furða' er ei þótt felli tár
fólk með kendir nýtar.
Ástvinanna ógnar sár
aldrei grær til hlýtar.

Hún, sem farin héðan er
og harm vorn allan lítur,
sæl í anda sagði mér:
„sorg við „dauðan" þrýtur!

Mér þótt liði mæta-vel
í móður og föður höndum.
sælli' ég mig nú samt ég tel
sælum meður öndum.

Frændur marga fann ég hér,
farna yfir sæinn;
sögðu þeir og sýndu mér
sitthvað allan daginn.

En mér veitti allra mest
yndir í nýjum heimi,
og leyndar-dómum lýsti bezt
lífs í víðum geimi, —

hjartans bezti bróðir minn,
blíðum meður orðum.
Allir kalla' hann „Eirík sinn",
eins og „heima" forðum.

Fræddu' á þessu, fvrir mig,
foreldrana mína,
brott svo hafi sorgin sig,
en sólin megi skína.

Grát nú snúið gleði í
góðu vinir mínir;
yndi slíkt mér yki — því
yðar sorg mig pínir!"

II.

Til Skúla og Halldóru Johnson, foreldra hinnar látnu.

Hamingjuna heitt ég bið
hörmum ykkar sinna,
og tillag þetta, takið þið,
tilfinninga minna.

Fátæklegt er flest hjá mér,
og ferleg mótgangs kyljan,
en ykkar til ég traust það ber
að takið góða viljann.

Hópur barna fækka fer,
feykn þið megið lifa!
En munið sigurs að eins er
auðið þeim, sem stríða.

Eins og gull í eldinum
ávalt skírslu nýtur,
svo sálin manns í sorgunum
sína reynslu hlýtur.

Ykkar mikla yndis-tjón
æ með stilling berið. —
Huggizt, gleðjist, góðu hjón!
— Guðs- í -friði verið!

J. Ásgeir J. Lindal.

Bókalisti.

N. OTTENSON'S,- River Park, W'p'g.

Ljóðmæli Páls Jónssonar í bandi	(3)	85
Sama bók (að eins 2 eint.	(3)	60
Jökulrósir		15
Dalarósir	(3)	20
Hamlet	(3)	45
Ljóðmæli Jóns Árnasonar á Viðmýri, 1879	(4)	90
Tíðindi Prestafélagsins í hinu forna Hólaskifti	(2)	15
Áttungurinn	(2)	45
Grant skipstjóri	(2)	40
Börn öveðursins	(3)	55
Umhverfis jörðina á áttatíu dögum	(3)	60
Blindi maðurinn	(3)	15
Fjórhlaðaði smárinn	(3)	10
Kapitola (í II. Bindum)	(3)	1.25
Eggert Ólafsson (B. J.)		15
Jón Ólafssonar Ljóðmæli í skrautbandi	(3)	60
Kristinfræði	(2)	45
Kvæði Hannesar Blöndal	(2)	15
Mannkynssaga (P. M.) í bandi	(5)	85
Mestur í heimi, í b.		15
Prestkosningin, Leikrit, eftir D.E., í b.	(3)	30
Ljóðabók M. Markússonar		50
Ritreglur (V. Á), í b.		20
Sundreglur, í b.		15
Verði ljós		15
Vestan hafs og austan, Þrjár sögur eftir E. H., í b.		90
Víkingarnir á Hálogandi eftir H. Ibsen		25
Þorláksþelgi		15
Ofurefli, skálds. (E. H.) í b.		1.50
Ölöf í Ási	(g)	45
Smælingjar, 5 sögur (E. H.), í b.		85
Skemtisögur eftir S. J. Jóhannesson 1907		25
Kvæði eftir sama frá 1905		25
Ljóðmæli eftir sama. (Með mynd höfundarins frá 1897		25
Safn til sögu og ísl. bókmenta í b., III. bindi og það sem út er komið af því fjórða	(53c)	9.4
Íslendingasaga eftir B. Melsted I. bindi í bandi, og það sem út er komið af 2. b.	(25c)	2.85
Lýsing Íslands eftir Þ. Thoroddsen í b.	(16c)	1.90
Fernir fornísleuzkir rímnaflokkar, er Finnur Jónsson gaf út, í bandi	(5c)	85
Alþingisstaður hinn forni eftir Sig. Guðmundson, í b.	(4c)	90
Um kristnitökuna árið 1000, eftir B. M. Olsen	(6c)	90
Sýslumannaæfir eftir Boga Benediktson I. og II. b innbundið	(55)	8.10
Íslenzkt fornbréfasafn, 7. bindi innbundið, 3 h. af 8 b.	(d 70)	27.80
Biskupasögur, II. b. innbundið	(42c)	5.15
Landfræðissaga Íslands eftir Þ. Th., 4. b. innbundið	(55c).	7.75
Rithöfunda tal á Íslandi 1400—1882, eftir J. B., í bandi	(7c)	1.00
Upphaf allsherjarríkis á Íslandi eftir K. Maurer, í b.	(7c)	1.15
Auðfræði, e. A. Ól., í bandi	(6c)	1.10
Presta og prófastatal á Íslandi 1869, í b.	(9c	1.25
B. Thorarinsson Ljóðmæli, með mynd, í b.		1.50
Bókmentasaga Íslendinga eftir F.J., í b.	(12c)	1.80
Norðurlandasaga eftir P. Melsted, í b.	(8c)	1.50
Nýþýdda biblían	(35c)	2.65
Sama, í ódýru bandi	(33c)	1.60
Nýjatestamentið, í vönduðu bandi	(10c)	65
Sama, í ódýru bandi	(8c)	30

Nýkomnar bækur,

Kóralbók P. Guðjónssonar		90
Sama bók í bandi		1.10
Svartfjallasynir	(5)	60
Aldamót (Matt. Joch.)		20
Harpa	(4)	60
Ferðaminningar, í bandi	(5)	90
Bóndinn	"	35
Minningarit (Matt. Joch.)	"	35
Týndi faðirinn	"	35
Nasreddin, í bandi		35
Ljóðmæli J. Þórðarsonar	(3)	45
Ljóðmæli Gestur Pálssou	"	75
Haldanar rímur		30
Maximi Petrow	(2)	45
Leyni-sambandið	(2)	40
Hinn áttalegi leyndardómr	(2)	50
Sverð og bagall	(2)	30
Waldimer Nihilisti		75
Ljóðmæli M. Joch. I.-V. bd., í skrautb.	(15)	4.00
Afmælisdagar Guðm Finnbogasonar		1.00
Bréf Tómarar Sæmundsson	(4)	75
Sama bók í skrautbandi	(4)	1.15
Íslenzk-ensk orðabók, G. T. Zoega	(10)	1.80
Fornaldarsögur Norðurlanda, í 3 bindum, í vönduðu giltu bandi	(15)	4.50
Gegnum brim og boða		90
Ríkisréttindi Íslands		50
Systurnar frá Grænadal		35
Gæfutýri handa börnum		30
Vísnakver Páls lögmans Vídalíns		1.25
Ljóðmæli Sig. Júl. Jóhannessonar		1.00
Sögur frá Alhambra		30
Minningarrit Templara í vönduðu bandi		1.65
Sama bók, í bandi		1.50
Pétur blásturbelgur		10
Þessir sögufélagsins Reykavík;		
Mörðarbréfabækningur		1.35
Byskupasögur, 1—6,		1.95
Aldarfarsbók Páls lögmanns Vídalín		45
Tyrkjaránið, I—IV,		2.90
Guðfræðingatal frá 1707—'07		1.10
Jón Arason		80
Skipið sekkur		60
Jóh. M. Bjarnason, Ljóðmæli		55
Maður og Kona		1.25
Fjarða mál		25
Bessa mál		10
Oddur Lögmaður		95
Grettis Ljóð.		65
Andrarímur		50
Lækafróðarímur		35
Jóhanns Biack rímur		25
Reinarsrímur		35
Alaflekkarímur		25
Rímur af Gísla Súrssyni		35
Dular, Smásögur		50
Hinrik Heiðráði, Saga		20
Svólda ár rímur		35
Þjóðvinafél, Almanak 1911		20
Andvari 1911		75
Æfisaga Benjamin Franklins		45
Sögusafn þjóðviljans I—II árg. 35c; III árg. 30c IV árg. 30c; V. árg. 20; VI. 45; VII. 45; VIII. árg. 55; IX. árg. 55; X. árg. 55; XI. árg. 55; XII. árg. 45; XIII árg. 45; XIV. árg. 55; XV. árg. 30; XVI. árg. 25; XVII, árg. 45; XVIII árg. 55; XIX, árg. 25.		
Alt sögusafn þjóðviljans selt á		$7.00

Bækur Sögufélagsins fá skrifendur þeir hærri hálfvirði,—$3.80.

Umboðsmenn minir í Selkirk eru Dalman bræður.

Þess skal getið viðvíkjandi bandinu á Fornaldarsögunum Norðurlanda, að það er mjög vandað, handbundið skrautband, vel frá gengið eins er með Bréf Tómasar Sæmundssonar.

Tölurnar í svigum tákna burðargjald, er sendst með pöntunum.

"Ísabella, ert þú hérna?"

"Já", svaraði kvenrödd úr einu horninu, "ert það þú, Móritz?"

"Já, elskan mín", svaraði greifinn.

Undir eins fann hann tvo handleggi leggjast um háls sér og mjúkan koss á vörum sínum.

Eberharð tók Ísabellu í fang sér, bar hana yfir á svarðbekkinn og settist hjá henni.

"Móritz", sagði Ísabella þú ert svo þögull "Ó, segðu mér, hvaða nýungar þú kemur með".

"Það er úti um alt, Ísabella", sagði greifinn "við verðum að skilja".

"Skilja! Guð minn góður. Hefirðu talað við pabba?"

"Já", svaraði greifinn í sorgarróm, "öll von er úti. Hann hefir svívirt mig, — við verðum að skilja Ég er kominn til að kveðja þig".

"Þú ætlar að yfirgefa mig? Hvað verður þá af mér? Á ég að neyðast til að giftast þessum svívirðilega manni, sem ég hata eins mikið og ég elska þig, Móritz. Þú ert mér alt, bæði á himni og jörðu. Nei, þú ert ekki svo harðbrjósta. Þú getur ekki skilið mig eftir í þessum kringumstæðum".

Eberharð ætlaði að verða tryltur af vonzku, þó áttaði hann sig og sagði:

"Ísabella, við skulum deyja saman, fyrst við megum ekki njótast. Án þín vil ég ekki lifa. Komdu í faðm minn, þrýstu þér fastara að mér, svo ég finni, hvernig hjarta þitt svarar sorgarslögum míns eigin hjarta. Mennirnir vilja aðskilja okkur, en ég elska þig heitar, en nokkur kona hefir elskuð verið".

Í hálfgerðu meðvitundarleysi þrýsti unga stúlkan sér að brjósti hans. — Blóðið sauð í æðum hennar, og hjartað ætlaði að sprengja fangelsi sitt.

Og níðingurinn sigraði. . . . . .

Eins dauðaleg og hugsanlegt var, skjögraði Ísabella út úr laufskálanum við hlið Eberharðs.

"Móritz", sagði hún, "ó, Móritz! — —"

Meira gat hún ekki sagt, því nú skein tunglið framan í Eberharð, sem hafði brett niður kápukragann og tekið ofan hattinn.

Djöfullegt bros lék á vörum hans.

Ísabella starði á hann, og var við það að missa vitið.

Hún skildi nú til hálís, hvað fram hafði farið.

"Sjáðu nú, ungfrú", sagði Eberharð, "þekkirðu mig nú? Þekkirðu þenna fyrirlitna, þenna hataða, sem hefir þrýst þér í faðm sinn sem brúður? Þú elskar annan, en þú hefir gleymt að taka tillit til forlagaleiksins".

"Nú ættirðu ekki lengur að hika þér við að verða konan mín, því þú ert það nú þegar. En vertu þú nú sæl. Ég heyri fótatak þess, sem þú áttur von á. Hann kemur of seint, — ha, ha, ha!"

Eberharð hvarf sem elding á milli trjánna.

Ísabella rak upp hátt hljóð og féll meðvitundarlaus til jarðar.

Í þessu ástandi fann Móritz hana.

XII.

Skýringin.

Nú víkur að því að gera grein fyrir, hvers vegna Móritz kom ekki í tæka tíð til fundar við unnustu sína.

Þegar hann fór frá prestssetrinu, var komið undir sólarlag, en hann gekk hart í þeirri von, að verða á undan Ísabellu í laufskálann.

Hann var kominn að forsælugangínum, sem lá ofan að Liljudal, þegar hann tók eftir manni, sem sat á skurðbarminum.

Það var nógu bjart til þess, að hann sá að þetta var Jakob Kron.

Maðurinn stóð upp, tók ofan hattinn og sagði í bænarróm:

"Góði herra! Gefðu mér fáeina skildinga, ég er við það að deyja úr hungri".

"Jakob Kron", sagði Móritz.

"Hvað er þetta? Hvað sé ég?" sagði Jakob með uppgerðar undrun. "Já, mér skjátlar ekki. Það er Móritz Sterner".

"Þú þekkir mig þá?" sagði Móritz.

"Já, ég hefi aldrei gleymt andlitsfalli þínu. Manstu þegar við bárum móður þína deyjandi inn í auða kofann í skóginum?"

"Guð minn góður", sagði unglingurinn, sem hrygðin greip svo hörðum tökum við þessa endurminningu, að hann gleymdu öllu öðru og jafnvel Ísabellu. "Ef ég gleymdi því nokkurntíma, þá væri ég vanþakklátur".

"Herra Sterner", sagði Jakob, "ég hefi nokkuð að segja þér, sem lengi hefir lagst þungt á huga minn, og ef þú manst eftir því, að ég bar eldiviðarraggann í gegnum skóginn og metur það nokkurs, þá bið ég þig að hlýða á mig í nokkrar mínútur. Við skulum ganga út í skóginn, þar sem enginn heyrir okkur eða sér".

Móritz gat ekki neitað honum um bón hans. — "Ísabella verður að bíða", hugsaði hann, "og hún mun ekki reiðast því, þegar hún veit orsökina".

"Ég kem með þér, Jakob", sagði hann hátt.

Komdu, við skulum setjast hjá eikinni, sem stendur þarna".

Þegar þeir voru seztir, sagði Móritz:

"Þú baðst mig um ölmusu, Jakob. Ertu enn eins ógæfusamur og fátækur eins og þú varst?"

"Já", svaraði Jakob kjökrandi, "það er verra en áður mitt ásigkomulag".

"Vesalings maður. Hvar hefirðu verið síðustu árin?"

"Stundum í fangelsi fyrir afbrot mín, stundum sem betlari í Stokkhólmi eða á þjóðvegunum, alistaðar útskúfaður og fyrirlitinn, hvar sem ég kem".

"Ó, það er voðalegt. Hefirðu þá ekki leitað hjálpar föður þíns síðan?"

"Nei".

"Ertu ekki hættur við hefndar áform þín?" spurði Móritz.

"Jú".

"Það er það rétta, Jakob, því það er til guð, sem hegnir".

"Guð", endurtók betlarinn með beiskjuglottí. "Ó, já, — fyrir þá ríku, en ekki fyrir þá fátæku".

"Ávalt sama, huggunarlausa skoðunin".

"Heyrðu, ungi maður. Manstu ekki eftir því, að fyrir utan kofann, sem mamma þín dó í, mintist ég á dóttur mína?"

"Já", svaraði Móritz, "var það um hana sem þú ætlaðir að tala? Ó, segðu mér hvar hún er. Get ég gert nokkuð fyrir hana? Ég er í þakklætisskuld við þig, og grip feginn sérhvert tækifæri til endurgjalds. Hefirðu fundið hana?"

Betlarinn svaraði ekki strax.

Hann var að hugsa um, hvort hann ætti að særa Móritz ólæknandi sári með hrekk þeim, er hann bjó Ísabellu, ungmenninu, sem bauðst til að sjá um barn hans, eða hvort hann ætti að segja honum frá

ROBLIN HOTEL

115 Adelaide St. Winnipeg

Bezta $1.50 á-dag hús í Vestur-Canada. Keyrsla óeyptis milli vagnstöðva og hússins á nóttu og degi. Aðhlynning hins bezta. Viðskifti Íslendinga óskast. OLAFUR G. ÓLAFSSON, Íslendingur, afgreiðir yður. Heimsækjið hann. —

O. ROY, eigandi.

The Farmer's Trading Co.

(BLACK & BOLE)

HAFA EINUNGIS BESTU VÖRUTEGUNDIR.

Einu umboðsmenn fyrir :—

"SLATER" Skóna góðu.
"FIT-RITE" Fatnaðinn.
"H. B. K." prjónafélagið.
"HELENA" pils og 'waist' kvenfatnaði.
Bestu matvörutegundir.
" DEERING " akuryrkju verkfæri o, s. frv.

Beztu vörur Lágt verð

Fljót og nákvæm afgreiðsla.

Farmer's Trading Co.,
THE QUALITY STORE
Wynyard, Sask.

JIMMY'S HOTEL

BEZTU VÍN OG VINDLAR.
VÍNVEITARI T.H.FRASER.
ÍSLENDINGUR. : : : : :

James Thorpe, Eigandi

MARKET HOTEL

146 PRINCESS ST. á móti markaðnum
P. O'CONNELL, eigandi, WINNIPEG
Beztu tegundir af vínföngum og vindum, aðhlynning góð, húsið endurbætt

Woodbine Hotel

566 MAIN ST.
Stærsta Billiard Hall í Norðvesturlandinu
Tíu Pool-borð.—Alskonar vín og vindlar.
Gisting og fæði: $1.00 á dag og þar yfir

Lennon & Hebb,
Eigendur.

JOHN DUFF

PLUMBER, GAS AND STEAM FITTER

Alt verk vel vandað, og verðið rétt

664 Notre Dame Ave. Phone 3815
Winnipeg

A. S. TORBERT'S

RAKARASTOFA

Er í Jimmy's Hótel. Besta verk, ágæt verkfæri; Rakstur 15c en Hárskurður 25c. — Óskar viðskifta Íslendinga. —

A. S. BARDAL

Selur líkkistur og annast um útfarir. Allur útbúnaður sá bezti. Enfremur selur hann alskonar minnisvarða og legsteina.

121 Nena St. Phone 306

Dánarfregnir.

Þann 12. þ.m. andaðist að heimili foreldra sinna hér í bænum ungfrú RAGNHILDUR SKÚLADÓTTIR JOHNSON, — eftir tveggja vikna þunga legu í hinni illkynjuðu veiki, sem læknar nefna "Infantile Paralysis". Þrir góðir læknar og lærð hjúkrunarkona gerðu alt, sem hægt var, til að hjálpa henni, þó árangurslaust yrði það alt. Jarðarför hennar fór fram þ 14. s.m. Líkkistan var mörgum fögrum blómsveigum prýdd, sem sýndi, meðal annars, í hve miklu áliti hin látna hafði verið.

Ragnheiður heitin var fædd hér í bænum þann 20. okt. 1893, og var hún því rúmra seytján ára að aldri, þegar hún lézt.

Foreldrar hennar eru hin atorkusömu heiðurshjón, Skúlí Jónsson, ættaður ús Húnavatnssýslu, — sem um eitt skeið stundaði skósmíði á Blönduósi —, albróðir þeirra Ólafs, sem lengi bjó í Los Angeles í California, Jóns Levís, þjóðhagasmiðs og ríkismanns í Húnavatnssýslu, og Sveins, föður Skúla stúdents Johnsons í Oxford á Englandi, en systursonur séra Sveins Skúlasonar, sem einusinni var prestur á Staðarbakka í Miðfirði, — og Halldóra, dóttir Eiríks Ólafssonar, sem lengi bjó rausnarbúi í Svigaaskarði í Borgarhreppi í Mýrasýslu, albróður Þorbjarnar stórbónda á Steinum í Stafholtstungum, en alsystir þeirra Hinriks bónda á Point Roberts, Wash., og Ragnhildar, konu Þorsteins Kjartanssonar Andersons, húsgagnasmiðs hér í bænum.

Ragnhildur heitin var óvenjulega góð og efnileg stúlka, og var því hinn óvænti og sviplegi dauði henn ar þeim mun átakanlegri fyrir foreldrana, sem og aðra ættingja hennar og vini.

Þau Skúli og Halldóra hafa nú mist 5 börn sín af 8, sem þau hafa eignast. Eitt þeirra var sérstaklega efnilegur drengur, sem Eiríkur hét, er dó fyrir nokkrum árum síðan (19. apríl 1899), hálfs níunda árs að aldri, og saknað var, sem systur hans nú, mjög mikils af vinum og vandamönnum

Victoria, B.C., 12. des. 1910.

J. Ásgeir J. Lindal

Þann 6. þ.m. andaðist að heimili Steindórs Árnasonar í Nýja Íslandi, úr ellilasleika, öldungurinn BJÖRN HERMANNSSON, 77 ára að aldri. Hann var jarðaður þann 16. í grafreit Árdals safnaðar.

Björn var fæddur og uppalinn á Selstöðum í Seyðisfirði eystra, og þar bjó hann lengi góðu búi með konu sinni, Rannveigu Stefánsdótt ur frá Stakkahlíð í Loðmundarfirði. Þau hjón áttu 14 börn, og eru 9 af þeim á lífi, 7 vestan hafs og tvö á Íslandi.

Árið 1893 var Björn flæmdur burt af Selstöðum af sóknarpresti sínum, Birni Þorlákssyni á Dverga steini. Fjórum árum síðar misti hann konu sína, og brá hann þá búi skömmu síðar, enda voru þá efni hans mjög gengin til þurðar og hann orðinn því nær blindur.

Árið 1903 flutti hann til Canada og dvaldi lengst af í Winnipeg. Hin síðustu ár æfi sinnar var hann í Nýja Íslandi, hjá Ingibjörgu dóttur sinni og Steindóri Árnasyni, manni hennar. Ingibjörg reyndist honum mæta vel, og létti hún, eftir mætti, hin síðustu, þungu, dimmu spor krossgöngu hans.

Björn var tæplega meðalmaður á hæð, en mjög þreklega vaxinn. Hann var rammur að afli, og atorku og iðjumaður hinn mesti. — Smiður var hann á bæði tré og járn og bókbindari góður. Hann var prúður í framgöngu, glaðlyndur og jafnlyndur á heimili, en þó skapmikill, ef því var að skifta, og vildi þá ekki láta hlut sinn fyrir neinum. Tryggur var hann og vinfastur og nærri um of örlátur og greiðvikinn við vini sína. Hann var vel greindur maður og unni fróðleik og mentun, enda las hann mikið meðan sjón hans leyfði.

Þannig var Björn Hermannsson fyrir tuttugu árum, þegar sá, sem þetta ritar, þekti hann á Íslandi. En vel má vera, að skap hans og lyndiseinkunnir hafi nokkuð breyzt hin síðari árin, við hina dæmafáu óblíðu lífsins, sem svifti hann fé, vinum og sjón. En víst er það, að kjarkur hans bilaði aldrei.

ATHUGASEMD.

(FRÁ KONU)

R. J. Davidson ritar í Hkr. nýlega, og þykist hafa heyrt eftir mér, að ég neiti að hafa meðtekið peninga frá henni, gegn um samkomu. Ég kannast ekki við, hvað R.J.D. er að fara með í þessu efni. Tvær eða þrjár konur hafa spurt mig eftir, hvort nefnd persóna, R.J.D. hafi afhent mér peninga. Ég hefi neitað því og neita hér með. Hér er misskilningur og milli mála farið hjá vesalings R.J.D. Ég hefi getið þess, sem satt er, að R.J.D. kom heim til mín þegar ég var mjög lasin og grátbændi mig að mega skilja eftir hjá mér tvíbreiða baðmullar rekkjuvoð og sveefil, og til að verða laus við hann R.J.D. lét ég eftir henni að skilja þessa hluti eftir. Litlu síðar kom R.J.D. með treyju og pils handa barni, og skildi það enn eftir í mínu húsi, hvorki með leyfi eða óleyfi formlegu. Það lagðist strax í huga minn, að framkoma R.J.D. var öðruvísi en ég hafði geð á, og er nú komið fram, að hún fór flálega að öllu við mig, og vanhagaði mig ekki um neitt af þessu dóti hennar. Hún hafði fyrir litlu átt erfitt uppdráttar, og var ekki sem bezt liðin í húsi, sem hún leigði í um stund. Ég hafði kent í brjósti um hana grátandi og allslausa, þótt ég gæti sama og ekkert rétt henni hjálparhönd. Hún veit best sjálf, hvernig það gekk.

Hún talar drýgindalega um, að ég muni taka við einhverjum afgangi af samkomu, sem hún sjálf segist hafa sagt mér, að hún héldi fyrir sig. Hún hefir aldrei haft nokkurra heimild, að bendla mig við samkomur sínar, opinberar eða heimuglegar. Lýsi ég því í heyranda hljóði til fullrar lagaábyrgðar á hennar hendur, samkvæmt þeim greinum laganna, sem fjalla um nafnfölsun, í þessu ríki. Sé R.J.D. nokkuð sjálfrátt í vald sett, þá má hún verulega gæta að sér í þessu máli. Hún hefir fengið formlega aðvörun áður. Hún má velja sér og sínum hlutskiftið í þessu máli.

G.B.

Leo Tolstoi.

Allir dagar koma hljóta að kveldi,
— náköld er hnigin frelsishetjan mædd.
Það sortnaði fyrir sól í Rússaveldi,
því svíður und, sem aldrei verður grædd.

Hann var kappi í hörðu lífsins stríði,
oft hraustir féndur sáran skóku nað;
til hinstu óttu hann ei völlinn flýði,
þótt hjörinn stefndi beint í hjarta stað.

Ó, mannvinur, þú háðir marga hildi,
hjá þér engínn finna mátti sök,
berskjaldaður skauztu fyrir skildi.
Þú skilur eftir andleg Grettistök.

Þú sýnir oss í mannlífs minstu kima
og með oss ferð á hæstan fjalla tind.
Við eygjum land, oss liggur við að svima,
— á láglendinu er blóðug hrygðar mynd.

Í klefa fangans kveyktir geisla bjarta,
kúgaðra þú bæta vildir kjör.
Hver stuna, sem að sté frá þeirra hjarta
stakk þitt brjóst, sem tvíeggjaður hjör.

Í þín aldrei fennir frægðarsporin
fram þótt aldir renni sína slóð.
Á helgra vætta höndum virtist borinn
um harðan völl, þú Rússlands stóra jóð.

Á þjóðveginum vanstu vegabætur,
vörður reistir; sál þín var í glóð.
Ó, frelsisson, ófrjálst þig Rússland grætur,
— fjöllin endurkveða sorgarljóð.

Þú sigldir beint, er svikinn var þinn lýður,
ósár þú vanst þitt lífsins stóra spil.
Frá gröf þinni mun gróa frjógur meiður,
hvers greinar munu rísa himins til.

R. J. Davidson.

THE DOMINION BANK

HORNI NOTRE DAME AVENUE OG SHERBROOKE STREET

Höfuðstóll uppborgaður : $4,000,000.00
Varasjóður - - - $5,400,000.00

Vér óskum eftir viðskiftum verzlunar manna og ábyrgumst að gefa þeim fullnægju. Sparisjóðsdeild vor er sú stærsta sem nokkur banki hefir í borginni.

Íbúendur þessa hluta borgarinnar óska að skifta við stofnun sem þeir vita að er algerlega trygg. Nafn vort er full trygging óhlutleika. Byrjið spari innlegg fyrir sjálfa yðar, konu yðar og börn.

H. A. BRIGHT, RÁÐSMAÐUR.

Vitur maður er varkár með að drekka eingöngu HREINT ÖL. Þér getið jafna reitt yður á

DREWRY'S REDWOOD LAGER.

Það er léttur, freyðandi bjór, gerður eingöngu úr Malt og Hops. Biðjið ætíð um hann.

E. L. DREWRY, Manufacturer, Winnipeg

Með því að biðja sérlega um "T.L. CIGAR," þá ertu viss að fá ágætan vindil.

T.L. (UNION MADE)

Western Cigar Factory
Thomas Lee, eigandi Winnipeg

STRAX Í DAG er BEZT AÐ GERAST KAUPANDI AÐ HEIMSKRINGLU. — ÞAÐ ER EKKI SEINNA VÆNNA.

Manitoba á undan.

Manitoba hefir víðáttumikla vatnsfleti til uppgufunar og úrfellis. Þetta, hið nauðsynlegasta frjógunarskilyrði, er því trygt.

Enn þá eru 25 milión ekrur óbygðar.

Íbúatal fylkisins árið 1901 var 225,211, en er nú orðið um 500,000, sem má teljast ánægjuleg aukning. Árið 1901 var hveiti og hafra og bygg framleiðslan 90,367,085 bushela; á 5 árum hefir hún aukist upp í 129,475,943 bushel.

Winnipeg borg hafði árið 1901 42,240 íbúa, en hefir nú um 150,000; hefir nálega fjórfaldast á 8 árum. Skattskildar eignir Winnipegborgar árið 1901 voru $26,405,770, en árið 1908 voru þær orðnar $116,106,390. Höfðu meir en þrefaldast á 7 árum.

Flutningstæki eru óviðjafnanleg,— í einu orði sagt, eru í fremsta flokki nútíðartækja: Fjórar þverlandsbrautir liggja um fylkið, fullgerðar og í smíðum, og með miðstöðvar í Winnipeg. Í fylkinu eru nú nálega 4 þúsund milur af fullgerðum járnbrautum.

Manitoba hefir tekið meiri landbúnaðarlegum og efnalegum framförum en nokkurt annað land í heimi, og er þess vegna ákjósanlegasti aðsetursstaður fyrir alla, af því þetta fylki býður beztan arð af vinnu og fjárleggi.

Skrifið eftir upplýsingum til: —

JOS. HARTNEY, 77 York Street, Toronto, Ont.
JOS. BURKE, 178 Logan Avenue, Winnipeg, Man.
A. A. C. LaRIVIERE, 22 Alliance Bldg., Montreal, Quebec,
J. F. TENNANT, Gretna, Manitoba.

J. J. GOLDEN,
Deputy Minister af Agriculture and Immigration, Winnipeg.

hreknum og hvetja hann til að flýta sér að bjarga Ísabellu. En hið illa vann yfirhönd, og hann sagði við sig hið sama og Eberharð, þegar hann hratt föður sínum ofan í Innfljótið:

"Það var ekki ég, það voru forlögin".

"Þú svarar ekki", sagði Móritz, "segðu mér, hvort þú hefir fundið dóttur þína".

"Já, ég hefi fundið hana", svaraði Jakob.

"Nær og hvar?" spurði Móritz.

"Ég fann hana sem frillu Georgs Ehrenstam, og sem leikmær í leikriti, sem "Rafhjartað" heitir".

"Nú segirðu ekki satt", sagði Móritz og þreif í handlegg hans, "segðu að þú sért að villa mér sjón. Það er ekki mögulegt. Helen er ekki dóttir þín. Hamingjan góða. Það er alt of voðalegt".

"Helen er dóttir mín. Ég fann móður hennar. Einn bróðirinn tældi móðurina, annar stal sakleysi dótturinnar, — og þó segirðu að guð sé til".

Móritz huldi andlitið í höndum sér af sorg

"Og þriðji bróðirinn, hvers kona og dóttir eru táldregnar af hinum tveim, það er ég", sagði Jakob og hló.

"Ógæfusami maður, þú hefir blotið að kveljast", sagði Móritz.

"Herra", sagði Jakob, "ég hefi í kulda og regni gengið heila nótt fyrir utan ljósbjörtu gluggana hennar dóttur minnar. Ég hevrði hávaðann í glaðværðinni uppi á loftinu. Ég sá skuggana af elskendunum í gegnum blæjurnar í herbergi hennar, og þó lifi ég enn".

"Ó, þetta er skelfilegt. Veiztu hvaða blutdeild ég á í þessari ógæfu?"

"Já, hún sem var kona mín og Georg vildi sjón, hefir sagt mér alt".

"Hataðu mig ekki, Jakob, ég vildi henni ve, þó ég léti þenna lymska svikara gera mig að flóni".

"Ég veit það", sagði Jakob, "ég hvorki hata eða ásaka þig. Ég ásaka að eins forlögin".

Nú var orðið dimt. Móritz tók eftir því og sagði um leið og hann stóð upp:

"Nú verð ég að fara, Jakob. Findu mig hérna á morgun og þá skulum við halda samræðunum áfram. Ég skal reyna að finna eitthvert ráð til að bæta úr neyð þinni, því ég þykist vita, að þú viljir ekki leita á náðir dóttur þinnar".

"Nei, hún veit ekki hver ég er. Ég hefi að eins einu sinni við hana talað, og þá bauð hún mér öllusu".

"Vertu sæll, Jakob. Við sjáumst á morgun um þetta leyti".

Hann sneri sér við til að fara.

"Einþá eitt orð, herra Sterner", kallaði Jakob.

Móritz nam staðar.

"Fáðu mér rafhjartað aftur".

"Það er ekki hægt. Hvað ætlarðu að gera með það?"

"Geyma það sem minningu um móður mína".

"Ég hefi það ekki".

'Hefirðu týnt því?"

"Nei, en ég fékk henni það aftur, sem átt. það". Góða nótt, Jakob".

Hann þaut af stað.

Jakob brast í trvltan hæðnishlátur. "Farðu, heimskingi. Þú finnur að eins bölvun".

Samræðan við Jakob gerði Móritz þungan í skapi, en hann hafði nú engan tíma til að hugsa um það. Hann flýtti sér til að finna hana, sem elskaði hann svo innilega.

Hljóðið í Ísabellu gerði hann hræddan. Hann addi áfram í ofboði og sá mann í stórri kápu hraða sér í burt í gagnstæða átt, um leið og hann fann ástmey sína í yfirliði við ræturnar á tré nokkru.

"Ísabella, vaknaðu", kallaði Móritz, um leið og hann tók hana upp af jörðunni og kysti kinnar hennar. "Í hamingju bænum segðu mér, hvað fyrir hefir komið"

Unga stúlkan opnaði augun.

Þegar hún varð þess vör, að hún var í faðmi hans, rak hún upp hljóð og sleit sig lausa.

"Vík frá mér, Satan", sagði hún, því hún hélt að þetta væri Eberharð.

"Ísabella, þekkir þú mig ekki?" sagði Móritz sorgmæddur. "Það er ég — það er Móritz þinn. Ó, elskar þú mig ekki lengur?"

"Ert það þú, Móritz?" sagði Ísabella eins og í draumi. "Nær komst þú?"

"Á þessu augnabliki. Ég sá þig í yfirliði á jörðunni og um leið sá ég mann hlaupa héðan. En,

"Flúðu, Móritz", hrópaði unga stúlkan í örvæntingu. "Flúðu frá þeirri útskúfuðu, þeirri bölvuðu".

"Ertu að missa vitið, Ísabella? Hver vegna á ég að flýja?"

"Þú sást mann hlaupa héðan, Móritz?"

"Já".

"Sá maður var Stjernekrans greifi".

Móritz fölnaði.

"Stjernekrans greifi?" endurtók hann. "Hvert var erindi hans?"

"Hann kom til mín í laufskálann í myrkrinu, og sagði, að við yrðum að skilja. Ég hélt að það væri þú, og féll máttvana af örvæntingu í faðm hans".

"Hvað svo?"?"

"Hvað svo? Sérðu ekki merki smánarinnar á enni mínu? Ég var frávita af sorg og örvæntingu, -- og niðingurinn notaði sér það. — Nú veiztu alt, Móritz. Vertu sæll, — ó, vertu sæll og fyrirgefðu mér".

Hún skreið á hnjánum að fótum hans, greip hendi hans og bar hana upp að enni sínu.

Unglingurinn varð gramur í skapi.

"Ha", sagði hann, um leið og hann hrinti Ísabellu frá sér. "Það er þá satt, sem Jakob sagði: Það er enginn guð til".

"Vægð, Móritz", sagði Ísabella kjökrandi. "Ó, vægð. Segðu að þú fyrirgefir mér áður en við skiljum í síðasta sinni. Ó, hrintu mér ekki frá þér með fyrirlitningu".

"Fyrirgefa þér, Ísabella? Hvað á ég að fyrirgefa? Ég ásaka þig ekki, — þetta eru forlögin".

Móritz hljóp af stað, trvltur af ötvæntingu, og skildi við Ísabellu þar sem hún lá á hnjánum.

FIMTI KAFLI.

I.

Bræðurnir.

Daginn eftir þann voðalega viðburð, sem fyrri kafli endar á, sat Eberharð einn á skrifstofu sinni, studdi hönd undir kinn og virtist vera í djúpum hugsunum.

Það var drungalegt veður og rigning, en samt voru rauðu blæjurnar dregnar fyrir gluggana Firtan, sem komst í gegnum blæjurnar, lagði rauðan bjarma yfir föla andlitið hans Eberharðs.

Alt í einu var dyrunum lokið upp. Eberharð

Magnús lögmaður Brynjólfsson.

[Eftir óþektan höfund]

Nú eru dimmar
og daprar stundir;
bregður svip á sumri.
Eut hefir æfi
öndvegisböldur
Vestur-Íslendinga,

Beitt gátu Baldur
banaráðum
örlög ógnum þrungin.
Völdu þau enn
úr vorum hópi
dáðríkasta drenginn.

Hver skildi geta
honum líkur,
sezt í sætið auða?
Hver mun nú verða
skjól og skjöldur.
þeirra máttar minni?

Vekur til verka
vörn að þreyta,
okur auðkýfinga.
Alþýðan átti
enga honum
frægri formælendur.

Djarfur hann reyndist
á dómþingum
mammons myrkra þjónum.
Minningar þær
við lögberg lengi,
heiðra horfna daga.

Hiklaus var hugur
og hetju svipur,
er hann sekann sótti.
Einurð og gáfur
ýtar dáðu.
Mannöð var þó meiri.

Frjál-lyndi göfugt
og fe'ra tungu
eins og gull hann geymdi.
En í réttar sal
að rökstólum
enskra máli mæ'ti.

Hlakka hræfuglar
á hrafnaþingi.
Leika lögflækendur.
Magnús er fallinn
mesti óvinur
allra óréttinda.

Frjálshuga drengir,
framtíðar synir,
fetið í fótspor hans.
Verður þá meiri
mannjöfnuður
loks við útfa'l aldar.

Hlægir mig ein,
er húmið lýsir,
von um vökunætur;
Umbóta andi
afbragðs manna
sigri heim um síðir.

Fréttabréf.

MINNEOTA, MINN.

Herra ritstj. B. L. Baldwinson.

Það er orðið svo langt síðan að ég sendi þér fréttaskeyti, að ég er því nær búinn að gleyma, að þar sé nokkur beið á frá mér. Annál sendi ég þér ekki, að eins lausafréttir, er ég man nú í svip.

Héðan er að frétta — svona yfirleitt — "heilbrigði manna og höld fjár". Þar verða þó undantekningar. Til dæmis nú, sem stendur, liggur Ingjaldur Árnason mjög þungt haldinn af magasári; þeir Helgi og Sigfús, synir ÁrnaSigfússonar, liggja í lungnabólgu; Aðalbjörg Jónsdóttir, ekkja Björns Gíslasonar, hefir legið, en er nú sögð á batavegi; Sigfinnur Pétursson heldur við rúmið sökum ellilasleika; Arngrímur bóndi Jósefsson varð vitstola og sendur á vitskertrahúsið í St. Peter, bú hans sagt að vera þrotabú. — Þannig er það, þó að manni í fljótu bragði virðist alt gljá og brosa, að við nákvæmari athugun sér maður margar gárur á mannlífsbrekaninu.

Þeir feðgar Sigmundur Jónatansson og Jóhann hafa selt jörð sína og bú. Hefi ég heyrt, að þeir mundu flytja til Minneota; þar hefir S. J. keypt hús Jónasar Svíndals.

Síðastliðið sumar og það, sem af er þessum vetri, hefir verið óslitin öndvegistíð, — einu sinni að eins snjóvart í vetur, vegir svo góðir, að bifreiðar þjóta um alla vegu. Afurðir bænda þetta síðastliðið sumar eru taldar með þeim mestu og beztu, er hér hafa fengist. Markaðsverð í hámarki á öllum vörum. Á einni uppskerutegund varð hér þó þurð, þ.e. á jarðeplum; margir, er ei fengu nóg til heimabrúks.

Tíðindum þótti það sæta, að séra K. K. Ólafsson var hér á ferð í haust í fjárbóna-ferð fyrir Lúterssöfnuð í N. D. (að safna fé til kirkjubyggingar). Svo er mælt, að hann hafi urnað hér saman $300 til $400. —, þeim hlýtur að koma illa saman söfnuðunum, Gardarsöfnuði og Lúterssöfnuði, að þeir skuli ekki geta brúkað gömlu kirkjuna í félagi, það er, í kristilegri sátt og sameiningu. — Hvernig mun það verða, þá er þeir setjast að í himnaríki? Ætli þeir rífist þar? — þess nákvæmar, sem hugsandi menn og konur virða fyrir sér framkomu og stefnu Kirkjufélags-prestanna, því mér hljóta þeir að fjarlægjast þá sem GUÐDÓMLEGA KENNIMENN!

Þann 31. des. þ.á. hefir Minneota söfnuður ákveðið að halda 15 ára afmæli kirkju sinnar, segir hana orðna svo gamla nú um þessar mundir.

Þann 14. þ. m. kom hingað frá Telluride, Colo., Joseph Peterson (Jóseph Sigfinnsson Péturssonar), í kynnisför til foreldra og frænda, og dvelur hér fram yfir hátíðarnar. Jóseph útskrifaðist fyrir þremur árum af Minnesota háskóla, sem náma Engineer, og hefir síðan unnið í gull og silfur námum. Nú sem stendur er hann einn af aðalumsjónarmönnum í verksmiðju einnar slíkrar námu. Verksmiðja sú, er hann vinnur í, stendur 9000 fet yfir sjávarmál, en þó er náman 2000 fet þar fyrir ofan. Honum þykir loftið hér á sléttunum fremur óhreint í samanburði við fjallaloftið í Colorado.

S. M. S. Askdal.

Fréttabréf.

LOS ANGELES).
(San Pedro), Cal.
18. des. 1910.

Herra ritstjóri.

Ég talaði víst um, að senda þér línu eftir að ég kæmi hér suður, en ég held ég hafi lofað því upp í ermina mína, því ég get ekki séð, að ég hafi nokkurn skapaðan hlut að segja eða skrifa í fréttum héðan. Það helzta á dagskrá hér virðist vera loftfara-mót (Aviation Meet) það, er til stendur að haldið verði hér í vetur, eins og síðastliðinn vetur, en vafasamt, hvort áhugi og hluttaka verður eins almenn nú og þá. Það er svipað með þetta efni hér og hina fyrirhuguðu Panama sýningu í San Francisco, að það er ekki á hvers manns vörum.

Þegar ég fór frá Seattle (Ballard) um síðastliðin mánaðamót, var einnig tíðindalaust að heita mátti, eða það ég til vissi. Þó má geta þess, að söngfélagið "Svanur" var að búa sig undir að leika Skuggasvein, og þegar byrjað að æfa. Býst ég við að takist vel, því mannval mikið tekur þátt í leiknum, svo segja má líkt og séra Sigvaldi: "Sóma fólk, alt það fólk, hm, hm!"

Þá vil ég einnig geta þess, löndum þar til lofs, að þeir eru sem óðast að geta sér góðan orðstír fyrir sönghæfileika. Má þar fyrst til nefna H. S. Helgason og Gunnar Matthíasson. En síðastliðinn vetur tók ungur piltur Jón (Þorbergsson) Eirikson (úr Reykjavík) að stunda söngnám hjá einum hinum helzta söngkennara í Seattle, Prof. Edm. I. Meyer, sem herra Matthíasson hefir einnig fengið til sögn hjá. Virðist Prof. Meyer hafa mikið álit á Jóni, því hann hefir haldið honum talsvert fram, enda meir en vænta mátti eftir svo stutt nám. Nú um þetta leyti tekur Jón t. d. eitt aðalhlutverkið í hinum alkunna söngleik (Opera) "Lohengrin", eftir Wagner. Þá taka og þeir. Sumarliði Branz Sumarliðason og Skúli S. Bergmann þátt í öðrum söngleik, sem sýna á eftir nýárið á hinu langhelzta leikhúsi í Seattle, og eru þeir báðir gæða söngmenn.

Ég var rétt áðan að lesa bréf Dr. Sig. Júl. Jóhannessonar í Heimskringlu 8. þ.m., og datt mér í hug: "Orð áttu enn þá sem forðum", þegar þér volgnar. Annars var þar eitt atriði, sem mig langaði til að athuga dálítið, en þenni því ómögulega núna, geri máske bráðum, en algerlega er ég honum samdóma um, að ekki eigi að sleppa 2. ágúst sem þjóðhátíðardegi. Auk þess, sem hann tekur fram því viðvíkjandi (og ýmsir hafa áður tekið fram), mætti máske benda á dæmi annara þjóða, þeirra, er oss eru skyldastar, í því efni.

Sigurður Magnússon.

Íslands fréttir.

Alþingi kemur saman 15. febrúar næstkomandi.

Á fjölmennum fundi Landvarnarfélagsins í Reykjavík 25. nóv. sl. var samþykt í einu hljóði svoláandi fundarályktun:

"Fundurinn telur ákveðna skilnaðarstefnu þá réttu steínu í sjálfstæðismáli þjóðarinnar, og að Íslendingum beri því, einstökum mönnum, flokkum og félögum, er við stjórnmál eða landsmál fást, að vinna eindregið að viðgangi hennar og efling hvers þess, er miðar til þess, að skilnaðartakmarkinu verði sem fyrst náð".

Guðmundur læknir Hannesson gerir harða árás á stjórnarflokkinn í sjálfu stjórnarblaðinu Ísafold. Telur hann að flokkurinn hafi rofið loforð sín um sparsemi og ráðdeildarsemi í meðferð landsfjársins, — og þetta,væri því hrapallegra, þar sem sparsemisloforðið í fjármálum hefði verið önnur aðalorsökin til þess, að flokkurinn náði yfirtökum á stjórn og löggjöf landsins.

Búnaðarfélag Íslands heldur þing sitt 8 febr. næstk. í Reykjavík.

Íslandsvinirnir J. C. Poestion og Paul Hermann, sem einnig er þýzkur, hafa báðir verið sæmdir heiðursmerkjum. Hinn fyrnefndi kommandör af Dbr., en hinn síðarnefndi riddari af Dbr.

Á Miklaholti í Viðvíkurhreppi í Skagafirði brunnu 7 nautgripir til dauðs.

Norskt-íslenzkt verzlunarfélag er sagt að verið sé að stofna í Bergen í Noregi, og ætli það að selja útlendar vörur á Íslandi, en flytja út íslenzkar afurðir, þar á meðal kjöt og fisk í kælirúmum.

Skarlatssótt og mislingar ganga á Akureyri.

Nýr skóli var byrjaður í haust í Odda á Rangárvöllum, og eru þar 14 stúlkur við nám. Kennarinn er ungfrú Þórhildur Skúladóttir.

Lýðháskólinn á Hvítárbakka í Borgarfirði hefir nú 40 nemendur; yfir tuttugu varð að vísa frá sökum rúmleysis.

Gagnfræðaskólinn á Akureyri hefir nú 140 nemendur, og fengu fjöldi ekki inngöngu, af þeim sem sóttu, vegna hús skorts.

Silfurbergsnámarnir í Helgustaðafjalli við Reyðarfjörð, sem leigðir voru Guðmundi Jakobssyni trésmið í Reykjavík, ásamt tveimur öðrum, nýverið, hafa nú af þeim leigðir verið frönsku auðfélagi, og er haldið að það félag muni vinna námana til þurðar, ef það er látið sjálfrátt um rekstur þeirra. Hefir þetta ollað umtali miklu og vítt af flestum.

Frosthörkur miklar hafa verið á Norðurlandi í nóvembermánuði, — oftast 15—16 stig niður við sjó, til fjalla mun meira. Á Grímsstöðum á Hólsfjöllum hefir mest frost orðið 22 stig á Celcius mæli.

Fiskiþurkunarhús hefir H. P. Duus verzlun látið reisa út við Fischerssund. Fiskurinn er þurkaður þar við hita. Þessa aðferð hafa Norðmenn lengi notað og gefist vel. Í Viðey og hjá hlutafélaginu Sjávarborg hefir þessi þurkunaraðferð áður verið viðhöfð, en hvergi annarstaðar á Íslandi.

Heyhlaða brann á Reykjum í Ölfusi fyrir skömmu vegna óþurka

Árni Pálsson sagnfræðingur er tekinn að flytja alþýðufyrirlestra í Reykjavík.

Ráðherra Björn Jónsson dvelur um þessar mundir í Danmörku, og er talið að hann muni ekki koma heim fyr en rétt um þingbyrjun.

Á Ísafirði andaðist 25. nóvember kenslukonan Friðrika Kolvía Lúðvíksdóttir, rúmlega fertug.

Hans Guðjónsson, einn með hinum eldri borgurum Akureyrar kaupstaðar, andaðist þar um miðjan nóvember. Dugnaðar og atorku maður.

* * *

Eftirfarandi auglýsing birtist í blaðinu Ísafold 26. nóv. sl.: —

"Það er ósatt, að konan mín, Jóhanna Björnsdóttir, hafi gefið mér inn eitur, en skemdan fisk og grút í kaffi lét hún sér sæma að gefa mér ofan í veikan maga.

Reykjavík, 23. nóv. 1910.
Ólafur Árnason,
Vesturgötu 40".

Flest virðist ganga á í hjónabandinu nú upp á síðkastið, — en ofanskráð meðferð á húsfeður virðist eins dæmi.

— Laxveiðin í Alaska, British Columbia og Puget Sound við Kyrrahaf hefir á þessu ári orðið 3,690,586 kassar. Verð veiðinnar er metið 19 miljónir dollars.

— R. L. Ashbaugh lögfræðingur, sem fyrir mörgum árum var hér til heimilis, er nýlega andaður í Dawson City. Dó af hjartaslagi. Hann stundaði lögfræði og námarekstur í Yukon héraðinu og var meðlimur Yukon þingsins.

Húsmóðir: Ég auglýsti eftir vinnukonu, sem fær væri um að gera öll húsverkin. Ert þú áttu á fótum?

Umsækjandi: Já, í sannleika. Í síðustu vist minni var ég á fótum, — hafði búið til morgunverð, borið af borðinu og þvegið diskana áður en nokkur lifandi sál var vöknuð.

Kvenfrelsisvísur.

I.

GAMLAN óð eg endursýng
Um mitt lán í vonum,
Mér er sem eg sjái þing
Setið góðum konum.

Ég skal gjarra geta þess
Gýgjuna meðan stilli:
Baldvin ætti að eiga sess
Einhverra tveggja milli.

II.

Milli karla og kvenna er bil—
Kannast við þið hljótið:
Engin dæmi eru til
Að þær ætí "vötið".

Þrotni í höggi þeirra brands
Þjóðarmein og snákar,
Sitjandi efstu sæti lands
Siði þær ykkur, strákar!

Verði lending þeirra þar,
Þá er víst, að ekki
Augafullir fulltrúar
Flokks síns skipa bekki.

Skorti hugvit hrekkja kænt
Heldur rýrnar gróði,
En þá máske minna rænt
Mun úr ríkissjóði.

Holt er þeirra boð og bann
Börnum lands og þegnum—
Dónanum snýr í dánumann
Dísarmynd á veggnum.

Fyrir augum allra ber
Er hún, þessi kenning:
Þar sem kona engin er
Örlar lítt á menning.

III.

Víst er að þeim vert að dást,
Vei þeim sem þær spottar!
Þær eru fyrir frelsisást
Fangar og píslarvottar.

Þó þeim verði snarpur snær
Snúa þær sér í hreggið.
Menn hafa aðeins yfir þær
Afsmuninn og — skeggið.

IV.

Getur, satt að segja, neinn
Synjað þeim um frelsi —
Fullan rétt hefir eiginn einn
Annan að leggja í helsi.

Skoðun þeirri uni enn
Á mér náði 'ún tökum—
Og þó henni allir menn
Andmæli með "rökum".

Sannleikur er samur mér,
Settur illa' að vígi.
Meiríhlutans álit er
Oftast höfuðlýgi.

Þeim að veita það sem bar
Þeim frá fyrstu, eigið:
Það er að skila því sem var
Þeim úr höndum dregið.

V.

Loks við þær til liðs ég kem,
Laglegan hefi kutan,
Þeim er skömm og skaði, sem
Skotta nú við utan!

Gimli 25 nóv. '10

Guttormur J. Guttormsson

Minnisvarðar

úr málmi, sem nefndur er "White Bronze", eru fallegustu, varanlegustu og um leið ódýrustu minnisvarðar, sem nú þekkjast. Þeir eru óbrjótanlegir, ryðga ekki og geta aldrei orðið mosavaxnir, eins og steinar; ekki heldur hefir frost nein áhrif á þá. Þeir eru bókstaflega óbilandi og miklu fegurri en hægt er að gera minnisvarða úr steini (Marmara eða Granit). Alt letur er upphleypt, sem aldrei máist eða aflagast. Þeir eru jafn dýrir, hvort sem þar eru óletraðir eða alsettir letri, nefnilega: alt letur, og myndir og merki, sem óskað er eftir, er sett á fritt. — Kosta frá fáeinum dollurum upp til þúsunda. Fleiri hundruð tegundir og mismunandi stærðir úr að velja.

Þessir minnisvarðar eru búnir til af THE MONUMENTAL BRONZE CO., Bridgeport, Conn. Þeir, sem vilja fá nákvæmar upplýsingar um þessa ágætu minnisvarða, skrifi til undirritaðs, sem er umboðsmaður fyrir nefnt félag.

Thor. Bjarnarson,
BOX 304
Pembina - - N. Dak.

FRIÐRIK SVEINSSON

húsmáling, betrekking, o.s.frv. tekur nú að sér allar tegundir af Eikarmálning fljótt og vel af hendi leyst. Heimili: 690 Home St.

JÓN JÓNSSON, járnsmiður, að 790 Notre Dame Ave. (horni Toronto St.) gerir við alls konar katla, könnur, potta og pönnur fyrir konur, og brýnir hnífa og skerpir sagir fyrir karlmenn. — Alt vel af hendi leyst fyrir lítla [illegible]

— Nýr forseti hefir verið kosinn í Chile lýðveldinu, er heitir Ramon Barros Luco.

Sherwin-Williams PAINT
fyrir alskonar húsmálningu.

Prýðingar-tími nálgast nú. Dálítið af Sherwin-Williams húsmáli getur prýtt húsið yðar utan og innan. — Brúkið ekker annað mál en þetta. — S.-W. húsmálið málar mest, endist lengur, og er áferðarfegurra en nokkurt annað hús mál sem búið er til. — Komið inn og skoðið litarspjaldið —

Cameron & Carscadden
QUALITY HARDWARE
Wynyard, · Sask.

A. SECALL
(áður hjá Eaton félaginu).
Besti kvennfata Skraddari

Loðskinna fötum veitt sérstakt athygli.

Hreinsar, Pressar, Gerir við.

Fjórir (4) allfatnaðir hreinsaðir og pressaðir, samkvæmt samningum, hvort heldur er karlmanna eða kvenfatnaður, fyrir aðeins $2.00 á mánuði.

Horni Sargent og Sherbrooke

Sími Íslands, sverð og skjöldur.

Gjafir til minnisvarða JÓNS SIGURÐSSONAR.

Victor B. Anderson	1.00	Guðrún Jóhannesson	0.50
Mrs. Victor B. Anderson	1.00	Ingibjörg Jóhannesson	1.00
Ceil Anderson	0.50	Björn S. Skaptason	1.00
Victor Anderson	0.50	Guðmundur Johnson	.25
Frank B. Anderson	1.00	Ólafur Bjarnason	1.00
Mrs. Frank B. Anderson	1.00	Oddrún Bjarnason	1.00
Friðjón Friðriksson	1.00	Kjartan Bjarnason	1.00
Mrs. F. Friðrikson	1.00	Bjarni Sigurðsson	1.00
Kári Friðrikson	0.50	Mr. og Mrs. B. Magnússon	1.00
Harald Friðrikson	0.50	Vigfús Pálsson	1.00
B. J. Brandson	1.00	Thor. Johnson	1.00
Mrs. B. J. Brandson	1.00	Mrs. Ingunn Johnson	0.50
H. Skaftfeld	1.00		
Mrs. H. Skaftfeld	1.00	Samtals	$29.75
M. Skaftfeld	1.00	Áður auglýst	51.00
S. Sigurdson	1.00		
Jón Helgason	5.00	Alls innkomið	$80.75
S. J. Jóhannesson	0.50		

Mest allra gjafa

Heintzman & Co

Piano eða Player-Piano

Music deild vor

er fylt öllum nýjustu og nýtízku blaða músik, hljóðfærum og öðrum söng tilfærum

Þeir sem þarfnast að gerða á hljóðfærum. Finna hjá oss sérfræðinga sem gera fljótt við þau.

J. J. H. McLean & Co Limited

Cor Portage Ave. & Hargrave
Phone Main 808.

Fréttir úr bœnum.

Meðal jólagjafa til Heimskringlu var bréf frá Íslendingi í norðvestur hluta þessa fylkis, sem segir meðal annars þetta: "Ég er nú búinn að kaupa Heimskringlu í 15 ár, og get ekki án hennar verið. Hún er að minu áliti lang-bezta íslenzka blaðið hér vestan hafs". Um leið og vér þökkum kaupandanum fyrir þessi hlýlegu ummæli, getum vér fullvissað hann um, að hann á marga skoðanabræður hér vestra og á Íslandi. Heimskringlu hefir borist mesti fjöldi af líkum bréfum á sl. 2 árum frá mönnum og konum víðsvegar úr bygðum Íslendinga hér vestra og einnig frá nokkrum mönnum á Íslandi.

Herra Oddur G. Akraness, frá Hnausa, var hér á ferð í þessari viku. Í fréttum sagði hann fundna þá menn, Stefán Jónsson og Björn Stefánsson, sem nýlega druknuðu í Winnipeg vatni. Slysið hafði viljað til rétt framundan fiskikofa þeirra þar nyrðra, og leit út fyrir, að það hefði viljað til rétt eftir að fyrsti ís var lagður á vatnið. Líkin voru flutt heim, en jarðarförin ekki afstaðin, er Oddur fór að heiman. — Óvanalega mild tíð um þennan tíma árs þar í Nýja Íslandi. Snjór að eins svo, að sleðafæri er gott, og klakalaust víða undir honum. Vatnið lagði seint og snjóaði strax á þunnan ísinn, svo hann þyknaði seint og sagður enn varasamur fyrir "team"-ferðir á ýmsum stöðum, og vissi hann (hr. Akraness), að druknað hafa ofan um ísinn 6 menn síðan upp fraus, fjórir Íslendingar og tveir annara þjóða menn. Afli talsverður af smáfiski, þakkur með minna móti og hvítfiskur ekki teljandi til þessa. Uppskera við Fljótið með mesta móti á sl. hausti. Stöku menn fengu um þúsund bush. uppskeru alls og aðrir nær því. Kornræktaráhugi að lifna hjá bændum yfirleitt, og ýmsir hafa við orð, að fara að plægja tún sín og breyta til með búskapinn.

Herra Benedikt Clemenson, sem fyrir fjórum árum flutti héðan úr borg vestur til Alaska, en hefir dvalið í Vancouver sl. tvö ár, kom til borgarinnar í sl. viku í kynnisför til gamalla kunningja hér. — Hann segir lífið hafi látið vel við sig síðan hann fór héðan, svo að hann vildi ekki aftur setjast hér að

ANCHOR BRAND HVEITI

er bezta fáanlegt mjöl til nota í heimahúsum og annarstaðar. Það er gert úr No. 1. Hard HVEITI eftir nýjustu aðferðum.

Símið 4326 eftir söluverði þess.

Leitch Bros.
FLOUR MILLS
Winnipeg skrifstofa
240-4 GRAIN EXCHANGE

Einlægt næg atvinna vestra, gott kaup og stuttur vinnutími, og góð líðan Íslendinga í Vancouver. Segir þar muni vera um 300 Íslendingar. — Í Ketchikan í Alaska líkaði honum ekki vel, of votviðrasamt, stöpul vinna og fremur lágt kaup, miðað við Vancouver, en alt tvöfalt dýrara en í Vancouver. Í Vancouver er verð á hlutum svipað því, sem er í Winnipeg, en þó ódýrara fyrir fjölskyldur að lifa þar vestra. Eldviður ódýrari og hlýfataþörf þar miklu minni. Hann býst við að dvelja hér mánaðartíma og halda svo heim til Vancouver. Með vorinu hugsar hann sér að fara norður til Dawson í Yukon héraðinu og sjá sig þar um. Fyrir tveimur árum kom hann til Prince Rupert og lætur hann lítið af þeim stað, segir þar rigninga og stormasamt. Vill ekki ráða Íslendingum til að flytja þangað, telur það versta bæinn, sem hann veit af á Kyrrahafsströndinni.

Á gamlaárskveld verður komið saman í Únitarakirkjunni frá kl. 11 til 12, til þess að safnaðarmeðlimum og vinum þeirra gefist kostur á, að þakka hver öðrum fyrir gamla árið og óska hver öðrum gleðilegs nýárs. Allir, sem geta, eru beðnir að koma.

Jólatréssamkoma Tjaldbúðarsafnaðar á jóladagskveldið tókst ágætlega. Prógram var þar gott og ekki autt sæti í kirkjunni, svo var aðsókn mikil. Jólagjafir til kirkjunnar námu $287.00.

Strætisbrauta verkfallið, sem hér var gert í borginni fyrir nokkrum dögum, virðist vera á enda kljáð. Mennirnir neita að ganga að tilboði félagsins, og félagið heldur áfram gangi vagnanna alla daga fram á kveld, og kveðst hafa nægan mannafla til starfrekstursins. Nokkur spell hafa þegar orðið, rúður brotnar í mörgum vögnum, einn vagn brendur upp algerlega og starfsmenn félagsins í honum meiddir. Telja má víst, að félagið hafi unnið sigur í þessari viðureign og að þeir 600 menn, sem hættu starfi, hafi alveg tapað atvinnu.

Talsíma nr. herra Skapta B. Brynjólfssonar er: Main 8093.

Eldur kom upp í stórhýsinu á horni Rorie St. og McDermot Ave. á mánudagskveldið var, sem gerði 200 þúsund dollars skaða. Hon. J. A. Balfour, fyrrum forsætisráðherra Englands, átti byggingu þessa. Þeir Donald, Fraser & Co. og R. J. Whitla Co. höfðu heildsölustöðvar í stórhýsi þessu, og mistu þar vörur sínar.

Jólatrés samkoma Únitarasafnaðarins á laugardagskveldið var fór vel fram. Söfnuðurinn fékk um kveldið peningagjafir frá meðlimum og vinum, er námu alls $132.50

Herra Jónas Jónasson, aldinasali í Fort Rouge, sendi Heimskringlu um jólin einn kassa af ágætum "Kings Club" vindlum. — Velunnarar blaðsins í Fort Rouge og annarstaðar ættu að verzla svo rækilega við Jónas um þessar hátíðar, að hann geti nælt af þeim svo sem svarar vindlaverðinu. Og svo biður Heimskringla guð að blessa hann, — að minsta kosti meðan vindlarnir endast.

Herra G. F. Galt, heiðursritari og féhirðir fyrir Almenna spítalann hér í borg, hefir beðið blað vort að flytja viðurkenningarvottorð sitt fyrir móttöku $45.00 frá Concordia söfnuðinum og að þakka safnaðarfólki því fyrir sendinguna, sem það hafði safnað til spítalans.

Hið velþekta J. Y. Griffen, kjötsölafélag hér í borg, hættir tilveru sinni undir því nafni þann 31. þ.m. og nefnist frá nýári "Swift Canadian Co., Limited". Félagið ætlar aðallega að verzla framvegis með nauta, sauða, svína og kálfakjöt og almennar landbúnaðarvörur.

Blaðið Telegram hefir safnað um 2 þúsund dollars til þess að kaupa fyrir jólagjafir handa fátækum börnum um þessar hátíðar. Blaðið hefir gert þetta um nokkur undanfarin ár og hefir með því glatt mesta fjölda fátæklinga í þessari borg um jólaleytið.

Tíðarfarið á þessu hausti og það sem af er vetrinum hefir verið óvanalega gott. Frostin væg og snjófall lítið. En laust fyrir jólin herti frost nokkuð, en getur þó ekki kallast kalt eftir því sem vant er að vera á vetrum í Manitoba.

Herra Jakob H. Lindal, frá Holar, Sask., er nú hér í borginni og býr að 530 Agnes St. Bréf og blöð til hans sendist þangað.

"The Women's Labour League" og "Hið fyrsta íslenzka kvenréttindafélag í Winnipeg", hafa ákveðið að halda sameiginlegan fund á Trades Hall þann 10. jan. 1911, til þess að ræða um, hvort heppilegt væri, að leggja bænaskrá um jafnrétti kvenna fyrir næsta þing. — Óskað er eftir, að sem flest kvenréttindafélög út um bygðirnar sendi erindsreka sína á fund þennan. Forstöðunefndin.

JÓLATRÉ. — Stúkan Skuld hefir jólatré í kvöld (miðvikudag) í efri G.T. salnum á venjulegum fundartíma. Allir Goodtemplarar velkomnir. Tekið á móti gjöfum til kl. 9 sama kveld.

Þann 26. þ.m. voru gefin saman í hjónaband af séra Jóni Bjarnasyni, D.D., þau herra K. K. Albert og ungfrú Magdalene Irene Young.

Herra Charles Barber, dýraverndari Manitoba stjórnarinnar, hefir sent Hkr. svolátandi skeyti til birtingar: —

Gistihús, allskyns önnur matsöluhús og félaga samkomuhús skyldu minnast þess, að það er á móti dýraverndunarlögum fylkisins, að bera fram til átu til gesta eða nokkurra annara þeirra, er á nokkurn hátt borga fæði sitt, nokkura af þeim fuglum, sem nefnd ir eru undir staflið (a) og (b) í 7. grein nefndra laga, svo sem Prairie Chicken eða Partridge Plover, Woodcock, Snipe, Sandpiper eða nokkurt annað kjöt af dýrum þeim, sem nefnd eru í 3. og 4. gr. nefndra laga, svo sem Deer, Cabri, Antelope, Wapiti, Moose, Reindeer eða Cariboo, — jafnvel þó dýr eða hlutar af þeim hafi verið gefnir yður, því það yrði talin sala, sem er brot á lögunum.

Allir fylkisbúar, sem fengið hafa dýraveiðaleyfi, minnist þess, að öllum slíkum leyfum á að skila til baka á skrifstofu herra Barbers innan 30 daga eftir að veiðitímabilið er á enda runnið, með vottorði undirrituðu af lögreglustjór friðdómara eða Commissioner, er sýni, hvað handhafi hefir veitt á veiðitímabilinu.

Happasæll verzlunarskóli. — Success Business College hefir vaxið svo, að nú er það stærsti og viðfrægasti verzlunarskólinn í Vestur-Canada. Þetta er af því, hve skólinn leysir kensluna vel af hendi. Þar er dag og kveldskóli og full kensla veitt í ensku, verzlunar og hraðskriftar námsgreinum. Ungir menn og konur, sem hugsa til að læra eitthvað af þessum greinum, ættu að rita skólanum eftir fullum upplýsingum, og byrja nám sitt þriðjudaginn 3. janúar næstk.

Nú hafa byggingarleyfi Winnipeg borgar náð 15 milión dollars markinu á þessu ári, með því að Bank of Commerce tók þann 12. þ.m. út leyfi til að byggja hér í borg stórhýsi mikið fyrir starfsstofur sínar, sem á að kosta 800 þús. dollars.

Takið eftir.

Enginn fundur verður haldinn í stúkunni Ísland næsta fimtudagskveld, 29. þ.m. Þetta eru meðlimir beðnir að muna, og einnig það, að fjölmenna á fyrsta fund stúkunnar eftir nýárið á fimtudagskv. í næstu viku 5. janúar.

Skemtisamkoma
á gamlárskveld

Únítara söfnuðurinn við Mary Hill P.O. heldur Box Social á gamlaárskveld 31. þ.m., að Lundar Hall. Safnaðarnefndin lofar góðu prógrami, svo sem söng, kappræðu, ræðum og hljóðfæraslætti. Veitingar verða seldar á staðnum, og unga fólkið fær tækifæri til að skemta sér við dans eftir að prógramið er búið.— Sem flestir ættu að nota þetta tækifæri til að fá góða skemtun og um leið að mæta vinum sínum til að þakka þeim fyrir gamla árið og árna þeim allra heilla á því nýja.

Jeg er hættur líka.

Þetta er úr bréfi frá Antler, 19. des. 1910: "Þú getur sagt blaði þínu það til hróss, að ég hafi tekið eftir smágreininni með fyrirsögninni: "Ég er hættur að reykja". Um leið og ég las greinina, tók ég pípuna út úr mér og sagði: "Ég er hættur líka". Mér datt ekki í hug, að ég mundi geta það, — þar sem ég eyddi 10 cents á dag. Ég fann að það var að eyðileggja heilsu mína meira en

Success Business College

Horni Portage Ave. og Edmonton Street
WINNIPEG

Vetrar námsskeið.
þriðjudaginn 3 janúar 1911.

DAGSKÓLI KVELDSKÓLI

KENSLUGREINAR, Enska, Lestur, Skrift, Stafsetning, Reikningur, Bókhald, Hraðritun og Vélskrift.

Byrjið þriðjudaginn 3. janúar.

Skrifið, komið eða símið Main 1664 eftir fullum upplýsingum.

Success Business College

F. G. GARBUTT, President. G. E. WIGGINS, Principal.

nokkuð annað. Nú hefi ég ekki mína og tóbakið, og þar af leiðandi sloppinn úr lífshaska". reykt í þrjár vikur, gefið pípuna

Afmælishátíð
St. "Heklu"

Tuttugasta og þriðja afmælishátíð stúkunnar Heklu verður haldin næstkomandi föstudagskv. þann 30. þ.m., í fundarsal stúkunnar á horni Sargent Ave. og McGee St. Allir íslenzkir Goodtemplarar í bænum eru boðnir og velkomnir.

Program.

1. Afmælishátíðin sett kl. 8.
2. Kristján Stefánsson: Minni stúkunnar.
3. Hallur Magnússon: Kvæði.
4. Séra Rúnólfur Marteinsson. Kveðja frá stúkunni Skuld.
5. Miss Friðriksson: Piano solo.
6. S. B. Brynjólfsson: Kveðja frá stúkunni Ísland.
7. Eggert J. Árnason: Kvæði.
8. Séra Friðrik J. Bergmann: Óákveðið.
9. Miss Clara Oddson: Hljóðfæraslátur.
10. Miss Guðbjörg Sigurðsson: Upplestur.
11. Hljóðfæraslátur.
12. Miss S. Vigfússon: Sólo.
13. Kaffiveitingar í neðri salnum.

Samkoman byrjar stundvíslega kl. 8. Inngangur ókeypis. Ágæt skemtun og veitingar. Allir íslenzkir Goodtemplarar eru vinsamlega beðnir að koma.

Almannökin 1911.

Séra Jón J. Clemens hefir sent Heimskringlu snotran Calendar. Á framhliðinni er versið: "Sæll er hver sá, sem óttast drottinn og gengur á hans vegum", tekið úr Davíðs sálmum. Yfir versinu er mynd af Rebekku við brunninn. Á innsíðu þessa Calendars er mynd af séra J. J. Clemens og kirkju þeirri, sem hann þjónar í bænum Guelph í Ontario. Einnig á annari síðu auglýst starfskrá safnaðarins um nokkra mánuði á hinu yfirstandandi ári.

Herra kjötsali S. O. G. Helgason, að 530 Sargent Ave., hefir sent Heimskringlu tvo fagra litskreytta Calendars með áföstu mánaða og dagatali. Á öðrum er skógivaxið land við árbakka, þar sem trén spegla sig í lygnu vatninu, snemma á vorlagi, með útsprungin blóm. — Á hinum er sýndur hangandi fugl, sem búið er að veiða. Það mun eiga að vera Turkey. Myndin er upphleypt og að öllu hin fegursta. Eini gallinn er, að "Tyrkinn" er ekki steiktur, tilbúinn fyrir jólaborðið. — Þökk samt fyrir sendinguna. Hún bendir á, að Helgason hafi á boðstólum góða kjöt-jólarétti. Finnið hann og kaupið vörurnar.

"The Olafsson Grain Co." hefir sent Heimskringlu myndarlegan "full tone" Calendar fyrir árið 1911. Myndin sýnir söðlaðan kvenreiðhest, á honum situr lítil stúlka, en móðir hennar stendur framan við hestinn og heldur í taumana. Undir myndinnni er mánaða og dagatalið. — Með þessu vilja þeir félagar Olafsson & Sveinsson tilkynna að allir þeir Íslendingar, sem geta "étið eins og hestar", ættu að kaupa mjöl og fóðurtegundir sínar frá þeim. Þeir hafa góðar vörur með lægsta markaðsverði og eru viðfeldnir í viðskiftum.

Dr. G. J. Gíslason,
Physician and Surgeon
18 South 3rd Str., Grand Forks, N.Dak
Athygli veitt AUGNA, EYRNA og KVERKA SJÚKDÓMUM ASAMT INNVORTIS SJÚKDÓMUM og UPPSKURÐI. —

Rev. Dr. O. V. Gíslason
HANDLÆKNIR
369 Sherbrooke St.

Dr. J. A. Johnson
PHYSICIAN and SURGEON
HENSEL, N. D.

Dr. M. Hjaltason
OAK POINT, MAN

Þegar þér þurfið að kaupa
Gott smjör
Ný egg
og annað matarkyns til heimilisins, þá farið til
YULES PRODUCE STORE
941 Notre Dame St.
Prices always reasonable

S. K. HALL
TEACHER OF PIANO and HARMONY
STUDIO: 701 Victor St,
and
IMPERIAL ACADEMY OF MUSIC AND ARTS
Dr. Ralph Homer, Director.
290 Vaughan St.

MARTYN F. SMITH,
TANNLÆKNIR.
Fairbairn Blk. Cor Main & Selkirk
Sérfræðingur í Gullfyllingu og öllum aðgerðum og tilbún aði Tanna. Tennur dregnar án sársauka. Engin veiki á eftir eða gómbólga. —
Stofan opin kl. 7 til 9 á kveldin
Office Phone 6944. Heimilis Phone 6462

TIL SÖLU:
160 ekrur af bezta landi, stutt frá járnbrautarstöð. — Fyrsti maður með $7.00 fær hér góð kaup. — Finnið
Skúli Hansson & Co.
47 Aikens' Bldg.
Talsími, Main 6476 P. O. Box 833

GEO. ST. JOHN VAN HALLEN
MÁLAFERZLUMAÐUR
GERIR ÖLL LÖGFRÆÐIS STÖRF ÚTVEGAR PENINGALAN.
Bæja- og landeignir keyptar og seldar, með vildarkjörum,
Skiftisköl $3.00
Kaupsamningar $3.00
Sanngjörn ómakslaun. Reynið mig.
Skrifstofa 1000 Main St.
Talsími Main 5142
Heimils talsími Main 2857
WINNIPEG

Þarft þú ekki að fá þér ný föt?
EF ÞAU KOMA FRA CLEMENT'S, — ÞÁ VERÐA ÞAU RÉTT
Réttur að efni, réttur í sniði réttur í áferð og réttur í verði.
Vér höfum miklar byrgðir af fegurstu og beztu fataefnum. —
Geo. Clements & Son
Stofnað árið 1874
264 Portage Ave. Rétt hjá FreePress

Th. JOHNSON
JEWELER
286 Main St. Talsími: 6606

Sveinbjörn Árnason
Fasteignasali.
Selur hús og lóðir, eldsábyrgðir, og lánar peninga. Skrifstofa: 310 McIntyre Blk.
office TALSÍMI 4700. hús TALSÍMI 2108

G. NARDONE
Verzlar með matvöru, aldini, sæl-kökur, allskonar sætindi, rjómi og rjóma, sönul. tóbak og vindla. Óskar viðskifta Íslend. Heitt kaffi eða te á öllum tímum. Fón 7756
714 MARYLAND ST.

Brúðir og brúðarmeyjar!
Ráðlegging til þeirra er að gera sér að s yldu að hafa góð baauð. BOYD'S BRAUÐ er eins gott og hægt er gott brauð að gera, af bestu bökurum í landinu og einatt til reiðu. Reynið það.
Boyd's
Bakery Cor. Spence & Portage Ave
Phone Sherb. 680

BILDFELL & PAULSON
Union Bank 5th Floor, No. 520
selja hús og lóðir og annast þar að lútandi störf; útvegar peningalán o. fl.
Tel.: 2685

BONNAR, TRUEMAN & THORNBURN,
LÖGFRÆÐINGAR.
Suite 5–7 Nanton Blk. Tals. 766
Winnipeg, Man. P.O.BOX 223

DR. H. R. ROSS
C.P.R. meðala- og skurðlækuir.
Sjúkdómum kvenna og barna veitt sérstök umönnun.
WYNYARD, — SASK.

The Evans Gold Cure
229 Balmoral St. Sími Main 797
Varanleg l kning við drykkjuskap á 28 dögum án nokkurrar tafar frá vinnu eftir fyrstu vikuna. Algerlega privat. 16 ár í Winnipeg. Upplýsingar í lokuðum umslögum.
Dr. D. R. WILLIAMS, Exam. Phys.
J. L. WILLIAMS, Manager

W. R. FOWLER A. PIERCY.

Royal Optical Co.
307 Portage Ave. Talsími 7286.
Allar nútíðar aðferðir eru notaðar við augn-skoðun hjá þeim, þar með hin nýja aðferð, Skugga-skoðun, sem gjöreyðir öllum ágiskunum. —

Anderson & Garland,
LÖGFRÆÐINGAR
35 Merchants Bank Building
PHONE: MAIN 1561.

Heimskringla.

XXV. ÁR | WINNIPEG, MANITOBA, FIMTUDAGINN, 5. JANÚAR 1911 | NR. 14.

Fregnsafn.

Markverðustu viðburðir hvaðanæfa.

— Blóðugur bardagi átti sér stað í höfuðborg Englands London á þriðjudaginn var, milli lögreglunnar og herliðsins annarsvegar og stjórnleysingja hinsvegar. — Lögreglan hafði fengið grun um, að stjórnleysingjar hefðust við í húsi einu á Sidney stræti, og umkringdu húsið og hugðust að rannsaka það, en heim var strax svarað með skothríð frá íbúum hússins. Lögreglan skaut á móti, og herliðið kom til hjálpar, og endirinn varð sá, að húsið stóð í ljósum, logum, og brunnu íbúarnir þar inni eftir harða barátta, heldur en að gefast upp; — Bardaginn stóð fulla þrjá klukkutíma og urðu margir af lögreglþjónunum og hermönnunum sárir, og tveir leynilögreglumenn mistu lífið í aðsókninni. — Stjórnleysingjar þessir voru taldir meðal hinna hættulegustu og hugdjörfustu í þeim flokki, og grunaðir um að hafa átt þátt í tilraun þeirri, sem gerð var til að ræna eina af stærstu gimsteinabúðum borgarinnar, með því að grafa jarðgöng, sem áður var um getið. Og viðstaðan, sem þeir sýndu, bendir ótvíræðlega á það, að þeir voru menn, sem einskis svífust. "Pétur málari" og "Hollenzki Fritz" voru tveir af stjórnleysingjum, sem inni brunnu, albektir sem leiðandi Anarkistar. — Á meðal fjöldans, sem horfði á bardagann, var Winston Churhhill, innanríkisráðgjafi Englands.

— Góð kol hafa fundist hjá Salvador í Saskatchewan, á 200 feta dýpi. Kolin eru sögð að líkjast Pennsylvania kolum, hörð og gljáandi, og betri miklu, en þau, sem fundist hafa í Crows Nest skarði í Klettafjöllunum. Enn er óvíst, hve mikil kol eru á þessum stöðvum, eða hvort hægt er að ná til þeirra með hæfilegum tilkostnaði, því að vatnsæð mikil er í jörðu á fet undir kolalaginu.

— Laurier stjórnin hefir gert tilraun til þess, að fá Indiana flokkinn við Fort George til þess að flytja af "Reserve" sinni og þiggja annað landssvæði í staðinn. Stjórnina vantar þetta land fyrir Grand Trunk Pacific félagið og hefir boðið Indiánum $68,000 fyrir það, og að auki 10,000 dollara til nýrra húsabygginga á svæði því, sem stjórnin vill gefa þeim í skiftum. Indiánar neituðu boðinu, en voru þó fúsir til að selja vesturhluta svæðisins, vildu halda þeim eystri, þar sem er kirkja þeirra og grafreitur. Indiána-bygð þessi er 1350 ekrur, metin $50.00 hver ekra. — Yfirleitt var það skoðun Indiána, að G.T.P. félagið myndi, ef það fengi landið fyrir $50.00 ekruna, mæla það út í bæjarlóðir og selja svo hverja lóð á 500 dollara. Líklegt þykir, að stjórnin gangi að því, að kaupa að eins vesturhluta byggðarinnar.

— Með vorinu á að framlengja Copper River og North Western járnbrautina inn í Tanann gulltekjuhéraðið í Alaska, um 300 mílur vegar. Áætlaður kostnaður er 30 miliónir dollara.

— Sophus Hansen í Montreal strauk þaðan frá konu og dóttur árið 1904. Hann var talinn dauður. En kona hans og dóttir þeirra segjast hafa þekt mynd hans í hópi Vestur-Canada bændanna, sem nýlega heimsóttu Ottawa. Þar var tekin mynd af öllum hópnum, og mæðgurnar þektu hann á myndinni. Tilraun hefir verið gerð til að finna manninn, sem nú er ætlað að gangi undir öðru nafni.

— Mælt er, að Allan Líne félagið hafi samið um að láta smíða fyrir sig á komandi ári tvö feiknastór og hraðskreið mann- og vöruflutninga-skip, til ferða milli Englands og Canada.

— Erfðaskrá Michael Cudahy, kjörkongsins mikla í Chicago, var opinberuð 4. des. sl. í Chicago borg. Hún sýndi, að hann eftirlét 11 miliónir dollars í eignum, tvær miliónir eru í fasteignum, en níu í lausafé. Ekkja hans á að fá 30 þúsund dollars á ári, en 3 börn þeirra hjóna eiga að hafa öll umráð eignanna, og öll 7 börnin fá ákveðnar árstekjur. Sömuleiðis eru nokkrar gjafir til kirkna og mannúðarstofnana.

— Stjórnin í Alberta hefir lagt til síðu 125 þúsund dollars til þess að stofna 5 fyrirmyndarbú þar í fylkinu, þar sem bændur eigi kost á ókeypis upplýsingum í öllum greinum búnaðarins.

— Húsbruni í Montreal á þriðjudaginn var gerði 200 þús dollars eignatjón.

— Jólagleðin í Toronto borg endaði með því, að 150 menn voru settir í fangelsi fyrir ofdrykkju.

— Mál er höfðað í Montral út af misprentun í auglýsingu. Selskinstreyja var auglýst til sölu fyrir $2.95, en átti að vera $295.00. Maður kom í búðina, eins fljótt og hann gat eftir að hafa lesið auglýsinguna, lagði $2.95 á borðið og heimtaði treyjuna. En kaupmaðurinn neitaði, að afhenda hana fyrir það verð. Nú hefir kaupandinn farið í mál, til þess að fá sér dæmda $295.00 selskinstreyju fyrir $2.95.

— Northern Bank í New York varð gjaldþrota um jólin. Alls hefir þessi banki níu bankastofnanir með 6 milión dollars geymslufé almennings. Bankastjórinn og aðstoðarmenn hans hafa verið settir í gæsluvarðhald, kærðir um svikasamlega meðhöndlun á fé bankans.

— John B. Moissant var í flugvél sinni 9 þúsund fet í lofti í New Orleans fyrra þriðjudag, þegar gangvélin stansaði af kulda loftsins. Hann komst samt til jarðar, án þess að meiða sig og þykir það kraftaverk. Vindhraðinn var svo mikill, að hann hraktist 5 mílur vegar undan vindi á fallinu til jarðar.

— C.P.R. félagið hefir nýlega pantað 8 milión dollars virði af alls konar járnbrautavögnum.

— Regnfall í Minnesota á sl. ári var alls 12 þuml., það minsta, sem komið hefir þar í ríðinu á 74. ára tíma. Samt framleiddi ríkið nær 100 milión bush. af hveiti.

— Um jólin fórst við norðurströnd Vancouver eyju gufuskipið St. Denis, eign Mexican Land félagsins. Skipið leki í ofsaveðri, rakst á kletta og brotnaði í spón öll skipshöfnin, 21 manns, fórst.

— Blaðið La Patrie í Montreal segir skýlaust, að Laurier stjórnin þori ekki að láta að neinu að óskum Vestur-Canada bændanna, umfram það, sem hún hafði áður ákveðið að gera, áður en bændafundurinn kom til sögunnar. Blaðið gefur þá ástæðu, að austur-Canada sé enn þá of þungt á metunum til þess að ganga fram hjá óskum íbúanna þar í landsmálum, og að þær óskir séu ekki í samræmi við óskir bænda í Vesturlandinu.

— Kjötverð er hátt í Rómaborg á Ítaliu, og til þess að fá verðið lækkað hefir borgarstjórnin þar pantað heilan, stóran skipsfarm af kjöti frá Argentinu, þar sem kjöt er afar-ódýrt. Það á að flytjast í kælirúmum til Ítaliu og seljast þar með kostverði á reikning borgarinnar. Reynist þessi tilraun vel, þá verður sett á stofn föst verzlun í kjöti milli ríkjanna.

— Meðal annara fornmenja, sem nýlega hafa fundist í Pompeii, er kvenlikami steinrunninn. Verkamenn voru að grafa eftir rústum húsa nokkurra, sem staðið höfðu utan við takmörk borgarinnar, er þeir komu niður á leifar konu þessarar. Báðar lúkur konunnar voru fyltar gimsteinum, og ætla menn, að hún hafi verið að flýja undan eldinum mikla, sem eyðilagði staðinn, og hafi haft með sér það af auðæfum sínum, sem hún gat grifið til í flýti, áður en hún lagði á flótta; en hafi svo hnigið niður yfirkomin af eldinum. Meðal dýrgripanna voru: hálsmen, armband, fingra- og eyrna-hringir og aðrir skartmunir, alt sett dýrustu gimsteinum. Í hverjum eyrnahring voru 21 perlur. Fundur þessi er talinn einn sá merkasti, sem gerður hefir verið í Pompeii-rústum.

— Það hefir nýlega sannast fyrir rétti í Lundúnum, að fingraför eru ekki óyggjandi sannanagögn gega glæpamönnum. Maður var nýlega kærður þar fyrir glæp. En lögreglan vildi sýna, að hann hefði áður verið dæmdur fyrir glæp, og kom með fingraför hans til að sanna sögu sína. En það sannaðist, að maðurinn var í herþjónustu á þeim tíma, sem lögreglan taldi hann hafa verið í fangelsi fyrir fyrri glæpinn. Dómarinn sýknaði manninn af báðum kærum lögreglunnar.

— Hálf þriðja milión manna er sagt að nú liði hungursneyð í Kínaveldi, og að óvanalegar flóðöldur, sem gengið hafi yfir landið, hafi orðið mörgum þúsundum manna að bana núna um jólin. Svo hefir hungrið sorfið að fólkinu í Anhul fylkinu, að mannmörg félög hafa myndast, sem hafa það fyrir augnamið, að ráfa um landið og ræna ellu ætilegu, sem það getur höndur á fest. Flóð þessi sópuðu mörgum og fiölskipuðum borpum út í sjó, og fórst þar alt dautt og lifandi. Engin sjáanleg ráð þar heima fyrir eru til þess að bæta hag hinna nauðliðandi. En þegar hefir byrjað verið í Bandaríkjunum að safna samskotum og senda matarbyrgðir austur þangað, í von um, að það geti frelsað margt mannslífið, sem annars mundi farast.

— Maður að nafni George Sanfason, baslari og heimilisréttarlandeigandi í Saskatchewan fylki, er um þessar mundir, með lögregluog spæjara-lið, að leita að móevgðri stúlku, sem hann trúlofaðist fyrir nokkrum tíma og trúði fyrir að geyma $1200.00 af skildingum sínum. En þegar stúlkan hafði náð til sín fénu, hvarf hún og hefir ekki fundist síðan.

— Nýlega er látin á Englandi Mrs. Clark, ein af kvenfrelsiskonum þeim, sem fyrir nokkrum tíma var varpað þar í fangelsi fyrir þátt-töku í óspektum kvenna á strætum úti og áhlaup á þinghúsið í London. Konan dó að heimili sínu í Brighton skömmu eftir að hún hafði útent fangavistina. — Kvenfrelsiskonur segja, að hún hafi mætt illri meðferð í fangelsinu, — verið neydd til þess að éta þar svo grófgerða fæðu, að heilsa hennar hafi bilað við það. Þær heimta að þingnefnd verði sett til að rannsaka málið.

— Tveir loftsiglingamenn á Frakklandi féllu á fimtudaginn var 80 fet til jarðar og biðu bana af. Annar var kennari við loftsiglingaskólann.

— Svertinginn James H. Taylor var tekinn fastur í Boston í fyrri viku fyrir grimdarfulla meðferð á konu sinni. Maður hessi hafði það að atvinnu, að bursta skó almennings, og var beykistöð hans í framherbergi í kjallara einum, en í innri herbergjunum bjó hann. — Lögreglan hafði grun um, að hann auk þess að bursta skó, mundi selja ópíum, og gerði því rannsóknarferð til heimkynna hans. Í einu herberginu fundu þeir konu manns hessa hræðilega leikna. Var hún öll blóði drifin eftir svipuhögg, sem bóndi hennar hafði veitt henni og þess utan var járnhringur um háls henni og var hann festur við keðju í veggnum. Heudur hennar voru einnig bundnar á bak aftur með snærum, og jafnframt öllu þessu var hún aðfram komin af hungri. Hún sagði lögreglunni, að hún hefði að eins verið gift manni sínum í tvo mánuði. Hún hafði fyrst í stað hjálpað honum við starf hans, en neitað því síðar meir, því henni hefði fundist það miður kvenlegt. Þá byrjuðu misþyrmingarnar. Hún sagðist hafa verið í þessu ástandi, sem þeir fundu hana í, fullar tvær vikur, og hefði aldrei allan þann tíma getað lagst til hvíldar, því keðjan, setta fest var um háls henni, var svo stutt, að hún gat ekki lagst niður. Lögreglan fór með svertingjann í fangelsi, en konuna, sem er Canada-stúlka, á sjúkraheimili.

— Frank Worthing, einn af betri yngri leikurum Bandamanna og aðal leikarinn í leikflokki hinnar frægu leikkonu Grace George, varð bráðkvaddur í Detroit 27. des. sl. á leiksviðinu, rétt þegar leikurinn var nýbyrjaður.

— M. Paykoff, fyrrum fjármálaráðherra í Búlgaríu, féll dauður niður í þingsalnum, þegar hann var að verja sínar eigin gjörðir fyrir þinginu. Honum hafði verið bríslað um fjárdrátt og svik og hafði þingið skipað nefnd til að rannsaka kærur þessar, og var hann sjálfur að réttlæta sig, þegar dauðann bar að dyrum.

— Tveir velþektir flugmenn, sem skarað hafa fram úr öðrum að dirfsku og áræði, sýndu list sína í hinsta sinni sl. laugardag. J. B. Moisant, hinn fifldjarfi Frakki, sem einna hæst hefir komist allra flugmanna, féll um hundrað fet með flugvél sinni, að New Orleans, og dó af meiðslum. — Hinn, sem kvaddi heiminn á líkan hátt, var hinn amerikanski flugmaður Arch. Hoxsey, sem hæst allra hefir í loft komist. Í þessari hinstu för sinni komst hann 7.142 fet í loft upp, þegar eitthvað bilaði í vélinni, sem olli því að hún féll til jarðar og Hoxsey misti lífið. Hann hafði verið hálfa aðra klukkustund í loftinu, þegar slysið vildi til.

— Lýðveldið Honduras í Mið-Ameríku er nú alt í uppnámi, og borgarastríð virðist óhjákvæmilegt. Uppreistarforinginn Manuel Bonilla virðist hafa mikið fylgi og nóg af skotvopnum. Aftur í annan stað hefir Davila stjórnin aukið her sinn af mætti og dregið að sér vopnaþirgðir, svo engum efa virðist bundið, að báðir flokkar búast við hörðum og blóðugum bardögum. — Annars eru borgarastríð í kotrikjunum í Mið- og Suður-Ameríku daglegir viðburðir.

— James H. Hill, járnbrautakongurinn, hefir nú í viðbót við járnbrautafjölda sinn keypt Western Pacific járnbrautina, eftir því sem síðustu fregnir segja.

— Jarðskjálftar hafa gert vart við sig í Litlu-Asíu, og ollað talsverðu tjóni á eignum manna.

— Georg fimti konungur Breta heiðraði marga um þessi áramót, sem konunga er siður, með nafnbótum og titlum. Meðal þeirra, sem fyrir heððrinum urðu, voru þeir William McKenzie og Donald Mann, formaður og varaformaður C.N.R. félagsins. Báðir voru gerðir að riddurum (Sirs). A. B. Aylesworth, dómsmálaráðherra Canada, var gerður að M.C.M.G (Knight Commander St. Michael and St. George). Einnig var Charles J. Townsend, æðsti dómari Nova Scotia, sæmdur riddaranafnbót.

— Í Toronto var Geary borgarstjóri endurkosinn í það embætti 2. jan. (á mánudaginn var) með 28,242 atkvæðum umfram þann, sem næstur honum varð. Í Fort William var Capt. S. C. Young kosinn borgarstjóri. — Atkvæðagreiðsla um Local Option fór fram í öllum borgum Ontario fylkis og fór þannig, að tuttugu og tvær borgir urðu "þurrar", en þrjátíu og níu halda vínsölunni áfram.

— Á mánudaginn var tóku fjórir Demókratar við ríkisstjóra embættum í Bandaríkjunum, sem Repúblikanar höfðu gengt áður,— en einn Republikan tók sæti, sem áður var skipað Demókrata. Eftirfarandi ríki skiftu um ríkisstjóra — New York (John A. Dix, Demókrat, í stað Horace Whitr, Rep.); New Jersey (Woodrow Wilson,D., í stað J. C. Hunt, R.); Idaho (James H. Hawley, D., í stað J. H. Brady, R.); Wyoming (Joseph M. Carey, D., í stað B. B. Brooks, R.); Nevada (Tasker L. Oddie,G., í stað D. C. Dickerson, D.). John A. Dix, hinn nýkosni ríkisstjóri í New York, er hinn fyrsti Demókrat í það sæti í 18 ár. Eins eru fjölda mörg ár síðan Repúblikan hefir átt æðsta valdasess í ríkinu Nevada.

— Í Williamsburg, Ky., var broðamorð framið á nýársdag. Öldruð hjón voru höggin í smástykki af einhverjum ókunnum náunga og kveikt í húsi þeirra. En eldurinn var slöktur af nágrönnunum, sem þá fundu hjónin þannig leikin.

— Í Columbus, Ohio, hafa 758 menn verið dregnir fyrir dómstólana fyrir að selja atkvæði sín við nýlega afstaðnar kosningar, og 154 af þessum mönnum hafa þegar meðgengið og hafa verið sviftir atkvæðisrétti og dæmdir í sektir og fangavistar. Sektir voru 5 dollars á hvern mann og málskostnaður, og atkvæðismissir um 5 ára tíma. Flestir þeirra voru svo fátækir, að þeir gátu ekki borgað sektir sínar. Búist er við, að alls verði 1500 manna þar í borginni kærðir fyrir atkvæðasölu, þó enn séu ekki nema 758 komnir fyrir dóm.

OGILVIE'S

Royal Household Flour

Til Brauð og Köku Gerðar

Gefur Æfinlega Fullnœging

EINA MYLLAN Í WINNIPEG,—LÁTIÐ HEIMAIDNAÐ SITJA FYRIR VIÐSKIFTUM YÐAR.

Enn um Ísland og fréttasamband.

Þess var getið nú nýlega í Hkr., að "Store Nordiske telegraphfélagið væri að hugsa um að ná sérstöku fréttasamabandi við Ameriku, um Ísland.

Nú rétt nýskeð höfum vér séð það, sem virðist benda á, að til séu fleiri en "norræna" félagið, sem farnir séu að gefa Íslandi auga og áliti það ekki óvænlegan lið í fréttakeðju heimsins.

Í London er gefið út mjög myndarlegt blað, sem heitir "The Standard of Empire", og sem fjallar eingöngu um málefni, sem snerta hið brezka veldi. Hinn 10. des. síðastl. flutti blaðið ritgerð um frétta-samband við Ástralíu, og sýndi þar fram á, að hafþráðurinn frá Vancouver til Ástralíu (yfir 7000 milur) gæti ekki borið sig fyrr en fengist óslitið frétta-samband við Norðurálfu. Hlutaðeigandi ríki, þ. e. Ástralía, Canada og Bretland, eiga þennan hafþráð og viðhalda honum, sem þjóðeign, í þeim tilgangi einum, að hindra okur telegraph-einveldisins, sem áður ríkti á Kyrrahafi. Þráður þessi var fullger og hefir verið í starfandi ástandi síðan 1902, en sjóðþurð hefir verið á hverju ári, þó sí-minkandi.

Nefndin, sem stjórnar þessari stofnan, hefir hvað eftir annað brýnt fyrir hlutaðeigandi stjórnum börfina á, að eiga hafþráð yfir Atlantshaf og landþráð yfir Canada. En undirtektirnar hafa verið daufar, til þessa, þó nú séu taldar meiri líkur en áður, að eitthvað verði gert rétt bráðlega. Ástæðan, sem blaðið hefir fyrir þeirri von, er sú, að síðastliðið vor leigði þessi ráðsmannanefnd telegraphþráð á milli Montreal og Vancouver og færði samstundis niður verðið á frétta-flutningi milli Englands og Ástralíu svo nam fjórðungi verðs. Áður en þetta gerðst hafði nefndin gert áætlun um $320-000 sjóðþurð á árinu 1910, en núna í lok nóvember fullvrti nefndin, að sjóðburðin yrði fullum $50,000 minni, en upphaflega var gert ráð fyrir. Með því að fá leigðan landþráð (til revnslu) yfir Canada og með því að lækka fréttaverðið um fjórðapart, hefir nefndinni tekist að lækka væntanlegan tekjuhalla svo nemur siöttahluta, — alt á fárra mánaða tíma. Hér bvkist nefndin sýna og sanna, að ættu hlutaðeigandi ríki óslitinn þráð yfir "hauður og haf" frá Bretlandsevjum til Ástralíu, þá væri bessari barflegu stofnun borgið, að þá mætti að líkum lækka fréttaverðið enn og að mun og samt hafa tekju-afgang.

Í júní næstkomandi mæta erindrekar allra út-ríkjanna brezku á allsherjarfundi í London, til að ræða um víns sameiginleg mál, — eða sem margir álíta að gætu verið og ættu að vera sameiginleg mál veldisins. Þetta telegtaph-mál er vitanlega mest kappsmál Ástraliumönnum, og fullvrðir blaðið, að erindrekar allir þaðan séu viðbúnir að halda því fram af kappi á fundunum, og spáir góðu með úrslit þess.

Fljótt álitið sýnist það nokkuð úr vegi, að koma við á Íslandi, ef ferð er hafin frá London til Ástraliu. En "betri er krókur en kelda", fyrir fréttaþráð ekki síður en menn og skepnur, og Atlantshafið er breið kelda og kostbær að brúa. Þetta sjá og viðurkenna ráðsmenn þessarar telegraphstofnunar, og því segir blaðið, að alvarlega sé talað um, að fullgera þetta Ástraliu-samband með því, að varpa fréttaþræði á hafsbotn frá nyrztu telegraph-stöðvum Breta (í Leirvík á Shetlandi?) til Íslands, þaðan til Grænlands og þaðan aftur til Hamilton-fjarðar á Labrador, þar sem er nyrzta telegraph-stöð í Ameriku, og loftskeytastöð líka þar í grendinni. — Blaðið segir suma telja það til tormerkja, að á nyrztu stöðvunum mundi þræðinum hætta búin af hafís, en bætir því við, að nefnd in mæli með, að á þessum stöðvum, á Íslandi og á Grænlandi, verði komið upp loftskeytastöðvum í sambandi við telegraphstöðvarnar, — og að þá sé "björninn unnin", þá stöðvist aldrei frétta-flutningur, þó hafís kynni að slíta þráð.

Það var ís-fælnin, sem verkaði það forðum, að hafþráðurinn fyrsti var lagður til Nýfundnalands, en ekki um Ísland, eins og áformað var í fyrstu. Það verður fróðlegt að sjá, hvort sama hræslan er ríkjandi enn, þrátt fyrir þá revnslu, sem fengin er, að hafþráður er starfandi tilvera árið um kring milli Íslands og Skotlands, og að landþræðir eru sem næst hornanna á milli á öllu Íslandi.

Víst væri gleðilegt að sjá ættjörðina komast í æ nánara og nánara vinnu-samband við umheiminn.

WALL PLASTER

"Empire" VEGGJA PLASTUR kostar ef til vill ögn meira en hinar verri tegundir, —en berið saman afleiðingarnar.

Vér búum til:

"Empire" Wood Fibre Plaster
"Empire" Cement Wall "
"Empire" Finish "
"Gold Dust" Finish "
"Gilt Edge" Plaster of Paris
og allar Gypsum vörutegundir. —

Eigum vér að senda yður bækling vorn?

BÚIÐ TIL EINUNGIS HJÁ
MANITOBA GYPSUM CO. LTD
SKRIFSTOFUR OG MILLUR Í
Winnipeg, - Man.

Heimskringla

Published every Thursday by The Heimskringla News & Publishing Co. Ltd

Verð blaðsins í Canada og Bandaríkjunum $2.00 um árið (fyrir fram borgað). Sent til Íslands $2.00 (fyrir fram borgað af kaupendum blaðsins hérlendis $1.50.)

B. L. BALDWINSON
Editor & Manager

Office:
729 Sherbrooke Street, Winnipeg
P.O. BOX 3083. Talsími 3512.

Bændanefndin.

Það var stór hópur, sem þrengdi sér inn í þingsalinn í Ottawa að morgni þess 16. des. sl., til þess að leggja fram fyrir Laurierstjórnina kröfur canadisku bændanna um það, hvernig hún ætti að ráða fram úr sumum stórmálum landsins. Alls höfðu um þúsund manns verið inni í salnum meðan ræður fóru þar fram. Þar voru 400 bændur frá Vestur-Canada, úr Manitoba, Saskatchewan og Alberta fylkjum. Annar eins hópur slóst í förina úr Ontario og öðrum Austurfylkjum, og um 200 þingmenn voru í salnum til að heyra, hvað fram færi. Allir vissu, að kröfum bænda var ekki beint að eins að stjórninni, heldur einnig að öllum þingmönnum. Enda sagði einn af ræðumönnum bænda meðal annars þetta: "Þér eruð máske að ræða um það hver við annan, hvað þetta þing geti gert við þessa nefnd; en yður væri nær að spyrja yður sjálfa: Hvað getur þessi nefnd gert við þetta þing?"

Það, sem nefndarmenn fóru fram á, var aðallega þetta:

1. Að stjórnin fengi eignarhald á á korngeymslubúrunum í Fort William og Port Arthur og láti starfrækja þau á eigin reikning. Að hún láti byggja korngeymslubúr á Kyrrahafsströndinni og við Hudsons flóann og starfræki þau einnig á landssjóðskostnað.
2. Að stjórnin byggi og starfræki Hudsons flóa járnbrautina á landssjóðskostnað.
3. Að þær breytingar séu gerðar á járnbrautalögum ríkisins, sem banni allan verðmismun fyrir flutning milli staða beirra, sem hafa flutnings samkepni og hinna, sem ekki hafa þá samkepni.
4. Að stjórnin láti byggja og starfrækja slátrunarhús í Vestur-Canada, eða að öðrum kosti veiti peningastyrk til slátrunarhúsa samvinnufélagsins, sem gripabændur Vesturlandsins séu að hugsa um að mynda.
5. Að stjórnin semji lög um myndun samvinnufélaga.
6. Að stjórnin geri gjörbreytingar á toll-löggjöf landsins, sem leiði af sér svo frjálsleg vöruskifti milli Canada og Bandaríkjanna, sem frekast eru mögguleg, og algerlega frjálsa verzlun milli Canada og Englands.

Þetta eru í stuttu máli kröfur bændanna. Þeir vjlja meðal annars láta Laurier efna frjálsverzlunarloforð sin, sem hann þó hefir forðast að gera í sl. 14 ár, og lætur sér ennþá ekki detta í hug að gera.

Bændurnir tóku það meðal annars greinilega fram í ræðum sínum, að þá vantaði enga vernd á þeim vörum, sem beir framleiða, og þeir kváðust fúsir, að leggja á sig beina skatta til ríkissjóðs, ef það reyndist nauðsynlegt í tilefni af þeirri toll-kækkun, sem þeir heimtuðu. Þeir kröfðust þess, að tollhlynnindin til Breta yrðu þannig, að af öllum vörum þaðan skyldi að eins hálfur tollur borgaður á næsta ári, og eftir það skyldi tollgreiðslan lækka um 5 prósent á ári, þar til hún afnæmist með öllu og verzlunin yrði algerlega frjáls. Og yfirleitt kváðust þeir vilja að alger frjálsverzlun væri í landi hér.

En einna mestu áherzlu lögðu Vestur-Canada bændurnir á það, að Hudsons flóa brautin yrði bygð og starfrækt sem þjóðeign, og að Laurier stjórnin gæfi beint og tvímælalaust loforð um, að gera allar hafn-korngeymslulhlöður að þjóðeigu og að starfrækja þær á ríkiskostnað.

Þegar Laurier stóð upp til að svara, varð lófaklapp mikið, en lítið, þegar hann lauk ræðu sinni.

Hann kvað sér ljúft, að vera heiðraður með svo fjölmennri heimsókn bænda frá Vestur-Canada, og kvaðþá vera miklu framleitnari en bændur Austurríkjanna. Hann kvaðst glaður af því að vita, að þó ástandið í Canada væri ekki eins fullkomið og verða mætti, þá væri það þó ekki út. Hann kvaðst hafa frétt, að Vestur-Canada bændurnir, þó fáir þeirra hefðu verið þar lengur en 20 ár, hefðu safnað auðæfum, sem næmu 15 hundruð miliónum dollars. Hann kvaðst samdóma óskum nefndarinnar um nánara verzlunarsamband við Bandaríkin, enda væri hann nú að semja um það við nábúaþjóðina. Hins vegar kvað hann stóran hluta Canadabúa algerlega andvígan breytingum, sem leiddu af sér lækkun tolla, þó að hann og stjórn hans væri þeim ekki samdóma í því. En ekki áleit hann gerlegt fyrir þingið, að gera neitt við tollmálin að sinni, eða meðan hann væri að semja við Bandaríkin. En um það fullvissaði hann nefndina, að ekkert skyldi verða í þeim samningum, sem hefði áhrif á hlynnindin við Breta. — Um þjóðeign korngeymslubúra viðurkendi hann að bændur hefðu réttmætt umkvörtunarefni, en hins vegar áleit hann, að koma mætti canadisku hveiti á Evrópu-markað eins vel með því, að gera skipgengan skurð frá Fort William og niður að hafi. — Hann lofaði að láta byggja Hudsons flóa brautina tafarlaust, og að íhuga kröfur bændanna um þjóðeign hennar. En hins vegar kvaðst hann sjálfur ekki hafa mikla trú á þjóðeign. Þó hélt hann að sér mundi óhætt að lofa því, að braut sú yrði bygð af ríkisfé. En hvað snerti starfrækslu hennar, þá skyldi hann íhuga ráðleggingar bændanna.

Sir Wilfrid tók að eins 11 mínútur til þess að svara fjögra klstunda ávörpum bændanna. Og svar hans var í heild sinni þannig, að bændur voru í mesta máta óánægðir með það. Ráðgjafar hans, sem voru viðstaddir, urðu óttaslegnir. Þeir fundu, að leiðtogi þeirra hafði ekki gert skyldu sina að þessu sinni, og þeir fundu, að með því stutta og alls ófullnægjandi svari, sem hann hafði gefið, hafði hann skapað sér marga andstæðinga meðal þeirra, sem áður studdu hann öflugiega að málum.

Þeir tóku því það ráð, að taka privatlega tali einn og einn af bændunum, og að friðmælast við þá fyrir ræðu leiðtoga sins. Þeir sögðu hann eiga svo annríkt, að hann hefði ekki haft tíma til að tala lengur, og ekki haft tíma til, að íhuga kröfur þeirra til fullnustu. Þeir mæltust til þess, að nokkrir af nefndarmönnum vildu bíða þar í borginni nokkra daga og reyna að ná aftur tali af Laurier, þegar hann væri betur undir búinn. Svo voru tveir fundir haldnir og hafði þá Laurier talað hlýlega til bændanna, en þó forðast að lofa þeim nokkru ákveðnu öðru en því, að láta semja frumvarp til laga um kornhlöðumálið.

Bændurnir urðu nú sannfærðir um, að bið þeirra í borginni hafði ekki fært þá nær takmarkinu, og að engra verulegra umbóta var að vænta frá stjórninni, því að kornhlöðufrumvarpið ákvað ekki annað eða meira en að mynda þriggja manna nefnd til að hafa eftirlit með korngeymslunni og það með, að ríkið skyldi hafa leyfi til að gera þær að þjóðeign — einhverntíma í framtíðinni, ef nauðsyn virtist til þess.

En alt stóð við það sama um Hudsons flóa brautarmálið og toll málið. Og svo fórust bændum orð að afstöðnum fundunum, að þó allir Conservativar í Canada væru dauðir, þá fengist ekki Liberal-flokkurinn til að rýmka um tollálögurnar. Enda væri allar breytingar þær, sem Laurier stjórnin hefir enn gert á tollafyrirkomulaginu, í þau 14 ár, sem hún hefir að völdum setið, í þá eina átt að auka tollbyrðina og fjölga verndartollum og hækka þá.

Margir bændur, sem til þessa tíma höfðu fylgt Laurier flokknum að málum, létu í ljós það áform sitt, að vinna móti honum hér eftir.

Þeir eru farnir að sjá það, bændurnir, að tilgangur flokksins er ekki það, og hefir aldrei verið það, að efna loforð sín við þjóðina. — Þeir finna það nú, að það er kominn tími til að skifta um stjórn í Ottawa.

Arið sem leið.

Árið 1910 hefir ekki orðið neitt sérstakt frægðarár í sögunni, og lætur eftir fáar menjar um sig. — Engar uppgötvanir hafa gerst á þessu ári, sem þýðingu hafa fyrir alheiminn, nema ef vera skyldi "fransós" meðalið, sem hinn þýzki prófessor Ehrlich fann upp, og öll líkindi benda til að bót geti ráðið á því voðaböli, sem kynsjúkdómar hafa bakað mannkyninu.

Samt virðist ekki úr vegi, að drepa litillega á helztu viðburði ársins, eins og þeir hafa skeð eftir mánuðum.

Í janúar geysaði vatnagangur í París, þegar áin Signa flóði yfir bakka sína og olli fullra 200 miljón dollars tjóni. Í janúar var það einnig, að þingkosningar fóru fram á Englandi og jók mjög fylgi Unionista, þó Liberalar héldu velli í bandalagi við verkamannaflokkinn og Íru. — Í þessum mánuði var það, að Gifford Pinchot, umsjónarmaður skóglanda Bandaríkjanna, var sviftur embætti af Taft forseta, að undirlagi Ballinger innanríkisráðherra, og sem afleiðing hólst hið bitra stríð, sem kent var við Pinchot-Ballinger. og sem flestir leiðandi menn Bandaríkjanna tóku þátt í. — Í þessum mánuði önduðust Satolli kardináli og miljónamæringurinn D. O. Mills.

Í febrúar var strætisvagnaverkfallið í Philadelphia langmerkasti viðburðurinn, og stóð yfir hálfan annan mánuð, og varð að kalla herlið til að halda uppi reglu í borginni. Fimm manns voru drepnir í því verkfalli og margir særðir

Marz mánuður var tíðindalár, að öðru leyti en því, að margir merkismenn sögðu skilið við þenna heim. Meðal beirra var hæstaréttardómari Bandaríkjanna David J. Brewer, merkur lögfræðingur.— Í þessum mánuði var það, að Barney Oldfield vann heimsfræg fyrir mestan bíreiðarhraða; hann fór 2 milur á mínútunni.

Í apríl mánuði misti heimurinn stórskáldin og snillingana Björnstjerne Björnson og Mark Twain. — Í þessum mánuði var það, að jarnaðarmenn unnu borgarstjórasætið í Milwaukee við kosningu Emil Seidel. — Í þessum mánuði var það einnig, að hinn frægi franski flugmaður Louis Paulhan flaug frá London til Manchester, 185 milur á 252 mínútum. Var þetta hið fyrsta flug frá borg til borgar.

Maí mánuður verður merkastur fyrir dauða Játvarðar konungs, sem bar upp á 6. dag mánaðarins. — Í mai var það einnig að Halleys halastjarnan gerði heiminn hálfringlaðan. — Í þessum mánuði andaðist hinn frægi læknir Dr. Robert Koch.

Í júní bar fátt markvert til tíðinda, nema ef vera skyldi það, að Charles K. Hamilton flaug frá New York til Philadelphia og til baka aftur án dvalar. — Í þessum mánuði andaðist einn af merkustu mönnum Canada, rithöfundurinn Goldwin Smith.

Júlí mánuður er merkastur fyrir baráttuna milli Jeffries og Johnsons, og sigur Johnsons, þrátt fyrir allar óbænir. — Í júlí andaðist Melville Newton Fuller, æðsti dómari Bandaríkjanna síðan 1888, — stórmerkur maður fyrir lærdóm og viðsýni.

Í ágúst mánuði var skotið á Gaynor borgarstjóra New York borgar og hann særður hættulega, en batnaði þó. — Í þessum mánuði var Nicaragua borgarastríðið til lykta leitt, eftir að uppreistarmenn höfðu borið hærri hluta og foringi þeirra, Estrada hershöfðingi, seztur í forsetasætið. — Í þessum mánuði andaðist Florence Nightingale, hinn frægi líknarfrömuður, og einnig forseti Chile lýðveldisins Pedro Montt. Þann 13 ágúst var það, að Korea var innlimuð í Japan.

September var frægur í flugsögunni. Þá tókst hinum perúvíanska flugmanni Chavez að fljúga yfir Alpafjöllin, þó það kostaði hann lifið. Einnig flaug Walter H. Brookins frá Chicago til Spring field, 186 milur, slysalaust. — Í þessum mánuði varð það, að ríkið Maine í Bandaríkjunum kaus Demókrata í ríkisstjórasætið, og var það í fyrsta skifti í 30 ár, sem Demókrati sat það sæti.

Í október mánuði var það, að Manúel Portúgalskonungur var frá ríkjum rekinn, og lýðstjórn sett á stofn með Theophile Braga sem forseta. — Í þessum mánuði lagði Walter Wellmann á stað yfir Atlantshaf á loftskipinu "America", en mistókst og var bjargað af skipreki eftir þriggja sólarhringa útivist.

Nóvember mánuður verður sérstaklega merkur í sögu Bandaríkjanna, því við kosningarnar þann 8. dag mánaðarins, unnu Demókratar sinn fræsasta sigur, náðu yfirburðum í neðri málstofunni, og sex ríkjum, sem áður voru í höndum Republikana. — Í þessum mánuði andaðist stórskáldið Leo Tolstoi. — Kunngert var, að Panamaskurðurinn yrði fullger árið 1913. — Borgarastríð hafa gert vart við sig í Mexico og Brazilíu, en verið kæfð niður áður en nokkuð verulegt varð úr þeim.

Desember mánuður verður merkastur fyrir þingkosningarnar á Englandi, sem eengu þeim liberölu í vil, og heldur þeim þaraflei ðandi við völdin. — Í þessum mánuði var Alberti, fyrrum dómsmálaráðherra Dana, dæmdur í 8 ára betrunarhússvinnu fyrir fjársvik sin. — Mary Baker Eddy, stofnandi "Christian Science", dó 3. des. — Fólksfjöldi Bandaríkjanna, með Filips eyjunum, var 101,100,000. — Hungursneyð geysaði í Kina, sem afleiðing af vatnavöxtum, og fóll fólkið hrönnum saman dautt niður.

Í heild sinni má segja um hið liðna ár, að þegar til alls er tekið, að það hafi verið eitt af góðu árunum, því þó sumstaðar hafi nevð og harðæri knúið að dyrum, þá virðist góðæri hafa ríkt meðal meginþorra þjóðanna og styrjaldir hafa ekki verið teljandi, sem svift hafi þjóðirnar sonum sínum.

Þess vegna kveðjum við hið liðna ár með virtum, og vonumst eftir eins góðs eða betra af því, sem nú er í garð gengið.

SAMTAL UM BÚSKAP.

EFTIR ORRA.

XV.

KETILL: Hafa kýrnar þínar gert gott gagn í sumar?

ATLI: Já, all gott. Að þessu sinni ætla ég ekki að ræða við þig um mina aðferð viðvíkjandi hirðingu kúa, heldur segja þér um háttu eins stórbóndans, sem er þannig:

Tíu til fjórtán dögum áður en haginn er orðinn svo sölnaður, að hann gefi ei fulla kúanyt, tek ég þær á hey og korngjöf, segir þessi bóndi. Það er að segja, ég tek þær ekki af haga, gef þeim að eins með; byrja með litla gjöf fyrst, en smá-eyk gjöfina eftir því sem tíminn liður. Að 14 dögum liðnum hefi ég kýrnar mínar á fullri gjöf, og um leið í fullri og kostaríkri nyt. Mjólkurkýrin er ákaflega viðkvæm, þarfnast þar fyrir nákvæmrar umönnunar. Þegar eg skifti við kúna á grænum haga og þurru fóðri, reynist mér bezt að hafa mikinn hluta gjafarinnar ýmsar rófutegundir, svo sem næpur og rauðrófur (Bæts). Sú tegund fæðu er mjög heilsusamleg og býr þær hið bezta undir fulla kornfóðursgjöf. Í byrjun gef ég þeim ætíð hið bezta hey, er ég á til öllu frugguðu heyi hendi ég til hliðar og geymi það, þar til veður kólnar, því þá eru kýrnar orðnar vanar við þurrar fóðurtegundir og eru óvandætnari. Eins lengi og veður leyfir læt ég kýr mínar liggja úti, hýsi þær að eins, þegar vond eru veður. Við fjósið hefi ég rétt, sem ég hleypi þeim ætíð í, er veður leyfir. Strompa hefi ég næga á fjósi, og glugga alla svo ég geti opnað þá; hreint loft er þeim nauðsynlegt, og ég álít þeim sé verra heitt svækjuloft, heldur en hreint loft, þó kalt sé. Í bithaga ganga gripir margar mílur á degi hverjum. Þess vegna hygg ég nauðsyn, að gefa þeim hæfilega hreyfingu á hverjum degi, þegar á gjöf kemur. Að binda þær á þröngum bás og láta þær svo standa þar mánuð eftir mánuð, ætla ég muni vera brot á náttúrulögmálinu.

Eftir minni reynslu er það óhyggilega gert, að kreppa kýr í haga, þar til alt er sem sviðið og grös öll sölnuð. Þeir, er það gera, meta ei mikils arð kúnna. Það er vanalega siður þeirra manna, að svifta hópnum í flugfart inn í illviðrum, og úttroða þá hálfhungraðar skepnurnar með kraftfóðri. Af slíkri meðferð hefi ég séð margan grip sjúkan og suma deyja. — Þeir hugsa víst, að þeir muni geta rétt úr langvarandi hungurkreppu á augabragði með sprengigjöf. — Nærfærni og vandvirkni þarf að viðhafa í öllu smáu sem stóru. — Frá 6 til 8 vikur læt ég hverja kú hvíla, þ. e. standa gelda. Mjólki kýrin saman, þá ofreynist hún, og hún getur ekki safnað nægum kröftum til nýrrar mjólkur. Kálfana læt ég vera með mæðrum sínum, þar til þær hafa skift um mjólk, brodd-mjólk öll í burtu. Ungkálfa læt ég aldrei hjá eldri kálfum, svo þeir venjist ei á þann vonda sið, að sjúga hver annan; því nái beir þeim vana, að sjúga, mun það þeim fyrir þrifum standa. Sólarhring læt ég líða frá því að ég tek kálfinn frá kúnni og þar til ég gef honum að drekka. Að þeim tíma liðnum, drekka þeir vanalega hjá mér án fyrirhafnar, eða án þess að ég lofi þeim að sjúga fingur minn.

Vanalega gef ég kálfum þeirra eigin móðurmjólk fyrstu vikuna, eða þar til mjólkin er orðin vel hrein til brúkunar. Mál drykksins fer eftir eðli og vexti kálfsins, en vanaleg gjöf hjá mér er 3—4 pund af mjólk, eða að máli 3—4 merkur. Sumir álíta nauðsynlegt, að gefa ungkálfum að drekka þrisvar á dag; en slíkt er að minni hyggju of mikil fyrirhöfn og alls ónauðsynlegt. Þegar kálfurinn er orðinn vikugamall, dreg ég af honum helming nýmjólkurinnar, en let í staðinn koma undanrenningu, en sama mæli. En dálitlum bragðbæti eyk ég þar við, svo sem einni teskeið af möluðu hörfræi (flax); sú gjöf er smáaukin, svo að við lok fyrsta mánaðar fær kálfurinn kúfaða matskeið af mjólinu og hérumbil 10 pd. af undanrenningu tvisvar á dag. Sumir kúamenn álíta betra, að sjóða mjölið, en það reynist mér verr; því sé það soðið, þá sýður maður vanalega meira en til einnar gjafar í senn. Við geymsluna vill það sýrast, en sýran er meltingunni óholl. Þegar kálfurinn fer að snuðra í heyi, ætti hann að hafa vel lystugt smáhey eða smára-hey og þá um leið er hættulaust, að láta hann hafa hjá sér hafra og hveitimjölsúrsigti (Bran). Sumir gera þau misgrip, að gefa kálfum olíumjöl, í staðinn fyrir hörfræsmjöl (Flax-meal). Þær tvær fóðurtegundir eru mjög ólíkar, því í fræmjöli er fræið malað í heild, en hratið, sem eftir verður, er olían er pressuð úr fræinu, nefnist oliumjöl (Oilmeal). Með fræmjölinu fer kálfurinn þá fæðutegund, er hann þarfnast til uppbótar við mjólkina; en samsetning oliumjölsins er lík og undanrenningarinnar. Til að ala kálfinn upp rétt og vel er eins nauðsynlegt, að hann hafi fóðurtegundir samkvæmt eðli sínu, sem það er sjálfsagt, að gefa kúnni kostfóður til þrifa.

Nýmjólkin er eins nærri því að vera fullkomin fæða fyrir ungkálfinn, sem hvað annað, er hægt er að fá. Þegar kálfurinn er sviftur nýmjólkinni og honum að eins gefin undanrenning, hefir hann mist fituefnið, sem í nýmjólkinni er, og þann skaða þarf maður að bæta honum, eigi hann að þrifna eðlilega. Það getur maður gert með fræmjölinu; en geti maður ei fengið það, er sem sama að gefa honum finmalað maismjöl. Maisinn er oliukendur, hefir líka kosti sem fræmjölið.

Ungkálfum gef ég ætíð volgan drykk, og reyni að hafa hitann sem næst 98 gr. F. Kaldur drykkur reynist mér þeim óhollur; bezt að gefa þeim mjólkina ósúra, en sé súrmjólk gefin, verður að gefa hana gætilega í byrjun, svo kálfurinn fái ekki magaveiki, því fái hann magaveiki, getur hún staðið honum fyrir þrifum í langan tíma, og sízt af öllu ætti maður að gefa ýmist ósúra eða súra mjólk. Húsrúm verða kálfar að hafa hlýtt og þurt, sem notalegast að fóng eru á, því kuldinn er skaðlegur heilsu kálfsins. Þegar kálfurinn er búinn að drekka, er hann mjólkugur um granirnar og virðist það minna hann á sugueðli sitt, svo hann byrjar að sjúga varir eða tungu sjálfs sins, eða nái hann í aðra kálfa, sýgur hann þá. Til að fyrirbyggja það, hefi ég mína kálfa í klafa-grindum meðan þeir drekka og þar til þeir eru búnir að jafna sig á eftir. Framan við grindurnar hefi ég stokkjötu fyrir drykjardallana, og í þá jötu gef ég þeim hafra og því líkt fóður. Jötuna hefi ég þannig gerða, að botnin er laus, svo ég get tekið hann úr, þegar ég vil þvo hana og hreinsa.

KETILL. Hvert er hið bezta kúakyn, er þið hafið hér? Suma hefi ég heyrt tilnefna "Gurnsey", aðra "Holstein", enn aðra "Jersey", en engum hefir saman borið; hver hefir haldið sínu kyni fram.

ATLI: Vant er það að segja, hvert kynið sé bezt, eða hvort eitt sé betra en annað. Einum getur hepnast það, sem öðrum mishepnast. Þessi hefir arð góðan af Gurnsey kúm, en hinn tapar fé á þeim, en græðir máske á Holstein eða Jersey. Kúakynin eru misjöfn, og mennirnir eru misjafnir. Sama kýr getur gert mismunandi gagn hjá tveimur mönnum, enda þótt hún hafi nákvæmlega sömu gjöf af fóðri hjá báðum.

KETILL: Hvernig má slíkt ske?

ATLI: Þannig er því varið: Umgengni manna og reglusemi er misjöfn. Annar hirðir með nákvæmni og reglufestu, hinn með lausung og skeytingarleysi. — Sú kýrin er bezt, af hvaða kyni sem er, sem flestum smjörpundunum skilar eiganda sínum eftir árið; í öllum kúakynjum eru góðar og lélegar kýr. Með nákvæmni og litlum kostnaði, er hverjum í lófa lagið, að afla sér góðra kúa, með úrvalningsaðferðinni, — selja og lóga rittunum, en leggja ræktina við það, er bezt reynist.

KETILL: Er það ekki siður ykkar hér, að fóðra allar gyltur í einum flokk? Eða hafið þið hverja eina út af fyrir sig? Í hvaða ásigkomulagi verða þær að vera, svo þær komi að fullum notum á Feitar eða að eins þriflegar?

ATLI: Hjá bændum yfirleitt munu gyltur vera fóðraðar í flokki fram að þeim tíma, er þær gjóta, en þá, auðvitað, eru þær aðskildar, ein og ein í stað. Komið getur þó fyrir, að maður verði að taka eina og eina úr flokki, af gjöf, þrifist ein ver en hinar, er það sjálfsagt, að taka hana af og hygla henni. Einnig getur ein þrifist betur en aðrar. Þá hina sömu getur verið betra að taka út af, svo hún offitni ekki. Til dæmis, tveggja ára gyltur og þaðan af eldri, geta vart átt gjöf saman með eins árs. Um burðartíma þarf gyltan að vera öga meira en í góðu standi; hún þarf að vera sem menn segja feit, en þó ekki sýningargripur eða slátur; hún má ei hafa þrautahold. Séu þær ákaflega feitar, er þeim oft hætta búin um burðartímann. — Veiti maður því eftirtekt, hve mikið gyltan leggur af á þeim tíma, sem grísirnir ganga undir henni, getur maður gert sér áætlun um, hve feit hún þurfi að vera á undan burði, svo hún þoli grísa-fóstrið, án þess að falla í megurð.

"Seint munu svín að sólunni gá" segir máltækið, en heilsa þeirra er viðkvæm fyrir áhrifum sólarinnar. Enda þótt að svínið sé um margar aldir búið að vera Norðurlanda húsdýr, þolir það þó illa breytingu hita og kulda. Því er mjög hætt við kveiveiki og ýmsum þess háttar kuldabreytinga kvillum. Margar eru skeytingarlitlir viðvíkjandi inni þeirra, álíta alt hæfilegt svínum; en af því hefir margur stórskaða beðið. Á haustin, þá er veður brevtist frá hita til kulda, skyldi maður veita svínunum nákvæmt athygli, ætla þeim trekklaust bvrgi, lekalaust, láta þau hafa mjúkt og þurt að liggja á, — þá er þeim borgið, forðað frá kvefi.

Hér um árið fékk ég gölt léðan hjá nábúa mínum, og fór ég yfir til hans og sótti hann. Það urðu nokkrir snúningar fyrir okkur að ná geltinum út úr kviunum, svo mér gafst tækifæri að yfirlíta grísa-inniið. Í kviunum var frosin for, svo óslétt, að svinin stikluðu, sem hrædd í hverju spori. Þau voru úfin og mögur á að lita, stygg, sem viltur sauður á fjalli; grimm, sem varðhundar. Gölturinn var svo, að við urðum að leiða hann á tveimur taugum milli húsa. Í svinabyrgjunum var sama og úti: frosin, óslétt for, ekki eitt strá í bælum þeirra; svinakvíin var neðan í brekku, þar sem fjósið stóð fyrir ofan, svo for og bleyta rann frá fjósinu niður til svinanna. Sem sagt, útlit svínanna var samkvæmt inni þeirra, enda hefir sá maður aldrei arð af þeim skepnum. Hann kaupir hvern fullkyns gölt á fætur öðrum og hygst með því muni ná arði mikium, en alt ber að sama brunni, því umönnun vantar. Kynbætur eru góðar, en því að eins, að umönnun og rétt hirðing sé samfara.

KETILL: Ég hefi heyrt menn tala um sameignar eða félagskynbætur. Hvernig er þeim háttað?

ATLI: Þeim er þannig fyrirkomið, að menn ganga í félag, segjum t.d. nauta-kynbætur. Setjum svo, að 16 bændur taki sig saman um að bæta nautastofn sinn, og að þessir 16 bændur hafi 160 (eitt hundrað og sextíu) kýr. Þeir kaupa 4 fullkynstarfa, ætla hverjum tarfi sömu 40 kýrnar í tvö ár. Að þeim tíma liðnum er skift um pláss á öllum törfunum; tarfur nr. 1 kemur í pláss nr. 2; 2 í sæti 3, 3 í sæti 4, 4 í sæti 1. — Meðslíkri sameign friast þessir bændur við mikinn kostnað. Og ýmsa aðra kosti hefir það einnig meðfylgandi. Þessi aðferð dregur að sér kaupendur þá, sem í leit eru eftir sérstökum kynium. Það er minni tímatöf fyrir kaupendur, að fara á þau svæði, sem gnægð er fyrir af beim gripum, er eftir er leitað, og meiri líkur til, að maður finni í fiöldanum þá einstaklinga, sem æskt er eftir. Þessari aðferð fylgir oftast meiri vandvirkni í kynbótum, um leið hærra verð og greiðari sala. Þessa aðferð má brúka við allar kynbætur húsdýra.

KETILL: Mér skilst, að þessi aðferð ætti að vera almenn. Eða því er hún það ekki?

ATLI: Til þess liggja margar orsakir. Um sumar af þeim höfum við talað áður.

"Sannleikurinn er sagna beztur."

Í nóvembernúmeri Breiðablika er grein með yfirskriftinni "Á víðavangi". Þar er minst á málaferli Þingvallasafnaðar í Norður Dakota. En af því sumstaðar í fyrnefndri grein ekki er rétt skýrt frá tildrögum málsins, þá vil ég leyfa mér að leiðrétta nokkur atriði, er snerta þetta mál.

Höfundurinn segir: "Í þeim söfnuði (nl. Thingvallasöfnuði) er örlítill minnihluti, fáeinar fjölskyldur, og sumar þeirra dreifðar langt út fyrir takmörk safnaðarins". Svo nefnir hann meirihlutann "allan þorra safnaðarfólksins"

Eftir ársgamalli skýrslu í gerðabók síðasta kirkjuþings, voru í söfnuðinum við ársbyrjun 1909: 143 fermdir meðlimir. Undir skjali því, er minnihlutinn lagði inn á safnaðarfund 22. maí sl. voru rúm 40 nöfn, og somuleiðis undir skjali því, er sent var fyrir kirkjuþing í júní. Úr söfnuðinum gengu fyrir kirkjuþing í sumar 9 fermdir meðlimir, og eitthvað hefir gengið úr síðan. Það mun ekki fjarri að ætla að tala þeirra úrgengnu jafngildi fyllilega tolu þeirra barna, er fermd hafa verið í söfnuðinum síðasthliðin tvö vor. Og hafi ekki gengið neitt til muna inn í söfnuðinn á þessu timabili, þá ætti tala fermdra meðlima í meirihluta að vera um 100. En svo er að gæta að því, að í þeirri tölu er fólk, sem hefir ekki tileinkað sig hvorugum flokknum, alurei komið á safnaðarfund og staðið utan við allar deilur síðan ágreiningurinn hófst. Eftir því, sem næst verður komist, mun þessi "örlitli minnihluti" mjög nærri því að vera þriðjungur fermdra meðlima. Og hvað dreifingunni viðvíkur, þá þekkjum við hér enga takmarkalínu fyrir söfnuðinn.

Gleði ætti höfundinum að vera það, að "Minnihlutinn haldi fast við klæðafald Kirkjufélagsins" — eins og hann kemst að orði —, er hann minnist þess, hve örugglega og vel hann vann að því, að koma söfnuðinum inn í Kirkjufélagið hér fyr meir, eins og líka var rétt gert

Hann segir í grein sinni: "Þegar heim kemur af þingi, heimtar minnihlutinn kirkjuna". Þetta er ranghermt. Þann 9. júlí báru minnihluta menn fram kurteislega beiðni, fyrir fulltrúa meirihlutans, að þeir mættu brúka kirkjuna stöku sinnum fyrir messur og fundahöld, og að í því skyni mætti annar kirkjulykillinn (þeir voru 2 til) vera geymdur hjá einum minni hluta manni, sem lifir mjög nærri kirkjunni, — en lofuðu jafnframt að sjá um, að þetta kæmi ekki í bága við brúkun meirihlutans á kirkjunni. En þessari beiðni var synjað. Ef sú beiðni minnihlutans hefði verið veitt, var nær samkomulagi en ella, og engar minstu líkur til, að farið hefði í málaferli. Og langt var liðið fram á haust áður málsóku var hafin af hendi minnihlutans.

Fleira mætti athuga við nefnda grein, en ég læt hér staðar numið, og vona að minn fyrverandi kæri sóknarprestur kasti ekki þungum steini á okkur minnihluta menn, þó við höldum okkur fast við lög og reglur og trúarjátningar, og öll þau dýrmætu kristilegu sannindi, er hann svo vel reyndi að innræta okkur á meðan hann var hér prestur okkar, — og það jafnvel, þó hann sjálfur hafi breytt nokkuð skoðunum sínum.

Mountain, N.D., í des. 1910.

Sigurbjörn Guðmundsson.

ÞAKKARÁVARP.

Ég finn mér skylt að votta hérmeð opinbert þakklæti mitt öllum þeim mörgu sæmdarmönnum og konum hér í borg, sem af einlægum mannkærleika hafa veitt mér margvíslega hjálp síðan ég veiktist af máleitrun við verk mitt þ. 24. maí sl., og hefi síðan legið rúm fastur þar til seint í nóvember, að ég losaðist út af Almenna sjúkrahúsinu hér í borg. Þessara verð ég að minnast:

Foreldra minna, sem borgað hafa alla skuld mína við sjúkrahúsið, nær eitt hundrað dollars.

Tengdaforeldra minna, sem séð hafa um konu mína og 3 börn okkar síðan ég veiktist.

Íslenzku Forester stúkunnar, Ísafold, sem gaf mér $112.98; afhent mér af herra fóðursala Jóni Ólafssyni.

Ásmundar Jóhannssonar, sem færði mér hundrað dollars í peningum, er hann hafði safnað meðal Íslendinga hér í borg til styrktar mér.

A. S. Bardal, uppgjöf á $30.00 skuld.

Thos. H. Johnson, M.P.P., uppgjöf á skuld og peningagjöf, — alls $10.00.

Svo og ýmsar aðrar gjafir, sem ýmsir menn og konur hafa fært börnum mínum meðan ég lá veikur.

Öllum þessum hjálpfúsu mannvinum votta ég fyrir hönd konu minnar og barna, jafnt og sjálfs mín, okkar alúðarfylsta þakklæti fyrir alla hjálp veitta, og óska þeim gleðilegs nýárs og margra komandi hagsælla ára.

Winnipeg, 30. jan. 1910.

S. Ó. Magnússon.

LAND OG ÞJÓÐ.

(20. 12. 1910)

I.

Yfir höfði vofir voðinn,
vinna þarf mót Dana helsi,
hrár ei lengur heldur soðinn
hugur sé um Íslands frelsi,
eignist hugsun heildin þjóðar
hættan burt svo verði rekin;
eignist Danir, augað glóðar,—
ágæt borgun fyrir svikin.

Yfir höfði hangir voði,
hjálpi mengi sínu gengi,
ekki svefn né sálar doði
sigrar helsi, gefur frelsi.
Ekki lengur Íslands gæði
örgum gefist Dana vörgum.
Ekki lengur auð úr græði
okkar, veiði skipa flokkar.

II.

Allir láti til sín taka,
tækifærin loksins vaka,
skyldu sína fólkið finni
fósturjörð að bjarga sinni.
Þörfin býður, þjóð skal vakna,
þjóð mun liðna tímans saknа.
Í hetjumóð ef hugur klæðist
hugsun ærleg fæðist.

Eið að sverja særi ég alla,
sem má aldrei niður falla:
Frelsa úr ánauð fósturlandið, —
fáið slíta klafa bandið.
Tengið saman hraustar hendur,
haldið vörn um Íslands strendur.
starfið menn fyrst styrkinn eigið,
stæla vöðva megið.

III.

Margra alda sóttnæm sýki
svefns og doðans burtu víki;
áfram mengi,
Íslands gengi,
á að verða lífkt og fyrrum,
styrkinn áttu,
starfa máttu,
stattu ei í sporum kyrrum.

Sérhvert veri auga og eyra
opið til að sjá og heyra;
sálar doði,
svefnsins voði
sérhverjum er illur fingur
Ísland troði
enginn hroði
undir sínum fótum lengur.

Vakni þörfin viljans haldið
veitist fóstru endur gjaldið.
Tvítug öldin
taki völdin,
taumhaldið úr varga mundum,
henni gjöldin
gefi fjöldinn,—
góða hjúkrun sárum undum.

IV.

Hugsaðu ærlega íslenzka þjóðin
Íslands og þinni fyr' björgun ei tef,
hagnýttu gjöfina, lýðskálda ljóðin,
lífsstarfið þitt eigið móðurjörð gef.

Auglýstu sjálfa þig mikla og merka
svo minning þín verði til einföldar geymd,
láttu þinn meðfædda lífskjarna verka,
lífsmark þitt glæddu og bættu úr eymd.

Lýðurinn hafi í landinu frelsi,
lýðvaldsstjórn góða, komið er mál,
að afsegja Dana stjórn,drepandi helsi,
dottandi veri ei lifandi sál.

Heitstrengi,eiðsverji,íslenzka mengið
eign sina frelsa, og ráða sér sjálft,
þá byrjar okkar og ættjarðar gengið,
ekkert í lífinu gagnast má hálft.

Hagsæli bústaður, eignin og arfur
Íslendings sérhvers, þú marg gleymda fjörn
verið þið nútímans þjóðflokkur þarfur
þróttmikil hugdjörf og starfandi börn.

Þú hefur verið, þó þjóðin við uni,
þursogir, fóttroðin, beislað og teymd.
til heimsendirs þitt eigið mannfólk þig muni.
Móðir vor Ísafold, því ertu gleymd!

Íslenzkur mannfjöldi, hafnaðu helsi,
helsis stóðra falli í upptökin sín,
samtaka heimtaðu föðurlands frelsi.
frelsunar lausnin sé hugsunir þín.

V.

Ágæta afskekta storð
Ísland, í hafinu norður,
bústaður funa og frosts,
fjalla og jökla og snæs,
fossanna, eldgosa og
arðu esta sjávarins stöðin,
fjölgresis fegurðar og
ful sælt af raddblöndun óms
stórvatna afríkra og
útsýnið lokkandi fagra
Ísafold alþekta land
auðugt af samblandi málms.

• • •

Aðferðin, útgerðin ráns,
auðmagni spilt hefur þínu,
sem lifa má lýður þinn á
(lögur er forðabúr þitt),
óhindruð fer sína för
"Fálkinn" er ónóga vörin,
varnarliðs varðgæslu og
vígi traust eiga þarft sjálf.

• • •

Bitvargar bíta þig stórt,
blóðþyrstum ránðýrum líkir;
hafa þig haldinu í,
hugsa um sitt eigið gagn;
mótblástri mæta þeir ei,
mannfólk þitt, landeyður frægar
auglýstar, hirða ei hót
hvorki um sig eða þig.

• • •

Ágæta, afskekta storð,
íslenzka þjóðflokksins móðir,
bústaður Heklu og hafs,
hamrama Geysis og Strokks, —
varnarlaust vígi ert þú
víkinga aðsetrið — forðum
bústaður frelsis og fjörs,
frægðar og sæmdar og auðs;
núorðinn bústaður böls,
bitvarga helsis og eymdar.
Breytingin batnaðar til
byrji á þessari öld.

• • •

Vaknaðu þúngsvæfa þjóð,
þrótt magnið gefna lát starfa,
hugsaðu beggja um hag,
hindraðu ofsóknum rans,
hjálparlaust teflðu þitt tafl,
treystu þér sjálfri að verki
landið er ágætis eign.
arfur þinn — lífsbjörgin þín,
viljalaus vertu ei þjóð
og vertu ei þrándur í götu
lengur — fyr frama þíns sjálfs
frelsi og viðreisn þíns lands.

VI.

Samvinna sigri nær,
sundrung er þjóðar böl,
loð samþykt frelsið fær,
fjötur er þrýstings kvöl.

Tilveru lífsins lær,
á lærdómnum áttu völ,
takmarksins náttstað nær
nærðu við sèrhvern spöl.

Í heima högum grær,
heild þjóðar frjálsa dvöl
hafi þar, þar til sær
þverrar og frosta köl.

VII.

Láttu alt lagast,
viltu ei stunda starf,
stundaðu gefinn arf,
núorðið þess með þarf —
það má ei dragast.

Hörmúng er helsi.
Hugsaðu ærlegt alt.
Áfram þó blási svalt,
Ísland sè ekki falt
eða þitt frelsi.

1—1910.

Manitoba Elevator Commission

D. W. McCUAIG, Commissioner — W. C. GRAHAM, Commissioner — F. B. MACLENNAN, Commissioner

Aðal skrifstofa: 227 Garry St., WINNIPEG

P. O. Box 2971

Commissioners tilkynna hérmeð Manitoba bændum að þeir hafa fengið fastar skrifstofur til starfsnota og að öll bréf skyldu sendast Commissioners á ofan greinda stað. Bændur og allar upplýsingar sem bændur þarfnast til þess fá korn hlöðuð í hinum ýmsu hverfum sem óskað.

Commissioners óska eftir samvinnu Manitoba bænda í því að koma á fót þjóðeignar kornhlöðum í fylkinu.

Sælur sérhverja góða tegund af Whisky, vínum og bjór o.fl. o.fl. Við gefum sérstaklega gaum familíu pöntunum og afgreiðum þær bæði fljótt og vel til hvaða hluta borgarinnar sem er— Gefið okkur tækifæri að sýna ykkurað svo sé.

The Northern Wine Co. Ltd.

VIÐ óskum jafn framt eftir sveita pöntunum—Afgreiðsla hin bezta.

Talsímar Main 1673-6744

215 MARKET ST.

Bókalisti.

N. OTTENSON'S,- River Park, W'p'g.

Ljóðmæli Páls Jónssonar í bandi	(3)	85
Sama bók (að eins 2 eint.	(3)	60
Jökulrósir		15
Lalarósir	(3)	20
Hamlet	(3)	45
Ljóðmæli Jóns Árnasonar á Víðmýri,1879	(4)	90
Tíðindi Prestafélagsins í hinu forna Hólaskifti	(2)	15
Áttungurinn	(2)	45
Grant skipstjóri	(2)	40
Börn óveðursins	(3)	55
Umhverfis jörðina á áttatíu dögum	(3)	60
Blindi maðurinn	(3)	15
Fjorbladadi smárinn	(3)	10
Kapitola (í II. Bindum)	(3)	1.25
Eggert Ólafsson (S. J.)		15
Jón Ólafssonar Ljóðmæli í skrautbandi	(3)	60
Kristinfræði	(2)	45
Kvæði Hannesar Blöndal	(2)	15
Mannkynssaga (P. M.) Qbandi	(5)	85
Mestur í heimi, í b.		15
Prestkosningin, Leikrit, eftir D.E., í b.	(3)	30
Ljóðabók M. Markússonar		50
Ritreglur (V. Á), í b.		20
Sundreg ur, í b.		15
Verði ljós		15
Vestan hafs og austan, Drjár sögur eftir E. H., í b.		90
Víkingarnir á Hálogandi eftir H. Ibsen		25
Dorláksþ helgi		15
Ofurefli, skálds. (E. H.) í b.		1.50
Ölöf í Ási	(2)	45
Smælingjar, 3 sögur (E. H.), í b-		85
Skemtisögur eftir S. J. Jóhannesson 1907		25
Kvæði eftir sama frá 1905		25
Ljóðmæli eftir sama. (Með mynd höfundarins frá 1897		25
Safn til sögu og ísl. bókmenta í b., III. bindi og það sem át er komið af því fjórða	(53c)	9.4
Íslendingasaga eftir B. Melsted I. bindi í bandi, og það sem át er komið af 2. b.	(25c)	2.85
Lýsing Íslands eftir D. Thoroddsen í b.	(16c)	1.90
Fernir fornísleznkir rímnaflokkar, er Finnur Jónsson hafði át, í bandi	(5c)	85
Alþingisstaðir hinn forni eftir Sig. Guðmundson, í b.	(4c)	90
Um kristnitökuna árið 1000, eftir B. M. Ólsen	(9c)	90
Sýslumannaæfir eftir Boga Benediktson I. og II. b innbundið	(55)	8.10
Íslenzkt fornbréfasafn, 7. bindi innbundið, 3 fl. af 8 b.	(1 70)	27.80
Biskupasögur, II. b. innbundið	(42c)	5.15
Landfræðissaga Íslands eftir D. Th., 4. b. innbundið	(55c).	7.75
Rithöfunda tal á Íslandi 1400—1882, eftir J. B., í bandi	(7c)	1.00
Upphaf allsherjarríkis á Íslandi eftir K. Maurer, í b.	(7c)	1.15
Auðfræði, e. A. Ól., í bandi	(6c)	1.10
Presta og prófastatal á Íslandi 1869, í b.	(9c	1.25
B. Thorarinsson ljóðmæli, með mynd, í b.		1.50
Bókmentasaga Íslendinga eftir F.J., í b.	(12c)	1.85
Norðurlandasaga eftir P. Melsted, í b.	(8c)	1.50
Nýþýdda biblían	(35c)	2.65
Sama, í ódýru bandi	(33c)	1.60
Nýjatestamentið, í vönduðu bandi	(10c)	65
Sama, í ódýru bandi	(8c)	30

Nýkomnar bækur,

Kóralbók P. Guðjónssonar		90
Sama bók í bandi		1.10
Svartfjallasynir	(5)	60
Aldamót (Matt. Joch.)		30
Harpa	(4)	60
Ferðaminningar, í bandi	(5)	90
Böndinn	"	35
Minningarit (Matt. Joch.)	"	35
Týndi faðirinn	"	35
Nasreddin, í bandi		35
Ljóðmæli J. Þórðarsonar	(2)	45
Ljóðmæli Gestur Pálssonar	"	75
Hálfdánar rímur		30
Maximi Petrow	(3)	45
Leyni-sambandið	(3)	40
Hinn áttalegi leyndardómur	(3)	50
Sverð og bagall	(2)	30
Waldimer Nihilisti		75
Ljóðmæli M. Joch I.-V. bd., í skrautb.	(15)	4.00
Afmælisdagar Guðm. Finnbogasonar		1.00
Brél Tómasar Sæmundssonar	(4)	75
Sama bók í skrautbandi	(4)	1.15
Íslenzk-ensk orðabók, G. T. Zoega	(10)	1.80
Fornaldarsögur Norðurlanda, í 3 bindum, í vönduðu gilti bandi	(15)	4.50
Gegnum brim og boða		90
Kikisréttindi Íslands		50
Systurnar frá Grænadal		35
Ekkintyri handa börnum		30
Vísnakver Páls lögmanns Vídalíns		1.25
Ljóðmæli Sig. Júl. Jóhannessonar		1.00
Sögur frá Alhambra		30
Minningarrit Templara í vönduðu bandi		1.65
Sama bók, í bandi		1.50
Pétur biskup Pétursson Bókasafnsfélagsins Reykavík;		10
Moðreikningur		1.25
Biskupasögur, 1—6,		1.95
Aldarfarsbók Páls lögmanns Vídalín		45
Tyrkjaránið, I—IV,		2.90
Guðfræðingatal frá 1707—'07		1.10
Jón Arason		80
Skipið sekkur		60
Jón. M. Bjarnason, Ljóðmæli		55
Maður og kona		1 25
Fjarða mál		25
Beina mál		10
Oddur Lögmaður		90
Gráskinna Ljóð.		65
Alþýðurímur		50
Lilaðrósirímur		35
Jónatan Bláca rímur		25
Heimarsrímur		25
Alaleikkarimur		25
Rímur af Gísla Súrssyni		25
Dunur, Smásögur		90
Rímur af Heinreki, Saga		20
Svólna ár rímur		25
Þjóðvinafélagsalmanak 1911		20
Andvari 1911		75
Ævisaga Benjamin Franklins		45

Sögusafn Þjóðvinafélagsins I—II árg. 35c; III árg. 20c IV árg. 40c; V. árg. 40; VI. 45; VII. 45; VIII. árg. 55; IX árg. 55; X. árg. 55; XI. árg. 55; XII. árg. 45; XIII árg. 45; XIV. árg. 55; XV. árg. 30; XVI. árg. 25; XVII. árg. 45; XVIII árg. 55; XIX. árg. 25.

Alt sögusafn Þjóðvinjans selt á $7.00

Bækur Sögufélagsins fá ókrifaðar fyrir hærri hálfvirði,—sá.80.

Umboðsmenn mínir í Selkirk eru Dalman bræður.

Þess skal getið viðvíkjandi bandinu á Fornaldarsögunum Norðurlanda, að það er mjög vandað, handbundið skrautband, vel frá gengið eins er með bréf Tómasar Sæmundssonar.

Tölurnar í svigum tákna burðargjald,er sendst með pöntunum.

stóð snögglega upp og sneri sér við. Móritz Sterner stóð frammi fyrir honum.

Andlit unga mannsins var fölt og þungbúið. Eldur logaði í augum hans og gremjusky hvildu yfir svip hans.

Eberharð virtist voðalega hræddur. Án þess að tala orð, starði hann á hinn hávaxna unglíng, sem stóð með krosslagðar hendur fyrir framan hann

Þegjandi horfðu bræðurnir hvor á annar. Það var eins og þeir væru að mæla hatrið, sem logaði í augum hvors um sig.

Loksins gat Eberharð stjórnað geðshræringum sínum, og sagði kalt og rólega:

"Má ég spyrja, hvað það er, sem veitir mér þann heiður, að sjá þig hér í dag?"

"Níðingur", þrumaði Móritz svo hörkulega, að greifinn hörfaði undan, "ég er kominn til þess að krefjast skýringar af þér fyrir öll þín afbrot, Eberharð".

Greifinn skalf, en hvort það var af reiði eða ótta, skal látið ósagt.

Hann áttaði sig samt fljótt, og háðslega brosið á vörum hans kom aftur í ljós.

"Ég held það liggi illa á þér í dag, herra Sterner", sagði hann kuldalega. Máske veðrið hafi áhrif á þig, en hvers vegna lætur þú það dynja yfir mig, og hvaða heimild hefir þú til að ávarpa mig með fyrra nafni mínu, sem ekki tíðkast nema á milli vina —"

"Og bræðra", bætti Móritz við.

"Bræðra?" endurtók Eberharð. "Þú ættir þá vera bróðir minn. — Nú ég skal ekki neita því. Það getur vel verið, að faðir minn hafi att einhver ástaviðskifti við einhverja fallega sveitastúlku Mig undrar það ekki, því það er alment sagt, að þú sért rajög líkur mér og honum".

"Tilgáta þín er samt ekki alveg rétt, herra greifi"

sagði Móritz háðslega. "Þessi vottfestu afrit af skjölum, sem ég á í frumriti, sanna þér það að líkindum, — lestu:"

Hann kastaði tveimur skjölum á borðið fyrir framan Eberharð.

Það voru vottfest afrit af skírnarvottorði Móritz og vígsluvottorði móður hans.

Eberharð las skjölin, en vissi ekki, hvort hann átti að trúa sínum eigin augum.

"Ha, ha", sagði hann í bræði. "Þú átt þá að vera skilgetið barna af löglegu hjónabandi sem faðir minn hefir stofnað, án minnar vitundar. — Þó er ómögulegt. — Þú ert svikari og hefir líklega sjálfur búið til þessi skjöl".

"Presturinn, sem vígði foreldra mína, lifir enn", sagði Móritz.

"En hvers vegna hefir þú ekki fyr gert þér gagn af skjölum þessum?"

"Af því ég vildi ekki bera sama nafn og morðingi móður minnar, — þrælmennið, sem hefir svívirt þetta nafn; af því ég fyrirleit þann auð, sem ég átti kröfu til, — þann auð, sem hefir gert þig að afhraki mannkynsins".

"Ha", hrópaði greifinn afarreiður. "Ég endurtek það: þú ert svikari og lygari —"

"Þekkirðu þessa skrift?" spurði Móritz um leið og hann rétti honum bréf.

"Eberharð fór að skjálfa um leið og hann leit á bréfið.

"Bölvaður", tautaði hann. "Það er hans skrift".

"Lestu", sagði Móritz.

Greifinn fór að lesa, en skriftin varð að grárri þoku fyrir augum hans.

"Lestu það fyrir mig", sagði hann og rétti Móritz bréfið.

"Þekkirðu skriftina?"

"Já, það er skrift föður mín".

Móritz las með mestu hægð þetta bréf, sem fylgdi með vottorðunum frá föður hans.

Lesarinn man máske, að greifinn í bréfi þessu talaði um lesti, vanþakklæti og eigingirni eldra sonar sins, og þær setningar, sem þessu lýstu, las Móritz með álierzlu tvisvar sinnum.

Greifinn nötraði allur af skelfingu við að heyra þetta. Honum heyrðist það vera rödd föður sins, sem bar orðin fram í hótunarróm.

Samt sem áður hafði hann ekki dug í sér til að biðja Móritz að hætta.

"Nú", sagði Móritz, þegar hann var búinn að lesa, "er ég ennþá svikari?"

"Nei, þú hefir talað sannleika", sagði greifinn stamandi.

"Og þú, sem ert bróðir minn, hefir myrt móður mína meðan ég var barn, og nú, undir minu nafni, framið hinn svívirðilegasta glæp, — þú hefir launmyrt sakleysið. — Bölvun hvili yfir þér, þrælmenni".

Mesta skelfingin var nú horfin úr huga greifans, svo hann leit upp og sagði:

"Ég neita ekki að hafa gert þetta, en þú mátt ekki ásaka mig, heldur forlögin. Ég vissi ekki, að þú varst bróðir minn, og það er enn ein sönnun þess, að mennirnir eru leiksoppar forlaganna".

"Níðingur", hrópaði Móritz. "Knýja forlögin okkur til að fremja hinn svívirðilegustu afbrot? Þó það væri satt, að enginn guð væri til, sem miskunnaði sig yfir mennina, þá eru okkur meðfædd lög, sem benda okkur á þann veg, sem við eigum að fara".

"Sé enginn guð til, sem við þurfum að óttast, hvers vegna ættum við þá að hika við að fylgja eðli okkar, þó afleiðingarnar verði illar?"

"Hver hefir sagt þér, að enginn guð væri til, sem við þyrftum að óttast? Mitir þetta líf kemur annað líf, og þar bíður hegningin þeirra, sem brjóta lög samvizkunnar. Við höfum tilhneigingu til hins illa, það er satt, en við höfum líka hæfileika til hins góða.

"Ekki ég", sagði greifinn.

"Enda þótt þú getir ekki varist hinum holdlegu lýsnum, þá var engin nauðsyn til fyrir þig að fremja hinn svívirðilegasta glæp af ásettu ráði. Menn geta verið forlagatrúarmenn án þess að gera sér glæpina að nauðsynlegri venju".

"Geta menn það?" sagði Eberharð háðslega. "Settu þig niður, svo skal ég segja þér viðburð úr lífi mínu, sem mun færa þér heim sanninn um það, að glæpir eru nauðsyn".

Móritz settist þegjandi.

"Fyrir 10 árum síðan", sagði Eberharð, "var ég á ferð um suðurhluta Evrópu, þar kyntist ég ítalskri söngmeyju, Angelu að nafni, og varð ástfanginn í henni. Ég náði hylli hennar og hún fylgdi mér sem frilla til Sviarík's og dvaldi hér í tvo mánuði".

Greifinn þagnaði og stundi.

"Nú, jæja", sagði Móritz.

"Nú, jæja", endurtók greifinn. "Þessi unga söngmeyja var — systir mín".

"Systir þín", sagði Móritz undrandi. "Átt þú, eigum við nokkra systur? — Þetta er ekki satt".

"Vertu rólegur og hlustaðu á mig", sagði Eberharð. Svo sagði hann Móritz alla söguna um Crispin, Matthildi og Angelu, eins og hún er skráð hér að framan.

Meðan á þessari voðalegu sögu stóð, sat Móritz agndofa af ótta og viðbjóð.

Þegar Eberharð var búinn með söguna, horfði hann lengi á Móritz með djöfullegri ánægju.

"Nú", sagði hann loksins, "trúir þú enn á möguleika manneins til að varast glæpi?"

ROBLIN HOTEL

115 Adelaide St. Winnipeg

Bezta $1.50 á-dag hús í Vestur-Canada. Keyrsla ókeypis milli vagnstöðva og hússins á nóttu og degi. Aðhlynning hins bezta. Viðskiftvi Íslendinga óskast. OLAFUR G. ÓLAFSSON, Íslendingur, afgreiðir yður. Heimsækjið hann.

O. ROY, eigandi.

The **Farmer's Trading Co.**

(BLACK & BOLE)

HAFA EINUNGIS BESTU VÖRUTEGUNDIR.

Einu umboðsmenn fyrir:—
"SLATER" Skóna góðu,
"FIT-RITE" Fatnaðinn.
"H. B. K." prjónafélagið.
"HELENA" pils og 'waist' kvenfatnaði.
Bestu matvörutegundir.
"DEERING" akuryrkju verkfæri o. s. frv.

Beztu vörur Lágt verð

Fljót og nákvæm afgreiðsla.

Farmer's Trading Co.,
THE QUALITY STORE
Wynyard, Sask.

JIMMY'S HOTEL

BEZTU VÍN OG VINDLAR.
VÍNVEITARI T.H.FRASER.
ÍSLENDINGUR.

James Thorpe, Eigandi

MARKET HOTEL

146 PRINCESS ST. á móti markaðnum

P. O'CONNELL, eigandi, WINNIPEG

Bestu tegundir af vínföngum og vindum, aðhlynning góð, húsið endurbætt

Woodbine Hotel

566 MAIN ST.

Stærsta Billiard Hall í Norðvesturlandinu
Tíu Pool-borð.—Alskonar vín og vindlar
Gisting og fæði: $1.00 á dag og þar yfir

Lennon & Hebb,
Eigendur

JOHN DUFF

PLUMBER, GAS AND STEAM FITTER

Alt verk vel vandað, og verðið rétt

664 Notre Dame Ave. Phone 3815
Winnipeg

A. S. TORBERT'S

RAKARASTOFA

Er í Jimmy's Hótel. Besta verk, ágæt verkfæri; Rakstur 15c en Hárskurður 25c. — Óskar viðskifta Íslendinga.—

A. S. BARDAL

Selur líkkistur og annast um útfarir. Allur útbúnaður sá bezti. Enfremur selur hann alskonar minnisvarða og legsteina.

121 Nena St. Phone 306

Ættjarðarástin heima.

Hún virðist vera að ganga til þurðar. Eða þá með öðrum orðum: hún virðist ætla að ganga fyrir ætternisstapa. Hvað meinar þú með því? Því verður þannig svarað: Það eru blessaðir sporgöngumenn bjóðarinnar, sem með sinni miklu ættjarðarást ganga á undan öðrum með góðu eftirdæmi fyrir þjóðina, sem að þeir elska, — þeir nefnilega fótumtroða ættjarðarástina fyrst, fara svo með hana fram á hamrabelti og hrinda henni þar ofan fyrir. Til hvers? Til þess, auðvitað, að hún tortimist á þann hátt. Ættjarðarástin er svona framúrskarandi mikil, að forvígismennirnir vilja ekki að ættjarðarástin sé að velkjast lengur innan þeirra vébanda. En svo nota þeir áðurnefnda aðferð til að tortíma henni. Það er því sama aðferðin, sem þeir nota, eins og sagt er um sumar fjölskyldur í fornöld, sem höfðu það til siðs, að ganga fyrir ætternisstapa, og bótti það léleg aðferð í þá daga, hvað þá heldur nú. Og það á tuttugustu öldinni, — það sýnir framfarastig hjá þeim herrunum!!

Eð hvað á maður að kalla það, sem forkólfar þjóðarinnar fremja nú á dögum? Eða er það ekki af ættjarðarást, að menn sekta hver annan, eins og þeir gera núna, herramennirnir heima? Þar er þeirra ættjarðarást. Eða er það af ættjarðarást, að menn rífast í löðunum af öllum mætti, eins og þeir góðu herrar gera nú? Eða er það af ættjarðarást, að þeir hlaða saman svo miklum sköttum og skyldum á fólkið, svo þjóðin ætlar ekki að rísa undir þeim böggum, sem henni (þjóðinni) eru lagðir á herðar?

Já, það kalla þeir góðu herrar, einskæra ættjarðarást. Ekki getur þeim yfirsést, þeim dásamlegu herrum, — ekki hætt við því.

Eða er það ættjarðarást, að þeir haugi saman svona mörgum hálaunuðum embættismönnum á jafn lítinn blett, eins og þeir gera nú, þessir alveg óspiltu fósturjarðarvinir?

Eða er það af ættjarðarást, að þeir launa hvern strákinn, ef hann einu sinni notar þeirra ættjarðarást og því fer þess á leit, að fá peninga hjá þeim? Já, það er þá sjálfsagt, að það er þessi brennandi ættjarðarást, sem svo gott sem skipar þeim það.

Fleira mætti nú upptelja, ef mér þætti það ekki of langt mál að þessu sinni. En áður en ég skil við garðana í gröf, ætla ég að leyfa mér að koma með eitthvað til að byggja úr, sem ég svo kalla.

Þá vík ég mér aftur að sköttum og skyldum. Ég veit að þjóðin íslenzka, eins og aðrar þjóðir, þarf að vera skattuð, en minna má nú gagn gera. Væri ekki nær fyrir höfðingjaneínurnar, að reyna til að finna upp eitthvert meðal til að græða það lyppu-sár, sem þjóðinni er til meins. — Nei, slíkt hneykslí má ekki ske, það er fyrir utan þeirra heilögu vébönd. Með öðrum orðum, þeir eru blindaðir af ættjarðarástinni, svo þeir sjá það ekki.

Eða þá embættismannahraukarnir! Væri ekki jafngott að fækka sumum af hraukatölunni, svo að launadálkurinn minkaði? Ég sé ekki betur, en sumir mættu missa sig, engu að síður en prestarnir hér um árið. Og ég sé beldur ekki, að ættjörðin stand það ekki jafnt eftir sem áður.

Eða þá viðvíkjandi strákunum. Er það ekki dæmalaus fásinna, að launa hvern strákinn af landsins fé, sem annars fer þess á leit? — það þarí ekki meira til, ekki annað en hann eða þeir þykist ætla að semja ritgerð eða eitthvað þess háttar. Það sýnist ekki vera nein þörf á, að styrkja menn til þess að semja smá-ritlinga. Hvers vegna? Vegna þess, að þeir, sem biðja um peninga fyrir ritgerðir sínar, ættu að geta, ef viljakraftarinn væri mikill, og ef að þeir vildu ættjörðu sinni vel, að geta gert slíkt í hjáverkum sínum. Á því sést það bezt, hvað svona gemlingar elska mikið ættjörðu sína. En þeir bannfæra þá á sama tíma Ameríku-ferðirnar. Já, auðvitað, af því að ættjarðarástin er svo mikil, að þeir vilja gjarnan leggja lífið í sölurnar fyrir blessað landið okkar gamla og ótrúlega farsæla. Og svo er nú eitt, að þeir hafa reynst þeim svo vel, þeir t. d. sem hafa verið sendir til annara landa í föðurlandsins þarfir, og þar af leiðandi styrktir í þau ferða lög af landsfé, eins og t.d. einn hér um árið, sem var sendur til þessa lands til að læra rafmagnsfræði. En hvað skeður svo? Jú, viti menn, hann kemur auðvitað til þessa lands, dvelur hér eitthvað 2 ár, og eftir það fer hann heim. Og eftir alt amstrið hefir hann ekki lært meira en ég í rafmagnsfræði, hvorki í orði né verki. Gott fyrir hann. Hann gat þó haft peninga til áformsins hjá háttstandandi ættjarðarvinum. Og svona er það hvað eftir öðru. En gáið að því, að það eru til fleiri dæmi, sem tilfæra mætti, í þessa og þvíumlíka átt, þó að ég hafi þessa að eins til dæmis. En svo er þetta alt saman gott og blessað, vegna þess að því er öllu stjórnað af einskærri ættjarðarást.

Og enn er ein athugasemdin ódregin fram á sjónarsviðið, og það er viðvíkjandi rifrildinu í blöðunum, og fjárútlátunum, sem rifrildihu eru samfara. Er ekki nær, að hvor málsparturinn, sem í hlut á, ræði sín málefni í bróðerni sín á milli, í ró og næði, heldur en að fara að rífast út af hverju einu opinberlega, sem svo að síðustu varð ar fjárútlátum að meira eða minna leyti? — Góðu herrar mínir, væri ykkur það ekki nær, að sýna þjóðinni það með góðu eftirdæmi, að þið verjið tímanum til einhvers góðs fyrir landið ykkar, sem þið búið í, og láta þær sakir niðurfalla, sem þið rífist um og láta það alt jafna sig? Því sjáið þið til, góðu ættjarðarvinir mínir, rifrildi er rífrildi og kjaftshögg er kjaftshögg. Og ég fyrir mitt leyti álít á sama standa hvort er.— Og svo ekki meira um það.

En mig langar til að fara nokkrum orðum um myndastyttuna hans Jóns Sigurðssonar, sem þeir góðu herrar ætla að reisa til minningar um hann. Ég tel þann punkt í sögunni sjálfsagðan, nefnilega að reisa Jóni Sigurðssyni minnisvarða, öðrum eins ættjarðarvini. En gáið að einu: Þið byrjið þar, sem þið ættuð í rauninni að enda. Þið til dæmis byrjið á höfðinu fyrst og endið á fótunum. Og þarafleiðandi stendur alt á höfði hjá ykkur, blessuðum.

Bara eina bending enn: Vært ykkur ekki betra, t.d., að fá ykkur bíreið, og auglýsa þar með ríkisherrum og dömum í öðrum löndum, sem langa til að skoða ýms náttúruafbrigði hingað og þangað út um landið, að nú gæti það komist á þennan og þennan staðinn, sem þið tiltækjuð, — á bíreið? Væri það ekki stóri munurinn? Og með þessu fyrirtæki væri alt í einu komnir inn stórmiklir peningar í landið. Já, áður en þið hefðuð tækifæri til að líta við, — Og svo þegar þetta alt væri komið í kring, þá gætuð þið glaðir og ánægðir reist Jóni Sigurðssyni minnisvarða. En bezti minnisvarðinn, sem þið gætuð reist honum, væri sá, að þið, góðu herrar, sjálfir reynduð að feta í fótspor hans að einhverju leyti.

En það er eins og fyrri. Þið viljið ekki lengur vita af ættjarðarástinni innan ykkar heilögu vébanda, og takið því það til bragðs að leiða hana fram á klettabelti, og hrindið henni svo þar ofan fyrir. Og þar með er búið með hana.

Sigurður Markússon.

Tæringin og vínnautnin.

Í merku frönsku læknatímariti var fyrir skömmu eftirtektaverð ritgerð eftir velkunnan lækni, Dr. Bertillon, um samband milli tæringarinnar og vínneyzlu.

Hann heldur því fram þar, að það sé engum efa bundið, að þar, sem brennivínsneyzla er mest, sé mest um tæringu. Sterkir drykkir, svo sem whiskey, cognac og brennivín séu mun verri en bjór, og hin svokölluðu "dömuvín", fyrir heilsu manna, og geri mann mun móttækilegri fyrir tæringuna. Þess vegna, segir hann, verður að hefjast til handa gegn vínnautninni, ef menn hyggjast að losna við tæringuna. Ef vínnevzla þverrar, telur hann að 17 þúsundir færra fólk muni árlega deyja en nú ár sér stað — á Frakklandi einu.

Það virðist litlum efa bundið, að brennivínsneyzla á gamla Fróni hefir átt drjúgan þátt í tæringunni þar, og þess fyrri, sem landar sjá að sér í þeim efnum, þess meiri líkur eru til, að þeir losni við þann voðagest, sem tæringin hefir orðið þeim.

Þeir, sem berjast með hnúum og hnefum gegn aðflutningsbanninu heima, gerðu vel í að íhuga þetta, áður en þeir reiddu höggið hærra.

Velferð þjóðarinnar ætti að liggja þeim þyngra á hjarta en — sopinn.

JÓN JÓNSSON, járnsmiður, að 790 Notre Dame Ave. (horni Toronto St.) gerir við alls konar katla, könnur, potta og pönnur fyrir konur, og brýnir hnífa og skerpir sagir fyrir karlmenn. — Alt vel af hendi leyst fyrir lítla verð.

Herra Jón Hólm, gullsmiður að 770 Simcoe St., biður þess getið, að hann selji löndum sínum gull- og silfur-muni og gigtarbelti. — Belti þessi eru óbrigðul við gigt, ef þau eru notuð samkvæmt fyrirskipunum Jóns. Kosta að eins dollar og kvart.

THE **DOMINION BANK**

HORNI NOTRE DAME AVENUE OG SHERBROOKE STREET

Höfuðstóll uppborgaður: $4,000,000.00
Varasjóður - - - $5,400,000.00

Vér óskum eftir viðskiftum verzlunar manna og ábyrgumst að gefa þeim fullnægju. Sparisjóðsdeild vor er sú stærsta sem nokkur banki hefir í borginni.

Íbúendur þessa hluta borgarinnar óska að skifta við stofnun sem þeir vita að er algerlega trygg. Nafn vort er fullrygging óhluttleika. Byrjið spari inulegg fyrir sjálfa yðar, konu yðar og börn.

H. A. BRIGHT, RÁÐSMAÐUR.

Vitur maður er varkár með að drekka eingöngu HREINT ÖL. Þér getið jafna reitt yður á

DREWRY'S
REDWOOD LAGER.

Það er léttur, freyðandi bjór, gerður eingöngu úr Malt og Hops. Biðjið ætíð um hann.

E. L. DREWRY, Manufacturer, Winnipeg

Með því að biðja sérstaklega um "T.L. CIGAR," þá ertu viss að fá ágætan vindil.

T.L.

(UNION MADE)

Western Cigar Factory
Thomas Lee, eigandi Winnipeg

STRAX Í DAG er BEZT AÐ GERAST KAUPANDI AÐ HEIMSKRINGLU. — ÞAÐ ER EKKI SEINNA VÆNNA.

Manitoba á undan.

Manitoba hefir viðáttumikla vatnsfleti til uppgufunar og úrfellis. Þetta, hið nauðsynlegasta frjógunarskilyrði, er því trygt.

Ennþá eru 25 milión ekrur óbygðar.

Íbúatal fylkisins árið 1901 var 225,211, en er nú orðið um 500,000, sem má teljast ánægjuleg aukning. Árið 1901 var hveiti og hafra og bygg framleiðslan 90,367,085 bushela; á 5 árum hefir hún aukist upp í 129,475,943 bushel.

Winnipeg borg hafði árið 1901 42,240 íbúa, en hefir nú um 150,000; hefir nálega fjórfaldast á 8 árum. Skattskildar eignir Winnipegborgar árið 1901 voru $26,405,770, en árið 1908 voru þær orðnar $116,106,390. Höfðu meir en þrefaldast á 7 árum.

Flutningstæki eru óviðjafnanleg,— í einu orði sagt, eru í fremsta flokki nútíðartækja: Fjórar þverlandsbrautir liggja um fylkið, fullgerðar og í smíðum, og með miðstöðvar í Winnipeg. Í fylkinu eru nú nálega 4 þúsund mílur af fullgerðum járnbrautum.

Manitoba hefir tekið meiri landbúnaðarlegum og efnalegum framförum en nokkurt annað land í heimi, og er þess vegna ákjósanlegasti aðsetursstaður fyrir alla, af því þetta fylki býður beztan arð af vinnu og fjárleggi.

Skrifið eftir upplýsingum til: —

JOS. HARTNEY, 77 York Street, Toronto, Ont.
JOS. BURKE, 178 Logan Avenue, Winnipeg, Man.
A. A. C. LaRIVIERE, 22 Alliance Bldg., Montreal, Quebec,
J. F. TENNANT, Gretna, Manitoba,

J. J. GOLDEN,
Deputy Minister of Agriculture and Immigration, Winnipeg.

"Hvar er þessi — systir okkar?" spurði Móritz.

"Ég gat aldrei fundið hana".

"Aldrei?"

"Nei, ég fór til Milano og um alla Evrópu, en ég gat hvorki fundið Angelu eð Crispin".

"Guð minn góður", sagði Móritz, "þetta er hræðilegt".

"Guð", sagði Eberharð. "Ertu enn á þeirri skoðun, að til sé guð, sem stjórnar heiminum?"

Móritz svaraði engu.

"Ég hefi framið þenna svivirðilega glæp", sagði greifinn, "en hvern á að ásaka fyrir það? Ekki mig, því ég vissi ekki, að hún var systir mín, og það vissi hún ekki heldur. Ég myrti móður þína, stjúpu mína, án þess að þekkja hana. Ég tældi unnustu þína, og það, sem hjálpaði mér til þess, var hundahepni".

"Þenna síðasta glæp getur þú ekki eignað hundahepni eingöngu, þú framdir hann af ásettu ráði".

"Nei, ég fylgdi að eins þeirri leið, sem tilviljanir henti mér á. Littu á þetta bréf".

"Hver hefir skrifað þetta bréf?" spurði Móritz, þegar hann var búinn að lesa það.

"Ég veit það ekki. Það er æði óhreint og líkist helzt betlarabréfi".

Móritz grunaði þegar um höfundinn.

"Ég held ég viti það", sagði hann ákafur. "Það er skrifað af hefnigirni, — tvær saklausar manneskjur verða að líða fyrir annars manns afbrot".

"Hver hefir skrifað það?" spurði Eberharð.

"Það varðar engu", svaraði Móritz. "Þú hefir notað það, og það var svivirðilega gert af þér".

"Er það á vindsins valdi, að forðast að brjóta blómin á engjunum? Er það örninni að kenna, þó hún fylgi eðli sínu og takiðráðina —"

"Þegiðu", sagði Móritz með svo þrumandi röddu

að Eberharð þagnaði. "Komdu ekki oftar með þessar lélegu afsakanir. Enda bótt engin forsjón sé til, þá er þó til guð, sem hegnir og umbunar".

Eberharð skalf.

"Já", sagði Móritz, "það er, til guð, sem hefir ritað lög sín í samvizkur okkar, svo vér getum séð leiðina í myrkri lífsins. Ég afneita honum ekki, enda þótt efinn krefjist þess á stundum. Þau afbrot, sem við fremjum óviljandi, er okkur ekki hegnt fyrir, en fyrir hin hegnir hann".

"Það illa hefir yfirhönd í heiminum, því vil ég ekki neita, þegar ég hugsa um allar þær tilviljanir, sem fyrir mig hafa komið. En hvernig er þín trú? Þú segir, að alt sé á enda með þessu lífi, það er guðsneitun, en ekki forlagatrú. Með þessari skoðun hefir þú þaggað niður í samvizku þinni, en hegningin hær þér samt".

"Heldurðu það?" sagði Eberharð háðslega.

"Já, ég held það, og taktu vel eftir orðum mínum: Enginn friðarengill vakir við banabeð þinn. Þjáðir af kvölum, andlegum og líkamlegum, skilur þú við þetta líf. Blóðugar vofur svífa fyrir hugskotssjónum þínum, og þessar vofur eru endurminningar þínar".

Eberharð hné niður á stólinn og byrgði andlitið með höndum sínum. "Ef guð er nú til, eftir alt saman", hugsaði hann.

Móritz sá kvalir bróður síns, og gat ekki annað en látið sér þykja vænt um.

Loksins vann Eberharð sigur yfir geðshræringu sinni, leit upp og sagði kuldalega:

"Móritz Stjernekrans. Taktu þér það nafn, sem þú hefir heimild til að bera. Þann hluta föðurarfs míns, sem lögin áskilja þér, skaltu fá, án þess til máls komi. Ég hefi samt nóg, einkum þegar ég tek tillit til þess heimaumundar, sem Ísabellu fylgir".

"Þú heldur að hún verði þín?" sagði Móritz, sem fann að hatrið og afbrýðin vaknaði aftur í huga sínum tvöfalt sterkara en áður.

"Hún á nú ekki kost á öðru".

"Þér skjátlar, hún hefir eitt ráð enn".

"Hvaða ráð?"

"Dauðann".

"Ó, hún deyðir sig ekki".

"Ég veit að hún vill deyja; og þó ég sæi hana bera rýtinginn að hjarta sínu, myndi ég ekki hindra hana frá að reka hann í það".

"En ef hún skyldi nú heldur kjósa að giftast mér, ætlarðu þá að reyna að koma í veg fyrir það?" sagði Eberharð.

"Nei, henni er frjálst að velja á milli þín og dauðans, mín vegna".

"Gott. Segðu mér nú, hvernig þú vilt hafa það með nafnið og arfinn. Eignirnar, sem faðir okkar lét eftir sig, auk óðalsins, voru milión ríkisdala virði. Samkvæmt lögunum áttu helminginn af þeim. Ef þú vilt fá einhverja af fasteignum mínum, þá mátt þú taka hverja sem þú vilt, að Óðinsvík frátskildri, sem er óðaliið sjálft. Afganginn af arfi þínum skaltu fá í peningum og víxlum —"

"Þitt nafn vil ég ekki bera", sagði Móritz með fyrirlitningu. "Sem Móritz Sterner hefi ég áunnið mér frægð og ánægju, og það ætla ég að heita á meðan ég lifi, — það var nafn móður minnar, morðingi hennar hét Stjernekrans".

"Sem þér þóknast", sagði greifinn kuldalega. "Og hvaða ákvörðun tekur þú með tilliti til arfsins?"

"Að fáum vikum liðnum ætla ég að fara til útlanda, og óska að geta fengið hjá þér eins mikið af peningum og ég þarf til þeirrar ferðar".

"Þú skalt fá eins mikið og þér þóknast".

"Gott. Afganginum má vera kyr hjá þér þangað til ég kem aftur".

"Þú ræður því. Þurfirðu fleiri peninga til ferðarinnar, skal ég gefa þér ávísanir á útlenda banka".

"Við getum talað um það seinna. Vertu sæll".

"Eitt orð enn: Ef þú vilt vera hér í Óðinsvík á meðan þú dvelur í héraði þessu, þá geturðu fengið öll herbergin uppi á loftinu til þinna þarfa".

"Nei, þakka þér fyrir", sagði Móritz með viðbjóð. "Það fer vel um mig á preststsetrinu".

Bræðurnir litu alt annað en hlýlega hvor til annars, og skildu svo.

"Hann ætlar ekki að vinna á móti giftingu okkar Ísabellu", sagði Eberharð við sjálfan sig, þegar Móritz var farinn. "Gott. — Peningana, sem ég læt hann hafa, fæ ég aftur með Ísabellu, og án þeirra er ég í rauninni nógu ríkur, — það veit ég, þó ég þekki ekki kringumstæður mínar til hlýtar".

III.

Forlagatrúarmaðurinn.

Enn var komið kvöld.

Móritz stóð og hallaðist upp að stóru grenitré í nánd við dysina, á sama stað og hann hafði öðlast hina horínu, unaðsríku ást.

Hve umbreyttar voru ekki ástæðurnar nú og þá.

Þá var hugur hans hlaðinn gæfurikum tilfinningum. Þá barðist hjarta hans af sælli von, og ókomni tíminn blasti við hugarsjón hans í hinum fegurstu myndum. Hann hafði fundið þá ávinneyju, eem

William Jennings Bryan.

Opinber yfirlýsing hefir komið frá Bryan um það, að hann gefi ekki kost á sér sem forsetaefni Demókrata við kosninguna 1912. Það er engin ástæða til að efa þessa yfirlýsingu. Hún er gefin út af Bryan sjálfum, í hans eigin blaði, svo hér er um enga flugufregn að ræða. Enda munu þessar þrjár óhappasælu tilraunir hans, að ná í forsetatignina, hafa sannfært hann um, að Bandaríkjaþjóðin vill heldur hafa hann sem ötulan liðsmann í fylkingunni, heldur en forseta sinn.

En þrátt fyrir ófarir Bryans við forsetakosningarnar, þá munu allir, bæði vinir og óvinir, viðurkenna hann, sem einn hinn mikilhæfasta stjórnmálamann Bandamanna, sem nú er uppi, og andans frömuð flestum fremri, með mælsku yfirburði yfir nær alla sína samtíðarmenn. Og það, sem einkennilegast er, að skoðanir þær, sem hann hefir barist fyrir, og sem þjóðin hefir hafnað með honum, hafa eftir fall hans fest dýpri og dýpri rætur hjá þjóðinni, unz sumar hafa orðið að ríkjandi lögum, og aðrar hlotið almennt fylgi nú við síðustu þingkosningar.

Það eina mál, sem hefir algerlega farið halloka fyrir Bryan, er silfurmálið svonefnda, — þegar hann vildi koma silfri á heimsmarkaðinn í gulls stað.

Aftur bindindismálið, eða öllu heldur vínsölubannsmálið, er hann nú upp á síðkastið hefir barist fyrir, virðist að fá meira og meira fylgi með degi hverjum, og sá dagur mun ekki eiga langt í land, að þar nái stefna hans algerðri fótfestu um gjörvöll Bandaríkin.

Það má með sanni segja um William Jennings Bryan, að hann hefir verið á undan sinni samtíð í flestu, og sem eftir á hefir átt sigri að hrósa, þó fallið hafi í valinn, þá er orustan var háð.

Þó nú Bryan verði aldrei forseti Bandaríkjanna, þá hefir hann unnið meira verk en margir forsetar, og komið meiri hreyfing á pólitiska og jafnvel andlega lífið, en flestir aðrir, og sem andans frömuður, endurbætari (Reformer) mun hann hafa ærið að vinna, þó hann dragi sig í hlé frá stjórnmálum.

Hver verður forsetaefni Demóktata við kosningarnar 1912, er óráðið ennþá, en líklegastir eru taldir Gaynor borgarstjóri í New York eða Woodruff Wilson, hinn nýkosni ríkisstjóri í New Jersey. Er hinn síðarnefndi talinn einn með allra álitlegustu mönnum, sem Demókrata flokkurinn hefir á að skipa, — að William Jennings Bryan undanskildum.

Stjórnar-eggin.

Það varð dálítið umtal um þau í Ottawa þinginu þann 14. des. sl.

Herra Sam. Sharpe, þingmaður fyrir Norður-Ontario, varð svo forvitinn, að hann spurði Hon. Fisher, ráðgjafa akuryrkjumála, hvað yrði um öll þau egg, sem hinar dýru stjórnarhænur verptu á fyrirmyndarbúinu þar í grend við borgina. Hon. Fisher "varð allur að eyrum", begar þessi spurning var borin fram, og þegar hann hafði sannfært sjálfan sig um, að hann hafði heyrt rétt, þá svaraði hann því, að stjórnar-eggjunum, eða öllu heldur eggjunum úr stjórn arhænunum á fyrirmyndarbúinu, væri skift upp á milli vissra stjórn arhöfðingja. Hann tilfærði meðal annara, sem fengið hefðu þessi egg, þá Sir Wilfrid Laurier og ráðgjafana Fitzpatrick og Brodeur, ennig erkibiskup Hamilton og aðstoðarráðgjafa hinna ýmsu deilda, og aðra háttstandandi stjórnarþjóna. Allir þessir náungar væru vanir að fá morgunverðar eggin sín beint frá fyrirmyndarbúi þjóðarinnar.

Hon. Fisher flutti langa ræðu til að skýra fyrir þinginu hve ranglátt það væri gagnvart hagsmunum bændalýðsins, að selja þessi fyrirmyndarbús-egg í samkepni við eggin úr algengum bænda-hænum, og að tilgangur stjórnarinnar væri einatt sá, að fá sem mest verð að auðið væri fyrir allar afurðir fyrirmyndarbúsins. Hann neitaði því, að nokkrum væri veitt sérstök hlynning í þessari eggjasölu.

Herra Sharpe minti þá ráðgjafann á, að þeim herrum, sem hann hefði nefnt, hefði verið seld eggin frá 25c til 50c tylftin, en bændur, sem hefðu óskað að fá þau keypt, hefðu orðið að borga einn dollar fyrir hverja tylft. Ráðgjafinn svaraði því, að bændur fengju einatt 15 egg fyrir dollarinn, eða 3 egg umfram tylftina, og að þau væru jafnan af fullri stærð. Þess vegna væru þau verðhærri en hin, sem stjórnarhöfðingjarnir fengju fyrir fjórðung verðs og ætu á morgnana. — Ráðgjafinn játaði, að ýmsar unpkvartanir hefðu borist sér frá fuglaræktunarmönnum út af því, hve lágt verð væri á fyrirmyndarbús-eggjum, og hve bændur fengju fá þeirra keypt.

Laurier og Langevin.

Blaðið "Pays" flutti nýlega bréf, sem það segir sé ritað af erkibiskupinum í St. Boniface, og beint sé til allra trúrra katólskra presta í Canada.

Í bréfi þessu er skorað á prestana, að beita öllum áhrifum sínum til þess, að koma inn á katólsk heimili tveimur stórblöðum, sem nefnast "Action Sociale" og "Devoir", og sem bæði eru eindregin í pólitik með herra Bourassa, þeim er harðast berst móti Laurier í Quebec fylki. Í bréfinu segir biskupinn meðal annars, að prestur einn að nafni Moise Blais sé umboðsmaður sinn og annara yfirboðara hans, og eigi að vinna að því að útbreiða nefnd blöð. Biskupinn segir prestinn við því búinn, að húsvitja, til þess að gefa hinum trúuðu góð ráð og holl, og hann mælist til þess, að prestarnir taki honum vel og örfi katólika til þess að sinna ráðleggingum hans og vísbendingum, svo þeir öðlist ljós sannleikans og geti gengið á vegum dygða og réttlætis.

Út af þessu segir blaðið, að þar sé gerð bein árás á Sir Wilfrid, sem þó hafi sýnt katólskum trúbræðrum sínum allan velvilja í öll þau ár, sem hann hafi haft völdin; og þó hann, eins og allir dauðlegir menn, ekki hafi orkað því, að fullnægja öllum óskum trúbræðra sinna, þá sé það afarilla gert, að ganga í lið með þeim skæðustu óvinum, sem hann eigi í ríkinu. Blaðið lætur þess getið, að Sir Laurier muni leggja mál þetta fyrir páfann, og biðja hann að hafa hemil á erkibiskupinum.

Þetta alt saman er að því leyti lærdómsríkt, að það sýnir, að jafnvel katólikar í Canada eru búnir að fá nóg af Laurier, og að nú á að halda úti sérstökum umferðarpresti til þess að vinna á móti honum í ríkismálum og með Bourassa. Ef nokkuð verður ágengt í þessa átt í Quebec fylki, þá verður Laurier hætt við næstu kosningar. — Jafnvel katólsku kirkjunni þykir nú tími til þess kominn að skilta um stjórn í Ottawa.

ÍSLENZKAR BÆKUR

Ég undirritaður hefi til sölu nálega allar íslenzkar bækur, sem til eru á markaðinum, og verð að bitta að Mary Hill P.O., Man. — Sendið pantanir eða finnið.

Niels E. Hallson.

Vestr-íslenzk kirkjumál

eða prestu inn og börnin.

Kirkjufélagsskapur Vestur-Íslendinga hefir oft haft misjöfnum dómum að fagna, oft verið gagnrýndur og fundinn að vanta. Já, og það oft með góðum og gildum rök um, en eins og oft vill verða, hafa sumir dómar í garð félagsins ekki verið sem réttlátastir, eins og t.d. sá, að það (fél.) héldi fast við bókstafinn (þ.e. biblíuna). Það hefir verið kallaður 'afturhaldsandi" "þröngsýni", "kreddur" o.s.frv.

Bara að kirkjufélagið hefði eins góðan málstað í öllum málum eins og það hefir einmitt þar, þá mundi guðs blessan hafa orðið meir áþreifanleg af starfi þess, en raun hefir á orðið.

Það er í fylsta máta enginn annar vegur fyrir sigur kristilegrar trúar og hennar uppbyggilegu áhrifa, en einmitt sá, að halda fast við biblíuna. Hún hefir alt það inni að halda, sem útheimtist til að vera alt, sem kristin trú uppástendur (2. Tim.3:16.17.). Hún var ljós á vegum Davíðs konungs og lampi fóta hans, og hún er það þann dag í dag til allra, sem hagnýta sér hana á sama veg og Davíð konungur gerði.

Verði fólki ekki leiðbeint með biblíunnar einföldu orðum til þess æðsta og bezta fyrir þetta líf og það ókomna, þá verður því ekki leiðbeint með neinni svokallaðri vísinda eða manntilbúnings nútímans trú (Matt. 22:29.). Það er ekki biblían, né heldur beir kaflar hennar, sem ekki samrýmast sumra manna hugsanagangi, sem orsaka vantrúna og trúleysið og alla þá spilling, sem því fylgir. Það er enmitt það öfuga, það, að henni er ekki nógu strangloga fylgt. Það er sem næst því, að hver sníði hana eftir sínu eigin höfði, og myndi úr henni atvinnuveg, er þeir svo kalla nýja trú! (Opinberunarbók 22:18,19.). Sú trú orsakar staðlestu- og stefnu-leysi, fyllir menn af lærdóms-monti og sjálfbyrgingsskap o.s.frv. (1. Cor.1:20, 21.), (1. Cor. 3:18,19,20.), (Matt. 15:8,9.).

Minn skilningur er, að biblían sé viðurkend — af sannkristnu fólki — eins og ófrávíkjanlegur guðlegur innblástur, af nauðsyn fyrir reglum trúar og verklegri framkvæmd.

Með öðrum orðum, að meiningin sé sú: Að biblían sé eini áreiðanlegi mannlegrinn leiðarvísir fyrir réttri skoðun á lífinu og þýðingu þess. Að þeir drættir mannlífsins, sem þar eru sýndir, sýni manninn betur en nokkuð annað, hvað sé rétt og hvað sé rangt, eða hvað sé guði samkvæmt og hvað sé honum ósamkvæmt. Að hún sé fullkominn leiðarvísir þessa lífs og annars.

Að hún sé óskeikul, og sé eini leiðarvísirinn, sem með sér beri guðlegan ábrágang.

Það er því mjög einkennilegt, að hún (biblían) skyldi verða að ágreiningi kirkjufélagsins, og sérstaklega þó, þar sem það var svo fyllilega á meðvitund manns þess, sem orsakaði ágreininginn, að biblían stranglega, bókstaflega var frá byrjun kirkjufélagsins aðalhornsteinn grundvallar þess og stefnu, og hafði ávalt verið í öll þau ár, sem hann hafði tilheyrt því.

Æskilegast og sjálfsagðast hefði því verið af séra Friðrik J. Bergmann að segja sig úr félaginu, þegar skoðanir hans á vissum málum leyfðu honum ekki þau bönd, er form og reglur kirkjufélagsins uppástóðu og standa. Hvaða sannigirni er í því, af honum og börnum hans (minnihlutanum), að ætlast til þess, að meirihlutinn selji samvizku sinar og sannfæringar inn á hans og þeirra skoðanir? Uppástungan, sem í alla staði var formleg og réttlát, sýndi alla þá sanngirni, sem undir kringumstæðunum varð við komið. Með henni var játað, að báðir málspartar hefðu jafnan rétt til eigin sannfæringa og skoðana, en hvorugur hvorki siðferðislegan aða á neinn annan veg rétt til að þröngva sínum skoðunum, þar sem þær fundu ekki vilja sannfæringar.

Allar minnihlutans löngu og innantóma ritgerðir eru fyrir það mesta "gráthlægilegur" b[illegible]ur, svo sem eins og sá, að Sameiningin hafi verið gerð að trúarjátningu með úrskurðinum, sem uppástungan fékk. Þegar er að ræða um stefnu blaðs og staðlestu þeirrar stefnu, þá er ekki átt við hvert orð eða setningu, og jafnvel ekki við heilar ritgerðir, sem þar hafa birst, vegna þess að það er sérstaks manns, eða manna, skoðanir, sem eru hvorki með eða móti stefnu blaðsins, er sérmál, frí skoðun á mönnum og málefnum.

Samþykt og þýðing þeirrar uppástungu, sem hér er um að ræða, getur því ekki meint annað en það sem hún ber með sér, nfl. stefnu þess blaðs, sem hún framtekur, sem er: Að útbreiða kristilega samvinnu, samkvæma lögum og reglum þess félagsskapar, sem það (blaðið) tilheyrir. Að það hafi ekki verið gert, hefir ekki verið sýnt. Það, sem hefir verið tilfært úr Sameiningunni, staðfestir fremur stefnu hennar, nefnilega þá: að vera "strikt" í samræmi við biblíuna. Ritháttur og orðalag er engum reglum háð eða stefnu bundið; það hefir því ekkert sanngjarnt samband við mál það, sem um er að ræða, sem er: Hafði kirkjufélagið rétt til, að viðhalda sinni æfilangri trúarskoðan, þegar einn meðlimur þess (kirkjufélagsins) hafði fengið sannfæringu fyrir nýrri trú, og að hans álíti betri skoðan. Þetta og ekkert annað er það, sem úr þarf að leysa, og sem uppástungan leysti úr. — "Sýnið trú yðar með verkunum". Verið sanngjarnir, viðhafið kærleika og sannkristilegt hugarfar, — það er kraftur og þeim krafti fylgir sigur.

Það er eftirtektavert og um leið dálítið þreytandi, að verða þess var aftur og aftur, að ótilkvaddir menn taki sig fram um að hefta eða að takmarka annara rétt og skoðanir, og ekki sizt þegar sá réttur og þær skoðanir eru í jafnfærs manns höndum og þeim á ritstjóra Heimskringlu. Það, sem mér hér kemur til hugar, er hin marg-endurtekna krafa sumra kaupenda og lesenda Heimskringlu, sú, að ritstjórinn hætti að ljá rúm í blaðinu nokkru því, sem trú eða kirkju viðkemur. (Uppá síðkastið hefir þessi snurða snúist utanum ádeilur síðasta kirkjuþings).

Með því lýsa þessir góðu herrar yfir því, að það, sem er álitið eitt af stórmálum hverrar þjóðar, er einskisvert hjá Íslendingum, eða að minsta kosti svo lítilsvirði, að því sé ekki ljáandi rúm í almennu fréttablaði.

Með öðrum orðum, að það sé ekki það, sem almenning varði um, vegna þess að það sé að eins tiltölulega lítill hluti almennings, sem berst fyrir því (?).

Mætti maður spyrja: Hver er verkahringur almennra fréttablaða? Er hann ekki sá, að gefa öllum stéttum mannfélagsins tækifæri á að kynnast, — og þannig víkka sjóndeildarhring manneildarinnar á sýslunum og afkomu hverrar deildar út af fyrir sig, — svo heildin geti fylgst með í öllum málum?

Hvernig getur einstaklingur eða flokkur manna myndað sér skoðanir á því, sem hann heyrir aldrei af, og veit lítið eða ekkert um?

"Vel", segja þeir, "þessar kirkjudeildir hafa sín eigin blöð og þar ættu öll þeirra áhugamál að ræðast". — Nú, það hefir heppilega á þann sannleika verið bent af ritstjóra Heimskringlu, "að þau blöð séu í tiltölulega fárra höndum, og því ónóg til að gefa óviðkomandi fólki (þ. e. fjöldanum) nokkra veru lega hugmynd og því síður skoðun á því virkilega og rétta þeim málum viðkomandi". Þessi sanngjörnu sannindi þurfa engrar skýringar. Stefna ritstjórans er bæði eðlileg og nauðsynleg, og hún er fyllilega í samræmi við frelsis og framfara-anda nútímans, og á sínum tíma kemur til að verða einn af steinum þeim, sem mynda minnisvarða herra B. L. Baldwinsonar. — Á sama tíma getur það verið spursmál, hvort ekki ætti og mætti takmarka blaðarúm, sérstaklega allra ágreiningsmála, þar eru svo oft málalengingar og annað verra látið duga fyrir skýringar. Það færi líka betur á því, að vera eins varasamur með blóð lambakongs mannkynsins eins og með blóð aumingja lambanna á Íslandi.

S. F. Björnson.

Fréttabréf.

WYNYARD, SASK.

1 desember 1910.

Herra ritstj. Heimskringlu.

Nú er veturinn enginn í garð, þó ekki mjög harður enn. Frost sjaldan farið niður fyrir zero, og snjór svo mikill, að flestir eru farnir að brúka sleða.

Hér hefir mikið verið unnið að því af Goodtemplurum, að koma á "local option" í sveitinni umhverfis Wynyard. En núverandi ráð sveitarinnar, mennirnir, sem fólkið kaus og treysti til að koma fram áhugamálum sinum, komu svoleiðis fram í því máli, að bænarskrá fólksins var fótum troðin, og helvítið vofir yfir Wynyard eftir sem áður. Vonandi er, að fólkið verði hepnara í embættismannavalinu um næstu kosningar.

Síðan bygð hóst hér, hefir regn aldrei fallið eins misjafnt eins og sumarið sem leið. Þarafleiðandi var uppskera mjög misjöfn. Í austurhluta bygðarinnar, umhverfis Wynyard, mun uppskera hafa verið með bezta móti, frá 25—30 bu. af ekrunni af hveiti. Aftur á móti í vesturhluta bygðarinnar, þar sem minna regnfall var, var uppskeran miklu rýrari, sérstaklega á gömlu landi.

Wynyard vex með degi hverjum. Íbúatala frá 300—400. Sjúkrahúsi hafa þeir komið á fót bræðurnir Dr. H. Ross og G. W. Ross. Steinhús er S. J. Eiríkson að láta smíða; grjótið kaupir hann af Th. Jónassyni, sem hefir öll steinsteypu-áhöld af beztu gerð. Ár vafa verður þetta aðalbyggingaefni Íslendinga hér, þegar þeim vaxa svo kraftar, að þeir geta reist vandaðar byggingar yfir sig og skepnur sínar.

Íslenzkir Goodtemplarar, sönnuðurinn og kvenfélagið hafa reist vandað samkomuhús álandeign S. J. Eiríkssonar, rétt fyrir sunnan Wynyard. Landið undir byggingunna gaf S. J. Eiríksson, og var það myndarleg gjöf, begar maður tekur tillit til þess, hvað það land er í háu verði.

Þann 19. okt. sl. hélt íslenzka kvenfélagið kökuskurðar samkomu Um kökuskurðinn keptu gift kon og ógift. Lengi mátti varla milli sjá, hver sigur úr býtum bar, en þó fór svo að lokum, að sú gamla varð yfirsterkari. Féll hin þó við góðan orðstír. Alls mun hafa komið inn fyrir kökuna $80.00. Þýsna vel borgað fyrir snúðinn. Allur ágóði samkomunnar varð um $130. Getið þið gert betur? [illegible] bessi var eins sú allra bezta sem hér hefir verið haldin. Ræður fluttar, söngvar sungnir, troðið organ og leikið á sýnófón og saltarium, bumbur barðar, trumsamin kvæði flutt, og að lokum dansað til morguns. 9.

Betri er þögn en óþörf ræða.

Ég veit það er satt, en ég þoli ekki að láta stiga á hálsinn á mér fyrir litlar eða engar sakir, svo ég hlýt að senda henni G.B. nokkrar athugasemdir til baka.

Ég bjóst aldrei við þakklæti fyrir þessa hjálpartilraun mína, en ég bjóst heldur ekki við sárandi dylgjum eða jafnvel brígslyrðum.

Hún (G.B.) telur það upp, sem ég fékk henni, með jafn fyrirlitlegum hreim í orðunum eins og hrevíingar hennar voru, þegar hún tók við því. Hún telur auðvitað ekki það, sem ég fékk tengdamóður hennar. Það var ekki hún sjálf, það gilti einu, þó það væri ekki meira en það var, því það er nú því miður búið að taka það af henni, aumingjanum, eftir sögn.

G.B. bregður mér um flæði. Það hefir aldrei verið gert fyr, þess vegna hefir verið svo hægt að beita mig flæði, að ég hefi ekki verið flæði sjálf.

Já, ég kannast ekki við heimilið, sem ég var miður vel liðin á. Líttið hefi ég gert samtíðafólki mínu gott hér í Winnipeg, en minna hefi ég, mér vitanlega, gert því ilt. — Getur nokkur komið með réttmæt ar sakir á hendur mér. Það skal játað, að ég hefi töluverða sjálfselsku í sumum greinum, og ég hefi farið óvarlega gegnum lífið. En það er eldur, sem á mér einni brennur. — G.B. verður að fyrirgefa, þó ég muni ekki eftir tárunum, sem ég feldi frammi fyrir henni. Ég legg það ekki í vana minn, að gráta framan í fólk, þó sál og líkami hafi oft liðið þjáningar. Að G.B. hafi kent í brjósti um mig, efa ég ekki. Hún gerði mér ætíð gott af fáætkt sinni, þegar ég kom. Hún á hjá mér fyrir það. Hér skal endurtekið þakklæti. Ég kendi líka í brjósti um hana G.B., en ég get ekki verið að gefa í skyn, að ég hafi sýnt það í verkinu, því mér finst það ganga eftirtölum næst.

Ég endurtek það, að mér sé ekki gjarnt að kvarta eða gráta yfir kjörum mínum, bótt köld séu. En ég játa það, að í sporum G.B. gæti ég ekki staðið eins köld og róleg og hún virðist vera. Þessa athugasemd um nafnafölsun skil ég ekki vel. Svo er verið að tala um lög og dómstóla. Það er víst eitthvað úr Grágás. Mér er hún lítið kunn. Ég mælist heldur til þess, að ég sé ekki dregin fyrir lög og dóm, því ég gæti ekki borgað málskostnað, ef málið skyldi falla á mig.

Því lét ekki Kr. Ásgeir nafnið sitt undir athugasemdina? Það var þó sannarlega brennimarkið hans á henni. — Læja, gamli vinur, kæra þökk fyrir gamla árið.

R. J. Davidson.

Hefir þú borgað Heimskringlu?

Góðar stöður.

Geta ungir, framgjarnir menn og konur fengið á járnbrauta eða loftskeyta stöðvum.

Síðan 8 kl. stunda lögin gengu í gildi og síðan loftskeyta fregnsending varð útbreidd þá vantar 10 þúsund telegraphers (fregnsendla). Launin til að birja með eru frá $70 til $90 á mánuði. Vér störfum undir umsjón telegrapn yfirmanna og öllum sem verða fullnuma eru ábyrgðar atvinnustöður.

Skrifið eftir öllum upplýsingum til þeirrar stofnunar sem næst yður er. NATIONAL TELEGRAPH INSTITUTE, Cincinatti, Ohio, Philadelphia, Pa., Memphis, Tenn., Columbia, S. C., Davenport, Ill., Portland, Ore.

Giftingaleyfisbréf

SELUR

Kr. Ásg. Benediktsson

424 Corydon Ave. Fortkoug.

A. SEGALL

(áður hjá Eaton félaginu).

Besti kvennfata Skraddari

Loðskinna fötum veitt sérstakt athygli.

Hreinsar, Pressar, Gerir við.

Fjórir (4) allatnaðir hreinsaðir og pressaðir, samkvæmt samningum hvort heldur er karlmanna eða kvenfatnaður, fyrir aðeins $2.00 á mánuði.

Horni Sargent og Sherbrooke

Sómi Íslands, sverð og skjöldur.

Gjafir til minnisvarða JÓNS SIGURÐSSONAR.

Frá Winnipeg: —	
Gunnar Einarson	$1.00
Baldwin Einarson	1.00
Stefán Thorson	1.00
Mrs. Stefán Thórson	1.00
Jóseph T. Thórson	0.50
Charles G. Thórson	0.25
Stefán H. Thorson	0.25
Bergþór K. Johnson	1.00
Mrs. Bergþór K. Johnson	1.00
Helga Johnson	1.00
Elín Johnson	0.50
Kristjana Johnson	0.50
Ingibjörg Johnson	0.50
Maria Johnson	0.50
John V. Dalmann	1.25
Halldór Jóhannesson	1.00
H. E. Magnússon	1.00
B. H. Long	1.00
Þuríður Long	1.00
George F. Long	0.50
Friðbjörg J. Long	0.50
Ásmundur Bjarnason	1.00
Aðalbjörn Jónasson	1.00
Sveinn Brynjólfsson	5.00
Mrs. S. Brynjólfsson	5.00
B. S. Brynjólfsson	1.00
Björn S. Brynjólfsson	1.00
B. L. S. Brynjólfsson	1.00
Páll Bjarnarson	1.00
Sigfús S. Brynjólfsson	1.00
Mrs. S. S. Brynjólfsson	1.00
Ronald Brynjólfsson	1.00
Herbert Brynjólfsson	1.00
Ingi G. S. Brynjólfsson	1.00
Mrs. I. G. S. Brynjólfsson	1.00
Ingunn Brynjólfsson	1.00
Carrie Brynjólfsson	1.00
Frá Poplar Park, Man.	
Jóhannes Guðmundsson	0.50
Ólöf Guðmundson	1.00
Miss Ólöf Guðmundson	0.25
Gremsie Guðmundson	0.25
Frá Skálholt, Man.	—
Jón J. Mayland	1.00
Sigurjón Björnsson	0.50
Jóna Björnsson	0.50
Guðrún Björnsson	0.25
Björg Björnsson	0.25
Björn Björnsson	0.25
Frá Barons, Alta.: —	
Jón Kristjánsson	0.50
H. E. Hansen	0.25
N. P. Rasmussen	0.25
M. O. Wendelboe	0.25
Frá Markerville, Alta:—	
J. S. Johnson	0.50
B. Stephansson	0.50
J. K. Stephansson	0.50
Rósa S. Stephansson	0.15
Guðbjörg Stephansson	0.15
Jóný S. Stephansson	0.25
S. G. Stephansson	1.00
Stephaný G. Stephansson	0.25
Guðbjörg L. Johnson	0.25
Ch. Christinnson	1.00
Sigurlaug E. Christinnson	1.00
H. F. Christinnson	1.00
S. B. Stephansson	0.15
Hrefna Stephansson	0.15
Ben. Stephansson	0.15
Sigurlína Stephansson	0.25
Helga S. Stephansson	0.25
S. K. Johnson	0.25
Þorbjörg M. Johnson	0.25
Barði G. Skúlason, Grand Forks, N.D.	1.00
Samtals	$55.25
Áður auglýst	80.75
Alls innkomið	136.00

PLAYER PIANO

gerð af hinu fræga HEINTZMAN & Co., eru eins góð og hægt er að fá fyrir peninga. Þau eru fullkomin í hljómfegurð, lögun og sniði, og hver sem vill getur spilað á þau alls kyns lög, frá þeim yngsta til bess elzta í fjölskyldunni. Finnið oss.

J. J. H. McLean & Co LIMITED

Cor Portage Ave. & Hargrave
Phone Main 808.

Fréttir úr bænum.

Prentvillur í kvæðinu "Leo Tolstoi" í síðasta blaði eru þessar :— Í 3. erindi stendur : berskjaldaður, á að vera : berskjaldaða. Í 4. erindi stendur : við eigum land, á að vera : við eigum langt. Í síðasta erindi stendur : ei svikinn var þinn lýður, á að vera : ei svikinn var þinn eiður.

Þeir herrar, Snorri H. Anderson, Carl S. Anderson og Valdimar S. Anderson, allir frá Brú, voru hér í borg um síðustu helgi. Carl ætlar að stunda nám hér við Búnaðarskólann, en beir Snorri og Valdimar ætla að ganga á Business College.

Rausnarleg jólagjöf,

var það, sem þeim hjónum J. Magnúsi Bjarnasyni og konu hans, var færð, að Marshland, núna á jólunum. Magnús hafði kent skóla þar í 5 síðastliðin ár, og naut þar eins og allstaðar annarssstaðar hylli og vináttu bygðarmanna. Í síðastliðnum nóvember fluttu þau hjón burt þaðan, austur á "Stóranes" svo nefnt, austur við Manitobavatn, þar sem hann er ráðinn sem kennari, undir eins og heilsa og kraftar leyfa honum að starfa. Á aðfangadag jóla sótti herra Jón J. Austmann þau hjón til þess, að fornri venju, að sitja jólin með sér og gömlum vinum vestur á Marshland-sléttu. Jólasamkoma var þá og að venju haldin í samkomusal bygðarinnar, Marshland Hall, og þar útbýtt jólagjöfum, sem þau hjón, Mr. og Mrs. Bjarnason, fengu sinn fulla skerf af, sainkvæmt gam alli reglu. Ekki þar með búið. Rétt áður en samkomunni var slit ið, kölluðu þeir Jón J. Austmann, sem stýrði samkomunni, og Nikulás Þ. Snædal á Magnús og báðu hann að finna sig þar uppi á pallinum, og þar færðu þeir honum, fyrir hönd bygðarmanna, með mörgum hlýjum vinarorðum, fimtíu dollara í peningum, til menja um ástúðlega samvinnu á undanförnum árum.

Magnús átti á engi slíkri stórgjöf von, og varð honum því að orði, eins og Agli Skallagrímssyni forðum, í "Sonar-torreki', að nú væri sér. "tregt tungu at hræra", og af sömu ástæðum, þeim, að of mikið væri innanbrjósts. Á liðnum árum hefði hann ávalt notið risnu og gæða bygðarmanna, og af þeirri reynslu að dæma, þá væri þetta ekki óvænt gjöf, — væri bara framhald af þeirra ástúðlegu vinarhótum og hjálpsemi. En fyrir burtflutning bænda úr skólahéraðinu, á heimilisréttarlönd þeirra suður frá Westbourne, hefði hann móti vilja sínum og móti vilja sumra í héraðinu, neyðst til að flytja úr bygð þeirra, og það snögglegar en æskilegt hefði verið, og snögglegar en orðið hefði, ef heilsan hefði ekki bilað. Undir þess um kringumstæðum væri þessi stóra gjöf svo algerlega óvænt, að hann í svipinn ætti engin orð til að lýsa þakklæti sínu, — þakklæti fyrir þessa góðu gjöf og þakklæti ekki síður fyrir vinskap bygðarmanna og trygð, fyrst og seinast.

Menningarfélagsfundur

verður haldinn næstkomandi þriðju dagskveld, 10. janúar. Séra Friðrik J. Bergmann flytur þar fyrirlestur um "Hreyfingar í hugsan manna um trúarbrögðin nú á dögum". Allir velkomnir. Fjölmennið og komið í tíma, kl. 8.

Herra Jóhannes Markússon, sem verið hefir að Churchbridge P.O., Sask. hefir flutt sig til Brodenbury, Sask. Þessa er hér getið þeim til leiðbeiningar, sem hafa vilja bréfaviðskifti við hann.

Íslenzka barnastúkan Æskan hafði mjög ánægjulegan fund sl. laugardag í Goodtemplarasalnum, því forstöðukonur stúkunnar höfðu undirbúið mjög skrautlegt jólatré, og var börnunum útbýtt af því allskonar góðgæti og hátíðaspjöldum. Fórst konum starf sitt vel úr hendi, og börnin öll svo himinglöð og ánægð.

Númer 6.

Heimskringla vill kaupa eitt eða tvö eintök af Nr. 6 þessa árgangs, dags. 10. nóvember sl. Þeir, sem kynnu að hafa þetta eintak, gerðu vel að senda það á skrifstofu Heimskringlu.

Fyrsti fundur Stúdentafélagsins á þessu ári er skemtifundur og verður haldinn í samkomusal Únitara kirkjunnar næsta laugardag, 7. janúar. Allir nemendur við æðri mentastofnanir hér í bænum eru innilega velkomnir.

Hinn venjulegi vikufundur stúkunnar Ísland á fimtudagskveldið í þessari viku verður líklega fjölsóttur, því meðlimirnir hafa sjálfsagt strengt bess heit um nýárið, að sækja vel fundi betta ár, enda væri það sú bezta nýársgjöf, sem stúkunni gæti hlotnast, ef meðlimirnir (helzt allir) hefðu ásett sér að sækja vel fundi,—og gerðu það.

Árið sem leið nutu hjúkrunar á Almenna sjúkrahúsinu hér í borg 5,935 sjúklingar. Flestir voru þar í einu 342 og fæstir 263. Á árinu dóu á spítalanum 409 manns, en 178 fæddust. Þess utan nutu 7660 manns ráðleggingar og smávegilegrar aðhlynningar, beir, er ekki höfðu aðsetur á spítalanum.

Piano kensla.

Hérmeð tilkynnist að ég undirskrifuð tek að mér, frá þessum tíma, að kenna að spila á Piano. Kenslustofa mín er að 727 Sherbrooke St. Kenslu skilmálar aðgengilegir.

Sigrún M. Baldwinson

Þessi eiga bréf á skrifstofu blaðsins : —

Miss R. Davidson (2 bréf).
Mrs. J. O. Finnbogason.
Mrs. Sigurbjörg Gissursdóttir.
Mrs. Mina Gíslason.
Rev. O. V. Gíslason.

Almanökinn 1911.

Þeir herrar Arnason & Son, í Churchbridge, Sask., hafa sent Heimskringlu einn af allra fallegustu 1911 Calendars. Það er skrautlituð mynd af konungshjónum Breta, George fimta og Maríu drotningu. Myndin er stór og hin snotrasta stofuprýði, og ætti að auka þeim félögum vinsælda í bygð beirra. Þeir verzla með allskyns járnvöru og byggingaefni, vatnspumpur, vindmillur, oljur, girðingaefni, blikkvöru, stór og ofna, silfurvarning og gullstáss og fleira þess háttar. Vörur þeirra eru vandaðar og verzlanin áreiðanleg.

Blaðið Minneota Mascot kom skrautbúið um þessi jól. Stærð 14 bls. Kápan með þeim fegurstu, sem vér höfum séð á nokkru blaði — Landi vor, Gunnar Björnsson, hefir sýnt jöfnum höndum smekk og dugnað við útgáfu þessa blaðs.

ANCHOR BRAND HVEITI

er bezta fáanlegt mjöl til nota í heimahúsum og annarstaðar. Það er gert úr No. 1. Hard HVEITI eftir nýjustu aðferðum.

Sími 4326 eftir söluverði þess.

Leitch Bros.
LQUR MILLS
Winnipeg skrifstofa
240-4 GRAIN EXCHANGE

Jónas Pálsson
SÖNGFRÆÐINGUR

er nú alment viðurkendur langbezti íslenzki kennarinn í þessum bæ. — Íslendingar ættu því sjálfs sín vegna, að stunda nám hjá honum eins margir og honum er unt að taka, en láta hann ekki þurfa að eyða mestu af tíma sínum við að kenna annara þjóða fólki.

"Hún iðrast."

Fyrir marg-ítrekaðar áskoranir ýmsra manna og kvenna hér í bæ hefir Íslenzka stúdentafélagið ákveðið að leika á nýjan sjónleikinn HÚN IÐRAST í Goodtemplarasalnum efri á mánud. 9. janúar, kl. 8 að kveldi. — Leikur þessi hefir þótt góður, og vonar því Stúdentafélagið, að Íslendingar sæki svo vel á mánudagskveldið kemur að húsfylli verði.

Í kappspilinu á fundi Íslenzka Conservative Klúbbsins á þriðjudagskveldið var varð hr. Matúsalem Jósephsson hlutskarpastur og vann "Tyrkjann".

Íslands fréttir.

Stúdentafélagið í Reykjavík hefir samþykt að skora á forseta alþingis, að gangast fyrir myndun samskotanefndar til að hafa saman fé til minnisvarða yfir Jón Sigurðsson. (Það hefði verið mun myndarlegra og sjálfstæðislegra af þessu félagi, að ganga beint til verks og gera sjálft sig að forstöðunefnd samskotanna, og takast tafarlaust á hendur að hrinda verkinu áfram, án nokkurs óþarfa umstangs. Óhætt mun bó mega að fullyrða, að samskotamálið til að reisa minnisvarðann sé nú vel á veg komið á Íslandi, þar sem bæði biskupinn og Stúdentafélagið hafa haft svo mikið við minningu hins látna þjóðskörungs, að tala um minnisvarða yfir hann).

Einar Hjörleifsson hefir samið nýja skáldsögu, sem heitir 'Gull'.

Veðurátta með afbrigðum blíð á Suðurlandi í byrjun desember sl. Klaki nær leystur úr jörðu.

Íbúatala Reykjavíkur þann 1 des. sl. var 11,561. Þess utan ótaldir menn á tveimur botnvörpungum. Alls var talið í 1115 húsum ; í einu húsi flest 113 manns, það var í "Bjarnaborg", í því eina húsi búa fleirí en á öllu Austurstræti.

Fannkyngi til fjalls og mikill snjór á láglendi, féll á Austurlandi snemma í nóvember.

Jóhann Magnússon, bóndi á Hafstöðum í Helgafellssveit á Snæfellsnesi, hengdi sig 2. des. sl.

Stefán Kolbeinsson, 10 ára gamli drengurinn, sem týndist 3. júlí, á leið úr Hafnarfirði austur í sveitir, af því að mennirnir, sem með honum voru, voru of latir og kærulausir til að sinna sjálfir um hesta sína, en siguðu drengnum til að leita þeirra (og voru með því orsök í dauða hans), — er nú fund inn ofarlega í Lyklafelli. Líkið lá þar í klettaskoru skamt frá veginum.

Þeir Þórarinn Þorláksson og Ásgrímur Jónsson, málarar, hafa sent málverk (sá fyrri 14 og hinn síðari 18) á íslenzku listasýninguna í Kristianiu í Noregi, sem haldin var þar frá 13. nóv. til 3. des. Ekki getið, hvort þ'r hafi hrept verðlaun.

Ritstjóri Þjóðólfs Pétur Zóphoníasson hefir nýlega verið dæmdur fyrir undirrétti til sekta og málskostnaðar í bremur meiðyrðamálum, sem ráðherrann lét höfða mót honum.

Sherwin-Williams PAINT
fyrir alskonar húsmálningu.

Prýðingar-tími nálgast nú. Dálítið af Sherwin-Williams húsmáli getur prýtt húsið yðar utan og innan. — Brúkið ekker annað mál en þetta. — S.-W. húsmálið málar mest, endist lengur, og er áferðarfegurra en nokkurt annað hús mál sem búið er til. — Komið inn og skoðið litarspjaldið. —

Cameron & Carscadden
QUALITY HARDWARE
Wynyard, - - Sask.

"HÚN IÐRAST"

verður leikin af STÚDENTAFÉLAGINU í Good-Templarahúsinu

Mánudaginn 9. janúar 1911.

Aðgöngumiðar eru til sölu í búðum í vestur hluta bæjarins.

Success Business College
Horni Portage Ave. og Edmonton Stræti
WINNIPEG

Vetrar námsskeið.
þriðjudaginn 3. janúar 1911.

DAGSKÓLI KVELDSKÓLI

KENSLUGREINAR, Enska, Lestur, Skrift, Stafsetning, Reikningur, Bókhald, Hraðritun og Vélskrift.

Byrjið þriðjudaginn 3. janúar.

Skrifið, komið eða símið Main 1664 eftir fullum upplýsingum.

Success Business College
F. G. GARBUTT, President. G. E. WIGGINS, Principal.

SMJÖR TIL SÖLU. — Gunnl. Jóhannsson, 800 Víctor st., hefir 1200 pund af mótuðu bændasmjöri á 25c pundið. Besztu kjörkaup.

Almanakið
fyrir 1911

er útkomið og verður sent umboðsmönnum þess út um landið eins fljótt og verður við komið.

Verðið það sama og áður :

25 cents

Innihald þess er :
Tímatalið— Myrkvar — Árstíðirnar— Tunglið — Um tímatalið — Páskatímabilið — Páskadagur — Sóltími — Veðurfræði Herschels — Ártöl nokkurra merkisviðburða — Til minnis um Ísland — Stærð úthafanna — Lengstur dagur — þegar kl. er 12— Almanaksmánuðirnir.
Florence Nightingale, með mynd, eftir séra F.J.B.
Kóngurinn og snjótittlingarnir (æfintýr).
Mylsna.
Safn til landnámssögu Ísl. í Vesturheimi.— Stutt ágrip af landnámssögu Ísl. í Albertahéraði, með mörgum myndum. Eftir J. J. Húnford.
Lengi muna börnin, saga e. L.Th.
Gunnsteinn Eyjólfsson, með mynd.
Viðauki við landnámssögubátt Álftavatnsbygðar. Eftir Jón Jónsson frá Sleðbrjót.
Mun veröld vor farast í eldi?
Helztu viðburðir og mannalát meðal Ísl. í Vesturheimi.

Sendið pantanir yðar til mín.

Ólafur S. Thorgeirsson
678 Sherbrooke Street, Winnipeg.

"KVISTIR"

kvæði eftir Sig. Júl. Jóhannesson, til sölu hjá öllum íslenzkum bóksölum vestanhafs

Verð: $1.00

Þegar þér þurfið að kaupa

Gott smjör
Ný egg

og annað matarkyns til heimilisins, þá farið til

YULES PRODUCE STORE
941 Notre Dame St.
Prices always reasonable

Dr. G. J. Gíslason,
Physician and Surgeon
18 South 3rd Str., Grand Forks, N. Dak.
Athygli veitt AUGNA, EYRNA og KVERKA SJÚKDÓMUM. ASAMT INNVORTIS SJÚKDÓMUM og UPPSKURÐI. —

Rev. Dr. O. V. Gíslason
HANDLÆKNIR
369 Sherbrooke St.

Dr. J. A. Johnson
PHYSICIAN and SURGEON
HENSEL, N. D.

Dr. M. Hjaltason
OAK POINT, MAN

S. K. HALL
TEACHER OF PIANO and HARMONY
STUDIO: 701 Victor St.
and
IMPERIAL ACADEMY OF MUSIC AND ARTS
Dr. Ralph Homer, Director.
290 Vaughan St.

MARTYN F. SMITH,
TANNLÆKNIR.
Fairbairn Blk. Cor Main & Selkirk
Sérfræðingur í Gullfyllingu og öllum aðgerðum og tilbúnaði Tanna. Tennur dregnar án sársauka. Engin veiki á eftir eða gómbólga. —
Stofan opin kl. 7 til 9 á kveldin
Office Phone 6944. Heimilis Phone 6462

TIL SÖLU:

160 ekrur af bezta landi. stutt frá járnbrautarstöð. — Fyrsti maður með $7.00 fær hér góð kaup. — Finnið

Skúli Hansson & Co.
47 Aikens' Bldg.
Talsími. Main 6476 P. O. Box 833

GEO. ST. JOHN VAN HALLEN
MÁLAFŒRZLUMAÐUR
GERIR ÖLL LÖGFRŒÐIS STÖRF ÚTVEGAR PENINGALAN.
Bæjar og landeignir keyptar og seldar, með vildarkjörum,
Skiftiskól $3.00
Kaupsamningar $3.00
Sanngjörn ómakslaun. Reynið mig.
Skrifstofa 1000 Main St.
Talsími Main 5142
Heimils talsími Main 2357
WINNIPEG

Þarft þú ekki að fá þér ný föt?

EF ÞAU KOMA FRA CLEMENT'S, — ÞÁ VERÐA ÞAU RÉTT

Réttur að efni, réttur í sniði réttur í áferð og réttur í verði.

Vér höfum miklar byrgðir af fegurstu og beztu fataefnum. —

Geo. Clements & Son
Stofnað árið 1874
264 Portage Ave. Rétt hjá FreePress

Th. JOHNSON
JEWELER
286 Main St. Talsími: 6606

Sveinbjörn Árnason
Fasteignasali.
Selur hús og lóðir, eldsábyrgðir, og lánar peninga. Skrifstofa: 310 McIntyre Blk.
office TALSÍMI 4700. hús TALSÍMI 2108

G. NARDONE
Verzlar með matvöru, aldini, smá-kökur, allskonar sætindi, mjólk og rjóma, sönnul. tóbak og vindla. Óskar viðskifta Íslend. Heitt kaffi eða te á öllum tímum. Fón 7756
714 MARYLAND ST.

BRAUÐIÐ
fyrir þetta nýja ár

á að vera það bezta, sem þér getið fengið fyrir peninga yðar. Boyds brauð eru þau beztu, sem góðir bakarar geta búið til úr bezta Manitoba hveiti, en kosta yður engu meira en lakari brauðtegundir.

Boyd's

Bakery Cor. Spence & Portage Ave
Phone Sherb. 680

BILDFELL & PAULSON
Union Bank 5th Floor, No. 520
selja hús og lóðir og annast þar að lútandi störf: útvegar peningalán o. fl.
Tel.: 2685

BONNAR, TRUEMAN & THORNBURN,
LÖGFRÆÐINGAR.
Suite 5-7 Nanton Blk. Tals. 766
Winnipeg, Man. P.O.BOX 223

DR. H. R. ROSS
C.P.R. meðala- og skurðlækuir.
Sjúkdómum kvenna og barna veitt sérstök umönnun.
WYNYARD, — SASK.

The Evans Gold Cure
229 Balmoral St. Sími Main 797
Varanleg lækning við drykkjuskap á 28 dögum án nokkurrar tafar frá vinnu eftir fyrstu vikuna. Algerlega privat. 16 ár í Winnipeg. Upplýsingar í lokuðum umslögum.
J. Dr. D. R. WILLIAMS, Exam. Phys
J. L. WILLIAMS, Manager
W. R. FOWLER A. PIERCY.

Royal Optical Co.
307 Portage Ave. Talsími 7286.
Allar nútíðar aðferðir eru notaðar við augn-skoðun hjá þeim, þar með hin nýja aðferð, Skugga-skoðun, sem gjörevðir öllum ágiskunum. —

Anderson & Garland,
LÖGFRÆÐINGAR
35 Merchants Bank Building
PHONE: MAIN 1561.

Talsími Heimskringlu
Garry 4110

Heimskringla.

Talsími Heimskringlu
Garry 4110

XXV. ÁR | WINNIPEG, MANITOBA, FIMTUDAGINN, 12. JANÚAR 1911 | NR. 15.

Nýr Music kennari.

Sigrun M. Baldwinson

Ungfrú Sigrún M. Baldwinson auglýsir í þessu blaði, að hún frá þessu nýári byrji að kenna að spila á pianó og að kenslustofa hennar verði að 727 Sherbrooke St., að hún sé nú við því búin, að taka á móti nemendum, er læra vilja pianó-slátt og að kensluskilmálar hennar séu aðgengilegir.

Nú með því að alþýða fólks virðist eiga sanngjarna heimtingu á því, þegar einhver nýt og óþektur kennari kemur fram á sjónarsviðið, að gerð sé nokkur grein fyrir mentahæfileikum þess kennara, og að sýnt sé, hverju þekkingarstigi hann hafi náð í þeirri grein eða greinum, sem hann býður sig fram til að kenna, — þá leyfir Heimskringla sér — þó henni sé málið skylt — að veita lesendum þær upplýsingar í þessu efni, sem fóng eru á.

Sigrún M. Baldwinson er dóttir þeirra hjóna B. L. Baldwinsonar og konu hans Helgu Sigurðardóttur. Hún er nú orðin 21 ára að aldri, og hefir stundað söngfræðinám og pianó-slátt síðan hún var 13 ára gömul. Það má svo heita, að hún hafi gefið sig nálega eingöngu við þessu námi um fullan 8 ára tíma. Hún var frá barnæsku hneigð til þessa náms frekar en nokkurs annars, og byrjaði það því löngu áður en hún útskrifaðist af barnaskólanum. Þegar hún var þar í sjötta bekk, gekk henni námið þunglega, og fékk átölur í heimahúsi fyrir það. Krafðist hún þá, að mega stunda músik-nám jafnframt skólanáminu, og kvað sér þá mundi ganga skólanámið betur, ef hún fengi að hafa músiknámsgreinina jafnhliða. Þetta var að sjálfsögðu tafarlaust veitt, og afleiðingin varð sú, að strax urðu þau umskifti, að á næsta ári útskrifaðist hún úr tveimur efstu bekkjum alþýðuskólans, 7. og 8., og á sama tíma skaraði hún fram úr 30 söngfræðinemendum, sem hún varð að keppa við.

Söngfræði- og pianóslátt-r-námið stundaði hún frá byrjun hjá hr. Jónasi Pálssyni, músik-kennara hér í borg, og fram að þeim tíma sem hún fór til Toronto, var hann hennar eini kennari, að undanteknu því tímabili, sem hann var sjálfur við nám í Toronto borg, þá fékk hún tilsögn hjá hr. Matthews, organleikara í einni stærstu kirkjunni hér í borg og í fremstu röð söngfræðinga í Vestur-Canada.

Það má því heita, að hún lærði eingöngu hjá Jónasi fyrstu 6 árin, og undir hans umsjón tók hún og stóðst bæði "junior" (lægra) og "senior" (æðra) prófin í söngfræði og pianó-slætti fyrir prófdómendum Toronto háskólans.

Síðastliðin tvö skólaár hefir Sigrún stundað söngfræði og pianó-sláttar nám austur í Toronto borg, við Conservatory of Music þar, en sú stofnun er talin ein sú allra bezta sinnar tegundar í Vesturheimi. Tilgangurinn var, að búa sig þar undir háskólakennarapróf, og í því skyni lærði hún þar hjá þeim tveimur mönnum, sem taldir eru einna færastir í sínum sérfræðigreinum, allra þeirra, er fást við æðri músik-kenslu í Canada. Annar þeirra er W. E. Fairclough, kennari í söngfræði, hinn er Frank S. Welsmann, pianó-sláttar kennari. Báðir eru menn þessir prófdómendur í músik fyrir Toronto háskólann; og annar þeirra, herra Welsmann, er aðalkennari og umsjónarmaður Toronto Conservatory of Music. Staða þessara manna við háskólann er næg sönnun fyrir hæfileikum þeirra, því að meiri heiður eða tiltrú er ekki mögulegt að sýna nokkrum lærdómsmanni, en þann, að gera hann að prófdómara í fræðigrein sinni við æðstu mentastofnun landsins.

Sigrún hefir því notið eins góðrar kenslu og láanleg hefir verið í Canada, og það ætti að vera nokkur trygging þess, að hún kynni eitthvað í þeirri grein, sem hún nú býðst til að kenna.

Lítill efi er á því, að hún hefði náð "licentiate" prófinu, ef hún hefði getað haldið náminu þar áfram. En það slys vildi til, að móðir hennar veiktist hættulega síðastliðið sumar og varð að þola holskurð við sjúkdómi, sem virðist ætla að verða langvarandi. Sigrún varð því að slíta sig frá náminu um stundarsakir og hverfa heim hingað til borgarinnar til að annast um hússtörfin á heimili foreldra hennar. Og af því er það, að hún nú býður sig fram til að kenna pianó-slátt, þeim sem það vilja læra.

Vér teljum lítinn efa á því, að hún hafi þegar öðlast svo mikla söngfræðilega þekkingu og með 8 ára stöðugri æfingu í pianó-spili, að hún sé vel fær um að leysa það starf sæmilega af hendi, sem hún býður sig til að vinna.

Þeir eru teljandi músik-kennararnir í Vestur-Canada, sem lengra hafa komist áleiðis á músiknámsskeiðinu, en hún hefir þegar gert.

Vafalaust gæti hún einnig tekið að sér, að kenna sjálfa söngfræðina, eða undirstöðuatriði hennar, enn síður en pianó-slátt. En að svo stöddu ætlar hún að leggja aðal-áherzluna á hið síðartalda — að kenna að spila á pianó.

Fregnsafn.

Markverðustu viðburðir hvaðanæfa

Áttatíu og fimm rússneskir fiskimenn urðu losa við land á ísfleka á Kaspían hafinu og drifu út. Gufubátur var sendur til björgunar, en álitið er, að allir mennirnir hafi farist.

— Tveir auðugir olíukaupmenn í Caney, Kan., Alexander O. Truskett og J. D. S. Neely, sem allengi höfðu verið missáttir út af olíukaupum, hittust á hóteli einu þar í bænum, og eftir að hafa rifist góða stund, að því er menn halda, í aflæstu herbergi, heyrðust tvö skot, og þegar herbergið var opnað, fanst Neely liggjandi dauður í blóði sínu. Truskett var handtekinn, en hann kvað sig hafa skotið Neely í sjálfsvörn, en sem hefir sannast að er ósatt, þar sem Neely var óvopnaður. Truskett fékk sig samt lausan úr varðhaldinu gegn 12 þúsund dollara tryggingu, meðan á málinu stendur. — Mál þetta hefir ollað honni mestu eftirtekt, því báðir voru mennirnir stórauðugir og velþektir.

— James J. Gallagher, sá sem skaut á Gaynor borgarstjóra í New York sl. sumar, var sl. fimtudag dæmdur til 12 ára fangelsisvistar fyrir frumhlaup með þeim ásetningi að drepa William H. Edwards, strætishreinsunar umsjónarmann í New York, en ekki fyrir að skjóta á borgarstjórann. Borgarstjórinn hafði beiðst undan að vera bendlaður við málið.

— Á Rússlandi urðu snöggir jarðskjálftakippir sl. fimtudag, sem ollu stjórtjóni á mönnum og eignum. Mest brögð urðu að þeim á austur Rússlandi og í Asíuhéruðunum. Í héraðinu Semingetchensk fórust tvær borgir, Przhevalsk og Pishpek, svo stöðuvatn varð þar, sem borgirnar höfðu staðið. Hver borg hafði 8000 innbyggjendur, sem allir hafa farist. Víða annarstaðar létu menn og skepnur lífið, þó ekki hafi aðrar eins hörmungar dunið yfir og þessar tvær söknu borgir.

— Senator Stephen B. Elkins, einn af bezt þektu stjórnmálamönnum Bandamanna, andaðist á fimtudagsnóttina var. Hann var fæddur 1841. Dóttir hans Katherina er heitmey hertogans af Abruzzi, sem er nafnrændi Victors Emanúels Ítalíu konungs.

— Lýðveldið Perú í Suður-Ameríku hefir undirgengist, að láta gerðardóminn í Haag á Hollandi skera úr landamerkjaþrætunni milli sín og Ecuador, samkvæmt ráði Bandaríkjanna, Brazilíu og Argentína, sem höfðu tekið að sér að miðla málum milli þessara tveggja lýðvelda.

— Strathcona lávarður gat þess nýverið í ræðu í Birmingham á Englandi, að hann vonaðist fastlega eftir, að innan þriggja ára yrði auðfarið milli Englands og Montreal á 4½ degi, og nú mætti Kyrrahafsströndinni á 8 dögum.

— Fritz Petersen, forstjóri fyrir tveimur Kaupmannahafnar leikhúsunum, Dagmar og Casino, hefir orðið að leggja þann starfa niður, vegna þess hann þótti of nærgöngull í ástamálum við leikdömurnar. Voru ólíkar sögur, sem gengu af breytni hans við þær, en honum leiðst það lengi vel. Því hann hafði ráð þeirra í hendi sér, hvað atvinnu snerti, og kusu þær heldur að þegja, en kvarta, þar til nú fyrir skömmu, að þeim þótti hann ganga fram úr hófi í svívirðingunni. Þá voru honum gerðir tveir kostir, að fara frá leikhúsinu og biðja fyrirgefningar, eða sæta málshöfðun fyrir breytni sína. — Kaus hann heldur að fara frá leikhúsunum. — Petersen var álitinn stórduglegur maður og hafði unnið sig áfram til vegs og frama úr fátækt, og stjórnaði leikhúsunum af atorku, þrátt fyrir megna mótstöðu og samkepni. Undraði því marga á falli hans. — En þetta er ekki ný bóla. Þýzkur leikhússtjóri, við stærsta leikhúsið í Berlín, misti stöðu sína fyrir sama atferli og Petersen núna nýverið.

— Lögreglan í London hefir fengið harðar árásir fyrir að kalla herliðið sér til hjálpar í Anarkista bardaganum fyrra þriðjudag. Þykir það ósvinna hin mesta og lítt bera vott um hugprýði, að þurfa að hafa verið upp á hjálp herliðs komin, þegar þess er gætt, að ekki voru nema fjórir menn, sem bardaganum héldu uppi á móti lögregluna. Hefir lögreglan því hlotið bleyðiorð hið mesta frá mörgum, en hugprýði stjórnleysingjanna hælt að sama skapi. — Fullyrt er, að aðalforsprakki Anarkista, "Pétur málari", sem haldið var að brunnið hefði inni, hafi komist undan. Ástæðan fyrir því, að þeir vildu ekki gefast upp, er talin sú, að skjól hafi verið í húsinu, sem þeir með engu móti vildu að lögreglan fengi hendur á, — kusu heldur að brenna til dauðs með skjólunum en láta þau af hendi.

— Patrick J. Gibbson, að Hastings, Minn., sem fyrir skömmu myrti konu sína og katólskan prest, sem hann fann hjá henni og grunaði um kunningsskap við hana, var sýknaður af báðum morðunum, en sendur á geðveikrahæli, því talið var, að hann mundi ekki vera með öllum mjalla úr því hann grunaði virðulegan drottins þjón um samfarir við konu sína.

— Í Altoona, Pa., skeði sá atburður fyrir skömmu, að maður að nafni John Thurston, sem vegur 250 pund, datt er hann var á gangi á götunni, en undir honum varð barnavagn með átta mánaða gömlu barni í, sem strax beið bana af þunga mannsins.

— Sannur að því að vera ótrúverðasti flækingur þar um slóðir, Thomas Keene að Limerick á Írlandi, — var sendur til þriggja mánaða fangavistar. Bóndi einn hafði beðið hann fyrir Whisky flosku, vindlakassa og stígvél, og [illegible] n að fara með það heim til bóndans, en í stað þess drakk hann vínið, reykti vindlana og seldi stígvélin.

— Gröf Tolstois að Yasnia Poliana virðist ætla að verða miðstöð fyrir rússneska pílagríma. — Strax eftir jarðarförina tóku rússneskir almúgamenn upp á því, að fara pílagrímsferðir til grafarinnar, og á hverjum degi kemur fjöldi manna. Pílagrímarnir koma flest-allir fótgangandi, og eru sumir langan veg að. Má daglega sjá fleiri hundruð krjúpa á hnjánum kringum gröfina, kyssandi jörðina, þar sem snillingurinn og postuli þeirra hvílir. Það er sagt, að "helga" synodan líti hornauga til þessara pílagrímsferða og vilji banna þær, ef þær haldi áfram.

— Merkileg gifting átti sér stað nýverið í nánd við Superior, Wis. Maður einn frá Minnesota kom með unnustu sína og vildi gifta sig. Presturinn, sem framkvæma átti athöfnina, fann það út, að brúðguminn hafði Minnesota giftingarleyfisbréf, en það var ógilt í Wisconsin. Til þess að firra vandræðum, sagðist presturinn skylda gifta þau á brúnni, sem tengir saman þessi tvö ríki. Lét hann þau standa Minnesota megin á brúnni, en stóð sjálfur Wisconsin megin og gifti þau eftir öllum kúnstarinnar reglum.

— Jarðskjálfta varð vart á Grikklandi, og hafa þeir ollað allmiklu tjóni. Í héraðinu Elis hafa þeir staðið yfir fimm daga samfleytt, og þrjú þorp hafa gersamlega fallið til grunna. Íbúar í þorpum þessum, sem til samans telja 2,450, hafa flestir flúið, svo manntjón varð lítið sem ekkert, en eignatjón er sagt að nemi um tveim miliónum dollars.

— Átta manns létu lífið við járnbrautarslys í Perú á föstudaginn var. Bilaði brú, sem lestin rann um og styptist hún svo niður í ána, sem rann þar undir.

— Fyrra þriðjudag, að kveldi, vildi það slys til, að kona ein, Mrs. Samúel Turner, varð úti í hríðarbyl, ásamt 12 ára gömlum syni sínum. Þau höfðu farið að hirða um gripina, en þó fjósið væri ekki nema 150 yards frá íbúðarhúsinu, viltust þau, enda var hríðin mögnuð. Lík þeirra fundust daginn eftir tvær milur frá heimili þeirra, og sást þá, að móðirin, í þeirri von að geta bjargað syni sínum, hafði hann undir yfirhöfn sinni. Slys þetta varð skamt frá North Portel, Sask.

— Fjörutíu verkamenn grófust til dauða í jarðfalli á Spáni á mánudaginn var, og fimm meiddust.

— Ein af járnbrautarlestum G. T. P. varð hríðartepp skamt frá Melville, Sask., í fulla 21 klukkustund fyrra miðvikudag. Farþegarnir urðu nærri hungurmorða, því ekkert var að éta, nema lítið eitt af "soda biscuits", og engum var fært að ná í fæðu, þó skamt væri til bæjar, vegna óveðursins.

— Álitið er, að Grey landstjóri hætti við hina fyrirhuguðu ferð sína norður í óbygðir. Í ráði var, að hann ferðaðist norður að ósum Mackenzie árinnar, þaðan um Behring sundið alla leið til Vancouver. Þetta er hin mesta glæfraför, og hefir því landstjórinn að líkindum ekki þorað að leggjast slíkt undir höfuð.

— Flugmaðurinn Cecil Grace — Englendingur — ætlaði sér að fljúga yfir Ermarsund nýverið, en ekkert hefir af honum spurst síðan hann lagði af stað í þann leiðangur, svo engum blöðum virðist um það að fletta, að hann hafi farist. Gleraugu og húfa rak á Belgíu strendur fyrra miðvikudag, sem álitið er að hafi verið af honum.

— Skýrslur fangelsisstjórans í Montreal sýna, að árið sem leið hafa 5848 manns fengið gisting í fangelsi borgarinnar, 4571 karlmenn og 1,277 kvenmenn. Árið 1909 var upphæðin 5,554, eða 294 minni en 1910. Af þessum 5,848, sem gistingu hlutu árið sem leið var einn líflátinn — Timothy Candy — fyrir að drepa tvo lögregluþjóna. 14 dóu í fangelsinu meðan þeir biðu dóms, 147 voru sendir á betrunarhús eða uppeldisstofnanir, 32 var slept óhegndum, en öll hin, hvort sem var karl eða kona, úttóku hegningu sína í fangelsi borgarinnar. Afbrotin, sem fönguum var hegnt fyrir, voru lang-flest þjófnaður og flækingur, eða 674 þjófar, 594 flækingar og 410 vændiskonur, 12 voru kærðir um morð og 13 fyrir morðtilraun. Það, sem var merkilegast við alla þessa fanga var það, að karlmennirnir voru flestir ógiftir, en kvenfólkið aftur á móti fleira gift en ógift, sem fangelsisvistina þáði, eða nákvæmlega voru 571 giftar konur settar í fangelsi til dvalar, en 437 ógiftar, — aftur voru 2,466 ógiftir karlmenn en 1,709 giftir. — Hvað mentunarstigi fanganna viðvíkur, þá voru 1,028, sem hvorki gátu lesið né skrifað, — 217 konur, 811 karlmenn. Og hvað trúarbrögðum viðkom, þá var meginþorrinn katólskur, eða 4,143. — Það, sem fer batnandi, segir lögreglustjórinn í skýrslu sinni, er það, að unglingum eða börnum fer fækkandi, sem glæpi drýgja, þó hinir gömlu haldist við.

— Þrjár miljónir ekrur af heimilisréttarlandi verður opnað innan skamms í norður, norðaustur og norðvestur af Edmonton. Landmælingamenn hafa síðastliðið sumar verið að skifta landinu niðar, og hafa nú lokið við þann starfa og gefið skýrslur sínar til Dominion stjórnarinnar, sem nú slær þessum löndum opnum fljótlega. Heimilisréttarlönd þessi eru mestmegnis milli Edmonton og Athabasca Landing og Edmonton og Lac la Biche. Einnig verður stór svæði í Peace River dalnum slegið opið, sem heimilisréttarlönd. Öll þessi lönd geta menn bráðum fengið á landskrifstofunni í Edmonton eða á undirskrifstofunni í Lesser Slave Lake. Þeim verður að líkindum slegið opnum um miðjan næsta mánuð.

— Oscar Salomon Straus, sendiherra Bandaríkjanna á Tyrklandi, hefir sagt af sér þeim starfa. Búist er við, að Wm. R. Rockhill, sendiherra Bandaríkjanna á Russlandi, verði eftirmaður Straus á Tyrklandi.

— R. L. Borden, leiðtogi Conservativa, sneri aftur til Ottawa mánudaginn var, eftir þriggja daga dvöl í Toronto. Hafði hann setið þann tíma á rökstólum við leiðandi menn flokksins, og þess utan haldið tvo fyrirlestra um stjórnmál þar í borginni, sem gerður var að hinn bezti rómur. Bæði Borden og aðrir sambandsþingmenn hafa verið lausir við þingstörf síðan fyrir jól, en þingið hófst aftur þann 10. þ.m.

— Lögreglan í Lundúnum hefir nú fundið átta lík í rústunum af Anarkista húsinu, sem brann til grunna í bardaganum fyrra þriðjudag. Einnig fanst mjög mikið af peningamótum, bæði fyrir enska og erlenda peninga, svo allar líkur eru til, að peningafölsun hafi verið eitt með öðru, sem íbúar hússins iðkuðu. Sömuleiðis fanst mikið af ófyltum sprengikúlum og öðrum morðvélum, sem ekki voru fullgerðar, svo lögreglan hefir fengið þá flugu í höfuðið, að ætlun Anarkista þessara hafi verið, að ráða Georg konung af lífi. — Einnig er álitið, að einmitt þessir menn, sem lífið létu, hafi verið hinir sömu, sem ræntu Tottenham bankann á Skotlandi og unnu ýms önnur hryðjuverk og ofbeldis, bæði á Englandi og annarstaðar.

OGILVIE'S
Royal Household Flour
Til Brauð og Köku Gerðar
Gefur Ævinlega Fullnæging
EINA MYLLAN Í WINNIPEG,—LÁTIÐ HEIMAMENN SITJA FYRIR VIÐSKIFTUM YÐAR.

WALL PLASTER
"Empire" VEGGJA PLASTUR kostar ef til vill ögn meira en hinar verri tegundir, —en berið saman afleiðingarnar.
Vér búum til:
"Empire" Wood Fibre Plaster
"Empire" Cement Wall "
"Empire" Finish "
"Gold Dust" Finish "
"Gilt Edge" Plaster of Paris
og allar Gypsum vörutegundir. —
Eigum vér að senda yður bækling vorn?
BÚIÐ TIL EINUNGIS HJÁ
MANITOBA GYPSUM CO. LTD
SKRIFSTOFUR OG MILLUR Í
Winnipeg, - Man.

Heimskringla

Published every Thursday by The Heimskringla News & Publishing Co. Ltd

Verð blaðsins í Canada og bandar $2.00 um árið (fyrir fram borgað).
Sent til Islands $2.50 (fyrir fram borgað af kaupendum blaðsins hérlendis $1.50.)

B. L. BALDWINSON
Editor & Manager

Office:
729 Sherbrooke Street, Winnipeg
BOX 3083. Talsími Garry 4110.

Jón Sigurðsson.

Tvær greinar um minnisvarðamálið birtast í þessu blaði. Og er oss sönn ánægja að flytja þær.

Til athugunar við grein herra Finns Jónssonar vildum vér geta þess, að Heimskringla hefir Nýtt Kirkjublað, fær það reglulega beint frá útgefendunum.

Grein biskupsins í því blaði telur sjálfsagt, að minnisvarði verði reistur. Honum farast orð á þessa leið:

"Eini minnisvarðinn, sem vér áttum upp að koma þessnan fyrsta aldarfjórðunginn, var varði Jóns Sigurðssonar. Á því höfðum við ráð, og þar ætti að mega treysta, að fá bæði líka og fagra mynd, og þá mynd þurfum við að hafa fyrir augum". — — — "Fyrir 30 árum fékk samskotanefnd á svipstundu nóg fé til veglegs minnisvarða á gröf þeirra hjóna Jóns Sigurðssonar og frú Ingibjargar, og enda mikinn afgang, er geymast átti líkneski Jóns á 100 ára afmælinu. Verður það fé á næsta ári framt að 5000 kr. Og vegna þessa fjársafns liðna tímans, þegar miklu minna var talað og skrifað en nú, er maður óhræddur um það, að þjóðin verður ekki sér til minkunar að koma upp sæmilegri myndastyttu af Jóni Sigvrðssyni".

Í þessum orðum biskupsins felst það þrent:

1. Að þjóðin þurfi að hafa mynd nóns Sigurðssonar fyrir augunum.
2. Að sjóður sé þegar til, sem þegar fyrir 30 árum var til þess ákvarðaðvr, að borga fyrir myndastyttu af Jóni Sigurðssyni á 100 ára afmæli hans, og
3. Að þjóðin verði sér ekki til minkunar með að koma upp sæmilegri myndastyttu af Jóni Sigurðssyni.

Og enn segir biskupinn: "Treyst um því, að gefist beinum gjöfum, og einmitt frá sem flestum, en smátt úr stað".

Þessi hugsun er algerlega í samræmi við hugsun Winnipeg nefndarinnar, að sem allra flestir gefi, þó hvers upphæð sé ekki stór. En auðvitað er æskilegt, að gjafirnar frá hverjum einstökum verði sem riflegastar, svo að skerfur vor Vestmanna verði sem mest í hlutföllum við efni vor og innleik til fósturjarðarinnar, og virðingu þá, sem vér berum fyrir minningu þessa fræga föðurlandsvinar og þjóðhetju.

Það er satt, að biskupinn telur það ógerning, að koma upp veglegri myndastyttu svo tímanlega, að hún geti orðið sett upp á 100 ára afmæli Jóns þann 17. júní næstkomandi, meðfram vegna þess að hann vill að leitað sé eftir tilboðum, og þeim veitt verkið, sem trygging fáist fyrir að leysi það bezt af hendi. En hann telur það algerlega sjálfsagt, að myndastytta verði gerð, eins og niðurlagsorðin í grein hans benda til, þar sem hann segir: "En upp kemur varðinn, þótt seinna verði, oss til sæmdar og gleði".

Í næsta blaði skulum vér birta grein herra biskupsins í heild sinni, svo Vestur-Íslendingar geti kynt sér hana.

Alveg nýkomin Ísafold getur þess, að Íslendingafélagið í Kaupmannahöfn hafi kosið nefnd til þess að standa fyrir fjársöfnun þar, og að á Íslandi hafi báðir forsetar alþingis kvatt til fundar í Reykjavík sem haldast átti þar sama daginn (18. desember), sem blaðið kom út Á þessum fundi átti að ýta samskotamálinu þar á landi í hreyfingu.

Einnig getur Ísafold þess, sem hér vestra er verið að starfa að máli þessu, og dregur engan efa á, að tillag vort héðan verði riflegt. Um leið hvetur blaðið til þess, að fyrsta sporið, er stigið verði á fundi þeim, sem þingforsetarnir hafi boðað til, sé sem röggsamlegast stigið, og telur þá málinu borgið þar á landi.

Að þessu íhuguðu, sjáum vér ekki betur, en að sú tilgáta í síðustu Heimskringlu, að óhætt mætti segja, að samskotin væru almennt byrjuð á Íslandi, hafi verið á rökum bygð. Og því skal hér viðbætt, að það er algerlega áreiðanlegt, að áform íslenzku þjóðarinnar er að koma upp myndastyttu, og að hafa hana eins veglega og efni hennar og ástæður leyfa, — þótt hins vegar ekki verði héðan af unt, að reisa minnisvarðann nákvæmlega á 100 ára afmæli Jóns. Enda er það smáatriði, sem ekki þarf að neinu leyti að hindra samskotaframkvæmdirnar, og getur héðan af ekki hindrað þær.

Hvað þá tilhögun snertir, sem herra Magnús Hinrikson í grein sinni fer fram á að höfð verði, eða að æskilegt væri að höfð yrði, þá er skoðun hans í fylsta máta réttmæt og hagfræðisleg. Ísland er fátækt og framfaralitið land, og sjóðmyndun til eflingar atvinnuvegum landsins væri vafalaust lang-viturlegasta og þarflegasta tilhögun, sem hægt yrði að hafa til að heiðra minningu Jóns Sigurðssonar. — Heimskringla talar hér fyrir sig, en ekki í umboði samskotanefndarinnar. Samskotanefndin er einhuga um það, fyrst, að tillag Vestur-Íslendinga geti orðið sem riflegast og ekki undir 10 þúsund krónum; og í öðru lagi það, að vestur-íslenzka tillagið verði lagt við sjóð þann, sem myndast á ættjörðinni, ásamt með tillaginu frá Íslendingum í Kaupmannahöfn, svo að öll fjárupphæðin samanlögð geti verið á valdi íslenzku framkvæmdarnefndarinnar á Íslandi, og varið eins og hún álítur hyggilegast og samboðnast minningu Jóns Sigurðssonar, — hvort sem fé verður eingöngu notað til að koma upp standmynd af honum, eða því verður varið til að efla verklegar eða aðrar framkvæmdir á Íslandi, eða til hvorttveggja. Nefndin hér álítur það ekki viðeigandi, að setja heimanefndinni að neinu leyti ákveðin skilyrði um það, á hvern hátt hún skuli verja því fé til minningar Jóns Sigurðssonar, sem vér leggjum af mörkum. En hins vegar má vænta þess, og það er að öllu leyti tilhlýðilegt, að Winnipegnefndin gefi heima-nefndinni þær bendingar um meðferð fjárins, sem henni verður kunnugast um vilja Íslendinga hér vestra í því efni. Og þetta verður þeim mun hægar og betur gert, sem það er nú víst orðið, að einn hygnasti og mikilhæfasti maðurinn í Winnipeg-nefnd inni verður á Íslandi í vetur eða síðara hluta þessa vetrar og fram á næsta sumar. Í honum höfum vér þann sambandslið milli austan og vestan nefndanna, sem ætti að geta trygt það, að samvinnan verði sem hagfeldust og affarasælust, og að enginn misskilningur þurfi að verða um það, hvernig sjóðnum verði varið.

En hugsun og stefna Winnipegnefndarinnar er, að þó hún skoði sig að hafa, eða mega hafa, tillögurétt í því, hvernig hyggilegast sé að verja samskotafénu svo að það verði heimaþjóðinni til sem mestra nota og ánægju, um leið og það sæmi virðingu þeirri, sem öll íslenzka þjóðin ber fyrir minningu Jóns Sigurðssonar, — þá hafi þó að sjálfsögðu heima- eða austan-nefndin hið sjálfsagða úrskurðarvald um það. — Þannig er afstaðan á yfirstandandi tíma.

Að endingu skal þess getið, að samskotanefndin hér óskar þess:

1. Að Vestur-Íslendingar haldi áfram samskotum sínum og geri þau sem riflegust.
2. Að peningar þeir, sem féhirði nefndarinnar, herra Skapta B Brynjólfsyni, verða sendir, séu annaðhvort í "express" ávísunum eða pósthúss ávísunum, en ekki í "choques" á banka, sem ekki fást útborguð hér nema með talsverðum afföllum. Þau afföll eða "discount" eða "excange charges" geta í sumum tilfellum numið alt að 15 cents á dollar, og það rýrir gjafirnar meira en vera ætti.

Geri gefendur svo vel að muna þetta.

Canada 1910.

Þess var getið í síðasta blaði, að árið sem leið mætti yfirleitt teljast eitt af góðu árunum, og hvað Canada viðvíkur, þá er þar ekkert ofbermt. Það var í sannleika gott ár fyrir Canada, laust við alla hagfræðislega og pólitiska truflun, sem oft hefir gert vart við sig áður. Engar alvarlegar þrætur milli auðvaldsins og verkastéttarinnar, eða aðrir örðugleikar, sem staðið gátu fyrir þrifum. Framleiðsluöflin hafa verið laus við allar hindranir, og þarafleiðandi aukið stórum auðæfi þjóðarinnar í heild sinni. Akuryrkja er enn þá megin framleiðsla Canada, og á henni hvílir viðhald þjóðfélagsins, og afurðir af akrinum hafa fyllilega náð hámarki, bæði að uppskerumagni og verði. Og sem beinn árangur hefir verzlun og viðskifti aukist.

Iðnaðarmenn hafa verið önnum kafnir að uppfylla þarfir almennings og jafnframt hafa innfluttar vörur farið vaxandi að sama skapi. Hefir því allur kaupskapur og verzlun verið í beztu gengi á hinu liðna ári.

Önnur framleiðsla, sem mestum uppgangi hefir átt að fagna á liðna árinu, er námagröfturinn. Cobalt hefir gert Canada heimsfrægt, sem námahérað, og þess utan hefir mikið verið um námagröft í British Columbia, og allra augu mæna á hið námaauðga Porcupine hérað í Ontario.

Hvar sem er lítið, hvert heldur á akra, skóga eða náma, þá sýnir alt vaxandi framleiðslu. Að sönnu var heldur minni uppskera í Vesturfylkjunum, en næstliðið ár, en þess meiri í Austurfylkjunum, svo hámarki var fyllilega náð, þegar alls er gætt.

Hvað framförum og framkvæmd um á hinu liðna ári viðvíkur, þá eru þær gríðar-miklar, þó vitanlega meiri í Vesturfylkjunum, sem eðlilegt er, þar sem þau eru að byggjast, en Austurfylkin eru bygð að mestu. — Mestu framfarir fyrir hvert land eru auknar samgöngur, og Vesturfylkin hafa á hinu liðna ári fengið fyllilega 20 miljón dollara virði í járnbrautum, og er slíkt ekkert smáræði, þegar um aukabrautir er mest að ræða. — Grand Trunk félagið hefir bygt 350 mílur af járnbrautum í Vesturfylkjunum, Canadian Northern 380 mílur og C.P.R. 535 mílur. Þetta er alls 1265 mílur, sem lagðar hafa verið í Vesturfylkjunum árið sem leið. Grand Trunk hefir bygt mest í Alberta fylkinu, en C.N.R. mest í Saskatchewan. — Aðalverk C.N.R. í Manitoba var að framlengja Oak Point brautina til Gypsumville, sem var lokið við nýverið. C.P.R. hefir einnig bygt flest af brautum sínum í Saskatchewan og Alberta fylkjum; lengst er brautin frá Craven til Colonsay, sem er 110 mílur. — Í Austurfylkjunum bygði Grand Trunk fullar 100 mílur af brautarspottum hér og þar, en hin félögin sama og ekkert, enda eru járnbrautakerfin í þeim fylkjum í fylsta máta ákjósanleg.

Hvað innflutning fólks til Canada á liðna árinu líður, þá er það lausleg áætlun, að 310,000 manns hafi fluzt inn í landið, og er það þriðjungi meira en árið 1909. Opinberar skýrslur um innflutning til Canada hafa að eins birst fyrir 9 fyrstu mánuðina, og sýna þær að 254,462 innflytjendur hafa fluzt inn á þessu tímabili. Þar af hafa rúm 100 þúsund komið frá Bandaríkjunum. Á þessu sama tímabili 1909 fluetust hingað til landsins 146,264 manns.

Þessi vaxandi fólksstraumur inn í landið sýnir öllu öðru fremur, hvaða álit aðrar þjóðir hafa á framtíð landsins, þó ljósast dæmi séu Bandaríkin. Þaðan hefir fólkið flest komið, yfirgefið eignir og óðul í hinu ríka ættlandi sínu og fluzt hingað. Þeir mundu aldrei hafa rasað um ráð fram. Þeir vissu fullvel, að Canada bauð þeim betri framtíð, en hin auðugu Bandaríki, sem höfðu alið þá. — Enda munu fáir dirfast að neita því, að Canada sé land framtíðarinnar.

Meðal annara framfara á liðna árinu, er þess vert að geta, að í Alberta fylki hafa 244 ný skólahéruð verið mynduð og 250 skólar reistir, og er slíkt ekkert smáræði á einu ári.

Tólf borgir í Vesturfylkjunum, sem árið 1909 reistu byggingar, sem námu alls $19,800,496, bygðu árið 1910 fyrir $33,617,132. — Fasteignir í þessum sömu borgum er talið að nemi $305,484,884.

Þess ber að geta, að Winnipeg er lang-stærst þessara borga, og telur hún ein fasteignir, sem nema $157,608,220, en árið 1908 voru fasteignir í borginni virtar á $102,790,170, og hafa því eignir Winnipegbúa aukist um rúmar 55 miljónir á þessu tveggja ára tímabili.

Vöxtur borga og bæja og framfarir þeirra yfirleitt hafa verið stórfengilegar árið 1910. Tökum sem dæmi Winnipeg. Fyrir utan þennan geysivöxt á fasteignum manna, var bygt þar árið sem leið fyrir $15,500,000, eða fullum 6 miljónum meir en árið þar á undan. Árið 1909 voru 12,724 talsímar í borginni, en í desemberbyrjun 1910 voru þeir 16,161, höfðu á eilefu mánuðum aukist um 3,437. — Strætisvagnafélagið varði $750,000 til umbóta í bænum, bygði 10 sporbrautir og 26 nýja vagna. — Fullar 15 mílur af götum borgarinnar voru asfaltaðar, og gangstéttir úr steinsteypu lagðar svo nam 25 milum. Og ýms önnur smærri og stærri fyrirtæki til almenningsheilla voru gerð. — Eldsvoði orsakaði fullrar miljón dollars tjón á árinu. — Íbúar borgarinnar eru nú um 200 þúsundir, eða 25 þúsundum fleiri en árið áður.— Árið 1909 gengu 1700 börn á skóla í borginni, en árið sem leið voru þau 20 þúsundir, eða réttum þrem þúsundum fleiri.

Framfarir líkar þessu hafa átt sér stað hlutfallslega í nær öllum borgum og bæjum Vesturfylkjanna — í þeim smáu sem þeim stóru, en vitanlega í þess smærri stíl; — en allstaðar, hvar sem er lítið, framfarir, — allstaðar framfarir.

Við gleymdum að geta þess fyr í greininni, að innflutt vörur til Canada árið sem leið námu $693,-161,865, og tollar, sem öll fylkin til samans borguðu, námu $61,-010,489. Dáfallegur skildingur!

Hvað merkisviðburðum viðvíkur á hinu liðna ári, þá skeðu þeir ekki ýkja-margir í landinu. Í Manitoba fylki fóru fram þingkosningar í júlímánuði, með þeim árangri að Roblin stjórnin hafði sömu þingmannatölu eftir kosningarnar eins og fyrir þær, þó sætaskifti yrðu sumstaðar. — Slys urðu ali-viða. Í ársbyrjun fórust 40 fiskimenn í Nova Scotia í einum fiskiróðri, og nokkru síðar fórust um 40 manns í snjóflóði vestur í Klettafjöllum. Brunar urðu margir. Bærinn Campbellton í Ontario brann til ösku, en manntjón varð ekkert. Aftur brann stórhýsi í Montreal og létu þar 32 manns lífið. — Af merkismönnum, sem önduðust á árinu, var rithöfundurinn Goldwin Smith langmerkast ur.

En árið 1910 verður að dæmast eftir þeirri framleiðslu og framförum, sem það hefir látið landi og þjóð í té, en ekki eftir því, þó nokkur slys svifti menn lífi. Canada er framtíðarland, því neitar enginn, og hefir meiri framfarir að stæra sig af á fáum árum, en nokkurt annað land í veröldinni, — og sinn skerf lagði árið 1910.

Ísl. uppfyndingamaður.

Landi vor, herra John G. B Johnson, í Tacoma borg, Wash., í Bandaríkjunum, hefir þann 9 ágúst sl. fengið einkaleyfi í Bandaríkjunum fyrir uppfyndingu nokkurri, sem hann hefir gert, og sem menn hyggja að taki fram öllum samkynja uppfyndingum, sem áður hafa gerðar verið.

Það, sem landinn hefir fundið upp, er eldgrind í þreskivélar. Og nefnir hann það "vatnspípugrind og súg-verndara" (Water Tube Grate and Draft Protector). Grind þessa má nota í hverja kyrstöðugufuvél, og að því er séð verður í allar gufuvélar. Aðalatriðið í þessari nýju eldgrind, eru samhliða liggjandi pípur, sem fyltar eru vatni, og svo skift um vatnið í þeim að þær endist sem lengst, og verði fyrir sem minstum áhrifum af völdum eldsins.

Í einkaleyfisskjali uppfyndingamannsins er nákvæm og löng lýsing á grind bessari, sem vér nennum ekki að snara á íslenzku. En uppfyndingamaðurinn heldur því fram, að grind sín sé mesta framfarasporið, sem stigið hefir verið, til umbóta í gufukatlagerð, frá því er þeir voru fyrst fundnir upp, með því að hún bæð spari eldsneyti og lengi endingartímabil vélanna. Því er ennfremur haldið fram, að verð þessarar grindar sé ekki hærra en svo, að hún geti vel kept á markaðinum við núverandi katla-eldgrindur, þó þær síðarnefndu fáist fyrir lægra gjald. Og sjálfur heldur uppfyndingamaðurinn því fram, að þessar grindur sínar muni fá meiri útbreiðslu en nokkrar aðrar katlagrindur, sem nú eru til.

Jón Guðmundur Björgvin Johnson er fæddur 22. júní 1881 í Hrísdal í Miklaholtshreppi í Snæfellsnessýslu, sonur Magnúsar Jónssonar hreppstjóra í Syðra-Skógarnesi, Jónssonar, sama staðar. Má rekja þá ætt langt fram, og lifðu þeir langfeðgar hver fram af öðrum í Syðra-Skógarnesi. Kona Jóns Magnússonar, en móðir Magnúsar Jónssonar, var Kristín, eldri dóttir Þorleifs læknis í Bjarnarhöfn. Kona Magnúsar Jónssonar, en móðir J.G.B.J., var Marja Jónsdóttir, Benediktssonar aðFjósum í Laxárdal í Dalasýslu. Kona Jóns Benediktssonar og móðir Marju, var Björg Jónsdóttir, Þorsteinssonar á Hrappstöðum. Hann var bróðir Þorsteins Þorsteinssonar skálds á Saurum, sem orti hina alkunnu gátu "Fór ég eitt sinn á fiskum víða".

Fyrstu 7 ár æfinnar var J.G.B.J. ýmist hjá foreldrum sínum eða fóðurömmu sinni, sem unni honum mikið. Árið 1888 fluttist hann vestur um ver með móður sinni, en faðir hans hafði fariðári áður, og gat á svo stuttum tíma unnið sér inn svo mikla peninga, að hann gat sent hálft þriðja fargjald heim, — og sýnir það, hvað sparsamur og duglegur maður getur gert í þessu landi.

Foreldrar J.G.B.J. settust að í grend við Hallson, N.D., en flutt-ust þaðan til Roseau Co. í Minnesota árið 1895, og þaðan aftur til Pine Valley, Man., árið 1900. — J.G.B.J. hefir einatt búið með foreldrum sínum og verið, þeim stoð og stytta. Síðasta vor flutti hann sig vestur að hafi, og dvelur nú í Tacoma borg, eins og áður er sagt. Ekki hefir J.G.B.J. gengið skólaveginn, en þó getað aflað sér ýmislegs fróleiks og þekkingar í náttúrufræði og fleiru.

Mesta stund hefir hann lagt á efnafræði, eðlisfræði og vélfræði.

J.G.B.J. er maður í hærra meðallagi og svarar sér vel að gildleika, dökkur á brún og brá og móeygður og snyrtimannlegur. Hann er glaðlyndur og spaugsamur, og kemur vel orðum að hugsun sinni.

Ekki var J.G.B.J. gamall, er hann fór að hugsa um uppfyndingar. Alt frá barnæsku hneigðist hugur hans að því, að hugsa upp nýjar vélar til hins og þessa.

Auk uppfyndingar þeirrar, sem hér er getið, fann hann og fyrir nokkrum árum upp hrevfisáld fyrir þreskivélar. Ekki gat hann þá fengið einkaleyfi fyrir þeirri uppfyndingu, þó hún sé mikil endurbót á því sem nú er notað. En nú mun hann geta fengið einkaleyfi fyrir sáldum þessum, en óvíst að hann taki það.

Það er einatt gleðiefni, þegar Íslendingar í landi þessu vinna sér og þjóðflokki vorum sóma með starfsemi sinni á einhvern hátt. — Heimskringla árnar þessum efnilega hugvitsmanni allra heilla.

— Anton Koenig, elzti maður í Norður Dakota, andaðist að Fargo 4. janúar. Hann var fæddur 18. júní 1803, og varð því 107 ára, þá er hann dó.

Íslenskan við Wesley College.

Síðastliðið haust sendi ég, í Lögbergi, áskorun til landa minna, að færa sér í nyt kenslu þá, sem veitt er í íslenzku við Wesley College. Sanngjarnt er, að almenningur fái að vita, hvernig því hefir verið tekið. Um áhrif bréfs þess, er ég ritaði, get ég ekki, með neinni vissu, sagt. En það get ég sagt, að þeim hefir fjölgað, sem hagnýta sér þetta tækifæri til að kynnast betur máli og bókmentum þjóðar vorrar. Þeir, sem nú stunda nám í íslenzku við Wesley College, eru:

Í öðrum bekk College-deildar—

Sveinn Björnsson
Jóhannes Eiríksson
Jón Árnason.

Í fyrsta bekk þeirrar deildar —

Magnús Kelly
Jón Thórarinsson
Jónas Nordal
Jón Einarsson
Thomas Johnson
Steinn Thompson
Aldís Magnússon

Í hærri bekk undirbúningsdeildar

Valdemar Alfred Vigfússon
Jón V. Paulson
Jódís Sigurðsson.

Í lægri bekk þeirrar deildar —

Jóhanna Kristínn Johnson
Josephine Vopni
Skúli Lindal
Thórhallur J. Bardal
B. Baldwin
S. Davidson
Stefán E. Johnson
Emma Sigurðsson.

(Jódís Sigurðsson nýtur einnig kenslu í þessum bekk).

Þess skal hér getið, að kenslan í íslenzku við Wesley College stendur öllum til boða, fyrir mjög sanngjarnt gjald, þó þeir ekki njóti þar kenslu í öðrum námsgreinum. Ef einhverjir vildu nota þetta tækifæri, ættu þeir, hið bráðasta, að láta mig vita.

Winnipeg, 7. jan., 1911.

Rúnólfur Marteinsson,
kennari í íslenzku við Wesley College.

Minnisvarðinn.

Hvöt til Vestur-Íslendinga.

Heyr kallið þungt, en þó svo blítt
frá þjóðar hjartarót,
er fyllir lotning frálst og þýtt,
hvern frónskan hal og snót,
að reisa bróður bautastein
þeim bezt er unni lýð,
og græddi þúsund móður mein
á meðan entist tíð.

Heyr Ísland kallar, komið börn
í kærri þökk og ást
til sæmdar þeim í sannleiks vörn
og sókn, er áldrei brást,
er setti mark á móðurskjöld
sem máir engin tíð,
og ljómar fagurt öld af öld
til auðnu frónskum lýð.

Nú endurhljóma orðin sterk
af okkar kæru grund,
því sagan geymdir göfugt verk
frá gifturíkri stund,
þá sigurhetjan bærði brand
sem brann af helgri glóð
með ægishjálm er lýsti land
og lyfti vorri þjóð.

Mín kæra þjóð, nú les og lær
þíns liðna bróður orð,
þar hljómar rödd svo hlý og skær
og helg frá móðurstorð,
er kveikti lýði ljós og von
með lífsins sigurkrans,
því Jón hinn mikli Sigurðsson
var "sverð og skjöldur" lands.

Fram! fram! með huga, hönd og sál
að heiðra minnings Jóns,
er lagði þekking, þrótt og mál
í þarfir móður-fróns,
á meðan Íslands æðar slá
og ítar heyja þing
vor saga geymir göfg og há
hinn glæsta þjóðmæring.

M. Markússon

Fréttabréf.

Heiðraði ritstjóri. —

Viltu gera svo vel, að taka eftirfarandi línur í þitt heiðraða blað. —

Það má ekki oft heita, að sjáist fréttagrein héðan frá Swan River í íslenzku blöðunum. Þeir eru þó vel lífandi, landarnir hér, og enn að andæfa fyrir lífstilverunni, alveg eins og samlandar þeirra í öðrum bygðarlögum.

Ég, sem skrifa línur þessar, var með öðrum hópi landa þá þeir fluttu hér inn, og dvaldi hér þá tæp 4 ár. Svo hefi ég búið í öðru bygðarlagi í full 7 ár, en kom til baka á landeign mína næstliðið vor; — og fáir sjá því greinilegar framfarirnar, er átt hafa sér stað, en ég. Það er enginn efi á því, að margt af fólki, er flutti hér inn, var bæði kjarkmikið og duglegt fólk, er lét sér ekki öll smá-óþægindi fyrir brjósti brenna, enda var við marga stranga örðugleika að glíma, — svo sem vegleysur, ár straumharðar, og grýtt votlendi, og framúrskarandi votviðri; þar af leiðandi fóðurskortur. Hestar fóllu unnvörpum; sára lágt verð á öllu, er nýbygginn hafði til að selja. Þá sumarnáttúrfrostið, er greip sáðtegundir heljartaki, þegar bezt leit út. Mjólkurkýr því nær ónýtar fyrir flugnavargi að sumrinu, en vondu fóðri að vetrinum.

Alt þetta, ásamt fleiru, gerði hálf-óskyggilegar framtíðarhorfur. Þeir, er hlutu hrein akuryrkjulönd, fóru að "brjóta" upp á líf og dauða. En hinir, er "scrub" löndin hlutu, fóru að stunda nautgriparækt, og drógust þeir aftur úr flestum hinna efnalega. Sumir fóru þá að selja lönd sín fyrir svo sem ekkert verð, og komu sér héðan í burtu, en nokkrir drógu lítið eitt út á þau og töpuðu þeim svo, en nokkrir andæfðu hægt og hægt í áttina að verða sjálfstæðir menn. Þeir hafa haft það bezt; þeir eru nú sigurvegarar.

Útlitið er alt á annan veg nú. Vegir víða góðir, ár og lækir brúaðir, lönd komin í akur horna á milli á stórum spildum, og þau lönd komin í afarhátt verð. Feit og sælleg hesta "team" má sjá víða, snotur timburhús í stað svipdaufu og litlu bjálkakofanna. Tíðarfarið að batna, frostin að minka að sumrinu; fóður að fást, bæði mikið og gott. Skepnur gagnlegri, hesta-faraldur enginn. Afurðir bænda í all-góðu verði nú; — rjómabú í Swan River, er kaupir allan rjóma, er þangað er fluttur, svo hver meðal mjólkurkýr gefur af sér í rjóma yfir sumarið $18.00 til $20.00. Kýr eru nú í háu verði, $35—$45, er voru áður seldar á $20 og hæst $30. Þrjár þreskivélar voru til í þeim parti dalsins, er ég þekti til, en nú í haust, einn morgun í október, taldi ég 11 við það starf á hér um bil tíu fermílna svæði. Þrír gufuplógar unnu hér í haust við að "brjóta" jörðina í akur. Einn þeirra vann í plássi norðan við Woody River, er álitið var óbyggilegur stórskógur, þegar ég var hér fyrr. Sá gufuplógur var um tíma látinn vinna bæði dag og nótt. Brúnn dróg 10 plóga, þó að hann hefði bæði brjóstþyngsli og mæði.

Nú er póstur fluttur heim að húsum á stóru svæði. Einnig hefir hópur bænda gengið í félag með að komast í talþráðarsamband á næsta sumri. Félagið leggur þræðina á sinn kostnað, en hver bóndi á að greiða félaginu $20 árlega.

Sögunarmyllur starfa hér árlega mest allan veturinn, svo bændur eiga kost á að fella tré fyrir lágt gjald og fá þau söguð í allar tegundir viðar, er þeir helzt vilja, fyrir $4 þúsund fetin.

Barnaskólar eru víða settir á fót. Samt eru þeir enn ofstrjálir á þörtum og vanta algerlega sumstaðar.

Uppskera var hér næstliðið haust bæði mikil og góð. Þreking stóð yfir rúma 2 mánuði; óvenjumikið þreskt úr stökkum. Því tilfinnanlegt var mannaleysi hjá mörgum bóndanum, og þarafleiðandi var með minsta móti "baksett" þetta haust.

Efnahagur almennings er árlega batnandi, og fjöldinn allur nú við góð efni. Heilsufar gott og velliðan yfirleitt.

Álit almennings á plássinu er á alt annan veg nú. Mena telja svert þessa áreiðanlega í jafngildi beztu hveitiræktunar héraða í Manitoba, þegar búið er að rækta löndin.

Þá er vínsölubann hér í Swan River fullstrangt. Til dæmis um það má geta þess, að enskur maður fór til Winnipeg í haust. Þegar hann kom aftur, hafði hann tvær flöskur í handtösku sinni, en einhver þefvís náungi sat stolist að töskunni og fann flöskurnar, gerir þær upptækar, og svo er skotið á rannsóknarrétti samstundis, maðurinn spurður, hvað hann hafi ætlað sér með þessar flöskur. Hann segist hafa ætlað þær fyrir heimilið. Lækni er þá skipað, að athuga heilbrigði fjölskyldunnar. Hann hleypur með hlustpípur í báðum eyrum, ber utan alla fjölskylduna, þar sem holt er undir, hátt sem lágt, með dæmafárri lipurð og háskólaæfingu, líkast og þegar bezt er spilað á pianó. Að því búnu gefur hann út þann úrskurð, að alt sé hraust og öll áfengisblanda óþörf. Dómarinn ræskir sig, les síðan upp sektardóminn, sem var $200, eða þriggja mánaða betrunarhús. Þegar sá þefvísi heyrir það, kemur hljóð úr horni: "Og heldur dollarana!". Hann vissi sig eiga helminginn af sektarfénu. — Slíkur og þvílíkur strangleiki kastar æfinlega dimmum skugga á réttþverfu hlið málefnanna, hversu göfugum rótum, sem hann kann að vera runninn frá, ef að vantar þá sönnu og réttu mannúð og kærleikans ljós, er hvert velferðarmál þarf og á að vera upplýst af.

Félagslíf hér meðal landa er bæði lítið og dauft. Bóklestrarfélag hefir verið stofnað, en sökum þess, hve landar eru fámennir og dreifðir, nær það seinum þroska.

Söfnuður er hér meðal landa, og fá þeir prest hingað út að sumrinu, er flytur vanalega 3—4 messur. Ég hygg, að allur fjöldinn aðhyllist frekar nýju guðfræðina, því þeir segja þetta, að engin hætta sé á því, að nokkrum jarðneskum manni verði það á, að gera sér of göfugar og góðar hugmyndir um guðdóminn. Hættan liggi aðallega í því gagnstæða. Er því ákjósanlega æskilegt, að prestur sá, er kemur hingað, sé ekki ákaflega gamaldags í ræðum sínum, svo að hann ávinni sér sem hjartanlegasta áheyru almennings.

Einn félagsskapur meðal landa hér er í bezta lagi. Það er gamla og góða íslenzka gestrisnin, jafnt við alla, unga sem gamla, og fljót og greið hjálpsemi, þegar einhverjum liggur á, án tillits um lof eða endurgjald. Það er sannarleg þjóðflokksprýði og mannkostur, gulli verðmeiri, þegar hann er vel ræktaður af öllum, því eiga má víst, að fleira grær þá göfugt þar út frá með tímanum.

Swan River, des. 20, 1910.

Sumarliði Kristjánsson

Alex. Eldjárn Jónsson og Sveinn Sveinson

Enn þá einu sinni langar þá til að sýna ritsnild sína Eldjárn Jónsson og S. Sveinson. Heimskringla dags. 22. des. sl. flytur sýnishorn af hæfileikum beirra. Þeir virðast vera töluvert strembnir í anda, eins og þeir fyndu mikið til frama síns og frægðar.

E. J. byrjar með því, að lýsa yfir, að honum standi alveg á sama um atkvæði mitt. Það er nokkuð kynleg yfirlýsing, eftir alt strit þeirra félaga. Hann segist ekkert hafa sagt inni á kjörstað. — Því hefir enginn, mér vitanlega, dróttað að honum. — En því sagði hann ekkert þar? Mun honum hafa í hug komið, að álit hans á málinu yðri lítils metið? Eða var það af því, að inni á kjörstað var mönnum að mæta, en ekki einni konu? — Svo finst E.J., að ég sá að skifta mér af privat sökum hans. En það var ekki meining mín, því ég hefi ekki hugmynd um, að þar sé svo fagurt, að mig langi þar um að skygnast. En ég sagði, að þeir væru ekki vel pennafærir, til þess að sýna, hvað löngunin var stérk til að skifta sér af því, sem þeim kom ekkert við, heldur en að gefast upp, eða láta málið hlutlaust, fá þeir þriðja manninn sér til aðstoðar,— af því hvorugur félagslimurinn var nógu pennafær. — Auðsjáanlega hefir E.J. sárnað, að ég sagði, að þekking "Kjósanda" á kosningarlögum Manitoba fylkis stæðist samanburð við lögkænsku þeirra E.J. og S.S. En þó ég hefði kveðið frekar að, mundi enginn hafa, nema máske þeir félagar, álitið það ósannindi.

Og þá kemur nú þetta makalausa bréf sveitarskrifarans, sem frekar má heita axarskafta yfirlýsing en nokkuð annað, og er ágætt sýnishorn af því, hvernig þessi maður stendur í stöðu sinni. Þeir félagar kalla það "vottorð", og eru mjög hreyknir. En hvaðvottar svo þetta bréf? Það vottar, að eg eigi fasteign, og að nafn mitt hafi verið á listanum. En að ákveða, að ég hafi ekki átt atkv. þó tölurnar væru skakt settar niður, stendur ekki í valdi sveitarskrifara, enda lítur út fyrir, að hann sé hæfari axarskaftasmiður en lagasmiður. Nú ætla ég að reyna að ímynda mér, að þeir félagar, E.J. og S.S., hafi hérumbil fjórða part af því, sem kallað er meðal skynsemi, — þá hefðu þeir átt að sjá, að yfirlýsing sveitarskrifara getur ekki aukið álit þeirra hjá almenningi. Þeir standa ekkert nær því að sanna sögur sínar, þó þeir reyni að nota svona tilbúin meðul.

Nú langar mig til að sýna, af hvað mikum hreinleik þeir gerast þessir vandlætarar. Við þessa sömu kosning, sem hleypti ólgunni í þá félaga, greiddi Mr. Smeaton atkvæði, eftir að hafa svarið sér atkvæðisrétt. (Þó E.J. muni ekki eftir, að neinn hafi verið látinn sverja nema ég). En þessi Mr. Smeaton átti enga fasteign í kjördæminu, — og við heim eiði hrevf ekki þeir hreinlátu. Mun það hafa varpað sakleysisbjarma á athæfið, að hann greiddi atkvæði með vinsölu?

Annað dæmi set ég hér líka, sem lýsir réttlætistilfinning þessara lagaverði. Sveitarskrifara hafði orðið á að setja skakkar tölur við fasteign J. Thordarson, Glenboro. Á kjörskrá er hann skrifaður (1909) í spildu 13 lóð 13, en átti að vera spilda 13 lóð 7 og 8. Þarna kemur alveg sama villa hjá sveitarskrifara eins og honum varð á að gera við mína fasteign, nefnilega, — skakkar tölur við báðar fasteignirnar; en engum datt í hug, að reyna að svifta J. Thordarson atkvæðisrétti.

Ekki er það nýtt, þótt Sveinn Sveinsson geri sig að slettireku og beri litinn heiður úr býtum, — enda man ég ekki, að ég hafi heyrt hann orðlagðan fyrir neitt nema málæði, slettirekuskap og hávaxna fjóshauga. Og má hann nú hóta hverju sem hann vill, og taka hvaða stefnu í þessu máli sem hann vill.

Svo til skýringar fyrir það fólk, sem les þessar greinar, en þekkir ekki þá félaga, skal ég geta þess, að áður en ég svaraði ósannindum þeirra félaga nokkru orði, fór ég til lögmanns og bað um upplýsingar viðvíkjandi þessu þrasi, og sagði hann mér, að atkvæði mitt hefði verið eins löglegt eins og nokkurs annars kjósanda, og eftir að hann las bréf sveitarskrifara, sagði hann það sama. Vera má, að þeir félagar áliti sig vita meira en lögmaðurinn, en það munu ekki aðrir gera, og þá er ekki ánægja þeirra félaga of mikil. — E.J. þykir, að grein mín til þeirra félaga hafi verið léleg. Mikið ákaflega hlýtur mig að taka það sárt, því ég er svo hrædd um, að ritdómara hæfileikar hans séu á sama stigi og hæfileikar hans til ritstarfa og fleira.

Glenboro, 28. des. 8910.

N. Sigurdson.

* * *

ATHS. — Hér með er umræðum um þetta atkvæðamál lokið í þessu blaði. Það er búið að rita alt of mikið um það. Hefði aldrei átt neitt að vera. Ritstj.

Hvað er að?

Þarftu að hafa eitthvað til að lesa? Hver sá er vill fá sér eitthvað nýtt að lesa í hverri viku, ætti að gerast kaupandi að Heimskringlu.

Hún færir lesendum sínum ýmiskonar nýjan fróðleik 52 sinnum á ári fyrir aðeins $2.00. Viltu ekki vera með?

Manitoba Elevator Commission

D. W. McCuaig, Commissioner — W. C. Graham, Commissioner — F. B. MacLennan, Commissioner

Aðal skrifstofa: 227 Garry St., WINNIPEG

P. O. Box 2971

Commissioners tilkynna hérmeð Manitoba bændum að þeir hafa fengið fraintíðar skrifstofu til starfsnota og að öll bréf skyldu sendast Commissioners á ofan nefnda áritun. Beiðniform og allar upplýsingar sem bændur þarfnast til þess fá kornhlöður í nágrenni sín., verða sendar hverjum sem óskar.

Commissioners óska eftir samvinnu Manitoba bænda í því að koma á fót þjóðeignar kornhlöðum í fylkinu.

The Northern Wine Co. Ltd.

Selur sérhverja góða tegund af Whisky, vínum og bjór o.fl. o.fl. Við gefum sérstaklega gaum familtu pöntunum og afgreiðum þær bæði fljótt og vel til hvaða hluta borgarinnar sem er— Gefið okkur tækifæri að sýna ykkurað svo sé.

VIÐ óskum jafn framt eftir sveita pöntunum—Afgreiðsla hin bezta.

Talsímar Main 1673-6744

215 MARKET ST.

Bókalisti.

N. OTTENSON'S,- River Park, W'p'g.

Ljóðmæli Páls Jónssonar í bandi	(3)	85
Sama bók (að sins 2 eint.	(3)	60
Jökulrósir		15
Dalarósir	(3)	20
Hamlet	(3)	45
Tíðindi Prestafélagsins í hinu forna Hólastiftí	(3)	15
Áttungarinn	(2)	45
Grant skipstjóri	(3)	40
Börn öveðursins	(3)	85
Umhverfis jörðina á áttatíu dögum	(3)	60
Blindi maðurinn	(3)	15
Fjörhlaðnir smárinn	(3)	10
Kapitola (t.II. Bindum)	(3)	1.25
Eggert Ólafsson (B. J.)		15
Jón Ólafssonar Ljóðmæli í skrautbandi	(3)	60
Kristinfræði	(2)	45
Kvæði Hannesar Blöndal	(2)	15
Mannkynssaga (P. M.) Þbandi	(5)	85
Mentur í heimi, í b.		15
Prestkosningin, Leikrit, eftir D.E., í b.	(3)	30
Ljóðabók M. Markússonar		50
Ritreglur (V. Á), í b.		20
Sundreglur, í b.		15
Terði ljóð		15
Vestan hafs og austan, Þrjár sögur eftir E. H., í b.		90
Víkingarnir á Hálogandi eftir H. Ibsen		25
Þorláksþhelgi		15
Ofurefli, skáldr. (E. H.) í b.		1.50
Ölöf í Ási	(2)	45
Smælingjar, 5 sögur (E. H.), í b.		85
Skemtisögur eftir S. J. Jóhannesson 1907		25
Kvæði eftir sama frá 1905		25
Ljóðmæli eftir sama. (Með mynd höfundarins) frá 1897		25
Safn til sögu og ísl. bókmenta í b., III. bindi og það sem út er komið af IV fjórða	(53c)	9.4
Íslendingasaga eftir B. Melsted I. bindi bandi, og það sem út er komið af 2, b. (25c)		2.85
Lýsing Íslands eftir P. Thoroddsen í b.(16c)		1.90
Fernir fornísienskir rímnaflokkar, er Finnur Jónsson safnað hefir, í bandi (8c)		85
Alþingisstaðir hins forna eftir Sig. Guðmundsson, í b. (4c)		90
Um kristnitökuna árið 1000, eftir B. M. Olsen (9c)		90
Sýslumannaæfir eftir Boga Benediktsson I. og II. b innbundið (55)		8.10
Íslenzkt forbréfasafn,7. bindi innbundið, 3 h. af 8 b. (1.70)		27.80
Biskupasögur, II. b. innbundið (42c)		5.15
Landfræðissaga Íslands eftir P. Th., 4. b. innbundið (55c).		7.75
Rithöfunda tal á Íslandi 1400—1882, eftir J. B., í bandi (7c)		1.00
Upphaf alþherjarríkis á Íslandi eftir K. Maurer, í b. (7c)		1.15
Auðfræði, e. A. Ól., í bandi (6c)		1.10
Presta og prófastatal á Íslandi 1869, í b.(9c		1.25
B. Thorarinsson ljóðmæli, með mynd, í b.		1.50
Bókmentasaga Íslendinga eftir F.J.,1 b.(12c)		1.80
Norðurlandasaga eftir P. Melsted, í b.(8c)		1.50
Nýþýdda biblían	(35c)	2.65
Sama, í ódýru bandi	(33c)	1.60
Nýjatestamentið, í vönduðu bandi	(10c)	65
Sama, í ódýru bandi	(8c)	30

Nýkomnar bækur,

Kóralbók P. Guðjónssonar		90
Sama bók í bandi		1.10
Svartfjallasynir	(3)	60
Aldamót (Matt. Joch.)		20
Harpa	(4)	60
Ferðaminningar, í bandi	(3)	90
Bóndinn	"	35
Minningarit (Matt. Joch.)	"	35
Týndi faðirinn	"	35
Nasreddin, í bandi		35
Ljóðmæli J. Þórðarsonar	(3)	45
Ljóðmæli Gestur Pálsson	"	75
Hálfdánar rímur		30
Maximi Petrow	(3)	45
Leyni-sambandið	(2)	40
Hinn áttalegi leyndardómr	(2)	50
Sverð og bagall	(2)	30
Waldimer Nihilisti		75
Ljóðmæli M. Joch I.-V. bd., í skrautb.	(15)	4.00
Afmælisdagar Guðm. Finnbogasonar		1.00
Bréf Tómasar Sæmundsson	(4)	75
Sama bók í skrautbandi	(4)	1.15
Íslenzk-ensk orðabók, G. T. Zoega	(10)	1.80
Fornaldarsögur Norðurlanda, í 3 bindum, í vönduðu giltu bandi	(15)	4.50
Gegnum brim og boða		90
Ríkisréttindi Íslands		50
Systurnar frá Grænadal		35
Gláintýri handa börnum		30
Vísnakver Páls lögmanns Vídalíns		1.25
Ljóðmæli Sig. Júl. Jóhannessonar		1.00
Sögur frá Alhambra		30
Minningarrit Templara í vönduðu bandi		1.65
Sama bók, í bandi		1.50
Pétur blásturbelgur		10
Þeskur söguleikfélagsins Reykavík; Morðbréfabæklingur		1.35
Byskupasögur, 1—6,		1.95
Aldarfarsbók Páls lögmanns Vídalín		45
Tyrkjaránið,I—IV,		2.90
Guðfræðingatal frá 1707—'07		1.10
Jón Arason		80
Skipið sekkur		60
Jón. M. Bjarnason, Ljóðmæli		55
Maður og kona		1.25
Fjarða mál		25
Beina mál		10
Oddur Lögmaður		95
Grettis Ljóð.		65
Andrarímur		50
Heimarsrímur		35
Dular, smásögur		50
Hinrik Heilráði, Saga		20
Þjóðvinafél, Almanak 1911		20
Andvari 1911		75
Ævisaga Benjamin Franklins		45

Sögusafn þjóðvinjans 1—II árg. 35c; III árg. 20c IV árg. 30c; V. árg. 40; VI. 45; VII. 45; VIII. árg. 55; IX árg. 55; X. árg. 55; XI. árg. 55; XII. árg. 45; XIII árg. 45; XIV. árg. 55; XV. árg. 30; XVI. árg. 25; XVII. árg. 45; XVIII árg. 55; XIX. árg. 25.

Alt sögusafn þjóðvinjan selt á $1.00

Bækur söguleikanna fá ókeypis ur fyrir tœrri hálfvirði,—3.80.

Umboðsmenn mínir í Selkirk eru Dalman bræður.

Þess skal getið viðvíkjandi bandinu á Fornaldarsögunum Norðurlanda, að það er mjög vandað, handbundið skrautband, vel frá gengið eins er með Bréf Tómasar Sæmundssonar.

Tölurnar í svigum tákna burðargjald,er sendist með pöntunum.

grunur hans hafði sagt honum frá, æsku hugsjón sína, og þrýst henni að hjarta sínu, hrifinn af ást. Og nú, — hvernig var nú ástatt?

Von, orðin að engu, — fagur vordraumur hrakinn burt af valdi forlaganna.

Sagan um Angelu, sem Eberharð sagði honum, hafði svift hann trúni á forsjónina.

Um guð gat hann ekki efast, enda þótt hann freistaðist til þess í byrjun örvæntingar sinnar, en hann var honum ekki sami guð nú, sem áður. Hann var ekki lengur sá guð, sem móðir hans hafði innrætt honum að hann væri; — nú var hann að eins dómari, harður, ósveigjanlegur stjórnari, sem í reiði sinni hafði snúið sér frá heiminum og látið ilskuna sjálfráða um gerðir sínar.

Fáir höfðu liðið eins mikið og Móritz. Vonir fárra manna höfðu fengið eins hraparlegan enda og hans. Hvenær sem einhver ánægjurósin opnaði blómabikar sinn á lífsleið hans, deyddi stormurinn hana.

Hann hafði elskað móður sína með sannri sonarást — og hún dó í faðmi hans. Hann hafði elskað Helenu, sem góður bróðir, og hann hafði séð sakleysi hennar verða að herfangi holdsfýsnanna. Hann hafði elskað Ísabellu eins heitt og nokkrum manni er unt að elska, — og þetta blóm, fegurst allra blóma, visnaði við þríóst svikarans þrælslega.

Hann hafði orðið fyrir vonbrigðum sem sonur, bróðir og elskhugi.

Hann gat ekki þjáðst meira, ekki særst dýpri sárum.

"Hvað er lífið?" sagði hann við sjálfan sig, þar sem hann stóð og starði þunglyndislega á dysina í tunglsljósinu. "Það er leikur hinna blindu afla forlaganna, sem guð hefir í reiði sinni leyft að leika sér

að mannkyninu, — gáta, sem að eins dauðinn getur ráðið.

"Og hvað er von, trú, ást og gæfa? Að eins glapsýn og hillingar.

"Hugsjónin verður að engu, það er hryggileg en sönn kenning. Hvert sem við lítum, sjáum við það vonda mikilsvirt, dygðina svívirta, varmenskuna blómvast og göfgina vísna.

"Ég hefi barist gegn mörgum mótþróa og reynt að vera staðfastur samkvæmt kenningu móður minnar, sem hefir lýst lífsbraut mína; — en, nú get ég það ekki lengur".

"Þú sagðir: Hataðu ekki — en elskaðu, — það er ráðningin á gátu lífsins. Uppspretta hinnar gleði, sem veitir sorgþreyttum svölun. Elskaðu þess vegna, sonur minn".

"Jæja, móðir mín. Ég hefi elskað og orðið fyrir svikum. — Nú hata ég, af því ég get ekki annað"

"Nei, ég get ekki annað", sagði ungmennið örvæntandi, og horfði upp í himininn. "Sé þetta rangt — bið ég þig, stjórnari heimsins, að fyrirgefa mér".

"Ég vil ekki hefna mín, því það er til dómari; en hatrið, sem ríkir í sálu minni, ræð ég ekki við".

"Dóttir Jakobs Kron, frilla Georg Ehrenstam, Ísabella, tæld og svikin af Eberharð Stjernekrans, — og þó segja menn að guð elski mannkynið og varðveiti sakleysið".

"Og Angela, systir mín, ha, ha, ha. Ég hefði líka átt systur. En herðar hennar voru merktar með rós, umkringdri af höggormi, líkingarmynd ástar og hefnigirndar franska mannsins".

"Rós, umkringd af höggormi, er það ekki ímynd lífsins? Utan um hinar ágætustu rósir vefja sig höggormar hatursins, og döggin, sem fellur á blöð þeirra, er eitruð".

"Þu þey. — Þar kemur [illegible]".

Móritz dró sig í skugga trésins, sem hann stóð hjá.

Einmana kvenmaður nálgaðist plássið, þar sem Móritz var. Tunglsljósið skein á hina fölu andlitsdrætti Ísabellu Ehrenstam, sem gekk að dysinni og settist þar á stein.

Hárið var laust og flögraði í vindinum. Augun báru vott um örvæntingu, sem skorti lítið á brjálsemi, og störðu ósjálfrátt út í geiminn.

Loks hóf hún upp hendur sínar og knéféll á jörðina.

"Himneski faðir", sagði hún. "Þú hefir hegnt mér harðlega, en ég dirfist þó að leita miskunnar þinnar, og ég vona, að þú hrekir ekki anda minn á brott, þegar hann kemur til þinna himnesku bústaða, og það þó hann komi áður en þú kallar hann".

"Hér á þessum stað, þar sem mig dreymdi ástarinnar endasleppa draum, flyt ég þér bænir mínar, góði drottinn minn. Þann stutta tíma, sem ég á eftir að dvelja hér á jörðunni, ætla ég á hverju kvöldi á þessum stað, að biðja þig að fyrirgefa mér það, að ég hefi ekki þrek til að lifa lengur".

Móritz heyrði ekki meira, því varir Ísabellu lokuðust og rödd hennar þagnaði, en samt lá hún enn þá lengi á hnjánum og bað.

Loksins stóð hún upp og gekk í hægðum sínum heim á leið.

"Hún ætlar að deyða sig", sagði Móritz við sjálfan sig. "mig grunaði það. Hún tekur gröfina fram yfir faðm Eberharðs, — það er eðlilegt".

"Það verður fram að fara, — hún á ekki annars úrkosti.

Nú sást til manns á brautinni. — það var Jakob Kron.

Hann gekk líka að dysinni og settist þar hugsandi.

Móritz ætlaði að ganga til hans og ávarpa hann, þegar hann sá þriðju persónuna koma úr gagnstæðri átt.

Sá, sem nú kom, var Hólm. Hann hafði verið í samkvæmi þar skamt frá og var á heimleið. Hann hafði allstaðar orðið fyrir óvilja, beiskju, háði og fyrirlitningu, því allir hötuðu hann fyrir hið 'heimskulega áform með bændaskólann".

Þetta hafði gert honum þungt í skapi, svo hann gekk niðurlútur og horfði til jarðar.

Þegar hann var kominn á móts við betlarann, leit hann upp og sá hann.

Jakob varð þess ekki var og leit ekki upp.

Hólm horfði stundarkorn á hann, gekk svo til hans og lagði hendina á öxl honum.

Jakob leit upp.

"Hver ert þú?" spurði Hólm, "hugsarðu þér að dvelja hér í nótt, á þessum skuggalega stað?"

"Hver ég er?" svaraði betlarinn. "Þér má standa á sama. Það er nóg, að ég er ógæfusamur".

"Hvers vegna?"

Rödd hans var svo blíð og ástrík, að Jakob gat ekki annað en viknað.

"Hvers vegna?" endurtók hann. "Af því að forlögin ofsækja mig, af því að mennirnir hata mig".

"Fyrir hvað hata mennirnar þig?"

"Fyrir afbrot mín", svaraði betlarinn.

"Einkennilegt", sagði Hólm við sjálfan sig, "og mig hata þeir fyrir dygðir mínar".

Betlarinn hló tryllingslega.

"Þá er hatrið, sem á þér hvílir, þyngra en mitt", sagði hann. "Mennirnir hata að sönnu glæpina, en þeir hata hina göfgu dygð með enn meiri beiskju".

"Hvað elska þeir þá?" spurði Hólm.

"Sjálfa sig".

"Og hvað umbera þeir?"

ROBLIN HOTEL

115 Adelaide St. Winnipeg

Bezta $1.50 á-dag hús í Vestur-Canada. Keyrsla ókeypis milli vagnstöðva og hússins á nóttu og dagi. Áðhlynnirig hins bezta. Viðskiftl Íslendinga óskast. OLAFUR G. ÓLAFSSON, Íslendingur, afgreiðir yður. Heimsækjið hann.—

O. ROY, eigandi.

The Farmer's Trading Co.

(BLACK & BOLE)

HAFA EINUNGIS BESTU VÖRUTEGUNDIR.

Einu umboðsmenn fyrir :—
"SLATER" Skóna góðu.
"FIT-RITE" Fatnaðinn.
"H. B. K." prjónafélagið.
"HELENA" piis og 'waist' kvenfatnaði.
Bestu matvörutegundir.
" DEERING " akuryrkju verkfæri o, s. frv.

Beztu vörur Lágt verð

Fljót og nákvæm afgreiðsla.

Farmer's Trading Co.,
THE QUALITY STORE
Wynyard, Sask.

JIMMY'S HOTEL

BEZTU VÍN OG VINDLAR.
VÍNVEITARI T.H.FRASER,
ÍSLENDINGUR. : : : : :

James Thorpe, Eigandi

MARKET HOTEL

146 PRINCESS ST. á móti markaðnum
P. O'CONNELL, eigandi, WINNIPEG
Beztu tegundir af vínföngum og vind um, aðhlynning góð, húsið endurbætt

Woodbine Hotel

466 MAIN ST.
Stærsta Billiard Hall í Norðvesturlandinu
Tíu Pool-borð.—Alskonar vín og vindlar.
Gisting og fæði: $1.00 á dag og þar yfir

Lennon & Hebb,
Eigendur

JOHN DUFF

PLUMBER, GAS AND STEAM FITTER

Alt verk vel vandað, og verðið rétt

664 Nena Dame Ave. Phone 3815
Winnipeg

A. S. TORBERT'S

RAKARASTOFA

Er í Jimmy's Hótel. Besta verk, ágæt verkfæri; Rakstur 15c en Hárskurður 25c. — Óskar viðskifta Íslendinga. —

A. S. BARDAL

Selur líkkistur og annast um útfarir. Allur útbúnaður sá bezti. Enfremur selur hann alskonar minnisvarða og legsteina.

121 Nena St. Phone 306

Íslands fréttir.

Í Akureyrarkaupstað hefir niðurjöfnunarnefndin lagt á rúma 820 gjaldendur fyrir komandi ár 17,755 krónur. Hæst aukaútsvar hefir Höepfners-verzlun, 1050 kr., og næst Kaupfélag Eyfirðinga með 700 kr.. — Á Seyðisfirði er jafnað niður 9,578 krónum, á 282 gjaldendur, og eru Hlutafélagið Framtíðin og vesrzlun St. Th. Jónssonar langhæst, með 1400 kr. hvort. þar næst er T. L. Imsland kaupmaður með 375 kr. — Á Akureyri eru útsvör mun lægri en síðastliðið ár, en hærri á Seyðisfirði, eftir því sem séð verður.

Berklaveiki fanst í nautgrip, sem slátrað var á Akureyri, og þóttu mikil tíðindi og ill. Dýralæknirinn norðanlands skrifar um þetta efni í blaðinu Norðurland, og tefur engum efa bundið, að berklar í mönnum geti smittað dýrin, og dýrin svo aftur smittað mennina. Brýnir hann alvarlega fyrir landi og þjóð, að koma á fót kjötskoðun, sem hann álítur beztu varnaraðferðina gegn þessum ófögnuði, sem ómögulegt sé að segja, hve miklu tjóni hefir ollað, því kjötskoðun hefir aldrei verið viðhöfð fyr en nú lítillega á Suðurlandi, og síðastliðið haust á Akureyri í fyrsta skifti. Berklar hafa því getað verið algengir í alidýrum, þó landsmenn hafi enga hugmynd haft þar um. — Ekki væri vanþörf á, að eftirlit væri haft með þessu eftirleiðis. En hvað geta tveir dýralæknar gert á öllu landinu?

Fiskafli nokkur á mótorbáta á Austurlandi, þegar gæftir gefast. Sömuleiðis dágóður reitingur af fiski og síld við Eyjafjörð.

Þann 4. des. sl. seldi Jón Ólafur Árnason höfuðból sitt Þorlákshöfn fyrir 32,000 kr. til Þorleifs Guðmundssonar kaupmanns frá Háeyri. — Margir vænta þess, að kaup þessi verði til þess, að gerðar verði allmiklar breytingar þar til bóta og framfara nærliggjandi héruðum, enda væri slíks óskandi, því þörfin er brýn, til dæmis fyrir höfn og fleira, sem tiltækilegt sýndist vera að framkvæma á þessari ágætis jarðeign, enda bera menn fult traust til hins nýja eiganda, að hann láti hendur standa fram úr ermum í þessu tilliti.

Brynjólfur fornfræðingur Jónsson frá Minna-Núpi slaðaðist nýlega hættulega. Hann datt og meiddist mjög á höfði, og var læknir sóttur um hæl og bjó hann um áverkann. Eftir síðustu fréttum er þó Brynjólfur á góðum batavegi og vonandi úr allri hættu. Slysið vildi til á Kaldaðarnesi.

Nýlega er látinn merkisbóndinn Þorkell Guðmundsson á Fjalli, háaldraður maður, faðir þeirra Fjallsbræðra, Jóhannesar hreppstjóra og Indriða skálds.

Mesta veðurblíða var á Suðurlandi um miðjan desembermánuð, svo klaki þiðnaði úr jörðu.

Verzlunarstjórask'fti urðu um áramótin við Höepfners verzlun á Akureyri. Lét Kristján Sigurðsson bæjarfulltrúi af þeim starfa, en við tók Hallgrímur Davíðsson, verzlunarstjóri við Gudmans Efterföl-gers sérverzlun, en við henni tók aftur Páll Jónsson bókhaldari hjá Höepfner. — Merkilegast við þessi verzlunarstjóraskifti er það, að allir verzlunarmennirnir, sem við Höepfners verzlun unnu, voru reknir, að einum undanskildum; hafði þó einn þessara manna unnið um 30 ár við verzlanina og hinir all-mörg ár.

Einnig hafa verzlunarstjóraskifti orðið við Thomsens Magazin í Reykjavík. Karl Nikulásson hættur, en við tekinn Árni Sighvatsson, sem áður hefir unnið við þá sömu verzlun.

Andatrúarmenn í Reykjavík eiga í vændum málshöfðun frá mjöli sínum, Indriða Indriðasyni, fyrir sámningsrof. Gerðarmenn þeir, sem höfðu þrætumálið til meðferðar — Guðmundur Jónasson kaupmaður frá Skarðsstöð frá Indriða hálfu og Þorsteinn skáld Erlingsson frá hálfu Andatrúarfélagsins— vísuðu frá sér að kveða upp úrskurð, töldu það verkefni dómstólanna. Indriði var hraustur maður og heilsugóður, þegar hann byrjaði að starfa fyrir félagið, en er nú farinn að heilsu, eftir því sem Lögrétta segir, svo hann þykist, sem von er, eiga um sárt að binda.

Það er sagt, að enskt félag sé að kaupa jarðir á Íslandi. Hefir það byrjað á, að kaupa Leirá í Borgarfirði og gefið fyrir hana 20 þúsundir króna. Fyrir félag þetta er íslenzkur maður á ferðalagi um landið, og er sagt að það séu laxveiðijarðir, námajarðir og aðrar hlunnindajarðir, sem hann eigi að festa kaup á.

Prestaköllin, Grundarþing í Eyjafirði, sem Saurbæjar prestakall sameinast við fráfall eða burtför núverandi prests, Kirkjubær í Hróarstungu í Norðurmúla prófastsdæmi og Eydalir í Suðurmúla-prófastsdæmi, — eru laus og veitast frá næstu fardögum. Umsóknarfrestur til 8. febrúar. Öll þessi brauð veitast undir nýju prestlaunalögunum.

Læknaheruðin Skagafjarðar, Axarfjarðar, Þistilfjarðar og Siglufjarðar eru öll laus til umsóknar.

Íslendingar í Kaupmannahöfn hafa kosið eftirfarandi menn í minnisvarðanefnd Jóns Sigurðssonar: Prófessor Finn Jónsson, stórkaupmennina Þórarinn Tulinius og Ásgeir Ásgeirsson, Jónas Einarsson cand polit. og lögfræðisnemana Jón Sigurðsson og Guðm. Thoroddsen.

Sigurður Guðmundsson frá Mjóadal lauk embættisprófi í norrænu á Kaupmannahafnarháskóla þann 15. des. sl.

Ungmennafélag Vestmannaeyja hefir lofað 100 kr. úr félagssjóði til minnisvarða Jóns Sigurðssonar.

Barnaveiki hefir orðið vart í Reykjavík á tveim stöðum.

Íslenzku botnvörpungarnir 'Jón forseti' og 'Marz' seldu hvor sinn fiskfarm á Englandi nýverið. 'Jón forseti' fyrir 6,672 kr., en 'Marz' fyrir 11,736 kr., og er það mikið eftir íslenzku mælikvarða.

Nýlega hefir verið stofnaður félagsskapur í Reykjavík um að leigja brezka botnvörpunga til að veiða við Ísland helztu veiðimánuði ársins. Aðalmennirnir í þessum félagsskap eru bræðurnir Pétur J. Thorsteinsson og Th. Thorsteinsson. Fór hinn fyrnefndi til Englands í heim erindagjörðum og hefir hann þegar leigt tvo væna botnvörpunga, sem byrja veiðar í febrúarmánuði með íslenzkri skips höfn. Það er Íslandsbanki, sem hefir lánað fé til fyrirtækisins.

Listasýningin í Kristjaníu.

Nokkurar norskar blaða-úrklippur um málverkasýning þeirra Ásgrims og Þórarins hafa hingað borist.

Meðal annara ritar Chr. Krohg, hinn viðfrægi meistari Norðmanna í pentlist, um sýninguna. Lýkur hann miklu lofsorði á Heklu-mynd Ásgrims.

Krohg segist hafa talið það ókleift hingað til, að mála svo viðáttumikið landslag svo í lagi færi. En nú segist hann vera snúinn frá þeirri skoðun. Heklu-mynd Ásgrims hafi fært sér heim sanninn um, að það sé hægt. Enn hann lætur vel af leikni Ásgrims að mála með vatnslitum.

Um Þórarinn segir hann að hann sé ekki eins djarfur og Ásgrímur, segir að hann máli eins og Kröyer og Henningsen (nafnkunnir danskir málarar), er þeir voru nýkomnir úr konunglega listaskólanum danska, og telur víst, að þar hafi Þórarinn lært. Sé hann yfirleitt blíðari og danskari í list sinn en Ásgrímur.

Í Dagbladet ritar annar listdómari, hr. Jeppe Nielssen, langt mál um sýninguna. Hann ritar langan formála: endurminningar um fornan frændskap og vináttu Norðmanna og Íslendinga. Nýjan boðbera aukinnar kynningar telur hann "gisting" þeirra Ásgrims og Þórarins í Kristjaníu.

"Áður var oss að eins kunnugt um bókmentirnar íslenzku, segir listdómarinn, að þær voru — að sinu leyti — auðugustu bókmentir heimsins. Íslendingar hafa um margra alda bil haft orð á sér sem hin mesta bókmentaþjóð í heimi. Nú koma til vor tveir ungir Íslendingar og tjá oss, að myndalistin hafi einnig fest rætur þar í landi".

Listdómarinn fer all-loflegum orðum um sýninguna. Telur þá báða, Ásgrím og Þórarinn, eiga listgáfuna, og líkar vel, hve "óspiltum augum" þeir líti á náttúruna, en ljóður sé það á ráði þeirra, að þeir þori ekki að sleppa sér. Þeir séu of kvíðnir, hræddir við sterka liti. Þeir verði að fara út um Norðurálfuna til að læra, ekki til "kongsins Kaupinhafnar", því að þar "döggvist pentlistin enn af feysknri þoku".

Öll tala blöðin hlýlega um sýninguna.

Ýmsar myndanna senda þeir tvímenningar til Khafnar, er sýningunni norsku er lokið.

— Ísafold.

Herra Jón Hólm, gullsmiður að 770 Simcoe St., biður þess getið, að hann selji löndum sínum gull- og silfur-muni og gigtarbelti. — Belti þessi eru óbrigðul við gigt, ef þau eru notuð samkvæmt fyrirskipunum Jóns. Kosta að eins dollar og kvart.

JÓN JÓNSSON, járnsmiður, að 790 Notre Dame Ave. (horni Toronto St.) gerir við alls konar katla, könnur, potta og pönnur fyrir konur, og brýnir hnífa og skerpir sagir fyrir karlmenn. — Alt vel af hendi leyst fyrir litla þóknun.

THE DOMINION BANK

HORNI NOTRE DAME AVENUE OG SHERBROOKE STREET

Höfuðstóll uppborgaður : $4,000,000.00
Varasjóður - - - $5,400,000.00

Vér óskum eftir viðskiftun verzlunar manna og ábyrgumst að gefa þeim fullnægju. Sparisjóðsdeild vor er sú stærsta sem nokkur banki hefir í borginni.

Íbúendur þessa hluta borgarinnar óska að skifta við stofnun sem þeir vita að er algerlega trygg. Nafn vort er fullrygging óhlutleika. Byrjið spari innlegg fyrir sjálfa yðar, konu yðar og börn.

Phone Garry 3150 — Scott Barlow, Ráðsmaður.

Vitur maður er varkár með að drekka eingöngu HREINT ÖL. Þér getið jafna reitt yður á

DREWRY'S REDWOOD LAGER.

Það er léttur, freyðandi bjór, gerður eingöngu úr Malt og Hops. Biðjið ætíð um hann.

E. L. DREWRY, Manufacturer, Winnipeg

Með því að biðja sérlega um "T.L. CIGAR," þá ertu viss að fá ágætan vindil.

T.L.

(UNION MADE)

Western Cigar Factory
Thomas Lee, eigandi Winnipeg

STRAX Í DAG er BEZT AÐ GERAST KAUPANDI AÐ HEIMSKRINGLU. — ÞAÐ ER EKKI SEINNA VÆNNA.

Manitoba á undan.

Manitoba hefir viðáttumikla vatnsfleti til uppgufunar og úrfellis. Þetta, hið nauðsynlegasta frjógunarskilyrði, er því trygt.

Enn þá eru 25 milión ekrur óbygðar.

Íbúatal fylkisins árið 1901 var 225,211, en er nú orðið um 500,000, sem má teljast ánægjuleg aukning. Árið 1901 var hveiti og hafra og bygg framleiðslan 90,367,085 bushela; á 5 árum hefir hún aukist upp í 129,475,943 bushel.

Winnipeg borg hafði árið 1901 42,240 íbúa, en hefir nú um 150,000; hefir nálega fjórfaldast á 8 árum. Skattskildar eignir Winnipegborgar árið 1901 voru $26,405,770, en árið 1908 voru þær orðnar $116,106,390. Höfðu meir en þrefaldast á 7 árum.

Flutningstæki eru óviðjafnanleg,— í einu orði sagt, eru í fremsta flokki nútíðartækja: Fjórar þverlandsbrautir liggja um fylkið, fullgerðar og í smíðum, og með miðstöðvar í Winnipeg. Í fylkinu eru nú nálega 4 þúsund milur af fullgerðum járnbrautum.

Manitoba hefir tekið meiri landbúnaðarlegum og efnalegum framförum en nokkurt annað land í heimi, og er þess vegna ákjósanlegasti aðsetursstaður fyrir alla, af því þetta fylki býður beztan arð af vinnu og fjárleggi.

Skrifið eftir upplýsingum til: —

JOS. HARTNEY, 77 York Street, Toronto, Ont.
JOS. BURKE, 178 Logan Avenue, Winnipeg, Man.
A. A. C. LaRIVIERE, 22 Alliance Bldg., Montreal, Quebec,
J. F. TENNANT, Gretna, Manitoba.

J. J. GOLDEN,
Deputy Minister af Agriculture and Immigration, Winnipeg.

"Lestina".

"Ég fer að halda, að hann hafi rétt fyrir sér", tautaði Hólm, um leið og hann hélt áfram. "Hver ætli þessi vesalingur sé?"

Jakob hafði staðið upp og gengið í gagnstæða átt við þá, sem Hólm stefndi í.

Móritz var aftur einn.

"Þessir menn komu hingað til að kenna mér", tautaði hann við sjálfan sig. "Annar er hataður fyrir lesti sina, hinn fyrir dygðirnar, ha, ha, ha.— Það er einkennilegt".

"Á ég að trúa orðum þessa skapþunga manns, að lestir séu það eina, sem er umborðið? — Já, af venjulegum almúga. Það eru til undantekningar, en þær eru fáar".

Hávaðinn í vagni, sem var að koma, truflaði hugleiðingar Móritz.

Í vagninum sátu Georg Ehrenstam og vinir hans, Örnskiöld og Hjorteskjold, sem komu frá skemtilegu dagverðar samkvæmi, er hafði glatt þá mikið. Vagnin rann fram hjá sem hugur manns.

"Já", sagði Móritz, sem svar upp á sínar eigin hugsanir, "hann hafði rétt fyrir sér, — það eru að eins ódygðirnar, sem smjaðrað er fyrir og umbornar, — það er að segja, þegar gulliið fylgir þeim og gyllir þær, því hinn fátæki er jafnt fyrirlitinn fyrir ódygðir sínar og hann er hataður fyrir glæpi sína".

"Þetta eru mennirnir, sem treysta á ást skapara sins og voga, að gera sér von um miskunnsemi hans. Þetta eru mennirnir, sem hrósa sér af dygðum sínum, af göfugum hugsunum og eðallyndum hvötum. Bölvun fylgi heiminum, — ég hata hann".

"Samt skal ólán mitt ekki gera mig huglausan. Ég ætla ekki að kvarta, heldur sýna mótþróa. Jæja, ég skal bjóða forlögum minum byrginn".

"Það er þó eitt, sem er göfugt, tígulegt og fagurt á jörðunni, og það eru vísindin".

"Nú, jæja, þau skulu hugga mig. Hið verulega hefir ekki annað en glapsýn og tálvonir að bjóða".

"Listin er hið eina sanna, því fegurð hennar liður ekki undir lok. Sú eina góða gjöf, sem guð hefir látið mönnunum í té, er sú, að hann hefir opnað handa þeim heim skáldskapar hugsjónanna".

"Vanalega leita þó mennirnir huggunar við siðferðisþjáningum sinum í hávaðasömum skemtunum og hoðlegum nautnum. Þeir leita gleymskunnar og finna hana um stund í nautn vínsins".

"Ég fyrirlít þá aðferð, af því hún er ófögur. Það, sem aldrei deyr hjá mér, er tilfinningin fyrir hinu fagra".

"Og þegar ég hefi ekkert fagurt til að aðhyllast hér á jörðunni, þá leita ég þess í þeim heimi, sem liggur við landamerki eilifðarinnar, — það er í listarinnar og fegurðarinnar heimi".

"Ég ætla að yrkja. — Ég ætla að lýsa mönnunum, ekki eins og þeir eru, það er of viðbjóðslegt, en ég ætla að klæða þá í hugsjónahjúp; ég vil ekki mynda sannveruleikann, en ég vil framkvæma hugsjónina, gefa henni mynd og lögun, kjöt og blóð".

"Það er hin fagra list, hin sanna ástríða. Tízkunnar skólar eru farnir að neita henni, og óhreinka vængi hinnar andlegu listar í feni veruleikans, til þess að þóknast múgnum, hinum bókmentalega almenningi, sem ekki skilar hugsjónirnar. — Það er máske gagnlegt, en fagurt er það ekki".

"Nei, því þegar listin göfgar ekki veruleikann, þá er hann áhrifalaus. Hann getur heldur ekki verið annað, ef ekki gengur blíðkandi hugmynd í gegn um alt saman".

"Forlögin stjórna í blindni. — Jæja, ég ætla að

trúa á forlögin í þessu lífi og á dóm drottins í hinu lífinu".

"Ef ég efaðist um hið fyrra, þá væri ég blindur, og ef ég efaðist um hið síðara, yrði ég viðbjóðslegur glæpamaður eins og Eberhard".

Meðan á þessu eintali stóð, sem betur en alt annað sýnir trúarskoðanir hans á þessari stundu, var Móritz kominn heim að prestssetrinu.

Það skal endurtekið, að við hefjum engan málaflutning gegn forlagatrúnni, en við vorkennum Jakob Kron og fyrirgefum Móritz.

Þar á móti berum við hvorki vorkunnsemi eða umburðarlyndi með Eberhard, sem var orðinn forlagatrúarmaður af nauðsyninni á að finna vörn gegn iðraninni, sem annars hefði svift hann vitinu, en ekki af því, að hið óblíða vald viðburðanna hefði smátt og smátt gróðursett hjá honum þessa sannfæringu.

III.

Undirbúningurinn.

Ein vika var liðin.

Móritz hafði ekki séð Ísabellu, og þó var hugsunin um hana það eina, sem hélt honum kyrrum á þessum stöðvum. Hann vildi fyrst vita, hver afdrif hennar yrðu, áður en hann færi af stað til útlanda, eins og hann hafði ráðgert.

Hann elskaði hana ennþá eins heitt, eins ástríðuríkt og nokkru sinni áður, og hann fann, að hjarta sitt hafði fengið ólæknandi sár.

Hann elskaði hana, segjum við, og hann hefði glaður lagt líf sitt í sölurnar til þess að útvega henni sálarrósemi og ánægju, ef það hefði verið mögulegt. Hann hafði aldrei ásakað hana, aldrei

reiðst henni, — og hvernig átti hann líka að geta það? Ef hún hafði hrasað, þá var það að eins af ást á honum, sem hún hélt að hvildi í faðmi sínum, þegar hún faðmaði Eberhard að sér.

Það var enginn glæpur, það var ólánið, sem aðskildi hjörtu þeirra. Sál Ísabellu var Móritz jafnheilög, jafn-hrein og elskuverð eins og áður. Hið andlega í ást hans á henni var óskert, það var að eins hið líkamlega, sjálf eignin, sem var orðin ómögulegt.

Já, því blöðin af liljublómahringnum hennar voru horfin, án þess hún ætti nokkurn þátt í því; hinn ofsalegi stormur þjáninganna, hefndarinnar og afbrýðisinnar hafði feykt þeim burtu. Þau féllu þegar hún snerti þennan viðbjóðslega mann, sem forlögin höfðu gert að bróður hans.

Án hennar tilhlutunar, — já, því Móritz sá það mjög glögt, að örvænting hennar, sem orð hins ímyndaða unnusta hennar framleiddu, hálígert meðvitundarleysi og hin sívaxandi ástríða, sem logaði í brjósti hennar, höfðu gefið Eberhard tækifæri til að ræna sakleysi hennar, því sem næst án vitundar hennar.

Móritz sá þetta og kom því aldrei til hugar, að ásaka hana. Það var að eins líkaminn, sem hafði saurgast, sálarlíf hennar var jafn-fagurt og hreint og áður. Hún var í hans augum hin sama saklausa, hreina unglfrú, sem hann hafði elskað og elskaði.

Bölvunin hvildi á niðingnum, sem hafði svikið hana, og undir hans eigin nafni stolið því, sem heimurinn kallar dygð.

Já, Móritz dáðist langtum meir að Ísabellu nú, en áður en hún féll. Hann hugsaði um hið djarfmannlega þrek og hreinskilni, sem kom henni til að segja hiklaust frá vanvirðu sinni. Hann mundi það, að henni hafði ekki eitt augnablik komið til hugar,

Minnisvarðamálið.

Herra ritstjóri. —

Heimskringla 29. þ.m. flytur ritstjórnargrein um minnisvarðamálið, þar sem þér segið frá því, að biskup Íslands hafi skrifað um málið og telji sjálfsagt, að minnisvarði Jóns Sigurðssonar verði reistur, og svo haldið þér áfram: "Má því mega ætla, að nú sé alment byrjað á Íslandi, að safna til þessa minnisvarða".

Maður getur naumast skilið þetta öðruvísi en svo, að þér viljið koma lesendum Heimskringlu til að trúa því, að málið sé nú komið á þann rekspöl, sem forgöngumenn þessa máls hér vestra höfðu í byrjuninni hugsað sér, að það væri að komast, og að treysta megi nú því, að á 100 ára afmæli Jóns Sigurðssonar verði þessi fyrirhugaði 50,000 króna minnisvarði afhjúpaður í höfuðstað Íslands, til verðugs heiðurs fyrir "óskabarn Íslands" og til gleði og sóma allri hinni íslenzku þjóð, — að ógleymdum Vestur-Íslendingunum, sem fyr er þessu gangast hér. Mikið er þetta alt ánægjulegt!

En það, að þér notið grein biskupsins til að hvetja fólk til að flýta sér nú, að gefa peninga í þennan stóra minnisvarðasjóð, — það freistar manns til að halda að þér hafið ekki lesið umrædda grein, því ekki dottur mér í hug, að þér, fyrir hönd samskotanefndarinnar, viljið leiða menn frá sannleikanum. Ef svo skyldi vera, að þér hefðuð ekki blaðið, heldur hefði einhver sagt yður "undan og ofan af" úr þessari grein, skyldi ég með ánægju lána yður það. (Nýtt Kirkjublað 1. des. 1910, 23. blað).

Kirkjublaðið mun vera í fárra höndum hér vestra, og því finst mér sanngjarnt að íslenzku blöðin í Winnipeg tæku þessa grein upp í heilu lagi, því auk þess, sem grein þessi er hið lang-skynsamlegasta, sem ég hefi séð eða hevrt um málið sagt, þá gefur hún nákvæmar og mikilsverðar upplýsingar, sem Vestur-Íslendingar, eins og nú stendur, eiga sanngjarna heimtingu á að fá. En ef þér skylduð líta svo á, að Heimskringla hafi eitthvað annað þarfara að flytja, þá býst ég þó fastlega við svo miklu "frjálslyndi" af yðar hendi, að taka í blaðið nokkur sýnishorn af grein þessari. Hún byrjar þannig: —

"Eitt ættum við að hafa lært þessi allra seinustu árin, og það er að fara hægt af stað með minnisvarða-áskoranir" — — — —

"Og maklega orðaráðning eiga þeir, sem baka þjóðinni vanda og enda sneypu með áskorunum um minnisvarða, sem lendir svo alt í vandræðum með". .....

"Það var góður siður í gamla daga, að flengja glannana litlu, þegar búið var að tosa þeim í land úr voðanum með ærnu ómaki Nú verður bara orðahirting komið við stóru ofurhugana, en umtallið það kann að afstýra minnisvarðafani næst". — — —

Þá minnist greinarhöf. á varða Jóns Sigurðssonar, sem honum finst að hefði átt að koma upp um þetta leyti, og sem hann álítur að þjóðin hefði haft ráð á, að koma upp, ef öðruvísi hefði á staðið, en svo bætir hann við:

"Og nú erum við alveg óundirbúnir með varðann þann og ekki nema hálft ár til 100 ára afmælis hans. Ekki einu sinni orði eyðandi til að andmæla þeim barnaskap, að koma líkneskinu upp að ári".

Ég vona, að enginn skilji orð mín svo, að ég sé því mótfallinn, að Íslendingar reisi sínum mesta manni, Jóni Sigurðssyni, veglegan minnisvarða; það er svo langt frá. En ég get ekki verið með því, að nokkrir menn hér vestra "baki þjóðinni vanda og sneypu með áskorunum um minnisvarða, sem alt lendir svo í vandræðum með". Og ég get ekki betur séð, en að krask vort Vestur-Íslendinga í þessu sambandi, sé tilraun til að krinda íslenzku þjóðinni út í fyrirtæki, sem hún alls ekki er ráðin í að takast í fang, en sem hún, heima þjóðin, ætti alveg að sjálfsögðu að hafa upptökin að, enda mundi öll aðal framkvæmd fyrirtækisins hvíla á henni.

Með virðingu.

Finnur Jónsson.

Winnipeg, á gamlársdag 1910.

Jóns Sigurðssonar

minningar sjóður, í stað minnisvarða.

Viðvíkjandi samskota hugmyndinni til minnisvarða Jóns Sigurðssonar, sem nú er rétt í byrjun, má geta þess, að Íslendingar í Winnipeg hafa tekið mjög vel hönd um saman með að koma þeim á hreyfingu. Menn með mismunandi skoðanir á ýmsum einum — og hafa stundum ekki hlíst við að láta þær í ljósi hver við annan — vinna nú saman að því eins og bræður, að heiðra minningu íslenzks göfugmennis, og er það góð fyrirmynd, sem er líkleg til að láta gott af sér leiða.

Hugmyndin er, eftir því sem sést hefir af blöðunum, að hjálpa Íslendingum heima til að reisa minnisvarða. En í viðtali við menn hér í kring um það efni finst mér að hugur flestra hneigist fremur að hugmynd um að stofnaður sé minningarsjóður í stað minnisvarða.

Það játa víst allir, að það sé skylt fyrir þjóðirnar, að reisa þeim mönnum minnismerki, sem hafa haft það markmið, að verja lífskröftum sínum þjóðfélaginu til heil a. En minningarsjóðir ættu engu síður að geta verið veglegt minnismerki en minnisvarði.

Því verður ekki neitað, að minnisvarðar eru vel viðeigandi minnismerki. Þeir eru til prýðis sem listaverk, og gefur þeim atvinnu, sem búa þá til, — en svo er hagsmununum af þeim fjármunum, sem eytt er til þeirra, lokið fyrir mannfélagið. Að hinu leytinu getur minningarsjóðurinn alt af verið starfandi til gagns. Fyrst starfandi frá stofnanunni, sem hefir hann með höndum eða til varðveizlu, og svo þiggjandinn, hvort sem það er mannúðarstofnun eða einstaklingur.

Ég býst ekki við, að við hér fyrir vestan hafið höfum nein áhrif, hvernig landar heima verja sínum samskotum, en að líkindum verða þau svo rifleg, að þeir með þeim geti reist sæmilegan minnisvarða.

En hvort samskotunum héðan að vestan verður varið til minnisvarða eða minningarsjóðs, gætum við ráðið. Vitanlega er undir því komið, hvort samskotin verða svo mikil, að það geti talist viðunandi, að láta þau mynda sjóð út af fyrir sig, en við vonum að svo verði.

Að finna starfssvið fyrir fáeinar krónur til nytsemdar heima, hvort sem það gæti orðið árlega eða með takmörkuðu millibili, verður starfsnefndinni hér varla erfitt. — Það, sem ég hefi heyrt kastað fram hér, finst mér ekki óviðeigandi, sem sé, að rentum af sjóðnum yrði varið annaðhvort til hjálpar þeim mönnum, sem búnir væru að fá viðurkenningu fyrir að vera þjóðinni til nota og þyrftu hjálpar til framhaldandi starfs; — eða til heiðurs-viðurkenningar fyrir unnið verk. Og í hvoru atriðinu sem er, getur oft verið stórnauðsynlegt að hjálpa, því eins og við vitum er það meiti partur mannkynsins, sem að eins hefir það markmið, að sjá fyrir sjálfum sér, og eiga þó sumir fult í fangi með það, — hvað þá um menn, sem hafa eiginleglei ka til að starfa fyrir þjóðfélagið, en þurfa jafnframt að berjast fyrir framkærslu sjálfs sín. Enda mun að minsta kosti hjá Íslendingum margt nytsamt hafa farið forgörðum fyrir fjárskort.

Og vel hefði það verið þjóðhátíðarárið, sem kallað hefir verið 1874, þegar Ísland hélt sigurinnreið sína af æfistarfi Jóns Sigurðssonar, ef þá hefði verið til stofnsjóður, sem veitt hefði viðurkenningarverðlaun fyrir göfugt æfistarf. Því það hygg ég, að margan Íslending hafi iðrað þess, að þeim hugkvæmdist þá ekki að mynda fjársöfnun til styrktar Jóni Sigurðssyni, sem þá var sagður svo félaus, að hann gat ekki ferðast heim til að vera við þá athöfn.

Og af því að ekki er ómögulegt, að svipað getí komið fyrir öðru sinni, býst ég við, að það sé álit margra, að minningarsjóðir sé meira til mannfélagsheilla en minnisvarðar og í engu falli síður minnismerki.

En ekki býst ég við það hafi nein áhrif á samskotin, hvort sem þeim verður varið til minnisvarða eða minningarsjóðs, því hvort um sig er jafn vel viðeigandi til að heiðra minningu hins fráfallna merkismanns.

Thingvalla, Sask., 29. des. '10.

M. Hinrikson.

Magnús Jónsson

dáinn 19. desember 1910.

Greiddi sól úr skýja skýlu
skauti jarðar hjá,
fylgdi þér til hinztu hvílu
húsum þínum frá.
Sjálfur gekstu vel að verki,
veginn þannig bjóst,
lofsæll, undir ljóssins merki
lifðir þú og dóst.

Forlög sviftu samvistina
sælustundum hér,
kveðjur flytja kærra vina
kvöldgeislarnir þér.
Ástin horfir hrygg til baka,
harmar þögul sveit.
Minningar á verði vaka
við þinn grafar reit.

Þökk fyrir alla þína daga,
þrekið, greind og dáð,
nú er lifið liðin saga
lstri björtu skráð.
Þig úr foldar fornum klæðum
færði tímans hjól,
andi þinn á himna hæðum
heldur þessi jól.

S. S. ÍSFELD

24. desember

Geymdu þetta.

Sameinaða gufuskipa félagið danska hefir nýverið gefið út ferðaáætlun yfir skipaferðir milli Kaupmannahafnar, Leith og Íslands fyrir árið 1911, og eru ferðirnar alls 26 á árinu. Stuttur útdráttur um ferðirnar frá Leith og til Íslands og frá Íslandi og til Leith er á þessa leið: —

CERES fer frá Leith 14. jan og kemur til Rvíkur 19, fer þaðan vestur um land til Ísafjarðar og til baka aftur. Fer frá Rvík 29. jan., kemur til Leith 5. febr.

VESTA fer frá Leith 24. jan., kemur til Austurlandsins 27. jan.; á Akureyri 1. febrúar, þaðan suður og vestur. Í Leith 15. febr.

BOTNIA fer frá Leith 7. febrúar, í Rvik 12. febrúar. Frá Rvík 18. og í Leith 28. febr.

CERES frá Leith 21. febr., í Rvík 26. febr., vestur um land til Ísafjarðar og til baka aftur. Frá Rvík 11. marz. Í Leith 15. marz.

VESTA fer frá Leith 4. marz og kemur til Austurlandsins 7. marz. Á Akureyri 12. marz. Í Rvík 22. marz. Í Leith 27. marz.

Í hinum ferðunum fara skipin frá Leith áleiðis til Íslands, sem hér segir:

14. marz, 4. og 25. april, 2., 16. og 30 maí, 13. og 26 júní, 4. og 18. júli, 1., 8. og 29. ágúst, 12. og 26. sept., 13. og 17. okt., 7. og 21. nóv. og 2. des.

Koma til Leith frá Íslandi: 29. marz, 26. april. 15. og 25. maí, 1. 12. og 19. júní, 5. og 22. júli, 7., 27. og 29. ágúst, 18. sept., 4., 19. og 30. okt., 6. og 29. nóv. og 14. og 19. desember.

Fargjaldið frá Leith til Íslands er á fyrsta farrými 65 kr., á öðru farrými 45 krónur. Ef farbréf er keypt fram og til baka í einu kostar það 115 kr. á fyrsta farrými, en 80 kr. á öðru farrými.

Auk Sameinaða félagsins heldur Thorefélagið upp aðalskipaferðunum kring um Ísland og milli Íslands og útlanda, en ferðaáætlun þess höfum við ekki séð.

Smiðafélagið.

Mánudaginn 2. þ.m. voru eftirfylgjandi meðlimir settir í embætti í hinu íslenzka smiðafélagi, fyrir 6 mánuði af hinu nýbyrjaða ári:

Forseti B. S. Þorbergsson.
V.-forseti Guðm. Magnússon.
Skrifari S. J. Austmann, endurk.
Gjaldkeri Jón Pálsson, endurk.

Fjármálaritari P. M. Sigurðsson endurk.

Vörður Rafnkell Bergsson, ek.
Stallari Vigfús Pálsson.

Yfirskoðunarmenn: Árni Johnson Ásmundur Bjarnason, B. M. Long.

Fulltrúar: M. E. Magnússon, Aðalbjörn Jónasson, Jóhann Vigfússon.

Næsta fund sinn heldur félagið mánudaginn 16. þ.m. kl. 8 e.m., í neðri sal Goodtemplara, og eru það vinsamleg tilmæli félagsins, að allir íslenzkir trésmiðir í Winnipeg, hvort sem þeir eru Union menn eða ekki, geri svo vel og komi á þennan fund og reyki með oss vindil og taki þátt í skemtunum, sem hafðar verða um hönd.

Í umboði félagsins.

S. J. Austmann, skrifari.

Gjafir til minnisvarða JÓNS SIGURÐSSONAR.

Sómi Íslands, sverð og skjöldur.

Frá Winnipeg.

Maria K. Jónsdóttir	3.00
Simon Simonsson	1.00
Mrs. Valdis Simonsson	1.00
J. W. Magnússon	0.50
Mrs. J. W. Magnússon	0.25
Leonard Magnússon	0.25
Miss O. J. Magnússon	0.25
Friðrik W. Magnússon	0.25
Baldur Sveinsson	2.00
Sigtryggur F. Ólafsson	1.00
Mrs. S. F. Ólafsson	0.50
Theodóra Ólafsson	0.50
Hannes Pétursson	1.00
Tillie Pétursson	1.00

Frá Wynyard, Sask.—

G. S. Snidal	$5.00
Aldis Sveinsson	0.10
S. Sveinson	0.50
S. B. Halldorson	0.25
John Reykdal	1.00
Jee Björnson	0.25
Clara Halldorson	0.25
Louisa Sveinson	0.10
Sophia Sveinson	0.15
S. L. Þ. Sveinson	0.25
M. V. Stephanson	0.25
F. Thorfinnson	0.25
Mrs. F. Thorfinnson	0.25
Arthur Thorfinnson	0.10
H. Reykdal	0.25
Geir Christjanson	0.25
Mrs. Geir Christjanson	0.25
W. Christinson	0.25
Dora Christinson	0.10
Bertha Christinson	0.10
John Buason	0.25
Mrs. John Buason	0.25
I. Buason	0.15
G. Buason	0.15
M. Buason	0.10
Þ. Buason	0.10
K. S. Kristjanson	0.25
Mrs. K. S. Kristjanson	0.25
Ben Sigurðson	0.25
M. O. Magnuson	0.25
Mrs. M. Ó. Magnuson	0.25
Gunnj. M. Magnuson	0.10
Oddur M. Magnuson	0.10
Margrét M. Magnuson	0.10
Magnús Ísfeld Braziliufari	1.00
Mrs. Elin Johnson Ísfeld	1.00

Frá Framnes, Man.

Magnús Sigurðson	1.00
Þorgrímur Sigurðson	1.00
Magnea Sigurðson	1.00

Frá Prince Albert, Sask.

V. S. Deildal	1.00
Björg S. Deildal	0.25
Lilja Deildal	0.25

Frá Poplar Park, Man.

T. A. Anderson	0.50
Árni Anderson	0.50
Emmy Anderson	0.50
Mrs. T. A. Anderson	0.50
Mrs. Árni Anderson	0.50
Árni F. Anderson	0.50
Albina B. Anderson	0.50
Þorvaldur S. Anderson	0.50
Anna Anderson	0.50
Thorsteinn Anderson	0.50
Jónas Björnson	1.00
Jóhann G. Jóhannsson	0.50
Gestur Jóhannsson	0.50
Óskar G. Jóhannsson	0.50
Ósk Jóhannsson	0.50
Anna G. Jóhannsson	0.50

Frá Kristnes, Sask.

Pétur Björnsson	0.50
Margrét Björnsson	0.50
Bjarni Pétursson, Blaine, Wash.	1.00
Magnús Bjarnason, Mountain, N. Dak.	0.20

Samtals	$ 42.15
Áður auglýst	136.00
Alls innkomið	178.15

Ísl. Conservative Club

hélt aðalfund sinn nýverið og voru þessir kosnir í embætti fyrir hið nýbyrjaða ár: —

Patron: Hon. Robert Rogers.

Heiðursforseti: B. L. Baldwinson, M.P.P.

Forseti Sveinn Pálmason.

Varaforsetar: Ásmundur Jóhannsson, J. S. Strang og Hannes Pétursson.

Ritari: Victor Anderson.

Gjaldkeri: Th. Thomas.

Framkvæmdarnefnd: — J. B. Skaptason, H.B.Skaptason, James Goodman, Magnús Pétursson, Th. Goodman, Hallur Magnússon.

Fundir eru haldnir á hverju þriðjudagskveldi í Únitarasalnum. Vilji landar eyða einni kveldstund skemtilega, gera þeir það ekki betur annarstaðar, og ættu því sem flestir þeirra að gerast meðlimir klúbbsins, og sækja alla fundi hans.

C. O. F.

Forsester stúkan Vinland nr. 1146 hélt sinn fyrsta ársfund í I.O.G.T. salnum þann 3. jan., og voru þá eftirfylgjandi settir, embætti af bro. Thomas Hooper, D.D.H.C.R.:

J.P.C.R.—Gunnl. Jóhannsson.
C.R.—Páll S. Dalman.
V.C.R.—Jac. Johnston.
Chap.—Kr. Stefánsson.
Fin. Sec.—Haraldur Oleson.
Rec. Sec.—Guðm. Lárusson.
Treas.—Ásm. P. Jóhannsson.
S.W. Kr. Kristjánsson.
J.W.—Kr. Goodman.
S.B.—Stefán Jónsson.
C.Ph.—Dr. B. J. Brandson.

Einnig var kosinn erindsreki til umdæmisstúkuþings (haldið í marz), J.P.Ch.R. Gunnl. Jóhannsson, og varamaður var kosinn V.C.R. Jac Johnston. Ritari.

— Fimtán manns létu lífið í járnbrautarslysi að Nathcart í Kaplandinu í Suður-Afríku síðastliðinn fimtudag.

— Blaðið Montreal Herald verður hundrað ára innan skamms, og er það næst-elzta blað, sem nú er uppi í Canada; hitt er Montreal Gazette, sem var stofnað 1776.

— Það var ást, en ekki stjórnmál, sem olli því, að hinn afdankaði Persakeisari Ahmed ferðaðist um Evrópu þvera og endilanga nýverið. Þegar hann var frá ríkjum rekinn, tók hann að eins þrjár af hinum mörgu konum sínum til fylgdar við sig. — Nú fyrir nokkuru fékk hann ást á frskri dansmær, sem hann ólmur vill fá fyrir fjórðu konu sína. Hann sá hana á leikhúsi í St. Pétursborg, og varð strax hrifinn af fegurð hennar. Sendi hann einn af mönnum sínum á fund hennar með þá orðsendingu, að hann bæði hana að gera sér þann heiður, að giftast sér. En dansmærin gaf þau svör, að það væri sér þvert um geð, að giftast manni, sem ætti þrjár konur fyrir, hvort sem hann væri keisari eða ekki. Ahmed lét sér þetta svar ekki nægja, og þegar dansmærin fór úr St. Pétursborg, elti hann hana stað úr stað, — í þeirri von, að henni snerist hugur, svo hann fengi að verða blíðu hennar aðnjótandi um síðir. En honum hefir ekkert orðið ágengt til þessa.

Almanakið 1911.

sem herra Ólafur S. Thorgeirsson gefur út, er nýútkomið, og er nú orðin all-umfangsmikil bók, á annað hundrað blaðsíður, að auglýsingum meðtöldum, en að þeim frádregnum fullar 80 bls.

Efnið er:

Ágæt mynd af Jóni Sigurðssyni.

Florence Nightingale, með mynd, eftir séra F.J.B.

Kóngurinn og snjótittlingarnir (æfintýr).

Safn til landnámssögu Ísl. í Vesturheimi.— Stutt ágrip af landnámssögu Ísl. í Albertahéraði, með myndum af Ólafi Ólafssyni (frá Espihóli), Einari Jónssyni lækni á Gimli, Bjarna Jónssyni frá Fjalli í Sæmundarhlíð, Gísla Jónssyni Dalmann og Karólínu konu hans, Stephani G. Stephanssyni og Guðmundi Þorlákssyni, frá Brekku við Gilsfjörð. Eftir J. J. Húnford.

Lengi muna börnin, eftir séra Lárus Thórarensen.

Gunnsteinn Eyjólfsson, með mynd. Viðauki við landnámssöguþátt Álftavatnsbygðar. Eftir Jón Jónsson frá Steðbrjót.

Mun veröld vor farast í eldi?

Helztu viðburðir og mannalát meðal Ísl. í Vesturheimi.

Mylsna.

Ritið er alt fróðlegt og skemtilegt og mun að vanda komast í hús flestra Vestur-Íslendinga, eins og það verðskuldar.

ÍSLENZKAR BÆKUR

Ég undirritaður hefi til sölu nálega allar íslenzkar bækur, sem til eru á markaðinum, og verð að hitta að Mary Hill P.O., Man. — Sendið pantanir eða finnið.

Niels E. Hallson.

Er synd að dansa?

Í norska blaðinu Skandinaven birtist nýverið grein með þessari fyrirsögn, eftir einhvern guðhræddan og sáluhólpinn labbakút, sem nefnir sig Crosby, og virðist vera með sama eyrnamarkinu og margir aðrir ándlegir lúsablesar, sem við Norsku sýnoduna eru riðnir.

Á íslenzku hljóðar grein þessi þannig:

"Í Skandinaven gafst fyrir nokkuru að lesa frásögn um dansleik, sem sagt er að mikið orð hafi farið af, og þar sem prestur einn, Rev. Frederik Edwards, var viðstaddur. Sagði hann, að fyrir nokkrum árum hefði það verið ógerningur, að fá prest til að fara á dansleiki. En tímarnir breytast, og í sönnuði sínum væri það þannig, að þess meira, sem unglingarnir hefðu af saklausum skemtunum, þess betur sæktu þeir einnig kirkjuna.

"Þannig eru orð prestsins. Fyrir 50 árum voru þeir prestar algengir, sem tóku þátt í dansi, drykkju og spilum. Nú mun örðugt, að finna þess konar presta. Við höfum heilagri og kristilegri klerkastétt nú, og sem mundi skammast sín fyrir að vera á dansleikum, — að minsta kosti vorir skandinavisku prestar.

Það þarf trauðla röksemdir til að sýna, að dansinn er syndsamlegur. Einn katólskur prestur sagði úr skriftastólnum, að meiri hluti fallinna kvenna hefði stigið fyrsta glötunarsporið í danssalnum, og hið sama hafa trúðboðskonur sagt, sem kynt hafa sér líferni pútnanna. — Það eru ekki guðsbörn heldur heimsins börn, sem koma saman í danssalnum að svala fýsnum holdsins: stærilæti, eigingirni og vellystingum, og það er guð hégómadýrðarinnar, sem dansdömurnar dýrka. Drykkja, gálaust hjal og léttúðugar skemtanir, o.s.frv., eru syndir, sem ganga í kring í danssalnum, og sem biblían fyrirdæmir, en sem heimurinn að jafnaði kallar saklausar skemtanir.

Ég vil nú segja við þig, kæra sál, hvar sem þú kant að vera, og sem hygst til himnarikis að fara: Vegurinn þangað liggur ekki gegnum danssalinn. Jesús segir: Hver, sem ekki tekur sinn kross og fylgir mér, getur ekki minn lærisveinn orðið. Og í sálminum stendur: Jesú fótspor eru eini vegurinn til himneskrar sælu, og hver sem ekki er þessarar skoðunar, þekkir ekkert til guðsótta, o.s.frv. — Láttu ekki hin fagra heim táldraga þig, þó hann kunni siðferðisgóður að vera og líkist ljóssins engli.

E. Crosby.

Bay City, Wis."

• • •

Svo mörg eru þessi hejlögu orð, heilagi faðir, o.s.frv. En hvernig lýst hinum dansandi lýð á þau? Vekja þau ekki sára iðrunartilfinning í brjósti kirkjugangandi dansenda? Eða ætla þeir að láta þau sem vind um eyrun þjóta?— Vonandi. —

Því sannlega segi ég yður, að hvort sem þér dansið eða dansið ekki, munuð þið ísin hólpin verða. Og friðþægingarljósin geta eins skinið í danssalanum sem við grátturnar eða frá skriftastólnum.

Dansið því, börnin góð, sem yður lystir, og kærið yður kollótt.

Alt jafnar sig.

A. SEGALL

(áður hjá Eaton félaginu).

Besti kvennfata Skraddari

Loðskinna fötum veitt sérstakt athygli.

Hreinsar, Pressar, Gerir við.

Fjórir (4) afburðar hreinsaðir og pressaðir, samkvæmt samningum, hvort heldur er karlmanna eða kvenfatnaður, fyrir aðeins $2.00 á mánuði.

Horni Sargent og Sherbrooke

Kennara vantar

til Laufás ekóla fyrir 3½ mánuð, frá 1. marz næstkomandi. Tilboð, sem tiltaki mentastig og æfingu, ásamt kaupi, sem óskað er eftir, sendist undirrituðum fyrir 11.febr.

Geysir, Man., 5. jan. 1911.

B. JÓHANNSSON.

PLAYER PIANO

gerð af hinu fræga HEINTZMAN & Co., eru eins góð og hægt er að fá fyrir peninga. Þau eru fullkomin í hljómfegurð, lögun og sniði, og hver sem vill getur spilað á þau alls kyns lög, frá þeim yngsta til þess elzta í fjölskyldunni. Finnið oss.



Cor Portage Ave. & Hargrave
Phone Main 808.

Fréttir úr bœnum.

Garry 4110.

Viðskiftavinir Heimskringlu geri svo vel að minnast þess, að hér eftir er talsími blaðsins: Garry 4110.

Látin á Gimli 5. þ.m. Margrét Árnadóttir, 60 ára gömul, eiginkona herra Odds G. Akraness, að Hnausa P.O. Margrét sál, sem búin var um mörg liðna ár að þjást af innvortis meinsemd, hafði verið undir læknishendi á Gimli síðan 10. sept. sl. Hún var fædd í Guðrúnarkoti á Akranesi.

Kaupendur Heimskringlu eru vinsamlega beðnir að gæta að bláa miðanum á blöðum sínum og athuga, hvort borgun er þar rétt færð.

Hr. Thorbergur Fjeldsted, frá Hecla, og hr. Sveinn Thorwaldsson, frá Icelandic River, voru hér á ferð í sl. viku.

Vegna sívaxandi talsímanotkunar hefir orðið að byggja enn á nýeina talsímastöð hér í borginni, og er hún nefnd Garry. Hún var opnuð til starfa sl. sunnudag. Talsímakerfi hennar nær frá C.P.R. sporunum að norðan suður að Sargent Av., vestur úr bænum og austur að Aðalstræti. Verða allir að nefna "Garry" um leið og þeir biðja um númer á þessu svæði.

Samkoma til arðs fyrir Únítarasöfnuðinn verður haldin miðvikudaginn þann 25. þ.m. í samkomusal Únítara. Til samkomu þessarar verður vandað eftir beztu föngum. Prógrammið verður birt í næsta blaði.

Talsími herra Skapta B. Brynjólfssonar er nú Garry 2357.

Ungmennafélag Únítara heldur fund í kveld (miðvikudag) á venjulegum stað og tíma. Allir meðlimir félagsins eru beðnir að mæta á fundinum.

Munið eftir skemtifundinum í kveld (miðvikudag). Fritt kaffi og skemtanir fram á nótt. Allir Good Templarar velkomnir.

Lesendum er bent á þorrablótsauglýsingu Foam Lake búa í þessu blaði. Hún átti að hafa birst í síðasta blaði einnig, en barst of seint til að komast í það. Foam Lake búar ætla að vanda til samsætis þessa, og vona að Saskatchewan búar fjölmenni á það.

Hófið verður haldið í Leslie.

ANCHOR BRAND HVEITI

er bezta fáanlegt mjöl til nota í heimahúsum og annarstaðar. Það er gert úr No. 1. Hard HVEITI eftir nýjustu aðferðum.

Símið 4326 eftir söluverði þess.

Leitch Bros.
LOUR MILLS
Winnipeg skrifstofa
240-4 GRAIN EXCHANGE

Herra Björn Arngrímsson, frá Norður Dakota, kom norður hingað um nýársleytið og ætlar að stunda verzlunarnám við Business College hér í borg í vetur.

Séra Oddur V. Gíslason látinn

Sú fregn berst, er Heimskringla er að fara í pressu, að séra Oddur V. Gíslason hafi orðið bráðkvaddur að heimili sínu á Sherbrooke St. kl. 11 f.h. á þriðjudaginn 10. þ.m. Hann hafði farið til Westbourne á laugardaginn og messað þar á sunnudaginn var, og var nýkominn heim úr þeirri ferð.

Jarðarförin fer fram frá Fyrstu lútersku kirkju föstudaginn í þessari viku kl. 2 e.h.

Úr bréfi frá Wynyard, Sask., 30. des. 1910: — "Tíðindi héðan ekki stór. Þó má geta þess, að einn landi, skamt suður frá Wynyard, varð fyrir því óhappi, að missa 2. ára nautgrip, sem enskur nágranni hans skaut á jóladaginn, vegna þess, að gripurinn hafði komist í fóður hjá þeim enska. — Greinin í Hkr. 3. nóv. sl. með fyrirsögninni "Þrældómur", gerði mig undrandi. Það datt mér sízt í hug, að ungu stúlkurnar ættu við svo þröngan kost að búa í stórborgunum, eins og þar er skýrt frá. Þær ættu að bregða sér út hingað, Winnipeg stúlkurnar, og vinna hjá okkur bændunum, því hér er sannarlega hörgull á vinnukonum".

Traders Bank of Canada hefir sent Heimskringlu vandað vasaleðurveski (Card Case) í jólagjöf, og þakkar blaðið hér með alúðarfylst fyrir þá sendingu. Allmargir Íslendingar hafa viðskifti við þennan banka, og láta það bezta yfir lipurð og viðskiftalegri hjálpsemi hans.

Kaupendur Heimskringlu aðAntler, Sinclair, Crescent og þar um kring eru beðnir að muna, að hr. Magnús Tait, að Antler P.O., er umboðsmaður Heimskringlu. Honum er jafnan ant um, að veita andvirði blaðsins móttöku frá kaupendum þess, og einnig nýjum áskriftum. Sér til hægðarauka geta því vinir blaðsins snúið sér til hans.

George F. Galt, velþektur Winnipeg-borgari, hefir verið útnefndur sem einn af forstjórum Commerce bankans, í stað James Grathern, frá Montreal, sem andaðist nýverið.

Olafsson Grain Co. biður þess getið að hinir nýju talsímar þeirra séu nú:
Olafsson Grain Co.: Garry 2164.
Jón Ólafsson: Garry 2193.
Stephan Sveinsson: Garry 4495

Blaðið Free Press skýrir frá því, að Roblin stjórnin muni kaupa af Laurier stjórninni heræfingaskálann á Broadway, ásamt með Fort Osborne herbúðunum, fyrir yfir milión dollars, og mun þá í ráði, að nýtt þinghús verði þar bygt. Einnig er þess getið, að Laurier stjórnin muni kaupa Happyland svæðið á Portage Ave. og byggja þar heræfingaskála og hafa þar æfingasvæði.

Piano kensla.

Hérmeð tilkynnist að ég undirskrifuð tek að mér, frá þessum tíma, að kenna að spila á Piano. Kenslustofa mín er að 727 Sherbrooke St. Kenslu skilmálar aðgengilegir. Talsími Garry 4110.

Sigrún M. Baldwinson

Tilraun er verið að gera til þess að fá hinn nýkosna borgarstjóra Evans dæmdan úr embætti.

Úr bréfi frá Nes P.O., Man., 2. jan. 1911: — "Jarðarför þeirra tveggja manna, sem drukknuðu norður í Winnipegvatni 2. des. sl., fór fram í Árnes grafreit 29. des. Séra Magnús Skaptason, sem hér er um þessar mundir að flytja fyrirlestra, jarðsöng hina látnu landa vora. Mesti fjöldi fólks var saman kominn við jarðarförina, eldri og yngri, fornir og nýir vinir og vandamenn hinna látnu. Var þó kalt veður, 75 stiga frost, eða 43 stig fyrir neðan zero".

Lögberg hefir stækkað nú um nýárið. Er nú orðið 7-dálka blað, sem gefur því stórblaðasnið, og gerir það að mun útlitsfegurra, en það áður var. Heimskringla óskar blaðinu til lukku með stækkunina og með það mikla og veglega stórhýsi, sem það hefir komið upp yfir sig.

Miðsvetrar samsæti.

Íslendingar í Foam Lake bygð hafa ákveðið, að halda miðsvetrarsamsæti að

Leslie, Sask.

föstudaginn 20. janúar 1911.

Samkomuna er ætlast til að sæki EINUNGIS ÍSLENDINGAR, og er viðbúnaður allur eins rataíslenzkur og föng eru á að veca láta. Verður þar boðinn al-íslenzkur matur af bezta tagi, svo sem: Hangikjöt, bjúgu, sauðasvið, harðir fiskur, laufabrauð og rúgbrauð, og margt fleira, sem hér yrði ol langt mál að telja upp.

Meðan á máltíðinni stendur verða ræður fluttar fyrir minnum: Íslands, Vesturheims, Vestur-Íslendinga og bygðarinnar; og nýort kvæði verða flutt og sungin fyrir minni hverju.

Íslenzkur söngflokkur og hornleikaraflokkur Leslie bæjar skiftast á að skemta fólkinu með söng og hljóðfæraslætti.

Þegar máltíðinni og skemtiskránni er lokið, geist gestunum færi á að skemta sér það sem þá verður eftir nætur við DANS.

Alt þetta kostar að eins einn dollar fyrir hvern, er samkomuna sækir, og munu flestir komast að raun um, að betri máltíð og meir skemtun er ekki auðvelt að fá fyrir minni peninga.

Aðgöngumiðar verða til sölu eftir 10. janúar í Leslie lyfjabúðinni, og kosta einn dollar hver.

Forstöðunefndin.

Ársfundur andatrúarkirkjunnar (Spiritual Research Church) hér í borg var haldinn á fimtudaginn 5. þ.m. Yfirlit yfir fjárhag og starfsemi safnaðarins var lesið upp og samþykt. Skýrsla sú sýndi vaxandi þroska og starfsvið safnaðarins á liðna árinu. Inntektir höfðu orðið alls $835.60, og eftir að öll útgjöld ársins voru greidd, var í sjóði á bankanum $14.65. — Frávíkjandi embættismönnum var greitt þakklætisatkvæði, og þessir voru kosnir fyrir komandi ár (1911): Heiðursforsetar M. E. Jónasson og frú Forrest. Forseti N. Pearse; varaforsetar M. Nanton og frú Gísli Goodman; féhirðir M. Jónasson; skrifari ungfrú Paulson; fulltrúanefnd: frú Gunnlaugur Helgason, M. Ólafsson, M. Marshall og M. Snow. Í skemtinefnd voru kosnir þær frúr Snow og Emsall og þeir herrar Jones og Marshall.

ATHS. — Þessi skýrsla var send blaðinu á illa skrifaðri ensku og nafnlaus. Öllum slíkum fréttum ætti að fylgja nafn þess, er ritar, og skriftin að vera svo ljós, að hægt sé að ráða fram úr henni. — Ef safnaðarfólkið álítur starf sitt þess virði, að um það sé getið, þá er ekki til minna ætlandi en að það sjái um, að umgetningarnar séu svo ljóst ritaðar, að hægt sé að lesa þær. Ritstj.

Þeim herrum Árnason & Son, kaupmönnum í Churchbridge, leiðist ekki gott að gera. Nú hafa þeir sent Heimskringlu í nýársgjöf vandað leðurveski með minnisblöðum og hólfum fyrir smáspjöld og skildinga, — ef nokkrir væru. Hlutur þessi er hinn vandaðasti og nafn og starf þeirra félaga er með gyltu letri auglýst á framhlið vesksins. — Kæra þökk fyrir sendinguna, félagar.

Sherwin-Williams PAINT
fyrir alskonar húsmálningu.

Prýðingar-tími nálgast nú. Dálítið af Sherwin-Williams húsmáli getur prýtt húsið yðar utan og innan. — Brúkið ekker annað mál en þetta. — S.-W. húsmálið málar mest, endist lengur, og er áferðarfegurra en nokkurt annað hús mál sem búið er til. — Komið inn og skoðið litarspjaldið. —

Cameron & Carscadden
QUALITY HARDWARE
Wynyard, -- Sask.

Næsta þriðjudagskveld, 17. jan., verður kappspil um vindlakassa í Íslenzka Conservative Club

Success Business College
Horni Portage Ave. og Edmonton Stræti
WINNIPEG

Vetrar námsskeið.
þriðjudaginn 3. janúar 1911.

DAGSKÓLI KVELDSKÓLI

KENSLUGREINAR, Enska, Lestur, Skrift, Stafsetning, Reikningur, Bókhald, Hraðritun og Vélskrift.

Byrjið þriðjudaginn 3. janúar.

Skrifið, komið eða símið Main 1664 eftir fullum upplýsingum.

Success Business College
F. G. GARBUTT, President. G. E. WIGGINS, Principal.

Grimdarfrost og hríð hefir geysað um Vesturfylki Canada þessa síðustu daga.

Anna: Ef einhver spyr mig um þig, dettur mér ekki annað í hug en að segja alt, sem ég veit um þig.

Helgi: Ef þú dirfist að gera það — já, þá — dettur mér ekki í hug annað en að höfða meiðyrðamál á hendur þér.

* * *

Ég segi þér það í fullri alvöru, að ég held því fram, að maðurinn eigi að vera húsbóndi á sínu heimili.

Auðvitað, það er gefinn hlutur. En það, sem ég vildi vita er þetta: Er þér leyft að reykja í dagstofunni?

Samkoma

í efri Goodtemplarsalnum miðvikudagskveldið

18. janúar, kl. 8.

Undir umsjón stúkunnar Skuldar. Fróðlegt og skemtilegt prógram. Margir ágætismenn á skemtiskránni, t. d. Próf. Runólfur Marteinsson, Ólafur Eggertsson, Halldór Þórólfsson og fleiri.

Allir velkomnir. Enginn inngangseyrir. Engin samskot.

TILBOÐ.

Við undirskrifaðir tökum að okkur alla grjótvinnu, sem við getum af hendi leyst eins fljótt og vel og nokkur getur gert. Við seljum grunn undir hús, hlöðum kjallara, steypum vatnsker öld og gangstéttir, gerum steinsteypu í fjós, o.fl.

Jacob Frimann
Hergr. Hallgrimson
Gardar, N. Dak.

"KVISTIR"

kvæði eftir Sig. Júl. Jóhannesson, til sölu hjá öllum íslenzkum bóksölum vestanhafs

Verð: $1.00

Þegar þér þurfið að kaupa
Gott smjör
Ný egg
og annað matarkyns til heimilisins, þá farið til
YULES PRODUCE STORE
941 Notre Dame St.
Prices always reasonable

Dr. G. J. Gíslason,
Physician and Surgeon
18 South 3rd Str, Grand Forks, N. Dak
Athygli veitt AUGNA, EYRNA og KVERKA SJÚKDÓMUM. ASAMT INNVORTIS SJÚKDÓMUM og UPPSKURÐI. —

TALSÍMI
S. T. OLAFSSONAR
619 Agnes St.
GARRY578

Dr. J. A. Johnson
PHYSICIAN and SURGEON
HENSEL, N. D.

Dr. M. Hjaltason
OAK POINT, MAN

S. K. HALL
TEACHER OF PIANO and HARMONY
STUDIO; 701 Victor St,
and
IMPERIAL ACADEMY OF MUSIC AND ARTS
Dr. Ralph Homer, Director.
290 Vaughan St.

MARTYN F. SMITH,
TANNLÆKNIR.
Fairbairn Blk. Cor Main & Selkirk
Sérfræðingur í Gullfyllingu og öllum aðgerðum og tilbúnaði Tanna. Tennur dregnar án sársauka. Engin veiki á eftir eða gómbólga. —
Stofan opin kl. 7 til 9 á kveldin
Office Phone 6944. Heimilis Phone 6462

TIL SÖLU:
160 ekrur af bezta landi, stutt frá járnbrautarstöð. — Fyrsti maður með $7.00 fær hér góð kaup. — Finnið
Skúli Hansson & Co.
47 Aikens' Bldg.
Talsími, Main 6476 P. O. Box 833

GEO. ST. JOHN VAN HALLEN
MÁLAFÆRZLUMAÐUR
GERIR ÖLL LÖGFRÆÐIS STÖRF ÚTVEGAR PENINGALAN.
Bæjar og landeignir keyptar og seldar, með vildarkjörum,
Skiftisköl $3.90
Kaupsamningar $3.00
Sanngjörn ómakslaun. Reynið mig.
Skrifstofa 1000 Main St.
Talsími Main 5142
Heimilis talsími Main 2357
WINNIPEG

Þarft þú ekki að fá þér ný föt?

EF ÞAU KOMA FRA CLEMENT'S, — ÞÁ VERÐA ÞAU RÉTT

Réttur að efni, réttur í sniði réttur í áferð og réttur í verði.

Vér höfum miklar byrgðir af fegurstu og beztu fataefnum. —

Geo. Clements & Son
Stofnað árið 1874
264 Portage Ave. Rétt hjá FreePress

Th. JOHNSON
JEWELER
286 Main St. Talsími: 6606

Sveinbjörn Árnason
Fasteignasali.
Selur hús og lóðir, eldsábyrgðir, og lánar peninga. Skrifstofa: 310 Molstyre Blk.
office TALSÍMI 4700. hús TALSÍMI 2108

G. NARDONE
Verslar með matvöru, aldini, smá-kökur, allskonar sætindi, mjólk og rjóma, sönnul. tóbak og vindla. Óskar viðskifta Íslend. Heitt kaffi eða te á öllum tímum. Fón 7756
714 MARYLAND ST.

BRAUÐIÐ
fyrir þetta nýja ár
á að vera það bezta, sem þér getið fengið fyrir peninga yðar. Boyds brauð eru þau beztu, sem góðir bakarar geta búið til úr bezta Manitoba hveiti, en kosta yður engu meira en lakari brauðtegundir.
Boyd's
Bakery Cor. Spence & Portage Ave
Phone Sherb. 680

BILDFELL & PAULSON
Union Bank 5th Floor, No. 520
selja hús og lóðir og annast þar að lútandi störf; útvegar peningalán o. fl.
Tel.: 2685

BONNAR, TRUEMAN & THORNBURN,
LÖGFRÆÐINGAR.
Suite 5–7 Nanton Blk. Tals. 766
Winnipeg, Man. P.O.BOX 223

DR. H. R. ROSS
C.P.R. meðala- og skurðlækuir.
Sjúkdómum kvenna og barna veitt sérstök umönnun.
WYNYARD, — SASK.

The Evans Gold Cure
229 Balmoral St. Sími Main 797
Varanleg lækning við drykkjuskap á 48 dögum án nokkurrar tafar frá vinnu eftir fyrsta vikuna. Algerlega privat. 16 ár í Winnipeg. Upplýsingar í lokuðum umslögum.
Dr. D. R. WILLIAMS, Exam. Phys
J. L. WILLIAMS, Manager

W. R. FOWLER A. PIERCY.

Royal Optical Co.
307 Portage Ave. Talsími 7286.
Allar nútíðar aðferðir eru notaðar við augn-skoðun hjá þeim, þar með hin nýja aðferð, Skugga-skoðun, sem gjöreyðir öllum ágiskunum. —

Anderson & Garland,
LÖGFRÆÐINGAR
35 Merchants Bank Building
PHONE: MAIN 1561.

Talsími Heimskringlu
Garry 4110

Heimskringla.

Talsími Heimskringlu
Garry 4110

XXV. ÁR | WINNIPEG, MANITOBA, FIMTUDAGINN, 26. JANÚAR 1911 | NR. 17.

Egg steikt á ís-[landi].

Merkileg uppfynding.

Landi vor C. H. Thordarson hefir gert merkilega uppgötvun, sem líkleg er til að hafa mikla þýðingu í framtíðinni, sérstaklega fyrir húsmæður og eldabuskur, því uppfynding hans hefir eingöngu að gera með eldhúsin.

Það, sem hr. Thordarson hefir fundið upp, er eftir því sem Chicago blöðin kalla "þráðlaust eldhús", eða með öðrum orðum, að geta soðið hvaða mat sem er með þráðlausum rafurmagnsstraumum.

Það var á rafurmagnssýningu í Chicago fyrir skömmu, að Thordarson gerði þessa uppfyndingu sína kunna, og er henni í "Chicago Examiner" lýst á þessa leið:

Frá Íslandi hefir komið Edison sýningarinnar í persónu C. H. Thordarsonar, og hefir hann breytt hinu þráðlausa masi í samfasta ræðu og heillavænlegra þarfa fyrir eldabuskuna. — Í hinu þráðlausa eldhúsi hefir galdramaðurinn enga eldavél, kol eða gas. Á marmarahellu eða pappírsblað setur þessi undramaður alúminium plötu. Á hana hellir hann svo innihaldinu úr hænueggi, og meðan þú stendur undrandi yfir, hver þremillinn úr þessu eigi að verða, steikist eggið sem á sjóðandi pönnu.

Undrandi hvernig þetta hafi mátt verða, drepur þú fingrinum varlega á marmarahelluna, — hún er ísköld sem áður, og þú verður því engu nær, hvernig eggin hafi verið steikt.

Þessu næst tekur Thordarson postulínsskál — samskonar skál eins og flestar húsmæður hafa — og lætur ofan í hana fjögur örsmá aluminium hjól, án þess að nokkur annar útbúnaður sé viðhafður. Þessu næst brýtur hann sex egg og hellir innihaldinu í skálina. — Strax fara hjólin að hreyfast og þeyta eggin, eins og kvennafræðarinn kallar það. Sjálfur kemur Thordarson hvergi nærri. Það eru þráðlausir rafurmagns straumar, sem gera það, segir hann og brosir í kampinn.

Þessu næst kemur Thordarson með bakarofn fram á sjónarsviðið. Ofninn er fet á dýpt og tvö fet á breidd og gerður úr flögugrjóti, með aluminium plötu í botninum. Við skoðum ofninn grandgæflega, — alt er iskalt. Thordarson kallar þá á aðstoðarmann sinn og hann kemur með deig í kökur og kex, sem Thordarson lætur í bakarofninn. Tekur hann svo upp vasaúr sitt og horfir á það um stund; — þegar stundin er komin, opnar hann svo bakarofninn aftur og tekur út fullbakaðar kökur, bæði ilmandi og heitar, og býður okkur að bragða, og geðjast okkur að þeim ágætlega.

En ekki er alt hér með búið. — Næst er stórt ís-stykki fært fram á sjónarsviðið og látið á marmarahelluna, og galdramaðurinn lætur pönnu sína ofan á það og steikir eggin viðstöðulaust, heitir vatn og þeytir egg og ísinn bráðnar ekki, nema á þeim stað, sem pannan stóð.

Einn af sjónarvottunum lýsir vantrúnaði sínum á þessu og tel ur það missýningar einar. Thordarson brosir, og býður honum að borða með sér eitt af eggjunum, sem hann hefir steikt. Hinn gerir það, en brennir sig í tunguna, því eggið er brennandi heitt, þó það sé steikt á ís-stykki.

Þegar hér er komið gefur Thordarson skýringu yfir allan galdurinn. Hann segir:

Velþektir eiginleikar rafurmagnsins eru hafðir til að framkvæma þessi undur. Ég tek 110 volta víxlustraum frá leiðara hér í byggingunni, ef til vill sömu tegund rafurmagns og í húsi þínu. Ég leiði svo straumin undir bekkinn, sem bakarofninn minn stendur á; og tengi hann við segul sem ég hefi undir marmarahellunni. Rafurmagnið er það, sem kölluð er "sextug hringrás", er víxlast hundrað og tuttugu sinnum á sekúndu. Hin snögga skifting skautanna í segulstálinu gerir galdurinn.

Kona ein, sem verið hafði sjónarvottur að öllum þessum undrum Thordarsonar, gekk til hans að útskýringunni lokinni og spurði hvort hann gæti gert slíkt hið sama í eldhúsinu sínu.

Auðvitað, kæra frú, sagði Íslendingurinn og hneigði sig. Hvar sem víxlustraumar eru notaðir, get ég innleitt þráðlaus eldhús.

Fregnsafn.

Markverðustu viðburðir hvaðanæfa.

— C.P.R. félagið hefir birt fyrirætlanir sínar fyrir árið 1911, og sýna þær að fleiri miliónum dollars verður varið til umbóta í Vestur-Canada. Félagið ætlar að leggja 380 mílur af nýjum járnbrautum, hundrað mílur af tvöföldum sporum, fjörutíu mílur af framhaldsbrautum, og sömuleiðis að byggja 4 stálbrýr að Medecine Hatt og Calgary, og stækka verksmiðjur sínar í Winnipeg og víðar. Allar hinar nýju brautir eru milli Winnipeg og Vancouver, en mest af þeim verður bygt í Saskatchewan og Alberta. Í Manitoba aftur á móti verður framhald tvöföldu sporbrautarinnar frá Portage la Prairie til Brandon, hið eina af brautarlagningum á þessu ári.

— D. M. Walker, elzti dómari í undirrétti í Manitoba hefir látið af embætti eftir 25 ára þjónustu.

— Svartidauði (Bubonic Plague) geysar í Norður-Kína og hrynur fólkið niður hrönnum saman. — Stjórnin gerir alt, sem í hennar valdi stendur að varna að plágan breiðist út. — Japanar eru einnig að gera alt, sem þeir geta til varnar þessum ósköpum.

— Fimm manns brunnu til dauðs við húsbruna í Toronto á laugardagsnóttina var. — Mrs. Brooks og þrir kornungir synir hennar og vinnukona. Húsbóndinn Mr. Brooks var staddur í Chicago í verzlunarerindum, þegar þetta hörmulega slys vildi til.

— Uppreistin í Braziliu var bæld niður næstum í fæðingunni, en eftirköstin urðu uppreistarmönnum dýr. — Á laugardaginn var voru 300 uppreistarmenn skotnir til bana, án þess að mál þeirra væri rannsakað að nokkru, og full tvö hundruð höfðu verið af lífi tekin áður. — Það er forsetinn, Fonseca hershöfðingi, sem skipaði fyrir um þessar hroða-aftökur, og áttu þær að vera öðrum til viðvörunar. En þessi óvanalega grimd forsetans mælist hvervetna illa fyrir, og Bandaríkin hafa lýst meðúri óánægju sinni yfir þessari slátrun á föngunum.

— Tuttugu og fimm Japanar voru nýverið dæmdir til dauða í Tokio fyrir samsæri gegn keisaraættinni og stjórnarvaldsmönnunum. Mál samsærismannanna hefir staðið yfir síðan í september, og alt, sem þar hefir farið fram, hefir gerst innan lokaðra dyra, og öllu verið haldið leyndu þar til nú. — Foringi samsærismanna heitir Kotuko, fyrrum blaðamaður í Tokio, en hin síðari árin hafði hann dvalið í San Francisco, og þar komist í kynni við Anarkista, með þeim árangri, að hann sneri aftur heim til Japan og hugðist að framfylgja kenningunum í framkvæmdum. Hann stofnaði því stjórnlevsingja félög í höfuðborginni Tokio, og hugðist margt og mikið að vinna. En lögreglan komst á snoðir um þennan félagsskap, og einn góðan veðurdag handsamaði alla leiðtogana. Skjöl fundust, sem gáfu til kynna ráðagerð þeirra, og voru þau lögð fram sem aðalsönnunargögnin við réttarhaldið. Þau sýndu, að í ráði var, að myrða krónprinsinn, ræna auðmenn, brenna stjórnarbyggingar, drepa ýmsa háttstandandi embættismenn og ráðast á keisarahöllina. Þessi skjöl dómfeldu sakamennina, þó þeir hefðu engan verknað drýgt. — Ein kona var meðal hinna dómfeldu, og var það eiginkona Katuko. — Þegar dómurinn var uppkveðinn, stóð Katuko upp og hrópaði: "Lifi stjórnlevsi!" og tóku hinir dómfeldu undir það hróp með honum. Talið er, að keisarinn muni breyta dauðahómi konunnar til lífstíðarfangelsis. En hinir 24 verða að hlýta dómnum.

— Fulltrúadeild Bandaríkjaþings ins hefir samþykt að veita eftirlaun öllum þeim hermönnum, sem tóku þátt í þrælastríðinu, hafi þeir þjónað lengur en 90 daga, og eins þeim hermönnum, sem þátt tóku í stríðinu við Mexico, ef þeir þjónuðu lengur en 60 daga. Styrkurinn, sem þessum uppgjafa hermönnum er veittur, nemur frá 12 til 36 dollara á mánuði, eftir hvað þjónustutíminn var langur. Áætlað er, að árlega nemi þessi eftirlaunastyrkur $45,000.

— Nú er í ráði að gera Parísarborg að hafnarstað. París stendur sem kunnugt er við ána Signu, en þó all-langt frá sjó. Nú sem stendur er frumvarp fyrir þinginu þess efnis, að gera Signu fyllilega skipgenga frá árósum til Parísarborgar, og er ráðgert, að kostnaðurinn, sem af því leiðir, muni nema 40 miliónum dollars. Við fyrstu umræðu þessa máls í neðri málstofunni, voru 227 þingmenn því fylgjandi. Verði þetta úr, sem öll líkindi benda til, verður París bættulegasti keppinautur Lundúna í verzlunarheiminum.

— Nýútkomin skýrsla frá Bretastjórn sýnir, að inntektir brezku þjóðarinnar voru 5 þús. miliónir dollara á árinu, sem endaði 31. marz sl., eða 145 miliónum meira, en á næsta ári á undan. Af þessu fá verzlunar og professianal menn 2,830 miliónir dollara, land og húseigendur 1,350 miliónir, menn á í opinberri þjónustu 550 miliónir. Flestir þeir á Englandi, sem hafa ákveðin árslaun, borga inntektaskatt; af þeim eru 237,186 manns, sem hafa frá $800 til $1000 árstekjur; 8,312 manns hafa frá 4 til 5 þúsund dollara árstekjur; 21,172 hafa frá 5 til 10 þús. dollars árstekjur; 1,519 hafa frá 20 til 25 þúsund og 20 menn hafa yfir 250 þús. dollars á ári. 585 þús. vinnendur höfðu á síðasta ári 680 milión dollars inntektir, að jafnaði $1,165 hver vinnandi, en það var $30 á mann minna en næsta ár á undan. Erfðaskattur var á sl. ári borgaður af 425 milión dollara virði af eignum á Englandi.

— Ungir menn, sem vilja gangа í sjóherið Canada, þurfa annaðhvort að rita til hermála yfirvaldanna í Halifax, eða fara til póstmeistara í stærri borgum ríkisins, sem nú hafa fengið umboð að taka menn á mála.

— Svertingi einn í Boston, James Taylor að nafni, var á föstudaginn var dæmdur í 8 ára hegningarhússvinnu fyrir einsdæma fúlmensku meðferð á konu sinni. — Konan, sem er hvít Canada-stúlka og að eins nítján ára, hafði verið gift svertingjanum í tæpa 3 mánuði, þegar henni var bjargað úr greipum hans nær dauða en lífi. — Trúboðar í svertingjahverfi bæjarins höfðu komist á snoðir um, að ekki var alt með feldu í hrevsi James Taylors, og sögðu lögreglunni frá grun sínum. Voru þá 4 lögregluþjónar sendir að rannsaka bústað Taylors, og varð árangurinn sá, að í klefa einum fundu þeir konuna allsnakta með hlekkjum, sem voru festir við vegginn og hendur hennar og fætur, og svo stutta, að hún gat ómögulega lagst til hvíldar. Hún skýrði lögreglunni frá, að hún hefði í fulla átta sólarhringa verið í þessu ásigkomulagi, og hefði ekki fengið annað að borða allan þann tíma en vatn og brauð, og þess utan hefði maðurinn lamið sig daglega með svipum, sem sýndi sig að vera engin lýgi, því líkami hennar var allur með sárum og blóði drifinn. Ástæðuna fyrir þessari meðferð kvað hún vera þá, að hún hefði neitað að selja sjálfa sig til hinna svörtu kunningja manns síns, eins og hann hefði krafist. — Þegar fyrir dómstólana kom, bað hún samt mannhundi þessum vægðar, en dómarinn gat þess, að aðra eins fúlmensku og grimd eins og Taylor hefði gert sig sekan í, hefði hann aldrei fyr hevrt getið um, og átta ár væri vægilega sloppið með fyrir slík afbrot. — En konan á systkini í Winnipeg, og þau hafa boðið henni til sín, og vonandi ognast þá nýr og betri heimur fyrir Margrétu Taylor.

— Robert E. Peary hefir nú fengið viðurkenningu frá nefnd þeirri, sem Bandaríkjaþingið skipaði að rannsaka plögg hans, fyrir því, að hann hafi fundið pólinn, og um leið hefir hann verið gerður að undir aðmirál. — Fyrir nefnd þessari játaði Peary meðal annars, að norðurpóllinn væri eins týndur nú og áður hefði verið, og allar tilraunir að finna hann héreftir yrðu að vera upp á eigin spýtur, því engrar hjálpar væri að vænta frá sér. Hann játaði einnig, að hann hefði ekki viljað taka hvítan mann með sér í hina síðustu leit, vegna þess, að hann hefði viljað verða einn um heiðurinn, en ekki láta ungan, óreyndan mann verða hluttaka í honum með sér, — hann sjálfur hefði mest til matarins unnið og því fundist réttlátast, að hann uppskæri einn. — Ekki varð nefndin sammála um, að viðurkenna Peary sem uppgötvara norðurpólsins, en meiri hlutinn réði. — Einn af bezt þektu sjóliðsforingjum Bandaríkjanna, skrifaði Dr. Cook bréf, og kvað sig þess fullvissan, að hefði Peary fundið pólinn, hefði hann (Dr. Cook) fundið hann líka. — Sum blöð Bandaríkjanna sögðu einnig, að hefði Kaupmannahafnar háskóli rannsakað plögg Pearys, mundi hann hafa fengið hina sömu útreið og Dr. Cook fékk.

— Sextán ára gamall unglingur var nýlega fyrir rétti í Los Angeles, sakaður um, að hafa ekki séð fyrir konu sinni, 14 ára gamalli. Börn þessi, sem bæði eru mexíkönso, höfðu verið rúma tvo mánuði í hjónabandi, og mestan þann tíma hafði eiginmaðurinn gengið til leika með börnum, en látið hina ungu konu sína bjargast sem bezt hún gat. Rétturinn lét piltinn lausan, með þeim skilyrðum, að framvegis sæi hann fyrir konu sinni, sem góðum eiginmanni sæmir, og útvegaði honum atvinnu þar að auk.

— Tveir menn létu lífið við járnbrautarslys á Soo-Line brautinni í námunda við North Portal í Saskatchewan. Mennirnir, sem fórust, voru báðir verzlunarerindsrekar frá Toronto og hétu S. J. Hunt og R. A. Capman. Tveir aðrir meiddust, annar alvarlega; sá heitir J. H. Lewis, og er póstþjónn frá Moose Jaw.

OGILVIE'S
Royal Household Flour
Til Brauð og Köku Gerðar
OGILVIE'S ROYAL HOUSEHOLD
Gefur Æfinlega Fullnæging
EINA MYLLAN Í WINNIPEG,—LÁTIÐ HEIMAIÐNAÐ SITJA FYRIR VIÐSKIFTUM YÐAR.

— Ritstjóri "Kristeligt Dagblad" í Kaupmannahöfn, heimatrúboðsklerkurinn Mathisen, hefir verið dæmdur í fjögra mánaða fangelsi fyrir meiðyrði um yngsta son Friðriks konungs, prins Harald. Mál klerksins hefir vakið hina mestu eftirtekt, því hann var höfuðpaur heimatrúboðsmanna þar í Danmörku. — Einn af samþjónum hans varð svo bálreiður, þegar hann frétti dóminn, að hann steingleymdi að jarðsyngja lík, sem beið hans við kirkjudyrnar.

— Verzlunarhöllin í Cincinnati brann til grunna nýverið. Höllin var hin lang-vandaðasta bygging borgarinnar, og voru borgarbúar mjög mikið upp með sér af henni. Sjálf var höllin virt á $700,000, en fullri milión dollars er tjónið sagt að nemi.

— Vilhjálmur þýzkalandskeisari varð fyrir harðri árás í ríkisþinginu fyrir skömmu. Einn af foringjum jafnaðarmanna gat þess, að ef keisarinn héldi áfram að prédika um sín "guðlegu réttindi", yrðu afleiðingarnar þær, að hann og hans ætt yrði upprætt. "Það er leiðin, sem Stuartarnir og Bourbonarnir fóru, og það er vegurinn, sem Manúel Portúgalskonungur tróð nú nýverið, og fyrir yðar hátign liggur slíkt hið sama, ef þér hafið ekki betra gát á sjálfum yður", varð ræðumanninum að orði. Sami ræðumaður kvað keisarann hafa þráfaldlega brotið loforð og eiða og tekið á sig fullmikinn einveldisbrag. "Það, sem við jafnaðarmenn stefnum að, er lýðveldi", voru lokaorð ræðumannsins. — Ríkiskanslarinn reyndi að verja gjörðir keisarans, en fékk lítla áheyrn.

— Ljótar sögur berast frá Rússlandi um meðferð á pólitiskum fongum í Síberíu. Símskeyti frá Vologda í Síberíu til eins af meðlimum Dúmunnar, var lesið upp í þinginu og olli heitum umræðum. Skeytið gat um, að fangarnir hefðu kvartað yfir matnum, sem þeim var borinn, talið hann ekki boðlegan hundum, hvað þá mönnum; en fangelsisstjórinn skipaði um hæl, að allir þeir, sem umkvörtunina hefðu gert, hvort heldur karl eða kona, skyldu húðstrýkjast. Læknir fangelsisins hafði mótmælt þessu, ekki talið fangana nógu hraustbygða fyrir aðra eins meðferð, — en það kom fyrir ekki, allir voru lamdir. Margir frömdu eftirá sjálfsmorð, og meðal þeirra var stúdentinn Sazanoff, sem myrti M. de. Plehve, innanríkisráðherra, grimdarsegginn alkunna, og sem dæmdur hafði verið í 12 ára Síberíu-vist fyrir morðið. Mótstöðumenn stjórnarinnar í þinginu hejmtuðu þessa svívirðilegu meðferð á fongunum rannsakaða til hlýtar og valdsmönnunum, sem ódæðið frömdu, hegnt. En stjórnarliðar reyndu að skjóta skildi fyrir fangelsisstjórann, og töldu, að skeytið mundi orðum aukið; en það vildi ekki ganga greitt, og nú hafa ýmsir mikilhæfir menn utanþings skorað á stjórnina, að gefa öllum þeim fongum frelsi, sem enn eru á lífi og fyrir þessari grimdarfullu meðferð urðu, og reka fangelsisstjórann frá embætti.

— Panama sýningin svonefnda, sem halda á árið 1915, þegar Panama skurðurinn er fullgerður, verð ur haldin í New Orleans. Barátt-an var milli New Orleans og San Francisco, og varð hin fyrnefnda hlutskarpari að ná í heiðurinn.

— Alfons Spánarkonungur hefir verið á ferð um ríki sitt ásamt ráðgjöfum sínum. Í borginni Malaga var honum sýnt banatilræði, en sakaði ekki; en tveir af þjónum hans særðust af sprengikúlu þeirri, sem ætluð var konginum.— Frá Malaga hélt konungur og lylgdarlið hans yfir á Moroccostrendur — til borgarinnar Melilla —, þar sem dvelja á um hríð.

— Í þorpinu Rambouillet á Frakklandi skeði sorglegur atburður nýverið. Einafræðingur nokkur, Noblet að nafni, hafði skilið við konu sína fyrir nokkrum mánuðum, en undi einlífinu illa, og vildi ólmur fá hana aftur, en hún neitaði öllum sáttatilboðum hans harðlega. En hann gafst ekki upp við það; á hverjum degi sendi hann henni bréf, þar sem hann bað hana að koma til sín, — fyrst með góðu, en seinna hafði hann hótun frammi. Konan hefir að líkindum orðið hálf-brjáluð við hótanirnar, því hún brá sér á fund hans og heimtaði fyrst, að hann léti sig afskiftalausa eftirleiðis. En er hann neitaði að verða við þeirri bón hennar, tók hún upp skambyssu, er hún hafði meðferðis og skaut hann til bana, og hélt síðan heim til sín eins og ekkert hefði iskorist og þar handtók lögreglan hana skömmu síðar. Fyrir dómstólunum var hún sýknuð.

— Morðmálinu í Hamilton, Ont., lyktaði svo, að Tom Flinton, sem var þar ákærður um að hafa myrt föður sinn, Elijah Flinton, var fundinn sýkn saka af kviðdómi á föstudaginn var, og samdægurs slept úr varðhaldinu. — En hver myrt hefir gamla manninn, er óupplýst enn, og verður að líkindum svo, þar til sá, sem verkið vann, af eigin hvötum gefur sig fram, og þess mun langt að bíða.

— Skáldið Funke er nýlátið í Bremen á Þýzkalandi, 75 ára að aldri.

WALL PLASTER

"EMPIRE" VIÐARTÁGA VEGGLÍM.
"EMPIRE" CEMENT WALL VEGGLÍM
"EMPIRE" FINISH VEGGLÍM.
"GOLD DUST" VEGGLÍM.
"SACKETT" PLASTER BOARD.

SKRIFIÐ OSS OG FÁIÐ VORA ÁÆTLUNAR BÓK.

Manitoba Gypsum Co., Limited.
WINNIPEG, - MANITOBA.

Heimskringla

Published every Thursday by The Heimskringla News & Publishing Co. Ltd

Verð blaðsins í Canada og Bandar. $2.00 um árið (fyrir fram borgað). Sent til Íslands $1.50 (fyrir fram borgað af kaupendum blaðsins hér $1.50.)

B. L. BALDWINSON
Editor & Manager

Office:
729 Sherbrooke Street, Winnipeg
BOX 3083. Talsími Garry 4110.

Stórgjöfulir auðkýfingar

Hvað sem annars má segja um þá Rockefeller og Carnegie, þá getur enginn af þeim borið, að stórgjöfulir hafa þeir verið um dagana. Það hefir verið barátta milli þeirra hvor gæti gefið meira því þegar annar hefir gefið stór-upphæð, hefir hinn að jafnaði gefið aðra stærri, og svo koll af kolli.

Ég býst við að deyja fátækur, hefir Carnegie margoft sagt. Enginn skal gefa meira en ég, hefir Rockefeller oftar en einu sinni látið sér um munn fara.

Olíukongurinn John D. Rockefeller, er talinn rikasti maður heimsins. Sjálfur veit hann ekki með vissu, hversu ríkur hann er, en frá 500 til 700 miliónum dollars eru auðæfi hans talin. Ef honum auðnast að lifa í 15 eða 20 ár enn, og hann gefur ekki afarmikið á því timabili, leikur á því enginn efi, að hann verður billióneri, — hinn fyrsti, sem heimurinn hefir eignast.

Andrew Carnegie aftur á móti er ekki eins rikur. Auðæfi hans eru talin að nema frá 300 til 500 miljónum. Hlutir hans í "The Steel Trust" nema í kringum 300 miliónum dollars. Og óhætt má fullyrða, að ef auðæfi beggja þessara manna væru komin í eitt, þá mundi góð bilión dollars vera þar saman komin.

Það var árið 1881, að Rockefeller og Carnegie byrjuðu að gefa í stórum stil, og síðan hefir gjafasamkepnin verið við liði. Á þessu timabili hefir Carnegie gefið $189,-800,000, en Rockefeller $174,411,000 og er hann því 15 miliónum dollars lægri en Carnegie eins og sakir standa nú. — En það breytist bráðlega. Olíukongurinn er viss að gefa tugi milióna næsta sinn, og þar með ná yfirhöndinni, og enn sem komið er hefir enginn í heiminum leikið það eftir olíukonginum, að gefa 53 miljónir dollars í einu, eins og hann gerði, þegar hann stofnaði Mentasjóð sinn (General Education Fund).

Carnegie hefir að visu gefið 52 miljónir til bókasafna, en það gerði hann í smáum skömtum. — Stærsta upphæðin, sem hann hefir gefið í einu, voru 16 miljónir til "Carnegie Institute" í Pittsburg, og 10 miljónirnar, sem hann gaf í "Friðarsjóðinn" nýverið.

En gjöfum beggja þessara auðmanna er að mörgu leyti varið á líkan hátt. Báðir vilja þeir auka mentun, þó mismunandi fari þeir að. Carnegie hefir betri trú á bókasöfnum, en á Mentasjóð Rockefellers, og Rockefeller álitur happasælla, að útberiða guðsorð, en stofna Friðarsjóð. En skóla eru þeir sammála um að styrkja, enda hafa hvorutveggja gefið óspart til þeirra. Meðal annars á Chicago háskólinn mest tilveru sina stórgjöfum Rockefellers að þakka.

Við birtum hér með lista yfir gjafir þessara auðkýfinga, svo almenningi gefist sem bezt kostur á að sjá, hvernig þeim hefir verið varið. —

GJAFIR ANDREWS CARNEGIE.

Bókasöfn	$52,000,000
Styrktarsjóðir	15,000,000
Carnegie Institute, Pittsburg	16,000,000
Carnegie Institute Washington	22,000,000
Friðarsjóðurinn	10,000,000
Skozkir háskólar	10,000,000
Hetjusjóðurinn	5,000,000
Verkamenn Carnegie stálfélagsins	5,000,000
Dunfermline sjóðurinn	5,000,000
Friðarhöllin í Haag	1,750,000
Fjöllistaskólinn í Pittsb.	2,000,000
Samfélög vélfræðinga	1,300,000
Bureau of American Republics	750,000
Ýmsir smærri skólar í Bandaríkjunum	20,000,000
Cambria County, Pa.	600,000
Játvarðar sjúkrahúsið í London	500,000
Handiðnamanna sameiningin	400,000
Til baráttunnar gegn 'Pellagra' sýkinni	1,000,000
Ýmsar gjafir í Evrópu	2,500,000
Ýmsar gjafir í Bandar.	18,000,000
Alls	$189,800,000

GJAFIR JOHN D. ROCKEFELLERS

Mentasjóðurinn	$53,000,000
Chicago háskólinn	25,309,000
Institute of Medical Research	8,240,000
Rush læknaskólinn	6,000,000
Baptista kirkjur	3,362,000
Trúboð innanlands	2,300,000
Trúboð utanlands	2,000,000
Y.M.C.A.	3,500,000
Barnard College	1,375,000
Yale háskólinn	1,300,000
Harvard háskólinn	1,000,000
Mentasjóður Suðurríkj.	1,000,000
Union Theological Seminary	1,000,000
Í fræðslusjóð Baptista	1,000,000
Til útrýmingar á Hookworm	1,000,000
Smærri skóla í Banadar.	23,000,000
Til Cleveland borgar	3,000,000
Til spítala og læknaskóla	15,000,000
Uppeldisstofnanir	2,000,000
Ýmsar gjafir	20,000,000
Alls	$174,411,000

Allar þessar gjafir frá þeim báðum eru ekki peningagjafir, heldur verðbréf eða hlutir í járnbrautum, stál og olíu félögum, en sem vitanlega eru eins góðir, ef ekki betri en gull.

Þeim svipar að mörgu saman, Rockefeller og Carnegie. Þeir eru næstum því jafnaldra, Carnegie er 73, en Rockefeller 71. Báðir byrjuðu blásnauðir, og báðir urðu miljónerar áður en þeir voru 35 ára. Allir vita, að Rockefeller græddi auð sinn á steinolíu og Carnegie á stáli. Báðir hafa gefið stórfé til ættborga sinna, Pittsburg og Cleveland, og báðir búa þeir nú í New York. Áður fyrr voru þeir góðir kunningjar, en nú á seinni árum hafa þeir ekki séð hvor annan. Engin óvild er samt talin á milli þeirra, og þeir hæla hvor öðrum í viðræðum, þegar gjafir þeirra er umræðuefnið. En samkepninni í því að gefa mest og verða efstur á blaði, þegar dauðinn kallar, henni munu þeir halda áfram til hinnar hinstu stundar. Og þegar erfðaskrá þeirra verður opnuð, mun góður skerfur af auði þeirra verða ánafnaður til almennings heilla.

En likurnar eru til, að Rockefeller beri sigur af hólmi í þessari samkepni, þó hann sé dálitið á eftir núna. Hann er þeirra ríkastur og það ætti að ríða baggamuninn. En ef Carnegie endilega vill fá þá ósk sína uppfylta að deyja fátækur, þá er ekki útséð um nema honum takist að ná takmarkinu — að gefa mest.

Báðir þessir menn hafa verið ofsóttir og skammaðir, og það ekki að ástæðulausu, sérstaklega olíukongurinn, en báðir hafa með gjöfum sinum reynt að bæta fyrir syndir sínar. Og þegar þeir eru fallnir frá, munu gjafir þeirra verða þyngri á metunum en afbrotin.

Samtal við Íslands ráðherra.

Í danska blaðinu Politiken 5. þ. m. skýrir einn af fréttariturum þess frá heimsókn sinni til Björns Jónssonar Íslandsráðherra, á skrifstofu hans í Kaupmannahöfn, og samtali því, er á milli þeirra fór. — Með því að samtalið, ef rétt er hermt, er all-merkilegt, birtum vér það hér í íslenzkri þýðingu. —

"Ráðherra Íslands, herra Björn Jónsson, hélt héðan í dag heim á leið, yfir Holland og London til Leith, þar sem hann svo stigur á skipsfjöl og lendir í Reykjavík 16. janúar.

"Stuttu fyrir burtför hans hafði ég tækifæri að heimsækja hann á skrifstofu hans í Privat-banka byggingunni. Ráðherrann var þá ferðbúinn.

"Það er raunar regla mín, að segja fréttariturum ekkert, sagði hinn fyrverandi ritstjóri og brosti. Blöðin hérna misskilja eða rangfæra að jafnaði viðræður, en með því að ég veit að þér eruð kunnur íslenzkum máleínum, geri ég fúslega undantekningu frá reglunni, hvað yður snertir.

"Viljið þér þá svara mér: Hver er sannleikurinn um aðskilnaðarflokkinn?

"Að hann þýðir lítið eða ekkert. Að menn hér í Höfn halda annað, kemur af því, að samvizkulausir sögumenn hafa skýrt blöðunum rangt frá.

Íslenzkir sögumenn?

"Já, Íslendingar bæði heima og hér; svo sem cand. mag. Bogi Melsted, sem hefir fengið villandi greinar birtar í Berlingske Tidende Honum er að líkindum gramt í geði vegna þess, að styrkveitingin til Íslandssögu hans hefir nú að lokum verið afmáð af fjárlögunum.

"En álítið þér, að enn þá sé meiri hluti á alþingi því fylgjandi, að sambandið við Danmörku verði persónu-samband (Personal Union)?

Það er þangað, sem við stefnum. En úr því hin danska stjórn hefir látið samþykt síðasta alþingis ósvaraða og ekki komið fram með neitt miðlunartilboð, er það mín skoðun, að málið hvilist um hríð. Ég held ekki, að því verði hreyft á næsta þingi. Reyndar gæti samkomulag komist á, ef tilslökun frá Dana hálfu í áttina til persónu-sambands kæmi fram; en sem sagt, eins og nú standa sakir, er bezt að málið hvili í þagnargildi þar til betur blæsi.

"Hafið þér mörg ný lagafrumvörp heim með yður í kistunni?

"Tuttugu og fjögur.

Hver eru þýðingarmest?

Fyrir utan fjárlögin og þýðingu á norsku sjávarlögunum, er frumvarp til laga um að koma á fót þráðlausu skeytasambandi milli Reykjavíkur og Vestmannaeyja, og sem einnig á að geta haft samband við skipin á sjónum og á þann hátt aukið notkun simans.— Marconi félag eitt í Bryssel á að byggja þráðlausu stöðina, sem að eins á að kosta 40,000 kr. Ennfremur er lagafrumvarp um fræðslu barna, þar sem meðal annars heimiliskensla er innleidd. Og frumvarp um eiða og samvizkuyfirlýsingu, sem gengur út á það, að þeir, sem eru utan trúarflokka, viðhafa samvizku yfirlýsingu í stað eiðstafs. Svo er frumvarp, sem ákveður, að þeir, sem ekki tilheyra þjóðkirkjunni, skulu vera lausir við að greiða til prests og kirkju, en greiði samsvarandi upphæð til kenslumála stjórnarinnar. Sömuleiðis eru lagafrumvörp um erfðaskatt, eldskatt og ýmsar breytingar á toll-lögunum, sem munu auka tekjur landssjóðs 135,000 krónur um árið þar af toll-lagabreytingin ein eykur landssjóðstekjurnar um 103,000 krónur. — Þetta eru hin helztu lagafrumvörp, sem verða lögð fyrir alþingi, en þau eru líka nóg verkefni í þessa tvo eða þrjá mánuði, sem þingið stendur yfir.— Alþingið kemur saman 5.(?) febrúar, og verður að öllum líkindum slitið fyrri en síðasta þingi, eða í aprílmánaðar lok.

"Og hvenær sjáum við yður aftur hér í Kaupmannahöfn?

"Í maí eða júní, ef mótstöðumenn minir hafa ekki gert út af við mig áður, bætir ráðherrann hlæjandi við".

Fann Leifur heppni Ameríku?

Það hefir til þessa verið almennt álitið, að Leifur Eiríksson heppni hafi fundið Ameríku, eða sem þá var kallað Vinland, árið 1000 e.K. Íslendingasögurnar hafa frætt okkur þar um, og engum hefir dottið til hugar að efast um, að það sem í þeim stæði um Vinlandsfund væri ekki fyllilega áreiðanlegt. — Við Íslendingar höfum verið stoltir — og það með réttu — yfir því, að hafa verið fyrstir til að finna Ameríku, — þó þessi fundur hefði enga þýðingu nema heiðurinn fyrir hina íslenzku þjóð. En nú er málið öllu sviftir þeim heiðri liggur nú fyrir dyrum.

Svo er mál með vexti, að hinn frægi norðurfari Dr. Friðþjófur Nansen hefir fyrir skömmu komið fram með þá staðhæfingu, að Leifur hinn heppni hafi aldrei fundið Vinland, sagan um þann fund sé að eins munnmæli ein, sem hafi við engin rök að styðjast. Telur hann líklegast, að þeir, sem rituðu Íslendingasögur þær, sem um fund Vinlands fjalla, hafi hevrt þau munnmæli, sem þá voru á sveimi, um "land mikið í vesturátt", og hafi svo fléttað þessi munnmæli, þegar þeir skráðu sögurnar, inn með öðrum sögulegum viðburðum löndum sínum á sögualdinni til heiðurs.

Sem nærri má geta, rýrir þessi kenning ákaflega mikið sönnunargildi Íslendingasaganna, gerir þær afar-óáreiðanlegar, sem áður voru taldar næstum óskeikular, og er slikt illa farið. Og lakast af öllu, að það skyldi vera maður af sama kynstofni og við erum, sem þessari kenningu hefir varpað fram, — og stórmerkur maður í ofanálag.

En þessari kenningu Dr. Nansens hefir ekki verið tekið þegjandi. Fjöldi merkra vísindamanna hafa ráðist á Nansen fyrir þessar skoðanir hans, og nu er grimdarbardagi háður um, hvort Íslendingasögurnar séu sögulega sannar eða ekki, — eða að minsta kosti, hvað fundi Vinlands viðkemur.

Einn hinna fyrstu til að mótmæla Dr. Nansen var prófessor Finnur Jónsson í Kaupmannahöfn. Réðist hann með lærdóm miklum og sögulegum sönnunargögnum á Nansen og tætti í sundur kenningar hans, svo að flestra vitra manna dómi ekki var heil brú eft ir í kenningum Nansens.

Einnig tóku háskolakennararnir í Kristianiu drjúgan þátt í þessari deilu. Voru sumir með Nansen, en fleiri með Finni. Var fjölmennur fundur haldinn í borginni og borðust báðir flokkar harðlega fyrir skoðunum sínum. Af prófessorum þeim, sem fyrirlestra héldu við þetta tækifæri, var prófessor Moltke Moe sammála Dr. Nansen um að rýra gildi Íslendingasaganna og neita fundi Vinlands. En prófessorarnir Geelmeyden, Ingvar Nielsen og Alexander Bugge, háskólakennari í norrænu, vörðu sögurnar og töldu þær í fylsta máta áreiðanlegar, og enga ástæðu til að efa, að Leifur heppni hafi fundið Vinland.

Hvernig þessi þræta fer, er óséð enn, — en vonandi er, að kenningar Dr. Nansens verði rækilega hraktar og léttvægar fundnar.

Við erum frægastir fyrir sögur vorar, og gildi þeirra má ekki skerða.

Menningarfélagsfundur

var haldinn þriðjudagskveldið 10. þ.m. í Únitarakirkjunni. Á þeim fundi flutti séra Friðrik J. Bergmann erindi um "Hreyfingar í hugsan manna um trúarbrögðin nú á tímum".

Ræðum. bað afsökunar á því, að hann kæmi ekki með nokkur plögg, engan ritaðan fyrirlestur. Erindið yrði þess vegna ekki eins skipulegt og áheyrilegt og æskilegt væri. En nokkuð kvaðst hann um efnið hafa hugsað.

Þetta væri í fyrsta sinn, er hann kæmi fram á Menningarfélagsfundi og liklega hefðu ýmsir furðað sig á því, að sjá hann auglýstan með erindi á þessum stað, því á liðinni tíð hefði hann verið misskilinn af ýmsum góðum meðlimum þessa félags. Eins og marga ræki minni til, hefði Menningarfélagið fæðst í Norður Dakota, á þeim stöðvum, sem hann var þá þjónandi prsetur. Íslenzkur kirkjufélagsskapur þá að byrja. Flestum væri það kunnugt, að sér hefði ekki komið saman við Menningarfélagið þá. Sér. hefði fundist, að trúræknin vera aðalatriðið, sem hinn kirkjulegi félagsskapur þyrfti, að efla og leggja rækt við, án hennar væri ekkert ætlunarverk fyrir söfnuð. Menningarfélagið hefði stefnt í gagnstæða átt. Í byrjuninni hefði verið talsverður ærsla blær á félaginu, og hefði hann spilt því. Ekki sagðist hann samt vilja fella þungan dóm á félagið með þessu. Annann, sem rikti þá í Menningarfél. mætti tákna með einu orði — Ingersoll. Það hefði verið talsverður Ingersoll blær á því á þeim dögum. Sá maður var þá á lifi, en síðan dáinn. Um þann mann vildi hann ekkert nema gott segja, en hann var vafinn misskilningi, og beitti sínum miklu hæileikum til að gera bibliuna hlægilega. Og Menningarfél. leið vegna þess það fetaði í fótspor hans. Misskilningurinn lá í þessu, að það er engin ástæða til að gera gys að gömlu riti, heldur hefði átt að hella glensi og draga dár að misskilningi manna á ritinu. Í því ljósi skil ég Ingersoll nú og fyrirgef og met það, sem hann sagði.

Biblíu rannsóknir vorra daga og alt það hugsana-starf þessum gömlu ritum viðvikjandi, sem unnið hefir verið, gerir árásir af þessu tagi á þessi gömlu rit alveg ónauðsynlegar. Biblían er skuggsjá af hugsunum manna um trúbrögðin fyr á tímum.

Eftir vora daga verða vafalaust uppi menn, sem verða okkur miklu fremri. Myndi okkur ekki þykja það ósanngjarnt, ef þeir gerðu gys að okkur, og það kannske án þess, að hafa leitast við að skilja og setja sig í þær kringumstæður, sem vér vorum háðir? Nú er alt þetta horfið, og nú skiljum vér hvér annan betur, ogMenningarfél. búið að gera sér grein fyrir þessu.

Það sem ræðum. hefði fundist verða frjálslyndum kristindómi aðallega að fótakefli, væri lötningarleysið, — lotningarleysið fyrir því eldra.. Þó vér nú værum upplýstari, en kynslóðir liðinna alda, væri ósæmilegt að hafa þær að skopi. Vor tilvera og líf ætti rætur í því liðna. Ein sterkasta taugin í trúarbrögðunum og hið fegursta væri lotningin.

Í kveld kvaðst ræðum. ætla að tala nokkur orð um tvö kirkjuþing, sem haldin voru árið sem leið, og sem honum virtust sýna mjög greinilega trúmálastefnu nútiðarinnar. Annað þingið kom saman í Edinborg á Skotlandi, og var trúboðsþing. Eins og kunnugt væri, stæðu þeir, er að trúboði stóriuðu, framarlega í rétt-trúnaðarfylkingunni. Á þessu þingi sátu fulltrúar frá flest-öllum kirkjudeildum í hinum enska heimi, — biskupar frá ensku kirkjunni, sem telja mætti forkólfa réttrúnaðarins, og aðrir úr sömu kirkjunni, sem fjarst standa réttrúnaðinum. Því í ensku kirkjunni kennir margra grasa. Fundarefnið var: Málefni trúboðsins. Undirbúningur hafði verið framúrskarandi góður; málinu skift í deildir, 8 að tölu. Mánuði áður en þingið kom saman voru nefndarskýrslur lagðar fram, og fundargerðir urðu 8 bindi. Þingið vann að samkomulagi milli hinna ýmsu kirkjudeilda í trúboðsmálinu. Það var orðið mönnum ljóst, að það var stórkostlegur hnekkir fyrir útbreiðslu kristindómsins, að kristin kirkja var í molum, — í andstæðum flokkum, með ósamrýmanlegum guðfræðikerfum. Mikið til þess vinnandi, að geta komið þeim umbótum á, að hægt yrði að segja heiðingjunum, að einn rauður þráð ur gengi í gegn um alla kristnina, — trúin á frelsarann. Og þingið reyndi að komast fyrir, hvað væri það minsta, sem kreíjast mætti til samkomulags. Og þingið kom sér saman um, að það væri trúin á frelsarann. Það var ekkert hik, enginn efi, engin rödd á móti. — Sumum þótti of litið heimtað, — fulltrúum rétt-trúnaðarins, en þeirra gætti ekki svo mjög.

Þetta þing var mjög merkilegt. Það er sláandi vottur um það, að stefnan er í einingaráttina. Mynd reis í huga þeirra, að mannkynið ætti að verða eitt, trúargreiningar að hverfa, og barnsleg trúarjátning allra á frelsarann að koma í staðinn.

Hitt þingið, sem hann vildi minnast á, var miklu stærra og víðar sótt. Það var alþjóðaþing frjálslyndrar kristni, sem haldið var í Berlin í sumar sem leið, og er fimta í röðinni af þeim þingum. Undirtarar gengjust fyrir því, að kalla þessi þing. Fyrsta alþjóðatrúmálaþing var haldið í Chicago árið sem Columbiska heimssýningin var þar haldin. Mættu á því fulltrúar frá hinum mörgu deildum kristninnar, og einnig frá hinum austurlenzku trúflokkum. Saga þessa fundar var gefin út í stóru bindi. Yfirleitt voru rétt-trúnaðarmenn ekki ánægðir með gerðir þessa þings. Þegar Únitarar stofnuðu til alþjóðaþings frjálslyndrar kristni, drógu þeir úr nafninu alt, er benti á únitariskan uppruna, til samkomulags. Aðalatriðið var, að fá sem flesta til að taka þátt í þeim. — Þetta 5. þing, er haldið var í Berlin, var hið lang-merkilegasta. Öll trúarbrögð heimsins höfðu þar fulltrúa. Fæst var þar af rétt-trúnaðarmönnum, en nokkr ir þó, t.d. Lasson, strang rétt-trúaður prestur. Margir voru þar Únitarar, en þó hverfandi í samanburði við aðra. Einnig voru þar samankomnir allir helztu forkólfar nýju guðfræðinnar á þýzkalandi. Þingið hafði fjarska mikil áhrif á hugi manna. Fyrirlestrar voru haldnir af mönnum með mjög ólikum skoðunum. Samt virtust hugir manna mætast á einum punkti, nefnil. þessum: Að í trúarsögu mannanna væri ekki hægt að benda á fullkomnari opinberun en þá, er Jesús Kristur hefði flutt heiminum, eða sem fullnægði betur trúarþrá og frelsisþörf mannsins.

Hinn frægi guðfræðingur og kennari í kirkjusögu á þýzkalandi, Dr. Harnack, gaf út bók fyrir 10 árum, er hann nefndi: "Meginmál kristindómsins". Höf. væri einn hinn sann-frjálslyndasti og óháðasti guðfræðingur, sem nú væri uppi, og ritið gekk vitanlega ekki í rétt-trúnaðaráttina. Enda fékk það afar-harðan dóm á Norðurlöndum, og raunar víðar. Var sagt um það, að það væri að kippa fótunum undan því bezta í kristindóminum, o.s.frv. Nú er Dr. Harnack að halda fyrirlestra á Norðurlöndum, byrjaði í Kaupmannahöfn í húsi Grundtvigs. — Fjöldi áhevrenda sækja erindi hans og gera bezta róm að máli hans; helztu guðfræðingar virðast fagna komu hans. Þessi breyting hefir orðið á þessum 10 árum síðan bókin kom út. Aðalatriðið, sem hann leggur áherzlu á, er að menn skuli gera sér grein fyrir persónu frelsarans. Maður nokkur að nafni Arthur Drews, hefir leitast við að sýna og sanna, að Jesús Kristur hafi aldrei lifað, — sé ekki sögulegur persóna. Þessa staðhæfing telur Dr. Harnack (sem er sérfræðingur í kirkjusögu og stendur þar framar öllum), hina mestu fjarstæðu, og sem ekki gæti komið frá öðrum en byrjanda (delettant), sem ekki væri hinum sögulegu gögnum nógu kunnugur. Menn hljóti, segir Dr. H., að viðurkenna kristsmynd guðspjallanna. Því þrátt fyrir gagnrýni og skynsemi, og þrátt fyrir mótsagnir og ósamræmi frásagnanna í sumum atriðum, er samt eftir sönn skuggsjá í guðspjöllunum af því, sem fram fór á Gyðingalandi á dögum Krists, og skuggsjámyndin sýnir oss, að Jesús hafi gert tilkall til þess að vera — Messías.

— — Únitarar og orthódoxlúterskir menn eiga sammerkt um margt, báðir tilheyra liðinni tíð. Únitara-trúin er líka að nokkru leyti grundvölluð á gámalli guðfræði og heimspeki, og báðar hafa "dogmur" að arfi frá liðinni tíð. En það eru einmitt "dogmurnar", sem menn eru nú að losa sig við. "Dogma" er það, að þessu eða hinu er slegið föstu um aldur og æfi, því meri aldrei hagga. Réttrúnaðurinn er stórt "dogma"-kerfi, og mennirnir eru farnir að losa sig við það. Þeim er farið að skiljast, að þeir geta ekki sagt fyrir: "Þetta skal vera sannleikur um aldur og æfi".

Únitarar hafa minna "dogmu"-kerfi en aðrir, og eiga skilið hrós fyrir það. Þeir eru frjálslyndir menn og hafa lagt mikið til frjálslyndis hreyfinganna í heiminum. — En þeir mega heldur ekki binda sig við hið liðna. Og sá, sem segir að einhver hlutur geti e k k i átt sér stað, er alt eins "dogmatiskur" eins og hinn, sem staðhæfir játandi setningu. Þess vegna bezt, að vér allir losum oss sem mest við "dogmurnar". Og vér erum að þokast að sameiginlegu markmiði í ókominni tíð, þar sem vér mætumst allir.

Bezt væri, að vor litla þjóð væri eitt, — allir eitt, sem vildu leggja rækt við trúna. Þá næðum vér betur tökum á því ætlunarverki, sem vér ættum að vinna.

Langt er síðan ég var staddur í enskri Únitara-kirkju, stóru og veglegu musteri. Á stafni var letruð hin únitariska trúarjátning:—

"Fatherhood of God,
Brotherhood of Man,
Leadership of Jesus
Salvation by Characte-".

Og mér finst, þegar ég hugsa um það, að ef lifað væri eftir þessari játningu, þá væri skamt á milli Únitara og annara. Ef "leadership of Jesus" er viðurkent, þá er lítið sem á milli ber.

Stefna núríðarinnar er að leggja áherzlu á það sameiginlega, en minst á ágreiningsefnin, sem stund um eru hégóminn einber og ekki nema til ills að deila um.

(Framh. á 5. bls.).

FRŒMENN VESTUR-CANADA.

McKENZIE'S FRŒ
FYRIR VESTRIÐ
BRÉFSPJALD FLYTUR YÐUR STORAN FRŒ ÓKEYPIS.

Bezta, hreinasta, úrvals frœ.

VALIÐ FYRIR LANG BEZT FYRIR RŒKTUÐ FYRIR BEZTUR ÁRANGUR Fyrir Vestrið

Athugið frækassa okkar í HVERRI BÚÐ.

Biðjið ætíðum McKENZIE FRÆ

Kaupið ekkert annað. Ef kaupmaður ykkar hefir það ekki sendið pöntun ykkar beint til

A. E. McKenzie Co. Ltd.
Brandon, Man. Calgary, Alta

VESTUR-CANADA STŒRSTA FRŒHÚS.

S. K. HALL
Telephone: Garry 3969

Imperial Academy of Music
Telephone: Main 7510

MARTYN F. SMITH,
TANNLÆKNIR.
Fairbairn Blk. Cor Main & Selkirk
Sérfræðingur í Gullfyllingu og öllum aðgerðum og tilbún aði Tanna. Tennur dregnar án sársauka. Engin veiki á eftir eða gómbólga. —
Stofan opin kl. 7 til 9 á kveldin
Office Phone Main 6944. Heimili Phone Main 5462

The Farmer's Trading Co.
(BLACK & BOLE)
HAFA EINUNGIS BESTU VÖRUTEGUNDIR.
Einu umboðsmenn fyrir :—
"SLATER" Skóna góðu.
"FIT-RITE" Fatnaðinn.
"H. B. K." prjónafélagið.
"HELENA" pils og 'waist' kvenfatnaði.
Bestu matvörutegundir.
" DEERING " akuryrkju verkfæri o. s. frv.
Beztu vörur Lágt verð
Fljót og nákvæm afgreiðsla.
Farmer's Trading Co.,
THE QUALITY STORE
Wynyard - Sask.

JIMMY'S HOTEL
BEZTU VÍN OG VINDLAR.
VÍNVEITARI T.H.FRASER,
ÍSLENDINGUR.
James Thorpe, Eigandi

MARKET HOTEL
146 Princess St.
á móti markaðnum
P. O'CONNELL, eigandi, WINNIPEG
Beztu tegundir af vínföngum og vind um, aðhlynning góð. húsið endurbætt

Woodbine Hotel
466 MAIN ST.
Stærsta Billiard Hall í Norðvesturlandinu
Tíu Pool-borð.—Alskonar vín og vindlar
Gisting og fæði: $1.00 á dag og þar yfir
Lennon & Hebb
Eigendur

JOHN DUFF
PLUMBER, GAS AND STEAM FITTER
Alt verk vel vandað, og verðið rétt
664 Notre Dame Av. Phone Garry 2568
WINNIPEG

A. S. TORBERT'S
RAKARASTOFA
Er í Jimmy's Hótel. Besta verk, ágæt verkfæri; Rakstur 15c en Hárskurður 25c. — Óskar viðskifta Íslendinga.—

A. S. BARDAL
Selur líkkistur og annast um útfarir. Allur útbúnaður sá bezti. Enfremur selur hann alskonar minnisvarða og legsteina.
121 Nena St. Phone Garry 2152

Fréttabréf.

CHURCHBRIDGE, SASK.
14. janúar 1911.

Herra ritstj. Hkr.

Það er sjaldan, sem nokkuð heyrist héðan úr bygðinni, og mun það meira vera fyrir lett og doðaskap fréttaritarans, heldur en að þetta bygðarlag sé fréttaminna en aðrar nýlendur Íslendinga vestanhafs. Þegar hú varst seinast á ferð hér, fyrir hérumbil ári síðan, fanst þér lítið til um kosti bygðar þessarar, og allra sízt um framfarir bæjarins Churchbridge. En nú er það komið upp úr kafinu, eftir síðustu skýrslum C.P.R. fyrir 1910, að þessi bær er einna bezti bærinn af smábæjum fylkisins. Og til fróðleiks lesendum Heimskringlu set ég niður skýrsluna orðrétta eins og hún var send til mín : —

"Churchbridge, Sask., 1910. — Þessi bær liggur 110 mílur norðvestur frá Portage la Prairie. Íbúatala 150. Sveitabuatala, sem sækja að bænum 1500. Útsendar afurðir : 366 þús. bush. af korntegundum, 933 nautgripir, 435 svín og 70 þúsund pund af smjöri, sem gerir Churchbridge briðjja í röðinni af smábæjum Norðvesturlandsins. Verzlanir bæjarins eru : þrjár kornhlöður, sem halda 100 þús. bush. af korni, stærsta smjörgerðarverkstæði fylkisins, hótel, þrjár 'general stores', 2 harðvörubúðir og 4 verkfærasalar, skósmiður og blikksmiður, tveir byggingasmiðir, aktýgjasali og járnsmiður, 'livery stable', rakari og knattleikaborðastofa, málari, útfararstjóri, fasteigna og ábyrgða salar og banki ; bæjarráðhús og ágætis járnbrautarstöð. Skautahringur, mikill og veglegur. Auk kirkna, íbúðarhúsa og skólahúss, sem bæta við vöxt þessa bæjar eins og hvers annars. Enn er það eitt, sem eykur framfarir bygðar bessarar, sem sé Churchbridge búnaðar og sýningar félagið, sem á drjúgan þátt í, að efla vöxt og viðgang bygðarinnar. Í forstöðunarnefnd félagsins þessa eru fjórir Íslendingar, nefnil. Sig. Jónsson, G. S. Breiðfjord, J. S. Thorlakson og G. A. Árnason, sem jafnframt er féhirðir og skrifari félagsins".

Í sveitarstjórn var við síðustu kosningar herra Jóhannes Einarsson kosinn meðráðamaður, og er hann eini Íslendingurinn í því veglega ráði, sem lítið hefir gert til framfara það sem af er. Við bæjarstjórnarkosningar í Churchbr. bænum var hr. Á. Árnason kosinn bæjarstjóri.

Félagslíf bygðarinnar er í mesta blóma, þó hefir einn félagsskapur þessarar bygðar, bindindisstúkan, verið heldur á fallanda fæti, og er það af skorti á dugnaði félagsmanna, og óvandlætt á hegðun meðlima.

Kirkjumál og samhald við Kirkjufélagið er á föstum fótum, og heldur hirðirinn í haglendi réttlætisins.

G. A. Árnason.

VANCOUVER, B.C.
11. janúar 1911.

Háttvirta Heimskringla, óskir árs og friðar.

Það er lítið um fréttir héðan, enda fátt um landann og lítið um viðburði, sem sérstaklega heyra undir fréttir af Íslendingum. Þó má geta þess, að okkur líður öllum fremur vel, og mun það svipað og Íslendingum líður allstaðar í þessu landi. Við erum enn ekki orðnir svo háment aðir upp á þessa lands visu, að við seum komnir niður úr því lágmarki, sem ég kalla þolanlega líðan. Heldur fjölgar okkur hér og er ekkert á móti því. Þessi staður mun vera rétt eins góður og hvar annarstaðar fyrir duglegt og reglusamt fólk að hafa sig áfram.

Heldur er daufur félagsskapur sá, sem hér var byrjaður fyrir rúmum tveimur árum, og kallar sig "Ingólf". Það eru haldnir fundir tvisvar á mánuði, og hefi ég hvergi séð eins daufa fundarsókn. Félagið hefir þó verið að reyna að hafa ýmislegt á dagskrá, sem vel var vert að hlusta á, bæði í ræðum og fyrirlestrum.

Félagið Ingólfur hélt samkomu á gamlárskveld, og kom þar saman dálaglegur hópur, þó ekki eins og vænta mátti. Þar var til skemtunar : ræður, kvæði, söngur, hljóðfæraslátur og dans, og sýndist fólkið skemta sér vonum betur, eins ókunnugt hvert öðru og það er. — Ég er óvanur að skrifa fréttabréf, og þori því ekki lengra.

Með ósk um gott og gleðilegt ár til allra og kærri kveðju til kunningjanna.

Sigurður Jóhannsson

Æfiminning.

Þann 10. desember sl. andaðist ekkjan Guðbjörg Magnúsardóttir, að Baldur, Man. Jarðarför hennar fór fram 13. s.m.

Guðbjörg var dóttir Magnúsar bónda á Daðastöðum í N. þingeyjarsýslu. Hún ólst upp hjá foreldrum sínum fram um tvítugsaldur. Trúlofaðist hún þá Sveini söðlasmið Þorsteinssyni, sem síðar druknaði. Þau áttu einn son, Svein að nafni, sem nú er bóndi í Glenboro, Man. Síðan giftist Guðbjörg sál. Kristjáni Sigurðssyni, ættuðum úr Fnjóskadal, og var bróðir Helga, stjúpa Kristjáns Fjallaskálds. Þau Kr. og Guðbjörg bjuggu fyrst í Núpasveit, síðar í Grasgeira, N. Þingeyjarsýslu. — Þessi voru börn þeirra : Valdís (dáin), Guðjón og Hannes (báðir í Winnipeg), og Kristinn er hinn 3. bróðirinn, bóndi vestur í landi.

Þau hættu sambúð 1867. Fór Kristján með Valdisi og Hannes (á 10. ári) inn í S. Þingeyjarsýslu. Sá hann fyrir Hannesi fram um fermingu. Séra Stefán Jónsson á Þóroddstað kendi honum fræðin og fermdi hann og var honum vel.

Eftir að þau skildu, Kr. og Guðbjörg, var hún bústýra um hríð hjá Lárusi Guðmundssyni (síðar í Papey). Frá honum fór hún fram á Hólsfjöll til Sveins sonar sins, og með honum til Ameríku litlu fyrir 1880. Dvöldu þau fyrst í Winnipeg, fóru síðan til N. Dak., og dvaldi hún þar þangað til Hannes sonur hennar flutti vestur um haf og tók bólfestu í Argyle bygð; fór hún til hans og var hjá honum um stund. Þaðan af átti hún með sig í sjálfsmensku, mest að Baldri.

Guðbjörg sál. var myndar- og atorku kona, raungóð og frjálslynd, þótt hún nyti ekki alls í lífinu, sem hún átti skilið, vegna ýmsra utan að stafandi áhrifa.

Sá, sem ritar þetta, man lengst af öllu, hve sárt það var, að skilja við ástrika móðir, þá hann var á 10. ári, og vera jafnan síðan með ókendu fólki, á æskuskeiði, og síðar geta ekki notið samveru hennar vegna annara aðgerða. Kristján dó fyrir 5 árum á Einarsstöðum í S. Þingeyjarsýslu.

Friður sé með þeim látnu !

• • •

I.

Farðu í friði mín móðir !
Foldin í djúpi þig hylur.
Út fyrir ævinnar takmörk
Oldin þér hefir vísað,
þar sem blómrósir blika
Bjartari enn heimur þér sýndi.
Guðlegir hliðviðrisgeislar
Glóa þér þar um eilíð.

Það finn ég huggun þá æðstu,
þrautir ei framar fá aukist.
Brautirnar böli ei stinga
Blóðrisa undir og sárin, —
Heimur, sem hrjóstugur veitir
Bersvæðis einbúa í lín.
Að eins var lækningin ein, —
Eilíð hana þér veitti.

II.

Heilsa mér á hugarsjá
Harma trúar bætur,
Svefnnn aldrei sólu á
Sækir dag né nætur.

Alt svo lengi uni ég hér
Andans sjónir duga,
Móðurástarminning þver
Mér aldrei úr huga.

Muna skal ég móðurhjal,
Mér, sem liðin kendi, —
Hinsta sinn í heljarsal
Hjartans kveðju sendi.

H. Kristjánsson

SKEMTIFUNDUR.

Nokkrir ungir menn í stúkunni Skuld tóku sig saman að sjá um um prógram á fundi þann 11. þ.m. Fundurinn byrjaði á vanalegum tíma kl. 8. Öll stóri, er fyrir lágu, voru búin kl. 9. Tóku þá ungir piltar við fundarstjórn. — Fyrst á prógrami var Miss Oliver með 'vocal solo' og tókst mjög vel þá Mrs. C. Dalmann, sem las frum samið kvæði eftir sjálfa sig til ungu piltanna í stúkunni og var það fjörugt og fyndið að vanda. Næst las R. Th. Newland upp nokkar frumortar visur eftir ýmsa hagyrðinga í stúkunni, og skýrði þær nokkru nánara. Næst flutti G. H. Hjaltalín minni stúkunnar Heklu, og átti það vel við, því Heklungar voru fjölmennir á fundi — þá las Lúðvík Kristjánsson upp nokkrar skrítlur og tókst vel. — Næst las A. St. Johnson kvæði eftir sjálfan sig með góðum árangri. Þá var Miss Oliver aftur með söng. Næst báru ungir piltar öllum viðstöddum kaffi og með því brauð. Þegar búið var að drekka kaffið, byrjaði 'grand march' og leikir ; þeir sem ekki tóku þátt í þeim skemtu sér vi spil. Stóð skemtunin yfir til kl. rúmlega 12. Bauð þá hver öðrum góðar nætur og hélt hver heim til sín ; allir glaðir og ánægðir við ungu piltana í Skuld — Svona skemtun eftir fund leiðir gott af sér, og mun eftirleiðis verða endurtekin, segjum einu sinni í mánuði yfir vetrarmánuðina. Fjöldi fólks sótti fundinn. Það mun verða séð um, að næsti skemtifundur verði ekki lakari. G.T. í Winnipeg, munið þá að koma allir

Einn af viðstöddum.

THE **DOMINION BANK**
HORNI NOTRE DAME AVENUE OG SHERBROOKE STREET
Höfuðstóll uppborgaður : $4,000,000.00
Varasjóður - - - $5,400,000.00
Vér óskum eftir viðskiftum verzlunar manna og ábyrgumst að gefa þeim fullnægju. Sparisjóðsdeild vor er sú stærsta sem nokkur banki hefir í borginni.
Íbúendur þessa hluta borgarinnar óska að skifta við stofnun sem þeir vita að er algerlega tryggð. Nafn vort er fullrygging óhlutleika. Byrjið spari inneg fyrir sjálfa yðar, konu yðar og börn.
Phone Garry 3150 Scott Barlow, Ráðsmaður.

Vitur maður er varkár með að drekka eingöngu HREINT ÖL. Þér getið jafna reitt yður á
DREWRY'S
REDWOOD LAGER.
Það er léttur, freyðandi bjór, gerður eingöngu úr Malt og Hops. Biðjið ætíð um hann.
E. L. DREWRY, Manufacturer, Winnipeg

Með því að biðja sérlega um "T.L. CIGAR," þá ertu viss að fá ágætan vindil.
T.L.
(UNION MADE)
Western Cigar Factory
Thomas Lee, eigandi Winnipeg

STRAX Í DAG er BEZT AÐ GERAST KAUPANDI AÐ HEIMSKRINGLU. — ÞAÐ ER EKKI SEINNA VÆNNA

Manitoba á undan.

Manitoba hefir víðáttumikla vatnsfleti til uppgufunar og úrfellis. Þetta, hið nauðsynlegasta frjógunarskilyrði, er því trygt.

Ennþá eru 25 milión ekrur óbygðar.

Íbúatal fylkisins árið 1901 var 225,211, en er nú orðið um 500,000, sem má teljast ánægjuleg aukning. Árið 1901 var hveiti og hafra og bygg framleiðslan 90,367,085 bushela ; á 5 árum hefir hún aukist upp í 129,475,943 bushel.

Winnipeg borg hafði árið 1901 42,240 íbúa, en hefir nú um 150,000 ; hefir nálega fjórfaldast á 8 árum. Skattskildar eignir Winnipegborgar árið 1901 voru $23,405,770, en árið 1908 voru þær orðnar $116,106,390. Hofðu meir en þrefaldast á 7 árum.

Flutningstæki eru óviðjafnanleg,— í einu orði sagt, eru í fremsta flokki nútíðartækja : Fjórar þverlandsbrautir liggja um fylkið, fullgerðar og í smíðum, og með miðstöðvar í Winnipeg. Í fylkinu eru nú nálega 4 þúsund milur af fullgerðum járnbrautum.

Manitoba hefir tekið meiri landbúnaðarlegum og efnalegum framförum en nokkurt annað land í heimi, og er þess vegna ákjósanlegasti aðsetursstaður fyrir alla, af því þetta fylki býður beztan arð af vinnu og fjárleggi.

Skrifið eftir upplýsingum til : —

JOS. HARTNEY, 77 York Street, Toronto, Ont.
JOS. BURKE, 178 Logan Avenue, Winnipeg, Man.
A. A. C. LaRIVIERE, 22 Alliance Bldg., Montreal, Quebec,
J. F. TENNANT, Gretna, Manitoba.

J. J. GOLDEN,
Deputy Minister of Agriculture and Immigration, Winnipeg

Að eins Móritz einsamall kom ekki til hennar. Hann leit á hópinn, hann sá að hún var borin inn í sitt eigið herbergi, sem var á sama lofti og græni salurinn, og var lögð þar á rúmið sitt.

Eftir það heyrði hann hvorki eða sá neitt. Hann reikaði fram í anddyrið, dann þar kápuna sína, fór í hana og þaut svo af stað, eins og hann væri eltur af illum öndum.

V.

Brúður dauðans.

Gestirnir fylgdust ekki með fjölskyldunni inn í herbergi Ísabellu, því þeim var ljóst, að hér var ekki um alment yfirlið að ræða, sem hitinn og áreynslan höfðu framleitt. Þeir sáu, að hér átti sei stað alvarlegt óhapp fyrir barúns fjölskylduna.

Áður en hálfur tími var liðinn, voru gestirnir farnir, og þjónarnir slöktu ljósin.

Í herbergi Ísabellu stóð barúninn og kona hans við banasæng dóttur sinnar. Georg, sem var sýfjaður, var farinn til herbergis sins, og Eberhard, sem sá að vera sín var gagnslaus þarna, fór af stað til Carlstað til að sækja læknir.

En það voru fjórar milur til Carlstað, og áður en læknirinn kom þaðan, var hugsanlegt að dauðinn þessi óskeikuli læknir, hefði gert enda á lífsbarátttunni.

Þegar búið var að leggja Ísabellu á rúmið, var kjólnum krækt frá henni, en ekki var hún afklædd. Hún var í sama hvíta klæðnaðinum og hún dansaði í.

Hún opnaði augun og dró andann. Hún var búin að fá fulla rænu, og andaði að sér lyktinni af ilmsaltinu, sem móðirin hélt að nefi hennar.

"Þakka þér fyrir, mamma", sagði Ísabella með veikri rödd, um leið og hún ýtti hendi móður sinnar frá sér. "Nei, nei", sagði hún með ákafa, þegar hún varð þess vör, að móðir hennar ætlaði að afklæða hana. "Láttu mig vera — afklæddu mig ekki. Ég vil deyja í hátíðabúningi mínum".

"Deyja", sagði barúninn. "Hugsaðu ekki til að detja. Þessi litli kvilli hefir fráleitt neina þýðingu".

Á þessu augnabliki þjáðist Ísabella afskaplega en ekki kvartaði hún, og ekki sýndi svipur hennar kvalarnar, sem hún leið.

Andlitið var rólegt, brosandi og nærri því áunægjulegt. Hún liktist píslarvættunum, sem brunnu til dauðs án þess að láta bera á kvölum sínum.

"Jú, pabbi", sagði hún með veikri rödd, "það er engin lífsvon. Ég hefi fengið taugaslag, ég finn að ég á að eins fáa tíma ólifaða. En áður en ég dey, verð ég að biðja þig bónar. Viljir deyjandi manneskju er helgur, — þú neitar ekki bón minni".

"Hvers óskar þú?" spurði barúninn með allmiklum taugaóstyrk. "Ef að þú deyrð, sem ég get ekki haldið að komi fyrir, þá er það heilög skylda okkar að verða við bón þinni".

"Ég vil láta jarðsetja mig í þessum fötum með þessa gullkeðju um hálsinn. Ég vil ekki láta afklæða mig og vefja. Ó, nei. Ég er hrædd við líkklæðnað. Ég vil láta grafa mig eins og ég er, með þessar visnu þyrnirósir í hárinu, í þessum hvíta silkifötum, sem ekki má taka frá mér. Viltu lofa mér því, pabbi?"

"Því lofa ég", svaraði barúninn. "En hvers vegna viltu tala um dauðann?"

Ísabella svaraði ekki strax, því líkami hennar

skalf af tilfinningu, þó lítil merki sæust þess á andlitinu.

Með hinum sterka járnvilja, sem einkendi hana með hinu sama þreki og konur fornaldarinnar höfðu til að bera, duldi hún kvalir sínar, og hélt áfram að tala með rólegri en veikri rödd :

"Og umfram alt má enginn læknir rannsaka mig. Hefirðu sent eftir lækni, pabbi?"

"Já".

"Ef ég dey áður en hann kemur, þá má hann ekki sjá mig, — að minsta kosti ekki rannsaka mig innvortis. Heyrir þú það, pabbi? Ég vil ekki láta krýja mig. Í guðs nafni, lofaðu mér því".

"Ég lofa því", sagði barúninn.

Við þessi orð vaknaði voðalegur grunur í huga barúnsfrúarinnar.

Hún þaut að rúminu, þreif í handlegg Ísabellu og kallaði tryllingslega :

"Hefirðu tekið eitur?"

"Þey, mamma, — rannsakaðu ekki, — spurðu ekki. — Láttu mig deyja. — Því verður ekki breytt, sem búið er að gera. (Málrómur Ísabellu var nú orðinn eins og brjáladrar manneskju). Hafi ég tekið eitur, þá verðið þið að þegja um það. Ha, það brennur voðalega.— Er ég enþá ekki alveg brunnin —?"

"Óhappa barn. Hvaða eitur hefirðu tekið?" hrópaði frúin, nærri meðvitundarlaus af ótta.

Ísabella svaraði ekki.

Barúninn var mállaus. Hann var sem þrumulostinn við þessa hræðilegu uppgötvun. Hann sá, að barnið sitt var að deyja, og hann vissi, að það var hans eigin harðneskja, sem komið hafði henni til að drýgja sjálfsmorð.

"Hún verður að fá gagneitur", orgaði frúin, "en hér er ekkert slíkt til. Ó, guð minn góður, hvað á

maður að gera. Hún er hætt að tala, — hún segir ekki, hvaða eitur hún hafi tekið. — Ó, — ég dey".

Barúnsfrúin féll meðvitundarlaus niður á legubekkinn, sem stóð gagnvart rúminu. Barúninn stóð stundarkorn grafkyr á milli hinnar deyjandi dóttur sinnar og meðvitundarlausu konu. Hvaða hugsanir ætli að hafi búið hjá honum þessa stund, þessum manni, sem annars hafði taugar úr járni og hjarta eins og ísmola?

Hann áttaði sig þó bráðlega. Strauk hendinni um enni, þreif í klukkustrenginn og hringdi afarhart.

Herbergisþerna Ísabellu og stofustúlka komu þjótandi inn.

"Konan mín er veik", sagði hann og benti á hana, "berið hana inn í svefnherbergið og reynið að endurlífga hana, vekjið þið svo Georg og biðjið hann að vera hjá móður sinni. Ég ætla sjálfur að vaka yfir dóttur minni".

"Á ekki fyrst að afklæða ungfrúna?" spurði Anna.

"Þegiðu, og gerðu það, sem ég hefi sagt þér" sagði barúninn kuldalega.

Barúnsfrúin var borin út úr herberginu.

Barúnnin var einn við banabeð dóttur sinnar.

"Ísabella", sagði hann og laut niður að henni, "heyrir þú og skilur það sem ég segi?"

Hún gaf honum játandi bendingu.

"Ertu mjög þjáð?"

"Nei, ég er nú betri", tautaði hún deyjandi stúlka með veikri rödd, "ég verð nú bráðum albata".

"Þú heldur þá að þú eigir enga lífsvon?"

"Nei. — Sérðu ekki, að ég er byrjuð á helstríðinu. Himneski faðir, fyrirgefðu mér og útskúfaðu ekki barni þínu".

OPID BRÉF TIL

Mrs Margrétar S. Benedictsson.

Háttvirta heiðurskona ; —

Ég hefi tvívegis gert tilraun að ná persónulega fundi yðar — ég á heimili meira enn 3 hundruð mílur frá Winnipeg —, en í hvorugt skiftið, síðastliðið ár og nú, ekki auðnast það ; ræðst ég því í að rita yður þessar eftirfylgjandi línur.

Áður en ég byrja á innihaldi bréfsins, — sem ég bið yður afsökunar á, hvað viðkemur þekkingu á að klæða hugsun í fagran og smekklegan búning, vil ég taka það fram, að ég ávarpa yður fremur öðrum íslenzkum konum hér á landi, af því að ég hefi séð það svart á hvítu, að þér hafið öðrum fremur, með miklum viljakrafti, unnið meðal landa yðar að því göfuga máleini, sem hefir legið sem mara á meðvitund þjóðanna á síðastliðinni öld, — kvenréttindamálið.

Ekki ætla ég að fara að ræða aðaltmálið, sem þegar hefir nú verið rætt svo ítarlega frá öllum hliðum, að það hefir náð hámarki sínu. Heldur eru það smáatriði, sem mér hefir til hugar komið, að ræða við yður, annaðhvort skriflega eða munnlega. Og aukaatriði þessi, að svo miklu leyti sem ég ætlaði að ræða þau við yður, viðkoma vorum smáa vestur-íslenzka þjóðflokki ; af því að það er jafnan þeirra vébanda, sem yðar og þeirra, sem yður fylgja, starfssvið eiginlega liggur.

Auðvitað gangið þér allar eða öll, sem vinnið að þessu velferðarmáli, út frá þeirri sjónarhæð, að þér þar með leggið yðar skerf til aðalheildarinnar. Ekki að eins fyrir Canada þjóð, heldur allar þjóðir sem málið nær til.

Auka-atriði þau, sem ég vildi minnast á, eru fjögur : —

1) — Þér hafið á umliðnum nokkrum árum verið að undirbúa málið, sérstaklega með því, að vekja tilfinningar og laga hugsunarhátt — líklega beggja kynjanna — með þeim áhrifum, sem þér álítuð heppilegust fyrir það.

Ég vil taka það fram hér, að ég hefi ekki mikið lesið blað yðar, og því síður verið áheyrandi á málfundum yðar, og vil ég því ekki fara lengra en ég veit með sönnu. En ég hefi lesið nokkrar sögur og greinar, sem þér hafið þýtt. Sömuleiðis hefi ég lesið eftir yður frumsamdar greinar. Hvorki man ég eða get talið þessar greinar upp, enda engin þörf á því ; að eins vil ég nefna hér eina sögu : "Eiður Helenar". Engin nauðsyn er að fletta upp sögunni og sýna innihaldið, margir munu hafa lesið hana. Auðvitað er sagan rituð og útbreidd með þeim tilgangi, að sýna hina svörtustu liti í málverki af mannfélagslífinu. Öll játum vér hjartanlega, að þar eru sýndir hinir svörtustu litir, sem að sorglega benda á manndýrið, þar sem að hinu andlega afli er ekki beitt til að stjórna því.

Það sýnist vaka fyrir mörgum formælendum kvenréttinda, að þessi og fleiri skaðlegar meinsemdir á þjóðlíkamanum muni læknast ef að konur fá jafnrétti við karlmenn, þ.e. kosningar og kjörgengisrétt við stjórnmál landsins.

Ég vil leyfa mér að benda yður á — án nokkurs persónulegs —, að ræður og rit, sem útbreitt er til að fletta ofan af þessari meinsemd og jafnframt skoðað sem mikilsvert atriði í sambandi við kvenréttindamálið, en er því kannske meira til skaða enn gagns. Samt segi ég ekki, að nauðsynlegt sé að halda þessu leyndu.

Fyrst er það, að flokkur sá, sem yfirleitt er sekari, finnur tilfinningar sínar meiddar, ef að ógætilega er talað og ritað um það efni. — Leiðir það þá ekki til betra samkomulags. — Aftur hinn flokkurinn, sem fyrir hallanum verður, festir ekki sjónir á, hvar rótin er, sem til meinsemdar dregur. — Þó að konur komist inn á löggjafarþing þjóðanna, geta þær ekki samið lög, sem fyrirbyggja þessi vandræði.

Mér finst, að landslögin hér í Canada séu eins vel úr garði gerð eins og ætlast verður til, til að vernda jafnrétti milli karls og konu í félagslífinu.

Samkvæmt frelsishugsjón mannanna nú á tímum verða lög þeirra að vera þannig sniðin í aðalgrundvallarreglunni, að veita einstaklingnum eins mikið frelsi og unt er, alt svo lengi að það frelsi skerðir ekki réttindi og vellíðun heildarinnar. Og í samrýmni við það geta einstaklingar gert samninga sín í milli í viðskiftalífinu.

Þegar nú svo ber til, að tveir einstaklingar gera samninga sín í milli, án þess aðrir séu þar viðstaddir, — svo heldur annar málspartur ekki samninginn, og hinn reynir ekki að leita réttar síns, heldur þegir. Hvað geta landslög gert? Aftur, ef þessi málspartur getur og gerir, að framvísa sönnunargögn, þá rétta lög landsins hluta hans.

Heiðruðu konur! Þér þurfið að leita annarstaðar en til löggjafarþinga til að fá bót við þessari meinsemd. Þér þurfið að leita að rótinni.

2) — Því er haldið mjög fram af formælendum kvenréttinda, að ef að konur fengju aðgang að löggjafarþingum landsins, væri bindindismálinu borgið.

Ég neita því ekki, að þar hafa þær mest til síns máls. Samt vil ég leyfa mér að benda á, að alt svo lengi að áfengisdrykkurinn er til og karlmaðurinn hefir ástríðandi löngun til að neyta hans, — verður böl ofdrykkjunnar til. — Eina úrræðið, sem er óygjjandi, er að útrýma áfenginu algerlega. Þó að konur komist á löggjafarþing landsins, munu mæta þeim agnúar alveg eins og karlmönnunum. Þó getur maður treyst því, að viljakraftur verði þar sterkari hjá konunum.

Af því mér er hlýtt til kvenréttindahugsjónarinnar, vil ég leyfa mér að bæta hér við litlu atriði.— Um nokkur umliðin ár hafa konur haft jafnrétti við karlmenn í bæja og sveita stjórnarmálum. Þar sem nú að kvenréttindahugsjónin var orðin að lifandi hreyfiafli í meðvitund þjóðarinnar, var ekkert líklegra og eðlilegra, en að konurnar notuðu sem bezt sérhvert tækifæri sem þeim hlotnaðist til að vinna sig áfram.

Hvernig hafa þær notað þennan rétt?

Eins og áður er bent á, vaka lög landsins yfir jafnrétti byggja þarta í félagslífinu, í millum konu og manns, og er það eitt, að giftar konur geta samkvæmt lögum haft séreign. Ef að nú konur hefðu viljað nota þennan rétt og vinna sig upp til hærri valda, var allur fjöldinn af þeim svo efnum búnar, að þetta var þeim auðgert.

Ég er gestur hér í höfuðstað Manitoba, get því ekkert um það sagt, að hve miklu leyti að giftar konur hér hafa notað þennan rétt. Aftur í sveitum þeim, sem mér er kunnugt um, hafa þær sáralítið notað hann.

3) — Konur hér í Canada og víðar hafa jafnan aðgang sem karlmenn að mentastofnunum í landinu, nema ef vera skyldi hermannaskóla og prestaskóla. — Hvernig stendur á því að konur hafa ekki aðgang að prestaskólum — ef svo er?

Fyrir mitt leyti verð ég að játa að ég álít prestsstöðuna eina af þeim hærri stöðum í mannfélaginu, sem er samboðin konunni. Ég vil tilnefna þrjár stöður, sem ætlu að vera skipaðar konum eins vel og karlmönnum : Prestsstaða, læknisstaða og kennarastaða. Það er gott útlit fyrir, að hinar tvær síðarnefndu stöður verði jafnt skipaðar af konum sem karlmönnum, þegar fram líða stundir. Aftur mjög litlar líkur enn með prestsstöðuna.

Jafnvel þó að Páll postuli, sem má teljst fyrsti stofnandi kristilegrar kirkju, banni stranglega, að konur taki að sér prestsembætti (Tím. 1, 2), finst mér þau ummæli ekkert sterkari, heldur enn samkynja frá þeim tíma í verslegum málum. Þau eru eins og alt annað stimpluð af aldaranda tíminns. — Getur ekki kvenréttindahugsjónin komist inn á svæði kirkjunnar?

4) — Að endingu vil ég minnast á eitt smáatriði, sem mér finst óbeinlínis standa í sambandi við kvenréttindamálið, sem sé : nafn giftrar konu í hinum enska heimi, til dæmis : Mrs. H. Stuart, þ. e. Mrs. Herbert Stuart. Hugsum oss að Mrs. H. Stuart væri kosin borgarstjóri hér í Winnipeg. Finst mér þá að svona nafn koma eitthvað óviðkunnanlega fyrir. Persóna, sem hefir jafnmikla ábyrgð, skuli vera nafnlaus. Auðvitað hefir konan skírnarnafn, til dæmis : Margaret, sem með giftingunni hvarf úr félagslífinu. Undir svona kringumstæðum findist mér betur eiga við að tala og skrifa : Mayor Mrs. (eða Lady) Margaret H. Stuart. Ef að þessa reglu þarf að taka upp við tignarsæti með mikilli ábyrgð, útheimtist að taka hana upp á öllum svæðum í mannfélaginu. Verður þá við ótigið sæti Mrs. Margaret H. Stuart. Sú regla geðjast mér.

Hin reglan bendir manni eins og ósjálfrátt á þann tíma, þegar gift kona var skoðuð eins og óaðskiljanlegur hluti af mann-persónunni (auga, hönd).

Að endingu óska ég kvenréttinda málinu allrar blessunar á komandi tíð, og jafnframt óska ég að konur — yfirleitt — skilji köllun sína gagnvart því.

Með vinsemd.

J. H. Lindal.

Fréttabréf.

FORT McMURREY.

25. okt. 1910.

Ritstj. Hkr.

Alt af batna framtíðarhorfurnar fyrir Canada. Canada er sem unglingur fæddur af góðu fólki, er á ekkert fyrir framan sig nema glæsilega daga fulla af sólbjörtum gæslum vorsins.

Það gladdi svo anda þeirra manna, sem hafa verið hér að bora eftir steinolíu í alt sumar, þegar þeir fundu óliu á 1800 feta dýpi, að þeir allir í einum hóp lögðu af stað til Edmonton fótgangandi, til að boða þann gleðiboðskap, að Canada hafi í óbygðum sínum, 350 milur norður af Edmonton, ríkt land, land, sem máske á komandi árum sannar sig að vera eitt bezta steinolíuhérað, er veröldin á. — Í sumar var hérað þetta mælt út í námalóðir á 25 mílna svæði, með bökkunum á Athabaska ánni, þar leir og sandur er yfir hundrað fet á dýpt, hvar sem borað væri. Mælingamaðurinn (Mr. Selby) áuknaði á leiðinni til Edmonton, svo hans beztu skýrslur töpuðust með honum. En nú fyrir nokkru var lík hans fundið, og sú hepni fylgdi, að öll skjöl hans voru óröskuð í vasa hans, peningar og hvað eina, og furðaði alla á því, því líkið fór í gegnum Grand Rapids og fleiri 'rapids'.

Margir hafa víst þegar komist á snoðir um auðlegð þessa lands, því nú um daginn komu sex peningapúkar (flestir frá Duluth) og tóku sér námalóðir, og að því búnu reyndu þeir til að kaupa alt, sem til sölu var í landeignum. Þeir ætla að setja upp sögunarmyllu hér að sumri til að byrja með, og er það þó nokkuð í ráðist 350 milur útí óbygðum.

Búist er við svoddan ös af fjárglæframönnum hingað í vetur og að vori, að annað Klondyke megi kallast hér. — Stjórnin veitti $1000 til að sprengja kletta þá, er valda mestum erfiðleikum í Grand Rapids og víðar á leiðinni frá Athabasca Landing og hingað.

Nú er þessi steinolía ekki sá einasti auður, sem bygðir Canada hafa í sér að geyma. Við Great Slave ána eru salt-bakkar, álika ríkir og tjörusands-bakkarnir við Athabasca ána, og svo þegar komið er ofan að Great Slave Lake er svo mikið af kopar, að hann liggur í lögum sem klettar, og satt að segja of hreint til að vinnast vel, segja sumir.

Ég er hér ásamt konu minni, og líður okkur vel. Ég hefi á þremur vikum veitt yfir 1000 hvítfiska úr ánni til vetrarforða, og yfirgnæfandi 'moose'-dýra og skógbjarnakjöt. —

Að vori býst ég við að ferðast með konuna norður að Great Slave River og svo upp Peace River til Lesser Slave Lake, þaðan til Athabasca Landing. Þá höfum við ferðast yfir 1500 mílur með ám og vötnum, en að eins 90 mílur landveg.

C. Eymundson.

Hefir þú borgað Heimskringlu?

Bókalisti.

N. OTTENSON'S,- River Park, Wpg.

Ljóðmæli Páls Jónssonar í bandi	(3)	85
Sama bók (að eins 2 eint.	(3)	60
Jökulrósir		15
Dalarósir	(3)	20
Hamlet	(3)	45
Tíðindi Prestafélagsins í hinu forna Hólaskifti	(2)	15
Áttungurinn	(2)	45
Grant skipstjóri	(2)	40
Börn öveðursins	(3)	55
Umhverfis jörðina á áttatíu dögum	(3)	60
Blindi maðurinn	(3)	15
Fjörblaðaði smárinn	(3)	10
Kapítola (í II. Bindum)	(3)	1.25
Eggert Ólafsson (B. J.)		15
Jón Ólafssonar Ljóðmæli í skrautbandi	(3)	60
Kristinfræði	(2)	45
Kvæði Hannesar Blöndal	(2)	15
Mannkynssaga (P. M.) Ó bandi	(5)	85
Mestur í heimi, í b.		15
Prestkosningin, Leikrit, eftir D.E., í b.	(3)	30
Ljóðabók M. Markússonar		50
Ritreglur (V. Á). í b.		20
Sundreglur, í b.		15
Verði ljós		15
Vestan hafs og austan, Þrjár sögur eftir E. H., í b.		90
Vikingarnir á Hálogandi eftir H. Ibsen		25
Þorláksrðhelgi		15
Ofurefli, skáldsögur (E. H.) í b.		1.50
Ólöf í Ási	(2)	45
Smælingjar, 5 sögur (E. H.), í b.		85
Skemtisögur eftir S. J. Jóhannesson 1907		25
Kvæði eftir sama frá 1906		25
Ljóðmæli eftir sama. (Með mynd höfundarins frá 1897		25
Safn til sögu og ísl. bókmenta í b., III. bindi og það sem út er komið af því fjórða	(53c)	9.4
Íslendingasaga eftir B. Melsted I. bindi bandi, og það sem út er komið af 2, b. (25c)		2.85
Lýsing Íslands eftir P. Thoroddsen í b. (16c)		1.90
Fornir fornísienzkir rímnaflokkar, er Finnur Jónsson gaf út, í bandi (5c)		85
Alþingisstaðir hinn forni eftir Sig. Guðmundsson, í b. (4c)		90
Um kristnitökuna árið 1000, eftir B. M. Olsen (6c)		90
Sýslumannaæfir eftir Boga Benediktsson I. og II., b innbundið (35)		8.10
Íslenzkt fornbréfasafn, 7. bindi innbundið, 3 h. af 8 b. (1 70)		27.80
Biskupasögur, II. b. innbundið (42c)		5.15
Landfræðissaga Íslands eftir P. Th., 4. b. innbundið (55c).		7.75
Ríthöfunda tal á Íslandi 1400—1882, eftir J. B., í bandi (7c)		1.00
Upphaf allsherjarríkis á Íslandi eftir K. Maurer, í b. (7c)		1.15
Auðfræði, e. A. Ól., í bandi (6c)		1.10
Presta og prófastatal á Íslandi 1869, í b. (9c		1.25
B. Thorarinsson ljóðmæli, með mynd, í b.		1.50
Bókmentasaga Íslendinga eftir F. J., í b. (12c)		1.80
Norðurlandssaga eftir P. Melsted, í b. (8c)		1.50
Nýþýdda biblían (35c)		2.65
Sama, í ódýru bandi (33c)		1.60
Nýjatestamentið, í vönduðu bandi (10c)		65
Sama, í ódýru bandi (8c)		30

Nýkomnar bækur,

Kóralbók P. Guðjónssonar		90
Sama bók í bandi		1.10
Svartfjallasynir	(3)	60
Aldamót (Matt. Joch.)		20
Harpa	(4)	80
Ferðaminningar, í bandi	(3)	90
Bóndinn	"	35
Minningarit (Matt. Joch.)	"	35
Týndi faðirinn	"	35
Nasreddin, í bandi		35
Ljóðmæli J. Þórðarsonar	(3)	45
Ljóðmæli Gestur Pálsson	"	75
Haldórar rímur		30
Maximi Petrow	(2)	45
Leynl-sambandið	(2)	40
Hinn óttalegi leyndardómur	(2)	30
Sverð og bagall	(2)	30
Waldimer Nihilisti		75
Ljóðmæli M. Joch. I.-V. bd., í skrautb.	(15)	4.00
Afmælisdagar Guðm. Finnbogasonar		1.00
Bréf Tómarar Sæmundsson	(4)	75
Sama bók í skrautbandi	(4)	1.15
Íslenzk-ensk orðabók, G. T. Zoega	(10)	1.80
Fornaldarsögur Norðurlanda, í 3 bindum, í vönduðu giltu bandi	(15)	4.50
Gegnum brim og boða		90
Ríkisréttindi Íslands		50
Systurnar frá Grænedal		35
Œfintýri handa börnum		30
Vísnakver Páls lögmanns Vídalíns		1.25
Ljóðmæli Sig. Júl. Jóhannessonar		1.00
Sögur frá Alhambra		30
Minningarrit Templara í vönduðu bandi		1.65
Sama bók, í bandi		1.50
Pétur blásturbelgur		10
Bækur sögufélagsins Reykavík;		
Morðbréfabækingur		1.35
Byskupasögur, I—6,		1.95
Aldarfarsbók Páls lögmanns Vídalín		45
Tyrkjaránið, I—IV,		2.90
Guðfræðingatal frá 1707—'07		1.10
Jón Arason		80
Skipið sekkur		60
Jóh. M. Bjarnason, Ljóðmæli		55
Maður og kona		1.25
Fjarða mál		25
Beina mál		10
Oddur Lögmaður		95
Grettis Ljóð.		65
Andrarímur		50
Reimarsrímur		35
Dular, Smásögur		50
Hinrik Heilráði, Saga		20
Þjóðvinafél. Almanak 1911		20
Andvari 1911		75
Œfisaga Benjamín Franklins		45

Sögusafn Þjóðviljans I—II árg. 3oc; III árg. 20c IV árg. 30c; V. árg. 30; VI. 45; VII. 45; VIII. árg. 55; IX. árg. 55; X. árg. 55; XI. árg. 55; XII. árg. 65; XIII árg. 45; XIV. árg. 55; XV. árg. 30; XVI. árg. 25; XVII. árg. 45; XVIII árg. 55; XIX. árg. 25.

Alt sögusafn Þjóðviljan selt á $7.00

Bækur Sögufélagsins fá áskrifendur fyrir nærri hálfvirði,—$3.80.

Umboðsmenn mínir í Selkirk eru Dalman bræður.

Þess skal getið viðvíkjandi bandinu á Fornaldarsögunum Norðurlanda, að það er mjög vandað, handbundið skrautband, vel frá gengið eins er með Bréf Tómasar Sæmundssonar.

Tölurnar í svigum tákna burðargjald, er sendst með póntunum.

Selur sérhverja góða tegund af Whisky, vínum og bjór o.fl., o.fl. Vér gefum sérstaklega gaum familiu pöntunum og afgreiðum þær bæði fljótt og vel til hvaða hluta borgarinnar sem er.— Gefið okkur tækifæri að sýna ykkur að svo sé,

The Northern Wine Co. Ltd.

VÉR óskum jafnframt eftir sveitapöntunum.

Afgreiðsla hin bezta.

Talsímar Garry 2186-2187

215 MARKET ST.

Það kostar minna en FJÖGUR cent á viku

að fá HEIMSKRINGLU heim til þín vikulega árið umkring, Það gerir engan mismun hvar í heiminum þú ert, því HEIMSKRINGLA mun rata til þín. Þú hefur máske ekki tekið eftir því, að vér gefum þér

$1.00 virði af söguðbókum

með fyrsta árgagnum. Skrifið eftir HEIMSKRINGLU nú þegar, til P.O. Box 3083. Winnipeg, Man.

Ísabella var í svörtum silkiklæðnaði, með skrautlaust hár. Um hálsinn hafði hún gullkeðju, en armböndin og kingan glitruðu af gimsteinum.

Hið óviðjafnanlega fagra andlit hennar, umkringt af dökkum hárlokkum, var nábleikt. Hún líktist helzt anda, sem staddur væri milli koldimmra skýja.

Móritz kom til hugar, þegar hann leit á Ísabellu, rómverska Vestumærin, sem var leidd til dauðans af því hún hafði brotið skrírlífisheit sitt.

Andlit unga mannsins, sem varð blíðara, þegar hann sá örvæntingu Ísabellu í augum hennar, varð aftur þunglyndislegt, nærri haturslegt, þegar honum varð litið á Eberhard, sem stóð við hlið unnustu sinnar.

Greifinn laut höfðinu niður sem allra snöggvast, og þegar hann leit aftur upp, var Móritz horfinn inn í gestahópinn.

Ekki hafði greifanum tekist, að fá Ísabellu til að segja eitt einasta orð. Þegar hann ávarpaði hana, svaraði hún engu, og þegar hann leit á hana, sneri hún sér frá honum.

Greifinn beit á jaxl af ilsku. — "Nú, nú", hugsaði hann, "það dvínar vonandi, þegar hún er orðin konan mín. Þessi vonzka varir ekki ávalt".

Gestirnir drukku nú te, dróu sig svo saman í smáhópa til að skrafa.

Nú var farið að dimma. Sólin var að síga í æginn, þegar þjónninn loksins kom með kampavínsglösin, til að drekka úr brúðhjónaskálina.

Gestunum voru fengin glösin. Greifinn og Ísabella stóðu saman í öðrum enda salsins, og nálægt þeim hélt Móritz sig, en hinir gestirnir flökkuðu sig í kringum barúninn, sem hélt ræðuna.

Við sleppum ræðunni. Hún var ein af þessum vanalegu.

Allir horfðu á ræðumanninn, nema Móritz, hann hafði ekki augun af Ísabellu.

Hann var sá eini, sem sá það, að Ísabella tók samanbrotinn pappír upp úr glófa sínum, sem hún opnaði með annari hendinni, en hélt á glasinu í hinni.

Barúninn lauk ræðu sinni, hljóðfæraslátturinn byrjaði með þyt-lagi.

Á þessu augnabliki helti Ísabella innihaldi pappírsins í glasið. Móritz sá það, og hrylti við, en þagði.

Áður en hljóðfæraslátturinn þagnaði, hafði Ísabella tæmt kampavínsglasið til botns. Móritz sá að hönd hennar skalf.

Þjónninn kom til að taka á móti glasinu af Ísabellu, en hún sló því burtu á glasabakkanum og lét það detta á gólfið, svo það fór í smámola.

"En hvað ég er klaufaleg", sagði hún og færði sig frá. "Tíndu upp molana, Jóhann, og sjáðu um, að enginn verði ótir. Þeir geta verið hættulegir fyrir stúlkurnar, sem hafa þunna skó".

Þjónninn laut niður og tíndi upp öll glerbrotin.

"Guð minn góður", tautaði Móritz við sjálfan sig og breiddi andlitið með höndum sínum. "Ó, en hvað ég hefi misst mikið".

Nú tróðust gestirnir kringum brúðhjónaefnin, til þess að flytja þeim lukkuóskir. Eberhard hneigði sig kuldalega eins og hans var venja, en Ísabella svaraði hverri lukkuósk með vingjarnlegu brosi.

Móritz var meðal þeirra síðustu, sem kom til þeirra.

Hún rétti honum ísköldu höndina sína, sem engan undraði, því allir vissu, hverja þakklætisskuld hann átti hjá henni.

"Brúður dauðans", hvíslaði hún.

"Ég veit það, ég hefi séð alt", tautaði Móritz kjökrandi. "Ó, Ísabella".

Hún lagði fingurnar á varirnar til merkis um þögn. Hann leit niður og þaut inn í annað herbergi.

Það var langt síðan kveikt var. Gestirnir bíðu óþolinmóðir þeirrar skemtunar, sem frúin hafði látið á sér skilja, að þeir ættu von á, og litu löngunarrikum augum á lokuðu dyrnar að grána salnum, sem Ísabella og herbergisþerna hennar höfðu gengið inn í.

Loksins kom Anna aftur og hvíslaði nokkrum orðum að frúnni.

"Má ég biðja hina heiðruðu gesti að koma með mér", sagði hún, um leið og hún stóð upp. "Herra ofursti, má ég styðjast við handlegg þinn?"

Barúnsfrúin ásamt ofurstanum gekk á undan þessum glaða hóp. Barún Ehrenstam leiddi gamla herforingjakonu, Georg leiddi unga og fallega stúlku, og á eftir honum gekk Washolm prófastur með hálærðu konuna sína. Hinir karlmennirnir leiddu þær stúlkur, sem þeir náðu fyrst í, nema Móritz, hann var einsamall.

Dyrnar að grána salnum voru opnaðar, og skær birta mætti augum gestanna. Í hinum enda salsins hengu rauðar silkiblæjur, sem huldu leiksviðið.

Kvenfólkið settist á stólana, en karlmennirnir stóðu.

Djúp þögn ríkti yfir öllum.

Alt í einu byrjaði hljóðfæraslátturinn, en enginn sást maðurinn og ekkert hljóðfæri. Það var dansir en raunalegir. — Blæjan var dregin til hliðar. Tónlag með mjúkræmi, — það var inndælt, tónarnir þýðarnir urðu fjörugri og Ísabella sveif inn á leiksviðið, að mönnum sýndist, án þess að koma við gólfið.

Aðdáunarundrun heyrðist frá áhorfendunum, og svo varð aftur eins kyrt og í gröfinni.

Unga stúlkan var klædd hvítu silki, og utan um dökka hárið hennar var blómhringur úr þyrnirósum hvítum að lit, sem bar sama blæ og kinnar hennar, sem hún hafði ekki litað. Og hún dansaði.

Hafirðu séð dans andanna í tunglskini um næturtíma, hafirðu séð hinn litt finnanlega vindblæ svífa yfir bikar blómanna, — þá geturðu giskað á, hvernig Ísabella hefir dansað.

Og hún dansaði lengi. Það var eins og hún hefði verið bitin af tarantúlu (eins konar kónguló), eins og alt lífsafl hennar hefði sameinað sig í þessum dans.

"Hún er frábær", hvíslaði Georg að Móritz, því þeir stóðu hlið við hlið, "sýnist þér það ekki?"

Móritz svaraði ekki, því hann heyrði ekki orð Georgs. Allur hugur hans var á leiksviðinu, og hann horfði stöðugt á hina undraverðu sýn, sem þar sást.

Þegar minst varði, varð dans Ísabellu daufari. Hún þrýsti hendinni að hjartanu, eins og hún fyndi til ákafs sársauka.

Barúnsfrúin hljóðaði hátt. Ísabella reikaði og fell meðvitundarlaus á gólfið. Snögg hreyfing kom á áhorfendurna, sem allir urðu fölir og hræddir. Hólm, sem einnig var staddur þarna, varð fyrstur til að hlaupa inn á leiksviðið og lyfta hinni meðvitundarlausu stúlku upp af gólfinu.

Föl, eins og brotin lilja, hékk hún í faðmi hans. Augun voru lokuð, en tilkenningarskjálfti sást á vörum hennar.

Barúninn, kona hans, Eberharð og Georg, vinir og vinstúlkur, söfnuðust saman í kring um ungu stúlkuna, sem lá óhult í faðmi fyrverandi kennara sins.

Sómi Íslands, sverð og skjöldur.

Gjafir til minnisvarða JÓNS SIGURÐSSONAR.

Frá Deer Horn. —

Arnór Árnason	1.00
Gísli Lundal	1.00
Eggert F. Sigurdson	1.00
Ólafur Hallson	0.50
Guðrún Hallson	0.50
Thora Ólafson	0.50
G. H. Sigurdson	0.25
Vilhjálmur Lundal	0.25
Sigr. Lovisa Lundal	0.10

Frá Duluth, Minn. —

Guðmundur Guðmundsson	0.50
Sigríður Guðmundsson	0.50
Jón Thorsteinsson	0.25
Inga Thorsteinsson	0.25
Martha Thorsteinsson	0.25
Óskar Thorsteinsson	0.25
Sigfús Magnússon	1.00
Guðrún Magnússon	1.00
Þorgerður Magnússon	0.50
Anny Magnússon	0.50
Vesta Magnússon	0.50

Frá Anacortes, Wash.

Guðmundur Magnússon	3.00

Frá Tantallon. —

N. Vigfússon	1.00
Anna Vigfússon	1.00
Ísafold Vigfússon	0.25
Helgi Vigfússon	0.25
Valdimar Vigfússon	.25
Vigfús S. Ásmundsson	0.25
Þóra Ásmundsson	.25
Hjálmar Eiríksson	1.00
Ragnheiður Eiríksson	0.50
Jenny Guðrún Eiríksson	0.25
J. Magnússon	0.50
Eyjólfína Magnússon	0.50
S. Magnússon	0.25
P. Magnússon	.25
Dóri Magnússon	0.25
J. Ó. Magnússon	0.25

Frá Fairford, Man. —

Benedikt Hjálmsson	1.00

Frá Framnes, Man. —

Mrs. G. Indriðason	0.50

Frá Árdal, Man. —

Sigurður Árnason	1.00
Miss H. J. Árnason	0.50
Mrs. K. H. Árnason	0.50
E. J. Doll	0.25
Eiríkur Jónsson	0.50
Mrs. Vilborg Jónsson	0.50
Arnbjörg Einarsdóttir	0.25
Stefán Einarsson	0.25
Sigmundur Guðmundsson	0.50
Thorarinn Gíslason	0.50
Friðrik Nelson	0.50
Sveinn Sveinsson	0.25
Mrs. Jóhanna Sveinsson	0.25
Valdimar Jóhannesson	0.25
Mrs. V. Jóhannesson	0.25
Guðmundur Jóhannesson	0.25
Mrs. Kristveig Jóhannesson	0.25
Grimur G. Jóhannesson	0.10
Ingólfur J. Jóhannesson	0.10
Guðrún Ása Jóhannesson	0.10
Metúsalem Jóhannesson	0.10
Adolf Jóhannesson	0.10
Metúsalem Jónsson	0.25
Mrs. M. Jónsson	0.25
Thorbjörg M. Jónsson	0.25
Jón M. Jónsson	0.25
Gísli M. Jónsson	0.10

Frá Pembina, N.D.

Jakob Eyford	1.00
Oli Peterson	0.10
Th. Ólafsdóttir	0.25
Senator Judson La Moure	2.00
Mrs. B. J. Johnson	0.50
Mrs. Margrét Sveinsdóttir	0.50
Mrs. Július. W. Benson	0.25
Miss Sigurveig Hólm	0.25
Mrs. Sigríður Post	0.25
Sigurður Ormson	0.25
Mrs. S. Ormson	0.25
G. Sigurðsson	.25
Mrs. Sigríður Pálsdóttir	0.25
Th. Einarsson	1.00
Sigríður Einarsson	0.50
Þorbjörg Einarsson	0.25
Valdis Einarsson	0.25
Bergur Einarsson	0.25
Jóhann Einarsson	0.75
Guðm. Johnson	0.25
Mrs. R. G. Johnson	0.25
Þorbjörn G. Johnson	0.10
Friðjón G. Johnson	0.10
Jónína G. Johnson	0.10
Halldór Einarsson	1.00
Jakob Espólín	0.25
Geo. Peterson	0.50
Sigríður Peterson	0.25
Rannveig Espólín	0.25
Halldóra G. Peterson	0.10
Jacob P. Peterson	0.10
Kristin I. Peterson	0.10
Jón V. Peterson	0.10
Mabel E. Peterson	0.10
Rosa S. Peterson	0.10
Karólína R. Peterson	0.10
Theodore E. Peterson	0.10
Oddný A. Peterson	0.10
Erlingur R. Peterson	0.10
Geo. D. Peterson	0.10
Haraldur O. Peterson	0.10
Brandur Johnson	2.00
Óli Pálsson	1.00
H. Halldórsdóttir	0.25
Th. Bjarnarson	0.50
Gunnar Gunnarsson	2.00
Guðmundur Ólsson	0.25
E. A. Einarsson	1.00
Sigurður Ólson	0.25
Guðjón Bjarnason	0.50
Frida Árnason	0.25
Freeman Árnason	0.25
Mrs. Anna Thorsteinson	0.25
Jónas Thorsteinson	0.25
G. B. Árnason	0.50
G. Thorgrimson	1.00
G. V. Leifur	0.25
Ingibjörg Leifur	0.25
Sigurgeir Leifur	0.25
G. T. Johnson	0.25
Jóhannes E. Ólafsson	0.25
Mabel E. Peterson	0.05
Concordia K. Eymundson	0.25
Emma Allen	0.30
Jón Hannesson	0.25
Björg Hannesson	0.25
Gm. Franklin Hannesson	0.10
Elisabeth Leifur	0.20
Marguerite Moorhead	0.10
Maria Holm	0.25
Aug. Leifur	0.25
Sigrún Allen	0.25
Olavia Thorsteinson	0.20
J. H. Hannesson	0.25
Hansína Hannesson	0.25
Hannes A. Hannesson	0.10
Laufey K. Hannesson	0.10
Hinrik K. Hannesson	0.10
Octavia K. Hannesson	0.10
Vilborg Bjarnarson	0.25
Th. J. Gauti	0.25
Mrs. Inga Moorhead	0.25
Sigurlaug Stevenson	.25
K. S. Eymundsson	0.25
Kristbjörg Eymundsson	0.25
Tryggvi Johnson	0.20
Rósa Johnson	0.20
Oli Johnson	0.10
Kristbjörg Johnson	0.10

Frá Boone, Iowa.

G. G. Guðmundsson	1.00

Frá Winnipeg Beach.

Sigurður Sigurðsson	0.70
Mrs. Jarngerður Sigurðsson	0.50
Thorbjörg Sigurðsson	0.25
Thorunn Sigurðsson	0.15
Helga Sigurðsson	0.25
Björn Sigurðsson	0.25
Kristján Sigurðsson	0.10
Jónas Jóhannesson	0.50
Mrs. Ásdis Jóhannesson	0.50
Andrés Ísfeld	0.25
Mrs. Ingunn Mathiasson	0.25
Mrs. Guðný Magnúsdóttir	0.50
G. J. P. Olson	0.50
Jón Eiríksson	0.50
Sigurður Hannesson	0.25
Magnús Hjörleifsson	0.50
Mrs. M. Hjörleifsson	0.50
Jón M. Hjörleifsson	0.10
Halldór M. Hjörleifsson	0.10
Skúli M. Hjörleifsson	0.10
Hermann Hermannsson	0.50

Frá Mountain, N.D. —

Paul Johnson	0.50
Guðjón Ólafsson	0.50
V. Steinólfsson	0.25
O. M. Olson	0.25
Sveinn Thorwaldson	0.50
H. T. Hjaltalín	0.25
Barney G. Johnson	0.25
Sig. Indriðason	0.25
Gunnl. Johnson	0.25
H. C. Halldórsson	0.25
Einar Hannesson	0.25
Sig. Árason	0.25
S. H. Hjaltalín	0.25
P. F. Björnson	1.00
J. S. Björnson	0.25
J. P. Árason	0.50
Helgi Hallson	0.50
E. Thorwaldson	0.50
Mrs. E. Thorwaldson	0.50
John Thordarson	0.25
S. Josephson	0.25
H. H. Reykjalín	0.25
Sigurður Kristjánsson	0.25
Sigurjón Gestsson	1.00
A. F. Björnsson	0.15
Thomas Halldórsson	1.00
Jóhannes Jónasson	1.00
Mrs. J. Jónasson	0.25
Magnús Jóhasson	0.25
G. T. Christinson	0.25
G. A. Christianson	0.25
Mrs. G. A. Christianson	0.25
Sæm. Sigurdson	0.50
Stina Sigurdson	0.25

Frá Tantallon, Sask.

John J. Johnson	1.00
Mrs. J. J. Johnson	0.50
A. M. Johnson	0.75
J. H. Johnson	0.50
J. Kr. Johnson	0.50
Ragnheiður Vigfúsdóttir	0.50
Otto V. Johnson	0.10
Kristin J. G. Johnson	0.25
G. Eggertsson	0.50
Mrs. G. Eggertsson	0.25
Miss S. Eggertsson	0.10
Miss F. Eggertsson	0.10
Villrid Eggertsson	0.10
M. Ingimarsson	0.25
G. Ólafsson	1.00
Mrs. G. Ólafsson	0.50
Óli G. Ólafsson	0.50
Jenny G. Ólafsson	0.50
Anna G. Ólafsson	0.50
Inga G. Ólafsson	0.25
Gladstone G. Ólafsson	0.25
Helga G. Ólafsson	0.25
Trygvi G. Ólafsson	0.25
Óskar Gj Ólafsson	0.25
Valtir G. Ólafsson	0.25
Oddur Oddsson	0.25
Bigurður Johnson	1.00
Mrs. Helga Sigurðsson	0.25
Tryggvi Thorsteinsson	0.75
Jóhana Thorsteinsson	0.75
Helgi G. Thorsteinsson	0.25
John T. Thorsteinsson	0.25
Guðbjörg Thorsteinsson	0.15
Karl Nielsen	0.50
Valgerður Nielsen	0.25
Sigurveig Nielsen	0.15
Andrés Nielsen	0.15
Sörri Johnson	0.50
Mrs. Sigríður S. Johnson	0.50
Eggert O. B. Johnson	0.10
Jón S. Johnson	0.10
Valgerður S. Johnson	0.10
Sigurður S. Johnson	0.10
Guðhildur S. Johnson	0.10
Sam. S. Johnson	1.00
Sigurlaug S. Johnson	0.25
B. Hjaltalín	0.50
Guðbjörg Thorsteinsson	0.50
Nena Ásgrímsson	0.25
John J. Thorsteinsson	0.25
Mrs. J. Thorsteinsson	0.25
Steini Thorsteinsson	0.25
Kristján Thorsteinsson	0.25
Anna Thorsteinsson	0.25

Frá Tindastól, Sask.

Jóhann Björnsson	0.50
Sigurást Björnsson	0.50
Ólafur Björnsson	0.25
Laufey Johnson	0.25
Einar Dýrm. Jóhannsson	0.10
Chr. Jóhannsson	0.50
Mrs. Chr. Jóhannsson	0.25
Dóra Jóhannsson	0.25
Armann Jóhannsson	0.15
Maria Jóhannsson	0.10
Albert Jóhannsson	0.10
Sumarrós Jóhannsson	0.10
Hrómundur Jóhannsson	0.15

Frá Winnipeg. —

Jóhannes Sigurgeirsson	1.00
Vilhjálmur Pétursson	1.00
Þorsteinn Jóhannsson	1.00
Þuríður Thordarson	1.00
Guðrún J. Jónasson	1.00
Jóhannes Helgason	1.00
Lárus Guðmundsson	0.25
Ingibjörg Guðmundsson	0.25
Halldóra Guðmundsson	0.10
Albert Guðmundsson	0.10
Páll Jónsson	0.50
Ágúst Jónsson	0.50
Gestur Fellsted	1.00
Magnús Markússon	0.50
Lára Markússon	0.50
Jónína Markússon	0.25
Guðfinna Markússon	0.25
Phillip Markússon	0.25
Ólafía Markússon	0.25
Nikulás Ottenson	1.00
Anna Ottenson	1.00
Þórdís Ottenson	1.00
Guðmundur Ottenson	1.00
Snæbjörn Ottenson	1.00
Jón Stefánsson	0.25
Egill Guðbjartsson	1.00
Rögnvaldur Guðbjartsson	0.50
Brynjólfur Anderson	0.50
Jónas Jónasson	2.05
Jóhannes Jóhnson	1.00
Mrs. Sigurbjörg Johnson	0.50
Óli P. Bjering	0.50

Frá Clandeboye, Man.

Sigurvin Sigurðsson	1.00
Mrs G. Stephansson	0.25
Samtals	$128.70
Áður auglýst	234.70
Alls innkomið	363.40

Menningarfelagsfundur.

(Niðurlag frá . bls.)

Svona kemur mér málið fyrir frá minu sjónarmiði. Og ég vona, að ég hafi ekki meitt tilfinningar nokkurs, að minsta kosti vgr það ekki ætlun mín. Stundum hafa mér fundist dómar í minn garð óbilgjarnir. Sumir hafa fullyrt, að stefna mín væri fyrirlitleg, ekki samboðin mönnum, — verri enn rétt-trúnaðurinn. En aldrei hefir mér fundist skynsemi á bak við þá dóma. — "Þarna", hefir verið sagt af hálfu Únitara, "er maður samdóma okkur að ýmsu leyti, en vill ekki viðurkenna að hann sé Únitari". — Ef það er fyrirlitlegt, að vera frjálslyndur kristinn maður, án þess að vera Únitari, þá eru býsna margir fyrirlitlegir. Og ekki fæ ég séð nein eiginleg merki þess, að heimurinn sé að verða Únitaratrúar. En vér erum öll að bokast áfram, og Únitarar með. Þó trúarþráttan snúist á ýmsa vegu, þá lætur mannsandinn óðal sín aldrei dvina í höndum sér. Það, sem er framundan, er betra — gæfugra; verum því vongladir. Sú stefna innan kristninnar, sem lætur sér takast að samþýða kristindóminn bezt þessarar tíðar þekkingu, leggur stærstan skerf til sameiginlegs þroska: Sú stefna á framtiðina. Trúarbrögðin eru eitt hið allra merkilegasta í fari mannanna, og sterkasta aflið til að knýja anda mannsins áfram. Þau mega ekki vera einhliða. Ekki eingöngu vera mannvitsgrufl, kalt og dautt. Ekki tómt tilfinningamál, það landir líka í ógöngur. En það verður að sameina mannvit heitri trú, helgaðri af hlýustu tilfinningum mannsins. Trúarbrögð framtíðarinnar verða trúarbrögð skynseminnar og hjartans í sameining. Alt tilfinningalíf mannsins fær að njóta sín. Þar er mannkynið að tala sitt helgasta mál. — —

Ég vildi óska, að ég yrði ekki misskilinn, — að ég hafi meint nokkuð annað en að skýra skilning sjálfs mín á þessum efnum.

Fundurinn gerði góðan róm að erindinu, og var flytjanda greitt þakklætisatkvæði.

Næstur tók til máls séra Guðmundur Árnason. — Hann kvaðst vilja þakka ræðum, fyrir erindið, og fyrir þau hlýju orð, sem hann hefði talað í garð Únitara og stefnu þeirra. Kvaðst samt ekki geta verið honum samdóma í sumum atriðum. — Þó sameining væri góð, mætti ekki borga hana of háu verði. Nokkuð væri unnið samt, ef menn fengju greinilegan skilning á, hvað þeim bæri á milli.

Viðvikjandi alþjóðaþingum frjáls lyndrar kristni, sem Únitarar hefðu gengist fyrir, þá hefði andi og skoðanir Únitara verið ráðandi á þeim, en sizt á því siðasta, er haldið var í Berlin; enda væri á Þýzkblandi enginn únitariskur félagsskapur, þó þar væru vitanlega margir Únitarar.

Af útdráttum úr gerðum þessa þings, er skrifari þess, Únitarapresturinn Wendte, hefði birt í Christian Register, liti svo út, sem þingið hefði eiginlega ekki komið sér saman um nokkuð sérstakt atriði, enda hefðu þar átt hlut að máli svo sundurleitir flokkar og óskyldar stefnur, að um samkomulag hefði naumast verið að ræða.

Viðvikjandi því, að Únitarar hefðu "dogmur", þá vildi hann neita því aldráttarlaust. Hafi Únitara-kirkjan verið laus við nokkurn galla kristnu kirkjunnar, þá væri það einmitt "dogmatikin". Einmitt af því að hún er laus við "dogmur", hefir henni verið unt að taka breytingum og framförum. Únitarar vilja ekki nú skrifa undir alt það, sem þeir Channing og Parker kendu, — þó ekki sé lengra farið. Þó til sé flokkur, sem kalli sig "Channing Únitara".

Þar sem ræðum. hefði talað um únitariska trúarjátningu, þá væri sú staðhæfing fyrirgefanlegri; en í raun og veru hefðu Únitarar alls enga trúarjátningu. Þetta, sem svo hefði verið nefnt, væru að eins einkunnarorð, sem hver einstök Únitara-kirkja gæti notað sem einkenni, ef henni sýndist. Sumar Únitara-kirkjurnar sleppa úr hiðnum "Leadership of Jesus". Nokkrum sinnum hefði verið reynt að gera þessi einkunnarorð að trúarjátningu á únitariskum kirkjuþingum, en aldrei tekist.

Á fyrirlestra Prof. Harnack kvaðst hann hafa hlustað daglega í fimm mánuði, og ekki kvaðst hann geta verið ræðumanni samdóma um frjálslyndi þess manns. Sér hefði ætíð virst hann vera ósamngjarn gagnvart hinum smærri trúflokkum í kristninni, sem Únitarar eiga rót sina að rekja til. Í Únitara og þrenningardeilunni hefði hann ætíð dregið taum þrenningarmanna. Sér hefði ekki fundist hann virkilega frjálslyndur í anda.

Hvað framtíðar trúarbrögð snerti, og það í hvaða átt trúarbrögðin væru nú að hneigjast, þá virtist marat benda til þess, að þau væru að nálgast þá afstöðu, sem Únitarar hafa. Únitarar stefndu að því, að gefa einstakingnum sem frjálsastar hendur í trúmálum. Sameining hinna ýmsu trúflokka myndi eiga nokkuð langt í land. Og nokkuð óliklegt, að kenningin um guðdóm Krists myndi verða til að sameina alla. Hitt lægi nær, að menn sameinuðu sig um mannfélags umbótamál.

Að endingu kvaðst hann ekki hafa viljað meiða tilfinningar máls hefjanda á nokkurn hátt, — og eins vera sannfærður um, að hann hafi alls ekki viljað meiða sínar tilfinningar eða flokksbræðra sinna eða gera litið úr skoðunum þeirra.

Næstur talaði Sigfús B. Benedictsson. Kvaðst vera þakklátur fyrir erindi það, er flutt hefði verið hér í kveld. Æskilegt, að brotin úr voru litla þjóðfélagi væru að minsta kosti málkunnug.

Á það vildi hann benda, að um leið og Ingersoll var að henda gaman að gamla ritinu, hefði hann lika verið að skopast að meðferð og skilningi orthódoxíunnar á því riti.

Það virtist hafa komið fram hér í kveld, að Únitarar hefðu fimm "dogmur", en nýja guðfræðin engan. Þess vegna virtist sér nýja guðfræðin fremri.

Þá talaði séra Friðrik J. Bergmann aftur. Kvaðst ekki sjá betur, en að Únitara-kirkjan hefði "dogmur", t.d. neitun guðdóms Krists. Neitun getur verið dogma, alveg eins og játning. Gamla skoðunin, að guðsefðlið og manneðlið væru andstæður, sem óbrúanlegt væri á milli, rikti hjá Únitörum sins og öðrum. Þessi skoðun er ekki viturleg.

Ekki kvaðst hann hafa tekið eftir því, að heimurinn væri að verða únitariskur. En nöfnin Únitari og Lútherskur væru að hverfa.

Séra G.A. findist lítill sameiningarvottur hafa komið fram á þinginu í Berlin, og efaðist um, að nokkur hugmynd eða kenning myndi geta sameinað. En þar kvaðst hann á öðru máli. Guðshugmyndin væri hornsteinn allra trúarbragða. Um þá hugmynd myndu menn sameina sig. Þingið í Berlin samþykti, að enn sem komið væri, væri engin opinberun fullkomnari en frelsarans. Guðshugmynd hans, — það er punkturinn, sem Únitarar og allir aðrir ættu að koma saman á.

Viðvikjandi Prof. Harnack, sem hann hefði lesið alt eftir, er út hefði komið, — vildi hann endurtaka það, að hann væri einn hinn allra frjálsasti og óháðasti andi, sem uppi væri. Um það væru naumast skiftir dómar. Og þar sem hann (ræðum.) hefði stundum ekki í fyrstu geðjast að eða fallist á sum atriði hjá Prof. Harnack, þá hefði hann þó að lokum orðið að kannast við, að Harnack væri sér óháðari og sanngjarnari, — og hefði það stundum orðið sér talsverð andleg raun, að láta undan í þeim efnum.

Séra Guðm. Árnason gaf þá skýringu, að með "dogmatic" hefði hann átt við kirkjulega "dogmatic". Við hana væru Únitarar lausir í þeim skilningi, sem séra Fr. J. Bergmann notaði orðið, hefðu Únitarar vitanlega — "dogmur". — Frjálslyndi væri alltíðlegt orð eða hlutfalls-hugtak — Viss maður gæti verið frjálslyndur frá sjónarmiði eins flokks og ófrjálslyndur frá sjónarmiði annars. — Langt myndi þess að bíða, að menn sameinuðust um guðshugmyndina, — jafn sundurleit og ósamrýmanleg og hún væri hjá hinum ýmsu trúflokkum.

Að síðustu talaði Páll M. Clemens, er stýrði fundinum í fjarveru forseta Skapta B. Brynjólfssonar, og þakkaði flytjanda fyrir erindið með nokkrum velvöldum orðum.

Friðrik Sveinsson,
ritari.

Íslands fréttir.

Í Reykjavík hefir 18 manna nefnd verið skipuð til að gangast fyrir Jóns Sigurðssonar minnisvarðanum. Þann 28. des. sendi nefndin út ávarp til Íslendinga, þar sem tekið er fram, að ef mögulegt sé eigi varðinn að vera uppkominn á aldaraímæli Jóns 17. júni 1911, og því skorað á alla, sem unna minningu hans, að gefa og það sem fyrst. Í nefndinni eru: Tryggvi Gunnarsson fyrv. bankastj., Þorhallur Bjarnarson biskup, alþingismennirnir Bjarni Jónsson frá Vogi, Björn Kristjánsson, Hannes Hafstein, Ari Jónsson, Skúli Thoroddsen, Kristján Jónsson og Hannes Þorsteinsson, Ásgeir kaupmaður Sigurðsson, séra Guðm. Helgason, séra Ólafur Ólafsson, Jón Jensson yfirdómari, Helgi Valtýsson kennari, Hannes Hafliðason skipstjóri, K. Zimsen verkfræðingur, Steingr. Thorsteinsson skáld og Pétur G. Guðmundsson bæjarfulltrúi. Formaður nefndarinnar er Tryggvi Gunnarsson, ritari Bjarni Jónsson frá Vogi og gjaldkerar Hannes Hafstein og Björn Kristjánsson.— Ætlir að minnisvarðinn er uppkom inn, er ætlast til, að gefið verði út minningarrit með mynd af minnisvarðanum og myndum af Jóni Sigurðssyni og hibýlum hans og fylgi skýrsla yfir tölu gefenda til varðans.

Dagblað er farið að gefa út í Reykjavík, sem "Vísir" heitir, og er Einar Gunnarsson, cand. phil., útgefandinn. Það er á stærð við Gimlung.

Íbúatala Akureyrar kaupstaðar kaupstaðar er 2,084, eftir nýjasta manntali, rétt fyrir jólin, og er það meira en helmingi fleira en um aldamótin 1900.

Miðvikudagsnóttina 28. des. rak upp í Hafnarfirði gufuskipið "Adria", kolaskip til Edinborgar verzlunar, og fórust þar 5 menn, en 11 varð bjargað. Einn af þeim, sem fórust var Íslendingur, Kristján Einarsson úr Reykjavík.

Ungmennafélag Akureyrar hefir samþykt svohljóðandi tillögu í fánamálinu: "Til að hrinda fánamálinu á leiðis álitur félagið heppilegt, að lögleiddur verði sérstakur staðarfáni, og ákveður því að beita sér fyrir að skorað verði á næsta alþingi að samþykkja lög þess efnis, og telur æskilegt, að lögin geti öðlast gildi fyrir 17. júní 1911".

Látinn er á Akureyri rétt fyrir jólin Jón Jón Chr. Stephansson, danne brogsmaður og timburmeistari. — Einn af elztu og mætustu borgurum Akureyrar og bindindisfrömuður alkunnur.

Farist hefir nýlega fyrir Keldunúpsfjöru á Suðurlandi þýzki botnvörpusoip, "Gustav Ober", frá Bremerhaven, og druknaði öll skipshöfnin.

Viðskiftavelta Íslands banka í nóvembermánuði var 4,117,000 kr. Í október 6,366,000 kr.

Fréttir.

— Nýlátinn er í Wellington, Kans., áttræður öldungur, sem Miles Park hét, og sem hefir hlotið þá einkennilegu frægð, að vera fyrsti og þriðji eiginmaður sömu konunnar. Park gifti sig árið 1852. Árið 1876 yfirgaf hann konuna og þrjú börn og hélt til Dakota í auðæfaleit, og frétti konan að hann hefði látist þar. Annar Kansas bóndi bað svo konunnar og giftist hún honum. Árið 1901 kemur Parks aftur, og frétti þá að konan sé gift. Hann gefur sig ekki fram, en heldur burtu. Árið 1907 fréttir hann svo, að hún er orðin ekkja, þá fer hann á fund hennar, og segir henni hið sanna af sér, og endirinn varð, að þau giftu sig aft ur. Var Park þá 75 ára gamall, en konan hans 72., — svo litið hefir ungdómsfjörið verið í hinum endurnýjaða hjúskap.

— Árið 1910 var fremur óhappa-ár fyrir póstmálastjórn Bandarikjanna, því 1,680 pósthús og póstskristofur voru ræntar á árinu. En jafnframt voru 2,363 teknir fastir á árinu fyrir þau afbrot; af þeim hóp voru hundrað póstmeistarar, 35 aðstoðar póstmeistarar, 95 skrifstofuþjónar og margir, sem á einn eða annan hátt voru við póststjórnina riðnir, eða nærri helmingur, því 1,570 af þeim sem handsamaðir voru, voru ekkert við pósthjónustu riðnir. Einnig var fjeldi af járnbrautalestum ræntar á árinu, þó lögin séu þung á þeim náungum, sem það gera, verði þeir uppvisir. Nú menn hafa verið dæmdir fyrir þau afbrót, og hlaut eina 15 ára fangelsi og 6,000 dollars sekt, annara 43 ára og 3,000 dollrs sekt, tveir 45 ár, og fimm lífstíðar fangelsi. — Fullum 20 miljónum dollars er talið að póst- og járnbrauta ránin hafi numið á tveimur síðustu árum.

— Tvö ung börn, 5 ára og 4 mánaða, brunnu til dauða í nánd við Fergus Falls, Minn. Hafði kviknað í húsi, sem hörnin voru ein inni í, og brann hið hisið og börnin, án þess nokkuri hjálp yrði viðkomið. Faðir barnanna heitir E. L. Botts, og var hann fyrsti maðurinn að sjá, hvernig komið var, og hefir það verið sorgleg aðkoma.

— Parisarborg hefir samkvæmt nýafstöðnu fólkstali 3½ miljón íbúa. Vínarborg, höfuðborgin í Austurríki, rúmar 2 miljónir. Berlín, höfuðborg Þýzkalands 3 miljónir. En Lundúnaborg tæpar 7 miljónir, eða nærri helmingi fleiri íbúa en Paris, sem gengur henni næst í Evrópu.

— Snjófall mikið hefir orðið á Spáni um miðjan þennan mánuð. Svo varð stormurinn svæsinn, að járnbrautalestir fuku út af sporum sínum og ultu á hliðina. Mörg skip hafa strandað og sum farist algerlega. Mest hefir kveðið að skemdunum í grend við Oviedoborg í Asturias héraðinu.

A. SEGALL
(áður hjá Eaton félaginu).
Besti kvennfata Skraddari
Loðskinna fötum veitt sérstakt athygli.
Hreinsar, Pressar, Gerir við.
Fjórir (4) alfatnaðir hreinsaðir og pressaðir, samkvæmt samningum hvort heldur er karlmanna eða kvenfatnaður, fyrir aðeins $2.00 á mánuði.
Horni Sargent og Sherbrooke

PIANO SALA

Ef þér óskið að fá Piano fyrir heimili yðar þá komið strax til J. J. H. McLEAN & Co's stóru Piano búðar. 329 Portage Ave. Vér erum að selja Square Pianos fyrir

$25. til $90.

sem kosturinn er upphæðina kostuðu $450.00. TEFJIÐ EKKI.

J. J. H. McLean & Co LIMITED

Cor Portage Ave. & Hargrave
Phone Main 808.

Fréttir úr bænum.

Tíðarfarið hefir verið fremur kalt undanfarna daga, 15—30 stig fyrir neðan zero, og snjókoma öðru hvoru.

Dr. G. J. Gíslason, augnalækniriinn góði í Grand Forks, N. Dak., lagði af stað baðan í sl. viku í þriggja mánaða ferð til Evrópulanda, til þess þar enn betur að fullkomna þekkingu sína í sinni sérfræðigrein. Aðallega er ferðinni heitið til Vinarborgar í Austurríki þar sem Dr. Gíslason ætlar að rannsaka allar nýjustu aðferðir og uppgötvanir í lækningum eyrna- og augna-sjúkdóma. Hann hefir áður stundað nám þar í borg, en fer nú þangað til þess enn betur að fylgjast með tímanum. Jafnframt hugsar hann sér að koma við í Lundúnum, Edinborg, Kaupmannahöfn og Berlin, og vera nokkra daga í hverri af borgum þessum, til þess að komast eftir, hvort nokkuð er þar að læra, eða með öðrum orðum, hvað stéttarbræður hans þar eru að gera og hvernig þeir gera það. — Dr. Gíslason vonar að geta komið heim aftur til Grand Forks í aprílmánuði næstkomandi.

Á laugardagskveldið lögðu héðan af stað séra Rögnv. Pétursson, vestur í Red Deer nýlendu Íslendinga í Alberta, og Eggert Jóhannsson, fyrrum ritstjóri, vestur að Kyrrahafi. Þeir bjuggust við að verða nær þriggja mánaða tíma að heiman.

Ræninginn, vafinn svartri slæðu um andlitið og með skambyssu í hendi, fór nær miðnætti á laugardagskveldið var inn í búð herra Jónasar Jónassonar í Fort Rouge, þegar hann var að taka úr peningahólfinu inntektir dagsins. Ræninginn miðaði byssunni á Jónas og skipaði honum að yfirgefa skildingana og hafa sig sem skjótast á burtu. Jónas gengdi tafarlaust, og fór og tilkynti atburðinn 2 mönnum, sem bjuggu í húsinu — sem er aftan við búðina og samgengt milli þeirra. Mennirnir gripu byssur og voru komnir með þær út á götu áður en ræninginn kom út úr búðinni. Þeim var innan handar að skjóta hann, en hvorugur gerði það og komst því ræninginn burtu með 70 dollars.

Munið eftir samkomunni í Únitarasalnum í kveld (miðvikudag). Þar verður margt skemtilegt að sjá og heyra.

Til Íslands fer næsta laugardag herra Friðjón Friðriksson, í innflutninga erindum fyrir ríkisstjórnina í Canada. — Um leið og Hkr. árnar honum allra heilla á ferð hans, látum vér þess getið, að Laurier stjórnin hefir aldrei verið hepnari í vali en einmitt nú. Herra Friðriksson er fyrirmyndarmaður að gáfum, þekkingu og ráðvendni, og væntanlegir vesturfarar mega fyllilega treysta hverju hans orði, og byggja á ótraudða leiðsögu hans. — Hr. Friðriksson óskar þess getið, að sér sé ómögulegt að flytja bögla fyrir fólk hér vestra, heim til ættingja þeirra á Íslandi. Bögla og bréfasendingar ganga beinast og greiðast með pósti.

Um síðustu helgi kom til bæjarins herra Stefán Arngrímsson, frá Mozart, Sask. Hann hafði verið 2 mánuði suður í N. Dakota og kom þaðan nú á heimleið. Hann kvað líðan manna og ástand alt syðra líkt og vant er að vera; en þó óvanalega mikinn snjó í Moose River dalnum, en aftur þegar kemur austur hjá Grand Forks, þá er snjór svo lítill, að akrar voru þar auðir á þorrtum. Hann kvað fólk þar syðra hafa farið svo vel með sig á þessari ferð hans þar, að hann bað Heimskringlu að flytja þeim "guðsást fyrir matinn".

FALCONS, 'hockey'-flokkurinn íslenzki, berst við W.A.A.A. á föstudagskveldið í 'Amphitheatre' hér í bænum. — Landar ættu að fjölmenna.

Guðmundur stúdent Axfjord er tekinn að nema lögfræði hjá þeim Hudbard & Hannesson, lögmönnum hér í borginni.

Charles Nielsen, frá Ísafirði á Íslandi, sem dvalið hefir hér í borg um tveggja ára tíma, hefir hlotið stöðu við pósthús borgarinnar, — er slikt vel að verið af honum.

Góð skemtun í kveld.

Skemtisamkoman, sem Únitarar halda í kveld (miðvikudag, 25. þ. m.) í samkomusal sínum, verður einhver sú fjölbreyttasta, sem hér hefir haldin verið. Þar verður skemt með kappræðu, einsöng, smá-sjónleik, upplestri, hljóðfæraslætti og myndasýning af pólarjöndunum og ýmsum öðrum stöðum, og svo friar veitingar á eftir. Þetta alt fæst fyrir ein 25 cents.— Landar ættu því að fjölmenna, þeir geta ekki varið centunum né tíma sínum betur.

Þeir herrar Thordur Vatnsdal, kaupmaður í Wadena, Sask., og Ingvar Olson, kaupm. frá Foam Lake, voru hér í borg um síðustu helgi. Herra Vatnsdal kvað nýlega myndað af "business" mönnum í Wadena svo nefnt "The Western Real Estate Co." með 100 þúsund dollara höfuðstól, og með aðalskrifstofur í Wadena. Markmið félagsins er að kaupa og selja lönd þar í nágrenninu. Fyrstu 3 stjórnendur félagsins hafa verið tilnefndir, þeir J. A. Mooney, H. C. Pearce, M.P.P., og Thordur Vatnsdal. Forseti félagsins verður Mr. S. Barth. — Fimm þúsund dollars smjörgerðarhús var í sumar bygt þar í bænum, og fékk það önnur verðlaun fyrir smjör sitt, bæði á Winnipeg og Brandon sýningunni. Einnig var þar á sl. hausti bygður 5 þúsund dollars skautaskáli, og er það stærsti skáli þeirrar tegundar vestan Winnipeg. — Wadena bær er 6 ára gamall og hefir 400 íbúa, og er í stöðugri framfór.

Piano kensla.

Hérmeð tilkynnist að ég undirskrifuð tek að mér, frá þessum tíma, að kenna að spila á Piano. Kenslustofa mín er að 727 Sherbrooke St. Kenslu skilmálar aðgengilegir. Talsími Garry 4110.

Sigrún M. Baldwinson

Fólk er beðið að hafa í huga samkomuna, sem Goodtemplara stúkurnar ætla að halda 2. febrúar nk. til þess að borga læknis-kostnað fátæks fjölskyldufeðurs.— Við teljum víst, að allur fjöldi Íslendinga hér í bænum leggi þann litla skerf til þessa mannúðarfyrirtækis, að kaupa aðgöngumiða á á þessa samkomu, því þeir hafa sýnt það svo oft áður, að þeim leiðist ekki gott að gera. Þess utan verður vandað til samkomunnar, því forstöðuneindin er skipuð völdum mönnum úr öllum stúkunum. Prógram í næsta blaði.

Í gærkveldi fóru í kynnis- og fróðleiksferð vestur að Kyrrahafi þeir herrar Sigurgeir Stefánsson og Sveinn Thompson, frá Selkirk, og Guðjón Ingimundarson héðan úr borg. Þeir munu verða að heiman nær þriggja mánaða tíma.

Úr bréfi frá Bellingham, Wash., 18. jan. '11. — "Fátt ber til tíðinda í þessum bæ. Þeim fáu löndum, sem hér búa, líður vel það ég til veit. Herra Thorst. Ólafsson frá Mariette, var hér á ferð fyrir nokkru, að taka samskot til minnisvarða Jóns Sigurðssonar, og mun honum hafa gengið fjárleitin vel. Síðastliðin vika var hér mjög köld, snjófall í meira lagi hér niður við sjó og frost að mun".

Unglingastúkan Æskan er nú þessa dagana í óða önn að undirbúa fyrir skemtisamkomu, sem haldin verður 9. febr. Nákvæmar auglýst í næsta blaði.

GIFTINGAR-TILBOÐ

Ungur, efnilegur, reglusamur og mentaður maður, vill giftast ungri, fallegri og skynsamri stúlku, — Hún má gjarnan vera skapstór, en ómögulega hafa falskar tennur. — Bréf merkt. giftingar-tilboð, sendist til Box 3083 Winnipeg. Órjúfandi þagmælsku heitið.—Myndaskifti æskileg.

Norski söfnuðurinn hefir pantað séra H. B. Thorgrimsen til þess að flytja fyrirlestur og syngja á samkomu safnaðarins í Goodtemplarahúsinu næsta miðvikudagskveld kl. 8, þann 1. febr. Ágæt skemtan. — Aðgangur 25c. — Óskað eftir, að sem flestir Íslendingar sæki.

Þann 22. þ.m. lézt í Spanish Fork, Utah., konan Thorgerður Johnson. Hennar verður nánar getið síðar.

Látin er að Wynyard, Sask., kona Hóseasar Bjarnasonar, háöldruð kona.

Snjóþyngsli eru sögð víða í Saskatchewan fylki meiri en undanfarin ár, og gefur það vonir um góða uppskeru í sumar.

Þeir herrar G. J. Búdal og J. G. Gíslason, bændur að Elfros, Sask., fóru um sl. nýár í þriggja mánaða skemtiför vestur að Kyrrahafi. — Þeir bjuggust við að koma við í öllum bygðarlögum Íslendinga þar vestra.

Úr bréfi frá Brandon, Man., 19. jan. '11: — "Illkynjuð skarlatssótt hefir gengið hér um hríð, og valdið talsverðum barnadauða og fullorðinna. Sagt er, að engunn er sjúkur verður, lifi lengur enn tvo sólarhringa og verði öll líkin svört. Þetta hefir vakið skelk hjá mörgum".

Hinn frægi norski sjónleikur THELMA er sýndur hér á Dominion leikhúsinu alla þessa viku.— Leikur þessi er talinn með þeim beztu sinnar tegundar, sem hér hafa verið sýndir. Tjöldin er ágæt. Þau sýna landslag í Noregi; fjöll og fossa, sjóinn og miðnætursólina, alt sem líkast því, sem er á Íslandi. Leikurinn er ásta- og sorgar-leikur jöfnum höndum. Thelma er þar aðalpersónan, bóndadóttir frá Noregi, en giftist tignum manni frá Lundúnum, en sótti þangað sorg og mæðu, svo að hún sneri aftur til föðurhúsa. — Nokkurir Íslendingar hafa sótt leik þennan fyrri hluta vikunnar, og væntanlega sækja hann margir fleiri frá þessum tíma til helgar.

JÓN JÓNSSON, járnsmiður, að 790 Notre Dame Ave. (horni Toronto St.) gerir við alls konar katla, könnur, potta og pönnur fyrir konur, og brýnir hnífa og skerpir sagir fyrir karlmenn. — Alt vel af hendi leyst fyrir lítla peninga.

Herra John Gíslason, sem að þessum tíma hefir haft Churchbridge pósthús, biður þess getið, að hann hafi héreftir Bredenbury P. O., Sask.

Á skrifstofu Heimskringlu á Miss Anna Magnússon, Alverstone stræti, mynd frá "The North-Western Picture Frame Co., Winnipeg. — En bréf eiga: —

Þorsteinn Björnsson, cand. theol.
Stephan Guðjohnsen.
Miss Guðrún Kristjánsson.
Miss R. J. Davidson.

Eyjólfur Eyjólfsson.

(Staka).

Þegar einn finst þurftugur,
þjakaður og lúinn,
er til hjálpar Eyjólfur
ætíð reiðubúinn.

S.

TILBOÐ.

Við undirskrifaðir tökum að okk ur alla grjótvinnu, sem við getum af hendi leyst eins fljótt og vel og nokkur getur gert. Við seljum grunn undir hús, hlöðum kjallara, steypum vatnskeröld og gangstéttir, gérum steinsteypu í fjós, o.fl.

Jacob Frimann
Hergr. Hallgrimson
Gardar, N. Dak.

Nýtt Þorrablót.

Enn er Helgi magri að stofna til miðsvetrarsamsætis eins og á undanförnum árum. Veturinn er svo langur, að ekki veitir af að láta sér eitthvað hugkvæmast til dagra styttingar.

Ný höll hefir verið fengin—Oddfellows musterið—á Kennedy St., rétt við Portage Ave., mjög hentugt Íslendingum í bænum, þar sem það er svo vestarlega.

Dagurinn 15. febrúar hefir nú verið ákveðinn til samsætisins. Er vonandi, að sýndur verði sami áhugi sem að undanförnu með almenna hluttöku. Alt verður gert, sem unt er, til þess samkoman verði sem ánægjulegust, með ræðuhöldum, skemtunum, dansleik og hljóðfæraslætti.

Helgi magri.

LEIÐRÉTTING.

709 Lápton St., 17. jan. 1911.
Ritstj. Heimskringlu.

Mér hefir verið bent á, að í blaði yðar hafi staðið ónákvæm skýrsla um ársfund vorn, sem haldinn var 5. þ.m.

Af því að ýmsar villur eru í skýrslu þeirri, og hún ekki gerð með vitund eða samþykki stjórnarnefndar vorrar, þá bið ég yður að ljá rúm fyrir meðfylgjandi rétta skýrslu.

Með virðingu.

W. Manton, varaforseti.

• • •

WINNIPEG ANDA RANNSÓKNARKIRKJAN (Löggilt).

Ársfundur.

Ársskýrslan, sem var lesin upp af herra Manton í fjarveru frú Emsall, skrifarans, sýndi viðunanlegt ástand safnaðarins, bæði hvað snertir framfarir hans og einnig frá fjárhagslegu sjónarmiði. Inntektirnar urðu $836.65, en útgöldin $821.50. Í bankanum var því í sjóði við árslokin $14.15. — Eignir safnaðarins, eftir að gert vár fyrir allöllum á byggingum o. s. frv., voru $2716.00, en skuldir $1030.63.

Á fundinum voru eftirtaldir embættismenn kosnir fyrir árið 1911: — Heiðursforsetar Frú Forrest og Einar Jónsson læknir. Forseti A. Pearce. Varaforsetar Frú Ólöf Goodman og W. Manton. Féhirðir Július Jónasson. Fjármálaritari W. Manton. Ritari Ungfrú Paulson. Yfirskoðunarmenn A. Pearce og J. Marshall. — Í starfsnefnd voru kosnir allir embættismenn og þeir herrar Marshall og Snow. — Í skemtinefnd voru kosin: Frú Emsall og þeir herrar Jones og Marshall.

Fundurinn lauk starfi sínu með því, að þakka organista safnaðarins starf hans á liðna árinu, og með ánægju yfirlýsingu yfir samúð þeirri, sem rikt hefir meðal safnaðarlíma í liðinni tíð, og vexti og viðgangi félagsins fram að þess um tíma.

W. Manton,
varaforseti og miðill.

Kennara vantar

fyrir Viðir skóla, No. 1460, fyrir 9 mánuði, frá 15. febr. til 30. júni og frá 1. sept. til 15. des. 1911, er hafi þriðja stigs próf. Umsækjandi tilgreini æfingu sem kennari og launa kröfu sína. Umsókn veitt móttaka til 28. þ.m.

Jón Sigurðsson,
Vidir P.O. Sec.-Treas.

Kennara vantar

við Diana skólann, No.1355 (Manitoba), í 8 mánuði, frá 1. april til 1. desember. Gott kaup borgað (mánaðarlega, ef óskað er). Umsækjendur sendi tilboð fyrir 15. marz og nefni kennarastig og æfing í kenslu og kaup.

Magnus Tait, skrif.-féh.
Box 145, Antler P.O., Sask.
9-3-11.

Kennara vantar

fyrir Hólaskóla, No. 317. Óskast að kennari hafi 1. eða 2. flokks kennara leyfi. Kennari verður að hafa tekið 2. flokks 'Normal' próf. Kenslutími 7 mánuðir, byrlar 1. april 1911 og endar 1. nóvember sama árs. Tilboð sendist til undirritaðs fyrir 15. febrúar.

John J. Johnson,
Box 33, Tantallon, Sask.
9-2-11.

WINNIPEG ANDATRÚAR KIRKJAN
horni Lipton og Sargent.

Sunnudagasamkomur kl. 7 að kveldi. Andartrúarspeki þá útskýrð. Allir velkomnir.

Fimtudagasamkomur kl. 8 að kveldi, huldar gátur ráðnar. Kl. 7,30 segul-lækningar.

JÓNAS PÁLSSON

SÖNGFRÆÐINGUR

Útvegar vönduð og ódýr hljóðfæri.
460 Victor St. Sherb. 1179

Dr. G. J. Gíslason,

Physician and Surgeon
18 South 3rd Str., Grand Forks, N. Dak
Athygli veitt AUGNA, EYRNA og KVERKA SJÚKDÓMUM ASAMT INNVORTIS SJÚKDÓMUM og UPPSKURÐI. —

TALSÍMI
S. F. OLAFSSONAR
619 Agnes St.
er nú
GARRY 578

Dr. J. A. Johnson

PHYSICIAN and SURGEON

HENSEL, N. D.

Dr. M. Hjaltason

OAK POINT, MAN

TIL SOLU:

160 ekrur af bezta landi, stutt frá járnbrautarstöð. — Fyrsti maður með $7.00 fær hér góð kaup. — Finnið

Skúli Hansson & Co.
47 Aikens' Bldg.
P. O. Box 833
Talsími Garry 340—341

Giftingaleyfisbréf

SELUR
Kr. Ásg. Benediktsson
424 Corydon Ave. Fort Rouge

Þegar þér þurfið að kaupa
Gott smjör
Ný egg
og annað matarkyns til heimilisins, þá farið til
YULES PRODUCE STORE
941 Notre Dame St.
Prices always reasonable

"KVISTIR"

kvæði eftir Sig. Júl. Jóhannesson, til sölu hjá öllum íslenzkum bóksölum vestanhafs

Verð: $1.00

Sherwin-Williams PAINT

fyrir alskonar húsmálningu.

Prýðingar-tími nálgast nú. Dálftið af Sherwin-Williams húsmáli getur prýtt húsið yðar utan og innan. — Brúkið ekker annað mál en þetta. — S.-W. húsmálið málar mest, endist lengur, og er áferðarfegurra en nokkurt annað hús mál sem búið er til. — Komið inn og skoðið litarspjaldið. —

Cameron & Carscadden

QUALITY HARDWARE
Wynyard, Sask.

Þarft þú ekki að fá þér ný föt?

EF ÞAU KOMA FRA CLEMENT'S, — ÞÁ VERÐA ÞAU RÉTT

Réttur að efni, réttur í sniði réttur í áferð og réttur í verði.

Vér höfum miklar byrgðir af fegurstu og beztu fataefnum. —

Geo. Clements & Son
Stofnað árið 1874
283 Smith St. Tal. MAIN 30

Th. JOHNSON

JEWELER
286 Main St. Sími M. 6606

Sveinbjörn Árnason

Fasteignasali.
Selur hús og lóðir, eldsábyrgðir, og lánar peninga. Skrifstofa: 310 McIntyre Blk.
office TALSÍMI 4700. hús Tal. Sherb. 2018

G. NARDONE

Verslar með matvöru, aldini, smá-kökur, allskonar sætindi, mjólk og rjóma, sönnul. tóbak og vindla. Óskar viðskifta Íslend. Heitt kaffi eða te á öllum tímum. Garry 87
714 MARYLAND ST.

Boyd's brauð

eru árangur margra ára tilraunar að veita öllum þau beztu brauð sem hægt er að gera. Þér munu finna Boyd's brauð dálítið betri en vanalegar tegundir.

Boyd's

Bakery Cor. Spence & Portage Ave
Phone Sherb. 680

J. J. BILDFELL

Union Bank 5th Floor, No. 520
selja hús og lóðir og annast þar að lútandi störf; útvegar peningalán o. fl.
Tal.: 2685

BONNAR, TRUEMAN & THORNBURN,

LÖGFRÆÐINGAR.
Suite 5-7 Nanton Blk. Tals. 766
Winnipeg, Man. P.O.BOX 223

DR. H. R. ROSS

C.P.R. meðala- og skurðlækuir.
Sjúkdómum kvenna og barna veitt sérstök umönnun.
WYNYARD, — SASK.

Anderson & Garland,

LÖGFRÆÐINGAR
35 Merchants Bank Building
PHONE: MAIN 1561.

GEO. ST. JOHN VAN HALLEN

MALAFERZLUMAÐUR
GERIR ÖLL LÖGFRÆÐIS STÖRF ÚTVEGAR PENINGALÁN,
Bújar og landeignir keyptar og seldar, með vildarkjörum,
Skiftiskói $3.00
Kaupsamningar $3.00
Sanngjörn ómakslaun. Reynið mig.
Skrifstofa: 418 McIntyre Bldg.
Talsími Main 5142
Heimils talsími Main 2357
WINNIPEG

W. R. FOWLER A. PIERCY.

Royal Optical Co.

307 Portage Ave. Talsími 7288.
Allar nútíðar aðferðir eru notaðar við augn-skoðun hjá þeim, þar með hin nýja aðferð, Skugga-skoðun, sem gjöreyðir öllum ágiskunum. —

Talsími Heimskringlu
Garry 4110

Heimskringla.

Talsími Heimskringlu
Garry 4110

XXV. ÁR | WINNIPEG, MANITOBA, FIMTUDAGINN, 2. FEBRÚAR 1911 | NR. 18.

Samningurinn.

Stjórnir Bandarikjanna og Canada hafa um nokkrar undanfarnar vikur verið að semja um gagnskifti á ýmsum vörutegundum beggja landanna, og hafa í þessu efni komist að samningum, sem fulltrúar beggja þjóðanna hafa gert sig ásátta með, og sem nú hefir verið lagður fyrir þing hvorttveggja, og vænta má að nái samþyktum þeirra.

Samkvæmt þessum samningi eru allir tollar teknir af öllum korntegundum, garðávöxtum aldinum og eggjum, í báðum ríkjunum, þannig, að hvort ríkið fyrir sig leyfir þessum vorum frían innflutning frá hinu ríkinu. Einnig verða frjáls og óhindruð skifti á óhefluðum byggingavið. Sömuleiðis hefir lítillega verið lækkaður tollur á akuryrkjuverkfærum; af þeim er nú borgað 20c og í sumum tilfellum 17½c af dverju 100 dollars virði, en hér eftir verða þau að eins tolluð 15c hvert 100 dollars virði. — Fiskur er einnig settur á frílistann, einnig smjör og ostur. Tollur á kolum lækkaður um 8c á tonni.

Með þessum samningi hefir Bandaríkja stjórnin lagt meira í sölurnar en Canada, að því leyti, að Bandaríkin höfðu hærri innflutningstolla en Canada. En svo er samningnum í heild sinni varið, að verð á akurvrkjuverkfærum, timbri og flestum öðrum hlutum nefndum þar getur ekki lækkað að nýju verulegu leyti. Aftur á mót er vonað, að ýmsar berjategundir muni lækka talsvert í verði í Canada. En sambandsstjórnin segir, að samningur þessi taki 2¼ milión dollars af innflutningstollum ríkisins, og að íbúarnir græði að sama skapi.

Það er enn of snemt til þess að geta sagt nokkuð ákveðið um þær afleiðingar, sem þessir samningar kunna að hafa fyrir hvort ríkið fyrir sig. Jafnvel nú þegar eru menn farnir að deila um þetta atriði. Brezku blöðin andmæla samningum þessum harðlega, segja, að þeir spilli verzlunarhlynnindunum við Breta. Og ýmsir menn og félög hér og í Bandaríkjunum andmæla þeim einnig.

Heimskringla telur óhætt að fullyrða, að yfirleitt munu samningar þessir hafa nauðalítil áhrif á viðskiftalíf Bandaríkjanna og Canada — og að verðið á hinum ýmsu vörutegundum muni verða í flestum tilfellum líkt og verið hefir. — Allir sjá t.d. að lækkun á kolatollinum 8c á tonnið getur ekki haft nein áhrif á kolaverðið í Canada. Kolin verða jafn-dýr eftir sem áður. En bændavörur allar, sem nú verða á frílistanum, ættu að verða ódýrari til þeirra, sem þurfa að kaupa þær, þó það verði sjálfsagt mjög lítið. Og sú verðlækkun, ef hún verður nokkur, verður tap bóndans. — Fri skifti á fiski ætti að verða hagur fyrir fiskimenn, ef rétt er að farið.

Ekki er búist við, að samningarnir hafi nein áhrif á verð á byggingavið, að því er Vestur-Canada snertir.

Með samningunum hafa Bandaríkin samþykt, að leyfa fritt inn í land sitt þeim vörum, sem nú skal telja, og sem áður voru tollskyldar, eins og tölurnar aftan við hverja vörutegund sýna: —

Hveiti 25c bushel, hafrar 15c bu., bygg 30c bu., hör 25c bu., epli 25c bu., ber 1c pd., 'cherries' 25c bu., 'grapes' 25c hv. cubic fet, 'cranberries' 25 prósent, 'perur' og 'peaches' 25c bu., plómur 25c bu., baunir 45c bu., kálhöfuð 2c hvert, 'peas' 25c bu., kartöflur 25c bu., 'tomatoes' 25 prósent, garðávextir (ekki sérstaklega tilgreindir) 25 prósent, fiskur ¾c pd., egg 5c tylftin, smjör og ostur 6c pd., lifandi alifuglar 3c pd., dauðir alifuglar 5c pd., niðursoðnir alifuglar 25 prósent, nautgripir undir eins árs aldri $2, nautgripir ekki yfir $14 virði $3.75 hver, hestar yfir $150 virði 25 prósent, hestar undir $150 virði $30 hver, sauðfé yfir ársgamalt $1.50 hv., sauðfé á fyrsta ári 75c hv., svín $1.50 hv., óheflaður viður 50c þús. fet, 'mica' 5c pd., gips (ómalað) 30c tonn, gips (malað) $1.75 hv. tonn, járnmálmur 25 ton 10c tonn.

Allar þessar vörur fá nú inngöngu í Bandaríkin tollfritt, og sömu vörur þá að sjálfsögðu tollfriar inn í Canada.

Lístinn sýnir, að samningarnir eru aðallega til þess gerðir, að lækka verð á framleiðslu bænda, því að meira verður hægt að kaupa að sunnan, en selt verður suður. Hagurinn, ef nokkur, verður helzt fyrir þá, sem búa í borgum.

Síðar við tækifæri vonar Heimskringla að geta prentað ítarlegra yfirlit yfir vörutegundir þær, sem tilgreindar eru í samningunum.

Meiri járnbrautir.

Framfarir, bæði í viðskiftalífinu, fólksfjölgun og landbúnaði, eru það, sem orsaka auknar og bættar samgöngur, og þess meiri framförum, sem einhver bær, sveit eða hérað tekur, þess betri og meiri verða samgöngurnar. Járnbrautafélögin eru viljug til, að leggja brautir sínar í hvert það hérað, sem framförum hefir tekið og framtíð hefir glæsilega, — en jafntreg til að leggja brautir um þau héruð, sem engum eða litlum framförum hafa tekið og engu glæsilegri framtíð hafa en fortíð. — Og þegar að er gætt er ekki nema eðlilegt, að þessu sé þannig varið. Félögin vilja vitanlega græða sem mest og byggja því brautir sínar þar sem gróðrarvonin er, en forðast héruðin, sem þau álíta að mundi verða óhagnaður fyrir sig að byggja brautir um. Og þegar það kemur fyrir, að járnbrautir eru lagðar um þessi afsketu héruð og hrjóstrugu, þá er það ætíð fyrir tilstyrk fylkisstjórnarinnar í því fylki, sem héraðið er í, og riflega styrkveiting úr fylkissjóði, og gengur þó oft afarilla að fá félögin til þess.

Fyrir þetta ár, sem nú er í byrjun hefir C.P.R. félagið nýverið birt fyrirætlanir sínar. Meðal annara framkvæmda á árinu á að leggja í Vestur-Canada 380 mílur af nýjum járnbrautum, 100 mílur af tvöföldum sporum og 40 mílur af framhaldsbrautum.

Lang-mest af hinum nýju brautum verða byggðar í Saskatchewan og Alberta fylkjunum, en minst í Manitoba, — ekki fyrir þá sök, að Manitoba sé framfaraminst, heldur vegna þess, að Manitoba hefir langbezt járnbrautakerfi af Vesturfylkjunum, og þarf því síður auknar brautir.

Hinar nýju járnbrautir, sem fél. ætlar að byggja, eru: —

Þrjátíu og fimm mílna braut suðvestur frá Moose Jaw, Sask., sem á að tengjast Weyburn-Lethbridge brautinni.

Fjörutíu og fimm mílna braut frá Swift Current, Sask., sem einnig á að tengjast Weyburn-Lethbridge brautinni.

Þrjátíu og fimm mílna braut norðvestur frá Swift Current, sem síðar mun tengjast við Outlook brautina.

Þrjátíu og fimm mílna braut norðvestur frá Estewan, sem á að tengjast við Weyburn-Lethbridge brautina.

Sextíu mílna braut frá Lacombe í Alberta.

Fimmtíu mílna braut í norður frá Wilkie, Sask., beggja megin Tramping Lake.

Þriátíu og tvegja mílna braut í norðvestur frá Wilkie, inn í Cut Knife héraðið.

Tuttugu og sex mílna braut frá Lethbridge í vesturátt til Alberside, verður fullger á þessu ári.

Í British Columbia verður 42. mílna braut lögð suður frá Golden og sameinuð Galloway brautinni.

Í Manitoba verður tvöfalda spor brautin frá Portage la Prairie til Brandon fullger, og er það hið eina verk, sem gert verður í fylkinu.

Aftur verða 39 mílur af tvöföldum sporbrautum bygt kringum Moose Jaw, Sask.

Þeir bæir, sem verða fyrir mestum samgöngubótum eru Swift Current og Wilkie, báðir í Saskatchewan. Enda hefir framför beggja þessara bæja orðið gríðarmikil á tveimur hinum síðustu árum. Nú eru t. d. 6 kornhlöður í Swift Current og 500 þúsund bushels af hveiti voru flutt þaðan árið sem leið.

Auk C.P.R. félagsins munu bæði C.N.R. og Grand Trunk félögin auka járnbrautakerfi sín að miklum mun á þessu ári, en fyrirætlanir þeirra eru enn ekki kunnar, nema hvað Grand Trunk félagið heldur áfram með braut sína frá hafi til hafs.

Þess utan fullgerir það ýmsa brautarspotta, sem ólokið var við á síðasta hausti, en sem eru flestir í Alberta.

Einnig er það kunnugt, að C. N. R. félagið hafir sótt um að fá að byggja Hudson flóa brautina; en hvort félagið fær það er harla óvíst, og öllu meiri líkur til, að það verði ekki. En að byrjað verði á Hudson flóa brautinni á árinu af einhverjum, eru mikil líkindi til, enda mál komið, að svo verði.

Járnbrautakerfi Canada er að mörgu leyti gott, en sennt mun það verða svo, að ekki sé rúm og þörf fyrir meiri járnbrautir.

Fregnsafn.

Markverðustu viðburðir hvaðanæfa

— Jarðskjálftar, sem stafa af eldsumbrotum í eldfjallinu Mount Taal á Filipseyjunum, hafa gert stórtjón á eignum manna og lífi — tvo undanfarna daga; 400 manns er talið að hafi látið lífið.

— Enska þingið kom saman á þriðjudaginn var. En það sem gerðist á hinum fyrsta þingfundi, var fátt markvert annað en Mr. Lowther var endurkosinn sem forseti neðri málstofunnar. Þinginu var því næst frestað til næsta mánudags.

— Merkileg stjórnarbylting átti sér nýverið stað í lýðveldinu Paraguay í Suður-Ameríku. Hermálaráðherrann Jara neyddi hinn nýkosna forseta Dr. Manuel Condra til að leggja niður embætti, og hið sama varð varaforsetinn Juan B. Goana að gera. En sjálfur settist svo Jara í valdasessinn. — Þessi stjórnarbylting var með öllu laus við blóðsúthellingar, og er slíkt eins dæmi í Suður-Ameríku smáríkjunum. Manuel Condra var áður sendiherra lýðveldisins í Bandaríkjunum, en sl. september var hann kosinn forseti og tók við þeim starfa í nóvember byrjun. Hann gerði þá Jara, sem var hershöfðingi að hermálaráðherra sínum, en afleiðingin varð sú, að Jara vildi sjálfur verða forseti, og rak því Condra frá völdum.

— Ekki linnir hungursneyðinni í Kína, — sömu hörmungarnar eru enn ríkjandi og fólkið fellur í hrönnum. Héruðin Kiangsu og Anhui eru verst farin, og er talið, að full 40 þúsund manns hafi orðið þar hungurmorða. Samskot til að hjálpa þessum veslingum hafa nú hafist víðsvegar, og er talið að einir tveir dollars séu nógir að bjarga einu mannslífi, — svo vonandi væri, að sem flestir vildu hafa það góðverk á samvizkunni að hafa bjargað einu mannslífi um dagana.

— Winston Spencer Churchill, innanríkisráðherrafinn enski, hefir höfðað meiðyrðamál móti T. B. Spencer, einum af Unionista atkv.-smölunum við síðustu kosningar. Telur ráðherrann að hann hafi svívirt og logið á sig, og vill hann ekki líða slíkt bótalaust. — Annars hefir meiðyrðamál þetta vakið hina mestu eftirtekt, því það ber óræðalega við, að ensku ráðherrarnir hlaupi í dómstólana, þó að nærri þeim sé höggið í orðasennum, en Churchill hefir líkindum þótt þessi Spencer ganga fram úr öllu hófi.

— Skýrslur Central fangelsisins í Toronto sýna, að meiri hluti fanganna, sem þangað hafa komið á árinu sem leið, hafa verið undir 30 ára aldri, — flestir milli 20—25 ára og telur Dr. Gilmour, fangelsisstjórinn, það bera vott um vaxandi glæpatilhneiging meðal hinnar uppvaxandi kynslóðar.

— Aukakosning til Manitoba þingsins fyrir Russel kjördæmið fer fram á laugardaginn kemur. — Sem kunnugt er, var það í þessu kjördæmi, að Liberal þingmannsefnið W. Valens var talinn kosinn með 6 atkvæða meirihluta, en við endurtalning atkvæðanna var A. Bonnycastle, Conservative þingmannsefnið, lýstur kosinn með 8 atkvæða meirihluta. En vegna þess fáðæma gauragangs, sem af þessum kosningaúrslitum leiddi, sagði Bonnycastle þingsætinu lausu, og vildi jafnframt ekki vera í kjöri við aukakosninguna. — Af hálfu Conservativa verður nú í kjöri F. Y. Newton, góðkunnur bankamaður frá Roblin; en W. Valens sækir aftur undir merkjum Liberala. — Kosning bessi er merk fyrir það, að á henni hvílir, hvort Roblin stjórnin hefir sama þingmannafjölda á hinu komandi þingi, og á síðasta þingi. Verði Newton kosinn, sem öll líkindi eru til, verður styrkur stjórnarinnar hinn sami.

— James Gorham, unglingspiltur í Peterboro, Ont., sem átti að hengja á mánudaginn sl., fyrir að hafa myrt móðir sína síðastliðið sumar, hefir verið gefið líf, en lífstíðarfangelsi í staðinn. Hann myrti móður sína óviljandi, ætlaði að skjóta á lögregluþjón, sem kom ið hafði til að taka hann fastan fyrir þjófnað, en móðirin hljóp fyrir skotið, og féll dauð niður við fætur sonar síns. — James Gorham er nú að eins 20 ára, en með lífstíðar fangelsi eru vanalega skilin 40 ár, og yrði hann þá 60 ára öldungur, þegar hann losnaði úr hegningarhúsinu, ef hann væri ekki dauður áður, sem líkur eru til.

— Tuttugu og þrír yfirforingjar, undirforingjar og liðsmenn voru dæmdir til lífláts á laugardaginn sl. fyrir herdómi að Port auPrince — höfuðborginni á Hayti eyjunum. Hinir dauðadæmdu voru sakaðir um, að hafa ollað því, að herskipið Liberte með 74 mönnum var sprengt í loft upp í október sl. Meðal þessara 74. manna, sem fórust, voru 10 hershöfðingjar, sem voru á leið til hersveita sinna. En þessir 23, sem dæmdir voru til að skjótast, voru einnig á þessu óhappaskipi. En af því þeir komust lífs af var álitið, að þeir hefðu hafið uppreist og kveikt í púðurforða skipsins, en flýtt sér svo í burt á skipsbátunum. Mennirnir neituðu þessum ákærum harðlega, en það kom fyrir ekki, þeir voru allir dómfeldir.

— Í Windsor, Ont., skeði sá atburður sl. laugardag, að svín átu mann. James Calder, 60 ára gamall og gildur bóndi, fór að gefa svínum sínum, en féll niður í svínastiuna, og er talið líklegt, að liðið hafi yfir hann, því hann átti vanda til yfirliða. En það eitt er víst, að þegar mönnum fór að lengja eftir honum og fóru til stíunnar, þá fundust bein hans þar, — hitt höfðu svínin étið. — Má það teljast hörmulegur dauðdagi, að verða svínum að bráð.

— Átta þúsund rússneskir verkamenn, sem unnu að Manchuriu járnbrautinni, hafa gert verkfall vegna þess, að yfirmennirnir vildu ekki reka 1,500 Kínverja, sem unnu að sömu vinnu. Rússarnir voru dauðhræddir um, að svartidauðinn sem nú geysar bæði í Norður-Kína og Manchúriu héraðinu, mundi berast þeim gegnum sina kínversku samverkamenn. Einnig höfðu Rússarnir krafist, að fjölskyldur sínar yrðu fluttar út yfir landamærin, en því neituðu yfirmennirnir einnig. Þeir létu greiða Rússunum kaup sitt, og létu jafn framt reka þá úr húsunum, sem þeir bjuggu í, og kölluðu herlið sér til verndar, því átta þúsund Rússar heimilislausir og æstir í skapi geta orðið full erfiðir. — Á sunnudaginn var dóu 48 Kínverjar úr svartadauða í Harbin, höfuðborginni í Manchúriu héraðinu, og 150 í Fudzidian, sem er útibær úr Harbin, svo ótti Rússanna var ekki að ástæðulausu.

— Hamar Greenwood, mikilhæfasti canadiski þingmaðurinn í brezka þinginu, af stjórnarliðum, er nú fullyrt að fái sæti í Asquith ráðaneytinu, og er líklegast talið, að hann verði gerður að nýlendu ráðherra.

— Vilhjálmur Þýzkalandskeisari varð 51 árs gamall sl. föstudag, 27. janúar, og var þá mikið um dýrðir á Þýzkalandi.

OGILVIE'S
Royal Household Flour
Til Brauð og Köku Gerðar
Gefur Ævinlega Fullnægingu
EINA MYLLAN Í WINNIPEG,—LÁTIÐ HEIMAIÐNAÐ SITJA FYRIR VIÐSKIFTUM YÐAR.

— Bandaríkja auðkýfingurinn J. P. Morgan hefir nýverið lánað lýðveldinu Hondouras 12 miliónir dollars. Er almennt álitið, að stjórnin ætli að nota fé þetta til að bæla niður uppreist Bonillo hershöfðingja, og reyna að koma skipulagi á stjórnarfarið. — En ótryggilegt mundi mörgum virðast, að lána stórfé á uppreistartímum, og ekk sízt, þegar uppreistarmönnum hefir veitt betur, eins og hér er um að ræða, — en gamli Morgan lét sig samt hafa að lána skildingana.

— Ein viðhafnarmesta gifting um langan tíma var 25. f.m. í London á Englandi, þegar Miss Grace Mackenzie, dóttir Sir W. Mackenzie, forstjóra C.N.R. félagsins, gekk að eiga Jacques de Lesseps greifa og flugmanninn fræga. Greifinn er sonur Ferdinands de Lesseps, sem stóð fyrir greftri Suez skurðarins og byrjaði á Panama skurðinum. Fjöldi stórhöfðingja voru við giftingarathöfnina.

— Í Noregi hafa konur fyrir nokkru fengið kosningarrétt og kjörgengi, en engin kona komst þó á stórþingið við síðustu kosningar, en 15 konur voru í kjöri. En sá er siður í Noregi, að ef kosinn þingmaður leggur niður þingmensku áður enn kjörtíminn er úti, fer ekki fram aukakosning, heldur tekur sá sætið, sem flest atkvæði fékk næst þeim kosna, við kosningarnar. — Nú nýverið lagði forseti þingsins, Bratlie niður þingmensku, til þess að taka sæti í hermálaráðindinni, og í hans stað kom kona á þingið, — hin fyrsta í sögu hinnar norsku þjóðar. Sú, sem þingmenskuna hreppti, heitir Anna Rogstad, og er kennslukona í Kristjaníu, 54. ára gömul.

— Fjörutíu námamenn létu lífið nýverið í Kasimir námunum í Sosnowice á Póllandi.

— Kongó-ríkið í Afriku hefir tekið miklum stakkaskiftum nú upp á síðkastið, eða síðan Leópold heitinn Belgíukonungur féll frá og kúgunarveldi hans létti. Leópolds eina hugsun var að græða sem allra mest á landinu og kærði sig kollóttan hvernig auðsins var aflað, enda er þeirri grimd viðbrugðið, sem embættismenn hans sýndu þeim innfæddu, til þess að ná í sem mest togleður, sem eins og kunnugt er, er aðal útflutningsvara Kongó-ríkisins. — En þegar völdum Leópolds létti, urðu mjög snöggar umbætur, því nýja stjórnin lét reka flesta af hinum fyrri embættismönnum frá störfum, og setti hæfa menn í þeirra stað, enda sýna skýrslur þær, sem nýlenduráðherra Belgíu, M. Renkin, lagði fyrir þingið nýverið, að gríðarmiklar framfarir hafa orðið frá því er áður var, og hagur íbúanna er nú þolanlegur. Taldi ráðherrann breytingu þessa mest því að þakka að nú væri þeim innfæddu leyfilegt að borga skatta sína í peningum, en áður hefði togleður verið heimtað, og hið eina gjaldgenga. Sömuleiðis kvað hann það hafa orðið íbúunum til ómetanlegs góðs, að einokunarverzlunin var upphafin, svo nú geta þeir innfæddu selt afurðir sínar hæstbjóðendum, hvort heldur fyrir peninga eða vörur. — Ráðherrann endaði með því, að geta þess, að hann væri þess fullviss, að hið marg-þrælkaða og þjáða Kongó-ríki ætti eftir að verða framfara og framtíðarland.

— Hundrað þúsund dollara virði af frosnum eggjum, sem geymd höfðu verið á ís-frystihúsi í Montreal, voru eyðilögð samkvæmt skipun heilbrigðisráðsins. Þeir, er eggin áttu, hugðust með því að geyma þau, mundu þeir geta komið þeim í mun hærra verð. En heilbrigðisráðið taldi egg, sem geymd hefði verið um langan tíma, þó frosin væru, ekki hæf til átu, og urðu því eigendurnir, hvort sem þeim fanst það ljúft eða leitt, að eyðileggja allar birgðirnar.

— Það er uppvíst, að tollmálastjóra Macveagh í New York hafa verið boðnir milión dollars af silki og vefnaðarvöru innflytjendum þar í borg, sem grunaðir eru um tollsvik, ef hann hreyfði ekki við þeim málum. — Tollsvik eru nú alt af að fara í vöxt í New York, og hefir stjórnin farið hörðum höndum um suma af þeim brotlegu. — Ekki er kunnugt, hvaða árangur mútutilboðið til tollmálastjórans hefir haft.

Fundarboð

Vér undirritaðir leyfum oss hérmeð að skora á söfnuði þó er úr hafa gengið Kirkjufélaginu, og aðra, er kunna að vera þeim sammála að kjósa erindreka, einn eða fleiri eftir því sem þeim sýnist, til að koma saman á fund í Tjaldbúðarkirkju, 16. febrúar næstkomanda kl. 2 e.h. til að ræða sameiginleg velferðarmál.

F. J. Bergmann
Loftur Jörundsson
Sigurður Sigurðsson
Elís Thorvaldson
Sigfús Bergmann

WALL PLASTER

"EMPIRE" VIÐARTÁGA VEGGLÍM.
"EMPIRE" CEMENT WALL VEGGLÍM
"EMPIRE" FINISH VEGGLÍM.
"GOLD DUST" VEGGLÍM
"SACKETT" PLASTER BOARD.

SKRIFIÐ OSS OG FÁIÐ VORA ÁÆTLUNAR BÓK.

Manitoba Gypsum Co., Limited.
WINNIPEG, - MANITOBA.

Heimskringla

Published every Thursday by The Heimskringla News & Publishing Co. Ltd.

Verð blaðsins í Canada og Bandar. $2.00 um árið (fyrir fram borgað). Sent til Íslands $2.40 (fyrir fram borgað af kaupendum blaðsins hérlendis $1.50.)

B. L. BALDWINSON.
Editor & Manager

Office:
729 Sherbrooke Street, Winnipeg
BOX 3083. Talsími Garry 4110.

Tveir frægir Íslendingar.

Það er ekki oft, sem niðjar hins fámenna ættlands vors ná heimsfrægð, eða er til muna getið í heimsblöðunum. Íslenzka þjóðin hefir átt hafa og duglega menn, en þeirra hefir að eins gætt heima, — því Albert Thorwaldsen og Niels Finsen — þeir tveir Íslendingar sem heimsfrægð hafa hlotið, hafa báðir verið frá oss hrifnir af Dönum. Hjá þeim störfuðu þeir, og jafnframt var annar ættleggur þeirra danskur. Svo af þeirra frægð hefir þjóð vor litlra ávaxta notið. En nú á þessum síðustu tímum virðist að minsta kosti sem tveir al-íslenzkir menn séu að ná heimsfrægð, — og þá getur engin önnur þjóð frá oss tekið.

Þessir menn eru Einar Jónsson myndhöggvari og Hjörtur Thordarson, rafmagnsfræðingur í Chicago, Illinois. Báðir þessir menn hafa undanfarið verið umræðuefni stórblaða heimsins, og lofi miklu lokið á verk þeirra af sérfræðingum í hverri grein.

Heimskringla flutti nýverið grein um Einar Jónsson, þýdda úr Chicago Tribune, sem er aðalblað Chicago borgar og eitt af áhrifamestu blöðum í Bandaríkjunum, sem hældi honum og verkum hans mjög mikið. En nú hafa New York heimsblöðin, World og Herald, flutt hvort sína greinina um Einar og birt fjölda mynda af listaverkum hans, og dást bæði að list hans og frumleik. Einnig hafa Boston Times og Seattle Post flutt greinar og myndir af Einari og verkum hans.

Það er mjög fágætt, að stórblöðin flytji samtímis hvert sína greinina ásamt æfisögu af manni, nema stórmikið þyki til hans koma. Og í þessu tilfelli ljúka öll blöðin upp einum munni um snild Einars, og telja hann listamann út í yztu æsar, sem eigi efsta tind frægðarinnar í vændum í nánustu framtíð.

Allir vinir Einars Jónssonar hljóta að fagna því, hve miklu lofi Bandaríkjablöðin hlaða á hann, því það er ekki frægðin eingöngu, sem hér er um að ræða, heldur jafnframt miklar líkur, að þetta verði auður í Einars vasa. Auðkýfingar Bandaríkjanna kaupa mikið af listaverkum, og líkurnar eru miklar, að greinarnar um Einar bendi huga þeirra til hans. — Og það yrði Einari til ómetanlegs hagnaðar, — því það er örðugt að berjast við hungur og kulda, jafnað iðka listagyðjuna, og í þeirri baráttu hafa margir listamenn fallið í valinn áður en þeir fengu að njóta hæfileika sinna, — og hörmulegt væri, ef slíkt þyrfti fyrir Einari Jónssyni að liggja. Að hann er bláfátækur, vita allir, en list hans þarfnast mikilla peninga, og þeir peningar koma að eins með því, að verk hans séu keypt, því ekki er landssjóðsstyrkurinn svo mikill, að mikið verði með honum gert. En nú er að vorri hyggju sporið til auðs og frægðar stigið, með hinu einróma lofi, sem stórblöð Bandaríkjanna hafa á Einar hlaðið, og það að maklegleikum.

Þjóðverjar og fleiri þjóðir — og jafnvel Danir — hafa orðið hrifnir af verkum Einars. List hans er ótvíræð, þó kringumstæðurnar hafi verið all-erfiðar. En nú ætti sá tími að vera í nánd, að hann og þjóðin hans fengju að njóta ávaxtanna af verkum hans og frægðarsól hans nái að skína í heiði.

Hinn Íslendingurinn, sem mikið hefir verið rætt um í Bandaríkjablöðum og tímaritum, Hjörtur Thordarson, eða C. H. Thordarson sem hann að jafnaði er kallaður,— er Vestur-Íslendingur, en þó borinn og barnfæddur á gamla Fróni. En sex ára gamall fluttist hann með foreldrum sínum vestur um haf og settist að í Wisconsin. Var hann þar til þess að hann var 18 ára að hann hélt til Chicago og tók að stunda rafurmagns og eðlisfræði af kappi; fyrst hjá prófessor H. W. Richards og seinna hjá Edison félaginu þar í borginni, og vann og stundaði nám sitt jöfnum höndum hjá ýmsum öðrum rafurmagnsfélögum, unz hann stofnaði sjálfur verksmiðju árið 1895.

Þegar Thordarson stofnaði verksmiðju sína, var hann bláfátækur, en með óbilandi þreki og hyggindum hefir honum tekist að starfrækja verksmiðju sína svo vel, að nú er hún talin 'high-tension' rafurmagnsstöð.

Thordarson hefir fundið upp ýmiskonar vélar og verkfæri, sem rafurmagnið er drifjöðrin í, og má heita, að hver háskóli og mannvirkjaskóli í Bandaríkjunum beri einhverjar menjar um uppfyndingar hans.

En fyrsta verulega frægðarsporið stóð hann nýverið, þegar hann fann upp á því, að nota þráðlausan rafurmagnsstraum sem suðuafl, eða "þráðlausa eldhúsið", sem blöðin svo kalla. Þessarar uppfyndingar hans var getið í síðasta blaði að nokkru, svo ekki er ástæða til að endurtaka það, sem þar er sagt, nema hvað líkurnar eru miklar, að uppfynding þessi hafi stórmikla þýðingu í framtíðinni, og verði jafnframt auðuppspretta fyrir Thordarson.

Blöð og tímarit Bandaríkjanna eru mjög fjölorð um þessa uppfyndingu, og lúka á hana einróma lofsorði. — Meðal annara tímarita sem við höfum séð, má geta um Electrical World og Popular Electricity Magazine. Bæði eru tímarit þessi stórmerk í rafurmagnsheiminum, og bæði lúka þau lofsorði á Thordarson og uppfynding hans, og flytur hið síðarnefnda tímarit all-ítarlega æfisögu Thordarsonar og mynd; og er það góð sönnun þess, hvaða álit tímaritið hefir á Thordarson, því það flytur aldrei myndir og æfiágrip nema af merkum mönnum.

Það hlýtur að vera gleðiefni hverjum Íslending, hvort heldur heima á gamla Fróni eða hér vestra, þegar samlandar þeirra hafa hlotið frægð meðal erlendra þjóða. Bæði Einar Jónsson og C. H. Thordarson hafa hlotið slíkt, og þess vegna ber okkur að heiðra þá og óska þeim góðs gengis í framtíðinni. Við höfum fulla ástæðu að vera upp með okkur af báðum þessum mönnum. Þeir hafa báðir sýnt og sannað heiminum, að Íslendingar, þó fámennir séu, geta einnig framleitt listamenn og hugvitsmenn.

Og sú var tíðin, að Íslendingar báru af öðrum að vísindum og listum, — og hver getur fullyrt, að þeir tímar eigi ekki eftir að koma aftur?

Jón Sigurðsson.

Eins og skýrt var frá í síðasta blaði, er nú þegar mynduð 18 manna nefnd í Reykjavík, til þess að standa fyrir samskotum til minnisvarða yfir Jón Sigurðsson. Nefnd sú er skipuð leiðandi mönnum úr öllum flokkum þar, og er það ljós sönnun þess, að eindrægni er í þeirri ákvörðun, að leiða mál þetta til æskilegra úrslita, svo að allri þjóðinni megi sæmd í vera.

Svo er að sjá, sem nefndin sé einráðin í því, að koma upp veglegri standmynd af hinn víðfræga þjóðhetju, og að hafa hana fullgerða svo tímanlega, að hún geti orðið afhjúpuð í Reykjavík þann 17. júní næstkomandi. Meðal annara í nefnd þessari er Þórhalli bisk up, sem áður ritaði um málið í kirkjublaði sínu, og hélt því þá fastlega fram, að sjálfsagt væri að reisa myndastyttu, af því þjóðin þyrfti að hafa mynd Jóns Sigurðssonar fyrir augum. Enda er hugsun sú í fullu samræmi við það, sem viðgengst um heim allan, að standmyndir af merkustu mönnum þjóðanna séu reistar á opinberum stöðum, þar sem þær geti verið sjáanlegar og til uppörfunar ungmennum komandi kynslóða, að leta í fótspor hinna látnu mikilmenna. Að nefndinni sé það full alvara, að hafa myndina fullgerða fyrir 17. júní, sést af því, að hún hefir þegar pantað sýnishorn af henni frá herra Einari Jónssyni, myndhöggvara, sem nú þegar er orðinn heimsfrægur maður fyrir list sína. Ætla má, að samskotin gangi greiðlega þar heima, því að alþýðan bar er kunnug þeim afreksverkum, sem Jón Sigurðsson afoastaði í þarfir þjóðar sinnar.— Nokkru öðru máli er, að gegna að því er snertir hina uppvaxandi kynslóð vora hér vestra. Fæst af vorum ungmennum hafa lesið Íslandssögu, eða vita nokkuð glöggvlega um Jón Sigurðsson eða æfistarf hans. Þess vegna leyfir Heimskringla sér hér með að birta þann kafla orðréttan úr hinni ágætu bók "Íslenzk þjóðerni", sem lýtur að Jóni Sigurðssyni.

Hann er á þessa leið: —

— — En nú vill svo vel til, að einmitt um þetta leyti, sem Fjölismenn eru búnir að afljúka sínu ætlunarverki: að dreifa þokunum og áhugaleysinu, að undirbúa jarðveginn og ryðja braut fyrir nýjum þroska, þá rís upp sá maður, setu einn í senn fullnægir báðum þessum kröfum, sem áður eru taldar, enda verður hann frá þessu sjálfkjörinn leiðtogi þjóðarinnar. Þessi maður er Jón Sigurðsson (1811—1879).

Ef menn ættu í fljótu bragði að tilnefna þann eiginleglelika, sem þar áltu nauðsynlegastan og mest ómissandi þeim manni, sem vill gerast leiðtogi heillar þjóðar, þá er við því búið, að svarið yrði nokkuð misjafnt, því sitt sýnist hverjum í því efni. Sumir mundu vafalaust taka fjör og áhuga fram yfir alt annað, aðrir viljaþrek og enn aðrir sálarþroska og hagsýni. Þessir kostir alir og margir fleiri að auki voru sameinaðir hjá Jóni Sigurðssyni. Hjá honum var ellfjör og áhugi samfara gætni og stillingu, einbeittur vilji samfara pólitiskum þroska og hagsýni, og brennandi ættjarðarást og framfaraþrá samfara djúpri og víðtækri þekkingu. Þetta alt hvað með öðru gerði hann að óviðjafnanlegum leiðtoga í sjálfstæðisbaráttunni, og um leið að einhverjum þeim mikilhæfasta manni, sem Ísland hefir nokkru sinni átt.

Jón Sigurðsson kom til Kaupmannahafnar haustið 1833, sama árið sem Baldvin Einarsson andaðist. Hann lagði fyrst stund á málfræði, en hvarf frá því námi skömmu síðar og fór að gefa sig við sögu Íslands og bókmentum. Sú skoðun hefir komið fram, að Jón muni upprunalega hafa horfið að sögunámi og sögurannsókn, ekki svo mjög vegna sögunnar sjálfrar, heldur til að afla sér sem mestrar þekkingar á málefnum landsins til að styðjast við í baráttu sinni. Ég fyrir mitt leyti hygg, að hér sé eigi rétt á lítið, og byggi þá skoðun mína á því, að sögurannsókn Jóns var aldrei einskorðuð við sérstök mál eða sérstaka hlið sögunnar, heldur var óháð öll leyti og náði jafnt til þeirra atriða, sem ekkert snertu hans síðari baráttu. Þekking hans á sögu landsins var óvenjulega víðtæk og yfirgripsmikil, og þó að líkindum hvergi eins nákvæm og djúp eins og einmitt á því sviðinu, sem minst snerti ytri hagi landsins, en það var bókmentasagan. Rannsóknir hans í þeim efnum bera þess ljósan vott, að þær eru sprotnar af einlægri ást á sögunni sjálfri. En hitt ætla ég víst, að hin alkunna þjóðrækni hans og brennandi áhugi á landsmálum sé einmitt mest sprottið af sögurannsókninni, því ekkert meðal er öflugra til að vekja ættjarðarást og þjóðrækni í brjóstum manna, en þekking á sögu ættjarðarinnar, enda er þetta löngu viðurkent af öllum þjóðum í veröldinni,— nema Íslendingum. En hvað sem þessu líður, þá er það víst, að Jón Sigurðsson tengir aftur að fullu samband þjóðarinnar við fortíðina, og hann stígur ekki eitt spor í allri sinni þjóðmálabaráttu án þess að ráðfæra sig við söguna og fortíðina, enda kom það brátt í ljós, að þar vár undirstaðan rétt fundin.

Árið 1839 urðu konungaskifti í Danmörku og tók við stjórn Kristján VIII. Hann var mentaviður mikill og Íslandi velviljaður í vissum greinum. Jón Sigurðsson gekst fyrir því, að Íslendingar í Kaupmannahöfn fluttu konungi heillaóskir og báðu þess um leið, að verzlunarfrelsi væri aukið, skólamentamálum kipt í lag, lækna um fjölgað, og þó einkanlega, að þing væri sett í landinu sjálfu. Konungur tók vel í þetta og ákvað nokkru síðar, að alþing skyldi endurreisa. Þegar fer var komið, þótti Jóni Sigurðssyni nauðsyn til bera, að ræða og rita sem rækilegast um málefni Íslands svo landsmönnum gæfist kostur á, að kynnast þeim til hlítar og mynda sér sjálfstæða skoðun. Hon um líkaði ekki alls kostar stefna Fjölnismanna, þótti þeir byggja of mikið í lausu lofti. Fyrir því réðst hann í, að gefa út nýtt tímarit, sem hann kallaði "Ný félagsrit" (1844), og hélt því síðan út í 30 ár. Þar með hefjast afskifti hans af íslenzkum málum, og kom það brátt í ljós, hver garpur hann var. Ættjarðarástin og þjóðernistilfinningin er sú undiralda, sem ber hann áfram, og svipar honum þar til fyrirrennara sinna, en hann stendur þeim öllum miklu framar að þekkingu og hagsýni. Fyrir því var það, að honum tókst að leiða því nær öll þau mál til farsælla lykta, sem hann á annað borð beitti sér fyrir, enda hefir hann unnið íslenzku þjóðinni meita gagn en nokkur annar maður. Hér er eigi unt að lýsa til hlítar alllri hans baráttu í þarfir lands og þjóðar, því það yrði of langt mál, en þess vildi ég freista, að rekja í aðalatriðunum baráttu hans fyrir stjórnarfarslegu sjálfstæði þjóðarinnar, því að það er í raun og veru siðasti þátturinn í þeirri endurreisnar baráttu, sem hófst hér um miðja 18. öld með Eggert Ólafssyni og Skúla fógeta.

Með konungsúrskurðinum 20.maí 1840 um endureisn alþingis var heitustu og innilegustu ósk Íslendinga fullnægt, og þótti mörgum, sem þeir hefði himinn höndum tekið. Það var ekki langt frá því, að sumir í augnablikskætinni litu svo á, sem Íslendingar hefðu hér með höndlað hjá dýra hnoss sjálfsforræðisins, eða þess igildi. En hér var Jón Sigurðsson á annari skoðun. Hann taldi þetta að eins ofurlitið skref í áttina, eins og mjóan vísir til meiri og betri þroska, og þó með því einu skilyrði, að rétt væri með farið. Hann ritaði rækilegar greinir um betta mál til að skýra fyrir mönnum störf þingsins og ætlunarverk og fyrirkomulag. Var hann þar að ýmsu leyti mótsnúinn skoðunum Fjölnismanna og þeirra annara, sem þann flokk fylltu. Þeir vildu sníða þingið sem mest eftir hinu forna alþingi og láta það fjalla um dómsmál engu síður en löggjafarmál. Einnig vildu þeir ólmir hafa það á þingvöllum. Jón aftur á móti taldi heppilegast að sníða það eingöngu eftir fulltrúaþingum erlendis, svo það gæti lagt alt kapp á löggjafarmálin, án þess að vefjast með dómsmálin. Viðvikjandi þingstaðnum hélt hann því fram, að nauðsyn byði að halda þingið þar sem næg hjálparmeðul væri fyrir hendi að kynna sér landsmálin, og sagði, að þótt hugur og tilfinningar mælti með hinum forna þingstað, þá mælti skynsemi og forsjálni með Reykjavík, enda væri mönnum í sjálfsvald sett að gera Reykjavík þjóðlega og hvern annan stað á landinu, en það hafði jafnan verið aðal mótbáran, að hún væri óþjóðleg. Á endanum hafði Jón sitt mál fram að mestu leyti, og sýnir þessi framkoma hans, að hann lét ekki tilfinningarnar glepja sér sjónir í stjórnmálunum og hirti ekkert, þótt hann yrði fyrir ámæli og óvild sumra vina sinna. En reyndar bjó hér annað meira undir. Hann var þá þegar kominn á þá skoðun, að nauðsyn bæri til að landsstjórnin þokaðist sem mest saman á einn stað í landinu sjálfu, og væri aukin sem mest að völdum. Til þess þótti honum enginn staður betur kjörinn en Reykjavík fyrir ýmsra hluta sakir, en þó eink um vegna sambandsins við útlönd. Þessari skoðun hélt hann fram alt sitt lif með stakri festu og samkvæmni, og var það einn þátturinn í hinni löngu og ströngu baráttu hans.

Árið 1848 urðu enn konungaskifti í Danmörku og tók þá við stjórn Friðrik VII. Um þessar mundir gekk ný frelsisalda yfir Norðurálfuna. Þegnarnir kröfðust hvervetna rýmkunar á stjórnfrelsi og einnig í Danmörku. Þótti konungi ráðlegast að verða við þessari ósk og hét Dönum stjórnarbót. Var nú tekið að undirbúa þing til að ræða þessu máli til lykta, og var gert ráð fyrir, að á þinginu skyldu sitja 5 menn fyrir Íslands hönd, er konungur sjálfur nefndi. Nú þótti Jóni Sigurðssyni tími til að hefjast handa, og ritaði um vorið "Hugvekju til Íslendinga". Þar birti hann fyrir þjóðinni þær grund vallarskoðanir, sem öll hin síðari atjórnarbarátta Íslendinga er byggð á, og þykir mér hlýða, að taka fram helztu atriðin í þessum skoðunum.

Það er nærri því óþarfi að taka það fram eftir það, sem áður er sagt, að skoðanir Jóns Sigurðssonar um stjórnarstöðu Íslands voru byggðar á langri og ítarlegri sögurannsókn, enda þóttu þær hvervetna mjög nýstárlegar, sem von var, því enginn hafði fyrri orðið til að rannsaka þetta mál. Niðurstaðan af rannsókninni var sú, að í stjórnarsögu Íslands væru þrjú aðalatriði, sem sérstaklega bæri að taka til greina. Hið fyrsta var það, er Íslendingar gengu á hönd Noregskonungi 1262, en áskildu sér þó um leið í Gamla sáttmála sérstök landsréttindi. Annað aðalatriðið var það, er Íslendingar við erfðahyllinguna í Kópavogi 1662 létu leiðast til að afsala sér hinum fornu landsréttindum. Hið þriðja var það, er konungur með yfirlýsingu sinni afsalaði sér einveldinu og hét þegnum sínum stjórnarbót. Þar með, segir Jón, hefir þjóðin aftur fengið í hendur þau réttindi, sem hún hafði, þegar hún fékk honum einveldið, en þau voru hér um bil þau sömu, sem upphaflega voru ákveðin með Gamla sáttmála. Af þessu leiðir það, að stjórnarstaða Íslends verður að byggjast á ákvæðunum í Gamla sáttmála, því hann er það einasta áreiðanlega og fullgilda skjal, sem lagt verður til grundvallar í þessu máli, enda hafa Íslendingar haldið fast við hann í aðalatriðunum, alt þar til, er þeir rituðu undir afsalsbréfið í Kópavogi. Þótt sáttmálinn kunni að hafa verið rofinn í einstökum atriðum af hendi konunganna, þá breytir það ekki málinu minstu vit und. Samkvæmt þessum skilningi hafa hvorki Danir eða nokkur önnur þjóð minsta vald yfir Íslandi eða nokkurn snefil af rétti til að skifta sér af sérmálum landsins. Íslendingar eiga það við konung sinn einan að ákveða stjórnarskipunarlög fyrir landið og ráða íslenzkum málum til lykta. Honum einum sóru þeir land og þegna í frjálsum vilja 1262. Honum einum seldu þeir í hendur landsréttindi sín við erfðahyllinguna 1662. Af þessu leiðir, að ríkisþing Dana hefir ekki minsta vald til að fjalla um íslenzk mál. Þetta er ómótmælanlega sögulegur réttur Íslendinga og hann verða þeir að halda fast við. En hér á ofan bætist það, að Íslendingar hafa sérstakt þjóðerni og sérstaka tungu og landsháttur allir eru nauða ólíkir því, sem er í Danmörku; þess vegna er líka nauðsynlegt fyrir þá að hafa sérstakt stjórnarfyrirkomulag. Helztu kröfur Jóns í þá áttina eru þesser: 1. að alþing fái jafn mikil réttindi í hinum sérstöku málum Íslands, eins og þing Dana í málum þeirra; 2. að landsstjóri sé settur á Íslandi með ábyrgð fyrir alþingi, en erindreki í Kaupmannahöfn; og 3. að fullkominn fjárskiln aður sé gerður milli Íslands og Danmerkur. Þessi "Hugvekja til Íslendinga" leiddi til þess, að fundir voru haldnir viðsvegar um landið til að ræða málið og bænarskrár samdar eftir uppástungum Jóns. Árangurinn af þessu varð sá, að konungur hét því með sérstökum úrskurði 23. sept. 1848, að ekkert skyldi verða ákveðið um stöðu Íslands í ríkinu, fyr en Íslendingar hefðu látið álit sitt í ljósi um það mál á þingi sér, sem þeir ætti í landinu sjálfu.

(Meira).

Einkennilegir siðir.

Í tímaritinu Wide World stóð nýverið grein um lífnaðarháttu og siði Papúanna á New Guinea, eftir mann, sem kynt hafði sér þjóðflokk þennan all-ítarlega. Meðal annars fer hann um ljónabandið svofeldum orðum: —

Giftingasiðir Papúanna eru á margan hátt svipaðir og hjá öðrum villimönnum, að brúðurin gengur kaupum og sölum, og sá hreppir, sem bezt býður. Karlmennirnir gifta sig að jafnaði 18 ára og þar um, en stúlkurnar 14 ára og jafnvel yngri. — Ein af konum þessum, sem eitt sinn varð á vegi minum, segir greinarhöf., og sem hafði ungbarn meðferðis, var undir 13 árum, en líkt og aðrir íbúar heitu landanna, eru stúlkur Papúanna mjög bráðþroska. — Þegar ungan pilt langar til að fástna sér konu, heimsækir hann föður stúlku þeirrar, sem hann hefir augastað á, og leggur fram fyrir hann öll auðæfi sín, og eins hvað hann er viljugur að láta af hendi fyrir konuefnið. Faðirinn skoðar eignir biðilsins vel og lengi og geðjist honum um síðir að eigum biðilsins, þá bæta þeir ennþá lengur sín á millum um gjald það, er beri að greiða fyrir brúðurina, og komi þeim að lokum saman, þá er föðurnum afhent gjaldið, en biðlinum konan til fullrar eignar og umráða.

Auðæfi hjá þjóðflokki þessum skoðaðir hlutir, sem við mundum kalla minna virði en ekki neitt, og eftir okkar dómi mundi mega segja að enginn ætti neitt. Húsmunir, peningar, föt og verkfæri, og annað, sem hinn mentaði heimur skoðar eign, álíta þeir einskisvirði. Ef einhver af íbúunum á byssuræfil, sem annars er mjög sjaldgæft, er sá hinn sami skoðaður sem stórhöfðingi og getur heimtað alt, sem honum sýnist. Annars er bogi, örvar og spjót aðallega það, sem íbúarnir eiga. — Sumir eiga þó heila stranga af margra alda gömlu klæði, sem þeim hefir hlotnast við skipstrand fyrir afarlöngu; er talið mikið í það varið, að eiga svolítla pjötlu af þessu klæði, og þykir feðrunum ekkert eins gott gjald fyrir dætur sínar eins og klæðispjatla. Ekki nota þeir klæði þetta til búninga, heldur geyma það sem dýrmætustu gersemi, og stöku sinnum, þegar stórviðburðir gerast, rifa af því ræmur og nota sem hálsbönd, og þykir það ekki smáræðis fínt. En aðrar eignir eiga þeir sára-fáar, — jafnvel engin verkfæri til að yrkja með jörðina, nema steinflísar, enda er mjög lítið um jarðrækt hjá þeim. Þó er dálítið ræktað af sætum kartöflum og bananas, en þar með er líka upptalið. — Öll stritvinna er gerð af konunum; menninrnir fylgja þeim til verka vopnaðir, bæði til þess, að vernda þær frá því að lenda í höndum annara og eins til að reka eftir þeim.

Þegar ungi maðurinn hefir eignaðst konu, er það hans fyrsta verk, að láta hana byggja skýli yfir höfuð þeim, og leggir þá að jafnaði nágrannakonurnar til hjálpar. En brátt verður hann leiður á einni konu, og tekur sér þá aðra í viðbót. Sumir, sem eru öðrum framar að auðæfum, eiga 10 konur og þar yfir. Konan er alge reign mannsins, og oft harðlega leikin af honum; en henni dettur ekki í hug að mögla, því henn. hefir verið innrætt frá fæðingu, að skoða karlmennina sem æðri verur, og vera karlmannsins auðsveipið vinnudýr. Frammi fyrir einum kofadyrum sá ég þrjú barefli, nógu þung og sterk til að steindrepa með stærðar víghund. Ég fór að grenslast eftir, til hvers þessi barefli væru notuð, og var mér sagt, að húsráðandinn ætti þrjár konur, og hann lemdi sína með hverju barefli. Konurnar mögluðu aldrei þó þær væru húðstrýktar af hinni mestu grimd, ef að þær væru lamdar með sérstöku barefli, en ef þær væru lamdar með barefli, sem önnur kona hafði verið lamin með áður, þá þótti þeim sér óbætanleg svívirðing sýnd, og var það talin eina fullgilda ástæ[illegible] hjónaskilnaðar.

Þess vegna, til að forðast slíkt, hefir maðurinn jafnmörg bare[illegible] konur, sitt á hverja, og því taka þær með góðu.

LEIÐRÉTTING.

P.t. San Diego, Cal., 19. jan. '11

Herra ritstjóri: —

Fyrir nokkuru síðan las ég í blaði þínu, í fréttabréfi frá E. H. Johnson í Spanish Fork, fyrirspurn um, hvers vegna þið íslenzku blaðstjórarnir ekki hafið minst á dauða eins hins merkasta Íslendings, sem sé prof. Bertel Högna Gunnlögssonar í Tacoma, Wash.

Aftan við það bréf hnýtir þú þeirri athugasemd, að ástæðan sé sú, að ykkur hafi ekki verið kunnugt um andlát prófessorsins, fyrri en þið sáuð þess getið í öðrum blöðum (að heiman?), og sendir okkur hér vestra þá hnútu um leið, að við höfum ekki skrifað um lát hans fremur en annað. (Kæra þökk fyrir komplimentina!).

Ég ætla nú ekki að fara að mæla mér neina sérstaka bót, né öðrum, sem senda okkur fréttir af Kyrrahafsströndinni, við og við. Þær gætu sjálfsagt verið meiri og betur skrifaðar. En ofmikið má líka gera að öllu, og of mikið kalla ég það, að skýra frá láti einhvers manns, enda þótt merkur sé, áður en hann deyr. Og um Gunnlögson er það að segja, 'að lifandi var hann fyrir fám dögum og við líka heilsu og áður, eða svo segir vinur hans Dr. McCreery í Tacoma. Segir hann Gunnlögson býsna ernan enn, þótt hann sé nú yfir sjötugt. — Skyldir þú, eða herra Einar H. Johnson ekki trúa þessu, væri reynandi að skrifa Gunnlögson sjálfum og spyrja hann, hvort hann sé ekki dauður. Áritan hans er: 3009 N. 31st St., Tacoma, Wash.

Virðingarfylst.

Sigurður Magnússon.

FRŒMENN VESTUR-CANADA.

McKENZIE'S FRŒ

FYRIR VESTRIÐ

BRÉFSPJALD FLYTUR YÐUR STORAN FRŒ LŒKLING.

Bezta, hreinasta, úrvals frœ.

VALIÐ FYRIR LANG BEZT FYRIR ÆKTEÐ FYRIR BEZTUR ÁRANGUR Fyrir Vestrið

Athugið frækassa okkar í HVERRI BÚÐ.

Biðjið ætíðum McKENZIE FRÆ

Kaupið ekkert annað. Ef kaupmaður ykkar hefir þeð ekki sendið pöntun ýðar beint til

A. E. McKenzie Co. Ltd.
Brandon, Man. Calgary, Alta.

VESTUR-CANADA STŒRSTA FRŒHÚS.

Ferðapistill.

Um Árborg og fleira.

Eftir að járnbrautin var fullgerð til Árborgar langaði mig mjög til að bregða mér þangað snöggva ferð. "Og standi þið við, — hann gerði það", sagði Kristján Fjallaskáld. Gamli ferðalangurinn, nfl. ég sjálfur, er nú rétt nýkominn heim úr ferðalagi til Árborgar, og möur í Öeysir-bygð að sjá Ólinu systur mína, og fleiri kunningja.

Þetta er í fjórða skifti, sem ég hem möur til Nýja Íslands farið, og hafa ætlið liðið langir tímar, — fleiri ár — á milli þeirra ferða. Alla jafna var dálítla framför að að sja, þó hægt miðaði framan af árunum, sem margar fullgildar ástæður liggja til, eins og ég hefi áður lýst í mínum ferðapistlum, svo sem almenn fátækt, útilokan frá áhrifum umheimsins, vegleysur og framurskarandi öröug lönd til kornræktar, þar sem alt er þakið þéttum skóg. Ég hefi aldrei viljað vera ósanngjarn eða ofharður í dómum um bygðir þar, og svo er enn, að ég vildi með sannagirni líta á hlutina, og segja frá því, sem fyrir augu og ímyndun bar.

Eins og nú er að byrja nýtt ár eftir tímareikningi vorum, eins er það áreiðanlegt, að nýtt framfaratímabil er að renna upp og byrja hjá Ný-Íslendingum. Það er aðallega jarnbrautin, sem hefir flutt inn í menn nýjar vonir, nýja stefnu, og gerir alberða breyting á búskaparlagi þar í bygðum. Og svo hjálpar það til þess, er til framkvæmdanna lýtur, eins og æfinlega í öllum greinum, að efnahagur margra er orðinn þar viðunanlega góður, þó engir eða fáir megi ríkir kallast. Það er vist vaknaður almennur áhugi þar neðra, að höggva skóginn til korðviðar, og svo til húsagerðar, því sögunar og heflinga millur eru þar víðast og taka svo alvarlega til landanna og auka kornyrkjuna, sem þar hefir hvervetna reynst góð og arðsöm hjá öllum, sem nokkra bletti eiga yrkta. Og ég heyrði, að margir hefðu reynt að plægja og stækka bletti sína drjúgum síðastliðið haust. Húsagerðinni fleygir fram síðan þeir fóru að geta unnið viðinn sjálfir; víða komnar ágætar byggingar hjá bændum, og einnig í smíðum, hálfgerðar. Til dæmis er íveruhús Stefáns póstmeistara Guðmundssonar í Árdal óklárað enn að innan, og er það eitt lang-stærta og verður að allri gerð veglegasta íveruhús, sem ég hefi séð, eða veit af hjá nokkrum bónda. Steinsteypu kjallari undir því öllu, og verður hitað alt frá hitunarvél neðan úr kjallara.

Í stuttu máli, nýtt framfaratímabil er að byrja þar, og breyting verður á búskapnum að því leyti, að minna verður barist og baslað með griparæktina, en áherzlan lögð á kornræktina. Uxum fækkar til vinnu, en hestum fjölgar. Og árangurinn verður sá, að eftir nokkurra ára stríð, elju og kapp smáhverfur vonleysis og þreytusvipurinn af bóndanum, en peningapyngjan þyngist, og alla tíð verður eitthvað í buddunni, ef á þarf að halda. Lönd eða jarðvegur er þarna víða ágætur, og engin óhöpp, sem teljandi sé, hafa enn komið fyrir þar með uppskeru — var mér sagt.

Já, von er þó blessaða bændurnar langi til að fá til sín járnbrautirnar. Og réttmætt er að kalla þær lífæðar landsins og framfaranna, þegar þetta ofurmagn fylgir þeim, að geta skapað nýtt tímabil í sögu heilla heraða og ráðið þeim breytingum, að eikurnar eru rifnar upp með rótum og jarðveginum velt í sundur og malaður melinu smærra; og í staðinn fyrir ömurlegt útsýni af viltum og brunnum skógi og forarsundum, sem gefur bóndanum engan arð, er öllu breytt í gulbleikt vaggandi hveitihaf, sem bóndinn fiskar upp úr 20—30 dollara af ekru hverri árlega, og í sumum tilfellum langt um meir. Já, mikill er máttur járnbrautanna. Og hátt er hljóðið í öryggispípu eimreiðarinnar, þegar hun brunar framhjá, að það skuli geta vakið þá upp í vigamóð, sem sofið hafa í þriðjung aldar.

En, eins og ég hefi áður spáð, Nýja-Ísland á alla sína frægð og framför eftir enn, og verður í sögunni elzta og merkasta íslenzk nýlenda í álfu þessari. Þar hafa í kyrð og næði frumskóganna vaxið upp og geymst afarsterk öfl, sem enn eru að miklu leyti hulin sjónum almennings. Þetta eru að mestu óeyddir kraftar, enn sem komið er, og þegar hugsunarháttarinn og aðrar nærliggjandi ástæður leysa þessi öfl úr læðing, þá verða þær nýlendur vorar, sem nú eru búnar að ná fullum þroska, og geta enga aðdáanlega fjörspretti tekið lengur, undrandi yfir hraðanum og Grettistökunum, sem Ný-Íslendingar eiga eftir að sýna og velta úr vegi, bæði á andlegan og verklegan hátt. Yngri mennirnir, sem þar hafa alist upp, eru margir risar að afli og vexti, og þegar orka þeirra og áhugi snýst að réttu takmarki, þá verður mikið, sem eftir þá liggur í verklegum framkvæmdum.

Í andlegum og bókmentalegum skilningi, hafa þroskast þar í skóg arkyrðinni ef til vill fögrustu og kraftmestu blómknappar, sem til eru í vorum fámenna flokki hér, til að prýða vorn smáa bókmentalega krans. — Þaðan eru sprotnir þorvaldssynir, og fleiri fluggáfaðir menn. Þaðan má telja prúðmenniðog gæðamanninn skáldið J. Magnús Bjarnason, sem nú er búinn að ekki einasta hylli almennings fyrir verk sin, heldur einlægri ást og og hluttekning. Og þaðan má telja skarpa og djúpvitra manninn, sem mestur var skaðinn að missa frá hálfunnu verki, eins og suma fleiri, skáldið og tónfræðinginn Gunnstein Eyjólfsson. Og þó undarlegt megi virðast, þá er mér það kunnugra en máske mörgum öðrum, að til eru eftir hann meistaralega vel samin skáldrit — í stórum stíl —, sem honum entist ekki aldur til að geta gefið út á prent. — Og þar er eitt ágætt söguskáld enn, ef hann vildi og gæti gefið sig alvarlega við því; það er Dr. Jóhannes Pálsson, sem nú er í Árborg.

Þar hefir vaxið upp (hjá Jóni Austfirðing) skáldið Guttormur J. Guttormsson, og er hann, ásamt skáldinu mínu, honum "Þorskabit", farinn að gera sig svo djarfan, að segja í mesta bróðerni við St. G. Stephansson og Kristinn Stefánsson: "Takið bið ykkur nú góðan hádegisdúr, vinir mínir, við skulum kveða fyrir fólkið á meðan". Auðvitað verða viðhafnarhnykkirnir minni, og heimspekisbúningurinn ekki nærri eins flókinn og dýrmætur. — Þessar óviðjafnanlegu silkislæður hans gamla Njáls, sem enginn lifandi maður hefir enn í dag getað reiknað út, hvað áttu að merkja.

Þá er bærinn Árborg. Þar verður fagurt með tíma, ef áframhald verður með byggingur, því bæjarstæðið er hátt og slétt. Þar eru fjórar verzlunarbúðir, sem eru svo stórar, myndarlegar og vel bygðar, að þær þola samanburð við góðar búðir hér í bezta parti borgarinnar Winnipeg, — 12 til 14 feta hátt undir loft á neðra gólfi, og allar tvílyftar, með kjallara að ég held flestar. Það er undramikið rúm, sem þessir kaupmenn þurfa fyrir vörur sínar, því næstum alla skapaða hluti, sem búandinn með þarf, segjast þeir nauðsynlega þurfa að hafa. Og mig undrar það einnig, ef allar þessar stóru verzlanir geta þrifist og dafnað, með öðrum smáverzlunum, sem eru hingað og þangað. Að vísu má Árborg heita að standa í hjartastað nýlendunnar, því þangað sækja allar blómlegustu bygðir Nýja-Íslands. Lot eru þar í bæ við aðalgötuna $100 og hornlot $160, 25 feta breið og 115 fet á lengd. Þar er eitt greiðasölu og gistihús (Hotel) býsnastórt og veldugt. En svo lýst mér á, að það verði fljótt alt of lítið til að uppfylla þörf gestsa, þegar aðsókn vex. Svo er lyfjabúðin, sem er stór og mjög lagleg bygging tvílyft. Þar búa í báðir bræðurnir, Dr. J. Pálsson og hr. A. Pálsson, sem báðir eru giftir menn.

Þessum bræðrum var ég áður blá-ókunnugur, en hitti læknirinn í búð hr. Á. Fjeldsted, sem verzlar fyrir hr. Jóhann Sigurðsson á Gimli, — og vék mér til tals við hann. Af því leiddi, að hann bauð mér heim, og gisti ég hjá þeim bræðrum siðustu nóttina, sem ég var þar neðra. Þar átti ég yndislega gisting, og þó þeir bræður hefðu átt í mér hvert bein, þá hefðu þeir ekki getað gert meir og betur til mín. Ég átti langt tal við Dr. Pálsson, og ég fann það á báðum þeim bræðrum, að þeir eru ekki vel ánægðir, að hafa sett sig þarna niður; og er það mjög illa farið, því báðir eru efalaust mjög góðir og nýtir menn. En nú hafa þeir, eða sérstaklega A. Pálsson, lagt alt að $2,500 í fasteignina þarna, og mjög hæpið, að geta fengið svo góðan kaupanda, sem svaraði því út, ef álagi. — Einnig myndi ég álíta það vandræða ólag fyrir menn í jafn mannmörgum bygðum, að geta ekki haldið Dr. Pálsson þar kyrrum, ungum atgervis og hæfileikamanni og bezta dreng, og vera svo máske læknislausir eftir. En það er ekki að dylja, þó margt sé kostum búið og mjög efnisgott, sem snertir þessar bygðir, þá er allatíð eitthvað lágt og litilsvirði innanum og samanvið, þar, eins og annarstaðar. Min skoðun er sú: Að þegar ungir efnismenn taka sér bólfestu í bæ, sem er að myndast, til þess eins og að vaxa upp með honum, að þá liggi lífið á að halda þeim kyrrum, ef hægt væri, því eftir því, sem bærinn þroskast af betri efnum, ætti framför hans og heiður að verða varanlegri í augum allra rétthugsandi manna.

Eitt atriði vil ég benda á í sambandi við lyfjabúð Dr. Pálssonar, að meðalasalan ber sig ekki meðan búðir kaupmannanna þar hafa 'patent' meðulin til sölu. Ég má segja, að tvær af verzlunum hafa gefið söluna inn til læknisins, en tvær ekki. En þrátt fyrir það, þó ég af öllu hjarta hati þessi 'patent' meðul, þá samt á meðan fólki finst nauðsyn að fleygja peningum sínum út fyrir þetta (í mörgum tilfellum) skaðlega sull, þá ætti Dr. Pálsson, þarna á Árborg, að hafa einn þann litla hagnað, sem af þeirri sölu er. Einnig ættu kaupmenn þar, að gefa honum eftir pappír og ritföng o. fl. smávægilegt, sem vanalega er til sölu í lyfjabúðum. — Það verður máske álitið svo, að ég sletti mér inn í það, sem mér kemur alls ekki við. En ég held, þegar alt kemur heim og saman eftir hita og þunga dagsins, að bezt og ánægjulegast hefði verið, að hver og einn hefði hliðrað til við annan og fremur reynt að stuðla að velgengni nánunga sins, en að reyna að tróða af honum skóinn og bægja honum burt.

Þegar ég fór þessa ferð ofaneftir hafði ég í hyggju, að lita eftir hvort álitlegt væri að setjast þar að upp á aktýgjasölu og viðgerðir. En allar búðirnar, held ég, hafi aktýgjasölu, svo það væri þá einungis að halla sér að þeim partinum, að gera við það, sem úr lagi kann að fara. Svo hefir hr. Andrés Reykdal komið sér upp byggingu og ákvarðað að hafa skó og aktýgjasölu og aðgerðir. En svo lizt mér á, meðan ekki er meiri hveitirækt og peningalegur kraftur bænda, að ekki sé mikilsvirði, að setja þar upp aktýgjabúð eins og nú stendur, á meðan allar búðir selja (og lána) út aktýgi. Það getur verið lifibrauð fyrir einn, en litilsvirði fyrir marga.

Ekki þykir mér trúlegt, að þessi járnbraut verði lengd lengra norður frá Árborg fyrst um sinn. Bæði er það, að C.P.R. hefir keypt þarna stóra landspildu, sem það vill aftur selja út í byggingalóðir, og svo er félagið að byggja þar mjög vandað stationshús, sem sýnir, að þeir ætla að hafa Árborg fyrir aðalstöð fyrst um sinn.

Um leið og ég lýk við þessar línur, sem eru máske of margar og óþarfar, vil ég geta þess, að engan mann sá ég þar undir áhrifum vins, og engan dropa af áfengi nokkurstaðar hreyft eða um hönd haft, mér vitanlega, — og get ég þessa sérstaklega sökum þeirrar óvinsælu árásar, sem gerð var nýlega á þá bræður Dr. J. Pálsson og Ásgeir bróður hans.

Lárus Guðmundsson.

Góðar stöður.

Geta ungir, framgjarnir menn og konur fengið á járnbrauta eða loftskeyta stöðvum.

Síðan 8 kl. stunda lögin gengu í gildi og síðan loftskeyta fregnsending varð útbreidd þá vantar 10 þúsund telegraphers (fregnsendla). Launin til að birja með eru frá $70 til $90 á mánuði. Vér störfum undir umsjón telegrapn yfirmanna og öllum sem verða fullnuma eru ábyrgðar atvinnu stöður.

Skrifið eftir öllum upplýsingum til þeirrar stofnunar sem næst yður er. NATIONAL TELEGRAF INSTITUTE, Cincinatti, Ohio, Philadelphia, Pa., Memphis, Tenn., Columbia, S. C., Davenport, Ill., Portland, Ore.

Bókalisti.

N. OTTENSON'S,- River Par. W'p'g.

Ljóðmæli Páls Jónssonar í bandi	(3)	85
Sama bók (að eins 2 eint.	(2)	60
Jökulrósir		15
Lalaróslr	(3)	20
Hamlet	(3)	45
Tíðindi Prestafélagsins í hinu forna Hólaskifti	(2)	15
Grant skipstjóri	(2)	40
Börn övðursins	(3)	55
Umhverfis jörðina á áttatíu dögum	(3)	60
Blindi maðurinn	(3)	15
Fjörblaðafi smárinn	(3)	10
Kapítola (í II. Bindum)	(3)	1.25
Eggert Ólafsson (B. J.)		15
Jón Ólafssonar Ljóðmæli í skrautbandi	(3)	60
Kristinfræði	(2)	45
Kvæði Hannesar Blöndal	(2)	15
Mannkynssaga (P. M.) (bandi	(5)	85
Mestur í heimi, í b.		15
Prestkosningin, Leikrit, eftir D.E., í b.	(3)	30
Ljóðabók M. Markússonar		50
Ritreglur (V. Á.) í b.		20
Sundreglur, í b.		15
Terði ljóa		15
Vestan hafs og austan, Þrjár sögur eftir E. H., í b.		90
Víkingarnir á Hálogandi eftir H. Ibsen		25
Þorláksþelgi		15
Ofurefli, skálds. (E. H.) í b.		1.50
Ólöf í Ási	(g)	45
Smælingjar, 5 sögur (E. H.), í b.		85
Skemtisögur eftir S. J. Jóhannesson 1907		25
Kvæði eftir sama frá 1906		25
Ljóðmæli eftir sama. (Með mynd höfundarinns frá 1897		25
Safn til sögu og ísl. bókmenta í b., III. bindi og það sem út er komið af því fjórða	(33c)	9.4
Íslendingasaga eftir B. Melsted I. bindi bandi, og það sem út er komið af 2. b. (25c)		2.85
Lýsing Íslands eftir D. Thoroddsen í b. (16c)		1.90
Fornir fornfslenzkir rímnaflokkar, er Finnur Jónsson gaf út, í bandi (5c)		85
Alþingisstaðir hinn forni eftir Sig. Guðmundsson, í b. (4c)		90
Um kristnitökuna árið 1000, eftir B. M. Olsen (6c)		90
Sýslumannaæfir eftir Boga Benediktson I. og II. b innbundið (55)		8.10
Íslenzkt fornbréfasafn, 7. bindi innbundið, 3 h. af 8 b. (1 70)		27.80
Biskupasögur, II. b. innbundið (42c)		5.13
Landfræðissaga Íslands eftir Þ. Th., 4. b. innbundið (55c).		7.75
Ríthöfunda tal á Íslandi 1400—1882, eftir J. B., í bandi (6c)		1 00
Upphaf allsherjarríkis á Íslandi eftir K. Maurer, í b. (5c)		1.15
Auðfræði, e. A. Öl., í bandi (6c)		1.10
Presta og prófastatal á Íslandi 1889, í b. (9c		1.25
B. Thorarinsson ljóðmæli, með mynd, í b.		1.50
Bókmentasaga Íslendinga eftir F. J., í b. (12c		1.80
Norðurlandasaga eftir P. Melsted, í b. (8c)		1.50
Nýja testamentið, í vönduðu bandi (35c)		2.65
Sama, í ódýru bandi (33c)		1.60
Nýjatestamentið, í vönduðu bandi (10c)		65
Sama, í ódýru bandi (8c)		30

Nýkomnar bækur,

Kóralbók P. Guðjónssonar		90
Sama bók í bandi		1.10
Svartfjallasynir	(3)	60
Aldamót (Matt. Joch.)		20
Harpa	(4)	60
Ferðamíningar, í bandi	(3)	90
Bóndinn	"	35
Minningarit (Matt. Joch.)	"	35
Tíndi faðirinn	"	35
Nasreddin, í bandi		35
Ljóðmæli J. Þórðarsonar	(3)	45
Ljóðmæli Gestur Pálsson	"	75
Haldanar rímur		30
Maximi Petrow	(2)	45
Leyni-sambandið	(2)	40
Hinn áttalegi landardómr	(2)	50
Sverð og bagall	(2)	30
Waldimer Nihilisti		75
Ljóðmæli M. Joch. I.-V. bd., í skrautb.	(15)	4.00
Afmælisdagar Guðm. Finnbogasonar		1.00
Greif Tómarar Sæmundsson	(4)	75
Sama bók í skrautbandi	(4)	1.15
Íslenzk-ensk orðabók, G. T. Zoega	(10)	1.80
Fornaldarsögur Norðurlanda, í 3 bindum, í vönduðu gilt bandi	(15)	4.50
Gegnum brim og boða		90
Ríkisréttindi Íslands		50
Systurnar frá Grænedal		35
Œfintýri handa börnum		30
Vísnakver Páls lögmanns Vídalíns		1.25
Ljóðmæli Sig. Júl. Jóhannessonar		1.00
Sögur frá Alhambra		30
Minningarrit Templara í vönduðu bandi		1.65
Sama bók, í bandi		1.50
Þetur blásturbelgur		10
Ársrit sögufélagsins Reykavík; Morðbréfabækingur		1.35
Biskupasögur, I—6,		1.95
Aldarfarsbók Páls lögmanns Vídalín		45
Týrkjaránið, I—IV,		2.90
Guðfræðingatal frá 1707—'97		1.10
Jón Arason		80
Skipið sekkur		60
Jón. M. Bjarnason, Ljóðmæli		55
Maður og kona		1.25
Fjaðra mál		75
Beina mál		10
Oddur Lögmaður		90
Grettis Ljóð.		65
Andrarímur		50
Reimarsrímur		35
Dular, Smásögur		50
Hinrik Heilráði, Saga		20
Andvari 1911		75
Œfisaga Benjamin Franklins		45

Sögusafn þjóðviljans 1—II árg. 35c; III árg. 20c IV árg. 20c; V. árg. 20; VI. 45; VII. 45; VIII. árg. 55; IX. árg. 55; X. árg. 55; XI. árg. 55; XII. árg. 45; XIII árg. 45; XIV. árg. 55; XV. árg. 20; XVI. árg. 25; XVII. árg. 45; XVIII árg. 55; XIX. árg. 35.

Alt sögusafn þjóðviljans selt á $7.00

Bækur Sögufélagsins fá áskrifendur fyrir norri hálfvirði,—$3.80.

Umboðsmenn mínir í Selkirk eru Dalman bræður.

Þess skal getið viðvíkjandi bandinu á Fornaldarsögunum Norðurlanda, að það er mjög vandað, handbundið skrautband, vel frá gengið eins er með Bréf Tómasar Sæmundssonar.

Tölurnar í svigum tákna burðargjald, er sendist með póntunum.

The Northern Wine Co. Ltd.

Selur sérhverja góða tegund af Whisky, vínum og bjór o.fl., o.fl. Vér gefum sérstaklega gaum familiu póntunum og afgreiðum þær bæði fljótt og vel til hvaða hluta borgarinnar sem er.— Gefið okkur tækifæri að sýna ykkur að svo sé.

VÉR óskum jafnframt eftir sveitapöntunum.

Afgreiðsla hin bezta.

Talsímar Garry 2186-2187

215 MARKET ST.

Það kostar minna en FJÖGUR cent á viku

að fá HEIMSKRINGLU heim til þín vikulega árið umkring, Það gerir engan mismun hvar í heiminum þú ert, því HEIMSKRINGLA mun rata til þín. Þú hefur máske ekki tekið eftir því, að vér gefum þér

$1.00 virði af sögubókum

með fyrsta árgagnum. Skrifið eftir HEIMSKRINGLU nú þegar, til P. O. Box 3083. Winnipeg, Man.

Nú fékk Ísabella mjög mikla uppsölu. Barúninn studdi enni hennar.

Þegar uppsalan var um garð gengin, lagðist hún aftur á koddann með lokuð augu, hún dró andann hægt en rólega. Sársaukinn virtist minni.

"Ísabella", sagði barúninn, "hefirðu fleiri óskir?"

"Já", svaraði hún með dvínandi röddu, "ég vil ekki láta grafa mig í Ehrenstam grafhvelfingunni. Ég vil láta grafa mig djúpt, djúpt ofan í jörðina".

"Ísabella", sagði barúninn alvarlegur, "ég get ekki orðið við þessari bón. Ungfrú Ehrenstam verður að hvíla hjá forfeðrum sínum, en ekki hjá bændum og betlurum í kirkjugarðinum".

"Jæja þá", svaraði hún svo lágt, að það heyrðist varla, "en láttu það ekki dragast, — í síðasta lagi að fjórum dögum liðnum".

"Já, já", sagði barúninn. "Get ég gert fleira fyrir þig?"

"Nei, hvíslaði hin deyjandi stúlka. "Ó, Móritz. Við fáum að sjást aftur, — í betra landi. — Guð er góður, — hann fyrirgefur — það sem ástin hefir brotið — og þú elskar — minningu mína — Móritz".

Síðustu orðin hvísluðu hinar deyjandi varir.

. . . . . .

. . . . . .

Barúninn lagði hendi sína á hjarta Ísabellu, það var hætt að slá. Hann þreif í handlegg hennar, hann var ískaldur og slagæðin hreyfingarlaus.

"Það er búið", tautaði barúninn við sjálfan sig; hún er dauð. Það er ég, sem hefi deytt hana, — en ekki meira um það.— Engina skal fá að vita orsökina til dauða hennar. Hún sagðist devja af taugaslagi — og þannig verður það að nefnast".

Hann læddist að dyrunum og opnaði þær, og þegar hann sá, að það var myrkur og kyrð í næsta

herbergi, tók hann þvottaskálina, sem Ísabella seldi upp í, og helti úr henni út um gluggann.

Svo huldi hann andlit liksins með rekkjuvoðinni og hringdi.

Anna kom inn.

"Hvernig líður konu minni?" spurði barúninn.

"Hún sofur, — en, guð minn góður, hvernig er ástatt með ungfrú Ísabellu?"

Anna þaut að rúminu ofsahrædd.

Ungfrúin þín er dáin", sagði barúninn og bar vasaklútinn upp að þurrum augunum. "Hún dó af taugaslagi".

"Vesalings, vesalings ungfrúin", sagði þernan grátandi, tók hendi Ísabellu og þakti hana með kossumd. "Ó, guð minn góður. Svo ung, svo falleg og svo góð eins og engill,— að verða að deyja".

Anna grét hátt.

Hún var sú eina, sem tárfeldi yfir hinni framliðnu, sem hún unni af heilum hug.

"Guð minn góður, — að þetta skyldi ganga svona fljótt fyrir sig", sagði hún.

"Já, barnið mitt, slík veiki deyðir strax", sagði barúninn, "ef ekki er læknishjálp til staðar undir eins. Her var ómögulegt að ná í læknir nógu fljótt, þar eð enginn læknir er í nágrenninu. Við höfum gert það, sem við gátum, og verðum því að lúta vilja hins almáttuga".

Anna svaraði að eins með tárum og gráti.

Hún lyfti rekkjuvoðinni af andliti Ísabellu, til þess enn einu sinni að sjá það. Andlitið var röðlegt og hvítt sem marmari. Mórgunsólin var að koma upp og stráði fölum bjarma yfir það.

"Það er þá kominn dagur", sagði barúninn, "farðu ofan og legðu þig, Anna. Þú þarft að sofa".

"Ætti ég að sofa, þegar blessuð ungfrúin mín er dáin", sagði Anna kjökrandi. "Nei, alls ekki".

"Farðu", sagði barúninn í skipandi róm.

Herbergisþernan leit enn einu sinni á húsmóður sína, svo huldi hún andlit hennar og fór.

Þegar læknirinn, sem kom með Eberharð seinna um daginn, var búinn að skoða líkið, átti barúninn tal við hann langa stund á skrifstofu sinni.

Þegar hann fór, smokkaði hann tveimur hundrað dala seðlum í vasa sinu mjög ánægður.

Mörg eiturbyrlunar-saga hefir verið grafin djúpt ofan í jörðina fyrir fals og eigingirni læknanna.

VI.

Grafhvelfing barúnsins.

Ungfrú Ehrenstam dó af taugaslagi, — þessi nýung breiddist út um nágrennið með ljóssins hraða, og allir trúðu henni.

Að eins Móritz vissi, og Eberharð grunaði, hver var orsök dauða hennar, en báðir þögðu eins og skiljanlegt er.

Enda hafði Móritz farið burtu úr héraðinu daginn eftir dauða Ísabellu. Hann hafði enga ástæðu til að dvelja þar lengur. Hann varð að leita sér annara samvistamanna og afþreyingar, til þess að sorgin, sem hann hafði orðið fyrir, gerði ekki út af við hann. Seinna skulum við verða honum samferða, en fyrst verðum við að geta um ýmisleegt í héraðinu, þar sem síðustu viðburðirnir áttu sér stað.

Barúninn efndi loforð þau, sem hann gaf dóttur sinni á banastund hennar. Hún var í skrautlegu

fötunum sínum, en í staðinn fyrir visnuðu þyrnirósirnar voru settar rauðar rósir í hár hennar á útfarardeginum.

Gullkistin með rafhjartanu hékk enn um háls hennar, þótt enginn víssi, hvaðan skartgripur þessi hafði komið.

Þegar búið var að kistuleggja hana, sem gert var í kirkjunni, flutti Washolm prófastur íburðarmikla ræðu, og svo var kista Ísabellu flutt í grafhvelfingu ættarinnar og sett við hliðina á kistu fyrri konu hans.

Þegar barún Ehrenstam kom inn í sveinherbergi sitt útfararkveldið, sá hann að glugginn var opinn, og á borðinu, sem stóð undir glugganum, lá seðill með þessum orðum á:

"Elzti sonur þinn var myrtur, og dóttir þín fyrirfór sér. — Þú mátt skjálfa. Rafhjartað kraftmeira hörna. Bæði börnin þín eru fallin sem friðþægingarfórn til hefndargyðjunnar".

Barúninn stóð sem þrumulostinn.

. . . . . .

Grafhvelfingin, þar sem kista Ísabellu var látin, var stór og rúmgóð, með einum glugga, er járngrindur voru fyrir, en nu voru rúðurnar óhreinar.

Þar lágu heilir ættliðir hver við annars hlið, kyrrir og rólegir. Alt innbyrðis stríð var endað. Og hvers vegna hefðu þeir líka átt að stríða? Þeir voru allir af sömu ætt.

Gröfin hafði sina stórbokka eins og lífið.

Tunglið sendi geisla sína inn í kirkjugarðinn, en ekki inn í grafhvelfinguna.

Maður nokkur, sem bar með sér stuttan stiga, læddist eftir döggvota grasinu á milli leiðanna, og nam staðar við járngrindargluggann á grafhvelfingunni.

MARTYN F. SMITH,
TANNLÆKNIR.
Fairbairn Blk. Cor Main & Selkirk
Sérfræðingur í Gullfyllingu og öllum aðgerðum og tilbún aði Tanna. Tennur dregnar án sársauka. Engin veiki á eftir eða gómbólga. —
Stofan opin kl. 7 til 9 á kveldin
Office Phone Main 6944. Heimilis Phone Main 6462

—THE—
Farmer's Trading
COMPANY.
(BLACK & BOLE)

HAFA EINUNGIS BESTU VÖRUTEGUNDIR.

Einu umboðsmenn fyrir :—
"SLATER" Skóna góðu.
"FIT-RITE" Fatnaðinn.
"H. B. K." prjónafélagið.
"HELENA" pils og 'waist' kvenfatnaði.
Bestu matvörutegundir.
" DEERING " akuryrkju verkfæri o, s. frv.

Beztu vörur Lágt verð.

Fljót og nákvæm afgreiðsla.

Farmer's Trading Co.,
THE QUALITY STORE
Wynyard – Sask.

JIMMY'S HOTEL
BEZTU VÍN OG VINDLAR.
VÍNVEITARI T.H.FRASER.
ÍSLENDINGUR.
James Thorpe, Eigandi

MARKET HOTEL
146 Princess St.
á móti markaðnum
P. O'CONNELL, eigandi, WINNIPEG
Beztu tegundir af vínföngum og vind um, aðhlynning góð, húsið endurbætt

Woodbine Hotel
466 MAIN ST.
Stærsta Billiard Hall í Norðvesturlandinu Tíu Pool-borð.—Alskonar vín og vindlar
Gisting og fæði: $1.00 á dag og þar yfir
Lennon & Hebb,
Eigendur

JOHN DUFF
PLUMBER, GAS AND STEAM FITTER
Alt verk vel vandað, og verðið rétt
664 Notre Dame Av. Phone Garry 2808
WINNIPEG

A. S. TORBERT'S
RAKARASTOFA
Er í Jimmy's Hótel. Besta verk, ágæt verkfæri; Rakstur 15c en Hárskurður 25c. — Óskar viðskifta Íslendinga.—

A. S. BARDAL
Selur líkkistur og annast um útfarir. Allur útbúnaður sá bezti. Enfremur selur hann alskonar minnisvarða og legsteina.
121 Nena St. Phone Garry 2152

Fréttabréf.

MARKERVILLE,
(Frá fréttaritara Hkr.).
20. jan. 1911.

Aldrei hafa Íslendingar í Alberta lifað ágætari tíð fram að nýári frá haustnóttum, en í þetta sinn, og hefir þó oft viðrað vel á þeim kafla vetrarins. Vanalega hafa komið smá-kuldaköst um og eftir vetrarbyrjun, en nú voru þau engin, að eins einn og tveir kuldadagar í senn. Á gamlaársdag var hér hörkuveður með hríð, og á nýársdag var hér yfir 40 stiga frost. Næstu dagana til þess 8. voru ofsa stormbyljir, en lítið frost. Eftir það gerði grimm veður með miklu frosti, suma daga um 50 stig,— til þess þann 14., að frostin lægðu aftur, og hafa verið lægri síðan. Snjór hefir fallið svo að nú er komið gott sleðafæri.

Mikill fasleiki hefir gengið hér um tíma af hitasótt og hálsveiki. Svo hefir gigtin gert meira vart við sig en venjulega.

Þann 18. þ.m. andaðist að heimili St. G. Stephanssonar móðir hans, Guðbjörg Hannesdóttir, eftir langa sjúkdómslegu, 80 ára að aldri, merk kona. Að sjálfsögðu verður hennar minst af þeim, sem nákunnugir eru, í blöðunum síðar.

Skemtanir voru hér um hátíðirnar með minna móti. Jólatré var haft á Markerville um jólin, og á Tindastól rétt fyrir þau, og W. O. T. W. höfðu dans 30. des.

Þann 17. þ.m. voru gefin saman í hjónaband í lutersku kirkjunni á Markerville Mr. Helgi Bardal og ungfrú Sigurlaug Runford. Séra F. Hjálmsson framdi vigsluathöfnina. Ungu hjónin höfðu rausnarlegt samsæti í Fensala Hall um kveldið, með á annað hundrað boðsgesta. Eftir samsætið skemtu menn sér hið bezta við ræðuhöld, söng og dans alla nóttina til þess dagur rann. Er mjög lofsið lofsorði á, hve alt hafði farið þar vel fram. Svo sem títt er í þessu landi, voru hvju hjónin sæmd gjöfum hvaðanæfa. Þeim gjöfum fylgja hamingju og heillaóskir bygðarbúa í þessari nýju lífsstöðu þeirra.

St. G. Stephansson skáld fékk merkilega gjöf frá þeim Þórðarson hjónunum, fyrrti raímagnsfræðingi og konu hans í Chicago. Það eru fimm bækur alls; eru þrjár þeirra ferðasögur Englendinga um Ísland litlu eftir aldamótin 1800 (þeirra: Hookers, Mackenzie og Hendersons). Þær eru því sumar 100 ára gamlar, og sumar því sem næst eru löngu úreltar, fatiðar nú og dýrar. Bók Hookers, sú útgáfan, sem Stephani var send, var að eins prentuð handa vinum höfundarins, en ekki til sölu. Þessar gömlu bækur hafa þó geymst furðu vel, og sér lítið á þeim. — "Fundur Vínlands hins góða" er ein af bókum þessum. Það er hin vandaða útgáfa úr Flateyjarbók, myndatekinni á annari blaðsíðu, en prentuð fullum stöfum á hinni. Íslandsvinurinn, Bandaríkjamaðurinn Arthur heitinn Reeves, bjó þá bók til prentunar með aðstoð Dr. Valtýs Guðmundssonar. Eiginkona Reeves heitins, og mörg bréf hans frá Íslandi og víðar, eru í bókinni, því hún er gefin út að honum látnum, og til minja um hann, af ættingjum hans. Þar standa þessi málalok: "Hann hvílir við hlið föður sins í grafreitnum í Spring Grove í Cincinnati, undir rúnasteini, sem honum var sóttur, út á eyna, sem hann unni".

Mikið þykir mér ilt, að annað eins hrak og neðanmálssagan í Hkr. nú er, skuli vera í jafn þjóðlegu og nýtu vikublaði; vel að hún væri sem fyrst á enda. Engum getur verið skemtun að lesa slíka sögu, og öllum góðum og göfugum tilfinningum hlýtur hún að misþyrma. Ég get ekki skilið, að í hinu enska bókmentalega forðabúri sé svo ömurleg fátækt, að eigi sé þar völ á því, sem er fegurra og hugðnæmara en "Forlagaleikurinn".

JÓN JÓNSSON, járnsmiður, að 790 Notre Dame Ave. (horni Toronto St.) gerir við alls konar katla, könnur, potta og pönnur fyrir konur, og brýnir hnífa og skerpir sagir fyrir karlmenn. — Alt vel af hendi leyst fyrir lítla verðin.

Herra Jón Hólm, gullsmiður að 770 Simcoe St., biður þess getið, að hann selji löndum sínum gull- og silfur-muni og gigtarbelti. — Belti þessi eru óbrigðul við gigt, ef þau eru notuð samkvæmt fyrirskipunum Jóns. Kosta að eins dollar og kvart.

Minni Íslands.

Flutt á gamlárskvöld 1910.

Þið munið eyju út í norðurhafi
við ísa kend, með djúpa Heklu glóð,
hún skautar hátt með hreinu fanna trafi,—
vor hugur berst þar vaggan forðum stóð.
Þó niðjar okkar nafn það burtu skafi
mun nafn það skráð hjá hverri mentaþjóð,
því þaðan margt um forna tíð er fengið
þó flest það skilja hafi illa gengið.

Ég veit að sérhver ykkar hérna inni
hann ann af hjarta föðurlandi heitt
og hjer er óþarft að ég flytji minni,
því á það hlusta verður fólkið þreytt.
Ég vona að sérhver hugsun, að því hlynni
að högum Íslands verði í framtíð breytt
og meira enn hálfan hlut og partinn beztan
er hugljúfast, ef komið gæti að vestan.

Enn það er ljúft að minnast á þig móðir
því mörgum þykir útlegð kostaþröng
Ég veit að sitja af söknuð margir hljóðir
og svo er leiðin flestum ófær löng,
því föðurlandið elska allar þjóðir
þó oft í búi væru lítil föng.
en andinn lifir ekki á tómum krónum
þó áhyggjurnar safni milfónum.

Við þökkum klökkir sól og sumarnætur
og sérhvern geisla, er lysti ungri sál,
Við geymum arf, sem enginn burtu lætur,—
vort aldna, hreina, fagra tungumál
það skín oss enn sem morgunngeislí mætur,
er meira vert enn hérlend glys og tál.
Þar birtu slær á löngu liðna daga,
í ljósi skíru stendur þjóðarsaga.

Ég elska og virði land þar sem við lifum,
það land, sem hefur margan snauðan glatt,
það sést eitt bezt á sönnum manndóms þrifum
hvað sveitarlimur margur stendur fatt.
Enn eitt mun tjáð í alda seinni skrifum
og allur fjöldinn taka fyrir satt:.
að ef þú týnir þjóð og feðra fróni
er fyrsta spor að algleymskunnar tjóni.

Enn hvað sem annars okkar niðjum líður —
þó allir reyni fljótt að gleyma þér —
þá veit ég samt þín betri tími bíður,
það bezta huggun verður seinast mér
það vex upp hjá þér flokkur ungur, friður,
sem frelsismerki hærra enn samtíð ber,
og þá mun Ísland aftur virðing hljóta
og eigin gæða sinna í framtíð njóta.

Ég geymi um eilífð inst í þánka mínum
mitt ástarkæra gamla föðurland.
Minn hugur unir enn hjá ströndum þínum,
þar aldan þúnga skolar fjörusand.
Þó ýmsir týni óðals stöðum sínum
fær ekkert slitið þetta hulda band.—
Mín lífsvon býr þar ljóssins geislar skína,—
úr ljósi krans ég flétta um minning þína.

Sigurður Jóhannsson.

THE **DOMINION BANK**
HORNI NOTRE DAME AVENUE OG SHERBROOKE STREET

Höfuðstóll uppborgaður : $4,000,000.00
Varasjóður - - - $5,400,000 00

Vér óskum eftir viðskiftum verzlunar manna og ábyrgumst að gefa þeim fullnægju. Sparisjóðsdeild vor er sú stærsta sem nokkur banki hefir í borginni.
Íbúendur þessa hluta borgarinnar óska að skifta við stofnun sem þeir vita að er algerlega trygg. Nafn vort er fullrygging óhlutleika. Byrjið spari inulegg fyrir sjálfa yðar, konu yðar og börn.
Phone Garry 3450 **Scott Barlow**, Ráðsmaður.

Vitur maður er varkár með að drekka eingöngu HREINT ÖL. Þér getið jafna reitt yður á
DREWRY'S
Redwood Lager.
Það er léttur, freyðandi bjór, gerður eingöngu úr Malt og Hops. Biðjið ætíð um hann.
E. L. DREWRY, Manufacturer, Winnipeg

Með því að biðja sérlega um "T.L. CIGAR," þá ertu viss að fá ágætan vindil.
T.L.
T.L. CIGAR
(UNION MADE)
Western Cigar Factory
Thomas Lee, eigandi Winnipeg

STRAX Í DAG er BEZT AÐ GERAST KAUPANDI AÐ HEIMSKRINGLU. — ÞAÐ ER EKKI SEINNA VÆNA.

Manitoba á undan.

Manitoba hefir viðáttumikla vatnsfleti til uppgufunar og úrfellis. Þetta, hið nauðsynlegasta frjógunarskilyrði, er því trygt.

Ennþá eru 25 miljón ekrur óbygðar.

Íbúatal fylkisins árið 1901 var 225,211, en er nú orðið um 500,000, sem má teljast ánægjuleg aukning. Árið 1901 var hveiti og hafra og bygg framleiðslan 90,367,085 bushela; á 5 árum hefir hún aukist upp í 129,475,943 bushel.

Winnipeg borg hafði árið 1901 42,240 íbúa, en hefir nú um 150,000; hefir nálega fjórfaldast á 8 árum. Skattskildar eignir Winnipegborgar árið 1901 voru $26,405,770, en árið 1908 voru þær orðnar $116,106,390. Höfðu meir en þrefaldast á 7 árum.

Flutningstæki eru óviðjafnanleg,— í einu orði sagt, eru í fremsta flokki nútíðartækja: Fjórar þverlandsbrautir liggja um fylkið, fullgerðar og í smíðum, og með miðstöðvar í Winnipeg. Í fylkinu eru nú nálega 4 þúsund milur af fullgerðum járnbrautum.

Manitoba hefir tekið meiri landbúnaðarlegum og efnalegum framförum en nokkurt annað land í heimi, og er þess vegna ákjósanlegasti aðsetursstaður fyrir alla, af því þetta fylki býður beztan arð af vinnu og fjárleggi.

Skrifið eftir upplýsingum til: —

JOS. HARTNEY, 77 York Street, Toronto, Ont.
JOS. BURKE, 178 Logan Avenue, Winnipeg, Man.
A. A. C. LaRIVIERE, 22 Alliance Bldg., Montreal, Quebec,
J. F. TENNANT, Gretna, Manitoba.

J. J. GOLDEN,
Deputy Minister af Agriculture and Immigration, Winnipeg.

"Hérna er það", hvíslaði hann með skjálfandi röddu. "Á ég að voga, að raska ró hinna dauðu?"

"Ég má til. Hún er grafin með þennan skartgrip um hálsinn, það er ég viss um, og ég verð að ná honum vegna hefndarinnar".

"Já, því án hans hefnast hún ekki. Vald forlaganna liggur á þeim, sem ber þennan grip á sér. Bölvun og blóð fylgir honum. Það má ekki grafa hann með henni, því þá væru ættingjar hennar lausir úr álögum. Ég verð að herða mig".

Hann reisti stigann upp við vegginn, klifraði svo upp eftir honum og braut járngrindina.

Þegar hann var búinn að leggja gluggann á jörðina með varkárni, skreið hann inn um gluggagatið, og kom fótum fyrir sig á líkkistuhlaða, sem var undir glugganum að innan.

Tíu minútum seinna kom annar maður inn í kirkjugarðinn, klæddur stórri kápu.

Þessi maður var Hólm, sem þungbúinn og hryggur röltu á milli grafanna.

"Jafn ung, falleg og andrik", tautaði hann við sjálfan sig, "og samt varð hún að deyja. — Mín göfuga, ágæta Ísabella. Ó, hvað ég sakna þín, — ó, hvað ég syrgi þig".

"Og svo skyndilega, — það er sagt af taugaslagi. — Foreldrarnir vildu neyða hana til að giftast þessum níðing, en dauðinn var miskunnsamari en þau. — Hann frelsaði hana —"

"Og svo létu þau hana dansa til að skemta gestunum, þegar þau voru búin að deyða alla lífsgleði hennar. — Það var heldans, — en, alveg óviðjafnanlegur dans".

Nú steinþagnaði Hólm. Hann sá stigann, sem reistur var upp við vegginn.

"Ha, hvað er þetta?" sagði hann áfergjulega.

"Gluggínn brotinn og stigi við vegginn. Það er þá náræningi".

Hólm hugsaði sig ekki lengi um. Hann var maður hugrakkur, sem ekki lét alt fyrir brjósti brenna, þegar hann sá, að það var um að gera að ræða skyldu sína. Hann hljóp upp stigann og stakk höfðinu gegn um gluggagatið.

En það, sem þar inni mætti auga hans, vakti hjá honum hræðslu sem snöggvast. Samt áttaði hann sig brátt, fleygði kápunni sinni niður á jörðina og skreið í gegnum gluggaopið.

Hvað sá hann?

Við ljósið frá dálítilli skriðbyttu, sem stóð á einni af gömlu líkkistunum, sá hann að líkkista Ísabellu var opin. Hún sat réttum beinum í kistunni, klædd í hvíta búninginn sinn með hálfvisnar rósir í hárinu. — Var þetta svipur, eða var hún lifnuð við aftur?

Við hliðina á kistunni lá tötrum búinn maður á hnjánum. Hann studdi annari hendinni á kantinn á kistunni, en hin hendin hékk máttlaus niður við hlið hans. Andlit hans var fölt og hreyfingarlaust, augun opin og starandi en hreyfingarlaus, alveg eins og í dauðum manni.

Í þeirri hendinni, sem lá á kistubrúninni, hélt hann á skínandi skartgrip, sem hann virtist hafa rænt frá hinni framliðnu. Þessi skartgripur var gullkeðja og var rafhjartað fest við hana.

Með fagnaðarópi þaut Hólm yfir gömlu kisturnar, tók Ísabellu í faðm sinn, lyfti henni upp úr kistunni og setti hana með hægð niður á næstu kistu.

"Hvar er ég?" spurði unga stúlkan þreytulega og horfði í kringum sig.

"Ísabella — þú ert lifandi. Guði sé lof", kallaði Hólm, fram úr hófi glaður. "Þekkir þú mig ekki? — Ég er vinur þinn, kennari þinn. Þorsjónin hefir

leitt mig hingað þér til frelsunar. — Þú ert í grafhvelfingu forfeðra þinna, vertu ekki hrædd, ég er hjá þér".

"Hólm, ert þú það?" spurði unga stúlkan veiklulega. "Hvers vegna vaktirðu mig. Því lofaðir þú mer ekki að sofa í næði? Ég svaf svo rólega og hefði ekki vaknað, ef þú hefðir ekki komið til að rana hjartanu mínu".

"Hjartanu þínu, Ísabella?"

"Já, rafhjartanu, sem lá við brjóst mín".

"Það var ekki ég", svaraði Hólm, "það var hann sem þarna liggur".

Og um leið benti hann á fóla náræningjann, sem lá hreyfingarlaus hjá tómu líkkistunni.

"Hver er þessi maður?"

"Það veit ég ekki. Það er einhver niðingur, sem komið hefir í því skyni að ræna lík þitt, en sem guð hefir af náð sinni notað þér til frelsunar. Ég var á gangi í kirkjugarðinum, sá gluggann opinn og stiga við vegginn. Ég þaut inn, — og, guði sé lof. Ég fann þig endurlifnaða af dauðadvalanum. En við skulum fara burt frá þessum ógeðslega stað. Marienlunnur er að eins í fáeinna faðma fjarlægð, þú verður að koma með mér þangað. Það er nógu snemt á morgun að fara með þig til foreldra þinna".

"Nei, ég vil ekki fara í Liljudal", hrópaði Ísabella. "Þá vil ég heldur vera hér. Þessir dauðu Ehrenstamar gera mér ekki eins mikið ilt og þeir, sem lifa".

"Þú skalt ráða, Ísabella. Ég skal fara með þig þangað sem þú vilt, og foreldrar þínir skulu ekki fá að vita, að þú ert lifnuð við, ef þú vilt það ekki. — En það er satt, hvað eigum við að gera við hann þarna?"

Hann gekk til náræningjans, tók skriðbyttuna og lýsti framan í hann.

"Hann lítur út fyrir að vera dauður", tautaði hann.

Hólm tók í hendi þjófsins, hún var köld. Hann studdi hendi sinni á hjarta hans, það hreyfðist ekki.

Maðurinn var dauður, steindauður.

"Hræðslan hefir drepið hann", sagði Hólm. Hann hefir fengið slag. Hönd guðs hefir lostið kirkjuræningjann. Það er enginn lífsneisti í honum".

Hólm tók í gullkestina, sem hékk úr hendi hins dauða manns, en hún var jafn fast, sem væri hún í skrúfstykki. Samt hepnaðist honum að ná henni, en hann veitti því ekki eftirtekt, að rafhjartað losnaði við hana, og datt ofan á milli líkkistanna.

"Svona nú", sagði Hólm, "hvað á ég nú að gera af líkinu?"

"Biðum við", sagði hann við sjálfan sig með eins konar óafvitandi kýmni. "Látum þá þjófinn, helgidómsræningjann, betlarann, hvíla í Ehrenstams grafhvelfingunni. — Forlögin vilja það. — Hér leitar enginn að honum".

Um leið og hann tautaði þetta, lagði hann líkama hins dauða manns í tómu líkkistuna hennar Ísabellu.

"Ef hann lifnar við aftur", hugsaði Hólm, "þá getur hann farið út sömu leið og hann kom inn".

Síðan lagði hann lokið lauslega á kistuna, svo að hinn dauði, ef hann lifnaði við, ætti hægt með að lyfta því af.

En hann mátti vera óhræddur, því náræninginn var dauður, og við hlið sinna stórbokkalegu forfeðra hvildi hinn útskúfaði sonur — Jakob Kron.

Forlögin vildu hafa það þannig.

Á meðan á þessu stóð, hafði Ísabella getað lesið á silfurplötunni á kistunni, sem hún sat á, nafnið, sem á hana var grevit, því tunglið sendi geisla sina inn í gegnum gluggagatið.

Ungmennafélögin.

Heima á ættjörðu vorri er ungmennafélagshugmyndin að festa dýpri og dýpri rætur. Fjöldi af Ungmennafélögum hefir verið stofn að hér og þar um landið, bæði til sveita og í kauptúnum, og öllum farnar vel. Ungmennafélags-hreyfingin hefir, hvar sem hún hefir borið niður, orðið til heilla landi og lýð. Stefnan er hrein og heilnæm til þjóðarþrifa og glæðir ást til ættlandsins og kennir mönnum að meta og viðhalda þjóðerni sínu.

Það var fyrir fimm árum síðan, að Ungmennafélags - hreyfingin gerði fyrst vart við sig á Íslandi, og var það Jóhannes Jósefsson, glímukappi, sem var fyrstur boðberi hennar. Hann hafði dvalið við nám í Noregi og orðið þar hrifinn af Ungmennafélags starfseminni. Í Noregi höfðu Ungmennafélögin starfað lengi og stóðu á föstum fótum og höfðu unnið Noregi ómetanlegt gagn. Þegar skilnaðurinn varð milli Noregs og Svíþjóð, ar, þá voru það Ungmennafélögin norsku, sem Norðmenn áttu mest að þakka, hvernig fór. Ungmennafélagsmeðlimirnir höfðu komið þeirri meðvitund inn hjá hinni norsku þjóð, að hún ætti að vera alfrjáls þjóð í alfrjálsu landi, — en ekki undirlægja annara. Ungmennafélögin höfðu einnig svo að segja alið upp mikinn hluta hinnar norsku þjóðar, — yngri kynslóðina. Og starfsemi þeirra hafa leiðandi menn Noregs þakkað það, að þjóðin var einróma um að skilja við Svíþjóð, og eins hvað mikil stilling og dómgreind átti sér stað meðal alþýðunnar. Því vanalega vill það brenna við, þegar um þess konar mál er að ræða, sem hér var, að kappi er meira beitt en forsjá, og því oft ofbeldisverk eða gjörræði framin, sem síðar er oft beisklega iðrast. En hér var engu slíku að kvíða. Ungmennafélögin höfðu skapað nýjan hugsunarhátt og nýja kynslóð.

Það var því ekki nein furða, þó Jóhannes Jósefsson yrði hrifinn af þessari starfsemi og vildi gjarnan sjá henni borgið á ættlandi sínu. Enda var það hans fyrsta verk, þegar heim til Akureyrar kom, þar sem hann átti heima, að koma þar á fót Ungmennafélagi, og var Þórhallur prentari Bjarnason, sem hafði dvalið í Danmörku og kynst þar svipuðum Ungmennafélögum og Jóhannes í Noregi, hans bezti hjálparmaður við það starf. Hið fyrsta Ungmennafélag á Íslandi var því Ungmennafélag Akureyrar og var það stofnað um áramótin 1905.

Aðalatriði stefnuskrár þess félags voru: —

1. Að stuðla af alefli að öllu því, sem ram-íslenzkt er. Glæða ástina til lands og tungu og gera meðlimi sína að rétthugsandi og sannleikselskandi mönnum.
2. Að iðka allar íslenzkar íþróttir af kappi, og eins allar aðrar íþróttir, sem iðkaðar eru meðal annara þjóða, eftir því sem tök eru til.
3. Allir meðlimir þurfa að vera bindindismenn.
4. Félagið hugsar sér að ná þessu takmarki sínu með því, að fá hæfa menn til að halda fyrirlestra um öll þau málefni, sem varða heill hinnar íslenzku þjóðar, eða geta á einn eða annan hátt glætt og eflt meðal meðlimanna það, sem í fyrstu grein er fram tekið. — Eins skal hæfa kennara til að kenna íþróttir þær, sem iðkaðar verða.

Þessu líkt hljóðuðu meginatriði stefnuskrárinnar, og eru þau, sem hver og einn getur séð, all-yfirgripsmikil. En hve affarasæl þau hafa orðið, sézt bezt á hinum gríðarmikla vexti og framförum, sem félögin sjálf hafa tekið. Nú eru félög um land alt undir yfirstjórn Ungmennafélags Íslands.

Mest áberandi af því, sem Ungmennafélögin hafa afrekað á Íslandi, eru íþróttirnar, bæði íslenzkar glímur, sund og aðrar íþróttir. Það voru Ungmennafélagar, sem fóru til Olympisku leikanna í London árið 1908, og hlutu frægð mikla í þeirri för. Íslenzkar glímur, sem áður voru að mestu fallnar í dá, hafa Ungmennafélögin endurlífgað, svo nú eru þær iðkaðar af meira kappi en nokkru sinni áður. Sund hafir einnig, fyrir milligöngu Ungmennafélaganna, komist á í flestum kauptúnum og jafnvel sveitum á Íslandi. — Og nú síðast en ekki sízt, eru sex Íslendingar — allir Ungmennafélagar — að ferðast land úr landi að sýna íþróttir sínar, og hafa hlotið frægð mikla, hvar sem þeir hafa komið. Alt þetta er ljós vottur þess, að þau fimm ár, sem félögin hafa starfað á Íslandi, hafa ekki orðið árangurslaus, heldur til stór gagns fyrir land og lýð.

En það, sem aðallega vakti fyrir mér, var það, hvort ekki væri gjörningur að koma upp Ungmennafélögum með svipuðu sniði hér meðal Vestur-Íslendinga. Vanþörf væri það engin.

Ég veit reyndar, að hin svokölluðu "Bandalög" eru til hér og þar, í sambandi við kirkjurnar, og að þau eru ungmennafélög á sína vísu, en þau eru ekki með svipuðu sniði og vanaleg Ungmennafélög gerast. Það er mest andans fóður, bænir og þess háttar, sem þau bjóða, en minna eða ekkert af því, sem mest riður á fyrir hina uppvaxandi kynslóð að vita.

Bezta eða jafnvel eina ráðið til að vernda tungu vora og þjóðerni, er það, að koma á fót Ungmennafélögum með svipuðu fyrirkomulagi og heima. Þau yrðu hinn bezti þjóðernisskóli, sem fáanlegur yrði, — ef þau störfuðu réttilega og hefðu nýta leiðtoga. — Það er hart, ef tunga vor og þjóðerni glatast mest vegna skeytingarleysis, en það virðist liggja fyrir dyrum, ef engar umbætur verða gerðar.

Beztu umbæturnar yrðu ef Ungmennafélög væru stofnuð í hverri vestur-íslenzkri bygð, þar sem "Bandalaga" félagsskapurinn er fyrir, væri heilaráð, að breyta honum þannig, að Ungmennafélags stefnan væri tekin upp jafnhliða, eða kjarninn úr báðum stefnunum soðinn saman í eina stefnu, — því þá yrði guðsorð, bindindi og íslenzk tunga og þjóðerni ríkjandi stefna samsuðunnar.

Einnig ættu Ungmennafélögin að vera grnileg fyrir hina vestur-íslenzku íþróttamenn, því ekki er hægt að hugsa sér betri íþróttaskóla en þann, ef alt er með feldu.

Ég leyfi mér því að skora alvarlega á alla unga Vestur-Íslendinga — alla þá, sem unna tungu vorri og þjóðerni, öll "Bandalög og íþróttafélög, að stuðla að því, að koma á fót Ungmennafélögum í sem líkustu sniði og á áðurgerð vorri. — Því ég er bess fullviss, að þau verða öllum til gagns og góðs, og eina ráðið til að vernda tungu vora og þjóðerni.

Látið ekki tungu vora og þjóðerni falla, — verða aldauða, þegar ráðið til að vernda hvorutveggja er fyrir hendi.

Gunnl. Tr. Jónsson

Dánarfregn.

Þann 18. janúar sl. andaðist Guðbjörg Hannedóttir Stephansson, á heimili sonar sins, Stephans skálds, að Markerville, Alta.

Hún var fædd 8. júlí 1830 á Reykjarhóli í Skagafirði. Foreldrar hennar — Hannes Þorvaldsson og Rósa Jónasdóttir — bjuggu þar.

Tæplega tvítug giftist hún Guðmundi Stefánssyni, frá Kroppi í Eyjafirði. Bjuggu þau síðan um hríð í Skagafirðinum og þar fæddust þeim tvö börn: Stefán (á Kirkjuhóli) og Sigurlaug Einara (á Mælifellsá).

Árið 1873 flutti hún með manni sinum og börnum vestur um haf til Bandarikjanna. Átti jafnan síðan heimili hjá Stephani syni sínum.

Hún var göfuglynd og högvær kona. Lét sig litlu skifta skoðanir annara, en hélt sinni stefnu. Á búskaparárunum átti hún oftast erfitt uppdráttar; samt hefir orð farið af því, að hún hafi jafnan haft ráð með að greiða fyrir umkomuleysingjum og þurfamönnum.

Vel má telja hana hamingjusama konu: Börn hennar voru gáfuð og ástrik. Hún lifði það, að sjá þau njóta mannvirðinga og almennings hylli, en naut sjálf verndar þeirra til æfiloka.

Síðari árin var hún biluð á heilsu, en lá þó ekki rúmföst nema 2 síðustu mánuðina. Þann tíma allan skiftust börn hennar og Helga tendgadóttir hennar á verði við rúm hennar.

Hún var jörðuð 22. janúar, í grafreit ættarinnar á jörð Kristins Kristinssonar. Fylgdi henni til grafar fjöldi bygðarmanna, þar á meðal afkomendur í 3. lið.

P.H.

S. K. HALL
Telephone: Garry 3969
Imperial Academy of Music
Telephone: Main 7510

Sómi Íslands, sverð og skjöldur.

Gjafir til minnisvarða JÓNS SIGURÐSSONAR.

Frá Edmonton, Alta. —

John Johnson	$1.00
Mrs. J. Johnson	0.50
Jón Pétursson	0.50
Mrs. J. Pétursson	0.50
O. T. Johnson	0.50
P. Johnson	0.50
Snorri Johnson	0.25
O. J. Hallgrímsson	1.00
S. Swanson	1.00
B. Ólafsson	1.00
Indriði Jónatansson	1.00

Frá Kenora, Ont. —

R. Guðmundsson	0.50
Helga Guðmundsson	0.50
G. Guðmundsson	0.25
Tómas Guðmundsson	0.25
Soffía Guðmundsson	0.25

Frá Antler, Sask. —

Magús Tait	0.50
Mrs. M. Tait	0.50
Teitur G. Tait	0.50
Byron E. Tait	0.10
Reginald Th. Tait	0.10
Clara V. Tait	0.10
Thelma R. Tait	0.10
Guðm. L. Tait	0.10
E. Jóhannesson	0.50
Mrs. G. Jóhannesson	0.50
Theo. Jóhannesson	0.50
Alla Jóhannesson	0.50
Guðmundur Davíðsson	0.25
Sólveig Davíðsson	.025
Margrét S. Davíðsson	0.25
F. Valdimar Davíðsson	0.25
A. Hall Davíðsson	0.25
Ilhugi Fredrickson	0.50
Mrs. Guðbjörg Friðriksson	0.25
Friðrik Fredrickson	0.10
Victor Fredrickson	0.10
Valgerður Fredrickson	0.10
J. F Bjarnason	0.25
Th. Ólafsson	0.25
Mrs. R. Ólafsson	0.25
Jón Thórdarson	0.25
Mrs. H. Thórdarson	0.25
Eiríkur Thórdarson	0.25
Svanbergur Thórdarson	0.25
Þorsteinn Þórðarson	.25
Guðrún Þórðarson	0.25
Einar Thórdarson	0.25
Bergvin Johnson	0.50
Mrs. B. Johnson	0.50
John Abrahamsson	0.50
Mrs. Anna Abrahamson	0.50
Stefán Abrahamsson	0.50
Kristín Abrahamsson	0.50

Frá Sinclair, Man. —

J. P. Abrahamsson	0.50
Mrs. J. P. Abrahamsson	0.50
C. J. Abrahamsson	1.00

Frá Crescent, Man.—

F. K. Abrahamsson	0.50
Mrs. Sigurborg Gottfred	0.50
Hansina Gottfred	0.25
Thora Gottfred	0.25

Frá Hnausa, Man. —

M. Magnússon	0.25
Sveinn Árnason	1.00
M. R. Magnússon	0.10
Sveinn S. Magnússon	0.10
Eggert B. Jónasson	0.10
B. Marteinsson	0.25
Mrs. B. Marteinsson	0.25
Ernest Marteinsson	0.10
Edwin Marteinsson	0.10
Sig. J. Vídal	1.00
Gestur Vídal	0.25
Jón W. Baldvinsson	0.25
Mrs. Jón W. Baldvinsson	0.25
Baldvin Jónsson	0.25
Mrs. Baldvin Jónsson	0.25
Dan. Danielsson	0.25
Jón Bergsson	0.25
Mrs. Helga Johnson	0.25
Lýður Johnson	0.25
Helgi Johnson	0.15
Þorgerður L. Johnson	0.10
Mrs. Þorgerður Jónsdóttir	0.25
Óskar R. Magnússon	0.10
Einar J. Magnússon	0.10

Frá Árdal, Man. —

J. K. Benson	0.25

Frá Geysir, Man. —

Guðm. Pétursson	0.10

Frá Mariette, Wash.—

Th. Ólafsson	1.00
Sigríður G. Sveinsdóttir	0.50
Mrs. Sölvason	0.50
S. J. Johnson	0.25
Mrs. S. Goodman	1.00
Mrs. S. G. Simundson	0.50
S. G. Simundson	0.50
G. J. Hólme	0.50
Ónefnd	0.30
B. Pétursson	1.00
Mrs. Proctor	0.25

Frá Bellingham, Wash.

Mrs. Eastman	0.50
Mrs. H. Laxdal	0.25
Miss G. Peterson	0.25
Ónefnd	0.25
M. Goodman	0.25
S. Stoneson	0.10
Mrs. S. Vigfússon	0.50
Ole E. Olson	0.25
Mrs. Anna K. Swanson	0.20
Mrs. Hilda Thorlakson	0.50
Mrs. Grímsson	0.50
S. T. H. Anderson	0.50
Ben Alexander	1.00
J. W. Johnson	0.50
Mrs. J. W. Johnson	0.50
L. Goodman	0.50

Frá Duluth, Minn. —

Jóhanna Johnson	1.00
Jensína Johnson	0.25
Sigríður Halldórsdóttir	0.50
Laufey Bergsson	0.25
Gunnlaugur Bergsson	0.25
Axel Bergsson	0.25
Snæbjörn Bergsson	0.25
Skúli Bergsson	0.26
Jóhann Einarsson	1.00
Eggert Norman	0.50
Guðbjörg Norman	0.50
Indiana Norman	0.10
Leufey Norman	0.10
Oscar Norman	0.10
Haraldur Norman	0.10
Mr. og Mrs. C. Johnson	1.50
Sigurður Norman	1.00
Jónína Norman	1.00
Guðmundur Nordal	0.25
Sigurbjörg Nordal	0.25
Margrét Nordal	0.25
Jónas Nordal	0.25
Herbert Nordal	0.25
Jóhann Kárason	0.50
Thorir Björnsson	2.00
Guðmundur Norman	0.50
Leifur Hrútfjörð	1.00
Sólveig Hrútfjörð	1.00
Björn S. Hrútfjörð	0.25
Skúli Hrútfjörð	0.25
Skapti Hrútfjörð	0.25
Diana Hrútfjörð	0.25
Guðrún Björnsdóttir	0.25
Tryggvi Paulson	0.50

Frá Raymond, Wash.—

Ole Mackson	1.00
Mrs. Th. Mackson	1.00
Sarah G. Mackson Bates	0.50
Margaret Mackson Stapleton	.50
J. K. Mackson	0.50
S. G. Mackson	0.50
Violet Mackson	0.50
Bertha H. Mackson	0.50
Leroy W. Stapleton	0.10
Thora L. Stapleton	0.10
Cecil W. Bates	0.10
S. Jóhannsson	1.00
C. H. Grimsson	1.00
Mrs. Kristín Grímsson	0.50
Palin Grímsson	0.10
Rósa Grímsson	0.10
Ólafía Grímsson	0.10
Lilly Grímsson	0.10
Óli Grímsson	0.10
J. S. Eyford	0.10
Mrs. Eyford	0.10
Ásvaldur Eyford	0.10
Jónas Eyford	0.10
Emily Eyford	0.10

Frá St. Adelard. —

Guðm. Einarsson	1.00
Leifur Johnson	0.25
Hermann Johnson	0.25
Jónatan Johnson	0.20
Miss Sigurbjörg Johnson	0.25
Miss Kristrún Johnson	0.50
Mrs. Guðrún Sveinungadóttir	.25
Miss Unnur S. Johnson	0.05
Miss Thorkellsson	0.25
Miss Kristín Johnson	0.10
Mrs. Guðleif Johnson	0.25
Leifur Júl. Johnson	0.10

Frá Cold Springs, Man.

Helgi F. Oddson	1.00
Jón Thorkelsson	1.00
Þórunn Thorkelsson	0.25
Margrét R. Austman	0.50
Júlíus Eiríksson	0.50
Mrs. Júlíus Eiríksson	0.50
Eiríkur Eiríksson	0.25
Björn Eiríksson	0.25
Bjarni Torfason	0.50
Brynjólfur Jónsson	0.25
Magnús Jónsson	0.25
Sigríður Jónsdóttir	0.25
Ingveldur Þorkelsdóttir	0.25
Anna Einarsson	0.25
Magnús Bjarnarson	0.50
Mrs. M. Bjarnason	0.50

Frá Deer Horn. —

Skúli Torfason	1.00

Frá Duluth, Minn. —

Kristín Gunnarsson	0.50
Margrét Gunnarsson	0.50
Guðjón Ardahl	0.50
Siggeir Olson	1.00
Halldóra Olson	1.00

Frá Milton, N.D. —

Ólafur Einarsson	1.00
Guðrún Einarsson	0.50
Jón Einarsson	0.25
Óli Einarsson	0.25
Th. Goodman	0.25
Sólveig Goodman	0.25
Guðrún Goodman	0.25
Guðmundur Goodman	0.25
Helgi Th. Finnsson	0.25
Dan Benson	0.25
Haraldur H. Peterson	0.25
Lauga Finnsson	0.25
Jóna Goodman	0.25
Lissa Goodman	0.25
Grímsi Goodman	0.25
S. Goodman	0.25
S. S. Grímsson	0.50
Anna Grímsson	0.50
H. Bjarnason	0.50
Gunnar Kristjánsson	1.00
Mrs. J. Benson	0.25
Miss G. Kristjánsson	0.25
Ben Sigurðsson	0.25
Pétur Jónsson	1.00
Mrs. K. Goodman	0.50
Haraldur Pétursson	0.50
Björg Pétursson	0.25
Th. J. Thorleifsson	0.25
Ingibjörg Ólafsson	0.25
Svanhildur Ólafsson	0.25
Einhildur Einarsdóttir	0.25
Hallur B. Sigurðsson	0.25
Þorleifur Gunnarsson	0.50
Óli Th. Finnsson	0.50
Hermannia Snædal	0.25
Sigfinnur Finnsson	0.25
F. G. Vatnsdal	0.50

Frá Glasston, N. D.—

John M. Johnson	0.25
Mrs. John M. Johnson	0.25

Frá Gardar, N.D. —

S. S. Ísfeld	1.00
Mrs. S. S. Ísfeld	0.25
Th. Sigmundsson	0.50
Magnús Magnússon	0.25
Karl Magnússon	0.10
Miss Guðrún Magnússon	0.10
Mrs. Ben. Melsted	0.25
T. S. Christianson	0.25
S. J. Hallgrímsson	0.50
Th. Thorsteinsson	0.25
Mrs. Th. Thorsteinsson	0.25
C. Thorsteinsson	0.25
Mrs. Elísabet Dalman	0.25
Miss Lilja Dalman	0.25
Mrs. Thorunn Jóhannesson	0.25
Ben Helgason	0.25
Óli Helgason	0.25
Steven Árman	0.10
Miss Helga Johnson	0.10
Haraldur Guðjónsson	0.25
Mrs. Margrét Einarsson	0.25
Mr. og Mrs. Árman	0.75
Th. Thorarinson	1.00
Mrs. Anna Mýrdal	0.50
W. A. Mýrdal	0.25

Frá Beresford, Man.

Th. Thorsteinsson	2.00
Mrs. Th. Thorsteinsson	1.00
Miss Kristín Thorsteinsson	1.00
Ásgeir Ásgeirsson	2.00

Frá Winnipeg.—

Sveinn Sveinsson	1.00
Sigríður Salómons	1.00

Frá Calgary, Alta. —

John Guðmundsson	1.00
Mrs. J. Guðmundsson	1.00
J. Thorsteinsson	0.25
Fjóla D. Guðmundsson	0.25
August E. Guðmundsson	0.25

Frá Clan-William, Man.

Guðmundur Thorsteinsson	1.00
Mrs. Ingibjörg Thorsteinsson	1.00
Jónína C. Thorsteinsson	0.25
Guðlaug D. Thorsteinsson	0.25
Guðný Thorsteinsson	0.25
Mrs. Christín Thorsteinsson	0.50

Frá East Selkirk, Man.

Árni Thórarinsson	0.50
Jóhanna Kr. Thórarinsson	0.50
A. O. Ágúst Thorarinsson	0.25
Hafliði B. Thórarinsson	0.25
Jóhanna Lára Thórarinsson	0.25
Guðrún María Pálsson	0.25

Samtals	$123.25
Áður auglýst	363.40
Alls innkomið	486.65

LEIÐRÉTTING.

Í þessa árs almanaki Mr. Ó. Thorgeirssonar er áframhald af Landnámssögu Vestur-Íslendinga í Alberta héraði, eftir Mr. Jónas Húnford. Inn í brettánda þátt af téðri Landnámssögu hafa slæðst tvær leiðinlegar missagnir, sem reyndar hefði átt að vera búið að leiðrétta. Þar eð enginn hefir orðið til þess enn, þá leyfi ég mér að gera það, í þeirri von, að Mr. J. Húnford misvirði það ekki við mig.

Fyrri missögnin er það, að Halldór biskup Brynjólfsson hafi verið síðasti biskup á Hólum. Það er rangminni hjá nafna mínum. Það voru fjórir biskupar á Hólum eftir Halldór Brynjólfsson, nefnilega: Gísli Magnússon (dáinn 1779), Jón Teitsson (dáinn 1781), Árni Þórarinsson (d. 1787) og Sigurður Stefánsson, hálfbróðir Ólafs stiftamtmanns (dáinn 1798). Hann var seinast biskup á Hólum. Allir þessir fjórir síðasttöldu biskupar voru af ætt Jóns biskups Arasonar.

Síðari missögnin er, að Björn Thorlacíus, sonur Halldórs biskups Brynjólfssonar, hafi verið faðir séra Halldórs prófasts Björnssonar á Sauðanesi, föður Björns prófasts í Laufási, föður Þórhalla biskups. Hann var afi hans en ekki faðir; nefnilega: móðir séra Halldórs á Sauðanesi, Þóra, var dóttir Björns Thorlacíusar Halldórssonar biskups (Guðfræðingatal H. Þ.).

Í sambandi við þetta skal ég geta þess, að herra Þórhalli biskup á til göfugra að telja, nefnilega Jóns biskups Arasonar, Guðbrandar biskups Þorlákssonar, Þorláks biskups Skúlasonar, Jóns biskups Vigfússonar og Halldórs biskups Brynjólfssonar.

Þar eð ég minntist á frelsishetjuna, ættjarðarvininn og göfugmenniið Jón biskup Arason, þá þykist ég vita, að mörgum ættingjum hans og velunnurum hér vestan hafs þætti fróðlegt og skemtilegt að vita, hve kynsæll hann hefir orðið, — það er að segja þeim, sem ekki hafa átt kost á, að kynna sér það. Eftir því, sem ég kemst næst og frekast veit, úr Sýslumannaæfum B. Benediktssonar — en þær eru mjög áreiðanlegar, mest vegna skýringanna — þá hafa verið á Íslandi ekki færri en 17 biskupar af hans ætt, 20 biskupsfrúr, og tvær af þeim voru það þrisvar sinnum, önnur á Hólum, hin í Skálholti og Reykjavík (Laugarnesi), 17 lögmenn og varalögmenn, og mesti fjöldi af sýslumönnum, læknum og prestum. — Síðan 1865 hafa flestir æðstu embættismenn Íslands verið af hans ætt og fjöldi af alþingismönnum. Sízt skyldi mig undra, þótt þeir sýndu í viðureigninni við Dani, að þeir séu engir ættlerar. — Blessuð sé minning Jóns biskups Arasonar.

Jónas J. Danielsson.

— John Redmond hefir verið kosinn leiðtogi Íra framvegis af meginþorra írsku þingmannanna.

Svarið manninum.

Magnús Brandson, að 616 Lipton St. hér í borg, óskar upplýsinga um núverandi heimili eða áritan Guðrúnar Jónsdóttur frá Torfastöðum í Miðfirði í Húnavatnssýslu. Hún kom til Canada fyrir 10 árum.

GIFTINGAR-TILBOÐ

Ungur, efnilegur, reglusamur og mentaður maður, vill giftast ungri, fallegri og skynsamri stúlku, — Hún má gjarnan vera skapstór, en ómögulega hafa falskar tennur. — Bréf merkt. giftingar-tilboð, sendist til Box 3083 Winnipeg. Órjúfandi þagmælsku heitið. — Myndaskifti æskileg.

Það er alveg víst, að það borgar sig að auglýsa í Heimskringlu.

ÍSLENZKAR BÆKUR

Ég undirritaður hefi til sölu nálega allar íslenzkar bækur, sem til eru á markaðinum, og verð að hitta að Mary Hill P.O., Man. — Sendið pantanir eða finnið.

Niels E. Hallson.

FRIÐRIK SVEINSSON

húsmáling, betrekking, o.s.frv. tekur nú að sér allar tegundir af Eikarmálning fljótt og vel af hendi leyst. Heimili: 690 Home St.

A. Segall

(áður hjá Eaton félaginu).

Besti kvennfata Skraddari

Loðskinna fötum veitt sérstakt athygli.

Hreinsar, Pressar, Gerir við.

Fjórir (4) allfatnaðir hreinsaðir og pressaðir, samkvæmt samningum, hvort heldur er karlmanna eða kvenfatnaður, fyrir aðeins $2.00 á mánuði.

Horni Sargent og Sherbrooke

Piano sala.

Ekkert heimili ætti að vera Piano laust þar sem þessi sala bíður slíkt tækifæri.

Pianos sem áður seldust á $450.00 eru ný boðin fyrir frá

$25. til $90.

og með vægum borgunar skilmálum. Þau hafa verið ofur lítið brúkuð. Aðeins fáein til sölu. Pantið fljótt.

J. J. H. McLean & Co LIMITED

Cor Portage Ave. & Hargrave
Phone Main 808.

Fréttir úr bœnum.

Manitoba þingið kemur saman 9 febrúar næstkomandi.

Eldsábyrgðarfélögin hér í borg hafa ákveðið að hækka að miklum mun verð á eldsábyrgðum. Yfirleitt er talið að hækkunin jafni sig upp í 13 prósent umfram það, sem verið hefir. Sérstaklega á þetta þó við verzlunarhús og iðnaðarstofnanir. Aðallega á þó hækkunin að gilda fyrir vörur í húsum þessum, fremur en húsin sjálf.

Mótorvagna verkstæði, er kosti 1¼ miliión dollars, er í ráði að byggja í St. Boniface á komandi sumri. Fimm þúsund manns er talið að muni fá þar stöðuga atvinnu eftir fyrsta starfsárið. Mr. George Ellis hefir keypt 30 ekra landssvæði þar fyrir verksmiðjuna, sem einnig á að búa til flugvélar. Sagt að byrjað verði að byggja eins fljótt og unt er, ef saman gengur með forsprökkum fyrirtækisins og bæjarstjórninni.

Til Íslands fór á laugardaginn var herra Friðjón Friðriksson, agent, og með honum herra Bjarni Sigurðsson, fyrrum bóndi á Arnarstapa á Mýrum í Borgarfjarðarsýslu, eftir 9½ árs dvöl hér-landi. Hér á hann 6 börn uppkomin, 4 syni og 2 dætur. Heima á hann dóttur gifta og búsetta í Miklaholti á Mýrum. Óvíst, hvort hann staðnæmist heima eða kemur vestur aftur.

Fyrri hluti ársfundar Únitarasafnaðarins var haldinn síðastliðinn sunnudag eftir messu. Nefndir voru kosnar fyrir komandi ár og hlutu þessir kosningu:

Í safnaðarnefnd: —

J. B. Skaptason
Skapti B. Brynjólfsson
Hannes Pétursson
Th. S. Borgfjörð
Stefán Pétursson
Friðrik Sveinsson
G. J. Goodmundsson.

Í hjálparnefnd: —

Skapti B. Brynjólfsson
Hallur Magnússon
G. J. Goodmundsson
Mrs. Guðrún Skaptason
Mrs. Guðrún Borgfjörð
Mrs. Hólmfríður Pétursson.

Til að vísa í sæti og taka samskot: —

Sveinbjörn Stefánsson
Niels Gíslason.

Síðari hluti þessa fundar fer fram næstkomandi sunnudag eftir messu. Þá verða skýrslur yfir fjárhag og starf safnaðarins lesnar, og skýrslur félaga í sambandi við söfnuðinn; einnig lögð fram fjárhagsáætlun fyrir næsta ár. Eftir fundinn verður samsæti haldið í samkomusalnum undir kirkjunni.— Allir meðlimir safnaðarins eru beðnir að vera á fundinum og samsætinu.

BJARNASON & THORSTEINSON

Fasteignasalar

Kaupa og selja lönd, hús og lóðir víðsvegar um Vestur-Canada. Selja lífs og eldsábyrgðir.

LÁNA PENINGA
út á fasteingir
og innkalla skuldir.

Öllum tilskrifum svarað fljótt og áreiðanlega.

Wynyard - - Sask.

Bjarnason & Thorsteinson, landsölumenn og peningalánsmenn í Wynyard, Sask., auglýsa starf sitt í þessu blaði, og eru lesendur beðnir að lesa þá auglýsingu. — Sömuleiðis hafa þeir tekið að sér umboð fyrir Heimskringlu þar í bygð. Geta því vinir blaðsins snúið sér til þeirra.

Bréf frá herra Jónasi Jónssyni í Ft. Rouge og margt fleira verður rúmleysis vegna að bíða næsta blaðs.

Herra T. J. Gislason, póstmeistari að Brown P.O., Man., hefir góðfúslega tekið að sér að vera umboðsmaður fyrir Heimskringlu þar í bygð. Vinir blaðsins geta því sér til hægðarauka snúið sér til hans með borganir og áskriftir.

Næsti fundur Menningarfélagsins verður haldinn þann 18. þ.m.(laugardagskveld). Á þeim fundi flytur Dr. Sig. Júl. Jóhannesson, frá Leslie, Sask., erindi um blaðamensku.

Miðvikudagskveldið (og einnig föstudagskveldið) verða leiknir 2 sjónleikir í samkomusal Únitara, undir umsjón Ungmennafélags safnaðarins. Annar leikurinn er alvarlegs efnis, hinn gamanleikur. Nýtjöld, máluð af Fr. Sveinssyni. —

Vér viljum leiða athygli fólks að skemtisamkomu Goodtemplara, sem haldin verður í efri sal samkomuhúss þeirra í kveld (fimtudag, 2. febr.). Sjá prógram á öðrum stað í blaðinu. — Munið eftir, að samkoma þessi er stofnuð til að standast kostnað við lækningu fátæks fjölskyldumanns af ofdrykkju. Með því að sækja samkomuna gerið þér tvent í einu: styðjið gott og þarflegt málefni og gerið sjálfum ykkur eftirminnilega skemtun, því ekki skulum við láta ykkur geispa af leiðindum þá stund, sem þið dveljið hjá oss. — Komið á slaginu kl. 8, því ekki verður tíminn of langur til kl. 12.

Nefndin.

Piano kensla.

Hérmeð tilkynnist að ég undirskrifuð tek að mér, frá þessum tíma, að kenna að spila á Piano. Kenslustofa mín er að 727 Sherbrooke St. Kenslu skilmálar aðgengilegir. Talsími Garry 4110.

Sigrún M. Baldwinson

Stúdentafélagið heldur fund laugardagskveldið 4. febr. kl. 8.30. — Skemtiskráin verður undir umsjón stúlknanna. Vonað að meðlimir fjölmenni.

Öll börn í stúkunni Æskan eru ámint um að koma á næsta fund, og fá þar frla aðgöngumiða á samkomuna.

Mælsku-samkepni.

Íslenzka Stúdentafélagið ætlar að halda sína árlegu samkomu þann 13. febrúar í efri sal Goodtemplara hússins. Svo verður vandað til samkomunnar, sem föng eru á. — Prógram auglýst í næsta blaði.

Úr bréfi frá Geysir bygð, 26. jan. 1911: — 'Ekki hefir fregnriti Lögbergs hér nyrðra munað eftir að segja frá sveitarkosningumj sem fóru fram í deild 2, milli T.Björnssonar, sem áður var meðráðandi í þeirri deild, og Jóns Nordals, — hefir máske fundist hálf-óviðkunnanlegt, að geta um úrslitin, og það að Nordal náði kosningu með 24 atkvæðum umfram. Kosning þessi virðist þó benda á, að fólkið vill hafa mann í embætti, sem er einbeittur. Og þetta mipla fylgi fékk Nordal, þó hann ynni ekki með neinum óleyfilegum meðulum, enda mun fara bezt fyrir hverjum, sem ekki beitir neinu sem óleyfilegt er".

Úr bréfi frá Mikley, Man., 1. jan. 1911: — "Héðan fátt fréttnæmt. Hörð frost hér undanfarið og snjór með mesta móti. Góð líðan fólks hér yfirleitt. Fiskafli hefir verið hér í meðallagi, nema hvítfisks hefir varla orðið vart, og er almenningur hér kominn á bá skoðun, að sambandsstjórnin hafi litlar ástæður til að neita okkur um fiskiklak, þar sem ekki hefir orðið vart við hvítfisk á innvatninu um mörg liðin ár".

C. O. F.

Court Vinland, C.O.F., No. 1146, heldur vanalegan fund á þriðjudaginn 7. febrúar. Útbýtt verður 'Official Calendar' til meðlimanna.

G. Lárusson, ritari.

Stúkan Skuld heldur fund í Good Templarasalnum í kveld (fimtudag).

SAMKOMA, Kökuskurður og Dans.

verður haldin í efri sal Goodtemplara fimtudagskveldið 2. febrúar.

PROGRAM.

1. Ávarp forseta—A. P. Jóhannsson.
2. Sóló—Miss G. Vigfússon.
3. Recitation — Mrs. J. G. Jóhannsson.
4. Sóló—John Colvin.
5. Upplestur—E. Árnason.
6. Sóló—Alex. Johnson.
7. Óákveðið—S. Árnason.
8. Sóló—Miss G. Vigfússon.
9. Kökuskurður—Með frúnni (Mrs. Pálmason) B. L. Baldwinson; með ungfrúnni (Miss Vigfússon) S. B. Brynjólfsson.
10. Veitingar.
11. Dans til kl. 12.

TIL LEIGU

uppbúið herbergi, nægilega stórt fyrir tvo, að 628 Victor St. Hús'ð nýtt, öll þægindi.

Ég tek saumavinnu.

Ég undirrituð tilkynni hér með að ég geri alskyns kjólasaum og aðgerðir og breytingar á kjólum. Verk-stæði 729 Sherbrooke St. yfir Heimskringlu.

Guðríður Sigurdson.

Það hefir einhverjum viljað það óviljandi til, að láta á sig hálsklút dökkan með bláu fóðri þriðjudagskveldið 24. f.m., þá við vorum að búa okkur heim að afloknum spilafundi Conservative klúbbsins í Úni, tara samkomusalnum. Alt Íslendingar samankomnir þar. Skilið honum til skrifstofu Heimskringlu.

B. Sveinsson, 926 Ingersoll St.

GEFIÐ—GEFINS!

Sendið mér nafn yðar og áritun og ég skal senda yður gefins með pósti tvær þarflegar og verðmætar bækur, ásamt með fagurlituðu danska-íslenzku póstspjaldi. Sendið strax eftir þessu, það kostar yður ekkert. — Skrifið: J. S. LAKANDER, Maple Park, Ill., U.S.A.

"Takmarkið" —og— "Óþokkinn Patrekur"

tveir smáleikir, verða leiknir miðvikudagskveld 8. og föstudagskveld 10. þ.m., undir umsjón Unglingafélags Únitara, í Únitara samkomusalnum, á horninu á Sherbrooke og Sargent strætum.

Annar leikurinn er alvarlegs efnis, en hinn er skoplegur, og gefur það áhorfendunum bæði umhugsunar og hláturseíni.

Johnsons String Band spilar á undan og á milli þátta.

Ný tjöld, máluð af Fr. Sveinssyni, verða notuð.

Inngangur 35 og 25 cents.

Komið snemma.

Skemtisamkoma —og— VEITINGAR

undir umsjón barnastúkunnar Æskan, verður haldin í efri sal Goodtemplara fimtudaginn 9. febrúar kl. 8 að kveldi.

PROGRAM.

1. Ávarp forseta—Mrs. J. Jóhannsson, G.S.J.W.
2. Piano Solo.
3. Tableaux—'Two little girls in blue'; 'The minstrel boy'; Annie Laurie'; 'Old black Joe'; 'Last rose of summer'; 'Japanee girls'.
4. Recitation—Lára Johnson.
5. Vocal Solo—Inga Thorbergson.
6. Recitation—Hansína Hjaltalín.
7. Vocal Duet—Norma Thorbergson og Þóra Vigfússon.
8. Vocal Solo—Guðrún Vigfússon.
9. Chorus, 'Spidersong'—Nokkrar stúlkur.
10. Veitingar.

Aðgangur 25c, unglingar 15c.

KOMIÐ Í TÍMA.

CRESCENT VEIW.

heitir 200 lóða landsvæði í SWIFT CURRENT, Sask. Íbúar þar í bæ nú 2500 og óðum að fjölga. Svæðið er nýmælt út í byggingar lóðir, og er eina mílu frá aðal stræti bæjarins, á austurbakka Swift Current árinnar. Ágætlega sett og liggur hátt en hallar lítil lega að ánni. Járnbraut liggur meðfram þessu svæði og nú er verið að mæla tvö önnur brautarstæði meðfram landinu,3 brýr liggja yfir ána, fast við landið, 1 járnbrautar og tvær keyrslubrýr. Lóðirnar eru 30x100 fet, við 20 feta "lane" Hver lóð kostar $40.00 ef keyptar fyrir fyrsta aprtl n. k. Hornlóðir kosta $45.00 nokkuð er þegar selt af lóðunum og innan tveggja ára þrefaldast verð þeirra eða meira. Kaupskilmálar eru $10.00 niður borgun og $10.00 á hverjum 3 mánuðum, rentulaust til fsl. kaupenda og eigandi lóðanna borgar alla skatta af þeim fram til 1. janúar 1913.

Landsvæði þetta er áfast við prívat bústaða hluta bæjarins, þar seljast lóðir frá 200 til 300 dollara á vestur bakka árinnar.

SWIFT CURRENT er óðum að vaxa og verður stór bær innan skams. Lóðir þessar eru verðmætar og áreiðanlegt að þær fara í hátt verð. Þeir sem fyrst senda pantanir fá bezta úrval úr landspildunni.

Þetta tilboð er gert sérstaklega fyrir þá Íslendinga sem kunna að velja festa kaup í þessum lóðum meðan þær fást með lægsta verði og þeir verða látnir sæta betri skilmálum, en aðrir kaupendur, þeir sem kaupa fleiri en eina lóð fá afslátt af framangreindu verði.

Sendið pantanir sem fyrst á með fylgjandi beiðniformi til

Jóhann Gíslason
Moose Jaw, - Sask.

Herra JÓHANN GÍSLASON
Moose Jaw, Sask.

Hér innlagðir á..... fyrir..... lóðir sem ég bið yður að velja fyrir mig í CRESCENT VEIW"

NAFN.....

HEIMILI.....

Dags.....1911

TILBOÐ.

Við undirskrifaðir tökum að okkur alla grjótvinnu, sem við getum af hendi leyst eins fljótt og vel og nokkur getur gert. Við seljum grunn undir hús, hlöðum kjallara, steypum vatnskeröld og gangstéttir, gerum steinsteypu í fjós, o.fl.

Jacob Frimann
Hergr. Hallgrimson
Gardar, N. Dak.

Kennara vantar

fyrir Víðir skóla, No. 1460, fyrir 9 mánuði, frá 15. febr. til 30. júní og frá 1. sept. til 15. des. 1911, er hafi þriðja stigs próf. Umsækjandi tilgreini æfingu sem kennari og launa kröfu sína. Umsókn veitt móttaka til 28 .þ.m.

Jón Sigurðsson,
Vídir P.O. Sec.-Treas.

Kennara vantar

við Diana skólann, No.1355 (Manitoba), í 8 mánuði, frá 1. april til 1. desember. Gott kaup borgað (mánaðarlega, ef óskað er). Umsækjendur sendi tilboð fyrir 15. marz og nefni kennarastig og æfing í kenslu og kaup.

Magnus Tait, skrif.-féh.
Box 145, Antler P.O., Sask.
9-3-11.

Kennara vantar

fyrir Hólaskóla, No. 317. Óskast að kennari hafi 1. eða 2. flokks kennara leyfi. Kennari verður að hafa tekið 2. flokks 'Normal' próf. Kenslutími 7 mánuðir, byrlar 1. april 1911 og endar 1. nóvember sama árs. Tilboð sendist til undirritaðs fyrir 15. febrúar.

John J. Johnson,
Box 33, Tantallon, Sask.
9-2-11.

JÓNAS PÁLSSON
SÖNGFRÆÐINGUR
Útvegar vönduð og ódýr hljóðfæri.
460 Victor St. Sherb. 1179

Dr. G. J. Gíslason,
Physician and Surgeon
18 South 3rd Str., Grand Forks, N.Dak
Athygli veitt AUGNA, EYRNA og KVERKA SJÚKDÓMUM ASAMT INNVORTIS SJÚKDÓMUM og UPPSKURÐI —

TALSÍMI
S. F. OLAFSSONAR
619 Agnes St.
er nú
GARRY 578

Dr. J. A. Johnson
PHYSICIAN and SURGEON
HENSEL, N. D.

HANNES MARINO HANNESON
(Hubbard & Hanneson)
LÖGFRÆÐINGAR
10 Bank of Hamilton Bldg. WINNIPEG
P.O. Box 781 Phone Main 378 " " 3142

Gísli Goodman
TINSMIÐUR.
VERKSTŒÐI;
Cor. Toronto & Notre Dame.
Phone Garry 2988 :: Heimilis Garry 899

Giftingaleyfisbréf
SELUR
Kr. Ásg. Benediktsson
424 Corydon Ave. FortRouge

WINNIPEG ANDATRÚAR KIRKJAN
horni Lipton og Sargent.

Sunnudagasamkomur, kl. 7 að kveldi. Andartrúarspeki þá útskírð. Allir velkomnir.

Fimtudagasamkomur kl 8 að kveldi, huldar gátur ráðnar. Kl. 7,30 segul-lækningar.

Þegar þér þurfið að kaupa
Gott smjör
Ný egg
og annað matarkyns til heimilisins, þá farið til
YULES PRODUCE STORE
941 Notre Dame St.
Prices always reasonable

"KVISTIR"

kvæði eftir Sig. Júl. Jóhannesson, til sölu hjá öllum íslenzkum bóksölum vestanhafs

Verð: $1.00

Sherwin - Williams
PAINT
fyrir alskonar húsmálningu.

Prýðingar-tími nálgast nú. Dálftið af Sherwin-Williams húsmáli getur prýtt húsið yðar utan og innan. — Brúkið ekker annað mál en þetta. — S.-W. húsmálið málar mest, endist lengur, og er áferðarfegurra en nokkurt annað hús mál sem búið er til. — Komið inn og skoðið litarspjaldið. —

Cameron & Carscadden
QUALITY HARDWARE
Wynyard, - Sask.

Þarft þú ekki að fá þér ný föt?

EF ÞAU KOMA FRA CLEMENT'S, — ÞÁ VERÐA ÞAU RÉTT

Réttur að efni, réttur í sniði réttur í áferð og réttur í verði.

Vér höfum miklar byrgðir af fegurstu og beztu fataefnum. —

Geo. Clements & Son
Stofnað árið 1874
283 Smith St. Tal. MAIN 50

Th. JOHNSON
JEWELER
286 Main St. Sími M. 6606

Sveinbjörn Árnason
Fasteignasali.
Selur hús og lóðir, eldsábyrgðir, og lánar peninga. Skrifstofa: 310 McIntyre Blk.
office TALSÍMI 4700. hús Tal. Sherb. 2018

G. NARDONE
Verzlar með matvöru, aldini, smá-kökur, allskonar sætindi, mjólk og rjóma, sömul. tóbak og vindla. Óskar viðskifta Íslend. Heitt kaffi eða te á öllum tímum. Garry 87
714 MARYLAND ST.

Ágætasta brauð.
Það er eins þægilegt og miklu ánægjulegra sjálfum yður að mega nota
Boyd's
BRAUÐ.
af því að þau eru ómenguð holl og hrein eins og hægt er að gera nokkur brauð. Þér munið finna nautn í Boyd's brauðum. Hún liggur í bökununni.
BAKERY.
Cor. Spence St. & Portage Ave.
Phone Sherb. 680

J J BILDFELL
Union Bank 5th Floor, No. 520
selja hús og lóðir og annast þar að lútandi störf; útvegar peningalán o. fl.
Tel.: 2685

BONNAR, TRUEMAN & THORNBURN,
LÖGFRÆÐINGAR.
Suite 5-7 Nanton Blk. Tals. 766
Winnipeg, Man. P.O.BOX 223

DR. H. R. ROSS
C.P.R. meðala- og skurðlækuir.
Sjúkdómum kvenna og barna veitt sérstök umönnun.
WYNYARD, — SASK.

Anderson & Garland,
LÖGFRÆÐINGAR
35 Merchants Bank Building
PHONE: MAIN 1561.

GEO. ST. JOHN VAN HALLEN
MALAFŒRZLUMAÐUR
GERIR ÖLL LÖGFRÆÐIS STÖRF ÚTVEGAR PENINGALAN,
Bæjar og landeignir keyptar og seldar, með vildarkjörum,
Skiftiskil $3.00
Kaupsamningar $3.00
Sanngjörn ómakslaun. Reynið mig.
Skrifstofa: 418 McIntyre Bldg.
Talsími Main 5142
Heimils talsími Main 2357
WINNIPEG

W. R. FOWLER A. PIERCY.

Royal Optical Co.
307 Portage Ave. Talsími 7286.
Allar nútíðar aðferðir eru notaðar við augn-skoðun hjá þeim, þar með hin nýja aðferð, Skugga-skoðun, sem gjörsyðir öllum ágiskunum. —

Talsími Heimskringlu
Garry 4110

Heimskringla.

Heimilis talsími ritstjórans:
Garry 2414

XXV. ÁR | WINNIPEG, MANITOBA, FIMTUDAGINN, 9. FEBRÚAR 1911 | NR. 19.

Fregnsafn.

Markverðustu viðburðir hvaðanæfa.

— Aukakosningin í Russel kjördæminu fór sem við var að búast, að F. Y. Newton, Conservative þingmannsefnið, var kosið með miklum meirihluta. Verða því stjórnarliðar jafnmargir á þessu þingi og síðasta.

— Cronje, hinn frægi hershöfðingi Búanna, andaðist á sunnudaginn var, að Klerksdorp í Transvaal.

— Sex manns létu lífið í járnbrautarslysi á G.T.P. brautinni nálægt Paris, Ont., sl. sunnudag, og fjórir meiddust til muna.

— McCurdy, Canada-maður, flaug yfir Florida sundið yfir til Cuba á föstudaginn var, og þótti vel að verið.

— Jarðskjálftarnir á Filipseyjum halda áfram og valda stórtjóni með degi hverjum. Eldfjallið Mount Taal hefir gosið hvað eftir annað, og hefir bráðin hraunleðjan fallið í straumum niður eftir fjallshlíðunum ofan á sléttlendið og gjöreyðilagt alt sem fyrir varð. — Einnig hefir sjórinn flóð inn yfir landið hér og þar og ollað stórtjóni. — það eru ekki einungis eignir, sem eyðilagst hafa, heldur hefir fjöldi manna mist lífið. Í fyrsta jarðskjálfta kipnum fórust 400 manns, 300 hundruð í þeim næsta og á föstudaginn var fórust 600 manns. Fólkið hefir flúið undvörpum heimili sín og hræðslan hefir gagntekið alla. Bandaríkin og fleiri þjóðir hafa sent skip fólkinu til hjálpar, bæði með matarforða, lækna og hjúkrunarkonur, og reynt á þann hátt að linna neyðinni og bæta úr brýnustu þörfum.

— Japanskt gufuskip, Bando Maru, fórst nýverið í Kyrrahafinu með allri skipshöfninni, 77 manns.

— Voðastormur geysaði við Spánar-strendur á fimtudaginn er var, og fórust þar fjöldi fiskibáta, og stórtjón varð á eignum manna. Tuttugu og fimm lík rak á land samdægurs. Sama daginn varð járnbrautarslys nálægt Valenica og létu 35 manns þar lífið.

— Eldfjallið Vesúvius lætur ófriðlega, og er búist við gosi á hverri stundu. Neapel búar standa á öndinni af ótta, því fjallið er órskamt frá borginni.

— Þrjátíu og þrír menn mistu lífið við dynamit sprengingu í föstudag, í námunda við borgina New Jersey í Bandaríkjunum.

— Eitt hið merkasta morðmál, sem komið hefir fyrir nú í langan tíma, stendur nú yfir í St. Pétursborg á Rússlandi, og er talið að það muni vekja enn meiri eftirtekt en Steinheil morðmálið fræga í París fyrir rúmu ári síðan. Við morðmál þetta eru menn og konur af göfugustu ættum riðin. Dr. Pantchenko, einn af kunnari læknum borgarinnar og Patrick De Lacy greifi, eru ásakaðir um að hafa myrt barún Vasilli Boturlin. Einnig er kona De Lacy, sem jafnframt var systir barúnsins og frilla læknisins, grunuð um hluttöku í glæpnum. Ástæðan fyrir morðinu er talin sú, að hinn myrti stóð til að erfa föður sinn, stórríkan, en ef hann skyldi falla frá, gekk allur auðurinn til systur hans, konu De Lacy. Dr. Pantchenko játaði fyrir réttinum, að hann væri valdur að dauða barúnsins,— hefði byrlað honum dyptheríugerla, sem drógu hann til dauða.— Jafnframt játaði hann, að hafa oftlega hjálpað höfðingjakonum um svipað eitur, þegar þær vildu losna við menn sína og njóta friðla sinna, eða þegar þeim var auðs von við fráfall einhvers skyldmennis, að stytta því þá stundir með eitri. — Þessi játning hefir vakið feykilega eftirtekt, og er óséð enn, hve margir geta dregist inn í þetta mál. Hvað De Lacy greifa viðvíkur, þá telur hann sig al-saklausan, og hið sama segir kona hans, þó hún hins vegar hafi orðið að játa sig frillu læknisins.— Rússakeisari kvað veita gangi málsins hina mestu eftirtekt, og er talið, að hann geri það meðfram til þess, að stoppa rannsóknina, ef of nánir vinir hans skyldu þurfa að bendlast við málið — um of —, sem hæglega gæti orðið, ef öll kurl kæmu til grafar.

— Edward F. Mylius, enskur blaðamaður, var sl. fimtudag dæmdur í árs fangelsi fyrir að hafa útbreitt blaðið Liberator með óhróðurssögu um Georg konung. — Í blaðinu var sagt, að konungurinn hefði, þegar hann var ungur liðsforingi og ekki erfðaprins, kvongast dóttur landsstjórans á eyjunni Malta — núverandi Seymour aðmiráll — og átt með henni barn. En þegar eldri bróðirinn dó, hafi hann kvongast heitnúverandi drotningu, án þess að skilja við konu sína og barnsmóðir, — sem enn er á lífi. Útgefandinn að þessu blaði heitir Edward H. James, og er blaðið gefið út í París, — en vegna þess, að lögunum varð ekki komið yfir útgefandann, varð Mylius, sem er enskur þegn og hafði útbreitt blaðið á Englandi, dómfeldur fyrir að móðga konunginn. — Við réttarhaldið mætti Seymour aðmiráll og dóttir hans, sem átti að hafa verið gift konunginum, og neituðu bæði harðlega áburði blaðsins. — Dóttirin, sem nú er Mrs. Napier, játaði reyndar að hafa séð og kynst konuninum í æsku, en þau hefðu alls ekki sést það ár, sem hér var um að ræða, og ekkert hefði verið þeirra í millum. Mylius hélmtaði við réttarhaldið, að konuninum væri stefnt sem vitni, en því var neitað. Átta merkustu lögfræðingar Englands sóttu málið á móti honum, þó Munr, sá sem sótti málið á hendur Dr. Crippen forðum, væri orðflytjandinn. Mylius varði sig aleinn — lögmannslau — og þótti takast vel gegn öllum þeim lærða hóp, er á móti var, en árs fangelsi fékk hann samt sem áður. — Eftir að dómurinn hafði verið uppkveðinn, las dómsforsetinn upp bréf frá konungi, þar sem hann tók það fram, að hann hefði aldrei kvongst neinni annari konu en Mariu drotningu sinni.

— Sléttueldar ollu 100,000 dollars tjóni um síðustu helgi í Oklahoma. Það voru mest oliusvæði, sem brunnu.

— Síðustu skýrslur, Saskatchewan stjórnar sýna, að það fylki hefir á sl. hausti uppskorið 145,071,663 bushels korntegunda, þar af 72,666,399 bu. hveitis, sem nam 15½ bu., af ekru að jafnaði. Skýrslan ber einnig með sér, að Saskatchewan fylki sé nú annað mesta kornræktarfylki í Norður-Ameríku, — að eins Minnesota er á undan því, með rúmlega 94 miljónir bu. hveitis. — Hófrum var sáð í 2,080,607 ekrur, sem gáfu af sér 63¾ miljónir bushela, eða 30½ bu. af ekru. Byggi var sáð í 238,394 ekrur, sem gaf nálega 6 miljónir bu., 24½ bu. af ekru. Hör var sáð í 396,230 ekrur, er gaf rúmar 3 miljónir bu., eða 7¾ bu. af ekru að jafnaði.

— Mr. William Whyte, varaforseti C.P.R. félagsins, hefir nýlega sagt við blaðamann hér í borg, að Swift Current (þar sem landi vor Jóhann Gíslason býður löndum vorum að kaupa byggingarlóðir með sem næst gjafverði) verði miðstöð starfsemi C.P.R. félagsins á komandi sumri. Þaðan ætlar félagið að leggja járnbrautir suðaustur og norðvestur um landið.— 45 mílur auðaustur, er tengist við Weyburn brautina, og 35 mílur norðvestur til að tengja Outlook og Edmonton brautina við Swift Current. Mr. Whyte segir, að Swift Current sé í aðsigi að verða stór og áhrifamikill bær.

— Edward Grimmel, alræmdur glæpamaður, var nýverið náðaður af White ríkisstjóra New York ríkis, fyrir þá sök, að Grimmel var talinn læknaður af glæpasýki sinni. Frá blautu barnsbeini hafði Grimmel glæpaveginn gengið og virtist vera forhertur og óbetranlegur, — þar til læknir nokkur, sem skoðaði hann, taldi glæpasýki hans orsök þess, að hann hefði dottið á höfuðið í æsku, og heilinn mundi hafa raskast og hauskúpan dalast. Var þá Dr. De Witt G. Wilcox, frá Boston háskólanum, fenginn til að skera Grimmel upp, og hafði uppskurðurinn þann árangur, að hann varð gersamlega sem annar maður, og eftir að hafa dvalið tæpt ár í fangelsi eftir uppskurðinn, voru allir sammála um, að hann hefði enga glæpa-tilhneiging framar, og var hann þá náðaður.

— Ekkja Ole Bull, fiðluleikarans fræga, er nýdáin, um sjötugt, suður í Wisconsin í Bandaríkjunum.

— Alment er áltið, að til ófriðar muni draga milli ey-lýðveldanna Hayti og St. Domingo, út af landamerkjaþrætu. Hafa hvorutveggja lýðveldin dregið her saman nærri landamærunum, og er búist við atlögu þá og þegar, ef Bandaríkjunum tekst ekki að skakka leikinn og jafna miskliðina á friðsamlegan hátt.

— Herman Schmitt er nýdáinn í San Francisco. Hann var frægur fyrir gildleika sinn og þyngd, því hann vóg 475 pund. Banameinn hans var hjartabilun.

— Sjötíu og fimm auppreistarmenn féllu í smáorustu í Mexico á föstudaginn var, en að eins tíu stjórnarliðar létu lífið, og unnu þeir þar sigur.

— Lýðveldið Ecuador hefir neitað að vísa landamerkjaþrætunni milli sín og Perú til friðargerðadómsins í Haag, eins og Bandaríkja og Argentina stjórnirnar höfðu ráðið til. Peru hafði fallist á það ráð, en úr því Ecuador ekki vildi gera slíkt hið sama eru miklar líkur til, að til ófriðar dragi milli ríkjanna, ef Bandaríkin geta ekki miðlað málum á einhvern hátt.

— Auðmenn í Bandaríkjunum og á Englandi hafa lofað Portúgalsmönnum að lána þeim fé til að koma herskipastól ríkisins í gott lag; og einnig hafa enskir og amerikskir skipasmiðir lofað að smíða og lagfæra herskip eftir þörfum ríkisins. Hvgst flotastjórinn með þessu að geta komið upp góðum flota.

— Sorglegur atburður gerðist norður í óbygðum — 75 mílur norður af Gowganda, Ont. — nýverið. Maður einn, Wilson að nafni, nýkvongaður, hafði farið þangað norður á veiðar og konan hafði fylgt honum. Þau reistu sér þar kofa, og bjuggu um sig eftir föngum. En þegar því var lokið, fór Wilson burt úr kofanum í þeim erindagjörðum, að koma veiðigildrum sínum fyrir, og hugðist að vera tvo daga að heiman frá kofanum. En að tveim dögum liðnum var hann ókominn. Konan lagði þá af stað áleiðis til bygða, til að fá menn til að leita hans, en komst ekki nema rúmar tvær mílur á tveim dögum fyrir ófærð. Hún sneri því aftur til kofans kalin á fótum og höndum og gat kveikt eld við illan leik. Nokkrum dögum síðar bar mann einn að kofanum, og fann hann þá konuna mjög illa til reika. Var eldsneyti að mestu uppgengið og matarbyrgðir þrotnar, en konan veik af vosbúð og hræðslu, því auk kuldans og matarskortsins hafði hún verið í lífshættu fyrir úlfum. En bezta sönnunin fyrir því, hvað hún hefir orðið að líða, er, að hár hennar, sem áður var hrafnsvart, var silfurhvítt, þegar hún fanst í kofanum. Að manni hennar hefir verið leitað af fjölda fólks, en árangurslaust, og er talið, að hann hafi orðið úlfunum að bráð.

— R. Hill Myers, dómari í undirrétti Manitoba fylkis, hefir tekið við aldurdómarastöðunni í þeim rétti, sem losnaði við burtför Walkers dómara. Jafnframt tekur Myers sæti í lögreglustjórn Winnipeg borgar, eins og elzta dómara undirréttarins er heimilað.

— Victoria Spánardrotning hefir vfirgefið Spán og haldið til Englands, og liggur efi á, að hún muni snúa aftur, nema neydd verði. Samfarir þeirra Alfons konungs eru hinar verstu og hafa alt af verið svo, þrátt fyrir að ástir hafi verið álitnar þeirra í millum. — Drotningunni hefir þótt konungurinn ekki við eina fjöl feldur í ástamálum og laus á kostum. En Alfons hefir þótt drotningin of alvörugefin og síðavönd. Nú upp á síðkastið hefir ósamlyndið milli konungshjónanna farið dagvaxandi — því konungurinn hefir, þrátt fyrir mótspyrnu og ráð ráðgjafa sinna, farið til Parísar hvað eftir annað og lifað bar í sukki og svalli með leikmeyjum. Dansmærin fagra, Gaby Deslys, sem áður var fylgikona Manúels, hins landræka Portúgals konungs og sem var aðal orsökin í því, að hann mistí völdin, er nú sú, sem nýtur ásta Alfons, og með henni er hann öllum stundum. En þetta var meira en Victoria drotning gat þolað, og lagði því af stað heim til átthaga sinna, og þar mun hún vilja dvelja framvegis. En það sama vildi hún fyrir ári síðan, en þá neyddi Játvarður konungur, móðurbróðir hennar, hana til að snúa aftur til manns síns og barna. En hvernig Georg konungi ferst við hana, er óvíst enn. Alfons og Victoria hafa eignast þrjú börn, tvo syni og eina dóttur, sem Beatrice heitir, og sem er á fyrsta aldursári, og er hún nú í fylgd með móður sinni — Victoria var fyrir 4 árum talin með fegurstu prinsessum Evrópu, en nú er hún niðurbeygt skar.

Miðsvetrar samsætið í Leslie.

Svo sem auglýst hafði verið, var haldið miðsvetrarsamsæti í Leslie, Sask., 20. jan. sl. Var þar samankominn mikill fjöldi fólks, þó að sögn ekki eins margt sem í fyrra vetur. Fyrir ótíð, sem lengi hafði haldist, munu færri hafa komið en annars hefði orðið. Og fyrir sömu ástæðu voru allar járnbrautalestir langt á eftir áætlun, sömuleiðis lestin, sem rennur frá Yorkton til Lannigan, og sem Elfros, Mozart, Wynyard og Candahar-búar þurftu að fara með til samsætisins. Lestin kom til Leslie um kl. 3 um nóttina, og voru þá 30—40 með henni frá Wynyard og Candahar, því flestir frá Elfros og Mozart sneru aftur, er lestin kom svo seint. Áður um daginn var búið að skrifa vestur til þessara bæja, að biðja fólk að koma, og var lofast til að hafa til mat, þó ekki yrði hægt að fresta skemtiskránni svo lengi.

Þegar austur kom, var oss tekið tveim höndum og aðgöngumiðar voru strax á boðstólum fyrir hálfvirði (50 cents). Þó urðu nokkrir að borga $1.00. Hvort þeir hafa litið út fyrir að þurfa meira að borða en aðrir, eða álitið hefir verið, að þeir mundu brúka gólfið svo miklu meira en alment gerist, veit ég ekki, en tvöfalt urðu þeir að borga. Fyrir þessa miða átti hver að fá kveldmat og skemta sér við dans alt til morguns. Þóttust nú margir góðir af, að hafa haldið áfram, því auðvitað fóru margir mest til þess, að fá að borða íslenzkan mat, sem allir vita að ekki er ætið á boðstólum, en alt nóg af dönsum, svo ekki þurftu menn að leggja mikið á sig til að fara á dans.

Þá ætla ég að minnast á veitingarnar með nokkrum orðum. — Þegar við höfðum verið nokkra stund í salnum, var farið að bera dansfólkinu kaffi og brauð, og fengu þá allmargir að vestan kaffi, þó þeim væri fyllilega gefið í skyn, að þeir mundu ekki þurfa þess þar eð þeir fengju að borða strax er kaffidrykkjunni væri lokið. Borð eitt mikið stóð út við vegg í norðausturhorni salsins. Var þar á allskonar matur eða matarleifar, og var þar hver diskurinn ofan á öðrum, óhrein pollapör, hnífar og gafflar, skeiðar og því um líkt, hvað innanum annað. En á bekk, sem var meðfram borði þessu, raðaði dansfólkið sér, og þarna áttu nú vestanmenn að næra sig eftir ferðalagið. Eftir talsverðar ryskingar fengu einir 8—10 sæti við borðið, og urðu flestir að brúka óhreinu diskana og hnífapörin, sem þar voru fyrir. Þeir, er eigi komust að borðinu, urðu að láta sér nægja, að seilast inn á milli þeirra sem við borðið sátu, og ná sér þannig í bita og bita, — og reyndu nú allir að nærast eftir því sem föng voru á. Ekki létu menn heldur á sig fá, þó að molnaði út úr tönnum þeirra eða þeir fengju tannpínustingi af að tyggja hið afarsterka og þykka laufabrauð, sem þar var á borðum. Mun mörg um hafa hugnast vel að því, sérstaklega þeim, er vanir voru laufabrauði heima á Fróni. Hangikjöt, svið, kæfa og margt fleira var þar á borðum, hvert öðru betra og hönduglegar matreitt.

Nokkrir þeir, er óframfærnastir voru, komust alls ekki að, og urðu því að vera fyrir utan hina heilögu kveldmáltíð. Lögðust þeir flestir til svefns, mjög ánægðir yfir ferðalaginu og sváfu til morguns, og hefir þá eflaust dreymt margt fallegt um næsta þorrablót. Um morguninn vöknuðu þeir með betri matarlyst, en þeir höfðu haft um langan tíma, og fengu sér því morgunverð á veitingahúsi bæjarins eins fljótt og þess var kostur. Eftir morgunverð hugðust margir að láta "guðaveigar lífga sálaryl"; tókst mörgum það og furðanlega, og voru sumir orðnir full-glaðværir, er járnbrautarlestin kom að austan kl. 12.30, þó engin yrðu slys af önnur en þau, að nokkrar flöskur brotnuðu og dýrmæti þeirra rann niður og fór til spillis, og var það eigendum mikið sorgarefni. Héldu nú flestir heim, glaðir í anda, og með þeirri ósk, að þeir þyrftu ekki oftar að fara slíka fýluför til miðsvetrarsamsætis Leslie búa.

Að endingu vildi ég óska þess, ef samskonar samsæti verður haldið þar næsta vetur, að forstöðumenn þess reyni meira til að gera gesti sína ánægða, en raun varð á í þetta skifti.

Oddur.

ÞORRABLÓT.

Nú fer að líða nálægt viðburðinum þeim, í tilbreytingalitilli sögu þessa vetrar.

Alt hefir líka verið búið undir eftir föngum. Skáldin eru að yrkja minnin, sum þegar búin, og ræðumenn þegar feagnir. Í þetta sinn verða þeir allir úr hópi upprennandi ungra námsmanna, sem hver eru öðrum efnilegri og vænta má að bæði kunni lag á að skemta og fræða.

Hljóðfæraslátturr er ávalt stóratriði við slík samkvæmi. Fyrir honum hefir verið hugsað og heill hópur manna ráðinn til að leika á ýmiskonar hljóðfæri, svo ekkert verður tilsparað, hvorki í því né öðru.

Höllin — Odd Fellows musterið á Kennedy stræti, rétt fyrir norðan Portage Ave. — hin prýðilegasta. Fjórir salir; tveir niðri, annar borðsalur, hinn samræðusalur, með hljóðfæri, — og danssalur og skemtistofa uppi. Húsið nýtt og ljómandi fallegt.

Íslendingar viljum vér allir vera, og fjölmenna daginn þann!

Aðgönguskírteini fást hjá H. S. Bardal, bóksala, og öllum meðlimum klúbbsins. Verð sama og í fyrra: $1.50 fyrir manninn.

Helgi magri.

I.O.G.T.

Þann 3. febr. fór fram innsetning embættismanna st. Skuldar fyrir ársfj. frá 1. febr. þessir voru settir í embættin af umboðsm. Ásb. Eggertssyni: —

F.Æ.T.—O. S. Thorgeirsson.
Æ.T.—Ásm. P. Jóhannsson.
V.T.—Guðrún Johnson.
Fm.—Gunnl. Jóhannsson.
Gjaldk.—Marteinn Swainson.
Ritari—Sigurður Oddleifsson.
Dróttseti—Margrét Hallson.
A. R.—Magnús Johnson.
A.Dr.—Jónína Johnson.
G.U.T.—Mrs. G. Jóhannsson.
I.V.—Swain Swainson.
Ú.V.—Jóhannes Johnson.

Umboðsmaður st. fyrir næsta ár Ó. S. Thorgeirsson.

Organisti—Sigríður Friðriksson.

Útgefendur blaðsins "Stjarnan": Carolina Dalman og R. Th. Newland.

Meðlimatala st. í byrjun ársfj. 217. Ætlun að verða um næstu ársfj.mót um 300.

Fundarboð

Vér undirritaðir leyfum oss hérmeð að skora á söfnuði þá er úr hafa gengið Kirkjufélaginu, og aðra, er kunna að vera þeim sammála að kjósa erindreka, einn eða fleiri eftir því sem þeim sýnist, til að koma saman á fund í Tjaldbúðarkirkju, 16. febrúar næstkomanda kl. 2 e.h. til að ræða sameiginleg velferðarmál.

F. J. Bergmann
Loftur Jörundson
Sigurður Sigurðson
Elís Thorvaldson
Sigfús Bergmann

OGILVIE'S
Royal Household Flour
Til Brauð og Köku Gerðar
Gefur Ævinlega Fullnæging
EINA MYLLAN Í WINNIPEG,—LÁTIÐ HEIMAÐNAÐ SITJA FYRIR VIÐSKIFTUM YÐAR.

BJARNASON & THORSTEINSON
Fasteignasalar
Kaupa og selja lönd, hús og lóðir víðsvegar um Vestur-Canada. Selja lífs og eldsábyrgðir.
LÁNA PENINGA
út á fasteingir og innkalla skuldir.
Öllum tilskrifum svarað fljótt og greiðanlega.
Wynyard - - Sask.

WALL PLASTER
"EMPIRE" VIÐARTAGA VEGGLÍM.
"EMPIRE" CEMENT WALL VEGGLÍM
"EMPIRE" FINISH VEGGLÍM.
"GOLD DUST" VEGGLÍM
"SACKETT" PLASTER BOARD.
SKRIFIÐ OSS OG FÁIÐ VORA ÁÆTLUNAR BÓK.
Manitoba Gypsum Co., Limited.
WINNIPEG, - MANITOBA.

Áríðandi tilkynning

frá Akuryrkjumáladeild Manitoba-stjórnar.

Hér með eru allir hlutaðeigandi fylkisbúar aðvaraðir um það, að framvegis verður þess stranglega krafist, að allar fæðingar, giftingar og dauðsföll sé innritað hjá sveita- og bæja-skrifurum, eftir því sem lög skipa fyrir. Skjalasafn hvers lands þessu viðvíkjandi er meira áríðandi og nauðsynlegra fyrir framtiðina en flestir gera sér í hugarlund, og ætti því að vera svo rétt og fullkomið, sem frekast má verða.

"Vital Statistics"-deild stjórnarinnar hefir nú afráðið að krefjast afdráttarlaust fylstu löghlýðni í þessu efni, og jafníramt að löglelða enn strangari reglur en nú eiga sér stað.

Vér leyfum oss því að birta hér nokkrar áríðandi bendingar viðvíkjandi skrásetning fæðinga, giftinga og dauðsfalla. Ættu hlutaðeigendur alment að setja þetta vel á minnið og fylgja lögunum nákvæmlega við hvert tækifæri, því ella mega þeir búast við málssókn og sektum.

SKRÁSETNING FÆDINGA

skal í hverju tilfelli gerð innan 30 daga frá því barnið fæðist, og eru þessir skyldir að skrásetja, eftir þeirri röð, sem hér segir: Faðir eða móðir, eða einhver annar aðstandandi barnsins, eða læknirinn sem var við fæðinguna, eða hjúkrunarkonan, eða ef enginn þessara, þá hver annar heimilisfaðir, er við var staddur. Allar fæðingar skulu skrásettar hjá skrifara þeirrar borgar, kauptúns eða sveitarfélags (Municipality), þar sem barnið er fætt, og hefir hver slíkur skrifari ætlið á reiðum höndum prentuð eyðublöð til slíkra afnota. Hver, sem vanrækir eða óhlýðnast framanskráðum ákvæðum, skal sektast $5.00 til $25.00, auk málskostnaðar.

SKRÁSETNING GIFTINGA.

skal einnig gerð innan 30 daga frá giftingardegi. Hverju giftinga leyfisbréfi fylgir prentað eyðublað (Schedule F). Er það skylda hlutaðeigandi prests, að fylla rækilega inn þetta eyðublað í hvert skifti, og senda síðan til hlutaðeigandi bæjar- eða sveitar-skrifara. En sjálft leyfisbréfið sendist tafarlaust til akuryrkjumála-deildar stjórnarinnar, í Winnipeg. Eru öll slík skjöl geymd þar í eldvörðum hefbergjum, og geta hlutaðeigendur átt þar aðgang að þeim, hvenær sem þörf krefur. Öll slík skjöl má senda án burðargjalds í umslögum, er stjórnin leggur til, og sem fylgja hverju leyfisbréfi. Giftingar með lýsingum í kirkju og án leyfisbréfs, skulu einnig skrásettar hjá bæja- eða sveita-skrifurum innan 30 daga.

Stjórnardeildin hefir grun á, að sumir prestar hafi vanrækt skyldur sínar í þessu efni, og munu verða hafðar nákvæmar gætur á öllu slíku héreftir. Hver slík vanrækslá varðar frá $5.00 til $25.00 sektum, auk málskostnaðar.

Stjórnardeildin sendir ókeypis hverjum presti, er þess óskar, sérprentun af lögunum þessu viðvíkjandi.

SKRÁSETNING DAUDSFALLA.

Hvert einasta dauðsfall skal skrásett áður en greftrun fer fram og ætti í hverju tilfelli að vera gerð tafarlaust eftir andlát, þar sem sliku verður viðkomið.

Þessir skulu skrásetja dausföll:

1. Húsfaðir eða húsmóðir, þar sem dauðsfallið átti sér stað.
2. (Hafi húsfaðir eða húsmóðir dáið, þá) hver annar heimilismaður, sem kunnugt er um dauðsfallið.
3. Ef dauðsfall kemur fyrir annarstaðar en á einhverju heimili, svo sem t. d. úti á víðavangi, þá er það skylda hvers þess, er veit af sliku, eða verður þess var, að tilkynna það bæjar- eða sveitar-skrifara tafarlaust, og gefa svo nákvæmar upplýsingar er hann frekast veit.
4. Hver líkskoðari (Coroner) skal skyldur að skrásetja öll dauðsföll, sem embættislega koma honum við, áður en greftrun fer fram, fyrst hjá bæjar- eða sveitar-skrifara, eða, verði því eigi viðkomið, þá hjá presti þeim, er jarðar hinn dána. Allar slíkar skrásetningar skulu vera svo nákvæmar, sem frekast er unt.

Brot gegn þessum ákvæðum varða frá $5.00 til $25.00 sektum, auk málskostnaðar.

ÁRÍÐANDI VIDVÖRUN.

Prestar, læknar eða sveita-skrifarar mega alls eigi veita móttöku, sem fullgildandi, dauðsfalls-skrásetning, nema að fyrirmælum laganna sé stranglega fylgt. Og það er með öllu óleyfilegt, að gefa heimild til greftrunar, ef dauðsfallið hefir eigi verið áður löglega skrásett.

Bæja- eða sveita-skrifarar skulu eigi skrásetja dauðsföll, er átt hafa sér stað utan þeirra eigin umdæmis.

TIL LÆKNA.

Hver sá læknir, er síðast stundaði hinn dána, skal innan 30 daga frá því dauðsfallið átti sér stað, gefa hlutaðeigandi bæjar- eða sveitar-skrifara nákvæmar upplýsingar um, hvaða sjúkdómur varð hinum látna að bana. En þótt læknum sé leyft, að láta þetta dragast í 30 daga, eins og lögin eru nú, þá er vonast til þess, að þeir sendi allar slíkar skýrslur tafarlaust í hverju tilfelli.

UMSJÓNARMENN KIRKJUGARÐA.

Öllum slíkum umsjónarmönnum er gersamlega fyrirboðið, að leyfa greftrun, án þess að hafa áður fengið lögmætt skírteini fyrir því, að slíkt dauðsfall hafi verið skrásett. Hafi hinn látni dáið úr smittnæmum sjúkdóm, skal líkið eigi grafið fyr en að 24 klukkustundum liðnum frá andláti, nema samkvæmt skriflegri skipun frá:

1. Heilbrigðisumsjónarmanni viðkomandi bæjar- eða sveitarfélags.
2. Viðkomandi presti og einum sveitarráðsmanni í sameiningu.
3. Tveimur sveitarráðsmönnum í sameiningu.
4. Tveimur friðdómendum í sameiningu.

Hver umsjónarmaður kirkjugarða, sem vanrækir framanskráð fyrirmæli, skal sektaður um $50.00 í hvert sinn, auk málskostnaðar.

Akuryrkjumáladeild stjórnarinnar er þakklát fyrir allar upplýsingar um vanrækslu eða brot gegn lögum þessum (Vital Statistics Act) í heild sinni eða í sérstökum atriðum. Þessi lög eru send kostnaðarlaust hverjum sem um þau biður.

Fréttabréf.

Herra ritstjóri Heimskringlu.

Kæri vin. — Vilt þú gera svo vel, að ljá eftirfylgjandi línum rúm í þínu heiðraða blaði.

Eg byrja svo á, að óska þér og blaðinu góðs gengis og hamingju á þessu nýbyrjaða ári.

Það er ekki oft, að fréttir sjást í íslenzku blöðunum hér vestan hafs úr þessari bygð, og furðar mig stórlega á því, þar eð ég hygg að hér séu eins vel ritfærir menn og hvar annarstaðar í öðrum bygð um, sem oft koma fram á ritvöllinn. Og finst mér, að við samþykkjum það þýsna vel með þögninni, sem vinur vor B. L. Baldwinson sagði í grein sinni "Ég kom og sá", er hann ferðaðist hér um íslenzku bygðirnar í fyrra, og gaf okkur gömlu bændunum þann ágæta vitnisburð, að það grúfði yfir okkur sami þreytu og deyfðarblærinn eins og bænum Churchbridge, sem B.L.B. gat ekki séð að í neinu hefði aukist í þau 18 ár, sem liðin voru síðan hann kom hér áður. — Ég get ekki betur munað, en að þá væru í Churchbridge 5 eða 6 hús. Nú eru þar um 40 hús, og af þeim eru 5 eða 6 verzlunarhúðir. — Jæja, við erum nú lifandi — það er okkur nóg. Og jafnan er mér stór mikil ánægja, að lesa íslenzku fréttirnar úr hinum bygðarlögunum, því það er í fylsta máta fróðlegt, að kynnast umheiminum gegn um ísl. blöðin, og sérstaklega að frétta að gömlu kunningjunum af ættlandinu líður vel; því í öllum þeim fréttagreinum hefi ég kannast við einhvern af gamla landinu, sem ég ber hlýjan hug til, og gleður mig að frétta af velliðan þeirra. Ég vildi frétta það sem oftast.

Úr þessari bygð er nú fremur fátt að frétta. Líðan fremur góð yfirleitt. Sumum líður ágætlega. Heilsufar var gott næstliðið ár; enginn dáið, það ég man, nema Arngrímur Kristjánsson, og var getið um lát hans í blöðunum í sumar. — Árið sem leið var fremur hagsældarár, að öllu samanlögðu, í þessari bygð, þegar allar búsafurðir eru teknar til greina. Veturinn eftir nýár hreint ágætur, lítil frost og snjór að eins svo, að það var sleðafæri. Vorið gott, þó helzt til þurt fram í júní. Eftir það skiftist á fram í júlí, ýmist rigningar og hiti, svo akrar litu vel út. En annan ágúst kom hagl sem skemdi á stöku stöðum hér. En seinni hluta júlí og í ágúst var ágæt tíð og gekk því heyskapur hér greiðlega, svo að víðast urðu heyföng bæði góð og mikil. Hveitisláttur byrjaði seinast í ágúst og hélst fram undir miðjan september. Í kring um 6. september gerði hér ofsarok, svo að allar korntegundir, sem þá voru óslegnar, lögðust flatar og var það talsverður skaði, því fyrst barðist úr stráinu svo varla var mögulegt að slá það; svo gerði hér tvær frostnætur, sem einnig skemdu talsvert, þó ég hafi ekki frétt að Íslendingar hafi orðið fyrir því. Að öðru leyti var september með bezta móti, — ekki mjög stormasamur og heldur enginn snjór, sem oft hefir komið hér áður.

Þresking úr stúkum byrjaði hér 17. sept., og settu þá fram þreskivélar sínar þeir S. Loptsson kaupmaður í Churchbridge og Sigurður E. Bjarnason aðra, og Óskar Ólson og Guðbrandur S. Breiðfjörð hina, og munu þeir fyrnefndu hafa haft þreskivinnu nær 8 vikur. Þeir síðarnefndu voru hjá þeim, er þetta ritar, um mánaðamótin nóvember og desember, þá komið bæði frost og snjór mikill, svo ekki varð hægt að ljúka við þresking hjá þeim 5 íslenzkum bændum, er þá var ópreskt hjá hér í bygð, og er slíkt skaði mikill og leiðinlegt að sjá korn sitt í fönnum, þegar aðrir eru að flytja sitt til markaðar og fá peninga fyrir, og geta um leið skift þeim fyrir hvaða vöru sem er. — Ég veit ekki betur, en að í verzlununum í Churchbridge megi fá allar vörur, sem bændur þarfnast. Fyrir hveiti var borgað allra fyrst frá 70 til 83 cents No.2, og fyrir hafra 25c bu. Uppskera varð: af hveiti frá 11—30 bú. af ekru, og af höfrum frá 30—60 bu. Svo má segja, að meðal hveitiuppskeran hafi orðið um 20 bu. af ekru, og hafrar um 40—50 bu. til jafnaðar, og er þetta talin fremur góð uppskera hér, því margir höfðu gamla akra. En verið getur, að einstöku hafi fengið svo lítið meira, eða þá minna. — Haustið ágætt, og heyskap lokið eftir hveitisláttinn, og má ég fullyrða, að heyskapur varð í betra lagi, og ágætur hjá sumum, og víst flestir búnir að hlaða því upp fyrstu dagana af október. Fáir landar urðu fyrir þeirri hepni, að fá þreskt úr stúkum. Þreskivélaskorturinn er hér bagalegur, og ekki nema um tvent að gera: hætta að sá eða fjölga vélum. Hér ætti allri þreskingu að vera lokið fyrir miðjan nóvember. Að berjast með hnúum og hnefum við að þreskja í frosti og snjó, er ómetanlegur skaði fyrir báða hlutaðeigendur, ekkert verk í því og mikil brot og skemdir á þreskivélum, — auk þess sem þreskingin verður bæði miklu kostnaðarsamari þeim er þreskir, og miklu ver gerð, og þess vegna einnig kostnaðarsamari þeim, sem þreskt er fyrir, því að í flestum til fellum hækkar þreskingargjaldið, þegar við þessa óröðugleika er að stríða. Það fer að vandast málið, þegar ekki er um annað að velja en annaðtveggja að fá þresking sína gerða síðast allra manna eða að fá alls ekki þreskt.

Tekið skal það fram, að ég álasa löndum okkar ekkert fyrir það, þó þeir skari eld að sinni köku, eins og við allir mundum gera. Loptson og Bjarnason höfðu eins mikið og 6—10 daga vinnu fyrir einstaka bændur, allan tímann í 12 mílna fjarlægð, svo að við, með ekki eins dags vinnu, gátum ekki búist við, að þeir fleygðu frá sér þeim stóru til þess að hjálpa þeim litlu. Með þá Ólson og Breiðfjörð var nokkuð óðruvísi. Þeir unnu fyrst fyrir marga Íslendinga, og svo enska í kring um bá, svo að verksvið þeirra varð heldur stórt til þess, að þeir fengju fullnægt öllum innan takmarka þess. En þeir gerðu alt, sem þeim var unt, til þess að bjóna sem flestum. Þá kom annar sterkari og tók í taumana og sagði: "Hingað og ekki lengra". Um þetta leyti pöntuðu sér gasólin vél þeir synir Sigurðar Jónssonar (þeir höfðu ekki fengið þreskt). Hvernig þeir haga ferðum sínum næsta haust, er alt undir hjálpsemi þeirra komið.

Eitt með framförum hér má telja að 3 bændur hafa bygt sér í sumar mjög myndarleg hús með vatnsþró og miðstöðvarhitun. Það eru þeir Björn Thorbergsson, Konráð Eyjólísson og Kristján Kristjánsson. Báðir þeir fyrtöldu hafa þó orðið fyrir miklum tilkostnaði af veikindum, sem lagst hafa á heimili þeirra, því læknishjálp er hér afar-dýrkeypt. Margir eru búnir að byggja sér góð hús og sumra þeirra verið að einhverju getið.

Gripamarkaður var hér ágætur næstliðið ár, frá 2½—4c. Mest af gripum mun hafa farið fyrir 3—3½ cents pundið á fæti. Þeir, sem seldu milli 80 og 20 gripi, fóru heim með laglegan skilding í vasanum.

Jóhannes Einarsson, að Lögberg P.O., mun hafa keypt mest alt hér um pláss, og fyrir mitt leyti álít ég hann góðan og samvizkusaman kaupanda. Hygg ég að leitun verði á þeim gripakaupmönnum, sem borga hærra verð fyrir gripi en þeir hafa lofað, þó gripirnir hækkuðu litið eitt í verði. En það hefir Jóhannes gert. — Yfir höfuð hafa miklir peningar komið inn í þessa bygð fyrir gripi.

Ein ágæt tekjugrein okkar bænda er frá smjörgerðarhúsinu í Churchbridge. Það starfaði í rúma 5 mán uði og bjó til mörg þúsund pund af smjöri, — ég man ekki hve mörg, en ég hygg það verði síðar auglýst í blöðunum. Til dæmis má nefna, að einn bóndinn fékk nálega eitt hundrað dollars eftir mánuðina í sumar, og var það dágóð inntekt ofan á aðrar tekjugreinar af búi hans, sem voru talsverðar.

Yfir höfuð eru margir hér efnalega vel stæðir, þó nokkrir, sem ég kalla ríka, eftir íslenzkum mælikvarða, og jafnvel frekar. — B.L.B. sagði í áðurnefndri grein, að einn bóndi hér hefði sagt sér, að hann vildi ekki skifta við bændur í Saskatchewan bygðinni vestra. En ég hygg hér vera 3 eða 4 slíka, sem ekki vildu skifta að óséðu, og jafnvel fleiri, — því 3—4 bændur hér eiga 4 góð búlönd og mikið af lifandi peningi, nautum og hestum, og enda sumir talsverða peninga, bæði á bönkum og í útlánum, og það svo, að þeir gætu keypt og borgað fyrir eitt land í viðbót, ef þeir kærðu sig um það. — Enginn má taka þetta svo, að ég sé að ég sé að hlaða ofhóli á þessa menn, síður en svo; ég segi aðeins satt og rétt, eins og ég bezt veit, og reiðubúinn að sanna það hvenær sem er. Mér finst það réttlátt — eftir mínum tilfinningum — að þá einusinni á því 24. ára tímabili, sem við eltu bændurnir höfum búið hér, sem við teljum fram, þá verðum við ekki vísvitandi uppvisir að tiundarsvikum. Þó mun það frekar verða ofan á en hitt. Ég hefi oft lesið í íslenzkum fréttagreinum úr hinum ýmsu bygðarlögum um framfarir og uppgang bændanna, sem mér þykir alt af gaman og fróðlegt að frétta um.— Og læt ég svo úttalað um okkar líkamlegu framfarir.

Svo að endingu ætla ég að minnast svo lítið á andlegu framfarirnar. Og mér til stór-hrygðar verð ég að játa, að við erum mikið aftar í framtalinu þar. Jarðvegur hjartna vorra er stórum mun harðari en hveitiræktar jarðvegurinn.— skal tekið fram, að betri sáðmann hugsa ég ekki hægt að fá, því að hann á að verðleikum mikið lof og þakklæti skilið. Það er ekki honum að kenna, þótt sumt af útsæðinu falli í grýtta jörð og skrælni upp, sumt utan hjá veginum og verði fótum troðið, og sumt kafni af áhyggjum og sorgum. En nokkuð fellur einnig í góða jörð og ber hundraðfaldan ávöxt, — og ég vona til drottins, að það reynist meiri hlutinn.

Séra Hjörtur Leó er í einu orðt ágætur prestur, og það hygg ég vafasamt, hvort nokkur hér vestra tekur honum fram í prédikunarstóli. — Safnaðar-félagslíf okkar er að minu áliti í all-góðu lagi, þegar litið er til þess, að hver gerir það af eigin hvötum, sem látið er af mörkum í þarfir safnaðarins. — Það eru tveir sófnuðir í þessum bygðum, þingvalla og Lögbergs, og vinna saman með sama prest í broddi fylkingar, og ekki hægt að segja annað, en að hann viðhaldi öllu saman í einingu andans og bandi friðarins.

Bandalagsfélög eru í báðum þessum bygðum, undir forstöðu prestsins, og gengur eftir vonum með góðum árangri, þegar litið er til erfiðleikanna, sérstaklega snjóa og frosta, sem banna öll ferðalög, einkanlega fyrir börn og unglinga. Guðsþjónustur eru haldnar hér annanhvern sunnudag, þegar því verður við komið.

Fáein orð um minnisvarða Jóns Sigurðssonar: Ég er með minnisvarða, sem væri landi og þjóð til sóma, en ekki með neinum stórkostlegum íburði. Sýnist betra, að verja heldur afganginum annaðtveggja í frímerki, eins og biskup Íslands tók fram og færði rök til; eða þá eins og vinur minn Magnús Hinriksson benti á, til minningarsjóðs, sem gæti komið einhverjum nauðlíðandi til hjálpar. M.H. er skynsamur maður og ráðgóður. Hans hugmynd er góð.

Mér dettur í hug að spyrja: Væri það á móti minningarsjóðshugmyndinni, að verja afganginum í ekknasjóð? Einkanlega ef hann er enginn til áður. Hvort það yrði mikið eða lítið, að vöxtum sjóðsins, eða jafnvel hluta af sjálfum sjóðnum, yrði varið til hjálpar fátækum ekkjum, sem mistu menn sína í sjóinn frá mörgum börnum, og sem stæðu uppi einmana og ráðþrota, — nema að því levti, sem guð vekur upp góða menn til hjálpar þeim. Mig rekur einatt minni til ársins 1882, eina hörmungarnótt á Akranesi, litlu eftir nýárið, þegar milli 10 og 20 konur urðu ekkjur, og sumar bágstaddar. Eftir mínum tilfinningum gæti afganginum ekki orðið betur varið, og enginn sjóður á Íslandi, frá mannúðarinnar sjónarmiði, barfari. Og í tilbót mundi sá sjóður verða styrktur austan hafs og vestan.

Mér datt í hug, þegar ég las í Heimskringlu hið ágæta kvæði "Eiríksjökull" eftir góðskáldið, sem nefnir sig "þorskabítur", — einnig sá ég í vísu til þess sama þessi orð: "kveddu Borgfirðingur" — hvort ekki muni þetta sami maður, sem orti hið fagra brúðkaupskvæði til Björn Jónssonar og Ólafíu Stefánsdóttur í Kalmannstungu, um haustið 1881. Væri svo, þá gerði hann vel í að skrifa mér, og gefa mér áritan sína og líðan.

Að endingu óska ég öllum lesendum Heimskringlu gleðilegs og hagsæls þessa nýbyrjaða árs.

Churchbridge, 27. jan. 1911.

Björn Jónsson.

Jan Kubelik.

I.

Hefir nú kvéldið í Hulduhvamm styst,
Hlaupið er fjörið í blossa,
Neistaflug sveiflast, úr sólboga hrist,
Samkveiktra, brennandi kossa.
Heitt er nú elskað og ærlega kyst
Upp við fossa.

Óminn ég heyri af dúandi dans,
— Dagur er liðinn að jólum —
Ofurlágt hvíslandi ástalíjal manns,
Ysinn í dansmeyja kjólum,
Blíðmál um leikshlé og bergmæli ranns,
Brak í stólum.

Öllu er snúið í hefjandi hljóm
Hljóðföllum raddaðan þremur,
Heyri ég englanna rísandi róm,
Rjáfur við himins 'ann nemur.
Vor minnar æsku með eilífðarblóm
Aftur kemur.

Heyri ég svanina svífa mér hjá
Suður til heitari landa.
Ymjandi lauftré og ýlandi strá.
Aveðurs drúpandi standa.
Heyri ég tyldur og tök út í blá
Tómra handa.

Hvellandi björllur á ótraustum ís
Út heyri' ég sjálfar sig bringja,
Vatnið um sprunguna spýtist og gýs,
Sporðrísa jakar og klingja.
Smáfuglar ljúfir með ljóðanna dís
Líksöng sýngja.

Berast að eyra mér fsköld og lág
Andvörp frá hjöðnuðu lunga,—
Lamaður fugl er að líða í dá,
Ljóðar hin deyjandi tunga,
Lætur hann eftir sig ljúflinga—þrjá
Litla unga.

Þjótandi stormviðri strokin er grund,
Steypiregn dynur á þaki,
Hrekkur alt lifandi hrætt upp af blund
Hvíslandi guðsbæna kvaki.
Blíðstrandi skipshöfn um bólgulegt sund
Berst á flaki.

Samblandast hlátrar og sæfarbrims kast,—
Siglinga menn eru gladdir.
Kallið er utan af hafinu hast
Hinna sem illa' eru staddir.—
Legga til eyra míns, laust bæði og fast,
Lífsins raddir.

II.

Óstyrk finn ég tauga,
Um auga
Eg vökna,
Óma lög og þagna,
Eg fagna
Og klökna,
Vilja öfl, sem herða
Ei verða
að neinu,
Veitt er, finst mér, þrekið
og tekið
Í einu.

Blóðið um mig fossar
Sem kossar
Mér kveiki
Kaldan eld, mig treysti
Hver neisti
Og veiki.

Dagsljós er mér hulið
Og dulið
Húm geimsins,
Dottandi ég vaki
Að baki
Alls heimsins.

Milli yls og kælu
Af sælu
Mig svimar
Svellur gýgjuhljóðið
Og flóðið
Þess brimar.
Ómi það til stranda
Og anda
Minn hrifi!
Allur er eg þráin —
Og dáinn
Á lífi.

III.

Þú getur, meistari, þúsundir hæft,
Þú getur ljónið og tígerinn svæft,
Höggorminn laðað og hamið,
Borg af rústum reist,
Rögg úr dróma leyst,
Söngvum stálið stælt,
Storma niður bælt,
Tryldustu þjóðirnar tamið.

Eyra þíns næmi
Ótalræmi
Söngsins sundurgreinir.
Sál þín beinir
Skeytum að þeim, sem skemma
Skáldanna merkustu verk,—
Tónfölsum stigu þau stemma.

Víður er þinu verka hringur!
Fögur er þín fyrirhyggja!
Fínar liggja
Silkitaugar um fiðurfingur.

Mannsandi, hver má þitt kynjadjúp kanna?
Krýp ég skjálfandi af lotning!
Sál þín er sálnanna drottning,
Kubelik, meistari meistaranna.

Guttormur J. Guttormsson

"LESIÐ ÞETTA HRAÐSKEYTI OG KAUPIÐ SVO

BUICK OIL

Hluti strax"

31. X. V. 45
M. 2. Chicago Ill. Feb. 6.—1911
til K. K. Albert
708 McArthur Bldg. Winnipeg

Talskeyti frá Buick Midway brunninum No. 1. niður 3280 fet fór gegn um 35 feta sandlag. Utlitið ágætt, engin olía enþá en gasþrýstingur öflugur. Vona að komast í olíuna á hverri stundu. Verð hlutanna frá þessum degi 75 cents.

BUICK OIL CO.
11.46 a.m.

D. D. BUICK,
er fann upp og stofnaði hina miklu Buick bifreið, og er forseti Buick olíu félagsins.

"D. D. BUICK."

Brunnur vor er nú orðinn meira en þrjú þúsund fet á dýpt, og af ofangreindu hraðskeyti getið þér séð, hve herra Rittersbacker, sem tekið hefir að sér brunnborunina og aðal hjálparmaður hans álíta að djúpt þurfi að bora til þess Buick Midway brunnurinn No. 1 verði olíu. Það gleður mig að gefa þessa tilkynningu og að færa bæði hluthöfum og væntanlegum hluthöfum hinar nýustu fréttir; og ef það hefði ekki verið fyrir óröðugleika, sem við urðum fyrir í desember mánuði, er það mín sannfæring, að þessi brunnur hefði nú verið í fullum starfsemis blóma, og fullnægt kröfum og vonum sérhvers hluthafa. Ég vil jafnframt geta þess, að ég legg mig allan fram, bæði í viðleitni og peningatillögum til þess að fá brunninn starfsræksn sem allra fyrst, og þegar það verður, sem ekki mun langt að bíða, er það mín hugmynd, að hann verði ekki einungis alt það, sem ég bjóst við, heldur stórmiklu meira auðsuppspretta, og að svæðið í kring um Buick Midway fari í geypiverð.

Ég hefi áður sagt bæði hluthöfum og almenningi, hvaða álit ég hefi um framtíð Buick olíu félagsins, og þar sem við nú erum í þann veginn að verða framleiðarar, og þetta félag verður í fyrstu röð olíu framleiðara, leyfi ég mér að skýra litlu nánar hugmyndir og fyrirætlanir minar, hvað framtíð félagsins áhrærir á komandi tíð.

Ef þú ert hluthafi, vil ég að þú takir stóra kortið, sem við sendum þér, og sem sýnir hvern stað og eign í Kern County vellinum. Ég vil að þú styðjir einum fingri á Buick Midway fjörutíu, — og á meðan þú gerir svo, að þú teljir framleiðslubrunnana, sem umkringja þessa eign. Ennfremur vil ég að þú athugir nákvæmlega, hvernig að pípurnar liggja meðfram Buick eignunum, og þá hlýtur þú að sjá, hversu Buick Midway brunnurinn No. 1 er fyrirtaks vel settur.

Aðgætið Premier Midway, sem er einn lengstærsti og framleiðslumesti olíubrunnur í Ameriku. Þessi brunnur er örskamt frá No. 1 brunninum. Aðgættu sömuleiðis May brunninn og Crandal og California Midway No. 1 brunnana og LaBelle, St. Lawrence og Santa Fe, jafnframt Olig Crude og Eagle brunnana, og fjölda annara í hinu stóra Midway landssvæði.

Ég vil láta ykkur vita algerlega hið sama um þetta olíusvæði, og sjá það eins og ég hefi séð það, og því bið ég ykkur að taka vel eftir og hafa hugfast, að aðeins lítill hluti svæðisins er eign Buick Olíu félagsins, en hitt er eign ýmsra annara félaga. Undir eins og Buick Midway brunnurinn No. 1 verður starfrækur, hefi ég í hyggju að taka alla þá, sem unnið hafa að því verki, og láta þá hina sömu taka að vinna Buick Midway brunninn No. 2, og byrja á því verki sem allra fyrst.

Ég bið ykkur enn á ný að aðgæta kortið og skoða hina fjörutíu ekra spildu, sem Buick félagið hefir í Maricopa Sunset héraðinu, og sem liggur í þríhyrning að Buick Midway fjörutíu. Eg vil að þið aðgætið brunnana, sem á því svæði eru, og þá munið þið sjá, hversu nærri þeir eru hinum stórfræga olíuhver "Lakeview", sem mánuð eftir mánuð gaf 60,000 tunnur af olíu daglega, og sem enn þá stendur í blóma. Einnig vil ég að þið aðgætið Sage brunninn No. 10 og Sage No. 11, sömuleiðis La Blank brunninn og Essex brunninn, sem að eins eru 50 fet frá landsspildu vorri. Ennfremur Lady Washington brunninn, sem er áfast við spildu vora, og Wellman og Monte Christo brunnana, sem eru örskamt í burtu, — og fjöldi annara auðugra olíubrunna í námunda við okkur. Og ég vil jafnframt láta ykkur hafa það hugfast, meðan þið eruð að aðgæta kortið, að við í nánustu framtíð ætlum að byrja að vinna á þessu olínauðga svæði. En jafnframt verð ég að láta ykkur vita, að það tekur peninga að vinna það, og einnig tíma að koma því í arðberandi starfsemi, og það er af þessari ástæðu, að við höfum ráðist í, að selja nokkra af hlutum vorum, bæði til að gefa almeningi tækifæri til að græða, og gera sem flesta þess aðnjótandi seljum við hlutina á 50 cents hvern.

Ennþá einusinni verð ég að biðja ykkur að lita á kortið, og aðgæta nú hina stærstu landspildu, sem Buick félagið hefir umráð yfir, og sem er 560 ekra svæðið í "Sunset Security Field". Eg bið ykkur að aðgæta það svæði nákvæmlega, svo að þið fáið svipaðar hugmynd ir um framtíð þess og ég sjálfur, umsjónarmaður vor og sérfræðingar, sem svæðið hafa kannað. Eg vil einnig láta ykkur vita, að við höfum okkar No. 1 Buick Sunset Security brunn í fullkominni starfsemi á þessu svæði, og vinna að öðrum fleiri mun bráðla byrja. Við höfum sjö brunnborunarvélar á þessu svæði, og brunnur eftir brunn verður grafinn, eins fljótt og peningar og kringumstæður leyfa.

Ef þú ert ekki hluthafi í félagi vorn, og þú átt heldur ekki eitt af kortum vorum, sem sýnir hvern og einn merkisstað og blett í Kern County olíuvöllum, — óska ég eftir að þú skrifir okkur sem allra fyrst, og munum við um hæl senda þér alla þá bæklinga og fróðleik, sem fjallar um félag vort, og jafnframt svara öllum þeim spurningum, sem þig vantar að fræðast um.

Við munum meðal annars senda þér gríðarmikla bók, sem kölluð er "The Land Where Oil is King", og sem mun fræða þig nákvæmlega um alt það, sem félagi voru viðkemur, — sýnir ársskýrslur þess, starfsemi þess, fjárhag og álit mitt og fjölda annara á landssvæði voru og framtíð þess. — Eg vildi óska, að þið vilduð kynnast bók þessari, sem allra bezt,— hún er stór og merkileg, og þörf fyrir margra hluta sakir. Hún fræðir ykkur allra bóka betur um jarðfræði olíusvæðisins, og hún sýnir ykkur einnig, hvað embættismenn ríkisins, og stjórnin yfir höfuð, hefir að segja um héraðið og olíu þess, — California olíuna. — Mér er einnig ant um, að þið fáið að vita, af hvaða ástæðu það var, að ég varð hrifinn af olíusvæði þessu, — af hvaða ástæðu ég býð ykkur nú þessi vildarkjör. Eg vil einnig, að þið fáið sem ljósasta hugmynd um framtíð félagsins, — og alt þetta getið þið séð í bókinni, sem ég nefndi áðan. — Eg vil ekki, að þið kaupið hlutabréf í þessu félagi voru vegna þess, að ég segi ykkur að gera það, — ég vil, að þið látið ykkar eigin dómgreind ráða.— Ég er uppgötvari og stofnandi Buick bifreiðanna, og alt mitt líf hefi ég varið hæfileikum minum og starfsemi í þarfir viðskiftalífsins, og alt af hefir stefna mín verið sú, að heiðarleg viðskiti í smáu sem stóru væru grundvöllur undir framtíð hvers eins. —Ég hefi aldrei fallist á neina tillögu fyrir þó sök, að mér hefir verið sagt að gera svo, og ég vil því ekki láta neina gerast hluthafa í Buick félaginu á þann hátt, —'en ég vil fá menn til að skrifa eftir löggiltum sönnunum og fróðleik þeim, sem félagið hefir að bjóða, og að lesa það og trúa því, sem þar stendur, — því þar er engu orði hallað frá því, sem rétt er. Og þá, þegar þú hefir kynst öllum málavöxtum til fullnustu, þá muntu af sjálfsdáðum trúa á vöxt, viðgang og framtíð félagsins, og sannfærast um, að betur getur þú ekki varið þínum peningum en í hlutabréf þess. Ég ræð ykkur til að kaupa eins marga hluti og þið sjáið ykkur fært.

Ég vil láta ykkur vita, að á meðan ég er forseti þessa félags munuð þið mega vera þess fullviss, að viðskiti þess skulu vera í reglu og ráðvandlega af hendi leyst Jafnframt vil ég geta þess, að þó við seljum hlutina nú á 75 cents, munum við hækka þá í verði fljótlega, eða stuttu eftir að Buick Midway No. 1 brunnurinn tekur til starfa upp í $1.00 eða meira, svo bezt væri að nota tækifærið sem allra fyrst.

Eins og ég gat um áður, urðum við fyrir óröðugleikum í desembermánuði, hvað verkið snerti, — en það voru óröðugleikar, sem stöfuðu af olíumagni, — þrýstingurinn að neðan var svo mikill, að strókarnir af forarlöðju spýttust upp úr brunnunum, sem verið var að viana við, og var 2820 feta djúpur, og eyðilagði á þann hátt mikið af umbúnaðinum, svo hætta varð verkinu um nokkra daga. Einnig urðum við svo óheppnir, að katlar okkar eyðilögðust gersamlega, og urðum við að hætta allri vinnu þangað til nýir katlar voru fengnir. Nú er þó alt komið í röð og reglu og gengur ágætlega. Við höfum nú grafið meir en 3,000 fet niður, og simskeytið, sem hér er birt að ofan, sýnir, hversu við erum nærri olíunni.

Þess ber að geta, að við auglýsum sömu auglýsinguna í flestöllum blöðum Canada og Bandaríkjanna, og til þess að geta það höfum við orðið að láta hana frá oss fara viku eða hálfum mánuði áður en hún kemur ykkur fyrir sjónir. Þegar þið þess vegna lesið þessa auglýsingu, eru líkurnar miklar, að olíunni hafi þegar verið náð. Þess vegna er það ráðlegging mín, til hvers og eins, sem þetta les, að hann skrifi okkur undir eins, því ekki mun síðar vænna. Það er betra að borga 75 cents meðan það býðst, en helmingi meira, sem bráðla verður. Klippið því áskriftarseðilinn úr þessu blaði, og fyllið hann út eins og ykkur þóknast best og sendið okkur hann um hæl með fyrstu niðurborgun.

Ég vil vekja athygli ykkar á því, að við tökum hluti og geymum, eins og hér er getið að neðan, ef þið hafið ekki peningana til reiðu, en viljið gerast hluthafar. Þið getið því símað okkur og beðið okkur að ætla ykkur vissa hluta-upphæð, og við gerum það undireins. En þess skal þó getið, að félagið áskilur sér rétt til, að neita umsóknum, ef við gerum það 24 klukkustundum eftir að hafa tekið á móti umsókninni á skrifstofu vorri.

Ráð mitt er því það, að þú eða þið kaupið sem fyrst hluti í Buick Oil, og jafnframt, að keyptir séu eins margir og föng eru á, meðan 75 centa verðið.

Þess mun engan iðra.

D. D. BUICK, Pres.

Verðið á hlutunum er 75 cent. Akvæðisverð $1.00

AFBORGUNAR TABLA.

50	hlutir	á 75c.	— $	37.50	Greiðist $	750	strax	og $	1000	mánaðarl.	í 3	mánuði.	
100	"	á 75	—	75.00	"	15 00	"	"	20.00	"	í 3	"	
200	"	á 75	—	150.00	"	30.00	"	"	40.00	"	í 3	"	
300	"	á 75	—	225.00	"	50 00	"	"	58.33	"	í 3	"	
400	"	á 75	—	300.00	"	75 00	"	"	75 00	"	í 3	"	
500	"	á 75	—	375.00	"	100.00	"	"	91.66	"	í 3	"	
1000	"	á 75	—	750.00	"	250.00	"	"	166.67	"	í 3	"	
2000	"	á 75	—	1500.00	"	500.00	"	"	333.33	"	í 3	"	
3000	"	á 75	—	2250 00	"	750 00	"	"	500 00	"	í 3	"	
4000	"	á 75	—	3000.00	"	1000.00	"	"	666 67	"	í 3	"	
5000	"	á 75	—	3750.00	"	1250.00	"	"	833.33	"	í 3	"	
10000	"	á 75	—	7500.00	"	2500,00	"	"	1666.67	"	í 3	"	

Gleymið samt ekki að við áskiljum okkar rétt að hafna umsóknum um kaup, og endursenda greiðslu ef ekki líða meir en 24 klukkustundir frá því að umsóknin barst strifstofu vorri. Sendið nú strax eftir bæklingum vorum og þeir munu skemta ykkur og fræða frekar flestu öðru, því í þeim er fróðleikur sem heldur manni hugföngn. Ef þú ert í efa símaðu eftir og biddu að taka frá hluti handa þér og senda bæklinga og upplýsingar um hæl.

Af útihönd borguðum áskriftum er 5 per cent afsláttur gefinn.

IMFORMATION COUPON.

BUICK OIL CO.,
K. K. ALBERT, 708 McArthur Building.
Winnipeg, Man.

Herrar mínir: Verið svo vænir að senda hina miklu bók yðar. "The Land where Oil is King," sem lýsir Buick Olíu landsvæðinu, og jafnframt myndir, og stjórnar skýrslur og aðrar sannanir og upplýsingar viðvíkjandi hinu stærsta olíusvæði heimsins, Kern County, California. Eg lofa ekki að kaupa hlut en lesa bókina og aðrar upplýsingar mun ég með athygli.

NAFN .....

ÁRITUN .....

PÓSTHÚS ..... FYLKI .....

"HEIMSKRINGLA"

BÍÐIÐ EKKI DEGINUM LENGUR!

Símið eftir geymslu hluta
Snúið ykkur til

BUICK OIL CO.

420 Marquette building., Chicago.

eða umboðsmansins fyrir Canada.

K. K. ALBERT, 708 McArthur Building.
WINNIPEG, - MAN.

SUBSCRIPTION TO STOCK.

BUICK OIL CO.,
K. K. ALBERT, 708 McArthur Building,
Winnipeg, Man.

Herrar mínir:

Ég bið hér með um.....hluti á eins dollars ákvæðisverði í höfuðstól Buick Oil Co., á 75c hvern hlut, og lofa að greiða þá að fullu í 4 jöfnum, mánaðar afborgunum. Hlutabréfin afhendist mér þá þeir eru borgaðir að fullu. Hér innlagðir $.....fyrsta afborgun.

NAFN .....

ÁRITUN .....

PÓSTHÚS ..... FYLKI .....

"HEIMSKRINGLA"

Heimskringla

Published every Thursday by The Heimskringla News & Publishing Co. Ltd

Verð blaðsins í Canada og Bandar. $2.00 um árið (fyrir fram borgað). Sent til Íslands $2.50 (fyrir fram borgað af kaupendum blaðsins hérlendis $2.)

B. L. BALDWINSON
Editor & Manager

Office:
729 Sherbrooke Street, Winnipeg
BOX 3083. Talsími Garry 4110.

Jón Sigurðsson.

Niðurlag.

Ég gat þess áðan, að skoðanir Jóns í þessu máli hefðu þótt nýstárlegar. Þær þóttu það á Íslandi. Í Danmörku þóttu þær hrein asta fjarstæða, en þó var ekki að sinni gerð nein tilraun til að hrekja þær með vísindalegum rökum, enda voru fæstir því máli vaxnir. Sex árum síðar, þegar hitinn var mestur í stjórnarbaráttunni, var einn af skörpustu og lærðustu lögfræðingum Dana, Larsen háskólakennari, fenginn til að mótmæla skoðunum Jóns, en það tókst ekki betur en svo, að Jón rak allar mótbárurnar ofan í hann aftur lið fyrir lið með yfirgnæfandi rökum. Annars var það almenn skoðun meðal Dana og hefir verið til skams tíma, að Ísland væri löngu innlimað í Danmörku eins og hvert annað hérað í ríkinu og ætti því ekki heimting á neinum sérréttindum. Á þessum grundvelli var samið frumvarp og lagt fyrir þjóðfundinn 1851 af stjórnarinnar hálfu. Voru íslenzk mál þar að mestu leyti lögð undir stjórnina og ríkisþing Dana í sameiningu. Konungsfulltrúi lýsti því yfir þegar í byrjun fundarins, að ekki mætti raska neitt við frumvarpinu, því breytingar mundu eigi verða teknar til greina. Samt sem áður réðst nefnd sú, sem fjallaði um málið, í að hafna gersamlega stjórnarfrumvarpinu og semja nýtt frumvarp bygt á þeim grundvallar skoðunum, sem Jón hafði haldið fram. Þegar konungsfulltrúi sá, hvað verða vildi, bannaði hann fundinum að taka frumvarp nefndarinnar til umræðu og ávítti fundarmenn harðlega fyrir óhlýðni og dirfsku, og sagði síðan fundi slitið. Þá stóð Jón Sigurðsson upp og kvaðst mótmæla þessari aðferð í nafni konungs og þjóðarinnar og áskilja þinginu rétt til að klaga til konungs yfirlögleysu þeirri, sem hér væri höfð í frammi. Risu þá fundarmenn upp og sögðu því nær í einu hljóði: "Vér mótmælum allir". Þannig endaði þessi nafnkunni þjóðfundur, þar sem konungsfulltrúinn með flokk af dönskum hermönnum við hlið sér vildi kúga Íslendinga með valdboði til að samþykkja lög þvert ofan í sín fornu landsréttindi. Þetta minnir ósjálfrátt á þingið 1541, þegar Hvítfeldur kúgaði Íslendinga til að taka við Kirkjuskipuninni, og þá eigi síður á þingið í Kópavogi, sælla minningar, þar sem Íslendingar voru hálft í hverju knúðir og hálft í hverju tældir til að afsala sér landsréttindunum. Í báði þessi skifti voru fulltrúar þjóðarinnar of istöðulausir og of sundurþykkir til að hefja alvarleg mótmæli gegn valdboðinu. En á þjóðfundinum 1851 voru Íslendingar í fyrsta skifti um langan aldur einhuga og samtaka, og á þessum samtökum strandaði valdboðið. Sundrungin, þessi ólánsfylgja þjóðarinnar, var loks kveðin niður, og það var Jón Sigurðsson, sem það þrekvirki vann.

Það kom berlega í ljós á þjóðfundinum 1851 og í baráttu þeirri, sem nú fór í hönd, að samtökin voru einasta lífsakkeri og bjargarvon þjóðarinnar, og um leið hitt, að sú von lætur sér aldrei til skammar verða, sem bygð er á sterkum samtökum. Á þeim 25 árum, sem stjórnmáladeilan stóð yfir, fylkti öll þjóðin sér utan um Jón Sigurðsson, sem sinn kjörinn leiðtoga, og hans einbeitti vilji og óbilandi þrek ruddi brautina og sigraði smám saman mótspyrnu stjórnarinnar, þótt óvænlega áhorfðist í fyrstu. Eins og vænta mátti var ekki nærri því komandi lengi vel, að stjórnin sveigði hið minsta til. Úr því að landsmenn vildu ekki þiggja hennar kostaboð, þá þóttist hún ekki geta látið þá fá neina stjórnarbót og dró málið á langinn, þótt landsmenn óskuðu þess á hverju þingi hér eftir, að einhver skipun yrði gerð um stjórnarástand landsins. En það var revndar tilgangur stjórnarinnar með drættinum, að láta Íslendinga þreyta sig á þófinu og sjá svo til, svort þeir færu ekki að mýkjast og sættu sig við stjórnartilboðið í aðalatriðunum. Hitt þótti henni heldur ekki örvænt, að takast mætti að sundra þeim, þegar mesti ofsinn væri um garð genginn. En stjórninni brugðust algerlega þessar vonir. Landsmenn stóðu á móti eins og þéttur múrveggur og þokuðu hvergi, en hitt er annað mál, að Jón Sigurðsson varð að hafa sig allan við til að gæta þess, að ekki riðlaðist fylkingin. Og á endanum komu sigurlaunin, þótt seint væri. Það fór smátt og smátt að draga úr mótspyrnu stjórnarinnar, og árið 1867 lagði hún frumvarp fyrir þingið, sem í mörgum mikilvægum atriðum var samkvæmt óskum Íslendinga, en ekki þótti mönnum samt ráðlegt, að samþykkja það óbreytt, og var þá útséð um, að málið fengi framgang að því sinni. En nú skifti svo um, að stjórnin að sínu levtinu tók að sækja málið af kappi og vildi fyrir hvern mun ráða því til lykta svo fljótt sem auðið væri. Hún lagði því af nýju frumvarp fyrir þingið 1869 um stjórnarstöðu Íslands í ríkinu, og var þar enn stigið feti fæmar í samkomulagsáttina, en það spilti meðal annars fyrir frumvarpinu, að stjórnin gaf það í skyn að hún mundi síðar bera það undir ríkisþingið. Þetta vildi Jón Sigurðsson og hans fylgismenn ekki gangast undir, og héldu því fram, að ríkisþinginu kæmi þetta mál ekkert við, heldur ætti þeir við konung sinn einan. Varð sá endir á, að frumvarpið í heild sinni var felt. Stjórnin lagði málið eigi að síður undir ríkisþingið, o voru síðan samþykt stöðulögin 2. jan. 1871, og þeim þröngvað inn á Íslendinga þvert ofan í mótmæli alþingis. En á þessu atriði klofnaði þingið. Þeir hlutinn vildi ekki kannast við, að stöðulögin væri bindandi fyrir Ísland, með því að þau væru sett af dönsku löggjafarþingi, sem ekki hefði neitt vald yfir Íslandi, og skírskotuðu Íslendingar í þessu efni til konungsúrskurðarins 23. sept. 1848, sem mælti svo fyrir, að ekkert skyldi verða ákveðið um stjórnarstöðu Íslands, án þess að landsmenn sjálfir væru í ráðum með. Minni hlutinn aftur á móti vildi sætta sig við þá kosti, sem Íslendingar gætu bezta fengið, og áleit óskynsamlegt að hafna því sjálfsforræði, sem landinu bvðist, þótt það fullnægði ekki að öllu leyti ítrustu kröfum landsmanna.

Um þessar mundir var áhugi mikill á stjórnlagamálinu vaknaður um land alt, og var jafnvel ekki laust við, að bryddi á talsverðum æsingum. Allur þorri þings og þjóðar var á skoðunum Jóns í þessu máli, en þó voru þeir nokkrir, sem ekki þótti meiri hluti alþingis hafa farið nógu langt, og kom þetta einkum fram á fundi þeim, sem haldinn var á Þingvöllum laust fyrir alþing 1873. Jón Sigurðsson átti þar fult í fangi með, að halda mönnum í skefjum og draga úr ályktunum, sem honum þótti fara lengra en góðu hófi gegndi. Jón var að sönnu áhuga- og ákafamaður mikill, en hann var jafnframt gætinn og stjórnglöggur. Honum þótti tvísýnt, að mikið vnnist í stjórnlagamálinu framar en komið var, og ekki að vita, nema áhuga og æsingi landsmanna kynni að slá niður, ef þófið skyldi standa öllu lengur. Það varð því ofan á um sumarið á alþingi, að jafnframt því, sem meirihlutinn hélt fram hinu sama og áður, var sú varatillaga samþykt með ráði og vilja Jóns, að biðja konung að veita landinu næsta ár stjórnarskrá, svo líka aðalkröfunum, sem unt væri, og voru um leið sérstaklega tekin fram þau atriði, sem mest þótti um vert, svo sem að hin nýja stjórnarskrá væri bygð á óskertum landsréttindum Íslands. Árangurinn af þessu öllu saman varð sá, að konungur veitti landinu 5. jan. 1874 sérstaka stjórnarskrá og færði landsmönnum hana sjálfur um sumarið á þúsundárahátíðinni.

Þannig var þá um sinn endi bundinn á þessa löngu og hörðu stjórnardeilu, að vísu ekki eins heppilegur og landsmenn hefðu frekast kosið, en þó all-viðunanlegur og miklu betri en áhorfðist í fyrstu. Jón Sigurðsson hafði unnið það á með baráttu sinni, að stjórnin hafði að lokum gengið inn á kröfur hans í flestum aðalatriðunum, og mátti því með sanni segja, að ekki var til einskis barist. Þó vanst honum enn þá betur í ýmsum öðrum velferðarmálum landsins. Honum var það t. d. manna mest að þakka, að verzlunin var að lokum gefin frjáls við allar þjóðir 1854, að skólamálin komust í nýtt og betra horf, að fjárhagsmálið var leitt til farsælla lykta, og ótal margt annað, sem hvert um sig er æríð nóg til að tryggja honum ævarandi ást og þakklæti hjá þjóðinni. En þó er hitt mest um vert af öllu, að Jón Sigurðsson svo að segja umskapaði þjóðina með baráttu sinni. Íslendingar voru í mörgum greinum eins og ómálga börn, þegar hann fyrst tók að sér mál þeirra, en hann skildi við þjóðina eins og þroskaðan ungling vel á veg kominn, þótt enn væri að vísu mikils á vant í ýmsum greinum. Hann eins og leysti þjóðina úr álögum, leiddi hana út í lífið og kendi henni að þekkja sjálfa sig, sitt gildi og sínar kröfur. Þess vegna getur íslenzka þjóðin aldrei gleymt Jóni Sigurðssyni, fyr en ef svo kynni að fara, að hún aftur gleymdi sjálfri sér, — og það verður vonandi ekki í bráðina.

* * *

Framanskráður kafli lýsir hæfileikum og einkennum Jóns Sigurðssonar og hverju hann afkastaði þjóðinni til þrifa. Að eins er það ekki tekið fram í þessum kafla — nema óbeinlinis — að það er að þakka starfi Jóns Sigurðssonar eins, að Ísland fær nú árlega úr ríkissjóði Dana 60 þúsund krónur, eins lengi og ríkið stendur, og sem veitir landinu hálfa aðra milión kr. hvenær sem sú stund kemur, að fjármál landanna verði algerlega aðskilin. Þó ekkert annað lægi eftir Jón Sigurðsson en þetta, þá er það í sjálfu sér nægilegt til þess að þjóðin haldi minningu hans á lofti um aldur og æfi. En þetta er að eins eitt af mörgu, sem eftir hann liggur, og engan veginn það stærsta eða þýðingarmesta fyrir velferð þjóðarinnar.

Nefnd sú, sem stendur fyrir samskotunum hér vestra, er þess full viss, að ef Vestur-Íslendingar væru starfi þessa látna mikilmennis eins kunnugir eins og æskilegt væri, þá mundu þeir ekki að eins finna sér ljúft heldur einnig þjóðernislega skylt, að leggja svo af mörkum í minnisvarða samskotasjóðinn, að ekki þyrfti að örvænta um, að sú upphæð fengist bráðlega, sem til hefir verið tekin, sem hæfilegur hluti frá vorri hálfu.

Til eru þeir menn hér vestra, sem látið hafa í ljós þá skoðun að æskilegra og þarflegra hefði verið að heiðra minningu Jóns með því, að mynda sjóð til styrktar einhverjum þarflegum atvinnuvegum á Íslandi. Um þetta ber Heimskringlu ekki að dæma. En hitt virðist oss algerlega sjálfsagt, að vér hér vestra fylgjum heimanefndinni að málum. Hún hefir ákveðið, að reisa skuli myndastyttu og hefir þegar gert samninga um að láta gera hana eins fljótt og auðið verður, og hefir fengið til þess þann mann, sem nú er orðinn með frægustu listamönnum á Norðurlöndum, og sem þess utan er betur settur til þess að gera góða mynd af Jóni, enn nokkur annar, sem völ er á til þess starfa, — einmitt vegna þess að hann er Íslendingur.

Nefndin hér í borginni finnur til þess, að það væri illa farið, ef nokkrir einstakir landar vorir hér gerðu það að ástæðu til þess, að vera ekki með í fjáframlögum vorum, að heimanefndinni hefir þóknast, að beina minnisvarðamálinu í nokkuð annað horf, en þeir hefðu helzt kosið. Hún finnur til þess, að sómi vor liggur við því, að vér verðum allir samtaka í þessu máli, og hún vonar og óskar, að Vestur-Íslendingar taki einhuga höndum saman við heimaþjóðina í þessu máli, og að hvert einasta íslenzkt mannsbarn hér vestra leggi skerf í samskotasjóðinn, og geri það svo tímanlega, að hún geti sem fyrst tilkynt heimanefndinni, hvers hún má vænta héðan.

Ísafold, nýkomin hingað vestur, getur um fjársöfnunina hér, og gerir sér von um, að tillag Vestmanna verði ekki að eins myndarlegt, heldur miklu fremur rausnarlegt, þar sem um svo þjóðlegt mál sé að ræða.

Það, sem þegar er komið af samskotum úr íslenzkum bygðarlögum sýnir, að fámennustu bygðirnar hafa lagt drýgsta skerf í sjóðinn,— drýgri en þær, sem mannfleiri eru, að tiltölu við fólksfjölda. Þetta kemur vafalaust til af því tvennu, að stærri bygðirnar hafa enn ekki látið frá sér heyra, nema að litlu leyti, og sumar alls ekki, — og einnig af því, að í fjölmennari bygðunum er langt um fleira af ungu fólki, tiltölulega, sem ekki hefir sömu þekkingu á máli þessu, sem hið eldra fólk í fámennu bygðarlögunum, og því ekki sama áhuga fyrir því, að fyrirtækið hepnist. — En það er einmitt þetta unga fólk, sem nú er komið á og er að komast á fullorðins árin, sem nefndinni er sérstaklega ant um, að taki góðan þátt í þessum samskotum, ásamt hinni eldri kynslóð. Nefndin litur svo á, að sómi Vestur-Íslendinga liggi við því, að allir séu einhuga og samtaka, og að hreyfingunni sé uppihaldlaust haldið áfram þar til sú upphæð er fengin, sem hún hefir ásett sér að hafa saman.

Persónulega vildi blað vort minna á, að það fé, sem varið verður til minnisvarðans, gerir tvöfalt gagn: Fyrst í því, að koma upp ógleymanlegu minnismerki yfir hina látnu þjóðfrelsishetju, og í öðru lagi í því, að það styrkir þann mann — þann eina íslenzka listamann, sem nú er uppi, með því að tryggja honum fé og sæmd og frægð, á þann hátt, að hann hefir fenginn verið til að annast um smíði þessarar standmyndar. Vér eigum svo fátt af listamönnum, að vér megum ekki við að vanrækja að sýna þeim verðskuldaðan sóma.

Þess vegna segjum vér: Gefið allir, gefið fljótt og gefið riflega.

Tillögur ? Jóns Bildfells.

Aðsent 25. janúar.

Það er ekki nema vel tilfallið, að menn hyggji að íslenzkum málum hér vestan hafs og hvernig bezt verði ráðið fram úr þeim, en þó getur það því að eins komið að gagni, að menn ræði þau af einhverri þekkingu og hafi eitthvað nýtilegt til brunns að bera að því er til þeirra kemur, því til hvers er annars að tala?

Mér kemur þetta í hug út af grein, sem var í Lögbergi síðast, "um íslenzkan landbúnað" eftir Jón Bildfell. Blaðið gumaði mikið af grein þessari í nokkurs konar formála framan við hana. Blaðinu sýndist, að íslenzka þjóðin hlyti að veita málinu eftirtekt og íhuga "hinar skynsamlegu tillögur", sem bornar væru fram í greininni. Þær væru ekkert kák, heldur mundu þær leiða til stórfeldra umbóta í íslenzkum búnaði o. s. frv. Maður hefði mátt halda, að einhverju stórvægilegu nýmæli væri hrundið af stokkunum, eftir því sem blaðinu farast orð. En það fer fjarri að svo sé, og með leyfi ritstjóra vil ég leyfa mér, að sýna, að greinin er ofboð vanhugsuð og ekkert nýmæli í henni, sem sé að nokkru hafandi.

Jón byrjar á því að velta vöngum yfir því, að landbúnaðurinn sé trýggastur allra atvinnuvega, og það er satt. Bóndi er bústólpi og bú er landstólpi, segir gamalt orðtak. Þá tekur hann til að rannsaka, hvort ísl. landbúnaður hafi tekið nokkrum efnalegum framförum upp á síðkastið, og kemst að þeirri niðurstöðu, að það sé ekki, eftir þeirri þekkingu, sem hann hafi fengið á ástandinu á innflutningsferð sinni um landið, því stofn bænda gangi til þurðar og skuldir vaxi. Niðurstaðan er hæpin, eftir hans eigin rökum jafnvel. En sleppum því.

Upp úr þessu fer hann að svipast að umbótum á ástandinu, og kemur þá með það, að Íslendingar verði að hætta að lepja saman heyskap út um hagann, eins og þeir gera. Þeir eigi að færa hann allan saman á einn blett, akur, sem borið sé ofan í og unnin sé með vélum. Það er ekkert nýtt Íslendingum að heyra þetta. Þeim hefir verið sagt það fyr og það miklu betur og með skýrari rökum en Jón gerir. Jón fer alveg hjá því, að gera grein fyrir með hverju móti þetta sé gerandi, hvaðan Íslendingum eigi að koma fé til að gera akra sína, og ekki vísar hann heldur á, hvaðan þeir eigi að taka áburð ofan í þá. Ef á að flytja áburð að, munu þeir þá ekki þurfa á akvegum að halda víðar en milli akurs og hlöðu? Mun það ekki reynast svo dýrt, að flytja áburð til grasræktar, að framförin verði ekki "efnaleg"? Björn heit. Jensson, skólakennari, kom fyrstur upp með þá kenningu, að Íslendingar ættu að plægja og sá jörðina. Hann ritaði um það af miklum fróðleik og fjöri, sem hans var von og vísa, og kallaði túnasléttanirnar, sem tíðkast enn, tómt kák. En ekki var það hans, að vísa á áburð ofan í sáðlendurnar, eins og liggur fyrir Jóni að gera, því hann ætlaðist ekki til, að borið væri ofan í þær, það ég veit. Hann vildi, að menn plægðu jarðveginn eingöngu til að gera hann aðgengilegan áhrifum loftsins og frjógvan þess. En tíðarfarið er óstöðugt á Íslandi, sumarið stutt og kalt, og jarðvegurinn grunnur og ófrjór, svo margir óttast, að sprettan yrði stopul á óbættum sáðlendum. Og kann þeim ekki verða að grandi vatnsaginn og vindarnir? Þeir flytja og feykja burtu jarðvegnum af melum og móum og grafa moldina úr vegum vorum á fáum árum. Hvernig mundu þeir fara með sáðlenduflögin? Jón ræðir ekkert þessar og þvílíkar mótbárur gegn plægingum, frekar en hann hafi aldrei heyrt þær og viti ekkert til þeirra.

BREFSPJALD FÆRIR YÐUR FRÆBÆKLING

RÆKTAÐ Í VESTRINU

McKenzie's Bráð þroska FRÆ

Valið fyrir vestrið
Ræktað fyrir vestrið
Besta í vestrinu
Best fyrir vestrið

SELT AF SÉRHVERJUM vakandi kaupmanni.

Lítið eftir FRÆKASSA VORUM í HVERRI SÖLUBÚÐ.

Ríðjið ætíð um McKENZIE'S FRÆ Kaupið ekkert annað.

Ef kaupmaður þinn hefir það ekki þá pantið það beint frá okkur.

A. E. McKenzie Co.
LIMITED.
Brandon, Man Calgary, Alta

LANGMESTA FRÆMAGN

VESTUR-CANADA STÆRSTA FRÆHÚS

Til að koma umbótum þessum á, vill hann að stjórnin stofni fyrirmyndarbú á einhverri góðri jörð, og sýni þar og kenni bændum aðferðina. Það er nú fjarri því, að þetta sé nokkurt nýmæli. Því slík fyrirmyndarbú hafa verið til í langan tíma á Íslandi, búnaðarskólarnir, sem Jón og minnist á, og honum þykir hafa skeikað frá réttu horfi. En hann færir manni ekki heim sanninn um það, leggur meira að segja ekki út í það. Fyrir þeim búum hafa staðið menn, sem hafa numið búfræði í Noregi, Danmörku og Skotlandi, sumir í löndunum þremur, aðrir í tveimur, og margir þeirra hafa verið hinir mestu áhugamenn um búnaðarframfarir. Hví hafa þeir ekki fengið meiru áorkað? Liggur það hjá mönnunum sjálfum eða í öðru, sem þeir ekki geta ráðið við? — Enginn þarf að ætla þeim það þekkingarleysi, að þeir beri ekki skyn á akuryrkju og grasrækt? Hví hafa þeir þá ekki tekið upp plægingu og sáning? Er það af því, að þeir þekkja betur en Jón andmarkana sem eru á því? Vita þeir það, sem Jón veit ekki? Líklegir eru þeir til þess.

Þá er það eftir af tillögum Jóns, að setja einhvern Vestur-Íslending að einhverju fyrirmyndarbúinu til forstöðu og stjórnar. Ég býst við, að mönnum muni þykja það eitt munu ekki stoða mikið. Vel get ég trúað því, eftir þeirri framhleypni og fáfræði, sem oss er gjarnt að sýna um Íslands mál hér vestan hafs, að hann hlypi í að róta um jarðveginum. En hvaða bót væri í því, ef sú villan er verri en hin fyrri?

Samfara akurgerðinni á að breyta um nautakyn og fá annað riflegra til frálags en það sem nú er haft. Einu rökin: að landið liggi vel við heimsmarkaðinum. En það skiftir ekki mestu um þetta mál, heldur hitt, hvort nautpeningur sé oss jafn ódýr til uppeldis og sauðfé, og hvort nautakjötsverzlun gefist þá betur en að selja sauðakjöt til Englands, svo sem vér gerum nú. En Jón ber ekki við, að fara út í þá sálma. Það er og hefir lengi verið viðkvæðið heima hjá "peoritíkurum" vorum, að kýrin væri bezti gripurinn í búi bónda, tryggari og arðsamari eign en ásauðarkýgildið, en alþýðan hefir daufbeyrst við því tali. Og móthverf er reynslan því, því Íslendingar hafa fært sig nautarækt til sauðfjárræktar. — Nauður mun hafa rekið þá til þess eða kent þeim það heilræði.

Nú leggja þeir stund á, að taka heyskap sinn sem mest af ræktuðu landi og auka það árlega. Þeir hafa ull og kjöt til útflutnings af sauðfénu, en nautpening til nytja fremur en til frálags. Þetta búskaparlag trúi ég að þeim sé bezt og hollast, meðan ekki koma skýrar sannanir fyrir öðru betra, og þær eru enn ókomnar.

Ekki get ég heldur séð, að dauða dómur sé kveðinn upp yfir landinu, þótt kannast sé við það, sem hægt er að ráða af aðgerðaleysi fyrirmyndarbúanna, að akuryrkja eigi ekki við á landinu, eða plæging og sáning. Hvað plægja menn norður í Noregi og öðrum fjallalöndum, þar sem svipað bagar til og á Íslandi? Það er fleira matur en feitt flesk. Það er enginn nauðungarkostur að lifa á sauðfjárrækt einni saman, og alveg óhætt fyrir menn að trúa landi fyrir framtíð barna sinna upp á það. En þar við bætist nú það, að frjósemismunurinn, sem tíðast er á milli láglendis og fjallalanda, virðist vera horfinn fyrir framfarir vísindanna, jafnaður upp af arðsemi vatnsaflsins í fjöllunum, er snúa má í afl þeirra hluta, sem gera skal. Og þá á Ísland í fossum sínum auðsuppsprettu, svo ekki verður tölum talið. Væri nær fyrir Vestur-Íslendinga, sem skyn bera á hagnýting vatnsafls ásamt rafafli, að fræða landa heima um hana, tilkostnað o. s. frv., og orka á þá taka hana upp, heldur en sökkva sér niður í þessa rakalausu akuryrkjudrauma.

Gjafir til minnisvarða JÓNS SIGURÐSSONAR.

Sómi Íslands, sverð og skjöldur.

Frá Keewatin, Ont. —

B. Magnus	$1.00
Mrs. B. Magnús	1.00
M. Sigurdsson	0.50
Mrs. M. Sigurdson	0.50
J. Pálmason	2.00
Mrs. J. Pálmason	1.00
Ch. Magnússon	0.50
Sigurður Sigurðsson	0.50
Thorsteinn Hróbjartsson	0.50
Sigurður Sigurðsson	0.25
Mr. og Mrs. L.G. Magnússon	1.00
Mr. og Mrs. E. Thompson	1.00
Thos. E. Johnston	1.00
Bjarni B. Thomsen	1.00

Frá Kenora, Ont. —

B. S. Borgfjörð	0.50
Kristin Borgfjörð	0.50

Frá Edinburg, N.D. —

Friðbjörn Samson	0.25
Gisli Goodman	0.25
Magnús Stephensen	0.25
B. B. Hanson	1.00
Jónas Hall	1.00
Sigríður Hall	1.00
Sig Sigurdsson	2.00
Mrs. Sig. Sigurdsson	2.00
Sig. Sigurðsson, Jr.	1.00
G. B. Olgeirsson	1.00
Mrs. G. B. Olgeirsson	0.25
Anna Olgeirsson	0.10
Rúna Olgeirsson	0.10
Aurora Olgeirsson	0.10
Elizabet Olgeirsson	0.10
Lilia Olgeirsson	0.10
Jóna Olgeirsson	0.10
Róbert Olgeirsson	0.10
Sigríður Olgeirsson	0.10
D. Louis Olgeirsson	0.10
Magnús Benjaminsson	1.00
Mrs. Magnus Benjaminsson	0.25
G. M. Benjaminsson	0.25
B. M. Benjaminsson	0.25
M. M. Benjaminsson	0.25
J. M. Benjaminsson	0.25
Ingvar M. Benjaminsson	0.25
Sigurjóna Bergmann	1.00
David Johnson	0.50
Mrs. David Johnson	0.50
S. Davidson	0.50
Mundi Davidson	0.50
F. G. Johnson	0.50
Ben Melsted	0.25
John Johnson	0.50
V. S. Hanson	0.50
Björn Thordarson	0.50
Mrs. Ingibjörg Thordarson	1.00
Solveig S. Thordarson	1.00

Frá Gardar, N.D. —

Guðbjörg M. Thordarson	2.00
Rósa Sivertson	0.50
Daniel H. Danielsson	0.50
Valgerður Bergman	0.25
Ásmundur Eiríksson	0.50
Eirikur A. Eiríksson	0.50
Benóný Stefánsson	1.00
G. J. Thordarson	0.50
Sigurður Pétursson	0.25

Frá Vita, Man. —

Július Björnsson	1.00

Frá Brown P.O., Man. —

John B. Johnson	0.25
Ingim. Johnson	1.00
Paul Ísaksson	0.25
G. Edward Ísaksson	0.25
S. V. Ísaksson	0.25
Mr. og Mrs. Árni Ólafsson	1.00
Mr. og Mrs. Helgi Paulson	1.00
Helgi Johnson	0.50
Árni Thomson	0.50
Helgi Kristjánsson	0.50
Benedikt Kristjánsson	0.25
Mr. og Mrs. Árni Helgason	1.00
Leonard Helgason	0.25
Elin Helgason	0.25

Frá Numedahl, N.D.—

Mr. og Mrs. S. Jóhannsson	1.00

Frá Warroad, Minn.
Friðrik H. Fljótsdal 1.00
Frá Winnipeg, Man.—
Miss Guðrún Sigurðsson 1.00
Frá Selkirk, Man. —
S. J. Sturlaugsson 1.00
G. F. Jóhannsson 1.00
O. G. Nordal 0.50
H. Helgason 0.50
Jón Hjálmarsson 0.50
P. Magnússon 1.00
Runólfur Halldórsson 5.00
Krákur Johnson 0.25
G. Björnsson 0.50
Stefán Björnsson 0.25
Mrs. Kr. St. Björnsson ... 0.25
Sólveig Stefánsson 0.25
Bjarni Stefánsson 0.25
Stefán Stefánsson 0.25
R. S. Benson 0.50
Óneindur 0.25
Sigurbjörn Jónsson 0.25
Kristjana L. Jónsson 0.25
B. Kelly 0.25
Guðrún Kelly 0.25
Stefán Benson 0.25
Jónas Leó 0.25
Inga Björnsson 0.25
Dóra Benson 0.25
Hinrik Johnson 0.50
B. Jóhannesson 0.25
Th. Thorkellsson 0.50
Ben Hinrikson 0.25
Illhugi Ólafsson 0.25
Stefania Benson 0.25
Jóhannes Einarsson 0.25
Jóna Jóhannesdóttir 0.25
Hjörtur Jóhannesson 0.25
Ingibjörg Jóhannesson..... 0.25
Jón Ólafsson 0.25
Frá Point Roberts, Wash.
Hinrik Eiríksson 0.25
Mrs. H. Eiríksson 0.25
Miss Disa Eiriksson 0.25
Miss Ena Eiriksson 0.25
H. A. Brynjólfsson 0.50
Mrs. H. A. Brynjólfsson... 0.50
Mrs. G. O. Goodmannsson 0.25
Miss Hattie Goodmanson 0.25
O. G. Goodmannson 0.50
O. S. Thormóðsson 1.00
Mrs. O. S. Thormóðsson 1.00
H. Thorsteinsson 0.50
Mrs. H. Thorsteinsson ... 0.50
S. J. Sheving 1.00
P. Thorsteinsson 0.50
A. Mýrdal 0.50
S. J. Mýrdal 0.50
K. Sæmundsson 0.50
J. Sæmundsson 0.25
Ingvar Goodmann 0.25
Mrs. Ingvar Goodmann ... 0.20
Mr. og Mrs. J. Sigurðsson 1.00
Mr. og Mrs. Bj. Hallgrímss. 0.50
John Helgason 0.50
Master Mac Helgason 0.50
John J. Bartels 0.50
Mr. og Mrs. J. Jackson ... 0.50
Mr.og Mrs. B.S.Lúðvíksson 1.00
Byron Anderson 0.25
Mrs. G. Samúelsson 0.25
Jónas Samúelsson 0.25
Jónas Swanson 0.50
Mrs. J. Swanson 0.50
Mr. og Mrs. E. Anderson 0.50
Miss Theódóra Anderson... 0.25
Miss Soffía Anderson 0.25
Vigfús Erlendsson 0.50
Kristján Benson 0.50
Miss Lillian Lúðvíksson... 0.25
Miss Margrét Lúðvíksson 0.25
Master Roy Lúðvíksson... 0.25
Master Július Lúðvíksson 0.25
Magnús Magnússon 0.25
Mrs. M. Magnússon 0.25
Master Sig. Tr. Magnússon 0.25
Guðmundur I. F. Magnússon 25
Agnar Bragi Magnússon... 0.25
S. Salómon 0.25
Mrs. S. Salómon 0.25
Mrs. M. S. Oleson 0.25
John Johnson 0.50
Frá West Duluth, Minn.
Guðmundur Th. Thórdarson 0.50
Þórður A. Ólafsson 0.25
Frá Proctor, Minn.
Sigrún Jónasdóttir 0.15
Kristín Þ. Þórðardóttir... 0.10
Halldóra Þórðardóttir (Mrs. Vickers) 0.25
Kristín Ólafsd. Eiríksson 0.50
Jakob Guðmundsson 0.50
Guðbjörg Guðbrandsdóttir 0.50
Ragnar E. Jakobsson ... 0.25
Frá Chicago, Ill. —
C. H. Thórdarson 5.00
Júliana Thórdarson..... 5.00
Frá Minetonas, Man.
Thórdur Johnson 1.00

Samtals $103.85
Áður auglýst ... 486.65

Alls innkomið ... $590.50

Íslands fréttir.

Herra A. J. Johnson, sem lesendum blaðsins er að góðu kunnur fyrir ritgjörðir sínar, þá er hann dvaldi hér vestra, hefir nú fengið skrifarastöðu við Landsbankann í Reykjavík. Heimskringla óskar honum góðs gengis í hinu nýju stöðu.

Þann 13. des. sl. lét Landsbankinn í Reykjavík halda uppboð á útistandandi skuldum bændaverzlunarinnar í Ólafsvík. Þær voru að nafnverði 29 þús. kr., en seldust fyrir 1 þús. og 70 kr. Jóh. Jóhannesson, bróðir Sigurðar læknis í Leslie, Sask., keypti skuldirnar. Í orði var, er síðast fréttist, að bændaverzlunin mundi höfða skaðabótakröfu á hendur Landsbankanum fyrir sölu skuldanna.

Hafið þér Auðgast og prýtt Heimilið á Febrúar Söluverði voru?

Þér farið á mis við ágætustu kjörkaup í sögu verslunar vorrar, ef þér hafið ekki komið í búð vora. Þetta er engin úthreinsunarsala á gömlum vörum, heldur alt ágætar nýar vörur, er vér fengum með miklum afslætti og getum því selt með svo óviðjafnanlega lágu verði.

Kommóða (Dresser) vanaverð $30.00, en söluverð nú
$15.95
Draghólfið er 46 þuml. á lengd og spegillinn 28 og 37 þuml.



Ruggustóll úr mahogony, vanaverð $2 25, söluverð nú
$1.56

Járnrúm, vanaverð $7.00, nu
$4.95

Borðstofuskápur úr bestu eik, vanaverð $47.50, söluverð nú
$31.25

SÉRSTAKT VILDARVERD
$5.00 undirdínur fást nu fyrir
$2.15

Borðstofuborð, dregið í sundur, vanaverð $16.50, nú
$ 12.15



Jarnrúmstæði, áður $3.25, nú
$2.75

Borðstofuborð, dregið í sundur vanaverð $10.00, nú fyrir
$6.85



Hér sýnum vér mynd af góðum legubekk, vanaverð $6 50, en vér seljum hann nú fyrir
$3.75

Eldhússtólar, vanaverð 60c. nú seldir fyrir aðeins
39c.

STUTT 'LINOLEUM' STYKKI MEÐ LÁGU VERDI.

Skrautlitað 'Linoleum', 6 feta breitt, rósótt og dílótt, í ljósum og dökkum litum. Þessar lengdir eru alt að 50 fetum. Vanaverð 40c til 75c hvert yarð. Söluverð
25c. yarðið.

STUTTIR 'BRUSSELL' GÓLFDÚKAR.

5 til 20 yards langir. Miðið litaval og vefnaðarskraut úr að velja. — Virði $1.25 til $1.50 hv. yard. Söluverð, yard.
50c.

ALGENG $2.00 og $2.25 'AXMINSTER GÓLFTEPPI.

Vér höfum enníþá mikið úrval af þessum dúkum. Það eru beztu kjörkaup, sem nokkru sinni hafa verið boðin í Winnipeg. Sumum fylgja samstæðir kögurdúkar. Söluverð:
$1.00

Allar póstpantanir afgreiddar fljótt og vel. Sendið andvirði jafnhliða pöntunum.

Þrjátíu og fimm prósenta afsláttur á upptroðningi húsgagna.

Vér gefum 25 prósent af öllum vorum fögru silki, baðmullar og ullar hengitjöldum og 10 prósent afslátt af aðgerðum á úttroðnum húsgögnum, ef efuið er keypt hjá oss. Þetta er mikill afsláttur, notið því ækifærið meðan vor mikla sala stendur yfir.

Kostnaðaráætlanir ókeypis. Best úttroðningsverk eftir fyrirsögn.

J. A. BANFIELD

492 MAIN STREET TELEFÓN, GARRY 1580-1-2

Hana furðaði það, að þarna var líka nafnið Ísabella Ehrenstam.

En svo mundi hún alt í einu eftir nokkru, því hún tautaði við sjálfa sig: —

"Fyrri kona föður míns hét líka Ísabella. — Ég sit hér á líkkistu nöfnu minnar".

"Ísabella", sagði nú Hólm, og tók hendi sinni yfir um hana. "Komdu með mér".

Unga stúlkan hlýddi honum strax. — Hann fann að hún skalf frá hvirfli til ilja.

"Þjást þú mikið?" spurði hann.

"Nei, nei, en mér er svo kalt".

Hólm lyfti henni upp á efstu líkkistuna, sem hlaðið var upp við vegginn undir glugganum.

"Stattu nú fast við vegginn", sagði hann. "Ég fer á undan".

Svo skreið hann í gegnum gluggaopið og náði sér fótfestu í stiganum, tók svo í handleggi Ísabellu og dró hana upp til sín.

Fáum augnablikum síðar stóðu þau bæði í kirkjugarðinum.

Hólm tók kápu sína og sveipaði henni um Ísabellu. Svo tók hann gluggann og lét á sinn stað, en stiganum kastaði hann út fyrir kirkjugarðsveggian.

Við hlið Hólms reikaði Ísabella yfir kirkjugarðinn, og áður en langt leið, voru þau komin á stiginn, sem la heim að Marienlundi, er grilti fyrir á milli trjanna.

"Ef þú þreytist að ganga, Ísabella" sagði Hólm, "þá er velkomið, að ég haldi á þér".

"Nei, nei", svaraði hún. "Ég er að sönnu nokkuð máttvana, en vona þó að geta fylgst með þer. Ó, vinur minn. Ef þú vissir, hve voðalega ég hefi þjáðst þessa daga, sem menn hafa álitið mig dauða".

"Hvað þá, Ísabella. Þú hefir þá haft meðvitund?"

"Já, Já, — það var voðalegt. Ég heyrði, hverning menn töluðu um dauða minn, og ég fann heit tár falla á enni mitt. — Það ver herbergisþerna mín, sem grét yfir mér. — Ég fann, þegar ég var tekin og lögð í þessa þröngu líkkistu, ég heyrði klukknahljóðið og glamrið í þeim, sem voru til staðar við útfór mína. Höggin, sem þessar þrjár moldarrekur framleiddu, þegar þær duttu ofan á kistuna, létu illa í eyrum mínum. Ég heyrði prestinn segja: Af jörðu ertu komin, og að lokum skildi ég alla fögru líkræðuna, sem prófasturinn flutti yfir mér".

"Ó, hamingjan góða. Það hefir verið voðalegt. — Og svo eftir það?"

"Eftir það heyrði ég ekkert. — Ég hætti að þjást — ég hafði mist meðvitundina og vissi ekkert, fyr en ég fann, að hendi annars kom við hálsinn á mér, í því skyni að taka gullfestina, sem skreytti hann. Þá fanst mér eins og verið væri að rífa hjartað út úr brjósti mínu, — lífsafliið kom aftur, ég dró andann þungt, dauðadáið var horfið, með veiku hljóði settist ég upp og þreif í handlegg ræningjans —"

"Hann datt niður, eins og hann hefði orðið fyrir eldingu. — Á sama augnabliki heyrði ég málróm þinn, og fann að þú tókst utan um mig. Guð sendi þig til að forða mér frá hinum voðalegasta dauðdaga, sem til er, nefnilega hungurdauða í grafhvelfingu. Þú ætlar að fara með mig heim til þín, svo að ég geti dáið meðal vina minna, dáið reglulegum dauða, því ég vil ekki lifa. Og seinna, þegar þú ert sannfærður um, að ég er áreiðanlega dáin, þá hylur þú lík mitt djúpt niðri í jörðunni. Að eins þar getur mitt sundurmarða hjarta fundið frið og lækningu, en hvergi annarstaðar".

Talaðu ekki þannig, Ísabella", sagði Hólm og

viknaði við. "Þú átt að lifa og getur enn orðið lánsöm".

"Lánsöm?" endurtók hún með beisku brosi. "Þú veizt ekki, hvað þú ert að tala um, vinur minn. — Veizt hver var orsökin til veiki minnar og dauðadásins?"

"Það var sagt að það hefði verið taugaslag".

"Já, menn sögðu það, en þeim skjátlaði. — Það var eitur".

"Eitur", kallaði Hólm ákafur, og slepti hendi hennar. "Þú ert ekki með öllu ráði, vesalingur".

"Styddu mig, Hólm, — ég er svo magnlaus".

Ísabella reikaði.

"Fyrirgefðu mér", sagði hann, "það greip mig slík geðshræring, að ég vissi ekki hvað ég gerði. — Og þú segir, að það hafi verið eitur?"

"Já".

"Hver gaf þér eitur?"

"Ég sjálf".

"Hamingjan góða. Það hefir þá verið sjálfsmorð. Og hvar fékstu eitrið?"

"Ég átti sterkt ópíumsduft, og saman við það blandaði ég arseniki, sem ég hafði náð í af tilviljun. En þess að nokkur sæi það, helti ég duftinu í vínið, sem drekkast átti um leið og faðir minn auglýsti trúlofun mína, meðan lukkuóskirnar flutu af vörum gestanna".

"Guð minn góður. Það hefir þá verið af þeirri ástæðu, að þú brauzt glasið, þegar þú hafðir tæmt það?"

"Já".

"Og hver var orsökin til þessa örvilnunar ásetnings?"

"Það skal ég seinna segja þér. Það er hræðileg saga. — en nú er ég svo þreytt, og svo erum við nú komin heim til þín. Lofaðu mér að sofa í þínu herbergi, en láttu engan vita, að Mariu undanskilinni, sem er vinkona mín, hver þessi fölu gestur er, sem þú hefir flutt hingað frá grafinni".

Hólm svaraði ekki, hann tók hana á handlegg sinn, eins og hún væri barnið hans, bar hana upp á sitt eigið herbergi og lagði hana á rúmið.

Svo fór hann ofan og vakti Mariu, til þess að segja henni frá leyndarmálinu, og fá hana til að fara upp og hugga og hlynna að Ísabellu.

Það voru liðnir þrir dagar. Vinnufólkið í Marienlundi talaði sín á milli eingöngu um leyndardómsfulla herbergið, sem enginn mátti koma inn í nema húsmæðurnir, er lokuðu sig þar inni, ýmist bæði eða að eins annað, dag sem nótt.

Vinnufólkið gerði ýmsar og óteljandi tilgátur, en allar langt frá sannleikanum.

Sökum þess að Ísabella fékk ágæta aðhjúkrun, náði hún smátt og smátt heilbrigði sinni. Hún var að sönnu nokkuð magnþrota ennþá, en kinnar hennar höfðu þennan fóla lit, sem menn segja að allir þeir, sem fallið hafa í dauðadá, beri til afiloka; en að öðru leyti hafði fegurð hennar engan hnekkir beðið við þetta. Limir hennar voru orðnir jafn liðugir og áður, og göngulag hennar var jafn yndislega fjaðurmagnað og nokkru sinni fyr.

Klædd í einn af skrautlausu kjólunum hennar Mariu, lá Ísabella kveld nokkurt á legubekknum í herbergi Hólms. Glugginn var opinn, og sumarblærinn flutti ilminn, sem hann fékk lánaðan hjá blómunum í garðinum, inn í herbergið.

Hólm sat við hlið hennar og hélt í hendi hennar, meðan þau með lágri röddu töluðu saman um alvarleg málefni.

MARTYN F. SMITH,
TANNLÆKNIR.
Fairbairn Blk. Cor Main & Selkirk.
Sérfræðingur í Gullfyllingu og öllum aðgerðum og tilbún aði Tanna. Tennur dregnar án sársauka. Engin veiki á eftir eðn gómbólga. —
Stofan opin kl. 7 til 9 á kveldin
Office Phone Main 6944. Heimili Phone Main 5602

—THE—
Farmer's Trading
COMPANY.
(BLACK & BOLE)

HAFA EINUNGIS BESTU VÖRUTEGUNDIR.

Einu umboðsmenn fyrir :—
"SLATER" Skóna góðu.
"FIT-RITE" Fatnaðinn.
"H. B. K." prjónafélagið.
"HELENA" pils og 'waist' kvenfatnaði.
Bestu matvörutegundir.
" DEERING " akuryrkju verkfæri o, s. frv.

Beztu vörur Lágt verð.

Fljót og nákvæm afgreiðsla.

Farmer's Trading Co.,
THE QUALITY STORE
Wynyard - Sask.

JIMMY'S HOTEL
BEZTU VÍN OG VINDLAR.
VÍNVEITARI T.H.FRASER, ÍSLENDINGUR.
James Thorpe, Eigandi

MARKET HOTEL
146 Princess St.
á móti markaðnum
P. O'CONNELL, eigandi, WINNIPEG
Beztu tegundir af vínföngum og vind um, aðhlynning góð, húsið endurbætt

Woodbine Hotel
466 MAIN ST.
Stærsta Billiard Hall í Norðvesturlandinu Tíu Pool-borð.—Alskonar vín og vindlar Gistiog og fæði: $1.00 á dag og þar yfir
Lennon & Hebb,
Eigendur.

JOHN DUFF
PLUMBER, GAS AND STEAM FITTER
Alt verk vel vandað, og verðið rétt
664 Notre Dame Av. Phone Garry 2568
WINNIPEG

A. S. TORBERT'S
RAKARASTOFA
Er í Jimmy's Hótel. Besta verk, ágæt verkfæri; Rakstur 15c en Hárskurður 25c. — Óskar viðskifta Íslendinga.—

A. S. BARDAL
Selur líkkistur og annast um útfarir. Allur útbúnaður sá bezti. Enfremur selur hann alskonar minnisvarða og legsteina.
121 Nena St. Phone Garry 2152

Fréttabréf.

Ritstjóri Heimskringlu.

Tíðin alt fram að nýári hefir verið frámuna góð, oftast blitt og þurt. Líðan og heilsufar manna því all gott. En ofurlitið snjófól kom 8. þ.m. og hélst í viku. Kaldast mun hafa orðið um 18 stig fyrir ofan zero á Fahrenheit, en nú er veðrið orðið gott aftur.

Félagslíf er í góðu lagi. Messað er í hverjum mánuði. Annast séra Jónas A. Sigurðsson það með sinni alþektu lipurð. Verður honum það aldrei ofþakkað, því vandaverk hlýtur það að vera, að halda saman söfnuði og sunnudagaskóla með al farra og dreifðra manna í stórborg.

Þá heldur og lestrarfélagið okkar, 'Vestri' fundi tvisvar í mánuði og stendur fyrir ýmsum skemtunum, t.d. héldu þeir fyrirtaks samkomu á gamlárskveld, með ræðuhöldum, söng, hljóðlæraslætti og veitingum. — Einnig heldur Goodtemplarafélagið fundi sína vikulega og er í góðu gengi.

Nokkrir landar tóku sig saman um að æfa Skuggasvein og ætla að leika hann þann 10. febr. Það er helzt söngfólkið, sem stendur fyrir því, og má þar búast við góðri skemtun, því alt skal vanda — á að mála ný tjöld, bezta sal bæjarins á að fá og búningar eiga að verða sem allra íslenzkastir að unt er. Er búist við að landar frá Blaine, Point Roberts og jafnvel frá Vancouver komi að sækja þá skemtun.

Þeir herrar B. J. Jóhannsson og Gunnar Matthíasson hafa keypt í félagi stóra lyfjabúð hér í Ballard sem nefnist 'The Cascade Drug Store'. Efalaust mun þeim hepnast það fyrirtæki vel, því báðir eru vel þektir og drengir góðir. Hinn fyrnefndi er útlærður lyfjafræðingur.

Tveir ungir menn fóru héðan um nýárið til Parkland University og ætla að stunda nám þar í þrjá mánuði, — þeir herrar Magnús Matthíasson og Tryggvi Árnason.

Herra Baldur Guðjónsson, sem um undanfarin 10 ár hefir verið í Alaska, dvelur hér í bænum í vetur.

Þann 6. þ.m. andaðist Ólafur Kristinn Hermannsson, að heimili sínu á Bainbridge Island, úr lungnabólgu. Séra Jónas A. Sigurðsson jarðsöng hann. Hann lætur eftir sig ekkju, frú Margréti og tvö börn, Sigurð og Guðrúnu, bæði gift. — Kristinn Hermannsson var í alla staði hinn mesti heiðursmaður, og er sönn eftirsjá í honum. Vottum við ekkju hans og börnum innilega samhrygð okkar.

Á annan í jólum voru gefin saman í hjónaband af séra Jónasi A. Sigurðssyni, Vilhjálmur Ögmundsson og Svafa Thorláksson. Fóru brúðhjónin snöggva skemtiferð til Blaine, en settust svo að hjá móður brúðgumans hér í Ballard.

Að kveldi þess sama dags héldu þau hjón Kristján Gíslason og Hallfríður Hallgrímsdóttir silfurbrúðkaup sitt að heimili sínu í Ballard. Þau fluttu hingað vestur fyrir rúmum 8 árum síðan, frá Gardar, N.D. Var herra Gíslason einn með fyrstu landnemum í þeirri bygð, drengur góður og gest risinn á íslenzka vísu. Um sjötíu manns voru þar samankomnir og gáfu vinir þeirra þeim hjónum silfurborðbúnað í minningar og virðingarskyni.

Fáeinir gestir lengra að hafa heimsótt okkur : Frú M. J. Benedictsson, frá Winnipeg, hefir dvalið hér síðan á nýári. Héldu konur henni samkomu þann 11. þ.m. Fór þar fram stutt skemtiskrá og svo veitingar, — alt ókeypis. Frú M. J. B. flutti stutta en lipra ræðu, um málefni það, er hún hefir svo lengi barist fyrir, — jafnrétti karla og kvenna. — Guðmundur Búdal, frá Mozart, og J. G. Gíslason, frá Elfros, Sask., voru hér á ferð um daginn, mjög svo alúðlegir menn. Og er sönn ánægja, að fá slíkar heimsóknir. Þeir lögðu af stað heimleiðis þann 14. þ.m.

Á sunnudaginn annan en var flutti dagblaðið Post-Intelligencer í Seattle langa og skorinorta grein með myndum um myndhöggvarann íslenzka, Einar Jónsson. Mynd irnar, sem sýndar eru, eru þessar : Listamaðurinn í starfsstofu sinni, Útlaginn, Maður og kona, Vatnsgos, Afturelding, Ingólfur, Ástríður og Frelsi (þessi nöfn eru þýdd úr ensku, er því ekki víst að þau séu nákvæmlega eins og hjá höfundinum). — Blaðið segir meðal annars : "Iceland, which gave us the Sagas of Norse heroism, has just given to the world a genius before whom the art critics of Europe are bowing in admiration. His name is Einar Jónsson". Og svo aftur seinna : "Einar Jónsson is great because he expresses himself and his homeland, the things he knows, the ideals that he aspires to. He is no imitator. He is himself. And no man can be a great artist who is anything else". Það minnist einnig á uppvaxtarár hans og segir að hann sé fæddur 1874 að Galtafelli í Árnessýslu, hafi eins og aðrir bændasynir á Íslandi mátt vinna við slátt og smalamensku ; í fyrstu hafi hann langað til að verða skáld, en það hafi algerlega misheppnast, svo hann fór að draga upp myndir á pappír og hnoða þær úr leir, en honum hafi verið bannað það ; síðan hafi hann verið sendur í skóla og átt að læra til prests, en það vildi hann ekki verða. Loks hjálpuðu vinir hans, Valdimar prestur Briem að Stóranúpi og Björn Kristjánsson bankastjóri í Reykjavík, honum til að fá föður hans til að senda hann til Kaupmannahafnar. Þar lærði hann hjá meistaranum Stephan Sinding að höggva myndir úr steini. Þar hjá hann sína fyrstu mynd "Útlaginn". Myndastyttan sýnir hálfvilltan mann berandi lík konu sinnar á bakinu en ungbarn í fanginu. Hin unga kona, sem hefir vegna ástar sinnar yfirgefið alt til þess að fylgja honum í útlegð, hefir dáið, og hann er nú að bera hana til byggða svo hún verði grafin í vígðri mold. — Myndin sýnir einnig annað, að ástin er öllum gefin, þar er ekkert manngreinarálit. — Þessi myndastytta stendur við dyr Landsbankans í Reykjavík. — Árið 1902 veitti alþingi honum styrk um tvö ár til að ferðast um Evrópu, fór hann til Býzkalnds, Ungverjalands og Ítalíu.

Virðingarfylst.

H. Sigurður Helgason.
1719 w. Bord St., Seattle, Wash.

Æfiminning.

Þann 20. nóv. sl. andaðist að 629 Lipton St., Winnipeg, Sigurður Guðmundsson, eftir 8 daga legu í lungnabólgu, og var jarðsunginn af séra Fr. J. Bergmann 23. s.m.

Sigurður sál. var fæddur á Gufu skálum í Ytraneshr. í Snæfellsnessýslu 24. marz 1862. Foreldrar Guðmundur Árnason og kona hans Björg Guðmundsdóttir. — Þriggja ára gamall misti hann föður sinn, og ári síðar giftist móðir hans á ný Kristjáni Ólafssyni. Eftir eins árs búskap á Gufuskálum fluttu þau að Hnúkabrekku í Innra neshr. í sömu sýslu. Eftir 10 ára sambúð þeirra misti Kristján heils una og lá rúmfastur í 10 ár. Og varð þá Sigurður, 14 ára gamall, að taka að sér búsýslu fyrir móður sína og stjúpa, og vakti sú ábyrgð hjá hýnum starfsáhuga og stjórnsemi, sem síðan fylgdi honum til æfiloka.

Þegar hann var 26 ára gamall kvongaðist hann ekkju sinni Sólrúnu Sigurbjörgu Guðmundsdóttur, og bjuggu þau á Haukabrekku í 17 ár, þar til þau fluttu til Winnipeg og bjuggu þar síðan. Þau eignuðust 11 börn og lifa 10.

Þau fáu ár, sem Sigurður bjó hér í borg, beitti hann sömu atorku og búskapar hagsýni, sem jafnan áður hafði einkent hann, og með stakri ráðvendni og trúmensku ávann sér fylsta traust allra, sem þektu hann. Þessir eigin leikar gerðu honum mögulegt, að annast sómasamlega um sína stóru fjölskyldu, þrátt fyrir lág verkalaun en dýrkeyptar nauðsynjar ; því svo sá hann vel fyrir heimili sínu, að fáir hefðu betur gert undir líkum kringumstæðum.

Mörg af börnum þeirra hjóna, sem flest búa með móður sinni, eru ennþá ung, og má því telja víst, að henni veitist erfitt, að framfleyta þeim, og því tilfinnanlegra er fráfall Sigurðar sál. þeim öllum. Vinur.

(Ísafold er vinsamlega beðin að birta þessa dánarfregn).

DANARFREGN.

Þann 11. janúar 1911 andaðist ekkjan Þórsteina Júlía Sigurðsson, að 638 McGee St., Winnipeg, Man. Hún var 26 ára, er hún dó. — Þegar hún var 22. ára að aldri gekk hún að eiga Þórð Sigurðsson, son Sigurðar sonar, er lengi bjó á Rauðamel í Snæfellsnessýslu. Varð þeim eins barns auðið, er þau mistu á fyrsta aldursári. — Sambúð þeirra hjóna varð mjög stutt, þar eð maður hennar dó eftir tveggja ára sambúð, úr tæringarsjúkdómi, er einnig varð hennar dauðamein tveimur árum síðar.

Þórsteina sál. var dóttir Þórsteins Einarssonar, er lengi bjó á Tunguseli í Langaneshreppi í Þingeyjarsýslu. Móðir hennar var Elín dóttir Kristjáns Kjernested, er um tíma bjó á Hólum í Hjaltadal. — Eftirlifandi systkini hinnar látnu eru Mrs. Clara Florentine Thomas og tveir bræður, Þórsteinn og Kristján, hér í borg.

Þórsteina sál. eftirskilur stórt skarð hjá öllu sínu samtíðarfólki, er hana þekti, þar eð hún var gædd ljómandi sálargáfum ásamt hreinasta og bezta karakter. Hún var þar af leiðandi elskuð og virt af öllum. Sé minning hennar blessuð. Vinur.

THE **DOMINION BANK**
HORNI NOTRE DAME AVENUE OG SHERBROOKE STREET

Höfuðstóll uppborgaður : $4,000,000.00
Varasjóður - - - $5,400,000.00

Vér óskum eftir viðskiftum verzlunar manna og ábyrgumst að gefa þeim fullnægju. Sparisjóðsdeild vór er sú stærsta sem nokkur banki hefir í borginni.
Íbúendur þessa hluta borgarinnar óska að skifta við stofnun sem þeir vita að er algerlega trygg. Nafn vort er fullrygging óhlutleika. Byrjið spari inulegg fyrir sjálfa yðar, komu yðar og börn.
Phone Garry 3150 Scott Barlow, Ráðsmaður.

Vitur maður er varkár með að drekka eingöngu HREINT ÖL. Þér getið jafna reitt yður á
DREWRY'S
Redwood Lager.
Það er léttur, freyðandi bjór, gerður eingöngu úr Malt og Hops. Biðjið ætíð um hann.
E. L. DREWRY, Manufacturer, Winnipeg

Með því að biðja æfinlega um "T.L. CIGAR," þá ertu viss að fá ágætan vindil.
T.L.
Smoke the T.L. CIGAR
(UNION MADE)
Western Cigar Factory
Thomas Lee, eigandi Winnipeg

STRAX Í DAG er BEZT AÐ GERAST KAUPANDI AÐ HEIMSKRINGLU. — ÞAÐ ER EKKI SEINNA VÆNNA.

Manitoba á undan.

Manitoba hefir viðáttumikla vatnsfleti til uppgufunar og úrfellis. Þetta, hið nauðsynlegasta frjógunarskilyrði, er því trygt.

Ennþá eru 25 milión ekrur óbygðar.

Íbúatal fylkisins árið 1901 var 225,211, en er nú orðið um 500,000, sem má teljast ánægjuleg aukning. Árið 1901 var hveiti og hafra og bygg framleiðslan 90,367,085 bushela ; á 5 árum hefir hún aukist upp í 129,475,943 bushel.

Winnipeg borg hafði árið 1901 42,240 íbúa, en hefir nú um 150,000 ; hefir nálega fjórfaldast á 8 árum. Skattskildar eignir Winnipegborgar árið 1901 voru $26,405,770, en árið 1908 voru þær orðnar $116,106,390. Höfðu meir en þrefaldast á 7 árum.

Flutningstæki eru óviðjafnanleg,— í einu orði sagt, eru í fremsta flokki nútíðartækja : Fjórar þverlandsbrautir liggja um fylkið, fullgerðar og í smíðum, og með miðstöðvar í Winnipeg. Í fylkinu eru nú nálega 4 þúsund mílur af fullgerðum járnbrautum.

Manitoba hefir tekið meiri landbúnaðarlegum og efnalegum framförum en nokkurt annað land í heimi, og er þess vegna ákjósanlegasti aðsetursstaður fyrir alla, af því þetta fylki býður beztan arð af vinnu og fjáreleggi.

Skrifið eftir upplýsingum til : —

JOS. HARTNEY, 77 York Street, Toronto, Ont.
JOS. BURKE, 178 Logan Avenue, Winnipeg, Man.
A. A. C. LaRIVIERE, 22 Alliance Bldg., Montreal, Quebec.
J. F. TENNANT, Gretna, Manitoba.

J. J. GOLDEN,
Deputy Minister af Agriculture and Immigration, Winnipeg.

Hólm og María vissu alt. Ísabella hafði sagt þeim frá vanvirðu sinni, sem hún kallaði svo. Hún hafði talað um ást sína á Móritz, um hin svívirðilegu svik, sem Eberhard framdi, til þess bæði að hefna sín og neyða hana til að eiga sig síðar meir.

Nú var umræðuefnið um framtíð hennar. Hún vildi heldur deyja, en fara aftur í Liljudal. — Hvernig myndu foreldrarnir líta á þá dóttur, sem þeir vissu að hefði deytt sig sjálf? —"

Hólm kom ekki með neinar mótbárur, enda er ekki unt að sjá, hvernig hann gat þáð.

"Ísabella", sagði hann klökkur, "það er til málsháttur, sem oft er notaður og hljóðar þannig : Gröfin friðþægir fyrir alt. — Móritz Sterner, sem nú er farinn til útlanda til þess að reyna að vinna bug á sorg sinni, mun koma aftur og finna þig lifandi. Ást hans, sem aldrei hefir sloknað, blossar aftur upp. — Hann mun gleyma hinni fyrri Ísabellu, sem hann álítur vanvirta, og að eins sjá þá brúður sína, hreinsaða af gröfinni, sem var ástmey drauma hans, jafn fagra, jafn heilaga og hreina sem áður. Þann blett, sem þú áður barst, mun hann ekki vilja muna eftir, eða þá, að hann minnist hans með klökkum huga, þegar hann athugar það, að það var ást þín á honum, sem framleiddi hann. Vertu þess vegna vongóð, Ísabella. Eftir 2 eða 3 ár verðurðu eins farsæl og þá verðskuldar".

Ísabella hlustaði með athygli á þessi orð, og dálítil von vaknaði hjá henni og hresti hana. Hún fann, að hún gat haldið áfram að lifa.

"En hvert á ég að fara?" spurði hún. "Ég á ekki annað en þessa gullfesti, sem þú tókst af niðingnum, sem ætlaði að ræna mig".

"Ég hefi fyrirætlun, Ísabella, sem ég álít góða".

"I áttu mig heyra hana".

"Á litlu bændabýli í suðurhluta Smálands", sagði

Hólm, "býr roskin kona með mjög virðingarverðr. hegðun. Kona þessi er skyld mér fram í ætur, og við höfum ávalt verið góðir vínir og jafnaðarlega skrifast á. Hún er hermanns ekkja, á engan börn og býr sem næst einsetulífi á þessari litlu eiga sinni, sem er í ljómandi fallegu héraði. Ég hef nýlega fengið bréf frá henni, þar sem hún skorar fastlega á mig að finna sig. Ef þú vilt verða samferða til hennar, Ísabella, þá er ég sannfærður um að hún reynist þér sem góð móðir. Þar getur þú lifað í kyrð og ró, unz betri tímar koma".

"Ó", sagði unga stúlkan fjörlega, "ég hefi enga aðra ósk en þá, að komast í skemtilegt afsíðis liggjandi hérað, þar sem ég gleymist og engian þekkir mig. Ég elska fyrirfram þennan góða ættingja þinn, Hólm. Hvað heitir hún?"

"Nafn hennar er Ström, og heimik hennar heitir Álmvík".

"Álmvík, það er fagurt nafn, en hvernig er konan að öðru leyti?"

"Hún er viðfeldin, blátt áfram og þægileg kona, liðlega fimtug. Þú mátt ekki búast við að finna neina viðhafnar mentun hjá henni, en hjartagæzka nennar vegur upp það, sem hana skortir í vitsmunaleysu tilliti. Hún hefir líka orðið að þola mikið, og skulur þig því þess betur og verður þér góð. Okkur er óhætt, að segja henni nokkuð af æfisögu þinni. Hún mun ekki misbrúka traust okkar".

"En", spurði unga stúlkan, "hvernig á ég að borga veru mína þar. Ég má ekki ætlast til að hún fæði mig fyrir ekkert".

"Þú verður að vinna, Ísabella, og hjálpa henni til við innanhúss störfin. Auk þess getur hún unnið þér eitthvað inn fyrir hannvröir, sem þú kant til hlitar. Að öðru leyti munu þeir tímar koma, að hún getir borgað henni það, sem hún lætur í té við þig".

"Ég samþykki alt", sagði Ísabella, "ef ég að eins kemst burt úr þessu héraði. Nær eigum við að fara?"

"Þegar þú ert orðin heil heilsu".

"Það er ég nú þegar. En það er satt, ég verð að selja gullfestina mína, sem nú hefir ekkert gildi fyrir mig síðan rafhjartað týndist, og kaupa mér fatnað fyrir þá peninga, það tjáir hvort sem er ekki að ég komi allslaus á þetta nýja heimili mitt. Ég á nú að eins líkklæðnað minn", bætti hún við með hrygðu brosi, "og mig hryllir við að nota hann".

"Við skulum útvega þér fatnað, Ísabella", sagði Hólm. "Geturðu gizkað á, hvernig við förum að því?"

"Nei".

"Á morgun verður haldið uppboð á því, sem þú lezt eftir þig. Ég fer þangað og kaupi þann fatnað, sem þú þarft. Hvernig lizt þér á það?"

"Það er góð hugmynd", sagði Ísabella brosandi. "Á þann hátt fæ ég að minsta kosti fatnað, sem er matulegur. En kauptu ekkert silki, — heyrirðu það?"

"Nei, nei, en eru engir smámunir, sem þig langar til að fá aftur?"

"Jú, en ég hefi enga peninga til að borga með".

"Það gerir ekkert. Ég skal lána þér þá peninga, sem til þess þarf. Þeir tímar koma, að þú getur borgað mér þá peninga aftur".

Ísabella nefndi nú ýmsa smámuni, sem hann skrifaði hjá sér til minnis. Það voru nokkrar bækur, fáein songhefti og ýmsir smámunir, sem henni þótti vænt um. Hólm lofaði henni að kaupa alt þetta.

Svo var kallað á Maríu og henni sagt frá þessu, sem hún samþykti með ánægju.

Það var nú ákveðið, að Ísabella skyldi leggja niður aðalsnafnið, og taka sér annað alment nafn.

. . . . . .

Nokkrum dögum eftir samtal þetta, fór Hólm ásamt Ísabellu af stað frá Marienlundi um miðja nótt. Ísabella fékk nokkuð af fatnaði sínum fyrir milligöngu Hólms, og þurfti því ekki að koma allslaus á nýja heimilið sitt.

Ferðin gekk vel, og því meir, sem Ísabella fjarlægðist hið fyrverandi heimili sitt, þess rólegri varð hún. Henni svipaði til fuglanna, sem lengi hafa gevmdir verið í búrum, en fá svo frelsi. Endurminningin um liðna tímann gat að sönnu ekki alveg horfið úr huga hennar, en þunglyndi hennar var vægara. Sorgin var auðvitað djúp, en hún var ekki vonlaus, ekki örvilnuð. Í huga sínum bjó hún hið nýja heimili út sem dálítla Eden. Hún hugsaði sér hina góðu frú Ström starfandi í eldhúsinu sínu, klædda mórauðri peysu, með hófu á höfðinu, og sjálfa sig sá hún vera að gefa dúfunum fóður og vatna blómunum í litla garðinum í Álmvík. Hólm hló innilega, þegar hún lýsti sínu tilkomandi lífi fyrir honum, með fram af því, að hann gladdist mjög yfir því að hún leyfði vonunum að bægja þunglyndinu á burt.

Síðar í sögu yessari verður aftur minst á Ísabellu. Hér skal þess að eins getið, að á nýja heimilinu fann hún það, sem hún hafði búist við, móðurlega vinkonu, sem von bráðar elskaði hana og opnaði henni faðm sinn, og sem hún áður langt leið trúði fyrir sorgum sínum. Með fáum orðum : friður nútímans dró úr sorg og sárindum liðna tímans.

Undir þessum kringumstæðum yfirgefum við hana. Við verðum nú að fylgja unglingnum, sem bráðar ferð sinni á brott frá æskustöðvum sínum, sem berst við hatrið til heimsins og beiskjuna gegn manneskjunnm. ..... Tilfinningar, sem í hans hugajafnast við ástríðuna, sem ekki getur dáið hjá honum, ástríðuna fyrir fegurðinni.

BODSBREF

THE

Canada National Fire Insurance Co.

Aðalskrifstofa: Bank of British North America Building, 436 Main Street, Winnipeg, Canada

ÚTIBÚ.

VANCOUVER, B C., 559 Granville St. R. J. Potts, ráðsmaður.

VICTORIA. B.C., 1204 Goverment St. R. W. Perry, ráðsmaður.

CALGARY, Alta., Burns Block, 807 Centre St. E. H. Henderson, ráðsmaður.

EDMONTON, Alta., 52 Jasper Ave. W. C. W. Smith, ráðsmaður.

REGINA, Sask., McKenzie Brown Bldg. Cor. 11th Ave. & Scarth St. F. M. Eddy, ráðsmaður.

FORT WILLIAM, Ont. Cuthbertson Block, 107 May St. N. J. H. Alexander, ráðsmaður.

STJÓRNARNEFND.

FORMAÐUR

CAPT. WILLIAM ROBINSON, Lumber Manufacturer; President North-West Navigation Co.; Vice-President Northern Crown Bank; Director Northern Morgage Co.; Director Northern Trusts Co.

VARA-FORMENN

NICHOLAS BAWLF, Esq., President Bawlf Grain Co.; Director Bank of Toronto; Director The Great West Permanent Loan Co.; Director Standard Trusts Co.

D. E. SPRAGUE, Esq., Lumber Manufacturer; Vice-President North-West Fire Insurance Co.; Western Director, London and Lancashire Life Assurance Co. of London, Eng.

F. H. ALEXANDER, Esq. Dir. The Great West Permanent Loan Co

RÁÐSMENN

W. T. ALEXANDER, Esq., Pres. The Great West Permanent Loan Co.

E. F. HUTCHINGS, Esq., President The Great West Saddlery Co.; Director The Canadian Fire Insurance Co., etc.

E. D. MARTIN, Esq., President Martin, Bole & Wynne Co., Wholesale Druggists.

D. R. DINGWALL, Esq. President D. R. Dingwall, Ltd., Manufacturing and Retail Jewelers.

E. L TAYLOR, Esq., K.C., Barrister, etc.; Director The Great West Permanent Loan Co., etc.

E. S. POPHAM, Esq., M.D., Vice-President Great West Permanent Loan Co., Director Standard Trusts Co., etc.

LÖGMENN—Messrs. Taylor, Bowles & Macalpine BANKERS—The Royal Bank of Canada, og The Imperial Bank of Canada ENDURSKOÐARI—D.A.Pendurs, C.A., of D.A.Pendurs & Co. Chartered Acc't.

THE CANADA NATIONAL FIRE INSURANCE COMPANY var löggilt af sambandsþingi Canada með sérstöku lagaboði 7. apríl 1909, með

Þriggja millíona dollars höfuðstól--$3,000,000

sem skift er í 30.000 hluti á $100.00 hvern, í þeim tilgangi að starfrækja eldsábyrgð, eins og fram er tekið í eldsábyrgðar lögunum, og löggildingar bréfinu.

Aðal skrifstofa félagsins er í Winnipeg, og þar að auki verða útibú stofnsett á víð og dreif um Canada.

Það verða allir að játa, að sökum þess, hve hagur almennings er viðunanlegur, ekki að eins í Vestur-Canada, heldur í öllu ríkinu, að félag þetta er stofnað á ákjósanlegum tíma.

Canada, en þó Vestur-fylkin sérstaklega, eru vaxandi að fólksfjölda og auðæfum, með meiri hraða en áður var kunnugt í sögunni, og hvað eina bendir til glæsilegri framtiðar og framfara, en áður voru dæmi til.

Hinn mikli innflytjendastraumur til Vesturfylkjanna hefir eðlilega orsakað framfarir í öllum viðskiftum Járnbrautir hafa meðal annars aukist með meiri hraða en áður var kunnugt í þessu landi, og flutningur á afurðum landsins hefir verið svo mikill, að félögin hafa stórgrætt. En jafnframt þessu hafa þau fullkomnað kerfi sin, til þess auðveldara væri að koma afurðunum sem hæglegast frá sér, og trygt með því sem beztan markað.

Enda eru allstaðar fram með brautunum að risa upp bæir, sem allir virðast ganga brosandi framtíð í móti. Hið sama er að segja um sveitarfélögin. Framfarir eru auðsæar allstaðar.

Með aðrar eins geysi-framfarir jafnt í Austur- og Vesturfylkjunum, þar sem svo miliónum dollars skiftir er varið til bygginga, er um leið auðsætt, að þar hlýtur að vera góður jarðvegur fyrir nýtt eldsábyrgðarfélag, sem rekur starfsemi um alt Canadaveldi, þó vesturfylkin fjögur verði aðal starfssviðið.

Vegna hinna miklu viðskifta, sem við tölum viss í vestrinu, er það mjög áríðandi, að aðalstöð félagsins og stjórnarinnar eigi sæti í Vestur-Canada, svo að viðskiftum félagsins verði komið fyrir á sem hagfeldastan hátt.

STJÓRNENDUR OG RÁÐUNAUTAR.

Stjórnendur og ráðunautar félagsins eru Vestur-búar eingöngu, sem kunnir eru öllum háttum þar til hlítar. Þeir þekkja viðskiftalíf Vesturfylkjanna gaumgæfilega, og þeir eru einnig menn, sem stjórnendur ýmsra iðnaðar-, verzlunar- og gróðafélaga viðsvegar um Vesturfylkin, og sem eru gagnkunnugir öllum fjármálum og viðskiftum,—hafa frá blautu barnsbeini svo að segja starfað og lært þess konar fræði, og hafa sýnt það og sannað, að þeir eru hæfileikamenn, sem óhætt má treysta og eru þrautreyndir atorkumenn.

STJÓRNENDURNIR.

Þar sem stjórnendurnir eru allir riðnir við þýðingarmikil gróða- eða verzlunar-fyrirtæki, og einnig stjórnendur sumra þeirra, og hafa á þann hátt yfir miklum eignum að ráða, sem eldsábyrgð þurfa, munu þeir vitanlega tryggja mestan hluta þeirra í hinu nýja félagi, svo við megum óhætt fullyrða, að frá byrjun hefir félagið gróðavænlega starfsemi vissa.

Undir þessum heillavænlegu kringumstæðum, jafnframt stórduglegum og þrautreyndum stjórnendum, í sambandi við það, að hver hefir skrifað sig fyrir ellefu þúsund og fimm hundruð dollars (11,500.00) af hlutabréfum, og sérhver lofað, að leggja sig allan fram í þarfir félagsins, er ekki nema ein niðurstaða, sem hér kemur til mála, nefnilega, að starfsemi félagsins verður rekin með gætni, samvizkusemi og dugnaði, svo að hagsmunir ábyrgðarhafa og hluthafa verða fullkomlega öruggir.

Þess er vert að geta, að stjórnin og vinir hennar hafa skrifað sig fyrir $500,000 í hlutabréfum.

Engin umboðslaun hafa verið borguð fyrir sölu hlutabréfa, og enginn kostnaður orðið við stofnun eða efling félagsins, nema við útvegun réttindabréfsins (Charter) og nauðsynleg útgjöld.

The Canada National Fire

The Canada National Fire er myndað í Vesturlandinu og er þess vegna vestrænt félag, og ætti því að njóta viðskifta fólks í Vestur-Canada, sem vill ná sambandi við traust og framkvæmdarsamt Canada félag.

Þeir, sem mynduðu félagið, voru vissir um, að hér í Vestur-Canada var ágætt starfssvið fyrir öflugt eldsábyrgðarfélag, sem jafnt því að starfa í stórum stíl, veitti viðskiftavinum jafnt og hluthöfum næga tryggingu. Þess vegna fékk félagið ríkislöggildingu með 3 millíón dollars höfuðstóli, og ætla stjórnendur strax að bjóða til sölu $2,000,000.00 af þeim.

Mestvarðandi atriðið í eldsábyrgðum er vernd. Með stórum höfuðstól og tryggum varasjóði, sem jafnan verður til taks, með gætilegu ábyrgðavali og með hagnaðinum af hyggilegum fjárlögum, þá eru stjórnendur vissir um, að Canada búar taka félaginu vel, svo að það verði brátt með leiðandi eldsábyrgðar félögum.

Án nægilegs höfuðstóls, er veiti ábyrgðahöfum næga tryggingu, eru eldsábyrgðarfélög svo heft, að þau veita ábyrgðahöfum ekki svo næga tryggingu, sem þeir eiga heimting á. Þetta viðurkenna stjórnendurnir. Þess vegna bjóða þeir nú til kaups svo mikið hlutamagn í félaginu, og þegar allir hlutir vorir eru seldir og borgaðir að fullu, þá er uppborgaður höfuðstóll félagsins stærri en nokkurs annars canadisks eldsábyrgðarfélags, og sá styrkleiki verður félaginu að fullu liði í verzlun þess við skiftavini.

Það skal verða stefna félagsins, að beita allri varkárni í vali beztu ábyrgða, og um leið að hafa starfssvið sitt svo víðtækt, að hættan af eldsvoða á nokkrum einum stað verði sem allra minst.

Mestu varkárni verður beitt við það, hvernig fél. ver fé sínu í gróðafyrirtæki. Að eins áreiðanlegustu tryggingar verða íhugaðar, svo sem fyrstu veðréttir í umbætt um og arðberandi fasteignum, hlutabréfum og veðskuldabréfum traustustu félaga, svo og ríkisskuldabréfum og sveita-, sýslu- og skólahéraða skuldabréfum í velsett um bygðarlögum.

Með því að mikill hluti þessara trygginga er hæglega seljanlegur, hefir félagið jafnan nægan fjárstofn til að mæta öllum hugsanlegum útgjöldum. Fyrstu veðskuldabréf eingöngu verða keypt á land í Vestur-Canada, og af því fáanlegir vextir eru fyllilega 2 prósent hærri í Vestur- en Austur-Canada, þá stendur félagið betur að vigi í samkepninni, en þau félög, sem starfa eingöngu í eldri hlutum ríkisins. Ákveðin stefna félagsins er að lána ekki yfir 50 prósent af lágu virðingarverði fasteignanna, og að semja um ákveðna borgun höfuðstólsins með rentum árlega, meðan lántímabilið varir. Með þessum árlegu afborgunum og með sívaxandi landverði í Canada, verða fyrstu veðskuldarlán félagsins tryggari með hverju líðandi ári

Stöðug uppbygging Vestur-Canada krefst peningamagns um mörg komandi ár. Félagið fær því næga eftirspurn lánsfjár gegn tryggum veðsignum og með háum vöxtum.

Stjórnendurnir hafa ákveðið að selja fyrsta framboðshluta hlutabréfanna fyrir EITT HUNDRAÐ OG FIMTÁN DOLLARS HVERN HLUT, sem er 15 prósent yfirverð.

HLUTAKAUPA SKILMÁLARNIR ERU:

Með pöntun $25.00, er feli í sér yfirverðsgjaldið $15.00 á hvern hlut, og afganginn í 10 hálfsárslegum afborgunum $9.00 á hvern hlut. Hin fyrsta þeirra afborgana fellur í gjalddaga 6 mánuðum eftir úthlutun hlutabréfanna.

Hlutir mega borgast að fullu, þegar keyptir eru. Kaupendur mega og borga allar afborganir fyrir gjalddaga.

Eftirfarandi tafla sýnir upphæð fyrstu niðurborgana og einnig síðari afborgana:

Hluta tala	*Upphæð fyrstu niðurborgunar*	*Hálfsárs afborganir*
1	$ 25.00	$ 9.00
5	125.00	45.00
10	250.00	90.00
15	375.00	135.00
20	500.00	180.00
25	625.00	225.00
30	750.00	270.00
40	1000.00	360.00
50	1250.00	450.00
100	2500.00	900.00
200	5000.00	1800.00
300	7500.00	2700.00

Tafla, er sýnir kaupverð hluta, með $115.00 verði hvern hlut: —

Hluta tala	*Hlutaverð als*
1	$ 115.00
5	575.00
10	1,150.00
15	1,725.00
20	2,300.00
25	2,875.00
30	3,450.00
40	4,600.00
50	5,750.00
100	11,500.00
200	23,000.00
300	34,500.00

Engir gjafahlutir verða veittir undir neinum kringumstæðum, og jafnvel stjórnendur og ráðanautar, sem mest eiga í félaginu, hafa borgað sama verð fyrir hluti sína, eins og almenningur. Ekki einn hlutur hefir verið veittur eða verður veittur nokkrum manni fyrir minna en $115.00 hvern hlut.

Þetta er sjaldgæft tækifæri til þess að eignast með fyrsta söluverði hluti í Vestur-Canada Eldsábyrgðarfélagi, með mikilli og arðsamri verzlun, svo fljótfenginni fyrir viðtækt samband félagsins og sem tryggir hraða framför, og með því að verja fé sínu í vandlega valin og stórarðsöm fyrirtæki, — verður félagið fært um ekki að eins að borga háa vexti, heldur einnig hlaða upp miklum varasjóði, og þannig auka verðgildi hlutanna.

Stjórnendurnir vænta mikillar hluta eftirspurnar og ráða alþýðu til að panta hlutina eins fljótt og verða má.

Stjórnendurnir trúa fastlega á þá stefnu, að hluthafarnir ættu að hafa samvinnu með stjórn félagsins, og að hafa áhuga fyrir velferð þess. Þess vegna ætla þeir að dreifa svo mikið úr sölu höfuðstólshlutabréfanna, að félagið njóti stuðnings merkustu framsóknarmanna hvervetna í landinu. Með hinni geypi-framför Vesturlandsins á síðari árum, sem krafið hefir miliónir dollara, er það nú almennt viðurkent, að Vestur-Canada þarfnist öflugra auðstofnana, sérstaklega hérmyndaðra, til þess að fullnægja vaxandi þörfum Vesturlandsins, og með þeim ásetningi ekki eingöngu að bæta núverandi fjárþörf, heldur einnig til þess að viðhalda hér í Vesturlandinu svo miklu af verzluninni og gróðanum af henni, sem hægt er.

Eldsábyrgðarverzlun er nú orðin svo mikil, að hún er orðin áhrifamikil grein af verzlun heimsins, og vegna þess hún er svo umfangsmikil, er eðlilegt, að tryggingin til ábyrgðarhafa sé eitt af mestu ábyrgðarhafenda sé eitt af mestu áhugamálum almennings. Þetta atriði hefir sannfært íbúa Vestur-Canada um það, að nú sé tími til kominn, að mynda hérlent eldsábyrgðarfélag, svo stórt og öflugt, að það jafngildi beztu slíkum félögum í Ameríku, og hafi þá tiltrú og virðingu, sem hverju því félagi er nauðsynleg, er hefir viðtæk viðskifti við alþýðu.

Stjórnendurnir treysta því, að þeir njóti samhygðar ekki að eins fólks í Vestur-Canada heldur úr öllum hlutum Canada veldis til þess að byggja upp öflugt eldsbyrgðarfélag með nægri tryggingu fyrir alþýðu, og sem geti orðið landinu til gagns og sóma.

Eftirfarandi eldsábyrgðarskýrslur stjórnarinnar ættu að vekja athygli manna:

Árið 1869 voru eldsábyrgðar iðgjöld Canada $1,785,539.00, en 1909 voru þau orðin $22,293,633.25, og af þeirri upphæð lengu Canada félög $6,551,644.41, brezk félög $11,518,267.45 og Bandaríkja félög $4,223,721.39.

Á sl. 41 árum hafa borguð verið í Canada eldsábyrgðar iðgjöld, sem nema $280,740,466.00. Þar af hafa útlend félög fengið $218,310,047.00; þetta fé fer út úr landinu til þess að byggja upp útlend félög og auðga hluthafa þeirra.

Framangreindar tölur eru íhugunarverðar, og sýna, að þó canadisku félögin hafi gert arðvænlega verzlun, hafa þau þó fengið að eins lítinn hluta af eldsábyrgðunum í öllu Canada, eða nákvæmlega 22 prósent af öllum eldsábyrgðum landsins á 41 ára tímabilinu. Með þeim undra framförum, sem orðið hafa í Canada á síðari árum, hefir þörfin fyrir auðstofnanir aukist svo, að það er orðin sívaxandi þörf fyrir öflugar auðstofnanir.

Við frekari athugun stjórnarskýrslanna sézt, að 31. des. 1909 voru að eins 21 canadisk eldsábyrgðarfélög, sem störfuðu undir ríkislöggilding, og af þeim voru að eins tvö með uppborgaðan höfuðstól yfir hálfa milíón dollars.

Með stofnun þessa stóra Canada félags gera stjórnendur sér vissu fyrir, að með dugnaði þeim og framleitni, sem einkennir Vestur-Canada þjóðina, verði félaginu bráðlega viðurkendur atkvæðamikill liður í ábyrgðarkeðju landsins; og með því að Canada National á þátt í að halda innan takmarka Canada miklum peningum, sem annars mundu ganga til þess að efla útlend félög, — þá munu íbúar þessa framfaramikla lands sjá sér hag í því, að styrkja þetta félag, svo það nái þeim styrkleik og viðgangi, að það komist í tölu öflugustu stofnana Canada veldis.

Með tilliti til þess, að þetta er fyrsta hlutaframboð félagsins, og því með lægsta verði, sem hlutirnir verða nokkurntíma fáanlegir fyrir, — þá ráðum vér almenningi einlægleg til þess, að íhuga tilboð þetta fljótt og nákvæmlega. Hluta kaupendur eru beðnir að fylla út meðfylgjandi pöntunarform, rita nöfn sín fullum stöfum, stöðu og heimili og tölu hluta, er þeir vilja kaupa, og senda beiðnina ásamt fyrstu niðurborgun, $25.00 á hvern hlut, beint til skrifstofu félagsins í Winnipeg, Man., eða, ef betur á við, má senda beiðnir til einhverra af útibúum félagsins, eða til útibúa Imperial eða Royal bankanna. Þar verða veittar allar upplýsingar og beiðnaform.

Hlutapantanir verða teknar til greina í þeirri röð, sem þær berast, og þegar stjórnendur hafa samþykt bær, verður hlutabréfunum útbýtt, og þau send umbeiðendum tafarlaust.

Látið ekki hjáliða, að panta hluti strax, því stjórnendurnir eru þess fullvissir, að hlutirnir seljast allir á skömmum tíma.

Allar banka- eða póst-ávísanir, eða annarsháttar borganir fyrir félagshluti, séu gerðar borganlegar til The Canada National Fire Insurance Company.

MEÐMÆLENDUR; Imperial Bank of Canada, The Royal Bank of Canada, R. G. Dun & Co. Bradstreet Co., Merchantile Agencies. Winnipeg, Man.

Áreiðanlegir umboðsmenn óskast, leitið til aðal skrifstofunnar í Winnipeg, Man.

The Canada National Fire Insurance Company.

(LÖGGILT AF SAMBANDSÞINGI CANADA MEÐ SÉRSTÖKU LAGABOÐI)

Aðalskrifstofa· Winnipeg. Man. Can.

UMSÓKN UM HLUTABRÉF.

Ég ..... bið hér með um..... hluti, ákvæðisverð Eitt Hundrað dollars ($100.00) hluturinn í höfuðstól The Canda National Fire Insurance Company, á Eitt Hundrað og Fimtán Dollars ($115.00) hlutinn, sem er 15 prósent yfirverð; og ég undirgengst, að greiða nefnda hluti þannig: — Tuttugu og fimm dollars fyrir hlut inn jafnhliða umsókn, og sem einnig innibindur yfirverðið 15 dollars á hlut, og afganginn í tíu hálfsárs greiðslum, með níu dollars af hlut; hið fyrsta hálfs árs gjald greiðist sex mánuðum eftir dagsetningu hlutabréfanna.

Ég skuldbind mig ennfremur til að veita hlutabréfunum móttöku, þegar þau verða mér afhent og þar með krefst ég ég þess, að nafn mitt verði bókað í bókum félagsins, sem handhafa hlutanna.

Umsóknunum um hluti verður veitt móttaka og niðurraðað eftir því, sem þær berast, og eftir að stjórnin hefir samþykt þær, verða hlutabréfin gefin út og send hlutaðeiganda.

Handhöfum hlutanna verður greiddur ágóðinn, sem af þeim verður, tilgreindur af stjórninni á vissum tímum. Ágóðanum skal jafnað niður og úthlutað í hlutfalli við upphæð þá, sem greidd var félaginu fyrir ákvæðisverð hlutanna.

Afborganirnar mega greiðast fyrir gjalddaga, og þegar allar afborganir greiddar hafa verið, verður fullnaðar viðurkenning gefin handhafa hlutanna.

Hlutir þessir eru að eins færanlegir í bókum félagsins af eigandanum sjálfum, eða umboðsmanni hans með formlegri uppgjafa samþykt. Eigandaskifti skoðast ógild án samþykkis stjórnendanna.

Undirritað í viðurvist

Dagsetning .....

Fult nafn .....

..... Stræti og No. .....

..... Staða .....

Piano sala.

Ekkert heimili ætti að vera Piano laust þar sem þessi sala býður slíkt tækifæri.

Pianos sem áður seldust á $450.00 eru nýboðin fyrir frá

$25. til $90.

og með vægum borgunarskilmálum. Þau hafa verið ofur lítið brúkuð. Aðeins fáein til sölu. Pantið fljótt.

J. J. H. McLean & Co Limited

Cor Portage Ave. & Hargrave
Phone Main 808.

Fréttir úr bænum.

Manitobaþingið verður sett kl. 3 e.h. í dag, — fimtudag.

Hon. R. P. Roblin og Hon. Robt. Rogers komu heim úr Ottawa ferð sinni 8. þ.m., rétt í tíma til að vera við þingsetninguna.

GARRY 2414

Heimilis talsimanúmer ritstjórans er Garry 2414. Það númer eru þeir sem vilja hafa tal af Miss Sigrúnu M. Baldwinson, pianókennara, beðnir að kalla upp.

Manitoba Búnaðarskólinn hefir ákveðið að vinna að því að örfa bændur í Manitoba til þess að stunda fuglarækt með meiri áhuga en þeir hafa gert að undanförnu. Í þessu augnamiði hefir æðstur maður verið fenginn til þess, að flytja fyrirlestra um fuglarækt víðsvegar í fylkinu í júní næstk. Fyrirlestrar þessir verða fluttir undir umsjón hinna ýmsu búnaðarfélaga í þeim héruðum, sem þeir verða fluttir í. Tilganguriinu er, að fá bændurnar til þess, að rækta fugla til sölu í borgum og bæjum, og að halda á þann hátt þeim peningum í fylkinu, sem að undanförnu hafa gengið til Ontario bænda fyrir fugla, sem þeir hafa sent hingað til sölu.

Séra Hans Thorgrimsen, frá Mountain, N.D., var hér á ferð ásamt dóttur sinni um miðja fyrri viku. Hann hélt fyrirlestur um Ísland og söng einsöngva á samkomu þeirri, sem Norðmenn héldu í Goodtemplarahúsinu ísl. fyrra miðvikudagskveld. Var gerður að hvorutveggja hinn bezti rómur. — Þau mæðginin héldu heimleiðis um síðustu helgi.

Herra Páll Magnússon, kaupm. í Selkirk, var hér í verzlunarerindum í þessari viku.

Vegna auglýsinganna stóru, sem endilega urðu að koma í þessu blaði, og sem allir lesendur eru beðnir að lesa með athygli, verður mikið af fyrirliggjandi aðsendum ritgerðum að bíða næsta blaðs.

Magnús Smith, taflkappi, hefir um undanfarna nokkra daga þreytt tafl við tólf mestu taflkappa í Ameriku. Hann endaði áttundi í röðinni, vann 7 og tapaði 7 töflum. Marshall varð hlutskarpastur.

Séra Bjarni Thórarinsson, frá Wild Oak, var hér á ferð í sl. viku.

Herra John Gillis pianósali kom til bæjarins í sl. viku, eftir tveggja mánaða söluferð um Saskatchewan fylki. Honum reyndist ferðalagið örðugt síðan á nvári vegna snjóþyngsla og óvanalegra kulda.

Allir meðlimir stúkunnar Ísland eru ámintir um, að sækja fund í kveld (fimtudag, 9. b.m.). Þar verður til meðferðar áríðandi málefni, sem allir meðlimir stúkunnar ættu að hafa hönd í bagga með að ráða til úrslita.

Landar ættu að fjölmenna á MELSKU-SAMKEPNI Stúdentafélagsins á mánudaginn 13. þ. m. Þar verða án efa fjörugar og fræðandi gæður.

Í grein frá hr. Jónasi Daníelssyni í síðasta blaði varð sú villa, í prentun, að tvær biskupsfrúrnar voru sagðar giftar þrisvar, átti að vera tvisvar.

Alfir vinir og stuðningsmenn barnastúkunnar Æskan eru ámintir um, að mæta á samkomu hennar í kveld (fimtudag). Samkoman verður fjölbreytt og veitingar góðar — Fjölmennið, því það mun gleðja börnin.

Landar ættu að fjölmenna á smáleikina "Takmarkið" og "Óþokkinn Patrekur", sem Ungmennafélag Únitara sýnir í kveld (miðvikudag) og föstudagskveldið kemur. Annar leikurinn er gamanleikur, en hinn alvarlegs efnis. Aðgöngumiðar 35 og 25 cents. Johnsons Stringband spilar.

Ársfundur.

Þann 5. febrúar var ársfundi Fyrsta Únitara safnaðarins hér í bæ, haldið áfram eftir messu. Voru lesnar skýrslur frá presti safnaðarins, ritara, hjálparnefndinni, fyrv. forseta Ungmennafélagsins, forseta kvenfélagsins og frá fjármálaritara og gjaldkera, eru sýndu, að á árinu sem leið voru tekjur safnaðarins $2,317.88, útgjöld $2,197.18; í sjóði $120.70. Skýrsla fjármálaritara yfir efnahag safnaðarins er þannig:

Kirkjubyggingin óglóðin	$27,500.00
Kirkju-búnaður	1,260.00
Fundarsals búnaður ...	125.00
Útistandandi skuldir ...	114.00
Peningar á banka	120.00
Samtals	$29,119.70
Veðláns skuld á kirkjunni	2,400.00
Skuldlausar eignir	$26,719.70

Allar voru skýrslurnar samþykktar, og allar bárú vott um framför. Ungmennafélagið telur nú um 50 meðlimi. Það iðkar ýmsar íþróttir og leiki, — skautaferðir á vetrum, knattleiki o. s. frv. á sumrum. — Í sönfnuðinn gengu á árinu 15 manns.

Klukkan 9 var gengið í samkomusalinn, og sest að snæðingi, er kvenfélagið stóð fyrir af mikilli rausn. Nokkru utansafnaðarfólki var boðið í samsæti þetta, og mun þar hafa verið smankomið um 150 manns.

Forseti safnaðarins J. B. Skaptason, stýrði samsætinu af mikilli lipurð.

Yfir borðum fluttu þessir ræður: Prestur safnaðarins séra Guðm. Árnason, Skapti B. Brynjólfsson, Hannes Pétursson (forseti Ungmennafélagsins), séra Rögnv. Pétursson, Mrs. F. Swanson, Stefán Thorson og séra Wrooman, prestur enska Únitarasafnaðarins hér í bænum, er flutti bróðurkveðju og heillaóskir sins safnaðar til íslenzku trúarbræðranna, og lauk ræðumaður miklu lofsorði á dugnað og viðgang hins íslenzka safnaðar á árinu.

Það, sem öðru fremur einkendi ræðurnar, var bjartsýni, — óbifandi trú á nauðsyn, ágæti og sigursæld þess málefnis, er fyrir væri barist; andans stefna væri í vora átt, þó nafnið Únitari væri ekki viðurkent af öllum, sem aðhyllast þeirra stefnu.

Friðrik Sveinsson, ritari.

Piano kensla.

Hérmeð tilkynnist að ég undirskrifuð tek að mér, frá þessum tíma, að kenna að spila á Piano. Kenslustofa mín er að 727 Sherbrooke St. Kenslu skilmálar aðgengilegir. Talsími Garry 2414.

Sigrún M. Baldwinson

Leiðrétting.

Heimskringla! Mér sárnaði við þig, að þú skyldir hafa eftir Free Press ósönnustu söguna, sem blaðið flutti af æfintýrinu, sem ég komst í um daginn.

Þetta skeði á laugardagskveld, þegar klukkuna vantaði fáar mínútur í tólf. Upp að þeim tíma var mikil umferð af fólki, sem var að kaupa. Þeir síðustu, sem út úr búðinni fóru, gátu ekki hafa verið komnir meir en 100 fet frá dyrunum. Ég gekk inst í búðina og opnaði peningaskúffu, um leið heyrði ég skipun frá ræningja — þeirra einkunnarorð: "Haltu uppi höndunum!". Hann hafði svarta slæðu eða klút vafið um hausinn, undir barðastórum hatti, skambyssu í hendi og kominn inn á mitt gólf milli mín og peningaskúffunnar framar í búðinni. Ég lokaði þeirri, sem ég stóð við, en þá endurnýjaði hann skipun sína, og sagðist skjóta, ef ég gerði sér ónæði; gekk svo aftur á bak og hafði mig í sigti meðan hann var að taka úr skúffunni skildingana. En til að ná í peningaveski með $50.00 og $120.00 í ávísunum, sem ég og aðrir áttu, þurfti hann að bevgja sig. Þá gafst mér tækifæri að komast inn í húsið til Mr. og Mrs. Green. Hann var hálf-afklæddur. Sonur þeirra 12 ára, var, eins og aðrir í húsinu, sofnaður, en vaknaði strax Hann á riffil, sem hékk upp á vegg, og skotlæri á öðrum stað. Áður en riffillinn var hlaðinn, var "þjófsi" farinn sína leið. Skömmu var í svoddan flýti, að hann skildi eftir í hólfi $5.00 og místi á gólfið 2—3 dali í silfri. Tíminn mun hafa verið 2—3 mínútur.

Þetta með öðru ætti að minna fólk á, að fara varlega seint á kveldin. Það er margt af flækingum í bænum, sem heldur vilja stela en vinna.

Ná ekki innflutningalögin yfir hópa af flækingum, sem C.N.R. járnbrautarfélagið og strætisbr.-félagið hafa flutt inn á síðustu verkfallstímum? Auðsjáanlega til að reyna að eyðileggja verkamannafélagsskapinn.

J. JÓNASSON.

Tuttugasta Öldin reis af dvalanum eftir tveggja mánaða blund til þess að geta boðið lesendum sínum gleðilega jól — 3. febrúar. Mikið dásemdar djásn er Fúsi!

Hver, sem líður af tannpínu, getur fengið bót þeirra meina sinna, ef hann heimsækir A. Guðmundsson, 659 Alverstone St., Winnipeg, frá kl. 7—10 að kveldinu.

Sá, sem kann að hafa sæmilega gott piano til sölu, með lágu verði, getur fengið kaupanda, sem borgar út í peningum, með því að snúa sér til Heimskringlu.

Bréf á Heimskringlu eiga:
Helgi Jónasson,
Páll Bergsson,
Miss R. J. Davidson,
Miss Annie Magnússon.

Ég tek saumavinnu.

Ég undirrituð tilkynni hérmeð að ég geri alskyns kjólasaum og aðgerðir og breytingar á kjólum. Verk-stæði 729 Sherbrooke St. yfir Heimskringlu.

Guðríður Sigurdson.

"Takmarkið"
—OG—
"Óþokkinn Patrekur"

tveir smáleikir, verða leiknir miðvikudagskveld 8. og föstudagskveld 10. þ.m., undir umsjón Ungmennafélags Únitara, í Únitara samkomusalnum, á horninu á Sherbroohe og Sargent strætum.

Annar leikurinn er alvarlegs efnis, en hinn er skoplegur, og gefur það áhorfendunum bæði umhugsunar og hláturseíni.

Johnsons String Band spilar á undan og á milli þátta.

Nýjar tjöld, máluð af Fr. Sveinssyni, verða notuð.

Inngangur 35 og 25 cents.

KÓMID SNEMMA.

Samkoma

Mælsku-samkepni.

Stúdentafélagsins verður haldin í Goodtemplarasalnum 13. febr.

PROGRAM.

1. Piano Duett—Misses Jóhannesson og Blöndal.
2. Ræða—Frjálslyndi: G. Paulson
3. Ræða — Menning Kínverja: Guðm. Thorsteinsson.
4. Fjórar raddir—Árnason, Goodmanson, Paulson og Björnsson.
5. Ræða—Savonarola: Miss Jackson.
6. Söngur stúlkna.
7. Ræða—Bindindi: J. Árnason.
8. Söngur pilta.
9. Ræða—Tolstoi: Miss Gottfred.
10. Violin Duett—Miss Halldórson og Mr. Olson.
11. Ræða—Hver er tilgangur háskólans?—St. Bjarnason.
12. Ræða—Björn Hjálmarsson.

TILBOÐ.

Við undirskrifaðir tökum að okk ur alla grjótvinnu, sem við getum af hendi leyst eins fljótt og vel og nokkur getur gert. Við seljum grunn undir hús, hlöðum kjallara, steypum vatnskeröld og gangstéttir, gerum steinsteypu í fjós, o.fl.

Jacob Frimann
Hergr. Hallgrimson
Gardar, N. Dak.

CRESCENT VEIW.

heitir 200 lóða landsvæði í SWIFT CURRENT, Sask. Íbúar þar í bæ nú 2500 og óðum að fjölga. Svæðið er nýmælt út í byggingar lóðir, og er eina mílu frá aðal stræti bæjarins, á austurbakka Swift Current ánnar. Ágætlega sett og liggur hátt en hallar lítil lega að ánni. Járnbraut liggur meðfram þessu svæði og nú er verið að mæla tvö önnur brautarstæði meðfram landinu, 3 brýr liggja yfir ána, fast við landið, 1 járnbrautar og tvær keyrslubrýr. Lóðirnar eru 30x100 fet, við 20 feta "lane" Hver lóð kostar $40.00 ef keyptar fyrir fyrsta aprfl n. k. Hornlóðir kosta $45.00 nokkuð er þegar selt af lóðunum og innan tveggja ára þrefaldast verð þeirra eða meira. Kaupskilmálar eru $10.00 niður borgun og $10.00 á hverjum 3 mánuðum, rentulaust til fsl. kaupenda og eigandi lóðanna borgar alla skatta af þeim fram til 1. janúar 1913.

Landsvæði þetta er áfast við prívat bústaða hluta bæjarins, þar seljast lóðir frá 200 til 300 dollara á vestur bakka árinnar.

SWIFT CURRENT er óðum að vaxa og verður stór bær innan skams. Lóðir þessar eru verðmætar og áreiðanlegt að þær fara í hátt verð. Þeir sem fyrst senda pant anir fá bezta úrval úr landspildunni.

Þetta tilboð er gert sérstaklega fyrir þá Íslendinga sem kunna að velja festa kaup í þessum lóðum meðan þær fást með lægsta verði og þeir verða látnir sæta betri skilmálum, en aðrir kaupendur, þeir sem kaupa fleiri en eina lóð fá afslátt af framangreindu verði.

Sendið pantanir sem fyrst á með fylgjandi beiðniformi til

Jóhann Gíslason
Moose Jaw, - Sask.

Herra JÓHANN GÍSLASON
Moose Jaw, Sask.

Hér innlagðir $..... fyrir.... lóðir sem ég bið yður að velja fyrir mig í CRESCENT VEIW

NAFN.....

HEIMILI.....

Dags.....1911

Kennara vantar

fyrir WALLHALLA S.D.No. 2062. Kenslutími sjö (7) mánuðir (almanaksmánuðir), með tveggja vikna skólafrii. Byrjar 20. april næstk. Umsækendur tilgreini mentastig gildandi í Saskatchewan og æfingu sem kennari, einnig kaup, sem óskað er eftir. Tilboðum veitt móttaka til 15. marz. — Óskað eftir, að umsækjandi sé fær um, að leiðbeina börnum í síng.

Magnús J. Borgford,
2-3 Sec'y-Treas.

Kennara vanart

til LAUFÁSSKÓLA fyrir 3½ mánuð, frá 1. marz næstk. Tilboð, sem tiltaki mentastig og æfingu, ásamt kaupi, sem óskað er eftir, sendist undirrituðum fyrir 11. febr.

Geysir, Man., 5. jan. 1911.

B. Jóhannsson, ritari

Kennara vantar

við Diana skólann, No. 1355 (Manitoba), í 8 mánuði, frá 1. april til 1. desember. Gott kaup borgað (mánaðarlega, ef óskað er). Umsækjendur sendi tilboð fyrir 15. marz og nefni kennarastig og æfing í kenslu og kaup.

Magnus Tait, skrif.-féh:
Box 145, Antler P.O., Sask.
9-3-11.

Kennara vantar

fyrir Hólaskóla, No. 317. Óskast að kennari hafi 1. eða 2. flokks kennara leyfi. Kennari verður að hafa tekið 2. flokks 'Normal' próf. Kenslutími 7 mánuðir, byrlar 1. april 1911 og endar 1. nóvember sama árs. Tilboð sendist til undirritaðs fyrir 15. febrúar.

John J. Johnson,
Box 33, Tantallon, Sask.
9-2-11.

Hannyrðir.

Undirrituð veitir tilsögn í alls kyns hannyrðum gegn sanngjarnri borgun. Starfsstofa: Room 312 Kennedy Bldg., Portage Av., gegnt Eaton búðinni. Phone: Main 7723.

GERÐA HALDORSON.

Lágverðs SALA.

Við undirritaðir tilkynnum hér með Wild Oak og Marshland búum að við höfum lágverðs sölu á skótaui, kóleti og dúkvarningi frá 15. febrúar til 1. marz. Á þessu tímabili verður 20 prósent afsláttur veittur á öllu því, sem keypt er af þessum vörum.

Langruth Trading Co.

J. J. BILDFELL
FASTEIGNASALI.
Union Bank 5th Floor No. 520
Selur hús og lóðir, og anna þar að lútandi. Útvegar peningalán o. fl.
Phone Main 2685

Th. JOHNSON
JEWELER
286 Main St. Sími M. 6606

Dr. G. J. Gíslason,
Physician and Surgeon
19 South 3rd Str., Grand Forks, N.Dak
Athygli veitt AUGNA, EYRNA og KVERKA SJÚKDÓMUM. ASAMT INNVORTIS SJÚKDÓMUM og UPPSKURÐI. —

Dr. J. A. Johnson
PHYSICIAN and SURGEON
HENSEL, N. D.

HANNES MARINO HANNESON
(Hubbard & Hanneson)
LÖGFRÆÐINGAR
10 Bank of Hamilton Bldg. WINNIPEG
P.O. Box 781 Phone Main 378 " " 3142

Gísli Goodman
TINSMIÐUR.
VERKSTÆÐI: Cor. Toronto & Notre Dame.
Phone Garry 2988 : : Heimilis Garry 899

WINNIPEG ANDATRÚAR KIRKJAN
horni Lipton og Sargent.
Sunnudagasamkomur, kl. 7 að kveldi. Andartrúarspeki þá útskýrð. Allir velkomnir.
Fimtudagasamkomur kl. 8 að kveldi, huldar gátur ráðnar. Kl. 7.30 segul-lækningar.

Þegar þér þurfið að kaupa
Gott smjör
Ný egg
og annað matarkyns til heimilisins, þá farið til
YULES PRODUCE STORE
941 Notre Dame St.
Prices always reasonable

Sherwin - Williams
PAINT
fyrir alskonar húsmálningu.
Prýðingar-tími nálgast nú. Dálítið af Sherwin-Williams húsmáli getur prýtt húsið yðar utan og innan. — Brúkið ekker annað mál en þetta. — S.-W. húsmálið málar mest, endist lengur, og er áferðarfegurra en nokkurt annað hús mál sem búið er til. — Komið inn og skoðið litarspjaldið. —

Cameron & Carscadden
QUALITY HARDWARE
Wynyard, - Sask.

Saumið Hnappa
og Krókapör á allan fatnað yðar.
í yðar eigin Saumavél.

Þetta getir þér gert mjög fljóttlega með því að tengja þetta litla og handhaga verkfæri á vélina.

The "HOLDAWAY BUTTNSEWER"

sauma hnappa og krókapör á alkyns fataefni fljótt og traustlega, það má tengja verkfærið við hvaða saumavél sem er. Sauma hnappa með 2 eða 4 augum, bindur hvert spor, hnappar og krókapör haldast á meðan spjörin endist. Börn geta saumað með því.

Gert úr besta stáli, silfrað. Verð $5.00 sent póst borgað með nákvæmu tilsögn og 5 ára ábyrgð að það saumi eins og lýst er, og að vér endurnýjum hvern þána part, sem eyðist eða brotnar á því tímabili. Peningum skilað aftur ef ekki reynist nákvæmlega eins og vér segjum það, og algerlega fullnægjandi.

HÚSMÆÐUR OG SAUMAKONUR mega ekki vera án "Holdaway" hnappasaumarans, hann vinur þú kvenna verk og svo nettlega og vel að engina handsaumur jafnast við það.

Umboðsmenn óskast í bygðum Íslendinga. Verkfærið er útgengilegt. Skrifið oss um söluskilmála.

K. K. ALBERT, 708 McArthur Bldg.
WINNIPEG, MAN.

PANTIÐ HÉR.
K. K. ALBERT, 708 McArthur Bldg.
Winnipeg, Man.
Saumavél mín er (segið nafn smiðsins).....
Hún er No..... (segið númer hennar)
Sendið mér "Holdaway Buttnsewer" fyrir hér inulagða $5.00
Nafn.....
Stræti og húsnúmer.....
Bær..... Fylki.....

Hefir þá borgað Heimskringlu?

Sveinbjörn Árnason
Fasteignasali.
Selur hús og lóðir, aldsábyrgðir, og lánar peninga. Skrifstofa: 310 McIntyre Blk.
office TALSÍMI 4700. hús Tal. Sherb. 2018

Ágætasta brauð.

Það er eins þægilegt og miklu ánægjulegra sjálfum yður að mega nota

Boyd's
BRAUÐ.

af því að þau eru ómengað holl og hrein eins og hægt er að gera nokkur brauð. Þér munið finna nautn í Boyd's brauðum. Hún liggur í bökununni.

BAKERY.
Cor. Spence St. & Portage Ave.
Phone Sherb. 680

BONNAR, TRUEMAN & THORNBURN,
LÖGFRÆÐINGAR.
Suite 5-7 Nanton Blk. Main 766
Winnipeg, Man. P.O.BOX 223

Anderson & Garland,
LÖGFRÆÐINGAR
35 Merchants Bank Building
PHONE: MAIN 1561.

GEO. ST. JOHN VAN HALLEN
MALAFÆRZLUMAÐUR
GERIR ÖLL LÖGFRÆÐIS STÖRF ÚTVEGAR PENINGALÁN.
Bæjar og landeignir keyptar og seldar, með vildarkjörum,
Skiftisktil $3.00
Kaupsamningar $3.00
Sanngjörn ómakslaun. Reynið mig.
Skrifstofa: 418 McIntyre Bldg.
Talsími Main 5142
Heimils talsími Main 2357
WINNIPEG

W. R. FOWLER A. PIERCY.

Royal Optical Co.
307 Portage Ave. Talsími 7286.
Allar nútíðar aðferðir eru notaðar við augn-skoðun hjá þeim, þar með hin nýja aðferð, Skugga-skoðun, sem gjöreyðir öllum ágiskunum. —

Talsími Heimskringlu
Garry 4110

Heimskringla.

Heimilis talsími ritstjórans:
Garry 2414

XXV. ÁR | WINNIPEG, MANITOBA, FIMTUDAGINN, 16. FEBRÚAR 1911 | NR. 20.

Skuldardómur.

Skattskyldumál Canadian Pacific járnbrautarfélagsins, sem verið hefir fyrir leyndarráðsdómstóli Breta (æðsta dómstóli brezka veldisins) um nokkurn undanfarinn tíma, var leitt til lykta þann 3. þ.m. á þann hátt, að járnbrautarfélagið vann sigur í öllum atriðum

Þetta þrætumál var um það, hvort Canadian Pacific járnbrautarfélaginu bæri að borga skatta af óbygðum löndum sínum í Vestur-Canada, og það var sett fyrir leyndarráðsdómstólinn með samkomulagi beggja málsaðila, til þess að fá lagalega vissu í þessu efni.

Málið var sótt fyrir hönd Alberta og Saskatchewan fylkjanna. Því var haldið fram, að 20 ára undanþága C.P.R. félagsins frá skattgreiðslu ætti að teljast frá þeim tíma, sem lönd bau, sem félagið fékk, hefðu verið mæld, og samkvæmt því væri skattskuld félagsins við Alberta fylkið orðin 26 miljónir dollars.

Félagið, hinsvegar, hélt sér við 16. gr. í samningum þeim, sem það gerði við ríkisstjórnina árið 1881, sem hljóðar svo: —

"Canada Kyrrahafsbrautin og allar vagnstöðvar og vagnstöðvalóðir, verkstæði, byggingar, starfsvæði (yards) og aðrar eignir, vagnar og önnur starfstæki, sem nauðsynleg eru og notuð við byggingu og starfrækslu hennar, og höfuðstóll félagsins skal vera um aldur og æfi undanþegið skattgreiðslu til ríkisstjórnarinnar, eða nokkurra fylkja, sem hér eftir verða mynduð, eða nokkurra sveitafélaga innan þeirra; og lönd félagsins í Norðvesturhéruðunum, þar til þau eru annaðhvort seld eða búið á þeim, skulu einnig undanþegin skattgreiðslu um 20 ár eftir veitingu þeirra frá krúnunni".

Nú hefir æðsti dómstóllinn dæmt að 20 ára skattgreiðslu undanþágu tímabil félagsins byrji frá þeim degi, sem eignarbréf stjórnarinnar til félagsins sé dagsett fyrir hverjum sérstökum sektiónar fjórðungi eða sektión. En það hefir verið regla félagins á liðnum árum, að taka ekki þessi eignarbréf fyrir neinum landskika, fyrr en það annaðhvort hefir þurft sjálft að nota hann, eða það hafði selt hann, og það mun óhætt að fullyrða, að það hafi enþá ekki tekið 'patent' fyrir miklum hluta af löndum sínum í nefndum fylkjum.

Svo virðist, sem löndin verði skattskyld strax og C.P.R. félagið hefir selt þau, eða gefið eignarbréf fyrir þeim, en það gerir félagið aldrei, fyrr en það hefir fengið þau borguð að fullu. Dómurinn virðist því benda til þess, að sá bóndi, sem kaupir land af C.P.R. félaginu þurfi ekki að borga sveitarskatt af því fyr en hann hefir borgað það að fullu, — þó það taki hann 10 ára tíma, — og fengið fullkomið afsalsbréf frá félaginu. — Vera má nú samt, að Heimskringla misskilji þetta atriði, en nær liggur samt að halda, að skilningurinn sé réttur, því að það er víst, að loforð um sölu eða sölusamningur er að lögum ekki skoðað sem sala. Salan er fullkomin, þegar hið formlega afsalsbréf fyrir landinu er fullgert.

Litli kofinn á Nesi.

BJARNASON & THORSTEINSON

Fasteignasalar

Kaupa og selja lönd, hús og lóðir víðsvegar um Vestur-Canada. Selja lífs og eldsábyrgðir.

LÁNA PENINGA
út á fasteingir
og innkalla skuldir.

Öllum tilskrifum svarað fljótt og áreiðanlega.

Wynyard - - Sask.

Aukinn herfloti.

Meðan blöðin, þjóðhöfðingjar, klerkar og aðrir góðir og friðsamir menn eru að berjast fyrir og boða allsherjar frið, og jafnframt eru að ræða um, hverni 10 milión dollara friðarsjóði Andrews Carnegie verði sem bezt varið, — einmitt þá er útlit fyrir að fleiri herskipum verði hleypt af stokkunum víðsvegar um heim allan, en áður voru dæmi til.

Eftir skýrslu þeirri, sem flotamálastjórnin enska hefir látið blöð unum í té, sést það, að frá febrúar byrjun til desember loka 1911 er búist við að 36 'Dreadnoughts' (brynderekum) verði hleypt af stokkunum hér og þar um heiminn og er það sama sem einn dreki á hverjum niunda degi. Nú sem stendur eru 38 slíkir drekar á floti, eftir 5 ára tímabil, því ekki er lengra síðan að hinum fyrsta var hleypt af stokkunum á Englandi.

Auk þessara stór-dreka verður sjólda smærri herskipa smíðað á þessu ári, svo sem tundursendlar, linuskip, trjónur og beitiskip, og ýmsar umbætur gerðar á eldri skipum, sem gerir þau sem ný.

Af drekunum stóru, sem bygðir verða á árinu, smíða Englendingar lang-flesta, eða 11 af 36. Næstir verða þjóðverjar með 7, Rússar með 4, Bandaríkin koma með 3 í viðbót við drekann 'Arkansas', sem nýverið var hleypt af stokkunum; Frakkar byggja 2 og eiga 3 fyrir; Argentina 2, Japan 2, Chile 2, og Ítalir, Austurríki, Brazilía og Spánn byggja sinn drekann hvert.

Af smærri skipunum byggja Englendingar einnig flest, eða 61; Þjóðverjar 50, Frakkland 46 og Rússland 30.

Alls er áætlað, að $700,000,000.00 verði varið til byggingar nýrra herskipa, smærri og stærri, á árinu víðsvegar um heiminn, og þar að auki fullum hundrað miliónum dollars varið til endurbóta á gömlum herskipum.

Þessi upphæð, sem þannig er varið til aukningar herflota hinna ýmsu rikja veraldarinnar, virðist ómótmælanleg sönnun þess, að þau milióna friðarsjóðurinn hans Andrew Carnegie, muni hafa litla þýðingu að svo stöddu að minsta kosti. Og að allar friðarræður og prédikanir vega litið á móti þeirri nauðsyn, sem stjórnendur rikjanna álíta að traustar hervarnir hafi.

Og það mun vera þess langt að bíða, að stórþjóðir heimsins leggi her sina niður. Það hefir verið og er enn óbilandi trú rikjandi stjórnenda, að völd og álit einnar þjóðar sé að mestu eða öllu leyti undir herafla hennar komið. Og til þess að vera sem voldugust, er hvorki séð í skildingana eða mannslífin.

Friðarkenningin er fögur, því neitar enginn, en að koma henni í framkvæmd mun ekki núlifandi kynslóðum auðnast.

Fregnsafn.

Markverðustu viðburðir hvaðanæfa.

— Svartidauðinn í Mandsúríinu er í engri rénun. Síðustu fréttir frá Harbin telja 4 þúsund manns hafi látist úr pestinni, þar á meðal sex læknar, sem stunduðu þá sjúku. Sú meginregla hefir verið tekin upp, að brenna öll líkin, en það er enginn hægðarleikur, því fáir vilja sinna þeim starfa, af ótta fyrir að smittast sjálfir af líkunum. Að grafa líkin var með öllu ómögulégt, því jörð var gaddfreðin um þessar mundir, og þó þess hefði verið auðið, var líkbrenslan álitin öruggari vörn gegn útbreiðslu plágunnar. — Til þessa hafa það verið mest Kínverjar, ar, sem látist hafa úr sýkinni, en nú eru hvítir menn einnig farnir að hrynja niður. Valdsmenn og læknar standa ráðþrota og sjá enga von, að geta bætt úr böli manna, þar sem sýkin hefir fótfestu fengið. Eina von yeirra er, að stemma stigu fyrir frekari útbreiðslu. Ofan á þessa voðaplágu bætist hungursneyð og harðæri, — svo það er hörmunga ár, sem yfir Manchúría Norður-Kina dynur um þessar mundir.

— Fyrir undirrétti í Lundúnum var kona ein, Mrs. Hastings, ákærð um illa meðferð á 8 ára gamalli stjúpdóttir sinni. Við réttarhaldið sannaðist það, að hún hafði iðulega látið barnið svelta, og hent í það illri og ónógri fæðu, eins og fyrir hund. Einnig hafði hún haft sérstaka unun af því, að láta barnið fara úr hverri spjör, binda það svo nakið yfir stól á hvolfi og lemja það síðan með ólum eða vendi; og oft varð barnið að vera bundið við stólinn svo timunum skiftir, þar til flagði þessu bóknaðist að leysa það. Ennfremur sannaðist það, að hún hafði eitt sinn tekið glóandi járn og brent barnið á höndum og öxlum. Dómarinn, sem mál þetta hafði til meðferðar, gat þess, að þetta væri sú svivirðilegasta meðferð, sem hann hafði vitað á barni, og taldi leitt, að lögin heimiluðu sér ekki, að dæma konuna til sömu hegning ar og hún hefði látið saklaust barnið þola, því hefðu hýðingarlögin gömlu ekki verið úr gildi numin, hefði hann beitt þeim í fýlsta mæli á kvenflagði þessu; en úr því það væri ekki í sinu valdi, þá mundi eins árs þrælkunarvinna koma að góðu haldi. — Svo var mikil gremja almennings og reiði við konu þessa, að það þurfti heila sveit lögregluþjóna að taka hana úr dómshúsinu í fangelsið og fyrra hana meðferðinni frá himum æsta lýð, en bölbænir fylgdu henni óspart að fangelsisdyrunum.

— Hinn frægi brezki aðmíráll, Charles Beresford lávarður, hefir að fullu sagt skilið við brezka sjóherinn, enda er hann nú kominn hátt á sjötugsaldur. Hann var talinn fróðastur um flotamál af núlifandi aðmírálum Breta, og auk þess mikið við stjórnmál riðinn.

— Uppresistin í Mexicó heldur stöðugt áfram, en sú breyting hefir á orðið, að stjórnarherinum er farið að veita betur. Herforinginn Luque, sem stjórnaði einni af herdeildum stjórnarinnar, beið þó ósigur á föstudaginn var í nánd við Mulata, sem er smábær nálægt landamærum Texas og Mexicó. Í beirri orustu létu 200 stjórnarmenn lifið og 75 af uppreistarmönnum. Aftur hefir stjórnarherinn tekið tvær borgir, sem voru á valdi uppreistarmanna, og handtóku 400 manns. Uppreistarforinginn Francisco Madero, sem sjálfur hefir ekki verið í Mexicó nú um tíma, sneri þangað aftur og komst klakklaust inn fyrir landamærin núna nýverið, og hafði hann með sér sveit æfintýramanna og byrgðir af skotföngum. Hélt hann með sveit sina áleiðis til borgarinnar Juarez, sem var önnur borgin, er stjórnarherinn vann, og hvgst hann að taka hana við fyrsta tæki færi og gera að miðstöð uppreistarinnar. Eru því allar líkur til, þó stjórnarherinn hafi hafz betur í síðustu viðureign, að gæfan snúi aftur uppreistarmönnum í vil

— Þorp eitt á Finnlandi, með 200 mönnum, var sópað í burt í ofviðri og stórflóði fyrra fimtudag — svo ekkert var eftir, dautt eða lifandi, nema steinkjallararnir, sem voru undir húsunum.

— Borgin Los Angeles varð fyrst allra borga í Bandaríkjunum til þess að taka kvenmann í lögregluliðið, og var það fyrir átta mánuðum síðan, að Mrs. Alice Wells voru veitt réttindi sem lögregluþjón, þó launalaust. Starf hennar átti aðallega að vera, að lita eftir ungum stúlkum, að þær væru ekki leiddar afvega, og eins að hafa um sjón með skemtistöðum þeim, sem stúlkur oftast sóttu í tómstundum sinum, að ekkert færi það þar fram, sem ill áhrif gæti haft á hugi þeirra. Þegar Mrs. Wells hafði starfað í 3 mánuði, voru henni veitt full laun, jafnt 3 álna háum karlmönnum, sem þeirri starfa gegna að jafnaði. — Nú fyrir skömmu bætti lögreglustjórn borgarinnar 10 kvenmönnum við lögregluliðið, og áttu þær að starfa í sama tilgangi og Mrs. Wells. Lögreglustjórinn kvað hana hafa unnið borginni meira gagn á þessu 8 mánaða tímabili, en 10 lögregluar, og að sín sannfæring væri það, að kvenmaður væri miklu hæfari að gæta siðferðis ungra stúlkna en karl-lögregluþjónn, — og væri affarasælla hverri borg, að fækka karlmönnum í lögregluliðinu og fylla skarðið með hæfum kvenmönnum.

— Rússi einn, David Kotschiner að nafni, var nýlega tekinn fastur í St. Pétursborg, sakaður um fjölkvæni. Við réttarrannsóknina kom það í ljós, að á tæpum þremur árum hafði hann kvongast 22 stúlkum víðsvegar um Rússland, og voru bær allar á lifi og 16 þeirra mæður. Það, sem þótti mestum undrum sæta, var það, að maðurinn gekk alt af undir sinu rétta nafni, og voru því allar þessar 22 konur 'Mrs.' David Kotschemer. Dómarinn lýsti undrun sinni yfir því, að jafn ljótur maður og hinn ákærði væri (kryplingur) skyldi hafa gengið svo vel í augun á kvenþjóðinni, — en 8 ára hegningarhússvinnu kvaðst hann verða að dæma hann í, svo fleiri stúlkur yrðu ekki ástfangnar í hon um en komið væri. Að þeim tíma liðnum mundi litil hætta að sleppa honum lausum í kvennahóp. Átján af konum Davids voru í réttinum, þegar hann var dómfeldur og 35 börn, sem hann var faðir að, — og var grátur mikill, þegar dómurinn var uppkveðinn, því veslingunum hefir án efa bótt sárt, að sjá á bak ástríkum eiginmanni og eðallyndum föður.

— Hungursneyðin í Kina fer dagvaxandi. Eftir síðustu skýrslum er talið, að full hálf miljón manna hafi fallið úr hungri, og fullyrt er, að tvær miliónir manna deyi í viðbót, ef ekki verður brugðið drengilega við og hjálpað þeim bágstöddu, sem allra fyrst. Rauðakross félagið hefir reynt að bæta úr þessum hörmungum af mætti, og nú hefir það skorað á allan hinn mentaða heim, að koma til hjálpar og það án dvalar. — Hörmungasvæðið tekur yfir 300 ferhyrningsmilur, og eru það hryllilegar fréttir, sem af því berast: Dauðir mannabúkar liggja í röðum fram með brautunum og hálfdauðir aumingjar dragast áfram um þær, leitandi að einhverju, sem sefað gæti hungrið. Ungbörn hafa verið drepin hrönnum saman, svo þau skyldu ekki verða til byrði, og jafnvel sumir, sem frávita voru orðnir af hungri, lögðu sér lik barna sinna til munns. En þær hörmungar, sem yfir vesalingsfólkið dynja, eru ekki hér með taldar: Frost og hríðar, sem er harla fátíit þar um slóðir, hefir nú hæzt ofan á alt annað og aukið þevð og hörmungar fólksins.

— Gufuskipið Bradlow fórst við Argentina strendur á laugardagsnóttina með allri áhöfn, 60 manns.

— Bandarikjastjórn ætlar að verja 125 þús. dollars til að kaupa flugvélar til nota fyrir landherinn til athugunar á landamærum Mexico. Neðri málstofan hefir þegar samþykt þessa fjárveitingu, og nú er hún til umræðu í efri málstofunni.

— Hon. Price Elleson, fjármála- og akuryrkju-ráðgjafi í British Columbia stjórninni, hélt því nýlega fram í þingi þar, að gamli James J. Hill hefði gefið 50 þús. dollara til þess að borga fyrir ferð Vesturlands bændanna til Ottawa fyrir nokkrum tíma, til þess að halda þar fram frjálsverzlunarkröfum. Átti Hill að hafa gert þetta í því augnamiði, að beina vöruflutningum landsins frekar norður og suður, enn austur og vestur, til þess með því að tryggja brautum sínum meira flutningsmagn. — En ekki gat hann sannað sögu þessa, kvaðst hafa farið þar eftir blaðasögnum eingöngu.

— Merkilegt mál stendur yfir í Paris um þessar mundir. Kona ein, Madame Lalose, er ásökuð um óleyfilegar lækningar. En vitnaleiðslan hefir öllu heldur sýnt, að það eru kraftaverk, sem konan gerir, líkust því sem Kristur forðum, því hún gerir máttvana og krefta albata með því að fara höndum um þá. Eitt af vitnunum var lögregluvfirmaður. Bar hann það, að kona sin hefði haft staur-handlegg, og hefði hún farið til ýmsra frægra lækna, en árangurslaust. Þá hefði hún farið á fund Madömu Lalose, sem hefði að eins strokið handlegginn lítillega. Sama kveldið hefði handleggurinn verið hreyfanlegur og næstadag hefði hann verið alheill. — Annað vitnið bar það, að það hefði verið brjálað, en að maddaman hefði gert sig albata með því að strjúka um enni sér.— Þannig voru ótal fleiri vitni framleidd, sem höfðu orðið fyrir kraftaverkum maddömu Lalose. — En merkasta vitnið var hinn stórfrægi franski læknir, sem gengur undir nafninu "Mage Panus". Hann sagði að þessar lækningar maddömunnar væru svipaðar því, sem hinir egypsku prestar og spámenn Gyðinga hefðu gert í fornöld. Hann kvaðst sjálfur hafa verið í full 20 ár að reyna að komast yfir þessa lækninga aðferð, en sér hefði ekki tekist það. Hún væri leyndardómur, en hann efaðist alls ekki um, að þessi kona væri þessari gáfu gædd, og kvaðst vilja gefa stórfé fyrir að vera í hennar sporum. Dómarinn gat þess, að kona þessi væri gædd svipuðu leikum og sankti Tómas, og hann gæti ekki séð neitt saknæmt í því, þó hún iðkaði þessar lækningar sinar, þó þær væru gagnstæðar öllum lækningavenjum. Menn mættu fremur vera henni þakklátir.

— Hroðamorð var framið í borginni Taber í Alberta á þriðjudagsnóttina. Þegar menn vöknuðu um morguninn, fanst einn af bezt kunnu borgurum bæjarins, Erskine, skotinn til bana í námunda við pútnahús, er lá afskekt, og við hlið honum konan, sem í húsinu bjó, og "Babe Adams" var kölluð, skotin fimm skotum. Hver morðin vann, er ekki fullvist, en japanskur matsveinn, sem í húsinu var hefir verið tekinn fastur, grunaður að hafa unnið ódáðaverkið.

Eimreiðin.

Fyrsta hefti af seytjánda árg. Eimreiðarinnar hefir borist oss í hendur nýverið, og er það fjölskrúðugt að efni, svo enga ástæðu sjáum við til að efa, að þetta nýbyrjaða ár Eimreiðarinnar muni standa hinum að baki.

Fyrst riður Matth. skáld Jochumsson fram á ritvöllinn með "Ljóðskáld Svía á 19. öldinni". Fyrst með stuttan inngang í óbundnu máli, og svo með heilmikið af þýddum ljóðum eftir skáld þau, sem hann hefir orðið mest hugfanginn af. Þýðingarnar eru flestar góðar, sumar ágætar, svo engin ellimörk eru enn sjáanleg á ljóðadisinni lárviðarskáldsins okkar. — Sá af þessum sænsku skáldum, sem Matthías virðist mest hrifinn af, er Gustav Fröding, og hefir hann þýtt fimtán kvæði eftir hann, sem öll eru í þessu hefti. — Bezt þeirra álitum við "Bannaður arfréttur" og "Gyðingurinn gangandi", bæði prýðisvel kveðin.

Hin skáldin, sem Matthías þýðir eftir, eru: Karl Snoilsky, Anders Österling, Sven Lidman, Sigurður Agrell og Ossian Nilsson, og geðjast okkur mjög vel að kvæðinu "Svíþjóð" eftir hinn síðastnefnda.

Í kvæðinu 'Eftirmáli' eftir Sven Lidman er þessi vísa:

"Hver nautn var stolin, öllu illa varið;
því urðu lífs vors dagar fáir,
þungir.
Vér vildum njóta alls — og alt er farið,
og erum þó svo ungir! —"

Næstur ljóðunum kemur Guðm. Björnsson landlæknir með 'Um ný orð". Er það sérstaklega orðið 'yfirréttarmálaflutningsmaður, sem hann vill fá breytt, — telur hann 'yfirlögmaður' mundi láta bezt í munni.

Þá er saga eftir Jón Trausta, sem hann kallar "Blái dauðinn", og er lýsing á Skaptárhardindunum 1784 og hörmungum þeim, sem yfir land og lýð dundu. — En inn í þá atburði blandar höfundurinn framtiðar draumórum um sjálfstæði og framfarir, sem við getum ekki séð að hafi hót að gera með söguna sjálfa, annað en að lengja hana.

Þessu næst þýðir Guðjón Baldvinsson "Brota-brot" úr ritum danska spekingsins Sören Kirkegaards, sem gefa þeim, sem ritum hans eru ókunnir, nokkra hugmynd um skoðanir eins þess mesta andans frömuðar, sem Danir hafa átt.

Næst kemur Jakob Jóhannesson með smásögu, sem hann nefnir "Draumur þess liðna", og Jóhann Sigurjónsson með tvö smákvæði, lipurt kveðin.

Ritstjórinn (V.G.) skrifar um Leó Tolstoi og þýðir "Helgisögu" eftir hann. Aftast í heftinu er svo "Ritsjá" og "Ísl. hringsjá" eins og venja er til.

Eimreiðin er fjölbreyttasta íslenzka timaritið, sem út er gefið, og ættu sem flestir Íslendingar að kaupa það og lesa.

STÓRSTÚKUÞING

Goodtemplara verður sett á miðvikudagskveldið 15. þ.m. kl. 7½, í efri sal Goodtemplarahússins. Áríðandi að allir fulltrúar komi í tíma, því strax á eftir þingsetningunni verður farið úr salnum of Central Congregational kirkjuna, þar sem öll bindindisfélög bæjarins ætla að halda samtalsfund.

Á föstudagskveldið verður Gold Medal Contest og aðrar fleiri skemtanir í efri sal Goodtemplara hússins. Inngangur 25c. Komið og fyllið salinn.

OGILVIE'S
Royal Household Flour

Til Brauð og Köku Gerðar

Gefur Ævinlega Fullnægingu

EINA MYLLAN Í WINNIPEG,—LÁTIÐ HEIMAIÐNAÐ SITJA FYRIR VIÐSKIFTUM YÐAR.

WALL PLASTER

"EMPIRE" VIÐARTAGA VEGGLÍM.
"EMPIRE" CEMENT WALL VEGGLÍM
"EMPIRE" FINISH VEGGLÍM.
"GOLD DUST" VEGGLÍM.
"SACKETT" PLASTER BOARD.

SKRIFIÐ OSS OG FÁIÐ VORA ÁÆTLUNAR BÓK.

Manitoba Gypsum Co., Limited.
WINNIPEG, - MANITOBA.

Heimskringla
Published every Thursday by The Heimskringla News & Publishing Co. Ltd

Verð blaðsins í Canada og Bandaríkjunum $2.00 um árið (fyrir fram borgað).
Sent til Íslands $2.00 (fyrir fram borgað af kaupendum blaðsins hérlendis $1.50.)

B. L. BALDWINSON
Editor & Manager

Office:
729 Sherbrooke Street, Winnipeg
BOX 3083. Talsími Garry 4110.

Manitobaþingið.

Eins og til stóð, var fylkisþingið sett á fimtudaginn 9. febrúar kl. 3 síðdegis, af fylkisstjóranum, Sir Dgniel McMillan. Var þar samankomið fjölmenni mikið og fór þingsetningarathöfnin fram með hinni mestu viðhöfn.

Fyrsta verk þingsins var að kjósa sér forseta, og var James Johnson, þingmaður fyrir Turtle Mountain og forseti tveggja síðustu þinga, endurkosinn í einu hljóði. Og er hann hafði þakkað fyrir heiður þann, sem sér hefði verið sýndur, flutti fylkisstjórinn hásætisræðuna, eins og siðvenja er til. Hásætisræðan var þannig:

"Herra forseti og háttvirtu þingmenn:

Ég býð yður velkomna á hið fyrsta þing hins þrettánda þingtímabils Manitoba fylkis.

Við fráfall vors elskaða konungs, Játvarðar hins sjöunda, hefir ríkið mist mikið. Hans mörgu konunglegu hæfileikar gerðu hann ástsælan meðal þegna sinna og allur hinn mentaði heimur viðurkendi verðleika hans. Tilraunir hans til að efla sátt og samlyndi milli hinna ýmsu þjóða gefa honum með réttu auknefnið "Játvarður friðsemjari".

Í sameining við alla aðra þegna ríkisins, þjóðum við hjartanlega velkominn til valda hans konunglegu hátign Georg hinn fimta, og biðjum þess, að stjórn hans megi verða framhald af friði og vinsældum þeim, sem einkendu hans frábæra föður.

Hið liðna ár hefir verið velmegunar ár. þó sumir hlutar fylkisins hafi ekki framleitt á við sum undanfarin ár, þá hefir samt fylkið í heild sinni haft góða uppskeru, og sem vér eigum náðarsamlegast guðlegri forsjón að þakka.

LANDAMERKIN.

Stjórn mín hefir í þinghléinu haft samræður við sambandsstjórnina um stækkun fylkisins og fjárhagsskilmála þar að lútandi. En mér þykir fyrir að verða að játa, að engin verulegur framgangur í áttina til samninga hefir tekist að svo komnu.

KORNHLÖÐUR.

Með valdi því, sem síðasta þing veitti stjórninni, hefir hún nú komist yfir nokkrar kornhlöður, sem bæði hafa tekið á móti og geymt korn. Og nefnd sú, sem skipuð var að stjórna þessum þýðingarmiklu þjóðeignum, gefur skýrslu um unaið starf.

TALÞRÆÐIR.

Starfsemi Manitoba-stjórnar talþráðanna hefir fallið almenningi svo vel í geð undanfarið, að stjórn in hefir ekki getað fylgst með kröfum fylkisbúa eftir þessum þarfatækjum. Það er því í ráði á þessu ári, að halda áfram hinni öflugu stækkunarstefnu, sem unnið var að áður.

NÝTT ÞINGHÚS.

Vegna hinna sívaxandi starfa, sem ráðsmenska fylkisins útheimtir, er það orðið bráðnauðsynlegt, að koma upp nýju þinghúsi og skrifstofu bústað. Reynt hefir verið að fá landspildu þá, sem Fort Osborne herskálarnir standa á, fyrir byggingarsvæði. Og ef það tekst, verður þar nægðar nóg svæði til að byggja eftir þörfum og þroskun fylkisins.

GÓÐIR VEGIR.

Stjórn mín gerir sér fyllilega grein fyrir, að vegir eru bezta skilyrðið fyrir bygging og framþróun fylkisins. Góðra vega umsjónarmaður — undir eftirliti stjórnar opinberra verka — hefir verið skipaður til að hafa umsjón með vegabótum. Starf hans hefir verið vel metið af almenningi og talsverðar framfarir hafa þegar orðið.

IDNSKÓLANEFNDIN.

Mikill hluti af íbúum fylkisins getur ekki fært sér í nyt hið núverandi fyrirkomulag á æðri mentun fylkisins. Til þess að ráða bót á þessu, hefir stjórn mín skipað fjöllista og iðnaðarnefnd. Nefnd þessi hefir nú þegar tekið til starfa og haldið fundi hér og þar um fylkið, og grandskoðað þetta mikilsvarðandi málefni á sem gaumgæfilegastan hátt. Skýrslur og ráðleggingar þessarar nefndar verða lagðar fram fyrir þingið, svo fljótt sem auðið verður, eftir að þær hafa borist stjórninni.

Mér er sönn ánægja að geta þess að stjórn mín með því að beita viðeigandi sparsemi, hefir verið færum, út af hinum vanalegu tekjum fylkisins, að halda áfram að veita riflega til mentamála, sveita umbóta og annara framfara, og samtímis standast öll útgjöld við ráðsmensku fylkisins og hinar ýmsu opinberu stofnanir þess.

NÝ MÁLEFNI.

Auk annara málefna, sem fyrir yður verða lögð, verðið þér beðnir að íhuga breytingar á sveitalögunum og Kings Bench lögunum.

Fylkisreikningarnir og ársskýrslur frá hinum ýmsu deildum fyrir liðið ár, verða bráðlega lagðar fyr ir yður, og verða að von minni sniðnar þannig, að þær votti viðeigandi sparsemi með tilliti til fullnægjandi opinberrar þjónustu.

Ég er þess fullviss, að starf yðar á þessu þingi einkennir sig í sömu gætni og nákvæmri íhugun, sem að undanförnu hefir einkent þing þessa fylkis".

Til þess að svara hásætisræðunni, skipaði þingið nýkosnu þingmennina, J. G. Harvey frá Dauphin og J. C. W. Reid frá Deloraine.

Eftir að þessum hinum fyrsta þingfundi hafði verið slitið, héldu allir þingmennirnir með fjölskyldum sínum og ýmsum boðsgestum til Royal Alexandra Hotel, samkvæmt boði þingforsetans, og neyttu dagverðar. En þingstörfum var frestað til kl. 8 á mánudagskveldið 12. febrúar.

Járnbrautarnefnd.

Frá Nýja Íslandi komu hingað til borgarinnar á föstudaginn var 14 manna nefnd, í þeim tilgangi að bera upp vankvæði sín og kröfur um járnbraut fyrir fylkisstjórnina, og reyna að fá því áhugamáli Nýíslendinga borgið.

Í nefnd þessari voru:

Sveinn Thorvaldsson,
Bjarni Marteinsson,
Jón Sigvaldason,
Thorvaldur Thorarinsson.
O. G. Akraness.
Tómas Björnsson.
Einar G. Martin.
Baldvin Jónsson.
Jóhann Briem.
Gunnl. G. Martin.
Joseph McLennan.
Finnbogi Finnbogason.
Gunnar Helgason.
Sigurgeir Einarsson.

Nefndin, ásamt þingmanni kjördæmisins, hafði tvo fundi með Hon. Roblin yfirráðgjafa og ráðanevti hans; hinn þriðja fundinn með Mr. Rogers ráðherra opinberra verka, og fjórða fundinn með Patterson, forstjóra Manitoba talsímanna. Og er þetta hin fyrsta nefnd, það er þingmanni kjördæmisins er kunnugt um, sem fengið hefir að bera upp kröfur sínar fyrir öllu ráðnevtinu samankomnu.

Það, sem að nefndin fór fram á við stjórnina, var það, að fá járnbrautina frá Gimli framlengda til Íslendingafljóts. Ef að C.P.R. félagið vildi ekki gera það fyrir ríkisstyrkinn einan, þá að úr fylkissjóði verði veitt alt að 50,000 dollars viðbót. En vilji C.P.R. félagið ekki leggja brautina undir neinum kringumstæðum, þrátt fyrir tvöfaldan styrk, þá fór nefndin þess á leit við stjórnina, að hún gerði samninga við C.N.R. félagið og fengi það til að leggja álmu úr Gross Isle braut sinni norðaustur um landið, að Árnes, Hnausa og Riverton (Fljótinu).

Á stjórnarfundi varð sú niðurstaða, að stjórnin ekki sæi sér fært, að vikja frá járnbrautastefnu þeirri, sem hún hefði haft síðan hún kom til valda, og sem er í því fólgin, að veita enga peninga til járnbrautafélaga. Og með því að C.P.R. félagið hefir þegar neitað því tilboði stjórnarinnar, að ábyrgjast félaginu vexti af því fé, sem það legði í þennan 25 mílna brautarstúf, — þá gat Mr. Roblin þess, að hann gæti ekki veitt nefndinni ákveðna tryggingu fyrir framlenging brautarinnar að svo komnu. — Hann tjáði sig fyllilega skilja þá nauðsyn, sem sveitinni væri á, á járnbrautarspottann, og hann væri einlægleg sammála nefndinni um réttmæti þess, sem hún æri fram á. Hann lofaði því, að endurnýja samninga tilraunir sínar við C.P.R. félagið innan skamms, og ef þær tilraunir sínar hepnuðust ekki, þá kvaðst hann mundu leyta samninga við C.N.R. félagið og reyna að fá það til að verða við óskum nefndarmanna. — Mr. Roblin gat þess að lokum, að hann vonaði að sér tækist að koma þessu máli í viðunanlegt horf áður en yfirstandandi þingi yrði slitið.

Í sambandi við talsímamálið átti nefndin tvo fundi, — annan með herra Patterson, forstjóra talsíma fylkisins, og hinn með herra Rogers, ráðherra opinberra verka, sem fyrir hönd stjórnarinnar átti tal við nefndina um það mál. Afleiðingin af þessum tveim fundum varð sú, að Mr. Patterson lofaði að talsímanefndin skyldi leggja það til, að talsími yrði lagður norður að Íslendingafljóti á þessu ári; og Mr. Rogers, fyrir hönd stjórnarinnar, hét því, að tillögurnar skyldu samþyktar og talsíminn bygður á árinu.

Þetta er stuttur útdráttur þess, sem nefndinni og stjórninni fór á milli, og hvað nefndinni viðvíkur, þá virtist hún ánægð með árangurinn af starfi sínu.

Nefndarmennirnir héldu heimleiðis á mánudaginn.

Sveita talþráðagjöld.

Eftir F. C. Paterson.

(formann stjórnarnefndar Manitoba fylkis talþráðanna)

Það eru að eins fá ár síðan farandsali Bell talþráðafélagsins ferðaðist all-mikið meðal bænda í hinum framfaramestu sveitum fylkisins til þess að reyna að fá svo marga þeirra til að panta talþræði, að félagið gæti séð sér fært að leggja talþræði um bygðir þeirra, sem hefði að minsta kosti tíu notendur á tíu mílna löngu svæði, sem bráður vrði lagður um. Og afleiðingin varð sú, að að eins tveir bændur lofuðust til að nota þræðina.

Fleiri hluti þeirra, sem boðið var að fá talþráð til afnota, litu á talþráð svipað eins og menn líta á mótorvagna, að það væri dýrt leikfang. Síðar var gerð ítarlegri gangskör í þessa átt, og þá, árið 1904, var fyrsti sveitatalþráður lagður til Portage la Prairie, og þá kostuðu afnot hans $30.00 um árið. Næsta ár hafði tala þessara 25 notenda aukist svo, að beir urðu fullir 80. Bændurnir reyndust fljótir til að viðurkenna þörf og þægindi talþráðanna í öllum greinum búskaparins, og nú er svo komið, að stjórnin hefir ekki við, að leggja talþræðina eins ört og sókst er eftir þeim.

Öllum er í fersku minni, hve vel stjórninni tókst að ná eignarhaldi á öllu kerfi Bell félagsins í Manitoba. Það nægir að minna á, að við árslok 1907 voru 1508 sveitatalþræðir dreifðir um helztu sveitir fylkisins, en síðan hefir þeim fjölgað upp í tíu þúsundir, sem nú eru í húsum bænda hér í fylkinu. Þessi breyting hefir orðið fyrir ötulleik stjórnarinnar, og jafnframt fyrir þá sannfæringu bændanna, að þeir stæðu ekki við að vera án talþráðar, ef hana fengist með nokkurnveginn sanngjörnu verði.

Tilkostnaðurinn við lagning talþráðar um sveitir, og verð það, sem afnot þeirra verða að seljast fyrir, hlýtur aðvera mikið íhugunarefni bændaflokkinum í fylki eins og Manitoba er, sem nú þegar hefir bygt talþráðkerfi, sem hefir kostað nær 2 miljónir dollars, og sem krefur hundruð starfsmanna, bæði á aðal skrifstofum og út um alt fylkið til að viðhalda þráðunum í góðu lagi.

Talþráðalinur eru bygðar á 'sedrus' viðar staura, fengna frá Rainy River héraðinu. Þverslárnar eru gerðar í British Columbiu og glerhetturnar eru fengnar frá Pittsburg eða frá Bretlandi, og þræðirnir eru gerðir á Englandi og í Austurríki. Máltólin og skiftiskifurnar eru búnar til í Montreal. — Kostnaðurinn við talþráðalagning fyrir fyrstu 25 notendur út frá aðalstöðinni er lægri en fyrir næstu 25 notendur lengra út frá miðstöð. Kostnaðurinn eykst eftir því, sem starfssviðið er stærra ummáls, og við það hækkar byggingakostnaðurinn á hvern notanda að meðaltali, og einnig viðhaldskostnaðurinn. Landslag og aðrar kringumstæður auka lagningarkostnaðinn stundum svo, að hann verður tvöfaldur á við það, sem er á öðrum stöðum, þar sem þéttbýli er meira og vegir góðir. Af þessu leiðir, að þeir, sem bezt eru settir í héraði, verða að bera sinn hluta af þessum aukakostnaði, sem verður við það, að leggja þræðina um strjálbygðari og örðugri héruð, svo að lagningarkostnaðurinn á hverja þráðmílu jafnist sem mest á alla notendurna.

Kostnaðurinn við að halda sveitalínum í starfandi ástandi er háður sömu skilyrðum eins og lagningakostnaðurinn. Þess stærra, sem svæðið er, þess meiri viðhalds kostnaður kemur niður á hvert máltól. Það kostar minna að senda mann og hest 6 mílur út frá miðstöð, til að gera við talþráð, en að senda hann í 10 mílna fjarlægð. Hitarnir og brumuskúrirnir á sumrum og snjór og frost á vetrum, illir vegir og óhentugt tíðarfar, — miðar alt til þess að auka viðgerðar- og viðhalds-kostnaðinn á þráðunum og máltólunum — það er því auðsætt, að til þess að geta reiknað kostnaðinn við lagningu sveitaþráða, verðum vér að byggja á sl. þriggja ára reynslu Fyrir þremur árum var kostnaðurinn við talþráðaefnið, vinnu og alt annað, sem lýtur að því, að koma á starfandi talþráðakerfi frá 10 til 25 prósent lægri en hann nú er. Fyrir þremur árum voru flestar talsímalínurnar lagðar í þeim héruðum, sem hagfeldast var að vinna í og þar sem notendur voru flestir og í mestu þéttbýli, og í mestu þéttbýli og næst aðal miðstöð fylkiskerfisins.

Fyrir þremur árum var lítil reynsla fengin fyrir því, hvað það kostaði, að leggja sveita talþráðalínur, þar sem að viðáttan er mikil og vegir illir og á sumum stöðum ófærir yfirferðar.

Fyrir þremur árum voru fáar miðstöðvar í Manitoba, sem veittu meir en dagnot talþráðanna. Nú, hinsvegar, er bæði dag- og nátt-þjónusta veitt við margar miðstöðvar og með ærnum aukatilkostnaði á hvert máltól.

Fyrir þremur árum var kostnaður við póstgjald og annan kostnað í sambandi við innheimtu notagjaldsins af sveitaþráðum óþektur. En reynslan hefir sýnt, að það kostar nú frá 5 til 10 prósent, að innheimta gjöldin.

Fyrir þremur árum var kostnaðurinn við að undirbúa, prenta og senda út talþráða nafnbækurnar minna en helfingur þess, sem það kostar nú á hvern notanda að meðaltali.

Fyrir þremur árum var engin reynsla fengin til að sýna kostnaðinn við starfrækslu miðstöðvanna í bæjum, sem hafa fáa talþráðanotendur í bæjunum en marga notendur í umliggjandi héraði.

Fyrir þremur árum voru verkalaun talþráðaþjóna, aðgerðarmanna, og fyrir keyrslu og annan kostnað í sambandi við starfsemi sveitaþráðanna, að minsta kosti 20 prósent minni en nú á sér stað.

Fyrir þremur árum voru talþráðanotendur í Manitoba minna en helfingur þeirrar tölu, sem nú er, svo að talþráðanotin eru nú orðin tvöfalt verðmætari hverjum notanda en þá var.

Þriggja ára reynsla í talþráðalagningu og starfrækslu hefir sýnt, að það er ekki mögulegt að útvikka talþráðakerfin í stórum miðstöðvasvæðum, og þar sem strjálbygt er, nema með auknum tilkostnaði á hverja þráðmílu — umfram það, sem verið hefir fram að þessum tíma. Allur tilkostnaður við lagning og starfrækslu eykst eftir því, sem notendatalan fjölgar, og upphaldlaus þjónusta eykur kostnaðinn á hvern notanda, og þess fleiri, sem notendurnir eru, þess dýrmætari er þjónustan hverjum einstökum notanda.

Lagningakostnaðurinn fer vaxandi á hvert máltól, eftir því sem miðstöðva-héruðin stækka, og ef kostnaðurinn við þjónustu og aðgerðir eykst við stækkun miðstöðva svæðanna, og ef verðgildi þráðnotanna vex með fjölgun notendanna, þá er það rétt og sanngjarnt, að notagjöldin séu miðuð við kostnaðinn og við notagildi talþráðanna. Þetta má ákveða með því, að taka tillit til kerfisins í heild sinni, og að gera fyrir vaxtagreiðslu og varasjóði, ábyrgðargjaldi, þjónustu og aðgerða- og viðhalds-kostnaði, og að ákveða svo notagjaldið samkvæmt stærð hvers miðstöðva héraðs.

Íhugun þess, hvað séu sanngjörn notagjöld, er ekki bundið eingöngu við fylkisstjórnar þræðina, Sveitafélög þau, sem starfrækja sín sérstöku kerfi, verða að ráða fram úr sama vandamálinu.

Íhugun eftirfarandi miðstöðvaflokkunar veitir hugmynd um tiltölulegt notagildi og stærð bænda talþráðakerfisins, sem tengt er hverju miðstöðvasvæði. Þessi eru miðstöðvasvæði með þráðafjölda: — Winnipeg 15 þús., Brandon 15 hundruð, Portage la Prairie eitt þúsund, Neepawa og Virden 500 hvort, Boissevain, Carman, Dauphin og Souris 400 hvert; Carberry, Deloraine, Hamiota, Harthey, Killarney, Manitou, Minnedosa, Melita, Morden, Rapid City og Wawanesa 300 hvert; Baldur, Belmont, Elgin, Elkhorn, Gladstone, Glenboro, Minto, Morris, Newdale, Oak River, Shoal Lake, Strait Clair og Treherne 200 hvert; Alexander, Cartwright, Cypress River, Darlingford, Dominion City, Emerson, Gilbert Plains, Griswold, Holland, Macgregor, Miami, Selkirk, Stonewall og 50 önnur miðstöðvasvæði með minna en 100 máltól hvert.

BREFSPJALD FÆRIR YÐUR FRÆBÆKLING

RÆKTAÐ Í VESTRINU

McKenzie's Bráð þroska FRÆ

Valið fyrir vestrið
Ræktað fyrir vestrið
Besta í vestrinu
Best fyrir vestrið

SELT AF SÉRHVERJUM vakandi kaupmanni.

Lítið eftir FRÆKASSA VORUM Í HVERRI SÖLUÚÐ.

Biðjið ætíð um McKENZIE'S FRÆ
Kaupið ekkert annað.
Ef kaupmaður þinn hefir það ekki þá pantið það beint frá okkur.

A. E. McKenzie Co.
LIMITED.
Brandon, Man Calgary, Alta

LANGMESTA FRÆFORÐAGN

VESTUR-CANADA STÆRSTA FRÆHÚS

Litli kofinn á Nesi.

Að þúa og þéra.

"Þú eða þér" er fyrirsögn greinar, sem 'Hörður' skrifar í Lögbergi nýlega. Þó efnið sé lítið og greinin meinhæg, þá er hún samt athugaverð.

Hann skilur ekkert í því uppátæki landa vestan hafs að þúa alla án manngreinarálits, þegar íslenzka er töluð, og heldur — eftir annara sögn — að þeir hafi tekið það eftir einhverjum Norðmönnum, sem voru hér fyrir, þegar Íslendingar settust hér fyrst að.

Nú vill svo vel til, að Canada-Íslendingar höfðu alls engin kynni af Norðmönnum, þegar þeir settust þar fyrst að, og hafa lítil mök haft við þá síðan. Og þó þeir fáu landar, sem fluttu til Bandaríkjanna um sama leyti, frá árunum 1872 til '78, byggju svo nokkrum árum skifti í Norðmanna nágrenni — þá er það ekkert sérkenni þeirra að þúa hver annan, og ekki hafa Canada-Íslendingar lært það af þeim.

'Hörður' viðurkennir, að þéringar hafi verið notaðar töluvert á Íslandi til að sýna stéttamun. Það er hverju orði sannara, — að eins aðallega hefði mátt koma í staðinn fyrir töluvert.

Þéringar á Íslandi voru og eru hafðar eingöngu til að sýna stétta mun, eins og upphaflega var til ætlast við innleiðslu þess vana, sem ég skal benda á síðar. Embættlingar, frá stiftamtmanni, landshöfðingja eða hverju nafni sem nefndist ofan að sveitaprestum og próföstum, voru þéraðir, svo bættust þar við kaupmenn, búðarlokur og alt þeirra hyski; höfðingja dilkar, tugthúslimir, sem urðu fyrir þeirri æru að sigla á 'Brimárhólm' til að skola af sér æruleysið í dönsku loftslagi og dönsku tugthúsi, og stöku menn, sem urðu að sigla til Khafnar til að læra að búa til hestskónagla, af því þeir gátu ekki lært það heima, — töldu sig þar með og þéruðu aðra, til þess að verða sjálfir þéraðir. Geta má þess einnig, að á Austurlandi voru húsbændur þéraðir af börnum og vinnufólki, en það þúað af húsbændum.

Nú er því svo háttað, nær því undantekningarlaust, að fólk það, sem hefir flutt frá Íslandi til Ameríku, hefir tilheyrt almúganum heima, sem aldrei hefir þérað eða verið þérað, nema þá af mönnum úr fyrtalda flokknum, sem gerði það til að sýna yfirburði og að þeir áskildu sér Akt og Respekt, eins og Galdrahéðinn. Það fólk hefir unað hér við sinn gamlá vana, og yfirleitt haft um alt annað að hugsa en það, að læra íslenzkar kurteisisreglur.

Þetta er aðalorsök þess, að Íslendingar búast hér almennt, nema einstöku 'Bertel', sem fátt getur gert vel, en gengur með spert stél'.

Til að sýna, að það er málfræðlega rangt og gagnstætt nútíðar hugsunarhærri, að þéra nokkurn mann, þ. e., ávarpa hann í fleirtölu, verður maður að gæta að uppruna þess vana. Vanina er forn. Eldri en sögur ná til, en líklega er það elzta skýring hans, sem stendur í 'Konungs skuggsjá', sem talin er að hafa verið rituð á tólfta öld, og eignuð Sverri Noregskonungi (Höfundur annars óvíss). Þar er faðir að fræða son sinn, og leysir úr spurningum, sem drengurinn leggur fyrir hann. Þar segir hann meðal annars: "Það er kurteisi, að ávarpa konunga og heldri menn í fleirtölu, vegna þess, að þeir hafa fyrir mörgum að sjá" — þetta sýnir, að upprunalega tilheyrði fleirtölu ávarpið að eins þeim, sem höfðu mannaforráð. — Það var ekki haft við neina Bakkabræður, Gísla, Eirík, Helga, eða lægri stéttar fólk, en var ætlað til að sýna stéttaskiftingu eins og það gerir daginn í dag. Konungar töldu vald sitt fengið af guðs náð á þeim dögum og gera það enn; en nú er fólkið almennt búið að kasta þeirri trú, og sannfærast um, að maðurinn er maður, þrátt fyrir alt, hvort sem hann býr í konungshöll eða vinnumanna skála, og er ekki nema einfaldur maður, þó hæfileikar eða mannfélagskringumstæður hafi skipað honum hærra sæti en öðrum. Að hinu leytinu er ekkert réttara að segja þér og ydur í ávarpi, heldur en þér og þeirra, í staðinn fyrir hann og hans, þegar talað er um sama manninn í þriðju persónu. Þess vegna er það óíslenzkulegt og rangmæli frá rótum, hvað sem 'Herði' sýnist, og hvað sem vananum líður. Hefð réttlætir engan óvana, þó hún haldi honum við liði lengur eða skemur, og það má heimfæra til enska orðsins 'you'. Það orð er ekki grunvallarlega réttara fyrir það, að vera komið í hefð; en til málsbótar má telja, að það gerir enga stéttaskiftingu, því allir eru ávarpaðir í fleirtölu, nema guð almáttugur, sem bendir til þess, að hann einn hafi fyrir engum að sjá, nema sér einum, eftir upprunamerking þess orðs.

Það er svo fátt af löndum hér vestra, sem geta vænst eftir sendiherrastöðu til Norðurálfunnar, að það er tæpast ómaksins vert fyrir almenning, að leggja höfuð sín í bleyti til að læra þær kurteisisreglur, sem 'Hörður' bendir á, — nefnilega, að gera mannamun, þéra suma og búa aðra. Og til að koma í veg fyrir, að ókunnugir menn verði honum of nærgöngulir, ef hann þúar þá, væri ekki úr vegi fyrir hann að kynnast hérlendu enskutalandi fólki og sjá, hvernig það fer að fleyta sér yfir. Þau vandræði, sem af því stafa, að geta ekki gert ávarpslegan mannamun.

Jeg.

Fréttabréf.

MINNEOTA, MINN.

4. febr. 1911.

Herra ritstjóri.

Eins og ég get um síðast, var kirkjuafmæli Minnesota safnaðar haldið á gamlárskveld. Afmælisgjafir urðu svo ríkar, að kirkjuskuldin borgaðist alveg, og var afgangur all-rífur. Ræðumenn vel margir, er skemtu mönnum fram yfir klukkan 12 um nóttina.

Dauðsfall: G. B. Björnsson ritstjóri og kona hans urðu fyrir þeirri sorg, 20. f.m., að missa yngsta barn sitt, Halldóru Ingibjörgu, fædda 21. ágúst 1910. — Dauðamein: lungna og heilabólga.

Einnig er nýdáin hér Guðný Magnússon, ættuð úr Árnessýslu.

Tíðarfar: Í byrjun ársins brá til norðanáttar með áköfum frostum, svo svo, að mælirinn fell niður í kúlu. Sleðaleiði höfðum við um tveggja vikna tíma, en nú má svo að orði kveða, að jörð sé marauð.

S. M. S. Askdal.

Eftirmæla-farganið

—og—

Saga Vestur-Íslendinga.

(Eftir Jón Einarsson.)

Bravó fyrir Vestur-Íslendingum! mætti margur Austan-vérinn hrópa, þegar hann les íslenzku blöðin okkar hérna vestan hafsins, þ. e. a. s., ef lesarinn er nógu trúaður til þess, að álíta alt satt og rétt, sem þau flytja um framliðna, unga og eldna. En sé lesarinn ífugsandi maður, sem veit ofurlítið "vestur" fyrir nefbrodd sinn, þá er hætt við, að hann áliti þetta d a u ð a n s fimbulfamb um hvern skussann, sem frá fellur hér vestra nær því að eiga heima undir einhverjum sérstökum tölulið andlegrar þjóðplágu, en í röð sannindanna og verulegra mannfirðurða okkar hér gagnvart frændunum heima þar. Því miður hlýtur að vera erfitt að lesa þessi rósaljóð og hugsjóna manngildislýsingar þannig, að trúin verði ekki eins og reir af vindi skekinn, jafnvel áður en lestrinum oftast nær er lokið.

Eins og flestum er kunnugt hafa nálega öll mentuðu þjóðanna blöð sagt mikið og margt fagurt um hinn nýlátna, merka og margfræga rússneska rithöfund L y o v N i c k o l a i e v i t c h T o l s t o i. Allir vita, að þar misti rússneska þjóðin framúrskarandi gáfu og umbótamann, og um leið hafa aðrar þjóðir mist þar mikilmenni, sem skildi þeim eftir eftirdæmi, sem æstar þeirra v'ta sína eigin sonu gefa. Um þetta ber auðvitað, flestum saman, og því rifast mean yfirleitt ekki mikið um það.

En hvað kemur þessi maður eftirmælum Íslendinga við? Ekki lifandi baun! Ég bara mintist svona á þennan mann, sem vist dæmi þess, að s u m i r eiga skilið, að þeirra sé að miklu og góðu getið eftir að þeir eru fluttir í annan heim, að eins til eftirdæmis fyrir bræðurna, sem eftir lifa.

En hafið þið tekið eftir því, að þar sem áminst þjóðanna blöð flytja langar og veglegar dánarminningar um þenna stór-mikla mann, þá ber þeim flestum saman um, að þessi maður hafi þó sina galla, og mörg þeirra draga eitthvað þess konar fram á sjónarsviðið einnig. Hvað kemur okkur það svo við? Ef til vill ekki hræranda hfut. En við gætum svona hinsegin bent á það, hve dæmafátt eða helzt alveg dæmalaust það er í blöðunum okkar, að sjá mælt eftir fráfallna landa nokkuð annað en eintóm djásn og dýrð og fyrirmyndarljóma, sem verkar á andlega sjón manns likt og snjóbirta á veikbygð augu. Maður verður annað tveggja blindur fyrir því, sem maður les, eða blindur fyrir þeim, sem eftir lifa, þegar maður ber saman hið ömurlega ástand þeirra allra við þessa mistu persónu, sem nú hvarf sjónum okkar. Við spyrjum sjálfa okkur: Hvernig í ósköpunum gat þessi mikla manneskja lifað svona innan um og utan við hóp okkar og við skyldum aldrei verða varir við þessa yfirburði fyr en nú, en heyrð um stundum rætt um hana á annan hátt af skyldum og vandalausum á meðan hún lifði?

Ekki geðjast mér að því, að lesendur minir slái því föstu, að ég vilji annað tveggja að þagað sé um alla (eða þagnað, eftir því sem á stendur) eftir dánardægur þeirra — eða að öðrum kosti, að það, sem sagt kann að vera, sé alt af súru sortinni, því slíku fer mjög fjarri. En ég held það færi betur á því, að tala og rita heldur sanngjarnar um fólk á meðan það lifir, en gert er, og láta svo það, sem sagt er um það dautt, beinast frekar í humátt til sannleikans, en vanalega er gert. Ég hefi lesið tals vert af eftirmælum á þessari hálfu öld, sem ég kannast skárst við. Ég hefi séð þar mikið af hreinni og beinni heimsku og stór-mikið af því, sem stundum er nefnt ástæðulaus ósannindi. Að þetta sé eins meinlaust og fjöldinn hyggur, er víst mörgum sama þótt ég þverneiti. Við skulum íhuga g i l d i þessara eftirmæla yfir höfuð. Gera öllum sömu skil, þ.e. "gjalda keisaranum hvað keisarans er og guði hvað guðs er", sem vanalega er e k k i gert í eftirmælum, þar sem hinum framliðna er goldið alt í öllu, en guð látinn "slippur og snauður" eftir, netna þegar honum er (sem reyndar er að verða fátíðara), sendur þessi dáni dýrgripur mannkynsins til eilífrar meðferðar og fyrirhafnar.

Svona yfirleitt eru þessi eftirmæli eins og nokkurskonar vegabréf hinum framliðna, og þending til móttakanda þannig: Svona var hinn framliðni meðan hann dvaldi undir okkar stjórn; ætti ekki að lukkast miður hjá þér, ef rétt er að honum farið.

Hið fyrsta, sem augað verður fyrir af því, er mælir á móti þessum ósköpum, er r ú m i ð, sem þau taka upp í blöðunum frá betra lesmáli, sem nóg er til af. Þar næst er h e i m s k a n, sem yfirgnæfir vitið í flestum þeirra. Það er ekki mikill virðingarauki fyrir mikla menn, eins og t.d. Tolstoi, að kveðin sé eftir þá "torrek" likt og síðustu ljóðin, sem ég sá frá dómunni hérna um daginn. Leirburður evkur hvorki sóma höfundanna né ljóðhetjunnar (sbr. söguhetja). Ég mætti í þessu efni minnast á eftirmæla-hrúguna eftir einn nýlátinn, miög merkan Vestur-Íslending, nýlega kveðna af hagyrðingum, af misjöfnum gæðum. Það er sannarlega ekki gustuk, að 'traktera' syrgjandi vandamenn, sem hafa meira en meðal grips-vit með því, að bjóða þeim uppá að lesa ömurlegt ljóða-hnoð, reglulegan l e i r, eða bótt kveðandindi eða hagorðan sé með öllu þolanleg, eða jafnvel 'first class', ef öfgar og öfugmæli eru þar í hrúgum og hugsunarflækjum í hvívetna. — Hvort sem maður er dauður eða lifandi, er honum enginn sómi í lognum heiðri heldur, þótt mörgum lifenda sé ofloið ljúft eða ljúfast. En þetta er það, sem karakter-eðli margra nær aðaltökunum á: oflof eða oflast, eftir því, sem menn í svipinn hvegja að veiði betur hvlli fyrir þann, er í té lætur. Dómgreindar-skorturinn er bvsna almenn fátækt, og sannarlegin, það að fara ekki í manngreinarálit, er naumast hþgra að finna en saumnál í sorpi.

Enn er það tilfæranda, hve sumum, sem eru í sjálfu sér góðir hagyrðingar og framt að því s k á l d, hættir til að leggja gáfu sina í bleyti í þessum eftirmælastörfum (það er að eins náttúrlegt þegar ræða er um leirskáld. Ég get ekki annað en bent á einn ungan Vestur-Íslending, sem ég er allvel kunnugur, og sem ég álít líklegasta skáld-efnið okkar sem stendur, og borinn saman við 'fjöldann' af yngri og eldri ljóðasmiðum okkar, mætti vel nefnast stór-skáld. Hann hefir þegar eytt andanskröftum sinum svo mjög að eftirmælagerð, sem í flestum atvikum er margorð og langdregin, að skaði er að vorðinn, þar sem hann hefði auðveldlega, á þeim miður notasæla tima, getað bætt að minsta kosti jafn mörgum kvæðum við hina syrpuna, þ.e. hin önnur góðu kvæði sín. En þetta sér hann sjálfur of seint, ef ekki fyr. Það er ekki nóg, að eftirmælin hans séu hagyrtari en sumra annara. Aðalatriðið er þetta: gat maðurinn ekki kveðið annað þarfara, og skáldi samboðnara. Menn kynnu eftilvill að reyna að skilja það, að ég álíti ekki fyrir neðan góðskáld að yrkja erfiljóð eftir nýta menn, í viðlögum. En að þjóta í erfiljóða hamagang svona hvað eftir annað, og fyrir hvern, sem hafa vill, er sannarlega ekki skáldlegt framfaraskilyrði. — Síður en svo.

Ég veit, að nokkrir hugsa þessu bót, vegna þess, segja þeir, margt af þessum eftirmælum er góð kristin hugsun, og ekki of gott fyrir syrgendur að láta tilfinningar sinar í ljós í ljóðum eða óbundnu máli. Þetta er af og til satt, en ekki meira. O f l o f er öldungis ekki kristilegt, eftir því sem ég hugsa mér eðli kristinna frumatriða. Það sannar ekkert, þótt prestunum, guðfræðingunum sjálfum, hætti við að fara nokkuð langt í lofi og lasti eins og öðrum mönnum, — ekki hót. Þetta verður því að eins hrakið, að sannað verði, að Kristur hafi gert sig "sekan í", að oflofa eða halla réttu máli. Ekki meir um guðfræði í svipinn! Hins mættu menn og gæta, einstaklingarnir sorgmæddu, að umheiminum er ekki svo gjarnt til að taka þátt í sorgartilfinningum þeirra, að vert sé að fletta ofan af sárunum fyrir alla. Fjöldinn af blaðakaupendum lesa ekki þessi sorgarljóð, og hávaða þeirra, sem lesa þau, stendur algerlega á sama um þau, og oftast nær er þeim sama um hinu dána.

Ef til vill mælir þó á móti þessu eftirmælasukki, fremur en nokkuð annað, það, hvað mikilli v a n t r ú það ollir meðal lesenda. Menn vita, að meiri hlutinn er öfgar einar, og þegar eftirmæli eða erfiljóð birtast út af láti verulega merkra manna, á hvaða aldri sem er, þá er þeim umsögnum ekki trúað, og oft eru þ a u eftirmæli ekki eins gifurleg og þau, er rituð eru eftir skussana, sem þá gefur tileíni til, að meiri skaði sé álitinn að fráfalli lélegra mannsins en hins, sem miklu meiru nýtilegu hafði afkastað í lífinu.

Eitt má til að minnast á enn. Lesendurnir fyrirgefa það jafnt og hitt, sem hér er á drepið: Það er tilhneiging prestanna í áttina til þess, að vera hlutdrægir í dánarfregnum. Hafi hinn látni verið dugandis lúterstrúarmaður að fjár tillögum, er honum jafnan ritin orðfögur dánarfregn af viðkomanda presti. Sama virðist að vera að koma upp á teningiðn hjá hinum trúarstefnunum. Ég visa í þessu til hinna prentuðu málgagna þessara flokka, og segi svo eigi meira um það að sinni, því þetta er að eins það sem hér er kallað 'business', og æfinglega verjanlegt.

En ég hafði minst á s ö g u V e s t u r-I s l e n d i n g a í fyrirsögninni hér-að ofan. Kemur mál þetta henni nokkuð við?

Við skulum sjá til.

Eitt af handhægustu forðabúrunum, sem hægt er að leita til, þegar ræða er um e f n i í sögu einhverrar þjóðar, eru blöð og timarit hennar, ný eða gömul. En til þess að sanngjarn söguhöfundur geti neytt þeirra sögu-efna er það nauðsynlegt, að hann viti upp á hár, að þessi rit-gögn sé áreiðanleg, og að frásagnir þeirra um einn eða annan mann, lifs eða liðinn, hafi eigi sveigst út frá sannleikanum fyrir flokksmet, í gegnum trúhliðarlegt, pólitiskt né annað óskylt meðhald, eða fyrirtekt, eða það, sem hér í landi þætti fegra mál, 'business'.

Í samræmi við það, sem hér að ofana hefir sagt verið, get ég eigi annað en haldið því fram, að hver, sem tekur sér fyrir að rita óhlutdræga sögu Vestur-Íslendinga, megi alvarlega gæta sin fyrir ýmsu því, er ritað hefir verið, sem æfiminningar um menn, liðna og l i f a n d í, hér vestra. Kynna sér persónulega atstöðu höfundarins gagnvart söguhetjunni, ljóðhetjunni, eða hvers oyns hetja, sem það kann að hafa verið, áður en hann slær því föstu, að hér séu upptækileg sannindi um að ræða, sem rétt sé að taka með. Ef til vill geta þó eftirmæli eftir lifandi menn (æfigrip), sem talsvert hefir verið ritað af í ýmsum ritum vorum, verið v a r h u g a v e r ð u s t. Sem sagt, þetta mikla fræðiforðabúr er ein iskyggilegasta fjárhirzla, sem sagnfræðingurinn kynni að leita til, — því miður. Og tæki sagnfræðingurinn upp í sögu sina nokkur meðal-erfiljóð til þess eins og að sýna hástig skáldlistarinnar á ákveðnu vestur-íslenzku tímabili, þá yrði þar bágur kafli til aflesturs fyrir aldanna sonu fyrir framan okkur. En það myndu þeir álíta sjálfsagt að taka upp, sem þrásamlegast halda því fram, að skáld hverrar þjóðar sé eiginlega gráðumælirinn, sem bezt sýni menningarstig hennar, og meira að segja m y n d i menningarstig hennar. Herra trúr! Ef við, allir Vestur-Íslendingar, ættum um ókomnar aldir að vera metnir og viktaðir á hortittavog samtíðar leirskáldanna okkar, hvort sem þeir eru karl- eða kven-kyns! — Skyldi ekki vera sælli meðvitund, að eiga von annað tveggja á hlutdrægni Landnámssögu, sem sleptí öllu því lélegra, eða þá að skilja ekki eftir neina sögu í lífinu.

Ég hefi eigi mikið haft um Landnámssögu Vestur-Íslendinga að segja, en því voga ég að slá út, að það, sem ritað kann að verða af þess konar efni, muni ekki reynast þeim mun áreiðanlegra, sem höfundurinn er lærðari, heldur fer í því efni, sem öðru m e s t eftir vöndunar-eðli höfundarins, það, hvort hann ritar satt vegna sögunnar, eða hann ritar söguna til þess að ná áliti og velvild vissra málsaðila, sem enn kunna að vera á lífi. Að öllu öðru jöfnu stendur lærður maður miklu betur að vigi, sérstaklega vegna þess, að venjulega hefir hann, hvort sem er, fremur ritstarfastöðu en hinn, sem venjulega hefir líkamlega vinnu að þreyta við, sem að ýmsu levti fer miður saman.

Til Guðm. Friðjónssonar.

Ei furða er það frændi,
þótt fenni á þína glugga,
er kot þú átt í kali
og koll á Veðramóti, —
eða þótt þú þrammir
þungan oft til jarðar,
klakabrynju klæddur,
með krappa freðna skóna.

Ei er það frekar undur,
þótt oft þú vofur sjáir
í hriðum og hrævareldum,
með hrimstorkin augnalokin.
Sár yfir systurfalli
sér löngum harmar valur,
á svölum sandi lóan
syngur sjaldan "dýrðin",

En svo áttu sólskinsbletti,
en samt enn fleiri skugga.
Þú átt þér rósarunna,
en runna þó fleiri af þistlum.
Þú átt gull og gimstein
og gnótt af dvergasmíði,
Þú ríkari ert en Ræsir,
þótt réði álfum fjörum.

Þótt sýnist þér sólin hærri,
á sorgin eins sinn þunga.
Hér skellur á skúr með höglum,
hér skrælna vænar rósir.
Ei er hér alt sem sýnist,
ótal hér leynast snákar, —
þeir hjarta þess eitri ata,
er ugglaus framhjá gengur.

Hér eru aldingarðar
og Eden í fögrum blóma,
græn trén til himins gnæfa,
girnileg á að líta.
Við eplanna ó spart neytum,
okkur þú mátt ei dæma;
forboðna tréð er fegurst,
það flestum ber ávöxt sætan.

Ég girnist með þér ganga
um grund hjá elfarstraumi,
og undir háum eikum,
þar ótal þrestir kvaka, —
og með þér árla morguns
ilminn teiga úr rósum.
Ég vil vera Ardís
og ávalt vaka hjá þér.

S j ö f n.

þakkarávarp.

Heiðraði ritstj. Heimskringlu.

Viljið þér gera svo vel að lána eftirfylgjandi línum rúm í blaði yðar.

Við undirrituð viljum með fáum orðum láta viðurkenningu okkar og þakklæti í ljósi til allra þeirra, sem á einn eða annan hátt hafa greitt fram úr erfiðleikum okkar og örbirgð, síðan við komum allslaus heiman frá Íslandi í sumar er leið. Viljum við fyrst tilnefna lúterska kvenfélagið á Gimli, sem sýndi okkur það frábæra höfðinglyndi, að gefa okkur $25.00. — þar næst hjónin Mr. og Mrs. E. Guðmundsson, sem auk þess að taka prýðilega á móti okkur og halda okkur á aðra viku, gáfu okour $3 í peningum. — Þar næst Mrs. Anna Jónatansson $2, auk annara gjafa og óútreiknanlegs liðsinnis; Mrs. Hlif Johnson $1.50, Mrs. Guðl. J. Frímann $1, Mrs. G. V. Jónasson gjafir og Mrs. S. Sigmundsson gjafir. — Sömuleiðis þessar konur í Winnipeg: Mrs. Ástriður þ. Jónsson $2, Miss Sarah Jónsson $2, Mrs. F. Stefánsson gjafir og Mrs. G. S. Skagfjörð gjafir. — Einnig ber okkur að minnast með innilegu þakklæti á 10 króna gjöf frá kvenfélaginu "Ósk" á Ísafirði, sem það lét eina af félagskonunum færa okkur í fyrravetur, þegar við áttum bágt.

Allar þessar velgerðir biðjum við guð að launa þessum heiðurskonum, og leggja blessun sina yfir þær, eini þeirra og félagsskap.

Gimli, 3. febr. 1911.

E. G. Jónasson.
Einar Jónasson.

ÞAKKARÁVARP.

Það hefir dregist lengur en skyldi að votta hjartans þakklæti mitt öllum þeim, sem sýndu mér hluttekningu í veikindum eiginmanns míns sál., Sigurðar Guðmundssonar, og þeim, sem síðan hann lézt hafa styrkt mig með gjöfum og annari hjálp.

Þó ég geti ekki tilgreint nöfn allra þeirra, sem mér hafa liðsint í raunum minum, finn ég mér skylt að tilgreina þá, sem mest og bezt hafa sýnt mannkærleika og orlæti í gjöfum til min: —

Tjaldbúðarsöfnuður	$50.00
Loftur Jörundsson	25.00
Mrs. Jóna Goodman (safnað)	10.00
Mrs. Forman (safnað í mat og peningum)	10.00
Mr. og Mrs. Sigurgeir Sigurðsson	5.00
Hjörtur bróðir minn	5.00
Guðbrandsina systir min	5.00
Mrs. Áslaug Ólafsson	4.00
G. P. Thordarson (matvöru)	10.00
Mr. og Mrs. Ólafur Bjarnason (matvara)	5.00
Baldv. Baldvinsson, Maryland	3.00
G. Eggertsson (matvöru)	3.00
Ólafur Vopni (safnað eldiviðr)	5.00
Samtals	$140.00

Þetta og margt fleira bið ég guð að launa þessu góða fólki, þegar því mest á liggur hjálpar og algæzku hans.

Winnipeg, 29. jan. 1911.

Sólrún Sigurbjörg Guðmundsson.
629 Lipton St.

Góðar stöður.

Geta ungir, framgjarnir menn og konur fengið á járnbrauta eða loftskeyta stöðvum.

Síðan 8 kl. stunda lögin gengu í gildi og síðan loftskeyta fregusending varð útbreidd þá vantar 10 þúsund telegraphers (fregnsendla). Launin til að birja með eru frá $70 til $90 á mánuði. Vér störfum undir umsjón telegrapn yfirmanna og öllum sem verða fullnuma eru ábyrgðar atvinnustöður.

Skrifið eftir öllum upplýsingum til þeirrar stofnunar sem næst yður er. NATIONAL TELEGRAF INSTITUTE, Cincinatti, Ohio, Philadelphia, Pa., Memphis, Tenn., Columbia, S. C., Davenport, Ill., Portland, Ore.

JÓN JÓNSSON, járnsmiður, að 790 Notre Dame Ave. (horni Toronto St.) gerir við alls konar katla, könnur, potta og pönnur fyrir konur, og brýnir hnífa og skerpir sagir fyrir karlmenn. — Alt vel af hendi leyst fyrir litla borgun.

VII.

Helen ennþá einusinni.

Tveim dögum áður en Ísabella dó, hafði Móritz fengið þá peningaupphæð hjá Eberhard, sem nægði til að standast kostnaðinn af hinni fyrirhuguðu ferð.

Nú var ekkert, sem batt hann við föðurlandið. Hann fann sárar til þess nú en nokkru sinni áður, hve einmana hann stóð í heiminum, og hann langaði ekki til að bindast neinum nýjum böndum, hugsjónanna tímar voru honum horfnir. Hann hafði þjáðst nóg af því, að vera svikinn.

Hann geymdi því skoðanir sínar hjá sér og bjó sér til sinn eigin heim, þar sem hann leitaði huggunar gegn hirtingum forlaganna.

Veröld þessi var hvorki holdleg í orðsins lökustu þýðingu, né trúfræðisleg í kristilegri þýðingu. Hún var, ef maður má segja svo, bæði fagurfræðileg og listfræðileg.

Móritz fyrirleit hina ruddalegu ánægju holdsýnanna, jafnframt og hann hratt frá sér huggun trúarinnar. Sína fegurðin, sem hann viðurkendi, eina nautnin, sem bezt dugði honum, ekki til að gleyma, því það var honum ómögulegt, heldur til að draga úr sársauka sorgarinnar, fanst hvorki á jörðunni né á himnum, heldur á takmörkunum milli þeirra, ... hún var hvorki sannreynd né trú, hvorki alveg líkamleg né andleg, en jafnt af hvoru, ... hún var skáldleg.

Móritz fanst sem föðurlandið brynni undir fótum sínum. Þar hafði hann orðið fyrir svo mörgum þjáningum, og ekki fundið þá huggun, sem hann leitaði að. Þar var alt svo kalt, þokukent og saggafikt. Nei, hann vildi hvíla sig í ítalska sólskininu, láta goluna frá Hesperida kæfa enni sitt.

Hann þráði Ítalíu, fegurðarinnar heimili, land nýtízku listanna, föðurland skáldsagnaskólans, og Hellas, vöggu fornaldarskólanna. Þar ætlaði hann, eins og Nikander, að yrkja, dreyma og syngja, — þar ætlaði hann að reyna að fullkomna listgáfu sína, og ef unt væri, að gleyma þjáningum sínum og sorgum með köflum.

Við getum ekki allstaðar fylgst með Móritz. Tilgangur okkar er að eins sá, að greina frá ýmsum atvikum, er standa í sambandi við sögu þessa, sem fyrir hann komu á ferðalagi hans, er stóð yfir í nokkur ár.

Móritz hafði ekki reynt að fá sér neina samfylgd. Hann ferðaðist aleinn, og einveran átti líka best við hann eins og á stóð.

Móritz var kominn til litils bæjar í suðurhluta Svíaríkis. Af því kveld var komið og veður slæmt, ákvað hann að vera þar um nóttina.

Þegar þjónustustúlkan kom inn til að búa um rúmið, sagði Móritz:

"Sjáðu um, að ég geti komist af stað kl. 5 í fyrramálið".

"Svo snemma?" sagði stúlkan. "Ég hélt að þú yrðir kominn í því skyni að sjá leikinn annað kveld".

"Hvaða leikur er það?"

"Það er leikur, sem nokkrir leikarar og leikkonur frá Stokkhólmi ætla að sýna. — En ef þú vilt, þá skal ég sækja auglýsinguna ofan".

"Gerðu það, stúlka mín", sagði Móritz, "þá get ég séð, hvort hann er þess virði að fresta ferðinni".

Stúlkan fór og kom brátt aftur með auglýsinguna.

Hún var undirrituð af þremur helztu leikendunum við konunglega leikhúsið, hr. X. og konu hans, og — Helen Roos.

Meðal annars voru auglýstir þættir úr leikritinu 'Raflýstartað', eftir Móritz Sterner.

"Á", tautaði unglingurinn við sjálfan sig. "Hún er þá hérna þessi stúlka, sem er orsök að sorg minni, því það var til að hefna vanvirðu dóttur sinnar, að Jakob leiddi svivirðinguna yfir Ísabellu".

"Ég verð að sjá hana, ég verð að merja hana með fyrirlitningu minni, hatri minu", sagði hann tryllingslega. "Hún skal ekki gleðja þessa góðu bæjarbúa með leik sínum annaðkveld, það skal ég sjá um".

Þernan hafði gengið út fáein augnablik, en kom nú aftur.

"Heyrðu", sagði Móritz, "veiztu hvar leikendurnir frá Stokkhólmi halda til?"

"Já, tveir eru hjá bæjarráðsmanni Wennberg, en enn þeirra er hér í gistihúsinu. Þeir verða hér að eins tvo daga og fara svo til Gautaborgar".

"Hver þeirra er hér?"

"Það er ung stúlka, sem ég man ekki hvað heitir. Hún er í herbergi hins vegar við salinn".

"Farðu ofan og segðu henni, að hér sé maður, sem vilji fá að tala við hana".

Stúlkan fór og Móritz gekk á eftir henni inn í salinn, sem var á milli herbergis hans og leikmærinnar

"Nú, hverju svaraði hún?" spurði Móritz, þegar stúlkan kom aftur.

"Hún sagðist ekki geta tekið á móti karlmönnum um þetta leyti dags".

"Er hún einsömul?" spurði Móritz.

"Já".

"Hún er líklega ekki háttuð?"

"Nei, hún sat við borðið og las í bók".

"Móritz sagði ekki meira, en gekk umsvifalaust að herbergisdyrum Helenar, lauk þeim upp og gekk inn.

Leikmeyjan, sem var klædd skrautlegum kveldfatnaði, sat og las. Hún sneri bakinu að dyrunum, og af því hún hélt, að það hefði verið þernan, sem inn kom, leit hún ekki af bókinni.

Móritz stóð stundarkorn hreyfingarlaus á miðju gólfi, og horfði á fallega vaxtarlagið hennar Helenar og þykka hárið, sem féll niður að mitti.

Loksins leit hún við og þekti hann.

Hún hljóðaði ofur lágt og stökk á fætur. Roði og fölvi lituðu kinnar hennar á víxl með ljósshraða. Þegjandi horfði hún á þennan háa, dökka ungling, sem leit mjög gremjulega til hennar.

"Herra Sterner", stamaði hún loksins; "þessir samfundir —".

"Þessir samfundir, Helen", sagði Móritz gremjuleg um leið og hann settist á legubekkinn, en hún stóð kyr við borðið, "minna þig á löngu liðna tíma, þegar þú gazt litið í augu mín án þess að roðna. Það var um það leyti, sem ég ekki þekti heiminn, þegar ég trúði á vald sakleysisins og á þann guð, sem varðveitti það, — um það leyti, sem ég áleit þig verða listinni til prýðis og sömuleiðis kynferði þínu, þegar ég gladdi mig við þá fölsku von, að þú yrðir það, sem ég ætlaði að gera þig að, vanvirðulaus brúður listarinnar. En það hefir runnið mikið vatn til sjávar síðan, og þú stendur nú frammi fyrir mér sem fallin kona, sem er nevdd til að líta niður".

"Hamingjan góða. En hvað þú ert bituryrtur, Móritz", sagði Helen með skjálfandi röddu.

"Ef ég er bituryrtur, Helen, þá kemur það af því

MARTYN F. SMITH,
TANNLÆKNIR.
Fairbairn Blk. Cor Main & Selkirk
Sérfræðingur í Gullfyllingu og öllum aðgerðum og tilbún aði Tanna. Tennur dregnar án sársauka. Engin veiki á eftir eða gómbólga. —
Stofan opin kl. 7 til 9 á kveldin
Office Phone Main 6914. Heimilis Phone Main 6462

—THE—
Farmer's Trading
COMPANY.
(BLACK & BOLE)

HAFA EINUNGIS BESTU VÖRUTEGUNDIR.

Einu umboðsmenn fyrir :—
"SLATER" Skóna góðu.
"FIT-RITE" Fatnaðinn.
"H. B. K." prjónafélagið.
"HELENA" pils og 'waist' kvenfatnaði.
Bestu matvörutegundir.
" DEERING " akuryrkju verkfæri o, s. frv.

Beztu vörur Lágt verð.

Fljót og nákvæm afgreiðsla.

Farmer's Trading Co.,
THE QUALITY STORE
Wynyard - Sask.

JIMMY'S HOTEL
BEZTU VÍN OG VINDLAR.
VÍNVEITARI T.H.FRASER.
ÍSLENDINGUR.
James Thorpe, Eigandi

MARKET HOTEL
146 Princess St.
á móti markaðnum
P. O'CONNELL, eigandi, WINNIPEG
Beztu tegundir af vínföngum og vind um, aðhlynning góð, húsið endurbætt

Woodbine Hotel
466 MAIN ST.
Stærsta Billiard Hall í Norðvesturlandinu
Tíu Pool-borð:—Alskonar vín og vindlar
Gisting og fæði: $1.00 á dag og þar yfir
Lennon & Hebb,
Eigendur.

JOHN DUFF
PLUMBER, GAS AND STEAM FITTER
Alt verk vel vandað, og verðið rétt
664 Notre Dame Av. Phone Garry 2868
WINNIPEG

A. S. TORBERT'S
RAKARASTOFA
Er í Jimmy's Hótel. Besta verk, ágæt verkfæri; Rakstur 15c en Hárskurður 25c. — Óskar viðskifta Íslendinga.—

A. S. BARDAL
Selur líkkistur og annast um útfarir. Allur útbúnaður sá bezti. Enfremur selur hann alskonar minnisvarða og legsteina.
121 Nena St. Phone Garry 2152

Æfiminning.

Þann 19. des. 1910 andaðist eftir langa sjúkdómslegu að heimili sinu í Hamilton Township, Pembina County, merkisbóndinn Magnús Johnson, og var jarðsettur þann 22. sama mánaðar, í Sandhæða grafreitnum á Akra.

Magnús Johnson var fæddur á Hóli í Öxnadal í Eyjafjarðarsýslu þann 15. nóv. 1848, og ólst upp í þeirri sveit, þar til hann var 16 ára að aldri, þá flutti hann til bræðra sinna norður á Melrakkasléttu, og var vinnumaður og síðustu árin ráðsmaður hjá Stefáni á Skinnalóni, þar til árið 1874, að hann flutti vestur um haf og settist fyrst að í Millbrook, Ontario. Þrem árum síðar fluttist hann til Winnipeg, Man, og kvongaðist þar árið 1878 Rósu Guðlaugsdóttur frá Steinkirkju í Fnjóskadal í þing eyjarsýslu. Sama ár fluttu þau hjón ofan í Víðirnesbygð í Nýja Íslandi, og dvöldu þar 2 ár. Þau tvö ár var Magnús bygðarstjóri í Víðirnesbygð. — Árið 1880 fluttu þau suður til Dakota og settust að í Hamilton Township; nam hann land þar og bjó þar góðu búi alt til dauðadags. Nú hefir Jón Eiríkur, sonur þeirra hjóna, tekið við landareigninni og býr þar með konu sinni, og móðir. Jón er giftur Guðrúnu, dóttur Mr. og Mrs. S. S. Ísfeld á Gardar, N.D.

Magnús Johnson var að voru áliti meðal hinna merkustu manna, er fluttu vestur um haf frá Íslandi á 19. öld. Hann var vel greindur og hafði mjög skýra þekkingu á öllu, sem hann lagði fyrir sig, og veitti nákvæma eftirtekt öllu því, sem var í framfaraáttina bæði hvað búskap snerti og einnig í stjórnar- og trúmálum. Hann fylgdist með anda nútímans, og tók mikinn þátt í sveitar- fylkis- og ríkiskosningum. Og til sönnunar um það, að hann var í sinni bygð áltinn vel hæfur til opinberra starfa, má geta þess, að næstum allan þann tíma (30 ár), sem hann bjó í Hamilton Township, var hann í sveitarstjórn, og fékk ætíð lofsorð fyrir skyldurækni og ráðvendni og dugnað.

Magnús var trúr og einlægur vinur vina sinna og hjálpsamur öllum, sem til hans leituðu, réttlátur í öllum viðskiftum og alúðlegur og skemtinn í viðræðum. Hann hafði mjög heilbrigðar skoðanir á mannlífinu og hlutunum í heiminum yfirleitt. Hann elskaði samleikann í öllum greinum og þræddi nákvæmlega þá götu, sem réttlætistilfinningin vísaði honum. Hann lifði í anda nútímans og hafði í hávegum allar menningar, siðferðis, stjórnar og andlegar framfarir. Hann var fyrir löngu hættur að trúa miðalda-kreddum kirkjunnar eða einveldi konunga og keisara; hann trúði fastlega á frjálsa stjórn og frjálsa kirkju, og allar frjálsar hreyfingar voru honum mjög kærar.

Hann hafði þjáðst af innvortis krabbameini í fleri ár og verið alveg rúmfastur í eitt ár. Hann var skorinn upp tvisvar á spitalanum í Grafton, en fékk engan bata. Hann bar sjúkleik sinn með mestu þolinmæði og stillingu.

Séra Friðrik J. Bergmann hélt húskveðju á ensku áður en líkið var flutt að heiman. Í þeirri ræðu mintist hann nákvæmlega þess látna, hans mörgu mannkosta og hans miklu verka. Hann mælti mörg og fögur huggunarorð til hinnar eftirlifandi ekkju og einkasonarins og konu hans, sem öll þrjú höfðu stundað hann í banalegunni löngu. Hann mintist þess, hversu tengdadóttir hins látna hefði stundað hann bæði á spitalanum og heima með fádæma umönnun, dugnaði og þolinmæði. — Við jarðarförina flutti séra Friðrik ræðu á íslenzku og voru þar viðstaddir allur fjöldi af vinum og vandamönnum. Þá mintist séra Friðrik nákvæmlega á mannlífið, á stríðið fyrir tilverunni, hreysti og mannúð hins látna, og gat þess hvað vel hinn framliðni hefði leyst dagsverk sitt af hendi.

Og svo lögðum við hann til síðustu hvíldar, sorgbitin að þurfa að skilja við hann, en glöð að hafa haft hann fyrir samferðamann á lífsleiðinni. — Svo þakka ég þér, elsku vinur, fyrir 50 ára samferðina, og alt gott, er þú sýndir mér á þeirri leið, og minnist þín með elsku og virðingu alt til minnar síðustu stundar.

Vinur hins látna.

Fréttabréf.

CHURCHBRIDGE,
Fróðá, 7. jan. 1911.

Heiðraði ritstj.

Það er svo langt síðan ég hefi skrifað fréttabréf, að það verður viðvaningsbragur á því, en fréttirnar varða mestu, og það eru víst eins miklar fréttir úr þessum bæ og bygðarlagi og hvar annarsstaðar, og jafnvel engu síður, því eins og þú hefir ef til vill heyrt getið, fór hér fram landmæling til að fá hnattstöðu af bæjarstæðinu okkar, og stóð (að líkindum) bæjarráðið fyrir því. En nú eftir nýútkominni skýrslu kemur það í ljós, að bærinn okkar er lagður af stað eitthvað suður í heim, hefir nýlega færst um 80 mílur til suðausturs, eða nákvæmlega 79⅓ mílur, og er ekki ólíklegt, að þú sjáir eitthvað til ferða okkar áður en langt líður, því þó við séum ekki búnir fullkomlega að ákveða, hvaða leið við förum eða hvar við staðnæmumst, þá er vafalítið, að við stönsum eitthvað í Winnipeg.

Jafnframt mælingunni fór fram manntal, og að sjálfsögðu í sambandi við það tekin skýrsla yfir framfarir bæjarins á liðnu tímabili, — stórbyggingar /taldar upp, svo sem ráðhús, verzlanir, korngeymsluhús, bankar, skólar og kirkjur. Einnig voru taldar upp hinar ýmsu verksmiðjur, ásamt afarmiklu af framleiddum iðnaði bæjarins, þar á meðal útfluttur og innfluttur varningur, o.s.frv.

Þar sem ég veit, herra ritst., að þú getur samglaðst okkur yfir þessum miklu framförum, eins veit ég að þú getur ímyndað þér hvaða felmtri sló yfir okkur alla, þegar við urðum þess áskynja núna um daginn, að réttur helmingurinn af bæjarbúum var týndur og finst hvergi. Við getum ekki gert okkur neina grein fyrir þessu hvarfi, nema ef þeir skyldu hafa orðið eftir á gömlu stöðvunum.

Eins og gefur að skilja, gerði þetta allra mesta glundroða, sérstaklega á iðnaði bæjarins, sem er margbrotinn og hálfið hefir verið úti af miklu starfsfjöri. Þess vegna hefir það ráð þótt vænst, að sameina verksmiðjurnar, og má geta þess meðal annars, að bæjarstjórinn hefir tekið að sér skóverkstæðið, blikkverkstæðið og sláturstörfin, og þar sem við hér virðum mikils hágar stöður, erum við ekkert að fárast um það, þó bæturnar á skónum séu misþykkar, eða þó sólinn standi eins og kvartþuml. meira út af öðru megin, — eða þó seitli lítið eitt með löggunni á blikkilátunum; eins er það þó slitni langi, þegar verið er að taka innanúr við sláturstörf, — við fáumst ekkert um það. Í staðinn fyrir þessa framúrskarandi ósérhlífni bæjarstjórans, hafa hinir kaupmennirnir góðfúslega tekið að sér viðskiftamenn þá, er hann áður hafði að verzlun þeirri, er hann hefir haft með höndum. Sama er að segja um aðrar verksmiðjur, — þær hafa verið sameinaðar á líkan hátt.

Það er hér þó ein starísgrein, sem engan hnekkir hefir beðið við fólkstýnsluna. Það er vínsalan, því fólkið, sem horfið er, er mest Good Templarar. Þeir máttu líka missa sig, því það var alt versta fólkið. En svo höfum við nú gert góða gangskör að því að hreinsa bæinn af þeim ófögnuði, að þar er ekki einn einasti eftir.

Þó fólkstýnslan hafi, eins og þú sérð gert feikna glundroða, hefir færsla bæjarins gert það engu síður, og kom það berlega í ljós við sveitarkosningarnar, þegar bæjarstjórninn, sem á eignir úti á lands bygðinni, ætlaði þangað til að greiða atkvæði, gat ekki hitt á rétta kjörstaðinn og varð svo rugl aður, að hann greiddi atkvæði á röngum kjörstað. Og þó svona lagaðar villur séu ekki vanalega látnar hlutlausar, þá varð að gera það undir þessum kringumstæðum — Fleiri atvik, sem valdið hafa misskilningi, hafa átt sér stað. Lá nærri, að einn þeirra lenti á þeim manni, sem fyrir að minsta kosti samvizkunni hefir tekið að sér að setja ekkert fram, nema það, sem hann hefir einlæga sannfæringu fyrir að sé satt og rétt, — sem sé prestinum okkar. Í ritgerð, sem hann samdi nýlega til varnar kirkjunni og söfnuðinum, neitaði hann því, að kirkjan hefði nokkurntíma notað peninga inankomna af dansamkomu, til trúboðsstarfa. Þetta gerði okkur mjög forviða, því á gömlu stöðvunum hafði fólkið dansað sig lúið og borgað söfnuðinum peninga fyrir það (að dansa) og söfnuðurinn svo borgað þá til prestsins fyrir að prédika. En nú sjáum við, hvernig í öllu liggur, að klerkur, sem er sprenglærður í mælingafræði, vissi hvað á seiði var, nefnilega, að við vorum komnir á nýjar stöðvar.

En nú, þegar færslan er um garð gengin og við höfum tekið okkur bólfestu, vonumst við að allur misskilningur hverfi, og nú erum við að fara þess á leit við bæjarráðsskrifarann, með aðstoð helztu manna, svo sem safnaðarforsetans og yfirprestsins, að þeir geri sitt til að fyrirbyggja hann framvegis.

Hallur frá Horni.

Herra Jón Hólm, gullsmiður að 770 Simcoe St., biður þess getið, að hann selji löndum sínum gull- og silfur-muni og gigtarbelti. — Belti þessi eru óbrigðul við gigt, ef þau eru notuð samkvæmt fyrirskipunum Jóns. Kosta að eins dollar og kvart.

THE **DOMINION BANK**
HORNI NOTRE DAME AVENUE OG SHERBROOKE STREET

Höfuðstóll uppborgaður : $4,000,000.00
Varasjóður - - - $5,400,000.00

Vér óskum eftir viðskiftum verzlunar manna og ábyrgumst að gefa þeim fullnægju. Sparisjóðsdeild vor er sú stærsta sem nokkur banki hefir í borginni.
Íbúendur þessa hluta borgarinnar óska að skifta við stofnun sem þeir vita að er algerlega trygg. Nafn vort er fulltrygging óhlutleika. Byrjið spari innlegg fyrir sjálfa yðar, komu yðar og börn.
Phone Garry 3150 **Scott Barlow**, Ráðsmaður.

Vitur maður er varkár með að drekka eingöngu HREINT ÖL. Þér getið jafna reitt yður á
DREWRY'S
Redwood Lager.
Það er léttur, freyðandi bjór, gerður eingöngu úr Malt og Hops. Biðjið ætíð um hann.
E. L. DREWRY, Manufacturer, Winnipeg

Með því að biðja sérlega um "T.L. CIGAR," þá ertu viss að fá ágætan vindil.
T.L.
Smoke the T.L. CIGAR
(UNION MADE)
Western Cigar Factory
Thomas Lee, eigandi Winnipeg

STRAX Í DAG er BEZT AÐ GERAST KAUPANDI AÐ HEIMSKRINGLU. — ÞAÐ ER EKKI SEINNA VÆNNA.

Manitoba á undan.

Manitoba hefir viðáttumikla vatnsfleti til uppgufunar og úrfellis. Þetta, hið nauðsynlegasta frjógunarskilyrði, er því trygt.

Enn þá eru 25 milión ekrur óbygðar.

Íbúatal fylkisins árið 1901 var 225,211, en er nú orðið um 500,000, sem má teljast ánægjuleg aukning. Árið 1901 var hveiti og hafra og bygg framleiðslan 90,367,085 bushela; á 5 árum hefir hún aukist upp í 129,475,943 bushel.

Winnipeg borg hafði árið 1901 42,240 íbúa, en hefir nú um 150,000; hefir nálega fjórfaldast á 8 árum. Skattskildar eignir Winnipegborgar árið 1901 voru $26,405,770, en árið 1908 voru þær orðnar $116,106,390. Höfðu meir en þrefaldast á 7 árum.

Flutningstæki eru óviðjafnanleg,— í einu orði sagt, eru í fremsta flokki nútíðartækja: Fjórar þverlandsbrautir liggja um fylkið, fullgerðar og í smíðum, og með miðstöðvar í Winnipeg. Í fylkinu eru nú nálega 4 þúsund mílur af fullgerðum járnbrautum.

Manitoba hefir tekið meiri landbúnaðarlegum og efnalegum framförum en nokkurt annað land í heimi, og er þess vegna ákjósanlegasti aðsetursstaður fyrir alla, af því þetta fylki býður beztan arð af vinnu og fjárleggi.

Skrifið eftir upplýsingum til: —
JOS. HARTNEY, 77 York Street, Toronto, Ont.
JOS. BURKE, 178 Logan Avenue, Winnipeg, Man.
A. A. C. LaRIVIERE, 22 Alliance Bldg., Montreal, Quebec,
J. F. TENNANT, Gretna, Manitoba.

J. J. GOLDEN,
Deputy Minister af Agriculture and Immigration, Winnipeg.

að ég hefi orðið að þola margt og mikið, og að þú ert orsök í æskuraunum mínum".

"Ég", kallaði hún. "Það er þá satt, að þú hefir elskað mig?"

"Nei, ekki með þeirri ást, sem þú átt við. Ég elskað þig sem bróðir, og þú launaðir ást mína með vanþakklæti. Þú sveikst mig skammarlega, og fleygðir þér í faðminn á níðingnum, sem tældi þig".

"Iæja þá", sagði Helen og reyndi að tempra geðshræringu sína, "fyrst þú ekki elskaðir mig, hvernig gatu þá brot mín gert þig gæfulausan? Menn eru vanalega fljótir að gleyma yfirsjónum systra sinna".

"Ég gerði það líka og gleymdi þér. En það var skrifað í bók forlaganna, að afbrot þín skyldu fella böivun yfir mig, og steypa mér í þá ógæfu, sem þig grunar ekkert um".

"Ég skil þig ekki, — talaðu —"

"Já, ég skal tala ljósar", svaraði Móritz gramur o- se nokkur iðrun til í þér, þá mun skýring min gera út af við þig.— En segðu mér fyrst, hvort móðir þín lifir".

"Nei, hún er dáin fyrir tveim mánuðum".

"Sagði hún þér ekki frá neinu leyndarmáli áður en hún dó? Sagði hún þér ekkert um hina fyrri æfi sína — um föður þinn?"

"Nei, hún var ávalt þögul um það efni. Samt kit út fyrir, að hún ætlaði að segja mér eitthvað, þegar hún lá banaleguna, en dauðinn varnaði henni þess".

"Hún hefir ef til vill ekki vitað það, sem ég ætla nú að segja þér".

"Hvað er það? Þú gerir mig hrædda".

"Hvað er það?" endurtók Móritz. "Það er að eins einn þáttur úr stóra sorgarleiknum, sem fram fer á leiksviði heimsins, og nefndur er leikur forlaganna".

"Viðhvað áttu?"

"Veiztu hver var faðir þinn, Helen?"

"Nei, ég hefi sagt þér það".

"Iæja, ég er fær um að segja þér það", sagði Móritz, sem hafði ánægju af að kvelja hana. "Faðir þinn var, til að byrja með, skólanemandi, síðar betlari, þar næst þjófur og seinast morðingi. Æfiferil hans var skift á milli fangelsanna og þjóðbrautanna. Faðir þinn var maður, sem margt hefir reynt. Það, sem mig furðar mest, er, að hann skuli ekki fyrir löngu vera hálshögginn eða settur í æfilangt fangelsi"

Svar Helen heyrði þessi voðalegu orð, hné hún niður á stólinn, sem stóð við borðið.

"Þú ert kveljandi, Móritz", stamaði hún, "sárkveljandi. Ætlarðu að segja mér meira?"

"Já, þú hefir enn ekki fengið að heyra alt", sagði Móritz með tryltri kæti. "Það er mikið eftir enn þá. Ég gleymdi að segja þér, að þegar faðir þinn giftist, þá stundaði hann akuryrkju og bjó við góð kjör og ánægður á litla landinu sínu, sem hann fékk að erfðum. Hann hefir sjálfur sagt mér, að hann elskaði konu sína mjög heitt. Jæja, eitt kvöld, þegar hann kom heim úr ferðalagi, án þess að hún ætti von á honum, varð honum litið inn um gluggann og sá konu sína í faðmi annars manns".

"Vægð", kallaði Helen. "Ó, Móritz, þú kvelur mig voðalega"

"Getur þú gizkað á, hvað hann hét, þessi maður, sem tældi móður þína?" spurði Móritz.

Helen svaraði engu.

"Það skal ég segja þér: Hann hét Axel Ehrenstam".

Þegar Helen heyrði þetta nafn, þaut hún á fætur eins og hún hefði verið bitin af höggormi, en varð á rátt róleg aftur og stóð hreyfingarlaus sem fyr.

"Já", sagði Móritz, sem gremjan hafði svift valdi

yfir hugsunum og orðum. "Hann hét Axel Ehrenstam og var bróðir Georg. Annar tældi móðurina og hinn dótturina. — Er það ekki einkennilegt?"

Helen, sem hulið hafði andlitið með höndum sínum, leit nú upp og horfði á Móritz með tryllingslegu augnatilliti, sem vart gat kallast mannlegt.

"Ómögulegt", hrópaði hún vitfirringslega. "Þú ert að spauga, voðalegt spaug líka, — þetta er ekki satt".

"Á, er það ekki satt?" sagði Móritz með heiftarháði. "Vesalings barn. Þú ert enn ekki búin að heyra alt".

"Ef þú hefir meira af eitri, gefðu mér það þá alt í einu".

"Nei, þú færð það að eins í smáskömmtum", svaraði Móritz og stappaði fótunum á gólfið. "Það er gagnslaust að vonast eftir hlíf af mér. Ég á enga meðaumkun til nú sem stendur".

"Haltu þá áfram", tautaði Helen. "Ég heyri".

"Jæja þá. Axel Ehrenstam, sem tældi móður þína, var myrtur nokkru síðar. Getur þig grunað, hver morðinginn var?"

Helen skalf sem skógarlauf í vindi.

"Það var hann faðir þinn", kallaði Móritz hátt.

"Ertu nú búinn?" spurði Helen, sem var nær því að tapa meðvitundinni.

"Nei, ekki enn", sagði Móritz, þaut á fætur og tók í handlegg hennar. "Það versta er enn eftir, ég hefi geymt það til síðustu stundar. Þegar faðir þinn myrti Axel Ehrenstam, framdi hann ekki vanalegt morð, heldur bróðurmorð, því hann er líka sonur sama manns og Axel og Georg. Ógæfusama stúlka, þú hefir verið frilla föðurbróður þíns".

"Guð minn góður", kallaði Helen í ofboði.

"Hann á enga meðaumkun til — — En það hlýtur að vera gaman, — — ógeðslegt gaman, — — ó,

Móritz, segðu að þú sért að gera að gamni þínu —"

Hún skreið til hans á hnjánum og horfði á hann bænaraugum.

"Gaman", sagði Móritz og hló háðslega. "Ég geri aldrei að gamni mínu. Heldurðu að þetta sé spaug, Helen? Það, sem ég hefi sagt, er hreinn sannleiki. En hvað ætli þú þurfir að kæra þig um það? Þú ert ung, fallegur og fræg leikmær. Blómin, sem úrval áhorfendanna eys yfir þig á morgun, munu fá þig til að gleyma öllu".

"Heldurðu það?" spurði Helen um leið og hún stóð upp. "Þú ert ekki sá maður, sem ég áleit þig vera. Þú ert eins og vilt dýr".

"Það er satt", svaraði Móritz, "ég er vilt dýr. En það er þér að kenna, Helen".

"Hvað snerta þá þessar ógeðslegu ættarkringumstæður þig, sem þú hefir opinberað mér svo vægðarlaust? Að hverju leyti standa þær í sambandi við forlög þín?"

"Seztu niður, Helen", sagði Móritz, sem nú var orðinn afreiður, "þá skal ég segja þér æfisögu föður þíns, sem stendur í sambandi við mína eigin".

Helen settist skjálfandi niður.

Móritz sagði henni nú frá forlögum og óhöppum Jakobs Kron, að svo miklu leyti, sem hann þekti þau, og hann duldi heldur ekki síðustu viðburðina, ást sína til Ísabellu Ehrenstam, hina grimdarfullu heind Jakobs, og að, síðustu dauða Ísabellu, sem hann sá sjálfur.

"Þú skilur það nú", bætti Móritz við, "að ég talaði satt, þegar ég sagði, að þú yrðir orsök að þjáningum minum, því hefði faðir þinn ekki fundið þig sem frillu Georgs, þá hefði ekki kviknað hjá honum þetta trylta hatur, sem kom honum til að eyðileggja þá sáklausu".

"Ó, guð minn góður, vesalings ógæfusami faðir

Þorgerður Jónsdóttir

kona Guðmundar Jónssonar, andaðist að heimili sínu í Spanish Fork, Utah, sunnudaginn 22. jan. sl., kl. 8 f.m. Var banamein hennar það sem læknar kalla nú alment "Tuberculosis of the Lungs", Og mun hún fyrst hafa kent til veiki þessarar fyrir rúmum 18 mánuðum. En síðustu sjö vikurnar lá hún alveg rúmfast, með mikl um þjáningum, þar til dauðinn gerði enda á eymdastriði hennar, á þeim tíma, sem hér að ofan er skráð.

Þorgerður sál. var fædd 20.marz 1857, og því tæpra 54 ára að aldri þá er hún lézt. Hún var dóttir Jóns bónda á Bakka í Austur-Landeyjum í Rangárvallasýslu á Íslandi, og þar fædd og uppalin. Var Jón faðir hennar Oddson, frá Þykkabæ í Landbroti austur á Síðu, Jónssonar, sama staðar Magnússonar í Kirkjubæjarklaustri þar á Síðunni. En móðir hennar, kona Jóns á Bakka, hét Sigríður, Jónsdóttir, frá Kanastöðum, Árnasonar frá Múlakoti, Árnasonar frá Deild, Jónssonar úr Pétursey í Mýrdal. Móðir Jóns Árnasonar hét Þorbjörg Ólafsdóttir frá Deild; Jónssonar á Heylæk, Arngrímsson ar prests Pétursson; en hvar hann var, vitum vér ekki, og endar hér með ættartalan.

Þorgerður var, eins og áður er sagt, fædd og alin upp á Bakka, þar til hún var fullþroska. Gekk hún þá að eiga Þorbjörn Þorbjörnsson, bónda í Kirkjulandshjáleigu; Jónssonar, ættaðir úr Skaftafellssýslu. Giftust þau í október 1880.— Þorbjörn þessi var fæddur 14. nóv. 1857, en dó í Spanish Forks 28. sept. 1887. Seinni maður Þorgerðar heitir Guðmundur Jónsson, bónda Einarssonar frá Hermundarfelli í Þistilfirði. Giftust þau um haustið 1890, 20. nóv., og hafa þau búið saman í farsælu hjónabandi 20 ár og 2 mánuði.

Þorgerður og fyrri maður hennar fluttu til Ameriku árið 1885, og hefir hún búið í Spanish Fork síðan. Hún varð þriggja barna móðir og átti hún þau öll með fyrri manni sínum. Dó eitt þeirra í æsku, en tvö komust á fullorðins aldur: Hannes T. Johnson, sem nú er til heimilis í Salt Lake City, og Sigríður Þórdís, gift enskum manni, Pike að nafni. Hún lézt 20. ágúst 1909, þá til heimilis í Park City hér í Utah. (Sjá Hkr. 24.ár, 21. okt. 1909).

Hún eftirlætur hér, auk manns sín og sonar, 2 dætur, — stjúpdóttur og fósturdóttur. Er sú fyrtalda, Martah Johnson, dóttir Guðmundar, orðin fullorðin; en hin, sem Elma heitir, er á fjórða árinu. Þar næst má telja 2 bræður hennar á Íslandi: Jón bónda Jónsson á Seljalandi og Odd Jónsson, sem síðast þegar fréttist lá veikur á Lauganes spítalanum. — Síðast viljum vér geta þriggja systra, sem hún átti á lífi: Fyrst Sigríðar, ekkju eftir Árna Björnsson, fyrrum bónda á Móum á Kjalarnesi; önnur heitir Kristín, nú til heimilis í Vestmannaeyjum. Þriðja systirin, sem eftir lifir, heitir Þórdís, og hefir dvalið í Kaupmannahöfn, svo árum skiftir.

ÞORGERÐUR JÓNSDÓTTIR

Þorgerður sál. var hin mesta myndar- og rausnarkona, vel metin og virt, af öllum, sem hana þektu; umhyggjusöm og góð húsmóðir, og búkona, ávalt eitthvað nytsamt að starfa, sérstaklega við saumaskap, því hún var fyrirtaks 'dressmaker'. Hún var ástrík móðir og varði öllum sínum kröftum með mikilli alúð til uppeldis og mentunar barna sinna. Létu þau hjónin þau öll ganga á æðri skóla — 'Brigham Young University' í Provo — og náðu þau þar talsverðri mentun, sérstaklega Hannes, og útskrifuðust þau þaðan öll með góðri einkunn.

Þorgerður sál. átti fjölda vina í þessum bæ, bæði meðal landa sinna og annara þjóða fólks, sem öllu er sár söknuður að fráfalli hennar. Öllum, bæði skyldum og vandalausum, sem nutu þeirrar ánægju, að kynnast henni og umgangast í hinna lífi. Í vinahóp og þjóðfélag okkar Íslendinga hjóst stórt skarð við burtför hennar að sýnilegum návistum. Því hún var í hvívetna, og það að maklegleikum virt og vel metin. Trúin og vonin um sælurika samfundi síðar meir, er það eina, sem huggun veitir, og því geta bæði vinir og skyldmenni hinnar látnu tekið undir með skáldinu og sagt:

"Nú er hún sæl, sem sælu jók
syrgjendum þeim, er eftir þreyja.
Guði sé lof, sem gaf og tók, —
gott er að lifa vel og deyja".

Jarðarförin, sem var hin virðuglegasta í alla staði, fór fram hinn 25. að viðstöddum fjölda fólks, bæði enskra og íslenzkra. Rev. Mr. Bussard, prestur lúterska safnaðarins, gengdi þar embættisverkum, og var hún lögð við hlið síns fyrra manns, í grafreit bæjarins.

Friður guðs hvíli yfir moldum þeirra.

E. H. Johnson

ÞAKKARÁVARP.

Hér með vottum við öllum vort innilegasta hjartans þakklæti, sem á einn eða annan hátt veittu okkur aðstoð og sýndu okkur sanna velvild og hluttekningu í dauðastriði og við andlát og útför okkar elskuðu konu og móður, Þorgerðar Jónsdóttur, sem andaðist 22. jan. sl.

Sérstaklega viljum við tilnefna:

Mr. og Mrs. H. B. Johnson, Mr og Mrs. Sigurð Johnson, Mr. og Mrs. Vigfús Goodmanson, Mrs. Snell, Mrs. Gíslason, Mrs. Eiríksson og Mr. og Mrs. E. H. Johnson, og biðjum við guð að launa öllum sinn velvilja, aðstoð og hluttekningu af hreinu hjarta, þegar hann sér þeim fyrir beztu.

Sp. Fork, Utah, 31. jan. '11.

Guðmundur Johnson og familia.

Sómi Íslands, sverð og skjöldur.

Gjafir til minnisvarða JÓNS SIGURÐSSONAR.

Frá Wynyard, Sask.

Valdemar Johnson 25c, Margrét Johnson 25c, Bergvin Johnson 25c, Setselja Johnson 25c, John Brynjólfsson 50c, Peter Ásmundsson 25c, Mrs. G. Ásmundson 25c, G. A. Goodman $1, Fred Halldorson 25c, H. J. Halldorson $3, Jonathan Halldorson 50c, Oddur Halldorson 25c, Jonathan Halldorson,Jr., 25c, Mrs. H. J. Halldorson 75c, Alex. A. Halldorson 25c, J. O. Björnson 50c, Mrs. J. O. Björnson 50c, Sigurður J. Axdal 50, Mrs. Sigurveig J. Axdal 25c, Miss Sigurbjörg J. Axdal 25c, Ásgeir Guðjónsson 25c, Mrs. Á. Guðjónsson 25c, A. Alfred Guðjónsson 25c, Paul Bjarnason $1, J. S. Thorsteinson $1, Ólafur Hall 50c, Mrs. Kristrún Hall 50, G. Reykholt $1, C. B. Johnson 50c, H. B. Johnson 50c, Sigurjón Axdal $1, S. S. Axdal 50c.

Frá Markerville, Alta.

Pétur Hjálmsson $1, Jónína Hjálmsson $1, Ólafía Goodman $1, Ásmundur Christiansson 25c, Jónas Jónsson 25c, Ingibjörg Jónsson 25c, John Johnson 25c, L. Johnson 25c, J. O. Johnson 50c, John A. Strong 25c, H. G. Eirikson 25c, Bjarni Johnson 25c, ÞorbjörgJohnson 25c, Þ. S. Johnson 15c, G. A. Johnson 15c, Lillian O. Benedictson 10c, Guðbjörg Evertsdóttir 15c, Jón Sveinsson $1, þóraSveinsson $1, G. E. Johnson 25c, A. J. Christvinson 25c, Jóhann Bjarnason 50c, Jón Nordal 25c, Mrs.Ólöf Nordal 25c, Mrs. G. E. Johnson 25c.

Frá Tindastól, Alta.

Joesph Stephenson $1.

Frá Watertown, S. Dak.

Stefán Jónsson 50c, Sigurbjörg Jónsson 50c, Ástvin Jónsson $1, Jón G. Jónsson 10c, Stefán Jónsson 10c, Albert Jónsson 10c, Erick Johnson 50c, Júlíus Johnson 50c, Sarah Hoff 50c, Wm. Hoff 50c, Hallgrímur Jónsson 50c, Kristín Jósephson 25c, S. Jósepsson 25c, Kristján Jónsson 50c, Sigríður Johnson 50c, Sólveig Ólson 50c.

Frá Blaine, Wash.

John J. Freeman 25c, Sveinbjörn Zophoniasson 25c, Sigurður Ólafsson 50c, Miss Bertha Anderson $1, M. J. Benedictsson $1, Jón Sigurðsson $1, M. Johnson $1, Pétur V. Pétursson $1, C. R. Casper 10c F. K. Sigfússon 25c, N. N. 25c, Steingrímur Hall 25c, Andrew Danielsson $1, Jón Jónasson 25c, J. O. Magnússon 50c, Ó. Ó. Runólfsson $1, J. M. Johnson 25c, Mrs. Margrét Johnson 25c, Mrs. J. Jónasson 25c, Chris. Sveinsson 50c, Vilhjálmur Jóhannesson $1, Teitur Hannesson $1, Jóel Steinsson 50c, Mrs. B. Steinsson 50c, Mrs. P. Lee 25c, Thorgeir Símonarson 25c,Mrs. Guðrún Símonarson 25c, Árni B. Símonarson 10c, Sigrún H. Símonarson 10c, Einar G. Símonarson 10c, Sigurlaug Guðmundsdóttir 10c Páll Símonarson 50c, Mrs. Sigríður Símonarson 50c, Magnús Jósephson 25c, Mrs. Steinunn Jósephson 25c, Jósephína Jósephson 25c, Júlía Jósephson 25c, J. H. Frost 50c.

Frá Brú, Man.

Thorsteinn Johnson $1, StephanG Johnson 25c, Guðrún Johnson $1, Emil Johnson 25c, Vilborg Johnson 25c, Friða Johnson 25c, Fjóla Johnson 25c, Jóhannes Árnason 25c, Jón Helgason 50c, Gísli Björnson 50 cents, Guðrún Björnson 50 cents, S. Stefánsson 50c, Mrs. Guðrún Stefánsson 25c, Kjartan Stevenson 25c, Miss Jenny Stevenson 25c, B. Björnson 50c, Guðný Einarsdóttir 25c, Eir. Björnsson 25c, Þorbjörg Björnsdóttir 25c, María Björnsdóttir 25c Hannes Sigurdson 50c, Guðrún Sigurdson 50c, Guðný Sigurdson 25c, Björn Sigurdson 25c, Sigurður Sigurdson 25c, Vilborg Sigurdson 25c, Guðmundur Nordman 25c, Mrs G. Nordman 25c, Kristján Nordman 25c, Konráð Nordman 25c, Halldór Árnason 50c, Sigurður Árnason 25c, Jónas Anderson 25c, Mrs. J. Anderson 25c.

Frá Hensel, N. D.

B. J. Austfjord $1, Mrs. B. J. Austfjord $1, E. M. Vatnsdal $1, Friðrik Johnson $1, Mrs. Friðrik Johnson $1, Halldór Halldórsson 25c, J. H. Norman $1, Mrs. J. H. Norman 25c, Lilja Pétursson 25c, Hannes Johnson 25c, E. Erlendson 50c, J. A. Johnson $1, Geo. Einarsson $1, Jónas Jónsson 50c, Lára Norman 25c.

Frá Westfold, Man.

Stefán Björnsson 50c, Mrs. G. Björnsson 50c, Kári Björnsson 25c, Sofía Björnsson 25c, Björn Björnsson 10c, Járnbrá Björnsson 10c, Bessi Björnsson 10c, LaureyBjörnsson 10c, Öður Björnsson 10c, Helga Björnsson 10c, Elinborg Björnsson 10c, Friðþjófur Björnsson 10c, Halldór Einarson 50c, Vilborg Einarsson 50c, Sigurður Mýrdal 10c,Mrs. Sigríður Mýrdal 10c, Miss Sigrún Mýrdal 10c, Miss Anna Mýrdal 10c Miss Guðmundina Mýrdal 10c.

Frá Cardston, Alta.

Mrs. Gróa Warren $1.

Frá Oak Point, Man.

Th. Thorkelsson $1, Guðbjörg Thorkelsson $1, Njáll Thorkelsson 25c, Friðrio Thorkelsson 25c,Helga Thorkelsson 25c, Guðrún Thorkelsson 25c.

Frá Husawick, Man.

B. Arason $1, J. B. Arason 25c, Skapti Arason 25c, Oddur Guttormsson $1, Guttormur Thorsteinsson $1, Miss Guðlaug Guttormsson $1, Miss Björg Guttormsson $1, Sveinn Sigurðsson $1, Signý Sigurðsson 50c, Kristján Sigurðsson 50c, Elín Thiðrickson 25c, Albert Thiðrickson 50, Th. Sveinsson 50c, Mrs. Th. Sveinsson 50c, Mrs. B. Árnason 25c, Bjarni Árnason 25c, A. E. Ísfeld 50c, Ólöf Ísfeld 10c, E. Ísfeld 25c.

Frá Calgary, Alta.

Jakob Anderson $2, Mrs. Jakob Anderson $2, Sigríður Anderson 15c, Andrea Anderson 15c, Lára Anderson 15c, Jón Ólafur Anderson 15c, Albert Albertsson 15, Guðrún Danielsson 15c, Sigurður Sigurðsson $1, Guðbrandur Fellsted $1, Octavius Tómásson 25c, Philip Johnson $1, Thomas Rafnsson $1, Mrs. Thomas Rafnsson $1, Helgi Goodmann 25c, Guðrún Eiríksson 25c, G. Thorlaksson $1, Mrs. G. Thorlaksson 25c, Miss Thorlaksson 25c, Hjörtur Thorlaksson 25c, Thorsteinn Thorlaksson 25c, J. A. Kalsted $1, Ónefndur 25c, Mrs. F. Johnson $1, Walter Johnson 10c, Willie Johnson 10c, Mary Johnson 15c, Runey Johnson 15c, Mrs. Albert Burdett 25c, Miss Sigríður Jónsson 50c, E. Anderson 50c.

Frá Markerville, Alta.

Benedictson & Stephenson 50c, Guðbjörn Sveinbjörnsson 20c, Á. Pálsson 25c, W. S. Johnson 25c, S. Einarsson $1, B. Goodman 25c, Ónefndur 50c, E. G. Eiríksson 25c, G. Eiríksson 25c, C. Jóhannesson 20c, Mes. S. Benedictson 50c, S. Benedictson 50c, B. Björnsson 50c, G. Sigurðsson $1, P. Gíslason 50c, Mrs. G. Stephenson 50c, Miss Helga S. Stephenson 10c, Miss Guðbjörg Stephenson 10c, Stephen J. Stephenson 10c.

Frá Icelandic River, Man.

S. Thorwaldson $1, Mrs. S. Thorwaldson $1, Anna Thorwaldson 25c, S. L. Thorwaldson 25c, Sally Thorwaldson 25c, Marino Thorwaldson 25c, Thorwaldur Thorwaldson 25c, Ruby Thorwaldson 25c, Thuridur Thorwaldson 25c, Beatrice Thorwaldson 25c, Th. Thorarinson $1, Stefán Benediktsson 50c, Sigurlaug Benediktsson 50c, Thorvarður Stefánsson $1, Helgi Th. Stefánsson 50c, Eirikur Eymundsson 25c, Helga Eymundsson 50c, Guðný Bjarnason 25c, Thorgr. Jónsson 50c, Mrs. Steinunn Jónsson 50c, Mrs. Guðriður Stefánsson 50c, Sigurlin Stefánsson 25c, Sigurlaug Sigurðsson 25c, Mrs. Lilja Eyjólfsson 25c, Thorsteinn Eyjólfsson 25c, Mrs. Guðfinna Eyjólfsson $1, Jónas Jónasson 50c, Lárus Th. Björnsson 50c, Mrs. Lárus Th. Björnsson 50c,Miss Jóhanna Finnbogason 25c, Miss Kristín Stefánsson 25c, Jónas Magnússon 50c, Mrs. Jónas Magnússon 25c, Jósep Goodman 25c, Kristján Ólafsson 50c, Jóhann Briem $1, Marino Briem $1, Guðrún Briem 50c, Valdheiður Briem 50c, Valgerður Briem 50c, Sigtryggur Briem 50c, Ólafur Briem 25c, Ásta Baldwinsson 25c, Kristján Finnsson $1, Mrs. K. Finnsson $1, I. G. Finnsson 50c, Sigurrós Finnsson 50c, E. Th. Eyjólfsson 50c, Óli Cóghill $2.

Frá Árnes, Man.

Thorvaldur Thorvaldson 50c, Thuriður Thorvaldson 50c.

Frá Candahar, Sask.

C. Hjálmarson $1, Mrs. C.Hjálmarson $1, Torfi Steinson $1, L. H. J. Laxdal $1, Mrs. L. H. J. Laxdal $1, Árni B. Laxdal 25c, E. A. S. Laxdal 25c, Mrs. Jóhanna Polson 25c, Sigurður Guðnason $1, Walter Baldwin 50c, Jacob Helgason $1, Thorvjður M. Halldórson $1, C. J. Ólafsson $1, Mrs. Guðný Johnson 50c, Jón Guðnason $1, Tryggvi Friðriksson $1, S. J. Sveinbjörnsson 50c, Mrs. S. J. Sveinbjörnsson 50c, TheódórSveinbjörnsson 25c, S. B. Guðnason 25c, Steve Thorsteinsson $1, Kristinn Eyjólfsson 50c, August Eyjólfsson 25c, J. B. Jónsson $1, Mrs. J. B. Jónsson 50c, Pálína Jónsson 25c, S. Johnson $1, Páll Eyjólfsson 50c, Miss Th. Bjarnason 25c, Miss Beta Bjarnason 25c, Bjarni Helgason 25 cents, Stgr. Thorsteinsson 50c, Mrs. Petrina Thorsteinsson 50c, Th. S. Thorsteinsson 25 cents, Sveinn S. Sölvason $1, Eggert Björnsson $1, Bjarni Ólafsson 50c, Mrs. S. Hallgrímsson 50c, Helgi Jónsson 10c, Helga Jónsdóttir 10c, Jón Jónsson 50c, Indriði G. Skordal $1, Mrs. I. G. Skordal 25c, Carl Johnson $1, Guðjón Sveinbjörnsson 50c.

Frá Cottonwood, Minn.

S. S. Hofteig 75c, Mrs. S. S. Hofteig 25c, Agnes Hofteig 10c, Ólafur Árnason 50c, H. B. Hofteig 50c, Ingjaldur Árnason 50c, Mrs. Ing. Árnason 50c, Christian Árnason 25c, Clark E. Árnason 25c.

Frá Clarkfield, Minn.

Sigurður Gunnlaugsson $1, Mrs. J. Gunnlaugsson 50c.

Frá Minneota, Minn.

John Snidal 50c, A. J. Snidal 50c, Stephen S. Hofteig 50c, Ole S. Peterson 50c, E. Björnson $1, Mrs. G. Björnson $1, A. O. Björnson 50c, Alfred Svanson 25c, Chr. V. Árnason 50c, Peter Guðmundsson 50c, Mrs. Una Guðmundsson 25c, John G. Ísfeld 50c, Mrs. J. G. Ísfeld 50c, John Stone 25c, Jón K. Jónsson 25c, Jón L. Jónsson 25c, Sigurjón J. Vopnfjörð 25c, S. Jónathanson $1, Jón J. Benjaminsson 50c, Hermann Jósefsson 50c, Mrs. Hermann Jósefsson 25c, Stephán H. Jósefsson 10c, Jóhann S. Jósefsson 10c, Sigurrós H. Jósefsson 10c, Lilja H. Jósefsson 10c, Aðalbjörn H. Jósefsson 10c, Sigþóra H. Jósefsson 10c, Hermann H. Jósefsson 10c, Jónína Sigurbjörg H. Jósefsson 10c, Jóhannes G. Johnson 25c, Stone G. Johnson 25c, Eggert Fjeldstad 50c, S. G. Peterson 50c, Miss Anna Þ. Pétursson 25c, B.B. Gíslason 50c, I. W. Jonathan 50c, Mrs. K. Jónsson 25c, Joseph Johnson 50c, Mrs. Jósep Johnson 50c, Thomas Johnson 25c, Mr. og Mrs. C. F. Edwards $1, Lúðvíg Westdal 50c, A. G. Westdal 25c, Jóhann A. Jósefsson 50c, Mrs. J. A. Jósefsson 50c, Þórdís Sigríður Elisabet Jósefsson 25c, Ísafold Sigurborg Jósefsson 25c, Jóhanna Guðný Halldóra Jósefsson 25c, Sigurveig Ingibjörg Jónsdóttir 25c.

Frá Marshall, Minn.

Magnús Thorsteinsson $25c, Th. Thorsteinsson 50c, Mrs. Th. Thorsteinsson 50c, Johanny Thorsteinsson 20c.

Frá Hallson, N.D.

Jón Hörgdal 25c, Mrs. Kristrún Hörgdal 25c, Alfred J. Hörgdal 25 cents, W. J. Hörgdal 25c, Emily Hörgdal 25c, Elinborg Hörgdal 25c, Grimur J. Hörgdal 25c, John J. Hörgdal 25c, Árni J. Hörgdal 25c, Walter J. Hörgdal 10c, Begga Hörgdal 10c, Hallgrímur Holm 25c, Guðbjörg Holm 25c, JohnEinarsson 25c, Einar J. Einarsson 25c, Eggert J. Einarsson 10c, Sigurður Einarsson 50c, S. L. Einarsson 25c, Inga Einarsson 10c, Lilja Einarsson 10c, G. Guðmundsdóttir 25c, A. Magnússon 25c, Thorsteinn Ásmundsson 25c, Helga Sveinsdóttir 25c, Daniel Johnson 45c, Guðmundur Hafsteinsson 20c, Mrs. J. G. Middal 25c, Miss Eva Middal 20c, S. B. Einarsson 25c, Eiður J. Johnson 25c, Friðrik Jóhannesson 25c, Mrs. IngibjörgFriðriksson 25c, Miss R. Friðriksson 25c, George Goodman 25c, Jóhann Jóhannsson 50c, Sofía Thorson 50c, A. J. Jóhannsson 50c, Mrs. A. J. Jóhannsson 50c, J. C. Jóhannsson 25c, Gústi Jóhannsson 25c, Arnólfur Jóhannsson 25c, Guðrún A. Jóhannsson 10c, Stephan A. Jóhannsson 10c, Mrs. Elín Hjálmarsson 25c, Miss Egilsína O. Christjánson 50c, Óli G. Johnson 25c, Mrs. Óli G. Johnson 25c, Mrs. Ólöf Johnson 25c, Mrs. Ben Peterson 50c.

Frá Vestfold, Man.

A. M. Freeman $1, Mrs. A. M. Freeman $1, Miss M. Freeman 25c, Miss L. Freeman 25c, V. Freeman 25c, M. J. Freeman 25c, Miss Ada Freeman 10c, Miss Guðrún S.Freeman 10c, Miss Emily Freeman 10c, B. Johnson $1, Mrs. B. Johnson 25c, E. B. Johnson 25c, Miss J. Johnson 25c, Miss B. Johnson 25c, G. Steffánsson 50c, H. Mýrdal 25c.

Frá Árdal, Man.

Guðni Stefánsson 50, Baldvin Stefánsson 50c, Mrs. G Stefánsson 50c, Jónas Benediktsson $1, Kr. Benjaminsson 10c, Mrs. Sigríður Sigurðsson 25c, Eiríkur Jóhannsson 50c, Mrs. E. Jóhannsson 50c, B. Benjaminsson 50c, Árni Thórdarson 20c, B. Jónsson 50c, Mrs. B. Jónsson 25c, Miss Lína B. Jónsson 25c, Master Thórður G. Ólafsson 10c, Mrs. Veronika Guðmundsson 25c, Guðmundur M. Borgfjörð 25c, Mrs. Thorunn G. M. Borgfjörð 25c, John Thompson 25c.

Frá Árborg, Man.

G. S. Guðmundsson 25c, A. F. Reykdal 25c, A. Fjeldsted 50c.

Frá Árdal, Man.

Guðjón Jónsson 20c, Sigurmundur M. Sigurðsson 50c, Mrs. Sig. M. Sigurðsson 50c, P. S. Guðmundsson 50c, Mrs. P. S. Guðmundsson 50c, Steina S. Guðmundsson 25c, Sigurhjörtur S. Guðmundsson 10c, Kjartan Ó. Jónsson 10.

Frá Winnipeg.

Guðmundur B. Ingimundarson $2 Jón Ó. Bildfell $1, Þjóðbjörg Ó. Bildfell $1.

Samtals $231.05
Áður auglýst ... 590.50

Alls innkomið ... $821.55

Andatrú og táldrægni.

Ritstj. Heimskringlu.

Gerið svo vel, að lá þessum línum rúm í blaði yðar.

Herra ritstj. Lögbergs. — Það lítur út fyrir, að nóg hafi verið prentrúm í blaði yðar, þegar þér tókuð til þeirra vandræða úrræða, að þýða slíka grein sem þá með fyrirsögninni "Andatrú og táldrægni". Engum dettur í hug, að bera á móti því, að þér hafið rétt til, að láta í blað yðar, hvað sem yður sýnist, en ég hefi séð greinar, bæði frumritaðar og þýddar af ritstjóra Lögbergs, sem ég ólít að væru almenningi til meiri upp-fræðslu en þessi grein.

Þess vegna þætti mér fróðlegt að vita, hver tilgangur yðar er með slíkum greinarstúfum. Mér hefir ætíð skilist, að flest máleini hefðu tvær hliðar, og svo álít ég að sé með andatrúar málefnið; en það lítur út fyrir, að þér séuð mikið hlyntari svörtu hliðinni, heldur enn þeirri björtu, þar sem þetta er ekki í fyrsta sinni, sem þér dragið hana fram í dagsbirtuna í blaði yðar, og efalaust munu bæði þér og aðrir geta sannað það að hún sé til. En mundi yður þá, herra ritstjóri, ganga eins vel að sanna það, að hin bjarta hlið andatrúar málefnisins sé ekki til? Ef yður væri það máleini kunnugt af eigin reynslu, þá vissuð þér betur, hvað þér væruð að meðhöndla. En svo er yður vorkunn, þó þér óskið ekki eftir að rannsaka það mál sjálfur, ef þér eruð hræddur um, að eins kunni að fara fyrir yður eins og William Crookes! En á meðan svo stendur, álít ég að væri mannlegra af yður, sem velmentuðum manni og blaðstjóra, að láta máleini þetta afskiftalaust — sérstaklega þar sem þér hafið neitað, að ræða þetta mál opinberlega í blaði yðar, þá ættuð þér að stilla yður um, að vera að smáhreyfa við því sjálfur, í verri áttina.

Með því þér mæltuðuð mér einu sinni um, að taka grein í blað yðar líks eðlis og þessa, þá villi ég ekki ergja yður á, að fara fram á það í annað sinn.

Yðar með virðingu

O.H.

(ein úr andatrúar söfnuðinum).

A. Segall
(áður hjá Eaton félaginu).

Besti kvennfata Skraddari

Loðskinna fötum veitt sérstakt athygli.

Hreinsar, Pressar, Gerir við.

Fjórir (4) alfatnaðir hreinsaðir og pressaðir, samkvæmt samningum, hvort heldur er karlmanna eða kvenfatnaður, fyrir aðeins $2.00 á mánuði.

Horni Sargent og Sherbrooke

Piano sala.

Ekkert heimili ætti að vera Piano laust þar sem þessi sala bíður slíkt tækifæri.

Pianos sem áður seldust á $450.00 eru nú boðin fyrir frá

$25. til $90.

og með vægum borgunar skilmálum. Þau hafa verið ofur lítið brúkuð. Aðeins fáein til sölu. Pantið fljótt

J. J. H. McLean & Co LIMITED

Cor Portage Ave. & Hargrave
Phone Main 808.

Fréttir úr bœnum.

Íslenzku þingmennirnir í Manitoba þinginu hafa verið skipaðir í þessar nefndir:

B. L. Baldwinson — Þingmanna frumvarpa (Private Bills), prentunar (Printing), Lagabreytinga (Law Amendments) og járnbrauta talsima og ritsima (Railways, Telephones & Telegraphs) nefndir.

T. H. Johnson— Einkaréttar og kosninga (Privileges and Elections), lagabreytinga (Law Amendments), fylkisreikninga (Public Accounts) og bókasafns (Library) nefndir.

Einnig átti Johnson sæti í nefnd þeirri, sem hefir með höndum að skipa allar nefndir í þinginu.

Öndvegistíð hefir verið hér í borginni undanfarna daga. Rigningarskúr kom á sunnudagskveldið og er sliks eins dæmi í febrúarmánuði.

Á föstudaginn 10. b.m. andaðist að heimili sínu í Selkirk Guðjón Guðjónsson (Goodman), trésmiður, 52 ára að aldri. Hann var ættaður úr Eyjafirði, en hafði dvalið hér vestra tæp 10 ár. Banameinið var lifhimnubólga. — Guðjón heitinn var tvíkvæntur; fyrri konu sina misti hann heima á Íslandi, og með henni eignaðist hann fjögur börn. Tvö þeirra eru hér vestra, og er annað þeirra Mrs. Laufey Clemens, kona P. M. Clemens byggingameistara. Seinni konu sinni kvongaðist hann fyrir tveimur mánuðum síðan. —Guðjón heitinn var dugnaðarmaður og vel látinn af öllum, sem hann þektu. — Jarðarförin fór fram frá heimili tengdasonar hans, að 498 Maryland St., á þriðjudaginn, og var hann jarðsunginn af séra Steingr. N. Thorlákssyni í Brookside grafreit.

Þann 7. þ.m. andaðist að heimili sínu í Argyle bygð konan Vigdis Sigurðardóttir Nordal, kona Rafns Nordals, bónda þar, eftir langvarandi sjúkdómslegu. Hennar mun nánar getið síðar.

LITLI KOFINN Á NESI.

Bæjarstjórnin í St. Boniface hafn aði á fundi á mánudagskveldið tilboði Winnipeg borgar um að sjá bænum fyrir 'power'. Hefir þessi ákvörðun St. Boniface vakið undrun hina mestu, því tilboð Winnipeg var að allra dómi hið ákjósanlegasta.

Landar ættu að fjölmenna á þorrablótið í kveld (miðvikudag). Það verður haldið í Oddfellows-höllinni á Kennedy stræti, rétt fyrir norðan Portage Ave. Veitingar verða hinar bestu og skemtanir fyrirtak. Hófið hefst kl. 8 að kveld inn, og kostar aðgangurinn $1.50 fyrir hvern þátt-takanda. — Fjölmennið, landar góðir, þess mun ykkur ekki iðra.

ENGINN FUNDUR í stúkunni Heklu næstkomandi föstudagskveld. B.M.

Á menningarfélagsfundi á langardaginn kemur (18. febr.) talar Sig. Júl. Jóhannesson læknir "Um blaðamensku". Landar ættu að fjölmenna þangað, því ætlið er gaman að hlusta á Sigurð.

Herra Gísli Thorgrímsson, frá Rolla, N Dak., kom hingað til borgarinnar um helgina. Hann býst við að dvelja hér í borginni í viku.

Ungmennafélag Únítara heldur fund í kveld (miðvikudag). Meðlimir beðnir að fjölmenna.

Hannyrðaskóli ungfrú Gerðu Haldórson, að 112 Kennedy Block á Portage Ave. — gegnt Eaton búðinni — er nú tekinn að starfa. Það borgar sig fyrir ungar íslenzkar stúlkur, að sækja skóla þennan. Kenslan er ódýr en stór-ágæt og gagnleg öllum konum.

Mælsku samkepni.

Eins og til stóð fór mælskusamkepni Stúdentafélagsins fram sl. mánudagskveld fyrir fullu húsi, sem undantekningarlaust skemti sér vel.

Samkomunni stýrði heiðursforseti félagsins, Dr. B. J. Brandson, en í dómnefnd voru þeir prestarnir Friðrik J. Bergmann, Guðm. Árnason og Runólfur Marteinsson.

Auk ræðanna, sem haldnar voru, skemtu stúdentarnir áheyrendunum með söng og hljóðfæraslætti; var sérstaklega gerður góður rómur að frumortum vísum, sem þeir létu fylgja hverjum ræðumanni úr garði, — sina um hvern.

Ræðumennirnir, sem um verðlaunin keptu, voru 7, og urðu hlutskarpastir þeir Jón Árnason með "Bindindi" og Gordon Paulson með "Frjálsræði". Hlaut Jón 1. verðl. (gullmedalíu), en Gordon 2. (silfurmedalíu).

En þrátt fyrir það, þó dómnefndin dæmdi þessum tveimur verðlaunin, þá stóðu ræður sumra hinna mun framar að hugsun og lærdómi, en málsnjallasta mun mega telja þá, — og Jón talaði fegurst mál þeirra allra.

Að voru áliti var ræða sú, sem Miss Thorsteina Jackson hélt um italska stórmennið Savonarola, sú lærdómsríkasta og skipulegast framsett af öllum ræðunum; einnig talaði hún blaðalaust og slíkt hið sama gerði Miss Lína Gottfred, sem flutti góða ræðu um Tolstoi. En allir piltarnir lásu mestmegnis upp úr blöðum. Ræða sú, sem Björn Hjálmarsson flutti um "Canadiskt þjóðerni, skyldur og réttindi" var prýðisvel hugsuð og eins var ræða Stefáns Bjarnasonar "Hver er tilgangur háskólans?"

Samfara úthlutun þessara mælsku-verðlauna, var einnig úthlutað verðlaunum, sem kept hafði verið um áður í vetur. Hlaut Walter Lindal tvær silfurmedalíur fyrir frumsamið kvæði og sögu; Miss Hilda Johnson silfurmedalíu fyrir ritgerð, og þeir Gordon Paulson og Jónas Th. Jónasson heldu kappræðu-bikarnum, sem þeir unnu í fyrra, aftur þetta árið.

Að endingu er þess vert að geta, að pianó tvíspil ungfrúnna Emmu Jóhannsson og Láru Blöndal var prýðisvel af hendi leyst, sömuleiðis fiólin samspil Miss Halldórsson og Baldurs Olson.

Í sambandi við hina veldugu hindindisræðu Jóns Árnasonar má geta þess, að hann er meðlimur stúkunnar Skuldar, og þaðan hefir hann án efa andagiftina fengið.

Í heild sinni var samkoman hin ánægjulegasta.

Piano kensla.

Hérmeð tilkynnist að ég undirskrifuð tek að mér, frá þessum tíma, að kenna að spila á Piano. Kenslustofa mín er að 727 Sherbrooke St. Kenslu skilmálar aðgengilegir. Talsími Garry 2414.

Sigrún M. Baldwinson

I O G T

Embættismenn stúkunnar Heklu ársfjórðunginn frá 1. febr. til 1. maí þ.á., voru settir í embætti 3. þ.m. af umboðsmanni Kr. Stefánssyni:

F.E.T.—Páll S. Pálsson.
Æ.T.—Sumarliði Matthews.
V.T.—Valgerður Jósefsson.
G.U.T.—Lína S. Pálsson.
R.—Bjarni Magnússon.
A.R.—Guðrún Magnússon.
F.R.—B. M. Long.
Gjaldk.—Gísli Magnússon.
Dróttseti—Ragnhr Anderson.
A.-Dróttseti—V. Vigfússon.
Kap.—Soffía Vigfússon
I.V.—Meth. Jósefsson.
Ú.V.—M. E. Magnússon.

Meðlimatala í byrjun ársfjórðungsins 305.

Í sjóði stúkunnar $138.17.

Í sjúkrasjóði $201.50.

Umboðsmaður fyrir næstkomandi ár verður Mrs. Nanna Benson. B.M.

Strætisbrauta félagið í Winnipeg hefir á sl. ári haft $1,265,000 inntektir af vagnagangi sínum hér í borg. Af þessari upphæð borgar það í bæjarsjóð 5 prósent, og að auk $20.00 á ári af hverjum vagni. Félagið hefir 225 vagna, svo að vagnaskatturinn verður 4½ þús. dollars. En alls borgar félagið bænum $63,293 skatt af inntektum síðasta árs. Inntektir félagsins síðan 1902 hafa árlega verið sem hér segir: —

1902	$ 199,726.80
1903	287,279.20
1904	407,542.20
1905	551,650.60
1906	727,726.00
1907	861,857.40
1908	899,632.60
1909	1,069,782.80
1910	1,265,874.00

Þetta sýnir stöðuga og hrað fleyga framfór, og má því fyllilega vænta, að inntektirnar á þessu yfir standandi ári verði talsvert yfir 5 milión krónur, — alt í 5 centa peningum frá almenningi í þessari borg. — Winnipeg er að verða stór.

Litli kofinn á Nesi.

Hefir þú borgað Heimskringlu?

Ég tek saumavinnu.

Ég undirrituð tilkynni hérmeð að ég geri alskyns kjólasaum og aðgerðir og breytingar á kjólum. Verk-stæði 729 Sherbrooke St. yfir Heimskringlu.

Guðríður Sigurðson.

Heiðruðu menn og konur.

Ég, sem hefi um langa hríð alið aldur minn úti á landsbygðinni, gladdist mjög síðastliðið kveld í bindindismanna-salnum við þá sjón að tvær konur, ungar og mjög myndarlegar, komu fram á ræðupallinn, — sjón, sem ég í mörg ár hefi þráð. Af hverju? Af því ég hefi sannfæringu fyrir því, að konum sé veittar eins fagrar og göfugar sálir eins og karlmönnum. Og því skyldu þær þá ekki mega nota þessa guðsgáfu jafnt karlmönnum, sér og öðrum til fræðslu og leiðsögu gegnum lífið?

Öll öfl þarf að brúka. Nóg er verkefnið.

Alt undir komið að beita aflinu rétt.

Að endingu þakka ég yður öllum, körlum og konum, fyrir sögurnar, sem þér sögðuð okkur áheyrendunum. Ennfremur vil ég láta þá ósk mína í ljósi, að mega tala við yður og fræðast af yður um hugsjónir þær, sem helzt vaka hjá yður viðvíkjandi mannlífinu.

Með virðing.
I. H. Lindal.

W'peg, 14. febr. 1911.

SPURNING. — Hvað er áritun gamla ríkispúkans John Rockefellers? Kaupandi Hkr.

Svar: New York City, U.S.A. Ritstj.

Vantar vinnukonu.

Góð vinnukona getur fengið ágæta vist með ágætu kaupgjaldi með því að snúa sér til Mrs. Árni Eggertsson, 120 Emily St. hér í bænum. Talsími: Garry 3139.

Kennara vantar

fyrir Thor skóla No. 1430, sem hefir 2. eða 3. flokks kennaraleyfi. Kensla byrjar 1. april og varir til ársloka. Umsækjandi tiltaki mentastig og kaup og sendi umsókn til undirritaðs fyrir 20. marz 1911.

Brú P.O., Man.
EDVALD ÓLAFSSON,
9-3 Sec'y-Treas.

TILBOÐ.

Við undirskrifaðir tökum að okkur alla grjótvinnu, sem við getum af hendi leyst eins fljótt og vel og nokkur getur gert. Við seljum grunn undir hús, hlöðum kjallara, steypum vatnskeröld og gangstéttir, gerum steinsteypu í fjós, o.fl.

Jacob Frimann
Hergr. Hallgrimson
Gardar, N. Dak.

Crescent VEIW

heitir 200 lóða landsvæði í SWIFT CURRENT, Sask. Ibúar þar í bæ nú 2500 og óðum að fjölga. Svæðið er nýmælt út í byggingar lóðir, og er eina mílu frá aðal stræti bæjarins, á austurbakka Swift Current árinnar. Ágætlega sett og liggur hátt en hallar lítil lega að ánni. Járnbraut liggur meðfram þessu svæði og nú er verið að mæla tvö önnur brautarstæði meðfram landinu, 3 brýr liggja yfir ána, fast við landið, 1 járnbrautar og tvær keyrslubrýr. Lóðirnar eru 30x100 fet, við 20 feta "lane" Hver lóð kostar $40.00 ef keyptar fyrir fyrsta april n. k. Hornlóðir kosta $45.00 nokkuð er þegar selt af lóðunum og innan tveggja ára þrefaldast verð þeirra eða meira. Kaupskilmálar eru $10.00 niður borgun og $10.00 á hverjum 3 mánuðum, rentulaust til fsl. kaupenda og eigandi lóðanna borgar alla skatta af þeim fram til 1. janúar 1913.

Landsvæði þetta er áfast við prívat bústaða hluta bæjarins, þar seljast lóðir frá 200 til 300 dollara á vestur bakka árinnar.

SWIFT CURRENT er óðum að vaxa og verður stór bær innan skams. Lóðir þessar eru verðmætar og áreiðanlegt að þær fara í hátt verð. Þeir sem fyrst senda pantanir fá bezta úrval úr landspildunni.

Þetta tilboð er gert sérstaklega fyrir þá Íslendinga sem kunna að velja festa kaup í þessum lóðum meðan þær fást með lægsta verði og þeir verða látnir sæta betri skilmálum, en aðrir kaupendur, þeir sem kaupa fleiri en eina lóð fá afslátt af framangreindu verði.

Sendið pantanir sem fyrst á með fylgjandi beiðniformi til

Jóhann Gíslason
Moose Jaw, - Sask.

Herra JÓHANN GÍSLASON
Moose Jaw, Sask.
Hér innlagðir $ ..... fyrir ..... lóðir sem ég bið yður að velja fyrir mig í CRESCENT VEIW
NAFN .....
HEIMILI .....
Dags 1911

Kennara vantar

að Háland skóla No. 1227, 6 mánaða kensla, byrjar 1. april til 11 ágúst. Skólafrí ágústmánuð. Byrjar aftur 1. september til 1. nóvember. Umsækjendur tilgreini hvaða mentastig þeir hafi og hvaða kaup þeir biðja um. Tilboð verða að vera komin fyrir 25. febr.

Hove P.O., 1. febr. 1911.
S. EYJÓLFSSON.

Kennara vantar

fyrir WALLHALLA S.D.No. 2062. Kenslutími sjö (7) mánuðir (almanaksmánuðir), með tveggja vikna skólafrii. Byrjar 20. april næstk. Umsækendur tilgreini mentastig gildandi í Saskatchewan og æfingu sem kennari, einnig kaup, sem óskað er eftir. Tilboðum veitt móttaka til 15. marz. — Óskað eftir, að umsækjandi sé fær um, að leiðbeina börnum í síng.

Magnús J. Borgford,
2-3 Sec'y-Treas.

Kennara vantar

við Diana skólann, No.1355 (Manitoba), í 8 mánuði, frá 1. april til 1. desember. Gott kaup borgað (mánaðarlega, ef óskað er). Umsækjendur sendi tilboð fyrir 15. marz og nefni kennarastig og æfing kenslu og kaup.

Magnus Tait, skrif.-fél.
Box 145, Antler P.O., Sask.
9-3-11.

Kennara vantar

fyrir Hólaskóla, No. 317. Óskast að kennari hafi 1. eða 2. flokks kennara leyfi. Kennari verður að hafa tekið 2. flokks 'Normal' próf. Kenslutími 7 mánuðir, byrjar 1. april 1911 og endar 1. nóvember sama árs. Tilboð sendist til undirritaðs fyrir 15. febrúar.

John J. Johnson,
Box 33, Tantallon, Sask.
9-2-11.

Hannyrðir.

Undirrituð veitir tilsögn í alls kyns hannyrðum gegn sanngjarnri borgun. Starfsstofa: Room 312 Kennedy Bldg., Portage Av., gegnt Eaton búðinni. Phone: Main 7723.

GERÐA HALDORSON.

Lágverðs SALA.

Við undirritaðir tilkynnum hér með Wild Oak og Marshland búum að við höfum lágverðs sölu á skótaui, lérefti og dúkvarningi frá 15. febrúar til 1. marz. Á þessu timabili verður 20 prósent afsláttur veittur á öllu því, sem keypt er af þessum vörum.

Langruth Trading Co.

J. J. BILDFELL
FASTEIGNASALI.
Union Bank 5th Floor No. 520
Selur hús og lóðir, og anna þar að lútandi. Útvegar peningalán o. fl.
Phone Main 2685

Th. JOHNSON
JEWELER
286 Main St. Sími M. 6606

Dr. G. J. Gíslason,
Physician and Surgeon
18 South 3rd Str., Grand Forks, N.Dak
Athygli veitt AUGNA, EYRNA og KVERKA SJÚKDÓMUM. ASAMT INNVORTIS SJÚKDÓMUM og UPPSKURÐI. —

Dr. J. A. Johnson
PHYSICIAN and SURGEON
HENSEL, N. D.

HANNES MARINO HANNESON
(Hubbard & Hanneson)
LÖGFRÆÐINGAR
10 Bank of Hamilton Bldg. WINNIPEG
P.O. Box 781 Phone Main 378 " " 3142

Gísli Goodman
TINSMIÐUR.
VERKSTŒÐI:
Cor. Toronto & Notre Dame.
Phone Garry 2988 : : Heimilis Garry 899

WINNIPEG ANDATRÚAR KIRKJAN
horni Lipton og Sargent.
Sunnudagasamkomur, kl. 7 að kveldi. Andatrúarspeki þá útskýrð. Allir velkomnir.
Fimtudagasamkomur kl. 8 að kveldi, huldar gátur ráðnar. Kl. 7.30 segul-lækningar.

Þegar þér þurfið að kaupa
Gott smjör
Ný egg
og annað matarkyns til heimilisins, þá farið til
YULES PRODUCE STORE
941 Notre Dame St.
Prices always reasonable

Sherwin - Williams
PAINT
fyrir alskonar húsmálningu.

Prýðingar-tími nálgast nú. Dálítið af Sherwin-Williams húsmáli getur prýtt húsið yðar utan og innan. — Brúkið ekker annað mál en þetta. — S.-W. húsmálið málar mest, endist lengur, og er áferðarfegurra en nokkurt annað hús mál sem búið er til. — Komið inn og skoðið litarspjaldið. —

Cameron & Carscadden
QUALITY HARDWARE
Wynyard, - Sask.

Saumið Hnappa
og Krókapör á allan fatnað yðar.
í yðar eigin Saumavél.

Þetta gætir þér gert mjög fljótlega með því að tengja þetta litla og handhaga verkfæri á vélina.

The "HOLDAWAY BUTTNSEWER"

sauma hnappa og krókapör á alkyns fataefni fljótt og traustlega, það má tengja verkfærið við hvaða saumavél sem er. Sauma hnappa með 2 eða 4 augum, bindur hvert spor, hnappar og krókapör haldast á meðan spjörin endist. Börn geta saumað með því.

Gert úr bezta stáli, silfrað. **Verð $5.00** sent póst borgað með nákvæmu tilsögn og 5 **ára ábyrgð** að það sauma eins og lýst er, og að vér endurnýjum hvern þann part, sem eyðist eða brotnar á því tímabili. Peningum skilað aftur ef ekki reynist nákvæmlega eins og vér segjum það, og algerlega fullnægjandi.

HÚSMŒÐUR OG SAUMAKONUR mega ekki vera án "Holdaway" hnappasaumarans, hann vinur 20 kvenna verk og svo neitlega og vel að enginn handsaumur jafnast við það.

Umboðsmenn óskast í bygðum Íslendinga. Verkfærið er útgengilegt. Skrifið oss um söluskilmála.

K. K. ALBERT, 708 McArthur Bldg.
WINNIPEG, MAN.

PANTIÐ HÉR.
K. K. ALBERT, 708, McArthur Bldg. Winnipeg, Man.
Saumavél mín er (segið nafn smiðsins) .....
Hún er No ..... (segið númer hennar)
Sendið mér "Holdaway Buttnsewer" fyrir hér innlagða $5.00
Nafn .....
Stræti og húsnúmer .....
Bær ..... Fylki .....

Leyndardómurinn
hinna miklu vinsælda
Boyd's
BRAUÐA
felst í tilbúningnum og bökuninni.

Aðeins hið allra bezta efni er notað af bezta brauðgerðar mönnum þessa lands, til þess að búa til BOYD'S BRAUÐ og hin allra fullkomnasta bökun er viðhöfð.

Já, það er tilbúningurinn og bökunin sem gerir Boyd's brauð gott.

BAKERY.
Cor. Spence St. & Portage Ave.
Phone Sherb. 680

Sveinbjörn Árnason
Fasteignasali.
Selur hús og lóðir, eldsábyrgðir, og lánar peninga. Skrifstofa: 310 McIntyre Blk.
office TALSÍMI 4700. hús Tal. Sherb. 2018

BONNAR, TRUEMAN & THORNBURN,
LÖGFRÆÐINGAR.
Suite 5-7 Nanton Blk. Main 766
Winnipeg, Man. P.O.BOX 223

Anderson & Garland,
LÖGFRÆÐINGAR
35 Merchants Bank Building
PHONE: MAIN 1561.

GEO. ST. JOHN VAN HALLEN
MALAFŒRZLUMAÐUR
GERIR ÖLL LÖGFRŒÐIS STÖRF ÚTVEGAR PENINGALÁN.
Bæjar og landeignir keyptar og seldar, með vildarkjörum.
Skiftiskól $3.00
Kaupsamningar $3.00
Sanngjörn ómakslaun. Reynið mig.
Skrifstofa: 418 McIntyre Bldg.
Talsími Main 5142
Heimils talsími Main 2357
WINNIPEG

W. R. FOWLER A. PIERCY.

Royal Optical Co.
307 Portage Ave. Talsími 7286.
Allar nútíðar aðferðir eru notaðar við augn-skoðun hjá þeim, þar með hin nýja aðferð, Skugga-skoðun, sem gjöreyðir öllum ágiskunum. —

Talsími Heimskringlu
Garry 4110

Heimskringla.

Heimilis talsími ritstjórans:
Garry 2414

XXV. ÁR | WINNIPEG, MANITOBA, FIMTUDAGINN, 23. FEBRÚAR 1911 | NR. 21.

Ræða Camp Clark.

Ekkert hefir blöðunum, stjórnmálamönnum og almenningi bæði í Canada og Bandaríkjunum, orðið tíðræddara um þessa síðastliðnu viku, en ræðu Camp Clark, leiðtoga Demókrata í Washingtonþinginu (neðri málstofunni), sem hann hélt þriðjudaginn 15. þ.m. — Ræða sú mun lengi í minnum höfð sem einhver hin opinskáasta, er frægur stjórnmálamaður hefir haldið, en um leið lýsir svo glöggelega, hvað hugsandi Bandaríkjamönnum hefir búið í brjósti alllengi, nefnilega sameining Canada og Bandaríkjanna í eina ríkisheild.

Það voru viðskifta samningarnir milli landanna, sem til umræðu voru, og Clark var að *reka* ástæður sínar fyrir því, að vera frumvarpinu fylgjandi, og voru þær þannig:

Ég er frumvarpinu fylgjandi — sagði Clark — vegna þess, að ég vona að sjá þann dag upprenna, þegar Bandaríkjafáninn blaktir yfir hverju ferhyrningsskiti af hinni brezku Norður-Ameríku. — og alt norður að pól. Canada-búar eru af sama bergi brotnir og við, þeir tala vora tungu, lagasetningar þeirra eru svipaðar vorum, og þér eru ælðir í þeirri örðugu list, að stjórna sér sjálfir. Að mínu álíti hefði samningurinn frá 1854 ekki verið upphafinn, hefðu möguleikarnir fyrir sameining landanna verið margfalt meiri en þeir eru nú.

Ég hefi samt sem áður engan efa á því, að til þess dags er ekki ýkjalangt að bíða, þegar Stór-Bretland með ánægju lætur af hendi Norður-Ameríku lendur sínar, svo þær geti orðið hluti af þessu lýðveldi. Það er leiðin, sem hlutirnir vísa núna. En úr því að ég hefi sagt svona mikið, vil ég bæta því við, að ég er ekki einungis fylgjandi gagnskiftum við Canada, heldur og jafnframt við Mið- og Suður-Ameríku lýðveldin, ásamt Mexico, og þess fljótar, sem það verður, þess betra fyrir okkur. En vitanlega, væri um eitt af tvennu að velja: gagnskifta samninga milli Canada og þá ekki við suður-lýðveldin, eða gagnskiftasamninga við suður-lýðveldin og þá ekki við Canada, — mundi ég þá kjósa Canada. —

Þetta var megurinn málsins í ræðu Demókrata leiðtogans, og eins og hver og einn sér, eru ummæli hans svo ótvíræð, að engum blöðum er um það að fletta, hvert markmiðið er með samþykki viðskiftasamninganna.

En ekki var ræða Camp Clarks fyrri kunn orðin, en Taft forseti og ýmsir af hans liðum höfu andmæli gegn henni; ekki datt þeim samt í hug, að hrekja ræðuna, eða færa önnur rök fyrir andmælum sínum, en að Clark hefði talað í spaugi. En það vita allir hugsandi menn, að Camp Clark hefir ekki gert. Hann er of mikill alvörumaður til þess, að fara að skopast að fána þjóðar sinnar eða annara. Nei, það sem hann sagði, var bláber alvara hans, — hin sama ríkjandi von og allir hugsandi Bandaríkja búar hafa: að innlima Canada og gera brezka fánann landrækan úr Norður-Ameríku.

Hér í Canada hafa menn að eins litið á verzlunarhlið málsins, en fyrir Bandaríkjamönnum vakti pólitiska hliðin frá upphafi vegar. Þeim var það fyllilega ljóst, að þó þeir slökuðu til við Canada í gagnskiftum á tollskyldum vörum, þá varðaði það minstu. En með því að gera samningana, var um leið sporið stigið í áttina til þess, sem þeim lá ríkast á hjarta, — sameining landanna.

Hvort heppilegt væri fyrir Canada að sameinast Bandaríkjunum, getur orðið álitamál; en það eitt er víst, að vilji sambandsþingmenn forðast það skerið, sem til sameiningar leiðir, þá gera þeir það því að eins, að greiða atkvæði gegn viðskiftasamningunum. En vilji þeir, hins vegar, gonga í samband við Bandaríkin fyrr eða síðar, þá er sjálfsagt fyrir þá að greiða þeim jákvæði sitt.

Með því kæmi spádómur og vonir Camp Clarks bráðia í uppfyllingu.

Fregnsafn.

Markverðustu viðburðir hvaðanæfa

— Í Kaupmannahöfn andaðist nýverið Bjarni læknir Thorsteinsson, sonur Steingríms skálds. — Hann hafði stundað lækningar um all-mörg ár þar í borginni, og fór af honum hið bezta orð sem lækni.

— Asquith forsætisráðherra lagði fyrir brezka þingið á þriðjudaginn sl. frumvarpið um afnám neitunarvalds lávarðadeildarinnar.

— C.N.R. félagið og Cunard línan hafa gert bandalag sín á millum um skipaferðir milli Englands og Canada. Á ráðsmenska sambandsins að vera í höndum umboðsmanna beggja félaganna, með forstjóra Cunard linunnar fyrir forseta.

— Rannsóknin í Farmers Bank gjaldþrotamálinu stendur nú sem hæst í Toronto. Aðalvitni hins opinbera er hinn dæmdi bankastjóri, Travers, en hann hefir þó verið greiður á svörum og ekki allra meðfæri, þó átta ára hegningarhússvist biði hans. Sá, sem bondin berast mest að um svikseminni fjárdrátt, er Dr. Beattie Nesbitt, fyrrum forseti bankaráðsins; en hann hafði sig á burt, þegar Travers var handsamaður, og veit enginn, hvar hann er nú niðurkominn. Hinir, sem ásakaðir eru um fjárdrátt og svik, eru, Hon. J.R Stratton, James J. Warren, W. S. Morden og ýmsir fleiri háttstandandi menn. Einnig hefir Hon. W S. Fieldíng, fjármálaráðherra sambandsstjórnarinnar, verið stefnt fyrir réttinn, sem vitni. — Hvað Travers viðvíkur, þá hefir hann nærri því eins mikið frjálsræði og frjáls maður. Hefir sinu eigin búning, ferðast á strætisvögnum undir eftirliti leynilögreglupjóns, reykir vindla og borðar á hótelum. — Hann er ennfremur enn þá einn í stjórnarráði Kelly námanna, og eru það einmitt þeir, sem ollað hafa öllu þessu gróðabraski og fjársvikum bæði Travers og annara.

— Hið mikla rússneska morðmál, sem áður var umgetið hér í blaðinu, endaði þannig, að bæði Dr. Pantchenko og De Lacy voru fundnir sekir fyrir kviðdómi, en greifafrú De Lacy fundin sýkn saka. Var læknirinn dæmdur í 15 ára þrælkunarvinnu, en greifinn til lífstíðar fangelsis, — þrátt fyrir það, þó hann neitaði harðlega, að hafa að nokkru verið við morðið riðinn.

— Einn velþektur danskur vísindamaður, Dan LaCour að nafni, starfsmaður við veðurathugunarstöðina dönsku, hefir skrifað ritgerð í tímaritið Fysisk Tidskrift um norðurferð Dr. Cooks, og þykist hafa komist að þeirri niðurstöðu, með því að grandskoða veðurathuganir Cooks, að hann hafi að minnsta kosti náð 85. br.-gráðu. — LaCour segir, að svikari geti búið til heima hjá sér stjörnu fræðis athuganir, en veður athuganir, sem séu í samræmi við uppdrætti og mælingar veðurfræðinganna, geti enginn falsað. Líkurnar séu því fyrir því, að hafi Dr. Cook ekki náð pólnum, hafi hann verið mjög nálægt honum. Ýmsir lærðir menn hafa skrifað á móti LaCour, en hann heldur rannsóknum sínum áfram, fullviss þess að geta sannað nákvæmlega, hvað langt Dr. Cook hafi komist.

— Þýzkur læknir hefir nýverið fundið upp meðal, sem læknar vitfirring. Dr. Oswald við konunglega vitfirringahælið í Glasgow tilkynti heiminum þessa uppfynding og taldi hana óbrigðula. Þegar meðali þessu er sprautað inn í blóð sjúklingsins, læknar það hann ekki að eins í svip, heldur fyrirbyggir jafnframt, að hann fái veikina aftur. — Reynist þessi uppfynding jafn óbrigðul og Dr. Oswald hyggur, er hér réðin bót við einu mesta böli þessa heims, og hlýtur því að verða öllum harla kærkomið.

— Prestafundur Canterbury klerkanna, undir stjórn erkibiskups ins af Canterbury, hefir meðal annars í huga, að breyta boðorðunum og stytta þau. Það er annað, fjórða og tíunda boðorðið, sem rætt er um að breyta.

— Blóðugur bardagi varð milli stjórnarhersins og uppreistarmannanna í Mexico á föstudaginn var. Vega, landsstjórinn í Neðri-Californiu, stýrði stjórnarhernum, og fóru svo leikar, að hann varð að flýja hættulega sár, með leifar liðs sins. — Annar af hershöfðingjum stjórnarinnar, Rabago ofurstl, var sendur af stað til að jafna um uppreistarmennina, en hann varð að snúa aftur við svo búið, því hann fann þá hvergi. — Sá, sem stýrði uppreistarliðinu, heitir Simon Berthold, þýzkur æfintýramaður, en fullhugi mikill sagður. Í orustu þessari fellu 100 af stjórnarliðum, en 20 hinna. — Þegar Diaz forseti frétti ófarir sinna manna, brá hann óðara við og og sendi tvær nýjar hersveitir til ófriðarstöðvanna.

— Svenskur bóndi, nálægt Graytown, Sask., fanst nýverið dauður í brunni á landareign sinni. Hann hafði fallið ofan í brunninn, en ekki komist upp úr honum aftur, og dáið því úr hungri. Maðurinn var einbýlismaður og samgöngur milli bæjar hans og nágrannanna, voru engar um marga daga vegna ófærðar. Maðurinn hefir því mátt kalla árangurslaust um hjálp, og hvað lengi hann hefir beðið dauða sins í brunninum er ón ögulegt að segja, en þegar hann fanst, var álitið, að hann hefði verið dáinn fyrir tveimur dögum.

— Þorpsbúar í Graytown, Sask.j tóku fasta kolalest, sem áttí að fara til Maryfield og skiftu kolunum á milli sín. Kolalaust hafði verið þar all-lengi og tóku þorpsbúar þetta til bragðs til að fyrrast vandræði.

— Hjónavígsla yfir tveimur líkum fór nýverið fram í þorpi einu í Japan. Svo stóð á, að í lifanda lífi höfðu stúlka og piltur fengið ást hvort á öðru. Foreldrar piltins voru samþykk ráðahagnum, en foreldrar stúlkunnar á móti. Til þess að fá að njótast í öðru lífi, þó samfarir tækjust ekki hérnamegin, ásettu hjónaleysin að fyrirfara sér. Tóku því bát og reru út á sjó, bundu sig síðan saman með reipum og hentu sér útbyrðis. Líkin rak á land og voru borin til kirkju. Þegar bæjarstiórinn frétti söguna, fór hann á fund beggja foreldranna, og fékk þeirra samþykki að gefa mætti hin framliðnu í hjónaband, svo að þau gætu flekklaust notist í öðru lífi. Eftir það fór giftingarathöfnin fram með venjulegum formálum, og líkin voru lýst eiginmaður og kona.

— Vilhjálmur þýzkalandskeisari hefir ákveðið að heimsækja England og verða viðstaddur afhjúpun minnisvarða Victoríu drottningar 16. maí næstk. Í fylgd með keisaranum verður Augusta drottning hans og margt stórmenni.

— Við krýning Georgs konungs og Maríu drottningar verður sem fulltrúi Danmerkur Kristján krónprins og krónprinsessan. Af Noregs hálfu: Hákon konungur og Maud drottning, og fyrir Svíþjóð: krónprinsinn og krónprinsessan, sem er dóttir hertogans af Connaught, tilvonandi landsstjóra í Canada.

— Í japanska þinginu gerði einn af þingmönnunum staðhæfingu, sem vakti mjög mikla eftirtekt. — Hann gat þess, að fuli milión af stúlkum og börnum ynnu á verksmiðjum hér og þar um ríkið. Um 70,000 af börnunum væru undir 13 ára aldri og mörg jafnvel yngri en 10 ára. Hann sagði, að meðferðin á þessum verksmiðjubörnum væri hin versta, væru bæði þau og stúlkurnar í hinum versta þrælðómi. Verksmiðjueigendurnir væru engum lögum háðir, hvað verkafólkið snerti, og notuðu sér það óspart. Oftast væru börnin látin vinna í 17 til 18 klukkustundir á sólarhring, án þess að fá nokkra aukaborgun, og brytu þau að nökkru reglur þær, sem þeim væru settar, í væru þau miskunnarlaust lamin eða sektuð. Kæmi það oft fyrir, að hið smánarlíta kaup þeirra væri tekið að fullu í sektir fyrir hinar smávægilegustu yfirsjónir. Stundum voru fullorðnar stúlkur afhýddar fyrir lítil brot á reglugjörðinni, svo sem að koma fáum minútum of seint til vinnu, eða skemmá muni eða verkfæri verksmiðjueigandans. — Þingmaðurinn kvað þetta stóran blett á japönsku bióðinni, og kvað ráðlegast að banna barnavinnu með öllu og setja verksmiðjueigendunum einhverjar reglur svo þeir gætu ekki farið með fulltíða stúlkur sem ambáttir væru

— Pearl Smith, ung, ógift stúlka í Collingwood, Ont., var nýverið tekin fóst, ákærð um að hafa myrt ungbarn, sem hún var móðir að. Hún hafði dvalið í Totonto nokkura mánuði og orðið þar barnshafandi. En með barnið vildi hún ekki koma til föðurhúsanna í Collingwood, og tók því upp á því óyndisúrræði, að stytta því aldur.

— Mislingar geysa nú við hirð Rússakeisara, og hafa tvö börn hans, og einnig börn flestra hirðmannanna, sýkst af þeim. En merkilegast við útbreiðslu veikinnar er það, að kossum er um kent. Það er siðvenja við hirðina, að kyssast, — jafnvel hirðmennirnir verða að kyssa bréf eða smábögla, sem yfirmönnum þeirra er ætlað, áður en þeir afhenda þeim það. Í þessu tilfelli hafði ein af prinsessunum fengið mislinga, af því að kyssa ungoarn vinkonu sinnar, sem var veikt. Þessi sama prinsessa skrifaði annari prinsessu bréf og sagði henni frá veikindum sínum. Sú, sem bréfið fékk kysti það, og samkvæmt hirðsiðvenjunum kystu hirðmeyjarnar og þjónarnir, sem fært höfðu bréfið, það einnig. Svo kystu þær og þeir börn sín og vini, og þannig gengu kossarnir munn fá munni. En næsta dag voru öll börnin við hirðina ásamt keisarabörnunum veik orðin af mislingum, og læknarnir kendu kossunum um. Keisarinn varð þá reiður og bannaði henna kossagang framvegis við hirð sína.

— Rudolphe Franke, þjóðverskur Bandaríkjamaður, sem kunnur er fyrir vísinda rannsóknir sínar, ætlar að leggja norður í höf, jafnvel til pólsins, ef kostur er, á komandi sumri. Skip bað, sem hann fer á, er verið að byggja í Hollandi og á að heita "Pólstjarnan", en frá Hamborg ætlar hann að leggja af stað. Hann ætlar að hafa ýmsa vísindamenn í för með sér og sömuleiðis Eskimóa, sem hann ætlar að taka á skipsfjöl norðantil á Grænlandi. Aðallega á för þessi að vera í þeim tilgangi, að rannsaka legu straumanna og aðrar huldar gátur á norðurhvelinu.

— Henri Bourassa, leiðtogi Nationalistanna, er nú í þann veginn að leggja niður þingmensku í fylkisþinginu í Quebec og gerast meðlimur sambandsþingsia í Ottawa, eftir því sem Austurfylkja-blöðin fullyrða. — Tveir af sambandsþingmönnum fyrir Quebecfylki hafa að sögn boðist til, að leggja niður þingmensku Bourassa í vil. — Komist hann á þingið er hætt við, að liðsmönnum Lauriers fái að svíða undan tungu hans.

— Viðskiftasamningarnir milli Canada og Bandaríkjanna voru samþyktir í neðri málstofu Washingtonþingsins á miðvikudaginn var, með 220 atkvæðum gegn 92. Allir Demókratar í þinginu, að 5 undanskildum, greiddu atkv. með frumvarpinu og 78 Republikanar. Á móti voru því 87 Republikanar og 5 Demókratar. Var frumvarpinu, sem kent er við þingmanninn McCall, því næst vísað til efri málstofunnar (Senate), og þar eru heitar umræður um þaðum þessar mundir.

— Gustaf Fröemper, þýzkur land nemi, fanst frosinn til dauða 10. þ. m., um 60 milur norður af Prairie Creek, Alta. Hafði hann verið á veiðum, en vilst í óveðrinu, sem geysaði um Vesturfylkin um þir mundir.

— Áætlað er, að um 20 þúsund landaleitamenn muni koma frá Bandaríkjunum á þessu ári, og að flestar þeirra muni hyggja á löndí Vesturfylkjunum.

— Í Sæby í Danmörku fanst gömul kona myrt fyrir skömmu. Hver ódáðaverkið hafði unnið, var mönnum hulin gáta, þar til nú fyrir fáum dögum, að 14 ára gamall unglingspiltur, Robert Mauritzen að nafni, varð sannur að sök um ódáðaverkið. Pilturinn varð uppvís á þann hátt, að hann hafði drýgt ýmsa aðra smáklæki, og þegar gerð var gangskör að hafa upp á honum fyrir þá og það hafði tekist, játaði hann morðið á sig í ofanálag. Yfirvöldin eru í randræðum með, hvað gera á við morðingjann. Hann virðist vera óbilaður á geðsmunum og fremur vel gefinn, en glæpatilhneiging hans er ótvíræð. Móðir hans varð vitstola af ofdrykkju og er nú á geðveikrahæli. En fósturforeldrar piltsins eru mestu sæmdarhjón, og höfðu reynt sitt ýtrasta, að vanda uppeldi Roberts, svo ekki er þeim um að kenna, þó svona færi. Líkurnar eru fyrir því, að piltarinn verði sendur á uppeldisstofnun, því hann er of ungur fyrir hegningarhússvinnu, og reynt að lækna hann af þessari glæpatilhneiging, sem hann ótvírætt hefir

Þorrablótið.

Í rauninni varð það ekki þorrablót eftir íslenzkri merkingu, sem Helgi hinn magri hafði að bjóða gestum sínum fyrra miðvikudagskveld, — alt var of óíslenzkt til þess, en miðsvetrar samkvæmi var það, og sem slíkt hið ákjósanlegasta.

Það er ekki rétt af stjórnendum Helga magra, að vera að burðast með orðið þorrablót, þegar engin tök eru fyrir hendi, að koma því í framkvæmd. Orðið sjálit og merking þess er svo rótgróið í huga og hjörtum Íslendinga, að það er næstum ósæmandi, að hafa það um samkomu, sem næstum ekkert hefir það til að bera, sem einkendu hin góðu, gömlu alíslenzku þorrablót, þar sem menn sátu að sumbli, átu hangikjöt og aðra alíslenzka fæðu úr trogum, og hentu hnútum um þveran skálann. En að mikið hafi neytt verið af ísrjóma, söltuðu svínakjöti og "Jelly" á þorrablótunum fornu mundi þykja nýstárleg kenning.

En hvað hófinu að öðru leyti viðvíkur, er þess fyrst að geta, að þar var fjölmenni mikið og fritt samankomið. Bændur og borgarar, konur og yngismeyjar, og fylti það nálega Oddfellows höllina, þó stór sé.

Hófið hófst með dans. Um kl. 10 settust þeir að snæðingi, sem voru við eldur eða dönsuðu ekki, og svignuðu borðin undir vistunum, þó enskar væru. Má geta þess forstöðuneíndinni og framreiðslumönnunum til hróss, að ekkert var þar til sparað til að seðja hungur gestanna, enda tóku sumir ósparlega til matar sins.

Undir borðum tóru ræðurnar fram. Fyrst talaði Baldur Johnson stúdent fyrir minni Íslands, og sagðist honum skörulega. Að ræðunni lokinni var sungið hið gullfallega kvæði eftir séra Lárus Thorarensen, sem birt er á öðrum stað hér í blaðinu. — Þá mælti Jóh. G. Jóhannsson stúdent fyrir minni Jóns Sigurðssonar, og sagðist honum vel, og kvæði var flutt eftir Kristinn Stefánsson skáld. — Þriðja og síðasta ræðan var minni kvenna, sem Baldur Olson, B.A., flutti af snild mikilli, og er það eitthvert hið bezta minni kvenna, sem ég hefi heyrt. Kvæði hafði Þorst. þ. Þorsteinsson ort fyrir sama minni.

Þessu næst var staðið upp frá borðum, og dreifðu menn sér um hina uppljómuðu sali. Sumir tóku að spila, aðrir að tala um landsins gagn og nauðsynjar. Um kl. 1 var matbúið fyrir dansendurna og fengu þeir jafnmikinn og góðan mat, sem hinir, er áður höfðu borðað, og var það talið einsdæmi. Á undanförnum samkomum höfðu þeir að jafnaði verið afskiftir.

Að hinni seinni máltíð lokinni, hófst dansinn aftur, og skemtu menn sér bæði dansandi, spilandi og syngjandi fram á morgun. Þá héldu allir heim, — ánægðir yfir skemtununum og matnum og fyllilega sannfærðir um að hafa fengið fullvirði inngangseyrisins.

Þess vegna ber að þakka Helga magra fyrir góðar veitingar og ánægjulega næturstund, — þakka honum fyrir gott miðsvetrar samkvæmi, en um leið víta hann fyrir, að kalla það þorrablót, sem enga heimild á fyrir því nafni.

Kvæðin, sem sungin voru og flutt við þetta tækifæri, birtast á öðrum stað hér í blaðinu.

Gunnl. Tr. Jónsson

Jæja, vinir minir, sagði hinn hrausti höfðingi, þrjúst sem hetjur meðan púðrið endist og flýið síðan, en vegna þess ég er litillega haltur, ætla ég að gera það strax.

OGILVIE'S
Royal Household Flour
Til Brauð og Köku Gerðar
Gefur Ævinlega Fullnæging
EINA MYLLAN Í WINNIPEG,—LÁTIÐ HEIMAIÐNAÐ SITJA FYRIR VIÐSKIFTUM YÐAR.

BJARNASON & THORSTEINSON
Fasteignasalar
Kaupa og selja lönd, hús og lóðir víðsvegar um Vestur-Canada. Selja lífs og eldsábyrgðir.
LÁNA PENINGA
út á fasteingir og innkalla skuldir.
Öllum tilskrifum svarað fljótt og greiðanlega.
Wynyard - - Sask.

WALL PLASTER
"EMPIRE" VIÐARTAGA VEGGLÍM.
"EMPIRE" CEMENT WALL VEGGLÍM
"EMPIRE" FINISH VEGGLÍM.
"GOLD DUST" VEGGLÍM.
"SACKETT" PLASTER BOARD.
SKRIFIÐ OSS OG FÁIÐ VORA ÁÆTLUNAR BÓK.
Manitoba Gypsum Co., Limited.
WINNIPEG, - MANITOBA.

Frá San Diego, Cal.

27. jan. 1911.

Herra ritstjóri.

Ég hefi séð mínst á flesta hina beztu bæi hér í Kaliforníu í íslenzkum blöðum, en man þó ekki til, að ég hafi séð neitt að ráði um San Diego, og datt því í hug að senda þér nokkrar línur, úr því ég er hér staddur.

Síðan ég fór að dvelja vetrarlangt í Los Angeles (eða San Pedro), hefir mér oft komið til hugar að skreppa suður til San Diego, og sjá, hvernig hann liti út, þessi gamli bær, sem svo mikið var látið af fyrir fagurt landslag og yndislegt loftslag. Og þegar ég svo frétti, að þar var seztur að maður sem var góðkunningi minn heima á Íslandi, en ég ekki hafði séð í 10 ár, stóðst ég ekki mátið lengur, stakk dóti mínu í tösku og tók mér far með næsta eimskipi, er þangað fór. Sjóleiðin frá Los Angeles er um 100 mílur og farin á 6—8 klstundum. Landleiðin litið eitt lengri.

Þessi kunningi minn, sem ég nefndi, heitir Guðmundur Eiríksson, og er Ljósmyndari. Hann er ættaður úr Árnessýslu, og ólst upp hjá Þorsteini föðurbróður sínum í Haukholtum í Hrunamannahreppi. Kvæntur er hann Oddfríði Halldórsdóttur, frá Miðhrauni í Hnappadalssýslu, systur séra Lárusar á Breiðabólsstað á Skógarströnd, en nafrænka Sigurðar Bárðarsonar (homöop.), Th. Johnsonar gullsmiðs í Winnipeg og þeirra systkina. — Aðrir landar eru hér: Ketill Eyjólfsson, sonur Eyjólfs Guðmundssonar, sem áður bjó á Eyjabakka í Húnavatnssýslu, og alkunnur var á Íslandi fyrir framkvæmdir og ritgerðir við vikjandi æðarvarpi o.fl. Ketill er kvæntur Sigríði, dóttur séra Runólfs, áður prests í Spanish Fork, Utah, en nú í Gaulverjabæ í Flóa. Þau hjón eru nýflutt hingað frá Spanish Fork. — Þaðan flutti og hingað fyrir ekki löngu síðan, Stefán (Þórarinsson) Bjarnason, ættaður úr Meðallandi, kvæntur hérlendri konu. Hann stundar fasteignasölu. Hann hefir verið í land- og sjóher Bandarikjanna. — Þá hefir og dvalið hér um 5—6 ár Skúli Einar Lárusson, frá Ásgeirsá í Húnavatnssýslu. Hann er einhúi (baslari). Systir hans heitir Steinvör og á heima í Deloraine, Man., og var hún gift skozkum manni, Brown að nafni. Skúli fór ungur að heiman og hefir farið víða um lönd, enda verið um 10 ár í sjóher Bandarikjanna. Hann tekur það náðugt nú og mun allvel efnaður. Kvaðst hann mundu hafa farið heim til Íslands fyrir löngu síðan, ef hann hefði ekki verið hræddur við kuldann þar. En ekki gat ég stilt mig um að hlægja, þegar hann kvartaði um, að sér fyndist stundum of kalt hér í San Diego. — Ekki er mér kunnugt, að fleiri landar séu í þessum bæ.

San Diego (Jakob-helgi) — öðru nafni Sunnuhöfn (The Harbor of the Sun), er ekki að eins elztur bær í Kaliforníu, heldur á allri vesturströnd Bandarikjanna. Þar var reist hið fyrsta krossmark, hin fyrsta kirkja bygð og hið fyrsta pálmaviðartré ræktað, sem allir ferðamenn fara og skoða enn í dag. Þangað kom fyrst, og fyrstur af hvítum mönnum, svo sögur fari af, Juan Rodriqves Cabrillo, árið 1542. Kom hann frá "Nýja Spáni" (Mexico) og ætlaði að kanna lönd þau, er til norðurs lægju og miklar sagnir gengu af, og sem enn var almennt álitið að væri Indland. En saga San Diego byrjar þó eiginlega ekki fyrri en rúmum tveim öldum síðar, eða með komu Junipero Serra, sem var munkur af Franciskusar reglu og í fylgd með landkönnunarmönnum sem kristniboði. Það var 1. júlí 1769, að hann steig á land þar sem nú er nefnt "gamli bærinn" (Old Town). Söng hann hina fyrstu messu 15 dögum síðar. Spænski fáninn var reistur og byssum skotið. Það var upphaf hins fyrsta bæjar á vesturströnd Bandaríkjanna, eins og þau eru nú takmörkuð.

Tímarnir liðu. Stríð voru háð og blóðugir bardagar. Ýmsir höfðu yfirráð. Fyrst Spánverjar, þá Kalifornía lýðveldið og síðast Bandamenn. Stóð ég í gær á blettinum, þar sem John C. Freemont dró fyrst fána þeirra á stöng, sigri hrósandi og völdum, 29. júli 1846. Þar liggur enn æfagömul spönsk fallbyssa. (Það var annars með breytilegum hugsunum, að ég skoð aði hina ýmsu sögustaði og rústir í gamla bænum í gær).

Á öllum þessum tíma hafði kristniboðinu miðað vel áfram norður með ströndum Kalifornía, en ekki hafði bærinn San Diego vaxið að sama skapi, og var hann fámennur enn og hrjáfara. En árið 1867 kemur nýr maður til sögunnar. Hann hét Alonzo Erastus Horton, og er hann almennt kallaður faðir San Diego. Horton þessi kom frá San Francisco og var viðförull æfintýramaður. Óðara en hann kom til San Diego, tók hann að prédika íbúunum, að þeir hefðu bygt bæ sinn á röngum stað og ættu að flytja hann sem fyrst 3 mílur sunnar. Bæjarmenn tóku þessu seinlega og sögðu honum, að bær sinn myndi verða kyr, þar sem hann alt af hefði verið, löngu eftir að hann og fjölmargir aðrir 'Yankees' væru dauðir og grafnir. Þegar Horton sá, að hann gat engu tauti við þá komið, hugsaði hann sér að byggja sjálfur bæ á þeim stað, er hann áleit hinn eina rétta, og tók þegar til starfa. Innan þriggja ára voru íbúarnir orðnir 3 þúsund í nýja bænum, og er það aðalbærinn nú (gamli bærinn er að eins eitt af úthverfunum). Íbúatalan er nú rúm 40 þúsund. — En nú mun þykja nóg komið af sögu bæjarins og bezt að hætta við hana.

Naumast verður ofmikið látið af fegurð landslags og útsýnisins veðurblíðu í San Diego. Bærinn stendur á lágum hæðum, sem hallar aðliðandi niður að flóanum, en fagrir dalir og frjóvir liggja upp til fjallanna að norðan og austanverðu, með hjöllum og hálsum á milli. Er útsýni af þeim svo fagurt, að óvíða mun eiga sinn líka, og er það allra mál, er hér koma. Ýmsir auðmenn og listamenn eiga þar skemti- og hvíldar-bústaði. Bændabýli eru einkum í dölunum og á láglendinu. Jarðvegur er frjór og vatnsveitingar (Irrigation) um alt.

Ýmsir smábæir eru í grendinni, hver öðrum snotrari, bæði frá náttúrunnar hendi og alls konar útbúnaði og þægindum fyrir ferðamenn, er þar dvelja um skemmri og lengri tíma. Flestir eru þeir baðstaðir um leið. Fjöldi fólks sækir hingað árið um kring, og fer aðsóknin stöðugt vaxandi. Slikt má raunar segja um alla Suður-Kalifornía, enda segir máltækið þar: "Ferðamennina höfum við alt af hjá oss".

Einn af aðalatvinnuvegunum hér er ávaxtarækt, einkum appelsínur, sítrónur og vínber. Eru sítrónur lesnar nær árið um kring, en appelsínur helzt um miðjan vetur og mitt sumar. Þá er garðrækt, fiskiveiðar o. s. frv. Saltgerð er og nokkur. — Flestum mun kunnugt, hve mikið orð fer af veðurblíðu í Suður-Kalifornía, en alment mun hún þó talin jafnmest í San Diego, svo jöfn, að óvíða mun slíks dæmi. Veðurathuganir um 38 árin síðustu sýna, að meðal árshiti er þar 61 stig (Fahrenh.). Meðalhiti í janúar er 54 stig, en í júlí 67 stig; lægsta hitastig ijanúar 32 stig (örsjaldan) og hæsta í júli 88 (einnig mjög sjaldgæft). Langoftast er hitinn milli 50 og 80 stig. Regn fellur að meðaltali 43 daga á ári.

Höfnin hér er einkennilega falleg, 22 fermílur að stærð, innilukt af þurlendi á alla vegu, likt og stöðu vatn, að undantekinni innsiglingunni, sem er fremur löng og þröng. Ganga höfðar út í útbæinn beggja vegna, og er hinn syðri í Mexico, því San Diego liggur einar 15 mílur fyrir norðan landamærin. Fylgd ist ég einn daginn með herra Eiríkssyni og konu hans til smábæjar eins fyrir sunnan linuna, til þess að fá dálitla hugmynd um bæjarlífið í Mexico. Var ferðin hin ánægjulegasta.

Langmestum framförum hefir San Diego tekið á síðustu 5—6 árum, og íbúatala tvöfaldast á því tímabili. Er það mikið að þakka fjölgun vatnsgeymslustöðva (Reservoirs) og auknum vatnsveitingum. En einkum er búist við, að öllu fari fram með risafetum næstu ár. Fé hefir verið veitt til að bæta innsiglinguna og annara mannvirkja við höfnina, og þá er ekki minna um vert, að í smíðum er ný járnbraut héðan til Arizona, og liggur nokkur hluti hennar um Mexico. Eimreiðar ganga þegar á nokkrum hluta hennar. Járnbraut þessi styttir landleiðina austur að Atlantshafi um fleiri hundruð mílur og til Panama 2—3 hundruð mílur.

Að öllu samanlögðu mun erfitt að finna unaðslegri aðsetursstað frá náttúrunnar hendi en einmitt San Diego og þar í grend.

Ég var að hugsa um, að skýra dálitið frá tilraunum þeim, er hinn frægi loftfari Glen Curtiss er að gera hér um þessar mundir, en af því að slikt birtist óefað í öllum blöðum; sama sem daglega, sleppi ég því, enda munu nú lesendur meir en ánægðir. Ég hætti því og bið velvirðingar.

Svo held ég þá aftur norður til Péturs mins helga (San Pedro) á morgun.

Sigurður Magnússon.

Meira um miðsvetrar samsætið í Leslie.

Einhver 'Oddur' hefir skrifað grein í Heimskringlu, sem út kom 9. febr. sl., og hljóðar hún um miðsvetrarsamsætið á Leslie, sem haldið var 20. jan. sl. Litur út að þessi 'Oddur' sé einn af þessum 30—40 mönnum, sem hann segir að hafi sótt samsætið frá Candahar og Wynyard.

'Oddur' virðist óánægður með móttökur þær, er Leslie búar veittu þessum vestanmönnum. En vegna þess, að ég, sem þessar línur skrifa, lít öðruvisi á málið, þá leyfi ég mér að gera ofurlitla athugasemd við grein hans.

Ef þeir, sem fóru til Leslie frá Candahar og Wynyard, eru eða hafa verið óánægðir með ferðina, sem ég get efast um að þeir séu, að 'Oddi' þessum undanteknum, — þá mega þeir sjálfum sér um kenna. Við, sem fórum austur, vissum vel, að skemtiskráin yrði þrotin, og eins gátum við búist við, að veitingar yrðu tæpast eins rausnarlegar, þar sem liðið yrði nær morgni, er við kæmum þangað. Og kl. var orðin 3, þegar lestin kom til Leslie, og þá voru allar aðalskemtanir um garð gengnar fyrir litilli stundu. Má af því marka, að beðið hafi verið eftir okkur vestanmönnum eins lengi og tök voru á. Greinilega var það tekið fram af dyraverði, að aðgöngumiðar kostuðu 50c fyrir þá, er seint komu. Og matur var þar mikill og góður, því engin ástæða fyrir 'Odd', að koma með laufabrauðs og tannpínu lestur sinn. — Sjálfur varð ég þess var, að Leslie búar, og þeir, er fyrir veitingum stóðu, vildu gera sem bezt við menn að vestan, hvað veitingar snerti. Og þeir, sem eru svo óframfærnir, að þeir burfitu þar að fara á mis við veitingar, þeim mönnum færi það bezt að sitja heima.

Ýmsum öðrum aðdróttunum læt ég ósvarað, til dæmis um matarborð og diska og fleira, sem 'Oddur' kveður hafa verið óhreint, — veit ég að Leslie menn, eða forstöðumenn samkvæmisins, gera það sjálfir, og það er þeim næst. Því jafn ósanngjarnri grein og 'Odds' getur hann ekki búist við að nokkur taki við með þögn.

T. H. Berg

Fréttabréf.

MARKERVILLE.
(Frá fréttaritara Hkr.).

1. febr. 1911.

Þessi fyrsti mánuður ársins er nú liðinn og hefir verið all-harður, þegar gert er sanngjarnt yurlit yfir tíðarfarið, því þó það stöku dagar hafi komið endur og sinnum þá hafa þeir meir en borgast með kulda og frostum. Snjór er enn ekki mikill, því engar stórfannkomu hríðar hafa komið. Í dag er vægt veður, en meira útlit fyrir snjó en undanfarið.

Veikindi hafa verið hér um lengri tíma, á sumum heimilum þung, af veiki þeirri, er kölluð var landfarsótt á Íslandi. Hefir hún lagst mjög þungt á suma, einkum unglinga. Engir hafa enn dáið úr veiki þessari hér meðal Íslendinga, svo ég viti.

Ferðamenn frá Winnipeg komu hingað þann 23. f.m. þeir herrar: Fyrrum ritstjóri Eggert Jóhannsson og séra Rögnvaldur Pétursson — Eggert hafði hér litla viðdvöl, en hélt áfram vestur að hafi. Séra Rögnvaldur var hér um kyrt í viku, fór héðan 29. f.m. áleiðis til Saskatchewan. — Þann 28., á sunnudag, flutti hann messu í lútersku kirkjunni á Markerville fyrir milli 40 og 50 manns. Var það erindi bæði vel flutt og hugðnæmt. Lagði hann til grundvallar elskuna til guðs og náungans og samhygð og meðaumkun við alla menn, og útskýrði, hvernig hinni sönnu samhygð væri varið. Ég álít það sé sannur gróði fyrir alla, hvaða trúarflokki, sem þeir tilheyra, að hlýða á slíkar ræður. Þær eru holl andleg nautn, öllum þeim, sem í anda og sannleika vilja vera Jesú sannir eftirbreytendur.

Þó að Íslendingar haf. heldur fækkað nú undanfarið í þessari bygð, þá samt halda þeir enn hlut sínum með hluttöku í stjórn hinna ýmsu sveitarmála. Eins og lög skipa fyrir, fóru fram í byrjun þessa árs kosningar í vega umsjónarnefnd í sex kjördeildum, og náðu sæti í henni þrir Íslendingar: Í 5. kjördeild G. S. Grímsson, Markerville; í 4. kjördeild Sigurður Grímsson, Burnt Lake, og Ófeigur Sigurðsson, Sólheima, í 3. kjördeild; hann og G. S. Grímsson endurkosnir. Fyrir skrifara og féhirðir endurkaus nefndin E. S. Grímsson, póstafgreiðslumann að Burnt Lake, fyrir yfirstandandi ár. Í skólanefnd sitja tveir Íslendingar, þeir C. Christinsson og G. S. Grímsson og einn enskur, W. L. Scott. Í Markerville skólanefnd munu vera tveir Íslendingar af þremur, og í Tindastóll skólanefnd hafa setið Íslendingar að einvörðungu.

Í stjórnarnefnd smjörgerðarhússins á Markerville sitja að jafnaði Íslendingar einir, en nú fjórir og einn norskur.

Johnsons Br. á Markerville hafa auglýst, að þeir hætti að verzla.

DANARFREGN.

Þann 31. jan. þ.á. lézt að heimili sínu, Huldahvammi í Árnesbygð, JÓNAS bóndi JÓNSSON, 85 ára að aldri.

Þó að Jónas sál. hafi verið hér í Nýja-Íslandi síðan 1876, þá er hann þó mönnum víða kunnur. Á Íslandi var hann kendur við Hræræslæk í Hróarstungu, því að þar bjó hann alla þá tíð, sem hann bjó á Íslandi, og þar giftist hann konu sinni, Halldóru Ásgrímsdóttur, sem nú syrgir hann látinn og er 89 ára að aldri.

Jónas sál. var meðalmaður á vöxt, fremur grannvaxinn, en þó nokkuð breiður á herðar, dökkur á hár og skegg, hvatlegur og fjörlegur í bragði og öllum hreyfingum, augun snör og skarpleg. — Skemtilegur var hann og fjörugur í viðræðum, en hefladi litið af skoðunum sínum. Sagði hann það blátt áfram, sem hann meinti og þótti sumum nóg um. Hann var prýðilega vel viti borinn og fékst oft við dularfullar hugmyndir. Hafði hann um tíma bréfaviðskifti við suma af lærðustu mönnum Íslands.

Jónas sál. var ættaður úr Mývatnssveit, og þar var hann að mestu fram undir þritugt. Aldrei gat hann neina verulega mentun af námi feagið, þó að hann væri eitthvað hjá tveimur prestum þar. En alt mun hann hafa lesið sem hann kom höndum yfir. En maður burfti ekki annað en tala við hann og heyra, hvernig hann lék sér að mörgum hugmyndum, sem öðrum þótti kannske erfiðar og þungar, eða sjá glampann í augum hans, eða heyra hin hnittilegu orð hans og svör. Maður sá strax, að þarna var fluggáfaður og djúphugs andi maður.

Hann var andans maður og bjó sér sjálfur til sinn eigin hugmynda heim, frumlegan og oft frábrugðinn því, er aðrir hugsuðu. Enginn var hann veifiskati, en oft litt við alþýðuskap.

Hann var maður hreinskilinn og drengur hinn bezti. Naut hann jafn an virðingar sveitunga sinna, þótt hann væri heim andstæður í málum. Sýndi það sig í vor er leið, er þeir tóku sig saman og héldu þeim hjónum gullbrúðkaup og færðu þeim gjafir. Vissu gömlu hjónin ekki af því fyrri, en hús voru full af gestum og sest var að nýrri brúðkaupsveizlu. Jónas sál. lét eftir sig ekkjuna Halldóru Ásgrímsdóttur, 89 ára að aldri, og einn son, Jón bónda Jónsson í Huldahvammi.

Jarðarförin fór fram að Árnesi 8. febr. þ.á. og söng séra Magnús J. Skaptason yfir líkinu.

M.J.S.

ÍSLENZKAR BÆKUR

Ég undirritaður hefi til sölu nálega allar íslenzkar bækur, sem til eru á markaðinum, og verð að hitta að Mary Hill P.O., Man. — Sendið pantanir eða finnið.

Niels E. Hallson.

FRIÐRIK SVEINSSON

húsmáling, betrekking, o.s.frv. tekur nú að sér allar tegundir af Eikarmálning fljótt og vel af hendi leyst. Heimili: 690 Home St.

JÓN JÓNSSON, járnsmiður, að 790 Notre Dame Ave. (horni Toronto St.) gerir við alls konar katla, könnur, potta og pönnur fyrir konur, og brýnir hnífa og skerpir sagir fyrir karlmenn. — Alt vel af hendi leyst fyrir litla borgun.

Herra Jón Hólm, gullsmiður að 770 Simcoe St., biður þess getið, að hann selji löndum sínum gull- og silfur-muni og gigtarbelti. — Belti þessi eru óbrigðul við gigt, ef þau eru notuð samkvæmt fyrirskipunum Jóns. Kosta að eins dollar og kvart.

ÞORRABLÓTS KVÆÐI.

Winnipeg, 15. Febrúar 1911.

Minni Íslands.

Hvar er það, sem hraustir drengir
heyja stríð við unna dana?
Hvar er það, sem sterkir stormar
stæla krafta búandans?
Þar sem berst við mótstraum margan
— marga eldraun, fámenn þjóð;
það er okkar ættarlandi,
er ég helga þetta ljóð.

Mörg er stundin hlýjust heima,
hríð þó sendist stundum kalt
undan vinda-vængjum Þorra;
vermir Harpa þúsundfalt
fjörð og hlíð, er fjalls í dölum
fuglar vorsins kveða snjalt;
sólin blessuð kætir alt.

Hugur leitar yfir æginn
— eins þó hér sé glatt í kvöld —;
norðurljós, við brattar brúnir,
bylgjast fram um himintjöld
yfir hljóðum æskudölum.
— Ísland! þó að sértu fjær,
þú ert kært, um þig vér tölum,
þú er stfelt hjarta nær!

Þín er, ættjörð! okkar vagga,
æskulíf og feðra gröf.
— Vina-þel, sem verkin sýni,
verði barna þinna gjöf!
þroskist hvert, til gagns og gæða,
gróðrar-blóm — við hjarta þér!
Sjálfur gaf þér sjóli hæða
sólbrosið, sem aldrei þver.

Lárus Thorarensen

MINNI

Jóns Sigurðssonar.

Hann var eins og vormögnin högu,
Sem vaka' yfir gróandans blæ
En utan um sjálfra okkar sögu
Lá sveigur úr klaka og snæ.
En beint gegnum ískuldans eyður
Með ylinn hann til okkar braust,
Svo ítur og yfirlits heiður,
Að eldmóði' í þjóðina laust.

Í dyngju úr sögnum og sögum
Hún sofin í skamdegi lá.
Hann hneigði' 'ana að hjarta síns slögum,
Hún hrökk upp og vaknaði þá.
Sú hugsun, sem hratt af sér möru,
Varð himinlyft stórvon og þrá,
Svo sveit milli fjalla og fjöru
Sitt framtíðar ljósheiði sá.

Vér settumst að víni og vistum
Og veisluglaum bar yfir höf,
Og flatir við kongssporin kystum
— Ver kölluðum þetta hans gjöf!
En þeim, sem að þar átti heima
Og þreytuna fyrir oss bar,
Var sumum það sjálfrátt að gleyma —
Hver sat utan dyranna þar?

Ef langar oss lofkrans að sveigja
Við leitum upp' grafirnar þá.
Svo fyrst þarftu' að falla og deyja
En fær þú oss sæmdina hjá.
Það liggur við berara, beinna
Og ber okkar hugsana lag,
Að sjá það þá öldinni seinna,
Er sáum vér alls ekki' í dag.

Kr. Stefánsson

Minni kvenna.

„Meðhjálp", sagði Drottinn ár á öldum,
er hann konu skóp og manni gaf.
Ast, sitt skærsta ljós, þér vif, að völdum
valdi, gaf hann, speki sinni af.
Hún er andans dýrsta djásn og gróði —
dagrenning þess lífs, sem koma á.
Hæst og dýpst í sögu, list og ljóði
ljómar þér um eilífð demant sá.

Fegurð ytri flestir munu skilja,
færri þó, sem dýpi sálar á:
Þögult afl hins undra djúpa vilja
elsku þinnar, sælla heimi frá.
Líkt og von, sem verður aldrei svikin
vakir hún og raungreind lengra sér.
— Oft við dags og nætur drauma blikin,
dulmynd sanna fyrir andann ber.

Hjá þér bjó sá helgi kærleiks neisti
himni frá, sem brendi alda gróm.
Ástarhönd þín mann úr læðing leysti,
lét hann hefjast upp frá villidóm.
„Meðhjálp" varstu, verndardísin ertu,
veik en styrk, í hlekkjum en þó frjáls.
Fyrir starf þitt skrýdd af samtíð sértu
sigur-meni, í klafa stað, um háls.

Þorsteinn Þ. Þorsteinsson

BUICK HITTIR Á OLÍU

BUICK Midway brunnurinn hittir olíuæð sem gýs 1,500 til 3,000 tunnur. Þýðir það að Buick eignirnar eru 2 til 3 miljónum dollars meira virði en áður.

Lesið eftirfarandi símskeyti það segir söguna.

Moron, California., Feb. 17. 1911.

BUICK OIL CO· Room 420 Marquette Bldg.. Chicago, Ill.—

Buick Midway brunnurinn númer 1 hitti á olíuæð kl. 1.30 e. h. undir fullkominni stjórn, gýs frá fimtán hundruðum til þriggja þúsund tunna á dag. Höfum gryfjur tilbúnar. Rúmtak áætlað fimtán þúsund tunnur. Erum að byggja tvö geymira sem taka tvö þúsund tunnur hver. Erum að reyna fá lánað frá Associated Co. þeirra fimtíu og fimm þúsund tunnu geymir. Olían streymir gegnum tvö 5x16 þumlunga op. Mikil gasþrýsting.

D. D. BUICK

D. D. BUICK,
er fann upp og stofnaði hina miklu Buick bifreið, og er forseti Buick olíu félagsins.

Loksins erum vér nú færir um, að birta almenningi ákveðnar og áreiðanlegar fréttir. Við höfum hitt á olíu-æð og hana einhverja þá allra beztu á olíu-svæðinu.

Veistu hvað það þýðir? Veistu að það svarar öllum árásum og álygum á BUICK OIL? Það sýnir enníremur hluthöfunum, að þeir hafa verið réttir í dómum sínum. En fremur öllu öðru sýnir fregnin ótvírætt verðmæti Buick Midway eignanna.

Hugsið ykkur olíubrunn, sem framleiðir 1,500 til 3,000 tunnur á degi hverjum, sem með núverandi söluverði gefur af sér daglega $750.00 til $1,500.00. — Þetta er þó ekki það mikilvægasta: Aðalsönnunin fyrir gæðum brunnsins liggur í, að brunnur vor No. 40 er reyndur að framleiðslumagni. Við getum grafið 10 og jafnvel 15 brunna á hverri ekru. Við eigum 40 þess konar ekrur, og það er þó að eins lítill hluti af eignum vorum á olíusvæðinu. Okkur dettur ekki í hug, að láta hér staðar numið, þó No. 1 sé orðinn framleiðari; við höfum flutt verkamennina, sem unnu að honum, yfir til Buick Midway No. 2. og þess utan verður bráðlega byrjað á Buick No. 3, 4 og 5.

Pipurnar eru, sem kunnugt er, rétt við eignir vorar. Við höfum því engin vandræði úr þeirri átt. Olían, eins og hún streymir frá brunninum, mun streyma úr geymurum vorum út í pípurnar, og þaðan norður til San Francisco, eða vestur á Kyrrahafsströnd, þar sem hún fermir skip eða járnbrautarlestir, er flytja hana á markaðinn.

Við höfum áður tjáð almenningi, að þessi brunnur myndi framleiða olíu, og það í stórum stíl, og þau orð vor hafa ræst. Símskeytið, sem hér að ofan er prentað, sannar það. Seinna meir munum við fá fullkomna skýrslu frá Mr. D. D. Buick, sem er staddur á olíu-svæðinu, og skýrslu hans munum við senda hluthöfunum um hæl, prentaða í "The Buick Oil News". Einnig skulum við senda skýrslu þessa hverjum öðrum, sem þess óskar. Viku hér á eftir munum við birta í blöðum þessa lands hinar allra seinustu framfarir, sem viðkoma No. 1 brunninum og öðrum brunnum vorum. Þúsund eftir þúsund af mönnum hafa skrifað okkur, að þeir ætluðu að gerast hluthafar, þegar olían kæmi fram, — þegar þessi auglýsing birtist og fullvissar almenning um verðmæti hlutanna. er hætt við því, að hlutafjöldi sá, sem félagið ætlaði að selja, hrökkvi stutt, ef dæma skal eftir síðustu daga sölu.

Við hufum stöðugt ráðlagt almenningi, að kaupa hluti í Buick Oil. Við gerðum það þegar verðið var 50 cents, og þúsundir hluthafa keyptu þá. Við ráðum ykkur til þess sama nú, þegar verðið er 75 cents, því það hækkar áa alls eki.

Tekjur þær, sem félagið fær af þessum fyrsta brunni, verða ekki að eins nógar til að gera okkur fært að grafa fleiri brunna með bráða, heldur jafnframt hefir þessi eini brunnur aukið álit á Buick eignunum, og merkt þær sem reyndar og verðmætar. Buick Oil hlutirnir hafa nú verið fluttir úr ekki framleiðandi deildinni yfir í framleiðandi félag. — Okkur dettur ekki í hug, að láta hér við sitja, en fullyrt getum við það, að No. 1 brunnurinn sannar verðmæti þessara 640 ekra, sem í námunda eru. Vinna byrjar bráðum á 560 ekra spildu vorri í Sunset Security, og litlu seinna munum við byrja á 40 ekra spildunni á Maricopa vellinum. Við höfum áður sagt frá Buick Midway, svo nú ætlum við að skýra frá 560 ekra og 40 ekra spildum vorum. Olíumennirnir á Midway svæðinu urðu næstum frávita af fögnuði, þegar olían kom í No. 1 brunninn. Brunnurinn sá hefir veitt geysimikla eftirtekt á hinum síðustu 10 dögum, og fregnir þær, sem við höfum fengið þaðan, hafa mest áhrif haft á eigendur svæðisins, sem í námunda er við okkur. Á aðra hlið okkar er Southern Pacific félagið, og er fullyrt, að það hafi borgað 3 miliónir dollars fyrir þá landspildu. Á hina hlið vora er California Midway, sem þegar hefir fengið öflugan olíu-framleiðara. Og þegar svo Buick Midway bætist við, sem olíu-framleiðari, þá var ekki nema eðlilegt, þó nýrnaði brúnin á þeim, sem landspildu áttu í nágrenninu. Því vissa er nú fyrir því, að þær færa þeim fleiri þúsundir á dag í tekjur.

Íbúar Bandarihjanna hafa treyst D.D.Buick, uppgötvara Buick bifreiðanna. Þeir hafa einnig stuðlað að olíu-framleiðslu Buick Midway, með því að kaupa hluti í félaginu, mest fyrir nafn D. D. Buick. Nú þegar hugsjónir Mr. Buicks hafa reynst sannar, veitist félaginu ekki eingöngu sú gleði, að verða aðnjótandi aðstoðar og verndar stuðningsmanna sinna í framtíðinni, heldur og einnig gefst tækifærið að þagga niður í rógberum þeim, sem reynt hafa af mesta megni, að draga ofan af því skóinn.

Hvað haldið þið að tekjur Buick Oil verði, þegar 10 brunnar eru á Midway spildunni og hver þeirra framleiðir 1,500 til 3,000 tunnur af olíu og meira á dag? Seljum olíuna á 50 cents tunnuna. þá þýðir það, að við fáum $750.00 til $1,500.00 á dag úr hverjum brunni. Þetta sýnir, að tekjur vorar af að eins einni ekru yrðu $4,506.00 til $15,000.00 á dag, eða $2,742,500.00 til $5,485,000.00 á ári. — Ef slíkar tekjur eru mögulegar af einni ekru, hvað verða þá tekjurnar af 40 ekrum? Og sérhver ekra í Midway-spildunni er jafngóð þeirri, sem Buick Midway No. 1 stendur á. Enginn núlifandi maður getur reiknað út auðæfi þau, sem frá Buick Oil koma, — þau eru að eins hugsanleg.

Við erum þess fullvissir, að Buick Oil hlutir hækka margfalt upp úr því verði, sem þeir nú eru, og jafnframt er það engum efa bundið, að við getum greitt hluthöfum vorum dálaglega vexti, sem eingöngu verður að þakka brunnum þessum. Þegar svo okkar 560 ekra svæði er starfrækt, ásamt 40 ekrunum í Maricopa Sunset, og eftir að ýmsir aðrir brunnar á Midway svæðinu eru orðnir framleiðarar, — þá verða tekjur þær, sem hlutirnir geta af sér, stórkostlegar.

Nú er tíminn að kaupa Buick hluti fyrir 75 cents. Biðið því ekki deginum lengur. Frestið því ekki, heldur kaupið svo marga hlutil sem ykkur er fært. Það er að vorum dómi óbrigðult gróðafyrirtæki, og umsóknirnar um hlutakaup fara alt af vaxandi. Bregðið því við og kaupið áður en það verður um seinan.

Brunnurinn okkar No. 2, sem nú á að fara að byrja á, ætti að ná olíu innan 120 daga og No. 3 brunnurinn skömmu síðar. Það er von vor og þrá, að á miðju sumri sé[illegible] rækir brunnar á Midway 40, og að þá verði verð hlutanna þrefalt við það, sem nú er, því þá ætti ágóðinn að vera mikill.

Tilraunatíminn er nú liðinn. Framtíð félagsins stendur á öruggum grundvelli.

Félag vort gefur út litið blað, sem heitir Buick Oil News", og kemur það út tvisvar í mánuði. Í næsta blaði er ákveðið, að skýra ítarlega frá olíu-framleiðslu No. 1. Við vonum að birta þar myndir af brunninum, þar sem olían hefir náðst, og við værum glaðir, að sérhver hluthafi, eða hver annar, sem áhuga hefir á þessu máli, fengi eintak af blaðinu.

Við þekkjum til hlýtar jarðveginn, sem við þurfum að fara í gegnum við næstu boranir. Við höfum bæði reynsluna og þekkinguna, og af því leiðir, að borun brunnsins gengur helmingi fyr og kostar helmingi minna en ella.

Við höfum gefið út gríðarmikla bók, sem kölluð er: "The Land Where Oil Is King", og sem fræðir ykkur nákvæmlega um alt það, sem nauðsynlegt er að vita um California olíu-svæðið, og sem einnig sýnir ársskýrslur og starfsemi félags vors undanfarið. Það er bráðnauðsynlegt, að vera nákunnugur California olíu-svæðinu og sögu þess, þar sem mörg dæmi, sem voru talin ótrúleg víðast hvar annarstaðar, eru tíðast með óhrekjandi sönnunum. Menn, sem fyrir fáum mánuðum síðan unnu daglaunavinnu, eru nú stór-auðugir menn, vegna þess þeir lögðu sparifé sitt í California olíufélög. Að eins fá hundruð, lögð inn í sum þessi félög, hafa gefið af sér þúsundir í árlegan ágóða, og það er einmitt það sama og við búumst við að Buick Oil geri á sínum tíma.

Samfara þessari fróðlegu bók verður blaðið "Buick Oil News" sent, og í því stendur alt, sem skeður í "Olíu-heiminum".

Hikið ekki við að kaupa hluti þessa félags, og það strax. Klippið úr blaðinu áskriftarmiðann og fyllið hann út með fullnægjandi hlutum og þið óskið eftir. Afborgunartaflan, sem hér fer á eftir, sýnir ykkur, hvernig kaupa skal.

Ef ykkur vantar að vita meira um félag vort áður en þið kaupið, þá klippið úr "Information Coupon", sem hér er, og sendið okkur. Munum við þá senda um hæl fræðslubæklingvorn.

Verð hlutanna er 75 cent. Ákvæðisverð $1.00

HVERNIG KAUPA SKAL:

$ 7.50	niður	og	$ 10.00	mánaðarlega	í 3	mánuði	kaupa	50	hluti
15.00	"	"	20.00	"	í 3	"	"	100	"
30.00	"	"	40.00	"	í 3	"	"	200	"
50.00	"	"	58.33	"	í 3	"	"	300	"
75.00	"	"	75.00	"	í 3	"	"	400	"
100.00	"	"	91.66	"	í 3	"	"	500	"
250.00	"	"	166.67	"	í 3	"	"	1000	"

5 prósenta afsláttur má dragast frá útíhönd borgunum.

Gleymið samt ekki að við áskiljum okkar rétt að hafna umsóknum um kaup, og endursenda greiðslu ef ekki líða meir en 24 klukkustundir frá því að umsóknin barst strifstofu vorri. Sendið nú strax eftir bæklingum vorum og þeir munu skemta ykkur og fræða frekar flestu öðru, því í þeim er alt sem þið þurfið að vita um þetta volduga olíu svæði. Ef í efa símið eftir að taka frá handa ykkur hluti og ykkur sêu sendir fræðslu bæklingar.

Hlutirnir hækkuðu ur 50 centum í 75 cent, 5 februar 1911

INFORMATION COUPON.

K. K. ALBERT, 708 McArthur Building.
Winnipeg, Man.

Herrar mínir: Verið svo vænir að senda hina miklu bók yðar "The Land where Oil is King," sem lýsir Buick Olíu landsvæðinu, og jafnframt myndir, og stjórnar skýrslur og aðrar sannanir og upplýsingar viðvíkjandi hinu stærsta olíusvæði heimsins, Kern County, California. Eg lofa ekki að kaupa hlut en lesa bókina og aðrar upplýsingar mun ég með athygli.

NAFN .....

ARITUN .....

PÓSTHÚS ..... FYLKI .....

"HEIMSKRINGLA"

BÍÐIÐ EKKI DEGINUM LENGUR!

Símið eftir geymslu hluta

Snúið ykkur til umboðsmansins fyrir Canada.

K. K. ALBERT

708 McArthur Building, Winnipeg.

—— EÐA ——

BUICK OIL CO.

420 Marquette building., Chicago.

SUBSCRIPTION TO STOCK.

K. K. ALBERT, 708 McArthur Building,
Winnipeg, Man.

Herrar mínir:

Eg bíð hér með um.....hluti á eins dollars ákvæðisverði í höfuðstól Buick Oil Co., á 75c hvern hlut, og lofa að greiða þá að fullu í 4 jöfnum mánaðar afborgunum. Hlutabréfin afhendist mér þá þeir eru borgaðir að fullu. Hér innlagðir $.....fyrsta afborgun.

NAFN .....

ARITUN .....

PÓSTHÚS ..... FYLKI .....

"HEIMSKRINGLA"

Heimskringla

Published every Thursday by The Heimskringla News & Publishing Co. Ltd

Verð blaðsins í Canada og Bandaríkjunum $2.00 um árið (fyrir fram borgað).
Sent til Íslands $2.00 (fyrir fram borgað af kaupendum blaðsins hérlendis $1.50.)

B. L. BALDWINSON
Editor & Manager

Office:
729 Sherbrooke Street, Winnipeg
BOX 3083. Talsími Garry 4110.

Afleiðing gagnskifta samninganna.

Um öll Bandaríkin er þeim kenningum haldið fram, að afleiðingarnar af gagnskiftasamningunum við Canada verði þær, að lífsnauðsynjar lækki í verði þar syðra: — kjöt, smjör, hænsi og aðrar búskaparafurðir verði sérstaklega það, sem lækki í verði.

Hvað er satt, að gagnskiftasamningarnir hafi þessar afleiðingar í Bandaríkjunum, hljóta afleiðingarnar fyrir Canada að verða hækkun á lífsnauðsynjum, því það er gefin meginregla, að ómögulegt er að lækka verð á lífsnauðsynjum í öðru landinu, án þess að hækka það í hinu. En þó er því einnig haldið fram hér í Canada, að gagnskiftin hafi lækkandi verð í för með sér fyrir Canada, — svo að aðrir hvorir hljóta að ljúga.

Hinum canadiska framleiðara er talin trú um, að nann geti selt svínin sín fyrir hærra verð en áður. Hinum canadiska notanda er aftur á móti sagt, að hann geti keypt svínakjötið fyrir lægra verð en áður. — Bandaríkja framleiðendum er einnig sagt, að þeir fái hærra verð fyrir svínin sín, og kaupendunum, að hann fái svínakjötið með mun lægra verði en áður. — Atriðið er ekki, hver af þessum staðhæfingum sé röng, heldur það, að engin þeirra getur reynst sönn, án þess að hinar reynist lognar. Að einhver segir einhverjum ósatt, er því augljóst.

Notandinn getur ekki fengið lækkað verð á lífsnauðsynjum sínum á sama tíma og framleiðarinn fær hækkað verðið á afurðum sínum. Slíkt er á móti öllum grundvallarreglum.

Ef við t. d. aðgætum verð á nautakjöti, þá sjáum við strax, hve mikil fjarstæða það er, að halda, að allir geti ábatast. Það eru þrjú öfl, sem ráða verðmun á kjötinu: Fyrst, verðið á gripunum, þá flutningskostnaður og þar næst slátrunar- og sölukostnaður. Ef kostnaðurinn er óbreyttur á hinum tveim síðastneindu öflum, en hið fyrsta — nefnil. gripaverðið — hækkar, hækkar verðið á kjötinu sömuleiðis; en fylgismenn gagnskiftanna halda því fram, að halda megi verðinu óbreyttu, með því að flytja kjöt inn hingað frá Bandaríkjunum. En verðið canadiska framleiðaranum í vil, hækkar að eins fyrir þá sök, að verðið er nú þegar hærra þar syðra, og auðvitað er enginn kaupandur svo skyniskroppinn, að hann fari að selja afurðir sínar ódýrar á erlendum markaði, en heima hjá sér, — slíkt væri óðs manns æði.

En sannleikurinn er sá, að stofna sambandsstjórnarinnar, frá hagfræðislegu sjónarmiði skoðað, er algjörlega bygð á röngum grundvelli, og liefir komið þessum tilrauna-samningum til leiðar, sem í alla staði eru Canada í óhag. Þó Canada séu veitt smáafríð í hagnaðaráttina, þá eru hin yfirgnæfanhi, sem til óhags leiða. Tollum er létt af mörgu því, sem nauðsyn var fyrir Canada að tolla til verndar sínum eigin afurðum; en í Bandaríkjunum í því einu, sem þau játa sér að meinalitlu. Bandaríkin fá margt það fritt eða með vildarkjörum, sem þeim kemur mjög vel að fá — og getur orðið þeim brýn þörf —, en Canada aftur á móti fær það eina, sem það kemst vel af án, og sem þar af leiðandi lítil eða engin ástæða var fyrir að fá toll-lækkun eða uppgjöf á, ekki sízt þegar gagnskiftin eru svo ólík.

Eitt, sem öllu öðru betur sýnir, hvaða vandi og voði af samningunum getur stafað, eru andmæli þau, sem 18 stórmerkir Liberalar og þrautreyndir verzlunarfrömuðir í Toronto borg birtu í 10 greinum sl. laugardag.

Þeir mótmæltu samningunum af þessum ástæðum:

1) Vegna þess, að árið 1897 nam sambandsþingið úr eildi þáverandi gagnskiftalög, og hvorki hefir hin canadiska þjóð né sambandsþingið gefið stjórninni heimild til nýrra samninga.

2) Vegna þess, að hin mikla velmegun Canada er afleiðing af stefnu þeirri, sem fylgt hefir verið í þroskun viðskifta og þjóðar auðlegðar þess. Það hefir og valdið því, að eytt hefir verið hundruðum miljóna dollars í járnbrautir, skurði, skip og önnur tæki til flutninga milli Austur- og Vestur-fylkjanna, og skyldukvöðin, að verja meira fé til umbóta og framfara mundi bíða mikinn hnekki við hina fyrirhuguðu gagnskiftasamninga — og ágóðinn af fyrri framfara fyrirtækjum minka að stórum mun.

3) Vegna þess, að það er mikilsvirði fyrir þjóðareining og framþróun Canada, að engir viðskiftatengsli yrðu samþykt, sem hefðu það í för með sér, að hindra vöxt og framfarir viðskifta milli hinna ýmsu hluta Canada, eða milli Canada og hinna ýmsu hluta ríkisheildarinnar, — en það mundu hinir fyrirhuguðu samningar gera.

4) Vegna þess, að hagnaður sá, sem gagnskiftasamningarnir kynnu að hafa í för með sér fyrir nokkra hluta Canada, eða nokkra af einstaklingum í þeim, mundi verða meir en umsnúið í tjóni því, sem hinir aðrir hlutar landsins og einstaklingar þeirra yrðu fyrir, — og vegna þess, að afleiðingarnar í heild sinni fyrir Canada yrðu til stórskaða.

5) Vegna þess, að framkvæmda frjálsræði Canada í tilliti til tolla og viðskiftasambands mundi minka að mun, og landinu aftaðið frá að þroska sína eigin auðlegð upp á sinn eigin hátt og meðal þjóðar sinnar.

6) Vegna þess, að eftir nokkur ár af gagnskiftum, mundu viðskiftavegir Canada hafa breyst svo, að endalok samninganna og afturkoma tollverndunar af Bandaríkja hálfu gagnvart Canada, — mundi koma óþyrirsjáanlegum glundroða í verzlunarlífið, — áhætta, sem Canada ætti ekki frávíkjanlega að undirgangast.

7) Vegna þess, að til þess að geta afstýrt þessum glundroða, yrði Canda nauðbeygt til að útfæra takmörk samninganna yfir iðnaðarvörur og annað þess háttar.

8) Vegna þess, að samningarnir, eins og þeir liggja nú fyrir, mundu veikja bönd þau, sem binda Canada við ríkisheildina, og vegna hinna ótakmörkuðu gagnskifta, sem hlýtur að fylgja, hlytu böndin að veikjast því meir og gera það afarörðugt, að komast hjá stjórnarfarslegu sambandi við Bandaríkin.

9) Vegna þeirrar truflunar, sem kom á viðskiftalíf Canada við upphafningu gagnskiftasamninganna frá 1854 og tollverndun Bandaríkjanna, sem af því leiddi, snerist hugur manna þá á sveifina til sameiningar, þrátt fyrir það, þó íbúar Canada væru annaðhvort innfæddir eða hollir brezkir þegnar, sem sameining landanna var harla móti skapi, — hvað þá nú, þegar fleiri miliónir nýbyggjara frá öðrum löndum hafa flutzt inn, ef til þess kæmi, að Canada ætti að velja um, að koma glundroða á viðskiftalíf sitt við Bandaríkin, eða stjórnarfarslegt samband við þau, yrði verndun canadisks sjálfforræðis og þjóðernis harla örðug.

10) Fullvissir þess, að canadiskt þjóðerni sé í mikilli hættu, og að allir Canada-búar, sem láta velferð landsins sitja í fyrirrúmi fyrir hagnaði eins hluta þess, flokks eða einstaklinga, láti þá skoðun sína ótvírætt í ljósi, — ritum vér, sem til þessa höfum fylgt Liberalflokknum að málum, nöfn vor undir staðhæfingar þessar.

Á meðal þeirra 18, sem andmælin gerðu, eru John C. Eaton, formaður Eaton félagsins, Sir Wm. Mortimer Clark, fyrrum fylkisstjóri í Ontario og Sir Edmund Walker, forstjóri Commerce bankans, — svo það eru engin smámenni eða vitgrannir sem andmæla voða þeim, sem verið er að steypa þjóðinni í með vanhugsuðum samnings tilraunum.

Þá er eftir enn eitt, sem slæm áhrif hefir fyrir Canada, ef gagnskiftin kæmust á, og það er, að alt bendir til, að verzlunin dragist úr höndum ýmsra Canada borga yfir til Bandaríkja borganna við landamærin. Þannig, að Minneapolis dragi stórum frá Winnipeg verzlunina við Vesturfylkin. Detroit dragi mikið til sín frá Ontario borgunum, og Buffalo sömuleiðis. — Að þessu verði þannig verið, er enn litlum efa bundið, enda sést það bezt af því, að Bandaríkja borgirnar, sem á landamærunum liggja, eru þegar farnar að hafa viðbúnað fyrir hin auknu viðskifti, sem þær eiga í vændum.

Það, sem Canada hefir því upp úr samningunum, ef þeir komast á, er það, að stjórnarfarslegu sjálfstæði er hætta búin í framtíðinni, og frá aðdráðislegu sjónarmiði ber Canada einnig ilt eitt úr býtum. Ef verðið hækkar ekki í Canada, fær framleiðarinn vitanlega engan hagnað. Ef verðhækkun verður, hækka lífsnauðsynjar í verði, og hinn canadiski framleiðari tekur þá ágóða sinn ekki frá Bandamönnum, heldur úr vasa nágranna síns. Og fyrir þetta liggur við borð, að við missum fjárhagslegt sjálfstæði, í hendur þess lands, sem fjárglæfra og auðfélög eru meir í en annarstaðar í viðri veröld.

Hvert erum vér að fara?

(Eftir Hildu Johnson)

Spurning þessi, svo stutt sem hún er, inniefur í sér hinar þyngstu ráðgátur lífsins. Ef vér ætlum að leitast við að svara henni, hlytum vér að byrja með því að athuga, í fyrsta lagi: hvert er upphaf vort; í öðru lagi, hvað vér höfum verið; í þriðja lagi, hvar vér stöndum nú, — og þar af leiðandi að álykta, hver framtíðarstefnan muni vera. Þess vegna, ef oss tekst að beina athugunum vorum í rétta átt, ættu þær að kasta ljósi yfir upphaf og ætlunarverk sköpunarinnar, svo langt, sem vorum takmörkuðu jarðnesku augum er leyft að sjá.

Fyrsta umhugsunarefnið er þá þetta: Hvert er upphaf vort? Og svarið er skýrt og skorinort, en þó svo hryggilegt og auðmýkjandi: Vér vitum það ekki! Vísindamennirnir hafa leitast við að lesa sögu tilveru vorrar í dulletri himintunglanna, og af hinu tröllaukna, viðfangsmikla bókfelli — "Móðir jörð", en jafnvel þó mikið hafi þegar verið afrekað, vantar þó enn í hana marga kapítula.

Þeir segja oss, að fyrr meir í "upphafi sköpunarinnar" — ef oss leyfist að nota þvílikt orð — hafi jörðin verið sameinuð sólunni og öllum hinum plánetunum í einni ómælanlegri stjörnuþoku, myndaðri úr gufu frumefnanna. Ódeilisagnirnar í gufu þessari voru á sífeldri hringrás, og allar keptust þær að komast inn að miðpunktinum. Afleiðingin varð sú, að miðpunkturinn þéttist, drógst saman, varð að þungamiðju. Þessi þungamiðja er nu sól vor, og plánetur sólkerfis vors, er þreyta sinn þýða, undurhraða dans í kringum hana, eru stjörnuþokuhnoðrar, er einhver undrasterkur, dularfullur kraftur, máske hið leyndardómsfulla aðdráttarafl, er tengir sól við sól, dró út úr þungamiðjunni og þeytti út í geiminn. Eina eftir aðra sendi sólin þessar dætur sínar út í ómælisdjúpið, þögula og myrka, — fyrst þær, sem lengst eru frá henni, síðar hinar.

Slikt er upphafa jarðar vorrar, en þúshundruðir ára liðu áður en hinn glóandi frumefna-vökvi kólnaði og breyttist í jarðskorpu. Og er þunn jarðskorpa var mynduð, brotnaði hún aftur og aftur, gullnir hraunflóðslækir brutust út, og breiddu sig yfir yfirborðið. En smátt og smátt urðu byltingarnar minni, er meira og meira af hraunleðjunni kólnaði og breyttist í harða skorpu. Gufuhvolfið, er umkringdi jarðhnöttinn, og fyrst framan af hafði verið þrungið ýmsum efnum, skýrðist og hreinsaðist. Vatnið fell í stórflóðum úr hinum afarþykku, ægulegu skýmökkum, er enn huldu jörðina frá ylgeislum sólarinnar. Sannarlega hlýtur jörðin þá að hafa verið "í eyði og tóm, og myrkur yfir dúpinu". En smátt og smátt birti fyrir sólu, og loks "varð ljós". Sólargeislarnir brutust í gegn um gufumökkinn og skinu í fyrsta sinn á hina ungu jörð, skinu á beru, hálfstorknu hraunklettana, viðáttumiklu, vikurþöktu höfin, og kolsvörtu, eldþrungnu fjöllin.

Hver getur gert sér í hugarlund allar þær byltingar, er áttu sér stað meðan hinar ótömdu höfuðskepnur ríktu einvaldar á jörð vorri? Hver getur sagt um, hve margar þúshundruðir ára liðu áður vindur og vatn náðu mulið niður klettana svo plöntur gátu vaxið? Hver, — ó, hver! getur skýrt frá, hvernig lif fyrst vaknaði á þessari jörð? Vér vitum það eitt, er jarðlögin skýra oss frá, að hið fyrsta lif á jörðu vorri var á mjög lágu stigi, því í neðstu jarðlögunum finnast að eins mjög óbrotnir dýra- og jurta-steingervingar. Eftir því sem clar dregur og klettarnir eru yngri, þess marg brotnari eru jurta- og dýra-leifarnar; unl í efstu, allra-efstu jarðlögunum finnum vér loks mannleifar. Hann er hin síðasta skepna sköpunarinnar, "kóróna sköpunarverksins".

Ófeað, samkvæmt lögmáli breyti bróunarinnar, hefir hinn fyrsti maður verið ófullkomin mjög og í mörgu líkur dýrunum: en honum var einnig lagður guðlegur neisti í barm, — neisti, sem glæddist og margfaldaðist og hjálpaði honum til, að leggja undir sig jörð ina. Dýrin tamdi hann, villijurtirnar ræktaði hann, skógum og óræktarbölum breytti hann í yrktar merkur og frjóvsama aldingarða; og eldinn og vindinn gerði hann að þjónum sínum. Ófeað var framfarabrautin bugðótt og seingengin, ómögulegt væri fyrir oss að fylgja mönnunum spor fyrir spor, er þeir smátt og smátt brevttust úr villimönnum í hugsandi verur, er skráðu sögu þjóðar sinnar, þó á steintöflur væri í fyrstu, letrið seinunnið og kunnugt einungis hinum fáu. Með steintöflunum, er skildar hafa verið eftir af hinum austurlenzku þjóðum og sem fundist hafa í rústum stórborganna, sem löngu eru undir lök liðnar, byrjar fyrst saga annkynsins. Trúarbækur Egypta, Kaldeumanna og Gyðinga finnast skráðar á steintöflur þessar, og sanna þær oss, að snemma hefir mannsandinn byrjað að fálma í náttmyrkri kunnáttuleysis og vanþekkingar eftir orsökum og upphafi hlutanna. Ófullkomnar hafa hugmyndirnar verið í fyrstu, en stöðugt þroskast og risið hærra og hærra, unz þær náðu sinni fegurstu fullkomnun, er hinn mikli kennari mannkynsins birtist og opinberaði heiminum leyndardóm lífsins.

Og hér stöndum vér þá!! Afreksverk liðinna alda fyrir framan oss, og vér að berjast við að læra lexiu þá, er oss var sett fyrir nær tuttugu tugum alda, "að verða heilagir í öllu dagfari". Tornæmir erum vér á lexiuna þá, en þokumst þó smátt og smátt í áttina, jafnvel þó auður, upphefð og völd ginni oss þráfaldlega út af braut réttlætis og sannleika, og þar af leiðandi hindri framför heimsins.

Ef vér athugum mannlífið grandgæfilega, hljótum vér að kannast við, að takmarkið, sem oss er ætlað að ná, er enn langt í burtu. Vér erum nú komnir svo langt, að vér kömumst við ágæti þekkingar og fróðleiks; tignum hið góða og göfuga í fari meðbræðra vorra; dáumst að mönnum eins og Livingstone, Pestalozzi og Tolstoi, er hafa offrað sínu öllu, án nokkurar umhugsunar um endurgjald, á aftari endurbótanna og mannkærleikans; en erum of andlega latir eða hugþausir til að breyta öðruvísi en íjöldinn, eða feta í fótspor slíkra manna.

Samt sem áður, þó framfarirnar séu hægfara, hlýtur takmarkið að ást. Kærleikur, vísdómur og fegurð eiga enn eftir að ríkja einvöld á jörð vorri. Mannkynið á eftir að verða ein stór fjölskylda, tengd bræðraböndum kærleikans; lifandi á hollri andans fæðu; dýrkandi mannúð, réttvísi og fegurð, en fyrirlítandi Mammon og "alla hans ára". Jörðin á að verða sameiginlegt heimili hinna hamingjusumu íbúa; þar sem verða engin landamæri viðurkend, af því engan mann langar til að ásælast eigur nábúa sins: þær hafa ekki framar neitt verðmæti í hans augum, því hann sækist eftir "fjársjóðum, sem mölur og ryð fá ei grandað".

* * *

ATHS. RITSTJÓRA. — Þetta er ritgerðin, sem verðlaunin hlaut hjá Stúdentafélaginu, — beztu ritgerðin, sem dómnefndinni barst. — Heimskringlu er sönn ánægja, að geta gefið lesendum sínum tækifæri að lesa hana, — ekki sízt fyrir það að hún er samin af kvenmanni.

Ungmennafélögin

Í 18. tbl. þ.á. ritar Gunnl. Tr. Jónsson greinarkorn um Ungmennafélögin heima á attjörðinni.

Þó það vilji nú brenna við, að ungmennafélagshugsjóninni hafi ekki verið sýnd jafn mikil virðing og trúmenska og hún hefir átt skilið, er það vafalaust, að félögin hafa, að öllu samanlögðu, gert mikið gagn.

Nú er það álit höfundarins, að félagsskapur þessi eigi erindi hingað vestur um haf eigi all-lítið. Telur hann, að stofnun slíks félagsskapar hér, sé, eigi að eins bezta, heldur eina ráðið til varnar íslenzkri tungu og þjóðerni með Vestur-Íslendingum, og í enda greinar sinnar skorar hann á alla unga Vestur-Íslendinga að láta ekki þetta tvent falla, — verða aldauða, þegar ráðið, til þess að bjarga hvorttveggju, sé fyrir hendi.

Sökum þess, að Gunnl. Tr. Jónsson hefir oft sýnt það áður, að honum liggur mál þetta ekki í léttu rúmi, finst mér bað vorkunnarlaust ungum mönnum, að láta þessi tilmæli hans ekki sem vind um eyrun þjóta. Ég vil því ríða á vaðið og leggja nokkur orð til þessa máls, þótt ég get. búist við, að G.T.J. þyki ég æði hjáróma.

Það er trúa mín, að þegar um jafn mikilsvert mál er að ræða og þetta, þá sé enginn hlutur jafn nauðsynlegur eins og að vekja engum, hvorki sér né öðrum, tálvonir, heldur leitast við að gera sér ljósa grein hvers máls, orsaka hvers meins; grafast fyrir þær rætur, sem dýpst liggja.

Ég lít svo á, að hér sé við svo ramman reip að draga, að fullyrðing G.T.J. sú, að ráð þetta muni hlíta til varnar íslenzkri tungu og þjóðerni hér, sé í meira lagi hæpin. Vil ég svo fara nokkrum orðum um vexti þessa máls vfir höfuð.

Því er svo farið, að tvenn eru þau öfl, sem móta hugsunarhátt hvers manns, líf hans og starfsemi. Er það í fyrsta lagi arfgengir hæfileikar og eðlissérkennileiki, sem hann tekur í arf frá foreldri sínu; í öðru lagi er það umhverfi hans, með sínum fjölbreyttu áhrifum. Nú hygg ég, að það komi fyrir eigi allsjaldan, að öfl þessi séu meira og minna andstæð, og togi einstaklinginn hvort til sinnar hliðar, og fer honum þá líkt, sem stæði hann á vegamótum, tvíráður um það, hvert halda skuli. Fara þann veg all-miklir kraftar hans forgörðum.

Margir munu þeir Íslendingar, sem þannig er ástatt fyrir, og því fremur, sem umhverfi þeirra hafa tvö verið og næsta ólík; hið fyrra á ættjörðinni og meira í samræmi við eðlissérkennileika þeirra, og fer því mörgum svo, að hugur þeirra er naumast hálfur hér vestan hafs. Slíkir menn lesa blóm í hugtúnum æsku sinnar, og orna sér við langelda minninganna meðan tími vinst til, og verður þeim þess eigi varnað.

Aðrir eru það, sem blanda blóði og ganga undir jarðarmen með hinni voldugu ensku þjóð, sem þeir deila með borði og bekkjum og öll um lífskjörum. Halda þeir leið sína beint, og virðist ekkert verða að farartálma, og eru þeir brátt úr augsýn.

En nú liggja svo leiðir manna í þessu landi, að með tímanum ber flesta að sama brunni. Umhverfi manna er svo auðugt af nýjum atburðum og áhrifum, að þeir fórna liðandi stund að mestu þeim kröftum hugans, sem til er að dreifa, og að því skapi frekar, sem lengra líður, og þeir komast í fleiri sambönd við menn og málefni. Þannig verður það, að smátt og smátt tinast menn inn á sömu brautir, lengra og lengra inn í hinn mikla soll.

Margt mun þjóð þessa lands betur lagið að kenna börnum sínum en sjálfsafneitun. Mótstöðuþrekið verður því hjá all-mörgum lítið í hlutfalli við þörfina, þegar spyrna skal móti þeim broddum, sem þröngva mönnum nær og nær því sameiningartakmarki, sem þjóð þessi hin mikla stefnir að. Það er öflugt lögmál, sem leitar sér jafnvægis með slíku heljarafli, að enginn þarf að ætla sér þá dul, að brjóta það á bak aftur, og gildir það jafnt um heila þjóðflokka, sem einstaklinga.

Tökum t. d. Suður-Jóta, Pólverja og Lothringen-búa. Allir eru þeir píslarvottar blindra ranninga, sem svifta þá því, sem þeim er helgast og dýrmætast.

Þegar svo er, rís upp rammaukinn mótþrói, sem hefir lífsnauðsyn þjóðarinnar að bakhjalli. Hér er alt öðru máli að gegna. Engri kúgan er beitt, til þess að nálgast þetta takmark. Það verður sjálfkrafa.

Málmhljómurinn og matarskrafið nægir, til þess að stinga öllum þorra manna svefnþorni í þessu efni, þegar til lengdar lætur.

Nú þegar svo fer þeim, sem tvennar muna tíðirnar og flutt hafa með sér belg fullan barnagulla til þessa lands, og týnt öllum eða flestum; hverning mun þá þeim farnast, sem ekkert hafa af Íslandi að segja af eigin reynd og fátt eitt af afspurn? Um það þarf naumast að eyða orðum.

Nú mun G.T.J. segja, að Ungmennafelagsskapurinn myndi settur verða undir þenna leka; að hann mundi fræða æskulýðinn um ættjörðina og kenna honum að elska hana.

Því miður virðast mér líkurnar fyrir því, að þetta tækist sem svarar 1 á móti 99.

Myndu Ungmennafélög þrífast hér? Í sambandi við það er óróðlegt að líta til þeirra stofnana, sem í upphafi vega sinna hafa átt að hvíla algerlega á íslenzkum grundvelli, t. d. sönfnuðirnir, þorrablótin o. fl. Á einni afmælishátíð eins safnaðarins hefi ég verið, og hygg ég, að enginn hafi þreyttur orðið þar á íslenzkunni, því alt fór þar fram á ensku, nema 2 sönglög. Aðrir munu þekkja betur til þorrablótanna, en ég, hversu þjóðleg þau eru. Víst munu þau eiga að vera ramíslenzk.

Nú er það tillaga G.T.J., að Ungmennafélög séu stofnuð í sambandi við "bandalögin", svo ekki bresti bænir. Yrði úr þeirri samsuðu "Kristilegt félag ungra manna", með nokkuð sérstöku sérstöku sniði þó, en þá risi í næsta spori sú freisting, að ganga í samband við það volduga félag, sem mjög lætur til sín taka um allan mentaðan heim, eiga hlutdeild í starfi þess og með því mótuneyti og annan góðan fagnað.

Víst er um það, að illa væri Ungmennafélagshugsjóninni í sveit komið hér vestan hafs, og fá skilyrði til þrifa, en mestu mundi skifta, hvernig henni yrði tekið af sjálfum ungmennunum. Myndu þau skilja hugsjónina? Myndu þau virða hana og þjóna henni, elska hana og fórna miklu á altari hennar?

Hún er heimtufrek hugsjónin; myndi verða langt um heimtufrekari hér en heima. Það næði skamt hávaði einn og gauragangur.

Mun ekki vanta grundvöll þann, sem félagsskapurinn þarf að hvíla á? Í brjósti hvers einstaklings þurfa að búa öfl, sem hann fái vakið af dvala og fært sér í nyt. Öfl þau eru: ættjarðarástin og lífsalvaran.

Sé þetta eigi fyrir hendi hjá íslenzkum ungmennum þessa lands, mun félagsskapur sá fara hingað fýluför eina.

Það er kunnugt, að svo þrífst félagsskapur hver, sem efni standa til. Hann er ávöxtur þeirra krafta, sem í einstaklingunum búa; vekur þá af dvala, sameinar þá, eflir og heldur þeim við. Hygg ég, að Ungmennafélagsskapurinn myndi draga dám eigi all-lítinn af hugsunarhætti hinna ensk-íslenzku ungmenna þessa lands. En hann er meira enskur en íslenzkur, og myndi þá að líkindum láta með ávextina.

Mér er svo farið, að ég er næsta veiktrúaður á velfarnað íslenzkrar tungu og þjóðerni í þessu landi; þrátt fyrir allan hávaða manna og digurmæli, sem sum eru af einlægni töluð, en sum út í hött og meira af undirhyggju. Hygg ég að hér muni skeika að sköpuðu, hversu sem freistað verður.

Fátt mun drottningu þeirra finnast til um hlutskifti sitt, sem hefir haft landvörn í herskáu ríki um mörg hundruð ár og gengið með sigri og sóma af hólmi, en er síðar skipaður ambáttarsess auvirðilegur. Má það og sjá á íslenzkunni hér vestan hafs, að hnignin situr hún mjög og ekki líkleg til langlífis.

Illa klæða hana ambáttartötrarnir, sem börn hennar hafa fært hana í, og slett á bótum fáránlegum.

Jónas Þorbergsson.

VESTUR-CANADA STÆRSTA FRÆHÚS

McKENZIE'S

BEZT FYRIR VESTRIÐ
ÓDÝRAST FYRIR VESTRIÐ
VALIÐ FYRIR VESTRIÐ

FRŒ

TIL SÖLU HJÁ SÉRHVERJUM DUGANDI KAUPMANNI

LÍTIÐ EFTIR FRŒKASSA VORUM Í HVERRI BÚÐ.

HEIMTIÐ McKENZIE FRŒ, TAKIÐ EKKERT ANNAÐ.

Ef kaupmaður yðar hefir það ekki pantið það frá okkur.

VIÐ gefum út hinn vandaðasta frœbækling í Canada. Sendið bréfspjald til okkar og fáið hann

A. E. McKenzie Co., Ltd.

BRANDON, MAN. CALGARY, ALTA.

Fæst úr Vestur-Canada

Stærsta og eina fyrir Vestur-Canada

FRÆMENN VESTUR-CANADA

Safnaðar fulltrúa-fundur.

Þann 16. febr. 1911 héldu fulltrúar þeirra safnaða, er gengu úr kirkjufélaginu íslenzka í Vesturheimi árið 1909 og standa fyrir utan það, fund með sér í "Tjaldbúðinni" í Winnipeg.

Á fundinum voru 19 manns. Höfðu 6 söfnuðir sent fulltrúa.

Samþykt var að hafa fundinn fyrir lokuðum dyrum.

Forseti fundarins var kosinn sr. Fr. J. Bergmann, en skrifari sr. Lárus Thorarensen.

Á dagskrá var að ræða um það, hvernig svara skyldi tilboði kirkjuþingsins síðasliðið sumar, þar sem það skorar á þá söfnuði, sem gengu úr kirkjufélaginu, og á hlutaðeigandi prest, að ganga inn í það aftur. Um það spunnust allmiklar umræður á fundinum. Og var síðan nefnd kosin til að athuga málið.

Kosningu (skriflega) í þá nefnd hlutu þessir;

Friðrik Bjarnason,
Gamaliel Þorleifsson,
Lárus Thorarensen,
Metúsalem Einarsson
Sigfús Bergmann.

Nefnd þessi lagði fram tillögur sínar daginn eftir, á fundinum. Hafði hún komið sér saman um svolátandi svar til kirkjufélagsins.

"Viðvíkjandi tilboði hins evangeliska lúterska kirkjufélags Íslendinga í Vesturheimi, síðastliðið sumar, að þeir söfnuðir gangi inn í það aftur, sem sögðu skilið við kirkjufélagið og hafa gengið úr því fyrir samþyktir þess árið 1909, þá leyfum vér oss að fara þess á leit, að hið háttvirta kirkjufélag gefi oss svolátandi upplýsingar:

Er tilboð þess um inntöku hlutaðeigandi safnaða, innfalið í því, að þessir söfnuðir geti verið og starfað innan svæðis kirkjufélagsins, þó að söfnuðirnir haldi fast við þau málefni, í framtíðinni, sem urðu að ágreiningsefni milli þessara safnaða og kirkjufélagsins, þegar söfnuðirnir gengu úr félaginu?

Til frekari skýringar skulum vér taka það fram, að vér getum ekki fallist á þær staðhæfingar hins háttv. kirkjuþings 1909, að trúarjátningar þess séu bindandi, því að kirkjulegar trúarjátningar eru fremur leiðbeinandi en sí-bindandi, né heldur getum vér gengist undir það, að trúarmeðvitund mannsins megi ekki hafa úrskurðarvald yfir heilagri ritningu, með því að oss væri þá ekki fyllilega ljóst, hvað það sé, er þá ætti að dæma um gildi ritningarinnar, ef það er ekki trúarmeðvitund hins frjálsa manns anda; enn fremur býður sannfæring vor oss að neita því, að öll ritningin sé bókstafiega inn-blásin af guði. Hins vegar viljum vér starfa að kirkju- og trú-málum í evangeliskum, kristilegum anda og á trúar-grundvelli heilagrar þrenningar.

Þegar hið háttv. kirkjufélag er búið að svara framangreindri fyrirspurn vorri og veitir oss fullkomið jafnrétti í kirkju- og trúmálum, þá fyrst gæti það komið til greina, að söfnuðir þeir, og prestar þeirra, sem hér eiga hlut að máli, gengju inn í kirkjufélagið aftur".

Allsnarpar umræður urðu um þessar tillögur nefndarinnar; og til að miðla öll málum, bar forseti fundarins upp breytingartillögu á þessa leið:

"Svo framarlega, sem kirkjufélagið vill leyfa söfnuðum þeim og prestum, sem hér eiga hlut að máli, að vera og starfa í kirkjufélaginu með þeim skilningi á biblíunni og trúarjátningum, sem fram hefir komið hjá þeim, með fullu jafnrétti og óskoruðu samvizku- og skoðana-frelsi, viljum vér mæla með því við söfnuði vora, að þeir gangi inn aftur í kirkjufélagið".

En breytingar-tillaga þessi var feld með 15 atkvæðum móti 4. Tillögur nefndarinnar voru síðan samþyktar með sömu atkvæðatölu.

Eftir stuttar umræður þar á eftir, var fundi slitið.

Lárus Thorarensen
(skrifari fundarins).

SVAR.

(Aðsent)

Jón Bildfell kemur enn að landbúnaðargrein sinni nú í síðasta Lögbergi út af umyrðum mínum um hana. Hann er nú víst farinn að sjá, að hann hefti ekki hnjaskið, því æpir hann á undan sér eins og eldabuska með fangið fult af leirtaui: Gáð' að, gáð' að, kondu ekki við mig. Ég skal gá að því. Mig langar ekkert til að troða illsakir við Jón, og hefi ekki gert það. Skrafið í honum um "þrungið af kala og illyndi í sinn garð", er alveg tilhæfulaust. Það kann vel að vera, að Jóni hafi þótt lofið gott í Lögbergi: að íslenzka þjóðin hlyti að slá hlustum við máli hans og það myndi verða landi og lýð til viðreisnar, en mér fanst það ótilhlýðilegt, og sjálfsagt að benda á, að hann færi ekki með nema gamalt, þrástagað búnaðarhjal, meir að segja veigaminna og fávíslegra, en menn ættu að venjast heima þar, og því ekki líklegra til framgangs, þó það kæmi frá honum en hinum. Ég gerði þetta svigurmælalaust og kalalaust til Jóns, en það var ekki tilætlun mín, að efna til neinnar búnaðarumræðu, og er ekki enn.

Jón lætur sem hann vilji ræða og hrekja mótbárur þær, sem ég hafði drepið á, að honum hefði ekki hugkvæmst og margir þó héldu fram, og gerir ut af við þær á þessa leið: fé til akurgerðar á að fá upp úr jörðinni sjálfri og með lánum, og ofaniburðnn úr gripunum "á vanalegan hátt"; grasrótin festir jarðveginn, segir hann, svo vindar geta ekki spilt sáðlenduflögunum og vatnsaginn henti bezt ökrum o. s. frv., og er drjúgur af. Mér dettur ekki í hug, að elta hann um aðra eins efnislausa vindheima.

Það er alveg víst, að Það borgar sig að auglýsa í Heimskringlu.

Giftingartilboðið.

I.

Tilboð lánsins lífi týna
löngun öfugt kaus.
"Viltu hægri hendi mína
hún er enþá laus.
Margur harmar sælu sína
sem að úti fraus."

Tilboðinu væna vina
vísaðu ekki frá,
fástu ekki hót um hina
hvað sem gengur á.
(Virðist þér ei visin sira.
verri en sílgrænt strá.)

Okkar sálar saman tvinni
sælu löngun hver,
hugsun mín í hugans-inni
helgast sjálfri þér,
treysta máttu tungu minni
töluð meining er.

Mannsál lífsins lærdóm hirtu,
lát ei villa þig;
mannsál egin vilja virtu,
vér ei á það treg;
mannsál veldu bjarta birtu,
beinan lífsins veg.

Sumir eiga "hvergi heima",
hugraun vekur það,
vængbilaðar vonir sveima
varla úr sama stað,
reynslu sálir gremju geyma
gleðjast hinir að.

Vegfarendur villu hata,
vonir stranda hér.
Óupplýsta leið að rata
ljótur vandi er.
Viltu ekki bráðan bata,
bjargráð handa þér?

II.

Reynslan hefur sýnt og sannað
sorgar atburð þann
sjónhverf kynning ekkert annað
ýmsum svíða vann.

Aðspurður vill ýmsu leyna
eigin sögn er hálf —
gegn því verður vörnin eina
viðkynningin sjálf.

Sérhver velja valið ætti
vilja frjálsum með,
það lífstíð stutta, langa bætti,
lánaði betra geð.

Allir vilja óskir kjósa
flöngun þess krefst,
allir vilja happi hrósa
hvenær sem það gefst.

Allir geta geymt í minni
gátan ráðin er,
sálir að eins einu sinni
anda lífi hér.

Viltu hægri hendi mína
hana bíð ég þér,
glaður vil ég, þiggja þína
þá hún réttist mér,

1-1910

Gnðmundur Sigurðson Skagfirðingur.

Dáinn 12. Janúar 1911.

Hrausta fél þar kempan keik,
kvað oss hrelling veidur;
bugar elli alla í leik,
æ hún velli heldur.

Engin hetja er svo kná
að hana geti bugað;
hart þó etji hrotta-þrá,
hún fær betur dugað.

Hnefa stælir krafta knú,
hvergi fælist viður
leggja hælkrók íta á
og þeim þvæla niður.

Sótti hún harðan vopna ver,
vön að skarða gengi,
hana barði af höndum sér
hann og varðist lengi.

Mesti hreystimaður var,
margan leysti vanda,
aflið geyst af öllum bar,
enn sér treysti að standa.

Vill hún bíða við og sjá
veiki el stríð að bæri, —
þá var tið að þjóta hana á,
þótt ei prýði væri.

Það er eftir aldarsið,
ekki slept mun æri,
eða tept að eiga við,
einn þótt kreptur væri.

Loksins hetjan veikjast vann,
viður fletið taði;
alt af lét hún eins við hann,
oft ei betur hafði.

Stálafengur varðist vel,
við þó gengi minna:
gekk svo lengi, hrausta Hel
hjálpaði drenginn vinna.

Höldar sýta að hnigin er
hirðir rata frægur,
lika íta eitt sinn hver
enda- hlýtur -dægur.

Eitt sinn stóð hann frár á fold,
fagurrjóður drengur,
lík nú hljóður lagt í mold, —
lífs svo óður gengur.

Hans framliðu æfiár
öll í friði og nenning;
bar þó við hann tæki "tár", —
tímans síða-menning.

Skagfirðingur Sónar-sæ
sigla slingur kunni,
braghendingum unni æ
undir hringhendunni.

Hann er svifinn héðan braut,
Hels frá drifinn grandi;
Hetju lifir andi.

Jónas J. Danielsson.

SMÆLKI.

Mér lýst vel á þennan páfagauk, sagði frú ein, sem komið hafði inn í fuglabúð. Talar hann vel? — Hann talar bæði vel og er skynsamur, svaraði seljandinn.— Hvað kostar hann? — Kaupmaðurinn, sem sá, að konan var rikulega til fara, ásetti sér að græða á sölunni, og sagði að fuglinn kostaði 10 dollara. — Fimm dollara, frú mín, gargaði þá páfagaukurinn.— Frúin leit þá á kaupmanninn og sá að hann hafði roðnað. Ég heyri að fuglinn talar vel og er skynsamur, og kaupi ég hann því fyrir verð það, sem hann sjálfur tiltók, ef ég fæ hann fyrir það. — Þér getið fengið hann fyrir það, sagði hinn sorgmæddi kaupmaður, en bölvaði í hljóði skynsemi páfagauksins.

Giftingaleyfisbréf
SELUR
Kr. Ásg. Benediktsson
424 Corydon Ave. Fort Rouge

FARIÐ Á PÓSTHÚSIÐ YÐAR

og spyrjið hvert nokkur Eaton's verðlisti sé fyrir yður. Okkar vor og sumar verðlistum er nú verið að útbýta í sérhverju pósthúsi í Vestur-Canada, og ef nafn yðar er á útsendingarlista vorum, þá ætti verðlisti að bíða yðar í næsta pósthúsi. Hafi ekki pósthúsið fengið verðlista til yðar skrifið okkur þá bréf eða bréfspjald og segið aðeins

Sendið mér ykkar nýja vor-verðlista.

Við munum þá senda yður einu með næsta pósti.

Við viljum að sérhvert heimili í Vestur-Canada hafi einn af þessum verðmætu verðlistum. Hann sýnir lægsta verð á beztu vörum og sérhver hluti í listanum er ábyrgst að falla í geð.

Verðlistinn sendur ókeypis hvert sem er.

Listinn inniheldur 267 síður af munum sem hvert einasta heimili í Vestur-Canada þarfnast. Skrifið eftir listanum nú strax ef þér hafið ekki móttekið hann.

T. EATON Co
WINNIPEG CANADA

minn", sagði Helen, frá sér numin af hrygð. "Hann hefir hlotið að þjást ógurlega".

"En ég þá? Metur þú minar þjáningar einskis?"

"Fyrirgefðu mér, Móritz", sagði hún innilega. "Ég hefi verið skæm og gert margt rangt. Ég hefi bakað þér ógæfu, sem varst velgerðamaður minn og vinur, en guð er mitt vitni", sagði hún grátandi, "að það hefir sheð gagnstætt vilja minum, — og að ég hefi ávalt elskað og blessað þig. Frá því augnabliki er ég mætti augnatilliti þínu á leiksviðinu í Stokkhólmi, þegar fyrsta leikritið, sem ég byrjaði við sem leikmær, var sýnt, án þess að ég þekti hið hræðilega samband þess við æfisögu föður mins, — hefir iðranin aldrei yfirgefið huga minn. Hið blíða, ásakandi tilhlit þitt smaug í gegnum sálu mína sem tvíeggjað sverð. Engin gleði, engar skemtanir, ekkert sigurhrós hefir orkað að afmá þau áhrif. Þú mátt trúa mér. Ég hefi líka liðið mikið, þó ég hafi ekki getað ovinberað þjáning mina fyrir neinum. Og nú, þegar ég vest um alla þessa hræðilegu viðburði, margfaldast iðran min, hugsana tilkenningar minar verða takmarkalausar, — — og þín, Móritz, þín verður hefnt".

"Helen", sagði Móritz áhyggjufullur, "við erum bæði ogæfusöm, og ættum því að sýna hvort öðru umburðarlyndi. Ég hata þig ekki lengur, Helen, og bitru orðin mín hafa orsakast af mannhatri minu, sem á rót sína að rekja til óhappa minna. Hvers vegna ætti ég líka að hata þig? Þú hefir að eins veiið verkfæri i hendi forlaganna, en hefir ekki af ásetningi eða frjálsum vilja veitt mér djúpu sárin, sem nu blæða, og ég er ekki svo blindur, að ég sjái þetta ekki. Þú hefir í raun réttri gott hjartalag, en, eins og svo marga aðra, hafa holdslýsnirnar leitt þig villiga, þráin eftir jarðneskum nautnum. Tálseggurinn kom og eitaði sálu þína, — þú fékst — og hvað

svo? Þúsundir kvenna hafa fallið á sama hátt og þú, og þúsundir þeirra munu enn falla á ókomna timanum. Það eru lög heimsins, og hver er sá, sem breytt getur einum staf í þeim?"

"Þú hatar mig þá ekki?" sagði hún glaðlega og rétti honum hendi sína, "ó, ég vissi það. Þú ert jafn eðallyndur og þú varst; nú þekki ég þig. Þú ert hinn sami Móritz Sterner, sem var velgerðamaður minn, vinur minn".

"Nei, Helen. Ég er ekki hinn sami og áður, og verð það aldrei. En samt skulum við ekki skilja sem óvinir. Forlögin hafa lagt járnhönd sína á milli okkar, — — en hvers vegna ættum við að ásaka hvort annað?"

"Þu ert forlagatrúar, Móritz", sagði Helen. "Það ertu orðinn síðan ég sá þig seinast".

Móritz svaraði ekki.

"Þú hefir veitt mér harða og hræðilega kenslu", bætti hún við, "og ég er þér þakklát fyrir það. Lyfið var beiskt, en það veitir heilbrigði. Áður langt um líður skaltu fá að vita um verkanir þess. — En, nú, góða nótt".

"Góða nótt", sagði Móritz, og þrýsti hendi hennar hægt. "Þú ætlar ekki oftar að finna Georg, — eða larðu?"

"Aldrei".

"Hann verðskuldar heldur ekki ást þina, — og gleymdu ekki, að hann er föðurbróðir þinn".

Hann opnaði dyrnar og fór.

Þegar hann var farinn, féll Helen á kné við rúmið sitt og fól tárvota andlitið í koddanum.

Tárin linuðu sorg hennar, og hún stóð aftur upp með hreinum og heilögum ásetningi, sem gladdi englana, að svo miklu leyti sem það er satt, er ritningin segir, að það sé gleði á himnum yfir hverjum syndara, sem bætir ráð sitt.

. . . . . .

Daginn eftir sáu menn á götuhornunum í litla kaupstaðnum svolátandi auglýsingu:

"Leikurinn, sem fram átti að fara í kveld samkvæmt auglýsingu, verður ekki sýndur sökum vanheilsu ungfrú Roos".

Íbúar kaustaðarins, sem höfðu hlakkað til þessa skemtileg kvelds, þóttust illa leiknir, því tveim dögum síðar fór Helen á burt, án þess að hún léti sjá sig í leikhúsi bæjarins.

VIII.

Rouge et noir.
(Rautt og svart).

Í götu nokkurri í þeim hluta Parísarborgar, sem litið hrós hlaut, var það eitt vorkveld árið 18— að ungur maður stóð á gangtröðinni og horfði upp í ljósbjörtu gluggana á laglegasta húsinu, sem þar var í nánd.

Ungi maðurinn var klæddur stórri kápu og huldi kragi hennar andlit hans að nokkru leyti. Hann virtist i efa um það, hvort hann ætti að ganga inn í húsið eða ekki, því stundum stóð hann hreyfingarlaus, stundum gekk hann fram og aftur fyrir utan dyraþrepsstigann, stundum sté hann öðrum fætinum á neðsta stigaþrepið, en hætti svo við eins og hann hefði hugsað sig um.

Meðan hann var i þessum efasemdar hugleiðingum, tók hann eftir því, að annar maður nálgaðist hann smátt og smátt, þar sem hann stóð.

Sá, sem var að koma, sem einnig var ungur maður, leit á hann og virtist þekkja hann, því hann nam staðar og lagði hönd sina á öxl hins fyrnefnda.

Hann sneri sér strax að komumanni.

"Ó, ert það þú, Sterner", sagði hann og hneigði sig. "Hvert er ferðinni heitið?"

"Ég kem úr leikhúsinu og ætla heim", svaraði Móritz, því þetta var hann, "og ég stóð við til þess að spyrja þig, hvort þú vildir ekki verða samferða, fyrst við eigum samleið. — En hvað ertu að gera hér og hvaða hús er þetta?"

Þetta er spilahús", svaraði kápuklæddi maðurinn, "og ég er að hugsa um, hvort ég eigi að fara inn eða ekki. Viltu verða samferða inn?"

"Nei, ég spila aldrei".

"Ég heldur ekki, — en mig langar til að sjá, hvernig spilamenskan fer fram. Þetta kvað vera eitt af hæztu spilahúsunum í París".

"Hugsaðu ekki um það", sagði Móritz. "Hérna kemur vagn; við skulum láta aka okkur heim í honum".

"Nei, nei, ég má til að fara inn".

"Gættu þín, — ég þekki þig. Þú munt ekki geta staðist freistinguna, og verður innan stundar búinn að tapa þeim peningum, sem þú hefir".

"Ég bið guð að varðveita mig frá því", sagði unglingurinn fjörlega, "því ég skal segja þér, að ég hefi þrjátigi þúsund franka í vösum minum, sem er öll eigu móður minnar og systur".

"Hvernig hefirðu fengið svo mikla peninga?"

"Ekkert er auðveldara. Við höfum selt eitt okkar í Bretagne, og ég kem núna beina leið frá skjalaritaranum, sem borgaði mér alt eignarverðið".

"Þess meiri ástæðu hefirðu til að fara ekki inn. Hugsaðu um móður þína og systur, sem elska þig svo heitt. Þær hafa eingöngu þín vegna yfirgefið

Sómi Íslands, sverð og skjöldur.

Gjafir til minnisvarða JÓNS SIGURÐSSONAR.

Frá WEST SELKIRK, Man.

Matthias Thordarson $5, Mrs. Ingibjörg M. Thordarson $1, Miss Aðalbjörg M. Thordarson $1, B. Dalman 50c, Einar Dalman 50c, Mrs. Guðríður Dalman 50c, Miss Guðrún Dalman 50c, Guðleifur Dalman 50c, Kristján H. Kristjánsson $1, Mrs. G. B. Kristjánsson 25c, Miss Margret Anderson 25c, Ólafur T. Anderson 25c, Carl Anderson 25c, Miss Thóranna Anderson 10c, Sigurður Anderson 10c, Miss Helga Anderson 10c, Haraldur Anderson 10c, Miss Sigríður Kristjánsson 10c, Miss Björg B. Kristjánsson 10c, Thorsteinn Gíslason $1, Miss S. E. Kerúlf 50c, Thorvardur Kerúlf 25c, Eiríkur Johnson 50c, Gísli Johnson 25c, Árni Long 50c, Richard Long 25c, Gunnar Johnson 25c, Jón Filippusson 25c, Óli Filippusson 25c, Sigurður Guðlaugsson 25c, Jón Guðmundsson 35c, Teitur Sigurdson 15c, Miss Jóna Gunnlaug Johnson 15c, N. O. Lundström (svenskur) 25c, Miss Lára Johnson 10c, Vilhálmur Guðmundsson 25c, Thorkell Jónsson 15c, Ónefndur 25c.

Frá LÖGBERG, Sask.

G. Guttormsson 50c, Rannveig Guttormsson 25c, Gísli R. Guttormsson 25c.

Frá SINCLAIR, Man.

Jón Halldórsson 50c, Guðrún Halldórsson 50c, Hjálmar Halldórsson 50c, Pétur Halldórsson 50c, Konráð Halldórsson 50c, Sigrún Gottfred 50c.

Frá RESTON P.O., Man.

Gunnlaugur Ólson 50c, Halldóra Ólson 50c, Snæfríður Ólson 25c.

Frá ICELANDIC RIVER, Man.

Jón Sigvaldason 50c.

Frá WINNIPEG.

Elín Sigurðardórrir 50c, Baldvin Benediktsson 25c, Mrs Guðný Benediktsson 25c, Jón Benediktsson 25c, Halldór Benediktsson 25c, Thorvaldur Benediktsson 25c, Benedikt Benediktsson 25c, Baldvin Benediktsson, yngri, 25c, Karl Benediktsson 25c, Stefán Anderson 25c Mrs. Oddný Anderson 25c.

Elín Hall $1.

Frá WINNIPEG BEACH.

Jón Kernested $1, Svafa Kernested 50c, Helga J. Kernested 25c, Einar J. Kernested 25c, B. Guttormsson $1, E. Guttormsson $1, O. Guttormsson $1, Sigurjón Sveinsson $1, Haraldur Anderson 50c, Josephina Anderson 50c, Haraldur M. K. Anderson 25c, Daniel V. Anderson 25c, Octavia J. I. Anderson 25c, Edward O. C. Anderson 25c. Helgi Sturlaugsson 50c, S. G. Thórarinsen 25c, G. Gíslason 75c, H. Reykdal 25c, S. T. Hördal 25c.

Frá BALDUR, Man.

Jónas Thorbergsson 50c, A. Hannesson $1, Mrs. A. Hannesson 50c, H. A. Hannesson 50c, O. A. Hannesson 50c, T. A. Hannesson 50c.

Frá TANTALLÓN, Sask.

Guðjón J. Vopni $1, Mrs. Guðríður Vopni 50c, Sveinn Vopni 50c, Sigurður Vopni 25c, Jón B. Vopni 25c, Þórunn B. Vopni 25c, Josephina M. Vopni 25c, Sigurður J. Stevenson 25c, Alfred A. Sigurðsson 10c, Gestur Dalman 25c.

Gunnlaugur Gíslason $1, Halldóra Gíslason 50c, Guðrún G. Gíslason 25c, Arnþrúður G. Gíslason 25c, Sigtryggur Goodman $1, Eymundur Eymundsson $1, Jónas Kristjánsson $1, Guðrún Kristjánsson 50c, Matthildur Kristjánsson 50c.

Frá BROWN, Man.

Gunnar Th. Oddson 50c, Mrs. Sigríður Oddson 50c.

Frá CHURCHBRIDGE P.O.

B. Johnson 50c, Mrs. Ólafía B. Johnson 50c, Mrs. Þórunn B. Ó. Johnson, Thingvalla P.O., 50c, Mrs. Monica Thorlaksson 25c, Magnús Magnússon 50c, Freysteinn Jónsson $1, Mrs. F. Jónsson 50c, Guðný F. Jónsson 25c, Jón F. Jónsson 50c, Sveinn Egilsson 50c, Sigfús Laxdal 50c, séra H. Leó $1, Th. Halldórsson 25c, Oddur Melsted 25c, Sigurður Bjarnason 50c, Einar J. Suðfjörð 50c, Mrs. E. Suðfjörð 50c. Mr. og Mrs. G. Brynjólfsson $1, J. S. Thorlackson 50c, Hinrik Gíslason $2, Eyjólfur Hinriksson $1, Ingibjörg Hinriksson 50c, Björn Hinriksson 25c, Þuríður Hinriksson 25c, Guðrún Hinriksson 15c, Eybjörg J. Hinriksson 15c, Guðrún J. Hinriksson 15c, Hinrik A. Hinriksson 15c, Guðm. H. Hinriksson 15c, Guðm. G. Sveinbjörnsson 50c, Guðrún Sveinbjörnsson 50c, Steini Sveinbjörnsson 15c, G. O. Sveinbjörnsson 15c.

Frá MOUNTAIN, N. Dak.

Jóhannes Torfason 50c, Helga Torfason 50c.

Frá HOWE P.O., Man.

A. J. Skagfeld $1, Mrs. A. J. Skagfeld 50c, Stonie Skagfeld $1, Stanley Bkagfeld 25c, Lína Skagfeld 50c, Stephania Skagfeld 50c, Valla Skagfeld 25c, Hanna Skagfeld 15c, Emily Skagfeld 10c, Clara Skagfeld 10c, Dóra Skagfeld 10c, S. Skúlason 50c, Mrs. S. Skúlason 25c, B. Skúlason 55c, Guðr. Skúlason 10c. Mrs. H. Vigfússon 50c, Jóhannes K. Vigfússon 25c, Th. Jónsson 25c, Mrs. Th. Jónsson 15c, Sveinn Jónsson 10c, S. Eyjólfsson 25c, Mrs. S. Eyjólfsson 25, Miss G. Eyjólfsson 10c, Miss Lillian Eyjólfsson 10c, Allan Eyjólfsson 10c, Herbert Eyjólfsson 10c, Ronald Eyjólfsson 10c, Jón Guðmundsson 50c, Mrs. J. Guðmundsson 50c, Bjarni Guðmundsson 25c, Katrín Guðmundsson 25c, Margrét Guðmundsson 25c, Anna Guðmundsson 25c, Vigfús Thordarson 25c, Mrs. V. Thordarson 25c, Thordur Thordarson 20c, Rannveig Thordarson 10c, Ásta Thordarson 10c, Sigurður Thordarson 10c, Mrs. Jóhannes Sigurðsson 25c, Sarah Sigurðsson 25c, Elis G. Sigurðsson 25c, Anna B. Sigurðsson 25c, Jón Jónsson 75c, Mrs. J. Jónsson 50c Allantir Sveinsson 15c, Mrs. Kr. Kristjánsson 10c.

Frá HARLINGTON P.O.

J. A. Vopni 50c, Mrs. J. A. Vopni 50c, John Valdimar Vopni 50c, Sigurlaug J. Vopni 20c, Árni Vopni 10c. Anna S. Vopni 10c, Ágúst Vopni 10c, Halldór Vopni 10c.

Frá SWAN RIVER.

Halldór Guðmundsson 50c. K.P. Goodmanson 25c, Anna J. Goodmanson 50c, Guðríður Kristjánsdóttir 50c, Sæmundur Helgason 50c, Þorbjörn Sigurðsson 50c, Ingveldur Jónsdóttir 25c, S. Sigurðsson 25c, Mrs. Th. J. Samson 25c. Halldór Egilsson 50c, Mrs. H. Egilsson 50c, J. H. Egilsson 25c, A. H. Egilsson 25c, K. H. Egilsson 25c, J. H. Egilsson 25c, Miss H. H. Egilsson 25c, B. Sigurðsson 50c, H. Helgason $1.

Frá GRASS RIVER, Man.

Helgi Einarsson $1, B. F. Olgeirsson $1.

Frá THEODÓRE, Sask.

Árni Johnson 50c, Margrét Johnson 50c, J. G. Johnson 50c.

Frá ADDINGHAM, Man.

Mrs. H. Bjarnason 50c, H. Bjarnason 50c, Elisabet Bjarnason 25c, Ólafía Bjarnason 25c, Halldóra 25c, Agla Bjarnason 25c, Oscar Bjarnason 25c, Thorbjörg Bjarnason 25c, Bertel Bjarnason 25c, Victor Bjarnason 25c, John Goodman 25c.

Frá SKALHOLT P.O., Man.

J. J. Anderson $1, Ben. J. Anderson 50c, Guðrún H. Anderson 25c, Vilhelm Anderson 25c, Hannes Anderson 25c, Emma Anderson 25c, Minerva Anderson 25c, Albert Anderson 25c, Sigrún Anderson 10c, Haraldur Anderson 10c, G. J. Ólson $1, Guðrún S. Ólson 25c, Halldór T. Olson 25c, Sigurveig Ólson 25c, Franklin Ólson 10c, Árni A. Pálsson 10c, Tryggvi Ólafsson 50c, Berglaug Ólafsson 50c, Ólina F. Ólafsson 25c, Abigael C. Ólafsson 25c, Ólafur S. Ólafsson 25c, Gunnar Ólafsson 15c, Dóra L. Anderson 10c, Brynjólfur Jósepson 50c, Guðný Jósepson 50c, Anna Thordarson 25c, Mabel Johnson 25c, Lína Sigurðsson 25c, Friðfinnur Jónsson 50c, Sigurlaug G. Einarsdóttir 50c, Jón Björnsson 50c, Ágúst F. Jónsson 25c, Friðfinna H. Hanson 25c, Hjálmar Árnason 25c, Guðrún Árnason 25c, Fanny Árnason 25c, Ida Árnason 25c, Björn Heidmann 50c, Jón S. Heidmann 50c, Aðalgrímur Heidman 50c, Jóhanna Heidman 10c, Benedikt Heidmann 10c, Sveinn Sveinsson 25c, Kristín Sveinsson 25c, Svein S. Sveinsson 25c, Ingibert Sveinsson 25c, Kristján Sveinson 25c, Kristján A. Olson 25c, Sigfríður C. Olson 25c, Pétur Ásmundsson 25c.

Frá DOG CREEK P.O., Man.

Stephan Stephánsson $1, Súsanna Stephánsson $1, Ingigerður Stephánsson 50c, Matín Jónsson 50c, Jón Jónasson 25c, Ragnheiður Jónasson 25c, A. J. Arnfinnsson 50c, Mrs. M. O. Ísberg 50c, Soffía K. Ísberg 25c, Guðmundur Ísberg 50c, Hjálmar Jónasson 15c, Egill Jónasson 50c, Ástríður Jónsdóttir 25c, J. K. Jónasson $1, Mrs. J. K. Jónasson $1, Guðmundur F. Jónasson 25c, Björg Jónasson 25c, Ólafur Jónasson 10c, Guðlaug Jónasson 10c, Jónína G. Jónasson 5c, Snorri Jónasson 5c, Skúli Jónasson, Ólavía Jónasson 5c Guðm. Finnbogason 25c, Guðlaug Finnbogason 25c, Sveinbjörg Arnfinnsson 25c, Oscar Sveistrup 50c, Olína Sveistrup 50c, Anna Sveistrup 15c, Kristín Sveistrup 10c.

Frá YORKTON, Sask.

J. B. Thorleifsson $2, Mrs. Jas Lee 50c, Björn Hjörleifsson 50c.

Frá MOUNTAIN, N. Dak.

John Hillman $1, Mrs. Elisabeth Hillman $1, Louis Hillman $1, J. Hillman $1, M. B. Hillman 50c, E. G. Hillman 50c, O. Sveinsson 50c, S. J. Sveinsson 50c. Mrs. C. Indriðason 50c, C. Indriðason 50c, Percival I. Indriðason 25c, Magnús B. Indriðason 25c, Skapti T. Indriðason 25c, Brynjólfur C. Indriðason 25c, Stefán Indriðason 25c, Brynjólfur Brynjólfsson $1, Jóhannes Anderson 50c, Mrs. Anderson 50c, Ágústína M. Anderson 25c, Jóhanna G. Anderson 25c, Jósef Anderson 25c, Elinborg Johnson 25c, Mrs. S. Johnson 25c, Ina Johnson 25c, Mrs. Kristín Dalman $1, Haraldur Sigurðsson 25c, Jóhann Kristjánsson 25c, Friða Kristjánsson 25c, Jón Stefánsson 25c, P. O. Hanson 25c, Sveinn Arason 15c, Mrs. Arason 10c, Þorgils Halldórsson 25c, Silvía Johnson 25c, Sæmundur Eiríksson 50c, Mrs. Eiríksson 50c, Finnbogi Erlendsson 25c, Mrs. Erlendsson 25c, Þórður Jónsson 25c, Guðmundur Jónsson 50c, Guðmundur Jóhannesson 50c, J. Benediktsson 25c, Mrs. Benediktsson 25c.

J. K. Johnson 50c, S. K. Johnson 50c, Sesselja Johnson 50c, Anna K. Johnson 50c, Einar Sigurðsson 50c, Guðni Gestsson 25c, Anna Gestsson 25c, Elizabeth Gestsson 10c, Lína Jónasson 25c, Björg Jónasson 10c, Thruda Gestsson 10c, Magnea Gestsson 10c, Gunnlaugur Gestsson 25c, Anton Jóhannesson 25c, Rut Gestsson 10c, Jóhanna Gestsson 10c, Helga Jónasson 10c, O. A. Stefánsson 50c, S. A. Stefánsson 25c.

Frá EDINBURG, N. Dak.

Ólafur Ólafsson $1. Friðrika Ólafsson 50c, S. J. Ólafsson 50c, Friðrik Ólafsson 50c, K. G. Kristjánsson 75c, Svanfríður Kristjánsson 75c, Hannes Kristjánsson 50c, Valdimar Kristjánsson 50c, Rósa Kristjánsson 25c, Sigurbjörn Kristjánsson 50c, Hannes Björnsson 25c, Anna Björnsson 25c, B. Dagsson 50c, G. A. Gíslason 50c, Mrs. Rose Snydal 50c, A. S. Baldwin 15c, Steinunn Halldórsson 50c, Guðlög Þorláksson 25c, Guttormur Jónasson 25c, Guðlög Jónasson 25c, Jón Jónasson 25c, Lára Jónasson 25c, Guðmundur Gíslason 50c, Guðrún Gíslason 50c.

Samtals $161.40
Áður auglýst ... 8821.55

Alls innkomið... $982.95

Hvað er að?

Þarftu að hafa eitthvað til að lesa? Hver sá er vill fá sér eitthvað nýtt að lesa í hverri viku, ætti að gerast kaupandi að Heimskringlu.

Hún færir lesendum sínum ýmiskonar nýjan fróðleik 52 sinnum á ári fyrir aðeins $2.00. Viltu ekki vera með?

THE DOMINION BANK
HORNI NOTRE DAME AVENUE OG SHERBROOKE STREET

Höfuðstóll uppborgaður: $4,000,000.00
Varasjóður - - - $5,400,000.00

Vér óskum eftir viðskiftum verzlunar manna og ábyrgumst að gefa þeim fullnægju. Sparisjóðsdeild vor er sú stærsta sem nokkur banki hefir í borginni.

Íbúendur þessa hluta borgarinnar óska að skifta við stofnun sem þeir vita að er algerlega trygg. Nafn vort er fullrygging óhultleika. Byrjið sparisjóðsinnlegg fyrir sjálfa yðar, konu yðar og börn.

Phone Garry 3450 Scott Barlow, Ráðsmaður.

Vitur maður er varkár með að drekka eingöngu HREINT ÖL. Þér getið jafna reiðt yður á

DREWRY'S
Redwood Lager.

Það er léttur, freyðandi bjór, gerður eingöngu úr Malt og Hops. Biðjið ætíð um hann.

E. L. DREWRY, Manufacturer, Winnipeg

Með því að biðja sérlega um "T.L. CIGAR," þá ertu viss að fá ágætan vindil.

Smoke the T.L. CIGAR

T.L.

(UNION MADE)
Western Cigar Factory
Thomas Lee, eigandi Winnipeg

STRAX Í DAG er BEZT AÐ GERAST KAUPANDI AÐ HEIMSKRINGLU. — ÞAÐ ER EKKI SEINNA VÆNNA.

Manitoba á undan.

Manitoba hefir víðáttumikla vatnsfleti til uppgufunar og úrfellis. Þetta, hið nauðsynlegasta frjógunarskilyrði, er því trygt.

Enníþá eru 25 milión ekrur óbygðar.

Íbúatal fylkisins árið 1901 var 225,211, en er nú orðið um 500,000, sem má teljast ánægjuleg aukning. Árið 1901 var hveiti og hafra og bygg framleiðslan 90,367,065 bushela; á 5 árum hefir hún aukist upp í 129,475,943 bushel.

Winnipeg borg hafði árið 1901 42,240 íbúa, en hefir nú um 150,000; hefir nálega fjórfaldast á 8 árum. Skattskildar eignir Winnipegborgar árið 1901 voru $26,405,770, en árið 1908 voru þær orðnar $116,106,390. Hófðu meir en þrefaldast á 7 árum.

Flutningstæki eru óviðjafnanleg,— í einu orði sagt, eru í fremsta flokki nútíðartækja: Fjórar þverlandsbrautir liggja um fylkið, fullgerðar og í smíðum, og með miðstöðvar í Winnipeg. Í fylkinu eru nú nálega 4 þúsund mílur af fullgerðum járnbrautum.

Manitoba hefir tekið meiri landbúnaðarlegum og efnalegum framförum en nokkurt annað land í heimi, og er þess vegna ákjósanlegasti aðsetursstaður fyrir alla, af því þetta fylki býður beztan arð af vinnu og fjárleggi.

Skrifið eftir upplýsingum til: —

JOS. HARTNEY, 77 York Street, Toronto, Ont.
JOS. BURKE, 178 Logan Avenue, Winnipeg, Man.
A. A. C. LaRIVIERE, 22 Alliance Bldg., Montreal, Quebec.
J. F. TENNANT, Gretna, Manitoba.

J. J. GOLDEN,
Deputy Minister of Agriculture and Immigration, Winnipeg.

Bretagne, til þess að geta verið hjá þér og glaðst yfir framförum þínum á þeirri lífsbraut, sem þú hefir valið þér. — Hvernig gekk þér með nýju myndina?"

"Ég seldi markgreifanum í Rue du Temple hana fyrir 500 franka. Þá peninga hefi ég líka á mér".

"Það er gott. Þú hefir bæði hægan og þægilegan atvinnuveg til lífsviðurværis þíns. Eyðilegðu nú ekki sjálfan þig og framtíðarvon þína með því, að flana út í freistinguna. Hvað heldurðu að þú gerðir, ef þu eyddir eign móður þinnar í spilum?"

"Hamingjan hjálpi mér. Þú getur naumast ætlað, að ég sé svo vitlaus? Ef mér dytti í hug að spila, þá myndi ég í hæsta lagi voga mínum eigin peningum. Ég verð að játa, að mig sárlangar til að margfalda þá peninga, sem ég fékk fyrir myndina mína".

"Ertu þá svo sólginn í peninga? Ég hélt þú værir það ekki, því þú ert listamaður".

"Já, en þú veizt, hve innilega ég elska Hortense. Finst þér þá svo undarlegt, þó ég vilji verða rikur?"

"Nei, alls ekki, Charles minn, en þá ósk færðu ekki uppfylta í þessu ræningjabæli. Farðu því að ráðum mínum og gættu þín".

"Góða nótt, Sterner", sagði ungi málarinn ákveðinn. "Ég ætla inn hingað. Ef þú heldir nokkuru sinni elskað með jafn mikilli ástríðu og ég, þá myndirðu skilja, hvað ég er að gera".

"Ef ég hefði nokkru sinni elskað", sagði Móritz og brosti biturt.

"Já, en það hefir þú ekki gert. Þú ert ekki Suðurlandabúi. Þú ert frá norðrinu kalda, þar sem lífsins hlýjustu tilfinningar frjósa, — frá bjarndýralandinu, þar sem tennurnar nötra í munninum alt árið, og þar sem engar aðrar rósir sjást en þær sem veturinn myndar á glaggarúðurnar. Ísskeðlið býr í þér, og þess vegna biður þú mig að gæta mín. En ég

fer inn. Ég ætla að græða hundrað þúsund franka og kvongast Hortensu".

Hann gekk hiklaust upp dyraþrepsstigann.

"Þá verð ég líklega að fylgja þér inn í ræningjabælið, ólánsmaður", sagði Móritz. "Það er heimskuleg, — ég ætti ekki að skeyta um mennina, en þú hefir áhrif á mig þvert á móti vilja mínum.— Þú ætlar þér þá að spila?"

Þeir gengu upp stigann upp á efra loft.

"Já, ég ætla að reyna hepni mína".

"Eitt orð áður", sagði Móritz og nam staðar. "Láttu mig geyma peningana hennar móður þinnar. Nú, enga bið. — Fáðu mér þá áður en við förum inn".

"Hvers vegna?"

"Svo þú eyðir þeim ekki við spilamenskuna".

"Ó, þú ert ekki með sjálfum þér", sagði ungi málarinn. "Heldurðu mér detti í hug að ræna þeim?"

Móritz sagði ekki meira og svo gengu þeir inn í spilasalina.

Alt var mjög skrautlegt þarna inni. Þjónar í gullskreyttum fötum tóku á móti yfirhöfnum þeirra, og aðrir þjónar buðu þeim hressingu. Geislar af silki og kristöllum dreifðust um herbergin,—en í einu horninu á stóra salnum heyrðist skrjáta í bankaseðlum og hringla í gullpeningum.

Þeir, sem inn komu, nálguðust ósjálfrátt þetta aðlaðandi horn, þar sem hjóli hamingjugyðjunnar var snúið í hring, þar sem hin dutlungafulla gyðja svifti fórnardýr sín allri von og kvaldi þau.

Menn spiluðu 'rouge et noir' (rautt og svart), — þetta vonda spil, sem hefir steypt svo mörgum í ógæfuna, og sem á einni einustu nóttu hefir gert marga efnaða menn að betlurum,— þetta spil, sem svo mörg tár, margar bölbænir og mikið blóð fylgir.

Móritz veitti persónunum, sem stóðu í kringum græna óhappaborðið, nána athygli.

Fyrst varð honum litið á hættumeistarann og konu hans, sem hjálpaði honum dyggilega við talningu peninganna til útborgunar og innborgunar, taps og gróða. Hann var maður feitur, milli fimtugs og sextugs, með dökt, ítalskt andlitsfall. Svipurinn var ekki óviðfeldinn, en gráa hárið og hrukkótta ennið virtist benda á, að hugur þessa manns hefði verið ólikvöllur óhemjandi ástríða. Litlu, gráu, tindrandi augun hans liktust höggormsaugum, þegar hann horfði á gullpeninga hrúgurnar og bankaseðla bunkana, sem lágu á borðinu.

Kvenmaðurinn, sem stóð við hlið hættumeistarans, með litla silfurreku í hendinni, og Móritz áleit vera konu hans, bar það með sér, að hún hafði verið fríðbær að fegurð, þó andlitið væri nú með ellisporum. Hún leit út fyrir að vera um fertugt. Hár hennar og augu voru jafn svört og íbeniviður. Hendurnar og handleggirnir héldu samt upprunafegurð sinni og vöxtur hennar var svo snotur, að slíkt er sjaldgæft hjá fertugum kvenmönnum. Klæðnaður hennar var ljómandi fallegur, og gimsteinar glitruðu á fingrum hennar og úlnliðum. Fallega hárið hennar var ekki hulið af neinu höfuðfati.

Þegar Móritz var búinn að athuga þessar tvær aðalpersónur, leit hann á mennina, sem stóðu kringum spilaborðið.

Andlit þeirra bar vott um hinn órólega ákafa, sem í þeim bjó, meðan þeir biðu þegjandi eftir kallinu frá hættumeistaranum: "Rautt vinnur, svart tapar", eða gagnstætt.

Þar stóð náföl unglingur, sem strauk hendinni um enniið vott af angistar svita. Hann var nýbúinn að leggja seinasta hlöðvisgullpeningin sinn á eitt spilið. Þar stóð fjölskyldufaðir, sem starði á

litlu silfurrekuna moka síðustu gullpeningunum hans frá honum, — upphæð, sem enst hefði í marga mánuði til fæðis og klæðis konu hans og börnum. Við hlið hans stóðu tveir aðrir menn, sem brostu djöfullega, gullhrúgan þeirra hafði stækkað við tap hans, þur höfðu unnið.

Móritz horfði á þetta með fyrirlitningu.

"Komdu", sagði hann svo og þreif í handlegg fylgdarmanns sins. "Komdu, við skulum fara. Mig hryllir við þessum viðbjóðslega sjónleik taumlausra ástríða. Þetta eru ekki menn, — það eru púkar úr viti. — Hér fremur eigingirnin sitt deyðandi spil".

Málarinn ungi gaf þessum orðum engan gaum. Hann starði græðgislega á seðlabunkana og gullhrúgurnar, sem lágu á borðinu.

Hann losaði sig og þaut að borðinu.

Móritz ypti öxlum, gekk að borðinu og staðnæmdist bak við unga manninn.

Það var auðséð, að málarinn var ekki æfður spilamaður, því hendi hans skalf og varirnar titruðu, þegar hann lagði fyrsta gullpeninginn sinn á eitt spilið.

Einhver hugarótti átti í stríði við spilalöngunina, en þegar hann leit á peningahrúgurnar vann hún strax sigur.

Unglingurinn spilaði álergjulega, en þeir, sem það gera, tapa því nær alt af. Hver gullpeningurinn eftir annan og hver bankaseðill á fætur öðrum hvarf úr vasa hans í peningakassa hættumeistarans. Þeir 500 frankar, sem hann hafði fengið fyrir myndina, voru búnir.

Móritz gekk að honum, þegar hann sá hann taka upp stóran bunka af bankaseðlum og slíta bandið, sem var utan um þá.

"Mundu eftir móður þinni", hvíslaði Móritz í eyra honum.

Safnaðar fulltrúa misboðið.

Herra Jakob Ág. Vopni

Þú lætur nægar tilfinningar hinar í ljósi í Lögbergi nr. 5. þ.á., yfir því, að ég hafi sett í fréttagrein er út kom í Heimskringlu nr. 15 þ.á., að ég héldi að flestir landar hér myndu aðhyllast 'nýju guðfræðina'. Ég bygði þá umsögn á því, að ég hefi heyrt svo marga tala um og vera sammála um, að engin hætta væri á, að nokkur jarðneskur maður gerði sér of gölugar og góðar hugmyndir um guðdóminn, — hættan lægi aðallega í því gagnstæða. Eftir grein þinni álítur þú ekki mikilsvirði, að komast úr kút með guðshugmyndina. Það er þó sannarlega meira virði, en þú enn berð skyn á góðurinn minn.

Nú skal ég leggja þér nokkur heilræði, sem á að gera þig filhraustan, er kennir bér að hætta öllu óþarfa tilfinninga-voli.

Kyntu þér vel nýju guðfræðina. Svo skaltu lesa ritið 'Garrison í himnaríki', sem er eftir merkan höfund, William Denton. Vertu þér svo út um nýjustu hugsjónabækur og rit eftir frjálslynda og göfuga höfunda, um annað líf. Þar færðu meiri og betri fróðleik, en þú getur fengið úr Lögbergi og Sameiningunni, báðum til samans.

En ómissandi er bér þá að taka hlerann frá andlega útsýnis-glugganum, en þó umfram alt að gefa skynsemi þinni fult frelsi til að rannsaka. Gáðu að því, að hafa einlæga sannleikans þrá í fór með henni. Vittu svo hvort hún, skynsemin, vinnur ekki trúlega fyrir þig.

Nú vil ég leggja fyrir þig nokkrar spurningar:

Hefir þú hugmynd um, að nokkur maður geti gert sér of góðar og göfugar hugmyndir um guð? Ef að þú segir nei, þá ert þú kominn verður að svara þessu játandi, því inn með nýju guðfræðirni. Svo þú Gyðinga-guðinn getur ekki jafnast á við sannan mann; víst er hann gerður stirðari til skapsmuna, en þú ert, Vopni minn, ca stórvirkari í skorpunni en ekki jafniðinn og þú ert.

Hvaðan kemur hin fagra guðshugmynd frjálslyndra manna? — Heldur þú að nokkur maður geti verið kærleiksríkari en guð? Þú mátt nú til að játa því, annars ert þú að kasta trúarkjarnanum. Fæstir feður myndu dæma börn sín, þó stór-brekótt varu, til eilífrar kvalar og pintinga. Og það myndir þú aldrei gera, Vopni minn. Þetta er þó guðinn, sem þú tignar.

Hvernig stendur á því, að mörgum hryllir við, að fremja níðingsverk á saklausu fólki, en guðinn, sem þú tignar, bauð þó í fyrridaga að fremja mörg slík stórvirki. Hvers vegna hatar maður þá illvirki?

Er það göfug hugsjón, að kenna guði um alt mannanna böl? Þó sál og líkama sé misþyrmt, þá að kenna guði um afleiðingarnar. — Mörg göfug sálin hefir tapað vitinu fyrir útmálun á vita og píslunum. Þá hafa prestar strokið hökuskegg sitt og sagt, að víða sæi maður almætti guðs, en hvergi betur en á þessum aumingja. Er það heppilegt af guðfræðingum nútímans, sem kalla sig rétt-trúaða, að viðhalda þessu góðgæti, og smella því svo inn í hugsunarlíf barna með tærlega hálfþroskaða greind, og leggja við vitispíslir, ef um skoðun er breytt? Heldurðu nú vissulega, að ekki hvíli stór byrði á þessu starfi: líf á annara fé og launa með þessu þokkalega útsæði?

Er það ekki sannarleg skylda hverrar persónu, sem ekki hefir gert úr sér fyrirlitlegan hræsnara, eða hefir ekki skynsemi sína rígbundna við blákaldan blindan vana, að fríkenna hátigaina af þessari sorglegu ódæðis-lýgi, sem alt af er verið að hampa á lofti, sem dýrindis sannleikans perlur væri.

Mér finst að þú viljir rýra frelsi mitt, vinur minn, að mega ekki óátalið láta í ljósi, að löndum mínum hér gefjist nýja guðfræðin betur. Auðvitað lá til grundvallar á bak við, að þeir sýpu nú ekki lengur gamla trúarkerfið athugasemdalaust, svona með öllu sorpinu.

Þú hefðir eins vel mátt banna þínum sófnuði, sem þú ert fulltrúi fyrir, að kaupa Brefðablik og Heimir, gera þau rit gersamlega upptæk, alveg eins og páfinn gerir í sínu ríki. Nú kaupa þeir óhindraðir þessi rit og lesa flest rækilega ásamt fleirum frjálshugsandi bókum, er sumir eiga hér. Reyndar er ekki mikið keypt hér af frjálshugsandi ritum, en það bætir stórum úr, að þeir, er kaupa, eru sérlega góðir á að lána hinum, er ekki kaupa, til lesturs. Þeir bera þessi smárit í innri vösum sínum o, fara alt í kringum þig, Vopni minn; geyma innihaldið í instu hugarfylgsnum sínum, og þar hefir skynsemin aðallega verksvið sitt til athugunar og rannsóknar.

Já, þarna fá þeir hressandi andrúmsloft. Þar er ekki sjálf skynsemin rekin út í óhreina afkima og gerð að þræli holdlegra munaðar og fýsna. Þar kemur engum til hugar, að skynsemina varði ekki um hverju trúa skal, því hún er þar skoðuð hin dýrasta gjöf, er guð hefir gefið, og öll mál illa ráðin, sem hún er ekki aðsti ráðanautur með. Þetta finst mönnum stór viðbrigði, — þeim finst þeir sjá þá og finna með hugskotsaugum sínum nýtt ljós, líf og yl, er streymir frá mildirikum guðs dýrð arljóma, og taka þá undir með skáldinu og raula þessi erindi:

"Við inndæla nálægð hans ástblómið grær,
sem einingu hjartnanna styður,
og allstaðar þar sem hann áhrifum nær
er ánægja, rósemi og friður.

Og aldrei þar brestur hans guðseðli glæst,
er göfugum birtist í myndum,
sem nýtur sin bezt þá neyðin er stærst
og nærist í miskunarlindum.

Að útmála kærleikann ekki er ég fær,
því enginn er kraftur hans líki,
og þegar hann völdum í veröldu nær
hún verður að sælunnar ríki.

Þá liður um jörðina lífsvaki nýr,
sem ljómandi sólroðin bára — —"

Svo þú mátt vara þig, vinur minn, að þú verðir ekki að saltstólpa, áður en þú veist af, því þú horfir svo fast aftur fyrir þig. Það er svo sem ekki eins dæmi, þó að það kæmi fyrir, og þá kæmu naut úr öllum áttum til að sleikja þig, Vopni minn. Það væru nú aumu safnaðarfulltrúa launin fyrir öll trúverðugheitin.

Ekki meina ég að skerða frelsi bitt, því ég hata slíkt. Trúin er eitt af þinni eign og ekki þeirri lökustu, að líkindum, þó að ég setji nú út á hana að sumu leyti, þá er það nú einsog viðengst, þá hóflaust er grobbað af trú sinni, eins og þér varð á í grein þinni, er hljóðar svona:

"Þar hið umrædda atriði er tilfinningamál hvers einstaklings og þar af leiðandi hið mesta tilfinningamál fjöldans hér vestan hafs, eins og kunnugt er", o.s.frv.

Þarna gerir þú þig svo fátækan, lítinn og smáan, að fjöldinn, er les slíkt, hlýtur að sárkenna í brjósti um frjóangann litla, er ekki hefir tekið neinum guðfræðislegum þroska síðan hann var lítið barn.

Sömuleiðis er þér frjálst, að kjósa þér prest við bitt hæfi, en skemt er, að séra Jón þumlungur skuli nú vera fallinn til moldar, því ég býst tæpast við, að kirkjufélagið eigi fullkominn jafningja hans. Hann lifði í trú en ekki skoðun, eins og þú, vinur minn.

Nú hefi ég látið í ljósi hvað ég hygg. Og ég álít betra, að hyggja rétt en vita rangt.

Swan River, febr. 10. 1911.

Sumarlið Kristjánsson.

Erfingjar Tolstoi's.

Naumlega var snillingurinn Leó Tolstoi stirðnaður í kistu sinni, þegar erfingjar hans voru komnir í hár saman út af eignunum og hvernig þeim skyldi varið, og nú er komið svo langt, að dómstólarn ir hafa verið kvaddir til að skera úr þrætumálunum.

Í erfðaskrá sinni hafði Tolstoi meðal annars gefið landsetum sínum kotin, sem þeir bjuggu á, og Alexöndru dóttur sinni handrit sín og bókasafn.

Móti þessum ráðstöfunum hefir nú ekkja Tolstois risið og vill fá þær ónýtar gerðar af dómstólunum. Telur hún að kotungarnir hafi engan rétt til kotanna, þau eigi að tilheyra stórbýlinu Yasnaya Poliana. Afgjaldið af þeim þurfi að ganga til ættarinnar, svo hún geti haldið sinum forna heiðri.— Einnig segir ekkjan, að hluti Alexöndru dóttur sinnar sé mikils til of mikill í samanburði við það, sem hinir erfingjarnir fái.

Allir synir hennar, sjö talsins, eru henni sammála, og sömuleiðis dætur hennar tvær og tengdasynir. Öll vilja ólm fá sem drjúgastan skerf í sinn hlut. Eitt af blöðunum í St. Pétursborg kom fram með þá tillögu, að ekki væri nema rýmilegt, þó synirnir fengju sér einhverja atvinnu og ynnu fyrir sínu eigin brauði, en lægju ekki heima eins og landeyður, og sminuðu þannig minning sins mikla föðurs. Þegar þessi tillaga birtist, brugðu allir synirnir við og stukku af landi burt, og nú ferðast þeir og safna peningum í minningarsjóð eftir föður sinn, sem talið er að mest lendi í þeirra eigin vasa.

Aftur er það þriðja og yngsta dóttirin, Alexandra, uppáhald hins látna snillings, sem halda vill erfða skránni óbreyttri og framkvæma hinar síðustu óskir föður sins, og milli hennar og móðurinnar stendur nú rimman hörðust. Er jafnvel svo heitt orðið milli þeirra, að hvorttveggja hafa höfðað sakamál á hendur hinni fyrir meiðyrði og fjárdrátt.

Í forngripasafninu í Moskva er mikið af skjölum og öðrum ritum Tolstois geymt. Báðar hafa mæðurnar viljað grandskoða þau og komið því oft og iðulega á safnið. En móðirin var hrædd um, að dóttirin mundi hafa í hyggju að stela áriðandi skjölum úr því, og lét lögmenn sína banna henni að skoða skjölin frekar. En dóttirin kvað móðir sina hafa engan rétt til þessa, — ekki einu sinni að skoða skjölin eða handritin, því sér hefði verið ánafnað öll skrif hins látna.

Forstjórar safnsins ákvörðuðu, þegar hér var komið, að lofa hvorugri að skoða skjölin frekar, fyrr en dómstólarnir kvæðu upp, hvor réttinn til þess hefði.

Þegar mæðgurnar mættu fyrir sáttanefnd, reyndu bæði dómararn ir, vinir og frændur, að koma á sættum og jafna miskliðina, en það tókst ekki. Í fulla tvo tíma heltu mæðgurnar hvor yfir aðra slíkum ókvæðisskömmum, að undr um sætti, og þær skildu enn verri óvinir eftir sáttafundinn, en þær voru fyrir.

Um alt Rússaveldi og víða annarstaðar, þar sem minning Leó Tolstois er kær, hefir þessi gauragangur ættmenna hans út af erfða skránni vakið gremju og undrun. — Það er bágt að skilja, hvernig Sofía Tolstoi, sem stóð svo örugglega við hlið hins látna manns sins í stormbyljum 'lífsins, nú vill gera ómerk hans síðustu orð og óskir. — Hvernig hún ennfremur ofsækir nú sína eigin dóttir, vegna þess hún vill halda fram kenningum og óskum föðursins. En úrlausin hlýtur að vera sú, að auður og völd má sér meira en ást og minning framliðins eiginmanns.

Fréttabréf.

SPANISH FORK, UTAH.

5. febrúar 1911.

Herra ritstjóri.

Það skifti hér um tíðarfarið seint í desember, fyrst með dálitilli snjókomu og síðar með regni, og var næstum allur janúar votviðrasamur, og svoleiðis er tíðin enn. Snjófall því sem næst ekki neitt, en í þess stað regn, og þar af leiðandi milt og frostalítið, í allan vetur. Alautt niður í bygðum, en lítill snjór til fjalla.

Heilsufar er heldur gott nú sem stendur, en atvinnuleysi og hálfgerð verzlunardeyfð alt yfir. Samt eru menn vongóðir með að það rætist fram úr þessu öllu með vorinu.

Löggjafarþing ríkisins, sem byrjaði snemma í janúar, situr enn við þingstörf, en litlu markverðu mun það hafa afkastað, enn sem komið er.

Í vorum bæ er alt fremur viðburðalítið og lítið af nýbreytni. Þó mætti kannske telja það með fréttum, að það er verið að byggja hér sæmilega stórt og fremur vand að leikhús, sem nú er komið svo langt, að sagt er að það muni verða opnað um miðjan þennan mánuð, ef engin forföll banna.

Löndunum líður bærilega svona yfirleitt; ég held að veikindum þeim, sem margir þeirra hafa haft að stríða við í vetur, sé nú fyrir það mesta aflokið. Líðan þeirra að öðru leyti er, að vanda, fremur góð. Það eina, sem oss er helzt til ama, er hvað lengi vér þurfum að bíða eftir "fyrirheitinu". Það má einu gilda í hvaða átt vér hyggjum, eða hvert vér snúum oss, að vér verðum lítið varir við það, sem vér bráum mest, en það rætist nú máske fram úr því með vorinu?

E. H. Johnson.

Ofurlítil athugasemd.

Í 18. nr. Heimskringlu, sem út kom 2. þ.m., stendur 'Leiðrétting' frá Mr. Jónasi J. Daníelssyni, á missögn, sem orðið hefir í 13. þætti II. kafla af landnámssögu Íslendinga í Alberta. — Þar eð ég hafði áður í blöðunum Heimskringlu og Lögbergi mælzt til, að mér væru gefnar upplýsingar um það, sem mishermt væri, — þá er svo fjarri, að ég misvirði þessa leiðréttingu nafna mins að ég tek henni þakksamlega, bótt mér hefði fallið enn betur, ef hann hefði með privarbréfi gefið mér þessa bending, og ég mun síðar taka hana til greina að öllu athuguðu.

En þar skjátlar bér, nafni minn, að misminni mitt olli þessari "meinlegu skekkju". Ég er ekki ættfróður maður, og hefi því litið að leggja upp úr minu minni; en heimild fyrir þessu liggur á borðinu fyrir framan mig, gefin mér af Mrs. C. Dalman, og við hana studdist ég, þegar ég ritaði 13. þáttinn. Ég hafði áður sagt, að ég myndi leiðrétta villur, sem fyndust í II. kafla, ef ég ritaði III. kafla sögunnar, og það mun ég gera, ef mér endist aldur til.

4. febrúar 1911.

Jónas J. Húnford.

Heiðarsels-Móri.

Fíla fór það Móri minn
að Martin vaktí' upp drauginn.
Því lét hann ekki líkam þinn
lengur byggja hauginn?

Æfi þín var erfitt stríð
alt frá bernsku dögum;
þér var sigað þrátt á lýð,
þunnleitum og rögum.

Þú í fúlum fítons móð
flækist eins og dóni,
eftir þig er slorug slóð,
sem snigla heima' á Fróni.

Með klámskan þesa klofast þú
og klúrum hreytir orðum
því ekurðu' ekki á nautshúð nú
Sem nafnar þínir forðum?*)

S. J. Scheving.

*) Íslenzku Mórarnir óku stundum á hásinni af Þorgeirsbola. S.

Dánarfregn.

Þann 14. sept. 1910 þóknaðist algóðum guði að burtkalla til sin mina ástkæru eiginkonu, Guðrúnu Vigfúsdóttir Bessason, Geysir P.O. Man., Can.

Hún var fædd að Hamrahóli í Ásahreppi í Rangárvallasýslu 20. 1868; var dóttir Vigfúsar Jónssonar og Vilborgar Tómasdóttur, sem lengi bjuggu á Króki í sömu sýslu. Hún flutti snemma frá foreldrum sínum út í heiminn, og fór að hjálpa sér sjálf, svo fljótt sem hún fann sig þroskaða og sjálfstæða til þess; fór þá fyrir vinnukonu að Sandhólaferju og var þar mörg ár. Eignaðist þar son, sem Vigfús Pálmason heitir, og er nú 18 ára gamall.

Þaðan fór hún til Reykjavíkur og dvaldi þar einn vetrartíma. Næsta vor flutti hún með eftirlifandi manni sínum, Kristjáni Bessasyni Þorleifssonar og Guðrúnar Einarsdóttur Andréssonar frá Sölvabakka í Húnavatnssýslu, — norður á Blönduós í sömu sýslu og giftist þar 13. maí 1899, og var því samverutími okkar að eins 11 ár. Við eignuðumst 6 börn; mistum við 2 af þeim, þegar við komum til þessa lands 1904 (voru tvíburar). Fjögur börn áttum við á lifi, þegar hennar misti við, elzta á 11. ári, yngsta á öðru árij og er því söknuður föðursins og ungu barnanna hans sár, að hún burtkallaðist svo fljótt frá smælingjunum ungu.

En hér sannast spakmælið, að drottinn leggur líkn með þraut, og yrði of langt upp að telja alla systur og bróðurlega hjálp, fjárhagslega og verklega, sem allir í bygðinni minni hafa gert og vildu gera fyrir okkur á þeim langa legu tíma hennar og sorgarinnar reynslustundum Og þakka ég þeim öllum af hrærðu hjarta fyrir veittar velgerðir okkur til handa, og bið þann, sem ekki lætur einn vatnsdrykk ólaunaða, að vera þeim allstaðar nálægur með sinni náð og blessun, þegar þeim liggur mest á.

Geysir, Man.

Kristján Bessason.

Íslenzku blöðin Ísafold og Þjóðólfur eru vinsamlega beðin að birta þessa dánarfregn.

Íslands þjóð.

Mál er að lyfta nú landinu hátt
eftir lognöldur fortíðar strauma.
Mál er hefja sitt merki hatt,
mál að halda í rétta átt
en varast það vesala og auma.

Mál er að sýna að þú sert þjóð
sem þorir að stríða og vinna,
sem þorir leggja líf og blóð
að leyta að nýrri frelsis slóð
og hálf naktri ættjörð aðhlynna.

Að vera sú þjóð sem í þrældóm er sett
og þora ekki fjötrana af sér slíta
að vera af Danskinum metin og mett
mega það taka sem að henni er rétt
og þurfa það nauðug, að nýta.

Að slíta það ófrelsi er um þig, reyrt
svo alfrjálsa þjóð megi kalla,
til þess þarf að allir séu alhuga um eitt,
áfram sé haldið og hræðst ekki neitt,
sigra—eða sæmd með að falla.

G. J.

Bókalisti.

N. OTTENSON'S, - River Par. W'p'g.

Ljóðmæli Páls Jónssonar í bandi	(3)	85
Sama bók (að eins 2 eint.	(3)	60
Jökulrósir		15
Dalarósir	(3)	20
Hamlet	(3)	45
Tíðindi Prestafélagsins í hinu forna Hólaskifti	(2)	15
Grant skipstjóri	(2)	40
Börn óveðursins	(3)	55
Umhverfis jörðina á áttatíu dögum	(3)	60
Blindi maðurinn	(3)	15
Fjórblaðaði smárinn	(3)	10
Kapitola (í II. Bindum)	(3)	1.25
Eggert Ólafsson (B. J.)		15
Jón Ólafssonar Ljóðmæli í skrautbandi	(3)	60
Kristinfræði	(2)	45
Kvæði Hannesar Blöndal	(2)	15
Mannkynssaga (P. M.) í bandi	(5)	85
Mestur í heimi, í b.		15
Prestkosningin, Leikrit, eftir Þ.E., í b.	(3)	30
Ljóðabók M. Markússonar		50
Ritreglur (V. Á), í b.		20
Sundreglur, í b.		15
Verði ljós		15
Vestan hafs og austan, Þrjár sögur eftir E. H., í b.		90
Víkingarnir á Hálogandi eftir H. Ibsen		25
Þorláksþ helgi		15
Ofureflí, skálds. (E. H.) í b.		1.50
Ólöf í Ási	(g)	45
Smælingjar, 5 sögur (E. H.), í b.		85
Skemtisögur eftir S. J. Jóhannesson 1907		25
Kvæði eftir sama frá 1905		25
Ljóðmæli eftir sama. (Með mynd höfundarinnar frá 1897		25
Safn til sögu og ísl. bókmenta í b., III. bindi og það sem út er komið af því fjórða	(53c)	9.4
Íslendingasaga eftir B. Melsted I. bindi bandi, og það sem út er komið af 2, b.	(25c)	2.85
Lýsing Íslands eftir P. Thoroddsen í b.	(16c)	1.90
Fernir fornfslenzkir rímnaflokkar, er Finnur Jónsson gaf út, í bandi	(5c)	85
Alþingisstaðir hinn forni eftir Sig. Guðmundson, í b.	(4c)	90
Um kristnitökuna árið 1000, eftir B. M. Ólsen	(6c)	90
Íslenzkt fornbréfasafn, 7. bindi innbundið, 3 h. af 8 b.	(1 70)	27.80
Biskupssögur, II. b. innbundið	(42c)	5.15
Landfræðissaga Íslands eftir Þ. Th., 4. b. innbundið	(55c)	7.75
Rithöfunda tal á Íslandi 1400—1882, eftir J. B., í bandi	(7c)	1.00
Upphaf allsherjarríkis á Íslandi eftir K. Maurer, í b.	(7c)	1.15
Auðfræði, e. A. Ól., í bandi	(6c)	1.10
Þrosta og prófastatal á Íslandi 1869, í b.	(9c	1.25
B. Thorarinsson ljóðmæli, með mynd, í b.		1.50
Bókmentasaga Íslendinga eftir F.J., í b.	(12c)	1.80
Norðurlandasaga eftir P. Melsted, í b.	(8c)	1.50
Nýþýdda biblían	(35c)	2.65
Sama, í ódýru bandi	(33c)	1.60
Nýjatestamentið, í vönduðu bandi	(10c)	65
Sama, í ódýru bandi	(8c)	30
Kóralbók P. Guðjónssonar		90
Sama bók í bandi		1.10
Svartfjallasynir	(5)	60
Aldamót (Matt. Joch.)		20
Harpa	(4)	60
Forðaminningar, í bandi	(5)	90
Bóndinn	"	35
Minningarit (Matt. Joch.)	"	35
Týndi faðirinn	"	35
Nasreddin, í bandi		35
Ljóðmæli J. Þórðarsonar	(3)	45
Ljóðmæli Gestur Pálssou	"	75
Maximi Petrow	(2)	45
Leyni-sambandið	(2)	40
Hinn áttalegi leyndardómr	(2)	50
Sverð og bagall	(2)	30
Waldimer Nihilisti		75
Ljóðmæli M. Joch. I.-V. bd., í skrautb.	(15)	4.00
Afmælisdagar Guðm Finnbogasonar		1.00
Bréf Tómarar Sæmundsson	(4)	75
Sama bók í skrautbandi	(4)	1.15
Íslenzk-ensk orðabók, G. T. Zoega	(10)	1.80
Gegnum brim og boða		90
Ríkisréttindi Íslands		50
Systurnar frá Grænadal		35
Œfintýri handa börnum		30
Vísnakver Páls lögmanns Vídalíns		1.25
Ljóðmæli Sig. Júl. Jóhannessonar		1.00
Sögur frá Alhambra		50
Minningarrit Templara í vönduðu bandi		1.65
Sama bók, í bandi		1.50
Pétur blásturbelgur		10
Bækur sögufélagsins Reykavík;		
Morðbréfabækingur		1.35
Byskupasögur, 1—6.		1.95
Aldarfarsbók Páls lögmanns Vídalín		45
Tyrkjaránið, I—IV,		2.90
Guðfræðingatal frá 1707—'07		1.10
Jón Arason		80
Skipið sekkur		60
Jóh. M. Bjarnason, Ljóðmæli		55
Maður og Kona		1.25
Fjarða mál		25
Beina mál		10
Oddur Lögmaður		95
Grettis Ljóð.		65
Dular, Smásögur		40
Hinrik Heiðráði, Saga		20
Andvari 1911		75
Œfisaga Benjamín Franklins		45
Sögusafn þjóðviljans I—II árg. 30c; III árg. 20c IV árg. 20c; V. árg. 20; VI. 45; VII. 45; VIII. árg. 55; IX. árg. 55; X. árg. 55; XI. árg. 55; XII. árg. 45; XIII árg. 45; XIV. árg. 55; XV. árg. 30; XVI. árg. 25; XVII. árg. 45; XVIII árg. 55; XIX. árg. 25.		
Alt sögusafn þjóðviljan selt á		$7.00

Bækur Sögufélagsins fá áskrifendur fyrir nærri hálfvirði,—$3.80.

Umboðsmenn minir í Selkirk eru Dalman bræður.

Þess skal getið viðvíkjandi bandinu á Fornaldarsögunum Norðurlanda, að það er mjög vandað, handbundið skrautband, vel frá gengið eins er með Bréf Tómasar Sæmundssonar.

Tölurnar í svigum tákna burðargjald, er sendst með pöntunum.

MARTYN F. SMITH,

TANNLÆKNIR.

Fairbairn Blk. Cor Main & Selkirk

Sérfræðingur í Gullfyllingu og öllum aðgerðum og tilbún aði Tanna. Tennur dregnar án sársauka. Engin veiki á eftir eða gómbólga. —

Stofan opin kl. 7 til 9 á kveldin

Office Phone Main 6944. Heimilis Phone Main 6462

—THE—

Farmer's Trading

COMPANY.

(BLACK & BOLE)

HAFA EINUNGIS BESTU VÖRUTEGUNDIR.

Einu umboðsmenn fyrir:—

"SLATER" Skóna góðu.
"FIT-RITE" Fatnaðinn.
"H. B. K." prjónafélagið.
"HELENA" pils og 'waist' kvenfatnaði.
Bestu matvörutegundir.
"DEERING" akuryrkju verkfæri o, s. frv.

Beztu vörur Lágt verð.

Fljót og nákvæm afgreiðsla.

Farmer's Trading Co.,
THE QUALITY STORE
Wynyard - Sask.

JIMMY'S HOTEL

BEZTU VÍN OG VINDLAR.
VÍNVEITARI T.H.FRASER.
ÍSLENDINGUR.

James Thorpe, Eigandi

MARKET HOTEL

146 Princess St.
á móti markaðnum
P. O'CONNELL, eigandi, WINNIPEG

Beztu tegundir af vínföngum og vind um, aðhlynning góð, húsið endurbætt

Woodbine Hotel

466 MAIN ST.

Stærsta Billiard Hall í Norðvesturlandinu Tíu Pool-borð.—Alskonar vín og vindlar Gisting og fæði: $1.00 á dag og þar yfir

Lennon & Hebb,
Eigendur.

JOHN DUFF

PLUMBER, GAS AND STEAM FITTER

Alt verk vel vandað, og verðið rétt

664 Notre Dame Av. Phone Garry 2568
WINNIPEG

A. S. TORBERT'S

RAKARASTOFA

Er í Jimmy's Hótel. Besta verk, ágæt verkfæri; Rakstur 15c en Hárskurður 25c. — Óskar viðskifta Íslendinga. —

A. S. BARDAL

Selur líkkistur og annast um útfarir. Allur útbúnaður sá bezti. Enfremur selur hann alskonar minnisvarða og legsteina.

121 Nena St. Phone Garry 2152

Piano sala.

Ekkert heimili ætti að vera Piano laust þar sem þessi sala bíður slíkt tækifæri.

Pianos sem áður seldust á $450.00 eru ný boðin fyrir frá

$25. til $90.

og með vægum borgunar skilmálum. Þau hafa verið ofur lítið brúkuð. Aðeins fáein til sölu. Pantið fljótt.

J. J. H. McLean & Co LIMITED

Cor Portage Ave. & Hargrave
Phone Main 808.

Fréttir úr bœnum.

Þann 10. þ.m. voru gefin saman í hjónaband í Gleniboro herra G. J. Oleson, úr Cypress bygð, og ungfrú Kristín Thompson. Ungu hjónin héldu hingað til borgarinnar að vigslunni afstaðinni, og dvöldu hér í tvær vikur. Héðan héldu þau til Gimli að heilsa þar upp á vini og kunningja.— Heimskringla óskar brúðhjónunum allra heilla og blessunar.

Óvanalega margir gestir hafa verið hér á ferð undanfarna daga. Komu sumir á þorrablótið og aðrir á kirkjumálafundinn. — Meðal gestanna voru: Frá Leslie—Sig. Júl. Jóhannesson lækni, Wilhelm H. Paulson, C. G. Johnson, Thomas Paulson, Hannes Líndal. Frá Wynyard—Friðrik Bjarnason, Sigfús Bergmann. Frá Foam Lake—Ingvar kaupmaður Ólson. Frá Churchbridge—G. Árnason, Magnús Hinriksson. Frá Hólar—Baldvin Sveinbjörnsson, Páll Guðmundsson. Frá Elfros—Alex Jónasson, G. Árnason, Hallgrímur Grímsson. Frá Lögberg—Séra G. Guttormsson, Mr. og Mrs. Gísli Egilsson. Frá Árborg—Dr. nóh. Pálsson og kona hans.

Af Dakota búum er oss kunnugt um Elís Thorwaldson, Jónas Hall, Skapta Jóhannsson og Tryggva Erlendsson.

Íslenzki Conservative klúbburinn skorar hér með á Íslenzka Líberal klúbbinn, að mæta sér í Pedrokappspili í Únitarasalnum þriðjudaginn 28. þ.m., kl. 8 að kveldi.

Frá Íslandi: Áttræðis afmæli Sigurðar Simonarsonar skipstjóra var 18. nóv. sl. haldið með heiðurssamsæti í Revkjavík. Hann er einn þeirra, er fyrstur Íslendinga stjórnaði bilskipum, og var um 30 ára bil skipstjóri á skipinu 'Geir Zoega og þótti ágætis sjómaður. Sigurður er sagður vel ern ennþá, og sat í samsæti þessu við spil með gleðipiltum fram yfir miðnætti. Kvæði og ræður voru flutt til heiðurs þessum sæmdar öldungi.

Bræðurnir Sigvaldi Jónsson og Jónas Jónsson frá Leslie komu hingað til borgarinnar um helgina. Þeir höfðu stundað fiskiveiðar norður við Manitobavatn undanfarna þrjá mánuði. Þeir létu allvel af aflabrögðum og kváðu fiskinn vel borgaðan. Þeir héldu heim til Leslie í fyrradag.

Mr. W. J. Leach, siðferðis umsjónarmaður borgarinnar, hefir verið gerður að 'Permit Inspector' Aftur hefir Wm. Eddie, reiðhjólaeftirlitsmaður, hrept embætti Leach. Mr. Leach hefir verið í þjónustu borgarinnar nærri 30 ár.

Hérna voru á ferð um helgina Andreas Helgason, bóndi frá Baldur P.O., og Jóseph Jósafatsson, frá Tantallon Sask. Báðir héldu þeir heimleiðis á máudaginn.

Sex hundruð innflytjendur komu hingað til borgarinnar á þriðjudaginn.

Íslands fréttir verða að bíða næsta blaðs.

Á skrifstofu Heimskringlu eiga þessi bréf: — ...

Miss Friða Björnsson
Miss Finna Jóhannsson (Íslandsbréf).
Miss María K. Johnson (Íslandsbréf).
Mrs. Ó. F. Anderson (Íslandsbréf).
Mrs. S. B. Gíslason.
Lárus Guðmundsson (2 bréf).
Stefán Sigurðsson.
Bjarni Davíðsson, McGee St.

Forester stúkan Isafold heldur fund í kveld (fimtudag) í húsi Jóns Ólafssonar, 770 Simcoe St. Meðlimir eru beðnir að fjölmenna.

Kvenfélag Tjaldbúðar safnaðar heldur Concert þriðjudaginn þann 7. marz næstk. Prógram í næsta blaði.

I.O.G.T.

Á fundi barnastúkunnar Æskan þann 4. febr. setti gæslumaður, Mrs. P. S. Pálsson, þessa unglinga í embætti fyrir komand. ársfj.:

F.Æ.T.—Hansina Hjaltalín.
Æ.T.—Þóra Vigfússon.
V.T.—Norma Thorbergson.
Kap.—Inga Jósephson.
Ritari—Lilja Goodmanson.
A.R.—Elín Eggertson
Gjaldkeri—Geo. Vigfússon.
F.R.—Guðm. Anderson.
D.—Inga Thorbergson.
A.D.—Björg Anderson.
V.—Harry Hinrickson.
U.V.—Björn Ólafsson.

Um ársfjórðungamót voru 168 meðlimir í barnastúkunni.

Á ÖSKUDAGINN. — Giftu konurnar í stúkunni Skuld bjóða öllum íslenzkum Goodtemplurum heim til sín (í Good Templara húsið) á miðv kudagskveldið í næstu viku (1. marz). Frakteringar: Kaffi og pönnukökur.

LEIÐRÉTTING. — Yfir frétta-grein frá "Fróða", eftir Hall frá Horni, hefir af vangá verið sett nafnið CHURCHBRIDGE, sem ekki stóð í handritinu Þetta eru lesendur beðnir að athuga.

GULLMEN, steinsett, stórt og hringmyndað, með mynd og stofunum V.K.V. á bakhlið, týndist á Elgin Ave. á sunnudagskveldið var, skamt vestan Nena strætis.— Finnandi skili til 517 Beverly St.

ATHUGASEMD.

Nýskeð hefir mér borist í hendur Almanak Ólafs S. Thorgeirssonar. Í "Ágripi af landnámssögu Íslendinga í Alberta" hafa orðið rangfærslur á þremur eða fleiri stöðum, sem þurfa lagfæringar. Eg að vísu gæti lagfærit þær í íslenzku vikublöðunum, er sem ekki kæmi að tilætluðum notum; svo óg geri það ekki. En ef mér endist aldur til að rita III. kaflann, þá mun óg láta fylgja leiðréttingar. Þetta bið óg lesendur Almanaksins að athuga.

Markerville, 30. jan. 1911.
Jónas J Húnford.

Piano kensla.

Hérmeð tilkynnist að èg undirskrifuð tek að mér, frá þessum tíma, að kenna að spila á Piano. Kenslustofa mín er að 727 Sherbrooke St. Kenslu skilmálar aðgengilegir. Talsími Garry 2414.

Sigrún M. Baldwinson

Yfirlýsing.

Að gefnu tilefni leyfi óg mér að lýsa því yfir, að Ingólfur sálugi bróðir minn gjörði erfðaskrá sína að viðstöddum að eins Dr. Sig. Júl. Jóhannesson og Mr. Árna Jóhannesson. Þar var hvorki viðstaddur C. Ú. Clark friðdómari né neinn annars. Það skal ennfremur tekið fram að mér var alls ókunnugt um að erfðaskráin hafði verið gjörð fyr en eftir að hún var fullgjörð.

Þann sem skrifað hefir æfiminningu Ingólfs sál. bróðir míns í 12. tölublaði Heimskringlu og 51. tölu blaði Lögbergs bið óg að gera svo vel að opinbera nafn sitt.

Sveinn G. Kristjánsson.

• • •

Við undirritaðir vottum það hér með, að þegar Ingólfur sál. Christianson gjörði erfðaskrá sína voru engir viðstaddir nema hann sjálfur og við, og bað hann okkur að hjálpa sér til þess ótill vaddur af nokkrum manni.

Leslie, 9. febr. 1911.
Sig. Júl. Jóhannesson.
Árni Jóhanneson.

Garry 2458

er talsímanúmer Ásbjarnar Eggertssonar, ráðsmanns Goodtemplarahússins, en bústaður 688 Agnes Street.

Gróðavon.

Það er að vorum dómi engin ástæða til að efast um, að það hafi gróða í för með sér að kaupa hlut í BUICK OIL félaginu. Félagið er örugt og eignir þess eru á hinu olíu-auðgasta svæði Californiu.

Það er þess utan með slíkum vildarkjörum, að félagið býður hluti sína almenningi, að engum ætti að vera ofvaxið að kaupa þá. Hver hlutur kostar að eins 75 cents, og að kaupa nokkra hluti með því verði, og með jafnvægum borgunarskilmálum eins og boðnir eru, ætti engum að vera skotaskuld úr því.

Við ráðleggjum því löndum vorum að gerast hluthafar, því að við erum þess fullvissir, að það verður þeim til auðsegðar með tímanum.

Sjálfur er D. D. Buick, forstjóri félagsins, valinkunnur sómamaður og gagnkunnugur öllu viðskiftalífi Bandaríkjanna, og maður, sem allir bera fult traust til. Það ætti því að vera fullkomlega örugt, að leggja spariþeninga sína inn í félag sem slíkur maður veitir forstöðu.

Við ráðleggjum lesendum vorum að lesa með athygli auglýsing félagsins hér í blaðinu. Það getur orðið þeim til ómetanlegs góðs.

Bezt væri fyrir þá sem ætluðu sér að kaupa hluti, að snúa sér til K. K. Albert, sem er Íslendingur og einka-umboðsmaður félagsins fyrir Canada. Skrifstofa hans er: 708 McArthur Bldg., Winnipeg.

Æfiminning.

Hinn 27. sept. sl. haust andaðist að heimili sonar sins Sigurðar Péturssonar í Árnesbygð heiðursöldungurinn PÉTUR ÁRNASON. — Hann var fæddur í janúar 1833 í Elivogum í Skagafirði, og var því á 78. aldursári, þegar hann dó.

Pétur sál. ólst upp hjá foreldrum sinum, þar til hann var 16 ára gamall. Þá fór hann til séra Halldórs prófasts að Hofi í Vopnafirði. Dvaldi hann þar eystra um 5 ára tíma, en flutti þá aftur til Skagafjarðar. Þar giftist hann Unu Þorvaldsdóttur, og bjuggu þau að Ingveldarstöðum á Reykjaströnd, þar til þau fluttu vestur um haf árið 1876. Þau voru þá með hinum fyrstu landnemum hér. Pétur nam land þar sem heitir í Sandvík í Árnesbygð. Þar misti hann konu sína fyrsta veturinn úr bólusóttinni, er þá geysaði, og sem hjó svo tilfinnanlegt skarð í fyrsta landnemahópinn og lætti svo miklu á hörmungar þeirra ára.— Nokkru seinna giftist Pétur sál aftur, Guðrúnu Sigurðardóttur, ættaðri af Skaga í Eyjafirði. Eftir 5 ára búskap í Sandvík fluttist hann til Winnipeg, bar sem hann dvaldi um briggja ára tíma. Flutti hann þá aftur til Sandvíkur og bjó þar þá eitt ár. Þá flutti hann að Árnastöðum í Árnesbygðinni, og bjó þar það sem eftir var af búskaparárunum. Af þeim 15 árum, sem síðan eru liðin, var Pétur sál. tvö ár hjá stjúpsyni sínum, Hafsteini Sigurðssyni, í Keewatin, Ont., þar sem eftirlifandi kona hans dvelur enn. Sjálfur festi hann ekki yndi þar eystra, og hvarf því aftur til átthaganna í Nýja Íslandi og fór til sonar sins, Sigurðar, sem þá var giftur Þórunni Kristjánsdóttur og bjó á Árnastöðum (hinu fyrra heimili hans). Hjá þeim dvaldi hann síðan til dauðadags. Átti hann Þórunni mikið að þakka fyrir alúðlega aðbúð og hjúkrun í elli sinni og lasleika. Sýndi hún honum jafnan hina nákvæmustu umönnun og gerði honum kveld æfinnar eins friðsælt og blitt eins og í hennar valdi framast stóð.

Pétur sál. var meðalmaður vexti og hinn gerfilegasti í sjón og á velli, áður en ellin náði að setja sín mörk á hann. Hann var hinn af örlæti hans hér á frumbýlingsiðjusamur starfsmaður. Brjóstgóður var hann mjög, og nutu margir af örlæti hans hér á tru býlingsárunum. Hann var vinsæll maður og sannur vinur vina sinna. Þess vegna fylgja honum nú hlýjar kveðjur margra vina, er blessa minningu hans. A.E.K.

Óg tek saumavinnu.

Óg undirrituð tilkynni hérmeð að óg geri alskyns kjólasaum og aðgerðir og breytingar á kjólum. Verk-stæði 729 Sherbrooke St. yfir Heimskringlu.

Guðríður Sigurdson,

Róbert, 10 ára gamall, var að leika sér með öðrum drengjum, þegar móðir hans, sem hafði hlust að á viðræður þeirra um stund, kallaði á hann. 'Robert minn', sagði hún í sorgblöndnum róm, 'óg hélt það mundi aldrei koma til þess, að óg heyrði þig lióta.— Eg blótaði ekki, mamma, óg sagði að eins 'djöfull', það er ekki að blóta. — Jæja, sagði móðirin, má vera að það sé ekki blótsyrði, en það er þá að hafa helgidóm um hégóma, og það er litlu betra.

Hefir þú borgað Heimskringlu?

TIL LEIGU

uppbúið stórt og gott herbergi í húsi með öllum þægindum — hentugt fyrir 2 menn — að 644 Simcoe Street.

KENNARA VANTAR

fyrir Bjarmaskóla í Bifröstsveit. Verður að hafa 2. eða 3. flokks kennaraleyfi. Kenslan byrjar 15. marz og varir 4 mánuði. Umsækjendur tilgreini æfingu og kaup, sem óskað er eftir, og sendi tilboð sín fyrir 1. marz.

E. L. JOHNSON, Sec'y-Treas.
Árdal, Man.

Kennara vantar

fyrir Thor skóla No. 1430, sem hefir 2. eða 3. flokks kennaraleyfi. Kensla byrjar 1. april og varir til ársloka. Umsækjandi tiltaki menta stig og kaup og sendi umsókn til undirritaðs fyrir 20. marz 1911.

Brú P.O., Man.
EDVALD ÓLAFSSON,
9-3 Sec'y-Treas.

Kennara vantar

að Háland skóla No. 1227, 6 mánaða kensla, byrjar 1. april til 11 ágúst. Skólafrí ágústmánuð. Byrjar aftur 1. september til 1. nóvember. Umsækjendur tilgreini hvaða mentastig þeir hafi og hvaða kaup þeir biðja um. Tilboð verða að vera komin fyrir 25. febr.

Hove P.O., 1. febr. 1911.
S. EYJÓLFSSON.

Kennara vantar

fyrir WALLHALLA S.D.No. 2062. Kenslutími sjö (7) mánuðir (almanaksmánuðir), með tveggja vikna skólafrii. Byrjar 20. april næstk. Umsækendur tilgreini mentastig gildandi í Saskatchewan og æfingu sem kennari, einnig kaup, sem óskað er eftir. Tilboðum veitt móttaka til 15. marz. — Óskað eftir, að umsækjandi sé fær um, að leiðbeina börnum í söng.

Magnús J. Borgford,
2-3 Sec'y-Treas.
Hólar, Sask.

Kennara vantar

við Diana skólann, No.1355 (Manitoba), í 8 mánuði, frá 1. april til 1. desember. Gott kaup borgað (mánaðarlega, ef óskað er). Umsækjendur sendi tilboð fyrir 15. marz og nefni kennarastig og æfing kenslu og kaup.

Magnus Tait, skrif.-féh.
Box 145, Antler P.O., Sask.
9-3-11.

A. Segall

(áður hjá Eaton félaginu).

Besti kvennfata Skraddari

Loðskinna fötum veitt sérstakt athygli.

Hreinsar, Pressar Gerir við.

Fjórir (4) alfatnaðir hreinsaðir og pressaðir, samkvæmt samningum, hvort heldur er karlmanna eða kvenfatnaður, fyrir aðeins $2.00 á mánuði.

Horni Sargent og Sherbrooke

Hannyrðir.

Undirrituð veitir tilsögn í alls kyns hannyrðum gegn sanngjarnri borgun. Starfsstofa: Room 312 Kennedy Bldg., Portage Av., gegnt Eaton búðinni. Phone: Main 7723.

GERÐA HALDORSON.

Lágverðs SALA.

Við undirritaðir tilkynnum hér með Wild Oak og Marshland búum að við höfum lágverðs sölu á skótaui, krefti og dúkvarningi frá 15. febrúar til 1. marz. Á þessu tímabili verður 20 prósent afsláttur veittur á öllu því, sem keypt er af þessum vörum.

Langruth Trading Co.

J. J. BILDFELL

FASTEIGNASALI.
Union Bank 5th Floor No. 520
Selur hús og lóðir, og annast þar að lútandi. Útvegar peningalán o. fl.
Phone Main 2685

Th. JOHNSON

JEWELER
286 Main St. Sími M. 6606

Dr. G. J. Gíslason,

Physician and Surgeon
18 South 3rd Str., Grand Forks, N.Dak
Athygli veitt AUGNA, EYRNA og KVERKA SJÚKDÓMUM ASAMT INNVORTIS SJÚKDÓMUM og UPPSKURÐI. —

Dr. J. A. Johnson

PHYSICIAN and SURGEON

HENSEL, N. D.

"KVISTIR"

kvæði eftir Sig. Júl. Jóhannesson, til sölu hjá öllum íslenzkum bóksölum vestanhafs

Verð: $1.00

TILBOÐ.

Við undirskrifaðir tökum að okkur alla grjótvinnu, sem við getum af hendi leyst eins fljótt og vel og nokkur getur gert. Við seljum grunn undir hús, hlöðum kjallara, steypum vatnskeröld og gangstéttir, gerum steinsteypu í fjós, o.fl.

Jacob Frimann
Hergr. Hallgrimson
Gardar, N. Dak.

Þegar þér þurfið að kaupa

Gott smjör
Ný egg

og annað matarkyns til heimilisins, þá farið til

YULES PRODUCE STORE

941 Notre Dame St.
Prices always reasonable

Sherwin - Williams PAINT

fyrir alskonar húsmálningu.

Prýðingar-tími nálgast nú. Dálítið af Sherwin-Williams húsmáli getur prýtt húsið yðar utan og innan. — Brúkið ekker annað mál en þetta. — S.-W. húsmálið málar mest, endist lengur, og er áferðarfegurra en nokkurt annað hús mál sem búið er til. — Komið inn og skoðið litarspjaldið. —

Cameron & Carscadden

QUALITY HARDWARE
Wynyard, - Sask.

Saumið Hnappa

og Krókapör á allan fatnað yðar.

í yðar eigin Saumavél.

Þetta getur þér gert mjög fljótlega með því að tengja þetta litla og handhæga verkfæri á vélina.

The "HOLDAWAY BUTTNSEWER"

sauma hnappa og krókapör á alkyns fataefni fljótt og traustlega. Það má tengja verkfærið við hvaða saumavél sem er. Sauma hnappa með 2 eða 4 augum, bindur hvert spor, hnappar og krókapör haldast á meðan spjörin endist. Börn geta saumað með því.

Gert úr besta stáli, silfrað. Verð $5.00 sent póst borgað með nákvæmu tilsögn og 5 ára ábyrgð að það saumi eins og lýst er, og að vér endurnýjum hverju þann part, sem eyðist eða brotnar á þvi tímabili. Peningum skilað aftur ef ekki reynist nákvæmlega eins og vér segjum það, og algerlega fullnægjandi.

HÚSMÆÐUR OG SAUMAKONUR mega ekki verða án "Holdaway" hnappasaumarans, hann vinur 20 kvennaj verk og svo nettlega og vel að engina handsaumur jafnast við það.

Umboðsmenn óskast í bygðum Íslendinga. Verkfærið er útgengilegt. Skrifið oss um söluskilmála.

K. K. ALBERT, 708 McArthur Bldg.
WINNIPEG, MAN.

PANTIÐ HÉR.

K. K. ALBERT, 708 McArthur Bldg.
Winnipeg, Man.
Saumavél mín er (segið nafn smiðsins)

Hún er No ..... (segið númer hennar)
Sendið mér "Holdaway Buttnsewer" fyrir hér inn agra $ .00
Nafn .....
Stræti og húsnúmer .....
Bær ..... Fylki .....

Sveinbjörn Árnason

Fasteignasali.
Selur hús og lóðir, elduábyrgðir, og lánar peninga. Skrifstofa: 310 McIntyre Blk.
office TALSÍMI 4700. hús Tal. Sherb. 2018

BONNAR, TRUEMAN & THORNBURN,

LÖGFRÆÐINGAR.
Suite 5-7 Nanton Blk. Winnipeg, Man. Main 766 P.O.BOX 223

Anderson & Garland,

LÖGFRÆÐINGAR
35 Merchants Bank Building
PHONE: MAIN 1561.

HANNES MARINO HANNESON

(Hubbard & Hannesson)
LÖGFRÆÐINGAR
10 Bank of Hamilton Bldg. WINNIPEG
P.O. Box 783 Phone Main 378 " 3142

Gísli Goodman

TINSMIDUR.
VERKSTŒÐI;
Cor. Toronto & Notre Dame.
Phone Garry 2988 : : Heimilis Garry 899

WINNIPEG ANDATRÚAR KIRKJAN
horni Lipton og Sargent.

Sunnudagasamkomur, kl. 7 að kveldi. Andatrúarspeki þá útskýrð. Allir velkomnir.

Fimtudagasamkomur kl 8 að kveldi, huldar gátur ráðnar. Kl. 7.30 segul-lækningar.

GEO. ST. JOHN VAN HALLEN

MALAFŒRZLUMAÐUR
GERIR ÖLL LÖGFRŒÐIS STÖRF ÚTVEGAR PENINGALAN,
Bœjar og landeignir keyptar og seldar, með vildarkjörum,
Skiftiskil $3.00
Kaupsamningar $3.00
Sanngjörn ómakslaun. Reynið mig.
Skrifstofa: 418 McIntyre Bldg.
Talsími Main 5142
Heimils talsími Main 2357
WINNIPEG

W. R. FOWLER A. PIERCY.

Royal Optical Co.

307 Portage Ave. Talsími 7286.

Allar nútíðar aðferðir eru notaðar við augn-skoðun hjá þeim, þar með hin nýja aðferð, Skugga-skoðun, sem gjöreyðir öllum ágiskunum. —

Talsími Heimskringlu
Garry 4110

Heimskringla.

Heimilis talsími ritstjórans:
Garry 2414

XXV. ÁR | WINNIPEG, MANITOBA, FIMTUDAGINN, 2. MARZ 1911 | NR. 22.

Fregnsafn.

Markverðustu viðburðir hvaðanæfa.

Clifford Sifton fyrrum innanríkisráðherra í Laurierstjórninni og hennar mikilhæfasti maður, hefir sagt skilið við Liberal flokkinn, vegna gagnskiftasamnings frumvarpsins.

— Loyd George, fjármálaráðgjafi Breta, er sjúkur í hálsinum og hefir orðið að hætta þingstörfum um hríð. Hann hafði að kosningabardaganum liðnum farið til Ítaliu, til þess að fá bót þessarar hálsmeinsemdar, og þegar hann sneri heim aftur til Englands, hélt hann að sér væri fyllilega batnað, en þegar þingið byrjaði og hann þurfti að fara að halda ræður löngu ræður, þá tókst meinsemdin upp að nýju. En hættulega veikan má naumast telja hann. En illa kæmi það flokk hans, ef hans misti við frá þingstörfum, því að hann er annar mælskasti og djúpvitrasti maðurinn í hinu enska þingi.

— Vörugeymsluhús Grand Trunk félagsins að Glencoe, Ont., brunnu til grunna á fimtudaginn var. Var það eldsneistí frá einu járnbrautarvélinni, sem brunare orsakaði. Geymsluhúsin voru full af vörum, svo tjónið er talsvert mikið.

— Hermálaráðherra Frakklands, Brun hershöfðingi, datt dauður niður af slagi á skrifstofu sinni á fimtudaginn var.

— Cunard linan hefir nýverið keypt dreka miklum af stokkunum í Clydebank á Skotlandi. Þetta nýja skip heitir 'Aquitania', og er rúmtak þess 50,000 smálestir. — Kostnaðurinn við byggingu þess nam 10 miliónum dollars.

— Spánverjar eiga enn í vök að verjast í Morocco. Caldaflokkarnir þarlendu, sem þeir eiga að halda í skefjum, eru illa viðureignar og harðsnúnir. Nýverið lenti í blóðugan bardaga milli eins óaldarflokksins og spænskrar hersveitar, og urðu þar endalyktir, að 200 Spánverjar lágu dauðir eftir á vígvellinum, en tiltölulega fáir fellu af hinum. Nú hefir stjórn Spánverja ákveðið, að gera gangskör að því, að eyða öllum þessum óaldar eða ræningjaflokkum en hætt er við, að það verði ekki neinn hægðarleikur, því Moroccomenn eru herskáir og harðir í horn að taka.

— Lýðveldið San Salvador hefir nýverið kosið sér forseta. Sá, sem kosninguna hlaut, heitir Manuel E. Aranjo, en varaforseti var kosinn Onafre Durant. Hinn nýkosni forseti tók við völdum 1. marz.

— Hefðarkonur Bardarikjanna hafa hvað eftir annað orðið uppvísar að tollsvikum, og þó þær hafi fengið geysiháar sektir fyrir afbrot sin, þá hefir það ekkert sagt, þær hafa reynt að komast hjá að borga tolla eftir sem áður. En til þess að fyrirbyggja þetta háttalag framvegis, dæmdi Martin undirréttardómari hefðarkonu eina —Mrs. Robertu G. Hill — til tveggja daga fangelsis og 2,000 dollars sektar. Sektin var borguð á svipstundu, en grátandi var frúin leidd áleiðis til fangelsisins. — Þetta er hinn fyrsti dómari, sem dæmt hefir hefðarkonu til fangelsis vegna tollsvika, en allar lýkur eru til, að það verði meðalið til að lækna þær af því, að reyna að snuða hin voldugu Bandaríki um tolla, sem þeim ber.

— Japanakeisari hefir nýlega gefið $750,000 til látækra þegna sinna. Á fé þessu að verða varið til að veita þeim læknishjálp og hjúkrun, sem ekki eru þess megnugir að borga fyrir sig sjálfir.

— Ríkið Nevada í Bandaríkjunum hefir samþykt lög, sem banna hvítum mönnum og stúlkum, að giftast Japönum, svertingjum eða öðrum mislitum þjóðflokkum. Og sá prestur eða dómari, sem hér á eftir gefur saman mann og konu af mismunandi kynþætti, drýgir lagabrot.

— Páfinn í Rómaborg liggur veikur í influenzu.

— Nýdáin er suður í Utah ein af ekkjum Mormóna leiðtogans Brigham Young, Harriet CarneyYoung, er giftist spámanninum árið 1851, og var 80 ára, þá er hún lézt. Að eins ein er nú eftirlifandi af ekkjum Youngs, og heitir sú Eliza Burgess Young.

— Frá Viborg á Finnlandi berast þar fréttir, að 153 fiskimenn hafi orðið viðskila við land á ísfleka, rekið til hafs og farist þar. Rúmir hundrað fiskimenn aðrir ráku einnig til hafs á ísfleka, en þeim tókst að bjarga, áður en var um seinan.

— Alaska búar vilja nú umfram alt komast í samband við Canada. Þeir halda því fram, að Bandaríkin láti sig litlu skifta hagsældir þeirra, og að eina vonin til framfara fyrir Alaska sé í því fólgin, að komast í samband við Canada. Fundir um þetta hafa verið haldnir hér og þar í Alaska og virðist allur þorri manna þar vera breytingunni hlyntur. En ekki er sagt, að Bandaríkin liti eins á þetta mál, en fyrir Washington þingið ráðgera þó Alaska búar að leggja fram óskir sínar þessu aðlútandi.

— Frá Paúa eyjunni NýjaGuinea hafa þær fréttir borist, að hinn brezki landsstjóri, Staniforth Smith, tveir enskir herforingjar og 26 innfæddir þjónustumenn og lögregluþjónar — hafi allir verið drepnir af eyjarskeggjum, sem eins og kunnugt er eru villimenn á lægsta stigi. Smith og förunautar hans höfðu lagt frá höfuðstað eyjarinnar, Port Moseby, í landkönnunarferð inn á eyjuna, en úr ferð þeirri komu þeir aldrei aftur, að einum innfæddum lögregluþjóni undanskildum, sem komst undan til að segja tíðindin.

— Rússar eru í óða önn að draga saman herdeildir sínar að Kíkhta, sem er síberiskt hérað, er veit að landamærum Kína, rétt á móti kínverska bænum Maimachin. Hefir þessum hersveitum verið geinar skipanir, að hafa nákvæma gát á öllu, sem fram fer við landamærin og vera við öllu búna. Í annan stað hefir kínverski landsstjórinn í Monguliinu fengið skipanir frá Kinastjórn, að draga herlið að landamærunum. — En þó þessu sé þannig varið, er litil hætta talin, að stríð verði, enda demefnið smávægilegt.

— Arestide Briand, forsætisráðherra Frakklands, lagði niður völd ásamt ráðaneyti sínu á mánudaginn var. Ástæðan fyrir embættisafsalinu var sú að fylgi stjórnarinnar í þjóðþinginu fór þverrandi, og síðastliðinn laugardag var traustsyfirlýsing til stjórnarinnar samþykt með að eins 16 atkvæða meirihluta, en það bótt Briand of lítið. — Briand hefir setið að völdum síðan að Clemenceau fór frá 23. júlí 1909, og er það óvanalega langur embættistimi fyrir franskt ráðaneyti. En sífelt hefir Briand átt í vök að verjast, vegna þess, að í þinginu eru margir flokkar, hver öðrum ósamþykkir, en enginn nógu fjölmennur til að geta haft stjórnartaumana, án stuðnings annara. Verstu mótstöðumenn Briands voru jafnaðarmenn. Hafði Briand sjálfur tilheyrt þeim flokki, og sem jafnaðarmaður komst hann í ráðaneyti Clemenceau, en þegar hann sjálfur tók við stjórnartaumunum, sá hann að jafnaðarkenningin var illa hent forsætisráðherra Frakklands og snerist því í flokk með framsóknarmönnum, sem fjölmennastir voru í þinginu. En það gátu jafnaðarmenn ávdrei fyrirgefið honum, og ofsóttu hann og stjórn hans osleitilega. — Briand kvað sig nú leiðan á þessum árásum og dró sig því í hlé.— Aðalstarf Briands, sem Frakkar munu seint gleyma, var aðskilnaður ríkis og kirkju, sem hann barði í gegn, þegar hann var kirkjumála ráðgjafi hjá Clemenceau.

— Böðull Canada, T. R. R. Ratcliffe, andaðist í Toronto borg á sunnudaginn var. Hann hafði gent böðulsembætti Canada í rúm 20 ár, og hengt 450 manns á því timabili. Að allra dómi gegndi Ratcliffe embætti sínu með stakri samvizkusemi og nákvæmni og var í einu og öllu talinn fyrirmyndarböðull, svo erfitt verður fyrir Canada stjórn, að fá jafnhæfan mann í það embætti sem Ratcliffe var.

— Vestur-Canada þarfnast 35 þúsundir verkamanna á komandi sumri. Járnbrautafélögin þrjú hafa gefið til kynna, að þau þarfnist 15 þúsund, eða 5 þúsund verkamanna hvert til að vinna að byggingu brauta, og Vesturfylkja bændurnir er áætlið að þurfi á 20 þúsund verkamönnum að halda.

— Alt bendir til þess, að Bandaríkja 'Senatið' muni ekki samþykkja gagnskiftasamningana að þessu sinni. Er því Taft forseti að hugsa um, að stefna saman aukaþingi strax og þessu lýkur, og hyggur að þá muni samningarnir fá samþykki.

— Orusta varð milli uppreistarmanna og stjórnarhersins í Mexico við Guadaleipa fyrra miðvikudag, og fóru svo leikar, að uppreistarmenn biðu þar fullan ósigur, — mistu 90 menn og vitu reknir á flótta. Fyrir stjórnarhernum var Navarra hershöfðingi, en fyrir uppreistarmönnum Magon ofursti. — Stjórnarherinn var fjölmennari, 2 um einn hinna, og mannfall þeirra var 63, — en vellinum héldu þeir og það þótti Diaz forseta fyrir mestu.

Uppreistarmenn í Mexico unnu borgina Fronteras á mánudaginn var.

— Bandaríkja 'senatið' samþykti með 54 gegn 33 atkvæðum frumvarpið um að alþýðan kysi 'senatið' eftirleiðis, en ekki þing hvers ríkis.

— Svartidauðinn heldur áfram í Manchuria. Síðustu fregnir frá Harbin geta um bæ einn innan kínverzku landamæranna, sem mist hafi hvern einasta búa úr pestinni. Annar bær, Pei Chaunlintze, sem er um 50 milur norður af Harbin, missir 2000 manns daglega úr pestinni. Einnig geysar sýkin að Kirin og Radone, sem leggja um þúsund milur í suðaustur af Manchúriu.

— Gyðingaofsóknir eru ekki enn aldauða á Rússlandi. Núna nýverið hefir verið hafið mal á móti 50 Gyðinga-kaupmönnum í Moskva, fyrir það, að þeir hafi ekki uppfylt skilyrði þau, sem Gyðingar þurfa þar til búsetu. En állir þessir kaupmenn hafa haft aðsetur í borginni um fleiri ár og eru vel fjáðir, svo alt bendir til, að það sé auður þeirra, sem yfirvöldin eru eftir. Meðan á málinu stendur eru kaupmennirnir lokaðir inni í fangelsi ásamt fjölskyldum þeirra, — þrátt fyrir megn mótmæli ýmsra sæmdarmanna.

Vestur-Íslendingar

taka heldur myndarlegan og drengilegan þátt í minnisvarasamskotum Jóns Sigurðssonar, eftir því sem vestur-isl. blöð skýra frá. Í nóvember héldu Winnipeg Íslendingar allsherjar fund til að ræða málið, og kusu þeir þá 15 manna nefnd til að standa fyrir samskotum. Eru í henni helztu leiðtogar þeirra, prestar, læknar, ritstjórar, lögmenn m.fl. Dr. Jón Bjarnason er forseti nefndarinnar, en Skapti F. Brynjólfsson, fyrrum þingmaður, gjaldkeri.

Samskotin hófust í byrjun des. og hafa gengið mjög ánægjulega. Margar fjölskyldur hafa gefið frá 5—10 dollara (18—36 krónur). — Vestmenn leggja miklu áherzlu á, að allir gefi, en hver einstaklingur gefi mikið.

Samskotafjárhæðin, sem þeir vilja fá ypp hjá sér til að heiðra "forsetann fræga", er hvorki meira né minna en 10 þús. kr. Svo stórtækir og höfðinglundaðir eru þeir.

Þökk og heiður sé Vestur-Íslendingum fyrir áhuga sinn og stuðning, er þeir sýna svo oft, í okkar sóma og velferðarmálum.—Ísafold.

Íslands fréttir.

ÞINGMÁLAFUNDIR.

Á þingmálafundunum, sem alþingismennirnir héldu með kjósendum sínum áður en til þings var farið, var víða róstusamt, þó sérstaklega á Akureyri og í Reykjavík. — Á Akureyri hófst þingmálafundurinn kl. 6 að kvöldi, og voru 20 mál á dagskrá; en þegar fundinum var slitið kl 3 um nóttina, höfðu aðeins ein þrjú mál rædd verið, og hið síðasta af þeim — sambandsmálið — endaði með skeflingu, að því leyti, að tillaga þingmannsins, Sig. Hjörleifssonar, var feld. Sömu útreið fékk tillaga Heimastjórnarmanna; en aftur var miðlunartillaga frá Stefáni skólameistara Stefánssyni, samþykt með litlum atkvæðamun. — Þegar hér var komið, varð við ekkert ráðið vegna óláta, fundurinn lenti í uppnámi, svo engu tauti varð við komið, — ljósin voru slökt, svo fundi varð að slita. — Seinna hélt þingmaðurinn fund með flokksmönnum sínum, og var þar samþykt tillaga í sjálfstæðismálinu, eins og honum þókn aðist, með 137 samhljóða atkvæðum. — Hinn þriðja þingmálafundinn lét bæjarstjórn Akureyrar halda, til að ræða áhugamál kaupstaðarins, sem ekki náðu fram að koma á uppþotsfundinum.

Í Reykjavík héldu þingmenn kjördæmisins, þeir dr. Jón Þorkelsson og Magnús Blöndahl, þingmálafund í 4 deildum dagana 24., 25., 26. og 27. jan. Var kjósendum skift í fjórar deildir eftir stafrófsröð, vegna þess, að höfuðstaðurinn á engan nægilega stóran fundarsal fyrir alla kjósendur sína. Á öllum þessum fundum var afgangur mikill og fóru svo leikar, að Heimastjórnarmenn báru sigur af hólmi í sambandsmálinu. Atkvæðamagn tillögu þeirrar, samanlagt á öllum deildarfundunum, varð 632, en tillaga stjórnarliða hlaut samtals 612 atkv. Tillaga Heimastjórnarmanna var þannig orðuð:

"Fundurinn lýsir óánægju sinni yfir meðferð stjórnarinnar og þingmeirihlutans á sambandsmálinu".

Tillaga stjórnarliða var svohljóðandi:

"Þar sem Danir ekki hafa viljað viðurkenna fullveldisrétt íslenzku þjóðarinnar, og áframhaldandi samningstilraunir við þá verða að teljast árangurslausar, telur fundurinn það sjálfsagt, að haldið sé fast við ályktun þingvallafundarins 1907, er kveður á um stefnu Íslendinga, verði sjálfsæðiskröfum þeirra ekki sint".

Aftur komu báðir flokkar sér saman um svohljóðandi tillögu í stjórnarskrármálinu:

"Fundurinn skorar á alþingi, að samþykkja á næsta þingi frumvarp til laga um breyting á stjórnarskránni, er feli í sér afnám konungkjörinna þingmanna og afnám tilvitnunar í stöðulögin, og fleiri breytingar, er nauðsynlegar kynnu að þykja".

Í fánamálinu var samþykt svohljóðandi tillaga:

"Fundurinn væntir þess, að þing og stjórn geri sitt til þess, með löggjöf eða á annan hátt, að hinn íslenzki fáni, sem öllum er heimilt að taka upp á landi, nái sem fyrst alþjóða viðurkenningu, sem sigldingafáni Íslands".

Á þingmálafundum á Akranesi, Stykkishólmi, Ísafirði og Seyðisfirði báru stjórnarliðar sigur úr býtum í sjálfstæðismálinu.

Bæjarstjórnarkosning fór fram á Akureyri 3. jan. og hlaut þar í fyrsta skifti kvenmaður kosningu, var sú ungfrú Kristín Eggertsdóttir, forstöðukona sjúkrahúss bæjarins. Hinir, sem kosningu hlutu, voru: Otto Tulinius kaupmaður, Björn Líndal cand. jur. og Guðmundur Ólafsson trésmiður.

Björn Sigfússon, alþm. á Kornsá, sem gegnt hefir umboðsmannsstörfum þingeyrarklausturs frá því að Arna í Hóeðahólum var vikið frá þeim starfa á síðasta sumri, hefir nú fengið veitingu fyrir þessari sýslan.

Landsimagjald innanlands hefir verið með ráðherraúrskurði 20. jan. fært niður frá 1. febr. Venjuleg simskeyti eiga nú að kosta 5 aura á orðið. Blaðaskeyti 2½ eyr. á orðið. Innanbæjarskeyti 2½ e. á orðið. Síma-póstávísanir 1 kr. hv. skeyti. Niðurfærsla þessi er um helming og verður vafalaust vel tekið.

Hafíshroði talsverður var um miðjan janúar á Ísafirði, Önundarfirði og Dýrafirði. Á Flatey við Önundarfjörð voru 5 enskir botnvörpungar innliaktir, þá er síðast fréttist.

Benedikt Jónasson, sem um tíma hefir verið aðstoðarmaður Jóns Þorlákssonar landsverkfræðings, — hefir fengið veitingu fyrir sýslan sem verkfræðingur Reykjavíkur, með 2700 kr. árslaunum. Hann á jafnframt að vera slökkviliðsstjóri bæjarins.

Hallur Guðmundssoa, er lengi bjó á Stórafljóti í Biskupstungum, en nú hafði verið rúman mánaðar tíma á geðveikrahælinu á Kleppi, hengdi sig milli 4. og 5. jan. sl.

Jón kaupmaður Þórðarson, einn af atorkusömustu borgurum Rvíkur, fanst druknaður við eina af bryggjum bæjarins að morgni þess 1. þ.m. Hvort hér er um slys að ræða eða sjálfsmorð, er óvíst, þó líkurnar bendi til hins síðara.

Nýlátinn er bændaöldungurinn Eiríkur Björnsson, að Karlsskála í Reyðarfirði, á niræðisaldri. — Hann var viðurkendur með hinum fremstu bændafrömuðum Austanlands.

Kalsa veðrátta var á Suðurlandi í öndverðum janúarmánuði, en breyting til batnaðar segja síðustu fréttir.

Jóhannes Jósefsson og liðar hans voru í Lundúnum, þegar síðast fréttist. Sýndu þeir íþróttir sínar í Alhambra leikhúsinu og hlutu orðstír hinn bezta. Hefir Jóhannes felt hvern þann, sem þorað hefir að reyna frækleik hans, og um leið áunnið sér aukneíníð "hinn ósigrandi" hjá blöðunum. Öllum íþróttamönnum þykir stórmikið til Jóhannesar koma og íþrótta þeirra, sem hann sýnir, svo sem sjálfsvörnina o.fl., en mest hrósið fær þó íslenzka glíman. — Hver Íslendingur ætti að vera Jóhannesi stór-þakklátur fyrir að hafa komið íslenzku glímunum á heimssýningar-svíðið.

Á Norður og Austurlandi var tíðarfarið með betra móti, eftir því sem venja er til í janúarmán.

Eftir síðustu verzlunarfréttum frá Kaupmannhöfn stóðu íslenzkar afurðir í mjög lágu verði,eða voru með öllu óseljanlegar. Eftir því, sem þjóðviljinn skýrir frá stóðu íslenzkar vörur á Kaupmannahafnar markaðnum sem hér segir: — Saltfiskur, málfiskur hefir fallið í verði; fyrir góða, velverkaða vöru fæst varla yfir 62 kr.; fyrir bezta hnakkakýldan fisk 70 kr. og millifisk hnakkak. 64 kr.; smáfiskur er aftur um 62 kr., ísa 52 kr., málfiskur úr salti 40 kr., Ward-fiskur 48 kr., langa 62 kr., keila 40 kr., upsi óseljanlegur; verðið er miðað við góða, velverkaða vöru; lakari vöru verður að selja með afslætti. — Harðfiskur er óseljanlegur og liggur mikið óselt af honum. — Lýsi, ljóst hákarla og þorskalýsi, 36—37 kr., dökt 35 kr. pr. 210 pd. — Síld, tæplega seljanleg; verðið ekki yfir 6—7 kr. tunnan. — Prjónles er óseljanlegt; liggja mjög miklar birgðir óseldar. — Vorull, af henni liggur enn talsvert óselt; engin eftirspurn. — Haustull sú, sem komið hefir með seinustu skipunum, liggur óseld; hætt við, að verðið nemi ekki yfir 50aura pd., kannske tæpast að það náist. — Rjúpur hafa selst all-vel; verðið er nú kringum 30—35 aura hver, ef þær eru nýjar og vel skotnar; en rjúpur, sem eru blóðugar og gamlar, verður að selja mikið lægra.

OGILVIE'S
Royal Household Flour
Til Brauð og Köku Gerðar
Gefur Ævinlega Fullnæging
EINA MYLLAN Í WINNIPEG,—LÁTIÐ HEIMAIÐNAÐ SITJA FYRIR VIÐSKIFTUM YÐAR.

Litli kofinn á Nesi
verður
sýndur í Goodtempl-húsinu 13 og 16 Marz.

Tilkynning.

Hér með tilkynnist, að við bræðurnir, sem að undanförnu höfum rekið verzlunina á horni Sargent og Victor stræta, höfum slitið félagsskap; hefir Sigurður gengið úr félaginu frá því í dag, og rek ég undirritaður einn verzlunina eftirleiðis. Vænti ég þess, að viðskiftamenn verzlunarinnar láti hana njóta sömu vinsælda og áður, og mun ég gera mitt itrasta til að gera þá ánægða.

Ennfremur tilkynnist, að Mr. P. J. Thomsen, sem vinnur við verzlunina, hefir í fjarveru minni fult umboð fyrir mína hönd.

Winnipeg, 1. marz 1911.

J. O. Finnbogason

WALL PLASTER
"EMPIRE" VIÐARTAGA VEGGLÍM.
"EMPIRE" CEMENT WALL VEGGLÍM
"EMPIRE" FINISH VEGGLÍM.
"GOLD DUST" VEGGLÍM.
"SACKETT"PLASTER BOARD.
SKRIFIÐ OSS OG FÁIÐ VORA ÁÆTLUNAR BÓK.
Manitoba Gypsum Co., Limited.
WINNIPEG, - MANITOBA.

BJARNASON & THORSTEINSON
Fasteignasalar
Kaupa og selja lönd, hús og lóðir víðsvegar um Vestur-Canada. Selja lífs og eldsábyrgðir.
LÁNA PENINGA
út á fasteingir og innkalla skuldir.
Öllum tilskrifum svarað fljótt og greiðanlega.
Wynyard - - Sask.

SAMTAL UM BÚSKAP.

EFTIR ORRA.

XVI.

ATLI: Hvað hefir þú, félagi, nýtt í fréttum að segja mér viðvíkjandi byggingasniðum, er hagkvæmt væri oss bændum að vita?

KETILL: Þegar ég var síðast á ferð í ríkinu Kansas, sá ég þar byggingaaðferð, er mér var áður ókunn, en sem ég hygg að fjöldi bænda þessa lands mundi geta notað sér til hagsmuna.

Byggingaefnið er nálmur, — efni, sem flestir bændur hér í landi eignast á ári hverju, en láta eldinn eyðileggja. — Aðferðin er þannig: Hálmurinn er bundinn bagga með heypressu-vél og húsatóftirnar hlaðnar svo úr böggunum. Undir, utan og innan og ofan eru veggirnir bræddir með sementsteypu, svo lofti er útbygt, og fúnað getur hálmurinn ekki, því sementsteypan undir veggjunum er tvenskonar vörn, gegn fúa og rottum og músum. Þökin eru gerð úr við. Hús, sem þannig eru gerð, segja Kansas-búar að séu hlýrri en öll önnur. Einn kostur er sá, að þesháttar hús getur svona hérum bil hver klaufi bygt.

ATLI: Vel segist þér, félagi. En mér skilst, að hér við sé margt að athuga: Í fyrsta lagi, þannig gerðir veggir virðast mér ei muni vera svo traustir, að þeir fái borið mikinn þunga, svo loft getur maður ei haft í slíkum húsum. Í öðru lagi, sementið hlýtur að springa og skilja sig utan af hálminum. Í þriðja lagi, þó maður vildi hafa loft í þessum húsum, er ekkert færi til að koma þitum fyrir í veggjum. Hvað er sementsteypan þykk á veggjunum?

KETILL: Fyrir einlyft hús eru þessir veggir nógu sterkir. Frá loftbitum má þannig ganga, að þeir séu hlaðnir og sementaðir út í veggina, eða kræktir út í veggi með járnum. Hálmloðnan og misfellur á buggum varnar því að sementið springi og skilji sig utanaf veggjunum. Sement-húðun má vera þunn, því hún er aðallega til þess höfð, að útiloka súg í veggjunum og verja fúa, einnig til fegurðar. Veggir úr þessu efni hafa aldrei að innan; innan þeirra eru gripir friðir við kuldann, er leggur af veggnum. Ég hygg að kýrnar þinar yrðu vel ánægðar í svona gerðri fjóstóft, með góðu baki yfir; og þá sauðféð, í slíkum húsum væri ullin á því hrein og þur allan veturinn. Í blautri ullarkapunni liður sauðfé ákaflega illa.

Setjum svo, að þrir nábýlisbændur keyptu heypressu-vél í félagi, og bandpressuðu svo allan hálm sinn á hverju ári (þann hálm, er þeir mundu annars brenna); eftir fá ár mundu þeir hafa alla veggi að gripahúsum sínum gerða úr hálmi og sementi. — Ég hefi lesið það einhversstaðar í blöðum, að hagfræðingum telst svo til, að girðingastaurar úr sementsteypu séu ódýrari en viðarstaurar; sé svo, þá hljótum við að viðurkenna, að byggingaaðferð Kansas búa muni vera hin heppilegasta. — Mér virðist, að eitt af aðal hagsmunalegu spursmálum ykkar bænda sé að finna hið ódýrasta og notabezta byggingaefni, sökum þess, að þið getið ekki rekið búskap ykkar án töluvert um fangsmikilla bygginga. Nú er öldin önnur en var hér fyrrum, þegar maður gat keypt fjósavið frá $12 til 120 þúsund ferhyrningsfetin, en nú $30 ódýrast. Það er því ekki gamanmál, að leggja fé í byggingar nú á dögum. Svo eru smiðalaunin, — fyrir nokkrum árum þóttu $2 há daglaun, en nú eru $3 lægstu laun.

ATLI: Ég verð að kannast við, að þú hefir mikið til þíns máls, en setjum nú svo, að við færum að brúka hálminn okkar til þess arna — þá mundi skarða ærið mikið í áburðarefni vor.

KETILL: Ég get ekki játað það skaða fyrir ykkur, þó þið hættuð að brenna hálmhrúgurnar, því með hálmuskunni eyðileggið þið blettinn, er hrúgan stóð á. En færi nú svo, að þið gætuð keypt ykkur margfalt meiri og betri frjóvbætir, en fólst í hálmhrúgunni, fyrir mismunun á verði byggingarefnanna, þá mundi ég álíta það ótvíræðan gróða.

ATLI: Má vera, að svo sé, en varlega skyldi maður fara að öllum nýbreytingum.

KETILL: Það er gullvæg regla. En mín meining er, að þið leitið fyrir ykkur og komist að raun um, hvort þið hafið ekki byggingarefnið í ykkar eigin höndum. Heypressu-vélin er víst nokkuð verðhá og yrði því máske minna í hættu, að leigja einhvern, sem vél á, til að binda hálminn í fyrsta tilraunakofann. Setjum nú svo, að þú bygðir þér hús yfir ærnar þínar og hefðir það 50 fet á lengd og 16 fet á breidd, 8 feta vegg; þverbita þarftu að hafa í því til að halda þakinu frá að gliðna, — þá bita mundi ég sementa niður í veggina; með 72 feta sperrulegg verða 7 fet frá bita í kverk, — alt svo gæturðu haft þar uppi heyforða, er endast mundi fáeina dimmviðrisdaga. Vissara mundi, að setja fáeinar skakkstifur úr sperru í bita, til að varna þakskjálfta í stórviðrum. Ef svo fjárhúsið reyndist stæðilegt og notagott, mundir þú við tíma og tækifæri bygga þér hlöðu afturaf því. Þá hefðirðu fjárhús í al-íslenzkri mynd, tréðir fram garðann með heyföngin, sem hver annar íslenzkur fjármaður, stæðir svo í hlöðudyrum stundarkorn, að virða fyrir þér, hvernig sauðfjárflokkurinn hefðist við heyið í garðanum.

Vel áminst, úr því við fórum að tala um sauðfé, hefði ég að ég verði að spyrja þig spurningar því viðvíkjandi. Ég hefi veitt því eftirtekt, að margir bændur hér í landi láta ær sínar bera um hávetur í húsum inni. Er það ódýrara eða arðvænna en þær ber á grösum að vori til?

ATLI: Kostnaðarminst hvað fóður snertir, er að sauðburður verði í gróandanum á vorin, en hængur er á því einnig. Þá, á þeim tíma, hefir akuryrkjubóndinn sem mestum önnum á sinna, svo oft fer svo, að umönnunin, sem ærnar þarfnast, verður sem í hjáverkum höfð, og oft ei svo fullkomin sem skyldi. Enn fremur eru oft á vorin kuldanepju regnskúrir, sem við af gamalli reynslu vitum, að er mjög svo óhagstætt fyrir unglömbin. Eini hængurinn er sá, við síðborin lömb, að þeim er mjög hætt við magakrmi, þá er sumarhitarnir koma. Vetrarlömb eru dýrari, hvað fóður snertir; ær sem ber að betri til þarfnast ½ gal. af höfrum á dag eigi henni að líða vel. En hvað vinnunni viðvíkur, hefir bóndinn ei öðrum önnum að sinna að vetri til en gripahirðingar, svo að því leyti er honum sauðburðurinn þægilegri þá; en húsrúm verður maður að hafa handhægt. Vetrarlömb koma að sjálfsögðu fyrr til markaðar en vorlömbin, og vetrarlömbin eru ekki ormaveikis hætvunni undirorpin, sem hin. Þegar tekið er tillit til alls, mun það verða alment álit, að vetralömbin séu arðmeiri.

KETILL: Keyrir þú áburðinn úr fjósum þínum jafnóðum og til felst?

ATLI: Já, það geri ég ætíð, þegar ég kem því við. Á vetrum höfum við ekki ákafar annir, svo okkur sýnist það heppilegra að teðja akurinn að vetrinum til heldur enn að geyma það til vorsins, þá er annir byrja. Akurinn nýtur líka betur áburðarins með því að fá hann að vetri til, því í snjóleysingunum á vorin og í vorregnunum þvættist hann út og blandast því betur við moldina.

KETILL: Þú reinar þá ekki akurinn, sem gert var við tún á Íslandi, og sem ég hefi einnig séð suma gera hér.

ATLI: Sú aðferð heyrir til liðna tímanum, en sést nú vart framar, enda óhyggilag aðferð, því undan hverri hrúgu afræktast moldin, svo að það er tvíverknaður, fyrst að reina það, síðan að breiða úr því áður en plægt er. En alla tímaeyðslu verðum við að forðast nú á dögum, þegar verkalaun eru svo há, sem nú eru þau, dugar ekki að sóa burt tímanum að gamni sínu. Amerískanska aðferðin er, að koma sem mestu í verk á sem styzztum tíma, en með sem minstri fyrirhöfn. Því hefi ég sagt þér það áður, að það er hingað, sem Íslendingar ættu að senda sonu sína á búnaðarskóla, því hér vröu þeir að læra að bera virðingu fyrir vinnunni. Hið ranglega skilda höfðingja-eðli yrði hér brotið á bak aftur og þeim kent að vinna.

KETILL: Ég sé, að þú hefir viljað lægja drambið í hestunum þínum með því að raka af þeim faxið. Gamli Magnús Stephensen segir einhversstaðar í ritum sínum, að hesturinn sé stoltur af faxinu.

ATLI: Það þykir mér sennilegt, að hestinum þyki vænt um faxið, líkt og við hrósum okkur af því, að vera vel hærðir. En það er eigi tilgangur minn að auka þeim hugraun með því að rýja þá skrúða sínum. Ég geri það nauðugur, að raka faxið af þeim; en ég hefi ekki tíma til að hirða það, svo það sómi sér sem skyldi. Fax í flókabendlum vil ég ekki hafa á hestum mínum. Mikið fax á vinnuhestum eykur þeim ærinn kostnað, einnig hættir þeim við að sárna á makka undir kraga, ef faxið er óklipt. — Þegar "alt kemur til alls", hygg ég betra vera að vinnuhesturinn sé rakaður.

KETILL: Hvað langan tíma lætur þú liða á milli þess að þú lagar járn undir hestum þínum?

ATLI: Eins mánaðar tíma til hálfs annars. Gangi hesturinn lengur á járnunum, verða skeifurnar honum til þrautar. Að þeim tíma liðnum, fer skeifan að draga hófinn saman, og hófbrúnin að vaxa út fyrir skeifuna. Ef við veitum hestinu athygli, getum við séð það á gangi hans, hvernig járnin fara með hann, og við erum skyldugir til að veita honum eftirtekt; hann er málláus; en ef við viljum, getum við skilið flestar eða allar hugsanir hans af látbragðinu.

Hestamaður einn lætur hestinn tala þannig til mannsins:

"Mistu ei stjórn á geði þínu, þótt ég skilji þig ekki, vertu þolinmóður, mér er árægja í að hlýða þér, þegar ég skil þig.

"Bittu mig ekki á hnökróttan og hnúskóttan bás, ég er lúinn og þarfnast mjúkrar hvílu".

"Þröngvaðu mér ekki til að éta meira af salti en ég sjálfur vil, — með því að blanda þú saman við hafrana mína; ég veit bezt, hve mikils ég þarfnast".

"Ímyndaðu þér ekki, þótt ég kviki undan keyrishöggunum, að ég sé ólúinn. Hvika mundir þú einnig undan keyri".

"Vertu ekki svo hirðulaus um kragann minn, að þú gefir honum ekki gaum fyrr en þú sérð sollin sárin á mér".

"Berðu mig ekki á vegum úti, þá er ég verð hræddur, því ég býst þá máske við því sama næsta sinni, svo að af því gæti leitt vandræði fyrir okkur báða".

"Drífðu mig ekki hart upp brekkuna, því gættu þess, að ég er að draga þig, vagninn og sjálfan mig. Reyndu sjálfur að hlaupa upp brekku með þungt æki".

"Mundu eftir að sverfa tennur mínar, þegar þær verða svo ójafnar, að ég get ekki tuggið fóðrið. Þegar ég helst ekki við, má vera að það sé sökum tannagalla".

"Mundu eftir að fara vel með mig, það borgar sig, og er með þakklæti þegið".

"Skifðu mig ekki eftir í sólskininu, þegar forsælan er faanleg; — gleymdu ekki að breiða á mig ábreiðuna í köldu veðri og hlúðu að mér með hennil eins vel og þú hlúir að sjálfum þér með kápunni".

"Drífðu mig ekki hart niður brekkurnar, því ef eitthvað skyldi slitna eða brotna, gæti það orsakað hálsbrot á sjálfum þér".

"Hafðu ekki dimt í húsinu mínu, því þegar ég kem úr myrkri út í sólskinið, ofreynir það augun".

"Hugsa þú ekki, að vegna þess að ég sé hestur, geti ég étið illgresi og lurka í hevi mínu".

"Láttu ekki frosin mélin upp í mig. Tungan mín er viðkvæm".

"Gleymdu ekki að láta vera gnægð af þurru laufi, hálmi eða sagi í básnum mínum".

"Kræktu ekki á mig kraga, sem mér er ógi hæfur. Hvernig mundi þér þóknast kragi sá, sem nagaði á þér svírann?".

"Lofaðu mér að nema staðar til að kasta af mér vatni".

"Þegar ég dreg þungt æki upp brekku, þá áðu mér á brúninni, svo ég geti fylt lungun mín með lofti".

"Þegar þú kemur heim með mig móðan og sveittan, þá gefðu mér þrjá eða fjóra munnsopa mína af vatni, — ekki meira".

"Láttu mér renna mæði og þorna á mér svita, áður en þú gefur mér kornfóður og fullan mæli drykks".

"Sleptu mér á kveldin og lofaðu mér að velta mér".

Hefir þú borgað Heimskringlu?

Þakkarávarp.

Við viljum þakka þeim, sem veittu okkur liðsinni í veikindum barna okkar síðastliðna tíð, Dr. J. A. Johnson, og einkum og sérilagi herra Guðbrandi Erlendssyni, sem lagði mjög mikið á sig, bæði nótt og dag, að liðsinna litlu sjúklingunum.

Hallson, N. Dak., 21 febr. '11.

Mr. og Mrs. A. G. Johnson.

Menningarfélagsfundur

18. febr.

í Únitara kirkjunni.

Á þeim fundi flutti Dr. Sig. Júl. Jóhannesson erindi um blaðamensku.

Hann kvaðst gleðjast af að sjá svo marga þar samankomna, — menn af öllum flokkum. Sumir sögðu: "heimur versnandi fer", en slíkt væri ekki rétt, heimurinn færi batnandi, og það væri stórt spor í menningaráttina, að vér Íslendingar kæmum saman á Menningarfélagsfundum. — Endur fyrir löngu hefði hann frétt af Menningarfélaginu, og á þá leið, að það væri eitthvað svart við það, eitthvað í ætt við Anarkista eða óbótamenn, — svo hann hefði fylst fordómum gagnvart því. En síðar hefði hann kynst því betur og fordómarnir horfið. Nú gætu menn af öllum flokkum komið saman á fundum félagsins. Best væri að brjóta niður flokkakvíarnar,— rífa niður gaddavírsgirðingarnar milli sálnanna. — Það væri eitt af hlutverkum blaðamannsins, að brjóta niður það, sem skilur menn að.

Hann kvaðst ekki ætla að flytja formlegan fyrirlestur, heldur væri það fremur áform sitt, að inaleiða umræður.

Útgáfa blaða væri eitt hið mikilsverðasta, sem mannsandinn hefði fundið upp til að útbreiða skoðanir. Allskonar tæki væri verið að uppgötva og endurbæta til að flytja hugsanir manna á milli, — vegalengdirnar væru sigraðar. Alt hjálpaði til að færa fólk saman. Sundurskifting leiðir til vansælu, samdráttur til sælu; bezt að fólk komi saman og sé saman. — Öllun blaðam. er hálelt, hans innri maður, sál hans, á að birtast í starfi hans. Undirbúningur þarf að vera góður og blaðam. verður að vita, hvað hann vill.

Blað er eitthvert hið bitrasta vopn, getur gert mikið gott eða ilt, eftir því, hvernig á er haldið. Það verður að flytja heilbrigðar skoðanir. Blaðstj. verður að vera hreinskilinn og segja hispurslaust, það sem hann meinar, — ekki múlbundinn klíkuþræll. Hann verður að skifta sér af öllum vinnuhjúunum og börnunum, ekki síður en húsbændum, stjórnmálamönnum og konginum. Annars eru blöðin bára pest eða kýli, sem þarf að skera af þjóðlíkamanum og kasta burt.

Ekki er alt undir langlífi komið. Sum blöð eru langlíf, en heimurinn þó engu bættari fyrir tilveru þeirra; sum skammlíf, en skilja þó eftir fagrar og göfugar endurminningar og góð áhrif. Eins og ein alda getur fleytt báti, sem er að farast, upp á ströndina úr hættu, en aðrar öldur brotna bara til einskis við ströndina.

Sú sál, sem á bak við stendur, verður að vera heilbrigð og viljasterk. Oft hefir fjárskortur orðið blaðafyrirtæki að fótakefli, eða ritstj. keyrður í þrældómsfjötur af einhverjum flokkum til að vinna sóða verk þess flokks. Sannfæring hans fær ekki að njóta sín.

Blað á að vera ræðupallur fyrir hugsanir allra, öllum á að leyfa orðið.

Ræðum. kvaðst hafa verið alinn upp í þröngsýni, og hann mintist þess, að hann hefði við eitt hátíðlegt tækifæri, ásamt skólabræðrum sínum, aðstoðað kröftuglega við að pípa B. L. Baldwinson og Sig. Kristófersson niður. Slík ofbeldisverk gagnvart málfrelsi kvaðst hann nú sjá að væru heigulsleg og óafsakanleg. Menn ættu að rökræða hverja skoðun hispurslaust, ganga framan að andstæðingum en ekki aftan að þeim. — Skoðanir væri ekki unt að drepa með ofbeldi, en ofbeldi og ofsóknir fæddu af sér stjórnleysingja og æsingamenn. — Blaðamaður þarf að vera þrent: Dómari, kennari og prestur, ekki þræll eða ritvél, eins og flestir ritstj. austan hafs og vestan. Hann á að útskýra allar stefnur, fræða menn um, hverjar séu heilbrigðastar og hvers vegna; rökræða og gagnrýna þær og sýna fram á, hvernig þær umskapa manninn. — Vér brevtum um fót, eftir því, sem líkaminn vex, og vér verðum einnig að breyta um vor andlegu klæði; sálin vex ekki síður en líkaminn.

Í stjórnmálum ætti blm. ekki að vera með neinum sérstökum flokki. Í trúmálum: grafast fyrir, hvað er réttast og bezt. Seðja forvitni og þekkingarlöngun fólksins. Sem prestur á hann að prédika víðsýni — ekki sérstaka skoðun. — Sem dómari má hann ekki vera vilhallur. Ekki dæma um kvæði eftir því, hvers nafn er undir því, heldur hlutdrægnislaust, hver sem í hlut áj Skýra kosti og galla á hverri bók eða öðru ritverki. Rita æfiminningar sannar og réttar. Mannkynssagan er alar hlutdræg og óáreiðanleg. Sama gildir um sum blöð vor, bæði austan hafs og vestan: Lifandi hefði Valdimar Ásmundarson verið dæmdur alls óhæfur blaðamaður. Einnig hefði hann verið dæmdur af sama blaði og sama manni sá færasti blaðamaður, er Ísland hefði átt.

Af blaðam. vestan hafs væri Baldwin L. Baldwinson frjálslyndastur og leyfði öllum aðgang að blaði sínu. En sá væri stundum gallinn á, að hann væri ekki æfinlega ákveðinn með eða móti öllu, sem í blaðinu birtist.

Stundum væru í bl. kynjalyfauglýsingar, hvor þeröfug við aðra. Hvorri ætti að trúa? Það væri skylda ritstj., að varna því, að fólk sé dregið á tálar, og hann er ábyrgðarfullur fyrir öllu, sem birtist í bl., — auglýsingum líka. Blaðam., sem eru í bindindi, taka brennivíns auglýsingar; slíkt er verra en bindindisbrot, verra en þó þeir drykkju sjálfir. Því það, að reyna að gróða alla, sem blaðið lesa, til að drekka, er stærri glæpur. — Einu ísl. blöðin hér vestra, sem ekki flyttu áfengis auglýsingar, væru Sameiningin og Heimir.

Að endingu kvaðst hann vona, að sem flestir létu álit sitt í ljósi á þessum málum í umræðunum á eftir.

Ræðumanni var greitt þakklætis atkvæði.

Forseti bauð ritstjórum þeim, er viðstaddir voru, orðið.

Fyrstur talaði B. L. Baldwinson. — Hvað sitt blað snerti, þá kvaðst hann bera ábyrgð á öllu, sem stæði í blaðinu — gagnvart landslögum, en að hann bæri ábyrgð á öllum skoðunum, sem í blaðinu birtust, næði engri átt. — Fyrirlesarinn heimtaði fullkomið skoðanafrelsi, að allir ættu að fá aðgang að blöðunum. Nú hafa menn svo margvíslegar og andstæðar skoðanir á einkaleyfislyfum og svo mörgu öðru. Þessum skoðunum ljær blaðið rúm; en sýnilega er það ómögulegt fyrir ritstj., að dæma um gildi alls þess er í blaðinu birtist. Getur þess vegna ekki ábyrgst allar auglýsingar. — Vér Vestur-Íslendingar höfum aldrei átt menn eða haft efni á að gefa út blað á mjög háu stigi. Hér væri alt af vanefnum gert hjá sér eins og öðrum í þessu efni.

Næst talaði Sigfús B. Benediktsson. — Blaðstjóri þarf að vera vel mentaður og samvizkusamur og fylgjast með tímanum. Þarf ekki að vera svo varasamur með að meiða tilfinningar fólks; því fleiri sem meiddir eru, því betra stundum. — Flest blöð væru mjög frjáls lynd með að taka auglýsingar, jafnvel þó efni auglýsinganna væri á móti stefnu blaðsins, — ef borgað væri fyrir augl., benti á dæmi í Free Press hér í bænum í þessu efni.

Næst talaði séra Guðm. Árnason. — Blöð eru með þeim þýðingarmestu stofnunum. Fólk yfirleitt fær mesta sína fræðslu um menn og málefni og það sem er að gerast, úr blöðunum. En ýmsir eru gallarnir og annmarkarnir á þeim — ekki kannske sérstaklega ísl. blöðunum — t.d. óáreiðanleiki dagblaða keyrir fram úr hófi: Í Berlínarblaði var fregn nýlega, að brunnið hefði hér í Winnipeg hús, er kostað hefði milión dollars. Í ísl. blaðinu Templar stóð sú fregn í haust, að í Winpeg væru drykkjurútar ekki settir inn, heldur væri gyltur kragi settur um háls þeim, og þeim svo slept lausum. — Sögum vanskapninga, sjóskrýmsli o.fl. rækju hver aðra í bl., með þessu glötuðu bl. virðingu og tiltrú, sem þeim annars myndi sýnd. — Stundum væru ónot um nágrannana flétturð inn í fréttabréfin utan úr sveitum, sem stundum orsökuðu leiðinlegar og gagnslausar deilur. Að taka slíkar greinar væri ranglátt gagnvart kaupendum blaðanna. — Hvert blað ætti að hafa ákveðna stefnu. Annars gagnslaust nema sem fréttablað. Flokkaskifting nauðsynleg og heilbrigð í blaðamensku.

Næst talaði Stefán Thorson. — Fyrirlesarinn beindi verið helzt til harður í krófum til blaðstjóra, að þeir ættu að geta dæmt um alt, um hverja bók, um hvaðeina gildi þeirra; til þess eru fáir færir, ritstj. einn, blaðið litið. Bezt að þeir dæmdu ekki um fleira en þeir hefðu vit á. Sjálfsagt væri að blöð séu kennarar í þeim greinum, sem þau fjalla um. Bezt að útiloka úr blöðum það sem ekki kennir neitt. Frjálslyndi, sem er þannig lagað, að það tekur alt, sem býðst, er enginn kostur. Ritstjórinn á að vera dómari og kennari og dæma um, hvað sé boðlegt. Sjá um, að svo miklu leyti sem unt er, að fréttir séu áreiðanlegar. Sérstakur kostur væri það á ritstj Hkr., að hann stykki aldrei upp á nef sitt, þó á hann væri deilt persónulega, heldur svaraði æfinlega kurteislega. Slíkt væri fágætt hjá vorri þjóð.

Næst talaði séra Rögnv. Pétursson. — Hann kvaðst hafa átt von á öðruvísi erindi, reglubundnara. Kvaðst ekki hafa grípið til fulls, hvað væri fyrirmyndar blaðamenska. Ef blöðin eru spegilmyndir af ritstj., þá væru sumar myndirnar furðulegar: krossfiskar, marglittur, margfætla, sem getur þó í engan fótinn stigið. — Eiga blöð að vera kolla, sem öllu má steypa saman í? Ef blað á að vera skóli, þá getur það ekki verið kollan. Ef blaðam. hefir köllun, þá best að hann haldi sér við það, sem hann vill kenna. Kollusamsteypan ekki æskileg, ef blaðam. er við kirkjumál, þá þau mál; ef við stjórnmál, þá nóg verkefni að ræða þau. — Það truðar að ræða of margt. Hugsum oss skóla. Einn flytur erindi nú, annar þá, hvað á móti öðru. Með þessum hætti getur ekki kensla átt sér stað. Að blöð séu flokksblöð, er ekkert aðfinnsluvert í sjálfu sér. — Blaðam. bera ábyrgð á öllu í bl., auglýs. líka. Ef blaðam. er bindindism. á bl. ekki að flytja vín- eða patentmeðala-gutls auglýsingar, þó borgun bjóðist fyrir; það þvær ekki samvizku hans. — Skáldsögurnar, sem blöðin flytja, ættu að kenna líka; en valið á þeim virðist gert af handahófi. Sögurnar ætti að velja eftir ágætustu höfunda, gera grein fyrir stefnu og einkennum beirra, flytja æfiágrip beirra, gera þá kunna fólninu. Meðal vor er alt of mikill rómanalestur. Það er ekki lesið til að læra, ekki til að græða, — það virðist of oft lesið bara til að "drepa tímann". — Enn hefir ekkert verið minst á Lögberg. Það er blað, sem gjarnan mætti líkja eitir. Það er ákveðið lúterskt kirkjufélags málgagn, með ákveðnum stjórnmálaþekki; reynir að velja fréttir, án þess að misbjóða velsæmi. — Heimskringla skortir kirkjumálaskoðun; fréttir stundum gripnar úr lausu loftu. Vitanlega er nokkur afsökun fyrir ritstj. hennar, sem hefir í mörg horn að líta og er kafinn annríki.

Gunnar J. Goodmundsson talaði næst. — Kvað ummæli eins ræðumanns um óáreiðanleik frétta á litlum rökum bygða. Fregnin um brunann hér í bæ myndi vera sönn. — Síðasti ræðum. hefði haldið því fram, að ritstj. væru ábyrgðarfullir fyrir augl., ætti ekki að taka augl. gagnstæðar stefnu blaðsins. En einmitt þessi maður, á ritstjórnartíð sinni, hefði brotið þessa reglu.

Þá talaði fyrirlesarinn aftur. — Misskilið frjálslyndi væri það, að taka alt í blöð, en skoðanir ættu að komast að,— ekki sma persónuleg deiluatriði. Blöð eiga ekki að vera flokksblöð, en þau eiga að hafa stefnu. (Séra Rögnv. Pétursson spurði, hvort flokkur myndaðist ekki utan um stefnu, eða hvort flokkar mynduðust utan um ekkert) — Fyrirlesarinn kvað stefnu og flokksfylgi alveg sitt hvað. Blaðam. verður að vera tilbúinn að skifta um stefnu, ef upplýstist að hún sé röng.

* * *

Á fundinum, sem var fjölmennur, var borin fram tillaga af séra Rögnv. Péturssyni, þess efnis, að fundurinn mælti með þeirri stefnu í háskólamáli Manitoba fylkis, að háskólinn einn hefði heimild til að veita háskóla-gráður, — en mótmælti því, að sú heimild væri gefin í hendur nokkurs trúarflokksskóla í fylkinu.

Tillagan var studd og samþykt í einu hljóði á fundinum.

Friðrik Sveinsson, ritari.

ÍSLENZKAR BÆKUR

Ég undirritaður hefi til sölu nálega allar íslenzkar bækur, sem til eru á markaðinum, og verð að hitta að Mary Hill P.O., Man. — Sendið pantanir eða finnið.

Niels E. Hallson.

FRIÐRIK SVEINSSON

húsmáling, betrekking, o.s.frv. tekur nú að sér allar tegundir af Eikarmálning fljótt og vel af hendi leyst. Heimili: 690 Home St.

Herra Jón Hólm, gullsmiður að 770 Simcoe St., biður þess getið, að hann selji löndum sínum gull- og silfur-muni og gigtarbelti. — Belti þessi eru óbrigðul við gigt, ef þau eru notuð samkvæmt fyrirskipunum Jóns. Kosta að eins dollar og kvart.

KAUPID STRAX BUICK OLÍU

470 GS, JA, 32NI. **Los Angeles, Cal., 28. Feb. 1911.**

Buick Oil Co., 42o Marquette Building, Chicago.

Buick Midway brunnurinn gýs alt að þúsund tunnum daglega. Samningar gerðir við Standard Olíu félagið að selja því hundrað þúsund tunnur. Tveggja þúsund tunna geymir nærri fullgerður, annar verður fullbúinn í næstu viku.

BUICK OIL COMPANY

Þetta símskeyti sýnir það, að félagið hefir starfað kappsamlega, og það hefir þegar gert samninga við Standard olíu félagið um sölu á 100,000 tunnum af olíu. Þessar framfarir eru röggsamar öflugar og verðmætar.

Þetta meinar að félagið er nú framleiðandi og ágóða starfandi félag. Hver og ein staðhæfing sem við höfum gefið um þennan hluta eigna vorra hefir nú komið í uppfyllingu.

Félagið ætlar að hætta þessari smáskamtasölu hluta sinna eftir að það sem nu er afskamtað til sölu er uppselt sem orðið getur á hverri stundu og það er mjög efa samt að nokkuð verði eftir þegar þessi auglýsing birtist. Félagið stendur nú á öruggun grundvelli, það verða aðeins örfáir dagar þar til annar af brunnur vorum verður fullgjór og tekur til starfa og sá verður eins voldugri en sá sem nú er starfandi, og þar á eftir skal brunnurinn fjölga jafn ótt og auðið verður á Midway 40 svæðinu sem No, 1. brunnurinn er á.

Tekjur verða $500 til $3,000 á dag.

Vitið þið hvað það þýðir? — það merkir það, að sérhver brunnur færir öss í tekjur frá $500 til 93000 á dag, eftir núverandi söluverði oliunnar. — Tíu slíkir brunnar á 40 ekra svæði með $3,000 á dag, eftir núverandi sölufæra oss 30,000 dollara á sólarhringnum. Þetta merkir það, að inntekt félagsins á árinu nemur Tíu miliónum dollars, eða með öðrum orðum: Það gefur félaginu tækifæri að sýna 200 prósent árlega í ágóða. — Sá, sem keypt hefir hluti fyrir 50 cents, græðir 400 prósent á hlutum sínum á árinu, færi svo, sem hér segir, og sá sem greitt hefir 75 cents fyrir hluti sína, græðir 266 prósent. En í þeim tilgangi að vera hárviss, skulum við nákvæmlega aðgæta, hvað Buick Oil félagið hefir að geyma, og hver sé hin vissa framtíð þess. — Inntektir þær, sem við höfum sýnt hér að ofan, eru að eins miðaðar við þá 30 brunna, sem verða á Midway svæðinu. En það verðið þið að muna, að það svæði er að eins litili hluti af eignum Buick Oil félagsins. Fjörutíu ekra svæði félagsins í Mariscopa Sunset, er að vorri hyggju ennþá oliu auðugra svæði en það, sem er á Midway spildunni, því um alla Mariscopa spilduna eru framleiðandi og arðberandi oliubrunnar. Þar gefst ykkur kostur á, að sjá hina forugu brunnbora sívinnandi til að gefa eigendum sínum endalausa oliu og óþrjótandi auðæfi. — Þar gefst þér tækifærið til að sjá útbúnað og starfsemi undir stjórn hinna duglegustu oliufræðinga, sem eru í þjónustu hinna auðugustu oliufélaga og færa þeim oifjár. — Og þarna ætlum við að byrja starfsemi vonum bráðar. Þá höfum við einnig Sunset Security spilduna, sem er 560 ekrur, og sem nær að takmörkum Mariscopa svæðisins. — Gerið vkkur í hugarlund inntektir þær, sem þessi svæði gefa af sér, þegar þau eru fullunnin. Það verður ekkert smáræði. Nú höfum við þar fimm starfandi brunna.

Kaupið undireins því hlutirnir verða bráðum ófánlegir.

D. D. BUICK,
er fann upp og stofnaði hina miklu Buick bifreið, og er forseti Buick olíu félagsins.

Engin hlutabréf seld eftir afborgunar tilhöguninni eftir 2. Marz

Félagið nú framleiðari.

Buick Oil félagið er nú ekki lengur óþekt stærð. Ekki finst nokkur sá, sem lengur er í efa um öruggleika þess. Og ekki er framar hægt fyrir illkvittnislega blaðasnápa eða öfundarmenn, að draga ofan af því skóinn. Síðastliðna viku hafa viðskifti félagsins verið gríðarmikil. Þúsundir af fólki, sem beðið hafði um að taka frá handa sér hluti og ekki hafði sent hina fyrstu niðurborgun, hrást óðara við, þegar olían kom fram, og sendi inn beiðni um hlut og borgun. Símskeyti streymdu að úr öllum áttum til aðalstöðva félagsins og jafnvel frá Englandi. Eftirspurnin var svo mikil, að við gátum ekki sint beiðnum þeirra, sem báðu um að taka frá handa sér hluti, nema að nokkru leyti. Við vitum ekki, hvað verð þessara hluta getur orðið, það er nú þegar yfir ákvæðisverð. Verðið getur hækkað upp í $1.00, já, upp í $5.00 á einni nóttu. Af þessari ástæðu er það, að við getum ekki látið afborgunartilhöguninna gilda eftir 2. marz. Við vitum jafnvel ekki hvort við höfum nokkru hluti til sölu að 10. dögum hér frá. Eignir félagsins hafa hækkað svo geypimikið í verði, að Mr. Buick og aðstoðarmenn hans, sem nú eru í Californiu, mættu ef til vill ákvarða, að beztu hagsmunir félagsins mundu verða í því innifaldir, að draga öll óseld hlutabréf af markaðnum. Vitanlega er félagið nú þannig sett, að gröftur og starfræking nýrra brunna er að eins timaspusmál.

Hinir gætnustu verzlunarmenn þessa lands hafa nú varið peningum sínum í Buick Oil. Í Californiu, en þó sérstaklega á oliusvæðinu, hefir Buick Midway No. 1 reynst félaginu happadrýgsta og mest eftirspurða fyrirtækið.

Við sögðum ykkur, að hlutirnir myndu hækka upp í 75 cents. — Margir efuðu þau orð vor, og drógu pantanir sínar þar til um seinan. Þið vitið, að við vitum, að nú eru þessir hlutir keyptir fyrir 75 cents, ekki af einum heldur af hundruðum manna. — Við sögðum ykkur, að þessi brunnur vor, No. 1, mundi gefa oliu, og nú hefir það ræst, og símskeytið að ofan sýnir, að félagið hefir þegar selt 100,000 tunnur af oliu, fyrirfram, til Standard Oil félagsins.— Við höfum sýnt ykkur fram á, að brunnur þessi er mikill oliu-hver, og að við að eins leyfum honum að gefa af sér 1,000 til 3,000 tunnur á dag, og þeir oliufræðingar, sem komið hafa og athugað brunninn, hafa lýst því yfir, að hann væri ekki að eins mikill hver, heldur einn af þeim voldugustu, sem þeir hefðu séð.

Nú er tíminn til að kaupa

Við viljum, að hver sá, sem les þessa auglýsingu, bíði ekki mínútu. Við höfum gefið það ótvírætt í skyn, og símskeyti frá Mr. Buick sjálfum sanna það, hvað auðugir hinir californisku velir eru, og hvers vegna þeir framleiða eins mikla oliu nú og þeir gerðu fyrir árum síðan. Við höfum sýnt ykkur, hvar eignir okkar eru, — umkringdar af voldugustu oliu-öflum heimsins. Buico Oil félagið er fyrir albéðuna, og fyrir því stendur maður, sem er kunnur uppfyndingamaður og þrautreyndur sæmdar og dugnaðarmaður. Það eru hinar velþektu Buick bifreiðar, sem Mr. Buick fann upp, og sem hlotið hafa frægð mikla fyrir vandvirkni og fjölda verðlauna. Þúsundir Buick bifreiða eru seldar árlega og fleiri þúsundir manna vinna á verksmiðjunni, sem hér þar til. Mikill hluti Buick Oil hluthafa eiga Buick bifreiðar. Nafnið BUICK, hvort heldur í Bandarikjunum, Canada, Englandi, eða hvar annarstaðar í hinum mentaða heimi, er full trygging þess, að félag það sem hann er riðinn við, er örugt, heiðarlegt og leiðir til heilla. Engir blaðamenn þora að ráðast á félag vort. Þeir vita, að nafnið Buick er hafið yfir grun. — Það er þrá D. D. Buicks, að gera Buick Oil Co. stærsta oliu framleiðslufélag heimsins, og er dæma skal eftir hinum fyrsta brunni, þá eru líkurnar fyrir því, að honum muni auðnast að fá þrá sína uppfylta.

Þið, sem lesið þessa auglýsingu, hreyfið við og kaupið hluti, og kaupið svo mikið, sem ykkur er fært. Sölusáttmálarnir eru svo handhægir, að sérhverjum ætti að vera auðið að gerast hluthafi.

Verð hlutanna er 75 cent. Ákvæðisverð $1.00

HVERNIG KAUPA SKAL:

$ 7.50	niður	og	$ 10.00	mánaðarlega	í 3	mánuði	kaupa	50	hluti
15.00	"	"	20.00	"	í 3	"	"	100	"
30.00	"	"	40.00	"	í 3	"	"	200	"
50.00	"	"	58.33	"	í 3	"	"	300	"
75.00	"	"	75.00	"	í 3	"	"	400	"
100.00	"	"	91.66	"	í 3	"	"	500	"
250.00	"	"	166.67	"	í 3	"	"	1000	"

5 prósenta afsláttur má dragast frá útíhönd borgunum.

Gleymið samt ekki að við áskiljum okkar rétt að hafna umsóknum um kaup, og endursenda greiðslu ef ekki líða meir en 24 klukkustundir frá því að umsóknin barst strifstofu vorri. Sendið nú strax eftir bæklingum vorum og þeir munu skemta ykkur og fræða frekar flestu öðru, því í þeim er alt sem þið þurfið að vita um þetta volduga olíu svæði. Ef í efa símið eftir að taka frá handa ykkur hluti og ykkur séu sendir fræðslu bæklingar.

Hlutirnir hækkuðu ur 50 centum í 75 cent, 5 februar 1911

INFORMATION COUPON.

K. K. ALBERT, 708 McArthur Building.
Winnipeg, Man.

Herrar mínir: Verið svo vænir að senda hina miklu bók yðar "The Land where Oil is King," sem lýsir Buick Olíu landsvæðinu, og jafnframt myndir, og stjórnar skýrslur og aðrar sannanir og upplýsingar viðvíkjandi hinu stærsta olíusvæði heimsins, Kern County, California. Eg lofa ekki að kaupa hlut en lesa bókina og aðrar upplýsingar mun èg með athygli.

NAFN .....

ARITUN .....

PÓSTHÚS ..... FYLKI .....

"HEIMSKRINGLA"

BÍÐIÐ EKKI DEGINUM LENGUR!

Símið eftir geymslu hluta

Snúið ykkur til umboðsmansins fyrir Canada.

K. K. ALBERT

708 McArthur Building, Winnipeg.

Phone Main 7323

EÐA

BUICK OIL COMPANY

420 Marquette building., Chicago.

SUBSCRIPTION TO STOCK.

K. K. ALBERT, 708 McArthur Building,
Winnipeg, Man.

Herrar mínir:

Eg bið hér með um.....hluti á eins dollars ákvæðisverði í höfuðstól Buick Oil Co., á 75c hvern hlut, og lofa að greiða þá að fullu í 4 jöfnum mánaðar afborgunum. Hlutabréfin afhendist mér þá þeir eru borgaðir að fullu. Hér innlagðir $.....fyrsta afborgun.

NAFN .....

ARITUN .....

PÓSTHÚS ..... FYLKI .....

"HEIMSKRINGLA"

Heimskringla
Published every Thursday by The Heimskringla News & Publishing Co. Ltd

Verð blaðsins í Canada og Bandaríkjunum $1.50 um árið (fyrir fram borgað).
Sent til Íslands $1.60 (fyrir fram borgað af kaupendum blaðsins hér $1.50.)

B. L. BALDWINSON
Editor & Manager

Office:
729 Sherbrooke Street, Winnipeg
BOX 3083. Telephone Garry 4110.

Ræða Roblin's yfirráðgjafa.

Ræðan sú hins mikla, sem forsætisráðherra Manitobafylkis hélt í þinginu á fimtudaginn var í gagnskiftamálinu, og sem vakti aðdáun allra, er heyrðu, berast hér á eftir. Þó útdráttur að eins, því rúmið leyfir ekki að birta hana alla, því hún myndi taka upp um 15 dálka í blaðinu, en það mundi lesendum þykja fullmikið, þó ræðan sé snild.

Í upphafi ræðu sinnar gat Hon. Mr. Roblin þess, að hann vildi ekki særa tilfinningar neins og forðast persónulegar aðdróttanir. Hann kvað Canada hafa haft ákrykkjóttan æðiferil, og mintist fagurlega á óséðplægni og dugnað hinna fyrstu frumbyggenda, sem Canada ætti að þakka tilveru sína. Canada hefði átt skilyrði fyrir hendi að framleiða miðlimenni, — bæði lyndiseinkunnir þjóðarinnar og lega landsins. Samband milli fylkjanna hefði verið árangurinn af starfsemi hinna beztu manna, sem Canada hefði alið. Þeir hefðu bygt betur, en þeir hefðu gert sér í hugarlund. Stjórnkænsku og dugnaði þessara manna ætti Canada að þakka framþróun þjóðar auðlegðar sinnar, sem væri afleiðing þverlands járnbrautakerfisins.

Canada hefði auðgast af gagnskiftunum við Bandaríkin meðan á þrælastríðinu hafði staðið, en að stríðinu loknu hefði þeim samningum verið ryfta af hálfu Bandaríkjanna, og frá þeirri stundu hefði hið volduga lýðveldi gert alt sitt í trasta að hindra framfarir og vöxt Canada. Þegar ein toll-lög reyndust ekki nóg til að gjöreyðileggja eina sérstaka framleiðslugrein í Canada, voru tollarnir hækkaðir von úr viti, þangað til það var lífsins ómögulegt fyrir Canada, að ábatast á viðskiftum sínum við Bandaríkin. — En Canada hafði hag af þessu engu að síður. Baráttan og örðugleikarnir, sem við var að stríða, hertu og stæltu þjóðina, og stuðluðu til að gera hana óháða öðrum í verzlunarsökum, og að færa sér auðæfi landsins betur í nyt. Og það, hve verzlunar og viðskiftalíf Canada væri í góðu lagi núna, væri því að þakka, að þjóðin heidi lært að standa á eigin fótum. Framfarirnar hefðu síðan orðið gríðarmiklar, — meðal annars tvær þverlandsbrautir og hin þriðja á leiðinni.

En nú, þegar alt lóki í lyndi, kæmu þessir gagnskiftasamningar, sem þruma úr heiðskíru lofti. Enginn hefði búist við þeim, ekkert umboð gefið frá þjóðinni til samningsumleitunar, og engir hefðu óskað eftir þeim. Þessir samningar hleyptu öllu á ringulreið í verzlunarheimi vorum, næðu þeir fram að ganga, og hefðu bæði efnalega og stjórnarfarslega hættu í för með sér fyrir land og þjóð.

Ræðumaður kvaðst ekki efa, að þeir, sem samningana hefðu gert af Canada hálfu, hefðu gert það í hinum bezta tilgangi, en þeir hefðu ekki grandskoðað málið nógu vel. Þau tvö atriði, sem til grundvallar lægu fyrir gagnskiftasamningunum, væru, hið fyrra, að þeir hefðu efnalegan hagnað í för með sér fyrir þjóðina, og hitt atriðið væri, að þegar það tækifæri bíðist, þá að samningarnir væru að eins gerðir samkvæmt almennum verzlunar megináreglum, án þess að þeir gætu haft áhrif á sjálfstæði þjóðarinnar.

Hvað verða afleiðingarnar fyrir járnbrautafélögin og samgöngur, ef að verzlun og iðnaður Vesturfylkjanna dregst suður yfir landamærin, sem alt bendir til? — Hinn háttvirti þingmaður fyrir Lansdowne (Norris) mintist á verð C. P. R. hlutabréfanna, og að hluthafarnir væru fullvissir um, að félagið mundi að engu skaðast og hlutabréfin halda sínu háa verði. — Minn háttvirti vinur ristir hér ekki djúpt. Hlutabréf C.P.R. lækka ekki í verði fyrir þá sök, að C.P.R. félagið á meira en C.P.R. járnbrautarkerfið. Félagið á hina svo kölluðu Soo Line járnbraut, sem hefir aðal skrifstofu í Minneapolis. Fyrir tveimur árum keypti félagið Wisconsin Central brautakerfið, sem gefur því braut héðan frá Winnipeg til Chicago. En alt, sem C. P. R. félagið vanhagar um, er að fá 250 mílna járnbraut milli Chicago og Detroit. Þa hefir félagið fullkomið brautarkerfi um Bandaríkin samantvinnað við Canada, alt til Toronto. Vesturfylkjanna, sem búist er við að miklu leyti fari suður yfir landamærin, fær miðstöð sína í St. Paul, Minneapolis og Duluth C.P.R. félagið á hægra með að flytja afurðir Vesturfylkjanna þangað, en austur til Port Arthur eða Fort William. Hver einn einasti mílusspotti af brautum félagsins milli Moose Jaw og Minneapolis, eða milli Winnipeg og Minneapolis, — margborgar sig fyrir félagið. — Aftur á aðra hönd vitum við vel, að frá Winnipeg til Port Arthur er 500 mílna braut, sem veitir þeim sáralítið í aðra hönd, en kostnaður er stórmikill af starfrækslu hennar. Þess vegna er hætt við, að inntektir félagsins rýrni, hvað Montreal viðvíkur, en aukist stórum að Minneapolis, og hlutheðfum félagsins er sama um, hvaðan þeir fá sínar árlegu inntektir, ef þeir fá þær í fullum mæli. En það er ekki sama fyrir Canada.

Hvað C.N.R. félaginu viðvíkur getum vér ekki annað en harmað, að Manitoba, Saskatchewan og Alberta, ásamt sambandsstjórninni, hafa gefið peninga og tryggingu til þess að fá þær brautir íbúunum til hagnaðar, — að þá, þegar það er fengið, skuli viðskiftin, sem áttu að vera brautunum til framfara, vera hrifsuð frá þeim af öðru óviðkomandi fólki. — Hvað Grand Trunk brautina viðvíkur, hvar verður þörfin fyrir hana? — Hvergi. Hún verður að eins minnisvarði heimsku, hirðuleysis og óþjóðrækni hinnar canadisku þjóðar.

Hvaða afleiðingar samningarnir gætu haft á lánstraust Canada, læt ég ósagt. — Hvaða áhrif þeir gætu haft á tryggingu þá, sem á brautunum hvílir, er enginn fær um að segja, því enginn getur sagt hvað inntektirnar verða, þegar öllum verzlunarvegum þjóðarinnar er breytt. — Í fám orðum, ég get ekki annað en látið í ljósi, ekki að eins ótta, heldur og mína óbifanlegu sannfæringu, að flutningur verzlunar Canada yfir í Bandaríkin verði bæði fjárhagslega og þjóðernislega okkur til óhamingju.

Flutningur verzlunar Vesturfylkjanna suður, hefir það í för með sér að flutningsfélög Bandaríkjanna verða hlaðin ýmsum afurðum frá canadiskum jarðvegi. Það meinar, að hundruðum þúsunda dollars verður varið, til að framleiða okkar afurðir, sem flutta eru um þeirra vegi, og sem hin canadiska þjóð fer þar af leiðandi á mis við. Þetta meinar það, að allar þær miliónir dollars, sem það kostar að vinna afurðirnar og flytja á heimsmarkaðinn, hin geysimiklu verzlunarstörf hér, — alt þetta lendir hjá framandi þjóð. Er þetta til hagsmuna fyrir Canada? Er þetta draumur Sir John A. Macdonalds og Alexanders Mackenzie og annara mikilmenna vorra, sem börðust fyrir al-fylkis verzlun? — Minneapolis, St. Paul og Duluth þjóta upp á kostnað Winnipeg, Brandon, Regina, Saskatoon, Calgary og annara miðstöðva verzlunar í Vesturfylkjunum.

Þessu næst sneri Mr. Roblin að því, hvaða afleiðingar samningarnir hefðu á brezka peningamarkaðinn í sambandi við Canada, og sýndi fram á það, að örðugt mundi verða að lána peninga í Englandi, ef samningarnir tækjust. Hann las upp bréf frá Sir A. M. Grenfell, tengdasyni Greys landstjóra, sem var skrifað í Lundúnum 5. febr., og þar sem það er skýrt fram tekið, að þein afleiðing samninganna verði að stöðva peningaásina frá Englandi til Canada. Mr. Grenfell getur þess í bréfinu, að á hinum þremur síðustu árum hafi Canada þegið frá Englandi 101,000,000 sterlingspunda, móts við 71,000,000 sterlingspunda frá Bandaríkjunum, þrátt fyrir það, þótt tryggingin, sem þeim var veitt, væru mun betri. Ensku þjóðinni hefði verið gefinn forgangsréttur til canadiskrar verzlunar, og Canada forgangsréttur að enskri verzlun; en nú, ef samningarnir kæmust á, mundi fjárstraum urinn frá Englandi þverra. Einnig harmaði bréfritarinn, að Mr. Fielding hefði ekki, eftir að skilmálar Bandaríkjanna voru honum kunnir, beðið og ráðfært sig við meðbræður sína í Lundúnum, áður en þeirri stefnu var umsteypt, sem gefist hafði Canada svo vel.

Þetta, sagði Mr. Roblin, sem einn af bezt kunnu verzlunarfræðingum Englands hér segir, er þýðingarmikið, — svo þýðingarmikið, að seint mun bætanlegt, ef til framkvæmda kemur. Þetta eru stór atriði. Hér er ekki um það að ræða, hvort einhver karl eða kerling fái einu centi meira fyrir tylftina af eggjunum, eða einum dollar meira fyrir uxana sína, nei, það skiftir minstu. En hitt, varðar meiru, að missa af hinum enska peningamarkaði. Það yrði oss óbætanlegt.

Þá gat ræðumaður þess, að verzlunar samkundurnar í Montreal og Toronto hefðu andmælt samnings-uppkastinu, og einnig þess, að 18 merkustu verzlunar og fjármálamenn Toronto borgar, með forstjóra Commerce bankans í broddi fylkingar, hefðu kröftuglega mótmælt gagnskifta frumvarpinu.

Hvað verðlagi á afurðum bænda viðvíkur, hélt Mr. Roblin áfram, þá skal ég taka St. Paul og Winnipeg til samanburðar. Ég hefi í höndum eina morgunblaðið, sem út er gefið í St. Paul, frá 20. febr. og Winnipeg Free Press frá sama degi, og eru þar svohljóðandi skýrslur: — Nautgripir í St. Paul $5.25 til $6.50, móti Winnipeg $5.25 til $6.60. Svin í St. Paul $7.10, en í Winnipeg $8.00. Lömb í St. Paul $5.00 til $5.65, í Winnipeg $5.00 til $6.00, — hver hundrað pund. Þetta sýnir, að Winnipeg hefir mikið betri markað fyrir þessar bændaafurðir en St. Paul.

Svo ég snúi mér að okkar aðalafurð, hveitinu, þá vil ég þegar í upphafi geta þess, að í stað þess að hækka í verði með gagnskiftunum, eins og haldið hefir verið fram, þá er það áreiðanlegt, að svo verður ekki, og fult eins líklegt, að það lækki í verði. Ástæður minar fyrir þessum staðhæfingum eru þær, að fyrst og fremst er rúmtak hveitimillanna í Minneapolis og Duluth hundrað þúsund tunnur á dag. Þeir þurfa því 150 miliónir bushela árlega til að halda þeim starfandi. Jafnaðarlega kemur frá millunum 50,000 tunnur daglega, eða réttur heimingur af rúmtaki þeirra. Ástæðurnar fyrir, að eigendurnir geta ekki starfrekið þær til fullnustu, er sú, að tiltölulega engan hagnað var hægt að fá af þar unnu, útfluttu hveiti; og ekki er það lengra en ár síðan, að ein stærsta millan í Minneapolis fór á höfuðið. Nú hefir það verið fullyrt, að millu-þörfin mundi auka verðið á hveitinu okkar, en þessu er ekki svo varið. Það hefir verið staðhæft, að Bandaríkin þörfnuðust okkar hveitis, vegna þess, að uppþráttarsýki hefði farið í þeirra hveiti gróður. En þetta er ekki heldur rétt, því að á síðasta ári gáfu Bandaríkin af sér um 700,000,000 bushels, og 200,000,000 bushels voru flutt úr úr landinu. Þess vegna er sú staðhæfing, að Bandaríkin þurfi hveiti héðan til heimilisnota á engum tókum bygð, og það, að hveitið hækki í verði af þeim ástæðum, er því einber goluþytur.

En hvers vegna vilja þeir fá hveitið okkar? Þeir vilja fá það í þeim tilgangi, að útvega flutningafélögum sínum viðskifti, atvinnu handa verkalýð sínum og hinar ónunu afurðir fyrir verksmiðjur sínar að vinna, og þeir vilja mala hveitið okkar í stórskömtum, og þeir ætla sér að nota arðinn af okkar eigin hveiti til að þrýsta niður verðinu vor á meðal. Hvernig þetta megi verða? mun margur sýrja, — en ekkert er auðveldara. Setjum t.d. svo, að Washburn Crosby kaupi milión bushels af hveiti frá Moose Jaw. Þeir flytja það til millunnar í Minneapolis, sem þeir eiga, og mala það þar. Úr því verða svo 250,000 tunnur af hveitimjöli í Bandaríkjunum. Þessi milión bushels af okkar hveiti, verður seld í Bandaríkjunum, en þröngvar um leið öðrum miliónum bushels af Bandaríkja hveiti, sem vaxið hefir í Suðurríkjunum og er verra en okkar, til útflutnings. Þetta lakara hveiti verður svo selt á brezka markaðnum.

Þeir selja 200,000 tunnur af góða hveitinu okkar (No. 1 hard) samlöndum sínum, og ábatast 10 cts. á hverri tunnu, sem gerir $20,000 ágóða. Þeir senda þvínæst hinar 50,000 tunnurnar til Liverpool og selja þær hverja 10 centum fyrir neðan kostnað, sem gerir tap þeirra $5,000; en þegar það er dregið frá $20,000 ágóðanum, verður eftir $15,000, sem hreinn gróði. Þess utan munu þeir græða á úrganginum, sem svarar einu centi á bush., svo alt í alt hafa þeir grætt 2½ cent á hverju busheli sem þeir keyptu í Moose Jaw. — Verðið á hveitinu í Moose Jaw er miðað við verðið á þessum 50,000 tunnum, sem Bandaríkjamaðurinn seldi í Liverpool. Þess vegna verða Ogilvies og Lake of the Woods millurnar nauðbeygðar að greiða sama verðið fyrir það, svo þær geti selt það í Liverpool; en Liverpool hveitið seldi Bandaríkjamaðurinn sér í óhag, og hið sama verða millur vorar nauðbeygðar að gera. Bandaríkjamanninum gerði það ekkert til, hann græddi nóg samt, en hjá millum vorum verður það beint tjón.

Ef þið haldið, að þessar staðhæfingar mínar séu orðum auknar, eða ímyndun ein, þá þekkið það ekkert inn í viðskiftalífið, og þið hafið enga hugmynd um, hvaða ráð malarar og kornkaupmenn eru neyddir til að viðhafa. En setjum nú samt svo, að þessi staðhæfing mín væri röng, hvaða önnur ástæða getur ælt með suðurflutningi hveitisins úr því að flutningsgjaldið er hið sama til Port Arthur og suður? Jú, ástæðan væri blöndunin, mundu margir segja. — Já, það er að vísu satt, að lögin heimila mölurum, að hreinsa, blanda og fara hvernig með korn sitt sem þeim líkar í þeirra eigin kornhlöðum, en nú hefir hrópið gengið um Canada þvert og endilangt hin síðustu árin: "Hættið að blanda hveitið í kornhlöðunum". Og einmitt um þessar mundir hefir Sir Cartwright frumvarp á prjónunum, sem bannar blöndun misgóðra korntegunda. — Ég held að blöndunin ein tryggi flutningafélögunum fyrir sunnan höndlun afurða vorra. Rúmtak kornhlaðanna í Minneapolis, er meir en 40 miliónir bushels. Meir en 15 miliónir af þessu rúmtaki er privat kornhlöður, — kornhlöður einvörðungu í blöndunar tilgangi. Svipað er því háttað í Duluth. — Með tilliti til þessa þætti mér gaman að hitta þann bónda eða framleiðara í þessu landi, sem segði mér, að hann væri gagnskiftasamningunum meðmæltur, — vegna þess þeir styddu að verðhækkun á hveitinu hans, og gæfi því hærra sæti á heimsmarkaðnum en það hefir nú. Slíkt væri fjarstæða. Ég er annars hiss á, að bændur þessa lands skuli ekki flykkjast til Ottawa, ekki 500 eins og þeir gerðu fyrir nokkrum vikum síðan, heldur í þúsundatali, og ekki að eins mótmæltu, heldur krefðust þess, að einhver breyting yrði gerð, svo hagsmuna þeirra yrði gætt, en þeir vrðu ekki leiksoppar til ágóða fyrir Bandaríkjaþjóðina.

Hvað höfrum viðvíkur, þá liggja byrgðir í Chicago af sömu gæðum og okkar, of ekki betri, svo miliónum bushela skiftir, og sem seljast 1½—2 centum lægra hvert bushel, en í Fort William. — Hvað byggi viðvíkur, þá er ég ekki fær um að neita því, að möguleiar séu þar til hagnaðar með gagnskiftunum, um stundarsakir, vegna þess, að bjóreyðsla í Bandaríkjunum er dæmafá. Það gæti verið heppilegt, þó ég viti það ekki með vissu, fyrir Canada búa, að fara að rækta bygg af kappi, í þeim tilgangi, að búa til bjór handa Bandaríkjamönnum að drekka.

Hvaða áhrif þessir samningar gætu haft á sjálfstæði vort og rétt vorn á fjármálalöggjöf vorri, vildi ég athuga lítillega. Ég sé, að bæði Washington og Ottawa eru því samþykk, að ekkert ákvæði í samningunum sé breytanlegt, nema með samþykki beggja málsaðilanna, — nema að allur samningurinn sé úr gildi numinn. Mr. Fielding segir: annaðhvort alt eða ekkert, og hið sama segir Mr. Knox í Washington. Þess vegna gefur Canada upp sjálfstæði sitt, erlendu valdi í hendur, hvað uppkasti þessu viðvíkur. Því ekki má það gleymast, að það var Washington, sem sendi fulltrúa sína fyrst til Ottawa, til að leita hófanna. Canada bað ekki um það, og Canada, eftir minu áliti, vill ekkert hafa með samningana að gera. Með þessu samnings-uppkasti bíður sjálfstæði vort stóran hnekki. — Bændurnir, viðarkaupmenn, iðnaðarmenn og allir, sem hagsmuna hafa að gæta í sambandi við samnings-uppkastið, verða í framtíðinni, í staðinn fyrir að fara til forsætisráðherra Canada með kvartanir sínar, þegar skórinn tekur að kreppa að starfsemi þeirra vegna samninganna, — þá verða þeir að fara til Washington og sitja þar við dyr Bandaríkja þingsins, biðandi eftir inngönguleyfi og tækifæri til að leggja fram beiðnir sínar um hjálp. Forsætisráðherra Canada og sambandsþingið verður máttvana, sem ungbörn, að hjálpa fram úr þeim málum, fyrir þá sök, að engu atriði má breyta, nema með samþykki beggja málsaðila, eða upphafning samningsins.

Eigum við sem frjáls þjóð að undirgangast slíkt ok, sem samningarnir leggja oss á herðar? Nei, þúsund sinnum nei. — Sem frjáls þjóð eigum við að hafa rétt til að hækka eða lækka tolla vora árlega eftir því sem okkur bezt hentar. En undir þessum samningum erum við bundnir á klafa og getum ekkert gert, nema með samþykki Washington stjórnarinnar. — Ég skírskota til þingsins. Ég skírskota til hinnar canadisku þjóðar, hvort hún vill gefa upp réttindi sín, sem uppkastið fer fram á.

Ég hika mér ennfremur ekki við að segja, að min sannfæring er sú, að samningarnir hafi afar hættulegar afleiðingar fytir canadiskt þjóðerni. Timinn og reynslan hafa sýnt það og sannað, að verzlunin fylgir flaggið. Er það mögulegt, að við getum látið verzlun vora fara aðra brautina og flaggið hina? Ég get ekki haft þá skoðun. Toronto búar halda það ekki, hinir beztu menn Liberal flokksins halda það ekki, og ég er þess fullviss, að Manitoba búar eru sömu skoðunar. Þess vegna segi ég: Við höfum fulla ástæðu til að hefjast handa og mótmæla, þegar slíkt tilboð, sem þetta er borið undir okkur til umsagnar, og líkurnar benda til að verði að lögum.

Sir Wilfrid Laurier, forsætisráðherra Canada, gat þess nýverið, að hann byggist ekki við, að Canada yrði alt af hluti af hinu brezka veldi. Hann hefir sagt, að Canada mundi, líkt og fullþroska ávöxtur falla frá móðurtrénu og verða óháð riki, og við munum fá sögu í þessu sambandi, sem bæri af öllum öðrum. Við finnum Sir Wilfrid Laurier og fylgismenn hans árið 1891 og 1892 mæla fram með stefnu, sem átti að gera veggina svo há, að engin Englendingur kæmist þar yfir, — veita alfrjálsa verzlun, ótakmarkaða gagnskifta- og verzlunar-samninga við Bandaríkin, sem settu okkur á sama bekkinn, og Canada væri einn hluti sambandsins.

Svo vissir voru leiðtogarnir, sem enskir voru með hug og hjarta, á skoðun almennings og úrslitunum, þegar til þess kæmi, að Edward Blake, þáverandi leiðtogi Liberalflokksins í Ottawa, neitaði að taka þátt í þeim kosningum, sem þá fóru í hönd, og skrifaði bréf, þar sem hann gat þess, að sem Breti vildi hann engan þátt taka í þessari stefnu, sem miðaði að því að slita brezk tengsli. Þessir hinir sömu menn, sem fylgðu Sir Wilfrid þá, fylgja honum enn, og þess vegna getum við ekki búist við, að þeir séu eins kvíðandi að slita brezku tengslin, sem við erum, sem höldum með sambandinu við Bretland og vonum að það aldrei slitni.

Sir Wilfrid hefir verið borið það á brýn, af Mr. Bourassa, sem um eitt skeið var einn hinn mestmetni maður Liberal flokksins, að hann væri eftir Bandaríkja dollarinum. — Sir Wilfrid hefði sagt um Nationalistana, í samætinu hinu mikla, sem honum var haldið í Montreal ekki alls fyrir löngu, að þegar til stríðs kæmi mundu þeir (Nationalistarnir) hvergi láta á sér bæra; þeir væru raggeitur, sem mundu sitja heima hjá konum og krökkum. — Þá var það, sem Bourassa sagði bessi eftirminnilegu orð um Laurier "Þegar ráðist er á Canada og þegar brezka flaggið er í hættu — sama flaggið, sem við vildum ekki selja Bandaríkjamönnum fyrir gull, eins og Sir Wilfrid var reiðubúinn til að gera árið 1892 —, þá munum við (Nationalistarnir) fylgja okkur sem einn maður því til varnar".

Þetta samtengt við Sir Wilfrids marg-ítrekuðu orð, — samtengt við Mr. Fieldings útskýringar, — samtengt við orð Sir Richards Cartwright — og samtengt við hina alkunnu ræðu Comp Clarks og ýmsar blaðagreinar Bandaríkjanna, — þá finst mér full ástæða fyrir hvern þann, sem er einlægur Breti í þessu landi, ekki að eins að vera órólegur, heldur uppvægur yfir þessu samnings-uppkasti. Canada þjóðin hefir alt af sýnt, að hún væri sjálfstæð og rétthugsandi — verðugur afkomandi verðugra forfeðra, og sem þætti vænt um land sitt og flagg. — Nú er tíminn fyrir hendi að sanna, að vorri kynslóð sé ekki í ætt skotið, og að hver og einn af mætti geri sér far um, að afstýra þeim voða, sem

VESTUR-CANADA STÆRSTA FRÆHÚS

McKENZIE'S
BEZT FYRIR VESTRIÐ
ÓDÝRAST FYRIR VESTRIÐ
VALIÐ FYRIR VESTRIÐ
FRŒ
TIL SÖLU HJÁ SÉRHVERJUM DUGANDI KAUPMANNI
LÍTIÐ EFTIR FRŒKASSA VORUM Í HVERRI BÚÐ.
HEIMTIÐ McKENZIE FRŒ, TAKIÐ EKKERT ANNAÐ.
Ef kaupmaður yðar hefir það ekki pantið það frá okkur.
VIÐ gefum út hinn vandaðasta fræ bækling í Canada. Sendið bréfspjald til okkar og fáið hann
A. E. McKenzie Co., Ltd.
BRANDON, MAN. CALGARY, ALTA.
Fyrir Vestrinu fyrir 1 cent bréf
Sterk og vaking fyrir af hverju fræi
FRÆMENN VESTUR-CANADA

landi og þjóð er búinn, með vanhugsuðum samninga tilraunum, sem meðal annars stela undir sig til annarar þjóðar ágóðanum af vorri útlendu verzlun, sem ætti að vera varið til hagnaðar þjóðinni vorri, flagginu voru og hinni brezku ríkisheild.

Ég er mótmæltur gagnskiftasamnings frumvarpinu vegna þess það haggar og skerðir velmegun vora.

Ég er mótmæltur því vegna þess að það er nógur persónuleiki og framtakssemi meðal hinar canadisku þjóðar til að halda uppi þeirri ófundsverðu stöðu, sem hún nú hefir.

Ég er mótmæltur því vegna þess, að það skirskotar að eins til saurugu og sérplægnis hliðarinnar í borgararéttindum vorum.

Ég er því mótmæltur sökum þess, að það kemur í bága við lagasetningar vorar.

Ég er því mótfallinn sökum þess, að það eyðileggur vora miklu innbyrðis fylkjaverzlun.

Ég er því mótmæltur sökum þess, að það myrkvar sólu auðlegðar vorrar, og skyggir framtíðina með óvissu, og snýr, eins og til var ætlast, verzlunarvegum vorum suður, inn á oss ókunnar brautir, og endirinn getur orðið ean óheillavænlegri en fjártjón, — nefnilega missir sjálfstæðis vors, sem veldi í hinni brezku ríhisheild.

Á lífsleiðinni.

Þegar vér leggjum af stað, þá látum oss vera brosandi. Trúa á tilgang ferðar vorrar. Trúa á þá braut, sem vér eigum að ferðast eftir. Trúa á sjálfa oss og þá, sem eiga að verða oss samferða. Látum oss vera vel undirbúna, vera klæddir sjálfsvirðingu og virðingu fyrir guði og hafa nógar birgðir af heilbrigðri skynsemi, kærleika og hugrekki. — Þegar vér erum komnir nokkuð áleiðis, þá látum oss stansa og líta til baka til einhvers bróður vors eða systur, er þarfnast hjálpandi handar; og er vér sjáum það, þá látum oss fara til baka, rétta þeim hendina og hjálpa þeim upp og áfram.

Og þegar vér höfum fundið, að þessi hvild hefir hjálpað oss eins vel og öðrum, þá látum oss halda aftur af stað, ánægð með þann einkarétt að mega ferðast saman. — Vera má, að ferðatálmi verði á vegi vorum og hliðarbrautir villi oss sjónir, en látum oss berjast til að ná hinni réttu braut, sem tekur oss að takmarkinu.

— Og þegar vér höldum áfram, þá látum oss ekki vera blindir fyrir fegurðinni, hinu breytilega útsýni náttúrunnar, skýjunum á degi og nóttu, né andlitunum á samferðamönnum vorum, ungum og gömlum. — Þegar vér nálægumst ferðalokin, þá ættum vér að muna eftir "eilifri framþróun", og koma oss í fullkomin skilning um, að það sem vér kölluðum endir, er í raun og veru byrjun.

— Með þessa hugsun til að gleðja oss, þá látum oss ganga hin síðustu spor fagurlega og glaðlega, og enn rétta hönd drengilega og meðtaka hana náðarsamlega.

— Og þegar vér leggjumst að síðustu til hinnar velunnu líkamlegu hvíldar, þá ættum vér að muna eftir trúnni, sem vér lögðum af stað með og vera brosandi.

(Þýtt úr 'Trail Magazine' af T.S.Th.).

Manitobaþingið og gagnskiftasamningarnir.

Það var skæm útreið, sem gagnskiftasamningarnir fengu á fylkisþinginu fyrra fimtudag, er breytingartillaga Hon. Robert Rogers, sem mótmælti samningunum, var samþykt með 26 atkvæðum gegn 12.

Umræður um samningana stóðu yfir fjóra daga, og sóttu þeir Liberölu af kappi miklu að fá þingsályktunartillögu, sem leiðtogi þeirra Norris, hafði borið fram, samþykta. Sést bezt hvað þeim var ant um það, að 8 af 13 þingmönnum, sem flokkinn skipa á þingi, tóku til máls og mæltu henni eða gagnskiftasamningunum bót. Af stjórnarliðum töluðu að eins ráðgjafarnir Robl'n og Rogers og fóru hörðum höndum um samningsuppkastið. Bar Rogers fram breytingartillögu við þingsályktunartillögu Norrisar, og var hún samþykt á fimtudaginn var, og þar með var afskiftum fylkisþingsins af gagnskiftasamningunum lokið.

Þingsályktunartillaga Norris var svohljóðandi:

"Þetta þing felst á frumvarp til gagnskiftasamninganna milli Canada og Bandaríkjanna, er stjórnir þeirra landa hafa komið sér saman um, og leggur það til, að sambandsþingið samþykki frumvarpið.

"Þetta þing leyfir sér og virðingarfylst, að leggja til, að sambandsstjórnin taki til nánari íhugunar tollmálið, í því skyni, að færa drjúgum niður toll á akuryrkjuverkfærum, eða koma tollfríum viðskiftum á þeim milli Canada og Bandaríkjanna".

Breytingartillaga Hon. Robert Rogers var þannig:

"Með því það er ákjósanlegt, að bönd rikisheildarinnar verði traustari, verzlunarviðskifti innan rikisins aukin og broskuð og viðskiftin milli hinna ymsu fylkja Canada byggð upp og viðhaldið.

"Og með því það er einlæg ósk og löngun íbúa Vesturfylkjanna, að viðhalda á markaðinum 'beztu tegund', sem aðal framleiðsla þeirra hveitið hefir verið, og að fyrirbyggja, að því verði blandað saman við lakari tegundir, bændum vorum að tjóni.

"Og með því, að afleiðingarnar af samningsuppkastinu yrðu þær, að hveiti Vesturfylkjanna að mestu færi til Bandaríkjanna og yrði þar blandað Bandaríkjahveiti, — okkur í óhag.

"Og með því að betri og ákjósanlegri viðskifti gætu fengist með hinni svokölluðu alríkis-verzlunarstefnu (Imperial Preference), en sem með frjálsari verzlun utanríkis yrði fyrir skaðlegum áhrifum.

"Og með því að Canada hefir varið hundruðum miljóna dollars til framþróunar innbyrðis fylkjaverzlunar, en sem samningarnir mundu hafa skaðlegar afleiðingar fyrir. —

"Þess vegna skal ákveðið, að öll orðin, sem koma á eftir "þetta þing", í upphafi tillögunnar, falli burt, en í þeirra stað komi:

"Þetta þing er þeirrar skoðunar að viðskiftasamnings uppkastið sé ekki happsælt fyrir Canada, og að velmegun og þjóðarþrifum landsins verði bezt borgið með hinni svokölluðu alríkis-verzlunarstefnu (Imperial Preference), og með frjálsari verzlun innan rikisheildarinnar.

"Ennfremur hryggir það þingið, hvað hendur sambandsþingsins i tollum, sérstaklega hvað akuryrkjuverkfæri áhrærir, eru ónauðsynlega bundnar með viðskiftasamnings-uppkastinu".

Atkvæðagreiðslan fór sem við var búist, að allir Liberalarnir greiddu breytingartillögunni mótatkvæði, — þóttust nauðbeygðir, að feta í fótspor leiðtoganna í Ottawa; en hinir Conservativu gáfu henni já-kvæði.

Af ræðum þeim, sem haldnar voru í þinginu í þessu máli, var sérstaklega lofsorði lokið á ræðu Hon. R. P. Roblins. Var hún af mótstöðumönnum jafn. sem flokks bræðrum talin ein sú mesta snilldarræða, sem haldin hefir verið innan veggja Manitoba þingsins.

Í sambandi við úrslit þau, sem gagnskiftasamningarnir fengu á fylkisþinginu, er þess vert að geta, að Winnipeg Board of Trade samþykti mótæli gegn samnings uppkastinu með 69 atkv. gegn 13. Og jafnframt það, að stuðningsmaður tillögunnar var einn aðal leiðtogi Liberala hér í borginni, D.C. Cameron, hinn tilvonandi fylkisstjóri Manitoba.

Ályktun verzlunarsamundunnar var þannig:

"Winnipeg verzlunarsamkundan ályktar, eftir nákvæma yfirvegun, að frumvarp það til viðskiftasamninga milli Canada og Bandaríkanna, sem hér er um að ræða, verði ekki happsælt fyrir Canada, sérstaklega ekki bann hluta landsins, sem liggur fyrir vestan vötnin miklu, — og óskar samkundan eftir, að brýna fyrir sambandsstjórninni þá þýðingarmikla ósk sína, að frumvarpið verði ekki samþykt".

Líkar ályktanir og þessa gerðu verzlunarsamkundurnar í Toronto og Montral. Engar hafa ennþá lagt frumvarpinu liðsyrði Canada megin, en verzlunarsamkundur Bandamanna lýstu velþóknun sinni á því fegins hendi.

Það eitt ætti að vera nóg til að opna augun á Canada búum.

TRAUST AKURYRKJUVERKFÆRI

FYRIR LÆGSTA VERÐ

MARGIR af bændum Vestur-Canada hafa sparað dágóðan skilding með því að kaupa sín akuryrkjuáhöld frá EATON'S með póst pöntunum, Eaton's hefir enga umboðsala. Þeir selja beint til bændanna og eru í standi til að selja fyrirtaks traust og vönduð verkfæri fyrir lægsta verð fáanlegt. Félagið EATON'S ábyrgist hvert áhald og gefur böndanum leyfi til að reyna það á heima hjá sér. Ef eitthvað verkfæri frá EATON'S reynist ófullnægjandi má skilja því aftur og þá verður andvirðirðir endurgoldið og eins flutnings kostnaður. Það er fullkomlega áreiðanlegt að hafa viðskifti við EATON'S gegnum póstinn og ef yður vanhagar um akuryrkjuáhöld eða önnur verkfæri ættuð þér að skrifa okkur strax og fá eintak ef hinum volduga verðlista vorum.

EATON'S VERDLISTINN

sendist sérhverjum ókeypis hvert sem er. Aðeins skrifið okkur og segið "sendið mér ykkar nýju vor-verðlista" og þér munuð fá bækling vorn, yður að kostnaðarlausu, með næsta pósti. Verðlistin lýsir nákvæmlega öllum áhöldum fyrir heimilið og getur verðsins. Hvað eina er ábrygst að vera nákvæmlega eins og verðlistinn greinir.

THE T. EATON CO. LIMITED
WINNIPEG CANADA

Draumur.

Churchbridge, 20. febr. 1911.

Heiðraði ritstj.

Ég fékk blaðið yðar síðasta með beztu skilum, og þótti mjög vænt í grein "Halls frá Horni", nú á Fróðá. Sýnir hann þar gáfur sinar og stærðfræði, og ber það oss Íslendingum, að halda á lofti nafni þess manns, sem hefir svo dásama hæfileika, og vegfyndi að sama skapi jafnframt mentuninni. Og vona ég svo góðs til Hkr. að hún geti komist yfir mynd af göfugmenninu, til að sýna lesendum sinum. En fyrst ég er nú farinn að skrifa, þá vil ég birta draum þann sem mig dreymdi í fyrrinótt, og bar það fyrir mig sem fylgir:

Ég þóttist staddur norður í íslenzku bygðinni (þingvallanýlendunni), skamt frá bænum á Fróðá, og lagði fýlu hina mestu frá bænum. Mér þótti ég sjá naut allmikið koma út úr bæjardyrunum, og var það ógurlegt mjög; brann eldur úr augum þess og reykur gaus úr nösum. Horn hafði það mikil og allar sneru klaufir þess öfugt. Illvættur þessi stefndi á mig og fór geyst. Þá þótti mér sem komið væri við öxl mína, og leit ég við og sá þar standa mann einn mikinn og veglegan. Maður þessi ávarpaði mig á bessa leið: "Vara þú þig, Njáll minn, á naut þessul það er þarfanautið á Fróðá og er undan gömlu kúnni okkar Íslendinga Öfundinni. Er hann nýkominn úr ferð frá bænum Kirkjubrú, þar sem hann hefir stangað um koll öll bakhús bæjarbúa, sleikt innan allar kyrnur og hvolað upp alt áfengi bæjarins, og lætur því ófriðlega. En í þeirri ferð undust klaufir hans aftur, og eins misti hann sjónina á hægra auganu, og sér hann því ekki nú nema til hálfs".

Á meðan á viðræðu þessari stóð hafði boli stansað rétt fyrir framan okkur og þefaði í allar áttir. Spurði ég því félaga minn, hvers vegna svona mannýgt naut réðist ekki á okkur. Hann kvað það orsakast af því, að nú myndi hann blindur á báðum augum, og hefði hann fengið það af því, að horfa of lengi á kirkju safnaðarins. En þefvísina hefði hann mist við ferðina austur á 'sex' um daginn, og er það lán vort, að hann er í ástandi þessu. En illa mun það koma sér hjá Fróðár fólkinu, þar sem hann hefir verið hinn mesti þarfagripur, ef hann fær ekki sjónina eða þefvísina aftur. — Boli emjaði nú ógurlega, og var auðséð að hann hafði mist alt vald á sjálfum sér, og í staðinn fyrir að ráðast á okkur, sneri hann við og stökk heim að bænum aftur; en í hlaðvarpanum var for ein mikil, og vildi bola það óhapp til, að hann stakst beint á höfuðið ofan í sýkið. Í sama bili kom húsbóndinn út, og sá ófarir bola síns, og varð það hans fyrsta ráð að taka í hornin á bola og reyna að draga hann upp.

Félagi minn mælti: "Nú mun Fróðár húsbóndinn senda bola allan fotugan, ef hann næst upp úr, í annað sinn til Kirkjubrúar".

Í sömu svipan varð mér litið til forarinnar í annað sinn, og varð mér hverft við að sjá húsbóndann stevpast ofan í forina á eftir bola, svo að iljarnar einar stóðu upp úr. — Og í því hrökk ég upp og þóttist hafa illa dreymt. Njáll.

Fréttabréf.

GLENBORO, MAN.

1 febrúar 1911.

Það er langt síðan að 'Kringla' minni hafa borist fréttir frá okkur hérna vestur frá; hefir þó margt á dagana drifið, þótt kannske fátt af því sé mjög merkilegt, sem við ber hjá okkur, en til þess að láta Hkr. vita, að við erum lifandi og fylgjumst með straum timans, ætla ég að skrifa nokkrar linur til hátíðabrigðis.

Tíðarfarið þetta liðna ár hefir verið nokkuð frábrugðið því, sem hefir verið hér undanfarin ár, að því leyti, að sumar ið var afskaplega þurt og heitt, svo uppskeran hér á þessu svæði eyðilagðist að mestu; hveiti mun ekki hafa farið fram úr 5 bush. af ekru hverri, og hafrar og bygg sára-lelegt víða, en alveg eyðilagt með köflum. Sama var að segja um kartöflur. Almenningur yfirleitt er því tæpt staddur með fóðurbyrgðir fyrir skepnur sínar, og nú þegar hefir mikið verið keypt að af kornmat, mest höfrum. Verð á höfrum hér aðfluttum er frá 37—45 cents bush. — Undangengin ár nokkur hafa mátt beita veltiár; stendur flest fólk því traustum fótum, þó þessi hnekkir kæmi fyrir. Og nú er uppj runnið nýtt ár og nýjar vonir kvikna; allir lita björtum vonaraugum til framtíðarinnar.

Eins og fólk hefir frétt hafa verið töluverðar byltingar hér í sveitinni út af vínsölubannsmálinu. Atkvæðagreiðslan féll bindindismönnum í vil 21. des. 1909, en sú kosning var ónýtt af vínsölufél. fyrir smávægilega formgalla. Kosning fór aftur fram þann 20. des. sl., og unnu þá vínsölumenn sigur eftir þá skæðustu orustu, sem hér hefir nokkru sinni verið háð. Var það slæmt, að gott málefni skyldi biða lægri hlut, því alt útlit var fyrir, að það mundi hafa hinar heillarikustu afleiðingar fyrir bæinn.

Þess skal getið, að baráttan var ekki persónulega háð á móti þeim tveimur hóteleigendum hér, sem báðir eru vel kyntir menn og beztu drengir, heldur á móti vinverzluninni og þeirri bölvun, sem hún hefir í för með sér.

Nú var leyfið veitt hér þann 29. og eru því sterkar líkur til, að vinið verði hér við selt í næstk. 3 ár.

Heilsufar hefir verið hér all-gott á árinu, engir skæðir sjúkdómar hafa gengið hér og engir dáið hér í nágrenninu, sem ég man eftir. — Nokkrir hafa gift sig hér í íslenzku bygðunum, sérstaklega í Argyle, og hefir verið getið um það í ísl. blöðunum.

Íslendingar í austurhluta Argyle bygðar bygðu sér kirkju sl. sumar — allstóra og vandaða að öllu leyti. Jón Ólafsson, trésmíðameistari í Glenboro, var yfirsmiður að henni og sá algerlega um verkið. Hún var vígð í sl. nóvember með mikilli viðhöfn af séra B. B. Jónssyni, forseta kirkjufélagsins.

Töluverðar breytingar hafa orðið í Glenboro í vetur. Eru Íslendingar drjúgum að færa þar út kvíarnar. Seint í sumar sem leið keyptu þeir herrar Guðni Johnson og H. J. Anderson "The West End Livery Barn", og hafa starfrækt það síðan; skiftu þeir afbragðs kynbótahesti fyrir, er hr. Anderson hafði átt um nokkurn tíma, og gáfu á milli. Starf þetta ætti að gefa þeim góðar inntektir, ef laglega verður á því haldið.

Þá seldu þeir Sigmar Bros. & Co. verzlunarbúð sína um áramótin, en tóku strax á leigu langvönduðustu búðina í bænum, og hafa aukið vörumagn sitt að stórum mun, og reka nú verzlun í stærri stil en nokkru sinni fyr.

Nýlega hefir frézt, að landi vor hr. Jóseph Johnson, fyrrum bóndi að Stockton, Man., hafi keypt hveitimyllu bæjarins ásamt einu korngeymsluhúsinu (Elevator), en ekki hefi ég heyrt um verðið, en það mun ekki hafa farið fram úr $20,000.00. Það væri ómetanlegur hagur fyrir bæinn, ef einhver eignaðist myllunna, sem starfrækti dana kappsamlega, og það vonast menn til að Jóseph geri, því hann er dugnaðarmaður eftir sögn.

Þá hefir Jón Ólafsson trésmiður, í félagi með Thos. Crowe, hérlendum manni, keypt timburverzlun bæjarins. Þeir ætla að byrja að verzla um næstu mánaðamót.

Og síðast en ekki sízt má geta þess, að rétt nýskeð hafa þeir feðgarnir Friðbjörn S. Friðriksson og Friðr. Friðriksson keypt Sigmar's búðina gömlu, og eru að byrja þar með algenga vöruverzlun. Fred. hefir um mörg undanfarin ár unnið við Cairns Pettie verzlunina sem hefir verið langstærsta verzlun bæjarins, og notið þar stórra vinsælda. Það fagnar margur því, að fá þá í hópinn, því þeir feðgar eru fjörugir menn, iðnir og lítillátir, og eiga allstaðar vinsældum að fagna, bæði meðal Íslendinga og hérlendra manna.

Af þessu, sem að framan er getið, sést það, að Íslendingar í Glenboro eru ekki alvég aðgerðalausir, enda er alt útlit fyrir, að Glenboro ætli að verða nálega al-ísl. bær með timanum.

Svo þakka ég Hkr. fyrir margt gott og nytsamlegt, sem hún hefir flutt okkur á liðna árinu, og vonast til, að hún haldi áfram að gera það í framtíðinni. — En þó er eitt, sem mig langar til að benda á, sem ég er sár-óánægður með og fjöldinn allur af fólki er óánægður með, sem von er. En það er sögu-skömmin, sem hefir verið birtast í blaðinu að undanförnu. Sú saga getur aldrei orðið annað en höfuðinum til stórvanvirðu, hvernig sem henni lýkur. Og það er leiðinlegt, að annar eins maður og ritstjóri Hkr. er, skuli meta fegurðarsmekk lesenda blaðsins svo lítils, að bjóða þeim annað eins ósiðerðisrugl og þetta er. — Annars er mikið af þessum blaða-sögum ómerkilegt rugl og ekki þess virði, að bær séu lesnar, því rúm í blöðunum er oft illa varið.

G. J. Oleson.

JÓN JÓNSSON, járnsmiður, að 790 Notre Dame Ave. (horni Toronto St.) gerir við alls konar katla, könnur, potta og pönnur fyrir konur, og brýnir hnífa og skerpir sagir fyrir karlmenn. — Alt vel af hendi leyst fyrir lítla verð.

Á sama augnabliki kom enskur maður drembilegur að spilaborðinu og spurði á bjagaðri frönsku:

"Hve stór er bankinn í kveld?"

"Sex hundruð þúsund frankar, lávarður", sagði hættumeistarinn og hneigði sig.

Enælendingurinn tók sér stöðu við hlið málarans, tók fjölda af gullpeningum upp úr pyngju sinni og lagði þá á rautt spil.

"Mundu eftir móður þinni", endurtók Móritz og tók í handlegg málarans, en hann heyrði ekki. Hann skifti lit hvað eftir annað, og næstum því óafvitandi kastaði hann þúsund franka seðli á borðið. Hann lenti á rauðu spili og málarinn lét hann liggja þar.

Svo kom dauðaþögn.

Hjólinu var snúið í hring. — Spilið, sem úrslitunum réði, kom upp úr kassanum. Það var svart.

"Svart vinnur, rautt tapar", sagði hættumeistarinn með sinni einræmingslegu rödd.

Bankaseðill málarans hvarf sem hendi væri veifað

"Hann er vitlaus", tautaði Móritz við sjálfan sig og fjarlegðist hann. "Ég þekki mennina. Nú myndi hann ekki heyra þó móðir hans kæmi sjálf, félli á kné frammi fyrir honum og bæði um vægð. — Svívirðilegi gullþorsti".

Spilið hélt áfram. Það var því líkast, sem málarann dreymdi, og hann vaknaði ekki fyr en hann sá seinasta seðilinn af þessym þrjátíu þúsundum hverfa í kassa hættumeistarans.

En þá vaknaði hann líka og sneri sér við.

Hann var nú engum manni líkur. Fölur sem nár, með starandi augu, skjálfandi varir og aflagaða andlitsdrætti þaut hann til dyranna.

En þar var tekið fast í handlegg hans.

"Hvert ætlarðu?" spurði Móritz.

"Slepptu mér. Niðri í húsinu hérna býr maður, sem er orðinn ríkur af því að selja óhepnum spilurum skambyssur. Ég á enn tíu franka. Mera þarf ég ekki".

"Vertu kyr", sagði Móritz í skipandi róm, "settu þig niður, heimskingi, og hreyfðu þig ekki af stað. Ég ætla að bjarga þér".

"Bjarga mér?"

"Já, að reyna það að minsta kosti, — sittu kyr".

Hann neyddi málarann til að setjast.

Þar eð slíkir viðburðir voru almennir þarna, gaf enginn þessu verulegan gaum.

Móritz gekk að borðinu og tók sér stöðu þar sem málarinn óhepni hafði staðið, og lagði fimm framka á svart spil.

Það vann. Hann vann þannig tíu franka, sem hann lét vera kyrra á spilinu.

Hann vann — vann alt af.

Tíu sinnum lét hann upphæð sína hvíla á svörtu spili og tíu sinnum vann hann.

Hann var þannig búinn að græða um fimm þúsund franka.

Hinir spilararnir veittu þessari sjálfgæfu hepni eftirtekt og lögðu áherzlu á svart í ellefta sinni.

En á síðasta augnablikinu hrúgaði Móritz öllu gullinu og seðlunum sínum á rautt spil, og sagði rólegur:

Í þetta sinn spila ég á rautt spil".

Hjólinu var snúið, — spilið þaut upp — það var rautt.

Undrunaróp heyrðist frá hinum spilurunum. Hættumeistarinn borgaði og Móritz lét þessi tíu þúsund sín hvíla á rauðu spili.

Hinir gestirnir hættu að spila, en veittu þessu stórkostlega spili nána eftirtekt.

Fimm sinnum lét Móritz þessa tvöfölduðu upphæð hvíla á rauðu spili, og jafnoft vann hann.

Hann var nú búinn að vinna 320 þús franka.

Hættumeistarinn fölnaði, þegar hann borgaði síðustu upphæðina. Varir hans skulfu ósjálfrátt, en samt reyndi hann að vera rólegur. Háðbrosið, sem ávalt lék á vörum hans, var nú horfið.

"Hættu, herra minn", hvíslaði Englendingurinn í eyra Móritz. "Freistaðu ekki gæfunnar ennþá einu sinni, — hún er kona. — Slík hepni, sem þú hefir orðið fyrir í kvöld, á sér ekki stað nema einu sinni á hverri öld".

"Hve mikil upphæð er í bankanum?" spurði Móritz kuldalega.

"Tvö hundruð og fimtíu þúsund frankar", svaraði hættumeistarinn skjálfraddaður.

"Teldu þá", sagði Móritz.

Hættumeistarinn taldi peningana, sem samanstóðu af bankaseðlum og gulli, og lagði þá í eina hrúgu á borðið.

"Gott, hinkraðu ögn við".

Móritz taldi sjötíu þúsund franka af gróða sínum og lét þá ofur rólegur í vasa sinn. Báðar upphæðinnar voru nú jafn stórar.

"Á ég að snúa hjólinu?" spurði hættumeistarinn.

"Biddu dálitið", sagði Móritz og hrúgaði þessari stórkostlegu upphæð á svart spil. "Í þetta sinn spila ég á svarta litinn".

Það var svo mikil kyrð í salnum, að menn hefðu getað heyrt, ef títurprjónn hefði dottið. — Hættumeistarinn shalf, þegar hann sneri hjólinu

Spilið kom í ljós, — það var svart.

"Bankinn er sprengdur", kölluðu gestirnir einum rómi, en Móritz sópaði peningunum til sín eins rólegur og ekkert væri um að uera.

Á sama augnabliki heyrðist skammbyssuskot. Blóð og heili skvettist yfir gulihrúgurnar á græna borðinu. Hættumeistarinn hafði skotið sig.

Með hræðslópi féll kvenmaðurinn, sem hafði aðstoðað hann við spilið, meðvitundarlaus á gólfið við fætur Móritz.

Meðan hinir mennirnir hópuðust utan um lík hættumeistarans, laut Móritz niður að henni meðvitundarlausu konu og lyfti henni upp.

Við þessa hreyfingu datt sjalið, sem huldi axlir hennar, niður á gólfið. Móritz varð hitið á berar axlirnar, — og hrökk við eins og höggormur hefði bitið hann.

Hann sá líka höggorm, sem hringaði sig utan um rós.

Ungi maðurinn skalf. Gat það verið hún? Gat það verið Angela, systir hans, fyrverandi frilla Eberhards?"

Hann flýtti sér að byrgja axlir hennar með sjalinu, og um leið og hann sneri sér að hinum gestunum, spurði hann með uppgerðar ró:

"Vitið þið, hvað þessi óhappamaður hét?"

Hann benti á hættumeistarann, sem blasti við honum með grett andlit.

"Já", svaraði einn gestanna. "Hann hét í rann og veru Crispin, en hann hefir notað fjölda annara nafna á sinni margbreyttu lífsleið".

"Og þessi?" — Hann benti á meðvitundarlausa konuna.

"Um hana veit ég ekki annað en að hún heitir Angela, og meðan hún var ung, hvað hún hafa verið nafnfræg ítölsk söngmær. Af ást til Crispins hefir hún ávalt fylgst með honum, og síðan hún hætti að vera frilla hans, hafa þau hó lagt ráð sín saman um ýms gróðabrögð, og hefðir þú ekki komið, herra minn, þá hefði þeim eflaust gengið vel, því hálf milion er dáindis lágleg eign".

Móritz svaraði ekki. Hann helti á glas úr vatns höskunni og hafði enni Angélu.

Lík Crispins var borið á burt. Gestirnir hurfu

Sómi Íslands, sverð og skjöldur.

Gjafir til minnisvarða JÓNS SIGURÐSSONAR.

Frá SINCLAIR, Man.

Sigurður Pétursson $1, Thorsteinn Jósefsson 50c, Mrs. Th. Jósefsson 50c, Friðbjörn Jósefsson 25c, Friðrika Jósefsson 25c, Guðni Jósefsson 10c, Jakob Jósefsson 10c, Gunnar Jósefsson 10c, Valla Jósefsson 10c, Helga Jósefsson 10c, Stefán Jósefsson 10c, S. Kr Johnson 25c, Mrs. S. Kr. Johnson 25c, Ósk ar Loftur Sæmundsson 10c, Sigurlina Ástrós Johnson 10c, S. K. Anton Johnson 10c, A. Johnson 50c, Mrs. A. Johnson 50c, K. Haraldur Johnson 10c, Friðfinnur Johnson 10c, Thelma Y. Johnson 10c, Emily H. Johnson 10c, Alix E. Johnson 10c, Þorbjörg Gottfred 50c,

Frá EBOR, Man.

J. Jóhannsson 50c, Mrs. J. Jóhannsson 50c, Lára Jóhannsson 25c, Vilborg Anderson 25c, Hinrik Johnson $1.

Frá MINNEWAKAN, Man.

Þórdis Gíslason $1, Magnús Gíslason $1.

Frá CALGARY, Alta.

Björn Johnson $1, Mrs. Robert Burdett 75c.

Frá SVOLD, N. Dak.

Sigurður Thorleifsson 25c, H.W. Vivatsson 10c, Óli Dalsted 10c, Th. V. Dalsted 10c, Wm. Thorsteinsson 25c, Th. Jóhannesson 25c, Annie G. Johnson 25c, Jónas Sturlaugsson 25c, Bjarni Dalsted 25c, Þóra Dalsred 25c, Carl Dalsted 25c, Mrs. Carl Dalsted 15cents, G. P. Dalsted 25c, Mrs. G.P.Dalsted 15c, John Dalsted 25c, Mrs. John Dalsted 10c, Rosy S. Dalsted 10c, Ásbjörn Sturlaugsson 10c, Una Sturlaugsson 10c, Victor A. Sturlaugsson 10c, Ásgeir A. Sturlaugsson 10c, Lára A. Sturlaugsson 10c, Björn A. Sturlaugsson 10c, John Theodor A. Sturlaugsson 10c, Stefán A. Sturlaugsson 10c, Jónas A. Sturlaugsson 10c, Ásgeir Sturlaugsson 25c, E. William Crowston 10c, Jóhannes Guðmundsson 25c, Sigurður Anderson 25c, Guðni Thomson 50, Jón Hjálmarsson 25c, Jóhannes Thordarson 50c, Jóhanna Thordarson 50c, B. Sveinson 50c, Kristín Sveinson 50c, P. I. Hillman 25c, Valgerður Hillman 25c, G. A. Vívatsson 50c, Þorkell Magnússon 15c, G. G. Eiríksson 25c, E. F. Eiríksson 25c, Una Eiríksson 25, B. S. Thorvarðsson 50, Halldór Björnsson 25c, Bina Björnsson 25c, Björn Björnsson 15c, Tryggvi Björnsson 15c, Margrét Björnsson 10c, Guðmundur Björnsson 10c, Tryggvi Dinusson 25c, Kristiana Dinusson 25c, Jón Bjarnason

Frá HALLSON, N. Dak

Eiríkur Sigmundsson $1, H. B. Johnson 25c, Eggert Guðmundsson 25c, Guðbrandur Erlendsson 50c, Sigríður Erlendsson 25c, Pálina Erlendsson 25c, Helga G. Howardson 10c, Sigríður G. Howardson 10c, Guðbrandur G. Howardson 10c.

Frá WINNIPEG.

G. J. Goodmundson $1, Mrs. G. J. Goodmundson $1, Miss Ólöf Goodmundson 50c, Guðm. Frimann Goodmundson 50c, Adelia Goodmundson 25c, Guðrún Málfríður Goodmundson 25c.

Kristinn Stefánsson $1, Mrs. Nanna Benson $1.

Frá SWAN RIVER.

Jón Sigurðarson 50c, Ólafur Jakobsson 50c, Guðrún Jakobsson 25c, S. Kristjánsson 50c, Margrét J. Kristjánsson 50c, Th. J. Kristjánsson 50c.

Frá HOLAR, Sask.

Jón Borgford 25c, Joe Goodman 25c, Steingrímur Sigurðsson $1, Björn Axfjörð 25c, Jón Jóhannsson 50c, Gunnhildur Jóhannsson 50c, Sigmar Sigurðsson 50c, Kristín Sigurðsson 25c, Magnea Sigurðsson 25c, Baldvin Sveinbjörnsson $1, G. Benedictson 50c, Jake Lindal 25c, Magnús J. Borgford 25c, María Th. Borgford 25c, Karlotta Borgford 10c, Olive Borgford 10c, Octavia Borgford 10c, Maria Borgford 10c, Thomson Borgford 10c.

Frá MARSHALL, Minn.

Jón Davíðsson 50c, Mrs. H. Davíðsson 25c, Óli Davíðsson 10c, Björn Davíðsson 10c. G. Sigurðsson 50c, Matt. Nicholson 25c, Mrs. Matt. Nicholson 25c, F. Zeuthen 25c, Mrs. F. Zeuthen 25c, Mrs. F. Adler 25c, Mrs. Joe Johnson 25c, Jón Swanson 25c, Mrs. J. Swanson 25c, Miss L. Swanson 10c, Mrs. Óli Jónsson 25c, Miss W. Jónsson 25c, A. Jónsson 25c.

Frá BRANDON, Man.

Mrs. I. Ásmundsson $1, L. R. Ásmundsson 25c, Jóa Sigurðsson 75c, Mrs. G. Sigurðsson 25c, S. Bjarnason 25c, Mrs. W. Saxon 25c, H. Halldórsson 25c, D. Anderson 25c, H. Stefánsson 50c, Ragnar Smith 50c, Einar Árnason 25c, Mrs. Dora Smith 25c, Mrs. S. L. Peterson 25c, E. Egilsson 50c, Mrs. S. E. Egilsson 50c, Miss Egilsson 50c, Th. Thorvaldson 25c, B. J. Borgfjörð 25c, Miss R. Gillis 50c, Ónefndur 25c, G. Johnson 50c, Ónefndur 25c, Mrs. Smith 25c, Mrs. Goucher 25c, Mrs. Lewes 25c, O. B. Olson 25c, Óscar Olson 25c, Mrs. Rosa Olson 25c

Frá MUNICH, N. Dak.

Guðmundur Grímsson $2, Guðmundur Skúlason 50c, Thorl. Thorfinnsson 50c, Guðríður Thorfinnsson 50c, M. A. Thorfinnsson 25c, Theo. S. Thorfinnsson 25c, Snorri Thorfinnsson 25c, Hjalti Thorfinnsson 25c:

Frá MAIDSTONE, Sask.

S. Hafstein 50c, Mrs. S. G. Hafstein 25c, Miss E. S. Hafstein 25c, Mrs. G. Anderson 25c, Mrs. H. Johnson 20c, G. Johnson 15c, Mrs. O. Johnson 10c, V. Thorsteinsson 50c, Miss Kristín Hafstein 50c, Ólafur Bjarnarson 50c, Valdimar Júlíusson 25c, Halldór Kr. Mýrmann 25c, Th. Thorsteinsson 25c, Mrs. H. Thorsteinsson 25c.

Frá HENSEL, N. Dak.

Jóhann Erlendsson 50c, Mrs. Sigurbjörg Erlendsson 50c, J. J. Erlendsson 50c, Friðrik Erlendsson 50c, Ólafur Jóhannsson 50c, Mrs. Guðbjörg Jóhannsson 50c, Jón Hólm 50c, Halldór Anderson 50c, Eiríkur Halldórsson 50c, H. E Halldórsson 25c, Björg Stefánsson 50c, Helgi Thorlaksou 25c, Jóseph Einarsson 25c, Mrs. Ingibjörg Einarsson 25c, Einar Scheving 50c, Thorlákur Björnsson 50c, Mrs. Th. Björnsson 50c, Jón Magnússon 50c, Mrs. J. Magnússon 50c, Mr. og Mrs. Árni Árnason $1, J. K. Einarsson $1, Mrs. Anna Einarsson $1, Miss Rósbjörg Einarsson $1, Th. Th. Jónsson 25c, Jóhannes Ísleifsson 50c, Kristjana Guðmundsdóttir 25c, Jóhann Jóhannsson 50c Mathúsalem Olason 25c, Gísli Eyjólfsson 50c, Mrs. Gísli Eyjólfsson 25c, Miss Lukka Eyjólfsson 50c, Björn Eyjólfsson 25c, Eyjólfur G Eyjólfsson 25c, Einar G Eyjólfsson 30c, Tryggvi H. Johnson 50c, Jóhannes Sæmundsson 50c, Margrét Sæmundsson 50c, , Miss Sigríður Sæmundsson 25c, Arnór Sæmundsson 25c, Miss Carolina Sæmundsson 15c, Miss Helga Sæmundsson 15c, Sæmundur Sæmundsson 10c, Hallgrímur Sæmundsson 10c S. B. Björnsson 50c, Mrs. Helga Björnsson 50c, Miss Fríða Hannesson 50c, Einar Guðmundsson 50c, Mrs. Guðrún E. Guðmundsson 50c, Mrs. Rósbjörg J. Jóhannsson 25c

Frá HALLSON, N. Dak,

John Johnson 50c, Gunnar Jóhannesson 25c, Stefán Thómasson 50c, S. Paulson 25c, Björn Stefánsson 50c.

Frá NARROWS, Man,

Sigurgeir Peterson $2.55, Mrs. Maria Peterson 50c, Hólmfríður Peterson 50c, Bergljót Peterson 50c, Geirfinnur Peterson $1, Mrs. Jóhanna Peterson 50c, Sigurður Þorsteinsson $1, Páll Jónsson $1, Davíð Gíslason 50c, Mrs. Guðrún Gíslason 50c, Lárus D. Gíslason 10c, Sólborg D. Gíslason 10c, Andrés D. Gíslason 10c, Arnþóra D. Gíslason 10c, Óskar D. Gíslason 10c, Stefán Brandsson 50c, Mrs. Sigríður Lárusdóttir 50c, Elín Brandsson 25c, Kristján Brandsson 20c, Hansina Brandsson 25c, Sigvaldi Brandsson 10c, Stefán Brandsson 10c, Lára Brandsson 10c, Margrét Brandsson 10c, Sigurður Baldvinsson 50c, Mrs. María Bjarnadóttir 50c, Björn Baldvinsson 10c, Sigrún Baldvinsson 10c, Anna Baldvinsson 10c, Ingibjörg Baldvinsson 10c, Elínborg Baldvinsson 10c, Ólöf Baldvinsson 10c, Baldvin Guðmundsson 25c, Mrs. Elín Gísladóttir 25c, Árni G. Johnson $1, Guðmundur Pálsson $1, Fritz Erlendsson $1, Guðmundur Þorkelsson $1, Ónefndur 50c, Árni Sigurðsson 50c, Óli J. Ólson 50c, Mrs. Ó. J. Ólson 50c, Gísli Johnson 25c, Mrs. Sólrún G. Johnson $1, Kristbjörg Skaftfeld 25c, Guðrún J. Sigfússon 25c, Gísli Sigfússon 25c, Ingibjörg Sigfússon 25c, Sigfús Hannesson 25c, Einar Sigurðsson 25c, Oddný P. Skarphéðinsdóttir 10c, Skapti E. Sigurðsson 10c, Bergþóra Sigurðsson 10c, Þóruna Sigurðsson 10c, Halldóra Sigurðsson 10c, Jón Sigurðsson 10c, Guðmundur Sigurðsson 50c, Mrs. Lína Sigurðsson 25c, Jónína Sigurðsson 10c, Sesselja Sigurðsson 10c, Hallur Sigurðsson 10c, Margrét Sigurðsson 10c, Hallur Johnson $1, Mrs. Guðrún Kristjánsson 50c, Guðmundur Guðmundsson 50c, Mrs. Sesselja Þorvaldsdóttir 50c, Kristján Kristjánsson 25c, Medús. Guðmundsson $1, Kjartan M. Goodmann $1.

Frá Moose Horn Bay, Man.

Björn Th. Jónasson $1, Mrs. Kristjana Jónasson 50c, Benedikt Jónasson $1, Björn Gíslason $1, H. Ó. Hallson 50c, Mrs. Kristjana Hallson 25c, Björn Hallson 25c, H. Ó. Hallson 10c, Miss M. Ó. Hallson 10c, Ólafur Magnússon 50c, Sigþrúður Björnsdóttir 50c, Hallur Hallson $1, Þorsteinn G. Ísdal 50c, Mrs. Þ. Ísdal 50c, Mrs. Lára Frimann 50c, Lárus Scheving 25c, Madama Elin Scheving 50c, Ólafur Thorlacius 50c, Jón Thorlacius 50c, Guðný Thorlacius 25c, Sigurborg Thorlacius 25c, Ólafur Thorlacius, jr., 10c, Búi Thorlacius 10c, Helgi Thorlacius 10c, Áshildur Thorlacius 10c, Helga Thorlacius 10c, Rósa Thorlacius 10c, Joseph Thorlacius 10c, Mrs. Guðrún Thorlacius 50c, Árni Thorlacius 50c, Sigurður Sigurðsson 50c, Jónína Sigurðsson 50c, Hjörtur B. Hördal 50c, Mrs. S. Hördal 50c, Sigurður Jónsson Reykjanes $1.

Frá SIGLUNES, Man.

Bjarni Helgason $1, Mrs. Halldóra Helgason 50c, Sólveig B. Helgason 50c, Björn P. Helgason $1, Benedikt B. Helgason $1, Jón B. Helgason $1, Sigurður B. Helgason $1, Jón Howardson 50c, Mrs, Maria Howardson 50c, Helgi Howardson 25c, Una Howardson 25c, Hávarður Guðmundsson 50c, Mrs. S. Guðmundsson 50c, Laufey Guðmundsson 25c, Helga Guðmundsson 25c, Málfríður Guðmundsson 25c, Soffía Guðmundsson 25c, Bjarni Guðmundsson 25c, Sigrún Guðmundsson 25c, Hjálmar Guðmundsson 25c.

Frá WILD OAK, Man.

Jóhannes Jóhannsson $1, Sigríður Jóhannsson $1, A. M. Jóhannsson 50c, Guðmundina Jóhannsson 50c Guðrún S. Jóhannsson 50c, J. A. Jóhannsson 50c, Birgitta Jóhannsson 50c, J. A. Jóhannsson 25c, G. B. Jóhannsson 25c, B. I. Jóhannsson 25c, Jón Thórdarson 50c, Mrs. J. Thórdarson 50c, Victoria Thórdarson 25c, Freeman Thórdarson 25c, Barney Thórdarson 25c, Gordon Thórdarson 25c, G. A. Thórdarson 25c, Tom Thórdarson 25c, A. Thórdarson 25c, Guðjón Thórdarson 25c, Jakob Jónasson 25c, Pálina Jónasson 25c.

A. S. Helgason $1, Mrs. J. Helgason 25c, Miss Margrét Helgason 50c, Stefán Thorarensen 25c, séra Bjarni Thorarinsson 50c, Mrs. Ingibjörg Thorarinsson 50c, Guðmundur Árnason 25c, Magnús Kaprasíusson 25c, John G. Nordal 25c. Erlendur G. Erlendsson $1, Erlendur Erlendsson 50c, Ólafur Thorleifsson $1, Mrs. G. Thorleifsson 50c, Miss Anna Thorleifsson 50c, Guðni Thorleifsson 50c, Óli W. Ólson 25c, B. Benson $1, Bjarni Tómasson 50c, Friðfinnur Thorkelsson 50c, Einar Ísfeld 25c, Ólafur Egilsson 50c, Jóhann P. Jósepson 25c, J. Magnús Bjarnason $1, Guðrún H. Bjarnason $1, Halldór Daníelsson $1, Helga Gunnarsdóttir 25c, Hallgrímur Sigurðsson 25c, Þorbjörg Sigurðsson 25c, Bjarni S. Tómasson 50c, Anna J. Tómasson 50c, Gísli Johnson 25c, Þóra G. Johnson 25c, Magnús Erlendsson 25c, Halldóra Kristín Erlendsson 10c, Hannes Erlendsson 50c, Jóhanna Erlendsson 50c, Ingimundur Ólafsson 50c, Katrín Ólafsson 50c.

Bjarni Eastman $1, Davíð Valdimarsson 50c, Guðbjörg Valdimarsson 25c, John Valdimarsson 25c, Lena Valdimarsson 25c, Valdimar Valdimarsson 25c, Bjarni Ingimundsson 25c, Guðrún Ingimundsson 25c, Thorsteinn G. Ingimundsson 25c, Guðlaug G. Ingimundsson 25c, Sigurður I. Ingimundsson 10c, Ólafur Ólafsson 50c, Karl Bjarnason 25c, Roonie Bjarnason 25c, Sigfús Bjarnason 25c, Guðfinna Bjarnason 25c, Guðlaug W. Bjarnason 10c, Helga Bjarnason 10c, Björn Bjarnason 50c, Pöðvar Johnson $1

Frá ADDINGHAM, Man.

Jón Finnsson 25c, Lily Finnsson 10c, Hilda Finnsson 10c, Eyjólfur Finnsson 10c, Mrs. Steinunn Sigurðsson 25c, Haraldur Sigurðsson 10c, Björn Sigurðsson 10c, Sigurður Tómasson 50c.

Frá MARKLAND, Man.

Paul Jacobson 25c.

Frá ROLLA, N. Dak.

Gísli Thorgrímsson $2, L.C. Einarsson $1, Thorleifur Ásgrímsson $1.

Frá CHURCHBRIDGE.

G. A. Árnason $1, J. A. Klassen $1, Th. Hjálmarsson $1, Robt. Fraser 50c, A. E. Leewarton $1, E. Leewarton $1, Jón Thóroddsen $1, S. Loptsson $1, Julus Skaalerud 50c, G. Árnason 50c, H. Hjálmarsson $1, S. Valberg 50c, K. Eyjólfsson 50c, B. Thorbergsson 50c, G. Sveinbjörnsson 50c, E. Sigurðsson 25c, A. Árnason $1, B. Ásgrímsson 25c, J. Markússon $1, K. Kristjánsson 25c, Mrs. A. Árnason 25c, Mrs. G. F. Johnson 25c.

Frá BREDENBURY.

H. O. Loptsson $1, A. Loptsson 50c.

Frá THINGVALLA.

Mrs. A. Christjanson $1.

Frá LÖGBERG.

Th. O. Anderson $1.

Frá MARSHLAND, Man.

Grímur Goodman 25c, Ingibjörg Goodman 25c, Krist Goodman 25c, Pétur Jakobsson 25c, Anna Jacobsson 25c, Ólafur Guðmundsson 50c, Sigþrúður Guðbrandsdóttir 50c, G. Kjartansson 25c, Mrs. G. Kjartansson 25c, B. Kjartansson 25c, Th. Kjartansson 25c. I. K. Kjartansson 25c, I. Kjartansson 25c, Chris Johnson 25, Steini B. Ólson 25c.

Frá MOUNTAIN, N. Dak.

Sesselja Jónsdóttir 50c, Björn Jónasson 50c, Sigríður Jónasson 50c.

Frá CANDAHAR, Sask.

B. Jósephson 50c, Mrs. B. Jósephson 25c, J. B. Jósephson 50c, L. B. Jósephson 25c, H. B. Jósephson 15c, W. B. Jósephson 15c, Kr. B. Jósephson 15c, M. B. Jósepson 25c, S. B. Jósepson 15c.

Frá DUXBY, Minn.

Jón Magnússon 50c, Mrs. Guðrún Magnússon 50c, Bergheiður Magnússon 25c, Magnús Magnússon 25c, Aðalsteinn Magnússon 25c, Vilhjálmur Magnússon 25c.

Samtals	$210.35
Áður auglýst ...	982.95
Alls innkomið..	$1,193.30

A. S. BARDAL
Selur líkkistur og annast um útfarir. Allur útbúnaður sá bezti. Enfremur selur hann alskonar minnisvarða og legsteina.
121 Nena St. Phone Garry 2152

MARTYN F. SMITH,
TANNLÆKNIR.
Fairbairn Blk. Cor Main & Selkirk
Sérfræðingur í Gullfyllingu og öllum aðgerðum og tilbún aði Tanna. Tennur dregnar án sársauka. Engin veiki á eftir eða gómbólga. —
Stofan opin kl. 7 til 9 á kveldin
Office Phone Main 6944. Heimilis Phone Main 5602.

—THE—
Farmer's Trading
COMPANY.
(BLACK & BOLE)
HAFA EINUNGIS BESTU VÖRUTEGUNDIR.
Einu umboðsmenn fyrir :—
"SLATER" Skóna góðu.
"FIT-RITE" Fatnaðinn.
"H. B. K." prjónafélagið.
"HELENA" pils og 'waist' kvenfatnaði.
Bestu matvörutegundir.
" DEERING " akuryrkju verkfæri o, s. frv.
Beztu vörur Lágt verð.
Fljót og nákvæm afgreiðsla.
Farmer's Trading Co.,
THE QUALITY STORE
Wynyard - Sask.

JIMMY'S HOTEL
BEZTU VÍN OG VINDLAR.
VÍNVEITARI T.H.FRASER.
ÍSLENDINGUR. : : : : :
James Thorpe, Eigandi

MARKET HOTEL
146 Princess St.
á móti markaðnum
P. O'CONNELL, eigandi, WINNIPEG
Beztu tegundir af vínföngum og vindlum, aðhlynning góð, húsið endurbætt

Woodbine Hotel
466 MAIN ST.
Stærsta Billiard Hall í Norðvesturlandinu
Tíu Pool-borð.—Alskonar vín og vindlar
Gisting og fæði: $1.00 á dag og þar yfir
Lennon & Hebb,
Eigendur

JOHN DUFF
PLUMBER, GAS AND STEAM FITTER
Alt verk vel vandað, og verðið rétt
664 Notre Dame Av. Phone Garry 2568
WINNIPEG

A. S. TORBERT'S
RAKARASTOFA
Er í Jimmy's Hótel. Besta verk, ágæt verkfæri; Rakstur 15c en Hárskurður 25c. — Óskar viðskifta Íslendinga. —

hver á fætur öðrum, og seinast voru ekki aðrir eftir en þjónarnir, Móritz, Angela og ungi málarinn, sem enn sat kyr, þar sem Móritz hafði sagt honum.

"Er hér engin vinnukona, sem getur hjálpað frúnni?" spurði Móritz.

"Jú, svaraði einn þjónanna. "Ég skal kalla á herbergisþernuna hennar".

"Útvegaðu hjálp undir eins", sagði Móritz. "Komdu hingað, Charles. Á hvað ertu að horfa þarna? Hjálpaðu mér til að líta konuna við."

Málarinn gekk til hans.

Um sama leyti kom þernan. Angela var nú borin upp í svefnherbergi sitt og afklædd.

Málarinn og Móritz stóðu einsamlir við græna borðið í salnum.

"Græddirðu á spilunum?" hvíslaði málarinn.

"Sjáðu þetta", sagði Móritz, og rétti honum seðlaböggul, "þarna eru þessir 30 þúsund frankar — og hérna eru 100 þúsund í brúðargáfu handa þér og Hortensu".

Málarinn starði á hann, í efa um, hvort hann hafði heyrt rétt. Hann gat ekki áttað sig á slíku láni.

"Nú, taktu við peningunum", sagði Móritz óþolinmóður. "Ég á þér að þakka allan gróðann hvort eð er".

"Hamingjan góða", hrópaði Frakkinn um leið og hrvilnan hans breyttist í ánægju. "Eðallyndi velgerðamaður minn. — það er ekki draumur. — Ég get kvongast Hortensu".

Hann tók peningana, hljóp og hoppaði um gólfið af ánægju.

"En hvað á ég að gera við þessa peninga?" sagði Móritz og benti á hrúguna, sem á borðinu lá.

"O, þú getur líklega borið þá heim".

"Já, en ég vil ekki eiga þá. Það eru blóðpeningar, og svo er ég nógu ríkur án þeirra. Ég spilaði ekki til að vinna mér inn peninga, heldur fyrst og fremst til að hjálpa þér, og svo til að eyðileggja einn af þessum blóðsugurum, sem með djöfullegu háði ræna meðbræður sína. — Það hepnaðist. — Þrælmenninu er hegnt og ég er ánægður".

"Eðallyndi velgerðamaður minn. Hvernig á ég að þakka þér þessa hjálp?"

"Með því að lofa mér því, að spila aldrei oftar".

"Ég heiti því í guðs nafni. Þessi voðalega nótt gleymist mér aldrei".

"Gott, nú skulum við fara", sagði Móritz og leit út um gluggann. "Dagurinn er að renna upp".

Hann kallaði á þjónana og gaf hverjum þeirra franka.

"Flytjið þið ykkur héðan", sagði hann. "og leitið að heiðarlegri atvinnu en að vera þjónar í slíku ugluhreiðri og þessu. Verið þið sælir".

Þegar Móritz var búinn að koma peningunum fyrir í vösum sínum, gekk hann ásamt málaranum ofan stigann og út. Þjónarnir fylgdu þeim út á götu.

• • •

Næsta morgun fékk Móritz sér vagn og ók til Angelu.

Húsið var fult af lögregluþjónum og skuldheimtumönnum. Það var lagt löghald á húsmunina og rannsókn gerð viðvíkjandi sjálfsmorði Crispins, sem búið var að gera lögreglunni aðvart um.

Meðan á þessu stóð lá Angela sárveik á herbergi sínu með óráði, sem skuldheimtumennirnir tóku ekkert tillit til.

Móritz rak þá alla út á auðveldan hátt, með því nefnilega að borga hverjum sína kröfu.

Hún talaði óráð. Hún talaði um gull, gimsteina, silki, perlur og blóð. Móritz hrylti við að heyra þetta. Hann sá, að hún var brjáluð og að hann gat ekkert við hana talað.

Læknirinn kom og skoðaði hana, en hristi svo höfuðið.

"Fimtíu þúsund franka skal ég borga þér, ef þú getur læknað þessa konu", sagði Móritz.

"Hvers vegna ert þú svo hrifinn af þessari konu?" spurði læknirinn. "Er hún ættingi þinn?"

"Nei", svaraði Móritz, "en dauði hennar myndi hryggja mig".

"Hvers vegna?"

"Af því það var ég, sem sprengdi bankann og kom hættumeistaranum til að sprengja höfuð sitt af þeirri orsök. Þessi voðalega tilviljun hefir ef til vill lagt þessa vesalings konu á banasængina".

Læknirinn ypti öxlum.

"Þessi meðaumkun þín er jafn illa viðeigandi og samvizkubit þitt", sagði hann. "Hún hefir verðskuldað forlög sín. Breytni hennar var ef til vill af lakara taginu. En ég skal samt gera það sem ég get til að bjarga henni, en þó hún lifi, þá er ég hræddur um hún missi vitið".

En alt varð árangurslaust. Móritz vakti við banabeð hennar og hlynti að henni eftir föngum, — Menn hlóu að þessu svenska flóni, sem gerði sér svo mikið ómak fyrir þetta glæfrakvendi, en Móritz gaf því engan gaum. Honum veittist sú ánægja, að loka augum hennar, og Angela sofnaði hinum síðasta svefni í höndum þess bróður síns, sem hún ekki þekti.

"Sofðu rólega", sagði Móritz. "Guð er réttlátur, hann útskúfar þér ekki, af því þú hefir að eins verið verkfæri í höndum tálseggsins. Sofðu rólega Angela. Höggormurinn er fyrir löngu búinn að eitra blómið, — svo það er nú visnað, en höfuð höggormsins er líka sundurmolað".

"Stundum virðast forlögin skemta sér við það, að sýna réttlæti".

Hann laut niður að henni og kysti á enni hennar. Svo huldi hann andlit hennar og gekk út þegjandi.

Móritz dvaldi enn nokkra daga í Paris, bæði til þess að fylgja Angelu til grafar, og til þess að verða af með peningana, sem hann græddi við að spila.

Hann fór og heimsótti skjalaritara og fékk honum alla upphæðina, með því skilyrði, að peningunum yrði varið til styrktar fjölskyldum þeim, sem yrðu allslausar sökum spilafýknar húsbóndans

"Ég vil", sagði Móritz, "að vöxtunum af peningum þessum sé varið til styrktar fátækum ekkjum og börnum manna þeirra, sem drepa sig sökum spilaóhappa".

Menn álitu þessa ráðstöfun frumlega. Um hana var talað á samkomum, og undir eins og blöðin vissu um hana, sá Móritz nafn sitt lofað í öllum blöðum Parísar.

Hann yfirgaf samt bráðlega borg borganna, og lagði af stað gangandi til Alpafjallanna "Sinna", hugsaði hann, "snýr ég aftur heim til Svíaríkis og kem mér snotran bústað, helzt í því héraði, sem móðir mín fæddist í, og stunda þar listir og vísindi".

XI.

Alpafjallastúlkan.

Einn af fögru dölunum austantil í Sviss, sem Innfljótið, eða eitt af fljótunum, sem í það renna, streymir eftir, er á þrjár hliðar umkringdur háum klettabeltum, en á fjórðu hliðina rennur all mikil jökulá frá Alpafjöllunum gegnum breitt skarð ofan í

Fangelsi í saltnámu.

"Kviðdómendur, dæmið þér hinn ákærða sekan eða sýknan?"

Kviðdómendurnir töluðu hljóðskraf um stund, á meðan áheyr. endurnir í dómsalnum biðu eftir úrskurði þeirra. Svo hagræðir kviðdómendur sér í sætum sínum, en foringi þeirra stóð upp og mælti:

"Réttarhaldinu er frestað í tíu mínútur".

Þrir dómarar fara inn í alvikið herbergi til þess að koma sér saman um dómsatkvæði sitt. Áheyrendur bíða eftir úrslitunum og tala í hljóði. Fregnritarnir, sem ekki voru búnir að hreinrita ræðurnar, settust að borðinu og tóku til starfa. Tíu mínútur líða. En áheyrendum fanst biðin löng. Þeir höfðu komið þarna til þess að hafa skemtun af því, sem fram færi, og nú leiddist þeim, að hafa ekkert aðdráttaraf, er hrifi huga þeirra. Fanginn stóð niðurlútur og kaldir dropar angistar og kvíða stóðu á enni hans. Síðagætir hróparar: "Þögn", og inn koma herréttardómendurnir og setjast í sæti sín og klæðast dómskrúða sínum. Allra augu störðu á fangann, til þess að sjá, hvernig honum brigði við, er hann heyrði dóminn.

"Þú ert dæmdur í lífstíðar betrunarhúss vinnu".

Fanginn stendur eitt augnablik sem steini lostinn. Hermennirnir hnippa í hann og með brugðin sverð í höndum banda áhorfendum frá sér, og leiða fangann burt. En áhorfendur hraða sér út úr dómsalnum, og gleyma fanganum algerlega eftir litla stund.

En nú skulum vér fylgja honum eftir.

Vér tökum vagnlestina til þorpsins Targu Okna, í Balkan fylkinu Moldavia, sem er um tveggja klt. reið frá landamærum Ungverjalands. Þar eru saltnámarnir, sem eru eigu Rúmeníu, og þangað eru þeir sendir til þrælkunar, sem dæmdir hafa verið fyrir stórglæpi.

Á vagnstöðinni fáum vér keyrslu vagn og keyrum út fyrir takmörk bæjarins. Þar komum vér að húsi, sem er umkringt háum garði. Á húsinu eru fáir gluggar og litlir og varðir með járngrindum. Útsjónin úr þeim er eingöngu út í veggirn háa umhverfis húsið.

Við hinar þunglamalegu útidyr eru nokkrir alvopnaðir hermenn, en til hliðar eru nokkrar bændakonur með aldinakörfur sínar og mjólkurkönnur. Keyrslumaður vor staðnæmist. "Ég má ekki koma nær", segir hann. Við förum því úr vagninum og göngum upp að fangelsisdyrunum og framvísum þar leyfisbréfi voru, til þess að mega skoða ekki eingöngu náman, heldur einnig fangelsið. En fyrir þau sérstöku hlynnindi verðum vér að þakka Dr. Dobrevich, yfirumsjónarmanni allra fangelsa landsins. "Eiamitt rétt", segir dyravörður, "við höfum verið að bíða eftir yður, og ég ræð yður til að skoða námana fyrst og síðar sjálft fangelsið", — svo mælti hr. Fagaraseanu við oss.

Við förum því í vagninn aftur og keyrðum á 5 mínútum að náma munnanum. Þar sáum vér fangana að starfi, En ekki var það ánægjulog sjón, hvorki á yfirborði jarðar né í undirdjúpinu. Þarna eru samankomnir um 400 hinna svæsnustu glæpamanna, sem til eru í Rúmeníu, og þá er langt til jafnað.

Þeir eru klæddir í afargrófgerð, en þó hlý og endingargóð hvít og móröndótt föt úr ullardúkum, og leðurskó lága hafa þeir á fótum. Þeir voru að hlaða saltköglum á járnbrautarvagna. Þessir saltköglar komu neðan úr námanum á litilli og léttri járnbraut, sem lá þangað niður. Alt þetta svæði var umgirt háum stálgrindum og vopnaðir hermenn voru á verði alt í kring um þær, með stuttu millibili. Þessir hermenn hafa stranga skipun, að skjóta orða og fyrirvaralaust hvern þann fanga, er sýni sig líklegan til að vilja strjúka, og að skjóta svo þeir drepi. Yfirforinginn opnar þessa stálgirðingu og vér göngum inn á svæðið. Vér glápum á alt, sem fyrir augun ber, og allir glápa á oss. Námastjóri Zernoveanu tekur móti oss og verkamenn og fangar færa oss hressingu og regnkápur, því að í námunum er bæði kalt og saggasamt. Kuldagusturinn byrjar strax við mynnið á námagönguunum. Litla gufuvélin er sett í hreyfingu, og á litla vagninum, sem hún dregur, eru 2 vagnstjórar með lampa, til að sæta að, hvort ekki verði saltköglar á sporinu, því oft kemur fyrir að þeir falla í þau og geta ollað lestaslysi, ef ekki er að gætt. Vér höldum áfram niður, niður, út í niðamyrkur, þar til vér heyrum allskyns óhljóð, óp skræki, öskur og vein, — öllu blandað saman, ekki ólíkt því, sem mannlegt trúfræðikerfi hefir lýst undirheimum. Þessi angistar og kvalakvein læsa sig í gegnum oss, þau eru bergmál náma lífsins þar neðra. En þegar vér loks nemum staðar, þá heyrðum vér ekki annað en lágróma skraf og hamarshögg á saltveggina. Á stöku stöðum voru ljós á raflömpum, en þau voru lítil og með löngu millibili. Fangarnir voru þarna að nöggva saltbergið, þeir voru að afplána glæpasekt sina, og þeir vissu alltir, að þeir yrðu að vinna þarna þar til dauðinn levsti þá frá starfinu. Skyldan er, að losa daglega akvöðinn skamt af salti, frá því þeir koma í námann og þar til þeir leggjast í gröfina. Utan úr myrkrinu heyrist skrölta í járnhlekkjum. Það gefur til kynna, að þar sé hættulegur glæpamaður, sem hlekkur er í járnum við vinnuna. Slík hljóð vekja meðaumkvun í hvers ærlegs manns hjarta. En ef þér gangið nær mannunum og athugið hann og grenslist eftir æfiferli hans, þá komist þér að raun um, að hegningin er í raun réttri lítilfjörleg í samanburði við það, sem hann hefir til unnið. Því flestir af þeim, sem þarna eru, er gegnsýrðir glæpamenn, sem um langan aldur hafa unnið þjóðfélagi sínu alt það tjón, er þeir orkuðu. Og þegar þer gangið fram hiá röðum þessara glæpamanna, þá sézt þar ekki eitt andlit, er hafi nokkurt einkenni heiðarlegs manndóms, heldur eru þau eitt og öll ímynd erkidjöfla. Þegar maður virðir þessa náungo fyrir sér þá skilur maður, hvernig á því stendur, að nálega hverju húsbroti og þjófnaði, sem framið er í Rúmeníu fylgja fúlmenskuleg ofbeldisverk, framin á örvasa gamalmennum og varnarlausum konum og börnum. Það særir mig, að vita til þess, að hjá þeirri þjóð sem býr yfir svo mörgum einkennum ágætis og mannkosta, skuli finnast svo margir grimmúðlegir glæpamenn.

Maðurinn barna hinumegin, sem vinnur á hnjánum, er þrefaldur morðingi. Næsti maður við hann er ræningjaforingi. Stórglæpir hans eru þannig vaxnir, að það er ekki sæmilegt, að lýsa þeim á prenti. Og manninn þarna sá ég sjálfur rista sundur nábúa sinn úti á miðri götu, af því þeim varð litilleg sundurorða út af smávægilegum ágreiningi um rétta skiftingu milli þeirra á 3 frönkum.

Þessir glæpamenn vinna í náminum frá kl. 6 á morgnana á sumrum og kl. 8 á vetrum til sólu á kveldin, uppihaldslaust, að undanteknum fáeinum minútum um miðjan daginn, meðan þeir eru að éta þurt rúgbrauð með lauk eða osti.

Varla kemur það fyrir, að maður finni vopnlausan gæzlumann með þessum náungum. Ekki fyrir það, að þeir hafi svo mikið að ótta ast, af þeirri einföldu ástæðu, að hin minsta tilraun til þess svo mikið sem að hika við að hlýða skipunum þeirra, kæmi í veg fyrir alla möguleglegika fanganna til að ödlast nokkur hlynnindi, svo sem meðmæli, stytting á hegningartimabilinu eða lausn úr fangelsinu. — Það er siður Rúmeníu konungs á fæðingardegi hans, að náða fáeina af þeim föngum, sem fá meðmæli fangavarðarins fyrir sérstaka hlýðni og góða hegðun í fangelsinu. Og það er sá eini möguleglegiki, sem þessir saltnáma fangar hafa til að losast úr helgreipum æfilangrar þrælkunar.

Úr fjarlægasta horninu blossar bjart ljós nokkur augnablik. Yfirmaðurinn hefir sent mann þangað til þess að setja nokkra dropa af napta í ker og kveikja á því. Sá blossi lýsir upp allan námann, svo vér sjáum hann. Að innan er hann eins og flöskulagaður og svo sem 400 feta hár. Breiðar svalir eru umhverfis hann alt um kring og hverjar upp af annari, svo að unt sé að gera við hliðarveggina, ef þeir kynnu að springa einhverstaðar. Efst uppi í hvelfingunni er eins og skini dauft stjörnuljós. Það er dagsljósið, sem kemur inn um ofurlitið gat, sem þar var gert í gamla daga; — í raunninni er það gat 8 fet ummáls. Allstaðar leka stórir vatnsdropar niður á mann, frá hliðunum og úr bakinu.

Þessi námi hefir verið starfræktur í 200 ár. Það vildi svo heppilega til, að hann fanst um sama leyti og aðrir saltnámar landsins voru uppunnir og yfirgefnir. Náni þessi virðist hafa óbrotlegar saltbirgðir. Saltgöngin ná nokkrar mílur inn í fjallið, og það er búið að þora niður þúsund yards, án þess komist hafi verið gegnum saltlagið. Salttekjan úr þessum náma er 20 þúsund ton á ári, setu nægir til allra nota fyrir þrjú ríki, Búlgariu, Serbíu og Rúmeníu.

Stjórnin í Rúmeníu hefir boðið, að gefa hverjum þeim manni eina milión franka í peningum, sem finnur nýjan saltnáma þar í landi.

Þegar vér göngum um námann og virðum fyrir oss fangana, þá sjáum vér hér og hvar stóra saltkletta, sem losaðir hafa verið úr námanum. Þeir eiga að sendast til Congo ríkis.

Æfi fanganna í náma þessum var að öllu leyti hin hræðilegasta þar til árið 1845. Þeir, sem eitt sinn lentu í námanum, komu þaðan aldrei aftur, nema þér hefðu svo hrausta byggingu, að saltið hefði engin veikjandi áhrif á þá. Vanalega þoldu menn ekki veruna þar lengur en 10 ár. Fangarnir urðu að búa — vaka og sofa — í námanum og borða þar alla mata. Þeir lágu í fötunum og sáu aldrei annað ljós en af kertatiru. Þó kom það fyrir um þá, sem voru sérlega þægir og duglegir, að þeir fengu að koma upp úr námanum einu sinni í mánuði, til þess að anda sér hreinu lofti og njóta sólarljóssins um nokkrar klukkustundir. Vanalega urðu fangarnir blindir undir þessum kringumstæðum eftir nokkur ár. En það var ekki álitið nett böl fyrir þá. Margir fengu þeir og voðaleg gigtarflog, saltið komst inn í blóð þeirra og þeir dóu í hrönnum. Heguingar fyrir óhlýðni eða fyrir það, að geta ekki náð eins miklu salti úr námanum daglega, eins og var fyrirskipað, voru hræðilegar. Menn voru barðir með hnútasvipum, reyrðir saman með járnkeðjum, bundnir við staur, og járnkeðjur settar um hálsinn á föngunum svo þungar, að þeir gátu ekki rétt úr sér. Og svo voru þeir sveltir 5 daga í einu án þess að fá að bragða nokkuð, þurt eða vott.

Árið 1845 heimsótti Grigorie Checa, prins frá Moldavia, náma þennan og sá ástand fanganna. Hann var maður vel mentaður og góðgjarn. Svo þótti honum ástand fanganna ilt, að hann lét setja nefnd manna til þess að rannsaka meðferðina á þeim til hlétar, og hann lagði fram fé frá sjálfum sér til þess að byggja fangelsi það, sem nú er við námann, svo að fangarnir gætu haft viðunanlegt heimkynni, í stað þess að verða að ala allan aldur sinn neðanjarðar.

Nú eru reglurnar þær, að fangarnir fara á fætur kl. 6 á morgnana, byrja vinnu í námanum kl. 7 og vinna til kl. 5 að kveldi. Þá fá þeir máltíð í fangelsinu og fara svo að sofa. Maturinn er baunasúpa og önnur svipuð fæða, og kjöt þrisvar í viku. Hver fangi fær 2 pund af svartabrauði á dag. Og svo hafa fangarnir nú leyfi til þess að neyta hvers annars þess matar, sem þeir hafa efni á að kaupa fyrir eigin fé. Þeim er jafnvel leyft að reykja í hófi.

Hver fangi verður að losa úr námanum að minsta kosti þúsund pund á dag, og fær hann 30 prósent af ágóðanum af starfi sínu. Sumir losa alt að 4 þúsund pd á dag, en það er sjaldgæft og er gert að eins af duglegustu mönnum. Þeir sem mest vinna fá auðvitað hæstar prósentur af verki sínu. Það getur liðið einkennilega út í vorum augum, að föngum sé borgað fyrir vinnu þeirra. En til þess liggja tvær ástæður. Fyrst sú, að örfa til sem mestrar framleiðslu fyrir ríkið, og í öðru lagi til þess, að maðurinn, þó hann sé í fangelsi, geti unnið fyrir skyldulíði sínu, í stað þess að það burfi að fara á vonarvöl eða verða haldið við á kostnað almennings.

Þetta fyrirkomulag hefir einnig það til síns ágætis, að það örfar manninn til vinnu og veitir honum fé, sem hann getur notað til að byrja með nýtt líf, ef hann skyldi verða náðaður, svo hann komist í frjálsra manna tölu. Það hefir komið fyrir, að menn, sem hafa verið lengi í fangelsinu, hafa haft nær 70 pund sterling í sparifé, þegar þeir hafa losast úr námanum.

Engin vinna fer fram í náminum á laugardögum, sönnudögum og almennum helgidögum. Fangarnir eru látnir baða sig úr heitu vatni á laugardögum. Á þessum dögum búa og fangarnir til vínsa hluti fyrir sjálfa sig, úr beini, leðri, alabastri eða öðrum efnum. En stjórnin selur þá og fangarnir njóta ágóðans, að undanteknum lágum sölulaunum. Til þessarar sölu er notað sérstakt umgirt svæði. Fangarnir fá sjálfir að sýna og selja það, sem þeir búa til, en ekki mega þeir taka við borgun, heldur er sérstakur yfirmaður hér ur til þess. Hann bókar alt hjá sér og heldur nákvæma reikninga. Margir þessir hlutir eru sérlega fagrir og lýsa miklu hugviti.

Í sjálfu fangelsinu eru viss herbergi ætluð fyrir vinnustofur, sitt herbergi fyrir hverja iðngrein, og fangarnar eru örfaðir til þess að vera iðjusamir. Þeir eru hlýðnastir, sem eru starfsamastir.

Þegar klukkan var nær því 5 fórum við upp úr námanum, og skömmu síðar komu fangarnir þaðan, og er þeirra vandlega gætt af hermönnum, sem mynda 2 raðir og milli þeirra ganga fangarnir samhliða, 4 í einu. Varla þemur það fyrir, að nokkrir geri tilraun til að strjúka á leiðinni frá námanum til fangahússins. Enda væri það ómögulegt, því sá yrði tafarlaust skotinn, sem reyndi það. Við dyr fangelsisins eru jafnan nokkrir vörumangarar, og þar er föngunum leyft að kaupa það, sem þeir geta borgað fyrir. — Að eins einn maður hefir getað strokið úr fangelsinu. Verðir eru á ákveðnum stöðum, og svo hátt settir, að þeir sjá yfir alt fangasvæðið. Skipun hafa þeir til að skjóta tafarlaust hvern þann er reyni til að strjúka. Fyrir nokkrum árum struku 8 menn úr fangelsinu gegnum neðanjarðar skurð. Þeir náðust allir innan sólarhrings. Eftir það var skurðinum lokað. Eitt sinn faldi fangi sig í skurðinum og neitaði að koma út úr honum, og var hann þá svældur inni með brennisteini, þar til hann kafnaði. Síðar komst það upp, að hann hafði fest sig í skurðinum, svo að honum var ómögulegt að komast úr honum, þó hann hefði viljað.

Komið hefir það fyrir, að menn hafa reynt að fela sig í sjálfri saltnámunni. En þeir hafa einatt orðið að gefast upp eftir 2—3 daga, sökum hungurs og kulda. Nú er haft náfnakall við námamunnana kveld og morgun, og komi það fyrir, að einhver finnist ekki, er hans tafarlaust leitað. Kveldverð borða fangarnir í svefnherbergjum sínum, en morgunverð í þar til gerðum skála, vel lýstum og þægilegum og skreyttum með myndum á veggjunum. Myndirnar eru þannig valdar, að þær sýna skaðsemi ofáts og ofdrykkju, og virðist það ónauðsynlegt í þeim stað, því fæði er þar af skornum skamti, og vín ekki nema fyrir þá, sem geta keypt það á eigin reikning, og þá að eins leyft litið glas með máltíð á sunnu- og helgi-dögum.

Í hverju svefnherbergi eru 6, 8 eða 10 fangar, eftir stærð herbergianna. Rúmin eru hreinleg og rúmfötin eru tilbúin af konum í fangelsinu í Bucharest. Þar er hitað upp á vetrum, svo föngunum geti liðið þolanlega vel.

Messur eru haldar í fangelsinu á sunnudögum. Meðal fanganna var einn ungur maður, sem bar það með sér, að hann hefði notið góðs uppeldis. Hann hafði verið irjáls maður fyrir tveimur árum, kvnst læknisdóttur einni og elskað hana. En er faðirinn komst að því, bannaði hann dóttur sinni, að hafa nokkur mök við piltinn, og hélt henni heima, svo að ekki yrði af fundum þeirra. Þessi ungi maður skrifaði þá læknínum, og bað að mega kvongast dóttur hans. En þeim bréfum var ekki svarað. Þá ritaði hann hótunarbréf, og sagði, að ef hann fengi ekki að njóta konunnar, þá skyldi enginn annar ná ástum hennar. Nokkru síðar stakk hann stúlkuna með rýting í hjarta stað, þegar hún var á ferð í borginni með foreldrum sínum. Stúlkan beið bana af hnífstungunni og pilturinn var dæmdur í lífstíðar fangelsi. Hann var eini fanginn, sem vér sáum þar, með unglegt og hrukkulaust andlit. Allir hinir, án tillits til aldurs, voru lotnir í herðum, með djúpar rákir sorgar, áhyggju og vonleysis á andlitunum. En það er ekki ellin, heldur saltið, sem þannig verkar á þá. Fertugir menn sýnast sextugir. Engir lifa þar lengur en 10 til 15 og mest 20 ár. — Yfirleitt kemur föngunum vel saman. Vilji það til, að þeir verði ósáttir, þá eru þeir sveltir og barðir til óbóta.

Í sjálfu fangelsinu eru yfirmennirnir allir vopnlausir og umgangast fangana eins og hverja aðra algenga verkamenn. — Á 60 ára timabili, síðan þetta fangelsi var bygt, hefir að eins eitt stórræði verið unnið þar. Einn fanganna var svo illa lyntur, að félagar hans þoldu hann ekki. Þeir réðust því á hann og börðu hann til bana

Í sjúkrastofunni sáum vér tjóra menn, aðframkomna af siúkleik. Yfirmaðurinn sagði að það væri ellilasleiki, sem að þeim gengi. Þó var einn þeirra að eins 45 ára að aldri, og hinir ennþá ungri. En fyrir augum okkar litu þeir út eins og áttræð gamalmenni.

Vér sáum þá áþreifanlega, að gjöld syndarinnar er dauðinn.

Bókalisti.

N. OTTENSON'S,- River Par. W'p'g.

Ljóðmæli Páls Jónssonar í bandi	(3)	85
Sama bók (að eins 2 eint.	(3)	60
Jökulrósir		15
Lalarósir	(3)	20
Hamlet	(3)	45
Tíðindi Prestafélagsins í hinu forna Hólaskifti	(2)	15
Grani skipstjóri	(2)	40
Börn óveðursins	(3)	35
Umhverfis jörðina á áttatíu dögum	(3)	60
Blindi maðurinn	(3)	15
Fjörblaðadi smárinn	(3)	10
Kapitola (í II, Bindum)	(3)	1.25
Eggert Ólafsson (B. J.)		15
Jón Ólafssonar Ljóðmæli í skrautbandi	(3)	60
Kristinfræði	(2)	45
Kvæði Hannesar Blöndal	(2)	15
Mannkynssaga (P. M.) Ó bandi	(5)	85
Mestur í heimi, í b.		15
Prestkosningin, Leikrit, eftir D.E., í b.	(3)	30
Ljóðabók M. Markússonar		50
Ritreglur (V. Á), í b.		20
Sundreglur, í b.		15
Terði ljós		15
Vestan hafs og austan, Þrjár sögur eftir E. H., í b.		90
Víkingarnir á Hálogandi eftir H. Ibsen		25
Doríákur helgi		15
Ofurefli, skálds. (E. H.) í b.		1.50
Ólöf í Ási	(2)	45
Smælingjar, 5 sögur (E. H.), í b.		85
Skemtisögur eftir S. J. Jóhannesson 1907		25
Kvæði eftir sama frá 1905		25
Ljóðmæli eftir sama. (Með mynd höfundarins frá 1897		25
Safn til sögu og ísl. bókmenta í b., III. bindi og það sem út er komið af því fjórða	(53c)	9.4
Íslendingasaga eftir B. Melsted I. bindi bandi, og það sem út er komið af 2, b. (25c)		2.85
Lýsing Íslands eftir D. Thoroddsen í b. (16c)		1.90
Fornir fornísenzkir rimnaflokkar, er Finnur Jónsson gaf út, bandi (5c)		85
Alþingisstaðir hinn forni eftir Sig. Guðmundsson, í b. (4c)		90
Um kristnitökuna árið 1000, eftir B. M. Olsen (6c)		96
Íslenzkt fornbréfasafn, 7. bindi innbundið, 3 h. af 8 b. (1 70)		27.30
Biskupasögur, II. b. innbundið (42c)		5.15
Landfræðissaga Íslands eftir D. Th., 4. b. innbundið (55c).		7.75
Ríthöfunda tal á Íslandi 1400—1882, eftir J. B., í bandi (7c)		1 00
Upphaf alþjóðarríkis á Íslandi eftir K. Maurer, í b. (7c)		1.15
Auðfræði, e. A. Öl., í bandi (6c)		1.10
Presta og prófastatal á Íslandi 1869, í b. (9c		1.25
B. Thorariusson ljóðmæli, með mynd, í b.		1.50
Bókmentasaga Íslendinga eftir F. J., í b. (12c)		1.80
Norðurlandasaga eftir P. Melsted, í b. (8c)		1.56
Nýþýdda biblían (35c)		2.65
Sama, í ódýru bandi (33c)		1.60
Nýjatestamentið, í vönduðu bandi (10c)		65
Sama, í ódýru bandi (8c)		30
Kóralbók P. Guðjónssonar		90
Sama bók í bandi		1 10
Svartfjallasynir	(3)	60
Aldamót (Matt. Joch.)		20
Harpa	(4)	60
Ferðaminningar, í bandi	(3)	90
Bóndinn	"	35
Minningarit (Matt. Joch.)	"	35
Týndi faðirinn	"	35
Nasreddin, í bandi		35
Ljóðmæli J. Þórðarsonar	(3)	45
Ljóðmæli Gestur Pálsson	"	75
Maximi Petrow	(3)	45
Leyni-sambandið	(2)	40
Hinn áttalegi leyndardómur	(2)	30
Sverð og bagall	(2)	30
Waldimar Nihilisti		75
Ljóðmæli M. Joch. I.-V. bd., í skrauth.	(15)	4.00
Afmælisdagar Guðm Finnbogasonar		1.00
Bréf Tómarar Sæmundsson	(4)	2 75
Sama bók í skrautbandi	(4)	1.15
Íslenzk-ensk orðabók, G. T. Zoega	(10)	1.80
Gegnum brim og boða		90
Ríkisréttindi Íslands		50
Systurnar frá Grænadal		35
Öflntjári handa börnum		30
Vísnakver Páls lögmans Vídalíns		1.25
Ljóðmæli Sig. Júl. Jóhannessonar		1.00
Sögur frá Alhambra		30
Minningarrit Templara í vönduðu bandi		1.65
Sama bók, í bandi		1.50
Pétur blásturbelgur		10
Bækur sögufélagsins Reykavík;		
Morðbréfabeklingur		1.35
Byskupasögur, 1—6,		1.95
Aldarfarsbók Páls lögmanns Vídalín		45
Tyrkjaránið, I—IV,		2.90
Guðfræðingatal frá 1707—97		1.10
Jón Arason		80
Skipið sekkur		60
Jóh. M. Bjarnason, Ljóðmæli		55
Maður og Kona		1.25
Fjarða mál		25
Beina mál		10
Oddur Lögmaður		96
Grettis Ljóð.		65
Dular, Smásögur		50
Hinrik Heilráði, Saga		20
Andvari 1911		75
Œfisaga Benjamin Franklins		45

Sögusafn þjóðviljans I—II árg. 30c; III árg. 20c IV árg. 20c; V. árg. 20; VI. 45; VII. 45; VIII. árg. 55; IX. árg. 55; X. árg. 55; XI. árg. 55; XII. árg. 45; XIII. árg. 45; XIV. árg. 55; XV. árg. 30; XVI. árg. 25; XVII. árg. 45; XVIII árg. 55; XIX. árg. 25.

Alt sögusafn þjóðviljans selt á $7.00

Bækur Sögufélagsins fá áskrifendur fyrir nærri hálfvirði,—$3.80.

Umboðsmenn mínir í Selkirk eru Dalman bræður.

Þess skal getið viðvíkjandi bandinu á Fornaldarsögunum Norðurlanda, að það er mjög vandað, handbundið skrautband, vel frá gengið eins er með Bréf Tómasar Sæmundssonar.

Pöntunum fylgir ávisun á banka eða póstávísun, annars verða bækurnar sendar kostnaðarmönnum.

Bókalistinn gildir til næsta nýárs.

Utanáskrift til undirritaðs er: N. OTTENSON, River Par. P.O., Man.

Vitur maður er varkár með að drekka eingöngu HREINT ÖL. Þér getið jafna reitt yður á

DREWRY'S

REDWOOD LAGER

Það er léttur, freyðandi bjór, gerður eingöngu úr Malt og Hops. Biðjið ætíð um hann.

E. L. DREWRY, Manufacturer, Winnipeg

Með því að biðja sérstaklega um "T. L. CIGAR," þá ertu viss að fá ágætan vindil.

T.L.

Smoke the T. L. CIGAR

(UNION MADE)

Western Cigar Factory

Thomas Lee, eigandi Winnipeg

STRAX Í DAG er BEZT AÐ GERAST KAUPANDI AÐ HEIMSKRINGLU. — ÞAÐ ER EKKI SEINNA VÆNNA.

Manitoba á undan.

Manitoba hefir víðáttumikla vatnsfleti til uppgufunar og úrfellis. Þetta, hið nauðsynlegasta frjógunarskilyrði, er því trygt.

Ennþá eru 25 milión ekrur óbygðar.

Íbúatal fylkisins árið 1901 var 225,211, en er nú orðið um 500,000, sem má teljast ánægjuleg aukning. Árið 1901 var hveiti og hafra og bygg framleiðslan 90,367,065 bushela; á 5 árum hefir hún aukist upp í 129,475,943 bushel.

Winnipeg borg hafði árið 1901 42,240 íbúa, en hefir nú um 150,000; hefir nálega fjórfaldast á 8 árum. Skattskildar eignir Winnipegborgar árið 1901 voru $26,405,770, en árið 1908 voru þær orðnar $116,106,390. Höfðu meir en þrefaldast á 7 árum.

Flutningstæki eru óviðjafnanleg,— í einu orði sagt, eru í fremsta flokki nútíðartækja: Fjórar þverlandsbrautir liggja um fylkið, fullgerðar og í smíðum, og með miðstöðvar í Winnipeg. Í fylkinu eru nú nálega 4 þúsund milur af fullgerðum járnbrautum.

Manitoba hefir tekið meiri landbúnaðarlegum og efnalegum framförum en nokkurt annað land í heimi, og er þess vegna ákjósanlegasti aðsetursstaður fyrir alla, af því þetta fylki býður beztan arð af vinnu og fjárleggi.

Skrifið eftir upplýsingum til: —

JOS. HARTNEY, 77 York Street, Toronto, Ont.
JOS. BURKE, 176 Logan Avenue, Winnipeg, Man.
A. A. C. LaRIVIERE, 22 Alliance Bldg., Montreal, Quebec,
J. F. TENNANT, Gretna, Manitoba,

J. J. GOLDEN,
Deputy Minister af Agriculture and Immigration, Winnipeg.

PIANO

KJARAKAUPASALA

Fást frá $25 til $75

Við að athuga vörugeymslu hús vort höfum við fundið fáin square Pianos, sem við verðum að selja áður en vikan er úti. Þessi piano kostuðu upprunalega $450.00 og þar yfir. Sérfræðingar vorir munu hafa þau í hinu bezta standi, og verðið er aðeins $25 til $75. — Aðeins fimm eru til. Gleymið því ekki, og komið sem fyrst.

J. J. H. McLean & Co LIMITED

Cor Portage Ave. & Hargrave
Phone Main 808.

Fréttir úr bænum.

Eggert Jóhannsson, fyrrum ritstjóri Heimskringlu, kom úr Kyrrahafsstrandar för sinni um síðustu helgi. Hafði hann farið til Vancouver, Victoria, Seattle og Tacoma, og annara staða þar vestur frá, og þótti fagurt um að litast. — Í Tacoma hitti hann prófessor Högna Gunnlaugsson, bráðlifandi, og ernan eftir atvikum.

Jónas Pálsson söngfræðingur heldur RECITAL í Goodtemplarahúsinu mánudagskvöldið 20. þ.m. Aðgangur ókeypis.

Vestan frá hafi komu fyrra fimtudag þeir Guðjón Ingimundarson, héðan úr borginni, og Sveinn Thompson, frá Selkirk, eftir mánaðar skemtiferð. Þeir höfðu heimsótt Vancouver, Blaine, Bellingham og Victoria, og voru stórhrifnir af öllu því, sem fyrir augun hafði borið þar vestra, þrátt fyrir það, þó óvanaleg ótíð ríkti þar um þær mundir. Þeir hældu mjög gestrisni Landanna þar vestra og töldu hana fyllilega jafnast á við hina gömlu íslenzku gestrisni — sögðu, að bráðókunnugir menn hefðu tekið sér sem beztu bræður, strax og þeir vissu, að þeir voru samlandar. Heimleiðin gekk þeim vel. Kváðu þeir jörð auða að mestu í kring um Calgary og annarstaðar um miðbik Alberta.

Á fimtudaginn var vildi það óhappa slys til að Geysir P.O., að íveruhús ásamt verzlunarskúr A. T. Friðgeirssonar brann til kaldra kola. Talsvert af vörum voru í verzlunarskúrnum, sem allar brunnu. Um upptök eldsins er oss ókunnugt.

Mrs. Sigurbjörg Hannesdóttir Miðdal, kona Jónasar Miðdals, 578 Furby St. hér í borginni, andaðist úr lungnabólgu á mánudagsmorguninn 27. febr., eftir stutta legu. Hún var jarðsungin af séra F. J. Bergmann í dag — miðvikudag — að viðstöddu fjölmenni. — Sigurbjörg hefðin var hin mesta fyrirmyndar og rausnarkona í hvívetna, og því sárt saknað af öllum, sem henni kyntust, en sárast af eftirlifandi eiginmanni og dóttur, sem hún var ástrík eiginkona og móðir. — Hún varð 54. ára.

Þann 27. febr. sl. andaðist að heimili Wm. Petersons 856 Home stræti hér í borginni, Kristján Abrahamsson, bókbindari, 57 ára gamall. Hann hafði verið veikur að eins fjóra daga. Læknar segja, að hjartataug hafi bilað og það ollað dauða mannsins. Jarðarförin fer fram laugardaginn í þessari viku kl. 2 frá heimili hins látna og síðar frá Fyrstu lut. kirkju.

Herra Friðrik Fljótsdal, frá Warroad, Minn., var hér á ferð í sl. viku, nýlega komin frá Toronto, þar sem hann var fulla 3 mánuði, að starfa í vinnu-sáttanefnd þeirri, sem sett hafði verið af ríkinu til þess að jafna ágreiningsmál 3. aðal járnbrauta ríkisins. Herra Fljótsdal vann fyrir hönd 14 þús. verkamanna, sem starfa við brautir þessar. Hann vonar, að nefndin gefi skýrslu yfir starf sitt innan fárra daga. — Aðallega vann hr. Fljótsdal fyrir hönd mena þeirra, sem vinna við C.N.R. brautina, í þeim tilgangi, að veita sáttanefndinni þær upplýsingar um öll vinnukjör járnbrautarþjóna, sem hún þurfti til þess að geta kveðið upp úrskurð sinn. Hr. Fljótsdal gerir sér góða von um, að árangurinn af rannsóknum nefndarinnar verði sá, að sættir komist á, með því, að verkamenn fái aukin vinnulaun og bætta vinnuskilmála. Hann segir, að um 30 Íslendingar vinni sem formenn á C.N.R. brautinni einni, og einn Íslendingur sé 'Roadmaster', og sé Íslendingum að fjölga við járnbrautavinnu.

Á fundi, er Ungmennafélag Únítara hélt á laugardaginn 24. febr. var eftirfylgjandi nýjum meðlimum veitt inngangi í félagið:

Þeim ungfrúm: H. Narfason, L. Goodman, N. Halldórsson, I. Bjarnason, S. Halldórsson og M. Halldórsson.

Þeim herrum: S. Lindal, S. J. Sigfússon, H. Danielsson, S. Johnson, J. Johnson, E. O. Abrahamsson, H. Magnússon og V. Hávardsson.

Það var ákveðið, að hafa "Tobogganing" á Assiniboine ánni á miðvikudagskveldið 1. marz, og eru allir meðlimir, sem vilja taka þátt í því, beðnir að mæta í fundarsal kirkjunnar, ekki seinna en kl. 7.30 e.m.

Herra Jens Péturssen frá Siglunes P.O., kom hingað til borgarinnar á Mánudaginn var. Hann lét hið bezta yfir ástandi manna þar nyrðra við Manitobavatnið, þó aflabrögðin hefðu ekki lánast sem bezt. Hann fór heim aftur í gær.

Herra Sigvaldi B. Gunnlaugsson frá Baldur, Man., kom til bæjarins í fyrri viku til lækninga. Hann gekk undir uppskurð hjá Dr. B. J. Brandson. Hann komst út af spitalanum eftir 8 daga dvöl þar, þá all friskur, en er enn þá í bænum, hjá herra L. J. Hallgrímssyni, að 548 Agnes St.

Bræðurnir Finnbogason, sem undanfarið hafa rekið matvöruverzlun á horni Sargent og Victor stræta, hafa frá 1. þ. m. slitið félaginu. Hættir Sigurður, en Jón heldur verzluninni áfram undir sínu nafni og væntir að almenningur verði verzluninni vinveittur, sem áður.

N. Ottenson, bóksali í River Park, hefir sent Hkr. rimur af Sörla hinum sterka, kveðnar af föður hans Óssuri Óssurarsyni, og nýútgefnar af honum sjálfum.

Rímnanna verður nánar getið síðar. — Annars hefir Mr. Ottenson fleiri rímur og sögur í þann veginn fullprentað, sem án efa munu falla löndum vorum í geð, þegar þær verða á boðstólum.

Stúdentafélagið heldur kosningafund næstkomandi laugardagskveld í samkomusal Únítara. Meðlimirnir eru alvarlega ámintir um að mæta, því þýðingarmikið atriði fyrir framtíð félagsins fer fram.

Á næsta fundi stúkunnar Heklu, föstudagskveldið 3. marz, verður lesinn upp listinn yfir allar gjafir sem stúkunni Heklu hafa verið gefnar til Goodtemplarahússins. — Allir meðlimir stúhannar, sem mögulega geta, ættu að vera þar.

Piano kensla.

Hérmeð tilkynnist að ég undirskrifuð tek að mér, frá þessum tíma, að kenna að spila á Piano. Kenslustofa mín er að 727½ Sherbrooke St. Kenslu skilmálar aðgengilegir. Talsími Garry 2414.

Sigrún M. Baldwinson

Hver, sem veit um núverandi heimilisfang herra Þórðar Ingvarssonar, frá Sólheimum í Húnavatns sýslu, er beðinn að tilkynna það Miss R. J. Davíðsson, 660 Victor St., Winnipeg, Man.

BUICK OIL félagið hefir með skeyti, dagsett 28. febr. sl., tilkynt umboðsmanni sínum hér, herra K. K. Albert, að héreftir selji það enga hluti í Olíu félaginu með tímabils borgunum, með því að nú sé svo mikil olía fundin, að hlutirnir hljóta bráðlega að hækka í verði, svo að þeir, sem hér eftir kaupi, verði að borga þá að fullu um leið og kaupin gerast. Herra Albert er að reyna að fá félagið til þess að veita Íslendingum und anþágu frá þessari ákvörðun, og vonar að fá því framgengt.

Sambýlismann vantar í stórt og gott herbergi. Þarf að vera sómamaður. Upplýsingar gefur Gunnl. Tr. Jónsson á skrifstofu Hkr.

Garry 2458

er talsímanúmer Ásbjarnar Eggertssonar, ráðsmanns Goodtemplarahússins, en bústaður 688 Agnes Street.

Landar ættu að fjölmenna á hina fjölbreyttu skemtisamkomu, sem kvenfélag Tjaldbúðarinnar heldur nk. þriðjudag. Aðgangur að eins 25 cents.

Ragnhildur Skúladóttir Johnson.

(Andvarp mæddrar móður).

Andvarp mæddrar móður
mér við dunar eyra,
sit því hnugginn, hljóður,
hugsa æ því fleira.
Hennar skar frá hjarta
heljar bitur dörinn
ásýnd engilbjarta, —
eg sé blóðug förin.

Sjónir minar sorgaský
sveif nú fyrir þennan daginn,
drundi loft með dauðagný,
dimt varð þá um allan bæinn....
Sálu byrgði sorti, því
sólin gleði hneig í æginn,
Sjónir minar sorgaský
sveif nú fyrir þennan daginn.

Hljótt varð þegar húma tók,
hrygð og kvíði brjóstið mæddi.
Helblár dauði hjörinn skók,
höggið reiddi en sárið blæddi;
andaleysis að sveif tjók, —
enginn sást, er holund græddi.
Hljótt varð þegar húma tók,
hrygð og kvíði brjóstið mæddi.

Æ! þú varst svo elskuleg,
er því sárt að verða' að skilja.
Þú hlaust feta þennan veg,
þó samt gagnstætt minum vilja.
Hún nær dauða hægt að sé
harmina ekki mátti' eg dvlja.
Æ! þú varst svo elskuleg,
er því sárt að verða' að skilja.

Grýttan meðan geng ég stig
gleymi ég aldrei minum hörmum.
Samt nú veit ég sæla þig
svstrum með og kærum börmum
heimurinn þinn—það huggar mig,
er hjartanlegri móðurörmum.
Grýttan meðan geng ég stig
gleymi ég aldrei minum hörmum.

Vestri.

GRAND Concert

Verður haldið Þriðjudagskvöldið 7. Marz, í Tjaldbúðarkirkjunni undir umsjón kvenfélags safnaðarinns. Byrjar kl. 8. Tilhögunarskráin verður svo hljóðandi.

1. Violin Ensemble
2. Solo. Miss Maggie Anderson
3. Vocal Duett—Miss Violet Martinson, Miss Nellie Parnum
4. Recitation — Miss Laura Goodman
5. Characteristic Song—Five Jolly Waiters
6. Ræða—Séra Friðrik Bergmann
7. Violin Solo—Miss Clara Oddson
8. Vocal Solo—Mr. H. Thorolfson
9. Recitation — Miss Jónína Halison
10. Piano Duett — Miss Olafson, Miss Thorgeirson
11. Vocal Duett—Miss Maggie Goodmann, Miss Emma Strang
12. Piano Solo— Miss Anna Gilbertson.
13. Vocal Solo—Miss Hjálmarton,
14. Upplestur—Miss Bergmann
15. Violin Solo—Magnús Magnússon
16. Íslenzkt Flag Drill Eldgamla Ísafold.

INNGANGUR 25 CENT.

FYRIRLESTUR

verður fluttur í Goodtemplar salnum, Fimtudaginn

2. MARZ

Byrjar kl. 8, e.h.

Aðalefni Fyrirlestursins er í umbóta átt fyrir bindindismálið.

Bent á nýja stefnu í því vandræðamáli og fleira til endurbóta.

Frjálsar umræður á eftir um nýjar skoðanir sem koma fram.

Inngangseyrir 25c.

Wpg. 25. Febr. 1911
530 Agnes St.,
J. B. Lindal.

Nýjar bækur.

N. Ottenson, bóksali í River Park, hefir nýskeð fengið þessar bækur: —

Eldraunin 50c.
Vallyes sögur 55c.
Valdemar munkur 60c.
Kynlegur þjófur 55c.
Sagan af Pétri Píslarkrák 10c.
Sagan af fiskiskipinu $1.10.
Sagan af Starkaði Stórvirkssyni í bandi 50c, óbundin 35c.
Rímur af Sörla sterka — í bandi 40c, óbundin 30c.

Hannyrðir.

Undirrituð veitir tilsögn í alls kyns hannyrðum gegn sanngjarnri borgun. Starfsstofa: Room 312 Kennedy Bldg., Portage Av., gegnt Eaton búðinni. Phone: Main 7723.

GERDA HALDORSON.

Ég tek saumavinnu.

Ég undirrituð tilkynni hérmeð að ég geri alskyns kjólasaum og aðgerðir og breytingar á kjólum. Verk-stæði 729 Sherbrooke St. yfir Heimskringlu.

Guðriður Sigurdson.

J. J. BILDFELL
FASTEIGNASALI
Union Bank 5th Floor No. 520
Selur hús og lóðir, og annast þar að lútandi. Útvegar peningalán o. fl.
Phone Main 2685

Kennara vantar

fyrir Thor skóla No. 1430, sem hefir 2. eða 3. flokks kennaraleyfi. Kensla byrjar 1. april og varir til ársloka. Umsækjandi tiltaki menta stig og kaup og sendi umsókn til undirritaðs fyrir 20. marz 1911.

Brú P.O., Man.
EDVALD ÓLAFSSON,
9-3 Sec'y-Treas.

Kennara vantar

fyrir WALLHALLA S.D.No. 2062. Kenslutími sjö (7) mánuðir (almanaksmánuðir), með tveggja vikna skólafrí. Byrjar 20. april næstk. Umsækendur tilgreini mentastig gildandi í Saskatchewan og æfingu sem kennari, einnig kaup, sem óskað er eftir. Tilboðum veitt móttaka til 15. marz. — Óskað eftir, að umsækjandi sé fær um, að leiðbeina börnum í söng.

Magnús J. Borgford,
2-3 Sec'y-Treas.
Holar, Sask.

Kennara vantar

við Diana skólann, No.1355 (Manitoba), í 8 mánuði, frá 1. april til 1. desember. Gott kaup borgað (mánaðarlega, ef óskað er). Umsækjendur sendi tilboð fyrir 15. marz og nefni kennarastig og æfing kenslu og kaup.

Magnus Tait, skrif.-féh.
Box 145, Antler P.O., Sask.
9-3-11.

THE DOMINION BANK

HORNI NOTRE DAME AVENUE OG SHERBROOKE STREET

Höfuðstóll uppborgaður: $4,000,000.00
Varasjóður - - - $5,400,000.00

Vér óskum eftir viðskiftum verzlunar manna og ábyrgumst að gefa þeim fullnægju. Sparisjóðsdeild vor er sú stærsta sem nokkur banki hefir í borginni.

Íbúendur þessa hluta borgarinnar óska að skifta við stofnun sem þeir vita að er algerlega trygg. Nafn vort er fullrygging óhlutleika. Byrjið spari innlegg fyrir sjálfa yðar, komu yðar og börn.

Phone Garry 3450 — Scott Barlow, Ráðsmaður.

Th. JOHNSON
JEWELER
286 Main St. Sími M. 6606

Dr. G. J. Gíslason,
Physician and Surgeon
18 South 3rd Str., Grand Forks, N.Dak
Athygli veitt AUGNA, EYRNA og KVERKA SJÚKDÓMUM ASAMT INNVORTIS SJÚKDÓMUM og UPPSKURÐI. —

Dr. J. A. Johnson
PHYSICIAN and SURGEON
HENSEL, N. D.

"KVISTIR"

kvæði eftir Sig. Júl. Jóhannesson, til sölu hjá öllum fslenzkum bóksölum vestanhafs

Verð: $1.00

TILBOÐ.

Við undirskrifaðir tökum að okkur alla grjótvinnu, sem við getum af hendi leyst eins fljótt og vel og nokkur getur gert. Við seljum grunn undir hús, hlöðum kjallara, steypum vatnskeröld og gangstéttir, gerum steinsteypu í fjós, o.fl.

Jacob Frimann
Hergr. Hallgrímson
Gardar, N. Dak.

Þegar þér þurfið að kaupa
Gott smjör
Ný egg
og annað matarkyns til heimilisins, þá farið til
YULES PRODUCE STORE
941 Notre Dame St.
Prices always reasonable

Sherwin - Williams
PAINT
fyrir alskonar húsmálningu.

Prýðingar-tími nálgast nú. Dálftið af Sherwin-Williams húsmáli getur prýtt húsið yðar utan og innan. — Brúkið ekker annað mál en þetta. — S.-W. húsmálið málar mest, endist lengur, og er áferðarfegurra en nokkurt annað hús mál sem búið er til. — Komið inn og skoðið litarspjaldið. —

Cameron & Carscadden
QUALITY HARDWARE
Wynyard, - Sask.

A. Segall
(áður hjá Eaton félaginu).
Besti kvennfata Skraddari

Loðskinna fötum veitt sérstakt athygli.

Hreinsar, Pressar Gerir við.

Fjórir (4) alfatnaðir hreinsaðir og pressaðir, samkvæmt samningum, hvort heldur er karlmanna eða kvenfatnaður, fyrir aðeins $2.00 á mánuði.

Horni Sargent og Sherbrooke

Saumið Hnappa
og Krókapör á allan fatnað þar,
í yðar eigin Saumavél.

Þetta getur þér gert mjög fljóttlega með því að tengja þetta litla og handhæga verkfæri á vélina.

The "HOLDAWAY BUTTNSEWER"

sauma hnappa og krókapör á alkyns fataefni fljótt og traustlega. Það má tengja verkfærið við hvaða saumavél sem er. Sauma hnappa með 2 eða 4 augum, bindur hvert spor, hnappar og krókapör haldast á meðan spjörin endist. Börn geta saumað með því.

Gert úr bezta stáli, silfrað. Verð $5.00 sent póst borgað með nákvæmu tilsögn og 5 ára ábyrgð að það saumi eins og lýst er, og að vér endurnýjum hvern þann part, sem eyðist eða brotnar á því tímabili. Peningum skilað aftur ef ekki reynist nákvæmlega eins og vér segjum það, og algerlega fullnægjandi.

"HÚSMÆÐUR OG SAUMAKONUR mega ekki vera án "Holdaway" hnappasaumarans, hann vinur 20 kvennaverk og svo nettlega og vel að enginn handsaumur jafnast við það.

Umboðsmenn óskast í bygðum Íslendinga. Verkfærið er útgengilegt. Skrifið oss um söluskilmála.

K. K. ALBERT, 708 McArthur Bldg.
WINNIPEG, MAN.

PANTID HÉR.
K. K. ALBERT, 708 McArthur Bldg.
Winnipeg, Man.
Saumavél mín er (segið nafn smiðsins)
Hún er No..... (segið númer hennar)
Sendið mér "Holdaway Buttnsewer" fyrir hér innlagða $5.00
Nafn.....
Stræti og húsnúmer.....
Bær..... Fylki.....

Sveinbjörn Árnason
Fasteignasali.
Selur hús og lóðir, eldsábyrgðir, og lánar peninga. Skrifstofa: 310 McIntyre Blk.
office TALSÍMI 4700. hús Tal. Sherb. 2018

BONNAR, TRUEMAN & THORNBURN,
LÖGFRÆÐINGAR.
Suite 5-7 Nanton Blk. Main 766
Winnipeg, Man. P.O.BOX 223

Anderson & Garland,
LÖGFRÆÐINGAR
35 Merchants Bank Building
PHONE: MAIN 1561.

HANNES MARINO HANNESON
(Hubbard & Hanneson)
LÖGFRÆÐINGAR
10 Bank of Hamilton Bldg. WINNIPEG
P.O. Box 781 Phone Main 378 3142

Gísli Goodman
TINSMIÐUR.
VERKSTÆÐI;
Cor. Toronto & Notre Dame.
Phone Garry 2988 : : Heimilis Garry 899

WINNIPEG ANDATRÚAR KIRKJAN
horni Lipton og Sargent.

Sunnudagasamkomur, kl. 7 að kveldi. Andartrúarspeki þá útskýrð. Allir velkomnir.

Fimtudagasamkomur kl. 8 að kveldi, huldar gátur ráðnar. Kl. 7.30 segul-lækningar.

GEO. ST. JOHN VAN HALLEN
MALAFÆRZLUMAÐUR
GERIR ÖLL LÖGFRÆÐIS STÖRF ÚTVEGAR PENINGALÁN,
Bæjar og landeignir keyptar og seldar, með vildarkjörum,
Skiftisköl $3.00
Kaupsamningar $3.00
Sanngjörn ómakslaun. Reynið mig.
Skrifstofa: 418 McIntyre Bldg.
Talsími Main 5142
Heimilis talsími Main 2357
WINNIPEG

W. R. FOWLER A. PIERCY.

Royal Optical Co.
307 Portage Ave. Talsími 7286.

Allar nútíðar aðferðir eru notaðar við augn-skoðun hjá þeim, þar með hin nýja aðferð, Skugga-skoðun, sem gjöreyðir öllum ágiskunum. —

Talsími Heimskringlu
Garry 4110

Heimskringla.

Heimilis talsími ritstjórans:
Garry 2414

XXV. ÁR | WINNIPEG, MANITOBA, FIMTUDAGINN, 9. MARZ 1911 | NR. 23.

Íslands fréttir.

FRÁ ALÞINGI.

Alþingi var sett eins og til stóð miðvikudaginn 15. febr. og voru allir alþingismenn til þings komnir Eftir að þingmennirnir höfðu komið saman við alþingishúsið, gengu þeir allir til Dómkirkjunnar. Sté séra Björn Þorláksson, þingmaður Seyðfirðinga í stólinn. Að lokinni guðsþjónustugerð, var haldið til þinghússins aftur, og fóru þá fram kosningar á embættismönnum þingsins. Forsetar þingsins voru kosnir:

Í sameinuðu þingi: Skúli Thoroddsen, með 23 atkv. gegn 13.

Í efri deild: Jens prófastur Pálsson, 2. þingm. Gullbringu og Kjósarsýslu, eftir hlutkesti milli hans og Kristjáns dómstjóra Jónssonar.

Í neðri deild: Hannes Þorsteinsson, 1. þingm. Árnesinga.

Kvennaskólinn á Blönduósi brann til kaldra kola aðfaranótt laugardagsins 11. febr., með öllum kensluáhöldum og búshlutum. — Námsmeyjarnar, sem í skólanum bjuggu, komust nauðulega óskaddaðar úr brunanum. Skólahúsið var eign Húnavatnssýslu, og var hið vandaðasta. Var bygt 1901 og kostaði rúmar 20,000 kr. Vátrygt var það fyrir 20,000 kr. og kensluáhöld fyrir 5 þúsund kr., en óvátrygt var alt, sem námsmeyjarnar og kenslukonurnar áttu, og mistu þær allar eignir sínar, sem í húsinu voru. Um upptök eldsins er ókunnugt, en haldið að hann hafi átt uphtök í eldhúsinu. Ekki er búist við, að skólinn verði reistur aftur, en rentunum af ábyrgðarfénu verði varið til námsstyrks.

Einar Jónsson myndhöggvari kom til Reykjavíkur í febrúarbyrjun, og býst við að vinna þar að standmynd Jóns Sigurðssonar um hríð.

Á Hellusandi brunnu 1. febrúar verzlunarhús P. J. Thorsteinssonar & Co., ásamt nokkru af vöruna.

Öndvegistíð var á Akureyri í febrúarbyrjun, hlákur og blíðveður — eins á Austurlandi, þó heldur stormasamara.

Höepfners verzlun á Akureyri er í þann veginn að byggja stór og vönduð verzlunarhús, rétt norðan við hinn svoneínda Búðarlæk austanvert við Hafnarstræti.

Guðm. Þorsteinsson, læknaskólakandidat hefir fengið veitingu fyrir Þistilfjarðar læknishéraði.

Pétur Jónsson, söngmaður, fer til Ameriku í vor stutta söngför með dönskum kórsöngvurum úr stúdentafélaginu danska. Var hann einn þeirra, er úr voru valdir til þessarar farar.

Sigurður Sigurðsson, óðalsbóndi á Hússtöðum í þingi, hafði riðið frá Blönduósi föstudaginn 27. jan. heimleiðis, en fallið af hestbaki, eða hesturinn dottið með hann. Fanst eftir 8 kl.stundir þar á milunum með lífsmarki. Lézt samdægurs. Sigurður var á bezta aldri — rúmlega fertugur. Hafði hann búið á Hússtöðum nær 15 ár góðu búi. Hana var vitsmunamaður og áhugasamur um héraðsmál og landsmál. Var hann sýslunefndarmaður mörg ár og í forstöðunefnd kvennaskólans á Blönduósi.

Verkfræðingspróf leysti Geir G. Zoega af hendi nýverið við Khafnar háskóla með II. einkunn hinni betri.

BJARNASON & THORSTEINSON

Fasteignasalar

Kaupa og selja lönd, hús og lóðir víðsvegar um Vestur-Canada. Selja lífs og eldsábyrgðir.

LÁNA PENINGA
út á fasteingir
og innkalla skuldir.

Öllum tilskrifum svarað fljótt og greiðanlega.

Wynyard - - Sask.

Fregnsafn.

Markverðustu viðburðir hvaðanæfa

Í Chicago borg er um þessar mundir viðbúnaður miki l undir íhöndfarandi borgarstjóra kosningu Sérstaklega er alt í uppnámi i herbúðum Demókrata þar í borginni. Flokkurinn skiltist í þrent, og vildi hver hluti fá sinn kandídat útnefndan sem borgarstjóraefni. — Auðkýfingar útnefndu Andrew J. Graham, stórauðugan kaupmann; flokksstjórnin vildi koma að Edward F. Dunne, vel þektum stjórnmálamanni, og hinir svoneíndu Hearst-sinnar útnefndu Carter H. Harrison. — Þegar til útnefningarinnar kom, varð Harrison hlutskarpastur, og kom slíkt öllum á óvart, því alment vonuðust menn eftir, að Dunne næði útnefningu.— Repúblíkanar útnefndu Charles E. Merriam, sem kandidat, og gekk það hljóðalaust. — Jafnaðarmenn hafa og einn af sínum leiðtogum í kjöri, en naumast er talið að hann muni mikið fylgi hljóta. Búist er við, að Repúblíkaninn Merriam muni bera sigur af hólmi, vegna sundrungar þeirrar, sem er í herbúðum Demókrata. En kosningabaráttan er sótt af dæmafáu kappi, hver sem úrslitin verða.

— Bærinn Cupar í Saskatchewan misti flestar verzlunarbúðir sínar í eldsvoða á laugardaginn var. Er tjónið metið 50,000 dollars.

— Níutíu manns létu lífið síðastl. sunnudag í leikhússbrúna í þorpinu Bologoje á Rússlandi. — Mest voru það konur og börn, sem lífið létu, og tröðst flest undir í fátinu, sem á fólkið kom, þegar eldsins varð vart. Einnig særðust um 50 manns.

— Stórbygging ein brann í Minneapolis, Minn., á sunnudaginn. Er tjónið talið að nemi 1½ miliónum dollars.

— Á Rússlandi hafa undanfarið staðið yfir rannsóknir á ýmsum hátstandandi embættismönnum, er grunaðir voru um fjársvik og mútuþágur, og hafa margir verið sannaðir að sök og sendir til Síberíu eða annara fangelsa fyrir afbrot sín. Stolypin forsætisráðh. hefir engum hlíft, farið járnhöndum alla, sem grunur lék á í þessum sökum. En nú á hann í vök að verjast, því nánustu frændur og vinir keisarans hafa verið bendlaðir við mútuþágur og fjárdrátt. — Þannig varð það uppvíst um Konstantin stórhertoga og tvo bræður hans, að þeir reka skóbúð eina mikla í Pétursborg. Þegar svo einhver herforingi þykist ekkiná verðskuldaðum eða óverðskuldaðum frama, þá fer hann í búð þeirra bræðra og kaupir eina skó, sem hann greiðir fyrir 500 til 1000 dollars, en í kaupbæti fær hann jafnframt vonum bráðar frama þann eða feitara embætti, sem hann sóttist eftir. — Einnig hafa sumar af stórhertogafrúnum og prinsessunum við hirðina verið bendlaðar við hin svoneíndu 'Red Cross' fjársvik, sem voru í því innifalin, að mikið af fé, sem stjórnin veitti til hjúkrunar hermönnum meðan á stríðinu við Japana stóð, og Rauða-kross félagið veitti móttöku í þeim tilgangi, var beinlínis stungið í vasa ýmsra leiðandi manna og kvenna, sem félagsreglu þessari tilheyrðu að nafninu; en vesalings hermennirnir fengu bæði illa og ónóga hjúkrun, þrátt fyrir að stjórnin veitti ósparlega til þeirra þarfa, samkvæmt kröfum Rauða-kross stjórnarinnar; en í henni voru ýmsar af hefðarfrúm hirðarinnar, og sem sviku stjórnina þannig um stórfé, að þær vörðu því sér í hag, en létu hermennina minstan hluta þess fá. — En nú hefir hirðklíkan gengið í bandalag, að reyna að bola Stolypin úr sæti, og setur sig hvergi úr færi, að ófrægja hann við keisarann, fyrir þá óhæfu og dirfsku, að vilja eyðileggja hann atvinnuveg hirðgæðinganna, að selja embætti og snuða ríkissjóð, þegar tök eru til.

— Mesta óveður í þrjátíu ár dundi yfir Newfoundland um síðustu helgi. Allar samgöngur hættu bókstaflega í fulla tvo daga, og hraustustu karlmönnum var varla fært út fyrir húsdyr. Óveðrinu slotaði lítillega á mánudaginn.

— Þýzkaland hefir nú, eftir síðasta manntali, tæpar 65 miliónir íbúa. Árið 1905 var íbúatalan 60½ milión. — Af þýzku ríkjunum hefir Prússland langflesta íbúa, rúmar 40 miliónir. Þýzkaland er því næst fjölmennasta landið í Evrópu, — Rússland er fólksflest með 108 miliónir.

— Þrir sambandsþingmenn úr Liberal flokknum hafa fylgt dæmi Hon. Clifford Siftons og sagt skilið við flokkinn, sökum hinnar háskalegu stefnu hans í gagnskiíta samnings málinu. Einn þessara manna er William Manley German til margra ára fulltrúi fyrir Welland kjördæmið í Ontario og framarlega í Liberal flokknum. Hélt hann ræðu mikla og fordæmdi uppkastið röklega. Í ræðulok fórust honum þannig orð: "Ef við eigum að gera nokkra gagnskiptasamninga, gerum þá innan ríkisheildarinnar, en höfum tolla gegn útlendum ríkjum. Ef þetta er ekki fáanlegt, þá látið Canada hafa hið núverandi fyrirkomulag óbreytt".

— Þrettán sambandsþingmenn er ákveðið að verði við krýningarathöfnina á komandi sumri. Verða 8 Liberals og 5 Conservativar, sem förina fara.

— Richard A. Ballinger innanríkisráðherra Bandaríkjanna og hin traustasta verndarhlíf auðfélaganna, lagði niður embætti sitt sl. þriðjudag, og er ástæðan til þess talin árásir þær, sem Gilford Pinchot og Theodore Roosevelt hafa gert á starfsemi hans. Eftirmaður Ballingers verður W. L. Fisher frá Chicago.

— Nýtt ráðaneyti var myndað á Frakklandi fyrra miðvikudag og heitir sá Antoine Monris, sem er forsætisráðherra, gamalkunnur stjórnmálamaður. En atkvæðamesti maðurinn í hinu nýja ráðaneyti, er vafalaust Theophile Delcasse fyrrum utanríkisráðherra til margra ára, og sá sem kom Clemenceau frá völdum. Hann á nú að stýra flotamálum Frakklands.

— John Fisk í Calgary, Alta., ásakaður um morð á félaga sínum, Tucker Peach, á síðastliðnu hausti, var af kviðdómi fundinn sekur á föstudaginn var og dæmdur til að hengjast 15. apr. nk. Umsókn um náðun hefir verið send til dómsmálaráðherra fylkisins.

— Mrs. Robinson, sem árið 1909 var dæmd til lífláts fyrir að hafa kæft til dauða 3 ungbörn dætra sinna, en sem síðar var látin lífi halda og send til Kingston fangelsisins um 10 ára tíma, — hefir nú verið náðuð að fullu. — Robinson morðmálið svoneínda vakti geysieftirtekt, og var talið eitt það sviviðilegasta í glæpasögu Canada. Maður konunnar, vel efnaður bóndi í Ontario, hafði átt 3 börn með sínum eigin dætrum, og hafði hann skipað konu sinni, að kæfa hvert þeirra eftir fæðinguna milli rekkjuvoðanna, og þessari skipun hlýddi vesalings konan, bæði af ótta við mann sinn og eins til að varðveita heiður ættarinnar. En alt komst upp. Var Robinson dæmdur í 28 ára þrælkunarvinnu fyrir svivirðu þá, sem hann hafði leitt yfir dætur sínar, og Mrs. Robinson til hengingar. En almenningur hafði fylst meðaumkvunar með henni, og fjöldi áskorana bárust til dómsmálaráðherrans, að náða hana. Fyrst breytti hann dómnum í 10 ára fangelsi, og nú eftir tvö ár er henni gefið fult frelsi. Bróðir hennar, sem var prestur, sagði lausu brauðinu til að geta tekið við búsforráðum á heimili mágs sins og haft umsjón með dætrum hans, og nú flytur móðirin, Mrs. Robinson þangað heim aftur. En faðirinn, sem allri þessari vanvirðu og sorg olli, mun efalaust enda aldur sinn í hegningarhúsinu.

— Sir Alan Aylesworth, dómsmálaráðherra sambands stjórnarinnar, hefir lýst því yfir, að hann leggi niður embætti þegar núverandi þingtímabil sé úti, og dragi sig alveg til baka frá stjórnmálum.

— Harðasti dómur yfir ræningja sem upkkveðinn hefir verið í Bandaríkjunum, var kveðinn upp yfir Andy Spalding í Kansas City á föstudaginn var. Hann var dæmdur til 40 ára þrælkunarvinnu. Hann er nú 45 ára gamall, og hefir eytt 25 árum af æfi sinni innan fangelsisveggja.

— Georg konungur hefir látið það boð út ganga, að sér væri það einkarkært, ef að afmælisdagur sinn, sem er 3. júní, yrði haldinn hátíðlegur um gjörvalt Bretaveldi.

— Estrada, forseti Nicaragua, fer járnhöndum um óvini sína. — Nýlega varð uppvíst samsæri, sem hafði það fyrir markmið að steypa honum og stjórn hans frá völdum. Höfuðmaðurinn í þessu samsæri var Dr. Espinosa, kunnur stjórnmálamaður í Mið-Ameriku. Allir þessir samsærismenn, 45 að tölu, hafa verið dæmdir af lífi, og eru engar líkur til, að Estrada muni náða nokkurn þeirra.

— Hinn alkunni canadiski ræningi, Bill Miner, hefir verið handsamaður að Gainesville, Ga., í Bandarikjunum fyrir rán og gripdeildir. — "Bill" var hinn frægasti ræningi, sem Canada hefir átt, og líktist að ýmsu leyti hinum alræmda Bandaríkja stigamanni, Jesse James. Norðvesturlandið var bækistaða Bills um mörg ár, og rændi hann þá járnbrautalestir og pósthús óspart. En hann var gripinn og dæmdur í æfilangt fangelsi í Vancouver. En þaðan tókst honum að sleppa fyrir nokkrum árum síðan, og hefir ekkert til hans spursts fyr en nú að hann var handsamaður suður í Georgia. Þar fell dómur í máli hans sl. föstudag, og hljóðaði upp á 20 ára hegningarhússvinnu, og eru því allar ljkur til, að þar muni 'Bill' enda aldur sinn, því hann er nú á sjötugsaldri, — nema honum takist að sleppa, sem áður.

— Snjór fell á jörðu í San Francisco í fyrri viku, í fyrsta sinni á 25 árum, og þótti því stór undur.

— Stúdentaóeirðir eru miklar í Moskva á Rússlandi um þessar mundir. Hafa um eitt þúsund stúdentar neitað að sækja háskólann, nema að vilja þerra væri látið. Nú hafa 21 professorar við háskólann lagt niður embætti, og slíkt hið sama gerðu 68 aðstoðarkennarar.

— Heimastjórnar frumvarp fra er nú vel á veg komið, og búist við, að það muni lagt fyrir neðri málstofu brezka þingsins vonum bráðar. Augustine Birrell, Írlandsráðgjafi, gat þess, að þetta hið nýja frumvarp mundi verða sniðið eftir heimastjórnarfrumvarpi Gladstones gamla, því seinna. — Og Georg konungur lýsti því nýlega yfir, að það væri sér stór ánægja, að fá að setja hið fyrsta heimastjórnarþing Írlands.

— Frá Ástralíu berast þær fréttir, að tveir menn, Englendingur og Þjóðverji, hafi nýskeð háð hólmgöngu með sverðum. Mennirnir höfðu verið að tala um utanríkismálasteínu Þjóðverja og orðið sundurorða. Þegar á hólminn kom reyndist Þjóðverjinn vígfimari og særði Englendinginn á hægra handlegg. Reiddist þá Englendingurinn og reiddi sverð sitt tveim höndum og hugðist að klíúfa Þjóðverjann í herðar niður. Þjóðverjinn reyndi að slá af sér höggið, bjargaði höfði inu, en fékk all-mikið svöðusár á aðra öxlina. — Þetta er hin fyrsta hólmganga með sverðum, sem háð hefir verið í Ástraliu til margra ára, og þótti mikil tíðindi. En málshöfðun er búist við að þetta hafi í för með sér fyrir báða málsaðila.

— Andrew Carnegie hefir boðist til að stofna hetjusjóð (Hero Fund) í Danmörku með 100 þúsund dollara stofnfé. Utanríkismálaráðaneyti Dana hefir lýst velþóknun sinni og þakklæti yfir þessari hugulsemi auðkýfingsins, og er nú mikið rætt um, hvernig hetjusjóðn um verði bezt stjórnað.

— Námamaður einn í borginni Johnston, Pa., í Bandaríkjunum, Steve Zoller að nafni, framdi sjálfsmorð nýverið á einkennilegan hátt. Hann lét dynamit-vöndul í munn sér og kveikti í, með þeim árangri að hann kastaðist full 30 fet í loft upp og kom niður í smábútum.

— Páfinn í Róm, sem hafði legið rúmfastur í influenzu um tíma, er nú albata aftur, og tekinn að gegna stjórnarstörfum í veldi sínu.

— Ein af hirðmeyjum Helenar Ítaliudrotningar, prinsessa Giulia Trigona di Sant 'Elia, var myrt á föstudaginn var, af ungum elskhuga sínum, barún Paterno höfðingja, sem þar á eftir skaut sig sjálfan, þó ekki til dauðs. Prinsessan var ein af uppáhaldshirðmeyjum drotningarinnar, en engar voru ástir með prinsinum, manni hennar, og henni, og var prinsinn í þann veginn að sækja um hjónaskilnað, þegar morðið var framið. Ástæðan fyrir þessu tiltæki Paterno er talin sú, að prinsessan vildi ekki láta hann fá tjögur þúsund dollars, til að borga skuldir, sem hann var hlaðinn, og í reiði, sem neitunin olli, hafi hann framið þetta óheillaverk. — Paterno er kornungur maður og kvennagull hið mesta, og að hann var friðill prinsessunnar, var á allra vitorði. — Ef Paterno verður heill af skotsárinu, og verður dreginn fyrir lög og dóm, er búist við, að hann muni sleppa vægilega — því ítölsku dómstólarnir fara að jafnaði vægum höndum um þá glæpi, sem eiga rót sína að rekja til ásta.

— Gabriel erkiengill hefir nýverið ollað mikillí hreyfingu meðal íbúanna í bænum Nettuno á Ítaliu. Svo stóð á, að kona ein þar í bæn um þóttist hafa fengið vitrun frá höfuðenglinum, að á vissu svæði í bænum væri stórfé falið í jörðu, og átti einn af páfum miðaldanna að hafa grafið auðæfi sín þar. — Bæjarstjórnin veitti strax 100 þús. líra til að grafa eftir auðæfunum, og menn, konur og börn eru nú í hundraðavís að grafa eftir hinum fólgnu fjársjóðum. Nettuno er bær með 10 þúsund íbúum, og meginþorri þeirra skoðar konuna, sem vitranina fékk frá höfuðenglinum, sem æðri veru og færa henni fórnir, sætindi, ljúffeng vín og glitofna dúka, og má hún því vera Gabriel þákklát fyrir vitrunina, — þó enn hafi ekki auðæfin fundist.

— Erfðaskrá Alberts Rothschilds barúns og bankamannsins mikla, sem nýverið andaðist í Vínarborg, var opnuð í sl. viku, og sýndi það sig þá, að hann gaf 10 miliónir dollars til líknarstarfsemi í Austurríki.

— Í héraðinu Tambofi á Rússlandi hefir sú mikla breyting orðið á akuryrkju, að farið er að nota plóga. — Einn framtakssamur járnsmiður þar í héraðinu hafði séð mynd af slíku verkfæri og smíð aði einn plóg eftir henni. Þetta þótti hið mesta furðuverk, og nú eru bændurnir í óða önn að hætta við spaðana og kaupa sér plóga. Járnsmiðirnir selja plógana á 3 dollara, fyrir einn hest, og 6 dollara fyrir tvo hesta, en helmingi ódýrara, ef bændurnir leggja sjálfir til efnið. Þessir plógar eru taldir hinir auðvirðilegustu, sem og geta má nærri, en spor í framfaraáttina eru þeir engu að síður.

— Vöruflutningsskipið Agamemmon, er talið að farist hafi í Indlandshafi með rá og reiða.

— Washington þinginu var slitið um hádegi sl. laugardag, eftir að ýms hin þýðingarmestu frumvörp höfðu verið drifin í gegn með hraða á hinni síðustu stundu. Viðskiftasamnings frumvarpið náði þó ekki fram að ganga að þessu sinni — en Taft forseti lýsti því yfir, að hann ætlaði sér að kalla saman aukaþing til að sjá samnings uppkastinu farborða. — Aukaþingið er búist við að komi saman 1. apr. næstk.

— Einn af kunnustu stjórnmálamönnum Breta, jarlinn af Crewe, Indlandsráðgjafi og leiðtogi stjórnarinnar í lávarðadeildinni, varð snögglega veikur á laugardagsmorgunnn var og er nú þungt haldinn.

OGILVIE'S
Royal Household Flour

Til Brauð og Köku Gerðar

Gefur Ævinlega Fullnæging

EINA MYLLAN Í WINNIPEG,—LÁTIÐ HEIMAIÐNAÐ SITJA FYRIR VIÐSKIFTUM YÐAR.

LITLI KOFINN Á NESI

sjónleikur í 3 þáttum

EFTIR

C. JOHNSTON

Verður leikinn í Goodtemplarahúsinu mánudags og fimtudagskvöld 13 og 16 þ.m.

Aðgöngumiðar kosta 25, 35, og 50 cent, og fást í flestum íslenzkum búðum í borginni og svo við inngangin.

FJÖLMENNIÐ LANDAR GÓÐIR.

FRIÐRIK SVEINSSON

húsmáling, betrekking, o.s.frv. tekur nú að sér allar tegundir af Eikarmálning fljótt og vel af hendi leyst. Heimili: 690 Home St.

WALL PLASTER

"EMPIRE" VIÐARTAGA VEGGLÍM.

"EMPIRE" CEMENT WALL VEGGLÍM

"EMPIRE" FINISH VEGGLÍM.

"GOLD DUST" VEGGLÍM.

"SACKETT" PLASTER BOARD.

SKRIFIÐ OSS OG FÁIÐ VORA ÁÆTLUNAR BÓK.

Manitoba Gypsum Co., Limited.
WINNIPEG, - MANITOBA.

HEIMSKRINGLA

Published every Thursday by the

Heimskringla News & Publishing Co. Ltd.

Verð blaðsins í Canada og Bandaríkjum $2.00 um árið (fyrir fram borgað).
Sent til Íslands $2.00 (fyrir fram borgað af kaupendum blaðsins hér $1.50.)

B. L. BALDWINSON
Editor & Manager

Office:
729 SHERBROOKE ST, WINNIPEG.
P. O. BOX 3083. Talsími 2110.

Fjármálaræðan.

Hon. Hugh Armstrong, fjármálaráðgjafi Manitoba fylkis, flutti fjármálaræðu sína fyrra þriðjudag.

Að eins einu sinni áður í stjórnarsögu fylkisins hafa fjárhagsskýrslur þess sýnt jafnmikinn tekjuafgang og nú, og það var á næstliðnu fjárhagstímabili, þegar tekjuafgangurinn nam $624,118.67, en nú var hann $612,380.22, sem er ekkert smáræði. Enda kom þessi mikli tekjuafgangur bæði stjórnar sem mótstöðuflokknum á óvart, — hvorugir höfðu búist við annar eins fyrirmyndar búsýslu.

Í upphafi gat Hon Armstrong þess, að þó akuryrkjuafurðir fylkisins á hinu liðna ári hefðu ekki verið jafn miklar og sum undanfarin ár, þá hefði þó árið í heild sinni verið hagsældarár fyrir fylkið, og uppskeran vel viðunanleg. Skýrslur þær, sem hann hefði í höndum sýndu, að á árinu hefði fylkið gefi af sér 39,916,391 bush. af hveiti, 42,647,766 bushels af höfrum, 12,960,038 bush. af grjónum og 410,928 bush. af hör. Auk þess 134,000 bushels af öðrum korntegundum; 2,091,408 bushels af ýmsikonar rófum, tæp 5 milión bushels af kartöflum og 175,000 bushels af ýmsu kálmeti. Eða alls hefðu sáðlendur fylkisins gefið af sér $70,500,000. Auk þess hefðu bændafurðir, svo sem smjör, ostar og alifuglar numið $1,761,863, sem til samans gerði $72,261,863, sem fylkið hefði gefið af sér á árinu.

Iðnaður, kvað ræðumaðurinn, hefði einnig tekið drjúgum framförum á árinu, þó mest í Winnipeg. — Iðnaðarframleiðsla þaðan á árinu hefði numið $36,000,000, og á öðrum stöðum í fylkinu hefði hún numið $25,000,000, og næmu því unnar iðnaðarvörur í fylkinu $61,000,000.

En bezta sönnunin fyrir vexti og framförum fylkisins er jafnaðarreikningur bankanna. Árið 1904 var hann 294 miliónir dollara. Árið 1909 nam hann 770½ miliónum, en nú er hann 953½ miliónir, og er það 25 prósent aukning á einu ári.

Hvað tolltekjunum viðvikur, þá voru þær árið 1909 3½ milión dollars, en 1910 tæp 5¼ milión dollars, sem sýnir 60 prósent aukning.

Við áætluðum í fyrra, að tekjur fylkisins mundu nema $3,426,000, en reynd'n varð sú, að þær urðu $3,847,321, — eða $421,000 fram yfir áætlun. Vitanlega er þessi mikla aukning tvennu að þakka: Fyrst landsölu, sem ávalt er örðugt að áætla, þve mikil muni verða, þegar fjárhagsáætlunin er gerð, en sem í þessu sambandi einnig sýnir aukinn fólksflutning inn í fylkið; upphæð sú, sem þessi tekjugrein fór fram úr áætlun, var tæp tvö hundruð þúsund dollars. — Hin tekjugreinin, sem fór fram úr áætlun var: fylkistalsímarnir. Þeir gáfu af sér $111,000 meira en áætlað var. — Ýmsar aðrar tekjugreinar urðu einnig meiri en áætlað var.

Aftur var ein tekjugreinin, sem reyndist minni en við var búist, og það var fjárgreiðslan frá sambandsstjórninni. Hún var áætluð hin sama og næstliðið fjárhagsár, nefnilega $838,247, en raunin varð sú, að við að eins fengum $770,281, eða 67 þús. dollars minna, og heldur sambandsstjórnin þessari upphæð eftir fyrir rannsókn og mæling á flóalöndum fylkisins.

Eina bezta sönnunin fyrir auðsældum fylkisins, eða öllu heldur hinu mikla áliti, sem á því er, er lánstraust það, sem fylkið á að fagna á heimsmarkaðnum. Eins og þið munið, var það ákveðið, að við breyttum fjármálastefnu vorri, hættum að selja veðskuldabréf, en tækjum upp hlutabréfasölu (stock) í þess stað. Síðastliðið ár buðum við í fyrsta sinni hlutabréf okkar á London markaðnum. Við fundum óhjákvæmilegt vegna hinnar miklu aukningar á talsímakerfinu og svo kornhlöðu-nýmælið, — að fara til London og bjóða til sölu milión sterlingspunda virði af Manitoba Government Stock. Og salan gekk svo vel, að við fengum 103 pund fyrir hvert hundrað sterlingspunda virði, 3 pund yfir ákveðisverð. Þetta eru kostakjör, sem ekkert annað af fylkjum Canada nokkru sinni hefir fengið, og Canada sem heild ekki heldur.

Fé þessu var þannig varið: Til að innleysa veðbréf frá 1909 var varið 1¼ milión dollars. Til talsímabyggingar tæp 2½ milión dollars. Til kornhlaða 1 milión dollars. Til fangelsisbyggingar 100 þúsund dollars, og til uppþurkunar votlendis var varið $46,000. Þetta tilsamans verður $4,866,666.67. — Enn þá er óeytt af fénu tæpum átta hundruð þúsundum dollars. Hlutabréfin, sem nefnd voru, eru innleysanleg á 40 árum.

Hvað tekjum og útgjöldum á fjárhagsárinu viðvikur, þá námu tekjurnar samtals $3,847,321.58, en öll útgjöldin samanlögð hlupu upp á $3,543,044.45, og verður þá í sjóði $304,277.13. En við þessa upphæð bætist það, sem varið hefir verið til hinna opinberu eigna fylkisins á árinu, og nemur sú upphæð $308,103.09, og verður þá tekjuafgangurinn $612,380.22, eins og getið var um áður.

Það hefir verið sagt, að við ættum ekki að telja það sem tekjuafgang, sem varið væri til hinna opinberu bygginga fylkisins. En þetta er meginregla, sem sambandsstjórnin og allar aðrar fylkjastjórnir í Canada nota, — og það er ástæðan fyrir, að við fylgjum henni. Við eigum því $304,277.13 meira í fylkissjóði, en við síðustu fjárhagsárslok, og $308,103.09 meira í okkar opinberu byggingum en þá var.

Við höfðum í fylkissjóði 31. des. 1909 $1,382,969.41, og með þessari $304,277.13 viðbót verður upphæðin $1,687,246.54. — En hér hefir orðið breyting á: Við innleystum 1. júlí 1910 skuldabréf Manitoba og Northwestern járnbrautarfélagsins, sem námu $787,426.67, og ennig gömlu Hudsonsflóa járnbrautar skuldabréfin, að upphæð $255.986.66, og verður þetta til samans $1,043,413.33, sem við borguðum úr fylkissjóði. Var því í fjárhirzlu fylkisins 31. des. 1910 $663,904.86, og má þá teljast vel að verið.

Með því að innleysa þessi skuldabréf hefir stjórnin leyst fylkið af öllum skuldakvöðum þar til árið 1923, að hálf önnur milión dollars fellur í gjalddaga. Ég hefi engan efa um, að sama stjórnin verður þá við völd og að mér verður hægðarleikur að gefa út ávisun fyrir þessari upphæð.

Styrkveitingar og tillög stjórnarinnar á fjárhagsárinu námu tæpri hálfri annari milión dollars. Mestu af fé þessu var varið til mentamála, tæpum 455 þúsundum dollars. Til sjúkrahúsa 102 þúsundum; til réttarfars rúmum 233 þusundum; til sveitafélaga 230 þúsundum; til viðhalds opinberra stofnana 306½ þúsund; til búnaðarskóla fylkisins tæpum 68 þúsundum; búnaðarstyrkur 56½ þús., og til ýmsra annara stofnana og framfarafyrirtækja rúmum 10 þúsundum. Verða þá styrkveitingarnar og tillögin á árinu tæp hálf önnur milión dollars.

Tekjur liðna ársins námu eins og áður var getið $3,847,321.51, en tekjur yfirstandandi árs eru áætlaðar $4,140,247.06, og sem er 300 þús. dollars meira en á hinu liðna ári. Mestur tekjuauki er áætlaður af talsímakerfinu, er áætlað að það gefi af sér rúmlega 1¼ milión dollars. Útgjöldin á yfirstandandi ári eru einnig áætluð meiri en 1910, en all-álitlegur tekjuafgangur er búist við að verði við árslok.

Tekjur fylkisins árið 1910 voru þessar:

Sambandsstjórnar tillagið	$ 770,281.55
Skólalönd	208,157.58
Kornhlöður	60,494.54
Talsímanotkun	961,851.55
Skattar á auðfélögum	125,374.03
Járnbrautaskattur	139,374.32
Opinberar byggingar	196,777.43
Fylkislönd	618,848.86
Vínsöluleyfi	104,491.90
Erfðaskattur	73,427.86
Landskrifstofurnar	224,201.57
Öll önnur leyfi og fleira	199,583.56
Vextir og ýmsar aðrar tekjur	134,457.23
Tekjur alls	$3,847,321.58

Áætlaðar tekjur fyrir yfirstandandi ár eru:

Sambandsstjórnar tillagið	$ 838,247.06
Skólalönd	190,000.00
Talsímar	1,300,000.00
Kornhlöður	140,000.00
Skattar á auðfélögum	129,000.00
Járnbrautaskattur	140,000.00
Opinberar stofnanir	171,500.00
Fylkislönd	550,000.00
Vínsöluleyfi	105,000.00
Erfðaskattur	70,000.00
Landskrifstofur	230,000.00
Öll önnur leyfi og fleira	199,000.00
Vextir og smærri tekjur	77,500.00
Áætlaðar tekjur alls	$4,140,247.06

Áætluð útgjöld eru:

Þingkostnaður	90,585.00
Til framkvæmdaráðsins	27,060.00
Fjármálaráðaneytið	406,650.00
Fylkisritara skrifstofur	13,640.00
Mentamáladeildin	543,480.00
Akuryrkju og innflutningadeildin	278,219.91
Dómsmáladeildin	445,460.00
Fylkislönd	20,560.00
Járnbrautafulltrúi	1,100.00
Talsímar og ritsímar	1,000,000.00
Stjórnardeild opinberra verka	1,544,590.00
Sveitafulltrúi	3,600.00
Samtals	$4,014,944.90

Framfarir á hinu liðna ári hafa verið mjög miklar eins og ég gat um áður, en það, sem sérstaklega er vert að minnast á í því sambandi er hin gríðarmikla framför á talsímakerfi fylkisins. Stjórnin hefir þar, í gegnum talsímanefndina, ekki legið á liði sínu. Þer eru framfarir auðsæar. Ég ætla mér ekki að hrófla við andmælum þeim, sem gegn talsíma kerfinu hafa gerð verið á liðnum tímum, en að eins geta þess, að alt bendir til, að almenningur sé fyllilega ánægður með, hvernig þeirri starfsemi er tilhagað af stjórnarnefndinni. Og hví skyldi almenningur ekki vera það? Sambandi stjórnarinnar og nefndarinnar er þannig varið, að stjórnin lætur fé til bygginga og starfrækslu, en nefndin greiðir aftur fylkissjóði fé af starfsemi kerfisins.

Árið sem leið veitti stjórnin nefndinni 650 þús., en móttók aftur um 962 þús. dollars, svo það voru allgóð skíti.

Því hefir verið haldið fram, að með vaxandi starfsemi talsímakerfisins, ætti talsímagjaldið að lækka, og í fljótu bragði sýnist þetta mjög eðlilegt; því svo mun því viðast hvar varið með verzlunarfélög, að þess meiri viðskiftí, sem þau gera, þess ódýrar geta þau selt. En hér er að nokkru leyti öðruvísi háttað. Kostnaðurinn við vöxt kerfisins er svo mikill, að aukin innkoma ést upp, ef svo mætti segja; eftir því, sem talsímanotendum fjölgar, þess meiri starfskrafta þarf og þess fleiri talsímastöðvar. Einnig ber þess að geta, að alt efni í talsíma, vírar, staurar og önnur tæki, eru í mun hærra verði en fyrir 3 árum síðan, svo nemur frá 15-25 prósent. Einnig eru vinnulaun hærri en áður var. Alt þetta gerir það að verkum, að ekki eru tiltök að svo stöddu, að lækka talsímagjaldið.

Þegar stjórnin tók við talsímakerfinu í janúar 1908, voru sveitatalsímar — dreifðir út um helztu bygðir — hálft annað þúsund, en nú, eftir þriggja ára bil, sem stjórnin hefir haft með kerfið að gera, hefir sveitatalsímunum fjölgað upp í 10 þúsund. — Árið 1908 voru í Winnipeg 9,000 talsímar, nú eru þeir 16,200 og þannig er starfsemi kerfisins aukin í hverri annari grein tiltölulega. — Að við séum fullvissir um enn meiri framfarir á þessu ári, en nokkru sinni áður, sést bezt af því, að við áætlum talsímatekjurnar $1,300,000.00, og búumst við að verja einni milión til talsímalagninga og annara framfara þar að lútandi.

Í lok ræðu sinnar mintist ræðumaður á kornhlöðu fyrirkomulagið. Þetta væri fyrsta starfsár þeirra undir umráðum stjórnarinnar, og væri því lítil reynd komin á, hvernig þær mundu gefast. Á þessu ári hefði 26 þúsund dollars tap orðið á starfrækslu þeirra, en það mundi að mestu uppskerubresti að kenna, og í góðæri mundi starfsemin hafa borgað sig, og að öllum líkindum gert betur. Hann kvaðst hafa hinar bestu vonir um framþróun þeirra og framfarir, ef bændurnir styddu þær af mætti, — undir því væri framtíð þeirra komin. Stjórnin hefði tekið milión dollara lán til að byggja og kaupa kornhlöður og flestir mundu vera sammála um gagnsemi þess fyrirtækis.

Ræða

B. L. Baldwinsonar í fylkisþinginu 2. marz.

Herra forseti: —

Það er ekki tilgangur minn með því að halda áfram umræðum um fjárlagafrumvarpið, að eyða tíma þingsins nema örskamma stund.— Ég viðurkenni, að það er harla lítil þörf fyrir 'bakbekkinga' þessa megin þingsalsins að taka til máls, því að það er tæpast ætlandi til þess, að þeir geti varpað nokkru ljósi á stjórnarathafnirnar umfram það, sem finst í skýrslum hinna ýmsu stjórnardeilda, sem þegar hafa verið lagðar fyrir þingið. Og ég sé ekki betur, en að þegar ráðgjafarnir eru búnir að flytja ræður sínar og gera þinginu grein fyrir gerðum sínum, þá sé í raun réttri mest af því sagt, sem hægt er að segja stjórnarathöfnunum til skýringar. Þeir eru málunum manna kunnugastir og þekkja betur hin ýmsu atriði, en hægt er að búast við að aðrir þingmenn geri. Þess vegna hefi ég ekki staðið upp í þeirri von, að geta varpað auknu ljósi yfir starfsemi stjórnarinnar, heldur til þess að lýsa velþóknun minni á fjárhagsástandinu og þeim mikla tekjuafgangi, sem fylkisféhirðirinn var fær um svo ljóslega að sýna að orðið hefði á síðastliðnu ári.

Ég verð einnig að lýsa velþóknun minni á virðulegri framkomu vina vorra til vinstri hliðar yðar. Þeir hafa á þessu þingi farið gætilega í aðfinslum sínum. Þeir skilja að vísu stöðu sína þannig, að þeir séu kosnir til þess að andmæla stjórninni og að finna að öllum störfum hennar, hvernig sem þeim er varið, að misskilja þau og afskræma eftirþví sem hæfileikar þeirra leyfa. En jafnframt virðist svo, sem þeir taki þetta nærri sér, þeir hafa sýnilega ekki orkað því, að koma fullkomnu skipulagi á flokk sinn, og sýnilega ekki átt kost á, að bera saman skoðanir sínar. Þess vegna eru þær nokkuð sundurlausar, og það svo, að þegar leiðtogi þeirra reynir að gera 300 þús. dollars tekjuhalla úr 612 þúsund dollars tekjuafgangi fylkisféhirðisins, þá andmælir fylgjandi hans, háttv. þingm. fyrir Gladstone kjördæmið, þeirri skoðun, og telst þess fús, að viðurkenna, að útgjöld og inntektir ríkisins á síðastliðna árinu séu jafnmikil.

Oss er annars ekkert nýtt að heyra það frá vinum vorum, andstæðingunum, að hinir árlegu tekjuafgangar, sem orðið hafa síðan núverandi stjórn kom til valda, væru árlegar sjóðþurðir. Á hverju ári síðan ég hafði þann heiður, að eiga sæti hér í þinginu, hafa þeir reynt að telja fylkisbúum trú um, að allir tekjuafgangarnir, sem nú eru orðnir hátt á FJÓRÐU MILJÓN DOLLARS samtals, hafi ekki verið annað en áframhaldandi tekjuhallar, og þrátt fyrir það, að stjórnin hefir á þessu tímabili borgað miliónir dollars af þeim skuldum, sem áður hvildu á fylkinu, og auk þess varið miliónum dollars í opinberar byggingar. En fylkisbúar vita, að þetta verður ekki afrekað með eintómum sjóðþurðum, og þeir vita einnig það, að fyrir viturlega fjármálastefnu stjórnarinnar og sparsamlega meðferð hennar á fylkisfé, þá hvíla nú ekki aðrar veðskuldir á fylkinu en þær, sem gerðar hafa verið fyrir talþráðakerfið, kornhlöðurnar og framræzlu flóalanda.

Vinir vorir í andstæðingaflokki hafa gert ýmsar athugasemdir við ráðsmenskuna í hinum ýmsu stjórnardeildum. Það eru þessar aðfinslur, sem ég vildi mega lítillega athuga, af því mér finnast þær ekki á rökum bygðar.

MENTAMÁLADEILDIN.

Ein af aðfinslunum er sú, að alþýðumentun fari hnignandi í fylkinu, af því að stjórnin leggi minna fé til þeirra mála nú, í tiltölu við fólksfjölda, heldur enn fyrri stjórn gerði. Ég get ekki litið eins á mál þetta. Árið 1899, sem var síðasta stjórnarár Liberala hér í fylkinu, veittu þeir til mentamála $154,508, þá var íbúatalan rúmar 193 þúsundir. Á síðastliðnu ári varð mentamála kostnaðurinn 520 þúsundir dollars, að Búnaðarskólanum meðtöldum, og íbúatalan um 500,000 manns. Þetta er stærri upphæð á hvern mann, að meðaltali, en nokkru sinni fyr í sögu fylkisins, og orsakast af því, að með vaxandi tölu íbúanna hefir skólum stórkostlega fjölgað. Þess utan hefir þessi stjórn skapað nýjar mentastofnanir, sem kreíjast mikilla fjárútláta, svo sem Búnaðarskólann, Ruthenian Training skólann, Manual Training skólann, og fleiri slíka skóla, og þess utan útbýtt ókeypis 37 þúsund skólabókum á árinu. — Gjaldinu til alþýðuskóla hefir verið viðhaldið, og auk þess hafa stofnaðir verið þeir skólar, sem ég hefi nefnt, að meðtöldum Búnaðarskólanum með kensludeild fyrir konur. Stjórnin hefir því stórum aukið útgjöldin til mentamálanna umfram það, sem nokkurntíma hefir áður verið her, og á yfirstandandi ári biður hún þingið að veita fullar 640 þús. dollars til mentaþarfa, en sú upphæð er að eins 100 þúsund dollars minni en öll fylkisinntektin var á síðasta stjórnarári Liberala. Ég efast ekki um, að innan tveggja eða þriggja ára leggi þessi stjórn til mentamálanna einna fult eins háa upphæð á hverju ári eins og nam öllum fylkisinntektunum fyrir 12 árum, og eins miklu og Liberal stjórnin lagði þá til allra deilda til að annast þarfir fylkisins.

Annars er það þýðingarlaust fyrir mig, að fara frekari orðum um þetta. Mentamálaráðgjafinn hefir skýrt þinginu svo ljóst og röksamlega frá starfsemi deildar sinnar og hverju hann ætlist til að komið verði til leiðar á komandi árum, að enginn getur bætt við þær upplýsingar. Fylkisbúar eiga í honum ötulan, hygginn og framsækjandi þjóðmálamann. Hann skipar sæti sitt, sem stjórnandi mentamálanna í þessu fylki, sjálfum sér til sæmdar og fylkinu til mikilla hagsbóta. Fylkisbúar mega öruggir treysta því, að mentamálum þeirra er óhætt undir stjórn hans.

FLÓA-LÖNDIN.

Í engri grein hafa andstæðingar lagt sig eins fram til að ófrægja gerðir stjórnarinnar eins og í meðferð hennar á flóalöndum fylkisns. Ár eftir ár er oss sagt, að þau séu seld fyrir miklu minna en hæfilegt verð, og sýnt fram á það, að þau myndu seljast fyrir hærra verð, væru þau geymd óseld um nokkur komandi ár. Mér dettur ekki í hug að neita því, að þau seldust með hærra verði eftir 10 ár, en þau hafa selst fyrir eða seljast fyrir nú. En ég hefi þá skoðun, að það eigi ekki að vera fyrsta markmið stjórnarinnar, að halda löndum þeim, þar til þau komast í það hæsta verð, sem hugsanlegt er, heldur beri henni að leggja áherzlu á, að fá þau bygð sem allra fyrst, svo að þau verði arðberandi og skattgreiðandi í hinum ýmsu sveitum fylkisins, og svo að íbúarnir með starfsemi sinni geti haft þeirra sem bezt not, til hagnaðar sjálfum sér og fylkisbúum í heild sinni.

En það er annar liður í sambandi við stjórnsemi þessara flóalanda, sem vinir vorir, andstæðingarnir, ekki hafa fundið ástæðu til að minnast á, og enginn á þessu þingi hefir enn þá hreyft við, og það er uppþurkun flóalandanna undir stjórn ráðgjafa opinberra verka. — Þegar þessi stjórn kom til valda, þá voru tvö uppþurkunarhéruð í fylkinu, en nú eru þau orðin 19 talsins, og ekrufjöldi þeirra er sem næst tvær miliónir, eða nákvæmlega talið 1,860,736 ekrur. Kostnaðurinn við framræzluna er frá 96c til $1.90 á hverja ekru. Meðaltalið verður sem næst $1.50 á hverja ekru. En verðauknng þeirra við uppþurkunina nemur fullum $10.00 á ekru að meðaltali. Tökum t. d. framræzluhérað No. 2, þar voru flóalöndin einkisvirði, enginn vildi kaupa þau neinu verði — nú fæst þar engin ekra undir $30.00, og í sumum tilfellum eru þau ekki föl fyrir minna en $40.00 ekran. Ég set því markið lágt, þegar ég segi, að verðaukning flóalandanna við uppþurkun þeirra sé 10 dollars ekran. En með þessari starfsemi hefir opinberra verka ráðgjafinn aukið landverð þessara flóalandahéraða um fullar 20 miliónir dollara. Fyrir þetta ættu andstæðingarnir að gefa honum og stjórninni verðskuldaða viðurkenningu. Ég mætti í þessu sambandi geta þess, að ekrufjöldi sá, sem stjórnin er að þurka upp í þessum 19 flóalandahéruðum í Manitoba, er 200 þúsund ekrum meiri en nemur öllu því landi á Bretlandi, sem er þar undir hveitirækt. Opinberra verka ráðgjafinn er að vinna afarþarflegt og dýrmætt verk fyrir fylki vort með þessari framræslustarfsemi sinni, og ég get ekki að því gert, að mér finst að aðfinslur andstæðinga vorra á framkvæmdum núverandi stjórnar beri þess vott, að þeir séu í hjörtum sínum algerlega ánægðir með gerðir hennar, þó þeir finni það skyldu sína, að láta það berast til kjósenda sinna, að þeir vilji ekki beinlínis samþykkja að svo sé.

OPINBER VERK.

Þó undarlegt megi virðast, þá hafa andstæðingar vorir ekki gert neina tilraun til, að finna að starfi opinberra verka ráðgjafans, nema að því leyti, að þeim þykir hann spar á fjárveitingum. Þó gerði háttv. þingm. fyrir Gladstone lítillega tilraun í gagnstæða átt. Honum fanst eyðslan of mikil, og því var ljóslega og vel svarað af hæstvirtum fylkisritaranum. — Samanburðurinn á tillagi stjórnanna til opinberra umbóta verður ljós, þegar þess er getið, að á síðasta stjórnarári Liberala lögðu þeir til opinberra verka þarfa 187 þús.dollars. En á síðasta ári lagði þessi stjórn til sömu þarfa 2 miliónir og 303 þús. dollars. Árið 1899 var styrkurinn til sveita $39,937, — minna en 40 þúsund dollars, og þá voru Liberalar hæst ánægðir með ástandið. Á síðasta ári nam styrkur stjórnarinnar til sveitafélaga 223 þús. 617 dollars, eða 6 sinnum meira en á síðasta stjórnarári Liberala. Ef þeir voru ánægðir með hina smærri upphæð, þá ættu þeir nú að vera tvöfalt ánægðari með hið stærra tillag stjórnarinnar.

Þó hefi ég sjálfur eitt ágreiningsatriði við opinberra verka ráðgjafann. Ég sé, að í þessa árs fjárhagsáætlun biður hann þingið um minni upphæð til sveitafélaga, en hann veitti á liðnu ári. Hann biður um 200 þúsund dollars. — Ég kreíst þess, að því kjördæmi, sem ég mæti hér fyrir, sé ákveðinn áttundi hluti þessarar upphæðar, og í þessu sambani verð ég að biðja yður, herra forseti, að leyfa mér að víkja lítillega frá aðalmálefninu sem um er deilt. Ég geri þetta af þeirri ástæðu, að ég á engan annan kost á, að láta kjósendur mína í hinum ýmsu hlutum kjördæmisins vita, að þeir eigi hér nokkurn málsvara í þinginu, eða að nokkur tilraun sé gerð til að verða þeim að liði.

GIMLI.

Gimli kjördæmið er það langstærsta, sem til er í Manitoba. Það er 160 milur á lengd, og 100 milur á breidd, þar sem það er breiðast. Það felur í sér 9 þús. fermilur eða 5 miliónir 760 þús. ekrur, og er því nokkuð meira en áttundi hluti alls fylkisins. Þetta mikla landssvæði er hinn vaxandi hluti fylkisins, — nálega sá eini hluti þess, sem stjórnin getur nú bent á sem hæfilegan bústað fyrir innflytjendur, og innflytjendur streyma nú inn þangað í þúsundatali á hverju ári, til þess að tryggja sér bólfestu, til að rækta landið og til að starfa að framför og auðlegð fylkisins. Ekkert blað er í kjördæminu, sem borið geti fréttir til kjósendanna yfirleitt, og ekki fet af talþræði eða ritþræði, nema á 10 milna svæði milli Winnipeg Beach og Gimli bæjar.— Auðuppsprettur eru nægar í Gimlikjördæminu. Kunnugt er um frjósemi jarðvegsins og hinar afarmiklu grasnytjar, sem þar eru víða. Þar er og góð timburtekja, og timbur er orðin verðmæt vara nú á dögum Málmar og ágætt grjót til bygginga er víðsvegar í héraðinu. Enginn veit ennþá um málamauðlegð þess, hve mikil hún kann að vera. En korntegundir vaxa þar allstaðar í fult eins ríkulegum mæli og annarstaðar í fylkinu. Og fiskitekja er svo mikil í vötnum innan kjördæmisins, að nemur fullri hálfri milión dollars á ári. Mér er ant

(Framhald á bls. 5).

VESTAN FRÆ FYRIR VESTUR BÚA

Heimtið McKenzie's Fræ

McKENZIE'S FYRIR VESTRID FRŒ

fæst hjá hverjum duglegum kaupmanni.
LITIÐ eftir frækassa vorum í hverri búð.
Ef kaupmaður þinn hefir það ekki þá pantið það BEINT frá okkur.
Bréfspjald færir ykkur okkar mikla og fallega frælista.

A. E. McKenzie Co Ltd
Brandon, Man. Calgary, Alta

VESTUR CANADA STŒRSTA FRŒHÚS!

RÆÐA
B. L. Baldwinssonar

niðurlag frá 2. bls.

um, að þingið viti ekki að eins það, að Gimlikjördæmið sé til, heldur einnig um stærð þess og auðsuppspretta, og framtíðarmöguleika og þarfir, — sívaxandi þarfir íbúanna þar.

Opinberra verka ráðgjafinn veit ef til vill Gimlikjördæmisins. Ég hefi á hönum árum orðið að fara margar ferðir til hans í fjárbónaerindum fyrir kjördæmið, og oft hefir honum fundist ég gera kröfur fram úr hófi. En það verð ég að segja honum til verðugs lofs, að hann hefir yfirleitt tekið kröfum minum vel og sýnt viðleitni til þess að uppfylla þær. Ég hefi jafnan gert það að reglu, að fara ekki fram á neitt, sem álitast mætti ósanngjarnt, og í rauninni aldrei beðið um nema litinn hluta þess, sem ég hefi álitið kjördæminu bera og fyrir þá skyldu-vanrækslu verð ég að biðja kjósendur mína fyrirgefnigar.

Mér hefir stundum fundist stjórn in ekki gera sér fyllilega grein fyrir því, hvað hún skuldar Gimlikjördæminu í raun og veru, og hve mikið henni bera að láta af mörkum til almennra umbóta þar, og þess vegna leyfi ég mér að benda yður á nokkra af inntektaliðunum, sem þaðan koma.

Í fyrsta lagi tel ég þar 15 þúsundir manns. Ríkisstjórnar tillagið þeirra vegna, 80 cents á mann, er 12 þúsund dollars á ári. Þess utan fær stjórnin fyrir timburtöku leyfi, heytökuleyfi, skotleyfi, vinsöluleyfi og gáltingaleyfi. Mikið af þeim flóaföndum, sem seld eru, liggja innan Gimlikjördæmisins, og þannig leggur kjördæmið drjúga fúlgu í fylkissjóðinn árlega, — að ógleymdum þeim landfláka, sem háttv. þingm. fyrir Gladstone kjördæmið gat um að stjórnin hefði selt fyrir 400 þúsund dollars. Sá landfláki var klipinn út úr Gimli kjördæminu og verð hans var því tillag frá því kjördæmi í fylkissjóð inn.

Einnig vildi ég mega minna opinberra verka ráðgjafann á, að fyrir hvern dollar, sem hann leggur til vega eða fræmræzlu í Gimlikjördæminu, fær hann 3, 5 eða jafn vel 10 dollars til baka í auknu verði þeirra flóalanda, sem seld eru, — öll flóalönd í bygðum héruðum voru hækkuð í verði um einn dollar hver ekra þann 1. sept. sl. Þetta er bein afleiðing þess, hve riflega hann hefir lagt til umbóta í þeim héruðum, og fyrir vaxandi starfsemi íbúanna, sem þeim hefir verið gerð móguleg fyrir bættar samgöngur og aðrar umbætur, sem gerðar hafa verið.

Ég er þess fullviss, að Gimlikjördæmið leggur svo mikið til árlega beint og óbeint í fylkissjóðinn að ég tel engar þær kröfur ósanngjarnar, sem ég geri eða kann að gera fyrir þess hönd. Og ég þykist ekki biðja um meira, en því sem svarar vöxtum af því fé, sem stjórnin fær frá kjördæminu, fyrir þau lönd, sem hún hefir selt og selur innan takmarka þess. — Ég segi þess vegna, að ég krefst 25 þúsund dollars fjárveitingar á ári frá opinberra verka ráðgjafanum til umbóta í Gimlikjördæminu. — Kjördæmi mitt er áttundi hluti fylkisins, og meira þó, — þess vegna bið ég um áttunda hluta þess fjár, sem hann nú biður þingið að veita til styrktar sveitum og ólöggaltum héruðum.

TALÞRÆÐIR.

Vinir vorir andspænis hafa gert talþráðastarfsemi stjórnarinnar að ágreiningsatriði, og reynt að telja sér og fylkisbúum trú um, að hún hafi bakað fylkinu fjártjón, þó að skýrslur talþráðaneindarinnar sýni að inntektir fyrir talþráðagjöld hafi orðið yfir 900 þúsund dollars á árinu, en starfskostnaður að eins 600,000, og hreinn gróði af talþráðunum hafi orðið yfir 110 þúsundir dollars, að frátekinum öllum vöxtum af innstæðufénu. Háttvirtur leiðtogi andstæðinga staðhæfði í ræðu sinni, að kaupin á talþráðunum hefðu verið gerð án samþykkis fylkisbúa, að of mikið hefði verið borgað fyrir kerfið og að það loforð hefði ekki verið eínt að lækka notagjöldin. En ég segi, að fyrsta staðhæfingin sé algerlega óréttmæt, því að þingið veitti stjórninni lagaheimild til þess að kaupa hvert það talþráðakerfi í þessu fylki, sem hún gæti fengið, og að borga fyrir það ekki að eins þáverandi markaðsverð, heldur einnig 10 prósent umfram fyrir það sem nefnt var "good will". Það var á vitund allra þeirra, sem sitja hér megin í þingsalnum, og allra fylkisbúa yfirleitt, að stjórnin hafði þá í huga, að kaupa eignir Bell félagsins, og 10 prósenta liðurinn var settur til að bæta því félagi upp fyrir einkaleyfis missir sinn hér í fylkinu. Frá minu sjónarmiði, er kaupverð þess kerfis ekki aðalatriðið, heldur hitt, að kerfið var gert að þjóðeiga, og að það hefir reynst vænleg tekjugrein fyrir fylkið. Ég lýsi því yfir sem sannfæringu minni, að innan 2 eða 3. ára fái fylkið árlega hálfa milíón dollars gróða af starfsemi þessarar aytsömu þjóðeignar.

Ekki er það heldur satt, að notagjöldin hafi ekki lækkað úti um allar bygðir fylkisins, þó sú lækkun hafi ekki orðið eins mikil og flestir munu hafa gert sér von um. Og þegar þess er gætt, að alt það efni, sem þarf til talþráðalagninga, er nú fjórðungi dýrara en það var á fyrri árum, og að öll verkalaun hafa hækkað að sama skapi, — þá er ekki hægt að búast við, að notagjöldin lækki að svo stöddu.

En til er önnur hlið á þessu máli sem ekki hefir verið minst á, og það er vaxandi notendafjöldi. Þegar ég fyrst fékk talþráð á skrifstofu mína hér í borg, þá var notaverðið $50.00 á ári, og ég gat talað við 4,000 manns í borginni. Nú borga ég ennþá sama verð, $50.00 á ári, en get talað við 17 þúsund manns í borginni, svo að ég hefi fjórum sinnum meiri not talþráðanna nú, en ég hafði þá, og fyrir sama notagjald. Í raun réttri má því segja, að talþráðanotin séu nú fjórum sinnum ódýrari en þau voru þá. Ég er því fyllilega samdóma því, sem stjórnarformaðurinn sagði um kveldið, að ekki verði með réttu annað fundið að talþráðakerfinu en það, að stjórnin hefir ekki haft við að leggja þræðina eins ört um fylkið eins og pantanir hafa borist. Bændurnir í Manitoba borguðu fyrir nokkrum árum $30.00 á ári fyrir not talþráðanna, og áttu þá kost á sambandi við að eins 9 þús. manns í öllu fylkinu. Nú borga þeir $20.00 á ári með sambandi við 37 þús. manns. Þeira hafa því notið tvöfaldrar lækkunar á talþráðanotum sínum.

KORNHLÖÐURNAR.

Ég geri enga kröfu til að hafa þá þekkingu á þessu máli, sem veiti mér rétt til að leggja dóm á það. Stjórnin tók kornhlöðukaupin á dagskrá sína fyrir margitrekaðar kröfur bændanna í þessu fylki Á þessu fyrsta starfsári hefir fylkið beðið 26 þús. dollars skaða af starfinu. En liðna árið var minna en meðal uppskeruár. Í meðal uppskeruári má vænta þess, að starfið jafni reikningana. Það er oss öllum hrygðarefni, að kornhlöðustarfið hefir ekki borgað sig á þessu fyrsta ári, og vér verðum að vona, að úr því rakni framvegis, með því að bændurnir í Manitoba geri það, sem í þeirra valdi stendur til þess að hlynna að þessari þjóðeign, sem aðallega er haldið út í þeirra þarfir.

Það eru ýms önnur atriði, sem ég hefði viljað minnast á, en svo mikið er á dagskrá í dag, sem enn er óafgreitt, að ég læt hér staðar nema.

Ég ræð vinum vorum, andstæðingunum, til þess að sætta sig við það ástand, að það liða langir tímar þar til kjósendur trúa þeim fyrir völdum hér í fylkinu. Allstaðar þar sem ég hefi farið um fylkið og átt kost á, að kynna mér almenningsálitið, hefi ég orðið þess var, að það er nálega eindregin skoðun fólksins, að Liberal flokkurinn í Manitoba, eins og hann er nú skipaður, hafi engan leiðtoga og enga ákveðna stefnu, og að hann hafi engu því afkastað á liðnum árum, sem veiti honum nokkurn rétt til þess, að vænta trausts og fylgis fylkisbúa. Þeir sóktu þessu fylki í milión dollara skuld, sem þeir höfðu ekkert til að sýna fyrir, þau árin, sem þeir höfðu völdin. Þeir höfðu sjöðþurðir á hverju einasta ári, og höfðu ekkert lag á, að mæta þörfum íbúanna. Hins vegar er það hvervetna viðurkent, að núverandi stjórn sé sú framleitnasta, hagsýnasta, ötulasta og sparsamasta, sem verið hefir hér í fylkinu. Að hún hafi haft tekjuafganga á hverju einasta ári síðan hún kom til valda, að þessir tekjuafgangar nemi nú hartnær fjórum miliónum dollars. Að hún hafi með sinni hyggilegu fjármálastefnu orkað því, að borga af miliónir dollara af skuldum, sem hvildu á fylkinu, þegar hún kom til valda. Að hún hafi getað varið miliónum dollars til opinberra bygginga og annara nauðsynja umbóta hér í fylkinu. Að undir handleiðslu hennar hafi fylkið tekið miklum og varanlegum framförum. Þetta er yfirleitt skoðun fylkisbúa á Roblin stjórninni. Og ég veit, að þess betur sem fylkisbúar kynna sér ráðsmensku þessarar stjórnar, þess vinsælli verður hún um alt fylkið. Menn hafa lært að líta til hennar með virðingu og tiltrú og þakklæti, og ég efa ekki, að þeir trúa henni fyrir málum sínum um mörg komandi ár.

SKRIFIÐ EFTIR ÞESSARI BÓK

EATON'S VERÐLISTINN FYRIR VORIÐ 1911

BÆKLINGURIN sýnir yður hvernig spara á peninga í kaupun til heimilis og búnaðar.

Í þessum bækling finnið þér hið lægsta verð sem hægt er á vönduðum vörum. Verð hvers hlutar er glögglega sett á myndirnar í verðlistanum og sýna þær nákvæmlega hvernig vörurnar líta út.

Þér munið finna það auðvelt að panta nauðsynjar ykkar með pósti frá Eaton's. Aðeins segið okkur hvað ykkur vanhagar um og sendið borgunina þar fyrir, eins og stendur í verðlistanum. Sendið andvirðið í póstávísun eða Express Order innlagðir í pöntunarbréfið.

Bréf yðar mun ná okkur með skilum, og pöntuninn verður afgreidd um hæl. Við ábyrgjumst að vörurnar komi óskaddaðar á næstu járnbrautarstöð, og ef þér eruð ekki fullkomlega ánægðir, megið þér endursenda vörurnar og fáið þá andvirðir endurgoldið.

Fáið því verðlista vorn strax, og lærið að panta nauðsynjar yðar á þennan sparnaðar hátt.

THE T. EATON CO. LIMITED
WINNIPEG CANADA

Ungmennafélögin.

Af því það virðist vera aðvakna til meðvitundar hjá attjarðarvinum hér vestra tilfinning um, að til ætti að vera meðal Íslendinga hér frjáls, viðsýn og þjóðleg Ungmennafélög — eitthvað í líkingu við Ungmennafélögin heima — og þessir menn láta sig dreyma um, að slíkar hugsjónir ættu að geta verið mögulegar til framkvæmda, — þá vil ég benda þessum mönnum á, að eitt slíkt Ungmennafélag er til í virkileikanum, lifandi og starfandi hér í Winnipeg og meðlimir þess taka fúslega á hönd hverjum þeim, sem vill vinna að framkvæmd þeirra hugsjóna meðal Íslendinga.

Mig langar til að fara fáum orðum um þetta Ungmennafélag, því opinberlega hefir aldrei verið minst á það. Þess stærsti galli er ef til vill sá, að það hefir aldrei auglýst sig, og er því ekki eins viðþekt eins og vera skyldi.

Fyrir rúmu hálfu öðru ári síðan tóku nokkur ungmenni í íslenzka Únitarasöfnuðinum sig saman um að mynda Ungmennafélag, og var hugmyndin frá byrjun sú, að gefa öllum, sem vildu vera íslenzkir, kost á að gerast meðlimir. Einu skilyrðin, sem sett voru, var: aldurstakmark, sannur vilji á að efla viðhald íslenzkrar tungu og að vinna eftir fremsta megni, að frjálslyndi og viðsýni í öllum skilningi, og þá strax var tekið inn á stefnuskrá félagsins, að stunda áþróttir og líkamsæfingar, knattleiki o. s. frv.

Þessu félagi hefir vegnað vel frá byrjun. Það hóf göngu sína með eitthvað 30 meðlimum, og hefir sú tala farið sífjölgandi síðan, og eru nú eitthvað um 80 starfandi meðlimir í félaginu. Þar í eru ótaldir nokkuð margir meðlimir félagsins, sem fyrir styttri eða lengri tíma eru fjarverandi úr bænum, og geta ekki heitið starfandi meðlimir, þó þeir haldi trygð við félagið og borgi ársgjöld sín.

Fundi heldur félagið einu sinni í viku, fyrsta og þriðja hvert miðvikudagskveld og annað og fjórða hvert laugardagskveld í mánuði. Á miðvikudagsfundunum er lesið blað félagsins og rætt um ritgerðir í því. Þar fara einnig fram kappræður, söng.r, upplestur o. s. frv; þá eru og líka öll störf félagsins tekin til íhugunar. — Á laugardagsfundunum fara fram skemtanir og líkamsæfingar eingöngu, — að vetrinum inni í fundarsalnum, en að sumrinu úti undir beru lofti. — Auk þessa heldur félagið við skautahring á vetrum og knattleikum að sumrinu.

Það, sem ég vildi aðallega benda á, er að blanda ekki þessu Ungmennafélagi saman við 'Bandalögin', því þar er enginn skyldleiki á milli. Sálmasöngur og bænir eru alveg óþektir gestir hjá þessu Ungmennafélagi, og ekki vildi ég heldur láta bera það saman við Helga magra, sem er klúbbur, sem að eins örfáir menn geta tilheyrt, og þar sem matur virðist vera æðsta hugsjónin hjá stofnendunum — og dollarinn mátti sín mikils strax í byrjun.

Það þarf engin heimspekisleg rök til að sanna, að Ungmennafélög með íslenzkar hugsjónir, sem efla ást til móðurmálsins, ættjarðarinnar og ala viðsýnis og bróðurkærleika, geta átt sér stað, og þar sem einnig er mundað eitir að styrkja líkamskraftana um leið og andlegri sjóndeildarhringurinn er stækkaður.

Við getum sýnt það, og sýnt að það er bráðlifandi. Komið og sjáið!.

H. Pétursson.

Til L. Th.

(Sbr. Þorrablótskvæðið)

Hvað er það, er sést á síðu
sagnalesturs, hvítu speldi?
Er það roði eldsumbrota
eða máni á jökulfeldi?
Sumir meina að sé hér kominn,
sveipaður skrúði röðulhalla,
og af blundi endurvakinn
itur-skáldið Möðruvalla. *)

Austan af Ísaláði
upprunnin hvað oss sumna,
ómar og ljómar lýðum
listfengi í snildargengi. —
Hvaðan er röðull runninn?
rekkar með hyggju þekka
spyrji, en spurning svarar
spjaldahrund, ljóðum bundin. **

M. E.

*) Bjarni Thorarensen.
**) Ljóðabók Bjarna Thorarensens. (Bjarni var afi L.Th.).

Árið 1906,

þegar stúkurnar Hekla og Skuld réðust í að byggja hið veglega Goodtemplarahús, þá varð þeim það strax ljóst, að þar mundu ekki geta komið því í framkvæmd, nema að leita samskota hjá fólkinu. Svo var kosin tíu manna nefnd í hverri stúku til að safna fénu, — og hóparnir lögðu af stað.

Nefndin frá stúkunni Heklu hafði komið sér saman um, að fara sem minst út fyrir stúkuna; skemtilegast og bezt viðeigandi, að dollurunum væri sem mest safnað hjá meðlimunum sjálfum. En þeir fáu af utanfélagsfólki, sem nefndin fór til, tóku nefndanni mæta-vel og studdu samskotin drengilega með gjöfum sínum.

Samskotunum hefir verið haldið áfram á hverju ári síðan þau voru fyrst byrjuð, þar til nú, að við í Heklu vonum, að samskotunum geti verið lokið. Í tilefni af því hafa allir gjaldalistarnir verið gerðir upp, og voru lesnir á síðasta Heklufundi, og sýna þeir, að þessum upphæðum hefir nefndin tekið á móti: —

Ágóði af samkomum, sem haldnar voru beinlínis fyrir byggingarsjóðinn .... $ 505.33
Gjafir frá meðlimum stúkunnar 2966.50
Gjafir frá utanstúku fólki 368.60

Samtals $3840.43

Að ég set þessar tölur hér, er mest af því, að þess var áður getið í Hkr., í illkvittnisgrein, sem Mr. Sigtr. Ágústsson ritaði, að G. T. hefðu snýkt mest af gjöfunum til G. T. hússins hjá utanstúku fólki. Þessar tölur hrekja þá staðhæfing algerlega, hvað stúkuna Heklu snertir.

Einnig er vert að geta þess, að fyrir utan það, sem hér er talið, þá tóku nokkrar systur úr stúkunni Heklu og keyptu níu hundruð dollara pianó, og gáfu húsinu það, og þó þær söfnuðu fyrir það með samkomum og ýmsu fleiru, þá er það víst, að stærri helminginn af borguninni tóku þær úr sínum eigin vösum. Þær gerðu sannarlega vel.

Að endinu er mér ljúft að geta þess, að stúkan Hekla er innilega þakklát öllum þeim, sem styrktu hana með fjárframlögum til þessa fyrirtækis.

Guð launi þeim öllum hjálpina!

B. M. LONG.

Fréttabréf.

HNAUSA, MAN.
22. febr. 1911.

Ritstjóri Heimskringlu.

Ég sleppi formála fyrir þessu bréfi. Finst hann ekki eiga við.

Það eru aðallega þrjú máleíni, sem hugir manna hér nú snúast um, end á eru það engin smámál, og sum þeirra meina hvorki meira eða minna en líf eða dauða fyrir þetta bygðarlag í framtíðinni. Það er fiskiveiðamál, járnbrautarmál og telefónmál. Þau hafa öll reynst erfið viðfangs. Fiskiveiðamálum er þannig varið, að útlit er fyrir, að enn í langa tíð sýnist sitt hverjum; óvíst enn, hvort fiskifélögin fái leyfi til að veiða í vatninu næsta sumar, og engin von um að frystihúsa eigendur fái að taka fisk næsta sumar til að verzla með, þó mörgum sýnist sanngirni mæla með því, sé fiskifélögunum veitt sumar-veiðileyfi. Í þessu efni vaða menn hér í villu og svíma, sem stendur.

Líkt er að segja um járbrautarmálið. Flestum sýnist heppilegra, að fá C.P.R. brautina framlengda frá Gimli til Riverton, heldur en C.N.R. frá Gross Isle, en allir eru sammála um, að annaðhvort sé bráðnauðsynlegt og taka með þökkum hverja leiðina, sem farin verður, en — fjöldinn óttast drátt á framkvamdunum, sem von er, því hann hefir svo oft orðið fyrir vonbrigðum, og býður nú með mikilli óþreyju eftir úrslitum málsins.

Ég fyrir mitt leyti er vongóður um fljótan og heppilegan sigur; það hefir oftast gengið í gegn, sem Roblin stjórnin hefir viljað og unnið að, og það þó um meira væri að ræða en þennan brautarstúf, enda voru undirtektir hennar hinar beztu, þegar nefndin bar áetta mál fyrir hana 11. og 12. þessa mánaðar.

Telefón málinu er nú ráðið til lykta þannig, að loforð er fengið fyrir, að lína verði lögð hér um áður en þetta ár er liðið, svo þá virðist ekki annað eftir en taka drengilega móti henni með fjölda áskrifenda.

Sem stendur eru hér mestu vandræði með að koma vetrarveiddum fiski á markaðinn. Snjóþyngsli eru svo mikil, að brautir eru nær ófærar fyrir þung og stór aki, alla leið lengst norðan af vatninu. Þrir snjóplógar hafa verið smíðaðir í þessum mánuði (áður óþektir hér). Þeir hafa orðið að nokkru liði en ekki fullnægt þörfinni, verða að eins brúkaðir á vatninu, og þurfa vanalega 2—4 'team' við hvern þeirra. Fiskisölusamningstími er útrunninn hjá mörgum í þetta sinn, og bartingur sagður 'fallinn' í verði, og litið útlit fyrir, að allur fiskur af vatninu náist inn áfyrir 15. næstkomandi mánaðar, þó verð haldist á honum til þess tíma, sem vandséð er að verði. Verðin hefir orðið í meðallagi að vöxtunum, en hvítfiskur, og þó einkum pikkur með minna móti. — Í fáum orðum: vetur þessi hefir verið hinn erfiðasti, hvað atvinnu af veiðiskap snertir.

Heilsufar hefir mátt gott heita, nema hvað nú gengur víða kvefvei í og snertur af inflúenzu.

Tíðarfar hefir skifst þannig þessa tvo mánuði, sem eru af árinu, að í janúar hafa verið uppihaldslausar fannkomur og frosthörkur, en í febrúar sífelt blíðviðri.

Líðan manna yfirleitt í góðu lagi.

Gott þykir okkur löndum ykkar að sjá það, að ykkur íslenzku þingmönnunum er ætlað talsvert að starfa á yfirstandandi þingi. — Það lítur út fyrir, að þið Mr. Johnson ætlið að hafa fullar hendur af verkefni yfir þingtímann.

O. G. A.

ISLENZKAR BÆKUR

Ég undirritaður hefi til sölu nálega allar íslenzkar bækur, sem til eru á markaðinum, og verð að hitta að Mary Hill P.O., Man. — Sendið pantanir eða finnið.

Niels E. Hallson.

JÓN JÓNSSON, járnsmiður, að 790 Notre Dame Ave. (horni Toronto St.) gerir við alls konar katla, könnur, potta og pönnur fyrir konur, og brýnir hnífa og skerpir sagir fyrir karlmenn. — Alt vel af hendi leyst fyrir lítla borgun.

PIANO

KJARAKAUPASALA

Fást frá $25 til $75

Við að athuga vörugeymslu hús vort höfum við fundið fáin square Pianos, sem við verðum að selja áður en vikan er úti. Þessi piano kostuðu upprunalega $450,00 og þar yfir. Sérfræðingar vorir munu hafa þau í hinu bezta standi, og verðið er aðeins $25 til $75. — Aðeins fimm eru til. Gleymið því ekki, og komið sem fyrst.

J. J. H. McLean & Co LIMITED

Cor. Portage Ave. & Hargrave
Phone Main 808.

Fréttir úr bœnum.

Dr. G. J. Gíslason, frá Grand Forks, N. Dak., sem er á ferð um Evrópu um þessar mundir, hefir neðið Hkr. að geta þess, að hann verði kominn heim til GrandForks og reiðubúinn að taka við sjúklingum um miðjan april nk. Dr. Gíslason hefir ferðast um England, Þýzkaland, Danmörk og Austurriki, og kynt sér nýtízku lækningastofnanir og sjúkrahús í öllum þessum löndum. Í Kaupmannahöfn fanst honum mest til um lækningastofnun Niels sál. Finsens. Dr. Gíslason hefir lengst dvalið í Vínarborg í Austurríki á þessari ferð sinni, og kynt sér þar hinar nýjustu framfarir læknisvísindanna.

Árni Kristínnsson, kaupmaður frá Elfros, Sask., var hér á ferð í verzlunarerindum um síðustu helgi. Hann lét hið bezta af hagsældum landa þar vestur frá.

Þeir herra Friðrik, Jón og Jóhann Abrahamssynir, frá Pipestone nýlendu, ásamt konu Friðriks og Aðalbjörgu frænku þeirra bræðra, komu hingað til borgarinnar á föstudag í sl. viku til að vera við jarðarför bróður þeirra, Kristjáns, sem andaðist hér í borg; og getið var um í síðasta blaði. — Þeir bræður héldu heimleiðis aftur á þriðjudaginn var.

Gísli Thorgrimsson, gagnfræðingur, frá Rolla, N. Dak., sem dvalið hefir hér í borginni tvær undanfarnar vikur, hélt heimleiðis á þriðjudaginn var. Hann stundar málaraiðn í Rolla.

Þann 3. þ.m. lést hér á spitalanum Einar Jónsson Vestdal, frá Wynyard, Sask., úr lungnabólgu, eftir 9 daga legu. 29 ára gamall (fæddur 7. júli 1881). Maður þessi, sem var með allra gervilegustu Íslendingum vestan hafs, stundaði nám á verzlunarskóla hér í bænum þenzan vetur, en fékk kvef og upp úr því lungnabólgu. En þann sjúkdóm hafði hann fengið tvisvar áður. — Herra Jón Vestdal, faðir hins látna, kom hingað að vestan með dóttur sina þann 1. þ.m., — strax og hann hafði frétt um sjúkleik sonar sins. — Likið var flutt vestur til Wynyard á mánudaginn var.

Látinn er 22. febr. þ.á. Oddur Jónsson, að Mountain í Norður Dakota, eftir langa legu, úr brjóstveiki. Var um sextugt. Um ætt hans og fæðingarstað höfum vér ekki getað fengið neinar upplýsingar. En hann var uppalinn í Fljótsdalshéraði á Íslandi. Var búinn að vera yfir 20 ár í Ameriku. Ekkja hans, sem lifir hann, heitir Rósamunda Jónsdóttir. — Oddur heit, var jarðaður af sr. L. Thorarensen 25. febr. að Eyford.

Nemendur Jónasar söngfræðiskennara Pálssonar, halda RECITAL í Goodtemplarahúsinu mánudaginn 20. þ.m. Landar ættu að fjölmenna þangað, því skemtun verður eflaust hin bezta, eins og með undanfarandi RECITALS sem nemendur Mr. Pálssonar hafa haldið.

Í Brandon voru á föstudaginn var gefin saman í hjónaband, af Rev. Laidlow, stórbóndinn Ólafur Ólafsson, frá Caron P.O., Sask., og ungfrú Elin Egilsson, frá Brandon. — Að brúðkaupinu loknu héldu nýgiftu hjónin til Chicago og ætla að eyða hveitibrauðsdögunum þar, en halda svo til Caron, sem verður framtíðarheimili þeirra — Hkr. óskar brúðhjónunum allrar blessunar.

Meðlimir Ísl. Conservative Club ættu að fjölmenna á Pedro kappspilið, sem háð verður milli þeirra og Liberal klúbbsins á föstudagskveldið kemur. Þetta er þriðja og síðasta kappspilið á þessum vetri, og á því veltur, hvor klúbburinn ber sigur af hólmi. Allir meðlimir beggja klúbbanna velkomnir.

Thorsteinn Goodman og Kristján P. Bjarnason, frá Lillesve P.O., Man., komu hingað til bæjarins á þriðjudaginn var. Þeir höfðu báðir stundað fiskiveiðar við Manitobavatn, og létu fremur dræmt af fisoiafla. Snjóþyngsli kváðu þeir að hefðu verið mikil og örðugt aðdráttar.

Afráðið er, að byggingarfélagið Carter, Halls & Aldinger, hér í borgunni, byggi hinn nýja landbúnaðarskóla fylkisins, að St. Vital, fyrir $229,000. Tilboð þessa félags var lægst af hinum mörgu tilboðum, sem stjórninni bárust. Svefnhús fyrir 400 nemendur, sem kosta á $50.000, verður veitt öðru byggingafélagi til smíðunar innan fárra daga.

Menningarfélagsfundur

Næsti Menningarfélagsfundur verður haldinn á FIMTUDAGSKVELDID 9. þ.m. í Únitarakirkjunni. Á þeim fundi verður erindi flutt af séra Albert E. Kristjánssyni frá Gimli. — Allir velkomnir. — Menn eru beðnir að athuga, að hér eftir í vetur verða fundir félagsins haldnir annan og fjórða fimtudag í hverjum mánuði.

Við viljum leiða athygli landa að auglýsingu "Canadian Stamp Co." hér í blaðinu. Félag þetta er nýtekið til starfa, og aðalmaðurinn í því er Íslendingur, Sigtryggur O. Bjerring, sem frá barnæsku hefir starfað að stimplagerð hér í borginni. Félag hans verzlar með allskyns 'rubber' og stál stimpla, brennimerki og signet og ýmislegt þess kyns. Við mælum hið bezta með, að þeir, sem þarfnast þessara hluta, panti þá frá félagi hr. Bjerrings.

Piano kensla.

Hérmeð tilkynnist að ég undirskrifuð tek að mér, frá þessum tíma, að kenna að spila á Piano. Kenslustofa mín er að 727 Sherbrooke St. Kenslu skilmálar aðgengilegir. Talsími Garry 2414.

Sigrún M. Baldwinson

Stúdentafélagsfundur

Aðalfundur Stúdentafélagsins var haldinn í fundarsal Únitara, á horni Sargent og Sherbrooke stræta, laugardagskveldið 4. marz. Kosning embættismanna fyrir næsta ár fór fram, og hlutu þessi kosningu í stjórnarnefnd:

Heiðursforseti: Dr. B. J. Brandson (endurk. í einu hljóði).
Forseti: Hallgrimur Jónsson.
Varaforseti: Margrét Paulson.
Annar varaforseti Emma Jóhannesson.
Skrifari: Sveinn Björnsson.
Féhirðir: Jón Árnason (endurk.)

Í ritnefnd fyrir blað félagsins hlutu þessir kosningu: —

Ritstjóri: Sveinn Björnsson.
Meðnefndarmenn: Miss Martha Kristjánsson, Kristján J. Ó. Austmann, Miss Anna Hannesson og Magnús Kelly.
'Business Manager': Guðm. Guðmundsson.
Aðstoðar 'Business Manager': Guðm. Axford.

Næstkomandi mánudag (13. þ.m.) og fimtudag (16. þ.m.) verður frumsaminn leikur sýndur í Goodtemplarahúsinu. Leikurinn heitir: "Litli kofinn á Nesi", og er vesturíslenzkt efni, sem hann hefir að færa. Hr. Ólafur Eggertsson hefir stjórnað æfingum og leikur sjálfur aðalhlutverkið, og það eitt ætti Winnipeg Íslendingum að vera nóg til að vera þess fullvissir, að eitthvað gott verði á boðstólum. — Meðleikarar Ólafs er valið fólk, að minsta kosti leikmeyjarnar — hvað friðleik snertir.

Í samskotalista Jóns Sigurðssonar í síðasta tbl. misprentaðist L. C. Einarsson frá Rolla; átti að vera: S. C. Emerson.

Misprentaðist í samskotalista Jóns Sigurðssonar í síðasta blaði: Miss A. Egilsson, Brandon, átti að vera: Mrs. A. Egilsson.

Pedro kappspil

fer fram milli Conservativa og Liberala klúbbsins

Föstudaginn 10. marz

í neðrisal Goodtemplarahúsins. Hefst kl. 8. að kvöldi. Allir velkomnir sem í klúbbunum eru. Þetta verður "Champion" spilið og verður því hver klúbbur að herða sig sem mest,

KOMIÐ ALLIR OG KOMIÐ Í TÍMA

Til taflmanna.

Í kveld (fimtudag 9. marz) eru allir þeir, sem tilheyra Íslenzka Taflklúbbnum í Winnipeg, vinsamlega beðnir að koma saman í neðri sal Goodtemplarahússins kl. 8.

Á laugardagskveldið sl. var PIANO RECITAL haldið í Hall of Imperial Academy of Music af nemendum Dr. Horner, Messrs. O'Donnell, S. K. Hall, Mrs. Nicholls og Miss Johnstone. Þessi Recitals verða hér eftir haldin annan hvorn laugardag á sama stað.

Litli kofinn á Nesi,

sem verður leikinn í Goodtemplara salnum mánudagskv. kemur 13. þ. m. og fimtudagskv. 16. þ. m., er bæði gaman og alvarlegur leikur. Höfundur leiksins er hr. C. Johnston, sem nú heldur til í Chicago, en sem margir Winnipeg búar munu kannast við.

Leikurinn er í þremur þáttum og fer fram hér í W'peg 1. og 2. ágúst; er nútíðar leikur og íslenzkur í húð og hár. Þar er reynt að sýna það göfugasta og bezta, er íslenzka þjóðin — eða nokkur önnur þjóð — á til í eigu sinni: óbilandi löngun og viljakraft til að verða þjóð sinni til heiðurs og sóma.

Helgi málari (leikinn af Ólafi Eggertssyni) er hugsjónamaður mikill og draumgjarn. Málaralistin er hans uppáhald; að fullkomnast í þeirri list og að verða þjóð sinni til heiðurs, er hans markmið í lífinu. Hann talar litið en hugsar margt. Hefir óbifandi traust á framtíð mannanna, eins og sjá má á svari hans til Guðrúnar fóstursystur sinnar, í öðrum þætti: — "Eitt veit ég fyrir víst, frænka min, að hvað háar sem hugsjónir eins manns kunna að vera, ef sá hinn sami beinir öllum sinum lífs og sálar kröftum í áttina til þeirra, þá mun hann smátt og smátt þroskast og fullkomast unz hann nær takmarki sinu um síðir". En þegar ástarguðinn heimsækir hann eins og marga aðra draumgjarna menn, þá byrja kastalarnir að hrynja, draumarnir að hverfa. Hann verður að kjósa annaðhvort — þóru, blindu stúlkuna frá Nesi, er hann elskar, eða málverk sitt.

Guðrún, — hugprúð og skynsöm kona, máttarstoð Helga frænda sins meðan hann er að fullkomnast í list sinni. Hún heldur því fram, að ástin, sönn ást, eigi að ráða lögum og lofum í lífi manna, sem sjást má af því, sem hún segir við Helga í öðrum þætti: — "Hættu við drauma og málverk og gerðu hana, sem þú elskar, lukkulega með ást þinni og nytsamlegu starfi. ..... Ástin og skyldan haldast í hendur, þær hafa leitt þig að vegamótum. Nú verður þú að kjósa. Hvern veginn ætlarðu? — Annar vegurinn, með þóru við hlið þér, sýnist grýttur og þyrnum stráður. En mundu það, að rósir kærleikans og þyrnir skyldunnar gróa á sömu grein. Hinn vegurinn sýnist fagur, rósum stráð ur og bjartur, en þar eru ekki kærleikans eilífu blóm, því engin þóra gengur þar við hlið þér. — Hvorn veginn ætlarðu að ganga?"

Guðrún er leikin af Mrs. P. Jóhannsson, er margir munu kannast við frá fyrri árum, sem Jenny Johnson, þegar hún var álitin sú bezta leikkona í þessum bæ. Og er það gleðiefni fyrir þá, er kunna að meta þá vel er leikið, að hún hefir gert kost á sér í þetta sinn.

Hannes 'baslari' frá Dakota — í skemtitúr hér norðurfrá — sem segist hafa lifað alt of lengi eins og svin, þegar hann mætir Guðrúnu, sem var leiksystir hans heima á Fróni, og sem ekki getur verið að bíða með trúlofun sína, — er leikinn af hr. B. Hallson. Og mega allir vera vissir um, að hér verður vel leikið.

Þóra — blinda stúlkan frá Nesi, sem talar í æsku með þekkingu gamalmennisins, af því að reynslan kom og kendi henni á æskuárum, — kendi henni að hugsa meir, að hugsa um grænu skógana, um margbreyttu grösin, um vatnið og fiskana, um steinana og skeljarnar á ströndinni, — að mála sér mynd ir í huganum af sólaruppkomunni og sólsetrinu, af tunglsljósi og vetrarnóttum, skrýddum óútmalanlegum stjörnuskrúða; ..... um alt þetta fór ég að hugsa, og fann þá, að sjáandi hafði ég aldrei hugs að, en hugsandi gat ég séð margt, sem hulið var áður, ... og nú segi ég að alt hlýtur að jafna sig, einhverssstaðar, einhverntíma, því guð er góður og réttlátur. — Þóra er leikin af Láru Halldórsson.

Foreldrar Þóru, Jón og Herdís, sem fluttu til Nýja Íslands fyrir 30 árum og koma nú til Winnipeg að leita augnalæknis fyrir dóttur sina — eru leikin af Miss M. Kristjánsson og Mr. Þ. Axfeld.

Brandur, unnusti Þóru, sem vfirgefur alt nema samvizku sina, er leikinn af Sig. Bjarnasyni.

Björg, vinnukona hjá Guðrúnu, sem vill heldur vera karlmannslaus alla sina æfi, en að fara að dekra við þá með rósóttum skeggbollum og mátulega soðnum eggjum, verður leikin af Miss Huldu Laxdal.

Ekkert verður sparað til þess, að leikurinn verði skemtilegur og vel af hendi leystur. Alt verður sem íslenzkast í anda, íslenzkar myndir á veggjum og íslenzk lög sungin og spiluð.

Mánudagskveldið verður kallað 'Stúdentakveld', því það kveld verður fólkið í "Litla kofanum á Nesi" heimsótt af Íslenzka Stúdentafélaginu, í einum hóp. Stúdentarnir koma til að skemta sér, — komið og skemtið ykkur með þeim.

Lesið auglýsinguna á öðrum stað í blaði þessu.

G. S. VAN HALLEN, Málaferzlumaður 418 McIntyre Block., Winnipeg. Talsími Main 5142

Nýjar bækur.

N. Ottenson, bóksali í River Park, hefir nýskeð fengið þessar bækur: —

Eldraunin 50c.
Vallyes sögur 55c.
Valdemar munkur 60c.
Kynlegur þjófur 55c.
Sagan af Pétri Pislarkrák 10c.
Sagan af fiskiskipinu $1.10.
Sagan af Starkaði Stórvirkssyni í bandi 50c, óbundin 35c.
Rimur af Sörla sterka — í bandi 40c, óbundin 30c.

Kennara vantar

fyrir Thor skóla No. 1430, sem hefir 2. eða 3. flokks kennaraleyfi. Kensla byrjar 1. april og varir til ársloka. Umsækjandi tiltaki mentastig og kaup og sendi umsókn til undirritaðs fyrir 20. marz 1911.

Brú P.O., Man.
EDVALD ÓLAFSSON,
9-3 Sec'y-Treas.

Kennara vantar

fyrir WALLHALLA S.D.No. 2062. Kenslutími sjö (7) mánuðir (almanaksmánuðir), með tveggja vikna skólafrii. Byrjar 20. april næstk. Umsækendur tilgreini mentastig gildandi í Saskatchewan og æfingu sem kennari, einnig kaup, sem óskað er eftir. Tilboðum veitt móttaka til 15. marz. — Óskað eftir, að umsækjandi sé fær um, að leiðbeina börnum í söng.

Magnús J. Borgford,
2-3 Sec'y-Treas.
Holar, Sask.

Kennara vantar

við Diana skólann, No.1355 (Manitoba), í 8 mánuði, frá 1. april til 1. desember. Gott kaup borgað (mánaðarlega, ef óskað er). Umsækjendur sendi tilboð fyrir 15. marz og nefni kennarastig og æfing kenslu og kaup.

Magnus Tait, skrif-féh.
Box 145, Antler P.O., Sask.
9-3-11.

Th. JOHNSON

JEWELER

286 Main St. Sími M. 6606

Dr. G. J. Gíslason,

Physician and Surgeon

18 South 3rd Str., Grand Forks, N.Dak

Athygli sett AUGNA, EYRNA og KVERKA SJÚKDÓMUM ASAMT INNVORTIS SJÚKDÓMUM og UPPSKURÐI. —

Dr. J. A. Johnson

PHYSICIAN and SURGEON

HENSEL, N. D.

"KVISTIR"

kvæði eftir Sig. Júl. Jóhannesson, til sölu hjá öllum íslenzkum bóksölum vestanhafs

Verð: $1.00

TILBOÐ.

Við undirskrifaðir tökum að okkur alla grjótvinnu, sem við getum af hendi leyst eins fljótt og vel og nokkur getur gert. Við seljum grunn undir hús, hlöðum kjallara, steypum vatnskerald og gangstéttir, gerum steinsteypu í fjós, o.fl.

Jacob Frimann
Hergr. Hallgrimson
Gardar, N. Dak.

Þegar þér þurfið að kaupa

Gott smjör

Ný egg

og annað matarkyns til heimilisins, þá farið til

YULES PRODUCE STORE

941 Notre Dame St.
Prices always reasonable

Ég tek saumavinnu.

Ég undirrituð tilkynni hérmeð að ég geri alskyns kjólasaum og aðgerðir og breytingar á kjólum. Verk-stæði 729 Sherbrooke St. yfir Heimskringlu.

Guðríður Sigurdson,

J. J. BILDFELL
FASTEIGNASALI
Union Bank 5th Floor No. 520
Selur hús og lóðir, og annast þar að lútandi. Útvegar peningalán o. fl.
Phone Main 2685

A. Segall

(áður hjá Eaton félaginu).

Besti kvennfata Skraddari

Loðskinna fötum veitt sérstakt athygli.

Hreinsar, Pressar Gerir við.

Fjórir (4) allatnaðir hreinsaðir og pressaðir, samkvæmt samningum, hvort heldur er karlmanna eða kvenfatnaður, fyrir aðeins $2.00 á mánuði.

Horni Sargent og Sherbrooke

Hannyrðir.

Undirrituð veitir tilsögn í alls kyns hannyrðum gegn sanngjarnri borgun. Starfsstofa: Room 312 Kennedy Bldg., Portage Av., gegnt Eaton búðinni. Phone: Main 7723.

GERDA HALDORSON.

Saumið Hnappa

og Krókapör á allan fatnað yðar.

í yðar eigin Saumavél.

Þetta getir þér gert mjög fljóttlega með því að tengja þetta litla og handhæga verkfæri á vélina.

The "HOLDAWAY BUTTNSEWER"

sauma hnappa og krókapör á alkyns fataefni fljótt og traustlega, það má tengja verkfærið við hvaða saumavél sem er. Sauma hnappa með 2 eða 4 augum, hindur hvert spor, hnappar og krókapör haldast á meðan spjörin endist. Börn geta saumað með því.

Gert úr bezta stáli, silfrað. Verð $5.00 sent póst borgað með nákvæmu tilsögn og 5 ára ábyrgð að það saumi eins og lýst er, og að vér endurnýjum hvern þann part, sem eyðist eða brotnar á því tímabili. Peningum skilað aftur ef ekki reynist nákvæmlega eins og vér segjum það, og algerlega fullnægjandi.

HÚSMÆÐUR OG SAUMAKONUR mega ekki vera án "Holdaway" hnappasaumarans, hann vinur 20 kvenna verk og svo nettlega og vel að enginn handsaumur jafnast við það.

Umboðsmenn óskast í bygðum Íslendinga. Verkfærið er útgengilegt. Skrifið oss um söluskilmála.

K. K. ALBERT, 708 McArthur Bldg.
WINNIPEG, MAN.

PANTIÐ HÉR.
K. K. ALBERT, 708 McArthur Bldg. Winnipeg, Man.
Saumavél mín er (segið nafn smiðsins)
Hún er No ..... (segið númer hennar)
Sendið mér "Holdaway Buttnsewer" fyrir hér innlagða $5.00
Nafn .....
Stræti og húsnúmer .....
Bær..... Fylki .....

Sveinbjörn Árnason

Fasteignasali.

Selur hús og lóðir, eldsábyrgðir, og lánar peninga. Skrifstofa: 310 McIntyre Blk.

office TALSÍMI 4700. hús Tal. Sherb. 2018

BONNAR, TRUEMAN & THORNBURN,

LÖGFRÆÐINGAR.

Suite 5-7 Nanton Blk. Main 766
Winnipeg, Man. P.O.BOX 223

Anderson & Garland,

LÖGFRÆÐINGAR

35 Merchants Bank Building
PHONE: MAIN 1561.

HANNES MARINO HANNESON

(Hubbard & Hanneson)

LÖGFRÆÐINGAR

10 Bank of Hamilton Bldg. WINNIPEG
P.O. Box 781 Phone Main 378 " " 3142

Gísli Goodman

TINSMIÐUR.

VERKSTÆÐI;
Cor. Toronto & Notre Dame.
Phone Garry 2988 :: Heimilis Garry 899

WINNIPEG ANDATRÚAR KIRKJAN
horni Lipton og Sargent.

Sunnudagasamkomur, kl. 7 að kveldi. Andartrúarspeki þá útskýrð. Allir velkomnir.

Fimtudagasamkomur kl. 8 að kveldi, huldar gátur ráðnar. Kl. 7,30 segul-lækningar.

W. R. FOWLER A. PIERCY.

Royal Optical Co.

307 Portage Ave. Talsími 7286.

Allar nútíðar aðferðir eru notaðar við augn-skoðun hjá þeim, þar með hin nýja aðferð, Skugga-skoðun, sem gjöreyðir öllum ágiskunum. —

Gripa eyrnahnappar

[Gerðir úr aluminium]

Með nafni ykkar og póthúsi. Skrifið á íslenzku og biðjið okkur að senda ykkur einn til sýnis með nafninu ykkar á.

Við höfum til alskonar stimpla.

CANADIAN STAMP COMPANY
Tribune Bldg.
P. O. Box 2235 WINNIPEG

MARTYN F. SMITH,
TANNLÆKNIR.
Fairbairn Blk. Cor Main & Selkirk.
Sérfræðingur í Gullfyllingu og öllum aðgerðum og tilbún aði Tanna. Tennur dregnar án sársauka. Engin veiki á eftir eða gómbólga. —
Stofan opin kl. 7 til 9 á kveldin
Office Phone Main 6944. Heimilis Phone Main 5462

Sherwin - Williams
PAINT
fyrir alskonar húsmálningu.
Prýðingar-tími nálgast nú. Dálftið af Sherwin-Williams húsmáli getur prýtt húsið yðar utan og innan. — Brúkið ekker annað mál en þetta. — S.-W. húsmálið málar mest, endist lengur, og er áferðarfegurra en nokkurt annað hús mál sem búið er til. — Komið inn og skoðið litarspjaldið. —
Cameron & Carscadden
QUALITY HARDWARE
Wynyard, - Sask.

JIMMY'S HOTEL
BEZTU VÍN OG VINDLAR.
VÍNVEITARI T.H.FRASER.
ÍSLENDINGUR. : : : : :
James Thorpe, Eigandi

MARKET HOTEL
146 Princess St.
á móti markaðnum
P. O'CONNELL, eigandi, WINNIPEG
Beztu tegundir af vínföngum og vind um, aðhlynning góð, húsið endurbætt

Woodbine Hotel
466 MAIN ST.
Stærsta Billiard Hall í Norðvesturlandinu
Tíu Pool-borð.—Alskonar vín og vindlar
Gisting og fæði: $1.00 á dag og þar yfir
Lennon & Hebb,
Eigendur.

JOHN DUFF
PLUMBER, GAS AND STEAM FITTER
Alt verk vel vandað, og verðið rétt
664 Notre Dame Av. Phone Garry 2568
WINNIPEG

A. S. ÞORBERT'S
RAKARASTOFA
Er í Jimmy's Hótel. Besta verk. ágæt verkfæri; Rakstur 15c en Hárskurður 25c. — Óskar viðskifta Íslendinga. —

A. S. BARDAL
Selur líkkistur og annast um útfarir. Allur útbúnaður sá besti. Enfremur selur hann alskonar minnisvarða og legsteina.
121 Nena St. Phone Garry 2152

DAIN

Margrét Aradóttir Akranes.

Hún var fædd 27. marz 1850 í Guðrúnarkoti á Akranesi; foreldrar hennar voru: Ari, sonur Jóns hreppstjóra í Guðrúnarkoti Arasonar; móðir hennar var Margrét Brynjúlfsdóttir, systir Brynjólfs föður Bjarna Dannebrogsmanns á Litlateig á Akranesi.

Árið 1882 giftist Margrét sál. eftirlifandi manni sínum, Oddi Guðmundssyni, sem kennir sig við Akraness síðan hann kom til Canada). Árið 1883 ól hún sveinbarn andvana og misti þá heilsuna og fékk hana aldrei aftur; var henni leitað bata á kgl. sjúkrahúsinu í Edinborg á Skotlandi; í tvö skifti var hún á sjúkrahúsinu í Reykjavík og einu sinni á Almenna sjúkrahúsinu í Winnipeg; mátti heita hún væri stöðugt undir læknishendi síðustu 28 ár æfi sinnar, þó alt reyndist árangurslaust, og andaðist hún 5. janúar 5911, á heimili Mr. og Mrs. Guðm. E. Sólmundsson frænda sins, hótel eiganda á Gimli, sem reyndust henni sem beztu foreldrar barni sínu.

Árið 1888 fluttist Margrét sál. til Canada — Oddur fór vestur árið áður til að útsjá bústað — og fluttu strax til Nýja Íslands nefndu bústað sinn Bjarmaland, það er skamt suður af Hnausa P.O., við vatnið.

Margrét sál. var gædd óvanalega miklum mannkostum, en það, sem, sérstaklega einkendi hana var það, að hún gat ekki, undir neinum kringumstæðum, vitað menn eða málleysingja eiga við veikindi eða aðra erfiðleika að stríða, hún var svo brjóstgóð; hjálpaði hún því mörgum og gegndi oft ljósmóður störfum.

Hún var jarðsungin af séra Jóhanni Bjarnasyni og grafin í lúterska grafreitnum á Gimli 11. jan. síðastl., við hlið litlu nöfnu sinnar, dóttur fósturdóttur sinnar.

Margrétar sál. er sárt saknað og minning hennar blessuð.

Vinur.

Úr bréfi

Big River, Sask., 13. febr. 1911.

Big River er bær, 96 milur norður af Prince Albert, og var járnbrautin fullgerð þangað sl. sumar. Þrjátíu milur norður af Prince Albert er bærinn Bhell Brook, og er það eini bærinn á þessum 26 milna járnbrautarspotta, og er það að eins smábær, en með fram allri brautinnni á sex og tólf milna millibili eru 'cord wood' og 'tie camps'. Járnbrautarlest gengur einu sinni á viku til Big River, og er þar góð vagnstöð.

En 'The Big River Lumber Co' á bæinn sjálfan með öllum rétti, og er bæjarstæðið ein ferhyrningsmíla. Félagið á landið og allan skóg og eflaust loft og geiminn þar fyrir ofan, að minsta kosti jafnhátt trjátoppunum. En nú eru öll þau tré fallin, sem innan þessara vébanda voru. Þar er nú verið að byggja sögunarmillu, sem sagt er að verði sú þriðja í röðinni að stærð og fullkomnua í Canada. Og kostar hún þrjár miliónir dollars. Hún á að taka til starfa í maímánuði, og saga hálfa miliónfeta af borðvið á dag. Smámilla hefir starfað meira enn ár að saga og hefla við í þessa stóru millu og aðrar byggingar, sem félagið hefir bygt, — en í þessum bæ má enginn annar byggja. Félagið hefir bygt stórt matsöluhús, og hafa þar sæti 200 manns í einu, og á svo að byggja annað með vorinu. Búð er þar, sem verzlar með 'allslags', svo og pósthús og hospital og er þar læknir, tvær hjúkrunarkonur og einn hjúkrunarmaður. — Líka er þar kjötmarkaður. Ekki hefir skóli verið bygður enn, en stendur til samt. En mörg hús eru þar komin upp, sem vinnumenn félagsins fá til leigu. Engin er þar kirkja, og eiga menn víst að sjá sjálfir um að byggja þær. En þrir eru prestar þar nú starfandi, bæði á meðal bæjarbúa og þeirra, er vinna í nærliggjandi 'camps', og hefir félagið fimm 'camps' og munu vera um hundrað manns í hverjum; en í bænum sjálfum mun vera 4 til 5 hundruð manns. Þar er engin lögregla og ekkert vínsöluleyfi, en samt mun koma fyrir, að menn verði þar góðglaðir.

Til Big River hefir allur fiskur verið fluttur í vetur, en þaðan fluttur með járnbraut, sem veiddur hefir verið í Stony Lake, Dore Lake og Lake Isle a la Cross.

Tveir Íslendingar hafa haft fiskiútveg á vötnunum Stony og Dore sem sé þeir Jóhann Stephanson og Eiríku Helgason. Eiríkur er með þrjá menn á Dore Lake og Jóhann hefir þar þrjá, en sjálfur er hann við Stony Lake með 4 menn, og er þetta annar veturinn, sem fiskað er í því vatni. Það hefir fiskast mun betur þar í vetur en í fyrra. En að öllum líkindum fæst ekki leyfi til að fiska þar framvegis, því vatnið er lítið, og að eins fá leyfi veitt í vetur.

Enn Dore Lake er stórt vatn og veit enginn um stærð þess eða lögun með vissu, því það hefir aldrei verið mælt. Það er um 72 milur norður af Big River P.O., og hefir gengið fremur erfitt að fá fiskinn fluttan þessa leið, mest vegna kuldans, sem var í janúar. Það munu hafa verið nær 40 manns sem fiskuðu í Dore Lake í vetur.

Tíðin var hér inndæl fram að jólum, en milli jóla og nýárs fór að kólna, og frá nýári til á. febr. mátti heita, að ekki kæmi góður dagur. Frost steig stundum 65 st. fyrir neðan zero, en samt unnu fiskimenn jafnt á vatninu þá daga og flutningsmenn héldu áfram ferðum sínum. Einstaka kól á hendur og fætur, en ekki til stórskaða, en andlit sást varla öðruvísi en með frostmerkjum. Flutningshrossin virtust þola ver en mennirnir. — Með 6. febrúar breyttist til batnaðar, og hefir síðan verið hverjum deginum betra veður.

Sendið Heimskringlu til vina yðar á Íslandi.

Upp með fánann!

(Fáein orð um jafnrétti kvenna)

Sérhver maður, sem að fæðist,
sannarlega á sér móðir,
sjálfsögð skylda er því allra
ávalt reynast henni góðir.

Hver einn sonur sem vill heita,
sannur maður, drengur góður,
heldur uppi heiðri og sóma,
hjálpar glaður sinni móður.

Er ei konan okkar móðir?
Eða hvað? þá skil ég eigi.
Er það samkvæmt eðli mannsins
að hún réttlaus falla megi?

Því er ver, frá alda öðli
ávalt konan verið hefur
undirgefin ambátt mannsins, —
úr því bæta nauðsyn krefur.

Kona góð er gulli dýrri,
gimsteinn náttúrunnar mesti,
allar því hún undir græðir,
eyðir sorgum, bætir lesti.

Af því finst mér eðlilegast,
að hún hljóti jöfn réttindi
okkur við í öllum málum; —
ei hana skorta nein byggindi.

Upp með fánann!' Fram til starfa!!
Fylkjum okkur, drengir góðir!
Heilög skylda okkar allra
er að styrkja vora móðir!

Jóhannes H. Húnfjörð.

þakkarávarp.

Þess ber að geta, sem gert er.— Eg finn mér skylt, að votta opinbert þakklæti öllu bygðarfólki síðan ég og dóttir mín komum í bygð þess síðastliðið vor, — einkum og sér í lagi þegar ég misti manninn minn sl. október. Það var stórt skarð í litinn hóp. Þá tók bygðarfólkið sig til og hjálpaði okkur af mestu alúð og mannkærleika.

Þessara vil ég minnast: Mr. og Mrs. St. G. Stephánsson skáld, Mr. og Mrs. C. Christinnsson, Mr. og Mrs. J. Björnsson, Mr. og Mrs. K. Sigurðsson, Mr. og Mrs. G. Jóhannsson, Mr. og Mrs. G. S. Grímsson, Mr. og Mrs. G. Thorláksson, Mr. J. Sveinsson, Mr. J. Benediktsson, Mr. Á. Pálsson, Mr. J. P. Bardal, Mr. H. F. Christianson, Mr. S. K. Sigurdson, Mr. J. P. Hillman, og margir fleiri, sem yrði of margt upp að telja. Einnig kvenfélagið Vonin að Markerville, sem færði okkur að gjöf $80 sl. nóvember.

Öllu þessu kærleiksfólki vottum við okkar innilegasta hjartans þakklæti, og biðjum gjafarann allra góðra hluta, að borga því í ríkulegum mæli.

Einnig séra Pl. Hjálmssyni okkar innilegasta þakklæti fyrir þau vel völdu orð, bæði í kirkjunni og við gröfina, þegar hann jarðsöng manninn minn. Og öllu bygðarfólkinu, sem heiðruðu minningu hins látna með nærveru sinni.

Mrs. Guðfinna Christianson.
Miss Christiana Christianson
New Hill, Alberta, Can., 1911.

THE **DOMINION BANK**
HORNI NOTRE DAME AVENUE OG SHERBROOKE STREET
Höfuðstóll uppborgaður: $4,000,000.00
Varasjóður - - - $5,400,000.00
Vér óskum eftir viðskiftum verzlunar manna og ábyrgumst að gefa þeim fullnægju. Sparisjóðsdeild vor er sú stærsta sem nokkur banki hefir í borginni.
Íbúendur þessa hluta borgarinnar óska að skifta við stofnun sem þeir vita að er algerlega trygg. Nafn vort er fullrygging óhlutleika. Byrjið sparisjóðsinnlegg fyrir sjálfa yðar, konu yðar og börn.
Phone Garry 3450 Scott Barlow, Ráðsmaður.

Vitur maður er varkár með að drekka eingöngu HREINT ÖL. Þér getið jafna reitt yður á
DREWRY'S
REDWOOD LAGER
Það er léttur, freyðandi bjór, gerður eingöngu úr Malt og Hops. Biðjið ætíð um hann.
E. L. DREWRY, Manufacturer, Winnipeg

Með því að biðja sérstaklega um "T. L. CIGAR," þá ertu viss að fá ágætan vindil.
Smoke the T. L. CIGAR
T.L.
(UNION MADE)
Western Cigar Factory
Thomas Lee, eigandi Winnipeg

STRAX Í DAG er BEZT AÐ GERAST KAUPANDI AÐ HEIMSKRINGLU. — ÞAÐ ER EKKI SEINNA VÆNNA.

Manitoba á undan.

Manitoba hefir víðáttumikla vatnsfleti til uppgufunar og úrfellis. Þetta, hið nauðsynlegasta frjógunarskilyrði, er því trygt.

Ennþá eru 25 milión ekrur óbygðar.

Íbúatal fylkisins árið 1901 var 225,211, en er nú orðið um 500,000, sem má teljast ánægjuleg aukning. Árið 1901 var hveiti og hafra og bygg framleiðslan 90,367,085 bushela; á 5 árum hefir hún aukist upp í 129,475,943 bushel.

Winnipeg borg hafði árið 1901 42,240 íbúa, en hefir nú um 150,000; hefir nalega fjórfaldast á 8 árum. Skattskildar eignir Winnipegborgar árið 1901 voru $26,405,770, en árið 1908 voru þær orðnar $116,106,390. Höfðu meir en þrefaldast á 7 árum.

Flutningstæki eru óviðjafnanleg,— í einu orði sagt, eru í fremsta flokki nútíðartækja: Fjórar þverlandsbrautir liggja um fylkið, fullgerðar og í smíðum, og með miðstöðvar í Winnipeg. Í fylkinu eru nú nálega 4 þúsund milur af fullgerðum járnbrautum.

Manitoba hefir tekið meiri landbúnaðarlegum og efnalegum framförum en nokkurt annað land í heimi, og er þess vegna ákjósanlegasti aðsetursstaður fyrir alla, af því þetta fylki býður beztan arð af vinnu og fjárleggi.

Skrifið eftir upplýsingum til: —

JOS. HARTNEY, 77 York Street, Toronto, Ont.
JOS. BURKE, 178 Logan Avenue, Winnipeg, Man.
A. A. C. LaRIVIERE, 22 Alliance Bldg., Montreal, Quebec,
J. F. TENNANT, Gretna, Manitoba.

J. J. GOLDEN,
Deputy Minister af Agriculture and Immigration, Winnipeg.

"Aldrei. — Hann minnist ekki á það með einu orði. Þeir virðast olla honum mikils hugarangurs, því hann er oft hnugginn og hryggur".

"Hvað heitir faðir þinn?"

"Hann heitir Claus, en nágrannarnir kalla hann 'hinn vitra Claus', því hann er þeim sannarleg vefrétt. Þeir leita ráða hans í öllum efasömum og vandskildum efnum, og það er því næst að hann sé konungur þeirra. Sérðu öll þessi litlu hús? Þau hefir faðir minn bygt að mestu leyti fyrir sína eigin fjármuni. Ó, hann hefir gert mikið gott. Hann hefir einungis lifað til að gera þessa vesalings hjarðmenn gæfurika. Þess vegna elska þeir hann líka næst guði. Enda hefir enginn nábúakrítur eða glæpir átt sér stað hér í mörg ár. Þó faðir minn sé gamall, lætur hann alla unglinga þorpsins koma til sín á hverju kvuldi, og kennir þeim ýmsan nytsaman fróðleik, því pabbi kann alt. Hann segir þeim frá almætti guðs og miskunnsemi, og sækir dæmin í faðm náttúrunnar. Hann kennir þeim einnig margt annað, og þar eð hann er orðinn sjóndapur, hjálpa ég honum til að kenna börnunum að lesa og skrifa. Á hverju kvöldi koma allir íbúar þorpsins saman hjá kastaníutrjánum fyrir utan húsdyrnar hjá okkur, og þá segir pabbi þeim frá einhverju hugnæmarríku og fróðlegu. Síðan les hann bæn og kafla úr þeirri bók, sem hann kallar bók bókanna, nefnilega biblíuna; þá ættir þú að sjá hann með síða skeggið sitt og silfurgráa hárið, því pabbi er nærri sjötugur, skal ég segja þér".

"Stúlka", sagði Móritz hrifinn, "faðir þinn er eðallyndur maður, sannur postuli. — En hve lengi hafið þið búið í þessum dal?"

"Síðan ég man fyrst til mín. En foreldrar mömmu bjuggu austur í Engadindalnum fallega. Það var hjá þeim, sem faðir minn lá veikur og kynntist

mömmu, sem kvað hafa verið mjög fögur. Seinna fluttu þau hingað, þegar faðir minn keypti þessa litlu jörð, og nú hefir hann búið hér í mörg ár".

"Farið þið aldrei neitt að heiman?"

"Einu sinni á ári, um miðjan júnímánuð, förum við til héraðs þess í Tyrol, sem foreldrar móður minnar bjuggu í. Þau eru fyrir löngu dáin, en kofinn þeirra stendur enn á bakka Innfljótsins. Þar gengur pabbi upp á háan klett, til að flytja guði bæn sína, segir hann mér, en ég má aldrei fara þangað upp með honum; hann vill alt af vera einn. — Þaðan förum við til Innsbruck, til þess að kaupa bækur til alls ársins".

"Til að kaupa bækur?" spurði Móritz.

"Já, því föður mínum þykir svo gaman að lesa, og mér líka".

"Nú, hvaða bækur kaupið þið helzt?"

"Bæði þýzkar og svenskar, því faðir minn hefir samið við bóksala í Innsbruck, að útvega sér bækur frá Leipzig. Mörg kvöld hefi ég setið og lesið hátt fyrir föður minn rit ágætu skáldanna ykkar: Tegnér, Franzén, Kjellgren og Stagnelius. — Þú getur ekki ímyndað þér, hve heitt faðir minn elskar þau, og hve hrifin ég er af þeim".

"Það er merkilegt", sagði Móritz við sjálfan sig, "að hitta Tegnér og Stagnelius hjá hirðingjum í Bviss".

"Jæja, Marita", sagði hann hátt, "þegar þið eruð búin að kaupa bækurnar í Innsbruck, þá farið þið að líkindum heim?"

"Já", svaraði unga stúlkan. "Og þá, skal ég segja þér, eru þorpsbúar kátir. — Þeir binda saman blómsveiga og koma á móti okkur dansandi og syngjandi. Og þá verður pabbi ávalt að lesa fyrir þá eitthvað úr bókunum, sem við erum vön að lána þeim, þegar við erum búin að lesa þær. En nú er-

um víð komin heim. Þarna sérðu föður minn. Hann situr fremstur af fólkinu, sem þarna er saman-komið".

Þau stóðu við girðingardyrnar skamt frá húsinu. Móritz leit til stigaþrepsins, sem kastaníutrén vörpuðu skugga sínum á.

Það, sem mætti auga hans, vakti hjá honum virðingu, svo honum varð ósjálfrátt að taka ofan höfuðfatið.

Í hægindastól sat gamall maður fyrir neðan þrepstigann, andlit hans var blítt og gáfulegt, hárið hvitt og sömuleiðis skeggið, sem náði langt ofan á bringu. Ellin og ef til vill sorgin, höfðu gert djúpar hrukkur á enni hans, en blíðu, döpru augun hans lýstu því, að sál hans var í sátt við heiminn.

Öldungurinn hélt á biblíunni og las í henni fyrir fólkið, sem hafði hópað sig í kring um hann. Röddin var veik en glögg, og heyrðist af öllum, sem hlustuðu á hann hugfangnir.

Það var mynd af ráðvöndum föður í miðjum hóp barna sinna, sem nú blasti við augum Móritz.— mynd af guðspjallamanninum Jóhannesi mitt á meðal lærisveina sinna, sem eins og íbúar þessa dals, voru fátækir hjarðmenn og fiskimenn.

Móritz stóð við hliðina á Maritu, fjarst gamalmenninu, en heyrði þó hina skjálfandi rödd hans.

Hann var að lesa í 145. sálmi Davíðs.

"Drotinn er góður við alla og miskunnar sig yfir allar sínar skepnur". &

"Drottinn er réttlátur í öllum sínum leiðreiningum og heilagur í öllum sínum gerðum".

"Drottinn er nálægur öllum þeim, sem ákalla hann; öllum þeim, sem ákalla hann af alvöru".

"Hann gerir það, sem þeir guðhræddu biðja um, hann heyrir kall þeirra og hjálpar þeim".

"Hann varðveitir alla þá, sem elska hann, og mun hegna þeim óguðlegu".

Gamli maðurinn þagnaði og Móritz leit hugfangin til jarðar.

X.

Síðasti leikur forlaganna.

"Bænin er enduð, komdu", sagði Marita og tók í hendi Móritz.

Ungi maðurinn fylgdist með henni að þrepstiganum.

"Pabbi", sagði fjöruga stúlkan og fleygði sér í faðm öldungsins, "sjáðu, ég kem með gest til þín. Geturðu gizkað á, hvaðan hann er?"

Móritz heilsaði virðulega.

"Hann er frá Svíaríki, pabbi", sagði María kát. "Þaðan er landi, sem ég færi þér".

"Frá Svíaríki", sagði gamli maðurinn. "Ertu frá Svíaríki, ungi maður?"

"Já", svaraði Móritz á svensku, "og ég hefi heyrt að þúærir líka fæddur þar. Dóttir þín sagði mér það".

"Drottinn, ég er þér þakklátur", sagði öldungurinn og þrýsti unga manninum að brjósti sínu. "Þá fæ ég enn þá einu sinni að sjá mann frá því ástkæra landi. Ó, sonur minn, þú dvelur hjá mér nokkra daga, svo ég geti talað um Svíaríki við þig".

"Já, það vil ég gera", svaraði Móritz.

"Hvað heitirðu, ungi maður?"

"Móritz Sterner".

"Heitir þú Móritz?" sagði öldungurinn fjörlega.

Sími Íslands, sverð og skjöldur.

Gjafir til minnisvarða JÓNS SIGURÐSSONAR.

Frá BURNT LAKE, Alta.

E. S. Grimsson $1, SveinnGrimsson $1, Jóhann Sveinsson $1, Steinunn Sveinsson 50c, Sveinn Sveinsson 25c, Elis Sveinsson 25c, Jason Sveinsson 25c, Anna Sveinsson 10c Ingunn Sveinsson 10c, Guðrún Sveinsson 10c, Pálina Sveinsson 10c, Björg Sveinsson 10c, Emilia Sveinsson 10c, Oddur Sveinsson 10c, Lárunn Grimsson 25c, Ella I. Grimsson 50c, Dóra Grimsson 50c, S. Grimsson $1, Grímur Grimsson 25c, Július Grimsson 25c, Ísafold Grimsson 25c, F. K. Johnson 25c, Mrs. F. K. Johnson 25c, Ella L. Johnson 10c, C. Johnson 50c, Mrs. G. C. Johnson 50c, S. G. Johnson 25c, C. K. J. Johnson 25c, W. V. Johnson 25c, J. A. Johnson 25p.

Frá GLADSTONE, Man.

Ónefndur $1.

Frá MINNEOTA, Minn.

Sigurbjörn Christianson 25c, Runa Christianson 25c, AnnaKline 25c, Margaret Christianson 10c, Sigurður M. Askdal 50c, A. W. Johnson 20c, S. B. Eiríksson 50c, Nina Christianson 15c, J. B. Gislason $0, Mrs. Aðalbjörg Gislason $1, S M. S. Askdal $1, Mrs. Finna Askdal 50c, N. M. S. Askdal 25c, O. L. S. Askdal 10c, J. S. E. Askdal 10c.

Frá EDDLESTONE, Sask.

Waldimar Paulson 25c, Markús Guðnason 50c, Kuðrún Guðnason 50c, Kristjana E. Borgford 25c, J. K. Jónasson 50c, Jónina Borgford 25c, Elisabet S. Borgford 25c, Jóhannes P. Borgford 50c, Mrs. Walter Paulson 50c, Walter Paulson 25c, Paul Paulson 25c, Ellent Ólafsson 50c, Stefán Ólafsson 50c, Arndís Sigurðardóttir 50c, Ólafur Ólafsson 50c,

Frá HOLAR, Sask.

Sæmundur Guðmundsson Nordal 50c, Erlendur Guðmundsson $1.

Frá FOAM LAKE, Sask.

Jón Bjarnason 75c, L. B. Nordal 50c, Rósa Nordal 50c, Anna K. Nordal 15c, E. Davíðsson 50c, Jóhannes Davíðsson 25c, Jónína Davíðsson 25c, G. E. Eyford 25c, Mrs. G. G. Eyford 15c.

Frá HECLA, Man.

Eggert Thorðarson 10c, Helgi Eggertsson 10c, Sigurbjörn Eggertsson 10c, Helen A. P. Johnson 25c, Valdimar Dviðsson 10c, Mrs. Kristjana Hafliðason 15c, Mrs. Hildur Jónsson 25c, Mrs. G. V. Helgason 10c, Mrs. Arnfríður Thordarson 50c. Theodor Thordarson 50c, Th. Fjeldsted 50c, Anna M. Fjeldsted 25c, Helga A. Fjeldsted 25c, Jóhannes Halldórsson 50c, Mrs. Jóhannes Halldórsson 50c, Kristinn J. Doll 25c, Jón Hofmann 25c, Halldór Jóhannesson 10c, Jón Árnason $5, J. K. Guðjónsson $1, Krs. Kristin Örnólfsdóttir 25c, Ólafur Ólafsson 25c, Miss Sella M. Ólafsson 25c, Miss Ella S. Ólafsson 10c, Miss Ólöf J. Ólafsson 10c, Daniel S. Ólafsson 10c, Kristmundur Jónsson 50c, Mrs. Kristjana Jónsson 50c, Miss Guðbjörg Kristmundsdóttir 21c, Miss Lilja Kristmundsdóttir 10c, Valdimar Kristmundsson 10c, Miss Kristin Guðmundsdóttir 10c, Th. Jones 10c, Mrs. Valgerður Sigurðsson 25c, Gisli Guðmundsson 25c, Helgi Sigurðsson 50c, Helga Ásbjörnsson 25c, Mrs. Margrét Ásbjörnsson 10c, Miss Júliana Helgason 10c, Stefán Helgason 25c, Ólafur Helgason 25c, Mrs. Kristin Ó. Helgason 25c, Miss Ásta Ó. Helgason 10c, Guðmundur Guðmundsson 25c, Mrs. Guðrún Ólafsdóttir 25c, W. Guðmundsson 25c, Jens G. Johnson 25c, Mrs. J. G. Johnson 25c, Bessi Tómasson $1, Miss Friðný Benson 25c, Bessi Guðmundsson 20c, B. Stefánsson 50c, Mrs. B. Stefánsson 50c, Stanley H. Stefánsson 15c, Miss Stella M. Stefánsson 10c, Árni Johnson 50c, Jón Sigurgeirsson 50c, B. Kjartansson 25c, Jón Benediktsson 10c, W. Sigurgeirsson 50c, Helgi Vilhjálmsson 10c, Miss Emma Vilhjálmsdóttir 10c, Miss Guðrún G. Doll 25c, Eggert Sigurgeirsson 25c, Mrs. Ingibj. Jónsdóttir 25c, Haraldur Sigurgeirsson 25c, Jakobína Sigurgeirsson 25c, Gústaf Axel Vilhjálmsson 35c, Sigurður Kristmundsson 40c, Mrs. H. Tómasson 25c, Kr. H. Tómasson 50c, Jón Guðjónsson 25c, Mrs. Þuríður Þorleifsdóttir 25c, Páll S. Jakobsson 25c, Gestur Polson 25c, Th. Pálsson 10c, Thorleifur K. Thorlacius 25c, Mrs. V. J. Thorlacius 25c, Mrs. K. Jóhannsson, Geiri W. Sigurgeirsson 50c.

Frá BROWN, Man.

A. S. Gillis 50c, J. R. Gillis 35c, Ólafur Árnason 50c, Mrs. Ragnheiður Árnason 15c, Gisli Ólafsson 25c, Halldór Ólafsson 25c, Valdimar Ólafsson 25c Salóme Ólafsson 25c, Sigrður Ólafsson 10c, Ingimar Ólafsson 10c, Eggert Ólafsson 10c, Jóhannes Árnason 25c, Mrs. Sigríður Árnason 25c, Mr. og Mrs. J. S. Gillis $1, Oscar Gillis 15c, Rannveig Gillis 15c, Sigfús Gilis 10c, Sæunn Gillis 10c, Mr. og Mrs. Sigurjón Bergvinsson $1, Mrs. Her-Johnson 50c, Magnús Johnson 25c, Ingibjörg Johnson 10c, Mr. og Mrs Jónatan Líndal $1, Th. B. Líndal 25c, Jóhannes Húnford 25c, Th. J. Gislason $1 J. M. Gislason 25c, Mrs. Sæunn Gislason 25c, Oddný Gislason 50c, Jón Pálsson 25c.

Frá STONY HILL, Man.

Mr. og Mrs. Phillip Johnson 50c, Vilborg Thorsteinsdóttir 25c, Einar Thorleifsson 50c, Mr. og Mrs. G. Thorleifsson 50c, John Thorleifsson 25c, Mr. og Mrs. P. Thorsteinsson 50c, Mr. og Mrs. B. Sigurðsson 50c, Mrs. Kr. Jónasson 25c, B. F. Jónasson 15c, Miss Theodora Jónasson 25c, Daði Jónasson 25c, Hannes Jónasson 25c.

Frá LUNDAR, Man.

Mr. og Mrs. Sigurðsson 50c, Randver Sigurðsson 25, Jón Sigurðsson 25c, Miss R. Sigurðsson 25c.

Frá COLD SPRINGS, Man.

Ásmundur S. Goodman 50c.

Frá RABBIT POINT, Man.

Jón J. Jónasson 50c, Mrs. Ágústa Jónasson 50c, Jón Jóhannesson 25c.

Frá MINNIWAKAN, Man.

Sigurður Johnson $1.25, Mrs. Guðrún Johnson 50c, V. S. Johnson 25c, Jón Johnson 25c, Benedikt Johnson 25, Miss R. J. Johnson 25c, Stefania Johnson 10c, Hallbera Johnson 10c, Sigurjóna Johnson 10c, Stefán Johnson 10c, Þórarinn Viktor Johnson 10c,

Frá WESTBOURNE, Man.

Thiðrik Eyvindsson $1, Guðrún Eyvindsson $1, E. T. Eyvindsson 50c, Einar Eyvindsson 50c, Ingibj. Eyvindsson 25c, Halla Eyvindsson 25c, Pétur Eyvindsson 10c, Magnía Eyvindsson 10c, Thiðrik Eyvindsson, Jr., 10c, Kjartan Eyvindsson 10c, Oli Eyvindsson 10c, Christopher Eyvindsson 10c, Hrefna Eyvindsson 10c, Þóra Eiríksdóttir 50c, Bjarni Eyjólfsson 50c, S. Hjaltdal 25c.

Frá GRASS RIVER, Man.

John Skanderbeg 50c, Mrs. S. J. Skanderbeg 50c, Bjarni Alvin Skanderbeg 25c, John Simon Skanderbeg 25c, Miss Salbjörg Skanderbeg 25c, Miss Hannbjörg Skanderbeg 25c, Albert Breckman 50c, Mrs. Anna Breckman 50c, Kristján Breckman 25c, Miss Guðbjörg Breckman 25c, Miss Dýrleif Breckman 25c, Mrs. Pálina Einarsson $1, Miss Lilja Helgason 50c, Einar Victor Helgason 50c.

Frá KENVILLE, Man.

Snorri Johnson 50c, Mrs. Halldóra Johnson 50c, Sigurbjörg A. Johnson 25c, Herman Johnson 50c, Elin M. J. Johnson 25c, Oli G. Johnson 25c, Lára S. Johnson 25c, Kristján A. Johnson 25c.

Frá ELFROS, Sask.

Jón Jóhannesson 50c, S. F. Samson 50c, O. O. Jóhannsson 50c, J. H. Goodmundsson 50c, Steffán G. Björnsson 25c, B. T. Bjarnason 50c, S. J. Bjarnason 25c, Halldór Bjarnason 25c, T. H. Jackson 25c, Sigurður Arngrímsson 25c, Thorarinn Finnbogason 25c, J.A.Johnson 50c, Chris Josephson 25c, Joe Josephson 25c, V. R. Bergman 25c, Benedikt Gislason 25c, Ólöf Gislason 25c, J. B. Gislason 25c, Eiríka Gislason 25c, L. Bjarnason 25c, Jón J. Hólm 25c, G. Jackson $1, Mrs. G. Jackson $1, Sigurjón Finnbogason 50c, Timóteus Guðmundsson 50c, H. B. Grimsson 25c, Guðmundur Hjálmsson 50c, Mrs. G. Hjálmsson 50c, K. J. Brandsson $2, Mrs. K. J. Brandsson $2, J. G. Gislason 50c, Valdi Grímsson 25c, Jón Grímsson 50c, Daniel Grímsson 25c, Mrs. Daniel Grímsson 25c, Miss Vala Grímsson 10c, Villi Grimsson 10c, Július Johnson $1, Mrs. Rósa Thordarson $1, Sigfús Bjarnason 50c, Mrs. Sigfús Bjarnason 50c.

Frá WYNYARD, Sask.

B. J. Vium 25c.

Frá NES P.O., Man.

Árni Guðmundsson 25c, Mrs. Guðriður Guðmundsson 25c, Mr. og Mrs. Th. Sveinsson $1, Miss Hólmfríður Sveinsson, 25c, Miss Rósa J. Sveinsson 25c, Miss Kristin Sveinsson 15c, Miss Guðrún Sveinsson 10c, Th. Valdimar Sveinsson 25c, B. G. Bjarnason 50c Thórdur Bjarnason 50c, Mrs. Oddfríður Thorleifsdóttir 25c, Jónatan Jónsson 25c, Mrs. Marsibil Jónsdóttir 25c, Guðl. Magnússon 50c, Mrs. G. Magnússon 25c, Jóhannes Magnússon $1.

Frá GARDAR, N. Dak.

Stephen Eyjólfsson $1, Mrs. S. Eyjólfsson $1, Cecilia S. Eyjólfsson 25c, Thorlákur E. Eyjólfsson 25c, Thordis Eyjólfsson 10c, Margrét S. Eyjólfsson 10c, Pearl G. Eyjólfsson 10c, Magnús Eyjólfsson 10c, Aðalmundur Guðmundsson 25c, Mrs. A. Guðmundsson 25c, Steinunn Guðmundsson 25, S. M. Breiðfjörð 50c, Mrs. S. M. Breiðfjörð 50c, Albert Samúelsson 50c, Mrs. A. Samúelsson 50c, Jóseph Walter 50c, Mrs. J. Walter 50c, Björg alter 25c, Valgerður Walter 25c, Hannes S. Walter 25c, J. M. B. Walter 25c, J. K. Ólafsson 50c, Oddur Jónsson $1, J. G. Hall 50c, Ármann Stefánsson 50c, G. J. Erlendsson 25c, Jóhann Gestsson 50c, Mrs. J. Gestsson 50c, H. Einarsson 50c, Mrs. H. Einarsson 50c, S. S. Laxdal 50c, Jónas S. Bergmann $1, Kristján Samúelsson $1, Mrs. K. Samúelsson 50c, Rev. K. K. Ólafsson 50c, Hafliði Guðbrandsson 50c Mrs. H. Guðbrandssoh 50c, John Brandsson 50c, John Mýrdal 25c, Mrs. J. Mýrdal 25c, Martha Mýrdal 25c, Thorstonn Mýrdal 25c, Ragnhildur Mýrdal 25c, Einar Mýrdal 10c, Björn Mýrdal 10c, Kristbjörg Mýrdal 10c, Magnús Mýrdal 10c, Pálina Mýrdal 10c, Jóhanna Mýrdal 10c, Ester Mýrdal 10c, Friðrik Mýrdal 10c, John Hall 50c, O K. Ólafsson 50c, Mrs. Ó. K. Ólafsson 50c, J. G. Davíðsson $1, Benedikt Jóhannesson $1, Sigm. Guðmundsson 50c, G. B. Bjarnason 25c, Skarphéðinn Johnson 25c, Kristín Johnson 25c, Steinunn S. Johnson 10c, John S. Johnson 10c, Jóhann S. Johnson 10c, Ingveldur S. Johnson 10c, Margrét S. Johnson 10c, Guðmundur S. Johnson 10c, Guðríður Johnson 25c, Daði Johnson 25c, S. S. Johnson 25c, A. Johnson 25c, Snæbjörn Gunnarsson 25c, O. G. Skagfjörð 25c, J. G. Skagfjörð 25c, Aðalsteinn Tómasson 25c.

Frá EDINBURG, N. Dak.

Björn Ólafsson 25c, Guðrún Ólafsson 25c, Sigurbjörg B. Ólafsson 10c, Sigríður B. Ólafsson 10c, Þorsteinn B. Ólafsson 25c, Björn B. Ólafsson 25c, Guðmundur B. Ólafsson 10c, Páll B. Ólafsson 25c.

Frá MARKERVILLE, Alta.

G. Thorlackson $1, Mrs. Thorlackson $1, B. Ó. Thorlackson 25c, G. Björnsson 50c, Mrs. G. Björnsson 50c, B. G. Björnsson 15c, Þórdís A. Björnsson 10c, Guðrún G. Björnsson 25c, Guðbjörg G.Björnsson 50c, G. S. Grímsson 50c, Mrs. Ísabella Grímsson 50c, Miss K. A. Grímsson 25c, Einar Johnson 50c, B. H. Johnson 25c, G. Jóhannsson 50c, Mrs. Th. Jóhannsson 25c, H. J. Jóhannsson 25c, G. G. Jóhannsson 25c, H. Hillman 50c, Mrs. H. Hillman 25c, John Hillman 25c, Joe Hillman 25c, Peter Hillman 10c, H. Hillman 25c, S. Maxson 25c, Mrs. A. K. Maxson 50c, St. S. Maxson 25c, Jónas J. Húnford 50c, Mrs. Hunford 50c, Bjarni Th. Hunford 50c, Thórdur J. Hunford 50c, Benedict Ó. Hunford 25c, Stephan G. Hunford 25c, Hannes H. Hunford 10c, Jónas Th. Hunford 10c, Sigurlaug Hunford 25c, Sigríður B. Hunford 10c, Hallfríður S. Hunford 10c, H. S. Bardal 50c, J. P. Bardal 50c, A. Bardal 50c, J. Bardal 50c, Kr. Sigurðsson 35c, S. Kr. Sigurðsson 50c, Miss S. Kr. Sigurðsson 50c, Sigrún Kr. Sigurðsson 25c, J. A. Olson 25c, Miss R. Ólson 10c.

Frá SWAN RIVER P.O., Man.

Sigurbjörn Friðjörnsson 25c, Gunnar Paulson 50c, Thordis Paulson 25c, Mrs. Hanson 25c, Abe Hanson 50c, Gottskálk Paulson 25c, Þóra Paulson 25c, Mrs. Roy Sedore 25c, Edna Sedore 10c, Ethel Sedore 10c, John Hrappsted 50c, G. Laxdal 25c, J. Laxdal 50c, J. G. Swanson $1, E. J. Breiðfjörð (frá Laugum) 50c, Mrs. G. Breiðfjörð, 25c, Miss Th. Breiðfjörð 10c, J. Danielsson 50c, Mrs. J. Danielsson 50c, Miss K. Danielsson 25c, Miss E. Danielsson 10c, Miss G. Danielsson 10c, J. J. Danielsson 15c, H. Danielsson 15c, Kristján Skagfjörð 50c, A. Skagfjörð 50c, Finnur Bjarnason 50c, Miss Anna Finnsson 25c, Tilly Björnsson 25c, Gunnar Helgason 50c, Sigurður G. Helgason 25c, Guðrún Jónsdóttir 25c, Miss Anna Marteinsson 25c, Mrs. J. Skagfjörð 50c, W. E. Breiðfjörð 10c, Mrs. F. Bjarnason 25c, Óli Helgason 10c, Sigga Helgason 10c.

Frá BOWSMAN RIVER, Man.

Finnur Laxdal 50c, Mrs. H. F. Laxdal 50c, Miss Jura Laxdal 20c, Miss Fia Laxdal 15c, Óli Laxdal 15c.

Frá GLENBORO, Man.

Alex E. Johnson $1, Mrs. A. E. Johnson 50c, Friðjón E. Johnson 25c, Ármann E. Johnson 25c, Eldjárn E. Johnson 10c, Haraldur E. Johnson 10c, Margrét E. Johnson 10c, Guðrún E. Johnson 10c, Margrét Bjarnason 25c, Miss Kristín Thomson 25c, Mrs. Elinborg Goodmanson 25c, Mrs. Sólveig Jóhannsson 50c, Óskar Steffánsson 25c, John Gilles 25c, Mrs. J. Gilles 25c, S. J. Sigmar 50c, Steffán Jóhannsson 50c, Ásm. Sigurðsson 25c, S. B. Steffánsson 25c, Steingrímur Guðnason 50c, Mrs. S. Guðnason 50c, Kristján Friðbjarnarson 25c, Kristjana Friðbjarnarson 25c, Friðbjörn Kristjánsson 25c, Jónas Kristjánsson 25c, Jón M. Ólafsson 25c, Jón Sturluson 25c, Sigurður Sturluson 25c, Indriði Sveinsson 25c, Björn Einarsson 25c, Mr. og Mrs. Árni Storm $1, Jón Hjálmarsson 35c, Árni Halldórsson 50c, Lárus Halldórsson 25c, Sigríður Halldórsson 25c, Laufey Halldórsson 25c, Kristín Halldórsson 10c.

Frá NEW HILL, Alta.

Mrs. G. Christianson 50c, Miss C. Christianson 50c.

Frá KEEWATIN, Ont.

Guðjón Hermannsson $1, Sveinn Hermannsson 50c, Magdal. Hermannsson 50c.

Frá MOUNTAIN, N. Dak.

Sigurður Björnsson $1.50.

Frá SEATTLE, Wash.

Mrs. G. Grímsson 50c, Mrs. C R. Benson og fjölskylda $1.50.

Frá WINNIPEG.

J. G. Jóhannsson 50c, Mrs. J. G. Jóhannsson 50c, J. G. S. Jóhannsson 25c, Björn Walterson $1, Mrs. Kristín Walterson 50c, Halldóra Einarsdóttir Sveinsson $1, Miss Hlaðgerður Kristjánsson 50c, Mrs. St. Gunnarsson $1, Ó. Stephensen $1, Mrs. Ó. Stephensen $1, Guðrún M. Stephensen $1, Anna Stephensen $1, Magnús Stephensen $1, Gunnar R. Stephensen $1, Elma Stephensen $1, Stefán P. Stephensen $1, Emilia S. Stephensen $1.

Frá DOG CREEK, Man.

S. Ó. Eiríksson $1, Mrs. Oddný Eiríksson 50c, Oliver Eiríksson 50c, Sigurður Eiríksson 50c, Kristján Eiríksson 25c, Helgi Eiríksson 15c, Ármann Eiríksson 10c, Friðfinnur O. Lyngdal 50c, JamesGoodman 50c, Bjarni G. Nordal 50c, Mrs. Helga S. Magnússon 50c, Mrs. Friðf. O. Lyngdal 50c, Kr. S. Árnason 50c.

Frá SANDY BAY, Man.

Jóhannes Baldwinson $2, Mrs. Sesselja Baldwinson $2, Miss Margrét Baldwinson $1.

Frá LEIFUR P.O., Man.

Lárus F. Beck $1, Sigurlaug Beck $1, Emil S. Beck 50c, Sigríður S. Beck 50c, Björn Thórdarson $1, Miss Sigurbjörg Thórdarson $1, Gisli Thórdarson 20c, Ólafur Thórðarson 20c, Snorri Thórdarson 20c, Jón S. Skagfjörð $1, Mrs. Þórunn Skagfjörð 50c, Karl Bergson 25c, S. Friðbjörnsson $1, Mrs. S. Friðbjörnsson $1.

Frá CLARKLEIGH.

C. Breckman 50c, Mrs. C. Breckman 50c.

Frá LUNDAR.

Theodore Johnson 50c, Oddur Johnson 25c, Otto Johnson 25c, John Hördal 25c, Mrs. J. Hördal 25c, G. K. Breckman 50c, Mrs. G. K. Breckman 50c.

Samtals	$ 233.15
Áður auglýst ...	1193.30
Alls innkomið...	$1426.45

„Að lesa og skrifa list er góð læri það sem flestir."

Ef þig langar til að læra að skrifa fagra rithönd, þá skrifaðu eftir upplýsingum og sýnishorni til H. F. Einarssonar, Pembina, N. Dak., sem kennir allskonar rithönd fjölbreytta pennadrætti og skrautskrift. Þú getur lært heima í þínu eigin húsi, því tilsögnin er send bréflega með pósti.

Hverjum, sem svarar þessari auglýsingu, verður sent spjald með hans eigin naíni skrautrituðu. 25-5

TIL SÖLU

í Westbourne bæ 4 lot með 5-herbergja húsi á, góðu geymsluhúsi og stóru hesthúsi; nálægt vatni og skógi. Gott tækifæri fyrir mann, sem mundi vilja flytja vörur af og á járnbrautarstöðina, og fleira o.fl. Umsækjendur snúi sér sem fyrst til

J. Crawford

30-1 Westbourne, Man.

Giftingaleyfisbréf

SELUR

Kr. Ásg. Benediktsson

424 Corydon Ave. Fortkouge

Engadindalinn, sem liggur lægra, og Innfljótið eða eða aðalhluti þess rennur eftir.

Við rætur klettanna í dal þessum stendur dálitið þorp, og spölkorn frá þorpinu sézt stórt grænmálað hús, umkringt matjurtagörðum og vínviðarökrum.

Á klettabeltinu til vinstri handar var það fagurt kvöld nokkurt, sama árið og síðustu viðburðir, sem um er getið, áttu sér stað, að ungur maður var á ferð með ferðapoka á bakinu. Hann leit út fyrir að vera þreyttur, því hann gekk mjög hægt ofan brekkuna, og leit löngunarríkum augum til litla þorpsins í dalnum, þar sem hann bjóst við að fá næturgistingu hjá einhverjum gestrisnum bónda.

Þessi ungi maður var Móritz. Hann hafði ferðast um Sviss frá Jurafjöllunum yfir St. Gotthard og nokkuð af Alpafjöllunum, og ætlaði nú til Tyrol og svo heim á leið þaðan yfir Donádalinn og Wien, sem hann ekki hafði ennþá séð.

Móritz settist niður á stein, og horfði með rauna legu brosi á náttúrufegurðina, sem blasti við augum hans.

Smalarnir ráku hjarðir sínar heim og bjölluhljóðið endurómaði frá klettunum. Kvöldklukkurnar í þorpskirkjunni gáfu til kynna, að dagurinn væri á enda, og að bændurnir væru á heimleið frá vínviðarreitunum og villihveitisökrunum, til þess að hvíla sig eftir strit dagsins.

"Þessir menn eru ánægðir", sagði Móritz við sjálfan sig, "og af hverju? Af því þeir búa við hjarta náttúrunnar, sofna við vöggusöng hennar og vakna við hina endurlífgandi morgungolu. Ólyfjan borganna hefir ekki skemt þá, — þeir þekkja ekki einu sinni nöfnin á löstunum og glæpunum, sem lýta mannkynið og hvíla á jörðunni sem bölvun. Fjöllin varðveita þá líka fyrir stormunum, sem hrista hjartað og vekja hinar sofandi ástríður".

"Ef ég settist hér að og lifði á meðal þeirra. — Er ekki ómögulegt, að ég finni þau smyrsli við móðurbarm náttúrunnar, sem lokuðu sári því, er enn blæðir".

Hátt kall frá neðstu klettabrekkunni truflaði eintal Móritz og kom honum til að líta þangað.

Hann sá þar unga stúlku elta geit um klettastallana. Geitin stökk klett af klett, og stúlkan hljóp á eftir henni nærri því jafn fimlega og dýrið.

Unga stúlkan var jafn fögur og fyrstu morgungeislarnir. Ljósjörpu lokkarnir hennar, sem voru skreyttir með hvítum Alparósum, er hún hafði bundið saman niðri í dalnum, svífu um axlirnar líkir sumarskýi Augun hennar voru á lit sem dæhimininn, þegar ekkert ský kastar skugga á bláma hans. Kinnar hennar voru þaktar roða þeim, sem berdir á heilbrigði, ánægju og sakleysi, og líkamslögun hennar var svo liðleg og útlitsfögur, að hvorki spangaupphlutirhir né samkvæmistízkan geta framleitt aðra eins.

Það var auðséð, að hún var barn náttúrunnar, að ilmur hennar, dögg hennar, kom í ljós í viðmóti þess barns.

Hún var regluleg Alpafjallarós, frábærlega fögur með hreinum litum, — en órækt uð.

Geitin hljóp þangað, sem Móritz sat. Hann greip í horn hennar og neyddi hana til að leggjast niður.

Nærri því á sama augnabliki stóð unga stúlkan við hliðina á honum.

"Þakka þér fyrir", sagði hún, og leit ungjarnlega á Móritz. "Bellinda hljóp frá mér. Hún hefir aldrei gert það áður, en hún varð svo hrædd við stein, sem datt ofan úr klettunum. Það var vel gert af þér að ná henni. Svei, Bellinda, að hlaupa svona burtu".

"Heitir geitin þín Bellinda?" spurði Móritz. — "Það er fallegt nafn".

"Já, ég hefi alið hana upp síðan hún var ofurlítill angi, og ég held henni þyki vænt um mig, þó hún yrði hrædd núna".

"Nú, en þú átt líklega enn fallegra nafn sjálf?" spurði Móritz.

"Ég heiti Marita, en mér líkar ekki það nafn. Það er óviðeeldið. Hvað heitir þú?"

"Móritz".

"Það er miklu fallegra nafn", sagði unga stúlkan og klappaði saman lófunum. "En ég hefi aldrei séð þig áður".

"Það er eðlilegt", svaraði Móritz brosandi. "Ég hefi aldrei komið hingað fyrr en nú".

"Þú ert líklega frá fallega landinu hins vegar við fjöllin, sem pabbi talar oft um?"

"Áttu við Ítaliu?"

"Já".

"Nei", sagði Móritz, "ég er frá einu af Norðurlöndunum, sem þú hefir líklega aldrei heyrt neínt".

Þau höfðu talað saman á þýzku, sem Marita talaði ágætlega vel.

"Frá Norðurlöndum", sagði unga stúlkan fjörlega. "Heldurðu ég þekki ekki Svíaríki, Noreg og Danmörk? Máske þú sért frá einhverju þeirra?"

"Já", svaraði Móritz, hissa á að finna slíka landafræðisþekkingu hjá Aldafjallastúlku, "ég er frá Svíaríki. En hvað veizt þú um það land?"

"Jæja, fyrst þú ert frá Svíaríki", svaraði Maritta á svensku, "þá skulum við tala móðurmál þitt, því ég skil það eins vel og mitt eigið".

Móritz horfði forviða á stúlkuna, sem var brosandi.

"Hver hefir kent þér svensk?" spurði hann.

"Faðir minn"

"Hver er faðir þinn?"

"Hann er gamall maður, sem þér mun falla vel í geð, eins og öllum öðrum sem kynnast honum. Komdu með mér til litla græna hússins, sem þú sérð þarna. Þar eigum við heima".

"Er faðir þinn svenskur?"

"Já, hann er fæddur í Svíaríki; en sökum þess, að hann er leiður á heiminum, settist hann að í þessu friðsama héraði, til þess að geta lifað ótruflaður við endurminningar sínar. Ó, hann hefir sagt mér frá mörgu um Svíaríki, skal ég segja þér. Fyrstu orðin, sem ég heyrði, voru svensk, og það mál hefi ég lært jafníframt þýzkunni, sem töluð er í litla þorpinu okkar. — Komdu, pabba þykir vænt um að hitta mann frá föðurlandi sínu. Hann mun tala við þig um Gústav Adolph, Karl tólfta og Bernadotte. — Ó, hvað hann verður kátur".

Hún tók í hendi Móritz með annari sinni hendi, en leiddi Bellindu með hinni.

Móritz fylgdi henni, hrifinn af saklausa hugarfarinu hennar, fegurð hennar og græskulausri framkomu. Meðan þau gengu ofan klettana, héldu þau áfram að tala saman.

"Hvað ertu gömul, góða barnið mitt?" sagði Móritz.

"Sextán ára".

"Lifir móðir þín?"

"Nei, hún dó meðan ég var lítil".

"Var móðir þín frá Svíaríki?"

"Nei, hún var fædd hér á milli þessara fjalla. Faðir minn var veikur í nokkur ár, og þá hjúkraði hún honum. Þegar hann var orðinn frískur, þá giftist hann henni".

"Minnist faðir þinn nokkurn tíma á viðburðina, sem komu honum til að yfirgefa föðurland sitt og setjast hér að?"

Talsími Heimskringlu
Garry 4110

Heimskringla.

Heimilis talsími ritstjórans:
Garry 2414

XXV. ÁR | WINNIPEG, FIMTUDAGINN, 16. MARZ 1911 | NR. 24.

Íslands fréttir.

FRÁ ALÞINGI.

Litlar fréttir hafa enn borist af Alþingi hingað vestur, því hin nýjustu Íslandsblöð, sem hingað hafa borist, eru frá 18. febrúar, þrem dögum eftir þingsetninguna, og var þá litlu öðru aflokið en kosningum á embættismönnum þingsins, nokkrum neindarkosningum, og stjórnarfrumvörpin, 24 að tölu, lögð fyrir þingið, 12 fyrir hvora deild. — Skrifstofustjóri þingsins er Einar skáld Hjörleifsson, en innanþingsskrifarar þeir Björn Pálsson, stud. jur. og Einar Þorkelsson. — Embætta kosningar þingsins fóru þannig, að forseti í sameinuðu þingi var kosinn Skúli Thoroddsen með 21 atkv., Hannes Hafstein fékk 13 og Ólafur Briem 1. Varaforseti var kosinn séra Sigurður Gunnarsson, þm. Snæfellinga, með 20 atkv., Ólafur Briem fékk 1, en 18 atkvæðaseðlar auðir. Skrifarar í sameinuðu þingi séra Sig. Stefánsson og Jón Ólafsson, með hlutfallskosningu.

Í efri deild varð séra Jens Pálsson forseti, eftir að hann og Kristján Jónsson dómstjóri höfðu þrisvar fengið 7 atkv. hvor, og var það hlutkesti, sem réð. Varaforsetar Stefán skólameistari Stefánsson og Júlíus Havsteen. Skrifarar séra Kristinn Daníelsson og Steingrímur Jónsson.

Í neðri deild var Hannes Þorsteinsson kosinn forseti við ítrekaða kosningu, með 14 atkv. Ólafur Briem fékk 12. Við fyrri kosninguna báðir 12 atkv. Varaforsetar Benedikt Sveinsson, þm. N.-Þingeyinga, og séra Hálfdán Guðjónsson, 1. þm. Húnvetninga. Skrifarar sr. Björn Þorláksson og séra Eggert Pálsson, þm. Rangvellinga.

Í kjörbréfanefnd voru kosnir í sameinuðu þingi: Kristján Jónsson, Jón Magnússon, Sig. Stefánsson, Benedikt Sveinsson og Lárus H. Bjarnason.

Fjárlaganefnd (n.d.): Skúli Thoroddsen, Pétur Jónsson, Sigurður Sigurðsson, Björn Sigfússon, Eggert Pálsson, Bj. Þorláksson og Jóh. Jóhannesson.

Landsreikninganefnd (n.d.): Ól. Briem, Stefán Stefánsson (2. þm. Eyf.) og sr. Hálfdán Guðjónsson.

Fjárkláðanefnd (n.d.): Jón frá Hvanná, Einar Jónsson, Þorleifur Jónsson, sr. Hálfdán Guðjónss. og Pétur Jónsson.

Þingflutninganefnd (n.d.): Jón Ólafsson, Sig. Gunnarsson og Þorleifur Jónsson.

Viðskiftalaganefnd (e.d.): Kristján Jónsson, Gunnar Ólafsson, Jósef Björnsson, Lárus H. Bjarnason og Ágúst Flygenring.

Utanþjóðkirkjumenn (e.d.): Sig. Stefánsson, Sig. Hjörleifsson, E. Briem, Kr. Daníelsson og Steingr. Jónsson.

Meðal þingmannafrumvarpa er eitt um nýja stjórnarskrá, sem þeir Hr. Jón Þorkelsson og Bjarni frá Vogi eru flutningsmenn að.

Utanflokka á þinginu eru Jóh. Jóhannesson sýslumaður, Stefán skólameistari Stefánsson og Jón Sigurðsson þm. Mýrasýslu.

Símskeyti til blaðsins Austra 18. febr. segir 14 þingmenn meirihlutans hafa á flokksfundi lýst vantrausti sínu á ráðherra, og að sú yfirlýsing verði bráðum framborin í þinginu. — Hugsanlegt, að ráðgjafaskifti verði innan flokksins með tilstyrk heimastjórnarmanna.

BJARNASON & THORSTEINSON
Fasteignasalar
Kaupa og selja lönd, hús og lóðir víðsvegar um Vestur-Canada. Selja lífs og eldsábyrgðir.
LÁNA PENINGA
út á fasteingir og innkalla skuldir.
Öllum tilskrifum svarað fljótt og greiðanlega.
Wynyard - - Sask.

Í Reykjavík er verið að sýna nýjan frumsamin sjónleik, "Þrettándinn í Nesi", sem enginn veit hver er höfundur að, en sem all-mikið þyki ir til koma.

Mokafli er í Vestmannaeyjum, það sem af er vertíðinni. Sumir á mótorbátum þeirra eyjabúa hafa aflað nálægt 7,000 af roga-þorski, frá því um og eftir miðjan janúar.

Matthías skáld Jochumson hefir fengið skrautritað ávarp frá dönskum rithöfundum og listamönnum í tilefni af 75 ára afmæli sínu.

Hotel Ísland hlutafélag, sem keypti Hotel Ísland, brennivinshöllina, og gerði að bindindisbústað, hélt aðalfund 5. febr. sl. í Reykjavík. Ágóði enginn. Í stjórn félagsins voru kosnir: Jes Zimsen konsúll, Þórður Bjarnason yfirdómsritari og Sveinn Björnsson yfirborgarfógeti og lögmaður.

Ísfélagið í Rvík hélt aðalfund sinn nýverið, og var á árinu 1910 ágóði 6,681 kr. og 2 aur., en árin á undan og frá fyrri árum kr. 3,114 [illegible]. Tryggvi Gunnarsson var sagður forstjóri félags þessa og formaður félagsins um. Er það talið bezt stæða félag í Rvík.

Konan Kristín Bergvinsdóttir í Stóraási í Mývatnssveit varð 15. jan. Fór hún ásamt dóttur sinni á leita að syni sínum, er stóð í fé. Drengurinn hafði sig heim um kveldið, en mæðgurnar viltust, en dóttirin komst um morguninn til bæja, en móðir hennar dó síðari hluta næturinnar (Gjallarh.)

Ný uppfynding — Gjallarhorn flytur 12. jan. grein um Jóhann skáld Sigurjónsson. Þar segir meðal annars: "Þess má geta, til gamans, að hugvit Jóhanns kemur fram í fleiru en skáldskapnum. Hann hefir fundið upp mjög haglega gert áhald, sem ætlað er til þess, að halda höttum föstum á höfði kvenfólksins, og á það því að útrýma hinum illræmdu löngu hattprjónum, sem margar karlmenn hata og margan hafa meitt, og kvenfólkinu sjálfu þykja óhentugir. Jóhann hefir fengið einkaleyfi fyrir þessari uppfynding sinni í Danmörku. Danskar konur eru mjög hrifnar af þessu áhaldi og segja það einkar þægilegt, og ein af helztu skartgripaverzlunum í Austurgötu í Khöfn hefir beðið um að hafa það á boðstólum.

"Sjálfum sér líkar. — Í Reykjavík 4. febr. þ.á. skrifar Guðrún Blyrnsdóttir, bæjarfulltrúi, grein, og skorar á frú Brietu Bjarnhéðinsdóttur að fara að ganga í buxum. Hm!"

Á Ísafirði gerði maður nokkur sig sekan í þjófnaði rétt fyrir nýár og var settur í gæsluvarðhald. En eitt kvöld þá er allur bærinn — að fangaum undanskildum — var staddur við álfadans í tilefni af nýárinu, sá þjófurinn sér færi á, að skríða upp um reykháfinn á fangelsinu og fá þannig friheit sín aftur. Gekk hann niður að pollinum, þar sem mótorbátarnir eru, hitaði vélina í einum og stefndi til hafs. Þykjist menn vita, að hann hafi komist í botnvörpung, en sökt vélarbátnum. Svona gengur sagan um.

Fregnsafn.

Markverðustu viðburðir hvaðanæfa.

— George Patterson, lögfræðingur og ritstjóri í Deloraine, hefir af sambandsstjórninni verið skipaður í hið auða dómarasæti í héraðsrétti Manitoba, sem losnaði við embættis-uppsögn J. M. Walkers.

— Róstusamt er um þessar mundir á fylkisþinginu í Saskatchewan. Andstæðingar stjórnarinnar fengu áæning af því, að kosningar til þingsins færu ef til vill fram á komandi hausti, en það vildu þeir með engu móti að yrði undir hinum gömlu kosningalögum og kjósendalistum, sem þeir halda fram að séu bandvitlausir og ófullnægjandi. Vildu þeir fá skýlaust loforð fyrir því, að fá listana endurskoðaða fyrir næstu kosningar. En er stjórnarformaðurinn vildi ekkert ákveðið svar gefa, tóku andstæðingar það til bragðs, að hefta allar gerðir þings ins með máltöfum. Héldu þeir á

Buick

ráðlega úr 75

verðinu ættu að ða til að borga agóðan skilding a.

á 1,000 til 1,350 dollars dag hvern. — ar að kaupa þessi verðbréf, meðan 75 ið er, VERÐUR ÞÚ AÐ KAUPA RST, því sala getur hætt, þegar rir.

urinn No. 1.

unnur daglega, og það gérir næstum

dag

r það, að sérhver dollar þannig varreiddur á skömmum tíma.

hættir sala hluta sinna, þegar hinn hlutafjöldi er uppseldur. Og það aður en næsta auglýsing birtist í

Mill. dagsins var Marg. nelztu búðum bæjarins brunnu.

— Bændurnir í Dakota eiga einmunatíð að fagna um þessar mundir. Jörð er allstaðar auð orðin, og á sumum stöðum í Suður-Dakota eru bændurnir í óða önn að undirbúa plæginga, og er búist við, að þeir muni almennt byrja að plægja í byrjun næstu viku, og sumir hafa þegar byrjað. Sáning mun einnig byrja all-víða í næstu viku.

— Mexico uppreistin hefir nú náð hámarki sinu. Eru daglegir bardagar um gjörvallan norðurhluta ríkisins og veitir ýmsum betur. Á laugardaginn var stóð hörð orusta í námunda við borgina Torreon og bára uppreistarmenn þar lægri hluta. Aftur var hin mannskæðasta orusta háð í þessu stríði að Agna Prieto, rétt við Bandarikjalandamærin, á mánudaginn var. Stýrði Jose De La Blanco hershöfðingi uppreistarliðinu, en Mora ofursti stjórnarhernum. — Fleiri þúsund Bandaríkjamanna voru sjónarvottar að bardaganum, og björguðu þeim, sem særðust til sjúkraskýla Bandaríkjamegin. Orustunni lyktaði svo, að uppreistarmenn héldu velli. En það, sem markverðast er við uppreistina, eins og nú er komið, er að Bandaríkjastjórn hefir sent herafla til landamæranna til að skerast í leikinn, ef þurfa þykir. — Einnig er fullyrt, að Japanar standi að baki uppreistarmönnum, hvað fjárframlögum og vopnabirgðum viðvikur. En gamli Diaz forseti hefir þó hinar beztu vonir um að halda forsetatign sinni þetta sjöunda kjörtímabil, og bera sigur af mótstöðumönnum sínum.

— Hon. Geo. P. Graham, járnbrautaráðgjafi sambands stjórnarinnar, lýsti því yfir í sambandsþinginu á föstudaginn var, að sambandsstjórnin ætlaði sjálf að láta byggja Hudsons flóa járnbrautina marg-umtöluðu, og að hinn áætlaði kostnaður mundi nema $30,000,000, en gæti þó vel orðið 5 eða 6 miljónum dollars meira. Ekki gat ráðherrann þess, hvenær byrjað yrði á brautinni, en frekari áætlanir og fyrirætlanir yrðu lagðar fyrir sambandsþingið síðar.

— Uppreist er nú í Suður-Ameriku lýðveldinu Paraguay, og hefir stjórnin sett gjörvalt ríkið undir herlög í fimm mánaða tíma. Forseti lýðveldisins er Alberto Jara; var hann fyr hermálaráðherra, en steypti Manuel Condra forsetanum úr stóli og settist bar sjálfur. En nú er það Condra, sem gjarnan vill ná sæti sínu aftur, sem hann var löglega kosinn í.

— Forsætisráðherra Spánverja, Caneljas, lýsti því yfir í spænska þinginu á föstudaginn var, að hann myndi leggja vrir þingið inn-

an skamms skólafrumvarp sitt, — hvað sem páfinn og hans legátar hefðu að segja.

— Aldrei nú um langan aldur hafa jafnmargir innflytjendur komið til Canada á einni viku og útlit er fyrir að verði þessa viku, — því ekki undir 3,000 manns dafa komið eða eru í þann veginn að lenda í Quebec. Flest-allir af þessum innflytjendum munu taka sér bólfestu í Vesturfylkjunum.

— Landsstjóraskifti verða bráðlega í Ástralíu; lætur Dudley jarl af þeim starfa, en viðtekur Denman lávarður, — kornungur maður, til þess að gera, eftir því sem gerst er orðstakmark að jafnaði er í slíkri stöðu. Hann er 37 ára, en leiðtogi Liberal og stórauðugur. — Hann tók þátt í Búastríðinu og hefir síðan þar hættulega, en hefir síðan verið hernað með öllu áfskiftalaus. — Ástralíu-búar kváðu vera allskostar ánægðir með hann, þykir ójafnt skift, að láta konungsbróðir fyrir landstjóra, en sig ungan lávarð, sem auðugur sé.

— A. J. H. Monkmann, aldavinur og skrifari Louis Riel uppreistarforingjans, andaðist að Edmonton á þriðjudaginn var.

— C. N. R. félagið hefir opnað fyrir landnema 4 miljónir ekra af heimilisréttarlöndum með fram brautum sínum í Saskatchewan og Alberta fylkjunum. Ekkert af heimilisréttarlöndum þessum er lengra en 30 mílur frá járnbraut. Lönd þessi eru í fimm héruðum. Í Battleford héraðinu eru 3,000 heimilisréttarlönd. Í Prince Albert héraðinu 4,500; í Calgary héraðinu 4,500 og í Edmonton héraðinu 9,000. Öll heimilisréttarlönd þessi eru frí hverjum sem hafa vill. — Þess ber þó að geta, að þó löndin þessi séu kend við Calgary og Edmonton, þá eru þau fleiri mílur frá hvorugri borgum, en tilheyra hverjum skrifstofum félagsins þar. — Eins eru flest löndin í Battleford héraðinu þar norðvesturaf norður að Athabaska Landing. Öll eru löndin þessi talin vel fallin fyrir ábúðarjarðir og búist við mikilli eftirsókn.

— Nýjustu fréttir frá Kína telja svartadauða heldur í rénun. Sumar sveitir og bæir hafa þó nærstum gjöreyðst af fólki; en betra skipulagi hefir nú tekist að koma á varnir og útbreiðsla sýkinnar hefir því þverrað til muna. Fréttir frá Harbin telja 400,000 manns hafa dáið úr pestinni.

— Aldrei fyrri í flugsögunni hefir annað eins þrekvirki tekist og þvi sem hinn franski flugmaður M. Buison vann á föstudaginn var. — Honum tókst að fljúga með 4 farþegja innanborðs rúmar 15 mílur á 27 mínútum. Einnig flaug hann með þrjá farþegja 31 og eina mílu á 31 mínútu.

Krýningargjöf til Mary Drottningar.

Hinir hollu þegnar Mary Drottningar, sem bera nafnið Mary, May, Maria, Marian, Marion og Marie, í öllu hinu brezka veldi, eru beðnir að hafa samtök til þess að gefa Mary Drottningu viðeigandi krýningargjöf á hinum mikilsverðasta degi lífs hennar.

Gjafir frá hverri einni konu mega vera litlar, alt niður í tvö cents, og í engu tilfelli meiri en 5 dollars. Öll upphæðin verður send til drottningarinnar, ásamt með nöfnum allra gefendanna og hún látin ráða, til hverra nota hún ver fénu.

Frú Grey, kona landsstjórans vfir Canada, hefir gengist fyrir samskotum þessum, og hefir ritað frú McMillan, konu fylkisstjórans í Manitoba, að gangast fyrir samskotum þessum hér í fylkinu.

Ungfrú Eva L. Jones, forseti Winnipeg Women's Canadian Club, er forstöðukona þessarar hreyfingar hér í Winnipeg, og frú A. W. Ross, er féhirðir, sjóðsins. Frú Colin H. Campbell, frú Robert Rogers og ungfrú Edna Sutherland, stjórnendur í Alríkis-dætra félaginu, eru flokkskiparar þessa fylkis.

OGILVIE'S
Royal Household Flour
Til Brauð og Köku Gerðar
Gefur Ævinlega Fullnæging
EINA MYLLAN Í WINNIPEG,—LÁTIÐ HEIMAIÐNAÐ SITJA FYRIR VIÐSKIFTUM YÐAR.

Frú McMillan ber nafn drottningarinnar, og sem Mary McMillan hefir byrjað samskotalistann í Manitoba.

Hve margar konur vilja fylgja dæmi hennar. Samskotalistanum í Canada verður lokað 23. april nk., svo að tíminn er stuttur.

Það er vonað, að konur neyti allrar orku til þess, að ná þeim konum með sér, sem eru af útlendu bergi brotnar, en bera nafn drottningarinnar. Kvenfélög meðal vor eru beðin að taka upp þetta verk án frekari tilkynningar.

Það eru engar reglur settar fyrir fjársöfnuninni. Sérhver borg, bær eða skólaumdæmi mega starfa sem þeim bezt hentar.

Öll peningabréf sendist til
LADY McMILLAN,
Government House, Winnipeg.
og merkist á horni: O. M. C. G. (Queen Mary Coronation Gift).

Allar frekari upplýsingar fást með því að skrifa:
MRS. COLIN H. CAMPBELL,
Hon. Secretary Q.M.C.G.,
260 Roslyn Road, Winnipeg
4. marz 1911.

Vinar kveðja.

Hnigin er hetjan að hinsta blundi,
Gíslason Oddur, göfugmennið;
vanst þú á meðan vabst til dagur,
guðs í akri gróðursettur.

Trú, von kærleiki — skráð var á
skjöld þinn;
heltir í sárin viðsmjörl og víni.
Aldrei þú trúðir ellihrörnun.
Sé ég í hönd þér sigurkransinn.

Gjörla nú sé ég, gullnum stöfum,
letrað nafn þitt á lífsbókinni.
Einn vanst til dauðan verðkaupið
veita;
blessun var þér vistaskiftin.

Strangheiðarlega stóðst á verði,
lifðir í fátækt, en látinn fjáður;
ávanst þér óðal í æðra heimi,
þar er þitt heima um aldur og
eilífð.

Svo kveð ég þig, vinur, af kærleikans rót,
kort verður dvöl mín hér telja:
rétt mér þá varma vinarhönd mót
og við skulum samvinnu hefja.

* * *

Ef Jónas J. Daníelsson hefir þekt séra O. V. Gíslason, mun hann komast að raun um, ef hann sér ofanskráðar línur, að ég hefi sömu skoðun og hann, hvað eftirmæli snertir, nefnilega að þau fremur að vera mannlýsing en harmagrátur, þegar um fjarskylda er að ræða.

O. Ólafsson,
Wild Oak, Man.

Piano kensla.

Hérmeð tilkynnist að ég undirskrifuð tek að mér, frá þessum tíma, að kenna að spila á Piano. Kenslustofa mín er að 727 Sherbrooke St. Kenslu skilmálar aðgengilegir. Talsími Garry 2414.

Sigrún M. Baldwinson

LITLI KOFINN Á NESI
SJÓNLEILUR Í 3 ÞÁTTUM
EFTIR
C. JOHNSTON
Verður leikinn í Goodtemplara húsinu í síðasta sinn, fimtudagskvöldið 16. þ.m.
Aðgöngumiðar kosta 25, 35, og 50 cent, og fást í flestum íslenzkum búðum í borginni og svo við inngangin.
FJÖLMENNIÐ LANDAR GÓÐIR.

Skuggasveinn
verður leikinn mánudaginn 20. og föstudaginn 24. marz í
Goodtemplarahúsinu á LESLIE
Íslendingar þreytast aldrei á því að horfa á SKUGGASVEIN, þegar hann er vel leikinn, — og það verður hann í þetta skifti.
Það er $1.00 virði, að horfa á hin fögru tjöld, sem FriðrikSveinsson hefir málað, — það flytur mann í anda heim til Íslands. — Já, það er $1.00 virði, en samt kostar inngangurinn ekki nema 75 cents fyrir fullorðna og 35 cents fyrir börn.

WALL PLASTER
"EMPIRE" VIÐARTAGA VEGGLÍM.
"EMPIRE" CEMENT WALL VEGGLÍM
"EMPIRE" FINISH VEGGLÍM.
"GOLD DUST" VEGGLÍM
"SACKETT" PLASTER BOARD.
SKRIFIÐ OSS OG FÁIÐ VORA ÁÆTLUNAR BÓK.
Manitoba Gypsum Co., Limited.
WINNIPEG, - MANITOBA.

EDSON Verjið peningum ykkar í þir í EDSON

Commerci TIL Oil Fel entre

OG VERÐIÐ FJÁRHAGSLEGA SJÁLFSTÆÐIR, ÞVÍ ÞAÐ VERÐUR SÉRHVER SÁ, SEM T LÓÐIR Í EDSON, SEM VIÐ NÚ BJÓÐUM TIL SÖLU.

EDSON verður eftir 10 ár ein af stærstu borgum Vestur-Canda. Lega hennar er jafn í fæðing. Til að sýna, að EDSON er nú þegar í uppgangi, skal þess getið, að þar er nú banki, blað, lyfjabúð, kirkjur, skóli, 'lumber yards', kjötmarkaður, rakarastofu arbúðir og mörg önnur framfarafyrirtæki í smíðum.

EDSON er einnig miðstöð akuryrkju-, náma og viðar-héraða, og nú þegar hefir gu í jörðu. — Mergill og gljásteinn af beztu tegund er einnig þar í kring viðsvegar.

EDSON verður einnig um tvö komandi ár endastöð Grand Trunk brautarinnar, a rða því brautir bygðar í allar áttir, og bærinn verður einnig biðstöð fyrir allar aðurðir frá Grand Prairie og Peace River héruðunum, og einnig frá Brazeau k ð séu átta hundruð miljón tons af kolum þar, og að á næsta ári muni verða varið tveimur miljónum dollars til að vinna þessar kolanámur.

5 centum í $

LÓÐIR $60.00 TIL $100.00 Ágætar borgunar skilmálar

ED ER PITTSBURG CANADA

Lesið hvað "C bru

BUICK HEFIR SEG

LÓÐIR $60.00 TIL $100.00 Ágætir borgunar skilmálar

COMMERCIAL CENTRE.

Eignir Grande Prairie Land & Townsite Co. eru beint austur af Grand Trunk Pacific Townsite, og verður því næsta íbúðarhverfi við bæjarstæðið. Lóðirnar eru á hardvelli, og eru ábyrgstar hverjum kaupanda sem góðar, því þrir úr félagi voru skoðuðu þær náþvæmlega, áður en kaup voru fast í landspildunni Verið því óhræddir að kaupa EDSON lóðir, þær munu ljótlega færa 100 til 1,000 prósenta ágóða. Þetta hafa margar lóðir gert í ekki nándar nærri eins miklum framfarabæjum, sem EDSON verður.

COMMERCIAL CENTRE verður bráðlega hluti þessa bæjar, og þess vegna, ef þið kaupið lóðir þar, verður á því enginn vafi, að þær hækka til stórra muna í verði innan skams. — Commercial Centre er að eins hálfa milu frá miðstöð bæjarins, og því fyrirtaks íbúðarhverfi. Lóðir í Calgary, í sömu fjarlægð frá miðstöð borgarinnar, og sem fyrir nokkrum árum voru seldar á $500.00, fást nú ekki fyrir $2,600.00, og Edson hefir betri legu en Calgary, og ættu því lóðir þar að þrefaldast í verði á næstu tveimur árum.

Þ INNFLYTJENDA.

Gys 3000 tunnum á dag yma til Ed- ilisréttarlönd tt í námunda ergi frórri til rgi er auðugra bæinn, og þess stöð, — ekki rkju og náma- í Alberta.

Bakersfield 1. marz.

Oliumenn, sem nýverið hafa sét oliufélagsins á Section 32-31-23, lýsa það sé sá mikilhæfasti brunnur, afi grafinn verið á gossvæði unar hinnar vold-

Erur dur fyrir því, að lóðir í þessum stað e vöfaldist eða þrefaldist í verði innan fárra mánaða? Og hvers vegna eru menn, sem áður fyr græddu stórfé á lóðakaupum í Edmonton, Calgary og öðrum stórborgum Vestur-Canada, að kaupa lóðir í Edson ef þeir væru ekki fullvissir um stórhagnað?

Við skulum með mestu ánægju gefa ykkur allar frekari upplýsingar, hvað lóðum okkar viðvíkur. Klippið að eins út upplýsinga eyðublaðið, og sendið okkur eða umboðsmanni vorum í Winnipeg, Mr. K. K. ALBERT, eða finnið okkur eða hann að máli.

GRANDE PRAIRIE LAND & TOWNSITE COMPANY

Room 5, Northern Crown Bank Chambers., BRANDON, MAN.

Winnipeg skrifstofa:

K. K. ALBERT, 708 McArthur Building, Telephone Main 7323

INFORMATION COUPON

K. K. ALBERT, 708 McArthur Bldg. WINNIPEG

Verið svo vænir að senda mér allar upplýsingar viðvíkjandi lóðum ykkar í Edson.

Nafn.....

Áritun.....

"HEIMSKRINGLA"

Um Gandreiðar.

(Eftir J. Einarsson)

Í Heimskringlu af 4. jan. er fróðleg en stutt skýrsla "Um loftsiglingar", eftir Snjólf J. Austmann. Um hana hefi ég ekkert að segja, nema það, að ég vildi gjarna að meira hefði verið úr henni teygt, því nóg er efnið.

En þótt var það, sem mér myndi leyft að hafa sérskoðun á: orðmyndin nýja í niðurlagi greinarinnar.

Mr. Austmann, gamli góðkunningi minn, veit það, að þótt ég hafi eig. ætíð sungið eftir sömu nótum og hann, né hann eftir minum tónstiga, þá kemur það ekki af illúð né stórbokkahætti á hvorugu hliðina. Ég veit því að hann verður ekki æfur við, þótt ég bendi honum á eitt, sem hann veit eins vel og ég eða betur, en hefir misgætt í orðmyndaninni.

Það er eins með orð-fæðingar og aðra jóðburði, að þær eru ekki æfinlega 'teknar út með sældiani'. Áðkvæmið verður ekki ætíð ættarprýði, og það þótt ætt'n sé há. Ég minnist enn nýja orðsins með viðbusu hugmyndinni, sem ég reit um hér um árið, nl. doctors-dóttirina 'gagnrýni'. Það er ljómandi gott nýyrði þar sem það á við, en á ltið skylt við 'critic', eins og ég áður færði rök til. En orðið er að nú hefð í íslenzkunni með vitlausu merkingunni, vegna fáðernisins eingöngu, og þess að orðið er hljómþýtt og fagurt. Mest er það þó brúkað af mönnum, sem hugsa ekki dýpra en þeim er hættulaust!!

Það er svipað með nýja nafnorðið hjá Mr. S.J.A., að því leytinu að orðið g a n d r e i ð hefir ætíð verið fagurt og gott og er ekki nýtt orð (eins og Mr. S.J.A. líka tekur fram), nema að þessari hérsögðu merkingu.

Flugvélar geta ekki heitið gandreiðar vegna þess, að gandreið mun merkja ferðin á gandinum, það, að gandinum sé riðið, og mætti því tala um t.a.m. 'ljóta reiðlagið', 'bága reiðlagið', o. s. frv., eins og þá hestum er riðið illa heima á Íslandi, — þegar farið er með voða-hraða eða ógætilega á gandinum. Flugvél mætti nefna g a n d og loftflugið gandreið.

Það sannar ekki, að flugvél megi kalla gandreið, þótt algengt sé að verða að nefna vagnlest með gufuafls knúningi e i m r e i ð. — Það er ekki að ná hefð í málinu vegna þess, að nafnorðið sé r é t t, heldur af því, að það er myndað af l æ r ð u m manni.

Þegar lærður maður finnur upp eða býr til orðmynd, sem hljómar vel í eyrum, þýtur hver bjálfinn, sem vill láta bera á, að hann fylgi með því nýja og vísindalega, til og skrifar e i t t h v a ð það, sem hægt er að nota nýja orðið við, til þess að sýna þekkingu sina á nýjum málmyndum.

Það stendur nefnilega eins af sér með nafnið 'eimreið' í þeirri merkingu, sem það er jafnan notað, eins og gandreiðina að ofan á-minstu. Eimreið e r eiginlega það að ríða gufu! Ég hefi aldrei heyrt talað um, að fara með hestreið, fara með hjólreið; ríða hjólreið, ríða hestreið. Þetta orð ætti því eins og skáldaleyfin að mega skipa sæti með hortittum, frekar en fögrum hugsjónum eða fast.

Ég er á því með Mr. S.J.A., að það sé rétt eins gott, að brúka fornöin og nafnorð, þar sem þau eru finnanleg, yfir nýjar hugmyndir án þess að spilla upprunalegu þýðingunni þeirra, eins og berjast við að fæða af sér nýjar orðbjaganir. En því miður er ekki ætíð hægt að finna forn íslenzk orð eða norræn, sem brúkleg eru til að þýða með nýjar hugsjónir, starfsði eða véla parta og vélar.

Til aðgreiningar frá göndum sagnanna og skáldanna mætti tala um loftgand, þegar verið er að ræða um flugvélar; gandreið ferðina með flugtækinu, og þá kæmi nú að því, að fá nafn yfir þann, sem gandriður, sem þá líklega yrði að myndast eftir sama 'principi' og þegar nafnið C o r p o r a l var þýtt hér um árið með íslenzka hversdagsnafnorðinu r i ð i l l (án venjulegustu merkingar þess orðs). Það var ekki beinlínis angurblíð þýðing, að sumum fanst, en líklega yrði nú samt að kalla loftfarann gandriðil — svona í bráðina!!

Það vill oft til, að þegar notuð eru algeng íslenzk orð, einstæð eða samsett, yfir nýjar hugmyndir (hugtök?) að ekki þykir fara sem bezt á þeim, þótt þau séu ekki beinlínis r a n g brúkuð. Ég var einu sinni spurður að, hvað ég myndi kalla 'uxapar' á íslenzku, fyrst ég vildi ekki 'sletta' ensku né brúka orðbjaganir. Ég átti ekki von á, að þurfa að þýða þetta orð fyrir þann, er spurði, sem var lærður maður, en sagði svona út í bláinn, rétt til þess að þegja ekki: Ég myndi, heldur en að viðhafa nafnið 'uxatím' eða 'uxapar', sem hvorki getur talist íslenzka né enska, — nefna það s a m n e y t i!! Væri það rangneíni? Hann kvað það vera algerlega rétt, en kunni eiginlega ekki við það, sagði hann. Ég ætlaðist heldur ekki til þess, heldur varð að 'verja hendur mínar' með einhverju, til þess að sýna að íslenzka tungan æ t t i fleiri nýtanleg orð til, en margur kynni að halda.

Fréttabréf.

SASKATOON, Sask.

1 febrúar 1911.

Heiðraði ritstj.

Mig hefir oft langað til, að senda þér fáeinar línur fyrir blað þitt síðan ég flutti hingað vestur, til þess að draga athygli landa minna að þessari uppvaxandi borg Saskatoon, sem hefir svo góða framtíð fyrir höndum, en þv- miður hefir það dregist.

Fyrir fjórum árum ferðaðist ég um Saskatchewan og Alberta fylkin, til þess að skoða mig um; ég kom við í flestum stærri bæjunum og mér leist vel á mig í Regina, Moose Jaw, Calgary og Edmonton, en allra bezt í Saskatoon, og ásetti mér að flytja þangað við fyrsta tækifæri. Ég ráðlagði félagi því, er ég vann hjá, að setja upp verzlun hér, og tveim árum seinna setti félagið upp byggingu, er kost aði um $50,000, og sér víst ekkert eftir, að hafa gert það, og hefir heldur enga ástæðu til þess.

Árið, sem ég gat um (1907) lá að eins ein járnbraut gegn um bæinn, C.N.R. frá Regina til Prince Albert. Nú liggja tvær í gegn um hann, C.N.R. og C.P.R. og sú þriðja liggur utan við hann, og er að leitast við að koma inn í miðbæinn í sumar og byggja vagnstöð innarlega í bænum. Þá var að eins ein gömul brú yfir Saskatchewan ána inn í bæinn; nú eru fjórar nýj ar orýr.

Þá voru að eins tveir alþýðusoólar; nú eru fimm alþýðuskólar og eitt Collegiate, sem kostaði $125,000. Þá var varla farið að tala um fylkisháskóla, en síðan hefir fylkisstjórnin keypt 1333 ekrur af landi, eina mílu frá miðpunkti bæjarins, á og útfrá syðri bakka Saskatchewan árinnar, og var byrjað að byggja sumt af háskólanum í sumar sem leið, sem á að kosta þegar allar byggingar eru fullgerðar $3,000,000.

Árið 1907 var fólkstalan að eins um 4,000, en nú er hún 14,000. Þá voru engar heildsölubúðir í bænum en nú eru yfir níutíu, og margar eiga að byggjast í sumar, meðal hverra er J. H. Ashdown og Great West Saddlery Co. frá Winnipeg.— Nú eru fjórtán bankar í bænum, og gera allir mikla verzlun. Í sumar á að byggja fimm nýjar kirkjur — tvær af þeim, methodista og Presbyterian kirkjurnar, verða mjög stórar; sú fyrri á að kosta $100,000, fyrir utan lóðir þær, sem hún verður bygð á, sem eru $30-000 virði. Tvær nýjar kirkjur voru bygðar í sumar sem leið. Bráðlega verður bygt nýtt bæjarráðhús, og að líkindum verður byrjað á því, að leggja strætisbrautir í sumar.

Afstaða Saskatoon bæjar er hin ákjósanlegasta, rétt í miðju fylkinu. Hveitilönd öll út frá bænum eru hin beztu; hveitiuppskera árið 1909 í Saskatchewan var til jafnaðar 22.1 bushel af ekrunni. Í Manitoba var hún 17.33, í Alberta 20.2, Minnesota 16.8 og í Dakota 13.7.

Verð á bæjarlóðum og öllum eignum í Saskatoon hefir aukist á þessum fjórum árum frá 100 til 1,000 prósent, og er alt af að hækka. Það er enginn efi á því, að þær eiga eftir að margfaldast aftur næstu fimm árin.

Atvinna er hér næg á sumrum, og vel borguð, en minni á vetrum, enn sem komið er.

Ég vildi ráðleggja þeim, er hafa í huga, að flytja vestur til Saskatoon, eða ná sér í fasteign þar, að gera það sem fyrst. Þeim, sem vilja skrifa mér um upplýsingar, skal ég veita þær. Og þeim, sem geta komið hingað til að skoða sig um, skal ég sýna bæinn. Staða min gefur mér talsvert frjálsræði; ég er kunnugur afstöðu bæjarins á alla vegu, og einnig kunnugur mörgum áreiðanlegum mönnum, sem ég get fengið upplýsingar hjá.

Ég vildi gjarnan sjá sem flesta Íslendinga setjast að í aðalborgum Vesturlandsins og taka þátt í að byggja þær upp.

W. Christianson,
Address: Box 665.

Vinsamleg leiðbeining.

Þar eð þið herrar Árnason og sonur, kaupmenn í Churchbridge, og nokkrir fleiri hér í Thingvallanýlendu, hafið eignað mér frettabréf það, sem skrifað var héðan úr bygð og út kom í Heimskringlu í sl. janúar, með undirskriftinni "Hallur frá Horni", — þá gefst ykkur hér með til vitundar, að ekki ein einasta setning í áminstu bréfi er hugsuð eða skrifuð af mér. Ég verð því að biðja ykkur, herrar minir, að stefna getgátum ykkar um höfundinn í einhverja aðra átt. — Ekki skal mig undra það, Mr. G. Árnason, sem birtir draum þinn í síðasta blaði Heimskringlu undir gervinafninu 'Njáll', — þó þig dreymi illa undir ábreiðunni, sem Hallur gamli á Fróðá breiddi yfir þig í áður umgetnu fréttabréfi. En hitt hefði þér átt að vera vorkunnarlaust, fyrst þú tókst heldur það ráðið, að gefa upp málefnið en ná í persónu Halls, að fara réttu leiðina heim að Fróðá.

Aldrei kom það fyrir gamla Njál á gamla þingvelli, að hann sækti mál í rangan fjórungsdóm, eða hann réðist á naut þeirra manna, sem hann átti í deilum við.

Fyrst þú fékst þá makalausu flugu í höfuðið með nýja nafninu, að fara að þruma af öllu afli framan í bola gamla mannsins á Fróðá, og gefa það í skyn, að nautið öfundi þig, í staðinn fyrir að reyna að bjarga málstað þínum og sjálfum þér frá því, að skolast lengur í hæðnisuldum lesenda fréttabréfsins, eins og gamli Njáll mundi gert hafa í þinum sporum, — þá eru það vinsamleg tilmæli mín og fleiri bænda, sem búum norður af Church bridge, að þú farir réttu leiðina heim að Fróðá næst þegar þú arkar út á ritvöllinn. Því ég get fullvissað þig um það, að ekki eitt einasta af okkar nautum öfundar þig. Og þess vegna viljum við þá líka, að þau hafi frið fyrir þér. — Má og vel vera, að Fróðár nautið öfundi þig ekki heldur um það lýkur með ykkur Halli.

Ég vildi óska, að þér fari það mikið fram í skósmiðaverkstæðinu að þá hittir 'plukkuna' á höfuðið næst, þegar þú leggur af stað heim að Fróðá.

Churchbridge, 4. marz 1911.
S. Valberg.

Ekki er alt sem sýnist.

Hart er að verjast vörgum grimmu
vélabrögðum þessa heims,
einn í heimi drungans dimmu;
dularöflin töfra geims
við að berjast. Sízt nær sæma
þó sjáist flögra bros á vör
af útlitinn aðeins dæma
innra mannsins, sönnu kjör.

Oft er, sá helst sýnist kátur
særður djúpri hjartans und,
yfirskyni skýldur hlátur,
skemtun enga færir lund
þyrnar fjölga er aukast árin
eyðist blíðu, rósemd dvín
falla í leyni tregatárin,
trauðla gleði bjarmi skýn.

Vonir blikna vinsæld smækkar
vélar dafna heimsum láð,
vegur stirðnar, voðinn hukkar,
veiklast hugur, förlast ráð
eitur snákar elta, hrekkja.
einstaklinginn hverja stund,
svíkja, tæla, beygja, blekkja,
benjar svella, kólnar lund.

Svona gengur dag frá degi,
dularrúnir breita mynd.
hrjóstugum á hröklast vegi,
hrakin, vafin, erfða sýnd,
En samfylgd skortir sannra vina,
sem að rètta líknar hönd,
að lækna sárin, sorgir lina,
og svæfa óláns bitur grönd,

Jóhannes H. Hunfjörð

Sendið Heimskringlu til vina yðar á Íslandi.

NÚ ER TÍMINN TIL AD KAUPA

Hluti Buick Oil Felagsins

Verðbréfin hækka bráðlega úr 75 centum í $1.00 fyrir hvern hlut

Þeir sem kaupa með 75 centa verðinu ættu að fá á skömmum tíma nægan ágóða til að borga fyrir hluti sína og þess utan dágóðan skilding til komandi ára.

Buick oliufélagið er nú framleiðandi félag. Það hefir nýverið selt Standard oliufélaginu 100 þúsund tunnur af olíu, sem gerir $45,000.00 í 'netto' ágóða. Þetta sýnir það, að félagið framleiðir nú frá 1,000 til 1,300 dollars dag hvern. — Ef þú ætlar að kaupa þessi verðbréf, meðan 75 centa verðið er, VERÐUR ÞÚ AÐ KAUPA SEM FYRST, því sala getur hætt, þegar minst varir.

Buick Midway brunnurinn No. 1.

er undur Midway héraðsins. Hann gefur af sér yfir 3,000 tunnur daglega, og það gerir næstum

$1,500,00 inntekt á dag

Skoðun oliufræðinganna er það, að þessi brunnur sé hinn bezti og mesti á oliusvæðinu. Þessi brunnur aleinn ætti að gera hvern hluthafa, ef hann ætti hlut svo nokkru nemi, fjárhagslega sjálfstæðan það sem eftir er ævinnar. Þetta merkir það, að sérhver dollar þannig varið mundi þrefaldast á skömmum tíma.

Félagið hættir sölu hluta sinna, þegar hinn afskamtaði hlutafjöldi er uppseldur. Og það getur vel orðið áður en næsta auglýsing birtist.

Lesið hvað "California Oil World" segir um brunn vorn 2. marz sl.

BUICK HEFIR AGÆTAN BRUNN SEGJA SÉRFRÆÐINGARNIR.

Gýs 3000 tunnum á dag, gegnum tvö litil op, með stöðugu rensli.

Bakersfield 1. marz.

Oliumenn, sem nýverið hafa séð brunn Buick oliufélagsins á Section 32-31-23, lýsa því yfir, að það sé sá mikilhæfasti brunnur, sem til þessa hafi grafinn verið á gossvæði Midway héraðsins. Brunnurinn var grafinn með snúningsbor, og hefir verið haldið undir fullkominni stjórn frá byrjun, þrátt fyrir hina feykilega miklu gasþrýsting, — líklega jafn mikla og í Mays brunninum og öðrum stórbrunnum á þessu svæði.

Lesið staðhæfinga A. G. Wilkes, eins þess stærsta brunneiganda í Midway-Californiu oliuhéraðinu, sem nýlega hefir seld sameinuðubrunnana ensku félagi fyrir $1,750,000 00 í glærum peningum. Þessir brunnar sem fyrir þetta háa verð voru seldir eru örskamt frá vorum Midway No. 1 brunni. Mr. Wilkes fer til Englands í þessari viku. Hann gaf eftirfarandi skýrslu á skrifstofu vorri rétt áður en hann lagði af stað til Englands.

Chicago, 7. marz 1911.

BUICK OIL CO.,
420 Marquetta Bldg., Chicago.

Herrar mínir:

Ég hefi rétt núna komið frá oliusvæðinu, og síðastliðinn þriðjudag var ég á eignum Buick oliufélagsins, Section 32 á Midway svæðinu. — Brunnurinn framleiddi þá um þrjú þúsund tunnur daglega, og hafði stöðugt rensli. Þessi brunnur er af flestum oliufræðingum skoðaður sem hinn bezti í Norður-Midway. Hann hefir að minum dómi yfirburði, hvað framleiðslumagn snertir, yfir meginþorra þeirra brunna, sem á þessu svæði eru.

Umsjónarmaðurinn sagði mér, að brunnurinn hefði framleitt hindrunarlaust frá þeim degi að vart varð við oliuna. Eitt það eftirtektaverðasta við brunn þennan er það, að hann hefir sannað, að oliusandur er í oliusvæðinu. Hingað til hafa því nær allir brunnarnir verið grafnir með Standard Drills, og um leið og skelin fyrir ofan sandinn var brotin, kom olían og gasið fram með þeim krafti, að ómögulegt var að koma umbúðum fyrir svo í lagi væri fyr en seint og síðar meir.

Þessi Buick brunnur var grafinn með Johnsons snúningsbor, og um fimtíu tons af leðju og vatni var haft fyrir ofan borinn til þess að halda niðri gasþrýstingnum. Með þannig lagaðri aðferð gat brunngrafarinn komið umbúnaðinum fyrir á 83 feta dýpi. Mér var sagt, að botni sandlagsins hefði ekki verið náð, en það hefði verið talið ráðlegt, að halda ekki dýpra. Það er sannað, að olíusandurinn á þessu dýpi var 83 feta þykkur, en ef dæma skal eftir nærliggjandi brunnum mun sandlagið vera frá einu hundraði upp í þrjú hundruð á þykt.

Að áætla líf þessa brunns, er að eins hægt með því, að bera hann saman við hina aðra framleiðslu brunna California oliusvæðisins. — Ég fullkomnaði Mays brunninn í marz í fyrra og sá brunnur framleiðir fult eins mikið nú og fyrsta daginn, sem hann gaf af sér oliu. Dýpt Buick brunnsins og dýpt hinna nærliggjandi brunna, er stærsta tryggingin fyrir framtíð brunnsins. Palmer brunnurinn, sem er því næst af sömu dýpt, hefir verið stöðugur framleiðari í fjögur ár.

A. G. WILKES.

Hinir gætnustu verzlunarmenn þessa lands hafa nú varið peningum sínum í hluti Buick oliufélagsins. Í Californiu, en þó sérstaklega á oliusvæðinu, hefir Buick Midway No. 1, reynst félaginu happadrýgsta og mest eftirspurða fyrirtækið.

Við sögðuð ykkur, að hlutirnir mundu hækka upp í 75 cents. Margir voru þeir, sem efuðu orð vor og drógu pantanir sínar, þar til um seinan. — Þið vitið, að nú eru hlutir þessir keyptir fyrir 75 cents, — ekki af einum, heldur af hundruðum manna. Við sögðum ykkur, að þessi brunnur vor myndi gefa olíu og nú hefir það sannarlega ræzt. Og hið volduga Standard oliu félag hefir þegar keypt hundrað þúsund tunnur af olíu vorri. Við höfum sýnt ykkur fram á, að brunnur þessi er mikill oliuhver, og að við að eins leyfum honum að gefa af sér 1,000 til 3,000 tunnur á dag. Og þeir oliufræðingar, sem brunn vorn hafa séð og grandskoðað, hafa lýst því yfir, að hann væri ekki að eins mikill hver, heldur einn af þeim voldugustu, sem þeir hefðu séð.

Nú er tíminn til að kaupa

Við viljum, að hver sá, sem les þessa auglýsingu, bíði ekki stundinni lengur. Vér höfum gefið það ótvírætt í skyn og sýnskeyti frá Mr. Buick sjálfum sanna það, hvað auðugur hinir californisku oliuvellir eru, og hvers vegna þeir framleiða eins mikla oliu nú og þeir gerðu fyrir árum síðan. Við höfum sýnt ykkur, hvar eignir okkar eru, — umkringdar af voldugustu olíu-öflum heimsins. — Buick oliufélagið er fyrir almenning, og fyrir því stendur maður, sem er kunnur uppfyndingamaður og þrautreyndur sæmdar og dugnaðarmaður. Það eru hinar velþektu Buick bifreiðar, sem Mr. Buick fann upp, og sem hlotið hafa frægð mikla fyrir vandvirkni og hraða, og hrept fjölda verðlauna. Þúsundir Buick bifreiða eru nú seldar árlega, og fleiri þúsundir manna vinna á verksmiðjunni em býr þær til.

Mikill hluti af Hluthöfum Buick oliufélagsins eiga Buick bifreiðar. Nafnið Buick, hvort heldur í Bandarikjunum, Canada, Englandi, eða hvar annarstaðar í ninum mentaða heimi, er full trygging þess, að félag það, sem hann er riðinn við, er örugt, heiðarlegt og líkir til heilla. — Engir blaðamenn þora að ráðast á félag vort. Þeir vita, að nafnið Buick er hafið yfir allan grun. — Það er þrá D. D. Buicks, að gera Buick Oil Co. stærsta olíu framleiðslufélag heimsins, og ef dæma skal eftir hinum fyrsta brunni, þá eru líkurnar miklar fyrir því, að hann fái þrá sína uppfylta, þegar allar aðrar eignir félagsins eru orðnar oliuframleiðarar. Og eignirnar eru miklar. — Þið, sem lesið þessa auglýsingu, bregðið við og kaupið hluti, og kaupið svo mikið, sem ykkur er fært. — Söluskilmálarnir eru svo handhægir, að sérhverjum ætti að vera auðið að gerast hluthafi.

KAUPIÐ nú STRAX ekki mun seinna vænna.

Vegna þess að hluta sölunni getur orðið hætt þegar minst varir, verða engar pantanir afgreiddar eftir afborgunartilhöguninni.

INFORMATION COUPON.

K. K. ALBERT, 708 McArthur Building.
Winnipeg, Man.

Herrar mínir: Verið svo vænir að senda hina miklu bók yðar. "The Land where Oil is King," sem lýsir Buick Olíu landsvæðinu, og jafnframt myndir, og stjórnar skýrslur og aðrar sannanir og upplýsingar viðvíkjandi hinu stærsta olíusvæði heimsins, Kern County, California. Ég lofa ekki að kaupa hlut en lesa bókina og aðrar upplýsingar mun ég með athygli.

NAFN .....

ARITUN .....

PÓSTHÚS ..... FYLKI .....

"HEIMSKRINGLA"

BÍÐIÐ EKKI DEGINUM LENGUR!

Símið eftir geymslu hluta

Snúið ykkur til umboðsmansins fyrir Canada.

K. K. ALBERT

708 McArthur Building, Winnipeg.

Phone Main 7323

EÐA

BUICK OIL COMPANY

420 Marquette building., Chicago.

SUBSCRIPTION TO STOCK.

K. K. ALBERT, 708 McArthur Building,
Winnipeg, Man.

Herrar mínir:

Ég bíð hér með um..... hluti á eins dollars ákvæðisverði í höfuðstóli Buick Oil Co., á 75c hvern hlut, og lofa að greiða þá að fullu í 4 jöfnum mánaðar afborgunum. Hlutabréfin afhendist mér þá þeir eru borgaðir að fullu. Hér innlagðir $..... fyrsta afborgun.

NAFN .....

ARITUN .....

PÓSTHÚS ..... FYLKI .....

"HEIMSKRINGLA"

Heimskringla

Published every Thursday by The Heimskringla News & Publishing Co. Ltd

Verð blaðsins í Canada og Bandar $2.00 um árið (fyrir fram borgað).
Sent til Íslands $2.00 (fyrir fram borgað af kaupendum blaðsins hérlendis $1.50.)

B. L. BALDWINSON
Editor & Manager

Office:
729 Sherbrooke Street, Winnipeg
BOX 3083. Talsími Garry 4110.

Minnisvarða samskotin.

Þó 15. marz sé upprunninn, haldá samskotin til minnisvarða Jóns Sigurðssonar áfram. Búist var við, að fyrir þann dag mundi hin ákveðna upphæð verða fengin, en þar eð svo varð ekki, verður fjársöfnuninni haldið áfram þar til svo verður.

Vestur-Íslendingar ættu ekki að láta þá vanvirðu um sig spyrjast, að þeir sæu eftir 10 þúsund krónum til að heiðra minningu þjóðarfrömuðarins og frelsishetjunnar ástsælu, Jóns Sigurðssonar. Þeir settu heldur ekki að láta þann skoðanamun á sig fá, hvort það yrði minningarsjóður eða minnisvarði, sem til heiðurs Jóni væri gjör. Hvorutveggja ber það að sama brunninum.

Það eru því alvarleg tilmæli vor, að þið, landar góðir, látið höndur standa fram úr ermum, og að þið sýnið það í verkinu, að þið, sem samlandar vorir á fósturjörðinni, kunnið að meta hið látna mikilmenni. — Látið því centin eða dollarinn af hendi rakna, og það sem fyrst og sem rifflegast.

Hagfeldast er, að senda samskotin beint til gjaldkera samskota nefndarinnar, herra Skapta B. Brynjólfssonar, 623 Agnes St.

Látið nú sjá, landar góðir, að þið enn þá berið velvildarhug til gamla landsins og munið að meta minning eins þess mikilhæfasta sonar.

Glapræði.

Einn lang-merkasti af fjármálamönnum og verzlunarfræðingum Canada, Sir William Van-Horne, forstjóri C. P. R. félagsins, hefir 7. þ.m. ritað Mr. Charles Chaput, forseta Anti-Reciprocity League,—ítarlegt bréf, þar sem hann fer hörðum orðum um gagnskiftasamnings uppkastið, og sýnir með ljósum rökum, hversu mikið glapræði það er og háskalegt landi og þjóð. — Álit þessa manns er svo mikilsvert, að vér birtum bréf hans hér, lesendum vorum til gagns og fróðleiks.

Bréfið er svohljóðandi: —

Herra minn:

Það hryggir mig, að þurfa að leggja af stað til Englands næstkomandi fimtudag, svo mér er ekki unt, að sitja á þingi vkkar í næstu viku og láta bar uppi álit mitt á gagnskifta frumvarpinu. — Það, sem ég hefi að segja í þessu máli, á ekkert skylt við flokkapólitikpólitik (því við stjórnmál hefi ég ekkert að sýsla), né heldur við nokkra sérstaka hagsmuni. — Ég læt álit mitt í ljósi sem einstaklingur, sem hin þrjátíu undanfarin ár hefir með lífi og sál starfað að byggingu landsins, og sem jafníramt framfarir tveggja aratuga hafa vakið hjá stolt og fullnæging.

Nú sé ég mér til undrunar, ótta og blygðunar stórvirki heillar kynslóðar gefið í burtu fyrir óákveðna hugsjón eða barnalega viðkvæmni, hið ágæta verzlunar og iðnaðarfyrirkomulag vort og sjálfstæði, sem við vorum svo upp með okkur af, hent í burtu fyrir smávægilega bita. Og þess vegna finn ég það skyldu mina, að taka undir mótmæli þau, sem þetta gagnskifta uppkast hefir mætt úr hverjum fylkishluta bessa lands.

Sem stendur erum vér í þeirri öfundsverðu stöðu, að verzlun vor er þrisvar sinnum meiri en Bandaríkjanna — hlutfallsléga—, og engan skugga hefir borið á verzlunarhiminn vorn fyr en nú. — Segir ekki heilbrigð skynsemi okkur, að vera þar, sem við erum, og láta það óbreytt, sem fullnægjandi er?

Þegar Bandaríkin upphófu gömlu gagnskiftasamningana við okkur 1866, bíðum við stóran hnekki, og hin næstu fjórtán ár var þungur reynslutími fyrir Canada. Þá var Vesturlandið ekki til, markaður vor ófullkominn og lítil sem engin tök á að starírækja iðnað. Canada-búar hjuggu sinn skóg og lifðu sem bezt þeir gátu. En á þessum vonleysis og þrautaárum, vaknaði hjá mörgum góðum mönnum sú skoðun, að innlimun íBanda ríkin væri eini opni vegurinn til bjartari framtíðar fyrir Canada.— En svo kemur árið 1878 með þjóðernisstefnuna; verksmiðju strompar fóru að sýna sig upp yfir trjátoppana og þeim fiölgaði óðum, og þá kom C.P.R. járnbrautin og opnaði fyrir okkur Vesturlandið, og frá þeim tíma fleygði Canada áfram á framfarabrautinni.

Bandaríkin, með McKinley tolllögunum, hlóðu stein eftir stein í vegg sinn gegn okkur, en Canada tók meiri og meiri framförum þrátt fyrir það. Þjóðin var þá farin að skilja tilveru sína. Þá komu Dingley toll-lögin, og þau kóróuðu hina fyrri viðleitni Bandaríkjanna og fullgerðu vegginn. Hlustið til orða Senator Beveridge, aðalmálsvara Washington stjórnarinnar, þegar hann sagði: "Ekki hinir frönsku Bourbonar á dögum Lúðvíks XVI., ekki afturhaldsflokkurinn enski á dögum Georgs III., — fóru fram á svo vitlausa og skaðlega stefnu, sem hin svonefnda stjórnkænska okkar, sem í stað þess að ala kaupandi markað í Canada, er að gera Canada að iðnaðar keppinaut". Og setnna segir sami maður: "Það verða að gerast gagnskifta samningar við Canada. Tollar vorir gega umheiminum mega ekki notast á nábúa vora að norðan. Þessi stefna hefir ollað því, að Bandarika iðnaðarmenn hafa haldið yfir landamærin, bygt stórar verksmiðjur fyrir Bandarikja peninga á canadiskri jörð, og fengið Canada-menn til að reka starfsemina. Þessum peningum hefði átt að halda í heimalandinu, og ráða Bandarikja verkamenn til að uppfylla barfir Canada. — Við ættum að leyfa canadiskri trjákvoðu og pappír tollfritt inn í land vort, gegn því, að Canada leyfði akuryrkju verkfærum, vélum, dælum og öðrum áhöldum, sem við framleiðum, tollfritt yfir sin landamæri. Eins ættum við að vera fúsir á, að leyfa canadisku timbri tollfrían aðgang að trjáverksmiðjum vorum, gegn því, að Canada veiti öðrum Banda ríkja iðnaðarafurðum greiðan aðgang á markað sinn. — Við ættum að hafa sérstaka tollsamninga við hina nátengdu nágranna vora og eðlilegu viðskiftavini. Það hefði í för með sér miliióna dollars hagaað fyrir Bandarikja verksmiðjur.— Gagnskiftin mundu auka stórkostlega það, sem Canada keypti frá okkur".

Eins og ég sagði fyrir tuttugu nefnilega gagnskifta samningana — árum síðan um sama málefni — er það ekki nauðsynlegt, að drenghnokki þurfi að vera skólagenginn til að vita annað eins og þetta. Og ef Indiana, sem er ríki í annari röð, ábatast um miliónir dollars á gagnskiftum, um hvað marg miliónir dollars ábatast þá hin miklu framleiðsluriki? Og hver greiðir allar þessar miliónir? Canada. Hver ella?

Nýverið símaði Mr. Fielding til 'The Canadian High Commissioner' í london, og sagði að í fimtiu ár hefðu Canada búar, af báðum stjórnmálaflokkum, óskað eftir gagnskiftum. Þetta var satt fyrir 30—40 árum síðan, en síðan ekki. Á hinum síðastliðnu 20 árum höfum við ekkert heyrt getið um viðskiftasamband, gagnskifti eða alla þá dutlunga, sem spruttu frá tómum vösum.

Liberali flokkurinn kom til valda fyrir átján árum. Tollunum voru þér samþykkir sem þjóðar-nauðsyn. Þeir voru bættir á margan hátt. Hagfeld viðskifti tókust við England. Allir voru ánægðir. Þusundirir milna af járnbrautum voru bygðar, og hafskipastóll landsins óx í hundraðatali. Verzlun okkar og iðnaður tók framförum meir en nokkur hefði búist við. Stjórnin, en þó sérstaklega Sir Wilfrid Laurier og Mr. Fielding, ávann sér traust og vinsældir allra, jafnvel andstæðinganna. En nú kemur Mr. Fielding, sem þruma úr heiðskiru lofti, og hótar að eyðileggja alt saman.

Hafa nokkurn tíma nokkurir menn skriðið á maganum eins og fulltrúar Canada gerðu í Washington í þessu máli?

Við höfum heyrt mikið um hina veglegu framkomu stjórnarinnar í viðskiftamálum vorum, — vegleg framkoma, sem var upptekin eftir ítrekaðar snuprur; og okkur hefir verið sagt, að ef eitthvað yrði framar um viðskiftasamningana talað, þá yrði það í Ottawa. En eftir fyrstu bending frá Washington, þjóta fulltrúar Canada þangað, og án þess að ráðgast um það við nokkurn, ekki einu sinni sína eigin meðbræður í stjórninni, — og á augabragði ganga að skilmálum, sem eru verzlun vorri og viðskiftum að stórtjóni, og sem ef til vill hafa stjórnarfarslega hættu í för með sér.

Ég get ekki trúað því, að okkar heiðraði stjórnarformaður hafi átt hönd í bagga með þessum gjörðum. En hvort sem svo er eða ekki, þá eru hinar auðsæu afleiðingar fyrir landið svo hættulegar, að þær yfirskyggja alla persónulega nærgætni. — Velferð landsins og heiður eru í veði, — og hið smánarlega tilboð, sem okkur er gert, er án efa gagnstætt óskum fjórða fimtu hluta landsmanna. Og ég efast um, ef almenningur skildi málið til hlýtar, að það væri tylft manna því fylgjandi í öllu landinu, — það er ef til vill ekki hægt, að gera tolla svo öllum líki til fullnustu, en þegar réttilega er skoðað komast toll-lög vor mjög nærri því.

Sumir af bændum Norðvesturlandsins vilja gagnskifti, af því þeir vona, að fá hærra verð fyrir hveiti sitt og ódýrari akuryrkjuáhöld. Gagnskiftin gera hvorugt þetta svo nokkru nemi.

Vesturbændurnir ættu að muna að okkar tollveggur hefir skapað heimamarkaðinn, sem hefir gert þá velstæða. Þeir þurfa að eins að bera saman, það sem við flytjum til utlendra markaða af hveiti og það, sem við framleiðum samanlagt af því, til að sjá og skilja stærð og gildi heima-markaðarins. — Og hvað akuryrkjuverkfærum viðvikur, þurfa þeir að eins að aðgæta verðið, sem borgað er fyrir þau, rétt fyrir sunnan landamærin, til þess að sjá, að í flestum tilfellum borgar hinn Bandarikski iðnaðarframleiðandi, bæði tolla og aukafarmgjald á þeim, og hann getur þetta vegna þess, að starfskostnaðurinn er að eins brot af því, sem bændurnir borga, og að nærri allur afgangurinn verður hans ágóði og millimannsins. Þó tollurinn lækki, lækka ekki akuryrkjuverkfærin í verði, — það að eins eykur ágóða þess, sem framleiðir. — Og ef samanburður er gerður á sölverði fyrir sunnan landamærin, ætti út í hönd verð að vera borið saman við út í hönd borgun, en ekki út í hönd borgun við lánsverð.

Einnig er sagt, að sumir bændurnir í sjávarfylkjunum sé gagnskiftasamningunum meðmæltir — vegna þess, að þeir muni þá fá meira verð fyrir kartöflur sínar og epli. En sá hagnaðar möguleiki verður manni bezt kunnur með því að aðgæta hið ríkjandi verð í New Englands ríkjunum. Það er ekki hátt, og nágranni vor býst við, að það muni fara lækkandi við gagnskiftin.

Á aðra hönd er auðvelt að fá markað fyrir þessar afurðir bændanna frá Nova Scotia og New Brunswick, og þar sem þeir geta fengið tvöfalt og jafnvel þrefalt meira verð fyrir afurðir sínar, og á sama tíma fjórfaldað eftirspurnina eftir þessum afurðum með því að lækka þetta háa verð að nokkuru. — Tökum til dæmis Cuba, þar sem ein tunna af kartöflum, 75 centa virði fyrir Canada bóndann, kostar neytandann $7.00, og svipað er því varið með epli. Viðskiftaráðunautur Canada í Havana mun staðfesta þessa staðhæfing sem sanna. — Bændur vorir búast við að flytja karöflur og epli til Bandarikjanna, þegar hinar sömu afurðir eru fluttar þaðan til Cuba og annara staða. — Ontario fylki varð að líða undir Dingley toll-lögunum á eggjum sínum, osti og smjöri og öðrum slikum afurðum sínum, unz það nevddist til að leita annara markaða fyrir þessar afurðir, og reyndust þeir mun meira arðberandi.

Að fiskiveiðum sleptum, sem ég hefi ekki næga þekkingu að tala um, álit ég ekki að það sé nokkur sú afurð á nokkrum stað í Canada, sem getur ekki fengið betri markað án gagnskiftasamninganna en með þeim. Og hvað margar afurðir snertir, er það lífspursmál, að samningarnir komist ekki á. — Og jafnvel hvað snertir fiskinn okkar, að dæma eftir því verði, sem greitt er í Vestur-Indlandi og Mið-Ameríku fyrir fisk, gæti vel farið svo, eins og með kartöflurnar og eplin, að þar hefði okkur sést yfir einn bezta fáanlega markaðinn fyrir þá afurð.

Látum okkur ekki skáka í því skjóli, að ef þessir gagnskiftasamningar reynast glapræði, að við getum þá auðveldlega ráðið bót á því, það gæti farið svo, að okkur yrði ekki leyft að gera það. Þegar Mr. Hill hefir framlengt hinar sjó eða átta járbrautir sína inn í Norðvesturlandið, — brautir, sem nú í nokkur ár hafa beðið við landamærin eftir gagnskiftasamningunum, eða eitthvað í áttina, sem heimilaði þeim landgöngu; þegar aðrir Bandaríkja verzlunarvegir hafa verið opnaðir er hafa áhrif á land okkar, og þegar hinir bandaríksku málueigendur hafa reynt hveitið okkar og hinir amerískönsku iðnaðarmenn fengið hald á markaði vorum, — eru þá líkur til, að við fáum leyfi að draga okkur til baka?

Nei, síður en svo. Við erum að flækja okkur í neti, sem við aldrei fáum losað okkur úr.

Ný betrunarstefna.

Nú er öldin önnur í heimi dómfeldra afbrotamanna.

Þeir voru tímarnir, að sú grundvallarregla var ríkjandi, að refsa hinum seka sem eftirminnilegast og ómannúðlegast fyrir afbrot sín. Átti það að vera öðrum til viðvörunar, um leið og það var hinum seka réttlátt syndagjald. En eftir því sem þjóðunum óx fiskur um hrygg í menningarlegu tilliti, breyttist þessi refsistefna smátt og smátt í mannúðlegri átt, og nú er svo komið, að betrunarstefna hefir rýmt refsingarstefnunni úr sessi meðal flestra menningarþjóða heimsins.

Um það hefir mikið verið rætt og ritað, hver happasælasti vegurinn mundi vera til betrunar glæpamönnum og glötuðum lýð. Misjafnar skoðanir hafa komið fram, og misjafnlega hafa þær gefist, sem reyndar hafa verið í framkvæmdinni. Ýmsar breytingar hafa gerðar verið á fangelsisfyrirkomulagi hinna ýmsu landa, og hafa allar miðað til betrunar. Hegningarlögunum hefir einnig verið stórum breytt, gerð mannúðlegri og mildari, og ýmsum stofnunum hefir verið komið á fót, sem betra áttu brotlegan lýð. En oftar en hitt hefir viljað bera að þeim sama brunni, að þeir sem út á glæpabrautina eða hinn breiða veg höfðu ráfað, urðu ekki þaðan hrifnir, þrátt fyrir allar betrunartilraunir og bætta löggjöf, og sótti því all-oft í sama horfið, þegar hinni leiðandi og betrandi hendi hins opinbera var slept.

En nú er ný betrunarstefna á ferðinni, sem líkur eru til að hafi góðar afleiðingar í för með sér, — nái hún fram að ganga.

Stefna þessi eða hreyung á upptök sín suður í Nebraska í Bandaríkjunum, og er í því fólgin, að fyrir Nebraska þingið var nýverið lagt frumvarp um stofnun glæpamanna nýlendu, — ekki samskonar óbótamanna nýlendu og áður voru kunnar, heldur nýtízku nýlendu, byggðri á mannúðar og betrunargrunvelli.

Frumvarpið fer fram á, að 5—10 þúsund ekra landsvæði sé valið fyrir glæpamanna nýlendu, og að bangað séu sendir allir flækingar, drykkjumenn, skækjur, smærri glæpamenn og annar óþjóðalýður, — og vesalingar þeir, sem ekki geta haft ofan af fyrir sér á heiðarlegan hátt. — Sumir af nýlendubúunum eiga að verða látnir vinna, að jarðrækt og búskap, en meiri hlutinn á að vinna í verksmiðjum, sem setja á upp í nýlendu-bænum. Verksmiðjur þessar eiga að framleiða flestar nauðsynjar nýlendufólksins, og jafníramt annara opinberra stofnana ríkisins; svo sá iðnaður, sem bannig er unninn, kemur að engu leyti í bága við iðnað þann, sem unninn er af frjálsum mönnum í iðnaðarverksmiðjum einstakra manna eða félaga, og keppir að engu leyti um markað eða markaðsverð.

Þarna í þessum nýlendu verksmiðjum eiga nýlendu-búarnir að geta lært hvert það handverk, sem þeir helzt kjósa. Þar verða húsbúnaðar-, trésmíða-, bókbands-, klæða-, skófatnaðar- og járnsteypu -verksmiðjur. Kvenfólk það, sem í nýlendunni verður, lærir matartilbúning, fatasaum og hjúkrunarstörf, og auk þess getur það lært á verksmiðjunum, ef það vill frekar stunda einhverja þá iðn, sem þar er kend. — Einnig á að uppfræða nýlendu-búa í andans fræðum, eftir því sem tök eru til.

Vinnutími nýlendu fólksins á að vera 8—9 stundir á dag, og helgidagar hinir sömu bar í nýlendunni og annarstaðar í ríkjunum. Í frístundum sínum má hver og einn skemta sér á þann hátt sem honum list, — sé ekkert það í þeim skemtunum, sem misbýður almennu velsæmi, eða vekur sundurlyndi og úlfúð.

Vín verður ekki um hönd haft í nýlendu þessari, en tóbaks verður leyft að neyta í hófi, þeim sem vanir eru því áður. — Annars á markmiðið að vera það, að farið verði með nýlendu-búa sem líkast frálsum verkamönnum, en þó að sérhver sé skyldugur að vinna, sem vinnufær er.

En það, sem mest er í varið í frumvarpi þessu er það, að ætlast er til, að sérhver nýlendu-búi fái kaup fyrir vinnu sína. Verður helmingur kaupsins sent mánaðarlega til fjölskyldu nýlendu-búans, er hinn helmingurinn geymdur, þar til manninum er slept úr nýlendunni, til þess að hann hafi þá undirstöðu undir nytsamlega starfsemi, og geti hafið lífsbraut sína að nýju sem nýr og betri maður.

Einmitt þetta atriði er mjög þýðingarmikið, því það er alvenja, að þegar afbrotamaður er leystur úr hegningarhúsinu, að þá er hann fláus, og ef hann á enga vini, sem hjálpa honum, er hann oftlega knúður til að fremja glæpi til að geta haldið liftórunni. En á þessu ræður frumvarpið bót.

Frumvarp þetta hefir enn ekki verið samþykt í Nebraska þinginu, en alt bendir til að svo verði. — Álit vitra manna er, að stórmikið gagn verði unnið með svona lagaðri nýlendu, sem vitanlega verður undir stjórn og eftirliti hins opinbera, og að hún muni hafa happasælli afleiðingar í för með sér en hinar beztu betrunarstofnanir.

Og risi upp margar slíkar nýlendur, má óhætt fullyrða, að heimur batnandi fer.

Litli kofinn á Nesi.

Þessi hinn nýi frumsamdi sjónleikur, sem Winnipeg Íslendingar hafa hlakkað svo mikið til að sjá, var sýndur í fyrsta sinni á mánudagskvöldið var í Goodtemplarahúsinu.

Um leikinn sjálfan er það að segja, að hann hefir bæði sína kosti og galla, en gallana þó fleiri. En væri hann soðinn upp að nýju, hlutverki aðalmannsins gjörbreytt — gert íslenzkara — þá væru allar líkur til, að leikurinn næði fótfestu meðal Austur- sem Vestur-Íslendinga. Ósamræmi kemur víða fyrir í leiknum, en þó eru samtölin all-víða bæði smellin og fjörug.

Leikurinn fer fram í Winnipeg daginn fyrir og á Íslendingadag, og eru allir þrir þættirnir sýndir í dagstofu á íslenzku matsöluhúsi. Húsráðandinn, sem Guðrún heitir, ógift, en við aldur, á frænda, sem Helgi nefnist, og er hugsjóna og listamaður. Hann hefir málað mynd, sem hann kallar "Litla kofann á Nesi", og sett hann á sýningu, en býður í upphafi leiksins óþreyjufullur eftir, hvernig henni muni farnast þar. Mynd þessa hefir hann málað af fátækum bóndakofa í Nýja Íslandi, og fyrir utan kofann sitja karl og kerling, nýíslenzkir frumbýlingar, og dóttir þeirra, ung og fögur. Þessi dóttir missir sjónina og foreldrar hennar koma með hana til Winnipeg til að leita henni lækninga. Hún hafði áður verið trúlofuð manni, sem sveik hana, þegar hún misti sjónina. Þessi hinn sami maður hefir síðar lent í óreglu og slarki.

Gömlu hjónin og dóttirin setjast að í greiðasöluhúsi Guðrúnar, þar sem Helgi málari er fyrir. Helgi fær ást á þóru, blindu stúlkunni, en er í óvissu, hvort hann á að giftast henni og yfirgefa listabraut sina, því það álitur hann að leiði af giftingunni, eða að halda sér að listinni. Guðrún, frænka hans, ræður honum til að giftast þóru.—En þá kemur Brandur, fyrri unnusti þóru, aftur fram á sjónarsviðið, rétt þegar Helgi ætlar sér að fara að biðja þóru.

Brandur er iðrandi syndari, hefir séð málverk Helga á sýningunni, og það hefir snúið honum til afturhvarfs. Þóra tekur Brand í sátt, Helgi blessar yfir þeim og býðst að borga fyrir augnalækningar þóru, því hann hafði í þeim svifum fengið 1,200 dollara tilboð í málverk sitt. Hann sættir og Brand við foreldra þóru, og í leikslok er hann þóru-laus, myndar-laus og yfirkominn, en líkur benda til, að hann muni halda áfram á listabrautinni.

Hvað leikendunum aftur viðvíkur, þá leika þeir allir, að einum undanskildum, prýðisvel.

Ólafur Eggertsson, sem Helgi málari, beitir öllum sínum ótvíræðu leikhæfileikum; en samt er Helgi hans óeðlilegur og þreytandi all-víða, enda er ómögulegt annað að gera úr því hlutverki. Helgi er óíslenzk persóna í fylsta máta, og á, ef svo mætti segja, ekki heima í vestur-íslenzkum þjóðlífsleik; og í allra annara höndum en Ólafs hefði Helgi verið hvimleið persóna.

Guðrún, húsráðandinn og frænka Helga, er vel leikin af Mrs. P. Jóhannsson. Sérstaklega er ástabrask hennar við bernskuvin sinn, Hannes, núverandi Dakota bónda og 'baslara', einkar vel leikið. — Og hið sama er að segja um Hannes, sem Björn Hallson leikur. Var hann all-víða skringilegur og vakti hlátur meðal áhorfendanna.

Björg, vinnukona hjá Guðrúnu, skemti áhorfendunum öllum betur, enda var hún aðdáunarvel leikin með köflum, og sýndi ungfrú Hulda Laxdal, sem hana lék, ótvíræða leikarahæfileika, og átti betur heima á leiksviðinu en nokkur annar, að Ólafi undanskildum.

Þóru, blindu stúlkuna, lék ungfrú Lára Halldórsson, og leysti það vandasama hlutverk vel af hendi. — Foreldra hennar, Herdísi og Jón, léku þau ungfrú María Kristjánsson, og Þ. Axfeld, og fórst hönduglega báðum. Sérstaklega sýndi Axfeld ný-íslenzkan bónda aðdáanlega vel með köflum, og er enginn efi á, að þar er gott leikaraefni sem hann er.

Aftur var Brandur, hinn iðrandi unnusti þóru, ómögulegur í alla staði, — bæði í sjón og heyrn. — Sigurður Bjarnason heitir sá, sem hann lék.

Leiktjöldin voru máluð af Friðriki Sveinssyni, og góð að vanda. — Einnig prýddu stofuþilin málverk af stöðum á gamla Fróni, — meðal annara stór, fögur mynd af Akureyri, sem Friðrik hafði einnig málað.

"Litli kofinn á Nesi" verður aftur sýndur í kvöld, fimtudag, og ættu landar — leikaranna vegna — að fjölmenna, því þeim hefir sjaldan gefist færi á, að sjá jafnvel leikinn leik á íslenzku og þennan.

Gunnl. Tr. Jónsson

VESTUR-CANADA STÆRSTA FRÆHÚS

McKENZIE'S

BEZT FYRIR VESTRIÐ
RŒKTAÐ FYRIR VESTRIÐ
VALIÐ FYRIR VESTRIÐ

FRŒ

TIL SÖLU HJÁ SÉRHVERJUM DUGANDI KAUPMANNI

LÍTIÐ EFTIR FRŒKASSA VORUM Í HVERRI BÚÐ.

HEIMTIÐ McKENZIE FRŒ, TAKIÐ EKKERT ANNAÐ.

Ef kaupmaður yðar hefir það ekki pantið það frá okkur.

VIÐ gefum út hinn vandaðasta fræ bækling í Canada. Sendið bréfspjald til okkar og fáið hann

A. E. McKenzie Co., Ltd.
BRANDON, MAN. CALGARY, ALTA.

Frœ úr Vestrinu fyrir Vestur bía

Sterk og vaxlag jurt af hverju fræi.

FRÆMENN VESTUR-CANADA

Kennara vantar

fyrir WALLHALLA S.D.No. 2062. Kenslutími sjö (7) mánuðir (almanaksmánuðir), með tveggja vikna skólafrii. Byrjar 20. apríl næstk. Umsækendur tilgreini mentastig gildandi í Saskatchewan og æfingu sem kennari, einnig kaup, sem óskað er eftir. Tilboðum veitt móttaka til 15. marz. — Óskað eftir, að umsækjandi sé fær um, að leiðbeina börnum í söng.

Magnús J. Borgford,
2-3 Sec'y-Treas.
Holar, Sask.

Nýjar bækur.

N. Ottenson, bóksali í River Park, hefir nýskeð fengið þessar bækur: —

Eldraunin 50c.
Vallyes sögur 55c.
Valdemar munkur 60c.
Kynlegur þjófur 55c.
Sagan af Pétri Píslarkrák 10c.
Sagan af fiskiskipinu $1.10.
Sagan af Starkaði Stórvirkssyni í bandi 50c, óbundin 35c.
Rímur af Sörla sterka — í bandi 40c, óbundin 30c.

Flokksbitlingar.

Ég kalla svo embætti, opinbera styrki, atvinnu og önnur hlunnindi, sem mönnum eru veitt sakir fylgis við þann stjórnmálaflokk, er í þann og þann svipinn ræður ríkjum í landinu, en ekki sökum verðleika né hæfileika. Nafnið er ef til vill ekki vel fundið. En ég vona, að lesendunum skiljist, hvað ég á við, — og það er nóg.

Ég ætla ekki að rekja né rannsaka yfirsjónir ráðherra í þessum efnum. Þó að hægt sé að sýna fram á með rökum, að stjórn eða þingflokk hafi mistekist embættaskipanir eða styrkveitingar úr landssjóði, er samt næsta erfitt að s a n n a, að veitingarvaldinu hafi gengið hlutdrægni eða flokksdrægni til. Það er víst eins torvelt að sanna slíkt eins og það er að leiða óhrekjandi rök að því, að einhver hafi sagt vísvitandi ósatt. Þeir Röntgensgeislar eru ófundnir enn, er sýna oss allar mannlegar hugrenningar og hvatir. Og það er lítil hætta á, að nokkur stjórn — og allra sízt á Íslandi — gerist svo hreinskilin, að kannast við að hún hafi stungið embætti eða atvinnu, að einhverjum gæðinga sinna, að launum fyrir fylgi og dygga þjónustu. Því má lengi halda fram, að það hafi verið skoðun veitingarvaldsins, að sá umsækjandinn hafi verið verðugastur, er hæneyrður var. — En ég ætla að rita fáein orð um, hvílíkur háski og siðspilling þjóðinni getur stafað af flokksbitlingum, ef þeir tiðkast, og að flokkunum sjálfum verður lítið gagn að þeim veiðibrellum, er til lengdar lætur.

Það er engin vanþörf á, að minst sé opinberlega á þetta atriði. Ég veit með vissu, að sumir stjórnmálamenn okkar í báðum flokkum telja flokksbitlinga eðlilega og réttmæta. Fyrir nokkrum árum hevrði ég merkan Heimastjórnarþingmann finna einum forseta neðri deildar það til foráttu, að hann hefði ekki veitt mönnum þingskriftir fremur fyrir það, að þeir voru Heimastjórnarmenn, og hann fór mörgum orðum um, hvílík fásinna slíkt væri.

Ég veit líka, að það er skoðun sumra Sjálfstæðismanna, að hafa beri hliðsjón á stjórnmálaskoðun eða flokksfylgi við embættaskipanir og atvinnuveitingar, er launaðar eru úr landssjóði. Það er auðséð, að af slíkum skoðunum og hugsunarhætti leiðir hin mesta hlutdrægni og ranglæti, ef heim er beitt. Reynslan þykir líka sýna, að hér stafi stór háski af flokksákafanum. Það er miklu víðar en á Íslandi, að þingræðisstjórnum er ámælt fyrir, að þær veiti mörgum embætti og svonefnd "opinber störf" eftir flokksfylgi, en ekki eftir hæfileikum þeirra til að gegna þeim.

Þegar bændur upp til sveita ráða sér kaupahjú, spyrja þeir um það eitt, hve vel og ötullega kaupamaðurinn sláí þúfurnar, en ekki hvoru megin hann sé í stjórnmálum. Sjúklingar vilja vita þess læknisins, er þeir treysta bezt til að lækna sig, — þegar svo stendur á, skiftir litlu, hvort læknirinn er Sjálfstæðismaður eða Heimastjórnarmaður. Cystækisfylsti þingflokksráðherra myndi meira að segja, ef mikið lægi við, steingleyma öllu flokksfylgi og láta sækja þann læknir til sín, er honum þætti líklegastur til að verða sér að liði. Þegar einstaklingar þurfa á vinnu annara manna að halda, ráða þeir því menn til hennar eftir því, hve færir þeir eru til hennar, en ekki eftir ástæðum, sem ekkert koma við þeim störfum, er þeim er börf á. En hví skyldi ríkið ekki fara eftir sömu reglu við atvinnuveitingar og embættaskipanir? Engin skynsamleg rök verða leidd að því, að hlýða eigi annari meginreglu. En það er hins vegar auðséð, hve háskalegar afleiðingar það getur haft í för með sér, ef hún gleymist stjórnum og þingum.

Lög réttlætisins skipa svo fyrir, að "réttasti maðurinn eigi að komast á réttan stað". Því á sá umsækjandinn að hreppa embættið, er mesta hæfileika hefir til að gegna því. Að öðrum kosti er réttlætinu misþyrmt. En það er eitt hið helzta hlutverk ríkisvaldsins að vera vörður þess. Ef flokksfylgi ræður veitingum embætta og landssjóðsatvinnu, leiðir það af því, að ónytjungurinn verður dugandi manninum hlutskarpari, auk þess sem allur embættisrekstur og opinber störf fara í handaskolum. Með því lagi skapa veitingavöldin fúskara, setja einskonar amlóðaskóla á stöfn. Menn sjá, að þeim riður ekki svo mjög á því, að búa sig með erfið og í sveita andlits síns undir þau störf og embætti, er þeir vilja gegna fyrir land og þjóð. Þeim skilst fljótt, að þeim riður meira á hinu, að koma sér í mjúkinn við þá stjórn og þann þingflokk, er þá og þá fer með hin æðstu völd. Og það er ekki hætta á öðru, en mannleg tregða og snápsæðli gangi á það lagið.

Það er því auðsætt, að slíkar embætta- og styrkveitingar eru siðspillandi. Og þær eru það á marga lund. Þær freista manna til að breyta á móti sannfæringum sínum, eða þegja um þær. Af þeim hefir margur og getur margur numið

"hin þögulu svik,
að þegja við öllu röngu".

Lævnilegar þingkosningar eru lög leiddar til þess, að einalitlir menn og þeir, er eiga atvinnu sína og lífsviðurværi undir ófyrirleitnum auðmönnum, gætu kosið eftir skoðunum sínum, ef svo kynni að vilja til, að þeir ættu eitthvað í fórum sínum af jafn-sjaldgæfri vöru, eða þá eftir tilhneigingum sínum, tilfinningum og lundarfari. Embættis- og atvinnu-veitingar eftir flokksfylgi eru gersamlega gagnstæðar tilætlun þess frumvarps, gagnstæðar "anda þess".

Sumir svara þessu þannig: — "Það er ef til vill rétt, er þú sagðir nú". En þeir bæta við: "Nú eru tveir umsækjendur jafnfærir til einhvers opinbers starfs eða jafn maklegir einhvers opinbers styrks, og annar er flokksmaður minn, en hinn andstæðingur, og nú á ég veitingarráð. Þá læt ég flokksmann minn sitja fyrir og styð þannig áhugamál mín óbeinlínis". Ég svara þessu fyrst, að tveir menn eru sjaldan algerlega jafn hæfir til einhvers starfs. Hitt er annað mál, að oft getur verið erfitt að greina á milli umsækjandanna, því að nákvæm mælingaáhöld vantar, er hæfileikar þeirra verði mældir með. En þegar svo vill til, verður að skapa nýjar reglur, er fara á eftir, svo að geðþótti einstakra stjórnenda geti svo lítið beitt sín sem auðið er. Það má veita þeim eldri eða yngri það er um er sótt, eftir því sem hentast þykir. Stundum má láta mannúð ráða. Ég á við það, að farið sé eftir því, hver hefir meiri börf á embættinu eða atvinnunni, efnanna vegna.

Þegar að er gætt, sézt að flokkarnir græða lítið á flokksbitlingum til langframa. Þeir, sem bera flokksfylgi sitt og flokkstrúnað í sjóði, verða að jafnaði fyrstir til að bregðast þeim flokknum, er stevpist úr völdum, og leita á miskunn hins nýja meiri hluta, er nú hlotnast ráð matar og mannvirðinga. Nýi stjórnarflokkurinn laðar menn til fylgis sér með sömu ráðum og fyrverandi meirihluti, sömu "matarpólitíkinni", svo að alt verður "kaups kaups". Það getur verið jafn gróðavegur, að aðhyllast báða flokka. Eini ágóðinn af flokksbitlingunum er því sá, að þeir miða að því að auka hræsni og andlega og siðlega vesal mensku í landinu, að minka menninga og spilla þeim. Þess barf naumast að geta, að öll menningar- og framfara-viðleitni á að stefna í þveröfuga átt.

Ef ötulir flokksmenn eru atvinnulausir og flokkurinn telur sér skylt að annast þá, á flokkssjóður en ekki landssjóður, að standa straum af þeim. Ef flokkssjóður er þess ekki megnugur, verða flokksmennirnir að fara í þyngjur sínar eða sparisjóðsbækur, þeir, er þær eiga. Hitt er örþrifaráð, að veita þeim embætti, er þá brestur hæfileika til að gegna, eða skapa handa þeim nýj embætti og óþörf. Það er ekki furða, þótt andstæðingum þess þingflokks, er gerist sekur um slíkt, gremjist að sjá þeim sköttum varið þannig, er þeir gjalda til allsherjarþarfa. — —

Þingræði okkar er enn í vöggunni, svo að það er ekki furða, þótt margt fari aflaga — bæði í þessum efnum og öðrum, og er ekki ástæða til að örvænta. En engin vanþörf er samt á, að ofurlitið linni stjórnarólagi því hinu mikla, er nú þjáir Ísland.

Sigurður Guðmundsson.
— Ingólfur.

TIL SÖLU

í Westbourne bæ 4 lot með 5-herbergja húsi á, góðu geymsluhúsi og stóru hesthúsi; nálægt vatni og skógi. Gott tækifæri fyrir mann, sem mundi vilja flytja vörur af og á járnbrautarstöðina, og fleira o.fl. Umsækjendur snúi sér sem fyrst til

J. Crawford
30-1 Westbourne, Man.

„Að lesa og skrifa list er góð læri það sem flestir."

Ef þig langar til að læra að skrifa fagra rithönd, þá skrifaðu eftir upplýsingum og sýnishorni til H. F. Einarssonar, Pembina, N. Dak., sem kennir allskonar rithönd fjölbreytta pennadrætti og skrautskrift. Þú getur lært heima í þínu eigin húsi, því tilsögnin er send bréflega með pósti.

Hverjum, sem svarar þessari auglýsingu, verður sent spjald með hans eigin nafni skrautrituðu. 25-5

KAUPIÐ HÚSGÖGN YKKAR FRÁ

BANFIELD'S



Þessir frægu svefnlegubekkir (Pullman Davenports) eru hið nýjasta í heimi svefnlegubekkja. Þar eru engir margbrotnir hlutar sem úr lagi geta farið en allt svo auðvelt að hvert barnið jafnvel getur breytt legubekknum í rúm viðstöðulaust Með því að nota þessa "Davenports" getið þér buið upp rúmið að morgni og það er reiðubúið til hvíldar að kvöldi. Þeir eru mismunandi litir og mismunandi klæddir og eru fullkomlega ábyrgstir.

Verð frá..... **$50. $150**



Þessi fallegi dagstofu búnaður sem saman stendur af hægindastól "settee" og ruggustól, og sem er búinn til úr traustu mahóni sérstaklega völdu og klætt grænu úrvals fóðri.
Vanaverð $85. Kjarkaupaverð..... **$67.50**

Notið því tækifærið.

J. A. BANFIELD
492 Main St. Talsímar Garry 1580-1-2

ÍSLENZKAR BÆKUR

Ég undirritaður hefi til sölu nálega allar íslenzkar bækur, sem til eru á markaðinum, og verð að hitta að Mary Hill P.O., Man. — Sendið pantanir eða finnið.

Niels E. Hallson.

Hefir þú borgað Heimskringlu?

JÓN JÓNSSON, járnsmiður, að 790 Notre Dame Ave. (horni Toronto St.) gerir við alls konar katla, könnur, potta og pönnur fyrir konur, og brýnir hnífa og skerpir sagir fyrir karlmenn. — Alt vel af hendi leyst fyrir lítla

Giftingaleyfisbréf
SELUR
Kr. Ásg. Benediktsson
424 Corydon Ave. Fort Roug.

Hvað er að?

Þarftu að hafa eitthvað til að lesa? Hver sá er vill fá sér eitthvað nýtt að lesa í hverri viku, ætti að gerast kaupandi að Heimskringlu.

Hún færir lesendum sínum ymiskonar nýjan fróðleik 52 sinnum á ári fyrir aðeins $2.00. Viltu ekki vera með?

"Það nafn er mér dýrmætt, — en ekki meira um það. Er langt síðan þú fórst að heiman?"

"Já, ég hefi ferðast um Norðurálfuna nokkur ár. Ég hefi komið til Ítalíu, Frakklands og Þýzkalands. Nú hefi ég í hyggju að ferðast um Sviss, Tyrol, Austurríki, Böhmen og Brandenburg á heimleiðinni, öll þau lönd, sem ég hefi ekki gengið um".

"Þú ferðast þá fótgangandi?"

"Já, að mestu leyti, en það er af löngun en ekki af þörf. Ég ferðast til þess að kynnast náttúrunni og listinni".

"Og mönnunum", bætti öldungurinn við.

"Nei", svaraði Móritz biturt, "það er nám, sem ég fyrirlít".

"Þú hatar þá mennina, ungi maður?" sagði öldungurinn og brosti raunalega.

Móritz svaraði ekki.

"Hefir þú orðið fyrir miklum þrautum?" spurði öldungurinn.

"Já", svaraði Móritz, — "já, gamli maður, ég hefi liðið mikið".

"Ég hefi líka liðið mikið og sárt, en ég hata þó ekki. — Guð er kærleikurinn. Hann fyrirgefur og elskar okkur. Hvers vegna ættum við að hata?"

"Þú ert göfugur og guðhræddur maður", sagði Móritz. "Ég hefi líka verið sömu skoðunar og hefi trúað á kærleika guðs og elskað mennina, — en forlögin hafa eyðilagt trú mína". — —

"Það er af því þú skilur ekki guðs vegi, af því þú getur ekki gert þér grein fyrir vizku hans og ást".

"Þetta sama sagði móðir mín, þegar henni blæddi til dauðs undir fótunum á hesti bróður míns".

"Himneski faðir! Hvað ertu að segja?" kallaði gamli maðurinn, um leið og hann stóð upp og rétti hendur sínar til himins.

"Sannleikann, — en við skulum ekki tala um það. — Ó, það eru til þjáningar, svo beiskar, svo voðalegar, að þær geta komið okkur til að efast um forsjónina, um ást guðs og umhyggju".

"Við skulum koma inn", sagði gamli maðurinn og lagði hendi sína á herðar unga mannsins. "Þú ert þreyttur af ferðalaginu og þarft að hvíla þig. Marita gefur okkur eitthvað að borða, og svo er bezt fyrir þig að fara í rúmið. Á morgun skulum við svo halda áfram samræðum okkar".

Þeir urðu nú samferða inn í sveitabæinn, þar sem Móritz sýndist alt svo tilgerðarlaust en viðfeldið og þægilegt, eins og hann væri kominn á heimili föður sins.

• • •

Dagarnir hurfu án þess þeir vissu af. Öldungurinn og unglingurinn urðu samrýndari með degi hverjum.

Þeir töluðu um Svíaríki, föðurlandið kæra, en fjarlæga, um næturský miðsumarsins og bjarta stjörnumerkið Vagninn, um norðurljósin og straumhörðu árnar, sem steypast fram af járnauðgu klettunum. —

En hvorugur þeirra talaði um forlög sín. — Þeir töluðu vanalega um forsjónina og forlögin, og gamli maðurinn reyndi að koma Móritz til að skifta um trúarskoðanir sínar.

Honum hefði ef til vill ekki heppnast það, ef hann hefði ekki haft hina fjörugu og gletnu Maritu sér til aðstoðar.

Móritz fór aftur að elska lífið og mennina.

Hann fylgdist með Maritu hér og hvar um fjöllin og bjó til blómkransa úr Alpafjallarósum. Hann hjálpaði henni við ræktun vínviðarreitanna, og til að tína illgresið úr matjurtagarðinum.

"Heyrðu, Marita", sagði Móritz einn daginn og

lét hana setjast hjá sér á þúfu, "mér líður svo vel í þessum dal, á meðal þessara glöðu og óbreyttu barna náttúrunnar. Þau hafa sætt mig við lífið og mennina. Ég þrái ekki heiminn, því ég hefi liðið svo mikið í honum. — En ég vil gleyma þeim þjáningum — setjast hér að í þessu ágæta héraði og byggja mér hús. Hér mun ég aftur verða gæfusamur, hér anda ég að mér Alpafjallaloftinu hreina, og fjöllin ykkar munu líka vernda mig gegn stormum örlaganna. — Hvað segir þú um þetta áform?"

"Mér þykir það ágætt", sagði Marita fjörlega. "Þá höfum við þig alt af hjá okkur, og pabbi, sem elskar þig svo innilega, þarf þá ekki að missa þig".

"Já", sagði Móritz, "en það er undir þér komið".

"Undir mér komið?"

"Já, það er undir því komið, hvort þú elskar mig, hvort þú þorir að eiga undir því, að giftast ókunnum manni. — Svaraðu mér, Marita, getir þu elskað mig?"

"Elska þig", svaraði hún glaðvær. "Já, því ekki það? Það varst þú, sem náðir Bellindu, þegar hún ætlaði að hlaupa frá mér".

"Nei, vertu nú ekki að spauga", sagði Móritz, dró hana að sér og kysti hana. "Ég tala í alvöru. Heldurðu að þú gætir elskað mig, sem kona mín, Marita?"

"Nú, já, við skulum vita", svaraði unga stúlkan, að nokkru leyti hlæjandi og að nokkru leyti grátandi. Spurðu pabba, — ég lofa því, að hlýða honum".

"Þakka þér fyrir, Marita", sagði Móritz glaður. "Nú leikur lánið við mig aftur og gerir mig glaðan. Endurminningar um liðna tímann skulu ekki lengur kvelja mig. Þú, Marita, munt verða sá engill, sem aftur flytur mig inn í Paradís gleðinnar".

"Hver rak þig þaðan út?"

"Fyrrum sagði ég að það hefði verið hið óskaðandi vald forlaganna, en það segi ég ekki oftar. Nei, ég trúi því að það hafi verið ástrik forsjón, sem vissi, hvað mér var fyrir bestu, sem kegði á ung þjáningar til að reyna trú mína. Ég hefi í mörg ár misskilið það og neitað því, en það geri ég ekki oftar, þökk sé þér, Marita".

"Þetta er rétt", sagði stúlkan; "þetta get ég liðið. Guð er góður og ástrikur, segir pabbi minn alt af, og hann getur leitt þá villuráðandi aftur til sín. En farðu nú inn til pabba, ég skal tína nokkrar fullvaxnar vínþrúgur handa þér á meðan".

"Rauðar og þriflegar eins og varir þínar, Marita", sagði Móritz og kysti hana.

En hún smaug hlæjandi úr faðmi hans og hljóp burt jafn léttilega og skógargeit.

"Hvílíkt sakleysi og hvílíkur þokki", sagði Móritz við sjálfan sig meðan hann horfði á eftir henni, og endurminningin um hina fölu og sárþráðu brúður í Svíaríki fjarlægðist meir og meir.

Móritz gekk inn til gamla mannsins, sem sat við borðið í þungum hugsunum.

"Þú ert sorgmæddur, faðir", sagði Móritz og setti sig beint á móti honum.

"Nei, Móritz", sagði gamalmennið, "en ég finn að kraftar minir þverra meir og meir. Lífstími minn er þegar liðinn, og hver á að sjá um dóttur mína?"

"Það skal ég gera, faðir, ef þú leyfir það".

"Og svo", bætti gamli maðurinn við, án þess að taka eftir orðum Móritz, "sækir stundum á mig undarleg og sterk löngun eftir föðurlandinu og þeim ástvinum, sem ég átti þar, og sem ég ekkert hefi vitað um í mörg ár. Ó, sonur minn, ég hefi mikið að trega og mikils að iðrast, en ef þú þektir forlög

MARTYN F. SMITH,
TANNLÆKNIR.
Fairbairn Blk. Cor Main & Selkirk.
Sérfræðingur í Gullfyllingu og öllum aðgerðum og tilbún aði Tanna. Tennur dregnar án sársauka. Engin veiki á eftir eða gómbólga. —
Stofan opin kl. 7 til 9 á kveldin
Office Phone Main 6944. Heimilis Phone Main 5682

Sherwin - Williams
PAINT
fyrir alskonar húsmálningu.
Prýðingar-tími nálgast nú. Dálítið af Sherwin-Williams húsmáli getur prýtt húsið yðar utan og innan. — Brúkið ekker annað mál en þetta. — S.-W. húsmálið málar mest, endist lengur, og er áferðarfegurra en nokkurt annað hús mál sem búið er til. — Komið inn og skoðið litarspjaldið. —
Cameron & Carscadden
QUALITY HARDWARE
Wynyard, - Sask.

JIMMY'S HOTEL
BEZTU VÍN OG VINDLAR.
VÍNVEITARI T.H.FRASER.
ÍSLENDINGUR. : : : : :
James Thorpe, Eigandi

MARKET HOTEL
146 Princess St.
á móti markaðnum
P. O'CONNELL, eigandi, WINNIPEG
Beztu tegundir af vínföngum og vind um, aðhlynning góð húsið endurbætt

Woodbine Hotel
466 MAIN ST.
Stærsta Billiard Hall í Norðvesturlandinu Tin Pool-borð.—Alskonar vín og vindlar
Gisting og fæði: $1.00 á dag og þar yfir
Lennon & Hebb.
Eigendur.

JOHN DUFF
PLUMBER, GAS AND STEAM FITTER
Alt verk vel vandað, og verðið rétt
664 Notre Dame Av. Phone Garry 2568
WINNIPEG

A. S. TORBERT'S
RAKARASTOFA
Er í Jimmy's Hótel. Besta verk, ágæt verkfæri; Rakstur 15c en Hárskurður 25c. — Óskar viðskifta Íslendinga. —

A. S. BARDAL
Selur líkkistur og annast um útfarir. Allur útbúnaður sá besti. Enfremur selur hann alskonar minnisvarða og legsteina.
121 Nena St. Phone Garry 2152

Manntalið.

'INGIMUNDUR' VEKUR MÁLS Á ALVARLEGU MÁLEFNI.

Greinarkorn það, sem hér fer á eftir, er tekið upp úr blaðinu Ingólfur, og á við manntalið síðasta í Reykjavík. 'Ingimundur' sá, sem skrifar, hefir birt fleiri svipaðar greinar í Ingólfi, og hlotið lof fyrir fyndni og vizku. Við vonum því að þessi grein hans skemti lesendum vorum.

• • •

Sælir aftur, kæru vinir.

Það er nú liðinn langur tími, síðan þið heyrðuð síðast frá mér, og hefði vafalaust liðið miklu lengri, hefði ekki mál jafn þýðingarmikið einstaklingnum og allri þjóðinni í heild sinni, knúð mig til að hlaupa fram á sjónarsviðið, hrópandi aðvörunarorð til hinnar íslenzku þjóðar.

Hrópandi til hennar, að geta því gaum, að hún er að hefja göngu sína á þeirri braut, sem liggur til eyðileggingar og gersamlegrar tortímingar—að hún hægt og hægt er að skera sjálfa sig á háls og óafvitandi er að fremja líð óguðlegasta sjálfsmorð, en þó jafnframt hið smánarlegasta. — — —

Ég var um daginn skipaður teljari hér í Reykjavíkurbæ.

Ég ætla ekki að fjölyrða um traust það, er mér var þannig auðsýnt, og ekki sæmir mér að geta um, að sjálfur borgarstjórinn sagðist engum betur trúa fyrir þessu þýðingarmikla og vandasama verki.

En ég ætla að reyna að sýna, að þetta traust var ekki borið ófyrirsynju.

Ég þarf ekki sérstaklega að taka fram hver einstök atriði, sem komu í ljós við talningarannsókn mína, en læt að eins getið niðurstöðunnar.

Hún var þessi:

Ég taldi í 329 húsum. Í öllum þessum húsum, að tveim undanskildum, var kröht, já, jafnvel morði af háöldruðu fólki. En að eins í 25 þeirra varð ég var við börn.

Karlægar kerlingar sátu með prjónana sína í öðruhvoru rúmi, og niræðir karlar léku sér á gólfinu hvar sem ég kom. En sumstaðar voru jafnvel tver á þessum aldri og léku þeir sér þá saman að leggjunum sínum eða skeljunum.

Þetta er að vísu hugðnæm sjón, og ég verð að játa, að mér vöknaði um augu, þegar háöldruð kerling í einu húsinu endilega vildi fá að setjast á kné mér og kyssa mig.

Rétt eins og hún settist hjá honum pabba sínum fyrir 100 árum.

Að vísu er þetta hugðnæmt og harla aðlaðandi, en samt spyr ég: Hvar eru börnin?

Já, hvar eru börnin?

Ég taldi 304 húsum og þar voru engin börn. Þau fundust ekki, þó leitað væri með logandi gasljósi.

Ekki svipað því!

Einustu börnin, sem voru til, voru komin á tvíræðisaldur!

Hvílikt ástand, hvílíkur voði fyrir land og lýð!

Ég spyr: Hvað verður af Íslandi og hinni íslenzku þjóð, ef fæðingum fer fækkandi jafn mikið og nú er raun á orðin?

Hvað verður af yfirsetukonunum og yfirsetukonumönnunum?

Og það sem verra er: Hvað verður úr þingmönnunum, ef engir kjósendur fæðast?

Mig óar við að útmála allar afleiðingarnar, en sný mér heldur að því, sem var tilgangur minn með grein þessari, og það er:

Hvað á að gera?

Hér er úr vöndu að ráða.

Því ekki er hægt að neita því að hér er um það að ræða, sem jafnvel enn fremur en vínnautn virðist eiga að vera löggjöfinni óviðkomandi. Því ég hlýt að álíta það privatmál, hvað ég geri eða læt ógert barnseignum viðkomandi.

Frakkar — sem eins er ástatt fyrir og oss — fara þá leiðina að leggja afarhá útsvör og skatta á ókvongaða menn, en veita verðlaun fyrir að búa til börn, rétt eins og við fyrir að búa til smjör.

Ekki fellur mér þetta.

En samt verður að finna leiðir til að afstýra þessu þjóðarbölli, — það verður að finna ráðið, mannfjölgunar-ráðið.

Mér þætti vænt um, að heyra til lögur manna í þessu þýðingarmikla máli, svo búið væri að ræða það áður en þing kemur saman og frumvarp þar að lútandi verður lagt fram.

En þar eð ég hefi vakið máls á þessu, finst mér skylt að benda á þá leið, sem mér virðist muni verða einna heppilegust og helzt

Sérstaklega vonast ég til þess, von um að beri ávöxt.

að kvenþjóðin styðji tillögu mína, og býst ég þá við, að hún nái fram að ganga.

Því áreiðanlega ríður mest á kvenmönnunum, þegar farið verður að undirbúa fjölgun landsbúa.

En tillaga mín er þessi:

Einn dag á hverju ári — mér finst að sumardagurinn fyrsti muni einkar vel til fallinn — skal hverri ógiftri kvenpersónu heimilt, að kasta eign sinni á hvern karlmann, þritugan eða eldri, sem að henni skapi er og henni fýsilegur þykir, enda sé karlmaður sá ókvongaður, og hún nefni sér votta að.

En þar eð því miður má búast við, að sumir karlmenn séu svo illa innrættir og forhertir, að þeir leggist út á fjöll og firnindi þennan dag og fari undan á flótta, sem mest þeir mega, þá skal öllum skylt — og lögð þung refsing við ef út af er brugðið — að greiða sem bezt eftirför kvenpersónunnar og undir hana skal setja best þann sem beztur er og fljótastur.

En enginn má skorast undan að vera vottur hennar, heldur skulu allir skyldugir að fylgja henni eftir úti hvað sem fyrir er, og ekki mega þeir með neinu móti létta, fyr en sá er tekinn og fyrir hana dreginn, er hún þannig eltir með ástarhug.

Og upp frá því skal hann sýna henni alla blíðu.

En noti karlmaðurinn að samrekkja kvenpersónunni, þegar hún í votta viðurvist hefir helgað sér hann til æfinlegrar eignar og umráða allra — enda sé hann ekki löglega afsakaður, — þá er það höfuðsök. — — —

Þannig hljóðar þá tillaga mín. Og án þess að hrósa sjálfum mér, þá býst ég nú við, að henni verði vel tekið.

Að minsta kosti líkar kærustunni minni — hún verður 32. ára rétt bráðum — uppástunga mín mætavel.

Og á millum okkar sagt, þá hefði ég ekkert á móti, að hún elti einhvern annan en mig á sumardaginn fyrsta.

Á samkomu kvenfélagsins "Framsókn"

25. OKT. 1910.

Það hrífur oss, hve mikinn hefir mátt
hin mæra sól, að þroska blómið smáa,
sem vex í skugga, móti úthafs átt,
og allir sjá að hlýtur geisla fáa.

En engu síður undrast ég þann mátt,
sem ástríkt konuhjarta sýnir stundum,
og hvilik afrek unnin voru þrátt
af að eins tveimur, veikum konu mundum.

Þó langt um framar mikils vænta má,
ef margar hendur sama starfið vinna,
ef eftir föngum einum hug menn þrá,
að öllu sönnu, fögru' og góðu hlynna.

Nú vekur flestum von um þjóðahag
hinn virðulegi félagsskapur kvenna,
og alt af sjá menn sælli' og fegri dag
við samtök þeirra fleiri lýðum renna.

Það kvenfélag, sem hefur bústað hér,
sitt hlutverk skilji, öllum slíkum betur,
— að styrkja það, sem gott og gófugt er,
og gæfu-blæ á tilveruna setur.

Og alt, sem fegra' og fullkomnara er
í fari kvenna held'r enn Adams sona,
í öndveginu ávalt sitji hér
og efli fylling dýpstu mannkyns vona.

Þá Framsókn nafn með fullri rentu ber;
í framtíðinni skýrt mun lengi hljóma,
að vitrar konur hafi starfað hér,
er hrifnar studdu þjóðar gagn og sóma.

THE **DOMINION BANK**
HORNI NOTRE DAME AVENUE OG SHERBROOKE STREET
Höfuðstóll uppborgaður: $4,000,000.00
Varasjóður - - - $5,400,000.00
Vér óskum eftir viðskiftum verzlunar manna og ábyrgumst að gefa þeim fullnægju. Sparisjóðsdeild vor er sú stærsta sem nokkur banki hefir í borginni.
Íbúendur þessa hluta borgarinnar óska að skifta við stofnun sem þeir vita að er algerlega trygg. Nafn vort er full trygging óhluttleika. Byrjið spari innlegg fyrir sjálfa yðar, konu yðar og börn.
Phone Garry 3450 Scott Barlow, Ráðsmaður.

Vitur maður er varkár með að drekka eingöngu HREINT ÖL. Þér getið jafna reitt yður á
DREWRY'S
REDWOOD LAGER
Það er léttur, freyðandi bjór, gerður eingöngu úr Malt og Hops. Biðjið ætíð um hann.
E. L. DREWRY, Manufacturer, Winnipeg

Með því að biðja sérlega um "T.L. CIGAR," þá ertu viss að fá ágætan vindil.
T.L.
MAKE THE T.L. CIGAR
(UNION MADE)
Western Cigar Factory
Thomas Lee, eigandi Winnipeg

STRAX Í DAG er BEZT AÐ GERAST KAUPANDI AÐ HEIMSKRINGLU. — ÞAÐ ER EKKI SEINNA VÆNNA.

Manitoba á undan.

Manitoba hefir víðáttumikla vatnsfleti til uppgufunar og úrfellis. Þetta, hið nauðsynlegasta frjógunarskilyrði, er því trygt.

Enn þá eru 25 milíón ekrur óbygðar.

Íbúatal fylkisins árið 1901 var 225,211, en er nú orðið um 500,000, sem má teljast ánægjuleg aukning. Árið 1901 var hveiti og hafra og bygg framleiðslan 90,367,086 bushela; á 5 árum hefir hún aukist upp í 129,475,943 bushel.

Winnipeg borg hafði árið 1901 42,240 íbúa, en hefir nú um 150,000; hefir nálega fjórfaldast á 8 árum. Skattskildar eignir Winnipegborgar árið 1901 voru $26,405,770, en árið 1908 voru þær orðnar $116,106,390. Höfðu meir en þrefaldast á 7 árum.

Flutningstæki eru óviðjafnanleg,— í einu orði sagt, eru í fremsta flokki nútíðartækja: Fjórar þverlandsbrautir liggja um fylkið, fullgerðar og í smíðum, og með miðstöðvar í Winnipeg. Í fylkinu eru nú nálega 4 þúsund milur af fullgerðum járnbrautum.

Manitoba hefir tekið meiri landbúnaðarlegum og efnalegum framförum en nokkurt annað land í heimi, og er þess vegna ákjósanlegasti aðsetursstaður fyrir alla, af því þetta fylki býður beztan arð af vinnu og fjárleggi.

Skrifið eftir upplýsingum til: —

JOS. HARTNEY, 77 York Street, Toronto, Ont.
JOS. BURKE, 178 Logan Avenue, Winnipeg, Man.
A. A. C. LaRIVIERE, 22 Alliance Bldg., Montreal, Quebec.
J. F. TENNANT, Gretna, Manitoba.

J. J. GOLDEN,
Deputy Minister af Agriculture and Immigration, Winnipeg.

mín, þá myndirðu sjá, hve voðalegum kostum ég hefi átt úr að velja".

"Hvað er það, sem hefir hrakið þig frá Svíaríki? Ég get ekki haldið, að það hafi verið glæpur".

"Jú, ungi maður, það er glæpur. Voðalegur glæpur líka".

Móritz þagði.

"En sá glæpur", sagði öldungurinn, "var ekki framinn af mér".

"Ekki framinn af þér?" sagði Móritz undrandi.

"Jæja", sagði gamalmennig, "ég skal segja þér sögu, og eftir henni getur þú skapað þér álit á mér. — ég ætla að segja þér frá viðburði, sem ég hefi engum manni sagt frá áður, og komir þú aftur til Svíaríkis, vona ég þú vanbrúkir ekki traust mitt".

"Ég hlusta á þig, faðir", sagði Móritz, "og á eftir skal ég borga þér traust með trausti og segja þér mín forlög".

Gamli maðurinn byrjaði:

"Það var einu sinni ríkur greifi — um nafnið skiftir engu —, sem tók sér ferð á hendur til útlanda. Elzti sonur hans fór með honum, sonur fyrri konu hans og einkabarn hennar. Þessi sonur hataði föður sinn, af því hann vildi ekki leyfa honum að lifa í löstum og fullnægja hinum óhemjulegu ástríðum sínum. Þeir ferðuðust gegn um Sviss og Tyrol. Eitt kveld voru þeir staddir á háum kletti, sem stóð lóðréttur við Innfljótið. Það átti sér stað dálitil þræta milli feðganna, sonurinn vildi fara til Ítalíu, en faðirinn vildi ekki leyfa það. Þetta var um kveld. Sólin var að hverfa bak við Alpafjöllin, og eldri greifinn gekk fram á klettabrúnina, til þess að geta notið útsýnisins sem bezt. Sonurinn læddist til hans, og meðan eldri greifinn var sokkinn niður í að skoða þetta svissneska hérað, sem þeir voru í, hrynti sonurinn honum ofan í fljótið —"

"Miskunnsami guð", sagði Móritz, jafn fölur sem nár. "Ef það væri satt, — ef það, — en, nei — það er ómögulegt —"

"Hvert orð er sannleikur, sonur minn", sagði öldungurinn, sem hélt hann ætti við frásögn sína.

Voðalegur grunur kviknaði í huga unga mannsins — grunur, sem án efa hefir kviknað hjá lesaranum líka, — en hann þagði, reyndi að bæla niður geðshræringu sína og hlustaði á framhald sögunnar.

"Greifinn, sem hrynt var ofan í fljótið", bætti gamli maðurinn við, "var ég".

Hann þagði stundarkorn, eins og endurminningin hefði svift hann málinu.

Móritz þagði líka. Hann hafði hulið andlitið í höndum sínum, og skalf af vöðvateygjum.

"Af þessu voðalega falli", bætti öldungurinn við, "misti ég meðvitundina. "Ég fann óglögt, að ég sökk æ dýpra og dýpra og að straumurinn flutti mig með sér".

"Ég vildi, að ég hefði fengið að vera kyr í fljótinu, að ég hefði ekki þurft að vakna til meðvitundar um þá voðalegu hugsun, sem enn endurrómar í sálu minni, eftir öll þessi ár: 'sonur þinn vildi myrða þig'."

"Heldurðu að það sé nokkur voðalegri hugsun til fyrir föður?"

"Þegar ég kom aftur til sjálfs míns, raknaði við, lá ég í góðu rúmi í þokkalegum bjarðmannskofa. Fátæki eigandinn hans, gamall maður, sem bjó þar með konu sinni og einkadóttur, ungri og fallegri stúlku, hafði fundið mig á eyri, sem lá út í fljótið. Ég var mjög veikur, — ég gat að eins beðið hann að lofa mér að vera, þar sem ég var, og minnast ekki á þessa tilviljun við neinn mann, og því lofaði hann".

"Í óráðsdraumum mínum elti þessi hugsun mig

óaflátanlega: Sonur þinn ætlaði að myrða þig".

"Það var leitað að líki mínu í fljótinu, eftir því sem mér hefir seinna verið sagt, en þegar það fanst ekki, fór sonur minn á burt".

"Þar eð ég hafði all-mikla upphæð af peningum falda í fötum mínum, þá gat ég borgað þessu fátæka hjúkrunarfólki að nokkru leyti".

"Dóttir bjarðmannsins, Theresa að nafni, hjúkraði mér aðdáanlega vel á meðan ég var veikur. Ég hafði verið fluttur upp á kvistherbergi, sem búið var út handa mér".

"Veikindi mín stóðu yfir í tvö ár, og allan þann tíma sté ég aldrei ofan úr rúminu. Fólkið, sem ég var hjá, var oft hrætt um, að ég yrði brjálaður. Sál mín hafði mist alla sína lífsgleði. Ég fékk viðbjóð á heiminum. Þúsund sinnum óskaði ég að fá að deyja, og það var að eins eitt einasta band, sem batt mig við föðurlandið".

"Þetta band var seinni kona mín, sem ég hafði kvongast leynilega og enn þá hifði í Svíaríki, ásamt syni sínum, er hún hafði fætt mér. Sonurinn hét Móritz eins og þú —"

Um leið og gamli maðurinn talaði þessi orð, leit hann á áheyranda sinn og hrylti við að sjá hann.

Móritz var staðinn upp af stólnum. Háttð reis á höfði hans, augun störðu tryllingslega og allur líkaminn skalf, eins og hann væri þjáður af taugatevgjum.

"Hvað gengur að þér?" sagði öldungurinn felmtraður.

Með angistarópi fleygði Móritz sér fyrir fætur gamla mannsins, þrýsti hendi hans að vörum sínum og kallaði með skjálfandi röddu, sem bar glöggan vott um geðshræringu hans:

"Faðir minn, ó, faðir minn!"

"Himneski faðir! þú skyldir vera sonur minn,

— nei, það getur ekki verið, — slík gæfa væri alt of stór", stamaði gamli maðurinn og lyfti höndum sínum til himins.

"Jú, ég er sonur þinn, þinn Móritz. Sonur Stjernekrans greifa og Ágústu, dóttur garðyrkjumannsins —".

"Herra, láttu nú þjón þinn í friði fara", sagði gamli maðurinn hrifinn. — "Sonur minn, — minn Móritz. — Ég hefi þá fundið þig aftur — þig — sem hjarta mitt hefir svo lengi þráð. Þig, sem ég hefi beðið guð svo þráfaldlega að varðveita".

Ef menn ætluðu að reyna að lýsa slíkum viðburði sem þessum, þá réðust menn í meira en mögulegt er að gera með orðum. Tilfinningar eins og þessar, eru vörum dauðlegra manna ofvaxnar, þeim verður ekki lýst með milíónum orða.

. . . . . .

"Og móðir þín?" spurði öldungurinn, þegar fyrsti gleðiofsinn var um garð genginn.

"Hún er dáin fyrir löngu síðan".

"Hvað langt er síðan?" spurði öldungurinn ákafur.

"Seytján ár".

"Guði sé lof. Þá er ég ekki sekur um tvíkvæni".

"Ó, það er satt", hrópaði Móritz, stökk upp af stólnum og sló á enni sér. "Marita er systir mín".

"Elskar þú hana?" spurði öldungurinn.

"Já, og hún hefir nýlega lofað að verða konan mín".

"Herra, þínir vegir eru órannsakanlegir".

"Aftur er von mín gerð að engu", kallaði Móritz í tryllingi, — "og Eberhard er orsök í því. Það veit guð, að þetta er meira en nokkurt mannlegt hjarta getur fyrirgefið. Ég skal eyðileggja þrælmennið, sem hefir eitrað líf mitt og ætlað að myrða föður sinn. Ég skal láta blóð hans renna svo ég

Sómi Íslands, sverð og skjöldur.

Gjafir til minnisvarða JÓNS SIGURÐSSONAR.

Frá MINNEOTA, Minn.

Björn B. Jónsson $1, Ingiríður Jónsson $1, G. B. Björnsson $1, Mrs. G. B. Blörnsson $1, B. Jones $1, Mrs. B. Jones $1, G. A. Dalmann $1, A. B. Gislason $1, Mr. og Mrs. Bergvin Hoff $1, St. Gilbertson $1, Th. Thórdarson $1, Jóseph Jósephson $1, Helga J. Jósphson $1, A. S. Johnson 50c, Mrs. A. S. Johnson 25c, Jónína Johnson 25c, Sigurbjörg Johnson 25c, K. S. Johnson 25c, Petrína Johnson 25c, Sigfinna Johnson 25c, Thórdís Johnson 25c, Victor Johnson 25c, A. R. Johnson 50c, Sigurborg Johnson 25c. Otto Anderson 50c, Jón M. Strand 25c, AnnaAnderson 25c, G. Rafnsson 50c, Franklin Rafnsson 25c, Ásbjörn Jóseph.son 25c, Oddur Eiríksson 50c, S. Högnason 25c, Mr. og Mrs. Geo. Benson 50c, Sigurbjörn Thorsteinsson 50c, Mrs. G. Byers 25c, P. P. Jökull 50c, Mr. og Mrs. Guðjón Johnson 50c, John Rafnsson 50c, Hinrik Guðmundsson 50c, Friðrik Guðmundsson 25c, Mrs. Fr. Guðmundsson 25c, Jóseph Hoff 25c, A. H. Rafnsson 25c, Einar Sigurðsson 25c, Mrs. Einar Sigurðsson 25c, G. A. Anderson 50c, Mrs. E. Nicholson 25c, Guðrún Anderson 25c, Jennie Johnson 25c, Vigfús Anderson 50c, Mr. og Mrs. K. S. Askdal 50c, Halldóra V. Askdal 25c, Elín Askdal 25c, Oddný S. Askdal 25c, S. Emil Askdal 25c, Mr. og Mrs. J. V. Jósephson 50c, Sesselja Bjarnason 25c, C. G. Schram 50c, Jónas Ólafsson 50c, E. Sigurðsson 50c, John A. Johnson 25c, S. A. Anderson 50c, A. Johnson 50c, Einar Ólafsson 25c, H. J. Johnson 25c, Bergvin Vopnfjörð 75r, Th. Eastmann 50c, J. E. Johnson 35c, Mrs. J. F. Johnson 35c, María Johnson 10c, Jóna John son 10c, Stephán Johnson 10c, Árni Magnússon 50c, Sigvaldi Gislason 10c, Jón G. Westdal 50c. J. A. Johnson $1, Mrs. Hall Benson 50c, Hall Benson 50c, Jóseph Arngrímsson $1.

Feá IVANHOE, Minn.

Mrs. Guðrún Sigvaldason 50c, S. A. Sigvaldason 50c, Jón Sigvaldason 50c, Júlía Sigvaldason 50c, J. P. Guðmundsson 50c, Guðrún Guðmundsson 50c, O. J. Guðmundsson 10c, Sigrún Guðmundsson 10c, Paul Sigvaldason 25c, P. V. Peterson $1, Hjálmar Jósephson 25c, Thóra Jósepson 25c, Jóseph H. Jósephson 10c. Kristin H. Jósephson 10c, Dórhildur Jósephson 10c, P. B. Thorgrimson 50c, Benjamín Thorgrímson $1, Árni Thorgrímson 50c, Kristín Thorgrímson 25c, Sigurbjörg Vilhjálmsdóttir 50c, Björg Johnson 50c, Matúsalem Johnson 50c, Rósa Petersdn 25c, Halldóra Jónsdóttir 10r, Bjarni Guðmundsson 50c, Stefanía Guðmundsson 50c, Guðmundur Guðmundsson 25c, P. E. Jósephson 50c, J. P. Jósephson 50c, Sella Jósephson 25c, Kristjana Thorkellsson 25c, Jón Peterson 15c Kristján Peterson 50c, Mrs. Sigurbjörg Foss 25c, Mrs. F. J. Bardal $1, Vilhjálmur Vopnfjörð $2, S. V. Jósephson 50c, Mrs. S. V. Jósephson 50c, Kristín Jósephson 10c, Guðrún Jósephson 10c, Hermann Jósephson 25c, Peter Jósephson 25c, Herbert Jósephson 10c, Geo. W. Jósephson 10c, S. R. Jósephson 10c, Peter Foss 50c. Magnús Foss 50c, Valdimar Ásbjörnsson 50c, Mr. og Mrs. Skúli Guðmundsson 50c, Stefán Guðmundsson 10c, Þorsteinn Austdal 50c, Mrs. Þ. Austdal 50c, Valdimar Guðmundsson 50c, Einar Jónsson $1, Hallgrímur Gottskálksson $1.

Frá PORTER, Minn.

G. S. Bardal 50c, Nina Bardal 25c, Rósa Bardal 25c, Thorsteinn Stone 50c, Mrs. Th. Stone 50c, John T. Stone 50c, August Stone 25c, Petra Stone 50c.

Frá TAUNTON, Minn.

Guðjón Ísfeld 50c, Aðalborg Ísfeld 50c, A. L. Ísfeld 50c, S. J. Ísfeld 50c, Margaret Ísfeld 10c, Rósa Ísfeld 25c, S. E. Ísfeld 10c,

Frá WASHBURN, N. Dak.

F. S. Jósphson 25c, Paul Jósephson 25c.

Frá HOPE, N. Dak.

Dewy S. Jósephson 25c.

Frá ARCO, Minn.

C. M. Gíslason $1.

Frá MARSHLAND, Man.

J. A. Hannesson $1, Jón A. Magnússon $1, Mrs. J. A. Magnússon 50c, Miss H. M. Magnússon 25c, Guðrún Magnússon 25c, Magnúsína Magnússon 25c, Guðm. Magnússon 25c, Páll Árnason $1, Mrs. H. Árnason 25c, Ólöf Árnason 25c, G. Árnason 25c, V. Árnason 25c, P. Árnason 25c, Nikulás Snædal 50c, Mrs. N. Snædal 50c, Þórður N. Snædal 25c, Stanley Snædal 25c.

Frá WOODSIDE, Man.

Jón Austmann $1, Mrs. J. Austmann 50c, Jón J. Austmann 25c, Kr. J. Austmann 50c, Ásta Austmann 50c, Karl Amundson 25c, Björn Andrésson $1.

Frá THEODORE, Sask.,

Gabríel Gabríelsson 50c, Bæring Gabríelsson 25c, Kristín Hinriksson 25c, Magnús Olson 25c, Elín Olson 25c.

Frá SÓLHEIMA, Alta.

S. Johnson $1, Mrs. S. Johnson $1, J. A. S. Johnson 50c, N. S. Johnson 50c.

Eric Charlson $1, O. Sigurðsson $1, A. Sigurðsson $1, R. Sigurðsson 25c, Thos. Sigurðsson 25c. C. Sigurðsson 25c, E. Sigurðsson 25c, S. Sigurðsson 25c.

Frá YARBO, Sask.

H. J. Bardal $1, O. Bardal 50c, H. P. Bardal 50c, Th. Bardal 50c,

Frá BRANDON, Man.

Miss Ella Egilsson 50c, Miss Sigríður A. Eggertsson 50c.

Frá MARKLAND, Man.

B. S. Lindal $1, Mrs. B. S. Lindal $1, Laufey Svava Lindal 25c, Hjörtur Björn Lindal 25c, Leifur Columbus Lindal 25c, L. M. Lindal 50c, G. F. Lindal 25c, C. F. Lindal 25c, Mrs. C. F. Lindal 25c, Mrs. Ingibjörg Johnson $1, Kári J. Johnson 25c, Jónatan D. Johnson 25c, Thorlákur Eiríksson 25c, Mrs. Steinunn Eiríksson 25c, Arthur Eiríksson 10c, Alice Eiríksson 10c, Sigríður J. Eiríksson 10c, Ernest G. Eiríksson 10c, Thorbergur Eiríksson 10c, Einar Eiríksson 10c.

Frá NEVETON, Man.

Gestur Sigurðsson 50c, Mrs. G. Sigurðsson 50c.

Guðmundur Ingimundarson 50c.

Frá VICTORIA B. C.

Mrs. G. S. Cox $1, T. K. Anderson 50c, J. Breiðfjörð 50c, Miss F. Einarsdóttir 50c, B. Bergmann $1, J. Hall 50c, Miss Ólína Guðbrandsdóttir 25c, C. Sivertz 50c, Mrs. O. Johnson 50c, Jón Sigurðsson $1, Th. Sivertz 50c, Mrs. Peter Christianson 50c, Miss J. Christianson 25c, Mrs. E. Brynjólfsson 50c, Matthías Friðriksson $2, A. G. Árnason $1, Mr. og Mrs. Sæmundsson $1, Mrs. A. Griffiths 25c, Mr. og Mrs. S. Mýrdal 50c, Miss Margrét Mýrdal 25c, Mrs. K. M. Mýrdal Miller 50c, Mrs. Peden (f. Breiðfjörð) 50c, Miss Elín Jóhannesson 50c.

Frá CRESCENT, B. C.

S. Christopherson $1, Mrs. S. Christopherson $1, Halldór Christopherson 50c, Kjartan Christopherson 50c, Veiga Christopherson 50c, Rænka Johnson 25c, C. J. Anderson $1, Mrs. C. J. Anderson $1, Emelv Anderson 50c, Guðný Oddstað 25c, Christian Ólafsson $1, Mrs. C. Ólafsson $1, Karl Westman 25c, A. F. J. Oddstað 25c, Sigfús Goodman $1.

Frá BLAINE, Wash.

Gísli Árnason $1, John Stevenson 25c, Stefán Árnason 25c, J. S. Sigurðsson 25c, Mr. og Mrs. B. Benediktsson $1.

Frá ÁRNES, Man.

G. Gíslason 25c, S. Johnson $1, Th. Sveinsson 10c, Stefán Sigurðsson $1, Stefán Jóhannesson 25c.

Frá FRAMNES, Man.

Jón Karvelsson 10c, Lúter Jónsson 50c.

Frá ÁRDAL, Man.

J. P. Pálsson 50c, Mrs. J. P. Pálsson 50c, Jón Johnson 50c.

Frá SPANISH FORK, Utah.

Markús Johnson $1, Mrs. Wm. Green $1, Thorsteinn Pétursson $1, Halldór B. Johnson $1, Gísli E. Bjarnason $1, Thorvarður Sigurðsson $1, Árni Helgasón 50c, Mrs. Inga Jones 50c, Sigurður Árnason 50c, Bjarni J. Johnson 50c, Sigurður Leifsson 50c, Jórunn V. Leifsson 50c, E. C. Christianson 50c, M. M. Melsted 50c, Mrs. Hanna Johnson 50c, Bjarni B. Sveinsson 50c, Mrs. B. B. Sveinsson 25c, Mrs. Sarah Hannesson 25c, Mrs. Steinunn Gíslason 25c, Mrs. Vigdís Hall 25c, Miss Guðrún Guðnason 25c, Gunnar Johnson 15c.

Frá OAK POINT, Man.

J. H. Johnson $1, Björg Johnson 50c, Thorbjörg S. Johnson 25c, Norman P. Sveinsson 25c, Paul Reykdal $1, Kristín Reykdal $1, Daníel Lindal $1, J. Halldórsson $2, Dr. M. Hjaltason 50c.

Frá HOVE, Man.

V. Jósephson 25c, Archie Orr 25c, G. J. Johnson 50c, J. B. Johnson 25c, Björn Sigurðsson 25c, J. J. Freeman 25c, Steinthór Einarsson 50c, J. Snoedal 25c, Bergur Sigurðsson 50c, Páll Pálsson 50c, Jón Guðmundsson 25c. O. W. Johnson $1, Th. Helgason 50c, Hansína Sigurðsson 25c, S. Sigurðsson 10c.

Frá MARY HILL, Man.

Jón Jóhannsson 25c.

Hólmsteinn Dalman 50c, Jón B. Hannesson 50c, Óneíndur 10c, Eiríkur Guðmundsson 25c, Bjarni Eiríksson 25c.

Frá GEYSIR, Man.

F. Finnsson 25c, Jóhanna Ingibjörg Sveinsson 10c, Hallur F. Thorwardsson 25c, Friðfinnur Sigurðsson 25c.

Guðmundur Bergmann 25c, Mrs. Guðmundur Bergmann 25c, Erlendur Erlendsson 25c, Mrs. Ólina Th. Erlendsson 25c, Haldór Erlendsson 25c, Aril us Erlendsson 25c, G. O. Einarsson 25c, Óneind 25 cents, A. Daviðsson 25 cents, S. Pálsson 25 cents, Guðrún Pálsson 25c, Mrs. G. Skúlason 25c, B. Jóhannsshn 25c, Mrs. S. Jóhannsson 50c, G. M. Jónsson 25c, Jón Guðmundsson 25c, Kristín Simonarson 25c, Jóh. G. Jóhannesson 25c, Bjarni Jóhannesson 25c, Jóhannes Pétursson 25c, Salóme Pétursson 25c, Brynjólfur J. Sveinsson 25c, Jane L. Sveinsson 25c, Jón Sveinsson 25c, Norma Pearl Sveinsson 25c, Valdína Bergljót Sveinsson 25c, Sigríður Simpson 25c, Sigvaldi Sigmarsson 25c. Bjarni Sigvaldason 25c, Guðmundur Sigvaldason 25c, Sigurður Sigvaldason 25c, Valdimar Sigvaldason 25c, Páll Jónsson 25c, Sigurður G. Nordal $1, Mrs. Valgerður Nordal $1, Oddleifur S. Oddleifsson 10c, Bjarni Ólafsson 25c, Sigríður Oddleifsson 25c, Mr. og Mrs. J. S. Nordal $1, Jóhannes S. Nordal $1, Jóhannes H. Jóhannesson 50c, Hjálmar Jóhannesson 50c, Guðmundur Árnason $1. Önundur Guðbrandsson 25c. F. S. Bárðarson 50c. Mrs. E. S. Bárðarson 50c, J. H. J. Thorsteinsson 25c, Albertina Thorsteinsson 25c, Fríða Thorsteinsson 25c, J. J. Thorsteinsson 25c, Th. J. Thorsteinsson 25c, Kristján Bessason 25c, Valdimar Bessason 10c, Helgi Jakobson $1, J. P. Sæmundsson 25c.

Frá CHURCHBRIDGE P.O.

E. Bjarnason $1, Mrs. O. Bjarnason $1, M. E. Bjarnason 25c, Helgi Bjarnason 25c, Ingibjörg Sigurðsson 25c.

Frá ARGYLE BYGD, Man.

Glenboro P.O.—

Jón Ólafsson $1, Ásbjörn Stefánsson $1, Jón A. Sveinsson $1, Mrs. Jón A. Sveinsson $1, Árni Sveinsson $1.50. Mrs. G.A. Sveinsson $1.50, Kristjín A. Sveinsson 50c, Albert A. Sveinsson 50c, Valdimar A. Sveinsson 50c, Guðfinna Kristjana A. Sveinsson 50c, Anna A. Sveinsson 50c, Sigrún A. Sveinsson 50c, Sigtryggur Sigurðsson 50c, Olgeir Friðriksson $1, Friðbjörn S. Friðriksson $1, Snæbjörn Andrésson $1, Jóhannes Sigurgeirsson $1, Hans Jónsson $1, Jón Goodman 25c, Mrs. J. Goodman 25c, Mrs. S. G. Goodman 25c, Þórarinn J. Goodman 25c, Guðbjörg J. Goodman 25c, Kristbjörg J. Goodman 25c, Egill Jóhannsson 25c, J. A. Reykdal 25c, Kjartan Ísfeld 50c, Hólmgeir Ísfeld 50c, Tryggvi Arason 50c, Herman Arason 50c, Óli Arason 50c, Ágúst Arason 50c Mrs. Á. Arason 50c, Jón Jónsson 25c, Vilbert F. S. Friðriksson 25c, Friðrik F. S. Friðriksson 50c, Halldór Magnússon $1, Mrs. H. Magnússon $1, Halldór G. Árnason 50c, Jóhína Goodman 25c, Jón Einarsson $1, Sigurveig Lyngholt 50c.

Brú P.O.:

Stefán Björnsson 50c, Páll Andrésson 50c.

Frá HOLAR, Sask.

Árni Torfason 25c, Mrs. A. Torfason 25c, Ásta Emilía Torfason 10c, Haraldur H. V. Torfason 10c, Miss Ingibjörg Helgason 10c, Jón Stefánsson 25c, Jón Hallson $1, Andrés Eyjólfsson 20c, Mrs. A. Eyjólfsson 20c, Sigurður Eyjólfsson 10c, Guðmundur P. Guðmundsen 50c, Stefán Helgason 25c, Mrs. S. Helgason 25c, Miss Sigurlaug Helgason 20c, Friðrik Helgi Helgason 10c, Hjalti Helgason 10c, Kristín Helgason 10c, Guðm. Stefánsson 45c, Mrs. Guðm. Stefánsson 50c.

Frá ARBORG, Man.

Mrs. G. Oddson 25c, Tryggvi Oddson 25c, Fred. Axford 50c, H. Hermann $1, Mrs. H. Hermann $1, Sigtr. Jónasson $1, Sigurjón Sigurðsson 50c, Mrs. Jóna G. Sigurðsson 50c, Arnþór Sigurðsson 50c, Franklin Sigurðsson 50c, Fríða Nielsson 50c, Thorbjörg John son 25c, G. S. Oddleifsson 50c, Bergljót Johnson 50c, Karl Johnson 50c, E. L. Johnson 50c, Jón J. Gíslason 50c, Ingibjörg J. Gíslason 25c, María J. Gíslason 25c, Vilborg S. Eyjólfsson 50c.

Frá BERTDALE, Sask.

Sv. Halldórsson 50c, W. Halldórsson 25c, Bjarni Jasonsson $1, G. Elías Guðmundsson 25c, Mrs. G. E. Guðmundsson 25c, M. Guðmundsson 10c, Miss H. E. Guðmundsson 10c, Valtír Guðmundsson 10c, Miss G. Dagmar Guðmundsson 10c, Miss Ch. E. Guðmundsson 10c, Christian Olafson 25c, Mrs. Chr. Olafson 25c, Miss María Ólafson 10c, Mrs. Ólafur J. Olafson 10c, Páll I. Olafson 10c, Edvin Olafson 10c, Miss Fríða Olafson 10c, G. Egilsson 25c, Mrs. G. Egilsson 25c, H. Friðleifsson 25 cts., Mrs. H. Friðleifsson 25c, E. J. Friðleifsson 10c, Miss Vala Friðleifsson 10c, Miss Fríða Friðleifsson 10c, Bjarni Friðleifsson 10c, Bergþór Johnson 50c.

Frá FOAM LAKE, Sask.

John Vium $1, O. Pétursson $1, Mrs. O. Pétursson $1, H. S. Halldórsson 50c, John S. Skagfjörð 50c, Mrs. Bernhard Johnson $1, N. A. Narfason 50c, Ingvar Ólafson $1, G. J. Bildfell $1, Jón Janusson 50c, Mrs J. Janusson 25c, C. J. Helgason 50c.

Frá CAMBRIDGE, Mass.

Thorbergur Thorvaldsson $1.

Frá GLOUCESTER, Mass.

Thomas J. Knudsen $1, Hólmfríður Jónsdóttir $1, Mrs. Guðrún Colson 50c, Jón Þorkelsson 50c, Þorkell Jónsson 50c, Einar Einarsson 50c, Sigríður Einarsson 50c,

Frá ROOLINDAL, Mass.

Mr. og Mrs. John Johnson $1, Guðmundur Johnson 25c.

Frá LOCKEPORT, N. S.

Dr. Halldór Torfason $1.

Frá MOZART, Sask.

Kári Thórarinson 25c, Mrs. Herdis Torfadóttir 50c, Miss Dóra Thorleifson 25c.

Frá BANTRY, N. Dak.

Jónas Goodman 50c, Sigurður Goodman 50c, María S. Goodman 25c, K. S. Benson 25c, Guðmundur Goodman 25c, Sveinbjörn Sveinsson 25c, Margrét Sveinsson 10c, Sveinn Westford 50c, Sveinn Sveinbjörnsson 10c, Anna J. Sveinsson 10c, Jóhann Sveinsson 50c, Bergljót Sveinsson 50c, Ingibjörg Sveinsson 50c, Helga Sveinsson 10c, Erlendur Sveinsson 10c, Jóhann S. Sveinsson 10c, Walmandur Sverrison 25c, Mrs. Ingibjörg Sverrison 25c, Sigríður Sverrison 10c, Margrét Sverrison 10c, Anna Sverrison 10c, Valgerður Sverrison 10c, Guðrún Sverrison 10c, María Sverrison 10c, Guðbjörg Sverrison 10c, Vigfundur Sverrison 10c, Jónas Sverrison 10c, Sverrir Sverrison 10c, Halldór Guðmundsson 10c, Björn Johnson 25c, Halldóra Johnson 25c, Sigmar Johnson 25c, Guðfinna Johnson 25c, J. K. Swanson 50c.

Frá UPHAM, N. Dak.

John P. Hillman 25c, Mrs. Steinuna Hillman 25c, Jón Sigurðsson 50c, Anna V. Sigurðsson 25c, 50c, Mrs. Sigurlaug Sigurðsson Kristín Snæbjarnardóttir 25c, Sigurjón Ásmundsson 50c, Mrs. Katrín Ásmundsson 50c, S. S. Einarsson 50c, Mrs. S. S. Einarsson 50c, Gunnar Einarsson 10c, Einar Einarsson 10c, Trausti Einarsson 10c, Oddur Einarsson 10c, Loftur Einarsson 10c, Höskuldur Einarsson 10c, Margrét Einarsson 10c, Hildigunnur Einarsson 10c, Sigurður G. Árnason 25c, Mrs. Sigríður Árnason 25c, Guðrún F. Sigurðsson 50c.

Frá SIGLUNES, Man.

Jóhannes Jónsson 50c, Ólöf Jónsdóttir 50c, Jón Helgi Jóhannesson $1, Ásta Jóhannesdóttir 15c, Helga Jóhannesdóttir 10c, Kristján Pétursson $1.50, Pétur Jónsson 50c, Jón Pétursson 25c, Baldína Pétursson 25c, Jón Jónsson frá Sleðbrjót $1, Guðrún Jónsdóttir 50c, Ragnhildur Jónsdóttir 25c, Ingibjörg Jónsdóttir 25c, Helga Jónsdóttir 25c, Páll Jónsson 50c, Guðmundur Jónsson $1, Jón J. Jónsson $1.

B. J. Mathews $5, Guðrún Mathews $1, Otto Wathne Mathews 25c, Sigurður John Mathews 25c Guðmundur John Mathews 25c, Margrét Stefanía Mathews 25c, Guðrún Aðalbjörg Mathews 15c, Sæmundur Bergford $1, H. Freeman $1, S. J. Eyford 50c, Óli Guðmundsson 25c, Andrés Gíslason 50c, Jóhannes Eiríksson $2, Guðmundur Johnson $1, Kristján Eiríksson 50c. Mrs. K. Eiríksson 50c, Helgi Johnson $2.

John Mathews $1, Mrs. Stephania J. Mathews 50c, Miss R. J. Mathews 50c, M. J. Mathews $1, Eggert Sigurgeirsson 50c, Mrs. Svanhildur Sigurgeirsson 25c, Sigurbjörn E. Sigurgeirsson 25c, Framar J. Eyford 50c, Jón Sigurðsson $2.

Frá NARROWS, Man.

Helgi Einarsson $1, J. R. Johnson $1.

Frá COLD SPRINGS, Man.

John J. Thorkelsson 50c.

Frá WINNIPEGOSIS, Man.

Mr. Guðm. Brown $1, Mrs. G. Brown $1, Guðjón Brown $1, Guðbrandur Brown $1, Björn Crawford $1, R. Crawford $1, Sarah Crawford 50c, Augusta Crawford 50c, Jóhannes Guðmundsson 60c, Karl Guðmundsson $1, Búi Johnson 25c, Mrs. Búi Johnson 25c, Nellie Crawford 25c, Daniel Moyer 25c, Magnús Johnson $1, G. Ásgeir Johnson 50c, Mrs. G. Ásgeir Johnson 50c, Mrs. O. Johnson 25c, Miss Hilda Johnson 25c, Vilhjálmur Johnson 50c, Thorkell Gíslason $1, Jónas Brynjólfsson 50c, Jón Collin 25c, Joe Johnson $1, Gunnl. Schaldemose, 50c, Mrs. G.Schaldemose 50c, Ásta Schaldemose 25c, Jóhann Schaldemose 25c, Aðaljón Schaldemose 25c, Kristín Schaldemose 25c, Thór. Stefánsson 25c, Mrs. Th. Stefánsson 25c, Eiríkur Ólafsson 50c, Ágúst Johnson 25c, Mrs. Ágúst Johnson 25c, G. Guðmundsson $1, Guðmundur Johnson $1, O. Johnson $1.

Frá WINNIPEG.

Eyjólfur Olson $1, Mrs. Signý Olson $1, Mrs. Agnes Thorgeirson 25c, Miss Lína Gottfred $1, Björnúlfur Thorlacíus $1.

Frá ICELANDIC RIVER, Man.

Jóhannes Jóhannsson 50c, Mrs. Björg Hallsdóttir 50c, Július Kr. I. Goodmann 50c, Tómas A. Jónasson 50c, Mrs. Guðrún Jónasson 50c, Tómas T. Jónasson 50c, Jóhannes T. Jónasson 25c, Sigurbjörg Jónasson 25c, Sigurbjörn O. T. Jónasson 25c, Elías E. Ólafsson 50c, Jóhannes Bjarnason 25c, Rannveig McLennan 25c, Jóseph McLennan 25c, Eiríkur Thorsteinsson 25c, Mrs. Antonía Thorsteinsson 25c, Jón Jónsson 25c.

Frá WESTBOURNE, Man.

Einar G. Thomasson $1, Mrs. G. Thomasson $1, T. G. Thomasson 25c, St. Thomasson 25c, H. R. Thomasson 25c, Sigríður Thomasson 25c, A. Thorsteinson 50c, Mrs. A. Thorsteinson 50c, ThomasThorsteinson 25c, Miss Guðrún Thorsteinson 25c, Miss Ingibjrg Thorsteinson 25c, Thorsteinn Thorsteinson 25c, Eyjólfur Thorsteinson 10c, Miss Albína Thorsteinson 10c, Mrs. Guðný Vigfúsdóttir 50c.

Frá BRÚ, Man.

Sigmar Johnson $1, G. G. Backmann 50c, Mrs. G. Backmann 50c, J. Sigtryggsson 25c, H. Christopherson 50c, Mrs. B. Christoperson 50c.

Frá BALDUR, Man.

Björn Andrésson $1, K. B. Andrésson $1, Andrés Andrésson 75c, Mrs. Sesselja Andrésson 75c. Sigurður A. Anderson 25c, Eiríkur A. Anderson 25c, Jóhannes Sigurðsson 50c, J. K. Sigurðsson 50c, Sigurgeir Friðfinsson 50c, Mrs. B. Friðfinsson 50c, Miss M. Friðfinsson 25c, Mrs. Björg Jónsson 25c.

Frá GRUND, Man.

Byron Hallgrímsson 50c.

Frá DETROIT HARBOR, Wis.

Peter Gunnlaugsson Jr. 25c, Rupert Gilbert Johnson 10c, Halldór N. Johnson 25c, Christofer Einarsson 50c, Óneíndur 'business'-maður 50c, Steve Gunnlaugsson 25c, Miss Sara Einarsson 25c, Hannes Johnson 25c, John F. Johnson 25c, Miss Sara Johnson 25c, Mrs. Sara John son 25c, Theodor Thorarinson 25c, Gísli Matthíasson 15c, A. Guðmundsson $1, Jón Jónsson 25c, Ólafur Hannesson 25c, Sigurður Sigurðsson 25c, Bárður Nikulásson 25c, Árni Guðmundsson 50c, Oscar Nichol 25c, BenediktJónsson 25c, Jón Thórhallason 25c, Jón Gunnlaugsson 25c, Mrs. Margrét Gunnlaugsson 25c, Mrs. Margrét A. Richter 25c.

FráWASHINGTON HARBOR, Wis

Thom. Goodman 50c, Kári Bjarnarson 25c, John M. Johnson 25c, Magnús Johnson 25c, Sara Johnson 25c, Mrs. Christine Helgason 50c, Július Helgason 50c, Albert Goodmander 25c, Guðmundur Guðmundsson 50c.

Frá JACKSON HARBOR, Wis.

Mrs. Jens Hansen 25c.

Frá VANCOUVER, B.C.

Sigurður Jóhannsson $2, J. S. Jóhannsson $1. Sólveig Jóhannsson 50c, Kristbjörg Jóhannsson 25c, Árni Friðriksson $2, Chr. Christjanson $1, Gísli Árnason $1, Jón Erlendsson $1, Mrs. J. Erlendsson 50c, Jóhann Halldórsson 50c, Mrs. J. Halldórsson 50c, B. K. Benson 50c, Mrs. B. K. Benson 50c, Þorsteinn Ingimundarson $1, Bernharð Þorsteinsson $1, A.Johnson 50c, A. Thorgrímsson $1, Mrs. A. Bannett $1. G. J. Jóhannsson $1, Mrs.G.J.Jóhannsson $1, Ingibj. Herónímusdóttir 40c. Elías Magnússon 60c, Mrs. I. Magnússon 50c, Jón Sigurðsson 50c, Jón Jónsson $1, Mrs. J. Jónsson $1, Halldór Gíslason $1, P. Björnsson 50c, Mrs. P. Björnsson 50c, Jóhann Jóhannsson 50c, Mrs. J. Jóhannsson 50c. Rúna E. Gillies 50c, E. G. Gillies $1, K. E. A. Gillies $1. JúliusThorarinsen $1, Ben Clemens $1, Emily Anderson $1, Hanna Johnson 50c, Ingólfur A. Jackson $2, Stefán Guðjónsson $2, Þorfinnur Þorsteinsson 50c, G. I. Sanders $1, Vigfús Halldórsson 50c, Óneíndur 10c, Eiríkur Jóhannesson $1, B. Lyngholt 10c, Mrs. A. Lyngholt 50c, Mrs. S. Johnson 50c, B. Guðjónsson $1, Mrs. P. Guðjónsson $1, Miss Árora Anderson 50c, Árni $1j

Frá LUNDAR, Man.

Ragnar Eyjólfsson 25c, Kristján Halldórsson 70c.

M. Ólafsson 25c, Jón Magnússon 50c Jón Bergthórsson 25c.

John A. Johnson 50c.

Hallur Hallson $1, H. Halldórsson $1, Mrs. H. Halldórsson $1, M. Halldórsson 25c, Gísli Ólafson 50c, Jón Böðvarsson $1, Sæbjörn Magnússon 25c, G. Eyjólfsson 10c, C. Backman 50c, K. J. Backman 25c, Kr. Fjeldsted 50c P. Hallson $1, Th. Johnson 25c, St. Dalman $1, G. Scheving 50c, Bjarni Jóhannsson (Grund) 50c, Guðrún Jónsdóttir 50c, Miss G. Böðvarsdóttir 50c, Ólafur Böðvarsson 50c, Ágúst Johnson 50c, Mrs. A. Johnson 50c, Matthias Johnson 15c, Friðrik Johnson 10c, Alexander Johnson 10c, J. Lindal (vngri) $1, J. Lindal (eldri) $1.

Frá COLD SPRINGS, Man.

Mrs. W. H. Eccles $1, Sveinn Guðmundsson $1, Jón Sigurjónson 25c, Mr. Law 25c.

Frá CLARKLEIGH

D. H. Backman 25c. H. S. Backman 25c, Guðni Backman 25c, Þórður Backman 25c.

Frá DEER HORN.

Þór Þorkelsson 50c, Óneíndur 50c

Frá OTTO, Man.

R. K. P. Bjarnason $1, R. Eiríksson 50c.

S. D. Hólm 25c, M. Kristjánsson $1, Margrét D. Kristjánsson 25c, Wilhelm Kristjánsson 10, Lára Kristjánsson 10c, Fjóla Kristjánsson 10c, Fr. Kristmanson 25c, Kr. Thorvardson 25c, Th. J. Hörðdal 25c, Ragnhildur Hörðdal 25c, Stefán Daníelsson 50c, Danelía K.Daníelsson 50c, Kristjana Daníelsson 10c, Anna Daníelsson 10c, Haraldur Daníelsson 10c, Hjálmur F. Daníelsson $1, Snæbjörn J. Halldórsson 25c, Guðný M. Halldórsson 25c, Björn Thorsteinsson $1, Jón Jónsson $1, Daníel Sigurðsson 50c, Kristjana Sigurðsson 50c, Kristján Sigurðsson 25c, Margrét Sigurðsson 25c, Albert Einarsson 25c, Sveinrún Einarsson 25c, Jónína Einarsson 10c. Ragnhildur Einarsson 10c, Emily Einarsson 10c, Sigurjón Einarsson 10c, Sigurborg Einarsson 10c, Jón E. Vestdal 25c, Björg Vestdal 25c. Victor Vestdal 20c, A. J. Halldórsson 50c, Jón Eiríksson 25c. Elín Eiríksson 25c, Sigurður Eiríksson 25c, Svanborg Eiríksson 25c, H. Daníelsson 25c, K. M. Daníelsson 25c, O. L. Daníelsson 25c, B. H. Daníelsson 25c, L. D. Daníelsson 25c, Ingimundur Sigurðsson 50c, Ragnheiður Sigurðsson 25c, Gróa Sigurðsson 25c, John Benedictson 15c, Sigurður Sigurðsson 25c, Dýrfinna Pálsson 10c, Einar Johnson 50c, Oddfríður Johnson 50c, Bergþór Johnson 15c, Lilja S. Johnson 15c, Kristín Thórdarson 25c, Pétur Pétursson 50c, Jóhanna F. Pétursson 50c, Kristín B. Pétursson 15c, Ingibjörg J. Pétursson 15c, Sigríður Pétursson 15c, Björg Pétursson 10c, Jenny Pétursson 10c, Rósa Pétursson 10c, Mr. og Mrs. S. Freemann 50c.

Frá ST. ADELARD.

Th. Kr. Daníelsson 25c.

Frá SEAMO, Man.

Jóhann Straumfjörð 50c, Kristbjörg Straumfjörð 50c, August Magnússon 50c, Ragnheiður Magnússon 50c, Ingveldur Mýrdal 25c, Kristjana Einarsson 10c, J. E. J. Straumfjörð 50c, Mrs. J. E. J. Straumfjörð 50c, J. H. Straumfjörð 15c, J. V. Straumfjörð 15c, H. G. Straumfjörð 15c, Mr. og Mrs. A. G. Breiðfjörð 50c, Ástríður Straumfjörð 50c.

Frá STONY HILL, Man.

G. Jörundsson 25c, Ásgeir Jörundsson 25c, Mrs. Jóhanna Jörundsson 25c, Miss Herdis Jörundsson 20c, Ktistinn Jörundsson 25c, Miss Þuríður Jörundsson 20c, Miss Kristín Jörundsson 10c, Miss Aðalheiður Jörundsson 10c, Óskar H. Jörundsson 10c, Guðjón F. Jörundsson 10c.

Frá LILLESVE.

B. P. Bjarnason 30c, Mrs. H. Bjarnason 50c, P. Bjarnason $1, Guðmundur Torfason 50c, Mrs. Guðrún Torfason 50c, Thorsteinn Guðmundsson 50c.

Frá ST. LOUIS GUILBERT, Man.

J. J. Henry $1, G. J. Henry $1, J. Th. K. Henry 25c, J. G. Henry 25c, L. G. Goodman 25c.

Samtals	$ 452.65
Áður auglýst ...	1426.45
Alls inakomið...	$1879.10

PIANO

KJARAKAUPASALA

Fást frá $25 til $75

Við að athuga vörugeymslu húsa vort höfum við fundið fáin square Pianos, sem við verðum að selja áður en vikan er úti. Þessi piano kostuðu upprunalega $450,00 og þar yfir. Sérfræðingar vorir munu hafa þau í hinu bezta standi, og verðið er aðeins $25 til $75. — Aðeins fimm eru til. Gleymið því ekki, og komið sem fyrst.

J. J. H. McLean & Co Limited

Cor Portage Ave. & Hargrave
Phone Main 808.

Fréttir úr bœnum.

Fjórtán Vesturfarar frá Íslandi eru væntanlegir hingað til borgarinnar nk. föstudag. Lögðu þeir af stað frá Reykjavík 18. febr. sl. og hafa því verið mánuð á ferðinni.— Flestir eða allir munu þeir vera af Suðurlandi.

Í sl. viku var hér í borg herra Stefán Sigurðsson úr Árnesbygð í Nýja Íslandi. Hann kom frá Íslandi árið 1876 og tók sér þá strax bólfestu þar nyrðra og hefir búið þar síðan. Land hans er við vatn fram á svoneíndum Drunken River tanga, og þó hann nefndi bœ sinn Víðivelli, er hann sjaldnast kendur við bœ sinn, en alment nefndur "Stefán á tanganum". Hann hefir frá fyrstu búskaparárum sínum haft þar greiðasölu, því hann er vel settur við aðalþjóðbrautina, sem liggur þar nálægt vatninu. — Gistihús Stefáns hefir jafnan verið talið með þeim bestu í bygðinni, og aðsókn hefir verið mikil að því, einkanlega yfir vetrarmánuðina. Stefán hefir jafnan haft mikla fjölskyldu og annast þó sjálfur að mestu um greiðasöluna og gert það snildarlega. Þar hefir jafnan verið hin mesta regla á öllu og hin bezta siðsemi. Svo hefir hann verið fast buninn við starf þetta, að hann hefir ekki gert sér ferð hingað til borgarinnar í sl. 28 ár, fyr en nú að hann dvaldi hér vikutíma, og hélt til hjá herra N. Ottenson í River Park.

'Pedro' kappspilið milli Conservativ og Láberal klúbbanna sl. föstudagskveld fór svo, að Conservativ klúbburinn bar sigur úr býtum. Eru Conservativar því sigurvegarar í þessa vetrar spilasamkepni, því þeir hafa unnið tvisvar, en hinir einu sinni.

Þeir herrar Herait Christopherson frá Brú P.O., og Jóseph Davíðsson, frá Baldur P.O., voru hér í borginni um síðustu helgi.

"Recital"

Muníð eftir samkomu nemenda Jónasar Pálssonar næsta mánudagskveld (20. þ.m.) í Goodtemplara-salnum. Í þetta sinn hefir Jónas enga nema þá, sem hafa lokið fyrsta árs prófi, og verða því hvorki neinir af byrjendum, né heldur þeir, sem lengst eru komnir á þessum Recital. Jónas hefir fengið ágæta meðhjálpa í þetta sinn; tvo góða fiðluleikara og vel þektan söngmann. — Aðgangur ókeypis, en samskota leitað til að standast kostnað.

Stúdentafélagið heldur fund á laugardagskveldið í Únitarasalnum. Hefst kl. 8. Meðlimirnir beðnir að fjölmenna.

Safnaðarnefnd Únitara er að undirbúa Tombolu, sem haldin verður fimtudagskveldið 30. þ. m. Í sambandi við tomboluna hefir verið ákveðið að hafa gott prógram, sem auglýst verður í næsta blaði.

Herra Guðni Eyjólfsson Lindal, frá Gardar, N.D., sem kom frá Íslandi í janúar í fyrra og náði konu sinni að heiman á sl. ári, var hér á ferð með hana í þessari viku, á leið til Wynyard í Saskatchewan, til þess að taka sér þar heimilisréttarland, sem hann hafði frézt að krækja mætti í með góðu móti. — Guðni er frá Árnessýslu á Íslandi, ungur og með einbeittan vilja að vinna sér fé og frama í þessu landi.

Ungmennafélag Únitara heldur fund í kveld (miðvikudag). Allir félagsmenn ámintir um að koma.

Herra Þorsteinn Þorkelsson, frá Oak Point, kom hingað til borgarinnar á þriðjudaginn var, og býst við að dvelja hér áram yfir helgi. Með honum var Njáll sonur hans.

Á mánudagskveldið kemur ætla Goodtemplarar í Winnipeg að heimsækja stúkuna Einingin í Selkirk og hafa opinn fund með henni í Goodtemplars Hall, Selkirk. Þar verða ræður haldnar um bindindismálið og skemt á ýmsan hátt í milli. — Íslendingar í Selkirk, hvort sem þeir tilheyra st. Einingin eða ekki, eru vinsamlegast beðnir að sækja fund þennan. — Þeir, sem vilja taka þátt í ferðinni héðan úr bœnum, geta fengið farmiða keypta á fundum stúknanna Skuldar og Heklu þessa viku; verð 50c.

Dr. G. J. Gíslason, Grand Forks, N. Dak., verður kominn heim úr Evrópu-ferð sinni um miðjan apr. og reiðubúinn að taka á móti sjúklingum.

Á fundi st. Skuldar í kveld (mið vikudag) fer fram kappræða milli þeirra R. Th. Newlands og Guðjóns Hjaltalíns. Kappræðuefnið er: Hvort er meira um skemtanir fyrir almenning á Íslandi eða Canada?

Duglegur og reglusamur kvenmaður óskar eftir ráðsmenskustöðu á íslenzku heimili, þar sem börn eru ekki. Upplýsingar gefur Gunnl. Tr. Jónsson á skrifstofu Heimskringlu.

Bréf á skrifstofu Hkr. eiga:
Jakob H. Lindal (Íslandsbréf).
Loptur Guðmundsson (Íslandsbréf.
Mrs. M. Benedictsson.
Steve Johnson.
Miss Jóhanna Jóhannsson.
Miss R. J. Davidson.
Miss Anna Oddson.
Bergþór K. Johnson.
Miss Annie Magnússon (myndir).

Stúdentafélagið

heldur fund næsta laugardagskveld kl. 8, í fundarsal Únitara. Þetta verður síðasti fundur í félaginu á vetrinum, og verður án efa skemtilegur og uppbyggilegur. Öllu íslenzku skólafólki í Winnipeg er vinsamlega boðið á fund þenna.

Vorið er komið.

og tími til kominn að skifta um skó. Ég hefi fengið inn nýjar birgðir af alls konar skófatnaði og skóhlífum (Rubbers), sem ég sel með eins sanngjörnu verði og mögulegt er. Vonast ég því eftir, að sem flestir landar mínir komi inn til mín og sjái sjálfir, hvað ég hefi að bjóða, og takið með gömlu skóna ykkar, svo ég geti gert þá eins og nýja. Vinsamlegast.

J. KETILSSON.
623 Sargent Ave.

Stöðuga atvinnu

getur unglingspiltur frá 14—15 ára fengið hjá hr. S. Anderson málara, 651 Bannatyne Ave. Verður að kunna ensku. Vinnan byrjar 1. april.

Dánarfregn.

Hinn 5. febr. þ. á. (1911) lézt að heimili sonar síns, B. G. Thorvaldssonar, að Pine Valley P.O., Man., sómakonan Helga Jóhannsdóttir, fullra 68 ára að aldri. Banamein hennar mun hafa verið taugakrampi, ásamt illkynjaðri influenza, sem þjáði hana í fulla viku áður hún lézt. Hún var fædd 20. sept. 1842, að Kárastöðum í Hegranesi í Skagafjarðarsýslu á Íslandi, — dóttir þeirra merku hjóna Jóhanns Sveinssonar og Ingibjargar Helgadóttur. Var Jóhann af hinni svokölluðu Bregna ætt í Skagafirði, en mun þó fleira ættfólk hans hafa búið í Blöndahlíð í Húnavatnssýslu. Var það talið vitsmunafólk í betra lagi, og margt af því kent við Ljósadage 5. Ingibjörg er í beinan ættlegg í móðurætt frá Gunnlaugi á Stóru-ökrum í Skagafirði; þaðan hefir sú ætt verið rakin til Mýramanna.

Þegar Helga sál. var á 5. ári, varð hún fyrir þeirri óbliðu lífskjaranna, að missa föður sinn; ólst hún því upp með móður sinni við fátækt og ýmsa erfiðleika, þar til hún var um 16 ára að aldri; misti þá móðir hennar heilsuna og varð þá Helga að neyta allra krafta sinna til að vinna fyrir sér og henni í 8 ár, þar til móðir hennar andaðist.

Nokkru eftir þetta kynntist Helga Birni nokkrum Jónssyni, ættuðum af Suðurlandi; eignaðist hún með honum dóttir, Sigríði að nafni. Brá Björn trygðum við hana og druknaði litlu síðar í Héraðsvötnum. Ekki löngu hér áður réðist Helga fyrir bústýru til aldraðs manns, Gottskálks Þorvaldssonar, er var ættaður frá Miklabæ í Skagafirði; var hann nákominn ættingi Gottskálks Þorvaldssonar, föður Alberts Thorvaldsen, listamannsins mikla. Með Gottskálk bjó hún síðan, þar til hann lézt árið 1880. Höfðu þau eignast son, Björn að nafni, þá um 2. ára aðaldri. Stóð hún nú ein einmana með tvö börn í ómegð og sára-litlar eignir; en með frábærri atorku og umhyggju ól hún samt sem áður önn fyrir sér og börnum sínum til 1887, að henni tókst að verja hinum litlu efnum sínum í peninga; bótti henni óskyggilegt útlit fyrir framtíð sína á ættlandinu, vegna harðinda, sem þá gengu um Norðurland, og réðst því í, að flytja til Ameríku það ár. Að hausti 1887 settist hún að í Íslendingabygðinni Hallson í North Dakota, og dvaldi þar í 3 ár. Þaðan flutti hún til Pembina, og hafði þar aðsetur í 8 ár, og síðast til Pine Valley, Man., hvar hún dvaldi nærfelt 12 ár, þar til hún lézt.

Hún var ein meðal hinna fyrstu innbyggjara þessarar bygðar, ásamt syni sínum, Birni Gottskálks syni, sem hún skildi aldrei við og andaðist hjá; en dóttur sína, Sigríði, hafði hún mist fyrir 6 árum.

Helga sál. var fullkomlega meðalkona á hæð, beinvaxin og mjög liðleg og snarleg á fæti, fríð sýnum og svipurinn aðlaðandi og hreinn; mjög hjartagóð og ör að rétta hjálparhönd hverjum þeim er henni fanst hjúkrunar eða hjálpar þurfa. Hún var trúkona mikil, og fylgdi fast kenningum frelsarans; sérstaklega þessum: "Gefið og yður mun gefast", og "það sem þér gerðuð einum af mínum minstu bræðrum, það gerðuð þér mér"; enda sýndi hún oft, að þess um orðum unni hún í hjarta sínu.

Hún var jarðsungin frá heimili sonar síns 12. febr. af séra N. St. Thorlákssyni, að viðstöddu nálega öllu íslenzku fólki þessarar bygðar.

Hennar er sárt saknað af syni, tengdadóttur og börnum þeirra.

Blessun hvíli yfir ógleymanlegri minningu hennar.

B. G. Thorvaldson.
Pine Valley, Man.

Hvar eru hjónin.

Hannes Benedidtsson og Sigríður Ingimarsdóttir frá Breiðu í Norðurárdal í Borgarfjarðarsýslu, sem fluttu hingað vestur fyrir fáum árum, eru vinsamlega beðin að senda áritan sína til G. G. Bjarnason, Fuller P.O., via Kindersley, Sask.

STÓRHESTA AKTYGI

Messingsbúin
með stálklöfum með messings húnum á.

Kjarakaupverð
með krögum og öllum tilheyrandi

$30.75



Búin til í okkar eigin verksmiðju

Við getum mælt með þessum aktýgum í fullri einlægni. Við búum þau til í okkar eigin verksmiðju svo við vitum að þau eru vönduð. Sérhver ól og hringja í þeim ábyrgst að vera heil og sterk, þér getið ekki dæmt þau eftir verðinu vegna þess að $30.75 er aðeins verksmiðju verðið með sára litlum ágóða viðlögðum.

Pantið ein af þessum athygjum. Reynið þau. Dæmið þau eftir notun þeim sem þau veita yður á akrinum og brautunum, og þér munuð sannfærast um að það er fágætt verð $30 75,

Atriði sem mæla með vönduðu verki og góðu efni.

BEISLI. 3-4 þuml. "Check" ferhyrndar augnaskýlur, vandaðar höfuðólar, kjaftamel heil eða á völtum, messing hringjur og messings rosettes.

TAUMAR. 1 þuml. breiðir, 20 feta langir búnir til úr úrvals efni.

KLAFAR. Mjög vandaðir stál klafar með messings húnum og messings hringum.

DRÁTTARÓLAR 1½ þuml. breiðar ná frá klöfunum aftir í fimm hlekkja hæla keðunum

BRJÓSTÓLAR. 1½ þuml. breiðar úr þúngu, sterku, leðri.

"MARTINGALES" 1½ þuml. traust leður.

AFTURÓLAR. Úr breiðu skerku leðri messings búnar, flóka fóðraðar 1½ þuml. "Billet" þungir messings krókar og "terrets"

KVIÐÓLAR. 1½ þuml. lagðar saman.

BRYGGÓLAR. ¾ þuml. breiðar með reiða með hringjum og ⅞ þuml. breiðar lendaróla.

"TRIMMING" Japanskar.

KRAGAR. Úr hinu vandaðasta efni.

37 F. S. Kjarakaups verð með krögum..... $30.75

Þér þurfið af að fá þessi aktygi viðatöðulaust. Aðeins takmarkaður fjöldi verður seldur. Verið varkár að gefa nákvæmt númer af kraga þegar þér pantið.

THE T. EATON CO. LIMITED
WINNIPEG CANADA

Th. JOHNSON
JEWELER
286 Main St. S'mi M. 6606

Dr. G. J. Gíslason,
Physician and Surgeon
18 South 3rd Str, Grand Forks, N.Dak
Athygli veitt AUGNA, EYRNA og KVERKA SJÚKDÓMUM ASAMT INNVORTIS SJÚKDÓMUM og UPPSKURÐI —

Dr. J. A. Johnson
PHYSICIAN and SURGEON
HENSEL, N. D.

"KVISTIR"
kvæði eftir Sig. Júl. Jóhannesson, til sölu hjá öllum fslenzkum bóksölum vestanhafs
Verð: $1.00

TILBOÐ.
Við undirskrifaðir tökum að okkur alla grjótvinnu, sem við getum af hendi leyst eins fljótt og vel og nokkur getur gert. Við seljum grunn undir hús, hlöðum kjallara, steypum vatnskeröld og gangstéttir, gerum steinsteypu í fjós, o.fl.
Jacob Frimann
Hergr. Hallgrimson
Gardar, N. Dak.

Þegar þér þurfið að kaupa
Gott smjör
Ný egg
og annað matarkyns til heimilisins, þá farið til
YULES PRODUCE STORE
941 Notre Dame St.
Prices always reasonable

Ég tek saumavinnu.
Ég undirrituð tilkynni hérmeð að ég geri alskyns kjólasaum og aðgerðir og breytingar á kjólum. Verk-stæði 729 Sherbrooke St.
yfir Heimskringlu.
Guðríður Sigurðson,

J. J. BILDFELL
FASTEIGNASALI.
Union Bank 5th Floor No. 520
Selur hús og lóðir, og annast þar að lútandi. Útvegar peningalán o. fl.
Phone Main 2685

A. Segall
(áður hjá Eaton félaginu).
Besti kvennfata Skraddari
Loðskinna fötum veitt sérstakt athygli.
Hreinsar, Pressar Gerir við.
Fjórir (4) alfatnaðir hreinsaðir og pressaðir, samkvæmt samningum, hvort heldur er karlmanna eða kvenfatnaður, fyrir aðeins $2.00 á mánuði.
Horni Sargent og Sherbrooke

Hannyrðir.
Undirrituð veitir tilsögn í alls kyns hannyrðum gegn sanngjarnri borgun. Starfsstofa: Room 312 Kennedy Bldg., Portage Av., gegnt Eaton búðinni. Phone: Main 7723.
GERÐA HALDORSON.

G. S. VAN HALLEN. Málafærslumaður 418 McIntyre Block., Winnipeg. Talsími Main 5147.

FRIÐRIK SVEINSSON
húsmáling, betrekking, o.s.frv. tekur nú að sér allar tegundir af Eikarmálning fljótt og vel af hendi leyst. Heimili: 690 Home St.

Saumið Hnappa
og Krókapör á allan fatnað yðar,
í yðar eigin Saumavél.
Þetta getir þér gert mjög fljóttlega með því að tengja þetta litla og handhaga verkfæri á vélina.

The "HOLDAWAY BUTTNSEWER"
sauma hnappa og krókapör á alkyns fataefni fljótt og traustlega, það má tengja verkfærið við hvaða saumavél sem er. Sauma hnappa með 2 eða 4 augum, bindur hvert spor, hnappar og krókapör haldast á meðan spjörin endist. Börn geta saumað með því.

Gert úr bezta stáli, silfrað. Verð $5.00 sent póst borgað með nákvæmu tilsögn og 5 ára ábyrgð að það saumi eins og lýst er, og að vér endurnýjum hvern þann part, sem eyðist eða brotnar á því tímabili. Peningum skilað aftur ef ekki reynist nákvæmlega eins og vér segjum það, og algerlega fullnægjandi.

HÚSMÆÐUR OG SAUMAKONUR mega ekki vera án "Holdaway" hnappasaumarans, hann vinur þú kvennaverk og svo nettlega og vel að enginn handsaumur jafnast við það.

Umboðsmenn óskast í bygðum Íslendinga. Verkfærið er útgengilegt. Skrifið oss um söluskilmála.

K. K. ALBERT, 708 McArthur Bldg.
WINNIPEG, MAN.

PANTIÐ HÉR.
K. K. ALBERT, 708 McArthur Bldg. Winnipeg, Man.
Saumavél mín er (segið nafn smiðsins) .....
Hún er No ..... (segið númer hennar)
Sendið mér "Holdaway Buttnsewer" fyrir hér innlagða $5.00
Nafn .....
Stræti og húsnúmer .....
Bær ..... Fylki .....

Sveinbjörn Árnason
Fasteignasali.
Selur hús og lóðir, eldsábyrgðir, og lánar peninga. Skrifstofa: 310 McIntyre Blk.
office TALSÍMI 4700. hús Tal. Sherb. 2018

BONNAR, TRUEMAN & THORNBURN,
LÖGFRÆÐINGAR.
Suite 5-7 Nanton Blk. Main 766
Winnipeg, Man. P.O.BOX 223

Anderson & Garland,
LÖGFRÆÐINGAR
35 Merchants Bank Building
PHONE: MAIN 1561.

HANNES MARINO HANNESON
(Hubbard & Hanneson)
LÖGFRÆÐINGAR
10 Bank of Hamilton Bldg. WINNIPEG
P.O. Box 781 Phone Main 378 " " 3142

Gísli Goodman
TINSMIÐUR.
VERKSTÆÐI:
Cor. Toronto & Notre Dame.
Phone Garry 2988 : : Heimilis Garry 899

WINNIPEG ANDATRÚAR KIRKJAN
horni Lipton og Sargent.
Sunnudagasamkomur, kl. 7 að kveldi. Andartúarspeki þá áskiptr. Allir velkomnir.
Fimtudagasamkomur kl. 8 að kveldi, huldar gátur ráðnar. Kl. 7.30 sogul-lækningar.
W. R. FOWLER A. PIERCY.

Royal Optical Co.
307 Portage Ave. Talsími 7286.
Allar nútíðar aðferðir eru notaðar við augn-skoðun hjá þeim, þar með hin nýja aðferð, Skugga-skoðun, sem gjörreyðir öllum ágiskunum. —

Gripa eyrnahnappar
[Gerðir úr aluminium]
Með nafni ykkar og pósthúsi. Skrifið á íslenzku og biðjið okkur að senda ykkur einn til sýnis með nafninu ykkar á.
Við búum til alskonar stimpla.
CANADIAN STAMP COMPANY
Tribune Bldg.
P. O. Box 2235 WINNIPEG

Talsími Heimskringlu
Garry 4110

Heimskringla.

Heimúlis talsími ritstjórans:
Garry 2414

XXV. ÁR | WINNIPEG, MANITOBA, FIMTUDAGINN, 23. MARZ 1911 | NR. 25.

Kristján Jónsson Ráðherra Íslands

Eftirmaður Björns Jónssonar í ráðherrasessi Íslands er orðinn KRISTJÁN háyfirdómari JÓNSSON, þingmaður Borgfirðinga.

Blöðin Lögberg og Heimskringla var farið að lengja eftir fréttum, þegar vissa var fengin, að Björn var fallinn, og sendu því Fjallkonunni svohljóðandi simskeyti á mánudaginn:

"HVER RÁÐHERRA?"

Svarið kom aftur næsta dag og hljóðaði þannig:

"KRISTJÁN, ÞINGRÆÐISBROT. GREMJA".

Hvað átt er við með "þingræðisbrot" í þessu sambandi, vitum vér ógerla, en hitt er víst, að ekki eru allir ánægð.r með nýja ráðherrann.

KRISTJÁN JÓNSSON er fæddur 4. marz 1852 á Gautlöndum við Mývatn. Voru foreldrar hans Jón alþingismaður Sigurðsson og Sólveig Jónsdóttir, kona hans. Kristján útskrifaðist úr Reykjavíkurskóla með 1. einkunn 1870, tók lögfræðispróf við háskólann 1875. Varð sýslumaður í Gullbringu og Kjósarsýslu 1878, en 1886 varð hann 2. dómari í landsyfirréttinum og þremur árum síðar 1. dómari, og loks háyfirdómari fyrir þremur árum. Hann var konungkjörinn þingmaður frá 1893 til 1903, og við kosningarnar 1908 var hann kosinn þingmaður Borgarfjarðarsýslu. — Á þingi hefir Kristján Jónsson alt af verið í fremstu röð þingmanna og foringi Framsóknarflokksins, þá er Valtýr fél 1901. — Hann var allengi annar framkvæmdarstjóri Landsbankans, og var sviftur þeim starfa af Birni Jónssyni fyrir ári síðan. — Kona Kristjáns er Anna Þórarinsdóttir, prófs. Böðvarssonar og giftust þau 22. okt. 1880. Þau hjón eiga mörg uppkomin börn.

Fregnsafn.

Markverðustu viðburðir hvaðanæfa.

Fylkisþingið í Ontario hefir með 75 atkv. gegn 17 lýst vantrausti sínu og mótmælum á gagnskiftauppkastinu. Og til þess enn betur að lýsa lýðhylli sinni, sungu þingmennirnir ættjarðarsöngva í þingsalnum, og tók mannfjöldinn á áheyrendapöllunum undir með þingmönnunum. Ontario fylki hefir því ótraðlega sýnt, að það vill ekkert hafa með gagnskifta uppkastið að gera, og jafnframt telur það skaðlegt landi og lýð í heild sinni. — Betra að Vesturfylkin tvö, Saskatchewan og Alberta, álitu hið sama.

— Mexikanska borgarastríðið er nú í algleymingi. Á föstudaginn var stóð hörð orusta milli uppreistarmanna og stjórnarhersins, í námunda við borgina Ojinaga, og fóru svo leikar, að uppreistarmenn, undir forustu Sanchos hershöfðingja, unnu þar sinn frægasta sigur, — en þó með brögðum. — Þeir tóku upp aðferð Búa hershöfðingjans fræga, De Wet, og ráku hrossahóp á undan sér í áttina til virkis stjórnarhersins, — gerðu fyrst hestana vitlausa með skotum, og ráku síðan beint á fylking mótstöðumannanna, sem sundraði henni allri, þó helmingur hrossanna félli fyrir skotum. Með þessum sigri náðu uppreistarmenn góðu vigi og vopnabirgðum og matföngum, og tókst að innibyrgja borgina Ojinaga með hershöfðingjanum Luque og all fjölmennri hersveit. Uppreistarforingjinn gaf leyfi til, að öll börn og konur mættu í friði fara úr borginni, en stjórnarhershöfðinginn neitaði þeim um útgönguleyfi. Nú hafa uppreistarmenn slegið upp herbúðum sínum fáa faðma frá borginni, og láta skothríðina yfir hana dynja látlaust. Er talið víst, að hún verði upp að gefast vonum bráðar. — Önnur orusta var háð við Casas Grandes, og bárú uppreistarmenn þar einnig hærri hlut. En í þeirri orustu féll Bandaríkjalæknirinn, J. W. Wilson, sem var einn í liði uppreistarmanna. — Nú hefir fjöldi Bandaríkjamanna og Indiána gengið í lið með uppreistarmönnum.

— Mrs. Edith Melbe var fundin sek fyrir kviðdómi í Albany, N.Y., fyrra föstudag, fyrir að hafa myrt fjögra ára gamlan son sinn. Hún var ekkja, en í þann veginn að giftast aftur, en hafði ekki sagt tilvonandi eiginmanni sínum frá því, að hún ætti son, og bjóst hún við, ef hann fengi það að vita, að úti mundi vera um giftinguna. — Drengurinn var á uppeldisstofnun. Móðirin kom þangað, og kvaðst hafa fengið betri samastað fyrir drenginn, og var hann því látinn fara með henni. En í stað þess að framkvæma það, sem hún hafði sagt, fór hun með drenginn út á á eina, sem var á ís, og drekti honum í vök þar. Hún sagði, að hann hefði druknað af slysi, en kviðdómurinn leit öðruvísi á það mál og fann hana seka. Og dómarinn dæmdi hana í ekki minna en tuttugu ára hegningarhússvinnu.

— Japan sendir prins Fushimi sem aðalfulltrúa sinn við krýning brezku konungshjónanna í sumar. En auk hans verða þeir Togo admiráll og Nogi hershöfðingi fulltrúar við krýningarathöfnina. — Englendingar blakka stórum til að sjá tvo þessa miklu menn, annar sem talinn er fremstur allra sjóliðsforingja, sem nú eru uppi — Nelson Japana, — og hinn Nogi, sigurvegarann frá Port Arthur, Mukden og fleiri orustum í hinu japan-rússneska stríði, og mun hann engu minni eftirtekt vekja en aðmirállinn.

— Það þykir tíðindum sæta, að svertinginn William H. Lewis, lögfræðingur, hefir verið skipaður aðstoðar 'Attorney General' í Boston. Þetta er í fyrsta sinni, sem svertingi hefir fengið háttstandandi embætti hjá dómsmálastjórn Bandaríkjanna. Lewis þessi er hámentaður maður, útskrifaður af Harvard háskólanum og strangur Repúblikan, og vann ósleitilega þeim í hag við síðustu kosningar, enda mun hann hafa hlotið embættið að launum.

— Merkilegur atburður skeði í bænum Oxford, Me., nýverið. — Kona ein, Mrs. Lynwood S.Keene, framdi sjálfsmorð og skaut einkason sinn ungan og sæði hættulega. Ástæðan fyrir þessu tiltæki konunnar var sú, að hún hafði gert skriflega samninga við mann sinn, þegar hann lá banaleguna, að fylgja honum inn í eilífðina, og þá væri synd að skilja drenginn eftir til að stríða við óblíðu þessa heims. Samningur þessi fanst, þegar húsrannsókn var gerð, og er álitið, að langvarandi veikindi húsbóndans og örðugar lífskringumstæður því samfara hafi komið þeim hjónunum til að gera þennan óheillasamning.

— Nýverið komst upp samsæri, er átti að ráða Alfons Spánarkonung af dögum. Var konungur á ferð um Spán sunnanverðan, og átti að stytta honum stundir, þegar hann kæmi til borgarinnar Alcazar de San Juan. En rétt áður en konungslestin kom til borgarinnar, komst lögreglan á snoðir um samsærið og handtók mann þann, sem verkið átti að vinna. Hann kvaðst heita Venturia Bagaria, og játaði, að hann hefði með hlutkesti verið valinn til að myrða konunginn, en ekki vildi hann segja, hverjir hefðu verið í ráðum með honum. Fangínn var fluttur til Madrid, höfuðborgarinnar, og þar hugðist lögreglan mundi fá allar þær upplýsingar, sem hana vantaði, en hún varð fyrir slæmum vonbrigðum, því morguninn eftir fanst Bagaria dauður í hlefa sínum; hafði tekið inn eitur og forðað þannig bæði sér og vinum sínum frá frekari vandræðum. — Álitið er samt, að hann hafi tilheyrt því sama Anarkista félagi og náungi sá, sem fáum mánuðum áður reyndi að myrða Alfons konung, en sem einnig stytti sér stundir áður en nokkuð frekar varð uppvíst um það samsæri. — Þetta er í sjöunda sinni, sem tilraun hefir verið gerð til að ráða Spánarkonung af dögum.

— Loyd Harris, sambandsþingmaður fyrir Brantford kjördæmið í Ontario, og sem er hinn þriðji Liberal þingmaður, sem mótmælt ur er gagnskiftasamningsfrumvarpinu, hefir nú sagt skilið við flokk sinn að fullu og öllu og beiðst upptöku í Conservative flokkinn. Harris er ungur maður en atkvæðamikill og líklegur til að verða með leiðandi þingmönnum. Ræða sú, sem hann hélt í Ottawa þinginu á móti gagnskiftasamningsfrumvarpinu, hlaut almennt lof, og lýsti Sir Wilfrid yfir því, að sér þætti fyrir, að missa jafn nýtan mann úr flokknum. — Clifford Sifton og German, hinir tveir Liberalar, sem mótmælt hafa uppkastinu, hafa báðir skilið við Liberal flokkinn, en ekki að svo komnu beiðst upptöku í Conservative flokkinn, — en þess mun ekki langt að bíða.

— Í Vancouver gengur mikið á um þessar mundir. Bæjarráðið og meginþorri borgarbúa vill innlima Suður-Vancouver aðal borginni, og Suður-Vancouver búar vilja það einnig, en fylkisþingið í British Columbia neitaði samþykkis sins í þessu efni. Olli sú ne tun almennri óánægju hjá báðum stjórnmálaflokkum borgarinnar, og tvö þúsund kjósendur borgarinnar hafa skorað á hina fimm þingmenn hennar, að leggja niður þingmensku, sem mótmæli gegn aðgerðum fylkisþingsins.

— Lansdowne lávarður, foringi stjórnarandstæðinganna í lávarðadeildinni, og sem hafði á prjónunum miðlunarfrumvarp um takmörkun neitunarvalds lávarðadeildarinnar, — hefir hætt við þann ásetning sinn, vegna ósamkomulags við hina aðra leiðtoga flokks sins, og eru því allar líkur til, að stjórnarfrumvarpið um að afnema neitunarvald lávarðadeildarinnar, verði eina frumvarpið, sem lagt verður fyrir þingið í þá átt.

— Prins Louis af Battenberg, dóttursonur Victoriu Englandsdrottningar og bróðir Victoriu Spánardrottningar, ætlar að heimsækja Canada á komandi sumri.

— Bandaríkjamaðurinn Kapt. Evelyn Baldwin, sem verið hefir í norðurförum bæði með Dr. Cook og Peary, er nú að búa sig undir ferð til norðurpólsins. Hann ætlar að leggja af stað sumarið 1913, og fara sömu leið og Friðþjófur Nansen forðum.

— Þann 15. þ. m. eyðilagðist bærinn Pleasant Prairie í Wisconsin við hina mestu púðursprengingu, sem sögur fara af í Bandaríkjunum. Á þeim stað, sem hin volduga Loslin-Rand púðurverksmiðja stóð í bænum, er ekkert eftir, nema stórt jarðop, og aðrar leifar af bænum liggja á víð og dreif út um nærliggjandi sveitir, í hafa viðarbútar og fjalir úr húsunum fundist 300 mílur í burtu frá þessum óhappastað. — En það merkilegasta af öllu var, að aðeins tvær manneskjur létu lífið, og mátti slikt dæmalaust heita. — Í púðurverksmiðjunni voru 125 þúsund kjaggar af púðri og þess utan 280 tons af dynamit, svo geta má nærri, að sprengingin hafi orðið nokkuð stórfengileg, enda gekk jörðin í bylgjum, sem í stórsjó, og urðu menn í nærliggjandi bæjum dauðhræddir að jarðskjálftar væru á ferð, — og urðu skemdir miklar á húsum manna margar mílur frá sprengingarsvæðinu. — Alls er álitið, að tjónið af þessari voðasprengingu muni nema um 3 miliónir dollars.

— Ítalir í Bandarikjunum hafa á þremur undanförnum árum sent heim til átthaganna 214 miliónir dollars, og er það engin smáræðisupphæð; enda er velmegun Ítaliubúa heima fyrir mikið þessum peningasendingum að þakka, eða svo sagði utanríkisráðherra Ítaliu nýverið í ræðu á þinginu, og er það í fyrsta sinni, svo menn muni, að ráðherra hafi hvatt landa sina til utanfara.

— Rimmunni í Saskatchewan fylkisþinginu lauk svo, að stjórnarliðar létu undan síga. Lýsti Scott stjórnarformaður því yfir, að fylkiskosningar skyldu ekki fara fram fyrri en nýir kosningalistar hefðu verið samdir. Og gaf foringi Conservativa í þinginu, F. W. G. Haultain, til kynna, að hann gerði sig ánægðan með þessa yfirlýsingu stjórnarformannsins. Eru því allar líkur til, að kjósendalistarnir verði fullgerðir á þessu sumri, og að kosningarnar fari fram að hausti, og er þá hætt við, að dagar Scott stjórnarinnar séu taldir.

— Í Danmörku hafa þau lög samþykt verið fyrir skömmu, sem heimila mönnum að skifta um nöfn sér að kostnaðarlausu, séu nöfnin þannig að þau séu of almenn eða hjákátleg. Er þetta vel til fundið, því meginþorri Danmerkur búa bera fjögur nöfn: Hansen, Pedersen, Sörensen og Jensen. Í einum bæ með 25 þúsund íbúum í einum bæ með 15 þús. íbúum bera fjórir fimtu hlutar þessi nöfn. Nú síðan lögin hafa náð samþykki hefir fjöldi manns breytt um nöfn. Það eina, sem þeir þurfa að gera, er að fara á bæjarráðs eða sveitarráðs skrifstofu og skrásetja hið nýja nafn.

— Nikulás Rússakeisari á í vök að verjast við ættingja sína. Keisarinn er, sem kunnugt er, mjög strangur í siðferðissökum, en frændmenn hans eru hið gagnstæða. Meginþorri þeirra hefir gifst konum af lágum stigum, æfintýrakvendum eða strokið með konum aðalsmanna og gifst þeim síðar. Hinn síðasti af keisaraættinni, sem vakið hefir hrygð og reiði Nikulásar, er bróðir hans Michael. Hann hafði fengið ást á konu einni, madömu Mamogtoff, sem gift var auðkýfing einum í Moskva, en hafði áður verið gift söngmanninum Chaliopine, en skilið við hann. Þegar madama Mamontoff sagði eiginmanni sínum, að hún hefði mist alla ást á honum, en elskaði Maichael stórhertoga, þá gaf hann strax eftir hjónaskilnað. En Michael hafði enga löngun til að giftast madömunni, þó að ástar hennar vildi hann njóta. — Fékk hann þá einn af vinum sínum til að kvongast henni fyrir síðasakir, en eftir að hafa revnt það fyrirkomulag nokkra mánuði, varð Michael leiður á því, fékk vin sinn til að skilja við madömuna, og giftist henni sjálfur viku síðar. En nú þótti keisara fyrst grána gamanið. Hann gat liðið það, þó bróðir sinn væri í þingum við annars manns konu, en að giftast þeirri sömu, ekki sízt þar sem hún var þrígift áður og allir mennirnir á lífi, það fanst keisaranum ganga höfuðsök næst. Í fyrstu ætlaði hann að senda Michael til Síberíu, og gera allar eigur hans upptækar, en þá kom móðir þeirra bræðra, Dagmar keisaraekkja, til skjalanna og mælti Michael bót. Er Michael eftirlætisgoð hennar og vildi hún trauðla að honum væri vanheiður sýndur. Endir varð sá, að Michael og konu hans var vísað í burt frá hirðinni, og eiga þau að hafast við á landareign hans á Suður-Rússlandi. Michael kvað vera hinn ánægðasti með þá ákvörðun, og eiga enga löngun til að vera í nálægð bróður sins, sem hann fyrirlitur af hjarta.

— Fjársvikum bankastjórnar hins gjaldþrota Farmers Bank var hreyft í sambandsþinginu fyrra miðvikudag. Kom einn þingmaður með tillögu þess efnis, að þingið skipaði nefnd til að rannsaka fjárdráttarmál þetta frá rótum. — Voru um það miklar umræður, og kom flestum saman um, að nauðsyn bæri til, að komast fyrir alla þá klæki og pretti, sem bankastjórnin hefði gert sig seka í. — Laurier stóð þá upp og hvað enga ástæðu fyrir þingið að rannsaka þetta mál, það væri dómstólanna, og þeir mundu engum hlífa. Var því tillagan feld, en margir eru þeir, sem óánægðir eru með þessa framkomu Lauriers, og þykir engin vanþörf á afskiftum sambandsþingsins í þessu fjárglæframáli, sem olli hundruð þúsunda dollars tjóni fyrir hluthafa bankans.

— Í fyrsta sinni í þingsögu Norðmanna hélt kona ræðu í stórþinginu sl. föstudag. Var sá Anna Rogstad, hin eina kona, sem á þinginu situr, og nýlega hefir fengið sæti þar, við þingmenskuafsal Bratlie hershöfðingja. — Anna Rogstad er kennari og fylgir jafnaðarmönnum að málum. Þegar hún stóð upp að halda ræðu sina, risu allir þingmennirnir á fætur í virðingarskyni við þennan kvensamþingsmann sinn.

— Bahama eyjarnar vilja ólmar sameinast Canada. Þing eyjarskeggja samþykti nýverið með 23 atkvæðum gegn 6, að skipa nefnd manna til að leita hófanna hjá sambandsstjórn Canada þessu viðvíkjandi. Sem stendur eru eyjar þessar all-mikið undir canadiskum áhrifum, hvað verzlun og viðskifti snertir. Meðal annars hefir Royal Bank of Canada stórt útibú í Nassau, höfuðborg eyjanna. Einnig eru mörg canadisk vátryggingafélög, sem hafa mikla starfsemi þar á eyjunum. Og mælir því alt með því, að eyjarskeggjar fái þá ósk sína uppfylta, að sameinast Canada.

— Hon. Clifford Sifton var aðalræðumaðurinn á þingi andmælenda gagnskiftanna í Montreal borg sl. mánudag og fyrirdæmdi hann uppkastið af mælsku, mikilli og rökum. Meðal annars sagði hann: "Ég hefi verið við stjórnmál riðinn í 23 ár, en aldrei hefi ég vitað neina stjórn leggja fyrir þing þýðingarmikið frumvarp og algerlega mistekist að rökstyðja það, — fyr en nú Laurier stjórnina í þessu gagnskiftamáli".

— Stolypin, forsætisráðherra Rússlands, hefir lagt niður völd, og í hans stað er útnefndur V. N. Kokosoff, fjármálaráðherra. Stolypin var stórduglegur maður, en óvæginn við hvern, er í hlut átti, sem grunaður var um glæpi á einn eður annan hátt. Meðal annars hefir hann farið hörðum höndum um þá, sem dregið höfðu undir sig ólöglega ríkisfé, og voru margir þeirra háttstandandi embættismenn. Líka hefir hann bælt niður allar frelsishreyfingar innanlands með járnhendi, revnt að svifta Dumuna sem mestum réttindum og innlimað Finnland. Honum fylgja því bölbænir margra úr sessi. En að hann hafi verið dugaðarþjarkur, sem stórgagn hafi unnið Rússlandi, verður aldrei af honum tekið.

— Manntali er nýlokið á Vestur-Indlandi og eru íbúarnir 315 miliónir. Hefir íbúatalan aukist um 20½ milión á sl. tíu árum.

— Skýrslur frá Pennsylvania sýna, að það hefir kostað 1,100 manns lífið á síðasta ári að vinna 232 miliónir tons af kolum. Yrðu kolin vafalaust all-dýr, ef mannslífin væru metin til peninga og þeirri upphæð bætt við kolaverðið.

— Sendiherra Rússa í Kína, barún M. Korostovest, var myrtur í Peking, höfuðborg Kínaveldis, af kínverskum manni á mánudaginn var.

— Stórblaðið Daily Mail í London gerði kunnugt á þriðjudaginn að það veitti $50,000 verðlaun fyrir flug kringum Bretland, 1,000 mílur. Flugið á að hefjast laugardaginn 22. júlí og verða lokið 5. ágúst kl. 7.30, og á sá að fá verðlaunin, sem dómnefnd bar til valin álítur beztan flugmann, hvað flýti og stjórn snertir.

OGILVIE'S
Royal Household Flour
Til Brauð og Köku Gerðar
Gefur Ævinlega Fullnæging
EINA MYLLAN Í WINNIPEG,—LÁTIÐ HEIMAIÐNAÐ SITJA FYRIR VIÐSKIFTUM YÐAR.

Skuggasveinn
verður leikinn
FÖSTUDAGINN 24. MARZ
Goodtemplarahúsinu á LESLIE
Íslendingar þreytast aldrei á því að horfa á SKUGGASVEIN, þegar hann er vel leikinn, — og það verður hann í þetta skifti.
Það er $1.00 virði, að horfa á hin fögru tjöld, sem FriðrikSveinsson hefir málað, — það flytur mann í anda heim til Íslands. — Já, það er $1.00 virði, en samt kostar inngangurinn ekki nema 75 cents fyrir fullorðna og 35 cents fyrir börn.

WALL PLASTER
"EMPIRE" VIÐARTAGA VEGGLÍM.
"EMPIRE" CEMENT WALL VEGGLÍM
"EMPIRE" FINISH VEGGLÍM.
"GOLD DUST" VEGGLÍM.
"SACKETT" PLASTER BOARD.
SKRIFID OSS OG FÁID VORA ÁÆTLUNAR BÓK.
Manitoba Gypsum Co., Limited.
WINNIPEG, - MANITOBA.

BJARNASON & THORSTEINSON
Fasteignasalar
Kaupa og selja lönd, hús og lóðir víðsvegar um Vestur-Canada. Selja lífs og eldsábyrgðir.
LÁNA PENINGA
út á fasteingir og innkalla skuldir.
Öllum tilskrifum svarað fljótt og greiðanlega.
Wynyard - - Sask.

SAMTAL UM BÚSKAP.

EFTIR ORRA.

XVII.

KETILL: Hvað margar tegundir svína hafið þið hér í Ameríku?

ATLI: Við höfum tvo flokka, en margar tegundir. Flokkarnir eru: flesk eða flot-svín og kjöt-svín (þ.e. þau, er safna meir kjöti en feiti). Af hinum fyrnefnda flokki eru alin þúsund á móti hverju einu af hinum. Af flesk-svínum höfum við þessi kyn: Poland-Chinas, Chester Whites, Duroc Jerseys og Berkshires.— Þessi kyn eru öll hérlend, nema það síðasttalda, sem er enskt.

KETILL: Hvert þessara kynja er bezt?

ATLI: Öll eru kynin góð, en hvert bezt sé, vil ég ei leggja neinn dóm á, því einn heldur fram þessu kyni en annar hinu. En það telja hygnir menn óbrjálaðan sannleika, að bezt sé að blanda kynjum sem sjaldnast saman, því með tíðri kynblöndun hverfa séreiginleikarnir, en uppalast úrhrök. (Það reynist oft sannmæli, sem hann gamli Þorgrímur Laxdal sagði: "Undu við þína þúfu").

Nú ætla ég um stund að skýra þér frá svínaræktunaraðferð eins af stórbændum Bandamanna.

Eftirfylgjandi ályktanir mínar eru byggðar á tuttugu og fimm ára búskaparreynslu á 2300 ekra jörð í Iowa ríki: —

1) Hljóti maður að búa við keypt vinnuafl verkamanna, er meiri gróði í griparækt en kornyrkju, einkum og helzt, ef tillit er tekið til viðhalds á frjómagni jarðarinnar.

2) Á bújörðum, sem eru ¼ úr fjórðungsmílu, eða þaðan af minni, eru svín arðvænlegri en naut.

3) Hver bóndi ætti að koma því reki á, að hafa eitt járnbrautarhlass af svínum í senn til að senda inn á markaðinn, og komast í sölusamband við eitthvert sláturhús; þá rynni gróði heimakaupmannsins í hendur seljanda (bóndans); þá þyrfti hann ei heldur að gjalda réttartoll eða sölulaun á aðalmarkaði. En mestur gróði bóndans verður í því fólinn, að selja hraust og gallalaus svín, frí frá berklaveiki og öðrum kvillum. Því þegar vara hans verður orðin kunn að gæðum, mun sláturhúsið borga honum í kringum 35 cents hærra verð fyrir hundrað hvert af svínakjöti, en hann gæti fengið á aðalmarkaðnum. Ég hefi nu í mörg ár selt svín mín til Sinclair sláturhússins í Cedar Rapids, Ia., og fengið ætíð 35 centum hærra verð fyrir eitt hundrað pund, en aðalmarkaður gaf; en það var vegna þess, að svín mín reyndust hraust, og góð vara. En sendi ég til Chicago, fæ ég ei hærra verð en hinir, sem sjúk svín selja.

4) Bændur ættu að hafa burðartíma svína í marzmánuði. Það gerir hagagöngu þeirra sem lengsta. Þá eru smágrísirnir svo stálpaðir, að þeir byrja gras-át með gróðri. Þá er eftir hægt að láta gylturnar bera snemma á haustin, eða koma þeim því fyr til markaðar.

5) Svín, sem vega 200 pd., eru í meðallagi feit; kosta minst, en seljast bezt.

6) Þá er maður vill búa þau til markaðar, ætti að taka þau úr haga, setja þau í kvía-skýli; hafa þau þar í þrjár vikur, fóðra þau á maískorni og gefa þeim alt er þau hafa lyst á.

7) Nýtt maískorn ætti ekki að gefa svínum fyrr en í nóvember, og mjög gætilega fyrst.

Regla mín er, að hafa ekki ungar gyltur til undaneldis. Sumar af gyltum mínum eru 6 ára gamlar. Allar gyltur, er vel hepnast, læt ég verða gamlar. Gelti hefi ég ársgamla og þar yfir. Til þessara gömlu gylta hleypi ég í desembermánuði, og hefi ég þær í flokki sér. Á burðartíma hefi ég þessar gyltur sér, í haganum hefi ég 30 kofa, er rúma eina gyltu hver. Þessir kofar eru gerðir í þremur pörtum, tengdir saman með hjörum, svo hægt er að brjóta þá sundur og saman, sem gerir þá handhæga í geymslu, þegar þeir eru ekki í brúki. Á vorin set ég þessa kofa út í hagann, og reisi þá upp meðfram girðingum. Svo þegar burðartími gyltanna kemur, labba þær inn í þessa kofa, mjög sjaldan, að þær leggist fyrir á bersvæði. Það er regla mín, að láta gylturnar vera sem sjálfráðastar. Þessir kofar eru handhægir og ódýrir, þannig gerðir, að gylturnar geta eigi klemt smágrísina við vegg. Gerð kofanna er þannig: Ég tek fimm borð 10 feta löng og 12 þumlunga breið, saga þau í sundur 2 þumlfrá miðju, þá hefi ég 4. ft. og 10 þuml. stúfa og 5 ft. og 2 þuml., er mætir þykt-gafls ins; 5 af þessum stúfum gerir hlið. Á hverja hlið negli ég svo þveroka, hliðarnar reisi ég upp hvora á móti annari, sem sperru, læt aðra nema hærra en hina, til að varna leka í mæni, hliðarnar tengi ég saman í topp með hjörum; gaflinn bind ég svo við aðra hlið með hjörum, en við hina með krókum; annar endi er opinn, en bundinn saman á neðri hornum með stálvír. Í þessum kofum halda gylturnar vanalega til tveggja vikna tíma eftir burð; að þeim tíma liðnum leita þær til aðalhúsanna. Þessir 30 kofar, er ég hefi, duga mér fyrir 75—100 gyltur. Eftir burð gef ég gyltunum tvisvar á dag maískorn, en aðalfóður þeirra er gras. Í byrjun júní tek ég stærstu smágrísina og set þá í annan haga, sem er girtur með hráneti; en þá smærri skiljum við eftir. Með því móti ná þeir þroska fyrr en ella. Svo þegar mér þykir þeir nægilega þrekmiklir til að venja þá undan, tek ég þá og set í hagann til hinna.

Viðvíkjandi fóðri, er gras mín aðalfóðurtegund fyrir svín. Grasið er ódýrast og þeim hollast. En á þeim tíma, sem maður venur grísina undan, verður maður að gefa þeim töluvert af kornfóðri En grasið er það, sem ég byggi aðallega á fyrir alla hjörðina í heild sinni. Markaðssvínunum ætlast ég á um að gefa daglega 2 pund af kornfóðri móti hverjum 100 pundum í þyngd þeirra. Sem mjög áríðandi atriði verður maður að gæta þess, að þá veður er kalt eru svínin mjög vækukær á morgnana, vilja liggja lengi fram eftir í bæli sinu. Þá er bezt að gefa þeim snemma, langt úti í haga, sem lengst frá bæli, — það leiðir huga þeirra að gras-átinu. Einnig þegar veður er heitt, er betra að gefa þeim árla; þá er veðrið svalara, svo þau sæta þá morgunkælunnar til hagagöngu, en hvíla sig um miðdaginn. Annað er það, að sé þeim gefið snemma að morgni eru þau orðin svöng, þegar kveld kemur, svo þau neyðast út í leit eftir fæðu. Tilgangur minn með þessari aðferð er að þröngva þeim sem mest til grassins.

Viðvikjandi grastegundum í högum mínum, hefi ég mest Timothy, blágras, rauðan og hvítan smára. Í 160 ekra haga, er sáður var með þessum grastegundum fyrir 86 árum, er mikið af rauðum smára enn, sem alt af vek upp af sömu fyrstu fræunum. Í högum hefi ég um 800 ekrur, alt girt inn með netjavir; í þessum högum hefi ég vanalega 200—250 naut og 400 til 600 svín. Hagarnir eru í smáblettum, svo ég get flutt nautin stað úr stað, til að halda grasinu niðri fyrir svínin, svo það verði ekki of grófgert eða sprekað. Í vor mun ég sá 'rape' (káltegund til gripafóðurs) á 50 ekrur. Verði þurt sumar, brúka ég það fyrir svín, en verði bleytutíð, læt ég nautunum það eftir fyrir nóvember-fóður.

Á veturna hefi ég undaneldisgyltur mínar einar sér, en markaðssvínunum skifti ég í tvo flokka, — tek þá minstu sér, en læt þá stærri og þrekmeiri ganga með nautunum. Á nóttunni liggja þeir í nautabyrginu, sem opið er á suðurhlið. Sem allra sjaldnast byrgi ég svín mín inni í þröngum krubbum; vil að andrúmsloft þeirra sé sem hreinast. Á gólfið legg ég borð og svo hálm þar ofan á, svo svínin hafi þurt og mjúkt bæli. Með þessu móti liggja þau hlið við hlið, en hrúgast ekki saman. Svín troðast aldrei undir hjá mér, sem mörgum öðrum, og það er einverðungu vegna þess, að þau hafa þurt og mjúkt bæli og súglaust byrgi.

Mjólk eða skol brúkum við aldrei. Markaðssvínum vefum við alt það maískorn, er þau vilja éta.

Síðan í júní 1906 hefi ég selt úr búi mínu, í norður Kossuth Co., 1,586 feit svín. Nú hefi ég í búi í kringum 100 gyltur, 75 markaðssvín og 400 vorgrísi.

Því nær öll svín, er ég hefi selt, hafa farið til Sinclair sláturhússins í Cedar Rapids, og vegna þess, að ég hefi selt félaginu þau í stórflokkum. Hefir það látið slátra þeim sér, og Mr. Sinclair segir mér, að ekki eitt einasta svín frá mér hafi haft berklaveikismerki, en að hér um bil þriðja hvert svín frá öðrum, hafi haft glögg merki veikinnar. Og sökum þess, að ég hefi svona vandaðar vörur, borgar borgar sláturhúsið mér töluvert hærra verð en öðrum.

Að mínu áliti líða Iowa bændur stórskaða á því skeytingarleysi, að ætla ekki svínunum nægan gras haga, frá því snemma á vorin og þar til gras sölnar á haustin. Af grastegundum fyrir svín er rauður smárij 'timothy' og blágras bezt; 'timothy' og blágras haust og vor, en smárinn um miðsumar, þegar heitast er og þurrast. Auðvitað verður maður að gefa svínunum dálitið kornfóður með haganum, en gróði svínaræktunarinnar byggist á grastegundum.

KETILL: Þeir búa í stórum stil sumir bændurnir hér vestra.

ATLI: Já, það gera þeir, — landið er stórt og náttúra þess stórfengileg að mörgu leyti. Lífnaðarhættir þjóðanna eru oftast í samræmi við náttúru og útlit heimalands hverrar.

KETILL: Ég hefi heyrt Canada menn kvarta um, að þeir gætu ekki stundað svínarækt vegna þess að maískorn geti ei þróast þar nyrðra. Hvað álítur þú um það?

ATLI: Ég álít, að þér muni geta haft þá kvikfjártegund sér til mikils arðs, þótt maískorn grói þar ei enn; þeir hafa bygg og baunir. Þær tegundir þrifast þar ágætlega, og eru sérlega gott fóður fyrir svín, að vísu nokkuð harðhnjóskulegt, þurt af akrinum. En með dálitilli endurbót ágætt; en endurbótin er sú, að mala það eða bleyta. Láti maður það liggja í vatni, sem svarar 24 kl.stundum, er það í hæfilegu ásigkomulagi fyrir svínið til fóðurs. Svo er grasið; svo er mér sagt, að grasnytjar hafi þeir sem bezt má verða. En eins og ég sagði þér áðan í sögunni af Iowa bóndanum er það haginn, sem allir mestu svínaræktunarmenn treysta mest á. Setjum svo, að þeir hefðu í svínahögum sínum smáragras og svo baunir og rúg (vetrar rúg) og að haginn væri þriskiftur, sin tegund í hverjum hluta. Fyrst að vorinu kæmi rúgurinn, svo þegar hann væri uppurinn, þá væri smárinn til; en að honum loknum, mundu baunirnar standa í blóma, og það er staðreynd, að ekkert fóður jafngildir grænum baunum. Ég held, að það væri reynandi fyrir þá, að lofa svínunum að fylgjast með öðrum búnaðargreinum sínum, því öllum reynist svo, að bezt sé að hafa sem flestar tegundir búskapar, svo að þótt ein grein bregðist, þá sé önnur til taks. Það er sjaldnast, að allar kvikfjártegundir séu í háu eða lágu verði í senn. Nú sem stendur eru svín og sauðfé í lágu verði. Hvað svín snertir er sú orsök til falls þeirra, að maískorn brást í sumum af ríkjum Bandamanna nú á þessu síðastliðna sumri. Þar af leiðandi er þeim rutt inn á markaðinn, svo framboð gnæfir yfir eftirspurn; en þá einmitt er mörgum gjarnt til að hætta við þau, er þau falla í verði. En það skyldi maður ei gera, því erfiðara er að byrja, en halda áfram; ekki úr vegi, að fækka þeim svona við og við, en hætta skyldi maður ekki, því ætíð verður byrjun erfiðari en áframhald. Hvort sem heldur er í smáum eða stórum stíl, eru mörg óþægindin og erfiðleikarnir í upphafinu. Fyrst að koma upp skýli, áhöldum, haga og ýmsu fleiru; — skaði ýmist að byrja eða hætta. Kasti maður í burtu frá sér stofninum um stund, er hætt við eitthvað fari forgörðum af áhöldunum; best að halda áfram, en fara gætilega; ala svínin upp sem billegast, en sá er vegur til þess, að gras fylgi kornfóðri. Þá er svínið rétt alið, ef það þyngist eitt pund á hverjum degi til jafnaðar.

Landtöku-hvatning.

Eftirfarandi bréf, dagsett að Fort McMurray, 21. febr. þ.á., er orð í tíma talað. Heimskringla hefir nokkrum sinnum bent Íslendingum á Peace River héraðið og landkosti þar. Nú ritar herra Eymundson í sömu átt hvatning sína til Íslendinga á þessa leið:

"Kæra Heimskringla. — þar eð svo margir landar mínir lesa þig, sendi ég þér hér með fáeinar línur þeim til heilla,

Hér fyrir sunnan er verið að mæla út láglendi nokkurt fyrir ábúðarjarðir, og er í ráði, að auglýsa það sem fyrirtaks akuryrkju- og gripaland fyrir innflytjendur.— Ég vil vara landa mína við að flytja þangað, því þótt landið sé all-gott, þá er það helzt ekki hæft hvítu fólki til ábúðar. Til þess að komast þangað, verða menn að ryðjast gegn um 200 mílur af brautaleysi, og sumstaðar verða þeir að vaða gegn um 10 mílna breiða flóa. Svæði þetta nefnist 'Clear Water sléttan'. Laurier stjórnin hefir hætt við að láta leggja járnbrautina A. & G. W. inn í héraðið, vegna flóanna, að sagt er, og hefir hún tapað mörgum góðum stuðningsmönnum fyrir það, sem einatt áður hafa fylgt henni að málum.

Mér er vel kunnugt um það, að lítið er eftir ótekið af æskilegu sléttlendi í Vestur-Canada, þótt margar miljónir ekra séu til af sléttu skóglandi. En samt er nóg pláss fyrir fáeinar þúsundir manna á Grand Prairie sléttunni miklu hér í Peace River héraðinu, og nú er innflutningur hingað svo mikill af efnuðum Bandaríkjamönnum, að Íslendingum er óhætt að koma og mynda hér nýlendu, án nokkurs ótta um vandræði af matarskorti, þó þeir komi efnalitlir hingað.

Þess er óskandi, að stór flokkur Íslendinga komi hingað svo tímanlega, að hann geti náð í stóra landspildu af þessari sléttu, og mun það bygðarlag þá reynast engu lakara en Leslie bygð landa vorra í Saskatchewan, en hafa þá yfirburði, að loftslag er hér mildara. Þessi Grand Prairie er óðum að fyllast af Bandaríkjafólki, og verður þá máske um seinan fyrir Íslendinga, að ná sér í ákveðna spildu, þar sem þeir gætu búið saman og notið styrktar hvers annars, — ef þeir vinda ekki bráðan bug að hingað flutningi. Ég get bent þeim á æskilegasta blettinn með bezta jarðveginum, sem til er í öllu héraðinu fyrir akuryrkju. Svæði það liggur norðanvert við Peace River bakkann, — norðvestur frá Peace River Crossing. En þar verða landnemar að bíða lengur eftir járnbraut. Þetta land er sett hæst á listann hjá landmælingamönnunum og landskoðendum þeim, er ferðuðust um héraðið á sl. sumri, og nefndust 'Cornwall flokkurinn".

Íslendingar! Látið ekki síðasta tækifærið ganga yður úr greipum, til þess að ná í skóglaust land. — Slík lönd gerast verðmæt nú á dögum.

Ég er enginn agent fyrir héraðið og það eykur ekki eini min um eyrisvirði, að mæla með héraðinu. En ég álít það skyldu mína að hlynna að því, sem ég er sannfærður um að miðar til velferðar landa minna. Þetta munað þér sjá síðar, er þér hafið látið hérlenda fólkið, sem er svo glöggsýnt, grípa upp öll sléttulundin, á meðan þér voruð að hugsa um, hvort þér ættuð að ráðast í, að þiggja hér ókeypis ábúðarlönd, sem í öllu tilliti eru eins góð og þau beztu, sem til eru í frjósömustu héruðum ríkis þessa. Þegar skógland er rutt til akuryrkju, kostar það um $50 fyrir hverja ekru. En sléttulandið skóglausa sparar landnemanum allan þann kostnað og erfiði og tímatöf og gefur yður $50.00 virði af uppskeru af hverri ekru áður en þér hafið komist niður að jarðveginum á skóglandinu.

Ég sendi hér með greinar úr blaðinu Edmonton Journal, frá manni, sem býr á Grand Prairie. Hann er ekki sá eini, sem þannig mælir. Fleiri hafa sömu reynslu. Samt vil ég taka það fram, að til eru flákar á Grand Prairie, sem eru lítilsvirði. En hvergi á bökkunum norðvestur af Peace River Crossing. Það er tilgangur minn, að festa mér búland á sléttunni miklu norðan Peace ár, ef landar vilja heldur þar nýlendu. Ég kýs að búa meðal landa minna, þótt uppalinn sé meðal hérlends fólks.

Þeir, sem vilja hafa bréfaviðskifti við mig, í því augnamiði að verða landnemendur í Peace River héraðinu, geri svo vel að skrifa mér til Athabaska Landing, Alta. Ég verð kominn þangað fyrir júlí næstkomandi.

Þess væri óskandi að Íslendingar vildu hafa samtök til þess að kosta í skoðunarferð hingað vestur einhvern þann Íslending, sem þekkingu hefir á landskostum og treysta má til að skýra rétt frá þeim og ásigkomulaginu hér, hg framtíðarútliti héraðsins. Það eru mörg hundruð ungir, uppvaxandi Íslendingar á víð og dreif um Canada, sem enn ekki hafa haft tækifæri til þess, að festa sér heimilisréttarland; hafa einatt alist upp í heimahúsum, en eru nú komnir á sjálfstæðisárin. Slíkir menn ættu að mynda hóp og koma hingað vestur. Einnig menn í borgum og bæjum, sem þræla þar við moksturs og aðra slíka stritvinnu.

En munið eitt, landar, og það er, að haldast í hendur og hafa samvinnu, þar til þið eruð orðnir því vaxnir, að annast einir hver um sína hagsmuni. Það er hin gæfuríka steina Bandaríkjamanna, og þannig veitist alt létt.

Bráðum verður járnbraut lögð um þetta hérað, og þá komast löndin í sívaxandi verð. Þá á hver landeigandi kost á, að selja bújörð sína, ef hann óskar þess. Þá verður hrópað til landnemanna: Hvað viltu selja land þitt fyrir, eða viltu selja?

C. EYMUNDSON.

Æfiminning.

Þann 25. júní 1910 andaðist að heimili sonar sins, herra Gunnlögs Gíslasonar í Vatnsdals bygð hjá Tantallon, Sask., bændaöldungurinn Gísli Þorsteinsson timbursmiður, af Langanesi.

Láts hans hefir ekki verið getið fyrri hér í blöðunum, en með því að ætt hans er fjölmenn norðanlands á Íslandi og eins hér í álfu, á vel við að minnast hans að nokkru.

Gísli heitinn var orðinn fjörgamall maður. Hann var fæddur árið 1824, að Stokkahlöðum í Eyjafirði, og voru foreldrar hans þau Þorsteinn Gíslason og Sigríður, er bjuggu á Stokkahlöðum á fyrri hluta síðastl. aldar. Þau börn Þorsteins og Sigríðar voru mörg, — meðal þeirra, auk Gísla heitins, var Dómhildur, er riftist séra Ólafi Briem á Grund í Eyjafirði, móðir Valdimars vara-biskups Briem, og Sigríðar, er átti séra Davið á Hofi, en hún var móðir Ólafs heitins Davíðssonar sagnfróða; — Kristján, Gunnlögur, er lengi bjó á Ytra-Lóni á Langanesi, og Jóhann, er síðast bjó á Hróars stöðum í Vopnafirði.

Gísli heitinn ólst upp hjá foreldr um sínum framundir tvítugt; réðst hann þá að Grund til séra Ólafs og dvaldi þar um nokkurn tíma og lærði þar trésmíði. Smíðaði hann Grundarkirkju meðan hann dvaldi þar. Nokkru síðar var hann fenginn norður að Sauðanesi í N.-Þingeyjarsýslu til kirkjusmíðar þar. Og þó í fyrstu hana vistaðist þangað norður að eins um stuttan tíma, varð það þó úr, að hann dvaldi þar norðurfrá það sem eftir var æfinnar á Íslandi: því þá skömmu síðar kvongaðist hann og gekk að eiga Guðrúnu dóttur Björns og Arnþrúðar, er þá bjuggu í Laxárdal í Þistilfirði. Reistu þau bú á Hallgeirsstöðum á Langanesi og bjuggu þar lengst af allan sinn búskap.

Börn þeirra Gísla heitins og Guðrúnar voru 9 alls og náðu öll fullorðins aldri, en 4 þeirra eru nú dáin. Tvær dætur misti hann á Íslandi, Sigríði og Jóhönnu, báðar ógiftar, en son og dóttir hér vestra, í Dakota, Björn, ókvænt an, og Kristinu fyrri konu Þorvarðar Einarssonar, er býr hjá Pembina í Dakota. Ein dóttir og fjórir synir hans eru á lífi: 1. Arnþrúður, tvígift, fyrri maður hennar Kristján Kristjánsson frá Leirhöfn á Langanesi, dáinn fyrir mörgum árum, hjá Pembina, N. Dak. Síðari maður Sigurjón Jóhannesson, er andaðist fyrir nokkuru, hjá Gardar í N. Dak, þar sem hún nú býr. 2. Þorsteinn, kvæntur Hólmfríði Stefánsdóttur, þingeyskri að ætt. 3. Gunnlögur, kvænt ur Halldóru Jónasdóttur frá Hraunkoti í S.-Þingeyjarsýslu. 4. Kristján, ekkjumaður Ingibjargar Guðmundsdóttur, skagfirzkri að ætt, og 5. Valdimar, kvæntur Guðríði Teitsdóttur, þingeyskri að ætt. Búa þeir bræður allir vestur í Vatnsdalsbygð í Sask.

Gísli heitinn fluttist vestur um haf sumarið 1888, ásamt nokkrum börnum sínum, og dvaldi hann eftir það meðal þeirra, en þó síðari ár lengst af hjá Gunnlögi syni sínum. Með þeim sonum sínum fluttist hann vestur til Vatnsdalsdygðar sumarið 1902, og dvaldi hann þar unz hann andaðist síðastliðið sumar, eins og áður er sagt.

Hann var jarðsunginn mánudaginn 27. júní af séra Hirti Leó, og jarðsettur í grafreiti Íslendinga þar í bygð.

Gísli heitinn var meðalmaður vexti, framgangsþrúður, stiltur vel, tryggur og vinfastur; starfsmaður mikill alla æfi, og vel skýr, fastheldinn í skoðunum og einlægur fylgjandi lúterskrar trúar. Má segja, að hann hafi lokið dagsverkinu með sæmd. Blessi drottinn honum hvíldina síðustu. R.P.

(Norðurland er beðið að flytja dánarfregn þessa).

þakkarorð

Að afstaðinni jarðarför Einars sál. sonar míns, sem fór fram frá Goodtemplarahúsinu í Wynyard þann 10. þ. m., að viðstöddu miklu fjölmenni, unn ég mér skylt, að votta hér með öllu því fólki, sem heiðraði útför sonar míns með nærveru sinni, og sýndu mér þannig hluttekningu í minni og eftirlifandi barna minna bungu sorg, — innilegt þakklæti. Séra Rúnólfur Fjeldsted flutti húskveðju og jarðsöng hinn látna, sem nú hvilir við hlið móður sinnar, sem andaðist 6. maí sl.

Wynyard, 15. marz 1911.

Jón J. Vestdal.

SPURNINGAR.

1. Eru engin lög, sem kveða á um sektir fyrir að höggva skóg svo nálægt húsum og heyjum manna, að þau séu í voða, ef í skógarliminu eða höggspónunum kviknar?
2. Er slíkt ekki vítavert?
3. Fyrir hverjum á að kvarta?

SVÖR: Vér vitum ekki af neinum lögum, sem banna að höggva skóg fast við vegastæði eða leggja sektir við, ef höggspónarnir hrökkva út á vegstæðið og þorna þar og gerast eldfimir, eins og þú skýrir frá í bréfi þínu.

Þeim, sem eiga hús sín og hey hinum megin við vegstæðið, ber að tryggja hvorttveggja fyrir eldi, sem í spænina kynni að fara.

Vér teljum áreiðanlegt, að eigendur húsa og heyja eigi engan lagarétt til soaðabóta, þó hús og hey þeirra brynnu af völdum elds frá höggspónunum. Rítstj.

Kennara vantar

fyrir WALLHALLA S.D.No. 2062. Kenslutími sjö (7) mánuðir (almanaksmánuðir), „með „tveggja vikna skólafrii. Byrjar 20. april næstk. Umsækendur tilgreini mentastig gildandi í Saskatchewan og æfingu sem kennari, einnig kaup, sem óskað er eftir. Tilboðum veitt móttaka til 15. marz. — Óskað eftir, að umsækjandi sé fær um, að leiðbeina börnum í söng.

Magnús J. Borgford,
2-3 Sec'y-Treas.
Holar, Sask.

ISLENZKAR BÆKUR

Ég undirritaður hefi til sölu nálega allar íslenzkar bækur, sem til eru á markaðinum, og verð að hitta að Mary Hill P.O., Man. — Sendið pantanir eða finnið.

Niels E. Hallson.

Herra Jón Hólm, gullsmiður að 770 Simcoe St., biður þess getið, að hann selji löndum sínum gull- og silfur-muni og gigtarbelti. — Belti þessi eru óbrigðul við gigt, ef þau eru notuð samkvæmt fyrirskipunum Jóns. Kosta að eins dollar og kvart.

JÓN JÓNSSON, járnsmiður, að 790 Notre Dame Ave. (horni Toronto St.) gerir við alls konar katla, könnur, potta og pönnur fyrir konur, og brýnir hnífa og skerpir sagir fyrir karlmenn. — Alt vel af hendi leyst fyrir litla verð.

Giftingaleyfisbréf

SELUR

Kr. Ásg. Benediktsson
424 Corydon Ave. FortRouge

TIL SÖLU

í Westbourne bæ 4 lot með 5-herbergja húsi á, góðu geymsluhúsi og stóru hesthúsi; nálægt vatni og skógi. Gott tækifæri fyrir mann, sem mundi vilja flytja vörur af og á járnbrautarstöðina, og fleira o.fl. Umsækjendur snúi sér sem fyrst til

J. Crawford
30-1 Westbourne, Man.

„Að lesa og skrifa list er góð læri það sem flestir."

Ef þig langar til að læra að skrifa fagra rithönd, þá skrifaðu eftir upplýsingum og sýnishorni til H. F. Einarssonar, Pembina, N. Dak., sem kennir allskonar rithönd fjölbreytta pennadrætti og skrautskrift. Þú getur lært heima í þínu eigin húsi, því tilsögnin er send bréflega með pósti.

Hverjum, sem svarar þessari auglýsingu, verður sent spjald með hans eigin nafni skrautritaðu. 25-5

Krýningargjöf til Mary Drottningar.

Hinir hollu þegnar Mary Drottningar, sem bera nafnið Mary, May, Maria, Marian, Marion og Marie, í öllu hinu brezka veldi, eru beðnir að hafa samtök til þess að gefa Mary Drottningu viðeigandi krýningargjöf á hinum mikilsverðasta degi lífs hennar.

Gjafir frá hverri einni konu mega vera litlar, alt niður í tvö cents, og í engu tilfelli meiri en 5 dollars. Öll upphæðin verður send til drottningarinnar, ásamt með nöfnum allra gefendanna og hún látin ráða, til hverra nota hún ver fénu.

Frú Grey, kona landsstjórans yfir Canada, hefir gengist fyrir samskotum þessum, og hefir ritað frú McMillan, konu fylkisstjórans í Manitoba, að gangast fyrir samskotum þessum hér í fylkinu.

Ungfrú Eva L. Jones, forseti Winnipeg Women's Canadian Club, er forstöðukona þessarar hreyfingar hér í Winnipeg, og frú A. W. Ross, er féhirðir sjóðsins. Frú Colin H. Campbell, frú Robert Rogers og ungfrú Edna Sutherland, stjórnendur í Alríkis-dætra félaginu, eru flokkskiparar þessa fylkis.

Frú McMillan ber nafn drottningarinnar, og sem Mary McMillan hefir byrjað samskotalistann í Manitoba.

Hve margar konur vilja fylgja dæmi hennar. Samskotalistanum í Canada verður lokað 23. april nk., svo að tíminn er stuttur.

Það er vonað, að konur neyti allrar orku til þess, að ná þeim konum með sér, sem eru af útlendu bergi brotnar, en bera nafn drottningarinnar. Kvenfélög meðal vor eru beðin að taka upp þetta verk án frekari tilkynningar.

Það eru engar reglur settar fyrir fjársöfnuninni. Sérhver borg, bær eða skólaumdæmi mega starfa sem þeim bezt hentar.

Öll peningabréf sendist til

LADY McMILLAN,
Government House, Winnipeg.

og merkist á horni: O. M. C. G. (Queen Mary Coronation Gift).

Allar frekari upplýsingar fást með því að skrifa:

MRS. COLIN H. CAMPBELL,
Hon. Secretary Q.M.C.G.,
260 Roslyn Road, Winnipeg

4. marz 1911.

PRENTUN

VÉR NJÓTUM, sem stendur, viðskipta margra Winnipeg starfs- og "Business"-manna.— En þó erum vér enþá ekki ánægðir. — Vér viljum fá alþýðumenn sem einatt notast við illa prentun að reyna vora tegund. — Vér ábyrgjumst að gera yður ánægða. — Símið yðar næstu prentpöntun til —

PHONE GARRY 334

The ANDERSON Co.
PROMPT PRINTERS
555 SARGENT AVENUE, WINNIPEG.

Góðatrúin forna.

Þar eð máske tilraun mín viðkomandi því, hver Alfaðirinn Óðinn, — sem eins og Guðbrandur Vigfússon segir, var hinn æðsti guð hinna skandinavisku þjóða —, hafi verið, er það, sem þessir merku fyrirheitisins synir, sem sýn ast hugga sig við, að þeir séu af föðurnum Fjanda, eru orðnir svo langeygðir eftir, þá skal ég reyna að bæta úr þessu. Og því til að byrja með, þá neyðist ég til að geta þess, að byrjunin að hinu mikla hatri, sem landar í Spanish Fork, Utah, hafa alið og ala enn til mín, var sú, að ég neitaði því, að Alfaðirinn, sem forfeður vorir tilbáðu, og í hreinskilni hjarta sins offruðu bænum sínum til, væri Satan, heldur væri hann sá hinn sami og þeir kristnu kalla guð og föður. Auðvitað, þetta er ný skoðun; en eins og ég skal nú sýna, úr bygð á svo órækum sönnunum, að þær verða ekki hraktar. Á þessari mihlu framfaratíð, ætti enginn að fordæma höfund nýrra skoðana fyrri en að það er augljóst, að þær séu rangar. En að því sleptu, þá get ég ekki séð, að það sé neitt unaðssamt í að álíta sig vera kominn af fólki, sem dýrkaði djöfulinn.

Að þeir af löndum, sem álíta að Óðinn hafi verið stórböndi einhversstaðar nálægt norðpólnum, séu mjög ókunnugir gullaldarritum þjóðar vorrar, getur engin skynsöm og sannsýn manneskja efað. Því hefðu þeir lesið með eftirtekt rit Snorra Sturlusonar, sérstaklega Ynglingasögu, þá gætu þeir ekki annað en vitað, hvaðan hinn sögulegi Óðinn kom; hvar hann settist að í Evrópu; hvers konar maður hann var, og hvaða stjórnarfyrirkomulag, siðfræðis og trúarbragðareglur hann setti á meðal fólks sins. Og það er óhætt að fullyrða, að allir helztu sagnfræðingar og vísindamenn núlegrar tíðar eru samdóma í því, að mestur hluti alls hins frjálsræðislega stjórnarforms, sem Norðurálfu og Norður-Ameriku búar njóta, og hafa notið, eigi uppruna sinn þangað að rekja en ekki til Rómverja. Og er því ráðlegt fyrir landa, sem óska að þekkja sannleikann, að lesa þessar bækur með eftirtekt, og dæma svo fyrir sig sjálfir. — Þrátt fyrir það, að á meðal mentaðra og siðaðra þjóða er það regla, að hver sem ekki er að sér í gullaldarritum (Classical Literature) þjóðar sinnar, eigi ekkert tilkall til, að álitast mentaður eða vel að sér. Samt sem áður skal ég ekki leggja neinn harðan dóm á landa þessa, því það sýnist eiga mikið betur við, að vorkenna þeim fávizku sina, og taka þá eins og þeir eru, en að ausa yfir þá gifuryrðum og útásetningum.

Viðvíkjandi hinum guðdómlega Alföður og Óðni, þá er bezt og hreinast, að ég taki upp eins og sagt er frá því í Gylfaginning í Snorra Eddu, og finnum vér þá í fjórðu grein: "Gangleri hóf svo mál sitt: hverr er æztur eða elztur allra goða? Hár segir: sá heitir Allfaðir að voru máli, en í Ásgarði hinum forna átti hann tólf nöfn. Þá spyrr Gangleri: hvar er sá guð? eða hvað má hann? eða hvað hefir hann unnið framaverka? Hár segir: hann lifir of allar aldir, og stjórnar öllu riki sínu, og ræður öllum hlutum, stórum og smáum. Þá mælti Jafnhár: hann smiðaði himin og jörð og og loftin og alla eign þeirra. Þá mælti þriðji: hitt er mest, er hann gjörði manninn, og gaf honum önd þá, er lifa skal og aldrei týnast, þótt líkaminn fúni að moldu eða brenni að ösku; og skulu allir menn lifa, þeir er rétt eru siðaðir, og vera með honum sjálfum, þar sem heitir Gimli eða Vingólf. En vondir menn fara til heljar, og þaðan í Niflhel; það er niður í hinn niunda heim".

Í tuttugustu grein Gylfaginningar lesum við: "Óðinn er æztur og elztur allra Ásanna; hann ræður öllum hlutum, og svo sem önnur goðin eru máttug, þá þjóna honum öll svo sem börn föður..... Óðinn heitir Allfaðir, því að hann er faðir allra goða".

Til þess að brúka ekki neinar óþarfar málalengingar, þá ætla ég ekki að vitna meira í Edduna að svo stöddu, en vísa heldur til þýðingar Jóns skálds Þorláksonar á Miltons Paradisarmissir, og sýna, að hann kallar guð þeirra kristnu og Gyðinga Alföður. Því hann þýðir þessar hendingar Miltons á ensku, "Myself and all th' angelic host, that stand In sight of God enthroned" með: "Ég og allir þeir englaskarar, Sem standa í kringum stól Alföðurs". Og þetta: "Before the sun, Before the heavens thou wort, and at the voice, Of God as with a mantle didst invest, The rising world of waters dark and deep", hefir skáldið þýtt "Áður röðull rann, Og reistist himinn, Ertu arborinn og Alföðurs raust. Viður volduga veröld klæddir, eins og kápu þú, nær hún klakin var Útaf djúpum hyl dimmr ar nætur".

Í formálanum fyrir þessari þýðingu skáldsins, Jóns Þorlákssonar, sem prentuð var í Kaupmannahöfn árið 1828, stendur meðal annars: "Enn góðfræði Dr. Henderson hefir í ferðabók sinni minst á þýðing kvæðis þessa, og fer þar um svofeldum orðum: hún tekur ekki einungis öllum öðrum útleggingum af Milton fram, heldur keppist hún við frumritið, og svo má þikkja (þykja?), sem hún viða taki því fram, þar sem Eddu kenningarnar eru viðhafðar".

Þetta ætti að vera nóg til að sannfæra hvern heilvita Íslending um, að í bænum sínum og allri sinni guðsdýrkun, að í þeirri svo-kölluðu heiðni, þá meintu forfeður vorir með Óðni engan annan en hinn alvitra og almáttuga skapara himins og jarðar, og er ég því viljugur, að gefa það undir dóm allra skynsamra og sannsýnna lesenda blaðsins Heimskringlu, hvort ég hafi ekki rétt fyrir mér í því, að Alfaðirinn, sem forfeður vorir dýrkuðu, var sá hinn sami og þeir kristnu lofa og tilbiðja; og undir eins vil ég benda þeim á, að sú skoðun, að það væri ekki svo, byrjaði hjá vanhygnum, trúarofsafullum kristniboðum, og má eflaust rekja flest eða öll grimdarverk Ólafs konungs Tryggvasonar á þeim, sem ekki vildu láta kristnast, til þeirrar skoðunar.

John Thorgeirsson,
Thistle, Utah.

Þú og þér.

Af þrælsótta, sprottinn við kúgarans kvöl,
er kominn sá löstur að þéra,
frá tímum, er almúginn átti' ekki völ
á öðru en reyna að lina sitt böl
og ánauðarokið að bera.

Nú höfðingjasleikjunni hentar það starf,
sem hræsnisnar gnægð hefir fengið
og hégómagirnina hlotið í arf;
við hásætin auðmjúkur beygja sig þarf,
þó glæpastig lífs hafi gengið.

En hver er nu munur á mönnunum þá, —
því má ekki þúa þá alla?
Þars heimskingjar sitja of hápöll um á,
með hroka og sjálfsþótta bragnum sér á
og láta sig konunga kalla.

Allir vér hljótum að hníga í val,
höfðingjar jafnt sem þeir smáu, —
hvað stoðar þá heimskunnar hégómatal,
því hérna í lífsins táradal
er leiðin að gröfinni lágu.

Jóhannes J. Húnfjörð.

Það er alveg víst, að Það borgar sig að auglýsa í Heimskringlu.

EDSON — Verjið peningum ykkar í lóðir í — EDSON

Commercial Centre

OG VERÐIÐ FJÁRHAGSLEGA SJÁLFSTÆÐIR, ÞVÍ ÞAÐ VERÐUR SÉRHVER SÁ, SEM SVO ER HEPPINN, AÐ EIGNAST LÓÐIR Í EDSON, SEM VIÐ NÚ BJÓÐUM TIL SÖLU.

EDSON verður eftir 10 ár ein af stærstu borgum Vestur-Canada. Lega hennar er jafnvel betri en Calgary, þegar hún var í fæðing. Til að sýna, að EDSON er nú þegar í uppgangi, skal þess getið, að þar er nú banki, blað, lyfjabúð, kirkjur, skóli, 'lumber yards', kjötmarkaður, rakarastofur, hótel, greiðasöluhús, átta verzlunarbúðir og mörg önnur framfarafyrirtæki í smíðum.

EDSON er einnig miðstöð akuryrkju-, náma og viðar-héraða, og nú þegar hefir gull fundist, og mikið af járni og kolum í jörðu. — Mergill og gljástein af beztu tegund er einnig þar í kring viðsvegar.

EDSON verður einnig um tvö komandi ár endastöð Grand Trunk brautarinnar, austan Klettafjallanna. Frá Edson verða því brautir bygðar í allar áttir, og bærinn verður einnig miðstöð fyrir allar aðurðir frá Grand Prairie og Peace River héruðunum, og einnig frá Brazeau kolanámunum. — Það er áætlað, að það séu átta hundruð miliión tons af kolum þar, og að á næsta ári muni verða varið tveimur miliónum dollars til að vinna þessar kolanámur.

LÓÐIR $60.00 TIL $100.00 Ágætar borgunar skilmálar

EDSON

ER PITTSBURG CANADA OG CALGARY NORÐUR LANDSINS

LÓÐIR $60.00 TIL $100.00 Ágætir borgunar skilmálar

COMMERCIAL CENTRE.

Eignir Grande Prairie Land & Townsite Co. eru beint austur af Grand Trunk Pacific Townsite, og verður því næsta íbúðarhverfi við bæjarstæðið. Lóðirnar eru á harðvelli, og eru ábyrgstar hverjum kaupanda sem góðar, því þrir úr félagi voru skoðuðu þær nápvæmlega, áður en kaup voru fest í landspildunni. Verið því óhræddir að kaupa EDSON lóðir, þær munu fljótlega færa 100 til 1,000 prósenta ágóða. Þetta hafa margar lóðir gert í ekki nándar nærri eins miklum framfarabæjum, sem EDSON verður.

COMMERCIAL CENTRE verður bráðlega hluti þessa bæjar, og þess vegna, ef þið kaupið lóðir þar, verður á því enginn vafi, að þær hækka til stórra muna í verði innan skams. — Commercial Centre er að eins hálfa milu frá miðstöð bæjarins, og því fyrirtaks íbúðarhverfi. Lóðir í Calgary, í sömu fjarlægð frá miðstöð borgarinnar, og sem fyrir nokkrum árum voru seldar á $500.00, fást nú ekki fyrir $2,000.00, og Edson hefir betri legu en Calgary, og ættu því lóðir þar að þrefaldast í verði á næstu tveimur árum.

HUNDRUÐ INNFLYTJENDA.

Mörg hundruð innflytjenda streyma til Edson og héraðsins í kring, því heimilisréttarlönd eru hvergi ákjósanlegri en einmitt í námunda við Edson. Jarðvegurinn er hvergi frórri til akuryrkju en einmitt þar, og hvergi er auðugra námahérað en í nágrenninu við bæinn, og þess vegna hlýtur Edson að verða miðstöð, — ekki að eins stærsta og bezta akuryrkju og námasvæðisins, heldur jafnframt einnar hinnar voldugustu trjáviðar-framleiðslu í Alberta.

Eru því nokkrar ástæður fyrir því, að lóðir í þessum stað ekki tvöfaldist eða þrefaldist í verði innan fárra mánaða? Og hvers vegna eru menn, sem áður fyr græddu stórfé á lóðakaupum í Edmonton, Calgary og öðrum stórborgum Vestur-Canada, að kaupa lóðir í Edson ef þeir væru ekki fullvissir um stórhagnað?

Við skulum með mestu ánægju gefa ykkur allar frekari upplýsingar, hvað lóðum okkar viðvíkur. Klippið að eins út upplýsinga eyðublaðið, og sendið okkur eða umboðsmanni vorum í Winnipeg, Mr. K. K. ALBERT, eða finnið okkur eða hann að máli.

GRANDE PRAIRIE LAND & TOWNSITE COMPANY

Room 5, Northern Crown Bank Chambers., BRANDON, MAN.

Winnipeg skrifstofa:

K. K. ALBERT, 708 McArthur Building, Telephone Main 7323

INFORMATION COUPON

K. K. ALBERT, 708 McArthur Bldg. WINNIPEG

Verið svo vænir að senda mér allar upplýsingar viðvíkjandi lóðum ykkar í Edson.

Nafn.....

Áritun.....

"HEIMSKRINGLA"

Heimskringla

Published every Thursday by The Heimskringla News & Publishing Co. Ltd

Verð blaðsins í Canada og Bandar. $2.00 um árið (fyrir fram borgað). Sent til Íslands $2.00 (fyrir fram borgað af kaupendum blaðsins hérlendis $1.50.)

B. L. BALDWINSON
Editor & Manager

Office:
729 Sherbrooke Street, Winnipeg
BOX 3083. Talsími Garry 4110.

Jón Sigurðsson.

Með þessu blaði er samskotasjóðurinn til minnisvarða Jóns Sigurðssonar orðin $2,084.90.— Hannþá vantar því $615.10 til þess að tíu þúsund króna taksmarkinu verði náð.

Af þessum ástæðum hefir nefnd sú, sem stendur fyrir fjársöfnuninni hér í borg, ákveðið að halda samskotunum áfram enn þá um 10 vikna tíma, eða þar til næg upphæð er fengin.

Nefndin er þess fullviss, að enn þá eru í bygðum Íslendinga, og einnig utan þeirra, mikill fjöldi íslenzkra þjóðvina, sem ekki hafa enníþá átt kost á, að leggja í sjóð þennan, en sem hún er sannfærð um, að gjarnan vildu gera það. Alla slika biður nefndin að bíða ekki eftir því, að þeir verði heimsóttir af innköllunarmönnum, heldur að senda gjafir sínar sem allra fyrst til féhirðis nefndarinnar, herra S. B. Brynjólfssonar, 623 Agnes St., Winnipeg, Canada.

Nefndin mælist til þess, að gjafirnar séu sendar í Express eða póshúss ávísunum, eða í peningum í 'registeruðum' bréfum.

Nefndinni er ant um, að upphæðin náist inn sem fyrst, því að þeir á Íslandi eiga hennar fastlega von til sín fyrir 17. júní næstk.

Sérstaklega vildi nefndin beina þeirri áskorun til Winnipeg búa, að þeir dragi ekki lengur, að leggja fram sinn skerf í sjóð þennan, en að sem allra flestir þeirra, karlar og konur, vildu senda tillög sín til herra Brynjólfssonar, eða til annars hvors íslenzka blaðsins, Lögbergs eða Heimskringlu, ef það er þeim hægra, sem svo koma gjöfunum til féhirðis — Nefndinni er það mikið áhugamál, að landar vorir hér í borg leggi svo riflega í sjóðinn, að þeir þurfi ekki að bera kinnroða fyrir tillags-upphæð sinni í samanburði við tillögin frá hinum ýmsu nýlendum, sem sumat hafa gefið af miklu örlæti.

GEFIÐ VEL OG GEFIÐ FLJÓTT, ÞAR TIL TÍU ÞÚSUND KRÓNA UPPHÆÐIN ER FENGIN!

Landamerkjamál Manitoba.

Hið langþráða svar frá Sir Wilfrid Laurier til Manitobastjórnar upp á það, með hvaða skilmálum sambandsstjórnin væri fáanleg að færa út landamæri Manitobafylkis, — var lagt fram í fylkisþinginu á mánudagskveldið.

Aldrei hefir annað eins smánartilboð verið gert Manitobafylki, sem það, er sambandsstjórnin gerir nú. Að Manitoba fái jafnrétti við fylkin Ontario og Quebec, er beint aftekið, og það, sem fylkinu er boðið í staðinn fyrir lönd, skóga fiskiveiðar, málma og annað er að eins smámunir í samanburði við það, sem Saskatchewan og Alberta fylki fá.

Laurier býðst til að færa út landamæri Manitoba þannig, að norðurtakmörk fylkisins verði sextugasta breiddargráða, vesturtakmörkin hin sömu og austurtakmörk Saskatchewan fylkis til hinnar sextugustu breiddargráðu, og austurtakmörkin að vera hin sömu og nú að norðausturhorni fylkisins; þaðan í beinni línu þangað, sem 89. hádegisbaugur vestur hnattlengdar sker strandlengju Hudson flóans.

Manitoba fylki á engin yfirráð að hafa yfir hinum opinberu löndum, námum, fiskiveiðum, skógi eða öðru slíku, — það alt á að heyra undir sambandsstjórnina. — En fyrir þetta vill sambandsstjórnin greiða fylkinu 200,000 dollars á ári, þar til að íbúar í hinum nýja hluta fylkisins verða 100,000, þá verður sambandsstjórnartillagið hækkað upp í 250,000 dollars á ári. Og þegar íbúafjöldinn er orðinn 150 þúsundir verður tillagið 300 búsund dollars, en fram úr þeirri upphæð skal aldrei farið.

Skilmálum þessum, sem sambandsstjórnin býður, verður vafalaust tekið með undrun og gremju um gjörvalt fylkið. — Við skaðann, sem fylkið hefir beðið með biðinni í öll þessi ár, er nú bætt þessu smánarlega tilboði, sem enginn Manitoba búi ætti að láta sér detta í hug að ganga að.

Þetta velferðarmál fylkisins hafði glögglega og með rökum verið lagt fyrir sambandsstjórninn. Alt, sem farið var fram á, var jafnrétti, — að Manitoba fylki mætti skipa sama bekkinn og hin önnur fylki í sambandinu: Annaðhvort að við ættum að eiga og stjórna hinum opinberu löndum, skógi, námum og öðrum fylkisauðsuppsprettum, á sama hátt og Quebec og Ontario fylkin að austan, eða þá eins hátt sambandstillag fyrir þessar auðsuppsprettur eins og fylkin að vestan, Saskatchewan og Alberta, nú fá. En sambandsstjórnin neitar Manitoba um þetta hvorttveggja, en í þess stað býður móðgandi og óréttlát tilboð.

Manitoba fær nú úr sambandssjóði $278,947 á ári. Með þessu nýja tilboði næmi þá sambandstillagið 578,947 dollars á ári. Saskatchewan fylki fær fyrir lönd sín og aðrar auðsuppsprettur frá sambandsstjórninni 1,530,375 dollars á ári. — Er nokkurt samræmi í öðru eins?

Með öðrum orðum: Saskatchewan fær árlega nærri milión dollars meira úr sambandssjóði en Manitoba á að fá. Hvers vegna þessi hlutdrægni? Hvers vegna ætti að borga Saskatchewan meira fyrir missi auðsuppsprettanna, heldur enn Manitoba? Og hvers vegna ætti annar málsaðilinn að fá 1½ milión dollars árlega, en hinn að eins þriðjung af þeirri upphæð?

Manitoba búar verða að draga sínar eigin ályktanir, hvað þessu viðvíkur. Í þessu tilboði er engin grein gerð fyrir þessari afstöðu stjórnarinnar í Ottawa. Jafnréttis spursmálið ekki einu sinni virt orða. — Hvað meira óréttláti og smán er hægt að auðsýna þessu fylki? Fyrst þegar farið er fram á sömu réttindi og Ontario og Quebec fylkin hafa, þá er þar blábert nei; — og þegar vér látum undan siga og biðjum um það sama og Saskatchewan, þá fáum við þriðjung af því, sem það fylki hlýtur.

En sérstaklega yfirgengur tilboðið þó öll takmörk, þegar hið nýja land, sem oss er boðið, er athugað. Það landsvæði er afar-ördugt á margan hátt, og kostar stórfé að stjórna því og koma framförum og framkvæmdum þar í gang; en þrátt fyrir þetta er Manitoba fylki beðið að gera sér að góðu einnar milión dollars minna sambandstillag en Saskatchewan og Alberta, sem engu örðugri, ef ekki betri lönd hafa á þessu norðlæga svæði.

Hvers vegna þetta smánartilboð er gert Manitoba fylki getur Sir Wilfrid Laurier einn svarað.

En það svar ætti að koma. það ætti að koma sem fyrst einhver skýring, sem kastaði ljósi yfir þessa svívirðilegu meðferð á fylkinu, og hver sé ástæðan fyrir því, að fylkið sé olnbogabarn sambandsstjórnarinnar. Látum oss hafa sannleikann, hvað beiskur sem hann kann að vera, — því ómögulega getur hann orðið beiskari, en þetta smánartilboð, sem Laurier hefir fylkinu gert.

Fylkisþingið á eftir að fjalla um málið. Vafalaust fær tilboðið þar þær viðtökur, sem það verðskuldar.

Ráðherraskiftin.

Þá eru aftur orðin ráðherraskiftá ættjörðu vorri, og komu þær fréttir fáum á óvart hér vestra. Menn höfðu frá upphafi vegar búist við, að Björn Jónsson yrði ekki langlifur í þeim sessi. — En að þeir menn yrðu til að steypa honum, sem raun varð á kom mörgum á óvart, því sumir þeirra voru álitnir hans traustustu fylgifiskar. En svo bregðast krosstré sem önnur tré.

Það var sambandsmálið, sem varð Hannesi Hafstein að fótakefli, og hið sama mál olli nú falli Björns Jónssonar, — óbeinlínis. — Það mál olli sigri sjálfstæðismanna við kosningarnar í september 1908, og Björn Jónsson var kosinn til að sjá því máli farborða. Mönnum þótti hann gera lítið að því, — vera í þess stað stimamjúkur og auðsveipur við Dani. Þeir flokksmenn hans, sem vantrausti lýstu á honum, sáu að unnaðhyort var, að gefa upp það mál í svip, eða að láta Björn fara, og hið síðara kusu þeir. En álitamál er það, hvernig þessu máli verður bezt séð farborða, og eftirmaður hans mun komast að raun um, að ekki er alt fengið með því að berja í borðið og æpa hátt.

Einnig var það á allra vitorði, að útnefning Björns í ráðherrasætið olli sundurlyndi í Sjálfstæðisflokknum innbyrðis. Annar maður var álitinn hæfari oa hafa meiri rétt til embættisins en Björn, og mun það sundurlyndi ekki hafa átt all-lítinn þátt í vantraustsyfirlýsingunni.

En þó nú Björn Jónsson hafi brugðist vonum manna í sjálfstæðismálinu, þá hefir hann samt á þessum tæpum tveimur árum, sem hann hefir setið í ráðherrasæti, unnið Íslandi og hinni íslenzku þjóð stórmikið gagn, sérstaklega þegar litið er til verzlunar- og samgöngu-mála. Honum tókst, þrátt fyrir megna mótspyrnu, að koma í framkvæmd skipaferðum til aðal-miðstöðar Norðurálfu verzlunarinnar — Hamborgar, og hann kom á fót viðskiftaráðunautnum, sem vafalaust verður Íslandi til heilla, hvað það snertir, að opna landinu nýja markaði, láta menningarþjóðir heimsins vita af Íslendingum og efla kynningu þeirra og Íslendinga. Einnig hafa afskipti hans af peningamálum landsins ætið miðað til þjóðarheilla.

En aftur á hinn bóginn hefir Björn Jónsson verið harla óvæginn við mótstöðumenn og stundum rasað þar um ráð fram. Það situr illa á æðsta manni landsins, að eiga í illdeilum. En aftur má honum það til málsbóta færa, að andstæðingar hans settu sig hvergi úr færi að sverta hann og svivirða, bæði leynt og ljóst.

Embættistíð hans hefir því verið frá upphafi hlélaus barátta og rifrildi, og væri það stórum betur, ef mesta gauraganginum létti nú, þegar hann hefir vikið sætið.

Fyrir þinginu liggur nú stjórnarskrárfrumvarp, sem allar líkur eru til að samþykt verði. Fari svo, verða þingkosningar að fara fram á komandi hausti hausti. Margur mundi því hafa álitið heppilegra, að láta Björn Jónsson hjara við völd þangað til, og láta þjóðina þá fella dóm sinn yfir ráðsmensku hans. Hún er hvort sem er æðsti dómari í þeim efnum, og ekki mundu örfáir mánuðir hafa breytt miklu frá því, sem nú er málum komið.

En þá er sú spurning: Hverjar afleiðingar hafa þessi ráðherraskifti fyrir hina íslenzku þjóð? — Fyrsta afleiðingin verður sú, að Sjálfstæðisflokkurinn klofnar, því trauðla mun Björn Jónsson og hans traustustu liðar fylgja hinum nýja ráðherra. Flokkarnir verða því þrí í þinginu og undir þrem merkjum sótt við næstu kosningar. Beinust afleiðing af klofningnum liggur við að halda að yrði sú, að Heimastjórnarmenn bæru sigur af hólmi í þeim viðskiftum. Og yrði sú raunin á, væri Uppkastið, sem þjóðin fordæmdi svo rækilega við kosningarnar 1908, endurvakið og gert að lögum. Að hvaða notum kæmu þá mótmælin 1908 og allur sá gauragangur, bæði þá og síðar? Að alls engum notum. Að eins dregið málið á langinn, sem svarar þremur árum. Hið sama sambandslagauppkast yrði ríkjandi lög, — til ævarandi smánar fyrir hina íslenzku þjóð, — ævarandi brennimark ístöðulevsis og sundrungar. Við segjum ekki, að þetta verði afleiðingin, en líkurnar eru miklar.

Þess væri óskandi, að hinum nýja ráðherra tækist, að halda flokknum óklofnum, og að honum auðnaðist, að koma þeim hugsjónum í framgang, sem vöktu fyrir meirihlutanum í sambandsmálinu um og eftir kosningarnar. það væri einnig óskandi, að honum tækist að linna þeirri óöld, sem verið hefir ríkjandi í blaðaheimi Íslands, — alt frá þeim degi, að Björn Jónsson var útnefndur ráðherra. Það eru engri þjóð til sóma persónulegar skammir og illdeilur, en því hefir ekki lint þar á Fróni undanfarin tvö ár.— Við vonum, að hinn nýji ráðherra verði þess megnugur að kippa þessu öllu í lag. — En þó vér vonum svo, þá er sú von á veikum grundvelli bygð, hvað því viðvíkur, að honum auðnist slíkt. Því til þessa hefir það of oft sýnt sig, að persónulegt hatur og einstaklings upphefð má sín meir, en heill og velferð þjóðarinnar. Og á meðan leiðandi menn þjóðarinnar berast á banaspjótum um völdin, eru litlar líkur til heillavænlegrar endalyktar í þjóðarinnar mesta velferðarmáli.

Það er eitt mál sérstaklega, sem Björn Jónsson, sem ráðherra, hefir sætt ofsóknum fyrir, og það er bankamálið. — Má vel vera, að hann hafi farið fullgeyst af stað í því máli, en sú mun raunin á verða, að einmitt í því máli hefir hann unnið landinu stórhag.— Og þeir menn, sem hæst hafa hrópað að honum í því máli, munu á sínum tíma verða að játa, að Björn Jónsson hafi farið þar að með hyggindum, framsýni og ötulleik, og þess þrekvirkis hans mun minst löngu eftir hann liðinn.

Hannes Hafstein var víttur harðlega fyrir ritsímasamningana, en nú viðurkenna allir þann starfa hans sem happasælan. Sama verður með banka-afskifti Björns Jónssonar.

En úr því nú að ráðherraskiftin eru orðin, þjóðum við hinn nýja ráðherra velkominn í sætið og óskum af alhuga, að honum megi auðnast að starfa sem mest og sem bezt fyrir Ísland og hina íslenzku þjóð, og láta sem heillarikast starf eftir sig liggja við næstu ráðherraskifti.

Á bœrinn að kaupa?

Sir William McKenzie, forseti C.N.R. félagsins, hefir boðið Winnipeg borg að selja henni alla útgerð félagsins bæði í Winnipeg og Lac du Bonnet, — strætisvagna, gas- og rafafls-starfrækslu, og annað þar að lútandi.

Þetta tilboð er hið mikilvægasta sem Winnipeg hefir nokkru sinni verið boðið, því þar er bænum boðið margra milión dollara virði af eignum til kaups. En hvernig bæjarráðið snýr sér í þessu máli, er ekki enn hægt að segja. Tilboðið verður að athugast grandgæfilega, áður en nokkuð er afgert. Að rasa um ráð fram í þessum efnum, væri óðs manns æði. Hér verður alt að athuga, bæði fjárhagslega hlið tilboðsins eins og framtíðar fyrirætlanir, ef kaup væru gerð. — Ef nú bæjarráðið kæmist að þeirri niðurstöðu, að heppilegt mundi vera að ganga að tilboðinu, þá mun það litlum efi undirorpið, að skattgreiðendur bæjarins munu fúsir á, að samþykkja aukalög, sem heimila bæjarráðinu að útvega peninga til að kaupa útgerðina. — Bæjarbúar eru yfirleitt svo leiðir orðnir á einokun strætisvagnafélagsins, að það vröu að vera býsna harðir skilmálar, sem settir væru, svo ekki væri að þeim gengið.

Að minsta kosti munu allir vera sammála um það, að samnings umleitun sé gerð við félagið, og reynt sé að komast að sem hagfeldustum samningum.

Enginn í bæjarráðinu hefir hreyft andmælum gegn því, til þess eru allir fúsir, og öll mun bæjarstjórnin gera sitt ýtrasta til að ná sem hagvænlegustum samningum, eftir að hún hefir grangæfilega skoðað tilboðið frá öllum hliðum.

Þessi framkoma bæði bæjarráðsins og almennings er að mörgu leyti eftirtektaverð, því ekki eru nema tvö ár síðan að Sir Donald Mann, varaforseti C.N.R. félagsins, kom til Winnipeg og bauð þá bænum kaup á eignum og réttindum félagsins. Og þá var það ekki einn í öllu bæjarráðinu, sem var meðmæltur samningsumleitun í þá átt, hvað þá meira. Sama virtist þá með bæjarbúa, þeir virtust lita sömu augum á tilboð Mann's og bæjarráðið. Afleiðing varð vitanlega sú, að þetta tilboð strætisvagna félagsins til samninga um sölu á eignum og réttindum þess varð að engu.

En nú virðist öldin önnur, þó ekki séu nema rúm tvö ár síðan að þetta skeði. Það virðist, sem mönnum hafi vaxið dugur og djörfung á þessum tveimur árum, því ekki hefir önnur breyting orðið á félaginu, en að eignir þess hafa aukist, svo nemur tveimur eða þremur miliónum dollars. Aftur á móti hafa borgarar þessa bæjar tapað nokkrum þúsundum dollars í óþörfu málaþrasi. Vér segjum óþörfu, vegna þess, að enn þá hefir ekkert unnist við það, og hefði aldrei þurft að vera, hefði hinu fyrra tilboði sint verið.

Kæmi nú það fyrir, sem litlar líkur eru til, að bærinn gengi ekki að tilboði Sir McKenzies, hverjar yrðu afleiðingarnar? Þær yrðu fyrst og fremst, að eignir félagsins sem munu nema núna um 20 miliónir dollars, mundu að 15 árum liðnum, þegar bænum aftur gæfist tækifæri að kaupa, hafa margfaldast svo, að bænum mundi veita afarörðugt, að útvega kaupverðið.

Einnig ber þess að gæta, að á þessum fimtán árum verða inntektir af eignunum gevsimiklar, — svo miklar að vorum dómi, að væri bærinn eigandi þeirra og þeim væri viturlega stjórnað, mundu þær margfaldlega borga kaupverðið, sem þær eru fáanlegar fyrir nú. Auk þess sem almenningur ábataðist til muna á lægra notagjaldi.

Að samningarnir takist við strætisvagnafélagið, er því að voru áliti lífsspursmál fyrir Winnipeg borg. Og þó verð það, sem félagið vildi hafa, væri hátt, þá ætti bæjarráðið ekki að ganga frá kaupunum. Vitanlega gerum vér ráð fyrir, að reynt verði að komast að sem sanngjörnustu verði af bæjarráðsins hálfu. það er skylda þess, en að vera svo knifið, að hinir neituðu sölunni, væri ófyrirgefanlegt og óbætanlegt gjörræði.

Framtíðarheill Winnipeg borgar er undir því komin, að tilboði Sir William McKenzie's verði tekið.

Og vér erum vissir um, að svo verður.

Enn um gandreiðar.

Vinur minn Jón Einarsson hittir naglann á hausinn, þar sem hann getur þess til, að ég verði ekki "æfur", þó hann ekki syngi eftir sömu "nótum" og ég. Mér þótti þvert á móti mjög vænt um, að hann tók til máls og lét til sín heyra, því það er ætið vit í því, sem hann segir. Hann er oft fyndinn, ætið orðheppinn og hefir gott vald á málinu. Hann ritar skipulega, og er að mínu áliti með þeim allra pennafærustu mönnum, er rita í blöðin hér vestra.— Og þó ég syngi ekki eftir sömu nótum og hann, eða hann eftir mínum, lítum við þó á suma hluti og sum málefni mjög svipað og alveg eins, og skal ég minnast á það síðar.

J. E. segist hefði viljað, að ég hefði teygt meira úr grein minni um "Loftsiglingar", er ég reit í Hkr. 4. jan. sl. Ég samþykki þetta með Jóni. Greinin hefði átt að vera lengri og betur úr henni teygt því nóg var efnið eins og hann segir.

En það er enginn hægðarleikur, að rita um loftferðir, svo nokkur mynd sé á. Fyrst þarf maður að véra vel kunnur máli því, er maður fer að rita um; þar næst að kunna þolanlega bæði málin, — málið, sem maður þýðir af og það sem þýtt er á. Maður þarf helzt að kunna þrjú tungumál, því enskan tekur nú óspart til franskra orða sér til stuðnings í flugfræðinni. Og í þriðja lagi: Maður þyrfti að hafa tíma og næði til að hugsa skarpt og skipulega og beina skilningsfærum þeim, er maður á í eigu sinni, í eina og sömu átt, svo þau sem leiftur lýstu upp brennipunkt þann, er hugurinn stefndi að

En nú kem ég að aðalefninu, — nefnilega orðinu 'gandreið'.

J. E. getur þess til, að ég í fljótfærni ekki hafi hugleitt, hvað orðið 'reið' þýddi. En hér skjátlast Jóni. Eg hugsaði mig vel um, áður en ég lét í ljósi álit mitt á orðinu gandreið, og sagði að það mætti viðhafa það í voru máli, sem þýðingu á enska orðinu 'aeroplane'. — "Flugvélar geta ekki heitið gandreiðar, vegna þess að gandreið mun merkja ferðina á gandinum, — það, að gandinum sé riðið", segir Jón. Jón skilur orðið 'reið' á þann hátt, að það merki ferð. En hér fer Jón villur vegar. Orðið 'reið' þýðir flutningsfæri það, er maður situr í eða á, og er hreyfanlegt af einhverju afli, er kemur frá reiðinni sjálfri eða einhversstaðar annarsstaðar frá. — Hinn ódauðlegi Snorri Sturluson, er allir þeir, er íslenzka tungu mæla og rita, verða að beygja kné sín fyrir, talar um orðið 'reið' á þessa leið í sinni miklu fræðibók Eddu:

"Þórr á hafra 2 er svo heita: Tanngnjótur ok Tanngrisnir, ok reið, þá er hann ekr, en hafrarnir draga reiðina", bls. 14. Og á bls. 16 segir Snorri, er hann minnist á Freyju: En er hon fer ekr hon köttum 2 ok situr í reið".

Já, Freyja sat í reiðinni og beitti köttum sínum fyrir. og Þór lét hafrana draga reiðina, sem hann ók í eða keyrði ., og því var hann kallaður Óku-Þór. — Það er því málfræðislega rétt, að nefna vagna og kerru reið. 'Eimreið', 'bíreið' og 'gandreið' eru því að mínu áliti mjög heppilega valin orð og með beztu af nýgervingum á máli voru (nýgervingar að því leyti, sem þau eru ný). Og ég vona að við Jón Einarsson eigum eftir að ferðast í gandreið, og þá skal ég sannfæra hann um, að orðið gandreið á við flugvélina, sem við sitjum í, en ekki ferðina sem við förum gegn um loftið. Það er að segja, ef útlistun sú, er ég hefi nú þegar gefið um téð málefni, er ekki nægileg.

En það er annað málefni, er Jón Einarsson reit um í Hkr. 16. febr. sl., er ég vildi litillega minnast á. Það er "Eftirmæla-farganið", og saga Vestur-Íslendinga. — Það er orð í tíma talað, sem Jón segir þar. Oflofi því, sem haugað er ofan á Íslendinga, sem hrökkva upp af klökkunum nú á dögum, hér á meðal Vestur-Íslendinga, er ekki bót mælandi, heldur þvert á móti. Það er sá draugur, sem ætti að koma sem fyrst fyrir að fullu, ef hægt væri, eða að minsta kosti að lama sem allra fyrst. Því nú er hann orðinn svo magnaður, að hann er hreinasta viðurstygð.

Blöðin eru nú hvað eftir annað fylt með þessari viðbjóðslegu loflýgi um hvern goðþorskinn, er fráfellur, og flestir þeir, sem rita eftir mæli, hvort sem það er í bundnu eða óbundnu máli, eru alt í einu orðnir svo vitrir, að þeir fara að skýra lesaranum frá því, hvar þeir ætli sér að mæta hinum heittelskaða og dána vin. — Þessi nýlátni vinur er æfinlega nýkominn til himnaríkis, þá er greinin er skrifuð eða drápan er ort, og þar bíður hann eftir þeim, er ritar, eða þeim, er ritað er fyrir, þar til drotni þóknast að kalla til sín þá hina sorgmæddu, er eftir tóra í þessum eymdanna dal. — Vestur-Íslendingar eru svo sem ekki að fara til Helvítis!

Það dó íslenzkur karl hér í bænum 1900 og eitthvað! Hann var hér um bil 5 fet og 5 þumlungar á hæð, og hefir ekki vegið meira en svo sem 100—110 pund, — en þó var sálin tiltölulega enn minni. En viti menn, — rétt á eftir andlát þessa karls kom löng grein í öðru íslenzka blaðinu hér í borginni, og þar er hann talinn "einn hinna merkari íslenzku öldunga" og "hinn mesti atgervismaður til sálar og líkama"!

Ef ritstjórar blaðanna neita að taka þetta lyga-þvaður í blöðin, reiðist fólkið, sem er að rogast með lýgina, og hótar að kaupa blöðin ekki lengur. Svo hvað á ritstjórinn annað að gera, en láta prenta þetta bull, hversu leitt, sem honum þykir það?

Það eru náttúrlega heiðarlegar undantekningar. Ég skal taka til dæmis það, sem Sigurður Jóhannesson sagði um Guðmund heitinn Sigurðsson í Lögbergi fyrir nokkuru. Það var sanngjarnt. Hinum látna manni var rétt lýst, og þegar á botninn er hvolft, þá er sannleikurinn ætíð sagna beztur.

S. J. Austmann.

VESTAN FRÆ FYRIR VESTUR BÚA

Heimtíð McKenzie's Fræ

McKENZIE'S FYRIR VESTRID FRŒ

fæst hjá hverjum dugandi kaupmanni.
LITID eftir frækassa vorum í hverri búð.
Ef kaupmaður þinn hefir það ekki þá pantið það BEINT frá okkur.
Bréfspjald færir ykkur okkar mikla og fallega frælista.

A.E. McKenzie Co Ltd
Brandon, Man Calgary, Alta

VESTUR CANADA STŒRSTA FRŒHÚS!

Hefir þú borgað Heimskringlu?

Íslands fréttir.

Þau stórtíðindi eru að frétta af alþingi Íslendinga, að vantraustsyfirlýsing á ráðherra var borin upp í báðum deildum þingsins 25. febr. Voru flutningsmenn tillögunnar: Í neðri deild—Benedikt Sveinsson þingmaður Norður-Þingeyinga, Bjarni Jónsson frá Vogi, Skúli Thoroddsen, Jón Sigurðsson frá Haukagili og Jón Jónsson frá Hvanná. Í efri deild—Kristján Jónsson dómstjóri, séra Sigurður Stefánsson í Vigur og Ari Jónsson þingmaður Strandamanna.

Benedikt Sveinsson var framsögumaður yfirlýsingarinnar í neðri deild, og hefir hann verið mestur skörungur í liði meirihluta manna, er mótspyrnuna gerðu gegn ráðherra, og talað hreinlyndislegast og skorinorðast gegn því, að honum væri lengur leyft að sitja í valdasessi. Atkvæðagreiðslan í neðri deild fór þannig, að 16 þingmenn greiddu atkvæði með vantraustsyfirlýsingunni, en 8 á móti, — Heimastjórnarmenn deildarinnar, 9 talsins, og 7 Sjálfstæðisflokksmenn.

Hinir átta, sem voru á móti vantraustsyfirlýsingunni, voru: — Séra Björn Þorláksson, Björn Kristjánsson, Björn Sigfússon, sr. Hálfdán Guðjónsson, Magnús Blöndahl, Ólafur Briem, séra Sigurður Gunnarsson og Þorleifur Jónsson.

Önnur tillaga var þá framborin í þá átt, að ráðherra færi strax frá völdum, og var hún samþykt með 17 atkv. gegn 7.

Sendi ráðherra samdægurs með simskeyti lausnarbeiðni sína til konungs, sem tók hana góða og gilda, en bað þó Björn að gegna embættinu, unz eftirmaður hans yrði útnefndur.

Mikill hiti var í þinginu um þær mundir að vantraustsyfirlýsingin var samþykt, og lá við að Sjálfstæðisflokksmenn bærust á banaspjótum innbyrðis.

Annað merkismál, sem olli harðri orðasennu, var bankamálið. Var það fyrst til umræðu í efri deild 22. febr., og hóst með því, að Lárus H. Bjarnason bar upp svohljóðandi þingsályktunar tillögu:

"Efri deild alþingis ályktar, að kjósa 5 manna nefnd til að rannsaka gerðir landstjórnarinnar í Landabankamálinu og fleiri málum. Nefndin hefir vald til að heimta skýrslur munnlegar og bréflegar, bæði af embættismönnum og einstökum mönnum, samkvæmt 22. gr. stjórnarskrárinnar".

Um tillögu þessa urðu hinar heitustu umræður, sérstaklega milli Lárusar H. Bjarnasonar og ráðherra. Hélt Lárus fimm ræður, en ráðherra fjórar. Einnig töluðu: Kristján Jónsson, sem var annar hinn rekni framkvæmdastjóri bankans, Sig. Hjörleifsson, Ari Jónsson og Steingr. Jónsson, og var Ari sá eini, sem reyndi að bera blak af ráðherra. Akvæðagreiðslan fór svo, að tillaga Lárusar var samþykt með 11 atkv. gegn 2 (Ara Jónssonar og Sig. Hjörleifssonar). Í nefndina voru kosnir með hlutfallskosningu: Lárus H. Bjarnason, Sig. Stefánsson, Ágúst Flygenring, Sig. Hjörleifsson og Stefán skólameistari Stefánsson.

Aðrar hinar helztu þingnefndir, sem kosnar hafa verið eru:

Stjórnarskrárnefnd (n.d.): Sig. Gunnarsson, Jón Þorkelsson, Bj. frá Vogi, Ólafur Briem, Jón Ólafsson, Hannes Hafstein og Jón frá Múla.

Nefnd til að ihuga peningamál landsins: Magnús Blöndahl, Bjarni frá Vogi, Þorleifur Jónsson, Jóhannes Jóhannesson, Jón Magnússon og Hannes Hafstein.

Landbúnaðarnefnd: Björn Sigfússon, Jón Jónsson frá Hvanná, Stefán Stefánsson (þm. Eyf.), Sig. Sigurðsson og Einar Jónsson.

Frumvarp til laga um lögheiti á nokkrum stofnunum á Íslandi flytja þeir Benedikt Sveinsson, Bjarni frá Vogi og Jón Þorkelsson. Vilja þeir kalla Landsbankann "Þjóðbanka", Landsbókasafnið "Þjóðbókasafn", Landskjalasafnið "Þjóðskjalasafn", Forngripasafnið "Þjóðmenjasafn", landssjóðinn "Allsherjar fjárhirzlu Íslands". — Amtsbókasöfnin vilja þeir nefna "Fjórðungsbókasöfn. Nefnd þessu til athugunar var kosin, og í henni eru: Benedikt Sveinsson, Jón Ólafsson og Sig. Gunnarsson.

Fræðslumálanefnd (e.d.): Stefán skólameistari Stefánsson, SigHjörleifsson, Jósef Björnsson, Kristinn Danielsson og Steingr. Jónsson.

Nefnd til að athuga frumvarpið um eiða og drengskaparorð: Ari Jónsson, Gunnar Ólafsson, Júlíus Havsteen.

Lausn frá prestsskap hefir Benedikt próf. Kristjánsson frá Grenjaðarstað fengið frá næstu fardögum.

Óvenjumikil björg komin inn á Eyjafjörð, segja síðustu fréttir. — Sildin veður í torfum um allan fjörðinn, og er mokað upp, þar sem nokkur tæki eru til þess; hákarlinn veiðist unnvörpum, og loks selurinn í stórhópum. Þann 25. febr. skaut einn maður 18 seli og annar 12. — Nú er gaman að vera á hinum gamla, góða Firði, enda kvað þar vera handagangur í öskjunni.

Aðfaranótt 21. febr. strandaði þýzkur botnvörpungur Brema á Skógafjöru undir Eyjafjöllum. Sjómenn af skipshöfninni druknuðu, og voru það allir yfirmenn skipsins, en 5 var bjargað.

Blaðið Vísir segir Friðrik Kristjánsson, strokna bankastjórann frá Akureyri, handsamaðan hér vestra og sé verið með hann á leið til Íslands. (Þetta er sama blaðið, sem sagði, að Friðrik hefði dvalið um jólin í Winnipeg, þó landar hér vissu þess engin deili.

'Nelson', reykvíkski botnvörpungurinn kom inn eftir 12 daga útivist með 22 þúsund fiskjar.

Eftirlaun opinberra starfsmanna, þar sem þau nema fullum þúsund krónum:

M. Stephens. fyrv. landsh.	6000.00
H. Hafstein fyrv. ráðherra	5000.00
Tr. Gunnarss. fv. bankastj.	4000.00
Júl. Havsteen fv. amtm....	3900.00
B. M. Ólsen fv. skólastjóri	2255.56
Þorv. Jónsson fv. héraðsl.	1626.66
Franz Siemsen fv. sýslum.	1601.40
Ein. Thorlacius fv. sýslum.	1593.78
Þorgr. Johnsen fv. héraðsl.	1586.20
Sk. Thoroddsen fv. sýslum.	1500.54
Halld. Briem fv. kennari	1440.00
Júl. Halldórss. fv. héraðsl.	1133.33
Mar. Havsteen fv. sýsium.	1008.00

Ekkjufrú Anna Breiðfjörð andaðist 23. febr. í Rvík á 77. aldursári. Hún var ekkja Breiðfjörðs sáluga kaupmanns og hin mesta fyrirmyndarkona.

Kvenfólkið á buxum.

Mikil firn og undur muni margur maðurinn segja, en svo er nú samt, að kvenfólkið er farið að ganga á buxum. Ekki samt samskonar buxum og karlmennirnir, — ónei, ekki er það nú ennþá, en hver veit hvað verður.

Einhver vitur maður í París — því París er móðir tízkunnar — hafði heyrt getið um, að konurnar í kvennabúrum Austurlanda höfðingjanna og Tyrkja gengju á buxum, víðum buxum, líkt og útblásn ir skinnsokkar, og væru þær dregnar saman um ökkla. Þessar buxur höfðu verið þar ríkjandi öld eftir öld og fallið öllum vel í geð. Nú þótti þessum framtakssama tízkufrömuði þar í París vel viðeigandi, að koma þessum kvennabúrsbuxum fram á tízkumarkaðinn, og votta Austurlanda konunum samhug meðsystra þeirra í menningarheiminum með þessum buxnabúningi.

Og svo varð það úr, að Parísar kvenfatasalar fóru og bjuggu til buxur, og sendu út um víða veröld.

En þá varð fjandinn laus fyrir alvöru.

Margar af fegurstu konum stórborganna fóru og keyptu sér buxur, og fóru í þær. En þegar þær svo fóru að sýna sig í þessum búningi á fjölförnustu götum borganna, þá varð fólkið ýmist svo hrifið, að það af einskærri aðdáun veitti buxna-konunum aðsúg, eða þá hitt, að guðhræddu og siðavöndu fólki ofbauð sú spilling, að kona skyldi sýna limi sína óhulda pilsum, og af guðsótta og gremju ætluðu að afmá aðra eins ósvinnu af jörðunni.

Þannig var innreið buxnanna í menningarheiminn, — og enn sem komið er virðast litlar líkur til, að buxurnar verði almennt til þess að útrýma pilsunum, — en seinna koma sumir dagar en koma þó.

Hér í Canada hefir, svo mér sé kunnugt, Toronto borg ein haft ánægjuna af, að sjá konu þannig búna, og þar fór eins og annarstaðar, að henni var veittur aðsúgur, og sá þann kostinn vænstan að hlaupa upp í bifreið og forða sér. En sú hin sama stúlka fór svofeldum orðum um þetta buxnaæfintýri sitt:

"Ég vildi ekki fara í þessum bux um út á götu aftur, þó mér væru gefnir hundrað dollars. En það segi ég, að þessar buxur eru fyrirtak. Það er fólkið, sem ekki kann að meta góða vöru. Ég sé enga ástæðu, þó að karlmennirnir hafi öld eftir öld verið í buxum, að við mættum ekki vera það líka. Þess utan eru þessar buxur stórum mun þægilegri en pilsin. Mikið léttara að bera til æturna, og engin áhætta að verða forug, eins og sífelt er með pilsin. — Ég gef því buxunum mín beztu meðmæli.

Hið sama geri ég.

Gunnl. Tr. Jónsson

Tolstoi leikritaskáld.

Aldrei hafði heimurinn gert sér í hugarlund, að leikrit mundu finnast eftir Tolstoi látinn, en svo hefir þó orðið raunin á.

Tolstoi eftirlét Alexöndru yngstu dóttur sinni öll óprentuð handrit sín, og þegar farið var að grandskoða þau, fundust þar meðal annars handrit af tveimur sjónleikum, og smásögur, sem talið er að fylla muni tvö stór bindi. Og það, sem markverðast er, hvað þeim viðvíkur, er það, að bæði leikritin og sögurnar eru samdar fyrir þrjátíu árum síðan, en hafa legið ósnert frá þeim tíma. Einmitt þá—fyrir þrjátíu árum — stóð skáldskapur Tolstois í blóma, og eru því allar líkur til, að bæði sögurnar og leikritin muni ná hámarki í bókmentaheiminum.

Dóttirin Alexandra, sem handritin erfði, hefir nú sent einn af trúnaðarvinum föður sins til Englands og Frakklands til að koma handritum þessum í peninga. Býst hún við að fá þau vel borguð, og ef það verður, sem líttill efi er á, ætlar hún að verja þeim peningum til að kaupa ættarbólið Yasnay Poliana, og skifta svo jarðeigninni upp á milli landsetanna, eins og Tolstoi óskaði eftir í erfðaskrá sinni, en kona hans harðlega neitaði að uppfylla.

Til þess að sýna, hve Soffía Tolstoi hefir brugðist óskum manns sins, skal þess getið, að hún hefir nú Yasnay Poliana á boðstólum bæði á Englandi og Frakklandi og jafnvel líka í Bandaríkjunum, að sögn. Öll ættin, að yngstu dótturinni undanskilinni, vill með engu móti láta kotungsgarmana hrifsa frá sér brauðið, eða öllu heldur skerða inntektir sínar. Aftur vill Alexandra heldur missa arfhluta sinn allan, sem eru handritin, og sjá óskir sins ástkæra föður rætast, heldur enn svo verði ekki.

Að hún fái nóg fé til að kaupa ættarbólið, er vafalaust, en hitt getur alt eins verið, að móðir hennar verði búin að selja það áður en hún fær komið handritunum í peninga, — og væri slíkt hörmulega farið og setti óafmáanlegan blett á Tolstois-ættina.

Hvað þessi tvö sjónleika-handrit Tolstois áhrærir, veit enginn enn þá, hvort hægt verður að sýna þau á leiksviði, eða hvort þau einungis hafa bókmentalegt gildi. — En það eru flestallir fullvissir um, að þau verði stórmerk og bæti nýrri listagrein við skáldverk mikilmeanisins.

Hvernig á því stóð, að Tolstoi lét ekki prenta þessi handrit sín í lifanda lífi, eða á þeim tíma, sem þau voru samin, er alment álitið, að eigi rót sína að rekja til þess, að hin stórmikla auðsuppspretta, sem bækur hans 'Anna Karenina' og 'Stríð og friður' reyndust, átti ekki við skapferli hans, og fékk hann óbeit á, að gefa út fleiri bækur, sem líkur væru til, að mundu jafn arðvænlegar reynast. Hann sneri sér þá að því, að semja guðfræðis- og heimspekis-rit, sem vana lega færa litið í aðra hönd. Vegna þessara keipa Tolstois, byrjaði fyrst ósamlyndi milli þeirra hjónanna. Vildi kona hans að hann héldi áfram að semja sögur, því hún vissi að þær mundu reynast stórum mun meir arðberandi, og peningagræðgi hefir alt af verið Soffíu Tolstois aðaleinkenni. En Tolstoi hélt sinu fram og lét sig hvergi.

En hvort þessu er þannig varið, skiftir minstu. Hið markverðasta er, að handritin eru líklegt til að verða stór bókmentagróði, — og það er fyrir öllu.

Heimurinn fær aldrei of mikið af slíkum snilldarverkum eins og Leó Tolstoi reit, þá er hann var upp á sitt hið bezta.

Bréf á skrifstofunni eiga:
Mr. Hákon Bjarnason
Miss Jóhanna Jóhannsson.

Sendið Heimskringlu til vina yðar á Íslandi

Sigríður Jónsdóttir

(Föðursystir mín) dáin 1910, á Þrasastöðum í Skagafjarðarsýslu.

Frá þungum heimsins þrautum,
og þyrnum stráðum brautum;
nú frelsuð er þín önd,
og flutt til fegri heima,
sem fylling vona geyma,
þá jarðlífs sundur bresta bönd.

Þar engar undir blæða
og engin hryggir mæða,
þar falla' ei trega tár,
af angur þrungnum augum.
Í Jesú náðar laugum
öll eru grædd þín sorga sár.

Und björtu blóma skrauti,
í blíðu móður skauti,
þér svefninn verður vær.
Hún arma um þig vefur,
og unaðs blíðu gefur,—
þáró, sem engin raskað fær.

Á minninganna spjaldi, ég ótal myndir á
af öllum, sem að fylgdu mér vöggu minni frá,
fram á leiðir þær sem að liggja um tímanshöf,
þær leiðir sem að enda, í dimmri, kaldri gröf.

En aldrei mun það fyrnast.—Hin mæra myndin þín
þar mér er öllum kærri, og skýrust, frænka mín,
því betur engin hlúði að bernsku minnar rós,
í byljum kælu storma, og veitti meira ljós.

Frá æskudalnum kæra ég marga minning á,
sem mér í hjarta lifir og gleymast aldrei má
þær ljúfustu og beztu þú lagðir mér í skaut,
á liðnum bernskudögum, þá skjóls ég hjá þér naut.

Í lífsins reynsluskóla, sem lamar hjartans ró,
þú leystir vel af höndum þín mörgu, þungu próf,
því trúar ljósið hreina og helga, bjart þér skein,
á harmabrautum dimmum, og græddi sérhvert mein.

Ég ætla ekki að flétta neitt lof í þetta ljóð,
þú launa aldrei krafðist úr neinum heiðurssjóð.
En meira sumum vannstu—þó merkið bærir lágt,—
sem milding sæmir "orðum" og þjóðin tignar dátt,

Þá sigrar ellin þrekið, og sígur hels að blund,
er sælt að eiga vini, með hlálparfúsa mund,
þá hinsta sjúkdóms þrautin, þig mæddi allra mest,
í mærum dóttur örmum, þér reyndist skjólið bezt.

Á þyrnum stráðum brautum, við böl og beiska raun
nú búin ertu að stríða, og öðlast sigur laun.
Þú mæltir aldrei æðru, né hopaðir á hæl,
þó hörð þér reyndist gangan,—, frænka! vertu sæl.

Björn Pétursson

Blaðið Norðurland er viðsamlegast beðið að taka upp þessi eftirmæli.

SVAR,

til Sveins Kristjánssonar.

Höfundur að æfiminningu Ingólfs sál. bróður þíns er næsti nágranni þinn.

Magnús J. Borgfjörð.

KENNARA VANTAR

við Háland skóla No. 1227 Sex mánaða kensla, byrjar 1. maí. Skólaári ágústmánuð. Umsækjendur tiltaki, hvaða mentastig þeir hafi og hvaða kaup þeir biðji um. Umsækjendur sendi tilboð sín fyrir 20. april 1911 til undirskrifaðs.

Hove P.O., 11. marz 1911.

S. EYJÓLFSSON,
4-13 Sec'y-Treas.

---

sjái. Bölvaður sé hann. Og svo er sagt, að á himnum sé dómari, sem hegni hinum óguðlegu og varðveiti þá ráðvöndu. — Nei, hefnd, blóðuga hefnd, það er enginn dómari til. — Ég skal dæma hann —"

"Þey, — hann er þegar dæmdur", sagði öldungurinn alvarlega. "Já", bætti hann við og þrýsti unga manninum að brjósti sínu og kysti á enni hans, "hann er þegar dæmdur af guði og samvizku sinni. Við skulum ekki bölva neinum. Guð fyrirgaf ræningjanum á krossinum, þegar hann iðraðist, og Eberhard hefir ef til vill grátið blóðugum tárum yfir glæp sínum".

"Hann", sagði Móritz hörkulega. "Nei, nei. Hann hefir gengið sína glæpabraut, án þess að iðrast og án þess að betra sig. — En um það getum við talað seinna. — Segðu mér nú, pabbi, hvernig gaztu fengið af þér að yfirgefa mig og móður mína við slíka fátækt?"

"Hlustaðu nú á mig áður en þú sakfellir mig", sagði gamli maðurinn. "Ég ætla að halda áfram með sögu mína".

"Þegar mér loksins var bötnuð veikin, átti ég um tvo kosti að velja, annaðhvort að fara heim aftur og áþæra son minn um morðtilraun, — eða að yfirgefa þig og móður þína, og setjast að í því héraði, þar sem enginn þekti mig, og ég gat verið einn um endurminningar mínar. Ég vissi, að þú og Ágústa mynduð ekki neyð líða, því þið höfðuð í höndum nægar sannanir til þess að krefjast og hljóta all-mikinn hluta af eignum mínum. Ég var því óhræddur um ykkur, hvað fjármunalegar ástæður snerti".

"En þú gleymir loforði móður minnar".

"Hvaða loforði?"

"Að nota ekki skjöl þessi fyr en ég væri 20 ára".

"Því hefi ég ekki gleymt, en hún var laus við það loforð, þegar hún vissi að ég var dauður og hafði enga ráðstöfun gert ykkur til gagns".

Hún var nú á annari skoðun. En tölum síðar um það. Segðu nú sögu þína, pabbi".

"Nú, jæja, — eins og á stóð, þá valdi ég þann kostinn, sem mér fanst minstri hrygð valda. Ó, Móritz, þú skilur mig og fyrirgefur mér. Ég flutti til Sviss og keypti þetta litla býli. Theresa, sem var búin að missa foreldra sína, fór með mér. Mér þótti vænt um hana, og hún var mér mjög alúðleg og umhyggjusöm. Ég varð aftur mjög hættulega veikur, og leit helzt út fyrir að ég dæi, og þá lét ég gifta okkur, til þess að hún gæti fengið þær litlu eignir, sem ég skildi eftir".

"Mér batnaði aftur, og það mun að mestu hafa verið hjúkrun hennar að þakka. Ári síðar fæddi hún mér dóttur, hana Maritu mína".

"Nú, veiztu alt. Síðan hefi ég búið í þessum dal, án þess að heyra nokkuð um föðurland mitt. Ég hefi reynt að bæta úr broti mínu gegn þér og Ágústu, með því að vera þessum fátæklingum góður, sem hér búa. Dæmdu nú breytni mína, sonur minn".

"Það er ekki mitt að dæma þig", sagði Móritz, "en það eitt get ég sagt, að þrátt fyrir allar hörmungar mínar og þjáningar, þá mikilsvirði ég þig og blessa".

"En nú verðurðu að segja mér æfisögu þína", sagði gamli maðurinn.

"Já, hana skaltu fá að heyra".

Móritz byrjaði nú á lýsingu lífs sins, frá þeim tíma að hinn ímyndaði dauði greifans svifti þau allri aðstoð. Hann sagði frá móður sinni, sparsemi hennar, þjáningum og dauða af völdum Eberhards; hann mintist á sögu Jakobs, ást sína til Ísabellu og svik Eberhards við hana. Hann sagði frá öllu,

nema Angelu, því hann vildi ekki hryggja föður sinn með þeirri ógæfu, sem hann ekki þekti.

Þegar Móritz hafði lokið sögu sinni, sat öldungurinn þögull langa stund. Þrýsti honum svo að brjósti sínu og sagði:

"Minn eðallyndi, heiðursverði sonur. Þú hefir stritt og liðið eins og maður. Forsjónin hefir lagt harða reynslu fyrir þig, og hafirðu efast um náð guðs, þá verður það ekki reiknað þér til syndar. — Guð blessi þig, sonur minn".

Á þessu augnabliki voru dyrnar opnaðar, og Marita kom inn með ljómandi fallega vínþrúgnaskúfa á diski. Þegar hún var búin að leggja diskinn á borðið, flýtti hún sér til föður sins og fleygði sér í faðm hans.

"Marita — systir mín", sagði Móritz og tók utan um mitti hennar.

"Systir hans?" endurtók Marita og fölnaði.

"Já, já", sagði gamli greifinn og lagði hendur sínar á höfuð þeirra segjandi: "Guð blessi ykkur, börnin mín".

— — — — — — — — — —

Nokkrum dögum síðar bjó gamli greifinn sig undir langa ferð. Móritz hafði fengið hann til þess, að heimsækja föðurlandið enn þá einu sinni. — Hann þurfti ekki að auglýsa nafn sitt, ekki gagnvart Eberhard, hvað þá öðrum, nema ef honum sýndist svo.— Og öldungurinn gat ekki staðið af sér þessa bón.

Seinna átti Móritz að fylgja honum aftur til dalsins kyrláta. Þar vildi hann deyja hjá hjartkömönnunum, sem hann hafði lifað fyrir síðustu árin.

XI.

Helstríð föðurmorðingjans.

Við flýtum okkur með ferðafólkinu til Óðinsvíur, og komum þar að ættaróðals eigandanum á hans sæninni.

Lestir og óregla höfðu eytt hinum síðustu krónum Eberhards. Eftir hinn ímyndaða dauða Ísabellu hafði hann steypt sér út í ógurlegt svall og öhóf, til þess að reyna að draga úr hinum voðalegu sálarkvölum sínum; stundum lokaði hann sig inni heima hjá sér, án þess að sjá nokkurn annan mann en þjón sinn. En allar tilraunir til að bæta úr örvilnan sinni og angri, voru árangurslausar fyrir hann.

Að öðru leyti höfðu margar breytingar átt sér stað í héraði þessu, síðan við vorum þar seinast.

Barún Ehrenstam var nýlega dáinn, hann datt af hestbaki og hálsbrotnaði. Georg réð nú öllu í Liljedal, og var í meira lagi ónugur við móður sína, sem alt af hafði verið svo meinlaus við hann, en Ísabella lifði óþekt og gleymd hjá ættingja Hólms í Álmvík.

Samt var nú Hólm farinn að sækja hana, því eftir dauða föður sins þráði hún mjög að sjá móður sína, einkum eftir að hún vissi af bréfum Hólms, til Georg var vondur við hana.

Þannig var ástatt hauskvöld nokkurt, dimt og vætusamt, þegar ferðavagn nam staðar fyrir utan aðaldyrnar í Óðinsvík.

Út úr vagninum stigu Móritz, Marita og faðir þeirra. Þau höfðu frétt um veikindi Eberhards, og gamla greifann langaði til að sjá þennan ógæfusama son sinn enn einu sinni, til þess að geta hvíslað að honum fyrirgefningu sinni og huggað hann.

MARTYN F. SMITH,
TANNLÆKNIR.
Fairbairn Blk. Cor Main & Selkirk
Sérfræðingur í Gullfyllingu og öllum aðgerðum og tilbún aði Tanna. Tennur dregnar án sársauka. Engin veiki á eftir eða gómbólga. —
Stofan opin kl. 7 til 9 á kveldin
Office Phone Main 6944. Heimilis Phone Main 6462

Sherwin - Williams
PAINT
fyrir alskonar húsmálningu.
Prýðingar-tími nálgast nú. Dáltið af Sherwin-Williams húsmáli getur prýtt húsið yðar utan og innan. — Brúkið ekker annað mál en þetta. — S.-W. húsmálið málar mest, endist lengur, og er áferðarfegurra en nokkurt annað hús mál sem búið er til. — Komið inn og skoðið litarspjaldið. —
Cameron & Carscadden
QUALITY HARDWARE
Wynyard, - Sask.

JIMMY'S HOTEL
BEZTU VÍN OG VINDLAR.
VÍNVEITARI T.H.FRASER.
ÍSLENDINGUR. : : : : :
James Thorpe, Eigandi

MARKET HOTEL
146 Princess St.
á móti markaðnum
P. O'CONNELL, eigandi, WINNIPEG
Beztu tegundir af vínföngum og vind um, aðhlynning góð, húsið endurbætt

Woodbine Hotel
466 MAIN ST.
Stærsta Billiard Hall í Norðvesturlandinu Tíu Pool-borð.—Alskonar vín og vindlar
Gisting og fæði: $1.00 á dag og þar yfir
Lennon & Hebb,
Eigendur

JOHN DUFF
PLUMBER, GAS AND STEAM FITTER
Alt verk vel vandað, og verðið rétt
664 Notre Dame Av. Phone Garry 2508
WINNIPEG

A. S. TORBERT'S
RAKARASTOFA
Er í Jimmy's Hótel. Besta verk. ágæt verkfæri; Rakstur 15c en Hárskurður 25c. — Óskar viðskifta Íslendinga. —

A. S. BARDAL
Selur líkkistur og annast um útfarir. Allur útbúnaður sá bezti. Enfremur selur hann alskonar minnisvarða og legsteina.
121 Nena St. Phone Garry 2152

Frá Glenboro

Herra ritstj. B. L. Baldwinson.

Það er ósk mín, að þú gefir eftirfylgjandi línum rúm í blaði þínu. — Sökum þess, að ég hefi dvalið hér í Glenboro um þriggja mánaða tíma, þá langar mig til með fáum orðum að minnast á félagslífið á meðal landanna hér eins og það hefir komið mér fyrir sjónir á nefndum tíma.

Eins og kunnugt er, þá er Glenboro einn í tölu smábæjanna hér í Manitoba sléttlendinu, og eins og nú er, þar sem náttúran hefir þakið alt sléttlendið með sínni þykku, mjallahvítu snjóbreiðu, þá mundi nú ekki ókunnugur ferðamaður, sem ætti leið sína hingað, gera sér háar hugmyndir um andlega lífið hér á meðal íbúa bæjarins, þar sem augu hans staðnæmdust að eins á fáeinum litlum húsum stand andi upp úr hinni endalausu snjóbreiðu. En ef nefndur ferðamaður dveldi hér dálitinn tíma, þá mundi hann fljótt sannfærast um það, að ekki er æfinlega alt sem sýnist. — Þrátt fyrir það, þó uppskeran næstliðið sumar brigðist bændunum helzt um of, og þrátt fyrir það þótt þessi vetur hafi verið í harðara lagi, þá er þó líf og fjör á meðal landanna í litla bænum Glenboro að tiltölu fullkomlega á móts við það, sem tiðkast í hinum stærri bæjum.

Það er þá fyrst að segja, að landar vorir hér hafa haldið spilasamkomur tvisvar í mánuði og einnig hafa danssamkomur verið haldnar tvisvar í mánuði í íslenzka samkomusalnum hér, í allan vetur Nefndar samkomur hafa byrjað kl. 8 að kveldinu og staðið yfir til kl. 1 að nóttunni. Þessar skemtisamkomur hafa verið vel sóttar, farið vel fram og fólkið skemt sér vel.

Ennfremur hafa margir landar hér sameinað sig og myndað lestrarfélag. Þetta lestrarfélag er vonum framar stórt, þótt það óneitanlega gæti verið stærra, ef allir landarnir hér sameinuðu sína efnahagslegu krafta. En því miður lítur það svo út hér, eins og víða annarstaðar á meðal landanna, að þeir séu enn þá ekki farnir að gera sér skýra grein fyrir því, hversu miklu meiru sameinaðir kraftar geta til leiðar komið, heldur enn sundurdreifðir. Það er þó enginn efi á því, að nefnt lestrarfélagsfyrirtæki er í alla staði mjög svo heppilegt, þar sem það bæði styttir langar vetrarstundir og gefur andlegan fróðleik. Enda er það í sinu insta eðli alveg ómissandi fyrir alla þá, sem vilja teljast meðal hinna mentuðu þjóða heimsins.

Nefnt lestrarfélag heldur fundi sína vikulega, og er þá vanalega skemt sér eftir ástæðum, þótt aðaláherzlan sé lögð á að æfa mælskuhæfileikann, svo þar af leiðandi eru kappræður mjög svo tíðar. En hér er nú, sem oftar vill verða, að það er galli á gjöf Njarðar.

Þrátt fyrir alla alþýðumentunina í landi þessu og þrátt fyrir alt frjálsræðið, sem æskulýðurinn hér elzt upp við, og sem þó samkvæmt eðli sínu ætti að vera kjarkaukandi meðal fyrir hinn uppvaxandi æskulýð, þá er það þó sorglegur sannleikur, að það er mjög svo erfitt og gengur undantekningum næst, að hægt sé að fá unga fólkið til að koma fram á formlegum ræðupalli til að láta skoðanir sínar í ljósi.

Þá liggur nú næst fyrir með fáum orðum að minnast á tilfinningalífið á milli karls og konu hér.

Um það er ekki annað hægt að segja en að það sé mjög fjörugt, enda eru sumir jafnvel farnir að halda, þótt óliklegt megi virðast, að ástaguðinn hafi haft í seli hér í vetur, og ef svo skyldi hafa verið, þá er ekki annað hægt að segja, en að honum hafi tekist heldur vel, þar sem honum á stuttum tíma hefir tekist að sameina þrenn pör í þetta eftirþráða hjónaband. Eitt af þessum nefndu pörum er þó sannarlega á þeim aldri, sem sameiningartilfinningin á milli karls og konu er þó vanalega farin að dofna. — En ofanritað dæmi er því mjög vel fallið til að sýna þeim persónum, sem eru komnar á hin svokölluðu örvæntingarár, að margur á sín lengi að bíða, eins og máltækið kemst að orði, og að enginn skyldi örvænta um skör fram.

Þann 10. febr. sl. voru gefin saman í hjónaband af sér Clark (enskum presti) þau Mr. G. J. Oleson og Miss Kristín Thompson. Mr. Oleson er landbóndi nálægt Glenboro bæ. Hann er velkyntur maður og drengur góður og hlýtur að líkindum að vera heldur viðþektur, þar sem hann svo oft ritar í íslenzku blöðin í Winnipeg með sínu rétta nafni undir. Miss Kristín Thompson (nú Mrs. Oleson) hefir unnið við verzlun hér í nokkur ár. Ennfremur hefir hún verið sunnudagaskólakennari hér, og starfað að því með ástundun og alúð, enda hefir hún með framkomu sinni hér áunnið sér hylli fólks þess, er hana þekkir.

Strax eftir að giftingarathöfnin var afstaðin, lögðu brúðhjónin af stað, eins og lög gera ráð fyrir, í skemtiferð þá, sem tíðkast við þess konar tækifæri í landi þessu. Fyrst fóru þau til Winnipeg, þaðan til Selkirk og því næst til Nýja Íslands.

Á meðan nefnd brúðhjón voru á skemtiferð sinni, tóku nokkrir íbúar Glenboro sig saman um að halda nefndum brúðhjónum heiðurssamsæti við heimkomu þeirra. Heiðurssamsæti þetta fór fram þ. 28. febr. sl. í íslenzka samkomusalnum. Samkoman byrjaði kl. 8 síðdegis og stóð yfir til kl. 3 um nóttina. Samkoman byrjaði fyrst með því, að menn settust við spil og var þeirri skemtun haldið áfram til kl. 11. Því næst byrjuðu ræðuhöld, og voru það að eins 4 menn, sem gáfu kost á sér að skemta á þann hátt. Eftir að þess ir fjórir menn höfðu haldið tölur sínar, sté heiðursgestur samkomunnar, Mr. G. J. Oleson í ræðustólinn, og þakkaði forstöðumönnum samsætisins þann heiður, sem þeir með nefndri samkomu hefðu sýnt sér og konu sinni, o. s. frv.— Að þessu hvörutveggju afloknu fóru fram veitingar, sem bæði voru nægilegar og í alla staði vel fram reiddar, og þar af leiðandi samsætis forstöðumönnunum til heiðurs. Eftir að veitingarnar voru afstaðnar, var byrjað að dansa, og var þeirri skemtun haldið áfram til kl. 3 um nóttina. Eftir þann tíma fór fólkið að halda heim til sín, ánægt yfir góðri skemtun og góðum veitingum. Um 90 manns sóttu nefnda samkomu.

Ennfremur skal þess getið, að ógifta fólkið í Glenboro fékk Mr. Alex Johnson til að afhenda brúðhjónunum myndarlega heiðursgjöf, sem mun hafa kostað um $12.00.

Því miður þekti ég að eins þrjár persónurnar, sem stóðu fyrir ofannefndu samsæti, og voru þær þessar: Heiðurshjónin Mr. og Mrs. Gillis og Mr. Guðmundur Jónsson smiður.

Glenboro, 4. marz 1911.
I. G. Sveinsson.

AVARP

til alþingismanns Doricefs Jónssonar í Holum á þingmálafundi Nesjamanna 18. desember 19 0.

Vegleg staða' og vanda háð
veitt er þér í okkar bygðum;
þú skalt vernda þettað láð,
þjóðar skaltu efla ráð,
hratt fram knýja hreysti' og dáð,
hlynna' að gönnum frelsis dygðum.
Vegleg staða' og vanda háð
veitt er þér í okkar bygðum

Höggðu sundur fjötra farg,
frelsis kveiktu loga bjarta,
hopaðu ekki heldr en bjarg
hræðstu hvorki þý né varg
láttu ei þræla lymskra sarg
leiðir troða' og þjóðar hjarta.
Höggðu sundur fjötra farg,
frelsis kveiktu loga bjarta.

Vér sem elskum Ísaláð
og unnum því sem móðir barni,
þolum hvorki þræla náð,
þrælatök né fantaráð,
skulum sýna dug og dáð
svo dafni sannur frelsis kjarni
Vér sem elskum Ísaláð
og unnum því sem móðir barni.

Ef þú vilt öðlast okkar traust
ekki máttu hopa' í verki,
aldregi skaltu láta laust
lands og þjóðar von og traust;
ef það sker er endalaust
ólukkunnar sigur merki,
Ef þú vilt öðlast okkar traust
ekki máttu hopa í verki.

Berðu frelsis fánann hátt!
fólkið krefst þess þörfin kallar,
hann skal aldrei lúta látt,
lands og þjóðar hjarta slátt
heyrir þú í hverri átt
og hverjum bæ um sveitir allar
Berðu frelsis fánann hátt,
fólkið krefst þess þörfin kallar.

Farðu heill á þjóðar þing,
þaðan komdu heiðri klæddur;
í vandasömum verka hring
voði stendur alt í kring
seldu' ei þína sannfæring
svo þú verðir ekki hæddur
Farðu heill á þjóðar þing
þaðan komdu heiðri klæddur.

Eym. Jónsson

Skrifið yður fyrir HEIMSKRINGLU svo að þér getið ætið fylgst með aðal málum Íslendinga hér og heima.

THE DOMINION BANK
HORNI NOTRE DAME AVENUE OG SHERBROOKE STREET
Höfuðstóll uppborgaður: $4,000,000.00
Varasjóður - - - $5,400,000.00
Vér óskum eftir viðskiftum verzlunar manna og ábyrgumst að gefa þeim fullnægju. Sparisjóðsdeild vor er sú stærsta sem nokkur banki hefir í borginni.
Íbúendur þessa hluta borgarinnar óska að skifta við stofnun sem þeir vita að er algerlega trygg. Nafn vort er fullrygging óhlutleika. Byrjið spari inulegg fyrir sjálfa yðar, komu yðar og börn.
Phone Garry 3450 Scott Barlow, Ráðsmaður.

Vitur maður er varkár með að drekka eingöngu HREINT ÖL. Þér getið jafna reitt yður á
DREWRY'S
REDWOOD LAGER
Það er léttur, freyðandi bjór, gerður eingöngu úr Malt og Hops. Biðjið ætið um hann.
E. L. DREWRY, Manufacturer, Winnipeg

Með því að biðja æfinlega um "T.L. CIGAR," þá ertu viss að fá ágætan vindil.
Smoke the T.L. CIGAR
T.L.
(UNION MADE)
Western Cigar Factory
Thomas Lee, eigandi Winnipeg

STRAX Í DAG er BEZT AÐ GERAST KAUPANDI AÐ HEIMSKRINGLU. — ÞAÐ ER EKKI SEINNA VÆNNA.

Manitoba á undan.

Manitoba hefir víðáttumikla vatnsfleti til uppgufunar og úrfellis. Þetta, hið nauðsynlegasta frjógunarskilyrði, er því trygt.

Ennþá eru 25 milión ekrur óbygðar.

Íbúatal fylkisins árið 1901 var 225,211, en er nú orðið um 500,000, sem má teljast ánægjuleg aukning. Árið 1901 var hveiti og hafra og bygg framleiðslan 90,367,085 bushela; á 5 árum hefir hún aukist upp í 129,475,943 bushel.

Winnipeg borg hafði árið 1901 42,240 íbúa, en hefir nú um 150,000; hefir nálega fjórfaldast á 8 árum. Skattskildar eignir Winnipegborgar árið 1901 voru $26,405,770, en árið 1908 voru þær orðnar $116,106,390. Höfðu meir en þrefaldast á 7 árum.

Flutningstæki eru óviðjafnanleg,— í einu orði sagt, eru í fremsta flokki nútíðartækja: Fjórar þverlandsbrautir liggja um fylkið, fullgerðar og í smíðum, og með miðstöðvar í Winnipeg. Í fylkinu eru nú nálega 4 þúsund milur af fullgerðum járnbrautum.

Manitoba hefir tekið meiri landbúnaðarlegum og efnalegum framförum en nokkurt annað land í heimi, og er þess vegna ákjósanlegasti aðsetursstaður fyrir alla, af því þetta fylki býður beztan arð af vinnu og fjárleggi.

Skrifið eftir upplýsingum til: —

JOS. HARTNEY, 77 York Street, Toronto, Ont.
JOS. BURKE, 178 Logan Avenue, Winnipeg, Man.
A. A. C. LaRIVIERE, 22 Alliance Bldg., Montreal, Quebec,
J. F. TENNANT, Gretna, Manitoba,

J. J. GOLDEN,
Deputy Minister af Agriculture and Immigration, Winnipeg.

Við göngum inn í svefnherbergi Eberharðs. — Hann er þar einsamall í rúmi sínu, því aðið, sem á honum var, og einkum gerði vart við sig í óráðsspjalli hans, hrakti alla í burt frá banabeði hans.

Hann vildi heldur engan mann hafa hjá sér. Hann hafði lifað einlíti, og hann vildi deyja einn.

Menn höfðu stungið upp á því, að láta prest koma og hugga hann, en hann hló tryllingslega og spurði, hvort þeir héldu sig vera vitlausan.

Sjúklingurinn sat réttum beinum í rúminu og hafði sveipað rekkjuvoðinni um herðar sér, og var þannig ásýndum, að hugdjörfustu mönnum hefði skotið skelk í bringu við að sjá hann. Glampinn í svörtu augunum, sem lágu innarlega í höfðinu, var það eina, sem bar vott um líf. Kinnarnar voru óskugráar og holdlausar, hárið úlígrátt, hékk í flyksum ofan á vott enniið af dauðasvita.

Eberharð þjáðist af voðalegum veikindum, sem læknarnir nefndu 'tabes dorsalis'.

Á vörunum lék ógeðslegt bros, tönnunum hafði hann bitið saman, til þess að byrgja inni líkamlegu og andlegu kvalirnar, sem voru að tæta hann í sundur.

Eins og áður er sagt, hafði hann sezt upp í rúminu, og veifaði nú höndunum í hring um sig eins og hann sæi vofur. Loksins sagði hann með röddu, sem engri mannlegri rödd líktist:

"Ha, við hyldýpið. Þarna eru þeir þá aftur — þessir fólu — ógeðslegu — blóðugu draugar. — Þeir ögra mér — kalla á mig — og ég er einn — hú—einn. Hér er svo kalt — og ég finn að dauðinn er að láta hjarta mitt frjósa — hjarta mitt, sem enginn vonargeisli kemst í nánd við til að verma—"

"Ég á að deyja — deyja? Já, — því blóðugu skuggarnir af föður mínum — sem ég myrti — systur minni, sem ég svívirti — heytmey minni, sem ég

kom til að fremja sjálfsmorð,— — benda mér að koma. Þeir vilja dansa, við mig — á glóðheitu járni. Nú, jæja, komdu þá Angela, Ísabella — fórnardýr mín, — komið þið, við skulum dansa. Ha, ha".

Hlátur Eberharðs var hræðilegur.

"Við skulum dansa", bætti hann við, "jæja. Við skulum dansa við púkana úr víti fyrir hinum hæsta dómstóli. — Dómstóli — hann er ekki til — enginn guð, enginn refsari. Alt endar með þessu lífi. Ormarnir éta líkama okkar,— og sálin, deyr hún? Slokknar hún eins og kertisljós? — Já, nei, ég veit ekki — ég trúi engu. Jú, ég veit hún brennur — brennur við eilífar kvalir. Djöflarnir setja hana á járntein og steikja hana til morgunverðar, segja prestarnir, en svo verður hún aftur heil og er soðin í sjóðandi vatni — en ég trúi ekki prestunum — þeir eru lygarar allir til samans —"

"En ef það væri satt, — ef það væri til refsari,— ef að þruman, sem hamast í skýjunum, væri hótunarorð frá guði til glæpamanna".

"Ef ég mætti honum þar efra, sem ég steypti í fljótið, — ef ég mætti honum eitt augnablik, þá vildi ég heldur steypa mér ofan í hyldýpið til þess að þurfa ekki að sjá hann".

"Hú, þarna eru þeir komnir aftur í dimma krókinn. — Já, ég sé þá, þó dimt sé. — En máske þeir fari, ef meiri birta er. Heyrðu, Pierre,— ljós, ljós".

"Þjónninn kom þjótandi inn, þegar hann heyrði greifann kalla.

"Hvað viltu, herra greifi?" spurði hann.

"Ljós — kveiktu ljós".

"En hér eru ljósin allstaðar".

"Já, það er satt. — Farðu þá, — ég vil vera einn. Mér sýndist hér svo dimt".

Þjónninn ætlaði að fara.

"Nei, biddu", kallaði greifinn.

"Hvað viltu, herra greifi?"

"Heyrðu, Pierre. — Heldurðu að nokkur djöfull sé til?"

"Já, hver efast um það?"

"Asninn þinn. — Heldurðu þá að nokkur guð sé til?"

"En þær spurningar. Ég skal sækja prest, ef þú vilt. Hann getur talað við þig um guð".

"Farðu norður og niður með prestana þína. Heldurðu að ég ætli að drekka kirkjuskolpið þeirra? — Nei, ég vil fá kampavín. Farðu og sæktu eina flösku af kampavíni, Pierre"

"Læknirinn hefir bannað að gefa þér vín".

"Læknirinn? Hver er að spyrja um hann, asnann þann? — Er hann hér enn? Láttu þá vinnumennina kæfa hann í Inn —"

"Þey — nú tala ég af mér. — Útvegaðu mér kampavín, þrællinn þinn, eða ég rek þig burt".

Að þú skulir geta talað þannig í andarslitinu. Hvers vegna ertu alt af að kalla á djöfulinn?"

"Af því hann er eini ættingjinn minn eins og stendur. En, farðu, Pierre. Ég vil ekki sjá þig oftar".

Glaður yfir því að losna við greifann, flýtti Pierre sér út til hinna þjónanna.

Það var á þessu augnabliki, sem vagninn ók að dyrunum. Tveir af þjónunum þutu út til að sjá, hver kominn væri.

Á meðan reyndi Eberharð að standa á fætur, en gat ekki, svo hann hné máttvana ofan á koddann aftur.

"Það er hræðilegt, að deyja svona einmana", sagði Eberharð, "að eins hjúkrað af leigðum hönd-um. — Og flóníð hann Pierre, sem heldur að til sé djöfull. — Einn djöfull, — hvaða gagn er að því? Nei, til að kvelja mig eilíflega þarf heila legión,— það væri réttlátt, — en það er ekkert réttlæti til, — það

er lygi. — Ó, guð, en hvað ég þjáist. — Guð? — En sú heimska, það er enginn guð til. Faðir minn er dauður. — Ég sé hann aldrei aftur. — Hann lifir ekki — hvorki á himni né jörðu".

"Hann lifir", sagði rödd rétt hjá honum.

Eberharð hrökk við og leit til dyranna.

Dyrnar höfðu verið opnaðar, og á þröskuldinum stóð hvíthærður öldungur, sem studdist við ungan mann. Bak við þá gægðist Marita inn.

Hann lifir og fyrirgefur þér, ógæfusami maður", endurtók öldungurinn með titrandi röddu.

"Ha, hvers rómur er þetta?" kallaði Eberharð "Hvar hefi ég heyrt þessa rödd?"

Gamli maðurinn reikaði að rúminu.

"Hann kemur nær", kallaði Eberharð tryllingslega. "Nei, komdu ekki, gamli, — burt — burt — burt. — Ó, ég kafna".

"Það er faðir þinn", sagði öldungurinn. "Ég er kominn til að fyrirgefa þér. Ég er ekki dauður".

Eberharð hafði hnigið ofan á koddann. Hann heyrði ekki orð föður sins. Hjarta hans var sprungið.

Á þenna hátt endaði sorgarleikurinn, sem byrjaður var í París, þegar Crispin varð þess var, að Matthildur Stjernekrans, sem hann bjargaði frá höggstokknum, hafði svikið hann.

XII.

Endir.

"Og nú", sagði Móritz við föður sinn, daginn sem Eberharð var jarðsettur, "nú er ég eigandi Öð-

Sómi Íslands, sverð og skjöldur.

Gjafir til minnisvarða JÓNS SIGURÐSSONAR.

Frá UPHAM, N. Dak.

Job Sigurðson 50c, Mrs. Job Sigurðson 25c, Jacob Sigurðson 25c, Magdalena Sigurðson 25c, Guðr. Benediktson 25c, Gísli Benediktson 25c, Björn Ásmundson 25c, Mrs. B. Ásmundson 25c, Walter G. Hillman 25c Mrs. Walter G. Hillman 25c, Ben. K. Björnson 25c, Guðbjartur Johnson 25c, Guðrún Johnson 10c, J. F. Hannesson 50c, Ernest Goodman 25c, Mrs. E. Ghodman 25c, Sig. Swanson 25c, Mrs. M. Swanson 25c, E. M. Westford 25c, Victor F. Hannesson 25c, Jóhannes Magnússon 25c, Mrs. Steinunn Magnússon 25c, E. J. Sigurðson 25c, J. E. Westford 50c, Th. J. Breiðfjörð 25c, S. B. Johnson 50c, Sveinn Sveinbjörnson 25c, Sigríður V. Sveinsdóttir 25c, Geo. Goodman 20c, Anna Goodman 20c, Elinborg Goodman 10c, Guðný Goodman 10c, Guðbjörg Goodman 10c, Jóna Goodman 10c, Helga Goodman 10c, Alexander Goodman 10c, Walter Goodman 10c, Jón Svindal 25c, Ásgeir Peterson 25c, B. T. Benson 50c, Mrs. B. T. Benson 50c, I. H. Johnson 25c, Lillie Benson 25c, Walter Árnason 50c,

Frá BANTRY, N. Dak.

Sigurður Jónsson 25c, Margrét Jónsson 25c, Haraldur J. Jónsson 10c, Salvör Jónsson 10c, Gísli Jónsson 10c, Helga Jónsson 10c, Skarphéðinn Jónsson 10c, Magnús Ólafsson 25c, Mrs. M. Ólafsson 25c Halley Ólafsson 25c.

Frá TACOMA, Wash.

J. G. B. Johnson 50c, Mrs. J. Baldwin 25c Mrs. Guðrún Kristjánsson 25c, Albert Maxin 25c, Mrs. Martha Maxin 25c, G. V. Maxin 25c, J. Maxin 50c, Mrs. Sigurdrif Maxin 50c, H. Th. Maxin 10c, J. G. Johnson 50c, Mrs. Ena Zimsen 50c, Mrs. Rósa Smith 50c, Miss Debbie Halldórson 25c, E. S. Guðmundsson 50c.

Frá WEST SELKIRK, Man.

Sigurður Erlendson 50c, Mrs. Hólmfríður Erlendson 50c.

Frá CANDAHAR, Sask.

Thorlákur Jónasson $1, Kristrún Jónasson $1.

Frá WINNIPEG.

Petra Th. Jónasson $1, Valgerður Th. Jónasson $1, Jónas Th. Jónasson $1, Mrs. Sigríður Hnappdal 50c Sigurgeir Thórdarson 50c, Mrs. S. Thórdarson 25c, Miss Ólöf Thórdarson 25c.

Thorsteinn I. Hallgrímsson $1, Lindal J. Hallgrímsson $1, Mrs. L. J. Hallgrímsson 50c, B. L. Hallgrímsson 50c, Thorleifur Peterson $1, Miss Ingibjörg Peterson 50c, Miss Jóhanna Abrahamson $1.

Frá PORTAGE LA PRAIRIE.

Mrs. Anna Baker 50c, Emma Bergson 25c, Páll Nordal 50c, Kristín Nordal 50c, Halldór O. Nordal 25c, Sam. Johnson $1.

Frá ROULEAU, Sask.

Sigurður Hólm 50c, Mrs. S. Hólm 50c.

Frá BLAINE, Wash.

Halldór Sæmundson $1, Pétur Finnson 50c, Valdimar Eyford 25c, Þorsteinn Jónsson 25c, J. E. Anderson 25c, G. Illhugason 50c, Stefán J. Guðmundson 50c, Árni Mikeson $1, S. Sigurðsson 25c, Magnús Einarsson 25c, H. Teitsson 25c, Magnús Friðrikson 25c, John G. Reykdal 25c, Mrs. J. G. Reykdal 25c, Augústus S. Reykdal 25c, Gísli Sæmundson 50c, Sigrún S. Bárðarson 25c, Ottó Wathne B. Bárðarson 25c, Mrs. S. Bárðarson 25c, Sigurður Bárðarson 25c, Leó Breiðfjörð S. Bárðarson 25c.

Frá VICTORIA, B. C.

J. Ásgeir J. Lindal $1, Fteinunn C. Lindal 50c, Jacob A. Victor Lindal 25c, Jóseph C. Harper Lindal 25c, Skúli Johnson 25c, Halldóra Johnson 25c, Jón Leví Johnson 25c, Sveinn Helgi Johnson 25c, Augusta Johnson 25c, A. J. Arnason 50c, Einar Brandson 50c, Sigríður Brandson 25c, Bjarni Brandson 25c, Brandur Brandson 25c, E. G. Brandson 25c, Margrét J. Brandson 25c, John Herman Fisher 25c, Raymond Arthur Fisher 25c, Sigfús B. Goodman 25c, James Goodman 25c, Arthur Goodman 25c, Samuel Goodma 25c, Belle Goodman 25c, Fredrick Goodman 25c.

Frá MOZART, Sask.

Arthur A. Johnson 50c, Mrs. A. A. Johnson 50c, Walter A. Johnson 25c, S. A. Johnson 25c, Sæm. Björnson 50c, Sig. S. Björnson 50c, Mrs. S. S. Björnson 50c Franklin Björnson 25c, Ólafía S. Björnson 25c, Jón S. Björnson 50c, Mrs. Sólveig Björnson 50c, Þórður Árnason 50c, Sigurrós Árnason 50c, Árni Páll Árnason 25c, Tómas J. Árnason 25c, Laura Árnason 25c, Stefania Árnason 25c, Árni Sigurðsson 50c, Kristjana Sigurðsson 25c, Björn Anderson 25c, J. H. Björnsson 50c, St. Arngrímson 25c Jón Arngrímson 25c, Mrs. J. Arngrímson 25c, Valdimar Iverson 25c Thorbjörg Arngrímson 25c, M. S. Sigurðson 25c.

Frá WYNYARD, Sask.

Th. Jónasson 50c, Sigurður Th. Jónasson 10c, Mrs. Th. Jónasson 50c, Jónas Th. Jónasson 10c, Pétur Th. Jónasson 10c, Miss Olive Breiðford 25c, J. F. Bjarnason 25c, Mrs. F. Bjarnason 25c, Laurie Johnson 50c, Jón Guðmundson 50c Mrs. Jón Guðmundson 25c, Bjössi Guðmundson 25c, Ólafur Anderson 25c, Friðjón Backmann 50c.

Frá LÖGBERG, Sask.

G. Egilsson 25c, F. Friðrikson 50c, A. Anderson 25c, O. Anderson 50c, G. Anderson 50c, J. P. Anderson 25 cent, I. Anderson 25 cents, G. O. Anderson 25 cents, J. Einmiss E. Einarsson 25c, Jóh. Einarsson, yngri, 25c, S. J. Einarsson 25c, Mrs. J. Einarsson 25c.

Frá CALDER, Sask.

P. Egilsson 25c, W. H. Hoar 25c, J. G. Dew 25c, H. G. Egilson 50c.

Frá BALDUR, Man.

Jón Björnsson $1, Mrs. Helga Björnsson $1, C. Benedictson $2, Christian Johnson $1, Mrs. C. Johnson $1, Jónína H. Johnson 50c Margrét G. Johnson 50c, J. A. Johnson 50c, Tómas Johnson 50c, Andrea Anderson 50c, Bjarni Jónasson $1, H. J. Eggertson 50c, Mrs. H. J. Eggertson 50c, Hafsteinn Snydal 50c, John S. Johnson 25c, Mrs. Jl S. Johnson 25c, Einar Sigvaldason 50c, Mrs. Einar Sigvaldason 50c, Thórhallur Sigvaldason 25c, Pétur Sigvaldason 25c, Ingólfur Sigvaldason 25c, Eðvald Ólafsson 25c, B. S. Johnson 25c, H. V. Guðmundson 25c, Sveinn Björgólfsson 25c, Margrét Sigurðardóttir 50c, A. T. Ísberg 50c, Mrs. A. T. Ísberg 50c, Markús Johnson $1, John J. Breidal 25c, Mrs. J. J. Breidal 25c, Hjörtur Davíðsson 25c, Chr. Guðnason 20c, Jóel Jósephson 50c, Gunnlaugur Davíðson 50c, Mrs. Gunnlaugur Davíðson 50c, Guðlaug Arnbjörg Snidal 50c, Halldór J. Berg 25c, Mrs. Halldór J. Berg 25c, J. Ruth 25c, Mrs. J. Ruth 25c, Guðm. Ruth 85c, Mrs. Guðm. Ruth 25c, Thorfinnur Jóhannesson 25c, Mrs. Thorf. Jóhannesson 25c, Jóhannes Jóhannesson 20c, Ingólfur Jóhannesson 20c, Páll Jóhannesson 20c, Andrea V. Jóhannesson 20c, Kristrós Helga Jóhannesson 20c, Óli Ágúst Jóhannesson 5c, Fjóla Thórlina Jóhannesson 5c, Valgerður Jóhannesson 5c. Jóhanna Martha Jóhannesson 5c, Finnbogi Jóhannesson 5c, Pétur Christopherson 50c Páll Guðnason 25c, H. J. Skagfjörð 25c Andrés Helgason 25c, Hjörtur Sigurðsson 50c, Mr. og Mrs. Skardal $1.25, Mrs. Ingibjörg Christiansson 50c, Fjóla Christiansson 50c, Sigurður Antonius 50c, Stigur S. Antonius 25c, Svanhvit Antonius 15c, Valdís Antonius 10c, Þorkell Eirickson 25c, Mrs. Erickson 25c, M. Erickson 10c, G. Eirickson 25c, J. Erickson 25c, L. Erickson 25c, séra F Hallgrímsson $1, Mrs. F. Hallgrímsson $1, Mrs. Þ. Gíslason 50c.

Frá GIMLI, Man.

Jón Pétursson 50c, Mrs. Jón Pétursson 50c, Kr. J. Pétursson 25c, A. S. Pétursson 25c, Í. J. Pétursson 25c, K. H. Pétursson 25c, F. Einarsson 25c, Jóhann V. Jónsson 50c, Mrs. J. V. Jónsson 50c, Magnús Narfason 30c, Mrs. M. Narfason 30c, Sigurður Einarsson 50c, Kristján Einarsson 50c, Ásmundur Einarsson $1, Einar Einarsson 50c, Mrs. E. Einarsson 25c, Einar S. Einarsson 10c, E. E. Einarsson 50c, G. Thorsteinsson 50c, Sólm. Simonsson 25c, Mrs. S. Simonsson 25c, John H. Stevens 40c, John Stevens 25c, Mrs. John Stevens 25c, Guðmundur Fjeldsted 50c, Mrs. G. Fjeldsted 50c, Jóh. Ólafsson 50c, Magnús Halldórsson $1, Mrs. Guðbjörg Halldórsson $1, Miss Magnúsína Halldórsson 50c, Miss Júliana Halldórsson 50c, Gísli Sveinsson (Lóni) 50c, Mrs. Margrét Sveinsson (Lóni) 50c, Miss Ólöf Sveinfríður Sveinsson (Lóni) 50c, Miss Sigríður D Sveinsson (Lóni) 50c, Miss Marta Sveinsson (Lóni) 50c, Miss Jórunn Jónsdóttir 50c, B. Frímannsson $1, Mrsj Ingibjörg Frímannsson $1, Miss Lovísa Frímannsson $1.

Frá MOUNTAIN, N. Dak.

Sigurður Johnson $1, B. S. Johnson $1, H. S. Johnson $1, J. S. Johnson $1.

Frá CAVALIER, N. Dak.

W. S. Johnson $1, Runólfur Sigurðsson 50c.

Frá MINNEAPOLIS, Minn.

S. Paulson $1, Mrs. Bena Johnson 50c, Miss Mae Johnson 25c, Joe Guðmundsson 50c, Mrs. Salina Magnús 50c, Bveinn Magnús 50c, W. S. Paulson 50c, Kristín Árnason $1, E. M. Anderson $1, H. Lárusson $1, Magðalena Lárusson $1, Árni Thórvarðsson $1, H. Bjering 25c, Mrs. Margrét Jones 50c, August Guðmundsson 50c, Sven Björnson 50c S. E. Zeuthen 50c, Mrs. George A. Lhamon 50c, Mrs. J. Hoen 50c, Martin Gillis 50c.

Frá GARDAR, N. Dak.

Mr. og Mrs. G Thorleifsson $1, H. Helgason $1, Helgi H. Helgason 50c, Jón H. Helgason 50c, Oddur Dalmann 50c, Th. T. Kristjánsson 50c, Trausti Kristjánsson 50c, Mrs. Tr. Kristjánsson 30c, Tómas Jóhannsson 25c, Guðmundur Jónsson $1, séra Lárus Thórarensen $2, Herg. J. Hallgrímsson 25c, Guðrún Kristjánsson 25c, Kristín Kristjánsson 25c.

Frá BELCOURT, Man.

A. Sveinbjörnson $1, Mrs. A. Sveinbjörnson 50c, Miss Rúna Sveinbjörnson 10c, Miss Elín Sveinbjörnson 10c, Miss Ivy Sveinbjörnson 10c, Þorbj. Sveinbjörnson $2, Sigurður Sveinbjörnson $1, G. J. Jónasson 50c, Mrs. G. J. Jónasson 50c, J. K. Jónasson 10c, L. A. Jónasson 10c, G. V. Jónasson 10c, Miss M. S. Jónasson 10c.

Frá VANCOUVER, B. C.

Þorkell Jónsson $1, Mrs. María Jónasson $1, Mrs. Halldóra Ásgrímson $1, Júla Jóhannson 25c, Lovisa Jóhannson 25c, Stella Jóhannson 25c, Violet Jóhannson 25c.

Frá CANDAHAR, Sask.

Sigmundur Stefánsson 50c, S. Magnússon 25c, Mrs. S. Magnússon 25c, Soffía Magnússon 25c, Stína Magnússon 25c, Sigurjón Magnússon 25c, Magga Magnússon 25c, J. G. Stephanson $1, Mrs. J. G. Ftephanson 50c, E. L. Stephanson 25c, Jens Laxdal $0, Mrs. Jens Laxdal $1.

Frá WADENA, Sask.

Th. Vatnsdal $1.

Frá PINE VALLEY, Man.

John Stephanson $1, Thorsteinn Peterson 10c, Mrs. Ingibjörg Peterson 10c, Sigurður Peterson 10c, Gunnar E. Peterson 10c, Loftur J. J. Peterson 10c, Björn Stephanson 50c, Mrs. Olga Stephanson 50c, Stephan B. Stephanson 25c, Magnús Davíðsson $1, Mrs. Guðrún Davíðsson 50c, John Davíðsson 50c, Kristinn Norman 50c, Jóhannes Jóhannsson 25c, Mrs. Guðrún Jóhannsson 25c, Gestur J. Jóhannsson 25c, Ragnh. Jóhannsson 10c Helga Jóhannsson 10c, Ásta Jóhannsson 10c, R. S. Christianson 10c, Guðj. Thorvaldsson 50c, Bergthor Johnson 25c, Oddur Hansson 25c, Hjálmar Hvanndal 25c, S. J. Magnússon 50c, U. Magnússon 25c, S. Magnússon 20c, B. Magnússon 10c, M. Magnússon 10c, K. Th. Magnússon 10c, Magnús Johnson 50c, María Johnson 50c, B. G. Thorvaldsson 25c, Kristrún Thorvaldsson 25c, Albert Thorvaldsson 25c, Helga Thorvaldsson 15c, Lilja Thorvaldsson 10c, E. E. Einarsson 50c, Mrs. Margrét Einarsson 25c, Mrs. K. M. Einarsson 25c. Miss G. S. Einarsson 25c, S. Eyford 10c, S. A. Anderson 50c, Mrs. O. Anderson 50c, Wm. Anderson 10c, Miss Th. Einarsson 25c. Óneind 25c, Willie Ólason 25c, Methúsalem Ólason 25c.

Frá NARROWS, Man.

S. Sigfússon $1, Mrs. M. Sigfússon $1. H. F. Bjering $1, G. G. Johnson $1, Einar Sigurðsson 25c, Mrs. B. P. Vatnsdal 25c, A. Guðmundsson $2. Miss R. Guðmundsson 75c, G. A. Kjernested $1, Benedict Johnson 25c, Miss Elisabet Sigurðsson 50c, Páll Kjernesteð $1, Mrs. S. Kjernesteð $1, W. Kjernesteð 25c, Miss Th. Kjernesteð 25c, J. Kjernesteð 25c, Baldvin Jónasson 15c, Miss Katrin Kjernesteð 10c.

Frá BRÚ, Man.

Albert Oliver 50c, Mrs. A. Oliver 50c, Helgi Oliver 25c, Lauga Oliver 10c, Alli Oliver 10c, Sigga Oliver 10c, Fjóla Oliver 10c, Jónas Oliver 10c, Jón Ólafsson 50c, Mrs J. Ólafsson 25c, H. H. Johnson 50c, Mrs. H. H. Johnson 50c, S. E. Johnson 25c, Leó Johnson 25c, Einar Guðmundsson 50c, J. A. Walterson 25c, Mrs. I. A. Walterson 25c, B. J. Walterson 10c, Andrés Walterson 10c, Miss Sigurjóna Oliver 25c, P. Frederickson 25c, Mrs. P. Frederickson 25c, Jón Frederickson 25c, Victor Frederickson 25c, M. Jj Nordal 50c, mrs. I. J. Nordal 50c, Mr. og Mrs. S. Pétursson $1.75, C. B. Johnson 50c, H. Sveinsson 50c, Mrs. H. Sveinsson 50c.

Frá MAYWOOD, Ill.

Haraldur Sigmar $1, Carl J. Olson $1.

Frá POPLAR PARK, Man.

Sigurður Goodman 50c, Miss Guðrún Goodman 50.

Samtals	$ 205.80
Áður auglýst ...	1,879.10
Alls innkomið	$2,084.90

Fréttabréf.

BARONS, ALTA.

6. marz 1911.

Háttvieti ritstj. Hkr.

Ég býst við, að héðan vanti fáa að frétta, þótt eitthvað væri, sem með fréttum mætti teljast, því hér er fátt um landann. Samt er mér að detta í hug, að senda þér fáeinar línur.

Hér í suður Alberta hefir verið all-harður vetur, eftir uppskeruliðið og hjá mörgum alveg uppskerulaust sumar. Allan janúar var látlaus harðindatíð. Í byrjun febrúar var allmikill snjór á jörð; meiri hluta þess mánaðar var milt veður, en þó eigi svo hlýtt, að snjór þiðnaði til muna. Nú rétt fyrir sl. mánaðamót fell aftur talsverður snjór, og enn er hér æði vetrarlegt yfir að líta.

Fólk var hér um slóðir mjög illa undir harðan vetur búið. Jörð var hvit og gróðurlaus fram í september-byrjun sl. haust, og hvergi varð slegið fangfylli af heyi. En í september kom gott regn og eftir það fór gras að gróa og sömuleiðis akrar, einkum hafra-akrar og þá fyrst kom góð beit fyrir skepnur. Þeir, sem í vetur hafa verið aflögufærir af strái, hafa sumir selt það við háu verði; það hefir verið vegið eins og hey, og tonn af því komist í 10 dollara.

Hjarðmenn verða óefað fyrir stórtjóni hér í Alberta þetta ár; gripir fóru að falla síðari hluta janúar.

Samt sem áður er hér talsvert líf í sumum greinum. Meiri hluti bænda genginn í félagsskap í smádeildum hér og þar um alt fylkið. Fundir eru haldnir víðasthvar í deildunum tvisvar í mánuði; eru þar rædd ýms félagsmál og framtíðarspursmál, ber það stundum við, að þá er minst á pólitíkina canadisku og verður þá oft líflegt á fundunum.

Þann 2. þ. m. var fundur (Mass Meeting) all-fjölmennur (um 80 manns) haldinn hér í Barons.—Fundur sá var aðallega til að ræða um samkomulag til undirbúnings undir næstkomandi kosningar, bæði til Dominion þingsins og fylkisþingsins. Auk aðalræðumannsins tóku þar ýmsir til máls. Öllum, sem upp luku munni, kom ágætlega saman um það, að ekkert viðlit væri lengur að kjósa mann, sem játaði sig að vera fylgjandi öðrum hvorum hinna gömlu flokka, Liberala eða Conservative. Það væri marg-sýnt og sannað, að hvorugum væri lengur trúandi fyrir stjórn landsins eða lagasmíði. Þeir ynnu — ef þeir ynnu nokkuð — aðallega fyrir auðfélögin, hjálpuðu þeim til að geta rænt bændur og búalið. Í Dominion þinginu væri nú helzt ekkert gert annað, en flokkarnir rifu niður hvor fyrir öðrum, nálega hvert mál, sem upp væri borið. Oft hefði þar vel verið en aldrei verra en nú Hann mintist á toll-lækkunar eða gagnskiftafrumvarpið, sagði það hefði nú aldrei verið nema ónógt kák, því tollur á akurvrnjuverkfærum hefði verið sama sem ekkert lækkaður, sem helzt ætti að vera með öllu afnuminn. En samt væri nú um það rifist um þvert og endilangt Canada, eins og himinn og jörð væri í veði, og öll líkindi til, að það verði felt. Þannig færi um öll þau mál, sem ætla mætti að einhverju leyti gætu orðið bændum og vinnulýð til góðs. — Þá var og minst á fulltrúaneind Bændafélaganna, sem send var til Ottawa í sl. desembermánuði og svör forsætisráðherrans þá; sömuleiðis loforð Lauriers árið 1896 og efndir þeirra. Einnig var minst á suma ráðgjafana og meira m. fl.

Loks kom fram uppástunga, að í næstu kosningum skyldi kjósa óháða (Independent) menn. Það var stutt. Eftir nokkrar umræður var kallað um atkvæði. Kom þá í ljós, að fullur fimti hluti fundarmanna voru jafnaðarmenn (Socialists) og vildu ekki greiða atkvæði. Forseti sagðist sjá, að þar væru aðeimargir, sem ekki vildu hjálpa til að kjósa ráðvanda og góða þingmenn. Einn jafnaðarmanna stóð þá upp, og sagðist oft hafa beðið um brauð, en jafnan fengið stein; hann vildi ekki lengur fá stein fyrir brauð. Spurði, hvaða sönnun hann gæti fengið fyrir því, þó einhver byði sig fram fyrir kosningar og segðist ætla að vera óháður báðum gömlu flokkunum á þingi, að hann efndi það loforð. Það hefði oftast reynst þannig, að slíka menn væri auðvelt fyrir auðvaldið að kaupa til hvers er vera vildi. Það myndi og ekki áuðfundnir menn, sem ekki væru ákveðnir flokksmenn. Út af þessu spunnust langar og snarpar umræður, og glúmdi hvað eftir annað undir af lófaklappi og hlátri. En auðheyrt var það, að jafnaðarmenn vildu engum treysta á þing, nema manni úr þeirra flokki.

Fundahöld í líka átt eru ráðgerð víða hér um Suður-Alberta. Og það er áríðanlegt, að allstaðar hér vestra er sterk hreyfing í þá átt — ef möguleg er — að mýja af þingi sem flestum þeim, sem eru ákveðnir fylgismenn hinna gömlu flokka.

J. Kristjánsson.

Bókalisti.

N. OTTENSON'S,- River Par. W'p'g.

Ljóðmæli Páls Jónssonar í bandi	(3)	85
Sama bók (að eins 2 eint.	(3)	60
Jökulrósir		15
Dalarósir	(3)	20
Hamlet	(3)	45
Tíðindi Prestafélagsins í hinu forna Hólaskifti	(2)	15
Grani skipstjóri	(2)	40
Börn öreðarsins	(3)	55
Umhverfis jörðina á áttatíu dögum	(3)	60
Blindi maðurinn	(3)	15
Fjórelaðaði smárinn	(3)	10
Kapitola (I II. Bindum)	(3)	1.25
Eggert Ólafsson (B. J.)		15
Jón Ólafssonar Ljóðmæli í skrautbandi	(3)	60
Kristinfræði	(2)	45
Kvæði Hannesar Blöndal	(2)	15
Mannkynssaga (P. M.) Í bandi	(5)	85
Mestur í heimi, í b.		1.5
Prestkosningin, Leikrit, eftir D.E., í b.	(3)	30
Ljóðabók M. Markússonar		50
Ritreglur (V. Á). í b.		20
Sundreglur, í b.		15
Verði ljós		15
Vestan hafs og austan, Þrjár sögur eftir E. H., í b.		90
Víkingarnir á Hálogandi eftir H. Ibsen		25
Dorlákur helgi		15
Ofurefli, skálds. (E. H.) í b.		1.50
Ólöf í Ási	(2)	45
Smælingjar, 5 sögur (E. H.), í b.		85
Skemtisögur eftir S. J. Jóhannesson 1907		25
Kvæði eftir sama frá 1905		25
Ljóðmæli eftir sama. (Með mynd höfundarins) frá 1897		25
Safn til sögu og íst. bókmenta í b., III. bindi og það sem út er komið af því fjórða	(53c)	9.4
Íslendingasaga eftir B. Melsted I. bindi bandi, og það sem út er komið af 2. b.	(25c)	2.85
Lýsing Íslands eftir P. Thoroddsen í b.	(16c)	1.90
Fornir fornísleuzkir rímnaflokkar, er Finnur Jónsson gaf út, bandi	(5c)	85
Alþingisstaðir hinn forni eftir Sig. Guðmundson, í b.	(4c)	90
Um kristnitökuna árið 1000, eftir B. M. Olsen	(6c)	90
Íslenzkt fornbréfasafn, 7. bindi innbundið, 3 h. af 8 b.	(1.70)	27.80
Biskupasögur, II. b. innbundið	(42c)	5.15
Landfræðissaga Íslands eftir P. Th., 4. b. innbundið	(35c).	7.75
Ríthöfunda tal á Íslandi 1400—1882, eftir J. B., í bandi	(7c)	1.00
Upphaf alþjóðarríkis á Íslandi eftir K. Maurer, í b.	(7c)	1.15
Auðfræði, e. A. Ól., í bandi	(6c)	1.10
Presta og prófastatal á Íslandi 1869, í b.	(9c	1.25
B. Thorarinsson ljóðmæli, með mynd, í b.		1.50
Bókmentasaga Íslendinga eftir F.J., í b.	(12c)	1.80
Norðurlandasaga eftir P. Melsted, í b.	(8c)	1.50
Nýþýdda biblían	(35c)	2.65
Sama, í ódýru bandi	(35c)	1.60
Nýjatestamentið, í vönduðu bandi	(10c)	65
Sama, í ódýru bandi	(8c)	30
Kóralbók P. Guðjónssonar		90
Sama bók í bandi		1 10
Svartfjallasynir	(5)	60
Aldamót (Matt. Joch.)		20
Harpa	(4)	60
Ferðaminningar, í bandi	(5)	90
Bóndinn	"	35
Minningarit (Matt. Joch.)	"	35
Týndi faðirinn	"	35
Nasreddin, í bandi		35
Ljóðmæli J. Þórðarsonar	(3)	45
Ljóðmæli Gestur Pálsson	"	75
Maxim Petrow	(2)	45
Leyni-sambandið	(2)	40
Hinn áttalegi leyndardómur	(2)	50
Sverð og bagall	(2)	30
Waldimer Nihilisti		75
Ljóðmæli M. Joch. I.-V. bd., í skrautb.	(15)	4.00
Afmælisdagar Guðm Finnbogasonar		1.00
Bréf Tómarar Sæmundsson	(4)	75
Sama bók í skrautbandi	(4)	1.15
Íslensk-ensk orðabók, G. T. Zoega	(10)	1.80
Gegnum brim og boða		90
Ríkisréttindi Íslands		50
Systurnar frá Grænadal		35
Ókúnstfri handa börnum		30
Vísnakver Páls lögmans Vídalíns		1.25
Ljóðmæli Sig. Júl. Jóhannessonar		1.00
Sögur frá Alhambra		80
Minningarrit Templara í vönduðu bandi		1.65
Sama bók, í bandi		1.40
Pétur blásturbelgur		10
Bækur sögufélagsins Reykavík;		
Morðbréfabæklingur		1.35
Byskupasögur, I—6,		1.95
Aldarfarsbók Páls lögmanns Vídalín		45
Tyrkjaránið, I—IV,		2.90
Guðfræðingatal frá 1707—'07		1.10
Jón Arason		80
Skipið sekkur		60
Jóh. M. Bjarnason, Ljóðmæli		55
Maður og Kona		1.25
Fjarða mál		25
Beina mál		10
Oddur Lögmaður		95
Grettis Ljóð.		65
Dular, Smásögur		50
Hinrik Heilráði, Saga		20
Andvari 1911		75
Œfisaga Benjamín Franklins		45
Sögusafn þjóðviljans I—II árg. 35c; III árg. 20c IV árg. 20c; V. árg. 20; VI. 45; VII. 45; VIII. árg. 55; IX. árg. 55; X. árg. 55; XI. árg. 55; XII. árg. 45; XIII. árg. 45; XIV. árg. 55; XV. árg. 30; XVI. árg. 25; XVII. árg. 45; XVIII árg. 55; XIX. árg. 25.		
Alt sögusafn þjóðviljans selt á		$7.00
Bækur Sögufélagsins fá áskrifendur fyrir nærri hálfvirði,—$3.80.		
Umboðsmenn minir í Selkirk eru Dalman bræður.		
Þess skal getið viðvíkjandi bandinu á Fornaldarsögunum Norðurlanda, að það er mjög vandað, handbundið skrautband, vel frá gengið eins er með Bréf Tómasar Sæmundssonar.		
Tölurnar í svigum tákna burðargjald, er sendist með pöntunum.		

Nýjar bækur.

Eldraunin	50
Vallyes sögur	35
Valdimar munkur	60
Kynlegur þjófur	35
Sagan af Pétri Pislarkrák	10
Sagan af stargaði Stórvirkssyni í bandi	50
óbundin	35
Rímur af Sörla sterka í bandi	40
óbundin	30
Myndin af fiskiskipinu	1.10

Ómótmælanlegur sannleiki

HEIMSKRINGLA er frétta flest.

HEIMSKRINGLA er lesin mest.

HEIMSKRINGLA er blaða bezt.

Kaupið, borgið og lesið HEIMSKRINGLU

SENDIÐ Heimskringlu til vina yðar og ættingja á Fróni. Engin sending verður þeim kærari.

Ef þú ert kaupandi blaðsins hér, færðu það sent til Íslands fyrir

$1.50

og tvær sögubækur í kaupbæti, svo að réttu lægi FÆRÐU BLAÐIÐ GEFINS.

Ekkert íslenzkt blað býður önnur eins kostakjör.

Látið ekki tækifærið fram hjá fara.

HEINTZMAN & CO PLAYER--PIANO

hefir hlotið vinsældir allra, sem reynt hafa. það er eins víst, eins og þú hefir fært þér hinar nýustu framfarir í nyt, svo sem talsíma, hifreið ar o fl., að þú einnig þarft að fá þér

HEINTZMAN & CO. PLAYER-PIANO

Hinar miklu birgðir, em við höfum selt af þessum pianós, sanna hvlli þeirra og vandvirkni Heintzman & Co. Komið og heyrið spilað á þetta pianó.

J. J. H. McLean & Co LIMITED

Cor Portage Ave. & Hargrave
Phone Main 808.

Fréttir úr bœnum.

Manitobaþingið heldur enn áfram störfum og gengur flest friðsa lega. Í næsta blaði kemur itarlegt yfirlit yfir starfsemi þingsins, því þá eru líkur til að því muni slitið.

Vesturfararnir, sem getið var um í síðasta blaði, komu hingað til borgarinnar á sunnudaginn 11 í hóp, — tveir höfðu farið til Toronto borgar. Í hópnum var alt fólk á bezta aldri, að eins eitt barn,— og fimm af karlmönnunum voru útlærðir trésmiðir, sem hér ætla að setjast að í borginni. Fólkið lét af ferðinni, að öðru leyti en því, að tíminn, sem það var á leiðinni, þótti því nhkkuð langur, — fullur mánuður. Ellefu sólarhringa á leiðinni yfir hafið frá Glasgow og vikudvöl á Skotlandi þótti því hvorttveggja all-þreytandi. Áleit að fjöldi vesturfara mundi koma á komandi sumri frá Íslandi.

Musical Recital nemenda Jónasar Pálssonar í Goodtemplarahúsinu á mánudagskveldið var, var ekki eins fjölsótt og átt hefði að vera. Þó var húsið nokkurnveginn fullskipað niðri. Uppi var og fjöldi af stálpuðum krökkum, sem létu hneyxlanlega illa, með hlátri, háu samtali og stimpingum. Og er það hvorttveggja þjóðflokki vorum til vanvirðu og mótgun þeim, sem fram koma á prógramminu. Þessi skripalæti þurfa að hætta á slikum samkomum.

Tólf nemendur sýndu list sina á þessu prógrammi, og tókst öllum sæmilega vel og sumum ágætlega. Flest voru þau kölluð fram i annað sinn og sum tvisvar, svo sem ungfrú Lena Gofine, sem spilaði fólin sóló og er nemandi herra Couture. Ungfrú Edith Finkelstein spilaði Piano Selection mjög vel, svo og Harald Green, sem um lengri tíma heur stundað nám hjá Jónasi. Ungfrú Cyrena Lewis, Bessie Morton og Clara Finkelstein spiluðu einnig vel, og fengu mikiið lófaklapp. Ungfrú Clara Oddson spilaði pianó sóló og fékk að vanda lof áheyrendanna. Hún hefir lært hjá Th. Johnson fiólinspilara. Ungfrú Bella Thórdarson spilaði og vel. — Herra Gisli Johnson skemti áheyrendunum með söng.

Þessar samkomur, sem veita fólki ókeypis skemtun og fróðleik, mega ekki skemmast með óltum ódæla og efturlitslausra krakka. — það verður annaðhvort að halda þeim frá slikum samkomum ir vegis, eða á einhvern hátt að tryggja það, að þau hagi sér eins og siðuðum börnum sæmir.

Nú er ekkert Nena stræti lengur til í Winnipeg; hefir strætinu verið hætt við Sherbroohe St. og ber það nafn. Nýverið hafa húsin á þessu fyrverandi Nena St. verið endurnúmeruð — áframhaldandi við Sherbrooke strætis fyrri númer, og nær nú númeratalan á hinu sameinaða Sherbrooke stræti fullu 1000. Meðal annara breytinga er þess vert að geta, að Lögberg er nú á sama stræti og Hkr.

Albert Oliver frá Brú P.O., Man. kom hingað til borgarinnar á föstudagskveldið var, í þeim tilgangi að sitja á stórstúkuþingi Foxester félagsins, sem hér stendur yfir þessa dagana. Hann lét all-vel af liðan manna þar vestra, en kvað þó veturinn hafa verið harðan. Mr. Oliver heldur heimleiðis á föstudaginn.

Þeir herrar Friðrik Vatnsdal og J. G. Johnson lögmaður, frá Milton, N. Dak., komu hingað til borgarinnar á föstudaginn var, — Johnson til að leita sér lækninga. Herra Vatnsdal kvað líðan manna þar syðra vera góða og tíðarfar hið bezta. mann hélt heimleiðis á mánudaginn.

E. D. Martin, sá sem sótti um borgarstjórasætið móti Evans borgarstjóra, og sem féll við litinn orðstír, en sem þrátt fyrir það vildi fá kosningu Evans dæmda ógilda og gerði lagalega gangskör að því, hefir nú orðið að hætta við alt, vegna þess, að hann gat engar sannanir fengið kærum sinum til stuðnings. — Svona fór um sjóferð þá.

Friðbjörn kaupmaður Sigurðsson, frá Leifur P.O., Man., var hér á ferð í verzlunarerindum í sl. viku. Hann sagði góða líðan yfirleitt í sinni bygð.

Í kveld — fimtudag — verður danssamkoma haldin í Goodtemplarahúsinu. Aðgangur 25 cents. — Ágóðinn á að ganga til Ólafs Eirickssonar, þess sem misti augað í Hockey leik Falcons í Brandon fyrir nokkru síðan. Vonandi er, að landar fjölmenni — Ólafs vegna.

Í bókalista N. Ottensonar hefir sú villa verið í tveimur síðustu blöðum, að staðið hefir "Sagan af fiskiskipinu", en átti að vera: Myndin af fiskiskipinu. — Mynd þessi er af hinu fyrsta íslenzka fiskiskipi, sem Íslendingar áttu, varð það árið 1876, og stýrði Markús, síðar stýrimannaskólastjóri, því. Hákarlaskip voru þó til áður. Myndin er hin eigulegasta og kostar að eins $1.10.

Hudson flóa verzlunarfélagið hefir ákveðið að byggja stórhýsi mikið á Portage Aue. og reka þar verzlun. — Núverandi verzlunarhús þess hér í borginni þykja liggja úr vegi.

Dr. G. J. Gíslason, Grand Forks, N. Dak., verður kominn heim úr Evrópu-ferð sinni um miðjan apr. og reiðubúinn að taka á móti sjúklingum.

Þann 30. þ. m. verður skemtisamkoma og Tombola í Únítarasalnum (sjá auglýsingu á öðrum stað). Þar fá menn bæði aðgang að skemtun og einn drátt fyrir ein 25c, og eru það vildarkjör, því bæði er lofað góðri skemtun og góðum dráttum.

Menningarfélagsfundur

Í kveld — fimtudag, 23 marz — verður haldinn fundur í Menningar félaginu í Únítarakirkjunni. Séra Rögnv. Pétursson flytur þar fyrirlestur. Umræðuefni: "Ýmsar hugmyndir um uppruna trúarbragðanna". — Allir velkomnir.

Á næsta fundi stúkunnar Heklu ætla ungu stúlkurnar að hafa kaffi veitingar og sjá um skemtanir. — Þær bjóða öllum íslenzkum Goodtemplurum í bænum að koma á fundinn og gera sér glaðar stundir. — Bræður góðir og systur, gerið það fyrir stúlkurnar, að fylla salinn þetta kveld.

Morð var framið hér í borginni sl. laugardag. Var það Korsikumaður, Nicholas Giovanni, sem myrtur var, en Gaston Monvoisin, Frakki, sem verkið vann. Menn þessir voru svarnir fjandmenn, og voru það kvennasakir sem því olli, því báðir höfðu mennirnir mikil afskiti af vændiskonum borgarinnar, og báðir álitnir að hafa sinar aðalinntektir frá þeim. Það var á Roblin Hotel, sem fundum þeirra bar saman, Strax og Korsikumaðurinn varð Frakkans var, er fullyrt, að hann hafi sagt á sinu eigin móðurmáli: "Ég ætla að drepa þig", og þreif i vasann eftir skambyssu. En Frakkinn varð fyrri til, þreif sína skambyssu og skaut þremur skotum og hittu öll Giovanni. Samt tókst honum, þó sár væri til ólifis, að skjóta tveimur skotum að Frakkanum, en hitti ekki. — Allir, sem viðstaddir voru, stóðu sem steinlostnir, og létu Frakkann ganga í hægðum sinum út úr hótellinu, og í 36 klukkustundir var hann frjáls maður; en á mánudagsnóttina var hann tekinn fastur á heimili vinar sins í St. James.— Giovanni, Korsikumaðurinn, var fluttur helsærður á sjúkrahús, og þar andaðist hann fáum stundum síðar. Monvoisin, sem morðið framdi, er velþektur Winnipeg búi og talinn vel fjáður, þó slæmur grunur leiki á, að þeim auðæfum sé mestmegnis aflað með sveita og vanvirðu þeirra föllnu kvenna, sem hann hefir mikið haft saman við, að sælda, enda var hann alment kallaður "Konungur franskra kvenna"

Margar af stúlkum þessum hafa verið teknar fastar, og eiga þær að gefa upplýsingar um samband þeirra við Monvoisin og Korsikumanninn, sem drepinn var. Morðmál þetta hefir vakið hina mestu eftirtekt, og er alment álitið, að við rannsókn morðsins muni margt það framkoma, sem áður var i myrkrum hulið.

Hver, sem veit um núverandi heimilisfang herra Þórðar Ingvarssonar frá Sólheimum í Húnavatns sýslu, er beðinn að tilkynna það Miss R. J. Davidson, 660 Victor St., Winnipeg.

Rögnvaldur Jónsson, að Kálfhamarsvík í Húnavatnssýslu, biður Jón Rögnvaldsson, frá Hólkoti á Reykjaströnd, að skrifa sér, eða Rögnvald Jónsson frá sama stað.

Herra Eirikur Þórðarson, frá Syðri-Tungu á Tjörnesi, er vinsamlega beðinn að senda áritun sína til Sigtr. Kristjánsson, 6904—28th Ave. N.W., Seattle, Wash., U. S. A.

Duglegur og reglusamur kvenmaður óskar eftir ráðsmenskustöðu á íslenzku heimili, þar sem börn eru ekki. Upplýsingar gefur Gunnl. Tr. Jónsson á skrifstofu Heimskringlu.

ÓSKAD ER EFTIR STÚLKU fyrir ráðskonu á snoturt bændabýli úti á landi. —Upplýsingar gefur Sigurður Oddleifsson, 667 Alverstone Street, Winnipeg.

VINNUKONU vantar á gott og fáment heimili. Ritstj. visar á.

$1.000.00 borgaðir.

Með þakklæti til New York Líife félagsins læt ég þess hérmeð getið, að Chr. Ólafson, umboðsmaður þess félags, afhenti mér $1,000.00, fulla borgun á lífsábyrgð Kristbjörns sál. sonar mins, er hann hafði keypt af honum í nefndu félagi. — Allir, sem nokkuð geta, ættu að kaupa tryggingu í góðu lífsábyrgðarfélagi, því ungur má, en gamall skal.

Árnes P.O., 24. febr. 1911.
Stefán Sigurðsson.

Heimskringlu hefir verið skrifað frá Leslie, Sask., að þar væri ágætt tækifæri fyrir mann eða konu að setja á stofn þvottahús. — Mundi ekki einhver landi eða landa vilja verða til þess? Það mundi án efa borga sig.

VINNUKONU VANTAR, duglega, hjá E. F. Haffner, 570 Wardlow Ave., Fort Rouge. Talsími: Fort Rouge 1228. — Gott kaup i boði.

Sigrún M. Baldwinson
Teacher of Piano
727 Sherbrooke St. Phone Garry 2414

Lesið þetta opna bréf

til Steingrims Th. Ísfeld frá Sveinbirni Sveinssyni, Eddlestone P.O., Sask., Canada.

Heiðraði vin. — Af því ég veit ekki, hvar þú ert, ætla ég að senda þér nokkrar linur gegn um Heimskringlu, sem víst flestir eða máske allir hér vestan hafs lesa, sem skilja íslenzka tungu.

Ég hefi verið beðinn í bréfi heiman af Íslandi (Seyðisfirði), af fólki, sem þú þekkir, að komast í bréfaviðskifti við þig, og vil ég því vinsamlegast mælast til, að þú sendir mér sem fyrst linu, og látir mig vita heimilisfang bitt. Það skal ekki standa á bréfi frá mér aftur, og þá get ég sagt þér eitthvað meira. Eg er fyrir stuttu kominn heiman af Íslandi, og fór þá til Winnipeg. En svo fór ég með öðrum fleirum hér vestur í þessa nýlendu (Foam Lake), og tók hér heimilisréttarland. Það eru ákaflega margir Íslendingar hér, og held ég allir séu ánægðir með sitt hlutskíti, því þessi nýlenda er víst ein með þeim beztu í Canada. Jarðvegur er hér ákaflega frjór og uppskera hefir verið hér góð, og veit ég að bygðin okkar á mikla og góða framtíð. Þú ættir helzt að koma og sjá mig og bygðina, en láttu mig samt vita áður en þú kemur. Leslie Station, Sask., er sjö mílur frá mínu landi.

Ef einhver, sem les þessar línur, skyldi vita um heimili þessa manns, treysti ég honum að láta mig vita um það, eða koma okkur á einhvern hátt saman. S.S.

Gróðavon.

Að kaupa lóðir í Edson ætti hverjum landa að reynast gróðafyrirtæki. Edson verður vafalaust þrifa- og framfarabær, — jafnvel stórborg áður en langt um líður, og þá eru þeir, sem þar eiga lóðir, vissir um, að fá þær vel borgaðar, ef þeir vilja selja.

Héraðið umhverfis Edson er með beztu akuryrkju-héruðum Alberta, og námaauðugra hérað er trauðla fáanlegt í Canada. Kol eru þar mjög mikil í jörðu og skógarhögg og þar af leiðandi trjáviðarframleiðsla mjög mikil. — Alt þetta hlýtur að miða til þess, að gera Edson að stórborg, ekki sízt þegar þess er gætt, að lega hennar er hin bezta, og járnbrautir liggja þaðan í allar áttir.

Lóðir þær, sem Grande Prairie Land & Townsite Co. auglýsa hér í blaðinu, í hinu svoneínda Commercial Centre", ættu menn að kaupa og það sem fyrst, meðan hin góðu vildarkjör eru á boðstólum. Commercial Centre liggur að bæjarstakmörkum þeim, sem Grand Trunk félagið hefir umráð yfir, en sem vitanlega, þegar bærinn stækkar, færast út, og verður þá Commercial Centre bezta íbúðarhverfi bæjarins.

Það er því alveg örugt fyrir landa, að kaupa lóðir þarna, og mun það gefa þeim góðan skilding í aðra hönd áður langt um líður.

Lesið með athygli auglýsing félagsins hér í blaðinu og kaupið svo lóðirnar.

Samkoma og Tombóla

verður haldin í Únítarasalnum fimtudagskveldið

30. þ. m. kl. 8.

Til skemtunar verður ágætur gamanleikur, sem nefnist NÝI FRIÐDÓMARINN.

Nokkrir meðlimir Ungmennafélagsins syngja.

Hr. Gísli Johnson syngur sóló.

Hr. Eggert J. Árnason les upp.

Á Tombolunni verða margir góðir munir.

Inngangur, með einum drætti, kostar 25 cents.

Veitingar verða seldar.

Byrjar kl. 8.

Íbúð til leigu

Hjón barnlaus eða með 1 barn geta fengið íbúð að 564 Victor St. Konan sé þrifin og maðurinn reglusamur. Öll nýtísku þægindi í húsinu

Vorið er komið.

og tími til kominn að skíta um skó. Ég hefi fengið inn nýjar birgðir af alls konar skófatnaði og skóhlifum (Rubbers), sem ég sel með eins sanngjörnu verði og mögulegt er. Vonast ég því eftir, að sem flestir landar minir komi inn til mín og sjái sjálfir, hvað ég hefi að bjóða, og takið með gömlu skóna ykkar, svo ég geti gert þá eins og nýja. Vinsamlegast.

J. KETILSSON,
623 Sargent Ave.

G. S. VAN HALLEN, Málaferslumaður 418 McIntyre Block., Winnipeg. Talsími Main 5142

'Kvistir' i handi

Munið eftir því að nú fást "KVISTIR" Sig. Júl. Jóhannessonar, í ljómandi fallegu bandi hjá öllum bóksölum.

Verð $1.50

Bernsku, Æsku, Manndóms, Elli-ár

ættu að fá hina hreinustu, næringarmestu og hollustu fæðu, samíara fersku andrúmsloíti, — undir því er heilbrigði komin.

Boyd's BRAUÐ

er ljúffengt, nærandi og heilnæmt og er neytt af þúsundum hinna vandætnustu Winnipeg búa. Ger þú hið sama.

Talsími: Sherbrooke 680.

Brauðgerðarhús á horni Spence St. og Portage Ave.

Th. JOHNSON
JEWELER
286 Main St. Sími M. 6606

Dr. G. J. Gíslason,
Physician and Surgeon
18 South 3rd Str., Grand Forks, N.Dak
Athygli veitt AUGNA, EYRNA og KVERKA SJÚKDÓMUM ASAMT INNVORTIS SJÚKDÓMUM og UPPSKURÐI. —

Dr. J. A. Johnson
PHYSICIAN and SURGEON
HENSEL, N. D.

TILBOÐ.

Við undirskriaðir tökum að okk ur alla grjótvinnu, sem við getum af hendi leyst eins fljótt og vel og nokkur getur gert. Við seljum grunn undir hús, hlöðum kjallara, steypum vatnskerðld og gangstéttir, gerum steinsteypu í fjós, o.fl.

Jacob Frimann
Hergr. Hallgrimson
Gardar, N. Dak.

J. J. BILDFELL
FASTEIGNASALI.
Union Bank 5th Floor No. 520
Selur hús og lóðir, og anna þar að lútandi. Útvegar peningalán o. fl.
Phone Main 2685

A. Segall
(áður hjá Eaton félaginu).
Besti kvennfata Skraddari
Loðskinna fötum veitt sérstakt athygli.
Hreinsar, Pressar Gerir við.
Fjórir (4) alfatnaðir hreinsaðir og pressaðir, samkvæmt samningum, hvort heldur er karlmanna eða kvenfatnaður, fyrir aðeins $2.00 á mánuði.
Horni Sargent og Sherbrooke

Hannyrðir.

Undirrituð veitir tilsögn í alls kyns hannyrðum gegn sanngjarnri borgun. Starfsstofa: Room 312 Kennedy Bldg., Portage Av., gegnt Eaton búðinni. Phone: Main 7723.
GERÐA HALDORSON.

GÓÐ ELDAVÉL

Lífið brúkuð með heitri vatnsleiðslu er til sölu fyrir lítið verð. Gunnl. Tr. Jónsson á skrifstofu Heimskringlu vísar á seljanda.

Saumið Hnappa
og Krókapör á allan fatnað yðar,
í yðar eigin Saumavél.

Þetta getir þér gert mjög fljóttlega með því að tengja þetta litla og handhaga verkfæri á vélina.

The "HOLDAWAY BUTTNSEWER"

sauma hnappa og krókapör á alkyns fataefni fljótt og traustlega. það má tengja verkfærið við hvaða saumavél sem er. Sauma hnappa með 2 eða 4 augum, bindur hvert spor, hnappar og krókapör haldast á meðan spjörin endist. Börn geta saumað með því.

Gert úr bezta stáli, silfrað. Verð $3.00 sent póst borgað með nákvæmu tilsögn og 3 ára ábyrgð að það saumi eins og lýst er, og að vér endurnýjum hvern þann part, sem eyðist eða brotnar á því tímabili. Peningum skilað aftur ef ekki reynist nákvæmlega eins og vér segjum það, og algerlega fullnægjandi.

HÚSMÆÐUR OG SAUMAKONUR mega ekki vera án "Holdaway" hnappasaumarans, hann vinur þinn kvennaverk og svo nettlega og vel að enginn handsaumur jafnast við það.

Umboðsmenn óskast í bygðum Íslendinga. Verkfærið er útgengilegt. Skrifið oss um söluskilmála.

K. K. ALBERT, 708 McArthur Bldg.
WINNIPEG, MAN.

PANTIÐ HÉR.
K. K. ALBERT, 708 McArthur Bldg. Winnipeg, Man.
Saumavél mín er (segið nafn smiðsins)
Hún er No..... (segið númer hennar)
Sendið mér "Holdaway Buttnsewer" fyrir hér innlagða $3.00
Nafn.....
Stræti og húsnúmer.....
Bær..... Fylki.....

Sveinbjörn Árnason
Fasteignasali.
Selur hús og lóðir, eldsábyrgðir, og lánar peninga. Skrifstofa: 310 McIntyre Blk.
office TALSÍMI 4700. hús Tal. Sherb. 2018

BONNAR, TRUEMAN & THORNBURN,
LÖGFRÆÐINGAR.
Suite 5-7 Nanton Blk. Main 766
Winnipeg, Man. P.O.BOX 223

Anderson & Garland,
LÖGFRÆÐINGAR
35 Merchants Bank Building
PHONE: MAIN 1561.

HANNES MARINO HANNESON
(Hubbard & Hanneson)
LÖGFRÆÐINGAR
10 Bank of Hamilton Bldg. WINNIPEG
P.O. Box 781 Phone Main 378 " 3142

Gísli Goodman
TINSMIÐUR.
VERKSTÆÐI: Cor. Toronto & Notre Dame.
Phone Garry 2988 :: Heimilis Garry 899

WINNIPEG ANDATRÚAR KIRKJAN
horni Lipton og Sargent.
Sunnudagasamkomur, kl. 7 að kveldi. Andartrúarspeki þá útskýrð. Allir velkomnir.
Fimtudagasamkomur kl. 8 að kveldi. huldar gátur ráðnar. Kl. 7,30 segul-lækningar.

W. R. FOWLER A. PIERCY.

Royal Optical Co.
307 Portage Ave. Talsími 7296.
Allar nútíðar aðferðir eru notaðar við augn-skoðun hjá þeim, þar með hin nýja aðferð, Skugga-skoðun, sem gjöreyðir öllum ágiskunum. —

Gripa eyrnahnappar
[Gerðir úr aluminium]
Með nafni ykkar og pósthúsi. Skrifið á íslenzku og biðjið okkur að senda ykkur einn til sýnis með nafninu ykkar á.
Við búum til alskonar stimpla.
CANADIAN STAMP COMPANY
Tribune Bldg.
P. O. Box 2235 WINNIPEG

Talsími Heimskringlu
Garry 4110

Heimskringla.

Heimilis talsími ritstjórans:
Garry 2414

XXV. ÁR | WINNIPEG, MANITOBA, FIMTUDAGINN, 30. MARZ 1911 | NR. 26.

Manitobaþingið.

Fylkisþinginu var slitið af fylkisstjóranum Sir Daniel McMillan, síðari hluta fimtudags, eftir 7 vikna starfsemi.

Í heild sinni hefir þetta þing farið friðsamlega fram, og litið gætt ofstopa hjá andstæðingum stjórnarinnar, sem oft að undanförnu hefir mikið borið á, og er slikt óræk vottur þess, að lítið tækifæri gafst til að vita gerðir stjórnarinnar.

Á þessu þingi voru það sérstaklega tvö merkismál, sem fjallað var um. Annað var gagnskiftafrv., sem þingið lýsti vanþóknun un og vantrausti sínu á, og hitt var landamerkjamálið, — tilboð Laurierstjórnarinnar, sem þingið hafnaði í einu hljóði.

Hin helztu frumvörp, sem samþykki hlutu, voru:

Fjárlögin.

Lög um breytingu á Kings Bench's lögunum.

Lög um breyting á sveitastjórnarlögunum.

Lög um breyting á vínsöluleyfislögunum.

Lög um breyting á fátækralöggjöfinni.

Lög um breyting á héraðsréttarlögunum.

Lög um eftirlit með breyfimynda sýningum.

Lög um breytingu á skattgreiðslu auðfélaga.

Lög um breyting á niðurjöfnunarlögunum.

Lög um breyting á heilbrigðislögunum.

Lög um útrýming skaðnæms illgresis.

Lög um löggilding rafurmagnssporvagnafélags í Brandon.

Lög um löggilding Bird's Hill og Springfield járnbrautafélagsins.

Lög um breyting á löggildingaskrá Winnipeg borgar.

Lög um breytingu á vátryggingarlögum fylkisins.

Lög um breytingu á landmælingalögunum.

Lög um breyting á almennu skólalögunum.

Lög um breyting á veiðiverndunarlögunum.

Lög um breyting á skrásetningarlögunum.

Lög um breyting á þinglögum fylkisins.

Lög um breyting á sveitalandamerkjum.

Lög um breyting á lögum viðvíkjandi fylkisgjaldkera skrifstofunni.

Lög um breyting á sveita-raflýsinga-, gas og talsíma-lögunum.

Lög um löggilding The Midland Fire Insurance Co.

Lög um löggilding The Western Electric Light and Power Co.

Lög um breyting á kirkjulandalögunum.

Lög áhrærandi The Manitoba Power Co., Lamited.

Lög um breyting á fyrirkomulagi ritsíma- og talsíma-kerfis fylkisins.

Lög um breyting á háskólalögum Manitoba.

Lög um frekari breyting á lögum um skatta á séreignum í löggiltum borgum og þorpum.

Lög um frekari breyting á verkstæða reglugjörðarlögunum.

Lög um breytingar á eignarhaldslögum þreskjara.

Fjáraukalög.

Lög um að tryggja nokkur skuldabréf Canadian Northern járnbrautarfélagsins.

Lög um breyting á löggildingarskrá St. Boniface.

Lög um breyting á sveita-endurskoðunarlögunum.

Lög um breyting áhrærandi sveita-talsimakerfis lögin.

Auk þessa var á þessu þingi fjöldinn allur löggiltur af ýmiskonar hlutafélögum, og smærri lagabreytingar gerðar á stofnskrá ýmsra eldri félaga.

Þinnig fjöldinn allur af smærri lagafrumvörpum samþykt.

Þetta nýafstaðna þing hefir því starfað meira og rifist minna, en flest undanfarin þing. Og er slikt góðs víti fyrir heill fylkisins.

BJARNASON & THORSTEINSON

Fasteignasalar

Kaupa og selja lönd, hús og lóðir viðsvegar um Vestur-Canada. Selja lífs og eldsábyrgðir.

LÁNA PENINGA
út á fasteingir
og innkalla skuldir.

Öllum tilskrifum svarað fljótt og greiðanlega.

Wynyard - - Sask.

Fregnsafn.

Markverðustu viðburðir hvaðanæfa

— Járnbrautarslys, sem olli dauða 3. manna og særði marga, varð á laugardaginn sl. skamt austur af Port Arthur, á C.P.R. brautinni. Rákust tvær járnbrautarlestir saman, og brotnuðu framvagnar beggja og eldur hljóp í alt saman. — Lestin, sem var á vesturleið, var gripalest, með fáum farþegum að auk, en hin, sem var á austurleið, samanstóð af tómum farþegavögnum eingöngu. Að eins starfsmennirnir voru á þeirri lest, og létust tveir þeirra.
— Hraðlest var viðstöðulaust send frá Port Arthur til hjálpar, og flutti hún hina særðu til borgarinnar.

— Gufuskipið Scehelt fórst við strendur British Columbiu á föstudaginn var með allri áhöfn, 13 manns.

— William Lennox, velstæður bóndi að Stettler, Alberta, var skotinn til bana á föstudaginn var — að heimili sínu. Sat hann inni í stofu með tveimur öðrum mönnum, þegar skot reið af fyrir utan gluggann gegnum rúðuna og hitti Lennox í aðra öxlina og fór á hol, og dó hann af því sári nokkrum stundum síðar. Mennirnir, sem viðstaddir voru, hlupu út strax og skotið hafði verið, og hugðust að gripa ódæðismanninn, en þeir urðu of seinir, því alt sem þeir sáu var mann einn þeytast á hesti frá bænum. — Lögreglan er nú að leita morðingjans, en hefir ekki náð honum enn.

— Stolypin, forsætisráðherra Rússlands, sem lagði embætti sitt niður í fyrri viku, hefir nú tekið við því aftur. Þegar á átti að herða, treysti fjármálaráðherrann Kokovsoff sér ekki til að taka við stjórnarforstöðu, og leitaði því keisarinn, samkvæmt ráði ráðgjafanna, Stolypins, og bað hann í guðanna bænum, að taka aftur við stjórnartaumunum, því annars væri alt ríkið í voða. Og Stolypin lofaði að gera það með þeim skilmálum, að tveir af ráðgjöfunum, sem honum þóttu full frjálslyndir, væru látnir fara, því þeir væru þrándur í götu sinni. Varð þá ráðstefna á ný, og endirinn varð sá, að þessir tveir ráðgjafar voru settir frá embættum um eins árs tíma, og Stolypin varð aftur forsætisráðherra — Rússland mun því trauðla fá frjálsara stjórnarfyrirkomulag meðan Stolypin heldur völdum, og ekki munu bjartari dagar renna upp fyrir Finnlendinga meðan hans nýtur við, — því öllu meiri afturhaldssegg en Stolypin getur varla á öllu Rússlandi.

— Minnesotaþingið hefir samþykt lög um afnám dauðahegningar í ríkinu. Á ævilangt fangelsi að koma í staðinn fyrir aftökur, og mun sú breyting mælast vel fyrir hjá öllum mannúðarvinum.

— Út bú Ottawa bankans að Kinistino, Sask., var rænt sex þúsund dollurum á fimtudaginn var. Öryggisskápurinn, sem peningarnir voru geymdir í, hafði verið opnaður, og virðist það benda á, að einhver nákunnugur læsingar verkinu hafi ránið framið. — Enginn hefir samt enn verið handsamaður.

— Kitchener lávarður, sigurvegarinn úr Búastríðinu, hefir verið skipaður af Georg konungi til að hafa yfirstjórn hersveitanna, sem saman verða kallaðar við krýningarathöfnina. Er þessi útnefning talinn stórmikill heiður fyrir Kitchener, engu minni en hann væri gerður að yfirforingja alls Breta hers á ófriðartímum.

— Hámarkinu í framförum þráðlausra talfæra var náð nýverið, þegar Jack McCarty, sá sem uppfyndingu þessa gerði, gat talað 660 mílur, frá Oakland til Tatoosh, Alaska. Hann bæði söng og talaði og heyrði stöðvarstjórinn í Tatoosh greinilega hvert orð. Nú hygst McCarty að reyna á enn meiri fjarlægð áður langt um líður.

— Vilhjálmur þýzkalndskeisari er mikill bifreiðari og heldur mjög af bifreiðum, og stjórnar þeim oftlega sjálfur. Hann hefir nýverið pantað fimm nýjar bifreiðir, og verða þær þá 30 talsins alls, sem hann á. Auk þess hefir hann 10 flutningsbifreiðir. Í öllum hinum 50 höllum sinum hefir hann geymsluhvelfing fyrir bifreiðir sínar og eldtryggan geymir fyrir benzin. Á hverri bifreið blaktir fáni keisarans frá framhluta hennar, — svo allir þekkja keisara-bifreiðina, þá er hún er á ferðinni.

— Ungverskir almúgamenn eru orðlagðir mathákar. Gott sýnishorn þess er brúðkaupsveizla, sem haldin var í einu ungversku þorpi fyrir skömmu. Boðsgestirnir voru 1,400 og stóð veizlan yfir í fjóra daga. Það, sem gestirnir neyttu á þessum fjórum dögum, var: 650 gþsir, 425 akurhænur, 1,200 hænsi, 60 dúfur, 3,400 brauð, 400 kassar af kexi, 3,000 gallon af hrísgrjónagraut, 1,320 gallon af víni og 100 tunnur af bjór. — Veizla þessi fór fram á stærsta hóteli þorpsins, og er matskráin höfð til sýnis ferðamönnum, því Ungverjar eru mjög hreyknir af matgræðgi sinni.

— Soldáninn í Morocco hefir fundið upp á nýrri stjórnkænsku, sem vel hefir gefist. Ýmsir af höfðingjum rikisins létu ófriðlega og var búist við uppreist á hverri stundu. En þá tekur soldáninn upp á því heillaráði, að taka 75 konur úr kvennabúri sinu hr skifta á milli þessara höfðingja, sem ófreðlega létu, og hafði það þau áhrif, að engin uppreist varð og rikissjóður þurfti að borga minna til búskapar soldánsins, því 75 konum færra var að fæða og klæða. Konur þær, sem soldáninn gaf í burtu, voru flestar þær, sem hann hafði tekið í arf frá bróður sínum, er hann rak frá völdum fyrir tveim árum síðan, og voru flestar komnar af meydómsárunum, og honum litt kærar. En höfðingjarnir, sem þær hlutu, voru hæst ánægðir með gjöfina. — En hvernig konunum hefir líkað skiftin, veit enginn, enda voru þær ekki spurðar til ráða.

— Grimdar frostnörkur hafa verið á Suður-Rússlandi undanfarið, og eru ekki dæmi annars eins síðan á dögum Krimarstríðsins.— Nám frostið oftlega 35 stigum fyrir neðan zero, og hafa margir menn frosið í hel. Einnig hafa úlfarnir orðið svo áfjáðir, að þeir hafa sézt um hábjartan dag á götum borga, leitandi að bráð.

— Á Frakklandi hefir það vakið mikla eftirtekt, að sannast hefir að hinn franski her evðir þrisvar sinnum meira í vínföng en brauð, jarðarmat og niðursoðinn mat samanlagt. Sú upphæð samanlögð nam sex og hálfri miljón dollars, en vínföngin námu tæpri átján og hálfri miljón dollars. Þessi mikla vínneyzla hefir ollað heitum umræðum í þinginu, og héldu margir því fram, að Frakkland kæmi aldrei dugandi hermönnum upp, ef slikt héldist við. Einn þingmaður svaraði þessu þannig: Hverjir stóðu franska herinum framar á dögum Napóleons mikla? og hverjir drukku meira þá en einmitt hinir frönsku hermenn, og það mikið meira en nú? — Ræða þessi vakti ágætar undirtektir í þinginu, en flestir leiðandi og hugsandi menn meðal hinnar frönsku þjóðar munu vera þess einhuga, að útrýma sem mest drykkjuskap hermannanna.

— Í Dublin, höfuðborg Írlands, var maður einn, Robert Wilson, ákærður um þjófnað. Það kom fram við réttarrannsóknina, að hann var 78 ára gamall og hafði setið 43 ár og 5 mánuði í fangelsi,— alt af fyrir þjófnað. Dómarinn kvað þýðingarlaust, að senda hann í fangelsi oftar, en sendi hann í þess stað til elliheimilis.

— Tyrkir eiga nú í ófriði við Araba. Sá heitir Sheik Jahia, sem uppreistinni gegn Tyrkjum stýrir, en þær fregnir fara af þeim viðskiftum, að Tyrkir beri allstaðar hærri hluta. — Í síðustu orustunni sem var við Hodsida, féllu 200 af uppreistarmönnum, en að eins 40 af Tyrkjum. Það eru nýtízku byssur Tyrkja, sem Arabar ekki geta staðið straum af, því sjálfir hafa þeir mestmegnis framhlaðninga, og hafa þeir litið að segja í móti skotvopnum nútimans.

— Rússakeisari hefir bannað kvenfólki við hirð sína að ganga í kvennabúrsbuxum. Einnig hefir páfinn í Rómaborg gefið út þá tilkynning, að slikar buxur megi engfinn kvenmaður nota við guðsþjónustur í katólskum kirkjum.

— Ontario fylki gaf af sér árið sem leið í málmum 39¼ miljón dollars, og er það 6¼ miljón meira en árið 1909. Silfurnámurnar í Cobalt héraðinu gáfu af sér $7,275,240, og er það nærri helmingur alls silfurs, sem fylkið framleiddi á árinu. Gull nam 6 miljónum dollars, og kom meir en helmingur þess úr hinum nýju Porcupine gull námum. Sudbury námurnar framleiða ennþá mest nikkel í heiminum. Voru árið sem leið 18,636 smálestir unnar úr þeim og nam sú upphæð tæpum 15 miljónum dollars. Koparframleiðslan á árinu nam 2½ miljón dollars. Járn fór minkandi, en gaf þó af sér 7 miljónir dollars. Stál nam 8¾ miljón dollars. Ontario fylki hefir því framleitt næstum helming allra málma í Canada á sl. ári, hvað verðupphæð snertir.

— Austurriki hefir eftir nýafstöðnu manntali 28½ miljón innbyggjendur. Er það tæpra tveggja og hálfrar miljónar aukning á tíu ára tímabili.

— Hon. Desire Gironard, elzti dómari í hæstarétti Canada, andaðist í Ottawa 22. marz. Hann var fæddur 7. júli 1833, og var því 78 ára gamall. Hann var all-lengi sambandsþingmaður og þótti nýtur í þeim starfa og atkvæða lögmaður. Hann var aðalmáðurinn, sem barðist á móti aftöku Louis Riel, uppreistarforingjans. Varð hæstaréttardómari 28. sept. 1905, og lét þá af þingmensku.

— Jack Johnson, heimshnefaleikarinn, var í sl. viku tekinn fastur í San Francisco fyrir of mikinn bifreiðarhraða og sektaður um 200 dollars. — Þetta er í 140. sinni, að Johnson hefir verið sektaður fyrir sama afbrot í Bandaríkjunum, og hefir hann orðið að borga samtals í sektir um 12 þúsund dollars, fyrir utan málskostnað og málafærslumannslaun. Hann hótaði því að áfrýja þessum síðasta sektardómi alt til hæstaréttar Bandaríkjanna, þó það kostaði sig aleigu sina.

— Grand Trunk Pacific járnbrautarfélagið hefir nýverið birt fyrirætlanir sínar á komandi sumri — Félagið ætlar að byggja 600 mílur af nýjum járnbrautum og framhaldsbrautum, — alt í Saskatchewan og Alberta fylkjum. — Einnig verður þess utan 265 mílum bætt við þverlandsbrautina.— Sömuleiðis á að byggja 140 járnbrautastöðvar. — Hinn áætlaði kostnaður nemur 17 miljónum dollars.

— Ráðaneytið í Mexico lagði niður völd á föstudaginn var. Var ástæðan til þess sú, að engar líkur voru taldar til, að innanlandsófriðnum lyki meðan þetta ráðaneyti væri við völd. — Einnig er álitið, að Diaz forseti muni leggja niður forsetatign sina innan fárra daga, því útlit er nú fyrir, að uppreistin hafi vaxið honum um megn. Foringi uppreistarinnar, Francisco I. Madeiro, er nú með 1500 riddaraliði í Norður-Mexico og vinnur hverja smáorustuna eftir aðra. Hann hefir nú látið herboð útganga til allra sinna fylgismanna, að gera nú afgerandi atlögu fyrir frelsi fósturjarðarinnar. — Diaz lét nýverið taka af lífi 4 Bandaríkjamenn, sem voru handsamaðir sem njósnarar uppreistarmanna. Bandaríkin hafa nú hótað þungum búsifjum, ef ekki yrði bætt fyrir dráp borgara sinna. — Alment er álitið, að Bandaríkin muni hafa í hyggju að innlima Mexicó, ef hentugt tækifæri býðst, — og nú eru tvö þúsund Bandaríkja hermenn við landamærin og bíða átekta.

— Harry K. Thaw hefir nú verið fluttur úr deild þeirri, sem hann áður var í Matteavan geðveikrahælinu, og yfir í aðra, þar sem eru andlegir aumingjar og menn á lægsta stigi vitsmuna. Á sá lýður að vera samfélagar Thaws framvegis.

— Eitt hundrað og fjörutíu manns mistu lífið, og tólf eru fyrir dauðans dyrum, sem afleiðing eldsvoða í New York á laugardaginn var 10-lyft skyrtuverksmiðja á Washington Square, í austurhluta borgarinnar, sem þetta hörmulega tjón vildi til í. Brauzt eldurinn fram á 8. lofti með svo miklum hraða, að fólkið, sem vann á efstu loftunum, gat ómögulega, að fáum undanskildum, náð lyftivélunum eða stigunum. En það, sem hörmulegast var af öllu, var það, að eldfrelsunarstigarnir voru að eins fjórir á allri byggingunni og voru aflæstir með járnhlerum. Varð því vesalings fólkinu frelsun ómögulegt, — nema á þann hátt að stökkva niður í teppi og björgunarnet, sem björgunarliðið hélt útbreiddum 100 fetum neðar. En þunginn va r svo mikill af fallinu, að netin og teppin héldu honum ekki og brustu, er sá eða sú, sem í þau stökk, fell til jarðar og rotaðist. — Í mörgum tilfellum fell fólkið beint niður á steinlögð strætin, og urðu líkamir þess óþekkjanleg kös. Strætin flóðu í blóðstraumum og limlestir líkamir lágu sem hráviður, þegar eldurinn var slöktur. Meginþorri þeirra, sem lifið létu, voru unear stúlkur, flestar ítalskar eða Gyðingar. — Hafa nú hafist almenn samskot í New York til hjálpar fjölskyldum þeirra, sem lifið mistu við brunann Einnig er búist við, að málsókn verði höfðuð gegn eigendum byggingarinnar fyrir vöntun á björgunarstigum og illan viðbúnað gagnvart eldsvoða. — En margar af verksmiðju-byggingum New York borgar eru taldar að hafa engu betri útbúnað en þessi 'Triangle'-bygging. — Slys þetta er hið stórfeldasta, sem yfir New York hefir dunið, síðan gufuskipið 'General Slocum' brann með mest allri áhöfn við North Brothers Island árið 1904.

— Svertingjar frá Suður-Bandaríkjunum eru nú í óða önn að flytja búferlum hingað tif Canada. Í fyrstu var tvísýnt, hvort Canada stjórn mundi leyfa þeim bólfestu, en eftir að fyrsti hópurinn, sem í voru 150 manns, flestir frá Oklahoma, hafði verið stöðvaður við landamærin og haldið þar í þrjá daga meðan nákvæm læknaskoðun var gerð á honum, var öllum, að einum undanskildum, leyfð landganga. Hélt hópurinn samdægurs áleiðis til Edmonton, því þar í nágrenninu ætla svertingjarnir að taka sér framtíðar bólfestu. Allir í þessum hóp voru allvel efnum búnir, og fluttu með sér hesta, múlasna og búsáhöld. — Innan skamms er búist við öðrum hóp af 200 svertingjum. — Þessir svertingjar, sem til Edmonton héldu, voru æfðir jarðyrkjumenn, og höfðu unnið að búskap alla æfi, svo engin ástæða er til að efast, að þeir verði framtaksamir og dugandi borgarar í sínu nýja fóstturlandi sínu, — þar sem svertingja hatursins gætir litið, en sem staðið hefir þeim fyrir þrifum í Suðurríkjunum.

— Scott stjórnarformaður í Saschewan hefir haldið vestur að Kyrrahafi sér til heilsubótar.

OGILVIE'S
Royal Household Flour

Til Brauð og Köku Gerðar

Gefur Æfinlega Fullnæging

EINA MYLLAN Í WINNIPEG,—LÁTIÐ HEIMAIÐNAÐ SITJA FYRIR VIÐSKIFTUM YÐAR.

Útdráttur

úr fundargerð frá fundi í Narrows Hall, 17. marz 1911.

JÁRNBRAUTARMÁLIÐ.

Samþykt að kjósa þriggja manna nefnd, til að gera tilraun að fá lagða járnbraut til Narrows — Í nefndina kosnir:

Sera Sig. Christopherson,
Sigurgeir Pétursson,
Jón Jónsson frá Skeðbrjót.

Jóni Jónssyni var sérstaklega falið á hendur, að skrifa nú þegar fylkisþingmanni Gimli kjördæmis, og skora á hann, að leggja máli þessu sitt bezta lið, og reyna nú þegar að fá vitneskju um, hvort fylkisstjórnin og C.N.R. félagið hafi í hyggju, að gera nokkuð á þessu ári til að koma því í framkvæmd, að járnbraut verði lögð til Narrows, frá Oak Point brautinni.

SIGURGEIR PÉTURSSON,
fundarstjóri.

GUÐM. JÓNSSON,
skrifari.

JÓN JÓNSSON, járnsmiður, að 790 Notre Dame Ave. (horni Toronto St.) gerir við alls konar katla, könnur, potta og pönnur fyrir konur, og brýnir hnífa og skerpir sagir fyrir karlmenn. — Alt verk af hendi leyst fyrir lítla [illegible]

WALL PLASTER

"EMPIRE" VIÐARTAGA VEGGLÍM.

"EMPIRE" CEMENT WALL VEGGLÍM

"EMPIRE" FINISH VEGGLÍM.

"GOLD DUST" VEGGLÍM.

"SACKETT" PLASTER BOARD.

SKRIFIÐ OSS OG FÁIÐ VORA ÁÆTLUNAR BÓK.

Manitoba Gypsum Co., Limited.
WINNIPEG. - MANITOBA.

Bak við tjöldin.

UM SAMBANDSÞINGID Í CANADA OG ÞINGMENN ÞESS,

(Eftir J. W. W. í G. G Guide). Íslenzkað hefir M. T.

"Það hlýtur að vera mikið í það varið, að vera meðlimur þingsins í Ottawa", er oft að orði komist af þeim, sem heimsækja Ottawa borg. Og svo er það líka. Að vera einn af þeim 221 herrum, sem ráða lögum og lofum á þingi, og sem sem álitið er að minsta kosti að séu fulltrúar beirra 8 miljóna, sem Canada þjóðin samanastendur af, — er mjög svo virðingarverð staða, með sinum sérstöku einka-réttindum og tækifærum. Þingmaður í Ottawa hefir mörg einkaréttindi, og vanalega berir sér þau öll í nyt. Hann hefir og líka margvísleg tækifæri, bæði til að gera gott og ilt, og hann notar sum af þeim. Á meðal einkaréttindanna eru þinglaunin, $2,500 fyrir hvert þingtímabil, og hinn löglegi réttur, sem hverjum meðlim efri og neðri málstofunnar er gefinn, með friflutning eða fari ókeypis á öllum járnbrautum í Canada. Meðlimur sambandsþingsins er og meðlimur hins fínasta klúbbs í Canada, með öllu því gómsæti og andlegu hressingu, sem hann hefir að bjóða. Enafremur hefir hann frjálsan aðgang að þingbókasafninu, sem er hið fullkomnasta bókasafn landsins: að dýrðlegum matmáltíðum og veizlum o. s. frv. Ef þingmaðurinn er stjórnarmegin, getur hann áorkað miklu um veiting stjórnarembætta, og yfir það heila haft víðtæk áhrif í ellar áttirj

Sumir þingmenn eiga annríkt. Að vera þingmaður í Ottawa, er ekki alt "bjór og brellur", eins og þeir segja á Englandi. Sá þingmaður í sambandsþinginu, sem reynir að gera skyldu sina gagnvart kjósendum sínum, vinnur miklu harðara þá 6—7 mánuði, sem þing stendur yfir, heldur enn vanalegur verzlunarmaður, þó að starfrækinn sé. Að halda ræður á þingi, eða hlusta á ræður hinna mælsku embættisbræðra sinna, er ítill hluti af verki þingmanns. Til að byrja með fær þingm. frá 12—15 bréf á dag, sem öll krefjast svars, og mörg bannig, að þingm. verður að ná tali einhvers ráðgjafans eða geta sér ferð á skrifstofu einhverrar stjórnardeildar áður en bréfi er svarað. Flest af þessum bréfum koma úr kjördæmum frá mönnum, sem biðja um einhverja þágu frá stjórninni, eða þá um upplýsingar stjórnarlegs eðlis. — Sumir vilja fá viðarhöggsleyfi eða leiguland fyrir bithaga, takendur heimilisréttarlands, er eiga í 'brösum' við eftirlitsmennina; stundum þá flokkstyðjendur, er vilja fá að vita, hvernig skuli svara eða hvað að gera, þá mótflokkurinn vottar einhverju að þeim; og svo eru menn, sem vilja fá embætti fyrir sjálfa sig, syni sina eða vini. Allir þessir menn skrifa þingmanni sínum, og svo auðvitað, að hvað helzt sem þeir biðja um, ætlast þeir til að þingmaðurinn komi til leiðar. Þingmenn hafa stóran hóp af hraðriturum til að skrifa bréf sín. Að þessum tíma hefir skari af ungum stúlkum haft starf þetta með höndum, og borið með sér ritvélar sínar og minnisbækur, hafst við í nefndarstofum, reykinga herbergjum eða göngum, — eða rétt hvar sem þær náðu í borð og stól um stundarsakir. Einn daginn vildi svo til, að hraðritunar-mær kom tríflandi á tánum, fyrirvaraþaust inn í þingsalinn, þá umræður stóðu yfir, til að taka niður bréfsefni frá einum þingmanninum. Þegar stúlkan athugaði, hvað sér hefði orðið á, hvarf hún skyndilega út, og undirtók í þingsalnum af hlátri. Svo er sagt, að þingmönnum hafi verið hugðnæmt, að lesa þessum laglegu og limamjúku meyjum bréfsefni sín. En nokkrum dögum fyrir jólafriið núna í vetur ákvað svo hin tilfinningarlitla nefnd, er dómsvald hefir í málum þeim, er snerta innbyrðis ásigkomulag þingsins, að kvenfólki skyldi eigi liðast starfi þessi lengur í þjónustu þingmanna, og karlmenn yrðu að gegna honum hér eftir.

NEFNDAFUNDIR.

Þá eru nú fundir hinna ýmsu þingnefnda, og er hver þingmaður í einhverri, og er ætlast til, að hann sinni störfum sínum þar. — Meðal annara er járnbrautamálanefndin; til hennar eru send öll 'privat' frumvörp um lög, er áhræra járnbrautir landsins. 'Privat' frumvarp þýðir frumvarp, sem borið er upp í þinginu eftir beiðni og til hagsmuna einstaklings eða nokkrum mönnum eða félagi; t.d. að leyfa járbrautum að byggja nýjar brautir, eða lengja tímann þar til viss braut verði að vera fullgerð. Frumvörp fara eigi til nefnda fyr en eftir fyrstu og aðra umræðu og hafa að aðalatriðunum verið viðurkend eða tekin til greina af þinginu. Það er aðalverk nefnda að athuga smáatriðin, lið fyrir lið, og annaðhvort að gera þær endurbætur á frumvarpinu, sem álitast æskilegar og senda svo til þings til þriðju umræðu, eða fleygja því út til frekari aðgerða. Flokksviðið er eigi nærri eins ákveðið í þingnefndum eins og á þingi, og oft er það í nefndum, að þingmaður hefir tækifæri að koma breytingu á, sem ástæða vegna hann ekki gæti beðið um ur sæti sínu í þingsalnum. Það sem þó oft á sér stað er, að frumvarp, sem vissir kappsmenn beita sér á móti, en sem vitanlegt er að hafi alþýðuhylli, og þar sem þingmenn ekki mundu dirfast að reita svo kjósendur sína til reiði, að hafa opinberlega móti frumvarpinu á þingi, — þá er það 'drepið' af nefndinni, sem um það fjallar, og hvorki eru ræður um frv. í þingnefnd né atkvæðagreiðsla um það þar opinberað, — ekki skrásett í þingtíðindunum eða flokksblöðin látin breiða nokkuð út um það í dálkum sínum. Sem dæmi má nefna frv. til myndunar samvinnufélagsskapar (Co-operative Societies), sem var drepið af banka- og verzlunarmála-nefndinni á síðasta þingi vegna mótspyrnu verzlunarmannafélagsins (Retail Merchants Association). — Standandi nefndir þingsins, 13 að tölu, koma saman fyrri hluta dags, og að sinna störf um sínum í þeim tekur upp mikinn tíma þingmanna.

STARF ÞINGSINS.

Þegar klukkan er 3 'opnast húsið', þ. e. þing er sett með bæn. — Allir aðrir en þingmenn eru harðlega útilokaðir úr málstofunum meðan á fyrirbænum stendur, sem bornar eru fram af forseta þingsins. Svo er sagt, að stundum sé fleira mælt en bænir tómar, því á meðan á bænahaldi standi sé hentug stund til að láta persónuleg vandræði í ljós; minsta kosti allaoft sé bænahald lengra í einn tíma en annan, og ber við, að þunglamalegar raddir, er lera keim gremjulegs mótþróa, berast út að göngunum. Að þessu búnu heldur starf þingsins áfram til kl. 6. Þá er hóið hvíld til kveldverðar og hressinga. Kl. 8 byrjar starf aftur og helzt þar til einhverntíma að nóttunni, eða jafnvel framundir morgun. Þó er vanalega starfi lokið um miðnætti. Ekki er það nauð synlegt, að þingmaður sitji ætíð í sæti sínu, hlustandi á umræður,— náttúrlega í því skyni, að heyra hvað sagt er á móti og með málum og ákveða svo með sjálfum sér, hverja hliðina hann eigi að styðja með atkvæði sínu, — en þingmaður verður að sýna sig á þingi einhverntíma að deginum, ella $15 er dregið af launum hans. Og hann verður að vera í námunda, þegar líkur eru til að atkvæði verði greidd, eða verða annars fyrir ádeilum regluboða (Whip) flokks þess, er hann tilheyrir. En þegar áhugalítil mál eru rædd eða þegar þing situr langt fram eftir nótt, eru þingmenn vanalega einhversstaðar annarsstaðar en í sætum sínum. Herbergi eru á hverju lofti þinghússins, sem þingmenn geta flúið í, þegar þeim leiðist þingmælska embættisbræðra sinna. Aðal hvíldar-herbergi fyrir þreytta Liberala er 'númer sextán', sem er þægilega sett, rétt hinumegin við ganginn móti dyrunum inn í þingsalinn. Conservativar eiga aðallega heima, þegar lúnir eru, í herberginu 'númer áttatíu og níu', sem er andspænis blaðamannastofunni. Oft drífa þingmenn sig inn í heimkynni blaðamannanna, af báðum flokkum, sér til andlegrar hressingar; en hressingu fyrir ljósamann, ýmist í félagi með eða án blaðaritara, fá þingmenn sér, og sem er oftast sótt á matsölustofu þá upp á loíti, er hefir að geyma á veggjum sínum olíumyndir af fyrverandi landstjórum, forsætisráðherrum og fyrri daga föðurlandsvinum, og er eins og þessi dánu mikilmenni horfi öfundaraugum niður á það, er menn í holdinu gæða sér á. — Það eru herbergi hér og hvar í þinghúsinu sett til síðu til afnota fyrir þingmenn frá hinum ýmsu landshlutum Canada. Á neðsta gólfi, nálægt bókasafninu og lestrarherbergjunum, er reykingaherbergið, þar sem margri þreytandi morgunstund er eytt við spil, eða hljótt kapp fer fram við taflborðið. Í hverju herbergi eru þægilegir legubekkir, — en hver sá þingmaður, sem ekki getur tekið sér dúr nema að hrjóta, er ekki látinn sofa lengi í friði.

FÁTÆKIR EN RÁÐVANDIR ÞINGMENN.

"Fátækur en ráðvandur" þingmaður, sem til Ottawa kemur, hefir 'að erfiðri röð að hlúa'. Þeir eru þannig allareiðu nokkrir til nú og verða fleiri eftir því sem kjósendur verða hygnari í að velja málsvara sína. En hver sá þingm., sem ekki hefir talsvert meiri tekjur en þinglaun sín er — vægast talað — háður freistingunum. Tökum til dæmis þingmann að vestan. Nema hann sé bóndi eða eigi bú, verður hann að hætta alveg við sína fyrverandi iðnaðargrein eða stöðu; ef hann á ekki eignir, sem gefa honum tekjur, verður hann að lifa á þessari $2,500 þóknun og þola $15 afföll fyrir hvern dag, sem hann er af þingi. Þingmaður verður í mörgum tilfellum að halda hús í Ottawa meðan á þingi stend ur, og svo verður hann að halda við heimili sínu í kjördæminu, að sumrinu að minsta kosti, og hafi hann fjölskyldu fyrir að sjá, er það vissulega erfitt fyrir hann að láta báða enda mætast, þ.e. tekjur og útgjöld. Þó er ekki sagt, að það megi ekki takast. Umstangið í kosningum og fylgi nægilegt til að ná kosningu á þing, er kostnaðarsamt, og í stóru kjördæmi, eins og þau eru í Vestur-Canada, má þingmannsefni ekki láta sér detta í hug að komast af með minna en 4—5 þúsund dollars gegn um kosningar. Sum þingmannaefnin í síðustu sambandskosningum eyddu $20,000, og einn eða tveir miklu meiru en það. — Næst kemur þá spurningin: Hvernig getur þingmaðurinn náð aftur upp 5—10 þúsund dollars kosninga kostnaði sínum? Í mörgum tilfellum eru peningarnir greiddir úr kosningasjóði flokksins, en sjóðskrin flokksins eru fylt af hinum 'stóru félögum", — og hvað á þá sá þingmaður að gera, sem náð hefir kosningu með þeirra hjálp, þegar þessi "stóru félög" koma á þing — gegn um erindsreka sína — og biðja um styrk, gjafir, ívilnanir, undanþágur? Að hvaða leyti er afstaða þessara þingmanna ólík þeirra, er þegið hafa mútur beint og greinilega? Það eru óefað margir þingmenn, er þeir koma fyrst til Ottawa, ákveðnir í því, að nota mál sitt og atkvæði sín gegn óréttláti því, sem viðgengst. Þeir fylla ekki — að þeir ætla sér — þann flokk, er vill gefa "stóru félögunum" sérstök einkaréttindi, en þegar þessir sömu þingmenn eru svona vel komnir til Ottawa mæta þeim óvæntanlegir erfiðleikar. Einhver tunguliðugur og reyndari embættisbróðir sýnir þeim með dæmum og skýringum fram á, að óvíturlegt og óhagsýnt sé fyrir nýjan þingmann, að vekja óánægju forkólfa flokksins með því að gera einhverja vandugsaða yfirlýsingu á þingi. — Þar næst nær einn þaulæfður "gagna-gjeir" (Lobbyist) í þá. Þessir herrar eru hæverskan og tilhliðrunarsemin sjálf. Þeir eiga sér herbergi í þinghúsinu, og hafa þar ýmsar tegundir af áfengu og óáfengu munngáti, til styrktar heila og tungu, — og áhrifa þeirra, sem til er ætlast. Eftir nokkurn tíma hefir þetta haft þar áhrif í sambandi við ónóga þekkingu til að andmæla eða svara röksemdum hinna, að nýju þingmennirnir gefast upp, til frekari aðgerða, en gera skyldustörf sín á þinginu daglega, forðast að segja nokkuð, er leiðandi maður í flokki þeirra hefir ekki áður sagt, og greiða svo atkvæði sín með flokksmönnum sínum, þegar klukkunni er hringt til að kalla á þá úr reykingaherbergi nu.

HLUNNINDI TIL C.P.R.,

Á flestra vitorði er það, að C. P. R. félaginu hefir auðnast að ná í næstum öll þau hlunnindi og þægilegheit, sem sambandsstjórnin hefir vald til að veita. Þess vegna er það sjaldgæft, að erindsrekar þess komi fram á sjónarsviðið á eða í sambandi við þingið, nema ef það þarf að beita sér við að koma í veg fyrir samþyktir frumvarpa, er stefna að því að minka hægðaraukann við að hrúga saman gróða sínum. C.N.R. félagið er mikið yngra, enda þarf það einlægt eitthvað stjórnina að biðja, og svo að segja undantekningarlaust fæst það, sem beðið er um. Sir Wm. McKenzie og Sir Donald D. Mann, forseti og varaforseti félagsins, eru báðir oft í Ottawa og hafa tal við þingmenn í sambandi við fyrirætlanir sínar. Sir William heldur íbúð herbergja fyrir sjálfan sig í einu nýtízku stórhýsinu í Ottawa borg. Þessir járnbrautafélags embættismenn leita þó ekki mála sinna sjálfir við réttan og sléttan þingmann, en það er ritari félagsins, sem kemur sér í mjúkinn hjá þeim. Þessi ritari léttir oft vasa sína um 200 dali "í rykk" fyrir kampavín handa þingmönnum uppi á máltíðastofunni í þinghúsinu. Vinur ritarans (Mr. Moore's) staðhæfði nýlega, að hundrað þúsund dollars væru honum ætlaðir á ári hverju í "kostnað". Auk þess að vera greiðugur á kampavín, er Mr. Moore útgefandi blaðsins Canadian Courier, og skilst manni þá þeim mun betur ályktanir þær, er oft oft koma fram í því riti. — Allmörg verkstæðisfélög eiga erindsreka sína á þingi, ýmist forseta sína eða framkvæmdarstjóra. Má nefna þessa: F. T. Frost, forseta Frost & Wood verkfærafélagsins, og L. Melvin Jones, forseta Massey-Harris fél. og í framkvæmdarstjórn Verity Plough og Bain vagn félagsins, sem báðir eru 'Senators' Í neðri málstofunni: John Stanfield, eigandi spuna- og prjónaverksmiðju; Wm. Harty, forseti gufuvagna verkstæðisins í Kingston, og Lloyd Harris, frá Brantford, sem er í framkvæmdarstjórn átta mismunandi iðnaðarstofnana.

ÁHRIF KOMA UNDIR HÆFILEIKUM.

Áhrif þau, sem hvet einn meðlimur þingsins getur haft á stefnu stjórnar eða andstæðinga, er ákaflega mikið komið undir hæfileikum mannsins sjálfs; einnig hefir þrautsegja hans með að halda fram sinni skoðun mikið að segja gagnvart leiðtogum flokksins, og eins að geta haft lag á því, að gera aðra þingmenn að bakhjalli sínum. Sannleikurinn er, að ekkert þýðingarmikið spursmál er nokkurntíma afráðið í efri eða neðri málstofunni. Aðferðin sem höfð er, er að málefnin eru "skorin og þurkuð" áður en umræður hefjast um þau í þinginu. Á flokksfundum (Caucus) er málefnið tekið til ræki legrar meðferðar hjá báðum hliðum, og eins á 'privat' fundum þingmanna hjá hvorri hlið fyrir sig, þar sem hver getur látið þá skoðun í ljós er honum sýnist, og iðulega, að hinn mesti skoðanamunur á sér stað. Eftir þetta "þreskja" ráðgjafarnir það á milli sín á stjórnarfundi, og þar er auðvitað stefna stjórnarinnar ákveðin. Stundum er hún í samræmi við skoðun meirihluta stjórnar-þingm. og stundum ekki, en kvað helzt, sem stjórnarráðið ákveður, verður fram að ganga, og enginn stjórnarsinni vogar að anda móti á þingi, ella eiga á hættu að verða gerður flokksrækur.

Canada er á yfirstandandi tímum stjórnað af litlum flokk manna — þrettán manns alls, nfl. stjórnarráðið. Þeir þingmenn, sem tilheyra stjórninni, sem ekki eru alveg á sömu skoðun og hún, verða annaðhvort að kingja niður sinni eigin sannfæringu eða yfirgefa flokkinn og ganga í lið með andstæðingum.

Af þessu sést, að yfir það heila tekið hefir skoðun og rödd þingmannsins litið að segja í þýðingarmestu landsmálunum, jafnvel þótt hann sé stjórnarsinni. En sé hann hinumegin, hefir hann enn minna að segja, er til áhrifa komi, því þó hann láti óhikað skoðun sina í ljósi á þingi og utan, þá hefir hin bezta röksemdaleiðsla hans, áhugi og malska ekkert gildi um stefnu stjórnarinnar, né dragi úr atkv.-afli hennar í málunum innan stjórn arsinna á þinginu. En samt sem áður, þó andstæðingar hafi aldrei fleirtölu atkvæða, geta þeir ákaflega tafið gang mála, og oft komið við talsverðu afli, — jafnvel svo að þeir geta ónýtt næstum hvaða frumvarp sem er, ef þeir einhuga ætla sér það. Þetta afl, sem minst var á, er örsjaldan notað, nema þegar flokkshagnaður mikill er í húfi; eins og t.d. begar Aylesworth frumvarpið var fyrir þinginu, og Liberalar vildu endilega efna til nýrra kjörskráa í Manitoba, til að fara eftir í þá komandi sambandskosningum; en það vildu Conservative þingmenn alls ekki láta komast í framkvæmd, svo þeir lögðu sig fram og töluðu og töluðu; svo gerðu þeir breytingatillögur og töluðu meir; héldu þessu uppi dag eftir dag og viku eftir viku, þar til stjórnin loksins uppgafst og dró frumvarpið algerlega til baka.

EINAR JOHNSON VESTDAL.

Þess var fyrir skömmu getið hér í blaðinu, að Einar J. Vestdal, frá Wynyard, Sask., hefði látist á sjúkrahúsinu í Winnipeg. Einn af nágrönnum hans hefir sent blaðinu eftirfarandi æfiatriði til birtingar:

Einar sál. var fæddur á Gestreiðarstuðum í Jökuldalshreppi í Norðurmúlasýslu á Íslandi árið 1882, og ólst upp hjá foreldrum sínum, Jóni J. Vestdal og konu hans Önnu Kristrúnu Gunnlaugsdóttur Vestdal. Þau hjón eignuðust 4 börn, 3 syni og 1 dóttur, öll mannvænleg. Ekki voru foreldrar þeirra rík, en höfðu jafnan nóg fyr ir sig og sína, og þóttu það góðar ástæður heima á Fróni.

Til Ameríku fluttu þau árið 1904 og hefir farnast hér vel. En því þunga mótlæti hefir herra Vestdal mætt, að missa á sama árinu sina ástríku eiginkonu og elzta son sinn (Einar), sem nú var kominn á blómaár lífsins.

Einar sál. var mjög myndarlegur maður, stiltur og gætinn í allri framkomu og hverjum hugljúfi, er honum kyntist. Búinn var hann að ganga 2 vetur á skóla í Winnipeg, og gekk námið vel, og alt útlit var fyrir, að hann ætti fagra fram tíð, hefði honum orðið lífs auðið. Það er og jafnan hrygðarefni, þá er efnilegustu menn þjóðflokks vors burtkallast í blóma lífsins, og engin furða, þótt undir saknaðarins blæði hinum aldurhnigna föður og systkinum hins látna bróður".

KENNARA VANTAR

við Háland sköla No. 1227 Sex mánaða kensla, byrjar 1. mai. Skólafri ágústmánuð. Umsækjendur tiltaki, hvaða mentastig þeir hafi og hvaða kaup beir biðji um. Umsækjendur sendi tilboð sín fyrir 20. april 1911 til undirskriftaðs.

Hove P.O., 11. marz 1911.

S. EYJÓLFSSON,
Sec'y-Treas.
4-13

Sendið Heimskringlu til vina yðar á Íslandi.

Giftingaleyfisbréf

SELUR
Kr. Ásg. Benediktsson
424 Corydon Ave. FortRouge

„Að lesa og skrifa list er góð læri það sem flestir."

Ef þig langar til að læra að skrifa fagra rithönd, þá skrifaðu eftir upplýsingum og sýnishorni til H. F. Einarssonar, Pembina, N. Dak., sem kennir allskonar rithönd fjölbreytta pennadrætti og skrautskrift. Þú getur lært heima í þínu eigin húsi, því tilsögnin er send bréflega með pósti.

Hverjum, sem svarar þessari auglýsingu, verður sent spjald með hans eigin nafni skrautritaðu. 25-5

TIL SÖLU

í Westbourne bæ 4 lot með 5-herbergja húsi á, góðu geymsluhúsi og stóru hesthúsi; nálægt vatni og skógi. Gott tækifæri fyrir mann, sem mundi vilja flytja vörur af og á járnbrautarstöðina, og fleira o.fl. Umsækjendur snúi sér sem fyrst til

J. Crawford
30-1 Westbourne, Man.

Bókalisti.

N. OTTENSON'S, - River Par. W'p'g.

Ljóðmæli Páls Jónssonar í bandi	(3)	85
Sama bók (að eins 2 eint.	(3)	60
Jökulrósir		15
Dularósir	(1)	20
Hamlet	(3)	45
Tíðindi Prestafélagsins í hinu forna Hólaskifti	(2)	15
Grant skrifstjóri	(2)	40
Börn óveðursins	(3)	55
Umhverfis jörðina á áttatíu dögum	(3)	60
Blindi maðurinn	(3)	15
Fjörulaðafi smásögur	(3)	10
Kapitola (í H. Bindum)	(3)	1.25
Eggert Ólafsson (S. J.)		15
Jón Ólafssonar Ljóðmæli í skrautbandi	(3)	60
Kristinfræði	(2)	45
Kvæði Hannesar Blöndal	(2)	15
Mannkynssaga (P. M.) í bandi	(5)	85
Mestur í heimi, í b.		15
Prestkosningin, Leikrit, eftir D.E., í b.	(3)	30
Ljóðabók M. Markússonar		50
Ritreglór (V. Á.) í b.		20
Sundregur, í b.		15
Gerði Jóns		15
Vestan hafs og austan, Þrjár sögur eftir E. H., í b.		50
Víkingarnir á Hálogandi eftir H. Ibsen		25
Dorlákur helzi		15
Ofurefli, skálds. (E. H.) í b.		1.50
Ólöf í Ási	(2)	45
Smælingjar, 5 sögur (E. H.), í b.		85
Skemtisögur eftir S. J. Jóhannesson 1907		25
Kvæði eftir sama frá 1905		25
Ljóðmæli eftir sama. (Með mynd höfundarins frá 1897		25
Safn til sögu og ísl. bókmenta í b., III. bindi og það sem út er komið af því fjórða	(53c)	9.4
Íslendingasaga eftir B. Melsted I. bindi bandi, og það sem út er komið af 2. b.	(25c)	2.85
Lýsing Íslands eftir D. Thoroddsen í b.	(16c)	1.90
Fornir fornísleuzkir rímnaflokkar, er Finnur Jónsson gaf út, bandi	(5c)	85
Alþingisstaðir hinn forni eftir Sig. Guðmundson, í b.	(4c)	90
Um kristnitökuna árið 1000, eftir B. M. Olsen	(6c)	90
Íslenzkt fornbréfasafn, 7. bindi innbundið, 3 h. af 8 b.	(1 70)	27.80
Biskupasögur, II. b. innbundið	(42c)	5.15
Landfræðissaga Íslands eftir P. Th., 4. b. innbundið	(55c)	7.75
Rithöfunda tal á Íslandi 1400—1882, eftir J. B., í bandi	(7c)	1.00
Upphaf allsherjarríkis á Íslandi eftir K. Maurer, í b.	(7c)	1.15
Auðfræði, e. A. Ól., í bandi	(6c)	1.10
Presta og prófastatal á Íslandi 1869, í b.	(9c	1.25
B. Thorarinsson ljóðmæli, með mynd, í b.		1.50
Bókmentasaga Íslendinga eftir F. J., í b.	(12c)	1.80
Norðurlandasaga eftir P. Melsted, í b.	(8c)	1.50
Nýþýdda biblían	(35c)	2.65
Sama, í ódýru bandi	(33c)	1.60
Nýjatestamentið, í vönduðu bandi	(10c)	65
Sama, í ódýru bandi	(8c)	30
Kóralbók P. Guðjónssonar		90
Sama bók í bandi		1.10
Svartfjallasynir	(5)	60
Aldamót (Matt. Joch.)		20
Harpa	(4)	60
Ferðaminningar, í bandi	(5)	90
Bóndinn	"	35
Minningarit (Matt. Joch.)	"	35
Týndi faðirinn	"	35
Nasreddin, í bandi		35
Ljóðmæli J. Dórðarsonar	(3)	45
Ljóðmæli Gestur Pálsson	"	75
Maximi Petrow	(2)	45
Leyni-sambandið	(2)	40
Hinn óttalegi leyndardómur	(2)	30
Sverð og bagall	(2)	30
Waldimar Nihilisti		75
Ljóðmæli M. Joch. L.-V. bd., í skrautb.	(15)	4.00
Afmælisdagar Guðm. Einnbogasonar		1.00
Bréf Tómarar Sæmundsson	(4)	75
Sama bók í skrautbandi	(4)	1.15
Íslenzk-ensk orðabók, G. T. Zoega	(10)	1.80
Gegnum brim og boða		90
Ríkisréttindi Íslands		50
Systurnar frá Grænadal		35
Eðintýri handa börnum		30
Vísnakver Páls lögmans Vídalíns		1.25
Ljóðmæli Sig. Júl. Jóhannessonar		1.00
Sögur frá Alhambra		30
Minningarrit Templara í vönduðu bandi		1.65
Sama bók, í bandi		1.50
Pétur blásturbelgur		10
Bækur sögufélagsins Reykavík;		
Morðbréfabæklingur		1.35
Byskupasögur, 1—6.		1.95
Aldarfarsbók Páls lögmanns Vídalín		45
Tyrkjaránið, I—IV.		2.90
Guðfræðingatal frá 1707—'07		1.10
Jón Arason		80
Skipið sekkur		60
Jóh. M. Bjarnason, Ljóðmæli		55
Maður og Kona		1.25
Fjarða mál		25
Beina mál		10
Oddur Lögmaður		95
Grettis Ljóð.		65
Dular. Smásögur		50
Hinrik Heilráði, Saga		20
Andvari 1911		75
Œfisaga Benjamin Franklins		45

Sögusafn þjóðviljans I—II árg. 35c; III árg. 20c IV árg. 20c; V. árg. 20; VI. 45; VII. 45; VIII. árg. 55; IX. árg. 55; X. árg. 55; XI. árg. 55; XII. árg. 45; XIII. árg. 45; XIV. árg. 55; XV. árg. 30; XVI. árg. 25; XVII. árg. 45; XVIII árg. 55; XIX. árg. 25.

Alt sögusafn þjóðviljan selt á	$7.00

Bækur Sögufélagsins fá áskrifendur fyrir nærri hálfvirði,—$3.80.

Umboðsmenn minir í Selkirk eru Dalman bræður.

Þess skal getið viðvíkjandi bandinu á Fornaldarsögunum Norðurlanda, að það er mjög vandað, handbundið skrautband, vel frá gengið eins er með Bréf Tómasar Sæmundssonar.

Tölurnar í svigum tákna burðargjald, er sendist með póntunum.

Nýjar bækur.

Eldraunin	50
Vallyes sögur	55
Valdimar munkur	60
Kynlegur þjófur	55
Sagan af Pétri Pislarkrák	10
Sagan af stargaði Stórvirkasyni í bandi	50
óbundin	35
Rtmur af Sörla sterka í bandi	40
óbundin	30
Myndin af fiskiskipinu	1.10

Kennara vantar

fyrir WALLHALLA S.D.No. 2062. Kenslutími sjö (7) mánuðir (almanaksmánuðir), með tveggja vikna skólafrii. Byrjar 20. april næstk. Umsækendur tilgreini mentastig gildandi í Saskatchewan og æfingu sem kennari, einnig kaup, sem óskað er eftir. Tilboðum veitt móttaka til 15. marz. — Óskað eftir, að umsækjandi sé fær um, að leiðbeina hörnum í söng.

Magnús J. Borgford,
2-3 Sec'y-Treas.
Holar, Sask.

ISLENZKAR BÆKUR

Ég undirritaður hefi til sölu nálega allar íslenzkar bækur, sem til eru á markaðinum, og verð að hitta að Mary Hill P.O., Man. — Sendið pantanir eða finnið.

Niels E. Hallson.

THE Winnipeg Paint & Glass Co. LTD

"ALT TIL BYGGINGA"

Höfuðstóll - - - $1,000,000.00
Uppborgaður höfuðstóll - 500,000.00

STJÓRNENDUR:
EDWARD CASS, President *JOHN CARR*
JAMES McDIARMID *R. W. PATERSON, Secretary*

Með tilliti til hinna miklu viðskifta sem okkur hefir boðist höfum við ákveðið að bjóða almenningi hlutabréf til sölu. Helmingur hlutaupphæðarinnar ($250,000) hefir verið seld enskum kaupendum, en ósk vor er að meginþorri hluta vorra sé í Vesturfylkjunum, og þessvegna hefir eftirstöðvunum verið haldið til baka í því augnamiði. Hlutabréf þessi eru gróðavænleg, því 7 prósenta vextir eru ábyrgstir auk 10 prósenta hluttóku í ágóða félagsins

SUBSCRIPTIONS

Áskriftargjöld greiðist TÍU DOLLARS Á HLUT við ÚTHLUTUN og afgangurinn með TÍU DOLLARA MÁNAÐAR AFBORGUN, þó er hverjum kaupanda heimilt að greiða upp að fullu þegar honum sýnist. Vextir borgast aðeins og uppborguðum hlutum.

Umsóknum á hérmeð fylgjandi umsóknareyðublað veitist móttaka á skrifstofum félagsins **601 Keewayden Building, Winnipeg**. Úthlutinn fram fer í þeirri röð sem áskriftirnar berast

Úmsóknareyðublöð og aðrar upplýsingar gefur skrifari félagsins ef þess er óskað.

The Winnipeg Paint & Glass Co., Ltd.
Keewayden Building Portage Ave., E. Winnipeg, Man.

APPLICATION FORM

Eg hérmeð bið um ..... hluti á hundrað dollara hvern í Winnipeg Paint & Glass Co. og samþykki að greiða 10 dollara við úthlutun og eru þeir hérmeð fylgjandi. Afganginn að borga með 10 dollara á mánuði á hlut hvern, þó svo að mér sé heimilt að borga upp að fullu þegar mér sýnist og þá um leið að mér séu goldnir vextir frá þeim tíma að hluti mínir eru fullgreiddir.

Nafn.....
Staða.....
Áritun.....
"HEIMSKRINGLA"

Menningarfélagsfundur

7. marz 1911.

Fundurinn var settur af forseta S. B. Brynjólfssyni. Fundargerningur frá síðasta fundi var lesinn upp og samþyktur.

Séra Albert E. Kristjánsson frá Gimli flutti fyrirlestur um trúarbrögð Babýlóníu- og Assyríumanna.

Fyrirlesarinn benti fyrst á skyldleika allra trúarbragða heimsins. Hann sagði, að andlega lífið ætti allstaðar sammerkt í heiminum, að meira eða minna leyti, og þar af leiðandi sýndi sagan, að margt væri sameiginlegt í öllum trúarbrögðum. Trúarbragðalegt þröngsýni sagði hann að hyrfi við samanburð trúarbragðanna, enda væri það afleiðing einhliða þekkingar. Þegar um trúarbrögð væri að ræða, sagði ræðumaður að vér yrðum að setja oss inn í sálarlíf manna á þeim tímum, er þau urðu til, til þess að geta skilið þau. Þau mættu ekki dæmast frá sjónarmiði nútíðar vísinda og þekkingar.

Þar næst lýsti hann landi og þjóð. Landið Mesopotamía, þ. e. landið á milli fljótanna (Efrat og Tigris) var frjósamt og bústaður þjóða með all-mikilli menningu um 2000 árum f. K. Uppruni þjóðarinnar er ókunnur, en menn vita, að hún var af semetiska þjóðbálkinum. Þessi uppruni gerir skyldleikann á milli trúarhugmynda Babýlóníumanna og Gyðinga skiljanlegan. Ef til vill áttu þjóðflutningar að vestan sér stað austur á bóginn löngu áður en sögur fara af. Ættfeður gamlatestamentisins komu máske þaðan að austan. — Borgin Úr í Kaldeu, sem getið er um í gl. testam., vita menn að var þar.

Landið skiftist upprunalega í mörg smáriki. Hvert þessara ríkja myndaðist af einni borg og landinu umhverfis, sem laut henni.

Um 2300 árum f. K. voru öll þessi smáriki sameinuð í eina ríkis heild, af konungi, sem Hammúrabi hét. Hann var nokkurs konar Haraldur hárfagri í Mesópótamíu.

Heimildirnar fyrir því, sem menn vita um sögu og trúarbrögð þjóðarinnar á þessum tímum, eru tvennskonar: 1) Ríthöfundar Forn Grikkja og sagnir. Rit prests eins frá Babýlon, Barosus, eru tekin upp orðrétt í griskum höfundum. Þessar heimildir eru óbeinar. — 2) Leirtöflur, sem nú á tímum eru grafnar upp úr rústum fornra borga. Þessar heimildir má skoða sem beinar; og þegar grisku höfundunum ber saman við þær, eru þær áþyggilegar. Þessar töflur fundust fyrst rétt fyrir miðja síðustu öld.

Töflur þessar eru ritaðar með hinu svo nefnda fleygletri. Málið á þeim var óskiljanlegt fyrst, þegar þær fundust. Sumir héldu jafnvel, að krotið á töflunum væri til prýði, en smám saman komust menn að raun um, að þetta var letur, og fornfræðingur nokkur sá, að það líktist forn-persnesku. Fyrst gat hann ráðið fram úr einu nafni og síðan hverju orðinu á fætur öðru.

TRÚARBRÖGÐIN.

Trúarbrögð þjóðarinnar voru upprunalega anda eða sálna trú (Animism). Voldugustu andarnir, sem stýrðu stórkostlegustu náttúruöflunum, urðu síðan að náttúruguðum í ímyndun fólksins.

Babýlóníumenn tilbáðu mest þá guði, sem þeir hugsuðu sér að hefðu mest áhrif á hagsæld lands og þjóðar. Aðalguðirnir voru þrir: Am, Emlil eða Bel og Ea — Am var guð himinsins. Hann gætti lítið í trúarlífinu fyrr en guðfræðingar Babýlóníu-manna voru búnir að mynda kenningakerfi sín. Bel var guð jarðarinnar, og Ea guð hafsins. — Hver borg átti sinn aðalguð, og var það sprottið af því, að menn dýrkuðu upprunalega þá guði, sem þeir hugsuðu sér að ættu landið. Bel var guð borgarinnar Nippur. Nafnið, sem er hið sama og Baal í gamlatestam. þýðir drottinn. Ea var guð borgarinnar Eradur.

Auk þessara þriggja aðalguða, trúðu Babýlóníu-menn á marga aðra. Shamach var sólarguð, orðið þýðir sól, og Sim var tunglguð. Sim var sérstaklega verndarguð borgarinnar Úr. Nergal var guð undirheimanna. Upprunalega var hann guð einnar borgar og guð dauða og eyðileggingar í bardögum. — Mörg gyðjunöfn koma fyrir en engrar þeirra gætir mikið nema Ishtar. Af því leiðir, að hún verður sambland af öllum hinum gyðjunum. Hún var sérstaklega dýrkuð í borginni Uruk. Upprunalega var hún persónugerfingur afls þess, sem færði mönnum gæði lífsins, — gyðja frjósemninnar. Síðar varð hún hernaðargyðja, og var henni þá blandað saman við herguðinn Ashur, guð Nineve-manna. Ennfremur var hún sett í samband við Gilgamish sögunu. Gilgamish, sem var hálfguð, vildi ekki þýðast ástir hennar. Ástargyðja verður hún með tímanum, og smám saman komst dýrkun hennar á lægra stig. Hún var sett í samband við stjörnuna Venus, eins og ástargyðjan hjá Grikkjum og Rómverjum.

Marduch varð aðalguð Babýlóníumanna á dögum Hammúrabis. Trúin á hann líktist mjög eingyðis trú, þó tilveru hinna guðanna væri ekki neitað.

Fyrir daga Hammúrabis voru guðfræðingar byrjaðir að búa til kenningakerfi. Við það breyttust einkenni sumra guðanna. Ea var gerður að guði vizkunnar og Shamach að guði réttvísinnar. Síðar var meira gert að þessari guðfræðislegu ummyndun.

SKÖPUNARSAGAN.

Í upphafi var Tiamat (sama orðið og T'hóm — djúp í biblíunni). Babýlóníumenn trúðu að Tiamat hefði verið lifandi vættur. Annan vætt hugsuðu þeir sér sem Aspu hét. Þeaar tvær verur voru til í fyrstu. Þær fæddu af sér tvær verur, sem Lakhum og Lakhama hétu, og þær aftur aðrar tvær, sem hétu Amshar og Kishar. Á eftir þriðja parinu kemur guðaþrenningin Am, Bel, Ea. Guðirnir herja á vættina, sem eru persónugerfingar óskapnaðarins og eyðileggja þá.

Marduch sigrar Tíamat og fær þannig hæstu völd. Þannig gerðu guðfræðingarnir í Babýlon Marduch að æðsta guði. Hann skifti Tíamat í tvent, og af öðrum helmingnum myndaði hann festinguna, en úr hinum jörðina, þó það sé ekki beinlínis tekið fram.

Forlagatöflurnar, sem á voru rituð forlög mannanna og sem Tíamat hafði fengið guði, er Kingu er neindur, til geymslu, tók Marduch.

LÍFIÐ EFTIR DAUÐANN.

Babýlóníu-menn hugsuðu sér jörðina sem hvelfda hellu fljótandi á djúpinu. Yfir henni festingin og uppi yfir festingunni önnur vötn. Undir jarðarbungunni trúðu þeir að væri Undirheimar, sem hétu ýmsum nöfnum, þar á meðal Shual, sama og orðið Sheol í gamlatestamentinu. Fyrir undirheimum réði guðinn Nergal. Lífið eftir dauðann var draumkend tilvera. Þeir, sem fóru til undirheima, komust aldrei aftur úr þessu ástandi. Ástand mannsins, þegar hann dó hafði nokkur áhrif á ástand hans eftir dauðann. Hugmyndir Babýlóníu-manna um lífið eitir dauðann líkjast mjög hugmyndum þeim, sem finnast í gl. testamentinu, t.d. Jesajasarbók, Jobsbók, Sálmunum og Prédikaranum.

Siðferðisskoðanir Babýlóníumanna finnast samandregnar í lögum Hammúrabis. Þessi lög taka að ýmsu leyti fram lögunum í gl.testamentinu, sem kend eru við Móses. Hammúrabi skoðaði sjálfan sig sem kallaðan af guði til að vernda hinn veika fyrir yfirgangi hinna sterkari.

Babýlóníu-menn lögðu eins og kunnugt er, mikla stund á stjörnuspádóma. Í stjörnuspeki þeirra, er grundvöllinn til stjörnufræði nútímans að finna. Á ýmsan annan hátt var mentun þeirra og menning forboði menningar nútímans.

Trúarskoðanir Babýlóníu-manna finnast á leirtöflum, eins og áður er frá sagt. Sumar þeirra eru talsvert skemdar, en á öðrum má lesa hvert orð.

Fyrirlesarinn sagði, að öll trúarbrögð heimsins væru í raun og veru eitt. Hið andlega líf mannanna væri svo líkt allstaðar í heiminum, að skyldleiki findist á milli allra trúarbragða, þegar þau væru borin saman. Við samanburð trúarbragðanna, sagði hann, að hyrfi þröngsýni það, sem stafar af einhliða skoðunum og litilli þekkingu.

Að fyrirlestrinum loknum lagði séra Rögnv. Pétursson til, að fyrirlesaranum væri þakkað fyrir. Mr. St. Thorson studdi tillöguna og var hún samþykt með lófaklappi.

Þá talaði séra Rögnv. Pétursson. Tók hann sérstaklega fram, að upprúni trúarbragðanna væri óþektur, þó menn hefðu rannsakað trúarlíf forn-þjóðanna. Sögulegrannsókn áleit hann að ekki mundi leiða þvrjun trúarbragðanna í mannssálinni í ljós. Guðshugmyndin væri manninum meðfædd og eiginleg, en ekki fengin vegna utanaðkomandi áhrifa.

Þá talaði séra Guðm. Árnason. Tók hann sérstaklega fram, að guðshugmyndin yrði til hjá manninum við það, er hann reyndi að gera sér grein fyrir orsökum hlutanna í kringum sig og að síðustu tilverunnar í heild sinni.

Þá tók S. B. Benedictsson til máls. Hélt hann fram, að öll frumtrú væri hjátrúarkend og að yfirskinvitlegar (transcendental) hugmyndir samrýmdust ekki vel við frjálslyndi.

Að endingu svaraði fyrirlesarinn sjálfur nokkrum athugasemdum.

Fundi slitið.

G. ÁRNASON, skrifari p.t.

AÐ VERJA

PENINGUM SÍNUM Í FYRIRTÆKI

Gerir fjárhyggjumaðurinn eftir fyrst að hafa athugað tryggingunna og svo ágóðann. Meginþorri manna er áhugaður, ef tryggingin er ör ugg, þó ágóðinn sé lítill. — Þegar mikill ágóði er samfara góðri tryggingu, þá eru peningarnir, sem þannig er varið, í

AGŒTT GRÓÐA-FYRIRTŒKI

Þetta á heima á hlutum

HYLAND NAVIGATION AND TRADING COMPANY

Höfuðstóll $1,000,000 **$100 HVER HLUTUR** **Uppborgaður höfuðstóll $600,000**

STJÓRNENDUR: J. L. HYLAND, President and General Manager; J. L. SPENCER, Vice President; D. B. SPRAGUE, W. E. ROBINSON, J. R. COTE, C. J. ATCHISON, H. I. CORBETT, Secretary Treasurer

Félagið á skemtiferða gufuskipin WINNITOBA og BONNITOBA, sem ganga á Rauðánni. — Einnig ætlar félagið að byggja þrjú flutningsskip á þessu ári, í sambandi við grjót-, malar- og timburverzlun sína, og á jafnframt hina bezt settu skipakví og skipasmíða-stað í borginni.

Félagið á þúsundir ekra af landi við Rauðána, milli Winnipeg og Lake Winnipeg, og liggja 25 mílur þess fast að ánni; og yfir 10,000 ekrur í hinni frægu St. Peters Indian Reserve. — Einnig á félagið mikið af ágætu heyskaparlandi, og Hyland Park, sem tekur yfir um 500 ekrur og meir en 300 ekrur af liggja að St. Andrews Locks. — Hin landspildan, sem félagið á, liggur meðfram Rauðánni á mjög hentugum stað fyrir sumarbústaði og garðyrkju.

Verðið er búist við að hækki á þessu ári til muna, og það merkir ágóða fyrir hluthafana. Landið eitt ætti að gera hlutina margfalt virði ákvæðisverðsins á fáum árum.

Fullvissa er fengin fyrir því, að sporvagnar renna um eignirnar mjög bráðlega, því vegstæði hefir verið mælt út og land keypt í þeim tilgangi.

Félagið ætlar að stækka og bæta eignir sínar, og til þess að fá fé til þessa, tökum við á móti tilboðum í hluti fyrir ákvæðisverð eftir 27. marz, þar til hin tilætlaða upphæð er fengin. — Sendið umsóknir, eða komið eftir frekari upplýsingum til

HYLAND NAVIGATION AND TRADING CO'S OFFICES 13 BANK OF COMMERCE CHAMBERS WINNIPEG

Heimskringla

Published every Thursday by The Heimskringla News & Publishing Co. Ltd

Verð blaðsins í Canada og Bandar. $2.00 um árið (fyrir fram borgað). Sent til Íslands $2.40 (fyrir fram borgað af kaupendum blaðsins hérlendis $1.50.)

B. L. BALDWINSON
Editor & Manager

Office:
729 Sherbrooke Street, Winnipeg
BOX 3083. Talsími Garry 4110.

Samskota-nefndin.

sem stendur fyrir fjársöfnun til minnisvarða Jóns Sigurðssonar,— leyfir sér hér með að skora fastlega á Íslendinga í Winnipeg borg, að bregða nú við sem skjótast og senda tillög sín í minnisvarða samskotin sem allra fyrst til gjaldkera nefndarinnar, herra Skapta B. Brynjólfssonar, 623 Agnes Street. Gjafalistarnir sýna, að fáir Winnipeg búar hafa enníþá lagt í sjóð þennan og að gjafirnar frá fólki voru hér í borg eru mjög hverfandi í samanburði við það, sem komið hefir frá hinum ýmsu bygðarlögum Íslendinga í Vestur-Canada og Bandaríkjunum.

Nefndin sá sér ekki fært, að láta húsvitja hér í borg í fjársöfnunarskyni yfir hörðustu vetrarmánuðina, og vegna annríkis gjaldkerans og þess, hve gjafalistarnir hafa verið langir í blöðunum, — hefir ekki eins rækileg gangskör verið gerð að því, að safna hér í borginni, eins og annars hefði orðið. En nú, þegar vorið er gengið í garð og hver Íslendingur, karl og kona, hefir yfirflýtanlega atvinnu, þá vonar nefndin og biður, að þeir dragi ekki lengur að senda gjafir sínar til gjaldkerans.

Nefndinni er sérlega annt um, að hin ákveðna upphæð fáist saman sem allra fyrst. Hún er þess fullviss, að mikill fjöldi landa vorra, ekki að eins hér í borg, heldur einnig viðsvegar út um bygðir landsins, vilji taka sómasamlegan þátt í þessum samskotum, þó þeir hafi ekki enníþá látið verða af framkvæmdum. Alla slíka biður hún nú að bregða við og senda tillög sín til gjaldkera nefndarinnar, og í því skyni, að enginn gleymist, sem annars vill leggja í sjóð þennan, mælist nefndin til, að samskotum út um bygðir verði haldið áfram, þar til tilkynning er gefin um, að upphæðin sé fengin.

Ennfremur mælist nefndin til, að allir gefendur geri svo vel að senda nákvæman nafnalista með gjöfunum, og að sem flestir einstaklingar hverrar fjölskyldu séu á þeim listum.

Í einu orði sagt: —

Nefndin mælist til þess, að þeir, sem góðfúslega hafa staðið fyrir fjársöfnun í hinum ýmsu bygðum landa vorra, geri svo vel að halda þeirri söfnun áfram, þar til hver maður og kona er fundin, svo enginn verði eftirskilinn eða framhjá gengið; — og að Winnipeg Íslendingar sinni þessari áskorun til þeirra með því að senda tillög sín sem allra fyrst og sem rifegust til gjaldkerans S. B. Brynjólfssonar, 623 Agnes St., Winnipeg.

Manitoba svarar.

Með samhljóða atkvæðum samþykti fylkisþingið á fimtudaginn var þingsályktunartillögu, framborna af stjórnarformanni fylkisins, sem afdráttarlaust hafnaði smánartilboði sambandsstjórnarinnar í landamerkjamálinu. Stuðningsmaður tillögunnar var einn af foringjum Liberala, Valentine Winkler.

Tillagan var hógværlega orðuð, en hafnaði tilboði Laurierstjórnarinnar afdráttarlaust. Ekki einn einasti maður lagði tilboðinu liðsyrði í þinginu, — allir voru fullir gremju yfir ranglæti því, sem Sir Wilfrid Laurier beitti fylkið, og hversu smánarleg tilboðs-ómynd hans var á allar lundir.

Ræða sú, sem Hon. R. P. Roblin hélt í þessu sambandi, verður lengið viðbrugðið fyrir snild. Hún var hógvær og kurteis, en flutt með því sannfæringarafli og gremju-blandinni sorg yfir óréttlæti því, sem fylkinu væri sýnt af Sir Wilfrid, — að hver sem heyrði dáðist, að.

Forsætisráðherra Roblin rakti sögu málsins frá rótum, og gaf glögga lýsingu á samningstilraunum fylkisstjórnarinnar við Ottawa yfirvöldin. Hann kvað kröfur fylkisins hafa legið í tvennu: annaðhvort fullum eignarumráðum yfir löndum og skógum og öðru þar að lútandi, svipað Austurfylkjunum, eða fjárhagstillag jafnt því, sem Saskatchewan og Alberta fylkin hafa. En samningstilraunir allar hefðu komið að engu haldi, þar til að þetta fyrirliggjandi tilboð hefði gert verið, — og það væri þannig úr garði gert, að enginn Manitoba búi mundi skoða huga sinn um, að neita því. Það væri móðgun við fylkið. Hvort slikt væri af ásettu ráði gert eða ekki, léti hann ósagt.

Þá gerði Hon. R. P. Roblin samanburð á skilmálum þeim, sem Manitoba væru boðnir og þeim, sem Saskatchewan hefði, og sýndi fram á, að hið siðarnefnda fylki fengi tvo dollara á móts við hvern einn, sem Manitoba fylki ætti að fá.

Spurningin, sem þingið verður að skera úr, hélt Mr. Roblin áfram, er hvort við getum fallist á ófullnægjandi tilboð um aldur og æfi, eða hvort við eigum að halda áfram kröfum vorum til streitu, — og þá allir samhuga, unz sá timi rennur upp, að fylkinu er veitt réttlátt jafnrétti við systurfylki sin. Ég er þess fullviss, að Sir Wilfrid Laurier og stjórn hans er hér í þessu máli ekki í samræmi við meiri hluta sambandsþingsins. Og ég trúi tæpast, að það séu 25 opinberir starfsmenn, alt frá Halifax til Vancouver, sem eru því mótfallnir, að Manitobafylki fái jafnrétti við önnur fylki sambandsins.

Min hjartans sannfæring er því, að okkur beri að neita þessu tilboði, — kurteislega en afdráttarlaust, svo að enginn misskilningur geti átt sér stað, — og að við biðum, en höldum samt alt af kröfum vorum vakandi, unz sá dagur rennur upp, að sambandsstjórnin felst á kröfur vorar,— og sem ég þykist fullviss, að hinir opinberu starfsmenn Canada séu oss sammála um. — Það er að visu satt, að við getum orðið að bíða all-lengi, — en það getur einnig verið, að sá timi sé nær en oss grunar. Mér dettur ekki í hug, að draga dulur á það, að sérhver sambandsstjórn önnur en sú, sem Sir Wilfrid Laurier er formaður fyrir, mundi fúslega veita Manitobafylki kröfur sínar um jafnrétti.

Ef við aftur á móti samþykkjum fyrirliggjandi tilboð, þá er sá möguleiki farinn um stækkaða Manitoba, eins og við höfðum vonað og þráð. Einnig er sá möguleiki farinn, að koma á fót og starfrækja fylkisháskóla, með því framkvæmdarafl, sem aldurinn heimtar; — farinn er möguleikinn, að styrkja hina almennu skóla vora eins og nú; — farinn sá möguleiki, að byggja upp norðvesturhéruðin, þannig, að viðunanlegt sé þeim, er bólfestu leita; — farin er í fám orðum, sú von, að fylki vort verði að minsta kosti jafnætis öðrum fylkjum sambandsins.

Þess vegna er það ósk min til þingsins, að það samþykki þingsályktunartillögu þá, sem fyrir því liggur, að því viðbættu, að við munum aldrei taka á móti því, sem minna hefir að bjóða, en það, sem hin önnur fylki sambandsins hafa.

Hið einróma fylgi, sem þingsályktunartillagan hlaut í þinginu, hlýtur öllum að vera gleðiefni, þó engum kæmi slikt á óvart. Því enginn maður, sem virðing ber fyrir sjálfum sér og heima á í þessu fylki, mundi ljá öðru eins smánartilboði liðsyrði. Og enginn þingmaður, hve mikill vinur og strangur flokksbróðir Sir Wilfrids hann annars kann að vera, gat greitt því atkvæði sitt, sem vissa var til að mundi vekja reiði og fyrirlitning kjósenda hans.

Hin samhljóða atkvæðagreiðsla er einnig þýðingarmikil vegna þess, að hún staðfestir, að Manitobastjórnin hefir gert alt sitt bezta til að koma viðunanlegum samningum á, og verið eins hógvær og rýmileg, sem tök voru til. — En því hefir endalaust verið haldið fram við kosningar, að Manitoba stjórnin hefði þetta landamerkjamál að pólitiskum leiksoppi, og að hún gerði svo háar kröfur, að engin von væri, að sambandsstjórnin gengi að þeim. En svarið gegn þessum aðdróttunum er þetta smánartilboð sem sambandsstjórnin gerði, — tilboð svo magurt, móðgandi og óréttlátt, að enginn einasti af traustustu fylgifiskum Lauriers í fylkisþinginu, lagði því liðsyrði. — Getur nokkur maður með góðri samvizku haldið því fram hér á eftir, að það sé fylkisstjórnin, sem hafi haft landamerkjamálið sem pólitiskan leiksopp? Eða getur nokkur maður efast lengur um rangsleitni og óvinarþel Sir Wilfrids Lauriers gagnvart Manitoba?

Manitoba vegna væri það stórhagur, að Sir Wilfrid Laurier veltist sem fyrst úr sessi, — og vonandi verður þess ekki langt að bíða.

Leirskáldin.

Eitt er það öðru fremur, sem Vestur-Íslendingar eru auðugir af, og það eru leirskáldin. Á annari hvorri hundaþúfu sitja menn og konur og yrkja þetta efnislausa rímleysisvæl. Blöðin og timaritin flytja svo þetta góðgæti lesendum sínum, sem eins og nærri má geta, bölva, bæði leynt og lióst kveðskapnum, — séu þeir ekki sjálfir leirskáld. — Því sé það, þá er það vísast, að setjast niður og hnoða saman einhverju leirburðarstagli, sem svar eða lof um leirbróður eða systur sina, sem leirbull það hevr hnoðað saman, sem fyrirliggur í þann svipinn. — Uppsprettulind heimskunnar er óþrjótandi hjá þessum leirskáldalýð. Hann kveður um alt milli himins og jarðar, á jörðu og himni, og alt er með sama eðemis brennimarkinu.

Það er ekki ofsögum sagt, að hér séu um fjörutíu leirskáld, meir eða minna kunn, fyrir utan alla þá, sem ekki hafa náð að sjá nöfnin sín á prenti. — Yfir þrjátíu leirburðarpésar hafa verið gefnir út hér vestra, hver öðrum vitlausari, bæði að rimi og efni. — Það er þó einn maður, sem ber höfuð og herðar yfir alla aðra í þessum efnum, og það er Sveinn Simonarson. Hann gefur út pésa á hverju ári, og nú eru þeir þrettán pésarnir hans. Hann er nú líka sérstakur í sinni röð, hvað það snertir, að hann lætur stundum leikrit fljúga innanum aðrar krásir; en þessi leikrit hans gerast í Danmörku, því þangað hefir hann víst aldrei komið — óðruvísi en í anda. En andagift hans er svo dauðans — dauðans léleg, og svo eru leikritin og ljóðahnoðið hans.

En Sveinn er þó ekki verstur, — ónei, — verri andans aular eru til. Við höfum "Draumsjonar" Gvend, "Nýgræðings"-skáldið, ungfrú Davidson, Jóhannes Stefánsson, og fulla tylft aðra af andans golþorskum.

Margur maðurinn mundi ætla, að svo mikill skynsemdarneisti væri þó í þessum leirbullurum, að þeir létu engan sjá þetta hnoð sitt — sem bæði er þeim sjálfum, þjóðflokki þeirra og móðurmálinu til vansæmdar og skaprauna. En útlit er fyrir, að vitglóra þessara manna sé sára — sára lítil,— því væri hið gagnstæða, mundu þeir ekki birta hið ámátlega leirstagl sitt.

Eitt sinn var í borg þessari stofnað Hagyrðingafélag, og gat hver sá, er hnoðað gat saman bögu, gerst meðlimur. Félag þetta var, sem nærri má geta, eitt fyrirmyndar endemis félag, og sáladist brátt, og var það fáum harmdauði. — Þó má geta félagi þessu til hróss, að öll skáld Vestur-Íslendinga gerði það að heiðursfélögum, en hvert skáldunum fanst sér mikill heiður ger, læt ég ósagt. En það eitt er víst, að lítið munu þau hafa fyrir félagið starfað, að undanskildum Dr. Sig. Júl. Jóhannessyni, sem stofnaði það, — og mun víst aldrei hafa gert meira axarskaft á æfi sinni. Og þegar hans leiðsögu misti við, sofnaði það og hefir ekki vaknað síðan og vona ég það sofi til eilíðar.

En því birta blöðin þetta leirbull? mundi margur spyrja.

Ástæðan fyrir því er fyrst og fremst sú, að sá, sem kveðið hefir, kemur ef til vill með hála syrpu og grátbænir blaðstjórann að prenta hana, — ef ekki alla, þá brot af henni, jafnvel að eins eitt kvæði dygði, ef hann vildi vera svo góður og taka það af sér í þetta einasta skifti, — hann skyldi jafnvel borga honum (blaðstjóranum) fyrir það sem auglýsing væri. Blaðstjórinn verður þreyttur á þessu væli mannsins, og tekur eitt kvæði eða tvö til að losna við náungann. En í stað þess að gera sér þessa miskunnsemi blaðstjórans að góðu, eins og hann lofaði, þá er hann ef til vill viss, að senda leirburð sinn vikulega, og hafa í hótunum, ef ekki sé birt í blaðinu: Hann skuli segja því upp og gera því allan þann ógreiða, sem hann geti. En taki blaðið þetta ljóðasmíði sitt, skuli hann vinna því alt það gagn, sem hann geti. — Oft lætur blaðstjórinn leirhnoðið koma af þessum ástæðum, því honum er ant um hvern dollarinn, eins og flestum öðrum dauðlegum mönnum, og telur að þó eitt leirburðarkvæði sé í blaðinu við og við, þá muni það ekki spilla neinu, skynsamir menn láti það sem vind um eyrun þjóta.

Stundum kemur það líka fyrir, að þetta leirburðarstagl er tekið í blöðin sem borgaðar auglýsingar. Vilja höfundarnir það til vinna, að greiða fult auglýsingaverð á hvern þumlung kvæðisins til að fá að sjá nafnið sitt á prenti.

Einnig er mikið af hörmulega kveðnum eftirmælum, sem birtast í blöðunum vegna þess að aðstandendur hins látna biðja svo innilega að birta þau, hinum framliðna til heiðurs.

Dálaglegur heiður, eða hitt þó heldur!

En neiti blöðin og timaritin að hafa nokkuð frekar saman að sælda við þessar leirbullur, — þá er það ófrávikjanleg meginregla, að þau gefa út ljóðapésa, — og þannig hefir margur aulinn komist í ríthöfundatal, sem aldrei skyldi verið hafa.

Það tjáir ekki að draga dulur á, að þessi leirskáld eru stór blettur á Vestur-Íslendingum og koma miklu illu til leiðar, því þegar góð kvæði birtast, eru þau oft ekki lesin, vegna þess að almenningur heldur það sama leirburðarhnoðið og venja er til. — Það er því hrópandi óréttur gegn skáldum vorum, að þessi hortitta hungurvofa skuli birtast á prenti.

Hvað er meiri ósvinna gegn móðurmáli voru en þetta afskræmis hrogna- og hortitta-mál, sem leirbullurnar nota? Hver er stærri vanvirða í bókaheimi vorum, en leirburðarpésarnir vestur-íslenzku? Og hvað hefir gert skáldgildi Vestur-íslenzku skáldanna rýrara í augum Austur-Íslendinga en einmitt þetta endemis leirburðarstagl?

Menn og konur, sem lingar svo mjög til að sjá nafnið sitt á prenti, gætu efalaust fengið það auglýst á heppilegri hátt, en með því að hnoða saman einhverju bulli, — og óska svo, að nafnið sitt megi koma með feitu letri undir. Þess konar auglýsing eykur litið virðingu, eða gerir nafnið frægara, — siður en svo.

Líði blessaðar manneskjurnar af ólæknandi kveðsýki, getur enginn bannað þeim að kveða. En í guðanna bænum, hættið þið, leirbullur góðar, að birta almenaingi hnoðið úr ykkur. — Séuð þið til sveita og viljið endilega fá áheyrendur að kveðskap ykkar, — lesið hann upp yfir beljunum, þær munu ekki betra vanar. En séuð þið hér í Winnipeg — í öllum smábæjunum eru beljur — þá farið niður til Nikulásar í River Park, þar eru alls konar skepnur, sem standa beljunum litlu ofar að skynsemi, og munu að líkindum taka undir með ykkur, — þar eigið þið heima, — og Nikulás mun veita ykkur ókeypis aðgang.

Hann hefir lofað mér því.

Gunnl. Tr. Jónsson

AMEN!

Fyrir skömmu ritaði ég nokkrar greinir í Heimskringlu, er ég nefndi "Skyldverk". Þrir náungar sendu mér skeyti í tilefni af þeim. — A. J. Johnson ritaði langt mál. Framanaf var hann kurteis og ritaði prúðmannlega, eins og hann gerir oft; en eftir að ég hafði sýnt almenningi aðaldrætti rannsóknarnefndarskýrslunnar sem og svörin gegn henni, hefir honum víst þótt ofmikið af sannleikanum komast í ljós; það var þá orðið auðséð, að hana örvænti um sigur því hann breytti algerlega um ritháttt og tók til þeirra örþrifaráða, að vonzkast og rita utan málefnis. En það fyrirgef ég nonum. Það er alt af sanngjarnt, að taka tillit til kringumstæðanna: Hann var að verja rangt mál — og ljótt — og hann var að tapa; í þess konar kringumstæðum taka menn til ýmsra ráða.

Johnson gefur það fyllilega í skyn, að hann sé mun færari til ritstarfa en ég; um það skal aldrei verða deilt við hann, ég stekk ekkert upp á nef mér af þeirri staðhæfingu; njóti hann sem bezt yfirburða sinna.

En það er annað, sem mér er ant um: Það er það, að sem flestir lesi — og lesi með yfirvegun — alt það, sem okkur fór á milli um bankamálið. Sá lestur getur ef til vill leitt í ljós yfirburði Johnsons, en hann gerir meira: Hann sýnir það öllum óblindum mönnum, að sú hliðin, er ég hélt fram, græðir við birtuna, græðir við það, að sem flestir víti alt um málefnið og íhugi það sem bezt; en sú hliðin, sem hann varði, tapar eftir því meira, sem fleirum geislum er kastað á hana. — Það er svo með alt óhreint, alt óheilt, alt rotið og spilt, að ljósið eyðileggur það: — hann er það með tæringuna og fleiri illkynjaða sjúkdóma. — Af meðvitundinni um þetta hlýtur það að hafa verið sprottið, hversu einhliða fréttirnar voru sagðar hér vestra um þetta mál.

Annars kveð ég Johnson, kunningja minn; ég virði hann fyrir hæfileika hans og dugnað og kann honum þakkir fyrir margt, sem hann hefir vel ritað. En ég kenni í brjósti um hann fyrir það, að hafa komist í tröllahendur í sambandi við þetta mál, og óska af heilum hug, að hann megi bera gæfu til þess að fá bætur á sinni andlegu sjóndepru og nærsýni í því tilliti. Það er víst, að hann barðist eins vel og búast má við að nokkur maður geti barist undir merkjum ranglætis og óheilla; en það er ávalt illa farið, þegar miklum kröftum og góðum hæfileikum er varið landi og lýð til eyðileggingar og tjóns, og það er enn þá tilfinnanlegra þegar til þess verða menn, er vel vilja gera og vel mundu gera, væru þeir ekki blindaðir á báðum augum. Vertu sæll, A. J. Johnson; megi þér auðnast, að verja kröftum þínum á ættjörðu okkar til stuðnings góðum og heilbrigðum stefnum, í stað þess að halda áfram að vera og verða verkfæri í hendi íslenzkrússneskrar harðstjórnar.

Annar maður, einhver Jón Kristjánsson, sendi mér fáein orð. Ef hann man eftir nokkru í þeirri grein sjálfur, sem kæmi málefninu við, eða gæti verið svaravert, þá þætti mér vænt um, að hann vildi gera svo vel að benda mér á það, —ég gat ómögulega fundið það.

Þriðji náunginn er Bjarni Magnússon, talsvert gleiðgosalegur að vanda. Þegar ég las grein hans, datt mér í hug saga, sem Indriði Einarsson sagði einu sinni á útbreiðslufundi í Reykjavík. Hún er svona: "Maður nokkur fékk sendingu með pósti — stóran böggul. Sá, er sent var, byrjaði að taka umbúðirnar utan af honum og hélt að hann hefði eitthvað stórt inni að halda. En þar var vafið bréfi utan um bréf, hvað eftir annað, og tók hann þau utan af, þang að til ekki var eftir nema örlítil ögn. Nú hélt sá, er sent var, auðvitað, að í bögglinum væri gimsteinn eða gull eða eitthvað afardýrmætt, en þegar til kom, var þar ekkert nema einn koparskildingur".

Það var líkt ástatt, þegar ég fékk sendinguna frá Bjarna mínum, — það var nógu mikið utan um hana; ekki vantaði það, — alveg eins og hann hefir stóran líkamann — en kjarnina, hver var hann? Ekkert atriði, sem málefninu kom við, að undanteknum 2—3, sem hann tugði upp eftir öðrum og löngu hafði verið svarað; en aftur á móti var þar heilmikið af rusli — umbúðum —, sem alls ekki kom efninu við. Kom það it. d. nokkuð málinu við, hvort ég var mikill hagfræðingur eða ekki? Hafði ekki Björn Jónsson brotið lög landsins jafnt fyrir það? Kom það málinu nokkuð við, þótt ég kynni að hafa drýgt einhverjar stórsyndir? Var ekki Björn Jónsson jafn mikill harðstjóri fyrir því? Kom það málinu nokkuð við, þótt ég væri svikull bindindismaður? Hafði ekki Björn Jónsson sýnt jafn mikið gjörræði fyrir því? — Hvað hefði ég til dæmis sannað í þessu máli, þót ég hefði auglýst það í blöðunum, að Bjarni Magnússon byrjaði allar ræður á fundum með því, að taka annari hendinni í treyjubarmin, "glevpti svo kökkinn" við aðra hvora setningu, og hefði lag á að tala hann ig, að flestir óskuðu sér út á meðan? Eða hvað kæmi það bankamálinu við, þótt ég auglýsti það í blöðunum, að Bjarni Magnússon hefði heima verið kallaður "stúkukjaftur".

Af því mér finst alt betta vera málinu óviðkomandi, þá hefi ég látið það vera, og margt fleira Bjarna viðkomandi, sem mörgum þætti ef til vill skemtilegt að lesa.

Sögunni hans um bindindisbrot mitt heima á Íslandi, geta þeir trúað, sem vilja; eins og hún er sönn geta menn lesið hana í Dagskrá, sumarið, sem hún átti að hafa skeð.

Bjarni vill láta mig dýrka Björn Jónsson fyrir bindindisstarfsemi hans. Ég tel það hverjum manni stóran kost, að vera bindindismaður, og að öðru jöfnu tel ég hvern þann betri mann, sem það er. En svo þröngsýnn er ég ekki, að fylgja neinum í svivirðingum og lagabrotum fyrir þá sök, að hann sé bindindismaður.— Annars má geta þess, að enginn Íslendingur, sem ég þekki, hér eða heima, hefir brotið eins oft og eins illa bindindisheit sitt og Björn Jónsson. Heimtaðu sannanir fyrir því, ef þú vilt, Bjarni, — ég skal láta þig hafa þær. —

Að svo mæltu kveð ég þig og segi Amen í þessu máli. Íslendingar hafa sýnt, hvernig þeir líti á málið, hvor okkar þeir álíti að hefði á réttu að standa, með því að reka Björn Jónsson frá völdum; og varla er hægt, að kenna þar um flokksofstæki, þar sem allra sterkustu stuðningsmenn Björns Jónssonar voru fremstir í flokki að reka hann. Og þar svipar vini mínum Benedikt Sveinssyni til gamla nafna síns, þegar hann tekur röggi á sig og gerist framsögumaður þess. — Amen.

Sig. Júl. Jóhannesson

VESTUR-CANADA STÆRSTA FRÆHÚS

McKENZIE'S

BEZT FYRIR VESTRIÐ
RŒKTAÐ FYRIR VESTRIÐ
VALIÐ FYRIR VESTRIÐ

FRŒ

TIL SÖLU HJÁ SÉRHVERJUM DUGANDI KAUPMANNI

LÍTIÐ EFTIR FRŒKASSA VORUM Í HVERRI BÚÐ.

HEIMTIÐ McKENZIE FRŒ, TAKIÐ EKKERT ANNAÐ.

Ef kaupmaður yðar hefir það ekki pantið það frá okkur.

VIÐ gefum út hinn vandaðasta frælista í Canada. Sendið bréfspjald til okkar og fáið hann

Fyrir ár Vestur-Íslendinga

Stærk og oddug jurt af hverju fræi

A. E. McKenzie Co., Ltd.
BRANDON, MAN. CALGARY, ALTA.

FRÆMENN VESTUR-CANADA

Svertingja innflytjendur

Hingað til Canada er búist við innflytjendastraum af svertingjum frá Suður-Bandaríkjunum og smáhópar hafa þegar komið.

Margir eru þeir, sem eru þessum svertingja innflutningi andvígir, og vilja ekki, að þeim sé landganga leyfð. En aftur munu fleiri innflutningunum hlynnir. Og hvað ætti að vera á móti svertingjunum? Allir eru þeir, sem hingað hafa komið, og hafa í hyggju að koma, þaulvanir jarðræktarmenn, og sem frá blautu barnsbeini hafa vanist landbúnaði. Einnig eru það menn, sem eru fjárhagslega sjálfstæðir, og verða engum til byrði. Það virðist því alt benda til þess, að einmitt þessir svertingjar verði framkvæmdarsamir og nýtir landnemar.

Hvaða sanngirni væri þá, að neita þessum mönnum um bústað í Canada? Canada búar eru álitnir réttsýnir og frelsisunnandi menn. Þeir yrðu hvorugt af þessu, ef þeir andæfðu innflutningi hinna svörtu meðbræðra sinna, — og það fyrir þá einustu ástæðu, að þeir eru svartir.

Sú var tíðin, þegar þræla-öldin var í Bandaríkjunum, að Canada var griðland fyrir hina svörtu strokuþræla og veitti þeim hlunnindi og vernd. Það stingi því illa í stúf, að neita þeim um búsetu nú, — ekki sízt þegar þeir, sem á þrælatímunum settust að í Austurfylkjunum, reyndust dugandi búendur.

Markmið svertingjanna er að setjast að í Peace River héraðinu. Þar er sem kunnugt er óbygt land og erfitt vegna samgöngulevsis, og ættu því Vesturbændurnir að vera svertingjunum þakklátir fyrir að setjast þar að, fremur flestum öðrum, þar sem þeir hafa góðan bústofn og margra ára búskaparreynslu.

Hafið því ekki á móti svertingjunum, sem canadiskum borgurum. Þeir verða vafalaust landinu til þrifa.

Íslands fréttir.

Nýjustu Íslandsblöð, sem hingað hafa borist, eru frá 2. þ.m., og eru þau tiðindafá að öðru leyti en alþingisfréttum. Engar fréttir hafa þó borist af baráttu flokkanna við ráðherra útnefninguna, aðrar en þær, að Kristján Jónsson hafði boðist til að taka ráðherraembætt ið eftirlaunalaust, og halda opnu dómstjórasæti sínu, þar til honum væri velt úr ráðherrasessi, auðnað ist honum þangað að komast. — Eins og simskeyti það, sem Hkr. flutti síðast, sýnir, náði hann sessinum náð. En líklega hefir hann ekki verið skipaður fyrr en 12. þ. m., því Danakonungur fór til Svi þjóðar um mánaðamótin og þar úvaldi hann til 11. þ.m.

FRÁ ALÞINGI.

Það virðist, sem þingmenn hafi oftekið sig á vantraustyfirlýsingunni. Fáir fundir og fjarska stuttir, segir Ísafold frá 1. þ.m., en bakdyramakkið telur hún að muni hafa komist í algleyming eftir stórvirkið.

Í neðri deild báru þeir Skúli Thoroddsen, Jón Ólafsson og Jón frá Hvanná fram tillögu þess efnis, að Eiríkur Briem, hinn reki framkvæmdarstjóri Landsbankans, yrði settur í bann starfa aftur. — En síðarmeir tóku flutningsmenn tillögu þessa aftur.

Jón Ólafsson og Jón frá Múla lögðu fyrir neðri deild frumvarp til stjórnarskrárbreytingar. Gengur það ekki nærri eins langt í kröfum og frumvarp þeirra Bjarna frá Vogi og Jóns Þorkelssonar, en felur þó í sér afnám konungkjörinna þingmanna og ríkisráðsákvæðis. — Frumvarpi þessu var vísað til stjórnarskrárnefndarinnar. Fleiri stjórnarskrárfrumvörp voru á prjónunum, meðal annars eitt, sem fer fram á einskíft þing.

Rannsóknarnefnd í Landsbankamálið kaus neðri deild, og urðu í henni: Benedikt Sveinsson (framsögum.), Hálfdán Guðjónsson, Jóh. Jóhannesson (form.), Jón Ólafsson og Jón frá Hvanná.

Sóknargjaldanefnd (n.d.): Hálfdán Guðjónsson, Pétur Jónsson, Sig. Sigurðsson, Þorleifur Jónsson og Eggert Pálsson.

Verzlunarbókanefnd (n.d.): Bj. frá Vogi, Ólafur Briem, Jón Ólafsson, Björn Kristjánsson, og Jón Magnússon.

Síldarskoðunarnefnd (e.d.): Sig. Hjörleifsson, Ari Jónsson, Gunnar Ólafsson, Ágúst Flygenring og Eiríkur Briem.

Prentsmiðjunefnd (n.d.): Bjarni frá Vogi, Jón Ólafsson og Jón Þorkelsson.

Nefnd til að athuga dómskipun landsins (n.d.): Skúli Thoroddsen, Jón Magnússon, Jóhannes Jóhannesson, Jón Þorkelsson og Sig. Sigurðsson.

Þegar Landsbankamálið var til umræðu í efri deild, kallaði Ari Jónsson Lárus H. Bjarnason lagaskólastj. "premiugrip, sem tæki öllum fram að bera aur inn á þingið. — L.H.B. svaraði síðar, að Ari hefði kallað sig þarfanaut (sem var ósatt), — en Ari væri ekki einu sinni það, heldur bara naut. — Dáfallegur er tónninn, sem þeir senda hver öðrum á alþingi, — og það lærðu mennirnir!

Gjafir til minnisvarða JÓNS SIGURÐSSONAR.

Sómi Íslands, sverð og skjöldur.

Frá WYNYARD, Sask.

Helgi Helgason 25c, Brynjólfur Jónsson 50c, Friðrik Bjarnason 50 cents, Valgeir J. Hallgrímsson 50c, Sigfús S. Bergmann 50c, Mrs. Anna Bergmann 50c, Aðalsteinn S. Bergmann 25c, Bjarni Bergmann 25c, Sigurður Sölvason 25c, Mrs. Jóhanna Sölvason 25c, Bogga Sölvason 10c, Þórey Sölvason 10c, Jón Sölvason 10c, Margrét Sölvason 10c, Sigurður Sölvason 10c, Helgi Stefánsson 50c, Þuríður Jónsdóttir 50c, Sigurbjörg Helgadóttir 50c, John Westdal 50c, Grímur Westdal 25c, Páll Westdal 25c, Björgvin Westdal 25c, Olgeir Gunnlaugsson 25c, Hannes Guðjónsson 25c, Mrs. Gróa Guðjónsson 25c, Jónas Johnson 25c, Mrs. Helga Johnson 25c, Haldór Johnson 25c, N. B. Jósephson 50c, F. H. Berg 50c, Halldór Guðjónsson 50c, Ólafur Stephanson 25c, Mrs. Ingibjörg Stephanson 25c, Lilja Ó. Stephanson 25c, María Ó. Stephanson 25c, Stefán Ó. Stephanson 25c, Sigrún Ó. Stephanson 25c, Sigfús Goodman 50c, G. S. Gudman 50c, Stefán Hafliðason 25c, Wynyard Svenson $1.

Frá BLACK ROCK, Ore.

Mrs. Helga Brynjólfsson $1, Mrs. Erlina Yeaton 50c.

Frá PORTLAND, Ore.

Paul Brynjólfsson $1.

Frá REDVERS, Sask.

Hannes Ásmundsson $1.

Frá WINNIPEG.

Jón Einarsson $1, Stefán Einarsson 50c, Jóhann Einarsson 25c, Magný Einarsson 25c, Jónas Danielsson $1, Jón Hjaltalín Danielsson 50c, Þorgerður Þórðardóttir $1, Ingibjörg Björnsdóttir $1, Kristján Stefánsson 50c, Rannveig Stefánsson 50c, Ingi Stefánsson 15c, Anna Stefánsson 25c, Stefán Stefánsson 25c, Mrs. Guðrún Búason $1, Miss Friðmunda Christie 50c, Miss Sigurveig Christie 50c, Miss Jódís Sigurðsson 25c, Miss Jónasina Sigurðsson 25c, Mrs. Ingibjörg Sigurðsson 50c, Mrs. Thorbjörg Thorgeirsson 25c, J. Sveinsson 50c, Mrs. J. Sveinsson 50c, S. H. Sveinsson 50c, H. A. Bergman $1, Emilía S. Bergman $1, Ethel I. Bergman 50c, Jóhann S. Thorarensen (Lake St. Martin) $2, B.S. $2, Master Edward Peterson $1.50, Árni Andrésson $1.25, Jón Árnason $1.

Mr. og Mrs. S. O. Bjering $1.50, H. G. Hinrikson $1, Jacob Hinrikson 25c, Mr. og Mrs. H. S. Bardal $2, A. J. Sveinsson 50c, Mrs. A. J. Sveinsson 50c, María Kolbeinsdóttir 25c, Guðjón Ansgar 25c, I. Wilfred Swanson 50c, Mr. og Mrs. Th. Swanson 50c, Mrs. Ásdís Hinrikson 25c, Vigdís Hinrikson 25c, Ólafur Björnsson 50c.

Frá FRAMNES, Man.

Jón Jónsson Jr. 50c, Jón G. Gunnarsson 50c, Mrs. Jón G. Gunnarsson 50c, Björn Björnsson 50c, Mrs. B. Björnsson 50c, Martin Johnson 50c, Carl Martin 50c, Guðjón Einarsson 25c, Mrs. G. M. Blöndal 25c, G. M. Blöndal 25c, Sigríður Blöndal 15c, Gestur M. G. Blöndal 10c, Magnús Gíslason 50c, Jacob Björnsson 50c, Björn G. Anderson 50c, Sigríður Jónsdóttir 25c, Mag. Sigurdson 25c, Sig. H. Sigurdson 25c, Jón M. Borgfjörð 50c, Ísak Jónsson 25c, P. J. Magnússon 50c, Jón J. Hornfjörð 25c, Mrs. J. J. Hornfjörð 15c, Helgi Hornfjörð 10c, Thorsteinn Hallgrímsson 50c, Jón Björnsson 25c, Sólrún J. Björnsson 25c, Guðmundur Jónsson 25c,

Frá ÁRDAL, Man.

Jón M. Borgfjörð 50c, Árni Bjarnarson 25c, Sólveig Bjarnarson 25c, Andrea Ingaldson 25c, Tryggvi Ingaldson 50c.

Frá MARY HILL, Man.

Jón Sigurðsson $1, Högni Guðmundsson 50c, G. Guðmundsson 25c, Mrs. Metta Guðmundsson 25c, B. Björnsson 25c, Mrs. B. Björnsson 25c, B. Johnson 25c, Páll B. Johnson 25c, Jón B. Johnson 25c, Mrs. Jón B. Johnson 25c, Halldór Thorsteinsson 25c, Mrs. H. Thorsteinsson 25c, Sigfús Jóhannsson 25c, E. Hallson 50c, Mrs. E. Hallson 50c, Miss J. B. S. Hallson 10c, Miss J. E. Hallson 10c, Miss I. S. Hallson 10c, Jón J. Sigurðsson 50c, Mrs. Jón J. Sigurðsson 50c, Jón J. J. Sigurðsson 25c, Miss Björg Sigurðsson 25c, Miss Jórunn Sigurðsson 25c, Jón Eiríksson 50c, Niels E. Hallson 50c, Helgi Björnsson 25c, E. Bjarnarson 25c, Jóhann B. Jóhannsson 10c, Gísli Hallson $1, Sveinn Björnsson 25c, Stefán E. Hallson 25c.

Frá CLARKLEIGH.

Th. Elisson 25c.

Frá MINNEAPOLIS, MINN.

Conrad F. Dalman $1, Walter Dalman $1.

Frá COLD SPRINGS, Man.

M. Freeman $1.

Frá VÍDIR, Man.

Ármann Magnússon $1, Björn Bjarnason 25c, Mrs. B. Bjarnason 25c, Karólína Bjarnason 25c, Rannveig Bjarnason 25c, Franklín S. Peterson $1, Sigfús Pétursson $1, Óneind 50c, Ingibjörg Sveinsson 50c, Sigurlaug Einarsson 50c, Björn I. Sigvaldason 50c, Mrs. Lára Sigvaldason 50c, Snorri Peterson $1, Albert Wilsson 50c, G. J. Guttormsson $1, Jón Nikulásson 50c, Jón Sigurðsson $1.

Frá GEYSIR, Man.

Mrs. Kristín Schram 50c, Jóseph Schram 50c, Jóhanna Schram 25c, Thóra Schram 25c, Ásta Schram 25c, Ásta Helgason 25c.

Frá QUILL PLAIN, Sask.

J. F. Leifsson og fjölskylda $1.10

Frá MOZART, Sask.

John S. Laxdal 50c, Mrs. J. S. Laxdal 50c, Soffía Laxdal 25c, María Laxdal 25c, Anna Laxdal 25 cts., Þorsteinn S. Laxdal 25c, Mrs. Þ. S. Laxdal 25c, Ina S. Laxdal 25c, Margrét S. Laxdal 25c, Snorri Kristjanson 25c, Jóh. Kr. Johnson 25c, Mrs. J. K. Johnson 25c, Svava Johnson 25c, Lára Johnson 25c, Hóseas J. Walter Johnson 25c, Halldór Auðunnsson 25c, Mrs. H. Auðunnsson 25c, Steinólfur S. Grímsson 50c, Mrs. S. S. Grims, son 50c, Klemens Þorleifsson 25c, Mrs. K. Þorleifsson 25c, Gunnar Lindal 50c, Jóhannes J. Þórðarson 50c, Jason Þórðarson 25c, Hóseas Hóseasson 50c, Mrs. H. Hóseasson 50c, Gústaf Iversen 50c, G. D. Grímsson 25c, Mrs. G. D. Grímsson 25c, Anna Sigríður Grímsson 25c, Grace Lawrence 25c, Guðmundur Búdal 25c.

Frá ELFROS, Sask.

Sigfús Magnússon 50c, Mrs. S. Magnússon 50c, Ágúst Jónasson 50c, Mrs. Á. Jónasson 50c, Jón E. Jónasson $1, Axel G. Jónasson $1, Páll Thomason 50c, Mrs. P. Thomason 50c, Jónas Thomason $1, Þorgrímur Pétursson $1, Stephan Núpdal 25c, Mrs. S. Núddal 25c, Elísabet G. Núpdal 10c, Sigríður Núpdal 10c, Arnbjörn Gíslason 25c.

Frá AKRA, N. Dak.

B. S. Björnson 25c, Björn Thorwaldson $1, Joe Thorsteinson 50c, Júlíus Bergson 25c, Jakob Johnson 50c, Marteinn Thorgrímsson 70c, Bjarni Jónasson 50c, John G. Olason 25c, Mrs. J. G. Olason 25c, Guðm. Thorlakson 50c, Guðný Thorlakson 50c, J. T. Oddson 50c, Pauline Thorwaldson 50c, Einar G. Thorlakson 10, John G. Thorlakson 10c, Hans Nelson 10c, S. S. Thorwaldson 50c, G. B. Gunnlögson 50c, C. A. Johnson 25c, Mrs. H. Hjálmarson 50c, B. H. Hjálmarson 50c, Mrs. Guðm. Einarsson 50c, Guðm. Einarsson 50c, Laura Johnson 25c.

Frá GIMLI, Man.

Sveinn Magnússon 25c, Sigríður Johnson 25c, B. H. Jónsson 25c, Mrs. G. B. Jónsson 25c, G. B. Jónsson 25c, S. D. Finnson 25c, B. G. Finnson 25c, J. G. Finnson 25c, E. G. Finnson 25c, Mrs. R. W. J. Chiswell $1, Mrs. Guðrún Steinsdóttir 10c, H. P. Tergesen 50c.

Frá TUMWATER, Wash.

S. Sumarliðason 50c, Mrs. H. Sumarliðason 50c, Árni S. Sumarliðason (Seattle) 50c, Miss Sig. Miss Dora Sumarliðason 30c, Mr. Miss Dora Sumarliðasoy 30c, Mr. Franklin Sumarliðason 10c, Alfred Sumarliðason 10c, Teitur Oddson 50c, O. Olafsson 50c, Mrs. O. Olafsson 50c, Kristján M. Maxim 25c, Thorsteinn M. Borgfjörð 25c, Mrs. Ragnheiður Borgfjörð 25c, Miss Signý Borgfjörð 10c, Magnús Th. Borgfjörð 10c, Björn Th. Borgfjörð 10c, Elísabet Th. Borgfjörð 10c.

Frá MANCHESTER, Wash.

Mrs. Guðný Möller 25c, Mrs. Aldís Möller 25c.

Frá MARKLAND, Man.

Sveinbjörn Sigurðsson 25c, Eyrikka S. Sigurðsson 25c, Sigurður Sigurðsson 25c, Aðalborg Emilía Sigurðsson 25c, Sigurður Sveinbjörnsson 25c.

Frá WEST SELKIRK, Man.

Magnús Stephánsson 50c, Mrs. Steinunn Stephánsson 50c, Ágúst Freemann Stephánsson 25c, Ingibjörg Friðrika Stephánsson 25c, Sigurbjöhrn Stephánsson 25c, Stefán Jónsson 50c, Mrs. Ingibjörg Jónsson 50c,

Frá HECLA, Man.

Flóvent Jónsson $1.

Samtals	$ 128.45
Áður auglýst ...	2,084.90
Alls innkomið...	$2,213.35

RAVENSWOOD
BEZTA Í WINNIPEG

OPNUN ÞESSA ÁGÆTA ÚTHVERFIS TIL BYGGINGA, ERU TÍMAMÓT Í FRAMFÖRUM WINNIPEG. — Svo árum skiftir hefir þessi ágæta eign, sem er minna en 20 min. frá hjarta borgarinnar, verið skoðuð sem eftirsóknarverðasta íbúðarstæði. Sérhvert skilyrði er þar fyrir hendi til að gera fyrirtaks íbúðar úthverfi. Lóðirnar liggja að aðalþjóðveginum, Portage Ave. — beint á móti Assiniboine Park. — Með því aðeins að líta á kortið, munu hinir vantrúuðustu sannfærast um, að hér er "hið bezta" í Winnipeg. — Ef þú ætlar þér að kaupa heimilislóð, og vilt fá hana á fögrum og hentugum stað, og með sanngjörnu verði, þá muntu kjósa að búa þar. — Okkur er ant um, að þið komið og sjáið lóðir vorar og sannfærist með eigin augum um hina ágætu legu þeirra. — Séð hefir verið fyrir, að götur og bakstigir séu breiðir. — Takið Deer Lodge, Kirkfield Park eða Headingly sporvagna. Þeir fara gegnum lóðir vorar. — Við búumst við mikilli aðsókn og ráðum því væntanlegum kaupendum að kjósa lóðir sínar sem fyrst. Sendið eftir bæklingi vorum með korti og fræðist þaðan.

VERD Á LÓDUNUM FRÁ $8.00 FETID.

FRED H. STEWART & CO.
216 Nanton Building
Cor. Portage & Main Phone Main 1121

Brot úr annál.

— — Það var nokkru eftir aðalmótin, að fundur var haldinn í skólahúsinu. Þar mættu nokkrir safnaðarlimir, karlar og konur, því ræða átti um prestskosningu, því prestur sá, er bjónað hafði sóknuðinum, hafði sagt af sér bjón ustunni. Og í sinn stað vildi hann setja inn prest frá suðurpólnum. En fékk ekki nóg atkvæði til þess hann yrði löglega kosinn. Minnihlutinn vildi fá prest frá norðurpólnum, eða halda sínum gamla presti, svo lengi sem hann fengist til að þjóna. Meirihlutinn var þar þvert á móti. Svo eftir miðið þref var samþykt, að presturinn frá suðurpólnum yrði beðinn að þjóna sóknuðinum um óákveðinn tíma fyrir vissa borgun um árið. Þá gerði minnihlutinn uppástungu — sem studd var — að fá að kalla norðurpólsprestinn með sömu skilmálum. En þá uppástungu fékst forseti ekki til að bera upp, þó beðinn væri af meiri og minni hluta. Og vissi þó vel, eins og allir, er þar voru staddir, að hún yrði feld af meirihluta. Hún var gerð til að vita, hvort meirihluti vildi gefa minnahluta tækifæri eða jafnrétti. En þá fór forseti að halda hjartnæma áminningarræðu til safnaðarins um hans fávizku, að vilja ráða tvo presta, jafn fámennur og fátækur, sem hann væri, m.fl.— En þegar ræðan stóð sem hæst, varð einhverjum á að stiga á sprengikúlu nálægt forsetasætinu, og hlupu þá allir á dyr af forða lífi sínu. Og um leið sprakk sóknuðurinn, sem eitt sinn var í einu lagi, í þrjá prestlausa parta.

Bréf á skrifstofunni eiga: —

Sigurður Gíslason (Íslandsbréf).
Hákon Bjarnason (Íslandsbréf).
Miss Finna Jóhannsson (Íslandsbréf).
Mrs. Jóhanna Jóhannsson.
Miss Katrín Steinberg.
Miss R. J. Davidson.

FRIÐRIK SVEINSSON

húsmáling, betrekking, o.sfrv. tekur nú að sér allar tegundir af Eikarmálning fljótt og vel af hendi leyst. Heimili: 690 Home St.

Herra Jón Hólm, gullsmiður at 770 Simcoe St., biður þess getið, að hann selji löndum sínum gull- og silfur-muni og gigtarbelti. — Belti þessi eru óbrigðul við gigt, ef þau eru notuð samkvæmt fyrirskipunum Jóns. Kosta að eins dollar og kvart.

insvíkur. En hvaða gagn hefi ég af því? Ég hefi ekkert til að lifa fyrir".

"Telurðu þá listina og visindin einskisvirði?" spurði gamli greifinn, "og sambræður þínir, þeir sem þú átt yfir að ráða. Hefirðu ekki skyldum að gegna gagnvart þeim? Og Marita, systir þín, á hún að vera aðstoðarlaus, þegar min missir við, sem verður innan skams? — Nei, Móritz. Þú hefir mikið að hía fyrir".

Undir eins og Eberhard var dáinn, kom fjarskyldur ættingi til þess að krefjast eigna hans. Honum var strax vísað burtu, því Móritz hafði nægar sannanir fyrir eignarheimild sinni.

Gamli greifinn hélt áfram að dyljast. Menn héldu, að hann og dóttir hans væru vinir Móritz, sem hefðu ferðast til Svíaríkis sér til gamans. Móritz og Marita voru þau einu, sem þektu atvikin, sem fram fóru við banabeð Eberhards, auk föður þeirra.

Það var orðið að samkomulagi, að gamli greifinn og Marita skyldu vera í Óðinsvík yfir veturinn, og að Móritz skyldi fylgja þeim heim til Sviss aftur, þegar voraði, og vera þar hjá þeim yfir sumarið og haustið. Svo átti hann að fara aftur til Svíaríkis til að lifa eftir eignum sínum, en á hverju ári átti hann að heimsækja greifann og Maritu, á meðan greinn lifði.

Útför Eberhards gekk fyrir sig með mestu kyrð. Til staðar voru þar að eins Bergholm prestur, sem framkvæmdi prestsverkin, Hólm og fáeinir aðrir nágrannar, sem Móritz var kunnugur. Gamli greifinn og Marita létu ekki sjá sig. Þau höfðu læst sig inni á herbergjum sínum, og Móritz, sem nú fór ekkert leynt með frændsemi sína og þess framliðna, var gestgjafinn við þetta tækifæri, með aðstoð frú Bergholm, sem bjó til matinn.

Frúin var enn eins og hún átti að sér að vera, en ekki alveg eins önug, því maðurinn hennar sótti

nú um prófastsdæmi. Washólm prófastur hafði yfirgefið embætti sitt, og fengið annað feitara, svo Bergholm sótti um hans embætti.

Nokkrir af gestunum kölluðu Móritz greifa, en hann sagði þeim strax, að hann tæki aldrei á sig það nafn, heldur ætlaði sér framvegis að bera sama nafn og hann hefði borið til þessa. Menn geta kallað þetta dramb, ef menn vilja.

Að þessir viðburðir í Óðinsvík urðu gott efni í margmælgi og þvaður meðal nágrannanna, þarf naumast að taka fram. Hin óvænta koma bróður hins framliðna, sem enginn hafði áður vitað neitt um, — því bæði Eberhard og Bergholm prestur höfðu geymt leyndarmálið hjá sér —, og sú tilviljun, að með honum kom gamalmenni og ung stúlka, varð tilefni til þess, að í átta vikur var naumast um annað talað.

Við sleppum þessu samt af því, að það hefir enga þýðingu fyrir sögu þessa, en látum þess getið, að engum af ættingjum hins dána kom til hugar að krefjast arfsins, þegar þeir sáu sannanir Móritz fyrir skyldleika hans og greifans framliðna.

Útfarargestirnir fóru snemma. Septembersólin kastaði geislum sínum á hálfvisnu trjáblöðin í garðinum, og hjá grafarmerki Matthildar Stjernekrans, sem prýtt var nýjum blómum, sátu þrir vinir og töluðu alúðlega saman.

Þessir þrir menn voru Bergholm prestur, meistari Hólm og Móritz.

Hinn síðastneindi geymdi nú ekkert leyndarmál fyrir sig einan, því hann gat reitt sig á bögn hinna, og sagði þeim því alt eins og var, eftir að hafa fengið levfi til þess hjá gamla greifanum. Þeir vissu því, hverjir gestir Móritz voru, og af hvaða ástæðum greifinn dvaldi huldu höfði langt frá föðurlandi sínu.

"Það hefir margt undarlegt komið fyrir þig, unga vinur minn", sagði Bergholm prestur. "Þú hefir

orðið að reyna margt, en það er lán fyrir þig, að þú hefir ávalt fylgt vegum dygðanna og velsæmisins þess vegna hefir líka forsjónin endurgoldið þér það með allsnægtum. Ég vona þú skiljir stöðu þína og verjir kröftum þínum til gagns mannkyninu, — og þá muntu ennþá einu sinni verða gæfumaður".

"Gæfusamur?" sagði Móritz gremjulega. "Ó, þú veizt ekki, hvað þú segir. Ég hefi orðið fyrir of sárum missi til þess, og of mörgum vonbrigðum. Tvisvar hefi ég elskað, Ísabellu og Maritu, en Ísabella er dáin og Marita er systir mín. — Mitt hjarta finnur ei framar ást; hún er lífsins fegursta blóm, en hefir ekki verið mér ætluð".

"Ertu viss um það?" spurði Hólm með dularfullu brosi.

Bergholm prestur brosti líka, því hann vissi einnig um endurvöknun Ísabellu.

"Alveg viss", svaraði Móritz. Getið þið efast um það?"

"Komdu til min annaðkvöld, þá skal ég svara þér", sagði Hólm.— "Ég skal sýna þér mynd".

"Hvaðan er hún?" spurði Móritz.

"Ég kom í gær úr ferðalagi frá Smálandi með myndina. En samt er hún ekki frá skólanum í Smálandi", sagði Hólm brosandi.

"Satt að segja skil ég ekki við hvað þú átt".

"Ég trúi því. En láttu föður þinn og systur koma með þér. Viltu lofa því?"

"Já, við skulum koma. En ég hefi gleymt að spyrja um skólann þinn. Hvernig gengur þér með hann?"

"Ágætlega", svaraði Hólm. "Og það á ég þér að þakka. Skjalið, sem þú fékst hjá barúnnumj hafði góð áhrif. Hann vogaði aldrei oftar að vinna á móti mér, og hinir landeigendurnir fylgdu dæmi hans innan skams, svo skólinn er í blóma sínum".

Gamla greifann bar að í þessu ásamt Maritu,

svo Hólm varð að hætta talinu.

Greifinn studdist við Maritu og sýndist mjög máttvana. Þegar hann nálgaðist grafarmerkið, stóðu vinirnir upp og tóku ofan.

"Pabbi", sagði Móritz, "hér kynni ég þig mínum beztu vinum, Bergholm presti og meistara Hólm. Þér er kunnugt um, hve mikið ég á að þakka góðu prestinum, sem hefir reynst mér sannur faðir. Án hans væri ég ekkert".

"Já, ég veit það", sagði gamli greifinn viknandi. "Ó, herra prestur, þakklæti mitt til þín varir ei lengi. Án þín hefði ekki slik stund sem þessi komið fyrir mig. Án þín hefði ég líklega aldrei séð mitt kæra föðurland aftur".

"Ég var að eins verkfæri í hendi þess almáttuga", sagði presturinn bljúgur. "Hefði ég ekki verið hér, þá mundi hann hafa fundið annan".

"Heiðvirði prestur, sannur postuli", sagði gamla maðurinn og þrýsti Bergholm að brjósti sínu. "Ó, ef allir prestar líktust þér, þá væri heimurinn betri en hann er".

"Nú, nú", sagði presturinn og þurkaði tár af augum sínum. "Ég hefi séð þig áður, herra greifi".

"Þey. Ekki þessa nafnbót", tók greifinn fram í fyrir honum. "Stjernekrans greifi er dauður. Hann sefur á botni Innfljótsins".

"Hvað á ég þá að kalla þig?" spurði presturinn all-vandræðalegur.

"Kallaðu mig bróður", sagði greifinn brosandi og rétti honum hendi sína. "Erum við ekki bræður? Hefir þú ekki verið syni mínum sannur faðir?"

Hugfangina þrýsti presturinn hendi greifans.

"Við höfum sézt áður", sagði hann aftur, "en það eru mörg ár síðan, — að eins augun eru eins og þau voru, geislandi af blíðu og góðsemd".

"Þú hefir líka breyzt mikið, góði vinur, en svo erum við nú ekki lengur ungir".

MARTYN F. SMITH,
TANNLÆKNIR.
Fairbairn Blk. Cor Main & Selkirk
Sérfræðingur í Gullfyllingu og öllum aðgerðum og tilbún aði Tanna. Tennur dregnar án sársauka. Engin veiki á eftir eða gómbólga. —
Stofan opin kl. 7 til 9 á kveldin
Office Phone Main 6944. Heimilis Phone Main 6602

Sherwin - Williams
PAINT
fyrir alskonar húsmálningu.
Prýðingar,tími nálgast nú. Dálítið af Sherwin-Williams húsmáli getur prýtt húsið yðar utan og innan. — Brúkið ekker annað mál en þetta. — S.-W. húsmálið málar mest, endist lengur, og er áferðarfegurra en nokkurt annað hús mál sem búið er til. — Komið inn og skoðið litarspjaldið. —
Cameron & Carscadden
QUALITY HARDWARE
Wynyard, - Sask.

JIMMY'S HOTEL
BEZTU VÍN OG VINDLAR.
VÍNVEITARI T.H.FRASER.
ÍSLENDINGUR. : : : :
James Thorpe, Eigandi

MARKET HOTEL
146 Princess St.
á móti markaðnum
P. O'CONNELL, eigandi. WINNIPEG
Bestu tegundir af vínföngum og vind um, aðhlynning góð, húsið endurbætt

Woodbine Hotel
466 MAIN ST.
Stærsta Billiard Hall í Norðvesturlandinu
Tíu Pool-borð.—Alskonar vín og vindlar
Gisting og fæði: $1.00 á dag og þar yfir
Lennon & Hebb,
Eigendur.

JOHN DUFF
PLUMBER, GAS AND STEAM FITTER
Alt verk vel vandað, og verðið rétt
664 Notre Dame Av. Phone Garry 2568
WINNIPEG

A. S. TORBERT'S
RAKARASTOFA
Er í Jimmy's Hótel. Besta verk, ágæt verkfæri; Rakstur 15c en Hárskurður 25c. — Óskar viðskifta Íslendinga. —

A. S. BARDAL
Selur líkkistur og annast um útfarir. Allur útbúnaður sá besti. Enfremur selur hann alskonar minnisvarða og legsteina.
121 Nena St. Phone Garry 2152

Skilnaður Gunnars og Kolskeggs.

1. Í landsuðri röðullinn ljómaði skær
og ljósgeislum steypti á grund,
þá andaði af fjöllunum blíðasti blær
og blómrósin vaknaði' í lund,
og skuggarnir flýðu í holur af hól
og hnigu þar loksins í dá.
Og Fljótshlíðin glansaði í geisland: sól,
sem gullofinn feldur að sjá.

2. Og Markarfljót rendi sér hlíðinni hjá,
með hugljúfri, dreymandiró.
Og lækirnir hoppuðu af hamranna brá
og hentu sér langt út í sjó.
Á fjöl-litu blómunum glæsta um grund
þá glitruðu náttdaggar tár,
því jandælis fögur var árdegis stund
og upphiminn hvelfdur og blár.

3. Í höfðingjans garði, alt heimafólk var
á hlaðinu, sorgfult í lund,
því Gunnar og bróðir hans bjuggu sig þar
á burtu frá ástanna grund.
Og Hallgerður mintist þá manninn sinn við,
en móðir hans fyrir þeim bað.
Svo kvöddu þá hetjurnar heimilislíð
og hestunum rendu af stað.

4. Með fljótinu nafngreinda lá þeirra leið,
um leirana, mela og sand.
Þar rásfljótu klárarnir rendu á skeið,
af reiðdunum titraði land.
En kappinn sat þögull, þó kviði ei þraut.
Og hver mundi fullhugi sá,
sem yrði að fara í útlegð á braut,
að ekkert 'ann hugsaði þá?

5. Frá konu og börnum og óðali og auð,
og ástrikri móður og frægð —
fór hetjan nú útlægur; — hörð var sú nauð,
— en hreystin ei biður um vægð.
En var ekki betra, að bíða nú kyr
og berjast og falla með sæmd,
og sýna þeim atgeirsins orku sem fyr?
Þá yrði sú viðureign ræmd.

6. En reiðskjótinn Gunnars inn hlaupfrái hnaut,
og hetjan til baka þá leit
á glansandi hlíðina og glitblóma skraut,
er glóð um töfrandi reit.
Hann stökkur af baki þeim stórðfætta jó
og styður þá mundum á spjót,
og segir við Kolskegg með sólbliðri ró
og sá þá beint hliðinni mót:

7. "Ó, fögur er hlíðin, og friðsæl er hún,
svo fagra ég hef 'ana ei séð.
Sjá akrana bleika og alslegin tún
og úthaga blómgresi með.
Ég fæ mig ei skilið við fjallanna hrund,
svo fögur hún sýnist nú mér,
með fannhvíta tinda og fjöl-lita grund. —
Ég fer ekki lengra með þér.

8. Því meiri er heiður, að falla með frægð,
en fara sem útlagi á braut.
Ég aldrei skal biðja neinn óvin um vægð,
þó aukist við lífsstrið og þraut.
Og kannske mér ljómi enn sigursins sól.
Ég sakna mest fylgisins þíns.
En falli ég, bróðir, þá fæ ég hér skjól
hjá fornhetjum ættlandsins míns".

9. "Ó, rjúfðu ei sættirnar", Kolskeggur kvað,
"en komum sem hraðast af stað.
Ef ferðu heim aftur, þá finn ég glögt það,
að feigðin nú kallar þér að.
Ég flýti mér burtu svo fljótt sem ég má
og fel þig á guðanna hönd.
Og aldregi framar ég Ísland skal sjá,
en ókunnug ferðast um lönd". —

10. Ó, sérðu ei, bróðir, það særir mitt geð;
á sólroðnum fjallanna tind,
hvar hefir þú áður í heiminum séð
eins hreina og dýrðlega mynd?
Sjá brekkurnar litfriðar brosa oss mót,
og blómrósir skinandi' í laut.
og dansandi lækir og dreymandi fljót,
og dalanna ljómandi skraut.

11. Já, Gunnar, ég veit það, að Frónið er fritt
og fallegra' en mörg önnur lönd,
og vinirnir margir, er brostu þér blítt
og buðu þér arm sinn og hönd.
En hefir þú ekki átt styrjöld og strið
að staðaldri óvinum mót,
og annað ei hlotið af illgjörnum lýð
en öfund og svikræði ljót?

12. En Kolskeggur, Kolskeggur, gæðanna gnægð
þú gleymir nú, æstur í lund.
Hér hef ég þó unnið mér alkunna frægð
á ástkærri feðranna grund.
Þó aldirnar hverfi og auranna safn
i endalaust gleymskunnar haf
mun hvervetna lýðurinn hylla mitt nafn,
sem hetjulund alfaðir gaf.

13. Þú sérð hvergi land með eins sviphreina mynd,
þó svifir þú víða um heim.
Þú sérð hvergi jafn-tæra svalandi lind; —
i sál þinni minning þess geym.
Né himinn eins bjartan og fjöiskrúðugt frón,
og fagurblá vötnin og sund.
Þú færð hvergi litið eins frumhelga sjón
og fjöllin á íslenzkri grund. —

14. Hvað gagnar þér, bróðir, þó fagurt sé frón,
ef frelsi þig vantar og ró?
Hvað gagnar þér fjallanna svipmikla sjón,—
þú sekur við lögin ert þó.
Hér getur þú ekki um æfina náð
i annað en baráttu og strið.
Því farðu nú utan, og drýgðu þá dáð,
að drepa þar óaldar-lýð.

15. Með gullroðnum skildi og geirnum í mund
þar geturðu frægðinni náð.
Þá fylgjumst við, bróðir, um framandi grund,
en fjandmanna ónýtast ráð.
"Þar höfðingjar taka þér tveim höndum mót
og tigna þig hetju, sem ber.
En sitjir þú heima, sem handyrða-snót,
ei hamingju atgjörvið lér".

16. "Ég fer ekki burtu af feðranna grund
i framandi, ókunnug lönd.
Nei, hér skal ég sofna minn síðasta blund
með sverðið og skjöldinn i hönd.
Á meðan ég lifi ég landinu vinn,
sé langt þess að bíða' eða skamt.
Þótt hundrað manns reiði að mér höggvopnin stinn,
ég hopa mun aldrei neitt samt.

17. Að fara sem útlagi Íslandi frá, —
það aldrei mér kemur i hug.
Hvort lifi eða dey ég, mig ættjörðin á,
og ennþá ég sýna mun dug.
Ef félli' ég dauður á framandi grund
ei fengi' ég með haugsbúum ró,
en saknaði landsins á síðustu stund,
hvar sjálfur með vegsemd ég bjó.

18. Æ fylgi þér gæfan á farsældar veg, —
nú förum við hvor sina leið". —
Svo talaði hetjan mjög hátignarleg,
og hleypti þá klárnum á skeið
að hliðinni fögru, hvar baninn hans beið.
—Ó, beisk eru nornanna ráð! —
En Kolskeggur þangað, er kappans lá skeið,
og kvaddi sitt ástkæra láð.

19. Þó Gunnar sé látinn, þá lifa hans orð
hjá lýðnum, sem fyrirmynd hrein.
Hann kaus sér að falla á feðranna storð,
svo fengju þar legið hans bein. —
Hvert einasta barnið þitt, ættjörðin mín,
sem unir á framandi grund,
mun svipaðar hugsanir sveigja til þín
á síðustu æfinnar stund.

Jónas J. Daníelsson.

THE **DOMINION BANK**
HORNI NOTRE DAME AVENUE OG SHERBROOKE STREET
Höfuðstóll uppborgaður: $4,000,000.00
Varasjóður - - - $5,400,000 00
Vér óskum eftir viðskiftum verzlunar manna og ábyrgumst að gefa þeim fullnægju. Sparisjóðsdeild vor er sú stærsta sem nokkur banki hefir í borginni.
Íbúendur þessa hluta borgarinnar óska að skifta við stofnun sem þeir vita að er algerlega trygg. Nafn vort er fullrygging óhlutleika. Byrjið spari innlegg fyrir sjálfa yðar, konu yðar og börn.
Phone Garry 3450 Scott Barlow, Ráðsmaður.

Vitur maður er varkár með að drekka eina göngu HREINT ÖL. Þér getið jafna reitt yður á
DREWRY'S
REDWOOD LAGER
Það er léttur, freyðandi bjór, gerður eingöngu úr Malt og Hops. Biðjið ætíð um hann.
E. L. DREWRY, Manufacturer, Winnipeg

Með því að biðja sérlega um "T.L. CIGAR," þá ertu viss að fá ágætan vindil.
T.L.
T.L. CIGAR
(UNION MADE)
Western Cigar Factory
Thomas Lee, eigandi Winnipeg

STRAX Í DAG er BEZT AÐ GERA STKAUPANDI AÐ HEIMSKRINGLU. — ÞAÐ ER EKKI SEINNA VÆNNA.

Manitoba á undan.

Manitoba hefir viðáttumikla vatnsfleti til uppgufunar og úrfellis. Þetta, hið nauðsynlegasta frjógunarskilyrði, er því trygt.

Enníþá eru 25 milíón ekrur óbygðar.

Íbúatal fylkisins árið 1901 var 225,211, en er nú orðið um 500,000, sem má teljast ánægjuleg aukning. Árið 1901 var hveiti og hafra og bygg framleiðslan 90,367,065 bushela; á 5 árum hefir hún aukist upp í 129,475,943 bushel.

Winnipeg borg hafði árið 1901 42,240 íbúa, en hefir nú um 150,000; hefir nálega fjórfaldast á 8 árum. Skattskildar eignir Winnipegborgar árið 1901 voru $26,405,770, en árið 1908 voru þær orðnar $116,106,390. Höfðu meir en þrefaldast á 7 árum.

Flutningstæki eru óviðjafnanleg,— í einu orði sagt, eru í fremsta flokki nútíðartækja: Fjórar þverlandsbrautir liggja um fylkið, fullgerðar og í smíðum, og með miðstöðvar í Winnipeg. Í fylkinu eru nú nálega 4 þúsund milur af fullgerðum járnbrautum.

Manitoba hefir tekið meiri landbúnaðarlegum og efnalegum framförum en nokkurt annað land í heimi, og er þess vegna ákjósanlegasti aðsetursstaður fyrir alla, af því þetta fylki býður beztan arð af vinnu og fjárleggi.

Skrifið eftir upplýsingum til: —

JOS. HARTNEY, 77 York Street, Toronto, Ont.
JOS. BURKE, 176 Logan Avenue, Winnipeg, Man.
A. A. C. LaRIVIERE, 22 Alliance Bldg., Montreal, Quebec,
J. F. TENNANT, Gretna, Manitoba.

J. J. GOLDEN,
Deputy Minister of Agriculture and Immigration, Winnipeg.

"Nei, ég er bráðum sjötugur", sagði presturinn.

"Ég líka. Og þú hefir enn ekki fengið neitt betra embætti?"

"Nei, ég hefi verið óheppinn. En nú hefir mér verið bent á, að verða eftirmaður Washolms. Það sannast bráðum, hvort ég fæ það".

"Þú færð það", sagði Móritz hlýlega, "vertu viss um það. Hver ætti að geta neitað þér um atkvæði".

"Ó, ég hefi ekki gert mér miklar vonir", sagði presturinn brosandi, "ég sótti um það af eins fyrir bón konu minnar. Mér er sagt að barún Ehrenstam í Liljudal mæli með öðrum".

"Látum hann gera það, ég skal ekki hlífa honum", sagði Móritz. "Auðvitað hefir Georg nokkur áhrif, en ég og almúginn erum þin megin. Vertu rólegur, — þú skalt fá embættið".

"Þakka þér fyrir, sonur minn", sagði presturinn. "Ef ellin hefði gert mig óhæfan fyrir stöðauna, þá hefði ég ekki sótt um hana, en ég vona að geta starf að nokkur ár enn".

"Það er farið að kólna, við skulum fara inn", sagði Móritz, og rétti föður sinum hendina. "Við sjéumst annaðkvöld í Marienlundi.

Næsta kvöldið eftir samtal þetta ók gamli greifinn ásamt börnum sínum til Marienlundar. Hólm og María gengu út, en börnin þeirra hlupu út að girðingunni til að opna hliðið.

María, sem ekki vissi, hver þessi gamli maður var, bað gestina velkomna og bauð þeim að koma inn í húsið.

Þetta var í rökkrinu og ekki búið að kveikja ljósin. Bergholm prestur með konu og dætrum var líka kominn, og allur hópurinn settist kringum teborðið, sem stóð fyrir framan legubekkinn.

Af því teið er ekki alveg tilbúið", sagði María,

þá getum við spjallað saman í rökkrinu á meðan. Móritz, þú getur sagt okkur ferðasögu þina, en segðu mér fyrst, hver þessi gamli maður er og unga stúlkan, sem ég er svo heppin að sjá á heimili minu í kvöld?"

"Hver þau eru", sagði Móritz vandræðalegur. "Það er —"

"Ó, frú", greip gamli maðurinn fram í. "Ég er blátt áfram sveitabóndi úr Sviss, og þessi stúlka er dóttir min. Ég hefi kynst Móritz Sterner, sem kom í dalinn þar sem ég bý, og fór með honum hingað til að sjá Sviariki, sem er föðurland mitt, er ég hefi yfirgefið fyrir mörgum árum. Hjarðfólkið í dalnum, þar sem ég á heima, kallar mig Claus föður", sagði hann brosandi, "en dóttir min heitir María. Nú veiztu þetta alt saman. Við erum nú gestir Móritz, en förum áður langt liður til Alpafjallanna aftur".

Á þessu augnabliki breiddist rauður bjarmi um herbergið, sem kom frá hinum enda stofunnar.

Allir litu þangað, og sáu að verið var að kveikja ljós bak við rautt tjald.

"Hvað er þetta?" spurði Móritz undrandi.

"Biddu dáljtið, — þú sérð það bráðum".

Nú varð þögn nokkur augnablik.

Tjaldið var dregið til hliðar skyndilega, og jafn fögur og áður stóð Ísabella Ehrenstam þar, í sama klæðnaðinum og Móritz sá hana í síðast. — Utan um svarta hárið hennar lá einnig nú blómsveigur úr hvitum þyrnirósum.

Þar sem birtan skein skærast, knéféll unga stúlkan og rétti hendurnar í áttina til Móritz, sem stóð eins og þrumulostinn.

"Eilifi guð", sagði hann loksins og þaut til hennar. "Er þetta sjónhverfing frá landi hinna himneskuanda? — Ísabella!"

"Móritz", sagði unga stúlkan með þeim róm, sem ekki er unt að lýsa.

"Það ert þú — þú lifir — þú ert ekki dáin", kallaði hann ofsalega kátur, og þrýsti henni að hjarta sinu. "Unnusta min — min föla, sárt saknaða heitmey".

"Þú hrindir mér þá ekki frá þér, Móritz? — Það er ekki Ísabella Ehrenstam, sem þú þrýstir að hjarta þinu, því hún er dáin. — Gröfin friðþægir fyrir afbrot forlaganna. — Er það ekki, Móritz?"

Móritz gat engu svarað, svo var geðshræring hans mikil, en gleðitárin sögðu frá tilfinningum hansj

"Hvað er þetta, Móritz?" sagði gamli greifinn og gekk til þeirra.

"Þetta er sú heitmey, sem þú saknaðir svo sárt? Hún er þá ekki dáin?"

"Ó", kallaði María fjörlega. "Nú efast þú ekki lengur, Móritz. — Nú sérðu að guð er góður —"

"Já", sagði Móritz hátíðlega, og þrýsti Ísabellu að hjarta sinu. "Guð er góður. Leikur forlaganna er undarlegur, en forsjónin gerir gott úr öllu".

Við gætum nú lagt frá okkur pennann, og látið lesarann geta sér til leikslokanna, en við álítum það, þó skyldu okkar, að minnast með fáum orðum á hinar persónurnar, sem við söguna eru riðnar.

Barúnsfrú Ehrenstam varð alveg forviða, þegar hún sá Ísabellu, sem hún hafði álitið löngu dauða. Hinar veiku taugar hennar lengu sláman snoppung, en í rauninni þótti henni vænt um betta atvik, því hún bjóst við að fá betra heimili hjá Móritz og Ísabellu, heldur en hún átti hjá Georg, sem nýlega var kvongaður ríkri aðalsmeyju frá Austur-Gautlandi.

Barúnsfrúin samþykti því giftingu Móritz og Ísabellu. Henni féll það samt illa, að Móritz vildi ekki láta kalla sig greifa, en huggaði sig við það, að Ísabella myndi kalla sig greifainnu.

En eftir að Ísabella var gift, lét hún ávalt kalla sig frú Sterner, svo barúnsfrúnni brást von sín.

Stjernekrans greifi og María fluttu aftur í dalinn sinn í Sviss með vorinu. Móritz og Ísabella fóru með þeim og dvöldu þar tvo mánuði. Eftir það heimsóttu ungu hjónin gamla greifann á hverju sumri meðan hann lifði. Átt sumarið, sem þau dvöldu þar um tíma, dó gamli greifinn, og sá Móritz um útför hans.

Hjarðmennirnir báru hann til grafar og voru mjög sorgbitnir yfir því að missa hann.

María fylgdist með ungu hjónunum til Sviariki eftir jarðarför föður sins, og settist að í Óðinsvík, sem lagsmær Ísabellu. Hvað um hana varð eftir það, getur skeð að við látum í ljósi í nýrri bók, sem verður eins konar viðauki við þessa sögu.

Bergholm prestur fékk embættið, sem hann sótti um, og varð prófastur árið eftir. Britu Caisu þótti vænt um, að vera kölluð prófastsfrú, og það er sagt, að hún hafi hætt að rifast eftir það. Óskar hlaut góða giftingu í Gautaborg og leið þar vel. Hann heimsótti foreldra sína á hverju ári, og var þá einnig kærkominn gestur í Óðinsvík.

Og Helen — leikmærin. — Hún var fyrir löngu hætt að leika, og var sezt að á litlu ábýli í Wermalandi, þar sem hún lifði sem nunna. Hún er lifandi imynd hinnar iðrandi Magðalenu. Móritz og Ísabella heimsækja hana oft, og hún er Móritz sérlega þakklát, því hún eignar honum umskifti sín til hins betra.

Washolm prófastur er nýlega dáinn af slagi. — Hann var orðinn of feitur síðustu árin, en lærða konan hans því magrari.

Jakob Kron er fyrir löngu orðinn að dufti í kistunni sinni, sem aldrei var rannsökuð, en við hlið hennar stendur nú kista föður hans.

Þannig endar sagan um forlagaleikinn.

D. D. BUICK VANTAR YDUR FYRIR FÉLAGA SINN

D. D. BUICK, HINN VELÞEKTI BIFREIÐA FRAMLEIÐARI, GEFUR YÐUR, GÆTNI FJÁRHYGGJUMAÐUR, TÆKIFÆRI TIL AÐ GERAST STARFANDI FÉLAGI SINN Í VAXANDI FYRIRTÆKI. — BUICK OLÍUFÉLAGIÐ ER NÚ Í TÖLU ÞEIRRA FÉLAGA, SEM VEL HAFA GERT. EINN BRUNNUR HEFIR NÚ VERIÐ GRAFINN, OG HANN FRAMLEIÐIR OLÍU DAGLEGA. FRÁ 13. FEBRÚAR HEFIR FRAMLEIÐSLUMAGN BRUNNS ÞESSA VERIÐ GRÍÐARMIKIÐ. — STANDARD OLÍU FÉLAGIÐ HEFIR ÞEGAR KEYPT 100 ÞÚSUND TUNNUR AF OLÍU FRÁ BUICK FÉLAGINU, Á 45 CENTS HVERJA TUNNU, OG ÞETTA ER FRÁ EINUM BRUNNI AÐ EINS. — STARFSEMI FÉLAGSINS VERÐUR HINU ÖRUGGASTA EFTIRLITI. HLUTIR ÞESS GEFA FJÁRHAGSLEGT TÆKIFÆRI, SEM ÖRSJALDAN BÝÐST

D. D. BUICK er sá, sem fann upp Buick bifreiðina og er stofnandi Buick & Sherwood Plumbing Supply House og einn aðal hluthafinn í General Motors Co. Alla sín æfi hefir hann verið riðinn við hæpnis-fyrirtæki. — Í síðastliðnum aprílmánuði fór hann til Californiu sér til heilsubótar, og varð þar hrifinn af oliu-starfseminni. Sem fjárhyggjumaður, sem alt af hefir augað opið fyrir öllu gróðavænlegu, réðist hann í oliu-fyrirtæki; því hann var þess fullviss, að það mundi verða arðsamt. Fyrst útvegaði hann sér reynda jarðfræðinga, þrautreynda olíufræðinga og vélafræðinga, sem hann áleit duglega og hyggna starfsmenn.

Buick oliufélagið verður alt sameigna-félag. — Takmarkaður hluti verðbréfa er nú til sölu og það er þess vegna að þú getur orðið starfandi félagi í blómgandi fyrirtæki.

Aldrei á æfi þinni hafa þér boðist jafn arðvænlegir hlutir í oliufélagi og þeir, sem D. D. Bick býður nú. Áður hafa þér boðist hlutir í félögum, sem bjuggust við undraverðri framtíð, og tilkærðu tölur því til sönnunar, sem önnur félög þar í nágrenninu höfðu gefið viðvíkjandi starfsemi sinni. Slík kaup voru fjárhættuspil. — Buick oliufélagið gengur öruggri framtíð í móti, og er fullvist um, að það, sem það býður, leiðir til heilla. Buick oliufélagið er á föstum grundvelli, og eignir þess eru spursmálslaust reyndar sem hinar beztu og framleiðslumagn þeirra óþrjótandi.

VIÐ KÆRUM OKKUR EKKI UM, AÐ ÞIÐ VEÐJIÐ EINU CENTI Í HLUTI FYR EN ÞIÐ HAFIÐ NÁKVÆMLEGA RANNSAKAÐ FORTÍÐ OG FRAMTÍÐARHORFUR BUICK OLÍU FÉLAGSINS, OG EIGNA ÞESS Í HINU FRÆGASTA OLÍUSVÆÐI CALIFORNÍU. OLÍA SÚ, SEM FÉLAG VORT ÞEGAR HEFIR FRAMLEITT, HEFIR SANNAÐ VERÐMÆTI EIGNANNA. — FRAMTÍÐ VOR ER ÖRUGG VISSA, — EKKI VON.

Félagið hefir nú $1,200.00 til $1,500.00 inntektir daglega frá brunn No. 1.

Eftir hina happasælu framkomu hins fyrsta brunns félagsins, hafa margir sent ENDURPANTANIR FYRIR FLEIRI HLUTUM. Þetta eru hinir persónulegu vinir Davíðs Buick, sem hans vegna keyptu nokkra hluti þegar í byrjun, en sem nú, þegar gróðavissan er fengin, VILJA FÁ FLEIRI. — BUICK HLUTIR ERU HAGSÝNIS VIÐSKIFTI, TRAUST, ÓSVIKIN OG GÆTIN.

Við viljum, að þið aðgætið nákvæmlega eignalista vorn, því Buick oliufélagið hefir umráð yfir 640 ekrum af oliulandi, sem ætti að vekja eftirtekt hvers þess manns, sem ekki er ánægður með 3 prósenta vexti af peningum sínum.

EIGNIR VORAR

BUICK MIDWAY er 40 ekra svæði, sem liggur í Section 32-31-23. Það var á þessu svæði, að Buick Midway No. 1 var grafinn, og tók að framleiða 13. febrúar síðastliðinn, og nemur framleiðslumagn hans 3,000 til 3,400 tunnum daglega. Hinar 200,000 tunnur fyrir Standard olíu félagið voru úr þessum brunni.

BUICK MARICOPA SUNSET FORTY

BUICK FORTY er í austurhluta suðvesturvestur fjórðungs af Section 6-11-23.

BUICK SUNSET 560

BUICK SUNSET 560 liggur í suðurhelming af Section 19-11-23, miðröðin í Section 29 og 30.

Af þessu má sjá, að eignir BUICK félagsins í Midway héraði í Kern County í Californiu nema 640 ekrum.

Alt þetta svæði er á hinum oliu-auðgasta hluta, og þeir af hluthöfum vorum, sem þangað hafa komið, hafa fallið í stafi.

D. D. BUICK hefir aldrei mishepnast neitt. Hann fullyrðir, að Buick Oil Co. verði á sínum tíma eitt af sterkustu oliufélögum Bandaríkjanna. Slíkan mann sem hann er jafn gott land, hefir ekkert annað félag að bjóða. Penngar hans eru í Midway og hjarta hans er í starfseminni. — Félagið framleiðir og mun framleiða. Maðurinn og landið vinna í einingu.

Vitið þið, hverjar eru hinar miklu kvaðir, sem til oliunnar eru gerðar?

Sem eldsneyti er olían efalaust konungur. Framtakssamar stjórnir hafa einnig upp á síðkastið látið herskip nota olíu í stað kola. Sérhver járnbraut í landinu mundi nota hana, væri hún fáanleg. — Sem dæmi má minnast á Southern Pacific járnbrautina. Þetta járnbrautakerfi stendur í nánasta sambandi við olíusvæðið og á þar stóreignir, og það hefir stórlega lækkað flutningsgjaldið vegna þess, að það notar olíu sem eldsneyti fyrir vélar sínar. Það kaupir sífelt olíu, þrátt fyrir hina miklu framleiðslu, sem eignir þess gefa. — SOUTHERN PACIFIC BRENNIR ÁRLEGA FIMTÁN MILJÓN TUNNUM AF OLÍU. — Járnbrautirnar og stjórnin gætu notað þrisvar sinnum meira, en samanlagt framleiðslumagn Californiu oliuvallanna. — Þann 19. október sl. haust pantaði Japansstjórn 10 miljónir tunna af oliu. Japanar nota oliu sem eldsneyti næstum einvörðungu á herskipum sínum.

Útflutningur frá Californiu til Alaska, Hawaii, Porto Rico og Filippseyjanna nam 6,584,297 tunnum árið sem leið.

California stendur með þeim fremstu í heiminum, þegar litið er til framleiðslumagnsins. — Skýrslurnar sýna það, að olían hefir farið fram fyrir gull, hvað samanlagða verðupphæð áhrærir. Upp til október 1911 var $21,000,000 virði af gulli framleitt í gullríkinu, en samanlögð verðupphæð oliunnar nam $33,000,000.

Enginn hygginn maður getur látið tækifæri þessu líkt fram hjá sér fara. — Buick Oil hlutirnir hækkuðu um 25 prósent hver hlutur, þegar eftir að No. 1 brunnurinn var orðinn framleiðari. Eftir núverandi útliti má búast við, að vextir verði ákveðnir mjög bráðlega.— D. D. Buick verður framvegis í oliu-starfseminni. — Sérhver hluthafi er ánægður. — Buick Oil félagið er rétt í þann veginn að byrja það mesta auðsældarár, sem yfir Californiu hefir komið. — Framkvæmdum verður ódfluga haldið áfram; og eignir vorar vekja öfund hjá nágrönnunum.— Jarðfræðingar Bandaríkjanna áætla, að California hafi 8,500,000,000 tunna af oliu í iðrum jarðarinnar, —,og þar sem Buick Oil Co. á eignir á bezta hluta oliusvæðisins, má geta nærri, hvert ekki áhorfist arðvænlega fyrir hluthafa.

Fáið bók þessa ókeypis

"WHERE OIL IS KING" er stórmikil og fræðandi bók, sem við sendum sérhverjum ókeypis, sem óskar. Þar eru myndir og upprentaðar greinir úr Californiu-blöðunum, sem lýsa Midway héraðinv. En framar öllu inniheldur bókin mikið af oliu-sönnunum, sem þið ættuð að fá. Bókin er hin bezta lýsing á Kern County, sem fáanleg er. — Bókin er ekki máltól Buick Oil félagsins, heldur að eins rökstuddar sannanir, sem sérhver af kaupendum Buick Oil hluta ætti að vita, og sem að mestu er tekið upp úr blöðum, — því saga Midway svæðisins, fortíð og nútíð, færir hygnum mönnum heim sannninn um, hvar beztur markaður sé fyrir dollarb þeirra.

Þú, fjárhygni maður, gætir ekki varið peningum þínum betur en í hagfræðislega stofnað og örugt félag. Buick hefir í sinni þjónustu þaulæfða starfsmenn, trúverðuga og framtaksama.

Skrifið til umboðsmanns okkar í Winnipeg, eða þá beint til okkar í Chicago, og fáið allar þær upplýsingar, sem ykkur vanhagar um. — En gleymið ekki, að það er að eins takmarkaður hlutafjöldi til sölu.

D. D. Buicks orð hafa aldrei ollað neinum manni eins cents tjóni. Þessi maður og lífsreynsla hans í verzlunarsökum, er að baki þess girnilegasta hlutbkaupa tilboðs, sem árið 1911 hefir að bjóða.

Brunnur No. 1 rennir frá 3.000 til 3.400 tunnum af olíu á dag, alt frá 13 feb. sl.

D. D. BUICK SEGIR, AÐ AUÐLEGÐ SÚ, SEM FÉNAST HEFÐI AF OLÍU, HEFÐI ORÐIÐ MIKLU MEIRI, EF VÍSINDI, ÆÐIR VERKAMENN OG HYGGIN STJÓRN HEFÐU EINVÖRÐUNGU STJÓRNAÐ OLÍU-STARFSEMINNI.

EN FRAMAR ÖLLU ÖÐRU, HAFIÐ ÞAÐ HUGFAST, AÐ ÞETTA TILBOÐ ER FRÁBRUGÐIÐ ÖLLUM ÖÐRUM OLÍUHLUTA TILBOÐUM, SEM ALMENNINGI HAFA BOÐIN VERIÐ. — BUICK OIL ER STARFANDI FYRIRTÆKI.

VERÐ HLUTANNA ER SJÖTÍU OG FIMM CENTS (75c), EN VERÐUR BRÁÐLA HÆKKAÐ UPP Í EINN DOLLAR ($1.00) ÁKVÆÐISVERÐ.

Til hagðarauka fyrir þá, sem ekki geta borgað út í hönd, eftir margítrekaðar beiðnir, tökum við aftur upp afborgunar-tilhögunina, og má því kaupa hluti um stundarsakir, sem her segir:

HVERNIG KAUPA SKAL

50 hlutir :	$ 7.50	niður og	$ 10.00	mánaðarlega í 3 mánuði.
100 hlutir :	$ 15.00	niður og	$ 20.00	mánaðarlega í 3 mánuði.
200 hlutir :	30.00	niður og	40.00	mánaðarlega í 3 mánuði.
300 hlutir :	50.00	niður og	58.33	mánaðarlega í 3 mánuði.
400 hlutir :	75.00	niður og	75.00	mánaðarlega í 3 mánuði.
500 hlutir :	100.00	niður og	91.66	mánaðarlega í 3 mánuði.
1000 hlutir :	250.00	niður og	166.67	mánaðarlega í 3 mánuði.

GLEYMIÐ EKKI

AÐ VIÐ ÁSKILJUM OKKUR RÉTT TIL AÐ HAFNA UMSÓKNUM UM KAUP OG ENDURSENDA GREIÐSLU, EF EKKI LÍÐA MEIR EN 24 KLUKKUSTUNDIR FRÁ ÞVÍ AÐ UMSÓKNIN BARST AÐ SKRIFSTOFU VORRI.

Sendið nú strax eftir bæklingum vorum, og þeir munu skemta ykkur og fræða, frekae flestu öðru, því í þeim er alt, sem þið þurfið að vita um þetta volduga oliusvæði.

Ef þið eruð í efa, þá símið eftir að taka frá handa ykkur hluti, og að ykkur séu sendir fræðslu-bæklingar.

IMFORMATION COUPON.

K. K. ALBERT, 708 McArthur Building.
Winnipeg, Man.

Herrar mínir: Verið svo vænir að senda hina miklu bók yðar. "The Land where Oil is King," sem lýsir Buick Olíu landsvæðinu, og jafnframt myndir, og stjórnar skýrslur og aðrar sannanir og upplýsingar viðvíkjandi hinu stærsta olíusvæði heimsins, Kern County, California. Eg lofa ekki að kaupa hlut en lesa bókina og aðrar upplýsingar mun ég með athygli.

NAFN .....

ARITUN .....

PÓSTHÚS ..... FYLKI .....

"HEIMSKRINGLA"

BÍÐIÐ EKKI DEGINUM LENGUR!

Símið eftir geymslu hluta

Snúið ykkur til umboðsmansins fyrir Canada.

K. K. ALBERT

708 McArthur Building, Winnipeg.

Phone Main 7323

EÐA

BUICK OIL COMPANY

420 Marquette building., Chicago.

SUBSCRIPTION TO STOCK.

K. K. ALBERT, 708 McArthur Building,
Winnipeg, Man.

Herrar mínir:

Ég bið hér með um.....hluti á eins dollars ákvæðisverði í höfuðstól Buick Oil Co., á 75c hvern hlut, og lofa að greiða þá að fullu í 4 jöfnum mánaðar afborgunum. Hlutabréfin afhendist mér þá þeir eru borgaðir að fullu. Hér innlagðir $.....fyrsta afborgun.

NAFN .....

ARITUN .....

PÓSTHÚS ..... FYLKI .....

"HEIMSKRINGLA"

Áður enn þú kaupir

PLAYER PIANO

fullvissaðu þig um leikni hljóðfæris þess, sem fremst er í huga þér, að framleiða

Ekta Piano spil

með hreinum hljómtónum.— Fullvissaðu þig um þessa fullkomnun út í vztu æsar, og þá fellur val þitt efalaust á

HEINTZMAN & CO PLAYER-PIANO.

Mc Lean & Co LIMITED

Cor Portage Ave. & Hargrave
Phone Main 808.

Fréttir úr bænum.

Musical Recital héldu nemendur Jónasar Pálssonar í Selkirk bæ á miðvikudaginn í sl. viku. Átján stykki voru á prógramminu, en að eins 15 af nemendum Jónasar þar í bæ komu fram. Meðal þeirra voru: Friðrik Thorlakson, Dísa Bardal, Etta Coppleman, Gertie Wodlinger, Gwen Overton, Mary Smith, Ether Finkleman, Doris Jones, Laura Helgason, Luella McLeod, Esther Wodlinger, Ruby Linklater, Mary Magnússon, Guðrún Nordal, Lily Sölvason og Stephan Sölvason.

'Recital' þetta fór hið bezta fram. Nemendur sýndu mikla framför, og tókst öllum vel og sumum ágætlega. Nemendur Jónasar hér í Winnipeg verða að halda sér vel við nám sitt, ef þeir ætla ekki að dragast aftur úr Selkirk nemendunum. — Þær Gertie Wodlinger, Doris Jones og Ruby Linklater fáta einhverntíma til sin taka við piano spil, eftir framkomu þeirra að dæma á þessu 'Recital'. Guðrún Nordal spilaði og örðug stykki og leysti það vel af hendi, og er nú líklega næst Stephani Sölvasyni, sem spilaði seinasta stykkið á prógramminu eins og meistari. Hann hefir lag á því, að nú öðruvísi tónum úr hljóðfærinu en nokkurt hinna. Hann þyrfti að eiga kost á, að komast utan til þess að fullkomna nám sitt, og mundi honum þá framtíðin trygg hér í landi sem Concert spilara.

Áheyrendur á þessu 'Recital' hegðuðu sér ólíkt betur, en þeir í Winnipeg á mánudagskveldið áður. — Börn vor og unglingar þyrftu að læra góða hegðun af Selkirk börnum, svo þau væru hafandi á music samkomum hér.

Laugi Oddson, nemandi Th. Johnsonar, spilaði piano solo, og sömuleiðis ungfrú Lena Goine aðra, og gerði það listilega vel. Hún er nemandi herra C. Couture.

Þau hjónin Dr. B. J. Brandson og kona hans, urðu fyrir þeirri þungu sorg, að missa einkason sinn Jón Theodór, 4½ árs gamlan, úr skarlatssótt sl. laugardag. Var hann jarðsunginn af séra Rúnólfi Marteinssyni á sunnudaginn var. Drengurinn var einkar efnilegt barn, og munu allir vinir þeirra hjónanna taka innilegan þátt í sorg þeirra.

Minneapolis SymphonyOrchestra spilaði hér á Walker leikhúsinu 3 síðustu daga síðustu viku. Um 50 manns eru í flokki þeim, þar af tveir Íslendingar, þeir herrar Hjörtur Lárusson og Fred Dalman — Flokkur þessi er talinn annar sá bezti í öllum Bandaríkjunum, og er skipaður eingöngu afburða lista-leikendum, og er það því heið ur mikill fyrir landa vora, að eiga tvo Íslendinga í þeim flokki. Flokk ur þessi ferðast um til að spila í öllum helztu borgum Bandaríkjanna og Canada, og fær hvervetna eins marga áheyrendur og húsin rúma.

Frá Selkirk flutti hingað til borgarinnar á mánudaginn var herra Jón Hjálmarsson með fjölskyldu sína, — konu og tvö börn. Þau hjón hafa dvalið í Selkirk bæ í sl. 7 ár, og liðið vel. — Herra Hjálmarsson bíður Heimskringlu að flytja Selkirk búum kveðju frá þeim hjónum, með alúðarþökk fyrir öll þeirra vinahót og ánægjuleran félagsskap. — Heimili Herra Hjálmarssonar verður fyrst um sinn að 564 Simcoe St. hér í borg.

Landar ættu að fjölmenna á samkomu og Tombolu Únítara í kveld, — fimtudag. Á Tombolunni verða margir góðir munir og samkoman verður fjölbreytt að skemtunum: Sjónleikur, söngur og upplestur. Aðgangur með einum drætti kostar að eins 25 cent. — Veitingar seldar. — Byrjar kl 8. — Fjölmenniið, það mun borga sig.

Hér með tilkynnist, að hjónin Hannes Benedictson og Sigríður Ingimarsdóttir, komin úr Mýrasýslu á Íslandi árið 1901, eru nú til heimilis að Wynyard P.O., Sask. — Sá, sem nýlega spurði um þau hér í blaðinu, getur ritað þeim til Wynyard.

Frá Narrows komu í sl. viku herra Guðm. Guðmundsson með konu sina heilsuveiklaða til lækninga. Dr. Clafur Stephensen annast hana meðan hún dvelur í borginni. Sömuleiðis kom frá Bluff hr. Ágúst Jónsson snöggva ferð í eigin erindum.

Á sumardaginn fyrsta, 20. apríl, verður Bögla-uppboð haldið í samkomusal Únítara, undir umsjón ungu stúlknanna í Ungmennafélaginu. — Prógram verður auglýst nánara í næsta blaði.

Kappglíma fer fram í Goodtemplarahúsinu næstkomandi fimtudagskveld, 6. apríl, milli þeirra þeirra Jóns Hafliðasonar og Fred. Cook. Auk þess verða ýmsar aðrar líkamsæfingar sýndar. — Jón Hafliðason er löndum að góðu kunnur sem íþróttamaður, og ættu því landar að fjölmenna á glímurnar.

Ógiftu stúlkurnar í Tjaldbúðinni ætla að halda Basar 3. og 4. apríl næstkomandi, í fundarsal kirkjunnar. Þar verða margir eigulegir munir. Johnsons Orchestra spilar, og veitingar verða til sölu. Þær biðja Íslendinga að sækja vel sölutorgið báða dagana.

Sigrún M. Baldwinson
Teacher of Piano

727 Sherbrooke St. Phone Garry 2414

Dominion Bankinn.

Skýrsla hans fyrir arið 1910 sýnir, að hann er með óflugustu peningastofnunum þessa lands. Höfuðstóll er 4 miliónir dollars; varasjóður er 5 miliónir; óskiftur gróði þess utan yfir 300 þús. dollars. Sparisjóðs og önnur innlegg eru rúmar 49 miliónir, og allar eignir bankans eru taldar $62,677,820.00. — Banki þessi hefir, auk aðalskrifstofunnar attatíu útibú víðsvegar í Canada. Gróði bankans var á sl. ári 660 þús. dollars. — Banki þessi hefir nýlokið við að byggja verðmæta skrautbyggingu á horninu á Notre Dame Ave. og Sherbrooke St., ekki hundrað fet frá Heimskringlu byggingunni, og er það með fegurstu útibúum bankans. — Bankinn hefir nú yfir 600 menn í þjónustu sinni. — Við tækifæri vonar Heimskringla að geta sýnt mynd af nábýlis-útibúi þessa banka. — Dominion bankinn gerir sér far um, að komast í viðskiftasamband við sem flesta Íslendinga í Winnipeg borg, og hefir í því augnamiði íslenzkan pilt í þjónustu sinni í útibúinu á horni Notre Dame og Sherbrooke stræta

LEIÐRÉTTING.

Í nokkrum eintökum af þessu blaði hefir í kvæðinu "Skilnaður Gunnars og Kolskeggs orðið misvíxlun á línum. Í 4. erindi stendur: "og ástríkri móður, og frægð —", en átti að vera: "Og hver mundi fúlljugr sá". Í 5. erindi 2. línu stendur "ástríyri", fyrir ástríkri. — Þetta er góð fús lesari beðinn að hafa hugfast.

Í 24. tbl. í kvæðinu "Ekki er alt sem sýnist", eftir Jóhannes H. Húnfjörð, hafa í nokkrum eintökum þessar villur slæðst: Í 2. erindi: "bliðu" fyrir bláða; 3. erindi: "hukkar", fyrir hækkar, og í 4. erindi: "erfða sýnd", fyrir erfðasynd.

Heimskringlu hefir verið skrifað frá Leslie, Sask., að þar væri ágætt tækifæri fyrir mann eða konu að setja á stofn þvottahús. — Mundi ekki einhver landi eða landa vilja verða til þess? Það mundi án efa borga sig

Dr. G. J. Gislason, Grand Forks, N. Dak., verður kominn heim úr Evrópu-ferð sinni um miðjan apr. og reiðubúinn að taka á móti sjúklingum.

Íbúð til leigu

Hjón barnlaus eða með 1 barn geta fengið íbúð að 564 Victor St. Konan sé þrifin og maðurinn reglusamur. Öll nýtízku þægindi í húsinu

Kennara vantar

við Mary Hill skóla No. 987, í Manitoba. Sex mánaða kensla, byrjar 1. maí. Umsækjendur tiltaki mentastig, kaup og æfingu sem kennari. Sendi tilboð fyrir 15. apríl.

Mary Hill P.O., Man.
S. SIGFÚSSON,
Sec'y-Treas.

TIL LEIGU

Tvö stór herbergi og eldhús, með öllum nýtízku þægindum. — Rétt við strætisvagna braut. Leigan mjög lág, ef herbergin eru tekin strax NÚ FYRSTA APRÍL. — Þeir, sem vilja sinna þessu, snúi sér til

G. JOHNSON,
571 Simcoe Street.

Kappglíma

Jón Hafliðason
og
Fred Cook

ætla að þreyta kappglímu í Goodtemplarahúsinu

FIMTUDAGSKVELDID 6 APR.

$25.00 Lagðir undir

Á sömu samkomu verða sýndir hnefaleikar og glímur milli annara manna.

Aðgöngumiðar kosta 75 og 50 cents, og fást hjá H. S. BARDAL bóksala ogKRISTJANSSON & COONEY á Sargent Ave.—Byrjar kl.8.30.

Samkoma
og
Tombóla

verður haldin
í ÚNÍTARASALNUM

í kveld, 30. marz

Til skemtunar verður ágætur gamanleikur, sem nefnist NÝI FRIÐDÓMARINN.

Nokkrir meðlimir Ungmennafélagsins syngja.

Hr. Gísli Johnson syngur sóló.

Hr. Eggert J. Árnason les upp.

Á Tombolunni verða margir góðir munir.

Inngangur, með einum drætti, kostar 25 cents.

Veitingar verða seldar.

Byrjar kl. 8.

G. S. VAN HALLEN, Málaferzlumaður 418 McIntyre Block., Winnipeg. Talsími Main 5142

'Kvistir' i handi

Munið eftir því að nú fást "KVISTIR" Sig. Júl. Jóhannessonar, í ljómandi fallegu bandi hjá öllum bóksölum.

Verð $1.50

PORCUPINE GULL

Fjörið í Porcupine gull-hlut abréfa verzluninni er rétt að byrja og það mun skara fram úr öllu öðru samkyaja verzlunarfjöri. — Gulkeðarnar eru stórkostlegar og gullmagnið feykilegt. Hin miklu gullverzlunarhús í London, Suður-Afríku og Ástralíu verja miklu fé í Porcupine hlutabréf. Í mikIu DOME NÁMUNNI eru nú þegar 7 milión dollars virði sjáanlegt á 40 feta dýpi. Gullmagnið hefir verið kannað 400 fet niður og á nú að setja 200-'stamp' myllu í námuna.

Preston East Dome

eiga Preston og þrjár aðrar námalóðir næst STÓRU DOME. Preston lóðin sýnir yfir 50 gullæðar og sézt feikna gull í 26 af þeim. Vélar er nú verið að setja í námuna, þar með 'stamp' mylla. Fyrri auglýsingar vorar hafa skýrt frá rannsóknarverði grjótsins, og haldist það, þá verður Preston East Dome

Ríkasta Náman í Porcupine

Eftirtalin próf á meðal málmgrjóti, valin af áreiðanlegum námafræðingi, A. B. Stewart, M.E., eru áreiðanleg:

No. 1—5 feta þverskurður $60.00 í tonni.
No. 2—5 feta þverskurður $80.30 í tonni.
No. 3—2½ feta þverskurður $573.40 í tonni.
GLORY HOLE, 15 þml. tvöfaldur þverskurður, $1,210.60 í tonni
Sex þuml. málmgrjótsæð $768.20 í tonni.

PRESTON EAST DOME er verðlögð á Toronto námamarkaðinum og 256 þús. hlutir seldust í sl. viku.

Vér skulum kaupa fyrir yður með lægsta markaðsverði,— tökum að eins 1 cents þóknun á hvern hlut.

Hagnist nú af reynslunni á Cobalt námakaupum og tryggið yður hluti í Porcupine strax—GRÆDID Á VERDHÆKKUN.

Vér ráðleggjum að kaupa strax hluti í Preston East Dome með markaðsverði.

Hlutir nú 45c til 47c hver

Vér spáum, að hlutir hækki í $1.00 hver strax og snjór hverfur og æðarnar sjást. — Sendið okkur pantanir yðar, við viljum láta ykkur hagnast á sem lægstu verði að tök eru til.. HLUTIR ÞESSIR ERU VISS GRÓÐI. GLEYMID ÞVÍ EKKI

Vér sendum boðsbréf, kort og skýrslur frægra sérfræðinga, ef um er beðið. — Vort vikulega "Market Letter" ókeypis, skrifið eftir því.

FRYER & CO. Stock Brokers
PHONE MAIN 7010
315E Kennedy Building, Portage Ave. WINNIPEG

Bernsku, Æsku, Manndóms, Elli-ár

ættu að fá hina hreinustu, næringarmestu og hollustu fæðu, samfara ferska andrúmslofti, — undir því er heilbrigði komin.

Boyd's
BRAUÐ

er ljúffengt, nærandi og heilnæmt og er neytt af þúsundum hinna vandætnustu Winnipeg búa. Ger þú hið sama.

Talsími: Sherbrooke 680.

Brauðgerðarhús á horni Spence St. og Portage Ave.

Th. JOHNSON
JEWELER
286 Main St. Sími M. 6606

Dr. G. J. Gíslason,
Physician and Surgeon
18 South 3rd Str., Grand Forks, N.Dak
Athygli veitt AUGNA, EYRNA og KVERKA SJÚKDÓMUM. ASAMT INNVORTIS SJÚKDÓMUM og UPPSKURÐI. —

Dr. J. A. Johnson
PHYSICIAN and SURGEON

HENSEL, N. D.

TILBOÐ.

Við undirskrifaðir tökum að okkur alla grjótvinnu, sem við getum af hendi leyst eins fljótt og vel og nokkur getur gert. Við seljum grunn undir hús, hlöðum kjallara, steypum vatnskeröld og gangstéttir, gerum steinsteypu í fjós, o.fl.

Jacob Frimann
Hergr. Hallrimson
Gardar, N. Dak.

J. J. BILDFELL
FASTEIGNASALI.
Union Bank 5th Floor No. 520
Selur hús og lóðir, og annar þar að lútandi. Útvegar peningalán o. fl.
Phone Main 2685

A. Segall
(áður hjá Eaton félaginu).

Besti kvennfata Skraddari

Loðskinna fötum veitt sérstakt athygli.

Hreinsar, Pressar Gerir við.

Fjórir (4) alfatnaðir hreinsaðir og pressaðir, samkvæmt samningum, hvort heldur er karlmanna eða kvenfatnaður, fyrir aðeins $2.00 á mánuði.

Horni Sargent og Sherbrooke

Hannyrðir.

Undirrituð veitir tilsögn í alls kyns hannyrðum gegn sanngjarnri borgun. Starfsstofa: Room 312 Kennedy Bldg., Portage Av., gegnt Eaton búðinni. Phone: Main 7723.
GERDA HALDORSON.

GÓÐ ELDAVÉL

Lítið brúkuð með heitri vatnsleiðslu er til sölu fyrir lítið verð. Gunnl. Tr. Jónsson á skrifstofu Heimskringlu vísar á seljanda.

Saumið Hnappa
og Krókapör á allan fatnað yðar,
í yðar eigin Saumavél.

Þetta getir þér gert mjög fljóttlega með því að tengja þetta litla og handhaga verkfæri á vélina.

The "HOLDAWAY BUTTNSEWER"

sauma hnappa og krókapör á alkyns fataefni fljótt og traustlega, það má tengja verkfærið við hvaða saumavél sem er. Sauma hnappa með 2 eða 4 augum, hindur hvert spor, hnappar og krókapör haldast á meðan spjörin endist. Börn geta saumað með því.

Gert úr bezta stáli, silfrað. Verð $3.00 sent póst borgað með nákvæmu tilsögn og 5 ára ábyrgð að það saumi eins og lýst er, og að vér endurnýjum hvern þann part, sem eyðist eða brotnar á því tímabili. Peningum skilað aftur ef ekki reynist nákvæmlega eins og vér segjum það, og algerlega fullnægjandi.

HÚSMÆÐUR OG SAUMAKONUR mega ekki vera án "Holdaway" hnappasaumarans, hann vinur 20 kvennalverk og svo nettlega og vel að enginn handsaumur jafnast við það.

Umboðsmenn óskast í bygðum Íslendinga. Verkfærið er útgengilegt. Skrifið oss um söluskilmála.

K. K. ALBERT, 708 McArthur Bldg.
WINNIPEG, MAN.

PANTIÐ HÉR.
K. K. ALBERT, 708 McArthur Bldg.
Winnipeg, Man.
Saumavél mín er (segið nafn smiðsins)
Hún er No ..... (segið númer hennar)
Sendið mér "Holdaway Buttnsewer" fyrir hér innlagða $ .00
Nafn .....
Stræti og húsnúmer .....
Bær ..... Fylki .....

Sveinbjörn Árnason
Fasteignasali.
Selur hús og lóðir, eldsábyrgðir, og lánar peninga. Skrifstofa: 310 McIntyre Blk.
office TALSÍMI 4700. hús Tal. Sherb. 2018

BONN R. TRUEMAN & THORNBURN,
LÖGFRÆÐINGAR.
Suite 5-7 Nanton Blk. Main 766
Winnipeg, Man. P.O.BOX 223

Anderson & Garland,
LÖGFRÆÐINGAR
35 Merchants Bank Building
PHONE: MAIN 1561.

HANNES MARINO HANNESON
(Hubbard & Hanneson)
LÖGFRÆÐINGAR
10 Bank of Hamilton Bldg. WINNIPEG
P.O. Box 781 Phone Main 378 " " 5142

Gísli Goodman
TINSMIÐUR.
VERKSTÆÐI: Cor. Toronto & Notre Dame.
Phone Garry 2988 :: Heimilis Garry 899

WINNIPEG ANDATRÚAR KIRKJAN
horni Lipton og Sargent.
Sunnudagasamkomur, kl. 7 að kveldi. Andartúarspeki þá útskrð. Allir velkomnir.
Fimtudagasamkomur kl. 8 að kveldi, huldar gátur ráðnar. Kl. 7.30 segul-lækningar.

W. R. FOWLER A. PIERCY.

Royal Optical Co.
307 Portage Ave. Talsími 7286.
Allar nútíðar aðferðir eru notaðar við augn-skoðun hjá þeim, þar með hin nýja aðferð, Skugga-skoðun, sem gjörsyðir öllum ágiskunum. —

Gripa eyrnahnappar
[Gerðir úr aluminium]
Með nafni ykkar og pósthúsi. Skrifið á íslenzku og biðjið okkur að senda ykkur einn til sýnis með nafninu ykkarð.
Við búum til alskonar stimpla.

CANADIAN STAMP COMPANY
Tribune Bldg.
P. O. Box 2235 WINNIPEG

Talsími Heimskringlu
Garry 4110

Heimskringla.

Heimilis talsími ritstjórans:
Garry 2414

XXV. ÁR | WINNIPEG, MANITOBA, FIMTUDAGINN, 6. APRIL 1911 | NR. 27.

Fregnsafn.

Markverðustu viðburðir hvaðanæfa

— Aukaþing Bandaríkjanna var sett í Washington 4. þ.m. Hið markverðasta, sem á hinum fyrsta þingfundi gerðist, var að Champ Clark var kosinn forseti neðri málstofunnar með 217 atkv gegn 148. — Gagnskiftasamningarnir verður aðallega það, sem aukaþing þetta hefir um að fjalla.

— Ráðaneytis-skifti hafa orðið á Ítalíu. Hefir Luzzatt farið frá völdum, en við stjórnartaumunum heyr tekið Giovanni Giolitti, sem sem áður var forsætisráðherra á undan Luzzatt.

— Hon. Theon David Tisdale, K.C., fyrrum sambandsráðherra í Tuppers ráðaneytinu, andaðist að Simcoe, Ont., þann 31. marz, 76 ára gamall. Hann var á sínum yngri árum framarlega í flokki Conservativa og þótti hinn nýtasti maður. Var hermaður um eitt skeið og náði ofursta nafnbót.

— Repúblika foringjarnir í Bandarikjaþinginu hafa tilkynt Taft forseta, að hann megi ekki stóla á fylgi flokksins í gagnskiftasamningsmálinu. Alment er þó álitið, að flokkurinn muni klofna næstum því að jöfnu í því máli. — Aftur á móti hafa leiðtogar Demókrata lýst því yfir, að flokkur þeirra mundi fylgja gagnskiftasamningunum því nær sem einróma. Verði það, er samningsuppkastinu borgið í neðri málstofunni, þar sem Demókratar verða ríkjandi á næsta þingi. En Senatið aftur á móti hefir fleirtölu Repúblikana og eru því forlög uppkastsins þar óviss. — Taft kvað una illa þessum undirtektum flokks sins, og þykir hann hafa brugðist sér í trygðum. Meðal þeirra, sem andvígir eru gagnskiftasamningunum, eru N. Dakota Senatorarnir Hanna og Grönna.

— Eitt af stærstu herskipum veraldarinnar var hleypt af stokkunum á Englandi á föstudaginn var. Skipið er 22,500 smálestir og hefir 27 þúsund hesta gangafl; er 584 fet á lengd og hefir 13 fimm og 20 fjögra þumlunga fallbyssur. Skipið heitir Monarch, og var múgur og margmenni samankomið við vigsluathöfnina.

— Jerúsalems búar hafa orðið fyrir óþliðu af náttúrunnar hendi þessar síðustu vikurnar, — hefir snjókoma verið þar mikil, og er það nýlunda þar um slóðir. Í síðari hluta febrúar gerði þrjá stórhríðar daga, með svo mikilli grimd, að slíkt hafði ekki komið fyrir á síðastliðnum fimtíu árum. Urðu snjóþyngslin svo mikil, að húsaræflarnir í fátækari hluta borgarinnar gátu ekki risið undir þeim og féllu saman yfir höfðum íbúanna, og létu all-margir þannig líf sitt. Einnig urðu samgöngur allar teptar og vandræði mikil að fara um götur borgarinnar, nema á skiðum eða sleðum; en því voru Jerúsalems búar óvanir, en reyndu þó að bjargast sem bezt þeir gátu. — Um hundrað manna misstu lífið í þessari fannkomu.

— Einar Mikkelsen hinn danski norðurhafsfari, er álitið að hafi farist ásamt félaga sínum Iversen verkfræðingi — einhversstaðar á Norður-Grænlandi. — Mikkelsen varð skipstrand við austurströnd Grænlands veturinn 1909, en þá var öllum félögum hans bjargað, og sneru allir heimleiðis, að Mikkelsen og Iversen undanskildum, sem fengnir voru til að leita að líkum Mylius Eirichsens, hins frægja Grænlandsfara, og félaga hans, sem urðu útí í nóvember 1907. — Síðan Mikkelsen lagði í þessa líka-leit, hefir ekkert af honum spurst, og er nú álitið, að hann og félagi hans hafi helveg troðið, sem Eirichsen áður. — Danska stjórnin hefir nú sent út leiðangur að svipast eftir þeim félögum, og vita, hvort þeir hafi náð forðabúrinu á Shannon eyju. Finnist þeir þar ekki, er talin full vissa, að þeir séu dauðir.

— Hon L. P. Brodeur, fiskimálaráðherra Laurier stjórnarinnar, er búist við að muni verða veitt dómarasætið í hæstarétti, sem losnaði við fráfall Hon. Desire Girouard. En aftur verði Hon. Rudolphe Lemieux, yfirpóstmeistari Canada, gerður að fiskimálaráðherra.

— Prinsinn af Wales hélt jómfrútölu sína að Darthmouth á föstudaginn var, og þótti takast slysalitið, — rak í vörðurnar við og við, en komst þó fram úr öllu saman án vandræða. Þessi ræða prinsins stóð yfir í 5 minútur, og hið hátiðlega tækifæri, sem knúði prinsinn til að tala, var að hann afhenti borginni heiðursgrip að gjöf fyrir verndun hafnarinnar. — Kennari prinsins var hjá honum á ræðupallinum meðan á ræðunni stóð.

— Fjörutíu þúsund dollars eldsvoði varð í Regina á föstudaginn var. Var það ein af járnvörubúðbúðum borgarinnar, sem fyrir eldsvoðanum varð.

— Snjókoma varð í vesturhluta Ontario fylkis á föstudagsnóttina var, og var all-víða bar um slóðir meiri harðindahríð, en áður á þess um vetri. Snjólagið varð þó víðast hvar ekki meira en 5 þumlungar á þykt. En mikil breyting var það á blíðviðrunum, sem gengið höfðu að undanförnu.

— Abdul Hamid, hinn afdankaði Tyrkjasoldán gerði nýverið árangslausa tilraun til að flýja úr höllinni Allantini, þar sem hann hefir verið fangi um hrið. Allmörgum af vörðunum hafði verið mútað, og alt var undir flóttann búið, þegar yfirmennirnir, sem gæta hans áttu komust á snoðir um alt saman. Og þegar hinn fyrverandi soldán var í þann veginn að sleppa út fyrir hallarmúrana, var hann handsamaður og færður til baka að nýju. Varð karl þá svo hamslaus af bræði, að hann þreif barefli og rotaði eina af ambáttum sinum, og endirinn varð sá, að setja varð karl í bönd, þar til af honum rann mesta brjálæmisbræðin. Þetta er fjórða flóttatilraun Abdul Hamids, og í fjórða sinni, sem hann hefir lamið ambátt til dauða síðan hann varð fangi; því bræði sína yfir hinum mishepnuðu flóttatilraunum lætur hann ganga yfir vesalings hjákonurnar sínar.

— Í Portúgal var nýverið Castro herforingi, ásamt 12 öðrum fyrirliðum, handsamaður fyrir tilraunir að hefja uppreist gegn lýðveldinu og koma Manúel aftur til valda. Nú hefir öllum þessum mönnum verið steint fyrir herdóm og er búist við, að þeir verði allir af lífi teknir.

— Verzlunarviðskifti Canada á síðastliðnum ellefu mánuðum námu $687,377,480, og er það 77 milióna aukning frá því, sem var á næstliðnu fjárhagstímabili, og er búist við, að við enda þessa fjárhagsárs nemi viðskiftin 780 miliónum dollars. Innfluttar vörur á þessum 11 mánuðum námu 412¾ miljónum dollars, en útfluttar vörur aftur á móti 275¼ milión dollars. Aukning innflutts varnings nemur tæpum 80 miliónum, en þar á móti hafa innfluttar afurðir farið minkandi, sem nemur rúmum 3 miliónum dollars. Toll inntektir Canada á þessum 11 mánuðum nema samtals $64,701,165, og er það tæpra 11 milión dollara aukning.

— Einnar milión dollars virði af 'whisky' brann nýlega í eldsvoða í borginni Bloomsbury í Pennsylvania. — "Þar fór margur góður dropinn til spillis", mundi margur maðurinn sagt hafa, og svo mun eigendum þess hafa þótt, þó sú bót væri í máli, að þeir voru ekki búnir að greiða framleiðslutoll af því. Hefði svo verið, hefði tjónið numið helmingi meira en milión dollars.

— Hinn frægi japanski aðmíráll Togo hefir ákveðið að ferðast um Norður-Ameriku í heimfö r sinni frá krýningarathöfninni að sumri. Ekki er þó búist við honum til Canada.

— "Dæmdur fyrir sakleysi" — sannaðist á Andrew Toth frá Pittsburg í Bandaríkjunum nýverið. Hann hafði fyrir 20 árum verið sakaður um morð á félaga sínum, og fundinn sekur þrátt fyrir að hann marg-neitaði að hafa verið á þeim stað, sem morðið var framið. Hann var dæmdur í ævilangt fangelsi, og þar defir hann setið þar til nú, að sannanir fengust fyrir því, að hann væri saklaus.— En bótalaust varð hann að þola öll þessi ár í hegningarhúsinu, og nú hent út í heiminn peningalausum, vinlausum, fórnum að heilsu og öldruðum, — þrátt fyrir það, þó hann bæði um að fá að dvelja það sem eftir væri ævinnar í fangelsinu. Hann sagðist vera orðinn siðum þess og háttum svo vanur, og hefði enga krafta að ryðja sér nýja lífsbraut. — Orð hans höfðu engin áhrif, — réttlætinu var full-nægt með því, að sleppa honum lausum, eftir tuttugu ára þrælkunarvinnu al-saklausum.

— Aldrei hefir önnur eins leti orðið uppvís um mann eins og bónda einn, John Dixon að nafni, núna nýverið, og haft jafn hörmulegar afleiðingar. — Þegar bær hans var rannsakaður, fundust gripir hans hungurmorða í hópatali, og þeir, sem lifðu, komnir að hrörfalli, en nægar birgðir voru af fóðri á bænum, að eins var bóndinn svo latur, að hann nentí ómögulega að fara á fætur til að hirða gripina um kalda vetrarmánuðina, — þótti náðugra að kúra í bæli sínu en gera fjósverk. Þessi eins dæma leti hefir vakið almenna gremju, og nú situr Dixon í fangelsi fyrir grimdarfulla meðferð á skepnum, og er búist við, að hann fái makleg málagjöld leti sinnar.

— Nýlega lézt í Vínarborg kerling ein Maria Mandl að nafni, hafði hún lifað á betli til fjölda ára, og héldu allir að hún væri blásnauð, en þegar farið var að rannsaka hreysi hennar, fundust þar 50 þúsund dollars saumaðir í yfirsængurdýnuna, og þótti undur hin mestu.

— Uppreistin í Albaníu á móti Tyrkjum er nú í algleymingi. Hafa hinir fornu óvinir, Múhameðstrúar menn og katólskir, gengið í bandalag á móti liðsveitum Ung-Tyrkja, og hyggjast að koma hinum afdankaða Abdul Hamid aftur til valda. Sá heitir Bolantiz, fyrrum vildarmaður Abdul Hamids, sem uppreistinni stýrir, en Shefket Pasha stjórnarherinum.

— Á sambandsþinginu í Ottawa gengur alt á afturfótunum fyrir sambandsstjórninni. Fjárlögin hafa enn ekki verið samþykt, og er því stjórnin alveg upp á náðir andstæðinganna komin um hvenær þau nái fram að ganga, — því þeir draga alt á langinn með málþófum, í þeim tilgangi að koma gagnskiftasamnings uppkastinu fyr ir kattarnefn á þinginu, og eru allar líkur til, að þeim takist það.— Verði þingið rofið, sem Sir Wilfrid hefir hótað, ef ekki linti þessum mótþróa, þá vröi gagnskiftauppkastið lagt fyrir kjósendurna til umsagnar, og það er einmitt sem Conservativar vilja. En Sir Wilfrid mun trauðla þora að eiga undir almennum kosningum, þegar á þarf að herða, — að minsta kosti ekki á gagnskiftasamningsgrundvellinum. — Liberal blöðin hafa mikið veður gert úr því, að R. L. Borden, leiðtogi Conservative flokksins, væri í missætti við flokk sinn og mundi leggja niður forustu hans. En slikt er tilhæfulaust með öllu og munu Conservativar sækja fram undir merkjum hans og það til sigurs við næstu kosningar.

— Ungverjaland hefir samkvæmt nýafstöðnu manntali 20¾ milión íbúa, og er það aukning um rúmlega 1½ milión á síðastliðnum 10 árum.

— Eitt hið merkasta glæpamál síðari tíma stendur yfir á Ítalíu. Um þrjátíu og sex menn hafa verið teknir fastir og ákærðir um fleiri hundruð glæpi. Glæpafélag þetta kallast Camorra, og er ein deild Svarthandarfélagsins. Í fyrra sumar fanst foringi þessa félags, Gennaro Cooccolo myrtur ásamt konu sinni, og höfðu félagar hans unnið verkið, því þeir álitu, að hann stæði í sambandi við lögregluna. — Meðal þeirra, sem nú eru í fangelsi, er prestur einn, sem ákærður er um að hafa hylmað yfir með glæpamönnum þessum, gegn gjöfum til kirkju hans. — Einnig hefir foringi félags þessa, Enrico Alfonso, verið handsamaður.— Sá heitir Maresciallo Capizzutti, leynilögreglumaður, sem mest og bezt hefir unnið að því, að þetta glæpafélag var handsamað. Gekk hann sjálfur í félagið og drýgði glæpi þá sem fyrir hann voru lagðir, unz hann þóttist hafa fengið næg sönnunargögn á félagið. Þá gerði hann lögreglunni aðvart, og kom henni inn í sal þann, sem glæpamennirnir héldu fund, og þar, eftir harða viðureign, voru þessir 36 kumpánar handsamaðir. Á meðal annara glæpa á svndalista bessa glæpafélags eru 25 morð, og er því ekki að undra þó mál þetta vekji eftirtekt.

— Strathcona lávarður hfir lýst því yfir, að hann muni bráðlega leggja niður embætti sitt sem High Commissioner of Canada.

— Kolanámamenn í Alberta og British Columbia gerðu verkfall á föstudaginn var. Fulíar sex þúsundir manna lögðu niður vinnu þann dag, og er mjög óvíst, hvað lengi verkfallið stendur. Öll kolaframleiðsla í þessum er því að mestu hætt, og getur slíkt haft alvarlegar afleiðingar fyrir iðnað og viðskifti þessara fylkja.

— Jarðgöng undir Alpafjöllin voru fullgerð á fimtudaginn var, eftir fimm og hálfs árs vinnu og 20 milión dollara kostnað. Jarðgöng þessi eru kend við Loetsburg og eru níu mílur á lengd, hin þriðju lengstu jarðgöng í Evrópu. Um jarðgöng þessi á að liggja tvöfaldur járnbrauta sporvegur, og verður nú óslitin járnbraut frá Milan á Ítaliu til Bern, höfuðborgarinnar í Sviss, og þaðan svo norður að norðurströndum Frakklands. — Mannvirki betta er talið stórfenglegt mjög og hagnaðarauki hinn mesti fyrir alla flutninga.

— Ráðaneytisbreyting hefir orðið á Spáni, þó forsætisráðherrann sé hinn sami — Canalejas — og áður. Stjórnin hafði átt all-mikið í vök að verjast, því prestaflokkurinn var henni andvígur fyrir frumvarpið um aðskilnað ríkis og kirkju, en jafnaðarmenn og lýðveldissinnar aftur ákafir móti stjórninni fyrir hermálastjórn hennar og einræðisbrag. — Á laugardaginn var varð rimma í þinginu fyrir alvöru, því þann dag var ár liðið frá lifláti frelsisfrömuðarins Ferrars. Gekk þá prestaflokkurinn í lið með jafnaðarmönnum og lýðveldissinnum, og þessir þrir flokkar hömuðust þar til að Canaljas var ofurliði borinn og lagði niður völd. En þetta var bandamönnunum skammgóður vermir, þvi enginn var fær um að taka við stjórnartaumunum, og var því fyrsta verk Alfonso konungs, þegar hann kom til höfuðborgarinnar á mánudaginn, að biðja Canalejas að halda áfram sem forsætisráðherra, og gaf honum algerlega frjáar hendur að gera þær breytingar á ráðaneytinu, sem honum sýndist. Varð það úr, að Canalejas lét fjóra af gömlu ráðherrunum fara, sem honum voru andvígir, en tók í þeirra stað trausta fylgismenn sína. Og þingið lýsti trausti á ráðaneytinu, þegar á næsta þingfundi eftir rimmu-fundinn mikla á laugardaginn. — Situr því Canalejas fastari í sessi nú en nokkuru sinni áður, og er konungi mest þakkað þessi heillavænlegu úrslit, en prestaflokkurinn er hamslaus yfir öllu saman, og hefir farið fram á það við páfann, að Canalejas yrði bannfærður.

— Svartidauði hefir nú stungið sér niður á eyjunni Java. Símskeyti frá höfuðborginni Batavia segja hundrað menn þegar látna úr pestinni.

OGILVIE'S
Royal Household Flour
Til Brauð og Köku Gerðar
Gefur Ævinlega Fullnæging
EINA MYLLAN Í WINNIPEG,—LÁTIÐ HEIMAIÐNAÐ SITJA FYRIR VIÐSKIFTUM YÐAR.

— Fregnir frá Buenos Ayres, höfuðborginni í Argentina, segja að eldsvoði hafi geysað í tollbúðinni í fyrri viku, sem hafi gert fullra þriggja milión dollara tjón. Um upptök eldsins er það álitið, að hann hafi kviknað frá vindlingi, sem einn starfsmannanna hafi henda frá sér og lifandi var í. Rannsókn hefir nú verið hafin.

Kappglíma
—í—
Goodtemplarahúsinu

milli JÓNS HAFLIÐASONAR og FRED COOK á fimtudagskveldið 6. þ.m. (í kveld), kl. 8½. Ryrnar opnar kl. 7. — Aðgöngumiðar kosta 50c og 75c.

Landi vor Jón Hafliðason, íslenzki glímumaðurinn, keppir við Fred Cook, sem er miðþunga glímukappi Þýzkalands, fyrir $25 peningaverðlaun. Cook þessi er vel þektur hér í borg, og hefir unnið alla keppinauta sinnar þyngdar í Canada, að undanteknum Chas. Gustavson, sveanska glímukappanum yfir Canada. En Cook kendi ósigri sínum þá um það, að hann fékk ekki nægan undirbúningstíma til þess að vinna af sér hold eins og þurfti. En kveðst nú fús að mæta hverjum glímukappa, sem við sig þori að etja.

Jón Hafliðason ætlar að mæta pilti þessum og skella honum. Jón hefir mikið æft glímur á sl. tveimur árum og reynt sig bráfaldlega við Gustavson glímukappa, í prívat æfingum, og ekki beðið neinn ósigur í þeim viðureignum. Einnig hefir hann reynt sig við Sunberg glímukappa. Báðir þessir menn telja Jóni vísan sigur í kappglímunni við Cook, eða við hvern annan jafnþungan glímumann sem er, og eru viljugir að veðja á Jón.

Jón glímdi í síðastliðnum janúar við Pete Menard, aflraunamanninn mikla í St. Boniface. Hann er 40 pundum þyngri en Jón. — Þeir glímdu í fulla klukkustund og voru taldir jafnir.

Á undan þessari kappglímu í Goodtemplarahúsinu verða sýndar aðrar glímur og hnefaleikar, af ágætum mönnum, svo sem Arne Sunberg, léttþyngdar glímukappa allrar Ameriku, og öðrum slíkum.

Samkoma þessi verður vafalaust vel sótt, því nú í fyrsta sinni á tilverutíma Íslendinga hér í landi keppir Íslendingur um glímuheiður við heimsálfunnar mesta kappa.

KOMIÐ LANDAR, OG SJÁIÐ DRENGINN YKKAR — VINNA!

Hungursneyðin í Kína.

China Famine Relief Committee í Toronto, Canada, hefir sent út áskorun til allra blaða í hinu brezka ríki, að gangast fyrir samskotum til hjálpar nauðstöddu fólki í Kína. Nefndarbréfið skýrir frá því, að Canada-búar séu beðnir að gefa hundrað þúsund dollars í hjálparsjóðinn. Það segir að ástandið í Anhui og Kiangsu fylkjunum sé voðalegt, öll uppskera þar hafi eyðilagst af flóðum, og að ekki sé að vænta neinnar uppskeru þar fyr en í fyrsta lagi í júní nk. Að mörg mannmörg þorp og bæir hafa algerlega sópast burtu í flóðunum, og að þær 3 miliónir manna, sem eftir séu lifandi í nefndum fylkjum, séu gersamlega allslausar og líði voðalegt hungur. Að fólkið flykkist saman í stórhópa viðsvegar um landið, og að þeir, sem hafi líkams þrótt til að berast yfir jörðina, lifi á heiðum uppi á því, að éta gras og trjárætur, og hvað annað, sem hönd á festir. Hrísgrjón eru aðalfæða þessa fólks, en svo er lítið af þeim, að ekki nægir nema fáum af fjöldanum. Neyð fólksins er hræðileg, og mannfall af hungri afarmikið daglega, einkanlega af börnum, sem ekki orka að leita sér bjargar í samkepni við full-orðna fólki, og gamalt fólk, sem víða finst liggjandi meðfram vegum landsins, aðframkomið og sumt dautt af hungri. Áætlað er, að meira en milión manna muni falla af hungri og harðrétti, ef hjálp berst ekki von bráðar þangað austur.

Sendiherra Kína, sem nú er í Ottawa, segir ástandið svo voðalegt, að því verði ekki með orðum lýst. Hann segir, að $1.50 sé nægi, leg upphæð til þess að hjálpa hverri einni manneskju frá hungurdauða. Og þess vegna biður þessi hjálparnefnd í Toronto Canadabúa, að gefa svo í hjálparsjóðinn, að hægt verði að bjarga nokkrum tugum þúsunda af fólki þessu til lífsins.

Landsstjórinn yfir Canada, fylkisstjórar, stjórnarformenn og margir aðrir háttstandandi menn í Austur-Canada hafa þegar gengist fyrir að útvega gjafir í hjálparsjóðinn. Nefndin biður alla góða borgara í Canada, að leggja hönd að starfi þessu og að senda gjafir sínar beint til fóhirðis hennar, S. J. Moore, 445 King St. W., Toronto, Canada.

Mannúðartilfinningin krefst þess, að allir, sem geta, gefi í sjóð þenna og geri það fljótt.

WALL PLASTER

"EMPIRE" VIÐARTAGA VEGGLÍM.
"EMPIRE" CEMENT WALL VEGGLÍM
"EMPIRE" FINISH VEGGLÍM.
"GOLD DUST" VEGGLÍM
"SACKETT" PLASTER BOARD.

SKRIFIÐ OSS OG FÁIÐ VORA ÁÆTLUNAR BÓK.

Manitoba Gypsum Co., Limited.
WINNIPEG, - MANITOBA.

BJARNASON & THORSTEINSON
Fasteignasalar
Kaupa og selja lönd, hús og lóðir víðsvegar um Vestur-Canada. Selja lífs og eldsábyrgðir.
LÁNA PENINGA
út á fasteingir og innkalla skuldir.
Öllum tilskrifum svarað fljótt og greiðanlega.
Wynyard - - Sask.

Ættartölur
(VESTUR-ÍSLENDINGA)

Það hefir frá aldaöðli verið talið meðal æðstu kosta manns að vera vel ættaður; og all-mörgum er enn í dag alveg jafnsárt um, að sá kostur sinn (virkilegur eða ímyndaður) sé viðurkendur út í frá, eins og annað ágæti í fari sínu. Svo mjög sem fornöldin lagði rækt og lotning við hetjuskap og hugprýði, þá lyfti þó ætt-ar-aðall þeim afburðum á æðra og göfugra stig í áliti manna. Og kvað svo mjög að þessu, að framúrskarandi yfirburði þurfti oft og einatt fyrir ótigna menn til að brjótast fram til meta og mannvirðinga. Þessu samfara var svo það, að jafnt og ein þjóð sótti fram fyrir aðrar að mentun og mannáð, þótti það mikill sæmdarauki að heyra þeirri þjóð til og vera af henni fæddur. Þannig er það t. d. haft eftir hinum nafnkenda griska speking Platon, að eitt af því þrennu, sem hann þakkaði guðdóminum fyrir, væri það, að hann var fæddur griskur. Þessi ættgöfgis- og þjóðernis-metnaður fetar svo niður eftir öllum öldum alt til vorra daga, —og rennur í manninni saman við ættrækni og sjálfselsku annars vegar, en þjóðrækni og ættjarðarást hinsvegar.

Það má án efa fullvel segja, þegar á þetta er litið, að of mikil áherzla hafi fyr á öldum verið lögð á ætt- og þjóð-göfgina eina út af fyrir sig, án neins tillits til persónulegra kosta námsins sjálfs í eiginlegum skilningi. En jafnframt því virðist það þó einmitt hafa vakað ósjálfrátt fyrir þjóðunum, alt til þessa, að ekki sé það einskisvert fyrir afkomandann, hvert og þvílikt foreldri hans er, sem einmitt nú er svo freklega að sannast af athugunum vísindanna á vorum dögum. Og er þetta atriði eitt af þeim, sem fylgt hefir eðliskynjun mannkynsins frá byrjun. — En hinsvegar: þó segja megi, að ættarmetnaðurinn hafi óneitanlega á aðra hliðina leitt til oflætis og hégómlegs þótta, þá hefur það að eins átt sér stað til jafns við hvern annan mannlegan kost sem er.

Þessi (metnaðar-) tilfinning fyrir (þjóð- og) ætt-erni hefir svo vakið þá fræðigrein, sem nefnd hefir verið ættfræði; og höfum vér Íslendingar staðið jafn framarlega í þeirri fræði eins og nokkur önnur þjóð. Þó er ekki svo að skilja, að aðrar þjóðir séu ekki teljandi til, — sem fáfræðingar gætu, ef til vill, imyndað sér. Einkum er það alkunna þeim, sem nokkuð hafa kynt sér um háttu annara þjóða, að alt í frá fornöld hefir það verið altitt, ofan til vorra daga, hjá hinum hærri stéttum mentalandanna, að gæta sem bezt ætternis sins; meðfram að sjálfsögðu vegna erðaljár og ytri metorða, en jafnframt og meðfram vegna meðfæddrar ætternis trygðar, sem náskyld er bæði föðurlandsást og ættrækni, og talin hefir verið af drengskaparmönnum ein hin æðsta sæmd manns og ágæti. En til sönnunar þessari ættardýrkun meðal annara þjóða, bæði fyr og síðar á tímum, má mörg og marg víslegt dæmi til færa; og býzt ég við, að allir fróðir menn kannist við sitthvað þess efnis, að minsta kosti við umhugsun.

Að kynstórir menn haldi á ýmsan hátt fram ætterni sínu, er ekki nema mjög svo eðlilegt og enda sjálfsagt, þar sem það er einn þáttur persónugildisins í hverri merkingu sem er. En í annan stað er það og jafn eðlilegt ættarsmáum mönnum, að leyna uppruna sínum; og eru þá slíkar foreldra eða forfeðra felur einn þáttur þeirrar smæðar.

Íslendingar hafa, eins og ég drap á, verið miklir ættfræðis- og ætt-artölu-menn, bæði að fornu og nýju. Ekki hefi ég orðið þess var, að neinum þýki kynlegur ætta-metnaður Íslendinga til forna, meðan þrek og þróttur þjóðarinnar stóð í fullum blóma. En að hinu hefi ég heyrt vikið, að nútíðar Íslendingar hugsi ekki um annað en að stæra sig af fornu ætterni sínu, og láti þar við sitja; en hinum þættinum gleymi þeir, sem sannri ættartign og þjóðrækt sé samfara, að framlylgja kyngöfgi sinni — í drengskap og djarflegum afrekum —, og nemi staðar við orðin ein. — Þetta er sagt, og á sér, ef til vill, nokkurn stað; bæði hvað snertir durnalegar misskilnings-hugmyndir alþýðunnar á sínni tímum yfirleitt, viðvíkjandi háttum og framgöngu fornmanna; og í annan stað orðabelgingar ýmissra (einkum yngri menta-) manna á vorum dögum, um forn ættindi og forna þjóðgöfgi, samfara glitmiklum glamuryrðum um frelsi og sjálfstæði, framsókn o. s. frv. Alt að einu hefir í ættartölum verið hýllst til, að rekja ætt-irnar upp til konungbornna manna helzt, hverja svo sem krókavegi vísindanna til þess þarf að fara! Alt má þetta að vísu vel til sanns vegar færa.

En nú horfir við úr gagnstæri átt sú þjóðræktarleysis stefna, sem einkum hér vestan hafs er gróðursett í akri útlends fjárdrátt-arþótta, að einu gildi um ætt og uppruna; alt sé undir komið afrekum einstaklingsins einum saman; og sé auður og persónuleg upphefð hvers fyrir sig það eina, sem hann á að berjast fyrir og vinna að. Aðrar hugsjónir allar séu reykur einn og rugl. Mætti manni finnast, sem hér sé durnaskapur seinni tíma alþýðu af þjóð vorri, kominn fram í nýrri mynd. Og í annan stað er þessi lífsstefna svo lágrar ættar (!) sem verða má, þar sem hún fyrst og fremst dýrkar Enskinn, með því að taka upp alla hans hugsun og háttu, en afneitar þar með einnig sinni eigin þjóð og hennar eðli. — Það er sagt svo, að ekki megi spyrja hvítan Ástraliumann um ætterni hans, og sé það honum móðgun; því Ástraliubúar yfirleitt eru komnir af sakamönnum, sem fluttir voru þangað í hegningarskyni á 18. öldinni. Einhver svipuð tilfinning virðist vaka fyrir þeim, sem afneita ætt sinni og þjóðerni og elta annars lands hugsun og háttu. En að svo er, hvað ýmsar íslenzkar persónur snertir, eftir að til þessa lands kom, á því er enginn vafi, — og það í svo frekri mynd, sem vera má. Svo langt getur einfeldni og fordild farið með fólk.

Svo að ég víkji nú beint að ætt-artölunum aftur, þá er meðal annars þess að spyrja: Að hvaða haldi kemur mönnum, að víta um uppruna sinn og ætt? Því svara ég: Svo framarlega, sem það er nokkurs virði fyrir nokkurn mann, að þekkja sjálfan sig, — sem að sjálfsögðu er eitt hið fyrsta og helzta framsóknar-skilyrði hvers einasta manns —, þá er það jafnhliða nauðsynlegt, að þekkja ætt sína og uppruna, því framar í ætt-inni koma, ef til vill, fram ýms þau eðlis-einkenni, stundum á hærra og stundum á auðsærra stigi en hjá viðkomanda sjálfum. Sé hann af tignum ættum, þá er það hvöt fyrir hann til að halda uppi sóma ættarinnar með framkomu sinni og framkvæmdum. Sé hann aftur á móti smáættaður, er alt að einu hvöt fyrir hann að jafna upp það, sem á skortir í ættinni, með eigin manndáð og atorku. En fyrir ætt sína ætti enginn að fyrirverða sig, hver sem hún er; vegna þess fremur, að bera af forfeðrum sínum sem smærri eru. — Og enn er þó ótalinn sá kostur ættfræði (og ættartalna), að hún hvetur niðjana til þjóðrækni og þar með til þjóðarmetnaðar; og verður vor kynslóð því fremur fyrirmynd komandi kynslóða í þessum efnum, sem hún rekur hér rækilegar úr hlaði, og liggur þess meira við í þessu máli, sem yngri kynslóðin hér uppalda, hefir engan hug né hneiging til sins forna ættlands að neinu leyti, svo framarlega, sem hún ekki fær sérstaka næma hvöt frá eldri kynslóðinni. Og geti þeir meðal annars ekki talið ættir sínar lengra en til einhvers Ameriku-farans, t. d. á fyrri öldinni, svo framarlega, sem þeir hafa engin gögn í höndum. Ennfremur verður allur litur á landnámssögum Vestur-Íslendinga (munnlegum eða skriflegum), eða að minsta kosti samband þeirra við heimalandið, þess frjórra og ferskara, sem fleiri ætt-fræðisgögn eru fyrir höndum. Hitt er annað mál, að mikið fram að þessu hefir hagur flestra Vestur-Íslendinga staðið svo, að þeir hafa haft annað að hugsa um en ætt-fræði. En nú er hagur all-margra þeirra kominn í þann blóma, að þeir geta farið að líta í kring um sig ögn, og sinna fleiru en slitalausu veghroti fyrir lífsins þurftum. Og sé ég meðal annars þá frelsishvöt í fegurstri og hugþekkastri mynd fram koma hjá þeim, sem taka sér næði til að hverfa um stund heim til fósturjarðarinnar; og sprettur þetta alt upp af einum meiði, og það sem ég hefi hér um rætt aðallega.

Ég veit ekki til, að hér vestan hafs séu nein veruleg gögn fyrir höndum til samstæðra og áreiðanlegra ættfræðis rannsókna og ætt-artalna. Býzt við að heim (til Íslands) verði að snúa sér í þeim efnum; en mikil trygging er þar og fyrir áreiðanleik þeirrar fræðigreinar, héðan af safn allra finnanlegra eldri heimilda í þeim efnum, sem öðrum, til landsbóka- og landsskjala-safnsins, — svo sem Ministerial bækur, sem hafa fæðingar- og dánar-dægur manna inni að halda, o. s. frv. Ennfremur eru og nú í Reykjavík sérstakir fræðimenn í þeirri fræðigrein, með greiðari aðgang að heimildum og meiri þekkingu en áður var, vegna þess sérstaka hæfileika, sem þessu nýja safna-fyrirkomulagi er að þakka. Og má því jafnframt að sjálfsögðu búast við, að ódýrari séu nú einnig upplýsingar allar í ættfræðisefnum, heldur enn nokkru sinni hefir áður verið. Að minsta kosti í tiltölu við vaxandi tryggingu og áreiðanleik.

Þorsteinn Björnsson

KAPPGLÍMU KEPPINAUTARNIR

Hér gefst að líta kempurnar sem íþróttir sínar sýna almenningi í kvöld, fimtudag í Goodtemplarahúsinu.



Jón Hafliðason



Fred Cook

BÁÐIR eru menn þessir sagðir elfdir íþróttamenn og má því búast við hörðum aðgangi Jón er mörgum lærdum að góðu kunnur og hefir hann hlotið lof mikið fyrir hreysti. Meðal annars hefir hann æft mjög mikið við Chas Gustavson glímukonung Winnipeg og segja þeir sem séð hafa að litla yfirburði hafi Gustavson yfir Jón. Vonandi fylla landar húsið, það er ekki svo oft sem tækifærið gefst að sjá Íslending sýna frækleik sinn í þessum efnum.

Aðgangurinn er 75c og 50c.

Islands-bréf.

Reykjavík, 26. febr. 1911.

Vinur Baldwinson!

Ég minnist þess, að ég lofaði þér einhverntíma að senda Heimskringlu þinni nokkrar fréttalínur frá gamla Fróni, og nú vil ég sýna lit á, að efna þetta loforð, enda þó ég búist við, að þetta verði nokkuð í molum.

Ég veit varla á hverju helzt skal byrja, líklega tíðarfarinu, eins og flestir fregnritarar gera. Ég kom til Fróns í byrjun septembermánaðar og brá um það leyti til votviðra, er stóðu um 3 vikur. Varð heyskapur því endasleppari en ella; samt varð góður meðal-hevskapur um land alt, sumstaðar betur. — Eftir það var haustið alt fram að jólum mjög gott, sífeldar stillur og góðviðri, svo menn muna naumast jafngott haustveður. Um jólaleytið brá til umhleypinga, er héldust janúar og fram í þennan mánuð. Síðustu vikur hefir verið stilt og gott veður, en mikill snjór, alt að tveggja feta hár, en mjög frostlítið. Frost hafa verið svo lítil, það sem af er vetrinum, að naumast er hægt að segja að glugga hafi lagt. — Það er að segja hérna í Reykjavík. Norðanlands hafa komið snörp frost í nokkra daga, 18 gr. á Celsius að mig minnir hæst á Grímsstöðum á Fjöllum.— Hevbirgðir eru sagðar nægar um land alt, og fénaðarhöld góð.

Í góðu tíðinni í haust var mjög mikið unnið að jarðabótum hér í kring um Reykjavík, og í námunda við bæinn er naumast nokkur blettur til, sem ótekinn er til rækt unar. Grjóturðarholt, sem voru áður en ég fór vestur, eru nú orðin að stórum túnflákum. Nokkrir eru farnir að rækta hafra í Gróðrarstöðinni og víðar og hefir gefist allvel. Eftir fáein ár hér frá verður alt land í kringum Reykjavík fullræktað. Byggingar hafa og aukist mjög mikið, svo bærinn er naumast þekkjanlegur. Heilar götur myndast o. s. frv. Síðastliðið ár voru mest bygð tóm steinsteypuhús, og munu nú, sem betur fer, flestir vera komnir á þá skoðun, að þau eigi að byggja fremur en timburhús. Bankarnir styðja líka að þessu með því, að veita meiri og hagkvæmari lán út á steinhús en timburhús.

Ekki get ég sagt um með neinni vissu, hvort efnahag til sveita hefir farið fram síðustu árin. Menn, sem ég hefi átt tal við um þetta, eru naumast á sama máli. Sumir segja, að hann sé alt af að færast áfram; aðrir, að hann standi í stað. En það ber öllum saman um, að mikið hafi verið unnið í sveitum að ýmiskonar jarðabótum, sem fullar líkur eru til að beri góðan árangur í framtíðinni, þó ekki séu þær enn farnar að gefa af sér miklar tekjur, svo sem áveitur, girðingar, o. s. frv.

Ég veit ekki, hvort ég á að leggja út í, að segja þér nokkuð um pólitíkina; enda naumast þarflegt, þar sem þú sérð öll blöðin. Það virtist liggja nokkurskonar mók yfir henni eftir öll málaferlin, þangað til þing kom saman, en þá fór nú að hvessa aftur.

Fyrir þing voru farnar að heyrast all-háværar raddir um það, að ýmsir sjálfstæðismenn væru orðnir óánægðir með ráðherrann yfir ýmsum hans gerðum utanlands og innan, og væri því eigi ólíklegt, að þeir mundu reyna að losa sig við hann undir eins og þeir fengju færi á því, — þegar þing kæmi saman. Ýmsir af mönnum flokksins, þar á meðal nokkrir þingmenn, munu hafa fengið ótrú á honum strax í "Forsetaförinni" 1909, enda þó þeir stiltu sig þá, að láta ekki mikla óánægju í ljósi, til þess að sundra ekki flokknum; og einn þingmaður sagði við mig í haust, skömmu eftir að ég kom, að nærri hafi legið, að þá strax kæmi fram vantraustsyfirlýsing á hendur honum.

En óánægjan jókst, því mönnum fanst ráðherra æfinlega slaka til undan danska valdinu, hvar sem það leitaði á. Svo bætti það ekki til, að hann þótti aðgerðalítill hér heima, og að mörgu leyti feta í fótspor H. Hafsteins, einmitt á þeim atriðum, sem hann hafði skammað H.H. mikið fyrir áður, meðan hann var ritstjóri, svo sem t.d. með undirbúning lagafrumvarpa, krossatildur o.fl.

Eftir að þing kom saman, leið ekki á löngu, að óánægjan brytist út. Fyrst reyndu all-margir þingmenn flokksins, að fá ráðherra til að leggja niður embætti með góðu — en það gekk ekki; tóku þá tjórtán af þeim það ráð, að lýsa yfir, að þeir kæmu fram með vantraustsyfirlýsingu. Kom hún fram í neðri deild að eins — var álitið óþarft, að hún kæmi fram í efri deild —, og var samþykt þar með 7 atkv. sjálfstæðismanna og 9 atkv. minnihlutans. Forseti H. Þorsteinsson telst til beirra 7 óánægðu, svo alls eru þeir 8 í neðri deild, eða helmingar sjálfstæðisflokksins þar.

Ben. Sveinsson ritstjóri, þingm. N.-Þingeyinga, hafði framsögu á hendi, og vitti undanhald ráðherra í sambandsmálinu. Hann hefði ekkert gert úr skilnaðarröddum, og legði nú til, að ekkert væri aðhafst í málinu fyrst um sinn. Vitti einnig undanhald í botnvörpusektamálinu, og viðvíkjandi viðskiftaráðunautnum, svo og langdvalir ráðherra að ástæðulítlu suður í Danmörku, og aðgerðaleysi hér heima, lagafrumvörp fá og lítt merkileg og naumast fáanleg hér, fyr en á þing kom nema á dönsku. Skúli og aðrir tóku í sama streng. Ráðherra reyndi að verja sig og talaði mjög lengi, en fremur þótti mér ræður hans veigalítlar og röksemdir hans gegn aðfinslum óaðgengilegar.

Þegar litið er yfir þingmennina í Sjálfstæðisflokknum, sem voru með og móti vantraustsyfirlýsingunni, þá verður það ljóst, að með henni eru flestir, ef ekki allir, 'radikalari' þingmenn flokksins, en þeir íhaldssamari á móti. Sumir af þeim fyrnefndu munu hallast að skilnaði, enda er engum efa bundið, að sú hreyfing vex óðum hér á landi.

Til dæmis var stofnað hér nýlega í Reykjavík félag með um 100 ungum námsmönnum í æðri skólunum, er nefnir sig: "Félag ungra skilnaðarmanna", og beint hefir skilnaðarprógram efst á blaði.

Þá má og benda á það, að tillaga sú í sambandsmálinu, er kjósendur Sjálfstæðisflokksins samþyktu hér á þingmálafundum í vetur, og fékk á 7. hundrað atkv., var skilnaðartillaga, enda samin af ákveðnum skilnaðarmanni, — Gísla Sveinssyni lögmanni.

Hver tekur við ráðherraembættinu nú, er eigi fullráðið, er þetta er skrifað. Báðir þattar flokksins vilja koma að manni úr sínum hópi; líklega verða þó þeir 'radikalari yfirsterkari, enda sanngjarnt að þeir fái nú að reyna einn af sínum mönnum. Hver hlutskarpj astur verður, á að verða opinbert fyrir 11. marz, en næstir munu standa Skúli, Kristján Jónsson eða Hannes Þorsteinsson.

Við vonum, að flokkurinn klofni ekki, þrátt fyrir þennan ráðherra-ágreining, og hugsi meira um málefnið en mennina.

Með vinsemd, þinn einl.

A. J. Johnson.

FRIÐRIK SVEINSSON

húsmáling, betrekking, o.s.frv. tekur nú að sér allar tegundir af Eikarmálning fljótt og vel af hendi leyst. Heimili: 690 Home St.

JÓN JÓNSSON, járnsmiður, að 790 Notre Dame Ave. (horni Toronto St.) gerir við alls konar katla, könnur, potta og pönnur fyrir konur, og brýnir hnífa og skerpir sagir fyrir karlmenn. — **Alt vel af hendi leyst fyrir lítla borgun.**

Herra Jón Hólm, gullsmiður að 770 Simcoe St., biður þess getið, að hann selji löndum sínum gull- og silfur-muni og gigtarbelti. — Belti þessi eru óbrigðul við gigt, ef þau eru notuð samkvæmt fyrirskipunum Jóns. Kosta að eins dollar og kvart.

2 Bækur Gefins

FÁ NÝJIR KAUPENDUR AÐ HEIMSKRINGLU SEM BORGA $2.00 FYRIRFRAM, OG ÞESSUM BÓKUM ÚR AÐ VELJA:—

Mr. Potter frá Texas
Hvammverjafnir
Konuhefnd
og Leyndarmál Cordulu frænku —

Alt góðar sögur og sumar ágætar, efnismiklar, fróðlegar og spennandi. Nú er tíminn að gerast kaupendur -Hkr. Það eru aðeins fá eintök eftir af sumum bókunum.

Heimskringla
P.O. Box 3083, Winnipeg

THE Winnipeg Paint & Glass Co. LTD

"ALT TIL BYGGINGA"

Höfuðstóll - - - $1,000,000.00
Uppborgaður höfuðstóll - 500,000.00

STJÓRNENDUR:
EDWARD CASS, President *JOHN CARR*
JAMES McDIARMID *R. W. PATERSON, Secretary*

Með tilliti til hinna miklu viðskifta sem okkur hefir boðist höfum við ákveðið að bjóða almenningi hlutabréf til sölu. Helmingur hlutaupphœðarinnar ($250,000) hefir verið seld enskum kaupendum, en ósk vor er að meginþorri hluta vorra sé í Vesturfylkjunum, og þessvegna hefir eftirstöðvunum verið haldið til baka í því augnamiði. Hlutabréf þessi eru gróðavænleg, því 7 prósenta vextir eru ábyrgstir auk 10 prósenta hluttóku í ágóða félagsins.

SUBSCRIPTIONS

Áskriftargjöld greiðist TÍU DOLLARS Á HLUT við ÚTHLUTUN og afgangurinn með TÍU DOLLARA MÁNAÐAR AFBORGUN, þó er hverjum kaupanda heimilt að greiða upp að fullu þegar honum sýnist. Vextir borgast aðeins og uppborguðum hlutum.

Umsóknum á hérmeð fylgjandi umsóknareyðublað veitist móttaka á skrifstofum félagsins **601 Keewayden Building, Winnipeg.** Úthlutinn fram fer í þeirri röð sem áskriftirnar berast

Úmsóknareyðublöð og aðrar upplýsingar gefur skrifari félagsins ef þess er óskað.

The Winnipeg Paint & Glass Co., Ltd.
Keewayden Building Portage Ave., E. Winnipeg, Man.

APPLICATION FORM

Eg hérmeð bið um ..... hluti á hundrað dollara hvern í Winnipeg Paint & Glass Co. og samþykki að greiða 10 dollara við úthlutun og eru þeir hérmeð fylgjandi. Afganginn að borga með 10 dollara á mánuði á hlut hvern, þó svo að mér sé heimilt að borga upp að fullu þegar mér sýnist og þá um leið að mér séu goldnir vextir frá þeim tíma að hluti minir eru fullgreiddir.

Nafn.....
Staða.....
Ritun.....
"HEIMSKRINGLA"

Íslands fréttir.

FRÁ ALÞINGI.

Rannsóknarnefnd efri deildar í bankamálinu hefir nú komið fram með bráðabyrgðarnefndarálit og lítur svo á, að lítið hafi verið aðfinsluvert í bankanum og frávikning gæslustjóranna ekki löglegeða á rökum bygð. Kemur hún fram með eftirfarandi tillögu til þingsályktunar (Sigurður Hjörleifsson fylgist þó ekki með nefndinni í þessum málum):

"Efri deild ályktar að skora á ráðherra, að hlutast tafarlaust til um — að tekið verði nú þegar við Kristjáni Jónssyni háyfird. sem gæslustjóra í Landsbankanum, — að honum verði greidd lögmæt gæslustjóralaun frá 1. des. 1909, — og að honum verði endurgoldinn útlagður kostnaður hans til að sækja rétt sinn og deildarinnar gagnvart ráðherra og bankastjórn Landsbankans".

Síðustu dagana ekkert markvert gerst í umræðum. Fundir stuttir. Mestum tíma þingmannanna varið til nefndarstarfa.

Þessar nefndir hafa skipaðar verið, — allar í neðri deild:

Vegalaganefnd—Ólafur Briem, H Hafstein, Sig. Sigurðsson, Björn Þorláksson og Einar Jónsson.

Nefnd til að athuga skógræktarmál—Sig. Sigurðsson, Pétur Jónsson (skrifari), Ól. Briem, Sig. Gunnarsson (form.) og St. Stefánsson (Eyf.).

Nefnd til að fjalla um eftirlaun ráðherra—Jón Þorkelsson, Björn Sigfússon (form.), Bjarni frá Vogi (skrifari).

Rottulaganefnd—Björn Þorláksson Jón Þorkelsson og Ól. Briem.

Kirkjujarðanefnd (til að athuga núgildandi lög um sölu kirkjujarða)—Björn Sigfússon (form), Stefán Stefánsson (Eyf.), Hálfdán Guðjónsson, Jón Þorkelsson (skrifari) og Eggert Pálsson.

Lambanefnd (til að athuga afnám fóðurskyldu Maríu og Péturslamba)—Ól. Briem, Jóh. Jóhannesson, Jón Jónsson frá Múla, Bened. Sveinsson, St. Stefánsson (Eyf.).

Læknanefnd (til að íhuga breytíng á læknaskipunarlögunum) — Skúli Thoroddsen, Jón Jónsson (S. M.) skrifari, Ól. Briem form, Eggert Pálsson og Sig. Gunnarsson.

Bjarni frá Vogi og Jón Þorkelsson flytja í neðri deild frumvarp um lögskráning mannanafna, þ. e. að í öllum opinberum skrám skuli jafnan rita skírnarnafnið á undan föðurnafninu, nema þegar um ættarnöfn er að ræða; telja hitt óþjóðlegt, að rita "Jónsson frá Vogi Bjarni", í stað "B. J. frá Vogi. — Nefn—Bjarni frá Vogi, Jón Þorkelsson og Jón Ólafsson.

Jón Magnússon þingm. Vestm.-eyinga flytur frv. um, að áskilja öllum levfi landlæknis, er stunda vilja lækningar, og er það aðallega gert til þess, að útrýma smáskamtalæknum. — Nefnd: Jón Magnússon, Þorleifur Jónsson, Bj. Kristjánsson, Jón Þorkelsson og Jón frá Múla.

Jón Þorkelsson vill láta landssjóð kaupa Skálholt, þykir vansæmd fyrir landið, að láta hið forna biskupssetur vera í niðurníðslu.

Reykvíkingar virðast vera harðánægðir með 1. þingm. sinn Dr. Jón Þorkelsson, og hefir undirskriftarskjal verið borið milli kjósendanna, þar sem er farið fram á, að Jón segi af sér þingmensku. — Sérstaklega kváðu menn honum reiðir fyrir framkomu hans við vantraustsyfirlýsinguna, þegar atkvæðagreiðslan fór fram og nafn Jóns var kallað, hélt hann svofelda ræðu:

"Ja, — ég veit ekki. Ég hefi langt erindi að flytja, sem gerir grein fyrir atkvæði mínu í þessu máli. En nú hafa flutningsmenn bundið fyrir munninn á mér með því að neita að fresta umræðum til morgun. — Nú er mér orðið flökurt af hinum mikla dragsúg, sem er í deildinni, og þess vegna neita ég að greiða atkvæði".

Mikið gaman hefir hent verið að þessari ræðu Jóns og fjöldi þingvísna kveðnar í því tileíni. Ein þeirra er svohljóðandi:

"Þegar valdalystar-ljón
lögðu Björn að velli
dragsúgurinn doktor Jón
drap í hárri elli".

Stúlkan Guðrún Helgadóttir búandi að Jörfa í Húnavatnssýslu, lagði nýskeð af stað heiman að frá sér, og hefir síðan ekkert til hennar spurst. Telja menn líklegt, að hún hafi farist niður um ís á svo nefndri Dalsá.

Frakkneskt félag kvað hafa falað all-stórt afréttarland í svo nefndum Rauðsökömbum. Sagt er að félagið ætli að reyna þar, að grafa eftir málmum.

Um Sauðárkrókslæknishérað, er nú er óveitt, hafa þessir læknar sótt: Friðjón Jensson, Halldór Stefánsson, Ingólfur Gíslason, Jónas Kristjánsson og Magnús Jóhannesson.

Landsstjórnin hefir nýlega selt hr. Sigmundi Sveinssyni í Valhöll á Þingvöllum svo nefndan "Mikla skála", er reistur var vegna konungskomunnar 1907. Kaupverðið var þrjú þúsund kr. Hr. Sigmundur ráðgerir, að kaupa gistihúsið Valhöll á Þingvöllum af félaginu, sem nú er eigandi þess, og nota síðan viðinn úr Miklaskála, til að stækka Valhöll svo, að þar verði góður gisti- og sumardvalarstaður.

Það hörmulega slys varð nýskeð, að tveir bændur í Hunavatnssýslu, Björn Kristófersson á Hnausum og Björn Sigurðsson á Litlu-Giljá, er lögðu af stað heim til sín úr verzlunarstaðnum á Blönduósi, að kveldi 27. febrúar, hreptu verstu blindhríð og urðu báðir úti. Björn heitinn var bróðir Sigurðar heitins á Hún stöðum, er dó voteiflega 27. janúar þ. á. Hann var real-stúdent, greindur maður og vel metin, kvæntur isfirzkri konu, Söru Þorleifsdóttur úr Arnardal. — Björn sál. Kristófersson var bróðir Péturs heitins á Sjávarborg, og einnig í röð merkari bænda í Húnavatnssýslu.

Frakkneskur botnvörpungur, sem er að veiðum hér við land, misti nýskeð fjóra menn útbyrðis, og druknuðu allir. — Tveir menn fórust og nýskeð af fiskiskipinu Súlan, er gengur til fiskjar á Eyjafirði.

Trollari strandaði 5. marz í Selvogi, framundan Strandakirkju. Sagt er, að einn maður hafi drukn að.

Æfisaga Bólu-Hjálmars eftir Simon Dalaskáld, en umbætt af Brynjólfi fornfræðingi Jónssyni frá Minnanúpi, er nú komin út, prentuð á Eyrarbakka.

Einar Jónsson myndhöggvari hefir gert nýja mynd af Jóni forseta og þykir hún jafnvel betri en hin, sem nefndin hafði samþykt, og verður því ef til vill skift um.

Friðjón Friðriksson vesturfaraagent kom til Reykjavíkur með Sterling 10. marz.

Ís mun fyrir öllu Vestur- og Norðurlandi. Frá Húsavík er símað um mikinn ís þar fyrir landi, og Mjölnir sá mjög mikinn ís fyrir Vestfjörðum og jafnvel alt suður að Bjargtöngum, en þangað kemur mjög sjaldan ís. En jakinn snart Mjölni lítið eitt og varð dæld eftir.

Maður varð úti aðfaranótt þess 5. marz á veginum til Hafnarfjarðar. Fanst örendur á Kópavogshálsi á sunnudaginn. Hann hét Einar Sigurðsson og var daglaunamaður úr Reykjavík.

Nokkrir þýzkir visindamenn hafa hugsað sér að fara yfir Atlantshafið í loftfari, sem stýra má. Þeir ráðgera, að leggja upp frá nágrenni Reykjavíkur og lenda í Canada. Þessir fara förina: — Joeph Brucker frá New York, Doctor Hans Fabrice, forstöðumaður her-flugskólans í Munchen, Professor Halt við veðurrannsókn astöðina í Munchen, verkfræðingur M. Muller og ónafngreindur flotaliðsforingi. Aðalörðugleikinn við þessa langu ferð er að komast hjá ofmiklum gas-missi, vegna sólarhita. Professor Halt og Brucker hugsa sér að ráða bót á þessum örðugleika, með því að væta yfirborð loftfarsins með þar til gerðri dælu, sem dreifi vatninu yfir belginn. Til þess að komast hjá slysum verður farþegarúmið bátur, 10 stikur að lengd og 3 á breidd, með tveim bifvélum, er hafa 100 hesta afl. Það er stór þýzk cacaoverksmiðja, sem ber allan kostnað við för þessa og á loftfarið að heita eftir henni.

Meiðyrðamál hefir Ólafur G. Eyjólfsnson skólastjóri höfðað móti blaðinu Ingólfi fyrir greinina 'Bankanefndin' í 8. tbl.

Kennara vantar

fyrir WALLHALLA S.D.No. 2062. Kenslutími sjö (7) mánuðir (almanaksmánuðir), með tveggja vikna skólafrí. Byrjar 20. april næstk. Umsækendur tilgreini mentastig gildandi í Saskatchewan og æfingu sem kennari, einnig kaup, sem óskað er eftir. Tilboðum veitt móttaka til 15. marz. — Óskað eftir, að umsækjandi sé fær um, að leiðbeina börnum í söng.

Magnús J. Borgford,
2-3 Sec'y-Treas.
Holar, Sask.

Eftirmæli.

Aðfaranótt miðvikudagsins þess 8. marz síðastl. andaðist að heimili foreldra sinna í Vatnsdalsbygð, við Tantallon, Sask., unglingsstúlkan Guðrún Gunnlögsdóttir Gíslason. Foreldrar hennar eru þau Gunnlogur Gíslason og Halldóra Jónsdóattir, er búið hafa þar í bygð um nokkur undanfarin ár. Banamein hennar var, að að slitnaði innvortis, svo að ekki varð hjálpað og dró hana til dauða. — Hún var hin efnilegasta stúlka og lið elzta barn foreldra sinna, og þeim einkar hjartfólgin. Hún var fædd páskamorgun þann 18. april árið 1897 við Pembina í N. Dak. En með foreldrum sínum fluttist hún vestur til Saskatchewan vorið 1902.

Jarðarför hennar fór fram frá húsi foreldra hennar þann 11. marz síðastl., og voru flestir bygðarbúar og nágrannar þeirra hjóna þar saman komnir að sýna foreldrunum hluttekningu í þeirra þungu sorg. Séra Rögnv. Pétursson flutti kveðjuna síðustu og jós hina látnu moldum.

Æfisagan — jafn ungrar stúlku — er ekki löng, hún var að eins yfir barnsárin viðburðafáu, því ekki voru liðin 14 fell ár frá fæðingu til dauða. En þótt sagan sé ekki löng, er hún fögur, og foreldrar, ættingjar og vinir, munu jafnan minnast með viðkvæmni og söknuði litlu stúlkunnar, er dó, — er komin var að þröskuldi mannsdómsáranna, — en í stað þess, að fá að ganga þar inn — er ferð um aðrar dyr, inn á skeiðið, þar sem árin eru ekki framar talin.

Drottinn blessi hvild hennar og styrki foreldra hennar í sorg og stríði. Vinur.

Hefir þú borgað Heimskringlu?

VOR.

Þú vor frá svásum sólar- Edens -lundum,
er sækir okkur heim við norðurskaut,
og strýkur yfir örin geisla-mundum,
sem ýfðu vetrar-hendur: Grimd og þraut.
Í þinni fylgd er fegurð, líf og gróður; —
ég flý til þín, sem barn til góðrar móður.'

Af skuggamyndum mannsins eigin smíða
þú máir hrukkur, léttir þunga brún,
og vonarhlóm þú vekur þeim, sem liða
og viðjum leysir marga dular-rún.
Í þinni fylgd skín fegurð yfir vegi,
við fet hvert eitthvað nýtt með hverjum degi.

Ó, blessað vor, með friðinn þinn og fagnað,
með feginshöndum tek ég þér á mót,
með alt hið góða', er öllu verður gagn að,
með ilminn, gleði, söng og léttan fót.
Ó, hlauptu ekki yfir kulda-sporin,
sem eru stundum hélugrá á vorin.

En gróðurset þar grænar sumarrósir
í geisla þínum, dögg og þrumuskúr,
og þegar falla hélu-lokkar ljósir
á laufin þau, sé rótar-stöngull trúr,
sem ekki vetrar veðra-hamur skaði,
en vakni' á ný í þínu geisla-baði.

Svo kem ég fram í ylinn þinn og óðinn,
í allri minni fátækt býð þér inn,
og fæ þér til að lesa með mér ljóðin
og lífga það, sem deyddi veturinn; ½
því hann varð okkur Íslendingum langur
þar út við skaut, og líka nokkuð strangur.

En tíminn líður, — vetur, eins og vorin,
og vegir batna, ef að glaðnar til,
svo léttast einnig lúa þungu sporin
og leiðangurinn gengur oss í vil.
Já, tíminn líður, ljósið bærir sanninn, —
og lífið skapar óhræsið og manninn.

Og þó að vetri enn í andans högum,
þú ert sá blær, er þíðir klaka-rós,
og vermijurtin undir ísalögum,
en yfir þeim — hið bjarta sólarljós.
Í þinni vernd býr lífsvon ljóss og ilsins
og lýsigullið nýja tímabilsins.

JÓN JÓNATANSSON

RAVENSWOOD
BEZTA Í WINNIPEG

OPNUN ÞESSA ÁGÆTA ÚTHVERFIS TIL BYGGINGA, ERU TÍMAMÓT Í FRAMFÖRUM WINNIPEG. — Svo árum skiftir hefir þessi ágæta eign, sem er minna en 20 min. frá hjarta borgarinnar, verið skoðuð sem eftirsóknarverðasta íbúðarstæði. Sérhvert skilyrði er þar fyrir hendi til að gera fyrirtaks íbúðar úthverfi. Lóðirnar liggja að aðalþjóðveginum, Portage Ave. — beint á móti Assiniboine Park. — Með því aðeins að líta á kortið, munu hinir vantrúuðustu sannfærast um, að hér er "hið bezta" í Winnipeg. — Ef þú ætlar þér að kaupa heimilislóð, og vilt fá hana á fögrum og hentugum stað, og með sanngjörnu verði, þá muntu kjósa að búa þar. — Okkur er ant um, að þið komið og sjáið lóðir vorar og sannfærist með eigin augum um hina ágætu legu þeirra. — Séð hefir verið fyrir, að götur og bakstigir séu breiðir. — Takið Deer Lodge, Kirkfield Park eða Headingly sporvagna. Þeir fara gegn um lóðir vorar. — Við búumst við mikilli aðsókn og ráðum því væntanlegum kaupendum að kjósa lóðir sínar sem fyrst. Sendið eftir bæklingi vorum með korti og fræðist þaðan.

VERD Á LÓDUNUM FRÁ $8.00 FETID.

FRED H. STEWART & CO.
216 Nanton Building
Cor. Portage & Main Phone Main 1121

Heimskringla

Published every Thursday by The Heimskringla News & Publishing Co. Ltd

Verð blaðsins í Canada og Bandar. $2.00 um árið (fyrir fram borgað). Sent til Íslands $2.50 (fyrir fram borgað af kaupendum blaðsins hér $2.50.)

B. L. BALDWINSON
Editor & Manager

Office:
729 Sherbrooke Street, Winnipeg
BOX 3083. Talsími Garry 4110.

Innanríkisráðherran og Manitoba.

Við því var að búast, að einhver yrði sá, sem yrði til þess fenginn, að segra gerðir Laurierstjórnarinnar í landamerkjamálinu, en að það yrði Frank Oliver, innanríkisráðherrann og Vesturfylkja þingmaður, kom mörgum á óvart.

Mr. Oliver hefir ritað flestöllum blöðum Liberala í fylkinu, og látið þau flytja langar skýrsiur og skýringar, sem eiga að sýna afstöðu sambandsstjórnarinnar að því er snertir landamerkjamálið, í alt öðru ljósi en áður var.

Það er samt auðséð, að Mr. Oliver forðast sem heitan eld, að koma fram með þær skoðanir sjálfur, sem hann vill láta flokksblöð sin flytja. Hann hefir ekki djörfung til að setja sitt eigið nafn undir álit það, er honum finst skylda að liberal blöðin fúslega feðri. Með öðrum orðum: Innanríkisráðherrann ræðst á réttindi Manitobafylkis ekki sem opinber andstæðingur, heldur sem skuggavaldur, — að baki.

Þannig löguð aðferð er að engu Mr. Oliver sæmdarauki, — síður en svo, en hún er fyllilega verðug málefninu, sem hennai er varið til, og að öllu í samræmi við sannanir þær, sem hann tilfærir til stuðnings því svivirðingar-tilboði, sem fylkinu var gert, og sem hann vill að það taki.

Í þessu bréfi sínu til flokksblaða sinna í fylkinu, fjölyrðir Mr. Oliver meðal annars um tekjur þær, sem Manitoba fylki hafi af flóa- og háskóla-löndunum. Flóalandasamningarnir voru gerðir 1885. Tuttugu og sex ár eru liðin síðan. Á þessu timabili hafa tvær miliónir ekra af flóalöndum verið afhentar fylkinu. Með svipuðu áframhaldi framvegis, hvenær verður fylkið búið að fá hinar 6 miliónir ekra, sem eftir eru? Engin ekra af flóalandi var afhent fylkinu árið sem leið. En þrátt fyrir það sýndi Mr. Oliver af sér þá óskamfeilni, að taka frá fylkinu 670 þúsundir dollars og segja að sú upphæð væri í sambandi við flóalöndin.

Hon. Frank Oliver ætti að vera sá síðasti maður, að minnast á flóalöndin, því það er honum til stórrar vanvirðu, hvernig þeim hefir verið varið, því gegn um Mr. Oliver hefir mikið af löndum þessum verið þröngvað upp á útlenda innflytjendur, sem alveg voru öllum landsháttum ókunnugir, sem heimilisréttarlönd. Margir Galiciumenn og aðrir útlendingar, sem sem settir voru niður fyrir tilstilli Mr. Olivers á löndum þessum, urðu að bjarga sér sem bezt þeir gátu innan um flóa og foræði.

Að eins þeir, sem reynt hafa, geta gert sér í hugarlund allar þær hörmungar og óþægindi, sem þessir vesalingar áttu við að stríða, sem oftlega urðu að vaða í gegn um 5 eða 6 mílur af endalausum flóum og fenum til að ná löndum þeim, sem innanríkisráðherrann hafði látið pranga í þá.

Vitanlega hafði Mr. Oliver vissan tilgang og hann ákveðinn í þessum efnum. Hann vissi sem var, að hver sá, sem hann gæti snúðað til að taka sér flóa-heimilisréttarland, gaf honum fyrirslátt til að halda til baka frá fylkinu löndum, sem því bar með réttu.

Það skifti Mr. Oliver engu, hvað landnemarnir urðu að líða,— það eitt var hans markmið, að geta prettað Manitoba, svikið löndin út úr fylkinu, og ekkert samvizkubit virðist innanríkisráðherrann Oliver hafa af því, þó hann hafi komið illvilja sínum gegn fylkinu í framkvæmd með því að nota sér fáfræði og neyð annara. Alt, sem fyrir honum vakti, var undir einhverju yfirskyni að geta svo lengi sem kostur var, haldið til baka því, sem Manitobafylki bar.

Þessi ómótmælanlegu sannindi gat Mr. Oliver ekkert um í bréfi sínu til flokksblaða sinna.— Ónei, því hefir hann efalaust gleymt. En þess í stað lagði hann fyrir blöðin firnin öll af ónákvæmum skýrslum og getgátum. Og það er í fylsta máta eðlasamt, að jafnvel strangasta flokksblað innanríkisráðherrans í þessu fylki yrði til þess að lýsa opinberlega samhygð sinni við ráðgjafann og berjast fyrir því að mæla smánartilboðinu bót eða lja Laurierstjórninni liðsyrði í þessum sökum. Bréf Mr. Olivers var ritað 21. marz, tveim dögum áður en fylkisþingið hafði samhljóða samþykt að hafna landamerkjatilboðinu. Jafnvel Liberal þingflokkurinn bað um að fá að styðja þingsályktunartillöguna, er fór fram á neitun tilboðsins. Og aðalmálgagn Liberala, Winnipeg Free Press — knúð af einróma almenningsáliti — andmælti sömuleiðis kröftuglega.

Og það er engum efa bundið, að þó bréf Mr. Olivers hefði borist fyrri, hefði það engin áhrif haft á Liberal flokkinn. — Öll Manitoba er samhuga í þessu máli. Fylkisbúar kveða einum rómi, þegar þeir segja, að Manitoba samþykki aldrei neitt það, sem gefi því ekki fyllilega jafnrétti við systurfylkin. Mr. Oliver getur haldið áfram að rita og rita flokksblöðum sínum, en alt verður árangurslaust, — nema það eitt, að bjóða fylkinu fult jafnrétti við systurfylkin að austan eða vestan, — þá fyrst verða skrif hans tekin til greina.

Landamerkjamálið er Manitoba svo mikið áhugaefni, að þó öll sambandsstjórnin settist niður að skrifa og mæla tilboðinu bót, eða kæmi hingað vestur og mælti með því frá ræðupöllunum, — þá yrði árangurinn enginn að heldur.

Jafnréttis er krafist, og jafnrétti verður Manitoba að fá.

Bókafregn.

Herra N. Ottenson í River Park hefir sent Hkr. eftirtaldar bækur til umgetningar:

1. "Eldraunin" eftir Chas. Read, prentuð í Reykjavik 1911, á kostnað Jóh. Jóhannessonar. Bók þessi er nær 250 bls. að stærð, í 8 blaða broti. Sagan er aðallega um hjónabandsvansælu konu einnar, sem eignaðist drykkfeldan og glæpsamlega kærulausan eiginmann, en hafnaði kvonbón manns, sem varði öllu lífi sínu — af einskærri ást til hennar — til þess að bæta sem mest úr böli hennar og gera henni lífið sem léttast og unaðsríkast, og sem á endanum fékk hennar, eftir lát eiginmanns hennar. Sagan er góð og hefir fengið mikla útbreiðslu á Íslandi. Verð 50c.

2. "Valeyg lögreglu-spæjari". Sú bók er 5 spæjarasögur í einni heild, alls rúmar 220 bls. Einnig gefnar út á kostnað Jóh. Jóhannessonar árið 1912, — að talið er. Útgefandi þessi hefir tekið upp reglu, þeirra, sem gefa út hin miklu mánaðarrit í Bandaríkjunum, að dagsetja útgáfuna langt aftur í tíma; þó regla sú virðist alls ónauðsynleg og illa við eigandi. Sögurnar eru skemtilegar, eins og flestar spæjarasögur eru, og vér efum ekki, að bókin seljist vel hér vestra. Verð 55 cents.

3. "Rímur af Sörla hinum sterka", kveðnar af Össuri Óssurssyni, en gefnar út af syni hans Nikulási Ottenson. Rímur þessar standa fyllilega á sporði öðrum rímum kveðnum á rímnaöldinni, og ættu því að hljóta vinsældir meðal rímna-unnandi fólks, heima sem hér vestra. — Össur Vestfirðingaskáld, sem hann að jafnaði var kallaður, orti fjöldann allan af kvæðum og kveðlingum, sem náðu almennu hylli. Meðal annars er eftirfarandi staka, sem næstum allir Íslendingar kunna, af honum kveðin:

"Hjalla fyllir, fenna dý, —
falla vill ei Kári.
Varla grillir Ennið í,
alla hryllir menn við því".

Meginþorri vísna í þessumSörlarímum eru engir eftirbátar stöku þessarar, og ætti það eitt að vera almenningi næg trygging þess, að þær séu vel kveðnar. Rímurnar eru ortar árið 1833, og hafa því legið all-lengi í salti, að vera fyrst gefnar út núna. En það spillir kveðskapnum ekki. Af handa hófi tek ég sem sýnishorn úr 5. rímunni tvær stökur, og eru þær þannig:

"Boðar springa borðin kring,
bogar hringast niður:
gustur þvingar huglar hring,
hjólin klingja víður".

"Á Eyrarsundi um álagrund
aðu sundadýrum. —
Morgunstundin banar blund
baugaluhndum hýrum".

Rímurnar kosta 40 cents innbundnar, en 30 cents í kápu.

4. Sagan af Starkaði Störvirkssyni, gefin út hér í Winnipeg af Ottenson sjálfum. — Sagan er spennandi og skemtileg aflestrar, sem flestar riddarasögur eru. Prentun og frágangur hinn beztí. Verð 50 cents í bandi, en 35 cents í kápu.

Þjóðmál Íslands.

Höfum vér Vestmenn þjóðlegan eða siðferðislegan rétt til að taka þátt í málum hinnar íslenzku þjóðar?

Frá þegnskyldu sjónarmiði höfum vér enga heimild til þess. — Flestir Vestmenn munu nú svarnir þegnar hinna vestrænu ríkja, búnir að sverja af sér öll bönd, höft og venjur hins danska — marghataða — ríkis. Með þegnréttinum höfum vér fengið þá skyldu, að vinna að hag og heiðri þeirrar þjóðar, er veitti oss réttinn, og mun það flestum full byrði: — Fyrst verðum vér, sem réttir þegnar, að virða og meta, hvernig vér eigum að koma fram í sveitamálum vorum, svo happadrýgst verði oss og öðrum samþegnum vorum. Þar næst, hvernig vér eigum að snúa oss við alþjóðarmálunum, málum þeim, er alt þjóðlélagið varða, — sem sé: skattamálum, meðferð alþjóðarfjársins, endurbótamálum, s. s. ruðning vega, lands og vatna; verzlunarmálum, þegnréttindamálum, að enginn þegn gangi á annars rétt til frelsi; samningamálum innávið til þjóðfélagsins sjálfs og útávið, þ.e. samninga við aðrar þjóðir.

Un hvernig getum vér þetta? — Með því að kynna oss undirstöðuatriði í löggjöf þjóðarinnar; — senda þá menn á þing og enga aðra, er vér, samkvæmt þeirra eigin orðum og framkomu, höfum sannanir fyrir að vinni samkvæmt lands og þjóðar lögum að heill og hagsæld þjóðarinnar; og vér eigum að taka svo á skammrifjum þeirra, að þeim gleymist aldrei í þingsætinu, að þeir séu og eigi að vera sendiboðar og málsvarar fjöldans. Ef vér tvískiftum huga vorum í þjóðmálunum, er hætt við að vér vanrækjum þegnskyldu þessa lands.

Frá siðferðislegu sjónarmiði höfum vér fullan rétt til að ræða mál hinnar íslenzku þjógar; vér erum hér í málfrelsislandi og höfum óskarðan rétt í ræðu og riti. Frá mannfræðilegu sjónarmiði, er það ómótstæðileg hvöt vor, að taka þátt í málum hinnar íslenzku þjóðar, því "Rómm er sú taug, er rekka dregur föðurtúna til". — Vér erum feðdir í Íslands skrúðgrænu dölum, þar sem "fossinn drynur og lækurinn buldrar, sjáfaröldurnar skella að hömrum upp, svo bein Mimis gnötra fyrir", — fæddir á eldfjalla-landinu, þar sem guð og náttúran skóp "bergkastala frjálsri þjóð", sem nú er í eyði lagður; — á landinu, sem hann Jónas kvað um, "Fifilbrekka, gróin grund"; á landinu, sem eitt sinn var skógi vaxið milli fjalls og fjöru, en sem íbúarnir hafa eyðilagt sökum kunnáttuleysis, ómensku og leti. — þaðan, þarna erum vér upprunnir. Úr móðurskauti Íslands höfum vér alt, sem nýtilegt er við oss. — það er ekki til nema eitt svar við spurningu S. B: "Móðurjörð, hvar maður fæðist, mun hún ekki flestum kær?

Þetta eru frumatriðin fyrir þátttöku vorri í málum og kjörum þjóðar og lands. — Vér viljum endurskapa þjóðina, beina huga hennar inn á réttar brautir frelsis og manndáða, láta hana renna heimdraganum, koma henni í samneyti við framaraþjóðirnar,— vér viljum, að hún kasti þeirri volgurs og bleyði kápu, er Danir hafa dregið á búk hennar. Vér viljum, að hún yrki landið, svo enn verði "glaðværð í grænum dölum, þar gæfu-sæl sér leikur björð". — Vér viljum, að hún auki farsæld sína með því, að framleiða úr skauti jarðarinnar alt hvað framleiðst getur, — endurbæti búskap lifandi og dauðan.

All-oft höfum vér Vestmenn minst á í ræðu og riti, hvað bezt mundi haga til viðreisnar Íslands landi og lýð. Skoðanirnar eru margar og margvíslegar, sem við er að búast; en vegurinn til að komast að réttum grunni, er að virða og meta hverja skoðun, brjóta hvert orð til mergjar, samlaga skoðanir og nota það bezta.

Viðvíkjandi endurreisn í landbúnaði, er það tvímælalaust, að fyrirmyndarbú, reist af landsstjórn og rekin á hennar kostnað, væri hið æskilegasta, og mundi heppilegast til þrifa að fá mann eða menn hér að vestan heim til forstöðu. Hin fyrsta tilraun ætti að eins að vera eitt bú á Suðurlandi; kepnaðist það, þá að setja eitt í fjórðungi hverjum, undir yfirumsjón þess manns, —ef kostur væri —, er hið fyrsta bú leiddi til þrifa. Verkefni tilraunastöðvarinnar yrði fyrst og fremst að komast að raun um, hvaða grastegundir gætu þrifist þar til arðs, því grasnytin er undirstaða búshagsælda Íslands nú þegar, er í Reykjavík fengin vissa fyrir að erlendar grastegundir þrífast þar, en það mun ei vera sem ábyggilegastur mælikvarði, hvað afraksturinn snertir, því sitt er hvað, að yrkja gras á ræktaðri jörð, mykjuborinni, — eða gera tilraunir með óræktar fúa-móa. En þar til liggja ein af fyrstu sporum að sannfæra bændur um það, að móana má gera að arðberandi engjum; aðferðin er sú, að plægja þá upp að vori til í gróanlanum, svo rætur og önnur jarðefni hafi sumarið fyrir sér til efnabreytinga Svo á næsta hausti skal plægja á ný, það er plægt var um vorið, um að gera, að plæginginn verði sem lausust undir veturinn, því þá gengur frostinu hægar að losa moldarefnin sundur. Að vorinu til skal herfa þessa plæginga, þar til hún er rennislétt og köglalaus, — þá, en ekki fyr, er hún hæfileg til sáðningar. Þegar grasfræinu er sáð, er bezt að sá höfrum með því. Grasfræ plantan er lítil og veikluleg og þarfnast skýlis og stuðnings af annari sterkari; en hafrar gróða á Íslandi og gróa vel og sú eina hætta, sem þeim er búin þar, eru næturfrostin, sem hamla þeim að móðnast, en fyrir hey mundu þeir gefa mikið af sér. — 'Broom' gras, sem er puntur, hefir Ísland gnægð af, bæði ræktaðan túnpunt og óræktaðan harðvellispunt; svo þær tegundir þarf eigi að sækja til annara landa, en brúka heimalda fræið, það er Íslandi bezt.

Það þarf að kenna öll vinnubrögð, kenna, hvernig fara skuli að því að afkasta stórvirki á stuttum tíma; kenna að meta tímann, að hann sé peningar; og samkvæmt orðum séra Ólafs prófasts Ólafssonar, er þess full þörf; hann kvartar um, að þjóðin sé löt, — og — það er sannleikur. Hún er alt af að rifast við Dani og innbyrðis við sjálfa sig, en vanrækir heimastörfin.

Kvikfjárstofninn hefir Ísland svo góðan, sem framast er hægt að fá hann, samkvæmt landsháttum, að skifta um hann, væri fásinna. Og kýrnar íslenzku eru eins góðar sem þær beztu, er til eru í heimi, að eins að vandvirkni sé viðhöfð. Um sauðféð þarf ei orðum að eyða, hvergi til annað eins slikt.— Hestarnir, hvað um þá? — þeir eru metfé allra kosta! Íslandi samboðnir, Íslandi ómissandi; — þarf bara að læra að virða þá, meta þá, nota þá, endurbæta þá með úrvals-aðferðinni. Sá, sem segir, hver svo helzt sem er, að hestakraftur Íslands sé landinu ónógur, veit annaðhvort ekki, hvað hann er að fara með, eða hann af ásettu ráði er að leitast við að leiða hugi þjóðarinnar á glapstigu

Tilraunastöðin á að þroskast á al-íslenzkum stofni; hún á að sýna með hvaða aðferð jörð og kvikfé sé arðvænlegast. Auðvitað verður að fá það að, sem landið hefir ekki — þ. e. trjáplöntur og því um likt. Skógrækt þarf að kenna; hana kunna þeir ekki enn, eftir því er sögur segja. Og umfram alt þyrfti að kenna þjóðinni að hlýða, — hlýða verkstjórn, — því það kann hún ekki! — þetta kemur heim við orð séra Ó.Ó., — því letingjum er verst að stýra.

Margt er það, sem knýr oss Vestmenn til máls, því ástandið í stjórnmálunum er nú svo, að aldrei hefir annað verra verið síðan á dögum Sturlunga. Hatur, úlfúð og flokkadráttur drepur og eyðir starfsþróttinum. Siðlevsi, eyðslusemi og úlfúð eru nú orðin hinnar íslenzku þjóðar kennimerki. — Björn Jónsson ráðherra, sá sem nú er langsæastur, skarpskygnastur og þjóðhollastur, er nú ofsóttur af fjölda varmenna. Að hverju steínir þjóðin? Til — glötunar, — nema því að eins, að núrikjandi hugsunarháttur þjóðarinnar breytist til batnaðar og það innan skamms, — mun hún hverfa úr tölu þjóðanna. — þetta er ekkert gamanmál eða hugsunarlaust fleipur. Hver sá, er veitt hefir eftirtekt gangi mála og hugsunarhætti þjóðarinnar nú í seinni síð, hlýtur að játa, að þjóðin sé á fallandi fæti. — Fyrir fáum árum var hún sú eina í tölu þjóðanna, sem hafði fullar hendur fjár í hirzlu sinni. En hvað er nú? Miliónamark komið við skuldadálkana. — Flestir þykjast ómegnugir til allra framkvæmda, nema að fá lán úr landssjóði eða bönkum. Einn bað alþingi um styrk til að læra úrsmíði í Kaupmannahöfn(!!) Rithöfundar nenna ekki að koma hugsunum sínum á pappírinn, án bitlinga úr landssjóði! — Eyðsla og óhóf er nú svo, að allur fjöldi bændabýla standa í ábyrgð fyrir bankaskuldum. Landbúnaður í órækt og eyðilagður; fjöldinn að verða að þurrabúðar — sveltandi — sjávarfólki, hnakkrifandi um hreppa og kliku-pólitik, styðja sig upp við veggina (eins og séra Ó. Ó. segir), nenna ekki að standa einir; þeytandi þjóðmála þyrilinu um alt og ekkert.

Þannig hefir þjóðmálaskúmunum tekist að trylla hugsunarháttinn. Hinir vitrustu og beztu menn hafa ætíð reynt að leiða athygli þjóðarinnar að gæðum landsins, hvernig þau skyldu aukin og notuð bezt.

Búast megum vér Vestmenn við því, að ýmsir á Íslandi segi, að á orðum okkar sé ekki mark takandi, því vestur um haf hafi ekki farið annað en úrhrak þjóðarinnar — En þetta úrhrak hefir getið sér góðan orðstír hér vestra, og við vitum það sjálfir, að við erum að eðli og uppruna jafnokar hinna, sem heima sitja. Við vorum sömu letingjarnir, sem þeir, en kringumstæður hér vestra hafa kent okkur að neyta kosta okkar. Af margvíslegri reynslu sjáum við nú, hvað vanrækt er og endurbætast þarf á Íslandi, og við höfum einnig kunnáttu til að snúa ýmsu til bóta. — Lærið að vinna meir og betur, en gaspra minna.

* * *

ATHS. — Vegna rúmleysis hefir grein þessi orðið að bíða nokkrar vikur; en þó nokkuð sé breytt í stjórnmálum Íslands síðan hún var rituð, þá álítum við samt rétt að birta hana, en biðjum um leið höfundinn velvirðingar á drættinum.

Ritstj.

VESTAN FRÆ FYRIR VESTUR BÚA

Heimtið McKenzie's Fræ

McKENZIE'S FYRIR VESTRID FRŒ

fæst hjá hverjum duglandi kaupmanni.
LITIÐ eftir frækassa vorum í hverri búð.
Ef kaupmaður þinn hefir það ekki þá pantið það BEINT frá okkur.
Bréfspjald færir ykkur okkar mikla og fallega fræbækling.

A. E. McKenzie Co Ltd
Brandon, Man. Calgary, Alta

VESTUR CANADA STŒRSTA FRŒHÚS

Ómennskubragur

álit ég sé á ritgerð Dr. Sig. Júl. Jóhannessonar í Heimskringlu 30. marz sl.; hýtur hann þó að hafa verið búinn að hugsa um efnið, því nálega tíu mánuðir eru síðan hann kvaðst ætla að svara því, sem við hr. A. J. Johnson höfðum þá skrifað um "Skylduverkið" hans, sem hann í fyrra vetur og vor var að smá-milgra úr sér í Heimskringlu. Og hámark ómensk unnar er að bykjast eftir allan þennan tíma hafa leyst "Skylduverk" það svo af hendi, að viðunandi væri, sem þar er sagt, hvað snertir sannanir og rökfærslur, þegar engin setning, eða sára-fáar, stóðu þar eftir óhraktar. Hann sjáanlega reiðir sig á, að lesendur vestur-íslenzku blaðanna séu í meira lagi gleymnir.

Ekki er það nýtt af Sig. Júl., að taka engar röksemdafærslur andstæðinga sinna til greina. Frá því fyrst hann sýndi sig opinberlega á ritvellinum, hefir hann álitið sig megnugan, ef ekki sjálfkjörinn, til að dæma um alt og um alla. En sérstaklega hefir hann þó vanalegast beitt tilraunum sínum til að rífa niður hugsjónir og verk þeirra sem hafa verið búnir að ávinna sér álit og traust samborgara sinna. Einn þeirra manna er herra Björn Jónsson, og ennþá er Sig. Júl. að reyna að klína á hann bakslettu sem bindindismann, endurtekur nú til þess sama óþverrann og hann notaði í Heimskringlu 12. maí f.á., og sem ég í Lögbergi, í grein, sem ég skrifaði 4. júní sl., benti honum á, hvar hann skyldi fá sönnunargögn, ef nokkur slik sönnunargögn væru til, en sem hann hefir ekki getað framkvæmt ennþá. Ég gat þess þá og endurtek það nú, að þar til Sig. Júl. auglýsir slik sönnunargögn frá G.T. stúkunni Verðandi No. 9 í Revkjavík, þar sem Björn er búinn að vera meðlimur nær því 25 ár, — lít ég á það sem frumhlaup hans, sem persónulega illkvitni og staðlaust bvaður, og við það álit stend ég enn. Annars hefi ég sterkan grun á, að Sig. Júl. hafi alið hatur í huga til Björns síðan þeir voru saman í framkvæmdarnefnd stórstúku Íslands af I. Ó. G. T. Björn mun hafa stutt að því, að Sig. Júl. var rekinn úr þeirri nefnd fyrir vanskil á peningum, sem Stórstúkan átti, og óreglu í embættisfærslu. Björn hefir aldrei unað slíku framferði, og ekki gert neina undantekning, þó Sig. Jul. ætti í hlut.

Annars gegnir furðu, hvað Sig. Júl. virðist langa til að hengja sig hátt á dómarasnaga fyrir Goodtemplara, og sýna þar sína dýrlegu mynd! Maður, sem fyrir utan það, sem hér er áður talið og ýmislegt fleira, sem ég veit um, var rekinn úr félagsskap Goodtemplara fyrir siðferðislega óknytti í tvigang. Í fyrra skiftið að eins þó um stundarsakir. Þá vorum við báðir, Sig. Júl. og ég, meðlimir í sömu stúkunni í Rvík.

Því, sem til mín var stílað í áðurnefndri ómensku-ritgerð, sem Sig. Júl. nefnir "Amen", er "stutt gaman og skemtilegt" fyrir mig að svara, — ef það er þá svaravert? Hann er að ympra á að "heima" hafi ég verið kallaður "stúkukjaftur". Ég skal ekkert segja um, hvort það er satt eða ekki, því ég veit ekki um það og læt mig það engu skifta. En ekki var það fátitt, að margir af okkur Goodtemplurum vrðum fyrst framanaf fyrir ýmsum árásum og illyrðum frá óvinum bindindismálsins, en alt af hefi ég átt hægt með, að standa uppréttur fyrir því. Annars er Sig. Júl. velkomið að svala skemtifýsn allra, sem ísl. blöð lesa, með því að skýra frá öllum minum athöfnum og framferði frá því fyrsta, ef hann getur passað sig að segja að eins það, sem er satt. Vill hann gera mér samslágs tilboð?

Ekki tel ég Sig. Júl. það neitt til lýta, þó hann meðan ég sá hann oftast, bæði í Reykjavík og hér í Winnipeg, væri óðruvísi í framgangi, hvað klæðaburð og fleira snerti en aðrir menn; og ekki heldur þó hann í gamla daga þyktist af nafninu "stúkuskalli". Hann átti stundum svo annríkt við ritstörf og fleira, að honum hefir að líkindum verið um megn að bæta úr því.

Að svo mæltu kveð ég fornkunningja minn og félagsbróður, Dr. Sig. Júl. Jóhannesson, með þeirri ósk, að honum gangi betur hér eftir enn hingað til, að halda sér svo í stilli, að hann verði sér sjaldnar til minkunar fyrir orð og athafnir.

Bjarni Magnússon.

Winnipeg, 3. apríl 1911.

Vonarvísur.

Von er hylling hugsjónanna,
hálf í kafi marar þó,
veður-bati' á bungum fanna,
bylja-hlé um æstan sjó.

Von er bloti' í vetrar-ríki,
vermi-jurt und köldum snjó;
hún er kvæði, ljóss í líki;
liknarrödd í eyðiskóg.

Von er bjarmi austuráttar
yfir fjallsins megintind.
Vonin þaggar sorg til sáttar,
sælla lífs uppsprettu-lind.

Von er hélu-hrun af glugga
hans, er skortir nægan yl.
Hún er týra' í táraskugga;
tötramannsins hörpuspil.

JÓN JÓNATANSSON

ISLENZKAR BÆKUR

Ég undirritaður hefi til sölu nálega allar íslenzkar bækur, sem til eru á markaðinum, og verð að hitta að Mary Hill P.O., Man. — Sendið pantanir eða finnið

Niels E. Hallson.

Leirskálda-bardaginn.

Bardaginn er hafinn. Leirskáldin vaða beljandi fram á ritvöllinn, — ekki til að neita, að þau séu leirskáld, ónei, það bera þau ekki við —, heldur til þess að brigsla mér um heimsku, — það er alt og sumt. Verði þeim að góðu.— Það mun sýna sig þá lýkur, hvort meira má sín heimska mín eða leirspeki þeirra.

Það er ekki rúm í þessu blaði, að taka í hnakkadrambið á þeim, sem hér eru að spúa gulli sínu, en í næsta blaði mun ég taka þá og aðra fleiri, sem mér hafa hautur sendar, til bæna.

Gunnl. Tr. Jónsson

• • •

I.

"FYRIRMYNDAR ENDEMIS — BLÆSSUÐ MANNESKJAN".

Gunnl. Tr. Jónsson hefir ritað greinarstúf í síðasta tölublað Heimskringlu, sem hann nefnir "Leirskáldin". Ekki er það til svars því skrifi hans, að ég sendi Hkr. þessar línur. Höfundurinn hefir aldrei sýnt þess neinn vott, að hann beri skyn á kveðskap eða íslenzkt mál, en það eru nauðsynleg skilyrði þess, að æra hann svaraverðan um þetta máleíni. — Ég vil því að eins leiðrétta eina af missögnum hans. Það er ámmæli hans um "Hagyrðingafélagið", sem hann segir löngu dautt. Þetta er ekki rétt. Það félag er enn við líði, og hefir sömu meðlimi og áður. "Hagyrðingafél." hefir hvorki gert G.T.J. gott eða ilt, og hann þekkir hvorki það eða starfsemi þess minstu vitund, hefði því vel mátt láta það hlutlaust, enda eru ummæli hans um það markleysa tóm.

Eitt heilræði vil ég gefa Gunnl. Tr. Jónssyni. Það er: að hann hætti að skrifa í blöð, þangað til að hann hefir eitthvað nytsamara fram að bera, en stráksk ap og gleiðgosahátt, borinn fram á bjöguðu máli. Hann á fráleitt tilkall til hærra sætis meðal ritlærra manna, heldur en Sveinn Símonarson meðal ljóðskálda eða hagyrðinga. En ef hann langar til að skrifa, þjáist af skrifsýki, ætti hann að velja sér aðra áheyrendur en lesendur Heimskringlu, sem eru vaxnir langt upp úr hjali hans. — Betur væri viðeigandi, að hann tæki sér sæti meðal ölustráka, eða einhverra annara sinna jafningja, helti þar út sinni hnjáskjóla visku (sbr. ritgerð hans: "Kvenfólkið á buxum") og öðru því, er honum liggur á hjarta, þar á það heima. Ritstjóri Hkr. mætti einnig íhuga það, hvort hann ekki gerir blaði sínu ærna háðung með því að hreykja slíku skrípi í öndvegi skrifstofunnar, þegar hann sjálfur er fjarverandi, þó ekki hampi hann því úti á almannafæri, jafnvel þó hann væri grátbeðinn. H.G.

• • •

II.

LEIRBULLARAR.

Í síðustu Heimskringlu birtist grein um leirskáldin vestan hafs, eftir G.T.J.

Höf. tekur það ekki í reikninginn, að það eru tveir flokkar leirbullara. Annar ritar í bundnu en hinn í óbundnu máli. Og er hinn síðarneindi fult svo leiðinlegur.

Það er alt útlit fyrir, að G.T.J. sé að reyna að tylla sér á tær, að hann megi bera höfuð og herðar yfir þann flokkinn. Og virðist það efal'tið, að honum auðnist það hámark. Því eftir rithætti hans að dæma virðist hann gæddur öllum þeim hæfileikum, er einn leirbullara má prýða: örvit, sjálfs álit, framhleipni og ókurteisi.

Það virðist undrum sæta, að hann! Ó.T.J. skuli ekki ráðast á garðinn, þar sem hann er hærri. Nei, ónei, heldur ræðst hann aðallega á Svein Símonarson, fatlaðan mann, er hefir verið rúmfastur meiri part æfinnar. Og sem hefir þarafleiðandi sér til dægrastyttingar og hjálþar orkt nokkur smákver og gefið út. Það munu frekar hafa verið kringumstæðurnar enn sjálfsálit, sem hvatti Svein til að yrkja. Ógn kurteisari gæti G.T.J. verið í rithætti enn hann er. Ekki þvríti hann endilega að vísa leirskáldunum til sæta á hundaþúfum, eða til heimilis hjá villidýrum í River Park. Ég skil ekki í því, að þessir menn hafi svo fyrirgert rétti sínum, að það megi ekki sýna þeim kurteisi.

Mér þykir Nikulás í meira lagi greiðvikinn, þar sem hann hefir lofað G.T.J. ókeypis aðgang að skepnunum í River Park.

Nú býst ég við, að ekki einungis snúist í G.T.J., heldur margsnúist hann á hæl, baði út höndunum og stami einhverjum ósköpum út úr sér að vanda. En þó hann riti eitthvað á móti þessu, þá virði ég hann ekki svars, því það hefir svo óumræðilega litið gildi í mínum augum, það sem G.T.J. ritar. Og heldur mun ég verja mínum centum fyrir rit Sveins, en fyrir Heims kringlu, ef hún er svo fátæk, að hún getur ekki flutt lesendum sínum eitthvað uppbyggilegra en ritgerðir eftir G.T.J.

Jón Jónsson.

• • •

III.

BROT ÚR RÍMU.

1. Tryggvi ringur teljast má
tál-vrðingur bezti!
hagyrðingum hamast á,
heimsku byngur mesti.

2. Heiður styttir sjálfum sér —
sést einmitt á skjali —
skammar rittu aulinn er
æ hortitta smali!

3. Þunnur sannast þankinn hans,
þegar spannar pennann;
ritgerðanna rusla-fans
rýrir manninn þennan.

4. Ælir sulli aumur hann —
ilsku fullur brokkur;
sá út bulla Kringlu kann,
kjafta bullu strokkur.

5. Á spjátrungsvegi tals ef tótt
Tryggva eigi þegir,
Kringlu greyi aulinn ótt
í heltreyju smeygir.

Gráhærður hagyrðingur.

Sendið Heimskringlu til vina yðar á Íslandi

Uxa-par.

Svo köllum vér Vestur-Íslendingar tvo uxa, sem vinna saman. En við og við hafa menn verið að segja okkur, að það væri ekki rétt góð íslenzka og tilnefna svo ýmislegt annað. — F. J. Bergmann vill kalla að "samak", J. Einarsson "samneyti". Og svo er okkur bent á, að biblían tali um "akneyti".— Sumir gárungar geta ekki skilið, því þeim sé ekki leyfilegt að koma með nafn líka, og kalla "blótneyti" þessar blessuðu saklausu vinnuskepnur.

Eg því er ekki "uxapar" góð íslenzka? Allstaðar í forusögum vorum er talað um "uxa", engu minna eða sjaldnar en "geldneyti". En "samak" og "samneyti" sést hvergi. Og "par" var í mínu ungdæmi skilið sem eitthvað t v e n t, er saman væri eða saman ætti að vera. Svo sem "sokka-par", "bolla par", "hnífapar", o.s.frv. Ég álít þess vegna, að við nefnum rétt, þegar við höfum orðið "uxapar" um tvo uxa. Og nokkuð er það, að það skilja allir, hvað átt er við, bæði hér og heima.

Til dæmis: Ef nú svo ólíklega skyldi ske, að ég færi til Íslands, og ráðherrann vissi, að mín væri von og mætti mér á brúarsporðinum, og ég spyrði hann að — svona í grannleysi — hvort hann gæti selt mér "samak", þá býst ég eins vel við, að hann sperti upp eyrun og segði "ha". Og þó ég herti upp hugann og reyndi að betra málið og beiddi hann að selja mér "samneyti", þá býst ég við að færi á sömu leið eða ver.— En ef ég skyldi verða óvarkár með málið, og tala það, sem J.E. segir að sé h v o r k i í s l. n é e n s k a, nfl., segja ráðherranum hreinskilnislega; að erindi mitt til Íslands væri, að kaupa að honum eða einhverjum góðkunningja hans "uxapar", þá býst ég við að hann mundi kalppa mér á öxlina og segja: —

"Þegar þú talaðir fyrst, þá hélt ég þú værir útlendingur. Þegar þú talaðir næst, þá hélt ég þú værir vitfirringur. En nú heyri ég að það er Íslendingur, sem ég hefi þá æru að tala við. — Komdu sæll! Mikil ánægja er mér að heyra, hvað ykkur tekst að halda málinu hreinu þar vestur frá. Ég hefði vel skilið, þó þú hefðir sagt "uxatím" En uxapar, uxapar, — gott — jú, þú munt geta fengið eitt eða tíu; Ísland á nóg af uxum og ég vil eins vel, að þú flytjir þá til Canada eins og nokkuð annað".

Orðið 'uxapar' er að mínu áliti eins íslenzkt og nokkuð annað í nútíðarmáli voru, svo að þeir, sem ný orð vilja mynda, ættu að geta snúið sér þangað, sem þörfin er meiri. JÓN.

Gandreiða hugleiðingar.

Í loftferða hugleiðingum sínum í blaði þessu nýlega gerir herra S. J. Austmann málfræðislega grein fyrir réttnefni, sem hann vill hafa á flugvélum, það er 'gandreið'. — Þar við ætla ég engu að bæta. En sem lesandi blaðsins get ég ekki látið manninn þeytast svo fram hjá mér, með hverri þeirri reið, sem honum þóknast, að ég ekki kalli til hans og biðji hann á ný um málfræðislega útskýringu.

S.J.A. tekur í sama spottann og Jón Einarsson, og spyrnir í "Eftirmæla farganið". Um þetta máleíni hamast Austmann og notar heldur enn ekki fagurt íslenzkt mál! — Hann segir meðal annars: "Blöðin eru nú hvað eftir annað fylt með þessari viðbjóðslegu loflýgi um hvern g o l þ o r s k i n n, er frá fellur". — Þetta er þá atriðið, sem ég vil spyrja málfræðinginn um.— Hvað merkir orðið g o l þ o r s k u r? Mér finst það ekki réttnefni, þegar átt er við karl- og kvenpersónur, — því "eftirmæla-farganið" nær til beggja kynjanna nokkurnveginn jafnt. — Í þessu tilliti finst mér ég hafa siðferðislegan rétt til að vera vandlátur með réttnefni, alt eins og S.J.A. hvað snertir nöfn á loftförum.

Ég, sem þetta rita, hefi aldrei gert mig sekan í þeirri stóru óhæfu, að biðja um rúm í blöðunum fyrir eftirmæli, hvorki í óbundnu né bundnu máli. Einarssyni og Austmann til armæðu, svo það er ekki þess vegna, að ég finni það beinlínis snerta mig persónulega — þessi tilþrif vandlætingarmannanna; en mannúðartilfinning mín var svo mikil, að ég fann til kuldans í niðurlagsorðum Austmanns í síðustu gandreiðar-grein hans, eins og fyrir hönd allra þeirra, sem slíkt þurfa að aðhafast.

Ég þarf ekki í Snorra Eddu til að sækja þangað staðhæfingar máli mínu til stuðnings, —að eins benda á þann sannleik, að flestum tekur sárt til sinna. Og mér finst að ég geti að vissu leyti þreifað hendi í sjálfs míns barm, þegar um ástvina missi eða ættingja er að ræða, og ég er þá ein sérstök undantekning, ef Austmann getur það ekki líka. Og með allri virðingu til hans, vil ég að endingu kveða þessa stöku í "Eftirmæla-fargans" anda: —

Þá dynur á Austmann dauðans él,
sá drengur burt má sveima. —
Með gandreið honum gangi vel
gegnum æðri heima.

G. H. Hjaltalín.

Dánarfregn.

Fimtudagsmorguninn 22. marz dó hjá foreldrum sínum suður í Watertown, S. Dak., í Bandarikjunum, SESELJA STEFÁNSDÓTTIR, rúmlega tvítug, úr innvortis veiki, eftir eins árs veikindi. Hafði ferðast víða eftir ráðleggingum, reynt marga lækna, mismunandi lóítslag og fleira, — batinn fékkst ekki.

Foreldrar hennar eru Stefán Jónsson, Stefánssonar frá Torfastöðum í Vopnafirði í Norður-Múlasýslu; og Sigurbjörg Stefánsdóttir, Jónassonar, frá Þorvaldsstöðum í sömu sveit. Bjuggu þau hjón lengi farsælu búi á Leifsstöðum í Vopnafirði, og var 9 barna auðið.

Seselja sál. var eftirlæti foreldra sinna og systkina, mjög falleg og skýr. Hennar verður sárt saknað af öllum, sem kyntust henni.

Norskur lúterskur prestur jarðsöng hina dánu, að viðstöddu fjölmenni.

Bróðir hinnar látnu.

Blaðið Austri er vinsamlega beðið að birta þessa dánarfregn.

Fréttir.

— Victoria Spánardrotning hefir hafi barattu gegn kossum, sérstaklega þó, að fullorðið fólk kyssi börn. Telur hún slíkt afar hættulegt fyrir heilsu barnanna. — Nú fast um gjörvalt Spánarveldi ýms merki, sem bera áletrað: "Kyssið mig ekki", og eiga allir mótstöðumenn kossanna, að bera slík merki á sér. — Hvernig lízt kvenfólki voru á þetta?

— Sáðning mun almennt hefjast í Alberta í næstu viku, og sumstaðar er þegar byrjað. Jarðvegurinn er talinn í bezta ástandi og gera menn sér hinar beztu vonir um framtíðina. Hið sama gildir víðast hvar í Saskatchewan og Manitoba. — Segja fregnir frá Brandon, að útlit hafi sjaldan verið betra þar umhverfis en nú. Má því fastlega gera ráð fyrir, að komandi sumar reynist eitt hið mesta hagsældar sumar, ef alt verður með feldu.

Nýtízka.

Frum-mynd manns er fólki týnd,
— Finst það viti meira —,
Karlar bera kon'-ásýnd,
Kannske skafa*) fleira.

Margar aldir mönnum titt
Mislynd þóttu goðin,
Esau þau unnu litt;
Öll var húðin loðin.

Kákasar á hvítleitt kyn
Kampinn óþarft settu.
Indiána andlitin
Alitast hin réttu.

L.

*) Skafa fleiri loðna bletti.

Nýjar bækur.

N. Ottenson, bóksali í River Park, hefir nýskeð fengið þessar bækur: —

Eldraunin 50c.
Vallyes sögur 55c.
Valdemar munkur 60c.
Kynlegur þjófur 55c.
Sagan af Pétri Píslarkrák 10c.
Sagan af Starkaði Stórvirkssyni
í bandi 50c, óbundin 35c.
Rímur af Sörla sterka —
í bandi 40c, óbundin 30c.
Myndin af fiskiskipinu $1.10.

Ómótmælanlegur sannleiki

HEIMSKRINGLA
er frétta flest.

HEIMSKRINGLA
er lesin mest.

HEIMSKRINGLA
er blaða bezt.

Kaupið, borgið og lesið
HEIMSKRINGLU

SENDIÐ Heimskringlu til vina yðar og ættingja á Fróni. Engin sending verður þeim kærari.

Ef þú ert kaupandi blaðsins hér, færðu það sent til Íslands fyrir

$1.50

og tvær sögubækur í kaupbæti, svo að réttu lægi FÆRÐU BLAÐIÐ GEFINS.

Ekkert íslenzkt blað býður önnur eins kostakjör.

Látið ekki tækifærið fram hjá fara.

JAN LITLI.

Vegurinn, sem lá heim að búgarðinum hans Bugfords bónda, var skrældur og skráfþur af sólarhitanum, en smá vindhviður þeyttu þykkum rykskýum á alt, sem fyrir var. Þyrnagirðingin kringum aldingarðinn var grá af ryki; trén í garðinum og stórþvotturinn hennar 'móðir Bugfords", sem hengdur var til þerris, var undarlega dökkur og óþrifalegur. Drenghnokki var á leiðinni heim að húsinu, og fór mjög hægt; hann var á bættum fötum, með rifinn stráhatt á höfðinu, litinn böggul innan í gömlum vasaklút, bar hann undir hendinni, sem alt var rykugt, eins og annað sem úti var.

Móðir Bugford kom í þessum svifum út í dyrnar, en var ekki búin að koma auga á drenginn á götunni; hún sá einungis rykmökkinn, sem stefndi á þvottinn hennar, og var í illu skapi út af ýmsu, en einkum rykinu. Það var því óheppilegt og óárennilegt fyrir hinn rykuga og ræfilslega Jan litla, að koma, þegar svona stóð á sökum. En það vissi hann ekki, auminginn.

Jan litli var 8 ára og mjög smár vexti eftir aldri, auk þess feiminn og óframfærinn, svo allir á fátækraheimilinu, þar sem hann hafði dvalið síðastliðið hálft ár, furðuðu sig yfir því, sérstaklega forstöðukonan. Hún var því óvön, að fólkið hikaði við að biðja um meira en einn bolla af mjólk, en það hafði vesalings Jan aldrei komið sér að.

Hvernig skyldi honum þá vegna hjá hinni harðlyndu "móður Bugford"?

"Mér finst það óþolandi, að vita til þess, að nokkur af minni ætt sé á 'sveitinni'", sagði hún einn dag við forstöðukonunna. "Hann Salómon minn óg ég höfum því ákvarðað, að taka Jan litla til okkar, og veit ég þó, að það er engin smávegis ábyrgð, — slíkur óreglumaður sem faðir hans var".

"Það er ekkert að óttast með Jan litla, auminginn", sagði forstöðukonan. "Það skyldi þá helzt vera, hvað hann er istöðulitill, því það er reglulega samvizkusök, að þurfa að finna að við hann, auminginn barnið".

"Ó, það ætti að vera auðvelt, að venja hann af því", sagði "móðir Bugford". "Það hefir verið dekrað of mikið við drenginn, það er meiningin. Sendu hann bara til mín, þegar honum eru batnaðir mislingarnir".

Fátækraheimilið lá hér um bil hálfa mílu frá Bugfords. Daginn, sem Jan átti að fara bangað, fylgdi forstöðukonan honum á leið, þangað til hann sá heim. Þar stansaði hún og horfði á eftir drengnum, sem ofur hægfara hélt áfram einsamall. Það kom meðaumkunarsvipur á hið einarðlega andlit hennar, og hrifin af eðallyndi og viðkvæmni hljóp hún á eftir honum, faðmaði hann og kysti hina fölu vanga hans. Jan þrýsti sér að henni, skjálfandi og undrandi yfir þessum óvæntu blíðu-atlotum, en tárin runnu hægt niður rykuga andlitið. Síðan hélt hann áfram heim að húsinu.

Þegar hann var nær því kominn heim að dvrunum á girðingunni, stansaði hann ráðþrota undir stórri eik rétt hjá veginum. Honum reis hugur við að fara heim að húsinu og spyrja eftir frænku sinni. Þyrnigarðurinn hindraði hann að sjá hana þar fyrir innan. Hann lagði frá sér böggulinn og leit áhyggjufullur yfir skóginn. Í akurbrúninni skamt þar frá, kom hæna vappandi hægt og varlega, með hóp af ungum kring um sig. Ó, hve fallegir þeir voru og ánægjulegir. Það hlaut líka að vera eitt af því inndælasta í heiminum, að geta þannig leikið sér eins og þessir litlu ungar. Og hann óskaði með sjálfum sér að hann mætti eyða æfinni úti í skógi, milli ilmandi blóma og laufskrýddra trjánna, og með heiðbláan heimininn yfir sér.

Þá heyrðist þytur í lofti, svo Jan hrökk upp úr hugsunum sínum; hann sá eitthvað dökkleitt þjóta hjá sér, og steypa sér ofan í ungaflokkinn, taka hina litlu hænsa-móður og fljúga með hana burtu í blöðugum klónum. Þetta var haukur, sem á einu vetfangi, með grimd og miskunnarleysi, eyðilagði saldarlíf unganna, sem Jan hafði öfundað nýlega.

Jan litli stóð alveg hissa og skjálfandi af hræðslu — hann var að hugsa um vesalings ungana, hvað nú mundi verða um þá, — hvort nokkur mundi aumkva sig yfir þá, og taka þá inn á heimili fyrir móðurlausa fuglaunga. Og aftur runnu tárin niður hið föla og skelfda andlit hans.

Þá heyrðist hvínandi rödd frá garðsdyrunum, og móðir Bugford kom áleiðis til hans, og kallaði um leið og hún leit hörkulega á drenginn: "Hvað hefir þetta að þýða? Ert það þú, Jan Skinner? Hvað svo sem ertu að gera á þessum slóðum? Þú ert þó líklega ekki strokinn frá fátækraheimilinu?"

"Ég hugsa hann sé kominn til að vera hjá okkur", sagði Salómon Bugford, sem hafði verið með konu sinni út að garðshliðinu. "Ég talaði við forstöðukonuna í gær, þegar ég fór þar hjá, og hún kvaðst mundi senda drenginn hingað í dag".

"Haltu nefinu frá þessu, Salómon", sagði móðir Bugford hranalega, "þú hefir ekki minsta vit á barna uppeldi. Nú, Jan", sagði hún síðan og leit á drenginn, "þú ert þá kominn til að vera hjá frænku þinni, og ég vona þú metir eins og verðugt er hann vanda sem ég tek upp á mig með því".

Hann svaraði: "Já, þakk", en svo lágt, að varla heyrðist.

"Já, þú verður að muna, hve mikið ég og frændi þinn leggjum í sölurnar, að ala þig upp meðal okkar eigin barna, slíkur drykkjuhundur, sem hann faðir þinn var".

Jan horfði á hana, dauðhræddur og forvíða. — "Bara hún berji mig ekki", hugsaði hann með sjálfum sér. Salómon fékk sér væna tóbakstölu og gekk í hægðum sínum heim að húsinu.

Móðir Bugford og Jan komu á eftir, og er hún hafði vísað honum til sætis í útidyraganginum, tók hún af honum böggulinn, til að sjá, hvað í honum væri. En það var hvorki mikið né merkilegt, sem geymt var í þessum upplitaða vasaklút: eitt par af bættum fötum, gömul skopparakringla og glerkúla, og er hún var viss um, að það var ekki meira, tók hún það með sér inn í eldhúsið.

Þegar hún kom fram aftur, sat Salómon hjá drengnum, hafði lagt handlegginn um háls honum og strauk dökku, hrokknu hárlokkana hans frá enninu.

"Salómon Bugford, ég segi þér það afdráttarlaust", sagði hún fokreið, "ef þú ætlar að gera þig að því flóni, að venja drenginn á allskonar brek, þá sendi ég hann á fátækraheimilið aftur, það getur þú verið viss um. Komdu hingað strax. Jan, hvað stendur þarna upp úr vasa þínum?" Hún fór með hendina ofan í vasann, og kom með guttaperkabolta, gamlan vasahnífi og — tóbaksmola.

Hún hneig niður á bekkinn og leit til Jans svo ógnandi, að hann skalf eins og hrísla í hvössum vindi. Hún veifaði tóbaksbitanum og stundi upp: "Salómon, viltu bara sjá, hvað pilturinn hefir meðferðis?"

"Já, ég sé það. Er það ekki sprengivél?"

"Hú, Salómon, þetta er ekki til að henda gamni að. Gáðu að því, ég fann tóbakið í vasa drengsins. Manstu, að hann er svo að kalla kjöltubarn, bara 8 ára, og þó hneigður fyrir tóbak. Þetta sagði ég þér, þegar þú vildir taka barn Jakobs Skinners, því 'sjaldan fellur epliið langt frá eikinni'. Það er einungis eitt fótmál frá því að brúka tóbak og að drekka brennivín, og þar frá er ekki langt til galgans. Jan Skinner, hefurðu nokkuð af þessu ódæði upp í þér?"

"Ég — ég veit ekki", stamaði drengurinn, utan við sig af hræðslu.

"Ég veit ekki, segir þú, — ég spyr, hvort þú sért með tóbak upp í þér".

MARTYN F. SMITH,
TANNLÆKNIR.
Fairbairn Blk. Cor Main & Selkirk
Sérfræðingur í Gullfyllingu og öllum aðgerðum og tilbún aði Tanna. Tennur dregnar án sársauka. Engin veiki á eftir eða gómbólga. —
Stofan opin kl. 7 til 9 á kveldin
Office Phone Main 6944. Heimilis Phone Main 6462

Sherwin - Williams
PAINT
fyrir alskonar húsmálningu.
Prýðingar-tími nálgast nú. Dálftið af Sherwin-Williams húsmáli getur prýtt húsið yðar utan og innan. — Brúkið ekker annað mál en þetta. — S.-W. húsmálið málar mest, endist lengur, og er áferðarfegurra en nokkurt annað hús mál sem búið er til. — Komið inn og skoðið litarspjaldið —
Cameron & Carscadden
QUALITY HARDWARE
Wynyard, - Sask.

JIMMY'S HOTEL
BEZTU VÍN OG VINDLAR.
VÍNVEITARI T.H.FRASER.
ÍSLENDINGUR. : : : : :
James Thorpe, Eigandi

MARKET HOTEL
146 Princess St.
á móti markaðnum
P. O'CONNELL, eigandi, WINNIPEG
Beztu tegundir af vínföngum og vind um, aðhlynning góð, húsið endurbætt

Woodbine Hotel
466 MAIN ST.
Stærsta Billiard Hall í Norðvesturlandinu Tíu Pool-borð.—Alskonar vín og vindlar Gisting og fæði: $1.00 á dag og þar yfir
Lennon & Hebb
Eigendur.

JOHN DUFF
PLUMBER, GAS AND STEAM FITTER
Alt verk vel vandað, og verðið rétt
664 Notre Dame Av, Phone Garry 2568
WINNIPEG

A. S. TORBERT'S
RAKARASTOFA
Er í Jimmy's Hótel. Besta verk, ágæt verkfæri; Rakstur 15c en Hárskurður 25c. — Óskar viðskifta Íslendinga. —

A. S. BARDAL
Selur líkkistur og annast um útfarir. Allur útbúnaður sá besti. Enfremur selur hann alskonar minnisvarða og legsteina.
121 Nena St. Phone Garry 2152

Jerúsalem.

Um Jerúsalem skrifar einn kunnur ferðamaður í einu af Bandaríkja tímaritunum á þessa leið:

Frægðarljómi borgarinnar helgu er ennþá ríkjandi í huga og hjörtum margra, og ýmsir eru þeir, sem gera sér mjög háar hugmyndir um borgina þá, en auðvitað eru það menn, sem aldrei hafa þangað komið. Því að sá, sem séð hefir Jerúsalem eins og borgin er nú, fyllist viðbjóði bæði á borginni sjálfri og íbúum hennar. Dýrðarljómi fyrri tíma er horfinn með öllu. Borgin er í hinni mestu niðurníðslu og sóðaleg fram úr hófi. Hallir og stórhýsi fyrri tíma eru nú í rústum. Þær einu byggingar, sem er vel við haldið og snotrar útlits, eru kirkjur Múhameðstrúarmanna. Kristnar kirkjur eru flestar óásjálegar og frámunalega sóðalegar og vanhirtar.

Íkúar Jerúsalem eru um 60 þús. og eru þar allir upphugsanlegir þjóðflokkar samankomnir. En mest er þó af Gyðingum, Arabum, Grikkjum og Armeníumönnum. Hafa hver þessara þjóðflokka hverfi út af fyrir sig. Hver hefir sína siði, sína búnað og sína trú. En óþrifnað allstaðar, og í sameiningu. Það er sagt, að 40 tungumál sé töluð í borginni og mun það satt vera, að minsta kosti kunna túlkar og leiðsögumenn tylft af mismunandi málum og tala þau liðlega.

Að lýsa borgarbúum og borginni nákvæmlega er næstum ógerningur. Það, sem fyrir augun ber, er svo margbreytt, að það flýgur framhjá um leið og það er séð. En eitt er það, sem hver einasti maður, sem komið hefir til Jerúsalem, sér fyrst og síðast og gleymir aldrei, og það er óþrifnaðurinn, — óþrifnaðurinn á fólkinu, óþrifnaðurinn í húsunum, óþrifnaðurinn á götunum og óþrifnaður í öllu. Því mun enginn, sem séð hefir, gleyma.

Sú list, að hreinsa göturnar, virðist vera óþekt í borginni, — þrátt fyrir það, að Tyrkjastjórn tekur skatta af fólkinu í þeim tilgangi. Jafnvel á vetrum, þegar kaldast er, leggur óþefinn á móti manni, svo óvönum aðkomumanni verður bumbult. Í hitum á sumrin er svækjan svo mikil, að aðkomufólki verður varla viðvært. En íbúarnir eru þessu vanir og kæra sig kollótta.

Önnur plága fyrir aðkomumannmanninn í Jerúsalem er betlarar. Þeir eru í hópatali, og hafa hundruð manna þann atvinnuveg einan, að betla út úr aðkomumönnum. Þessir betlarar flykkjast saman við kirkjudyr og aðra fjölfarna staði, og eru hinir viðbjóðslegustu. Sumir eru holdsveikir, aðrir blindir, haltir og vanaðir. — Þar eru konuræflar, skinhoraðir, með nakin ungbörn í faðminum, og aðrir volaðir aumingjar af lægsta tagi. Allur þessi lýður hefir það eitt markmið, að slá á miskunnar- og þrjóstgæðis-strengi aðkomumanna.

Næst á eftir óþrifnaðinum og betlurunum verða aðkomumanninum hvimleiðastar hinar helgu menjar. Allir eru reiðubúnir að selja helga forngripi, sem í flestöllum tilfellum eru falsaðir, — en sem margir þó glæpast á að kaupa. — Annað er líka, sem óspart fléttir aðkomumanninn, og það eru hin svo nefndu altöru, sem bygð eru yfir gröf Davíðs konungs, og fótspor frelsarans á fjallinu. Það kostar stórfé, að fá að sjá slík undur, en allar líkur eru til, að hvorutveggja séu svik. — Þannig er með alla aðra merkisstaði, að það er að meira eða minna leyti óvissa, hvort þeir eru hinir réttu eða ekki, eða hvort þeir eru að eins gróðafyrirtæki prakkara, sem einskis svífast til að ginna fé út úr ferðamanninum.

Einn er sá staður í Jerúsalem, sem vekur allra eftirtekt, og það er "Grátstaður" Gyðinganna. Þar koma saman hvern föstudag, sem er grátdagur þeirra, hópar af Gyðingum og gráta og biðja um endurreisn Jerúsalems borgar. Þar sér maður hinn ríka Gyðing, íklæddan hárauðum silkiklæðum, og þar er líka fátæklingurinn í einum strigaserk, — er allir gráta og biðja í einingu andans og bandi friðarins.

Margur maðurinn mundi ætla, að Jerúsalem væri mestmegnis kristin borg, en svo er ekki. Múhameðstrúarmenn eru þar ríkjandi og þeim næst eru Gyðingar. Verzlun borgarinnar er mest í höndum hinna síðarnefndu, — sérstaklega þó strætaverzlunin. Ganga farandsalar hús úr húsi og bjóða varning sinn. Einnig er mikið af smákaupmönnum, sem hafa búðir sínar undir berum himni, á götuhornum, og bjóða varning sinn, en það eru mest helgimenja og glysvarningssalar. Alt hjá kaupmönnum þessum er rándýrt, þegar þeir selja aðkomumanni, þó bæjarbúi, sem öllum hnútum er kunnugur, geti keypt hina sömu muni með lágu verði.

Mansal á sér enn stað í Jerúsalem, og eru það einnig Gyðingar, sem reka þá verzlun. Mestmegnis eru það stúlkur, sem seldar eru, og þá mestmegnis í kvennabúr Tyrkja og Araba, sem í borginni búa. — Sumir Gyðingar kaupa unga stúlkukrakka af foreldrunum og ala upp únz þeir álita þær nógu þroskaðar fyrir kvennabúrin, og eru þær þá að jafnaði 13 til 15 ára. Þessi smánarverzlun er rekin með vfirvaldanna vitund og vilja.

Musteri Múhameðstrúar manna eru fallegustu byggingar borgarinnar. Er Omars musterið, sem stendur á rústum Salómons musterisins gamla, talið annað fegursta musterið í heimi. — Auður og völd Múhameðstrúarmanna hefir útrýmt Gyðinga-kirkjunum og reist aðrar Múhameð til dýrðar á rústum hinna. Þær eru líka einu byggingar borgarinnar, sem óþrifnaðar gætir minst.

Ef aðkomumaðurinn fer upp á Viðsmjörsviðarfjallið, sem liggur að borginni, hefir hann fegurst útsýni. Þaðan getur hann séð sama landslagið og Kristur fyrrum.— Borgin Jerúsalem við rætur fjallsins, er fögur að sjá tilsýndar, og umhverfis hana eru hinar sömu hæðir, dalir, hlíðar og fell og fyrir tveim þúsundum ára. Frá fjallstoppnum má líta hjarðmanninn í samskonar búningi og með sama langa, bogna stafinn og forfeður hans á bibliuöldunum höfðu. Þaðan sér maður einnig úlfaldalestirnar, eins og forðum, klyfjaðar varningi og mönnum. — Einnig gefst að líta frá fjallstoppnum uxa og asna, tengda saman fyrir plóg, vera að plægja jörðina, og í öðr um stað kvenmann og asna beitt fyrir plóginn. Slíkt er alvanalegt þar um slóðir.

Hver og einn, sem kemur til Jerúsalem, hlýtur að renna til rifja niðurlæging sú, sem borgin er í, — og flestir munu fara þaðan með þá ósk í hjarta, að nýir og betri tímar eigi eftir upp að renna yfir "borgina helgu".

Avarp

til Stefáns Valbergs, sem ekki var Hallur(?!).

Þú hefir getið af þér "Leiðréttingu til Þingvallabúa" í Hkr. 16. marz sl., þar sem þú neitar algerlega, að þú sért nokkuð viðriðinn grein "Hells frá Horni", þá er út kom í sama blaði eftir nýárið; og þar sem þú sömuleiðis segir, að við — faðir minn og ég — höfum eignað þér nefnda grein; — eignar mér "draum Njáls", og notar svo frekar að endingu tækifærið til þess, að vera skemtilegur upp á minn kostnað (!!),

Hvers vegna tekur þú til þín drauminn? Var nokkuð í honum, sem þig áhrærði? Það hefir víst enginn séð nema þú. En málsháttur segir: "Sá á sök, sem finnur".

Þú kemur svo fram í greinarkorni þínu eins og þig langi til að fá mig í skít-kast við þig. En þar mistókst þér, minn góði! Í þeim efnum skaltu snúa þér að "Halli frá Horni", eða annars honum líkum, sem ekki ber of mikla virðing fyrir sjálfum sér.

Þú hugsar, að ég öfundi nautin þar norðurfrá. Nei, — ekki einu sinni þig sjálfan, þó vitur sért.

Aldrei hefi ég ennþá heyrt getið um 'plukku' með hufði á. Þú ert sv eina 'plukka', sem hefir verið hitt á höfuðið í greininni hans Njáls, og litur ekki betur út en að sú 'plukka' hafi verið hitt svo á höfuðið, að út hafi tekið heilann aður en hin umgetna leiðréttíng fæddist.

Að endingu vona ég til, að þú náir þér eftir sakir þær, sem á þig hafa verið bornar, nefnilega, að þú sért "Hallur frá Horni", og að þið Hallur mannist svo, að þið skammist ykkar ekki fyrir nokkrar framfarir, sem bygðinni við koma.

Með beztu óskum til lærifeðranna, Valbergs og Halls.

G. A. Árnason.

ATHS. — Stefán Valberg er ekki "Hallur frá Horni", og hafði enga vitneskju um fréttabréfið frá Fróðá. Ritstj.

Skrifið yður fyrir HEIMSKRINGLU svo að þér getið ætíð fylgst með aðal málum Íslendinga hér og heima.

THE **DOMINION BANK**
HORNI NOTRE DAME AVENUE OG SHERBROOKE STREET
Höfuðstóll uppborgaður,: $4,000,000.00
Varasjóður - - - $5,400,000.00
Vér óskum eftir viðskiftum verzlunar manna og ábyrgumst að gefa þeim fullnægju. Sparisjóðsdeild vor er sú stærsta sem nokkur banki hefir í borginni.
Íbúendur þessa hluta borgarinnar óska að skifta við stofnun sem þeir vita að er algerlega trygg. Nafn vort er fullryggíng óhluttleika. Byrjið sparisjóðsinnlegg fyrir sjálfa yðar, konu yðar og börn.
Phone Garry 3450 Scott Barlow, Ráðsmaður.

Vitur maður er varkár með að drekka eingöngu HREINT ÖL. Þér getið jafna reitt yður á
DREWRY'S
REDWOOD LAGER
Það er léttur, freyðandi bjór, gerður eingöngu úr Malt og Hops. Biðjið ætíð um hann.
E. L. DREWRY, Manufacturer, Winnipeg

Með því að biðja sérlega um "T.L. CIGAR," þá ertu viss að fá ágætan vindil.
T.L.
(UNION MADE)
Western Cigar Factory
Thomas Lee, eigandi Winnipeg

STRAX Í DAG er BEZT AÐ GERAST KAUPANDI AÐ HEIMSKRINGLU. — ÞAÐ ER EKKI SEINNA VÆNNA.

Manitoba á undan.

Manitoba hefir víðáttumikla vatnsfleti til uppgufunar og úrfellis. Þetta, hið nauðsynlegasta frjógunarskilyrði, er því trygt.

Ennþá eru 25 milión ekrur óbygðar.

Íbúatal fylkisins árið 1901 var 225,211, en er nú orðið um 500,000, sem má teljast ánægjuleg aukning. Árið 1901 var hveiti og hafra og bygg framleiðslan 90,367,085 bushela; á 5 árum hefir hún aukist upp í 129,475,943 bushel.

Winnipeg borg hafði árið 1901 42,240 íbúa, en hefir nú um 150,000; hefir nálega fjórfaldast á 8 árum. Skattskildar eignir Winnipegborgar árið 1901 voru $26,405,770, en árið 1908 voru þær orðnar $116,106,390. Hölfðu meir en þrefaldast á 7 árum.

Flutningstæki eru óviðjafnanleg,— í einu orði sagt, eru í fremsta flokki nútíðartækja: Fjórar þverlandsbrautir liggja um fylkið, fullgerðar og í smíðum, og með miðstöðvar í Winnipeg. Í fylkinu eru nú nálega 4 þúsund milur af fullgerðum járnbrautum.

Manitoba hefir tekið meiri landbúnaðarlegum og efnalegum framförum en nokkurt annað land í heimi, og er þess vegna ákjósanlegasti aðsetursstaður fyrir alla, af því þetta fylki býður beztan arð af vinnu og fjárleggi.

Skrifið eftir upplýsingum til: —

JOS. HARTNEY, 77 York Street, Toronto, Ont.
JOS. BURKE, 178 Logan Avenue, Winnipeg, Man.
A. A. C. LaRIVIERE, 22 Alliance Bldg., Montreal, Quebec.
J. F. TENNANT, Gretna, Manitoba.

J. J. GOLDEN,
Deputy Minister of Agriculture and Immigration, Winnipeg.

JAN LITLI 5

"Hvort ég hefi tóbak upp í mér? Nei, ég —"

"Svona, svona, það er nóg komið af þessu. — Komdu nú inn, svo ég geti þvegið af þér meiri hluttinn af skarninu, sem þú ert með í andlitinu; þú mátt trúa mér til þess, að slíkt er ekki gert um skör fram".

Þegar þau komu inn í eldhúsið, stansaði hún framan við eldstæðið, lagði tóbaksmolann upp á hillu og sagði um leið: "Ef þú dirfist að taka það ofan, þá verðurðu flengdur. Skilurðu það?"

"Ja-á", sagði drengurinn með grátraust.

Þegar hún var búin að rifa af honum mestu óhreinindin, skildi hún við hann og gekk út til manns sins.

"Ég veit ekki hvar þetta lendir, að smábörn brúki tóbak. Ég hefi einhversstaðar lesið, að það geri þau að bjánum", sagði hún og leit áhyggjulega til manns sins.

Salómon studdi sig við girðinguna og horfði á byflugu, sem flaug suðandi úr einu tré í annað.

"Ég er nú búinn að brúka tóbak í nokkur ár, og hefi aldrei orðið þess var, að það gerði mér ilt", sagði Salómon með mestu hægð.

"Ónei, það er ekki heldur mikið að marka, því sá hefir enga vitsmuni að missa, sem hefir verið bjáni alla æfi; en ég ætlast til, að þú hafir ekki neitt þesshátta fyrir barninu, — mundu það".

Það var liðin rúm vika. Jan var að keppast við að hreinsa illgresi í garðinum. Ákaflega heitt hafði verið um daginn, og þegar hann í rökkrinu um kveldið bar seinasta fangið af illgresinu út í svínastinna, lá honum við að hníga niður af þreytu, hann hafði dynjandi höfuðverk, og í það heila tekið leið honum mjög illa. Hann fann sárt til þessj að hann væri einmana munaðarleysingi, sem öllum væri sama um. Svo laumaðist hann heim að húsinu og inn í eldhusið. Ljtilsháttar skímu lagði inn um gluggann,

6 SÖGUSAFN HEIMSKRINGLU

sem til vesturs sneri. Hann sá þar engann. Honum varð litið upp á hilluna, þar sem tóbakið var geymt. "Bara ég mætti sem snöggvast lita á dýrgripina, sem ég á þarna", hugsaði hann með sjálfum sér. Með mestu varkárni færði hann stól nær hillunni og fór svo upp á hann; en svo veit hann ekki fyrri til, en frænka hans stendur fyrir aftan hann og þreif óþyrmilega í handleggínn á honum og fleygði honum ofan af stólnum.

Hann varð máttlaus af hræðslu og gat engu orði upp komið. Hún hratt honum á undan sér út í horn og stóð þar yfir honum, áskræmd af ilsku og reiði.

"Þú manst hverju ég lofaði þér", sagði hún, "og nú skaltu komast að raun um, hvernig það er að vera óhlýðinn".

"Ég hefi ekki snert það", stundi Jan upp og skalf eins og hrísla.

"Þegiðu eins og steinn, og hreyfðu þig ekki meðan ég sæki vöndinn", sagði hún og rauk svo út.

Þegar hún kom til baka var Jan horfinn.

Nær frávita af hræðslu og dauðans angist hafði hann flúið út úr húsinu og inn í rúgakurinn. Hann reif sig til blóðs í andlitinu á rúgstöngunum, en sinti því ekki; óttinn rak hann áfram viðstöðulaust, meðan náttmyrkrið varð þéttara í kring ðm hann og hon um fanst hann heyra ýmisleg hljóð, sem hann skildi ekkert í. Hann stóð ekki við fyr en hann var kominn yfir akurinn og út á veginn. Þar stansaði hann, yfirkominn af mæði. Hann hafði enga hugmynd um hvert hann ætti að snúa sér, en heim til frænku sinnar skyldi hann aldrei fara, það var hans fasta áform. Máske hann gæti lifað í skóginum eins og fuglarnir? En nú var þar svo dimt og óskeintilegt, svo hann hryllti við. Nei, þar gat hann ekki verið.

Þá datt honum í hug, að fara til baka á fátækraheimilið. Móðir Morton hafði verið honum góð upp

JAN LITLI 7

á vissan máta, og kvaddi hann með kossi að skilnaði. Honum vöknaði um augu, er hann mintist þess.

Langt burtu sá hann ljósið í glugganum á fátækraheimilinu, svo hann fór að hlaupa í áttina, eins hart og fæturnar gátu borið hann. Alt í einu fann hann sáran sting undir síðunni, svo hann hlaut að standa við og blása mæðinni. Síðan settist hann niður, úrvinda af þreytu, honum fanst alt hringa snúast og hné meðvitundarlaus út af í blautt grasið.

Þar fanst hann morguninn eftir, fárveikur og meðvitundarlaus. Hann var fluttur til frænku sinnar, — en nú gerði honum það hvorki frá né til, því hann vissi ekki af því.

Læknirinn sagði, að það væri lungnabólga, afleiðing af ofkæling, eftir nýafstaðna mislinga, og væri mjög ólíklegt að hann lifði það af.

Hann lá inni í stofunni og Salómon var stöðugt yfir honum.

"Mér datt ekki í hug, að hann tæki það svo nærri sér", sagði móðir Bugford og lézt vera klökk í róminum, "og hafi ég verið heldur hörð við hann, þá gerði ég það þó í beztu meiningu".

Þegar hún var farin, og Salómon var þar einn eftir, og horfði sorgbitinn á hið litla barnsandlit, þá lauk Jan upp augunum og leit til hans, og var auðséð, að hann var með fullu ráði, í fyrsta sinni síðan hann varð veikur, og er það oft þannig, undir það síðasta.

Salómon kraup við rúmstokkinn, og strauk hinar litlu og mögru barnshendur.

"Ég mundi ekki hafa gert það, ef ég hefði nokkru ráðið", sagði hann blíðlega, "ég hefði ekki tekið tóbakið þitt frá þér; sjálfur hefi ég ekki snert við tóbaki síðan, — ég hefi ekki haft neina ánægju af því".

Síðan stóð hann upp, og tók hinn óhappasæla

8 SÖGUSAFN HEIMSKRINGLU

tóbaksmola. "Hérna hefirðu hann nú, drengur minn", sagði hann blíðlega, "og ef nokkur —"

Hin litla, magra hönd hafði gripið dauðahaldi um molann.

Á næsta augnabliki kom hræðslusvipur á föla andlitið hans, og hann tautaði í hálfum hljóðum:

"Frænka sagði ég mætti ekki snerta hann".

"Kærðu þig ekki um það", sagði Salómon hughreystandi, "þú mátt hafa það óhræddur hér eftir, það er það eina, sem ég get gert fyrir þig nú".

Og með hinn dýrmæta tóbaksmola í lófa sínum dó Jan litli, auminginn.

Móðir Morton, forstöðukonan á fátækraheimilinu, kom yfir um, þegar hún frétti að Jan væri dáinn. Hún kom með stóran krans af hvítum rósum til að leggja á kistuna.

Salómon sat þar inni hreyfingarlaus og horfði á hið hvíta barnsandlit, þegar hún og móðir Bugford komu þar inn.

"Hann var það merkilegasta barn, sem ég hefi séð", sagði móðir Morton hrifin, "og föður sinn elskaði hann yfir alt í heiminum. Það var reglulega átakanlegt, að sjá hve innilega vænt honum þótti um hluti þá, er hann átti eftir föður sinn, — gamlan vasahnif og bita af tóbaki. Já, ég ætlaði eitt sinn að taka þetta af honum, en þá grét hann svo sárt, eins og hann ætlaði að springa af harmi; — og það var svo sem sjálfsagt, að ég léti hann hafa þessa dýrmætu menjagripi. Ójá, góður og merkilegur drengur var hann", bætti hún við, um leið og hún laut niður grátandi og strauk enniið á líkinu.

Og þá sýndist einnig hið kalda hjarta móður Bugfords að klökna, hún kraup niður við kistuna og þrýsti kossi á hinar köldu varir.

Það var sá fyrsti, sem hún gaf honum, — en fyrir Jan litla hafði það nú enga þýðingu.

(Lauslega þýtt af S.M.L.)

Sómi Íslands, sverð og skjöldur.

Gjafir til minnisvarða JÓNS SIGURÐSSONAR.

Frá DUXBY, Minn.

Grímur Ólafsson $1, Mrs. G. Ólafsson $1,

Frá ROSSLAND, B.C.

E. Helgason 50c, Mrs. E. Helgason 50c.

Frá HILL CICY, Minn.

Mrs. Aðalbjörg Jónasson 50c, Mrs. F. E. Sprout 50c.

Frá BELMONT, Man.

Mr. og Mrs. G. Torfason og fjölskylda $5.

Frá STONY HILL, Man.

Guðmundur Sigurðsson 50c, Mrs. G. Sigurðsson 50c, Þórður Sigurðsson 25c, Ragnar Sigurðsson 25c.

Frá GIMLI, Man.

Pálmi Lárusson 50c, Mrs. P. Lárusson 50c, S. Lárusson 25c, O. G. Lárusson 25c, L. P. Lárusson 25c, Sigursteinn Lárusson 10c, S. A. Lárusson 10c, J. Lárusson 10c, B. H. Lárusson 10c,

B. Eyjólfsson $1, Mrs. B. Eyjólfsson $1.

Frá SOURIS, N. D.

H. B. Halldórsson $1, J. M. Skaptason $1, Anna M. Skaptason $1, M. J. Skaptason $1, Ólöf M. Halldórsson $1, M. B. Halldórsson $1.

Frá GEYSIR, Man.

H. V. Friðriksson 50c, Mrs. H. V. Friðriksson 50c, Tómas Björnsson 50c, Mrs. T. Björnsson 50c, Miss Emilia G. Björnsson 25c, W. B. Björnsson 25c, T. O. Björnsson 25c, L. S. Björnsson 10c, S. K. Björnsson 10c, Mrs. Þóranna Eyjólfsson 50c, Sveinn Eyjólfsson 50c, Miss Lauga Eyjólfsson 25c, Miss Sveinbjörg Eyjólfsson 25c, Miss Valgerður Eyjólfsson 25c, Miss Sigrún Guðrún Nordal 10c, Sigurður Eyjólfsson 25c, Jón Runólfsson 25c Mrs. Jónína Gunnarsson 25c, Miss Veiga Gunnarsson 25c, Mrs. Anna Þórðarson 25c, Miss Þorný Þórðarson 25c, Gísli Gíslason 50c, Jósep Guttormsson 25c, Mrs. J. Guttormsson 25c, Mrs. G. Gíslason 50c Friðrik Sigurðsson 25c, Benedikt Guðmundsson $1.

Frá WYNYARD, Sask.

Fritz W. S. Finnsson 25c, Mrs. S. Finnsson 25c, Miss Sigríður Björnsson, 25c, Mrs. Hólmfríður Gunnlaugsdóttir 25c, G. G. Goodman 25c, Mrs. Pálina Goodman 25c, V. G., Goodman 10c, Miss Sigrún Goodman 10c, Miss May Goodman 10c, Mrs. J. G. Goodman 25c, Miss G. Goodman 25c, Th. Gunnarsson 25c, J. K. Pétursson 25c, Þ. Pétursson 25c, Jórgeir J. S. Pétursson 25c, Hóseas B. J. Pétursson 25c, Guðbjörg Pétursson 25c, Ragnar F. Pétursson 25c, Björn K. Pétursson 25c, Ingibjörg Hóseasdóttir 25c, Hóseas Bjarnarson 50c, Hósína Hóseasdóttir 15c, Snorri Hóseasson 10c, Kristján Jónasson 25c, Lára Jónasson 25c, Jónas K. Jónasson 10c, Guðni K. Jónasson 10c, Th. Jóhannesson 25c, J. J. Jóhannesson 25c, S. K. Jóhannesson 25c, Ragnar Jóhannesson 25c, Mrs. S. J. Jóhannesson 25c, Miss Herborg Kristjánsson 25c, Ben Johnson 50c, Sigfús Thorlacius 25c, Pétur H. Thorlacius 25c, Wm. Einarsson 25c, Mrs. W. Einarsson 25c, O. W. Einarsson 25c, Lára W. Einarsson 25c, John Hallgrimsson 25c, Mrs. John Hallgrimsson 25, S. Th. Hallgrimsson 25c, Alice Hallgrimsson 25c, Óskar Hallgrimsson 10c, Kristbjörg Hallgrimsson 10c, Olive Hallgrimsson 25, Árni Jónsson 25c, Mrs. Á. Jónsson 25c, Jón Á. Jónsson 25c, Laufey Á. Jónsson 25, Sigríður Á. Jónsson 25c, G. A. Jónsson 10c, E. Á. Jónsson 10c, K. A. Jónsson 10c, B. Á. Jónsson 10c, E. E. Grandy 25c, Katrín Grandy 25c, Anna S. Grandy 10c, Arngrímur Grandy 10c, Kristbjörg Grandy 10c, E. E. Grandy, Jr. 10c, S. S. Grandy 10c, Joe J. Stefánsson 25c, Ingibjörg Stefánsson 25c.

Frá HELENA, Mont.

Magnús Brynjólfsson $1.

Frá CHICAGO, Ill.

Eiríkur Hjartarson $1.

Frá WINNIPEG, Man.

G. P. Thórdarson $1, Mrs. G. P. Thórdarson $1, Andreas Thórdarson 50c, Miss Bella Thórdarson 50c, Miss Lovísa Thórdarson 25c, Miss Guðrún Thórdarson 25c, Miss Lára Thórdarson 25c, Emil Thórdarson 25c, Miss Snjófríður Johnson $1.

John Henderson $1, Mrs. Margrét Henderson $1, Miss Emma Henderson 50c, Miss Svafa Henderson 50c, Edwin Henderson 50c, Miss Guðný Bergman 50c, Eggert Jóhannsson $1, Mrs. E. Jóhannsson $1, A. L. Jóhannsson 25c, Miss E. F. Jóhannsson 25c, J. S. Jóhannsson 25c, J. A. Jóhannsson 25c, Miss G. I. E. Jóhannsson 25c, L. M. A. Jóhannsson 25c.

Frá WEST SELKIRK, Man.

Mrs. Guðbjörg Goodman 50c, Miss Maggie Goodman 25c, G. Goodman 50c, Mrs. G. Goodman 50c, Mundi Goodman 25c, Herbert Goodman 25c, Geraldine Goodman 25c, G. G. Eyman 50c, Joe Sigurdur 50c, Mrs. Engilráð Sigurdur 50c, Jóh. Sigfússon 50c, Mrs. Jóh. Sigfússon 50c, B. Berentson 25c, Ingveldur Jónsdóttir 25c, Guðm. Oddson 25c, F. K. Austdal 50c, Mrs F. K. Austdal 50c, Miss E. Austdal 25c, Miss K. Austdal 25c, Jóhann Austdal 25c.

Frá ADDINGHAM, Man

Ágúst Eyjólfsson $1, Mrs. Guðrún Eyjólfsson $1, Ragnheiður Grimsdóttir $1, Magnús Eyjólfsson 50c.

Frá BALDUR, Man.

Mrs. M. Johnson 50c, G. S. Johnson 25c, J. M. Johnson 25c, J. Johnson 25c, Veiga og Friða Johnson 25c.

Sæmundur Árnason 50c, Guðríður Ívarsdóttir 25c, Kristján Ísfjörð 25c, Guðrún Richter 25c, Jóhanna Jónsdóttir 25c, Sigríður Kristófersdóttir 25c.

Frá LESLIE, Sask.

W. H. Paulson $1, Mrs. W. H. Paulson 50c, Jónína N. Paulson 10 cts, Pauline May Paulson 10c, Thos. Paulson $1, Mrs. Thos. Paulson 25c, Mrs. Clara Paulson 25c, C. G. Johnson 50c, Ágúst Lindal 50c, Peter Anderson $1, Mrs. Peter Anderson $1, Lauga Anderson 50c, Björn Johnson $1, St. Anderson 75c, Mrs. St. Anderson 75c, Waldimar Anderson 50c Egill Anderson 50c, Mrs. Egill Anderson 50c, Miss Margrét Thorsteinsson 25c, R. Fjeldsted $1.

Sig. Júl. Jóhannesson $1, Halldóra Jóhannesson 50c, Málmfríður S. Jóhannesson 25c, Svanhvít G. Jóhannesson 25c, Hannes J. Lindal $1, S. D. B. Stephanson $1, H. G. Nordal 50c, Kristján Gabríelsson 50c, Guðbrandur Narfason $2, Paul Magnússon 50c, Mrs. Paul Magnússon 50c, Magnús V. Magnússon 25c, Friðbjörn Magnússon 25c, Pétur Magnússon 25c, Aðalsteinn Magnússon 25c, Svafa Magnússon 25c, Adam Magnússon 25c, Mrs. Ólína Magnússon 25c, Sigbj. Sigbjörnsson 50c, Soffonías Sigbjörnsson 50c, C. A. Clark 25c, Jóhann Sigbjörnsson $1, Bjarni Thordarson 50c, Mrs. Guðrún Goodman 50c, Miss Gauja Eyjólfsson 50c.

Frá KRISTNES, Sask.

S. G. Sigurðsson 25c, Ófeigur Ketilsson 50c, Hjálmar Helgason 25c.

Grímur Laxdal 50c, Mrs. Sveinbjörg G. Laxdal 50c, Þórður G. Laxdal 25c, Ólafur G. Laxdal 25c, Sigurður Stefánsson 50c, Mrs. Jósefína S. Stefánsson 50c, Miss Emma S. Stefánsson 25c, Anna S. Stefánsson 25c, Guðmundur Stefánsson 25c, Stefán S Stefánsson 25c, Guðmundur Ólafsson 50c, Jón G. Breiðdal 25c, Mrs. J. G. Breiðdal 25c, Jónas Samson 25c, Haraldur B. Einarsson 50c, Mrs. H. B. Einarsson 50c, Björn Einarsson 25c, Mrs. Björn Einarsson 25c, Miss Anna H. B. Einarsson 20c, Miss Hróðný H. B. Einarsson 15c, Ronald F. Vatnsdal 15c, Pétur N. Johnson 25c, Mrs. P. N. Johnson 25c.

Samtals	$ 106.25
Áður auglýst ...	2,213.35
Alls innkomið ...	$2,319.60

SMÆLKI.

Þér tölduð mig meðal hinna dauðu í dánarlista blaðs yðar í gær, sagði kaupmaður einn við ritstjóra Plunkville Clarion.

Svo,— þér eruð þá ekki dauður, varð ritstjóranum að orði.

Auðvitað ekki, og ég heimta, að þér leiðréttið þetta viðstöðulaust í blaðinu.

En blað mitt leiðréttir aldrei nótt, svo ég veit ekki, hvað ég á að gera.

Ég krefst þess, að þér leiðréttið þetta. Það hefir stórtjón í för með sér fyrir mig, að vera haldinn dauður, þó ekki sé nema einn dag.

Ég skal segja yður, hvað við skulum gera fyrir yður, svaraði ritstjórinn eftir langan umhugsunartíma,— við látum yður á fæðing arlistann á morgun.

• • •

Á einni af hinum fjarliggjandi stjörnum, sem bygð er fólki, var eitt sinn maður og kona, sem unnið höfðu í sameiningu um mörg ár, og voru góðir vinir. — Og það kemur nú einnig oft fyrir hjá oss í þessum heimi.

En það var annað í þessum stjörnuheimi, sem ekki er hér hjá okkur. Það var fjarska þykkur skógur, — svo þykkur, að sólin gat aldrei skinið gegn um hann. Og þar sem hann var allra þykkastur og lauf trjánna lukust yfir höfði manns og sumarsólin aldrei gat smeygt geislum sínum inn, — þar stóð steinaltari eitt. Á daginn var alt kyrt og þögult, en á nóttum, þegar stjörnurnar glitruðu á bláu himinhvolfinu, eða þegar tunglið skein sem skærast á trjátoppana og alt var þögult og dauðalegt fyrir neðan, — þá, ef maður fór einn saman inn í skóginn og kraup niður við tröppur steinaltarisins, opnaði barm sinn og skar sig í brjóstið á hinum hvössu röðum þess, svo tröppur altarisins yrðu litaðar í blóði manns, — þá gat sá, sem kraup þar, óskað sér hvers, sem hann vildi, og sú ósk varð ætíð veitt.

Bókalisti.

N. OTTENSON'S, - River Par. W'p'g.

Ljóðmæli Páls Jónssonar í bandi	(3)	85
Sama bók (að eins 2 eint.	(3)	60
Jólaúlrósir		15
Dalarósir	(3)	20
Hamlet	(3)	45
Tíðindi Prestafélagsins í hinu forna Hólaskifti	(2)	15
Grant skipstjóri	(2)	40
Börn óveðursins	(3)	55
Umhverfis jörðina á áttatíu dögum	(3)	60
Blindi maðurinn	(3)	15
Fjórðlæðaði smárinn	(3)	10
Kapítola (I II.)Bindum)	(3)	1.25
Eggert Ólafsson (R. J.)		15
Jón Ólafssonar Ljóðmæli í skrautbandi	(3)	60
Kristinfræði	(2)	45
Kvæði Hannesar Blöndal	(2)	15
Mannkynssaga (P. M.) Bandi	(5)	85
Mestur í heimi, í b.		1½
Prestkosningin, Leikrit, eftir D.E., í b.	(3)	30
Ljóðabók M. Markússonar		50
Ritreglur (V. Ó. í b.		20
Sundreglur, í b.		15
Yerði ljós		15
Vestan hafs og austan, Þrjár sögur eftir E. H., í b.		90
Víkingarnir á Hálogandi eftir H. Ibsen		25
Þorlákur Þreyi		15
Ofurefli, skálds. (E. H.) í b.		1.50
Ólöf í Ási	(2)	45
Smælingjar, 5 sögur (E. H.) í b.		85
Skemtisögur eftir S. J. Jóhannesson 1907		25
Kvæði eftir samaffrá 1905		25
Ljóðmæli eftir sama. (Með mynd höfundarins frá 1897		25
Safn til sögu og ísl. bókmenta í b., III. bindi og það sem út er komið af því fjórða (53c)		9.4
Íslendingasaga eftir B. Melsted I. bindi bandi, og það sem út er komið af 2, b. (25c)		2.85
Lýsing Íslands eftir P. Thoroddsen í b. (16c)		1.90
Feruir fornísienzkir rímnaflokkar, er Finnur Jónsson gaf út, bandi (5c)		85
Alþingisstaður hinn forni eftir Sig. Guðmundson, í b. (4c)		90
Um kristnitökuna árið 1000, eftir R. M. Olsen (6c)		90
Íslenzkt fornbréfasafn, 7. bindi innbundið, 3 h. af 8 b. (1.70)		21.80
Biskupssögur, II. b. innbundið (42c)		5.15
Landfræðissaga Íslands eftir P. Th., 4. b. innbundið (55c)		7.75
Ríthöfunda tal á Íslandi 1400—1882, eftir J. B., í bandi (7c)		1.00
Upphaf alþjóðarríkis á Íslandi eftir K. Maurer, í b. (7c)		1.15
Auðfræði, e. A. Ó., í bandi (6c)		1.10
Presta og prófastatal á Íslandi 1889, í b. (9c		1.25
B. Thorarinsson ljóðmæli, með mynd, í b.		1.50
Bókmentasaga Íslendinga eftir F. J., í b. (12c)		1.80
Norðurlandssaga eftir P. Melsted, í b. (8c)		1.50
Nýþýdda biblían (35c)		2.65
Sama, í ódýru bandi (33c)		1.60
Nýjatestamentið, í vönduðu bandi (10c)		65
Sama, í ódýru bandi (8c)		30
Kóralbók P. Guðjónssonar		90
Sama bók í bandi		1 10
Svartfjallasynir	(5)	80
Aldamót (Matt. Joch.)		20
Harpa	(4)	60
Ferðaminningar, í bandi	(5)	90
Bóndinn	"	35
Minningarit (Matt. Joch.)	"	35
Týndi faðirinn	"	35
Nasreddin, í bandi		35
Ljóðmæli J. Þórðarsonar	(3)	45
Ljóðmæli Gestur Pálsson	"	75
Maximi Petrow	(2)	45
Leyni-sambandið	(2)	40
Hinn óttalegi leyndardómur	(2)	50
Sverð og bagall	(2)	30
Waldimer Nihilisti		75
Ljóðmæli M. Joch. I.-V. bd., í skrautb.	(15)	4.00
Afmælisdagar Guðm Finnbogasonar		1.00
Bréf Tómarar Sæmundsson	(4)	75
Sama bók í skrautbandi	(4)	1.15
Íslensk-ensk orðabók. G. T. Zoega	(10)	1.80
Gegnum brim og boða		90
Ríkisréttindi Íslands		50
Systurnar frá Grænadal		35
Œðntýri handa börnum		30
Vísnakver Páls lögmans Vídalíns		1.25
Ljóðmæli Sig. Júl. Jóhannesson		1.00
Sögur frá Alhambra		90
Minningarrit Templara í vönduðu bandi		1.65
Sama bók, í bandi		1.50
Pétur blásturbelgur		10
Bækur söguféiagsins Reykavík:		
Morðbréfabæklingur		1.25
Byskupssögur. I—6.		1.95
Aldarfarsbók Páls lögmanns Vídalín		45
Tyrkjaránið. I—IV.		2.90
Guðfræðingatal frá 1907—'07		1.10
Jón Arason		80
Skipið sekkur		60
Jóh. M. Bjarnason, Ljóðmæli		55
Maður og Kona		1.25
Fjarða mál		25
Beina mál		10
Oddur Lögmaður		90
Grettis Ljóð.		65
Dular, Smá-sögur		40
Hinrik Heilráði, Saga		20
Andvari 1911		75
Œfisaga Benjamín Franklíns		45
Sögusafn þjóðviljans I—II árg. 35c; III árg. 20c IV árg. 20c; V. árg. 30; VI. 45; VII. 45; VIII. árg. 55; IX. árg. 55; X. árg. 55; XI. árg. 55; XII. árg. 45; XIII. árg. 45; XIV. árg. 55; XV. árg. 30; XVI. árg. 25; XVII. árg. 45; XVIII árg. 55; XIX. árg. 25.		
Alt sögusafn þjóðviljan selt á		$7.00

Bækur Söguféiagsins fá áskrifendur fyrir nœrri hálfvirði.—$3.80.

Umboðsmenn mínir í Selkirk eru Dalman bræður.

Þess skal getið viðvíkjandi bandinu á Fornaldarsögunum Norðurlanda, að það er mjög vandað, handbundið skrautband, vel frá gengið eins er með Bréf Tómasar Sæmundssonar.

Tölurnar í svigum tákna burðargjald, er sendist með pöntunum.

Nýjar bækur.

Eldraunin		50
Vallyes sögur		35
Valdimar munkur		60
Kynlegur þjófur		45
Sagan af Pétri Pislarkrák		10
Sagan af starkaði Stórvirkssyni í bandi		90
óbundin		35
Rímur af Sörla sterka í bandi		40
óbundin		30
Myndin af fiskiskipinu		1.10

EDSON — Verjið peningum ykkar í lóðir í — EDSON

COMMERCIAL CENTRE

OG VERÐID FJÁRHAGSLEGA SJÁLFSTÆÐIR, ÞVÍ ÞAÐ VERÐUR SÉRHVER SÁ, SEM SVO ER HEPPINN, AÐ EIGNAST LÓÐIR Í EDSON, SEM VIÐ NÚ BJÓÐUM TIL SÖLU.

EDSON verður eftir 10 ár ein af stærstu borgum Vestur-Canda. Lega hennar er jafnvel betri en Calgary, þegar hún var í fæðing. Til að sýna, að EDSON er nú þegar í uppgangi, skal þess getið, að þar er nú banki, blað, lyfjabúðkirkjur, skóli, 'lumber yards', kjötmarkaður, rakara stofur, hótel, greiðasöluhús, átta verzlunarbúðir og mörg önnur framfaraafyrirtæki í smíðum.

EDSON er einnig miðstöð akuryrkju-, náma og viðar-héraða, og nú þegar hefir gull fundist, og mikið af járni og kolum í jörðu. — Mergill og gljásteinn af beztu tegund er einnig þar í kring viðsvegar.

EDSON verður einnig um tvö komandi ár endastöð Grand Trunk brautarinnar, austan Klettafjallanna. Frá Edson verða því brautir bygðar í allar áttir, og bœrinn verður einnig stöð fyrir allar afurðir frá Grand Prairie og Peace River héruðunum, og einnig frá Brazeau kolanámunum. — Það er áætlað, að það séu áttahundruð milión tons af kolum þar, og að á næsta ári muni verða varið tveimur milióunum dollars til að vinna þessar kolanámur.

LÓÐIR $60.00 TIL $100.00 Ágætir borgunar skilmálar

EDSON

ER PITTSBURG CANADA OG CALGARY NORDURLANDSINS

LÓÐIR $60.00 TIL $100.00 Ágætir borgunar skilmálar

Meir en helmingur lóðanna er nú seldur



KORT ÞETTA SÝNIR LEGU HVERFISINS.

COMMERCIAL CENTRE.

Eignir Grande Prairie Land & Townsite Co. eru beint austur af Grand Trunk Pacific Townsite, og verður því næsta ibúðarhverfi við bæjarstæðið. Lóðirnar eru á harðvelli, og eru ábyrgstar hverjum kaupanda sem góðar, því þrir úr félagi voru skoðuðu þær nápvæmlega, áður en kaup voru fest í landspildunni

COMMERCIAL CENTRE verður bráðlega hluti þessa bæjar, og þess vegna, ef þið kaupið lóðir þar, verður á því enginn vafi, að þær hækka til stórra muna í verði innan skams. — Commercial Centre er að eins hálfa milu frá miðstöð bæjarins, og því fyrirtaks ibúðarhverfi.

HUNDRUÐ INNFLYTJENDA.

Mörg hundruð innflytjenda streyma til Edson og héraðsins í kring, því heimilisréttarlönd eru hvergi ákjósanlegri en einmitt í námunda við Edson. Jarðvegurinn er hvergi frórri til akuryrkju en einmitt þar, og hvergi er auðugra námahérað en í nágrenninu við bœinn, og þess vegna hlýtur Edson að verða miðstöð, — ekki að eins stærsta og bezta akuryrkju og námasvæðisins, heldur jafnframt einnar hinnar voldugustu trjáviðar-framleiðslu í Alberta.

Við skulum með mestu ánægju gefa ykkur allar frekari upplýsingar, hvað lóðum okkar viðvíkur. Klippið að eins út upplýsinga eyðublaðið, og sendið okkur eða umboðsmanni vorum í Winnipeg, Mr. K. K. ALBERT, eða finnið okkur eða hann að máli.

Umboðsmenn óskast

K. K. ALBERT, 708 McArthur Building
TELEPHONE MAIN 7323

Grande Prairie Land & Townsite Company
ROOM 5. NORTHERN CROWN BANK CHAMBERS., BRANDON, MAN

IMFORMATION COUPON
K. K. ALBERT, 708 McArthur Bldg. WINNIPEG
Verið svo vænir að senda mér allar upplýsingar viðvíkjandi lóðum ykkar í Edson.
Nafn.....
Áritun.....
"HEIMSKRINGLA"

Það kostar minna en 4c. á viku

að fá HEIMSKRINGLU heim til þín vikulega árið umkring. Það gerir engan mismun hvar í heiminum þú ert, því HEIMSKRINGLA mun rata til þín. Þú hefur máske ekki tekið eftir því, að vér gefum þér

$1.00 virði af sögubókum

með fyrsta árgangum. Skrifið eftir HEIMSKRINGLU nú þegar, til P. O. Box 3083. Winnipeg, Man.

Áður enn þú kaupir

PLAYER PIANO

fullvissaðu þig um leikni hljóðfæris þess, sem fremst er í huga þér, að framleiða

Ekta Piano spil

með hreinum hljómtónum.— Fullvissaðu þig um þessa fullkomnun út í vztu æsar, og þá fellur val þitt efalaust á

HEINTZMAN & CO PLAYER-PIANO.

J. J. H. McLean & Co LIMITED

Cor. Portage Ave. & Hargrave
Phone Main 808.

Fréttir úr bœnum.

Nýr uppdráttur af Íslandi, gefinn út með styrk af landssjóði Íslands af Gyldendals bókaútgáfufélaginu mikla í Kaupmannahöfn, hefir verið sendur Heimskringlu af útbúi félagsins í Chicago, Ill., til umgetningar. Uppdrátturinn er gerður af Capt. Daniel Bruun, sem um nokkur síðastliðin ár hefir ferðast um Ísland í landafræðis erindum. Uppdrátturinn er 17½ þuml. á breidd, en 24 þuml. að lengd, og er hinn eigulegasti gripur. Uppdrátturinn er skýr og greinilegur, og sýnir ljóslega fjöll, jökla, ár og læki, fljót og firði, eyðiskógar, þjóðvegi og ritsima og talsima línur, kaupstaði og kirkjustaði, brýr á ám, og yfirhöfuðsalt, sem vanalega er sýnt á nákvæmustu uppdráttum. Uppdrátturinn er með 4 litum og prentunin mjög vönduð. Ef nokkuð mætti að finna, þá er það, að margar ár, sem sýndar eru á uppdrættinum, eru þar nafnlausar. En aftur eru sýndir ýmsir tjaldstaðir víða á uppdrættinum, sem algerlega er óþarft. — Uppdrátturinn fæst hjá Knud Lassen, 2620 W. North Avenue, Chicago, Ill., og kostar 85c. — Vér teljum uppdrátt þennan hann greinilegasta, sem vér höfum séð af Íslandi, og vildum gjarnan vita hann prýða veggi á hverju íslenzku heimili hér vestan hafs.

Hjónavígsla fór fram á laugardagskveldið var, að heimili herra Sögreglujóns S. J. Samsons, 628 Victor St. hér í borginni, og þau, sem í hjónabandið gengu, voru Miss Victoria Flett frá Fisher River, og Jónas T. Jónasson, frá Engimýri við Íslendingafljót. Giftingarathöfnina framkvæmdi séra Rúnólfur Marteinsson, og að henni lokinni fór veizla fram hjá herra Samson, og skemtu menn sér hið bezta fram eftir kveldinu. Ungu hjónin héldu norður til Nýja Íslands á mánudaginn. — Heimskringla óskar þeim allrar blessunar.

Þann 4. marz 1911 lézt Guðrún Rúnólfsdóttir 88 ára gömul. Hún fluttist til þessa lands árið 1903 frá Hraðsgerði í Fellum í Norðurmúlasýslu. Hún var ekkja Jóns Danielssonar, er dó á Rangá í Norðurmúlasýslu fyrir 22. árum síðan. Þau hjón áttu 9 börn, og lifa þar af 6, 4 á Íslandi og 2 í Calgary í Alberta, Filippus og Kristín. Þau önnuðust hana í félagi síðustu árin. — Guðrún sál. var alla tíð fátæk. Starískona var hún með afbrigðum, hvort sem hún vann fyrir sjálfa sig eða aðra, og vinnuþrek óvanalega mikið og endingargott til hins síðasta.

J. A.

Sunnudaginn þann 26. sl. voru gefin saman í hjónaband af séra Rögnv. Péturssyni þau herra Jóhann Einar Snædal og ungfrú Jóhanna Hafliðason, að Markland samkomuhúsi í Grunnavatnsbygð. Að aflokinni hjónavígslunni var haldin rausnarleg veizla, og voru um 150 gestir að boði. Þau Mr. og Mrs. Snædal flytja alfari inn til bæjarins, og búast við að eiga hér heima í framtíðinni. Hkr. óskar þessum ungu hjónum allrar hamingju.

Tombolu er fyrirhugað að halda þann 27. þ.m. Ágóðinn gengur í byggingarsjóð stúkunnar Skuldar. Vel verður til hennar vandað.

Kvenfélag Tjaldbúðarinnar heldur skemtisamkomu á sumardaginn fyrsta. Nánar auglýst næst.

Í hjónaband voru gefin saman af séra Jóni Bjarnasyni í Fyrstu lútersku kirkju, að kveldi 4. þ.m., þau herra Friðfinnur J. Friðfinnsson, sonur herra Jóns Friðfinnssonar tónfræðings hér í borg, og ungfrú Stelania Guðný Skagfeld, dóttir Andrésar bónda Skagfelds, að Hove P.O., Man. Að lokinni vígsluathöfninni var vegleg veizla haldin, að heimili foreldra brúðgumans, 627 Victor St. Um 100 manns tóku þátt í samsætinu. — Heimskringla árnar hinum ungu hjónum allrar hamingju.

Hon. Sir Joseph G. Ward, forsætisráðherra Nýja Sjálands, kom hingað til borgarinnar á mánudaginn og dvaldi til fimtudags.

E. L. Drewry, einn af bezt kunnu borgurum Winnipeg, liggur hættulega sjúkur í Chicago.

Miðvikudaginn 29. marz sl. voru gefin saman í hjónaband að Mary Hill Mr. Jón Björnssoa og ungfrú Sigríður Björnsdóttir, af séra Rögnv. Péturssyni. Hjónavígslan fór fram að heimili foreldra brúðarinnar, þar sem var og haldin fjölmenn veizla. Um hundrað nágrannar og ættingjar ungu hjónanna voru þar samankomnir. Hkr. óskar þessum ungu hjónum allra framtíðarheilla.

Hver sá sem veit hvar Kolbeinn Thordarson, frá Leirá í Borgarfjarðarsýslu, á heima, er vinsamlega beðinn að tilkynna honum, að Mrs. Kristín Tranter, 1644 6th Ave., East Grand View, Vancouver, B.C., vill komast í bréfasamband við hann, fyrir hönd dóttur hans á Íslandi.

Sigrún M. Baldwinson
Teacher of Piano
727 Sherbrooke St. Phone Garry 2414

Dr. G. J. Gíslason, Grand Forks, N. Dak., verður kominn heim úr Evrópu-ferð sinni um miðjan apr. og reiðubúinn að taka á móti sjúklingum.

Ungmennafélag Únítara hefir fund í kveld (miðvikudag 5. apríl) í samkomusal Únítara. Gerið svo vel að fjölmenna.

Herra Sigurður Stefánsson, frá Kristnes P.O., kom til bæjarins í sl. viku með son sinn, 13 ára, til lækninga við heyrnarlevsi. Hann vonar að pilturinn fái bráðan bata.

Herra Þórður Zoega frá Moose Horn Bay P.O., kom til borgarinnar í sl. viku, að sækja konu sina, sem hér hefir dvalið í vetur. Þau hjón hafa um mörg sl. ár búið í Brandon borg hér í fylkinu, en fluttu þaðan á sl. sumri, og síðan hefir Þórður og sonur þeirra hjóna verið að byggja upp heimilisréttarlönd sín þar nyrðra, en konan dvalið hér þar til nú. — Þórður segir landskosti góða þar nyrðra og löndin óðum að byggjast. Landnemar hafa flutt þar inn í héraðið á hverri viku, og nú á leiðinni hingað til borgarinnar mætti hann 67 manna hóp, sem allir voru á leið til að festa sér heimilisréttarlönd þar nyrðra. — Talsvert segir hann þar af skógalausu landi, og heyskapur þar ágætur. Það kostar þar að eins $6, að ala nautgrip vetrarlangt. — Verzlun er mikil þar nyrðra og þeir óðum að myndast meðfram járnbrautinni, sem liggur til Gypsumville.

LEIÐRÉTTING.

Þessar villur hefir oss verið bent á í samskotalistum til minnisvarða Jóns Sigurðssonar:

Frá Argyle bygð: Haldór G. Árnason, lesist Haldór. G. Magnússon.

Frá Minneapolis—Kristín Árnason, lesist: Kristmundur Árnason

Frá Winnipeg—Ingi Stefánsson 15c, lesist: 25c.

Frá Tumwater—Miss Dora Sumarliðason 30c, talin tvisvar, en Sigríður Sumarliðason með 25c hefir fallið úr listanum.

C. O. F.

Stúkan VÍNLAND No. 1146 ætlar að halda Concert og Dans þann 17. apríl næstkomandi, í efri Good Templara salnum. Nánar auglýst síðar.

GOODTEMPLARAHÚSIÐ

Eftirfylgjandi fjárhagsskýrslu hafa stúkurnar Hekla og Skuld samþykt að láta birta í íslenzku blöðunum í tilefni af því, að á þessu ári er fjárhagur þeirra, í sambandi við hina sameiginlegu húseign, kominn í viðunandi horf; og til þess að sýna, að fé það, sem gefið hefir verið til byggingarinnar, hefir komið að tilætluðum notum.

Fundarhús stúknanna á horninu á Sargent Ave, og McGee St., var reist árið 1906 og tekið til notkunar í febrúar 1907; hafa stúkurnar haft fundi sína í því nú um rúm fjögur ár. Stúkurnar voru löggiltar undir nafninu "Icelandic Good Templars of Winnipeg". Hin sameiginlegu fjármál þeirra, sem að húseigninni lúta, hafa síðan verið í höndum nin manna nefndar, sem er kosin á sameiginlegum fundi ár hvert.

Þegar stúkurnar réðusti í að byggja húsið, voru þær, eins og eðlilegt er með slik félög, að kalla mátti félausar til þess fyrirtækis. Varð því að leita almennra samskota, bæði á meðal meðlima þeirra og annara, sem voru málefni þeirra hlyntir. Samskotin gengu yfirleitt ágætlega, en þó varð nauðsynlegt, að taka svo hátt lán, að nokkur viðbót við samskotin frá meðlimum á hverju ári síðan hefir reynst óhjákvæmileg.

Öllum þeim utanfélagsmönnum, sem hafa gefið í byggingarsjóðinn, eða á einhvern hátt stutt byggingarfyrirtækið, votta stúkurnar þakklæti sitt.

Hljóðlærið í efri fundarsalnum, sem kkstaði um þúsund dollara, var gefið stúkunum af félagi ungra kvenna, sem var myndað í þeim tilgangi að útvega það.

Eins og eftirfylgjandi skýrsla ber með sér, er hagur stúknanna, í sambandi við bygginguna, nú í bezta lagi. Skuldir nema ekki einum þriðja hluta af áætluðu verði eignarinnar, og öll líkindi eru til, að framvegis hrökkvi tekjurnar af húsinu fyrir öllum nauðsynlegum útgöldum.

ÚTDRÁTTUR ÚR FJÁRHAGS-SKÝRSLU FÉLAGSINS YFIR ÁRIÐ FRÁ SÍÐASTA JANÚAR 1910 TIL FYRSTA FEBRÚAR 1911.

I. Tekjur: Í sjóði fyrsta febrúar 1910	$ 27.19	
Tekjur af byggingunni	2,241.40	
Frá st. Skuld (sérstakt tillag)	250.00	
Frá st. Hekla (sérstakt tillag)	250.00	
Samtals		$2,768.59
II. Borgað í láni á byggingunni	$ 500.00	
Rentur af láni	414.38	
Aðrar skuldir borgaðar	200.00	
Fasteignarskattur ár 1910	178.86	
Vátryggingargjald fyrir $9,000.00 á byggingunni til eins árs og fyrir $1,500.00 á innanhússmunum í þrjú ár	126.30	
Hirðing á byggingunni	299.00	
Ónköllunarlaun	88.60	
Annar starfrækslu kostnaður, svo sem eldsneyti, ljós vatn, aðgerðir og fleira	566.87	
Samtals		$2,374.01
Í sjóði fyrsta febrúar 1911		394.58
III. Eignir: Good Templars Hall með innanhússmunum, hljóðlærum, stólum, borðum og eldhússgögnum. Ágiskað verð	20,000.00	
Í sjóði	394.58	
Aðrar eignir, um	400.00	
Samtals		$20,794.58
IV. Skuldir: Lán á byggingunni	$ 6,000.00	
Aðrar skuldir	50.00	
Samtals		$ 6,050.00
V. Eignir að frádregnum skuldum		$14,744.58

K. Stefánsson, gjaldkeri.

Kappglíma

Jón Hafliðason og Fred Cook

ætla að þreyta kappglímu í Goodtemplarahúsinu

FIMTUDAGSKVELDID 6 APR.

$25.00 Lagðir undir

Á sömu samkomu verða sýndir hnefaleikar og glímur milli annara manna.

Aðgöngumiðar kosta 75 og 50 cents, og fást hjá H. S. BARDAL bóksala ogKRIST JANSSON & COONEY á Sargent Ave.—Byrjar kl.8.30.

LESIÐ ÞETTA

ÍSLENDINGAR, helzt smiðir, sem hugsa til að koma til Saskatoon, gerðu vel í, að skrifa eða sjá okkur sem allra fyrst.

Gislason & Brandson
Office 36 Ferguson Block.
P.O. Box 1077, Saskatoon, Sask.

Heimskringlu hefir verið skrifað frá Leslie, Sask., að þar væri ágætt tækifæri fyrir mann eða konu að setja á stofn þvottahús. — Mundi ekki einhver landi eða landa vilja verða til þess? Það mundi án efa borga sig.

Íbúð til leigu

Hjón barnlaus eða með 1 barn geta fengið íbúð að 564 Victor St. Konan sé þrifin og maðurinn reglusamur. Öll nýtísku þægindi í húsinu

TIL LEIGU

Tvö stór kjallara-herbergi og eldhús pláss, með öllum nýtízku þægindum. Rétt við strætisvagnabraut. Leigan mjög lág, ef herbergin LEIGJAST STRAX.— Þeir sem vilja sinna þessu snúi sér til
G. JOHNSON,
746 Arlington St.

Kennara vantar

við Mary Hill skóla No. 987, í Manitoba. Sex mánaða kensla, byrjar 1. maí. Umsækjendur tiltaki mentastig, kaup og æfingu sem kennari. Sendi tilboð fyrir 15. apríl.
Mary Hill P.O., Man.
S. SIGFÚSSON,
Sec'y-Treas.

KENNARA VANTAR

við Háland skóla No. 1227 Sex mánaða kensla, byrjar 1. maí. Skólafrí ágústmánuð. Umsækjendur tiltaki, hvaða mentastig þeir hafi og hvaða kaup þeir biðji um. Umsækjendur sendi tilboð sin fyrir 20. apríl 1911 til undirskrifaðs.
Hove P.O., 11. marz 1911.
S. EYJÓLFSSON,
4-13 Sec'y-Treas.

Giftingaleyfisbréf
SELUR
Kr. Ásg. Benediktsson
424 Corydon Ave. FortRouge

Það er alveg víst, að Það borgar sig að auglýsa í Heimskringlu.

ÞAÐ er einn hlutur sem við höfum fremst í huga og eru það GÆÐIN og þær tilraunir vorar að ná því hámarki hafa gert

Boyd's

BRAUÐ

hið vinsælasta í borginni. Konur sem bezt gæta hagnað ar heimilsins kjósa BOYD'S BRAUÐ frekar öllu öðru. Hversvegna? Reynslan mun sannfæra yður.

Talsími: Sherbrooke 680.
Brauðgerðarhús á horni Spence St. og Portage Ave.

The Hyland Navigation COMPANY
hefir nú opnað
SUMAR SKEMTIFERÐA SKRÁSETNINGAR
Margar þegar skráðar.

Einnig er félagið að láta gera stór-umbætur í Hyland Park, svo sem stækka svo tveimur þriðju nemur,einnig að búa þar til skemtistigi afkyma, barnastofu, með konu til að sjá um börnin, og margskonar skemtiföng fyrir börnin. Einnig skeiðvöll, sundpoll, stóran leikvöll fyrir hnattleiki,fótbolta o. s. frv. Ágætan dans-sal ásfastan við greiðasöluskála. Skrifið okkur eftir frekari upplýsingum.

Hyland Navigation Co.
13 Bank of Hamilton Chambers
WINNIPEG

Th. JOHNSON
JEWELER
286 Main St. Sími M. 6606

Dr. G. J. Gíslason,
Physician and Surgeon
18 South 3rd Str, Grand Forks, N.Dak
Athygli veitt AUGNA, EYRNA og KVERKA SJÚKDÓMUM ASAMT INNVORTIS SJÚKDÓMUM og UPPSKURÐI. —

Dr. J. A. Johnson
PHYSICIAN and SURGEON
HENSEL, N. D.,

TILBOÐ.

Við undirskrifaðir tökum að okk ur alla grjótvinnu, sem við getum af hendi leyst eins fljótt og vel og nokkur getur gert. Við seljum grunn undir hús, hlöðum kjallara, steypum vatnskeröld og gangstéttir, gerum steinsteypu í fjós, o.fl.
Jacob Frimann
Hergr. Hallgrimson
Gardar, N. Dak.

J. J. BILDFELL
FASTEIGNASALI.
Union Bank 5th Floor No. 520
Selur hús og lóðir, og anna þar að lútandi. Útvegar peningalán o. fl.
Phone Main 2685

G. S. VAN HALLEN, Málaferzlumaður 418 McIntyre Block., Winnipeg. Talsími Main 5142

'Kvistir' í handi

Munið eftir því að nú fást "KVISTIR" Sig. Júl. Jóhannessonar, í ljómandi fallegu bandi hjá öllum bóksölum.

Verð $1.50

Hannyrðir.

Undirrituð veitir tilsögn í alls kyns hannyrðum gegn sanngjarnri borgun. Starfsstofa: Room 312 Kennedy Bldg., Portage Av., gegnt Eaton búðinni. Phone: Main 7723.
GERÐA HALDORSON.

„Að lesa og skrifa list er góð lœri það sem flestir."

Ef þig langar til að læra að skrifa fagra rithönd, þá skrifaðu eftir upplýsingum og sýnishorni til H. F. Einarssonar, Pembina, N. Dak., sem kennir allskonar rithönd fjölbreytta penna-drætti og skrautskrift. Þú getur lært heima í þínu eigin húsi, því tilsögnin er send bréflega með pósti.

Hverjum, sem svarar þessari auglýsingu, verður sent spjald með hans eigin nafni skrautrituðu. 25-5

TIL SÖLU

í Westbourne bæ 4 lot með 5-herbergja húsi á, góðu geymsluhúsi og stóru hesthúsi; nálægt vatni og skógi. Gott tækifæri fyrir mann, sem mundi vilja flytja vörur af og á járnbrautarstöðina, og fleira o.fl. Umsækjendur snúi sér sem fyrst til
J. Crawford
30-1 Westbourne, Man.

Sveinbjörn Árnason
Fasteignasali.
Selur hús og lóðir, eldsábyrgðir, og lánar peninga. Skrifstofa: 310 McIntyre Blk.
office TALSÍMI 4700. hús Tal. Sherb. 2018

BONNAR, TRUEMAN & THORNBURN,
LÖGFRÆÐINGAR.
Suite 5-7 Nanton Blk. Main 766
Winnipeg, Man. P.O.BOX 223

Anderson & Garland,
LÖGFRÆÐINGAR
35 Merchants Bank Building
PHONE: MAIN 1561.

HANNES MARINO HANNESON
(Hubbard & Hanneson)
LÖGFRÆÐINGAR
10 Bank of Hamilton Bldg. WINNIPEG
P.O. Box 781 Phone Main 378 3142

Gísli Goodman
TINSMIÐUR.
VERKSTŒÐI;
Cor. Toronto & Notre Dame.
Phone Garry 2988 :: Heimilis Garry 899

WINNIPEG ANDATRÚAR KIRKJAN
horni Lipton og Sargent.
Sunnudagasamkomur, kl. 7 að kveldi. Andartrúarspeki þá útskýrð. Allir velkomnir.
Fimtudagasamkomur kl. 8 að kveldi, huldar gátur ráðnar. Kl. 7,30 segul-lækningar.

W. R. FOWLER A. PIERCY.

Royal Optical Co.
307 Portage Ave. Talsími 7286.
Allar nútíðar aðferðir eru notaðar við augn-skoðun hjá þeim, þar með hin nýja aðferð, Skugga-skoðun, sem gjöreyðir öllum ágiskunum. —

Gripa eyrnahnappar
[Gerðir úr aluminium]
Með nafni ykkar og pósthúsi. Skrifið á íslenzku og biðjið okkur að senda ykkur einn til sýnis með nafninu ykkar á.
Við búum til alskonar stimpla.
CANADIAN STAMP COMPANY
Tribune Bldg.
P. O. Box 2235 WINNIPEG

KAUPIÐ af þeim og verzlið við þá sem auglýsa starfsemi sínu í Heimskringlu og þá fáið þér *betri* vörur með *betra* verði og *betur* útilátnar.....

Talsími Heimskringlu
Garry 4110

Heimskringla.

Heimilis talsími ritstjórans:
Garry 2414

XXV. ÁR | WINNIPG, MANITOBA, FIMTUDAGINN, 13. APRIL 1911 | NR. 28.

Íslands fréttir.

RÁÐHERRABARÁTTAN.

Nýkomin Íslands-blöð til 17. marz sýna, að alt er uppnámi út af útnefning Kristjáns Jónssonar í ráðherrasessinn. Er útnefningin talin þingræðisbrot, þar sem meiri hluti þjóðkjörinna þingmanna mælti fram með öðrum í embættið. Stuðningsmenn Kristjáns voru hinir konungkjörnu, Heimastjórnarflokkurinn, og tveir Sjálfstæðisflokks menn, auk Kristjáns sjálfs. Aftur mæltu 19 þjóðkjörnir þingmenn fram með Skúla Thoroddsen og tveir lofuðu, að vera honum ekki andvígir, séra Hálfdán Guðjónsson og Björn Jónsson. Og töldu því flestir sjálfsagt, að Skúli yrði ráðherra. En á mánudaginn 13. marz kemur simskeytið frá konungi, sem útnefnir Kristján.— Kom það þá upp úr kafinu, að Hannes Þorsteinsson, forseti neðri deildar, og annar Sjálfstæðismanna, er Kristján studdu, hafði símað konungi daginn áður, að flokki sínum fornspurðum, og talið Kristján hafa fylgi 21. þingmanns, en Skúla að eins 19. Þetta simskeyti mun hafa átt mestan þátt í útnefning Kristjáns. — Simskeyti það, sem Sjálfstæðisflokkurinn sendi konungi, var svohljóðandi:

"Nitján af 24 þjóðkjörnum þingmönnum Sjálfstæðisflokksins hafa tjáð sig meðmælta Skúla Thoroddsen sem ráðherraefni. Auk þess eru tveir ákveðnir flokksmenn og lætur annar þeirra útnefninguna hlutlausa, en hinn, ráðherrann, sem fer frá, hefir lýst yfir því, að hann ekki vilji steypa Thoroddsen á þessu þingi. þrir óvissir. — Enginn annar en Thoroddsen getur vænst stuðnings Sjálfstæðisflokksins, og þess vegna mælir flokkurinn allraundirgefnast með honum".

Þeir menn, er lofað höfðu að styðja að ráðherramensku Skúla, voru þessir:

Ari Jónsson.
Benedikt Sveinsson.
Bjarni Jónsson.
Björn Jónsson.
Björn Kristjánsson.
Björn Sigfússon.
Björn Þorláksson.
Gunnar Ólafsson.
Hálfdan Guðjónsson.
Jens Pálsson.
Jón frá Hvanná.
Jón Þorkelsson.
Jósef Björnsson.
Kristinn Danielsson.
Magnús Blöndahl.
Sigurður Gunnarsson.
Sigurður Hjörleifsson.
Sigurður Sigurðsson.
Sigurður Stefánsson.
Skúli Thoroddsen.

Kristján Jónsson, hinn nýi ráðherra, lýsti yfir útnefningu sinni í báðum þingdeildum. — Skúli Thoroddsen reis upp í neðri deild og mótmælti þingræðisbroti því, sem hér væri framið.

Kristján kvaðst ætla að kappkosta, að styðja að frið í landinu, og vildi láta stjórnmálin liggja í þagnargildi í 2—3 ár. Loks lýsti hann yfir, að þing yrði rofið, hvort sem stjórnarskrárbreyting yrði samþykt í þinginu eða ekki.

En þessi yfirlýsing hans gerði ekkert annað en æsa ilt skap, og var samdægurs svohljóðandi vantraustsyfirlýsing borin fram í þinginu:

"Neðri deild áályktar, að lýsa yfir vantrausti sinu á Kristjáni háyfirdómara Jónssyni sem ráðherra".

Flutningsmenn: Skúli Thoroddsen, Bjarni Jónsson frá Vogi, Sigurður Gunnarsson, Jónþorkelsson, Jón Jónsson frá Hvanná, Þorleifur Jónsson og Benedikt Sveinsson.

En um adrif hennar er enn ófrétt.

Einnig var fjölmennur mótmælafundur haldinn að kveldi þess 14. marz í Iðnaðarmannahúsinu, af Sjálfstæðis og Landvarnarmönnum, og birtist hér útdráttur úr sumum ræðum, er það voru haldnar. Fundinum stýrði séra Ólafur Ólafsson.

Skúli Thoroddsen sagði meðal annars: Það er réttur konungs að velja ráðherra, en sá réttur hvilir þó á ábyrgð ráðherrans sjálfs, og ráðherradæmi má enginn að sér taka, nema hann hafi meirihluta þjóðkjörinna þingmanna með sér. Simskeyti frá konungi 28. febr. bæri með sér, að konungur hefði viljað fara að vilja meirihluta þingsins. — Hann las því næst upp svarskeyti Sjálfstæðisflokksins, sem prentað er annarstaðar í blaðinu. — Hér væri nú svo komið, að þingræðið væri brotið; hinn nýji ráðherra styddist við Uppkastsmenn, og þar á meðal hina kgkj. þingmenn. Þjóðarvilji og þingræði væri virt vettugi.

Dr. Jón Þorkelsson alþm. skýrði frá, að þegar væri framborin á þingi vantraustsyfirlýsing til hins nýtilnefnda ráðherra, sem dirfst hefði að taka við ráðherraembættinu þann veg, að styðja sig við innlimunarmenn með kgkj. sveitinni. Þessu ætti að mótmæla, ekki einungis hér, heldur hvarvetna um landið.

Þórður Sveinsson sýndi fram á, að þetta banatilræði við þingræðið væri að miklu leyti að kenna hinum konungkjörnu. Skúli væri Döðum þyrnir í augum, eins og nauti væri sýnd rauð dula. Þessi og þvílik tilræki af hálfu danska valdsins ætti að verða til að sameina alla íslenzka kraíta. Framboð Kr. J. væri ósigur sverð við Sjálfstæðisflokkinn, þar sem hann keppir við annan ákveðinn flokksmann, og styður sig við fjandmenn hans. Heimastjórnarmenn brennimerktu sig á enni með innlimunarfrumvarpinu, nú hafa þeir brennimerkt sig á brjósti með því að ginna ráðherra út í þingræðisbrot.

Gisli Sveinsson lögmaður: Konungsvaldið hefir brotið á oss rétt eftir tillögum dansklundaðra manna hér. Vér verðum að mótmæla kröftuglega hér og þar með styrkja Sjálfstæðismenn til að halda fast, við sitt ráðherraefni. Þingræði væri lífsskilyrði, það eitt vopn gegn einræði og gjörræði.

Bjarni Jónsson frá Vogi: Vantraustsyfirlýsingin er fram komin af því, að ráðherraefnið hefir brotið þingræðið með því að taka við embætti, vitandi sig vera í minnihluta þjóðkjörinna þingmanna. Við búið þingrof og verðum vér þá fjárlagalausir, með því að eigi má kalla alþing saman fyr en "næsta ár á eftir", eftir stjórnarskránni. Lendir því í bráðabyrgðafjárlögum. Enginn flokkur hefir gengið til kosninga með sigurvænlegra máli en vér nú, sem sé að verja þingræðið. Hvatti kjósendur að brýna þetta sem bezt fyrir öllum.

Sigurður Hjörleifsson alþm.: — Sagðist koma fram af hálfu þeirra manna, er fylgdu Birni Jónssyni ráðherra. Kvað þá al-sammála hinum um þetta mál og vilja veita Skúla að málum. Vildi ekki trúa, að konungsvaldið vildi taka af oss þingræðið. Hitt mundi ekki óhugsandi, að bornar hefðu verið ósannar sögur til konungs, og af því væru sprotnir atburðirnir. Söm þó óhæfan af ráðherraefninu (Kr. J.). Að honum varð ekki logið, hann vissi, hvernig sakir stóðu, vissi sig í minnihluta, ekki einungis þjóðkjörinna þingmanna, heldur alls þingsins. Nokkur afsökun væri það, ef til vill, að sum ir þingmenn stæðu ekki á hreinum grundvelli, ef til vill væru einhverjir taldir báðum flokkum, því verið fleygt, að þingmenn væru orðnir 41! Slikir þingmenn væru ekki réttnefndir Sjálfstæðismenn, heldur ætti að setja ó fyrir framan.

Fundarstjóri séra Ólafur Ólafsson brýndi að lokum hina miklu alvöru þessa máls fyrir kjósendum og bar hann því næst upp svohljóðandi tillögu:

"Fundurinn mótmælir því fastlega, sem ótvíræðu þingræðisbroti, að nokkur taki við ráðherraembætti, nema hann hafi fylgi meiri hluta þjóðkjörinna þingmanna, og telur sjálfsögðum rétti þjóðarinnar til þess að hafa áhrif á stjórn landsins freklega misboðið, ef þessarar meginreglu er ekki vandlega gætt".

Var hún samþykt með 520 atkvæðum gegn 2.

Sama dag var Kristján Jónsson rekinn úr Sjálfstæðisflokknum.

• • •

Annað mál, sem alt er í uppnámi af, er bankamálið. Var eftir harðar og langar umræður samþykt í efri deild 13. marz nefndarálit meirihluta rannsóknarnefndarinnar, og að setja gæslustjórana Kristján Jónsson og Eirík Briem aftur inn í þann starfa, þrir þingmenn, Ari Jónsson, Sig. Hjörleifsson og Kristinn Danielsson, voru á móti.

Benedikt Blöndal, umboðsmaður frá Hvammi, andaðist að heimili sínu Brúsastöðum í Vatnsdal föstu dagsmorguninn 10. marz. Hafði verið mörg ár sjónlaus, en í kör síðustu árin. Hinn mesti maður og þjóðkunnur.

Skálholt keypt. Neðri deild hefir samþykt að heimila landsstjórninni að kaupa biskupssetrið forna.

Um allar jarðir er nú verið að kaupa námaréttindi handa útlendingum. Samningarnir eru þann veg flestir, að seljendur eru bundnir við hann í 2 ár, en kaupendur laus ir. Það er að segja, upphæð er samið um, sem kaupandinn fær námuna fyrir ef hann vill innan tveggja ára. Námaréttur að Elliðavatni hefir þannig verðið seldur fyrir 60 þúsundir króna, að Gröf fyrir 50 þús., að Reykjum fyrir 150 þús. o.s.frv.

Um allan Borgarfjörð er nú verið að fala námarétt.

Við undirskrift er víst sjaldan eða aldrei borgað neitt og getur þetta þá orðið að eins tveggja ára haft á eigninni.

Um háskóla Íslands héldu stúdentar í Reykjavík fund að tilhlutun Stúdentafélagsins. Var þar samþykt í einu hljóði að skora á alþingi, að veita nú nægilegt fé til skólans, svo hann gæti tekið til starfa að hausti, en stofnun hans geti farið fram á hundrað ára afmæli Jóns Sigurðssonar (17. júní). Var kosin nefnd til að bera fram þessa málaleitun og hlutu kosningu: Ágúst Bjarnason, kennari; Benedikt Sveinsson, alþm.; Mattias Þórðarson, forngripavörður; Ólafur Björnsson, ritstjóri, og Páll Einarsson, borgarstjóri.

Aflabrögð hin beztu við Suður- og Norðurland.

SÍÐARI FRÉTTIR.

Vantraustsyfirlýsingin kom til umræðu laugardaginn 18. marz, og var Skúli Thoroddsen framsögumaður. En svo fóru leikar, að vantraustsyfirlýsingunni var bolað út með svohljóðandi rökstuddri dagskrá, sem þingmaður Sevðfirginga Björn Þorláksson bar fram:

"Þingdeildin telur ekki rétt, að nokkur sé skipaður í ráðherrasess, ef hann hefir ekki stuðning meirihluta þjóðkjörinna þingmanna, nema ekki sé annars kostur, svo að í bili þurfi að skipa mann til að veita umboðsmálum forstöðu. En í því trausti, að núverandi ráðherra framivlgi stjórnarskrárbreytingu á þessu þingi, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá".

Var þessi rökstudda dagskrá samþykt með 13 atkv. gegn 12. — Með henni voru allir Heimastjórnarmenn deildarinnar, 9 talsins, og 4 Sjálfstæðisflokksmenn; þeir Ól. Briem, Jón Sigurðsson frá Haukagili, Sig. Sigurðsson og Björn Þorláksson. Voru þó bæði Sig. og Björn Skúlamenn áður. Hinir 12, sem á móti voru, voru allir Sjálfstæðisflokksmenn.

Bankarannsóknarnefnd neðri d. hefir klofnað. Leggur meirihlutinn (Jón Ólafsson, Jón frá Hvanná og Jóh. Jóhannesshn) til, að gæslustjóri neðri deildar, Eiríkur Briem, sé settur aftur inn í þann starfa. En minnihlutinn (Benedikt Sveinsson og Hálfdán Guðjónsson) vilja, að svo standi, sem nú er, þar til dómstólarnir hafi uppkveðið álit sitt.

Fjárlaganefnd neðri deildar leggur til, að gerðar séu 109 breytingar á fjárlagafrumvarpi stjórnarinnar, og búist við fleirum.

Eldhússdagur þingsins var laugardaginn 25. marz.

Björn Jónsson, fyrv. ráðherra, er tekinn við ritstjórn Ísafoldar.— Ólafur sonur hans verður meðritstjóri.

Fregnsafn.

Markverðustu viðburðir hvaðanæfa.

— Sprenging í kolanámum, að Banner í Alabama ríkinu í Bandaríkjunum, á laugardaginn var, orsakaði dauða 128 manna, sem í námunum unnu, en 42 tókst að bjarga eftir mikla örðugleika. Allir þeir, sem í námunum unnu, að 5 undanskildum, voru glæpamenn, sem ríkisstjórnin hafði lánað til að vinna þar og afplána áttu 10 daga til tveggja ára þrælkunarvinnu. Meginþorrinn af föngunum voru svertingjar, og af þeim 128, sem lifið mistu, voru einir 14 hvítir. Hvernig þessi sprenging atvikaðist, er óuppvist og skaðinn, sem af henni leiddi, þegar mannslífin eru ekki meðtalin, var lítill, — um 1200 dollars.

— Bólusýkin geysar í Ottawa, og hefir jafnvel komið til orða, að einangra borgina.

— Þingið í Mexico hefir veitt stjórninni 4 miliónir dollars til að bæla niður uppreistina í landinu. Er því almennt búist við, að stjórn in muni auka herafla sinn til muna, og gera alvarlega gangskör að því, að bæla niður uppreistina. Foringi uppreistarmanna Madeiro, hefir lýst því yfir, að hann og hans menn skyldu leggja niður vopn viðstöðulaust, ef Diaz forseti legði niður völd, og skyldi hann (Madeiro) láta það með öllu hlutlaust, hver forseti yrði. En Diaz var ekki á því, að gefa upp forsetastöðuna. Svo uppreistin heldur áfram sem áður.

— Eldsvoði mikill geysaði í Tokio, höfuðborg Japana á sunnudaginn var, og eyðilagði að mestu þann hluta borgarinnar, sem Yoshi Wari var kallaður, og var búsetaður hinna opinberu kvenna borg arinnar. Um 5 þúsund hús brunnu til grunna og 6 þúsund kvenmenn heimilis og bjargarlausir. Tjónið er metið um 3 miliónir dollars. Mestur hluti húsanna brunnu á tæpum 5 klukkustundum, og tók brunasvæðið yfir um 4 fermílur. Sunnanvindur var all-hvass og var því afarörðugt að stöðva eldinn, ekki sízt þar sem húsin voru því nær öll úr timbri.

— Í neðri málstofu brezka þingsins gengur mikið á um þessar mundir. Frumvarpið um takmörkun neitunarvalds lávarðadeildarinnar, er nú fyrir málstofunni, og hefir harður atgangur móti því verið hafinn af afturhaldsmönnum. Hafa þeir tekið upp þann sið, að stemma stigu fyrir framgangi þess með málföfum, og hafa þeir svo mikið að gert í þá átt, að til vandræða horfir. — Frar og verkamannaflokks þingmenn þegja og stjórnarflokkurinn talar mjög litið, nema leiðtogarnir einstaka sinnum, en nærri hver maður úr afturhaldsflokknum hefir talað, og sumir oft. — Asquith forsætisráðherra hefir verið fjarverandi frá þinginu undanfarnar tvær vikur, og hefir innanríkisráðherran Winston Churchhill verið settur leiðtogi stjórnarflokksins á meðan, og hefir hann óspart tekið í hnakkadrambið á sumum andstæðingunum. En nú er Asquith aftur tekinn við forustu, og hygst hann nú að koma í veg fyrir þessar máltafir, og knýja frumvarpið gegn um deildina. — Rúmlega þúsund breytingartillögur hafa stjórnarandstæðingarnir gert við frumvarpið, og þær allar í þeim eina tilgangi, að geta dregið málið sem mest á langinn.

— Fjárlagafrumvarp sambandsstjórnarinnar sýnir, að tekjur Canada fyrir fjárhagsárið, sem endaði 31. marz sl., námu $117,500,000, en útgjöld aftur á móti $122,500,000, að meðtöldum hinum 24 miliónum dollars, sem varið var til Grand Trunk þverlandsbrautarinnar. — Skuldir Canada hafa aukist um tæpar 4 miliónir dollars á fjárhags árinu. Af tekjum landsins námu tollarnir lang-mestu, nefnilega 72¾ milión dollars, af aðfluttrm varningi, og rúmlega 16½ milión dollars framleiðslutollur. Pósthúsin gáfu af sér rúmlega 8½ milión, landeignir rúmar 3 miliónir, járnbrautir 10¼ milión og ýmsar tekjur 3¼ milión dollars. — Tekjuafgangurinn er talinn nema 30 miliónum dollars, en þá er 24 milión dollars upphæðin, sem veitt var til þverlandsbrautarinnar ekki talin með útgjaldaliðnum. Verzlun Canada yfir 11 mánuði, til 28. febr., sl., nam 387½ milión dollars. Og er það 77 milión dollars aukning frá næstliðnu fjárhagsári.

— Forsetaskifti hafa orðið í rússnesku Dúmunni, vegna þess að prófessor Guchkoff, forsetinn sem var, lagði niður þingmensku. Sá, sem forsetatignina hrepti, heitir Rodzianko, stórbóndi og afturhaldsmaður, og öllugur stvrktarmaður Stolypin yfirráðherra. — Frjálslyndari flokkar þingsins vildu koma að sem forseta Alexeinko, fyrverandi prófessor við Kharkoo háskólann. Þeir, sem studdu að kosningu Rodzianko, auk stjórnarflokksins, voru hinir svonefndu Októberistar, og er slikt álitið heillavænlegt fyrir Stolypin, og talið að draga muni til samkomulags, því hingað til hafa Októberistarnir verið honum andvígir. En hinir frjálslyndu flokkar Dúmunnar telja alla þingræðisvon aldauða að sinni, úr því Stolypin á sigri að hrósa.

— Carter H. Harrison, Demokrat, var kosinn borgarstjóri í Chicago fyrra þriðjudag með meir en 18 þús. atkv. yfir hinn repúblikanska mótstöðumann sinn, prófessor Merriam. Kosningar þessar voru sóttar af hinu mesta kappi af beggja hálfu. Einn var jafnaðarmaður í kjöri, og hlaut hann um 22 þúsund atkv.

— Tom L. Johnson, fyrrum borgarstjóri í Cleveland, andaðist á mánudaginn var, 10. p.m., að heimili sínu þar í borginni. Hann var framarlega í flokki umbótamanna í Bandarikjunum og var Demókrat. Var dugnaðarmaður hinn mesti. Hafði verið borgarstjóri í Cleveland til margra ára, og unnið sér þjóðarfrægð sem slikur fyrir endurbætur og atorku.

— Skipið Iroquis fórst við strendur British Columbia á mánudaginn var, og drukknuðu þar 14 manns.

— Uppreist hefir verið hafin í Malaga fylkinu á Spáni og lýðveldi lýst yfir. Urðu skærur milli manna á mánudaginn var, og féllu fimm manns í þeim viðskiftum. Stjórnin hefir nú sent hersveitir til uppreistarstöðvanna, og hygst sér muni takast að bæla þetta lýðveldis-uppþot niður fyrir-hafnarlitið.

— Manntal er nýafstaðið í Danmörku, og reyndist fólksfjöldinn vera rúmlega 2¾ milión. Kaupmannahöfn ein hefir 5. hluta allra landsbúa, nefnilega 560 þúsundir. Þar næst koma Árósar með 61.100 og þá eru tju aðrir bæir með 42—12 þúsund íbúa.

— Kolanáma verkfallið í Alberta og British Columbia námunum heldur áfram, og virðist engu nær samningum en fyrir viku síðan. Ýmsir verkfallsmenn hafa farið í burt frá heimkynnum sinum, og leitað sér atvinnu utan verkfallsumdæmisins. Námaeigendurnir hafa fengið all-marga verkfallsbrjóta til að vinna í námunum, og eru því flestar námurnar starfræktar að meiru eða minna leyti

— Jarðskjálfta varð vart í Rómaborg á mánudaginn var. — Komu tveir all-harðir kippir, en gerðu samt litinn skaða. En fólk varð dauðhrætt. — Á Sikiley varð einnig jarðskjálfta vart.

— Tvö hundruð manna brunnu til dauða í Bombay á Vestur-Indlandi á sunnudaginn var. Voru um 500 manns samankomin við hátíðahald, þegar kviknaði í samkomuhúsinu. Að eins einn útgangur var, og tókst þremur hundruðum manns að forða sér, en tvö hundruð manns, mest konur og börn, fórust, bæði troðin undir til bana og brunnu. Alt voru það Indverjar, sem lifið létu.

— R. L. Borden, leiðtogi Conservativa, ætlar sér að ferðast um Vesturfylkin í sumar, eftir að sambandsþingi hefir verið slitið, sem búist er við að verði í júnílok. Verði svo, leggur Mr. Borden upp í þennan fyrirlestra leiðangur sinn í júlímánuði og verður tvo mánuði í þeim leiðangri. Ferðast um Manitoba, Saskatchewan, Alberta og British Columbia. Hverjir verða í för með honum, er óráðið enn þá.

— Austurríkska ríkisþingið hefir verið rofið, og nýjar kosningar eiga fram að fara í maímánuði.

— Verzlunarsamningar milli Japans og Bandaríkjanna voru undirskrifaðir í Tokio, höfuðborg Japans, 5. þ.m., af keisaranum fyrir hönd Japans og sendiherra Bandaríkjanna þar, O'Brien, fyrir ríkjanna hönd.

OGILVIE'S
Royal Household Flour
Til Brauð og Köku Gerðar
Gefur Ævinlega Fullnæging
EINA MYLLAN Í WINNIPEG,—LÁTIÐ HEIMAIÐNAÐ SITJA FYRIR VIÐSKIFTUM YÐAR.

BJARNASON & THORSTEINSON
Fasteignasalar
Kaupa og selja lönd, hús og lóðir víðsvegar um Vestur-Canada. Selja lífs og eldsábyrgðir.
LÁNA PENINGA
út á fasteingir og innkalla skuldir.
Öllum tilskrifum svarað fljótt og greiðanlega.
Wynyard - - Sask.

WALL PLASTER
"EMPIRE" VIÐARTAGA VEGGLÍM.
"EMPIRE" CEMENT WALL VEGGLÍM
"EMPIRE" FINISH VEGGLÍM.
"GOLD DUST" VEGGLÍM.
"SACKETT" PLASTER BOARD.
SKRIFIÐ OSS OG FÁIÐ VÖRA ÁÆTLUNAR BÓK.
Manitoba Gypsum Co., Limited.
WINNIPEG, - MANITOBA.

F. F. BURDETT, forseti. ROLAND LLOYD, gjaldkeri.

Afrit af umferðar bréfi frá

Edson Board of Trade

Herra! — það, sem hér fer á eftir, leysir úr spurningum yðar viðvíkjandi Edson og héraðinu umhverfis bæinn.

AKURYRKJA.

Hérað það er mjög viðlent, sem Edson er við depill í og aðal-verzlunarbær. Héraðið er meira og minna öldótt, og einkum vaxið ungum espiviði og bartrjám, svo og nokkru kjarri. Á sumum stöðum er allmikið af stórvöxnum grenitrjám, birki og öðrum trjávið, sem er verzlunarvara. Jarðvegurinn er frjór og djúpur leir, þar sem korn getur vaxið, garðávextir og kálmeti allskonar, sem vex í Canada og Norðurríkjunum. Sumstaðar er landið hér í grend algerlega skóglaust, þar eð skógurinn hefir verið höggvinn mikið á síðustu árum. Kjarrlönd má hreinsa með tiltölulega litilli fyrirhöfn. Bændur, sem hafa búið annarstaðar í Canada og Bandaríkjum, láta vel yfir, segja jarðvegurinn sýni kosti sina bezt, þegar ár er liðið frá landbrotinu.

HEIMILISRÉTTARLÖND.

Frí heimilisréttarlönd fást í Edson "sub-land agency", sem nær yfir alt land, er liggur 25 milur austur af Edson, 15 milur suður, nær að Klettafjöllum vestanvert og að Athabasca ánni að norðan (alls um 3,528 fermilur). Fimm þúsund heimilis-réttarlönd standa opin hverjum sem vilja, og fleiri fást bráðlega. Mörg ágætis heimilisréttarlönd nærri bænum, einkum norðan, norðaustan og norðvestan við hann. Meðfram stjórnarveginum til Grande Prairie, sem byrjar í Edson, eru nokkrar sérlega fagrar landspildur, sem bíða eftir duglegum landnemum. Hver landnemi getur fengið ágætis trjávið rétt við, í hús, girðingar og til eldiviðar. Í Edson má selja allar afurðir. Frank Fulmer er land-umboðsmaðurinn hér.

VIÐARHÖGG OG NÁMUGRÖFTUR.

Kolanámu iðnaður og skógarhögg verða mikilsvarðandi iðnaðargreinar í Edson héraðinu. Fáar milur frá Edson hafa kolanámu-menn komið á stofn félögum með hlutafé úr Canada, Bandaríkjunum og Evrópu, og vinna daglega 2,500 smálestir hver. Þessar námur þarfnast fjölda manna, er aftur eyða ógrynni af þeim varningi, sem bændur geta framleitt. Þessi varningur verður keyptur í Edson. Það eru kolabirgðir rétt við Edson, sem búist er við, að verði unnar bráðlega. Auk kolanna hafa margir aðrir málmar fundist þar í milli og fjallanna. Verður það vafalaust til að auka auðlegð bygðarlagsins framvegis. Að eins lítill hluti landsins hefir enn verið rannsakaður.

Með því að mikið er um stórskóga í héraðinu hlýtur viðarhögg að verða ein aðal-atvinnugreinin, og eykur mikið verzlunarmagn í Edson. Sögunarmylnur eru nú settar á fót í skógarbeltunum, og bærinn er þegar farinn að finna gagn það, sem hann hefir af þeim, ekki síður en námagreftinum.

JÁRNBRAUTAMÓT.

Um járnbrautamót er það að segja, að Edson stendur engum bæ að baki í því efni við meginbraut Grand Trunk Pacific, nema Winnipeg. Járnbrautargarðar hafa verið ákveðnir, og nokkrir bygðir, og gert ráð fyrir sporbrautum; er samtals verði tuttugu og sex milur. Öll kol frá Brazeau verða send héðan, því að ekki er unt að koma upp kolagörðum í námunum sjálfum. Edson verður líka aðal-deilistöð allra flutningslesta og fólksvagna vestan Sléttufylkjanna og austan Prince Rupert, svo að stórar búðir og því um likt hlýtur að koma hér á fót. Edson verður endastöð á G. T. P. brautinni til Brazeau námanna, og einnig endastöð á hliðarbrautinni, sem liggja á til Grande Prairie, og sótt hefir verið um leyfi til að leggja.

EDSON BÆJARSTÆÐI.

Edson stendur á hæð, sem hallar lítið eitt mót norðri frá G. T. P. járnbrautinni. Þaðan sézt milur vegar yfir héraðið, og í björtu veðri blasa Klettafjöll við í vestri eins og stórt og mikilfenglegt sýningarsvið. Á bæjarstæðinu vex ungur espiviður og smávaxin bartré. Ef grafa þyrfti lokræsi, þá er auðvelt að fá afrensli, því að lækir renna á tvo vegu, og mætti þangað veita öllu afrensli. Þegar til þess kemur að prýða bæinn, koma lækir þessir í góðar þarfir. Bezta vatn í brunnum, fjögra til tuttugu feta djúpum. Sótt hefir verið um löggilding á bænum.

NOKKRAR ATHUGASEMDIR.

Dagleg farþegalest kemur til Edson og póstur þrisvar á viku; beðið hefir verið um daglegan póst. Stjórnarvegurinn til Grande Prairie byrjar í Edson og er nú öllum opinn. Hann verður endurbættur svo, að þar megi jafnt ferðast vetur sem sumar. Áfangastaðir og sæluhús hafa verið sett á hentugum stöðum fram með veginum. Stjórnin heldur uppi ferðum frá Edson. Frá Edson til Grand-Prairie eru um 160 milur, ef vegurinn er farinn. Vikublað, "The Leader", kemur út í Edson.

ROLAND LLOYD, ritari.



VERÐ; $60. til $.100

Nú gefst tækifæri til að kaupa lóðir í

Commercial Centre

HORNLÓÐIR $25.00 dýrari

SKILMÁLAR

¼ í peningum og ¼ á 3, 6 og 9 mánaða fresti. Engin renta.

Nánari upplýsingar, ef óskað er.

Lóðirnar seljast ört, svo það borgar sig að senda pantanir sem fyrst — nú — í dag — og fá beztu lóðirnar.

Sendið simskeyti eða bréf og látið geyma lóðir.

Umboðsmenn vantar til að selja útjaðralóðir

K. K. ALBERT

708 McArthur Building

Phone Main 7323

Special Agent

Grande Prairie Land and Townsite Co.

K. K. ALBERT

Lóðir COMMERCIAL CENTRE í Edson, Alberta

Fult Nafn .....

P. O. Áritun .....

Staða .....

Lóðir ..... Block .....

Verð á lóð ..... Samtals $ .....

Útborgun $ .....

Skilmálar .....

Dagsetning 1st afborgunar .....

Ég samþykki að kaupa ofanskráða lóð eða lóðir, fyrir verð það, og með skilmálum þeim sem tilgreindir eru að ofan.

Agent .....

"Heimskringla"

Gerið allar borgunar greiðanlegar til K. K. ALBERT, WINNIPEG

Leirskáldunum svíður.

Gorgeir vanþekkingarinnar lýsir sér ótvirætt hjá þrimenningunum, sem mér sendu tóninn í síðustu Heimskringlu. — Aldrei hefi ég aumari frammistöðu séð,— þjösnalegar rótar-skammir, og bókstaflega ekkert um málefnið, er til grunduallar lá, — það var alt og sumt, sem þessir leirskálda málsvarar höfðu að bjóða. En af skömmum eintómum verð ég hvergi uppnæmur.

Það er gildandi meginregla, að því eru menn samþykkir, sem þeir ekki mótmæla, þegar þeir hreyfa andmælum. Ég verð því að skoða hina virðulegu þrimenninga sammála mér um það, að bæði þeir og önnur leirskáld séu Vestur-Íslendingum til vanvirðu. Að ekki sé stærri svívirða í bókaheimi vorum, en leirburðarþésarnir vestur-íslenzku, og ekkert rýri skáldgildi vestur-íslenzku skáldanna í augum Austur-Íslendinga, og jafnframt spilli fyrir lestri góðra kvæða vor á meðal, meir en einmitt leirburðarstagl hinna virðulegu þrimenninga og annara leirskálda. — Engu þessu mótmæla þrimenningarnir, og verð ég því, að skoða þá mér sammála, — og tel ég þá fremur sanngjarna í dómum sínum þar, — og hefðu ekki allir verið jafn fúsir að játa á sig slíkan áburð. — En mannagrevin hafa vitanlega séð þýðingarlaust, að mótmæla helgum sannleika, og tekið því dauðahaldi í það hálmstráið, að níða mig niður fyrir allar hellur, — og úthrópa sem viðurstygð leirskálda (!!).

Fyrsti þrimenningurinn H. G., sem fullu nafni heitir Hjálmar Gislason, er sérstaklega bálvondur út af því, að ég taldi Hagyrðingafélagið aldauða, — og hefði farið um það háðulegum orðum. — En má ég spyrja vesalings manninn, hvað hann kallar dautt félag,— ef ekki það, sem engan fund hefir haldið í full tvö ár? Þannig er því varið með Hagyrðingafélagið, eftir því sem einn háttstandandi meðlimur þess sagði mér. — Og hvað því viðvíkur, að ég hafi farið háðulegum orðum um hið sálaða félag, þá sagði ég það eitt, að það hefði verið fyrirmyndar-endemis félag, og við það stend ég.— Líti Hjálmar yfir hina liðnu starfsemi félagsins og yfir meðlimalistann, þá hlýti hann að vera mér samdóma, væri hann ekki sjálfur eina af meðlimum hins látna félags. En sem einn í þeim hóp, er engin von á öðru en hann sé glámskygn á öðru auganu en sjónlaus á hinu, fyrir öllum sannleika, er um félagið er sagður. — Þröngsýnir og vitgrannir hrokabelgir voru meginþorri meðlimanna, og ávextirnir sýna sig hjá málsvörunum þremur. Má vel vera, að félagið hafi upprunalega verið stofnað í góðum tilgangi, en það vill oft brenna við, að þó tilgangurinn sé góður, þá fer öðruvisi en skyldi, og þannig var hér. Í stað þess að hafa bætandi áhrif á Ljóðagerð, hóf Hagyrðingafélagið undirölduna undir hina hneyxlanlegu leirskálda-bylgju sem yfir okkur hefir dunið alt frá þeim tímum. — Og var það ekki nema eðlilegt, að svo yrði, þegar vitgrannir mannræflar, fullir af sjálfsáliti, voru hvattir til að kveða. — Nei, Hjálmar minn, þú skefur það aldrei af sjálfum þér, brennimarkið, sem Hagyrðingafélagið setti á þig, — hversu áfergjulega, sem þú þvær þér upp úr keytu. Að eins ódaunninn, sem af þér leggur, verður þess meiri; — og megnari fýlu en þá, er lagði af greinar-ómynd þinni, er varla hægt að finna.

Annar þessara þrimenninga, Jón nokkur Jónsson, er naumast svaraverður, — vegna þess fyrst og fremst, að hann hefir ekki djörfung, að ganga undir sinu rétta nafni, — skýlir sér undir þeirri ómensku-blæju, sem mannræflar einir gera. Ekkert er það héldur í þessu skrifi hans, sem hrekur einn staf af því, sem ég sagði; að eins kastar mannskepna þessi saur á báða bóga, — en það sakar mig hvergi. Náungi þessi segir, að ég hafi ráðist á Svein Simonarson, vegna þess að ég hafi vítað hann aumingja, sem ekki var fær um að bera hönd fyrir höfuð sér. En slíkt er ósatt. Ég hafði enga hugmynd um, að Sveinn væri líkamlegur aumingi, en hitt víssi ég, að hann var flestum leirskáldum hveimleiðari, og þess vegna tók ég hann, ásamt öðrum fleirum, sem dæmi. En að manni sé það nokkur afsökun, að hann sé fatlaður, og þess vegna megi ekki gera háar kröfur til andagiftar hans, — er harla léttvæg kenning, og ekki bætir það málstað leirskáldanna að neinu.

Annað í grein þessa "Jóns", læt ég mig engu skifta, — álít mig sjálfan mikils til of góðan til að skattyrðast við ómerkinga.

Þá er sá síðasti þeirra þrimenninganna, "Gráhærði hagyrðingurinn", — en sem að minu áliti mun vera Sigurður nokkur Gislason, — alkunnur mannræfill einn og leirskáld. — Visur þessar eru mér kærkomnar, því hvað er betra sýnishorn leirburðarstaglsins, sem við eigum sífelt að venjast? Og ekkert sannar mál mitt betur en einmitt þær. — Ég tilkeri hér eina þeirra til frekari athugunar:

"Heiður styttir sjálfum sér,
sést einmitt á skjali,
skammar rittu aulinn er,
æ hortitta smali."

Hvernig list ykkur á visuna, lesendur góðir? Er hægt að hugsa sér meira afskræmi, bæði hvað efni og mál snertir? Og hortittirnir í hverju visuorði. — Dáindis lagleg málsvörn af leirburðarskáldi fyrir leirskáldin! Ég vildi biðja hinn virðulega höfund, að skýra mér frá, hvað hann meinar með "skammar rittu aul". Ritta var á Fróni kölluð rolla, sem litla mjólk gaf. Mér er því ómögulegt að sjá, hvern þremilinn þessi samlíking hefir við mig að gera; því ekki er ég mjólkur hafandi, — hvað sem vera kann um höfundinn. — Og þetta: "æ hortitta smali", virðist mér vera hól, gefi til kynna, að ég safni saman hortittum Sigurðar og annara hans nóta og fleygi síðan að þeim aftur. Ég þakka höfundinum fyrir þau ummæli hans. — Hinn "Gráhærði hagyrðingur" ætlaði að rota mig með þessum skammavisum, en hann gerði þar slæmt glappaskot. — því þess í stað gaf hann mér bezta vopnið á sjálfan sig og aðra leirbjálfa, — nefnilega, að kunngjöra almenningi, hvaða dauðans andans amlóðar þeir eru, og að heimskan og hrokinn sé ríkjandi hjá þessum vandræða-lýð.

Enn er einn, sem mér hefir kveðju senda, og það er "þrándur", í Lögbergi. —"þrándur" þessi er hinn ókrýndi leirskálda-konungur Vestur-Íslendinga, fyrverandi forseti Hagyrðingafélagsins — Sigfús Benedictsson, — mannpersóna, sem flestum er hveimleið og fyrirlitin að makklegleikum af öllum málsmetandi mönnum. Maður, sem hefir útgefið hið mesta hneykslis-ljóðasafn, er birt hefir verið á íslenzkri tungu. — Þessi mannpersóna sendir mér tóninn, og er glöður mjög. Ekki mótmælir hann þó neinu af því, sem í grein minni stóð, frekar en þrimenningarnir í Hkr. Þykist nera mér sammála viða. En meirihluti greinar hans er um málvillur í Hkr. og tuddalegar aðdróttanir til ritstjóra hennar. — Hvað málinu á Hkr. viðvíkur, þá kemur það ekki hót því málefni við, er til umræðu var. Og það verð ég að segja Sigfúsi, að þó málinu á Hkr. sé stund um ábótavant, þá er það þó gull hjá því, er var á endemis blaðsneplinum hans "20. öldinni". Blaðsnepill sá var sú mesta hörmungar-útgáfa af blaði, sem á þrykk hefir útgengið, hvort heldur austan hafs eða vestan, og málvillur voru þar svo krökt, að það tæki upp marga dálka af Hkr. að tina þær til. Á einum stað í "Öldinni" stendur meðal annars: "aðal-plankinn í stefnuskrá hans er". Hefir nokkur nokkru sinni heyrt talað um "planka" í slíkri merkingu á voru máli? Ég held trauðla. — Ég vil gefa herra Sigfúsi það heilræði, að hreinsa fyrst fyrir sinum eigin dyrum, áður en hann ræðst á aðra, sem þúsundfalt minni ástæðu hafa til umbóta. — Að öðru leyti leiði ég hest minn frá herra Sigfúsi, því alt, sem í greinarstúf hans stóð, fór fyrir ofan garð og neðan, og snertir mig að engu.

Auk þessara fjögra stórgripa hafa margir aðrir leirbusar verið að senda mér smáhnútur, en við þá nenni ég hvergi að fást. Hitt varðar mestu, að almenningur virðist hafa tekið grein minni þakksamlega, því mörg bréf hafa mér borist, sem lýsa velþóknun á henni. Sumir hafa fundið að því, að ég ekki tilfærði sýnishorn af kveðskap sumra þessara leirskálda — en ástæðan fyrir því var rúmleysi, því ekki vantaði það, að ekki væru birgðirnar nógar. Ég set hér því fá sýnishorn gripin af handahófi: —

Guðmundur Pétursson byrjar "Draumsjón" sina þannig:

"Einum morgni á það var
út ég gjörði reika,
fagurt loftið fann ég þar,
mér fylgdi trú min veika,
því kvöldi áður kom það að
mig kunni kindur vanta,
leita þeirra lundin bað
lika veðrið bjarta".

Hvernig list guðhræddum lesurum og góðum á önnur eins býsn? Og alt kverið er eftir þessu. Mikill blessaður andans aumingi hlýtur höfundurinn að vera!

A. St. Johnson kveður í "Nýgræðingi":

"Bára blá
blíð er stundum mikið vel,
þitt er riki Ránarhvel,
bára blá
brunar áfram ofsareið
stutta eða langa leið".

Jóhannes Stefánsson kvað:

"Og svo kom sumarsins endi
og silfur lit frosthrimið gaf
og haustið með ómjúkri hendi
hristi blöð rósinni af".

Skaði, að síðasta visuorðið gat ekki einnig byrjað á og. —

Sveinn Simonarson kveður um Wilhelminu Hollandsdrottningu.

"Vilhelmina í mærðartón
má þér sýna bragaþjón.
Hollands skin á heiðurstrón
hringalina björt að sjón".

Mundi ekki einhver vilja verða til þess, að snú visu-skömminni á hollenzku, svo drotningunni gæfist tækifæri til að kynnast andagift Sveins?

Sigfús B. Benedictsson kvað:

"Kirkjan, sú siðleysis krá,
knæpanna, lausungar móðir,
andhælis öðru hér snýr,
upp dubbuð hýðingar norn".

Öllu svivirðilegri leir en stöku þessa, mun trauðla að finna hjá nokkurri þjóð, og mundi höf. hennar fyr á árum hafa verið kaghýddur og settur í gapastokk fyrir tilræðið; en nú er hann að eins settur í gapastokk almenningsálitsins, og þaðan mun hann seint losna.

Fleiri dæmi ætla ég ekki að tilfæra að sinni. Ég vona, að almenningur sjái af þessum fyllilega, að ekki hafi verið ástæðulaust að ég réðist á leirskáldin. Þau hafa verið og eru og munu verða, ef þau ekki sjá sóma sinn og hætta, — hinum vestur-íslenzka þjóðflokk til vanvirðu og skygt yfir alt nýtilegt í bókaheimi vorum.

Gunnl. Tr. Jónsson

Meinlaust svar til S. J. A.

[Frá Jóni Einarssyni]

"þökk sé þér góðgjörð" Mr. S. J. Austmann fyrir ofanigjöf þina til min i Hkr. af 23. b.m. (marz). Þú hefir fyr vitað betur en ég um ýms efni, og ert vis til hins sama framvegis. Hér á við, að ég taki mér i munn Winnipeg norrænu og segi: Þú ert réttur, — ég er rangur! Jú, ég sá yfirsjón mina sjálfur i þessu gandreiðarmáli rétt þegar ég hafði sent ávarp mitt til þin. Mér var sem sé send din nýja forn-islenzka orðabók Zoega, og leitaði ég þá strax að gögnum fyrir staðhæfingu minni, sem auðvitað feldu hugmynd mina að vörmu spori. Ég brá því við og skrifaði bragarbót, og bað ritstjóra Hkr., þig og alla, sem nokkurntíma höfðu lesið eða myndu lesa blaðið, afsökunar á fljótræði minu. En þá kom leiðrétting þin út eins og nokkurskonar vörn gegn því, að ég bæði afsökunar, svo ég að eins læt þessa alls getið núna, vegna þess, að ég álit að hver maður, sem i blað ritar, ætti ætíð að leiðrétta það, sem hann kann að hafa farið ranglega með, undireins og hann sér eða skilur þá skekkju, og álit ég það minni vansa en að þegja og láta vitleysu sina standa.

Ég kveð þig því, Austmann minn, i sama bróðerni og vant er, nema betur sé, og tek mér i Bessalevfi sem ósk til þin þenna visupart, úr eftirmælum frá einu "skáldinu" okkar, eftir mann, sem hann (framar i kvæðinu) kveður dauðann hafa drepið niðri i jörðinni, — þar segir svo: "Hvíldu rótt, skært og blitt i heiði við skin og skjól". Eg finn, að það er fögur hugsun i þessu stefi, en ekki skil ég vitundar-ögn i henni samt. Þetta er svo dult kveðið óhræsi.

"JÓN JÓNSSON, járnsmiður, að 790 Notre Dame Ave. (horni Toronto St.) gerir við alls konar katla, könnur, potta og pönnur fyrir konur, og brýnir hnífa og skerpir sagir fyrir karlmenn. — Alt vel af hendi leyst fyrir litla ...

Herra Jón Hólm, gullsmiður að 770 Simcoe St., biður þess getið, að hann selji löndum sinum gull- og silfur-muni og gigtarbelti. — Beltí þessi eru óbrigðul við gigt, ef þau eru notuð samkvæmt fyrirskipunum Jóns. Kosta að eins dollar og kvart.

130 mílur frá Saskatoon

KINDERSLEY

Er hin fyrsta skiftistöð á Goose Lake viðaukabrautinni

Við Canadian Northern Járnbrautina

KINDERSLEY

HEFIR NÚ ÞEGAR

2 Banka, 3 Harðvöru búðir, 7 General búðir, 3 verkfœraútibú, 3 Lumber Yards, 2 Hotel, og tvö í byggingu, 1 aktýgjaverkstæði, 2 lyfjabúðir, 1 Gullstássbúð, 1 blað.

Aðeins nýlega á markaðnum

Kaupið Nú

KINDERSLEY

Minna en ársgömul hefir þegar

1,000

íbúa. Bær þessi er úthlutunar miðstöð, og skiftistöð. Borg í vændum.

Nokkrar lóðir eru til sölu á aðalstræti fyrir $150 hver lóð. Seljast með sömu skilmálum og hinar.



Myndin hér að ofan sýnir hinar miklu framfarir, sem KINDERSLEY hefir tekið. — Sporöskju lagaða myndin sýnir bæinn 5. okt. 1909, en aðalmyndin Kindersley 5. júlí 1910, níu mánuðum síðar.

Vissasti vegurinn að græða peninga í hasti, er að verja peningum sínum í borgar lóðir, þegar bærinn er ungur.

Verzlun er í blómi í Kindersley, byggingar rísa up óðfluga; Canadian Northern félagið hefir fundi sig knúð að byggja níu lestakvíjar í viðbót, svo nú eru þær 18. Alt flýgur áfram með sumrinu. Kaupið áður og náið í ágóðann.

Vér erum sannfærðir um að þetta eru þau beztu kaup sem er að gera í "vestrinu" þar sem það er augljóst, að það verður þeim til stórgróða sem kaupa snemma.

Sjáið hinn mikla vöxt!

Fólksfjöldi í Kindersley

1909	1
1910	300
1911	1,000

Látið dómsgreind yðar ráða. KAUPIÐ NÚ

Lóðir þœr sem við erum að selja eru í beina stefnu frá miðstöð bæjarins, og hafa verið keyptar af kaupmönnum bæjarins.

AFSALSBRÉF GEFIÐ MEÐ HVERJUM KAUPUM.

Verð lóðanna er $100 með vægum borgunar skilmálum. $20 niður og $10 mánaðarlega. Engir vextir. Umboðssalar óskast í öllum héruðum.

Skrifið eða símið eftir geymslu lóða og við munum láta yður fá þær beztu fáanlegar. Ef þér viljið græða peninga KAUPIÐ ÁN TAFAR.

K. K. ALBERT, Special Agent, 708 McArthur Building, Winnipeg

Pöntunar eyðublað

K. K. ALBERT, P. O. Box 56
Umboðssali.

Lóðir BALMORAL PLACE, Kinderley, Sask.

Fullt nafn .....

P. O. Áritun .....

Staða .....

Lóðir ..... *Block* .....

Útborgun .....

Skilmálar .....

Eg samþykki að kaupa ofanskráða lóð eða lóðir, fyrir verð það og skilmála tilgreinda.

K. K. ALBERT, Umboðssali

THE ALLIANCE LAND & INVESTMENT C O., LIMITED
St. John's Block, 984 Main St., Winnipeg, Man.

THE ALLIANCE LAND & INVESTMENT CO., LTD

St John's Block, 984 Main Street Winnipeg, Manitoba

Heimskringla

Published every Thursday by The Heimskringla News & Publishing Co. Ltd

Verð blaðsins í Canada og Bandar. $1.00 um árið (fyrir fram borgað).
Sent til Íslands $1.50 (fyrir fram borgað af kaupendum blaðsins hérlendis $1.50.)

B. L. BALDWINSON
Editor & Manager

Office:
729 Sherbrooke Street, Winnipeg
BOX 3083. Talsími Garry 4110.

Jón Sigurðsson.

Um síðustu helgi var sjóðurinn til minnisvarða Jóns Sigurðssonar orðinn $2,333.50. Vantar því enn þá $366.50, og að auki um $20.00, svo vel sé, eða alls um $385.00, því óhjákvæmilegt hefir orðið að leggja í nokkurn kostnað, svo sem prentun, sem ætlað er að verði um $20.00, frímerki $6.00 og bók og ritfóng $4.00, eða því sem næst. — Samskotanefndin hér hefir forðast allan aukakostnað, svo sem henni hefir verið mögulegt. Þeir læknarnir Björnson og Brandson hafa lánað skrifstofur sínar fyrir nefndarfundi algerlega ókeypis. Blöðin *Lögberg* og Heimskringla hafa gert allar auglýsingar ókeypis. Skapti B. Brynjólfsson féhirðir og séra Guðmundur Árnason ritari hafa gert öll sín störf ókeypis, og þeir hafa haft meiri störf en nokkur annara nefndarmanna.

Nefndin finnur til þess, að landar vorir í hinum ýmsu bygðum hér vestra hafa látið sómasamlega til sín taka í máli þessu, en engir þó betur en þeir, sem búa í Gimli kjördæmi og er það Heimskringlu sérstakt gleðiefni. Nefndinni finst, að landar vorir í Winnipeg hafi ekki sint þessu samskotamáli eins almennt og æskilegt hefði verið að þeir gerðu. Þess vegna gerðu prestarnir þrir, Dr. Jón Bjarnason, Fr. J. Bergmann og Guðmundur Árnason, í kirkjum sínum á sunnudaginn var, þá beiðni til áheyrenda sinna, og báðu þá að bera þá beiðni út á meðal landa vorra hér í borg, að Winnipeg Íslendingar tefji ekki lengur að leggja sín tillög í sjóðinn.

Það, sem nú vantar á nauðsynlega upphæð, ætti hæglega að hafast saman hér í borg, með því, sem ennþá má ætla að berist utan úr bygðum landa vorra. Og nefndin treystir löndum vorum hér til þess, að bregða nú við og senda tillög sín til féhirðis, herra S. B. Brynjólfssonar, 623 Agnes St., fyrir lok þessa mánaðar. Ef gjafirnar frá þeim Winnipeg búum, sem ennþá hafa ekki gefið, jafna sig upp í 25c á mann, þá mundi upphæðin fást. — Nefndin vill helzt geta komist hjá, að þurfa að gera út menn til þess, að húsvitja í borginni, til þess að safna því, sem nú vantar á tíu þúsund króna upphæðina, af því það mundi hafa kostnað í för með sér, sem æskilegt væri að komast hjá. — Þess vegna vonar nefndin og biður, að Winnipeg Íslendingar gefi fljótt og riflega, þar til upphæðin er fengin.

Járnbrautarmál.

B. L. Baldwinson,

Heiðraði vin. — Ég skrifa þér fáar línur í fjúkandi hræði minni. Ekki í bræði við þig persónulega, heldur til þess stjórnarflokks, sem við báðir tilheyrum, — Manitoba stjórnarinnar, út af því, sem einn af vinum Manitoba fylkis féhirðisins sagði mér nýskeð eftir honum, — að það muni verða seint, sem Manitoba stjórn veiti styrk til að það verði lögð járnbraut frá Gimli norður að Íslendingafljótá.— Ég veit, að það er á móti reglugerð þessarar stjórnar, að styrkja járnbrautafélög til að byggja járnbrautir sínar, en úr því C.P.R. félagið er svo svívirðilega nánasarlegt, að það getur ekki bygt þennan brautarspotta án þess að fylkið hjálpi því til, þá sýnist mér það ekki nema smámunasemi af fylkisstjórninni AÐ NEITA OKKUR UM ÞESSA LITLU UPPHÆÐ. Og ef það reynist svo, þá skal ég ekki fylgja þeim að málum framar við kosningar; — og meira: ég skal spilla fyrir þeim alt sem ég get, og það gengur mér vel, því fjöldinn af mönnum á bessu svæði sjá, hvernig með okkur er farið,— eins og aumustu skrælingja. Við erum nöllaðir hér inni og útilokaðir frá öllum lífsþægindum og litilsvirtir í orði og verki, — nema litillega í orði rétt fyrir kosningar. Við erum búnir að senda marga hópa af mönnum upp að veldisstól þessarar stjórnar, að beiðast réttlátrar hjálpar, og höfum enn ekki fengið bænheyrslu, — þá er min þolinmæði þrotin. — Það er ekki svo mikið, að við hérna með vatnsströndinni höfum nokkur reglubundin flutningstæki á vatninu á sumrin. Ef við þurfum fljótlega upp til bæja, þá verðum við — margir af okkur — að fara af stað gangandi.

Þetta er orðið lengra en ég ætlaði, þegar ég byrjaði, vinur minn. Ég veit, að þú hjálpar okkur alt sem þú getur, en ég skil hvernig það er, að stangast við steininn, þar sem auðurinn og völdin eru.— Þín vegna þykir mér slæmt, að snúast á móti flokknum, en ég er ekki ánægður með einn réttlátan. Hann má sín ekkert á móti óréttláta fjöldanum, sem ekkert vilja gera fyrir fátæktina, bara kúga og sjúga og kýla sína vömb.

Virðingarfylst.

Geðvondur að norðan.

• • •

ATHUGASEMD.

Það hefði verið rangt, að neita "Geðvondum" um rúm í blaðinu, til þess að viðra þar hugarfar sitt og röktærslu hæfileika.

Ekki lái ég honum eða öðrum þar nyrðra, þó þeim þyki sárt að búa lengur við járnbrautarleysið. Vöntun þeirra samgöngu og flutningsfæra er hverju héraði þeim mun tilfinnanlegri, sem þörfin fyrir þau eykst, það munu allir játa. En hitt lái ég manninum, að hann hefir leyft geðvonsku sinni svo lausan taum, að hún hefir varpað blæju æsinga og óskammfeilni yfir sanngirnina og sannleiksástæðurnar, sem umræður um þetta mál þurfa að byggjast á. Járnbrautarmálið, eða málið um það, með hverjum helzt ráðum hægt verði að koma því í framkvæmd, að járnbraut fáist lögð frá Gimli bæ norður með vatnsströndinni, alt norður að Riverton bæ, er tvímælalaust landmesta áhuga og velferðarmál, sem nú er á dagskrá þar nyrðra. Og einmitt vegna þess, hve málið er örðugt á aðra hlið og mikilsvarandi á hina, þá er það afar nauðsynlegt, að það sé rætt með stillingu og rósamri yfirvegun, og að við það sé beitt vitsmunalegum röksemdum, í stað gifuryrða og heitinga.

Þó játar "Geðvondur" að hann viti, að það sé á móti reglugerð þessarar stjórnar — núverandi fylkisstjórnar — að styrkja járnbrautafélög með peningastyrk. — Þetta er rétt mælt hjá honum. Conservative flokkurinn var kosinn til valda hér í fylkinu á því loforði hans meðal annars, að borga ekki peningastyrk til járnbrautafélaga, heldur að hlynna að lagning járnbrauta með því, að ábyrgjast vexti af skuldabréfum félaganna fyrir lagningu slíkra járnbrauta. Af þessu leiðir, að það væri brigðmælgi við fylkisbúa og brot á stefnuskrá flokksins, að ausa út fé fylkisins í þessu augnamiði. Með þessu fyrirkomulagi hefir Roblin stjórnin fengið lagðar langt yfir þúsund milur af járnbrautum hér í fylkinu viðsvegar, á því tíu ára timabili, sem hún hefir setið að völdum, til ómetanlegra hagsmuna fyrir þjóðheildina.

Um þær járnbrautir, sem voru hér í fylkinu áður en Roblin stjórnin kom til valda, þarf ekki að ræða, því að þær koma máli þessu ekki við. Hitt er að athuga: Hvort Roblin stjórnin hefir sýnt Gimli kjördæminu sanngirni með því að beita áhrifum sínum og ábyrgðum til þess að fá brautir lagðar innan takmarka þess, til jafns við önnur kjördæmi í fylkinu. Þetta má skoða frá þrennu sjónarmiði, með því að athuga, hvort kjördæmið hefir verið látið njóta jafnréttis: 1) í tiltölu við kjördæmatölu fylkisins, 2) í tiltölu við íbúatölu kjördæmisins, borið saman við meðaltal í öðrum kjördæmum þess, og 3) í tiltölu við víðáttu þess, sem er einn áttundi hluti fylkisins.

Innan takmarka fylkisins hefir Roblin stjórnin fengið bygðar 1290 milur af járnbrautum, undir ábyrgðarfyrirkomulaginu, og einnig beitt áhrifum sínum til þess, að aðrar brautir yrðu bygðar, án þess að ganga þar í ábyrgð eða veita peningalegan styrk.

Í full 26 ár höfðu Íslendingar búið í Gimli kjördæminu, áður en Roblin kom til valda, og á öllu því timabili hafði ekki svo mikið sem einn einasti þumlungur af járnbraut verið bygður í kjördæminu. Engin stjórn, sem áður var, hafði tekið hið allra minsta tillit til óska eða þarfa íbúanna að þessu leyti. En ekki hafði Roblin fyr náð völdum, en hann fór að starfa að því, að fá járnbraut lagða í kjördæminu. Nú eru í því kjördæmi, ef ég tel rétt, yfir 150 milur af járnbrautum. Sé nú miðað við kjördæmatölu fylkisins, þá ætti Gimli að hafa fengið einn fertugasta og fyrsta hluta af 1290, eða 31½ mílu.— Sé miðað við íbúatölu kjördæmisins, eins og hún hefir verið alt fram, að síðustu árum, í samanburði við meðaltal hinna 40 kjördæma, þá verður sama niðurstaðan, — sú, að Gimli kjördæmið hafi fengið miklu meira en sinn tiltölulega 41. hluta af lögðum milnafjöldanum.— En sé miðað við víðáttu kjördæmisins, sem er áttundi hluti alls fylkisins, og Gimli kjördæmi ætlur ⅛ hluti alls milnafjöldans, þá hefði kjördæmið átt að fá 161 milu af járnbrautum, í stað 150, sem það nú hefir. Það skortir því 11 milur á, að það hafi náð áttunda hlutanum af milnatalinu eins og nú stendur. En nýleva hefir þó verið samið um brautarlagningu innan kjördæmisins, frá Gypsumville norður, svo að við lok yfirstandandi árs verður Gimli kjördæmið búið að fá talsvert meira en sinn tiltölulega hluta af milnatalinu. og við það verður þó bætt á næsta ári umfram það, sem vitanlegt er, að önnur kjördæmi fái.

Roblin eða stjórn hans verður því ekki með sanni borið það á brýn, að hann hafi afskift Gimli kjördæmið í járnbrauta ráðsmensku sinni, eða vanrækt skyldu sina gagnvart því. Þvert á móti hefir hann jafnan síðan hann kom til valda sýnt kjördæminu alla þá sanngirni og velvilja, sem væntá hefir mátt. — Ég er ekki algerlega ókunnugur hugarfari herra Roblins til Gimli kjördæmisins yfirleitt, og til þeirra, sem búa í Gimli og Bifröst sveitum sérstaklega, og ég hika ekki við að segja, að hann beri fult eins hlýjan hug til þeirra og til nokkurra annara íbúa fylkisins. Stjórn hans hefir síðan hann kom til valda, lagt stórum meira til vegagerða íGimli kjördæminu — miðað við það, sem íbúarnir þar hafa sjálfir viljað leggja af mörkum til þeirra þarfa —, heldur enn til nokkurs annars kjördæmis í fylkinu. Og á síðastliðnu ári fékk Gimli kjördæmið til framræzlu og vegaferðe yfir 13 þúund dollars af fylkisfé. Ekkert annað kjördæmi fékk nándar nærri eins mikla styrkveitingu. — Og nú á yfirstandandi tima er verið að vinna að því, að leggja talþráð norður eftir allri nýlendu Íslendinga á vesturströnd Winnipeg vatns, alt norður að Riverton bæ til þess að mæta óskum og sinna þörfum íbúanna á því svæði öllu. Áætlaður kostnaður við þá línu er 9 þúsund dollars. En inntektavonir ennþá ekki svo, að trygging sé fyrir því, að bráðurinn borgi starfs og viðhalds kostnað, og því síður vexti af innstæðufénu. Samt hefir Roblin stjórnin látið leggja í þennan kostnað, af velvild til íbúanna á þessu svæði, og í þeirri von, að þeir styðji einhuga að því, að fyrirtækið beri sig mjög bráðlega. Á næstu árum er liklegt, að talþræðir verði lagðir um vesturhluta kjördæmisins, ef íbúarnir þar krefjast þess.

"Geðvondur" er nú vís til að segja, að alt þetta komi járnbrautarmálinu ekkert við, og má það satt vera. En ég hefi getið þessa hér til þess að sýna, að Roblin stjórnin er ekki eins óvinveitt honum og sveitungum hans, eins og ókunnugur lesari gæti ætlað af bréfi hans að dæma.

En svo ég snúi þá aftur að járnbrautamálinu, eða því atriði þess, sem sérstaklega snertir svæðið frá Gimli til Íslendingafljóts, meðfram vatninu, — þá hefir herra Roblin sýnt það þráfaldlega, að hann er við því búinn, að veita stuðning til þess að sú braut fáist lögð, — eins og nú skal sýnt: Það var laust fyrir þingkosningarnar 1907, að tveir áhrifamiklir bændur frá Nýja Íslandi — Gunnsteinn Eyjólfsson við Íslendingafljót og Sigurður Sigurbjörnsson í Árnesi — komu hingað til Winnipeg til að vinna að því, að Roblin stjórnin veitti styrk til framlengingar járnbrautarinnar frá Gimli norður að Fljótinu. Ég fór með þeim til herra Roblins og bað hann að brevta frá ákveðinni stefnu sinni í járnbrautamálum með því að greiða C.P.R. félaginu $1.750.00 á hverja milu frá Gimli norður, alls 25 milur, eða samtals $43,750.00, og herra Roblin lofaði þá að gera þetta með því skilyrði, að Dominion stjórnin legði til vanalegan styrk, $3,200.00 á miluna, og að C. P. R. félagið vildi lofa að byggja brautina með þessum tvöfalda styrk frá báðum stjórnum. Hvert hraðskeytið eftir annað var sent til herra Jacksons, rikisþingsmanns kjördæmisins, og hann beðinn að fá loforð járnbrautaráðgjafans um þetta ákveðna rikisstjórnar tillag. En svör hans öll voru þannig vaxin, að þau voru báðum Nýja Íslands mönnunum vonbrigði, og þeir fóru heim aftur algerlega loforðalausir að austan. En Roblin stjórnar styrkveitingin var ákveðið loforð, og ráðsmaður C. P. R. félagsins hér lofaði að byggja brautina, svo framarlega sem félagið fengi styrkinn frá báðum stjórnunum. — Ég þóttist nú í þessu máli hafa unnið stórmikið fyrir bygðarlagið. Svo komu kosningarnar, og mér til mestu undrunar unnu þá báðir mennirnir, sem hingað höfðu komið og fengið þetta styrkveitingarloforð hjá herra Roblin, svo sem þeir frekast máttu að því, að kalla mig við kosningarnar. Þeir duldu það enganveginn, að þeir væru stranglega andvígir stefnu Roblin stjórnarinnar, og að þeir vildu hafa hana frá völdum hið allra bráðasta. Afleiðingin varð sú, að enginn umsækjandi hefir nokkru sinni verið ver leikinn við kosningar, en ég varð í það skifti, einmitt á þessu sama svæði, frá Gimli norður að Fljóti, að meðtöldum kjörstað við Fljótið. — Herra Roblin leit svo á, að kjósendurnir á þessu svæði hefðu sýnt það greinilega, að þeir aðhyltust ekki stefnu hans, og af þeirri ástæðu dró hann loforð sitt um peninga-styrkveitingu til járnbrautar norður um héraðið — til baka, og við það situr. Af einskærri velvild til íbúanna á þessu svæði hafði hann fyrir þrábeiðni mína leiðst til að hverfa frá auglýstri stefnu sinni, og að gera sérstaka undantekning fyrir þetta fólk norður með vatninu; — og satt að segja hélt ég, að fólkið, eftir að hafa búið þarna, þá í fullan fjórðung aldar, afskekt og útilokað, mundi kunna að meta velvilja stjórnarinnar, svo að það mundi fylgja henni að málum við þær kosningar. En það varð ekki. Ég held því fram, að brautin norðör væri þá algerlega trygð norður væri þá algerlega trygð þeim einum að kenna, og engum öðrum, að hún er ekki komin norður að Fljótinu.

Það situr því illa á "Geðvondum", að kenna Roblin stjórninni um ástandið eins og það nú er. Miklu réttara væri, að hann léti sök sína skella þar sem hún á heima. — En síðan þetta skeði hefi ég verið heyrnarvottur að því að herra Roblin hefir boðið C. P. R. félaginu, að ábyrgjast skuldabréf þess á þeirri upphæð, sem það verði til brautarlagningar frá Gimli til Riverton, til þess það skyldi ekki geta haft þá ástæðu fyrir neituninni, að ekki fengjust vextir af því fé, sem til þeirrar brautar gengi. Herra Roblin hefir því lagt fram sömu áhrifin og sama fiárstyrks loforð til liðs á oftnefndu svæði, sem hann hefir lagt til nokkurs annars hluta fylkisins. Að þau tilboð hans hafa ekki komið að sömu notum fyrir það hérað, sem hin önnur, á rót sína að rekja til orsaka, sem ég vil gjarnan geta komist hjá að rita um. — En til frekari áréttingar vil ég taka það fram, að Roblin stjórnin neitaði Ný-Íslendingum EKKI um "þessa litlu upphæð", sem ég nefndi hér að framan, heldur neituðu þeir með atkvæðum sínum að þiggja hana, þegar þeir áttu hennar kost.— og um það er ekki rétt að kenna herra Roblin eða stjórn hans.

Hvort herra Roblin kann í framtíðinni að verða fáanlegur til þess að veita peningalegan styrk til brautarinnar, læt ég alveg ósagt, enda kemur það ekkert við því, sem liðið er.

Ekki má "Geðvondur" ásaka herra Roblin eða stjórn hans um það, að hann og sveitungar hans eru þar settir, sem þeir nú eru. Roblin átti enga hlutdeild í landnámi Nýja Íslands, og þær framfarir, sem þar eru orðnar, hafa aðallega orðið þar síðan hann kom til valda. Nú liggur járnbraut eftir endilangri bvæðinni, alt norður að Fljóti, og tvær eftir henni sunnan til. Þeir, sem lengst eru frá járnbraut meðfram vatninu, milli Gimli og Riverton, eru 12 milur frá henni, — ekki lengra en svo, að þeir geti farið að heimman og heim aftur á dag. Fólk er víða lakar sett í þessu fylki, enn Ný-Íslendingar eru, og ekki mega þeir hyggja á umbætur á hagsmunum sínum, eða ætla sér að trvggja sér velvild og virðingu annara með slikum gifurvrðum og heitingum, eins og "Geðvondur beitir í bréfi sínu. Enginn á nokkura heimtingu á því, að hann fylgi Roblin stjórninni að málum lengur en honum sjálfum þóknast. En allir menn eiga heimtingu á því, að hann beiti meiri réttsýni og sanngirni í umræðum um jafnalvarlegt og þýðingarmikið velferðarmál, en hann hefir gert í þessu bréfi.

Persónulega get ég sagt það, að ég er ennþá enganveginn vonlaus um, að takast megi að fá brautina lagða norður með vatninu. En hins vegar veit ég, að það vinst aldrei með þeirri aðferð, sem "Geðvondur" notar, — staðlaus um ákærum og heitingum.

Ef til vill væri ekki úr vegi, að spyrja bréfritarann, hvað hann sjálfur hafi starfað, í þann aldarfjórðung, sem hann hefir dvalið þar í sveit, til þess að hrinda máli þessu í æskilegt horf; og ef til vill væri ekki vanþörf á, að benda honum á, að eins fljótt og hægt er að sýna viðlika starfsemi íbúanna á nefndu svæði eins og sýnd er í öðrum héruðum fylkisins, þar sem járnbrautir liggja, — eins fljótt mun hann sjá járnbraut frá Gimli til Riverton.

B. L. Baldwinson

"American-Scandinavian"

félagið hefir nú verið starfandi í tvö ár, og þar sem ég hefi ekki séð þess getið í íslenzku blöðunum, datt mér í hug, að stútt ágrip af starfi þess væri þess virði að birtast í Heimskringlu.

Um síðastliðin áratug, eða þar um bil, hefir það verið venja hinna ýmsu háskóla í Bandarikjunum og á Þýzkalandi, að skiftast á um einn kennara hver á ári. Þannig hafa Harvard, Sale, Columbia og fleiri skólar sent, ár hvert, einn af kennurum sínum til Þýzkalands til að flytja fyrirlestra þar við hina ýmsu háskóla, og aftur á móti hafa fengið sinn kennaranh hver frá þýzku háskólunum. Báðar þjóðirnar hafa kosið til þessa starfa að eins menn, sem voru nafnkendir fyrir starf sitt í þarfir mentunar og fróðleiks. Þessi býtti hafa nú þegar haft viðtækar afleiðingar, sem munu koma æ betur og betur í ljós með ári hverju. Mentamenn þessara þjóða eru að kynnast hver öðrum, að kynnast verki hvers annars og læra að starfa í sameining í þarfir mentunar og aukinnar þekkingar. Þeir eru að kynnast skólafyrirkomulagi hver annars og geta því betur séð gallana heima hjá sér. Þjóðirnar eru að læra að skilja hver aðra, og eru að tengjast nýjum vinaböndum, svo að ófriður milli þeirra er miklu ólíklegri en áður. Þetta getur því verið spor í áttina til alheimsfriðar, þar sem tvær svo voldugar þjóðir eiga hlut að máli. Nýlega voru samningar gerðir um að leifa, á ári hverju, nokkrum nemendum frá Bandarikjunum frían aðgang að þýzkum háskólum gegn því, að þýzkir nemendur hefði sömu hlunnindi við háskóla Bandarikjanna. Þetta er eitt spor lengra í sömu áttina og hefir vafalaust mjög heillasamlegan árangur fyrir báðar þjóðirnar.

En það er viðvikjandi starfi "American-Scandinavian" félagsins, í þá átt, að koma á fót samskonar fyrirkomulagi milli skandinavisku landanna og Ameriku, sem ég byrjaði að skrifa. Árið 1907 hófu nokkrir menn í New York fyrst máls á því, að ákjósanlegt væri að háskólarnir í Bandarikjunum og í skandinavisku löndunum skiftust á um kennara. Tveir Danir, Professor Carl Lorentzen kennari við New York háskólann og Niels Paulson forseti hins mikla járnfélags "Hesla Iron Works", og einn Bandaríkjumaður séra Frederick Lynch, aðstoðar-ritstjóri "Christian Work", stóðu fyrir málinu. Danir í Bandaríkjunum tóku vel í þetta, og skutu saman fé til þess að hægt væri að borga kostnað þann, sem því fylgdi að fá tvo Bandaríkjamenn, Butler forseta Columbia háskólans í New York og MacCracken fyrverandi formann New York háskólans til að flytja fyrirlestra við háskólann í Kaupmannahöfn.

Þegar hér var komið, hugsuðu málsheíjendur sér að málefnið ætti einnig að varða Noreg og Svíþjóð, og með samvinnu norskra og svenskra manna í Bandaríkjunum var því ráðstafað svo, að Butler og MacCracken fluttu einnig fyrirlestra við háskóla Svía og Norðmanna. Hugmyndinni var mjög vel tekið meðal hlutaðeigandi mentamanna. Allir viðurkendu, að nánara samband myndi til mikils gagns öllum löndunum. Það þyrfti því að eins framkvæmdarnefnd til að standa fyrir málinu. Nokkrir kennarar frá hinum ýmsu háskólum Bandaríkjanna, og nokkrir Danir, Svíar og Norðmenn, sem höfðu áhuga fyrir þessu máli mættu á fundi í New York, og stofnsettu "American-Scandinavian" félagið. Félagið telur nú sem meðlimi sína marga af helztu mentamönnum Bandaríkjanna, svo sem N. M. Butler forseta Columbia háskólans, séra Lyman Abbott, Charles W. Eliot fyrverandi forseta Harvard háskólans, fyrverandi forseta Roosevelt, fyrverandi ríkisstjóra Hughes frá New York, Andrew Carnegie, o. s. frv., ásamt fjölda Skandinava. Dönsku, norsku og svensku háskólarnir hafa nefndir, sem vinna sameiginlega með félaginu. Skifti (exchange) kennara á milli sumra háskóla Bandarikjanna og Norðurlanda eru nú komin á fastan fót.

En það er önnur hlið á starfi félagsins, sem líkindi eru til að beri enn meiri ávöxt. Fyrir tveim árum síðan ritaði hr. Niels Paulson til forseta félagsins og mælti með að félagið tæki það á dagskrá sína, að hjálpa skandinaviskum nemendum til að ganga á æðri skóla Bandarikjanna, og lofaði hann að styrkja þá hugmynd alt sem hann gæti. Þann 31. janúar 1910 gaf hann félaginu eitt hundrað þúsund dollars ($100,000.00) í ábyrgðabréfum, sem gefa af sér 5 prósent, með því skilyrði, að að minsta kosti helming af rentunum, sem nema fimm þúsund dollars á ári, skyldi varið til þess að styrkja Skandinava til náms á háskólum Bandarikjanna, og hérlenda nemendur til náms á háskólum Norðurlanda. Þó hr. Paulson sé danskur að ætt, þá lagði hann svo fyrir að fénu skyldi jafnt varið til styrktar svenskum og norskum nemendum sem dönskum.

Ennfremur fyrir starf félagsins hafa ýmsir háskólar í Bandarikjunum samþykt að gefa nemendum frá Norðurlöndum frían aðgang að kenslu. Meðal þeirra er Harvard, Columbia, Massachusetts Institute of Technology og Carnegie Technical Schools. Þannig tekur Harvard háskólinn, á ári hverju, þrjá nemendur fritt frá skandinavisku löndunum. Sömuleiðis hinir aðrir skólar, sem hlunnindin veita. — Hingað til hafa ekki eins margir og geta hlotið þau sótt um hlunnindi þessi. Þessir nemendur verða að hafa samþykki stjórnarinnar í landi því, er beir koma frá (Danmörk, Svíþjóð eða Noregi), og meðmæli 'American-Scandinavian' félagsins. Sem danskir þegnar eiga Íslendingar tilkall til þessara hlunninda, einnig til styrks úr Paulson's sjóðnum.

Námsstyrkur úr Paulson's sjóðnum er helzt veittur til nemenda, sem hafa lokið við háskólaprói í sínu eigin landi, eða sem hafa numið einhverja fræðigrein eins langt og hægt er við skóla þess lands, og sem vilja frekar fullkomna sig í beirri fræðigrein. Herra Paulson lagði svo fyrir, að nemendum í verklegum visindum (Technical Education) skyldi gefið fyrsta tækifæri.

Professor Carl Lorentzen, skrifari og féhirðir félagsins, hefir lofað, að ef einhver Íslendingur með nægileg mentaskilyrði sækti um styrk, skuli hann gera alt sem hann gæti til að sjá um að hann fengi styrkinn og frían aðgang að einhverjum af háskólum þeim, er þau hlunnindi gefa. Það er vonandi, að einhverjir ungir Íslendingar verði til þess, að nota sér þetta tækifæri.

Ef ég gæti orðið að liði einhverjum, sem vildi sækja um styrk þennan, væri mér mikil ánægja í því. Einnig, ef einhverjir vildu fá frekari upplýsingar viðvikjandi félaginu, skal ég gefa þeim þær bréflega. Ég vildi sjá sem flesta Íslendinga gerast meðlimi í félagi þessu og fylgjast með starfi þess. Þegar um eins áhrifamikla hreyfing er að ræða eins og þá, er þetta félag veitir forstöðu, þá megum þið Íslendingar ekki vera eftirbátar hinna annara norrænu þjóða í því, að taka þátt í, hjálpa og leiðbeina þeirri hreyfingu. Á Íslandi hefir alþingi nýlega stofnsett háskóla. Sá háskóli og nemendur frá þeim háskóla ættu að öllu leyti að fá sömu hlunnindi eins og dönsku, norsku og svensku háskólarnir eða nemendur þeirra. Og svo mun eflaust verða, ef við gerum tilkall til þess í gegn um "American-Scandinavian" félagið. Þessi hreyfing til nánara sambands Austur- og Vestur-Skandinava, er amerisk, og það er því skylda Vestur-Íslendinga, að leggja hönd á plóginn með hinum norrænu frændum sínum, og sjá um að Ísland njóti réttar sins í hlutfalli við hin önnur skandinavisku löndin.

Thorbergur Thorvaldsson
Harvard University,
Cambridge, Mass., U.S.A.

Kennara köllun.

Kennara fyrir Sleipnir skóla. — Kensla byrjar 1. maí. Umsækjendur tilgreini kaupgjald og mentastig. Tímabil kenslu 6 mánuðir.

Áritun:
S. J. EIRIKSON,
Sec'y-Treas.
Wynyard, Sask.

Mentun.

Orðið mentun er eitt af þeim orðum, sem mér virðist svo oft haft um hönd, án þess menn geri sér ljósa grein fyrir því, hvaða meining í því felst; og víst er um það, að það mun vanalega viðhaft í alt of þröngri merking; aðallega um háskólamentun eða þá menn, sem læra á hinum hærri skólum. Hinir, sem ekki hafa gengið háskólaveginn, — og þá sérstaklega þeir, sem litla eða enga skólamentun hafa fengið, — eru naumast taldir með menta-mönnunum. — Þess vegna, þegar um óskólagengin mann er að ræða, sem skarar fram úr öðrum að þekking og fyrirhyggju, er sem okkur komi það óvart; vér fyllumst undrunar og segjum: Hann er þó alveg ómentaður. En þetta er ekki rétt ályktað, því margir þeir menn, sem litla eða enga skólamentun fá, ná oft talsverðri eða jafnvel mikilli mentun, sjálfum þeim og þjóðfélaginu til gagns og sóma. Þar sem hinsvegar margir háskólamenn hafa mjög svo takmarkaða þekking, á því, sem í raun réttri er undirstaða þess, sem menning og hagsæld þjóðanna byggist á, eða að minsta kosti virðist, sem þá vanti hagsýni og dómgreind til að hagnýta lærdóm sinn, svo hann verði sjálfum þeim og öðrum að tilætluðum notum. Mentun er því ekki aðallega innifalin í því, að nema sem mest af bóklegum fróðleik; allra sízt í því, að eyða hinum dýrmæta tíma námsáranna til þess að læra úr-eltan fróðleik eða dauð tungumál, sem aldrei verða að notum í framsóknarbaráttunni, heldur í öllu því, sem leggur grund völlinn til sannrar og viðtækrar mentunar, vekur og styrkir hæfileikana, færir út hugsjónirnar og stækkar sjóndeildarhringinn og styður að fullkomnun mannsins í öllum greinum. Það er skoðun mín að yfirleitt geti mennirnir alt af mentast, meðan þeir lifa og eru heilbrigðir til sálar og líkama; að minsta kosti veit ég ekki, hvar draga skyldi línuna, þar sem segja mætti, að þeir gætu ekki mentast lengur. Það er langt frá, að ég vilji gera lítið úr háskóla-lærdómi, ég veit og viðurkenni, hve miklu hann hefir komið til leiðar, og hve hátt hann hefir hafið bjóðirnar á braut menningar og framfara; og álít því, að háskólanám eða bókmentir séu fagrar og frjóvsamar fræðigreinar á sannri mentun, þegar þeim er beint í rétta átt. Fyrir skólamentun verða menn færari til að beita hugsjóna-afli sínu rétt og skipulega að því efni sem fyrirliggur, og klæða hugmyndir sínar í liósan og fagran búning, er menn vilja birta þær öðrum í ræðum eða riti. Í skólunum geta menn lært á tiltölulega stuttum tíma, það sem kostað hefir mannkynið margra alda reynslu, umhyggju og lærdóm.

En til þess að komast sem lengst á braut þekkingar og framfara, komast sem næst því að verða göfugir og fullkomnir menn, þarf jafnframt að læra og æfa verklega mentun; því eins og það er nauðsynlegt, að auðga og efla sálargáfurnar með hugsun og lærdómi, eins er það líka áríðandi, að styrkja og æfa líkamann,með hæfilegri og hollri vinnu, leikfimi og íþróttum, svo hann verði fagur, sterkur og þróttmikill. Þá þroskast hvorttveggja í réttum hlutföllum, og þá liður mönnum bezt og komast næst fullkomnunar takmarkinu. Og þá getur líkaminn, sem er þjónn mannsandans, því betur hlýtt boðum hans og komið hugmyndunum í framkvæmd. Enda mun handvinna að meira eða minna leyti kend í flestum alþýðuskólum hins mentaða heims, sérstaklega í stórborgunum; það er álitið ekki eins nauðsynlegt uti á landsbygðinni, vegna þess að börnin þar venjast meira við líkamlega vinnu, hafa margbreyttari störf og umhugsunarefni, meiri tilbreytingar, og yfir höfuð að tala hollari áhrif en börnin í stórborgunum.

Fyrir nokkrum árum var ég á kennara-fundi, þar sem "professor" frá Winnipeg flutti fyrirlestur um handvinnu, sýndi hann fram á, hve líkamleg vinna væri nauðsynleg samhliða bókmentunum. Hann hafði með sér stóra kistu fulla af smiðisgripum eftir skóladrengi; voru sumir þeirra mesta listasmíði, og báru órækan vott um hugvit og handlægni. Hann sagði: drengirnir væru aldrei látnir hætta við nokkurt verk, fyrr en þeir hefðu lært það fullkomlega, og hann lagði mikla áherzlu á það, hve áríðandi væri að venja börnin við vandvirkni, og láta þau aldrei hætta við hálfgert verk, heldur sjá um, að alt væri sem fulfkomnast og nákvæmlega rétt, því þá myndu þau ekki vikja frá þeirri reglu á fullorðins árunum. Hafi menn ekki tækifæri eða kringumstæður til að stunda skólalærdóm og verklega mentun jafnhliða, virðist mér að verkleg mentun ætti að sitja í fyrirrúmi; því í raun réttri geta menn ekki náð góðri verklegri mentun án þess um leið að auðga og æfa anda sinn. Öll vinna, ef vel á að fara útheimtir nákvæma umhugsun og fyrirhyggju, einkanlega vinna með vélum, og þá sérilagi vélasmíðar og byggingar. Enginn vinnur verkið vel, hvort heldur það er einfalt eða margbrotið, án þess að hafa það ljóst og skýrt í huga sínum. Til dæmis: Smiðurinn þarf að hafa nákvæma hugmynd um húsið, sem hann ætlar að byggja, áður en hann byrjar á verkinu, myndin þarf að vera ljós og skýr í huga hans. Hann þarf að vita um mál og snið á hverju tré í húsgrindinni og öllu efni því tilheyrandi, og hvernig bezt og hagkvæmast er að setja það saman; svo húsið verði traust og fagurt, og að öllu leyti haganlega byggt. Alt þetta auðgar og æfir anda mannsins og færir út hugsjónirnar, og meira að segja gerir þær sjáanlegar og áþreifanlegar, og öllum auðskildari, en nokkur útlistun með ræðum eða riti. Það er andi mannsins, sem leggur út alt og smíðar, áður en hann letur líkamann, þjón sinn, koma hugmyndunum í framkvæmd, og þá um leið stjórnar hverri hans hreyfing. Það ræður að líkindum, að verkleg mentun hafi unnið meira að framförum í heiminum, en bókmentir. Hver er fyrsti vísirinn til menningar og framfara mannkynsins? Og hver er fyrsti vottur þess, að mannsandinn leysir af sér bönd vanþekkingar og fráfræði? — Það er máske ekki auðvelt, að gefa hér rétt eða ákveðið svar, en víst er það, að menning og mentun byrjaði löngu áður en nokkur bók var til, og var komin á býsna hátt stig áður en farið var að skrifa bækur. Náttúru-vísindin halda því fram, að á bernsku árum mannkynsins hafi menniirnir lifað líku lifi og dýrin. Í skógum, björgum og hellum. En fyrir hæfileika sína og yfirburði yfir dýrin, orðið þegar fram liðu tímar, drotnar þeirra. Fyrstu merkin í áttina til framfara munu vera steinvopnin og ýmsir aðrir ólagrir smiðisgripir, og fyrstu skipin að eins trjábútar. En reynslan kendi mönnunum, að með því að gera þá mjóa til enda og hola — eða hvelfda — innan, urðu þeir léttari og hraðskreiðari, og hæfilegri til flutninga. Svo hefir endurbótunum alt af verið haldið áfram, þótt lengi færi hægt fram eftir öldunum, þar til menning og mentun fór að verða greiðgengari. En aldrei hafa verið stigin önnur eins risaspor eins og á síðastliðinni og hinni nýbyrjuðu öld, eins og flestum mun kunnugt. Í stað eintrjáninganna eru nú komin hin fögru og hraðskreiðu skip af ýmsum stærðum, mörg sex til sjö hundruð feta löng. Bruna þessar fljótandi hallir yfir höfin, með þeim hraða, sem nærri jafnast við vanalega ferð járnbrautalesta, og hafa allan þann fullkomnasta útbúnað nútimans; svo á hinu ókárra, ólgandi hafi, geta menn notið flestra þeirra þæginda, sem skrauthýsi stórborganna hafa fram að bjóða. Eins hefir vopnagerð tekið svo miklum framförum — þótt slíkt sé ekki til heilla eða hagsælda — að vopn og allur hernútbúnaður, bæði á sjó og landi, er eitt hið voðalegasta eyðileggingarafl, sem hugvit mannsins hefir framleitt; er kristnum og siðuðum þjóðum alls ekki sæmandi, að færa sér slíkt í nyt, til þess að eyðileggja með því meðbræður sína, og þau mannvirki, sem kostað hafa þjóðirnar margra ára, eða alda, erfiði og útgjöld. En þessi framför í vopnagerð sýnir, engu síður en nútimans skipasmiði, hvað verkleg mentun er komin á hátt stig. Og það er ekki einungis í sambandi við það, sem þegar hefir verið tekið fram, heldur nálega í öllu, sem hugur og hönd mannsins hefir starfað að, í framfaraáttina. Endá hafa verklegar framfarir yfirleitt aldrei verið eins stórstigar eins og nú, upp á síðkastið, og er það eðlilegt; mennirnir eru alt af betur og betur að ná tökum á náttúruöflunum, þekkingin vex og margfaldast, og ein uppgötvun leiðir aðra í ljós.

)Niðurlag næst).

Manitoba Búnaðarskólinn.

Á sl. vetri hefir Manitoba búnaðarskólinn látið flytja marga fyrirlestra um endurbætta búnaðaraðferð. Þessir fyrirlestrar voru öllum ókeypis, og settir í samband við starfsemi Rockwood búnaðarfélagsins við kveldskólastörf. Fyrirlestrar þessir voru, að áliti skólastjórnarinnar, sérlega vel sóttir, og sýndu áheyrendur mesta áhuga á umræðuefnunum. Áhrifin af fyrirlestrum þessum eru auðsæust af eftirfarandi ályktun, sem Rockwood búnaðarskólinn hefir sent til Manitoba búnaðarskólans, dags. 16. marz 1911:

"Að þetta félag viðurkennir mikillega það spor, sem Manitoba búnaðarskólinn hefir stigið með því að heiðra félagið á þann hátt, að láta það halda ókeypis fyrirlestra um umbætur í búnaði, til hagsmuna bændum í þessu héraði. Vér höfum fulla ástæðu til að ætla, að fyrirlestrar þessir hafi verið vel metnir, og hafi varanleg áhrif á þá, sem heyrðu þá. Félag þetta vottar hér með þakklæti sitt skólastjóra Black og þeim öðrum, sem fluttu erindin, fyrir áhuga þeirra á þessu málefni".

Slíkir fyrirlestrar ættu að vekja áhuga bænda hér í fylkinu á búnaðarmálum, og draga athygli þeirra að starfsemi skólans.

Fréttir.

— Borgin Hunwell í Kansas, kaus 6. þ.m. kvenmann fyrir borgarstjóra. Heitir sú Mrs. Ella Willson, sem heiðurinn hrepti.

— Tyrkjastjórn er nú að láta auka herskipastól landsins til muna. Hefir enskt félag tekið að sér, að byggja fyrir stjórnina 3 stórskip, 16 þúsund smálestir hv., og 10 smærri skip. Vilja Tyrkir geta reist rönd við öðrum þjóðum á sjónum, ef til þeirra kasta kemur.

— Ríkasta stúlka í Bandarikjunum er nú talin Miss Catherine Barker í Chicago. Hún er að eins 14 ára gömul og einkaerfingi föður sins nýlátins. Arfur hennar nam 30 miljónum dollars, og er það helmingi meiri auðæfi en Miss Helen Gould, sem næst henni er talin að auðæfum, hefir yfir að ráða.

Sómi Íslands, sverð og skjöldur.

Gjafir til minnisvarða JÓNS SIGURÐSSONAR.

Frá WINNIPEG, Man.

Sigurgrímur Gíslason 50c, Mrs. Halldóra Gíslason 50c, Miss Thorey Gíslason 25c, Stefán Ingvar Gíslason 25c, Paul M. Clemens $1, Mrs. Laufey Clemens $1, Benedikt J. Benson $1, Miss Sigríður Jónsdóttir 50c, Thorsteinn Borgfjörð $1, Mrs. Guðrún Borgfjörð $1. H. I. S. Borgfjörð 75c, Th. B. Borgfjörð 75c, Miss Lára V. Borgfjörð 75c, Miss Guðrún F. Borgfjörð 75c

Frá EDINBURG, N. Dak.

Sveinn G. Northfield $1.

Frá LUNDAR.

O. Magnússon $1.

Frá COLD SPRINGS, Man.

Mrs. S. Guðmundsson 50c. Miss Anna Guðmundsson 25c, G. G. Nordal 15c.

Frá LÖGBERG, Sask.

Þorleifur Jónsson $1.

Samtals	$ 13.90
Áður auglýst ...	2,319.60
Alls innkomið...	$2,333.50

HANGIÐ-KJÖT TIL PASKANNA

Ég hefi nú fengið feiknin öll af hinu ljúffengasta og jafnframt ódýrasta HANGIKJÖTI, sem völ er á, og að góðum og gömlum siði, ættu allir Íslendingar að neyta þess um páskana. — Hangikjöt þetta er frá Ástraliu, og hefir fengið almeint lof fyrir gæði. Komið því, landar góðir, og byrgið ykkur sem fyrst. — Aðsókn verður mikil.

Einnig höfum við allar aðrar upphugsandi tegundir af matvælum, sem bæði eru girnileg til fróðleiks og góð til átu.

Alt afgreitt fljótt og vel.

G. EGGERTSON, 693 Wellington Ave. Phone Garry 2683

Með því að biðja sérlega um "T.L. CIGAR," þá ertu viss að fá ágætan vindil.

T.L. CIGAR (UNION MADE)

T.L. Western Cigar Factory
Thomas Lee, eigandi Winnipeg

Winnipeg Illustrated

heitir myndabæklingur, sem H. S. Bardal bóksali hefir gera látið, — nálega 60 bls. að stærð. Sýnir myndir af strætum, húsum, bönkum, leikhúsum, skemtigörðum, járnbrautarstöðvum, gripakvíum mótorvögnum, mótorbátum o. fl. hér í borg, einnig búgörðu umhverfis borgina; svo og aflstöðina miklu í Point-du-Bois, sem nú er nær fullgerð og ætlað er að framleiða 100 þús. hestöfl til að lýsa borgina og reka iðnvélar hér. Með hverri mynd fylgja skýringar. — Í bæklingi þessum eru og ýmsar fróðlegar skýrslur, og stutt yfirlit yfir sögu Winnipeg borgar, sem fyrir 35 árum taldi að eins eitt þúsund íbúa, en nú nær 200 þús., eða meir, ef úthverfin eru talin með. Og með heildsölu vöruverzlunum, sem nú nemur yfir 100 miljónum dollars árlega.

Bæklingurinn er prentaður á þykkan gljápappir, í snotri kápu. Kostar 50c. — Góð gjöf til vina á Íslandi.

Hvar er Sigurður

Hver, sem kann að vita um heimilisfang Sigurðar Anderssonar frá Hvassafelli í Mýrasýslu á Íslandi, sem hingað kom til lands fyrir 11 árum, er vinsamlega beðinn að tilkynna mér það.

DAVÍD GÍSSLASON,
Narrows P.O., Man.

Giftingaleyfisbréf

SELUR

Kr. Ásg. Benediktsson
424 Corydon Ave. Fortlloug.

Hefir þú borgað Heimskringlu?

Minnisvarðar úr Málmi.

Eru miklið fallegri og í öllu tilliti fullkomnari, fyrir sömu peningaupphæð, heldur en úr marmara eða granit. WHITE BRONZE minnisvarðar, búnir til af The Monumental Bronze Co., eru nú komnir í miklið meira álit en steinn. "White Bronze" heldur sínum rétta, eiginlega, ljósgráa lit öld eftir öld, þolir öll áhrif loftsins, hita og kulda — það gerir steinninn ekki, — hefir engar holur, molnar hvorki né klofnar, springur ekki, tekur ekki í sig raka eða vætu; verður ekki mosavaxið; — þetta alt gerir steinninn

Alt letur er upphleypt, steypt um leið, og getur því ekki slitnað af eða brotnað; sönnuleiðis ýms merki og myndir til prýðis (sem kaupandi velur sjálfur), — alt sett á frítt.

Mörg hundruð úr að velja af ýmsri stærð og lögun. Kosta frá fáeinum dollurum upp til þúsunda.

Spyrjið um myndir, stærð þyngd og verð á þessum minnisvörðum (bréflega eða munnlega) áður en þið kaupið stein. Allar upplýsingar góðfúslega gefnar af

J. F. Leifson,
Quill Plain, Sask

Kennara vantar

við Mary Hill skóla No. 987, í Manitoba. Sex mánaða kensla, byrjar 1. mai. Umsækjendur tiltaki mentastig, kaup og æfingu sem kennari. Sendi tilboð fyrir 15. april.

Mary Hill P.O., Man.
S. SIGFÚSSON,
Sec'y-Treas.

Sendið Heimskringlu til vina yðar á Íslandi.

Ættareinkennið.

I. KAPÍTULI.

Elma og ókunni maðurinn.

Það var á síðasta augnablikinu, að Elma kom að járnbrautarstöðinni. Hesturinn hennar hafði fælst á leiðinni ofan brekkurnar oftar en einu sinni, svo hún varð að aka hægt, og þegar hún kom hlaupandi upp á stöðvarpallinn, var lestin að því komin að fara af stað. Gamli Matthías, feiti stöðvarstjórinn, þreif undir eins í vinstri handlegg hennar og ýtti henni inn í næsta vagnklefann. Hann hafði þekt hana frá því hún var barn og leyfði sér af þeirri ástæðu þessa dirfsku. —

"Önnur deild, ungfrú? Jæja, hérna þá, nú skal ég ljúka upp; alt gekk vel; búið". Hann rétti upp vinstri hendina, aðstoðarmaðurinn hringdi klukkunni, lestarstjórinn blés í lúður sinn, og þegar gufublistran var búin að svara, rann lestin af stað.

Elma var heit og mæðin af hlaupunum, með smápeningana í annari hendinni, sem hún fékk endurgeldna, þegar hún keypti farseðilinn, og hafði ekki haft tíma til að láta í pyngju sína, þegar henni var ýtt inn í aftasta klefann í aftasta vagninum, aleinni — til listamanns.

Hvorki þú, minn góði — og auðvitað mjög vel viti borni — lesandi, eða ég, hefðum strax getað séð af útlitá hins unga manns, hver lífsstaða hans var; því hið þunglamalega og harðleikna karlmannsvit, sem alt af starfar í samræmi við hina raunhverfu, vanabundnu rökfræði, krefst þess ávalt að hafa eitthvert einkenni sér til leiðbeiningar, áður en það gefur í skyn jafn ákveðna ályktun. En Elma Clifford var kvenmaður, og þess vegna notaði hún aðra aðferð. Venja hennar var, að horfa beint og óhikað á hlutina, til þess eftir á að geta gert sér glöggva grein fyrir þeim, samkvæmt hinni óskeikulu eðlisleiðslu hennar kyns, sem er ein hinna dýrmætustu náttúrugáfa, er kvenfólkið hefir umíram oss. Þær þurfa ekki nauðsynlega að læra til að vita, því þær vita það ósjálfrátt, og þó hrópar kvenfólkið ávalt á meiri þekkingu og leitar náms á háskólunum, svo þær standi jafnfætis karlmönnunum.

Elma Clifford hafði nú samt ekki verið á neinum háskóla, en þegar hún kom þjótandi inn í klefann, leit hún fljótlega framan í Cyril Warring, og sá strax að hann mundi vera landslagsmálari.

Þetta var nú góð glöggskygni, þó það væri kvenmaður, því Cyril Warring var klæddur eins og aðrir enskir ferðamenn, í grá ferðaföt með flókahatt á höfðinu.

Samkvæmt siðferðisreglunum ætlaði hún að setjast í það hornið, sem fjærst var samferðamanni hennar, en þá stóð hann skyndilega upp úr sæti sínu og ávarpaði hana kurteislega:

"Ég bið yður afsökunar, — en ég sé að þér ætlið að setjast þarna, og þá — verið þér ekki hræddar — þá setjist þér ofan á — á stóra höggorminn minn".

Röddin var inhvern veginn svo einkennileg og hræðslublandin, — alveg eins og hjá skóladreng, sem staðinn var að einhverjum hrekk, — að Elma gat ekki varist þess að brosa. þó það væri ekki sem bezt viðeigandi. Hún leit niður þangað sem hann benti með hendinni, og — þar lá höggormur, sem hafði hringað sig saman, með opin augu og upplyft höfuð, viðbúinn að stökkva á hana.

"Ó", sagði Elma og vék ögn frá sætinu, hissa en ekki hrædd, sem henni fanst þó hún hefði átt að vera. "Höggormur, — það er undarlegt. Hann er þó líklega ekki hættulegur?"

"Nei, alls ekki", svaraði ungi maðurinn. "Hann er að sönnu af eiturorm tegundinni, en tennur hans voru teknar burt Hann gerir yður ekkert mein, því hann er skikkanlegur, — er það ekki satt, Sardanapel? — En ég hefði samt ekki átt að sleppa honum lausum í þessum klefa, hann gæti hrætt sumar manneskjur. En það er svo leiðinlegt fyrir hann, að vera alt af lokaður inni í kassa, og af því ég bjóst ekki við neinum hingað, þá slepti ég honum.

Elma horfði með aðdáun á þenna fagra, röndótta orm. Hún fann, að hún var ekki hrædd við hann, en gat þó ekki skilið, hvernig á því stóð. "Það er líklega venjulegt, að menn hræðist höggorma", sagði hún, um leið og hún settist niður beint á móti honum og horfði fast í augu hans; "en mér finst þetta ljómandi falleg skepna. Ég veit ekki, hvernig á því stendur, að ég skuli ekki vera hrædd við þennan höggorm, því flestar manneskjur fordast þá. Ó, látið þér hann ekki ofan í kassann mín vegna; það fer svo vel um hann þarna í sólskininu".

Cyril Warring horfði undrandi á hana, en tók svo utan um höggorminn og lét hann ofan í blikk-kassa með gítóttu loki. "Lægstu niður, Sardanapel", sagði hann með hreimfögrum róm. "Það er hvort sem er þinn vanalegi tími fyrir miðdegislúr. — Nei, ég vil ómögulega hafa hann lausan lengur, ég skammast mín fyrir, að ég hafði hann lausan, yður til ama og óþæginda, en ég átti ekki von á neinum, og þegar dyrnar voru opnaðar, var ég hrædd um, að hann mundi skjótast út eða ofan undir sætin, svo ég klappaði honum til þess hann yrði rólegri".

"En ég var alls ekki hrædd við hann", sagði Elma, um leið og hún lét smápeningana ofan í pyngju sína, og roðnaði um leið af dálitilli feimni, svo hún varð jafnvel fegurri en vanalega. "Ég er þvert á móti mjög ánægð yfir því, að fá að sjá hann. Það hlýtur að vera óvanalega fagur höggormur þetta, ljósu randirnar og skuggarnir á hryggnum á honum er svo unaðslega fagurt. Hann hlýtur að vera ágæt fyrirmynd, — þér máhið hann — get ég ímyndað mér".

Maðurinn varð hissa. "Ég mála hann, — já, það er alveg rétt", svaraði hann undrandi, "en hvers vegna segið þér: 'get ég ímyndað mér'? Því ég skil ekki, hvernig þér vitið að ég er listamaður".

Elma leit snöggvast á hann og furðaði sig sjálf yfir orðum sínum eins mikið og hann. Þegar hún fór að hugsa um það, varð hún að spyrja sjálfa sig, hvernig hún færi að vita, að þessi fallega ungi maður, með jarpa skeggið, væri listamaður. Og hvernig gat hún vitað, að höggormurinn ætti að vera fyrirmynd? Henni var ómögulegt, að svara þessum spurningum.

"Það hefir líklega verið heppileg tilgáta", svaraði hún og roðnaði enn meira yfir því að hún skyldi lenda í þessum samræðum við laglega en ókunna manninn.

Elma var dimmleit, með ljósjarpan hörunds litarhátt, sem stundum sézt í suðurhluta Evrópu, en mjög sjaldan í Englandi, og áhrif roðans, sem skein í gegnum hann, duldist ekki augum Cyrils Warrings.

THE DOMINION BANK

HORNI NOTRE DAME AVENUE OG SHERBROOKE STREET

Höfuðstóll uppborgaður: $4,000,000.00
Varasjóður - - - $5,400,000.00

Vér óskum eftir viðskiftum verzlunar manna og ábyrgumst að gefa þeim fullnægju. Sparisjóðsdeild vor er sú stærsta sem nokkur banki hefir í borginni.

Íbúendur þessa hluta borgarinnar óska að skifta við stofnun sem þeir vita að er algerlega trygg. Nafn vort er fulltrygging óhluttleika. Byrjið spari innlegg fyrir sjálfa yðar, konu yðar og börn.

Phone Garry 3450 Scott Barlow, Ráðsmaður.

Vitur maður er varkár með að drekka eingöngu HREINT ÖL. Þér getið jafna reitt yður á

DREWRY'S
REDWOOD LAGER

það er léttur, freyðandi bjór, gerður eingöngu úr Malt og Hops. Biðjið ætíð um hann.

E. L. DREWRY, Manufacturer, Winnipeg

STRAX Í DAG er BEZT AÐ GERAST KAUPANDI AÐ HEIMSKRINGLU. — ÞAÐ ER EKKI SEINNA VÆNNA.

MANITOBA

TÆKIFÆRANNA LAND.

Hér skulu taldir að eins fáir þeirra miklu yfirburða, sem Manitoba fylki býður, og sýnt, hversvegna allir þeir, sem óska að bæta lífskjör sín, ættu að taka sér bólfestu innan takmarka þessa fylkis.

TIL BÓNDANS.

Frjósemi jarðvegsins og loftslagið hafa gert Manitoba heimsfræga, sem gróðrarstöð No. 1 hard hveitis. Manitoba býður bændasonum ókeypis búnaðarmentun á búnaðarskóla, sem jafngildir þeim beztu sinnar tegundar á amerikanska meginlandinu.

TIL IÐNAÐAR- OG VERKAMANNA.

Blómgandi framleiðslustofnanir í vorum óðfluga stækkandi borgum, sækjast eftir allskyns handverksmönnum, og borga þeim hæztu gildandi vinnulaun. Algengir verkamenn geta og fengið næga atvinnu með beztu launum. Hér eru yfirgnæfandi atvinnutækifæri fyrir alla.

TIL FJÁRHYGGJENDA.

Manitoba býður gnægð rafafls til framleiðslu og allskyns iðnaðar og verkstæða, með lágu verði; — Frjósamt land; — margvíslegar og ótæmandi auðsuppsprettur frá náttúrunnar hendi; — Ágæt samgöngu og flutningatæki; — Ungir og óðfluga vaxandi bæir og borgir. — Alt þetta býður vitsmunum, auðæfum og framtakssemi óviðjafnanleg tækifæri og starfsarð um fram fylstu vonir. Vér bjóðum öllum að koma og ödlast hluttöku í velsæld vorri og þroskun. — Til frekari upplýsinga, skrifið:

JOS. HARTNEY, 77 York Street, Toronto, Ont.
JOS. BURKE, 178 Logan Avenue, Winnipeg, Man.
A. A. C. LaRIVIERE, 22 Alliance Bldg., Montreal,
J. F. TENNANT, Gretna, Manitoba,

J. J. GOLDEN,
Deputy Minister of Agriculture and Immigration, Winnipeg

Ferðar-fréttir.

Í síðastliðinni viku kom frá Wynyard, Sask., herra Þorsteinn Björnsson, cand. theol. Hafði hann lagt upp héðan nokkrum dögum áður, í landkönnunarferð til Peace River dals, sammældur við Magnús Guðlaugsson, hveitikaupmann í Wynyard. En er til Wynyard kom og viðtals við Magnús, fann Þorsteinn, að ekki var tiltækilegt, að halda áfram ferðinni lengra um sinn; og afréðu þeir félagar, að láta ferðing falla að svo komnu, — þangað til vegir bötnuðu í óbygðum.

Heldur fórust Þorsteini vel orð um ástand landa vorra í Saskatchewan, það sem hann til þeirra sá og spurði; hagur þeirra kominn upp furðanlega fljótt. Velmegun og framkvæmdir í búskap og byggingum, bæði í bygð og þorpum, enda land búlegt og fallegt. Einkum þótti honum þó fagurt kringum Wynyard, sem og margur hefir fyr mælt. (Fegurð þó að sjálfsögðu annarstaðar miklu meiri á þessari leið, t. d. í kringum Millwood og Minnedosa). Furðanlega mikinn félagsskap sagði hann á milli landa,— þó minstan í bindindismálum, og hótelin í hverju þorpi; svo að nóg mun sopið!

Nýja guðfræðin átti fyrir ekki alls löngu aðalból sitt í þessari bygð; og var nú fyrir skömmu t. d. búið að kalla prestsefni heimanað, Jakob Lárusson, hómópata, af Wynyard sófnuði. En alt um það kvað þó komumaður minna veg þeirrar stefnu, en af hefir verið látið, og muni flokknum hraka þar sem víðar.

Ýmsa sá komumaður "merka" menn sér kúnnuga á ferð sinni: Jósafat ættartölurita (Styrkár Véstein), Sig. Júl. Jóhannesson lækni og W. H. Paulson, alla í Leslie. Létu allir vel yfir sér og áttu allir annrikt; læknirinn að berjast við bakteriur, Paulson að selja blikkfötur og bala og ættartöluritinn að leika Grasa-Guddu í Skuggasveini, og sögðu menn, að honum færist það vel og eiginlega.

Tiðræddast var þó kandídatinum um þann eina virkilega merka landa vorn, sem í Wynyard býr,— Helga komponista Helgason. Nú er sá maður gamall og grár fyrir hærum, einstæðingur og einbúi, langt frá öllu sínu vandafólki; og lætur hann þó svo vel yfir sér, að ekki kvað hana sér betur liðið hafa. Má það vera einstaklegt þrek, sem þessi maður hefir til að bera, er nú á gamals aldri brýtur sér braut í nýju landi, alls óliku því, sem hann hefir unnið í fram á elliár. Í annan stað er það torgert mönnum, sem lifað hafa í hæglætisstöðu, eins og þessi maður hafði gert allan seinni hluta miðaldurs, að vinna fyrir sér með stritvinnu á öldungs aldri, — og una vel við. En þó er vafalaust aðdáunarverðust sú elja, sem þetta einmana gamalmenni leggur nú enn, samhliða þessu, við aðallífs-list sína: sönglist og söngsmíð, — og það á þeim aldri, þegar flestir eru farnir að leggja árar í bát, bæði dvað listadýrkun og atvinnurækt snertir.

Þessu til sönnunar skal það sagt að heimildarmaður vor kvað gamla manninn ekki annað minna í smiðum hafa en pípu-orgel, og smiðar hann sjálfur pípur og alt saman; er hann vakinn og sofinn í því starfi, og hefir verið nú um nokkra hríð. Enn hefir hann ýmist í smiðum eða nýlokið við fjölda lagsmíða. Er sumt þeirra starfa, að frásagnarmanns dómi, jafnt beztu elztu verkum hans, — en sumt miklu stórfeldara en nokkurt þeirra, t. d. hin mikla lagsmíð hans við "Gunnarshólma" Jónasar; er það vafalaust langmikilfenglegasta lagsmíð Helga, og ef til vill einnig hin jafn-bezta, að svo miklu leyti, sem komumanni var unt að greina af fljótum atvikum. Að vísu vildi hann (frásagnari vor), ekki taka fyrir, að sumt þessara seinustu lagsmíða gamla mannsins mundi að nokkru svipa til eldri verka hans, — meðfram þá og vegna þess, að hann hefir vanið sig á þá "bónþægni", að leyfa einum og öðrum kveðara að senda sér hitt og þetta til að "smiða utan um"; og er slík "hjálpsemi" í einum stíl við erfiljóð og æfiminningar. En íslenzkt er þettað, þó athugavert sé, og reyndar góðmensku Helga gamla líkt, að hjálpa upp á náungann í þessu sem öðru.

Söngflokk hefir Helgi komið upp í Wynyard, sem hann æfir iðulega, og hefir hann tekið þeirri trygð við þessa nýustu lærisveina sína, að hann hefir ákveðið að tileinka þeim öll þau verk sín, sem enn eru óútkomin, og mjög mörg eru.

Ekki hefir hann og fengist til að yfirgefa þettað síðasta heimili sitt, þótt góðan kost hafi átt þess, og enda verið hvattur. — En tekið skal það fram, úr því tækifærið til féll, sem og hefir í þessu blaði verið að vikið fyr, að — auk annars má það bæði telja fögnuð og sóma Vestur-Íslendinga, að þessi andans maður skuli helga síðustu listaverk sín samvistum þeirra. — Og látum vér hér tal falla. —

(Samið í samráði við frásagnarmann).

TIL

Gunnl. Tr. Jónssonar.

Grein þína um "Leirskáldin", sem kom út í Hkr. 30. marz, las ég með athygli, og þótt mér líkaði ekki alt í téðri grein, verð ég þó að láta jánægju mína í ljósi yfir þeim dómi, er þú kvaðst upp yfir leirburð þann, er fyllir sum blöð vor hér vestan hafs. En það, sem mér ekki líkaði í grein þinni, var: að þú skyldir sérstaklega minnast með nafni á suma menn, sem þú gerðir. Látum svo vera, að skáldskapur þeirra sé að mörgu leyti lélegur; en ef þú fanst þig knúðan til að nafngreina einhverja, þá hefðir þú fremur átt að nefna einhverja aðra, en Miss R. J. Davidson og Svein Simonarson. Það eru til í flokki leirskáldanna stórum meiri leirskáld en þau, en sem þykjast vera miklu meiri persónur og eru máske að sumu leyti, og sem hafa breiðara bak til að taka á móti skellunum. Það er ekki hægt að segja, að þú hafir ráðist á garðinn, þar sem hann var hæstur. En svo hygg ég það hafi fremur verið af vangá en ásetningi.

Afsakanir þínar gagnvart blaðstjórum þeim, er taka þennan þvætting í blöð sín, finst mér alls ekki vera á nokkru bygðar. Ef tilvera blaðsins er háð hylli þessara leirskálda, þá er þjóð vor betur sett, að slíkt blað sé ekki til; og sá blaðstjóri, sem ekki hefir vit, vilja eða þrek, að neita slíku aðgang í blað sitt, er ekki vaxinn því starfi að vera blaðstjóri. Að taka allan þvætting í blaðið, til þess að spilla ekki fyrir því og hafa "menn góða", er einhver sú lubbalegasta afsökun, sem ég get ímyndað mér. Sú aðferð, að taka alt bull, sem blaðinu býðst, til þess að spilla ekki fyrir því, hæfir þeim blaðstjórum, sem éinungis gefa út blað sitt í gróðaskyni, án tillits til, hvaða áhrif það hefir, að eins að dollarinn fáist fyrir það.

Þrátt fyrir það, þótt þú færir nokkuð hranalega af stað, ættu lesendur Heimskringlu að vera þér þakklátir fyrir að hafa hreyft þessu máli. En þú þarft að gera meira; þú þarft að stemma stigu fyrir, að Heimskringla flytji kynstur af leirburði í óbundnu máli, eins og það hefir gert. Númer það, sem kom út í gær (6. apr.) á sér naumast sitt líka, nema eitthvert annað númer af Heimskringlu.

Ég skal svo að endingu óska þér, sem aðstoðar ritstjóra Heimskringlu, til hamingju með þá tilraun þína, að "hasla völl" leirburðinum (bæði í bundnu og óbundnu máli) einhversstaðar annarsstaðar en á ritvelli íslenzku blaðanna. Það er nokkurs konar Augean fjós, sem þú hefir tekið til að hreinsa, og ef þér tekst það, þá ert þú ekkert lítilmenni.

Virðingarfylst

Stephan Thorson.

Winnipeg, 7. apríl 1911.

Svar uppá spurningu Hjaltalíns.

Verðugi herra, G. H. Hjaltalín!

Þú biður mig um skýringu á, hvað meini orðið "golþorskur". Og skal það gert. G. T. Zoega orðabókahöfundur þýðir orðið á þessa leið: "Golþorskur—Big cod (auli) simpleton", ...

Manni getur því ekki annað en dottið í hug, að hver sú persóna (karl eða kona), er kemur fram á ritvöllinn, likt og þú gerir, sé reglulegur "simpelton" (golþorskur).

S. J. Austmann.

Astarvísur.

Ást er vor á vegamótum,
veturliði hugar-ranns.
Ástin brennur upp með rótum
illgresið úr sálu manns.

Ást er sálflug, sem í dotti
syngur vært um hjartans frið.
Ást er rós í urtapotti,
ilm sem fyllir herbergið.

Ástin gleðir alt hið góða,
er hún mannsins dýrsta gjöf.
Ást er líf og afliið þjóða
alt frá vöggu' og fram að gröf.

Jón Jónatansson

ISLENZKAR BÆKUR

Ég undirritaður hefi til sölu nálega allar íslenzkar bækur, sem til eru á markaðinum, og verð að hitta að Lundar P.O., Man. Sendið pantanir eða finnið.

Niels E. Hallson.

MARTYN F. SMITH,
TANNLÆKNIR.
Fairbairn Blk. Cor Main & Selkirk
Sérfræðingur í Gullfyllingu og öllum aðgerðum og tilbún aði Tanna. Tennur dregnar án sársauka. Engin veiki á eftir eða gómbólga. —
Stofan opin kl. 7 til 9 á kveldin
Office Phone Main 6944. Heimilis Phone Main 6462

Sherwin - Williams
PAINT
fyrir alskonar húsmálningu.
Prýðingar-tími nálgast nú. Dálftið af Sherwin-Williams húsmáli getur prýtt húsið yðar utan og innan. — Brúkið ekker annað mál en þetta. — S.-W. húsmálið málar mest, endist lengur, og er áferðarfegurra en nokkurt annað hús mál sem búið er til. — Komið inn og skoðið litarspjaldið. —
Cameron & Carscadden
QUALITY HARDWARE
Wynyard, - Sask.

JIMMY'S HOTEL
BEZTU VÍN OG VINDLAR.
VÍNVEITARI T.H.FRASER,
ÍSLENDINGUR.
James Thorpe, Eigandi

MARKET HOTEL
146 Princess St.
á móti markaðnum
P. O'CONNELL, eigandi, WINNIPEG
Beztu tegundir af vínföngum og vind um, aðhlynning góð, húsið endurbætt

Woodbine Hotel
466 MAIN ST.
Stærsta Billiard Hall í Norðvesturlandinu
Tíu Pool-borð.—Alskonar vín og vindlar
Gisting og fæði: $1.00 á dag og þar yfir
Lennon & Hebb,
Eigendur

JOHN DUFF
PLUMBER, GAS AND STEAM FITTER
Alt verk vel vandað, og verðið rétt
664 Notre Dame Av. Phone Garry 2568
WINNIPEG

A. S. TORBERT'S
RAKARASTOFA
Er í Jimmy's Hótel. Besta verk, ágæt verkfæri; Rakstur 15c en Hárskurður 25c. — Óskar viðskifta Íslendinga. —

A. S. BARDAL
Selur líkkistur og annast um útfarir. Allur útbúnaður sá besti. Enfremur selur hann allskonar minnisvarða og legsteina.
121 Nena St. Phone Garry 2152

Hann hefði viljað vinna mikið til, að fá tækifæri til að flytja áhrif roðans á litarháttinn yfir á léreftið. — "Þetta er ekki ensk fegurð", hugsaði hann, um leið og hann veitti því athygli, hvernig hinn hlýi roði jók fegurð dökku augnanna hennar, og eins og kastaði gljáa á svarta, slétta hárið, er umkringdi enni hennar, — "líkleg heldur spönsk, italiönsk eða ungversk".

"Já, þér hafið getið alveg rétt", sagði hann, þegar hann var búinn að láta höggorminn í kassann og settist niður beint á móti henni. "Ég ætla að gera undirbúningsmynd af landsvæði, þar sem burkni og kjarr vex óhindrað, eins og í frumskógunum; þetta svæði er í skógi hér í nándinni, og þar ætla ég að hafa Sardanapel fremst, til að veita myndinni tilbreytni og gera nafn hennar sennilegt. Ég hefi nefnilega hugsað mér að kalla hana "Rajahens hvildarstað". Aftast stórvaxna burkna og mosabekk, fremst Sardanapel, samanhringaðan í hvirfing, takandi sér miðdagsmók eftir góða máltíð".

Elma hafði aldrei áður kynst málara, og þó hafði það lengi verið hennar innilegasta ósk, að læra að þekkja heim listamannanna, og nú var loksins tækifærið fengið. Hún sneri því samtalinu að list og listamönnum, ákveðin í því, að hafa eins mikil not af þessari tilviljun, þenna stutta tíma, eins og henni gæfist kostur á.

Þegar samræðurnar lúta að lífsstöðu einhvers manns, verður hann vanalega mælskur, einkum þegar áheyrandinn er eftirtektasamur, og ekki sízt þegar hann er ung og fögur stúlka. Það voru því ekki liðnar margar minútur, þegar Cyril var farinn að lýsa list sinni og hugsjónum, og til skilningsauka dró hann upp myndir á þumalfingursnöglina. Hann var samt ekki lengi ánægður með þetta, tók því upp

myndahylki sitt, sýndi henni og skýrði glögglega aðal-áformin til þessarar fyrirhuguðu myndar.

Seinast varð hann svo hrifinn af umræðuefni sínu, að hann tók Sardanapel upp úr kassanum og hringaði hann í skrúfumyndaðan hrauk, eins og hann átti að sjást á myndinni.

Elma vissi ekki, hvers vegna hún var svo hrifin af þessari skepnu, en því lengur, sem hún horfði á hana, þess meir langaði hana til að taka hana upp og klappa henni, hún var svo liðug og fögur. Svo gat hún ekki stilt sig lengur, rétti litlu, glófaklæddu hendina sína til að klappa henni.

"Gætið yðar", sagði málarinn. "Þér þurfið ekki að hræðast, þó hann búi sig til að höggva, því hann er tannlaus. Hann er stundum í illu skapi".

Aðvörunin var óþörf, því það leit svo út, sem Sardanapel áliti þessa ungu stúlku vera vin sinn. Hann lyfti sér upp þaðan sem hann lá og vafði sig utan um handlegg hennar mjög ánægjulegur, eins og hann ætti þar heima. Cyril horfði undrandi á hann.

"Ó, þér kunnið að temja höggorma", sagði hann undrandi og horfði á hana. "Sardanapel er vanur að vera í illu skapi við ókunnuga. Þér hljótið að vera vanar við að umgangast höggorma, annars gætuð þér ekki vitað, hvernig þeir eru vanir að haga sér. Máske þér eigið einn?"

"Nei, alls ekki", svaraði Elma sigrihrósandi og hló. "Ég hefi aldrei á æfi minni snert á höggormi fyr, og ég hefi haldið að ég myndi forðast þá, eins og aðrir gera, en þessi er vel taminn og hegðanprúður. Ég er ekki vitund hrædd við hann, hann er svo vinalegur".

"Já, það eru allir höggormar stundum", sagði Cyril, og horfði aðdáunaraugum á stúlkuna. "Þeir geta séð, hvort mönnum geðjast að þeim eða ekki, og hegða sér eftir því. — Það mun vera eins konar

eðlisleiðsla. Sjái þeir, að maður sé hræddur við þá, hvása þeir og höggva, en taki maður vingjarnlega á þeim, láta þeir sem þeir sé gamall vinur, er á við þá. Nú — en litið þér á", sagði hann um leið og hann dró upp mynd með farseðlinum á spjaldið, sem hann hélt á, "hér á Sardanapel að liggja, hringaður saman eins og áðan, — þér skiljið það, er það ekki?"

Um leið og hann talaði og Elma fylgdi hreyfingu handar hans, sá hún af tilviljun naín járnbrautarstöðvarinnar, sem var prentað á farseðilinn. Henni hnykti við.

"Warnworth", sagði hún hikandi og roðnaði um leið, — "við erum fyrir löngu komin framhjá þeirri farstöð og fjórum öðrum síðan, hún er næst við Chetwood, þar sem ég kom inn".

"Já, ég veit það", svaraði Cyril feimnislega; "ég fer oft þessa leið, því það er mitt á milli Chetwood og Warnworth, sem ég er vanur að mála. En mér fanst svo viðfeldið og skemtilegt hér, að mig langaði til að fara lengra og fara svo með næstu lest aftur til Warnworth. Mér þótti mjög vænt um", sagði hann eftir litla þögn, "að þér voruð hrifnar af höggormum og myndum".

Þrátt fyrir kurteisina og hreinskilnina, sem lá í þessum orðum, fanst Elmu það skylda sín, sem ensk heðarmey, að reiðast þeim. Hún rétti úr sér í sæti sínu, horfði fast á hann og fór að vinda Sardanapel ofan af hanhlegg sínum.

"Mér þykir slæmt, að hafa verið orsök í því að hafa fært yður burt frá leið yðar", sagði hún með upgerðar kulda, — þetta var nú samt ekki satt, því hún var eins ánægð yfir samverunni eins og hann, — "auk þess hafið þér eyðilagt tímann, svo þér getið naumast málað neitt til muna fyrri hluta dagsins. Ég verð að biðja yður að fara út við næstu farstöð".

Cyril hneigði sig kurteislega. "Það er ekki þesslegt, að sá timi sé eyðilagður", sagði hann glaðlega, "sem er varið —", svo þagnaði hann snögglega. — "Ég skal auðvitað fara út, þar sem þér viljið", sagði hann seinlega og í öðrum róm, "mér þykir mjög slæmt, hafi mér orðið á að móðga yður, það var ekki tilgangur minn. Tilfellið var, að samræður okkar komu mér til að gleyma öllu öðru; það var listin, sem tældi mig til þess. Það var ekki áform mitt að vera nærgöngull".

Meðan hann var að segja þetta, þaut lestin með þau óviðbúin inn í löng, dimm göng.

II. KAPÍTULI.

Sameiginleg hætta.

Elma sat og var að hugsa um það, hvernig vel uppalin stúlka af heldra fólki, sem ferðaðist fylgdarlaus, ætti að haga sér undir þessum kringumstæðum, eftir að hafa dregist inn í kunningjalegar samræður við mjög viðfeldinn og ungan listamann, — þegar afarharður rykkur í hlefanum tók að sér með valdi, og án vilja hennar, að leysa hana úr þessum vandræðum. Það var eitthvað, sem skyndilega og óvænt stöðvaði lestina. Hún heyrði mikinn hávaða — óviðfeldið brak fyrir framan þau og voðalegan hristing, — dimmar drunur, — skröltí í brotnu gleri, og um leið stóð vagninn þeirra kyr. Á sama augnabliki kastaðist hún í faðm samferðamanns síns, sem var nógu snarráður til að taka af henni fallið eftir beztu getu.

Hún stundi þungan og reyndi að átta sig, svo hné hún með hægð niður í sæti sitt, með óljósri með-

D. D. Buick Oil Co.

Býður yður tækifæri að auðgast stórum á sparipeningum ykkur. Félagið hefir nú yfir $1.200 í tekjur á dag. Eignir þess nema miljónum dollars. Rannsakið félagið og tilboð þess.

D. D. Buick er sá, sem fann Buick bifreiðina og er stofnandi Buick & Sherwood Plumbing Supply House, og einn aðal-hluthafinn í General Motors Co. Hann fór til Californiu í apríl 1910 og fann þar bæði heilsubót og tækifæri til auðlegðar. Hann gat náð í 640 ekrur af verðmætu oliulandi í Midway héraðinu í Kern County. Hann var þess strax fullviss, að hér var örugt gróðafyrirtæki til boða. Fyrst útvegaði hann sér reynda jarðfræðinga, þrautreynda oliufræðinga, og vélfræðinga. Og nú er atgangur hinn mesti, unnið dag og nótt, til að gera starfsemi þessa sem mest arðberandi. — D. D. Buick er forseti félagsins, og peningar hans og vina hans eru drifjöðrin í þessu mikla félagi.

Buick Brunnurinn No. 1.

Brunnur þessi tók til starfa þann 13. febr. sl., og nemur framleiðslumagn hans 3,400 tunnum á dag. Frá brunni þessum hafa hundrað þúsund tunnur verið seldar Standard Oil félaginu, og önnur hundrað þúsund tunnur hefir félagið pantað í viðbót, á 45 sents tunnuna.

Lesið þetta hraðskeyti.

Los Angeles, 10. april 1911.

BUICK OIL CO., 215 Marquette Bldg., Chicago

Veitum olíu daglega til Standard Oil félagsins inn í geymsluhvelfingar. Þetta kemur í veg fyrir að dæla oliuna upp úr gryfjum inn í geymira og eykur verð oliunnar. — Allir oliufræðingar, sem séð hafa eignir vorar, segja þær bezta í öllu California riki.

BUICK OIL CO.

Buick samfélags hugmyndin.

D. D. Buick löggilti Buick Oil Co. undir lögum California rikisins, og það vegna þess, að ekkert annað riki í sambandinu veitir betri vernd smá-hluthöfum. Þegar þú gerist hluthafi í Buick Oil Co., þá verður þú starfandi hluthafi með réttindum að segja hvernig verja skal dollurum þínum. — Hægðarleikur var, að fá auðfélag til að kaupa hluti félagsins, en Mr. Buick sá, hverjar afleiðingar það mundi hafa fyrir sig, ef það yrði. Hann vill sjálfur halda um stjórnartaumana og vaka yfir hagsældum félagsins, og eini vegurinn, sem hann sér til þess, er að FÁ ALMENNING TIL AÐ VERÐA SAMFÉLAGA SINN Í HINU ARÐBERANDI FYRIRTÆKI, SEM ER HONUM UM MEGN AÐ STJÓRNA EINUM.

D. D. Buick vill láta ykkur græða, — því þess meira, sem þið græðið, þess meira græðir hann. Hann vill að þið rannsakið alt, sem félagið áhrærir. Hann veit, að þið eruð honum sammála, að tækifæri þessu líkt komi ekki nema einu sinni á lífsleiðinni. Sumir af vinum Mr. Buicks keyptu í upphafi hluti vegna vinsælda hans. Nú hafa hinir sömu menn séð, hvað verða vildi, og falað hluti Í VIÐBÓT, svo miklu nemur.

Framtíð félagsins.

Það er ekki að eins Buick brunnurinn No. 1, sem félagið hefir. Nú er Buick No. 2 hálfunninn, og No. 3 hefir nú í þessum svifum náð í oliu, og er oliumagn hans engu minna en brunnsins No. 1. Hvað framleiðslumagn þessara þriggja brunna verður, munu fáir geta gert sér í hugarlund, — svo gríðar-mikið verður það. En ekki mun það verða undir $3,600 á dag. Auk þess sem fleiri brunnar bætast við, svo fljótt, sem auðið verður. Jarðfræðingar rikisins álita að 85 þúsund tunnur af oliu séu undir hverri ekru á Midway svæðinu, þar sem brunnar vorir eru. Framtið félagsins er því svo glæsileg, sem framast má verða.

Afráðið, hvað marga hluti þið getið keypt, og kaupið þá án dvalar. Sérhver þekkir mann, sem gat keypt hluti í þessu og þessu félagi, meðan það var í byrjun, fyrir að eins einn tiunda hluta af því, sem það nú er virði. Sá maður lét tækifæriið fram hjá fara.

Buick Oil Co. býður takmarkaða sölu af verðbréfum sínum fyrir að eins 75 cents hlut. M Hækkun upp í $1.00 má búast við á hverri stundu. — TÆKIFÆRIÐ BER AÐ DYRUM. — LÁTIÐ ÞAÐ EKKI FRAMHJÁ FARA.

Til hægðarauka fyrir þá, sem ekki geta borgað út í hönd, eftir marg-ítrekaðar beiðnir, tökum við aftur upp afborgunar-tilhögunina, og má því kaupa hluti um stundarsakir, sem hér segir:

HVERNIG KAUPA SKAL

50 hlutir :	$ 7.50	niður og	$ 10.00	mánaðarlega í 3 mánuði.
100 hlutir :	$ 15.00	niður og	$ 20.00	mánaðarlega í 3 mánuði.
200 hlutir :	30.00	niður og	40.00	mánaðarlega í 3 mánuði.
300 hlutir :	50.00	niður og	58.33	mánaðarlega í 3 mánuði.
400 hlutir :	75.00	niður og	75.00	mánaðarlega í 3 mánuði.
500 hlutir :	100.00	niður og	91.66	mánaðarlega í 3 mánuði.
1000 hlutir :	250.00	niður og	166.67	mánaðarlega í 3 mánuði.

GLEYMIÐ EKKI

AÐ VIÐ ÁSKILJUM OKKUR RÉTT TIL AÐ HAFNA UMSÓKNUM UM KAUP OG ENDURSENDA GREIDSLU, EF EKKI LÍÐA MEIR EN 24 KLUKKUSTUNDIR FRÁ ÞVÍ AÐ UMSÓKNIN BARST AÐ SKRIFSTOFU VORRI.

Sendið nú strax eftir bæklingum vorum, og þeir munu skemta ykkur og fræða, frekae flestu öðru, því í þeim er alt, sem þið þurfið að vita um þetta volduga oliusvæði.

Ef þið eruð í efa, þá simið eftir að taka frá handa ykkur hluti, og að ykkur séu sendir fræðslu-bæklingar.

SUBSCRIPTION TO STOCK

K. K. ALBERT, 708 McArthur Building, Winnipeg, Man.

Herrar mínir: Ég bíð hér með um ..... hluti á eins dollars ákveðisverði í hafuðstóli Buick Oil Co., á 7'c hvern hlut, og lofa að greiða þá að fullu í 4 jöfnum mánaðar afborgunum. Hlutabréfin afhendist mér þá þeir eru borgaðir að fullu. Hér innlagður $ ..... fyrsta afborgun.

Nafn .....

Áritun .....

Pósthús ..... *Fylki* .....

"HEIMSKRINGLA"

BIÐID EKKI DEGINUM LENGUR

Simið eftir geymslu hluta.. Snúið ykkur til umboðsmansins fyrir Canada.

K. K. ALBERT

708 McArthur Building, Winnipeg. - Phone Main 7323

BUICK OIL COMPANY

215 Marquette building., Chicago.

INFORMATION COUPON

K. K. ALBERT, 708 McArthur Building, Winnipeg, Man.

Herrar mínir: Verið svo vænir að senda hina miklu bók yðar, "The Land where Oil is King," sem lýsir Buick oliu landsvæðinu, og jafnframt myndir, og stjórnar skýrslu og aðrar upplýsingum viðvíkjandi hinu stærsta oliusvæði heimsins. Kern County, California. Ég lofa ekki að kaupa hlut en lesa bókina og aðrar upplýsingar mun ég með athygli.

Nafn .....

Áritun .....

Pósthús ..... *Fylki* .....

"HEIMSKRINGLA"

Fréttabréf.

WESTBOURNE, MAN.

30. marz 1911.

Kæra Heimskringla.

Mér dettur í hug, að skrifa þér fáeinar línur af þeirri ástæðu, að ég er nýkominn úr ferð vestan úr Alberta.

Þann 16. marz lagði ég af stað frá Portage la Prairie, kl. 11 að kveldi, með C.N.R. brautinni, áleiðis til Edmonton. Gamli brúnn nuddaði áfram hóstandi og másandi með sjö vagna aftan í sér og stansaði mjög litið á hverri járnbrautarstöð, og sumstaðar til að fá sér að drekka. Víða er landið mjög óslétt, einkanlega þegar kemur ofan í Assiniboine dalinn; en alt af hélt gamli Brúnn áfram, þar til kl. 8 um morguninn. Þá fór ég af lestinni í Kamsack, til að finna kunningja mína, sem þar eru. Mér leizt heldur vel á bæinn; hann er ekki mjög stór, en útlit fyrir að mikil verðlun sé gerð þar. Land kvað vera mjög gott þar í kring, og margir góðir bændur.

Klukkan 8 að morgni þess 18. lagði ég af stað eins og leið liggur og virtist mér gamli Brúnn þá vera líflegri og hraða sér meira, þegar sól og dagur skinu á hann, en þegar dró að kveldi og nóttu, fór hann að hægja á sér; en illgengur var hann þó og nuddaði áfram, þar til að morgni þess 19. kl. 9, að lestin fór til Edmonton. Þar fór ég af, því þá var járnbrautin enduð, það er að segja, í þá átt, sem ég hafði ákveðið að ferðast, nefnilega til Athabasca Landing.

Edmonton bænum barf ég ekki að lýsa, því all-margir menn kannast við hann. Bærinn er fallegur og vex víst mikið, og litur út fyrir, að eiga góða framtíð. Landið norður frá bænum er mjög fallegt og frjósamt, 30—40 milur norður; þá breytist landið og fer að verða ósléttara, og fara þá að myndast háir hólar og dalir, sumstaðar með skógi, en sumstaðar skóglaust. Jarðvegur er þar mjög úlétur og heldur sendinn, og virtist mér landið bezt til fallið fyrir sauðfjárrækt. Hlíðarnar líkjast mjög hliðum heima á gamla landinu okkar; sumstaðar renna smálækir eftir dölunum, en sumstaðar eru smávötn. Víða meðfram braut inni norður eru smábúendur, sem hafa dálitla akra, nokkuð af nautgripum, og á tveimur stöðum sá ég sauðfé, og leit það mjög vel út.

Ég ferðaðist norður með pósti. Hann hefir 6 'tím' á brautinni, 3 fara frá Edmonton norður, en 3 koma frá Landingunni, og mætast á miðri leið, svo maður ter þessar 105 milur á tveimur dögum. Pósturinn hefir aukahesta meðfram brautinni, og skiftir um öðru hvoru, og liður manni mjög vel á leið þessari.

Þann 21. kom ég til Athabasca Landing kl. 7 að kveldi. Kemur maður þá ofan af hárri hæð ofan að bænum, sem er í hvammi við Athabasca ána. Þangað er engin járnbraut enn komin, en búist við henni í sumar.

Bærinn er ekki stór, hefir aðeins 400 íbúa, en er í uppgangi vegna járnbrautarinnar sem búist er við í sumar. Allskonar vörur eru fluttar á vetrum þangað með fleiri hundruð 'tímum', en á sumrum er það flutt þaðan aftur eftir vötnum og ám, á gufubátum og flatbátum. Þegar ég var þar staddur, var byrjað að smíða 140 flatbotnaða báta, sem munu bera um 5 ton hver. Þessir bátar eiga að ganga eftir Athabasca ánni alla leið til McKenzie árinnar, sem rennur norður í ishaf. Líka eru 5 gufubátar, sem ganga eftir Athabasca ánni upp til Lesser Slave Lake. Svo það má heita, aðAthabasca Landing sé hlið að norður Alberta, hvað flutningsæri snertir eins og stendur.

Tilgangur minn með þessari ferð vestur var sá, að líta eftir fiskivötnum, og hvernig bezt mundi vera að koma fiski úr þeim til markaðar. Vötnin þar, bæði smá og stór, eru full af fiski, og verður það mikil auðsuppspretta fyrir menn, sem vilja taka lönd nálægt þessum vötnum.

Lændið kringum Lesser Slave Lake er mjög gott, bæði til akuryrkju og griparæktar. Mun það vera um hundrað milur frá Athabasca Landing, og finst mér það nægilega langt frá járnbraut fyrir fátæka innflytjendur.

Ég er ekki samdóma herra C. Eymundson, þar sem hann eggjar landa sína á, að flytja til Grand Prairie eða Peace River, sem að mun vera um 400 milur lengra frá járnbraut. Mitt álit er, að nógur timi sé að flytja þangað, eftir 2 til 3 ár hér frá. — Ég hafði tal af manni í Edmonton, sem stendur fyrir verki á lagning vagnbrautar frá Edson til Grand Prairie, sem eru kallaðar 240 milur; hann segist ekki sjá, hvernig fólk þar vestur frá geti dregið fram lifið. Það getur ekkert selt af afurðum sinum, því engian er markaður nær enn Edmonton, og ekkert hægt að fá keypt þar, nema litillega hjá H. B. félaginu, með uppskrúfuðu verði: Verð á hveiti 9 dollars sekkurinn, sykur 25c pd., salt 25c, naglar 25c pd. og alt eftir þessu. Þessi sami maður sagði mér, að maður, sem ferðaðist frá Grand Prairie á 'tími', eins og vegurinn hefir legið til Lesser Slave Lake og Athabasca Landing til Edmonton og til baka aftur, mundi mega borga í ferðakostnað 200 dollars á þessari leið, því greiði meðfram þessari braut er afardýr, og sýnist þetta mikil upphæð fyrir fátækan innflytjanda að borga, segjum einu sinni á ári, í ferðakostnað, til að geta dregið að sér þarflegustu nauðsynjar til lífsframfæris. Það sýnist vera gnægð af landi nær, sem mundi verða notadrýgra fyrir fátæka fjölskyldumenn að setjast að á, heldur enn að fara alla leið til Grand Prairie.

Mönnum til leiðbeiningar vil ég geta þess, að póstur fer tvisvar á viku frá Edmonton til Athabasca Landing, og kostar flutningurinn aðra leiðina 8 dali. Frá Athabasca Landing er hægt að komast að sumrinu á gufubát til Lesser Slave Lake, og er þá þægilegt, að skoða land þar í kring. — Ég hefi afráðið, að flytja til Athabasca Landing með fjölskyldu mína innan skams og setjast þar að, og mundi ég fús á, að leiðbeina löndum minum eftir því sem ég frekast gæti. Bezt væri, að einhverjir tveir góðir landar tækust ferð á hendur, segjum snemma í júní, til að skoða þetta land í kring um Lesser Slave Lake. Það er að segja, ef Íslendingum ditti í hug, að ná sér í lönd þar vestur frá.

Jæja, Heimskringla góð! Ég held þú farir nú að verða leið á ferðarugli minu, og vona ég þú gerir svo vel og lofir kaupendum þínum að lesa þessar línur. Og óska ég við tækifæri að mega eiga góðmensku þina að, þegar ég er alfluttur þarna vestu og hefi betra tækifæri og orðin kunnugri. Landið er svo víðáttumikið, að maður getur ekki þekt það á fáum dögum; maður verður að vera þar vestur frá og kynnast öllu betur.

Lýk ég svo við þessar línur og óska löndum minum hér austurfrá allrar lukku og blessunar í framtiðinni, og þakka þeim góða samvinnu í öllum þeim málum, sem hafa stutt að velferðarmálum lands og þjóðar.

Vinsamlegast,

J. Crawford.

Fundarskýrsla.

Árið 1911 föstudagian 17. marz var almennur fundur haldinn að Narrows, eftir áskorun frá Jóni Jónssyni frá Sleðbrjót. Á fundinum mætti meiri hluti bygðarmanna úr nærliggjandi bygðum Íslendinga, beggja megin Manitoba vatns. — Fundarstjóri kosinn Sigurgeir Pétursson og skrifari Guðmunhur Jónsson.

Þessi mál komu til umræðu:

1. Um heimilisréttarskyldur: — Málsheíjandi Jón Jónsson frá Sleðbrjót. — Eftir all-langar umræður var samþykt bænarskrá til innanríkisráðgjafans, er málsheíjlagði fram, þar sem óskað var að ráðgjafinn veitti undanþágu frá að vinna nokkurn hluta af heimilisréttarskyldunum á því svæði, er fundarmenn eru frá, vegna flóðhætta úr Manitobavatni, samgöngu- — örðugleika, vegaleysis o. fl.

2. Póstmál. — Málsheíjandi Jón Jónsson. Samþykt að fela Sigurði presti Christophersyni, að skrifa póstmálaráðgjafanum, og óska eftir, að þessar breytingar verði gerðar á póstmálum: a) Að póstur gangi frá Scotch Bay til Narrows tvisvar í viku. — b) Að hætt verði að láta Narrowspóstinn ganga til Fairford. —

3. Járnbrautarmál. — Málsheíjandi Jón Jónsson. — Samþykt að kjósa nefnd til að reyna að fá járnbraut lagða til Narrows. Í nefndina kosnir: Sigurgeir Pétursson, Sigurður prestur Christopherson og Jón Jónsson. — Jóni Jónssyni sérstaklega falið á hendur að skrifa fylkisþingmanni Gímlikjördæmis, og skora á hann að leggja málinu sitt bezta lið og láta bygðarmenn sem fyrst vita, hvort fylkisstjórnin og C.N.R. félagið ætli sér nokkuð að vinna að því, að koma þessari járnbrautarbyggingu í framkvæmd á þessu ári.

Fleira kom ekki til umræðu, og var svo fundi slitið.

S. Pétursson.
Guðm. Jónsson.

Bókalisti.

N. OTTENSON'S,- River Par. W'p'g.

Ljóðmæli Páls Jónssonar í bandi	(3)	85
Sama bók (að eins 2 eint.	(3)	60
Jökulrósir		15
Dalarósir	(3)	20
Hamlet	(3)	45
Tíðindi Prestafélagsins í hinu forna Hólaskifti	(2)	15
Grant skipstjóri	(2)	40
Börn óveðursins	(3)	55
Umhverfis jörðina á áttatíu dögum	(3)	60
Blindi maðurinn	(3)	15
Fjórblaðaði smárinn	(3)	10
Kapitola (í III Bindum)	(3)	1.25
Eggert Ólafsson (H. J.)		15
Jón Ólafssonar Ljóðmæli í skrautbandi	(3)	60
Kristinfræði	(2)	45
Kvæði Hannesar Blöndal	(2)	15
Mannkynssaga (P. M.) í bandi	(5)	85
Mestur í heimi, í b.		1.5
Prestkosningin, Leikrit, eftir D.E., í b.	(3)	30
Ljóðabók M. Markússonar		50
Ritreglur (V. Á). í b.		20
Sundreglur, í b.		15
Verði ljós		15
Vestan hafs og austan, Þrjár sögur eftir E. H., í b.		90
Víkingarnir á Hálogandi eftir H. Ibsen		25
Þorlákur helgi		15
Ofurefli, skálds. (E. H.) í b.		1.50
Ólöf í Ási	(2)	45
Smælingjar, 5 sögur (E. H.), í b.		85
Skemtisögur eftir S. J. Jóhannesson 1907		25
Kvæði eftir samaþ frá 1905		25
Ljóðmæli eftir sama. (Með mynd höfundarinnar frá 1897		25
Safn til sögu og ísl. bókmenta í b., III. bindi og það sem út er komið af því fjórða	(53c)	9.4
Íslendingasaga eftir B. Melsted I. bindi bandi, og það sem út er komið af 2. b.	(25c)	2.85
Lýsing Íslands eftir Þ. Thoroddsen í b.	(16c)	1.90
Fornir fornislenzkir rímnaflokkar, er Finnur Jónsson gaf út, bandi	(5c)	85
Alþingisstaðir hinn forni eftir Sig. Guðmundson, í b.	(4c)	90
Um kristnitökuna árið 1000, eftir B. M. Olsen	(6c)	90
Íslenzkt fornbréfasafn, 7. bindi innbundið, 3 h. af 8 b.	(1.70)	27.80
Biskupasögur, II. b. innbundið	(42c)	5.15
Landfræðissaga Íslands eftir Þ. Th., 4. b. innbundið	(55c)	7.75
Rithöfunda tal á Íslandi 1400—1882, eftir J. B., í bandi	(7c)	1.00
Upphaf allsherjarríkis á Íslandi eftir K. Maurer, í b.	(7c)	1.15
Auðfræði, e. A. Ól., í bandi	(6c)	1.10
Presta og prófastatal á Íslandi 1869, í b.	(9c	1.25
B. Thorarinsson ljóðmæli, með mynd, í b.		1.50
Bókmentasaga Íslendinga eftir F.J., í b.	(12c)	1.80
Norðurlandassaga eftir P. Melsted, í b.	(8c)	1.50
Nýþýdda biblían	(35c)	2.65
Sama, í ódýru bandi	(33c)	1.60
Nýjatestamentið, í vönduðu bandi	(10c)	65
Sama, í ódýru bandi	(8c)	30
Kóralbók P. Guðjónssonar		90
Sama bók í bandi		1.10
Svartfjallasynir	(5)	60
Aldamót (Matt. Joch.)		20
Harpa	(4)	60
Ferðaminningar, í bandi	(5)	90
Bóndinn	"	35
Minningarit (Matt. Joch.)	"	35
Týndi faðirinn	"	35
Nasreddin, í bandi		35
Ljóðmæli J. Þórðarsonar	(3)	45
Ljóðmæli Gestur Pálsson	"	75
Maximi Petrow	[(2)]	45
Leyni-sambandið	(2)	40
Hinn óttalegi leyndardómur	(2)	50
Sverð og bagall	(2)	30
Waldimar Nihilisti		75
Ljóðmæli M. Joch. I.-V. bd., í skrautb.	(15)	4.00
Afmælisdagar Guðm Finnbogasonar		1.00
Bréf Tómarar Sæmundsson	(4)	75
Sama bók í skrautbandi	(4)	1.15
Íslenzk-ensk orðabók, G. T. Zoega	(10)	1.80
Gegnum brim og boða		90
Ríkisréttindi Íslands		50
Systurnar frá Grænadal		35
Œfintýri handa börnum		30
Vísnakver Páls lögmanns Vídalíns		1.25
Ljóðmæli Sig. Júl. Jóhannessonar		1.00
Sögur frá Alhambra		30
Minningarrit Templara í vönduðu bandi		1.65
Sama bók, í bandi		1.50
Pétur blásturbelgur		10
Bækur sögufélagsins Reykavík:		
Morðbréfabæklingur		1.35
Byskupasögur, 1—6,		1.95
Aldarfarsbók Páls lögmanns Vídalín		45
Tyrkjaránið, I—IV,		2.90
Guðfræðingatal frá 1707—'97		1.10
Jón Arason		80
Skipið sekkur		60
Jóh. M. Bjarnason, Ljóðmæli		55
Maður og Kona		1.25
Fjarða mál		25
Beina mál		10
Oddur Lögmaður		95
Grettis Ljóð.		65
Dular, Smá-sögur		50
Hinrik Heilráði, Saga		20
Andvari 1911		75
Œfisaga Benjamin Franklins		45
Sögusafn þjóðviljans I—II árg. 35c; III árg. 20c IV árg, 20c; V. árg, 20; VI. 45; VII. 45; VIII. árg. 55: IX. árg. 55; X. árg. 55; XI. árg. 55; XII. árg. 45; XIII. árg, 45; XIV. árg. 55; XV. árg. 30; XVI. árg. 25; XVII. árg. 45; XVIII árg. 55; XIX, árg. 25.		
Alt sögusafn þjóðviljan selt á		$7.00

Bækur Sögufélagsins fá áskrifendur fyrir nærri hálfvirði.—$3.80.

Umboðsmenn minir í Selkirk eru Dalman bræður.

Þess skal getið viðvíkjandi bandinu á Fornaldarsögunum Norðurlanda, að það er mjög vandað, handbundið skrautband, vel frá gengið eins er með Bréf Tómasar Sæmundssonar.

Tölurnar í svigum tákna burðargjald, er sendist með póstunum.

Nýjar bækur.

Eldraunin	50
Vallýs sögur	35
Valdimar munkur	60
Kynlegur þjófur	55
Sagan af Pétri Pislarkrák	10
Sagan af stargaði Stórvirkesyni í bandi	50
óbundin	35
Rímur af Sörla sterka í bandi	40
óbundin	30
Myndin af fiskiskipinu	1.10

Áður enn þú kaupir

PLAYER PIANO

fullvissaðu þig um leikni hljóðfæris þess, sem fremst er í huga þér, að framleiða

Ekta Piano spil

með hreinum hljómtónum.— Fullvissaðu þig um þessa fullkomnun út í yztu æsar, og þá fellur val þitt efalaust á

HEINTZMAN & CO PLAYER-PIANO.

W. J. H. McLean & Co LIMITED

Cor Portage Ave. & Hargrave
Phone Main 808.

Fréttir úr bœnum.

Skáldið Sigurður Ísfeld varð bráðkvaddur að heimili sínu í Gardar bygð, N. Dak., sunnudaginn 2. april sl. Jarðarförin fór fram fimtudaginn þann 6. að fjölmenni viðstöddu, og jarðsöng séra Lárus Thorarensen Sigurð heitinn. Hann varð 68 ára gamall og hafði dvalið hér vestra í 33 ár. Æfiatriða hans verður nánar getið í næsta blaði.

Næsta þeiðjudagskveld (18. þ. m.) heldur Íslenzki Conservative klúbburinn sían síðasta spilafund á þessum vetri í samkomusal Únítara. Verðum þar útbýtt þrennum verðlaunum fyrir beztu vinninga yfir veturinn. Einnig verða gefin verðlaun fyrir bezta vinning það kveld. Allir meðlimir ámintir um að vera komnir í tíma kl. 8.

Heim til Íslands fóru héðan á þriðjudagsmorguninn fimm manns: Jakob H. Lindal, frá Hólar, Sask., Ólafur Johnson, frá Westbourne; Mrs. O. Freeman, Mrs. B. Lindal og Miss Rósa Magnúsdóttir, héðan úr borginni. — Fólk þetta fór að eins snöggva skemtiferð til fornra stöðva og býst við að koma aftur eftir fimm mánaða dvöl. — Heimskringla óskar ferðafólkinu góðrar farar og ánægjulegrar heimkomu.

Tuttugu og þrir íslenzkir nemendur hafa sótt nám á Manitoba búnaðarskólanum á sl. vetri. Hkr. vonar, að geta innan skamms fært lesendum sínum myndir af þeim öllum. Margir þeirra hafa lokið almenna tveggja ára námsskeiðinu, en tveir eða þrir munu hafa í hyggju að halda áfram, þar til þeir ná háskólaprófi og kennarastöðu við búnaðarskóla.

Á sunnudagskveldið kemur verða samskot tekin í Únitarai kirkjunni við messu til hjálpar hallærishéruðunum í Kína. Það hefir verið beðið um 100 þúsund dollara frá Canada, til að bæta úr hinni voðalegu hungursnevð, sem geysar þar. Einn dollar og fimmtíu cents er sagt að frelsi mannslíf. — Óskandi væri, að allir, sem kirkjuna sækja, vildu láta eitthvað af hendi rakna í sjóð þennan. Sjálfsagt er hvergi meiri þörf á hjálp nú sem stendur, og þar sem krónurnar eru ekki meiri en einhvernveginn að draga fram lífið, munar um smátt.

Kappgliman í Goodtemplarahúsinu á fimtudagskveldið var, milli landa vors Jóns Hafliðasonar og Fred Cooks, þýzka íþróttagglimukappans, fór svo, að Jóni var dæmdur sigurinn, þegar Cook var óvígur orðinn. Sá er munur á mönnum þessum, að Cook er miklu stærri og þyngri og sterkari maður en Jón, en jafnframt stirðari. Jón hins vegar er miklu liðugri, snarari og að öllu leyti íþróttameiri glímumaður, og svo þolinn, að hann virust engu móðari eða lúnari við leikslokin, heldur enn þegar hann byrjaðij Cook hins vegar var móður orðinn og sýnilega farinn að þreytast. Þeir félagar höfðu glímt í eina klukkustund og 5 mínútur án þess að geta felt hvor annan. En þá náði Jón taki á Cook, sem nefnt er "off Nelson" tak, og dró þá ekki af kröftunum, að koma Cook á axlirnar. Það tókst honum ekki, en í þeim stimpingum tognaði taug í öxl eða handlegg Cooks, svo Jón gaf eftir, og hinn lá lamaður á gólfinu. Var þá Jóni dæmdur sigurinn. Cook lét sér að vel lyrða, og borgaði Jóni þá $25.00, sem hann hafði veðjað á sjálfan sig, en gat þess jafnframt, að hann mundi bráðlega glíma við Jón aftur, og játti landinn því, en gerði þó það að skilyrði, að þá yrði kept um $50.00 vinning, í stað $25.00 nú.

Gliman í heild sinni var góð vegna þess, hve mennirnir voru jafnir, því Jón bætti það upp með snarleik sínum og harðfeng, sem Cook hafði umfram hann að kröftum, og einatt var það, er þeir náðu góðum tökum hvor á öðrum að Jón varð ofan á, þó ekki kæmi hann hinum á axlirnar.

Að eins hundrað manns var í húsinu, í stað þess að húsfylli hefði átt að vera, því gliman var vel þess virði, að horfa á hana. — Jón Hafliðason er að ryðja sér braut inn í flokk æðóstu glímumanna landsins, og hefir haft yfirburði yfir alla aðra keppinauta í landinu, sem honum eru jafnþungir. Væntanlega sækja landar vorir betur slíka skemtun næst, er þeir eiga kost á að sjá Jón glíma.

Herra Sigurður Indriðason, frá Selkirk, lagði af stað héðan í skemtiferð vestur á Kyrrahafsströnd á laugardaginn var. Býst við að verða mánaðartíma á því ferðalagi.

Frá Narrows P.O.komu á laugardaginn var herra Stefán Brandson og Mrs Lára Freeman. Þau dvöldu hér fram yfir helgina og héldu svo heimleiðis.

Menningarfélagsfundur

verður haldinn fimtudagskveldið í þessari viku (13. þ.m.) í Únitara kirkjunni. Á fundinum flytur séra Guðmundur Árnason erindi. Umræðuefni: Skáld og hagyrðingar. — Allir velkomnir.

Sigrún M. Baldwinson
Teacher of Piano
727 Sherbrooke St. Phone Garry 2414

Dr. G. J. Gíslason, Grand Forks, N. Dak., verður kominn heim úr Evrópu-ferð sinni um miðjan apr. og reiðuðúinn að taka á móti sjúklingum.

Fimtudaginn 23. marz voru þau Guðjón Guðmundsson og Vilborg Ólafsdóttir, bæði til heimilis í Selkirk, gefin saman í hjónaband af séra F. J. Bergmann, að heimili hans, 259 Spence St.

Þriðjudaginn 4. april voru þau Robert Brown frá Kamsack, Sask., og Bertha Stefánsson, frá Winnipegosis, gefin saman af séra F. J. Bergmann, að heimili hans.

Stúlkurnar í Ungmennafélagi Únitara bjóða fólki á ókeypis skemtisamkomu mánudagskveldið 24. þ. m. Þar geta menn einnig keypt böggla, og kaffi verður þar einnig til sölu. Fjölmennið.

Herra Ástvin Johnson, frá Watertown, S. Dak., kom hingað til borgarinnar í sl. viku, til sumarverú hér fyrst um sinn. Hann sagði góða tíð syðra, — sem næst engan vetur þar. Bændur nú að byrja á sáningu. Líðan manna í bezta lagi. — Sex ísl. fjölskyldur nú til heimilis í Watertown, sem telur 9 þúsund íbúa. Allir vinna Íslendingar þar algenga daglaunavinnu og flestir þeirra búa þar á eigin eign, hafa næga atvinnu og engan burtfararhug, með því líka, að bærinn er í uppgangi.

Herra N. Ottenson biður þess getið, að hann hafi stofnað bókasöluútibú í aldinabúð Björns Metúsalemssonar, horni Sargeat og Victor stræta.

Landar ættu að fjölmenna á skemtisamkomu kvenfélags Tjaldbúðar safnaðar á sumardaginn fyrsta. Verður þar skemtun góð og uppbyggileg og inngangur að eins 25c. Lesið skemtiskrána hér í bl.

Talsími Sigurðar Vilhjálmssonar. 711 Elice Ave., er Sherbrooke 1689.

Heimskringla mælir með að fólk sæki samkomuna, sem stúkan Vinland C.O.F. heldur næsta mánudagskveld. Prógrammið, sem er að finna á öðrum stað í blaðinu, mælir með, að það sé þess virði að fjölmenna.

Í 5. línu í greininni "Ómenskubragur", í síðasta blaði, er orðið tíu í stað 9, sem vera átti. Og í næst-síðustu málsgrein er orðið "þyktist", í stað þektist, sem vera átti.

Skotmót var háð hér í borg í sl. viku. Skotbakkar voru 200, 500 og 600 yards; hámark var 35 fyrir hvert skotmál, eða 105 alls. — Fjórtán tóku þátt í skotkappi þessu. Meðal þeirra voru tveir synir herra S. J. Austmanns, þeir Jóhann og Emil. Jóhann náði hæsta marki, 98 alls; hann er nú 18 ára. En Emil, sem er 16 ára, náði 91 mörkum. — Blöðin láta vel af framkomu þessara pilta, og telja þá álitlegustu skotmenn, sem vænta megi mikils af í framtíðinni — Jóhann er viðurkendur einn af allra beztu skyttum í Canada.

Eigandi Market Hotel biður þess getið, að nú vinni hjá sér sem 'bartender' herra Pétur Anderson. Einnig að í sambandi við hótelið sé nú hin finasta rakarastofa og skrautlegasta 'Pool Room', sem til sé í þessari borg. Ennfremur biður hann þess sérstaklega getið, að hinn góðkunni málari, herra Sigfús Anderson, sé nýbúinn að mála og pappírsleggja alt hótelið, hátt og lágt. — Eigandinn vonar, að Íslendingar finni sig í þessu ágæta hóteli.

Herra Jóhannes Einarsson, frá Lögberg, Sask., var hér á ferð í sl. viku, með nautgripi og svín til sölu. Sagði hann sölu á þeim illmögulega, og verðið 5c á fæti fyrir úrvals gripi og 7c fyrir úrvals svín; hefir fallið mikið í seinni tíð.

Prentvillur.

ýmsar, sumar nokkuð freklegar, hafa slæðst inn í grein mína: "Ættartölur (Vestur-Íslendinga)". — Ég var ekki við, þegar greinin kom út, og gat því ekki leiðrétt hana í tíma. — Villurnar eru t. d.: NÁMSINS, í stað mannsins, ÞVÍLÍKT fyrir hvílíkt o. s. frv.; auk þess kommuvillur margar, sem breyta talsvert meiningu, o. fl. Bið ég heiðraða lesendur blaðsins, að virða þetta athugunar, þá sem greinina hafa lesið.

Með virðingu,
Þorsteinn Björnsson.

R. Th. Newland fasteignasali, sem í sl. 12 mánuði hefir unnið á skrifstofu herra Árna Eggertssonar, hefir nú byrjað fasteignaverzlun á eigin reikning. — kaupir og selur lönd og lóðir og húseignir, útvegar peningalán og selur eldsábyrgðir; einnig kaupir hann og selur sölusamninga (Agreements of Sale). Hann hefir skrifstofu í nýja Phoenix stórhýsinu, á horni Princess og Notre Dame St., No. 4 á fyrsta gólfi, inngangur frá Princess St. (Sjá auglýsingu hans í þessu blaði um næstu 12 mán.).

Bréf eiga á skrifstofu Hkr.:

Jóhanna Jóhannson, 11 McAdam Ave.
Hákon Bjarnason.
Mrs. S. B. Gíslason.
Loftur Jörundsson.

Eigendur eru beðnir að vitja þessara bréfa sem allra fyrst.

Skemtisamkoma og Böggla-uppboð.

undir umsjón stúlknanna í Ungmennafélagi Únitara, verður haldið í samkomusal Únitara MÁNUDAGSKV.

24. APRÍL

PROGRAM.

1. Söngur: Nokkrar stúlkur.
2. Upplestur: Miss Guðný Sólmundsson.
3. Fiólin Sólo: L. Eiríksson.
4. Söngur: Nokkrar stúlkur.

BÖGGLA UPPBOÐ.

Selt kaffi.

Aðgangur ókeypis

LESIÐ ÞETTA

ÍSLENDINGAR, helzt smiðir, sem hugsa til að koma til Saskatoon, gerðu vel í, að skrifa eða sjá okkur sem allra fyrst.

Gislason & Brandson
Office 36 Ferguson Block.
P.O. Box 1077, Saskatoon, Sask.

Heimskringlu hefir verið skrifað frá Leslie, Sask., að þar væri ágætt tækifæri fyrir mann eða konu að setja á stofn þvottahús. — Mundi ekki einhver landi eða landa vilja verða til þess? Það mundi án efa borga sig.

Stúkan Vínland
No. 1146
The Canadian Order of Foresters

CONCERT og DANS

í Good Templars Hall

Mánudagsk. 17. Apr. 1911

Byrjar kl 8.15

PRÓGRAM.

1. Vocal Solo Selected— Alex. Johnson
2. Address by F H. Davidson D. H. C. R.
3. Mixed Quartette—Misses S. Olson & O. Davidson & Messrs A. Albert & P. Bardal.
4. Vocal Solo Selected — Miss Olive Oliver.
5. Recitation—Miss Minnie Johnson
6. Violin Duette — Messrs Baldur Olson & J. Davis
7. Dans—Johnson's Orchestra spilar.

Mr. H. Thompson Floor Mgr

Skemtisamkoma

undir umsjón kvenfélags Tjaldbúðarsafnaðar, á sumardaginn fyrsta, 20 April í Tjaldbúðinni.

PRÓGRAM.

1. Piano Solo—Miss Lína Gunnlaugson.
2. Recitation— Miss C. Bergmann.
3. Solo— Miss Maggie Eggertson
4. Ræða— Séra F. Bergmann
5. May Pole Drill— Nokkrar stúlkur
6. Selected—
7. Upplestur— Mr. M. Goodmann
8. Söngflokkurinn.

Aðgangur kostar 25 cent.
Byrjar kl. 8. FJÖLMENNIÐ

VANTAR

Fasta umboðsmenn og hjálparmenn (canvassers), bæði konur og karla.

Gott kaup harda duglegum.

Skrifið og sendið nauðsynleg meðmæli.

K.K. ALBERT
Box 450
WINNIPEG, MAN.

R. TH. NEWLAND

verzlar með fasteignir, fjárlán og ábyrgðir. — Skrifstofa: No. 4 Phoenix Block, horni Princess og NotreDame
Sími: Garry 4704.
Heimilissími: Sherbr. 1619.

KENNARA VANTAR

við Háland skóla No. 1227 Sex mánaða kensla, byrjar 1. mai. Skólafrí ágústmánuð. Umsækjendur tiltaki, hvaða mentastig þeir hafi og hvaða kaup beir biðji um. Umsækjendur sendi tilboð sín fyrir 20. april 1911 til undirskrifaðs.

Hove P.O., 11. marz 1911.
S. EYJÓLFSSON,
4-13 Sec'y-Treas.

Það er alveg víst, að það borgar sig að auglýsa í Heimskringlu.

BAUÐ er einn hlutur sem við höfum fremst í huga og eru það GÆÐIN og þær tilraunir vorar að ná því hámarki hafa gert

Boyd's

BRAUÐ

hið vinsælasta í borginni. Konur sem bezt gæta hagnað ar heimilsins kjósa BOYD'S BRAUÐ frekar öllu öðru. Hversvegna? Reynslan mun sannfæra yður.

Talsími: Sherbrooke 680.
Brauðgerðarhús á horni Spence St. og Portage Ave.

The Hyland Navigation COMPANY

hefir nú opnað

SUMAR SKEMTIFERÐA SKRÁSETNINGAR

Margar þegar skráðar.

Einnig er félagið að láta gera stór-umbætur í Hyland Park, svo sem stækka svo tveimur þriðju nemur, einnig að búa þar til skemtistigi afkyma, barnastofu, með konu til að sjá um börnin, og margskonar skemtiföng fyrir börnin. Einnig skeiðvöll, sundpoll, stóran leikvöll fyrir hnattleiki, fótbolta o. s. frv. Ágætan dans-sal ásfæstan við greiðasöluskála. Skrifið okkur eftir frekari upplýsingum.

Hyland Navigation Co.
13 Bank of Hamilton Chambers
WINNIPEG

Th. JOHNSON
JEWELER
286 Main St. Sími M. 6606

Dr. G. J. Gíslason,
Physician and Surgeon
18 South 3rd Str, Grand Forks, N.Dak
Athygli veitt AUGNA, EYRNA og KVERKA SJÚKDÓMUM ASAMT INNVORTIS SJÚKDÓMUM og UPPSKURÐI. —

Dr. J. A. Johnson
PHYSICIAN and SURGEON
HENSEL, N. D.

TILBOÐ.

Við undirskrifaðir tökum að okk ur alla grjótvinnu, sem við getum af hendi leyst eins fljótt og vel og nokkur getur gert. Við seljum grunn undir hús, hlöðum kjallara, steypum vatnskeröld og gangstéttir, gerum steinsteypu í fjós, o.fl.

Jacob Frimann
Hergr. Hallgrimson
Gardar, N. Dak.

J. J. BILDFELL
FASTEIGNASALI.
Union Bank 5th Floor No. 520
Selur hús og lóðir, og anna þar að lútandi. Útvegar peningalán o. fl.
Phone Main 2685

G. S. VAN HALLEN, Málaferzlumaður 418 McIntyre Block., Winnipeg. Talsími Main 5142

'Kvistir' í bandi

Munið eftir því að nú fást "KVISTIR" Sig. Júl. Jóhannessonar, í ljómandi fallegu bandi hjá öllum bóksölum.

Verð $1.50

Hannyrðir.

Undirrituð veitir tilsögn í alls kyns hannyrðum gegn sanngjarnri borgun. Starfsstofa: Room 312 Kennedy Bldg., Portage Av., gegnt Eaton búðinni. Phone: Main 7723.

GERÐA HALDORSON.

„Að lesa og skrifa list er góð læri það sem flestir."

Ef þig langar til að læra að skrifa fagra rithönd, þá skrifaðu eftir upplýsingum og sýnishorni til H. F. Einarssonar, Pembina, N. Dak., sem kennir allskonar rithönd fjölbreytta pennadrætti og skrautskrift. Þú getur lært heima í þínu eigin húsi, því tilsögnin er send bréflega með pósti.

Hverjum, sem svarar þessari auglýsingu, verður sent spjald með hans eigin nafni skrautrituðu. 25-5

TIL SÖLU

í Westbourne bæ 4 lot með 5-herbergja húsi á, góðu geymsluhúsi og stóru hesthúsi; nálægt vatni og skógi. Gott tækifæri fyrir mann, sem mundi vilja flytja vörur af og á járnbrautarstöðina, og fleira o.fl. Umsækjendur snúi sér sem fyrst til

J. Crawford
30-1 Westbourne, Man.

Sveinbjörn Árnason
Fasteignasali.
Selur hús og lóðir, eldsábyrgðir, og lánar peninga. Skrifstofa: 310 McIntyre Blk.
office TALSÍMI 4700. hús Tal. Sherb. 2018

BONNAR, TRUEMAN & THORNBURN,
LÖGFRÆÐINGAR.
Suite 5-7 Nanton Blk. Main 766
Winnipeg, Man. P.O.BOX 223

Anderson & Garland,
LÖGFRÆÐINGAR
35 Merchants Bank Building
PHONE: MAIN 1561.

HANNES MARINO HANNESON
(Hubbard & Hanneson)
LÖGFRÆÐINGAR
10 Bank of Hamilton Bldg. WINNIPEG
P.O. Box 781 Phone Main 378 3142

Gísli Goodman
TINSMIÐUR.
VERKSTÆÐI:
Cor. Toronto & Notre Dame.
Phone Garry 2988 Heimilis Garry 899

WINNIPEG ANDATRÚAR KIRKJAN
horni Lipton og Sargent.

Sunnudagasamkomur, kl. 7 að kveldi. Andartrúarspeki þá útskýrð. Allir velkomnir.

Fimtudagasamkomur kl 8 að kveldi, huldar gátur ráðnar. Kl. 7.30 segul-lækningar.

W. R. FOWLER A. PIERCY.

Royal Optical Co.
307 Portage Ave. Talsími 7286.

Allar nútíðar aðferðir eru notaðar við augn-skoðun hjá þeim, þar með hin nýja aðferð, Skugga-skoðun, sem gjöreyðir öllum ágiskunum. —

Gripa eyrnahnappar
[Gerðir úr aluminium]

Með nafni ykkar og pósthúsi. Skrifið á slenzku og biðjið okkur að senda ykkur einn til sýnis með nafninu ykkar á.

Við búum til alskonar stimpla.

CANADIAN STAMP COMPANY
Tribune Bldg.
P. O. Box 2235 WINNIPEG

KAUPIÐ af þeim og verzlið við þá sem auglýsa starfsemi sínu í Heimskringlu og þá fáið þér *betri* vörur með *betra* verði og *betur* útilátnar.....

Tasími Heimskringlu
Garry 2110

Heimskringla.

Heimilis talsími ritstjórans:
Garry 2414

XXV. ÁR | WINNIPG, MANITOBA, FIMTUDAGINN, 20. APRIL 1911 | NR. 29.

Mjög álitlegur gróðavegur.

Lesendur eru beðnir að lesa ræki lega og íhuga gaumgæfilega auglýsingu RED RIVER AND LAKE WINNIPEG NAVIGATION COMPANY, LIMITED á annari blaðsíðu þessa blaðs. Félag þetta er stofnað af nokkrum hérlendum auð- og framtaksmösnum Einn Íslendingur, herra kaupmaður Stephan Sigurðsson, frá Hnausa, er í framkvæmdarstjórn félagsins, og einn af stofnendum þess. Hann er allra Íslendinga kunnugastur Winnipegvatni öllu, og atvinnu- og framleiðslu möguleikum umhverfis vatnið. Hann hefir nama sjón á gróðamöguleikum og starfrækslu þeirra atvinnuvega, sem vatninu og ströndum þess fylgja. Og þar sem nú flóðlokur Rauðár-strengjanna hjá St. Andrews gera ána skipgenga viðstöðulaust alla leið til Winnipeg borgar, hefir hann orðið til þess, að stofna félag þetta, hið fyrsta til að færa sér skipgengi árinnar í nyt.

Félagið býður Íslendingum, að kaupa hluti í þessu félagi, og eftir "Prospectus" þess að dæma, ætti það að verða gróðavænlegt hverjum þeim, sem fé hefir.

,Meira í næsta blaði.

Þýðingarmikill dómur.

Eitt af þeim málum, sem mun hafa víðtæk áhrif hér í fylkinu, er nýlega dómfelt. Svo stóð á, að landnemi einn í Bifröst sveit hafði haft land sitt þar um 10 ára tíma, án þess að borga skatt af því til sveitar. "Patent" hafði ekki verið tekið fyrir landinu, og áleit landneminn því að það væri ríkiseign og því undanþegið skattgreiðslu. Sveitarstjórnin leit öðruvísi á málið og seldi landið við opinbert uppboð fyrir áföllnum sköttum öll árin frá því heimilisréttur var veittur fyrir því. Landneminn sótti þegar mál á hendur sveitinni og taldi skattkröfu hennar og sölu ólögmæta. Málið vakti hina mestu eftirtekt út um alt fylkið, því að slíkt mál hafði ekki áður komið fyrir rétt hér í fylkinu. Herra H. Marino Hannesson, lögmaður sveitarinnar, hafði meðferð málsins fyrir hennar hönd, og vann í öllum atriðum.

Dómarinn gaf þann úrskurð, að öll heimilisréttarlönd séu skattskyld í þeim sveitum sem þau eru í, frá þeim degi, sem landtökuréttur inn er veittur landnemanum. — Í þessu tilfelli verður því landneminn að borga áfallna 10 ára skatta, — vilji hann fá land sitt aftur, — ásamt með vöxtum af upphæðinni og einnig allan málskostnað.

Landnemar mega því hér eftir vita, að þeim ber lagaskylda til þess að borga skatta af heimilisréttarlöndum sínum frá þeim degi, er þeir fá heimilisréttarskirteini, og að frá þeirri skuldarábyrgð er engin undankoma.

BJARNASON & THORSTEINSON
Fasteignasalar
Kaupa og selja lönd, hús og lóðir víðsvegar um Vestur-Canada. Selja lífs og eldsábyrgðir.
LÁNA PENINGA
út á fasteingir og innkalla skuldir.
Öllum tilskrifum svarað fljótt og greiðanlega.
Wynyard - - Sask.

Æfiminning.

Sigurður Sigurðsson Ísfeld

Hann varð bráðkvaddur að heimili sínu í Gardar bygð sunnudaginn 2. april síðastliðinn. Hann fór gangandi til messu um daginn, tveggja mílna leið; kom heim nálægt kl. 4 seinni partinn, kvartaði um, að sér væri ilt þegar hann kom inn og ætlaði að leggja sig fyrir, en komst ekki nema að næstu dyrum. Þar hneig hann niður í ruggustól, og var örendur eftir fáar mínútur.

Kona hans og Steingrímur sonur hans voru alein viðstödd, þegar hann dó; en rétt þar á eftir kom nágranni þeirra að. Læknir var kallaður, en hann hafði ekkert að gera, að eins gaf þann úrskurð að hann hefði dáið af slagi (Apoplexy).

Jarðarförin fór fram þann 6., að fjölmenni viðstöddu. Séra Lárus Thorarensen flutti húskveðju og líkræðu.

Sigurður Ísfeld var fæddur 24. júli 1843, að Holtseli í Grundarsókn í Eyjafirði. Foreldrar hans voru Sigurður Árnason, skálds frá Skútum og Sigríður Þorsteinsdótt ir. Faðir hans dó, þegar Sigurður var á 4. ári, sem þá var tekinn til fósturs af Daníel á Skáldstöðum í Eyjafirði og Guðrúnu konu hans, en móðursystur Sigurðar. Hjá þeim var hann þar til 1860, að hann flutti norður á Langanes og var þar í 12 ár. Þaðan fór hann að Strandhöfn í Vopnafirði, og kvongaðist 1876 Kristinu H. Ólafsdóttur, frá Klausturseli á Jökuldal. Þau komu til Ameriku 1878.

Fyrst flutti Sigurður til Nýja Íslands. Þar bjó þá fyrir Grímur Einarsson, frá Klausturseli, stjúpfaðir Kristinar, um tvær milur fyrir sunnan Gimli, og kallaði bæ sinn að Grímsstöðum. Þar dvöldu þau Sigurður og Kristin í tvö ár. Þá flutti Grímur til Dakota 1880, og settist að í Gardarbygð, — nú dáinn fyrir rúmum 3 árum, — en Sigurður flutti til Winnipeg og var þar eitt ár. Til Dakota flutti hann 1881, og settist að á heimilisréttarlandi í Gardarbygð, þar sem hann bjó til dauðadags.

Hann eftirlætur: Konu sína, sem fyr er getið og tvö börn upp komin, Steingrím og Guðrúnu. Steingrímur er ógiftur, en var búinn að taka við búi og stjórn á heimili föður sins. Guðrún er nýlega gift Jóni Magnússyni Jónssonar og Sigurrósu Guðlaugsdóttur, frá Steinkirkju í Fnjóskadal, sem lengi hafa búið nálægt Glasston í Pembina County. Magnús er nýlega dáinn, en Jón býr á heimili foreldra sinna, og móðir hans lifandi.

Það mætti margt segja um Sigurð Ísfeld; en lyndiseinkunnum hans er ekki auðvelt að lýsa. Þær voru svo frábrugðnar því, sem almennt gerist. Gáfur og fróðleiksfýsn átti hann að arftöku, en fullnægju-kjörum þess varð hann að sæta þeim sömu og aðrir, sem alast upp á vegum umkomuleysisins.

Í ungdæminu varð hann sjálfur að leita uppi og tina saman þá fróðleiksmola, sem hægt var að ná, og það gekk vel, því minnið geymdi alt, svo ekkert fór til spillis af því, sem til náðist.

Snemma byrjaði hann að kveða og orti mikið, þó lítið af því hafi komið fram til sýnis, og hugðnæmustu stundirnar mun hann hafa átt við það starf. Aðaleinkenni kvæða hans er, að þau hafa að geyma hreinar hugsanir í ljósum umbúðum.

Lundin var glöð og þýð; hann vildi öllu vel, en þá var viðkvæmnin svo, að skuggahliðar tilverunnar ullu honum sársauka, svo með köflum mátti halda, að hann væri bölsýnn, sem þó ekki var í raun og veru. Ráðvendni til hugsana, orða og gerða stóð æfinnlega fremst í huga hans og réði breytni hans við alla. Hræsni og skinhelgi á hverju sviði, sem var, átti hjá honum ódauðlegt hatur. — Þessi staka lýsir því bezt:

"Af allri sál ég hata hrós,
sem hallar réttu máli,
sem þykist vera leiðarljós,
en leiftrar þó af táli.
Sem skrumar mest af skoðun sjálfs,
er skapi veginn rétta,
en lætur sannleik sinn til hálfs
og sjaldan hærra spretta".

Búskapurinn hepnaðist honum vel. Hann réðist aldrei í meira, en hann sá sér fært, og hafði ekki meira umleikis, en hann gat hirt vel um, enda átti Steingrímur góðan þátt í bústjórn seinni árin. Heimilið var ánægjulegt, og þar voru bæði kona og börn til hjálpar að létta lífið, þegar skuggum brá fyrir, en saknað mun hann hafa Guðrúnar dóttur sinnar, þegar hún fór að heiman, því hún var eftirlæti hans og lík honum að mörgu leyti.

Íslendingur vildi hann ætið vera.

Söknuður og vildarhugur allra, sem kyntust honum, fylgir honum til grafar.

Það er það einasta, sem hægt er að láta honum í té.

Jónas Hall.

Fregnsafn.

Markverðustu viðburðir hvaðanæfa.

— Sendiherra Bandaríkjanna á Þýzkalandi, Jayne Hill, hefir sagt þeirri stöðu lausri og Taft forseti tekið lausnarbeiðni hans til greina. Eftirmaður Hills er óútnefndur.

— Kína hefir tekið til láns 50 miliónir dollars hjá Bandaríkja auðmönnum. Lántöku samningarnir voru undirskrifaðir á laugardaginn var. Mestum hluta fjár þessa á að verja til að efla og auka her og herútbúnað og koma upp herskipastól. Hyggjast Kínverjar nú að feta í fótspor frænda sinna Japana eftir megni, hvað herfyrirkomulag áhrærir, og hafa fengið bæði japanska og enska herforingja til að æfa liðsmenn sína og kenna í herskólum. Einnig ætla þeir að sníða stjórnarfar sitt sem mest eftir Japönum, og þar með afnema einveldið, sem ríkjandi hefir verið alt frá ómunatíð. — Eru því allar líkur til, að Kínverjum takist að ryðja sér til rúms meðal stórþjóða heimsins, því fólksfjöldinn er nógur og landskostir hinir mestu, ef rétt er á haldið.

— Denman Thompsen, einn af kunnari leikurum og leikritaskáldum Bandaríkjanna, andaðist í West Swanzey, N. H., 14. b.m., úr hjartasjúkleik; varð 78 ára gamall.

— Hertoginn af Connaught, bróðir hins látna konungs, og hinn ný-útnefndi landstjóri yfir Canada, er veikur. — Verði veikindin ekki alvarleg tekur hertoginn við landstjóraembættinu í september.

— Á Frakklandi voru þrír menn handsamaðir nýverið, ákærðir um, að hafa selt afrit af mikilsvarðandi skjölum til Tyrkjastjórnar.— Skjöl þessi tilheyrðu utanríkisráðaneytinu, og höfðu inni að halda heimulegar tilkynningar frá utanríkisráðherranum til franska sendiherrans í Konstantínópel viðvíkjandi Bagdad járnbrautinni. — Sýndu skjöl þessi, að utanríkisráðherrann var fylgjandi Englendingum, en andvígur Rússum í þeim málum. Einn þessara manna, sem tekinn var fastur, var aðstoðarmaður í utanríkismálaráðaneytinu, Ronet að nafni, sonur fyrverandi sendiherra Frakklands að Bagdad. Hann neitar harðlega að vera föðurlandssvikari eða að hafa selt nokkur skjöl til Tyrkjastjórnar. — Hinir tveir, sem teknir voru fastir, eru ensk-egyptskur blaðamaður, Maimon að nafni, og skrifari hans. Mál þetta er búist við að verði eitt af stórmálunum, sem hafa borið við á Frakklandi.

— Demókratar í efri málstofu Bandaríkjaþingsins hafa kosið Senator Martin frá Wirginia fyrir leiðtoga sinn, og er talið að undirlagi Bryans, — því atkvæðamesti Demókratinn í Senatinu er Bailey frá Texas, og bezt til forustu fallinn, en hann hefir verið Bryan andvígur í mörgu, og er vildarvinur Joseph Cannons, fyrrum forseta neðri málstofunnar. Mann, þingmaður frá Illinois, er foringi Repúblíkana í neðri málstofunni. — Á þessu aukaþingi, sem nú stendur yfir, er þýðingarmesta málið, auk gagnskifta samningsins, frumvarp um, að almenningur kjósi Senatatora eftirleiðis, en ekki þing hvers ríkis. Frumvarp þetta var felt í efri málstofunni á síðasta þingi, en nú er búist við, að það muni ná fram að ganga. Neðri málstofan samþykti frumvarpið með stórmiklum atkvæðamun. Í efri málstofunni þarf það tvo þriðju hluta atkvæða til að ná samþykki.

— Manitoba sambandsþingmennirnir hafa flestir verið að heimilum sínum um páskana, og W. H. Sharpe, þingmaður fyrir Lisgar, hefir haldið marga fundi í kjördæminu um gagnskiftauppkastið, og mætt all-mikilli mótspyrnu. — Einnig hafa þeir Glen Campbell, þingmaður fyrir Dauphin, og Arthur Meighen, þingmaður fyrir Portage la Prairie, báðir haldið fundi og andmælt gagnskifta uppkastinu. — Virðist af fundum þessum að dæma, að fylkisbúar séu all-tvískiftir í þessu máli, þó meiri hlutinn muni vera uppkastinu mótsnúinn.

— Verksmiðjubruninn í New York, sem orsakaði dauða 143 manns þann 15. marz sl., eins og áður var um getið, hefir að öllum líkindum alvarlegar afleiðingar fyrir eigendur verksmiðjunnar, þá Isak Harris og Max Blanck. Báðir voru þeir af kviðdómi fundnir sekir um, að hafa með ófyrirgefanlegu skeytingarleysi verið valdir að dauða þeirra, er brunnu við þennan eldsvoða. Meðal annars kom það í ljós við rannsóknina, að dyrnar, sem að björgunarstigunum lágu, voru læstar, og því ómögulegt að forða sér um þær. — Ákæran, sem á hendur þessum mönnum hefir verið hafin, er mann dráp, og varðar það tíu til tuttugu ára fangelsi, ef þeir verða sakfeltir. Báðir fengu lausn úr varðhaldi gegn 25 þúsund dollars tryggingu.

— Hungursneyðin í Kína er í engri rénun. Nýlega hafa vatnavextir orsakað flóð á hörmunasvæðinu og gert stórskemdir og aukið á hörmungar vesalings fólksins, — gert meðal annars illmögulegt, að ná í hjálparstöðvar fyrir veglevsum. Hungrið sverfur nú svo að fólkinu, að það er reiðubúið, að gefa börn sín hverjum sem er fyrir matarbita. Í bæ einum skamt frá Shanghai voru sextíu fullvaxnar stúlkur boðnar til sölu á markaðstorginu, en enginn vildi kaupa, vegna þess, að fæðan, sem ambáttirnar neyta, var álitin meira virði en þær sjálfar. Liggur því ekkert nema opinn hungursdauðinn fyrir þessum vesalings stúlkum. — Frá annari borg á hungurssvæðinu berast þær fréttir, að yfir hundrað stúlkur hafi verið seldar auðugum verksmiðjueigandanum, fyrir einn dollar hver, og þótti verksmiðjueigandinn sýna mannúð mikla í þeim kaupum, því þó stúlkur þessar verði ambáttir hans til æfiloka, og þræli á verksmiðjunum eða verði öðrum seldar — þá er lífi þeirra borgið frá hungursdauða, og eins þeirra, sem seldu, því einn dollar er drjúgur búbætir fyrir Kínverja á þessum hörmungatímum. — Flestar menningarþjóðir heimsins hafa sent hjálp, og reynt að bæta úr hinni brýnustu neyð, en þrátt fyrir það fellur fólkið undvörpum niður úr hungri.

— Sir Henri E. Taschereau, fyrrum dómstjóri hæstaréttar í Canada, andaðist að heimili sínu í Ottawa á föstudaginn langa. — Hann varð 75 ára og talinn einn lögfræðasti maður í Canada; varð hæstaréttardómari 1878, en dómstjóri 1902. Lagði niður embætti 1906. Eftir hann liggur íjöldi lögfræðisrita.

— Uppreistarmenn í Mexico unnu borgina Agua Prieta á föstudaginn langa, eftir harða orustu. Voru 600 manna uppreistarmegin á móti 500 stjórnarliðum, sem borgina vörðu. Uppreistarloringjarnir kvað ætla að gera borgina að miðstöð sinni, og hafa þar aðsetur bráðabirgðarstjórnar í Sonora fylkinu, sem nú er mest alt á þeirra valdi. Einnig hefir sá merkisatburður skeð, að enskt herskip sendi fallbyssu og nokkra menn á land í borginni San Quinten, og hugðust að verja hana fyrir uppreistarmönnum; en er þeir gerðu enga árás á borgina, héldu Englendingarnir um borð aftur með fallbyssu sína. Þetta er í fyrsta sinni, sem nokkur framandi þjóð hefir sett hermenn á land í Mexico í þessu borgarastríði. En það gefur ótvírætt til kynna, að erlendar þjóðir eru reiðubúnar að skerast í leikinn, ef þurfa þykir, og vill hver verða fyrst, í von um að gleypa sem mest fyrir snúð sinn. Bandarikjahersveit hefir verið við landamærin um tíma, og japönsk herskip eru í hópatali á sveimi meðfram ströndum Mexico. Einnig hafa frönsk herskip verið send áleiðis til óiriðarstöðvanna, til að hafa gát á, að frönskum þegnum sé enginn óréttur ger. — Fyrir öllum þessum stórveldum vakir það eitt, að reyna að ná Mexico undir sig, ef þess væri kostur og ástæður gæfust.

— Gifting fór fram í Lundúnum á laugardaginn var, sem vakti óvanalega mikla eftirtekt. Var það prins Ibrahaim, frændi varakonungs Egyptalands, sem gekk að eiga hina ameríkönsku leikkonu, Olu Humphrey. Prinsinn kvað sig 32. ára að aldri og einhleypan, þó hann í Kairo, höfuðborg Egyptalands, ætti kvennabúr með nokkrum tugum blómarósa. Brúðurin kvað prinsessu titilinn varða sig mestu, og þess utan gleddi það sig, að verða hæstráðandi í kvennabúri manns sins. Bandaríkjastúlkur tettu ekki völ á slíku að jafnaði.

— Georg Vanstone í Godrich, Ont., sem lamdi son sinn fangan til dauða með kústskafti nú fyrir nokkrum vikum, eins og fyr var um getið, var af kviðdómi á laugardaginn var fundinn sekur um dráp og dæmdur í æfilangt fangelsi — Búist var við, að maður þessi væri bilaður á geðsmunum og hefði unnið fúlmenskuverkið í æði, en læknar kváðu hann alheilan á geðsmununum og verkið unnið af manuvonsku einni. — Vanstone bar sig illa, þegar honum var kyntur dómurinn.

— Svertingjahóp, sem ætlaði sér til Canada, var neitað landgöngu í British Columbia. Því borið við, að þeir væru heilsubilaðir og ekki vel til landnáms fallnir af þeim ástæðum. — Þetta eru hinir fyrstu svertingjar, sem neitað hefir verið um landgönguleyfi.

— Látlaus tveggja daga orusta stóð við Agua Prieta á landamærum Mexico og Arizona og héldu uppreistarmenn vígvellinum, þá er henni lauk á þriðjudaginn.— Uppreistarmenn höfðu unnið borg þessa og hugðu að hafa hana fyrir miðstöð sína, en stjórnarherinn tókk nýjan liðstyrk og freistaði að vinna borgina aftur. Voru 1600 stjórnarliðar á móti 1000 hinna. Stýrði Diaz offursti stjórnarherinum, en Balasario Garcia uppreistarmönnum. Orustan varð hin harðasta, sem enn hefir háð verið í þessu borgarastríði; fellu þó margfalt fleiri af stjórnarherinum. En það, sem alvarlegastar afleiðingar getur haft af orustu þessari, er, að skemdir miklar urðu á bænum Douglas, Bandarikjamegin við orustusvæðið, og féllu tveir af íbúum hans og nokkrir særðust. — Er búist við, að Bandarjkjastjórnin muni hefna þessara búsifja, og skipa herdeild sinni, sem við landamærin bíður, að gera landgöngu í Mexico.

— Spænska gufuskipið San Fernando, áleiðis til Liverpool, fórst í ofsaveðri við vesturströnd Spánar og druknuðu 21 maður, en 4 varð bjargað eftir mikla hrakninga og harmkvæli.

— Tveir þýzkir vísindamenn, Dr. Leinbach og Dr. Löwy, hafa nýverið gert markverða uppfvnding, sem útlit er fyrir að hafi mikla þýðingu fyrir neðanjarðarbúa. — Uppfvndingin er í því fólgin, að senda þráðlaus símskeyti milli staða neðanjarðar. Hafa tilraunir verið gerðar, að senda skeyti milli náma á 1,600 feta dýpi og hálfrar annarar milu millibili, og gefist ágætlega. — Sérstaklega er þessi uppfvnding talin þýðingarmikil, ef námaslys verða. Uppfyndingamennirnir ætla sér að reyna á lengra millibili innan skamms og telja fullvissu, að þær tilraunir muni hepnast.

Heimskringlu hefir verið skrifað frá Leslie, Sask., að þar væri ágætt tækifæri fyrir mann eða konu að setja á stofn þvottahús. — Mundi ekki einhver landi eða landa vilja verða til þess? Það mundi áneefa borga sig.

OGILVIE'S
Royal Household Flour
Til Brauð og Köku Gerðar
Gefur Ævinlega Fullnæging
EINA MYLLAN Í WINNIPEG,—LÁTIÐ HEIMAIÐNAÐ SITJA FYRIR VIÐSKIFTUM YÐAR.

WALL PLASTER
"EMPIRE" VIÐARTAGA VEGGLÍM.
"EMPIRE" CEMENT WALL VEGGLÍM
"EMPIRE" FINISH VEGGLÍM.
"GOLD DUST" VEGGLÍM.
"SACKETT" PLASTER BOARD.
SKRIFIÐ OSS OG FÁIÐ VORA ÁÆTLUNAR BÓK.
Manitoba Gypsum Co., Limited.
WINNIPEG, - MANITOBA.

Lake Winnipeg and Red River Navigation Company Limited

Skift niður í $30.000 hluti með $10. ákvæðirverði hver

Höfuðstóll $300,000

Skift niður í $30.000 hluti með $10 ákvæðisverði hver

Gerist hluthafar í öruggu framfara fyrirtæki

Bráðabyrgðar stjórnendur

CAPT. STEPHAN SIGURDSSON, gufuskipaeigandi, Gimli.
JAMES McDIARMID, Esq., President of the McDiarmid Co., Limited, Winnipeg.
ALEXANDER DAVIDSON, Esq., President of the North-West Laundry Co., Limited, Winnipeg
W. F. MERRILL, Esq., Winnipeg.
HUNTER COOPER, Secretary, Winnipeg.

Bankers: THE UNION BANK OF CANADA.
Solicitors: Messrs. DALY, CHRICHTON, McCLURE & COHEN

Skrifstofur:—38 Canada Life Chambers, Winnipeg

Gróðavænlegra fyrirtæki hefir sjaldan gefist.

FYRIRÆTLANIR THE LAKE WINNIPEG AND RED RIVER NAVIGATION COMPANY, LIMITED

Tilgangur félags þessa er að reka vöruflutning, fólksflutning og verzlun á Rauðánni og Winnipeg vatni, — alt vestur til Grand Rapids á Saskatchewan ánni. — Félagið hefir fengið löggilding af Manitobaþinginu, sem leyfir slika starfsemi. Afrit af löggildingarskránni má fá hjá ritara félagsins.

Fullgjörleiki St. Andrews Locks hefir nú gert það mögulegt, að koma á fót fyrstu tegundar vöruflutnings og farþega gufuskipum til umferða áRauðánni og Winnigegvatni, og þar með gefið Winnipeg og nærliggjandi sveitum tækifærið, að færa sér frekar í nyt hina miklu þjóðarauðlegð, sem liggur rétt að dyrum vorum, og biður eftir framþróun.

Þess vegna hefir það verið, að Winnipeg búar hafa í mörg ár reynt að koma á fót óhindruðu vatnasambandi við skóga, fiskistöðvar og námur vatnaberaðanna. En upp frá þessu finnur félagið sig örugglega geta boðið almenningi samvinnu sína í sliku framfarafyrirtæki.

Það er margsannað, að vatnaflutningur er ódýrari öllum öðrum flutningum, og það er sanngjarnt að búast við auknum tekjum. Mikil viðskifti í trjávið, eldivið, byggingasteini, fiski og bændaafurðum eru fullviss.

Hin mikla útbreiðsla sumarbústaða og hinar sívaxandi skemtiferðir (jafnvel undir hinum óhagkvæmustu kringumstæðum) réttlæta oss, að búast við miklum árangri af farþegaflutningi, vegna þess, að fólkið getur stigið á skipsfjöl í Winnipeg, á hinum vönduðustu nýtízkuskipum, sem ferðast eftir fastri áætlun.

Matföngum verður séð fyrir til hægðarauka fyrir ferðafólkið á hinum ýmsu viðkomustöðum, fyrir lengri eða skemri tíma áður ferðin er farin, eftir því sem fólkinu bezt hentar.

Stjórn félagsins verður í höndum hagsýnna manna, sem lengi hafa haft með höndum flutning á vötnunum, og rekið gufuskipaútgerð.

Til að ná sem beztum árangri, hafa tvö höfuðatriði grandgæfilega verið athuguð, nefnilega öruggleiki og hraði, og félag þetta fullvissar almenning um, að báðum þessum höfuðatriðum skal framfylgt.

Tvö ný, stálklædd gufuskip, af nýustu gerð, og stór, verða bygð, og á hvort þeirra að geta tekið 150 farþega á fyrsta farrými. Gufuskip þessi hafa beinlínis verið ákveðin í þessum tilgangi, og sérhvað lútandi að öruggleik og þægindum, hefir verið gaumgæfilega athugað. — Einnig taka þau vöruflutninga, eins og önnur slik skip, og afgreiða bæði vel og með hraða á öllum viðkomustöðum, bæði á ánni og vatninu, sem á áætlunum standa.

Hjálparskip, flutningsbátar og dráttarskip, nauðsynleg fyrir fullkomnar vatnaferðir, hefir þegar verið séð fyrir.

Það er ráðgert, að fara daglega frá Winnipeg og til einhvers viðkomustaðar á vatninu, og snúa aftur til borgarinnar samdægurs. Einnig tvær ferðir á viku til Grand Rapids á Big Saskatchewan ánni; sömuleiðis til hins ágæta sumardvalarstaðar á Horseshoe Island, sem er 12 milur frá ármynninu.

Lítandi fram í tímann er það mjög líklegt, að innan fárra ára verði Saskatchewan áin sé ekki viðstöðulaust afl til hagnaðar félaginu, þá lofar það í framtiðinni útbreiðslu öflugs fyrirkomulags, — reiðubúið að mæta öllum flutningskröfum.

Sem kunnugt er, hefjast skipaferðir í april og hætta um miðjan nóvember, en til að vera vissir, teljum vér að eins frá 15. maí til 1. nóvember; og verða það nærri sex mánuðir til starfsemi, og fjórir mánuðir til ferðamannaflutninga, — frá 1. júní til september loka.

Það er áætlað, að hafa höfuðstólinn lágan: —

$300,000.00

Skift niður í 30,000 hluti af almennum hlutabréfum No. 1 til 30,000, ákvæðisverð $10, jafngildir $300,000

með heimild, að gefa út fyrsta veðrétt í Serial 6 Prósent Gold Bonds, alt að 60 prósent af byggingarverði STÁLKLÆDDRA gufuskipa.

Núverandi uthlutun til almennings.

15.000 hlutir frá No. 1 til 15.000 með ákvæðisverði og er þegar talsverður hluti þeirra seldur.

Þar sem það er viðurkend fjármála meginregla, að þeir, sem taka upp á sig þá áhættu, að verja peningum sínum í, að koma á fót einhverju fyrirtæki, eigi tilkall til meiri hluttöku í ágóðanum en þeir, sem kaupa hluti eftir að fyrirtækið er komið vel á veg. ÞAD ER ÞESS VEGNA ÁKVEDID, AD KAUPENDUR FYRSTU 15,000 HLUTA. FRÁ NO. 1—15.000, SKULU FÁ TEKJU-TRYGGING (INCOME-WARRANTS) AD JÓFNU GILDI, Í VIDBÓT VID HLUTABRÉF SÍN.

Þessi "Income-Warrants" skulu ekki koma í framkvæmd fyr en tekjur félagsins hafa séð fyrir ekki að eins 10 prósenta vöxtum til allra hluthafa, heldur jafnframt tekjuafgangi sem nemi $150,000, sem varið skal til að auka starfsemi félagsins.

Þegar $7,500 upphæð af tekjuafgangi hefir verið endurvarið í fyrirtækið, fá þeir, sem "Income-Warrants" hafa í höndum, "Re-investment" skírteini, í þeirra stað, sem eru jafngildi, og þegar $75,000 meira hefir verið endurvarið verður eftirstöðvum "Income-Warrants" skift á sama hátt. "Re-investment" skírteinin draga svo helming vaxtanna af upphæðinni borgaða á hluti félagsins, þar til vextirnir nema 10 prósent á hvert skírteini á ár.

Þannig við endalok úthlutunar "Re-investment" skírteinanna, hefir sá, sem varði peningum sínum fyrirfram í stofnun fyrirtækisins, fengið fulla uppbót þátt-töku sinnar.

ATHUGASEMD — Þrjátíu (30) prósent af aukasjóði, sem skiftanlegur verður milli hluthafanna, verður árlega lagt í varasjóð, til þess að auka "Re-investment" sjóðinn; eða, ef félagið óskar þess heldur, til þess að kaupa inn "Re-investment" skírteinin.

SKULDABRÉF. — Það er ætlast til, að gefin verði út veðbréf, 6 prósent Serial Gold Bonds, upp á trygging hinna nýju, stálklæddu gufuskipa, sem nemi alt að 50 prósent af verði þeirra.

Þrátt fyrir, að við höfum sex mánuði til umferðar á vatninu, höfum við áætlað tekjur að eins þó yfir fjóra mánuði, frá 1. júní til 30. september.

Eitt gufuskip á fólksflutningsáætluninni frá Winnipeg til Grand Rapids og Horseshoe Island, fer átta ferðir á mánuði, eða 32 ferðir á útgerðartímabilinu.

Nákvæm áætlun yfir tekjur og gjöll, bygð á fyrirhuguðum útbúnaði, ásamt hinum tveimur nýju gufuskipum, sýnir, að eftir að öll útgjöld eru greidd, — svo sem vextir af veðbréfunum og árleg innleysing þeirra, verðlækkun á áhöldum og allur starfskostnaður — $43,700 tekjuafgang, sem er nægilegur til að verja þannig:

"Re-investment" varasjóður 30 prósent	$15,000
Vextir á $200.000 hlutabréfum 10 prósent	20,000
Vextir á $150,000 "Re-investment" skírteinum	7,500
Afgangs tekjur	1,200
Samtals	$43,700

Hin tvö nýju gufuskip geta vitanlega ekki orðið fullbúin á þessu útgerðartímabili, en samt vonum við, að annað þeirra komi til notkunar einhverntíma á vertíðinni. Á meðan hefir gufuskip keypt verið, og verður útbúið sem hentuglegast fyrir flutninga, bæði á mönnum og vörum, og vegna hinna miklu vöruflutninga, sem vísir eru, hefir þegar floti af dráttarskipum verið útgerður, og má búast við góðum árangri eftir fyrsta starfsárið.

Félagið er sannfært um, að það hér hefir að bjóða örugt og arðsamt fyrirtæki til að verja peningum í. Hluta-upphæðin, sem þegar hefir seld verið, sannfærir oss um lýðhylli fyrirtækisins. Forréttindin, sem boðin eru í þessum boðskap vorum, auk öruggrar undirstöðu, eru girnileg í sjálfu sér, og borgunarskilmálarnir eru svo handhægir, að sérhver ætti að geta gerst hluthafi.

Upplýsinga eyðublað.

K. K. ALBERT,
708 McArthur Bldg., Winnipeg.

Kæri herra: —

Gerið svo vel og sendið mér fullkomnar upplýsingar viðvíkjandi Lake Winnipeg and Red River Navigation Co., Ltd.

Staða .....

Áritun .....

Nafn .....

"Heimskringla"

Skilmálar:

10% við umsókn og 10% við uthlutun hlutanna.

Og 10% mánaðarlega unz fullborgað er.

Frekari upplýsingar fást á skrifstofu félagsins.

38 Canada Life Chambers
Winnipeg

APPLICATION FOR STOCK

K. K. ALBERT, Special Agent, 708 McArthur Bldg, Winnipeg

LAKE WINNIPEG AND RED RIVER NAVIGATION COMPANY, LIMITED

LÖGGILTUR HÖFUDSTÓLL $300,000. HLUTIR $10 HVER.

TIL SÖLU 15,000 HLUTIR MED ÁKVÆDISVERDI.

Ég undirskrifaður óska hér með eftir, að skrifast fyrir ..... hlutum í ofanskráðu félagi, á $10. hvern hlut, og innlegg hér með $....., sem er 10 prósent af ákvæðisverðinu, og ég samþykki að borga eftirstöðvarnar, sem hér segir: 10 prósent við úthlutun og 10 prósent mánaðarlega, uns borgað er að fullu, og ég útnefni skrifara félagsins, sem umboðsmann minn, til að skrásetja mig sem handhafa nefndra hluta.

Í votta viðurvist hefi ég sett hér undir nafn mitt og innsigli þann .....dag 1911

Fult nafn .....

Vottar

Áritun .....

.....

Staða .....

ATHS. — Ofannefndir hlutir færa með sér jafngildi þeirra í "Income-Warrants".

(Heimskringla)

Stílið allar upplýsingabeiðnir og pantanir til **K. K. ALBERT,** 708 McArthur Building., Winnipeg, Manitoba

Byggingalist "Orra", o.s.frv.

[Eftir Jón Einarsson.]

Þó ekki sé nú líklega séð fyrir endann á löngu rollunni: Um búskap, eftir 'Orra', í Heimskringlu, sem nú er komin á 3. árið að aldri, þá langar mig til að dreps litillega á seinasta kaflann, sem kom um daginn og stendur í blaðinu af 2. marz. Þar er ljallað um hið undursamlega nýja byggingaefni, hálminn, sem Kansasbúar hafi notkað í seinni tíð.

Ekki dettur mér í hug að neita að mögulegt sé að nota þetta efni til bygginga, en að ráðleggja bændum yfirleitt að viðhafa það, er alveg samkvæmt ýmsu öðru, sem þessar greinar hafa haft að færa um búfræðisleg atriði, að því að vera helzt til mikið í áttina til þess, sem hér á landi er þeint svikul hagiræði (False Economy). Það er yfirgengilegt, að höf., sem nig minnir að Heimskringla segði okkur um jólin í fyrra að væri byggingafróður maður, skuli ekki hafa leitað sér þekkingar á þessu efni áður en hann fór að kenna okkur, vesalings bændunum, þessa nýju uppgötvun.

Slíka þekkingu getur hver sem vill útvegað sér ókeypis, að eins að leggja sér sjálfir til viljann að lesa ritin, sem 'cement'-gerðar félögin í Bandaríkjunum og Canada gefa út og senda hverjum sem óskar ókeypis með öllu, og svara þar að auki öllum spurningum viðvikjandi notkun á 'cementi', sem til þeirra er beint.

Fyrst mætti athuga það, að þeir, sem taka að sér að rita um búfræði í blöðin hér í Canada eða Bandaríkjunum, taka venjulega tillit til þess staðar, fylkis eða landshluta, sem blaðið er gefið út í, nema óðruvisi sé tiltekið. Því nálega allir vita það, núna seinni árin, að sama búlag gildir ekki um allan heim, nema að því er snertir sum aðalatriði (General Principles). En höf. greinarinnar um "Búskap" er þetta víst óljóst, og er það illa farið, því hætt er við, að ýmsir glæpist á að fara eftir því, eigi síður, sem skakt er í greinunum eða að eins gildandi fyrir sérstök pláss. Þetta er enn lakara vegna þess, að Hkr. er blað, sem ekki er lesið frekar í einum stað en öðrum, að heita má, heldur nálega "um þvera og endilanga" Ameriku, þar sem Íslendingar búa. En snúum oss nú að efninu.

Fyrst mætti minnast á verðgildi heypressunnar, þegar um stráhleðslu er að ræða. Einhver verður að eiga hana, og í bygðum sem ekki hafa heysölu til fjarlægra verzlunarstaða (markaðar), er það næsta óþörf eign. Ef vélin skyldi nú kosta segjum $200.00, þá er þetta býsna ihugunarverður gjaldliður. Hið næsta, sem 'Orri' hefir gleymt, er vírinn, sem bundið er með, og ennfremur öll vinnan, sem að bandinu lýtur, sem enginn einvirki getur framkvæmt hjálparlaust. Þar sem svo mikil akuryrkja er, að meiri hluti hálmsins sé brendur, en ekki notaður til gripaeldis, eru ekki líkur til, að heybandsvél sé fáanleg að láni, nema hjá þeim, er nota hana til hálmbindinga. Í öllum bygðum, sem gripaerækt er stunduð, er hafrastrá, hveitis og byggs ekki talið óný́tt, heldur lifa geldgripir á því all-víða mestmegnis yfir veturinn, svo bygginga-stráið sjálft verður líka gjaldliður. Verðgildi strátegundanna hverrar fyrir sig, sem fóðurefnis, ætti þessi höf. að vita upp á hár, og því skal eigi meira um það efni sagt hér.— En snúum okkur nú að byggingalistinni sjálfri. Setjum svo, að baggarnir væru 14 þml. þykkir, 14 þml. breiðir og 22 þml. á lengd (lengdin gerir auðvitað ekki verðmuninn í veggnum) Þetta gerir þá 14 þml. vegg. Aurlag (Footing) undir veggina þyrfti því að byggja úr cement-steypu, 18 þml. breitt að minsta kosti, og segjum 4 þml. á þykt (svo ekki sé neinu eytt að óþörfu); með öðrum orðum: þetta cement-lag þarf að standa tvo þml. að minsta kosti (ætti að vera meira) út undan heyveggnum, utan og innan, til að byggja vegghúðina (utan og innan) á. Sama gildir umhverfis dyr og alla glugga.

Þegar böggunum hefir nú verið hlaðið ofan á þessa steypu, aurlagið, þá auðvitað verður að hafa til öll gluggahylki og dyra (Frames) um leið, og "setja þau í" cement-steypuna, svo að alt sé þétt og trútt. Ekki geri ég ráð fyrir, að minna en 2 þml. þykt lag utan á vegnum og innan, og umhverfis dyr og glugga, myndi duga. Sumstaðar kynni það að verða minna og á öðrum stöðum miklu meira, t. a. m. um samskeyti á böggum, o. s. frv. Þá kemur nú til að klára vegginn að ofan, og get ég varla búist við, að veikara lag en 4 þml. væri trygt til að bera heyloft (sem 'Orri' gerir ráð fyrir) og þak, og síðan að bita-fylla (Beamfill) alla veggbrúnina. Fæstir, þeir sem verða að spara alt sem mögulegt er til að geta lifað, myndu leggja „ að byggja hús af þessu tagi 8 feta hátt fyrir sauðfé; það er hæsta vegghæð, sem ráðleg þykir fyrir nautgripa fjós.

Að réttu lagi ætti að grafa fyrir þessum veggjum, sem öðrum sement veggjum niður fyrir frostlag jarðvegarins, og að réttu lagi ætti aurlagið að vera miklu breiðara og þykkra en hér var sagt, ef alt ætti að vera traust og gott; en ég hefi að eins tekið stærðina, sem fyrir lá í greininni. Þar sem talað er um í greininni 72. feta sperrulegg, á 16 feta breiðu húsi, skoða ég sem prentvillu og sleppi því þeirri tölu.

Enn þess ber að gæta, að í vegghúðina þarf að brúka sand og möl í cement-blönduna, en ekki steinmulning, vegna þess, að húðin, kostnaðar vegna, þarf að vera eins þunn og óhætt er fyrir þolmagn veggsins, og verður því þetta 2. þml. lag líklega hér um bil eins dýrt og 4. þml. mulningssteypa.

Það eru tiltölulega litlar líkur til, að bygging af þessu tagi reyndist farsæl, þar sem vetrar eru frosthaðir, nema grafið væri fyrir aurlagi 3—4 fet niður, að minsta kosti, eða þá að steypan væri rammstyrkt (re-inforced), sem hvorttveggja eykur æðimikið á kostnaðinn.

Þá er nú stráið sjálft, sem hita aukandi í veggnum. Það hygg ég, að þegar 'Orri' gefur sér tíma til að íhuga það, sem hann veit, sem vanur bygginga-maður, að hann sjái fljótt að ekki sé ómaksins vert, að nota stráið til þessa. Það er sem sé ekki aðallega stráið, sem gerir vegginn rakalausan, né heldur sag, þar sem það er brúkað; heldur er það holið, "tómið" (sem á ensku er vanaðega nefnt air space, eða "dead air space") í veggnum, sem gerir þessa hlýju eða rakalevsi; sökum þess, að þetta hol, eða tóm, er ekki eins góður "kuldaleiðari" og cementið, eða önnur steinkend eða málmblönduð efni. Þetta vita allir, sem hús byggja. Nú er það algengt, að vel lukkist að nota í hús með svipaðri þolþörf og áminst íjárhús, tvöfalda cement-steypu veggi, þar sem hvort lagið (ytra og innra) er 3—4 þml. og holið 3 þml. Slíkir veggir, strálausir, eru líka þurrir, rakalausir.

Mig minnir, að þess væri minst í þessari sömu ritgerð, nokkru fyr, að girðinga stólpar úr cementi væru tiðkanlegir og álitnir ódýrari en tréstólpar. Þetta má misskilja og þó til sanns færast.— Canada Cement Co. metur efnið, þ. e. a. s. cementið sjálft 25c virði í hvern algengan stólpa. Þar er tunnan talin $1.50. Hér er hún með beztu samvizku seld á $4.00. Ennfremur eru hér athugandi 4 stálteinar, sem hver einasti stólpi verður að rammstyrkjast með, og vírvefjur til að festa girðingavírinn við stólpann með. Sandur, möl og mót eru líka einhvers virði, þótt verkinu sé slept. Þessir stólpar verða því miklu dýrari en stólpar úr cedrus-við í bráðina. En maður, sem býr segjum 100 til 200 ár á sama landinu, græðir á því, að setja þessa stólpa umhverfis landið sitt undireins, því þegar hann deyr getur hann tiltekið í dánargjöf sinni, hvers eign þessir stólpar skuli verða, því þá myndu þeir enn vera í góðu gildi, og jafngóðir í 100—200 ára lifstíð erfingjans !!

Annars er það ilt, að 'Orri' skuli ekki hafa kynt sér svo mikið sem rit þau um cement notkun, sem allir eiga kost á að lesa ókeypis, og sem cement-gerðar félögin í Bandaríkjunum og Canada gefa út og útbýta gefins. Þau eru margfalt betri en ekki neitt, þótt auðvitað fá megi bækur (keyptar) eftir ýmsa góða verkfræðinga, sem taka þeim fram.

Ég hafði eigi ætlað að minnast sérstaklega á neitt annað úr þessari löngu, óþörfu grein; en það vill svo illa til, að rétt þegar ég endaði hið ofanritaða berst mér Hkr. nr. 25, með 17. kaflann um bú-"skap", eftir 'Orra', og ennfremur búnaðarblaðið New York Tribune Farmer, og Lögberg nr. 11. — Ég hlakka æfinnlega til blaðadaganna, og það, að ég segi, að í þetta sinn hafi viljað svo illa til, kemur til af því, að koma þeirra nú leiðir mig út í að minnast á þenna 17. kafla.

Það sem ég rakst fyrst á var það, að svínaverðið væri fallið, þau væru sem stæði verðlaus, eða svo að segja. Aftur byrjar ritgerð í Tribune Farmer með því að benda á hið háa verð, sem svín séu í, og sem öllum þeim, er nokkuð vita um búnað, er kunnugt, að er venju fremur hátt, þótt það sé sumstaðar nokkru hærra en árið sem leið. Þessi lági pris 'Orra' er því naumast tilfinnanlegur mörgum lesendum Heimskringlu. — Það er annars undarlegt, að hvað sem þessi höf. tekur fyrir að fræða okkur um, þá lendir það ávalt í svínunum Hann er nokkrum sinnum búinn að hlaupa úr öliku efni og í svínin, og er það þó ekki af því, að hann virðist fróður í þeim efnum. Þeir kaflar virðast, eins og hitt annað í þessum greinum, tínt saman úr gömlum, úreltum ritum og ritgerðum, eftir ópraktiska höfunda.

Það, sem höf. hefir verið að benda á, sem karakter einkenni svínanna yfirleitt, afl, tærilætiseðli þeirra, hefir heyrst fyr, en sjaldan svo, að þeir, er svín þekkja brosi ekki eða jafnvel skellihlægi að þeim vísindum. Það er ofurlitið svipað með svín og naut, að því leyti, að þau eru hrein hjá sumum bændum en ekki öðrum. Er slikt vanalega þakkað fremur hreinlæti bóndans en þessara skepna. Og það hygg ég að megi hafa fyrir satt, að langt verði þess að biða, að hreinlætis eftirdæmi svínanna verði svo viðurkent almennt, að þau verði tekin til verulegrar fyrirmyndar í því efni. — Jafnvel svínin frægu, sem hin "helga bók" getur um, hafa ekki verið auglýst sem ljós á vorum vegum í þessu efni.

Þótt meirihluti þessara "Búskaps" greina séu ritaðar "út í hött", nfl. að ekki sé gefið í skyn, hvar í heiminum gefin ráð eigi við, þá er nú tekin hér upp frásögn stórbónda sunnan úr Iowa— og þess getið. Ekki er mér kunnugt um, hvort Hkr. á svo marga lesendur í því riki, að þetta stór-ræði sé þeim þar til arðvænis. Hitt er víst, að fleiri munu þeir þar, sem sumar bær aðferðir eru óbrúklegar, t.d. í Manitoba, Saskatchewan, Alberta (í Canada) og í Dakota (í Bandaríkjunum).

Hvar skyldi "Ketill" hafa heyrt Canada-menn kvarta um, að þeir gætu ekki fóðrað svín vegna þess, að mais væri ekki ræktanlegur í því landi? Er ekki mais ræktaður í Canada, þótt í smáum stil sé sumstaðar? Og er ekki maisræktunarsvæðið í Canada að stækka með hverju ári? Slík kenning sem þessi er nú farin að verða úrelt, og því naumast umtalsverð. Hitt, að svín séu ekki ræktanleg, nema með mais, eru menn nú farnir að ræða litið um. Reynslan og þekkingin er sem sé búin að færa mönnum heim sanninn um, að mais sé öldungis ekki ómissandi við svínarækt. Bygg (Barley), haustrúgur, hafrar, garðmeti o. fl. er sannað að vera fullgilt fóður fyrir svín, auk hagans, einkum blandað eftir vissum hlutföllum. Þeir, sem hafa reynt að fóðra svín á heilu, ómöluðu byggi, vita, að það er ekki rétt, sem 'Orri' segir, að það, að bleyta byggið í 24. klt. geri það hæfilegt til svínafóðurs. Það verður að eins notanlegt, en svín melta það í þessu ástandi svo, að þau geta eiginlega verið að éta sama byggið meiri part ársins !! Ég vísa til meltingarfæra svínanna til staðfestu þessa máls.

Það, sem gefið er í skyn um þennan mikla Iowa-bónda, að svínahamingja hans muni að nokkuru leyti stafa af því, að hann brúki aldrei mjólk handa svínum sinum, er svo fjarstætt, að um það þarf ekki að ræða. Allir, sem þekkja svjn og mjólk, vita betur.

"Ég held", segir 'Orri', "að það væri reynandi fyrir þá (Canadamenn) að loía svinunum að fylgjast með öðrum búnaðargreinum sinum" (!!) Nú, — þeir fara þá víst til þess, piltarnir. En skyldu ekki vera til neinar skýrslur, sem 'Orri' gæti lært af, að það muni nú ekki alveg dæmalaust, að svín þróist í Canada. Gæti skeð, að honum auðnaðist um leið að læra það, að Canada menn, jafnvel Íslendingar, sem éru langt á eftir í þeirri búnaðargrein, gefi ekki baun fyrir aðra eins svinafræði og þá, sem hér er að lesa í Hkr. eftir 'Orra'. Jafnvel suður í Iowa munu ekki allir samþykkja þessi 25 ára vísindi. Og hér í Canada vita jafnvel Íslendingar, að Poland-Chinas, Chester Whites og Duror Jerseys eru ekki beztu markaðssvínin hér; og þeir þekkja líka aðra svínategund, Yorkshire svínin, sem ásamt Berkshires eru bæði í Canada og Bandaríkjunum talin langbezt, af þeim, sem ekki hafa "tekið fyrir" vissar svínaættir til meðhalds. —

Þegar kaldast er hér í Canada (og Dakota jafnvel líka) væri bara skemtilegt að horfa á 'Orra' vekja svínin á morgnana í býti, eins og hann segir að beri að gera, og gefa þeim morgunmatinn sem lengst úti í haganum til að minna þau á grasátið (!!!).

Fleira er jafn-fróðlegt því, sem hér er talið, í greininni. En af því ég hafði eigi ætlað að minnast á nema cement-málið í byrjun, þá fer ég eigi lengra út í þetta nú; en hefði feginn viljað óska, að 'Orri' tæki sér nú langa rithvíld, en kynti sér sem bezt ýms hinna nýju búnaðarrita, eða að minsta kosti rit þau, er hann getur fengið ókeypis frá stjórnarbúunum í Bandaríkjunum og Canada. Það ætti að vera óþakklátt verk af mönnum, sem ekki hafa neina búfræðislega þekkingu, né lag á að tína upp kafla úr praktiskum samtíðarritum, að rita langar kenslugreinar fyrir bændur hér í Ameriku, þar sem öllum er innan handar, að fá svarað spurningum sinum af þaulfróðum mönnum, bæði í gegnum hin ýmsu búnaðarblöð, og einnig beint frá búgörðum stjórnanna bæði í Canada og í Bandaríkjunum Og ef fjöldinn af vestur-íslenzkum bændum álítur þörf á kensluritgerðum af sömu gæðum og þessa áminstu, þá sannarlega bendir það ekki á, að Vestur-Íslendingur væri hæfastur til að kenna Austur-Íslendingum praktiskara búnaðarlag en bar tíðkast, eins og hreyft hefir verið.

Ég gat um það hér að ofan, að Lögberg hefði komið í mínar hendur ásamt hinum blöðunum, og kom það til af því, að það blað flytur jafnan kafla um búnað, og það sem ég hefi séð í seinustu blöðunum, er gersamlega í samræmi við aðferðir þær, sem kendar eru hér á búnaðarskólum og haldið fram í búnaðarblöðum Ég býst ekki við, að ritstjórn Lögbergs geri kröfu til, að vera talin beinlínis búfróð, heldur taki hún þessar ritgerðir upp úr góðum búnaðarritum. — Til þess að velja rétt, í því efni sem öðru, er nauðsynlegt að hafa dómgreind af betra tagi og skilja hvað er hugsanfræðislega rétt.

Eitt langar mig til að minnast á enn, og það er, að í gegnum alla þessa löngu grein gengur ein fögur hugsun, sem mörgum væri börf á að eiga sjálfir. Það er hugsunin sú, að fara vel með skepnur, og níða þær ekki á neinn hátt. Sýnir það, að höf. muni drenglyndur að eðlisfari og er það fögur einkunn hverjum, sem hún er eiginleg.

EDSON Verjið peningum ykkar í lóðir í EDSON

Commercial Centre

OG VERÐIÐ FJÁRHAGSLEGA SJÁLFSTŒÐIR, ÞVÍ ÞAÐ VERÐUR SÉRHVER SÁ SEM SVO ER HEPPINN, AÐ EIGNAST LÓÐIR Í EDSON, SEM VIÐ NÚ BJÓÐUM TIL SÖLU

EDSON EDSON EDSON verður eftir 10 ár ein af stærstu borgum Vestur-Canada er miðstöð er akuryrkju náma og viðar-héraða. Mikil kol í jörðu. er endastöð Grand Trunk brautarinnar austan klettafjallanna og verður svo í tvö komandi ár. Stöð fyrir allar afurð ir frá Grand Prairie og Peace River héruðunum, og einnig frá Brazeau kolanámunum.

Engin bær á því glæsilegri framtíð fyrir höndum en Edson. Að kaupa lóðir þar er óbrygðult gróða fyrirtæki. Látið ekki tækifærið fram hjá fara.

Bezta fbúðar svæðið er

COMMERCIAL CENTRE

Verð: $60. til $100. Hornlóðir $25.00 dýrari.

SKILMÁLAR

¼ í peningum og ¼ á 3, 6 og 9 mánaða fresti. Engin renta.
Nánari upplýsingar, ef óskað er.
Lóðirnar seljast ört, svo það borgar sig að senda pantanir sem fyrst — nú — í dag — og fá beztu lóðirnar.
Sendið simskeyti eða bréf og látið geyma lóðir.
Umboðsmenn vantar til að selja útjaðralóðir

K. K. ALBERT
708 McArthur Building
Phone Main 7323

Special Agent
Grande Prairie Land and Townsite Co.

K. K. ALBERT
Lóðir COMMERCIAL CENTRE í Edson, Alberta

Fult Nafn .....
P. O. Áritun .....
Staða .....
Lóðir ..... Block .....
Verð á lóð ..... Samtals $ .....
Útborgun $ .....
Skilmálar .....
Dagsetning 1st afborgunar .....

Ég samþykki að kaupa ofanskráða lóð eða lóðir, fyrir verð það, og með skilmálum þeim sem tilgreindir eru að ofan.

Agent .....
"Heimskringla" Gerið allar borgunar greiðanlegar til K. K. ALBERT, WINNIPEG

Hefir þú borgað Heimskringlu?

Kennara köllun.

Kennara fyrir Sleipnir skóla. — Kensla byrjar 1. maí. Umsækjendur tilgreini kaupgjald og mentastig. Timabil kenslu 6 mánuðir.

Áritun:
S. J. EIRIKSON,
Sec'y-Treas.
Wynyard, Sask.

Bókalisti.

N. OTTENSON'S, - River Par. W'p'g.

Ljóðmæli Páls Jónssonar í bandi	(3)	85
Sama bók (að eins 2 eint.	(3)	60
Jökulrósir		15
Dalarósir	(3)	20
Hamlet	(3)	45
Tíðindi Prestafélagsins í hinu forna Hólaskifti	(2)	15
Grant skipstjóri	(2)	40
Börn öveðursins	(3)	55
Umhverfis jörðina á áttatíu dögum	(3)	60
Blindi maðurinn	(3)	15
Fjárræðaði smárinn	(3)	10
Kapitola (í II. Bindum)	(3)	1.25
Eggert Ólafsson (B. J.)		15
Jón Ólafssonar Ljóðmæli í skrautbandi	(3)	60
Kristinfræði	(2)	45
Kvæði Hannesar Blöndal	(2)	15
Mannkynssaga (P. M.) Bandi	(5)	85
Mestur í heimi, í b.		15
Prestkosningin, Leikrit, eftir D.E., í b.	(3)	30
Ljóðabók M. Markússonar		50
Ritreglur (V. Á), í b.		20
Sundreglur, í b.		15
Gerði Ljós		15
Vestan hafs og austan, Þrjár sögur eftir E. H., í b.		90
Víkingarnir á Hálogandi eftir H. Ibsen		25
Þorláksþelgi		15
Ofurefli, skálds (E. H.) í b.		1.50
Ölöf í Ási	(2)	45
Smælingjar, 3 sögur (E. H.), í b.		85
Skemtisögur eftir S. J. Jóhannesson 1907		25
Kvæði eftir samaffrá 1905		25
Ljóðmæli eftir sama. (Með mynd höfundarinnar frá 1897		25
Safn til sögu og ísl. bókmenta í b., III. bindi og það sem út er komið af því fjórða	(53c)	9.4
Íslendingasaga eftir B. Melsted I. bindi bandi, og það sem út er komið af 2. b.	(25c)	2.85
Lýsing Íslands eftir P. Thoroddsen í b.	(15c)	1.90
Fornir forníslenzkir rímnaflokkar, er Finnur Jónsson gaf út, bandi	(5c)	85
Alþingisstaðir hinn forni eftir Sig. Guðmundsson, í b.	(4c)	90
Um kristnitökuna árið 1000, eftir B. M. Olsen	(6c)	90
Íslenzkt fornbréfasafn, 7. bindi innbundið, 3 h. af 8 b.	(1.50)	27.80
Biskupasögur, II. b. innbundið	(42c)	5.15
Landfræðissaga Íslands eftir P. Th., 4. b. innbundið	(55c)	7.75
Ríthöfunda tal á Íslandi 1400—1882, eftir J. B., í bandi	(5c)	1.00
Upphaf alþjóðarríkis á Íslandi eftir K. Maurer, í b.	(5c)	1.15
Auðfræði, e. A. Öl., í bandi	(6c)	1.10
Presta og prófastatal á Íslandi 1869, í b.	(9c)	1.25
Norðurlandasaga eftir P. Melsted, í b.	(8c)	1.50
Nýjatestamentið, í vönduðu bandi	(10c)	65
Sama, í góðu bandi	(8c)	30
Kóralbók P. Guðjónssonar		90
Sama bók í bandi		1.10
Svartfjallasynir	(5)	60
Aldamót (Matt. Joch.)		20
Harpa	(4)	60
Ferðaminningar, í bandi	(5)	90
Bóndinn	"	35
Minningarit (Matt. Joch.)	"	35
Týndi faðirinn	"	35
Nasreddin, í bandi		35
Ljóðmæli J. Þórðarsonar	(3)	45
Ljóðmæli Gestur Pálssón	"	75
Maximi Petrow	(2)	45
Leyni-sambandið	(2)	40
Hinn óttalegi leyndardómur	(2)	50
Sverð og bagall	(2)	30
Waldimer Nihilisti		75
Ljóðmæli M. Joch. I.-V. bd., í skrautb.	(15)	4.00
Afmælisdagar Guðm Finnbogasonar		1.00
Bréf Tómasar Sæmundsson	(4)	75
Sama bók í skrautbandi	(4)	1.15
Íslenzk-ensk orðabók, G.T. Zoega	(10)	1.80
Gegnum brim og boða		90
Ríkisréttindi Íslands		50
Systurnar frá Grænadal		35
Œðntýri handa börnum		30
Vísnakver Páls lögmanns Vídalíns		1.25
Ljóðmæli Sig. Júl. Jóhannessonar		1.00
Sögur frá Alhambra		80
Minningarrit Templara í vönduðu bandi		1.65
Sama bók, í bandi		1.50
Pétur blásturbelgur		10
Jón Arason		80
Skipið sekkur		60
Jóh. M. Bjarnason, Ljóðmæli		55
Maður og Kona		1.25
Fjarða mál		25
Beina mál		10
Oddur Lögmaður		95
Grettis Ljóð.		65
Dular, Smásögur		50
Hinrik Heilráði, Saga		30
Andvari 1911		75
Œfisaga Benjamín Franklins		45
Sögusafn þjóðviljans I—II árg. 35c; III árg. 20c IV árg. 20c; V. árg. 20; VI. 45; VII. 45; VIII. árg. 55; IX. árg. 55; X. árg. 55; XI. árg. 55; XII. árg. 45; XIII. árg. 45; XIV. árg. 55; XV. árg. 30; XVI. árg. 25; XVII. árg. 45; XVIII árg. 55; XIX. árg. 25.		
Alt sögusafn þjóðviljans selt á		$7.00
Eldraunin (Skáldsaga)		50
Vallyes sögur		55
Valdimar munkur		60
Kynlegur þjófur		35
Sagan af starzaði Stórvirkssyni í bandi		50
óbundin		35
Rímur af Sörla sterka í bandi		40
óbundin		30
Myndin af fiskiskipinu		1.10
Bækur sögufélagsins Reykavík;		
Morðbréfabæklingur		1.35
Biskupasögur, I—6.		1.95
Aldarfarsbók Páls lögmanns Vídalín		45
Tyrkjaránið, I—IV,		2.90
Guðfræðingatal frá 1707—'07		1.10

Bækur Sögufélagsins fá áskrifendur fyrir nærri hálfvirði,—$3.80.

Umboðsmenn mínir í Selkirk eru Dalman bræður.

Þess skal getið viðvikjandi bandinu á Fornaldarsögunum Norðurlanda, að það er mjög vandað, handbundið skrautband, vel frá gengið eins er með Bréf Tómasar Sæmundssonar.

Tölurnar í svigum tákna burðargjald, er sendist með pöntunum.

Heimskringla

Published every Thursday by The Heimskringla News & Publishing Co. Ltd

Verð blaðsins í Canada og Bandar $2.00 um árið (fyrir fram borgað). Sent til Íslands $2.00 (fyrir fram borgað).

B. L. BALDWINSON
Editor & Manager

Office:
729 Sherbrooke Street, Winnipeg
BOX 3083, Talsími Garry 4110.

Leiðrétting.

Í athugasemda greininni ("Járnbrautarmál") í síðasta blaði hefir af vangá ein lína fallið úr stílnum en næsta lína að ofan tvísett. — Málagrein sú, sem týnda línan átti að vera í, er þannig:

"Ég held því fram, að brautin norður væri þá algerlega trygð Nýj-Íslendingum, og að það sé þeim einum að kenna og engum öðrum, að hún er ekki komin norður að fljótinu".

B.L.B.

Mentun.

(Niðurlag).

Ég hefi nú reynt að gera grein fyrir því, að verkleg mentun byrjaði löngu áður en nokkrar bókmentir voru til; og meira að segja, hún virðist vera undirstaða bókmentanna. Fyrsti vísirinn til þeirra eru myndir og rúnir, sem höggnar voru á berg og steinspjöld, til þess að tákna með þeim orð og hugmyndir. Framfór í leturgerð fór mjög hægt, og tiltölulega er skamt síðan að byrjað var að prenta bækur; en þegar svo langt var komið, urðu framfarirnar miklu greiðgengari og viðtækari, því nú var auðgert að færa í letur sögu og reynslu fortíðarinnar; og því auðvelt að læra það á stuttum tíma, sem áður tók fjölda ára, eða jafnvel heilar aldir; og eins og þegar hefir verið tekið fram, sýnir það greinilega, hversu áríðandi það er, að bókleg og verkleg mentun haldist í hendur, og séu í réttum hlutföllum.

Það eru ekki aðallega hálærðu háskólamennirnir, sem mest áhrif hafa haft, eða mestu komið til leiðar í framfaraáttina. Margir hinna sjálfmentuðu manna hafa mest unnið að því, að mynda og uppbyggja sjálfstæðar þjóðir og þjóðfélög. Vil ég í því sambandi leyfa mér að minna á: G. Washington, Benjamin Franklin, Abraham Lincoln, Oliver Cromwell og Karl mikla (Karla-magnus). Og fleiri mætti tilnefna, ef þörf gerðist, sem ljós dæmi þess, að háskólamentun er ekki aðalskilyrðið fyrir sannri mentun.

Það mun óhætt að fullyrða, að engínn af nefndum mönnum hafi lært á hinum hærri skólum, þeir voru sjálfmentaðir, — mentuðu sig sjálfir. — Til dæmis: Karl hinn mikli, hið heimsfræga mikilmenni, sem stjórnaði Frökkum og fleiri þjóðum á áttundu og níundu öld, lærði ekki skrift fyrri enn á fullorðins-árunum, því hann hafði ekki verið settur til bókmenta í æsku. Hann var einstakur iðjumaður, og jafnvígur á alt, sem hann tók fyrir hendur, og einn af þeim fáu, sem virðast geta snúist við öllu í einu. Hann var ágætur herforingi og mjög sigursæll. Átti þó oft í höggi við marga þjóðflokka á sama tíma; en hann varð þeim öllum yfirsterkari. Hann var vitur og ágætur stjórnmálamaður, eúdi vísindi og mentun, og útbreiddi kristna trú í riki sínu. Einnig lét hann sér mjög ant um, að efla allskonar iðnað, verzlun og landbúnað, og hafði sjálfur eftirlit með öllu á bugörðum sínum. Því þessi djúpsæi þjóðhöfðingi þekti svo nákvæmlega allar stéttir og atvinnugreinar, í sínu víðlenda riki, — þarfir þeirra og kringumstæður, og sá manna bezt, hvað lagfæringar þurfti við, og hvað til umbóta horfði.

Ég vona ég hafi nú leitt rök að því, að það eru sjálfmentuðu mennirnir, sem vanalega hafa unnið, og mest vinna, að framförum þjóðanna, og þá einkanlega þeir, sem vaxið hafa upp af hjartarótum þeirra, og þrátt fyrir erfiðar kringumstæður unnið sig áfram gegnum allar stéttir þjóðfélagsins. Mér er nær að halda, að nefnd mikilmenni hefðu varla orðið fullkomnari ágætismenn, sjálfum sér og mannkyninu til gagns og sóma; þótt þeir hefðu lært á hinum hærri skólum, því þá er hætt við, að þeir hefðu farið á mis við þá djúpsæu og víðtæku þekkingu á þörfum og kröfum þjóðfélagsins, sem þeir urðu aðnjótandi, með því að verða því svo innilega samvaxnir á æskuárunum; svo þar af leiðandi þektu þeir öðrum fremur beztu vegina til þess að sneiða hjá hinum pólitisku boðum og blindskerjum, og leiða þjóðirnar og stjórnmálamennina yfir ölgusjó freistinga og fjánglæfra, inn á fagra og farsæla höfn. Auðvitað eru þeir menn, sem þannig skara fram úr að menningu og mannkostum, inst í eðli sínu sönn mikilmenni, sem fjöldinn getur ekki undir neinum kringumstæðum jafnast við. En hinsvegar er það áreiðanlegt, að hver meðalmaður, með heilbrigða sál í heilbrigðum líkama, getur haft ómetanlegt gagn af því, að taka sér slík mikilmenni til fyrirmyndar; því þótt menn verði þeim ekki jafn-snjallir, er ætið gott að setja markið hátt — með skynsamlegri fyrirhyggju —, keppast við að komast sem lengst, reyna að ná fyrirmyndinni, að því er menning og mannkosti snertir.. — Reynslan er ólefað bezti kennari mentaskólans, sá sem er of latur eða værugjarn til að leggja á sig þá erfiðleika, sem reynslunni eru samfara, kemst aldrei langt í menningaráttina.

Í menningar og mentalegu tilliti, mun íslenzka þjóðin ekki hafa leitt fram á sjónarsviðið nokkurt mikilmenni, sem jafnast við suma afburðamenn stórþjóðanna. En varla mun það vera vegna þess, að ekki hafi fæðst meðal Íslendinga þeir menn, sem að gáfum og eðlisfari voru gæddir þeim hæfileikum, sem undir hagfeldum kring umstæðum hefði leitt þá í öndvegi meðal fremstu mikilmenna stórþjóðanna, heldur af því, að fátækt o afstaða landsins hefir staðið einstaklingunum og þjóðinni yfirleitt svo tilfinnanlega í vegi á braut menningar og framfara; þótt nú á yfirstandandi tíma stórmikil breyting í framfaraáttina tigi sér stað. Enda eru Íslendingar farnir að vekja eftirtekt og aðdáun annara þjóða: í andlegu verklegu og þróttalegu tilliti. Þau tiltölulega fáu íslenzku ungmenni, sem gengið hafa háskólaveginn hér vestan hafs, hafa hlotið verðuga viðurkenning, og yfirleitt skarað fram úr annara þjóða keppinautum sínum. Og því til sönnunar leyfi ég mér að benda á, að tveir íslenzkir námsmenn — Skúli Johnson og Joseph Thorson — hafa hlotið Rhodes háskóla verðlaunin, — þau hæstu, sem Manitoba háskólinn hafði umráð yfir. Stunda þeir nú báðir nám við Oxford háskólann á Englandi. Er þessi viðurkenning hérlendra háskólamanna mjög eftirtektaverð og ánægjuleg frir þjóð vora. En ennþá er óvíst, hvort þessir ágætu námsmenn vorir eru gæddir þeim hæfileikum, viljakrafti og starfsþreki, sem setur þá á bekk með mikilmennum heimsins. Að sjálfsögðu er það mjög lofsvert og áríðandi, að ganga gegnum skólalærdóminn með heiðri og bezta vitnisburði. En það er engu að síður áríðandi að afloknu skóla náminu, að beita þekking sinni og hæfileikum í rétta átt. Ekki leggja þá upp á hilluna, — heldur æfa þá og efla með nauðsynlegri starfsemi. Því vinnan og reynslan fullkomnar og ávaxtar lærdóminn og hæfileikana, og uppskeran verður margföld.

Hver maður ætti að leggja stund á þær námsgreinar, sem honum eru hugnæmastar, og hann er mest hneigður til, því þar nýtur hann sín bezt; og þá verða hans bóklegu og verklegu hæfileikar nota-drjúgir, sjálfum honum og mannfélaginu til góðs. Það er því mjög áríðandi, að nemendurnir þegar frá byrjun, velji þær námsgreinar, sem bezt eiga við hæfileika þeirra; og umfram alt, ætti ekki að þrengja neinum til að læra það, sem hann hefir enga löngun eða hæfileika til. Þeir, sem eru gæddir gáfum og hæfileikum til bókmenta, stundi þær: en hinir, sem hneigjast til verkfræði og handvinnu, leggi þar fram krafta sína; bezt að hver taki sér þar stöðu í mannfélaginu, sem hann stendur bezt að vígi, til að beita öllum kröftum sínum. — Það er sorglegt, að sjá og íhuga, hve skólamentun verður sumum gáfuðum mönnum að litlum notum. — já, það svo litlum, að þeir verða stundum varla sjálfbjarga, þótt þeir séu með heilsu og fullu fjöri, og manni kemur oft ósjálfrátt í hug: Skyldi þeim ekki hafa vegnað betur, ef þeir hefðu ekki gengið skólaveginn, að minsta kosti virðist hann ekki hafa haft mentandi áhrif á þá. En ekki mun sanngjarnt að áfella skólana, — þó þeim í ýmsu kunni að vera ábótavert ábótavant —, því sem betur fer, verður skólanámið fjöldanum til mikillar blessunar. Sökin mun því fremur vera hjá hinum mislukkuðu mönnum; þeir hafa ekki verið þar á réttri hillu, og lærdómur þeirra of þröngur og einhliða. Það mun sannreynd, að farsælast sé að stunda verkfræði og handvinnu jafnframt bóknáminu, að svo mikla leyti, sem kringumstæður framast leyfa; svo mentunin verði nota-drjúg og víðtæk. Því þá þurfa menn síður í framsóknarbaráttunni og samkepninni við fjöldann, að vera bundnir við vissar atvinnugreinar, eða standa auðum höndum, ef þær bregðast. Það er eftirtektavert hjá vorri fámennu og fátæku þjóð, að flestir þeir, sem prýða eftirlaunalistann með nöfnum sínum, eru háskólagengnir menn, sem þjóðin hefir að ýmsu leyti styrkt til mentunar, og að því búnu veitt all-vel launuð embætti; svo þeir hafa að sjálfsögðu meðtekið laun fyrir störf sín í þarfir þjóðfélagsins. En þrátt fyrir alt, virðast þeir ekki sjálfbjarga, svo stjórnin verður að hlaupa undir bagga með þeim, og veita þeim eftirlaun úr landssjóði. Þetta virðist benda til þess: að háskólamentun sé ekki einhlít til að undirbúa menn og fullkomna, svo að þeir verði færir til að mæta samkepni í framsóknarbaráttu nútímans. — Því varla mundu þessir eftirlauna-menn þiggja styrk úr landssjóði, ef þeir væru sjálfstæðir og færir um af eigin ramleik að sjá sómasamlega fyrir sér og sínum. Það sannarlega hefir enga sæluti lfinning eða ánægju í för með sér, að þurfa að lifa að nokkru leyti á almannafé. — Það er því umfram alt mjög áríðandi, að stunda víðtæka og almenna mentun, því í raun réttri mun hún sá grundvöllur, sem öll sérmentun ætti að hvíla á, og skilyrði fyrir því: að hæfileikar og mentun nemendanna verði heim að fullum notum, þegar út í lífsbaráttuna kemur.

J.

Íslands fréttir.

FRÁ ALÞINGI.

Eldhúsdagur þingsins var laugardaginn 25. marz. Var tíðindafár.

Stjórnarskrárnefnd neðri deildar hefir nú komið með álit sitt. Eru 6 nefndarmanna mjög sammála (Sig. Gunnarsson, Jón Ólafsson, Ól. Briem, H. Hafstein, Jóh. Jóhannesson og Jón í Múla), en þrir Bjarni frá Vogi, Skúli Thoroddsen og Dr. Jón Þorkelsson) fara aðara vegi.

Í frumvarpinu er þetta um stjórnina:

Ráðherrar skulu vera þrir; konungur skipar þá og leysir frá embætti. Hann skiftir störfunum með þeim. Einn þeirra kveður hann til forsætis og stýrir sá ráðherrastefnum. Starfsvið ráðherrastefnu skal nánar ákveðið með lögum. — Hver ráðherra skrifar undir með konungi ályktanir um þau málefni, er undir hann liggja sérstaklega, og ber ábyrgð á stjórnarathöfninni. Sá ráðherra, sem konungur hefir til forsætis kvatt, ber að jafnaði málin undir konung, einnig fyrir hönd hinna ráðgjafanna. Þegar hann ber fram fyrir konung mál, sem annar ráðherra hefir nafnsett, ber hann að eins ábyrgð á því, að málið sé rétt flutt, nema hann taki sérstaklega að sér sjórnskipulega ábyrgð á efni málsins með því að setja einnig nafn sitt undir það. Ráðherra sá, er mál skal flytja fyrir konungi, fer, þá er nauðsyn krefur, á konungs fund, til þess að bera upp fyrir honum lög og mikilvægar stjórnar ráðstafanir. Undirskrift konungs undir ályktanir um löggjöf og stjórn, veitir þeim gildi, þegar ráðherra ritar undir þær með honum.

Frumvarpið var tekið til umræðu í neðri deild mánudaginn 27. marz, og stóðu umræður allan þann dag og fram á nótt. Um hádegi næsta dag var aftur tekið til óspiltra málanna og rætt allan daginn og langt fram á nótt. Loks var hægt að ganga til atkvæða hinn þriðja daginn. Sextíu og þrjár breytingar og viðaukatillögur voru bornar fram, auk hinna 23. breytingartillaga, sem nefndin sjálf kom fram með. Stóð atkvæðagreiðslan yfir í 1 kl.tíma og 43 mínútur. Hér eru nokkur atriði úr atkvæðagreiðslunni:

Ólafur Briem vildi, að þingmenn væru að eins 36 (12 í efri og 23 í neðri deild), í stað 40. Var felt með 15:9.

Sami vildi, að lögum frá alþingi mætti skjóta til alþýðuatkvæðis til samþykkis eða synjunar, þegar 4 þúsund kjósenda æsktu þess. Var felt með 16:8.

Jón Ólafsson og Jón í Múla vilja að leyfilegt sé, að binda kosningarrétt til alþingis með lögum við þekkingarskilyrði, og var það samþykt með 13:11.

Skúli Thoroddsen vildi að kosið væri (til alþ.) til 3 ára, í stað 6. Var felt með 15:5.

Sami, að alþ. komi saman árlega. Felt með 16:4.

Jón Þorkelsson og Bjarni frá Vogi fengu samþykta svohljóðandi grein með 16 : 8.

"Sérréttindi, er bundin séu við nafnbætur og lögtign, má eigi lögleiða. Svo og má enginn maður hér á landi bera neinar orður né titla, er konungur og landsstjórnin veita mönnum".

Þessir voru greininni andvígir: Eggert Pálsson, Hannes Hafstein, Jóh. Jóhannesson, Jón frá Múla, Jón Magnússon, Jón Ólafsson, Ólafur Briem og Pétur Jónsson.

Bjarni og Jón vildu einnig, að dómendur í æðsta dómi landsins væru ekki kjörgengir til alþingis. Var felt með 15:9.

Þá báru þeir fram tillögu sem var samþykt með 15:9:

Nú samþykkir alþingi, að gera breytingar á sambandinu á milli Íslands og Danmerkur, og skal þá leggja það mál undir atkvæði allra kosningabærra manna í landinu, og skal atkvæðagreiðslan vera leynileg".

Að svo búnu var frumvarpinu í heild sinni vísað til 3. umræðu.

— Frumvarp um frímerkjabreytingu liggur fyrir þinginu. — Eiga sum hinna nýju frímerkja að vera með mynd Jóns Sigurðssonar — sum með myndum af merkisstöðum á Íslandi og meginþorrinn með mynd Friðriks konungs. — Flutningsmenn frumvarpsins eru Bjarni frá Vogi og Benedikt Sveinsson. Talið víst, að frumv. verði samþykt.

Aflabrögð hin beztu fyrir Suðurlandi. Hafa botnvörpungarnir íslenzku aflað ágætlega í marzmánuði og sömuleiðis fiskiskúturnar.— Síldarafli á Akureyrarpolli dágóður.

— Hæstaréttarstefna var ráðherra Kr. J. birt 20. marz frá bankastjórum Landsbankans út úr launamáli hans sem gæslustjóra.

— "Sjálfstæðisfélag" heitir nýtt félag, sem stofnað var nýverið í Reykjavík. Lögin segja:

"Stefna félagsins er, að vinna að fullu sjálfstæði Íslands, bæði inn á við og út á við, og varna því, að nokkrir samningar verði gerðir við Danmörk né önnur ríki, í smáu eða stóru, er skert geti rétt Íslands til fullveldis.

"Félagið vill leitast við, að ná þessu með því, að efla atvinnuvegi landsmanna og losa viðskifti úr erlendum böndum, en koma þeim í hendur Íslendingra sjálfra, auka þjóðlega menningu og greiða jafnframt hollum menningarstraumum frá öndvegisþjóðum heimsins götu inn í þjóðlíf Íslendinga".

Í félagið gengu hátt á annað hundrað manns, og var kosin stjórn: Séra Ólafur Ólafsson fríkirkjuprestur (formaður), Sveinn Björnsson lögfr., M. Blöndahl alþ.; Pétur G. Guðmundsson bæjarfulltrúi og 5. maður á að koma úr miðstjórn Sjálfstæðisflokksins á þingi.

— Landsyfirrétturinn: Þar eru nú settir — dómstjóri Jón Jensson og 1. dómari Eggert Briem, skrifstofustjóri.

— Frakkneskir verkfræðingar eru væntanlegir til Íslands í apríl. Eiga þeir að mæla upp Þorlákshöfn og gera áætlun um kostnað við skipakví. ('Vísir').

Andlátsfregnir lifandi manns.

eru alltíðar bæði meðal Íslendinga og annara þjóða. Eru þær vanalega sprotnar af óvandvirkni fréttaritara. Fjallkonan flutti andlátsfregn Frímanns Andersonar fyrir nokkrum árum, ásamt æfilýsingu hans. Frímann er bráðlifandi enn. Baldur flutti andlátsfregn konu einnar í Nýja Íslandi fyrir fáum árum; sú kona lifir enn góðu lífi. — Mark Twain var einusinni sagður látinn; hann las það í blöðunum og lýsingu á sjálfum sér, honum þótti gaman að. Hann lifði mörg — mörg ár eftir það.

Gunnl. Tr. Jónsson ritar nýlega í Hkr. andlátsfregn Hagyrðingafélagsins. En ég get fullvissað hann um, að það lifir enn góðu lífi, og er lífseigara en svo að þessi andlátsfregn verði því að bana, þótt til þess hafi máske verið ætlast, og Gunnl. Tr. Jónsson mun áður en langt líður komast að raun um, að félagið er ekki dautt.

Íslenzk blöð hér vestra hafa nýlega vítt þá fyrir oflof, sem æfiminningar skrifa. Gunnl. Tr. Jónsson ætlar sér víst að verða höfundur gagnöfugrar stefnu, eftir því að dæma, sem hann ritar um Hagyrðingafélagið í sambandi við þessa andlátsfregn. Hvað vissi hann annars um Hagyrðingafélagið? Var það ekki gagn-ókunnugt honum og hann því? "Þeir tala stundum mest um Ólaf konung, sem hvorki hafa heyrt hann né séð", segir máltækið.

Björn og Þórður áttu tal saman: — "Að þú skulir vera svo óguðlegur að lesa Heimskringlu", segir Þjörn; "hún er reglulegt saurblað; það ætti helzt að banna póstflutning á henni". — "Nú, nú. Hvað er það sérstaklega, sem þú hefir orðið var við í Heimskringlu, sem þér þykir svo ljótt eða svívirðilegt?" — "Heldurðu kannske ég geri svo lítið úr mér að lesa það blað? Nei, ég hefi aldrei lesið eitt einasta orð í því; svo er þó guði fyrir þakkandi, að ég líð það ekki á mínu heimili".

Mér finst þetta eitthvað í ætt við klausuna hans Gunnl. Tr. Jónssonar um Hagyrðingafélagið. Hann lýsir því, án þess að hafa leitað sér nokkurra áreiðanlegra upplýsinga um það, — án þess að vita nokkuð verulega um það. — Blindur maður ætti aldrei að dæma um lit, né neyrnarlaus maður um tóntegundir.

Eitt er undarlegt: Gunnl. Tr. Jónsson ritar á taóti leirbulli, en sé hann virkilega á móti stefnu Hagyrðingafélagsins, þá er hann eindregið með leirbullinu, — með því, að það fái að halda áfram óhindrað og óbætt. Stefna og tilgangur félagsins var, er og verður, að reyna að útrýma leirbulli í bundnu máli og fá í þess stað lagleg kvæði og lýtalitlar vísur, ef hægt væri; og að þessu vann félagið með góðum árangri.

Ég held, að hvorki Gunnl. Tr. né nokkur annar geti bent á sérlega mikið af sannnefndum leirburði frá þeim mönnum, sem í Hagyrðingafélaginu eru eða hafa verið. Það voru, eru og verða einungis þeir menn, sem við ljóðagerð fást og vilja vanda verk sín — vilja lesa og læra og þola gagnrýni, í því skyni að fullkomna og þroska gáfu sína. Það er smíðað nákvæmlega eftir samskonar félagi, sem nokkrir stúdentar í latínuskólanum í Reykjavík stofnuðu. Í því voru: Guðm. Guðmundsson, Jóhann Sigurjónsson, Ólafur Valdimarsson Briem, Lárus Sigurjónsson, Páll Jónsson, Stefán Björnsson (ritstj. Lögbergs, hann orti laglega í skóla, það er skaði, að hann hætti því), Bjarni Jónsson, Björn Lindal, sá er þessar línur ritar o.fl. — Við lærðum mikið í þessu félagi, þótt það sé nú liðið undir lok. En við lærðum ennþá meira í Hagyrðingafélaginu hér vestra, og það er vel lifandi enn. Gunnl. Tr. Jónsson á þakklæti skilið fyrir eitt, og það er það, að hann nefnir þá blátt áfram, sem hann kallar leirskáld; það er drengilega að verki gengið, hversu ósanngjarn, sem hann kann að vera. Honum ferst ekki eins og sumum grímuklæddum stigamönnum, sem ritað hafa um sama efni, og lamið sleggjunni á höfuð öllum og öllu undantekningarlaust; — slíkt er bókmentalegur glæpur, sprottinn af heigulskap þeirra manna, sem langar til þess að rita og finna að, en hafa of litla sál til þess, að koma hreint fram, — þora ekki að segja, við hvern eða hverja þeir eiga með sleggjudómum sínum. Við eigum of mikið af þess háttar lítilmennum hér vestra.

Ég rita ekki þessar línur í þeim tilgangi, að hefja blaðadeilur, — og ég ætla mér ekki, að skrifa meira um þetta mál — ég rita þær að eins til þess, að mótmæla þeim ósannindum, sem Gunnl. Tr. Jónsson bar á Hagyrðingafélagið; ég þykist vita betur um stefnu þess og starf, en hann gerir. Einstakir menn, sem Tryggvi skipar að þegja, geta fullkomlega svarið fyrir sig sjálfir. En eitt er það, sem ég vildi spyrja hann að, og það er þetta: Á hverju byggist það, ef þeir bullarar, sem rita í óbundnu máli, hafa meiri rétt til margfalt fleiri dálka í blöðunum, en hinir, sem birta hugsanir sínar í ljóðum? Það væri frólegt að vita.

Ritstjórarnir einir hafa leyfi til, að neita um upptöku óhæfra greina og ljóða, og til þess eru þeir skyldugir, Að öðru leyti hefir enginn fremur öðrum heimild til þess, að skipa neinum að þegja. Og trauðla munu Hagyrðingar láta stinga upp í sig hér eftir fremur en hingað til. Enginn hefir orðið mikill maður, án þess að vera barn fyrst; enginn safnað miklum kröftum, án þess að byrja með þá litla; enginn komist langa leið, án þess að fara fyrst stuttan spöl; enginn kært að lesa, án þess að byrja með að staða; enginn lært að ganga, án þess að skriða fyrst enginn orðið skáld, án þess að vera fyrst hagyrðingur, — muniið það, hagyrðingar, og látið ekki hugfallast.

Sig. Júl. Jóhannesson.

Guðmundur F. Sigurðsson.

frá Tjörn í Skagafirði.

Guðmundur er genginn heim
Gildum lífs af vegi.
Karlmannlega kvaddi heim
Á köldum vetrardegi.

Íslandssona yfirlit
Erfði í dýrum þáttum.
Þingeyskur á vöxt og vit,
Vatnsdælskur í háttum.

Gegnum storma, kul og krap
Knerri stýrði á bylgju.
Húnvetninga hetjuskap
Hlaut í ættarfylgju.

Víkingssona valið blóð
Valt með fjöri nýju.
Vertíðir hann vaskur stóð
Vetur þrenna tíu.

Skoli lífs ei skeytti grand,
Skorti ei hreysti forðann.
Sótti hetjan sjó og land,
Sunnan bæði og norðan.

Hagyrðingur heldur snar,
Hróðrar gnúði strengi,
Bögur söng um bólm og mar,
Baugaslóð og drengi.

Gagnorður á gleðistund,
Gætinn ávalt, glaður.
Hans var einkunn: Ítarlund,
Öllum góðviljaður.

Ég þó reki aldarhring
Óð á Braga stöðja
Alsannari Íslending
Aldrei mundi kveðja.

K. Ásg. Benediktsson.

* * *

ATHS. — Guðmundur sál. bjó að Tjörn við Sauðárkrók í Skagafirði. Móðurætt hans úr Þingeyjarsýslu, en föðurætt úr Húnavatnssýslu, eins og visurnar benda á.

Hö f.

Fréttabréf.

LESLIE, SASK.
20. apríl 1911.

Herra B. L. Baldwinson, M.P.P.

Kæri vinur. — Fáar fréttir. Leslie er alt af að smávaxa og prýkka. Bank of Hamilton er tekinn hér til starfa, og er það þarfleg stofnun og nytsöm fyrir hérinn. Rjómabúið tekur til starfa 1. næsta mánaðar. Það starfaði að eins um tveggja mánaða tíma í fyrra, en bjó þó til 14,000 pund af smjöri. Það er eina smjörgerðarhúsið í bygðinni, og er ágætlega sett.

Uppdráttur hefir verið sendur bæjarstjórninni af stórri og vandaðri stöð, sem C.P.R. félagið ætlar að byggja hér í sumar. Þriðja kornhlaðan verður einnig bygð hér þegar verið mælt út svæði fyrir hana. — Hannes J. Lindal hefir selt viðarverzlun sína viðarsölufélagi.

Tvö lítil íbúðarhús brunnu hér til kaldra kola nýlega, bæði óvátrygð; húsmunum varð bjargað úr öðru, en engu úr hinu. Í báðum húsunum bjuggu Íslendingar.

Með framförum má telja það, að ekki færri en 4—5 brúðhjón verða gefin saman í bænum í þessum mánuði.

Skuggasveinn var leikinn hér fyrir hönd Goodtemplara félagsins tvö kvöld nýlega, og var aðsókn góð. Flokkurinn fór einnig til Wynyard, og var þar húsfyllir. — Flestir léku hlutverk sín vel, sumir ágætlega. — W. H. Paulson æfði flokkinn og gerði það með mikilli lipurð. Hornleikaraflokkurinn er að æfa sig til undirbúnings undir 24. maí. Þá er haldin árshátíð bæjarins, og verður vandað til hennar að venju. — Knattleikafélag hafa ungir menn bæjarins myndað, og ætla að keppa við sams konar félög í öðrum bæjum.

Bæjarlóðir hækka hér óðum í verði; þær hafa verið seldar nýlega fyrir helmingi hærra verð, en þær voru fyrir tveimur árum.

Með beztu kveðju.

Sig. Júl. Jóhannesson.

ISLENZKAR BÆKUR

Ég undirritaður hefi til sölu nálega allar íslenzkar bækur, sem til eru á markaðinum, og verð að hitta að Lundar P.O., Man. Sendið pantanir eða finnið.

Niels E. Hallson.

Athugasemd.

Það var ekki nákvæmlega rétt, sem stóð í Lögbergi no. 12 frá safnaðarfundinum á Mountain 15. marz sl. þar segir: "Áður enn fundurinn hófst, höfðu um 30 manns gengið úr söfnuðinum", — því fundurinn var settur, búið að lesa upp seinustu fundargjörð og samþykkja; — þá að eins fundarmaður um orðið, til að tala um málefnið, er auglýst var í fundarboðinu. En fundinum sýndist ekki rétt, að víkja svo frá dagskrá, að gefa þessum orðið, — og gerði fundurinn auðvitað jafnrétt, hvort heldur hann gaf orðið eða tók. Því hið auglýsta málefni var ekki komið fram fyrir fundinn af hendi forseta, — en sá, sem það um orðið á þeim tíma, hafði sínar ástæður til þess, og fór nærri um, hvern ig fara mundi; — en þar hann fékk ekki orðið, tók hann annan veg og til annars málefnis — án fundar samþykkis, — sem var það að afhenda forseta fyrir opnum fundi, í lokuðu bréfi, það, sem honum hafði verið af nokkrum hlutaðeigandi mönnum, falið, að leggja fram fyrir fundinn, ef til kæmi, — sem var: yfirlýsing, er inniheldur úrsögn nokkurra manna úr söfnuðinum, að tilfærðum ástæðum, og í öðru lagi, nöfn á lausum lista, nær 70 en 30, er báðu sig strykuð út af manntalsskrá og lögum Vikursafnaðar, — jafnframt afhentar bækur og skjöl safnaðarins, þar til staðar á skrifborði fundarins — með því verki þessa fundarmanns yrði þá að vera lokið.

Ekki er það síður villandi, sem stóð í Lögbergi nr. 13, þar sem segir: "hinir 54, sem í kirkjufélagið gengu, voru alt atkvæðisbærir menn, en fjölskyldu fólk þeirra ekki talið, — hvar skyldi atkvæðbært fjölskyldufólk þessara manna vera, sem ekki var talið? — Hér er tilgangur auðséður. Mundi ekki fréttaritari Lögbergs, — út frá þessum safnaðarfundi á Mountain, vilja gera svo vel, að innsagla næstu fréttagreinina með nafninu sinu? Því þá mundi ritsmíð hans því betur þekt, og kannske athug. uð nokkuð. Nafnlaust nagg er í sjálfu sér svo lélegt og lítilsvirði, úr því að blaðamáli er gert.

Þá er að víkja að öðru málefni. Það fólk, sem gengið var úr Vikursöfnuði, hafði svo fund með sér 19. marz, til að athuga, hvað þá skyldi gera. Tillaga kom þá fram um það, að hefja nýja safnaðarstarfsemi, — með guðsorð heilagrar ritningar að grundvelli, og í trú á guð föður, son og heilagan anda, — en óháð kirkjufélagi Vestur-Íslendinga, að svo stöddu. Tillagan samþykt af öllum viðstöddum, er hlut áttu að máli; þar næst gefið nafnið Mountain söfnuður, með samþykt. Þá kosnir embættismenn: 5 fulltrúar og 5 djáknar; svo og nefnd skipuð til að semja frumvarp til safnaðarlaga, er skyldi tilbúin að leggja verk sitt fram á næsta fundi, sem þá var ákveðinn næsta sunnudag. — Svo á þeim ákveðna fundardegi, 26. marz, aftur settur fundur. Bættust þá nokkrir við í fundarbyrjun. Þá lesið upp frumvarp til safnaðarlaga, og samþykt lið fyrir lið, og svo í einu hljóði; — ásamt fleiru, er fundurinn hafði til meðferðar. — Í fundarlok ávarpaði forseti fundinn með eftirfylgjandi orðum:

Tala: — Mig langar til í fundarlok, að fara fám orðum til fundarfólksins, þess fólks, sem nú þegar er stofnendur Mountain safnaðar. Ég vona, að við öll sömun höfum gengið hér að því verki með ráðvöndu og kristilegu hugar fari, — vitandi það, að sú stofnun hefir að grundvelli guðs orð og guð sjálfan, opinberaðan á dýrðlegasta hátt í frelsara vorum Jesú Kristi, og ávalt opinberaðan í öllu því fullkomnasta og bezta, sem mannleg vitund hefir að segja. — Þar af leiðir þá líka það, að málefnin, sem við stöndum að, eru þau háleitustu málefni, sem maðurinn fær um fjallað, — að visu í fátækt anda sins, en með opnu hjarta fyrir dýrð og veldi drottins. Með þetta fyrir augum — frekar öllu öðru — ber okkur að vinna að vorum safnaðarmálum, bæði innávið og útávið.

Sérstaklega vil ég taka fram, — að gefnu tilefni: Sýnum nágranna söfnuðinum — presti hans og meðlimum — háttprýði í framkomu, og velvirðing í viðureign. Litum upp til Vikursafnaðar sem jafnoka, — að sleptum öllum umbuðum, og látum ekki undanfarinn ágreining varpa skugga á skjöld hans frá okkar hlið. Því sitt er hvað, að halda meira eða minna hlut sínum gegnum málin og hitt, að halla ekki réttj bróðurlegrar skyldurækni og samúðar, þar fyrir utan. Og þótt það kæmi nú fyrir, að við þættumst verða vör við eitthvað miður vinveitt í okkar garð, og þá um leið miður áreiðanlegt, eins og gengur, — þá umfram alla muni, gerum sem minst skraf af, því skrafið geiur öllu vængi, sem fljúga með alt út í loftið, sitt á kvað, og getur það gert moldviður svo mikið, að ekki sjáist handaskil, — að ekki sjáist nema rangar myndir, bæði af sjálfum okkur og öðrum. — Ég legg áherzlu á þetta: Látum innbyrðis órólejk hætta, — alt lélegt hverfa, ef nokkuð hefir verið; þá mun stormurinn stansa, því vitanlega er drottinn ekki í slíkum stormi,— miklu fremur í hinum hæga og blíða blæ friðar og fagnaðar. Við munum öll orð frelsara vors til sinna lærisveina: "Þar af skulu allir sjá, að þér eruð mínir lærisveinar, að þér elskið hver annan" — reynum í gegn um okkar safnaðarstarfsemi og alla breytni, að láta það sjást, að við viljum vera lærisveinar frelsarans í anda og sannleika. — Lokum svo fundarræðum og fundi með drottinlegri bæn: Faðir vor, o.s.frv.

Samkvæmt framanrituðu, er þá Mountain söfnuður stofnaður, og telur nú þegar 77 fermda meðlimi; — von um, að eitthvað bætist við þá tölu bráðum. — Drottinn blessi Mountain söfnuð og alla kristna söfnuði.

Í fulltrúanefnd eru þessir:
Jakob Benediktsson, forseti.
H. T. Hjaltalín, skrifari.
M. Einarsson, féhirðir.
S. M. Melsted.
Sæm. Sigurðsson.

Djáknar: —
Miss M. Einarsson,
Mrs. H. T. Hjaltalín,
Miss M. Sigurðsson,
H. Björnsson.
J. Thorláksson.

J. Benediktsson

• • •

ATHS. — Þessi grein átti að hafa komið í síðasta blaði, en af vangá minni gleymdist hún.

B.L.B.

Sómi Íslands, sverð og skjöldur.

Gjafir til minnisvarða JÓNS SIGURÐSSONAR.

Frá REYKJAVÍK P.O., Man.

Guðjón Erlendsson $1, Guðlaugur Erlendsson $1, Ingimundur Erlendsson $1, Valgerður Erlendsson 50c, Einar Erlendsson 25c, Margrét Erlendsson 25c, Helga Erlendsson 25c, Friðþjófur Snædal 25c, P. S. Anderson $1, Kristinn Goodman 50c. Óvida Goodman 25c, Kristjana Goodman 10c, Árný Goodman 10c, Rakel Goodman 10c Kristján Goodman 10c, Sigursteinn Goodman 10c, Jónas K. Goodman 10c, Karl Kjernested $1, Guðjón Pálsson $1, A. M.Freeman $1, Gíslína Goodman 50c, Adolf Freeman 25c, Ólafur J. Freeman 25c, Einar Thordarson 50c, Sveinbjörn Kjartansson 25c, Sigurlina Kjartansson 25c, ¼

Frá TANTALLON, Sask.

Mrs. E. Bjarnason 25c, T. Bjarnason 25c, E. Bjarnason 25c, Ó. Bjarnason 25c, E. Bjarnason, sr., 25c, Gísli S. Gíslason 25c, B. Einarsson 25c, Miss Laufey Einarsson 10c, Mrs. Guðrún Jónatansdóttir 25c, Mr. og Mrs. Th. Gíslason $1, J. Jósafatsson 50c, Mrs. O. Johnson 25c, M. Paulson 25c, Miss K. Paulson 25c, Mrs. C. Paulson 25c. C. Paulson 25c.

Frá YARBO, Sask.

G. Jóhannsson $1, V. Gíslason $1, Mrs. B. Guðnason 50c, W. G. Guðnason 50c, Mr. og Mrs. J Jóhannsson 50c.

Frá WHEATLAND.

B Skaftfeld $1, G. Skaftfeld 50c, Miss G Skaftfeld 25c.

Frá MONTEVIDO, Minn.

John Peterson $1.

Frá MINNEOTA, Minn.

Miss Ellen Magnússon 50c.

Frá WINNIPEG, Man.

S. W. Melsted $1, Mrs. S. W. Melsted $1, Miss Ólavía Melsted 25c, Miss Guðrún Meisted 25c, Þórarinn Melsted 25c, Gardar Melsted 25c, Herman Melsted 25c, Stefán Halldórsson $5, Þorsteinn Guðmundsson $1, Jón A. Blöndal 50c, Mrs. J. A. Blöndal 50c, Theodore Blöndal 50c, Miss Lára Blöndal 50c, Ögmundur Ögmundsson 50c, Mrs. Þorbjörg Ögmundsson 50c, Miss Sesselja Ögmundsson 25c Guðmann H. Ögmundsson 25c, Þorbjörg Jónsson $1, Stefanía Sigurðsson $1, Sigurlaug M. Sigurðsson $1, Pálmi M. Sigurðsson $1, Marteinn Jónsson 50c, Guðrún Jónsdóttir 50c, Rúnólfur Marteinsson 50c, Ingunn Marteinsson 50c, Guðrún Marteinsson 25c, Jón Marteinsson 25c, Theódís Marteinsson 25c, Hermann Marteinsson 25c, Kristín Sveinsson 25c. Ingólfur Guðmundsson $1, Sigurður Sigurðsson $1, Simon Johnson $1, Mrs. Guðný Johnson 50c, Miss Lína Goodman 50c, Sigurður Goodman $1, Mrs. Karólína Dalmann 25c, Lúðvík Kristjánsson $1, Miss Elenóra Júlíus $1, Clarence Júlíus 25c, Miss Sigríður Jakobsson $1, Lárus Sigurgeirsson 50c, Mrs. Ólöf Sigurgeirsson 50c, Jóhann Vigfússon $1, Stephan Sveinsson $1, Mrs. Guðrún Sveinsson $1, Miss L. Sveinsson $1, Elisabet Jónsdóttir 25c, Guðvaldur Eggertsson $1, Mrs. Guðv. Eggertsson $1, Jón A. Eggertsson 50c, Miss Margrét Eggertsson 25c, Valdimar Eggertsson 25c, Ólafur A. Eggertsson 50c, Sigurbjörn Sigurjónsson 25c, Hildur Snjólaug Sigurjónsson 25c, Lára Sigurjónsson 25c Sigríður Sigurjónsson 25c, Jóhann Edvald Sigurjónsson 25c, Jón Sigurjónsson 25c, Elisabet Eggertína Sigurjónsson 25c, Sigtryggur Sigurjónsson 25c, Þórður Ásgeirsson $1, Pétur Thomsen $1, Guðmundur Árnason $1, Mrs. Sigríður Árnason $1, Einar G. Árnason 50c,

Frá UPHAM, N. Dak.

Guðmundur Friman $1, Mrs. Guðbjörg Friman 50c, Páling Þórðarson 25c, Óskar Þórðarson 10c, Þórður Þórðarson 10c, Stefán Jónsson 20c, Mrs. Hólmfríður Jónsson 10c, Jón Jónsson 10c, Lára Jónsson 10c, Sigurður Jónsson 10c Óli Friman 25c, Mrs. Sigurður Friman 25c, Gísli Jónsson 50c, Mrs. Kristín Jónsson 25c, Gróa Jónsson 10c, Grace Jónsson 25c, Magnús M. Halldórsson 25c, Sveinn Pétursson 50c.

Frá KRAMER, N, Dak.

Margrét Þorsteinsson 25c.

Frá VANCOUVER, B. C.

Jakob Guðmundsson og fjölskylda $2, W. Anderson $1, Thorbjörg Anderson $1, Guðný Anderson 25c, Ingibjörg Anderson 25c, Alice Anderson 25c, Gyða Anderson 25c, B. Hallgrímsson 50c, Mrs. R. Eirickson $1, Sigurður Eirickson 25c, S. Margrét Eirickson 25c, Þórarinn Erikson $1, Jóhanna Goodman 50c, John Johnson 50c, Fred. Thorarinson 50c, Walter Walterson 25c, Oddur Ólafsson 50c John Isackson 25c, S. Björnsson 50c Ch. Thorsteinsson 25c. Mrs. Ch. Thorsteinsson 25c, J. B. Johnson 50c, E. C. Erickson $1, J. P. Ísdal 25c, Mrs. J. P. Ísdal 25c, John Johnson $1.25, Ben.B.Bjarnason $1, Helgi Johnson $1.

Frá GIMLI, Man.

B. O. B. Lárusson 10c.

Samtals	$ 89.20
Áður auglýst ...	2,333.50
Alls innkomið...	$2,422.70

• • •

ATHS. — B. O. B. Lárusson tilheyrir fjölskyldu herra Pálma Lárussonar, frá Gimli, sem auglýstur var fyrir nokkru síðan í þessum lista; nafn drengsins hafði fallið úr af vangæslu minni, og hefði alveg gleymst, ef faðir hans hefði ekki verið svo góður, að benda mér á yfirsjón mína.

S. B. Brynjólfsson, féhirðir.

Spurningar og svör.

1. Á hverja hlið af hverri Section er vegstæði tekið, og hversu breytt er það?
2. Hafa Indíánar leyfi til að veiða dýr annarstaðar en í sinu 'Reserve'?
3. Nágranni minn á kindur, sem hann ekki hefir í girðingu, og fara þar af leiðandi inn á akur minn. Er hann ekki skyldugur að passa þær eða bera ábyrgð á skemdum, sem þær gera, þó ekki séu hjarðlög í sveitarfélaginu, eða eru þær háðar sömu lögum og nautgripir?

Fáfróður.

SVÖR. — 1. Á austur- og norður-hliðar hverrar Sectionar. — Alment munu vergstæðin vera 99 fet á breidd.

2. Nei. Þeir mega ekki veiða annarstaðar en í 'Reserve' sínu, og þar að eins sér til matar. En kaupa mega þeir veiðileyfi eins og hvitir menn til þess að veiða utan takmarka 'Reserve' sinnar á þeim tímum, sem veiði er leyfð.
3. Þessi spurning er oss send frá Saskatchewan, og lög þess fylkis þekkjum vér ekki. Ráðum spyrjanda til að beina spurningu sinni til akuryrkjumála ráðgjafans í Regina.

Ritstj.

Giftingaleyfisbréf
SELUR
Kr. Ásg. Benediktsson
424 Corydon Ave. FortRouge

Minnisvarðar úr Málmi.

Eru mikið fallegri og í öllu tilliti fullkomnari, fyrir sömu peningaupphæð, heldur en úr marmara eða granit. WHITE BRONZE minnisvarðar, búnir til af The Monumental Bronze Co., eru nú komnir í mikið meira álit en steinn. "White Bronze" heldur sínum rétta, eiginlega, liósgráa lit öld eftir öld, þolir öll áhrif loftsins, hita og kulda — það gerir steinninn ekki, — hefir engar holur, molnar hvorki né klofnar, springur ekki, tekur ekki í sig raka eða vætu; verður ekki mosavaxið; — þetta alt gerir steinninn

Alt letur er upphleypt, steypt um leið, og getur því ekki slitnað af eða brotnað; sömuleiðis fyrir merki og myndir til prýðis (sem kaupandi velur sjálfur), — alt sett á fritt.

Mörg hundruð úr að velja af ýmsri stærð og lögun. Kosta frá fáeinum dollurum upp til þúsunda.

Spyrjið um myndir, stærð þyngd og verð á þessum minnisvörðum (bréflega eða munnlega) áður en þið kaupið stein. Allar upplýsingar góðfúslega gefnar af

J. F. Leifson,
Quill Plain, Sask.

Copenhagen Snuff

BEZTA MUNNTÓBAK SEM ER BÚIÐ TIL

Hvort sem þér tyggið það eða takið í nefið, þá mun yður geðjast að þess góða keim.

NATIONAL SNUFF COMPANY, LIMITED
900 St Antoine St., MONTREAL
"HEIMSKRINGLA"

Með því að biðja sérlega um "T.L. CIGAR," þá ertu viss að fá ágætan vindil.

T.L. CIGARS

(UNION MADE)

T.L.

Western Cigar Factory
Thomas Lee, eigandi Winnipeg

vitund um, að stórkostlegt járnbrautarslys hefði átt sér stað, án þess þó að hún eða samferðamaður hennar hefði meiðst.

Um leið og hún hné niður, laut Cyril að henni með mikilli meðaumkun og sagði:

"Ég vona, að þér hafið ekki meiðst. Standið þér snöggvast upp, þá er hægra fyrir yður að vita, hvort þér eruð særðar. Nei, guði sé lof, það er ekkert að yður, en yður hefir auðvitað orðið mjög bilt við".

Elma stóð upp og tár komu út í augum hennar, en hún vildi ekki gráta í hans nærveru og svaraði því í kærulausum róm:

"Ó, það er ekkert að mér, ég er auðvitað ringluð en ómeidd. Þetta hefir liklega verið árekstur, — haldið þér það ekki? Eigum við ekki að reyna að komast út, til þess að vita, hvernig hinu ferðafólkinu liður?"

Cyril gekk að glugganum, hleypti honum niður og reynd'i að ljúka upp hurðinni að utanverðu, en þess var ekki kostur, sláin hafði bognað svo hún sat rigfóst. Þá þaut hann að hinum dyrunum, og tókst loks að ljúka þeim upp. Að því búnu sté hann niður á skörina fyrir utan dyrnar, og rétti Elmu hendi sina, svo hún ætti hægra með að komast út.

Hann sá strax, að enginn árekstur hafði átt sér stað, heldur annað óvanalegt slys.

Hann leit fram í jarðgöngin, en þag var niðamyrkur, eins og þau væru full af mold. Næsti vagninn fyrir framan þau var allur í molum, en þeirra vagn var heill. Meira gat hann ekki séð.

Cyril sá strax, að jarðgangahvelfingin hafði dottið niður og brotið vagninn næst fyrir framan þau.

Það fyrsta, sem hann gerði, var að líta inn um gluggana á hinum klefunum í vagni þeirra, en þar var enginn maður,

Síðan leit hann upp í hvelfinguna og að gangnaopinu, sem lestin kom inn um; þar sá hann á einum stað stóra bungu niður úr hvelfingunni, og grunaði þegar, að göngin mundu falla saman skamt frá þeim. Hann sneri sér tafarlaust að Elmu, greip hendi hennar og sagði:

"Fljótt, fljótt, hlaupið þér í spretti út héðan, það er um lífið að tefla, senn dettur loftið niður".

En Elma var fljótari að sjá hættuna en Cyril, þreif hendi hans og hélt honum kyrrum.

"Verið þér kyr hérna", sagði hún í skipandi róm. "Ef þér farið, dettur hvelfingin ofan á yður, það er ekki tími til að komast burt, — sko, sko, þar dettur hún".

Áður en hún var búin að tala þessi orð heyrðist voðalegur hávaði, og jörðin skalf undir fótum þeirra. Hvað skeð hafði gátu þau ekki séð, því kolniðamyrkur var í hring um þau, en þau skildu strax að þau voru lokuð inni, svo ekki var unt að komast burt.

Elma settist niður á vagnskörina og grét sáran. Hann stóð hjá henni hnugginn mjög og þagði lengi Loks sagði hann:

"Var það ekki heppilegt, að ég fór ekki af lestinni í Warnworth. Það hefði verið skelfilegt fyrir yður, að vera einsömul undir þessum kringumstæðum".

Elma leit þakklátum augum á hann. Við birtuna, sem lagði út úr klefanum frá oliulampanum, sem þar hékk, sá hún á útliti sviptryggu augnanna hans, að hann meinti það sem hann sagði. Það var ekkert kurteisisblaður, hann var í raun og veru glaður yfir því, að hann hafði fylgst með lestinni lengra en hann þurfti, og gat þess vegna tekið þátt í hættunni með henni, þessari hjálparlausu stúlku, sem annars hefði verið einsömul þarna í myrkrinu. Og hrædd, eins og hún var, gladdi það hana líka; það

hefði verið voðalegt fyrir hana, að vera þarna einmana. Þetta mátti vissulega teljast með þeim atvikum, þegar konan er glöð yfir því, að hafa karlmann við hlið sina.

Hún vissi vel, að flestir ungir menn myndu hafa hugsað sem svo, undir kringumstæðum þessa listamanns: "Ég var heimskingi, að fara lengra en ég átti að fara, að eins til þess að geta verið lengur saman með ungri og fallegri stúlku, sem ég hafði aldrei séð áður, og að líkindum sé aldrei aftur, þó ég sleppi héðan lifandi. — Það er þó voðalegt ásigkomulag, sem ég hefi ratað í fyrir þessa heimsku".

En að þau slyppu lifandi úr þessu fangelsi, fanst þeim báðum harla ósennilegt, því þau gizkuðu bæði á — Cyril með aðstoð skynseminnar, og Elma með eðlisleiðslu sinni — í hverri hættu þau voru stödd. Síðasta vikan hafði verið óvenjulega rigningasöm; sandsteinninn, sem jarðgöngin voru boruð í gegn, var algerlega gegnvotur, og múrhvelfingin var ekki ker um, að bera þennan aukna þunga. Uppi yfir höfðum þeirra, á hér um bil 20 feta löngu svæði, hélt hvelfingin sér ennþá, en hún gat líka dottið nær sem var, brotið vagninn þeirra og marið þau sundur undir þunga sinum. Líf þeirra var komið undir burðarmagni þessa hvelfingarspotta.

Skelkaður af niðurstöðu íhugana sinna, gekk Cyril fáein fet áfram til að athuga það, sem niður hafði dottið fyrir framan þau, og að því búnu þreifaði hann sig áfram að hrúgunni fyrir aftan þau. Elma, sem ögn var farin að venjast myrkrinu, horfði á þetta starf hans við glætuna frá oliulampanum.

"Ef hvelfingin lætur ekki undan, sagði hann rólegur, þegar hann kom aftur til hennar, "og ef við getum gefið þeim bendingu, sem úti eru, um það, að við séum enn á lifi, þá geta þeir ef til vill náð okk-

ur áður en við köfnum. Það er nóg andrúmsloft ennþá fyrir okkur í 20 klukkustundir".

Hann talaði þetta rólega og í huggandi róm, líka eins og það, að vera innilokaður í niðurhrundum jarðgöngum, væri ekki þess vert að hræðast, en orðin sýndu Elmu fram á nýja, áður ókunna hættu.

"Tuttugu tíma" sagði hún mjög skelkuð, "haldið þér við þurfum að vera lokuð inni hér svo langan tíma? Ó, það er voðalegt, svo lengi, það er skelfilegt. Og ef þeir ná okkur ekki á þessum 20 tímum, haldið þér þá að við köfnum?"

Cyril leit til hennar meðaumkunaraugum, hryggur á svip.

"Mér þykir leitt að hryggja yður", sagði hann. "Þér eruð orðnar nógu hræddar. En þér sjáið þó sjálfar, að hér er að eins viss hluti af súrefni í þessu plássi, og við hvern andardrátt brúkum við nokkuð af því, svo það getur ekki enzt lengur en 20 tíma. En ég efast ekki um, að þeir byrji strax á að reyna að ná okkur, og ef þeir hraða sér, munu þeir ná hingað nógu snemma til að frelsa okkur".

Elma laut áfram og huldi andlitið í höndum sínum, róandi fram og aftur, kvalin af vonleysinu.

Þannig sat hún hér um bil einn klukkutíma, sorgmædd og mállaus. Cyril sat hjá henni um stund; svo fór hann aftur að rannsaka sandhaugina, tók fjalarbrot úr brotna vagninum og byrjaði að moka sandinum með því, en sá brátt, að það var gagnslaust, því sandurinn hrundi jafnótt niður, og að hér var um ekkert annað að hugsa en biða þolinmóður.

Svo gekk hann aftur þangað, sem Elma sat, þegar hann kom til hennar, leit hún á hann spyrjandi augum, en sagði ekkert. Honum sárnaði, að hún skyldi kveljast af hræðslu, jafn fögur og hún var.

MARTYN F. SMITH,
TANNLÆKNIR.
Fairbairn Blk. Cor Main & Selkirk
Sérfræðingur í Gullfyllingu og öllum aðgerðum og tilbún aði Tanna. Tennur dregnar án sársauka. Engin veiki á eftir eða gómbólga. —
Stofan opin kl. 7 til 9 á kveldin
Office Phone Main 6944. Heimilis Phone Main 6462.

Sherwin - Williams
PAINT
fyrir alskonar húsmálningu.
Prýðingar-tími nálgast nú. Dáltið af Sherwin-Williams húsmáli getur prýtt húsið yðar utan og innan. — Brúkið ekker annað mál en þetta. — S.-W. húsmálið málar mest, endist lengur, og er áferðarfegurra en nokkurt annað hús mál sem búið er til. — Komið inn og skoðið litarspjaldið.—

Cameron & Carscadden
QUALITY HARDWARE
Wynyard, - Sask.

JIMMY'S HOTEL
BEZTU VÍN OG VINDLAR.
VÍNVEITARI T.H.FRASER,
ÍSLENDINGUR.
James Thorpe, Eigandi

MARKET HOTEL
146 Princess St.
á móti markaðnum
P. O'CONNELL, eigandi, WINNIPEG
Beztu tegundir af vínföngum og vind um, aðhlynning góð, húsið endurbætt

Woodbine Hotel
466 MAIN ST.
Stærsta Billiard Hall í Norðvesturlandinu
Tíu Pool-borð.—Áskonar vín og vindlar
Gisting og fæði: $1.00 á dag og þar yfir
Lennon & Hebb,
Eigendur.

JOHN DUFF
PLUMBER, GAS AND STEAM FITTER
Alt verk vel vandað, og verðið rétt
664 Notre Dame Av. Phone Garry 2568
WINNIPEG

A. S. TORBERT'S
RAKARASTOFA
Er í Jimmy's Hótel. Besta verk, ágæt verkfæri; Rakstur 15c en Hárskurður 25c. — Óskar viðskifta Íslendinga.—

A. S. BARDAL
Selur líkkistur og annast um útfarir. Allur útbúnaður sá besti. Enfremur selur hann allskonar minnisvarða og legsteina.
121 Nena St. Phone Garry 2152

Fréttabréf.

MARKERVILLE.
(Frá fréttaritara Hkr.).

8 apríl 1911.

Næstliðinn mánuð var hér góð tíð, svo allur snjór var horfinn og jörð farin að þiðna. Sumir voru byrjaðir að vinna á ökrum, þó fáir. En með þessum mánuði skifti um til lakara. Fyrstu dagana af honum gerði hér ákaft snjófall, svo meiri fönn dreif niður, en áður hefir komið yfir veturinn. Þó varð mikið að vatni, því snjóinn dreif niður á auða, alþýða jörð, og var frostið lítið. Í gær og í dag hefir snjórinn mikið grynst, en samt má heita jarðbönn yfir alt.

Þann 5. þ. m. gaf sér Pétur Hjálmsson saman í hjónaband í lútersku kirkjunni á Markerville Einar Jónsson og Kristránu, dóttur Sigtryggs bónda Jóhannssonar. Faðir brúðarinnar hafði boð inni í Fensala Hall; var þar fjölmenni mikið og veitingar stórmannlegar.

Um mánaðamótin kom hingað vestan frá Kyrrahafi Mr. S. H. Helgason; var hann í kynnisför hingað til tengdabróður sins, J. Johnsons. Hevrt hefi ég, að hann sé á leið til Saskatchewan, þangað sem faðir hans, herra Helgi tónfræðingur er.

Dánarfregn.

Þann 21. febrúar sl. endaðist að heimili dótturdóttur sinnar í New Richmond, Wis., heiðurskonan Margrét Jónsdóttir, 86 ára og 5 mánaða gömul. Hún flutti til þessa lands árið 1900, með dóttur sinni Jóhönnu S. Thorwald.

Margrét sál. var fædd að Hauka gili í Vatnsdal. Faðir hennar, Jón Matthíasson, var ættaður úr Vopnafirði, en móðir hennar Helga Guðmundsdóttir, ættuð úr Vatnsdal, náskyld séra Páli Sigurðssyni presti frá Gaulverjabæ í Árnessýslu, föður Sigurðar læknis frá Sauðárkróki í Skagafirði.

Mestallan búskap sinn bjó Margrét að Valdalæk á Vatnsnesi í Húnavatnssýslu. Henni varð 4. barna auðið, 2 af þeim eru farin á undan henni, sonur og dóttir. En 2 dætur lifa eftir, báðar til heimilis í Stillwater, Minn., og syrgja ástrika móður. Friður almáttugs guðs hvili yfir moldum hinnar framliðnu.

Elsku mamma í siðsta sinn
sárt harmandi þig ég kveðj
líðinn sé ég líkam þinn
lagðan niðr á grafar-beð.

Dagsverk langt og veglegt vanst,
viljasterk, með hreina lund;
kjarkgóð, ánægð ætíð fanst
eins á harma og gleðistund.

Glaðlynd, skýr og skemtileg,
skyldurækin, vinsæl, trú,
góðverk mörg á gengnum veg
af glöðu hjarta veittir þú.

Þig fékk aldrei ellin beygt
alt að hinstu lífsins stund,
ei var sálarafl þitt veikt,
unz þig snerti dauðans mund.

Burtför þín úr heimi hér
holl varð bót þíns stundarkifs,
því að dauðinn að eins er
inngangur til betra lífs.

Ódáins við eilíf lönd
upp þér renni tíð inndæl.
Þig mín kveður ástrík önd,
elsku mamma, vertu sæl.

J. S. Thorwald,
dóttir hinnar látnu.

Guðm. Hafsteinsson.

Fæddur 1833.
Dáinn 17. febr. 1911.

Til ljóssins heima leið þín önd.
minn látni vinur kær,
nær hérvistar hrukku bönd,
þín hugarsjónin skær

Til hinstu stundar leit það land,
hvar lifgrös fölna ei.
og tvinnast eilíft trygðaband,
þar tárin sjást aldrei.

Þín var hreina trúin traust,
þig tældi ei heimsins prjál;
þíns huga eyru heyrðu raust,
er heilluðu þína sál.

Og sykraði bana-bikar þinn
og bjó þér frið og ró.
Í von um sælu vinur minn
í vinahöndum dó.

Eg vildi, látni vinur minn,
mér veittist gæfa slík;
svo hlynti að mér hinsta sinn
hönd af gæðum rík.

Er líkams mýkti mein sem þín
og mælti guðleg orð,
með trú í hjarta, er skært inn skín
á skaparans náðar borð.

Þökk fyrir hlýja hugann þinn
og hugnæm skemti-stef,
er kættu anda mæddan minn,
og mörg þín sendibréf.

Og nær ég hitti heima þig,
í hreinum vina krans,
sem bróðir góður gladdir mig
af gæðum innra manns.

Þér veitti gæfan, vinur kær,
vif og börnin góð,
er vermdi kærleiks blíður blær,
bezt af metin þjóð.

Með dagfars prýði götu gekst,
Grýtt þó stundum var;
frá kristnum trúar veg ei vékst
á valdið létt'úðar.

Þú barst elli þína vel
og þráðir lausnar stund,
með bros á vörum, blitt með þel,
og brúkaðir vel þitt pund.

Þín lundin vildi gleðja geð
og græða særðra mein,
og þakkaðir alt, sem þér var léð,
með þýðri kærleiks grein.

Ei deyr fljótt minning dygðamanns
hjá dróttum um tímans flug.
Á leiðið sét ég lítinn krans
af ljúfum vinar hug.

Þér býð, Guðmundur, góða nótt.
Í gröf þitt sofur hold
þar til leiðir drottinn drótt
úr dufti' á sælu fold.

S. Simonson.

Sendið Heimskringlu til vina yðar á Íslandi.

Vesalings "Þrándur".

Þér hefir heldur orðið bumbult, af að heyra sannleikann um sjálfan þig og félaga þína í 26. nr. Hkr þ.á. Það sýnir Lögberg svart á gráu í 14. nr. þess, þar sem það flytur lesendum sinum sýnishorn af "upp- og niður-gangi" þinum, strokkuðum og "Steffánuðum" í Lögbergs prentsmiðjunni. — Vesalings "þrándur", ertu að sýna okkur kaupendunum "bókmentastjörnu" Lögbergs afhjúpaða og uppþussaða, svo við getum sannfærst um, hvaðan blaðinu kemur ljós og vizka lögberskunnar?(!!)

Ójæja, hróið, þú ert smeykur við Tryggva, og leitast við að sleikja hann, þó þú unir illa sannleikanum, sem hann sagði í Hkr. um þig og þína líka, og læst, af fátækt þinni, vilja gefa honum bendingar í málfræði (!!!). Elir í því skyni þremur orðum úr hortittahólfi þínu, leggur þau undir leirhullu lögberskunnar, svo Steffán fái strokkað. En hnoðið er, vægast talað, báðum ykkur til minkunnar og Lögbergi til óláns og skaða: af því slík ritsmiði bera svo skýrt með sér merkin, af hvaða hvötum þau eru til orðin. Tilefni þeirra er sýnilega sprottið af öfund til Heimskringlu og ritstjóra hennar, herra B. L. Baldwinsonar, sem þú, "þrándur", þrátt fyrir alla þína andlegu nekt og asnaskap, veizt að nýtur virðingar og trausts í svo ríkum mæli, bæði hjá Íslendingum og hérlendu fólki, að hann er með réttu talinn í allra fremstu röð Vestur-Íslendinga fyrir mannkosti sína, menningu og atorku, og að blað hans Heimskringla, fyrir skarpleik hans, drengnað, dómgreind og óhlutdrægni — hefir náð svo miklu hrósi og hylli almennings, að það er með réttu viðurkent að vera uppbyggilegasta blaðið, sem gefið er út á íslenzku hér vestan hafs.

Um Lögberg ætla ég ekki að dæma. Ég er einn af kaupendum þess. En það hlýtur þér að vera kunnugt um, 'þrándur", ekki síður en öðrum, að Lögberg verður fyrir þungum dómi Íslendinga, og sjálfsagt ekki að ástæðulausu. Er þess vegna líklega ekki gustuk fyrir þig, að útbýa það svo, að enginn vilji lengur nota það til þarfa sinna.

Kaupandi Lögbergs.

* * *

ATHS. — "Kaupandi Lögbergs" hefir tekið "þrándar"-greinina í Lögbergi alt of alvarlega, — líklega af því, að honum var höfundur þennar ekki kunnur. Hefði hann, eins og almennigur hér í þorg veit, vitað að Sigfús B. Benedictsson ritaði þessa 'þrándar'-grein, þá hefði hann að líkindum látið bréf sitt óritað. Menn eru nú farnir að þekkja manninn svo, af margra ára viðkynningu, að þeir veita því lítið athygli, sem hann talar eða ritar. Og teljum vér þá nóg sagt að svo stöddu.

Rítstj.

JÓN JÓNSSON, járnsmiður, að 790 Notre Dame Ave. (horni Toronto St.) gerir við alls konar katla, könnur, potta og pönnur fyrir konur, og brýnir hnífa og skerpir sagir fyrir karlmenn. — Alt vel af hendi leyst fyrir lítla gjald.

THE **DOMINION BANK**
HORNI NOTRE DAME AVENUE OG SHERBROOKE STREET
Höfuðstóll uppborgaður: $4,000,000.00
Varasjóður - - - $5,400,000.00
Vér óskum eftir viðskiftum verzlunar manna og ábyrgumst að gefa þeim fullnægju. Sparisjóðsdeild vor er sú stærsta sem nokkur banki hefir í borginni.
Þúsundir þessa hluta borgarinnar óska að skifta við stofnun sem þeir vita að er algerlega trygg. Nafn vort er fullrygging óhlutleika. Byrjið spari inulegg fyrir sjálfa yðar, komu yðar og börn.
Phone Garry 3450 Scott Barlow, Ráðsmaður.

Vitur maður er varkár með að drekka eingöngu HREINT ÖL. Þér getið jafna reitt yður á
DREWRY'S
REDWOOD LAGER
Það er léttur, freyðandi bjór, gerður eingöngu úr Malt og Hops. Biðjið ætíð um hann.
E. L. DREWRY, Manufacturer, Winnipeg

STRAX Í DAG er BEZT AÐ GERAST KAUPANDI AÐ HEIMSKRINGLU. — ÞAÐ ER EKKI SEINNA VÆNNA.

MANITOBA

ÆTKIFÆRANNA LAND.
Hér skulu taldir að eins fáir þeirra miklu yfirburða, sem Manitoba fylki býður, og sýnt, hversvegna allir þeir, sem óska að bæta lífskjör sín, ættu að taka sér bólfestu innan takmarka þessa fylkis.

TIL BÓNDANS.
Frjósemi jarðvegsins og loftslagið hafa gert Manitoba heimsfræga, sem gróðrarstöð No. 1 hard hveitis.
Manitoba býður bændasonum ókeypis búnaðarmentun á búnaðarskóla, sem jafngildir þeim beztu sinnar tegundar á amerikanska meginlandinu.

TIL IÐNAÐAR- OG VERKAMANNA.
Blómgandi framleiðslustofnanir í vorum óðfluga stækkandi borgum, sækjast eftir allskyns handverksmönnum, og borga þeim hæztu gildandi vinnulaun. Algengir verkamenn geta og fengið næga atvinnu með beztu launum. Hér eru yfirgnæfandi atvinnutækifæri fyrir alla.

TIL FJÁRHYGGJENDA.
Manitoba býður gnægð rafafls til framleiðslu og allskyns iðnaðar og verkstæða, með lágu verði; — Frjósamt land; — margvíslegar og ótæmandi auðsuppsprettur frá náttúrunnar hendi; — Ágæt samgöngu og flutningatæki; — Ungir og óðfluga vaxandi bæir og borgir. — Alt þetta býður vitsmunum, auðæfum og framtakssemi óviðjafnanleg tækifæri og starfsarð um fram fylstu vonir. Vér bjóðum öllum að koma og öðlast hluttöku í velsæld vorri og þroskun. — Til frekari upplýsinga, skrifið:

JOS. HARTNEY, 77 York Street, Toronto, Ont.
JOS. BURKE, 178 Logan Avenue, Winnipeg, Man.
A. A. C. LaRIVIERE, 22 Alliance Bldg., Montreal,
J. F. TENNANT, Gretna, Manitoba.
J. J. GOLDEN,
Deputy Minister of Agriculture and Immigration, Winnipeg

"Mér þykir leitt að verða að trufla yður", sagði hann, "en þarna inni í vagninum loga fjórir lampar og eyða talsverðu af þeirri lofttegund, sem við þurfum. Ef ég slekk ljósin á þeim, verðum við að sönnu í niðamyrkri, en þá endist súrefnið lengur. Sýnist yður ekki réttast, að ég slökkvi ljósin á þeim?"

Elma sló hönðunum saman af hræðslu við þessa hugsun.

"Ó, hamingjan góða, nei", sagði hún fljótlega, "nei, nei, gerið það ekki. Það er nógu kveljandi, að verða að sitja sorgum þjáður í þessu hálfrökkri, en að verða að deyja í niðamyrkri, — nei, það er of voðalegt. Ég get ekki lifað, ef þér deyðið ljósin".

Cyril hneigði sig til samþykkis.

"Gott", sagði hann eins rólegur og áður, "eins og yður líkar bezt, ég vildi einungis vekja eftirtekt yðar á þessu, en að öðru leyti vil ég láta yður liða sem bezt. Það er líklega réttast, að sjá hvað setur svo sem tvo klukkutíma, og svo, þegar andrúmsloftið fer að verða slæmt — ég meina, þegar við finnum að timinn styttist, sem það getur enzt, — em manneskja getur, eins og þér skiljið, lifað tvöfalt lengur af því en tvær, — það væri miskunnarlaust, að gera ekki alt fyrir yður, sem er mögulegt, — þá gæti ég —".

Elma starði á hann óttaslegin. Hún skildi strax, við hvað hann átti, þó hann endaði ekki setninguna.

"Aldrei", sagði hún hörkulega og krefti litlu hnefana. "Það er alls ekki rétt af yður að hugsa þannig, og ég vil aldrei leyfa það. Það er skylda yðar að viðhalda lifinu meðan kostur er á — munið eftir móður yðar — systur yðar og allri fjölskyldunni".

"Það er einmitt tilfellið", sagði Cyril, dálitið sneypulegur yfir að hafa komið með þessa uppá-

stungu. "Það er einmitt tilfellið, að ég á enga móður, enga systur, alls enga fjölskyldu. Það er alls enginn, sem missir nokkurs í, þó ég hverfi, nema tvíburabróðir minn. Hann er eini ættinginn, sem ég á og hefi átt, og hann myndi smátt og smátt venjast við að sakna mín ekki. Þvert á móti eruð þér" — hann þagnaði og horfði hluttekningarlega á hana — "það eru eflaust margir, sem mundu sárt sakna yðar, — ó, ég vildi ég gæti gert eitthvað til að frelsa yður". Hann þagnaði skyndilega, því Elma leit til hans örvilnandi.

"Ef þér haldið áfram að tala þannig", sagði hún alúðlega, "þá veit ég ekki, hvað ég á að gera; ég veit ekki, hvernig ég á að komast að orði, en þér megið þó skilja það, að ég hefi ekki þrek til að vera skilin alein eftir til að deyja. Þó ekki sé annars vegna, þá er það skylda yðar min vegna, að lifa á meðaa þér getið, fyrst við erum lokuð hér inni bæði tvö".

"Nú," jæja", svaraði Cyril, "ef þér viljið að ég lifi yður til skemtunar í þessum jarðgöngum, þá skal ég lifa á meðan ég get. Þér þurfið ekki annað en segja mér, hvers þér óskið, ég er hér að eins til að gera yður lífið létt".

Undir öðrum kringumstæðum hefðu þessi orð verið álitin fagurmæli, en Elma tók þau eins og þau voru töluð, sem ytra gerfi alvarlegra tilfinninga.

III. KAPÍTULI.

Bróðir Cyril Warrings.

Klukkan 9 þetta sama kveld sátu tveir ungir menn í viðfeldnu herbergi í Stable Inn í London. Herbergið var listalega skrýtt, bæði með tilliti til skrautgripa og húsmuna.

Í stærsta ruggustólnum hjá tóma eldstæðinu sat ungur maður með hljóðpípu, sem hann tók frá munni sinum með efablöndnum svip. Andlitið var fagurt, augun gáfuleg og skeggið jarpt og vel lagað, — í fám orðum: hann var að öllu leyti eins og Cyril Warring. Ef Elma hefði á þessu augnabliki verið horfin úr dimma fangelsinu í Lavington jarðgöngunum, inn í laglega herbergið í Stable Inn, hefði hana sannarlega furðað á því, að sjá unga manninn í ruggustólnum, sem að ytra áliti var alveg eins og málarinn, sem hún skildi við á óhappastaðnum. — Bræðurnir voru eins likir og tveir vatnsdropar eru, og mynd af öðrum gat verið mynd af hinum líka.

Hinn maðurinn, sem var þar og hallaði sér upp að arinhillunni, var hærri og eldri en laglegur maður líka; þó var fegurð hans ekki eins viðfeldin, og hafði á sér sama blæ og sést hjá nautnarikum heimsmönnum. Ennið var hátt, varirnar litlar, nefið bogið eins og á rómverskri fyrirmynd, svarta yfirskeggið slétt og snúið á endunum. Hann var náttúraður fyrir söng, og hélt á fiólinsboga í annari hendinni, en hafði lagt fiólinið á legubekkinn, eftir að hafa spilað fallegt tvísöngslag með Guy Warring.

"Það er satt, hefirðu séð kvöldblöðin, Guy?" spurði hann mjög sætróma. "Ég kom með St. James Gazette' handa þér, en ég gleymdi að fá þér það sökum áhuga á sönglaginu. Ég sé að járnbrautarslys hefir átt sér stað fyrri hluta dags á syðri aðalbrautinni það er brautin, sem Cyril fór, er það ekki? Hann málar í Chetwood. En hann hefir naumast verið með þeirri lest".

Um leið og hann talaði, dró hann blað kæruleyslega upp úr vasa sinum og rétti það kurteislega að félaga sinum.

Guy Warring tók við blaðinu, án þess að veita orðum hans sérlega eftirtekt, og leit fljótlega yfir dálkana.

"Klukkan 10 fyrir hádegi", las hann í simskeyti, sem stóð í blaðinu, "átti sér markverður viðburður stað í Lavington jarðgöngunum á stóru suðurbrautinni. Þegar 9.15 lestin fór eftir jarðgöngunum, féll nokkuð af hvelfingu jarðganganna ofan á lestina með öllum sinum þunga. Eimreiðin, gagnneytisvagninn og fjórir fremstu vagnarnir sluppu óskemdir, en menn eru hræddir um, að tveir öftustu vagnarnir hafi brotnað undir því, sem niður féll. Enn þá vita menn ekki, hve margir farþegar hafi verið í þessum brotnu vagnaklefum, en alt er gert, sem mögulegt er, til að grafa út þessa brotnu vagna".

Guy las simskeytið rólegur, að því er séð varð, en hann var þó kríthvítur í framan og skjálfandi, þegar hann greip járnbrautar-ferðaleiðbeining, sem lá þar á eikar-skrifborðinu rétt hjá honum. Þegar hann var búinn að lita á járnbrautar-leiðbeininguna, varð hann strax rólegur aftur.

"Nei, ég hélt það nú líka", sagði hann rólega. "Cyril hefir ekki getað verið þarna; það er hins vegar við hans leið. Lavington er fjórða stöðin hins vegar við Chetwood. Sem stendur er Cyril í Til-

GÆFAN MŒTIR YDUR ADEINS EINUSINNI

A æfi allra manna og kvenna, kemur eitt stórt tækifæri sem leggur undir stöðuna undir auðnuna. Sú undirstaða einu sinni lögð, er hægur eftirleikurinn. Það eru fyrstu þúsund dollararnir sem er svo örðugt að ná, þú nærð þeim ekki með því að vinna fyrir kaupi. Lífið er of stutt til að spara upphæðina af launum þínum og leggja á banka, gróðaglæfrar eru of áhættusamir. En undirstöðuna geturðu fengið með því að kaupa lóðir í uppvaxandi bæum Vestur-Canada, ef þú hittir á hinn rétta bæ.

Látið dómgreind ykkar ráða. Kaupið nú.

KINDERSLEY



Myndin hér að ofan sýnir hinar miklu framfarir, sem KINDERSLEY hefir tekið. — Sporöskju lagaða myndin sýnir bæinn 5. okt. 1909, en aðalmyndin Kindersley 5. júlí 1910, níu mánuðum síðar.

Látið ekki tækifærið fram hjá fara. Ekkert betra býðst.

Verzlun er í blóma í Kindersley, byggingar rísa up óðfluga; Canadian Northern félagið hefir fundið sig knúð að byggja níu vélabása í viðbót, svo nú eru þeir 18. Alt flýgur áfram með sumrinu. Kaupið áður og náið í ágóðann. Vér erum sannfærðir um að þetta eru beztu kaup, sem hægt er að gera í 'vestrinu' þar sem það er augljóst, að það verður þeim til stórgróða, sem kaupa snemma.

KINDERSLEY

HEFIR NÚ ÞEGAR

2 Banka, 3 Harðvöru búðir, 7 General búðir, 3 verkfæraútibú, 3 Lumber Yards, 2 Hotel, og tvö í byggingu, 1 aktýgjaverkstæði, 2 lyfjabúðir, 1 Gullstássbúð, 1 blað.

Aðeins nýlega á markaðnum

Kaupið Nú

KINDERSLEY

Minna en ársgömul hefir þegar

1,000

íbúa. Bær þessi er úthlutunar miðstöð og skiftistöð. Borg í vændum.

Balmoral Sub-Division

Þessar ágætu lóðir eru við enda aðalstrætis og örskamt frá almenna skólanum og sjúkrahúsinu, sem nú er verið að byggja, einnig skamt frá pósthúsinu og verzlunar miðstöðinni. Verð lóðanna er $100. með vægum skilmálum. $20. niður og $10. mánaðarlega. Engir vextir. Nokkrar lóðir eru til sölu á aðalstræti fyrir $150 hver lóð. Seljast með sömuskilmálum og hinar. Umboðssalar óskast í öllum héruðum.

'TORRENS' EIGNARBRÉF GEFIN MEÐ HVERJUM KAUPUM.

Skrifið eða símið eftir geymslu lóða og við munum láta yður fá þær beztu fáanlegar.
Ef þér viljið græða peninga KAUPIÐ ÁN TAFAR.

Pöntunar eyðublað

K. K. ALBERT, P. O. Box 56
Umboðssali.

Lóðir BALMORAL PLACE, Kindersley, Sask.

Fult nafn .....

P. O. Aritun .....

Staða .....

Lóðir ..... *Block* .....

Útborgun .....

Skilmálar .....

Eg samþykki að kaupa ofanskráða lóð eða lóðir, fyrir verð það og skilmála tilgreinda.

K. K. ALBERT, Umboðssali

THE ALLIANCE LAND & INVESTMENT CO., LIMITED
St. John's Block, 984 Main St., Winnipeg, Man.

K. K. ALBERT, 708 McArthur Building, WINNIPEG

THE ALLIANCE LAND & INVESTMENT COMPANY., LTD.

St. John's Block. 984 Main Street Winnipeg, Manitoba

Áður enn þú kaupir

PLAYER PIANO

fullvissaðu þig um leikni hljóðfæris þess, sem fremst er í huga þér, að framleiða

Ekta Piano spil

með hreinum hljómtónum.— Fullvissaðu þig um þessa fullkomnun út í vztu æsar, og þá fellur val þitt efalaust á

HEINTZMAN & CO PLAYER-PIANO.

J. J. H. McLean & Co LIMITED

Cor Portage Ave. & Hargrave
Phone Main 808.

Fréttir úr bœnum.

GLEÐILEGT SUMAR!

Sex Íslendingar komu frá Íslandi aðfaranótt sl. laugardags. — þeir eru: Jóhannes Jónsson og kona hans, Magnús Jónsson bróðir Jóhannesar, Jón Árnason og Halldór Sigurðsson, öll frá Reykjavík, og Guðmunda Benediktsdóttir frá Ísafirði. þetta fólk fór frá Reykjavík 25. marz. Segir gott tíðarfar þar heima og liðan sína góða á leiðinni vestur.

Síðustu fregnir frá Íslandi með nýkomnum vesturförum þaðan segja, að Einar Jónsson sé nú sem óðast að smíða standmynd af Jóni forseta Sigurðssyni, og að hún muni kosta 80 þús. kr.

Hingað til borgarinnar komu á fimtudaginn var herra Stefán Björnsson frá Vestfold, þorsteinn Þorkelsson og Friðrik sonur hans, frá Oak Point. Fóru allir heimleiðis á laugardaginn. Allir sögðu mean þessir hina beztu liðan, og heyforða manna ágætan þar um slóðir. — Herra Stefán Björnsson kom til að sækja tvö börn sín, sem hafa hér dvalið mánaðartíma. Skóli er nú að byrja þar vtra, og vill hann að börnin njóti alls kennslutímabilsins. — Herra Thorkelsson sagði vel frá veizlu þeirri hinni miklu, sem haldin var, að heimili herra Andrésar Skagfeld, þegar þau hjón komu þar, herra F. J. Friðfinnsson og Stefanía dóttir Andrésar og konu hans. — þau hjón voru gefin saman hér í borg 4. þ. m., og lögðu síðan leið vestur í kynnisför til foreldra brúðarinnar. — Um 100 manns voru þar samankomnir og var öllum veitt af mikilli rausn. Ræður héldu Jóh. H. Johnson, Jón Jónsson, Árni Freeman, Vigfús Þórðarson og Miss Peterson. Sungið var og spilað alla nóttina til kl. 5, að brúðhjónin lögðu af stað til Oak Point, áleiðis til Winnipeg, og þeir 16 manns, sem fylgt höfðu þeim héðan frá Winnipeg. Svo segir Thorkelson, að ekki hafi hann áður um dagana vitað börn og unglinga koma fram jafn stillilega og ánægjulega eins og í samkvæmi þessu, og að yfirleitt hafi veizlan verið með þeim virðulegustu, sem hann hafi nokkurntíma setið.

Á sunnudagskveldið var voru samskot tekin í Únitara kirkjunni íslenzku hér í borg til styrktar hinu nauðliðandi fólki í hallærishéruðunum í Kína. Samskotin námu $29.46.

Í gjafasjóðinn til nauðstaddra manna í Kína hefir herra Magnús Magnússon, að Hnausa P.O., Man. sent frá sér og heimilisfólki sínu $4.25, og með þeirri ósk í bréfi til Hkr., dags. 8. þ. m., "að sem flestir Íslendingar vildu vera með. fáa aurar um 5c eða 10c, og ef $1.50 fjórðungur mannslífi frá hungursdauða, þá er centunum sannarlega vel varið". — Nöfn gefendanna eru: M. Magnússon, Mrs. M. Magnússon; Jón V. Magnússon, Magnús R. Magnússon, Helga Th. S. Magnússon, Sveinn S. Magnússon, Óskar K. Magnússon, Ásta H. M. Magnússon, Jóhannes H. Magnússon, Einar K. Magnusson, Guðmundur G. Magnússon, Ingibjörg M. V. Magnússon, Jón Þórðarson, Mrs. Jón Þórðarson og Miss Ranka Albertsson, 25c hvert; Miss Herdís Eiríksson 50c.

Svar frá Hjálmari Gíslasyni til Gunnl. Tr. Jónssonar verður sökum rúmleysis að bíða næsta blaðs. Sömuleiðis tvær aðrar greinar í sömu átt frá öðrum höfundum.

Ársskýrsla Winnipeg spítalans fyrir sl. ár er nýútkomin. Sýnir, að starfssvið þeirrar stofnunar er nú afar umfangsmikið. Ársútgjöldin urðu alls $189,407.62, en inntektir $181,725.23. Sjóðþurð varð því á árinu svo nam rúmlega 7½ þús. dollars. Alls voru á spitalanum nálega 6 þús. sjúklingar á árinu; meðalverutími hvers var 19½ dagur, og meðal sjúklinga fjöldi á dag var 315 manns. Á spitalanum dóu á árinu 405 manns, en 178 börn fæddust. Auk nefndra sjúklinga leituðu ráðleggínga og litilfjörlegrar hjálpar 7,660 manns.

Séra Friðrik J. Bergmann fermdi í Tjaldbúðarkirkju á páskadag þessi ungmenni: —

1. Amiha May Guðnadóttir Jóhannesson.
2. Aurora Thyri Sveinbjörnsdóttir Árnason.
3. Bessie Mary Jane Kristjánsdóttir Johnson.
4. Friðrika Halldórsdóttir Kristjánsson.
5. Guðný Sigurbjörg Ólafsdóttir Magnússon.
6. Jóniana Sigríður Jónsdóttir Thorsteinsson.
7. María Olga Sveinbjörnsdóttir Árnason.
8. Martha Ásnadóttir Sigurðsson.
9. Ólöf Anna Stefánsdóttir Valdimarsson.
10. Sigurborg Björgúlfsdóttir Brynjólfsson.
11. Vilfríður Haraldsdóttir Hólm.
12. Eyleifur Methúsalem Eyleifsson.
13. Guðjón Hallgrímsson Björnsson.
14. Jóhann Sigurðsson Guðmundsson.
15. Oscar Hjálmar Hjálmarsson.

Sigrún M. Baldwinson
Teacher of Piano
727 Sherbrooke St. Phone Garry 2414

Umkvartanir hafa borist frá Ft. Rouge búum og öðrum einstökum kaupendum hér í borg, að Heimskringla berist þeim ekki fyr en á laugardag, í stað fimtudags, og til sumra alls ekki sumar vikurnar.— Til þessara vildum vér segja, að Heimskringla er send nefðan af skrifstofunni reglulega á hverju miðvikudagskveldi til allra kaupenda. Drátturinn á skilseminni er því póstinum að kenna.

Látist hefir hér á Almenna spítalanum 3. þ.m. af afleiðingum af barnsfæðing Magðalena Jónatansdóttir frá Geysirbygð í Bifröstsveit, kona Magnúsar Jónssonar, bónda þar. Hún flutti hingað vestur haustið 1907, frá Söndum í Miðfirði í Húnavatnssýslu. Giftist hér eftirlifandi manni sínum haustið 1909. Líkið var flutt ofaneftir þann 5. þ.m. til greftrunar. Nokkrar vinkonur hinnar látnu fóru héðan úr borginni til þess að vera við jarðarförina þann 10. þ.m.

Simskeyti barst þeim bræðrum Halldóri og Birni Metúsalemssonum frá Vopnafirði þann 12. þ.m., þess efnis, að móðir þeirra Elín Ólafsdóttir, húsfrú að Burstarfelli í Vopnafirði, væri látin.

Samkoma verður haldin fimtudagskvöldið 4. maí undir umsjón safnaðarnefndar Únitara safnaðarins, í samkomusal safnaðarins. Á samkomu þessari fer fram kappræða- Ræðuefnið er: Var vantraustsyrðlýsingin til fyrverandi ráðherra Björns Jónssonar réttlát? Játandi hlið séra Rögnv. Péturssson, neitandi S. B. Brynjólfsson — Prógrammið verður nánar auglýst í næsta blaði.

Herra Th. Johnson, fiólín spilari, hefir 'RECITAL' með nemendum sínum mánudagian 8. maí nk. í Goodtemplarahúsinu, kl. 8.30 að kveldi. Samkoman bæði mentandi og skemtandi og algerlega ókeypis. Landar ættu að fjölmenna þang að. Prógram auglýst síðar.

Fyrir nokkru síðan hefir herra Ásm. P. Jóhannsson tekið út byggingaleyfi fyrir stórhýsi, sem hann er byrjaður að byggja á eigin reikning á Agnes stræti fast við Ellice Ave. Áætlaður kostnaður um eða yfir 50 þús. dollars. Hús þetta á að hafa yfir 20 fjölskylduibúðir með öllum nhtízku þægindum. Tilgangur eigandans er, að hafa stórhýsi þetta fullgert fyrir 1. sept. nk.

Fundur verður haldinn í kveld fimtudag í North West Hall, horni Ross og Isabel stræta, og þar rætt um Midland járnbrautina. — Íslenzkir kjósendur ættu að fjölmenna. Hefst kl. 8.

Ungmennafélag Únitara heldur fund í kveld (miðvikudag) í samkomusal Únitara. Meðlimir félagsins beðnir að muna það og fjölmenna.

Á föstudaginn langa voru gefin saman í hjónaband af Rev. J. L. Gordon, þau fasteignasali Aðalsteinn Kristjánsson og Miss Eileen Emily Skepchley. Aðsetursstaður ungu hjónanna er Suite 3 Monticalferno Court á Portage Ave. — Heimskringla óskar brúðhjónunum allra heilla og blessunar.

Skemtisamkoman og böggla-uppboðið, sem Ungmennafélag Únitara ætlar að halda á mánudagskveldið 24. þ.m., ættí að verða fjölmenn. Skemtun verður fjölbreytt og góð og aðgangur ókeypis. Veitingar til sölu. — Piltarnir ættu að koma í hópatali, því alt fer fram undir umsjón stúlknanna í Ungmennafélaginu.

Í "Ástarvísum" í síðasta blaði, í annari vísu, varð sú villa, að í blaðinu stóð orðið "sálflug", en átti að vera sólfugl:

"Ást er sólfugl, sem í dotti
syngur vært um hjartans frið".

Landar ættu að fjölmenna á skemtisamkomu þá, sem kvenfélag Tjaldbúðarinnar heldur á Sumardaginn fyrsta. Skemtun verður góð og þið styðjið að góðu málefni með nærveru ykkar. Fjölmennið.

Stúkan Hekla hefir á prógrammi sínu á næsta fundi sjónleik, ásamt öðru góðu. Templarar ættu því að fjölmenna á fundinn og missa ekki af jafngóðri skemtun og þar stendur til boða. — Einnig væri ágætt tækifæri fyrir þá, sem hafa í huga að gerast meðlimir, að ganga inn á þessum fundi. — Allir velkomnir.

HEIMBOÐ. — Ungu stúlkurnar í st. Skuld bjóða barnastúkunni og meðlimum st. Heklu heim til sín í kveld (miðvikudagskveld). — Gott prógram

RÁDSKONU VANTAR á ísl. heimili í bæ í Saskatchewan, einhleypa og enskumælandi, ef unt er — Ritstj. vísar á staðinn.

STEFÁN JOHNSON, skósmiður, fyr á Oak Point, hefir bygt sér skóbúð, að 349 Queen St., St. James, hér í borg, og er byrjaður að verzla þar. Hann gerir einnig við gamla skó. — Íslendingar gerðu vel í að finna Stefán. Hann hefir góða vöru og selur ódýrt.

ÞAKKARORÐ. — Hér með vottum við undirrituð alúðarþakklæti okkar öllum þeim, sem einhuga réttu okkur hjálparhönd á því 9 vikna tímabili, frá 7. febr. sl. til 15. þ.m., þegar mislinga og skarlatsótt lögðust í hús okkar, svo að við hjónin og öll 5 börn okkar tóku sýkina. Á þessu tímabili var sem hver, er vissi um sjúkdóm þennan, legði fram alla krafta okkur til hjálpar, og þó sérstaklega Mrs. Guðbjörg J. Gíslason, sem tók að sér að stunda okkur öll á öllu sjúkleikstímabilinu, og leysti það verk af hendi með dygð og alúð.

Bjarni Sveinsson.
Matthildur Sveinsson.

Skemtisamkoma og Böggla-uppboð.

undir umsjón stúlknanna í Ungmennafélagi Únitara, verður haldið í samkomusal Únitara MÁNUDAGSKV.

24. APRIL

PROGRAM.

1. Söngur: Nokkrar stúlkur.
2. Upplestur: Miss Guðný Sólmundsson.
3. Fiólin Sóló: L. Eiríksson.
4. Söngur: Nokkrar stúlkur.

BÖGGLA UPPBOÐ.

Selt kaffi.

Aðgangur ókeypis

LESIÐ ÞETTA

ÍSLENDINGAR, helzt smiðir, sem hugsa til að koma til Saskatoon, gerðu vel í, að skrifa eða sjá okkur sem allra fyrst.

Gislason & Brandson
Office 36 Ferguson Block.
P.O. Box 1077, Saskatoon, Sask.

Drykkjuskapur og tóbaksnautn.

Ef til væri meðal, sem læknaði drykkjuskap og tóbaksnautn, án vitundar og tilverknaðar neytandandans sjálfs, þá yrði það merkasta uppfynding aldarinnar, því hver drykkjumaður og tóbaksneytandi hyrfi á skömmum tíma.

Hver sem hefir í hyggju að lækna annanhvorn þennan ávana kunningja sinna á þennan hátt, mun sjá, hversu fráleitt það er, ef hann hugsar ögn um það.

Það þarf að beita fullkominni einlægni við þann, sem lækna skal. Með hans aðstoð má lækna hann af hvorum þessum löstum, en árangurslaust án hans hjálpar og samþykkis.

Dr. McTaggart í Toronto, Can., ábyrgist, að lækna menn af drykkjuskap á þremur til fjórum dögum, ef forskriftum hans er nákvæmlega framfylgt. Læknirinn hefir selt þétta ofdrykkju læknislyf til fleiri ára og hefir bætt fjölda manns. Lyfið kostar að eins $25.00 og mun reynast eins vel, ef ekki betur, og nokkur $100 lækning, sem völ er á.

Meðal hans móti tóbaksneyzlu, er sérstaklega tilbúið í því skyni. Kostar að eins $2.00, og geta menn læknast af því á hér um bil tveimur vikum

Bæði lyfin eru ágæt til styrkingar líkamans, og hafa engin óholl eftirköst á þann, sem læknaður er.

Fjöldi vottorða gefin af fúsum vilja. Getur hver fengið að sjá þau, sem þess óskar.

Lyfin send, þegar borgun er fengin. Burðargjald ókeypis. Bréfaviðskifti boðin, — stranglega heimuleg.

Skrifið eða ráðgist við

K. K. ALBERT,
einka-umboðsmaður í V.-Canada,
708 McArthur Bldg., Winnipeg.

Skemtisamkoma

undir umsjón kvenfélags Tjaldbúðarsafnaðar, á sumardaginn fyrsta, 20 April í Tjaldbúðinni.

PRÓGRAM.

1. Piano Solo—Miss Lína Gunnlaugson.
2. Recitation— Miss C. Bergmann.
3. Solo— Miss Maggie Eggertson
4. Ræða— Séra F. Bergmann
5. May Pole Drill— Nokkrar stúlkur
6. Selected—
7. Upplestur— Mr. M. Goodmann
8. Söngflokkurinn.

Aðgangur kostar 25 cent.
Byrjar kl. 8. FJÖLMENNIÐ

VANTAR

Fasta umboðsmenn og hjálparmenn(canvassers), bæði konur og karla.

Gott kaup harda duglegum.

Skrifið og sendið naðsynleg meðmæli.

K.K. ALBERT
Box 456
WINNIPEG, MAN.

R. TH. NEWLAND

verzlar með fasteignir, fjárlán og ábyrgðir. — Skrifstofa: No. 4 Phoenix Block, horni Princess og NotreDame
Sími: Garry 4704.
Heimilissími: Sherbr. 1619.

Það er alveg víst, að Það borgar sig að auglýsa í Heimskringlu.

ÞAÐ er einn hlutur sem við höfum fremst í huga og eru það GÆÐIN og þær tilraunir vorar að ná því hámarki hafa gert

Boyd's BRAUÐ

hið vinsælasta í borginni. Konur sem bezt gæta hagnaðar heimilsins kjósa BOYD'S BRAUÐ frekar öllu öðru. Hversvegna? Reynslan mun sannfæra yður.

Talsími: Sherbrooke 680.
Brauðgerðarhús á horni Spence St. og Portage Ave.

The Hyland Navigation COMPANY

hefir nú opnað

SUMAR SKEMTIFERÐA SKRÁSETNINGAR

Margar þegar skráðar.

Einnig er félagið að láta gera stór-umbætur í Hyland Park, svo sem stækka svo tveimur þriðju nemur, einnig að búa þar til skemtistigi afkyma, barnastofu, með konu til að sjá um börnin, og margskonar skemtiföng fyrir börnin. Einnig skeiðvöll, sundpoll, stóran leikvöll fyrir hnattleiki, fótbolta o. s. frv. Ágætan dans-sal ásfæstan við greiðasöluskála. Skrifið okkur eftir frekari upplýsingum.

Hyland Navigation Co.
13 Bank of Hamilton Chambers
WINNIPEG

Th. JOHNSON
JEWELER
286 Main St. Sími M. 6606

Dr. G. J. Gíslason,
Physician and Surgeon
18 South 3rd Str., Grand Forks, N.Dak
Athygli veitt AUGNA, EYRNA og KVERKA SJÚKDÓMUM. ASAMT INNVORTIS SJÚKDÓMUM og UPPSKURÐI. —

Dr. J. A. Johnson
PHYSICIAN and SURGEON
HENSEL, N. D.

TILBOÐ.

Við undirskrifaðir tökum að okkur alla grjótvinnu, sem við getum af hendi leyst eins fljótt og vel og nokkur getur gert. Við seljum grunn undir hús, hlöðum kjallara, steypum vatnskerald og gangstéttir, gerum steinsteypu í fjós, o.fl.

Jacob Frimann
Hergr. Hallgrimson
Gardar, N. Dak.

J. J. BILDFELL
FASTEIGNASALI.
Union Bank 5th Floor No. 520
Selur hús og lóðir, og annast þar að lútandi. Útvegar peningalán o. fl.
Phone Main 2685

G. S. VAN HALLEN, Málaferzlumaður 418 McIntyre Block., Winnipeg. Talsími Main 5142

'Kvistir' í handi

Munið eftir því að nú fást "KVISTIR" Sig. Júl. Jóhannessonar, í ljómandi fallegu bandi hjá öllum bóksölum.

Verð $1.50

Hannyrðir.

Undirrituð veitir tilsögn í alls kyns hannyrðum gegn sanngjarnri borgun. Starfsstofa: Room 312 Kennedy Bldg., Portage Av., gegnt Eaton búðinni. Phone: Main 7723.
GERÐA HALDORSON.

„Að lesa og skrifa list er góð læri það sem flestir."

Ef þig langar til að læra að skrifa fagra rithönd, þá skrifaðu eftir upplýsingum og sýnishorni til H. F. Einarssonar, Pembina, N. Dak., sem kennir allskonar rithönd fjölbreytta pennadrætti og skrautskrift. Þú getur lært heima í þínu eigin húsi, því tilsögnin er send bréflega með pósti.

Hverjum, sem svarar þessari auglýsingu, verður sent spjald með hans eigin nafni skrautritaðu. 25-5

TIL SÖLU

í Westbourne bæ 4 lot með 5-herbergja húsi á, góðu geymsluhúsi og stóru hesthúsi; nálægt vatni og skógi. Gott tækifæri fyrir mann, sem mundi vilja flytja vörur af og á járnbrautarstöðina, og fleira o.fl. Umsækjendur snúi sér sem fyrst til

J. Crawford
30-1 Westbourne, Man.

Sveinbjörn Árnason
Fasteignasali.
Selur hús og lóðir, aldsábyrgðir, og lánar peninga. Skrifstofa: 310 McIntyre Blk.
office TALSÍMI 4700. hús Tal. Sherb. 2018

BONNAR, TRUEMAN & THORNBURN,
LÖGFRÆÐINGAR.
Suite 5-7 Nanton Blk. Winnipeg, Man. Main 766 P.O.BOX 223

Anderson & Garland,
LÖGFRÆÐINGAR
35 Merchants Bank Building
PHONE: MAIN 1561.

HANNES MARINO HANNESON
(Hubbard & Hanneson)
LÖGFRÆÐINGAR
10 Bank of Hamilton Bldg. WINNIPEG
P.O. Box 781 Phone Main 378 " " 3142

Gísli Goodman
TINSMIÐUR.
VERKSTÆÐI: Cor. Toronto & Notre Dame.
Phone Garry 2988 Heimilis Garry 899

WINNIPEG ANDATRÚAR KIRKJAN
horni Lipton og Sargent.

Sunnudagasamkomur, kl. 7 að kveldi. Andartrúarspeki þá útskírð. Allir velkomnir.

Fimtudagasamkomur kl. 8 að kveldi, huldar gátur ráðnar. Kl. 7,30 segul-lækningar.

W. R. FOWLER A. PIERCY.

Royal Optical Co
307 Portage Ave. Talsími 7286.

Allar nútíðar aðferðir eru notaðar við augn-skoðun hjá þeim, þar með hin nýja aðferð, Skugga-skoðun, sem gjörey. öllum ágiskunum. —

Gripa eyrnahnappar
[Gerðir úr aluminium]

Með nafni ykkar og pósthúsi. Skrifið á íslenzku og biðjið okkur að senda ykkur einn til sýnis með nafninu ykkar á.

Við búum til alskonar stimpla.

CANADIAN STAMP COMPANY
Tribune Bldg.
P. O. Box 2235 WINNIPEG

KAUPIÐ af þeim og verzlið við þá sem auglýsa starfsemi sínu í Heimskringlu og þá fáið þér *betri* vörur með *betra* verði og *betur* útilátnar.....

Talsími Heimskringlu
Garry 4110

Heimskringla.

Heimilis talsími ritstjórans:
Garry 2414

XXV. ÁR | WINNIPG, MANITOBA, FIMTUDAGINN, 27 APRIL 1911 | NR. 30.

Jón Sigurðsson.

Enníþá vantar $200.00 til að fullgera minnisvarðasjóð Jóns forseta. Winnipeg-búar eru vinsamlega, en jafníramt mjög alvarlega beðnir að gera nú rögg á sig og skjóta til hr. Skapta B. Brynjólfssonar, að 623 Agnes St., því sem til vantar fyrir lok þessa mánaðar. — Gerir ekkert til, þó ögn verði umframákveðnu upphæðina. Það spillir ekki orðstir Vestur-Íslendinga, að sendingin heim verði heldur stærri en ákveðið var. Hitt varðar meiru, að menn dragi ekki að gefa það, sem þeir hafa ætlað að leggja í sjóðinn. Ekki til neins að bíða, til þess að sjá, hvað aðrir gefa. Bezt að hver gefi án tillits til nágranna sinna. En gott þó, að allir hafi hugfast, að minna hver annan á sjóðinn, svo enginn geti gleymt skyldum sínum gagnvart honum.

Skapti biður heima hjá sér til að veita gjöfunum móttöku.

GEFIÐ STRAX!

Martin leiðtogi.

Þess var getið í síðasta blaði, að kosning Martins, Senators frá Virginia, til að leiða Demókrataflokkinn í efri málstofunni væri í samræmi við vilja Bryans. Þessi fregn var tekin úr blaðinu Skandinaven. En svo er að sjá á blaði Bryans, The Commoner, dags. 21. þ. m., að sú fregn hafi verið villandi, að því er snertir skoðanir og vilja Bryans.

Um kosningu Martins segir blað Bryans meðal annars þetta:

"Að Senator Martin skyldi hafa sótt eftir leiðtogastöðu í Senatinu var Demókrata flokknum vanvirða og að hann náði kosningu var undravert.

"Einn þingflokks leiðtogi ætti að minsta kosti að hafa hæfileika, sem geri hann stöðunni vaxinn.

"1) Samhygð með þjóðinni í baráttu hennar gegn einstaklings hlunnindum. Herra Martin ekki að eins skortir þetta, heldur er hann algerlega á hina hliðina.

"2: Hann ætti að hafa þá viðurkenningu fyrir liðið starf, sem væri þjóðinni trygging og flokknum eling. En fortíðarsaga herra Martins er hér um bil eins ill og hún getur verið, og kosning hans er ekki að eins flokkinum til hindrunar, heldur einnig varþar vanvirðu á þá, sem bera ábyrgð á upphefð hans.

"3. Leiðtogi þarf að geta framsett stefnu Demókrata flokksins með stillingu og sannæringar-afli, og hann verður að geta hrakið rökseindir andstæðinganna. Herra Martin skorti sérstaklega ræðumannshæfileika. Hann verður því að ræða sig á einhvern annan til ræðuhalda.

"Hvaða hæfileika hefir hann þá?

Hann er útlærður 'manipulator'. Hann er stjórnmálavélari. Áhrif hans eru lík þeim, sem Aldrich hafði, en hann skortir hæfileika Aldrich, og endirinn verður sá sami, — efleins mikil dygð er meðal Demókrata kjósenda eins og er meðal Repúblikan kjósenda.

"Það er vonandi, að Virginia, sem er heimkynni svo margra frægra stjórnmálamanna, afsegi Martin og sendi til Washington einhver annan, sem heldur virðingu hennar á lofti og framber skoðanir almennings í ríkinu.

"Ef Virginia vanrækir þetta, þá er líklegt að næsta Senat losi hann við leiðtogastöðuna.

"Það er ef til vill til of mikils ætlast, að hægt verði á yfirstandandi þingi, að neyða hann til að segja af sér leiðtogastarfinu. En hann á áreiðanlega í vændum, að þola lítilsvirðing í því, að fjöldinn af Demókrötum yfirgefi hann í mikilsvarðandi málum, nema hann sitji hann kost vænstan að breyta stefnu sinni.

"Stefna Martins verður Demókrötum eins ógeðfeld eins og stefna Aldrich var Repúblikönum. Þess fyrri sem við losumst við hana, þess betra fyrir flokkinn og þjóðina".

* * *

Það er full ástæða til að ætla, að Bryan hafi sjálfur ritað hið fremanskráða, eða að minsta kosti að það sé skoðun hans. Það er því augljóst, að hann er ekki meðmæltur vali Martins sem leiðtoga flokks sins eða neins hluta af Demókrata flokknum.

Fregnsafn.

Markverðustu viðburðir hvaðanæfa.

— Frumvarpið til gagnskiftasamninga milli Canada og Bandaríkjanna var samþykt í neðri málstofu Washington þingsins á föstudaginn var, eftir 6 daga heitar umræður. Atkvæði féllu þannig, að 265 voru með frumvarpinu, en 89 á móti. Næstum allir Demókrat ar málstofunnar greiddu frumvarpinu með atkvæði, — 197 með en einir 10 á móti. Aftur var meiri hluti Repúblikana því andvígur, — 79 á móti, en 67 með. Eini jafnaðarmaður þingsins, Berger frá Wisconsin, var frumvarpinu fylgjandi. Allar breytingartillögur við frumvarpið voru felldar, og var það því samþykt og afgreitt til Senatsins eins og það kom frá feðrum sínum. Um afdrif frumvarpsins í Senatinu er tvísýnt, þar sem Demókratar eru þar í minnahluta. En líkur eru til þess, að það nái fram að ganga.

— Sambandsþingskosningar eru ekki líklegar til að fara fram á þessu ári, eftir því sem Hon. Sidney Fisher fórust orð í Montreal á laugardaginn var, þegar sú spurning var lögð fyrir hann, hvers vegna sambandsstjórnin bæri ekki gagnskiftauppkastið undir kjósendurna. Hann svaraði á þá leið, að stjórnin ætlaði ekki að svifta fjölda manns kosningarrétti, sem hann mundi fá að manntalinu afloknu. Einnig kvaðst hann álíta núverandi kjördæmaskiftingu ósanngjarnlega og ekki geta gefið fullkomnum bjóðarvilja til kynna, það væri því glæpur gegn þjóðinni, ef stjórnin upplevsti þingið og léti nýjar kosningar fara fram rétt á undan manntali og nýrri kjördæmaskipun. — Alment er álitið, að sambandsstjórnin vilji draga kosningarnar sem mest á langinn, vegna þess hún sjái ófarir sínar vísar, ef hún láti kosningar fara fram meðan gagnskiftasamninga-hitinn er mestur, og að hin fögru loforð um nýja kjördæmaskipting séu að eins orð ein, gerð til að friða kjósendurna.

— Nýverið var yfirkennari við barnaskóla einn í Toronto ákærður um að hafa lamið einn af drengjunum með vendi. Það sýndi sig, að herðar drengsins og bak var alt blóðrisa, svo refsingin, sem hann hafði hlotið, var án efa all-hörð. Við réttarhaldið sannaðist það, að drengurinn hafði hagað sér illa og staðið upp í hárinu á kennara sínum. Dómarinn, sem um málið fjallaði, taldi refsinguna réttmæta og sýknaði kennarann, og gat þess jafníramt um leið, að væri nokkuð gott og nýtilegt í sér, þá væri það því að þakka, að hann hefði óspart verið hýddur sem drengur. Vönduriun væri ómissandi í barnaskólum.

— Franz Jóseph, hinn aldni Austurríkiskeisari, er veikur í eiga hörðum árásum að sæta þessa dagana, sérstaklega þó á Englandi. Þar hafa prestarnir í broddi fylkingar ráðist á samkomuhús Mormónanna og reynt að stökkva þeim á burt. — Mormónar hafa snúið fjölda manna á Englandi til trúar sinnar sl. ár, mest þó kvenfólki, og hefir flest af því fluzt til Utah. Svo er talið, að full 4000 manns hafi tekið þá trú þar á hinu liðna ári. — Nú hafa ýmsir af merkustu prestum og biskupum Englands sent áskorun til innanríkisráðgjafans, Winston Churchill, að gera Mormónatrúboðana landræka. Í Danmörku hefir einnig verið skorað á stjórnina að gera slíkt hið sama.

— Tveir verkamannaleiðtogar, J. J. McNamara og McManigal frá Indianapolis, Ind., hafa verið teknir fastir, ákærðir fyrir að hafa verið valdir að sprengingu stórbygginga blaðsins Times í Los Angeles á síðasta hausti, og sem margir létu líflát í.

— Morðmál eitt, sem mikilli eftirtekt hefir valdið, hefir staðið yfir í borginni Goderich í Ontario undanfarna daga, og endaði þannig, að Edward Jardine, hinn ákærði, var sekur fundinn og dæmdur til dauða. — Saga málsins var sú, að stúlka ein, Lizzie Anderson að nafni, fanst 20. sept. sl. myrt á svívirðilegasta hátt, í kofa einum skamt fyrir utan borgina. Var líkið klæðlaust með öllu, og alt blóði drifið eftir hnífstungur. — Hver þetta ódæðisverk hafði unnið, var óvíst en grunur lék á bræðrum tveimur, George og Edward Jardine, sem báðir höfðu mikil viðkynni haft af hinni myrtu stúlku. Bræðurnir voru því teknir fastir, en Georg gat sannað, að hann hafði verið á alt öðrum stað þá morðið var framið. Edward þrætti líka fyrir, að vera valdur að ódáðaverkinu, þrátt fyrir það, að böndin bárust meir og meir að honum. En eftir að hafa setið sex mánuði í gæsluvarðhaldi, játaði hann að lokum að vera morðingjinn. Hann kvað sig og Lizzie hafa haft stefnumót í kofa þessum, sem líkið fanst í. Þeim hefði orðið sundurorða, og í óstjórnlegri bræði, hefði hann tekið tigilhnífinn sinn og stungið hana til dauðs, og því næst hefði hann skorið fötin af líkinu, til þess að það þektist síður, og þau hefði hann brent. Að því búnu kvaðst hann hafa hlaupið heim og þveginn af sér blóðið. — Kviðdómurinn fann hann einróma sekan án nokkurra málsbóta, og dómarinn dæmdi hann til hengingar 16. júní næstk., og kvað vonlaust um, að hann yrði náðaður, því glæpurinn væri frámunalega fúlmannlegur.

— Tuttugu og tveir menn fórust í námaslysi í Elk Garden í West Virginia á mánudaginn var.

Íslands fréttir.

FRÁ ALÞINGI.

Símskeytið, sem Hannes Þorsteinsson forseti neðri deildar sendi konungi daginn fyrir ráðherra útnefninguna, var þannig:

"Óráðið fram úr ráðherravandræðunum. Skúli Thoroddsen á sjö atkvæði vís, að sínu eigin meðtöldu, úr mótstöðuflokksbrotinu. Andstæðingaflokkurinn allur hefir í einu hljóði neitað að ljá honum fylgi sitt sem ráðherraefni. Langvinnar samningsumleitanir milli flokksbrots ráðherrans og fylgismanna Thoroddsens, þrátt fyrir það, að flokksbrotið hefir áður neitað allri hlutdeild í tilnefningu. Á sameiginlegum fundi í gærkveldi hefir Thoroddsen fengið loforð um 12 hlutlausa úr flokksbroti ráðherra. Kristján Jónsson er daldið að muni geta safnað að sér þeim atkvæðunum (21) sem þá eru eftir".

Þetta simskeyti hafa þingmenn Sjálfstæðisflokksins lýst ósannindi, og kemur beint í bága við skeyti það, sem flokksstjórnin sendi, þar sagði: Enginn annar en Thoroddsen getur vænst stuðnings Sjálfstæðisflokksins. Einnig hefir neðri d. forsetinn fordæst að geta þess, að það voru þjóðkjörnir þingmenn sem Skúla studdu. — Hannes Þorsteinsson sagði sig úr Sjálfstæðisflokknum daginn eftir að hann sendi skeytið.

Gæslustjóri Landsbankans í stað Kr. Jónssonar ráðherra var af efri deild kosinn Jón Ólafsson með 7 atkvæðum, hinna konungkjörnu og Kristjáns sjálfs. Jón Gunnarsson, hinn setti gæslustjóri, hlaut 6 atkv. — Neðri deild samþykti, að setja Eirík Briem aftur inn í starfa sinn.

Fjárlaganefnd hefir umturnað fjárl. frv. stjórnarinnar æði mikið. Þessar breytingar m. a.: Tillag til Borgarfjarbrautar hækkað árið 1913 úr 10,000 upp í 20,000, til Rangárbrúar veittar 45,000 kr. Gert ráð fyrir brúm á Hrútafjarðará, Rangá í Tungu og Austurá í Sökkólfsdal. Til Hvammstangavegar 2300. Stykkishólmssíma vill nefndin láta leggja frá Búðardal í stað Borgarness. Tvo vita vill hún reisa láta, á Skagatá og Kálfshamri, en leggja niður Flateyjarvita. Kvennaskóla Reykjavíkur vill nefndin láta veita alt að 7000 kr. styrk, en lækka Flensborgarskólastyrk um 1000kr. Stefáni oddhaga vill nefndin veita 1200 kr. styrk og jungfrú Ingibjörgu Brands 400 kr. til leikfimiskenslu. Upp er tekinn eldri styrkur til Goodtemplarafél. og Bindindissameiningar Norðurlands. Lækkaður styrkur doktoranna Helga J. og Péturss. niður í 1200, Jón Ól, Ágúst magister og Sighvatur Gr. Borgf. teknir upp í fjárlögin með eldri styrk. Guðm. Hjaltasyni hætt við með 400 kr. Heiðurslaun Torfa í Ólafsdal ákveðin 1200 kr. — Viðskiftaráðunauts fjárveitingu vill nefndin fella. — Til brýggjugerðar á Húsavík ætlaðar 3000 kr. 1913 og til matreiðsluskóla Jónínu Sigurðardóttur 1000 kr. hvort árið. — Þetta eru helztu nýmæli nefndarinnar, — en ósagt, hvaða náð finna fyrir deildar augum.

— Við Meðalland strandaði fyrir skömmu franskt flutningaskip, sent hingað með ýmsar vörur til fiskiflota Frakka hér við land. Menn björguðust allir. Meðal beirra var kvenmaður á leið hér til snítalans franska. Sig. Eggerz sýslumaður var staddur í Rvík, er strandið vildi til, en fór áleiðis austur skömmu síðar.

— Í ofsaveðrinu um miðjan marz sleit upp á höfninni í Sandgerði nýjan vélarbát, sem Matth. Þórðarson átti, og brotnaði hann mikið. — Nokkru fyr hafði Arnbjörn Ólafsson í Keflavík mist vélarbát, er brotnaði í spón. En mönnum varð bjargað af honum.

— Enski botnvörpungurinn, sem strandaði í Selvogi fyrir nokkru, hafði verið seldur á 800 kr. og einhverjir þar í grendinni keypt Vörur, sem í honum voru, höfðu ekki verið mikið skemdar, en fóru fyrir lítið, að sögn. Skipið hét 'Flamingo', strandaði 26. febr. og var 11 mönnum bjargað, en 1 fórst.

— Prestkosningar fara fram 3. apríl í Grundarþingum og Eydalaprestakalli. Um Grundarþing sækja séra Jónmundur á Barði, séra Sigurður á Ljósavatni og séra Þorst. Briem. Um Eydali séra P. Þorsteinsson einn.

— Lausn frá embætti hefir séra Jóh. Þorsteinsson í Staðholti fengið frá næstu fardögum, vegna bilunar í hálsi, segir N. Kbl. — Hann hefir verið í Rvík í vetur.

— Þann 20. marz bættist einn botnvörpungurinn í tölu beirra, er á landi liggja austur með ströndum. Það var botnvörpungurinn 'Volante' frá Grimsby. Strandaði sunnanvert við Kúðaós. Mannbjörg varð. Geir, björgunarskipið, er fyrir austan sem stendur til þess að freista, að ná honum út.

— Aflabrögð. Ágætur afli nú sagður á veiðistöðunum suður um Reykjanes, en aflalaust austanfjalls, á Eyrarbakka og Stokkseyri.

— Enginn ís við Norðurland eða Vesturland er síðast fréttist.

— Einmunatíð nær allan marzmánuð, — oftast nær nokkurra stiðhiti og bjartviðri.

— 'Gull', skáldsaga, 266 bls., eftir Einar Hjörleifsson, er nú útkomin. Gerist 6 árum síðar en Ofurefli. Aðalpersónan er Þorbjörn kaupmaður Ólafsson. Sagan lýsir gróðabrallinu í Reykjavík uppgangsárin svokölluðu — og gullsótt mannanna.

— 'Friður á jörðu', nýr kvæðabálkur eftir Guðmund Guðmundsson skáld á Ísafirði. Sama snildarbragð á allri formlegurð og ella hjá þessum höfundi.

— Virðingarupphæð til brunabóta á húsum í Reykjavík er nú 1. apríl kr. 11,177,232.00. Af þessari upphæð, rúmum 11 miliónum kr. er greitt í brunabótagjald árlega að eins kr. 20,166.86.

— Botnvörpungarnir reykvíksku hafa undanfarið aflað afburðavel. 'W. Wetherley', annar af hinum leigðu botnvörpungum þeirra Thorsteinssons bræðra, kom inn fyrir nokkrum dögum eftir 6½ sólarhrings útivist, með ca. 30 þúsund af þorski. Skipstjóri á þessum botnvörpungi er Kolbeinn Þorsteinsson.

— Hlutafélagið Völundur í Rvík hélt nýverið aðalfund sinn. Tíu þúsund króna tap hafði orðið á árinu. Í stjórn voru kosnir Hjörtur Hjartarson (endurk.), Sveinn Jónsson og Árni Jónsson.

BJARNASON & THORSTEINSON
Fasteignasalar
Kaupa og selja lönd, hús og lóðir víðsvegar um Vestur-Canada. Selja lífs og eldsábyrgðir.
LÁNA PENINGA
út á fasteingir og innkalla skuldir.
Öllum tilskrifum svarað fljótt og áreiðanlega.
Wynyard - - Sask.

OGILVIE'S
Royal Household Flour
Til Brauð og Köku Gerðar
Gefur Ævinlega Fullnæging
EINA MYLLAN Í WINNIPEG.—LÁTIÐ HEIMAÍÐNAÐ SITJA FYRIR VIÐSKIFTUM YÐAR.

WALL PLASTER
"EMPIRE" VIÐARTAGA VEGGLÍM.
"EMPIRE" CEMENT WALL VEGGLÍM
"EMPIRE" FINISH VEGGLÍM.
"GOLD DUST" VEGGLÍM.
'SACKETT"PLASTER BOARD.
SKRIFIÐ OSS OG FÁIÐ VORA ÁÆTLUNAR BÓK.
Manitoba Gypsum Co., Limited.
WINNIPEG, - MANITOBA.

Mikilmennið hans Stephans Thorsonar.

Gunnl. Tr. Jónsson er enn á ferð í Hkr. og slær nú um sig með sínum vopnum. Svo sem: 'keytu', 'fýu', 'ódaun' og öðru fleiru, sem þetta snekkvísa, glæsilega prúðmenni finnur tign sinni bezt hæfa. En hégómleg er sú hugsun, að nokkrum 'sviði' undan kákli hans, í þessum ímyndaða 'Leirskálda-harðega'.

Ég hefi aldrei, Tr. minn! reynt að halda hlífiskildi fyrir leirburði eða leirskáldum, að öðru leyti en því, að ég ekki viðurkenni rétt þinn eða annara til þess að flana saman að fólki þessu með stráksegu hrópi og hrakyrðum. Nefna það 'aula', 'golþorska' og því um líkt. Þótt Stephan Thorson velti ómegju vöngum og klappi þér á koll með föðurlegri velþóknan fyrir slíka framkomu. Þá getur hvorki hann eða þú dregið yfir götustráks einkennin á því atferli þínu.

Ég er þér fyllilega sammála um það að: alt of mikið sé prentað af leirburði og lélegum hveðskap. Að öðru leyti er ég þér ósammála í nálega hverju atriði í ritsmíðum þínum, er þetta mál snerta. Vegna þess að ég hefi lengi haft raun af þessum umtalaða ljóðavaðli, hefi ég stundum reynt að bera blak af Hagyrðingafélagsmönnum, þá er menn ýmist af vanþekkingu eða persónulegri óvild til einstakra meðlima, hafa viljað reyna að bendla það við þennan óskóma.

Þú játaðir hreinskilnislega, síðast þegar ég átti tal við þig, að þú þektir Hagyrðingafél. eða starfsemi þess ekki neitt og hefðir ekki haft fyrir þér nema umsögn annara. Ef þú hefðir átt nógu mikinn manndóm til að kannast einnig við þetta opinberlega í síðari ritgerð þinni, mundi ég hafa leitt hjá mér frekari umræður um þetta. En í þess stað reynir þú til að telja lesendum Hkr. trú um, að þú hafi vitað, hvað þú varst að tala um þarna gægist fram hjá þér, óráðvendni, sem þú ætti að reyna að forðast framvegis, — ef þú ætlar til að verða málsmetandi maður. Að 'félagið' ekki hafi haft fund síðastliðin tvö ár, er ekki rétt, eftir hverjum sem þú hefir haft það. Síðasti fundur þess var haldinn seint í febrúar þ. á.

Ég vil nú gefa bæði þér og öðrum sem Hkr. lesa, tækifæri á að líta yfir meðlimaskrá Hagyrðingafélagsins, og um leið leggja það undir dóm allra sanngjarnra manna, hvort í okkar hópi sé það fólk, sem fyllir blöðin af leirburði, eða gefur út þessa svo nefndu leirburðarþésa.

Meðlimir félagsins eru:

Sig. Júl. Jóhannesson.
Þ. Þ. Þorsteinsson,
Hjálmur Þorsteinsson,
G. J. Guttormsson,
Sigfús Benedictsson,
Mrs. Margrét Benedictsson,
Mrs. J. Eldon,
Styrkár Vésteinn,
Hallur Magnússon,
R. Wium,
G. J. Goodmundson,
Hjálmur Árnason,
Þórður Kr. Kristjánsson,
Jón Jónatansson,
Thor Bjarnason,
Björn Pétursson,
E. S. Guðmundsson,
Hjálmar Gíslason.

Auk þeirra, sem hér eru taldir, var Páll S. Pálsson meðlimur félagsins um eitt skeið, en sagði sig úr því. Séra Stefán heitinn Sigfússon var einnig starfandi meðlimur þess til dánardags.

Hér er nú upptalið fólkið, sem þú nefnir "þröngsýna, vitgranna smekkbelgi", "vitgranna mannmelu" fulla af sjálfsáliti", sem óvæntir hafi verið til að yrkja. — Hagyrðingafélagið hefir aldrei haft haft þann tilgang að hvetja menn til ljóðagerðar. Nema því að eins að þeir sýndu sig færa um að kveða svo að vel mætti við una. Tilgangur þess var aðallega, að hafa hætandi áhrif á smekk meðlimanna, og læra að meta það, sem gott væri og fagurt í skáldskap yfirleitt. Og ég þori að fullyrða, að svo miklu leyti sem það hafði áhrif voru þau til góðs. Þau vanmeli þín, að félagið hafi hrundið af stað "undiröldu undir hina óneykslanlegu leirskáldabylgju", er að eins fleipur út í bláinn. Leirskáldin, sem þú hefir með höndum og önnur þau, sem mest hefir borið á fyr og síðar, hafa aldrei í Hagyrðingafélaginu verið né orðið fyrir hinum minstu áhrifum þaðan eða hvatning.

Meginþorri meðlima félagsins eru viðurkendir hagyrðingar og skáld, skýrleiks og sæmdarfólk. Sig. Júl. Jóhannesson er löngu viðurkent skáld. Þ. Þ. Þorsteinsson er ungur maður, en hefir þó náð talsverðri viðurkenningu, bæði hér og heima. Heima-blöðin endurprenta oft kvæði hans, og er það órækur vottur þess, að þau eru talin skáldskapur. Sigfús Benedictsson er ekki talinn með leirskáldum af þeim mönnum, sem vit hafa á skáldskap. En vittur hefir hann verið fyrir hranaskap og ófyrirleitni í framsetning skoðana sinna. En væri kveðskapur hans borinn saman við ritsmíðar þínar, mun það fljótt koma í ljós, að ekki kemst hann í hálfkvisti við þig, hvað það snertir. Það ber að eins meira á honum vegna þess: að hann hefir hugrekki til að ráðast á það, sem hærra stendur í almenningsáliti, heldur en kvæði R. J. Davidson og Sveins Símonarsonar.

Um mig og aðra meðlimi Hagyrðingafél., sem aldrei birta ljóðmæli sín á prenti, get ég verið fáorður. Við höfum enga afsökun að gera, vegna þess, að það kemur hvorki Tryggva né öðrum við, hvort við kveðum mikið eða lítið. Þú veist vel, Tryggvi litli, að ég hefi aldrei eytt rúmi í blöðunum eða ásött þau með kveðskap minum. Og alt þitt orðagjálfur um það, er að eins sprottið af óráðvendni þinni og gremju. Þrjár ferhendur hefir Hkr. flutt eftir mig, það er alt og sumt. Og mættir þú vel reyna skarpleik þinn á því, að krýfja þær til mergjar og sýna fram á, að þær sé leirburður.

Á einum stað í síðustu ritgerð þinni færist þú í ásmegin, brútnar af heilögum hetjumóði og kveðst ætla að standa við orð þín. Það er: þau ummæli þín að Hagyrðingafél. hefði verið "eitt fyrirmyndar endemis félag". Miklir menn erum við, Hrólfur minn! — þessu reyni ég ekki að mótmæla vegna þess ég skil það ekki. ...Vn ef rétt er að tala um leirburð og hortitti í óbundnu máli, þá er áreiðanlegt að þetta er: hálfdanskur meiningarlaus gleiðgosa hortittur, og föður sínu lifandi eftirmynd.

Þú kvartar um, að ég hafi skrifað um þig "þjösnalegar sótar skammir". Ég sagði blátt áfram álit mitt á framkomu þinni í þessu máli. Enda ert þú, samkvæmt þinni eigin "algildu meginreglu", mér þar samdóma í öllum atriðum.

Ég hefi enga trú á, að þaggað verði niður í leirskáldunum með hrópi einu og hrakyrðum. Að minu áliti eru að eins tveir vegir. Annar er sá, að opna augu þeirra fyrir göllum þeim, sem eru á kveðskapnum og glæða fegurðarsmekk þeirra. En það verður ekki gert með því einu að benda á ljóð þeirra og æpa: 'leirburður', 'svívirðing', 'aula', 'golþorskur'. Fólkið hefir séð ljóðmæli sín áður en þau voru prentuð, og haldið að þau væru góð. Og því áliti verður ekki hnekt nema með hógværum, samfærandi umræðum og röksemdum. Sá, sem gefur sig fram til slíkrar kenslu, verður að kunna sjálfur það, sem hann ætlar að kenna öðrum það er alls ekki nóg að sjá gallana, það þarf að gera grein fyrir þeim svo ljóst sé, og öðrum skiljanlegt. Svo sem: mállýtum, eraglýtum, hugsunarvillum, smekkleysum. En hvar sést þess vottur, að Gunnl. Tr. Jónsson sé því vaxinn?

Hinn vegurinn er, að blöðin og tímaritin hætti að flytja þessi ofanneindu ljóð. En það stemmir ekki stíg 'Leirburðarþésanna'.

Stephan Thorson talar um afstöðu blaðstjóranna í þessu máli; eru þau ummæli hans viturleg og vel sögð, hefi ég þar engu við að bæta. En að öðru leyti sýnist mér greinarstúfur hans í mesta máta aumingjalegt, órökstutt bull. — Skjallið til Gunnl. Tr. Jónssonar verður naumast skilið öðtu vísi en sem tilraun til að siga honum á fleiri en þá, sem hann allreiðu hefir glepsað í.

Ekki fæ ég séð á hverju það er bygt, að skáldum okkar sé hætta búin frá þessu fólki. Hvar mun Sveinn skyggja á St. G. Stephansson, Sig. Júl., J. M. Bjarnason eða son, eða G. Pétursson á Kristinn, aðra þá, sem vel kunna að yrkja?

Eitt er það, sem oft er látið klingja, það: að heima á ættjörðunni sé ekki neinu líku að dreifa, hvað leirburðinn snertir. Það er eins og menn haldi, að Vestur-Íslendingar hafi drukkið inn þessa kveðskaparlýst með kúamjólkinni, hveitinu eða kartöflunum hér í Ameríku. Slíkt er fjarstæða, þetta er ættarfylgja, arfur frá forfeðrunum og föðurlandi. Og mættu þeir vel taka tillit til þess, sem hæst lata um viðhald íslenzk bjóðernis. Ljóðlistin hefir verið eftirlætisgoð íslenzkrar þjóðar frá upphafi vega. Hún hefir verið borin á höndum af háum sem lágum. Einmitt vegna þess, hve alment ljóðagerð hefir verið stunduð, hefir hún náð þeirri fullkomnun, sem raun er á orðin. Og er þó vafalaust, að frá upphafi hafa fleiri lagt þar hönd að en þeir, sem fult manntak hefir verið í. Eða mun ekki ljóðlist vera sömu lögum háð og aðrar listir það er, að almenn iðkun hennar sé leiðin til fullkomnunar, og hjálpi til að draga fram hæfileika þá, sem til eru. Ég skal benda á, að nú á síðustu árum sýnist vera að líina yfir fleiri listum á Íslandi. Svo sem sagnaskáldskafi, myndhöggvara og málaralist, auk ýmislegra iþrótta. Munu nútíðar Íslendingar vera betri hæfileikum búnir, heldur en bær kynslóðir, sem á landinu hafa búið áður og gengið til moldar án þess að láta eftir sig nokkuð, sem kveður að í þessum efnum? Mun ekki ástæðan fremur vera sú, að inn í þjóðlífið hafi borist straumar, sem hrundið hafa til starfs og nota þeim hæfileikum, sem þjóðin hefir átt í eigu sinni ónotaða til þessa? Ég er sannfærður um, að í íslenzkri mold hvilir margur nár, sem í lifanda lífi hefir haft listgáfur á borð við þá, sem nú sýnast vera að slá frægðarljóma yfir land og þjóð.

Mig skortir öll föng til að skrifa um gildi alþýðukveðskapar, svo að málinu væri sómi sýndur, — nema viljann. — En bent gæti ég á skoðanir merkra manna, sem ekki telja hann einskisvirði.

Einar Benediktsson kveður:

"Ljóði hljóðu illa er
okkar blóði farið.
Óði þjóðin hefir hér
helgar glóðir varið".

Þess get ég: að þegar alþýðuskáld og hagyrðingar þagna, muni dofna yfir íslenzkri ljóðlist, og færri afburðamenn fram koma.

Hvað því viðvíkur, að minna sé um leirburðinn heima en hér vestra, hefi ég það að segja: að orsök þess, að minna birtist af honum í blöðum heima mun vera sú, að þar sé blaðamenska að þessu leyti á hærra stigi, að blaðstjórar þar álíta ekki alt lesendum sínum boðlegt. En alls ekki, að skortur sé á ljóðmælunum.

Ég gæti bent á urmul af slíku, máli mínu til sönnunar, og hvergi mun vera kveðið eins mikið og á Norðurlandi, bæði af leir og öðru. En þrátt fyrir það koma baðan fleiri skáld, en úr öðrum landsfjórðungum.

Þessar vísur set ég til gamans, sem sýnishorn:

Þessi vísa er úr ljóðaþésa einum, sem út var gefinn í höfuðstað Íslands, og veit ég ekki til að neitt veður væri gert út af því; en ekki tekur það fram 'Draumsjón' Guðmundar:

"Þar næst ég sólir sá,
sem voru níu.
Upp fara á hvelfing há
himinsins fríu".

Þetta er eftirmæla sýnishorn:

"Móðir mín var mér mikið góð,
miskunar syngur hún í glóð.
Eftir við börnin erum samt.
Ekki er okkur af grátí vant.
Grafin var hún í glæstum sal.
Svo geri ég enda þetta tal".

Þessi staka er úr óprentuðu ljóðabréfi:

"Sit ég við að beygja pör,
kófsveittur að beygja.
Þegar ég færi þornavör
þá er það paragreyja".

Svona ortu þeir um kvenlega fegurð og göfugleik:

"Valgerður er valið sprund,
vitur bæði og fögur;
ég hefi séð hana alla stund,
en heldur er hún mögur".

Þetta og annað eins var ekki brúkað til að fylla dálka blaðanna. Heldur hentu menn gaman að því sín á milli. Og sumir þessi skáld voru kölluð sveita gersemi, vegna þess: að kringum þau var oftast fjör og hlátur.

Enginn má taka þessi sýnishorn svo, að ég vilji kasta skugga á íslenzkan alþýðukveðskap yfirleitt. Ég gæti komið með sýnishorn, er sómi mætti þykja að hvar sem er.

Að endingu vil ég svo spyrja ritstjóra Heimskringlu, B. L. Baldwinson: Hefir hann athugað afstöðu sína í þessu máli? Ef svo er, getur hann forsvarað hana, sem göfugmannlega og heiðvirðum blaðstjóra samboðna? Eftir að hann viku eftir viku, mánuð eftir mánuð hefir flutt ljóðmæli þessa fólks, og þannig verið framsögumaður leirburðarins, leyfir hann meðritstjóra sínum, að vaða upp á það með ósvífnum ilimælum. Var það ekki siðferðisleg skylda blaðsins, sem birt hafði kveðskapinn, að sýna höfundunum kurteisi.

Þess vil ég óska, að vonir Stephans Thorsonar rætist, og að Tryggvi eigi eftir að verða mikilmenni, ef þeim verður seint of margt. En með tálliti til þess, sem eftir hann liggur, get ég ekki varist þeirri hugsun, að lengi megi Thorson um hann þukla áður mikilmennis einkennin finnast.

Læt ég svo ýttalað um þetta að sinni. Af því ég álit, að málið sé alls ekki þýðingarlaust, hefi ég gert þá kröfu, að um það væri fjallað með hógværð og skynsemi. Í öðru lagi vegna þess, að eins og málinu var hrundið af stað, snerti það fólk persónulega, og mér fanst ekki viðeigandi, að fara um tilúnningar þess slíkum böðulshöndum.

Hjálmar Gíslason.

Til kunningja míns.

Heiðraði ritstj. Heimskringlu,

Ég vil biðja þig að gera svo vel, að taka eftirfylgjandi línur til birtingar í þitt heiðraða blað.

Og þó að það sé nýtt og nýmóðins af mér, að skrifa sendibréf til hennar 'Kringlu' minnar, og þó að línur þessar verði ekki samansettar af forspjallsvísindum né heimspekilegum hugsunum, þá vona ég að kunningi minn fyrirgefi mér það.

Og þó ég sé ekki einn af þeim útvöldu, sem fréttaritari Heimskringlu, þá vona ég að minn kærkomni vinur, ritstjóri blaðsins, fyrirgefi mér, svona einusinni, já, svona í fyrsta skifti, þó ég grípi til bessaleyfis rétt á þetta sinn; ég skal ekki gera það aftur, — það er að segja, ef kunningi minn, ritstjórinn, reiðist mér.

Síðastliðinn vetur hefi ég lesið í íslenzku Winnipeg blöðunum, sérstaklega Lögbergi, margar fréttagreinar frá ýmsum bæjum og bygð um þessa lands, og hafa fréttaritararnir lokið stóru lofsorði á hina tilfærðu staði, sem þeir hafa ritað frá, og af því mér þykir alt af gaman að lesa fróðleg fréttabréf eftir landann, þá hefi ég lesið áminstar greinar með sérstöku athygli og eftirtekt. Er því ekki fritt um, að ég hafi orðið snortinn af afbrýðissemi, og hugsað eins og Grímur stúdent í Skuggasveini: "Ég get lofað minn hest líka".

"Orsakir eru til allra hluta", segir gamalt orðtak. Þessi afbrýðissemi er nú aðalástæðan fyrir því að ég legg nú út á ritvöllinn til til þess að skrifa þér fáeinar línur kunningi minn. Ég þjáist af þeirri löngun, að pára þér nokkrar línur og fæ hana að eins Læknaða með framkvæmd.

Ég ætla því að byrja á því, að segja þér í sannleika, já, allan sannleika, frá þessum smábæ, sem ég hefi lifað í 2½ ár, nefnilega bæn um Leslie. Fyrir þremur árum sl. marz fór ég út hingað snöggva ferð til þess að skoða mig um, því ég hafði heyrt svo mikið hrós sagt um þessa nýlendu, hina fögru Foam Lake bygð, afstöðu hennar, landgæði og íbúa. Brautarteinar hinnar fyrirhuguðu járnbrautar, sem nú liggur eitir endilangri bygð inni, náðu þá að eins skamt austan Leslie bæjarstæðis. Nú fer fólks flutningavagn eftir brautinni tvisvar á dag, kemur hér að morgni kl. 7.20 min. frá Yorkton, en að kveldi kl. 7 frá Saskatoon. Svo fara vöruflutningsvagnar (trains) frá 4—8 á dag austur og vestur.

Þær einu byggingar, sem voru hér í Leslie þetta áminsta vor — 1908 — var verzlunarbúð S. D. B. Stefánssonar, hálfu minni en hún er nú, og annar smákofi (shanty), sem enn er hér. En svo þegar ég kom hingað alfarinn frá Brandon 26. ágúst sama ár, var hér komin önnur almenn vörubúð, sem Bjarni Þórðarson átti; einnig matsöluhús, jarðyrkjuverkfærabúð, Section hús og 4 íveruhús.

Svo lagði ég í púkkið og bygði smákofa, eftir efnalegum og frumbýlingslegum mælikvarða. Kornið fyllir mælirinn, er sagt. — Nú eru hér 2 almennar vörubúðir (General Stores), Stefánsson og Thorvaldson, sinn með hvora. báðir góðir drengir; 2 harðvörubúðir, O. C. Snider og W. H. Paulson. Eins dauði er annars líf; við vorum bráðhepnir, að fá hann hingað út í félagslífið, hann er félagslegur og framkvæmdarsamur í öllum heiðarlegum tilfellum, eins og allir vita, sem til hans þekkja. Svo eru hér 2 jarðyrkjuverkfærasalar, þeir herrar Tómas Pálsson og Paul Hogen í félagi, ágætismenn, og O. C. Snider, sem selur ennig jarðyrkjuverkfæri fyrir Massey Harris Co. Einnig Hotel Leslie, og matsöluhús, sem áður er á minst, 1 'Pool Room' og rakarabúð í sambandi, 1 aldinabúð, 1 lyfjabúð (Dr. Sig. J. Jóhannesson), 1 stórt hesthús (Livery), 1 rjómabú (hluthafafélag allra verzlunarmanna hér í Leslie og nokkurra hér í kring, $5 hver hlutur, 1 kjötsali (Kristján Johnson, bróðir Albert Johnsons í Winnipeg); skraddari fyrir karlmenn og kvenmenn; aktýgjabúð L. Árnasonar; og vil ég benda löndum minum á það, sem hér eru í kring, að aldrei fyr síðan ég kom til Leslie hefi ég haft eins mikið upplag af 'harnessum' og nú, og skuluð þið hvergi á 100 milna svæði fá ódýrari 'harness' en hjá mér; komið því og talið við mig áður en þið kaupið annarstaðar,— styrkið þið landa ykkar. ég vil eiga viðskifti við ykkur, — sparið þið dollarinn með því að eiga viðskifti við mig. — Já, svo er hér ein kirkja (Presbytera), sem nú er höfð fyrir barnaskóla, sem byrjaður var í vetur; stórt fundahús (Hall), undir umsjá Goodtemplara og 16 íveruhús; einn timbursali (Hannes J. Lindal, sem nú er nýbúinn að selja einhverju félagi í Winnipeg. — Lindal er allra bezti maður og sjá margir eftir honum); tvær kornhlöður (Elevator) og sagt er að eigi að byggja þá þriðju nú með vorinu. Svo er á orði, að C.P.R. ætli að láta byggja viðeigandi stóra járnbrautarstöð með vöruhúsi. Svo erum við nýbúnir að fá hingað útibú Hamilton bankans, sem er nýbyrjaður hér, og er það mikill hægðarauki, bæði fyrir peningamennina, sem eru þó nokkrir, að ég hygg, og svo fyrir hina, sem vilja fá lánaða nokkra dali. Ennfremur er hér fangahús, bygt af bæjarfé, til þess að láta þar inn þá náunga, sem kynnu að gera sig seka í því, að bríota lög og rétt lands og lýða; enn sem komið er hefir ekki þurft að halda á því til þeirra þarfa; það er notað fyrir bæjarráðsfundi, sem og fyrir fundi verzlunar samkundunnar.

Bygð þessi mun vera milli 50 og 60 milur á lengd, sem Íslendingar ná til, en breiðust mun hún vera út frá Leslie, um 12—13 milur að sunnan og eins að norðan. Hver einasti heimilisréttarblettur hygg ég að muni vera tekinn hér í kring og er því afar-þéttbygt. Þó nokkrir munu hafa keypt lönd hjá C. P. R. og öðrum félögum. — Fólk er hér yfirleitt eitt hið bezta, sem hægt er að hugsa sér og óska eftir, friðsamt og hjálplegt, ekki einn einasti náungi, sem hægt væri að gera að olnbogabarni sakir varmensku; allir samvaldir dáða og dugnaðarmenn í hvívetna. Því máttu trúa, kunningi sæll.

Að tilstilli Goodtemplara var hér í Leslie leikið leikritið Skuggasveinn 20. marz, að fullu húsi; 22. marz á Bræðraborg í fundarhúsi Foam Lake bænda, sem er um 3 milur fyrir norðan Foam Lake bæ. Þar var aftur töluvert færra fólk. Og 24. lék leikflokkurinn aftur á Leslie fyrir rúmlega hálfu húsi, eða vel það. En þann 5. þ.m. fór leikflokkurinn vestur að Wynyard og lék þar fyrir fullu húsi. Svo munu þeir ætla að leika hér á Leslie í kringum páskana. — Um það, hvernig leikendurnir léku, vil ég vera fáorður. Það máske gera aðrir betur en ég, ef til vill einhver eða einhverjir, sem hafa betri dómgreind yfir að ráða. En af því að ég er óvilhallur og óhlutdrægur í því máli, vil ég segja álit mitt og sannfæring, sem er, að vel var leikið af öllum, en þó skaraði Miss Kristín Johnson fram úr að leikarasnild, sem lék Ástu í Dal. þegar tekið er tillit til þess, að hún hafði aldrei leikið áður; og mun það flestra manna mál og álit, sem sáu leikinn, að hún hafi leikið ágætlega. Skuggasvein lék Páll Magnússon, hafði oft leikið hann heima á Fróni, enda lék hann prýðisvel; hann er söngmaður góður og raddmaður, enda rumdi oft í karli. — W. H. Paulson var tilsagnarmaður við æfingar, og var hann í því sem öðru mjög laginn að laga leikendurna í sínar náttúrlegu og eðlilegu lyndiseinkunnir, sem þeir þurftu að hafa.

Með beztu óskum um gott og arðsamt ár og lukkulega framtíð.

Þinn einl. kunningi.

L. Árnason.

Leslie, 7. april 1911.

Kennara köllun.

Kennara fyrir Sleipnir skóla. — Kensla byrjar 1. maí. Umsækjendur tilgreini kaupgjald og mentastig. Tímabil kenslu 6 mánuðir.

Áritun:

S. J. EIRIKSON,
Sec'y-Treas.
Wynyard, Sask.

Skrifið yður fyrir HEIMSKRINGLU svo að þér getið ætíð fylgst með aðal málum Íslendinga hér og heima.

Bókalisti.

N. OTTENSON'S, - River Par. W'p'g.

Ljóðmæli Páls Jónssonar í bandi	(3)	85
Sama bók (að eins 2 eint.	(3)	60
Jökulrósir		15
Dalarósir	(3)	20
Hamlet	(3)	45
Tíðindi Prestafélagsins í hinu forna Hólaskifti	(2)	15
Grant skipstjóri	(2)	40
Börn öreðursins	(3)	55
Umhverfis jörðina á áttatíu dögum	(3)	60
Blindi maðurinn	(3)	15
Fjórblaðaði smárinn	(3)	10
Kapitola (í II. Bindum)	(3)	1.25
Eggert Ólafsson (B. J.)		15
Jón Ólafssonar Ljóðmæli í skrautbandi	(3)	60
Kristinfræði	(2)	45
Kvæði Hannesar Blöndal	(2)	15
Mannkynssaga (P. M.) Í bandi	(5)	85
Mestur í heimi, í b.		15
Prestkosningin, Leikrit, eftir D.E., í b.	(3)	30
Ljóðabók M. Markússonar		50
Ritreglur (V. Á.) í b.		20
Sundregl'ur, í b.		15
Verði ljós		15
Vestan hafs og austan, Drjár sögur eftir E. H., í b.		90
Víkingarnir á Hálogandi eftir H. Ibsen		25
Þorlákur helgi		15
Ofurefli, skálds. (E. H.) í b.		1.50
Ólöf í Ási	(2)	45
Smælingjar, 5 sögur (E. H.), í b.		85
Skeu tiscögur eftir S. J. Jóhannesson 1907		25
Kvæði eftir sama frá 1905		25
Ljóðmæli eftir sama. (Með mynd höfundarins frá 1897		25
Safn til sögu og ísl. bókmenta í b., III. bindi og það sem út er komið af því fjórða	(53c)	9.4
Íslendingasaga eftir B. Melsted I. bindi bandi, og það sem út er komið af 2. b.	(25c)	2.85
Lýsing Íslands eftir P. Thoroddsen í b.	(16c)	1.90
Fornir rímnaflokkar, er Finnur Jónsson saf út, bandi	(5c)	85
Alþingisstaðir hinn forni eftir Sig. Guðmundson, í b.	(4c)	90
Um kristnitökuna árið 1000, eftir B. M. Ólsen	(6c)	90
Íslenzkt fornbréfasafn, 7. bindi innbundið, á 8 b. af 8 b.	(1.70)	27.80
Biskupasögur, II. b. innbundið	(42c)	5.15
Landfræðissaga Íslands eftir P. Th., 4. b. innbundið	(55c)	7.75
Rithöfunda tal á Íslandi 1400—1882, eftir J. B., í bandi	(7c)	1.00
Upphaf alþingis og frelsis á Íslandi eftir K. Maurer, í b.	(7c)	1.15
Auðfræði, e. A. Ól., í bandi	(6c)	1.10
Presta og prófastatal á Íslandi 1869, í b.	(9c	1.25
Norðurlandasaga eftir P. Melsted, í b.	(5c)	1.50
Nýjatestamentið, í vönduðu bandi	(10c)	65
Sama, í ódýru bandi	(8c)	30
Kóralbók P. Guðjónssonar		90
Sama bók í bandi		1.10
Svartfjallasynir	(5)	60
Aldamót (Matt. Joch.)		20
Harpa	(4)	60
Ferðaminningar, í bandi	(5)	90
Bóndinn	"	35
Minningarit (Matt. Joch.)	"	35
Týndi faðirinn	"	35
Nasreddin, í bandi		35
Ljóðmæli J. Þórðarsonar	(3)	45
Ljóðmæli Gestur Pálsson	"	75
Maximi Petrow	(12)	45
Leyni-sambandið	(2)	35
Hinn áttalegi leyndardómur	(2)	50
Sverð og bagall	(2)	30
Waldimer Nihilisti		75
Ljóðmæli M. Joch. I.-V. bd., í skrautb.	(15)	4.00
Afmælisdagar Guðm Friðbogasonar		1.00
Bréf Tómasar Sæmundsson	(4)	75
Sama bók í skrautbandi	(4)	1.15
Íslenzk-ensk orðabók, G. T. Zoega	(10)	1.50
Gegnum brim og boða		90
Ríkisréttindi Íslands		50
Systurnar frá Grænadal		35
Œðstýri landa bókum		30
Vísnakver Páls lögmanns Vídalíns		1.25
Ljóðmæli Sig. Júl. Jóhannesson		1.00
Sögur frá Alhambra		30
Minningarrit Templara í vönduðu bandi		1.65
Sama bók, í bandi		1.50
Pétur blásturbelgur		10
Jón Arason		80
Skipið sökkur		60
Jóh. M. Bjarnason, Ljóðmæli		55
Maður og Kona		1 25
Fjarða mál		25
Beina mál		10
Oddur Lögmaður		95
Grettis Ljóð.		65
Dular, Smásögur		50
Hinrik Heilráði, Saga		30
Andvari 1911		75
Œðsaga Benjamín Franklins		45
Sögusafn þjóðviljans I.—II árg. 35c; III árg. 20c IV árg. 20c; V. árg. 30; VI. 45; VII. 45; VIII. árg. 55; IX. árg. 55; X. árg. 55; XI. árg. 55; XII. árg. 45; XIII. árg. 45; XIV. árg. 55; XV. árg. 30; XVI. árg. 25; XVII. árg. 45; XVIII árg. 55; XIX. árg. 25.		
Alt sögusafn þjóðviljan selt á		$7.00
Eiðraunin (Skáldsaga)		50
Vallýes sögur		55
Valdimar munkur		60
Kynlegur þjófur		55
Sagan af stargaði Stórvirkssyni í bandi		50
óbundin		35
Rímur af Sörla sterka í bandi		40
óbundin		30
Myndin af fiskiskipinu		1.10
Bækur sögufélagsins Reykavík:		
Morðbréfabækling ur		1.35
Biskupasögur, I—6.		1.95
Aldarfarsbók Páls lögmanns Vídalín		45
Tyrkjaránið, I—IV,		2.90
Guðfræðingatal frá 1707—'07		1.10

Bækur Sögufélagsins fá íslenzkir bændur fyrir norðan hálfvirði, —$3.80.

Umboðsmenn mínir í Selkirk eru Dalman bræður.

Þess skal getið viðvíkjandi bandinu á Fornaldarsögunum Norðurlanda, að það er mjög vandað, handbundið skrautband, vel frá gengið eins er með Bréf Tómasar Sæmundssonar.

Tölurnar í svigum tákna burðargjald, er sendist með pöntunum.

Úr landsbanka feninu.

Minni hl. í Landsbankarannsóknarnefndinni í efri d., Sig. Hjörleifsson, heldur því fram, að rannsaka þurfi óreglu þá, er í bankanum var, áður en nokkur dómur verði kveðinn upp um gerðir ráðherra í því máli eða verðleika gæslustjóranna. En það er alveg ógert enn.

Verðlitka gæslustjóranna virðist mega marka nokkuð á því, sem hér segir og er úr nýgerðri lýsing nýju bankastjórnarinnar á fenínu, sem Landsbankinn lá á kafi í, þegar hún tók við honum, og er ekki enn búin að bjarga honum til fulls upp úr, þótt mjög svo vel og dyggilega hafi hún að því unnið, með líklega nær því tiföldum vinnu tima á við þann, sem hin fyrri varði í bankans þarfir, og margföldum hæfleikum, — hún hafði þá sama sem enga, eins og reynslan hefir sýnt.

Við fasteignarveðslán er talinn fremur litill vandi að fást, enda mun það hafa verið hér um bil eina starfið, sem gæslustjórarnir komu nærri — snuðruðu í veðskjölunum, röbbuðu um húsin eða jarðirnar, ef þær voru í þeirra héraði, og tóku í nefið.

En hér er nú ofurlitið sýnisborn af því, hve vandvirknislega var frá því gengið.

Fundist hafa ekki færri en 84 (áttatíu og fjórir) húseigna-veðsetningar í veðdeildinni þann veg gerðar, að lóðirnar undir þeim eru ekki veðsettar. Húsin veðsett liðandi í loftinu!!

Þar næst eru 18 veðsettar húseignir í engri eldsvoðaábyrgð, þ.e. engin skýrsla eða vottorð um að svo sé.

Og alla vitneskju vantar afarvíða um það, hvort ábyrgð þeirri er haldið við. Nýjustu bruna-ábyrgðarkvittanir sumar alt að 10 ára gamlar.

Þá er ekki betur gengið frá sumum handveðslánunum. Af þeim hafa fundist 4 með handveði í lífsábyrgðarskírteini, sem ekki er 1 eyris virði — þeim ekki haldið við. Fyrir einu þeirra, 3000 króna, 14 gömlu, er enn fremur veð í forlags bókum, virtum á 20,000 kr., en ekki afhentum.

Fyrir öðru, 4000 króna, er einn ábyrgðarmaður, auk lífsábyrgðarinnar (sem er sama og 0).

Hin 2 eru, annað 1200 og hitt 2000 króna, — það lífsábyrgðarskírteini út gefið nær 3 vikum eftir veðsetninguna!

Fyrir einu 5000 kr. láni eru að veði lífsábyrgðarskírteini, sem nú eru 452 kr. virði.

Fyrir öðru 5000 kr. láni eru veðsett lífsábyrgðarskírteini, sem þá voru 616 kr. virði. Það hefir staðið afborgunarlaust í 15 full ár.

Þá er 17 ára gamalt 3000 kr.lán, sem veðið (lífsáb.) fyrir er 317 kr. virði.

Fyrir einu 20 ára gömlu 3500 láni er ekkert annað veð en lífsáb. sem nú er 849 kr. virði.

Það sést á skrá yfir lán og ábyrgðir nokkurra viðskiftamanna Landsbankans um það leyti, er bankastjórnarskiftin urðu, — að ýmsir fátækir iðnaðarmenn og aðr ir borgarar hér í bæ hafa haft alveg aðdáanlegt lánstraust!

Einn slíkur hefir haft á sínum herðum rúmar 171,000 kr. í skuldum sjálfs sín og ábyrgðum fyrir aðra. Hann er nú gjaldþrota. Tapaðar skuldir hans sjálfs eitthvað milli 20 og 30 þús. Um ábyrgðirnar óvíst að svo stöddu.

Með 144,000 kr. er annar. Sömuleiðis gjaldþrota.

Sá er hinn þriðji með 153,000. Ekki gjaldþrota enn; en fjárhagur gert hjá honum árangurslaust.

Næsti gjaldþrota borgarinn er með 97,000 kr. Skuldar sjálfur nær 30,000 kr. Hitt ábyrgðir

Nær 55,000 skuldar einn borgari enn, að ábyrgðum meðtöldum, og er gjaldþrota.

Þá er enn einn iðnaðarmaður hér í bæ með 78,000 kr. á herðum sér, mest í ábyrgðum; annar með 68,000, og þriðji með 48,000 — allir öreigar og einn gjaldþrota.

Um frágang (formhlið) nokkurra sjálfskuldarábyrgðar lána hefir bankastjórnin gert ýmsar íróðlegar athugasemdir, sem hér eru tilgreindar, sumar að handahófi:

"Vantar undirskrift lántakanda"

"Vantar veðleyfi" (á 2—3 stöðum).

"Vantar umboð til lántökunnar".

Samkvæmt ábyrgðarskjalinu — hafa ábyrgðarmennirnir ekki tekið á sig neina ábyrgð fyrir lántakanda, heldur alt annan mann".

"Lántakandi ómyndugur. Enginn meðráðamaður".

"Fjórir af 17 ábyrgðarmönnum, sem taldir eru í skuldabréfinu, hafa aldrei skrifað undir það eða á annan hátt tekið að sér ábyrgðina".

"Tveir af 3 ábyrgðarmönnum, sem í skuldabréfinu eru nefndir, aldrei skrifað undir".

"Skíft um 1 ábyrgðarmann, án þess að sjáist að hinir hafi samþykt".

(Þessa mörg dæmi).

"Lántakandi veðsetur húseign annars manns veðleyfislaust".

"Undirskrift lántakanda vantar. Ábyrgðin bundin við eitt ár, en lánið framlengt; vantar þó endurnýjun 1 ábyrgðarmannsins.

"Vantar 1 ábyrgðarmanninn, er upphaflega var áskilinn" (á 2—3 stöðum).

"Þegar við lántökuna er skíft um 2 ábyrgðarmennina af 5, sem taldir eru í lántökuskjalinu, án samþykkis hinna 3".

Sama megn óregla er á reikningslánunum.

Það stendur í samningi um eitt, 5000 króna, við félag, að hann skuli standa til marzmán.-loka 1906 og þar með búið. En lánið stendur enn óumtalað; stendur þó í samningnum, að fallinn sé hann úr gildi, ef ekki séu greiddar 25 kr. í provision innan hverra aprílloka. En því engu skeytt. Og óþjánglesinn er samningurinn og ekki fylgja lög félagsins, sem vitnað er í um lántökuheimildina og ábyrgð félagsins.

Vafsöm lántökuheimild fyrir 36,000 kr. reikningsláni handa félagi, með því að einir 2 (af 20—30 félagsmönnum og fleiri) hafa tekið lánið, umboðslaust og leyfislaust frá félaginu.

Um eitt 40,000 kr. lán (sem eftir voru af rúm 34,600 kr.) segir, að það sé talið "mjög illa trygt", — þú sumra ábyrgðarmanna tekið til þrotabúsmeðferðar.

Sama athugasemd gerð um 16,000 kr. lán, sem afhent er málaflutningsmanni og hann lengið alls 600 kr., upp í vextina.

Þá kemur 10,500 kr. lán, "sem er álitið því sem næst altapað" — Fasteignarveð fyrir því selt á nauðungaruppboði; afgangurinn af söluverðinu, um 1460 kr., lægður inn í lánið.

Enn er svo að orði kveðið um nokkur stórlán, 35,000 kr., 15,000 og 16,000 kr., að þau séu álitin illa trygð.

Lántakendur að einu 5,000 kr. láni gjaldþrota.

Og margt að athuga við allmörg önnur.

Hjá aðal málfærslumanni bankans eru til innheimtu um þessar mundir 75 víxlar, sumir smáir, um 100 kr. eða svo, og alt upp að 1000; margir 1000—2000, nokkrir yfir 3000 og einn nær 12,000 kr. Dómur fengiun fyrir nokkrum og það fyrir 2—3 árum sumum. Einn nær 1000 króna hafði útgefandi synjað fyrir með eiði; en úr búi samþykkjanda fengust nær 150 kr.

Mundi nú margir meiri háttar fésýslumenn vilja láta eftirlitsmenn með fésýslu sinni ekki eiungis komast af ábyrgðarlaust fyrir aðra eins frammistöðu, heldur fá jafnvel heiðurslaun eða að frá væru farnir, o. s. frv.

En það er annað, að vera íslenzkur embætta-sambyrgðarmaður, sem hvorki má móðga né hafa af 1 eyri þess, er átt hefði tilkall til, ef gert hefði skyldu sína. Þá gerir löggjafarvaldið sig að dómstól og réttir hlut hans!

Nei, hér virðist um ekkert annað hugsað en að koma fram heind á hendur ráðherranum fyrir að gera skyldu sína, þó að mikils háttar samábyrgðardýrlingar ættu í hlut.

Heind! heind!

(Ísafold, 11. marz).

Landsbankastjórnin hefir enn samið handa þingnefndunum "yfirlit yur nokkur ótrygg lán og víxla" bankans, sem stendur sérstaklega á um og virðist vera bráðum þrautreynt um, að nauðalitið fáist af.

Sú fúlga nemur hátt upp í — HÁLFA MILIÓN, eða 466½ þús. kr., og er þá ótalið svo og svo mikið af "óvissum víxlum og óvissum reikningslánum og handveðslánum", segja þeir, "sem veitt ur hefir verið gjaldfrestur á (framlengt)".

Af þessari nær hálfu milión er fast að 180,000 kr. hjá málfærslumönnum til innheimtu, og hefir mikið af því legið nokkuð mörg missiri, frá því 1908, hjá aðal innheimtumanni bankans, Eggert Claessen, sem er nákominn bæði 2 hinum fyrri bankastjórum af 3, og ráðherra H. Hafstein — það var ekki verið að fara með ardvænlega atvinnu út fyrir ættina —; en hitt hjá cand. jur. Magnúsi Guðmundssyni.

Claessen hefir haft undir höndum 51½ þús. í víxlum og rúmlega 48½ þús. í ábyrgðarlánum, auk 5 þús. í reikningslánum. Hér upp í það hefir hafst saman alls árið sem leið nær 2½ þús. af víxlalánum, tæpa 1 þús. í ábyrgðarlánum (af 28½ þús.!) og 124 kr. af reikningslánum. — Það er alt og sumt.

Magnús Guðmundsson fékk sinn part til innheimtu ekki fyr en í haust sem leið, með byrjun októbermán. 1910. Það er nær 8 þús. í víxlaláunum, nær 40 þús. í ábyrgðarlánum og 29½ þús. í reikningslánum. Engin skýrsla um, að hann hafi náð neinu enn.

Getið er ennfremur um 33,000 í "engin víxlum eins fyrirtækis, sem stendur í hættu".

"Hér við bætast", segir bankastjórnin "ábyrgðarlán, sem bankastjórn hefir enn eigi tekist að fá í lag, og er enn eigi afhent málfærslumönnum. Það eru rúm 254,000 kr.

Mundi nú mörgum heilsuhraustum manni og ekki steinblindum af flokksofstæki og alveg taumlausri hlutdrægni fara að þykja ósennilegt, að tapið á óreglu og hirðuleysi bankastjórnarinnar geti ekki minna orðið en 400,000?

(Ísafold, 15. marz).

Bredenbury.

Í fylki miklu og frjóvu,
sem fylt er hraustum lýð,
þér disir örlög ólu
á efstu landnámstíð,
sá vefur glóði af gliti,
með gæfu, auð og skraut; —
þá lifsins frænu liti
þær lögðu þér í skaut.

Hjá brattri brún við dalinn,
í búning nýjan klædd,
til margs og mikils valin
og möguleikum gædd, —
á fögrum stað þú stendur,
með stóran sjónarhring
og vrktar akurlendur
á alla vegi í kring.

Þá hjarn og ísar hlána
þinn hróður berst um lög;
þitt nafn á framtaks fána
er fyrir löngu skráð.
Þótt sért þú ung að árum,
ég um það lítið fæst, —
á tímans breiðu bárum
þín biður saga glæst.

Ég bið þú lifir lengi,
um leið ég vona að
þú heillar horska drengi,
með huga' á réttum stað,
sem vinni af viti nægðar,
sem verji nafns þíns glans,
sem afli fjár og frægðar
í framsókn þessa lands.

Kristian Johnson.

• • •

ATHS. — Bredenbury er þorp eitt í Saskatchewan, hérna megin Yorkton. Er það í uppgangi miklum og liggur að C. P. R. járnbrautinni.

Hefir þú borgað Heimskringlu?

Audæfi Unnin úr Olíu

Buick Oil Co. býður yður tækifæri að auðgast stórum á sparipeningum yðar. Félagið hefir nú yfir $1.200 í tekjur á dag. Eignir þess nema miljónum dollars. Rannsakið félagið og tilboð þess. Gróðavænlegra tilboð hefir sjaldan boðist. : : : : : :

Buick Brunnurinn No. 1.

Brunnur þessi tók til starfa þann 13. febr. sl., og nemur framleiðslumagn hans 3,400 tunnum á dag. Frá brunni þessum hafa hundrað þúsund tunnur verið seldar Standard Oil félaginu, og önnur hundrað þúsund tunnur hefir félagið pantað í viðbót, á 45 cents tunnuna.

Lesið þetta hraðskeyti.

Los Angeles, 20. April 1911.

B. F. MOFFATT, 215 Marquette Bldg. Chicago.

Buick brunnurinn No. 1. heldur áfram sama framleiðslumagni. Brunnurinn No. 2. er sem næst fullbúinn og eru allar líknr að hann verði ekki eftirbátur No. 1. Einnig er langt komið með gröft á Sunset Security No. 1. brunni. Glæsilegustu horfur.

BUICK OIL CO.

Buick samfélags hugmyndin.

D D. Buick löggilti Buick Oil Co. undir lögum California ríkisins, og það vegna þess, að ekkert annað ríki í sambandinu veitir betri vernd smá-hluthöfum. Þegar þú gerist hluthafi í Buick Oil Co., þá verður þú starfandi hluthafi með réttindum að segja hvernig verja skal dollurum þínum. — Hægðarleikur var, að fá auðfélag til að kaupa hluti félagsins, en Mr. Buick sá, hverjar afleiðingar það mundi hafa fyrir sig, ef það yrði. Hann vill sjálfur halda um stjórnartaumana og vaka yfir hagsældum félagsins, og eini vegurinn, sem hann sér til þess, er að FÁ ALMENNING TIL AÐ VERÐA SAMFÉLAGA SINN Í HINU ARÐBERANDI FYRIRTÆKI, SEM ER HONUM UM MEGN AÐ STJÓRNA EINUM.

D. D. Buick vill láta ykkur græða, — því þess meira, sem þið græðið, þess meira græðir hann. Hann vill að þið rannsakið alt, sem félagið áhrærir. Hann veit, að þið eruð honum sammála, að tækifæri þessu líkt komi ekki nema einu sinni á lífsleiðinni. Sumir af vinum Mr. Buicks keyptu í upphafi hluti vegna vinsælda hans. Nú hafa hinir sömu menn séð, hvað verða vildi, og falað hlúti í VIÐBÓT, svo miklu nemur.

Framtíð félagsins.

Það er ekki að eins Buick brunnurinn No. 1, sem félagið hefir. Nú er Buick No. 2 hálfunninn og No. 3 hefir nú í þessum svifum náð í olíu, og er oliumagn hans engu minna en brunnsins No. 1. Hvað framleiðslumagn þessara þriggja brunna verður, munu fáir geta gert sér í hugarlund, — svo gríðar-mikið verður það. En ekki mun það verða undir $3,600 á dag. Auk þess sem fleiri brunnar hætast við, svo fljótt, sem auðið verður. Jarðfræðingar ríkisins álíta að 85 þúsund tunnur af olíu séu undir hverri ekru á Midway svæðinu, þar sem brunnar vorir eru. Framtíð félagsins er því svo glæsileg, sem framast má verða.

Afráðið, hvað marga hluti þið getið keypt, og kaupið þá án dvalar. Sérhver þekkir mann, sem gat keypt hluti í þessu og þessu félagi, meðan það var í byrjun, fyrir að eins einn tíunda hluta af því, sem það nú er virði. Sá maður lét tækifærið fram hjá fara.

Buick Oil Co. býður takmarkaða sölu af verðbréfum sínum fyrir að eins 75 cents hlutinn. Hækkun upp í $1.00 má búast við á hverri stundu. — TÆKIFÆRID BER AÐ DYRUM. — LÁTIÐ ÞAÐ EKKI FRAMHJÁ FARA.

Til hægðarauka fyrir þá, sem ekki geta borgað út í hönd, eftir marg-ítrekaðar beiðnir, tökum við aftur upp afborgunar-tilhögunina, og má því kaupa hluti um stundarsakir, sem hér segir:

HVERNIG KAUPA SKAL

50 hlutir :	$ 7.50 niður og	$ 10.00	mánaðarlega í 3 mánuði.
100 hlutir :	$ 15.00 niður og	$ 20.00	mánaðarlega í 3 mánuði.
200 hlutir :	30.00 niður og	40.00	mánaðarlega í 3 mánuði.
300 hlutir :	50.00 niður og	58.33	mánaðarlega í 3 mánuði.
400 hlutir :	75.00 niður og	75.00	mánaðarlega í 3 mánuði.
500 hlutir :	100.00 niður og	91.66	mánaðarlega í 3 mánuði.
1000 hlutir :	250.00 niður og	166.67	mánaðarlega í 3 mánuði.

GLEYMID EKKI

AÐ VIÐ ÁSKILJUM OKKUR RÉTT TIL AÐ HAFNA UMSÓKNUM UM KAUP OG ENDURSENDA GREIÐSLU, EF EKKI LÍÐA MEIR EN 24 KLUKKUSTUNDIR FRÁ ÞVÍ AÐ UMSÓKNIN BARST AÐ SKRIFSTOFU VORRI.

Sendið nú strax eftir bæklingum vorum, og þeir munu skemta ykkur og fræða, frekae flestu öðru, því í þeim er alt, sem þið þurfið að vita um þetta volduga olíusvæði.

Ef þið eruð í efa, þá simið eftir að taka frá handa ykkur hluti, og að ykkur séu sendir fræðslu-bæklingar.

SUBSCRIPTION TO STOCK

K. K. ALBERT, 708 McArthur Building, Winnipeg, Man.

Herrar mínir: Ég bið hér með um ..... hluti á eins dollars ákveðisverði í höfuðstóll Buick Oil Co., á 75c hvern hlut, og lofa að greiða þá að fullu í 4 jöfnum mánaðar afborgunum. Hlutabréfin afhendist mér þá þeir eru borgaðir að fullu. Hér innlagðir $ .....fyrsta afborgun.

Nafn .....

Aritun .....

Pósthús ..... *Fylki* .....

"HEIMSKRINGLA"

BIÐID EKKI DEGINUM LENGUR

Simið eftir geymslu hluta.. Snúið ykkur til umboðsmansins fyrir Canada.

K. K. ALBERT

708 McArthur Building, Winnipeg. - Phone Main 7323

BUICK OIL COMPANY

215 Marquette building., Chicago.

INFORMATION COUPON

K. K. ALBERT, 708 McArthur Building, Winnipeg, Man.

Herrar mínir: Verið svo vænir að senda hina miklu bók yðar, "The Land where Oil is King," sem lýsir Buick olíu landsvæðinu, og jafnframt myndir, og stjórnar skýrslu og aðrar upplýsingum viðvíkjandi hinu stærsta olíusvæði heimsins. Kern County, California. Eg lofa ekki að kaupa hlut en lesa bókina og aðrar upplýsingar mun ég með athygli.

Nafn .....

Aritun .....

Pósthús ..... *Fylki* .....

"HEIMSKRINGLA"

Heimskringla

Published every Thursday by The Heimskringla News & Publishing Co. Ltd

Verð blaðsins í Canada og Bandaríkjunum $2.00 um árið (fyrir fram borgað), sent til Íslands $2.00 (fyrir fram borgað).

B. L. BALDWINSON
Editor & Manager

Office:
729 Sherbrooke Street, Winnipeg
BOX 3083. Talsími Garry 4110.

Lake Winnipeg & Red River Navigation Co. Ltd.

Í síðasta blaði var lesendum bent á ofanneint félag og fyrirhuguðu starfsemi þess á komandi árum, á Rauðá og Winnipeg vatni og Saskatchewan ánni.

Rétt er, þegar alþýðu fólks er boðið að taka fjárhagslegan þátt í nýjum iðnaðar eða starfsfyrirtækjum, að vel sé íhugað, hvort líklegt sé, að það færi hluthöfunum hag eða gróða, og mörgum verður erfitt, að átta sig svo á því atriði, að þeim verði ljóst, hvort líklegra sé.

Þrent verður aðallega að taka til greina:

1. Hvort starfssviðið sé svo auðugt og umfangsmikið, að hægt sé að vænta þaðan nægilegrar og sívaxandi starfsemi.
2. Hvort þeir menn, sem veita fyrirtækinu forstöðu, séu þeim hæfileikum gæddir, er geri þá stjórnarstarfi sínu vaxna.
3. Hvort þeir hafi að undanförnu reynst hepnir í starfsemi fyrir sjálfa sig, og hvort þeir hafi þá þekkingu á því fyrirtæki, sem þeir eiga að stjórna, að líklegt sé, að þeir fái notið þar starfshæfileika sinna, svo að heita megi trygging þess að félagið græði, og full og hagkvæm not verði af því innstæðufé, sem lagt er í félagið.

Enginn mun neita því, að herra Stephan Sigurðsson hafi þá hæfileika og þekkingu, sem tryggi velgengni félagsins, að svo miklu leyti, sem hann fer við ráðið. — Stephan hefir jafnan frá barnsaldri unnið á eigin reikning og reynst heppinn. Hann hefir 2 verzlanir miklar, að Hnausa og Gimli, og aðrar smærri verzlanir hér og þar norður með Winnipeg vatni og norður við Saskatchewan ána. — Hann hefir og um sl. fjórðung aldar haft fiskiveiðaúthald norður með Winnipeg vatni á ýmsum stöðum, og er allra manna kunnugastur vatninu og atvinnuvegum þar umhverfis.

Hinir aðrir félagar hans eru og menn, sem sýnt hafa mikil hyggindi í verzlun og viðskiftum, og má vel trúa þeim til þess, að leggja ekki fé sitt, tíma hæfileika og mannorð í nélitt það fyrirtæki, sem þeir ekki hafa fulla sannfæring fyrir, að reynist gróðavænlegt. — Nöfn þessara manna og hæfileikar þeirra, eru í sjálfu sér trygging þess, að félaginu verði hyggilega stjórnað.

Menn þessir eru allir efnaðir, en þó ekki svo, að þeir megi missa frá öðrum starfsfyrirtækjum 300 þúsund dollars. Þess vegna bjóða þeir félagar alþýðu nú að taka hluti í félaginu.

Að hve miklu leyti líkindi séu til þess, að félagið muni vaxa og þroskast á komandi árum, verður að sjálfsögðu að miðast við líkindin um vaxandi íbúatölu fylkisins, og starfsemi þeirra. — Hlutverk félagsins er að reka fólks og vöruflutninga eftir Rauðá, Winnipegvatni og Saskatchewan ánni. — Revnsla liðinna ára hefir sýnt, að flutningar hafa verið sívaxandi eftir vatnavegum þessum, og nú þegar Rauðár flóðlokurnar bjóða greiða umferð eftir ánni alt til þessarar miklu höfuðborgar fylkisins, og með sívaxandi fólksfjölda og sívaxandi iðnaðarstofnunum viðsvegar með ströndum vatnsins, þá virðist full trygging þess, að nægilegt verkefni verði fyrir félagið.

Náttúruauðlegð landsins meðfram Winnipeg vatni er nálega ótæmandi, að dómi þeirra, sem vel þekkja til, og engan efi er á því, að starfið reynist arðsamt, ef hyggilega er rekið. Félagið hefir í hyggju, að reka verzlanir á því svæði viðsvegar, sem það ætlar að starfa á, og ætti það í sjálfu sér að geta orðið álitleg tekjugrein.

Löggilding félagsins frá síðasta Manitoba þingi veitir því leyfi til svo víðtækrar starfsemi, að fá eða engin félög hafa fengið víðtækari starfsleyfi hér í fylkinu. Flutningur og verzlun félagsins á byggingaefnum einum, ætti að verða nægilegt til þess, að tryggja því yfirfljótanlegt og arðsamt starf um langan aldur.

Kostaboð þau, sem félagið býður væntanlegum hluthöfum, eru þess verð að þau séu íhuguð, og í því efni bendum vér til auglýsingar félagsins í síðasta blaði.

Fiskinefndarskýrslan.

Nú er nýútkomin skýrsla nefndar þeirrar, sem Dominion stjórnin setti fyrir ári síðan — eða meir — til þess að rannsaka fiskiveiðar í vötnum Vestur-Canada og gefa álit sitt um, hverjar breytingar væri æskilegt að gera á fiskiveiðalögum ríkisins, til þess að viðhalda sem lengst veiði í vötnunum og koma í veg fyrir eyðileggingu eða fækkun fiskjarins.

Í nefndina voru skipaðir þrir menn:

J. B. Hugg, Winnipeg.
D. F. Reid, Selkirk.
Edward E. Prince, Ottawa.

Hinn síðasttaldi er fiskifræðingur í þjónustu ríkisstjórnarinnar og var formaður nefndarinnar.

Nefndarálitið er all-umfangsmikið rit í bæklingsformi, 48 þéttprentaðar blaðsíður í stóru broti.

Nefndin getur þess fyrst, að fyrsta fiskiveiðareglugerðin hafi gefin verið árið 1865, og að síðan hafi þær breytingar verið gerðar, sem nauðsynlegar hafi þótt, eftir því, sem landið bygðist. En að fiskiveiðalög fyrir Manitoba sérstaklega hafi verið gefin út árið 1874. En að fiskiveiðaleyfi hafi fyrst verið gefið út hér í fylkinu árið 1887. Aðalbreytingar á fiskiveiðalögum fylkisins hafi gerðar verið á tímabilinu frá 1892 til 1910.

Fiskiveiðafélögin segir nefndin að hafi veitt á 6 ára tímabili, frá 1904 til 1909, að báðum árum meðtöldum, yfir 18 miliónir punda af hvítfiski í Winnipeg vatni, eða að jafnaði 3,100,000 pund á ári. En að ekki sé sjáanleg nein eyðileggingu fisktekjunnar úr vatninu, sem sýnt sé á því, að þó fiskitaka sé leyfð úr vatninu til 15. ágúst, þá hafi fiskiveiðafélögin verið búin að fá 1½ákveðna pundatölu, svo sem hér segir:

Northern Fish Co., George Island, 1. júlí.
Northern Fish Co., Black River, 3. júlí.
Northern Fish Co., Warrens Landing, 7. júlí.
W. Robinson Co., Black River, 7. júlí.
W. Robinson Co., Warrens Landing, 9. júlí.
R. Smith, Sandy Island, 20. júlí.
S. Sigurdsson, Selkirk Island, 5. ágúst.

Næst gefur nefndin yfirlit yfir stærð þeirra vatna, sem aðallega er fiskað í, á þessa leið:

Winnipeg vatn 9,460 fermilur.
Winnipegosis vatn 2,086 ferm.
Manitoba vatn 1,775 ferm.
Dauphin vatn 196 ferm.
St. Martin vatn 125 ferm.
Swan vatn 121 ferm.
Grunna vatn 102 ferm.
Waterhen vatn 76 fermilur.
Hunda vatn 64 fermilur.
Ebb and Flow vatn 39 ferm.

Alls 14,044 fermilur. Og séu öll þessi vötn svo fiskisæl, að allir undrist það, sem veitt hafi því nokkurt athygli.

Hvernig fiskiveiðarnar hafa aukist, er sýnt með samanburði. Árið 1872 var hvítfisksveiðin úr Winnipeg vatni 160 tons, eða frá 70 til 80 þúsund fiskjar; en árið 1893 var veiðin orðin nálega 4 miliónir punda.

Nefndin segir fisk þann, sem nú veiðist árlega, vera smávaxnari en þann, sem veiddist fyr á árum. Hún leggur það til, að nú sé fiskveiðilögunum leyft að veiða 2½ milión punda á ári, þyngdin miðuð við fiskinn slægðan. Nefndin getur þess, að ef haustveiði sé afnumin, þá fáist ekki nýr fiskur hér í fylkinu nema aðfluttur frá öðrum fylkjum. Íslendingar á vesturströnd Winnipeg vatns eigi 15 ishús og 14 frystihús, sem samtals hafi kostað 17 þúsund dollars, og verið bygð með því áugnamiði, að geta haldið fiskinum óskemdum, þar til hann kæmist á sölutorg fylkisins; og að sveitarstjórnin í Bifröst svert hafi á sl. sumri samþykt ályktun um, að benda stjórninni á það atvinnu og fjártjón, sem af því hlytist, ef haustveiðin væri algerlega afnumin. Af þessari ástæðu leggur nefndin það til, að haustveiði sé leyfð í öllu suðurvatninu, alt norður á móts við nyrzta oddann á Mikley. Að hverjum manni sé leyft að hafa 1,000 yards af netum, með 4. þumlunga lengdarmöskva; að veiðileyfið sé $3.00, og veiðitímabilið frá 1. sept. til 15. október, og að veitt sé með róðrar- en ekki seglbátum.

Nefndin tekur fram, að nú eigi Bandaríkjamenn ekki lengur úthald hinna miklu fiskiveiðafélaga, heldur sé alt það nú orðið eign canadiskra manna. Bandaríkjamenn séu nú orðnir að eins kaupendur fisksins, en ekki útgerðarmenn.

Nefndin leggur það til, að styrja og styrjuhrogn megi ekki flytjast út úr landinu um óákveðinn tíma. Hins vegar vill nefndin leyfa, að "tullibee" fiskur sé veiddur á öllum tímum ársins.

Nefndin tekur fram, að félög þau og einstaklingar, sem gert hafa fiskiverzlun að atvinnuvegi, hafi ekki lagt sinn skerf til ríkisinntektanna á liðnum árum. Nú vill nefndin, að stjórnin skipi svo fyrir, að fiskverzlunarfélögin leggi árlega fram skýrslur og eiðfest vottorð um starf sitt og borgi í ríkissjóðinn ¼c af hverju fiskpundi, sem þau meðhöndla. — Nefndin leggur áherzlu á, að fiskikiak sé bygt á Mikley, og telur að það mundi hafa heillavænleg áhrif á fisktekjur í öllu suðurvatninu.

Nefndin vill, að stjórnin lögleiði algerlega nýjar fiskveiðareglur fyrir Manitoba fylki og hluta af Keewatin héraðinu, og leggur til:—

1. Að öll veiði á nefndu svæði sé bönnuð án leyfis fiskimálaráðgjafans.
2. Að ekki sé öðrum veitt veiðileyfi en brezkum þegnum, búsettum í Canada, og sem séu eigendur allra neta, báta og annara veiði-áhalda, og skuli þeir hafa forgangrétt, sem næst búi þeim veiðistöðvum, sem leyfin gilda fyrir.
3. Að allir búendur, að meðtöldum Indíánum, skuli hafa veiðirétt með 100 yards netum, til heimilisþarfa, en ekki til verzlunar. Leyfið sé veitt ókeypis, og gildi á öllum tímum árs.
4. Leyfin skulu ekki vera faranleg nema með leyfi fiskiumsjónarmanns héraðsins.
5. Hver sá, sem hefir veiðileyfi, skal við lok vertíðarinnar leggja fram eiðfesta skýrslu um fiskitekju sína, fyrir þann fiskiumsjónarmann, sem leyfið veitti. Slíkar skýrslur séu fram lagðar fyrir 30. sept. yfir sumarveiðina og fyrir 31. marz yfir haust- og vetrar-veiðina.
6. Allir bátar, dufl og net skulu ljóslega merkt, með spjöldum, eða á annan hátt. Bátar hafi númer sín á kinnungnum með svörtu á hvítum grunni. Stafirnir séu minst 6 þuml. langir, og tölurnar á duflunum skulu svo settar, að þær sjáist hæglega, án þess þau séu reist upp úr vatninu. Og spjöldin á netunum skulu svo sett, að þau blasi við, er netin liggja í kössum eða á vindu. Allar slíkar tölur fyrir báta, dufl og net skal fá hjá fiskiumsjónarmanninum í því héraði, sem leyfin gilda fyrir.
7. Engin má nota meiri net til veiða, en tekið er fram í leyfisbréfinu, og enginn annar skal hafa þeirra not, en sá sem leyfið er veitt.
8. Sérhver einstaklingur eða félag, sem kaupir fisk af fiskveiðendum, eða meðhöndlar veiddan fisk, skal gefa satt vottorð fyrir 31. marz ár hvert yfir haust- eða vetrarveiddan fisk. Þau eiðfestu vottorð skulu tiltaka þær fiskitegundir, sem keyptar eða meðhöndlaðar hafa verið af þeim einstaklingi eða félagi, og hve mikið af hverri tegund keypt hefir verið. Skýrslur þessar skulu sendar fiskiveiðaumsjónmanninum fyrir áðurgreinda daga.
9. Öngla veiðileyfi samkvæmt fiskireglugerð frá 14. október 1907, ættu að halda áfram að gilda í Manitoba.

Að síðustu er tekið fram í skýrslu nefndarmanna lengd neta, stærð möskva og leyfiverð,— þannig:—

Gufubátar 5,000 yds. $50.00.
Seglbátar, 3,000 yds., $10.00.
Róðrarbátar, 1,500 yds. $5.00.

Möskvalengdin skal ekki vera minni en 5¼ þuml., þar til júní 1912, og þar eftir ekki minni en 5½ þuml. til 1 júní 1913, og þar eftir ekki minni en 5¾ þuml. — Þetta gildir fyrir hvítfisksveiði á tímabilinu frá 1. júní til 15. ágúst.

Aðrar upplýsingar geta fiskimenn fengið hjá fiskiveiðaumsjónarmönnum ríkisstjórnarinnar.

L[illegible] á rð-

[illegible]

Ég ætla mér ekki að þessu sinni, að skrifa langt mál, þess gerist ekki þörf. Andmælin, sem greinar minar hafa sætt, fara flest fyrir ofan garð og neðan, — að undanskildu því, sem Hagyrðingafélaginu viðvíkur.

Hinir tveir herrar, Dr. Sig. Júl. Jóhannesson í síðasta blaði, og Hjálmar Gíslason í þessu blaði, eru báðir í jötunmóð að bera blak af Hagyrðingafélaginu. Annar þess ara manna var frumkvöðull að stofnun þess og hinn, síðasti forseti þess. Báðum tekur því sárt til félagsins, og er þeim því vorkunn, þó þeir reyni að gera það glæsilegt í augum almennings. — Greinar beggja þessara manna eiga talsvert sammerkt, og svara ég því þeim báðum í einu, þar sem því verður við komið.

Þeir segja félagið bráðlifandi, og getur doktorinn þess, að ég muni komast að raun um, að svo sé, áður en lýkur. — Ég veit vel, að meðlimir félagsins eru tórandi enn þá, en félagið getur verið dautt fyrir því, þúsundir félaga hafa liðið undir lok, þó meðlimir þeirra hafi verið bráðlifandi. Hvað er dautt félag, ef ekki það, sem engan fund hefir haldið í full tvö ár. — Hjálmar segir, að félagið hafi haldið fund í febrúar sl. Mér er fullkunnugt um þann fund. Það var í það sama sinn að doktorinn kom og flutti blaðamensku erindi sitt. Smaladi hann þá fjórum eða fimm sálum, er félaginu höfðu tilhevrt, eg hvatti þá til að halda hinni göfugu starfsemi áfram. — Honum var góðu heitið, en um leið og hann var komian burt úr borginni var líka Hagyrðingafélagið sofnað að nýju. — Það eru því engin ósannindi hjá mér, að félagið sé dautt, — og verður svo unz doktorinn kemur aftur til borgarinnar og endurvekur það að nýju, með þeim sama árangri, að það veltur aftur um koll undir eins og hans missir við.

Sig. Júl. og Hjálmar segja, að stefna félagsins hafi verið að útrýma leirburði og hafa bætandi áhrif á 'smekk' meðlimanna. Um þetta ætla ég ekki að þrátta, en verkin sýna merkin. Ljóðakver Sigfúsar B. Benedictssonar verður að skoðast sem afkoma Hagyrðingafélagssteinunnar. Hann var forseti félagsins um það leyti, sem bókin kom út, og hafði starfað í félaginu og orðið fyrir hinum betr andi áhrifum alt frá stofnun þess.

En um þetta kver Sigfúsar farast Dr. phil. Jóni Stefánssyni þannig orð í Eimreiðinni:

"Annað eins hrognamál, andlausan gorgeir og leirburð samankomið og í kveri þessu, höfum vér sjaldan lesið"; — þó minn elskulegi Hjálmar segi, að enginn sem vit hafi á skáldskap kalli Sigfús leirskáld. Hann verður að fyrirgefa, þó ég meti meira álit Dr. Jóns, sem er viðurkendur lærdóms og gáfumaður, en hans (Hjálmars) — þó djúpvitur sé!

En það þarf ekki að skírskota til lærðara manna. Hver meðalgreindur maður, sem les hver Sigfúsar, hlýtur að sjá og finna, að maðurinn er leirskáld út í vztu æsar, þó Hjálmar — hinn djúpvitri — fiani það ekki. En djúpvitrum mönnum, getur líka yfirsést.

Einkenni leirburðar eru hugsunarvillur, hrognamál, bjagað rím og klúryrði. Öll þessi einkenni lýsa sér berlega í kvæðum Sigfúsar. — Ég tek hér af handahófi nokkur dæmi úr kveri hans:

"Fagur ertu lögur, með lítil
öldubrot,
með litla og stóra báta, sem
renna sér á flot".

Hver hefir heyrt getið um, að bátar renni sér sjálfkrafa á flot?—

Á bls. 27 í kvæðinu frá Eiðum stendur:

"Nei, ég væri mikið fjandans
flón,
ef færi ég til að verða hjón".

Sá er munurinn á höfundinum og Fúsa, naina hans, frá Hala, að hinn síðarnefndi vildi verða hjón, en Sigfús var ekki á því. En orðið "hjón" hefir aldrei þýtt annað en kvenmann og karlmann. Enginn einn maður getur orðið hjón.

Á bls. 31 stendur:

"Síst ég mögla, að eins undrast
hve í fjanda,
að stundum rignir meira en má,
en minna stundum en bænir skrá.
Síst ég mögla, að eins undrast
hve í fjanda.

Vill Hjálmar eða Sig. Júl. benda mér á betrunaráhrifin, sem hin hágöfuga Hagyrðingafélags stefna hefir haft á þetta erindi Sigfúsar? Annar Hagyrðingafélags meðlimur kom eitt sinn inn á Hkr. og eftir að hafa setið þungt hugsandi í góðan hálftíma, með blað og penna fyrir framan sig, tók hann að skrifa eitthvað á blaðsnepilinn, og rétti síðan mér, mjög ibygginn. Á miðanum stóð svohljóðandi vísa:

"Út á götu ætla ég
ólmur núna bara,
en hann Tryggvi ætlar sér
inn í kvennaskara".

Þessi vísa þarf engrar skýringar við, en höfundurinn er Gunnar J. Goodmundson.

Af þessum sýnishornum vona ég að skynbærir menn sjái, að leirskáld voru innan vébanda Hagyrðingafélagsins, og að þau hafi birt ljóð sín á prenti, þó Sig. Júl. segi, að svo hafi ekki verið. En það skal ég gjarnan viðurkenna, að heðarlegar undantekningar frá þessum tveimur tilgreindu mönnum, voru í félaginu, og það gat ég um þegar í upphafi.

Bæði Sig. Júl. og Hjálmar segja að ég hafi verið gagnókunnugur félaginu; og er það satt að því leyti, að ég hefi að eins verið tæp þrjú ár í þessu landi. En hins vegar var engan veginn loku fyrir það skotið, að ég gæti fengið allitarlegar upplýsingar frá mjög nákomnum mönnum félaginu, og hafi þannig fult eins góða þekkingu á fyrirkomulagi þess og afreksverkum, eins og ef ég hefði verið undir handarjaðri þess frá upphafi vegar. — Að svo mæltu læt ég úttalað um hið framliðna Hagyrðingafélag — en sný mér litið eitt frekar að grein Hjálmars mins.

Hann segir á einum stað, "Þ[illegible]ér fyllilega sammála um það, að alt of mikið sé prentað af leirburði og félagsleg kveðskap, en ósammála að öllu öðru leyti". — Hvernig list ykkur á þessa yfirlýsingu, lesendur góðir? Maðurinn er mér sammála um alt, sem ég hefi sagt, en samt skrifar hann tvær greinar til að hrekja það, sem hann er sammála um. Getur nokkur lent mér á öllu káthtoslegri frammistöðu?

Hann þykist reyndar vera mér ósammála að öllu öðru leyti. Að hvaða öllu öðru leyti? Það úna, sem ég hefi verið að berjast á móti, er prentun leirburðarins. Annað lá ekki til grundvallar hjá mér, — og þar er hann mér sammála. Hvernig í þremlinum getur þá verið mér ósammála, þegar að eins eitt atriði til grundvallar liggur, og því er hann fyllilega sammála? Það þarf vísindamann að leysa úr þessari flækju.

Hjálmar getur heldur ekki skilið, að leirskáldin spilli fyrir skáldunum. Furðu skilningssljór er hann þar. Lærðnoðið, sem birtist á prenti, hvort heldur í blöðum eða pésum, vekur hjá almenningi óbeit og gremju, og kemur því þráfaldlega til leiðar, að góð kvæði eru ekki lesin, vegna þess menn halda þau sama leirhnoðið og venjulegast er í boði. Einnig hefir sala ljóðabóka vestur-íslenzku skáldanna beðið stórhnekki, — heima á Fróni að minsta kosti. Fólk ekki viljað kaupa þær vegna þess það hélt þær líkar hinu ruslinu, sem því hafði verið sent svo þráfaldlega áður, bæði gefins og til kaups. — Enda er það að jafnaði svo, að eftir meginþorranum er dæmt, og meginþorri vestur-íslenzku ljóðakveranna hefir verið þunnmeti og leirhnoð, — því er þýðingarlaust að neita.

Annað í grein herra Hjálmars skiftir mig litlu. Heimspekis hugleiðingar hans um listir og vísindi, snerta mig að engu leyti. Og ekki dettur mér í hug að amast við þeim, úr því höfundinum er fróun að létta af vizkubelg sínum. — Og hvað leirskáldunum heima viðvíkur, þá hafa þau aldrei reynt að þrengja bulli sínu upp á blöðin, né heldur gefið út pésa, að örfáum undanskildum. En að leirskáld séu til á ættjörðu vorri, hefi ég aldrei efað. En þau hafa sómatilfinningu, — það skilur milli þeirra og vest-íslenzku leirskáldanna.

Um dæmin, sem Hjálmar tilfærir, og segir að séu úr heima prentuðum pésa, og sem engu upplýti hafi valdið, er það að segja, að þau voru kveðin stuttu eftir aldamótin 1800, þegar leirburðaröldin var í blóma sínum, þó þau væru prentuð löngu síðar.

Hjálmar skilur ekki, hvað "fyrirmyndar endemis félag" er. Mundi hann fremur skilja, ef ég kallaði hann fyrirmyndar endemis aulabárð? Hann telur setningu þessa umsnúna dönsku. Svo hefir það aldrei verið. Bæði fyrirmynd og endemi eru al-íslenzk orð. En aftur á móti er orðið 'allareiðu', sem hann er að burðast með, danskt orðskrípi, og sömuleiðis orðið að 'brúka', sem Hjálmar notar tíðum: Á dönsku 'allerede', á Hjálmsku 'allareiðu'; á dönsku 'bruge', á Hjálmsku 'brúka'. Nær væri því Hjálmari að gæta sjálfs sín, áður hann færi með belgingi að vanda um fyrir öðrum, sem miklu minni ástæðu hafa til umbóta en hann; ekki sízt þegar það sem hann telur dönsku blandið hrognamál, er í fylsta lagi rétt íslenzka. — Vonandi gætir Hjálmar sín hér eftir, að vera ekki að blaðra um það, sem honum er um gegn að skilja. — Svo læt ég úttalað um Hjálmar.

Þá er Magnús nokkur Jónsson, á öðrum stað hér í blaðinu, með 'Skáldvörn'. — Hann segir að ég hafi undantekningarlitið kallað öll vestur-íslenzku skáldin leirskáld. Slíkt eru ósannindi, og þætti mér fróðlegt að vita, hvar Magnús þessi hefir séð það í greinum minum minum. Ennig telur hann Ragnheiði Davíðson eina af beztu hagyrðingunum hér vestra. Hann um það. En fáir af viti mundu vera honum þar samdóma. Einnig nefnir hann Þórunni suðu og Magnús blessaða, ásamt nokkrum fleirum, sem hálfu verri leirbullara, enn þá sem hér vestra búa. — Má vel vera, að skötuhjú þessi hafi verið harla bágborin — ég hefi aldrei heyrt um þau getið fyrri —, en það eitt er víst, að þau hafa aldrei látið prenta leirburð sinn; en það eru vestur-íslenzku leirskáldin óþreytandi með. Það riðar baggamuninn. — Annars er nóg sagt um 'Skáldvörn' þessa blessaða Magnúsar.

Blaðsnepill er gefinn út á Gimli, sem 'Gimlungur' nefnist, og er ritstjórnarefna hans Gísli nokkur Magnússon. Gísli þessi hefir það aðallega fyrir atvinnuveg, að prenta leirpésa, og hefir honum þótt ég höggva nokkuð nærri þessum atvinnurekstri hans; því í 6. tölublaði Gimlungs, sem út kom 15. þ.m., veður hann sem blótnevti fram á ritvöllinn og óskrar ógurlega og þeytir saur af tuddaskap miklum. En þessi saurausturr hans festir hvergi á mér. Að eins sýnir í fyllingu, hvaða mannpersóna þessi Gimlungs ritstjórarefna er. — Hann segir meðal annars, að ég viti ekki, hvort framar sé á hausnum á nautunum evrun eða hornin. Það er satt, ég er enginn nautafræðingur, og af fávizku minni hélt ég, að Gimlungsritstjórinn væri kollóttur.

Annars læt ég mér nægja sem svar, að heimfæra upp á ritstjóranefnuna visuna, sem einn af vestur-íslenzku hagyrðingunum kvað ekki endur fyrir löngu, — við engan á hún betur en Gimlungs hjálfann:

"Ónýtt flýtur frá þér raus, —
fólkið hlýtur sjá það,
þú ert vítis þöngul-haus; —
þannig lít ég á það".

Frekara svar verðskuldar ekki ritstjóranefnan.

Að endingu vil ég geta þess, að til þessa stendur alt óhrakið, sem ég sagði í fýrstu grein minni. Enginn hefir mótmælt, að meiri vanvirða væri að nokkru í bókaheimi vorum en leirburðarpésum vestur-íslenzku. Enginn hefir mótmælt því, að leirskáldin væru ríkjandi í ljóðaheimi vorum. Enginn mótmælt því að leirburðarstaglið hafi rýrt skáldgildi vestur-íslenzku skáldanna í augum Austur-Íslendinga. Og enginn hefir mótmælt því, að leirskáldin væru vanvirða tungu vorri og þjóðerni. — Engu af þessu hefir verið mótmælt, vegna þess að alt þetta er heilagur sannleiki.

Sýni leirskálda málsvararnir með rökum, að svo er ekki.

Gunnl. Tr. Jónsson

Fréttir.

— Embættismenn C.N.R. félagsins ásetla, að 45 þúsund Bandarikjabændur muni taka sér bólfestu á þessu ári meðfram brautum félagsins í Vestur-Canada. Félagið ætlar því að slá opnum fjögur hundruð þúsundum ekra af heimilisréttarlandi, bæði fyrir þessa Bandarikjabændur og aðra landleitunarmenn. Í Edmonton héraðinu hefir þegar verið slegið opnum 10,800 heimilisréttarlöndum, og er mikil aðsókn að þeim, og eins að Peace River dalnum.

— Læknir einn í Detroit í Banda ríkjunum þykist hafa fundið upp meðal við mænutæringu. Telur hann þetta lyf sitt óbrigðult, og væri slíkt mikils virði, ef satt reyndist.

ISLENZKAR BÆKUR

Ég undirritaður hefi til sölu nálega allar íslenzkar bækur, sem til eru á markaðinum, og verð að hitta að Lundar P.O., Man. Sendið pantanir eða finnið.

Niels E. Hallson.

Athugunar-efni.

Það valdur mér sannrar ánægju, að verða þeirrar eftirtektar var hjá ýmsum, að þeir veittu síðstaka athygli grein minni: 'Ættartölur (Vestur-Íslendinga)', sem fyrir skömmu kom samtímis í blöðunum: Heimskringlu og Lögbergi. Og hefi ég nú verið spurður af nokkrum, hverjir þeir menn væru heima í Reykjavík, sem sérstaklega fengist við ættartölusamningar, svo að fullu væri treystandi. — Þessu skal hér nú skjót-svarað af minni hendi:

Það eru aðallega að eins þrir menn, sem í þessu atriði geta komið til greina.

1. Dr. Jón Þorkelsson landsskjalavörður. Hann er vist bæði Vestur- og Austur-Íslendingum jafn kunnur sem sannfræðar visindamaður í íslenzkum (einkum miðaldar-) fræðum. Lýtur alt hans starf, bæði sem embættismanns og visindamanns (rithöfundar), að þeim fræðum einum. Hefur vegna stöðu sinnar allra manna bezta aðgang að öllum heimildum, sem að ættfræði lúta, — þar sem allar þær heimildir, sem landið á í þeim efnum, liggja einmitt undir hans sérstaka viðtangssvið sem embættismanns (t. d. ministerial bækur o. fl. handrit frá fyrri og síðari tímum); á sjálfur auk þess langt um betra og viðtækara handritasafn, en nokkur annar nú lifandi Íslendingur. Maður viðurkendur að visindalegri vandvirkni.

2. Hannes Þorsteinsson fyrv. ritstjóri. Hann var um eitt skeið eini áreiðanlegi ættfræðingur landsins. Stóð þar manna bezt að vigi, þar sem hann mun hafa fengið í sinn hlut allar ættartölubækur Jóns Péturssonar tengdaföður sins, sem voru margar og góðar. Hafði þess utan hinn greiðasta aðgang að öllum heimildum, sem í Reykjavík voru fáanlegar, vegna kunnugleika sins á landsbókasafninu; — en landsskjalasafnið á fyrst og fremst honum tilveru sina að þakka.

3. Jóhann Kristjánsson ættfræðingur. Það er ungur fræðimaður norðlenzkur, kominn til Reykjavíkur fyrir ekki mörgum árum. Var nokkur ár aðstoðarmaður Hannesar Þorsteinssonar við þjóðólf, en síðar aðstoðarritstjóri Þjóðólfs með Pétri Zophoniassyni. Fæst nú mestmegnis við ættfræði. — Ötull visindamaður, þótt ungur sé. Tók þegar á áskúarum að rannsaka ættfræði, og hefur haldið því af kappi áfram síðan; — að eins fengizt við önnur störf sér til uppeldis. Hefur þegar hlotið allmikla viðurkenningu austanhafs sem rækilegur visindamaður í þjóðlegum fræðum. Einn aðalmaður "Sögufélagsins", íslenzka, — sem hefir gefið út annað eða bæði fræðirit hans: "Alþingismannatal" og "Prestaskólamenn".

Ekki skal ég að visu fortaka, að séu fleiri heima en þessir þrir, sem eitthvað meira eða minna fást við ættfræði. En þessir eru þeir helztu og áreiðanlegustu, — og eada þeir einu, sem sanna viðurkenningu hafa hlotið í þessum efnum.

— En hitt er mér auðvitað alsendis ókunnugt um, með hvaða skilyrðum þeir kynnu að fást við ættartölur, sem sendast þyrftu vestur um haf.

ÞORSTEINN BJÖRNSSON

Menningarfélags fundur

Á Menningarfélagsfundi, sem haldinn var 23. marz sl., flutti séra Rögnv. Pétursson fyrirlestur "Um ýmsar hugmyndir um upprunu trúarbragðanna".

Fyrirlesarinn skýrði frá hinum ýmsu getgátum fræðimanna um það, hvernig frum-trúbrögð manna, anna hefðu verið, — t. d. forfeðradýrkun, 'animism', 'fetichism', o. s. frv.

Ræðumaður hélt þeirri skoðun fram, að trúarvitund mannsins væri honum meðfædd, væri einn hugsunar eiginleikí mannlegrar sálar. Skiting trúarbragðanna í náttúrleg og yfirnáttúrleg, væri ekki á rökum byggð. Trúin væri ein eins og hugsanalíf mannsins væri eitt. En trúin væri auðvitað mismunandi vituríeg, djúp, göfug eða fögur. Trúleysinginn sagði með visindasniði: "Trúin er tilbúin af prestunum". En þessi staðhæfing hefði við litið að styðjast og væri alls ekki visindaleg. — Sumir sögðu, að trúbrögðin hefðu ávst rætur vegna áess að þau voru valdboðin. En ekki sannaði revnslan þetta heldur hið gagnstæða. — Það, sem stofnað hefir verið með oðeldi, hefir endað með skelfingu, — en trúin varir alt af því hún er manninum eiginleg. Eins og líkama er ávalt samfara hrevfing, eins er trú til jafn snemma og hug ur. —

Fyrirlesaranum var greitt þakklætisatkvæði.

Umræður á eftir urðu all-langar. Séra Guðm. Árnason gerði nokkurra grein fyrir hinum sögulegu rannsóknum á uppruna trúarbragðanna, stig af stigi aftur í tímann. Einnig lýsti hann stuttlega hinum ýmsu trúbrögðum hjá villimannaflokkum í Ástraliu, Afríku og Ameríku, svo sem náttúrudýrkun, blutatilbeiðslu, forfeðradýrkun, 'animism', o. s. frv., sem virtust hin upprunalegu trúbrögð mannsins á lágu stigi. Annað stigið væri fjölgyðistrú, þriðja stigið eingyðistrú. — Sjálfsagt hefði maðurinn frá fyrstu verið móttækilegur fyrir trú. Saga trúbragðanna væri saga framþróunar í þessum efnum.

Friðrik Sveinsson, ritari.

Eimreiðin.

Annað heftið af sevtjánda árgangi Eimreiðarinnar hefir Hkr. sent verið, og kennir þar margra grasa, sem að vanda.

Fyrst er erindi um Jón biskup Arason, er Matthías Jochumsson flutti á Akureyri þann 7. okt. sl. þá er þrjár stóraldir voru liðnar frá aftöku þeirra feðga, Jóns og sona hans. Þetta erindi Matthíasar er fróðlegt allestrar, og er saga Jóns biskups rakin þar all-itarlega. Meðal annars eru sýnishorn af kveðskap Jóns biskups, og þótt nú á dögum mundi þykja litt listfengur búningur á sumum þeirra, þá bera þau af flestum samtímis kvæðum, og kjarkurinn og sjálfsáitið, sem lýsir sér í þeim flestum, gerir þau ógleymanleg meðan íslenzk tunga er töluð. Eitt af sýnishornunum, er Matthías tilfærir, er svona:

"Víkur hann sér í Viðeyjarklaustr;
viða trúi' eg hann svamli, sá
gamli.
Við Dani var hann djarfr og
braustr, ...
dreifði hann þeim á flæði og
flaustr,
með brauki og bramli".

Þetta erindi Matthíasar um Jón Arnason tekur upp 20 síður af heftinu.

Þá koma þrjú kvæði eftir séra Lárus Thorarensen, öll gull-falleg. Heita þau: 'Höggvinn skógur', 'Kvöld-ský' og 'Þú, hljómsins guð'. Í kvæðinu 'Kvöld-ský' er þetta erindi:

"Daggarblæjur liðast lofts í hæðum,
líkt og faldar blakti á töfrasæðum,
hirtast, hverfa, breiðast fjær og
nær;
frjálsar dansa í friði sólarhallar,
fagurskrýddar, Huldur loftsins
allar;
Alvaldskraftur uppheima-strengi
slær".

Þannig kveða að eins góðskáldin — og mega Vestur-Íslendingar vera upp með sér af, að hafa kagnið skáld þetta sín á meðal.

Önnur skáld, sem birta kvæði sin í þessu hefti, eru: Stephan G. Stephansson, með eitt kvæði, er hann nefnir 'Fossaföll', tilþrifamikið og snjalt; Guðmundur Friðjónsson, með þrjú kvæði, sem hann nefnir: 'Úr norðrinu'. Þar er þessi staka, í öðru kvæðinu:

"Legðu gæska létta hönd
á landvörn iðjumannsins, —
hljóta skyldu hrísinn vönd
hrokabelgir landsins".

Þá er Alexander Jóhannesson, með tvo erindi, sem hann kallar: 'Smáhendur', bæði lagleg. Og Jakob Jóhannesson með smásögu, er 'þráni' nefnist, er hún frumleg og vel skrifuð.

Þessu næst kemur Jón J. Bildfell með grein sina um íslenzkan landbúnað, sömu greinina og stóð í Lögbergi fyrir nokkru. Og að henni lokinni kemur ritstjórinn (V. G.) með itarlegar athugasemdir við hana. Sýnir fram á ýmsa annmarka á kenningum Bildfells, en hælir þó grein hans þrátt fyrir það.

Athugaverðasta greinin í þessu hefti er "Framtíðarsambánd Dana og Íslendinga", eftir Dr. Knud Berlin. Grein þessi er niðurlag ritgerðar, er birtist í Gads Danske Magasin í marz 1910. Telur Dr. Berlin, að happasælast fyrir Ísland sé að vera jarlsdæmi undir Danmörku. — Annars er ritgerð þessi fróðleg á margan hátt, þó rituð sé af dönskum manni, og sem litur hádönskum augum á sambandið milli landanna.

Annað í þessu hefti er: 'Bréf frá R. Kr. Rask', 'Leiðarbréf föður til dóttur sinnar', 'Stúlkur sem mönnum geðjast að', 'Bréf frá Finni Jónssyni biskup', og grein eftir þýzka konu um Ástu Arnadóttur, miðlarameistara, ásamt mynd af henni.

Loks endar heftið með 'Ritsjá' og 'Hringsjá', sem vandi er til.

Hlutir strætisbrautafélagsins í Winnipeg eru nú komnir upp í $208.50 hver $100.00 hlutur og nikil eftirsókn eftir þeim meðal auðmanna á Bretlandi.

Skáld-vörn.

Ritstjóri Heimskringlu.

Nýlega birtist í blaði þínu grein um leirskáldin. Þar telur höfundurinn undanfekningarlitið öll okkar skáld leirskáld, án þess að sannanagögn fylgi.

Jafnvel þó sum skáld vor kunni léttvæg að virðast, þá voru á Íslandi langt um fleiri leirskáld, sem áður létu til sín heyra. Tökum til dæmis: Sölva Helgason, Magnús blessaða, Þórunni Fjallaskáld, Björn mjóa og Þórunni suðu, með ótal fleirum. Engina hér í álfu lætur annan eins þvætting sjást eftir sig.

Greinarhöf. áfellir Svein Simonarson fyrir að gefa út pésa á ári hverju. Skyldi það vera nokkurt lagabrot? Og skyldi hann þurfa að sækja um einkaleyfi til Winnipeg til þess að gefa út ljóð sín. Sveinn er mörgum að góðu kunnur fyrir ljóð sín, bæði heima og hér, og hefir engan lagt í einelti, hvorki í óbundnu eða bundnu máli. Hann hefir lifað við örkuml alla æfi sina og hefir það eina yndi að yrkja.

Greinarhöf. segir, að Sveinn hafi vist aldrei til Danmerkur komið. Þar fer hann vilt vegar. Sveinn sigldi til Kaupmannahafnar til að leita sér lækninga. — Sveinn er þó ekki verstur, segir greinarhöf. Mikið má Sveinn vera honum þakklátur, að hann af náð sinni gerir hann ekki verstan alla manna. Verri andans aular eru til, segir hann, og nefnir ungfrú Ragnheiði Davidson — með fleirum —, sem er með réttu talin góður hagyrðingur, af mönnum, sem bezt vit hafa á.

Það er þarft verk, að segja öðrum til gallanna í skáldskap sem öðru, en það þarf að gerast með kurteisi en ekki með óvöldum samlikingum. Með öðrum orðum: þeir þurfa að vera skáld sjálfir, sem eru ferir um að dæma um skáldskap annara.

Steinbach, Man. 7. apríl 1911.

Magnús Jónsson.

TÍÐAVÍSA.

Þorri og Góa fluttu fjær,
fórn í sjóinn, engum kær.
Vorið hlý, það völdin fær,
Veturinn dó í fyrra-gær.

F. H.

Þakkarávarp.

Hér með vottum við undirskrifuð, foreldrar og systkini Sigríðar sál. Jóhannesdóttur, er fluttist frá Winnipeg í ágústmánuði 1908 til Reykjavíkur, og sem andaðist á gufuskipinu 'Hólar' 18. maí 1909, — vort innilegasta hjartans þakklæti nokkrum meðlimum Good-Templara stúkunnar Heklu í Winnipeg fyrir hina höfðinglegu gjöf, 15 dollara samskot, er oss var send sem styrkur til minnismerkis yfir hina látnu.

Sömuleiðis vottum við hjónunum herra Skapta B. Brynjólfssyni og frú hans Gróu Brynjólfsson í vora alúðarfylstu þökk fyrir alla þá hjálp, umönnun og gjafir, er þau af manngæzku sinni létu nefndri dóttur okkar og systur í té, í hinni löngu og strönga sjúkdómslegu hennar til síðustu stundar.

Fyrir alt þetta biðjum við góðan guð að launa hinu velnefnda velgjörðafólki hennar, ásamt öllum þeim öðrum mannvinum, er réttu henni hjálparhönd í veikindunum, þegar þeim liggur mest á.

Eldjárnsstöðum á Langanesi, 30. desbr. 1910.

Ása Benjamínsdóttir,
Jóhannes Jónsson,
Matthildur Jóhannesdóttir,
Jón Jóhannesson.

COPENHAGEN SNUFF

Bezta munntóbak sem búið er til

X Ókeypis sýnishorn

fyrir fólk sem býr í Canada, eingöngu aðeins 1 pakki sendu hverjum einum.

Klippið þennan miða úr blaðinu og skrifið nafn yðar og heimili á hann og sendið til okkar Skrifið skírt

Nafn .....

Stræti og númer .....

Stað ..... Fylki .....

NATIONAL SNUFF COMPANY, LIMITED
900 St. Antoine St., MONTREAL
"HEIMSKRINGLA"

Með því að biðja sérlega um "T.L. CIGAR." þá ertu viss að fá ágætan vindil.

T.L. (UNION MADE)
Western Cigar Factory
Thomas Lee, eigandi Winnipeg

LESIÐ ÞETTA

ÍSLENDINGAR, helzt smiðir, sem hugsa til að koma til Saskatoon, gerðu vel í, að skrifa eða sjá okkur sem allra fyrst.

Gislason & Brandson
Office 36 Ferguson Block.
P.O. Box 1077, Saskatoon, Sask.

Giftingaleyfisbréf
SELUR
Kr. Ásg. Benediktsson
424 Corydon Ave. Fort Rouge

Minnisvarðar úr Málmi.

Eru mikið fallegri og í öllu tilliti fullkomnari, fyrir sömu peningaupphæð, heldur en úr marmara eða granit. WHITE BRONZE minnisvarðar, búnir til af The Monumental Bronze Co., eru nú komnir í mikið meira álit en steinn. "White Bronze" heldur sinum rétta, eiginlega, ljósgráa lit öld eftir öld, þolir öll áhrif loftsins, hita og kulda — það gerir steinninn ekki, — hefir engar holur, molnar hvorki né klofnar, springur ekki, tekur ekki í sig raka eða vætu; verður ekki mosavaxið; — þetta alt gerir steinninn

Alt letur er upphleypt, steypt um leið, og getur því ekki slitnað af eða brotnað: sandþéttis ýmsu merki og myndir til prýðis (sem kaupandi velur sjálfur), — alt sett á frítt.

Mörg hundruð úr að velja af ýmsri stærð og lögun. Kosta frá fáeinum dollurum upp til þúsunda.

Spyrjið um myndir, stærð þyngd og verð á þessum minnisvörðum (bréflega eða munnlega) áður en þið kaupið stein. Allar upplýsingar góðfúslega gefnar af

J. F. Leifson,
Quill Plain, Sask

gate, skrifaði hann mér á laugardagskvöldið, og það er í Chetwood skóginum, sem hann er að mála. Hann gat ekki fengið neinn verustað í Chetwood, þess vegna er hann til húsa í 'Hvíta ljóninu' í Tilgate, og fer á hverjum degi með lestinni til Warnworth. Hann hefir verið búinn að mála í klukkutíma áður en slysið vildi til".

"Nú, ég gat þessu einnig litinn gaum", sagði Nevitt kæruleysislega. Ég hélt að Cyril hefði ekki verið með, en ákat þó réttast að láta þig vita það".

"Þakka þér fyrir", sagði Guy, sem enn hörfði á ferðaleiðbeininguna. "Nei, hann getur naumast hafa verið með, en ég vil vera viss um það, og í því skyni ætla ég að simrita til Tilgate. Þegar maður á að eins einn ættingja í heiminum, lætur maður sér ant um hann, enda erum við Cyril hvor öðrum meira en venjulegir bræður", sagði hann og beit í þumalfingurinn. "En ég get ekki skilið, hvernig það hefði átt að atvikast, að hann hefði verið með", sagði hann og leit enn á leiðbeininguna. "Ef hann hefði ætlað sér að mála, þá hefði hann farið af lestinni í Warnworth, og ef hann hefði komið hingað til að tala við tannlækni, þá hefði hann komið með hraðlestinni 9.30 beina leið frá Tilgate og hún kemur hingað til London 25 minútum á undan hinni".

"Nú, en hvers vegna ætti hann að koma hingað til að tala við tannlækni?" spurði Nevitt brosandi. Hann hafði fallegar tennur og brosti því oftar en þörf var á. "Það Warrings bræður eruð skritnir piltar. Þið talið ávalt svo ákveðið um hluti, sem þið getið þó ekki vitað með vissu um. Hvi skyldi hann ekki hafa getað komið til að kaupa nýja liti. til dæmis?"

"Ó, ég sagði til að tala við tannlækni", svaraði Guy eins og það væri sjálfsagt, "þú veizt að ég hefi haft tannpinu á hverjum degi í heila viku, og það er

í tönn, sem okkur hefir aldrei verið ilt í áður, — það er í þessari, littu á" — hann lyfti upp efri vörinni með visifingrinum, "og ef Cyril hefði komið hingað til borgarinnar, er ég viss um það hefði verið í því skyni, að tala við tannlækni. Ég fór sjálfur að tala við Eskell fyrir fáum dögum".

Nevill settist á stólinn sinn, hallaði sér aftur á bak með fiðlinið í fanginu, og horfði lengi forvitnislega á vin sinn.

"Það hlýtur að vera undarlegt, og að nokkru leyti óþægilegt, að líta þessu tvöfalda lífi eins og þú og Cyril gerið", sagði Nevitt. "Að vera eins og partur af öðrum, að vera neyddur til að hugsa, tala og gera eins og hinn. Að vera neyddur til að fá tannpinu í sömu tönnina á sama degi og hinn. Ég yrði brjálaður, ef það kæmi fyrir mig. Auk þess er það hægilegt".

Guy Warring leit fljótlega upp frá simritinu, sem hann var að skrifa, og svaraði nokkuð hvfstur:

"Nei, nei, þér skjátlar, við erum frumlegir báðir tveir. Bæði Cyril og ég höfum erft lunderni okkar og einkenni frá foreldrum okkar og forfeðrum eins og aðrir, en við erum tvíburar og þar af leiðandi svo líkir útvortis og innvortis".

Um leið og hann stóð upp frá borðinu með simritið í hendinni, kom þjónninn með bréf til hans. — greip það strax, opnaði það og las.

"Það er eins og mig grunaði", sagði hann með hægð. "Cyril getur ekki haía verið með lestinni. Hann skrifar í gærkvöldi: 'Ég kem til London á föstudags eða laugardags morguninn til að tala við tannlækni. Ég hefi haft vonda tannpinu núna í viku en á morgun get ég ekki farið, því ég hefi fundið svo ljómandi fallegan burknarunna, sem Sardanapel getur legið framan við og verið fagur ásvúndum'. — Það er þá nokkurn veginn víst, að hann hefir ekki

verið með lestinni, en til vonar og vara ætla ég samt að senda simskeytið".

"Þið hafið báðir mist sömu tönnina, segir hann, og nú hafið þið báðir tannpinu í annari á sama stað", sagði Nevitt. "Það er bæði undarlegt og markvert".

"Já, undarlegt var það", svaraði Guy og brosti, "já, undarlegt fyrir okkur líka, því það atvikaðist þannig: Ég var þá í Bryssel, sem fregnriti fyrir Sphere á verkamannaþinginu, en Cyril var farinn til Orkneyja til að eyða þar frítima sinum. Við fengum báðir tannpinu í sömu tönnina á sömu stundu og gátum ekki sofið fyrir verk. Snemma um morguninn fórum við á fætur, hvor í sinu lagi — það voru 500 milur á milli okkar — og undir eins og við vorum komnir í fötin, fór ég til tannlækni í Montague de la Cour, en Cyril fór til læknis í Larwick, og fengum strax tennurnar teknar burt, hvor fyrir sig. Báðir tannlæknarnir sögðust geta bjargað tönnunum, ef við vildum, en við kusum báðir að verða af með þær, heldur en að eiga aðra eins nótt í vændum og þá síðustu".

Nevitt sat hugsandi og strauk yfirskeggið. "Já", sagði hann suo, "fyrst að slík samkend á sér stað á milli ykkar, þá liggur nærri að ímynda sér, að þú á einn eða annan hátt yrðir þess var, ef Cyril hefði orðið fyrir járnbrautarslysinu".

Guy Warring leit niður á vin sinn með fyrirlitlegu brosi.

"Nei", svaraði hann, "þú trúir þó líklega ekki slíku masi, — það er ekki neitt af dulmagni í sambandi við samkendina, sem á sér stað á milli okkar Cyrils, hún á orsök sina í eðli samkvæmninnar, sem okkur er meðskapað,— það er alt náttúrlegt".

"Þu trúir þá ekki á hugsanaflutning og það sem því tilheyrir?" spurði Nevitt.

Guy hló. — "Heimska, vinur minn, alt saman heimska", svaraði hann. "Sé nokkur til, sem veit um það, þá er það Cyril og ég. Við erum í öllu tilliti svo náið tengdir saman eins og tveir menn geta verið, en ef við þurfum að tilkynna hvor öðrum hugsanir okkar og skoðanir, verðum að tala eða skrifa eins og aðrir dauðlegir menn. Sérhver manneskja er eins og úr, sem er dregið upp til að ganga og slá á vissum tímum. Það getur komið fyrir hindrun, — úrið getur brotnað eða á annan hátt hætt að ganga, en ef alt er eins og það á,að vera, slær það á réttum tímum. Nú, Cyril og mér má líkja við tvö úr, sem eru dregin upp og látin fara, að ganga á sömu stundu, og sem þess vegna eða nakvæmlega á sömu stundu; í þessu er innifalin öll leyndin. Verði ég á einn eða annan hátt fyrir slysi, þá er ekki þar með sagt, að Cyril verði það líka; og verði Cyril fyrir slysi, er engin ástæða til að ætla að ég geti vitað það, nema í gegnum blóðin".

IV. KAPÍTULI.

Í jarðgöngunum.

Ef nokkur hugsanaflutningur hefði getað átt sér stað á milli bræðranna, þá hefði Guy hlotið að vita, að á sömu stundu og hann fór út til að senda simritið, satCyril bróðir hans með bláar varir og brúnin augnalok vonlaus á vagnskörinni í Lavington jarðgöngunum. Hann hafði aftur reynt að grafa sandinn, í því skyni að ná í hreint loft, en það hepnaðist ekki, svo hann settist við hliðina á Elinu, þreyttur af stritinu og loftleysinu.

MARTYN F. SMITH,
TANNLÆKNIR.
Fairbairn Blk. Cor Main & Selkirk
Sérfræðingur í Gullfyllingu og öllum aðgerðum og tilbún aði Tanna. Tennur dregnar án sársauka. Engin veiki á eftir eða gómbólga. —
Stofan opin kl. 7 til 9 á kveldin
Office Phone Main 6944. Heimilis Phone Main 5462

Sherwin - Williams
PAINT
fyrir alskonar húsmálningu.
Prýðingar-tími nálgast nú. Dálítið af Sherwin-Williams húsmáli getur prýtt húsið yðar utan og innan. — Brúkið ekker annað mál en þetta. — S.-W. húsmálið málar mest, endist lengur, og er áferðarfegurra en nokkurt annað hús mál sem búið er til. — Komið inn og skoðið litarspjaldið. —

Cameron & Carscadden
QUALITY HARDWARE
Wynyard, - Sask.

JIMMY'S HOTEL
BEZTU VÍN OG VINDLAR.
VÍNVEITARI T.H.FRASER.
ÍSLENDINGUR. : : : : :
James Thorpe, Eigandi

MARKET HOTEL
146 Princess St.
á móti markaðnum
P. O'CONNELL, eigandi, WINNIPEG
Bestu tegundir af vínföngum og vindl um, aðhlynning góð, húsið endurbætt

Woodbine Hotel
466 MAIN ST.
Stærsta Billiard Hall í Norðvesturlandinu
Tíu Pool-borð.—Alskonar vín og vindlar
Gisting og fæði: $1.00 á dag og þar yfir
Lennon & Hebb,
Eigendur

JOHN DUFF
PLUMBER, GAS AND STEAM FITTER
Alt verk vel vandað, og verðið rétt
664 Notre Dame Av. Phone Garry 2508
WINNIPEG

A. S. TORBERT'S
BAKARASTOFA
Er í Jimmy's Hótel. Besta verk. Ágæt verkfæri; Rakstur 15c en Hárskurður 25c. — Óskar viðskifta Íslendinga.—

A. S. BARDAL
Selur líkkistur og annast um útfarir. Allur útbúnaður sá bezti. Enfremur selur hann allskonar minnisvarða og legsteina.
121 Nena St. Phone Garry 2152

Opið bréf.

til G. A. ÁRNASONAR.

"Heimska þrjóta að þreyta við, það er ljóta gamanið".

Þessar hendingar eftir Jón Ólafsson duttu mér ósjálfrátt í hug, þegar ég hafði lesið "ávarp" þitt til mín í síðasta blaði.

Það er ekki hægt að sjá, eftir ritsnild og röksemdafærslu "ávarpsins" að dæma, að losnað hafi um klaufirnar eða þær undist aftur síðan seinast að þú stássaðir með Njáls-naínið á ritvellinum.— Nei, þær snúa áreiðanlega rétt klaufirnar á bröndóttu skepnunni, og engin líkindi til að hún ætli að fella þær, svona fyrst um sinn.

Þú byrjar grein þína með því, að fræða fólk um, að ég hafi neitað að eiga nokkurn þátt í bréfi "Halls frá Horni". Sömuleiðis, að ég hafi sagt, að faðir þinn og þú hafið eignað mér fréttabréfið. Enníremur, að ég hafi eignað þér draum 'Njáls'. Hvað á þessi upptugga að þýða? Þetta er altsamann satt, og berðu á móti því, ef þú getur. Þar næst spyr þú mig um, hvers vegna ég hafi tekið til mín drauminn. Hvaða sort af flóni ertu? Skilurðu það ekki ennþá, að ég var að segja þér í 'Leiðbeiningunni', að ég væri ekki 'Hallur á Fróðá', og ætti ekki þetta naut, sem bar fyrir sálarsjón þína í sveininum.

Þar næst segir þú, að ég komi þannig fram í grein minni, að mig langi til að lá þig í skitkast við mig, en þar skjátlast þér einmitt þegar þú ert byrjaður. Það má vera meira en litið sálarsjónleysi, sem ásækir þig. Sérðu virkilega alla hluti öfugt síðan klaufirnar á Fróðárbola snerust við í höfðinu á þér?

'Leiðbeiningin' var einmitt tilraun af mér gerð til þess að losna við skitkast af þinni hálfu. Þú segir að ég hugsi að þú öfundir nautin hérna norður frá Ekki gastu farið rétt með þetta fremur en annað. Ég hefi aldrei hugsað eða sagt, að þú öfundir naut. Hitt sagðist ég geta fullvissað þig um, að ekki eitt einasta af nautum okkar bændanna, sem búum norður af Churchbridge, öfundi þig. Og það er sumra manna álit, að þú hefðir ekki átt að neyða mig til að endurtaka þá staðhæfingu.

Þá kemur þú að plukkunum höfuðlausu. Ég gleðst af því að sjá, hvð þér hefir fleygt fram í plukkufræðinni á skóbótarverkstæðinu. Það var líka happ fyrir þig, að plukkurnar eru höfuðlausar, því þar má þér standa á sama, á hvorn endann þú berð.

Þú óskar, að við 'Hallur frá Horni' mönnumst svo, að við skömmumst okkar ekki fyrir náinar framfarir, sem bygðinni við koma. Við höfum báðir fyrir löngu síðan náð því menningarstigi, að þykja sómi að öllum sönnum fram förum. En aftur á hinn bóginn teljum við skýrslu þá, sem þú sendir Heimskringlu í janúar í vetur, stóra bygðar-skömm, af þeirri einföldu ástæðu, að hún er eitt óslitið lyga-kvksyndi, sem ekki einu sinni héldi uppi bröndóttum kettí, þó hann reyndi að kókleast yfir hana; — enda hefir þú verið býsna varkár, að sneiða hjá henni í ritsmíðum þínum nú í seinni tíð.

En fremur teljum við það skaða og skömm fyrir hverja bygð, sem verður fyrir því óhappi, að setja þá menn upp í valdasæti, sem svo eru snauðir af allri réttlætis tilfinningu, að þeir vísvitandi fara á rangan kjörstað til að greiða atkvæði, í þeim beina tilgangi, að láta sína eigin menn verða í minni hluta við kosningar.

Sömuleiðis teljum við drauminn, sem þú birtir í Heimskringlu, stóra minkun fyrir þessa bygð. — Við höfum aldrei trúað því, að við ættum hér á þessum bingvelli annan eins sóða til sálarinnar eins og þú ert búinn að kynna þig fyrir að vera. Hvílikur ritháttur! Hvílikt sálarlíf, herra minn!!

Að endingu kallar þú okkur Hall "Lærifeður". Það kveður dálítið við annan tón eða þegar þú kallaðir okkur heiðingja. Það mundi þá ekki vera illa til fundið, að við gerumst lærifeður þínir, til að byrja með, og höfðum gát á þér og því sem þú skrílar í blöð svona fyrst um sinn. Því þér veitir sannarlega ekki af, að hafa meðlitsmann á ritvellinum, svo þú latir þar ekki sjálfum þér eða öðrum að voða. Og það, sem ég vil þá fyrst leiðrétta fyrir þig, er endirinn á skýrslunni góðu, sem þú sendir Heimskringlu í vetur, þar sem þú segir: "Og heldur hirðirinn í haglendi réttlætisins". Þarn bjóstu til gjá eða glufu í setninguna miðja. Setning þessi, lesin svona eins og þú gekst frá henni, veldur stórhneykslí, eins og þú hlýtur að geta séð. Því spurningin verður: Hverju heldur hann þar? Þess vegna vil ég klessa fyrir þig í eluíuna orðinu: 'hjörðinni', þá verður meiningin alt önnur og málsgreinin ekki alveg eins fráhrindandi fyrir lesendurna.

Nú býst ég við, að þú gerir kröfu til þess, að vera kallaður einn sauðurinn úr hjörðinni, og það ekki sá lélegasti, þar sem þú ert sonur forustusauðsins sjálfs, nefnilega safnaðarforsetans, finst þér þá ekki það "haglendi réttlætisins", sem þér er haldið ij vera vera frekar hrjóstrugt, ef þú áttur nokkurt réttlæti innifalið í því, að steina öllum óþverranum til min, þar sem alt annar naður en ég, nefnilega þessi 'Hallur á Fróðá' setti þér pípuna? Ég er nú að reyna að vera skemtilegur, auðvitað upp á þinn kostnað (!!!).

Þú getur ekki búist við, að við lærifeðurnir þínir kennum þér upp á okkar kostnað.

Ég ætla svo ekki að 'spenna' meiri tíma á þig í þetta sinn; en ég læt þig vita, að enn þá er skýrslan öll til baka. Ég ætla ekki að láta þig læðast þegjandi frá henni, ef þú vilt halda áfram; og ennfremur hefi ég hugsað mér, að hafa síðasta orðið í þessari deilu.

Þinn alls góðs unnandi lærifaðir.
Stefán Valberg.

Piano kensla.
Hérmeð tilkynnist að ég undirskrifuð tek að mér, frá þessum tíma, að kenna að spila á Piano. Kenslustofa mín er að 727 Sherbrooke St. Kenslu skilmálar aðgengilegir. Talsími Garry 2414.
Sigrún M. Baldwinson

Hvað er að?

Þarftu að hafa eitthvað til að lesa? Hver sá er vill fá sér eitthvað nýtt að lesa í hverri viku, ætti að gerast kaupandi að Heimskringlu.

Hún færir lesendum sínum ýmiskonar nýjan fróðleik 52 sinnum á ári fyrir aðeins $2.00. Viltu ekki vera með?

Æfiminning.

Hinn 26. febr. sl. andaðist að heimili sínu í Mouse River bygðinni merkisbóndinn Einar Magnússon Vestfjörð, eftir að eins vikulanga legu, 82. ára gamall. Hann var fæddur í Skáleyjum á Breiðafirði árið 1829. Voru foreldrar hans Magnús Einarsson í Skáleyjum, Sveinbjörnssonar frá Svefneyjum og Sigríður Einarsdóttir í Skáleyjum Ólafssonar, systir Guðmundar prófasts Einarssonar á Breiðabólstað á Skógarströnd og þóru móður Matthíasar skálds Jochumssonar.

Einar Vestfjörð var tvikvæntur. Fyrri kona hans var Ingibjörg, dóttir Jóns Bjarnasonar alþingismanns á Reykhólum og síðar bjó í Ólafsdal. Ingibjörgu misti Einar eftir 12 ára sambúð, og varð þeim hjónum 5 barna auðið, sem 4 komust upp, en að eins eitt á lífi nú.— Í annað sinn kvæntist Einar 1869 ungfrú Kristínu dóttur Jóns Magnússonar frá Tindum í Geiradal og Karitasar Nielsdóttur frá Kleifum í Gilsfirði, systur séra Sveins Níelssonar á Staðarstað. Með Kristínu eignaðist Einar tvo syni, Jakob og Svein, sem nú eru báðir með gildust bændum þar í bygðinni og meðal hinna allra merkustu og beztu drengja þar í sveit.

Einar sál. fluttist vestur um haf ásamt konu og börnum árið 1883; settist að við Gardar í N.Dak, þar til árið 1892, að hann flutti til Mouse River, þar sem hann bjó næstum 19 ár hin síðustu æfi sinnar.

Æfi saga þessa merka manns er merkilegri en margra þeirra, sem meira láta á sér bera í lífinu. Hann var ör í lund og einarður og falslaus með öllu. Hann var búsýslumaður mikill og starfsmaður með afbrigðum og trúr sinni köllun; lét sér einkar ant um hag og velferð heimilis sins, og vann meðan dagur entist. Einar sál. var tryggur og ástríkur eiginmaður og kunni vel að meta hina miklu mannkosti konu sinnar, og var henni samhentur í greiðvikni og hjálpsemi við alla nauðstadda, sem þau náðu til; og var heimili þeirra viðbrugðið fyrir þrjóstgæði og mannúð. Hús þeirra stóð ávalt opið fyrir öllu nauðleitarfólki. Munu margir hafa hugljúfa minningu þessara göfuga hjóna, og hinn látni mun fá að heyra þessi alkunnu orð: Það sem þér hafið gert þessum mínum minstu bræðrum, það hafi þér gert mér.

Vinur.

THE **DOMINION BANK**
HORNI NOTRE DAME AVENUE OG SHERBROOKE STREET
Höfuðstóll uppborgaður: $4,000,000.00
Varasjóður - - - $5,400,000.00
Vér óskum eftir viðskiftum verzlunar manna og ábyrgumst að gefa þeim fullnægju. Sparisjóðsdeild vor er sú stærsta sem nokkur banki hefir í borginni.
Íbúendur þessa hluta borgarinnar óska að skifta við stofnun sem þeir vita að er algerlega trygg. Nafn vort er fullrygging óhultleika. Byrjið spari inulegg fyrir sjálfa yðar, konu yðar og börn.
Phone Garry 3450 Scott Barlow, Ráðsmaður.

Vitur maður er varkár með að drekka eingöngu HREINT ÖL. Þér getið jafna reitt yður á
DREWRY'S
REDWOOD LAGER
Það er léttur, freyðandi bjór, gerður eingöngu úr Malt og Hops. Biðjið ætíð um hann.
E. L. DREWRY, Manufacturer, Winnipeg

STRAX Í DAG er BEZT AÐ GERAST KAUPANDI AÐ HEIMSKRINGLU. — ÞAÐ ER EKKI SEINNA VÆNNA.

MANITOBA

TÆKIFÆRANNA LAND.
Hér skulu taldir að eins fáir þeirra miklu yfirburða, sem Manitoba fylki býður, og sýnt, hvers vegna allir þeir, sem óska að bæta lífskjör sín, ættu að taka sér bólfestu innan takmarka þessa fylkis.

TIL BÚNDANS.
Frjósemi jarðvegsins og loftslagið hafa gert Manitoba heimsfræga, sem gróðrarstöð No. 1 hard hveitis.
Manitoba býður bændasonum ókeypis búnaðarmentun á búnaðarskóla, sem jafngildir þeim beztu sinnar tegundar á amerikanska meginlandinu.

TIL IÐNAÐAR- OG VERKAMANNA.
Blómgandi framleiðslustofnanir í vorum óðfluga stækkandi borgum, sækjast eftir allskyns handverksmönnum, og borga þeim hæztu gildandi vinnulaun. Algengir verkamenn geta og fengið næga atvinnu með beztu launum. Hér eru yfirgnæfandi atvinnutækifæri fyrir alla.

TIL FJÁRHYGGJENDA.
Manitoba býður gnægð rafafls til framleiðslu og allskyns iðnaðar og verkstæða, með lágu verði; — Frjósamt land; — margvíslegar og ótæmandi auðsuppsprettur frá náttúrunnar hendi; — Ágæt samgöngu og flutningatæki; — Ungir og óðfluga vaxandi bæir og borgir. — Alt þetta býður vitsmunum, auðæfum og framtakssemi óviðjafnanleg tækifæri og starfsarð um fram fylstu vonir. Vér bjóðum öllum að koma og öðlast hluttöku í velsæld vorri og þroskun. — Til frekari upplýsinga, skrifið:

JOS. HARTNEY, 77 York Street, Toronto, Ont.
JOS. BURKE, 178 Logan Avenue, Winnipeg, Man.
A. A. C. LaRIVIERE, 22 Alliance Bldg., Montreal,
J. F. TENNANT, Gretna, Manitoba.
J. J. GOLDEN,
Deputy Minister of Agriculture and Immigration, Winnipeg

Súreínið var þegar búið, og þau fundu, hvernig sviminn óx meðan þau sátu og reyndu að draga andann. Það var eins og afarmikill þungi hvildi á brjósti þeirra, og á lömpunum voru ljósin orðin blá og að því komin að deyja. Hinn voðalegi köfnunardauði virtist óumflýjanlegur.

"Þér verðið að smakka á vatni", tautaði Elma um leið og hún helti síðustu dropunum í tinbikar.— Því Cyril hafði tekið með sér litla flösku með vatni í um morguninn, til að nota við málninguna, ásamt dálitlu af smurðu brauði til morgunverðar. "Þér eruð svo þreyttur, ég sé að varir yðar eru þurrar og andlitið náfölt".

Sjálf var hún hvítgul í framan og gat naumast talað. Enga von gerði hún sér um frelsun, en samt helti hún síðustu dropunum í bikarinn og rétti hann að Cyril með biðjandi augnaráði. Þau voru nú búin að vera þarna í tólf klukkutíma.

Með ávitandi suip ýtti Cyril bikarnum frá sér.

"Nei, nei", sagði hann nærri hvíslandi. "Drekkið þér það sjálfar, þér þurfið þess fremur en ég".

Elma reyndi að ýta bikarnum til hans aftur, en Cyril varnaði því. Þá vætti hún varirnar með þessum síðustu dropum og leit þakklátum augum á Cyril.

"Við eigum nú enga von lengur", sagði hún, "og verðum að búa okkur undir dauðann, en meðan ég get, vil ég þakka yður, — ó, hvernig á ég að segja, hve þakklát ég er yður".

Cyril gat naumast svarað.

"Þakka yður sjálfri, vil ég", hvísladi hann. "Það lítur illa út fyrir okkur, en á meðan lifið endist, er vonin til".

Um leið og hann sagði þetta, heyrðist dimt hljóð eins og högg af sleggju. Fyrst leit hann upp for-

viða, svo lagðist hann niður og lét eyrað við brautarteininn.

"Þeir eru að grafa", sagði hann ákafur. "Ég heyri til þeirra — ég heyri til þeirra".

Elma leit til hans undrandi og efablandin.

"Já, það er líklegt, að þeir grafi okkur út. En hve langt eru þeir í burtu?" sagði hún. "Geta þeir náð okkur áður en það er of seint?"

Cyril laut niður og barði þrjú högg á teininn með stafnum sínum, lagði svo eyrað við hann og hlustaði. Áður en hálf minúta var liðin heyrðust aftur 3 högg sem svar.

"Þeir hafa heyrt til okkar", kallaði hann. "Ég held þeir séu ekki langt í burtu".

Nú stóð Elma upp, tók stafinn af Cyril og barði tvö högg á teininn, lagðist svo niður og hlustaði, aftur heyrði hún tvö högg, en þá hristi hún höfuðið.

"Nei, nei", tautaði hún. "Þeir eru enþá langt í burtu. Þeir geta ekki náð okkur áður en við deyjum"

Hún settist aftur niður og huldi andlitið í höndum sínum, alveg vonlaus. Alt í einu datt henni í hug, að fyrst að teinninn gat flutt hljóð af höggi, þá gæti hann líka flutt hljóð af töluðum orðum.

Hún þaut á fætur, barði tvö snögg högg á teininn, lagðist svo niður, lét munninn við teininn og kallaði:

"Halló! Getið þið heyrt til okkar? Komið eins fljótt og þið getið, við etum lifandi en nærri köfnuð".

Undir eins kom svarið — undarlegt og óvænt svar:

"Brjótið pípuna utan af þráðunum".

Cyril, sem lagst hafði niður við hliðina á henni, heyrði ekkert, en hún heyrði orðin glögt og sagði:

"Brjótið pípuna utan af þráðunum, sögðu þeir, en við hvað þeir eiga, það skil ég ekki", sagði hún.

Þegar hún var að enda við orðin, heyrðist hljóð af skörpum höggum frá teininum við fætur hennar. Hún lagði eyrað aftur við teininn og heyrði sagt:

"Getið þið heyrt það, sem ég segi? Ef þið eigið erfitt með að draga andann, brjótið þá pípuna utan af þráðunum, þá kemur hreint loft inn utan að".

Nú heyrði Cyril orðin, þaut á fætur, tók eldspitnakassa upp úr vasa sínum með vaxspítum í og kveikti á einni, því ljósin á lömpunum voru nærri dauð. Það stóð heima, vinstra megin í göngunum lá kirpípa langs með veggnum. Cyril lyfti upp fætinum og stappaði ofan á pípuna eins hart og hann gat, svo hún brotnaði, og innan í henni sá Cyril fjölda af simþráðum. Pípan stóð í sambandi við andrúmsloftið úti — þau voru frelsuð. Þeim varð bjargað. Það mundi koma hreint loft í gegnum pípuna, en — gat loftið komið af sjálfsdáðum gegnum hana?

Um leið og hann var að hugsa um þetta, heyrði hann að verið var að grafa í hinum enda jarðganganna, á að gizka 30—40 fet frá honum, og síðan heyrði hann kallað, hátt og snjalt, eins og hlióðið kæmi gegnum pípuna:

"Við ætlum að dæla loftinu inn til ykkar. Hvað eruð þið mörg? Eruð þið öll lifandi? Er nokkur meiddur?"

Cyril laut niður, lét munninn við pípuopið og kallaði:

"Við erum að eins tvö, bæði lifandi, ómeidd, en nærri köfnuð af loftleysi. Strax og þið getið, sendið okkur vatn, ef það er mögulegt".

Það liðu þrjár langar minútur, sem Cyril fanst eins langar og þrír sólarhringir. Elma féll í ómegin ofan á brotnu pípuna, bæði af hræðslu og skörti á súreíni. Cyril lyfti henni upp og horfði fast á pípuna; loksins varð hann var við kaldan loftstraum, sem hresti hann á augabragði.

Hann leit í kringum sig og dró andann þungt og hratt, svo lagði hann Elmu þannig við pípuna, að munnurinn sneri að loftstraumnum, sem inn kom. Hún lá með lokuð augun í fyrstunni, en svo opnaði hún þau snöggvast og lokaði þeim aftur til hálfs. Eitraða saggaloftið var nærri búið að kæfa hana. Cyril nuggaði hendur hennar, en það hafði engin áhrif, svo hann var hræddur um, að hreina loftið utan frá hefði komið fimm mínútum of seint. Og enn myndi sennilega líða fokkrar klukkustundir áður en þau losnuðu úr þessu fangelsi.

Meðan hann laut niður að henni, hryggur og kviðandi yfir útlitinu, heyrðist röddin utan að glöggar en áður:

"Hafið gætur á kúlunni í pípunni, svo skulum við senda ykkur vatn".

Cyril kveikti á annari eldspítu og starði á pípuna. Að minútu liðinni kom stór marmarakúla veltandi út úr henni, og við hana var bundin taug.

"Dragðu taugina til þín", var sagt úti, og Cyril lét ekki segja sér það tvisvar, hann dró hana inn eins hratt og hann gat. Við ytri enda taugarinnar var bundin stór togleðursflaska, full af vatni, ásamt konjaksflösku. Cyril greip þær ánægður og baðaði gagnaugun á Elmu aftur og aftur úr áfenginu. Að því búnu helti hann dálitlu af því í bikarinn sinn og blandaði vatni í það, hélt því síðan upp að vörum Elmu, sem sötraði það sér óafvitandi, svo lauk hún upp augunum og horfði undrandi kringum sig.

Svo mundi hún alt í einu hvar hún var og hvað fyrir hafði komið, hún greip hendi Cyrils og þrýsti hana lengi og hlýlega.

"Ef við þolum þetta í 3 stundir enþá", sagði hún af endurvakinni von, "þá er ég viss um að þeir

130 mílur frá Saskatoon

KINDERSLEY

Við Canadian Northern Járnbrautina

Látið dómgreind ykkar ráða. Kaupið nú.



Myndin hér að ofan sýnir hinar miklu framfarir, sem KINDERSLEY hefir tekið. — Sporöskju lagaða myndin sýnir bæinn 5. okt. 1909, en aðalmyndin Kindersley 5. júlí 1910, níu mánuðum síðar.

Látið ekki tækifærið fram hjá fara. Ekkert betra býðst.

Balmoral Sub-Division

Þessar ágætu lóðir eru við enda aðalstrætis og örskamt frá almenna skólanum og sjúkrahúsinu! sem nú er verið að byggja,, einnig skamt frá póthúsinu og verzlunar miðstöðinni. Verð lóðanna er $100 með vægum skilmálum. $20. niður og $10. mánaðarlega. Engir vextir. Nokkrar lóðir eru til sölu á aðalstræti fyrir $150 hver lóð. Seljast með sömuskilmálum og hinar. UMBOÐSSALAR ÓSKAST Í ÖLLUM HÉRUÐUM.

'TORRENS' EIGNARBRÉF GEFIN MEÐ HVERJUM KAUPUM.

Skrifið eða símið eftir geymslu lóða og við munum láta yður fá þær beztu fáanlegar.
Ef þér viljið græða peninga KAUPIÐ ÁN TAFAR.

Pöntunar eyðublað

K. K. ALBERT, P. O. Box 56
Umboðssali.
Lóðir BALMORAL PLACE, Kindersley, Sask.

Fult nafn .....
P. O. Aritun .....
Staða .....
Lóðir ..... *Block* .....
Útborgun .....
Skilmálar .....

Eg samþykki að kaupa ofanskráða lóð eða lóðir, fyrir verð það og skilmála tilgreinda.

K. K. ALBERT, Umboðssali
THE ALLIANCE LAND & INVESTMENT CO., LIMITED
St. John's Block, 984 Main St., Winnipeg, Man.

K. K. ALBERT, 708 McArthur Building, WINNIPEG

THE ALLIANCE LAND & INVESTMENT COMPANY., LTD.

St. John's Block. 984 Main Street Winnipeg, Manitoba

Sómi Íslands, sverð og skjöldur.

Gjafir til minnisvarða JÓNS SIGURÐSSONAR.

Frá WINNIPEG, Man.

Þosteinn Þ. Þorsteinsson $1, Mrs. Ranveig Þorsteinsson $1, Þorsteinn Þorsteinsson $1, Miss Jakobína Jónsson 10c, Miss Jónína Jónsson 10c, Stefán Jónsson (King Edw. Pl.) $1, Halldór Bjarnason (Wellington Grocer) $1, Kristján Hannesson 50c, Mrs. Sigríður R. Hannesson 50c, Hannes Hannesson 50c, Ólafur E. Hannesson 50c, Kári Hannesson 50c, Skarphéðinn T. Hannesson 25c, Miss Elín O. Hannesson 10c, Miss Kristín Hannesson 10c, Miss Sigurbjörg Hannesson 10c, Jakob Johnston 50c, Gunnlaugur Jóhannsson 50c, Mrs. Guðrún Jóhannsson 50c, MissGuðrún A. Jóhannsson 50c, Jón Stefánsson $1, Sveinn Pálmason $1, Mrs. Gróa Pálmason $1, Pálmi S. Pálmason 50c, Baldur Johnson $1, Miss Jakobína Gillis $1, Eyvindur Johnson 50c, Mrs. Kristín Johnson 25c, Miss Guðbjörg Ólafía Johnson 25c, Miss Þóra Johnson 50c, Þorsteinn Björnsson $1, Sveinbjörn Árnason $1, Mrs. María Árnason $1, Miss Olga Árnason 25c, Árni Árnason 25c, Ingólfur Árnason 25c Angantýr Árnason 25c, Hjörvarður Árnason 25c, Miss Ólöf Árnason 25c, Árni Eggertsson $5, Mrs. Árni Eggertsson $5, Árni G. Eggertsson $1, Miss Thelma S. Eggertsson $1, Grettir Eggertsson $1, Egill Ragnar Eggertsson $1, Sigurður H. Eggertsson $1, Miss Sigríður Eggertsson $1, Sigríður Borgfjörð $1, Miss Kristín Hermann $1, C. J. Vopnfjörð 50c, Mrs. C. J. Vopnfjörð 50c, Bjarni Egilsson 10c, Clarence Oliver 10c, Victor Goodman 10c, Karl Kristjánsson 10c, Leó Sigurdson 10c, Friðrik Bjarnason 25c, Mrs. Helga Bjarnason 25c, Jón Friðrik Bjarnason 25c, Miss Stefanía Bjarnason 25c, Halldór Matúsalemsson $1, Grace Hannesson 50c, Emma Ingimundarson 50c, Ólafur B. Björnsson $1, Eiríkur Björnsson 50c, Mrs. Aðalbjörg Björnsson 50c, Miss Aðalbjörg Björnsson 50c, Sveinn E. Björnsson 50c, Björn E. Björnsson 50c, Miss Agnes Jónsdóttir 50c, Miss Kristín Helgason $1, Stefán Björnsshn $1, Mrs. Helga Björnsson $1, Miss Lára Björnsson 10c, Jón Björnsson 10c, Björn Ingi Björnsson 10c, Jóhannes Jósephson 50c, Mrs. Katrín Jósephson 50c, Miss Ingunn M. Jósephson 15c, Ólafur K. A. Jósephson 15c, Sigurður Vilhjálmsson $1, Gísli Jónsson $1, Mrs. Guðrún H. Jónsson $1, Miss Bergþóra G Jónsson 25, Miss Gyða G. Jónsson 25c, Guðriður Sveinsdóttir 50c.

Frá OLALLA, Wash.

E. H. Sigurðsson 25c, Mrs. Rúna Sigurðsson 25c, Miss Dora Sigurðsson 10c, C. Leonard Sigurðsson 10c.

Frá BALLARD, Wash.

A. A. Hallson 50c, Mrs. A. A. Hallson 20c, J. H. Hallson 25c, O. G. Hallson 10c, Miss S S. Hallson 10c, A. A. Hallson (yngri) 10c, H. S. Hallson 10c.

Frá WEST SELKIRK, Man.

Klemens Jónasson $1.

Frá SEATTLE, Wash.

Jacob Bjarnason $1, Sig. Sigurdson $2, Halldór Konráðsson $1, B. Hallgrímsson (Hall) $1, S. Adolphsson 50c, Th. Sigurðsson 50c, Jónas A. Sigurðsson 50c, Mrs. Stefanía Sigurðsson 50c, Ónefnd 50 cts., Ó. Björnsson 50c, Gunnar Sveinsson 50c, H. S. Helgason (Thinghollt) 50c, Kristján Pálsson $1, Th. Ben Thordarson $1, Miss Ch. H. Johnston $1, Gunnlaug Þorláksson 50c, Mrs. H. R. Ólafsson 50c, Guðrún J. Jóhannsson 50c, L. Haraldur Hansen $1, Hóseas Thorlaksson 25c, Mrs. H. Thorlaksson 25c, Ísak Johnson $1, Mrs. I. Johnson $1, Kári Johnson 25c, Ingólfur Johnson 25c, Konráð Ari Johnson 25c, Chas. Thorleifsson 50c, Jóhanna Thorarinsson 25c, Sveinn Björnsson 25c, Mrs. Kristrún Björnsson 25c, Thóra Björnsson 25c, Theodore Björnsson 25c, Helgi Sivertson 25c, Sveinn Árnason 25c, Páll Björnsson 20c, J. K. Steinberg 25c, Kristj. Gíslason 25c, Mrs. K. Gíslason 25c, Marvin Jósephson 25c, Lárus Stefánsson 25c, Soffía Bakkmann 25c, K. F. Friðriksson 50c, María Friðriksson 50c.

Frá CHARLESTON, WASH.

Þórður Þórðarson 10c, Mrs. Þ. Þórðarson 10c.

Frá POWELL RIVER, B.C.

S. Folmer $1.

Frá MANCHESTER, Wash.

Jóhannes Sigurðsson 30c, Ragnhildur Sigurðsson 10c, Sef Sigurðsson 10c, Friða Sigurðsson 10c, Jósafat T. Hallsson 25c, Helga Hallsson 25c, Friðbjörn Friðriksson 25c, Mrs. S. Friðriksson 10c, Thorbergur E. Vog 25c, Mrs. G. Vog 25c, Harry Johnson 25c, Júlía Johnson 10c, Pétur Johnson 25c, Kristrún Johnson 10c, Friða Johnson 10c.

Frá MARY HILL, Man.

A. Einarsson 25c, Mrs. A. Einarsson 25c, Miss Elinborg Einarsson 10c, Miss Helga L. Einarsson 10c, Miss Hólmfríður S. Einarsson 10c, Albert Einarsson 10c, Friðgeir Einarsson 10r.

Frá CANDAHAR, Sask.

Jón Sanders 50c, Finnbogi Sanders 50c, Sveinn Guðni Sanders 50c, Mrs. Ingibjörg Eiríksson 50c, Thedor Eiríksson 25c, Sölvi Eiríksson 25c, Charley Eiríksson 20c, Sigurbjörg Eiríksson 20c, Guðlaugur Eiríksson 10c, William G. Olson $1.

Frá EVELETH, Minn. (frá Cámbridge).

Magnús Magnússon $1, Ásthildur Magnússon $1, Eiríkur Magnússon 50c.

Frá BLAINE, Wash.

Jón Svb. Oddstad $1, Mrs. J. S. Oddstad $1.

Frá STEINBACH, Man.

Magnús Johnson 50c.

Frá GARDAR, N. Dak.

Sigurður Guðmundsson 25c, Miss Guðrún Guðmundsson 25c, S. S. Guðmundsson 25c, G. S. Guðmundsson 25c, Vilhelm Guðmundsson 25c, A. Guðmundsson 25c, Leónard Guðmundsson 25c.

Frá GIMLI, Man.

Daníel Danielsson 50c, Ingibjörg María Danielsson 50c, Guðjón S. Danielsson 25c, Helgi D. Danielsson 25c, Benjamín T. Danielsson 25c, Magnús J. Danielsson 25c.

Samtals	$ 103.05
Áður auglýst ...	2422.70
Alls innkomið ...	2525.75

Leirskáldapistill.

Herra ritstjóri.

Hafðu margfalda þökk fyrir 'Kringlu' þína og allan þann fróðleik, sem hún hefir löndum okkar að færa í hverri viku. En langt er síðan lesendur blaðsins hafa jafn alment orðið glaðir og þegar hún flutti greinina eftir Gunnlaug Tryggva um leirskáldin, og hefir enginn maður á seinni árum unnið 'Kringlu' annað eins gagn, síðan Lárus lét af herförum og mundu þeir í gamla daga hafa þótt hlutgengir og teknir í lög með oss Jómsvíkingum; mundi heitstrenging þeirra hafa orðið þá sem nú, að yfirstíga allar leirbullur og kveða þær niður með hervaldi, ef ekki dygði annað. Já, það var vel gert af Tryggva og mikið nauðsynjaverk, að taka upp merki Lárusar, sem virtist vera niðurfallið, á móti þessum þjóðarósóma; því þú getur ekki ímyndað þér, hvað þessi óendanlega leirbulls-þvæla hefir rýrt álit 'Kringlu' og spilt fyrir útbreiðslu hennar út um bygðirnar. Það er að vonum, að mönnum þyki hart að borga blöð, sem flytja það efni, sem enginn vill lesa. Þessari ljóðasýki sló niður að mun við síðustu herferð Lárusar og það áhlaup, sem hann gerði á hana. En nú á ný er sýki þessi risin upp aftur, fult svo geyst sem áður. En það er forn orðsháttur, að enga þjóð skorti mikla og nytsama menn, er þær þurfi á þeim að halda. Nú kemur Tryggvi fram á vígvöllinn albrynjaður og veður berserksgang, heggur og leggur til beggja handa; særir leirskáldin í andlegum skilningi djúpum sárum, sem að ben gerast. Af orustuvellinum mun Tryggvi trautt ganga fyrr en fullur sigur er fenginn og sóma og heiðri þjóðarinnar er borgið.

Ekki þarf 'Kringla' að vera hrædd um inntektamissi, þó leirskáldin fylki liði á móti henni, — einmitt þvert á móti, því þá sæu menn alment velsæmi 'Kringlu' og húsbónda hennar. Mundi hún þá vaxa stórum í augum allra þjóðvina, sem láta sér ant um sæmd og heiður hinnar gömlu norrænu þjóðar og tungunnar ástsælu.

Vagn Ákason.

Árni S. Gillis

Fæddur 1870; dáinn 7. marz 1911.

Háð er breyting lögmál lífsins:
ljós þar bjartast skein í gær
í dag er horfið, kvalakífsins
kuldagjóstur hugann slær,
blómin falla í fullum blóma
fyr en varir nás á beð;
slíka Skuldar skapadóma
að skilja, engum manni er léð.

Sælt er að deyja heims frá hrylling
hvars ei skortir biturt tál;
sælt er að gleyma glaumsins spilling,
er gleypa reynir mannsins sál;
sælt er lúnum svefns að njóta,
svásan skoða dular-lund,
allar lífsins þrautir þrjóta
þars, hver læknast hjartans und.

Sem úr heiðu lofti lýsti
leiptri, virtist fregnin sú,
harma-dör vort hjarta nísti
að heyra burtu værir þú
farinn, vinur, líís af leiðum,
langt of hafinn tímans hljóm; —
dauðinn alt af er á veiðum,
engum tékst hans flýja dóm.

Bændastólpi, bygðarsómi,
bágt er að vita látinn þig,
allir vinir einum rómi
ávalt mega lofa þig.
Hjartasárið systkinanna
sollið blæðir hverja stund.
Friður öldnu foreldranna
fór með þínum hinsta blund.

Móðurhjartað sorgin sundrar
að sjá þig hyljast, vinur kær,
moldar-sverði, — engan undrar
ógnar bitru kvalir þær.
Þú varst hennar skjól og skjöldur,
skarð slíkt aldrei fyllir neinn.
Þessar sefa sorgar öldur
sólarljófur megnar einn.

Það sem helzt nær huggun færa
og hennar linað sálarkvöl
síðar fá þig, soninn kæra,
sjá, þá endar lífsins dvöl.
Þó nú harmur hjartað næði
hérna óðum styttist töf,
fyr en varir föl að svæði
falla nár og hverfa í gröf.

Þúsundfaldar þakkir hljóttu
þína fyrir samfylgd hér;
ástargæða allra njóttu
eiliflega biðjum vér.
Hér að sinni hljótum skilja,
hér því eru brautamót,
allra móti vorra vilja;
að vísu það er rauna bót.

Að svifinn ert til sólarhæða,
sorg og táli öllu fjær,
aðnjótandi allra gæða
alheimsföður bústað nær;
þar ei finnur þjáning neina,
þars æ ljómar gleðisól, —
bætur allra öðlast meina, —
ei þar dvína heilög jól.

Jóhannes H. Hunfjörð.

JÓN JÓNSSON, járnsmiður, að 790 Notre Dame Ave. (horni Toronto St.) gerir við alls konar katla, könnur, potta og pönnur fyrir konur, og brýnir hnífa og skerpir sagir fyrir karlmenn. — Alt vel af hendi leyst fyrir litla borgun.

Áður enn þú kaupir

PLAYER PIANO

fullvissaðu þig um leikni hljóðlæris þess, sem fremst er í huga þér, að framleiða

Ekta Piano spil

með hreinum hljómtónum.— Fullvissaðu þig um þessa fullkomnun út í vztu æsar, og þá fellur val þitt efalaust á

HEINTZMAN & CO PLAYER-PIANO.

McLean & Co LIMITED

Cor Portage Ave. & Hargrave
Phone Main 808.

Fréttir úr bænum.

Þeir feðgar, söngfræðinarnir Helgi Helgason frá Wynyard og Sigurður Helgason frá Seattle, Wash., komu til borgarinnar á Sumardaginn fyrsta, í skemtiferð til ættingja og kunningja hér. Sigurður hefir tekið sér heimilisrétt-arland vestur af Markerville, Alta., og flytur á það innan skamms.

Þann 18. þ. m. voru gefin saman í hjónaband þau séra Jón J. Clemens og ungfrú Meta Roos Scriven, í St. Pauls kirkjunni í Guelph, Ontario. Heimskringla óskar brúðhjónunum til hamingju.

Kirkjufélags-málið.

sem um nokkurn tíma hefir staðið yfir milli klofninganna úr Fyford söfnuði, út af því, hvor hlutinn halda skyldi kirkjuríginnni bar, og hvern rétt og vald kirkjufélagið hefði yfir eignum safnaðanna innan vébanda þess, — hefir nú verið úrskurðað með dómi og kirkjufélagið tapað. — Væntanlega verða nánari fregnir af þessu máli í næsta blaði.

GJAFIR Í HJÁLPARSJÓÐ KÍNVERJA:

Óli W. Ólafsson, Winnipeg	$1.50
Mrs. Halldóra Gíslason, Tantallon	1.00
Samtals	2.50
Áður auglýst	4.25
Alls innkomið	$6.25

Herra kaupmaður Ásgeir Friðgeirsson, frá Geysir P.O., var hér á ferð í sl. viku, ásamt nokkrum öðrum þaðan að norðan.

Þeir herrar Bjarnþór Lífmann og I. H. Hansson, aktýgjasmiðir á Gimli, voru hér á ferð í sl. viku, höfðu farið í kynnisför vestur til Saskatchewan (Wynyard). — Þeir dvöldu vikutíma í nýlendunni, og leizt vel á þá miklu bygð. Sáning bar byrjuð um miðjan þennan mánuð. — Þeir félagar biðja Hkr. að bera nýlendubúum þar vestra kveðju guðs og sína, með alúðarþökk fyrir ágætar viðtökur.

Safnaðarfundur

verður haldinn í Tjaldbúðinni næsta mánudagskveld. Óskað er, að safnaðarfólkið fjölmenni á hann.

Skemtisamkoma, undir umsjón safnaðarnefndar Únitara safnaðarins, verður haldin fimtudaginn 4. maí í samkomusal safnaðarins. — Margt verður þar mönnum til skemtunar og fróðleiks. Meðal annars fer fram kappræða milli þeirra Skapta B. Brynjólfssonar og séra Rögnv. Péturssonar. Ræðuefnið er: "Var vantraustsyfirlýsingin til fyrverandi ráðherra Björns Jónssonar réttlát?". Hefir séra Rögnvaldur játandi hliðina, en Skapti hina. Verður vafalaust ánægja að hlusta á þær ræður, því báðum segist vel. — Í næsta blaði verður tilhögunarskráin nánar auglýst.

Þess var getið í síðasta blaði, að herra Ásmundur Jóhannsson væri að byggja íbúða-stórhýsi á Agnes St. við hornið á Ellice Ave. — Nú er landi vor Jón T. Bergmann að byggja annað veglegt íbúða-stórhýsi á Furby St., milli Sargent og Ellice stræta, og á það að kosta full $50,000. — Það er sýnilegt, að landar vorir liggja ekki á liði sínu í því að byggja upp þessa borg.

Grey landstjóri og fjölskylda hans komu hingað til borgarinnar á Íþróttadaginn var til viku dvalar. Heimsóttu landstjórinn flestar líknarstofnanir og opinberar bygingar borgarinnar. Verður þetta síðasta embættisferð Earl Greys hingað, sem landstjóra yfir Canada.

Edward Brown, einn af höfuðpaurum Liberala hér í borg, hefir verið sæmdur ofursta nafnbót, þó aldrei hafi hann hermaður verið.— Er að líkindum búist við, að nafnbót þessi geri hann sigursælli í kosningum en til þessa hefir verið.

Menningarfélagsfundur

verður haldinn í kveld (fimtudagskveld) í Únitarakirkjunni. Herra Friðrik Sveinsson flytur erindi: "Ágrip af sögu efnafræðinnar og efnaskenningin nýja. Fjölmennið. — Allir velkomnir.

Jón Ó. Finnbogason, matvörusali, hefir flutt ibúð sína frá 691 Victor til 677 Agnes St.

Í skýrslu fermingarbarna séra F. J. Bergmanns í síðasta blaði varð eitt nafn skakt, nr. 2 á listanum, það átti að vera: Aurora Thyri Ólafía, Andrésdóttir Árnason, — ekki Sveinbjörnsdóttir.

Sigrún M. Baldwinson
Teacher of Piano
27 Sherbrooke St. Phone Garry 2414

Tjald til sölu.
12x12 fet, 6 feta veggir, 14 feta ris, með gólfi, gasólin eldavél og fleiru Fæst með góðu verði. Nánari upplýsingar gefnar að 728 Simcoe St.

Herbergi til leigu.
með húsbúnaði — og fæði, ef óskað er —, að 728 Simcoe St.

Ráðskonu vantar,
ráðna og roskna, á heimili hjá efnuðum ekkjumanni íslenzkum. Hún sé frá 40 til 60 ára að aldri, þrifin og vön búsýslu. Umsækjendur riti
K. THORSTEINSON,
Spalding, Sask.

ÍSLENZKT FIÐUR
Sérstaklega gott íslenzkt fiður nýkomið að heiman, er til sölu hjá undirrituðum.
J. O. FINNBOGASON,
677 Agnes Street.

Dalman & Thorsteinson
MÁLARAR
Gera alskonar húsmáleing. Kalsominleg og leggja pappir. Alt verk vandað og fljótt afgreitt. Phone Garry 220
797 Simcoe St

G. S. VAN HALLEN, Málaferslumaður 418 McIntyre Block., Winnipeg. Talsími Main 5142

R. TH. NEWLAND
verzlar með fasteignir, fjárlán og ábyrgðir. — Skrifstofa: No. 4 Phoenix Block, horni Princess og NotreDame
Sími: Garry 4704.
Heimilissími: Sherbr. 1619.

Tombóla

hefir verið efnt til af nokkrum meðlimum stúkunnar SKULD (ágóðinn gengur í byggingarsjóð stúkunnar). Skemtanir fyrir unga fólkið fara fram þegar Tombolan er yfir.

FIMTUDAGSKVELDIÐ
11. MAÍ
næstkomandi.

Í efri sal Goodtemplarahússins.

Það hefir verið vel til þessarar Tombólu safnað af góðum, verðmætum munum, sem nákvæmar verður auglýst í næsta blaði.

Inngangur og einn dráttur 25 cts.

Góðar vörur! Gott verð!

Við verzlun J. Ó. FINNBOGASONAR, á horni Sargent og Victor stræta, verða neðanskráðar vörutegundir seldar frá þessum degi til 1. maí næstkomandi: —

Gott grænt kaffi, 6 pund fyrir	$1.00
Japan Hrísgrjón, 5 pund fyrir	0.25
5 punda kanna af Syrópi	0.25
3 punda 'tin' af Tei, 40c pr pd., á	0.90
1 punds kanna gerpúlveri, vanaverð 25c kannan, nú 2 á	0.25
5 pakkar R. C. Sápa (30 stykki)	1.00
3 punda pk R. C. Þvottaduft	0.20
3 punda poki Wyandotte Þvottaduft	0.25
3 pk. Hollenzkar Tvíbökur á	0.25

J. O. FINNBOGASON
Cor. Sargent and Victor Phone Sherb. 1120

Gimli-eign til sölu

2 ekrur og Cottage

sem liggja að Children's Home á vatnsströndinni. Gegnt Markells eigninni og hins vegar við þjóðveginn. — Alt umgirt og sáð smára.— Gott Cottage á eigninni.

Verð: $1200.00 $600.00 útihönd og $300.00 á einu og tveimur árum

Skrifið
K. K. ALBERT
Phone: Main 7323.
708 McARTHUR BLDG. - - - - WINNIPEG, MAN.

J. HALLDORSON

Ég verð að gera meiri verzlun í ár, en ég gerði í fyrra því ekki dugar að standa í stað. Því sel ég vörur sem fylgir

á Oak Point, Lundar og Ashern.

Bezta hveiti (hundrað pund)	$2.80
Hveiti, næstu tegund (100 pd.)	2.50
Bran	1.10
Shorts	1.15
Hafragrjón (80 pund)	2.40
Raspaður sykur, 17 pund fyrir	1.00
Molasykur, 14 pund fyrir	1.00
Bezta kaffi, 5½ pund fyrir	1.00
10 pund Sýróp	0.50
20 pund Hrísgrjón	1.00
20 pund baunir	1.00
7 stykki Royal Crown Sápa	0.25
Svínafeiti, pundið	0.15
Svínafeiti, 20 pd.	2.75
Neftóbak, 6 bauka	0.50
Skorið Tóbak, 3 pakkar	0.25
Blue Ribbon Baking Powder, 3 pd.	0.50
Blue Ribbon Baking Powder, 5 pd.	0.90
Corn Starch, pakkinn	0.07
All Spice, 3 pakkar á	0.25
4 Bollapör eða Diskar	0.25
Salt tunnur á	2.25
50 pund Salt í pokum	0.55
Öll 25c Pateat Meðul á	0.20

Komið með þessa anglýsingu, þegar þið komið í búðirnar.

J. HALLDORSON

The Liquor License Act

Eftirfylgjandi beiðnir um endurnýjun Hotel leyfis hafa verið meðteknar og verða ihugaðar af leyfisnefndinni fyrir leyfishérað No. 4, í Winnipeg, á skrifstofu Chief License Inspector, horni Kennedy og Broadway stræta, kl. 2 e. h mánudaginn 22. maí 1911: — G. E. Sólmundson, Gimli Hotel, Gimli, og J. G. Christie, Lakeview Hotel, Gimli.

Dags. að Winnipeg, apríl 1911.

M. J. JOHNSTONE.
Chief License Inspector.

Það er alveg víst, að það borgar sig að auglýsa í Heimskringlu.

STEFÁN JOHNSON, skósmiður, fyr á Oak Point, hefir bygt sér skóbúð, að 349 Queen St., St. James, hér í borg, og er byrjaður að verzla þar. Hann gerir einnig við gamla skó. — Íslendingar gerðu vel í að finna Stefán. Hann hefir góða vöru og selur ódýrt.

TILBOÐ.

Við undirskrifaðir tökum að okkur alla grjótvinnu, sem við getum af hendi leyst eins fljótt og vel og nokkur getur gert. Við seljum grunn undir hús, hlöðum kjallara, steypum vatnskeröld og gangstéttir, gerum steinsteypu í fjós, o.fl.

Jacob Frimann
Hergr. Haligrimson
Gardar, N. Dak.

Öll þau efni

sem gera hið dæglega brauð ljúffengt, heilsusamlegt og nærandi, hefir

Boyd's BRAUÐ

inni að halda. Það er tilbúið í hinu stærsta brauðgerðarhúsi í Vestur-Canada, sem æ verður stærra og stærra eftir því sem framför landsins eykst. Þér vitið ástæðuna. — Reynið BOYD'S brauð.

Drykkjuskapur og tóbaksnautn.

Ef til væri meðal, sem læknaði drykkjuskap og tóbaksnautn, án vitundar og tilverknaðar neytandandans sjálfs, þá yrði það merkasta uppfynding aldarinnar, því hver drykkjumaður og tóbaksneytandi hyrfi á skömmum tíma.

Hver sem hefir í hyggju að lækna annanhvorn þennan ávana kunningja sinna á þennan hátt, mun sjá, hversu fráleitt það er, ef hann hugsar ögn útí það.

Það þarf að þeita fullkominni einlægni við þann, sem lækna skal. Með hans aðstoð má lækna hann af hvorum þessum löstum, en árangurslaust án hans hjálpar og samþykkis.

Dr. McTaggart í Toronto, Can., ábyrgist, að lækna menn af drykkjuskap á þremur til fjórum dögum, ef forskriftum hans er nákvæmlega framfylgt. Læknirinn hefir selt þetta ofdrykkju læknislyf til fleiri ára og hefir bætt fjölda manns. Lyfið kostar að eins $25.00 og mun reynast eins vel, ef ekki betur, og nokkur $100 lækning, sem völ er á.

Meðal hans móti tóbaksneyzlu, er sérstaklega tilbúið í því skyni. Kostar að eins $2.00, og geta menn læknast af því á hér um bil tveimur vikum

Bæði lyfin eru ágæt til styrkingar líkamans, og hafa engin óholl eftirköst á þann, sem læknaður er.

Fjöldi vottorða gefin af fúsum vilja. Getur hver fengið að sjá þau, sem þess óskar.

Lyfin send, þegar borgun er fengin. Burðargjald ókeypis. Bréfaviðskifti boðin, — stranglega heimuleg.

Skrifið eða ráðgist við

K K ALBERT,
einka-umboðsmaður í V.-Canada,
708 McArthur Bldg., Winnipeg.

The Hyland Navigation COMPANY
hefir nú opnað
SUMAR SKEMTIFERÐA SKRÁSETNINGAR
Margar þegar skráðar.

Einnig er félagið að láta gera stór-umbætur í Hyland Park, svo sem stækka svo tveimur þriðju nemur einnig að búa þar til skemtistígi afkyma, barnastofu, með konu til að sjá um börnin, og margskonar skemtiföng fyrir börnin. Einnig skeiðvöll, sundpoll, stóran leikvöll fyrir hnattleiki, fótl olta o. s. frv. Ágætan dans-sal ásfastan við greiðasöluskála. Skrifið okkur eftir frekari upplýsingum.

Hyland Navigation Co.
13 Bank of Hamilton Chambers
WINNIPEG

Th. JOHNSON
JEWELER
286 Main St. Sími M. 6606

Dr. G. J. Gíslason,
Physician and Surgeon
18 South 3rd Str., Grand Forks, N.Dak
Athygli veitt AUGNA, EYRNA og KVERKA SJÚKDÓMUM ASAMT INNVORTIS SJÚKDÓMUM og UPPSKURÐI. —

Dr. J. A. Johnson
PHYSICIAN and SURGEON
HENSEL, N. D.

J. J. BILDFELL
FASTEIGNASALI.
Union Bank 5th Floor No. 520
Selur hús og lóðir, og annað þar að lútandi. Útvegar peningalán o. fl.
Phone Main 2685

'Kvistir' í handi

Munið eftir því að nú fást "KVISTIR" Sig. Júl. Jóhannessonar, í ljómandi fallegu bandi hjá öllum bóksölum.

Verð $1.50

Hannyrðir.

Undirrituð veitir tilsögn í alls kyns hannyrðum gegn sanngjarnri borgun. Starfsstofa: Room 312 Kennedy Bldg., Portage Av., gegnt Eaton búðinni. Phone: Main 7723.
GERÐA HALDORSON.

VANTAR

Fasta umboðsmenn og hjálparmenn (canvassers), bæði konur og karla.

Gott kaup harða duglegum.

Skrifið og sendið naudsynleg meðmæli.

K.K. ALBERT
Box 456
WINNIPEG, MAN

„Að lesa og skrifa list er góð læri það sem flestir."

Ef þig langar til að læra að skrifa fagra rithönd, þá skrifaðu eftir upplýsingum og sýnishorni til H. F. Einarssonar, Pembina, N. Dak., sem kennir allskonar rithönd fjölbreytta pennadrætti og skrautskrift. Þú getur lært heima í þínu eigin húsi, því tilsögnin er send bréflega með pósti.

Hverjum, sem svarar þessari auglýsingu, verður sent spjald með hans eigin nafni skrautrituðu. 25-5

Sveinbjörn Árnason
Fasteignasali.
Selur hús og lóðir, aldsábyrgðir, og lánar peninga. Skrifstofa: 310 McIntyre Blk.
office TALSÍMI 4700. hús Tal. Sherb. 2018

BONNAR, TRUEMAN & THORNBURN,
LÖGFRÆÐINGAR.
Suite 5-7 Nanton Blk. Winnipeg, Man. Main 766 P.O.BOX 223

Anderson & Garland,
LÖGFRÆÐINGAR
35 Merchants Bank Building
PHONE: MAIN 1561.

HANNES MARINO HANNESON
(Hubbard & Hanneson)
LÖGFRÆÐINGAR
10 Bank of Hamilton Bldg. WINNIPEG
P.O. Box 781 Phone Main 376 " " 3142

Gísli Goodman
TINSMIÐUR.
VERKSTÆÐI; Cor. Toronto & Notre Dame.
Phone Garry 2988 :: Heimilis Garry 899

WINNIPEG ANDATRÚAR KIRKJAN
horni Lipton og Sargent.
Sunnudagasamkomur, kl. 7 að kveldi. Andartrúarspeki þá útskýrð. Allir velkomnir.
Fimtudagasamkomur kl. 8 að kveldi, huldar gátur ráðnar. Kl. 7.30 segul-lækningar.

W. R. FOWLER A. PIERCY.

Royal Optical Co
307 Portage Ave. Talsími 7286.
Allar nútíðar aðferðir eru notaðar við augn-skoðun hjá þeim, þar með hin nýja aðferð, Skugga-skoðun, sem gjöreyðir öllum ágiskunum. —

KAUPIÐ af þeim og verzlið við þá sem auglýsa starfsemi sínu í Heimskringlu og þá fáið þér *betri* vörur með *betra* verði og *betur* útilátnar.....

Talsími Heimskringlu
Garry 4110

Heimskringla.

Heimilis talsími ritstjórans:
Gar

XXV. ÁR | WINNIPEG, MANITOBA, FIMTUDAGINN, 4. MAÍ 1911 | NR. 31

Fregnsafn.

Markverðustu viðburðir hvaðanæfa.

— Verkfall hafa vélasmiðir og þeir, sem á járnverkstæðum vinna, í Bandaríkjunum, gert. Kraía þeirra er 8 stunda vinnutími. — Einnig hafa yfir hundrað brauðgerðarmenn í New York gert verkfall, af samúðarhug við hina. Í New York er talið, að yfir 10,000 handverksmenn hafi gert verkfall, og í öðrum borgum Bandaríkjanna svo sem Boston, Chicago og Indianapolis hafa fjölda margir hætt vinnu. Óséð er enn, hvað verkfall þetta verður almenn, en líkur eru miklar til, að meginþorri handverksmanna, sem í bræðra, lagsfélögunum eru, þó ekki vinni á járnverkstæðum, muni leggja niður vinnu, bæði af samúðarþeli við þá, sem nú hafa verkfall gert, og eins sem mótmæli gegn handsömun McNamara bræðranna, sem stolið var frá Indianapolis og fluttir til Los Angeles, ákærðir um að vera valdir að sprengingu Times byggingarinnar þar og annara dynamit sprenginga á síðasta hausti. Báðir voru bræðurnir leiðtogar verkamanna; annar þeirra, John J. McNamara, ritari járn- og stál-verkamanna sambandsins, og var því einn mest ráðandi meðal verkalýðs Bandaríkjanna. Handtaka þeirra er því hin eiginlega orsök til verkfallsins, þó annað sé jafnframt borið fyrir. — Bræðurnir neita harðlega, að vera valdir að ódáðaverkinu; en aftur hefir McManigal, sem handsamaður var með þeim, borið glæpina á þá, — og sig. Kveður yngri bróðurinn, J. W. McNamara, hafa keypt sprengiefnið og komið því fyrir með aðstoð sinni, en öll ráðin og framkvæmdir hafa verið verðar af John J. McNamara. Er þetta því höfuðsök, ef satt reynist. En verka mannafélögin trúa á sakleysi bræðranna og heljast handa gegn handsömun beirra og glæpaáburði. — Verkfallið getur því haft alvarlegar afleiðingar í för með sér, og nú þegar hafa 10 manns verið drepnir í þessum verkfallsróstum.

— Deitz málið fræga var tekið fyrir rétt í Hayward, Wis., í dag (miðvikudag). Er John F. Deitz hinn frægi stigamaður, hetja og verndari Cameron Dams, ákærður um morð á Oscar Harper, beim er féll í árásinni á bústað Deitz. Um hluttöku í glæpnum eru kærð Mrs. Hattie Deitz og Leslie sonur þeirra hjóna. Hin ákærðu hafa engan málærslumann, en aftur á móti sækja málið á hendur þeim beztu lögmenn Wisconsin ríkis. Er því ójafnt um sókn og vörn. — Myra Deitz, dóttirin sem skotin var, er nú albata, og verður viðstödd rekstur málsins, sem fréttaritari dagblaðs eins. — Þetta Deitz mál hefir vakið feikna eftirtekt um gjörvöll Bandaríkin, og bíða menn með óþreyju, hvernig kappanum frá Cameron Dam muni reiða af.

— Uppreist er hafin í Kína, og all-mögnuð talin. Hafa stjórnleysingjar, ræningjar og þjóðvinir gert bandalag, og fara með ranum og manndrápum um Kwang Tung fylkið, brennandi þorp og bæi. — Uppreistinni stýrir Kínverji einn, Usum að naíni, mentaður í Japan, íklæddur evrópiskum búningi og stjórnleysingi. Önnur hönd dans er ræningjaforingjinn Luk Shuntak. — Stjórnin hefir nú sent hersveitir gegn þessum óaldarlýð. Stórveldi heimsins munu hafa vakandi auga á, að trúboðar séu engum ofsóknum beittir, og sem komið er hafa engin oibeldisverk verið á þeim framin.

— Alfons Spánarkonungur hefir tæringu. Læknar hafa ráðlagt honum að dvelja í Sviss komandi vetur, því loftslagið þar muni hafa heilnæm áhrif á hann; en í sumar verður konungurinn að dvelja suður við Miðjarðarhaf. Alfons konungur verður 25 ára gamall 17. þ. m. og hefir alla sina stuttu æfi verið heilsulitill.

— Uppreistarmenn í Mexico hafa unnið borgirnar Durango og Mazatalan. Friðarumleitan hefir staðið yfir undanfarna daga, en enn sem komið er virðist enginn árangur hafa orðið.

— Nú hafa þjóðverjar einnig gert út leiðangur til Suðurheimsskautsins. Gufuskipið Deutschland, undir stjórn Filchners sjóliðsforingja, lagði af stað frá Hamborg í dag. Ferðin er farin undir umsjón Landafræðisfélagsins í Berlin. — Verða því fjórir leiðangrar í einu til suðurpólsins: Norðmaðurinn Amundsen á Fram, Englendingurinn Scott, leiðangur Japansmanna og nú þjóðverjar. — Hverjir pólnum ná, er harla tvísýnt, en marga grunar, að Norðmenn verði hlutskarpastir.

— Hudsons flóa járnbrautina á nú að fara að byggja. Útmælingar byrja innan fárra daga, en á sjálfri brautarlagningunni verður naumast byrjað fyr en seint í sumar.— Fyrst mun brautin lögð milli Winnipeg og Fort Churchill við Hudsons flóann, og verður hún 650 mílur. Aðalbrautin frá Fort Churchill til Kyrrahafsstrandar verður um 1600 mílur. Aukabrautir verða einnig til Edmonton og Prince Albert. Nafn það, sem járnbrautarkerfi þetta gengur undir, er "Hudson Bay, Peace Piver and Pacific Railroad", og verður kerfið 3250 mílur.

— Fimm börn brunnu til dauða á sunnudaginn var í St. Sophie sókn, í Quebec fylki. Foreldrarnir höfðu farið að heiman og skilið börnin eftir. Kviknaði í húsinu og brann það og börnin áður en hjálp varð við komið.

— Kolanámaverkfallið í Alberta og British Columbia heldur enn áfram. Allar samningsumleitanir hafa til þessa reynst árangurslausar, þrátt fyrir það, að verkamálaráðgjafi sambandsstjórnarinnar, — Hon. Mackenzie King — skipaði nefnd manna til að reyna að miðla málum.

— Sir Wilfrid Laurier lýsti því yfir í sambandsþinginu, að sökum þess að andstæðingar sínir vildu ekki leyfa gagnskifta uppkastinu að fara gegn um þingið viðstöðulaust, gæti ekkert orðið af Englandsför sinni, á alríkisfundinn og krýninguna. Mr. R. L. Borden kvað nauðsynlegt fyrir Canada, að forsætisráðherrann færi för þessa, og gerði fyrir hönd flokksins Sir Wilfrid þrjú tilboð: — 1) að hann fæli einhverjum af ráðgjöfunum stjórnartaumana og þingleiðsluna; 2) Að gagnskiftasamningunum yrði frestað til næsta þings; 3) Að þinginu væri frestað um þrjá mánuði, unz Sir Wilfrid væri kominn aftur úr för sinni. — Ekkert af tilboðum þessum vildi Sir Wilfrid þýðast. Það eina, sem hann vildi, var að gagnskifta uppkastið væri drifið í gegnum þingið fyrir 12. maí, daginn, sem hann ætlaði að leggja upp í Englandsförina. En að slíku gjörræði neitaði Mr. Borden að ganga. Eru því líkurnar að Sir Wilfrid fari hvergi.

— Gustav Svíakonungur og drottning hans eru í heimsókn í Rómaborg hjá Victor Emanuel Ítalíu konungi og Helenu drottningu hans. Hefir mikið verið um dýrðir í Róm vegna heimsóknar þessarar. — Ráðgert er, að ítölsku konungshjónin heimsæki Svíþjóð og önnur ríki Norðurálfunnar síðar á þessu sumri.

— Theodore Roosevelt, fyrverandi Bandaríkjaforseti, ráðgerir að fara til Íslands í sumar, eftir því sem dönsk blöð segja.

— Stórkostlegur eldsvoði gevsaði í borginni Bangor í Maine ríkinu í Bandaríkjunum á sunnudaginn var, sem lagði nær fjórðung af borginni í ösku. Allur verzlunarhluti borgarinnar brann og fjöldi íbúðarhúsa, svo hundruð manna eru húsnæðislausir. Tjónið er talið að nema fullum 6 miliónum dollars.

— Scott, forsætisráðherra Saskatchewan fylkis, er fullyrt að muni leggja niður völd sökum heilsubilunar og að eftirmaður hans verði J. G. Turriff, sambandsþingmaður fyrir Assiniboine kjördæmið. Hefir Turriff þegar selt íbúð sína í Ottawa og haldið vestur til Regina.

— Ellefu manns mistu lífið í járnbrautarslysi við MartinsCreek, N.J., á laugardaginn. Voru það flest kenslukonur á skemtiferð, er á lestinni voru, og fórust 8 þeirra ásamt þremur starfsmönnum járnbrautarinnar.

— Sendiherra Bandaríkjanna í Noregi, H. D. Pierce, hefir fengið lausn frá embætti. Í hans stað hefir Lauritz S. Swenson, sendiherra í Sviss, verið skipaður. Aftur til sendiherra í Sviss hefir verið skipaður Henry S. Boutell, sendiherra Bandaríkjanna í Portúgal, en í það embætti var skipaður E. B. Morgan, sendiherra í lýðveldinu Paraguay. En taft forseti á eftir að skipa sendiherra til Þýzkalands, en búist er við að það verði Nicholas Longworth, tengdasonur Theodore Roosevelts.

— Yfir 10 þúsund ungbörn devja árlega í Massachusetts í Bandaríkjunum, og er það hér um bil fimti hluti allra dauðsfalla. Svo hefir talist til, að rúm 60 prósent af þessum barnadauða orsakaðist af óheilnæmri mjólk. Á síðastliðnum 10 árum hafa 100,000 ungbörn látist í ríkinu. Nú hafa valdsmenn ríkisins ákveðið, að gera gangskör að því að óheilnæm og skemd mjólk verði ekki seld framvegis, svo fjöldi barna deyi ekki af þeim orsökum. — Barnadauðinn á þessum 10 árum er talinn að nema 170 miljónum dollars tjóni fyrir ríkið.

— Borgarstjórinn í Chicago skipaði í júlímánuði í fyrra sumar nefnd til að rannsaka siðferðisástand borgarinnar. Nefnd bessi hefir nýverið gefið skýrslu, og er hún talin ein sú svartasta, sem menn muna í þeim efnum. Meðal annars segir skýrslan, að 5 þúsundir ungra kvenna eyðileggist árlega og að 15 miliónum dollars sé evtt á ári hverju á pútnahúsum borgarinnar. — En þó segir skýrslan, að Chicago sé með betri stórborgum í siðferðislegu tilliti,— svo skæmar mega þær verstu vera.

— Parísarborg hefir eftir nýafstöðnu manntali 2,846,986 íbúa, og er hún því þriðja fólksflesta borgin í heiminum.

— Klæðskerar í Vínarborg hafa gert verkfall. Þóttust þeir ekki fá nægileg laun, þrátt fyrir það þó vinnuveitendurnir byðu þeim 10 prósent launaviðbót. Hinum þótti það of lítið. Fjögur þús. manns taka þátt í verkfallinu.

— Það hefir mikið verið rætt um það í norskum blöðum, hvort menta skuli Ólaf ríkiserfingja heima í Noregi eða á Englandi. — Bæði konungur og drottning, sem er dóttir Játvarðar konungs, vilja að prinsinn sé sendur til Englands, en ýmsir af ráðgjöfunum og stórmennum Noregs vilja láta menta hann heima í Noregi. Þó lítur svo út, sem konungshjónin muni fá vilja sínum framgengt, að Ólafur verði sendur til skóla a Englandi. Ýmsir norskir þjóðvinir telja það Noregi smán, ef svo verður.

— Horatio L. Mayer, sem þrjú undanfarin ár hefir verið konsúll Argentina lýðveldisins í Ottawa, hefir verið gerður að sendiherra lýðveldisins í Svíþjóð.

— Bandaríkin ætla að senda herskipaflota til Danmerkur og er ákveðið, að hann komi til Kaupmannahafnar 25. maí. Á þetta að vera gestaheimsókn. Bandaríkjaflotinn, sem til Danmerkur fer, verður 4 línuskip, undir stjórn aðmíráls Charles E. Wreeland. Mikill undirbúningur er undir þessa heimsókn í Danmörku; eiga mikil hátíðahöld að vera og herskipafloti Dana verður fagurlega skrýddur við það tækifæri, og undir stjórn hins nýútnefnda undir-aðmíráls, Valdimars prins konungsbróður. Búist er við, að heræfingar fari fram hjá báðum herflotunum. — Bandaríkja herskipin verða: Louisiana (aðmírálsskipið), Kansas, New Hampshire og South Carolina, hvert 16 þúsund smálestir.

— Sá sorgaratburður vildi til í bænum Roanoka, Va., að kona ein — Mrs. J. F. Nunn — ásamt 8 börnum hennar, brunnu til dauða að heimili sínu í suðvesturhluta bæjarins á föstudaginn var.

— Frá Buenos Ayres, höfuðborginni í Argentina, berast þær fréttir, að óvanalega mikil flóð geysi þar, gangi sjórinn yfir borgina á ýmsum stöðum og hafi sópað burtu eignum manna. Tvö hundruð lík hafa fundist, en búist við að fleiri hafi druknað, og fleiri þúsundir borgarbúa eru heimilis og allslausir. Hafa strax verið hafin samskot handa þeim bágstöddu er eignir sínar og ættingja mistu.

— Hon. W. R. Motherwell, akuryrkjumála ráðgjafi Saskatchewan fylkis er lagður af stað áleiðis til Englands. Verður við krýninguna í stað Scotts forsætisráðherra, sem ekki gat farið vegna veikindi.

— W. F. Munroe, fyrrum ritstj. Toronto Globe, andaðist í Toronto á sunnudaginn, 78 ára gamall.

— Dreka einum var hleypt af stokkunum á Englandi á laugardaginn var, sem ber af flestum öðrum, hvað vígbúnað snertir. — Nafn drekans er Princess Royal, og er 26,350 smálestir að stærð, og hefir 75 þúsund hesta gangafl. Á skipinu eru átta fallbyssur með 13½ þuml. opi hver, og þannig útbúið, að öllum má skjóta í senn á hvorri hlið sem er, og einnig fjórum fram og fjórum aftur. Þessar tröllafallbyssur senda 1250 pd. þunga kúlu fullar sex mílur vegar. Auk þeirra eru fjöldi smærri fallbyssa á Princess Royal.

— Fylkisstjórinn í Quebec fylki, Sir C. A. Pelletier, andaðist á laugardaginn var í Montreal, effir langvarandi veikindi.

— Bobby Milsome, einhver djarfasti og ófyrirleitnasti innbrotsþjófur og ræningi í Canada, slapp úr fangelsinu í Brandon á sunnudaginn var, og hefir ekki náðst síðan, þó lögreglan sé öll til handa og fóta eftir honum.

Alvarleg ákæra.

— Alvarlegar fjárdráttarákærur hafa verið bornar á innanríkisráðgjafa sambandsstjórnarinnar, Hon. Frank Oliver, af fyrverandi ritstj. Calgary News, Mr. Daniel McGillicully. Hafði hann snúið sér með ákæru sína til Sir Wilfrids og höfðu þeir þá fund með sér þessu viðvíkjandi. — Blaðið Toronto Telegram birtir viðræður ákærandans og Sir Wilfrids, og einnig myndir af bréfum þeim, sem hinn ákærði ritaði Sir Wilfrid, og svör. Einnig myndir, sem sýna innlegg hins ákærða í bankahöfuðbókinni. — Viðræðurnar, sem blaðið birtir, eru þannig: —

Sir Wilfrid—"Hinn ákærði er félagi minn og neitar ákærum þeim, sem þér berið á hann, og það er skylda mín að hjálpa félaga mínum".

Ákærandinn sagði—"Ef þér, Sir Wilfrid, ekki trúið, að Frank Oliver sé það, sem ég segi hann vera, þá hlýt ég að vera lygari, sem ber að verða auglýstur opinberlega sem slíkur. Einnig hlýt ég að vera falsari, sem ætti að taka fastan fyrir að hafa falsað bankaviðskifta bók Mr. Olivers. Því lætur ekki Mr. Oliver handtaka mig fyrir fölsun?"

Þessar viðræður hafa átt að eiga sér stað á hinum síðasta fundi af all-mörgum milli Sir Wilfrids og Mr. McGillicully. — Fyrsti fundurinn með þeim var 6. marz sl., og þá segist ákærandinn hafa birt Sir Wilfrid ákærur sínar og sannanir fyrir þeim, sem voru aðallega myndir af bankabók Mr. Olivers, er sýndu 50,000 dollara innlegg 3. okt. 1907, og síðar 9,000 dollara.

Þessar ákærur á innanríkisráðherrann eru svo alvarlegar, að það virðist sjálfsagt, að ítarleg rannsókn verði gerð í málinu. — Og er það stór furða, að Sir Wilfrid skuli ekki strax og honum bárust ákærurnar hafa látið taka þær til alvarlegrar hugunar, í stað þess að reyna á allan hátt að bera blak af ráðherranum. — Væri Hon. Oliver saklaus, væri engu minni ástæða að sanna með rannsókn að svo væri.

Stjórnarskráin samþykt

Símskeyti frá London 2. þ. m. segir að alþingi Íslendinga hafi samþykt frumvarp, er veiti konum, sem sé yfir 25 ára, kosningarrétt og kjörgengi. — Með því er að skilja, að stjórnarskrárfrumvarpið sé samþykt af þinginu, því það fór fram á, að veita konum ofangreind réttindi.

'Publicist' vs. 'Pugilist'.

Í fréttagrein í Lögbergi í síðustu viku (27. apríl) er getið um lát Joh. Passmore Edwards, eins af valinkunnustu rithöfundum Breta, og hann þar nefndur hnefaleikamaður.

Fregnin um lát þessa merkismanns er rétt, en stöðulýsingin ekki að sama skapi ábyggileg.

Flest eða öll blöð, gefin út á enskri tungu, hafa getið um lát þessa manns og nefna hann 'Publicist' (rithöfund), en ekki 'Pugilist' (hnefaleikara); að þessu leyti hefir þeim illa skjátlast í þýðingunni, ritstjórunum.

John Passmore Edward var eins og áður er sagt einn af valinkunnustu rithöfundum Breta. Hann var einnig mannvinur mikill og beitti sínum miklu hæfileikum til þess, að fá tryggðan frið milli stórþjóða heimsins. Í mörgum blöðum er honum svo lýst, að hann hafi verið "Publicist, philanthropist and advocate of international peace". En hvergi er þess getið, að hann hafi verið 'pugilist', — nema í Lögbergi.

Ályktunarorð.

Orri vill ekki leggja virðingu sína í veð fyrir að skattyrðast við gásarlappafífl Hkr. Fíflið virðist, — af rithætti þess að dæma, — eiga sæti í þeim flokki manna, er mest yndi hefir af að snúa sannleika í lygi; ennfrmur lítur svo út, sem það — fíflið — (J.E.) muni eiga sammerkt við þann, er kveðið var um þannig:

"Hann gat engan á himni vitað
heiðri tignaðan nema sig".

Sökum þess var honum steypt til h.....! Orri.

Ráðskonustaða og Hjúskapartilboð.

Konu af íslenzkum ættum, sem hefir góðar meðmælingar, er einhleyp eða því sem næst, hreinlát, heilsugóð og ekki mikið yfir 40 ára að aldri, og þar undir, — er óskað eftir sem bústýru og eiginkonu, ef svo um semst, á snyrtilegu íslenzku heimili suður í hinum nafnfrægu Bandaríkjum. — Ritstjóri Heimskringlu gefur address og fleiri upplýsingar, þeim, sem sinna vildu þessu tilboði.

STEFÁN JOHNSON, skósmiður, fyr á Oak Point, hefir bygt sér skóbúð, að 349 Queen St., St. James, hér í borg, og er byrjaður að verzla þar. Hann gerir einnig við gamla skó. — Íslendingar gerðu vel í að finna Stefán. Hann hefir góða vöru og selur ódýrt.

Íslendingur Stefán Valberg beið bana af eldingu í Churchbridge á laugardaginn var, segir blaðið Free Press.

KAPPRÆÐA
um vantraustsyfirlýsinguna til Björns Jónssonar

Samkoma

til arðs fyrir Únitara söfnuðinn, undir umsjón safnaðarnefndarinnar, verður haldin fimtudagskvöldið

4. maí, kl. 8

Prógram.

1. Söngur—Nokkrar stúlkur.
2. Kappræða; umræðuefni: Var vantraustsyfirlýsingin til fyrv. ráðherra Björns Jónssonar rétt lát?—Skapti B. Brynjólfsson og séra Rögnv. Pétursson.
3. Söngur—Tvær litlar stúlkur.
4. Upplestur—Þorsteinn Þ. Þorsteinsson.
5. Söngur—Nokkrar stúlkur.
6. Óákveðið— Hallur Magnússon og Eggert J. Árnason.
7. Upplestur—Séra Guðm. Árnason.

Inngangur 25 cents.

OGILVIE'S
Royal Household Flour
Til Brauð og Köku Gerðar
Gefur Ævinlega Fullnæging
EINA MYLLAN Í WINNIPEG,—LÁTIÐ HEIMAIÐNAÐ SITJA FYRIR VIÐSKIFTUM YÐAR.

BJARNASON & THORSTEINSON
Fasteignasalar
Kaupa og selja lönd, hús og lóðir víðsvegar um Vestur-Canada. Selja lífs og eldsábyrgðir.
LÁNA PENINGA
út á fasteingir og innkalla skuldir.
Öllum tilskrifum svarað fljótt og greiðanlega.
Wynyard - - Sask.

WALL PLASTER
"EMPIRE" VIÐARTAGA VEGGLÍM.
"EMPIRE" CEMENT WALL VEGGLÍM
"EMPIRE" FINISH VEGGLÍM.
"GOLD DUST" VEGGLÍM.
"SACKETT" PLASTER BOARD.
SKRIFIÐ OSS OG FÁIÐ VORA ÁÆTLUNAR BÓK.
Manitoba Gypsum Co., Limited.
WINNIPEG, - MANITOBA.

Þrjú kvæði.

I. HÖGGVINN SKÓGUR.

Niðingsverk! — og hrygðar-sjón að sjá
svona leikinn skógar-reitinn minn!
breiðst þú hefðir fram með allri á,
ef þeir hefðu' ei rifið stofninn þinn;
hlíðin væri vaxin þéttum meið,
— vei þeim, sem að ræna skrúðí lands! —,
klíður væri' á þinni þrasta-leið,
þig ef hefði ei smánað öxi manns.

Hvernig dirfist nokkur mannleg mund,
mörkin fagur-krýnd, að höggva þig?
— daggartárin skjálfa' í skemdum lund,
skærir himingeislar spegla sig;
munu' á vor þín minna og horfin ár
— mistan ljóma — þessi skógar-tár;
þó þig verma himins röðull hár,
hvernig ættu' að gróa öll þín sár!

Hefðir ei öxin höggvið stofninn þinn,
hlýlegt væri skjól við limið frítt,
margur hyrfi' í helgidóminn inn,
hugur fengi ró í stormi títt;
þætti ofheit hádags sumar-sól,
svölun mætti fá við lauftjald þitt,
undir krónum ættu fuglar skjól
og á greinum bygðu hreiður sitt.

Beinir viðir risu himin-hátt,
hefði fóð ei nagað ungan kvist,
lauf í vindi bærst við loftið blátt,
blærinn hefða faðmað þig og kyst;
annaðist þig engin mannleg hönd
— annars væri' ei holtið svona bert —;
Ísland saknar: Ó, þið skógarlönd,
öfunda ég laufskrúð ykkar hvert;

Beygja lágar hríslur höfuð sitt
hér að moldu, — og mér vökna brár,
er ég lít á leiðið, — rjóðrið þitt,
— loftið angar þó við daggar-tár;
— uppi' í trjánum áður þröstur kvað,
er nú dáið sumar-kvakið það;
hér á fornum helgum — undra-stað
hnipa kvistir, — liggur visnað blað!

II. KVÖLD-SKÝ.

Hver er sá 'inn silfurbjarti hjúpur?
silki tjaldast himin-marinn djúpur,
breiðast kvöld-ský fyrir sólar-sal;
sér þó gegnum ótal op á milli;
ofið hefir drottins hönd, með snilli,
úða-blæju yfir sjó og dal.

Útiloegn og yndisblandinn friður
andar nú í hjartað til mín niður,
hugann blíðkar heilagt sumarkvöld;
upp í lofti ómar fugla-kliður,
undir tekur hamrafossins niður,
breikkar tóna-bylgjan — þúsundföld.

Upp í fjarskann andans sjónir miða,
iða smá-ský, tvístrast þar og riða
bjartir móskvar bylgjum loftsins á;
á þeim festist fjöldi himinljósa,
fjærst í vestri er úða-bakki rósa,
í austri' er skýlaus uppheims-höllin blá.

Daggarblæjur liðast lofts í hæðum —
likt og faldar blakti' á töfraslæðum,
birtast, hverfa, breiðast fjær og nær;
frjálsar dansa' í friði sólar-hallar
fagurskrýddar Huldur loftsins allar;
Alvalds kraftur uppheims-strengi slær.

Leiðast smá-ský ljóss á örmum þöndum —
likt og englar taki saman höndum;
iða vængir eilífðar um geim; —
en við hafsbrún yzt hjá vestur-ströndum,
aftan-sól, sem lampa í hjálmaböndum,
lætur drottinn loga handa þeim.

III. ÞÚ, HLJÓMSINS GUÐ.

Þú, hljómsins guð! með viðtækt undraveldi,
þinn vængja-máttur lyftir þreyttum hug,
er flý ég til þín, inn — einn — á kveldi,
þú afl mér glæðir við þitt tóna-flug;
þú friðinn ber!
ég fagna þér!
þú fylgir mér til hugsjónanna landa,
með himin-sælu eilífðar í anda;
— minn uppheims guð! ég fagna þér!

Þú eykur hvíld á eftir dagsins striti,
er orgel-tónar blandast hlýtt í sál,
sem geisla-straumar geims — með ótal liti;
þú guð! við hjartað talar alheims-mál.
Ó, dýrð sé þér!
og dvel hjá mér!
í draumi láttu söngva-málið hljóma
sem bergmáls strengklið þýðra Edens-óma,
þú, alheims guð! — ég fagna þér!

Lárus Thórarensen.

— Eimreiðin.

Ferðasaga.

Þann 16. maí 1910 lagði ég af stað í ferðalag um íslenzku bygðirnar í Alberta og Saskatchewan. Ég ætlaði upphaflega ekki nema til dóttur minnar, sem býr í Edmonton. Eg lagði af stað frá Hamilton, N. Dak., og fór til Winnipeg. Ekki dvaldi ég í höfuðstað Manitoba í það skiftið, heldur lagði ég af stað daginn eftir áleiðis til Edmonton. Ferðin þangað tók um hálfan annan sólarhring, og ég var orðinn þreyttur, þegar ég kom til bæjarins. Ég hafði sent hraðskeyti frá Battleford til dóttur minnar að láta hana vita, hvenær ég kæmi — svo hún mætti mér á járnbrautarstöðinni og fór með mér heim til sín. Hún er gift innlendum manni, að nafni McArthur, sem stundar rakara-iðn þar í borginni.

Annan daginn, sem ég var í bænum, mætti ég Jóni Péturssyni, frá Kolgröf í Skagafirði, gamall bænda-öldungur. Hann er hraustur og ern, þó hann sé kominn á áttræðisaldur, og hefir lifandi áhuga fyrir öllu því, sem er að gerast heima á ættlandi voru. Kemur það þar í ljós, sem víðar, að hin eldri kynslóð þjóðar vorrar hér vestra, ber ennþá heita ást til ættlands sins og æskustöðva, þó sú tilfinning komi misjafnlega í ljós.

Mér féll vel við borgina Edmonton, þó hún sé enn ung, þá hefir hún 40 þúsund íbúa. Borgin er mjög falleg, það sem ég gat séð af henni. Loftið er hreint og ólíkt því, sem það er í flestum stórborgum, sem ég hefi komið í. Enda er loftslagið í Alberta fjarska hreint og holt þar sem ég kom, og átti mjög vel við mig.

Frá Edmonton fór ég til Markerville, Alta., og dvaldi þar sjö daga. Markerville er bygð mest af Íslendingum. Það er litið sveitarþorp; hefir póstafgreiðslustað, 3 verzlanir og smjörgerðarhús. Engin járnbraut liggur þangað.

Meðan ég dvaldi í þessari bygð, var ég hjá Bjarna Jónssyni, frá Búðum í Skagafirði, gömlum æskuvin minum, og konu hans Þorbjörgu Jóhannsdótturj frá Garði í Hegranesi. Þessi hjón búa hálfa milu frá Markerville. Þau gerðu alt möguleget til að gera mér lífið þægilegt og skemtilegt. Keyrði Bjarni mig út um bygðina, svo ég gat séð og talað við marga fornkunningja þar.

Fyrst kom ég til Kristins Kristinnssonar, eins af mestu efna- og framfaramönnum þar í bygðinni. Hann er jafn fjörugur og skemtilegur eins og hann var, þegar hann var hjá okkur Dakota búum, og þótti mér mjög gaman að koma heim til hans.

Því næst fór ég til St. G. Stephánssonar skálds. Það er bæði skemtilegt og fróðlegt, að heimsækja hið margfróða og spakvitra fjallaskáld. Óefað er Stephán G. Stephánsson einn af mestu og einkennilegustu gáfumönnum þjóðar vorrar. Skilningurinn er óvenjulega skarpur. Dómgreindin óvenjulega skýr; og þrátt fyrir það, að hann hefir orðið að stunda bú sitt og ganga til erfiðisvinnu, eins og aðrir af frumbýlingum þessa lands, er þekking hans á nútíðarstefnum og vísindum yfirgripsmikil og nákvæm. — Það, sem einkennir St. G. Stephánsson sem skáld og mann, er sjálfstæði hans og frelsisþrá. Það eru þessir tveir eiginleikar, sem hafa markað stefnu hans öllu öðru fremur; það eru þeir, sem hafa valdið því, hversu miskunnarlaust hann ræðst á alt, sem að hans dómi heftir sjálfstæði og skoðunarfrelsi einstaklingsins, og handtök hans eru ómjúk og karlmannleg. En jafnframt því er framkoman svo skorinorð og drengileg, að hún vekur ekki að eins aðdáun flokksbræðra hans, heldur virðingu þeirra, sem atvik og skoðanamunur hefir skipað í mótstöðuflokk hans. Hjá St. G. Stephánssyni koma hin beztu einkenni hinnar íslenzku þjóðar skýrt í ljós: Gestrisni, sjálfstæði í skoðunum, drenglyndi og óbilandi karlmenska til að mæta lífinu og berjast fyrir skoðunum sínum. — Eg dvaldi all-lengi hjá St. G., og ræddum við um forna æskudaga og málefni ættlands vors og þjóðar. — Stephán hugsar mikið um málefni ættlands síns, og ber innilega ást til þess. — Stephán býr við allgóð efni, þykir vænt um heimili sitt og stundar það með atorku og hagsýni.

Frá Stephani fór ég til Sigurðar sonar Jóns heitins skálds Árnasonar frá Víðimýri í Skagafirði. Þar dvaldi ég stutta stund. Sigurður er gleðimaður mikill og gestrisinn, en í þetta sinn hvíldi þung sorg yfir heimili hans, því kona hans lá all-þungt haldin á sjúkrahúsinu í Red Deer. Sigurður er maður vel greindur og hagorður sem faðir hans.

Næst heimsótti ég Hróbjart Einarsson, bróður Methúsalems Einarssonar á Mountain, N.D. Hann tók mér tveim höndum og kvaðst glaður að frétta af högum manna í North Dakota. Hróbjartur býr rausnarbúi og heimili hans er sönn fyrirmynd að gestrisni og hibýlaprýði.

Svo ór ég til Jónasar Jónssonar, frá Saurbæ í Skagafirði. Hann býr fast við Markerville bæinn, og á landið, sem bærinn stendur á. Hann er glaðlyndur og góður heim að sækja.

Eftir að hafa dvalið 7 daga í hinni blómlegu Alberta nýlendu og skemt mér ágætlega, lagði ég af stað til Edmonton. Ég fór af heimili Bjarna, sem áður var getið, með syni hans Vilhjálmi, sem hefir verzlun í Markerville ásamt Jóni bróður sínum og einnig keyrir póstinn frá Markerville til Innisville. Á leiðinni fórum við í gegnum Tindastól, og hitti ég þar Jóhann Bjarnason, póstafgreiðslumann. Hann býr við góð efni á 320 ekrum af landi og hefir stóra gripahjörð. Bú hans er í mesta uppgangi. Efalaust er hann einn af mestu efna og framfaramönnum bygðarinnar.

Ég dvaldi tvo daga í Edmonton, þegar ég kom aftur. Ekki fór ég samt mikið um borgina. Þó kom ég til gamla Jóns Péturssonar.

Ég lagði af stað frá Edmonton þann 30. maí, og fór til Wadena í Saskatchewan. Kom ég þangað daginn eftir. Ég var svo heppinn, að hitta Pétur Johnson, sem ég hafði kynst hér í North Dakota, og tók hann mig heim til sín. — Pétur er gripakaupmaður og hefir mikið um sig, því auk þess sem hann kaupir gripi út í nýlendunni og flytur þá til Wadena, þá hefir hann land á Elfros. Hann er atorkumaður, framgjarn og hyggjinn og því líklegur til að verða bygð sinni til gagns og framfara. Ég var eina nótt hjá honum og hann keyrði mig daginn eftir til Guðvaldar Jónssonar, gamals nágranna mins frá North Dakota. Hann tók mjög vel á móti mér og þótti vænt um að sjá mann sunnan frá gömlu bygðinni sinni. Guðvaldi hefir mikið og gott akurland og fjölda af gripum; t.d. 12 mjólkurkýr. Þótti mér mjög gaman að skoða bústofn hans og umbætur þær, sem hann hefir gert á landi sínu. Og ekki skortir gestrisnina hjá honum; var sem hann ætti bróður að fagna, þar sem ég var, og lét sér um ekkert jafn hugað eins og það færi vel um mig og mér yrði dvölin sem skemtilegust og ánægjulegust.

Daginn eftir fór ég til Wynyard, sem er að eins tveggja ára gamalt þorp, en í hinum mesta uppgangi. Mætti ég þar fáeinum gömlum gömlum kunningjum, sem mér þótti vænt um að sjá. Ég stóð litið við í bænum, því Skúli Guðmundsson, gamall kunningi minn, kom og sótti mig og fór með mig heim til föður sins, Lárusar Guðmundssonar, sem lengi bjó í Pembina í N. Dak. Hann hefir numið land 5 milur frá Wynyard og liður vel. Lárus tók mér vel, eins og allir aðrir, og lét keyra mig til Kára Þórarinssonar, sem áður bjó á Akra, N. Dak. Kári býr ágætu búi, hefir mikið land undir ræktun og eykur það stöðugt. Áhuginn er mikill og lifandi, starfsþrekið óbilandi.

Kári keyrði mig til Guðvalda daginn eftir, og dvaldi ég þar í tvo daga, og lagði svo af stað til Wadena, til þess að fara til Winnipeg. Ólafur Jóhannsson, gamall nágranni minn úr North Dakota, keyrði mig til járnbrautarstöðvanna í Wadena. Ólafur á myndarlega verzlun í Elfros og bar að auki 320 ekrur af landi í hinni unga en þó vel þroskuðu nýlendu Íslendinga. Við keyrðum þvert í gegnum nýlenduna, þegar við fórum til Wadena, og hafði ég gott tækifæri til að skoða landið.

Nýlendan er ein af yngstu bygðum Íslendinga í Canada, en mikla framtíð ætla ég húnni eigi fyrir hönd um. Einkum virðist landið norður frá Elfros vel fallið til ræktunar, en austurhluti bygðarinnar sýnist hrjóstrugri. — Að mínu áliti voru það engar ölgar, sem Heimskringla fór með í fyrra um þá nýlendu. — Það, sem mest stendur bygðinni fyrir þrifum, eru sumarfrostin og vorkuldarnir. Til dæmis má geta þess, að nóttina, sem ég var á ferðinni frá Edmonton til Wadena, þurfti að nota hitunarleiðsluna í farþegavagninum, og þó var komið fram í júní.

Það voru margir aðrir í bygðinni, sem mig langaði til og var búinn að ásetja mér að sjá, en sem ég ekki gat séð ýmsra orsaka vegna.

Morguninn þann 8. júní kom ég til Winnipeg og dvaldi þar þangað til kl. tvö daginn eftir, hjá Árna Jónssyni, stjúpbróður mínum. — Ég notaði þann tíma til þess að skoða mig um í bænum, og naut til þess leiðbeiningar frá JónSamsyni, lögregluþjóni. — Margt er það og mikið, sem þessi bráðþroska og framfarabær hefir að sýna, og miklar eru breytingarnar síðan Íslendingar fyrst námu þar staðar, þegar bærinn var að eins smáþorp á bökkum Raudár. En alt er það svo kunnugt lesandanum, að ég hygg óþarft að fjölyrða um það. Lítils mundi ég þó hafa notið af því, sem gaman og fróðlegt er að sjá í Winnipeg, ef herra Samsonar defði ekki notið við, því erfitt er að rata um borgina fyrir ókunnuga. Sýndi hann mér hina mestu kurteisi, fylgdi mér um borgina og að síðustu á járnbrautarstöðina, þegar ég lagði af stað heimleiðis.

Að endingu þakka ég vinum mínum í Alberta, Saskatchewan og Manitoba fyrir þá stöku alúð og gestrisni, sem þeir sýndu mér á þessu ferðalagi, og sem gerðu mér dvölina í bygðum sínum svo skemtilega.

Jóhann Jóhannsson.

JÓN JÓNSSON, járnsmiður, að 790 Notre Dame Ave. (horni Toronto St.) gerir við alls konar katla, könnur, potta og pönnur fyrir konur, og brýnir hnífa og skerpir sagir fyrir karlmenn. — Alt vel af hendi leyst fyrir litla

ISLENZKAR BÆKUR

Ég undirritaður hefi til sölu nálega allar íslenzkar bækur, sem til eru á markaðinum, og verð að hitta að Lundar P.O., Man. Sendið pantanir eða finnið.

Niels E. Hallson.

Drykkjuskapur og tóbaksnautn.

Ef til væri meðal, sem læknaði drykkjuskap og tóbaksnautn, án vítundar og tilverknaðar neytandandans sjálfs, þá yrði það merkasta uppfynding aldarinnar, því hver drykkjumaður og tóbaksneytandi hyrfi á skömmum tíma.

Hver sem hefir í hyggju að lækna annanhvorn þennan ávana kunningja sinna á þennan hátt, mun sjá, hversu fráleitt það er, ef hann hugsar ögn um það.

Það þarf að beita fullkominni einlægni við þann, sem lækna skal. Með hans aðstoð má lækna hann af hvorum þessum löstum, en árangurslaust án hans hjálpar og samþykkis.

Dr. McTaggart í Toronto, Can., ábyrgist, að lækna menn af drykkjuskap á þremur til fjórum dögum, ef forskriftum hans er nákvæmlega framfylgt. Læknirinn hefir selt þétta ofdrykkju læknislyf til fleiri ára og hefir bætt fjölda manns. Lyfið kostar að eins $25.00 og mun reynast eins vel, ef ekki betur, og nokkur $100 lækning, sem völ er á.

Meðal hans móti tóbaksneyzlu, er sérstaklega tilbúið í því skyni. Kostar að eins $2.00, og geta menn læknast af því á hér um bil tveimur vikum

Bæði lyfin eru ágæt til styrkingar líkamans, og hafa engin óholl eftirköst á þann, sem læknaður er.

Fjöldi vottorða gefin af fúsum vilja. Getur hver lengið að sjá þau, sem þess óskar.

Lyfin send, þegar borgun er fengin. Burðargjald ókeypis. Bréfaviðskifti boðin, — stranglega heimuleg.

Skrifið eða ráðgist við

K K ALBERT,

einka-umboðsmaður í V.-Canada,

708 McArthur Bldg., Winnipeg.

Tóbak-Vísindalega meðferð þess

TILBÚNINGURINN. — Tóbak er jurt, og eins og allar aðrar jurtir þarf undirbúning til mannlegra nota. Það er eins mikill munur á réttilega tilbúnu tóbaki og blöðkutóbaki eins og á hrárri eða hæfilega soðinni fæðutegund. Sósan er tóbakinu það sem suðan er fæðunni, eða ölgan víninu. NEFTÓBAK ER VÍSINDALEGA TILBÚID TIL MANNANOTA.

Hversvegna tóbaks notendur kjósa Danskt framar öllu munntókaki:

Það er tilgert tóbak í þess hreinustu mynd.
Það er keim-betra og heldur styrkleik sínum og keim.
Það er drjúgt af því það endist betur. Það dregur ekki athygli, því það er ekki tuggið — að eins sett milli munngómanna
Það eftirskilur kælandi smekk í munninum. Það er tóbak vísindalega tilreitt til mannlegra nota.

Gæði og hreinleiki ábyrgstur.

Kaupmannahafnar Munn-Neftóbak er gert af bezta og kröftugasta blöðku-tóbaki, að viðbættum þeim efnum, er hafa sömu eiginleika og blöðku-tóbaks hreinsaður keimlögur. Tilbúningurinn viðheldur tóbaksgæðunum og hrekur remmuna úr laufinu.

AÐVÖRUN

Takið að eins lítið í munn, — annars finst yður máske tóbakið of kraftmikið.

Danskt Munn-Neftóbak er smá korn af hreinu, sterku munntóbaki. Þess vegna veitir það betur kraft sinn, en blöðku tóbak eða stórskorið tóbak, rétt eins og smámalað kaffi gefur kraftinn frá sér betur en grófmalað.

COPENHAGEN SNUFF

Er heimsins bezta munntóbak

NATIONAL SNUFF COMPANY, LIMITED

900 St. Antoine St., MONTREAL

"HEIMSKRINGLA"

The Hyland Navigation Co.

hefur nú opnað

SUMAR SKEMTIFERÐA SKRÁSETNINGAR

Margar þegar skráðar.

TJALDSTAÐIR til leigu til sumardvalar, í

"HYLAND PARK"

Rètt við ána. Dýrðlegt útsyni. Strætisvagnar á hverjum tuttugu mínútum.

HYLAND NAVIGATION CO.

13 Bank of Hamilton Chambers. Winnipeg.

Með því að biðja sérlega um "T.L. CIGAR," þá ertu viss að fá ágætan vindil.

T.L.

Smoke the T.L. CIGAR

(UNION MADE)

Western Cigar Factory

Thomas Lee, eigandi Winnipeg

Hæzta Leirskáldið.

Motto:

"Hér máttu sjá það, sálin mín,
hvað seinna muni bíða þín".

Ég hefi allatíð viðurkent að Lögberg hafi viljað vanda sig að því að flytja sem allra minst af einskisverðum ljóðaþvætting. Og er það vel gert og réttlátt gagnvart hugsandi mönnum, sem er að einhverju leyti ant um heiður og menning sinnar þjóðar hér. Um leið og það sýnir, að ritstjórar þess blaðs hafa dómgreind til að þekkja bullið frá því, sem boðlegt sé og vansæmislaust að birta.

Nú í Lögbergi 2. marz hafa ritstjórar blaðsins í einhverju gáleysi gengið fram hjá sinni góðu reglu í þessu efni, því 'Skeljabrot' Þórst. Þ. Þorsteinssonar, sem þar birtast — X alls — eru einn sá allra vesælasti, vægast talað, ljóðasamsetningur, sem ég hefi augum litið á prenti. 'Nýgræðingur' Andrésar, sem út kom fyrir nokkru síðan, og er sannur gimsteinn í vestur-isl. skáldaflónsku, er engu verri en þetta bull, og öldungis mánlaus týja. En þessi 'Skeljabrot' eru samanhnoðuð alt í gegn af staðlausri rangsleitni til beztu manna sinnar samtíðar, og yfirhöfuð lítilsvirðing á þjóðflokki sínum hér, sökum þeirrar fávizku, að almenningur ekki fær skilið og viðurkent allan rembinginn, sem þessir dulspekis (!!) skáldakongar eins og Þ.Þ.Þ. og hans nótar, eru að troða upp á almenning.

Þegar ég áður hefi gert mig svo djarfan, að finna að ljóðagerðarbullinu, sem flotið hefir út af hverju keri hér meðal landa — að minsta kosti á meðan Hagyrðinga félagið stóð í blóma — og fékk þá að launum, sem við var að búast, öllkröfugustu afturgönguheiti, svo sem Móri, Lalli og Skottur, og ómældar skammir í kringum þessi þrifanöfn. Og var þá oft meðal annars fundið til foráttu minni hlið, að ég gagnrýndi ekki nógu vel þeirra heiðarlegu verk og djúpu speki, sem maraði allstaðar í kafinu, en kæmi ekki upp á yfirborðið nema stöku sinnum, til að taka sin stóru andköf eins og hvalir í hafinu; en þá kæmi líka voðalega stórar vísdómsgusur úr þessum miklu skáldahvölum, þegar þeir væru næstum komnir að spreng af framfaraþrá og umbótaþörf, fyrir heill sinnar hálfblindu og sofandi þjóðar. En eins og áver meðal skynsamur maður ætti að sjá, að þessum ógurlega spenningi fylgir reykur og móða, sem vér (smámennin) sæum ekki í gegnum, en þar væri "samt (mörg) hugsjón dreymd í dagrenningi aldar". Og svo væru þessi 'hugrænu orð' og 'hver eldleg sál' að engu virt hjá þessum erkiflónum, sem þó eiga því lári að fagna, að vera samferðamenn þessara andlegu engla. En "svo má brýna deigt járn að bíti um síðir". Stað-uppgefnir af sínum eldmóði hrópa þeir í reiði sinni: "það finst máske seinna, þó finnist ei strax, hér flón áttu leiðsögn hins komandi dags".

Nú skal ég ofurlítið frekara ganga í gegnum þessi 'Skeljabrot', þennan svokallaða skáldskap. — Brotin eru tíu talsins og taka upp tveggja dálka rúm í Lögbergi frá ofanverðu og niður í gegn. Margar þessar versa eða erinda hlussur eru 12 og 13 langar hendingar eða línur. En eiður hreinn, að mér sé hægt að finna nokkra nýja, fagra eða hugljúfa kenning eða steinu í gegnum alla þessa syrpu. Og sama er að segja um það, að eftir mælikvarða gófugs manns, sem vill vinna sér álit og hylli þjóðar sinnar sem skáld, þá er ekki barna, ekki snæfill, ekki korn af viti eða sanngirni. Alt er bláber heimska og rembingur. Ekki einu sinni fært þannig í rím, að nokkrum manni sé auðvelt að læra eða raula sér til gamans þessa lífsspeki!! Eins og það er stórt um sig, eins er það stór vitleysa frá upphafi til enda.

Ég er nauðbeygður til að sýna hér í fullri stærð sumt af þessum lélegu skáldbrotum, til að sanna mál mitt, jafnvel þó það hljóti að kreíjast rúms. En ég skoða það gagnvart hverri menningarþjóð, að það sé ein af aðalskyldum ritstjóra og heiðarlegra blaða, að kveða niður með djörfung og röksemi alt akáldskapar-húmbúgg, en lyft þeim upp til álits og verðugrar hluttekningar, sem eiga slíkt skilið. —

"I. Á uppboði.

Á sömu vog, á sama mál,
er sérhver bókin vegin, mæld,
Hvert hugrænt orð, hver eldleg sál
við óhreint cent er límd og næld,
(að minsta kosti á þessu þingi).—
Mót andans þyngd hjá almenningi,
er eyrisvirðið þúsundfalt.

Þar Tolstoi fell með tíeyringi,
en trú og 'nikkel' vega salt.
Hver koparhlunkur grænn sem gras
er gíftudrýgri en Matthías.
— Hér máttu sjá það sálin mín,
hvað seinna muni bíða þín".

Að undantekinni örvæntingunni síðast, "Hér máttu sjá", o.s.frv., er í hverri einustu línu af þessari langloku svo svívirðileg rangsleitni til hugsandi manna og þjóðar vorr ar yfir höfuð, að slíkt er ómögulegt að forsvara eða mæla bót á nokkurn hátt. — Á Tolstoi og Matthías skal ég minnast í sambandi við númer 3.

"II. Þökk fyrir 'Kvisti'.
(Til Sig. Júl. læknis Jóhanness.).

"Vor er á jörðu — vor hins
djúpa og hulda".

Þannig byrjar þessi tólfhenda ómynd. Þarna er Þorsteinn í almætti sínu með sitt óviðjafnanlega fimbulfamb og stjórnlausan heimsku rembing. Það er eins konar staðlaus hugsjóna leiftur, norðurljósa titringur, — eiginlega engin heil mynd, hvorki upphaf né endir. Það er spálaborg, sem fellur í hrúgu, ef á hana er blásið. Hann hefir ætlað að vanda sig ákaflega mikið, og fara út öllum hversdags búningi í sparifötin sín. En þá fer verst fyrir klaufunum, þegar þeir ætla sér að vera eða gera það sem þeir ekki eru menn til.

En af því að mér er sérlega vel til Dr. Sig. Júl. og eins mjög vel við 'Kvisti', sem eru hans lifandi hrein eftirmynd, þá skal ég hjálpa upp á aumingja Steina og láta ykkur vita, hvað hann ætlaði að segja, eða eiginlega vildi sagt hafa.

Vorblíða og hlýindi kærleika og mannréttinda er rauði þráðurinn og aðaleínið í gegnum alla þína 'Kvisti', vinur minn. Hversu ánægjulegt væri ekki að hugsa til þess, að böl og beiskja kuldans og harðýðginnar mætti hverfa sem fyrst, og sólin og sumarið úr þinni góðu sál gæti fengið varanlega festu í mannfélaginu. En þetta: "Mannlífsins eik ber undra greinar nýjar", — það er ég í standandi vandræðum með að geta búið til nokkuð nýtilegt og fagurt úr því 'þirum pári' í sambandi við verðskuldaða þökk fyrir 'Kvisti'.

Eins og hugsunin kemur nú þarna hjá mér, einföld og óbrotin, og svo sönn, að enginn mun vera til, sem hneykslast á henni, — þá hefði Magnús Markússon, Jón Runólfsson og sumir fleiri getað komið henni allri með þíðleik og fegurð í eina ferskeytta vísu, sem hefði verið fagurt vinarblóm til höfundarins, og lifað með ánægju á vörum almennings. En þessa skripamynd, eins og hún kemur frá Þorsteini, vill enginn lifandi maður heyra eða sjá.

Ég ætla að leyfa mér að bæta þessu við: Af hverju er Dr. Sig. Júl. að ná almenningshylli hjá þjóð vonri sem skáld? Af því hann var þegar hingað kom, sem betur fór (guði sé lóf), of vel mentaður og sjálfstæður í anda og steinu, til þess að gera sig að þeim bölvuðum apaketti, að fara að rembast við að yrkja í þeim búningi, sem fáir eða engir skildu.

Sama verður með séra Lárus Thorarensen, hann nær nér alþýðuhylli. Báðir eiga fagra sál og gott hjarta, báðir elska þjóð sína og er fram yfir alt um það hugað, að hún geti skilið hvert einasta bætandi orð, sem þeir til hennar tala. — Þannig eiga skáld og leiðandi menn að vera.

III. Svar.

Þið segið skáldin skilji sig ei sjálf
og skáldsins breytni sé mót kenning hálf.
En hver fær skilið alt, sem andann dreymir,
og æðstu hugsjón fylgt, sem sálin geymir?
Og samtíð þess, er sannleiksbrotið gefur,
hún sig og hann í lyga-slæður vefur.
Samt ugsjón dreymd í dagrenningi aldar
í dagsverk oft er breitt, er nóttin tjaldar".

Alt, sem mögulega er hægt að grafa út úr þessu 'Skeljabroti' er þetta: Það er ekki hægt, og aldeilis ekki heimtað af neinum, að almenningur skilji þessar afarháu hugsjónir, og ramflóknu dsaumóra skáldanna. Svo vefur samtíðin, — það er þjóðin — þau (skáldin) og sjálfa sig í lygaslæður, og þar skilur Þorsteinn minn alt drasliðeftir. En vonar samt, að í aldarlokin, áður en nóttin dettur á árið 2000, að þá verði eitthvað farið að greiðast úr flækjuskrattanum.

Í sambandi við þennan dýrgrip ætla ég að eins að minnast á Tolstoi og Matthías, sem Þ.Þ.Þ. lætur þjóðirnar einskisvirða. Af hverju var Tolstoi eini frjálsi maðurinn í öllu Rússaveldi? Af því að öll þjóðin undantekningarlaust skildi hann og þar af leiðandi elskaði hann. Og hefði stjórnin — eins og hana oft sárlangaði til —, hnept hann í fangelsi, þá var tjón og eyðilegging búin keisaratignini — Af hverju er elskuverði öldungurinn hann séra Matthías kallaður 'lárviðarskáld'? Af því að þjóð hans sem lágum hefir hann verið auðskilinn. Og sama má segja um Steingrím rektor Thorsteinsson. Báðir eru hálærðir menn, og eru gagnkunnugir hinum þyngstu ráðgátum fræðgustu skálda, sem heimurinn hefir átt og alið. Samt leggja þeir smælingann — í andlegum skilningi — jafnt að brjósti sínu og þann stærri, og kveða lifandi orð á tungu þeirra.

IV. brotið "Ómögulegt". — Því sleppi ég alveg. Þar er ekkert nýtilegt í, að eins afkáraleg samlíking, eins og hún er skeytt við efnið.

"V. Í kuldanum.

Vér Manitoba ei mundum gleyma,
þótt munnvatnið frysi ei upp í
oss, —"

Svona haldið áfram með sömu andagiftinni og hugsjónafluginu (!!!) tólf langar hendingar. Jafn grúthoraðan og þróttlausan vaðal hefi ég aldrei fyrr séð á prenti, eftir mann, sem þykist vera hagorður og með fullu viti. Ég vildi mega treðja þá, sem halda því fram, að Þ.Þ.Þ. sé skáld, að bera saman kvæðið eftir Kristján Jónsson skáld, sem byrjar svona:

"Nú er frost á fróni,
frýs í æðum blóð;
kveður kuldahljóð
Kári í jötunmóð.
Yfir laxalóni
liggur klaka þil;
hlær við hríðar byl
hamra gil".

— og gæta svo að öllum þróttmiklu og skýru dráttunum, sem Kristján sýnir manni í gegnum þetta kvæði, sem líklega flestir landar kunna. — þá verður mismunurinn svona: maður kemur úr tómleikanum, vesældinni og allsleysinu frá Þ.Þ.Þ. og inn í búr allsnægtanna og styrkleikans hjá Kristjáni.

Gaman hefði ég haft af því, að sjá kvæði eftir 'Þorskabít' okkar um kuldann, þegar frostið stígur 40—50 undir mark. Þar hefði orðið meiri veigur í. Og ekki hefði gamli Sigurður okkar Jóhannesson boðið nokkrum manni betta blávatn.

"VI. Endir á þjóðsögu.

Þótt dreymi oss þjóðleg, inndæl
æfintýri,
þau enda við dagsbrún hjá ketti'
út í mýri,
sem rekur upp tungu, og réttir út
stýri".

Þarna hafið þið þið það nú alt, piltar mínir. Það er svo sem ekki tekið af vanefnunum að tarna. En því í ósköpunum lét hann okkur ekki eiga þjóðlegu setningarnar óáreittar. Ég sé enga prýði í því, þó hann reki út tungu-bleðilinn þarna á milli. — Annars er þetta gott sýnishorn af skáldlegri andagift höfundarins.

"VII. Mælt út í bláinn (Harmagr. Jerem.).

Já líf vort á fleiri lalla en verndar
engla,
á leiðinni milli húsgangara og
þengla.
Og Skottur og Mórar að skimpi
oss hafa,
sem skráma vorn líkama og sál
vora grafa
í hæzt-móðins tízku og erfðum frá
afa".

Veit nú nokkur lifandi vera á guðsgrænni jörð, hvernig eigi að fara að grafa "í hæzt-móðins tízku og erfðum frá afa". Nei, þetta er, eins og svo oft hjá Þorsteini, stjörnuhrap hins andlega vesaldóms. Svo heldur hann áfram, og fær nú annarstaðar frá heilmikið af vindi:)

Það finst máske seinna, þó finnist
ei strax,
hér flón áttu leiðsögn hins kom-
andi dags
að bálköstum erlendum bræðra-
lags,
þars brennur vors þjóðernis kræk-
lótt rengla".

Aðalhugsjónin og yrkisefnið í gegnum þessa skelja-kræklu, eins og flest í téðum bálki, er að minna menn á, hve sárafáir þeir eru, sem sjá dýrmætið og gróðann, sem í er fólgið, að eiga þessi góðu skáld eins og Þ.Þ.Þ. og hans líka. En líkt að tölu og legión er andlegt illþýði og erkiflón, sem ólmast hér sem gráðug ljón, og vinna oss það voðatjón, bæði á sál og líkama. Það má næstum heyra grátstunurnar í gegn um allar hörmungarnar, sem skáldið verður að þola.

Langtum var það karlmannlegra og meir afgerandi hjá gamla Einari Jochúmssyni, þegar hann var að yrkja fyrir okkur, sællar minningar. Þá kvað hann:

"Ég er ekki tunna tóm,
né tarfur þrár í fjósi;
hálærða ég dreg fyrir dóm
og dæmi þá í ljósi".

Enda nær ekki Þorsteinn tánum enn sem komið er þangað, sem gamli maðurinn hafði hælana í skáldskaparlistinni.

"VIII. Á vori.

Yfir sumar sólum
sólar dísir vaka".

Þetta er eina fagra setningin í allri þessari syrpu, sem ég hefi gengið í gegnum. Ekkert ólíkt því, sem M. Markússon mundi hafa byrjað um vorboða — vorbyrjun. En svo hefði þá líka gleðin og fegurðin haldið áfram erindið út í gegn. En þarna hjá Þorsteini skýtur upp — eins og hér um bil æfinlega — þessum ljósglampa í upphafi, sem hverfur á augabragði, og eftir verður auðn og myrkur. — Annars er þetta alt á sömu bókina lært. VIII. brotið er ein harmaklögunin yfir flónsku alþýðu að geta ekki skilið og viðurkent sín miklu skáld. Það er "niðhöggstönn, sem nagar neðstu hjartarætur". Og hjá þeirri þjóð er sífelt svartnætti, heimska og illgirni. Sómalegur vitnisburður, ef sannur væri.

"IX. Ef

Ef — ást og list í eining hjá þér
vinna,
þú eignast gimstein snildarverka
þinna".

Þessi huggun til skáldanna er ekki lengri. En til að vera í samræmi við Þorstein, þá hefði hún átt að hljóða þannig:

Ef — eymd hjá þér og aulaskap-
ur vinna,
þú eignast gimstein snildarverka
þinna.

X., síðasta, brotinu sleppi ég. Það er klúðurslega útlögð arabisk vísa.

Ég hefi nú farið í gegnum allan þennan leirburð, og þeir, sem vilja sjá "brotin" hans í fullri stærð geta séð þau í Lögbergi 2. marz.

Ef um nokkra fagra og verulega skáldgáfu hefði verið að ræða hjá Þorsteini, þá hefði hann haft gott af þessum árekstri, því sjálfsálitið er hóflaust. En gáfan er ekki til, nema í veiklejka og brotum. Ég skal sanna það, hvenær sem krafist verður, að Þorsteinn Þ. Þorsteinsson er lang-stærsta leirskáld íslenzku þjóðarinnar austanhafs og vestan nú sem stendur. Það hefir blekt hann, og einnig alþýðuna, sem grunt ristir í gildi skáldskaparins, að þetta stefnulausa ljósbrotaflug iðar og titrar víða í gegnum kvæði hans. Þau verða sum útlits sem snoppufríð stúlka, sem ekkert á sér annað til ágætis.

En aldrei fer þó jafn hörmulega fyrir Þorsteini eins og þegar hann ætlar að vanda sig sem bezt. Það sýnir "Þökk fyrir 'Kvisti'," o. fl. Þar stóð Hannes stutti Dalaskáld framar, því þá var hann atið skemtilega vitlaus (ef svo mætti að orði komast), en Þorsteinn er frámunalega leiðinlegur. Mig langar til að enda með einu snilderverki Hannesar. En þannig voru tildrögin: Þegar séra Jón Guttormsson (kallaður gimbrar-Jón af því hann jarmaði svo ámátlega, þegar hann tónaði) þjónaði Hjarðarholti í Dölum. En séra Jón var mesti hagleiksmaður við smíðar. Og einn hátíðisdag eftir messu, sýndi séra Jón bændum silfurbúna pontu, sem hann hafði smíðað sér. "Sýna muntu mér sem öðrum", segir Hannes, og strýkur nú pontuna, veltir vöngum og kveður:

"Einn kjörgripur er að sjá,
á henni hróss er litur.
Pontan sýnir sóma-há,
að séra Jón er vitur".

Þetta er töluvert betra en hjá Þorsteini mínum.

Lárus Guðmundsson.

* * *

Þessa grein hefi ég fyrir löngu ritað, og ætlaði að fá hana birta í Lögbergi, af þeirri ástæðu, að 'Skeljabrotin' eru þar birt, og einnig og sérstaklega bjóst ég við, að í gegnum það heiðraða blað yrðu mér sendar allar kveðjur og þakkarávörp, sem af henni leiddi. En Lögberg hefir nú einu sinni tekið þá ákvörðun, að flytja aldrei frá mér nokkra línu; en með mestu rósemd og ánægju flutt til mín alt það níð og lítilsvirðing, sem það hefir getað í náð og því boðist. Og svo mun enn verða. Og bið ég engrar vægðar eða griða í þeim efnum. Má vera, að Þ.Þ.Þ. sé meiri vinur blaðsins en ég, og þar sem það (Lögb.) hefir glæpst á að flytja æði oft leirburðarvaðal Þorsteins, þá þyki nú blaðinu réttlegur sársauki, að þurfa að birta svona harðan dóm.

Látum "verndarengla' leirskáldanna hrekja þetta, sem ég hefi sagt. Því mun ég gegna, ef ég er með skynsemi og kurteisi tilkvaddur. En ég rýri ekki gildi þess, sem ég hefi hér að framan ritað, með því að ansa með einu orði skömmum, sem mér yrðu sendar.

Enginn mun geta sagt, að ég hafi riðið á garðinn, þar sem hann er legstur, því Þorsteinn er reglulegur leirskáldajötunn, eftir þeim ósköpum að dæma, sem hann mokar í alþýðu af sínu andríga léttmeti. Hann veit ekki sjálfur, hvað hörmulega smár og vesæll hann er sem skáld. Og hvort sem það verður tekið vel eða illa upp, þá var stór nauðsyn að sýna honum og almenningi fram á veikleikann.

Við eigum hér marga góða hagyrðinga og jafnvel skáld. Og gagnvart þeim er líka ranglátt, að líða átölulaust vaðal, sem er menningarþjóð til vansæmis.

Lárus Guðmundsson.

KAUPIÐ HÚSGÖGN YKKAR HJÁ

BANFIELD

GÓÐAR VÖRUR! GOTT VERÐ!



"New Gypsy" Eldavél

Hefir sex suðuop á topplötunni, og bakarasofn af meðal stærð, hagkvæmlega útbúinn, og þrjár té-hillur. Öll nikkel búin og hin vandaðasta.
Verð.....$27.50

Alt sem að húsbúnaði lýtur fæst hjá okkur.

KOMIÐ! SKOÐIÐ! KAUPIÐ!

Ruggustóll

Þessi ruggustóll, búinn til úr "Stretched Hardwood" og fagurlega útskorin og traustur, ætti að reynast hentugur
Verð.....$1.50

J. A. BANFIELD

492 MAIN ST. TELEFÓN GARRY 1580-1-2

Skrifið yður fyrir HEIMSKRINGLU svo að þér getið ætíð fylgst með aðal málum Íslendinga hér og heima.

Herra Jón Hólm, gullsmiður að 770 Simcoe St., biður þess getið, að hann selji löndum sínum gull- og silfur-muni og gigtarbelti. — Belti þessi eru óbrigðul við gigt, ef þau eru notuð samkvæmt fyrirskipunum Jóns. Kosta að eins

Heimskringla

Published every Thursday by The Heimskringla News & Publishing Co. Ltd

Verð blaðsins í Canada og Bandar $2.00 um árið (fyrir fram borgað). Sent til Íslands $2.50 (fyrir fram borgað).

B. L. BALDWINSON.
Editor & Manager

Office:
729 Sherbrooke Street, Winnipeg
BOX 3083. Talsími Garry 4110.

Dómsúrskurður í máli Þingvalla-safnaðar.

Þess var getið í síðasta blaði, að dómur hefði fallið í máli því, er um nokkurn tíma undanfarinn hefir verið fyrir rétti í Pembina County í Norður-Dakota milli meiri og minnihluta í Þingvallasöfnuði, út af því, að meirihlutinn sagði sig úr kirkjufélaginu.

Eins og þegar fyrir löngu er kunnugt orðið, klofnaði kirkjufélag Vestur-Íslendinga í tvent, þannig, að fjöldi frjálshugsandi manna og kvenna innan ýmsra safnaða kirkjufélagsins fanst þeim vera hrundið út úr andlegu samneyti við meirihluta með fyrirdæmingar-yfirlýsingu, sem gerð var á kirkjuþingi 1909, þar sem skoðanir þeirra voru lýstar réttlausar í kirkjufélaginu.

Út af yfirlýsingu þessari sögðu einir tíu söfnuðir sig úr kirkjufélaginu og slitu sambandi við það. Á sumum stöðum hafa smá safnaðarbrot dregið taum kirkjufélagsins, og svo var það í Þingvallasöfnuði. Áður en söfnuðurinn gekk úr kirkjufélaginu, sagði hann presti sínum upp þjónustu, sökum þess að presturinn reyndi á allar lundir að brjóta meirihlutann undir sig og beygja undir ok kirkjufélagsins. Upp úr því sagði dálítill minnihluti sig úr samvinnu við meirihlutann. Síðan samþykti söfnuðurinn í einu hljóði að ganga út úr kirkjufélaginu 5. júní 1910 og sendi úrsögn sína forseta kirkjufélagsins. Fyrir kirkjuþing tók safnaðarbrotið sig saman og kaus mann til að mæta á kirkjuþingi og leggja þá kröfu fyrir kirkjuþing, að þeir, safnaðarbrotið, er á þess bandi væri, yrði úrskurðað hinn rétti Þingvalla-söfnuður, er gera mætti tilkall til safnaðareignanna. Þessa kröfu lét kirkjufélagið ekki lengi bíða að uppfylla, og feldi þar dóm svo að segja í sjálfs sín sök og án þess að spyrja um nokkura málsvörn af hendi meirihluta safnaðarins.

Í ágústmánuði náði Þingvallasöfnuður löggildingu og mælti sú löggilding engum mótmælum af hendi safnaðarbrotsins. Fyrst er kom fram á haust og minnihluti hafði árangurslaust reynt að fá vald yfir kirkjunni, kaus hann sér fulltrúa. Þá var um leið farið að efna til málshöfðunar og kæruskjal birt, er krafðist þess, að eignir safnaðarins væru dæmdar minnihluta, og meirihluti sviptur þeim með öllu.

Úrskurð dómarans birtum vér í nákvæmri þýðingu. Hann ber með sér, að dómarinn hefir litið svo á, að Þingvalla-söfnuður hafi haft fylsta rétt til, að segja sig úr kirkjufélaginu, að sú úrsögn hafi verið góð og gild um leið og hún var gerð, og alls engrar viðurkenningar af kirkjufélagsins hálfu hafi þurft við. Sambandinu milli safnaðarins og kirkjufélagsins hafi verið slitið fyrir kirkjuþing, og þess vegna það alls ekkert dómsvald haft, samkvæmt hlutarins eðli. Þetta bendum vér á sem mikilsvert atriði, þar sem hér er um það að ræða, hvort kirkjufélagið getur haldið í söfnuði, sem úr því kynni að vilja ganga, þangað til það hefir náð eignum þess.

Annars er það ekki tilgangur Hkr., að taka þátt í þessu deilumáli. En blaðið Grand Forks Herald, dags. 25. f. m., flytur orðrétt an dómsúrskurð Templeton's dómara í máli þessu, og með því að allir Vestur-Ísl. hafa í huga fylgst með málinu frá byrjun, þykir rétt að birta hér dómsákvæðið í heild sinni til fróðleiks lesendum blaðsins.

• • •

Dómsástæður og dómur.

Mál þetta snýst um réttinn til eigna og afnota fasteignar þeirrar, sem lýst er í kæruskjalinu. Sækjendur eru minnihluti Þingvallasafnaðar og sakborningar eru meirihluti þess safnaðar. Þingvalla-söfnuður er ólöggilt, frjálst trúarfélag, og eru meðlimir þess af íslenzku þjóðerni. Þingvalla-söfnuður var myndaður og grunnvallarlög samþykt í marz 1889. Árið 1910 löggilti meirihluta flokkurinn trúarfélag þetta samkvæmt lögum ríkis þessa, en eftir því sem ég lít á málavöxtu, kemur þetta atriði eigi til greina. Eignin er ein og einn fjórði hluti ekru lands og á því er kirkja og kirkjugarður. Árið 1886 gaf eigandi þessa lands afsals-bréf til "Norðurhluta Gardarsafnaðar", svo notað yrði til grafreits. Afsalsbréf þetta var vafalaust ógilt, sökum þess enginn eigandi var, er lagaheimild hefði til að halda eignarrétti til fasteignar, þar sem eigi voru né eru nein lög í þessu ríki, er heimili ólöggiltu, frjálsu félagi að biggja og halda eignarrétti til fasteignar, án fjárhaldsmanns sem miðils. Árið 1894 afsöluðu lögeigendur þessa lands sér því til Jobs Sigurðssonar, Jóhanns Sigurðssonar, Ólafs Ólafssonar, sem fulltrúa Þingvallasafnaðar, trú-félags í Pembinasýslu innan Norður-Dakota-ríkis, og eftirmanna þeirra um aldur og æfi. Þetta var fullgilt afsals-bréf. Sbr. 4539. grein endurbættra laga, 1905. Tilværð grein var viðtekin í þessu lögsagnarumdæmi í janúar 1871. Þingvalla-söfnuður var mynd aður og varð til eins og trúfélag einungis fyrir framkvæmdir einstaklinga þess félags. Hið evangelisk lút. kirkjufélag Íslendinga í Vesturheimi veitti honum ekkert vald eða réttindi, og átti í raun og veru engan þátt í myndan hans þegar grundvallarlög Þingvallasafnaðar voru samþykt, höfðu þau og hafa enn. meðal annars, þetta ákvæði:

"Guðs orð, eins og það er opinberað í hinum kanónisku bókum ritningarinnar, er hin sanna uppspretta og hið fullkomna lögmál fyrir kenning, trú og hegðan safnaðarins. Söfnuðurinn játast undir lærdóma heilagrar ritningar á sama hátt og hin lúterska kirkja á Íslandi í trúarjátningarritum sinum".

Grunnvallarlög Þingvalla safnaðar höfðu líka þetta ákvæði, þegar þau voru samþykt:

"Söfnuðurinn skal vera í sambandi við hið lút. kirkjufélag Íslendinga hér í landi, sem fylgi sömu trúarjátningu og hann".

Grundvallarlög þessi kveða einnig svo á, að breyta megi þeim með tveim-þriðju atkvæða á safnaðarfundi, svo framarlega sú tillaga til breytingar hafi verið rædd á næsta fundi á undan, nema fyrstu málsgrein, sem að ofan er tilfærð, má eigi breyta. Yfirleitt er þá stjórnarfyrirkomulag Þingvallasafnaðar sniðið eftir stjórnarfyrirkomulagi lútersku kirkjunnar.— Sjórnarfyrirkomulag hans er líkara því, sem á sér stað í kirkjudeildum Kongregazionalista og Baptista, en kirkjudeildum Presbytéra eða Meþódista. Þingvalla-söfnuður samþykti að ganga í kirkjufélagið skömmu eftir að hann var myndaður og að litlum tíma liðnum var umsókn hans veitt af hinu evangelisk lúterska kirkjufélagi Íslendinga í Vesturheimi. Á meðan Þingvalla-söfnuður stóð í sambandi við kirkjufélagið, álít ég að úrskurður þess væri bindandi fyrir söfnuðinn í öllum kirkjumálum, nema þar sem um eigið valdasvið þess er að ræða; en eftir að söfnuðurinn hafði löglega slitið sambandi sínu við kirkjufélagið, væri úrskurður þess ekki bindandi fyrir söfnuðinn jafnvel í kirkjumálum. Að svo miklu leyti sem vitnaleiðslan sýnir gekk alt greiðlega og með samhug í söfnuðinum frá því hann var myndaður og þangað til haustið 1908, þegar ágreiningur kom upp með safnaðarfólkinu út af trú og kenningu. Tveir flokkar risu upp og gerði hvor um sig tilkall til að vera hinn eini rétti Þingvalla söfnuður. Meirihluta flokkurinn (sakborningar í þessu máli) sögðu presti sínum, séra K. K. Ólafsson, upp þjónustu og 5. júní 1910 nam hann úr gildi þá grein safnaðarlaganna, er ákveður, að söfnuðurinn skyldi standa í sambani við kirkjufélagið, og samþykti yfirlýsingu um, að slíta sambandi við kirkjufélagið. Þetta hafði söfnuðurinn rétt til að gera, án leyfis kirkjufélagsins, samkvæmt eðli og stjórnarskipulagi þessarar sérstöku kirkjudeildar.

Bartholomew vs. Lutheran Congregation, 350. F. 567.

Lawson vs. Kolbenson, et. al., 61 Ill. 405.

Pulis vs. Iserman (N.J.) 58 Atl. 554.

Úrskurður kirkjufélagsins frá 20. júní 1910, eftir úrsögn safnaðarins, að sækjendur væri hinn eini rétti Þingvalla-söfnuður, hafði eigi ákvæðis-vald um hina sönnu afstöðu flokkanna í máli þessu. Sakborningar neituðu úrskurðarvaldi kirkjufélagsins og neituðu að leggja ágreiningsmálið að sínu leyti undir úrskurð þess. Þar sem ég úrskurða, að dómur kirkjufélagsins hafi ekki verið bindandi fyrir sakborninga, af framangreindum ástæðum, er oss eigi nauðsynlegt að athuga, hvort nauðsyn hafi tilborið fyrir kirkjufélagið, að tilkynna sakborningum, hvenær málið yrði tekið fyrir eða hvort nokkur tilkynning var í raun og veru gefin.

Vér komum nú að öðru atriði þessarar málsóknar.

Eigin, sem um er að ræða, var fengin sérstökum, nafngreindum mönnum, sem fulltrúum Þingvallasafnaðar og eftirmönnum þeirra um aldur og æfi. Landspildan var gefin af eiganda. Ekkert skilyrði var tekið fram í afsals-bréfinu. Fé til kirkjubyggingar var greitt af safnaðarfólkinu. Um þetta leyti voru allir safnaðarlimir samþykkir kenningum, trúarsetningum og trú, sem fram er tekin í safnaðarlögunum. Er nokkurt skilyrði felið í skyn? Sækjendur segja: Já. Sakborningar segja: Nei. Mjög virðuleg röð heimilda styður málstað sakborninga.

First Baptist Church vs. Fort. (Tex.) 54 S. W. 892.

Wallace vs Hughes (Ky.) 115 S. W. 684.

Brundage vs. Deardorf, 92 Fed. 214.

Watson vs. Jones, 13 Wall. 679.

Vafalaust eru aðrir úrskurðir, sem feldir hafa verið eins. Málstaður sækjenda hefir meðal annars þær heimildir við að styðjast, er nú skal greina:

Christian Church vs. Church of Christ (Ill.) 76 N.E. 703.

Franke vs. Mann, et al. (Wis.) 81 N.W. 1014, 1019.

Marian vs. Evangelical Creed (Wis.) 113 N.W. 66; 121 N.W. 604.

Smith vs. Pedigo (Ind.) 33 N.E. 777; 44 N.E. 363.

Baker vs. Ducker (Cal.) 21 Pac. 764.

Mount Helm Baptist Church vs. Jones (Miss.) 30 So. 714.

Fuchs vs. Meisel (Mich.) 60 N. W. 773.

Park vs. Champlin (Ia.) 64 N. W. 674.

Eftir nákvæma og grandgæfilega athugan þessa spurnar-atriðis hefi ég komist að þeirri niðurstöðu, að hinir siðarneindu dómsúrskurðir hafi betri ástæður við að styðjast, og sé réttir að frumhugsan. Þegar löggjöf er fyrir hendi, eins og í New York-ríki (áður fyr) og Michigan, verður ekkert ótilgreint skilyrði tekið til greina, sem takmarki vald meirihlutans til að ráða fyrir um afnot eignarinnar. Þegar eignin er fengin fulltrúum trúarfélags, því trúarfélagi til afnota, verður yfirleitt að álíta, að skilyrði fylgi í þá átt, að þeir verði að nota eignina, er hafa kenningar, trúarsetningar og trú, sem er í samræmi við kenningu trúarsetningar og trú meðlimanna, er eignin kom í þeirra hendur, og hún var upphaflega notuð, nema eitthvað það sé í grundvallarlögum félagsins eða fundargerðum meðlimanna, sem þeir allir hafa látið sér lynda, sem leiðir til annarar niðurstöðu. Mér virðist það ljóst, að sakborningar (meirihlutinn) hafi víkið frá kenningu, trúarsetningum og trú, sem átti sér stað, er Þingvalla-söfnuður var myndaður og ekki virðist hafa verið víkið frá þangað haustið 1908. Þessa skoðan byggi ég að mestu leyti á yfirlýsingu, samþyktri af sakborningum 5. júní 1910, þegar þeir sögðu sig úr kirkjufélaginu. Að sönnu neita sakborningar nú, að þeir hafi ætlað að fela þá hugmynd í þeirri yfirlýsingu, sem orðin benda til, og skömmu eftir að sú yfirlýsing vas samþykt, gerðu þeir aðra yfirlýsingu þess efnis, að þeir hefði ávalt haldið sér fast við upprunalega játningu. En ég er þeirrar skoðunar, að yfirlýsingin 5. júní 1910 taki fram hina sönnu afstöðu þeirra þá, að því er trú og kenningu snertir, og að þeir séu nú eigi í samræmi við kenningu safnaðarins eins og hún er tekin fram í grundvallarlögum hans.— Ég hefi sterkan grun á, að sakborningar, er þeir hugsuðu sig um, hafi óttast, að skoðanir þar, sem fram voru teknar í yfirlýsingu frá 5. júní 1910, gæti stofnað í hættu rétti þeirra til að ráða eignum sem nú er ágreiningur um, og því gert yfirlýsingu þá, er neitar, að þeir hefði þessar skoðanir, svo sýna mættu þeir á pappír, að þeir héldi fast við upprunalegar trúarjátningar. Væri ekkert annað komið í ljós, ætti dómur að falla sækjendum í vil.

Nú kem ég að því atriði, er úrslitum ræður í máli þessu. Hvað sýna hin ómótmæltu sannanagögn? Ellefta grein safnaðarlaganna, sem í gildi var, er eignin kom í hendur safnaðarins, hefir meðal annars þetta ákvæði:

"Sundrist söfnuðurinn, heldur sá hluti eigninni, sem heldur fast við þessi safnaðarlög".

Hér er skýrt ákvæði í grundvallarlögum safnaðarins í fullu samræmi við það, sem ég álít að sé algeng lögvenja, þar sem slík ákvæði vanta. En hvað gerði Þingvalla-söfnuður? Árið 1906 nam hann úr gildi 11. grein grundvallarlaganna. Samkvæmt öllu, er fram hefir komið, var þetta gert með fullu samkomulagi og álitast verður, að allir safnaðarlimir hafi samþykt, að nema skyldi grein þessa úr gildi. Hver var tilgangurinn með að nema lagagrein þessa úr gildi? Ég hefi vissulega engan rétt til að gera ráð fyrir, að tilgangslaust hafi greinin verið numin úr gildi, eða með öðrum orðum, að umráð yfir eignum hafi átt að vera þau sömu eftir breytinguna og áður. Af þessu fæ ég að eins dregið þá ályktun, að tilgangurinn með að nema greinina úr gildi, hafi verið sá, að láta eigna-umráðin hvíla í höndum meirihluta safnaðarlima. Sækjendur hafa sætt sig við þessa niðurstöðu og hafa því ekkert umkvörtunarefni (are bound by it). Sakborningar eru meirihluti Þingvalla-safnaðar og hafa umráð eignanna.

Því skal dómur feldur sakborningum í vil, og mega lögmenn þeirra gera formlegan úrskurð til undirskriftar.

Dagsett 24. apríl 1911.

Charles F. Templeton,
dómari.

• • •

Þess skal getið, að lögmenn sakborninga, sem málið unnu, voru þeir Hjálmar A. Bergmann, héðan úr borg, og Barði G. Skúlason, frá Grand Forks, N. Dak.— Aftur höfðu sækjendur þrjá lögmenn: tvo, Íslendinga, B. Gíslason, frá Minneota, Minn., og P. Johnson, frá Cavalier, N. Dak., og amerikanskan lagagarp mikinn, er Mathews heitir. — Er því augljóst, að málið hefir verið sótt og varið af kappi miklu.

Crescentdale

Vitandi kröfuna eftir River Lots á hentugum stöðum, höfum við fengið til eignar landspildu af 'River Lots' 32 til 35 í St. Charles, á milli þjóðvegsins og Assiniboine árinnar.

Þessar lóðir liggja rétt vestur af ASSINIBOINE PARK og og nýja HÁSKÓLASTÆÐINU, og snúa yfir 400 fet að ánni og jafnmörg fet að ÞJÓÐVEGINUM, þar sem starfandi SPORBRAUT er nú þegar.

Við vonum, að þeir, sem hafa í hyggju, að reisa íbúðarhús á góðum stað, íhugi lóðir vorar; og þeir, sem GRÆÐA VILJA, geta ekki varið peningum sínum betur en að kaupa þessar ár-lóðir. Þær eru víss auðnuvegur

Tilboð vort er þannig, að þeir þurfa að hafa hraðann á, sem nú vilja þessum úrvalslóðum.

Þó við hefjum ekki sölu á þessum lóðum fyr en næstkomandi mánudag, þá tökum við á móti pöntunum nú þegar.

REDMOND & JENNISON
203 Bank of Nova Scotia Chambers Telephone Main 7471
WINNIPEG, MAN.

Nýja stjórnarskráin.

Ísland á nýja stjórnarskrá í vændum. Neðri deild alþingis hefir samþykt frumvarp til stjórnarskipunarlaga, og vafalaust fellir efri deild það ekki. Má því fyllilega búast við, að það verði að lögum á sínum tíma.

Helztu breytingar á stjórnarskránni, sem frumvarpið fer fram á, eru:

Ráðherrar skulu vera 3, skipaðir af konungi. Hann skiftir og störfum með þeim. Einn þeirra kveður hann til forsætis, og stýrir sá ráðherrasteínum. Hver ráðherra skrifar undir með konungi ályktanir um þau málefni, er undir hann liggja sérstaklega, og ber hann ábyrgð á stjórnarathöfninni. Forsætisráðherrann ber að jafnaði málin undir konung, einnig fyrir hönd hinna ráðgjafanna. Íslenzk mál skulu ekki borin upp í ríkisráði Dana. Undirskrift konungs undir ályktanir um löggjöf og stjórn, veitir þeim gildi, þegar ráðherra ritar undir það með honum.

Þá eru breytingar á fyrirkomulagi alþingis. Konungkjörnu þingmennina á að afnema og fylla sæti þeirra með þjóðkjörnum fulltrúum. Á alþingi eiga því að sitja 40 þjóðkjörnir þingmenn. Alþingi verður skift í tvær deildir, sem áður, efri og neðri deild. Í efri deild eiga að sitja 15 þingmenn, í stað 14, kosnir til 12 ára með hlutfallskosningum, þriðjungur fjórða hvert ár. — Í neðri deild eiga að sitja 25 þingmenn, í stað 26; skulu þeir kosnir til 6 ára, allir í einu.— Til efri deildar skal einnig kjósa varaþingmenn, sem taka sæti í forföllum reglulegu þingmannanna. Konungur getur upplevst neðri deild þingsins, en efri deild ekki.— Kosningarrétt til beggja þingdeildanna hafa bæði menn og konur, sem náð hafa 25 ára aldrinum, hafi þau óskert mannorð og þiggi ekki af sveit, og þess utan kunna að lesa og skrifa. — Þetta þekkingarskilyrði er nýbrigði, er oss virðist óþarft með öllu, því fáir munu þeir vera heima, sem ekki eru lesandi og skrifandi.

Þegar meiri hluti beggja þingdeildanna heimtar aukaþing, verður forseti í sameinuðu þingi að kalla það saman, svo fljótt sem tök eru til.

Þetta eru hinar helztu breytingar, sem frumvarpið gerir á alþingi, og munu allir vera sammála um það, að afnám konungkjörinna þingmanna var þarft verk og nauðsyn. Það hefir svo þráfaldlega sýnt sig, að þeir hafa verið þráðdur í götu fyrir mörgum framfara og velferðarmálum þjóðarinnar, og að jafnaði verið danskundaðir íhaldsseggir. — Best sýndi það sig við síðustu ráðherraskifti, hvaða óheill getur af þeim hlotist, og hvernig þeir voru verkfæri að traðka þjóðræðinu.

Einnig munu flestir frjálslyndir menn vera glaðir yfir því, að konum er veittur kosningaréttur og kjörgengi, — og þar fara Íslendingar fram úr flestum menningarþjóðum heimsins, þó margar séu að hugsa um hið sama.

Aftur teljum vér óréttlátt, að binda aldurstakmarkið til kosningaréttar við 25 ár. Flestir munu vera færir um, að neyta kosningaréttar 21 ára, og það aldurstakmark hafa margar þjóðir upptekið — og engin haft ástæðu til að iðrast, sem slíkt hefir gert. — Og hví ættu ekki hin íslenzku ungmenni að vera fyllilega vaxin þeim vanda, eins og til dæmis ungmenni Canada og Finnlands? Vér sjáum það ekki.

Afnám "orða og titla", sem þeir Bjarni frá Vogi og Jón Þorkelsson fengu bætt inn í frumvarpið, teljum vér vel til falliðt. — Hégómadýrð og krossasótt sumra Íslendinga hefir mörgum þótt hveimleið og óþjóðleg. Krossatildur og fánýtar nafnbætur gera manninn engu göfugri eða meiri, en hefir oftlega brennimerkt þann, sem hlotið hefir, sem Dana-vin. — Afnám þeirra er því þjóðerni voru til sóma.

Hvað sambandinu við Danmörku viðvíkur, stendur í frumvarpinu svohljóðandi:

"Nú samþykkir alþingi að gera breytingar á sambandinu á milli Íslands og Danmerkur, og skal þá leggja það mál undir atkvæði allra kosningabærra manna í landinu, og skal atkvæðagreiðslan vera leynileg."

Verði frumvarp þetta samþykt af þinginu, sem enginn vafi virðist á, verður þingið rofið og kosningar látnar fara fram þegar á þessu sumri. Má búast við, að ef nokkurru sinni hafi fast verið sóttar kosningar, þá verði það nú. Um margt verður barist og mikið tilefni til harðrar baráttu. — En þess óskum vér, að úrslitin verði landinu og þjóðinni til heilla.

Ódýr Lönd

Nú hefi ég 2000 ekrur af bezta hveitilandi, sem fáanlegt er í Manitoba, í twp. 16—17, R. 9 West. Þessar 2 þús. ekrur sel ég fyrir

HALFVIRÐI

til 1. júlí 1911. Borgunarskilmálar: ¼ eða einn fimti í peningum, afganginn á 8—10 árum, vextir 7—8%. Þetta er það seinasta tækifæri að ná í góð kaup í þessari bygð. Eftir 2—5 ár verður ekram í landi virði $40—60 í Manitoba fylki. Þeir, sem vilja fljót-gróða á landakaupum, snúi sér strax til mín. Ég geri kaup og gef upplýsingar samkv. þessari auglýsingu.

Magnús Johnson
WILD OAK, P.O. MAN

Ekkert vopnahlé.

Ekki blæs byrlega fyrir gagnskifta-uppkastinu á sambandsþinginu. Umræðurnar hafa nú staðið yfir góða tvo mánuði, og óséð hver endirinn verður. Sir Wilfrid Laurier virðist nú vondaufur um framgang þess á þessu þingi, þrátt fyrir það, þó hann hafi múlbundið alla samflokksmenn sína. Hina Conservativu getur hann ekki múlbundið og þeir halda umræðunum uppi sleitulaust. En nýverið fór þó Laurier þess á leit við leiðtoga hinna Conservativu, Mr. Borden, að þeir semdu vopnahlé svo uppkastið næði fram að ganga áður en hann (Laurier) færi í Englandsför sína. Þeir Conservativu gætu hvort eð er ekki fyrirbygt samþykt þess, — að eins dregið það á langinn með máltöfum.

Á þingmannafundi hinna Conservativu fyrra miðvikudag, var þessi vopnahlés-umleitun Sir Wilfrids tekin til meðferðar og hafnað — Mr. Borden fórust meðal annars þannig orð:

"Það er einróma samþykt af Conservative flokknum í þinginu, að veita uppkastinu mótspyrnu af alefli og berjast gegn því til endaloka, og ég sem leiðtogi Conservative flokksins mun aldrei gera vopnahlé í máli sem þessu, þar sem þjóðar-tilvera vor er í voða, og alvarleg áhrif á samband vort við ríkisheildina fyrirsjáanleg, ef fram nær að ganga.

Þessi ákvörðun Conservative þingmannanna, að halda baráttunni til streitu og neita vopnahlénu, hefir mælst mjög vel fyrir og allir andstæðingar gagnskifta, uppkastsins hafa tekið henni með fögnuði. Með því að halda uppi baráttunni gegn uppkastinu til streitu, eru líkurnar til, að stjórnin sjái sig nauðbeygða að grípa til almennra kosninga og leita þannig álits kjósendanna á gagnskifta uppkastinu, — og það er einmitt það, sem Conservativar vilja. Þeim er það fyrir öllu, að almenningur lýsi ótvírætt yfir, hverjum hann fylgir í þessu máli og hvernig hann lítur á málið.

Laurier stjórnin gerði þetta gagnskiftasamnings uppkast án vitundar kjósendanna, — jafnvel án vitundar samflokks þingmanna sinna. Conservativar álíta slíkt gjörræði gagnvart kjósendunum og mótmæla. Þeir vilja, að kjósendurnir hafi hönd í bagga og séu kvaddir álits í hinu mesta vandamáli, sem fyrir hina canadisku þjóð hefir komið á tugum ára. En Laurier-stjórnin vildi berja uppkastið í gegn, án þess að skeyta hið minsta vilja kjósendanna, — án þess að hirða hót um afleiðingarnar, sem af mættu leiða. Með blekkingatilraunum og launpukri reyndi stjórnin að knýja uppkastið í gegn um þingið. En er það dugði ekki, þá gripu meðlimir hennar og þingmenn til þagnarinnar, þar eð þeir gátu ekki hrakið andmæli andstæðinganna. Röksemdafærslur þeirra og andmæli reyndust stjórnarliðum um megn, — en þagað gátu þeir, og þögnina álitu þeir ábyrgðarminsta. — En er stjórnin sá fram á það, að andstæðingarnir töluðu engu að síður, þá biður Sir Wilfrid um vopnahlé, því hann þurfi að fara til Englands og þurfi að sjá uppkastinu borgið áður en hann fari, — og þýðingarlaust sé fyrir þá Conservativu að slá höfðinu við steininn, uppkastið nái fram að ganga hvort sem er, og tímaeyðsla ein sé árangurinn af baráttu þeirra.

Mundi nokkur forsætisráðherra annar en Sir Wilfrid bera sig að á þennan hátt? Trauðla. Einveldisbragurinn á honum er auðsær. Hann einn vill öllu ráða og hann einn er alt, — þjóðin — landið — kjósendurnir eru honum smámunir einir, og óþarft að taka þá smámuni til greina, — í stórmáli, sem varðar sjálfstæði og velmegun landsins og þjóðarinnar, því hvoru tveggja þetta er í húfi.

Áhrif þau, sem uppkastið getur haft á sjálfstæði vort og rétt vorn á fjármálalöggjöf vorri eru harla varhugaverð. Báðir samningaaðilar lýstu því yfir, að engu atriði í samningunum megi breyta, nema með samþykki beggja málsaðilanna, — nema þá allur samningurinn sé úr gildi numinn. Þess vegna gefur Canada upp sjálfstæði sitt til að ráða sínum eigin viðskiftamálum erlendu valdi í hendur. — Allir þeir Canada-búar, bændur, iðnaðarmenn, viðarkaupmenn o. fl. sem uppkastið snertir, verða í framtíðinni í stað þess að fara til forsætisráðherra Canada með umkvartanir sínar, þegar kreppir að starfsemi þeirra vegna samninganna — þá verða þeir að fara til Washington og hýma við dyr Bandaríkja þingsins, unz þeim verður veitt inngöngulevfi til að bera fram beiðnir sínar um hjálp. Forsætisráðherra Canada og sambandsþingið verða máttvana að hjálpa fram úr málum manna, — vegna þess, að engu má í samningunum breyta, nema með samþykki beggja málsaðila, eða nema samningana algerlega úr gildi, og það verður enginn hægðarleikur, ef þeir einu sinni komast á.

Með þessum samningum verðum við Canada-búar bundnir á klafa. Við höfum engan rétt til að lækka eða hækka okkar eigin tolla, nema með samþykki Washington stjórnarinnar. Eigum við sem frjáls þjóð að undirgangast slíkt ok? Eigum við að gefa upp réttindi vor, eins og uppkastið fer fram á, og flevgja okkur á náðir Bandaríkjamanna? Nei, þúsund sinnum nei.

En þetta er markið, sem hann er að knýja okkur að fornspurða. Er því að undra, þó Conservative flokkurinn geri sitt ítrasta til að stemma stigu fyrir slíkum ófögnuði? Hver og einn einasti, sem ann sjálfstæði í verzlunarviðskiftum sem stjórnarfarslegum, ætti að hefjast handa og styðja Conservative flokkinn í þessari baráttu, — knýja á Laurier unz hann bæri uppkastið undir kjósendur og léti nýjar kosningar fara fram. Dómurinn, sem þá yrði uppkveðinn, yrði að hlýta, en að fá hann verðum við. Neitum um nýjar kosningar, er glæpur við þjóðræðið.

R. L. Borden hefir nú ótvírætt lýst yfir, að hann og hans flokksbræður ætluðu að halda baráttunni gegn uppkastinu áfram til loka. Sú yfirlýsing hans ætti að vera herör til allra þjóðvina, að styðja hann og flokkinn í baráttunni gegn innlimunar glapræðinu, sem Laurier er að þröngva upp á þjóðina með uppkasti þessu.

Við ættum allir að mótmæla þeirri óhæfu, sem að okkur er rétt. Allir að mótmæla kúgunaraðferð Sir Wilfrids og lítilsvirðingu hans við þjóðræðið. — En styðja af alhug þá menn og þann foringjann, sem berst gegn uppkastinu og innlimun Canada.

Og vinni R. L. Borden og hans samflokksmenn í þinginu það á, að knýja Sir Wilfrid til nýrra kosninga, þá ættu kjósendurnir ekki að gleyma þeim gjörðum, — heldur séu fylkja sér um þingmannsefni Conservative flokksins. Með því yrði uppkastið dauðadæmt og sjálfstæði Canada borgið.

J. HALLDORSON

Ég verð að gera meiri verzlun í ár, en ég gerði í fyrra því ekki dugar að standa í stað. Því sel ég vörur sem fylgir

á Oak Point, Lundar og Ashern.

Bezta hveiti (hundrað pund)	$2.80
Hveiti, næstu tegund (100 pd.)	2.50
Bran	1.10
Shorts	1.15
Haframjöl (80 pund)	2.40
Raspaður sykur, 17 pund fyrir	1.00
Molasykur, 14 pund fyrir	1.00
Bezta kaffi, 5½ pund fyrir	1.00
10 pund Sýróp	0.50
20 pund Hrísgrjón	1.00
20 pund baunir	1.00
7 stykki Royal Crown Sápa	0.25
Svínafeiti, pundið	0.15
Svínafeiti, 20 pd.	2.75
Neftóbak, 6 bauka	0.50
Skorið Tóbak, 3 pakkar	0.25
Blue Ribbon Baking Powder, 3 pd.	0.50
Blue Ribbon Baking Powder, 5 pd.	0.90
Corn Starch, pakkinn	0.07
All Spice, 3 pakkar á	0.25
4 Bollapör eða Diskar	0.25
Salt tunnur á	2.25
50 pund Salt í pokum	0.55
Öll 25c Patent Meðul á	0.20

Komið með þessa auglýsingu, þegar þið komið í búðirnar.

J. HALLDORSON

Miljónir í TRANSCONA

TVEIMUR MILJÓNUM DOLLARS var varið árið sem leið, og TVEIMUR MILJÓNUM verður varið í TRANSCONA í sumar, og meira kemur á eftir.

Gerið ykkur í hugarlund alla þá atvinnu, sem þessi miklu verkstæði gefa þúsundum manna, að eins hugsið um þær þúsundir af heimilum, sem bygð verða, búðir, banka og fl.

TRANSCONA vex óðfluga, og arðurinn því fljótleaginn. Tramtiðin er örugg fyrir þessa komandi borg. Þér getur ekki mishepnast að verja peningum þínum bar. — Atvinna þýðir peninga. Peningar þýða framfarir. Við reiðum okkur hvorki á námur eða afurðir. Þessi verkstæði hinnar miklu þverlands brautar eru drifjöðrin í öllu.

Við eigum og stjórnum HINU REGLULEGA BÆJARSTÆÐI. Þetta er ekkert úthverfi. Það er eins "EIN TRANSCONA" og hana eigum vér.

Við bjóðum því til sölu bæjarstæðið TRANSCONA. Nú er því tækifærið, að ná í góðar lóðir með bezta verði. — VERÐIÐ ER FRÁ $2.00 UPPÍ $7.00 HVERT FET á aðalstrætinu. — Skilmálar: einn fimti hluti út í hönd; afgangurinn borgist á tveimur og hálfu ári.

Skrifið, simið eða komið og finnið okkur. Við munum gefa fullkomnar upplýsingar. — Við tökum frá lóðir fyrir ykkur.

Eignir þessar voru settar á markaðinn LAUGARDAGINN 22. APRÍL. Hefjist handa. — Þetta er bezta tilboðið, sem enn hefir boðist.

W. J. CHRISTIE & CO.
Phone Main 6782
200 Union Bank Building, - - - - Winnipeg.

Leiðrétting.

Herra ritstjóri Heimskringlu.

Í 29. blaði Hkr. hafa orðið prentvillur í ritgerðinni frá Mountain, í sjálfu sér litlar, en koma sér illa, undir kringumstæðunum, sem hér eru nú. Þar sem getið er um nöfn á lausum lista stendur nær 70 en 30, en átti að vera nær 60 en 30, eins og standa mun í handritinu. — Svo seinna, í tölu forseta, þar sem stendur "sem mannleg vitund hefir að segja", en á að vera: sem mannleg vitund hefir af að segja, — smáorðið af fallið burt, sem gerir setninguna kélega. — Mig langar til að blaðið leiðrétti þessa tvo staði, þó litlir séu.

J. Benedictson.

Til styrktar Kínverjum.

Í þann sjóð hafa Heimskringlu borist samskot sem fylgir

Safnað af S. Friðbjörnssyni, Leifur P.O., Man. — J. Baldwinson $5, Mrs. H. Sigurðson $1, Th. Helgason $1, J. Thorsteinson 75c, S. Bergson $1, J. S. Skagfjörð $1, B. Thordarson $1, L. F. Beck $1.50 A. Johnson 50c, Mrs. A. Johnson 25c, Miss K. G. Johnson 25c, Miss I. S. Johnson 25c, Master F. Johnson 25c, F. Sigurðsson $1, Mrs. I. Sigurðsson 50c, S. Friðbjörnsson $1.50, Mrs. S. H Friðbjörnsson 50c. Samtals $17.25.

Safnað af Mrs. Margrétu H. Hjálmarsson, Akra, N. Dak. — Kvenfélag Vídalíns safnaðar $25 Mrs. M. H. Hjálmarsson $1. S. T. Ólafsson $1. Samtals $27.00

Jóh. Th. Jóhannesson, Gimli, Man., 50c.

S. Johnson, Hensel, N. Dak. $1.50

Áður auglýst $6.75.

Alls innkomið $53.00

---

komast til okkar, — já, ég finn það ósjálfrátt að þeir muni ná okkur".

V KAPÍTULI.

Þakklátsemi.

"Þið voruð að eins tveir í aftasta vagninum?" spurði Guy morguninn eftir, þegar Cyril sat alhress í herbergjum þeirra í Staple Inn og sagði bróður sínum frá, hvað fyrir hefði komið.

"Já að eins tveir, og það var nú sannarlegt lán. Vagninn, sem brotnaði, var tómur, nema fremsti klefinn, og hann lokaðist ekki inn í því, sem niður hrundi, en margir af farþegunum á fremstu vögnunum urðu utan við sig af hræðslu".

"Og þú og hinn maðurinn voruð lokaðir þarna inni 15 klukkustundir", sagði Guy hugsandi.

"Já, fulla 15 tíma að minsta kosti", endurtók Cyril, án þess að leiðrétta skoðun bróður síns að því er snerti kyn samferðamanns hans; því, hugsaði hann, enginn þarf að koma því upp um sjálfan sig að hann sé ástfanginn. "Klukkan var tvö um morguninn, þegar þeir náðu okkur út, og þá var félagi minn kemur dauður en lifandi af hræðslu og magnleysi".

"Var hann það, vesalingurinn?" sagði Guy. "En heldurðu að hann sé orðinn jafn góður? Hefirðu frétt af honum síðan?"

Áður en Cyril gat svarað, kom Montague Nevitt þjótandi inn, alúðlegur og kátur.

Góðan daginn, góðan daginn, kæri Cyril minn", sagði Nevitt, greip hendi hans og þrýsti hana oflátungslega. "En hvað það gleður mig að sjá þig heilbrigðan. En hvað björgunin var farðuleg og viðburðurinn í heild sinni skáldlegur. Í öllum samkomusölum er ekki talað um annað en þig og ungu, fögru stúlkuna. Þið verðið auðvitað að eignast hvort annað, það stríddi annars á móti lögum allra skáldlegra tilviljana, ef þetta endaði ekki með trúlofun og giftingu. Þú og unga stúlkan eruð aðalumtalsefni blaðanna í dag".

"Ung stúlka", sagði Guy undrandi. "Óvanalega fögur, var það ekki, Nevitt? Persónan, sem var lokuð inni í jarðgöngunum með þér í 15 tíma, var kvenmaður, Cyril?"

Cyril roðnaði dálitið, þegar bróðir hans horfði á hann, og svaraði vandræðalegur:

"Ó, ég hefi ekki sagt þér það? — Já, það var áreiðanlega kvenmaður, — ungfrú Clifford heitir hún. Hún kom inn í vagninn hjá Chetwood, og foreldrar hennar eiga heima einhversstaðar nálægt Tilgate, hafi ég skilið hana rétt".

Nevitt starði í augu málarans, sem reyndi að sýnast kæruleysislegur.

"Regluleg skáldsaga", sagði hann og starði enn á Cyril. "Regluleg skáldsaga, ég skil það, — ung, rik og fögur. Ég vildi, að ég hefði verið eins heppinn og þú, Cyril. Fallega stúlkan var nærri dáin af hræðslu, og þú varst eina huggunin og aðstoðin hennar í 15 tíma í jarðgöngunum".

"Var hún fögur?" spurði Guy.

Cyril svaraði ekki strax. "Já, hún var það", sagði hann svo styttingslega, "það má eflaust kalla hana það". Svo þagnaði hann með þeim svip, sem gaf til kynna, að hann vildi ekki tala meira um þetta.

"Og ung?" spurði Guy.

"Já, eitthvað um tvítugt".

"Og svo rík, að hún á fáa jafningja", sagði Nevitt.

"Um það veit ég ekkert", svaraði Cyril hreinskilnislega. "Ég hefi enga hugmynd um, hver hún er. Hún og ég höfðum annað að hugsa um, þar sem við vorum innilokuð og hálf-köfnuð, heldur en að spyrja hvort annað um ætt og stöðu".

"Við eigum heldur enga ætt", sagði Guy og brosti biturt, "svo um það er ekki vert að tala".

"En hún á auðvitað ætt", sagði Nevitt, "og væri ég í þínum sporum Cyril, myndi ég reyna að komast eftir sem flestu henni viðvíkjandi. Clifford — Clifford? Máske hún sé ein af Devonshire Cliffordunum? Sé svo, þá er hún þess verð að gera sér ofurlitið ómak fyrir hana, þeir eru efnaðir og eiga mikla peninga á bankanum okkar". Nevitt var nefnilega umboðsmaður Drummond Couth & Barclay bankans, og þar eð hann vildi ekki kvongast fátækri stúlku, hélt hann nákvæmlega spurnum fyrir um alla auðmenn, sem áttu ógiftar dætur.

Nú kom pósturinn inn með bréf til Cyrils, sem hann opnaði strax. Það var stutt en kurteist:

"Herra Reginald Clifford, C.M.G. (riddari af St. Michaels og St. Georgs ordunni), óskar að þakka herra Cyril Warring fyrir aðstoð hans og hjálpsemi við ungfrú Clifford, meðan þau voru lokuð inni í hinu temprða andrúmslofti —"

"Temprða — það er gott —"

"— í Lavington jarðgöngunum. Frú og ungfrú Clifford vilja um leið þakka herra Warring fyrir vingjarnlegu hjálpina hans, og þær vona að slys þetta hafi ekki skemmandi áhrif á hann.

Craighton, Tilgate, fimtudagsmorgun".

"Hún hefði getað skrifað sjálf", tautaði Cyril í hálfum hljóðum. Honum þótti bréfið þurlegt.

En Montague Nevitt leit öðruvísi á þetta. "Ó, Reginald Clifford frá Craighton", sagði hann með eilífa brosinu sínu. "Hana þekki ég vel. Hann er vinur ofursta Kelmscotts í Tilgate lystigarðinum. Dálitið undarlegur gamall páfagaukur. Hann var einusinni landsstjóri á St. Kitts. Var það með Elmu Clifford, sem þú varst lokaður inni? Nú, verra gat það verið. Faðir hennar lifir af eftirlaunum, sem falla burt, þegar hann deyr, en svo á hann máske dálitið á kistubotninum, það mun samt ekki vera mikið, en hún er einkabarn".

Cyril lét bréfið í vasa sinn. "Þakka þér fyrir", sagði hann rólegur, "það var ekki áform mitt, að spyrja þig um heimanmund ungfrú Clifford. Annars held ég ekki sé vert að tala meira um hana á þennan hátt".

"Ó, þetta er ekki til að reiðast af", sagði Nevitt. "Ég ætlaði hvorki að móðga hana né þig; en ég skal endurgjalda ilt með góðu. Þér skal verða boðið að taka þátt í aldingarðssamsætinu hjá frú Holkers annan laugardag hér frá, og þar getur þú verið viss um að finna þessa fallegu stúlku".

Á þessari sömu stundu sat herra Reginald Clifford í daglegu stofunni sinni í Craighton, Tilgate, og var að spjalla við konu sína um — Cyril Warring.

"Já, auðvitað, ég viðurkenni að þetta voru leiðinlegar kringumstæður fyrir Elmu", sagði hann glaðlega. "En ég vona, að það hafi engin ill eftirköst. Elma er ekkert daðurkvendi og lætur ekki blekkja sig. Hún skilur það vel, að þetta verður að enda með þakklátri viðurkenningu frá okkur, sem ég hygg sé réttast gert með bréfi, einu sinni fyrir alt. Það er engin ástæða til þess að hún sjái eða heyri neitt um þennan pilt oftar".

MARTYN F. SMITH,
TANNLÆKNIR.
Fairbairn Blk. Cor Main & Selkirk
Sérfræðingur í Gullfyllingu og öllum aðgerðum og tilbún aði Tanna. Tennur dregnar án sársauka. Engin veiki á eftir eða gómbólga. —
Stofan opin kl. 7 til 9 á kveldin
Office Phone Main 6944. Heimilis Phone Main 5467

Sherwin - Williams
PAINT
fyrir alskonar húsmálningu.
Prýðingar-tími nálgast nú. Dálftið af Sherwin-Williams húsmáli getur prýtt húsið yðar utan og innan. — Brúkið ekker annað mál en þetta. — S.-W. húsmálið málar mest, endist lengur, og er áferðarfegurra en nokkurt annað hús mál sem búið er til. — Komið inn og skoðið litarspjaldið.—

Cameron & Carscadden
QUALITY HARDWARE
Wynyard, - Sask.

JIMMY'S HOTEL
BEZTU VÍN OG VINDLAR.
VÍNVEITARI T.H.FRASER.
ÍSLENDINGUR. : : : : :
James Thorpe, Eigandi

MARKET HOTEL
146 Princess St.
á móti markaðnum
P. O'CONNELL, eigandi, WINNIPEG
Beztu tegundir af vínföngum og vind um, aðhlynning góð, húsið endurbætt

Woodbine Hotel
466 MAIN ST.
Stærsta Billiard Hall í Norðvesturlandinu
Tíu Pool-borð.—Alskonar vín og vindlar
Gisting og fæði: $1.00 á dag og þar yfir
Lennon & Hebb,
Eigendur.

JOHN DUFF
PLUMBER, GAS AND STEAM FITTER
Alt verk vel vandað, og verðið rétt
664 Notre Dame Av. Phone Garry 2568
WINNIPEG

A. S. TORBERT'S
RAKARASTOFA
Er í Jimmy's Hótel. Besta verk, ágæt verkfæri; Rakstur 15c en Hárskurður 25c. — Óskar viðskifta Íslendinga.—

A. S. BARDAL
Selur líkkistur og annast um útfarir. Allur útbúnaður sá bezti. Enfremur selur hann alskonar minnisvarða og legsteina.
121 Nena St. Phone Garry 2152

Rússneskt réttarfar.

Þráfaldlega hafa ófagrar sögur borist af hinu rússneska réttarfari og hinni grimdarfullu meðferð, sem hinir rússnesku þjónar laganna og réttlætisins létu alsaklausa menn sæta, til að þrengja þeim til að meðganga glæpi, sem þeir aldrei höfðu drýgt. Fórnunungar þær, sem fjöldi manna og kvenna alsaklaus hafa orðið að líða í hinum rússnesku fangelsum, eru svo miklar, að fár munu geta gert sér í hugarlund, — aðrir en þeir, sem líðið hafa.

Blaðamaður einn rússneskur — Carl Mizet — nýsloppinn úr fangelsi í borginni Riga, þar sem honum var haldið alsaklausum án dóms og laga frá því árið 1906,— segir þannig frá hörmungum þeim, sem hann varð að þola:

"Ég var tekinn fastur í marz 1906, — ekki fyrir það, að ég hefði drýgt nokkurt afbrot, heldur sökum þess, að lögreglan þóttist fullviss um, að ég væri leynilega fylgjandi frelsishreyfingum og stuðningsmaður að frjálsri stjórnarbót fyrir Rússland.

"Fyrst var farið með mig á aðalögreglustöðina í Riga, og þar var ég rannsakaður gaumgæfilega. Við yfirheyrsluna neitaði ég að gefa nokkra skýrslu, mótmælti að eins handtöku minni og heimtaði, að mál mitt væri rannsakað opinberlega. Aðstoðar sakaráberi Buslo og Von Ansonious ofursti komu þá báðir í klefa minn og spurðu, hvort ég vildi ekki góðfúslega meðganga glæp minn. Ég neitaði.

Um leið og þeir fóru, kallaði Buslo til Pitatnizki, yfirmanns leynilögregluliðsins, svofeldum orðum: 'Nú spyrjið þið hann á ykkar hátt'. En til mín hrópaði hann: 'Á morgun verður annað hljóð í strokknum', brosti um leið djöfullega og fór.

"Ég komst fljótlega að raun um, hvað orð Buslo þýddu, því kl. 11 um kveldið ruddist hópur af hermönnum inn í klefa minn, undforustu Dovas leynilögregluþjóns, og tóku að misþyrma mér. Börðu mig með byssum sínum og hnefum, og spörkuðu í mig með fótunum. Blóðið streymdi frá djúpum sárum á höfði, höndum og fótum og annarstaðar á líkama mínum. Því næst var farið með mig upp á efsta loft fangelsisins; þar átti rannsóknarrétturinn sæti um þær mundir. Mér var óþyrmilega hrint inn í herbergi eitt mikið, þar sem borð með rauðum dúk á stóð á miðju gólfi. Kringum borð þetta sat rannsóknarrétturinn, en í honum voru: Formaður leynilögreglunnar, Sobetski yfirfangavörður, Michajeff aðstoðar fangavörður, Dovas leynilögregluþjónn og Alexandroff réttarskrifari, og einn embættismaður enn, er ég ekki man, hvað heitir. Fyrir framan borðið var upphækkaður pallur með grindum í kring, og á hvora hlið honum stóðu böðlar með þungar svipur í höndum.

"Sobestski yfirfangavörður vék sér að mér og sagði: 'Ungi maður. Hér eru að eins fjórir veggir, guð og ég sjálfur. Það, sem ég vil gera, get ég gert. Ef mér sýnist svo, get ég látið lemja þig til dauðs eða gert þig að kryplingi það sem eftir er ævinnar. Ekkert getur sakað mig þó ég geri það. Þess vegna ræð ég þér til að játa klæki þína.

Dovas leynilögregluþjónn nefndi því næst nokkur morð, sem hann kvað mig hafa drýgt, og þegar ég neitaði þessari frámunalega vitlausu ákæru, þá gaf hann böðlunum bendingu, og réðust þeir á mig viðstöðulaust. Hófst þar ójöfn viðureign og harðvítug, því ég varði mig eftir megni; en það gerði ilt verra, því allir meðlimir réttarins réðust á mig í viðbót, og misþyrmdu mér og kvöldu mig á allar lundir. Sobetski fleygði sér ofan á mig, lét kné fylgja kviði og reyndi að kyrkja mig, en á meðan héldu hinir mér niðri, og börðu með hnefum og svipum. Kvalir þær, sem ég leið, urðu óbærilegar, svo ég féll í ómeginn. Þegar ég raknaði við aftur, var ég heldvotur af ísköldu vatni, sem yfir mig hafði helt verið, og blóðpollarnir voru hér og þar í kringum mig. Strax og ég hafði raknað úr yfirliðinu, voru hendur minar bundnar á bak aftur, og Alexandroff réttarskrifarinn tók að lemja mig að nýju um höfuð og háls og bak með hnútasvipu vættri í saltlegi.

"Mér virtist sem höfuð mitt ætlaði að klofna, að augun ætluðu að springa út úr augnatóttunum, froða féll af munni mér. Í eyrum mér suðuðu ókendar raddir og fyrir augum báru eldlegir hringir. Ég féll í ómegin að nýju. — Aftur raknaði ég við með aðstoð ískalda vatnsins, sem yfir mig var ausið, og aftur var krafist af mér að ég játaði á mig klæki þá, sem á mig voru bornir. Aftur neitaði ég, kvaðst heldur vilja deyja, en játa á mig glæpi, sem ég hafði ekki hina minstu hugmynd um.

Enn á ný réðust blóðhundar þessir á mig, og nú hálfu verri en fyrri. Einn reif af mér hárið með tönguni; annar tók lifandi vindil, og brendi hold mitt hér og þar, og aðrir notuðu vindlinga sína í sama tilgángi. Kvölum þeim, sem ég tók út, get ég ekki lýst með orðum. Ég hafði að eins þá einu löngun, að á að deyja áður en meiri hörmungar væru látnar yfir mig dynja. Kvalir mínar virtust aldrei ætla að taka enda. Að lokum tók ég til að hljóða, og virtist það gleðja kvalara mina, en þrælmenskuverki sínu héldu þeir áfram til morguns, — þá var ég fluttur nær dauða en lifi til klefa míns.

"En þetta var að eins byrjunin, því sama þrælslega meðferðin var endurtekin hvað eftir annað í þau þrjú ár, sem mér var haldið í fangelsinu. Og ég hefi fulla vissu fyrir því, að aðrir pólitiskir fangar í því fangelsi, hvort heldur karl eða kona, urðu fyrir svipuðum pyndingum, og án þess að mál þeirra væru nokkru sinni rannsökuð, eða hinar minstu sannanir væru fyrir sekt, — annað en grunur um, að fangarnir væru frelsisunnandi og andvígir kúgun og harðstjórn.

Elínborg Jónsson.

Við fellum tár vor, negg í brjósti brenna,
er blóm á vori sveipast dánarhjúp;
og er við sjáum eygló árla renna
ofan í hið kalda marardjúp.

Við sitjum hér við sorgar djúpa brunna, —
sú er okkar staðföst von og trú:
að nú björt, sem endurrisin sunna,
á öðru heimsins hveli skínir þú.

Ei hérna megin var þín gata greið
— það grúfðu heldimm ský á þinni leið —;
þótt ei til fulls þitt fengi að skína ljós,
þú fagra hefir gróðursetta rós.

Þitt lengi vermir eldheitt endurskin
og angar rós, er græddir þú hjá vin. —
Í gegnum mökk er morgunsólin skín
það minnir oss á hinstu brosin þín.

Sitjum ei með sorgarþrungna brá,
þó sjáum einhvern frelsi sinuná;
fleiri tárin fellum yfir þeim,
er fæðast inn í þennan kalda heim.

R. J. Davidson.

Piano kensla.
Hérmeð tilkynnist að ég undirskrifuð tek að mér, frá þessum tíma, að kenna að spila á Piano Kenslustofa mín er að 727 Sherbrooke St. Kenslu skilmálar aðgengilegir. Talsími Garry 2414.
Sigrún M. Baldwinson

Gimli-eign til sölu
2 ekrur og Cottage
sem liggja að Children's Home á vatnsströndinni. Gegnt Markells eigninni og hins vegar við þjóðveginn. — Alt umgirt og sáð smára.— Gott Cottage á eigninni.
Verð: $1200.00 $600.00 útborgun og $300.00 á einu og tveimur árum
Skrifið
K. K. ALBERT
Phone: Main 7323.
708 McARTHUR BLDG. - - - - WINNIPEG, MAN.

THE **DOMINION BANK**
HORNI NOTRE DAME AVENUE OG SHERBROOKE STREET
Höfuðstóll uppborgaður: $4,000,000.00
Varasjóður - - - $5,400,000.00
Vér óskum eftir viðskiftum verzlunar manna og ábyrgumst að gefa þeim fullnægju. Sparisjóðsdeild vor er sú stærsta sem nokkur banki hefir í borginni.
Íbúendur þessa hluta borgarinnar óska að skifta við stofnun sem þeir vita að er algerlega tryggð. Nafn vort er fullryggiug óhlutleika. Byrjið spari inelegg fyrir sjálfa yðar, konu yðar og börn.
Phone Garry 3450 Scott Barlow, Ráðsmaður.

Vitur maður er varkár með að drekka eingöngu HREINT ÖL. Þér getið jafna reitt yður á
DREWRY'S
REDWOOD LAGER
Það er léttur, freyðandi bjór, gerður eingöngu úr Malt og Hops. Biðjið ætíð um hann.
E. L. DREWRY, Manufacturer, Winnipeg

STRAX Í DAG er BEST AÐ GERAST KAUPANDI AÐ HEIMSKRINGLU. — ÞAÐ ER EKKI SEINNA VÆNNA.

MANITOBA

TÆKIFÆRANNA LAND.
Hér skulu taldir að eins fáir þeirra miklu yfirburða, sem Manitoba fylki býður, og sýnt, hversvegna allir þeir, sem óska að bæta lífskjör sín, ættu að taka sér bólfestu innan takmarka þessa fylkis.

TIL BÓNDANS.
Frjósemi jarðvegsins og loftslagið hafa gert Manitoba heimsfræga, sem gróðrarstöð No. 1 hard hveitis.
Manitoba býður bændasonum ókeypis búnaðarmentun á búnaðarskóla, sem jafngildir þeim beztu sinnar tegundar á amerikanska meginlandinu.

TIL IÐNAÐAR- OG VERKAMANNA.
Blómgandi framleiðslustofnanir í vorum óðfluga stækkandi borgum, sækjast eftir allskyns handverksmönnum, og borga þeim hæztu gildandi vinnulaun. Algengir verkamenn geta og fengið næga atvinnu með beztu launum. Hér eru yfirgnæfandi atvinnutækifæri fyrir alla.

TIL FJÁRHYGGJENDA.
Manitoba býður gnægð rafafls til framleiðslu og allskyns iðnaðar og verkstæða, með lágu verði; — Frjósamt land; — margvíslegar og ótæmandi auðsuppsprettur frá náttúrunnar hendi; — Ágæt samgöngu og flutningatæki; — Ungir og óðfluga vaxandi bæir og borgir. — Alt þetta býður vitsmunum, auðæfum og framtakssemi óviðjafnanleg tækifæri og starfsarð um fram fylstu vonir. Vér bjóðum öllum að koma og öðlast hluttöku í velsæld vorri og þroskun. — Til frekari upplýsinga, skrifið:

JOS. HARTNEY, 77 York Street, Toronto, Ont.
JOS. BURKE, 178 Logan Avenue, Winnipeg, Man.
A. A. C. LaRIVIERE, 22 Alliance Bldg., Montreal,
J. F. TENNANT, Gretna, Manitoba.
J. J. GOLDEN,
Deputy Minister of Agriculture and Immigration, Winnipeg

"Ungar stúlkur eru ávalt rómantiskar", sagði frúin, "og það er sýnilegt, að hann hefir haft áhrif á hana".

"Nú, ég er í öllu falli ánægður yfir því, að ég hélt spurnum fyrir um þessa ungu mennláða undir eins", svaraði riddarinn. "Það er merkileg frásaga, grunsöm frásaga, sem dóttir okkar ætti ekki að kynnast. Ég fyrir mitt leyti skal forðast þá hér eftir, og ég sé enga ástæðu til að ætla, að Elma rekist á þá".

"Hver sagði þér að þeir ættu enga foreldra?" spurði frúin.

"Tom Clark sagði mér það, — hann hefir gengið í skóla ásamt þeim", svaraði Reginald, "og hann þekkir alla söguna. Mjög merkilegt — mjög merkilegt, ég hefi aldrei á æfi minni heyrt eins undarlegt, — mjög undarlegt og óviðeigandi. Þeir hafa aldrei þekt neinn föður, og heldur ekki neina móður, og það er því líkast, sem þeir hafi fallið niður úr skýjunum einhvern rigningardag, beina leið ofan í uppeldisstofnun fyrir foreldralaus börn. Þeir fengu samt sem áður næga peninga, og frítímum sínum eyddu þeir hjá einhverjum manni í Brighton; og þó var hann ekki fjárhaldsmaður þeirra. Þetta er hatla undarlegt, finst þér það ekki? Nöfn þeirra eru Cyril og Guy Warring; en það er líka alt, sem þeir vita um sjálfa sig. Þeir voru uppaldir sem börn heldra fólks, þangað til þeir voru 21 árs, þá var þeim slept út í heiminn með fáein hundruð pund hvorum fyrir sig, einu sinni fyrir alt. Slíkar persónur hefir Elma ekkert við að gera".

"Ég held að hann hafi ekki haft mikil áhrif á hana", sagði frú Clifford. "Ég hefi veitt henni nákvæma eftirtekt, og ég held að hún sé ekki minstu vitund skotin í honum, en á morgun get ég með vissu sagt þér, hvernig þessar sakir standa".

"Það er undarleg gáfa", sagði Clifford, "þessi eðlisleiðslu dómgreind. Ég hefi nú lifað saman með þér í 22 ár, og er enn ekki farinn að skilja hana. Elma hefir einnig þessa gáfu í jafn fullum mæli og þú. Það er undarlegt, — mjög undarlegt".

Frú Clifford roðnaði ögn undir ljósjarpa hörundinu, og fordðaðist að líta á mann sinn.

Elma hafði háttað snemma um kvöldið, og nú læddist móðir hennar að herbergisdyrum hennar, lagði eyrað við lykilgatið og hlustaði.

Algerð þögn ríkti í herberginu. Svo lauk hún upp dyrunum og gægðist inn. "Guði sé lof, hér vottar ekki fyrir höggormseðli ennþá", þegar hún sá að Elma svaf róleg. Svo lokaði hún dyrunum og fór ofan aftur.

"Reginald", sagði hún, "ég er viss um, að hér er engin hætta á ferðum, hún hugsar ekkert um unga manninn og sefur eins vært og barn. Þú þarft ekki að hugsa um þetta framar".

VI. KAPÍTULI.

Tveir einkennilegir mannfundir.

"Herra Hugh Holker býður ykkur velkomna laugardaginn 29. maí, frá kl. 3 til 6½ e. hád.
Chetwood Court. Tennis".

Cyril Warring las þetta með ánægju. Raunar var ekki víst, að Elma kæmi þangað, en það var þó sennilegt, því Nevitt hafði sagt, að Holker væri vinur þeirra Clifford og Kelmscotts.

"Já, ég fyrir mitt leyti ætla ekki að fara þessa löngu leið til Chetwood, að eins í því skyni að frú

Holker veitist sú ánægja að sýna okkur", sagði Guy.

"Í þínum sporum gerði ég það heldur ekki", svaraði Cyril. Hann var ekki beinlínis orðinn ástfanginn af Elmu, en honum geðjaðist vel að henni, og hann hafði óljósan grun um það, að það sem sér geðjaðist, það myndi einnig bróður sínum geðjast.

En á laugardagsmorguninn þann 29. hafði Guy skift skoðun, og fylgdist með Nevitt til Waterloostöðvarinnar, til þess að verða Cyril samferða til Chetwooh.

"Það er líklega réttast, að ég sjái stúlkuna", sagði hann við Nevitt, "ef hún verður mágkona mín, sem er sennilegt, þarf ég að vita, hvernig mér geðjast að henni, svo ég geti veitt sameiningu beirra samþykki mitt, ef mér líkar hún".

Aldingarðurinn hjá Holkers var stór og fagur, og útsýnið hið skemtilegasta. Þegar bræðurnir komu þangað, voru flestir af gestunum komnir.

Skömmu síðar varð Guy þess var, að það hafði orðið hans hlutverk, að stytta gamalli, feitri konu stundir, samkvæmt ráðstöfun frú Holkers. Kona þessi var óvanalega mælsk, og sagði honum frá ættum og ásigkomulagi allra gestanna, svo Guy komst ekki að með eitt orð, enda lét hann sér nægja að segja 'svo', 'nú', 'við' og 'þá'. Á þennan hátt hafði orðstraumurinn runnið viðstöðulaust nokkra stund, þegar þau komu að bekk, þar sem roskin móðir sat ásamt dóttur sinni; gamla konan settist þegar hjá þeim og heilsaði þeim eins innilega og hún hefði ekki séð þær í mörg ár.

Dóttirin var fögur, — óvanalega fögur, einkum voru það þó gáfulegu augun hennar og ljósjarpi hörundsliturinn, sem vakti athygli Guys. Fallegri stúlku hafði hann ekki séð um langan tíma, og hlakkaði nú til að verða kyntur henni.

En áður en gamla konan gat sagt eitt orð, var

unga stúlkan búin að rétta honum hendi sína og sagði brosandi:

"Ég þarf ekki að heyra nafn vinar yðar, frú Godfrey, — það er furðanlegt, hvað þeir eru líkir. Þér eruð auðvitað bróðir hr. Warrings, er það ekki?"

Guy brosti og hneigði sig kurteislega.

"Já, en ég vil naumast láta mér nægja að vera að eins bróðir hr. Warrings", sagði hann glaðlega og þrýsti hendi hennar. "Á þessu augnabliki er ég hr. Warring, og Cyril, sem þér þekkið, er bróðir minn".

"Ó, já, en minn Warring er líklega ekki hér í dag?" — sagði hún og leit eftirvæntingaraugum á næstu hópana. "Mér finst nú eðlilegast, að hugsa um hann sem hr. Warring, og yður sem bróður hans".

"En, góða Elma, hvað heldurðu að hr. Warring megi hugsa um þig", sagði móðir hennar. "Þér skiljið það", sagði hún og sneri sér að Guy, "að við erum öll svo þakklát bróður yðar fyrir hans vingjarnlegu hjálp.við Elmu, þegar slysið vildi til í Lavington jarðgönguðum, og að við þess vegna hugsum og tölum um hann sem okkar hr. Warring. Mér þykir leitt, að hann skuli ekki vera hér í dag, svo við gætum þakkað honum alla hans hjálp".

"Já, en hann er hér einhversstaðar", sagði Guy og horfði fast á Elmu. "Ég skal reyna að finna hann og koma með hann hingað, ég veit að honum muni ánægja í því, að mega heilsa ykkur. Svo þér eruð ungfrú Clifford, sem ég hefi heyrt svo mikið talað um?"

Þegar hann sagði þetta, glaðnaði svipur Elmu. Málarinn hennar var þá ekki búinn að gleyma henni, og hafði talað mikið um hana.

"Já, undir eins og ég sá yður, vissi ég hver þér voruð", sagði hún og roðnaði. "Þér eruð svo líkur honum í flestu tillíti, en þó ekki í öllu, — nann sagði

Gunnar hefir orðið.

Herra Gunnar J. Goodmundson hefir krafist þess af Heimskringlu, að hún birti þau skrif hans, sem hér gefst að lita. Vér vildum ekki neita Gunnari um þá smámuni, því þó hann þjófkenni mann þann, sem honum er í nöp við, þá er það ekki nema Gunnars algengi breyskleiki, sem þar kemur fram, að brígsla öðrum um sínar eigin syndir. — En vegna þess, hve Gunnar er vandur að virðingu sinni, látum við skrif hans koma óbreytt, — með öllum hinum 19 mál og ritvillum, sem á þeim eru. — Vonum vér því að Gunnar sé nú fyllilega ánægður og heiðri hans og Hagyrðingafélagsins borgið.

• • •

Mr. B. L. Baldwinsson

Af því nú samstundis sjé jeg í blaði þínu Heimskringu, sem út er gjefið í dag, að jeg hafi átt að yrkja vísu sem þar er prentuð, vísu sem jeg man ekki til að jeg hafi fyr sjeð eða heirt, auk heldur ort, þá skora jeg á höfund þeirrar sögu að sanna hana með því að láta mig sjá blaðið sem hann segjist hafa frá mjer með vísu þessari, með minni skript, annars lýsi jeg hann ósanninda mann að slýku bulli

Winnipeg 27 april 1911

G. J. Goodmundson

• • •

Athugasemd

eins og annarstaðar er fram tekið hef jeg ekki gjert vísuna sem mjer er kend í sýðasta blaði Heimskringlu. En hvar jeg var staddur þá jeg gjerði þessa vísu gjetur með-ritstjórin kannskje sagt

Mestan sannleik myrðir sá
meiðir tilfinningar
þjóförtuðum þjóta frá
þúsund svívirðingar.

G. J. Goodmundson.

• • •

Hvað því viðvíkur, að G. J. Goodmundson hafi ekki hnoðað saman vísu þeirri, sem honum var kend í síðasta blaði, og ég sé ósannindamaður að þeim áburði, — er það að segja, að vottur var viðstaddur, þá er Gunnar smíðaði vísuna, kona, sem við báðir þekkjum, og sá hún Gunnar rétta mér blaðsnepilinn með stökunni á, og hafði hún það á orði, að augsýnileg harmkvæli væri Gunnari að yrkja, því svitinn læki af honum í dropatali að skáldskapnum loknum. — Kona þessi heir síðan í margra viðurvist lýst því yfir, að Gunnar hafi vísuna kveðið. — En blaðsnepilinn hefi ég ekki, því litinn menjagrip hugði ég hann vera, og því óverðugan geymslu, enda var vísan auðlærð.

Og hvað í ósköpunum atti mér að ganga til, að bera þessa vísu upp á Gunnar, væri hann ekki hinn rétti faðir, þar sem margt talsvert verra liggur eftir hann og sumt á prenti. En þessi vísuskömm var mér handhægust og þess vegna birti ég hana.

Nei, minn góði Gunnar, leirskáldaferill þinn er öllum kunnur, svo óþarft væri fyrir mig eða nokkurn annan, að hnoða saman leirburði undir þínu nafni. — Og margfalt drengilegra heiði það verið af þér, að gangast þegjandi við fóstri þínu, sem sver sig jafn óvíræt í ættina, heldur en að neita því faðernis; — slikt gera smásálir einar.

Ég ætla nú að sýna prentað erindi eftir Gunnar vora, þó að af þetra taginu sé, því ég vil vera miskunnsamur við fátæka barnamenn og einyrkja.

Erindið er svona:

"Ég syrgi þig, Bakkus, sem bróður og vin,
ég bráðum mun aftur þér játast,
og skil þá við kreddufult Templara tal,
sem tvíhendir vopnið, að látast".

Andlaus gorgeir og lokleysa, sér í lagi þó síðasta, linan, þar sem "að látast" kemur eins og skollinn úr sauðarleggnum, án þess að stjórnast af neinu. — En þetta dæmi er ekki nema smávægilegt, þegar tekið er tillit til allra "þjóförtuðu þúsund svívirðinganna", sem eftir Gunnar vorn liggja.

Gunnl. Tr. Jónsson

Gjafir til minnisvarða JÓNS SIGURÐSSONAR.

Sómi Íslands, sverð og skjöldur

Frá WINNIPEG, Man.

Björn Mathúsalemsson $1, Rafnkell Bergsson $1, Mrs. R. Bergsson $1, Miss Lovísa G. S. Bergsson 25c, Mrs. Lovísa Kristjánsson 25c, Miss Guðrún L. Stefánsson 50c, Stefán Skagfjörð 50c, Mrs. Guðrún Skagfjörð 50c, Miss Stefanía Thorláksson 10c, Brynjólfur Helgason 50c, Mrs. Guðrún Helgason 50c, Ólafur Sigurðsson 50c, Sigfús Pálsson $1, Ónefnd $1, Miss Sigríður Jóhannsson $1, Kristján Cryer $1, Jón Ketilsson $1, Bjarni M. Loptsson $1, Mrs. Nanna Björing 50c, Andrés Freeman $1, Mrs. Andrés Freeman $1, Herbert Freeman 25c, Laurence Freeman 25c, Margrét Freeman 25c, Petrea Gunnarsson 50c, Björn M. Paulson 50c, Albert Paulson 50c, Mrs. G. Ingimundarson $1, Bernhard Ingimundarson 50c, Guðbjörg Jóhannesson $1, Jósef Vopnford 10c, Lára Björnsson 10c, Mrs. Sigríður Gillies, Mrs. Ástrós Johnson og Guðný Johnson sameiginlega 50c, Jón Július 50c, Mrs. J. Július 50c, J. L. Július 25c, Flora Július 25c, Guðbjörg Sigurðsson 25c, Thorbjörg Kærnested 25c, Ónefndur 50c, Anna Sveinsson $1, Una Thorun Severt 50c, Pétur Fjeldsted 50c, Jóseph Johnson $1, Mrs. Ásdís Johnson $1, John E. Johnson 25c, Olgeir Johnson 25c, Ástrós V. Johnson 25c, Lilja A. Johnson 25c, Jósephina S. Johnson 25c, Alfred K. Johnson 25c, Friðbjörn A. Johnson 25c, Eðvald F. Johnson 25c, Olga E. Johnson 25c, B.Þórður Jóseph 25c, Mrs. Ranveig Jóseph 25c, Miss Mabel S. Jóseph 25c, Miss Winnifred J. Jóseph 25c, Miss Ranveig G. Jóseph 10c, Konráð E. Jóseph 10c, Miss Þóra J. Jóseph 10c, Miss Stefanía J. Jóseph 10c, Páll Jónsson $1, Mrs. Valgerður Þórólfsdóttir $1 Jón Pálsson $1, Jóhanna Pálsson $1, John Goodman $1, Mrs. Helga Goodman $1, Mrs. M. E. Magnússon 25c, M. E. Magnússon 25c, Miss Sigríður Magnússon 25c, Miss Hildur Magnússon 15c, Miss Guðríður Magnússon 15c, Einar Magnússon 15c, Jóhann E. Magnússon 15c, Páll Magnússon 15c, Magnús Magnússon 15c, Mrs. Anna C. V. Durrant 25c, Guðmundur Einarsson 25c, C. J. Anderson 50c, Mrs. C. J. Anderson 50c, Anna Maria Anderson 25c, Ólavía Aðalbjörg Anderson 25c, Sveinn Sveinsson 50c, Mrs. Ovida Sveinsson 50c, Ólafur S. Thorgeirsson $1, Mrs. Jakobína Thorgeirsson $1, Karólína Sigurbjörg Thorgeirsson $1, Ólavía Sigríður Thorgeirsson $1, Jakobína Thorgeirsson $1, Ragnheiður Thorgeirsson $1, Ceir Thorgeirsson $1, Ólafur S. Thorgeirsson $1, Haraldur Bjarnason 25c.

Frá PONOKA, Alta.

Magnús Steinson $1.50, G. Goodman 50c.

Frá CRESCENT, B.C.

Runólfur Björnsson 25c, Sigríður Björnsson 25c, Ottó A. Björnsson 10c, Sigurborg Björnsson 10c, Laufey Björnsson 10c, St. M. Björnsson 10c.

Frá QUILL LAKE, Sask.

Kr. Ágúst Frímansson 25c, Mrs. Pálína Frímansson 25c, Halldóra S. Frímansson 25c, Thorv. Kr. Frímansson 25c.

Frá WYNYARD, Sask.

G. M. Guðlaugsson $1, Mrs. Ólína Guðlaugsson $1, Martha Violet Guðlaugsson 25c, Elma Pearl Guðlaugsson 25c, Oskar AllanGuðlaugsson 25c.

Frá MARKLAND, Man.

Þuríður Hjálmsdóttir $1, Miss Guðrún M. Björnsdóttir 25c, Miss Ranveig D. Björnsdóttir 25c, Þorsteinn Björnsson 25c, Miss Ragnheiður M. Björnsdóttir 25c.

Frá GOWGANDA, Ont.

Oddur Johnson $1.

Frá ELFROS, Sask.

Magnús Paulson 25c, Mrs. M. Paulson 25c, Miss G. B. Paulson 25c, Miss J. M. Paulson 25c, Mrs. G. Runólfsson 25c, Jón J. Sveinbjörnsson 50c, Mrs. J. J. Sveinbjörnsson 50c.

Frá GIMLI, Man.

Jóh. Th. Jóhannesson 50c.

Frá HENSEL, N. Dak.

S. Johnson 25c.

Samtals	$ 62.25
Áður auglýst ...	2,525.75
Alls innkomið...	$2,588.00

Nokkur orð til 'Þrándar'

Því varst þú að koma fram á ritvöllinn með grímu? Það var þýðingarlaust. Ég þekki þig gegnum allar grímur. Þú heldir ekki átt að aðhafast í þessu máli, úr því þú treystist ekki til að gera það á annan hátt. För þín fram á ritvöllinn í þetta sinn var ekki stórum mun góðugmannlegri en för Bolla, þegar hann sótti að fóstbroður sinum. Báðir bragðuð þið í hjartastað, þar sem ekki var búist við því og þar sem sizt skyldi.

Þegar skáld og hagyrðingar gripa þannig í strengina, þegar trændsáhr þeirra eru lastyrtar, þá detta mér í hug illa uppfögð börn, er glotta hroðug og viðbjóðslega, þegar systkyni þeirra eru barin.

Það er víst tilvinnandi, að fara nokkur skref út af réttum vegi, el með því er hægt að ná til B. L. Baldwinsonar. Hvað koma honum eða blaði hans við illgjarnir sleggju dómar og hnútur? Ur því Heimskringla hefir vinsældum að fagna. Er það ekki lífsspursmál fyrir hvert blað. Ég freistast til að halda, að sumir séu öfuudssjúkir.

Lítil peningaleg hjálp hefir B. L. B. verið að mér. Ég hefi keypt Heimskringlu um að eins fá ár, og þá naumast staðið í skilum.

Þessi svoneindu leirskáld hafa aldrei sótt um inngöngu í Hagyrðingafélagið, hafa líklega ekki þorað að leggja kvæði sín undir dóm þess, — segir þú. Já, þau hafa verið of skoðunargóð til að ganga í það félag; í því eru of margir og misjafnir sauðir til þess hægt sé að vænta réttlátra dóma. — Það hefir aldrei til orðið argari meinloka í heila skynsamra manna en sú, að menn geti kent hver öðrum að yrkja. Það lærist ekki gegnum neina skóla. Það verður að vera vandvirkni, sem kennir það.

Góði þrándur, manstu nokkuð eftir, þegar þú sagðir, að sumt væri ágætt hjá mér, og að ég gæti orðið viðurkend skáldkona, ef að ég vandaði mig? Það er nú víst flest gleymt, sem þá var talað. En heimurinn hefir snúist á endum síðan.

Þá brann í skugganum bjartara ljós,
þá blíður var hillinga vetur.
Ilmsæt í lundinum angaði rós,
og árgalinn hvakaði betur.

Ég ætla að vanda mig og verða skáldkona. Ekki vegna áheyrenda minna, heldur vegna listarinnar.— Að ég hafi ekki nógu breitt bak til að þola skellí, er sagt af ókunnugleik. Ég er ekki af ánamaðkakyni, og hrekk ekki í kuðung, þó komið sé við mig. Svo hefi ég ekki neitt samvizkubit fyrir frágangi ljóða minna.

Er nú ekki neitt í fari íslenzku þjóðarinnar, sem orsakar svartari bletti en ljóðagerðin? Við erum andlegir böðlar og uppreistarþjóð. Við erum hrís á hvers annars húð og þyrnar í hvers annars holdi. — Þegar við lesum bók íslenzku þjóðarinnar niður í kjölinn, hlýtur okkur að finnast það ömurleg forlög, að vera sprottin af jafn eitraðri rót.

Þrándur, ég er þér þakklát í aðra röndina fyrir greinarkornið. Það var mér nokkurs konar opinberun. En varið hefðir þú getað tíma þínum betur.

Mörgum tíma illa er
eytt um lífsins daga.
Seinna munum sjá það vér,
— seint er þá að laga.

R. J. Davidson.

TIL

Gunnl. Tr. Jónssonar.

Gunnlaugur Tryggvi, góðu son,
grát ei af öfund nú;
þú kant ei að yrkja. þess verður von
að vitlaus kallist þú.

Ef kynnir að yrkja eitthvert hull,
þó ei teldist vit í því,
þú litir á það sem lýsigull
með logandi perlum í.

Illa lætur í eyrum mér
áfellisdómur þinn;
hljóðandi, hrópandi hvar sem fer:
heimskingi er faðir minn.

August Einarsson.

VID STRAUMA SKIFTIN

Árið 1911 er flóðaldan undir framfarir og auðsæld Vestur-Canada. Það er ár fasteigna tækifæra, vegna þess að straumarnir eru að breytast, hækkar verðið. Að ári færðu gott verð, en færri kjörkaup.

Aðeins fáar melónur eftir í garðinum handa þér, sem ekki ert auði hlaðinn.

COMMERCIAL CENTRE EDSON

Er ein þeirra. Þú veist alt um Edson. Vegna sinna miklu kola og náma auðlegðar, hefir Edson réttlega verið nefndur "Pittsburg Canada" þú veist að hinar upprunalegu lóðir bæjarstæðisins, hafa tvöfaldast í verði á fáum mánuðum. Og vér ætlum að segja þér fleira, sem þú eftilvill veist ekki.

G. T. P félagið er að verja $750,000.00 fyrir verkstæði "Roundhouse" og skrifstofur í Edson Auk sporbrauta og kolageymslu núsa, og eiga hin stóar nefndu að vera hin stærstu í Alberta, og öllum byggingum þessum er ásætluð viðbót í framtíðinni.

G.T.P. er nú að byggja braut suður í námahéraðið, þar sem miljónir af enskum og evrópiskum auði hefir verið varið í námur. Öll viðskifti og verzlun þaðan fer um Edson. Einnig er félagið að byggja þar járnbraut norður til Grande Prairie.

C. N. R. félagið ætlar einnig að hafa stöð á Edson, með auka brautum norður og suður, og mun þurfa engu minni starfsemi en G. T. P.

Hvað þýðir þetta fyrir ÞIG? Þýðir það að Í DAG getur þú keypt lóðir í

COMMERCIAL CENTRE--EDSON

VERÐ FRÁ **$60 til $100**

Innan bæjarstæðisins. Það merkir það að þú getur átt hluttöku í auðsældum þessarar undra borgar framtíðarinnar, ef þú kaupir strax.

En kaupið áður en straumaskifin verða. Komið og sjáið okkur og heyrið alt um Edson, eða skrifið þér, og vér munum gefa yður samanir sem undra ykkur.

K. K. ALBERT Phone Main 7323
708 McArthur Bldg, Winnipeg

SPURNINGAR.

1. Hefir almenningur tilkynt Hjálmari Gíslasyni á lit sitt á ljóðum mínum?

2. Mun almenningur hafa nokkra sjálfstæða skoðun á skáldskap yfirleitt, — þarf nema einn gikk í hverri veiðistöð?

3. Hvað má maður hafa mörg saurug blöð í lífsbók sinni til þess að skerða sæmd sína?

4. Er ekki sælt að vera innan múrveggja Hagyrðingafélagsins um þessar mundir?

5. Trúið þið því, að ég sé tóleg á bersvæði mitt í kúlnahríðinni?

6. Er það ekki ranglátt, að ætlast til, að Tryggvi sé sanngjarn í dómum um menn og málefni, þar sem Íslendingar yfirleitt hafa ekki þann kost til að bera?

7. Hafa ekki níðdómarar ljóða minna jafnan farið að eins og köttur í kringum heitan soðbolla?

8. Mætti ekki biðja hagyrðinga þá, er fylla flokk sleggjudómara, að rækta sitt eigið angandi blóm í akri sínum. áður en þeir gera tilraun til að benda á illgresið hjá öðrum?

9. Mun ég ekki geta sagt í lok vertíðar: Þér ætluðuð að gera mér ilt, en það snerist til góðs?

R. J. Davidson.

LESIÐ ÞETTA

ÍSLENDINGAR, helzt smiðir, sem hugsa til að koma til Saskatoon, gerðu vel í, að skrifa eða sjá okkur sem allra fyrst.

Gislason & Brandson
Office 36 Ferguson Block.
P.O. Box 1077, Saskatoon, Sask.

The Liquor License Act

Eftirfylgjandi beiðnir um endurnýjun Hotel leyfis hafa verið meðteknar og verða íhugaðar af leyfisnefndinni fyrir leyfishérað No. 4, í Winnipeg, á skrifstofu Chief License Inspector, horni Kennedy og Broadway stræta, kl. 2 e. h. mánudaginn 22. maí 1911: — G. E. Sólmundson, Gimli Hotel, Gimli, og J. G. Christie, Lakeview Hotel, Gimli.

Dags. að Winnipeg, april 1911.

M. J. JOHNSTONE,
Chief License Inspector.

ALDREI SKALTU geyma til morguns sem hægt er að gera í dag. Pantið Heimskringlu í dag.

Bókalisti.

N. OTTENSON'S,- River Par. W'p'g.

Ljóðmæli Páls Jónssonar í bandi	(3)	85
Sama bók (að eins 2 eint.	(3)	60
Jökulrósir		15
Dalarósir	(3)	20
Hamlet	(3)	45
Tíðindi Prestafélagsins í hinu forna Hólaskifti	(2)	15
Grani skipstjóri	(2)	40
Börn óveðursins	(3)	55
Umhverfis jörðina á áttatíu dögum	(3)	60
Blindi maðurinn	(3)	15
Fjórblaðaði smárinn	(3)	10
Kapitola (í ILBindum)	(3)	1.25
Eggert Ólafsson (B. J.)		15
Jón Ólafssonar Ljóðmæli í skrautbandi	(3)	60
Kristinfræði	(2)	45
Kvæði Hannesar Blöndal	(2)	15
Mannkynssaga (P. M.) í bandi	(5)	85
Mestur í heimi, í b.		1₅
Prestkosningin. Leikrit, eftir D.E., í b.	(3)	30
Ljóðabók M. Markússonar		50
Ritreglur (V. Á), í b.		20
Sundreg ur, í b.		15
Gerði ljós		15
Vestan hafs og austan, Þrjár sögur eftir E. H., í b.		90
Víkingarnir á Hálogandi eftir H. Ibsen		25
Þorlákur helgi		15
Ofurefli, skálds. (E. H.) í b.		1.50
Ólöf í Ási	(g)	45
Smælingjar, 5 sögur (E. H.), í b.		85
Skemtisögur eftir S. J. Jóhannesson 1907		25
Kvæði eftir sama, frá 1905		25
Ljóðmæli eftir sama. (Með mynd höfundarins frá 1897		25
Safn til sögu og ísl. bókmenta í b., III. bindi og það sem út er komið af því fjórða	(53c)	9.4
Íslendingasaga eftir B. Melsted I. bindi bandi. og það sem út er komið af 2. b.	(25c)	2.85
Lýsing Íslands eftir Þ. Thoroddsen í b.	(16c)	1.90
Fornir fornísleuzkir rímnaflokkar, er Finnur Jónsson gaf út, bandi	(5c)	85
Alþingisstaðir hinn forni eftir Sig. Guðmundsson, í b.	(4c)	90
Um kristnitökuna árið 1000, eftir B. M. Olsen	(6c)	90
Íslenzkt fornbréfasafn, 7. bindi innbundið, 3 h. af 8 b.	(1.70)	27.80
Biskupasögur, II. b. innbundið	(42c)	5.15
Landfræðissaga Íslands eftir Þ. Th., 4. b. innbundið	(55c).	7.75
Rithöfunda tal á Íslandi 1400—1882, eftir J. B., í bandi	(7c)	1.00
Upphaf alþingis á Íslandi eftir K. Maurer, í b.	(7c)	1.15
Auðfræði, e. A. Öl., í bandi	(6c)	1.10
Presta og prófastatal á Íslandi 1869, í b.	(9c	1.25
Norðurlandasaga eftir P. Melsted, í b.	(8c)	1.50
Nýjatestamentið, í vönduðu bandi	(10c)	65
Sama, í fínu bandi	(8c)	30
Kóralbók P. Guðjónssonar		90
Sama bók í bandi		1.10
Svartfjallasynir	(5)	60
Aldamót (Matt. Joch.)		20
Harpa	(4)	60
Ferðaminningar, í bandi	(5)	90
Bóndinn	"	35
Minningarit (Matt. Joch.)	"	35
Týndi faðirinn	"	35
Nasreddin, í bandi		35
Ljóðmæli J. Þórðarsonar	(3)	45
Ljóðmæli Gestur [illegible]	"	75
Maximi Petrow	(2)	45
Leyni-sambandið	(2)	40
Hinn óttalegi leyndardómur	(2)	50
Sverð og bagall	(2)	30
Waldimer Nihilisti		75
Ljóðmæli M. Joch. I.-V. bd., í skrautb.	(15)	4.00
Afmælisdagar Guðm Finnbogasonar	—	1.00
Bréf Tómarar Sæmundsson	(4)	75
Sama bók í skrautbandi	(4)	1.15
Íslenzk-ensk orðabók, G. T. Zoega	(10)	1.80
Gegnum brim og boða		90
Rökisréttindi Íslands		50
Systurnar frá Grænedal		35
Öfinstýri handa börnum		30
Vísnakver Páls lögmans Vídalíns		1.25
Ljóðmæli Sig. Júl. Jóhannesson		1.00
Sögur frá Alhambra		30
Minningarrit Templara í vönduðu bandi		1.6₅
Sama bók, í bandi		1.50
Pétur blásturbelgur		10
Jón Arason		80
Skipið sekkur		60
Jóh. M. Bjarnason, Ljóðmæli		55
Maður og Kona		1 25
Fjarða mál		25
Beina mál		10
Oddur Lögmaður		95
Grettis Ljóð.		65
Dular, Smá-sögur		50
Hinrik Heilráði, Saga		20
Andvari 1911		7₅
Æfisaga Benjamin Franklins		4₅
Sögusafn þjóðviljans I—II árg. 3₅c; III árg. 20c IV árg. 20c; V. árg. 20; VI. 4₅; VII. 4₅; VIII. árg. 5₅; IX. árg. 5₅; X. árg. 5₅; XI. árg. 5₅; XII. árg. 4₅; XIII. árg. 4₅; XIV. árg. 5₅; XV. árg. 30; XVI. árg. 2₅; XVII. árg. 4₅; XVIII árg. 5₅; XIX. árg. 2₅.		
Alt sögusafn þjóðviljans selt á		$7.00
Eldraunin (Skáldsaga)		50
Vallyes sögur		5₅
Valdimar munkur		60
Kynlegur þjófur		5₅
Sagan af starfaði Stórvirkssyni í bandi		50
óbundin		3₅
Rímur af Sörla sterka í bandi		40
óbundin		30
Myndin af fiskiskipinu Bækur sögufélagsins Reykavík;		1.10
Morðbréfabæklingur		1,3₅
Byskupasögur, 1—6.		1,9₅
Aldarfarsbók Páls lögmanns Vídalín		4₅
Tyrkjaránið, I—IV,		2.90
Guðfræðingatal frá 1707—'07		1,10

Bækur Sögufélagsins fá áskrifendur fyrir nærri hálfvirði,—$3.80.

Umboðsmenn mínir í Selkirk eru Dalman bræður.

Þess skal getið viðvíkjandi bandinu á Fornaldarsögunum Norðurlanda, að það er mjög vandað, handbundið skrautband, vel frá gengið eins er með Bréf Tómasar Sæmundssonar.

Tölurnar í svigum tákna burðargjald, er sendst með pöntunum.

Áður enn þú kaupir

PLAYER PIANO

fullvissaðu þig um leikni hljóðfæris þess, sem fremst er í huga þér, að framleiða

Ekta Piano spil

með hreinum hljómtónum.— Fullvissaðu þig um þessa fullkomnun út í vztu æsar, og þá fellur val þitt efalaust á

HEINTZMAN & CO PLAYER-PIANO.

J. J. H. McLean & Co LIMITED

Cor Portage Ave. & Hargrave
Phone Main 808.

NÚ ER TÍMI TIL AÐ KAUPA

Røslyn Lots

Næst við Varsity View, ákjósanlegasti staður fyrir sumar bústað.

56 LOÐIR 25x107

verða seldar á ~~$10~~—$12 fetið, og góðir skilmálar gefnir þeim, sem kaupa strax. Skulum með ánægju sýna þeim lóðirnar, sem hafa í hyggju að kaupa, eða senda upplýsingar öllum þeim, sem senda okkur áritun sína í því skyni.

AÐEINS ÖRSKAMT FRÁ SPORBRAUT

ALBERT REALTY COMPANY

Talsími Main 7323 **708 McArthur Bldg.** **Winnipeg**

Ókeypis Bæklingur

"Landið þar sem olía er konungur"

Ennig eintak af síðustu útgáfu af "Buick Oil News."

Sendið nafn yðar og áritun og hið ofantalda verður sent yður ókeypis.

K.K.Albert

P. O. Box 56

WINNIPEG

Hannyrðir.

Undirrituð veitir tilsögn í alls kyns hannyrðum gegn sanngjarnri borgun. Starfsstofa: Room 312 Kennedy Bldg., Portage Av., gegnt Eaton búðinni. Phone: Main 7723.

GERÐA HALDORSON.

VANTAR

Fasta umboðsmenn og hjálparmenn(canvassers), bæði konur og karla.

Gott kaup harda duglegum.

Skrifið og sendið nauðsynleg meðmæli.

K.K. ALBERT
Box 456
WINNIPEG, MAN.

Fréttir úr bænum.

Herra Sveinn Thorvaldsson, frá Íslendingafljóti, var hér um síðustu helgi. Segir hann mikinn akuryrkjuhug í bændum þar nyrðra, og telur vist, að í Árness-, Fljóts-, Geysis- og Árdals-bygðum muni bændur á þessu ári nálega tvöfalda þann ekrufjölda, sem þeir höfðu undir kornyrkju á síðasta ári. Einnig í Hnausa-bygð, sem til þessa ekki hefir haft neina kornyrkju, svo teljandi sé, segir hann ýmsa bændur vera að plægja lönd sín og búa sig undir hveiti- og hafrarækt. — Fregn þessi er hin gleðilegasta. Framkvæmdirnar eru nú að taka þá steinu, sem vera ber, og bændurnir munu komast að raun um, að ræktun landa þeirra á hérlenda vísu verður þeim vissari auðnuvegur, en nokkuð annað, sem þeir hafa starfað í liðinni tíð. Þess meira sem þeir rækta af löndunum, þess greiðari verður framför þeirra efnalega og á annan hátt.

Föstudaginn 28. f. m. andaðist Runólfur Guðmundsson, frá Cavalier, N. Dak. Hann nú á sjúkrahúsi í Colorado Springs, Colo., þar sem hann hafði verið sl. vetur. Hans verður nánar getið í næsta blaði.

Á miðvikudaginn var voru gefin saman í hjónaband í Fyrstu lút. kirkjunni, af Dr. Jóni Bjarnasyni, þau Mr. Helgi Johnson, starfsmaður við C.P.R. félagið, og Miss Bertha Jackson, dóttir Guðberts heitins Jochumssonar og Sæunnar konu hans, að 635 Elgin Ave. — Brúðhjónin fóru samdægurs vestur til Brandon, þaðan til Calgary og annara borga Vesturlandsins, og hugðu þau að vera 3 vikur í ferð þeirri. — Heimskringla óskar þeim allra heilla.

Á safnaðarfundi í Tjaldbúðinni á mánudagskveldið var það séra Fr. J. Bergmann um 4 mánaða frí frá söfnuði sínum. Hann kvaðst ætla til Íslands um miðjan þennan mánuð, og gat þess um leið, að hann ætti von á, að guðfræðiskandidat Magnús Jónsson kæmi hingað vestur í lok júnímánaðar, með Jakobi Lárussyni, sem kallaður hafi verið til Wynyard safnaðar. Mundi þá Magnús þjóna Tjaldbúðarsöfnuði, þar til hann kæmi sjálfur til baka úr ferðalagi sínu. En fyrst um sinn vonaði hann að séra Lárus Thorarensen, að Gardar, mundi þjóna Tjaldbúðar söfnuði svo sem mánaðartíma. — Söfnuðurinn samþykti með öllum atkvæðum að veita leyfið.

Mrs. Guðbjörg, kona Hjálmars Jóhannessonar í Geysir bygð, kom til bæjarins í sl. viku með börn sín tvö, úr kynnisferð til systkina sinna og annara ættingja í Norður Dakota. Hún valdi syðra í þrjár vikur og var hvervetna vel fagnað. Þau hjón bjuggju fyrrum í Hallson bygð, en hafa búið í Geysir bygð í sl. 10 ár. — Mrs. Jóhannesson biður Heimskringlu að flytja fólki sínu og kunningjum syðra sína beztu kveðju og þökk fyrir alúðlegar viðtökur. — Með Mrs. Jóhannesson var og í ferð Mrs. Guðrún, kona Jónasar Einarssonar í Árnes bygð, sem einnig var að finna skyldfólk sitt syðra, og lét jafn vel af viðtökum öllum þar og sendir sömu kveðju.

Herra Th. Johnson, greiðasali að 699 Elgin Ave. hér í borginni, kom vestan af Kyrrahafsströnd á fimtudaginn var. Hafði hann verið um mánaðartíma í þessari ferð. Heimsótti hann Seattle, Blaine, Tacoma, Victoria, Vancouver og fleiri staði þar vestra og leyst vel á sig allstaðar. Þó litið um atvinnu í Bandaríkjaborgunum, en alt í uppgangi í Vancouver og næg atvinna.

Munið eftir samkomu Únitara í kveld (fimtudag). Kappræðan milli Skapta B. Brynjólfssonar og séra Rögnv. Péturssonar um vantraustsyfirlýsinguna til fyrv. ráðherra Björn Jónssonar, verður sjálfsagt fróðleg og skemtileg. Þar verður og margt annað til skemtunar. Fjölmennið.

Midland járnbrautarfélagið hefir tilkynt fólki því, sem býr í húsum þess á Ross og Pacific strætum, að það verði að vera komið úr húsunum fyrir fyrsta júní. Félagið hefir samið um það við bæjarstjórnina, að leggja járnbraut sína niður með Ross Ave. nú strax, alt austur að Paulin St., og hafa verkinu lokið fyrir nýár næstk.

Miss Sigrún I. Helgason, frá Nes P.O., Man., sem stundað hefir nám á Wesley College í vetur, fór að afloknu prófi heimleiðis á föstudaginn var. Verður hún kennari við skóla þar í sumar.

Manitoba háskólaprófin hafa staðið yfir undanfarna daga og ganga all-margir Íslendingar undir hin ýmsu árspróf. En þessir fjórir taka fullnaðarpróf: Baldur Johnson, Valdimar Lindal, Jóh. G. Jóhannsson og Stefán Bjarnason. — Úrslit prófanna verða ekki kunn fyr en föstudaginn 12. þ.m.

Til Nýja Íslands fóru í sl. viku þær systur, Mrs. Helga Baldwinson og Guðrún Peterson, að finna foreldra sína, sem búa norður við Íslendingafljót.

Íslendingar ættu að lesa auglýsingu herra Magnúsar Johnsons, frá Wild Oak, í þessu og næstu blöðum. Hann hefir ágætis lönd til sölu þar vestra. Innan fárra ára verða lönd þar í háu verði, sem annarstaðar í Manitoba, þar sem nær öll heimilisréttarlönd eru nú þegar þrotin.

Herra Guðmundur Lambertsen, gull- og úrsmiður, flytur í þessari viku til Glenboro og setur þar upp gullstássverzlun í búð beirri, sem herra Winchell áður hafði þar. — Lambertsen er þaulæfður og listasmiður, hefir unnið 10 ár að handiðn sinni og í sl. 3 ár hjá herra G. Thomas hér í borg. Landar ættu að líta inn í búðina hans og kaupa það, sem þar verður að fá og borga fyrir það.

Séra Jón J. Clemens, frá Guelph, Ont., og brúður hans eru hér á ferð um þessar mundir, í kynnisför til frænda og vina.

Samkvæmt ósk Sigurðar Gíslasonar, frá Svínaskálastekk, skal þess getið, að hann er ekki Sigurður sá, sem kvað "Brot úr rímu" og nefndi sig "Gráðhærður hagyrðingur". Nefndur Sigurður er alsaklaus af þeim leirstökum.

Violin Recital það, sem nemendur Mr. Th. Johnsons halda á mánudagskveldið kemur, verður vafalaust ánægjulegt. Það verður undir umsjón First English Lutheran Church. Aðgangur verður ókeypis; en samskot verða tekin og ganga þau í kirkjubyggingarsjóð First English LutheranChurch sem er í þann veginn að reisa kirkju á Maryland st., nálægt Ellice Ave. Landar ættu því að fjölmenna og styðja með samskotum að góðu málefni.

Miss Jóhanna Olson pianókennari er flutt til 690 Home St.

Þau hjónin A. B. Olson á Gimli og kona hans urðu fyrir þeirri sorg, að missa yngsta barn sitt þann 25. f.m., eftir langavarandi veikindi.

UNION LOAN & INVESTMENT CO. er íslenzkt félag, sem hefir skrifstofu að 45 Aikins Bldg. Því er stjórnað af Íslendingum, sem eru vel þektir, ekki eingöngu í bænum, heldur út um sveitir, meðal Íslendinga. — Þeir hafa sett yfir $100,000.00 virði af fasteignum í aprílmánuði, og er það sjaldgæft meðal Íslendinga.

Sigrún M. Baldwinson
Teacher of Piano

727 Sherbrooke St. Phone Garry 2414

Á öðrum stað í þessu blaði auglýsa þeir Johnson og Carr raflleiðsluiðnað sinn, að 761 William Ave. Johnson mun vera eini Íslendingurinn hér í borg, sem stundar það starf á eigin reikning, og með því að maðurinn hefir mikla starfsþekkingu af margra ára vinnu við allskyns raflleiðslu, þá ættu Íslendingar að unna honum viðskifta sinna. Þeir hafa meira en nóg verk fyrir einn mann að gera á öllum ársins tímum.

VIOLIN RECITAL

verður haldið í Goodtemplarahúsinu mánudagskveldið 8. þ.m. af nemendum Th. Johnsons. Finnig aðstoða Miss Sigríður Thorgeirsson pianóspilari og Mr. Herbert Child söngmaður.

PROGRAM.

1. Overture Reception, Ensemble.
2. Sonata No. 2 First Movement, Miss Clara Oddson.
3. Intruduction and Polonaise, Master Conrad Johannesson.
4. Piano a) Anitras Tanz Grieg, b) Valse No. 1—Miss Sigríður Thorgeirsson (pupil Mrs. Ersemple).
5. Air Varie No. 5—Master Matti Bowman.
6. Vocal: Down the Vale—Mr. Herbert Child (pupil of Dr. Ralph Horner).
7. Student Concertino No. 4—Miss Violet Johnston.
8. Adagio and Rondo from Concerto No. 7—Mr. M.Magnússon
9. Fantasie Scene de Ballet—Miss Clara Oddson.
10. Vocal: A Farewell—Mr. Herbert Child.
11. Fantasie: Lily Dale—Master Laugi Oddson.
18. (a) Andante—Gluck; (b) Gavotte—Ensemble.

Hefst kl. 8.30. Aðgangur ókeypis.

ÍSLENZKT VÍRAVIRKI

úr gulli og silfri, fæst nú og í næstu þrjá mánuði smíðað á vinnustofu

Björns Ólafssonar
GULLSMIÐS
752 Victor Street

hér í bænum. — Allar aðgerðir á gull og silfursmíði verða þar fljótt afgreiddar.

Union Loan & Investment Co.
45 Aikin's Bldg.
PHONE GARRY 3154

Lánar peninga, kaupir sölusamninga, verzlar með fasteignir hús, lóðir og lönd. Veitir umsjón dánarbúum.— Peningum veitt móttaka og 7% vextir ábyrgstir.

Íslenzkir forstöðumenn. — Hafið tal af þeim

H. Pétursson, John Tait, E. J. Stephenson

JOHNSON & CARR
RAFLEIDSLUMENN

Leiða ljósvíra í íbúðarstórhýsi og fjölskylduhús; setja bjöllur, talsíma og tilvísunar skífur; setja einnig upp mótors og vélar og gera allskyns rafmagnsstörf.

761 William Ave. Phone Garry 735

Tombóla

hefir verið efnt til af nokkrum meðlimum stúkunnar SKULD (ágóðinn gengur í byggingarsjóð stúkunnar). Skemtanir fyrir unga fólkið fara fram þegar Tombolan er yfir.

FIMTUDAGSKVELDIÐ
11. MAÍ
næstkomandi.

Í efri sal Goodtemplarahússins.

Það hefir verið vel til þessarar Tombólu safnað af góðum, verðmætum munum, sem nákvæmar verður auglýst í næsta blaði.

Inngangur og einn dráttur 25 cts.

Ráðskonu vantar,

ráðna og roskna, á heimili hjá efnuðum ekkjumanni íslenzkum. Hún sé frá 40 til 60 ára að aldri, þrifin og vön búsýslu. Umsækjendur riti

K. THORSTEINSON,
Spalding, Sask.

ÍSLENZKT FIÐUR

Sérstaklega gott íslenzkt fiður nýkomið að heiman, er til sölu hjá undirrituðum.

J. O. FINNBOGASON,
677 Agnes Street.

Dalman & Thorsteinson

MÁLARAR

Gera alskonar húsmáluing. Kalsomining og leggja pappír. Alt verk vandað og fljótt afgreitt. Phone Garry 240

797 Simcoe St.

R. TH. NEWLAND

verzlar með fasteignir, fjárlán og ábyrgðir. — Skrifstofa: No. 4 Phoenix Block, horni Princess og NotreDame

Sími: Garry 4704.
Heimilissími: Sherbr. 1619.

TILBOÐ.

Við undirskrifaðir tökum að okkur alla grjótvinnu, sem við getum af hendi leyst eins fljótt og vel og nokkur getur gert. Við seljum grunn undir hús, hlöðum kjallara, steypum vatnskeröld og gangstéttir, gerum steinsteypu í fjós, o.fl.

Jacob Frimann
Hergr. Hallgrimson
Gardar, N. Dak.

Öll þau efni

sem gera hið daglega brauð ljúffengt, heilsusamlegt og nærandi, hefir

Boyd's BRAUÐ

inni að halda. Það er tilbúið í hinu stærsta brauðgerðarhúsi í Vestur-Canada, sem æ verður stærra og stærra eftir því sem framför landsins eykst. Þér vitið ástæðuna. — Reynið BOYD'S brauð.

Th. JOHNSON
JEWELER
286 Main St. Sími M. 6606

Dr. G. J. Gíslason,
Physician and Surgeon
18 South 3rd Str, Grand Forks, N.Dak

Athygli veitt AUGNA, EYRNA og KVERKA SJÚKDÓMUM ASAMT INNVORTIS SJÚKDÓMUM og UPPSKURÐI. —

Dr. J. A. Johnson
PHYSICIAN and SURGEON

HENSEL, N. D.

J. J. BILDFELL
FASTEIGNASALI.
Union Bank 5th Floor No. 520

Selur hús og lóðir, og annað þar að lútandi. Útvegar peningalán o. fl.

Phone Main 2685

'Kvistir' í handi

Munið eftir því að nú fást "KVISTIR" Sig. Júl. Jóhannessonar, í ljómandi fallegu bandi hjá öllum bóksölum.

Verð $1.50

„Að lesa og skrifa list er góð læri það sem flestir."

Ef þig langar til að læra að skrifa fagra rithönd, þá skrifaðu eftir upplýsingum og sýnishorni til H. F. Einarssonar, Pembina, N. Dak., sem kennir allskonar rithönd fjölbreytta pennadrætti og skrautskrift. Þú getur lært heima í þínu eigin húsi, því tilsögnin er send bréflega með pósti.

Hverjum, sem svarar þessari auglýsingu, verður sent spjald með hans eigin nafni skrautrituðu. 25-5

Sveinbjörn Árnason
Fasteignasali.
Selur hús og lóðir, eldsábyrgðir, og lánar peninga. Skrifstofa: 310 McIntyre Blk.
office TALSÍMI 4700. hús Tal. Sherb. 2018

BONNAR, TRUEMAN & THORNBURN,
LÖGFRÆÐINGAR.
Suite 5–7 Nanton Blk. Main 766
Winnipeg, Man. P.O.BOX 223

Anderson & Garland,
LÖGFRÆÐINGAR
35 Merchants Bank Building
PHONE: MAIN 1561.

HANNES MARINO HANNESON
(Hubbard & Hanneson)
LÖGFRÆÐINGAR
10 Bank of Hamilton Bldg. WINNIPEG
P.O. Box 781 Phone Main 378 " " 3142

Gísli Goodman
TINSMIÐUR.
VERKSTÆÐI:
Cor. Toronto & Notre Dame.
Phone Garry 2988 Heimilis Garry 899

WINNIPEG ANDATRÚAR KIRKJAN
horni Lipton og Sargent.

Sunnudagasamkomur, kl. 7 að kveldi. Andartrúarspeki þá útskýrð. Allir velkomnir.

Fimtudagasamkomur kl. 8 að kveldi, huldar gátur ráðnar. Kl. 7.30 segul-lækningar.

W. R. FOWLER A. PIERCY.

Royal Optical Co
307 Portage Ave. Talsími 7286.

Allar nútíðar aðferðir eru notaðar við augn-skoðun hjá þeim, þar með hin nýja aðferð, Skugga-skoðun, sem gjöreyðir öllum ágiskunum. —

KAUPIÐ af þeim og verzlið við þá sem auglýsa starfsemi sínu í Heimskringlu og þá fáið þér *betri* vörur með *betra* verði og *betur* útilátnar.....

Talsími Heimskringlu
Garry 4110

Heimskringla.

Annar partur

XXV. ÁR. WINNIPEG, MANITOBA, FIMTUDAGINN, 11. MAÍ 1911. Nr. 32.

Íslenzkir nemendur við Manitoba búnaðarskólann veturinn 1910-11.



Carl Andersson, Steve Goodman, Pétur Thorsteinsson, Einkur Stefánsson, Matthías Guðmundsson, G. S. Snœdal, Steindór Vigfússon, Erlendur Stefánsson, Jóhann Breckman, Helgi Helgason, Hjálmur F. Danielsson, Hákon Kristjánsson, Jón K. Johnson, S. Sigfússon, Kristján Halldórsson, Árni Stefánsson, Guðm. Magnusson, Albert Sveinsson, Þóri Goodman, Steve Sigmar, Kristján Helgason.

Það er Heimskringlu sérstakt ánægjuefni að geta að þessu sinni fært lesendum sínum andlitsmyndir af þeim 23 íslenzkum ungmennum sem á síðastliðnum vetri stunduðu nám við Manitoba Búnaðarskólann. Af þessum nemendum eru 21 karlmenn og 2 kvenmenn. Um helmingur af piltunum stunduðu nám á skólanum á fyrra ári og hafa nú því lokið tveggja ára eða almenna námsskeiðinu, og svo er oss sagt af bændum úr hinum ýmsu sveitum í Manitoba og Saskatchewan sem piltarnir koma frá, að þeir hafi svo aukið búfræðislega þekkingu sína, að þeim muni verða sveitum þeim að ágætu liði, er þeir framvegis taka sér bólfestu og starfa í. Einnig mun mega fullyrða, að minnsta kosti þrir þessara námsmanna, sem nú hafa lokið tveggja ára námsskeiðinu, ætli sér að halda áfram við skólann um þrjú næstu ár in og fullkomna þannig 5 ára námsskeiðið, og taka háskólakennara fullnaðarpróf í búnaðarvísindum. Má því ætla, ef alt gengur að óskum, að íslenzkir búfræði-kennarar skipi embætti við búnaðarskólana í Manitoba og Saskatchewan eftir svo sem þrjú til fjögur ár, eða árið 1915-16, og mun þá Heimskringla eigi þóttst hafa unnið fyrir sig, er sá árangur er orðinn af þvi starfi er blaðið hóf fyrir tæpum tveim árum, að benda vestur-íslenzkum bændum á búnaðarskóla fylkisins og tilgang hans, og hvetja þá til að senda syni sína og dætur þangað til náms.

Þær tvær íslenzku námsmeyjar, er stunduðu nám á búnaðarskólanum síðastliðinn vetur, eru þær fyrstu af vorum þjóðflokki sem þar hafa náms leitað. — Stjórn skólans þókti vænt um aðsókn þeirra og henni er ant um að fleiri íslenzkar stúlkur vildu sækja skólann framvegis, því hún er þess fullviss, að það er konum engu síður nauðsynlegt en karlmönnum, að nema þau fræði sem þar eru kend í hverri deild fyrir sig. Skólastjórnin tilkynti Heimskringlu með bréfi fyrir skömmu síðan, að báðar íslenzku námsmeyjarnar hafi staðist próf sín með heiðri.

Svo er nú aðsóknin orðin mikil að skólanum, að nú er stjórnin að láta byggja nýjan og miklu stærri búnaðarskóla á 600 ekra landi suður með Raudarbökkum, 6 mílur fyrir sunnan borgina. Verður þar nægilegt húsrúm fyrir 800 til 1000 nemendur.

Nöfnin hér fyrir neðan myndina eru sett í þeirri röð sem nemendurnir eru á myndinni.

Vöxtur borgarinnar.

Aldrei í sögu Winnipeg borgar hafa framfara-horfurnar verið jafn glæsilegar og nú. — Árið sem leið var 15 miljónum dollars varið í byggingar. Þetta ár er útlátið fyrir, að sú upphæð tvöfaldist. Fasteignir seldust vel í fyrra, en þetta ár seljast þær margfalt betur. — Það er því engum efa bundið, að það bezta, sem almenningur getur gert við sparipeninga sína, er að kaupa lóðir í borginni eða í nánd við hana. Winnipeg fer alt af vaxandi, og þó lóðir séu keyptar fjórar til sex milur frá borginni, þá verða þær innan borgarinnar innan fárra ára. — Sérstaklega er það þó í suður og vestur-átt, sem borgin fer vaxandi. Sú var tíðin, að Sherbrooke stræti þótti engu nær borginni en Deer Lodge er nú. Og innan fimm til sex ára, ef dæma skal eftir undangengnum árum, verður bæði Headingly og St. Vital innan takmarka borgarinnar.

Í St. Vital er nú verið að byggja hinn volduga búnaðarskóla fylkisins, sem kosta á $1,500,000.00, og sporbraut verður að likindum lögð þangað á þessu sumri. Þetta hvortveggja er full trygging þess, að lóðir í St. Vital eru viss gróði fyrir hvern, sem kaupir.

Hið sama gildir með lóðir milli Assiniboine árinnar og Portage Ave., — utan borgartakmarkanna. Þar á að byggja Manitoba háskólann, og þar er City Park, sem ætti að vera örugg vissa fyrir því, að þar umhverfis risi upp fyrirtaks íbúðahverfi. Hið ljómandi fagra landslag við ána, er nú eitt hið mest eftirsótta byggingasvæði utan borgarinnar.

Það virðist sem Winnipeg búar elski árnar sínar — Rauðá og Assineboine-ána, og vilji helzt dvelja sem næst þeim. — Alt af er húsunum að fjölga á árbökkunum og meiri og meiri framfarir sýnilegar með mánuði hverjum. Hvað getur líka verið öllu unaðsamlegra, en að sitja um sumarkvöld við húsdyr sínar við ána og íhuga náttúrufegurðin umhverfis? Þar er loftið heilnæmt, og maður laus við skarkala borgarinnar. Að byggja hús sín þar, er nú sótt af kappi miklu.

Það er því engum efa bundið, að þeir, sem vilja verja peningum sínum hyggilega, geta ekki varið þeim betur en í lóðakaup á hentugum stöðum. — Allir þeir staðir, sem að ofan eru nefndir, eru að vorum dómi hinir beztu til að kaupa lóðir í, hvort heldur í þeim tilgangi, að byggja sér þar hús og setjast að, eða kaupa lóðirnar og balda þeim, unz tími er að selja með góðum ábata.

Á þessu sumri verða margar stórbyggingar reistar í Winnipeg. Meðal annars er búist við, að Hudsons Bay félagið ætli að láta byggja gríðarmikil verzlunarhús á Portage Ave., sem kosti svo miljónum dollara skiftir. Grand Trunk félagið byggir mjög stórt hótel. — Ýmsir landar byggja á þessu sumri stórbyggingar og fjölda íbúðarhúsa. — Ýmsar umbætur verða gerðar, svo sjaldan munu meiri hafa verðar verið. Þúsundir stræta verða "asfalteruð", nýjar sporbrautir lagðar, flestar út í uthverfin, sem eru að byggjast, — og Midland járnbrautin verður lögð inn í borgina á þessu ári. — Verzlunar-útlit er hið bezta.

Alt virðist í vexti og uppgangi, og framfarir borgarinnar auðsæar í öllum greinum.

Landar ættu einnig að berast með framfarastraumnum og kaupa lóðir á hentugum stöðum. Það er þeim viss auðnuvegur. Góðar fasteignir hafa engan svikið.

Og sá tími mun koma, að Winnipeg borg sameinast Portage la Prairie, — þó það eigi nokkuð langt í land.

Vöxtur Winnipeg-borgar er óðfluga.

Helga Narfason

HELGA NARFASON er dóttir Guðbrandar bónda Narfasonar og konu hans, að Foam Lake, Sask. — Burtfarar einkunn hennar af Manitoba búnaðarskólanum var með þeim beztu, en nokkur kven-nemandi hlaut við lok námsskeiðsins. — Æfiágrip konu þessarar gat Hlr. ekki fengið í tíma til að koma því í þetta blað.

RÓSA ELÍN CHRISTOPHERSON er dóttir Péturs Christophersonar, frá Nesland um í Mývatnssveit í Þingeyjarsýslu, og konu hans, Sigríðar Ólafsdóttur, frá Hjalla í sömu sýslu, — er lengi hafa búið í Argyle bygð.

Rósa ólst upp hjá foreldrum sínum, þar til árið 1902, að hún innritaðist viðWesley College. En sök um þess, að hún hafði ekki nægilega undirbúningsmentun, varð hún að leggja svo hart að sér við námið, að hún tapaði heilsu um stund, og varð því að hætta námi sumarið 1904, eftir að hafa stacist próf í undirbúningsdeildinni. Síðan hefir hún ýmist kent á skólum, eða dvalið heima hjá foreldrum sínum.

Síðastliðinn vetur innritaðist hún við búnaðarskóla þessa fylkis, og þótt hún tapaði rúmum 5 vikum af 3 mánaða námsskeiðinu, stóðst hún próf sitt með heiðri.

Rósa Elín Christopherson

Jón Sigurðsson.

Ennþá biður herra Skapti B. Brynjólfsson heima hjá sér (623 Agnes St.), til þess að taka á móti samskotum í minnisvarðasjóðinn, og ennþá vantar ÁTTATÍU DOLLARS, til fullnaðar. — Fólk er beðið að láta nú hendur standa fram úr ermum og senda strax það, sem til vantar, því nú þarf bráðlega að senda upphæðina til Íslands.

Winnipeg-búar! Athugið þetta, og sendið gjafir ykkar tafarlaust til Skapta, að 623 Agnes St.

Til Lárusar.

Hálfu betra er heimskra níð en hrós og skjall.
Þessvegna er last þitt lof mitt, Lárus karl!

Þorsteinn Þ. Þorsteinsson

Kvennréttindamálið á Englandi.

Kvenréttindafrumvarp hefir verið samþykt við aðra umræðu í brezka þinginu, dags 5. þ.m., með 255 atkvæðum gegn 88. Konur gera sér von um, að frumvarpið nái fram að ganga við þriðju umræðu og verði að lögum. Veitist þá einni miljón brezkra kvenna fullur atkvæðisréttur. En tekið er það fram í frumvarpi þessu, að giftar konur megi ekki greiða atkvæði í sama kjördæmi og eiginmenn þeirra. — Samtímis þessu hefir bænarskrá verið lögð fyrir þingið, undirrituð af 53 þúsund manns, þar af 31 þúsund konum, sem fer þess á leit, að konum sé ekki veitt jafnrétti við karlmenn. — Kvenréttindafélögin hafa lofað, að halda sér í skefjum og forðast öll ófriðarlæti, ef stjórnin sjái til þess, að frumvarpið verði að lögum.

Skrásetning í Gimli.

byrjaði á mánudaginn var norður við Gypsumville, og endar 10. júní úti á Milley. Skrásetningarstaðir eru þessir:

8. maí—að Gypsumville.
9. " —að Fairford.
10. " —að Sjöundu 'Siding'.
11. " —hjá Robt. Callon, 33-22-6 v.
12. " —hjá R. Eiríkssyni, 28-22-8 v.
13. " —hjá Páli Kernested, 12-24-10 v.
15. " —að Dog Creek pósthúsi.
16. " hjá E. C. Hawkins, 28-21-6 v.
17. " hjá Gísla Lundal, Deer Horn.
18. " —að Lundar mall.
19. " —að Seamo Hall.
20. " hjá G. Stefánssyni, 26-18-3 v.
22. " —H. Peter, 14-24-2 v.
23. " —hjá Leslie Wilson, 14-25-3 v.
25. " —hjá Nathan Thorne, 4-21-1 v.
26. " —hjá P. Bjarnasyni, 2-20-3 v
27. " —hjá Gesti Sigurðssyni, 22-19-2 v.
29. " —hjá E. Roundeau, St. Adelard.
30. " —hjá James Madill, Pleasant Home.
31. " —hjá J. T. Thomas, Toley.
1. júní—hjá B. Arasyni, Husawick
2. " —á Maple Leaf Printing Office, Gimli.
3. " —hjá Stephan Hummany, 14-19-2 austur.
5. " —í búð Gísla Jónssonar, Árnes.
6. " —hjá S. G. Nordal, Geysir.
7. John Johnson, Jr., Framnes.
8. " —hjá Thomas Jónasson, Icelandic River.
9. " —hjá L. Rogers, FisherBay
10. " —B. Stephanson, Hecla.

Vonandi er, að allir þeir, sem eiga atkvæðisrétt, en eru ekki á núgildandi kjörskrám, vanræki ekki að láta skrásetja nöfn sín við þessa skrásetningu, því svo getur farið, að næstu ríkisþings kosningar fari fram áður en næsta skrásetning fer fram, að ári, og er þá nauðsynlegt, að nöfn allra lögmætra kjósenda séu á kjörskránum.

Skáld og hagyrðingar.

Útdráttur úr erindi fluttu á Menningarfélagsfundi 13. apríl af séra G. Árnasyni.

Skáldin hafa jafnan verið eftirlætisgoð Íslendinga. Og það hafa þau eklá verið að ástæðulausu. Mörg þeirra hafa verið mestu og beztu andlegu leiðtogarnir, sem þjóðin hefir átt, og auk þess hefir íslenzk alþýða verið svo hneigð til skáldskapar, að hún efalaust hefir þekt betur og skilið skáld sín, en alþýða nokkurrar annarar þjóðar.

Ekki þarf annað en að renna augum mjög fljótlega yfir sögu íslenzkra bókmenta, til að komast að raun um, að skáldskapurinn er þjóðinni eiginlegur og á sér mjög djúpar rætur í lífi hennar. Til forna voru Íslendingar langmesta skáldþjóðin á Norðurlöndum.— Mörg íslenzk skáld urðu, eins og öllum er kunnugt, nafnfræg erlendis. Hvort sem Eddukvæðin hafa verið ort á Íslandi eða ekki — um það er líklega erfitt að segja nokkuð með óyggjandi vissu — skarar íslenzki skáldskapurinn á undu og elleftu öld langt fram úr skáldskap annara þjóða um það leyti. Og þegar víkingaöldin leið undir lok, komst sagnaritunin á sitt hæsta stig í landinu sjálfu. Það vita allir, sem fornsögunum eru á annað borð nokkuð kunnugir, að í þeim er mjög mikið af skáldskap að finna. Að vísu eru sögurnar ritaðar um viðburði, sem hafa átt sér stað, eða gert er ráð fyrir að hafi átt sér stað, og persónurnar í þeim eru sögulegar persónur, en víða kemur hið skáldlega ímyndunarafl höfundanna í ljós. Stílinn er oft hreinn skáldskaparstíll; — miklu betur til þess fallinn, að hrifa hugi lesendanna, en að veita þeim fræðslu um eitthvað, er hafi í raun og veru gerst.

Frá því á söguöldinni og þar til nýrri tíma bókmentirnar, sem svo mætti nefna, hefjast, var íslenzkur skáldskapur í all-mikilli niðurlægingu. Á þeirri hörmungaöld kirkju- og kaupmanna-kúgunar var skáldskapurinn, eins og andlega lífið í heild sinni, þróttlaus og ófrumlegur. Hjátrúin og fáfræðin dölnuðu eins og ílgresi í illa hirtum akri. En samt sem áður er mikill skáldskapur til frá þessu tímabili. Til eru helgikvæði, sem að dómi þeirra, er skyn bera á, eru ekki laus við skáldskaparlegt gildi; allur þjóðsagnaauður íslenzku alþýðunnar felur í sér mikið af alþýðuskáldskap; rimnakveðskapur og riddarasögur verða einnig að teljast skáldskapur, þó sá skáldskapur sé oft all-fátæklegur.

Nýrri tíma bókmentirnar byrja með endurreisn þjóðarinnar. Þó útlend áhrif gerí hvað eftir annað vart við sig í síðari tíma skáldskap, hefir hann læst sig inn í hugi almennings betur en flest annað, sem viðreisnarhreyfingin hefir flutt; enda hefir mörg góð og göfug kenning um þjóðarmeðvitund og sjálfstæði borist út á meðal fólksins í skáldskapnum.— Íslendingar hafa á síðari tímum átt fleiri skáld, bæði stór og smá, en nokkur önnur þjóð; og skáldin hafa öll verið í afhaldi. Þau hafa fundið veg að hjarta þjóðarinnar, vegna þess, hvað þjóðin í heild sinni er gefin fyrir skáldskap, — vegna þess, hvað ljóðelsk hún er.

Skáldskapur, í þeim skilningi, sem orðið er notað hér að framan, er eitthvað mjög óákveðið. Þegar til þess kemur, að gera sér grein fyrir, hvað sé góður eða lélegur skáldskapur og hvaða kröfur sé rétt að gera til skáldanna, er ógerningur að nota orðið í þessum óákveðna skilningi; þá verður að spyrja að, hver séu hin eiginlegu einkenni skáldskaparins, hvað það sé, sem aðgreini hann frá öðru máli, töluðu eða rituðu.

Það er til margskonar skáldskapur, hann er bæði í bundnu og óbundnu máli; hann getur verið frásögn eða náttúrulýsing, tilfinningar mannssálarinnar gerðar öðrum skynjanlegar með orðum; hann getur birst í orðum og athöfnum (leikritaskáldskapur), og hann getur þurft vængi tónanna til að lyftast á, svo vér fáum gripið hann. En þó skáldskapurinn sé til í svona mörgum myndum, er hann samt eitt og hið sama í þeim öllum. Hvort sem vér horfum og hlustum á leikendur á leiksviði eða lesum kvæði eða sögu, verðum vér að finna viss einkenni skáldskaparins, annars er það, sem vér lesum eða hlustum á, ekki skáldskapur.

Vegna þess, að mest af þeim skáldskap, sem vér eigum á móðurmáli voru, er ljóðskáldskapur, má sérstaklega taka ljóðagerðina til meðferðar hér. án þess á nokkurn hátt að takmarka skáldskapinn við hana. Og þá, að sjálfsögðu, að taka hann til meðferðar á þann hátt, að munurinn, sem er á þeirri ljóðagerð, er hefir hin eiginlegu skáldskapar-einkenni, sem er skáldskapur, og hinni, sem hefir þau ekki, sem er hagmælska að eins, komi í ljós. Með öðrum orðum: að leitast við að sýna fram á, hvað aðgreini skáld frá hagyrðingum.

Eins og áður er tekið fram, getur skáldskapurinn annaðhvort ver, ið frásögn eða lýsing að efninu til, en hann verður að vera öðruvísi en frásagnir eða lýsingar, sem eingöngu eru ætlaðar til að fræða. Þegar um vísindalegar lýsingar af hlutum er að ræða, er aðalatriðið, að hlutnum sé rétt lýst í öllum atriðum; þess vegna er margt, sem virðist mjög smávægilegt, tekið fram í þess konar lýsingum. Skáldskapar lýsingar, aftur á móti, eru ekki ætlaðar til að fræða, heldur til að bregða upp heildarmynd í huga lesandans; lesandinn verður að sjá sömu sýnina og var í ímyndun skáldsins, er það orti lýsinguna. Vitaskuld geta skáldskapar lýsingar verið sannar, og þær eiga að vera það: en þær eru meira en sannar, þær eru um leið hrifandi: ímyndunaraflið verður snortið af þeim. Þessu til skýringar set ég hér vísindalega og skáldlega lýsingu af hrafninum, báðar mjög stuttar: —

"Hrafnar eru alsvartir með stóru nefi. Þeir eru alætur, en hygnir og varir um sig; má kenna þeim orð og þulur og ýmislegt fleira. Hrafnar eiga heima hvarvetna á hnettinum".

"Opnum þá ég hlera hrindi,
hoppar inn úr næturvindi
aldinn hrafn, en blakkir, breiðir
berja loftið vængir tveir". —

Af fyrri lýsingunni lærum vér um nokkur einkenni hrafnsins, en hún er algerlega óskáldleg. En við lestur síðari lýsingarinnar er eins og maður sjái hrafninn fljúga inn um gluggann og heyri vængjaþytinn, — hún er skáldskapur.

Í skáldskapar lýsingum, af hverju sem þær eru, er ávalt talað til ímyndunaraflsins, annars eru þær óskáldlegar. Ef ómögulegt er efnisins vegna að tala til þess, ef ómögulegt er að tala svo, að það hrifi hugann, ætti lýsingin þegar áfram að ritast til fræðslu, eins og hver önnur vísindaleg lýsing. Auglýsingar í ljóðum og rímaðar lýsingar á framliðnum meðalmönnum verða jafnan mjög óskáldlegar, vegna þess að efnið hefur hvorki ímyndun þess sem yrkir, né heldur þeirra, sem lesa.

Í frásögn á sama sér stað. — Söguleg frásögn fræðir, skáldleg frásögn hrifur og knýr lesendurna til að taka einhvers konar afstöðu gagnvart persónunum, sem frá er sagt. Í ágripi sínu af mannkynssögunni segir Páll Melsteð þannig frá viðureign Napóleons mikla og óvi a hans við Waterloo:

"Hér var þá eigi um annað að gjöra fyrir Napóleon en að verja hendur sínar og berjast. Hélt hann því næst norður í Belgíu, því þar voru hans næstu óvinir; Wellington með 100,000 Englendinga og Blucher með 120,000 Prússa. Napóleon réðist fyrst á Blucher og vann sigur á honum. Tveim dögum seinna barðist Napóleon við smábæ þann, er Waterloo heitir — við Wellington. En er að því var komið, að Wellington léti undan síga, kom Blucher með Prússaher og rétti við bardagann. Máttu Frakkar eigi við því eurefli og snerust á flótta.— Napóleon lagði völdin niður í annað sinn".

Í þessari frásögu er skýrt frá því sem skeði í hinni nafnkendu Waterloo orustu. En þegar maður les það, stendur manni hér um bil á sama um Napóleon, Wellington og Blucher. Frásögnin fræðir, en hún hrifur ekki; og hún á ekki að hrifa. En lesi maður það, sem Benedikt Gröndal segir um sama viðburð í kvæði sínu "Napóleon", getur maður varla hjá því komist, að verða snortinn og eins og ósjálfrátt að ganga í lið með Napóleon á meðan á lestrinum stendur. Það er svona:

"Um tíu ár á tignum ríkisstól
tindraði sprotinn, sterkri valdinn
hendi,
sem jörð og himin þrumublossi
brendi,
blikaði skær og mögnuð fræðgarsól.
Við Eylau og við Austerlitz nam
drynja
alvaldar boð, og Hildur lægum
spjó,
unz einnig mesta hetjan varð að
hrynja
helkaldri fyrir norn, — ó Waterló!

Sem margir hundar ferlegt fjallaljón
fóthvatir sækja og skjótt áhælum
elta.
tönnunum ota og titt með ofsa
geita
hræddir og grimmir þó við slíka
sjón;
svo æddu dvergar eftir sigurvaldi,
og ótal réðu smárra drengja lífi,
og djásnið loksins hjuggu hjálms
af faldi
og heyja kváðust almennt þjóðarstríð".

Skáldskapareinkenni á þessari frásögu er, að persónan eins og stendur manni lifandi fyrir hugskotsaugum, er maður les hana; skáldið hefir ennfremur svo mikið vald yfir huga lesandans, að honum stendur ekki á sama um það, sem gerðist í Waterloo orustunni.

Þetta er þá eitt af einkennum góðs skáldskapar: hann hrifur, vekur einhvers konar hugblæ hjá þeim, sem lesa hann. Efalaust þarf langmesta snild til að láta þetta einkenni koma vel í ljós í frásögnum og lýsingum. Það er hægara fyrir skáldið, að klæða sínar eigin tilfinningar í heillandi búning; þau skáld, sem ekki geta gert það, skortir mikilvægt skilyrði til að geta orðið stórskáld.

Að eins eitt dæmi skal ég benda á, þar sem tilfinning er látin mjög vel í ljósi í ljóði, að mér virðist, alveg þvingunarlaust og náttúrlega, en þó svo átakanlega, má næstum segja, að það kemur lesandanum ósjálfrátt í same konar hugarástand og það, sem skáldið hlýtur að hafa verið í, — ég á við síðustu vísuna í kvæðinu "Sólskrikjan", eftir Þorst. Erlingsson, sem allir kannast við:

"En fjarri er nú söngur þinn, sólskrikja mín,
og sumur þíns vinar hin fagurstu
líðin;
hann langar oft heim á þörsmörk
til þín,
hann bráir svo ljóðin og vornætur
friðinn,
— hann harmar í skógunum hrjóst
urlönd sín,
hann hlustar sem gestur á náttgala
kliðinn."

Tilfinningin, sem skáldið lýsir hér, er ekkert óvanaleg. Það segir að sér leiðist og að sig langi heim á æskustöðvarnar; og það er líkleva enginn, sem ekki hefir einhverntíma fundið til þess sama. En það er sagt svo, að það eins og brennist inn í hugsunina og fer þaðan ekki aftur. Þó það væri sagt hundrað sinnum í óskáldlegu máli, hefði það margfalt minni áhrif en einu sinni sagt eins og það er sagt.

Í skáldsögum verða persónurnar að hafa áhrif á lesendurna, vekja hjá þeim tilfinningar og eins og knýja þá til að taka afstöðu gagnvart sér. Skáldsaga, sem ekki hrifur á neinn hátt, er léleg skáldsaga; hún getur verið full af sannleika og vel meintum kenningum fyrir því. — Hvað er það í sögu Gests Pálssonar, "Kærleiksheimilið", sem hrifur og gerir sögunna ógleymanlega þeim, sem hafa lesið hana? Það er sakleysi og hjálparleysi Önnu. Það veldur því, að lesandinn hefir vissa afstöðu gagnvart henni, þykir vænt um hana frá byrjun til enda. Þurður aftur á móti vekur óbeit; en hún er jafn ógleymanleg og Anna. — Í einni af beztu sögum Einars Hjörleifssonar, "Vonir", er að eins ein persóna, sem maður kærir sig nokkuð verulega um. Sú persóna er Ólafur. Hann dregur samhygð lesandans að sér; hin stórkostlegu vonbrigði hans — stórkostleg fyrir mann af hans tagi — krefjast þátt-töku og meðkenningar.

Hrifandi kraftur, sem hvetur ímyndunaraflið til starfs, eða suertir tilfinningarnar, er eitt af aðaleinkennum góðs skáldskapar. Máske mikilverðasta einkennið, því án hans má skáldskapurinn . raun og veru aldrei vera. Það er einkenni smáskáldanna (ekki allra þeirra, sem lítið yrkja), að þau skortir þennan kraft. Kvæði þeirra geta verið snotur, geta látið vel í eyrum, en þau hrífa ekki, og þau skilja engin ákveðin mecki eftir í huga lesandans.

Annað aðaleinkenni hins bezta skáldskapar er sannleikurinn. Það er mesti misskilningur að ætla að skáldskapur sé hafinn upp yfir sannleikann. Engin list er upp yfir hann hafin, heldur byggist öll sönn list á einhverjum sannleik. Þeir sem eru andstæðir hlutsæislegum skáldskap, halda fram, að það eigi ekki að leggja mjög mikla áherzlu á sannleikann og hið verulega í skáldskapnum. En það er enginn efi á því, að allur stórfeldasti skáldskapur heimsins hefir eitthvað verulegt á bak við sig, annaðhvort í náttúrunni eða sálarlífi mannsins. Ímyndunaraflið dregur ekki upp ósannar myndir, nema þegar það sér missýningar. Ætlunarverk þess er, að gripa í nokkrum skýrum aðaldráttum það sem skynsemin finnur með meira erfiði og fyrirhöfn. Ímyndunarafl er í raun og veru ekkert annað en sá hæfileiki sumra manna, að sjá í glöggum myndum og heppilegum samböndum það, sem aðrir sjá óelögt og eins og á víð og dreif.

Sannleikurinn í skáldskapnum kemur fyrst og fremst í ljós í eðlilegum samlikingum. Samlikingar eru notaðar til að gera hugsunina ljósari og auðskildari; ennfremur gera þær málið fjörugra og víðfeldnara. Ein villa, sem mörg minni háttar skáld gera sig sek í, er að tiksinka hlutum, sem þau yrkja um, sínar eigin tilfinningar og hugarástand, þar sem það er óeðlilegt. Þetta er það, sem bókmenta- og lista-dómarinn enski, John Ruskin, kallar "the pathetic fallacy". Óeðlilegar samlikingar eru afleiðing óskýrra og ruglingslegra hugsana. Stundum kemur þetta fyrir hjá beztu skáldum, en vanalega einkennir það lélegan skáldskap.

Ég vil nú tilfæra fáein dæmi til skýringar því, sem ég hefi sagt. Öllum mun finnast samlikingarnar í þessu erindi úr kvæðinu "Jörundur" eftir Þorst. Erlingsson, náttúrlegar, áþvingaðar og sannar:

"Og svona var kvöldið, svo heiðríkt og hlýtt,
og höfnin var rennslétt og blá,
og geislarnir höfðu eins og gulllindum hnýtt
um gnoð, er þar ferðbúin lá".

Það var eins og Rán væri að rétta henni hönd
við rennandi kvöldsólarskin,
og andvarinn hvísladi Ýttu frá strönd,
þar áttu þinn tryggasta vin".

Eða þessar samlikingar eftir Einar Benediktsson:

"Náttúran öll er svo köld og kyr,
sem kirkja þögul, með auðum bekkjum". —

Og þetta í kvæðinu 'Dísarhöll':
"Í básúnum stynur nú stormsins andi
og stórgrýtjan drynur sem brimfall á sandi.
Í trumbu er bylur með hriðum og hviðum,
í hörpunni spil af vatnaniðum.
Og hljómarnir kasta sér fastar og fastar
í faðma saman, sem bylgjur rastar,
er sveiflast í sogandi iðum.

Svo kyrrir og lægir í sömu svipan
og sjóinn lægir nú tónsprotans skipan.
Loftsvanir flýja með liðandi kvaki
frá Lagargný — með stormann að baki.
En strengur er hrærður og burtbur bærðar,
sem bára kveði sig sjálf til værðar
og andvarinn andvörp taki".

Þá er þessi samlíking úr kvæði St. G. Stephánssonar "Torfajökull" mjög náttúrleg og sannleikaþrungin: hann er að lýsa Svartadauða: —

"Líkhús urðu allir bær
og að náhjúp sérhver vefur.
Yfir val, sem enginn grefur,
ísaþoka dauðans sefur". —

Berum saman við þessar eftirfarandi samlikingar eftir þá Matthías Jochumsson og Guðm. Guðmundsson, sem eru gripnar rétt af handahófi: — "Af násöngvum himinnin drundi", — "þá svifið var burt hið gullna sprund". — "Hvert vallarstrá mina vottar þrá, ef varirnar opna kann". — "Á barðinu grétu gulltoppar, í gaupnir sér horfðu sóleyjar". — — Munurinn er sýnilegur. Hinar síðari eru ónáttúrlegri en hinar fyrri, og þá um leið ósannari. Auðvitað væri vandalaust, að finna samlikingar, sem eru margfalt ónáttúrlegri en þessar, sem tilnefndar hafa verið; en þær sýna, að jafnvel góð skáld vanda sig stundum ekki sem skyldi með samlikingar sínar.

Þá er sannleikurinn í yrkisefninu sjálfu. Sá skáldskapur, sem flytur engan sannleik, er innihaldslaus. Vitaskuld má ekki skilja orðið sannleikur hér í þeirri takmörkuðu merkingu, sem það er notað, þegar átt er við vísindalegan sannleik; sannleikur er hér sama og veruleiki. Galli hins eiginlega rómantiska skáldskapar er, að svo mikið af honum er fyrir utan allan veruleika. Rómantisku skáldin hafa leitast við að sjá kynjamyndir. Kynjamyndir þeirra eru lítið meira en litfallegt hjóm. Benedikt Gröndal er einn helzti talsmaður rómantiska skáldskaparins hjá oss Íslendingum. — Auðvitað er hann ekki alt af rómantiskur. — Kvæði hans, "Ljósheimur" byrjar svona:

"Apollós barn, sem ert með logarún
á enni merkt með brunaheitri rós,
hvort sefur þú á svanamjúkum dún,
er sérðu guðsins himintendrað ljós,
eða þú skemtir þér á skýja brún
í skrugguhljómi, fjarri lífsins ós:
þá ertu borin annarlegum neim
og átt þó samt að byggja manna sveim".

Skáldin eru ekki "borin annarlegum heim". Föðurland þeirra er mannheimur, og þar verður þeim eðlilegast að dvelja. Ljósheimur Gröndals er svo snauður af öllu verulegu, svo líkir töfrahöllunum í 'Þúsund og einni nótt', að hann kemur oss óeðlilega fyrir sjónir.

Sannleikurinn í skáldskapnum er lífið sjálft, hugsanir manananna, vonir og þrár, hvorki verri né betri en skáldin finna þær; náttúran og hugsjónir þær, sem hún vekur. Alt, sem er óeðlilegt og fjarlægt hinu verulega varir skamt — þó það sé fært í skáldskaparbúning.

Auk kraftarins og sannleikans er speki og eldmóður einkenni góðs skáldskapar. Spekin er sannleikur, en hún er sannleikur, sem er dregginn af djúpri þekkingu og reynslu; og þar af leiðandi eru þeir alt of fáir, sem henni geta miðlað. Eldmóðurinn er kraftur, en hann er kraftur, sem hrífur á sérstakan hátt; hann lyftir upp og hvetur, hann er afið, sem knýr kenningu skáldsins inn í hugi lesendanna. — Sem dæmi um spekina í skáldskap þarf ekki annað en benda á þessa vísu eftir Steingrím:

"Ei vitkast sá, er verður aldrei hryggur.
hvert vizkubarn á sorgarbrjóstum liggur.
Á sorgarhafsbotni sannleiksperlan skín, —
þann sjóinn máttu kafa, ef hún skal verða þín".

Spekin kemur bezt í ljós í hinum glögga skilningi margra skálda á mannlífsmálunum; þau sjá þar lengra og með minni fyrirhöfn en flestir meðalgreindir menn. Spekin er auðvitað engin sérsein skáldanna, hún er miklu fremur sérkenni heimspekingsins; en í öllum stórskáldum er líklega brot af heimspekingi.

Ekki er öllum skáldum lágið, að hvetja menn, flytja boðskap. Með öðrum orðum, eldmóðurinn einkennir ekki öll skáld. En þar sem hann er, stælir hann viljann og vekur langanir í brjóstí. Efalaust á Matthías Jochómsson erfðastir sinn að miklu leyti eldmóði sínum að þakka. Í flestum stærri kvæðum hans er upplyftandi hvöt, boðskapur, fluttur með sannfæringarbita. Ég tek af handahófi tvö erindi úr kvæði hans 'Tímamót':

"Upp, upp, þú Íslands þjóð,
unglingur, maður, fljóð —
hætt þú að horfa til baka!'
Hvað sér þú? Hrygðarkjör.
Hvað sér þú? Afturför.
Lát þú nú sjálf til þín taka.

Upp, upp, þú Íslands son,
ókomna tímans von,
áfram og efldu þig sjálfur!
í þér býr andi stór,
eilífra krafta sjór;
enn ert þú ei orðinn hálfur".

Margir telja fegurð nauðsynlegt einkenni alls sannarlegs skáldskapar; þeir segja, að ekkert skáld sé gott, nema skáldskapur þess sé fagur. Það er mjög auðvelt, að misskilja fegurð í þessu sambandi. Vér skynjum fegurð á tvennan hátt, vér sjáum hana eða heyrum. Vér getum sagt, hvort að oss finst mynd, er vér horfum á, vera fögur eða ljót, og vér getum sagt það sama um lag, er vér heyrum leikið á hljóðfæri eða sungið. Það fagra í skáldskapnum er það, sem kallar fram í hugum vorum fagrar myndir af einhverju eða lætur vel í eyrum. Náttúrlegar samlikingar eru oftast fagrar. Lýsingar, sem bregða upp skýrri mynd í huganum, eru fagrar, og þegar frásögnin er þannig, að persónurnar standa manni lifandi fyrir hugskotsaugum, þá er hún fögur.— Málið, hvort það er bundið eða óbundið, er fagurt þegar það lætur vel í eyrum, þegar rétt orð eru á réttum stað og rím ógallað. En kvæði eða saga getur verið hrífandi, getur verið fult af skáldlega framsettum sannleik, án þess að vera fagurt í réttum skilningi. — Sögur Maupassants eru ekki fagrar: en hver, sem vit hefir á, mun vilja neita að þær séu skáldskapur?

Ég hefi reynt að benda á nokkur einkenni skáldskaparins. Í stuttu máli mætti segja, að skáldskapur sé hugsanir sagðar á þann hátt, að lesandinn eða áheyrandinn hugsi þær upp eftir skáldinu, geti gripið þær í heilu lagi, líkt og augað myndina, en ekki einhvern hluta þeirra, eða eitthvað, sem í þeim felst. Hvort sem skáldskapurinn er frásögn, náttúrulýsing, lýsing á sálarlífi skáldsins sjálfs eða ímyndaðra manna, hvort sem hann er sannleikur um einhverja mannlífsreynslu, eða hvöt, boðskapur frá einni sál til annarar, — alt af verður hann að birtast likt og hrifandi mynd eða hljómar, sem fylla hugann og kalla fram samskonar hugblæ og skáldsins sjálfs. Það er þetta, sem aðskilur skáldskap frá öðru máli, og ekkert mál, talað eða ritað, er skáldskapur, nema að það hafi þessi áhrif.

Ekkert skáld, að líkindum, hefir öll þessi einkenni í jafn ríkum mæli; en hvert það skáld, sem hefir eitthvert þeirra, sem hrifur á einhvern hátt, er í sannleika skáld, — smátt skáld, ef til vill, en skáld.

Þá eru hagyrðingarnir og þeirra einkenni. Um þá er hægt að vera fáorður, því einkenni þeirra eu svo langt um færri. Þeir hafa í raun og veru að eins eitt einkenni.

Allir hafa séð menn kasta þremur eða fjórum hnöttum í loft upp í einu og gripa þá á víxl, svo fljótt og fimlega, að enginn þeirra hefir haft tíma til að falla til jarðar. Til þess að geta þetta, þarf framúrskarandi leikni, sem fæst með æfingu. Hagmælska er nokkuð lík þessu; hún er leikni í að raða orðum í rím. Hagyrðingur er sá maður, sem er leikinn í því. Hagyrðingar fást ekki við neitt nema ljóðagerð; þeir geta ekki fengist við neitt annað. Hagmælskan er auðþekt frá skáldskapnum á því, að hún hrífur ekki — skilur hugann eftir ósnortinn. Hún getur vakið talsverða aðdáun, alveg eins og fimi manansins, sem kastar hnöttunum. Ég vil taka fram, að ég á alls ekki við, að þeir menn, sem í daglegu máli eru nefndir hagyrðingar, séu ekkert nema æðir rímarar, þeir eru flestir ofurlitið brot úr skáldi, sumir hafa stórt brot, og margir ekkert tiltakanlega hagorðir. Þó eru sumir þeirra lítið, ef nokkuð, meira en rímarar, og hjá mörgum er rímleiknin svo yfirgnæfandi, svo mikið af því, er þeir setja saman, eintóm orðaröðun, að skáldskapartilþrifa gætir lítt eða alls ekki.

Hagmælskan er mjög auðveld á íslenzku, sem stafar af því, að allur íslenzkur ljóðskáldskapur er í stafrimi. Í öðrum málum, þar sem rímið er að eins í enda vísuorða eða lengd þeirra bindur málið, er miklu erfiðara að setja orð saman, svo að þau fái á sig nokkurn skáldskaparblæ, ef hugsunin sjálf er óskáldleg. Einmitt það, að rímleiknin fæst með æfingu, kemur þeim, sem við ljóðagerð fást til að leggja alla áherzluna á hana,— kemur mörgum til að venja sig á að yrkja, án þess að vera skáld.

Það eru til góðir og lélegir hagyrðingar, menn sem rima illa og menn sem rima vel, en hafa skáldskapareinkenna skortinn sameiginlegan. Og ennfremur eru til aðrir, sem við ljóðagerð fást, sem hafa einu sinni ekki lélega hagmælsku til brunns að bera. Stirt og klúðurslegt rím, málleysur og orðgnóttarleysi, er engin hagmælska, ekki einu sinni hagmælska á lágu stigi. Hagyrðingurinn verður einmitt að vera orðhagur það er ekki ofsagt, að sumt af því, sem birtist í blöðum og sem á að heita ljóð, sé gjörsneytt bæði hagmælsku og öllum skáldskaparlegum tilþrifum; mætti benda á sum eftirmæli í því sambandi.

Nú sem stendur er mikið rætt og ritað um hagmælsku og skáldskap hér. Því ber sízt að neita, að mikið er athugunarvert við ljóðagerðina íslenzku hér. Menn hafa fullan rétt til þess að dæma um það, sem þeim er boðið í blöðum og tímaritum. Margt af því, sem prentað er, ætti aldrei að komast á prent. Bezt væri fyrir lesendur blaða og tímarita, að lesa að eins góðan skáldskap. En það er misskilningur að ætla, að góður skáldskapur geti ekki komið frá neinum nema viðurkendum stórskáldum. — Enginn, hversu lélegt skáld, sem hann er, hættir að yrkja, þó honum sé sagt að hann sé heimskur mannræfill eða annað þess háttar, því enginn er svo heimskur að hann sjái ekki, að slíkt er engin ganrýni á skáldskap.

Vér megum búast við lélegum, all-góðum og máske afbragðsgóðum skáldskap frá hendi íslenzkra ljóðasmiða, og það eina skynsamlega, sem vér getum gert, er að velja úr og dæma með sanngirni og þeirri þekkingu, sem vér höfum Samanburðurinn er hér bezti vegurinn. Með því að lesa það bezta, sem vér eigum af skáldskapartagi, lærum vér að greina lélegt frá góðu.

JA! ÞAD ER SANNLEIKUR!

VIÐ HÖFUM KEYPT 480 EKRUR AF LANDI RÉTT VIÐ ENDA PORTAGE AVE. SPORBRAUTARINNAR. GANGIÐ AF VAGNINUM OG INNAN TVEGGJA MÍNUTNA ERUÐ ÞIÐ A EIGN VORRI

WEST-HOME

Það hefir marg oft verið sagt.

að Winnipeg stækkaði vestur til Portage la Prairie. Má vera að svo verði, en það eitt er víst að hún fer svívaxandi í vestur átt og að Headingly bráðlega verður eitt af úthverfum hennar. Fjöldi manna spyrja, því farið ekki einhverjir ef ykkur framsýnu fasteignasölum og náið í landspildur í Headingly, og skiftið henni svo niður í ekru lóðir, og seljið þær, segjum á $300 ekruna; í stað þess að skiita bújörðunum niður í 25 feta lóðir. Hvernig getur maður komið upp fjölskyldu á slíkum smábletti,

Jæja, við höfum farið eftir ráðum yðar.

og keypt landspildu, með háuverði þó, þar sem eigendurnir höfði það fyrir augunum að "asfalta" Portage Avenue til Headingly og þar aðleiðandi eignir hækka óðar í verði. Innan 90 daga verður alt land þrjár mílur vestur af Headingly selt fyrir $300 ekran í "block". Eg heyri lesaran segja: Hvað ætlar þú að selja þinar ekru lóðir fyrir? Svar: Með sanna verði, og fjöldi fólks er að kaupa 25x100 feta, lóðir fyrir.

Mikil heimska er það

að borga slíkt verð, fyrir lóðir, sem aðeins eru örskamt frá hinum ágætu ekru lóðum vorum. Hefurðu nokkurn tíma gert þér í hugarlund að vera eigandi heillar ekru lóðar, með snortru húsi, og öðrum byggingum, kú, eitt eða tvö svín, og hóp af hænsnum? Hugsaðu einnig um ánægjuna jafnframt óruggleikanum fyrir hina litu fjölskyldu þína, og stundirnar eftir 6 að kvöldi sem þú vinnur í garðinum þínum, og körfuna af ferskum kálmeti, eggjum og smöri sem þú getur tekið með þér, og selt góðum viðskiftamönnum í borginni, sem vanhagar um það.

Jæja, lesari góður.

finst þér ekki tilhugsunin grinileg. Ertu reiðubúinn að kaupa. Einhver verður að byrja. Hversvegna ekki grípa fyrsta tækifærið.

Við höfum nokkrar 50x138 feta lóðir

á Portage Ave. og þar nærliggjandi. Þessar lóðir vita að stræti 80 feta breiðu með 20 feta bakstíg. Mikið landrými og þessvegna lóðirnar stórar.

VERÐ OG SKILMÁLAR.

50x138 feta lóðir á $125
$10 strax, afganginn $5 á mánuði.

50x138 feta lóðir á $100
$10 strax, afganginn $5 á mánuði.

50x138 feta lóðir á $75
$8 strax, afganginn $4 á mánuði.

50x138 feta lóðir á $60
$5 strax, afganginn $3 á mánuði.

Ef þú vilt heldur greiða afganginn fjórðungslega þá er er hægt að koma því svo fyrir.



WEST-HOME

Örin sýnir hvar skrifstofa vor er, og nákvæmlega legu West-Home

sem er 'lots' 50 í Headingly sókninni. Þar er nú stór verslunarbúð, lumber yard, og margar aðrar byggingar, og sannleikurinn er sá að hérumbil helmingur þorpsins er á West-Home landspildunni. West-Home fær bráðlega sporvagna umferð, á hverri hálfri stundu, og hina besta bifreiðabraut frá borginni. Nú er því þýðingjar mesta spurningin. Viltu fá eina eða fleiri af þessum ekru lóðum, rétt við sporbrautina. Þær eru aðeins 130 til sölu, svo eg þú vilt kaupa komdu á skrifstofu vora, skrifaðu, eða símaðu Alt gerir sama gagn. WEST-HOME verður ykkur til framtíðarheilla. Notið því tækifærið.

Skrifstofa vor er, 361 Main St.

WEST-HOME

Látum okkur tala um þetta nánar.

Gerum ráð fyrir þú hefir sparað nokkra dollara, og búið í leiguhúsi á 25 feta lóð, með 5 6 litlum herbergjum, hús eru til beggja hliða í röðum; einu ljósið sem inn til þín skín er um framhlið og afturhlið hússins. Lóðin er stutt, svo húsið er rétt við gangtröðina. Börnin verða a leika sér á götunni, og kona þín er sífelt á nálum um óruggleik þeirra, fyrir utan áhættuna af sóttnæmum sjúkdóm um þegar mörg börn eru saman. Ef þú vinnur á skrifstofu og ert inni lokaður allan daginn, þreyttur ferðu heim að lokinni vinnu. Annað hvort verður þú að fara ofan í borgina eða að sitja á 2x4 tröppum hússins. Eg hefi heyrt marga menn og konur segja. Hvað gagn er að lifa, alt sem við vinnum fyrir fer í húsaleiguna og að halda lífinu í fjölskyldunni. Engar bjartari framtíðarhorfur. Eg er þér sammála lesari góður. Eg hefi sjálfur átt við þessi kjör að búa. En eg notaði tækifærið og keypti landspildu, og hefir vaxið svo að við getum nú boðið ykkur land, fyrir miklu lægra verð og betri skilmála, er allment gerist. Þá er það, hvað eigum við að kalla þetta hverfi. Upp á mörgum nöfnum hefir verið stungið, en WEST-HOME hefir okkur þótt bezt viðeigandi.

WEST-HOME

er úrvals landsvæði, sérstaklega vel fallið fyrir garðrækt. WEST-HOME verður sama fyrir Winnipeg og West-Mount er fyrir Montreal og New Westminster er fyrir Vancouver á 10 ára tíma, ef hinn mikli vöxtur borgarinnar í vestur á bóginn heldur áfram.

Ekkert annað landsvæði

býður heimilis leiturum önnur eins þægindi. Skóla, kirkjur, búðir, pósthús og marga aðra verslunarstaði Þú getur verið í borginni á fim mínútum hvort sem er á járnbraut eða sporvagni. WEST-HOME hefir talsíma, raflýsing og fyrtaks vatn. Þessvegna lesari góður hugsaðu þig fljótt um, því ella munu aðrir grípa tækifærið.

Lesið Alt! Nú er tíminn.

Lóðirnar og ekrurnar seljast nú eð hraða, svo ráðlegt er að láta höndur standa fram úr ermum.

Kaupið án tafar.

VERÐ OG SKILMÁLAR.

10—1 ekru lóðir [hver á] $250
$50 strax, afganginn $10 mánaðarl.

10—1 ekru lóðir [hver á] $275
$40 strax, afganginn $10 mánaðarl.

10—1 ekru lóðir (hver á) $300
$30 strax, afganginn $10 mánaðarl.

Þú getur keypt svo margar sem þig listir. Aðrir skilmálar hvað afborguninni við víkur, geta tekist ef kaupendurnir óska þess.

J. H. MONTGOMERY & CO.

Real Estate Brokers — Skrifstofa opin til 10 p.m. — **361 Main Street** — Skrifstofa opin til 10 p.m. — **Phone 2504**

ALBERT REALTY CO.

ÍSLENZKIR UMBOÐSSALAR.

Skrifið okkur á ykkar eigin móðurmáli og við munum velja hinar beztu fáanlegu lóðir og ekrur, þegar pöntunin hefur oss borist. Einnig er okkur ánægja að sýna Winnipeg búum eignirnar hvern þann dag sem óskað verður.

ALBERT REALTY CO., *708 McArthur Bldg. Phone Main 7323. Winnipeg.*

Heimskringla

Published every Thursday by The Heimskringla News & Publishing Co. Ltd.

Verð blaðsins í Canada og Bandaríkjunum $2.00 um árið (fyrir fram borgað), sent til Íslands $2.50 (fyrir fram borgað).

B. L. BALDWINSON, Editor & Manager

Office: 729 Sherbrooke Street, Winnipeg
BOX 3083. Talsími Garry 4110.

Í myrkri hulið.

Það var mikið rætt um það í blöðum þessa lands, þegar Hon. Frank Oliver, innanríkisráðgjafi Laurier stjórnarinnar, ferðaðist fyrir nokkru um Vestur Canada, hve honum var kuldalega tekið í heimafylki hans Alberta. Svo hafði kveðið ramt að þessu, að nokkur hluti Liberal flokksins þar neitaði að boða til fundar til að veita ráðgjafanum móttöku eða koma á fund, þar sem hann ætlaði að halda ræður sínar. Og víst er um það tvent, að Liberal flokkurinn var þar þá í tveimur andvígum hlutum, sem annar studdi ráðgjafann að málum, en hinn ekki. Og svo segja blöðin að ramt hafi kveðið að flokkadrættinum innan flokksins, að sá hlutinn, sem ráðgjafanum fylgdi, óttaðist að hann fengi ekki áheyrn, og tók því það ráð, að hafa við hendina — bæði utan hússins og inni í sjálfum fundarsalnum — bæði lögregluliið frá bænum Edmonton og menn úr riddaraliði Norðvesturlandsins. — Ekki var ljóst af blöðunum um þetta leyti, hver orsök ágreiningsins innan Liberal flokksins hafi verið, og út í frá mun almenningur enga vissu hafa um það haft; en hitt vita allir, sem blöðunum hafa fylgt, að ágreiningurinn er ákveðinn og flokkurinn ekki einhuga um þennan ráðgjafa.

En nú hefir mál komið upp í Ottawa þinginu, sem varpar skýru ljósi yfir þetta atriði: Sir Wilfrid Laurier gat þess þar fyrir nokkrum dögum, að kvörtun hefði til sín komið frá manni einum gegn innanríkisráðgjafanum, og væru ákærur þessar hinar alvarlegustu. Ráðgjafinn þar nefndur 'grafter' og 'boodler', og öðrum slíkum vansæmdartitlum. Laurier gat þess, að sögumaður sinn hefði heimtað, að rannsókn yrði tafarlaust haldin í málinu, því að afterli ráðgjafans væri að eyðileggja Liberal flokkinn. Hafði og sögumaður hótað Laurier því, að ef rannsóknin yrði ekki hafin, þá skyldi hann leggja öll þau gögn, sem hann hefði um sekt ráðgjafans í hendur andstæðinganna. — Laurier kvaðst hafa tjáð sögumanni, að hann væri sannfærður um sýknu ráðgjafans, og að sögumaður sinn gæti tekið hverju þá steinu í málinu, sem honum bezt líkaði. Herra Oliver bar sök af sér og krafðist þess, að rannsókn yrði hafin. Laurier stakk þá upp á 5 manna þingnefnd til að rannsaka kæruna, en sú uppástunga var svo lævíslega orðuð, að Conservative flokkurinn var sannfærður um, að hinn sami tilgangur stjórnarinnar væri sá, að sú rannsóknarnefnd yrði þýðingarlaus.

Málið er risið út af því, að fyrrum ritstjóri blaðsins Calgary News, herra Daniel McGillicuddy, bar það á ráðgjafann, að um sama leytið, árið 1908, sem ráðgjafinn veitti Canadian Northern járnbrautarfélaginu leyfi til þess að velja 680 þúsund ekrur af landi, hvar sem það vildi í Saskatchewan, í skiftum fyrir jafnan ekrufjölda, sem félagið átti tilkall til í Manitoba fylki, en vildi ekki nýta, — hafi 50 þúsund dollars verið færðir inn í reikning ráðgjafans á banka í Edmonton frá banka í New York, og litlu síðar önnur upphæð — 19 þúsund 350 dollars.

Herra Gillicuddy, sem er Liberal, kvaðst hafa öll skilríki fyrir þessari ákæru, sem er sú, að C.N.R. félagið hafi séð til þess, að ráðgjafinn fengi þessar fjárupphæðir fyrir hlynnindi þau, sem hann veitti félaginu við landvalið. — En ráðgjafinn neitar þessu sambandi, og kveðst hafa veitt félaginu þessi landvals-hlynnindi af því hann hafi skoðað það til hagsmuna fyrir Canada ríki í heild sinni.

Andstæðingar á hinn bóginn gerðust spurulir, vildu fá að vita, hvernig ráðgjaunn hefði fengið þessa peninga upphæð svona alt í einu, og rétt eftir að hann hafði gert C.N.R. félaginu þessa þægð. Þeir benda á, að upphæðin, sem um er rætt, sé jafngildi þess ef félagið hefði þægt ráðgjafanum 10 cents fyrir ekru hverja, sem það fékk að velja í Saskatchewan.

Mr. Borden sýndi fram á, að þessi 5 manna nefnd, sem Laurier ætlaði að setja, væri þýðingarlaus sökum þess, að hún hefði ekkert vald til þess að kreíjast eiðfestra framburða af vitnum. Ennfremur, að nefndin, samkvæmt uppástungu yfirráðgjafans, hafi ekki vald til að rannsaka það atriði, sem fjallar um aðalatriðið, sem sé það, hvaðan Mr. Oliver hafi fengið fé þetta, og á hvern hátt hann hafi grætt það fé. Ennfremur, að nefndin ætti ekki að hafa vald til að rannsaka gögn þau, sem herra Gillicuddy hefir fram að bera. Öll önnur rannsókn væri óþörf, ef ekki mætti rannsaka þessi gögn. Því að öðrum kosti mundi sú grunsemd magnast meðal alþýðunnar, að sambandið milli landvals C.N.R. félagsins í Saskatchewan og fjárupphæðarinnar, sem um sama leyti hefði verið sett á banka undir nafni innanríkisráðgjafans, hefði svo náið samband, að næst vissu gengi.

En Laurier sat við sinn keip. Hann neitaði að veita þá rannsókn, sem trygði ákveðna vissu um þennan gróða.

Það hefði verið hyggilegra og að öllu leyti samugjarnara, að leyfa rannsókn, — fullkomna rannsókn, heldur en að fela ljósið undir mælikeri. — Þar sem ekkert er að hylja, þar er myrkrið algerlega óþarft.

Stórskáld—leirskáld, blaðamenn— — og blaðasnáðar.

Hið svo nefnda Menningarfélag*), sem stendur í (einhverju) sambandi við Únitara-söfnuðinn hér í borginni, hefur í tvö skifti undanfarið flutt erindi af allmerkum mönnum um blaðamensku og skáldskap, með tilliti til Íslendinga, einkum hér vestan hafs: kröfur og ávítur. Var fyrri fyrirlesturinn (um blaðamensku) fluttur í miðjum febrúar af dr. Sig. Júl. Jóhannessyni; — með hans fornu einkennum: strangar og litt samrýmanlegar kröfur til blaðamanna; hlaut strax á fundinum frek mótmæli úr ýmsum áttum, og játti þá fyrirlesari sumum þeirra; fór þar margt í millum. Seinni fyrirlesturinn (um skáld og hagyrðinga) var haldinn á skírdagskvöld fyrir fámenni af Guðmundi presti Árnasyni; mjög ljós og skýr, látlaus og árásalaus; — en þótt nokkur orðaköst ættu sér stað á undanförnum, kom það úr annari att: af undangengnum blaðastælum einstaklinga, er þar voru staddir.

Þess má geta hér um leið, að fyrir nokkrum árum kom hörð og vægðarlaus árás á íslenzka blaðamensku yfirleitt fram í fréttastiri kirkjufélags-forsetans; og þótti mjög mörgum þar farið með óhæfilegri óbilgirni, og alt um of ráðizt að einstaklingnum. Var þar einkum snúið feikna óvægilega að dr. Sig. Júl. Jóh., sem um það leyti átti í vök að verjast mörgu: — meðal annars mun um það leyti hafa úr annari átt verið hafin árás á skjólstæðinga hans, Hagyrðingafélagið (þá ný-stofnað); og sá ég þar vörn hans góða til móts. —

Það kann að sýnast svo, sem það tvennt sé ekki mjög nátengt hvað öðru: skáldskapur og blaðamennska. Enginn vafi er þó á því, að hvað Vestur-Íslendinga snertir, þá er því svo varið. Því helzt vildi ég segja, að blöðin hér hafi ekki hingað til komizt af án "skáldanna"; — fremur en vesalings skáldin hafa komizt af án blaðanna. — — — Íslenzkri BLAÐAMENNSKU hér vestra hefur hingað til verið svo háttað, að blöðin hafa mestmegnis á bónbjörgum lifað, með meiri partinn af innihaldi sínu. Blöðin vafalaust í fyrstu fátæk mjög, — og almenningur talið það eins konar skyldu sína að hlynna að þeim eftir megni, bæði með skilvísi og efnisforða ("fréttum" þá auðvitað mest); en þá um leið þegjandi áskilið sér rétt til, að fá pláss í blaðinu með þetta eða hitt vildarmál sitt, — hvort sem það nú var einhver tegund vestheimskrar heimspeki, eða þá nágrannakritur í algengustu mynd. Hefur svo þetta lag haldizt við og orðið að vana, — alt að einu eftir að blöðunum fór að vaxa fiskur um hryggi og voru farin að bera sig ágætlega; og endirinn þá orðið sá, að blöðin hafa — orðið eins konar ruslakistur fyrir alt að lélegustu tilraunum almennings til að stinga niður penna. Hefur þettað gert mikið ilt, þar sem með þessu virðingin fyrir blaðmennskunni er sett í veð. Því eins og er, má svo heita, að hver maður eigi aðgang "í blöðunum" með hvað sem þeim sýnist; enda sér það og á ýmsu því drasli, sem í íslenzku blöðunum hér birtist. En í annan stað eru ekki nærri allir nú orðið svo skyni skroppnir, að gera ekki hærri kröfur til blaðamennsku en þettað; og mjög óvíst, að íslenzku blöðin séu nú lengur í skynugra manna augum undanþegin almennustu kröfum til blaða yfirleitt, — eftir að þau eru alveg skriðin úr fátæktar-kútnum, orðin útbreidd og fyrirferðarmikil, og enda arðvænleg "business"-fyrirtæki. Hitt er annað mál, þó að einn og annar verði feginn að nota plássið í blöðunum fyrir áhugamál sín (hver svo sem þau eru); því því er að tjalda, sem til er. En ekki þætti mér ósennilegt, enda að sumu leyti beint kunnugt, að ýmsir hinna ritferustu landa vorra hér drægu sig í hlé frá blöðunum, af því þeir kærðu sig ekki um, að láta sjá sig fara í þeim félagsskap, sem þau (þ. e. blöðin) byggir. Annars vegar virðast "business"-hugmyndir blaðeigendanna sjálfra um blaðeign og blaðútgáfu ekki komnar lengra á veg en það, að sjálfsagt sé að fá alt, efni blaðsins viðkomandi, sem billegast (hvað sem gildinu líði); það sé fyrsta og æðsta boðorðið. Því hitt mun ekki í manna minnum, það ég til veit, að íslenzku Vesturheims-blaði hafi neitt sinn dottið í hug, að bjóða nokkrum manni þóknun fyrir ritsmíðar, — nema þá helzt hugsanlegt af tilviljun í þeim nauðum, að efni hefði skort til að fylla dálkana með "einhverju"**). Að vísu skal því hvergi neitað, að ég hafi ekki af blaðamanns vörum hér orðið gremju var yfir þeirri eftirmæla- og leiðljóða-súpu, sem að blöðunum streymdi jafnt og stöðugt. En ekki hefi ég séð neitt við þeim leka gert enn, sem dugi. Kemur sér þar og vel það "frjálslynda" álit staks manns innan blaðamanna-flokksins, að blöðin eigi að vera eins konar ritvöllur almennings, þar sem fólkið fær að leiða hesta sína saman eftir vild, og bera fram sínar andans afurðir. Og verður ekki annað séð, en að það blaðamennsku-"princip" sé prýðilega þægilegt í vöfunum til að fá ódýrt og hæglega efni í blaðið. Því alt af er nóg til af náungum, sem hafa gaman af að siá nafnið sitt á prenti, sé þess nokkur kostur. En í annan stað renna centin***) ljúflega niður með eftirmæla-súpunni og leir-grautnum, og bæta blaðamanninum vel í munni eftir það ómeti, sem fram hefir verið borið.

Þá eru nú SKÁLDIN næst. — Að skáldskap Vestur-Íslendinga hefir ekki sjaldan sést vikið, austan hafs og vestan, — ýmist til að dá þá stærstu eða stjaka þeim smærstu; og hefur hvort tveggja reynzt jafn auðunnið verk; svo mjög ber þar í millum. — — Sem menn vita, er skáldskapurinn — auk sögufræði, og þó fult svo framarlega reyndar — elzta og þjóðlegasta menntagrein Íslendinga. Það er nú liðið alt að 40 árum síðan Íslendingar fluttust hingað fyrst. Má nærri geta, hvort ekki hafi margur dável hagmæltur maður fluzt hingað vestur á öllum þeim tíma; enda vitum vér og um ýmsa þeirra. Skal þar á meðal fyrst og fremst telja nokkur skáld, sem hlotið höfðu fulla viðurkenningu heima, fyr en hingað fóru. Mætti þar af ætla, sem einhver talsverð skáldæð mundi lifandi með Vestur-Íslendingum. Er þess og sízt að synja, að svikalaust er það að vöxtunum, sem áður hefur sést í bundnu máli á almanna færi: í blöðum, ljóðakverum og kvæðabókum; og mætti þó að sjálfsögðu ætla, að þar sæist að eins lítill úrvals-(!)partur. "Gáfuð þjóð í nýju landi"(!); — svo mætti einmitt ætla, sem hæfileikar hennar og kostir lyftust þar (þ. e. í nýja landinu) upp á æðra og göfugra stig, og þá auðvitað helzt hennar beztu kostir. Þegar Norðmenn, sem að fornu voru skáldþjóð, fluttust til Íslands, spratt þar upp hinn ágæti fornaldarskáldskapur Íslendinga. Svo skyldi nú og vera hér, ekki sízt hvað skáldskapinn snertir, þar sem auk þess atgjörvi þjóðarinnar yfirleitt, — að minsta kosti það, sem út horfir, — virðist glæðast nýjum eldi hér vestan hafs. Næsta spurningin er þá: nær sá eldur til skáldskaparins? — Því er skjótsvarað: Það er talsvert úr leið (að mínum dómi) að svo sé enn, jafn yfirleitt og í annari, t.d. verklegri, framsókn. Að vísu væri það býsna ósanngjörn krafa, að búast við mjög blómlegu menntalífi af fámennum þjóðflokk, á fátæktar- og nýbýlis-árum. Þó er því óneitandi, að hér hafa myndazt 3—4 góð skáld. (Um höfunda í öðrum bókmennta-fræðum er varla að ræða, vor á meðal.) Þess utan eru hér stöku menn, sem hafa alt að því snildar-vald á meðferð máls og ríms; en aldrei hafa fram leitt neina ferska, sjálfstæða né frumlega hugsun, — nema þá kann ske gripna á lofti, frá öðrum komna; en vegna hraðvirkni sinnar, bónþægni og ofdæmergðar hlotið hiklaust "skálda"-nöfn af sjálfum sér og öðrum; ættu þó öllu helzt hagyrðingar að kallast. Annars eru í þeim flokki (hagyrðinga-flokkinum), að réttu framtali ekki svo lítill fjöldi ýngri manna og eldri, — og sumir hreint ekki svo slæmir. Þó hvygg ég fult svo fjölmennan flokk hinna svo nefndu "leirskálda", þ. e. (sálar-) smælingja, sem hvorki hafa vald á meðferð máls, rims né efnis, svo að jafnvel nemur ekki vænalegri hvers dags greind. Og vill þar svo kynlega til, að litlu minna mun hafa fyrir almenning borið af andans afurðum þessarar ljóðagerðar-hjarðar heldur en bæði hinna flokkanna, sem ég minntist á. Svona brjóstheilir (eða bragðnæmir) hafa íslenzku ritstjórarnir hér vestan hafs verið fram að þessu; þótt ekki séu þeir allir jafnt fram teljandi, heldur hafi einn borið mjög af öðrum í þeirri tegund "brjóstgæða".

Fyrir nokkrum árum var, sem kunnugt er, stofnað hið svo nefnda "Hagyrðinga-félag" hér í Winnipeg. Var tilgangur þess sá, að hin nýja ljóðagerðar-kynslóð af þjóðvorri hér í landi upp ælist undir "kritikk" eldri skáldanna; og í þeim tilgangi vöru skáldin íslenzku hér heiðursfélagar í félaginu. Annars er svo að sjá, sem hugmyndin hafi í byrjun fengið alt nokkurn byr, þar sem flestallir rímfærir Íslendingar hér urðu að einhverju leyti við félagið riðnir. Enda er aðal-hugsjón félagsins: að læra að yrkja, hvergi nærri fráleit. Því í rauninni lera allir, sem skáld verða, að yrkja, — oftast bæði af sjálfum sér og öðrum, beint eða óbeint, þ. e. ýmist með sjálfnuminni eða aðveittri "kritikk" og glæðingu. Hitt er annað mál, að inn í þetta félag slæddust, — annaðhvort vegna brjóstgæða þeirra skárri í félaginu, eða vegna einkennilega víðtækra "jafnréttis"-hugsjóna stofnandans (Sig. Júl. Jóh.). — stöku maður, sem tæplega mátti hagyrðingur teljast. Og hlaut félagið að sjálfsögðu að missa við það nokkuð af virðingu skynugri hluta almennings. En þó að félag þetta yrði, þegar frá leið, varla meira en nafnið eitt, þá var það mestmegnis því að kenna, að stofnandi félagsins, sem og var alla tíð lífið og sálin í félaginu meðan hans naut við, flutti algert burt af þeim slóðum, sem sjálfsagt voru aðalstöðvar félagsins.

— Eins og ég vék að, þá komu fram fyrir nokkrum árum, um sama leyti og Hagyrðinga-félagið var stofnað, árásir á hinn lélegri kveðskap Vestur-Íslendinga. Sig. Júl. Jóh. varð þar fyrir svörum; benti ljóst og réttilega á, að stórum væri virðandi, hvað Íslendingar hér ættu mikið af góðum skáldum; hitt eðlilegt, að ekki yrðu menn góð skáld alt í einu; fátækt og annríki ný-innfluttra manna stæði þar, auk þess, stórum í vegi. — — En nú hefir aftur vinnusveinn Heimskringlu stokkið í bráðræði fram af arkarstafni, snúningsmikill og snarförulegur, — og förinni verið heitið í þann veg, að lemja á leirskáldunum*). Sýndi þessi ungi fullhugi jafnskjótt garpskap sinn og áræði með því, að ráðast þegar á þrjár höfuðskepnur, sem fyrir honum urðu; og lagði hann lurki sínum af miklum móði undir vanga þeim. En þessar ósmáu stærðir voru þau: Sveinn gamli Símonarson, Ragnheiður Davíðsson og Jóhannes Stefánsson. Ekki var svo sem að smámennunum snúið! Að vísu komst ofurhugi þessi hvergi nærri ómeiddur af hólmi um það lauk; því ýmsir urðu fyrir honum, sem guldu líku líkt, svo að af hlutust sorpkóst mikil og sauryrða-hríðar; og litur nú svo út, sem drjúgur bútur muni af þeim viðskiftum hljóta fyrir íslenzku blöðin hér fram á sumarið. — En ekki gat ég annað en glaðst af því, að Sveinn gamli auminginn hafði nú enn á ný fengið sömu hlýju og hjartanlegu viðtökurnar eins og fyr hjá sinni fornu vinkonu Heimskringlu, eftir áverkann frá vinnumanni hennar. Og er vonandi, að til góðra kærleika dragi aftur á milli þeirra, hjónaleysingjanna. Nú síðast sé ég og, að sjálf þokkadís flokksins af þessu skáld-vanakyni*) ("ung"-frúin, sem ekki hefur heldur náðað neinn með því tiltæki, að "fara til og verða hjón"), hefur nú heimsótt sinn gamla og góða viðskifta-vin (ritstj. Heimskringlu) með hæfilegum ljúfmælum, eins og ekkert hefði upp á slegizt; enda hefur það og dregið það sem dugði, líkt og væntamátti af svo kvennprúðum manni, — þar sem hún hefur nú, rétt eins og áður fyr, hlotið gistingar-samvist við hann á hans eigin aðsetufeldi (blaðinu hans); — og fór vel á því. Annars er alt útlit til, að fullar sáttir muni bráðlega komast aftur á milli beggja deilu-aðila (Heimskringla og skáld-vönúnganna), sem hingað til hafa lifað í svo aðdáanlegu bræðralagi. Því fyrst og fremst fer enginn að taka leirskáldanafnið til sín opinberlega (því yfirleitt er skáldaþóttinn eitt af einkennum leirskálda). En þess utan telur hver einstakur af þeim, sem finna, að skáldatignin er þeim nokkuð vafasöm, það fulla uppreisn sínum eigin höfundarheiðri og ótvíræða undanþágu frá allri leir-skírn, — hvort heldur að hljóta gistingu á gamla staðnum eins og fyr eftir að því hefir verið lýst yfir, að "engir flækingar séu hýstir hér", — ellegar þá að þeir láta sér nægja, að vera ekki sérstaklega nafngreindir til vansæmdarinnar. En þegar allir eru þannig smognir í gegnum aðhaldsgrindurnar, er auðséð alt komið blessunarlega í gamla horfið aftur. — — — Þau ómæli, sem slett var á þorstein skáld Þorsteinsson af ein, hverjum Lárusi Guðmundssyni úr (sefinustu) Heimskringlu, voru sjáanlega fram runnin annaðhvort af fólsku eða flónsku, ellegar þá öllu heldur af hvorum tveggja saman.

— Aðfinnslur við íslenzka blaðamennsku hir hef ég ekki séð neinar, nema frá þeim tvimenningunum: séra Jóni Bjarnasyni (fyrir mörgum árum) og dr. Sig. Júl. Jóh (núna nýlega). Náði þó hvorug fyllilega til. Því séra Jóns aðfinnsur lentu mest í persónulegum árásum á óvini hans nokkra (þótt snild sæist þar á hugsun, eins og oft hjá þeim höfundi); — en Sigurðar erindi var mestallt tómt skýjaflug. — En að allmargt sé að blaðamennsku vorri að finna, um það blandast víst fæstum hugur, skynugri manna, — nema ef til vill stækustu klikku-snápunum á hvora hlið í kirkjumálum og pólitíkk. Og ætti það þó varla að geta dulizt neinum, að auk þess sem aðalinntak blaðanna hér hefur nú í síðustu tíð, síðan ég fór að fylgjast stöðugt með, verið fremur illa sagt fréttadrasl (þýtt eða aðsent), auk þess kvæðarusl, skammir**) og annar óhroði, — þá er mjög mikill vafi á, hvað mikið af þessu ritstjórnar-greinar hafa jafnað upp. Því, að minnsta kosti annars vegar, hafa þær verið æðið veigalitlar; en því til móts hafa þá aftur þeim megin mikið fremur sést þýddar greinar um sitt úr hverri áttinni, sem ýmsir kunna að hafa haft gaman af. Hins vegar hafa að vísu stundum sést kjarnyrtar, skýrar og skynugar ritstjórnar-greinar; en þeim megin aftur hefur í öðrum atriðum verið þess óhroðalegra og ver um garð gengið. Enn skal því alls ekki neitað, að talsvert mundi mega hafa saman af allgóðum greinum úr blöðunum hér í seinni tíð, — væri allt samanlagt. En hvað mikið er það móti öllu hinu? Það mundi varla vera margir "pro cent". — — Ég skal fúslega taka það fram, að það sem ég hefi nú mælt til íslenzkrar blaðamennsku hér yfirleitt, stefnir einkum í garð aðalblaðanna tveggja. Þá aðra ódöfnuðu vexti, sem getir hefur að líta í blaðamennsku-reitnum, utan borgar og innan, hirði ég ekki að fram leiða hér. — Hvað tímaritunum vestur-íslenzku við víkur, þá koma þau tæplega til greina í því sambandi, sem ég hef um rætt, — þar sem þau eru að eins sér-eðlis (guðfræðileg), frammi haldin sitt af hverjum hinna þriggja kirkjuflokka, sem landar vorir til heyra hér, mestmegnis ritað af ritstjórunum einum, eða þá öðrum sérfræðingum. En hitt má vafalaust merkilegt teljast, að þær tilraunir, sem gerðar hafa verið til að halda uppi almennu menningar-tímariti, skuli algert hafa misfarizt; því annað þeirra gekk fyr en varði fyrir ætternisstapann; en hitt (sem allra þessara er prýðilegast að útliti) lenti bráðlega í kirkjumáladeilum, og hefur hángið uppi á þeim lopa síðan. —

—Það er jafn víst hvort tveggja: að blaðamennskan hér þarf að lagazt, og að hún getur lagazt. En hver er þá leiðin til þeirrar lögunar? — Sú að sjálfsögðu hin bezta og beinasta, að fram komi á ritstjórnar-völlinn kjarnamiklir mentamenn með nógu fé á baki, en þó jafnframt alls óháðir öllum klikkum, kirkju- og pólitískum flokkum. Og hlýt ég að álíta landa mína hérna megin hafs vera nú orðna um það bil nógu þroskaða til þess, að slíku blaði (eða blöðum) yrði fagnað af almenningi. Yrðu kröfurnar til slíkrar ritstjórnar að vera þær: fyrst og fremst, að ekki væri það aðalblaðamennsku-huhsjónin þar, sem einn maður sagði nýlega, að æðst stæði hjá blöðunum okkar núna, "að selja sem minstan pappír fyrir sem mest verð". Í annan stað smekklegt val á aðfengnu efni; — og þá ekki hikað sér við, að láta nokkur cent af hendi rakna móti góðum greinum, sem hingað til þefur ekki þekkzt hér — hjá oss. Mundi tvennt aftur leiða hér af. Annars vegar: að brátt drægi úr því óorði, sem á hefir legið mennta-ástandi Vestur-Íslendinga í skáldskap og öðrum efnum, — þegar að eins sæist úrvalið í staðinn fyrir ruslið. Því góðir höfundar mundu þá hins vegar hvetjast til að hafa sig í frammi á ritvellinum, sem hingað til hafa dregið sig í hlé; þar sem þeir gætu bæði vænzt þess, að fá borgaðan að nokkru þann tímann, sem til ritsmíðanna gengi, — og þyrftu auk þess ekki að fyrirverða sig fyrir, að láta skrif sín standa innan um alls kyns rusl.

Ekki skal ég dyljast þess, að mér finnst hin mesta bjóðar-nauðsyn liggja til, að slík breyting, sem hér hefur nú verið snúið að, komist sem allr afyrst á blaðamennsku vora. Og er vandsagt, hve víðtækar afleiðingar til sannrar framsóknar það gæti haft fyrir þjóðerni vort hér í álfu. — En hverjir hafa vilja, vit eða mátt til að riða hér á vaðið? Því skal ósvarað. — En hitt skal sagt, að ótrúlegt þykir mér annað, en að sá tími sé fyrir höndum, og víst nær en marga kynni að gruna, að fullt svo mikill sæmdarauki þyki það efnuðum manni, að láta höfðinglega fé af höndum rakna til óháðs blaðs, bókmenta-tímarits (sem ætti að geta staðizt hér, bæði hvað lesendur og ritendur snertir), eða annara menningarfyrirtækja, — eins og að fleygja því í kirkjuklikkur eða "pólitískar agitationir", eins og nú er. En heldur er það grunnur minn, að sú efnammanna-kynslóð, sem nú er hér efst á baugi hjá oss, sé þessa þó tæplega umkomin að menningar-þroska, — nema ég hafi litið rangt til; — tæplega færir flestir að líkindum, að mjaka sér upp úr sínum andlegu afhvarfs-lautum, þangað sem betur nýtur útsýnis. Þó verður enda það ótrúlegasta seint alveg fortekið. —

Þorsteinn Björnsson

*) Það má gjarnan geta þess, þeim til athugunar, sem ekki vita, að þetta Menningarfélag er hið eins íslenzka félag hér, sem heldur uppi stöðugum fyrirlestrum. Má félag þetta heita vel skipað, svo mjög sem vænta má eftir atvikum, — fyrirlestraferum mönnum. Annars er það stórum virðandi, þegar til alls er litið, — bæði það, að halda hér uppi óháðri, flokksfylgislausri menningarstefnu, — og svo hitt, að kreíjast ekki aðgangseyris í neinni mynd af almenningi fyrir áheyrnina.

Höf.

**) Blöð borgast hér ágætlega.

Höf.

*) Undarlegt tilvik er það, að þrátt fyrir það, þó að blöðin heima séu borguð svo illa, sem allir vita, þá er þó nú orðið iðulega borgað fyrir ritsamningar í blöðin; og standa Austur-Íslendingar Vestur-Íslendingum áreiðanlega framar að menningu í þessu atriði.

Höf.

**) Sbr.: Þór fór í Austurveg að berja tröll.

Höf.

*) Freyja var Vana-kyns, sbr. Eddu.

Höf.

**) Vel skrifaðar skammir getur oft verið gaman að lesa; en þær sjást nú fremur sjaldan í vestur-íslenzku blöðunum.

Höf.

I. O. G. T.

Þann 30. apríl 1911 setti Páll Reykdal, umboðsmaður stúkunnar FRAMþRÁ, að Lundar, Man., eftirfylgjandi embættismenn í embætti fyrir ársfjórðunginn maí, júní og júlí:

Æ.T. — S. J. Sigfússon.
F.Æ.T.—Kristján Halldórsson.
V.T.—Miss Sigríði J. Johnson.
G.U.T.—Séra Jón Jónsson.
R.—S. Backman.
A. R.—G. J. Breckman.
F.R.—H. J. Hallson.
G.—O. J. Lindal.
D.—Miss Halldóra Einarsson.
A.D.—Miss Kristiana Hallson.
Kap.—Miss Arnína Sigurdson.
I.V.—Jón Guðmundsson.
U.V.—Björn Hallson.

UNION LOAN & INVESTMENT CO. er íslenzkt félag, sem hefir skrifstofu að 45 Aikins Bldg. Því er stjórnað af Íslendingum, sem eru vel þektir, ekki einúngu í bænum, heldur út um sveitir, meðal Íslendinga. — Þeir hafa sitt yfir $100,000.00 virði af fasteignum í apríl mánuði, og er það sjaldgæft meðal Íslendinga.

Talsími Heimskringlu
Garry 4110

Heimskringla.

Heimilis talsími ritstjórans:
Garry 2414

XXV. ÁR. WINNIPEG, MANITOBA, FIMTUDAGINN, 11. MAÍ 1911. Nr. 32.

Wm. Christianson.

Heimskringla telur sér sæmd í, að geta flutt mynd og æfiágrip af einum íslenzkum fyrirmyndarmanni, sem með atorku og virðingarverðri framkomu sinni hefir trygt sér góða framtíð í landi þessu.

Herra Christianson er fæddur 9. júní árið 1878, í Fljótum í Skagafjarðarsýslu á Íslandi. Foreldrar hans eru hjónin Gauðlaugur Kristjánsson og Hólmfríður Ólafsdóttir. Þau hjón voru í Ólafsfirði og á Akureyri frá því er sonurinn fæddist, þar til þau fluttust til Canada sumarið 1887. Þá var pilturinn 9 vetra. Þau hjón voru hér í borg á annað ár eftir að þau komu vestur, en fluttu síðar út í Qu'Appelle dalinn, þar sem nú er Tantallon, og dvöldu þar 8 ár. —

Pilturinn byrjaði strax að vinna, er hann kom til landsins, og tók þá hvert það starf, er bauðst, og sem hann var fær að afkasta. — Þessu hélt hann fram, þar til fyrir 14 árum, að hann komst að vinnu hjá gripa- og kjötsölu-félaginu mikla, Gordon, Ironsides & Fares. Þar byrjaði hann sem algengur verkamaður, en eftir tveggja ára þjónustu, var hann settur yfir útkeyrslu-deildina, og eftir nokkurn tíma var hann settur ráðsmaður yfir verzlun félagsins í Kenora, Ont. Og þeirri stöðu hélt hann, þar til fyrir tveimur árum að hann var settur ráðsmaður fyrir verzlun félags þessa í Saskatoon, Sask. En það er lang-stærsta útbú félagsins, og ráðsmannsstaðan þar mjög ábyrgðarmikil.

Meðan hann var í Winnipeg, var hann í Goodtemplara stúkunni Heklu og æðsti Templar þar um tíma. Hann var og meðlimur Oddfellows félagsins í Kenora, og féhirðir Meþódista kirkjunnar þar. Um 6 ára tíma var hann forseti Ungmenna-félagsins — Epworth League — þar í bænum, og fylti flestar þær stöður aðrar, sem leikmönnum eru veittar í þeirri kirkjudeild. Hann var erindsreki safnaðarins á kirkjuþingi í Portage la prairie árið 1908. Einnig forseti aðal-stjórnarnefndar safnaðarins.— Hann var í háskóla- og alþýðuskóla nefnd bæjarins um 4. ára tíma, alt þar til hann flutti þaðan til Saskatoon. — Hann var og í framkvæmdarstjórn Conservative félagsins þar í bæ, og sömuleiðis formaður Social and Moral Reform Council, sem myndað var af helztu mönnum allra kirkjufélaga, prestum, læknum, lögfræðingum, bankastjórum og verzlunarmönnum. — Má af þessu ráða í hve miklu áliti Christianson hefir verið meðal allra stétta meðborgara sinna þar eystra. Eftir að hann kom til Saskatoon, sendi Social and Moral Reform Council honum vandað gullúr, sem virðingar og þakklætis-vott fyrir starf hans í þágu félagsins og bæjarins.

Hr. Christianson var og Chief Ranger Canadian Order of Foresters í Kenora.

Í Saskatoon er hann nú í stjórnarnefnd Meþódista kirkjunnar, skrifari og ýmislegt fleira.

Í framgöngu allri er Christianson hæglátur, hógvær og afskiptalítill um annara sakir og otar sér hvergi fram til að vekja eftirtekt. En framkoma hans er þann veg, að hún tryggir honum tiltrú og virðingu allra, er honum kynnast.

Hann má heita algerlega sjálfmentaður maður. En þessi starfsemi hans, ásamt með stöðugum lestri úrvals bóka, hefir víkkað og skýrt sjóndeildarhring hans, svo að hann má nú teljast í bezta lagi mentaður maður, fyrir uppihaldslausa og þrautseiga námsástundun í skóla reynslunnar. — Félag það, sem hann starfar fyrir, hefir miklar mætur á honum, og telur hann meðal hæfustu embættismanna sinna.

Hann hefir jafnan sýnt sig sanna fyrirmynd ungum Íslendingum, og sóma þjóðflokksins íslenzka.

Christianson kvongaðist árið 1902 ungfrú Þuríði Guðmundsdóttur, ættaðri úr Borgarfirði. Þau hjón eiga 4 börn.

BJARNASON & THORSTEINSON
Fasteignasalar
Kaupa og selja lönd, hús og lóðir víðsvegar um Vestur-Canada. Selja lífs og eldsábyrgðir.
LÁNA PENINGA
út á fasteingir og innkalla skuldir.
Öllum tilskrifum svarað fljótt og greiðanlega.
Wynyard - - Sask.

VOR.

Allegretto non troppo. ÞORSTEINN ERLINGSSON. H. Sigurður Helgason Thingholt.



Jakob Briem.

Hér er sýnd mynd af manni þeim, sem með réttu mætti nefna "umferðar íslenzku-háskóla Vestur-Íslendinga". — Jakob Briem er fæddur að Grund í Eyjafirði þann 3. febrúar 1857. Foreldrar hans voru þau hjón Ólafur timburmeistari Briem og Dómhildur Þorsteinsdóttir, sem þá bjuggu á því höfuðbóli sýslunnar.

Þegar Jakob var á öðru ári, misti hann bæði foreldri sín. Þau tóku sýki og önduðust með ½ árs millibili. Þá tók Kristján Kristjánsson, sýslumaður í Skagafjarðarsýslu, og sem síðar varð amtmaður í Norður- og Austur-amtinu, — Jakob til fósturs, og ólst hann þar upp til 18 ára aldurs. — Þá tók hann að stunda verzlunarstörf á ýmsum stöðum. Varð svo ungmenna kennari, bæði við skóla og á heimilum, sem privat kennari

— þar til vorið 1890, að hann flutti hingað til Vesturheims, og hefir hann síðan dvalið lengst af í Winnipeg, og haft heimili hjá Capt. Sigtryggi Jónassyni og konu hans, Rannveigu Briem, sem er systir Jakobs.

Þegar Jakob kom frá Íslaandi, var hann svo fatlaður á öðrum handlegg, að hann gat ekki þá og hefir aldrei síðan getað beitt sér við algenga daglaunavinnu. Hann tók því þá strax þá steinu, sem mörgum hefir síðan að góðu liði komið, að kenna börnum Vestur-Íslendinga móðurmál þeirra. Hann leit svo á, að lykillinn að öllum bókmentum hverrar þjóðar væri sá, að kunna að lesa móðurmálið, og að þeirri þekkingu fenginni gæti hver einstaklingur beitt þeim lykli eftir eigin geðþótta; — að til þess að Íslendingar gætu viðhaldið móðurmáli sínu hér vestra, væri börnum þeirra nauðsynlegt að kunna íslenzkuna, — ekki að eins að tala hana, heldur einnig að lesa hana og rita eftir reglum málfræðinnar.

Samkvæmt þessari grundvallarhugsun hefir Jakob Briem varið síðastliðnum 20 árum æfi sinnar, — til þess að afhenda vorri ungu, uppvaxandi kynslóð þennan lykil. Honum er starfið eiginlegt, og hann er því vel vaxinn. Og svo hafa honum farist orð, að hann teldi sig heppinn, að hafa orðið til þess, að leggja steinn bann í vegg, sem stutt hefir og hlúð að voru kæra móðurmáli, svo að það megi sem lengst hljóma á tungu og í eyrum hinna ungu, og vor allra, og viðhaldist frá einni kynslóð til annarar gegnum aldaraðir í hugum og á tungu Vestur-Íslendinga og afkomenda þeirra, og í bókum þeirra og blöðum.

Svo hefir Briem orðið ágengt í starfi þessu, að nú má telja í þúsundatali þá menn og konur, víðsvegar í bygðum landa vorra, sem hjá honum hafa numið móðurmál sitt, íslenzkuna, og sem svo aftur kenna börnum sínum sömu fræðin, — þó tæpast eins vel og málfræðilega og Briem kendi þeim þau.

Það má óhætt fullyrða, að Briem hefir með þessu starfi sínu fest íslenzka málið svo í minni landa vorra, að það hefir náð þar föstum og varanlegum sessi, sem ætla má að vari um langan aldur. Og enn er maðurinn svo ern, að full ástæða er til að vona, að honum endist aldur til að uppfræða mikinn fjölda af nýfæddu kynslóðinni, í voru hugðnæma, hljómfagra og kröftuga móðurmáli.

Vesturför Bordens

Mr. R. L. Borden, leiðtogi Conservative flokksins, hefir nú birt ferðaáætlun yfir komandi vesturför sína. Hann ætlar að heimsækja Manitoba, Saskatchewan og Alberta fylkin, en ekki British Columbia. Hverjir verða í för með Mr. Borden er óráðið ennþá. Mr. Borden leggur upp frá Ottawa 17. júní, og heldur sinn fyrsta fyrirlestur í Winnipeg mánudaginn 19. júní, en endar fyrirlestraferð sína í Portage la Prairie föstudaginn 7. júlí. Fyrirlestratilhögunin er:

19. júní—Winnipeg, að kveldi.
20. " —Carberry, síðdegis.
20. " —Brandon, að nveldi.
21. " —Weyburn, síðdegis.
21. " —Moose Jaw, að kveldi.
22. " —Indian Head, síðdegis.
22. " —Regina, að kveldi.
23. " —Maple Creek, síðdegis.
23. " —Medecine Hatt, að kv.
24. " —Macleod, síðdegis.
24. " —Lethbridge, að kveldi.
26. " —High River, síðdegis.
26. " —Calgary, að kveldi.
27. " —Lacombe, síðdegis.
27. " —Red Deer, að kveldi.
28. " —Wetaskiwin, síðdegis.
28. " —Edmonton, að kveldi.
29. " —Vegreville, síðdegis.
29. " —Lloydminster, að kveld
30. " —North Battleford, síðd.
30. " —So. Battleford, að kv.
1. júlí—Prince Albert eða Saskatoon (ekki ákveðið).
3. " —Rosthern, síðdegis.
3. " —Saskatoon eða Prince Albert, að kveldi.
4. " —Yorkton.
5. " —Birtle, síðdegis.
5. " —Minnedosa, síðdegis.
6. " —Grandview, síðdegis.
6. " —Dauphin, að kveldi.
7. " —Portage la Prairie.

Allir síðdegis-fundirnir byrja kl. 2, nema sá að Vegreville, sem hefst kl. 1.30. Allir kveld-fundirnir byrja kl. 8.

Runólfur Guðmundsson

Hann dó, eins og getið var um í síðasta blaði, þann 28. f. m., í bænum Colorado Springs, Colorado. Hafði hann verið þar á spítala til lækninga síðan á áliðnu hausti síðast. Það var tæring er varð honum að bana.

Hann var fæddur að Geitdal í Suður-Múlasýslu árið 1871. Foreldrar hans voru þau Guðmundur Guðmundsson, fyrir löngu dáinn, og Rannveig Runólfsdóttir, sem er enn á lífi og til heimilis hjá syni sínum Þorsteini, að Milton, N. D.

Runólfur kom til Canada árið 1891; dvaldi hann nokkuð hér í Winnipeg, en fluttist síðan til Norður Dakota, og nokkru síðar hóf hann á eigin reikning kjötverzlun þar í bænum Cavalier, og hélt því starfi síðan þar til síðustu veikindin gripu hann heltökum.

Hann átti eigi því láni að fagna að njóta mentunar í uppvextinum en kom sér áfram að öllu leiti af eigin ramleik, enda var hann ötull og kjarkmaður. Aðal-lundareinkenni hans voru glaðlyndi, bjartsýni og vinatrygð. Var hann maður vel látinn yfir höfuð, og hefi ég engann heyrt leggja honum ilt til eða reyna að narta í hæla hans.

Í stjórnmálum fylgdi hann Demokrata flokknum. En í trúmálum batt hann eigi reipi með neinum flokk, en var þar frjálslyndur og kreddulaus, og bar lítt virðingu fyrir þangbröndum kyrkju og kristni.

Lík hans var flutt til Mountain, Norður-Dakota, og grafið þar 4. þ.m., að viðstöddum ættmennum og vinum.

Svo er nú Runólfur úr sögunni og þjarkinu, og syrgja hann, auk aldraðrar móður, unnustu og margra vina, fimm systkyni: Þorsteinn, bóndi að Milton, N.D., Guðmundur, gullsmiður að Hallock, Minn., Jón, lyfsali að Bemidji, Minn., Björg, gift kona í Pine Valley, Man., og Guðrún, gift kona í Winnipeg.

Sagan þín, vinur, varð stutt og eigi umbrotamikil, en hún var heldur eigi neinum hvimleið. Og nú vermir sól og vökva skúrir sex feta reitinn þinn.

Góða nótt.

M. Peterson.

Blaðið "Austri" á Seyðisfirði gjöri svo vel og fregnbera dauða þessa manns.

OGILVIE'S
Royal Household Flour
Til Brauð og Köku Gerðar
Gefur Ævinlega Fullnæging
EINA MYLLAN Í WINNIPEG,—LÁTIÐ HEIMAIÐNAÐ SITJA FYRIR VIÐSKIFTUM YÐAR.

BAZAAR

Kvenfélag Únítara ætlar að hafa BAZAAR þann 22. og 23. þ.m. (mánudag og þriðjudag) eftir hádegi og að kveldinu, í samkomusal Únítara.

Margir ágætir munir verða þar til sölu: Föt handa ungum og gömlum, 'Sewing Cabinets' og aðrir fáséðir munir. Ennfremur gefst fólki tækifæri að reyna lukkuna með því að renna öngli og draga fisk (Fishing Pond) og kaupa kálhöfuð með einhverju neðan í (Cabbage Patch).

Komið á Bazarinn og kaupið. Það mun borga sig vel.

WALL PLASTER
"EMPIRE" VIÐARTAGA VEGGLÍM.
"EMPIRE" CEMENT WALL VEGGLÍM
"EMPIRE" FINISH VEGGLÍM.
"GOLD DUST" VEGGLÍM.
"SACKETT" PLASTER BOARD.
SKRIFIÐ OSS OG FÁIÐ VORA ÁÆTLUNAR BÓK.
Manitoba Gypsum Co., Limited.
WINNIPEG, - MANITOBA.

Tækifæri fyrir Félitla Fjárhyggjumenn

MONTROSE

Tækifæri fyrir Félitla Fjárhyggjumenn

ÁSTÆÐUR FYRIR ÞVÍ AÐ ÞÉR SKYLDUÐ KAUPA Í

MONTROSE

Ef þér berið saman verð í þessari fögru spildu við umliggjandi eignir, þá sjáið þér að vér seljum langtum ódýrara.

MONTROSE liggur frá Portage Ave., að C. P. R. vagnsporunum og nær að hinu nýja Rifle Range.

Strætisvagnar ganga stöðugt til **MONTROSE**.

Hugsið um þetta Tækifæri! Lóðir í **MONTROSE** eru tvöfalt stærri en lóðir í borginni.

KAUPIÐ NÚ MEÐAN VERÐ ER LÁGT

Verðið hækkar óðfluga. Borgin er rétt inn á barnsaldrinum. Bjartsýnustu menn hafa enga hugmynd um þann feikna vöxt sem hér verður á fáum árum.

Utanbæjar kaupendur aðgæti. Ef þér viljið kaupa í þessari spildu þá sendið strax dálitla niðurborgun og vér skulum velja beztu lóðir fyrir yður.

Lóða salan birjar Laugardaginn 6 Maí, kl. 9 f. h.

Allar Lóðir 50x124 að bakstig

VERÐIÐ

$125

Skilmálar $10 strax $5 mánaðarlega

Skrifstofan opin á Kvöldin

LEITIÐ TIL



ÁSTÆÐUR FYRIR ÞVÍ AÐ ÞÉR SKYLDUÐ KAUPA Í

MONTROSE

MONTROSE er mælt út í stórar lóðir—50x124.

MONTROSE er í Vestur Winnipeg og þér vitið að borgin er óðfluga að byggjast vestur.

Í **MONTROSE** má kaupa með skilmálum sem verkamönnum eru aðgengilegir.

MONTROSE er á Portage Ave. sem innan fárra mánaða verður asphalt lögð vestur til Headingly.

MONTROSE liggur nálægt svæðum sem búið er að byggja á.

Tækifæri fyrir félitla fjárhyggjumenn

Af því að ekki eru nema 200 lóðir í **MONTROSE** þá verðið þér að ákveða strax. TEFJIÐ ekki eða HIKIÐ, en kaupið strax.

Gætið þess hve mikið fé hefir græðst á lóðasölu í Vestur Winnipeg á s.l. fáum árum.

Ef þér hafið á huga á þessu. en hafið ekki tíma til að finna okkur, sendið oss þá póstspjald og vér sendum yður lýsingar bækling.

Allar Lóðir 50x124 að bakstig.

VERÐIÐ

$125

Skilmálar $10 Strax $5 mánaðarlega

Skrifstofan opin á Kvöldin

LEITIÐ TIL

H. H. MOSS & CO.
407 McGREEVY BLOCK
258-260 Portage Ave. - Winnipeg

D. C. HUTTON & Co.
505 McGREEVY BLOCK
258-260 Portage Ave. - Winnipeg

Ágætt Tækifœri!

Þér getið margfaldað peninga yðar áður en lóðin er borguð. Ég hefi selt 16 lóðir á 6 dögum, aðeins 9 eftir; hver lóð 50x193 fet, að 16 feta bakstræti. Verð aðeins $6 fetið. $25 út í hönd og síðan $10 á mánuði. Þessi boð gilda til 15. Maí, eftir það kostar fetið $10. Aðeins 5 mínútna gangur frá strætisvagni. Uppgert stræti, 66 feta breitt. Þessar lóðir eru rétt fyrir sunnan Assiniboine ána. Nú þegar samþykt að asphalt-leggja strætið sem rafmagnsvagnarnir renna eftir, alla leið vestur á móts við Headingly. Og þegar það er búið verða þessar lóðir 20 til 30 dollara virði fetið. Viljið þið nota tækifærið?

Finnið mig á skrifstofu minni eða telefónið.

R. TH. NEWLAND

255½ PORTAGE AVENUE TELEFÓN, MAIN 972

Fréttir úr bænum.

Samkvæmt ráðstöfun á síðasta þingi hefir nefnd sú, sem þá var skipuð, nú farið til Ottawa til þess að semja við stjórnina um kaup á landspildu þeirri á Broadway, sem hermannaskálinn stendur á, og sem átti að kosta eina milión dollars. — Nú hefir sambandsstjórnin breytt tilboðinu þannig, að hún býður að selja landspilduna fyrir hálfa milión dollars í peningum og að auki hæfilegt svæði fyrir hermannaskála — sem Manitoba stjórnin kaupi og afhendi sér; einnig að Dominionstjórnin fái að nota núverandi eign þar til búið sé að byggja nýjan hermannaskála. Þetta tilboð er alt eins óásanngjarnt eins og það fyrsta, er tilkynt var á síðasta þingi. Manitoba stjórnin hefir því neitað að ganga að því.

MENNINGARFÉLAGS-FUNDUR.

Síðasti Menningarfélags fundur fyrir sumarhvíldina verður haldinn í kveld (fimtudag). Herra S. B. Brynjólfsson talar um "Athugaleysi". — Kosning embættismanna fer fram, svo félagsmenn eru beðnir að koma í tíma. — Allir velkomnir.

Herra S. K. Hall heldur Piano Recital með nemendum sínum í Y.W.C.A. Hall á Ellice Ave. fimtudaginn 18. þ.m. kl. 8 að kveldi. — Þar ætti að verða húsfylli.

CONCERT.

Söngflokkur Fyrstu Lut. Kirkjunnar heldur Concert í kirkjunni horni Bannatyne og Sherbrooke stræta. Miðvikudagskveldið í þessari viku kl. 8.30. Aðgangur 25c.

Herra Friðrik Sveinsson, málari, hefir selt hús sitt að 690 Home St., og er fluttur þaðan. Hann er að byggja sér íbúðarhús á Alverstone stræti sunnan Sargent Ave. Meðan á því stendur verður áritun hans fyrst um sinn 624 Arlington St. Þetta eru þeir beðnir að muna, sem erindi eiga við hann.

Bréf á skrifstofu Hkr. eiga: — Mrs. Margrét Bergthorson (Íslands Miss Jóhann Jóhannsson. Mrs. O. T. Anderson (Íslandsbréf).

Á orði er að þau hjón, herra Finnur Jónsson og kona hans, sem búa á McDermot Ave hér í borg, fari héðan í kynnisferð til Íslands um miðjan þennan mánuð, með einu barni þeirra. Ráðgert er að þau verði um 4 mánaða tíma á ferð þessari.

Canadian Industrial Exhibition verður sett hér í borg þann 12. júlí nk. og varir til 22. júlí, að báðum dögum meðtöldum. Þetta verður 21. ársýningin. Fjörutíu þúsund dollars verða veittir í verðlaunum, og eiga sýnisgripir að vera komnir til sýningarnefndarinnar ekki síðar en 30. júní nk. Verðlaunalistana er nú verið að senda út um land alt, til þess að fólk hafi nægan tíma tilað átta sig á þeim.

Guðni E. Lyngdal látinn.

Hann lézt að Wynyard, Sask., föstudaginn 28. apríl sl. eftir 4 vikna sjúkdómslegu, innvortis meinsemd.

Guðni sál. kom að heiman fyrir 16 mánuðum, en kona hans með barn þeirra á sl. sumri. Þau hjón dvöldu í Norður-Dakota þar til fyrir 2 mánuðum tæpum, að þau fluttu búferlum vestur til Wynyard, þar sem Guðni sál. ætlaði að festa sér heimilisréttarland.

Guðni var fremur heilsutæpur, en kendi fyrst í fyrra veiki þeirrar er hann beið bana af, og lagðist nokkru eftir að hann kom vestur.

Þau hjón voru efnalaus, er maðurinn dó, og sáu því bæjarbúar um útför hans; jafnframt skuta þeir saman á annað hundrað dollars til styrktar ekkjunni, er stóð uppi allslaus með barn tæplega ársgamalt. Sömuleiðis gaf kvenfélagið á Eyford, N. Dak., $20.00 til styrktar þeim hjónum, er það frétti um veikindi mannsins, og var það afhent ekkjunni af H. H. Ármann, frá Gardar, sem fór vestur til að aðstoða ekkjuna í raunum hennar, og að flytja hana og barn hennar suður með sér aftur, þangað sem þau hjón höfðu dvalið.

Fyrir þennan vott mannúðar og alla þá hjálp, sem ekkjunni hefir veitt verið, biður hún Heimskringlu að votta sitt alúðarfylsta þakklæti öllum, sem þar hafa hlut átt að.

Úr þingvallanýlendunni er oss ritað 2. þ. m.: "Það sorgartilfelli vildi til um kl. 5 síðdegis þann 27. apríl sl., að Stephán Jónsson Valberg, bóndi hér í bygðinni, var sleginn af eldingu fyrir framan búðardyr S. Loptssonar, í bænum Churchbridge. Stephán var mesti skýrleikamaður, hafði mjög glöggan skilning um flesta hluti, og veitti nákvæma eftirtekt öllu, sem fram fór. Að honum er hin mesta eftirsjá".

SPURNINGAR OG SVÖR.

Kæra Heimskringla mín, ég bið þig að gefa mér ótvílugt svar upp á þessa spurningu mína:

Við erum tveir nábúar í sveit, sem engin hjarðlög eru til fyrir neinar skepnur og höfum girðingu á millum okkar með 2 vírum. Nú vill annar okkar, að við gerum girðingu þessa í það ástand, að ekki komist kindur eða aðrar skepnur hvorki undir né yfir. Er hinn þá skyldugur að gera það?

Fáfróður að norðan.

SVAR. — Ákveðið svar verður ekki gefið að ofangreindri spurningu, með því tvísýnt er, að nokkur lög séu til hér í fylkinu, sem eiga við þetta sérstaka atriði. Í lögbundnum sveitum hefir sveitarráðið vald til að ákveða, hvað sé lögleg girðing innan þeirrar sveitar. Vanalega mun það skoðast lögleg girðing, sem 3 langbönd hefir, og sé það efsta 4 fet frá jörðu. Áreiðanlega ber þeim nábúa, sem ekki vill umbót á miðgirðingum, að borga sinn hluta af þeim kostnaði, sem til þess gengur, að gera girðinguna löglega. En meira verður ekki af honum krafist. Vilji spyrjandi t. d. hafa 5 langbönd í miðgirðingunni, til að tryggja það áreiðanlega, að lömb komist ekki í gegn um hana, þá getur hann ekki krafist gjalds af nábúa sínum fyrir þann hluta af kostnaðinum, sem umfram verður kostnaðinum að gera girðinguna löglega. En leyfilegt mun spyrjanda, að gera girðingu þá eins ramgerva og hann vill — á eigin kostnað. Ritstj.

Fáein orð til Selkirk-búa.

Ég hefi ásett mér að setja á fót brauðgerðarhús í West Selkirk. Ég ætla að búa til og verzla með gerbrauð, smábrauð, tvíbökur og kringlur o.fl. Einnig aldini og allskonar 'candies'. Ég býst við að byrja verzlun um eða eftir 11. þ. m., á Manitoba Ave. (í Gamla Gibbs' bakaríinu). Ég mælist til þess, að landar mínir í Selkirk gefi mér tækifæri og komi og reyni brauðin Hefi haft 8 ára æfingu í bakaríum í Winnipeg.

Winnipeg, Man., 2. Maí, 1911.

EINAR LAXDAL.

Fregnsafn.

— Réttarrannsóknin í Los Angeles, Cal., yfir þeim McNamara bræðrum og McManigal, ákæruðum um að sprengja upp stórhýsi Hacks ins Times, og fyrir ýmsa aðra glæpi, — stendur nú yfir sem hæst. Báðir bræðurnir neita harðlega ákærunum, og McManigal lýsir aldrei hafa gert glæpajátningu þá, sem eftir honum er höfð. — Aftur berast böndin mjög að James B. McNamara, sem manni þeim, er keypti dynamit byrgðir í San Francisco á síðastliðnu hausti, og gekk þá undir nafninu J. B. Bryce. Hafa þrjú vitni borið, að hann væri sá hinn sami maður. — Auk Times byggingar sprengingarinnar, þar sem 21 maður misti lífið, hafa á liðnum tveimur árum ýmsar byggingar í Chicago, Milwaukee og ýmsum öðrum borgum verið sprengdar upp, og samtímis Times byggingunni var reynt að sprengja upp hús ritstjórans, Harrisons Grey Otis. Um alla þessa glæpi er hinum handteknu kent. Ástæðan fyrir sprengingu Times byggingarinnar er talin sú, að alkunnugt var, að verkamannaleiðtogarnir hötuðu Otis, vegna þess að hann var eini blaðstjórinn í Los Angeles, sem verkalýðnum var mjög andvigur. — Mál þetta er talið eitt hið markverðasta glæpamál, sem komið hefir fyrir í Bandaríkjunum í mörg ár.

— Verzlunar samningar hafa tekist milli Englendinga og Japana, og koma þeir í stað samninganna, sem falla úr gildi 1. júlí nk. Allengi var útlit fyrir, að verzlunarsamningar yrðu ekki endurnýjaðir milli rikjanna, vegna þess að brezkir kaupmenn voru mjög andvigir hinum nýju japönsku toll-lögum, sem hækkuðu innflutningstollana ó iðnaðarvörum til mínna. En nú hafa Japanar lþkkað innflutningstollana á ýmsum aðfluttum iðnaðarvörum frá Bretlandi, svo nemur 12 til 20 prósent, og það létu hinir brezku kaupmenn sér vel lynda. — Einnig gefa Bretar Japönum ýms hlunnindi fram yfir það sem áður var. Þessir nýju verzlunarsamningar öðlast gildi 17. júlí næstkomandi.

— Forsætisráðherra skifti hafa orðið á Prince Edward Island. — Hon. F. L. Haszard hefir verið skipaður dómari í hæstarétti Canada, en við stjórnartaumum á Prince Edward Island hefir tekið H. J. A. Palmer, K.C., velþektur lögmaður og þingmaður til margra ára.

— Uppreistin í Mexico virðist nú muni bráðlega enda með friðsamning. Hefir nefnd af báðum málráðilum setið á rökstólum undanfarna viku, og reynt að koma á sættum. Það, sem samningarnir hafa strandað á til þessa, er sú krafa uppreistarforingjans Madero, að Diaz forseti leggi niður völd. En eftir síðustu fregnum að dæma virðist að Madero muni fá vilja sínum framgengt, því Diaz kvað hafa lýst því yfir, að væri forsetatign sin það eina, sem í veginum væri fyrir friði, þá metti hann meir heill landsins en embættið og mundi leggja niður völd. En þó þessi friðarnefnd hafi setið á rökstólum, þá hefir styrjöldin haldið áfram fullum fetum eftir sem áður, og í þeim orustum, sem háðar hafa verið hina síðustu viku, hafa uppreistarmenn borið hærri hluta. Þannig unnu þeir hafnarborgina Topolobampho á Kyrrahafsströndinni, eftir mannskæða orustu; og öll vesturströnd Mexico virðist vera í uppnámi, og smáorustur þar daglega. Bærinn Fuerte og San Blas hafa báðir fallið í hendur uppreistarmanna. — Friðarsamningsnefnin situr í Jurez.

— Háyfirdómari Langelier hefir verið skipaður fylkisstjóri í Quebec fylki, og var hann settur inn í embættið með mikilli viðhöfn á laugardaginn var.

— Fullyrt er, að Hon. Richard McBride, hinn ötuli forsætisráðherra British Columbia, muni bráð um leggja niður embætti og helga sig eftir krafta sína sambandspólitik. Er búist við, að hann verði einn af leiðtogum Conservative flokksins við næstu sambandsþings kosningar. — Mr. McBride hefir margsýnt það í verkinu, að hann er einn hinn duglegasti og framtakssamasti af stjórnmálamönnum Canada, — og verði hann örnur hönd Mr. R. L. Bordens er sigurvænlega út í kosningabardagann gengið.

— Uppreistin í Kwang Tung héraðinu í Kina hefir verið bæld niður að mestu. Hefir Usum, uppreistarforinginn, flúið og fylgismenn hans tvístrast, eða gefist upp. Aftur er ræningjaforinginn Luk enn ósigraður og fremur ýms hryðjuverk, þegar hann sér sér fært. Hersveitir hafa verið sendar til að handsama óaldarflokkinn.

— Hon. F. S. Fielding, fjármála ráðherra Laurier stjórnarinnar, hefir farið fram á það við sambandsþingið, að tvær miliónir dollars væru veittar til byggingar Hudsons flóa brautarinnar á næsta fjárhagsári.

— Skógareldar geysa víða um Canada og hafa gert mikið tjón.— Sérstaklega kvað eldurinn vera magnaður í Prince Albert héraðinu í Saskatchewan. Einnig eru skógareldar í Swan River bygðinni í Manitoba, og í Ontario, kringum Clearwater Bay og White Fish Bay, og sömu leiðis umhverfis Canyon Lake. Í Nova Scotia eru einnig skógareldar. — Tjónið, sem eldurnir hafa þegar valdið, er mjög mikið, sérstaklega þó í Saskatchewan. Hafa hús bænda brunnið sumstaðar. Sex bæir hafa brunnið fyrir C.P.R. félaginu, og timbur, sem brunnið hefir nemur stórri verðupphæð. En ir hafa þó mist lífið enn sem komið er. — Regn er það eina, sem slökt getur elduna og biðja margir þess heitt, að skaparinn senda gæfan regnskúr og forði mönnum frá hinn hörmungum, sem eru í vændum, ef skógareldarnir halda áfram að geysa.

— Japan hefir lánað Kínastjórn 5 miljónir dollars. — Ekki er að sjá af þessu, að Japanar séu á heljarþröminni í fjármálum eins og margir álitu að óríðnum við Rússa loknum.

Copenhagen Snuff

BEZTA MUNNTÓBAK SEM ER BÚIÐ TIL

Hvort sem þér tyggið það eða takið í nefið, þá mun yður geðjast að þess góða keim.

NATIONAL SNUFF COMPANY, LIMITED

900 St Antoine St., MONTREAL.

mér líka að hann ætti bróður og að þið væruð tvíburar".

"Líkur honum í flestu tilliti", endurtók Guy glaðlega. "Mig furðar mest, að þér skylduð ekki álíta mig vera Cyril. Þér eruð sú fyrsta, sem hefir getað gert greinarmun á okkur, að undanteknum fáeinum kunningjum".

"Nei, þetta skil ég raunar ekki", svaraði hún og horfði fast á hann. "Þið eruð að sönnu eins líkir og bræður geta verið, en ég mun aldrei villast á ykkur; yfirbragðið og augnatillitið er öðruvísi hjá mínum Warring".

"Þér hafið óvanalega glögga sjón á andlits einkennum", sagði Guy, "en það er satt. Þér voruð heilan dag með honum í jarðgöngunum, og hafið þá getað veitt honum athygli.

Elma roðnaði aftur, og Guy sá að það fór henni óvanalega vel að roðna.

"Nú, og hvernig líður Sardanapel" spurði hún, til þess að víkja samræðunum í aðra átt.

"Sardanapel líður ágætlega", svaraði Guy hlæjandi. "Já, Cyril sagði mér, að þið hefðuð undir eins orðið beztu vinir, og að þér hefðuð ekki verið neitt hræddar við hann. Flestar manneskjur eru þó hræddar við hann, gamla fauskinn".

"Já, en hann er ekki gamall", sagði Elma áköf, "hann er enn á æskuskeiði, — svo skinandi fallegur, að ég er skotin í honum".

"Hver er þessi Sardanapel?" spurði frú Clifford, — "er það hundur eða api?"

"Ó, Sardanapel — hefi ég ekki sagt þér frá honum?" sagði Emma hrifin, "og þó er hann svo fallegur. Það er grænn og gulröndóttur höggormur, svo skinandi fagur; hann hringaði sig utan um handleggin á mér eins og við hefðum þekst í mörg ár".

Frú Clifford hrökk við af skelfingu, en leit um leið með leynd á Elmu.

"Höggormur", kallaði hún óttaslegin — "höggormur! Ó, Elma, því hefirðu ekki sagt mér það? Og hann vafði sig utan um handlegg þinn, — það er voðalegt".

Elma var nú ekki af þeim, sem missa kjarkinn, þegar þeir heyra aðra æpa af hræðslu.

"Ó, þú ert ekki hrædd við höggorma sjálf, mamma", sagði hún róleg. "Pabbi hefir oft sagt mér, að þegar þið voruð á St. Kitts, varstu ekkert hrædd við þá, en tókst þá í hendi þér og lékst við þá, eins og þeir væru ekki skaðlegir. Þess vegna var ég heldur ekki hrædd. Það er líklega ættareinkenni".

Frú Clifford var orðin náföl og starði á dóttur sína.

"Það er líklega tilfellið", sagði hún með hægð, "ég vissi ekki, að þú hefðir erft þetta, Elma".

Á þessu augnabliki kom hár maður og laglegur til þeirra. Hann var hermannlegur í framgöngu, með dökkjarpt hár og hvitt yfirskegg, en leit þó naumast út fyrir að vera meira en fimtugur, eins og líka Guy gizkaði á, sökum þess, hve teinréttur hann var á velli og andlitið unglegt. Að hann var af höfðingjaætt, sá maður á hreyfingum hans og framkomu, sem var svo fögur og innileg eins og flestir þeirra eru. Það var margt í fari hans, sem minti á Cyril, datt Guy í hug, og hann lyfti hattinum og brosti kurteislega framan í frú Clifford og Elmu, alveg eins og Cyril mundi hafa gert. Þetta var Kelmscott ofursti, sem var orðinn gamall og grár áður en tíminn krafðist þess, og sem með aldrinum hafði tileinkað sér hina alvarlega tíguleik höfðingjanna.

"Ó, hér er þá ofursti Kelmscott kominn", sagði frú Clifford. "Það gleður okkur mikillega að þér

komuð, herra ofursti, og þá gleður það líka Emily ekki síður; hún hlýtur að vera hér í nánd, ég skal reyna að finna hana. Við heyrðum talað um, að þér munduð koma, og það var sannarlega vel gert af yður að gera það. Elma hefir engan baga líðið af óhappinu, sem hún lenti í — og þessi maður er bróðir þess manns, sem bezt hjálpaði henni í jarðgöngunum; ég fékk ekki að heyra nafn yðar, er það ekki—"

"Guy Warring, — jú", bætti ungi maðurinn við.

Aðgætinn maður mundi naumast hafa séð í augum herra ofurstans, hve hlt honum varð við að heyra þetta nafn, og Guy sá það heldur ekki, en frú Clifford og Elma sáu það báðar. Fáeinar sekúndur horfði hann óróleguur á andlit unga mannsins, brjóstið þrútnaði og sjatnaði á víxl, og roðinn í andlitinu kom og fór, svo fór hann að snúa yfirskeggið og reyna að tala, en gat það ekki. Elma og móðir hennar litu hvor til annarar leynilega; þær voru vanar því, og vissu að hin hafði séð það, sem hún sá sjálf; þærvissu báðar, að eitthvað sérstakt skaut ofursta Kelmscott skelk í bringu.

"Já, herra Guy Warring", sagði frú Clifford og rauf þessa óþægilegu þögn —, "bróðir herra Cyril Warrings, sem var svo hjálpsamur dóttur minni í jarðgöngunum".

Aftur hrökk ofurstinn við, án þess þó að aðrir sæu það en mæðgurnar.

"Einmitt það", sagði ofurstinn með sjáanlegri áreynslu, "já, ég hefi auðvitað lesið um það, það var sagt frá því í öllum blöðunum. — Já — og — er bróðir yðar yðar hér líka í dag — herra Warring?"

VII. KAPÍTULIj

Kelmscott í Tilgate.

Bæði Elma og móðir hennar sáu, að eitthvað kynlegt gekk að ofurstanum. Kelmscott í Tilgate var elzta ættin þar í nánd, og ofurstinn var talinn meðal hinna drambsömustu í Suður-Englandi. Elma sá, að hann óskaði sér langt í burtu frá Guy, en var jafnframt haldið kyrrum af einhverju ósýnilegu afli.

Það var eins og í draumi og með fjarlægum róm að ofurstinn sagði þessi fáu orð: "og er bróðir yðar hér líka í dag, herra Warring?"

"Já, hann er hér einhversstaðar í garðinum", svaraði Guy kæruleysislega, "og hann kemur hingað að líkindum bráðum, því strax og hann fréttir, að ungfrú Clifford er hér, kemur hann auðvitað til að heilsa henni".

Ennþá dvaldi þessi fámenni hópur nokkra stund hjá bekknum og talaði saman; ofurstinn jafnaði sig smátt og smátt, og gaf mestan gaum að því, sem Guy sagði, en Elma horfði á þá og hlustaði á orð þeirra með meira en litilli forvitni.

"Þér sögðuð, að bróðir yðar væri málari", sagði ofurstinn einu sinni, "já, ég held ég hafi heyrt þess getið, ungur og einilegur málari. Hann hafði ágæta mynd af landslagi á jólasýningunni í fyrra, og aðra á vorsýningunni, ef ég man rétt, — skýað — skýað og dálítill foss framanvert, — var það ekki? Mjög fagurt, — frá Skotlandi, held ég".

"Já, og nú er hann að mála nýja mynd af svo undurfögru landssvæði", sagði Elma fljótlega, "hér

Fréttir úr bænum

Vegna rúmleysis getur ekki samskotalistinn yfir nöfn gefenda í minnisvarða sjóð Jóns Sigurðssonar komið í þessu blaði. Upphæðin er $52.80, svo sjóðurinn er nú orðinn $2,640.80. Nöfn gefendanna verða birt í næsta blaði.

Séra Magnús J. Skaptason fór í gær vestur í Álptavatnsbygð í fyrirlestra leiðangur. Hann verður á þessum stöðum: —

Háland skóla 11. þ.m.
Markland 13. og 14.
North Star 15.
Lundar Hall 17. og
Mary Hill kirkju 21. maí.

Séra Magnús hefir í hyggju, að fara að gefa út mánaðar-tímarit, með skemtisögum, fræðigreinum, ritgerðum og myndum. Stærð 48 bls. á mánuði. Verð $1.50 á ári.

Þau hjón Mr. og Mrs. Pétur Jóhannsson, sem í sl. 11 ár hafa búið hér í borg, fóru í sl. viku vestur að Kyrrahafi í kynnisferð til sonar þeirra í Portland, Ore. — Þau hjón biðja Hkr. að bera kæra kveðju til þeirra mörgu kunningja hér í borg, sem þau áttu ekki kost á að kveðja áður en þau lögðu af stað.

Herra Jón Einarsson, frá Hallson, N. Dak., var hér í borg í sl. viku.

Herra Finnur Finnsson, kaupm, að Geysir, Man., var fluttur hingað á almenna spítalann í sl. viku. Hann þjáðist af lifrarbólgu. Dr. Brandson annast sjúklinginn og gerir sér góðar vonir um bata hans.

Á Almenna spítalanum andaðist hér í fyrri viku Árni bóndi Þórðarson í Árdalsbygð. Hann þjáðist af krabbameinsemd í maganum. — Eftirskilur konu og eitt barn.

Herra Eyvindur Doll, frá Árdal, kom hingað til lækninga við meltingarleysi, í sl. viku. Hann fékk bót meina sinna og fór heimleiðis aftur laust fyrir síðustu helgi.

Kvenfélag Tjaldbúðar safnaðar heldur BAZAAR í samkomusal kirkjunnar þann 18. og 19. þ.m. — Konurnar lofa þar öllu fögru.

R. Th. Newland, fasteignasali, er um þessar mundir að selja 50 feta byggingarlóðir vestur við Portage Ave, 5 mínútna gang frá St.Charles pósthúsinu. — Svo segja landfróðir menn, að nú gerist ekki betri kaup hér í borg eða umhverfis hana, og að líkur séu til, að land á þessu svæði þrefaldist í verði innan þriggja ára. Þeir, sem vildu tryggja sér lóðir, ættu að sjá Newland og létta af honum.

Guðfræðikandidat Carl Olson var af sér B. B. Johnson vígður til prests í sánkti Páls kirkjunni í Minneota, Minn., þann 30. apríl sl. — Blaðið Minneota Mascot getur þess, að séra Olson muni ætla að starfa meðal Íslendinga í Vestur-Canada.

Munið eftir landa vorum Johnson, félaga herra Carr. Þeir eru rafleiðslumenn, að 761 William Ave. (sími: Garry 735). Þeir gera alls kyns rafleiðslu-verk fljótt og vandlega og — ódýrt.

Herra Hallur O. Hallson og kona hans, frá Narrows, komu til bæjarins um síðustu helgi. Þau hjón leggja heimleiðis aftur í lok þessarar viku.

Lesendur muni eftir Tombólu stúkunnar Skuldar í kveld (fimtudag). Hlutir vandaðir og skemtanir ágætar.

Kvenfélag Únítara augl. á 1. bls. Bazar 22. og 23. þ.m.

Herra Friðrik Fljótsdal, aðalforstöðumaður C. N. R. verkamannafélagsins, hefir verið hér í borg sl. 3 vikur til að gera fullnaðar vinnusamninga við járnbrautarfélagið fyrir hönd verkamanna þess. Samningstilraunir þessar hafa staðið yfir um eins árs tíma, og voru samningarnir undirritaðir á föstudaginn var. Samningarnir gilda um óákveðinn tíma, með 60 daga fyrirvara af beggja hálfu, ef breytinga er óskað. Afleiðingin af samningunum er, að allir sem vinna að byggingu og viðhaldi brautanna fá 14 prósent launahækkun. Herra Fljótsdal segir, að nú hafi menn þessir hærri vinnulaun, en nokkrir aðrir menn í líkri stöðu í Ameríku. — Mrs. Fljótsdal var og hér í borg með manni sínum í sl. viku. Þau hjón héldu heimleiðis á fimtudaginn var.

Ein setning í grein Hjálmar Gíslasonar (27. apríl) misprentaðist. Setningin átti að vera þannig: Hvar mun Sveinn skyggja á Stephán G. Stephánsson eða G. Pétursson á Kristinn, Sig. Júl. Jóhannesson, J. M. Bjarnason eða aðra þá, sem vel kunna að yrkja?

Herra Bergsteinn Björnsson, sem fyrir skömmu kom frá Kaupmannahöfn, leggur af stað í þessari viku vestur til Edson bæjar í Sask., í þeim tilgangi að setjast þar að. Hann hefir fest sér nokkrar bæjarlóðir þar vestra.

Seint í apríl sl. andaðist í Gardar-bygð, N. Dak., bóndinn Grímur Þórðarson, bróðir Hjartar Þórðarsonar raffræðings í Chicago, rúml. 60 ára. Hann var einn af landnemum Gardar-bygðar og vel látinn. Hann var jarðsungin af séra K. K. Ólafssyni laugardaginn 29. apríl.

KILMARNOCK GARDENS



KILMARNOCK GARDENS er skift niður í tíu ekru landspildur af suður helming 11-10-4-austur. Tíu mílna lína frá City Hall liggur um miðja eignina. Myndin sýnir legu eignanna. Helmingur landspildunnar aldrei verið unnin, en samningar hafa gerðir verið við framtaksaman bónda þar í grendinni að plægja og herfa landið á þessu sumri. Tilgangurinn er sá að hafa jörðina reiðubúna þegar hinir ýmsu kaupendur fá eignarbréf sín, fyrir garðrækt, mjólkurbú og hænsnarækt, og á þann hátt koma í veg fyrir óþarfa tafir og kostnað, þar afleiðandi.

FRAMTÍÐ WINNIPEG BORGAR OG ÚTHVERFANNA

Ættu allir að íhuga. Við vitum hvað liðni tíminn hefir verið mörgum auðsæll í fasteignalegu tilliti. Framtíðin blasir bjartari við í þeim efnum. Vöxtur borgarinnar hefir í för með sér hækkun á fasteignum. Úthverfin hverfa inn í aðalborgina, og önnur myndast. Lóðir sem nú eru fleiri mílur fyrir utan borgartakmörkin verða innan fárra ára innan þeirra, og í háu verði. Að kaupa því úthverfa lóðir er spursmálslaust gróðavegur, og það ætti hver og einn að gera, sem lítil peningaráð hefir.

Á miðvikudaginn, sl., var Buchanan eignin í St. Charles seld fyrir tvö hundruð og fjörutíu þúsund dollars, ($240,000.00). Fyrir nokkrum árum var þessi hin sama eign seld fyrir fjórtán hundruð og fjörutíu dollars ($1,440.00) og eru þetta því allgóðir vextir á ekki stærri upphæð.

Sá sem hefir lítil laun eða lítið aflögu, og þannig getur ekki fært sér í nyt hins stærri gróða fyrirtæki, sem daglega bjóðast, gæti samt keypt það sem honum er ekki um megn, og haldið í það eins og Mr. Buchanan gerði, og gæti það á sínum tíma orðið honum eins heilladrúgt.

Við álítum að kaup á einni 10 ekra landspildu í KILMARNOCK GARDENS á eitt hundrað dollars hver ekra, geti verið fyrsta sporið til auðsælda. Enginn maður í Winnipeg í dag er fær um að segja hvað hátt verð verður boðið í þessar eignir að tuttugu árum liðnum. En það er eitt víst, að hver landspilda keypt á álitlegum stöðum tvöfaldast, og í sumum tilfellum fjórfaldast í verði, á fáum árum.

Landspilda vor er aðeins 30 "blocks"—Tuttugu og fjórar þeirra innihalda 10 ekrur hver, sex aftur á móti hafa 11.31 ekrur hver.

Eignir þessar verða um STUTTAN TÍMA seldar með BÚJARÐA VERÐI, nefnilega eitt hundrað dollars hver ekra ($100). Skilmálar ¼ strax, afgangurinn í sex hálfs árs afborgunum, eða mánaðar afborgun ef það væri handhægra. Aldrei hefir betra tilboð gert verið. VERÐIÐ LÁGT, SKILMÁLARNIR AÐGENGILEGIR, OG ÁGÓÐINN ÓTVÍRŒÐUR.

Réttar upplýsingar þessum eignum vorum viðvíkjandi gefur ritstjóri þessa blaðs. Tveir góðir umboðssalar óskast að selja eignirnar. Góð umboðslaun gefin.

ÞAÐ VERÐUR HVERKJUM TIL AUÐNU AÐ KAUPA LANDSPILDUR VORAR Í KILMARNOCK GARDENS. UPPDRÆTTIR OG FREKARI UPPLÝSINGAR FÁST HJÁ

W. GRASSIE 54 Aikins Block PHONE GARRY 3244 221 McDERMOT AVE.

N.B.—MUNIÐ EFTIR, ÞAÐ ERU EKRUR EN EKKI LÓÐIR. TÍU EKRUR FYRIR EITT ÞÚSUND ($1,000) DOLLARA.

nálægt, í Chetwood-skóginum. Hann lýsti henni glögt fyrir mér — hún verður indæl — nærri því eingöngu burkni og mosajörð, með — með svo unaðslegan, stóran höggorm framan við".

"Mér þætti gaman að fá að sjá það", sagði ofurstinn með hægð eins og til neyddur. "Fyrst það er málað í þeim skógi og af bróður yðar, herra Warring, þá fær það staðlegt og persónulegt gildi fyrir mig. Svo þagnaði hann snöggvast, en bætti svo við: "Ég á nefnilega Chetwood bújörðina og fer oft á veiðar í skóginum".

"Cyril verður eflaust ánægja í því, að sýna yður myndina, þegar hún er búin", svaraði Guy. "Þegar þér komið til London, getið þér kannske litið inn til okkar, ef þér farið þar fram hjá, við eigum heima í Stable Inn við Holborn".

Kelmscott ofursta varð hverft við, teygði úr sér svo hann varð enn hærri og beinni en áður.

"Ég fæ að líkindum tækifæri til að sjá það á einhverri sýningunni", svaraði hann kuldalega. "Ég hefi ekki tíma til að flækjast á milli málara verkstæða, og það var af þeirri tilviljun, að myndin er gerð í Chetwood skóginum, að ég lét í ljósi löngun til að sjá hana, en ég er að öðru leyti litt hæfur til að meta listaverk. Frú Clifford, má ég bjóða yður handlegg minn, þurfið þér ekki tebolla til hressingar. Það er borið fram te, tjaldinu bak við runnann þarna".

Þetta var næg bending fyrir Guy til að draga sig í hlé, enda gerði hann það og nálgaði sig mælsku konunni, en áður en ofurstinn var farinn af stað með frú Clifford og dóttur hennar, hrökk Elma við og roðnaði.

"Ó, þar kemur loksins minn herra Warring", sagði hún með inndælu brosi og rétti fram hendina,

því í sama bili komu þeir Cyril og Montague Nevitt til þeirra frá einum runnanum þar í nándinni.

Bæði Guy og frú Clifford veittu þeim nákvæma eftirtekt, þegar þau heilsuðu hvort öðru. Guy sá votta fyrir ofurlitlum rauðum blettí á kinnum Cyrils og heyrði að rödd hans skalf lítið eitt, þegar hann sagði: "Góðan daginn, ungfrú Clifford, hvernig líður yður?" Fru Clifford sá þar á móti, að Elma fölnaði, þegar hún tók í hendi Cyrils. Ofurstinn sá, að Cyril var myndarlegur maður, mjög líkur Guy, en ef til vill álitlegri.

Það sem eftir var af deginum var þetta fólk alt saman.

Elma sá að illa lá á ofurstanum, en það hafði hún aldrei hún aldrei áður séð á þessum drambsama höfðingja. Hann gekk að sönnu teinréttur eins og hann var vanur, en þegar hann svaraði einhverri spurningu, voru svörin svo undarleg og vanhugsuð og ávalt horfði hann á bræðurna. Ekkert orð, sem þeir töluðu, fór fram hjá honum, og allar hreyfingar þeirra sá hann, svo Elma þóttist viss um, að honum lítist að minsta kosti vel á málarann sinn. Hún óskaði sér, að hún fengi að vera ein með honum litla stund, en þess var ekki kostur, það var alt af í þéttum hóp þetta fólk, og móðir hennar leit heldur ekki af henni augum sínum.

Ofurstinn var fáorður við hana, og horfði og hlustaði að eins á bræðurna, eins og eitthvert segulmagn héldi honum við þá.

Og þó leit helzt út fyrir, að hann vildi ekki sinna þeim að neinu leyti. Meðan þeir voru á gangi um garðinn, sá hann um það, að þeir fundu ekki konu sína, lafði Emily, en því lengur, sem hann var með þeim, þess hrifnari virtist hann að verða.

Einu sinni kom sonur hans, Granville Kelmscott til þeirra, rétt af tilviljun, og dvaldi hjá þeim fáar

mínútur. Hann var hár maður og fríður sýnum, þó tæplega eins og ofurstinn, og frú Clifford reyndi að koma honum og Elmu saman. Hann var á að gizka tveim árum yngri en bræðurnir, og líktist þeim all-mikið í andliti og framkomu. Faðirinn var vanalega hreykinn yfir honum, en þegar hann leit á hann af bræðrunum og af honum á þá, sýndist Elmu að Granville græddi ekki neitt á þeim samanburði. Ofurstinn þagnaði algerlega og stundi lágt eftir þennan samanburð, og þrátt fyrir tilraunir frú Clifford, að koma þeim saman, Elmu og honum, sendi hann son sinn strax á burt til móður sinnar. En af hvaða ástæðum vildi hann aðskilja Granville frá bræðrunum, það gátu þær Elma og móðir hennar ekki skilið.

Enda þótt að Elma gæti aldrei orðið ein með Cyril, var hún samt ánægð. Leynd athugun, fljótt tillit og liðleg handþrýsting, þegar þau skildu, það var alt gagnið, sem hún hafði af þessum samfundum, svo vel gætti móðir hennar að henni. En þegar ungu mennirnir ásamt Nevitt flýttu sér í burtu til þess að ná London lestinni í tæka tíð, sneri ofurstinn sér að frú Clifford og sagði:

"Þeir eru myndarlegir þessir ungu menn, mér þykir vænt um að hafa kynst þeim; þeir hefðu átt að ganga í herinn — í fótgönguliðið, tiltakanlega myndarlegir herforingjar hefðu þeir orðið. En það litur út fyrir, að þeim gangi vel á þessari lífsbraut, sem þeir hafa valið. Þeir eru eflaust duglegir menn báðir tveir, — annar er málari og hinn er blaðritari, og báðir hafa þeir vakið eftirtekt á sér, — þeir munu komast áfram í heiminum".

Á leiðinni til járnbrautarstöðvarinnar sagði Nevitt við Cyril, um leið og hann kveikti í smávindlinum sínum: "Hún er ljómandi falleg hún ungfrú Clifford þín".

"Já", svaraði Cyril, "hún er ekki sem verst, hún leit líka vel út í dag, — og svo er hún líka s emtileg".

"Er ekki sem verst", sagði Guy fyrirlitlega, "er það alt, sem þú hefir að segja um hana, þú, sem ert málari. Hún er blátt áfram yndisleg, töfrandi. Hefði ég verið lokaður inni í jarðgöngunum með henni —"

Hann þagnaði alt í einu.

Á leiðinni heim talaði hann lítið. Já, það var satt, að þeir höfðu sama álit í þessu efni bræðurnir.

Um kvöldið, þegar þeir gengu hvor til síns herbergis til að fara að hátta, stóð Guy kyr með ljósið í hendinni við dyrnar á sínu herbergi og horfði fast á Cyril.

"Þú þarft ekki að óttast mig", sagði hann lágt, "hún er þín, það varst þú, sem fanst hana, og mér kemur ekki til hugar, að taka hana frá þér, en ég vil ekki sjá hana oftar, ég gæti ekki þolað það, hún er of falleg til þess, að maður verði ekki ástfanginn af henni við nánari viðkynningu".

VIII. KAPÍTULI.

Það bruzt út hjá Elmu.

Þegar frú Clifford fór heim um kvöldið, lá ekki eins vel á henni og þegar hún fór þangað. Í fyrsta lagi hafði henni ekki heppnast, að koma Elmu og Granville saman, og í öðru lagi hafði hún séð Elmu tala við málarann að minsta kosti hálfan klukkutíma. Næstu mánuðina, þegar Elmu var boðið í samkvæmi, þáði frúin ekki boðið fyr en hún var búin að fullvissa sig um það, að málarinn yrði þar ekki.

CRESCENTDALE

ATHUGIÐ AFSTÖÐUNA VEL

Sala á *Crescentdale* lóðum hófst á mánudagsmorgunn kl. 9. Þessi úrvals landspilda veitir *husbyggendum* og fjárhyggjumönnum, óvanalegt gróða tækifæri af eftirtöldum ástæðum.

FYRST—Lóðirnar liggja í beinni stefnu meðfram hluta borgarinnar sem nú er óðuna að byggjast.

ANNAÐ—Allar lóðirnar liggja á milli starfandi sporbrautar strætisvagna félagsins, og Assiniboine árinnar. Fjárlægðin frá sporbrautinni til árinnar er hérumbil 300 yards.

ÞRIÐJA—Nýi háskólinn og City Park gefa tryggingu fyrir framförum nærliggjandi svæðis

FJÓRJA—Hin háu fallegu, skógivöxtnu bakkar Assinniboine árinnar, á þessu svæði, gera lóðirnar úrvals íbúðarstaður.

FIMTA—Hinn mikli vöxtur borgarinnar í þessa átt er sann-reynd, og íbúðarsvæðið er aðeins takmarkað Þetta hvorutveggja er ótvíræð vissa fyrir, að lóðirnar komast í hátt verð.

Fetið $16 Fetið — Í aðeins fáa dag bjóðum við lóðirnar á — **Fetið $16 Fetið**

Sérkenni tilboðs vors og hið takmarkaða svæði, gerir það nauðsynlegt fyrir þá sem lóðir vilja kaupa, að gera það sem allra fyrst.

REDMOND & JENNISON

AGENTS

Phone Main 7471 **203 Bank of Nova Scotia Chambers** **WINNIPEG**

Áður enn þú kaupir

PLAYER PIANO

fullvissaðu þig um leikni hljóðfæris þess, sem fremst er í huga þér, að framleiða

Ekta Piano spil

með hreinum hljómtónum.—Fullvissaðu þig um þessa fullkomnun út í vztu æsar, og þá fellur val þitt efalaust á

HEINTZMAN & CO PLAYER-PIANO.

J. J. H. McLean & Co Limited

Cor Portage Ave. & Hargrave
Phone Main 808.

Höfuðlausi hortitturinn.

Það verður eigi annað séð, en forsjónin hafi slept öllu taumhaldi á Tryggva mínum. Að öðrum kosti mundi hönd hans hafa verið stöðvuð, áður hann fengi slíkri óhæfu framkomið, sem að ganga milli bols og höfuðs á eigin afkvæmi sínu, á jafn miskunnarlausan hátt og hann gerir við hálfdanska 'fyrirmyndar-endemis' hortittinn sinn. Tryggvi hefir að líkindum skilið, að hin upphaflegu ummæli hans ("eitt fyrirmyndar endemis félag") er dönskusletta og því sniðið danska hausinn af. En hitt fær hann eigi skilið, að ummælin eru markleysa. Hér skal nú ger grein fyrir því.

Orðið fyrirmynd er að eins viðhaft um eitthvað það, sem lofsvert er eða eftirbreytnisvert fyrir aðra svo sem: Fyrirmyndarmaður, fyrirmyndarbú, fyrirmyndarskóli, o. s. frv. Endemi er aftur á móti lastyrði, viðhaft þá er einhver hefir aðhaft eitthvað það, er síður skyldi hafa gert verið (sbr.: Heyr á endemi! Heyr fyrn mikil!). Endemis-maður eða endemisfélag getur því ekki verið lofsyrði. Hér eru þá tvær algerlega andstæðar hugmyndir, sem ekki geta báðar átt við hinn sama hlut. Fyrirmyndar-einkennin hljóta að byggja út endemis-einkennunum, og endemis-einkennin fyrirmyndar-einkennunum. Að tala um fyrirmyndar endemis félag eða mann, er því jafn mikil fjarstæða, eins og t. d. ef ég nefndi Tryggva hvít-svartan, lang-stuttan eða mjó-digran óláns-gæfumann. Má Tr. lengi leita í hinum svonefndu 'leirburðar-résum' eftir auglýsari hugsunarvillu.

Þó Tryggvi héldi áfram til dauðadags að lýsa Hagyrðingafél. á þennan hátt, væri því jafn ólýst eftir sem áður. Það er sama og að sitja við að draga 2 frá 2 eða 4 frá 4. Útkoman verður: eintóm núll, — ef rétt er áhaldið.

Ég býst nú við, að Tr. segi, að snúa megi við merkingu þessara orða. Tala megi um fyrirmynd ir jafnt í illu og góðu. Ef svo væri mætti t. d. nefna Kölska fyrirmyndar persónu, en Krist endemis persónu. Samkvæmt því væri fyrirmyndar skóli, þar sem minstan fróðleik væri að fá; fyrirmyndar búskapur í því innifalinn, að flosna sem fyrst upp og fara á hreppinn; fyrirmyndar starfsmaður sá, sem minst verk fengi af hendi leyst, k.s.frv. Geta allir séð, hvílík fjarstæða það er.

Það þarf engan vísindamann til að sjá, hvers vegna Tr. heldur að ég sé honum samdóma um alt. Það er bein afleiðing þeirrar auglýsa orsakar, að hann skilur hvorki mig, sjálfan sig eða málefnið, sem hann er að skrifa um.

Ég er honum ósamdóma um ýmislegt, sem ég enn hefi ekki minst á. Til dæmis, að ljóðagerðin hafi unnið íslenzkri tungu mest ógagn hér í landi. Blaðamennirnir eru þar langt á undan, — þeir, sem fást við blaðamensku, án þess að kunna móðurmál sitt nokkurnveginn viðunanlega, eru íslenzkri tungu hættulegri, en þeir sem við ljóðagerð fást. Gagnvart lesendum blaðanna bera þeir ábyrgð á öllu, sem blöðin flytja, bundnu og óbundnu. Blaðstjórarnir hafa fullan rétt, og skyldu til að hafna þeim ritsmíðum, sem einskis eru verðar eða verri en það. Að barma sér út af því, að þeir verði að taka þetta eða hitt, miðar að eins til að opinbera almenningi vesalmannlegan hugsunarhátt þeirra, og sýna, að þeir eru ekki stöðu sinni vaxnir. Ég hika ekki við, að láta það álit í ljósi, að Heimskringla hafi farið ver með íslenzkt mál, en öll leirskáldin samanlögð; og jafnaðarlega er hið óbundna lesmál hennar stórum verra en ljóðmælin, hvað málið snertir. Skulu hér tilferð nokkur dæmi: Skrá er nefnd 'lesingarverk'. 'Soldáninn í Morocco hefir fundið upp á nýrri stjörnkænsku'. 'Meydómsár' er víst hvergi til nema í tímatali Hkr. Arabar fá ekki stöðið straum af nýtízku byssum Tyrkja, og framhlaðningar þeirra "hafa lítið að segja". "Kvennabúrsbuxur" er að líkindum flík, sem Kringla hefir prjónað í tómstundum sínum handa drottningunni á Rússlandi; en keisarinn, þrátt fyrir meðmæli Tr., ekki kunnað að meta gjöfina, og því lagt bann á notkun þeirra við hirðina. "Heimshnefaleikari er sektaður fyrir of mikinn bifreiðarhraða. — 'World's champion' hefir verið útlagt á íslenzku: heimsmeistari. Hér ræðir því um heimsmeistara í hnefaleik, en ekki mann, sem leikur að 'heimshnefa', eins og Hkr. þýðingin bendir til. Að segja að maðurinn væri sektaður fyrir of mikinn "bifreiðarhraða' er jafnmikil vitleysa og ef sagt væri, að maður væri sektaður fyrir hesthraða, ef hann riði of hart. — "Aflæstir eldfrelsunarstigar eru gallagripir, sem bezt er að tala sem minst um.

Öll þessi dæmi eru tekin úr Hkr. sem út kom 30. marz sl. En á 4. síðu sama tvlbl. riður meðritstjórinn fram alvopnaður og upblásinn af heilagri vandlætingu, ríðubúinn að leggja fram líf og blóð til verndar og viðreisnar ísl. tungu!

'Stjórnmálavélari', 'opinber kona' 'bifreiðari' o. fl. er ungviði, sem Kringla hefir í heiminn borið á þeim stutta tíma, sem Tr. hefir verið í þingum við hana, er því sennilegt, að þau sé undirkomin af hans völdum. Verði viðkoman að sama skapi framvegis er þarna 'eitt fyrirmyndar endemis' kynslóð í vændum. Ekki get ég fallist á þá skoðun Tr., að Hagyrðingafél. eigi nokkurn þátt í útgáfu ljóðmæla Sigfúsar Benedictssonar. Né beri á þeim hina minstu ábyrgð. Það er jafnóréttlátt, að kenna Hagyrðingafél. um galla þá, sem vera kunna á ljóðum þeim; eins og ef t. d.: ég sakaði Móðruvallaskólann um vitleysurnar, sem Tr. ætur frá sér fara, eða fáfræði hans yfirleitt. T.d.: það að Tr. veit eigi að orðið 'hjón' þýddi í fornu máli: heimamaður, heimilisfólk, og var viðhaft bæði - eintölu og fleirtölu. Eða það að hann heldur að dönskuslettur geti eigi samanstaðið af íslenzkum orðum. "Vera svo góður" er danska, þó orðin, hvert út af fyrir sig, sé alíslenzk. — 'Þrjú ár í þessu landi" er enskusletta. "Því sé það, þá er það vísast að setjast niður" eða "ekki vantaði, að ekki væru nógar byrgðirnar" er vandræða stagl. — En Tr. minn! þetta er ekki Móðruvallaskólanum að kenna, heldur því að þú hefir ekki fært þér nógu vel í nyt þá fræðsla sem þar er hægt að fá.

Ekki ættir þú að taka hart á mér fyrir það að orðið 'brúka' sést á einum stað í síðustu grein minni, þar sem þú sjálfur auglýsir 'lítið brúkaða eldavél". Annars mun samanburður þinn á dönskum og íslenzkum orðum vera ger til þess að sýna hve sprenglærður þú ert. Ekki nenni ég að þrátta meira við þig um starfsemi Hagyrðingafélagsins það hefir haldið bæði fundi og opinberar samkomur síðan Dr. Sig. Júl. Jóhannesson flutti héðan. Þú ert líka búinn að segja nóg til að allir sjá að persónuleg óvild til Gunnars og Sigfúsar er orsökin að slettum þínum til félagsins, því ef þú hefðir álitið það dautt mundir þú naumast hafa séð þörf á að berjast á móti því.

Um þau tvö leirskáld sem þú þykist hafa fundið í félaginu hef ég það að segja: G. J. Goodmund, son hefur ort svo lítið að naumast væri sanngjarnt að kalla hann leirskáld þó það væri alt leirburður, ég giska á eft alt væri komið á einn stað sem eftir hann hefir sést, mundi það fylla sem svarar 2—3 dálka í Hkr.

Þó Tryggvi minn taki okkur höfuðið og bráðni allur af lotningu frammi fyrir áliti Dr. Jóns Stefánsson á kvæðum Sigfúsar, hafa þeir enn eigi sannfært mig um að þau sé yfirleitt leirburður. En á þau langar mig til að minnast síðar ef ég hef tóm til.

Ég kveð þig nú, Tryggvi minn! og býst ekki við að eiga orðaskifti við þig framvegis, mér þykir fyrir ef ég hef að einhverju leyti spilt gleði þinni og ánægju með sjálfan þig; en vona jafnframt að þú vitkist svo að þú sjáir að þetta var þér fyrir bezta. Og má geta þess þér til verðugs lofs að mál og rithátturr, einkum þó hið s-lausa, er nú mun skárra en áður.

Winnipeg, 5. maí 1911.
Hjálmar Gíslason.

Union Loan & Investment Co.
45 Alkin's Bldg.
PHONE GARRY 3154
Lánar peninga, kaupir sölusamninga, verzlar með fasteignir, hús, lóðir og lönd. Veitir umsjón dánarbúum.—Peningum veitt móttaka og 7% vextir ábyrgstir.
Íslenzkir forstöðumenn. — Hafið tal af þeim
H. Pétursson, John Tait, E. J. Stephenson

JOHNSON & CARR
RAFLEIDSLUMENN
Leiða ljósvíra í íbúðarstórhýsi og fjölskylduhús; setja bjöllur, talsíma og tilvísunar skifur; setja einnig upp mótors og vélar og gera allskyns rafmagnsstörf.
761 William Ave. Phone Garry 735

Dalman & Thorsteinson
MÁLARAR
Gera alskonar húsmálning. Kalsomining og leggja veggpappir. Alt verk vandað og fljótt afgreitt. Phone Garry 240
797 Simcoe St.

R. TH. NEWLAND
Verzlar með fasteignir, fjárlán og ábyrgðir
Skrifstofa: No. 5. Alberta Bldg. 255½ Portage Ave.
Sími: Main 972 Heimilis Sherb. 1619

Sigrún M. Baldwinson
TEACHER OF PIANO
727 Sherbrooke St. Phone G. 2414

Giftingaleyfisbréf
SELUR
Kr. Ásg. Benediktsson
424 Corydon Ave. Fort Rouge

Bókalisti.

N. OTTENSON'S, - River Par. W'p'g.

Ljóðmæli Páls Jónssonar í bandi	(3)	85
Sama bók (að eins 2 eint.	(3)	60
Jökulrósir		15
Balarósir	(4)	20
Hamlet	(3)	45
Tíðindi Prestafélagsins í hinu forna Höskifti	(2)	15
Grani skipstjóri	(2)	40
Bóin óveðursins	(3)	55
Umhverfis jörðina á áttatíu dögum	(3)	60
Blindi maðurinn	(3)	15
Fjórblaðaði smárinn	(3)	10
Kapitola (í II. Bindum)	(3)	1.25
Eggert Ólafsson (B. J.)		15
Jón Ólafssonar Ljóðmæli í skrautbandi	(3)	60
Kristinfræði	(2)	45
Kvæði Hannesar Blöndal	(2)	15
Mannkynssaga (P. M.) í bandi	(5)	85
Mestur í heimi, í b.		15
Prestkosningin, Leikrit, eftir D.E., í b.	(3)	30
Ljóðabók M. Markússonar		50
Ritreglur (V. Á.) í b.		20
Sundreglur, í b.		15
Verði ljós		15
Vestan hafs og austan, Þrjár sögur eftir E. H., í b.		90
Víkingarnir á Hálogandi eftir H. Ibsen		25
Þorlákur helgi		15
Ofurefli, skálds. (E. H.) í b.		1.50
Ólöf í Ási	(2)	45
Smælingjar, 5 sögur (E. H.), í b.		85
Skeð tíðindi eftir S. J. Jóhannesson 1907		25
Kvæði eftir sama frá 1905		25
Ljóðmæli eftir sama. (Með mynd höfundarins frá 1897		25
Safn til sögu og ísl. bókmenta í b., III. bindi og það sem út er komið af því fjórða	(53c)	9.4
Íslendingasaga eftir B. Melsted I. bindi bandi, og það sem út er komið af 2, b.	(25c)	2.85
Lýsing Íslands eftir D. Thoroddsen í b.	(16c)	1.90
Fernir forníslenzkir rímnaflokkar, er Finnur Jónsson gaf út, bandi	(5c)	85
Alþingisstaður hinn forni eftir Sig. Guðmundson, í b.	(4c)	90
Um kristnitökuna árið 1000, eftir B. M. Olsen	(6c)	90
Íslenzkt fornbréfasafn, 7. bindi innbundið, 3 h. af 8 b.	(1.70)	27.80
Biskupasögur, II. b. innbundið	(42c)	5.15
Landfræðissaga Íslands eftir D. Th., 4. b. innbundið	(35c)	3.75
Rithöfunda tal á Íslandi 1400—1882, eftir J. B., í bandi	(7c)	1.00
Upphaf alþingis á Íslandi eftir K. Maurer, í b.	(7c)	1.15
Auðfræði, e. A. Öl., í bandi	(6c)	1.10
Presta og prófastatal á Íslandi 1869, í b.	(9c	1.25
Norðurlandasaga eftir P. Melsted, í b.	(8c)	1.50
Nýjatestamentið, í vönduðu bandi	(10c)	65
Sama, í ódýru bandi	(8c)	30
Kóralbók P. Guðjónssonar		40
Sama bók í bandi		1.10
Svartfjallasynir	(5)	60
Aldamót (Matt. Joch.)		20
Harpa	(4)	60
Ferðaminningar, í bandi	(5)	90
Bóndinn	"	35
Minningarit (Matt. Joch.)	"	35
Týndi faðirinn	"	35
Nasreddin, í bandi		35
Ljóðmæli J. Þórðarsonar	(3)	45
Ljóðmæli Gestur Pálsson	"	75
Maximi Petrow	(2)	45
Leyni-sambandið	(2)	40
Hinn óttalegi leyndardómur	(2)	50
Sverð og bagall	(2)	50
Waldimer Nihilisti		75
Ljóðmæli M. Joch I.-V. bd., í skrautb.	(15)	4.00
Afmælisdagar Guðm. Finnbogasonar		1.00
Bréf Tómarar Sæmundsson	(4)	75
Sama, bók í skrautbandi	(4)	1.15
Íslenzk-ensk orðabók, G. T. Zoega	(10)	1.80
Gegnum brim og boða		90
Ríkisréttindi Íslands		50
Systurnar frá Grænadal		35
Eðntýri handa börnum		30
Vísnakver Páls lögmans Vídalíns		1.25
Ljóðmæli Sig. Júl. Jóhannessonar		1.00
Sögur frá Alhambra		80
Minningarrit Templara í vönduðu bandi		1.65
Sama bók, í bandi		1.50
Pétur blásturbelgur		10
Jón Arason		80
Skipið sekkur		60
Jóh. M. Bjarnason, Ljóðmæli		55
Maður og Kona		1 25
Fjarða mál		25
Beina mál		10
Oddur Lögmaður		90
Grettis Ljóð.		65
Dular, Smá-sögur		50
Hinrik Heilráði. Saga		20
Andvari 1911		75
Œfisaga Benjamín Franklins		45
Sögusafn þjóðviljans I—II árg. 3c; III árg. 20c IV árg. 30c; V. árg. 50; VI. 45; VII. 45; VIII. árg. 55; IX. árg. 55; X. árg. 55; XI. árg. 55; XII. árg. 45; XIII. árg. 45; XIV. árg. 55; XV. árg. 30; XVI. árg. 25; XVII. árg. 45; XVIII árg. 55; XIX. árg. 25.		
Alt sögusafn þjóðviljan selt á		$7.00
Eiðraunin (Skáldsaga)		50
Vallyes sögur		55
Valdimar munkur		60
Kynlegur þjófur		55
Sagan af star aði Stórvirksayni í bandi		50
óbundin		35
Rímur af Sörla sterka í bandi		40
óbundin		30
Myndin af fiskiskipinu		1.10
Bækur sögufélagsins Reykavík;		
Morðbréfabeklingur		1.35
Biskupasögur, 1—6,		1.95
Aldarfarsbók Páls lögmanns Vídalín		45
Tyrkjaránið, I—IV.		2.90
Guðfræðingatal frá 1707—'07		1.10
Bækur Sögufélagsins fá áskrifendur fyrir nærri hálfvirði.—$3.80.		
Umboðsmenn minir í Selkirk eru Dalman bræður.		
Þess skal getið viðvíkjandi bandinu á Fornaldarsögunum Norðurlanda, að það er mjög vandað, handbundið skrautband, vel frá gengið eins er með Bréf Tómasar Sæmundssonar.		
Pöntunum í svigum tákna burðargjald er sendist með pöntunum		

Tombóla

hefir verið efnt til af nokkrum meðlimum stúkunnar SKULD (ágóðinn gengur í byggingarsjóð stúkunnar). Skemtanir fyrir unga fólkið fara fram þegar Tombolan er yfir.

FIMTUDAGSKVELDID
11. MAÍ
næstkomandi.
Í efri sal Goodtemplarahússins.

Það hefir verið vel til þessarar Tombólu safnað af góðum, verðmætum munum, sem nákvæmar verður auglýst í næsta blaði.

Inngangur og einn dráttur 25 cts.

Ráðskonu vantar,

ráðna og roskna, á heimili hjá efnuðum ekkjumanni íslenzkum. Hún sé frá 40 til 60 ára að aldri, hrifin og vön búsýslu. Umsækjendur riti
K. THORSTEINSON,
Spalding, Sask.

Það er alveg víst, að það borgar sig að auglýsa í Heimskringlu.

Ódýr Lönd

Nú hefi ég 2000 ekrur af bezta hveitilandi, sem fáanlegt er í Manitoba, í twp. 16—17, R. 9 West. Þessar 2 þús. ekrur sel ég fyrir

HALFVIRÐI

til 1. júlí 1911. Borgunarskilmálar: ¼ eða einn fimti í peningum, afganginn á 8—10 árum, vextir 7—8%. Þetta er það seinasta tækifæri að ná í góð kaup í þessari bygð. Eftir 2—5 ár verður ekram í landi virði $40—60 í Manitoba fylki. Þeir, sem vilja fljót-gróða á landakaupum, snúi sér strax til mín. Ég geri kaup og gef upplýsingar samkv. þessari auglýsingu.

Magnús Johnson
WILD OAK, P.O MAN

Ókeypis Bæklingur

"Landið þar sem olía er konungur"

Ennig eintak af síðustu útgáfu af "Buick Oil News."

Sendið nafn yðar og áritun og hið ofantalda verður sent yður ókeypis.

K.K.Albert
P. O. Box 56
WINNIPEG

TILBOÐ.

Við undirskrifaðir tökum að okk ur alla grjótvinnu, sem við getum af hendi leyst eins fljótt og vel og nokkur getur gert. Við seljum grunn undir hús, hlöðum kjallara, steypum vatnskeröld og gangstéttir, gerum steinsteypu í fjós, o.fl.

Jacob Frimann
Hergr. Hallgrímson
Garðar, N. Dak.

Öll þau efni

sem gera hið daglega brauð ljúffengt, heilsusamlegt og nærandi, hefir

Boyd's BRAUÐ

inni að halda. Það er tilbúið í hinu stærsta brauðgerðarhúsi í Vestur-Canada, sem æ verður stærra og stærra eftir því sem framför landsins eykst. Þér vitið ástæðuna.—Reynið BOYD'S brauð.

Th. JOHNSON
JEWELER
286 Main St. Sími M. 6606

Dr. G. J. Gíslason,
Physician and Surgeon
18 South 3rd Str, Grand Forks, N.Dak
Athygli veitt AUGNA, EYRNA og KVERKA SJÚKDÓMUM ASAMT INNVORTIS SJÚKDÓMUM og UPPSKURÐI.—

Dr. J. A. Johnson
PHYSICIAN and SURGEON
HENSEL, N. D.

J. J. BILDFELL
FASTEIGNASALI.
Union Bank 5th Floor No. 520
Selur hús og lóðir, og annað þar að lútandi. Útvegar peningalán o. fl.
Phone Main 2685

'Kvistir' í handi

Munið eftir því að nú fást "KVISTIR" Sig. Júl. Jóhannessonar, í ljómandi fallegu bandi hjá öllum bóksölum.

Verð $1.50

Hannyrðir.

Undirrituð veitir tilsögn í alls kyns hannyrðum gegn sanngjarnri borgun. Starfsstofa: Room 312 Kennedy Bldg., Portage Av., gegnt Eaton búðinni. Phone: Main 7723.
GERDA HALDORSON.

VANTAR

Fasta umboðsmenn og hjálparmenn (canvassers), bæði konur og karla.

Gott kaup harda duglegum.

Skrifið og sendið nauðsynleg meðmæli.

K.K. ALBERT
Box 456
WINNIPEG, MAN

„Að lesa og skrifa list er góð læri það sem flestir."

Ef þig langar til að læra að skrifa fagra rithönd, þá skrifaðu eftir upplýsingum og sýnishorni til H. F. Einarssonar, Pembina, N. Dak., sem kennir allskonar rithönd fjölbreytta pennadrætti og skrautskrift. Þú getur lært heima í þínu eigin húsi, því tilsögnin er send bréflega með pósti.

Hverjum, sem svarar þessari auglýsingu, verður sent spjald með hans eigin nafni skrautrituðu. 25-5

Sveinbjörn Árnason
Fasteignasali.
Selur hús og lóðir, eld-ábyrðir, og lánar peninga. Skrifstofa: 310 McIntyre Blk.
office TALSÍMI 4700. hús Tal. Sherb. 2018

BONNAR, TRUEMAN & THORNBURN,
LÖGFRÆÐINGAR.
Suite 5-7 Nanton Blk. Winnipeg, Man. Main 766 P.O.BOX 223

Anderson & Garland,
LÖGFRÆÐINGAR
35 Merchants Bank Building
PHONE: MAIN 1561.

HANNES MARINO HANNESON
(Hubbard & Hanneson)
LÖGFRÆÐINGAR
10 Bank of Hamilton Bldg. WINNIPEG
P.O. Box 781 Phone Main 378 " " 3142

Gísli Goodman
TINSMIÐUR.
VERKSTÆÐI; Cor. Toronto & Notre Dame.
Phone Garry 2988 : : Heimilis Garry 899

Winnipeg Andatrúar Kirkjan
horni Lipton og Sargent.
Sunnudagasamkomur, kl. 7 að kveldi. Andartrúarspeki þá útskýrð. Allir velkomnir.
Fimtudagasamkomur kl 8 að kveldi, huldar gátur ráðnar. Kl. 7,30 segul-lækningar.

W. R. FOWLER A. PIERCY.

Royal Optical Co
307 Portage Ave. Talsími 7286.
Allar nútíðar aðferðir eru notaðar við augn skoðun hjá þeim, þar með hin nýja aðferð, Skugga-skoðun, sem gjöreyðir öllum ágiskunum.—

KAUPID af þeim og verzlið við þá sem auglýsa starfsemi sínu í Heimskringlu og þá fáið þér betri vörur með betra verði og betur útilátnar.....

THE DOMINION BANK
HORNI NOTRE DAME AVENUE OG SHERBROOKE STREET

Höfuðstóll uppborgaður : $4,000,000.00
Varasjóður - - - $5,400,000.00

Vér óskum eftir viðskiftum verzlunar manna og ábyrgumst að gefa þeim fullnægju. Sparisjóðsdeild vor er sú stærsta sem nokkur banki hefir í borginni.

Íbúendur þessa hluta borgarinnar óska að skifta við stofnun sem þeir vita að er algerlega tryggð. Nafn vort er full trygging óhlutdeilna. Byrjið spari inlegg fyrir sjálfa yðar, konu yðar og börn.

Phone Garry 3140 Scott Harlow, Ráðsmaður.

Vitur maður er varkár með að drekka eingöngu HREINT ÖL. Þér getið jafna reitt yður á

DREWRY'S
REDWOOD LAGER

það er léttur, freyðandi bjór, gerður eingöngu úr Malt og Hops. Biðjið ætíð um hann.

E. L. DREWRY, Manufacturer, Winnipeg

The Hyland Navigation Co.
hefur nú opnað
SUMAR SKEMTIFERÐA SKRÁSETNINGAR
Margar þegar skráðar.
TJALDSTAÐIR til leigu til sumardvalar, í
"HYLAND PARK"
Rétt við ána. Dýrðlegt útsýni. Strætisvagnar á hverjum tuttugu mínútum.

HYLAND NAVIGATION CO.
13 Bank of Hamilton Chambers. Winnipeg.

Með því að biðja sérlega um "T.L. CIGAR." þá ertu viss að fá ágætan vindil.

T.L. CIGAR (UNION MADE)

T.L.
Western Cigar Factory
Thomas Lee, eigandi Winnipeg

ALDREI SKALTU geyma til morguns sem hægt er að gera í dag. Pantið Heimskringlu í dag.

MANITOBA

TÆKIFÆRANNA LAND.

Hér skulu taldir að eins fáir þeirra miklu yfirburða, sem Manitoba fylki býður, og sýnt, hversvegna allir þeir, sem óska að bæta lífskjör sín, ættu að taka sér bólfestu innan takmarka þessa fylkis.

TIL BÓNDANS.

Frjósemi jarðvegsins og loftslagið hafa gert Manitoba heimsfræga, sem gróðrarstöð No. 1 hard hveitis. Manitoba býður bændasonum ókeypis búnaðarmentun á búnaðarskóla, sem jafngildir þeim beztu sinnar tegundar á amerikanska meginlandinu.

TIL IÐNAÐAR- OG VERKAMANNA.

Blómgandi framleiðslustofnanir í vorum óðfluga stækkandi borgum, sækjast eftir allskyns handverksmönnum, og borga þeim hæztu gildandi vinnulaun. Algengir verkamenn geta og fengið næga atvinnu með beztu launum. Hér eru yfirgnæfandi atvinnutækifæri fyrir alla.

TIL FJÁRHYGGJENDA.

Manitoba býður gnægð rafafls til framleiðslu og allskyns iðnaðar og verkstæða, með lágu verði ; — Frjósamt land ; — margvíslegar og ótæmandi auðsuppsprettur frá náttúrunnar hendi ; — Ágæt samgöngu og flutningatæki ; — Ungir og óðfluga vaxandi bæir og borgir. — Alt þetta býður vitsmunum, auðæfum og framtakssemi óviðjafnanleg tækifæri og starfsarð um fram fylstu vonir. Vér bjóðum öllum að koma og öðlast hluttöku í velsæld vorri og þroska. — Til frekari upplýsinga, skrifið :

JOS. HARTNEY, 77 York Street, Toronto, Ont.
JOS. BURKE, 178 Logan Avenue, Winnipeg, Man.
A. A. C. LaRIVIERE, 22 Alliance Bldg., Montreal,
J. F. TENNANT, Gretna, Manitoba.

J. J. GOLDEN,
Deputy Minister of Agriculture and Immigration, Winnipeg

Um ættartölur.

Í Heimskringlu 27. apríl er grein eftir Þorstein Björnsson um ættartölur. Hann telur þar upp þrjá ættfræðinga heima, nefnilega Dr. Jón Þorkelsson, Hannes Þorsteinsson og Jóhann Kristjánsson. Dr. Jón og Hannes munu báðir vera hættir við að skrifa upp ættartölur annarra vegna.

Svo vil ég leyfa mér að benda mönnum á, sem vilja fá ættartölur sínar, að skrifa Jóhanni Kristjánssyni, ættfræðingi í Reykjavík. Ettartalan kostar að eins $5.00, og peningarnir verða að fylgja pöntuninni. Sá eða sú, sem sendir eftir ættartölu, verður að skrifa sitt fulla nafn, hvar og hvenær að hann eða hún sé fædd, nafn föður og móður, og helzt afa og ömmu, og hvar foreldrar sínir nafi búið á Íslandi. Ef menn vilja hel lur koma pöntunum til mín, þá skal ég koma þeim til skila.

Westbourne, Man., 28. apríl '15.
Sig. Sölvason.

Frét'abréf.

HNAUSA, MAN.
28. apríl 1911.

Heiðraði ritstj. Hkr.

Þá er þessi vetur liðinn, eftir íslenzku tímatali ; virðist mér hann verið hafi hinn mildasti, sem komið hefir í langan tíma. Margir eru hér að bæta við akra sína og plægja þá eldri. Klaki má heita úr jörðu. Hvar sem litið er, eru meiri og minni heyfyrningar eftir veturinn. Heilsufar manna gott og almenn velliðan.

Samkomur hafa víða verið haldn ar hér um slóðir, einkum síðan fór að vora og menn komnir norðan af vatni frá fiskiveiðum. Samkomurnar eru sagðar upp og ofan að gæðum, eins og gerist, en allar betri en ekki.

Vetrarfiskurinn af Winnipegvatni var fluttur síðast að Gimli 22. f. m.

Eigendaskifti að löndum hér eru alt af að verða tíðari og lönd fara stöðugt hækkandi í verði. S. J. Vidal, Hnausa, hefir nýlega keypt land Kristjáns Guðjónssonar, Framnes, fyrir $1000.00, — álitið gott kaup, — svo nú hafa þeir Vídals feðgar 5 lönd heil. — Litlu síðar keypti Kristján náilt land af tengdaföður sínum, Stefáni Guðsyni, Geysir P.O.,

Eins og vanalega á vorum, — því á vetrum eru flestir bundnir fiskiveiðunum, nema útleandingarnir — er nú helzta vinnan í því, að undirbúa sáðverk, höggva skóg til eldiviðar, lagræra girðingar og vegi, og fleira þess háttar.

Í fyrra mánuði lét sambandsstjórnin bæta 'dekkið' á Hnausabryggunni ; það var orðið götótt og fúið, búið að vera á henni síðan hún var bygð 1905.

Ísinn er víða laus við landið og vatnið bráðum laust við hann, ef þessi blíðviðristið helzt.

Það er nú kominn sá tími, að við erum fastlega farnir að vonast eftir svari fylkisstjórnarinnar, fyrst þingi er slitið. um hvað hún hafi gert fyrir okkur viðvíkjandi járnbrautinni ; við eigum heimting á því, hún verður að enda loforð sitt og segja eitthvað ákveðið.

O. G. A.

Dánarfregn.

SIGRÍÐUR VIGFÚSDÓTTIR JÖKULL sálaðist 17. apríl þ. á., að heimili dóttur sinnar Rósu S. V. Jósephson, í Vestur-bygð, Lincoln County, Minn.

Sigríður sál. var fædd að Hjarðarhaga á Jökuldal 20. júní 1837. Foreldrar hennar voru þau heiðurshjónin Vigfús Jósafatason og Rósa Jónsdóttir, eyfirzk að uppruna, er lengi bjuggu að heiðarbýlinu Víðirhólum á Jökulsheiði og byggðu það úr eyði. Árið 1859 giftist hún Páli Péturssyni, frá Hákonarstöðum á Jökuldal, sem dó af brjóstveiki eftir nokkurra ára sambúð. Þeim hjónum varð þriggja barna auðið.* af hverjum að eins Rósa S. V. Jósephson er nú lifandi.

Þær mæðgur fluttu til Ameríku 1878, og settust að í svokallaðri Vestur-bygð. Þær munu aldrei hafa skilið, þar til dauðinn gerði endir sögunnar.

Árið 1882 giftist Sigríður sál. í annað sinn Pétri Pétursyni Jökli, bróðir fyrri manns hennar, sem eftir 10 ára sambúð varð eftir af lestinni, hneig í valinn 1892, eins og getið var um í blöðum vorum það ár.

Sigríður sál. var góð og ástrík kona í orðsins fyrstu merking. Hún var ætíð glöð og vildi öllum gott geta, og sá hið góða og virti hjá öllu samferðafólki sinu. Viðmót hennar var þann veg, að eins og geislabros breiddi sig yfir alla hennar framkomu. Hún vat duguðar og búsýslu kona hin mesta, og má því með sanni segja, að hún gekk til hinnar hinstu hvildar eftir langt og vel af hendi leyst dagsverk.

Einn af vinum hinnar látnu.

Minnisvarðar úr Málmi.

Eru mikið fallegri og í öllu tilliti fullkomnari, fyrir sömu peningaupphæð, heldur en úr marmara eða granit. WHITE BRONZE minnisvarðar, búnir til af The Monumental Bronze Co., eru nú komnir í mikið meira álit en steinn. "White Bronze" heldur sinum rétta, eiginlega, lióisgráa lit öld eftir öld, þolir öll áhrif loftsins, hita og kulda — það gerir steinninn ekki, — hefir engar hel ur, molnar hvorki né klomar. springur ekki, tekur ekki í sig raka eða vætu ; verður ekki mosavaxið ; — þetta alt gerir steinninn

Alt letur er upphleypt, steypt um leið, og getur því ekki slitnað af eða brotnað ; sönnunarsýnis merki og myndir til prýðis (sem kaupandi velur sjálfur), -- alt sett á frítt.

Mörg hundruð úr að velja af ýmsri stærð og lögun. Kosta frá fáeinum dollurum upp til þúsunda

Spyrjið um myndir, stærð þyngd og verð á þessum minnisvörðum (bréflega eða munnlega) áður en þið kaupið stein. Allar upplýsingar góðfúslega gefnar af

J. F. Leifson,
Quill Plain, Sask

JÓN JÓNSSON, járnsmiður, af 790 Notre Dame Ave. (horni Toronto St.) gerir við alls konar katla, könnur, potta og pönnur fyrir konur, og brýnir hnífa og skerpir sagir fyrir karlmenn. — Alt vel af hendi leyst fyrir litla

Herra Jón Hólm, gullsmiður að 770 Simcoe St., biður þess getið. að hann selji löndum sínum gull- og silfur-muni og gigtarbelti. — Belti þessi eru óbrigðul við gigt. ef þau eru notuð samkvæmt fyrirskipunum Jóns. Kosta að eins

LESIÐ ÞETTA

ÍSLENDINGAR, helzt smiðir, sem hugsa til að koma til Saskatoon, gerðu vel í, að skrifa eða sjá okkur sem allra fyrst.

Gislason & Brandson
Office 36 Ferguson Block.
P.O. Box 1077, Saskatoon, Sask.

The Liquor License Act

Eftirfylgjandi beiðnir um endurnýjun Hotel leyfis hafa verið meðteknar og verða íhugaðar af leyfisnefndinni fyrir leyfisheráð No. 4, í Winnipeg, á skrifstofu Chief License Inspector, horni Kennedy og Broadway stræta, kl. 2 e. h. mánudaginn 22. maí 1911 : — G. B. Sólmundson, Gimli Hotel, Gimli, og J. G. Christie, Lakeview Hotel, Gimli.

Dags. að Winnipeg, apríl 1911.

M. J. JOHNSTONE.
Chief License Inspector.

ÍSLENZKT VÍRAVIRKI

úr gulli og silfri, fæst nú og í næstu þrjá mánuði smíðað á vinnustofu

Björns Ólafssonar
GULLSMIÐS
752 Victor Street

hér í bænum. — Allar aðgerðir á gull og silfursmíði verða þar fljótt afgreiddar.

ÍSLENZKAR BÆKUR

Ég undirritaður hefi til sölu nálega allar íslenzkar bækur, sem til eru á markaðinum, og verð að hitta að Lundar P.O., Man. Sendið pantanir eða finnið.

Niels E. Hallson.

Hefir þú borgað Heimskringlu ?

A. S. TORBERT'S
RAKARASTOFA
Er í Jimmy's Hótel. Besta verk. Ágæt verkfæri; Rakstur 15c en Hárskurður 25c. — Óskar viðskifta Íslendinga. —

A. S. BARDAL
Selur líkkistur og annast um útfarir. Allur útbúnaður sá bezti. Enfremur selur hann al skonar minnisvarða og legsteina.
12. Nena St. Phone Garry 2152

PRENTUN

VÉR NJÓTUM, sem stendur, viðskipta margra Winnipeg starfs- og "Business"-manna.— En þó erum vér enþá ekki ánægðir — Vér viljum fá alþýðumenn sem einatt notast við illa prentun að reyna vora tegund. — Vér ábyrgjumst að gera yður ánægða. — Símið yðar næstu prent. pöntun til —

PHONE GARRY 334

The ANDERSON Co.
PROMPT PRINTERS
555 SARGENT AVENUE, WINNIPEG.

Í TÓMSTUNDUM

ÞAÐ ER SAGT, AÐ MARGT megi gera sér og sínum til góðs og nytsemds, í tómstundunum. Og það er rétt. Sumir eyða öllum sínum tómstundum til að skemta sér; en aftur aðrir til hins betra; að læra ýmislegt sjálfum sér til gagns í lífinu. Með því að eyða fáum mínútum, í tómstundum, til að skrifa til HEIMSKRINGLU og gerast kaupandi hennar, gerið þér ómetanlegt gagn, — þess fleiri sem kaupa þess lengur lifir íslenzkan Vestanhafs.

Drykkjuskapur og tóbaksnautn.

Ef til væri meðal, sem læknaði drykkjuskap og tóbaksnautn, án vitundar og tilverknaðar neytandamans sjálfs, þá yrði það merkasta uppfynding aldarinnar, því hver drykkjumaður og tóbaksneytandi hyrfi á skömmum tíma.

Hver sem hefir í hyggju að lækna annanhvorn þennan ávana kunningja sinna á þennan hátt, mun sjá, hversu fráleitt það er, ef hann hugsar ögn um það.

Það þarf að beita fullkominni einlægni við þann, sem lækna skal. Með hans aðstoð má lækna hann af hvorum þessum löstum, en árangurslaust án hans hjálpar og samþykkis.

Dr. McTaggart í Toronto, Can., ábyrgist, að lækna menn af drykkjuskap á þremur til fjórum dögum, ef forskriftum hans er nákvæmlega framfylgt. Læknirinn hefir selt þétta ofdrykkju læknislyf til fleiri ára og hefir bætt fjölda manns. Lyfið kostar að eins $25.00 og mun reynast eins vel, ef ekki betur, og nokkur $100 lækning, sem völ er á.

Meðal hans móti tóbaksneyzlu, er sérstaklega tilbúið í því skyni. Kostar að eins $2.00, og geta menn læknast af því á hér um bil tveimur vikum

Bæði lyfin eru ágæt til styrkingar líkamans, og hafa engin óholl eftirköst á þann, sem læknaður er.

Fjöldi vottorða gefin af fúsum vilja. Getur hver fengið að sjá þau, sem þess óskar.

Lyfin send, þegar borgun er fengin. Burðargjald ókeypis. Bréfaviðskifti boðin, — stranglega heimuleg.

Skrifið eða ráðgist við

K. K ALBERT,
einka-umboðsmaður í V.-Canada,
708 McArthur Bldg., Winnipeg.

MARTYN F. SMITH,
TANNLÆKNIR.
Fairbairn Blk. Cor Main & Selkirk
Sérfræðingur í Gullfyllingu og öllum aðgerðum og tilbún aði Tanna. Tennur dregnar án sársauka. Engin veiki á eftir eða gómbólga. —
Stofan opin kl. 7 til 9 á kveldin
Office Phone Main 6944. Heimilis Phone Main 6462

Sherwin - Williams
PAINT
fyrir alskonar húsmálningu.

Prýðingar tími nálgast nú. Dálítið af Sherwin-Williams húsmáli getur prýtt húsið yðar utan og innan. — Brúkið ekker annað mál en þetta. — S.-W. húsmálið málar mest, endist lengur, og er áferðarfegurra en nokkurt annað hús mál sem búið er til. — Komið inn og skoðið litarspjaldið. —

Cameron & Carscadden
QUALITY HARDWARE
Wynyard, - Sask.

JIMMY'S HOTEL
BEZTU VÍN OG VINDLAR.
VÍNVEITARI T.H.FRASER,
ÍSLENDINGUR. : : : : :
James Thorpe, Eigandi

MARKET HOTEL
146 Princess St.
á móti markaðnum
P. O'CONNELL, eigandi, WINNIPEG
Beztu tegundir af vínföngum og vind um, aðhlynning góð, húsið endurbætt

Woodbine Hotel
466 MAIN ST.
Stærsta Billiard Hall í Norðvesturlandinu
Tíu Pool-borð.—Alskonar vín og vindlar
Gistin, og fæði: $1.00 á dag og þar yfir
Lennon & Hebb.
Eigendur.

JOHN DUFF
PLUMBER, GAS AND STEAM FITTER
Alt verk vel vandað, og verðið rétt
664 Notre Dame Av. Phone Garry 2566
WINNIPEG

Watrous Gardens

WATROUS

Kaupið lóðir í Watrous Gardens
Munið að þær eru allar ekru-lóðir

Ertu aðrvinna baki brotnu dag eftir dag, að eins til að viðhalda lífiórunni? Er framtíðin hulin dimmum skýjum, og óvíst, hvað þín bíða muni, þegar starísþrekið er þrotið?

NÚ, — meðan heilinn er skarpur og armleggurinn traustur, er tíminn til að leggja undirstöðuna undir efnalega áhyggjulaus elliár.

Átt þú nokkra hluttöku í ágóða þeim, sem fasteignirnar daglega gefa? — Margir njóta ágóðans. — Því ekki þú?

Í því trausti, að gróðavænleg fyrirtæki séu þér áhugamál, viljum við minnast á WATROUS GARDENS lítillega:

Í WATROUB GARDENS höfum við slík kostakjör á boðstólum, sem hljóta að mæla með sér sjálf. Við látum eignir vorar á markaðinn með því verði, að þú gerðir vel í, að íhuga gaumgæfilega tilboð okkar.

Framtíð WATROUS er jafn örugg eins og sólaruppkoman.

Bærinn er við hina miklu þverlandsbraut Grand Trunk félagsins.

WATROUS er beint á milli Regína og Prince Albert, og hlýtur að verða þýðingarmikil verzlunar miðstöð.

Bærinn er á einu því frjósamasta akuryrkju-svæði í öllu Saskatchewan fylki.

WATROUS er tæpra tveggja ára, en hefir samt um 1,600 íbúa; skóla, kirkjur, verzlanir, heildsöluhús, 'lumber yards', kornhlöður, verkstæði, fögur íbúðarhús, — alt, sem bendir til þess, að bærinn verði þýðingarmikil verzlunarborg. Og fá bæir í Vestur-Canada munu jafnokar WATROUS, hvað framfara skilyrðum viðvíkur.

Hér um bil tvær og hálfa mílu frá bænum er hið fræga stöðuvatn, — Little Lake Manitou. — Nú þegar hafa fregnir um hin undra lækninga-öfl vatnsins borist í allar áttir, og ferðamennirnir hópast að ströndum þess, til að leita sér heilsubótar frá þessu töfra-vatni.

Eftirfarandi sundurliðun á vatninu, gerð af Prof. Milton Hersey, frá McGill háskólanum í Montreal, er mjög merkileg: —

	Grains Per Gallon.
Silia	0.69
Oxide of Iron and Aluminum	0.28
Calcium Sulphate	104.96
Magnesia Bicarbonate	63.42
Mag. Sulphate	308.88
Potassium Sulphate	116.62
Sodium Sulphate	50.92
Bodium Cloride	1405.60



ÚTSÝNI YFIR WATROUS.
sem sýnir Watrous Gardens, þar sem tækifærið til auðlegðar stendur til boða.

Ætlarðu þér að kaupa lóðir í Watrous Gardens, og njóta ágóðans, sem verðhækkunih hefir í för með sér? Eða ætlarðu að hika, draga það á langinn, — unz um seinann?

Peningarnir, sem þú græðir af eignum þínum í WATROUS GARDENS, eru af lóðum þeim, sem ÞÚ HEFIR KEYPT, en ekki af lóðum þeim, sem þú ÆTLAR AÐ KAUPA. — Munið eftir: Sá, sem hikar, vinnur fyrir "náungann".

ÚTSÝNI YFIR AÐALSTRÆTI Í WATROUS.

Það er að eins eitt Litla Manitou vatn, Og það verður aldrei nema eitt Watrous

Hon. William Pugsley, ráðgjafi opinberra verka, hafði heyrt af frægð vatnsins, fór þangað, og eftir að hafa baðað sig í vatninu, sagði hann: "Ég er engin sérfræðingur um læknandi áhrif vatna, en það get ég fullyrt, að það er sérstaklega ánægjulegt, að baða sig í Little Manitou Lake og eiginleikar vatnsins eru styrkjandi. Ég er talsvert gigtveikur, og ég er þess fullviss, að baðið í Lake Manitou hefir gert mér gott.

"Ég álít WATROUS hafa bjarta framtíð. Vatnið er dýrmæt eign,— og verður þar fjölsóttur dvalarstaður, ekki að eins fyrir Canadabúa, heldur munu Bandaríkjamenn einnig streyma þangað. — Ég hefi heimsótt heilsuhæli á Englandi og í Californiu, — Lake Manitou er óviðjafnanlegt".

"Já, það er satt, að við höfum keypt 4 lóðir á Manitou vatnsbökkunum. Bróðir minn (Dr. P. A. Pugsley) ætlar að leita þangað lækninga við gigtveiki, sem hann þjáist af".

Af þessari ástæðu einni munu hyggnir menn skilja, að það er gott gróðabragð, að kaupa lóðir í WATROUS GARDENS.

Þessi fagra landspilda liggur þar sem fljótast og bezt verður bygt, rétt á milli Watrous bæjar og Manitou Lake. Svæði þetta verður því innan fárra ára miðstöð stórrar borgar.

Svæðið er mælt út í ekru lóðir, hver 330 fet, að 66 feta breiðu stræti og 132 feta langar.

Þegar þér kaupið ekrulóð, þá fáið þér nokkuð, sem er eigandi.

ATHUGID, að þér getið mælt hverja ekrulóð í 11 30-feta lóðir, 132 feta langar, og selt þær með góðum hagnaði.

Þér vitið, hve mikið hefir græðst á lóðasölu í öðrum vaxandi bæjum. Þér getið grætt eins nú með því að kaupa í WATROUS GARDENS.

ATHUGID, að þetta er áreiðanlega eina tækifærið til þess að eignast ekrulóð í Watrous.

Verðið er frá $100 til $300 hver (ekru-) lóð, og skilmálarnir: Einn fimti niðurborgun og eftirstöðvar í 20 mánaða afborgunum.

Hve margar lóðir vilt þú eignast?

TIL ÞESS AÐ NÁ Í BESTU LÓÐIRNAR NOTIÐ MEÐFYLGJANDI PÖNTUNAR EYÐUBLAÐ, OG PANTIÐ STRAX. FRESTIÐ ÞVÍ EKKI. LÁTIÐ OKKUR VELJA LÓÐIRNAR, EN ÞÚ MUNT FÁ ÞÆR BESTU FÁANLEGAR, ÞÁ ER PÖNTUN ÞÍN BERST OSS. GERIÐ ÞAÐ Í DAG. — SKRIFIÐ OSS.

Bæklingar með nánustu upplýsingum sendir þeim er þess óska.

Nú er verið að byggja $50,000 heilsuhæli við Litla Manitou vatn, er verður fullgert í júlí, 3-lyft, 100x50 fet að stærð. Rafmagnsbraut verður tafarlaust lögð milli bæjarins og vatnsins, og raflýsing er verið að gera í bænum.

UMBOÐSMENN ÓSKAST. GÓÐ SÖLULAUN

UNDANFARIN REYNSLA EKKI NAUÐSYNLEG

Watrous Securities Co., 249 Notre Dame Ave., Winnipeg:

Kæru herrar:—gerið svo vel og halda til sölu fyrir mig ..... hinum beztu ekrulóðum sem fáanlegar eru í Watrous Gardens, fyrir.....hverja. Hér með innlagðir.....dollarar sem fyrsta niðurborgun.

....
Fult Nafn. Staða.

....
Stræti og númer. Pósthús.

WATROUS SECURITIES COY.

249 NOTRE DAME AVENUE., WINNIPEG, MANITOBA.

Talsími Heimskringlu
Garry 4110

Heimskringla.

Heimilis talsími ritstjórans:
Garry 2414

XXV. ÁR. WINNIPEG, MANITOBA, FIMTUDAGINN, 18. MAÍ 1911. Nr. 33.

Jón Sigurðsson.

Jóns Sigurðssonar tíu þúsund króna minningarsjóður Vestur-Íslendinga er nú fenginn, og meira þó, eins og verðugt er.

Samskotanefndin hér í borg finnur sér skylt að votta Vestur-Íslendingum alúðarfylstu þökk fyrir örlæti þeirra og greiðar undirtektir í þessu máli.

Sömuleiðis biður nefndin þess getið, að eftir 20. þ. m. verði engum frekari samskotum til sjóðsins veitt móttaka, — nema því, sem vera kann þá í höndum fjársöfnunarmanna í sveitum úti. — Þeir hér í borg, sem enn ekki hafa "verið með" en vildu leggja í sjóðinn, geta gert það fyrir lok þessarar viku. Eftir það verður féð bráðlega sent heim til Íslands.

Fregnsafn.

Markverðustu viðburðir hvaðanæfa.

— Þann 15. þ.m. féll dómur í hæstarétti Bandaríkjanna í máli því, sem stjórnin höfðaði móti Standard Oil félaginu, og var úrskurðurinn sá, að félagið skyldi uppleysast innan 6 mánaða. — Það var skýrt tekið fram í dómsákvæðinu, að félagið væri einokunarfélag og starfaði með því augnamiði, að hindra óháða verzlun á olíu. — Stjórnin vann sigur í hverju einasta af þeim 15 kærumálum, sem hún höfðaði móti félaginu. — Enn þá hefir ekki verið kveðinn upp dómur í máli því, sem stjórnin höfðaði móti tóbakseinveldinu, en almennt er ætlað þar syðra, að það muni fá sömu útreið og Standard Oil félagið.

— Þingið í Nova Scotia hefir verið uppleyst, og nýjar kosningar eiga fram að fara 14. júní næstk. Til þessa hefir fylkið verið stranglíberal, og stjórnartaumarnir hafa verið í höndum Liberala undanfarin 29 ár, en alt útlit er nú fyrir, að umskifti verði, því fylkisbúar hafa lýst óánægju sinni yfir gagnskiftasamningunum, en þeim fylgir Murray stjórnarformaður, sem aðrir Liberal stjórnarformenn í Canada, — þrátt fyrir óhag þann, sem samningarnir bersýnilega gera fylkinu, ef þeir komast á. Conservativar sækja því ótrauðlega þessa kosningabaráttu, — vissir um sigur.

— Verzlunarsamningar hafa tekist milli Spánar og Japan. Voru undirskriftaðir í Madrid á mánudaginn var.

— Frumvarpið um takmörkun neitunarvalds lávarðadeildarinnar var samþykt í neðri málstofu brezka þingsins á mánudaginn var með 362 atkv. gegn 241, og þar með afgreitt til lávarðadeildarinnar. Er almennt búist við, að lávarðarnir muni ekki þora annað en samþykkja það, — brátt fyrir það, þó Landsdowne lávarður, foringi íhaldsmanna í deildinni, hafi komið fram með miðlunarfrumvarp. En fari svo, að stjórnarfrumvarpið verði felt, má búast við að mikil tíðindi muni á eftir fara.

— Laurier stjórnin hefir lagt viðaukafjárlaga frumvarp sitt fyrir þingið. Það sýnir, að öll útgjöld stjórnarinnar á þessu yfirstandandi fjárhagsári eru áætluð 156 miljónir dollars, eða 23 miljónum meira en á síðasta fjárhagsári. Af þessari upphæð eru 23 miljónir ætlaðar til opinberra verka og 27 miljónir til járnbrauta; þar af 2 miljónir til Hudsons flóa járnbrautarinnar, og ein miljón til brautar, sem á að leggjast inn í Halifax. Í þeirri borg verður og varið 600 þús. dollars til hafnbóta. Í Nova Scotia er ráðgert að byggja 125 bryggjur. Sjó hafnbætur eru ráðgerðar í Manitoba; auk þess eru 105 þús. dollars ætlaðir til umbóta á ýmsum byggingum ríhisins hér í fylkinu. Hafnbæturnar í Manitoba eru áætlaðar þannig: Við Fairford ána borgun á $6,700 skuld fyrir unnið verk þar; Til viðbótar við Gimli bryggjuna $7,000; til umbóta við Rauðárlokurnar og aðrar umbætur þar $88,445; hafnbætur við Victoria Beach $12,000. — Geo. H. Bradbury hefir barist ósleitilega fyrir umbótum þeim við Rauðárlokurnar, sem nú eru ráðgerðar, og eins fyrir lengingu Gimli bryggjunnar, og eru þessi fjárlög vottur þess, að hann sé ekki algerlega áhrifalaus í Ottawa.

— Mentamála skýrslur voru tekn ár í Argentina lýðveldinu þann 22. maí 1909, og hafa nú verið prentaðar. Við að safna skýrslum þessum störfuðu 23 þús. manns. Svo var til hagað, að spjöld voru afhent á hvert heimili, og húsráðandi ritaði svörin gegn prentuðu spurningunum á þeim. Þessar spurningar lutu að börnum frá 5—14 ára, og svörin sýndu aldur, nafn, fæðingardag, fæðingarstað, skólagöngu, þjóðerni foreldranna og stöðu þeirra, hvort börnin gætu lesið og skrifað, og fleira þess háttar. Einnig var spurt og upplýsingar veittar um hæð barnanna, gildleika þeirra um brjóstið og hraustleika þeirra, sjúkdóma, vanskapnað, sjón, heyrn, skarpleika, málfæri, framburð, lyndiseinkunnir og ýmislegt fleira. — Ætlað er, að fjöldi íbúanna sé um eða yfir 6 miljónir, en tala barnanna 1,138,309, þar af 586,875 piltar og 551,434 stúlkur. Þessi tala skólabarna hafði því hækkað um rúmlega 127½ þús. á 14 árum frá því sams kyns skýrslur voru áður teknar. — Skólana sóttu að meðaltali 37.9 prósent allra barna á skólaaldri, en nokkuð var þetta misjafnt. Í bæjum sóttu skólana 68 prósent, en úti á landsbygðinni sumstaðar ekki fleiri en 16 prósent eða að eins sjötta hvert barn af þeim er á skólana áttu að ganga. Argentinu stjórnin telur, að ef rétt er reiknað, þá stundi skólanám þar í lýðveldinu 47 prósent allra barna á skólaaldri, en 53 prósent læra ekkert, eða að minsta kosti mjög lítið, — í molum og ófullkomið. Þó er barnamentun þar í framför. Fyrir 14 árum voru að eins 436 börn af þúsundi hverju, sem lærðu að lesa og skrifa, en nú er talið að 551 af húsundi læri það. En til þess að ná þessari framför hefir ríkið á sl. 14 árum látið byggja 2 þúsund nýja skóla, og varið 107 miljónum dollars til kenslulauna.

— Gulltekjan í Rand héraðinu hefir aukist all-mikið á sl. 4 árum, en hefir jafnað sig upp í $1,420,000 á ári. Á síðasta ári varð gulltekjan þar rúmlega 153½ miljónir dollars.

— Séra Kennedy, Baptista prestur í Toronto, varð fyrir slysi. — Hann skírði ungan mann fyrir fáum vikum, en náunginn launaði með því að stelast burtu með konu prestsins. Þau voru handtekin hér í Winnipeg, og konan send til baka til bónda síns. Presturinn mætti henni við Niagara á fimtudaginn var. Þau hjón sættust strax heilum sáttum.

— Um þessar mundir er verið að byggja í New York borg svo nefnt 'Woolworth' stórhýsi, 55 tasfur. Það verður sjöundi partur úr míla á hæð og er bygt úr stáli og steini. Langhæsta hús í heimi.

— Sir Wilfrid Laurier lagði af stað í Englandsför sína á fimtudaginn var. Tveir af ráðgjöfum hans, Sir Frederick Borden og Hon. L. P. Brodeur, voru í för með honum. Í fjarveru Sir Wilfrids er Hon. Fielding, fjármálaráðherra, settur forsætisráðherra. Margmenni var samankomið á járnbrautarstöðinni í Ottawa, þegar Sir Wilfrid fór þaðan, til að árna honum fararheilla.

— Þau stórtíðindi gerðust í Mexico uppreistinni á fimtudaginn var að uppreistarforinginn Francisco Madero, með tæpum 700 uppreistarliðum, tók borgina Juarez, þar sem friðarsamningsnefndin sat á rökstólum. Borgina vörðu um 12 þúsund stjórnarhermenn, undir forustu Navarro hershöfðingja. En þrir gáfust upp eftir stutta vörn, og mátti slikt dæmafátt heita. — Madero og menn hans settust síðan að í borginni og búast sem best um. Var leifum stjórnarhersins gefið burtfararleyfi, og þáðu flestir foringjanna það, en margir liðsmannanna gengu á hönd sigurvegaranum. — Á föstudaginn lét Madero það boð út ganga, að hann hefði tekið sér forsetanafn og skipað ráðaneyti. Helztu mennirnir í ráðaneyti hans eru: Dr. Vasquez Gomes utanríkisráðherra, Gustav Madero (faðir forsetans) fjármálaráðherra, Carranza hershöfðingi hermálaráðherra og Frederico Garza innanríkisráðherra. Stjórnin hefir þegar sýnt mikla rögg af sér, tekið að bæta járnbrautir og ritsíma, sem forgörðum höfðu farið í styrjöldinni. — Hvað Diaz viðvíkur, þá virðast liðsveitir hans sem óðast að svíkjast undan merkjum, og má búast við, að hann verði að hröklast úr tigninni. — Uppreistarmenn hafa í hyggju, að gera nú árás á höfuðborg ríkisins, Mexico City. Vinni þeir hana, má skoða uppreistina lokna og Madero forseta alls Mexico.

— Í Kína eru stúlkur daglega seldar mannsali, mest þó á barnsaldrinum. Ef foreldrunum þykir meybarn sér byrðarauki, þá er það látið í körfu og farið með á sölutorgið, líkt og hænsni, og selt þar. Vanaverð á meybörnum er einn dollar fyrir hvert ár, sem það hefir lifað; en á harðæristímum fást þau fyrir örfá cent, þó stálpuð séu. Kaupmenn þeir, sem meybörnin kaupa, ala þau síðan upp, unz þroskuð eru, þá eru stúlkurnar seldar að nýju sem ambáttir, bæði til þrælkunar og í kvennabúr. Áður fyr var það alment í Kína, að stytta meybörnum aldur, en mannúðartilfinningin er nú komin þetta lengra á veg, að selja þau í þraldóm í þess stað.

— Regnfall mikið var víða um Manitoba og Saskatchewan fyrir síðustu helgi, sem slökti gersamlega skógareldana, sem gengið höfðu. Varð einnig að ómetanlegu gagni fyrir allan jarðargróður í þessum fylkjum.

— Hermálaráðherra Bandaríkjanna, Jacob McGavock Dickinson, hefir lagt niður embætti, og í sæti hans hefir Taft forseti skipað Henry L. Stimson, þann er féll við ríkisstjórakosninguna í New York á síðasta hausti. Dickinson var eini Demókratinn í ráðaneyti Tafts og dugnaðarforkur. Ástæðan fyrir embættisafsögn hans er talin sú, að hann hefði svo miklum prívat störfum að gegna, sem ráðgafastaðan gerði honum ómögulegt að sinna sem skyldi. En alment er álitið, að ósamkomulag milli Tafts og Dickinsons hafi verið orsökin til að hann sagði af sér. — Þetta er önnur ráðaneytisbrevtingin í Taft ráðaneytinu á fáum vikum. Ballinger innanríkisráðherra lét af embætti fyrir skömmu, — af sömu ástæðum og Dickinson bar fyrir.

— Ölgerðarmenn við fimm stærstu ölgerðarhúsin í Milwaukee hafa gert verkfall, heimta hærri laun. Eigendur verksmiðjanna hafa lýst því yfir, að þeir gætu þolað verkfallið sér að skaðlausu í fleiri vikur, og að þeir væru ekki fáanlegir til að gefa launaviðbót. Má því búast við löngu verkfalli. — Ýmsir aðrir verksmiðju vinnendur er búist við að geri einnig verkfall, af samúðarhug við ölbruggarana.

— Á pósthúsinu í Bologna á Ítalíu bar nýverið við einkennilegt atvik. Maður einn, Gattso að nafni, kom og keypti frímerki, — setti þau síðan á enni sér og heimtaði að vera fluttur sem póstsending til Ferrevja. Póstmeistatinn leit öðruvísi á þetta mál, og Gattso lenti í fangelsi, í stað þess að fá hina ódýru skemtiferð sem honum var svo hugarhaldið að fara.

— Kolanáma verkfallið í British Columbia heldur enn áfram. Hefir nefnd sú, sem skipuð var til að miðla málum, engu tauti við komið, og frestar störfum um hríð.

— Deitz málið fræga er nú til lykta leitt, — að minsta kosti í bráð. Eftir að réttarhöld höfðu staðið yfir í fullar tvær vikur, var málinu vísað í kviðdóm á föstudaginn var, og á laugardaginn kváðu kviðdómendurnir upp þann úrskurð, að John Deitz væri sekur um morð, en kona hans og sonur saklaus. Dæmdi dómarinn Deitz í ævilangt fangelsi, en lét mæðginin laus. Deitz tók dómi sínum karlmannlega, og sá enginn honum bregða; en þess gat hann, að skjóta ætlaði hann dóminum til hærri réttar. Og tvö börn hans hafa farið til Minneapolis til að útvega lögmenn, er sjá eiga um rekstur málsins fyrir Deitz hönd. Að Deitz var dómfeldur telja margir fyrir það, að hann hafði engan lögmann að verja sig, en einn af beztu lögmönnum Wisconsin ríkis sótti málið á hendur honum — En þó Deitz auðnist ekki að fá dómnum breytt, mun vörn hans í Cameron Dam lengi í minnum höfð, og frægðarljómi skína um nafn John F. Deitz.

— Strathcona lávarður hefir gefið 25 þúsund dollars til Y.M.C.A. í Brandon.

— Fjögur hundruð verkamenn, sem að húsabyggingum unnu í Ottawa, gerðu verkfall á laugardaginn, og heimta 28 cents um tímann í stað 25c. Vinnuveitendurnir hafa neitað að verða við kröfum verkamanna. Allar byggingar, sem í smíðum eru, standa því verkamannalausar og ekkert unnið að þeim. Búist er við, að vinnuveitendur verði að verða við kröfum verkamanna.

— Andrew Carnegie hefir gefið 150 þúsund dollars til að stofna hetjusjóð í Swiss. Er þetta þriðji hetjusjóðurinn, sem hann hefir stofnað síðan á nýári.

— Sæsíminn er nú orðinn Færeyingum ofjarl, fyrir þá sök, að viðgerðir eru svo dýrar og símaslit svo tíð, að þeir fá ekki rönd við reist. Danska ríkið hefir því tekið að sér viðhaldið og falið Stóra norræna félaginu að annast það. Frá þessu segir í Dimmalætting 11. marz þ.á. Þar segir svo: "Suðurhlutinn af sæsímanum til Suðureyjar er einskisvirði á 8—9 stiku-þúsunda (km.) svæði (þ. e. yfir mílu), og sæsíminn er slitinn einni mílu fyrir sunnan Skarfsnes. Viðgerð mun kosta að minsta kosti 40,000 kr., og ef hafa skal gildari sæsíma og sæsímaskip, þá aukast útgjöldin töluvert". —Loftskeyta-samband mundi ótvíræðlega hafa verið happasælla þar.

— Eiginhandarbréf frá Martin Lúter, til Karls fimta Þýzkalandskeisara, var nýverið selt í Leipzig fyrir 25 þúsund dollara. Kaupandinn var Bandaríkja auðmaðurinn J. P. Morgan.

— Merkileg giftingarsaga hefir borist frá St. Pétursborg, sem sýnir glögglega ýmsa siði og venjur Tartara í þeim sökum. Tartari einn, Abul Schabai, hafði búið um fimm ára tíma í borginni, þegar faðir hans kallaði hann heim til að kvongast dóttur nágranna síns. Nágranninn, sem Mullah hét, átti tvær dætur, Mariak, sem var mjög fríð sýnum, og Dianora, sem var fremur ófríð. Abul tók að kaupslaga við Mullah um hönd annarar dótturinnar. Var karl til með að selja Mariök fyrir 300 rúbl ur en Dianoru gat Abul fengið fyrir 100 rúblur. Að lokum komst Abul að þeim kjarakaupum, að fá hina fögru Marióku fyrir 150 rúblur. Var nú búið hið bezta undir brúðkaupið. En það er siður meðal Tartara, að brúðguminn fær ekki að sjá brúðurina fyrr en eftir giftinguna, því í brúðkaupinu sjálfu er hún blæju hulin. Þessum sið var þarna framfylgt að vanda. En þegar Abul er kominn í hús sitt, og brúðurin er honum send, finnur hann það út, að hann hefir orðið fyrir slæmum prettum, því hann hefir hlotið ófríðu systirina sér fyrir konu. Verður hann þá reiður mjög og skipar Dianoru að fara strax til föðurhúsanna aftur. En hún vill hvergi fara, unz Abul hefir látið hnútasvipuna dansa um herðar henni, — þá fór hún. En faðir hennar vildi deldur ekki hafa hana, og sendi hana því tafarlaust til baka. Til þess að geta fengið skilnað, tók Abul upp á því, að misþyrma konu sinni, unz líkami hennar var allur blár og blóðugur. En ekki vildi karl faðir hennar rifta hjónabandinu þrátt fyrir það. Hið síðasta fangaráðið, sem Abul datt í hug, var að limlesta Dianoru, því sá siður var ríkjandi meðal Tartara, að ef eiginkona manns varð fyrir áföllum, svo hún misti þrótt lims eða lima, þá mátti eiginmaðurinn fá sér aðra konu í viðbót. Abul brýtur því handlegg konu sinnar. En hann komst brátt að því, að þessir Tartara siðir eru ekki liðnir á Rússlandi, því að þegar konan klagaði fyrir yfirvöldunum þessa meðferð á sér og heimtaði 150 rúblur í skaðabætur, þá var Abul ekki að eins dæmdur til að borga konu sinni þær, held- og einnig sendur í þriggja mánaða fangelsi. — En gamli Mullah tók nú feginsamlega við dóttur sinni með þessum 150 rúblum. Hann hafði þá fengið 300 rúblur upp úr þessu giftinga-ævintýri, og hélt báðum dætrum sínum eftir sem áður.

Lagafrumvarp um landtökurétt.

Lagafrumvarp Nr. 195 nú fyrir Ottawa þinginu fer fram á breytingar á landtökulugum ríkisins, sem íslenzkum heimilisréttar landnemum, ekki síður en öðrum, er þarít að vita um. — Svo er fyrir mælt meðal annars, að ef landtakandi vanræki á nokkru einu ári að framfylgja nákvæmlega ákvæðum landtökulaganna, þá megi stjórnin svifta þann mann landtökuréttinum og veita öðrum landtökurétt á sama landi; en með þeim skildaga þó, að sá borgi fyrir umbætur, sem fyrri landtakandinn hafi gert á landi sínu, og má þá innanríkisráðgjafinn láta fé það ganga til þess, er umbæturnar gerði, ef honum sýnist svo.

Með þessu er þá gert ljóst, að latir eða trassafengnir landtakendur eiga á hættu að missa lönd sín, ef þeir uppfylla ekki nákvæmlega landtöku-skilyrðin, og að tapa algerlega öllum þeim umbótum — eða andvirði þeirra, — sem þeir hafa gert á landinu. Það er nú orðin svo mikil eftirsókn duglegra manna eftir heimilisréttarlöndum, að trassarnir fara að verða í hættu, ef þeir láta ekki hendur standa fram úr ermum við ræktun landanna.

Þá er það og gert að tveggja ára fangelsissök, að gera nokkra kaup- eða sölu-samninga um lönd eða notkun þeirra fyr en eignarbréf hefir verið veitt fyrir þeim.

Skólanefndum er veittur réttur til þess að kaupa 4 ekru lóð á skóla-'section' fyrir skólahús, fyrir minst $10.00 ekruna.

Enginn vafi er á, að þessar breytingar verða lögleiddar nú á þinginu.

BAZAAR

Kvenfélag Únitara ætlar að hafa BAZAAR þann 22. og 23. þ.m. (mánudag og þriðjudag) eftir hádegi og að kveldinu, í samkomusal Únitara.

Margir ágætir munir verða þar til sölu: Föt handa ungum og gömlum, 'Sewing Cabinets' og aðrir fáséðir munir. Ennfremur gefst fólki tækifæri að reyna lukkuna með því að renna öngli og draga fisk (Fishing Pond) og kaupa kálhöfuð með einhverju neðan í (Cabbage Patch).

Komið á Bazarinn og kaupið.
Það mun borga sig vel.

Stgr. skáld Thorsteinsson, áttræður.

Í tilefni af því, að þessi stórmerki skáldöldungur verður í þessari viku áttatíu ára gamall, býður Bandalag fyrsta lút. safnaðar öllum þeim, sem vilja minnast skáldins, að koma á minningarsamsæti, sem stofnað er til fimtudagskvöld 18. maí klukkan 8, í sunnudagskólasal Fyrstu lútersku kirkju á Sherbrooke St. Ræður verða fluttar um skáldið, og kvæði eftir hann sungin. Ekki er hægt að auglýsa prógramm að fullu, en stuttar ræður flytja:

Dr. Jón Bjarnason, Dr. Jón Stefánsson,
Baldur Sveinsson, Baldur Jónsson, B.A.

Allir eru boðnir og velkomnir, og vonar Bandalagsstjórnin, að sem allra flestir heiðri minningu skáldsins með því að koma.

OGILVIE'S
Royal Household Flour
Til Brauð og Köku Gerðar
Gefur Ævinlega Fullnæging
EINA MYLLAN Í WINNIPEG,—LÁTIÐ HEIMAIÐNAÐ SITJA FYRIR VIÐSKIFTUM YÐAR.

BJARNASON & THORSTEINSON
Fasteignasalar
Kaupa og selja lönd, hús og lóðir víðsvegar um Vestur-Canada. Selja lífs og eldsábyrgðir.
LÁNA PENINGA
út á fasteingir og innkalla skuldir.
Öllum tilskrifum svarað fljótt og greiðanlega.
Wynyard - - Sask.

WALL PLASTER
"EMPIRE" VIÐARTAGA VEGGLÍM.
"EMPIRE" CEMENT WALL VEGGLÍM
"EMPIRE" FINISH VEGGLÍM.
"GOLD DUST" VEGGLÍM.
"SACKETT" PLASTER BOARD.
SKRIFIÐ OSS OG FÁIÐ VORA ÁÆTLUNARBÓK.
Manitoba Gypsum Co., Limited.
WINNIPEG, - MANITOBA.

Ýmsir eiga högg í annars garði.

Í 31. tbl. Hkr. rítar Miss R. J. Davidson "Nokkur orð til 'þrándar'."

Eg þekki kveðskap konu þessarar ekki að neinu ráði og ætla þess vegna ekki að blanda mér inn í deilumál hennar við þá þránd og G.T.J.

En ég ætla að athuga ofurlítið eitt atriði í nefndri grein hennar, þar sem hún talar til mín um leið og allra annara Íslendinga.

Ummæli hennar eru á þessa leið:

"Er nú ekki neitt í fari íslenzku þjóðarinnar, sem orsakar svartari bletti en ljóðagerðin? Við erum andlegir böðlar og uppreistarþjóð. Við erum hrís á hver annars húð og þyrnar í hver annars holdi. — Þegar við lesum bók íslenzku þjóðarinnar niður í kjölinn, hlýtur okkur að finnast það ömurleg forlög, að vera sprottin af jafn eitraðri rót".

Á öðrum stað í blaðinu spyr hún, hvort menn trúi því, að hún sé róleg á bersvæðinu mitt í kúlnahríðinni. Mér skilst, að hún ætlist til, að því sé trúað, og verð ég því að líta svo á, að tilfærð ummæli hennar séu töluð af sannfæringu, — séu ávöxtur rólegrar athugunar, en ekki hugsunarlaus og heimskuleg svölunaryrði fátækrar sálar. Eg ætla því að gera að vilja hennar og láta hana njóta þess réttar, sem allir þeir menn, sem eru með réttu ráði, hafa til þess að orð þeirra séu tekin til greina.

Samt sem áður fæ ég ekki betur séð, en að ummæli hennar séu órökstudd gífuryrði, — sleggjudómur, sem hlýtur að verða rökstuddur áfellisdómur yfir henni sjálfri, eins og allir sleggjudómar verða yfir höfundum sínum.

Hún á í vök að verjast gagnvart þeim mönnum, sem vega skáldskapargildi ljóða hennar og líta svo á, að hún skipi bekk með leirskáldum þessa lands. Ekkert getur komið til greina til varnar henni, nema róleg og skynsamleg rökleiðsla, sem sýni það svart á hvítu, að þessir menn séu ekki færir um að dæma um skáldskap og að hún þoli að ganga undir mál með þeim mönnum, sem eru viðurkend skáld.

Hvorugt þetta hefir hún gert, en í stað röksemdanna gripur hún til þess hálmstrás, að beina þeirri spurningu til lesendanna, hvort ekkert sé það í fari íslenzku þjóðarinnar, sem orsaki svartari bletti en ljóðagerðin(?) (Eg býst við að hún eigi við ljóðagerð leirskáldanna).

Hvað kemur þetta málinu við? Er ekki þjófnaður jafnt glæpur, þótt til séu svartari glæpir? Er ekki kirburður þjóðinni til vanvirðu jafnt fyrir því, þótt eitthvað það kunni að vera í fari hennar, sem er henni til enn meiri vanvirðu?

Þótt réttur konunnar til þess að verja skáldskapargildi ljóða sinna með öllu því, sem getur komið til greina og stutt málstað hennar, sé takmarkalaus, get ég ekki, þótt ég taki á allri sanngirni *) minni, viðurkent, að hún hafi rétt til að fara slíkum böðulshöndum um tilfinningar allra þeirra manna, sem eru af íslenzku bergi brotnir og unna þjóð sinni og sögu hennar. Finnur hún það ekki, að það er æði viðurhlutamikið, að fara slíkum orðum um þjóð sína, án þess að finna þeim nokkurn stað? Veit hún það ekki, að hér er hún sjálf að stinga sárasta þyrninum í hjarta þjóðernissystkina sinna, í þeim tilgangi einungis að hylja með því röksemdanekt ritsmíðar sinnar.

Vítaskuld dettur engum skynsömum manni í hug að neita því, að ótalmargt sé það í fari ísl. þjóðarinnar, sem betur mætti fara, en hitt er jafnvíst, að gjarnara er mönnum til þess að berja þá brígzlum um skör fram, sem eitthvað er ábótavant, heldur en að láta þá njóta sannmælis.

Eitt af því, sem Miss Davidson finnur þjóðinni til saka, er það, að hún sé uppreistarþjóð. — Hvar lýsir sér þessi uppreistarandi þjóðarinnar? Sjálfsagt í hinni stjórnarfarslegu sjálfstæðisbaráttu hennar, í baráttu hennar til andlegs frelsis, umbrotum hennar til efnalegs sjálfstæðis, og sennilega telur hún með þessa nýbyrjuðu baráttu gegn leirskáldunum hér vestanhafs og bulli þeirra.

Eg lít svo á, að allar þessar athafnir þjóðarinnar eigi rætur sínar í betri hvötum hennar, að þær séu vottur þess, að hún sé vöknuð til meðvitundar um það, að einmitt saga hennar hefir búið henni tilverurétt sem menningarþjóðar.

Hitt er annað mál, þótt margt sporáið sé misstigið á framfarabraut þjóðarinnar, það kastar ekki skugga á markmið hennar og stefnu.

Loks kem ég að því, sem er mergurinn málsins í þessari klausu Miss Davidson, þar sem hún segir:

"Þegar við lesum bók íslenzku þjóðarinnar niður í kjölinn, hlýtur okkur að finnast það ömurleg forlög, að vera sprottin af jafneitraðri rót".

Hvaða bók er hún að tala um? Eflaust sögubókina, — sögu þjóðarinnar í heild sinni?

Eg tel næsta óliklegt, að þeir séu margir af frávillingum þjóðarinnar, sem berja sér á brjóst og taka undir með Miss Davidson, og aldrei gæti það orðið heiðarlega eður fullnægjandi afsökun fyrir nokkurn mann, hvort heldur það væri leirskáld eða ónytjungur á annan hátt, að hann væri kominn af hinni atgervisprúðu, drenglyndu og vitru söguþjóð, sem fyrst bygði Ísland.

Gaman væri, ef rúm og tími leyfði, að fara gegn um nokkrar af Íslendingasögum með Miss Davidson og sjá, hvort ekki væri þar æðimargar konur, sem hefði fyllri ástæðu til þess, að harma það, að eiga slíkan afspring sem hún er, heldur en hún hefir til þess að svívirða þær og telja eitraða rót. Eg skal að eins af handahófi nefna Bergþóru, Auði konu Gísla, Þorbjörgu digru, Ásdísi á Bjargi, Heiku, og ótal fleiri mætti nefna.

Mun ekki óhætt að fullyrða, að íslenzka þjóðin hafi eignast tiltölulega jafnmörg dæmi þeirra karla og kvenna, sem hafa lagt líf sitt í sölurnar fyrir ástvini sína, eins og nokkur önnur þjóð í heimi?

Því hefir verið svo farið um allan aldur, að hver þjóð hefir átt sín framfara- og hnignunarskeið, og einnig Íslendingar. Eg býst við, að ég verði kallaður orðhákur, en samt ætla ég að taka svo djúpt í árinni, að fullyrða það, að fornþjóðin, sem fyrst bygði Ísland, — hin sanna rót íslenzka þjóðmeiðsins, — hafi haft meira drenglyndi til brunns að bera, meiri orðheldni, hreinskilni, einurð og táp, heldur en þeir menn, sem halda nú uppi merki þeirra frammi fyrir alheimi og kalla sig kristna.

Eg dreg þessa ályktun af samanburði fornsagnanna og reynslu minnar.

Eg er þess vegna þeirrar skoðunar, að okkur tjái ekki að skella skuldum okkar á bak forfeðranna. Það gera engir föðurbetrungar.

Okkur mun nær að íhuga hvort við verjum vel því pundi, sem okkur er falið, hvort okkur sé ekki tamara að draga í okkur eitur þeirrar þjóðfélagsspillingar, sem á sér víða stað í heiminum og ekki sízt vestan Atlantshafsins, heldur en að halda í heiðri þeim kostum, sem íslenzka þjóðin hefir jafnan átt í fari sínu og ávaxta þá.

Og eitt enn: Það er eftirtektavert og sorglegt, að þegar mikilhæfir vísindamenn annara þjóða, t. d. meðal Þjóðverja, verða svo hrifnir af tungu og sögu Íslendinga, að þeir verja öllu lífsstarfi sínu í þarfir þjóðarinnar, — þá skuli heyrast jafnömurlegar raddir frá Íslendingum sjálfum, þó það sé hér fyrir vestan haf.

Þeim mönnum, sem skammast sín fyrir, að vera af íslenzku bergi brotnir, ætti að vera hægurinn hjá, að varpa þeim bunga fyrir borð. Íslenzkan græðir ekki á því, að þeir aki sér upp við hana. Þeir ættu jafnvel að geta ort á ensku.

Jónas Þórbergsson.

*) Þann kost telur hún að Íslendingar hafi ekki til að bera.
Höf.

JÓN JÓNSSON, járnsmiður, að 790 Notre Dame Ave. (horni Toronto St.) gerir við alls konar katla, könnur, potta og pönnur fyrir konur, og brýnir hnífa og skerpir sagir fyrir karlmenn. — Alt vel af hendi leyst fyrir lítla borgun.

Herra Jón Hólm, gullsmiður að 770 Simcoe St., biður þess getið, að hann selji löndum sínum gull- og silfur-muni og gigtarbelti. — Belti þessi eru óbrigðul við gigt, ef þau eru notuð samkvæmt fyrirskipunum Jóns. Kosta að eins $1.25.

Það er alveg víst, að Það borgar sig að auglýsa í Heimskringlu.

Fólkstalið á Íslandi 1. des. 1910.

Þær tölur, er hér eru birtar, eru að eins til bráðabirgða, teknar eftir kaupstaða- og sókna-skýrslum, er þó hafa verið leiðréttar eftir því, sem föng voru á.

1. des. 1910 voru landsbúar (allir viðstaddir

ÁTTATÍU OG FIMM ÞÚSUND ÁTTATÍU OG NÍU.

Og er það 6,619 fleiri en 1. nóv. 1901. Fjölgun á þessum 9 árum og 1 mánuði hefir því verið 8.4 af hundraði. Í öllum 5 kaupstöðunum er 18,017 manns og hefir fjölgað í þeim síðan 1901 um 7,409; — flestir verzlunarstaðir hafa og vax ið mikið, en fækkað að eins í nokkrum þeirra. Í kaupstöðum og verzlunarstöðum er hafa yfir 300 íbúa, eru 32,3% allra landsbúa.

Hér fer á eftir skýrsla um mannfjölda í prófastsdæmum og ennfremur kaupstöðum með yfir 300 íbúa:

	Tala býla.	Fólkstala
Vestur-Skaftafells prófastsdæmi	222	1833
Rang árvalla prófastsdæmi	631	5355
Árnes prófastsdæmi	813	6047
Kjalarnes prófastsdæmi	2021	17598
Borgarfjarðar prófastsdæmi	387	2563
Mýra prófastsdæmi	226	1780
Snæfellsnes prófastsdæmi	548	3911
Dala prófastsdæmi	235	2130
Barðastrandar prófastdæmi	395	3271
Vestur-Ísafjarðar prófastsdæmi	308	2424
Norður-Ísafjarðar prófastsdæmi	645	5837
Stranda prófastsdæmi	186	1898
Húnavatns prófastsdæmi	481	3852
Skagafjarðar prófastsdæmi	554	4365
Eyjafjarðar prófastsdæmi	855	7463
Suður-Þingeyjar prófastsdæmi	424	3786
Norður-Þingeyjar prófastsdæmi	148	1371
Norður-Múla prófastsdæmi	329	2969
Suður-Múla prófastsdæmi	685	5610
Austur-Skaftafell prófastsdæmi	124	1028
Samtals	10217	85089

	1910	1901
1. Reykjavík	11593	6681
2. Akureyri	2089	1370
3. Ísafjörður	1857	1220
4. Hafnarfjörður	1551	495
5. Seyðisfjörður	927	841
6. Bolungarvík	821	
7. Akranes	809	747
8. Vestmannaeyjar	794	
9. Eyrarbakki	730	
10. Stokkseyri	681	
11. Húsavík	605	313
12. Stykkishólmur	590	363
13 Nes í Norðfirði	532	
14. Ólafsvík	525	612
15. Patreksfjörður	476	372
16. Sauðárkrókur	473	407
17. Keflavík	469	314
18. Siglufjörður	435	
19. Eskifjörður	425	302
20. Hellnasandur	412	
21. Búðir við Fáskrúðsfjörð	309	
22. Þingeyri	337	

Taft forseti

vill láta Urítara byggja veglega kirkju í Washington.

Sunnudaginn þann 23. apríl sl. talaði Taft Bandaríkja forseti nokkur orð að afstaðinni messugjörð í All Souls' Únítara kirkjunni í Washington, D.C. Forsetinn hefir sótt tíðir reglulega í þeirri kirkju síðan hann flutti til höfuðstaðarins.

Aðalefnið í ræðu forsetans var að brýna fyrir trúbræðrum sínum, Únítörum, hve nauðsynlegt það væri fyrir málefni þeirra, að Únítarar reistu dómkirkju eða veglegt aðal-musteri í Washington.

Forsetinn mintist á það í ræðu sinni, að trúarskoðanir sínar hefðu verið gerðar að umtalsefni í síðustu forsetakosningum, og sagði meðal annars þetta í því sambandi:

"Ýmsir munu þeir finnast, sem ekki álíta það nauðsynlegt, að til sé hér í höfuðstað landsins stofnun, sem hafi það hlutverk að útbreiða meðal þjóðarinnar þekkingu á skoðunum Únítara.

"En sérhver sá, sem sótt hefir um kosningu til embættis og lengið svohljóðandi símskeyti úr ýmsum óttum meðan á kosningum stóð: 'Menn segja þú sért Únítari, símaðu tafarlaust, að þessi ósvífna ákæra sé tilhæfulaus', — mun viðurkenna þörfina á, að útbreiða þá þekkingu meðal almennings, að únítara-trúin er kristindómur í sönnustu mynd, — kristindómur, sem leggur alla áherzluna á, að glæða í hjörtum allra elskuna til guðs og manna.

"Eg álít, að nú sé tími til kominn, að vér förum í vasa okkar, og ef þar eru ekki peningar fyrir hendi, að vér göngum í ábyrgð fyrir því fé, sem þarf til að reisa hér í höfuðstað ríkis vors veglegt musteri, er hæfi frjálslyndum trúarbrögðum.

"Aðrar kirkjudeildir hafa dómkirkjur í sambandi við aðsetursstað yfirstjórnar og biskupa sinna. Vér Únítarar höfum enga biskupa, en vér eigum í vorum hóp marga presta, sem með heiðri gætu gegnt slíku embætti, ef til væri; og það væri sérstaklega viðeigandi, að vér hefðum hér, í höfuðstað landsins, veglega kirkju, sem jafnaðist á við dómkirkjur annara kirkjudeilda.

"Og þótt heimili mitt verði að eins um stundarsakir hér á meðal yðar, og ég þess vegna hafi ekki tækifæri til að sækja tíðir í kirkju þessari að staðaldri, — vil ég gera þá uppástungu að vér allir, hvort sem vér búumst við að verða hér langdvölum eða að eins um stundarsakir, leggjum fram alt það fé, sem þarf til að reisa hér svo veglegt musteri, sem hæfir hinum frjálslynda og bróðurlega kristindómi, sem vér höfum tekið höndum saman um að útbreiða".

Forsetinn mintist á, að Washington borg væri ár frá ári meir og meir að verða höfuðból allra andans stefna í landinu, og væri því sjálfsagt fyrir Únítara, að haga sér þar eftir. — —

Þetta sýnir, að Taft forseti er einlægur fylgismaður frjálslyndra trúarskoðana, og að hann dregur engar dulur á að hann er Únítari.

Yfirlýsing.

Vér undirritaðir lýsum hér með yfir því, að vér höfum sagt oss úr Víkur-söfnuði, og afhent skrifara safnaðarins 13. og 14. marz síðastliðinn skriflega úrsögn vora, bæði af þeim ástæðum, er vér þá tilgreindum, og öðrum ástæðum, sem hlutaðeigandi fólki eru kunnar, — og erum vér því lausir við allar skyldur þess safnaðar.

Jóhannes Jónasson, S. J. Jónasson, M. J. Jónasson, A. Ólafson, Conráð Þorsteinson, Guðrún Þorsteinson, Bjarni Bjarnason, Mrs. B. Bjarnason, Tryggvi Bjarnason, Inga Þorlákson, Lúðvík Þorlákson, Jóhann Þorlákson, Leufey Þorlákson, Mrs. S. Johnson, Ina Johnson, Elinborg Johnson, Jóhann Shristjanson, Guðrún Christjanson, Anna Christjanson, Fríða Christjanson, Gunni Christjanson, Sæm. Sigurðson, Steinunn Sigurðson, Marta Sigurðson, Jóhannes Anderson, Mrs. J. Anderson, Sigurbjörg Sigurðson, Mrs. J. Benediktson, S. M. Melsteð, M. Einarson, Mrs. M. Einarson, Þorbjörg Einarson, María Einarson, Frímann Einarson, Sigurður Kristjánson, Mrs. S. Kristjánson, Magnea Kristjánson, Guðrún Kristjánson, Gíslína Kristjánson, Þorgils Halldórson, Mrs. Þ. Haldórson, Kristján Haldórson, Mrs. K. Haldórson, Haldór K. Haldórson, Anna K. Haldórson, Malla K. Haldórson, G. Guðmundsdóttir, Sæmundur Eirikson, Mrs. S. Eirikson, S. R. Johnson, Mrs. H. T. Hjaltalín, H. H. Reykjalín, Hannes Björnson, Mrs. H. Björnson, Kristín Dalmann, Haldór Þorgilson, Mrs. H. Þorgilson, Friðrik Haldórson, Mrs. F. Haldórson, Oddur Sveinson.

Af þessum nöfnum stóðu átta undir úrsagnar yfirlýsing, er forseta Víkur-safnaðar var afhent á fundi 15. marz sl., ásamt nafni skrifara, J. Benediktson,

• • •

ATHS. — Alls eru nú í hinum nýmyndaða Mountain-söfnuði 84 fermdir.

Mountain, 8. maí 1911.
J. Benediktson.

Til R. J. Davidson.

Þó spurningarnar frá R. J. Davidson í síðasta (4. maí) blaði Hkr. sé ekki beinlínis stílaðar til mín, mun hún svo til ætlast, að ég svari þeim einhverju.

Það kom mér mjög á óvart, að vera talinn með "níðdómurum" eða "sleggjudómurum" ljóða hennar. Þar sem ég vissi eigi að ég hefði minst þeirra með einu orði. Eg las því grein mína vfir til að sjá, hvað það væri, sem svo mjög hefði ýft skap hennar. Og það eina sem ég fann, er snert geti hana eða skáldverk hennar, eru þau ummæli mín: að S.B.B. "hafi haft hugrekki til að ráðast á það, sem hærra stendur í almenningsáliti, en kvæði R. J. Davidson og Sveins Símonarsonar".

Nú er á það að líta, að hve miklu leyti þessi orð eru ósanngjörn eða niðurlægjandi fyrir hana það vita allir, sem lesið hafa ljóð Sigfúsar Benedictssonar, að hann hefir ekki farið almannaveg, hvað skoðanir snertir, hvorki í stjórnmálum eða trúmálum. Hann hefir ekki dregið dul á það, hve smáum augum hann lítur á kenningar kirkjunnar og hinar ríkjandi trúarhugmyndir yfirleitt. En meðan almenningur tilheyrir kristinni kirkju, og leggur kenningar hennar til grundvallar fyrir breytni sinni, verð ég að álíta, að ekki standi annað ofar að áliti almennings; hvað sannleiksgildi eða menningaráhrif snertir. Þó almenningur serji verk R. J. Davidson þar skör lægra, má hún full sæmd vera. Vona ég, þegar hún íhugar þetta nánar, sjái hún að í þessu er enginn "níðdómur" falinn. Með þessu er bæði fyrstu og annari spurningunni svarað.

Númer 3 er engin spurning, þó það sé sett fram í spurningarformi. Þar er R. J. Davidson að eins að gefa lesendum Hkr., skyn mín að segja, veit ég ekki; við að lífsferill minn sé saurugur. — Hvað ilt R. J. Davidson hefir til höfum aldrei sést eða kynst á nokkurn hátt. Sé henni hugsvölun í því, að vekja illan grun á mér, skal ég engan þátt taka í, að spilla þeirri gleði. Eg hefi átt því láni að fagna að fólk, sem ég hefi umgengist, hefir sýnt mér góðvild og vinsemd, og vona ég að svo verði framvegis.

Um fjórðu spurninguna hefi ég það að segja að: óþarfi sé það fyrir R. J. Davidson að hafa áhyggjur út af Hagyrðingafélaginu, eða eyða á það tárum sínum, með þeim ætti hún fremur að vökva sín "eigin angandi blóm í akri sínum".

Eg vil svo að endingu mælast til þess, að R. J. Davidson lesi aftur yfir ritgerð mína í 30. tölublaði Heimskringlu, og athugi það, hvort ég hefi valið henni eða öðrum, er við ljóðagerð fást, nokkurn háðungar-sess. Ef hún, eftir að hafa gert það, kýs fremur að eiga sæti þar sem Tryggvi skipaði henni á bekk, með 'anans aulum' og 'golþorskum', sem sé þjóðflokki vdrum smán og svívirðing, hafi fyrirgert öllum kröfum til almennr ar kurteisi, og jafnvel sé rétt-ræk úr mannlegu félagi í samfélag sauða og nauta, — þá get ég engan meiri þátt átt í, að leiða hana þaðan.

Winnipeg, 8. maí '11.
Hjálmar Gíslason.

ISLENZKAR BÆKUR

Eg undirritaður hefi til sölu nálega allar íslenzkar bækur, sem til eru á markaðinum, og verð að hitta að Lundar P.O., Man. Sendið pantanir eða finnið

Niels E. Hallson.

Minnisvarðar úr Málmi.

Eru miklu fallegri og í öllu tilliti fullkomnari, fyrir sömu peningaupphæð, heldur en úr marmara eða granit. WHITE BRONZE minnisvarðar, búnir til af The Monumental Bronze Co., eru nú komnir í miklu meira álit en steinn. "White Bronze" heldur sínum rétta, eiginlega, ljósgráa lit öld eftir öld, þolir öll áhrif loftsins, hita og kulda — það gerir steinninn ekki, — hefir engar holur, molnar hvorki né klofnar, springur ekki, tekur ekki í sig raka eða vætu; verður ekki mosavaxið; — þetta alt gerir steinninn

Alt letur er upphleypt, steypt um leið, og getur því ekki slitnað af eða brotnað; sömuleiðis ýms merki og myndir til prýðis (sem kaupandi velur sjálfur), — alt sett á frítt.

Mörg hundruð úr að velja af ýmsri stærð og lögun. Kosta frá fáeinum dollurum upp til þúsunda.

Spyrjið um myndir, stærð þyngd og verð á þessum minnisvörðum (bréflega eða munnlega) áður en þið kaupið stein. Allar upplýsingar góðfúslega gefnar af

J. F. Leifson,
Quill Plain, Sask

Drykkjuskapur og tóbaksnautn.

Ef til væri meðal, sem læknaði drykkjuskap og tóbaksnautn, án vitundar og tilverknaðar neytandandans sjálfs, þá yrði það merkasta uppfynding aldarinnar, því hver drykkjumaður og tóbaksneytandi hyrfi á skömmum tíma.

Hver sem hefir í hyggju að lækna annanhvorn þennan ávana kunningja sinna á þennan hátt, mun sjá, hversu fráleitt það er, ef hann hugsar ögn um það.

Það þarf að beita fullkominni einlægni við þann, sem lækna skal. Með hans aðstoð má lækna hann af hvorum þessum löstum, en árangurslaust án hans hjálpar og samþykkis.

Dr. McTaggart í Toronto, Can., ábyrgist, að lækna menn af drykkjuskap á þremur til fjórum dögum, ef forskriftum hans er nákvæmlega framfylgt. Læknirinn hefir selt þétta ofdrykkju læknislyf til fleiri ára og hefir bætt fjölda manns. Lyfið kostar að eins $25.00 og mun reynast eins vel, ef ekki betur, og nokkur $100 lækning, sem völ er á.

Meðal hans móti tóbaksneyzlu, er sérstaklega tilbúið í því skyni. Kostar að eins $2.00, og geta menn læknast af því á hér um bil tveimur vikum

Bæði lyfin eru ágæt til styrkingar líkamans, og hafa engin óholl eftirköst á þann, sem læknaður er.

Fjöldi vottorða gefin af fúsum vilja. Getur hver fengið að sjá þau, sem þess óskar.

Lyfin send, þegar borgun er fengin. Burðargjald ókeypis. Bréfaviðskifti boðin, — stranglega heimuleg.

Skrifið eða ráðgist við

K. K. ALBERT,
einka-umboðsmaður í V.-Canada,
708 McArthur Bldg., Winnipeg.

ÍSLENZKT VÍRAVIRKI

úr gulli og silfri, fæst nú og í næstu þrjá mánuði smíðað á vinnustofu

Björns Ólafssonar
GULLSMIÐS
752 Victor Street

hér í bænum. — Allar aðgerðir á gull og silfursmíði verða þar fljótt afgreiddar.

The Liquor License Act

Eftirfylgjandi beiðnir um endurnýjun Hotel leyfis hafa verið meðteknar og verða íhugaðar af leyfisnefndinni fyrir leyfishérað No. 4, í Winnipeg, á skrifstofu Chief License Inspector, horni Kennedy og Broadway stræta, kl. 2 e. h. mánudaginn 22. maí 1911: — G. E. Sólmundson, Gimli Hotel, Gimli, og J. G. Christie, Lakeview Hotel, Gimli.

Dags. að Winnipeg, apríl 1911.

M. J. JOHNSTONE,
Chief License Inspector.

DEER LODGE

SUBDIVISION

Þessar lóðir eru hluti af 20 og 21 St. James og liggja að eignum Strathcona lávarðar að vestan og Deer Lodge að austan.

Þetta er vafalaust hin bezta og fullkomasta 'Subdivision' nokkru sinni látin á markaðinn. Hún hefir áður en árið er úti öll upphugsanleg þægindi [nema Gas] og ef þú óskar getur þú bygt hús þitt strax, með þeirri öruggu vissu að allar þessar umbætur verðar gerðar, áður en það er fullbúið. Verðið sem þú borgar er engu meira en fyrir aðrar lóðir sem ekki hafa þessar umbætur. Sporbraut verður fullkomnuð á þessu ári, og þú verður aðeins 2 'blocks' frá strætisvagni, hvar sem þú býrð í þessari 'Subdivision'. Núverandi strætisvagna umferð frá borginni til Deer Lodge, færir sporvagn til eignanna á 4½ hverri mínútu. Hinn góðkunni 'Sharpe Boulevard' liggur eftir eigninni endalangri og eykur mjög verðmæti hennar, og hið 120 feta breiða stræti sem lagt verður til borginnar, er einn liðurinn enn í umbótakeðjuna, sem gerir 'subdivision' þessa fremri öllum öðrum sem á boðstólum eru.

Verðið frá $12.50 Fetið

Allar lóðirnar eru 50 fet nema þær sem eru við akbrautina, þær eru 66 fet, og engar lóðirnar eru minna en 50x112. Hagkvæmari byggingar lóðir er því ekki hægt að hugsa sér. Upplýsinga bæklinga geta menn fengið með því að finna okkur, síma eða skrifa. Þú hefir öll tækifærin að ná í beztu lóðirnar, en þetta lága verð stendur aðeins til 1. júní, og þessvegna borgar það sig að hafa nú hraðan á.

Bifreið vor stendur ykkur til boða.

SALAN HÓFST Í DAG MIÐVIKUDAG 17. MAÍ

ST. JAMES REALTY CO.

Phone Main 584 Bank of Nova Scotia Bldg., Cor. Garry and Portage

ÚTIBÚ SKRIFSTOFA A EIGNINNI

Heimskringla
Published every Thursday by The Heimskringla News & Publishing Co. Ltd

Verð blaðsins í Canada og Bandaríkjunum er $2.00 um árið (fyrir fram borgað).
Sent til Íslands $2.50 (fyrir fram borgað).

B. L. BALDWINSON
Editor & Manager

Office:
729 Sherbrooke Street, Winnipeg
BOX 3083. Talsími Garry 4110.

Háskóla-prófin.

Þessa árs próf við Manitoba háskólann eru nýafstaðin. Einkunnir nemendanna voru auglýstar í blöðunum á föstudaginn var.

Þessir fimm Íslendingar útskrifuðust:

Valdimar Lindal,
Jóhann G. Jóhannsson,
Baldur Johnson,
Stefán A. Bjarnason,
Jón Christopherson.

Lindal fékk fyrstu ágætiseinkunn í öllum námsgreinum, og hlaut silfur-heiðurspening fyrir stærðfræðinám. Svo fékk hann háar einkunnir, að þær jafna sig upp langt yfir 90 stig, og hefir enginn nemandi fyr betur gert við háskóla þessa fylkis. Þessi sami piltur hlaut og væna gull-medalíu fyrir ritgerð, er hann samdi á sl. hausti um goðafræði, og sem þá var prentuð í skólablaðinu "Vox Wesleyana".

Jóhannsson fékk sömu einkunn og Lindal í öllum námsgreinum, nema tveimur, var þar að eins einu stigi neðar. En til jafnaðar náði hann hærri einkunn en nokkur annar, sem lagt hefir stund á stærðfræðinám við skólann (að Lindal undanteknum) og hlaut bronz medalíu fyrir það nám.

Baldur Johnson fékk fyrstu ágætis-einkunn í öllum námsgreinunum nema einni, var þar stigi lægra. Hann hlaut bronz medalíu fyrir ensku- og sögu-nám.

Stefán A. Bjarnason fékk fyrstu einkunn og Jón Christpherson aðra einkunn.

Peninga verðlaun hlutu þessir: Steinn O. Thompson $60.00 fyrir latínu og stærðfræðinám, og hlaut einnig sæmdarviðurkenningu fyrir sögunám. — Þessi piltur, sem nú er að eins 16 vetra gamall, gefur von um, að verða í fremstu námsmanna röð, og í engu eftirbátur þeirra, sem beztir hafa reynst á liðnum árum. — Lawrence Jóhannsson, sonur Eggerts fyrrum ritstjóra Jóhannssonar, fékk $40.00 peningaverðlaun fyrir nám í efnafræði. Og þeir Jón Árnason og Jón Einarsson fengu sína $20.00 hvor fyrir íslenzku nám.

Þess skal hér getið, að Stefán A. Bjarnason hefir aðallega lagt stund á náttúruvísinda nám, og hefir í hyggju, ef efni leyfa, að stunda hér eftir búnaðarnám við Manitoba búnaðarskólann og ná þar háskólakennaraprófi í búnaðarvísindum. Eftir tvennja ára nám þar ætti hann því, ef gæfan fylgir honum, að geta orðið fyrsti íslenzki kennarinn í búnaðarvísindum í þessu fylki, og til þess ættu öll góð öfl að styrkja hann.

Þeir Íslendingar, sem stóðust háskólaprófin í ár, auk hinna framantöldu, eru þessir:

Upp úr fyrsta árs bekk — Jón Einarsson, ungfrú Sigrún I. Helgason, Magnús Kelly, ungfrú Aldís Magnússon, Steinn O. Thompson og Jón Thórarinson.

Upp úr annars árs bekk — O. T. Anderson, Jón Árnason, ungfrú Magnea Bergmann, Sveinn Björnsson, Jóhannes Eiríksson, Lawrence Jóhannsson, Thomas W. Johnson, ungfrú Matthildur Kristjánsson og ungfrú Margrét Paulson.

Upp úr þriðja árs bekkk — Ungfrú Ethel Middal, Hallgrímur Johnson, Jónas T. Jónasson, Björn Hjálmarsson og Gordon Paulson.

Úr læknaskólanum útskrifaðist Jón Stefánsson, með 1. einkunn. Upp úr þriðja árs bekk fæðist Ágúst Blöndal, og upp úr fjórða árs bekk Stefán Stefánsson.

Prófin í undirbúningsdeildum háskólans fara ekki fram fyr en í næsta mánuði, og verða úrslit þeirra þá auglýst. Þar eru nú allmargir íslenzkir nemendur.

Það munu láta nærri, að 50 Íslendingar hafi á liðnum vetri stundað nám við Manitoba háskólann og í undirbúningsdeildum hans, og mun óhætt að fullyrða, að þeim hafi farnast þar mjög sæmilega, — þó ekki hafi þeir á þessu árilrakað að sér eins miklum námsverðlaunum, í tiltölu við fjölda þeirra, eins og á sumum undangengnum árum. — Annars hafa þeir, sem útskrifuðust, aukið þjóðflokki vorum sæmd með þeim háu einkunnum, sem þeir hafa hlotið. Og sama má segja um nokkra þeirra, sem fæst hafa áfram við prófin, svo sem þá Stein O. Thompson, Jónas T. Jónasson, Jón Árnason, Hallgrím Johnson, Björn Hjálmarsson og Ágúst Blöndal, sem allir hafa hlotið fyrstu einkunn og Björn Hjálmarsson fyrstu ágætis-einkunn.

Íslenzki þjóðflokkurinn hefir ástæðu til, að lita með velþóknun á framkomu nemenda sinna við þessi próf. Það er enn sýnt, sem löngu áður var viðurkent af alþýðu manna hér í landi, að landar vorir séu gáfnalegir jafnokar annara þjóðflokka, er hingað flytja, — og meira en það. En til þess að sú orðstir, sem námsmenn vorir hafa þegar getið sér, fái haldist við á komandi árum, er það áríðandi, að vel sé vandað til náms-áns. Það hvílir sérferðislega ábyrgðarskylda á foreldrum og aðstandendum uppvaxandi lýðsins, að sjá til þess, að hver einstaklingur geti notið hæfileika sinna á þann hátt, er þeim megi að sem mestum notum koma. Að sjálfsögðu ber þeim að veita ungmennunum eins góða og gagnlega mentun eins og efni leyfa og námshæfileikar ungmennanna krefjast. En ungmennin eru eins misjafnlega gerð að náttúrufari eins og þau eru mörg. Einn er til þess hneigður, annar til hins. Til háskólanáms skyldu því ekki aðrir sendast en þeir, sem bæði eru gæddir góðum bóknáms hæfileikum og hafa einlæga löngun til lærdóms. Mörg unmenni eru svo gerð, að þau geta ekki felt sig við að stunda örðugt bóknám, en kjósa heldur að læra handiðn, eða annað þess háttar, og ættu þau þá að geta átt frjálsan og óhindraðan aðgang að slíku námi. Hafandi jafnan það hugfast, að öll líkamleg iðja er fult eins heiðarleg einstaklingnum, um leið og hún er nauðsynleg fyrir þroska þjóðfélagsins, eins og andleg starfsemi eingöngu, sem þeim verður flestum að kjósa, er háskólaveginn ganga. Verkfræðingurinn er hverju þjóðfélagi fult eins þarfur og nábúi hans í nokkurri annari stöðu. Enda er nú verkfræðin, eða sumar greinar hennar, komnar á það stig, að háskóli þessa fylkis veitir próf í þeim, sem og í búnaðarvísindum. Verkfræðina, í hennar ærði greinum, hafa landar vorir algerlega vanrækt alt að þessum tíma, og gera það enn. En vonandi kemur sá tími — og þess fyr þess betra — að Íslendingar geta talið í hópi sínum háskóla-prófgengna verkfræðinga og bændur.

Eitt af aðalmeinum margra vorra íslenzku námsmanna og námsmeyja á liðnum árum hefir verið efnaskortur. Ýmsir nemendanna, bæði piltar og stúlkur, hafa orðið að búa við megnan skort, til þess að geta stundað nám sitt, og til þess þarf meira þrek, en fólk gerir sér alment grein fyrir. Margir þeirra hafa þó komist ágætlega gegn um prófin, en verið svo í miklum skuldum að þeim loknum. Það væri mannúðarvottur af löndum vorum, að veita meira athveli en þeir hafa áður gert þessari hlið málsins, og að veita ungum efna- og umkomulausum nemendum þann styrk og þá samhygð, sem þeir þarfnast svo mjög í baráttu sinni á skólaárunum. Íslenzkir einstæðings nemendur verðskulda stuðning allra góðra manna.

Við þessi nýafstöðnu próf hefir séra Hjörtur Leó lagt fyrir prófdómendur háskólans langa og ítarlega ritgerð eftir sjálfan sig um "Hver er höfundur Jóhannesar guðspjalls?" Fyrir þessa ritgerð veitti skólinn honum 'Master of Arts' stigið

Steingr. Thorsteinsson áttræður.

Á morgun, föstudaginn 19. maí, verður þjóðskáldið Steingrímur Thorsteinsson áttræður.

Sjaldan hefir meiri ástæða verið fyrir Íslendinga austan hafs og vestan, að minnast með hlýjum hug og mannfagnaði nokkurs manns, sem snildarskáldsins, er kvað 'Gilsbakkaljóð' og 'Vorhvöt', — þýðarans góða, sem þýddi 'Þúsund og eina nótt', — og ættjarðarfrömuðarins, sem vakið hefir af dvalanum hina íslenzku þjóð með hinum hvetjandi, fjörgandi og hljómfögru snildartónum hörpu sinnar.

Steingrímur hefir verið meira fyrir hina íslenzku þjóð en flestir aðrir, og ekkert skáld — að Jónasi Hallgrímssyni undanskildum, — hefir kveðið sig að hjartarótum þjóðarinnar sem hann. Því sem skáld hefir Steingrímur verið ástmögur Íslands og leiðarstjarna.

Steingrímur er fæddur 19. maí 1831, að Arnarstapa á Snæfellsnesi, sonur Bjarna amtmanns Thorsteinssonar. Útskrifaðist úr latínuskólanum 1851. Sigldi samsumars til Kaupmannahafnar háskóla, og tók embættispróf í latnesk-grískri málfræði 1863. Dvaldi í Khöfn unz árið 1872, að honum var veitt kennara embætti við lærðaskólann, og hefir hann gegnt kenslustörfum þar frá þeim tíma. Varð yfirkennari 1895, en rektor skólans 1904.

Ljóðmæli sín gaf Steingrímur út árið 1882. Varð útgáfa sú uppseld á skömmum tíma, og var óláanleg um mörg ár. Aðra útgáfu aukna lét hann gefa út 1893, og fór á sömu leið. Þriðja útgáfan birtist 1909, og mun hún einnig uppseld, að minsta kosti er svo hér vestra.

Auk ljóðmælanna hafa ýmsar þýddar bækur, bæði á bundnu og óbundnu máli, komið út eftir Steingrím. Á öllum þeirra er snild. Honum lætur betur að þýða en nokkrum öðrum Íslendingi. — Mesta þrekvirki hans er þýðingin á "Þúsund og einni nótt", sem hann gerði á árunum 1857—66. Þá má geta þýddra ljóða eftir Byron, sem gefin voru út sérprentuð fyrir nokkrum árum, ljóðabálkinn "Axel", sem hann þýddi, eftir Tegner; "Lear konungur", eftir Shakespeare; helming kvæðanna í "Svanhvít", "Undína", og ótal fleiri þýðingar, sem allar eru snild.

Hvað hans eigin ljóðmælum viðvíkur, þá bera þau af öllum ljóðum annara skálda, að formfegurð og lipurð. Steingrímur nær betri tökum á hörpu sinni en aðrir, og tónar hennar syngja sig umsvifalaust — óþvingaðir inn í hug og hjarta sérhvers Íslendings, sem heilbrigðri skynsemi er gæddur. — Allir kunna upphafið á "Vorhvöt"

"Þú, vorgyðja! svífur úr suðrænum geim
á sólgeislа vængjunum breiðum,
til Íslands fannþöktu fjallanna heim,
að fossum og dimmbláum heiðum;
ég sé hvar í skýjum þú brunar á braut,
ó, ber þú mitt ljóð heim í ættjarðarskaut".

Hinn hljómþýði blær, sem auðkennir flest kvæði Steingríms, hefir orðið til þess, að lög hafa verið samin við fjölda þeirra, — fleiri en nokkurs annars íslenzks skálds. Kvæðin og lögin síðan fest dýpri og dýpri rætur hjá þjóðinni, og sungin nú á öllum tímum við öll tækifæri.

En nú er þessi skáld-ljúflingur Íslands orðinn áttræður öldungur. Harpan góða hætt að hljóma að mestu, og stundin hlýtur óðum að nálgast, að hún þagnar með öllu. En þó aldraður á líkama er andinn ungur, — eins og hann sjálfur segir: —

"Elli, þú ert ekki þung
anda guði kærum;
fögur sál er ávalt ung
undir sifur-hærum".

Og fagra sál hefir Steingrímur Thorsteinsson óneitanlega.

Vestur-Íslendingar senda því þjóðskáldinu góða hugheilar heillaóskir á áttræðis afmælisdaginn, með alúðarþökkum fyrir ljóðin fögru og góðu, og hið mikla starf þess bókmentum landsins til sóma.

Kveðju-orð.

Ég ætla að lýsa því yfir strax í upphafi, að þetta verður síðasta greinin, sem ég skrifa í þessu leirskálda-máli. Ekki fyrir þá sök, að ég finni mig hrakinn hið minsta frá þeim vegi, er ég tók í upphafi, heldur vegna þess, að það er þýðingarlaust og þreytandi, að eiga í ritdeilum við menn, sem annaðhvort af gáfnatregðu eða með vilja forðast að ræða málefnið, sem til grundvallar liggur, en rita í þess stað langar greinar, sem eru útúrdúrar og útúrsnúningar einir, eða illkvitnislegar aðdróttanir. Við slíka menn er ekki hægt að ræða mál, — og af þessum ástæðum eru þetta kveðju-orð mín; því þeir, sem hafa andmælt mér, hafa all-flestir verið þessum ritkvillum sýktir.

En að skilnaði vildi ég þó svara fám orðum þeim tveim herrum, sem hæst hefir sungið í tálknunum hjá, — nefnilega Hjálmari vorum Gíslasyni og Gísla P. Magnússyni, Gimlungs ritstjóranum.

Hjálmar riður fram á völlinn á "höfuðlausum hortitt" í síðustu Heimskringlu, og rembist mikinn. Þykist hann hafa fundið eina höfuðsynd hjá mér, og hún er sú, að ég hafi gert mið sekan í þeirri óhæfu, að brigsla leirskáldunum um, að stagl þeirra væri tungu vorri vansæmd, en sjálfur væri ég miklu sekari í þeim glæp en þau. Tilærir hann máli sínu til sönnunar ýms orð, sem hann eignar mér og telur hörmuleg. — O-jæja, úr flestu má sér mat gera, og Hjálmar vor hefir gripið dauðahaldi eina hálmstráið, sem á floti var, og hygst að fleyta sér á því gegn um ófærurnar, sem hann er kominn í. — En það hryggir mig, að hrifsa þetta hálmstrá frá honum, þó svo verði að vera, því enginn er annars bróðir í leik.

Flest orðin, sem Hjálmar vor hinn djúpvitri, telur ramvitlausa íslenzku, eru há-rétt mál, og auðskilin öllum nema honum. Vil ég nú reyna að heimfæra honum sanninn um, að svo sé.

Mest verður gerir Hjálmar vor út af setningunni "fyrirmyndar endemis félag". Telur 'fyrirmynd' hrossyrði en 'endemi' lastyrði, og það sé hugsunarvilla og ógerningur, að viðhafa þau í senn um sama nafnið. Þetta er ekki rétt. 'Fyrirmynd' þýðir að skara fram úr í einhverju, hvort heldur illu eða góðu; það er hrossyrði, þegar það er sett framan við nafnorð, en þegar lastyrði kemur á milli nafnorðsins og þess, líkt og hér er um að ræða, er það nokkurs konar forskeyti, sem gerir lastyrðið áhrifameira.

'Heimshnefleikari' er eitt af orðum þeim, sem hneyksla Hjálmar vorn. Vill hann hafa það í þremur orðum: 'heimsmeistari í hnefaleik'. Hitt segir hann að merki að 'leika sér að heimshnefa'. Vitur er Hjálmar vor þar! Raunar er það algild meginregla, að koma því fyrir, sem lýsi sérkennum manns, í einu orði en ekki mörgum, og í þessu sambandi er 'heims' forskeyti, sem lýsir yfirburðum hnefaleikarans yfir alla aðra, og því lauk-rétt íslenzka.

Þá er 'bifreiðarhraði', sem vekur Hjálmari hugraun. Hann veit auðsjáanlega ekki, að bifreið og hraði eru hvorttveggja nafnorð — samsett í eitt —, að bifreið er nafnið á flutningstækinu, en hraði merkir gang þess. Líkt og 'vindhraði', 'ljósshraði' og 'skipshraði'.

Einnig er Hjálmar að vandræðast með 'kvennabúrsbuxur', og telur það eitt af stórvillum mínum. Vita ætti Hjálmar, að stúlkurnar í kvennabúrum Tyrkja og Austurlanda-búa ganga á buxum, en ekki kvennabúrin (! !), og að t. d. á ensku er getið um 'harem skirts' og 'harem trousers', og engum dettur í hug að ímynda sér að kvennabúrin — þ. e. húsið eða höllin, sem stúlkurnar búa í — séu íklædd slíkum skrúða.

Hin orðin, sem Hjálmar vor færir mér til syndar, eru þessum lík, sem hér gefst að líta, svo ég nenni ekki að eltast við þau frekar.

Eitt er það samt annað, sem ég vil leiðrétta hjá Hjálmari, og það er sú staðhæfing hans, að ég hafi ráðist á Hagyrðingafélagið, vegna þess, að mér hafi persónulega verið illa við tvo meðlimi þess, Sigfús Benedictsson og Gunnar J. Goodmundson. Þar fer Hjálmar villur vegar, því báðir þessir þessir menn eru góðkunningjar mínir. Og að ég réðist á kveðskap þeirra fremur annara meðlima félagsins kom af því, að ég var honum betur kunnugur en kveðskap hinna.

Frekari ástæðu finn ég enga, að eltast við 'höfuðlausa hortittinn' hans Hjálmars vors. Hortitturinn er hans, — ekki minn. Og með þessari grein sinni, sem hinum fyrri, hefir Hjálmar sýnt það, að honum er ekki hent að rökræða málefni, — sízt þegar hann hefir vondan málstað að verja.

Þá snýr ég mér að prúðmenninu Gísla P. Magnússyni, Gimlungsgoða.

Fyrir nokkru stóð um mig óþverragrein í Gimlungi, út af árásum mínum á leirskáldin. Greinin var öll illkvitnislegar aðdróttanir í minn garð, en á engan hátt reynt að hrekja neitt af því, sem ég hafði sagt um leirskáldin, — var slíkt auðsjáanlega ritstjórabessum um megn. Grein þessari svaraði ég með einum 30 línum, og taldi ég að Gísli Magnússon mætti þar vel við una. En viti menn, í 11. tbl. Gimlungs, sem út kom þann 3. þ. m., svarar ritstjórinn þessum 30 línum mínum með þriggja — segi og skrifa þriggja dálka langri grein, og má af því marka, að þessar fáu línur minar hafa all-óþyrmilega komið við kaun hans (G. P. M.). — En þó fyrri óþverragreinin til mín væri bágborin, þá er hin síðari margfalt verri: Gorgeir vanþekkingarinnar og illkvitninnar í línu hverri, — og ósamræmið dæmafátt, því að ritstjórinn verður marg-saga á mörgum stöðum.

Annars ætla ég að athuga þetta greinar-gersemi litlu nánar, svo almenningi gefist tækifæri að sannfærast um gáfna-tregðu ritstjórans.

Greinin byrjar á leirkviðlingi einum, sem hefir meðal annars það til sins ágætis, að kalla Heimskringlu 'ringlaða', og að 'hún uni sér bezt við leirinn'. En seinna í greininni stendur, að Heimskringla sé bezta vestur-íslenzka blaðið. — Getur öllu meira ósamræmi átt sér stað? Eða ber að skilja þetta svo, að þó Heimskringla sé 'ringluð', þá sé hún bezta blaðið fyrir það, því hin blöðin séu hálfu ringlaðri? Ef svo er, þá má guð hjálpa Gimlungi, — því neðar í hyldýpi heimskunnar hefir ekkert íslenzkt blað komist fyr eða síðar, jafnvel ekki XX. öldin. — En mikið dásemdar-djásn má ritstjóri Giml. annars vera, að lýsa 'yfir öðru eins og þessu um sitt eigið blað! — Slíkt mun naumast dæmi um nokkurn blaðstjóra fyrri, — en Gísli er líka einn í sinni röð.

Annað meistarastykkið hjá Gísla er það, að þegar hann hefir í annari hvorri línu greinar sinnar ausið yfir mig saur og svívirðingarnöfnum, svo sem 'hálfviti', 'andstyggilegur viðbjóður', sem sé blestur á öllu góðu, sem geti verið í fari eins manns, og 'mannfýla', — eftir allt þetta góðgæti lýsir hann hátíðlega yfir í enda greinar sinnar, að hann beri hina mestu virðingu fyrir mér. Hvernig lízt ykkur, lesendur góðir, á annað eins og þetta? Getur öllu kátbroslegri ósamræmi að líta hjá nokkrum manni, sem við ritstörf hefir fengist fyr eða síðar? — Ég efast mikillega um það.

En það er eitt, sem mér þætti mjög gaman að ritstjóri Gimlungs vildi sanna, og það eru aðdróttanir hans um hina flekkuðu fortíð mína á Íslandi. Mér þætti gaman, að Gísli eða nokkur annar gæti bent á nokkurn blett eða skugga á fortíð minni heima; og ég skora alvarlega á hann, að nefna sögumann sinn, annars lýsi ég hann opinberan ósannindamann að slíkum aðdróttunum. — Ég kom hingað sem tvítugur unglingur, og ekkert það hafði ég aðhafst, sem ég hafði hina minstu ástæðu til að bera kinnroða fyrir. Og það er lubbaleg ómenska, að gera þann ig getsakir, — ekki sízt, þegar allmargir misyndismenn, því miður, hafa frá Íslandi komið, og því auð velt að fá almenning til að halda saklausa menn slíka, ef getsakir þessar eru gerðar.

En eitt er það, sem skín í gegnum allan skammavaðalinn í Gimlungi, og það er: "Öllum leirskáldum er velkomið húsrúm hjá mér". Og kryddar Gísli grein sína óspart með leirburði. Á einum stað stendur þetta gersemi:

"Eru raufar inn til þín
oft þó paufist fikkur.
Hættu að spauga, hejllin mín,
horna og klaufa gikkur.

Ef nokkru sinni hefir leirstaka birst á prenti, þá er það þessi. Hún er stórmerkileg í sinni röð. Vegna þess þó serstaklega, að hún mun öllum óskiljanleg nema höfundinum. Mér þætti vænt um að fá upplýsingar um, hvern þremilinn orðið 'fikkur' þýðir. Ég hefi lítið í allar orðabækur, sem ég gat komist yfir, og hvergi var orðdjásn þetta að sjá. Einnig hefi ég spurt presta og lærða menn, og enginn hafði heyrt orðið 'fikkur' fyrri. En þetta er ekki eina leirburðarstakan í Gimlungi, — af þeim er og hefir verið urmull. — Gimlungur breiðir feginsamlega faðminn á móti öllum leirvaðli.

Mér þætti fróðlegt að vita, hver frætt hefir ritstjórann um, að ég fengist við kveðskap. Mér vitanlega, hefi ég aldrei ort neitt. En ritstj. Gimlungs þykist vist því máli kunnugri en ég, því í tveimur stöðum í grein sinni drepur hann á það. Á öðrum staðnum er hann að furða sig á þeim ósköpum, að ég skuli aldrei birta neitt í bundnu máli eftir mig á prenti. En síðar í greininni kveður við annan tón. Þar má lita:

"Þótt vér ei kunnum þar um segja
þitt sannar hrekkvíst óðar spil,
lygari viltu lifa og deyja, —

Aftur ósamkvæmur sjálfum sér, — því fyrst ber hann mér á brýn, að ég birti ekki kveðskap minn, en í þessu erindi segir hann, að óðarspil mitt sanni, að ég vilji lifa og deyja sem lygari. Ef það ætti að sanna slíkt, hlyti það að vera almenningi kunnugt; en til þess að kvæði séu kunn, verða þau að birtast á prenti, — en það er einmitt það, sem Gísli segir að ég hafi ekki gert. — Ekki vantar samræmið hjá manninum þeim.

Af þessu, sem hér er sýnt, geta menn gert sér í hugarlund, hvernig greinin er. Hún dæmir sig sjálf bezt og höfund hennar. — En það heilræði vil ég gefa herra Gísla P. Magnússyni, að skilnaði, að næst þegar hann lendir í ritdeilum, þá gæti hann meiri prúðmensku í rithætti, en hann hefir gert við mig, — það er að segja: vilji hann halda líftórunni í blaði sínu. —

Læt ég svo úttalað um þetta leirskálda-mál.

Gunnl. Tr. Jónsson

LEIÐRÉTTING.

Út af frásagnarlli Guðna Eyjólfssonar (Lyngdals), er þess getið í síðasta blaði Heimskringlu, að bæjarbúar í Wynyrad hafi séð um útför hans. Í þessari frásögn er nokkur misskilningur, því að það er ennfremur sagt í blaðinu, að skotið hafi verið jafnframt saman handa ekkjunni. En ekkjan sjálf sá um útförina einn itt fyrir þessa samskota-peninga. — Þeir, sem sérstaklega stóðu fyrir samskotunum, voru þeir séra Runólfur Fjeldsted og Sveinn Oddson. X.

Tóbak-Vísindalega meðferð þess

TILBÚNINGURINN. — Tóbak er jurt, og eins og allar aðrar jurtir þarf undirbúning til mannlegra nota. Það er eins mikill munur á réttilega tilbúnu tóbaki og blöðkutóbaki eins og á hrárri eða hæfilega soðinni fæðutegund. Sósan er tóbakinu það sem suðan er fæðunni, eða ölgan vininu. NEFTÓBAK ER VÍSINDALEGA TILBÚIÐ TIL MANNANOTA.

Hversvegna tóbaks notendur kjósa Danskt framar öllu munntókaki:

Það er tilgert tóbak í þess hreinustu mynd.
Það er keim-betra og heldur styrkleik sínum og keim.
Það er drjúgt af því það endist betur. Það dregur ekki athygli, því það er ekki tuggið — að eins sett milli munngómanna
Það eftirskilur kælandi smekk í munninum. Það er tóbak vísindalega tilreitt til mannlegra nota.

Gæði og hreinleiki ábyrgstur.

Kaupmannahafnar Munn-Neftóbak er gert af bezta og kröftugasta blöðku-tóbaki, að viðbættum þeim efnum, er hafa sömu eiginleika og blöðku-tóbaks hreinsaður keimlögur. Tilbúningurinn viðheldur tóbaksgæðunum og hrekur remmuna úr laufinu.

AÐVÖRUN

Takið að eins lítið í munn, — annars finst yður máske tóbakið of kraftmikið.

Danskt Munn-Neftóbak er smá korn af hreinu, sterku munntóbaki. Þess vegna veitir það betur kraft sinn, en blöðku tóbak eða stórskorið tóbak, rétt eins og smámalað kaffi gefur kraftinn frá sér betur en grófmalað.

COPENHAGEN SNUFF
Er heimsins bezta munntóbak
NATIONAL SNUFF COMPANY, LIMITED
900 St. Antoine St., MONTREAL

Bréf til kunningja.

Mér er lítil skemtun að því, að rita um leirburð, hortitti og erfiljóð. En, þar sem þú Stefán Friðrik — hefir í fullri alvöru skorað á mig, að taka til máls viðkomandi téðum málum, þá vil ég gjarnan mæta hólmstefnu þinni, þótt lítið muni vel af hljóta. Hr. Gunnl. Tr. J. er frumaðili í fáliði. Varnarliðar eru hið nafnkenda Hagyrðingafélag, með drjúgan liðsafla, og sjálfboðalið, — í þokkabót.

Við slíka málsaðila ætla ég ekki að deila. Ég rís ekki öndverður móti Jómsvíkingum né Hákoni jarli.

Skoðun mín er, að málin sé ekki ennþá rædd af þekkingu. Má vera að vígfimi valdi áhlaupum. Af því má ritfinska stjórnast?

Ég, sem fleiri lesendur, langar til að fræðast, jafnt í þessum málum sem öðrum. En að svo komnu eru fræðsla og skýringar léttvægar.

Ég kýs fyrir mitt leyti, að sem flestir riti og ræði. Jafnt grunnsyndu fiskarnir sem djúpsyndu vöðuselirnir eru gagnlegir. Almenn ingur á að sjá og heyra samtímis skriffinskuna, þekkinguna og gáfna ljós höfundanna.

Leirskáldskapur mun það vera, þegar orðum er hrúgað saman í ljóðformum, sem lítil eða sundurtætt hugsun er í. Einkum munu þeir vera nefndir leirskáld, í íslenzku máli, sem yrkja níð; þeir sem nota ljótar samlíkingar, viðhafa blót, klám, kvefsni og leiðinlegustu fúkyrði, sem málið hefir að geyma. Leirburður er einnig í óbundnu máli. Hefir hans orðið vart vestan og austan hafs. Hann er til hjá öllum þjóðum og hefir jafnan verið frá aldaöðli. Hann var uppi á Norðurlöndum á dögum goðanna, og hann hefir verið uppi á tíð Davíðs konungs, og víðar og víðar.

Það ber meira á leirburði - bundnu og óbundnu máli hjá Íslendingum í Vesturheimi, enn á Íslandi. Menn og konur rita hér í blöð, og semja bæklinga, sem eftir handritum þeirra að dæma, kunna ekki stafrófið í íslenzkri tungu, — hvað þá meira. Þótt þeir höfundar geti, ef til vill, náð í nýtilega skoðun eða þekkingu, þá gengur hún fyrir ætternisstapa á blóðvellinum. Þegar fáir eða enginn vilja sjá eða heyra ritsmíðar slíkra höf. þá eru verk beirra sjálfdæmd fyrir ætternisstapa.

Ég held því fram, að það sé ekki skáldhöf. fæddur ennþá, sem ekki hafi farið með meiri og minni leirburð.

Rithöfundar og skáld eiga að vekja og glæða, fræða og fjörga lesendurnar. Byggja upp hugsanir þeirra, og breikka andlegan sjóndeildarhring þeirra. Ef að meðalgreindur lesandi öðlast eitthvað þessu, þá er höfundurinn velgerðamaður hans. Þeir höfundar, sem ekki gera þetta, eiga ekkert erindi fram á ritvöllinn. Þeir eru þá að spjalla við sjálfa sig, og er það léttvægur þekkingarauður fyrir mannlífið. Þeir, sem vanda mál og eiga sjálfir hugsun og þekkingu, þeim er ætíð fagnað af meiri hluta lesendanna. Þá hafileika eiga ekki allir, að eins örfáir í samtíðinni.

Margar vísur og kvæði hafa Íslendingar lært, sér til gamans og ánægju. Oft hitti ég lágtstandandi daglaunamenn, sem kunna öll kynstur af vísum og ljóðum eftir vissa höfunda, og hafa unun og ánægju að tala um þau ljóð. Sálin verður lifandi og engilfögur, þá kunnuglega og léttilega er tekið í strenginn með þeim. En sumir höfundar snerta ekki lesendur sína einu sinni svo mikið, að þeir læri, rauli eða syngi eina vísu eftir þá. Þeir höfundar, þrátt fyrir strit og skjall, eru fjörvana á tungu íslenzku þjóðarinnar.

Smekkur lesendanna er afarmisjafn. Það, sem einn hælir og lofar, vill hinn öldungis ekki heyra. þó er þetta sára fátítt. Ég held því fram, að góðu skáldin og þau lélegri eigi að koma fram í dagsbirtuna, svo lesendurnir megi velja úr. Eins og ég hefi bent á áður, þá eru til svo lélegir höfundar, að enginn vill lesa orð eftir þá. Þeir víta það ekki, þegar þeir byrja. Þótt að þeim sé hlegið og þeir spésettir, þá halda þeir það æru og sæmd, og halda áfram eins lengi og þeir geta troðið ruglinu inn í blöð og önnur rit. Skilja aldrei sjálfa sig né aðra í þeim efnum.

Þar sem um hortitti er að ræða, þá eru þeir g ö p, eða orð, sem sett ery inn í til uppfyllingar, en eiga þar ekki heima, — eru ekki samferða efni og anda. Úrfellingar eða oflöng samstafa er ekki hortittur. Hugsunin getur verið vel lykluð, þótt samstöfur séu of margar. Úrfellingar finnast meira og minna hjá beztu þjóðskáldum.

Þá eru krossfestingar-ópin um erfiljóðin. Það er satt, sum eru fátæk að flestu leyti. Samt eru þau, þrátt fyrir fátæktina, það bezta, sem höfundar þeirra eða fengnir höf., hafa til brunns að bera. Þau sýna beztu tilfinningar til hins látna. Það er hvorki menningarljós né mannúðarandi þessarar aldar, að hrópa á blvðin, að kross festa málfrelsi og hjartans instu tilfinningar hins umkomulitla og fáfróða. Þeir geta óefað verið eins göfuglyndir og gagnlegir mannfélaginu, sem þeir, er heimta að blöðin útskúfi þeim. Vandlætamenn þurfa ekki að lesa erfiljóð, og hafa ekki minstu heimild til að þrælbinda menn, sem ekki eru að beirra skapi. — B.L.B. á sæmd fyrir, að levfa jafnt fátækum sem ríkum, fáfróðum sem fróðum gríðastað í Heimskringlu. Ég veit hann þrælbindur ekki góðar og velmeintar tilfinningar, söknuð og sorg um dáinn ástvin, þótt fáfróðir eigi hlut að máli.

Sum fréttabréfin og aðsendar ritgerðir í blöðin, flytja þau efni, sem eru ekki hóti betra enn aumustu erfiljóð, þegar rannsakað er ofan í grunninn. Sjálfslof, last um náungann, er mikið auvirðilegar enn alt annað, sem á prenti birtist. Erfiljóð geta jafnan stutt að ættfræði, ef einhver vaknaði í tímanum, sem legði stund á hana. — Ég er sammála flestum mönnum, sem geyma heilbrigða skynsemi, að öfugt sé, að yrkja afar-mörg erfiljóð um sama mannnn. Þeir, sem yrkja þau, hafa aldrei heyrt né séð hann. Ef þeir gera það verk af tilhvatningu vandamanna, þá eru þeir þar um sjálfdæmir.

Ég rita ekki meira að svo komnu, St. F. Þyki þér ekki nóg, mun ég ekki letjast að segja meira.

Þinn

KR. ÁSG. BENEDIKTSSON

I. O. G. T.

Föstudagskveldið 5. maí voru eftirfylgjandi embættismenn stúkunnar HEKLU, I.O.G.T., settir í embætti fyrir kjörtímabilið frá 1. maí til 1. ágúst, af umboðsmanni stúkunnar, Mrs. Nönnu Benson:

F.Æ.T.—P. S. Pálsson.
Æ.T.—S. Matthews.
V.T.—Þóra Johnson.
R.—Guðm. Johnson.
A.R.—Skapti B. Brynjólfsson.
F.R.—B. M. Long.
G.—Gísli Magnússon.
G.U.T.—V. Vigfússon.
K.—Gróa Magnússon.
D.—Sigurveig Christie.
A.D.—Sigríður Magnússon.
V.— Stefán Sigurðsson.
U.V.—M. E. Magnússon.

Góðir og gildir meðlimir stúkunnar eru nú 320, og gott útlit fyrir, að sú tala hækki á hinum nýbyrjaða ársfjórðungi. G.J.

Á fundi stúkunnar SKULD, I. O. G. T., þann 3. maí, voru settir í embætti af umboðsmanni stúkunnar Ó. S. Thorgeirssyni, þessir embættismenn fyrir ársfjórðunginn frá 1. maí til 1. ágúst:

F.Æ.T.—Ásm. P. Jóhannsson.
Æ.T.—Ásbjörn Eggertsson.
V.T.—K. Arthur.
F.R.—Gunnl. Jóhannsson.
Gk.—Jónas Bergmann.
R.—Sig. Oddleifsson.
K.—Guðjón Hjaltalín.
A.R.—R. Th. Newland.
D.—Helga Nelsson.
A.D.—Sofíía Johnson.
G.U.T.—Mrs. Jónína Jóhannsson
V.—Eggert Eggertsson.
Organisti—Sigríður F. Friðriksson.
Ritstjóri stúkublaðsins—Carolina Dalman. S.O.

Nýkomin heim.

Til allra, sem kynnu að vilja ná til mín með bréfum eða á annan hátt, skal þess getið, að utanáskrift mín er og verður: 522 Victor St., Winnipeg, Man., þar til öðruvísi verður auglýst.

Með kærri kveðju og þakklæti fyrir nýtt og gamalt til allra vina minna.

Virðingarfylst,

M. J. BENEDICTSSON.

Verkamanna-löggjöf.

— Hr. Lloyd George, fjármálaráðherra Breta, hefir lagt fyrir þingið frumvarp til laga um verkfólks-ábyrgð gegn sjúkdómum og atvinnuleysi. Frumvarpi þessu hefir verið tekið einkar vel af alþýðu manna þar í landi yfirleitt, og eins af öllum flokkum í þinginu. Efni laganna er yfirgripsmikið, og enginn finnur neitt annað að því en það, að útgjöldin kunni að reynast þung á landssjóðnum.

Frumvarpið er í tveimur deildum; önnur deildin fjallar um sjúkdóms, en hin um atvinnuleysis ábyrgðir. Svo er ráð fyrir gert, að hver vinnandi, sem hefir minna en 160 punda árstekjur, skuli sæta nauðungar-ábyrgð, er veiti honum 5 shillings á viku meðan hann er frá verkum vegna sjúkdóma. Vinnandinn verður sjálfur að bera hálfan ábyrgðar-kostnaðinn, og skal sá hluti dreginn af kaupi hans; en hinn helminginn skal vinnuveitandi og ríkissjóður leggja til, að jöfnum hluta. Ráð er fyrir því gert, að af launum vinnandans séu dregin: 8 cents af körlum en 6 cents af konum á viku hverri, og skulu allir milli 16 og 65 ára alduls sæta þessum kjörum. En móti þessu skulu verkveitendur leggja 6 cents, en ríkissjóður 4 cents á viku hverri fyrir hvern vinnanda, hvort sem hann er karl eða kona.

Fjármálastjórinn gerir ráð fyrir, að lög þessi snerti nálega 15 miliónir manna og kvenna.

Eitt ákvæði í lögum þessum er um það, að konum sé veittur 30 shillings styrkur í hvert sinn sem þær ala barn; en með því skilyrði, að þær vinni ekki um eins mánaðar tíma eftir barnsburðinn. Allir skulu hafa ókeypis læknishjálp. — Í lögum þessum eru einnig ákvæði um landssjóðs-hjálp til að berjast gegn tæringarsýkinni; þannig, að ríkið verji 7½ milión dollars til þess að koma á stofn tæringarsýkis hælum víðsvegar um landið og 5 miliónir dollars til viðhalds þeim stofnunum.

Svo er ráð fyrir gert, að þegar einhver verður þannig sjúkur eða lamaður, að engin von sé um bata, þá fái sá hinn sami 10 shillings á viku í fyrstu 3 mánuðina, og þar eftir 5 shillings á viku, þ.e. þegar um karlmenn er að ræða, en konur 7½ shilling á viku fyrstu 3 mánuðina og þar eftir 5 shillings vikulega. — Þeir, sem veikjast eða lamast fyrir sjálfskaparvíti, fá enga ábyrgð, en ókeypis læknis og meðala-hjálp.

Lloyd George gerir ráð fyrir, að þessi lög baki ríkinu 25 milión dollars útgjöld á árinu 1912—13, og þar eftir 100 miliónir dollar árlega

---

UNION LOAN & INVESTMENT CO. er íslenzkt félag, sem hefir skrifstofu að 45 Aikins Bldg. Því er stjórnað af Íslendingum, sem eru vel þektir, ekki einúngu í bænum, heldur út um sveitir, meðal Íslendinga. — Þeir hafa sett yfir $100,000.00 virði af fasteignum í aprílmánuði, og er það spádgæft meðal Íslendinga.

Ég hefði ekki verið með honum fullar þrjár mínútur, þegar hann kallaði mig asna, sagði maður við kunningja sinn. Hvaða tegund af manni er hann?

Sá sannorðasti maður, sem ég hefi kynst, svaraði kunninginn.

CRESCENTDALE

Sá maður sem kaupir lóðir, hefir vanalega tvö höfuðatriði að fara eftir. Verzlunar lóðir eru annað og íbúðarlóðir hitt. Vér álítum að Crescentdale er nær hámarki íbúðarlóða hvað gæði snertir en nokkrar aðrar lóðir sem á boðstólum eru. Vér skjótum máli voru til þess-mans sem hugsar og biðjum hann að íhuga þessi þrjú atriði:—

Fyrst:--Legu lóðanna
Annað:--Framfarir, nútímans og framtíðarinnar
Þriðja:--Verðið

LEGA:—Crescentdale liggur í beinni stefnu frá þeim hluta borgarinnar sem er óðfluga að byggjast. Úrvals íbúðarvæðið er og heldur áfram að vera á suður bakka Assiniboine árinnar. Crescentdale er aðeins örskamt vestur af City Park, og allar lóðirnar liggja á milli Main Highway og árinnar.

FRAMFARIR:—Winnipeg strætisbrautafélagið hefir sporvagnaumferð á þjóðvegnum City Park og háskólastæðið er full trygging fyrir verðhækkun og framförum lóðanna.

SÉRKENNI:—Engar af lóðunum eru meira en nokkur hundruð fet frá ánni. Landið er hátt og skógivaxið, og alt umhverfis er fagurt og heillandi, og gerir lóðirnar óviðjafnanlega fyrir dvalarstað.

VERÐIÐ:—Er lægra þegar tillit er tekið til legu og sèrkenna, en á nokkrum öðrum lóðum sem eru á boðstólum.

Komið og finnið okkur, eða símið.

REDMOND & JENNISON

AGENTS

Telephone Main 7471 — 203 Bank of Nova Scotia Chambers

Því frú Clifford sá það, að Cyril var eins hættulegur og hann gat verið. Hann var á versta aldri, fallegur, gáfaður og með jarpt skegg, sem allar ungar stúlkur aðhyllast. Auk þess var hann listamaður, málari, sem allar stúlkur eru skotnar í.

Um kvöldið sagði frúin við mann sinn:

"Reginald, ég sagði þér fyrir skemstu, að Elma væri ekki ástfangin, og það var þá satt, en nú er ég hrædd um, að hún sé orðin það. Ég held hún hugsi of mikið um þennan unga Warring".

"Af hverju veiztu það?" spurði maður hennar og starði fast á hana.

"Það get ég ekki sagt þér, ég veit að eins að þetta er satt. Við verðum nú nákvæmlega að gæta hennar hér eftir, og það væri máske bezt að senda hana eitthvað í burt, en á morgun get ég betur dæmt um þetta". &...

Fyrir sitt leyti hugsaði Elma meira um Cyril nú en áður. Hann var svo fallegur og myndarlegur þenna dag, að hún gerði sér von um, að sjá hann bráðum aftur.

Hún sat lengi við borðið í sveinherbergi sínu að hugsa um þetta. Algerð kyrð ríkti í húsinu, rigning var úti, og féllu droparnir á þakið yfir höfði hennar. Foreldrar hennar sátu niðri og voru að tala um hana.

Hún sat í ruggustólnum og hugsaði, hugsaði að eins um Cyril Warring.

Meir en klukkutíma sat hún þannig, og endurkallaði í huga sinn hvert orð, hvert augnatillit og að síðustu þægilegu handþrýstinguna, þegar hann kvaddi, og við þessa hugsun roðnaði hún ósjálfrátt. Hann var svo fallegur og svo alúðlegur við hana. Brjóst hennar þrútnaði og hún varð vör við nýja tilfinningu, tilfinningu, sem í fyrsta skifti settist að hjá henni nú.

Undir eins fór hjarta hennar að slá hraðara, —

þannig hafði það aldrei slegið áður. Hægt og seinlega stóð hún upp af stólnum. Eitthvert ósjálfræði hafði gripið hana. Gat þetta verið draumur? Einkennilegt hugkvæmi eins og leiddi hana út á miðju gólfsins, og þar stóð hún efablandin litla stund. Svo fór hún ósjálfrátt að snúa sér í hring, einu sinni, tvisvar, þrisvar sinnum. Hún hélt áfram að snúast í hring, undrandi yfir því, hvað þetta þýddi. Hraðara og hraðara snerist hún, og jafnframt sló hjartað hraðara og fljótar. Nokkrar mínútur snerist hún þannig, eldrauð í framan af blygðun, án þess að geta numið staðar eða gert sér grein fyrir þessu.

Í fyrstunni lét hún sér nægja að snúast í hring og blása frá sér mæðinni, en svo var eins og nýjar hugsanir og ofsjónir ásækti hana, hún lyfti höndunum og sveiflaði þeim fram og aftur fyrir ofan höfuðið, en hvers vegna, það vissi hún ekki. Þetta kom alt yfir hana jafn ómótstæðilegt og roðinn. Hún snerist nú í hring í herberginu, stundum hratt en stundum hægt, en ávalt með upp eða fram réttar höndur. Stundum beygði líkaminn sig til hliðar á víxl og veifaði hún þá höndunum jafnframt; þetta skeði alt af einhvers konar innblæstri.

Hún hlaut að vera orðin trylt. Einhver aðkominn þreif um mitti hennar og sneri henni í hring án þess hún gæti hindrað það.

Meðan hún snerist þannig, fanst henni sig vanta eitthvað. Hana skorti eitthvað, sem var henni nauðsynlegt, eitthvað lifandi, en hvað það var, vissi hún ekki.

Smátt og smátt hætti dansinn, hún leit til hægri og vinstri. Það voru hendurnar, sem eitthvað skorti — þær voru tómar, hún þurfti eitthvað lifandi, liðugt, sveigjanlegt og sleipt til að fullnægja þeim.

Henni virtist hún heyra hljóðfæraslátt, fjörugt danslag, svo hún dansaði nú yfir að dragkistunni

sinni. Þar stóð hún kyr og hlustaði, en heyrði ekkert. Það var þá í hugsun hennar, sem danslögin voru leikin.

Elma var orðin mjög hrædd. Var hún að verða brjáluð? spurði hún sjálfa sig. Hvað mundi móðir hennar segja, ef hún vissi um þetta? Og Cyril, hvað mundi hann ímynda sér um hana?

Cyril Warring! Cyril Warring! Þetta kom af því, að hún var að hugsa um hann. Og þó — ef hann vissi — ó, miskunn, miskunn.

Hún laut niður og lauk upp dragkistuskúffunum, hverri á fætur annari. Hún leitaði að einhverju, sem hún ekki vissi hvað var, en hún gat ekki hætt fyr en hún findi það.

Loksins fann hún í neðstu skúffunni loðskinnskraga, sem lá samanhringaður á botninum. Hún greip hann strax, vafði honum um mittið, veifaði honum hátt og lágt og lék sér að honum; hún var viti sínu fjær, — brjáluð, og þó svo glöð og gæfurík.

En nú fór hún aftur að snúast, hægt og hægt, og um leið lék hún sér að kraganum á ýmsan hátt, vafði honum um handlegg sér eins og hann væri höggormur. Höggormur, höggormur. Nú vissi hún að það var höggormur, lifandi höggormur, sem hún þráði. Ó, að Sardanapel væri nú kominn til hennar.

Hún snerist, hún dansaði, og fyrir eyrum hennar hljómaði í sífellu: Sardanapel, Sardanapel, Sardanapel; Cyril Warring, Cyril Warring! Hamingjan góða, hvað ætli Cyril segði, ef hann sæi mig nú, hugsaði hún.

Ljósið dó, en hún hélt samt áfram að dansa, veifaði kraganum á ýmsan hátt, klappaði honum og kysti hann, eins og hann væri lifandi. Hún skammaðist sín fyrir þenna dans, en hún gat ekki hætt.

Alt í einu fann hún að máttinn dró úr fótum

sínum, hún hætti dansinum, staulaðist að rúminu sínu, en var of máttlaus til að geta farið úr fötunum, svo hún lagði sig í rúmið í þeim og sofnaði fast.

IX. KAPÍTULI.

Daginn eftir.

Þegar Elma vaknaði daginn eftir var langt liðið á morguninn. Hún vaknaði alt í einu og varð þess vör, að hún lá ofan á fötunum, en gat ekki strax munað, hvað fyrir hafði komið. En svo varð hún alt í einu afarhrædd, stokkroðnaði og skammaðist sín. Hún huldi andlitið í höndum sínum og fann sig skorta alla sjálfsvirðingu.

Það var að eins ein skýring til yfir þenna ótrúlega viðburð, — sú, að hún hefði verið — brjáluð.

Svo kom henni til hugar, að ef hún hefði verið brjáluð, þá gæti hún aldrei gifst Cyril Warring.

Þvíð eðlisleiðsla hennar sagði, að hún elskaði hann og að hann elskaði hana.

Aðalhugsun hennar snerist um það, að hún gæti aldrei orðið kona Cyrils.

Var hún ekki í raun og veru orðin brjáluð? Og var ekki þessi stund eins konar millibil brjálsemiskastanna?

Meðan hún lá þannig ofan á fötunum, skjálfandi af hræðslu og sjálfsásökun, var barið ofurhægt á hurðina fyrir herbergi hennar.

Elma þvingaði sig til að spyrja: "Hver er þarna?" og huldi svo höfuðið undir ábreiðunni.

Skrifið yður fyrir HEIMSKRINGLU svo að þér getið ætíð fylgst með aðal málum Íslendinga hér og heima.

Piano kensla.

Hérmeð tilkynnist að ég undirskrifuð tek að mér, frá þessum tíma, að kenna að spila á Piano. Kenslustofa mín er að 727 Sherbrooke St. Kensla skilmálar aðgengilegir. Talsími Garry 2414.

Sigrún M. Baldwinson

LESIÐ ÞETTA

ÍSLENDINGAR, helzt smiðir, sem hugsa til að koma til Saskatoon, gerðu vel í, að skrifa eða sjá okkur sem allra fyrst.

Gislason & Brandson
Office 36 Ferguson Block.
P.O. Box 1077, Saskatoon, Sask.

A. S. TORBERT'S
RAKARASTOFA
Er í Jimmy's Hótel. Besta verk, ágæt verkfæri; Rakstur 15c en Hárskurður 25c. — Óskar viðskifta Íslendinga.—

JIMMY'S HOTEL
BEZTU VÍN OG VINDLAR.
VÍNVEITARI T.H.FRASER.
ÍSLENDINGUR. : : : : :
James Thorpe, Eigandi

MARKET HOTEL
146 Princess St.
á móti markaðnum
P. O'CONNELL, eigandi, WINNIPEG
Beztu tegundir af vínföngum og vind um, aðhlynning góð, húsið endurbætt

Woodbine Hotel
466 MAIN ST.
Stærsta Billiard Hall í Norðvesturlandinu Tíu Pool-borð.—Ágætar vín og vindlar
Gisting og fæði: $1.00 á dag og þar yfir
Lennon & Hebb,
Eigendur

JOHN DUFF
PLUMBER, GAS AND STEAM FITTER
Alt verk vel vandað, og verðið rétt
664 Notre Dame Av. Phone Garry 2568
WINNIPEG

Sómi Íslands, sverð og skjöldur

Gjafir til minnisvara JÓNS SIGURÐSSONAR.

Frá BRÚ, Man.

F. Friðriksson 50c, Mrs. Guðlög Friðriksson 50c, J. Friðriksson 50c, P. Friðriksson 50c, Miss J. O. Friðriksson 50c, Mrs. K. Friðriksson 50c, W. Friðriksson 50c, J. Friðriksson 50c, Mrs. R. Friðriksson 50c, S. Friðriksson 50c.

Frá WINNIPEG, Man.

J. Jóhannesson $1, Mrs. J. Jóhannesson $1, A. Jóhannesson 50c, G. Jóhannesson 50c, Miss E. Jóhannesson 50c, K. Jóhannesson 50c S. Jóhannesson $1, E. Thordarson 50c, Mrs. E. Thordarson 25c, Miss Clara Thordarson 15c, Vilhelm Thordarson 10c, J. B. Johnson 50c, Mrs. G. Johnson 50c, M. Paulson 50c, Mrs. M. Paulson 50c, Jónína Ingimundarson 25c, Laufey Jóhannesson 10c, Guðrún Vopnfjörð 10c, Elísabet Vopnfjörð 10c, Sigurbjörg Einarsson 10c, Sigríður Jónsson 10c, Hjörný Jónsson 10c, Guðrún Stephensen 10c, Theodora Ólafsson 10c, Winfred Joseph 10c, Cornell Eyfjörð 10c, Dísa Bardal 10c, Edwin Stephenson 10c, Þuríður Sigurðsson 50c, Sólveig Sölvason 25c, Múríel Oliver 10c, Runólfur Newland $1, Ónefnd 50c, Thorlákur Peterson 25c, Mrs. Thorbjörg Peterson 25c, Skúlína Sigurðsson 25c, Ragnheiður Sigurðsson 25c, Miss Jóhanna Jónsdóttir 25c, Bárður Sigurðsson 50c, Mrs. Kristín Sigurðsson 50c, Sigurjón Sigurðsson 50c, Arnbjörg Sigurðsson 50c, Sumarliði Matthews $1, Miss Ragnhildur Gísladóttir Johnson 25c.

Th. Oddson $3, Mrs. Th. Oddson $3, Leifur Oddson $3, Mrs. Leifur Oddson $3, Ólöf G. Oddson $3, Thoroddur S. Oddson $3, Lára G. Oddson $3, Clara Marin Oddson $3, Rakel G. Oddson $3, Ólöf Kristjánsson $3, Stephen Johnson $1, T. E. Thorsteinson 50c, Elín Thorsteinson 50c, Stefán Johnson 50c, Margrét Johnson 50c, Sigurbjörg Johnson 50c, Jóhanna Eliasson 25c, Lorenz Thomsen 50c, Helga H. Thomsen 50c, Guðrún Lilja Thomsen 50c, Guðmundur Bjarnason $1, G. M. Bjarnason $1, Halldór S. Bjarnason 25c, Ingibjörg S. Bjarnason 25c, Jón Finnbogason $1, Björg Finnbogason $1, Óskar Finnbogason 25c, Albert Finnbogason 25c, Borghildur Finnbogason 25c, Rannveig Finnbogason 25c, Guttormur Finnbogason 25c, Valgerður Vigfússon 50c, Soffía Vigfússon 50c, Thorunn Vigfússon 25c, Georg Vigfússon 25c, Arinbjörn S. Bardal $1, Margrét Bardal $1, Aðalbjörg Bardal 50c, Emily Bardal 50c, Njáll Bardal 50c, Svafa Bardal 50c, Karl Luther Bardal 50c, Ósk Bardal 50c, Mrs. J. Th. Clemens $1, Mrs. A. Þ. Eldon $1, Eggert Árnason $1, Thos. H. Johnson $1, Aurora Johnson $1, M. Ethel Johnson $1, Elswood B. Johnson $1, Cecil F. Johnson $1, Friðrik Sveinsson 50c, Mrs. Friðrik Sveinsson 50c, Miss Ólafía Sveinsson 25c, Miss Rannveig Sveinsson 25c, Miss Elín Sveinsson 25c, Miss Nanna Sveinsson 25c Loftur Jörundsson $1.50, Jónína G. Jörundsson $1.50, Eiríkur L. Jörundsson $1, Sigtryggur L. Jörundsson $1, Jörundur L. Jörundssin $1, Ingigunnur L. Jörundsson $1, Thórhallur L. Jörundsson $1, Jens Július L. Jörundsson $1, Mrs. Guðrún Magnússon $1, Miss Bertha Jones $1, Miss Jane Jónasson $1, Páll S. Pálsson 50c, Mrs. Lína Pálsson 50c, Halldór Sigurðsson $1, Mrs. Thorgerður Sigurðsson $1, Miss Ágústina Idora Sigurðsson 25c, Miss Jóhanna Jónsdóttir 25c, Mrs. Pálina Einarsson 50c, Miss Guðný Sólmundsson 25c, Kristján Goodman $1, Mrs. Jóna Goodman $1, Á. P. Jóhannsson $1, Mrs. Sigríður Jóhannsson $1.

Frá SELKIRK, Man.

N. Steingr. Thorlaksson $1, Jakob Ingimundarson $1, Olgeir Jóhannesson 50c, Jón Ingjaldson 25c, Mrs. Björg Ólafsson 25c, Helgi Magnússon 25c.

Frá MARY HILL, Man.

Jón J. Eiríksson $1.

Frá HÚSAVÍK, Man.

Kári Thorsteinsson 25c, Sólveig Thorsteinsdóttir 25c, Anna Halldórsdóttir 25c, Thorsteinn Sigfússon 25c, Sigfús V. Thorsteinsson 50c.

Frá HENSEL, N. Dak.

T. Anderson 50c, Mrs. T. Anderson 50c, Mrs. O. Anderson 50c, Miss Hildur Anderson 25c, Stefán Johnson 25c, Maggie Johnson 10c.

Frá WYNYARD, Sask.

Anna J. C. Halldórsson $1, Halldór J. C. Halldórsson $1, Mrs. Rósa J. C. Halldórsson $1, John C. Halldórsson $1, G. S. Guðmundsson 25c, Mrs. Ingibjörg Guðmundsson 25c, Guðmundur Thórarinsson 50c, Páll Jónsson 25c, Mrs. Ólina Jónsson 25c, Jón V. Jónsson 10c, Sigrún Jónsson 10c, Unnur Jónsson 10c, G. G. Björnsson 25c, Mrs. G. G. Björnsson 25c, Guðmundur Jónsson 10c, Friðrik Svarfdal 25c, Mrs. F. Svarfdal 25c Jórunn Svarfdal 25c, Mrs. Anna C. Bergthorsson 25c, Sigurjón Eiríksson $1, Mrs. S. Eiríksson 50c, Þorbjörg Eiríksson 25c, Þorkell Eiríksson 25c, Lilja Eiríksson 25c, Jón Eiríksson 25c, Gunnlaugur Eiríksson 25c, Ingibjörg Svarfdal 25c, Steinþór Gunnlaugsson 25c, Mrs. Kristbjörg S. Gunnlaugsson 25c, S. A. Sigfússon 50c, Mrs. S. A. Sigfússon 50c, S. B. Davíðsson 50c, Mrs. S. B. Davíðsson 50c, Davíð S. Davíðsson 25c, Margrét S. Davíðsson 25c, Jón Björnsson 25c, Ó. J. Jónasson $1, Mrs. Ó. J. Jónasson $1.

Frá NORTH STAR, Man.

Magnús Thorsteinsson 50c, Mrs. Magnús Thorsteinsson 50c.

Frá EVARTS, Alta.

Th. S. Eymundsson 25c, Mrs. Th. S. Eymundsson 25c.

Frá CANDAHAR, Sask.

Sigurður Bjarnason 50c.

Frá WINDHORST, Sask.

I. Magnússon $1, Mrs. Magnússon 50c, Clara Magnússon 25c, Gústaf Magnússon 25c, Victoria Magnússon 25c, Óskar Adolf Magnússon 25c, Mrs. G. Jóhannesson 50c.

Frá BELMONT, Man.

Stefán Goodman 50c, Mrs. S. Goodman 25c, Miss Lina Goodman 15c, Miss G. Camilla Goodman 10c.

Frá ÁRDAL, Man.

Ásmundur Eymundsson $1.

Frá WASHINGTON, D. C.

Leifur Magnússon $1.

Frá GIMLI, Man.

P. Magnússon 25c. Mrs. P. Magnússon 25c, Miss L. M. Magnússon 25c, F. B. Magnússon 25c, Mrs. H. P. Tergesen 25c, S. P. Tergesen 25c, Jóhann S. Tergesen 25c, Miss Ingibjörg Tergesen 25c, Robert Tergesen 25c, Miss A. M. Tergesen 25c, Einar Jónasson 50c, Mrs. Einar Jónasson 50c.

Frá MILTON, N. Dak.

Mrs. S. A. Kolíski $1.

Frá POINT ROBERTS, Wash.

Th. Johnson $1, Mrs. Th. Johnson $1.

Frá BERTDALE, Sask.

Jón Einarsson 50c, Mrs. Jón Einarsson 50c.

Samtals	$ 165.05
Áður auglýst ...	2,588.00
Samtals	$2,726.05

Þar að auki gjöf frá Helga magra klúbbnum ($27.00) kr. 100

SPURNINGAR OG SVÖR.

Herra ritstjóri. — Viljið þér gera svo vel, að svara einni spurningu fyrir mig.

Nú er kvenfólkið búið að fá atkvæðisrétt á Íslandi, og gleður það mig mikið. — En hvernig gat þetta skeð án nærveru Mrs. M. J. Benedictssonar? G.J.

SVAR. — Kvenfrelsishreyfingin hefir um mörg liðin ár verið sterk á Íslandi; konur þar hafa haft ofluig samtök um land alt til að fá því áhugamáli sinu framgengt, og þjóðmálamenn þar heima hafa yfirleitt stutt konurnar með ráði og dáð. Að því leyti eru Íslendingar fremri Canada mönnum. Hér vestra eru það örfáir þjóðmálamenn, sem hægt er að fá til að veita kvenréttarmálinu nokkra ihugun. Enda ganga konur hér svo linlega fram í sókninni, að svo má heita, sem þær séu aðgerðalausar og að kvenréttarhreyfingin sé ekki vöknuð í Canada. — Íslenzkar konur geta að sjálfsögðu ekki haft mikil áhrif á mál þetta fyr en hérlendar konur alment fá svo mikinn áhuga fyrir því, að þær hindist samtökum til að fá kvenréttindin lögleidd. Ritstj.

STAKA.

(Tileinkuð L. G. hæ ta ritskrípinn)

Óvits tryldur afglapi
orða tyldur stælir,
alls manngildis örkvisi
eigin snildum hælir.

Hagyrðingur.

Giftingaleyfisbréf
SELUR
Kr. Ásg. Benediktsson
424 Corydon Ave. Fort Rouge

THE DOMINION BANK
HORNI NOTRE DAME AVENUE OG SHERBROOKE STREET

Höfuðstóll uppborgaður: $4,000,000.00
Varasjóður - - - $5,400,000.00

Vér óskum eftir viðskiftum verzlunar manna og ábyrgumst að gefa þeim fullnægju. Sparisjóðsdeild vor er sú stærsta sem nokkur banki hefir í borginni.

Íbúendur þessa hluta borgarinnar óska að skifta við stofnun sem þeir vita að er algerlega trygg. Nafn vort er fulltrygging óhlutleika. Byrjið spari inulegg fyrir sjálfa yðar, konu yðar og börn.

Phone Garry 3150 **Scott Barlow**, Ráðsmaður.

Vitur maður er varkár með að drekka eingöngu HREINT ÖL. Þér getið jafna reitt yður á

DREWRY'S
REDWOOD LAGER

Það er léttur, freyðandi bjór, gerður eingöngu úr Malt og Hops. Biðjið ætíð um hann.

E. L. DREWRY, Manufacturer, Winnipeg

STRAX

Í DAG er BEZT AÐ GERAST KAUPANDI AÐ HEIMSKRINGLU. — ÞAÐ ER EKKI SEINNA VÆNNA.

MANITOBA

TÆKIFÆRANNA LAND.

Hér skulu taldir að eins fáir þeirra miklu yfirburða, sem Manitoba fylki býður, og sýnt, hversvegna allir þeir, sem óska að bæta lífskjör sín, ættu að taka sér bólfestu innan takmarka þessa fylkis.

TIL BÓNDANS.

Frjósemi jarðvegsins og loftslagið hafa gert Manitoba heimsfræga, sem gróðrarstöð No. 1 hard hveitis.

Manitoba býður bændasonum ókeypis búnaðarmentun á búnaðarskóla, sem jafngildir þeim beztu sinnar tegundar á amerikanska meginlandinu.

TIL IÐNAÐAR- OG VERKAMANNA.

Blómgandi framleiðslustofnanir í vorum óðfluga stækkandi borgum, sækjast eftir allskyns handverksmönnum, og borga þeim hæztu gildandi vinnulaun. Algengir verkamenn geta og fengið næga atvinnu með beztu launum. Hér eru yfirgnæfandi atvinnutækifæri fyrir alla.

TIL FJÁRHYGGJENDA.

Manitoba býður gnægð rafafls til framleiðslu og allskyns iðnaðar og verkstæða, með lágu verði; — Frjósamt land; — margvíslegar og ótæmandi auðsuppsprettur frá náttúrunnar hendi; — Ágæt samgöngu og flutningatæki; — Ungir og óðfluga vaxandi bær og borgir. — Alt þetta býður vitsmunum, auðæfum og framtakssemi óviðjafnanleg tækifæri og starfsarð um fram fylstu vonir. Vér bjóðum öllum að koma og öðlast hluttöku í velsæld vorri og þroskun. — Til frekari upplýsinga, skrifið:

JOS. HARTNEY, 77 York Street, Toronto, Ont.
JOS. BURKE, 178 Logan Avenue, Winnipeg, Man.
A. A. C. LaRIVIERE, 22 Alliance Bldg., Montreal,
J. F. TENNANT, Gretna, Manitoba.

J. J. GOLDEN,
Deputy Minister of Agriculture and Immigration, Winnipeg

"Það er ég, barnið mitt", svaraði frú Clifford svo ástúðlega, að Elma mundi ekki eftir að hafa heyrt hana tala jafn blíðlega, og þó elskuðu þær hver aðra heitara, en titt er á milli mæðra og dætra.

Vissi móðirin um þetta? Hún leit á fötin sín, sem hún var ennþá í.

"Hvað á ég að gera?" hugsaði hún, "ég má ekki láta mömmu sjá mig þannig, þá spyr hún strax því ég hafi ekki háttað í gærkvöldi, og hverju á ég þá að svara? Ég get ekki sagt henni ástæðuna".

Hún þaut á fætur og hvíslaði við hurðina: "Ó, mamma, ég get ekki lokið upp hurðinni strax. Geturðu ekki beðið svo sem fimm mínútur? Komdu aftur eftir litla stund, ég er svo — svo — þreytt og undarleg í dag".

Angistar hreimur var í röddu frúarinnar, þegar hún svaraði hvíslandi:

"Jæja, barnið mitt, það gerir ekkert, hvíldu þig eins lengi og þú vilt. Ég get fært þér teið í rúmið, ef þú vilt. Ég kem seinna að sjá, hvað að þér gengur".

Elma gat ekki gert sér grein fyrir því, hvernig á því stóð, en rödd móðir hennar gaf til kynna, að eitthvað óvanalegt hefði skeð.

"Þakka þér fyrir, mamma", svaraði Elma, gekk svo að rúminu og fór að afklæða sig. Hún fann að það myndi vera gott fyrir sig, að tala við móður sína. Hún lét loðskinnskragann ofan í skúffuna, lagði fötin sín laglega á stólinn og hneptí að sér náttkjólnum sínum, aflagaði hárið dálítið, og baðaði andlitið úr kalda þvottavatninu. Þegar móðir hennar kom inn fimm mínútum síðar, leit alt út fyrir, að Elma hefði legið í rúminu alla nóttina.

Þegar frúin kom inn, sagði eðlisleiðslan henni, hvernig á öllu stóð, það var einkenni, sem öllum ættingjum hennar var sameiginlegt. Hún leit blíð-

lega á Elmu, sem enn var rjóð í framan og huldi andlitið undir ábreiðunni, og sagði svo:

"Þér liður illa í dag, barnið mitt; það er ekki vert að þú farir á fætur, ég skal koma sjálf með teið handa þér. Ég þekki þetta. Viltu ekki ilmvatn til að kæla ennið, barnið mitt? Gráttu nú ekki, þetta batnar með tímanum. Þú þarft ekki að vera hrædd"

Hún studdi hendi sinni á handlegg Elmu, og Elma fann glögt, að hendin skalf, líka sá Elma, að hún forðaðist að lita á augun sín. Einu sinni mættust augu þeirra, og þá leit móðirin strax undan og roðnaði eins og Elma. Elma hafði óljósan grun um, að móðir sín vissi, hvað fram hefði farið, og varð ósjálfrátt litið á skúffuna, þar sem kraginn var. Móðir hennar sá það, en leit strax undan. — Elma leit á hana óttaslegin og fór svo að hágráta; þá laut móðir hennar niður að henni og tók hana í fang sér. "Gráttu, gráttu, barnið mitt, þú hefir gott af því, gráturinn linar tilfinningarnar. Það skal enginn annar en ég koma upp til þín, — ég þekki þetta svo vel, ég hefi sjálf einu sinni, — það er ekkert, ekkert".

Órvilnandi fól Elma höfuð sitt við barm móðurinnar. Nokkrum mínútum síðar fór frúin ofan að finna mann sinn.

"Nú?" spurði hann og horfði fast á konu sína.

"Já", svaraði hún, "Elma er ekki vel frísk í dag, hún hefir fengið taugaveiklun í gærkvöldi, þegar hún var háttuð. Ég þekki það vel, ég fékk það líka, þegar ég var á hennar aldri",— hún leit nú undan. Nú var hún orðin fremur feitlagin, en þegar hún var ung, hafði hún orðið ástfangin í ungum, laglegum manni, sem foreldrar hennar komu í veg fyrir að hún giftist, til þess hún gæti fengið þenna landstjóra, sem hún var nú gift. Þetta var hennar skáldsaga, sama skáldsagan og flestar ungar stúlkur verða að

reyna; en þegar frúnni kom þetta til hugar nú, roðnaði hún.

"Og þú heldur —?" spurði Clifford alvarlegur.

"Ég held ekki neitt, ég veit það", svaraði kona hans hiklaust. Elma er áreiðanlega ástfangin af Cyril Warring. Og ég veit meira en það, Reginald; ég veit að þú getur eyðilagt hana, drepið hana, en ef þú ætlar ekki að gera það, verðurðu að leyfa henni að giftast Cyril Warring. Hvort sem okkur líkar það betur eða verr, þá er ekki um annað að gera, án hans getur hún naumast lifað og hún verður að fá hann, eg fyrir mitt leyti ætla heldur ekki að hindra það".

Reginald Clifford starði forviða á konu sína: — hún hafði aldrei fyr talað svo ákveðið. Með hálfðlegri röddu og áherzlu á hverju orði tautaði hann ofurhægt við sjálfan sig: "ég fyrir mitt leyti ætla heldur ekki að hindra það".

"Nei, ég geri það ekki", sagði hún ákveðin. — "Elma hefir fengið ást á honum, og ég vil ekki svifta hana sinni gæfu, — eins og sumar mæður hafa gert".

Clifford hallaði sér aftur á bak í stólnum, algerlega hissa. "Hefði ég ekki sjálfur heyrt þig segja þetta, Louisa, þá hefði ég aldrei trúað því. Ég trúi því naumast enn. Það er ómögulegt, ótrúlegt að þú meinir þetta".

"En satt er það samt sem áður", svaraði frúin. "Elma skal giftast þeim manni, sem hún elskar.

Á meðan þetta fór fram lá Elma angrandi í rúminu og fyrirvarð sig enn meira sökum þess að hana grunaði, að móðir sín vissi alt. Frúin kom sjálf með teið handa henni, en þá forðuðust þær að líta hvor á aðra.

Elma lá kyr í rúminu langt fram yfir morgunverðartíma. Þá heyrði hún fótatak fyrir utan dyrnar og varð þess vör, að einhver smokkaði bréfi inn á milli stafs og hurðar, svo heyrði hún skrjáfa í kjól og fótatakið hvarf ofan stigann. Elma tók upp bréfið, sá að það var merkt innanbæjar póststimpil og hlaut að hafa verið látið á pósthúsið þenna morgun; áritunin var til hennar, svo hún opnaði það, en rithöndina þekti hún ekki.

"Vertu ekki hrædd", stóð í bréfinu, "það gerir þér ekkert ilt. Striddu á móti því, þegar það kemur næst, og ef þú gerir það, þá ræðurðu alt af við það".

Hún þóttist viss um, að móðir sín hefði skrifað þetta; fyrst varð henni fyrir að gráta, en svo jafnaði hún sig, tók bréfið og brendi það og fór svo í fötin.

Þegar hún kom inn í daglegu stofuna, stóð móðir hennar upp, tók í hendi hennar og kysti á kinn hennar, eins og ekkert hefði skeð. Samræður þeirra voru kæruleysislegar og fremur þvingandi. Allan daginn var móðir hennar blíðari og umhyggjusamari en hún var vön.

X. KAPÍTULI.

Iðran Kelmscotts ofursta.

Elma Clifford var ekki sú eina, sem vaknaði við sálarangist þenna morgun. Kelmscott ofursti gat ekki sofið framan af nóttunni sökum sjálfsávítunar, og um morguninn vaknaði hann sneiptur og angrandi.

Tímum saman lá hann vakandi í rúminu, og þorði ekki að hreyfa sig, svo hann ekki vekti konu sína, hugsandi um þá tilviljun, sem lét hann hitta þessa

Ágætt Tækifæri!

Þér getið margfaldað peninga yðar áður en lóðin er borguð. Ég hefi selt 16 lóðir á 6 dögum, aðeins 9 eftir; hver lóð 50x193 fet, að 16 feta bakstræti. Verð aðeins $6 fetið. $25 út í hönd og síðan $10 á mánuði. Þessi boð gilda til 15. Maí, eftir það kostar fetið $10. Aðeins 5 mínútna gangur frá strætisvagni. Uppgert stræti, 66 feta breitt. Þessar lóðir eru rétt fyrir sunnan Assiniboine ána. Nú þegar samþykt að asphalt-leggja strætið sem rafmagnsvagnarnir renna eftir, alla leið vestur á móts við Headingly. Og þegar það er búið verða þessar lóðir 20 til 30 dollara virði fetið. Viljið þið nota tækifærið?

Finnið mig á skrifstofu minni eða telefónið.

R. TH. NEWLAND
255½ PORTAGE AVENUE TELEFÓN, MAIN 972

The Hyland Navigation Co.

hefur nú opnað
SUMAR SKEMTIFERÐA SKRÁSETNINGAR
Margar þegar skráðar.
TJALDSTAÐIR til leigu til sumardvalar, í
"HYLAND PARK"
Rétt við ána. Dýrðlegt útsýni. Strætisvagnar á hverjum tuttugu mínútum.

HYLAND NAVIGATION CO.
13 Bank of Hamilton Chambers. Winnipeg.

Með því að biðja sérlega um "T.L. CIGAR," þá ertu viss að fá ágætan vindil.

more like T.L. CIGAR

T.L. (UNION MADE)
Western Cigar Factory
Thomas Lee, eigandi Winnipeg

ALDREI SKALTU geyma til morguns sem hægt er að gera í dag. Pantið Heimskringlu í dag.

Bókalisti.

N. OTTENSON'S, - River Par. W'p'g.

Ljóðmæli Páls Jónssonar í bandi	(3)	85
Sama bók (að eins 2 eint.	(3)	60
Jökulrósir		15
Dalarósir	(3)	20
Hamlet	(3)	45
Tvíbindi Prestafélagsins í hinu forna Hólaskifti	(2)	15
Grant skipstjóri	(2)	40
Börn óveðursins	(3)	55
Umhverfis jörðina á áttatíu dögum	(3)	60
Blindi maðurinn	(3)	15
Fjórblaðaði smárinn	(3)	10
Kapítola (í II. Bindum)	(3)	1.25
Eggert Ólafsson (B. J.)		15
Jón Ólafssonar Ljóðmæli í skrautbandi	(3)	60
Kristinfræði	(2)	45
Kvæði Hannesar Blöndal	(2)	15
Mannkynssaga (P. M.) í bandi	(5)	85
Mestur í heimi, í b.		15
Prestkosningin, Leikrit, eftir D.E., í b.	(3)	30
Ljóðabók M. Markússonar		50
Ritreglur (V. Á.), í b.		20
Sundreg ur, í b.		15
Verði ljós		15
Vestan hafs og austan, Þrjár sögur eftir E. H., í b.		90
Víkingarnir á Hálogandi eftir H. Ibsen		25
Þorláks helgi		15
Ofurefli, skálds. (E. H.) í b.		1.50
Ólöf í Ási	(2)	45
Smælingjar, 5 sögur (E. H.), í b.		85
Skemtiscgur eftir S. J. Jóhannesson 1907		25
Kvæði eftir samaj frá 1905		25
Ljóðmæli eftir sama. (Með mynd höfundarins frá 1897		25
Safn til sögu og ísl. bókmenta í b., III. bindi og það sem út er komið af því fjórða	(53c)	9.4
Íslendingasaga eftir B. Melsted I. bindi bandi, og það sem út er komið af 2. b. (25c)		2.85
Lýsing Íslands eftir P. Thoroddsen í b. (16c)		1.90
Fernir fornísienskir rímnaflokkar, er Finnur Jónsson gaf út, bandi (5c)		85
Alþingisstaður hinn forni eftir Sig. Guðmundson, í b. (4c)		90
Um kristnitökuna árið 1000, eftir B. M. Olsen (6c)		90
Íslenskt fornbréfasafn, 7. bindi innbundið, 3 h. af 8 b. (1.70)		27.80
Biskupasögur, II. b. innbundið (42c)		5.15
Landfræðissaga Íslands eftir P. Th., 4. b. innbundið (35c).		7.75
Ríthöfunda tal á Íslandi 1400—1882, eftir J. B., í bandi (7c)		1.00
Upphaf alþerjarríkis á Íslandi eftir K. Maurer, í b. (5c)		1.15
Auðfræði, e. A. Ól., í bandi (6c)		1.10
Presta og prófastatal á Íslandi 1869, í b. (9c		1.25
Norðurlandasaga eftir P. Melsted, í b. (8c)		1.50
Nýjatestamentið, í vönduðu bandi (10c)		65
Sama, í ódýru bandi (8c)		50
Kóralbók P. Guðjónssonar		90
Sama bók í bandi		1.10
Svartfjallasynir	(3)	60
Aldamót (Matt. Joch.)		20
Harpa	(4)	60
Ferðaminningar, í bandi	(5)	90
Bóndinn "		35
Minningarit (Matt. Joch.) "		35
Týndi faðirinn "		35
Nasreddin, í bandi		35
Ljóðmæli J. Þórðarsonar	(3)	45
Ljóðmæli Gestur Pálsson "		75
Maximi Petrow	[(2)]	45
Leyni-sambandið	(2)	40
Hinn óttalegi leyndardómur	(2)	50
Sverð og bagall	(2)	30
Waldimer Nihilisti		75
Ljóðmæli M. Joch. I.-V. bd., í skrautb.	(15)	4.00
Afmælisdagar Guðm Finnbogasonar		1.00
Bréf Tómarar Sæmundsson	(4)	75
Sama bók í skrautbandi	(4)	1.15
Íslensk-ensk orðabók, G. T. Zoega	(10)	1.80
Gegnum brim og boða		90
Ríkisréttindi Íslands		50
Systurnar frá Grænadal		35
Œfintýri handa börnum		30
Vísnakver Páls lögmans Vídalíns		1.5
Ljóðmæli Sig. Júl. Jóhannessonar		1.00
Sögur frá Alhambra		30
Minningarrit Templara í vönduðu bandi		1.65
Sama bók, í bandi		1.50
Pétur blásturbelgur		10
Jón Arason		10
Skipið sekkur		60
Jóh. M. Bjarnason, Ljóðmæli		55
Maður og Kona		1 25
Fjarða mál		25
Beina mál		10
Oddur Lögmaður		95
Grettis Ljóð.		65
Dular, Smá-sögur		50
Hinrik Heilráði, Saga		20
Andvari 1911		75
Œfisaga Benjamin Franklins		45
Sögusafn þjóðviljans I—II árg. 35c; III árg. 20c IV árg. 20c; V. árg. 20; VI. 45; VII. 45; VIII. árg. 55; IX. árg. 55; X. árg. 55; XI. árg. 55; XII. árg. 45; XIII. árg. 45; XIV. árg. 55; XV. árg. 30; XVI. árg. 25; XVII. árg. 45; XVIII árg. 55; XIX. árg. 25.		
Alt sögusafn þjóðviljans selt á		$7.00
Eldraunin (Skáldsaga)		50
Vallyes sögur		55
Valdimar munkur		60
Kynlegur þjófur		55
Sagan af stargaði Stórvirkssyni í bandi		50
óbundin		35
Rtmur af Sörla sterka í bandi		40
óbundin		30
Myndin af fiskiskipinu		1.10
Bækur sögufélagsins Reykavík;		
Morðbréfabæklingur		1.35
Byskupasögur, 1—6.		1.95
Aldarfarsbók Páls lögmanns Vídalín		45
Tyrkjaránið, I—IV.		2.90
Guðfræðingatal frá 1707—'07		1.10

Bækur Sögufélagsins fá áskrifendur fyrir nærri hálfvirði,—$3.80.

Umboðsmenn mínir í Selkirk eru Dalman bræður.

Þess skal getið viðvíkjandi bandinu á Fornaldarsögunum Norðurlanda, að það er mjög vandað, handbundið skrautband, vel frá gengið eins er með Bréf Tómasar Sæmundssonar.

Tölurnar í svigum tákna burðargjald, er sendist með pöntunum

Íslands fréttir.

FRÁ ALÞINGI.

Mestu tíðindin þaðan eru frumvarp séra Sigurðar Stefánssonar frá Vigur, um frestun bannlaganna. Fer frumvarpið fram á, að heimila flutning áfengra drykkja til landsins unz vínsölubannið kemur í gildi 1915. Er þetta því þriggja ára frestun, sem frumvarpið fer fram á. Sigurður kvað hið slæma fjárhagsútlit landsins og tollmálaóreiðu, knýja sig til að bera frumvarp þetta fram, og er ræða sú, sem hann hélt við flutning þess, talin ein hin mesta snildarræðan, sem haldin hefir verið á þessu þingi. Templarar urðu æfir, og sendi framkvæmdarnefnd stórstúkunnar alþingi hótunarbréf. Nefnd var kosin í málið í efri deild: Sigurður Stefánsson, Stefán Stefánsson, Lárus H. Bjarnason, Steingr. Jónsson og Sig. Hjörleifsson. — Nefndin þrí-klofnaði, vildi Sigurður Hjörleifsson alls enga frestun, Lárus H. að eins eins árs frestun, en hinir þrir mæltu með frumvarpinu. — Svo fóru leikar, að frumv. var samþykt í efri deild, eftir heitar umræður, og vísað til neðri deildar. Úrslit þess eru þar talin óviss, en líkur til að það muni samþykt verða. Andstæðingar bannlaganna láta vel yfir þessum úrslitum, og lýsa velþóknun sinni yfir séra Sigurði frá Vigur. — En kjósendur hans (Ísfirðingar) hafa með tveggja atkvæða mun samþykt vantraustsyfirlýsingu á honum fyrir tiltækið. Og í flutningsræðu sinni gat séra Sigurður þess, að þetta gæti orðið sín pólitiska líkræða, — en hann metti heill þjóðarinnar öllu framar.

• • •

Loftskeytasamband við Vestmannaeyjar var felt úr fjáraukalögunum í efri deild, með 7 atkv. gegn 6. Móti loftskeytunum var konungkjörna sveitin og ráðherrann.

• • •

Neðri deild hefir samþykt, að halda viðskiftaráðanautsstarfinu áfram, og að Bjarni frá Vogi haldi embættinu með 6,000 kr. launum og 4,000 kr. í ferðakostnað.

Gildi stöðulaganna, sem þröngvað var upp á Íslendinga 2. jan. 1871, var mótmælt af neðri deild með þingsályktunartillögu 5. april sl. Flutningsmenn þingsályktunartillögunnar voru: Dr. Jón Þorkelsson, Benedikt Sveinsson, Jón Jónsson frá Hvanná, séra Sigurður Gunnarsson, Bjarni Jónsson frá Vogi, Magnús Blöndahl og Skúli Thoroddsen, og var hún svoláandi:

Neðri deild alþingis ályktar, — jafnframt því sem samþykt er breyting á ýmsum atriðum í stjórnarskrá um hin sérstaklegu málefni Íslands frá 5. jan 1874 og stjórnarskipunarlögum frá 3. okt. 1903 um breyting á nefndri stjórnarskrá, — að lýsa yfir því, með skírskotun til Alþingissamþyktar frá 19. ágúst 1871, I, 906, 556—558, 634), að lög um hina stjórnarlegu stöðu Íslands í ríkinu frá 2. jan. síðastnefnt ár (1871) geti ekki viðurkenzt skuldbindandi fyrir Ísland.

Vildu heimastjórnarmennirnir í deildinni (H. Hafstein, Jón frá Múla, og félagar þeirra) fyrir hvern mun hindra, að þingsályktunartillagan yrði samþykt, og í því skyni báru þeir Jón Ólafsson og Pétur Jónsson fram svoláandi rökstudda dagskrá:

"Þingdeildin lýsir því yfir, að með því að ganga í breytingum sínum á stjórnarskránni fram hjá öllum stöðulagaatriðum, hefir hún alls eigi viljað viðurkenna gildi þeirra laga, eins og alþingi síðan það mótmælti gildi stöðulaganna 19. ágúst 1871 aldrei hefir samþykt þau — og með þessari yfirlýsing tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá".

Var það auðséð, að hér var litið í tvær áttir — til Dana og Íslendinga. Að því er Dani snerti, þá varð að draga úr, — gera sig þóknanlega. En úrslitin urðu þau, að Íslendingar unnu. Rökstudda dagskráin var feld með 16 gegn 9 atkv, en þingsályktunartillagan samþykt með atkv. allra Sjálfstæðismanna. Heimastjórnarmenn greiddu ekki atkvæði.

• • •

Fræðslufrumvarp Björn Jónssonar fékk þá meðferð í efri deild, að því var vikið frá umræðum með svohljóðandi rödstuddri dagskrá:

"Þingdeildin telur mál þetta ekki hafa fengið þann rækilega undirbúning, sem það hefði þurft. En í því trausti, að stjórnin taki til yfirvegunar, á hvern hátt auka megi unglingafræðslu í landinu, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá".

Nefnd hafði haft málið til athugunar og lagði til að það yrði felt.

• • •

Röttufrumvarpinu var vísað frá umræðum í efri deild með rökstuddri dagskrá.

• • •

Við aðra umræðu fjárlaganna í neðri deild varð allmikið þjark út af botnvörpusektunum, eða réttara sagt af hluta þeirra, sem Danir hafa gert tilkall til.

Eins og kunnugt er, lét Björn Jónsson til leiðast að taka upp í fjárlagafrumvarp stjórnarinnar ákvæði um það, að tveir þriðjungar sekta og andvirðis upptekins afla og veiðarfæra, er varðskipið danska tæki hér við land, skyldi renna í ríkissjóð Dana. Fjárlaganefnd lagði til, að athugasemd þessi félli niður og látið við það standa, sem síðasta þing gerði.

Með tillögu fjárlaganefndar töluðu þeir skýrast og skorinorðast: Bjarni frá Vogi, Jón Þorkelsson og Skúli Thoroddsen.

En Hannes Hafstein, Björn Jónsson og Kristján Jónsson ráðherra sóttu það fast, að Danir fengju sektahlutann, eins og þeir gera tilkall til. Engi komu nýjar rök fram í málinu af þeirra hálfu, ráðherranna þriggja, enda varð þeim ekki vel til liðs, þótt þeir legði allir saman.

Við atkvæðagreiðsluna var tillaga fjárlaganefndarinnar samþykt með 17 atkv. gegn 8. Á móti voru: Eggert Pálsson, Björn Jónsson, Hannes Hafstein, Jóhannes Jóhannesson, Jón í Múla, Jón Magnússon, Jón Ólafsson og Pétur Jónsson.

Af þessu er sýnt, að alþingi ætlar að standa við gerðir sínar á síðasta þingi og ekki taka upp lög leysuna frá fyrri þingum.

Hingað til hafa Danir haldið því fram, að strandgæzla þeirra hér við land væri "framkvæmd á dönsku drottinvaldi" og yfirráðum. Væri það heldur enn ekki ótilhlýðilegt, ef Íslendingar væri að kaupa á sig yfirdrottnun þeirra.

• • •

Þeir Skúli Thoroddsen, Bjarni Jónsson frá Vogi, Hálfdán Guðjónsson, Benedikt Sveinsson, Jón Þorkelsson, Jón Jónsson frá Hvanná og Sigurður Gunnarsson flytja svoláandi þingsályktunartillögu um sambandsmálið:

"Neðri deild alþingis ályktar, að skora á ráðherra Íslands, að gera sitt ítrasta til þess, að lög um samband Danmerkur og Íslands, er samþykt voru á alþingi 1909, verði sem allra bráðast tekin til meðferðar á ríkisþingi Dana.

• • •

Fjárlögin voru til 1. umræðu í efri deild 11. april, og var þeim eftir nokkrar umræður vísað til nefndar þeirrar, er áður hafði verið kosin til að fjalla um fjáraukalögin. Í nefnd þeirri eru: Lárus H. Bjarnason, form., Steingrímur Jónsson, skrifari og framsögumaður, Sigurður Stefánsson, Sigurður Hjörleifsson og Stefán Stefánsson.

Prestkosning á Grund í Eyjafirði fór fram í sl. mánuði og fékk séra Þorsteinn Briem 88 atkv., séra Jónas Halldórsson 76 og séra Sig. Guðmundsson 14. Enginn náði helmingi atkvæða svo að kirkjustjórnin veitir. Kjósendur nær 300.

— Mokafli við Vestmannaeyjar í apríl byrjun. Sumir vélabátarnir þar hafa fengið um 20 þús. Aflalaust enn í veiðistöðvum austanfjalls, en góður afli hér suður með Reykjanesi. Hlutir orðnir óvenjulega háir, t. d. í Grindavík.

— Við Garðsskaga strandaði ensku botnvörpungur nýverið, á skeri þar úti fyrir, og kvað vera mjög brotinn. En skipsmenn björguðust allir í land. Skipið hét Nondu, frá Grimsby.

— M.Lund lyfsali hefir selt lyfjabúðina hér í bænum og húseignir þær, sem henni fylgja, cand.pharm. P. O. Christensen frá Kapmannahöfn, og flytur sig til Hobro á Jótlandi, þegar herra Christensen hefir veitt lyfjabúðinni viðtöku.

— Félag íslenzkra stúdenta í Kaupmannahöfn hefir samþykt svohljóðandi fundarályktun:

"Fundurinn mótmælir harðlega broti á heilbrigðu þingræðisfyrirkomulagi, að nokkur taki við ráðherraembættinu þvert ofan í yfirlýstan vilja meiri hluta þjóðkjörinna þingmanna.

Enn fremur telur fundurinn þá pólitík ráðherrans, að leggja sambandsmálið á hilluna um nokkurra ára bil, skaðvænlega sjálfstæðissteinunni og skorar því á þingið, að mótmæla henni kröftuglega".

Engir höfðu orðið til þess, að mæla þingræðisbrotinu bót nema einna helzt Bogi sagnfræðingur Melsted.

— Hafís var um miðjan apríl mánuð fyrir Norður og Austurlandi. Allmikill á Skjálfandaflóa og austur með Langanes strönd um til Vopnafjarðar. Einung hafíshroði á Skagafirði, Eyjafirði og Þaskrúðsfirði.

— Prestur að Grenjaðarstað í Suður-Þingeyjarsýslu er kosinn aðstoðarpresturinn þar, Helgi P. Hjálmarssonj Aðrir ekki í kjöri.

— Björn Jónsson, fyrv. ráðherra hefir aftur látið af ritstjórn Ísafoldar fyrst um sinn, sökum heilsubilunar.

— Kuldatíð var um land allt um og eftir páskana. Frost Norðanlands komust upp í 14—15 stig. — Kuldinn þó í rénun, þá er síðast fréttist.

— Dáinn er í Reykjavík 13. apr. sl. Sveinn kaupmaður Sigfússon, eftir langvarandi sjúkleik. Atorku- og dugnaðarmaður. Varð 56 ára gamall.

— Minnisvarða samskotin virðast ganga fremur tregt í Reykjavík, eftir því sem Ísafold segir. 4000 krónur voru komnar á bankana um miðjan april. Af samskotunum út um landið hafa litlu betri fréttir borist. — Nú hefir Einar Jónsson lokið við leirmyndina af Jóni Sigurðssyni, og gipssteypuna mun hann ljúka við á þremur vikum. Þá verður gipssteypan send til útlanda til þess að steypa hana í eir. Fyrr en um miðjan júlímánuð verður því naumast lokið, svo litlar eru líkurnar, eftir þessu að dæma, að minnisvarðinn verði kominn upp á aldarafmæli Jóns Sigurðssonar.

— Nýlega hefir danska blaðið 'Riget' flutt þrjár af smærri sögum Jóns Trausta í þýðingu eftir frú Helgu Gad, er áður hafði snarað 'Höllu' á dönsku. Þessar sögur eru: 'Tvær systur', 'Strandið á Kolli' og 'Sigurbjörn Sleggja'. Þær hafa komið út í sunnudagsblöðunum, er mest flytja skemtandi og fræðandi efni.

— Frá Frakklandi eru nú bráðum væntanlegir til Íslands 3 verkfræðingar, til þess að rannsaka Sogsfossana og fleira hér austanfjalls, sem Frökkum leikur hugur á að eignast.

Hallgrímur Jósafatsson,

Gestssonar frá Ási.

Örlaga strangir ægistraumar
Umbreytingar skapa fljótt.
Lífsins björtu loga-flaumar
Lýsa, glampa dag og nótt.
Flóðgátt framúr tímans tifa
Tilbreytingar stilt og rótt.
Ýmsir deyja, aðrir lifa, —
Árin dvína seint og fljótt.

Hvað er markið mannlífs anda, —
Meistarans æðstu tilgangsorð?
Hvað er myndun lofts og landa,
Ljóssins geisli, alheimsstorð?
Alveldi, sem öllu stjórnar
Eilífðar um regin hvel.
Eins er líf þá öðru fórnar
Örlagarás, og stundar hel.

Lýsi ég skamt í ljóði tjáðu
Lífsþræði og dauðastund.
Fyrri naprar nornir kváðu
Nautum-farar hinsta blund.
Hljóta að falla á foldu bleika
Frægðarmenni jafn og barn.
Endar tíminn alla leika.
Ævin bráðnar rétt sem hjarn.

Hallgrímur, þér hallir vígja
Heilög goð í Sunnudal.
Dettifoss og Dyngjur knýja
Duliðs-ljóð í Byrgis-sal.
Áshöfði þér einnig flytur
Erfiljóð með Jökulsá.
Hljóðakletta Huldu-þytur,
Hristir logi Sveinagjá.

Kelduhverfs á breiðum boga
Blika Mánaeyjar við.
Rauðunúpar röðulsloga
Renna suðrá jökulrið.
Herðibreið í Heklu mjallar
Heilsar öllum landa-bug.
Dyngjufjalla digrir skallar
Dagrenninga hrista flug.

Heyrast kveða holtin undir,
Hraunin ymja þungskyld ljóð,
Vatnajökuls vætta fundir
Verma sig á móðu-glóð.
Jökuldrottning hærst í hafi
Hinsta sinn þér sendir orð.
Lík þitt stirðnað láðs í kafi
Leifs hins hepna geymir storð.

K. Ásg. Benediktsson.

Hefir þú borgað Heimskringlu?

Frétta pistill og ofurlítil athugasemd.

SPANISH FORK
6. april 1911.

Hér hefir verið fremur mildur og góður vetur vetur. Almenn velliðan manna á meðal. Samt kom hér kuldakafli fyrir liðugri viku síðan, með snjó og frosti og hélst þrjár nætur. Þá varð ís á vatni nær ½ þumlung á þykt, og mun það hafa gert talsverðan skaða á ýmsum ávaxtartrjám, sem þá voru sprungin út og stóðu í blóma.

Af íslenzka þjóðflokknum er það að frétta að öllum líður fremur vel, og að mínu áliti öðrum þjóðflokkum fremri í flestum greinum; sérstaklega hvað iðjusemi og sparsemi snertir, og ég held í öllu verk legu. Það, sem helzt og mest prýðir þjóðflokk vorn hér það er gestrisni og áreiðanlegheit í orðum og verkum; þar eru mjög fáar undantekningar.

Vel er vert að geta þess, að nokkrir landar hér í vetur tóku að sér það lofsverða fyrirtæki, að gleðja tvo gamla menn af þjóðflokki vorum. Þeir, sem mest gengust fyrir því, voru þeir alþektu heiðursmenn Vigfús Guðmundsson og Bjarni B. Svelnsson, sem fóru á meðal landa og fengu saínað ofurlítilli peninga upphæð, sem gefið var til þeirra Eyjólfs Guðmundssonar (fjórgamall maður, ættaður úr Húnavatnssýslu og nafnkunnur um Norðurland fyrir umbætur á æðarvarpi og fleira) og Vigfúsar Einarssonar (aldraður maður, næstum blindur, ættaður úr Skaftafellssýslu). Þá vildu sumir hafda nefndum gömlu mönnum heiðurssamsæti og þar afhenda þeim gjöfina, en aðrir að þeim væri bara fært það heim til sín. Til þess að alt færi sem bezt úr hendi, var Einar H. Johnson kosinn eins og vant er, til að standa fyrir því, og tveir menn aðrir með honum. Þeim kom saman um, að færa þeeum gömlu öldungum gjöfina heim, og lét E. H. Johnson afhenda þeim það með mjög hlýjum og velvöldum orðum, því maðurinn er hið mesta lipurmenni

Hingað er nýlega kominn landi vor Ketill Eyjólfsson með fjölskyldu sína, frá National City, Cal., sem er nálægt línunni Bandaríkjamegin við Mexico, — eftir nálægt eins árs dvöl þar. Og lætur hann mikið vel yfir veðurblíðunni, fegurð og góðu loftslagi þar vesturfrá, nefnilega sama sumar alt af. En dauft með atvinnu og fólkið margt; þar með allar lífsnauðsynjar dýrar. Hann segir þar saman kominn mikinn her af Bandaríkjahermönnum, yfir 20,000 landher og 13 herskip. Margt merkilegt þar að sjá, sem ekki er svo hægt að lýsa með penna. Honum þótti í fyrstu skrítið að sjá, þegar herskipin voru að senda ljósgeisla í land, sem lýstu upp alt héraðið á nóttunni. Einnig þegar þau skutu til marks eða í virðingarskyni; þá skalf jörðin og húsin hristust í 6 milna fjarlægð eða meir.

Ekki dettur mér í hug að fara að svara bulli Jóns Þorgeirssonar í Heimskringlu, sem hann kallar "Goðatrúin forna", sem ég í raun og veru sé ekki neitt gott við, og þykir næsta hlægilegt, að vera að bölsótast og skapa sér hugmyndir um afguðarugl fornmanna. En samt, almennings velsæmis vegna, get ég ekki hjá mér leitt að yfirlýsa því hér í eitt skifti fyrir öll, að staðhæfing hans í téðri grein um það, að Íslendingar í Spanish Fork hafi hatað og hati sig enn, út af trúarbragðaskoðunum, — það er alveg rangt og hefir ekki tegund af sannleika að styðjast við. Væri því rýmilegt, að brúka hans eigin orð og segja: "það er bara haugalýgi. En satt er, að Jón er ekki vinsæll maður. Aðalsannleikurinn er, að flestir landar hér hafa mikið fremur vikið honum góðu og aumkvað hann. Jón kveðst vera Mormóni í öllum sínum trúarskoðunum, og veit ég ekki til, að neinn hafi hannað honum það, eða amast við honum út af því, sem varla er heldur von, þar sem mikill meiri hluti bæði Íslendinga hér og annara þjóða fólks er þeirrar trúar ....

G. E. Bjarnason.

Á öðrum stað í þessu blaði auglýsa þeir Johnson og Carr rafleiðsluiðnað sinn, að 761 William Ave. Johnson mun vera eini Íslendingurinn hér í borg, sem stundar það starf á eigin reikning, og með því að maðurinn hefir mikla starfsþekkingu af margra ára vinnu við allskyns rafleiðslu, þá ættu Íslendingar að unna honum viðskifta sinna. Þeir hafa meira en nóg verk fyrir einn mann að gera á öllum ársins tímum.

Áður enn þú kaupir

PLAYER PIANO

fullvissaðu þig um leikni hljóðfæris þess, sem fremst er í auga þér, að framleiða

Ekta Piano spil

með hreinum hljómtónum.— Fullvissaðu þig um þessa fullkomnun út í vztu æsar, og þá fellur val þitt efalaust á

HEINTZMAN & CO PLAYER-PIANO.

J. J. H. McLean & Co LIMITED

Cor Portage Ave. & Hargrave
Phone Main 808.

Fréttir úr bænum

Til Winnipeg komu á föstudaginn var 21 íslenzkir innflytjendur. Voru 15 þeirra af Patreksfirði og 6 úr Reykjavík. Hinir fyrnefndu 15 eru ættingjar herra N. Ottensonar í River Park, og eru þetta nöfn og aldur þeirra:

Guðrún Össurardóttir, 59 ára.
Þorsteinn Ingimundarson, 20.
Jóhann Magnússon, 42.
Ólöf Össurardóttir, 38.
Guðrún Jóhannsdóttir, 15.
Þóra Jóhannsdóttir, 6.
Arnbjörg Jóhannsdóttir, 3.
Sigríður Össurardóttir, 56.
Guðbjörg Guðbjartardóttir, 24.
Dagbjartur Guðbjartsson, 21.
Arinbjörn Guðbjartsson, 19.
Andrés Guðbjartsson, 12.
Jón Guðbjartsson, 11.
Sigurður Guðbjartsson, 9 ára.

Hinir 6 síðartöldu, frá Rvík eru tengdafólk herra Einars Ólafssonar hér í borg. — Einar kom hingað vestur í fyrra, þá allslaus, en hefir síðan unnið stöðugt, og sendi fólki þessu fargjöldin og tekur nú á móti því. — Von er á hr. Jóni Th. Clemens hingað vestur innan skamms, og með honum um 40 manns.

Séra Fr. J. Bergmann lagði af stað héðan í Íslandsferð á þriðjudagskveldið var. Býst við að koma hingað vestur aftur í september næstk. Söfnuðurinn hélt honum kveðju-samsæti í fundarsal kirkjunnar á mánudagskveldið og voru þar viðstaddir nær 300 manns. — Daginn áður þáði hann heimboð til herra G. P. Thordarsonar bakara, og voru þar einnig margir gestir til að kveðja hann. Heimskringla árnar honum ánægjulegrar og happasælar ferðar.

Eiríkur S. Hallson andaðist á almenna spítalanum á fimtudaginn var. Banameinið var tæring. Eiríkur heitinn var að eins 21 árs gamall, og hafði komið hingað til lands fyrir 6 árum síðan og lengst af búið hjá föður-foreldrum sínum herra Jóni Hallssyni og konu hans hér í borginni. Heima á ættjörðinni lifir móðir hans. — Eiríkur heitinn var bezti drengur og verður því mörgum harmdauði. Hann var jarðsunginn af séra Fr. J. Bergmann á laugardaginn var.

Látin er hér í borg að morgni 10. þ.m. ekkjan Ástríður Johnson, að heimili herra Thorláks Nelson, að 542 Toronto St., 67 ára gömul, einstæðingur, — hafði míst öll sín börn, hið síðasta — Pál póstþjón hér í borg — fyrir rúmu ári síðan. Hún var hraustleika kona og lifði við góða heilsu fram undir fimtudaginn í fyrri viku, hafði þá orðið kalt og fengið suert af lungnabólgu, er varð banamein hennar. Séra Jón Bjarnason jarðsöng hana þann 12. þ. m.

Herra Guðmundur Snædal, bóndi frá Wynyard P.O., og einn þeirra Íslendinga, sem gekk á Manitoba búnaðarskólann sl. vetur, kom hingað til borgarinnar á laugardaginn var, og gekk samdægurs að eiga heitmey sína, Miss Ingunni Sigurðsson héðan úr borg. Dr. Jón Bjarnason framkvæmdi hjónavígsluna. Á mánudagskveldið héldu nýgiftu hjónin til Wynyard, sem verður framtíðarheimili þeirra — Heimskringla óskar brúðhjónunum allra heilla og blessunar.

Miss Dora Grímsson, frá Byrnt Lake, Alberta, kom hingað til borgarinnar þann 11. þ.m. Hún segir tíðarfar gott og almenna velliðan vestur þar.

Herra Stephan Sigurðsson, gufuskips eigandi hér í borg, fór á mánudaginn var suður til Chicago og Buffalo í Bandaríkjunum. Verður að heiman um vikutíma.

Fiolin Recital hélt herra Thorsteinn Johnson með nemendum sínum í Goodtemplarahúsinu þann 8. þ.m., að viðstöddu fjölmenni, enda var prógram mjög vandað. — Þyngstu stykkin spiluðu þau ungfrú Clara Oddson og hr. Magnús Magnússon, og eru þau bæði farin að spila prýðisvel. — Laugi Oddson og Conráð Jóhannesson fóru prýðisvel með stykki sín, og eru efni í góða spilara. — Á þessari samkomu kom fram 7 ára gömul dóttir hr. Th. Johnsonar og spilaði á fiólin, og mun það í fyrsta sinni, að svo ungt barn íslenzkt hefir þannig spilað á opinberri samkomu. Það sætti undrun áheyrendanna, hve vel hún leysti verk sitt af hendi. — Hr. Child, hérlendur maður, söng tvo einsöngva, miðlungi vel. Aðalgallinn á söng hans var sá, að enginn gat heyrt nokkurt orð í kvæðunum, og á hann í því sammerkt við söngfólk vort yfirleitt hér. — Undirspilin spiluðu þau ungfrú Sigríður Friðrikson og hr. Pétur Johnson, og fórst það vel. — 'Recital' þetta var góð auglýsing fyrir hr. Johnson, sem nú er orðinn viðurkendur sem einn af beztu fiðinistum borgarinnar, og á verðskuldaða viðurkenningu fyrir að hafa innleitt fiólin-slátt á háu stigi inn í íslenzka félagslífið hér.

Ungmennafélag Únitara heldur fund í kveld (miðvikudag) í samkomusal Únitara. Allir meðlimir beðnir að mæta.

Ossa hefir borist maí-heftið af Trail Magazine, sem gefið er út hér í Winnipeg. Tímarit þetta er mjög myndarlegt að öllum frágangi. Hvert hefti yfir hundrað blaðsíður með sögum, ritgerðum og kvæðum. Heimskringla getur nánar um tímaritið síðar.

Kvenfélag Únitara ætlar að hafa BAZAAR næstkomandi mánudag og þriðjudag, þann 22. og 23. þ.m. Margir ágætir munir verða þar á boðstólum, svo sem föt handa ungum sem öldnum, 'Sewing Cabinets' og ýmsir fáséðir munir. — Landar ættu því að fjölmenna á Bazaarinn og kaupa, — það mun borga sig.

Herra Bergsteinn Björnsson, sem lagði af stað til Edson í byrjun fyrri viku, kom þaðan aftur á mánudaginn var. Dvaldi einn dag í Edson og leizt miðlungi vel á sig.

Sigrún M. Baldwinson
TEACHER OF PIANO
727 Sherbrooke St. Phone G. 2414

Síðastliðið sunnudagskveld komu saman á heimili Mr. og Mrs. Stefáns Johnsonar, 694 Maryland St., nokkrir kunningjar Bjarna Dan. Johnsonar, sem er á leið til Íslands, til að kveðja hann; og skemtu þeir honum og sér langt fram á nótt. Gestirnir færðu burtfaranda að gjöf mjög vandaða ferðatösku með nafni hans á, og ávarp, sem hljóðar þannig: — "Í tilefni af þinni fyrirhuguðu ferð til ættlandsins höfum uér, nokkrir kunningjar þínir, komið hér saman í kveld til þess að árna þér heilla og farsællar afturkomu, sem vott góðrar viðkynningar við þig á liðinni tíð, afhendum vér þér gjöf þessa, sem vér óskum þú megir njóta samkvæmt hug gefendanna.

Með kærri kveðju,
Nokkrir kunningjar".

Kvenfélag Tjaldbúðar safnaðar heldur Baazaar í salnum undir kirkjunni fimtudaginn og föstudaginn 18. og 19. þ.m., frá kl. 2 til 5 og frá kl. 8 til 11 síðdegis. Margt fallegt til sölu. Kaffi til sölu.

Blaðið Winnipeg Free Press flutti á laugardaginn var mynd af séra Fr. J. Bergmann og greinarstúf um hann, þar sem þess meðal annars er getið, að hann sé á förum til Íslands og ætli að vera við afhjúpun á minnisvarða Jóns Sigurðssonar, sem fari fram á Gimli, höfuðstað Íslands (!!). — Ekki vantar vandvirknina og landafræðisþekkinguna hjá mönnunum þeim.

Hlutabréf Winnipeg strætbrautafélagsins seldust fyrir $2.36 hvert dollarsvirði á Montreal markaðnum þann 5. þ.m. Hlutabréf C.P.R. félagsins seljast líku verði. Það er engin fasteign til innan Winnipeg borgar, sem ekki fer sihækkandi í verði.

Rafaflsbrautar vagnarnir milli Selkirk og Winnipeg ganga eftir 29. þ.m. milli nefndra staða sjö hringferðir á dag: — Frá Winnipeg kl. 8.05, 9,15, 10.20 f.h. og kl. 1.10, 3.20, 5.30 og 6.35 e.h. — Frá Selkirk: kl. 6.45, 7.45, 9.15 og 12 hád. og kl. 2.15, 4.25 og 5.30 e.h. Félagið er að undirbúa til þess að ferðafólk geti farið með lestunum beint inn í skemtigarðinn í Selkirk bæ, það sem þess óskar.

Samskotum til Kínverja er lokið hér í blaðinu. Það er nú farið að batna svo í árí þar eystra, sem betur fer, að ekki virðist ástæða til, að safna frekar til styrktar þeim.

Þeir, sem kynnu að vilja gerast áskrifendur að Trail Magazine, ættu að senda áskriftargjöld sín, $1.00 um árið, til BALDURS JÓNSSONAR, 662 Ross Avenue, Winnipeg.

Til styrktar Kínverjum

hafa Heimskringlu borist eftirtaldar upphæðir:

Frá WINNIPEGOSIS, Man. Jón Einarsson 50c, Mrs. J. Einarsson 50c, Margrét Einarsson 50c, Einar M. Einarsson 50c, J. S. J. Einarsson 50c, G. O. Einarsson 50c.

Frá KRISTNES, Sask.: Mr. og Mrs. H. B. Einarsson $1.50.

Samtals	$ 4.50
Áður auglýst	53.00
Alls safnað	$57.50

DEER LODGE.

Það er engum efa bundið, að auglýsing sú, sem birtist í þessu blaði frá ST. JAMES REALTY CO. hefir að bjóða gróðavænlegri lóðakaup, en alment gerast. Allir Winnipeg-búar þekkja Deer Lodge, og vita hvaða framtíð landið þar umhverfis á fyrir höndum. Ekkert úthverfi hefir að bjóða önnur eins þægindi og Deer Lodge: Talsíma, strætisvagna, góðar brautir og afbragðs vatn, ásamt raflýsing. Að kaupa því lóðir þar, er spursmálslaust öruggur gróðavegur.

Einnig er ekki hægt fyrir þá, sem hafa í hyggju að byggja sér íveruhús, að fá hentugri stað, fyrir allra hluta sakir, en í Deer Lodge 'Subdivision', þeirri, sem hér er í boði. Strætisvagnarnir flytja verkamanninn þaðan á fáum mínútum inn í borgina til vinnu. — Þarna er maður einnig laus við skarkala borgarinnar, og þarna nýtur maður gæða lífsins í friði ogró, — í heilnæmu loftslagi og fögru landslagi.

Ráð vort er því: Takið ykkur upp og byggið hús ykkar í Deer Lodge hverfinu. Þar getið þið haft kýr og hænsi, og annað, sem hverjum fjölskyldumanni er búdrýgindi og lífsþægindi.

Einn íslenzkur fasteignasali hefir falað landspildu af 'Subdivision' þeirri, sem St. James Realty Co. er nú að bjóða, og ætlar hann að byggja hús þar á þessu sumri. — Fleiri landar ættu að fylgja dæmi hans. Verðið er lágt, og söluskilmálar hinir aðgengilegustu.

Menn sem óska eru teknir í bifreið til að skoða eignirnar, án þess þó að nokkur kvöð hvíli á þeim að kaupa. — Finnið því félagið að máli, eða skrifið. Það ætti engum að vera ofvaxið. Skrifstofa þess er í Nova Scotia bankabyggingunni, á horni Garry St. og Portage Ave.

Gripið gæsina meðan hún gefst.

BOÐSBRÉF.

Undirritaður hefir í hyggju, að gefa út mánaðarrit á íslenzku með skemtisögum, fræðigreinum, ritgerðum og, ef nógu margir áskrifendur fást, með myndum. Lesmál verður þrjár arkir á mánuði, eða 48 blaðsíður í stóru 8 blaða broti. Frágangur og mál verður vandað, sem kostur verður á. Engar deilugreinir um trúmál, pólitík eða önnur efni.

Verð ritsins verður $1.50 á ári. Á að byrja seinni part sumars.

Magnús J. Skaptason

Winnipeg, Man., 1. maí 1911.

Safnaðarfundur

Safnaðarfundur verður haldinn í Únitara kirkjunni sunnudaginn 28. þ. m. eftir messu. Á fundinum verða kosnir fulltrúar frá söfnuðinum á fimta ársþing íslenzkra Únitara. Allir safnaðarmeðlimir eru beðnir að mæta.

S. B. BRYNJÓLFSSON
varaforseti.

"Kvistir" í bandi

Munið eftir því að nú fást "KVISTIR" Sig. Júl. Jóhannessonar, í ljómandi fallegu bandi hjá öllum bóksölum.

Verð $1.50

Union Loan & Investment Co.
45 Aikin's Bldg.
PHONE GARRY 3154
Lánar peninga, kaupir sölusamninga, verzlar með fasteignir: hús, lóðir og lönd. Veitir umsjón dánarbúum.— Peningum veitt móttaka og 7% vextir ábyrgstir.
Íslenzkir forstöðumenn. — Hafið tal af þeim
H. Pétursson, John Tait, E. J. Stephenson

JOHNSON & CARR
RAFLEIDSLUMENN
Leiða ljósvíra í íbúðarstórhýsi og fjölskylduhús; setja bjöllur, talsíma og tilvísunar skifur; setja einnig upp mótors og vélar og gera allskyns rafmagnsstörf.
761 William Ave. Phone Garry 735

Dalman & Thorsteinson
MÁLARAR
Gera alskonar húsmálning. Kalsomining og leggja pappir. Alt verk vandað og fljótt afgreitt. Phone Garry 240
797 Simcoe St.

R. TH. NEWLAND
Verzlar með fasteingir, fjárlán og ábyrgðir
Skrifstofa: No. 5. Alberta Bldg. 255½ Portage Ave.
Sími: Main 972 Heimilis Sherb. 1619

A. S. BARDAL
Selur líkkistur og annast um útfarir. Allur útbúnaður sá bezti. Enfremur selur hann alskonar minnisvarða og legsteina.
121 Nena St. Phone Garry 2152

Sherwin - Williams
PAINT
fyrir alskonar húsmálningu.
Prýðingar-tími nálgast nú. Dálítið af Sherwin-Williams húsmáli getur prýtt húsið yðar utan og innan. — Brúkið ekker annað mál en þetta. — S.-W. húsmálið málar mest, endist lengur, og er áferðarfegurra en nokkurt annað hús mál sem búið er til. — Komið inn og skoðið litarspjaldið. —

CAMERON & CARSCADDEN
QUALITY HARDWARE
Wynyard, - Sask.

Ódýr Lönd
Nú hefi ég 2000 ekrur af bezta hveitilandi, sem fáanlegt er í Manitoba, í twp. 16—17, R. 9 West. Þessar 2 þús. ekrur sel ég fyrir
HALFVIRÐI
til 1. júlí 1911. Borgunarskilmálar: ¼ eða einn fimti í peningum, afganginn á 8—10 árum, vextir 7—8%. Þetta er það seinasta tækifæri að ná í góð kaup í þessari bygð. Eftir 2—5 ár verður ekram í landi virði $40—60 í Manitoba fylki. Þeir, sem vilja fljót-gróða á landakaupum, snúi sér strax til mín. Ég geri kaup og gef upplýsingar samkv. þessari auglýsingu.

Magnús Johnson
WILD OAK, P.O. MAN

Ókeypis Bæklingur
"Landið þar sem olía er konungur"
Ennig eintak af síðustu útgáfu af "Buick Oil News."
Sendið nafn yðar og áritun og hið ofantalda verður sent yður ókeypis.

K.K.Albert
P. O. Box 56
WINNIPEG

G. S. VAN HALLEN, Málaferslumaður 418 McIntyre Block., Winnipeg. Talsími Main 5142

TILBOÐ.
Við undirskrifaðir tökum að okkur alla grjótvinnu, sem við getum af hendi leyst eins fljótt og vel og nokkur getur gert. Við seljum grunn undir hús, hlöðum kjallara, steypum vatnskeröld og gangstéttir, gerum steinsteypu í fjós, o.fl.
Jacob Frimann
Hergr. Hallgrimson
Gardar, N. Dak.

Öll þau efni
sem gera hið daglega brauð ljúffengt, heilsusamlegt og nærandi, hefir
Boyd's
BRAUÐ
inni að halda. Það er tilbúið í hinu stærsta brauðgerðarhúsi í Vestur-Canada, sem æ verður stærra og stærra eftir því sem framför landsins eykst. Þér vitið ástæðuna. — Reynið BOYD'S brauð.

Th. JOHNSON
JEWELER
286 Main St. Sími M. 6606

Dr. G. J. Gíslason,
Physician and Surgeon
18 South 3rd Str, Grand Forks, N.Dak
Athygli veitt AUGNA, EYRNA og KVERKA SJÚKDÓMUM. ASAMT INNVORTIS SJÚKDÓMUM og UPPSKURÐI. —

Dr. J. A. Johnson
PHYSICIAN and SURGEON
HENSEL, N. D.

J. J. BILDFELL
FASTEIGNASALI.
Union Bank 5th Floor No. 520
Selur hús og lóðir, og annað þar að lútandi. Útvegar peningalán o. fl.
Phone Main 2685

MARTYN F. SMITH,
TANNLÆKNIR.
Fairbairn Blk. Cor Main & Selkirk
Sérfræðingur í Gullfyllingu og öllum aðgerðum og tilbúnaði Tanna. Tennur dregnar án sársauka. Engin veiki á eftir eða gómbólga. —
Stofan opin kl. 7 til 9 á kveldin
Office Phone Main 5944. Heimilis Phone Main 6462

Hannyrðir.
Undirrituð veitir tilsögn í alls kyns hannyrðum gegn sanngjarnri borgun. Starfsstofa: Room 312 Kennedy Bldg., Portage Av., gegnt Eaton búðinni. Phone: Main 7723.
GERDA HALDORSON.

VANTAR
Fasta umboðsmenn og hjálparmenn (canvassers), bæði konur og karla.
Gott kaup harda duglegum.
Skrifið og sendið nauðsynleg meðmæli.

K.K. ALBERT
Box 456
WINNIPEG, MAN

„Að lesa og skrifa list er góð læri það sem flestir."
Ef þig langar til að læra að skrifa fagra rithönd, þá skrifaðu eftir upplýsingum og sýnishorni til H. F. Einarssonar, Pembina, N. Dak., sem kennir allskonar rithönd fjölbreytta pennadrætti og skrautskrift. Þú getur lært heima í þínu eigin húsi, því tilsögnin er send bréflega með pósti.
Hverjum, sem svarar þessari auglýsingu, verður sent spjald með hans eigin nafni skrautritaðu. 25-5

Sveinbjörn Árnason
Fasteignasali.
Selur hús og lóðir, eldsábyrgðir, og lánar peninga. Skrifstofa: 310 McIntyre Blk.
office TALSIMI 4700. hús Tal. Sherb. 2018

BONNAR, TRUEMAN & THORNBURN,
LÖGFRÆÐINGAR.
Suite 5-7 Nanton Blk. Main 766
Winnipeg, Man. P.O.BOX 223

Anderson & Garland,
LÖGFRÆÐINGAR
35 Merchants Bank Building
PHONE: MAIN 1561.

HANNES MARINO HANNESON
(Hubbard & Hanneson)
LÖGFRÆÐINGAR
10 Bank of Hamilton Bldg. WINNIPEG
P.O. Box 781 Phone Main 378 " " 3142

Gísli Goodman
TINSMIÐUR.
VERKSTÆÐI: Cor. Toronto & Notre Dame.
Phone Garry 2988 : : Heimilis Garry 899

Winnipeg Andatrúar Kirkjan
horni Lipton og Sargent.
Sunnudagssamkomur, kl. 7 að kveldi. Andartrúarspeki þá útskýrð. Allir velkomnir.
Fimtudagssamkomur kl. 8 að kveldi, huldar gátur ráðnar. Kl. 7,30 segul-lækningar.

W. R. FOWLER A. PIERCY.
Royal Optical Co
307 Portage Ave. Talsími 7286.
Allar nútíðar aðferðir eru notaðar við augn-skoðun hjá þeim, þar með hin nýja aðferð, Skuzga-skoðun, sem gjöreyðir öllum ágiskunum. —

KAUPIÐ af þeim og verzlið við þá sem auglýsa starfsemi sínu í Heimskringlu og þá fáið þér *betri* vörur með *betra* verði og *betur útilátnar*.....

Talsími Heimskringlu
Garry 4110

Heimskringla.

Heimilis talsími ritstjórans:
Garry 2414

XXV. ÁR. WINNIPEG, MANITOBA, FIMTUDAGINN, 25. MAÍ 1911. Nr. 34.

Fyrirmyndar námsmaður.

THORBERGUR THORVALDSSON,
Magister,

er fæddur 24. ágúst 1883 í Hofdölum í Skagafirði, sonur Þorvaldar Þorvaldssonar og Þuríðar konu hans Þorbergsdóttur. Sumarið 1887 fluttust þau til Ameríku með börnum sínum fjórum og námu land í Árnes bygð í Nýja Íslandi. Af þremur bræðrum er Sveinn elzt ur, nú kaupmaður við Íslendingafljót; þar næst Þorvaldur, sem útskrifaðist frá Manitoba háskólanum árið 1902 með ágætum vitnisburði og hafði á námstíma sínum fengið $90.00 eitt árið, $80.00 annað árið og silfurmedalíu við burtfararprófið; hann stundaði og hlaut þar "Bachelor of Science" stigið 1903 og var að vinna til meistarstigsins í vísindum, þegar hann lézt við skólann í febrúar 1904. — Yngsti sonurinn Thorbergur byrjaði nám við Wesley College haustið 1900, og útskrifaðist vorið 1906; fékk $25.00 fyrir beztu frammistöðu og $60.00 verðlaun fyrsta námsárið í College deildinni, og annað árið gullmedalíu fyrir bezta frammistöðu bæði árin. Þriðja árið fékk hann $100.00, sem voru fyrstu verðlaun fyrir nám í náttúruvísindum, og við burtfarar prófið hlaut hann fyrstu ágætiseinkunn og silfurmedalíu.

Að loknu námi fór hann til Harvard háskólans, og hefir síðan stundað þar náttúrufræðinám og rannsóknir. Hann hefir áður hlotið þar hæztu verðlaun, 15 hundruð dollars fyrir ágæta frammistöðu. Og nú flytja ensku blöðin hér þær fregnir, að hann hafi á nýafstöðnu vori, unnið sér sæmd mikla með því að hljóta hið svoneínda 'Hooper Scholarship', sem metið er frá $1150.00 til $1500.00, og eru hæztu verðlaun, sem nokkrum eru veitt í þeirri deild skólans. Thorbergur hlaut verðlan þessi fyrir rannsóknir í efnafræði, og eru verðlaunin veitt til þess að gefa þiggjendum þeirra kost á, að stunda frekari rannsóknir í fræðigreinum sínum við háskólana í Evrópu löndum.— Thorbergur hefir því ásett sér, að verja næsta ári til ferðalaga og frekari efnarðisrannsókna á meginlandi Evrópu.

Það er sérstakt ánægjuefni öllum sönnum Íslendingum, að vita af velgengni vorra ungu námsmanna, og heiður þjóðflokkinum í heild sinni, þegar þeir skara eins langt fram úr keppinautum sínum, eins og Thorbergur hefir jafnan gert. — Eins er það gleðiefni fyrir hina aldurhnigna foreldra hans í Árnesbygð, að frétta af sæmd þeirri, sem hann árlega vinnur sér.

BJARNASON & THORSTEINSON

Fasteignasalar

Kaupa og selja lönd, hús og lóðir víðsvegar um Vestur-Canada. Selja lífs og eldsábyrgðir.

LÁNA PENINGA
út á fasteingir
og innkallá skuldir.

Öllum tilskrifum svarað fljótt og greiðanlega.

Wynyard - - Sask.

Fimm ný-útskrifaðir íslenzkir námsmenn.

DR. JÓN STEFÁNSSON.

Hann er fæddur á Íslandi, í Sigluvík á Svalbarðsströnd við Eyjfjörð, 19. ágúst 1880. Foreldrar: Stefán Pétursson hreppstjóri og kona hans Guðrún Jónsdóttir. Móður sína místi Jón í bernsku, en fluttist með föður sínum og stjúpu hingað til lands árið 1888. Innritaðist á Wesley skólann árið 1902, og tók undirbúningsdeildarprófið tveim árum síðar. Var því

næst einn vetur í College-deildinni, en hætti þá námi þar og tók að nema læknisfræði á læknaskólanum hér í borg, og þaðan útskrifaðist hann í þessum mánuði með góðri 1. einkunn, og nú hefir honum verið veitt staða sem læknir við Almenna sjúkrahús borgarinnar.

Jón er íslenzkari flestum fremur, drengur hinn bezti og skáldmæltur vel, og hefir með gáfum sínum og atorku rutt sér braut til vegs og gengis, sjálfum sér og þjóðflokki sínum til sóma.

BALDUR JÓNSSON, B.A.

er fæddur í Þingeyjarsýslu á Íslandi árið 1887, sonur Jóns Jónssonar, bónda að Candahar, Sask., og konu hans. Hann ólst upp í föðurgarði og var smali, þar til

hann flutti hingað vestur árið 1903, og innritaðist skömmu þar eftir við Wesley College. Undirbúningsmentun hans var takmörkuð, og örðugt átti hann fyrst í stað að fylgjast með í öllum námsgreinum. En brátt lærði hann svo enskuna, að hann varð þar jafnoki innfæddu piltanna, og úr því skaut honum stöðugt fram við ársprófin, þar til á síðasta ári að hann fékk fyrstu einkunn í öllum námsgreinum og hlaut $150.00 peningaverðlaun, — þau hæztu er skólinn veitir; og nú við burtfararprófið hlaut hann heiðurspening fyrir þekkingu á enskum bókmentum og sögu.

Hvað Baldur kann að leggja stund á framvegis, er oss ekki kunnugt, en skólaferill hans allur er næg trygging þess, að hann muni láta til sín taka í canadisku þjóðlífi einhverntíma, ef honum endist aldur og heilsa, sem vonandi er, og alt útlit er fyrir að verði.

STEFÁN A. BJARNASON,

er fæddur í Winnipeg árið 1886, sonur Guðmundar bónda Bjarnasonar, að Mary Hill, Man., og konu hans. Barnaskólanám sitt stundaði hann þar vestra undir umsjón Wesley skóla námsmanna sem þá kendu þar að sumarlaginu til þess að vinna sér fyrir lífsuppeldi og kenslukostnaði á Wesley College að vetrinum. Svo varð Stefán hrifinn af þessum kennurum sínum, að hann ásetti sér að stunda nám við Wesley College, og innritaðist þar árið 1903.

Stefán hefir um sína skóladaga verið eins efnalega fátækur eins og áhugi hans til námsins hefir verið ríkur; og áhyggjur þær, sem hann hefir orðið að hafa til þess í einu að afla sér fjár til lífsframfærslu og til skólanámsins hafa hnekt námsframförum hans að nokkru leyti. En íslenzka þrekið hefir leitt

hann áfram til sigurs, og yfirleitt hefir skólaferill hans verið honum til sóma. Hann hlaut eitt árið hið svoneínda "Victoria Scholarship". Í öllum líkamsiþróttum hefir hann jafnan verið í fremstu röð.

Hann mun ætla framvegis að stunda búfræðinám, og má ætla, að hann verði þjóðflokki vorum að góðu liði í þeirri grein, er tímar líða.

JÓHANN G. JÓHANNSON, B.A.

er fæddur í Húnavatssýslu á Íslandi árið 1886, sonur Gests bónda Jóhannssonar og konu hans, sem fyrrum bjuggu í Selkirk bæ, en síðan fluttu til Poplar Park, þar sem þau búa nú. Þau hjón fluttu hingað vestur árið 1889 (?). Jóhann fékk barnaskólamentun sína í Selkirk bæ, og svo veitti honum námið þar létt, að hann hélt sér fært, að "þokast upp betur" og hyggja á hærri frautir.

Hann byrjaði Wesley College nám sitt árið 1906, og greip upp strax á næsta vori $60.00 námsverðlaun. Síðan hefir hann jafnan tekið hvert prófið öðru betra, og hefir þó á hluta af námstímabilinu átt við talsverðan heilsuskort að búa, og nú síðast við burtfararprófið fékk hann fyrstu ágætiseinkunn og verðlaunapening, um leið og háskólaráðið festi á hann "B.A." mentastigs vottorð sitt.

Jóhann er stórmaður og karlmannlegur og allra manna líklegastur til þess að ryðja sér breiða braut til vegs og frama á komandi árum.

VALDIMAR LINDAL, B.A.

Hann er fæddur í Húnavatnssýslu á Íslandi árið 1887, en fluttist með foreldrum sínum, Jakob Lindal og konu hans, nú látinni, hingað til lands, þegar hann var ársgamall. Barnaskólamentun fékk hann í bænum Winnipegosis hér í fylkinu. Fjórtán ára gamall tók hann próf sem þriðja flokks barnaskólakennari og stóðst það með sæmd. Um næsta þriggja ára tíma

stundaði hann fiskiveiðar þar á vatninu, og mun hann á þeim ár, um hafa grætt fé nokkurt, og var það þá ráðið, að hann kom hingað til borgarinnar til að stunda æðra nám. Hann gaf þess fljótt vott, að hann var í fremstu námsmanna röð, og jafnan hefir hann lokið prófum sínum með ágætiseinkunn, og hlotið hæztu verðlaun skólans. Hann hefir tekið góðan þátt í félaglífi háskólanemendanna, og var skömmu eftir hann kom í skólann, gerður aðstoðarráðsmaður háskólaþlaðsins, og ári síðar aðalráðsmaður þess, og nú síðast aðalritstjóri blaðsins. Hann hefir áunnið sér hylli, virðingu og tiltrú jafnt kennaranna, sem nemendanna við háskólann. Hann hefir og tilheyrt Íslenzka stúdentafélaginu og tekið góðan þátt í starfsemi þess, og var forseti félagsins sl. ár.

Lindal á vafalaust góða framtíð í vændum, og væntanlega verður lífsstarf hans jafnt honum og Vestur-Íslendingum til gagns og sóma.

* * *

Í sambandi við myndir þær af íslenzkum námsmönnum, sem birtast hér að ofan, skal þess getið, að ekki var kostur að ná í mynd af herra John Christoperson, eða æfiágrip af honum, og var þó tilraun gerð til hvortveggja fyrir blaðsins hönd af einum af sambekkingum hans. — Ennfremur skal þess getið, að æfiágrip af hr. Thorbergi Thorvaldssyni er að nokkru tekið úr blaðinu Breiðablik.

Sturla Einarsson.

Heimskringla hefir átt góðan þátt í því frá byrjun, að geta um unga Íslendinga, sem sjálfir hafa rutt sér braut hérmegin hafsins, og komist til vegs og virðinga. — Það er vel gert, að halda því á lofti. Unglingarnir sjá þar fyrirmynd, sem hvetur þá til kapps og ástundunar í framfaraáttina.

Gáfnahæfileikar eru fyrsta skilyrðið til menningar, en ekki einhlýtir. Þeir koma ekki að notum, nema hafi einhverjar hugsjón eitthvert takmark að stefna hlutaðeiganda að, og staðfestu og ástundun að halda áfram, og víkja aldrei út af þeirri braut, sem til þess liggur. Takmarkið á að vera hátt, í hverja átt sem unglingurinn, hann eða hún, ætlar að stefna. Það getur hækkað. Ekkert stendur í stað. Sjóndeildarhringurinn stækkar með aukinni þekking, svo þó maður nái því takmarki, sem hann í byrjun setti sér, verður hann ekki ánægður með það, því þar sér hann annað framundan, sem honum verður ennþá meira umhugað að ná. Þetta áframhald í heimkynnum hugans er áþekt göngufor um Norðvesturlandið. Maður sér hæð framundan sér, — þangað er ferðinni heitið. Hann býst við að hún sé hámarkið; en þegar þar kemur, blasir við honum önnur, ennþá lengra framundan. Þeirri hæð verður hann að ná, og svo koll af kolli.

Því er alls ekki neitandi, að tiltölulega í samanburði við aðra þjóðflokka, hafa íslenzku ungmennin vestanhafs gert vel með áframhald í menningaráttina. En betur mætti vera. Það eru mörg pund garfin í jörð. Gáfur og atgjörvi, sem aldrei notast, vegna þess að hugsjón, ástundun o- stað festu vantar til að beita þeim.

Einn af þeim mönnum, sem ég hefi ekki séð blöðin geta um, en sem íslenzkum æskulýð ætti að vera starsýnt á, er Sturla Einarsson, sem nú, að eins 31 árs að aldri, er kennari í stjörnufræði við einn merkasta háskóla Bandaríkjanna, "The University of California", í Berkley, Cal.

Hann er fæddur á Íslandi í desember 1879. Faðir hans er Jóhann Einarsson og Efemía Gísladóttur Konráðssonar, systur Konráðs Gíslasonar, sem allir Íslendingar kannast við, alhróðir Indriða Einarssonar leikritaskálds í Reykjavík. Móðir Sturlu er Elín Benónísdóttir og Ingiríðar systur Jóns heitins Árnasonar að Víðimýri í Skagafirði. — Í föðurætt er Sturla 6. maður frá Páli lögmanni Vídalín, 8. frá Arngrími lærða á Melstað og 11. frá Jóni biskupi Arasyni.

Hann kom með foreldrum sínum frá Íslandi 1883, þá fjögra ára gamall. Þau komu fyrst til Norður-Dakota, en fluttu þaðan eftir skamma dvöl til Duluth, Minn., og þar hafa þau búið síðan. Þar byrjaði Sturla skólanám sem barn og hélt áfram, þar til hann útskrifaðist frá Duluth High School. Þaðan fór hann til University of Minnesota, að Hamlin (það er á milli St. Paul og Minneapolis). Þar lauk hann námi 1905. Það ár tók hann aðstoðarkennara stöðu í verklegri stjörnufræði (Practical Astronomy) við California háskólann, sem fyr er getið, og hélt henni þar til árið sem leið, að hann varð aðalkennari í sömu grein; byrjaði það starf með fyrirlestrum, sem hann hélt yfir sumarskóla tímabilið í fyrra.

Hann hefir gert ýmsar stjörnufræðislegar uppgötvanir, en kunnugleik vantar til að lýsa þeim. — Alt af síðan hann byrjaði að kenna, ver hann þriðjungi af tímanum til náms og tilrauna, og uppgefst aldrei við það, sem hann ætlar að gera.

Fyrst þegar ég heyrði Sturlu getið, hugsaði ég mér hann áþekkan Birni Gunnlaugssyni, einrænan og utan við hversdagslífið. Mér fanst tæplega við því að búast, að hann hefði afgangs andlegt þrek frá þessum fræðigreinum, stjörnu- og stærðfræði, sem hann hafði tekið ástfóstri við á unga aldri. En svo er ekki. Hann er hraustbygður, temur sér líkamsæfingar og ann íþróttum yfir það heila tekið, sérstaklega músik. Kappgirni og þrautsegja er honum meðfædd. — Það sást, þegar hann byrjaði fyrst á skólagöngu. Þá varð hann á eftir sambekkingum sínum í vissri grein, af því hann var ekki búinn að læra ensku til hlýtar. Kennarinn ætlaði að setja hann niður, en drengurinn neitaði að færa sig, á svo ákveðinn hátt, að kennarinn sá vænlegast til friðar, að lofa honum að halda sætinu. Það lukkaðist, hann var ekki lengi eftirbátur hinna.

Yfirleitt fórst honum vel í öllum námsgreinum, sem hann stundaði á skólunum, en reikningur og stærðfræði var hans bezta. Þar skaraði hann langt fram úr.

Hann er félagslyndur, tryggur vinur vina sinna, og telur sér það heiður að vera Íslendingur.

Þó Sturla sé og verði að líkindum fjarri löndum sínum, þá er ekkert hætt við, að hann "hverfi eins og sandkorn í sjóinn". Ef honum endist aldur og heilsa mun hann bera skinið af faldi Fjallkonunnar lengra en flestum öðrum auðnast.

Jónas Hall.

OGILVIE'S
Royal Household Flour

Til Brauð og Köku Gerðar

Gefur Æfinlega Fullnæging

EINA MYLLAN Í WINNIPEG.—LÁTIÐ HEIMAIÐNAÐ SITJA FYRIR VIÐSKIFTUM YÐAR.

Ávarp Fjallkonunnar.

(Á nýársdag 1911).

Það er mín hjartans ósk og von,
sem allir hlýði' í verki.
að yfir Jón minn Sigurðsson
sæmdar reist sé merki!

Og síðar, fyrir handan höf,
höldar verji seimi
fyrir stein á „gleymda" gröf
Gests, í Vesturheimi!

Sárt ég beggja sakna enn!
Sjáið skörðin, vinir!—
Æ þeir voru mætir menn
mínir óska-synir!

J. Ásgeir J. Lindal.

VEGGLÍM

Vönduð bygginga efni:

The "Empire" Wood Fiber tegundir.

Cement Wall og Finish Plasters

Sackett Plaster Board.

Vér höfum ánægju af að senda yður vora "Plaster Book"

Manitoba Gypsum Co., Limited.
Winnipeg, Manitoba

Copenhagen Snuff

BEZTA MUNNTÓBAK SEM ER BÚIÐ TIL

Hvort sem þér tyggið það eða takið í nefið, þá mun yður geðjast að þess góða keim.

NATIONAL SNUFF COMPANY, LIMITED
900 St Antoine St., MONTREAL.

Bréf frá Alaska.

Nome, Alaska, 22. marz '11.

Ritstjóri Heimskringlu.

Ég varð þess var, að frétt um flóðöldu hér í Nome hefir borist Heimskringlu, og vil ég því hér greina frá tilefni um orsakir þær, sem fregnin hefir verið bygð á. — Blöðin hér hafa farið ómildum höndum um sömu frétt, sem af einhverjum hér hefir án efa verið send til Seattle, því blöð þar skreyttu dálka sína með þessu "flóðöldu" hjali. — Sannleikurinn er, að Nome hafði sitt þriðja stærsta brim, síðan árið 1900. Skaði varð dálitill, einkanlega á útveg þeirra félaga, sem hafa útog uppskipun varnings að starfi. Á landi varð ekki teljandi skaði, og við Íslendingar hér komumst alveg skaðlausir út úr því. Þó þvoðu sum álögin varinheilur að húsi Eyfords og Edwards, og lyptu upp heimili Krists Thorláksonar. Seattle blöð báru þess merki líka, að Nome væri af einhverjum þar látin lita út eins og húðarbykkja, sem væri að taka út sína síðustu þrældómsdaga, áður en hún félli algerlega úr sögunni. Þetta setti blóð hinna leiðandi manna hér í hreyfingu. Kváðu þeir tilganginn vera þann, að spilla fyrir Nome, með því augnamiði, að draga athygli að öðrum stöðum, þar sem höfundar fregnarinnar hefðu eigin hagsmuna að gæta. Þeir álitu því ráðlegt, að kalla til almenns fundar í þeim tilgangi, að sefa æsing þá, sem fréttin hafði vakið, og til að gera ráðstafanir til þess, að það yrði leiðrétt, sem fregnin hefði mishermt. En það, sem almenni fundurinn gerði var:

1) Að mynda verslunarsamlag. Og skyldu allir þeir, sem bæru velferð Nome bæjar fyrir brjósti, rita nöfn sín á stofnskrá þess félagsskapar, og skyldi það sködast trygging fyrir samvinnu í öllu því, er Nome gæti til gagns og góða orðið. Í þetta félag (Chamber of Commserce) gengu um 3 hundruð menn og staðfestu stofnskrána með eiginhandar innsigli.

2. Að harðskeyti skyldu send til allra, sem á einhvern hátt hefðu á hendi opinber störf fyrir Alaska, og til Tafts forseta, um það, að Nome væri ekki á neinni dauðaleið. Bæjarráðið komst að þeirri niðurstöðu, að það lægu skyldur á því í þessu sambandi, svo það setti mann á útgjaldalista sinn, og skyldi verk hans vera, að telja alla þá, sem heimilisfastir eru í Nome, og að loknu því starfi varð það öllum heimi kunnugt, að Nome hafi þremur fleiri íbúa en þar höfðu verið 1910. Þá var fólks tal tekið þar á kostnað rikisins, og taldist 2600. Sumir hér eru svo illgjarnir, að geta þess til, að mannteljari bæjarins hafi farið í kirkjugarðinn og talið þá dauðu til að fylla töluna 2603.

Af tíðarfari er það að segja, að sumarið var kalt og regnsamt. Varla nokkur heill burviðrisdagur. Sjór lá víða í lægðum fram undir haust, og varð þar ekki námavinnu við komið svo teljandi væri. Á öðrum stöðum, þar sem þurlent er, komu rigningar að góðu liði. Haust-tíð byrjaði snemma, en yfirleitt hefir veturinn verið góður. Snjóléttur fram í febrúarbyrjun, en frostvægur þar til viku af marz. Í febrúar var veður snjóa og stormasamt, og er því snjórinn lítið eins mikill og var síðastliðinn vetur. En marz hefir borgað fyrir, hve frostvægt var áður, því það var oftar fyrir ofan heldur enn fyrir neðan zero-markið fram að þeim tíma. Nú hefir mælirinn sumar nætur komist niður í 45 gráður neðan zero, og oftast storma og snjóasamt upp til skamms tíma.

Það þótti tíðindum sæta, að í Seattle hefði verið handteknir sl. sumar þrir fyrrum verkamenn Pioneer Mining Co., sakaðir um gullstuld, og sagt að þeir hefðu meðgengið. Mælt er, að margir af verkamönnum félagsins hafi verið í vitorði með þeim, og að alls muni þýfið nema 60 þús. dollars.

Þessi vetur hefir verið einn sá allra daufasti í sögu þessarar ritlu borgar. Gull-leit hefir verið sótt af kappi, en leitarmenn hafa mætt vonbrigðum í meira lagi, og afleiðingin er, að verzlun og félagslíf liða. Þar sem gull hefir fundist, er ágóða ágiskunin svo litil, að atvinna við gulltekjuna er mjög takmörkuð, að mestu að eins smá útgerðir. Eim-graftarvélar gáfust vel síðastliðið sumar. Nokkrar þeirra meir en borguðu sig á 5—6 vikna tíma. Það er því von á mörgum slíkum gullgraftarvélum á næsta sumri.

Verzlunarstéttin er nú að gangast fyrir sjóðmyndun, sem verja skuli til styrktar allslausum klettanámaeigendum. Hugmyndin er, að námaeigandinn ákveði verðgildi námu sinnar, og skuli sjóðeigendur (í orði) kaupa námuna fyrir það og hefja þar vinnu strax og kaupréttarsamningar eru fullkomnaðir, og þegar sannanir eru fengnar fyrir verðmæti námunnar, þá fullgerist kaupin. En reynist náman einkis nýt, þá tapa sjóðeigendur því, sem þeir hafa lagt í kostnað við gull-leitina, en eigandinn tapar þeim tíma, sem hann hefir unnið með leitarmönnum.

Fregnir um nýja gullfundi af álitlegu verðmæti, á síðastliðnu sumri, dró til sín marga af þessa bæjar ötulu gull-leitendum, þar á meðal tvo Íslendinga, Guðjón Jackson lagði af stað um miðsumssumar, með tveimur öðrum í opnum bát, og hefir ekkert frézt af þeim síðan. Ferðinni var heitið til Kuskokwin. Kristján Guðmundsson lagði af stað í nóvember, ásamt mörgum öðrum, um 3—4 hundruð milur í norður héðan, til Squirrel River. Þeir fóru á hundasleðum. Margir hafa nú upp á síðkastið, af þeim, er þangað fóru, verið að koma þaðan, og hafa daufar vonir um mikla framtíð fyrir það pláss. En af landa vorum fréttist það, að hann hefði lent í missátt við mann þar, út af námarétti, og til að jafna það svo að báðir mættu vel við una, hafði Kristján boðið mótstöðumanni sínum 10 atrennur í hæfaleika viðskiftum, og var boð það þegið. Að barsmíðinni afstaðinni voru þeir dæmdir jafnir af þar til kjörnum dómstjórum. En um sættir milli þeirra vissi sá ekki, er fregn þessa bar.

Ekki náði ég rétti mínum í máli því, er ég gat um í síðasta-bréfi mínu til Heimskringlu. Málið var þrásinnis sett á dagskrá, en ávalt frestað, er að þeim degi kom, er í því í skyldi dæma, og mun tilgangurinn hafa verið sá, að miklar líkur væru til, að dómarinn, sem hér hafði verið 8 ár (tvö kjörtimabil) næstliðinn júní, yrði ekki útnefndur í þriðja sinn, og yrði nýr dómari máske leiðitamari (fyrir þá, sem rangt vilja aðhafast), en sá er að völdum sat. Dómaraskiftin urðu, og sá nýji meðhöndlaði mál mitt í sept. sl. Það var látið ganga samkvæmt formi og reglum réttvísinnar, og sá yfirskins-feluleikur endaði með því, að lögmaður mótstöðumanna minna setti þá spurningar-beiðni fyrir dómarann, hvort þeim ákærðu bæri ekki réttur til námalóðarinnar, þar sem þeir hefðu þar allan nauðsynlegan námaútveg í umsjón sinni á námalóð, sem tilheyrði bæjarstæði Nome bæjar, o. s. frv. Dómarinn svaraði játandi, og í samræmi við það skrifaði sami lögmaður upp þann dómsúrskurð í nafni kviðdómsins, sem svo af dómara var fengið formanni kviðdómsins til undirskriftar. — Ýmsir þeirra, er skipuðu tvítardóm þennan, hafa síðan sagt vinum sínum, að ef til þeirra úrskurðar hefði komið, þá hefðu þeir dæmt mér námuna, og að ég væri vísvitandi ræntur réttri eign.

Heilsufar fremur kvillasamt og óvanalega margir dáið. Fáeinir hafa gert kröfu til hjónaskilnaðar — en þó miklu fleiri bundist helgum hjóskaparböndum. Dansar og ljósmynda-samkomur eru aðálskemtanir. Hunda-kapphlaup eru höfð æði-oft, og talið til skemtana.

Þessi villa hefir slæðst inn í síðasta bréf mitt, eða þá orðið við prentun þess: "Að lögmenn þess ríka, o. s. frv.", — það átti að vera "lögmenn þess fátæka (þ. e. morðingjans), o.s.frv. — Sumra grunur er, að hann hafi aðeins verið verkfæri í höndum einhvers, eða einhverra, þegar hann framdi glæpinn. Hann var dæmdur í 25 ára hegningarhússvinnu.

Vinsamlegast,
S. F. Björnsson.

Fréttabréf.

MINNEOTA, MINN.
16. maí 1911.

Öndvegistíð allan síðastliðinn vetur og vor, jarðargróði vel á veg kominn.

Síðan ég skrifaði þér á liðnum vetri hafa þessir dáið: Þorkell Guðmundsson bóndi úr Skagafirði, frá Vögglum (?); dugnaðar og karlmenskumaður á sinni tíð; synir hans þrir eru hér búandi bændur: Skúli, Hinrik og Pétur, allir atorkumenn. — Una Þorkelsdóttir, ekkja Alberts Guðmundssonar; sá Þorkell var af Melætt í Fljótsdal, bróðir Önnu, konu Andrésar Kerúlfs; móðir Unu var Katrín Jónsdóttir frá Snjóholti.— Guðrún Jónsdóttir Matthíassonar frá Skálum við Vopnafjörð, komin af gamalli vopnfirskri ætt. — Sigríður Vigfúsdóttir, Jósafatssonar, uppalin á Jökuldal, en ættuð að föðurnum úr Eyjðfirði; Sigríður var ein af þeim hraustustu konum, til sálar og líkama, er ég hefi kynst; hún var glaðlynd og góðlynd og vel gáfum búin, líkamsþrek hafði hún, sem karlar í röskara lagi, og beitti því ósleitilega til starfa meðan heilsan entist; hún var tvígift, þeim bræðrum Páli og Pétri, Pétursonum, frá Hákonarstöðum á Jökuldal. Með Páli átti hún tvö börn, er uppkomust, Vigfús og Rósu, sem er kona Sigurins Vigfússonar, bónda í Lincoln Co., en með P.P. átti hún ekkert barn. Systkini Sigríðar voru þau kvenhetjan Lilja og hinn nafnkunni hestameistari Páll. (Það er merkilegt, að enginn af sveitungum Páls skuli hafa orðið til þess, að skrifa um hann, ágrip af æfi og eðli; í honum var þó Íslendings-eðlið heilt en eigi í kurli; hann var sannur sonur hinnar íslenzku náttúru, svo eðlislýsing hans hefði átt að geymast ókomnum öldum.

Núna rétt nýverið bættum vér Minneota búar einum presti við kirkjufélags-töluna. Karl Jónasson var vígður hér til prests í byrjun þessa mánaðar, og verður svo starfandi prestur meðal Íslendinga í Canada.

S. M. S. Askdal.

TVÖ KVÆÐI.

SJÁLFSREYNSLA.

Fjalars lappa flóða-best
frejsta þó ég vinni,
Mimisbrunna vörður verst
viðurleitni minni.

Frægðin snjalla fer í kör
freyrins mjallar-valla.
Degi hallar, deyfir fjör
dyrgjan allra spjalla.

HEIMÞRÁ.

Þreyttur næsta og fjaðra fár
feigðar lít ég skotið.
Sextíu hef ég sár-beitt ár
sævarrótið hlotið.

Aldastrauma úfin dröfn
íti stunda kneri,
svo hann loksins sæla í höfn
syndi af djúpu veri.

Þar aftan tæra geisla glóð
af glampa nærir auga, —
þar hin mæra morgunsól
myndar skæra bauga.

Þar mun tíðin þekk og vær,
þar mun kvíði þorna;
þar mun lýðum lampi skær
lýsa um blíða morgna.

Magnús Einarsson.

Ofurlítil athugasemd.

Heiðraði ritstj. Heimskringlu.

Það er ekki tilgangur minn, að fara í blaðdeilu við nokkurn mann, en hitt vil ég benda á, að heima á Íslandi finst æðimargt misjafnt í ljóðum, og það á prenti, þó sumum finnist það ekki. Og er ekki út á það að setja, þó menn hafi skiftar skoðanir, því 'sinum augum litur hver á silfrið', — og er það jafnan göfugt, að menn haldi fast við hverja þá skoðun, sem þeir telja rétta.

Ef vér lítum yfir ýmsar rímur og ljóðabækur, þá má finna þar margt bágborið, og það eftir góð skáld. Til dæmis má benda á eina vísu í þrettándu rímu í Úlfarsrímum, eftir Árna Böðvarsson. Hún svona:

"Hleypti strax að Haraldi,
heiptar sveiptur blóði,
benja laxinn berandi,
bræði vaxinn í kifi"

Vísa þessi hefir þrisvar verið gefin út á prent, — óátalið heima á Íslandi.

Þá er vísa ein í Svoldarrímum, eftir skáldið Sigurð Breiðfjörð. — Hún er svona:

Einars höndin ekki spör
á Upsa stendur hjalli,
af boga vendi einni ör
og Eirík sendi jarli".

Nefnilega: Hann stóð á hendinni á sjónum og um leið var hann að skjóta örium að Eiríki jarli, — með hendinni auðvitað. Hvaða frágangur er á þessu? Hann gat haft það öðruvísi.

Ég hefi ekki tíma til að elta alt, sem ég hefi séð á prenti heima á Íslandi. En þetta sýnishorn ætti að duga í bráðina. Ég ætla að eins að minnast á eitt enn, að ekki þótti alt fyrirmynd, sem kom út á prent eftir Simon Dalaskáld og fleiri.

Að endingu legg ég málið í gerð og býð dómendum að dæma.

Steinbach, 11. maí 1911.
Magnús Jónsson.

Prestur einn var með eldheitum orðum, að lýsa þeim óréttí, sem giftu konunum væri ger af eiginmönnum þeirra, sem sætu kveld eftir kveld á klúbbnum, en létu vesalings konurnar einar heima með börnin.

"Hugsið ykkur, mínir kæru tilheyrendur, vesalings konuna eina í hinu stóra, þögula húsi, vaggandi ungbarnsvöggunni með öðrum fætinum, en þerrandi af sér tárin með hinum".

Hvað er að?

Þarftu að hafa eitthvað til að lesa? Hver sá er vill fá sér eitthvað nýtt að lesa í hverri viku, ætti að gerast kaupandi að Heimskringlu.

Hún færir lesendum sínum ýmiskonar nýjan fróðleik 52 sinnum á ári fyrir aðeins $2.00. Viltu ekki vera með?

Ágætt Tækifæri!

Þér getið margfaldað peninga yðar áður en lóðin er borguð. Ég hefi selt 16 lóðir á 6 dögum, aðeins 9 eftir; hver lóð 50x193 fet, að 16 feta bakstræti. Verð aðeins $6 fetið, $25 út í hönd og síðan $10 á mánuði. Þessi boð gilda til 15. Maí, eftir það kostar fetið $10. Aðeins 5 mínútna gangur frá strætisvagni. Uppgert stræti, 66 feta breitt. Þessar lóðir eru rétt fyrir sunnan Assiniboine ána. Nú þegar samþykt að asphalt-leggja strætið sem rafmagnsvagnarnir renna eftir, alla leið vestur á móts við Headingly. Og þegar það er búið verða þessar lóðir 20 til 30 dollara virði fetið. Viljið þið nota tækifærið?

Finnið mig á skrifstofu minni eða telefónið.

R. TH. NEWLAND
255½ PORTAGE AVENUE TELEFÓN, MAIN 972

The Hyland Navigation Co.

hefur nú opnað

SUMAR SKEMTIFERÐA SKRÁSETNINGAR

Margar þegar skráðar.

TJALDSTAÐIR til leigu til sumardvalar, í

"HYLAND PARK"

Rétt við ána. Dýrðlegt útsýni. Strætisvagnar á hverjum tuttugu mínútum.

HYLAND NAVIGATION CO.
13 Bank of Hamilton Chambers. Winnipeg.

Með því að biðja sérlega um "T.L. CIGAR," þá ertu viss að fá ágætan vindil.

smoke the T.L. CIGAR

T.L.

(UNION MADE)

Western Cigar Factory
Thomas Lee, eigandi Winnipeg

ALDREI SKALTU geyma til morguns sem hægt er að gera í dag. Pantið Heimskringlu í dag.

Bókalisti.

N. ODDSON'S, River Par. W'p'g.

Ljóðmæli Páls Jónssonar í bandi	(3)	85
Sama bók (að eins 2 eint.	(3)	60
Jökulrósir		15
Dalarósir	(3)	20
Hamlet	(3)	45
Tíðindi Prestafélagsins í hinu forna Hólaskifti	(2)	15
Grani skipstjóri	(2)	40
Börn óveðursins	(3)	55
Umhverfis jörðina á áttatíu dögum	(3)	60
Blindi maðurinn	(3)	15
Fjórhlaðaði smárinn	(3)	10
Kapitola (í II. Bindum)	(3)	1.25
Eggert Ólafsson (B. J.)		15
Jón Ólafssonar Ljóðmæli í skrautbandi	(3)	60
Kristinfræði	(2)	45
Kvæði Hannesar Blöndal	(2)	15
Mannkynssaga (P. M.) í bandi	(5)	85
Mestur í heimi, í b.		1.[illegible]
Prestkosningin, Leikrit, eftir D.E., í b.	(3)	30
Ljóðabók M. Markússonar		50
Ritreglur (V. Á). í b.		20
Sundreg ur, í b.		15
Verði ljós		15
Vestan hafs og austan, Þrjár sögur eftir E. H., í b.		90
Víkingarnir á Hálogandi eftir H. Ibsen		25
Þorlákur helgi		15
Ofurefli, skálds. (E. H.) í b.		1.50
Ólöf í Ási	(2)	45
Smælingjar, 5 sögur (E. H.), í b.		85
Skemtisögur eftir S. J. Jóhannesson 1907		25
Kvæði eftir sama frá 1905		25
Ljóðmæli eftir sama. (Með mynd höfundarins frá 1897		25
Safn til sögu og ísl. bókmenta í b., III. bindi og það sem út er komið af því fjórða	(53c)	9.4
Íslendingasaga eftir B. Melsted I. bindi bandi, og það sem út er komið af 2. b.	(25c)	2.85
Lýsing Íslands eftir P. Thoroddsen í b.	(16c)	1.90
Fernir fornísleuzkir rímnaflokkar, er Finnur Jónsson gaf út, bandi	(5c)	85
Alþingisstaðir hinn forni eftir Sig. Guðmundson, í b.	(4c)	90
Um kristnitökuna árið 1000, eftir B. M. Olsen	(6c)	90
Íslenzkt fornbréfasafn, 7. bindi innbundið, 3 h. af 8 b	(1.70)	27.80
Biskupasögur, II. b. innbundið	(42c)	5.15
Landfræðissaga Íslands eftir P. Th., 4. b. innbundið	(55c)	7.75
Ríthöfunda tal á Íslandi 1400—1882, eftir J. B., í bandi	(7c)	1.00
Upphaf alþingis á Íslandi eftir K. Maurer, í b.	(5c)	1.15
Auðfræði, e. A. Ól., í bandi	(6c)	1.10
Presta og prófastatal á Íslandi 1869, í b.	(9c	1.25
Norðurlandssaga eftir P. Melsted, í b.	(8c)	1.50
Nýjatestamentið, í vönduðu bandi	(10c)	65
Sama, í ódýru bandi	(8c)	50
Kóralbók P. Guðjónssonar		50
Sama bók í bandi		1 10
Svartfjallasynir	(5)	60
Aldamót (Matt. Joch.)		20
Harpa	(4)	60
Ferðaminningar, í bandi	(5)	90
Bóndinn	"	35
Minningarit' (Matt. Joch.)	"	35
Týndi faðirinn	"	35
Nasreddin, í bandi		35
Ljóðmæli J. Þórðarsonar	(3)	45
Ljóðmæli Gestur Pálsson	"	75
Maximi Petrow	(2)	45
Leyni-sambandið	(2)	40
Hinn óttalegi leyndardómr	(2)	50
Sverð og bagall	(2)	30
Waldimer Nihilisti		75
Ljóðmæli M. Joch. I.-V. bd., í skrautb.	(15)	4.00
Afmælisdagar Guðm. Finnbogasonar		1.00
Bréf Tómarar Sæmundsson	(4)	75
Sama bók í skrautbandi	(4)	1.15
Íslenzk-ensk orðabók, G. T. Zoega	(10)	1.80
Gegnum brim og boða		90
Ríkisréttindi Íslands		50
Systurnar frá Grænadal		35
Œfintýri handa börnum		30
Vísnakver Páls lögmans Vídalíns		1.25
Ljóðmæli Sig. Júl. Jóhannessonar		1.00
Sögur frá Alhambra		30
Minningarrit Templara í vönduðu bandi		1.65
Sama bók, í bandi		1.50
Pétur blásturbelgur		10
Jón Arason		80
Skipið sekkur		60
Jón, M. Bjarnason, Ljóðmæli		55
Maður og Kona		1 25
Fjarða mál		25
Beina mál		10
Oddur Lögmaður		95
Grettis Ljóð.		65
Dular, Smá-sögur		50
Hinrik Heilráði, Saga		20
Andvari 1911		75
Œfisaga Benjamín Franklíns		45

Sögusafn þjóðviljans I—II árg. 30c; III árg. 20c IV árg. 20c; V. árg. 20; VI. 45; VII. 45; VIII. árg. 55; IX. árg. 55; X. árg. 55; XI. árg. 55; XII. árg. 45; XIII. árg. 45; XIV. árg. 55; XV. árg. 30; XVI. árg. 25; XVII. árg. 45; XVIII árg. 55; XIX. árg. 25.

Alt sögusafn þjóðviljan selt á	$7.00
Eldraunin (Skáldsaga)	50
Vallyes sögur	55
Valdimar munkur	60
Kynlegur þjófur	35
Sagan af starfandi Stórvirkssyni í bandi	50
óbundin	35
Rímur af Sörla sterka í bandi	40
óbundin	30
Myndin af fiskiskipinu Bækur sögufélagsins Reykavík;	1.10
Morðbréfabæklingur	1.35
Biskupasögur, 1—6,	1.95
Aldarfarsbók Páls lögmanns Vídalín	45
Tyrkjaránið, I—IV.	2.90
Guðfræðingatal frá 1707—'07	1.10

Bækur Sögufélagsins fá áskrifendur fyrir nœrri hálfvirði,—$3.80.

Umboðsmenn mínir í Selkirk eru Dalmannræður.

Þess skal getið viðvíkjandi bandinu á Fornaldarsögunum Norðurlanda, að það er mjög vandað, handbundið skrautband, vel frá gengið eins er með Bréf Tómasar Sæmundssonar.

Tölurnar í svigum tákna burðargjald, er sendist með pöntunum

Dauðastríð.

Þess hefir verið getið í ýmsum blöðum, að fjórir menn af lögreglliði Norðvesturlandsins hafi farist á sl. vetri. Það var Fitzgerald eftirlitsmaður og þrir undirmenn hans, sem lagt höfðu upp í eftirlitsferð norður um óbygðir. — En er þeir komu ekki aftur úr ferð þessari, á þeim tíma, sem ákveðinn hafði verið, var gerð eftirleit eftir þeim, og hafa lík þeirra fyrir skömmu fundist norður í óbygðum, 50 mílur norður af Fort McPherson, og báru þau þess merki, að mennirnir hefðu liðið miklar þrautir áður en þeir létust.

Nú hefir dagbók Fitzgeralds fundist og verið send til stjórnarinnar og kaflar úr henni auglýstir, sem sýna, hve karlmannlega þessar hetjur hafa háð baráttu við óþliðu náttúrunnar fyrir lífstilveru sinni, og fallið í þeirri viðureign, — af hungri.

Dagbókin sýnir, að mennirnir fundu ekki leið þá, sem þeir leituðu að, og þann 17. janúar segir í bókinni, að þeir væru þá búnir um vikutíma að leita að Forrest Creek, sem þeir áttu að fara eftir til þess að komast leiðar sinnar. Þá var ákveðið, að snúa til baka til Fort McPherson, en svo voru þeir þá bjargarlausis orðnir, að þeir urðu að drepa hunda sína sér til viðurværis, með því að þeir höfðu þá ekki önnur matvæli óeydd en 10 pund af mjöli og 8 pd. af fleski. Þann 20. janúar luku þeir við matvælin, og þá áttu þeir eftir afarlanga leið til Fort McPherson, en kuldar afarmiklir og ófærð. Eftir það var bókin færð 15 dagana næstu, eða þar til 5. febrúar, og mun þá ritarinn ekki hafa haft mátt til að skrifa lengur. Skýrlurnar eru átakanlegar hina síðustu tíu daga, og sýna hve mjög mennirnir hafa liðið:

27. jan.—18 stig neðan zero; mikil snjóþyngsli og dimmveður. Drápum þá annan hund til matar. Dagleiðin 11 mílur.

28. janúar—34 stig neðan zero. Sunnanstormur. Færðin ill, og einn maðurinn, Taylor, veikur. Dagleiðin 12 mílur.

29. janúar.—20 stig neðan zero. Norðaustanhríð. Drápum hund til matar. Menn og hundar mátthausir. Dagleiðin 10 mílur.

30. janúar.—51 stig neðan zero. Bjart veður; vestanvindur. Ófærð. Allir menn veikir; liklega vegna þess við átum hundalifur. Dagleiðin 14 mílur.

31. janúar. — 45 stig neðan zero fyrir hádegi, en 62 stig neðan zero síðdegis. Suðvestanvindur. Húðin að detta af andlitum mannanna og sumstaðar af líkömum þeirra. Varir þeirra bólgnar og sprungnar. Talið að orsakast af hundakjötsátinu. Öllum finst kalt. Dagleiðin 17 mílur.

1. febrúar.—51 stig neðan zero. Gott veður með sunnanvindi. Drápum áttunda hundinn til matar. Dagleiðin 16 mílur.

2. febrúar.—23 stig neðan zero; gott veður, en þoka síðdegis. Ferðuðumst á fjallvegi, ófærð; afarkalt á fjallinu. Dagleiðin 10 mílur.

3. febrúar.—26 stig neðan zero; þoka árdegis, heiðskirt síðdegis. komumst yfir fjallið. Drápum hund til matar. Menn og hundar magrir og afllausir, geta ekki komist mikið lengra. Höfum nú ferðast 200 mílur og ekki haft annað til matar en hundaket. Þurfum að komast hundrað mílur enn. Dagleiðin 14 mílur.

4. febrúar.—52 stig neðan zero. Mikil ófærð og allir liða mjög mikið af kuldanum. Dagleiðin 8 mílur

5. febrúar.—48 stig neðan zero. Bjart veður með sterkum sunnanvindi. Datt niður um ís og varð að kveikja eld til þess að þíða frostið. Annar fóturinn dálitið frosinn. Drápum hund í dag til fæðu; nú að eins 5 hundar eftir. Útbrot nú á líkama allra mannanna, og skinnið að detta af þeim. Dagleiðin 8 mílur.

Þetta er það síðasta, sem ritað er í bókina, og má ætla að eftir það hafi allir gefist upp af hungri, þreytu og veikindum og lagst niður til að deyja. Þó hafði ritarinn gert erfðaskrá sína: Skrifað hana á blaðsnepil með viðarkoli eða brunninni spitu. Hann gaf móður sinni allar eignir sínar.

Herra Jón Hólm, gullsmiður að 770 Simcoe St., biður þess getið, að hann selji löndum sínum gull- og silfur-muni og gigtarbelti. — Belti þessi eru óbrigðul við gigt, ef þau eru notuð samkvæmt fyrirskipunum Jóns. Kosta að eins $1.25.

Skáldskapur.

Eftir þúsund ár er mælt, að almennningur—
Verði orðinn vitürringur.

Verða kannske—vísindin ei vita' um alla—
Einstöku með öllum mjalla.

Einangraðir ödlast þeir þá eitthvert bæli—
Stofnað verður vitra hæli.

Guttormur J. Guttormsson

Fregnsafn.

Markverðustu viðburðir hvaðanæta.

— Hörmulegt flugvélaslys bar við skamt frá París á sunnudaginn. Þann dag hófst hið fyrirhugaða kappflug frá París til Madrid, höfuðborg Spánar. Við þetta tækifæri var saman komið múgur og margmenni til að sjá, hvernig flugförpunum tækist byrjunin. Meðal annara viðstaddra voru ráðaneytisformaður Frakka og aðrir ráðgjafar. Alt virtist ganga greiðlega þar til einn flugmannanna, M. Train að nafni, misti stjórn á vél sinni, og féll hún niður á ráðherrahópinn. Misti hermálaráðherrann, Henri Berteaux, lífið, og Monis forsætisráðherra særðist hættulega. Tveir aðrir særðust minna, en sjálfur var flugvélarstjórinn ómeiddur, og eins maður sá, sem með honum var í flugvélinni. — Slys þetta sló óhug miklum á manngrúann, en hermenn héldu öllu í skefjum, svo engin vandræði hlutust af. Frakkar hafa borgað þunga tolla í viðleitni sinni að leggja undir sig loftið, en þetta hörmulega slys er þyngst allra.

— Fjórir menn dóu úr hita í Chicago á fimtudaginn var. Náði hitinn 92 stigum í forsælu um hádegisbilið.

— Tónskáldið Gustav Mahler andaðist í Vinarborg 18. þ. m.

— Tveir franskir flugmenn, Dupins liðsforingi og Pierre Bourmique, féllu úr flugvél sinni um 250 fet úr lofti og biðu bana. Slysið vildi til nálægt borginni Rheims á Frakklandi.

— Merkilegt atvik kom fyrir í lögregluréttinum í Berlin, Ont., á föstudaginn var. Maður einn, Fred Reamert að nafni, sem bera átti vitni í máli einu, neitaði að taka hinn lögboðna eið, vegna þess að hann tryði ekki á guð, himinn, helviti eða forsjónina. Dómarinn neitaði að láta hann bera vitni í málinu, — því samkvæmt landslögum verða vitni einhvern eið að taka áður en framburður þeirra er tekinn gildur.

— Bezta gróðrarútlit er um gervöll Vesturfylkin. Má búast við mikilli uppskeru, ef ekki koma nein óhöpp fyrir.

— Vilhjálmur Þýzkalandskeisari ætlar að heimsækja Noreg í júlímánuði. Drotning hans verður í fylgd með honum, og er það nýbreytni, því vanalega hefir keisarinn heimsótt Noreg á hverju sumri, án drottningar sinnar.

— Camorra glæpamálið stendur nú sem hæst yfir. Réttarhöldin fara fram í smábænum Vitero, sem er skamt frá Rómaborg, og flykkist fólkið þangað í hópatali til að sjá glæpaseggina og vera við yfirheyrsluna. Glæpir, sem bornir hafa verið á félag þetta, nema nú hundruðum, — morð, rán og svik, og ýms önnur ofbeldisverk. Svo stóð mönnum stuggur af glæpamönnum þessum, að illmögulegt var, að fá menn í kviðdóminn, af ótta að það mundi kosta einhvern þann lífið, sem þar ætti sæti. Hefnigirni félagsmanna var öllum kunn. En um síðir tókst þó, að fá kviðdóminn settan, með þeim skilyrðum, að þeir, sem í honum sitja, eru grímubúnir, svo glæpaseggirnir þekki þá ekki. — Mest gætir í þessu máli, auk glæpamannaforingjans Enrico Alfano, prestsins Vittozzi, sem er einn hinna ákærðu, og sem haldið hefir þrumandi ræður í réttarsalnum. Einnig er kona ein Maria Stenardo, ein í hópi hinna ákærðu, og talin einn af leiðtogunum. Glæpaseggirnir eru færðir í járnbúri inn í réttarsalinn, og hafðir í því meðan yfirheyrslan stendur yfir, því áhætta þykir of mikil, að hafa þá í fjötrum einum. En engu að síður hefir oftlega orðið að fresta réttarhöldum fyrir óhemjuláti, óp og bölbænir hinna ákærðu. Sá eini, sem virðist taka öllu meðró, er Abbatemaggio, sá sem sveik félaga sína í hendur lögreglunni og er nú aðalvitnið á móti þeim. Hann hefir gefið ófagra lýsingu á störfum Camorra félagsins, og lýst glæpum þeim, sem drýgðir voru þann tímann, sem hann var meðlimur félagsins. — Glæpamál þetta er búist við að muni standa yfir í fleiri mánuði, og er mjög óvíst talið, að takist að dómfella hina ákærðu, þrátt fyrir það, þó engir séu í efa um sekt þeirra. Úrvals lögmenn verja mál þeirra, og ekkert er tilsparað, er verða mætti hinum ákærðu að liði. Camorra félagið er ein deild Svarthandarfélagsins, sem illræmt er um heim allan fyrir glæpaverk sín og grimd

— Alexandra ekkjudrottning hefir verið veik undanfarnar viku, en er nú talin í afturbata. Ekki er samt búist við, að hún muni taka þátt í krýningu sonar síns.

— Óeirðunum í Marocco heldur áfram. Gera uppreistarmenn hvað eftir annað árásir á hersveitir Frakka, sem eru áleiðis til Fez, soldáninum til hjálpar, en verða að hörfa undan með manntjóni í hvert sinn. Á föstudaginn sl. var all-hörð orusta. Féllu þar um þúsund af uppreistarmönnum og margir særðust, en einir tólf féllu af Frökkum.

— Merkilegur atburður gerðist nýverið í bæ einum á Pólandi. Í einu af leikhúsum bæjarins var verið að leika pólskan sjónleik, þegar lögreglustjóri bæjarins með flokk manna braust inn í kiskhúsið og kvaðst taka alla, bæði leikendur, áhorfendur og verkamenn leikhússins fasta, og vrðu allir að fylgjast með sér á lögreglustöðina. Allur hópurinn, sem handtekinn var, nam 580 manns, og urðu allir að vera á lögreglustöðinni um nóttina. Um morgunin var öllum slept með þeirri tilkynningu, að málsrannsókn vrði höfðuð á hendur allra fyrir hættulegt ráðabrugg gegn hinu rússneska ríki. — Leikurinn, sem sýndur var þetta kveld, hafði verið fyrirboðinn af rússnesku yfirvöldunum, talinn of pólsku í anda. En engu að síður var tilraun gerð að sýna hann, sem svo endaði með handtöku þeirri, sem hér er getið. — Atburður þessi er stórmerkur í sinni röð, því þess munu hvergi dæmi fyrri, að allir áhorfendur, leikarar og starfsmenn leikhúss hafi í einu verið varpað í fangelsi. En undir rússnesku stjórnarfari má við öllu því óliklegasta búast.

— Fellibylur gerði miklar skemdir í bænum Dell Rapids í Suður-Dakota á fimtudaginn var. Allmörg hús eyðilögðust gersamlega. Manntjón varð ekkert, en þrír slösuðust. Meginþorri bæjarbúa leitaði hælis í kjöllurunum undir húsunum meðan bylurinn stóð yfir.

— Sir Wilfrid Laurier og fylgdarlið hans kom til Englands á föstudaginn var.

— Alheims kristilg ráðstefna stendur yfir um þessar mundir í Konstantínópel, höfuðborg Múhameðstrúarmanna. — Stórmerkilegt, að slík ráðstefna skuli þar haldin, en ekki í einhverri af hinum kristnu borgum heimsins.

— Ráðgjafarnir Hon. Frank Oliver og Hon. William Patterson ætla að ferðast um Vesturfylkin í júnímánuði til að mæla með gagnskiftauppkastinu við kjósendurna.

— Fimm systur brunnu til dauða í bænum Utica, Kansas. — Þær voru milli 7—16 ára gamlar.

— William James Hughan, höfuðmaður frímúrara, andaðist í Toronto á laugardaginn var.

— Sambandsþingið hætti störfum á föstudaginn var; kemur saman aftur 18. júlí. Flestir af þingmönnunum hafa farið frá Ottawa heim til kjördæma sinna, og má búast við fundahöldum um gjörvalt landið meðan þingfrestunin stendur yfir. Sambandsþingskosningar er nú talið fullvíst að fari fram á komandi hausti.

— Montreal borg hefir nýverið hlotið auðjöfur að erfðum, eftir mann einn, Gustv Meurling, sem látinn er fyrir skömmu á Englandi. Erfðaskráin hljóðar svo: "Eg eftirlæt allir eignir mínar í Frakklandi, Þýzkalandi, Englandi og Ameriku til borgarstjórans og bæjarráðsins í Montreal, sem svo eiga að verja þeim til líknarstarfsemi, eða annara nytsemda meðal borgarbúa, eftir því sem borgarstjórinn og bæjarráðið álítur bezt til fallið". — Hvað eignir þessar nema miklu, er ekki kunnugt, en það er þegar vitanlegt, að eignirnar á Englandi einu nema 23þúsundum sterlingspunda, eða 188,500 dollurum, og væri þær álíka miklar í hinum löndunum þremur, næmi gjöfin, sem Montreal fær, fullri hálfri milión dollars.

— Friðurinn er nú kominn í Mexico, eða því sem næst. Hefir Diaz lofað að leggja niður embætti fyrir mánaðamótin og Madero sömuleiðis dregið sig til baka frá forsetatigninni. Hinn nýji forseti verður Francisco De La Barra — velþektur stjórnmálamaður, atorkusamur og frjálslyndur. Madero uppreistarforinginn hefir haldið til höfuðborgarinnar og tekið að mynda nýja stjórn í sameining með De la Barra. Verða því Madero-liðar mestu ráðandi í hinni nýju stjórn, og 17 ríkisstjóra embættum hefir mönnum hans verið heitið. — Diaz er sjúkur um þessar mundir, en eftir að það varð kunnugt, að hann ætlaði að leggja niður embætti, hafa honum borist fjöldi heillaóskaskeyta, og velvildarhug virðast flestir bera til gamla forsetans, er hafið hefir Mexico til vegs og gengis, þó einráður og óvæginn hafi hann lengst af verið, og bælt niður frelsishreyfingar með járnhendi, unz þessi hin síðasta uppreisn varð honum um megn. En mikilmenni er Diaz þrátt fyrir það, og Mexico á honum mest allra manna að þakka.

— Gamli Joseph Chamberlain andmælti nýverið í opnu bréfi bréfi gagnskiftasamningunum fyrirhuguðu milli Canada og Bandaríkjanna. Taldi þá sundra alríkiseiningunni, og bæta á engan hátt hagsældir Canada-búa. Nú á meðan alríkisfundurinn stæði yfir (á Englandi), væri tækifærið fyrir England að gera Canada og öðrum sambandslöndum sínum aðgengileg tilboð. Það væri eini vegurinn til að tryggja bönd ríkisheildarinnar og halda ríkinu saman. — Ýmsir fleiri stórmerkir stjórnmálamenn Englendinga, svo sem Bonar Law, Austen Chamberlain og Balfour lávarður hafa tekið í sama strenginn og hina aldni Chamberlain. Gagnskiftauppkastið á ekki upp á háborðið hjá þeim.

— Gott dæmi þess, hve lóðakaup eru arðvænleg, skeði í Calgary núna nýverið. Lóð ein, sem keypt hafði verið þar fyrir 17 árum á 125 dollars, var seld fyrir 93,500 dollars. — Dágóðir vextir.

— Sambandsstjórnin ætlar að fara í mál við fylkisstjórnina í British Columbia út af fylkislöndum í Point Grey héraðinu, sem hún telur sér tilheyrandi, en sem fylkisstjórnin hefir ráðstafað. Og nemur verðmæti þessa umþrátta landssvo hundruðum þúsunda dollars skiftir, svo stjórnirnar munu ekki liggja á liði sínu í máli þessu.

— Sem kunnugt er, er Eiffel turnian í Paris hæsta bygging í heimi, en búast má við, að svo verði ekki til lengdar, ef Bandaríkjamenn fá nokkru áorkað. Nú er verið að reisa stórbyggingu í New York, sem verður 55-lyft, öll bygð úr stáli og steini. Þetta verður stærsta 'business' bygging heimsins, og gengur næst Eiffel turninum að hæð, en að ummáli verður hún stærri. Stórbygging þessi verður kend við Woodworth.

PICNIC AD WEST HOME

J. H. MONTGOMERY & COMPANY

óska eftir nærveru yðar á Picnic sem haldið verður í dag, 24 maí, á þeirra fögru "subdivision" WEST-HOME.

Síðan við opnuðum lóða sölu vora fyrir tveim vikum hefir krafan eftir þeim verið svo mikil að aðeins 46 eru eftir. Þessar lóðir hafa verið seldar fólki sem þekkja svæðið, og við ætlum að selja þær sem eftir eru þann 24. með því að loía fólki sjá þær og dæma með sínum eigin augum að.

Sjón er sannfæring.

Nú er tækifærið að skoða lóðirnar og sannfærast um gæði þeirra. Við bjóðum tvö faldar lóðir 50x140 á 80 feta breiðu stræti, með 20 feta baksíg.

Verð: $60. og 75. $3. strax og $2. mánaðarlega.

Sumar af lóðum þessum sem við seldum fyrir 10 dögum síðan hafa þrisvar haft eigandaskifti og eru nú seldar $10 meira fetið en upphaflega; og eru til þessa góðar orsakir.

Þetta er framfara subdivision.

Á West-Home er núna verzlunarbúðir, hótel, tvö 'livery barns' tvö verkfæra vöruhús, og kjötmarkaður og brauðgjörðarhús í smíðum. Vér höfum einnig selt lóðir til Headingly Presbyterian kirkjunnar, sem byggir á þeim á þessu ári.

Þarna er ástæðurnar.

Ungi maður hugsaðu um það, að þú get ur greitt fyrstu afborgun þína á lóðum, með peningum, sem aðrir, sem ekki eru eins skynsamir, eyða í skemtanir, á helgidögum.

Hafðu það hugfast.

Headingly sporvagnar fara frá horninu á Main og Portage Ave. hverja raðtölu klukkustund.

Komið og hafið vini yðar með.

Lítið eftir stóra auglýsinga-merkinu, og tjaldinu þegar þið farið úr vögnunum. Við höfum veitingar fyrir ykkur, og sínum ykkur svo eignir vorar. Komið á skrifstofa vora 361 Main St. eða 'fónið' Main 2504 og tölum nánar um málið.

KAUPIÐ LÓÐ OG HAFIÐ ÁSTÆÐU TIL HÁTÍÐAHALDS!

J. H. MONTGOMERY & COMPANY

ÍSLENZKIR UMBOÐSSALAR

ALBERT REALTY CO., 708 McArthur Building WINNIPEG

ÍSLENZKT VÍRAVIRKI

úr gulli og silfri, fæst nú og í næstu þrjá mánuði smíðað á vinnustofu

Björns Olafssonar
GULLSMIÐS
752 Victor Street

hér í bænum. — Allar aðgerðir á gull og silfursmíði verða þar fljótt afgreiddar.

Minnisvarðar úr Málmi.

Eru miklu fallegri og í öllu tilliti fullkomnari, fyrir sömu peningaupphæð, heldur en úr marmara eða granit. WHITE BRONZE minnisvarðar, búnir til af The Monumental Bronze Co., eru nú komnir í miklu meira álit en steinn. "White Bronze" heldur sínum rétta, eiginlega, lítsgráa lit öld eftir öld, þolir oil áhrif loftsins, hita og kulda — það gerir steinninn ekki, — hefir engar holur, molnar hvorki né klofnar, springur ekki, tekur ekki í sig raka eða vætu; verður ekki mosavaxið; — þetta alt gerir steinninn

Alt letur fer upphleypt, steypt um leið, og getur því ekki slitnað af eða brotnað; sömuleiðis ýms merki og myndir til prýðis (sem kaupandi velur sjálfur), — alt sett á fritt.

Mörg hundruð úr að velja af ýmsri stærð og lögun. Kosta frá fáeinum dollurum upp til þúsunda.

Spyrjið um myndir, stærð þyngd og verð á þessum minnisvörðum (bréllega eða munnlega) áður en þið kaupið stein. Allar upplýsingar góðfúslega gefnar af

J. F. Leifson,
Quill Plain, Sask

The Liquor License Act

Eftirfylgjandi beiðnir um endurnýjun Hotel leyfis hafa verið meðteknar og verða íhugaðar af leyfisnefndinni fyrir leyfishérað No. 4, í Winnipeg, á skrifstofu Chief License Inspector, horni Kennedy og Broadway stræta, kl. 2 e. h. mánudaginn 22. maí 1911: — G. E. Sólmundson, Gimli Hotel, Gimli, og J. G. Christie, Lakeview Hotel, Gimli.

Dags. að Winnipeg, april 1911.

M. J. JOHNSTONE,
Chief License Inspector.

Heimskringla
Published every Thursday by The
Heimskringla News & Publishing Co. Ltd

Verð blaðsins í Canada og Bandar $2.00 um árið (fyrir fram borgað).
Sent til Íslands $2.40 (fyrir fram borgað).

B. L. BALDWINSON
Editor & Manager

Office:
729 Sherbrooke Street, Winnipeg
BOX 3083. Talsími Garry 4110.

Breyting á skrásetningu.

Herra Paul Reykdal, sem nú er í skrásetningarerindum, að ferðast um Gimli kjördæmið, ritar frá 5. Siding 12. þ.m., að vegna illviðra og snjófalls, sem nú er frá 1—3 fet á jafnsléttu þar nyrðra, sé sér algerlega ómögulegt, að halda skrásetningar ferðaáætlun sinni, og verði því að sleppa 4 skrásetningarstöðunum að svo stöddu. Þann 11. þ.m. komst hann að eins 6 milur vegar, og voru þá hestar hans svo uppgefnir, að þeir komust ekki lengra. Hann hefir því auglýst, að skárásett verði á eftirtöldum fjórum stöðum, svo sem hér segir:

Mánudag 5. júní hjá Robert Callow.

Þriðjudag 6. júní hjá Kristjáni Eiríkssyni.

Miðvikudag 7. júní hjá Stefáni Stefánssyni.

Fimtudag 8. júní hjá Paul Kernested.

Þetta eru kjósendur á nefndum kjörstöðum beðnir að muna

Aldarafmæli Jóns Sigurðssonar.

Nú þegar minnisvarða samskotunum er lokið hér vestra, liggur það næst fyrir hendi, að hugsa fyrir hátíðabrigðum á aldarafmæli Jóns Sigurðssonar, sem verður laugardaginn 17. júní.

Heima á Fróni verður þessa merkisdags minst hátíðlega um land alt. Hver svelt, sýsla, kauptún og bær mun tjalda sínu bezta og minnast með lotning og blessun mannsins mikla, þjóðarfrömuðarins og frelsishetjunnar, sem fæddist þann dag fyrir hundrað árum síðan. Og það verður engin hálfvelgja eða uppgerð í hátíðahöldunum heima. Allir Íslendingar — jafnt ungir sem gamlir — hvaða stjórnmálasteinu sem þeir fylgja, hvaða starf sem þeir hafa, — allit undanteknngarlaust munu einhuga að heiðra minning Jóns Sigurðssonar, og það sem þjóðlegast og bezt.

Vestur-Íslendingar ættu að gera slikt hið sama. Minning Jóns Sigurðssonar ætti að vera þeim jafnkær, þó þeir nú hafi tekið fóstri við annað land. Íslendingar í hjarta geta þeir verið, — og með minnisvarða samskotunum hafa þeir sýnt að svo er. Sýni þeir jafna hluttöku í að minnast með mannfagnaði aldarafmælisins, þá er vel að verið.

Oss hafa borist þær fregnir, að Kyrrahafsstrandar Íslendingar hefðu viðbúnað mikinn undir sameiginlegt hátíðahald í Vancouver. Í þeim mannfagnaði ætla landar frá Seattle, Blaine, Ballard, Victoria og Vancouver, og öðrum bæjum þar á ströndinni, að taka þátt. Má vænta, að minningarhátíðin þar verði hin myndarlegasta, og löndum vorum þar vestur á ströndinni til sóma.

Líkt og þetta ætti löndum vorum í öðrum hlutum þessa lands, þar sem þeirra gætir að nokkru, að farnast. Þykist þeir vera of fáir í byginni sinni, þá gera bandalag við landana, sem í næstu bygð eða bygðum búa, og hafa hátíðahald í sameiningu. Engiinn ætlast til, að menn reisi sér hurðarás um öxl, — að eins að þeir minnist aldarafmælisins sem Íslendingar, á sem beztan og hagfeldastan hátt fyrir sig sjálfa; en þó svo, að hátíðabrigði séu og hugur fylgi máli. Það ætti engum að vera um megn.

Hér í Winnipeg verður 17. júní án efa minst og það rækilega. Hér eru flestir Íslendingar samankomnir og bezt tæki til alls. — Óráðið er þó ennþá, hvernig hvernig minningarhátíðinni verður hagað, eða hverjir standi fyrir því, — að öðru leyti en því, að klúbburinn Helgi magri kaus nýverið þriggja manna nefnd til að leita álits manna um málið, og koma svo fram með tillögur um, á hvern hátt væri heppilegast að minnast aldarafmælisins. Einnig samþykti klúbburinn, að gangast fyrir mannfagnaði í þessu sambandi, ef nefnd sú, sem stóð fyrir minnisvarða samskotunum, gerði það ekki.

Er því enginn efi á því, að 100 ára fæðingardags Jóns Sigurðssonar verður hátíðlega minst hér. En til þess að minningarhátíðin geti orðið sómasamleg, verður hluttakan að vera almenn. Það er ekki nóg, að hafa góða forvígismenn eða fjölbreytta tilhögunarskrá, — það er almenn hluttaka í mannfagnaðinum, sem mest ríður á. Og vér þykjumst þess vissir, að borði Winnipeg-Íslendingar og aðrir Vestur-Íslendingar sýni það 17. júní næstk., að þeir kunna að meta minning frelsisfrömuðarins Jóns Sigurðssonar.

Menn mega ekki gleyma að hann var sómi Íslands, sverð og skjöldur.

Munið það laugardaginn 17. júní.

Horfurnar.

Canada heldur áfram á velmegunarbrautinni. Það er mjög efasamt, að verzlun landsins hafi nokkru sinni staðið með meiri blóma en einmitt nú. Og horfurnar eru hinar glæsilegustu. Framfarir fyrirsjáanlegar í hverri grein, ef engin ófyrirséð óhöpp koma fyrir. Innflytjendastraumarnir berast að, bæði sunnan, austan og vestan og það með meiri hraða og fjölmennari en nokkru sinni áður. — Áætlað er, að fólksfjöldi landsins muni aukast um fulla hálfa milión á þessu yfirstandandi ári. Áður fyrri komu innflytjendurnir að jafnaði tómhentir til þessa lands, en nú er það á annan veg. Flestir þeirra, sem nú koma eða hafa í hyggju að koma, hafa peninga, — sumir auðmenn. Sérstaklega bændur frá Bandaríkjunum, sem þykir orðið of þröngt um sig þar syðra, eða landgæðin að þverra. Þeir koma engir tómhentir, og hafa auk þess margra ára búskaparreynslu, sem ekki verður til peninga metin. — Eftir skýrslum þeim, sem C.P.R. félagið hefir gefið, samkvæmt öruggum upplýsingum, koma á þessu ári frá Vesturríkjum Bandaríkjanna 45 þúsund bændur hingað til landsins, og sem flytja með sér í peningum og öðrum eignum fullar 16 miliónir dollars. — Innflutningur til Vesturfylkjanna hefir þegar verið mjög mikill á vormánuðunum.

Mikið meira landflæmi er nú ræktað en nokkru sinni áður. Hið ágæta veður síðastliðið haust gerði Vesturfylkja bændunum hægt fyrir að plægja langtum meira en áður hafði verið. Einnig ætti hins aukna fólksfjölda að gæta til muna á hinu ræktaða landi, því sérhver, sem tekur sér heimilisréttarland, yrkir það sem bezt hann getur. Skilyrðin frá náttúrunnar hendi hafa til þessa verið lán ákjósanlegustu og styrkt vonina um ágæta uppskeru. Tíðarfarið leyfði, að sáning gat farið fram snemma, viðast hvar. Er það mjög þýðingarmikið fyrir Vesturfylkin, svo að jarðargróðinn hafi náð talsverðum þroska áður en hitarnir miklu og þurviðrin koma. Aldrei hefir heimamarkaðurinn fyrir hinar canadisku bænda-afurðir verið jafn mikill og fjölskrúðugur, sem hann er nú.

Ýms framfarafyrirtæki, sem miða að auknum samgöngum og greiðari viðskiftum, eru í smiðum. Hver af þverlandsbrautunum byggir fimm til sex hundruð milur af járnbrautum í Vesturfylkjunum á þessu sumri, og fullkomna mikið af eldri brautum. En það eru ekki járnbrautafélögin ein, sem hafa stórfeldleg framfarafyrirtæki með höndum, og geta fengið fé til að koma þeim í framkvæmdir. Önnur félög hafa í rikum mæli komið með bréfum sínum á erlenda markaði, og selt hluti þar. Sveitafélögum hefir greiðlega tekist að fá lán. Alt það fé, sem þannig hefir fengist, hefir gengið í framfarafyrirtæki og umbætur landi og lýð til heilla. Allar þessar framkvæmdir útheimta mikinn vinnukraft. — Megnið af fénu, sem frá erlenda og innlenda peningamarkaðnum kemur, er greitt í vinnulaun. Launþegiarnir eyða því svo fyrir lífsnauðsynjar sínar, sem að mestu eru framleiddar í landinu sjálfu. Hvað rekur annað í framfarakeðjunni, og hver styður að velmegun hins, beinlínis og óbeinlínis. Canada er land auðsældarinnar.

Ein er þó áhætta, — og hún er sú, að framleiðslu- og verzlunarfyrirtækin yfirgnæfi peningabyrgðirnar. Um all-mörg ár hefir erlent fé — innflutt — haldið peningamarkaðnum í hinu ákjósanlegasta fyrirkomulagi. Stjórnarlán og fé, sem verja átti til járnbrautabygginga og annara framkvæmda, var ekki hægt að nota að öllu strax í hinum tilætlaða tilgangi. Stór fyrirtæki, sem þverlands járnbrautafélögin, færðu inn miklu meira fé, en hægt var að nota á nokkrum árum, þess vegna var mikill afgangur af hinum innflutta höfuðstól, sem lagður var á banka og tekinn út eftir þörfum. Þetta gaf bönkunum tækifæri, til að styðja frekar að verzlun og iðnaði með skyndilánum og hagfeldum viðskiftum. En nú er höfuðstótt þessi óðum að þverra, því eigendurnir nota peninga sína meir og meir, — í þeim tilgangi, sem til var ætlast. Bankarnir þurfa því að vera varkárari í viðskiftum sínum. Það er því mjög æskilegt, að canadiskum veðskuldabréfum sé haldið á erlenda peningamarkaðnum, og að straumurinn af brezkum og annara þjóða auði berist hingað til lands sem áður.

Viðurkenning.

Það var ekki ætlun Heimskringlu að vinna sér neitt sérstaklega til frægðar með því að sýna myndir þeirra Íslendinga, sem stundað hafa nám við búnaðarskóla fylkisins á sl. 2 vetrum. En sýnilega hefir myndin vakið athygli skólaráðsins, ekki síður en lesenda blaðsins, því að sl. viku barst svo hljóðandi bréf frá prófessor Black, aðalforstöðumanni búnaðarskólans, hingað á skrifstofuna:

"Winnipeg, 17. maí 1911

B. L. Baldwinson, Esq., M.P.P.
'Heimskringla', City.

Kæri herra. — Fyrir hönd þessa skóla leyfi ég mér hér með að votta yður vort innilegasta þakklæti fyrir þann mikla áhuga, sem þér sýnið fyrir fræðslu pilta þeirra og stúlkna af íslenzku þjóðerni, sem stunda nám við þessa stofnun.

Hinn mikli áhugi, er þér hafið sýnt fyrir mentun fólks yðar, er að minni hyggju að miklu leyti orsök til þess tiltölulega fjölda islenzkra pilta og stúlkna, sem eru að stunda búnaðar-nám í þessu fylki.

Skiljandi, eins og vér gerum, þau miklu áhrif, sem þetta unga fólk kemur til að hafa á mótun hugsunarháttar og lífsstefnu íbúa Manitoba fylkis á næsta manns. aldri, þá álít ég að starfsemi yðar hafi miklu meira gildi en mannleg hyggja fær verðlagt.

Yðar mjög einlægur
W. J. BLACK,
skólastjóri."

Ábyrgð skuldabréfa.

Járnbrautaráðgjafi Laurierstjórnarinnar hefir tilkynt bingiau, að Laurierstjórnin ætli sér að ábyrgjast skuldabréf Canadian Northern járnbrautarfélagsins, bæði fyrir bygðar og óbygðar brautir þess á svæðinu milli Montreal og Port Arthur. Með þessu móti verður félaginu mögulegt, að tengja saman hina ýmsu brautarspotta sína og koma þeirri stefnu í framkvæmd, að eignast fullkomna þverlandsbraut, sem þá verður þriðja slik braut í Canada. Styrkveiting stjórnarinnar til félagsins er 35 þúsund dollars ábyrgð á hverja milu brautarinnar milli Port Arthur og Montreal með 3½ prósent vöxtum, en stjórnin fái fyrsta veðrétt í þeim brautum, sem hún styrkir, að undanteknum 62½ mílu milli Hawkbury og Rideout Junction, og 15 mílna spotta suður frá Sellwood Junction. Félagið fær 35 þúsund dollars ábyrgð á þessar brautir, án þess að þurfa að veðsetja þær.

Svo er umsamið, að Laurierstjórnin megi borga vexti af skuldabréfum félagsins um næstu 2 ár, og færa það félaginu til reikings með 3½ prósent vöxtum.

Félagið skuldbindur sig til þess, að flytja þær vörur, sem fara eiga til canadiskra hafnstaða, yfir eigin brautir sínar, og að flutningsgjöldin á þeim skuli ekki vera hærri til canadisku hafnstaðanna, heldur en aðrar brautir setji fyrir flutning til hafnstaða í Bandaríkjunum. — Einnig, að félagið skuli byggja endastöðvar í Montreal borg og haía vöruflutningaskifti við Inter Colonial brautina.

Það verður ekki annað sagt, en að þetta séu góðir samningar fyrir félagið. En mesta furða þó, að Liberalir skuli gera þá, því svo létu þeir illa við samaingum þeim, sem Roblinstjórnin gerði við félag þetta, þar sem ábyrgðin var ekki nema 10 þúsund dollars á miluna. En nú er ábyrgð þeirra sjálfra nærri fjórum sinnum hærri, en hlunnindin, sem á móti koma ekki önnur en þau, að félagið setji ekki meira fyrir flutning til hafnstaðanna en önnur félög setja.

Crescentdale

Sá maður sem kaupir lóðir, hefir vanalega tvö höfuðatriði að fara eftir. Verzlunar lóðir, eru annað og íbúðarlóðir hitt. Vér álítum að Crescentdale er nær hámarki íbúðarlóða hvað gæði snertir, en nokkrar aðrar lóðir sem á boðstólum eru. Vér skjótum máli voru til þess-mans sem hugsar og biðjum hann að íhuga þessi þrjú atriði:—

Fyrst:--Legu lóðanna
Annað:--Framfarir, nútímans og framtíðarinnar
Þriðja:--Verðið

LEGA:—Crescentdale liggur í beinni stefnu frá þeim hluta borgarinnar sem er óðfluga að byggjast. Úrvals íbúðarsvæðið er og heldur áfram að vera á suður-bakka Assiniboine árinnar. Crescentdale er aðeins örskamt vestur af City Park, og allar lóðirnar liggja á milli Main Highway og árinnar.

FRAMFARIR:—Winnipeg strætisbrautafélagið hefir sporvagnaumferð á þjóðvegnum. City Park, og háskólastæðið er full trygging fyrir verðhækkun og framförum lóðanna.

SÉRKENNI:—Engar af lóðunum eru meira en nokkur hundruð fet frá ánni. Landið er hátt og skógivaxið, og alt um hverfis er fagurt og heillandi, og gerir lóðirnar óviðjafnanlega fyrir dvalarstað.

VERÐIÐ:—Er lægra þegar tilit er tekið til legu og sérkenna, en á nokkrum öðrum lóðum sem eru á boðstólum.

Komið og finnið okkur, eða símið.

REDMOND & JENNISON
AGENTS
Telephone Main 7471., 203 Bank of Nova Scotia Chambers

Íslenzkir umboðssalar ALBERT REALTY CO., 708 McArthur Bldg. Talsími 7323

Stjörnufræði.

Herra ritstj. Hkr.

Prófessor T. J. J. See, stjörnufræðingur við Bandaríkja stjörnuturninn á Mary Island í Kaliforniu, sagði á ársfundi hins amerikanska visindafélags (The American Philosopical Society) í Philadelphia í april sl., að hann hefði ferðast fullar 3 þúsund milur til þess að veita helztu visindamönnum í Ameriku hreina og miðilslausa vitneskju um hinar nýju framþróunar uppgötvanir sínar í heimsmagnafræðinni, og kvað hann þær vafalaust mundu hvetja visindamenn heimsins til alvarlegra íhugana.

Prófessor See var fyrir nokkrum árum umsjónarmaður hins mikla stjörnusjónauka í stjórnar-stjörnuturninum í höfuðstaðnum Washington. Á meðan hann var þar, er hann sagður að hafa gert þær nákvæmustu mælingar á plánetum, sem enn hafa gerðar verið. Á þeim 7 árum, sem hann hefir verið í Kaliforniu, hefir hann, auk þess að stunda heimsmagnafræði, verið að rannsaka jarðskjálfta orsakir og fjallamyndun. Helzti árangurinn af þessum íhugunum hefir verið sá, eins og hann tilkynti á fundinum, að hann hefir sannfærst um það, að hið rétta framþróunarlögmál sé stjórnandi í þessu voru sólkerfi, og það, að upprunalega hafi plánetunar verið litlar, og fengið tilveru sína mjög langt frá sólunni. En að á umferð sinni hafi þær dregið að sér margs kyns efnij svo sem loftfúlgur, lofthnoðra og fylgihnetti, og við það hafi þær stækkað, og eftir því, sem þær hafi stækkað og þyngst, þá hafi þær dregist nær og nær sólunni, og hringrásir þeirra orðið reglubundnar.

Prófessor See skýrði nákvæmlega þar á fundinum það framþróunarlögmál, sem veitir plánetunum tilveru af efnum, sem eru á víð og dreif í himingeiminum, og því til sönnunar vitnaði hann í stjörnuhröpin (Showers of CosmicalDust) sem áttu sér stað árin 1799, 1833 og 1866. Hann sagði, að Kepler hefði haft rétt að mæla, þegar hann hefði haldið því fram, að það væru eins margir lofthnoðrar og halastjörnur í geiminum eins og væru fiskar í sjónum.

Hann lagði sérstaka áherzlu á þá skoðun, sem nú væri almenn viðtekin af visindamönnum, að önnur sólkerfi, lík því, sem jörð vor er í, hlaupi á hringrásum umj hverfis allar fastastjörnur, og að allar plánetur væru bygðar likt og jörð vor er, sem hleypur kringum sólina. Hann kvað lifið vera algengt fyrirbrigði (General Phenomenon) í alheiminum, og að hvar sem stjarna blikar í djúpi himingeimsins, þá væru þar að öllum líkindum lifandi verur.

Þegar ég var að lesa þetta, datt mér strax í hug, að ef þessar nýju uppgötvanir væru af öllum sannleikselskandi hæfileikamönnum — guðfræðingum sem öðrum — rannsakaðar frá óhlutdrægu sjónarmiði, þá muni margt, sem enn er óþekt og veldur misskilningi á milli guðfræðinga og visindamanna bæði viðkomandi jörðinni sjálfri og myndun hennar sem og íbúum hennar, — verða skiljanlegt. Þegar t. d. það er íhugað, að jörðin samanstendur af hver veit hvað mörgum hnöttum, loftfúlgum og lofthnoðrum, sem sum geta hafa haft lifandi íbúa, og þó að vér vitum alls ekki, hvers kyns loftslag hefir verið á þessum aðskiljanlegu hnöttum, þá getum vér þó ímyndað oss, hvernig á því muni standa, eða að minsta kosti hvernig á því geti staðið, að íbúar jarðarinnar, sérstaklega mannkynið, er af svo margvíslegum hörundslit; og í gegnum þessar uppgötvanir verður skiljanlegt, hvernig Nóaflóð, og fleira, sem erfitt hefir revnst að fá þekkingu á, geti hafa átt sér stað.

John Thorgeirsson.
Thistle, Utah.

Íslendingadagurinn.

Almennur fundur verður haldinn fimtudaginn fyrsta júní næstkomandi í neðri Goodtemplarasalnum, kl. 8 e h. til að kjósa nýja Íslendingadags-nefnd fyrir 1911. Fjölmennið á fundinn.

NEFNDIN.

Hafís fyrir Norðurlandi.

Nýkomin Ísafold, dags. 26. april, segir þessar hafísfréttir: Austri og Hólar sitja enn á Eskifirði isteptir. Eskifjörður sagður fullur af ís; Seyðisfjörður sömulejðis. Courier (Wathræs-skipið) freistaði að komast norður fyrir Horn, en varð frá að hverfa vegna íss. Courier hélt svo í gær frá Ísafirði suður um land og ætlaði að reyna að komast inn á Austfirði á leiðinni. Ingólfur er sagður teptur inn á Siglufirði.

Önnur blöð segja kaffilaust orðið á Akureyri og matarbyrgðir að þrotum komnar.

Vesturför Bordens.

— Þingmenn þeir, sem fylgja Mr. Borden á vesturför hans, verða þeir Andrew Broder, þingmaður fyrir Dundas, Ont., og aðalsérfræðingur Conservative flokksins í búvísindum, Dr. Roche, þingmaður fyrir Marquete og Arthur S. Meighen, þingmaður fyrir Portage la Prairie, sem allir eru með atkvæðamestu meðlimum sambandsþingsins. Þessir þrír taka þátt í allri förinni. Auk þess er búist við að einn af leiðandi Conservativum Quebec fylki sláist í förina. — Á fundum þeim, sem Mr. Borden heldur í Manitoba fylki, verða hinir sambandsþingmenn fylkisins einnig viðstaddir sem ræðumenn. — Á fundunum í Saskatchewan og Alberta, bætist C. A. Magrath frá Medicine Hat við í ræðumanna hópinn; er hann einnig einn af mikilhæfustu mönnum sambandsþingsins. Einnig taka þátt í þessum fundum hinir aðrir Conservative þingmenn þessara fylkja. — Verður því ekki neitað, að úrvalslið er það, sem fylgist með Mr. R. L. Borden í þessari vesturför, og má búast við miklum og góðum árangri af henni.

Æfiminning.

Þann 26. apríl síðastl. dó konan Jónína Gyriður Jóhannesdóttir, að heimili sínu við Íslendingafljót. Hún var jarðsungin af séra Jóh. Bjarnasyni 1. maí sl., að viðstöddu fjölmenni, vandafólk og vinir hinnar látnu.

Jónína Gyriður var fædd á Setbergi í Borgarfirði í Norður Múlasýslu 27. febrúar 1876. Flutti með foreldrum sínum til Vesturheims 1877. Foreldrar hennar voru Jóhannes Jónsson og Guðrún Högnadóttir. Þau bjuggu lengi norður við Íslendingafljót, og var hún hjá þeim þar til móðir hennar dó, og síðan hjá föður sínum þangað til hún giftist 14. júlí 1902 Jóhannesi Helgasyni, ættuðum úr Mýrasýslu. Þau bjuggu saman í níu ár og eignuðust 5 börn, öll lifandi nú.

Jónína Gyriður var góð og vönduð, ástúðleg og umhyggjusöm eiginkona og móðir. Frafall hennar er því afarþungbært manni hennar og börnum.

Í sambandi við þessa æviminningu þakka ég alúðlega öllum þeim, sem veittu mér og konu minni sál. velvild og hjálpsemi í hennar langvarandi dauðastríði. — Innilegustu þakkir til okkar góðu nágranna, sem tóku að sér börnin okkar, þegar ég þurfti að vera með henni í Winnipeg, þar allar lækninga tilraunir voru gerðar nær árlangt. — Ennfremur er ég af hug og sál þakklátur þeim Oddsons hjónum (Real Estate) og Andersons hjónum (Fort Rouge Hotel), sem hvorttveggju sýndu okkur óþrjótandi hjálp og alúð. — Öllu þessu fólki bið ég þann að launa, sem lofað hefir, að ekki skyldi einn vatnsdropi ólaunaður, gefinn í sínu nafni. Með hjartans þakklæti til allra!

Blessuð sé minning hinnar látnu!

Jóhannes Helgason.

BOÐSBRÉF.

Undirritaður hefir í hyggju, að gefa út mánaðarrit á íslenzku með skemtisögum, fræðigreinum, ritgerðum og, ef nógu margir áskrifendur fást, með myndum. Lesmál verður þrjár arkir á mánuði, eða 48 blaðsíður í stóru 8 blaða broti. Frágangur og mál verður vandað, sem kostur verður á. Engar deilugreinir um trúmál, pólitík eða önnur efni.

Verð ritsins verður $1.50 á ári. Á að byrja seinni part sumars.

Magnús J. Skaptason

Winnipeg, Man., 1. maí 1911.

Sómi Íslands, sverð og skjöldur

Gjafir til minnisvarða JÓNS SIGURÐSSONAR.

Frá WINNIPEG, Man.

Christian Ólafsson $5, John Hall $1, Mrs. Guðrún Hall $1, Niels Gíslason 50c, Sigurður Gíslason 50c, Haraldur Olson $1, Baldur Olson $1, Mrs. Anna Gíslason $2, Miss Ingibjörg Björnsson 25c, Jónas Middal $1, Guðmundur Olson 50c, Kristín G. Olson 50c, Kristín S. Olson 50c, Jóhanna Olson 50c, Sigurður Davíðsson $4, Huldukona $1, Ólafur J. Ólafsson $1, Mrs. Jónína Thorgerður Ólafsson 50c, Miss Jenny Ólafsson 50c, Halldór J. Ólafsson 50c, Kjartan Ólafsson 50c, John Thorsteinsson $1, Mrs. J. Thorsteinsson $1, Skúli Johnson $1, Miss Kristín A. Thorsteinsson 50c, Guðmundur H. Thorsteinsson 50c, Miss Anna Thorsteinsson 50c, Miss Jónína S. Thorsteinsson 50c, Gestur Thorsteinsson 50c, Miss Guðrún Thorsteinsson 50c, Miss Helga Johnson 50c.

Frá GIMLI, Man.

B. B. Olson 50c, Mrs. Guðrún Olson 50c, Franklin Olson 25c, Lilja Olson 25c, Edwald Olson 25c, Ingibjörg Olson 25c, Vilberg Olson 25c.

Frá ÁRNES, Man.

Sigurjón Johnson 25c, Guðrún Johnson 25c, Thorvaldur Johnson 10c, Thuriður Johnson 10c, Th. B. Johnson 10c, J. M. Johnson 10c, Ólafur Johnson 10c.

Frá HENSEL, N. Dak.

Sveinn Simonarson 25c.

Frá LESLIE, Sask.

Mrs. Margrét Goodman 50c, John Goodman 50c.

Samtals ... . $ 34.25
Áður auglýst ... 2,753.05

Alls innkomið... $2,787.30

* * *

ATHS. — Af einhverjum misskilningi var (í síðasta blaði) stúlka, sem gaf $1.00 í sjóð þennan, nefnd Jana Jónasson, sem heitir Jónína G. Ólafsson (Winnipeg). Þettað er fólki beðið að athuga og virða á betra veg.

S. B. Brynjólfsson.

Fimtudagurinn

VERÐUR KJARAKAUPADAGUR ÞESSARAR VIKU

Búðin er lokuð í dag, miðvikudag, en á morgun verður handagangur í öskjunni. Lesið eftirfarandi lista og ef yður vanhagar um eitthvað sem þar er boðið, komið á morgun, og notið tækifærið.



"Crown Favorite" stál eldavél.

Búin til úr hinu besta bláa stáli; kald slegnu. Öll "asbestos" búin og með tvöföldum ristum, og 18 þumlunga bökunarofni. Ábyrgst á allan hátt.
Vanaverð $55.00
Kjarakaupsverð..... **$41.75**
$12 strax, afgangurinn $5 mánaðarlega



Eldhús Skápur

Gerður úr "Hardwood" og hinn vandaðasti. Að ofan úr zinc. Hefir dragborð. Eins og myndin sýnir. Vanaverð $35.00.
Kjarakaupsverð..... **$25.50**
$8.50 strax, afgangurinn $5 mánaðarlega



China Cabinet

Búinn til úr úrvals eik, með bognu hliðagleri og ávölum breskum spegli, mjög fagur. Vanaverð $33.00
Kjarakaupsverð
$23.45
$7.45 strax afgangurinn $4.00 mánaðarlega

Kjarakaup á Olíudúkum og Linoleums

Tveggja yard's breitt Linoleums

Rósótt og tigulsteina myndað, bæði ljóst og dökt, slétt yfirborð. Endingargott.
Kjarakaupsverð, fer yard. **35c**

Fjögra yard's breitt Linoleums

Rósa og tigulsteina munstur bæði ljósleit og dökkleit. Mjög endingargott og fagurt.
Kjarakaupsverð..... **50c**

Japanskar Gólfmottur

Fyrirtak í sumar bústaði. Brúnar, grænar og bláar. Mjög fagurt munstur, 36 þumlunga breiðar.
Kjarakaupsverð yarðið..... **25c**

SQUARES

Crossley's ensku flauels ábreiður

Ofin án samskevta, stutt, þétt loðna, mjög fagrar. Hinar beztu ábreiður þú getur fengið. Viðeigandi í hvert herbergi hússins sem er. Blómofnar austanlenzkar með tvílitum blæ, rauða, grænar, bláar og brúnar.

Stærð:			
9-0x10-6	9-0x12-0	10-6x12-0	12-0x12-0
Verð:			
$21.00	**$22.00**	**$24.00**	**$32.75**

MOTTUR

Sumar bústaða og veranda mottur

Búnar til úr bezta efni, traustlega ofnar og endingagóðar, þola bæði sól og regn. Bæði einlitar og mislitar.

Stærð:			
3-0x6-0	4-0x7-0	6-0x9-0	7-6x10-6
Verð:			
$3.00	**$5.00**	**$7.75**	**$11.75**

Lace Curtains

Kjarakaupsverð $5.00 parið

Úrval frá Sviss. Bæði fyrir borðstofu setustofu og svefnherbergja glugga. Hin vönduðustu að allri gerð, og eftir nýustu tízku. $12.50 virði parið. Kjarakaup.. **$5.00**

Legubekks ábreiður

Nýkomnar; mjög góðar þýzkar legubekks ábreiður. Eftir allra nýjustu gerð bæði að munstri og litum. Vara óendanlega og gera legubekkinn eins góðan sem nýjan. Stærð 16x108 þ. Kjarakaupsverð hver frá
$4.00 til $15.00

ART SCRIMS

Hin vinsælustu og verðlægstu gardínu efni. Mjög fagurt munstur og hita blöndun. Þolir þvott. 36 til 40 þuml. breitt. Kjarrkaupsverð hvert yard..... **27c**

KJARAKAUP Í GÓLFÁBREIÐUM

Skoskar Axminster gólfábreiður

Mikil og þykk loðnar, litartrúar, rauðar, grænar, bláar og brúnar, með austurlenzku blómamunstri. Viðeigandi kögur. Kjarakaupsverð, hvert yard..... **$1.50**

Enskar Brussels ábreiður

með austurlensku blóma munstri. Rauðar, grænar, bláar og brúnar að lit. Viðeigandi kögur. Kjarakaupsverð hvert yard..... **$1.15**

J. A. BANFIELD

492 MAIN STREET PHONES G. 1580-1-2

tvo ungu menn, sem hann árum saman hafði gert svo afærrangt. Að hann fann þá svona skyndilega, vakti hjá honum angur og skelfingu. Hann hafði að sönnu búist við, að það mundi einhverntíma koma fyrir, að hann mætti þeim, en hann treysti sjálfum sér til að dvlja þær tilfinningar, sem slíkir samfundir myndu vekja, ef þegar það nú vildi til, þar hann það með hermannlegri rósemi. Hann áleit, að ekki einu sinni frú Chiford hefði getað séð neina breytingu á háttalagi hans eða rödd, þegar hann heilsaði ungu mönnunum, sem voru synir hans og hinir réttu erfingjar óðalsins Tilgate.

Þessir ófyrirsjáanlegu samfundir höfðu skelft hann meira, en hann hafði búist við; því þó hann hefði búist við að hitta þá einhverntíma, vænti hann þess ekki, að það yrði út á landsbygðinni fáar mílur frá Tilgate. Í London, þar voru allir samfundir mögulegir, og þess vegna hafði hann, þegar hann slepti þeim út í heiminn, látið hvetja þá til að leita gæfu sinnar á Indlandi, eða í einhverri af hinum enskuný lendum. Honum hefði verið það mikil hughreysting, að vita þá í fjarlægð við sig og Granville. En gagnstætt hinum leyndu ítilætlunum hans, urðu þeir kyrrir í Englandi.

Og nú, þegar hann mætti þeim, vaknaði samvizka hans eftir margra ára svefn, og ásakaði hann harðlega.

Ef þeir hefðu verið ófriðir, vanskapaðir, ruddalegir og talað dónalega, eða á annan hátt verið óhæfir sem erfingjar að Tilgate, þá hefði hann máske getað fyrirgefið sjálfum sér; en að sjá þessa sonu sína, börnin, sem hann hafði ekki séð í 25 ár, vera orðna að fögrum, líðlegum, nettum, ungum mönnum, svo kurteisum, svo glaðlegum, svo gáfuðum, svo aðlaðandi, — að vita, að þeir í öllu tilliti voru jafn ætt-tignir og Granville, og að vita, að hann hafði

gert þeim öllum þremur óbætanlega rangt — það var voðalegt. Í öll þessi ár hafði hann útilokað sonu sína frá því, sem þeir áttu réttmætar kröfur á, og það eingöngu í því skyni, að gera stöðu og útlit framtíðar hins þriðja, mildast sagt vafasama, ef ekki eymdarlega.

Þó var margt, sem afsakaði hann, sagði hann við sjálfan sig þessa svefnlausu nótt. Drambsamur og með miklu sjálfsáliti, eins og hann var, gat hann ekki niðurlægt sig svo mikið, að viðurkenna að hann hefði syndgað án sterkrar tillöðunar og freistinga. Hann endurtók altsaman hið umliðna fyrir sjálfum sér, eins og það hafði átt sér stað; hann sagði sjálfum sér ennþá einu sinni hina einföldu og eðlilegu sögu, um hina gömlu og ævarandi nýju æskuvillu, sem hjá honum var orðin að leyndarmáli lífsins, en sem hann nú varð að bæta úr.

Það var svo langt síðan — tuttugu og sex ár, eða máske tuttugu og átta ár? — að hans herflokkur var látinn dvelja í Devonshire. Hann var ungur, laglegur herforingi, djarfur og frjálslegur á svip — Harry Kelmscott — einmitt líkur ásýndum og Granville vár nú — eða máske líkari þeim Guy og Cyril. Því hann gat nú ekki duliið það fyrir sjálfum sér, að synir Lucy Warring líktust honum eins og hann var þá; þeir voru bæði fallegri og álitlegri en Granville, sonur lafði Emily, sem hann hafði gert að erfingja Tilgate óðalsins. Heiðarsvæðið, þar sem "þeir gráu" áttu að dvelja yfir sumarið, var eyðilegt og leiðinlegt, þar var enginn viðfeldinn félagsskapur, engar samkomur með eða án dansleika, engir veiðiflokkar. Var það þá að furða að hann, fjörugur eins og hann var, hændist að hinn fögru Lucy Warring?

En hann giftist henni þó, — hann sveik hana ekki,

— þeirri synd ofþyngdi hann ekki samvizku sinni með.

Ó, já, vesalings Lucy. Hönn elskaði hana, eins mikið og vænta mátti að Kelmscott gæti elskað dóttur tilkomulitils bónda í Dartmore. Það byrjaði auðvitað með daðri, eins og venja er, og endaði með ást, að minsta kosti af hálfu Lucy, því maður gat naumast ætlast til, að Kelmscott af Tilgate elskaði ómentaða bóndadóttur. En það gat hann fullvissað sjálfan sig um, að hann vildi ekki baka henni neina sorg, enda þótt út hefði litið fyrir að hann væri stundum harður við hana. Þegar hann varð þess var, hve alvarlega hún tók daðri hans, hve heitt hún elskaði hann, reyndi hann að slita sambandið og útlistaði fyrir henni, að herforingi, sem jafnframt var aðalsmaður, gæti ekki kvongast hálfmentaðri bóndadóttur, — í sannleika sagt, var Lucy eins mikil hefðarkona eins og lafði Emily, sem var jarlsdóttir og móðir hennar af háum aðalsættum.

Þegar Lucy grét örvilnandi yfir þessari útlistun hans, þoldi hann ekki máðið og lofaði að kvongast henni. Auðvitað reyndi hann ekki að réttlæta þessa heimsku fyrir sjálfum sér, því heimska var það, hann átti að yfirgefa hana án þess að giftast henni.

Vitanlega hefði hún dáið af sorg, en fyrsta skylda Kelmscottanna var að varðveita virðingu sína, án þess að taka tillit til slíkra smámuna.

En í þá daga var hjarta hans göfugra heldur en stöðuvirðingin; hann gat ekki fengið af sér að yfirgefa vesalings Lucy og kvongaðist henni. Jæja, jæja, það munu flestar manneskjur fremja einhverja heimsku á lífsleiðinni, og þó að hann skammaðist sín nú fyrir að hafa kvongast bóndadóttur, fann hann að hann hefði skammast sín meira, ef hann hefði ekki kvongast henni. Hann var bétri en hann vildi vera.

Kvongast henni, — já, en með leynd, hins vegar

við heiðina, þar sem enginn þekti þau. Hann var þá ekki búinn að fá Tilgate óðalið, og ef faðir hans hefði vitað um þetta, — já, aðmírállinn var svo voðalega strangur maður, að hann hefði strax skipað syni sínum að yfirgefa herinn, og fara til Ástralíu eða eitthvað annað, og þá hefði vesalings Lucy dáið af sorg. Bæði hennar vegna — sagði hann við sjálfan sig — og mín, leyndi ég aðmírálinn kvongun minni.

En svo kom sá voðalegi tími, — ó, hvað ég man það glögt, já, ó, já, eins og það hefði skeð í gær, — þegar faðir minn vildi að ég kvongaðist Emily Croke, dóttur lávarðar Aldeburghs. En Kelmscott þorði ekki að kvongast henni, af því hann var kvongaður áður, en hann þorði heldur ekki að segja föður sínum orsökina til þess, að hann vildi hana ekki. Hann var illa staddur, hann óaði enn við að hugsa til þess. Konu sinni hafði hann útvegað heimili í Plymouth undir nafninu frú Warring, og þó varð hann ávalt, bæði sökum föður sins og vina sinna, að fara til London og taka þátt í samkvæmum, og í hverju einasta samkvæmi fann hann Emily Croke, og á eftir varð hann svo að þola atyrði föður sins, af því hann neitaði að biðja hennar. Hvernig hann hefði sloppið úr þessum kröggum, ef Lucy hefði lifað, var honum ekki ljóst, en Lucy dó, og það bjargaði honum. Það komu enn tár fram í augu hans, þegar hann hugsaði um hana, en hann þerði þau burt með hægð — svo Emily vaknaði ekki.

Og þó fell honum óað sárt, að Lucy dó, og nóttina sem hún dó og tvíburarnir fæddust, sat hann hjá rúminu hennar til að hugga hana, án þess honum kæmi til hugar sá hagur, er hann hafði af dauða hennar; hann hafði að vissu leyti rækt skyldu sína við hana. Þegar stúlka af hennar tagi giftist lávarði, og samþykkir að giftingin sé leynd, má hún

Skrifið yður fyrir HEIMSKRINGLU svo að þér getið ætíð fylgst með aðal málum Íslendinga hér og heima.

Piano kensla.

Hérmeð tilkynnist að ég undirskrifuð tek að mér, frá þessum tíma, að kenna að spila á Piano. Kenslustofa mín er að 727 Sherbrooke St. Kenslu skilmálar aðgengilegir. Tal-sími Garry 2414.

Sigrún M. Baldwinson

ISLENZKAR BÆKUR

Ég undirritaður hefi til sölu nálega allar íslenzkar bækur, sem til eru á markaðinum, og verð að hitta að Lundar P.O., Man. Sendið pantanir eða finnið.

Neils E. Hallson.

A. S. TORBERT'S
RAKARASTOFA
Er í Jimmy's Hótel. Besta verk, ágæt verkfæri; Rakstur 15c en Hárskurður 25c. — Óskar viðskifta Íslendinga. —

JIMMY'S HOTEL
BEZTU VÍN OG VINDLAR.
VÍNVEITARI T.H.FRASER.
ÍSLENDINGUR. : : : : :
James Thorpe, Eigandi

MARKET HOTEL
146 Princess St.
á móti markaðnum
P. O'CONNELL, eigandi, WINNIPEG
Beztu tegundir af vínföngum og vindl.m, aðhlynning góð, húsið endurbætt

Woodbine Hotel
466 MAIN ST.
Stærsta Billiard Hall í Norðvestur-landinu
Tíu Pool-borð.—Ljúkonar vín og vindlar
Gistin., og fæði: $1.00 á dag og þar yfir
Lennon & Hebb,
Eigendur

JOHN DUFF
PLUMBER, GAS AND STEAM FITTER
Alt verk vel vandað, og verðið rétt
664 Notre Dame Av. Phone Garry 2568
WINNIPEG

Heimkoman.

Eini rósami maðurinn í öllu þorpinu var séra Hike. Hefði heimkoma Parker Pettingbirds átt að verða hversdagslegur viðburður, svo sem eingöngu lítilfjörlegt veizluhald, til þess að fagna honum, er hann kæmi heim með brúði sína úr nýafstöðnum giftingarleiðandri þeirra hjóna, þá hefði presturinn ekki getað verið tilhlökkunarminni en hann var. En samkvæmið hafði meira gildi en að eins þetta. Það var á allra vitund, að herra Fergus Pettingbird ætlaði að heiðra vngri bróður sinn og brúði hans með nærveru sinni þá um kveldið, og þó meira. Hann hafði lofað að koma heim þennan dag, og það var alment álit þorpsbúa, að þeir mættu vænta mikils frá hans hendi, og að presturinn hefði flestum öðrum fremur ástæðu til að ætla, að hann yrði látinn njóta ríkulega af örlæti þessa valinkunna dánumanns. En svo fór presturinn vel með þessa von sína, hafi hann annars álið nokkra slíka von, að hann lét ekkert á því bera. Þegar hann mintist á Fergus Pettingbird, þá var það á alvarlegan hátt. Hann taldi auðæfi hans í sjálfu sér einkis nýt, og allar stórgjafir hans til þorpsins og til kirkjunnar lítilsverð í sjálfu sér og algerlega hverfandi við það sem mest var um vert. En það var það sannkristilega hugarfar, sem sýnilega hafði stjórn að allri breytni þessa mikilmennis. Það var líferni mannsins, sem hefði sanna þýðingu fyrir ekki að eins alla þorpsbúa, heldur miklu fremur fyrir alla kristna menn, hvar sem þeir voru í heiminum og á öllum tímum. Hann hefði gefið göfugt eftirdæmi, með þolinmóðri starfsemi, sem fært hefði honum auðæfi, sem hann hefði varið í þarfir manakyntins. Guð hefði nú ennfremur launað honum með því, að veita honum ánægjuleg ellilár og elsku og virðingu alira þeirra, sem spurnir hefðu af honum. Séra Hike kvaðst sjálfur einskis óska frá þessum öldungi, annað en þann heiður, að mega taka í hönd hans, er hann kæmi til þorpsins; en jafnvel í þessu efni var hann í engum flýti. Aldrei sást presturinn út við gluggann á húsi sínu allan þennan langþráða dag, þó allir aðrir mændu forvitnis- og vonaraugum eftir komu Fergus Pettingbirds. Og þegar um síðir kvöld var komið og presturinn fór með fjölskyldu sína að heiman frá sér, þá hagaði hann ferð sinni svo, að hann yrði með síðustu gestum í heimboðið. Hann gekk hægt og prúðmannlega um götur þorpsins og leiddi konu sína. Dyrnar á Pettingbird húsinu opnuðust, er hann steig upp tröppurnar, og einatt var hann jafn rólegur. Í ganginum stóðu hann við um stund til þess að hengja upp hattinn sinn, laga hálsbindið og beið svo rólegur eftir konu sinni, þar til hún hafði hagrætt hári sínu, þá gekk hann með henni inn í gestastofuna.

"Ég óska þér til lukku—lukku", mælti séra Hike, um leið og hann tók mjúklega í hönd brúðarinnar. En meðan hann var að tala þessi orð, leit hann um öxl sér og skimaði um alt herbergið, sem fult var af boðsgestum, og svo var augnaráðið skarpt, að það virtist smjúga gegn um veggi hússins. — "Til lukku, minnkæri Parker, til lukku", mælti prestur, er hann heilsaði brúðgumanum, og þó virthann litið athygli veita honum. — Og af gestunum skilti hann sér ekkert, spurði þá engra spurninga og talaði ekkert við þá, en tautaði "lukku, lukku", þar til hann hafði nákvæmlega litið yfir allan hópinn og um alt herbergið. En þá snéri hann sér snögglega við og gekk að gamla Thompson Pettingbird, húsráðandanum, og leit til hans eins og hann hefði drýgt stórglæp með því að bjóða öllum þorpsbúum til veizlunnar til þess að fagna heimkomu sonar sins og brúði hans.

"Thompson", mælti hann hárri röddu, "hvar er þinn góðfrægi bróðir? Hvar er litli drengurinn, sem fór frá oss fyrir mörgum árum, og sem nú á að heimsækja oss í kveld, á hámarki æfi sinnar? Hvar er hið gjafmilda göfugmenni, sem svo örlátlega hefir séð fyrir þörfum kirkjunnar og þessa þorps, sem gaf oss kirkjuklukkuna og hermanns standmyndina miklu yfir ána hérna? Hvar er Fergus Pettingbird?

Hvar er Fergus Pettingbird? — Allir viðstaddir spurðu þeirrar spurningar. Við gluggana stóðu hópar fólks og horfðu út í myrkrið, eins og það ætti von á, að hann kæmi ofan úr skýjunum í eldlegum vagni. Brúðhjónin stóðu út við vegg, enginn veitti þeim neina eftirtekt, allir virtust hafa gleymt þeim. Ef nokkur yrti á þau, þá var það með önuglyndi, eins og boðsgestirnir væru þeim reiðir fyrir að dirfast að ætla sig vera heiðurspersónur samkvæmisins. Ungfrú Hannaberry reyndi til að draga athygli fólksins frá hinum væntanlega en ókomna gesti, með því að byrja á gamanleik, en enginn vildi sinna þeirri tilraun hennar. Þá tók ungfrú Crimmel að spila gleðilag á orgel, en enginn fékst til að hlusta á hana. Þá kom gamla frú Pettingbird út úr borðstofunni, sem enn var lokuð, og bað tengdadóttur sína að gera einhverja tilraun til þess að fá gestina til að gleðja sig. En allir hrópuðu: "Látum oss bíða eftir herra Pettingbird".

"Það er eins og að slátra feitum kálfi, án þess hinn glataði sonur sé heimkominn", mælti presturinn, um leið og hann gekk inn í stofuna, eftir að hafa gert 4 ferðir út í framdyrnar, til þess að hlusta eftir, hvort hann heyrði ekki vagnkeyrslu.

"Vér verðum að vera þolinmóð" sagði gamli Thompson Pettingbird, og lék við úrfestina sína. "Fergus skrifaði mér, að hann kæmi heim í kveld. Hann hefir aldrei sagt mikið í bréfum sínum, en það sem hann segir, það framkvæmir hann. Hann gerir það ævinlega, og það má treysta því, að hann verður hér í kveld".

"Hvaðan ritaði hann til þín", spurði séra Hike, eins og hann grunaði, að ekkert bréf hefði frá honum komið og að bróðir hans væri að nota nafn hans sjálfum sér til dýrðar.

"Mig minnir það kæmi frá einhverjum stað í Texas. Ég held hann hljóti að eiga þar námu", svaraði Thompson. "Þér vitið, að Fergus hefir jafnan verið á ferðalagi, og af bréfum hans að dæma, gæti maður ætlað, að hann ætti allstaðar eignir. Fergus er hæglátur maður, og hann segir aldrei mikið í bréfum sínum. En hann verður hér".

Séra Hike fór að íhuga mögu leika þess, að maðurinn gæti komið. "Eina lestin, sem hér stansar, kom kl. 5.32 e. h., svo að hann hefði átt að vera kominn fyrir löngu".

"Heldurðu ekki, að hraðlestin muni stansa fyrir bróður minn, hvar sem hann óskar?" svaraði Pettingbird, "og heldurðu ekki að hann mundi koma í eigin vagni sínum. Mér virðist, að ef hann ætlaði sér að ferðast eins og almenningur gerir, þá mundi hann hafa getið þess í bréfi sínu, — þó hann annars segi sjaldan mikið í bréfum sínum".

Séra Hike varð undrandi. Vitanlega mátti hann hafa séð, að jafn auðugur og göfugur höfðingi og Fergus Pettingbird mundi ferðast í sínum eigin privat vagni og að hraðlestin mundi draga hann hvert sem hann óskaði; og náttúrlega mundi járnbrautarfélagið sjá um, að lestin stöðvaði hvar sem Fergus óskaði, og nú sá hann sárt eftir, að hafa ekki orðið til þess, að fá nefnd manna til að mæta þessum höfðingja á vagnstöðinni, er hann kæmi, og veita honum þar móttöku með miklum fögnuði og gleðilátum.

"Það er stór-hneyksli", mælti hann, "að annar eins heiðursmaður og herra Fergus er, og sem hefir gert jafnmikið fyrir kirkjuna og þæinn og hann hefir gert, og sem hefir eftirskilið oss minnismerki, hvenær sem vér göngum til kirkju og í hvert sinn, er vér förum yfir ána hérna, — að slíkur maður, sem nú loksins ætlar að heiðra oss með heimsókn í privat vagni sínum með hraðlestinni, skuli verða látinn lenda hér í bænum, án þess að honum sé fagnað á sæmilegan hátt".

Allir viðstaddir voru á sama máli og presturinn, og létu nú óðslega að mynda móttöku og fagnaðarnefnd, til þess að mæta þessum höfðingja, er hann kæmi; en gamli Pettingbird átti fólt í fangi með að afsaka afskiftaleysi sitt í þessu efni, og kvað það vera samkvæmt ósk bróður sins, að engin viðhöfn yrði höfð við komu hans, því hann vildi koma til bæjarins með öllu hæglæti og svo að sem minst bæri á. Hann kæmi að eins til þess að finna skyldfólk sitt, og óskaði ekki eftir opinberri móttöku; hann ætlaði að haga svo ferð sinni, að hann gæti mætt bróðursyni sínum, þegar hann kæmi heim með brúði sína. En jafnframt tók hann fram, að ef nokkur almennur fagnaður yrði í sambandi við heimkomuna, þá tæki hann engan þátt í henni. Svo gamli Pettingbird bað fólkið að hafa þolinmæði, og bauð gestum sínum hressingu. En allir neituðu því boði. Séra Hike varð fyrir svörum: Gestirnir hefðu komið þangað til þess að óska brúðhjónunum til lukku af öllu hjarta. En jafnframt hefði koma þeirra haft annan og ennþá göfugri tilgang, sem var að fagna heimkomu hins göfuga mikilmennis og mannvinar sem væri Fergus Pettingbird.

Þeir, sem beðið höfðu út í dyrum, kváðust ekkert hljóð geta greint, sem boðaði komu hins væntanlega gests. Þeir, sem staðið höfðu út við gluggann, kváðust engan ljósglampa geta greint, sem boðaði komu hins margþráða

(Niðurlag á 7. bls.)

THE DOMINION BANK
HORNI NOTRE DAME AVENUE OG SHERBROOKE STREET

Höfuðstóll uppborgaður: $4,000,000.00
Varasjóður - - - $5,400,000.00

Vér óskum eftir viðskiftum verzlunar manna og ábyrgumst að gefa þeim fullnægju. Sparisjóðsdeild vor er sú stærsta sem hokkur banki hefir í borginni.

Íbúendur þessa hluta borgarinnar óska að skifta við stofnun sem þeir vita að er algerlega trygg. Nafn vort er full trygging óhlutleika. Byrjið spari innlegg fyrir sjálfa yðar, konu yðar og börn.

Phone Garry 3150 **Scott Barlow**, Ráðsmaður.

Vitur maður er varkár með að drekka eingöngu HREINT ÖL. Þér getið jafna reitt yður á

DREWRY'S
REDWOOD LAGER

Það er léttur, freyðandi bjór, gerður eingöngu úr Malt og Hops. Biðjið ætíð um hann.

E. L. DREWRY, Manufacturer, Winnipeg

STRAX

Í DAG er BEZT AÐ GERAST KAUPANDI AÐ HEIMSKRINGLU. — ÞAÐ ER EKKI SEINNA VÆNNA.

MANITOBA

TÆKIFÆRANNA LAND.

Hér skulu taldir að eins fáir þeirra miklu yfirburða, sem Manitoba fylki býður, og sýnt, hversvegna allir þeir, sem óska að bæta lífskjör sín, ættu að taka sér bólfestu innán takmarka þessa fylkis.

TIL BÚNDANS.

Frjósemi jarðvegsins og loftslagið hafa gert Manitoba heimsfræga, sem gróðrarstöð No. 1 hard hveitis. Manitoba býður bændasonum ókeypis búnaðarmentun á búnaðarskóla, sem jafngildir þeim beztu sinnar tegundar á amerikanska meginlandinu.

TIL IÐNAÐAR- OG VERKAMANNA.

Blómgandi framleiðslustofnanir í vorum óðfluga stækkandi borgum, sækjast eftir allskyns handverksmönnum, og borga þeim hæztu gildandi vinnulaun. Algengir verkamenn geta og fengið næga atvinnu með beztu launum. Hér eru yfirgnæfandi atvinnutækifæri fyrir alla.

TIL FJÁRHYGGJENDA.

Manitoba býður gnægð rafafls til framleiðslu og allskyns iðnaðar og verkstæða, með lágu verði; — Frjósamt land; — margvíslegar og ótæmandi auðsuppsprettur frá náttúrunnar hendi; — Ágæt samgöngu og flutningatæki; — Ungir og óðfluga vaxandi bæir og borgir. — Alt þetta býður vitsmunum, auðæfum og framtaksemi óviðjafnanleg tækifæri og starfsarð um fram fylstu vonir. Vér bjóðum öllum að koma og öðlast hlúttöku í velsæld vorri og þroskun. — Til frekari upplýsinga, skrifið:

JOS. HARTNEY, 77 York Street, Toronto, Ont.
JOS. BURKE, 178 Logan Avenue, Winnipeg, Man.
A. A. C. LaRIVIERE, 22 Alliance Bldg., Montreal,
J. F. TENNANT, Gretna, Manitoba.

J. J. GOLDEN,
Deputy Minister of Agriculture and Immigration, Winnipeg

ekki búast við, að maðurinn sé oft hjá henni, eða geri sig að því flóni, að viðurkenna að hún sé sér löglega gift. Og þó hafði hann ásett sér, að opinbera giftinguna, þegar faðir hans væri dáinn og engin hætta á, að hann yrði gerður arflaus.

En hvað atvikin eru stundum undarleg: á föstudagsmorgun fæddust tvíburarnir og á laugardagskvöld var hún dáin, og enda þótt hann elskaði hana, var þetta happ fyrir hann. Já, hann elskaði hana í raun og veru.

Nú stóð hann einn eftir með tvö ungbörn, en að öðru leyti frjáls og óháður, og nú var ekkert því til fyrirstöðu, að hann kvongaðist Emily, enda gerði hann það 14 dögum eftir dauða Lucy. Aðmírállinn var ósegjanlega ánægður yfir skapbreytingu sonar síns, og lét ungu hjónunum í té alt, sem þau vildu og þurftu.

Hvað annað gat hann gert? Hvers annars varð af honum krafist? Hann gerði ekkert opinbert, en hann sagði heldur ekki ósatt. Á meðan faðirinn lifði, sá hann um, að tvíburarnir voru vel upp aldir í Plymouth, og það var áform hans að viðurkenna þá sem sonu sína, þegar faðir hans væri dáinn.

Aðmírállinn lifði lengi — of lengi fyrir Guy og Cyril. — Granville var fæddur, vaxinn upp og orðinn stór piltur, og af öllum álitinn sjálfsagður erfingi að Tilgate, svo nú söfnuðust vandræðin að honum enn á ný. Loksins dó aðmírállinn og var jarðsettur, svo nú var reikningsuppgerðar dagurinn runninn upp fyrir föður Guys og Cyrils. Hann mundi glögt eftir þessari voðalegu stundu, en hann gat ekki — gat ekki. Hann vissi að það var skylda sín að viðurkenna tvíburana, en hann skorti siðferðislegt þrek til þess, enda var nú margt breytt frá því sem áður var.

Guy og Cyril var komið fyrir á fæðisskóla, þar

sem þeir voru uppaldir sem foreldralausir unglingar, er yrðu að vinna fyrir sér sjálfir síðar meir. Jafnframt var Granville alinn upp sem erfingi að Tilgate. Þessu var ekki mögulegt að breyta héðan af, og þó —

Og þó vissi hann með sjálfum sér, að hann svifti frumgetninga sina hinum löglegu réttindum þeirra, og að það var skylda hans að viðurkenna þá sem erfingja að Tilgate.

XI. KAPÍTULI.

Fjölskyldu þrætan.

Klukkustund eftir klukkustund lá þessi ógæfusami maður og færði fram varnir gegn sinni ásakandi samvizku. Hann taldi sjálfum sér trú um, að hvergi í ensku lögunum væri þess krafist, að maður nefndi erfingja sinn; það væri skylda elztá sonarins að ganga eftir réttindum sínum, og ef Guy og Cyril gætu sannað erfðarétt sinn að Tilgate óðalinu, væri það sér óviðkomandi, það væri skylda sín að aðstoða þá í því.

En þegar hann sá þá fyrir innri sjónum sínum eins og hann sá þá síðastliðinn dag, hóf tilfinningin baráttu gegn skynseminni, og stéttarhrokinn gekk í lið með tilfinningunni. Þessir unglingar voru reglulegir aðalsmenn, elztu synir Kelmscotts í Tilgate, sannir Kelmscotts frá hvirfli til ilja, fallegir, beinvaxnir og höfðinglegir. Guy var alveg eins og sá Kelmscott, sem lét lífið í sölurnar fyrir Karl konung hjá Marston Moor, og Cyril var nákvæm eftirmynd af Sir Rupert Kelmscott, sem mestur var af

ættinni, sá sem Keller málaði myndina af, er nú hangir á milli myndar föður hans og föðurbróður hans, Sir Friðriks. Þeir áttu alla þá eiginleika, sem hann eignaði Kelmscott nafninu. Þeir voru djarfir, fræknir, sterkir, ferir um að mæta hverjum sem vera skyldi. Að hrinda þeim út í myrkur og kulda, var ekki eingöngu rangt, — það voru einnig svik gegn stéttarhefð hans.

Loksins sofnaði hann en svaf órólega, og vaknaði við það, að hann sagði í sveini: "Leystu erfðaóðals-bandið og ánafnaðu þeim einhverja peningaupphæð, það mun gera þá ánægða".

Þetta var eina aðferðin, sem honum var möguleg að nota til að umflýja opinbert hneyksli og vernda lafði Emily, og son sinn frá kveljandi afhjúpun — um leið og hún bætti úr kröfum samvizku hans.

Miðlun, miðlun, ekkert gat jafnast við miðlun. Ofursti Kelmscott var af náttúru hneigður fyrir sanna brezka ást á miðlunarmálum.

En til að framkvæma þetta áform, var nauðsýnlegt að leysa erfðaóðals-bandið tvisvar, fyrst sníðlega og aftur fyllilega löglega. Hann varð að fá samþykki Granvilles til þessá fyrirtækis, svo hann gæti náð í næga peninga til að múta þessum mönnum með, og undir eins og hann væri búinn að fá samþykki Granvilles, yrði hann sem nafnlaus velgerðamaður, að tilkynna þeim Guy og Cyril, að ef þeir vildu þiggja ákveðna peninga-upphæð einu sinni fyrir alt, og sleppa öllum kröfum framvegis, þá skyldi ætterni þeirra ekki verða lengur dulið fyrir þeim; en þegar þeir fengi að vita um ætterni sitt, myndu þeir, sem elztu synir óðalseiganda verða beðnir um samþykki sitt til að leysa erfðaóðals-bandið.

Það var hörð krafa, mjög hörð krafa, en samt sem áður myndu þeir, sem einskis væntu sér af heimsins gæðum, fúslega verða við henni.

En að jafna þetta mál við Granville, það mundi verða erfiðara.

Þegar þeir stóðu upp frá morgunverðarborðinu, herti hann þó upp hugann og sló með vægð á öxl Granvilles og sagði við hann: "Viltu ekki koma með mér inn í bókhlöðuna, ég þarf að tala við þig viðvikjandi óðalinu".

Granville leit brosandi á föður sinn og sagði:

"Nú, þetta er kynleg tilviljun, ég ætlaði einmitt að biðja þig að tala við mig einslega".

Hann fylgdi föður sínum inn í bókhlöðuna, og þar settust þeir sinn hvoru megin við eikarborðið. Ofurstinn ræksti sig og réðist svo á hin óvinveittu vandræði eins og hermanni sæmdi.

"Granville", sagði hann, "ég þarf að tala við þig um vandasamt máleini. Mér hefir komið til hugar að leysa erfðaóðals-bandið, af því ég þarf að halda á all-mikilli peninga-upphæð".

Sonurinn varð alveg hissa. "Það er þó undarlegt, það er alveg sama efni, sem ég ætlaði, að minnast á við þig", sagði hann.

Nú var það ofurstinn, sem varð hissa.

"Líklega þó ekki skuldir?" sagði hann með hægð.

"Nei, þú þarft ekki að vera hræddur um það", svaraði Granville frjálslega, "hér er ekki um skuldir að tala; það, sem ég á við, er að fá fulla vissu um tekjur minar, og ég er þess albúinn að veita samþykki mitt, ef ég get fengið þessa vissu. Satt að segja, þá ætla ég að kvongast".

Ofurstinn horfði svipþungur á hann. "Þó ekki Elmu Clifford", sagði hann. "Því ef það er hún, þarf ég líklega ekki að segja þér —"

Unglingurinn greip fram í fyrir honum hlæjandi: "Elmu Clifford, nei, pabbi, það er ekki hún. Hefði það verið hún, þá var engin nauðsyn til að slíta erfðaóðals-bandið. Nei, tilfellið er, að ég get ekki

Heimkoman.

(Niðurlag frá 6. bls.).

dánumanns. En einmitt í því augnabliki heyrðist kirkjuklukkan hringja. Það var klukkan, sem Fergus Pettingbird hafði gefið, — klukkan, sem svo lengi hafði hljóm að um allan dalinn og haldið minningu gefandans í huga hvers einasta mannsbarns, er þar hafði búið um langan aldur. Í fyrstu var hljómurinn þíður, eins og hringjarinn hikaði sér við að spilla næturkyrðinni; en brátt varð hljómurinn öflugri, og loks fyltist loftið alt þrumandi hljóm af hringingarákafanum. Járntunga klukkunnar kunni sér sýnilega ekkert hóf fyrir ofsakæti, og hún var að kunngera það öllum heimi, að Fergus Pettingbird væri kominn heim.

Þeir, sem stóðu á verði heima í húsinu, gáfu sér engan tíma til að íhuga orsök þessarar hringingar. Þeir vissu, að klukkan hlaut að vera að hringja yfir heimkomu hans, og þeir hlupu af stað til að mæta honum. Allir þutu út úr húsinu mót vindinum, sem með nístandi svala veitti ferð þeirra tilfinnanlega mótspyrnu.

Tunglið var komið upp og skein bak við fururunnann á hæðinni hins vegar í dalnum, og varpaði grárri glætu yfir stræti bæjarins, svo að ratljóst varð í hverjum kyma, og þeir sáu ekkert lífsmark neinstaðar nema skuggalega mannsmynd standandi við hermanns myndastyttuna hvítu. Þeir heyrðu ekkert hljóð annað en klukkuhljóminn. Þeir horfðu þangað, sem lykkja var á brautinni, sem hann hlaut að koma eftir. Og þeir hlustuðu, hvort ekki heyrðist hófadynur á brúnni. Klukkan hætti að hringja. Engin skepna bærðist, nema myndin svarta, sem stóð upp við myndastyttuna hvítu Klukkan tók aftur að hringja, — hægt fyrst, einn, tveir, þrir, og síðan hringdi hún í ákafa!

Hvíti hermaðurinn stóð á sínum uppihaldslausa verði í skrautgarði bæjarins. Í tunglsljósinu sást hann ljóslega, og bar skarplega af veggjum hinna dökku húsa, er bak við stóðu. Hjá honum stóð maður litill vexti, sem var að horfa á hann, og svo var hann niðursokkinn í athugan sína, að hann virtist engan gaum gefa vetrarvindinum, sem með nístandi kulda blés um allan dalinn. Hann spenti greipar fyrir aftan bakið, og hann horfði beint upp í andlit myndastyttunnar; ánægjubros lék um hans magra og hrukkótta andlit, og í augum hans skein glampi mannúðar og bróðurþels.

Litli maðurinn rétti sig upp með hægð: "Þetta er dýrðleg mynd", tautaði hann, "alt er svo ljóst og skýrt, jafnvel hnapparnir sjást glögglega".

"Myndin þessi er náttúrleg, kunningi", var hvislað að baki honum.

Litli maðurinn hrökk við. Hann hélt hann væri einn þarna. Hann flýtti sér að toga hatt sinn sem lengst niður á andlitið, þar til hattbarðið náði nálega niður að treyjukraganum, sem var brettur upp um hálsinn. Hann sneri sér skjótlega við, og horfði þá á mann sem var lotinn af elli og studdist við göngustaf, og svo var hann allur samanskroppinn og kræklóttur, að hann varð að velta höfðinu út á öxlina, til þess að geta séð þennan ókunna gest.

"Vissulega er myndin aðdáanlega fögur", sagði litli maðurinn, um leið og hann dró hatt sinn enn lengra niður á andlitið.

"Fergus Pettingbird gaf fæðingarbæ sínum þessa standmynd", sagði kræklótti maðurinn í tístandi rómi. "Það er lifandi marmari, það er andandi steinn, eins og presturinn okkar lýsir því". Hann haltraði áfram nokkur skref, lyfti hönd að munni sér og hvískraði: "Heyrðu, kunningi, hvert ert þú?"

"Ég er það sem þú segir: kunningi", svaraði hinn. Ég var að ganga eftir dalnum, og það er langur vegur, þegar maður er orðinn farlama". Hann sneri sér hægt við og leit í kring um sig og spurði: "Hversvegna er alt svo hjótt hér í kveld?"

Hinn velti höfðinu yfir á hina öxlina, eins og hann ætti á þann hátt hægra með að horfa á gest þann, er svo spurði fávíslega, og mælti svo: "Nú, hefirðu ekki heyrt það? Allir eru upp í Fettingbird húsinu — allir nema ég — að fagna heimkomunni".

Gesturinn settist niður á árgrindurnar, benti með þumalfingrinum yfir öxl sér og mælti: "Ég þykist skilja, hvað þú ferð. Þú átt við húsið þarna, sem alt er upplýstmað. En því ert þú þar ekki einnig?"

"Ég" — skrækti gigtveiki maðurinn, — "ég, nú, hefirðu ekki heyrt neitt af mér? Ég er eina manneskjan í þorpinu, sem ekki var boðið. Þú skilur það. Ég er gamli Plum, — gamli Henry Plum. Ég er kallaður hálviti", og hann hló við eins og honum þætti vænt um aukneitið.

"Gamli Plum — gamli Henry Plum", sagði gesturinn seinlega og var í þungum hugsunum. "Svo þetta ert þú? Jú, ég hefi heyrt um þig, og skil það mjög vel, að þér hafi ekki verið boðið".

"Náttúrlega", mælti gamli Plum og brosti, "en samt hefi ég séð samkvæmið. Það er ekki margt, sem ég sé ekki, þó ég sé nefndur hálfviti, og ég get líka sagt þér", — um leið ýtti hann priki sínu í síðu gestsins — að hann er ókominn ennþá".

"Hann?" sagði gesturinn í spyrjandi róm.

"Já", svaraði gamli Plum, — "hann Fergus Pettingbird. Þú hefir náttúrlega heyrt hans getið. Allir kannast við nafn hans. Nú, að hverju ertu að hlægja?"

"Ég var að hugsa", svaraði gesturinn. "Svo allur þessi fagnaður er yfir Fergus Pettingbird? Ég hefi litilega kvnst honum. Er hann í miklu áliti hér í sveit?"

"Í langmesta áliti", svaraði Plum með ákafa og rétti út hendina. "Ég hefi þekt hann síðan hann var svona hár. Hann var óþæll strákur þá, og þegar hann strauk að heiman, héldu allir, að ekkert mundi verða úr honum, og það sýnir, hve mikið þetta heilvita fólk veit. En nú ættirðu að heyra það tala um hann síðan hann varð ríkur úti í Vesturlandinu og hefir —"

Gesturinn tók fram í spyrjandi: "Segðu mér, Plum, hvernig græddi Fergus Pettingbird peninga sína?"

Gamli Plum var hugsi stundarkorn. "Það er eitt af því, sem ég ekki veit, mælti hann seinlega, — "og ég hefi einatt álitið það vera af því, að ég væri hálfviti. Fergus er mjög hógvær maður og segir jafnaðarlega lítið í bréfum sínum. En almenna álitið er, að hann eigi gullnámur. Thompson hugsar hann eiga gullnámur, því hvernig hefði hann annars getað gert alt, sem hann hefir gert fyrir okkur? og gamli Plum benti á standmyndina hvítu. "Hann gaf okkur þetta, og þetta", hrópaði hann með ánægju um leið og hann benti á brúna á ánni.

"Einmitt það", hrópaði gesturinn og stakk höndunum djúpt niður í vasa sína og horfði beint fram undan sér.

"Og klukkuna, þú ætti bara að heyra kirkjuklukkuna okkar", hélt Plum gamli áfram, um leið og hann benti upp í kirkjuturninn. — "Þú gætir hæglega heyrt til hennar um allan dalinn, og þarna yfir á brúninni, eins glögt og þó þú stæðir hjá henni, og jafnvel ennþá gleggra þarna yfir á fjallinu. Og mér hefir verið sagt, að þegar ég hringi í henni, þá heyrist hljómur hennar alt yfir að Stóruá, því að í trúnaði talað", mælti gamli Plum, "þá er ég hringjarinn".

"Segðu mér, hringjari", mælti gesturinn, um leið og hann klappaði á hnéð á honum, "hefir Fergus Pettingbird gert þessu þorpi ofurlitið gott?"

"Gott? Það er eitthvað meira en gott, eitthvað ósegjanlega æðra en það, sem Fergus þessi hafði gert, eftir því, sem gamli Plum leit á það. "Gott? Hugsaðu um það: Sunnudagaskóla bókasafnið; hvíta hermanns myndin; brúin yfir ána, og kirkjuklukkan. Ég segi þér það eitt, gestur, að í hvert sinn sem ég hringi klukkunni, þá finst mér ég vera að hringja Fergus Pettingbird til dýrðar. Þú skilur, að ég hefi þekt hann síðan hann var svona hár, og þessvegna er hann mér líka sérlega hugþekkur. Það hefði verið vel gert af þeim, að bjóða mér í samkvæmið, þó ég hefði engan rétt til að búast við því. En þeir gerðu það ekki, svo ég ákvað að sitja hérna við myndastyttuna, í þeirri von, að ég kynni að sjá hann, þegar hann gengi framhjá. Mér þykir vænt um, að þér geðjast vel að styttunni".

Gesturinn sneri sér við og leit upp á myndina. "Já, hringjarj, það er unaðslegur hlutur. Það eins og bendir til æðri hugsana og eins og lyftir manni upp, og eins og knýr mann áfram til þess að vilja láta eitthvað gott leiða af sér".

"Eins og herra Pettingbird", hrópaði hringjarinn.

Gesturinn horfði hugsandi til jarðar. "Já", mælti hann eftir stundarþögn, "eins og Fergus Pettingbird. Hann virðist vera hafður í heiðri hér um slóðir".

"Hafður í heiðri!" tók hinn undir. "Heldurðu máske, að allur mannfjöldinn þarna yfir í húsinu sé þar til að heiðra Thompson bróður hans? Heldurðu að fólk hafi komið þangað að eins til að fagna bróðhjónunum? Nei, alt Pettingbird fólkið lifir á orðstir Fergus Pettingbirds, og það er nú að hugsa um, hvað hann muni gefa því, þegar hann kemur heim". Gamli Plum lagði hönd sína á öxl gestsins og mælti: "Biddu bara þar til hann er dauður, alt fólk hans bíður að eins eftir því, að ná í milliónirnar hans, og þá muntu sjá það hraða ferðum til Philadelphia; svo mikið, svo mikið. Þú munt sjá það".

"Ég skil", mælti gesturinn og strengdi treyju sína betur að búknum, því að honum var orðið kalt. Hann sagði svo seinlega: "Það er til svona: Það ætlar sér að ná í fé, sem hann hefir unnið fyrir með súrum sveita, — í gullnámurnar hans, og þegar hann kemur heim, þá ætlar það að skjalla hann með því að veita honum fagnaðar móttöku, en hann hefir skrifað þeim, að hann ætlaði að koma hæglátlega, að eins til þess að líta yfir þorpið — til að íhuga, hvað hann hefði gott gert fyrir það. Svo nefna þeir það heimkomugildi. Það ætlar að neyða falsspili í hendur honum, að rétta honum spil neðan af pakkanum". Hann stökk upp sem æstur og horfði fast í áttina til hússins, þar sem ljósin brunnu. "Henry", sagði hann við hringjarann, "hugsaðu þér það svona: Að ungur drengur hafi strokið að heiman með hugann fyltan eftirvæntingu og löngun til þess að verða mikill maður, og að draumur þessa pilts hafi horfið og reynst eintómur hégómi, og að í stað þess að þroskast upp á við til vegs og gengis, hafi hann einmitt sokkið dýpra og dýpra í niðurlægingu, þar til hann átti hvergi vini og enginn bæri tiltrú til hans, — svo að þegar hann kom í einhvern stað og græddi fé á sinn einkennilega hátt, þá hrektu staðarbúar hann þaðan burt; — að hann hafi verið flæmdur úr einni sýslu í aðra frá austri til vesturs, og að hugur hans hafi einatt dvalið við fæðingarþorp hans, og að hann hafi viljað láta þorpsbúa bera góðan hug til sín. Smámaman grædir hann fé á sinn einkennilega hátt, og vitandi það, að sér myndi ekki haldast lengi á því, hvernig sem færi, þá sendir hann það heim á æskustöðvarnar til þess það megi verða þar að einhverju liði, og til þess þorpsbúar megi smámaman hugsa til hans".

"Eins og herra Pettingbirds", greip hringjarinn fram í, um leið og hann rétt úr hendina og sagði: "Ég hefi þekt hann —"

"Já, eins og hann", mælti gesturinn alvarlega. "Hann gefur kirkjuklukkur, myndastyttur og brýr; hann gefur alt, sem hann hefir eignast, og þegar hann er orðinn gamall og hepnin hefir yfirgefið hann og hann laumast heim í fæðingarþorpið sitt, með því að stelast með vagnlestunum án þess að borga fargjald, því þó hann hafi oft gert ilt um sina daga, þá hefir hann þó stundum líka gert ofurlitið gott, og hann langar til að líta yfir það með eigin augum, svo litið beri á, — að sjá myndastyttuna, brúna og að heyra klukkuna hringja, og að horfa á fjöllin í kveldkyrðinni".

"Hvaða samband hefir alt þetta við mann eins og herra Pettingbird?" mælti hringjarinn með gremjusvip.

"Ekkert. Ég var svona að skapa þetta í huga minum", svaraði gesturinn og hló lágt. "Ég var að hugsa um, hvernig honum mundi litast á þetta alt, þegar hann kæmi heim, — skriði heim og yrði þess var, að hann er hér skoðaður sem mikilmenni, að allir biðu til þess að veita honum veglega móttöku, skoða hann nú sem ás, sem áður var ekki metinn meira en tvistur. Heldurðu ekki, Henry, að hann mundi blygðast sín, svo að hann óttaðist fólkið? Hvað heldur þú að hann ætti að gera?"

Hringjarinn hristi höfuðið. "Þú ert undarlegur maður", mælti hann brosandi. "Fergus Pettingbird er einn af þeim beztu mönnum, sem nokkurn tíma hafa lifað".

"Hvernig veizt þú það?" spurði gesturinn.

"Veit?" svaraði hringjarinn. Allir vita það. Ég hefi heyrt sjálfan Thompson segja það. Ég hefi heyrt séra Hike segja það í ræðum sínum, og tala um hans ágæta líferni og það göfuga eftirdæmi, sem hann gæfi meðbræðrum sínum. Ég hefi heyrt prestinn segja, að Pettingbird væri úlfaldi, sem hæglega kæmist gegnum nálaraugað". Hringjarinn var að standa á fætur. "Þetta minnir mig á, að ég verð að fara í kirkjuna til að hita hana upp. Hún verður að vera heit, því á morgun kemur hann"

"Hvað ætti hann að gera?" hrópaði gesturinn, um leið og hann leit upp á myndastyttuna, eins og hann byggist við að fá svar þaðan upp á þessa spurningu.

"Þú ættir að biða", sagði hringjarinn, "þú mátt hreint ekki fara svo úr þorpinu, að þú ekki sjáir hann. Þú veizt, að hann hefir bygt nýjan skóla fyrir okkur, að ég ekki nefni alla þá hjálp, sem hann hefir veitt kirkjunni. Herra Pettingbird er mikill kirkjuvinur, og það minnir mig á" — hringjarinn var að leggja af stað, þegar gesturinn stöðvaði hann.

"Ég vildi mega bíða til að sjá hann, en ég verð að fara héðan, Henry", mælti gesturinn, "og sérstaklega langar mig til að hlusta á hljóm kirkjuklukkunnar hans. Gætir þú ekki hringt henni fyrir mig ofurlitið — ofurlitið?"

Hringjarinn velti höfðinu yfir á öxlina og leit á gestinn með alvöru og undrunarsvip. "Um þennan tíma nætur?" svaraði hann og hló.

"Farðu ekki, — farðu ekki, Henry!" hrópaði gesturinn og greip í handlegg hringjarans og dró hann upp að járngrindunum. Hann hafði bunka af spilum í hendinni, og var að stokka þau frammi fyrir hringjaranum, með allri þeirri kænsku, sem einkennir æfða peningaspilara. Hringjarinn dáleiddist við þessa sjón, svo að hann gleymdi algerlega Fergus Pettingbird og skyldu sinni gagnvart honum. Hann hafði augun bundin við hverja hreyfingu gestsins; hann sá hann setjast niður á grindurnar og breiða gamalt fréttablað á kné sér. Hann sá hann taka 3 spil og halda þeim upp móti tunglskininu, svo að þau sáust eins ljóslega og um hádag væri.

"Þessi spil, tvö rauð og eitt svart", mælti gesturinn, "littu á þau, Henry, littu á þau". Svo gerði hann snögga hreyfingu með hendinni. "Nefndu tigulinn, Henry; nefndu tigulinn", hrópaði hann.

"Hættu nú, hættu nú!" mælti hringjarinn. "Ég hefi verið á þessu þingi áður, þú getur ekki leikið á mig".

"Náttúrlega ekki", svaraði gesturinn og hló. "Við skulum spila fyrir eitthvað, það skemtir okkur. Ég vil heyra þig hringja klukkunni. Þú vilt ekki hringja henni; ég held það sé af því að þú getir það ekki".

"Geti það ekki?" svaraði gamli Plum. "Þú ættir bara að heyra mig hringja henni".

"Vitanlega getur þú hringt henni", svaraði gesturinn í mjúkum rómi, "og mig langar til að heyra hljóm hennar. Máske við látum spilin gera út um það. Ef þú vinnur, þá hringir þú ekki; ef þú tapar, þá hringir þú. Er það ekki sanngjörn tillaga?"

Hringjarinn kláraði sér í kolli. "Það virðist vera sanngjarnt", mælti hann, "og þó ekki, og þó fæ ég ekki séð neitta á móti því".

En hvort sem þetta var sanngjarnt eða ekki, þá var hringjarinn háður ákvæðum spilanna. Spilin flugu yfir alt blaðið og tiguliinn var í miðri þvögunni. Hringjarinn varð nú æstur og kvaðst skyldi hætta á tafl þetta. Hann rétti út hendina, til þess að gripa það spilið, sem hugur hans bauð, en með leipturhraða kastaði gesturinn öllum spilunum út í vindinn og stökk á fætur.

"Nei!" hrópaði hann, "það hefir aldrei verið réttlátt og er ekki réttlátt, og ég bind hér enda á slíka leiki. Heyrðu, Henry, sjáðu nú". Hann kastaði spilunum eins langt frá sér eins og hann kom þeim, um leið og hann mælti: "Nú er ég að spila við þig með sanngirni. Ég vona þú látir mig ekki fara úr dalnum án þess að fá að heyra hljóm klukkunnar. Ég hefi oft heyrt talað um, hve vel þú kunnir að hringja henni, og mér er ant um að vita um ágæti hennar".

Hringjarinn velti höfðinu yfir á öxlina og glápti á gestinn. "Hefir þú virkilega heyrt min getið. Því sagðir þú mér það ekki strax, án þess að vera að leika með spilin? — hann horfði upp í loftið og hélt svo áfram: "Það er frægasta veður til hringingar. Hljómur klukkummar heyrist í svona veðri yfir allan dalinn, beint niður að Stórá, og allir munu vakna, og vita að nú sé Fergus Pettingbird kominn. Það er óvanalegt, að hringja klukkum um þennan tíma nætur, — en samt ætti að halda slikum manni í minni fólksins. En þó mundi ég ekki hringja henni fyrir nokkurn nema þig, gestur minn, og væri ég ekki hálfviti, þá mundi ég alls ekki hringja henni fyrir nokkurn mann".

Hringjarinn stóð upp og haltraði af stað. Eftir að hann hafði gengið nokkur skrf, sneri hann sér við og kallaði: "Ég skal hringja henni fjórugt fyrst, og svo skal ég láta þig heyra, hvernig hljóm hún hefir, — hún hefir undra hljómfegurð".

Og svo hringdi klukkan. Hvert slag framleiddi fegurstu hljóma; fyrst heyrðust eins og stunur, þá óp, og síðast eins og þrumuraddir, sem vindurinn bar um alt umhverfið, og í fjarlægðinni urðu hljómafnir mjúkir og hverfandi lágir, þar til þeir dóu út í fjarskanni í fjallskörðunum. Hvað mundi Fergus Pettingbird hugsa, ef þessi klukka yrði fyrst til að fagna honum, er hann kæmi í þorpið? Séra Hike greip hattinn sinn og göngustafinn og fetaði löngum sporum. Gesturinn stóð við myndastyttuna og horfði upp eftir strætinu. Hann sá koma í áttina til sín ekki að eins þennan stóra langstiga mann, heldur einnig mikinn fjölda fólks með honum, og allir steindu beint þangað, sem gesturinn stóð. Það fór fyrir honum eins og dýrinu, sem vant er að heyra hyssuskot veiðimannsins, að það hugsar um það eitt, að bjarga sér í ditthvert skjól undan væntanlegri hættu. — Gesturinn, sem stóð hjá myndastyttunni, hafði margsinnis haft persónulega reynslu þess, að það var honum tryggara að flýja heldur enn að mæta mannfjölda og beita röksemdum við hann. Hann hafði ótrú á fjölmenni og óttaðist það, og það var orðið honum eðlilegt að flýja undan margmenni; — og nú flýði hann eins og hann hafi oft áður flúið, beint út á bersvæði. Hafi hann hugsað um fyrirhyggjuleysi sitt í þessu efni, þá var nú orðið of seint að gera við því, því að fólkið tók strax að elta hann, er það sá hann flýja. Það var ekkert óvanalegt við það, að sjá mann standa við myndastyttuna, og horfa á hana. En það var grunsamlegt, að sjá ókunnan mann flýja eins og fætur toguðu, og öllum fanst náuðsynlegt að rannsaka ástæðurnar, sem hann hefði til þess. Þess vegna var honum veitt ósleitileg eftirför. — Allir gleymdu klukkunni og hljómi hennar, og þó hélt hún áfram að hringja, — allir hugir voru limdir við eltinga-ákafann. Einu sinni leit gesturinn til baka, ekki til þess að sjá þá, sem eltu hann, — heldur til þess að sjá hvítu mynda styttuna, standandi þarna inn í girðingunni, bein, þögul og óhreyfanleg, eins og hún mun standa til daganna enda, í minningu um göfgi og góðvilja Fergus Pettingbirds.— Gesturinn hljóp fyrir hornið á myllunni, og það söng í stálbrúnni undir fótum hans, en klukkan hringdi burtfararsálm hans, og gatan lá breið og bein framundan honum, hrein og ljósleit í tunglsljósinu, þar til hún lenti inn í skóginn hinumegin við engjaflákann, — þar fann hann felustað. En þeir, sem eftir sóttu, höfðu þegar komist á sömu stöðvarnar. Þeim var ant um, að ná í gestinn og að komast fyrir, hverju flótti hans sætti. Nú var hann orðinn gamall og úthaldið lamað, svo hann sá sér ekki undanfæri. En ótinn lötti undir fætur hans, og hann hljóp, sem óður væri inn í skugga skógarins. Gesturinn þekti sig á þeim stöðvum, jafnvel í myrkrinu. Hann komst að stóra álmtrénu, þar sem mjói stígurinn lá út frá aðalbrautinni, og hann hljóp eftir þeim vegi, og virtist kannast við hverja bugðu á honum, eins og sá, er þar hefði áður oft hlaupið. Hann heyrði til eftirleitendanna álengdar. Nú stansaði hann og hlustaði. Þeir, sem eftir leituðu, höfðu einnig stansað, og hann heyrði á mál þeirra. En brátt heyrði hann skrjáfa í soógarliminu og í föllnu laufblöðunum, og nú vissi hann, að þeir höfðu rakið slóð sína. Hann æddi áfram. Lækurinn var framundan honum, og nú var hann kominn á bakka hans. Fyrir framan sig sá hann nokkra steina standa upp úr hinu straumþunga vatni. Þeir voru gamlir kunningjar hans, — höfðu engri breytingu tekið á 50 árum. Oft hafði hann stokkið milli þeirra. Það var stutt stökk að þeim fyrsta, en vatnið hafði hlaðið sleipu slími utan á hann. Langt stökk var á þann næsta mosavaxna stórhnullung, og þaðan stutt skref yfir á bakkann hinumegin. Hann hló, því hann mundi þá daga, þegar hann hafði stokkið á steinum þessum yfir lækinn með lokuðum augum.

Nú var hrópað fyrir aftan hann. Hann svaraði því með ögrunaryrðum, því nú var hann heima hjá sér, og hvert hljóð, er hann heyrði, var bergmál frá barnsaldri hans, og hvert tré gamall kunningi liðinna daga. Hann stökk út á fyrsta steininn, og fann að hann stóð eins og bjarg undir fótum hans. Hann vissi að hann þurfti á öllum kröftum sínum að halda til að komast á þann næsta, — fætur hans snertu hann, en gamli steinninn skalf við snertinguna og veltist um, og við það féll gesturinn móði ofan í straumkastið.

Hringjarinn haltraðist aftur að styttunni til þess að mæta gestinum þar og þiggja hrós hans fyrir starf sitt, svo að séra Hike og Thompson Pettingbird komu að lokaðri kirkjunni, þegar þeir komu til baka úr eftirförinni, sem nú var lokið. Þeir höfðu hlaupið, en ekki fundið. Gátan var þeim óráðin. Jafnvel þegar þeir stóðu á lækjarbakkanum og sáu líkama þessa ókunna manns liggja í vatninu milli steinanna, heyrðu þeir hinn þunglamalega hljóm kirkjuklukkunnar. Þessu æfintýri var lokið á óvæntan og sorglegan hátt og það sem lakast þótti — án þess þeir yrðu nokkru nær um ástæður fyrir öllu uppþotinu um kveldið, þegar Fergus Pettingbird átti að hafa komið heim. Presturinn greip í lásinn á kirkjuhurðinni. En hún harðlæst. Alt var þögult þar inni. Hann gekk að glugganum til að horfa inn. Hann langaði til að vita, hvað leyndist þar inni. Honum fanst hann sjá dimmar skuggamyndir á hinum gráu veggjum kirkjunnar. Hann gat ekki gleymt klukkuhringingunni. Hljómur hennar bergmálaði enn í eyrum hans, og honum virtist hann sjá hvítar hendur sveima í loftinu þar inni, og honum fanst næturkuliið nú ónotalega kalt.

"Komdu", mælti félagi hans, við skulum koma heim aftur í heimkomuveizluna og fá okkur einhverja hressingu".

Séra Hike leit um öxl sér niður eftir götunni, og sá hvar eftirfarahópurinn kom út úr skóginum. Hvað það var, sem nokkrir þeirra báru, gat hann ekki séð. Hann hraðaði ferðum að myndastyttunni, því hann var vanur að stansa við hana, þegr hann átti ferð þar um. Hann mælti við Thompson Pettingbird, sem með honum var: "Vinur minn, mikill munur er á æfiferli þess ágæta manns, sem prýtt hefir bæ vorn með þessari fögru gjöf eða flækings þess, sem svo skyndilega hefir endað æfiskeið sitt hér í kveld læknum, engum harmdauði".

"Komdu héðan", svaraði hinn og togaði í prestinn. Máske Fergus sé nú kominn heim, meðan við erum hér að ræða um hann".

Drykkjuskapur og tóbaksnautn.

Ef til væri meðal, sem læknaði drykkjuskap og tóbaksnautn, án vitundar og tilverknaðar neytandandans sjálfs, þá yrði það merkasta uppfynding aldarinnar, því hver drykkjumaður og tóbaksneytandi hyrfi á skömmum tíma.

Hver sem hefir í hyggju að lækna annanhvorn þennan ávana kunningja sinna á þennan hátt, mun sjá, hversu fráleitt það er, ef hann hugsar ögn um það.

Það þarf að beita fullkominni einlægni við þann, sem lækna skal. Með hans aðstoð má lækna hann af hvorum þessum löstum, en árangurslaust án hans hjálpar og samþykkis.

Dr. McTaggart í Toronto, Can., ábyrgist, að lækna menn af drykkjuskap á þremur til fjórum dögum, ef forskriftum hans er nákvæmlega framfylgt. Læknirinn hefir selt þétta ofdrykkju læknislyf til fleiri ára og hefir bætt fjölda manns. Lyfið kostar að eins $25.00 og mun reynast eins vel, ef ekki betur, og nokkur $100 lækning, sem völ er á.

Meðal hans móti tóbaksneyzlu, er sérstaklega tilbúið í því skyni. Kostar að eins $2.00, og geta menn læknast af því á hér um bil tveimur vikum

Bæði lyfin eru ágæt til styrkingar líkamans, og hafa engin óholl eftirköst á þann, sem læknaður er.

Fjöldi vottorða gefin af fúsum vilja. Getur hver fengið að sjá þau, sem þess óskar.

Lyfin send, þegar borgun er fengin. Burðargjald ókeypis. Bréfaviðskifti boðin, — stranglega heimuleg.

Skrifið eða ráðgist við

K K ALBERT,
einka-umboðsmaður í V.-Canada,
708 McArthur Bldg., Winnipeg.

JÓN JÓNSSON, járnsmiður, að 790 Notre Dame Ave. (horni Toronto St.) gerir við alls konar katla, könnur, potta og pönnur fyrir konur, og brýnir hnífa og skerpir sagir fyrir karlmenn. — Alt vel af hendi leyst fyrir litla borgun.

Áður enn þú kaupir

PLAYER PIANO

fullvissaðu þig um leikni hljóðfæris þess, sem fremst er í huga þér, að framleiða

Ekta Piano spil

með hreinum hljómtónum.— Fullvissaðu þig um þessa fullkomnun út í vztu æsar, og þá fellur val þitt efalaust á

HEINTZMAN & CO PLAYER-PIANO.

J. J. H. McLean & Co LIMITED

Cor Portage Ave. & Hargrave
Phone Main 808

Fréttir úr bænum

Hon. R. P. Roblin, forsætisráðherra Manitoba, lagði af stað á mánudagskveldið til Englands til að vera viðstaddur krýninguna, sem fulltrúi fylkisins. Verður tvo mánuði að heiman.

Þann 16. þ.m. kom frá Kaupmannahöfn herra Jakob Guðmundsson (Jakobssonar snikkara í Reykjavík), systursonur séra Bjarna Thórarinssonar, að Wild Oak, Man. Einnig ungfrú Solveig Þorsteinsdóttir, systir Mrs. J. Bildfell hér í borg. Hún settist að hjá systur sinni. Jakob hugsar sér að komast hér að verzlunar atvinnu.

SKEMTIFERÐ. — Íslenzku bindindisfélögin hér í bænum, Hekla og Skuld, hafa ákveið til skemtiferðar á þessu sumri, og er nú ferðinni heitið til Selkirk 5. júlí. Verður þar tekið móti ferðafólkinu í lystigarði bæjarins með fjölbreyttu prógrammi og ýmsum skemtunum, og verður ekkert tilsparað, að gera öllum, sem þangað koma, svo skemtilega ferð, að margir munu kjósa sér að setjast þar að. — Niðursett fargjald og ýms hlunnindi auglýst síðar.

Mrs. Guðrún Búason lagði af stað á sunnudagskveldið til Berlín höfuðborgar Þýzkalands, til að sitja á alþjóðaþingi heimsstúkunnar, sem þar verður haldið í júnímánuði. Mrs. Búason er Vara-Templar hástúkunnar, sá fyrsti Íslendingur, sem embætti hefir náð í hástúkunni, og jafnframt er hún erindsreki stórstúku Manitoba á þinginu. — Er það sæmd þjóðflokki vorum, að íslenzk kona skuli vera valin í þessi heiðursstörf.

Herra Stephan Sigurðsson, sem um tíma hefir verið að ferðast um Bandarikin og Canada kom heim aftur til borgarinnar um síðustu helgi.

Dr. Bland, fyrrum kennari við Wesley College, messar í Tjaldbúðinni næsta sunnudagskveld kl. 7.

'Musical Recital' það, sem nemendur hr. S. K. Hall héldu í Y.W.C.A. Hall á fimtudagskveldið var fór vel fram. Salurinn var troðfullur af áheyrendum. Um 17 nemendur, alt stúlkur, komu fram til að spila, og var gerður góður rómur að því. Fleiri hlutinn af stúlkum þessum eru yfir fermingaraldur, og hafa haft talsverða æfingu með því að þær hafa stundað nám sö svo árum skiftir. Af hinum yngri stúlkum, þeim á barnsaldrinum, spilaði Lára Bjarnason bezt.

Herra Jón Sigurðsson, timburmaður, sem dvalið hefir norður í Siglunes bygð síðan í október sl., kom snöggva ferð til borgarinnar í síðustu viku til lækninga við meiðsli, sem hann hafði fengið þar nyrðra við húsasmíðar fyrir Björn Mathews. Hann hélt norður aftur í þessari viku, að mestu alheill.

Ungmennafélag Únitara heldur aukafund í kveld (fimtudag). Áríðandi að allir meðlimir félagsins sæki fundinn.

Þegar Stefán Gunnarsson var að segja, hvað gamall hann yrði næsta nýár, kvað K. Ásg. Benediktsson þessa stöku, 5.-apríl 1911:

Loks ef árið þetta þver
þunga ævi vetur,
Tuttugu ferna tel ég þér
Tvo og einum betur.

Djáknanefnd Tjaldbúðar safnaðar hefir MOONLIGHT EXCURSION mánudaginn 12. júní með bátnum Bonnitoba. Nákvæmar auglýst í næsta blaði.

Í kvæðinu "Bredenbury", sem fyrir skömmu birtist hér í blaðinu, varð sú villa í 3. linu í síðasta erindi, að orðið 'heillar' er prentað í staðinn fyrir heillir.

Söngflokkur Tjaldbúðar safnaðar hefir nú um nokkurn undanfarinn tíma verið að undirbúa Concert, sem áformað er að halda þriðjudagskveldið 6. júní. Æfingar söngflokksins hafa farið fram undir stjórn Mr. Thórólfssonar. Prógrammið verður fjölbreytt, og söngflokkurinn gerir sér von um, að allir, sem á það hlusta, fai ástæðu til að segja, að það hafi verið að því skapi skemtilegt. — Prógrammið verður auglýst í næsta blaði.

Bréf á Hkr. eiga: —
Miss R. J. Davidson.
Mrs. Jóhanna Jóhannsson.
Sigurður Hlíðdal.
Sigurjón M. Sigurðsson (2 Íslandsbréf).

Í kvæði um Hallgrím Jónsson (í síðasta blaði) hefir misprentast í fyrstu braglínu í síðustu vísu "holtin", les: hólknin.

ÍSGJÓMI OG KAFFI. — Kvenfélag Tjaldbúðar safnaðar hefir ísrjóma og caffi samkomu í fundarsal kirkjunnar á föstudagskveldið í þessari viku. Vonað að sem flestir sæki.

Sigrún M. Baldwinson
TEACHER OF PIANO
727 Sherbrooke St. Phone G. 2414

Úr bréfi frá Quill Lake, Sask., 24. april 1911: — — "Ég voga ekki að fara þversfótar út á ritvöllinn, því ég mundi villast þar, og verða fyrir háði og hnútukasti það sem eftir er æfi minnar.

Mér líkar blað þitt vel, og lái þér ekki, þótt þú takir bæði hvítt og svart, því allir þekkja litina hvern frá öðrum. Í einu orði sagt, finst mér ritstjórar þurfi að sýna allar skoðanir manna, sem láta þær í ljósi í ritum, því þá geta menn borið þær saman og bezt fundið mismuninn á öllu útsæðinu.

Vænt þótt mér um, að fá að sjá myndirnar af glímuköppunum, og hefði ég verið nærstaddur, mundi ég ekki hafa látið hjá líða, að borga fyrir aðgang að þeirri atlögu.

Ég las í fyrra árs blöðum þýðing á svo kölluðum 'Málrúnum'. Mér datt þá í hug vísa, sem ég lærði þegar ég var ungur. Sá, sem kendi mér hana, vissi ekki hvað hún þýddi. Hún er svona:

Þitt er nafnið, þiður sveinn,
þreyttur jór á skeiði,
úlfa-taín og tinnusteinn,
tvö stór vötn í heiði.

Ég hefði gaman af að fá ráðning þessarar visu. ....

Hér í bygð hefir verið með mestu snjóum frá jólum fram í marzmánuð, sem komið hafa síðan hér varð bygð, og kuldatíð var hér fram í miðjan april, svo snjó tók ekki upp fyr en eftir páska, en þá brá til beztu tíðar. Búið að sá hveiti nú".

Safnaðarfundur.

Safnaðarfundur verður haldinn í Únitara kirkjunni sunnudaginn 28. þ. m. eftir messu. Á fundinum verða kosnir fulltrúar frá sófnuðinum á sjötta ársþing íslenzkra Únitara. Allir safnaðarmeðlimir eru beðnir að mæta.

S. B. B. BRYNJÓLFSSON,
varaforseti.

Unglingspiltur, 14—15 ára, sem vill fá stöðuga atvinnu, getur fengið hana með því að snúa sér til Sigurðar Reykjalín, 1032 Logan Avenue.

Atvinnu tilboð.

Unglingspiltur, sem vildi læra málara iðn, getur fengið stöðuga atvinnu við það, með því að snúa sér til herra Sigfúsar Anderson, 651 Bannatyne Ave., sem allra fyrst. Hér býðst myndarlegum Íslenzkum pilti ágætt atvinnu tilboð og ætti einhver að sæta því strax.

Óvænt heimsókn.

Það var að kveldi 16. þ.m. að um 40 ungmenni gerðu óvænta heimsókn að húsi herra Ólafs Vopna, 631 Homi St., til þess að votta dóttur hans, ungfrú Kristínu Vopni, velvild sína og virðingu. Gestirnir færðu henni mjög vandaða ferðatösku að gjöf og skemtu henni langt fram á nótt.— Ungfrú Vopni hefir ákveðið að flytja suður til Dakota með yngsta bróður sinn um nokkurra mánaða tíma, og vildu því gestirnir kveðja hana áður en hún færi.

TIL SÖLU.

Herra Jón Ólafsson, fóðursali, býður til sölu sinn hluta af verzlun þeirra Ólafsson & Sveinsson.— Veikindi í fjölskyldu hans um lengri tíma knýja hann til að losna við verzlunina og flytja úr borginni. — Það má fullyrða, að verzlun þessi hefir verið og er mjög arðsöm, og er því hér hið bezta tækifæri fyrir reglusaman mann, að tryggja sér framtíðar lifsatvinnuveg.

TIL LEIGU

eru nokkur ágæt herbergi fyrir einhleypt fólk, að 372 Victor Street Talsími: Sherbrooke 278.

Skemtisamkoma á Lundar.

Samkoma verður haldin í Good Templars Hall, Lundar, þann 2. júní næstkomandi, undir umsjón Únitara safnaðarins við Mary Hill

PRÓGRAM.

1. Instrumental.
2. Upplestur.
3. Sjónleikur: "Ici on Parle le Francais" (Hér er töluð franska). — Leikpersónur: Mr. Spriggins (S. A. Bjarnason), Mrs. Spriggins (Thóra Bjarnason), Miss Angelina Spriggins (Lilja Einarsson), Mr. Victor Du Bois (S. J. Sigfússon), Major Reg. Rattan (M. Goodmanson), Mrs. Rattan (Sarah Hanby), Anna Maria (Kristín Stevens).
4. Samsöngur—Piltar.
5. Kökuskurður—Fyrir giftu hliðina talar Páll Reykdal, en fyrir þá ógiftu G. Ó. Thorsteinsson.

Samkoman verður sett kl. 8.30 á minútunni. Tjaldið dregið upp kl. 9. Dansinn byrjar kl. 11.

Veitingar seldar.
Inngangur 25 cents.

Komið og fjölmennið. Komið í tíma.

ATHUGASEMD.

Þann 11. þ.m, stóð í Heimskringlu ritgerð um vin vorn Wm. Kristjánsson. Ein setningin í téðri grein hljóðar þannig: "Á meðan hann dvaldi í Winnipeg, var hann í Goodtemplara stúkunni Heklu og æðsti Templar hennar um hríð".

Mér hefir verið bent á, að sumir skilji þessa setningu þannig, að hann (Mr. Kristjánsson) hafi farið úr stúkunni Heklu og Goodtemplarafélaginu, þegar hann fór frá Winnipeg. En það er ekki réttur skilningur, því Mr. og Mrs. Kristjánsson hafa alt af verið og eru enn meðlimir stúkunnar Heklu. — Stúkan á því láni að fagna, að eiga dálitinn hóp af meðlimum, sem sýna henni þá vináttu, að vilja ekki fara úr henni, þó þeir dvelji svo árum skiftir á fjarlægum stöðum, og vinna að bindindismálinu þar sem þeir eru, og það sem þeir geta. Mr. Kristjánsson er ákveðinn bindindismaður og vinnur því málefni alt það gagn, sem hann getur. Gerið þið allir eins, ungu Íslendingar.

B. M. LONG.

Það er alveg víst, að Það borgar sig að auglýsa í Heimskringlu.

"Kvistir" í bandi

Munið eftir því að nú fást "KVISTIR" Sig. Júl. Jóhannessonar, í ljómandi fallegu bandi hjá öllum bóksölum.

Verð $1.50

Union Loan & Investment Co.
45 Aikin's Bldg.
PHONE GARRY 3154
Lánar peninga, kaupir sölusamninga, verzlar með fasteignir: hús, lóðir og lönd. Veitir umsjón dánarbúum.— Peningum veitt móttaka og 7% vextir ábyrgstir.
Íslenzkir forstöðumenn. — Hafið tal af þeim
H. Petursson. John Tait. E. J. Stephenson

JOHNSON & CARR
RAFLEIDSLUMENN
Leiða ljósvíra í íbúðarstórhýsi og fjölskylduhús; setja bjöllur, talsíma og tilvísunar skífur; setja einnig upp mótors og vélar og gera allskyns rafmagnsstörf.
761 William Ave. Phone Garry 735

Dalman & Thorsteinson
MÁLARAR
Gera alskonar húsmálning. Kalsomining og leggja veggpapir. Alt verk vandað og fljótt afgreitt. Phone Garry 240
797 Simcoe St.

R. TH. NEWLAND
Verzlar með fasteignir, fjárlán og ábyrgðir
Skrifstofa: No. 5. Alberta Bldg. 255½ Portage Ave.
Sími: Main 972 Heimilis Sherb. 1619

A. S. BARDAL
Selur líkkistur og annast um útfarir. Allur útbúnaður á bezti. Enfremur selur hann al skonar minnisvarða og legsteina.
127 Nena St. Phone Garry 2152

Sherwin - Williams
PAINT
fyrir alskonar húsmálningu.
Prýðingar-tími nálgast nú. Dálítið af Sherwin-Williams húsmáli getur prýtt húsið yðar utan og innan. — Brúkið ekker annað mál en þetta. — S.-W. húsmálið málar mest, endist lengur, og er áferðarfegurra en nokkurt annað hús mál sem búið er til. — Komið inn og skoðið litarspjaldið. —

CAMERON & CARSCADDEN
QUALITY HARDWARE
Wynyard, - Sask.

Ódýr Lönd

Nú hefi ég 2000 ekrur af bezta hveitilandi, sem fáanlegt er í Manitoba, í twp. 16—17, R. 9 West. Þessar 2 þús. ekrur sel ég fyrir
HALFVIRÐI
til 1. júlí 1911. Borgunarskilmálar: ¼ eða einn fimti í peningum, afganginn á 8—10 árum, vextir 7—8%. Þetta er það beinasta tækifæri að ná í góð kaup í þessari bygð. Eftir 2—5 ár verður ekram í landi virði $40—60 í Manitoba fylki. Þeir, sem vilja fljót-gróða á landakaupum, snúi sér strax til mín. Ég geri kaup og gef upplýsingar samkv. þessari auglýsingu.

Magnús Johnson
WILD OAK, P.O. MAN

Ókeypis Bæklingur
"Landið þar sem olía er konúngur"
Ennig eintak af síðustu útgáfu af "Buick Oil News."
Sendið nafn yðar og áritun og hið ofantalda verður sent yður ókeypis.

K.K.Albert
P. O. Box 56
WINNIPEG

G. S. VAN HALLEN. Málaferslumaður 418 McIntyre Block., Winnipeg. Talsími Main 5142

TILBOÐ.

Við undirskrifaðir tökum að okkur alla grjótvinnu, sem við getum af hendi leyst eins fljótt og vel og nokkur getur gert. Við seljum grunn undir hús, hlöðum kjallara, steypum vatnskeröld og gangstéttir, gerum steinsteypu í fjós, o.fl.

Jacob Frimann
Hergr. Hallgrimson
Gardar, N. Dak.

Öll þau efni
sem gera hið daglega brauð ljúffengt, heilsusamlegt og nærandi, hefir
Boyd's
BRAUÐ
inni að halda. Það er tilbúið í hinu stærsta brauðgerðarhúsi í Vestur-Canada, sem æ verður stærra og stærra eftir því sem framför landsins eykst. Þér vitið ástæðuna. — Reynið BOYD'S brauð.

Th. JOHNSON
JEWELER
286 Main St. Sími M. 6606

Dr. G. J. Gíslason,
Physician and Surgeon
18 South 3rd Str, Grand Forks, N.Dak
Athygli veitt AUGNA, EYRNA og KVERKA SJÚKDÓMUM ASAMT INNVORTIS SJÚKDÓMUM og UPPSKURÐI. —

Dr. J. A. Johnson
PHYSICIAN and SURGEON
HENSEL, N. D.

J. J. BILDFELL
FASTEIGNASALI.
Union Bank 5th Floor No. 520
Selur hús og lóðir, og annað þar að lútandi. Útvegar peningalán o. fl.
Phone Main 2685

MARTYN F. SMITH,
TANNLÆKNIR.
Fairbairn Blk. Cor Main & Selkirk
Sérfræðingur í Gullfyllingu og öllum aðgerðum og tilbún aði Tanna. Tennur dregnar án sársauka. Engin veiki á eftir eða gómbólga. —
Stofan opin kl. 7 til 9 á kveldin
Office Phone Main 6944. Heimilis Phone Main 6462

Hannyrðir.
Undirrituð veitir tilsögn í alls kyns hannyrðum gegn sanngjarnri borgun. Starfsstofa: Room 312 Kennedy Bldg., Portage Av., gegnt Eaton búðinni. Phone: Main 7723.
GERDA HALDORSON.

VANTAR
Fasta umboðsmenn og hjálparmenn(canvassers), bæði konur og karla.
Gott kaup harda duglegum.
Skrifið og sendið naudsynleg meðmæli.

K.K. ALBERT
Box 450
WINNIPEG, MAN

„Að lesa og skrifa list er góð læri það sem flestir."
Ef þig langar til að læra að skrifa fagra rithönd, þá skrifaðu eftir upplýsingum og sýnishorni til H. F. Einarssonar, Pembina, N. Dak., sem kennir allskonar rithönd fjölbreytta ,pennadrætti og skrautskrift. Þú getur lært heima í þínu eigin húsi, því tilsögnin er send bréflega með pósti.
Hverjum, sem svarar þessari auglýsingu, verður sent spjald með hans eigin nafni skrautrituðu. 25-5

Sveinbjörn Árnason
Fasteignasali.
Selur hús og lóðir, eldsábyrgðir, og lánar peninga. Skrifstofa: 310 McIntyre Blk.
office TALSÍMI 4700. hús Tal. Sherb. 2018

BONNAR, TRUEMAN & THORNBURN,
LÖGFRÆÐINGAR.
Suite 5-7 Nanton Blk. Main 766
Winnipeg, Man. P.O.BOX 223

Anderson & Garland,
LÖGFRÆÐINGAR
35 Merchants Bank Building
PHONE: MAIN 1561.

HANNES MARINO HANNESON
(Hubbard & Hanneson)
LÖGFRÆÐINGAR
10 Bank of Hamilton Bldg. WINNIPEG
P.O. Box 781 Phone Main 378 3142

Gísli Goodman
TINSMIÐUR.
VERKSTÆÐI: Cor. Toronto & Notre Dame.
Phone Garry 2988 Heimilis Garry 899

Winnipeg Andatrúar Kirkjan
horni Lipton og Sargent.
Sunnudagasamkomur, kl. 7 að kveldi. Andartrúarspeki þá útskýrð. Allir velkomnir.
Fimtudagasamkomur kl 8 að kveldi, huldar gátur ráðnar. Kl. 7.30 segul-lækningar.

W. R. FOWLER A. PIERCY.

Royal Optical Co
307 Portage Ave. Talsími 7286.
Allar nútíðar aðferðir eru notaðar við augn skoðun hjá þeim, þar með hin nýja aðferð, Skugga-skoðun, sem kjörsyðir öllum ágiskunum. —

KAUPIÐ af þeim og verzlið við þá sem auglýsa starfsemi sínu í Heimskringlu og þá fáið þér *betri* vörur með *betra* verði og *betur* útilátnar.....

Talsími Heimskringlu
Garry 4110

Heimskringla.

Heimilis talsími ritstjórans:
Garry 2414

XXV. ÁR. WINNIPEG, MANITOBA, FIMTUDAGINN, 1. JÚNÍ 1911. Nr. 35.

Kosningar í september.

MIKILL UNDIRBÚNINGUR HJÁ STJÓRNARSINNUM.

Það var auglýst í Conservative austan-blöðum þann 25. maí, að Laurier stjórnin hefði fastlega ákveðið, að láta almennar ríkiskosningar fara fram í Canada ekki síðar en um miðjan september næstkomandi. Alt kapp hefði verið lagt á það frá stjórnarinnar hálfu, að halda ákvörðun þessari leyndri eins lengi og auðið væri, eða þar til Sir Wilfrid kæmi heim úr Englandsferð sinni í júlí næstk.

En nú er því svo varið, að ekki verður kosning haldin án atkvæðakassa, og þeir hafa á síðari árum gengið talsvert af sér, auk þess sem vaxandi fólksfjöldi í landinu krefur fleiri kjörstaða en áður. Þess vegna var það, að herra J. G. Toley, sá sem fyrir stjórnarinnar hönd á að sjá um kjörseðlakassana fyrir alt ríkið, fór nýlega frá Ottawa til Toronto borgar til þess þar að semja við félag eitt um tilbúning nokkurra þúsunda af kjörseðlakössum, og að tryggja það, að þeir yrðu fullsmíðaðir tímanlega í júlímáánuði. — Herra Foley sagði ferð sína til Toronto í engu sambandi við almennar kosningar, og þó hann hefði pantað atkvæðakassana, þá væri það ekki óvanalegt, því að hann væri einatt af og til að láta búa þá til. En andstæðingaflokkurinn í þinginu lét sér ekki nægja þessa umsögn herra Foleys, með því að fleiri merki þess voru sjáanleg, að kosningar væru í nánd, því svo má heita, að Ottawa borg hafi verið öll í uppnámi um síðastliðna mánuði við kosninga undirbúning. Margir tugir tonna af kosningabæklingum margvíslegum, hafa verið í prentun og í útsendingaundirbúningi, og sumir þeirra þegar fyrir nokkru sendir út um landið. En það er vanalega talið ljóst merki um, að kosningar séu nálægar, þegar kosningabæklingar og atkvæðakassar eru efst á baugi hjá stjórnarráðinu.

Þegar þessi fregn kom út í blöðum andstæðinganna, varð stjórninni hverft við. Ráðgjafafundi var þegar skotið á og málið rætt, og að honum loknum fóru ýmsir ráðgjafanna út í kjördæmi sín í Quebec fylki, og er nú bardaginn þegar byrjaður þar. Og hinir aðrir ráðgjafarnir fóru þegar að undirbúa til bardagans í kjördæmum sínum í öðrum fylkjum.

Það er og í almæli, að Bourassa með sitt fylgi alt muni sækja móti Laurier við þessar kosningar, og að hann muni keppa um sæti það í Montreal, sem Gervais er nú þingmaður fyrir, og að Sifton muni einnig sækja móti Laurier stjórninni og keppa um þingsæti í Brockville móti Graham járnbrautaráðgjafa.

Það mun mega telja áreiðanlegt, að ríkiskosningarnar fari fram í september næstkomandi.

BJARNASON & THORSTEINSON

Fasteignasalar

Kaupa og selja lönd, hús og lóðir víðsvegar um Vestur-Canada. Selja lífs og eldsábyrgðir.

LÁNA PENINGA
út á fasteingir
og innkalla skuldir.

Öllum tilskrifum svarað fljótt og áreiðanlega.

Wynyard - - Sask.

Fregnsafn.

Markverðustu viðburðir hvaðanæfa

— Bandaríkjastjórnin hefir gert gangskör til að útrýma einokunarauðklögunum þar í landi. Standard oliufélagið mikla var 15. maí af hæstaréttí landsins dæmt til að leysast upp innan sex mánaða. Og þann 29. s. m. feldi hæstiréttur samskonar dóm yfir tóbakssamsteypunni (Tobacco Trust), sem starfsemi hefir rekið þar í landi. Er skýrt tekið fram í dómsákvæðinu, að félögin séu einokunarfélög, sem hindri frjálsa verzlun á tóbaki, og ef samsteypan ekki innan 8 mánaða hafi breytt fyrirkomulagi sínu þannig, að það verði lögum samkvæmt, verði gangskör að því gerð að uppleysa hana. Af félögum þessum, sem dómurinn snertir, eru 65 amerikönsk og 2 ensk. Auk þess eru 29 einstaklingar, sem sömu útreið fá. — Dómsákvæði þetta er stórmikill sigur fyrir Bandaríkjastjórnina, því að dóminum verður að hlýta, þar sem ómögulegt er að áfrýja honum til æðri réttar.

— Níu manns mistu lífið í járnbrautarslysi á mánudaginn, nálægt McCook í Nebraska ríkinu.

— Hr. W. Leonard Palmer, aðalritstjóri blaðsins Financial News í Lundúnum, sagði nýlega í samtali við blaðamann, að á síðasta ári hefðu Bretar lagt 375 miliónir dollars til atvinnureksturs og umbóta í Canada, og að á þessu yfirstandandi ári myndu þeir verja 500 miljónum í sama augnamiði. Herra Palmer er um þessar mundir að ferðast um Canada til þess að kynna sér auðsuppsprettur og framtíðarlíkur hér. Hann segir, að Bretar eigi nú 2100 miliónir dollars í ýmsum fyrirtækjum í Canada, og að á sl. 12 mánuðum hafi vaknað mikill áhugi meðal brezkra auðmanna, að verja fé sínu í Canada. Hvar sem tækifæri séu til þess, að lána peninga til atvinnurekstur í verkstæðum eða til járnbrautalagninga, eða annað þess háttar, þá séu nægir peningar í boði. Hins vegar segir hann að auðmannaflokkurinn, sem lagt hafi fé í iðnaðarstofnanir og flutningstæki landsins, liti með kvíða á gagnskiftasamningana, sem nú eru til umræðu milli Canada og Bandaríkjanna. Hann segir það sé almenn skoðun á Englandi, að Taft forseti hafi sett sér það markmið, að hefja verzlunarlegt stríð á hendur Bretum, eins og hann hafi sjálfur með berum orðum tilkynt í ræðu sinni á fundi amerikönsku blaðútgefendanna.

— Sir Donald Mann segir að C. N. R. félagið ætli að leggja járnbraut frá Montreal til Port Arthur, þúsund mílur vegar, og að kostnaðurinn við það sé $59,000 á míluna að jafnaði, að meðtöldum endastöðvum, sem kosta muni alt að 10 miliónum dollars. Ottawa stjórnin veitir félaginu ábyrgð skuldabréfa á þessar þúsund mílur, sem nemur 36 miljónum dollars, eða jafngildi 36 þúsund dollars á hverja míla brautarinnar.

— Coney Island sumarskemtistaðnr New York búa, varð fyrir miklum eldsvoða á laugardaginn var. Brunnu þar leikhús, hótel, greiðasölustaðir og búðir og ýmsir skemtistaðir. Einnig brunnu yfir 65 dýr í dýragarðinum, en manntjón varð ekkert. Alls er tjónið talið að nema 2½ milión dollars.

— Japanar hafa ákveðið að byggja sex stór-dreka í viðbót við herskipaflota sinn. Verða þeir allir smíðaðir á Englandi.

— Gagnskiftasamningarnir eiga ekki upp á háborðið í efri málstofu Washington þingsins. Virðist sem þeir muni daga þar uppi, því flestir af Repúblíkönum eru þeim andvígir, og draga á langinn, sem þeir geta. Aftur er Demókrötum mjög hugarhaldið, að fá uppkastinu framgengt, en þeir eru í minnihluta og fá því litlu áorkað. — Champ Clark, leiðtogi þeirra í neðri málstofunni, hefir lýst því yfir, að atkvæðagreiðsla yrði að fara fram í Senatinu um uppkastið, þó þingið yrði að sitja til veturnátta.

Ný uppfynding.



Myndin sýnir uppfunding, sem landi vor, Guðjón Jónsson, að Gurnsey í Saskatchewan hefir gert og nýlega fengið einkaleyfi fyrir. Það eru stormglugga-hjarir. Og svo segja einkaleyfis fræðingar, sem uppfunding þessa hafa skoðað, að hún sé sú bezta sinnar tegundar, sem þeir hafi séð. Félag eitt í Austur-Canada hefir boðið herra Johnson, að taka að sér sölu á einkaleyfi hans, og telur víst að ekki skorti kaupendur, því að hjarirnar muni ganga vel út. Tilbúningur þeirra sé auðveldur og þær muni verða ódýrar, er þær koma á markaðinn, og útbola öllum keppinautum.

— Franz Jóseph Austurríkiskeisari er hættulega veikur um þessar mundir.

— Sir Donald Mann, annar eigandi Canadian Northern járbrautarinnar, hefir keypt fyrir sjö miliónir dollars allar eignir Island járnbræðslu og hreinsunarfélagsins í Toronto borg, ásamt með réttindum til þess að mega nota uppfyndingu Dr. Islands til hreinsunar og járnbræðslu. Dr. Island er einn af tannlæknum Toronto borgar og vann að því um nokkurra ára bil í frístundum sínum, að uppgötva nýja aðferð til þess að bræða og hreinsa járn. Þegar hann hafði fullkomnað uppgötvun sína, myndaði hann félag til þess að nota hana, og félag það hefir nú selt Sir D. Mann allar eignir sínar og uppfyndingar einkaleyfið, og með þeim réttindum, að kaupandinn megi nota það, eða láta nota í öllum heimsins löndum. Aðallega er það Dr. Island, tannlækniriun, sem græðir á sölu þessari, því að það er ávöxturinn af hugviti hans, sem hefir verið keyptur. Hann var áður fátækur maður, en er nú orðinn fleir-milióna eigandi fyrir hugvit sitt.

— Nýútkomnar skýrslur sýna, að um tvær miliónir innflytjenda hafa komið til Canada á sl. 10 árum, og sezt þar að. Hafa um 850 þúsund manns komið frá Bretlandseyjum og um 800 þúsund frá Bandaríkjunum. Meginþorri þeirra, sem frá Bandaríkjunum hafa komið, hafa verið bændur eða bújarða verkamenn. Hafa flestir þeirra tekið sér lönd í Vesturfylkjunum og búa þar. — Aftur hefir rúmur fjórði hluti af þeim, sem frá Bretlandseyjum komu, verið bóndamenn, tæpur fjórði hluti verið algengir verkamenn, álíka margir verið handiðnamenn og afgangurinn heyrt ýmsum öðrum atvinnugreinum til. Að eins rúm 400 þúsund hefir fluzt inn af svertingjum á þessum árum, en aftur hafa 5,200 Hindúar komið. Hinir aðrir þjóðflokkar, sem til Canada hafa fluzt á þessum 10 árum, skiftast þannig: 121,000 Austurríkismenn og Ungverjar, 63,817 Ítalir, 18,675 Gyðingar, 38,950 Rússar, 19,349 Svíar, 21,145 Þjóðverjar, 16,236 Frakkar, 13,798 Norðmenn, og 5,223 Sýrlendingar og Armeníumenn. Á þessu 10 ára tímabili hafa um 1,200 Íslendingar til Canada komið. — Af þessum innflytjendum fengu Alberta og Saskatchewan fylkin í sameiningu rúmlega ½ milión, Ontario 403,820 og Manitoba tæp 310 þúsund. Minst fengu Austurstrandfylkin, New Brunswick, Nova Scotia og Prince Edward Island, — að eins tæp 74 þúsund til samans. Ætlað er að á þessu sumri muni full hálf milión innflytjenda koma og setjast að mestu að í Vesturfylkjunum.

— Diaz lagði niður völd sem forseti Mexico lýðveldisins á föstudaginn var, og lagði samdægurs af stað til Spánar, og er áætlið, að hann muni setjast þar að framvegis. Madero lagði samdægurs niður völd sem bráðabyrgðarforseti, og var þann sama dag Francisco de la Barra, fyrrum sendiherra lýðveldisins í Bandaríkjunum, gerður að bráðabyrgðarforseta, unz nýjar kosningar geta fram farið. Madero verður ölnur hönd hans og tveir nákomnir ættingjar hans (Madero) verða ráðgjafar í hinu nýja ráðaneyti. Er nú friður kominn á um gervalt ríkið, og virðast allir una hið bezta við skiftin, og er Madero í hávegum hafður, kallaður lausnari lýðsins og bjargvættur Mexico. — En gamli Diaz flýði hulduhöfði út landinu, sem hann hafði stjórnað í 30 ár með járnhendi, — án þess að nokkur bæði honum afturkomu auðið.

— Flugið frá Parísarborg til Madrid endaði svo, að einum flugmanna, Pierre Verdine, frakkneskum, hepnaðist það. Náði hann Madrid á fimtudagsmorguninn kl. 8.30. Var honum fagnað með viðhöfn mikilli af íbúum hins spænska höfuðstaðar; kvenfólkið stráði blómum á veg hans og kysti hana og faðmaði, sem ástmögur þess væri. Konungurinn sæmdi hann virðingarmiklu heiðursmerki, og þess utan fékk hann 50 þúsund dollara verðlaun fyrir flugið. Er flug þetta talið annað merkasta flug, sem flogið hefir verið. Hitt var þegar George Chavez flaug yfir Alpafjöllin 8. sept. 1910, og beið bana, þó sigri hefði að hrósa. — Auk Pierre Verdine þreyttu fimm aðrir flugið, en mishepnaðist öllum.

— Hveitimylnan í Wynyard bæ, Saskatchewan, brann á föstudaginn var. Er talið að tjónið muni nema fullum 20 þúsundum dollara, því byrgðir voru miklar af korni og hveiti, sem fórust þar. Eldsábyrgðin nam 10 þús. dollurum.

— Stórmerkur atburður í loftskeytasögunni skeði á fimtudaginn var. Tókst þá að senda loftskeyti frá Glace Bay á austurströnd Canada til Eiffelturnsins í París, og þaðan viðstöðulaust til Dakar á vesturströnd Afríku, og var skeytið einar 60 mínútur á allri þeirri leið. Er þetta lengsta fjarlægð, sem loftskeyti til þessa hafa náð, og tókst svo skilmerkilega, að ráðgert er, að koma upp loftskeytasambandi milli allra hinna brezku nýlenda, hvar sem á hnettinum eru, og Bretlands. Og er áætlað, að 70 til 80 nýjar loftskeytastöðvar þurfi til þess. Loftskeytin virðast með degi hverjum afla sér meira og meira trausts og vinsælda hjá menningarþjóðum heimsins.

OGILVIE'S
Royal Household Flour

Til Brauð og Köku Gerðar

Gefur Ævinlega Fullnæging

EINA MYLLAN Í WINNIPEG,—LÁTIÐ HEIMAIÐNAÐ SITJA FYRIR VIÐSKIFTUM YÐAR.

Aldarafmæli Jóns Sigurðssonar.

KLÚBBURINN Helgi magri ætlar að gangast fyrir samkomu hér í borg til minningar um aldarafmæli Jóns Sigurðssonar, og verður hún haldin í Goodtemplara húsinu laugardagskvöldið 17. júní næstk.

Vér undirritaðir höfum verið kosnir í nefnd til að annast um samkomu þessa, og verður þar skemt með ræðum og kvæðum, söng og hljóðfæraslætti.

Allir Íslendingar eru þangað boðnir og velkomnir. Síðar verður nánar skýrt frá, hvernig samkomunni verður háttað.

Winnipeg, 29. maí 1911.

O. S. Thorgeirsson, Albert Johnson
form. nefndarinnar

Gísli Goodman, Gunnl. Tr. Jónsson.

Baldur Sveinsson,
ritari nefndarinnar

— Nýafstaðnar þingkosningar í Portúgal hafa gengið lýðveldismönnum í vil. Konungssinnar höfðu ekkert þingmannsefni í kjöri Má því telja lýðveldinu borgið að þessu sinni og litla von fyrir Manúel að ná aftur yfirráðum í Portúgal.

— Hermálaráðherra Frakklands, í stað Henri Barteaux, sem lifið misti í flugvélarslysinu í síðustu viku, er útnefndur Goiron hershöfðingi.

— Eldsvoði geysaði í Quebec borg á sunnudaginn var og brunnu mörg hús til grunna. Tjónið metið rúm 250 þúsund dollars.

— Ítalskur flugmaður, Cirri að nafni, féll úr flugvél sinni 610 fet úr lofti og beið bana. Þetta skeði á laugardaginn var nálægt borginni Voghera á Ítalíu.

— Að ekki séu allir boðnir og velkomnir til Canada má sjá af nýútkomnum skýrslum frá Ottawa þar gefst að líta, að á árinu sem leið voru 784 menn endursendir til átthaga sinna, vegna glæpa og sjúkleika og annara orsaka, en 17,614 var bönnuð landganga. — Flestir af þeim, sem landgöngu var neitað, voru frá Bandaríkjunum, — 15,404 talsins. Hina lögheimtuðu peninga-upphæð hafði flest fólk þetta, en ýmislegt var í fari þess, sem gerði það að verkum, að yfirvöldin í Canada álitu það ekki æskilega þegna Canadaveldis.

VEGGLÍM

Vönduð bygginga efni:

The "Empire" Wood Fiber tegundir.

Cement Wall og Finish Plasters

Sackett Plaster Board.

Vér höfum ánægju af að senda yður vora "Plaster Book"

Manitoba Gypsum Co., Limited.
Winnipeg, Manitoba

Tóbak-Vísindalega meðferð þess

TILBÚNINGURINN. — Tóbak er jurt, og eins og allar aðrar jurtir þarf undirbúning til mannlegra nota. Það er eins mikill munur á réttilega tilbúnu tóbaki og blöðkutóbaki eins og á hrárri eða hæfilega soðinni fæðutegund. Sósan er tóbakinu það sem suðan er fæðunni, eða ólgan vininu. NEFTÓBAK ER VÍSINDALEGA TILBÚIÐ TIL MANNANOTA.

Hversvegna tóbaks notendur kjósa Danskt framar öllu munntókaki:

Það er tilgert tóbak í þess hreinustu mynd.
Það er keim-betra og heldur styrkleik sínum og keim.
Það er drjúgt af því það endist betur. Það dregur ekki athygli, því það er ekki tuggið — að eins sett milli munngómanna
Það eftirskilur kælandi smekk í munninum. Það er tóbak vísindalega tilreitt til mannlegra nota.

Gæði og hreinleiki ábyrgstur.

Kaupmannahafnar Munn-Neftóbak er gert af bezta og kröftugasta blöðku-tóbaki, að viðbættum þeim efnum, er hafa sömu eiginleika og blöðku-tóbaks hreinsaður keimlögur. Tilbúningurinn viðheldur tóbaksgæðunum og hrekur remmuna úr laufinu.

AÐVÖRUN

Takið að eins lítið í munn, — annars finst yður máske tóbakið of kraftmikið.

Danskt Munn-Neftóbak er smá korn af hreinu, sterku munntóbaki. Þess vegna veitir það betur kraft sinn, en blöðku tóbak eða stórskorið tóbak, rétt eins og smámalað kaffi gefur kraftinn frá sér betur en grófmalað.

COPENHAGEN SNUFF

Er heimsins bezta munntóbak

NATIONAL SNUFF COMPANY, LIMITED
900 St. Antoine St., MONTREAL

Blessaðir englarnir.

1. Fyrst er Þorsteinn minn með mjög viðfeldna bögu til mín í Hkr. 11. maí. Hann segir að alt sé lof um sig, sem ég hefi um hann ritað sem skáld. Jæja, blessaður engillinn, verði þér að góðu.

2. Sama mánaðardag kemur "Spectator" í Lögbergi, fjarskalega vitur latínu-hestur, og höfuðengill í rithætti. Hann kemur sér ekki að því, — hefir líklega ekki tíma til að sýna neina rökfærslu fyrir því, að dómur minn sé rangur um þ.þ.þ. Einungis í hjartanlegri góðvild og barnaskap heldur hann því fram, að ég sé fávís og illgjarn. En það er eitt, sem þessi blessaður engill ber á mig, sem er ósatt, nefnilega það, að ég hafi stælt rithátt. Þetta hefir enginn fyrri, vinur eða óvinur minn, sagt, hvorki á bak eða brjóst, að ég til veit. Líka hrein ósannindi. Ég þykkist ekki, þótt bent sé á fávísi mína og mörgu galla af heiðarlegum mönnum, sem hafa dug til að sýna sitt rétta nafn; en ósannindi tek ég illa upp, og það með, þegar þeim er kastað úr myrkrinu. Svo kveð ég blessaðan engilinn.

3. Ég var næstum genginn fram hjá himneskum verndarengil, sem ætlaði að verða, það er þaulæfður prestaskólakandidat og heitir Þorsteinn Björnsson, sem drottinn af náð sinni sendi hingað fyrir nokkrum mánuðum. Þessi heiðursmaður hefir verið hér fremur fáskiptinn og aðgerðasmár í menta og menningar framsókn Vestur-Íslendinga fram að þessum tíma. En nú í Hkr. 11. maí þá kemur andinn yfir kandidatinn, og hefir þá alt á horn um sér (og veður í villu og svíma eins og sá ógleymanlegi Hallgrímur prestur sagði), — finnur að flesta og reynir að rífa niður, en byggir fátt í skörðin. Þessa höfum vér æði oft orðið varir af mönnum, sem hingað hafa komið með bókstaflegu mentunina að heiman, sem í alla staði er virðingarverð. En gætum að því, að hver er sínum hnútum kunnugastur, minn kæri kandidat. Við vorum allir börn, þegar hingað komum, börn í öllum skilningi, til þess að mynda göfugan og sjálstæðan þjóðflokk í landi þessu. En nú erum vér komnir á fullorðinsár, — orðnir 20 til 30 ára gamlir og þar yfir. Í gegnum barnaskap, veikleika, fáfræði og lukkan, og vorir gömlu, þrautseigu leiðtogar leitt oss fram á þennan dag, — fram á þetta stig sem vér nú stöndum á, til heiðurs vorri íslenzku þjóð og til gagns og uppbyggingar þessu mikla landi og þjóðfélagi, sem vér nú tilheyrum.

Þess vegna er það, að vér tökum nú ekki lengur gildar neinar unglinga ávítanir. Ég held ég megi segja það fyrir þjóð mína, að allar leiðbeiningar, sem sagðar eru af hjartanlegri velvild og bróðurkærleika séu bæði virtar og vel þegnar. En alt stórlæti og ósanngirni þolum vér ekki af neinum nýgræðingi. — Kandidatinn segir, að flónska og fólska hafi stýrt penna mínum, þegar ég ritaði um 'Skelja-brot' Þorsteins þ. Þorsteinssonar. Það þarf nú ekki stóran mann eða sterkan til að böðla þessu á pappírinn, og enga vörn get ég álitið það fyrir leirburð Þorsteins. — Gamla hetjan séra Snorri var áttræður, þegar hann hóf steininn af stéttinni, sem var þriggja eða fjögra manna tak, og lagði hann upp á veggsundið axlarhátt á Húsafelli. Gaktu nú í spor feðra þinna, ef þú vilt frægur verða, og veltu leirburðar-bjarginu úr götunni. Þú ert í blóma lífs, á bezta skeiði, snúðu mentun þinni og manndóm að því, sem gerir veginn greiðan og fagran. Vér erum engin börn lengur, og gerum þar af leiðandi hærri kröfur nú, en áður var. En ef þú vilt endilega halda því fram, að það sé flónska og fólska af mér, að kalla 'Skeljabrot' nafna þíns vesælasta og illgjarnasta leirburð, — þá hefir þú, herra kandídat, ekki meira vit á skáldskap en kötturinn, og er þér þá illa í ættina skotið. Vertu sæll.

4. Að viku liðinni — 18. maí — hefir stórskáldið Stephan G. Stephansson í Lögb. blindingað saman bögu-grey, sem í raun og sannleika er ofur-efnisrýr, en stirð og ógeðfeld í rími og kveðanda, — eins og svo fjölda margt eftir þann snilling og gáfumann. Vísan er innfærð í tekjudálk 'Skeljabrota' Þorsteins, og á að vera huggun hans yfir skilningsleysi mínu. Látum svo vera. Væri ég einn úr hópi allra hér, sem illa gengur að ná ljósinu, gullinu og gróðanum undan mælikeri einræningsskaparins og servizkunnar, sem einkennir sum viðhafnarskáldin hér, þá væri enginn skaði skeður. En því er ver, að það eru æði margir fleiri, sem illa gengur að skilja. En þeir eru fáir, sem hafa hug og djörfung til þess, að ganga beint framan að skáldinu og segja, að þeir skilji ekki hót af þessu dýrmæti, sem þeim er boðið. Það nái hvorki til hjartans eða tilfinninganna, og verði þeim að eilífu óskaldur or steindauður bókstafur, sem engri festu og engri rót getur náð í sálárlífi þeirra. — Enginn einn er réttur dómari skáldanna, hversu vitur og hálærður, sem hann kann að vera. Það er alþýðan, með allri sinni takmörkuðu þekking, sem er rétti dómarinn. Komist skáldið, hvort sem er í bundnu eða óbundnu máli, inn að hjartarótum almennings, þá fær hann vængi kveldroðans og svífur með skýjunum ódauðlegur of alla heima. Nái skáldið ekki þessu, þá er hann gleymdur, þegar gröfin hylur hann. Og í skúmaskotunum verður kveðið eins og eftir Jón kuða, sem var sí-malandi sérvizkudallur, sem engan botnaði í upp eða niður:

"Gekk Kuði grýttan mó,
gangruður sínar hjó;
málsuðu mauk til bjó
úr mögnuðum leirusjó.

5. Í Hkr. 18. maí sendir Hagyrðingur mér mjög böðulslega skammavísu. Sá breklausi myrkra púki er ófeað úr hagyrðinga klíkunni, því allir hagyrðingar, sem utan við hana standa, eru þeim langt framar að fegurð á efni og máli og öllum búningi.

Hagyrðingafélagið ætti að vita það, að það sækir aldrei gull eða græna skó til mín. Og þar sem ég hefi haft þrek og einurð til að formyrkva stærstu plánetuna í þeirra hóp, þá má geta nærri, hvaða útreið litlu Hornafjarðar-mánarnir fengju, sem kring um hana snúast, ef ég til þeirra tæki. Það bezta, sem þeir hagyrðingar geta gert er það, að senda mér ekki fleiri skammavísur.

Svo kveð ég alla þessa mikilsvirtu verndarengla leirburðarins.

Lárus Guðmundsson.

Prentpappír.

Nefnd sú, sem Bandaríkjastjórnin setti fyrir nokkrum tíma til þess að íhuga framleiðslukostnað á prent- og öðrum pappír þar í landi og í Canada til samanburðar, hefir nú lokið starfi sínu og sent skýrslu yfir það til Tafts forseta, og hann aftur sent skýrsluna frá sér til þingsins.

Í skýrslunni er, eins og vænta má, heilmikið af upplýsingum um pappírsgerðarmálið. Þar er meðal annars skýrt frá því, að í Canada sé tonnið af prentpappír búið til fyrir $5.35 minna en í Bandaríkjunum. Framleiðslukostnaðurinn í Canada á einu tonni af pappír er talinn að vera $27.53, en í Bandaríkjunum $32.88, en tollur á pappír er talinn undir núgildandi lögum $3.75 á hvert tonn.

Skýrslan fjallar nákvæmlega um einstök atriði í sambandi við framleiðslu prentpappírs í báðum löndunum, og hún bendir til þess, að nefndin hafi leitað sér allra upplýsinga um málið, sem hún hefir átt kost á að fá. Aðalorsökin til þess, að pappírsframleiðslan er ódýrari í Canada segir skýrslan að sé sú, að tonn af trjákvoðu, sem pappírinn er gerður úr, sé nálega tvöfalt dýrara í Bandaríkjunum en í Canada. Meðalverð á trjákvoðu við pappírsgerðar verkstæðin í Bandaríkjunum er talið $14.59, en í Canada að eins $9.56. 'Sulphite fibre', sem einnig er notað til pappírsgerðar, kostar í Bandaríkjunum $31.39 hvert tonn, en í Canada $26.47. Alt efnið, sem þarf til þess að tilbúa eitt tonn af prentpappír í Canada, kostar $16.82, en í Bandaríkjunum $22.75. Verkalaunin við hvert tonn eru talin í Bandaríkjunum $3.27, en í Canada $3.19. Alt annað, sem reiknast til framleiðslunnar, auk efnis og vinnu, er í Bandaríkjunum $6.87, en í Canada $7.45. Verkalaun í báðum ríkjunum eru mjög svipuð.

Sýnt er það, meðal annars, í þessari skýrslu, að framleiðslukostnaðurinn er mjög misjafn í Bandaríkjunum; lægstur kostnaður þar við framleiðsluna á prentpappír er $24.50 á tonnið og hæztur $43.00, og er þá meðal framleiðslukostnaður, eins og að framan er sagt, $32.88. Í Canada er lægsti framleiðslukostnaður $24.97, en hæztur $30.18, meðal framleiðslukostnaður því, eins og áður var sýnt, $27.53.

Skýrslan sýnir, að pappírsgerðarverkstæðin í Canada eru betur útbúin en þau í Bandaríkjunum, mest vegna þess, að útbúnaðurinn er nýrri. En allur er hann samt útbúinn í Bandaríkjunum. Skýrslan sýnir einnig, að undir núverandi kringumstæðum gætu Bandaríkja verkstæðin ekki kept við hin canadisku, nema með því að auka og bæta útbúnað sinn að miklum mun, og að minka ýms útgjöld í sambandi við pappírsgerðina. En jafnframt er á það bent, að verkstæðin syðra, með þeim útbúnaði sem þau nú hafa, gætu framleitt aðrar pappírstegundir í samkeppni við canadisku verkstæðin. Annars gefur nefndin það sem sína skoðun að þó útbúnaðurinn í pappírsgerðar verkstæðunum væri jafn í báðum ríkjunum, þá gæti Canada samt framleitt prentpappír ódýrar en Bandaríkin, vegna þess hve trjá kvoðuefnið er hér miklu ódýrara en þar. Jafnframt er því haldið fram, að yfirleitt séu í Bandaríkjunum hæfari verkamenn á pappírsgerðarverkstæðunum, en í Canada, og að þess vegna sé það, að ekki muni nema 12 cents á tonni — vinnukostnaðurinn — brátt fyrir miklu betri útbúnað á Canada verkstæðunum.

Nefndin segir, að þeir sem vinni við pappírsgerð í Canada, séu nálega eingöngu franskir Canadamenn, að undanteknum sumum þeirra, sem stýra vélunum á verkstæðunum.

Skýrslan öll er fróðleg, og sýnir að í þessari framleiðslugrein, að minsta kosti, eru Canadamenn jafnokar nágranna þjóðarinnar.

Þar sem skuggar trjánna og svalinn frá vatninu, hressir og kælir um hina heitu sumardaga.

Silver Sand Beach



Athugið hina fögru legu lóðanna

Ágætur staðar fyrir sumarbústaði. Lóðirnar liggja að Winnipeg ánni sem breikar í fagran flóa á þeim stað. Silver Sand Beach er aðeins tvær mílur frá Kenora og ein og þrifjórðu úr mílu frá Keewatin. Allar eru lóðirnar með fögrum trján og það er nógur viður á hverri lóð til að byggja úr myndarlegt sumarskýli. Stjórnin hefir nýverið fullgert 500 feta brú yfir ána og vegur verður bráðlega fullger frá brúnni til flóans hinum meginn lóðanna. Matvörusalar flytja vörur til enda brautarinnar, kaupendunum að kostnaðarlausu.

Sameinist "bungalow" nýlendu vorri!

Allar eyjarnar í 25 mílna fjarlægð hafa verið seldar og þessar eignir vorar eru hinar ákjósanlegustu til sumarbústaða sem fáanlega eru á þessum stöðvum.

Þar sem þér þurfið ekki að kaupa trjáviðin er líðið sumarstyli hægt að reisa með sára litlum tilkostnaði. Með nokkrum teppum, trúboðs húsgöngum vatnslitum hér og þar og garði með blómum í,tré vötn og himin hvelfinguinni, með öllu þessu ertu kominn í undraland þar sem sumarleyfið líður sem í draumi. Þetta er staðurinn að gleyma heimsáhyggjunum staðurinn sem veitir hvíld og hressing.

STÆRÐ lóðanna er: 69, 75, 100, og 109 fet, breiddin að meðaltali frá 184 til 248 fet eftilegu lóðanna.

VERÐ lóðanna er frá $200.00 til $300.00 hver, eftir stærð og legu. Skilmálar: Þriðjungur strax, en afgangurinn með hágkvæmum mánaða afborgunum eða ársfjórðungs greiðslu.

Munið eftir: Við höfum aðeins 47 lóðir óseldar. Þessvegna er nauðsynlegt að hafa hraðan á ef þú vilt ná í beztu lóðirnar. Þær eru efalaust helmingi meira virði, en við bjóðum þær, en eigandinn er á förum til Evrópu og óskar að hafa þær seldar áður en hann fer.

Símið eða skrifið okkur eftir fullkomnari upplýsingum eða sendið okkur peninga, og vér munum velja ykkur það bezta.

ALBERT REALTY CO.

708 McArthur Bldg. WINNIPEG, MAN. Phone Main 7323

Sómi Íslands, sverð og skjöldur

Gjafir til minnisvarða JÓNS SIGURÐSSONAR.

Frá VERNON, B. C.

Th. Thorláksson 50c, Mrs. Ingibjörg Thorláksson 50c, Benedikt Thorláksson 25c, Miss Aðalbjörg Thorláksson 25c, Miss Anna Thorláksson 25c, Sölvi Thorláksson 25c, S. Edward Thorláksson 25c, Haraldur Thorláksson 25c, John Anderson $1, Gísli J. Húnfjörð $1.

Frá WINNIPEG, Man.

Miss Laufey Swanson $1,

Frá GIMLI, Man.

Albert E. Kristjánsson 50c, Mrs. Anna Kristjánsson 50c, Miss Nanna H. Kristjánsson 25c, Hjálmar A. Kristjánsson 25c, Miss Sigrún S. Kristjánsson 25c, Jón Guðmundsson 50c, Hlif Guðmundsson 50c, Jóh. Vigfússon 25c, Ólöf Guðmundsdóttir 25c, G. Strandberg 25c, Charles Neville 25c, G. P. Magnússon 50c, Magnús Guðlaugsson 50c, Sólveig Bjarnadóttir 50c, Einar Þórarinsson 25c, Sigríður Þórarinsson 25c, Sigurbjörn Bjarnason 50c, Sigvaldi Jóhannesson 50c, K. Valgarðsson 50c, Mrs. K. Valgarðsson 25c, Sv. K. Valgarðsson 25c, Miss Kristín K. Valgarðsson 25c, Valentínus K. Valgarðsson 25c, Ísleifur Helgason 50c, Sigurður Ingjaldsson $1, Ónefndur 25c.

Frá HNAUSA, Man.

Mrs. Benedikt Helgason 25c, Gunnar Helgason 25c, Herbert Helgason 25c, Miss Sigurlaug Helgason 25c.

Frá SEATTLE, Wash.

Gunnl. Jóhannsson 25c, Ragnhildur G. Jóhannsson 25c, J. O. Jóhannsson 10c; L. H. Jóhannsson 10c, B. S. Jóhannsson 10c, Helga Halldórsson 50c, F. R. Johnson, kona hans og börn $1.

Samtals	$ 19.05
Áður auglýst ...	2,787.30
Í alt eru samskotin því	$2,806.35

Skrifið yður fyrir HEIMSKRINGLU svo að þér getið ætíð fylgst með aðal málum Íslendinga hér og heima.

ÍSLENZKT VÍRAVIRKI

úr gulli og silfri, fæst nú og í næstu þrjá mánuði smíðað á vinnustofu

Björns Olafssonar
GULLSMIÐS
752 Victor Street

hér í bænum. — Allar aðgerðir á gull og silfursmíði verða þar fljótt afgreiddar.

Dauðavofur í húsum.

Eftirfylgjandi grein, rituð af F. C. Walsh lækni, er tekin úr janúar hefti "The Tecnical World Magazine", þessa árs.

Þótt undarlegt megi virðast, þá gefa nútíðar vísindalegar rannsóknir og uppgötvanir talsverðan byr undir vængi hinnar úreltu hjátrúar fyrri daga. Nútíðar lyfjafræðingar hafa fundið ýmsan vott þess, að öll efni, þegar reynd eru til þrauta, kunni að hafa upptök í einhverju sameiginlegu efni, og styrkja með þessu að nokkru leyti hina gömlu hugmynd gullgerðartrúar manna, að mögulegt væri að breyta hinum ódýrari málmum í gullmálm. Jafnvel hjátrú forfeðra vorra um drauga og afturgöngur, er að nokkru leyti studd og réttlætt. En vofurnar eru nú ekki lengur sömu tegundar, sem menn áður sköpuðu í hugum sínum. Á fyrri tímum voru þeir vanalegast skoðaðir sem hræðandi verur, en nú sýna vísindamennirnir oss, að til eru verur annarar tegundar, sem hafa lögun, þó þær séu ósýnilegar, og eru miklu hættulegri heilsu manna og lífi, heldur enn forntíðar draugarnir voru nokkurntíma álitnir að vera.

• • •

Við fyrstu hugsun finst ekkert samband milli drauga þeirra, sem álitnir eru að hafast við í húsum manna, og hinnar svonefndu "hvítu plágu", en við nánari athugun verður þess vart, að þar er samband í mörgum tilfellum Og — meðal annara orða — herra trúardaufur, er reimt í húsi þínu? Ert þú viss um, að svo sé ekki? Þú brosir góðgjarnlega, en brosið er hvorki svar né rökfærsla.

Á fyrri dögum, lengra aftur í tíma, en ömmur okkar kæra sig um að rekja minni til, þegar draugasjónir voru dægrastyttíng og veittu samkyns íhugunarorsök eins og hreyfimyndasýningar gera á vorum dögum; þegar mannfélagið skemti sér við að brenna galdranornir, — þá var það viðeigandi að trúa á drauga og reimleik í húsum. Á þeim tímum höfðu menn óbifanlega trú á yfirnáttúrlegum og illum verum, og beittu þá öllum sínum öflum til að verjast áhrifum þeirra. En vorir nútímadraugar eru tæringargerlarnir og yðar eigið heimili er alt af oft reimleikasvæðið, herra alþýðuborgari.

Það er í minni þess, er grein þessa ritar, að fyrir 20 árum var í bæ einum í miðvesturhluta landsins fjölskylda ein í snotru íbúðarhúsi. Þrir meðlimir hennar tóku snugglega tæringarsýki og dóu allir. Það var ekkert óvanalegt við þetta tilfelli, — ekkert. En — biðið við. Það er eftir var lífs af fjölskyldunni, flýði úr húsinu. Í húsið flutti svo önnur fjölskylda með 5 börn, og innan 6 mánaða sýktust 3 börnin, svo að þau veslaðust upp og — dóu. Nábuarnir fóru nú að hafa orð á þessum tilfellum, og hve álíkt væri komið með þeim tveim fjölskyldum, sem þarna hefðu búið. Þeir, sem vitrastir þóttust vera, kendu raka í húsinu um dauða barnanna. En þeir, sem hjátrúarmeiri voru, drógu engar dulur á þá sannfæring sína, að barnadauðinn allur væri að kenna reimleika í þessu húsi. Svo leið tíminn og húsið var selt. Kaupandinn flutti þaðan með fjölskyldu sína, og innan tólf mánaða endurtók reimleikasagan sig þar. Ein stúlka dó. "Tæring" — sögðu læknarnir. Tveir aðrir ungir, uppkomnir meðlimir fjölskyldunnar töldu sér hollast að skifta um loftslag, og þeir fluttu sig til Colorado, og síðan hefir ekki af þeim frézt. Að síðustu fluttu þeir burt, sem eftir voru, og húsið stóð autt. Hjátrúarfólkið kvað þar engum óhult að búa, vegna illra anda, en aðrir kendu "rakanum" um ástandið. Svo var húsið aftur boðið til sölu, og nú fyrir afar-lágt verð. En enginn vildi kaupa þetta pestarbæli.

Svo kom nokkuð fyrir: Ungur læknir, sem nýlega var kominn í bæinn, var á ferða að vitja sjúklinga í þessu nágrenni. Í húsi eins sjúklingsins frétti hann alla söguna um reimleikahúsið. Öldruð kona írsk sagði söguna með svo mikilli mælsku, að það hefði verið ágæt ritgerð í tímarit. Læknirinn hlustaði með athygli og rannsakaði síðan í kyrþey sögu hússins. Hann fann ekki vott um neinn raka í húsinu, og varð einskis þess var, er valdið gæti hafa dauða íbúanna þar. Næst kynti hann sér hverjar fjölskyldur hefðu búið í húsinu um sl. 12 ár, og að síðust rakti hann söguna aftur í tímann til þess manns, sem fyrstur átti húsið og bjó í því. Það var gamall baslari, sem látist hafði þar af lungnasjúkdómi. Lækninum fanst málið fara að verða íhugunarvert, og þegar hann hafði rakið feril allra þeirra, sem í húsinu höfðu búið, varð hann þess vís, að ekki færri en 25 manns höfðu dáið þar, og allir úr lungnasjúkdómi. Hver einasta fjölskylda, sem þar hafði búið, hafði mist einn eða fleiri af skyldaliði sínu. Að endaðri þessari rannsókn, keypti læknirinn húsið. Hann vissi að húsið var manndrápsgildra, en hann vissi líka, að þekking sín gæti áorkað því, að sótthreinsa það svo, að það gæti orðið unaðsríkur og óhultur heilsubústaður.

Flestir menn eru svo gerðir, að þeir mundu flýja undan ásókn Tarantula dýrsins, eða að öðrum kosti rayna að stytta því aldur. En þó að tíu þúsund Tarantulur hefðu verið í hverju herbergi í húsi þessu, þá hefðu þær verið hættuminni fyrir heilbrigði íbúanna, heldur enn þær illkynjuðu vofur, sem — þó þær sæust ekki ekki berum augum — höfðu samt þakið veggi og gólf, og sérstaklega hið siðarnefnd. Þetta pestarheimkynni þurfti einungis eins við, til þess það yrði verulega heilsusamlegur bústaður: sótthreinsunar. Og læknirinn gerði þar slíka sótthreinsun, að aldrei fyr var önnur eins gerð í nhkkru húsi. — Þetta var fyrir nokkrum árum. Þá undruðust allir yfir flónsku læknisins. En nú undrast þeir þau hyggindi, sem hann sýndi þá, og dást að hinu heilsusamlega útliti fjölskyldu hans, sem ennþá býr í húsinu.

Saga þessi, sem er sönn í öllum atriðum, er um ástand, sem viðgengst enn í dag um allan hinn mentaða heim. Að eins er sá munur, að í 99 af hverjum 100 tilfellum, hafa þær ekki eins ánægjulegan enda. Ég get sagt þér það, heiðraði borgari, að í þínu eigin nágrenni, sérstaklega ef þú býrð í stórborg, er tjöldi slíkra pestarhúsa. Og þú ert algerlega sannfærður um, að þú búir ekki í einu þeirra? Ert þú rétt nýlega fluttur í húsið eða íbúðina? Hver var þar síðast? Þú veizt það ekki. Ert þú viss um, að það hafi ekki verið einhver með þennan tæringarsjúkdóm? Ef þú ert ekki viss um þetta, látum oss þá íhuga við hverju þú mátt búast.

Eftir skýrslum að dæma, eru líkurnar ein mót sjö, að það hafi verið einhver með þessa sýki. — Getur þú átt þetta á hættu? — Vissulega ekki. Það gerir engan mun, hve hreint hús það eða íbúð er, eða virðist vera, sem þú ætlar að flytja í, — þá er hættan 1 mót 7, að þú þar drekkir úr andrúmsloftinu þá voðalegustu sýki, sem nútíminn þekkir: tæringu!

Vér, algengir Amerikumenn, erum á sífeldri hreyfingu, sérstaklega í stórborgunum, og með tilliti til bústaðaskifti í maí og októbermán uðum. Er þá nokkur furða, þó að undir núverandi kringumstæðum tæringarsjúklingum fari stöðugt fjölgandi, þrátt fyrir alla vora baráttu gegn þeirri sýki. Og það er sorglegt, að þrátt fyrir alt það, sem ritað er um þetta mál og öll þau hyggindi og alla þá peninga, sem varið er til þeirrar baráttu, þá hefir hún alt fram að þessum tíma reynst einskis nýt.

Ástæðan fyrir ósigrinum er augljós. Tökum til dæmis manninn, sem leigir eitt herbergi, eða er kostgangari, ef þér viljið heldur hafa það þann veg, sem verður að ganga í daglaunavinnu, og kemur svo heim — hann verður að nefna það heimili — að kveldi. Að hverju? Að herbergi. Það skiftir engu, hve þægilegt það kann að vera, — það kann að hafa verið leigt til 12 manna, allra tæringarveikra, á síðustu 12 mánuðum! Stigateppið fult af ryki, og gólfteppin gegnsósuð af illkynjuðum sjúkdómsgerlum. Hreinar rekkjuvoðir máske, en með ullarábreiðum í rúminu, sem sjúklingarnir hafa hóstað í um 10 síðustu árin, og sem hver fram af öðrum eftirlét sjúkdómsgerla í þeim handa þeim, sem næst kæmi.

Hugsið yður börn, sem búa við það ástand, sem hér hefir verið tekið fram; sem anda sífelt að sér lofti, sem er þrungið citruðustu sjúkdómsgerlum, og sem skriða á hnjánum í ósýnilegum og dauðlegum óhreinindum. Þetta getur lagst í lungu þeirra eða í mænuna, sem gerir þau að kryplingum síðar, ef þau lifa, eða það orsakar mjaðmi arsjúkdóm, sem loðir við þau alla ævi! Það er shammarlegt! Og svo gösprum við um ættarfylgjur! Ekkert barn hefir nokkru sinni fæðst með tæringargerlum. Sjúkdómurinn kemur æfinlega fram eftir fæðinguna, og orsakast æfinlega af tæringarsjúkdómsþrungnu andrúmslofti, og það andrúmsloft er alt of oft á barnsins eigin heimili.

Gefið þeim heiður, sem heiður heyrir! Sólskin, að búa undir berum himni, að sofa við opna glugga — er alt gott. En sólskin, hreint loft, hrækinga-bönnun og sérstök drykkjarker fyrir hvern einstakling og peningar fyrir tæringarhæli, — alt þetta er til einkis, þar til einu mjög áríðandi atriði er komið í framkvæmd.

Er þá sólargeisli bak við skýin? Já, vissulega. Upphaf og endir tæringarsýkinnar felst í því, sem ég hefi nefnt "hús dauðans". "Æ", segir þú, herra borgari, "ég skil meininguna. Þér viljið, herra læknir, láta sótthreinsa hvert hús og herbergi, sem tæringarsjúklingur hefir nokkurntíma búið í". — Þú hefir getið rétt til um hálfan sannleikann. Hinn helmingurinn felst í því, að sótthreinsa hvert einasta hús og íbúð, sem búið hefir verið í, strax og flutt er úr þeim, — hvort sem íbúandinn hefir verið tæringarveikur eða ekki. — Það nægir ekkert hálfverk í þessu efni. Þegar vér erum í sífeldri hættu af svo alvarlegum sjúkdómi — þá getum vér að eins orðið óhultir með því, að álíta alla seka, þar til sýkna þeirra er sönnuð.

Varnarmeðul, alger varnarmeðul — eru vort eina hjálparráð. Til hvers eru kostbær tæringarhæli, svo lengi sem vér höldum áfram, að hlaða niður í pestarbælum vorum tæringarsjúklingum, örara en þeir geta dáið á sjúkrahælunum? — Ég held því fram, að hver þjóð, hvert ríki, borg og bær, ætti að lögskylda hvern húseiganda til þess að sýna sótthreinsunarvottorð fyrir hvert herbergi í húsi sínu, — hvort sem þar hafa verið nokkur veikindi eða ekki. Einnig að hver leiguliði eigi heimtingu á, að fá að sjá það vottorð, formlega dagsett og undirritað. Þegar þetta er gert, þá getur þú fullvissað þig um, að húsið sé, að því er lagavernd þess snertir, svo heilsusamlegt, að þú getir lagst rólega til hvílu og andað að þér hreinu og heilnæmu lofti.

Það ætti að stofnsetja sína aðalskrifstofu til þess að annast um þetta sótthreinsunarmál. Sú skrifstofa ætti að sjá um alla sótthreinsun og sótthreinsunarvottorð. Auðvitað er það ábætir á núverandi útgjöld almennings, en hinsvegar mundi það jafnframt spara þjóðfélaginu miliónir dollars með tímanum. Því að þessi pestarbæli eru dýr, þegar tekið er tillit til þess mikla fjölda manna, er þau verða að bana árlega, og það er jafnan kostnaðarsamt, að annast um hreinlæti í þeim. Á fyrri dögum átti alþýða manna örðugt með að losa sig við draugatrúna og trúna á reimleika í húsum. Nú á tímum á almenningur nálega eins örðugt með, að láta sér skiljast sannindi reynsluvísindanna.

En ég segi, að nú ættu þjóðirnar að taka á sig alvarlega rögg í þarfir mannkynsins og fyrir velferð þess, og þá verður þess ekki langt að bíða, að pestarbælin, sem nú eru, breytist — með röggsamlegri sótthreinsun — í hrein og holl heimkynni, þar sem ekki framar þekkist sá voðagestur, sem nú ógnar lífi fólks, — tæringargerillinn.

Minnisvarðar úr Málmi.

Eru mikið fallegri og í öllu tilliti fullkomnari, fyrir sömu peningaupphæð, heldur en úr marmara eða granit. WHITE BRONZE minnisvarðar, búnir til af The Monumental Bronze Co., eru nú komnir í mikið meira álit en steinn. "White Bronze" heldur sinum rétta, eiginlega, ljósgráa lit öld eftir öld, þolir öll áhrif loftsins, hita og kulda — það gerir steinninn ekki, — hefir engar holur, molnar hvorki né klofnar, springur ekki, tekur ekki í sig raka eða vætu; verður ekki mosavaxið; — þetta alt gerir steinninn

Alt letur er upphleypt, steypt um leið, og getur því ekki slitnað af eða brotnað; sömuleiðis ýms merki og myndir til prýðis (sem kaupandi velur sjálfur), -- alt sett á fritt.

Mörg hundruð úr að velja af ýmsri stærð og lögun. Kosta frá fáeinum dollurum upp til þúsunda

Spyrjið um myndir, stærð þyngd og verð á þessum minnisvörðum (bréflega eða munnlega) áður en þið kaupið stein. Allar upplýsingar góðfúslega gefnar af

J. F. Leifson,
Quill Plain, Sask

Hefir þú borgað Heimskringlu?

Hvað háa vexti færðu af innstæðufé þínu? Hvað mikið þénarðu á sparipeningum þínum?

Ef þú færð ekki meira en 3, 4 eða 5 prósent, hversvegna ekki? Arður af peningum þínum getur verið margfalt meiri en þetta, og hversvegna ættir þú ekki að ábatast á peningum þínum eins mikið og hægt er? : : : :

Skýrslur sýna að meiri auðæfi eru um þessar mundir unnin úr olíu en nokkru öðru, og að þeirra er aflað á skemri tíma.

MÓÐIR JÖRÐ ER ÖRLATARI BANKI, en nokkur peninga stofnun, og það sem varðar mestu, auðsuppsréttur hennar eru ótæmandi.

Sérfræðingar áætla að í olíuvöllum California liggi óhreifð 8,500,000,000 tunnur af olíu, en til þessa dags hafa aðeins 321,900,000 tunnur framleiddar verið. Þetta ætti flestum að synast dágóð auðlegð, ekki sízt þegar krafan eftir olíu fer dagvaxandi.

OLÍAN ER AÐ ÚTRÝMA KOLUM sem eldsneyti, til framleiðslu hita og gangafls á lítkan hátt og rafurmagnið útrýmdi gasinu, og þúsund vegar til notkunar rafurmagni hafa verið fundnir, sem gas var óhæft fyrir.

STEINOLÍAN verður ein af stærstu öflum nútímans og þar afleiðandi hækkar stfelt í verði.

Ýms stórherskip verða bráðum útbúin með olíugangvélum, sama verður um farþegja og flutningsskip, olían útrýmir vonum bráðar kolunum þar. Járnbrautalestir ganga einnig fyrir olíu vélum innan skamms. Sama verður með bifreiðar og ótal fleiri gangvélar. Alt þetta gerir það að verkum að krafan eftir olíu eykst stórum og verðhækkun er bein afleiðing. Hvað gæti þessvegna verið auðvænlegra, en að verja sparipengum sínum til að kaupa hluti í góðu olíufélagi.

Buick Oil félagið býður betri kjör og meiri gróðavissu en nokkurt annað olíufélag. Eignir þess eru miklar, olíu auðlegðin gríðarmikil og það sem mestu varðar, félaginu er stjórnað af atorkusömum og valinkunnum heiðursmönnum.

Framleiðsa okkar mikla MidwayNo 1 brunns sem reynst hefir að vera ein sú allra bezti í öllum ríkinu, hefir aukðið verðmæti eigna vorra að minstu kosti um $2.000.000. Brunnur þessi framleiðir fullar 2,000 tunnur dag hvern.

Vér höfum selt Standard Oil félaginu 100,000 tunnur eftir fyrsta samningi og nú hefir félagið pantað 500.000 í viðbót sem vér búumst við að afgreiða fyrir áramót.

Hérna er um stöðugar tekjur að ræða fyrir félagvort, og er í ráði að vextir verði brálega greiddir hluthöfum. Nú er annar af brunnum vorum No. 2 kominn nær 500 fetum niður og má búast við að hann verði fullbúinn í júlí byrjun. Allir segja að þessi brunnur verði í engu eftirbátur No. 1, honum ef til vill framar. Tvöfaldast þá tekjur vorar eftir rúman mánuð.

Aðrir brunnar verða grafnir svo fljótt sem auðið verður.

Framtíð félagsins er í fyrsta máta glæsileg.

Hlutabréf vor hafa selst undvörpun, en þó eru nokkur enn á boðstólum. Þau verða ekki lengi á leiðinni, bregðið því við sem fyrst og kaupið. Önnur eins gróðaskilyðri, hafa örsjaldan eða aldrei boðist.

Afráðið hvað marga hluti þið getið keypt, og kaupið þá án dvalar. Sérhver þekkir mann sem gat keypt hluti í þessu og þessu félagi, meðan það var byrjun, fyrir aðeins einn tíunda hluta af því, sem það nú er virði. Sá maður lét tækifærið fram hjá fara.

Buick Oil Co. býður takmarkaða sölu af verðbréfum sínum fyrir aðeins 75 cent hlutinn. Hækkun upp í $1.00 má búast við á hverri stundu — Tækifærið ber að dyrum. Látið það ekki fara hjá fara.

HVERNIG KAUPA SKAL

50 hlutir	$ 7.50	niður og	$ 10.00 mánaðarlega í 3 mánuði.
100 hlutir	$ 15.00	niður og	$ 20.00 mánaðarlega í 3 mánuði.
200 hlutir	30.00	niður og	40.00 mánaðarlega í 3 mánuði.
300 hlutir	50.00	niður og	58.33 mánaðarlega í 3 mánuði.
400 hlutir	75.00	niður og	75.00 mánaðarlega í 3 mánuði.
500 hlutir	100.00	niður og	91.66 mánaðarlega í 3 mánuði.
1000 hlutir	250.00	niður og	166.67 mánaðarlega í 3 mánuði.

INFORMATION COUPON

K. K. ALBERT, 708 McArthur Building, Winnipeg, Man.
Herrar mínir: Verið svo vænir að senda hina miklu bók yðar, "The Land where Oil is King," sem lýsir Buick olíu landsvæðinu og jafnframt myndir og stjórnar skýrslu og aðrar upplýsingum viðvíkjandi hinu stærsta olíusvæði heimsins, Kern County, California Ég lofa ekki að kaupa hlut en lesa bókina og aðrar upplýsingar mun ég með athygli.

Nafn .....
Aritun .....
Pósthús ..... *Fylki* .....
"HEIMSKRINGLA"

SUBSCRIPTION TO STOCK

K. K. ALBERT, 708 McArthur Building, Winnipeg, Man.
Herrar mínir: Ér bið hér með um ..... hluti á eins dollars ákæð sverði í hó ubstóli Buick Oil Co., á 75c hvern hlut, og lofa að greiða þá að fullu í jöfnum mánaðar afborgunum. Hlutabréfin afhendist mér þá þeir eru borgaðir að fullu. Hér innlagðir $ .....fyrsta afborgun.

Nafn .....
Aritun .....
Pósthús ..... *Fylki* .....
"HEIMSKRINGLA"

BIÐIÐ EKKI DEGINUM LENGUR

Símið eftir geymlsu hluta.
Snúið ykkur til umboðsmansins fyrir Canada.

K. K. ALBERT

708 McARTHUR BUILDING, WINNIPEG. PHONE MAIN 7323

BUICK OIL CO.

318 McCORMICK BUILDING, CHICAGO

Heimskringla
Published every Thursday by The Heimskringla News & Publishing Co. Ltd

Verð blaðsins í Canada og Bandar $2.00 um árið (fyrir fram borgað).
Sent til Islands $2.40 (fyrir fram borgað).

B. L. BALDWINSON
Editor & Manager

Office:
729 Sherbrooke Street, Winnipeg
BOX 3083. Talsími Garry 4110.

Laurier lærir af Roblin.

Herra George P. Graham, járnbrautaráðgjafi Laurier stjórnarinnar, skýrði nýlega í þingi frá ábyrgðar samningum þeim, sem Laurier stjórnin hefir gert við Canadian Northern járnbrautarfélagið. Ekki kvað hann enþá fastákveðið, hvar brautin milli Monteal og Port Arthur ætti að liggja en áætlað verð hennar væri 55,000 dollars á milu hverja. En C.N.R. felagið telur kostnaðinn verða um 59,000 dollars á hverja milu.

Ráðgjafinn fór nákvæmlega út í það atriði, að landið í heild sinni hefði beinan hag af því, ef járnbrautarfél. gæti e k k i staðið við samning sinn við stjórnina, svo að stjórnin yrði að mæta þeim peningaútgjöldum, sem samningarnir leggja henni á herðar, — af því að þá tæki stjórnin braut þessa í ríkiseign, og gerði hana hluta af Intercolonial brautinni, sem landið á. — Meðal annars fórust honum orð á þessa leið:

"Vér hefðum þá Halifax, St. John og Sidney tengda við Intercolonial járnbrautina, og þá braut þannig framlengda alla leið til Port Arthur, sem þá yrði ein sameiginleg braut tilheyrandi Canadaríki, og það er það, sem mikill fjöldi manna hér í landi vildi helzt vera láta. Eftir að hafa íhugað málið frá öllum hliðum, hefi ég komist að þeirri niðurstöðu, að Canada geti ekki orðið fyrir neinu tapi, sökum þess, að undir þessum samningum, yrði það versta, sem komið gæti fyrir það, að félagið gæti ekki staðið í skilum, og ef það mætti ekki borgunum samkuæmt samningnum, þá yrði það hið bezta, sem komið gæti fyrir Canada-veldi".

Það má gera það að kappræðuefni, hvort ráðgjafinn hafi hér rétt að mæla: að það sé hollast fyrir land vort, að flutningafélög þess verði gjaldþrota. — En hitt er ljóst, að Liberal stjórnin í Ottawa hefir sannfærst á því, að ábyrgðarfyrirkomulagið til styrktar járnbrautalagninga í ríkinu er handhægt og heppilegt og stór umbót frá því, sem áður var á barndóms dögum landsins, þegar ríkið varð að leggja slíkum félögum bæði lönd og peninga til þess að byggja hér járnbrautir.

Vitanlega fær félagið, auk ábyrgðarstyrksins, þann vanalega ríkisstyrk, sem er $3,200 í peningum fyrir hverja milu af fullgerðum járnbrautum.

En þessi málsgrein úr ræðu ráðgjafans sýnir, að hann að minsta kosti trúir á þjóðeign járnbrauta, og frá því sjónarmiði skoðaði hann málið, þegar hann taldi það mesta happ fyrir landið, ef félagið yrði gjaldþrota, svo að ríkið yrði að slá eign sinni á þær brautir, sem það bindist ábyrgðum fyrir. Ef þessi hugmynd hefði verið ríkjandi í ráðaneyti Lauriers um það leyti, sem verið var að semja um lagning Grand Trunk Pacific járnbrautarinnar, — þá má ætla, að sú braut öll hefði orðið bygð sem þjóðeign, og hefði það verið ólíkt hagkvæmara íbúum landsins um alla komandi tíð, og þó vart kostað meita en undir samningsfyrirkomulaginu við G.T.P. félagið.

Það eru ekki mörg ár síðan Liberal flokkurinn barðist alt hvað hann mátti móti járnbrautasamningum Roblin stjórnarinnar, með miklu lægri ábyrgð en Liberalar nú veita, og töldu að það mundi rýja fylkið. Ef þeim þótti 10 þús. dollars ábyrgð á miluna of há þá, — hvað segja þeir þá nú um sínar eigin ábyrgðir á G.T.P. og C.N.R. brautunum, sem nema frá 13 til 45 þús. dollars á miluna, eftir atvikum?

Aldarminning Jóns Sigurðssonar.

Þess var getið í síðasta blaði, að annaðhvort mundi minnisvarða samskotanefndin eða klúbburinn Helgi magri standa fyrir mannfagnaði hér í borg þann 17. júní, til minningar hundrað ára afmælis Jóns Sigurðssonar.

Nú hefir sú raunin á orðið, að Helgi magri hefir tekið að sér forgöngu þessa máls, og er viðbúnaður mikill af klúbbsins hálfu, að minningarhátíðin megi sem myndarlegust verða. Fimm manna forstöðunefnd hefir kosin verið, og eru í henni: —

Ólafur S. Thorgeirsson,
Gísli Goodman,
Albert Johnson,
Baldur Sveinsson og
Gunnl. Tr. Jónsson.

Ákveðið er, að minningarhátíðin fari fram í Goodtemplarahúsinu laugardaginn 17. júní, að kveldi. Verða þar ræðuhöld, söngur, frumsamin kvæði flutt og sungin, hljóðfæraslattur og annað, sem til fagnaðar heyrir. Má því fyllilega búast við verðugri minningarathöfn, eftir því sem kringumstæðurnar eru. Hverjir ræðumennirnir verða, er enn ekki fullráðið, nema allar líkur eru til, að aðalminningarræðan verði haldin af Dr. Jóni Bjarnasyni, sem líklega er sá eini núlifandi Vestur-Íslendingur, sem persónulega viðkynningu hafði af Jóni Sigurðssyni. Má því búast við fróðlegri ræðu úr þeirri átt. Hinar ræðurnar verða vafalaust fluttar af völdum mönnum.

Skáldin munu ekki liggja á liði sínu, að kveða til heiðurs hinu ástsæla mikilmenni. Og ýmsir góðir söngkraftar hafa heitið aðstoð sinni, að gera kveldstund þessa sem ánægjulegasta.

Það er því vonandi, að almenningur láti ekki sitt eftir liggja, að heiðra minningu Jóns Sigurðssonar með því að fjölmenna. Almenn þátttaka í hátíðahaldinu er fyrir öllu. Allir Íslendingar eru boðnir og velkomnir. Gleymið því ekki.

Helgi magri á hrós skilið fyrir að hafa tekið að sér forgöngu þessa máls. Ekki sízt þegar tillit er tekið til þess, að allan kostnað, sem af þessu leiðir, greiðir hann úr sjóði sínum. Væri óskandi, að önnur félög Íslendinga í öðrum bæjum og bygðarlögum færu að dæmi Helga magra og gengjust fyrir, að aldarafmælisins væri minst. Þess viðar, sem svo yrði, þess betra.

Gimli Íslendingar hafa viðbúnað undir minningarathöfn 17. júní, og sama hefir heyrst um landa í íslenzku bygðinni í Saskatchewan. Einnig verður aldamóta afmælisins minst að Narrows, Man.

Það er Vestur-Íslendingum til sóma, að minnast sem almennast hundrað ára afmælis þess mesta manns, sem uppi hefir verið með þjóð vorri á liðinni öld.

Munið eftir 17. júní.

Óheillamál.

Á meðan þinghléð stendur yfir, verða Liberalar þeir, sem ekki hafa andæft þeirri viðleitni Laurierstjórnarinnar, að þröngva upp á landið gagnskiftasamningunum við Bandaríkin, að gera afsakanir til kjósenda sinna. Og að það sé ærið margt, sem þeir verða að skýra í þessu sambandi, liggur föllum opið. Eitt af atriðum þeim, sem þeir verða að gera grein fyrir, er: — með hvaða rétti gerði stjórnin þessa samninga. Hafði hún nokkuð umboð til þess frá íbúum lands ins? Sir Wilfrid Laurier lýsti því hátíðlega yfir í þinginu fyrir fáum árum síðan, að gagnskiftasamningar væru ekki framar æskilegir. Hann þakkaði forsjóninni fyrir, að verzlun vor hefði snúist að bezta markaðnum, — markaði Stóra Bretlands —, og lagði áherzlu á, að gagnskiftasamningar væru gagn stæðir vilja landsbúa. Þessu er þannig varið. Hvaða vit er þá í því, að tjóðra okkur fasta við Bandaríkin?

Í ræðu, sem Sir Wilfrid flutti nokkrum árum áður — í kosningabaráttunni 1896 — lýsti hann hlunninda-stefnu Chamberlains afar nákvæmlega, og tjáði sig eindreginn fylgismann hennar. Og hann bætti því við, að sem einum af ráðgjöfum krúnunnar mundi sér auðið, að tryggja oss hlunnindi þau, sem stefna Chamberlains hefði að bjóða.

En hvernig víkur því við, að í stað þess að fylgja fram uppástungu Chamberlains, situr Sir Wilfrid nú á svikráðum, ásamt hr. Taft, til að koma henni fyrir kattarnef? Hvernig skyldi því varið, að hinn ákveðni fylgismaður þessarar uppástungu skuli svo gjörsamlega hafa snúið við henni bakinu, og gengið í lið með óvinum hennar? Sérhver veit, að Bandaríkjamenn eru ákveðnir í að lækka tolla sína og láta á frílistann afurðir, sem við seljum. — Kosningarnar í sl. nóvember gerðu það augljóst, að tollar Bandaríkjanna lækka. Hvaða afsakanir hafa þá canadisku ráðherrarnir, herrarnir Fielding og Patterson, að færa fram fyrir því, að bjóða að borga Bandaríkjunum fyrir toll-lækkun, sem þau af eigin hvötum ætluðu að gera, íbúum sínum til hagnaðar?

Bandaríkin hafa verið í vandræðum með, að ráðstafa bændaafurðum sínum á viðunanlegan hátt. Landið framleiðir svo tugum miliióna dollara nemur meira en það neytir. Verzlunarráðir hefir rannsakað skilyrðin í Canada og verð beggja megin landamæranna og gefið Washington stjórninni þá skýrslu, að tollíri skifti á afurðum landanna yrðu Bandaríkja bóndanum arðvænleg, og gæfu honum mikilsvarðandi ítök í Canada. — Hvers vegna í ósköpunum á að taka upp á því ráði, að neyða upp á bændur vora samkepni við útlendinga, sem ekkert láta af hendi rakna til að stjórna landi voru?

Járnbrautakongurinn J. J. Hill hefir lýst því yfir, að sá mesti hagnaður, sem Bandaríkin fengju af gagnskiftasamningunum lægi í eyðileggingu hinna brezku hlunninda-verzlunarstefnu, — væru engir gagnskiftasamningar milli Canada og Bandaríkjanna, kæmist gagnskiftakerfi á milli Canada og Englands. Yrði svo, tæki England við afurðum Canada tollfrium, en tollaði afurðir Bandaríkjanna. En aftur á móti, komist samningar þeir á, sem nú er verið að þröngva að oss, er þetta ógerningur. Bretland getur ekki gefið okkur betri skilmála en Bandaríkjunum meðan enginn tollgarður skiftir löndunum. — Hvers vegna skyldum við gera okkur seka í tvöfaldri heimsku: að veita Bandamönnum frjálsan aðgang að markaði vorum, og að fórnæra réttinum til betri viðskifta skilmála við England, — landið, sem þarfnast afurðir vorar? — Með þessu Taftuppkasti erum við neyddir til að veita sextán til átján öðrum löndum samskonar hlunnindi og Bandaríkjunum, án þess þó að fá nokkuð endurgjald. Þannig er, strangt tekið, öllum þjóðum boðið að koma og keppa á móti bændum vorum. Hvaða gagn er að þannig löguðum samningum? Hvers vegna að neyða samkepni upp á okkar eigin þjóð, og þannig minka magnið að kaupa afurðir frá vorum eigin verksmiðjum?

Þetta eru að eins fá af atriðum þeim, sem hinir liberölu sambandsþingmenn, sem fylgt hafa stjórninni að málum, verða að gera glögga grein fyrir. En enn er ein spurning, og ekki sú þýðingarminsta, sem þessir fylgismenn uppkastsins verða að leysa úr: — Eigum við að halda áfram að vera brezkir þegnar, eða á landeiningarstefna Tafts að gleypa okkur? — Við megum ekki gleyma því, að uppkastið hjúpar skuggum framtíð þjóðar vorrar. Þeir sambandsþingmenn, sem með, mæltir eru gagnskiftasamningunum, verzlunar-sameining, afnámi landamerkjanna og landeiningarstefnunni, — þeir hinir sömu verða að telja oss tvímælalaust og skilmerkilega, hvað það er í hinu fyrirhugaða bandalagi við Washington, sem er svo girnilegt í augum þeirra. Vér höfum hvergi orðið neins slíks varir.

Innan fárra daga hefur innanríkisráðherra Laurier stjórnarinnar, Hon. Frank Oliver, umferð sína um Vesturfylkin, í þeim tilgangi, að gylla uppkastið fyrir kjósendunum. Í för með honum verða ýmsir af smærri spámönnum Liberala. Kjósendurnir ættu ekki að hika sér við, að heimta glöggar upplýsingar af þessum mönnum um sum þessara atriða. En jafnframt ættu menn alvarlega að varast blekkingartilraunir og fagurgala allan, sem sannreynd er fengin fyrir, að hinum liberölu forkólfum er tamt að nota. — Gagnskiftamálið er hið mesta vandamál, sem borið hefir verið undir hina canadisku þjóð um fjölda ára. Vér treystum því fyllilega, að dómgreind Canada-búa sé svo skýr, að hún sjái, hvaða glapræði uppkastið er, og að menn láti hvergi blekkjast, þótt hátt láti í tálknum leigusveina Laurier stjórnarinnar. — Vesturför innanríkisráðherrans ætti því engin sigurför að reynast. Austurfylkin hafa tvímælalaust tjáð sig uppkastinu andvíg.

Framtíðarheill Canada er komin undir að uppkastinu verði hafnað af þjóðinni.

Crescentdale

Sá maður sem kaupir lóðir, hefir vanalega tvö höfuðatriði að fara eftir. Verzlunar lóðir, eru annað og íbúðarlóðir hitt. Vér álíttun að Crescentdale er nær hámarki íbúðarlóða hvað gæði snertir, en nokkrar aðrar lóðir sem á boðstólum eru. Vér skjótum máli voru til þess-mans sem h u g s a r og biðjum hann að íhuga þessi þrjú atriði:—

Fyrst:--Legu lóðanna
Annað:--Framfarir, nútímans og framtíðarinnar
Þriðja:--Verðið

LEGA:—Crescentdale liggur í beinni stefnu frá þeim hluta borgarinnar sem er óðfluga að byggjast. Úrvals íbúðarsvæðið er og heldur áfram að vera á suður-bakka Assiniboine árinnar. Crescentdale er aðeins örskamt vestur af City Park, og allar lóðirnar liggja á milli Main Highway og árinnar.

FRAMFARIR:—Winnipeg strætisbrautafélagið hefir sporvagnaumferð á þjóðvegnum. City Park, og háskólastæðið er full trygging fyrir verðhækkun og framförum lóðanna.

SÉRKENNI:—Engar af lóðunum eru meira en nokkur hundruð fet frá ánni. Landið er hátt og skógivaxið, og alt um hverfis er fagurt og heillandi, og gerir lóðirnar óviðjafnanlega fyrir dvalarstað.

VERÐIÐ:—Er lægra þegar tillit er tekið til legu og sérkenna, en á nokkrum öðrum lóðum sem eru á boðstólum.

Komið og finnið okkur, eða símið.

REDMOND & JENNISON

AGENTS

Telephone Main 7471., 203 Bank of Nova Scotia Chambers

Íslenzkir umboðssalar ALBERT REALTY CO., 708 McArthur Bldg. Talsími 7323

Álit Bandaríkjamanna.

á gagnskiftasamningunum er einatt að verða skýrara, eftir því sem þeir menn, sem það ræða sunnan linunnar verða ákveðnari í umsögnum sínum um þá. Meðal annara, sem um þetta hafa rætt, er Governór Osborne frá Michigan. Hann sagði frammi fyrir fjárlaganefnd Senatsins í Washington meðal annars þetta:

"Að öðru fráskildu, þá er aðalihugunarefnið það, að Bandaríkin framleiða nú varning fyrir mikinn meirihluta heimsins, og að vér þurfum að fá óunnin efni til þess að geta kept við önnur lönd".

Hann lét þess einnig getið, að amarikönskum þjóðmálamönnum kæmi saman um það, að ef þeir næðu ekki nú umráðum yfir náttúru-auðlegð Canada veldis, þá gætu þeir það ekki síðar, þegar þjóðin væri orðin mannfleiri, einaðrí og þroskaðri, til þess að vinna sjálf varning úr efnum sínum.

Blaðið Chicago Tribune setur skoðun sína fram á þennan hátt: — "Verði gagnskifta samningunum neitað nú, þá er málið dautt um allan aldur. Canada væri þá kastað algerlega í fang Bretlands, verzlunarlega talað".

Blaðið Boston Commercial Bulletin segir um þetta mál: — Canada á óneitanlega fyrir sér, að taka tiltölulega eins miklum framförum í iðnaði og allri framleiðslu á ókomnum tíma eins og orðið hefir þar í landi á liðnum 10 árum. Og það virðist ljóst, að eftir því sem árin liða eftir því verður Canada mönnum ógeðfeldara, að endurnýja samningstilraunir við Bandaríkin. Nú er því tíminn til þess, að láta til skarar skríða. — Eigum vér að láta tækifærið sleppa úr greipum vorum?"

Blaðið American Economist segir um þessa grein í Bulletin: — "Það er hægt að segja þetta á annan hátt: Ef vér ætlum að fleka Canada í frjálsverzlunarviðskiftabrall, þá ættum vér að gera það einmitt nú, því ef vér drögum það lengi, þá mun Canada opna bugu sín svo, að íbúar hennar neita að láta flekast. Er þetta rétt eða siðsamlegt, eða er það að eins opinskár vottur um amerikanskan skarpleik? Canada-menn eru engir skynskiftingar. Þeir hafa eflt iðnað sinn undir tollverndarstefnunni, og hafa nú þegar trygt sér örugga iðnaðar-framtíð. Tíminn fyrir oss til þess að láta greipar sópa um náttúru-auðlegð þeirra og verzlun er lungu liðinn".

Blaðið Minneapolis Journal segir: —

"Stefna herra Tafts þýðir ekki að eins verzlunar-sameiningu á meginlandi Norður-Ameríku, heldur er hún einnig dauðadómur yfir sameiningu hins brezka keisaradæmis; — það er að segja, ef Congressinn lætur til sín taka. Bretar eru að vakna til meðvitundar um náttúru-auðlegð Canada veldis. En er ekki orðið of seint fyrir Congressinn, að koma í framkvæmd hinu mestvarðandi þjóðvelferðarmáli, sem nokkur forseti hefir komið í hreyfingu síðan Thomas Jefferson sameinaði Vesturlandið? England er í dag vor bezti viðskiftavinur og Canada sá þriðji bezti. En utanríkjaverzlun vor fer minkandi, en utanríkjaverzlun Canada fer vaxandi. Ef vér hrindum Canada í fang Englands, þá munu verzlunarsamningar milli beirra meir og meir miða til þess, að útiloka oss Bandaríkjamenn".

Þetta eru að eins örlá dæmi af fjölda mörgum, sem mætti nefna til þess að sýna, að frá sjónarmiði Bandaríkjastjórnarinnar er það aðal tilgangurinn með gagnskiftasamningunum, að losa Canada sem mest úr brezka sambandinu með því að beina verzlun héðan suður yfir línuna, í stað þess að láta hana ganga austur til Bretlands. Enda hefir það verið berlega tekið fram af Champ Clark, foringja Demókrata flokksins í Washington þinginu, þeim manni, sem nú hefir meiri áhrif á þjóðmál Bandaríkjanna, en nokkur annar einn maður, að hann voni að sjá þann dag, ef gagnskiftasamningarnir verði að lögum, að Bandaríkin sameini Canada við sig, svo að eitt flagg — B a n d a r í k j a f l a g g i ð — verði sameiginlegt fyrir bæði löndin.

Blaðið Northwestern Miller, sem gefið er út í Minneapolis, bendir á, að nauðsynlegt sé að samþykkja gagnskiftasamningana til þess að hveitimylnueigendur í Bandaríkjunum geti náð yfirráðum á uppskerunni í Canada, og malað hana í mylnum sínum þar syðra, ráðið gæðum hveitimjölsins og einnig verði þess.

Ýmsi blöð, það mætti segja mjög mörg blöð í Canada, sem um mál þetta hafa rætt, hafa látið þá skoðun í ljós, og talið hana víta, að óhjákvæmileg afleiðing af því, að gagnskiftasamningarnir verði lögleiddir í báðum ríkjum, sé og hljóti að verða sú, að Canada sameinist Bandaríkjunum er tímar líða, fyrst verzlunarlega og síðan í pólitiskum efnum. Þau benda á, að um leið og Canada-menn fái 80 milión manna markað í Bandaríkjunum, þá muni þessar sömu 80 miliónir flytja hingað framleiðslu sína, og með því lama iðnaðar og verzlunarlegar framkvæmdir í Canada og gera hana háða margmenninu að sunnan, sem eins og í silfurmálinu nafnfræga er 16 móti 1. — Þó að í sannleika munurinn sé ekki algerlega svo mikill, þá er hann þó nógu mikill til þess, að ráðin öll mundu vafalaust verða í höndum meirihlutans, og Bandaríkjamenn mundu ráða örlögum Canada, er þeir hefðu þau í hendi sinni.

Íslandsvísur.

(Sungnar í samsæti Jóns alþm. Jónssonar frá Múla 23. april 1911).

Landið góða, landið kæra,
langtum betra' en nokkur veit!
þér ber ætið fyrst að færa
feginsóð og trygðarheit.
Hjálpi drottinn lýð að læra
líf, sem hæfir frjálsri sveit.
Framtak, hófsemd, heill og æra
hefji og göfgi hvern þinn reit.

Lifi minning liðins tíma,
langtum meir þó tímans starf!
Lifi og blessist lífsins glíma,
leyfi framtíð göfgan arf.
Hverfi ofdrambs heimsku víma,
hefjist magn til alls, sem þarf.
lifi og blessist lífsins glíma,
lifi og blessist göfugt starf.

Landið blíða, landið stríða,
landið hrauns og straumafalls,
landið elds og hrímgra hliða,
hjörtum kært til fjalls og dals!
Í þér kraftar bundnir bíða,
barna þinna, fljóðs og hals.
Hvert þitt býli um bygðir víða
blessi drottinn, faðir alls.

H. H a f s t e í n.

Burtnumning.

"Ljósið í vestrinu" liðið á braut austur "yfir hafið"!

"Þau stórmerkilegu tíðindi eru nú að gerast með þjóð vorri" *), að einn vorra guðfræðilegu stórgripa er nýlega á leið kominn til flutnings heim til Íslands. Er það helzt hald manna, að hann ætli að fara að "canvassa" þar prestlinga handa safnaða-brotum sínum. Aðrir halda hann ætli að hafa sig að "meðal lærifeðranna" heima á fósturjörðinni **). — Allmikið "tilstand" var fyrir sauðunum, þegar hirðirinn var að verða burtnuminn (ekki þó uppnuminn) frá þeim. Þó er líklegt, að þeir "muni huggast láta", þar sem er meiri von þess, að "innan skams muni þeir sjá hann aftur", þ.e. með haustinu. Í tilefni af þessu uppáfallandi tilfelli, höfðu hinir eftirskildu skotið á forustusauða fundi, og þar til tekið að gefa hirðinum fyrirmyndar ferðaskjóðu til að flytja heim í skjallið um íslenzku æðstuprestana, sem hann annars er vanur að bera "í sér og á". En svo bágleg tókst til, að nokkrir hinna tilvöddu voru svo þvermóðskufullir og óumskornir í hjörtunum, að neita allri viðskilnaðar-viðhöfn, nema þeir væru vissir um, að sleppa við að sjá hans ásjónu "fyrir daganna enda"; — og varð klerkur þannig af skjóðunni. En til þess að herrann skyldi þó að minsta kosti ekki fastandi fara, efndi einna d(s)auðtryggustu af þeim, sem megandi voru, til voldugrar kvöldmáltíðar við utanför (ekki þó útför) hins mikla(!!) manns. Þetta var á drottinsdaginn. Var þar samandrifið efnaúrval vestheimskra Íslendinga: gildasti lögmaðurinn, (ráð-)ríkasti real estate maðurinn og fleiri mammons***) menn; tilsvarandi kvenkyns. Þessi kjötkveðjuhátíð var haldin í háreista naustinu hjá norðanverðu Victor-stræti; — og skorti sízt, að þar væri ekki framleitt nóg af líkamlegu fóðri**** af húsráðanda hendi; því þar eru allajafna gnægtir b r a u ð s, að minsta kosti á tyllidögum. — En daginn eftir lagði aðalhjörðin sinn skerf til nestisvista postulans með griðar samanburði matar og mannslíkama; og var þar auk þess margt að gamni haft, svo sem léttar ræður og laung kvæði. Annars mætti hitt sýnast býsna tvíræt, að guðsmanninum hafi orðið gott af öllum þessum iburði undir ferðina; því hann er sagður magaveikur. Hitt er þó vonandi, að "guðsblessunin" yfirgefi hann ekki fremur en hún hefir gert hingað til, bæði hvað metorð og maura snertir, og enda alt, — nema "n ý j a k i r k j u f é l a g i ð"! — — Svo er mælt, að hjörðin eigi að ganga sjálfala um sinn, þangað til einhver fæst, sem vill gefa sig í verkið (smalamenskuna) fyrir nógu lágt vikukaup; því klerkur er sagður all-ihaldsamur með gjald við kaupamenn sína, eins og Mammons-menn eru yfirleitt (enda er sagt, að honum gangi vel að safna centunum; — um sóknun hinna fjársjóðsaana ætti ekki að efast af slíkum guðsmanni; það er ekkert að marka, þó engin hafi orðið þeirra var enn þá; þeir eru hvort sem er ósýnilegir!). Helzt er haldið, að drengtetur, sem væntanlegt er hingað vestur í hóp með öðrum emigröntum, og vitanlega er vistinni ókunnugur, muni fást til að fara í kring um fóð nokkra daga; — og er engin hætta á, að honum verði of-goldið. Því engin tiltök eru nú með, að Lárus kaupamaður að sunnan fáist í þetta sinn, sízt upp á sömu býti og í haust leið: alt frítt og 25 cent á dag! Og ekki heldur von til, að húsbændur hans vilji ljá hann um hánnatíman fyrir fáein smjaðuryrði. — — Engu er spáandi um upplit guðsmannsins, þegar heim er komið. En telja má víst, að hann fari ekki að skilja við sig prestinn fremur en á fyrri ferðinni; og má nærri geta, að hógværðin og lempnin veifa honum þar vonarblæ um vanga, og lýsa yfir ásjónu hans, þótt lítt sjái stundum til augna. Ef að líkum lætur og fyrri framkomu, mun hann varla gera sér of dátt við afdánkaða ráðgjafann, sem hann þó tignaði manna mest, meðan í hásætinu sat. Verður hann því snarlega að snú við blaðinu og fara að tigna nýja valdamanninn (sem hann ámælti svo fr...ga meðan hann var undir ákærunni), — eða þá taka upp íslenzka æðsta prests "pólitikkina" og vera "beggja blands". Að sjálfsögðu lætur hann það vera sitt fyrsta verk, að leita frétta hjá framliðinna uppvakningamanninum á Vesturgötu, sem prýðilegast af öllum dygðum hefir tamið sér, þ a ð atriði kristilegrar þroskunar, að vera slægur sem höggormur! þætti mér kynlega við bregða, ef guðsmaðurinn fyndi til nokkurra ónota af því, að létta af sér dúfu-einfeldninni um stundarbil; er mér ekki kunnugt, að sú sálar-einkénni hafi hingað til orðið honum að trafala. Tæplega koma þau firn til, að mær bregði á þann hátt vana sínum. — En hver árangurinn verður af þessari för höfuðpaurans, er ómögulegt fyrir aðra en "spámenn hins nýja tíma" að geta sér til um; — hvort hún verði að f r æ g ð a r f ö r (eins og til var stofnað, og ekki er hægt að fortaka, því maðurinn hefir mjúka tungu), — ellegar eingöngu s l æ g ð a r-för (sem hún einnig að sjálfsögðu verður).

18. maí.

. . .n . . .n.

*) Sbr. Einar ára-foringja. Höf.

**) Það eru viturra getur, að svo létt, sem sumir af oss höfrunum (og ef til vill sumir sjálfra sauðanna) mundum bera það, að vera sviftir ljómanum af guðsmannsins geisladýrð, — svo lítt muni og prestahöfðinginn sjálfur sakna stimabraksins í hinum síðustu samförum sínum við "vestur-íslenzka menning".

Höf.

***) Sem menn vita, er Mammon aðal-guðinn okkar hér; bibliuguðinn er bara hafður til sýnis, eins og skrautbundið bókasafn í fáfræðings eigu. Höf.

****) Því andlega hafa gestirnir sjálfsagt orðið að nesta sig með, þeir sem það höfðu.

Höf.

KVEÐJA TIL HIMNAFÖÐURSINS

frá Jóni Einarssyni.

Í Heimskringlu af 4. maí er greinarangi svolitill til mín með yfirskriftinni "Ólyktunarorð" og undirskriftinni "Orri". Greinin öll hljóðar orðrétt svona:

"Ólyktunarorð. O r r i vill ekki leggja virðingu sína í veð fyrir að skattyrðast við g á s a r l a p p a f i f l Hkr. Fíflið virðist, — af ritnætti þess að dæma, — eiga sæti í þeim flokki manna, er mest yndi hefir af að snúa s a n n l e i k a í l y g i; ennfremur lítur svo út, sem það — fíflið — (J.E.) muni eiga sammerkt við þann, er kveðið var um þannig:

"Hann gat engan á himni vitað
heiðri tignaðan nema sig".

Sökum þess var honum steypt
til h.....! O r r i.

Heimskringlu hættir til að misprenta orð orð á stangli í seinni tíð, hefir því fyrirsögn eða 'motto' greinarinnar breyzt í 'Ólyktunarorð', í stað 'Ólyktunar', sem þefurinn af verkinu ber með sér, að höf. hafi ritað það. En sleppum því. Hér dugir ekki glensið, því nóg er til af alvörunni.

Séð er það, að O r r i hefir sjálfsálit nokkuð að mun, og einnig það, að hann hefir ekki verið í sem beztu búskapi um þær mundir, sem hann hafnaðist við grein minni þeirri "Um byggingalist Orra", o.s.frv., er ég reit um daginn. Þessu hefði ég ekki sint frekar hefði maðurinn svarað í öðrum stíl, eða haft lag á að þegja. En þar sem hann vandar sig svo, að hann vitnar til helvítis um að ég snúi sannleika í lýgi, þá má ekki minna vera en að ég þakki honum vandvirknina og kærusemina í, að vitna til þess, er hann trúir skárst fyrir málum sínum.

Nei, ég hefi ekki logið einu orði í grein minni ofannefndri, enda minnist ekki Orri sæll á þá grein. Samt veit ég betur, nú en þá, um tvö atriði, sem ég giskaði á. Hið fyrra var það, að ég kvaðst hugsa (eins og ég líka gerði þá, það veit hamingjan), að prentararnir hefðu unnið verk sitt skakt og gert 72-f e t a l a n g a n s p e r r u l e g g-i n n (!) hans "Orra" á 16 f e t a b r e i ð u h ú s i, þ.e. 144 feta lengd í alla sperruna! Ég hefi aldrei heyrt getið um þvílíkt ris á "fjósi fyrir kindur" (sem Orri er að kenna að byggja) og ekki á nokkurri byggingu á jarðríki. Í öðrum heimum, t.a.m. hjá vitninu hans Orra, er ég ekki sem kunnugastur. Má vera það sé farsælasta risið þar. En dýrt verður þakið þar samt, þótt maðurinn fengi efnisviðinn eins og hann var forðum (eftir sögn Orra í Hkr. 2. marz) ódýrastur nl. 12 til 120 dali þúsundið! Þvílíkt gjafverð! eina 120 dali þús. fetin af byggingavið í fjósið! Það er ekki mikið verð! Orri minnist ekki á, hvað fjósviðarverðið er núna, því miður, að eins að það sé munur á, hvað alt þess konar sé dýrara, ódýrasti viður 30 dali, en gefur í skyn, að það sé ekki fjóshæfur viður. Já, ég verð feginn að geta með góðri samvizku tilkynt prenturum Hkr. að þeir eru hér saklausir. Sperran á t t i að vera 144 fet. Það e r mæling Orra.

Þessi liður því samþyktur. Næst kemur getsök mín til Orra, að "hann muni ekki ódrengur vera", eins og ég setti það fram í niðurlagi greinar minnar. Þetta var ágiskun að eins, og má því nefnast getsök, ef til vill. Þetta atriði og sperrulengdar ágiskunarákvæðisyfirsjónin er því þ a ð e i n a, sem Orri getur nokkurn tíma sannað, að hafi verið skakt í grein minni; og ekki hafði ég hugsað að þau atriði hefðu ollað þessari ólgu í búskapi höfðingjans, og eigi voru þau til þess stiluð þannig.

Út úr tilvitnun Orra í ljóð Miltons (sem þessi höf. líklega veit þó eigi að var upprunalegi eigandi hugsunarinnar í tilvitnuninni) dreg ég það, að hann (Orri) telji sig Himnaföður: Stefið "Hann gat engan á himni vitað heiðri tignaðan nema sig", bendir á, að Djöf. hafi viljað komast í sömu tignina, og því verið steypt. Þetta lætur Orri merkja sig og mig, og að mér hafi því verið steypt í þá stöðu, sem ég er í. Þess vegna er hann einn tignaður á himnum. Gáfulega hugsað af karli. Gásalappaljósið, sem hann las grein mína við, bendir á, að hann þekkir nægilega lítið í réttritun eða ritmerkjum. Það ("") merki er haft til að einkenna með orðréttar tilvitnanir, og einnig sett við einkennileg nöfn, sem þóttafullir ofvitringar taka sér til sérkennis og yfirljóma yfir kristin skírnarnöfn sín, sem ekki hafa hálft gildi við það, sem kröfur slíkrar hátignar útheimta; eða þar sem nýtt nafn þarf að brúka til að dylja með persónuna e i n h v e r s vegna. Getur vel verið, að mörgum hafi orðið að trúa að 'Búskaps' grein "Orra" væri rituð af einhverjum prófessóri fyrir þetta sama. Hann veit ekki neitt svo neðarlega í þekkingunni, blessaður, að honum sé kunnugt um, að B ú s k a p þýðir alt annað en hann ætlast til. Það nfl. þýðir l u n d a r f a r búandans, þ.e. búlund. Búskapur er ekki íslenzka beldur málruglingur úr dönskubjögun, og hefði mátt búast við að herrann hefði ekki það mál á takteinum innan um íslenzkuna, eftir því að dæma, er hann reit í garð Dana hér um árið. En þótt ég sé á öðru máli en hann um tærilæti svína, þá er það trú mín staðföst, að þau haldi betur við móðurmál sitt, kunni það betur en "Orri".

Hvað þýðir nú nafnið "Orri"? Já, það mundi nú margur hugsa, að það tilheyrði að eins prófessórum, öndum geimsins eða ænglunum, úr því svona langræpandi höfundur hefir notað það fremur en skírnarnafnið. En við skulum nú skoða það efnafræðislega! Jú, Zoega hefir það í fornyrðabók sinni; Webster og 'Encyclopedium' ber saman við hann líka. Nafnið er fullgott til sins brúks, þar sem það á við, sem það óefað gerir á þessum stað. Það þýðir á vönduðu, þaulhreinsuðu íslenzku máli g r a ð f u g l. Má vera að höf. hafi ekki beint athugað, hvað það þýddi, né að það hefði n o k k u r a þýðingu. En það er óefað það heppilegasta nafn, sem nokkur hefði getað valið til þessa brúks. Á ensku máli þýðir það h e a t h c o c k, á frönsku c o q, á fuglfræðismáli T e t r a s t e t r i x, þ.e. s v a r t i g r a ð f u g l i n n. Er fugltegund þessi svo sjaldgæf talin í Ameríku, að líkur eru til, að "Orri" þessi í Minneapolis sé hinn eini graðfugl af þeirri tegund vestan hafs, og er það ilt, ef ættin deyr út, sem líkur eru til sé fuglinn einkyns. Ýmsum hefði orðið það, að velja sér nafn, sem þeir þektu þýðingu að, en af því "Orri" lærir alt á sömu prúttukolluna (eins og karlinn sagði), þá er nafnið samkvæmt öðrum (búnaðar-) vísindum hans. Þykir sumum og öll nöfn skárri en þau, er þeim voru helguð í skírninni, og ýmsir þ u r f a, sérstakra örlaga vegna, að brúka gervinöfn. Það er lakast, að þegar "Orri" les prúttukollu sína, þá virðast afleiðingarnar benda á, að hann hafi annars vegar skjald-auga (Ekblefaros), en hins vegar kúl-auga (Hypoblepharos), getur verið að hann sé sjóneygður í þriðja lagi. Alt hefir þetta áhrif á búskapið hans og verður því dálítið önugur, kvótian í reikningsferslunni. Sést slíkt á svínafræðinni sælu, svínaheilbrigðisfræðinni (sbr. það, er "Orri" segir um kveisýki svína) — hey-fræðinni (sbr. úthey á Íslandi og í Ameríku), byggingalistinni, etc., etc.

Það er eins og reynslan rífist endalaust um það, að þótt einhverjum auðnist að koma mynd sinni og ævisögu, frítt eða fyrir meðgjöf í Hkr. um jólaleytið, sé ekki endilega víst, að hann sé fróðmuður alls hins frægasta í þeim "Elementum", sem hann kann að hafa innskrifað sig í. Síður en svo Slíkt sést á fleirum en hagyrðinga syrpunni forðum.

Ég kveð nú svarta graðfuglinn að sinni, og býst ekki við að minnast hans aftur, fyr en ef svo skyldi ske, að endalyktin af honum bærist hingað aftur. Kynni ég þá að leiða athygli alþýðu að fræðum hans, svo þau falli ekki öll utan hjá veginum.

Til Heimskringlu eða ritstjórans vildi ég í hjartans auðmýkt mega s l e t t a því, að þegar honum kemur næst til hugar að fræða okkur, "Ignorant Farmers", eins og hérlend stórmenni oft nefna okkur, þá veri æskilegt að hann 'gæfi tækiferi" einhverjum af okkar ungu búnaðar-náms-mönnum til að rita þau ráð og bendingar; og illa skal mig furða það, ef nokkur þeirra er sá fáfræðingur, að hann láti eftir sig sjást aðra eins loklevsu og þessa Orra-hríð. Ég tel víst, að það vrði hagsmál Hkr. og eigi sízt lesendum hennar, að blaðið borgaði ritgerðir af því tagi, sem kæmu frá höf., sem vita um hvaða mál þeir ætluðu að skrifa.

Ég ætla að taka því fram nú, að ég fór upphaflega að ræða þessa graðfugls grein vegna þess, að hún var rituð sem k e n s l u-grein, þar sem annar maðurinn, heimskur og fáfróður, spyr um alt í graut, og er svarað á sama hátt af öðrum manni, sem ritar eins og fullfræðingur (authority), án þess þó að sýna, að hann þekki málefnið að nokkru. Við hitt er mínna að athuga, þótt menn ræði á venjulegan hátt málefni í blöðunum, sem þeir hafa óljósa þekkingu á, ef þeir rita ekki sem fullgildir kennarar. Þ e s s i nútíðar A t l i okkar þolir næsta illa samanburð við gamla íslenzka búnaðarritið Atli (sem það á víst að stæla), sem ef til vill hefir verið bezta búnaðarritið f y r i r s a m t í ð sína, sem ritað hefir verið á íslenzku.

Svo kveð ég "Orra" okkar með þökk fyrir "Ólyktarorðin" (hið eina, sem eftir hann liggur, að því er mér er kunnugt), og vona hann klóri sér vel á bak við langa eyrað, áður en hann ritar næst um búfræði og hálmsteypuhús, — eða nokkuð annað.

Íslendingadagurinn.

Almennur fundur verður haldinn fimtudaginn fyrsta júní næstkomandi í neðri Goodtemplarasalnum, kl. 8 e.h. til að kjósa nýja Íslendingadags-nefnd fyrir 1911. Fjölmennið á fundinn.

NEFNDIN.

Hrafnshreiður á kirkjuþaki.

Í fyrravor er sagt að hrafn hafi reynt að byggja hreiður á Gaulverjabæjarkirkju, en gefist upp við það. Gat ekki fengið það til að tolla þar. En í vor, litlu eftir bænadagana, tóku staðarbúar eftir því, að hrafnar tveir voru farnir að byggja hreiður við kirkjuturninn. Til þess að létta undir með hrafnunum, lögðu menn tágar úr sjóreknum fisk-körfum út í kirkjugarðinn, og þáðu hrafnarnir byggingar-efnið. Hreiðrið situr þar nú á eggjum, og lætur ekki klukknahljóðið fæla sig, né heldur aukna aðsókn til kirkjunnar á helgum.— Einhverjum þjóðkirkjukrummum, með hvítan kraga um hálsinn, mun nú þykja þetta illa spá fríkirkjusöfnuðinum í Bæ, en sera Rúnólfur og safnaðarmenn hans hafa enga trú á kerlingabókum, og er vel við krumma.

(Eftir Sv. í Vísi).

Grand Trunk járnbrautarfélagið hefir farið þess á leit við bæjarstjórnina, að 23 strætum og 12 bakstígum í Fort Rouge verði lokað, og latin félaginu í té til að leggja brautir sínar inn í bæinn. Naumast kemur til mála, að félaginu verði veitt þessi bón.

felt mig við að hafa að eins óákveðinn lífeyri, ég vil eiga áreiðanlegar tekjur og vera minn eigin herra. Mig langar líka til að kvongast, ekki þessari eða hinni ákveðinni ungfrú, heldur þeirri, sem mér geðjast að; og þegar ég er búinn að velja mér konuefni, vil ég síður þurfa að koma til þín með hattinn í hendinni, og spyrja, hve mikið þú viljir veita mér til lífsviðurhalds af miskunn þinni. Og þar eð ég veit, að þú þarft á peningum að halda til að geta reist nýju bygginguna, hefi ég ekkert á móti því, að þú leysir erfðaóðals-bandið og seljir eins mikið af landeigninni og þú þarft".

Faðirinn gleymdi alveg að draga andann af undrun. "Hver er þá þessi stúlka, því þú ert víst búinn að velja, Granville?" spurði hann.

"Ó, það gerir ekkert, þó þú fáir ekki að vita það", svaraði hann.

"Það er þó líklega ekki stúlka, sem stendur langt fyrir neðan þig að ætt og tign?"

"Nei, þú þarft ekki að óttast það", svaraði Granville. "Mér hefir aldrei komið til hugar, að gera ætt minni neina hneisu. Stúlkan, sem ég ætla að kvongst er Gwendoline Gildersleeve".

"Gwendoline Gildersleeve", endurtók faðir hans undrandi, því það var gömul óvinátta á milli fjölskyldanna. "Dóttir þessa fyrirlitlega lögmanns.— Hvar hefirðu kynst henni, Granville?"

"Ég kyntist henni hjá Bertrams í Birkelay Square og okkur leizt svo vel hvoru á annað, að við höfum oft fundist síðan í lystigarðinum, og þó við séum ekki opinberlega trúlofuð, höfum við þó heitið hvort öðru ævarandi trygð".

"Nú, hve mikla upphæð hefir þú ákveðið að biðja mig um?" spurði ofurstinn.

Sonurinn neindi þá upphæð, sem hann hélt að mundi duga þeim.

"Það er býsna stór krafa", svaraði ofurstinn, "en hún er máske ekki ómöguleg. En þá verð ég strax að selja Dowlands-jörðina, á annan hátt er það ekki mögulegt, og svo tek ég þau tólf þúsund, sem ég að líkum fæ fyrir hana, til minna eigin afnota".

"Til að reisa nýju bygginguna fyrir?" spurði Granville.

"Nýju bygginuna? Nei, alls ekki", svaraði faðir hans stuttur í spuna. "Þarf ég kannske að spyrja son minn að því, hvað ég geri við mína eigin eign? Ég þoli engin afskifti af mínum sérstöku fyrirtækjum, mundu það. Ég geri við þau það sem mér sýnist, — læt þau ávaxtast, ef mér dettur það í hug, eða kasta þeim í sjóinn, ef mér líkar það betur".

"Tólf þúsund pundleru stór upphæð að taka af óðalinu, án þess að mega spyrja um til hvers þau séu ætluð", svaraði Granville reiður, "mér finst þú gerir heldur mikla tilraun til að líkjast forfeðrum okkar, sem komu hingað frá Hollandi. Það er sagt um Hollendingana, eins og þú veizt, að þeir taki of mikið en gefi of lítið".

Ofurstinn reiddist syni sínum, en gætti sín þó fyrst í stað, en því lengur sem hann talaði, þess reiðari varð hann. Það særði hann mest, að það sem hann var að áforma, var gert fyrir Granville, og að það var Granvilles vegna að hann lenti í þessari klípu.

Að síðustu fékk reiðin yfirhönd, svo hann gat ekki stjórnað orðum sínum. "Gættu þess, hvað þú gerir, og hafðu stjórn á orðum þínum, Granville. Ég þoli ekki, að þú talir til mín á þennan hátt í mínum eigin húsum. Ef þú ergir mig um of, þá kemur það fram á sjálfum þér. Ég get leyst þig af hólmi með einum shilling, Granville; já, með einum shilling, og svo bætt úr þeim órétti, sem ég hefi gert

öðrum þín vegna. Espaðu mig ekki til reiði, það kemur niður á sjálfum þér".

"Leyst mig af hólmi með einum shilling?" sagði sonurinn skapþungur og starði fast á föður sinn. "Hvað meinarðu með því? Það er ómögulegt, þú veizt eins vel og ég, að ég á jafnan rétt og þú til óðalsins; ég er elzti sonur —"

Hann þagnaði skyndilega, því við síðustu orðin varð andlit ofurstans, sem áður var rautt af reiði, krithvítt af hræðslu. "Ó, hvað hefi ég gert?" sagði vesalings maðurinn, sem sá á andliti sonar síns að hann var farinn að gruna hið sanna ásigkomulag. "Gleymdu því, Granni — gleymdu því. Ég var viti minu fjær af reiði ng vissi ekki, hvað ég sagði. Í hamingju bænum, gleymdu því".

Unglingurinn leit á hann rannsakandi augum. "Nei, ég get aldrei gleymt því, og ég skal komast eftir, hvaða þýðingu það hefir. Ég veit ekki, hvernig sakir standa, en ég sá, að þú talaðir af alvöru. Gerðu hvað þér sýnist við ættaróðalið, það kemur ekki mér við. Taktu þessi tólf þúsund pund og lokaðu munninum á þeim, sem þú óttast; ég veit ekki hver það er, sem á að múta, og mér kemur það ekki við. Ég hefi aldrei dregið heiður Kelmscottanna ofan í skarnið, og ætla heldur ekki að gera það nú; ég geri engar spurningar og kreíst engra skýringa En á meðan ég veit ekki, hvort ég er réttur erfingi að Tilgate, kvongast ég ekki þeirri stúlku, sem ég hefi valið mér fyrir konu; ég virði hana of mikils til að vilja kvongast henni undir fölskum vonum. — Taktu þessi tólf þúsund og borgaðu blóðhundum þínum, en ekki máttu búast við, að ég sæti einn penny af þínum peningum frá þessari stundu og þangað til ég veit, hvort við höfum heimild til að ráðstafa þeim að eigin vild".

"Sem þér bezt líkar, Granville" svaraði ofurstinn angurlitinn. "Drengur minn, drengur minn, það var þín vegna að ég gerði betta".

XII. KAPÍTULI.

Þögn og grátur

Þegar ofurstinn fékk tíma til að hugsa sig um, ásetti hann sér að gera alt, sem hann gæti til að frelsa Granville, hvort sem honum væri það með eða mót. Þess vegna fór hann að búa sig undir að útvega peningana handa Guy og Cyril, og leysa erfðaóðals-bandið.

Granville skrifaði undir öll skjölin, sem faðir hans lagði fyrir hann, án mótmæla, en aldrei gleymdi hann þeim orðum, sem bentu á leyndarmál föður hans.

Hann hugsaði og hugsaði um þetta efni, og loks komst hann að þeirri niðurstöðu, að hann mundi ekki vera elzti sonur föður síns. Kelmscott ofursti hlaut því, að hafa verið kvongaður áður en hann gekk að eiga lafði Emily, og sonur fyrri konunnar var því hinn rétti erfingi að Tilgate.

Enda þótt Granville Kelmscott væri dálítið hreykinn og þverúðugur, var hann samt heiðarlegur maður með ákveðnar skoðanir, og jafnirmat sem þessi efi kviknaði í huga hans, var hann friðlaus í tæði nótt og dag af því að komast eftir sannleikanum í þessu efni. Væri hann ekki réttur erfingi að Tilgate vildi hann ekki þiggja hið minsta af því óðali, hinn rétti erfingi gæti tekið það, en hann færi þá sjálfur út í heiminn að leita gæfu sinnar.

BOÐSBRÉF.

Undirritaður hefir í hyggju, að gefa út mánaðarrit á íslenzku með skemtisögum, fræðigreinum, ritgerðum og, ef nógu margir áskrifendur fást, með myndum. Lesmál verður þrjár arkir á mánuði, eða 48 blaðsíður í stóru 8 blaða broti. Frágangur og mál verður vandað, sem kostur verður á. Engar deilugreinir um trúmál, pólitík eða önnur efni.

Verð ritsins verður $1.50 á ári. Á að byrja seinni part sumars.

Magnús J. Skaptason

Winnipeg, Man., 1. maí 1911.

ISLENZKAR BÆKUR

Ég undirritaður hefi til sölu nálega allar íslenzkar bækur, sem til eru á markaðinum, og verð að hitta að Lundar P.O., Man. Sendið pantanir eða finnið.

Neils E. Hallson.

Það er alveg víst, að það borgar sig að auglýsa í Heimskringlu.

Piano kensla.

Hérmeð tilkynnist að ég undirskrifuð tek að mér, frá þessum tíma, að kenna að spila á Piano. Kenslustofa mín er að 727 Sherbrooke St. Kenslu skilmálar aðgengilegir. Talsími Garry 2414.

Sigrún M. Baldwinson

A. S. TORBERT'S
RAKARASTOFA
Er í Jimmy's Hótel. Besta verk, ágæt verkfæri; Rakstur 15c en Hárskurður 25c. — Óskar viðskifta Íslendinga. —

JIMMY'S HOTEL
BEZTU VÍN OG VINDLAR.
VÍNVEITARI T.H.FRASER,
ÍSLENDINGUR.
James Thorpe, Eigandi

MARKET HOTEL
146 Princess St.
á móti markaðnum
P. O'CONNELL, eigandi, WINNIPEG
Beztu tegundir af vínföngum og vindlum, aðhlynning góð, hósið endurbætt

Woodbine Hotel
466 MAIN ST.
Stærsta Billiard Hall í Norðvesturlandinu
Tíu Pool-borð.—Alskonar vín og vindlar
Gisting og fæði: $1.00 á dag og þar yfir
Lennon & Hebb
Eigendur

JOHN DUFF
PLUMBER, GAS AND STEAM FITTER
Alt verk vel vandað, og verðið rétt
664 Notre Dame Av. Phone Garry 2568
WINNIPEG

Heiðrík nótt.

Nú á maí-himni háum
heið er ríkir nótt,
yfir fold og unnum bláum
alt er kyrt og hljótt.
Stilt í geymi stjörnur loga, —
staða vötn og sund.
Norðurljósa- breiðra -boga
bjarma skær á grund.

Heyrðu, vinur! Vökum, sveigjum
vanans- út af -traut.
Lyftum huga, er vér eygjum
uppheims sala skraut.
Þegar ímynd alls hins sanna
okkur blasir við, —
höfum vér í hugmyndanna
heimi stærra svið.

Finst þér ekki áhrif streyma
alheims veldi frá?
Finst þér ekki hærri hreima
hrannir til þín ná?
Finst þér ekki að þú sjáir
æðri ljós í kvöld?
Finst þér ekki að þú þráir
eitthvað bak við tjöld?

Látum nú hið lága, smáa
liggja kyrt í blund;
undrumst nú hið helga, háa
hljóðir litla stund. —
Sástu nokkuð sólim fegra,
svásra' en hvelfing blá?
Manstu nokkuð mikillegra
merki guði frá?

Það er boð frá hæðum hæða
hér til vor á storð.
Það er kafli þungra fræða,
þrungin krafti orð.
Það er ljómi lífsins kjarna,
ljóss, er þráum vér.
Það er guðlegt bros til barna, —
bending þér og mér.

Gleðjumst því og ljúfir leitum
lífsins hærra máls.
Athugunar afl vort þreytum; —
andi vor er frjáls.
Þótt að skilning skorður settar
skyggi' á margt um stund,
seinna liggja leiðir réttar
ljóssins beint á fund.

Enn vér skiljum ei 'ið háa,
afl, né tíma og rúm'; —
hér oss villir, veika' og smáa,
vanþekkingar húm.
Mikli, göfgi gramur sóla! —
gefðu' oss ljós með þér;
settú oss í æðri skóla
eftir líf vort hér.

Kristian Johnson.

Lárus Guðmundsson!

Þú ert ekki "leirskáld", en þú ert "leirvellari". Það sýnir grein þín í Heimskringlu um skáldskap Þ. Þ. Þorsteinssonar.

Þú segir, að það sé ekki heil brú í skáldskap Þ.Þ.Þ. Það er máske fyrirgefanlegt, að þú getur ekki séð rétt. Þú ert mesti asninn, sem sparkað hefir í dálkum Heimskringlu, og er þá mikið sagt.

Næst þegar þér dettur eitthvað í hug, svipað því, sem þú sýndir okkur í síðustu Heimskringlu, þá hafðu það yfir í hljóði, með sjálfum þér að eins. Slíkt bull um heiðvirða, efnilega og viðurkenda menn — viðurkenda sem skáld af þeim, sem vit hafa á, — er óheyrilegt og ætti ekki að fá rúm í neinu heiðvirðu blaði.

Það má búast við því, að þú reynir að æla einhverri leðju yfir mig, ef þú færð tækiláeri í nokkuru blaði til slíks, — í Lögbergi færðu það ekki, mér þykir vænt um það —, og gerðu svo vel, ef þér sýnist svo; en ég skal ekki eyða neinu rúmi í fréttablöðum til þess að svara þér, það máttu vera viss um.

Samt sem áður, þegar þú næst kemur fram á ritvöllinn í sama ham og í síðustu Heimskringlu, skal ég reyna að gera þér eftirminnilega ráðning ó einhvern hátt.

J. Eirikson.

Sá veit gjör sem reynir.

Herra ritstj. Hkr.

Viljið þér ljá þessum fáu línum rúm í blaðinu yðar.

Það var þann 23. marz sl., að ég varð fyrir því sviplega slysi, að lenda með vinstri hendina í 'Roller' myllu, svo af varð að taka hana, um það hálfa,— eftir að eins einn fingur.

En erindi mitt til blaðsins er ekki til að segja frá þessu, nema af því það hefir leitt mig út í sérstakar hugleiðingar, um það, hvort ég ætti virkilega að þakka guði fyrir meiðslið eins og fyrir fólkið, og komst ég að þeirri niðurstöðu, svona þegar ég hafði svo gott næði til að hugsa, að ég ætti bara að þakka guði fyrir fólkið, en kenna sjálfum mér um meiðslið — það var eins og heila nágrennið hefði meðliðun með mér, var að koma til mín og vera hjá mér á víxl, bæði dag og nótt, í meira en mánuð, þangað til ég komst á fæt ur aftur. Og svo þar ofan á gaf þetta nágrannafólk mitt mér mikið á annað hundrað dollars, sem borgaðist með að mestu öll læknishjálp og meðul. Ég sendi ekki blaðinu nöfn þessa fólk, því mér finst að ég með því eins og fleygði þeim út í veður og vind; hefði þau þá ekki eftir fyrir mig sjálfan, eins og ég nú hefi — þess eiginhandar nöfn, sem ég ætla aldrei að láta glatast.

Það hefir kent mér dýrmæta lexíu, fólkið. Já, kæra þökk til þess alls. Peningarnir komu sér vel, eins og á stóð, en þó hefði ég fremur komist af án þeirra, en góðhugsins, sem þeim fylgdi, og ég hefði valið það síðarnefnda, ef ég hefði átt einungis annað að fá. Þetta er það, sem mér finst ég þekkja á, hvað er það sann-guðlega, og þurfi ekki framar vitnanna við. En sumir segja með áherzlu, að engir geti þekt það, nema þeir sem trúa rétt, hvað sem öllu öðru liður, og út af því er deilt. Sumir geta trúað svona, aðrir hinseginn, en allir geta unnið saman að liknsemi, eins og ég hefi dæmið af, — 'agnostic-inn' eins og sá rétt-trúaði, nýguðfræðisinninn eins og sá katólski, Únitarinn eins og sá, sem hnýsist inn í andafræði.

Af hverju veit ég að fólkið hafi alt verið með samskonar hug? Af því það gerði alt án verðskuldunar eða launa-vonar frá minni hendi. Og meira: það vissi ekkert eða spurði mig um, hvort ég tryði því, að það vildi og gæti verið svona vænt eins og það reyndist; — alt var skilyrðislaust. Meira en sumir kennimenn gefa sjón um frá skaparans hendi (ef ekki er trúað rétt). En hvað er að trúa rétt? Svo sem eins og það, að guð hafi verið valdur að þessu meiðsli minu, ekki síður en góðhug fólksins til mín til að bæta mér og græða.

En því er ég að eyða mörgum orðum um þetta? Af því að ég hefi komist að þeirri niðurstöðu fyrir mig, að allur trúarágreiningur og mannskemdir, sem af því hafa stafað í nútíð og svo langt til baka, sem auguð eygir, standi á þessum tveimur trúm. Annars vegar, að guð misþyrmi og hafi látið misþyrma og deyða, og það sé til að framleiða blessun mönnunum til handa einhvernveginn; — mönnum sé ekki ætlað að skilja neitt í þessu, bara trúa því, annars fari alt illa, þá yfirgefi guð slíka trúleysingja. Hins vegar er því ekki trúað, að guð hafi þurft eða þurfi að misþyrma eða deyða, eða gerast valdur að því, til þess með því að framleiða blessunarlíf til handa börnum sínum; og því síður þegar enginn á að geta blessast með því — nema hann trúi þessu. — Þessar tvær trúarskoðanir framleiða ólíkar hvatir, þegar veruleg alvara er með þær. Af þeirri fyrnefndu er sterk hvöt til að misþyrma (nú á tímum andlega) þeim, sem ekki trúa rétt eins og guð vilji, hvað sem öllu öðru liður. Hin síðarnefnda framleiðir sterka hvöt til að vera athugull, læra af reynslu og ásaka ekki fyrir svona eitthvað, sem ekki er hægt að vita hvað er, en umfram alt að trúa á guð, og því, að maðurinn frá hans hendi hafi efni til að vaxa og skilja æ betur og betur það sem til friðarins heyrir, hvað sé sannleikur og hyggindi, sem í hag koma.

Thorgils Halldórsson.
Mountain, N.D., 24. maí 1911.

Það kostar minna en 4c. á viku

að fá HEIMSKRINGLU heim til þín vikulega árið umkring. Það gerir engan mismun hvar í heiminum þú ert, því HEIMSKRINGLA mun rata til þín. Þú hefur máske ekki tekið eftir því, að vér gefum þér

$1.00 virði af sögubókum

með fyrsta árgangum. Skrifið eftir HEIMSKRINGLU nú þegar, til P.O. Box 3083. Winnipeg, Man.

THE DOMINION BANK
HORNI NOTRE DAME AVENUE OG SHERBROOKE STREET

Höfuðstóll uppborgaður: $4,000,000.00
Varasjóður - - - $5,400,000.00

Vér óskum eftir viðskiftum verzlunar manna og ábyrgumst að gefa þeim fullnægju. Sparisjóðsdeild vor er sú stærsta sem nokkur banki hefir í borginni.

Íbúendur þessa hluta borgarinnar óska að skifta við stofnun sem þeir vita að er algerlega trygg. Nafn vort er full rygging óhlutleika. Byrjið sparimulegg fyrir sjálfa yðar, konu yðar og börn.

Phone Garry 3150 **Scott Barlow**, Ráðsmaður.

Vitur maður er varkár með að drekka eingöngu HREINT ÖL. Þér getið jafna reitt yður á

DREWRY'S
REDWOOD LAGER

Það er léttur, freyðandi bjór, gerður eingöngu úr Malt og Hops. Biðjið ætíð um hann.

E. L. DREWRY, Manufacturer, Winnipeg

STRAX

Í DAG ef BEZT AÐ GERAST KAUPANDI AÐ HEIMSKRINGLU. — ÞAÐ ER EKKI SEINNA VÆNNA.

MANITOBA

TÆKIFÆRANNA LAND.

Hér skulu taldir að eins fáir þeirra miklu yfirburða, sem Manitoba fylki býður, og sýnt, hversvegna allir þeir, sem óska að bæta lífskjör sín, ættu að taka sér bólfestu innan takmarka þessa fylkis.

TIL BÚNDANS.

Frjósemi jarðvegsins og loftslagið hafa gert Manitoba heimsfræga, sem gróðrarstöð No. 1 hard hveitis. Manitoba býður bændasonum ókeypis búnaðarmentun á búnaðarskóla, sem jafngildir þeim beztu sinnar tegundar á amerikanska meginlandinu.

TIL IDNAÐAR- OG VERKAMANNA.

Blómgandi framleiðslustofnanir í vorum óðfluga stækkandi borgum, sækjast eftir allskyns handverksmönnum, og borga þeim hæztu gildandi vinnulaun. Algengir verkamenn geta og fengið næga atvinnu með beztu launum. Hér eru yfirgnæfandi atvinnutækifæri fyrir alla.

TIL FJÁRHYGGJENDA.

Manitoba býður gnægð rafafls til framleiðslu og allskyns iðnaðar og verkstæða, með lágu verði; — Frjósamt land; — margvíslegar og ótæmandi auðsuppsprettur frá náttúrunnar hendi; — Ágæt samgöngu og flutningatæki; — Ungir og óðfluga vaxandi bæir og borgir. — Alt þetta býður vitsmunum, auðæfum og framtakssemi óviðjafnanleg tækifæri og starfsarð um fram fylstu vonir. Vér bjóðum öllum að koma og öðlast hluttöku í velsæld vorri og þroskun. — Til frekari upplýsinga, skrifið:

JOS. HARTNEY, 77 York Street, Toronto, Ont.
JOS. BURKE, 178 Logan Avenue, Winnipeg, Man.
A. A. C. LaRIVIERE, 22 Alliance Bldg., Montreal,
J. F. TENNANT, Gretna, Manitoba,

J. J. GOLDEN,
Deputy Minister of Agriculture and Immigration, Winnipeg

Samt sem áður þorði hann engar tilraunir að gera til að komast að því, hvort ofurstinn hefði áður verið kvongaður. Hefði hann verið kvongaður áður og eignast einn son eða fleiri í því hjónabandi, þá var ekki alveg víst, að sú kona hefði verið dáin, þegar hann kvongaðist í annað sinn, og ef sú kona hefði þá verið lifandi, þá var móðir hans ekki löglega gift. Þessi mögulegleiki var svo voðalegur að hugsa um, að hann þorði enga rannsókn að gera.

Innan um þenna efa og ráðaleysi var þó ein skylda, sem blasti beint við sjónum hans, og það var, að hann mátti ekki nálgast Gwendoline fyr en þessi gáta var ráðin. Hann hafði fest ást á henni sem erfingi að Tilgate, hún hafði endurgoldið honum hana sem slikum, og eflaust búist við gæfuríku hjónabandi, en nú var þetta breytt; hann var eða gat orðið fátækur aumingi. Hann var að sönnu sannfærður um, að hún elskaði hann sökum hans sjálfs, en hvernig gat hann kvongast allslaus eins og hann var? Nei, hann mátti ekki kvongast, og hann mátti ekki segja Gwendoline ástæðuna vegna móður sinnar.

Nokkrum dögum eftir samtal sitt við föður sinn, fór hann af stað frá heimili sínu eftir þeim stig, sem lá ofan í dalinn á landamærum jarðanna. Það var í þessum dal, sem þau höfðu oft fundist. Hann settist niður á stóran stein hjá litlum læk. Klukkan var 11, og það var á þeim tíma, sem þau voru vön að finnast þrisvar í viku.

Það leið heldur ekki á löngu þangað til hann heyrði létt fótatak á götunni, og strax á eftir kom há, lagleg stúlka, með dökkjarpt hár, rjóð í kinnum, ofan hjallann, alveg eins og hún væri að ganga sér til skemtunar, án vonar um að finna nokkurn.

"Hvað þá, eruð þér hérna, herra Kelmscott?" sagði hún, þegar hún sá hann, og roðnaði um leið.

"Já, ég er hér, Gwendoline", svaraði Granville og gat ekki varist að brosa að látalátum hennar. "Og ég er hér þess vegna, að ég satt að segja bjóst við að finna yður".

Alvarlegur á svip tók hann hendi hennar, og Gwendoline sneri kinninni að honum, af því hún bjóst við hinum vanalega kveðjukossi. Granville roðnaði og sagði:

"Nei, ekki í dag, kæra vina mín. Ó, Gwendoline, ég veit ekki, hvernig ég á að fara að segja þér það, sem ég þarf að segja, það er nokkuð, sem er sorglegt, — sem mér fellur afar-illa, en ég get þó ekki útlistað það fyrir þér, af því ég skil það ekki sjálfur. En ég verð að biðja þig að treysta mér og trúa orðum mínum".

Hún settist hjá honum viðstöðulaust með náfleikt andlit og svaraði: "Við hvað áttu, Granville? Þú veizt að ég treysti þér, hvernig sem alt veltist, ég ber fult traust til þín, Granville".

Hann greip hendi hennar og þrýsti hana með viðkvæmni. Svo fór hann stamandi og hikandi að segja henni frá því, sem hann áleit óhætt að segja, en beiddi hana jafnframt að segja það engum. Hann kvaðst ætla sér að koma aftur og finna hana, þegar hann sæi sér fært að giftast henni, og bað hana að bíða sín. Svo sagði hann: "Einn einasta koss, Gwendoline", — hún fleygði sér grátandi í faðm hans, og ánægjutárin runnu niður kinnar hennar, því nú vissi hún, að hann elskaði sig eins og áður.

Þau sátu lengi og héldu höndum saman og töluðu um ástir sínar. Hún kvaðst skyldi giftast honum strax, og fylgja honum út í heiminn, ef hann vildi; en hann kvað réttara, að bíða með það fyrst um sinn, en hún mætti fyllilega treysta sér.

Gwendoline svaraði honum með mörgum tárum, og kvaðst vel vita það, að hún mætti treysta honum. Aftur og aftur kystust þau og kvöddust, en sögðust jafnframt aldrei geta skilið. En með sjálfum sér var Granville ákveðinn í því, að sjá hana ekki aftur, fyr en hann gæti beðið hennar sem sjálfstæður maður.

Grátbýdi fór Gweydoline loksins af stað, með öruggu trausti á trygð hans, og við hverja bugðu á veginum leit hún aftur og sendi honum fingurkoss.

Niðri í dalnum stóð Granville og horfði á eftir henni, og þegar hún hætti að líta við, fleygði hann sér niður og grét hástöfum yfir hinni horfnu æskuvon.

Gwendoline leit þó enn einu sinni aftur og sá, hvar Granville lá yfirbugaður af sorg; hún þaut þegar af stað aftur til hans, í því skyni að hugga hann, en Granville þorði ekki að taka á móti huggunarorðum hennar, samt kystust þau enn þá einu sinni, í seinasta sinni, og komu sér saman u það að hittast aldrei oftar, fyr en Granville kæmi aftur og væri orðinn ríkur maður. Samt vonuðu þau hvort fyrir sig, að þau myndu sjást aftur í samkvæmum, sem þeim yrði boðið að taka þátt í.

XIII. KAPÍTULI.

Viðskifti fyrst.

Bankastjórinn í Drummond, Coutts og Barclays bankanum tók mjög virðulega á móti Kelmscott ofursta.

"Fimm mínútur, kæri ofursti minn?" sagði hann hlýlega, og benti honum brosandi að fá sér sæti í

hægindastólnum, — "hálfan klukkutíma, ef þér viljið. Fyrir jafn sjaldgæfa gesti leggjum við alt annríki til hliðar, og okkur er ánægja í því, að geta gert yður greiða".

"Já, yður getur ef til vill fundist erindi mitt undarlegt", sagði ofurstinn, "og það getur verið að það, sem ég ætla að biðja yður um, heyri ekki yðar verkahring til, svo það hefði máske verið réttara, að fela lögmanni mínum umsjón þess. En þó þér getið ekki sjálfir átt við þetta erindi mitt, þá getið þér máske leiðbeint mér, hvernig mér verður bezt að haga því annarstaðar".

Bankastjórinn hneigði sig brosandi.

Svo byrjaði ofurstinn að segja honum frá erindi sínu. Það voru tveir ungir menn, Guy og Cyril Warring hétu þeir, annar var blaðritari, hinn málari, og þeir áttu heima í Stable Inn, Holborn — eftir þessar upplýsingar var naumast mögulegt að villast á þeim — og hann langaði til að vita, hvaða banka þeir skiftu við, ef þeir á annað borð hefðu nokkur bankaviðskifti. Þegar fengin var upplýsing um þetta, vildi hann að þessi banki legði inn í reikning bræðranna upphæð, án þess þó að nefna nafn þess manns, sem peningana sendi þeim, og að því búnu afhenda þeim lokað bréf, sem hefði inni að halda fyrirskipanir um, hvernig peningarnir skyldu notaðir.

Bankastjórinn kvað það heyra sínum verkahring til, að leggja peninga inn í reikning bræðranna, en að senda þeim lokað bréf, án þess að þekkja innihald þess, kvaðst hann halda að ekki heyrði til stöðu sinni. En svo gæti verið, að ofurstinn findi önnur ráð til að koma bréfinu til þeirra.

Ofurstinn var þessu samþykkur, og kvaðst ánægður með það, að bankinn legði peningana inn í reikning bræðranna, og að fyrir þá væri kvittað, ekki til sín, heldur handa ákveðnu merki, sem hann

Íslands fréttir.

FRÁ ALÞINGI.

Síðustu Íslandsblöð, frá 3. maí, báru það með sér, að nálgast tók óðum þinglok, og virtist auglýst að mörg frumvörp myndu daga uppi í þinginu, — eitt meðal annars fánamálið, sem sofnaði í nefnd í efri deild. — Kjörtími hinna konungkjörnu þingmanna var útrunninn 29. apríl, en var framlengdur af konungi út þingtímann.

• • •

Bannfrestunar frumvarp séra Sigurðar frá Vigur, sem samþykt var í efri deild með miklum atkvæðamun, var felt eftir harðar umræður í neðri deild, án þess að nefnd væri kosin. Voru 15 á móti frumvarpinu en 10 með. Var séra Björn Þorláksson aðal andmælandi frumvarpsins, og fanst séra Sigurði í Vigur hann ganga svo nærri sér með persónulegum aðdróttunum, að hann (Sigurður sagði sig úr Sjálfstæðisflokknum, sem hann þó var formaður fyrir. Þótti Heimastjórnarmönnum þetta happ mikið; en skamma stund stóð það. Því allir þingmenn Sjálfstæðisflokksins, að Birni Jónssyni undanskildum, báðu hann í guðanna bænum kyrran vera í flokknum. Og séra Björn Þorláksson lýsti því hátíðlega yfir, að meining sín hafi ekki verið, að móðga séra Sigurð, og bað hann að virða ummæli sín á betra veg. Hafði þetta þau áhrif, að Sigurður tók úrsögn sína úr flokknum aftur.

• • •

Samþykt hefir verið af þinginu að stofna háskóla Íslands í Rvík á aldarafmæli Jóns Sigurðssonar 17. júní. En laun háskólakennaranna reiknast frá 1. október að telja. — Það eru Bjarni Jónsson frá Vogi og Hannes Hafstein, sem bezt hafa barist fyrir að fá máli þessu framgengt.

Aðgangur kvenna til allra embætta á Íslandi var samþyktur í neðri deild 22. apríl og afgreitt sem lög frá alþingi.

• • •

Ekki er ráðherraskipunin enn úr sögunni, því tillaga til þingsályktunar var borin fram í neðri deild svohljóðandi:

"Neðri deild alþingis ályktar, að skipa þriggja manna nefnd til að rannsaka símskeyti þau, er ýmsir þingmenn hafa sent til íslenzku skrifstofunnar í Kaupmannahöfn viðvíkjandi ráðherraskiftunum í vetur. Nefndin hefir vald til að heimta skýrslur munnlegar og bréflegar, bæði af embættismönnum og einstökum mönnum, samkvæmt 22. gr. stjórnarskrárinnar"

Flutningsmenn hennar voru: Skúli Thoroddsen, Benedikt Sveinsson, Jón Jónsson frá Hvanná og Jón Þorkelsson.

Umræður urðu hinar heitustu um þingsályktunartillögu þessa, sérstaklega milli Skúla Thoroddsen og H. Hafstein. En úrslitin urðu þau, að hún var feld með jöfnum atkvæðum.

• • •

Stjórnarskrárfrumvarpið hefir verið samþykt af þinginu, segir danska blaðið Politiken 10. þ.m. og fara því aukakosningar fram á þessu sumri.

• • •

Gæslustjóri Landsbankans var kosinn í neðri deild séra Vilhjálmur Briem með 13:10. Áður hafði það starf séra Eiríkur bróðir hans. Jón samábyrgðarstjóri fékk 10 atkv. og 2 seðlar voru auðir.

• • •

Gæzlustjóri Söfnunarsjóðsins var kosinn í neðri deild fhv. landsh. Magnús Stephensen með öllum þorra atkvæða. Hann hefir gegnt því starfi undanfarin ár.

• • •

Yfirskoðunarmenn landsreikninganna voru kosnir: í n. deild—Skúli Thoroddsen alþm. með 15 gegn 10 atkv. Í efri deild—Lárus H. Bjarnason með 6:5 atkv.

• • •

Endurskoðunarmaður Landsbankans var af sameinuðu þingi kosinn Benedikt Sveinsson.

• • •

Skúli Thoroddsen hefir af þinginu verið kosinn erindsreki Íslands við hátíðahöldin í Rúðuborg á Frakklandi, sem haldin verða þar í júnímánuði í minningu þess, að 1000 ár eru liðin frá því að Göngu-Hrólfur lagði Norður-Frakkland undir sig. — Guðmundur Finnbogason magister verður erindsreki Bókmentafélagsins við þessi hátíðahöld. Hefir þingið veitt styrk til þeirrar farar.

• • •

Á sunnudaginn 23. apríl héldu flokksmenn Jóns alþingismanns frá Múla honum veizlu í minningu þess, að þá var hann 56 ára gamall og hafði verið 25 ár þingmaður. Voru þar kvæði flutt: eftir Hannes Hafstein fyrir minni Íslands, og tvö fyrir minni heiðursgestsins eftir Jón Ólafsson og Guðmund Magnússon. Íslandsminni Hafsteins birtum vér á öðrum stað í blaðinu.

Embættisveitingar: Héraðslæknar hafa verið skipaðir—Guðm. Guðfinnsson í Axarfirði, Ólafur Lárusson í Hróarstungu, Jónas Kristjánsson á Sauðárkrók og Guðm. Þorsteinsson í Þistilfirði.

— Friðbjörn Steinsson dannebrogsmaður varð 73. ára 5. apríl. Hann hefir verið bóksali og bókbindari í Akureyrarbæ í 52 ár, en hættir nú í vor þeirri atvinnu.— Hann hefir verið einn hinn nýtasti og merkasti borgari þess bæjar og hafi mörgum trúnaðarstörfum að gegna, og ætíð verið vinsæll og mikils virtur, því að hann er gætinn og fastur fyrir, hagsýnn og ráðhollur.

— Í Sandfellshaga í Axarfirði er komin upp illkynjuð fjársýki í sauðfé. Sex sauðir voru dauðir, er síðast fréttist og 90 höfðu tekið sýkina. Lýsingin á sýkinni er ónákvæm, en sagt er að hún byrji með hálsbólgu og höfuðbólgu og eyrun detti jafnvel af og augun úr augnatóftunum, er sýkin er á hæsta stigi.

— Þann 27. apríl féllu dómar í 22 meiðyrðamálum, sem Tryggvi Gunnarsson, fyrv. bankastjóri, höfðaði sl. sumar, í málaferlaþrætunni þá, móti Ísafold. Sektir frá 15—50 kr. í máli og málskostnaður 15 kr., alls sektir og málskostnaður samtals, að sögn, 785 kr. Sýknaður var ritstj. Ísafoldar í þremur af málunum. Einar Arnórsson lagaskólakennari dæmdi.— Hann er settur aðstoðarmaður bæjarfógeta meðan á þingi stendur. Eru eftir ódæmd af þessum blaðamálum 20 mál, sem Eiríkur Briem prestaskólakennari höfðaði gegn Ísafold.

— Mokafli fyrir Suðurlandi; hafa botnvörpungarnir reykvíksku aflað afburða vel. Góður afli einnig á fiskiskútur og mótorbáta. Allmikið af sel og síld á Eyjafirði.

— Bátur fórst í Miðnessjó 25. apríl sl. og drukknuðu fimm menn, en þremur varð bjargað af enskum botnvörpung. Báturinn var frá Nýlendu í Hvalsneshverfi og var á heimleið úr fiskiróðri, drekkhlaðinn. Skolaðist sjórinn yfir hann og hvolfdi honum; komust þeir þeir, sem bjargað varð, á kjöl, og gátu haldið sér þar í fullan hálfan tíma, unz björgun kom. Hinir fimm urðu strax viðskila við bátinn og druknuðu. Þeir voru: Formaðurinn Jón Jónsson frá Nýlendu í Hvalsneshverfi, fertugur maður; Páll Pálsson frá Nýjabæ; Þorvaldur Bjarnason, Benedikt Guðmundsson og Guðmundur Sveinsson. Allir höfðu þessir menn verið ósyndir og varð það þeim að fjörtjóni.

— Jóhann skáld Sigurjónsson frá Laxamýri hefir nú fullsamið sjónleik á dönsku, er hann kallar Fjalla-Eyvindur. Er ráðgert, að hann verði á þessu sumri sýndur á einu helzta leikhúsi Hafnar, og leiki frú Dybwad, frægasta leikkona Norðmanna, Höllu konu Eyvindar.

— Finnur Jónsson er nú orðinn reglulegur prófessor í norrænu við háskólann í Kaupmannahöfn.

— Magnús Jóhannsson, bóndi frá Ásbjarnarstöðum í Húnavatnssýslu, andaðist á Landakotsspítalanum í Reykjavík í apríl. Var um sextugt.

SÍÐARI FRÉTTIR.

Alþingi var slitið miðvikudaginn 10. maí, eftir tæpa þriggja mánaða setu. "Vandræðaþingið" hefir það verið nefnt, og mun réttnefni fyrir margra hluta sakir, og munu sumar af aðgerðum þess lengi í minnum hafðar. Frumvörp til laga voru lögð fyrir þingið 107 alls, 24 stjórnarfrumvörp og 83 þingmanna frumvörp, og af þeim náðu samþykki 45 og voru afgreidd sem lög. Þingsályktunartillögur voru 49 og af þeim 25 samþyktar. Ein fyrirspurn til ráðherra var borin fram og 11 rökstuddar dagskrár. Merkustu lögin, sem samþykt voru, auk fjárlaga og fjáraukalaga, eru: Stjórnarskráin, viðskiftalögin, jafn réttislög kvenna til embætta og hafnarlög Reykjavíkur.

Þingið samþykti að halda áfram viðskiftaráðunautsstarfinu og að Bjarni frá Vogi gegndi þeim starfa sem áður. Var þetta samþykt í sameinuðu þingi með 20 atkv. gegn 19. Ráðherra Kr. J. kvað það vera að lýsa vantrausti á stjórninni, nfl. sér sjálfum, að binda fjárveitinguna við nafn sérstaks manns. En þar sem samþykt var að binda hana við nafn Bjarna, þá hefir ráðherrann að sjálfs sins dómi fengið vantraustsyfirlýsingu síðasta þingdaginn.

— Sigurður Sigurðsson, ráðunautur og alþingismaður, sagði sig fyrir þinglokin úr Sjálfstæðisflokknum. Hafði hann þá um tíma fylgt Heimastjórnarmönnum við atkvæðagreiðslu. Er hann fjórði þingmaðurinn, sem úr flokknum hefir farið á þessu þingi. Hinir eru: Kristján Jónsson, Jón frá Haukagili og Hannes Þorsteinsson.

— Á þingmannafundi voru þessir kosnir í stjórn Þjóðvinafélagsins: Dr. Jón Þorkelsson forseti og Björn Kristjánsson varaforseti. En í ritnefnd: Björn Jónsson, Einar Hjörleifsson og séra Jens Pálsson. Tryggvi Gunnarsson hafði verið mjög lengi formaður þessa félags.

— Skattamála-milliþinganefnd var kosin af sameinuðu þingi: Aug. Flygenring, H. Hafstein, M. Blöndahl og Sig. Hjörleifsson. Fimta manninn skipar stjórnin.

— Aukaþingskosningar eiga fram að fara á komandi hausti, og auka þingið að koma saman í næstkomandi febrúarmánuði.

— Til minnisvarða Jóns Sigurðssonar er ötullega safnað í Norður-Ísafjarðarsýslu, að því er Vestri segir. Hann leggur til, að sjómenn gefi til hans afla úr einum róðri, og væri það stór gjöf.

— Minningarsjóð Jóns Sigurðssonar eru Ísfirðingar að stofna og hefir nokkurt fé þegar safnast til hans. Ekki er kunnugt til hvers sjóðnum verður varið.

— Við Hornafjörð strandaði nýlega franskt fiskiskip frá Paimpol, rakst á ísjaka, brotnaði og sökk. Tveir menn fórust, en hinir björguðust og voru komnir til Fáskrúðsfjarðar, er fréttin kom hingað af strandinu. Það er sagt, að skipið heiti Madelaine.

— Prestafundur Hólastiftis verður haldinn á Akureyri 17.—19 júní næstkomandi.

— Mokfiski er nú sagt við Ísafjarðardjúp. Vélabátar hafa fengið flestir 70—90 króna hlut eftir vikuna, en nokkrir á annað hundrað krónur. Bátingar hafa aflað mest.

— Cipsmynd Jóns Sigurðssonar var fullger 8. maí. Hafði Einar Jónsson hana til sýnis í alþingishúsinu tvo eftirfarandi daga, og fanst öllum, er hana sáu, mikið um.

— Siglufjarðar læknishérað er veitt Guðmundi T. Hallgrímssyni, settum lækni í Höfðahverfishéraði.

— Hafísinn í rénun, að mestu farinn frá Austurlandi, en hroði all-mikill fyrir Norðurlandi; landfastur við Horn og Sléttu.

— Norskur varakonsúll á Ísafirði er orðinn Guðmundur L. Hannesson lögfræðingur.

— Verzlunarskóla Íslands var sagt upp 1. maí. Útskrifuðust 19 nemendur, þar af 3 stúlkur.

— Mannalát. Nýdáinn er á Siglufirði Guðmundur S. Th. Guðmundsson póstafgreiðslumaður þar Nær fertugur að aldri. Dugnaðarmaður og drengur hinn bezti. Krabbamein varð honum að bana. — Árni Gíslason leturgrafari andaðist í Reykjavík þann 4. maí, eftir langvarandi vanheilsu. Hinn mesti merkismaður. Fjörgamall.

TVÖ SMÁKVÆÐI.

Á-

Ást er raust, sem að eins hjartað skilur,
ást er lind, sem þornað getur ei;
ást er hvöss, sem æðis fellibylur;
ást er það, sem drauma fögur mey.

Ást á heima á efsta fjallatindi;
ást er fólgin í instu hjarta þrá;
ást sér hreyfir með örlaganna vindi;
ást er sælu-drauma vorra spá.

Perla.

I.

Mörg er perla í djúpi ins dulda
dysjuð í eilífðar reit.
Mörg er líka mannleg perla
máske falin, og enginn til veit.

II.

Mörg er perla í grundu grafin,
geymd þó mannlegt auga týni.
Margur steinn, sem mun ei skafinn
er máske gimsteinn, þó ei skíni

F. H.

— Í sl. viku voru $30,000 borgaðir fyrir eitt sæti í Stock Exchange félaginu í Montreal. Þetta þýðir, að inntökuleyfi í verzlunarmanna félagið þar kostar 30 þúsund dollars í eitt skifti fyrir öll, og með ákveðnu auka-árstillagi eftir þörfum félagsins.

Drykkjuskapur og tóbaksnautn.

Ef til væri meðal, sem læknaði drykkjuskap og tóbaksnautn, án vitundar og tilverknaðar neytandandans sjálfs, þá yrði það merkasta uppfynding aldarinnar, því hver drykkjumaður og tóbaksneytandi hyrfi á skömmum tíma.

Hver sem hefir í hyggju að lækna annanhvorn þennan ávana kunningja sinna á þennan hátt, mun sjá, hversu fráleitt það er, ef hann hugsar ögn um það.

Það þarf að beita fullkominni einlægni við þann, sem lækna skal. Með hans aðstoð má lækna hann af hvorum þessum löstum, en árangurslaust án hans hjálpar og samþykkis.

Dr. McTaggart í Toronto, Can., ábyrgist, að lækna menn af drykkjuskap á þremur til fjórum dögum, ef forskriftum hans er nákvæmlega framfylgt. Læknirinn hefir selt þétta ofdrykkju læknislyf til fleiri ára og hefir bætt fjölda manns. Lyfið kostar að eins $25.00 og mun reynast eins vel, ef ekki betur, og nokkur $100 lækning, sem völ er á.

Meðal hans móti tóbaksneyzlu, er sérstaklega tilbúið í því skyni. Kostar að eins $2.00, og geta menn læknast af því á hér um bil tveimur vikum

Bæði lyfin eru ágæt til styrkingar líkamans, og hafa engin óholl eftirköst á þann, sem læknaður er.

Fjöldi vottorða gefin af fúsum vilja. Getur hver fengið að sjá þau, sem þess óskar.

Lyfin send, þegar borgun er fengin. Burðargjald ókeypis. Bréfaviðskifti boðin, — stranglega heimuleg.

Skrifið eða ráðgist við

K K ALBERT,
einka-umboðsmaður í V.-Canada,
708 McArthur Bldg., Winnipeg.

Á öðrum stað í þessu blaði auglýsa þeir Johnson og Carr rafleiðsluiðnað sinn, að 761 William Ave. Johnson mun vera eini Íslendingurinn hér í borg, sem stundar það starf á eigin reikning, og með því að maðurinn hefir mikla starfsþekkingu af margra ára vinnu við allskyns rafleiðslu, þá ættu Íslendingar að uhna honum viðskifta sinna. Þeir hafa meira en nóg verk fyrir einn mann að gera á öllum ársins tímum.

Herra Jón Hólm, gullsmiður að 770 Simcoe St., biður þess getið, að hann selji löndum sínum gull- og silfur-muni og gigtarbelti. — Belti þessi eru óbrigðul við gigt, ef þau eru notuð samkvæmt fyrir skipunum Jóns. Kosta að eins $1.25.

JÓN JÓNSSON, járnsmiður, að 790 Notre Dame Ave. (horni Toronto St.) gerir við alls konar katla, könnur, potta og pönnur fyrir konur, og brýnir hnífa og skerpir sagir fyrir karlmenn. — Alt vel af hendi leyst fyrir lítla borgun.

Giftingaleyfisbréf
SELUR
Kr. Ásg. Benediktsson
424 Corydon Ave. Fort Roug.

Hvað er að?

Þarftu að hafa eitthvað til að lesa? Hver sá er vill fá sér eitthvað nýtt að lesa í hverri viku, ætti að gerast kaupandi að Heimskringlu.

Hún færir lesendum sínum ýmiskonar nýjan fróðleik 52 sinnum á ári fyrir aðeins $2.00. Viltu ekki vera með?

PRENTUN

VÉR NJÓTUM, sem stendur, viðskipta margra Winnipeg starfs- og "Business"-manna.— En þó erum vér enþá ekki ánægðir. — Vér viljum fá alþýðumenn sem einatt notast við illa prentun að reyna vora tegund. — Vér ábyrgjumst að gera yður ánægða. — Símið yðar næstu prentpöntun til —

PHONE GARRY 334

THE ANDERSON CO.
PROMPT PRINTERS
555 Sargent Ave. Winnipeg, Man.

The Hyland Navigation Co.
hefur nú opnað
SUMAR SKEMTIFERÐA SKRÁSETNINGAR
Margar þegar skráðar.
TJALDSTAÐIR til leigu til sumardvalar, í
"HYLAND PARK"
Rétt við ána. Dýrðlegt útsyni. Strætisvagnar á hverjum tuttugu mínútum.

HYLAND NAVIGATION CO.
13 Bank of Hamilton Chambers. Winnipeg.

Með því að biðja sérlega um "T.L. CIGAR," þá ertu viss að fá ágætan vindil.

T.L.

(UNION MADE)
Western Cigar Factory
Thomas Lee, eigandi Winnipeg

ALDREI SKALTU geyma til morguns sem hægt er að gera í dag. Pantið Heimskringlu í dag.

Bókalisti.

N. OTTENSON'S, - River Par. W'p'g.

Ljóðmæli Páls Jónssonar í bandi	(3)	85
Sama bók (að eins 2 eint.	(3)	60
Jökulrósir		15
Dalarósir	(3)	20
Hamlet	(3)	45
Tíðindi Prestafélagsins í hinu forna Hólaskifti	(2)	15
Grænt skipstjóri	(2)	40
Börn óvedursins	(3)	55
Umhverfis jörðina á áttatíu dögum	(3)	60
Blindi maðurinn	(3)	15
Fjórblaðaði smárinn	(3)	10
Kapitola (í II. Bindum)	(3)	1.25
Eggert Ólafsson (B. J.)		15
Jón Ólafssonar Ljóðmæli í skrautbandi	(3)	60
Kristinfræði	(2)	45
Kvæði Hannesar Blöndal	(2)	15
Mannkynssaga (P. M.) í bandi	(5)	85
Mestur í heimi, í b.		15
Prestkosningin, Leikrit, eftir D.E., í b.	(3)	30
Ljóðabók M. Markússonar		50
Ritreglur (V. Á). í b.		20
Sundreg ur, í b.		15
Verði ljós		15
Vestan hafs og austan, Þrjár sögur eftir E. H., í b.		90
Víkingarnir á Hálogandi eftir H. Ibsen		25
Þorlákur helgi		15
Ofurefli, skálds. (E. H.) í b.		1.50
Ölöf í Ási	(2)	45
Smælingjar, 5 sögur (E. H.), í b.		85
Skemtisögur eftir S. J. Jóhannesson 1907		25
Kvæði eftir sama frá 1905		25
Ljóðmæli eftir sama. (Með mynd höfundarins frá 1897		25
Safn til sögu og ísl. bókmenta í b., III. bindi og það sem út er komið af því fjórða	(53c)	9.4
Íslendingasaga eftir B. Melsted I. bindi bandi, og það sem út er komið af 2, b.	(25c)	2.85
Lýsing Íslands eftir D. Thoroddsen í b.	(16c)	1.90
Fernir fornísienzkir rímnaflokkar, er Finnur Jónsson gaf út, bandi	(5c)	85
Alþingisstaðir hinn forni eftir Sig. Guðmundson, í b.	(4c)	90
Um kristnitökuna árið 1000, eftir B. M. Olsen	(6c)	90
Íslenzkt fornbréfasafn, 7. bindi innbundið, 3 h. af 8 b.	(1.70)	27.80
Biskupasögur, II. b. innbundið	(42c)	5.15
Landfræðissaga Íslands eftir D. Th., 4. b. innbundið	(55c)	7.75
Ríthöfunda tal á Íslandi 1400—1882, eftir J. B., í bandi	(7c)	1.00
Upphaf alþýðuskólamálsins á Íslandi eftir K. Maurer, í b.	(7c)	1.15
Auðfræði, e. A. Ól., í bandi	(6c)	1.10
Presta og prófastatal á Íslandi 1869, í b.	(9c	1.25
Norðurlandssaga eftir P. Melsted, í b.	(8c)	1.50
Nýjatestamentið, í vönduðu bandi	(10c)	65
Sama, í ódýru bandi	(8c)	50
Kóralbók P. Guðjónssonar		50
Sama bók í bandi		1 10
Svartfjallasynir	(5)	60
Aldamót (Matt. Joch.)		50
Harpa	(4)	60
Ferðaminningar, í bandi	(5)	90
Bóndinn	"	35
Minningarit (Matt. Joch.)	"	35
Týndi faðirinn	"	35
Nasreddin, í bandi		35
Ljóðmæli J. Þórðarsonar	(3)	45
Ljóðmæli Gestur Pálsson	"	75
Maximi Petrow	(2)	45
Leyni-sambandið	(2)	40
Hinn óttalegi leyndardómr	(2)	50
Sverð og bagall	(2)	30
Waldimer Nihilisti		75
Ljóðmæli M. Joch. I.-V. bd., í skrautb.	(15)	4.00
Afmælisdagar Guðm Finnbogasonar		1.00
Bréf Tómarar Sæmundsson	(4)	75
Sama bók í skrauthandi	(4)	1.15
Íslenzk-ensk orðabók, G. T. Zoega	(10)	1.80
Gegnum brim og boða		90
Rökisréttindi Íslands		50
Systurnar frá Grænedal		35
Œðntýri handa börnum		30
Vísnakver Páls lögmanns Vídalíns		1.25
Ljóðmæli Sig. Júl. Jóhannessonar		1.00
Sögur frá Alhambra		30
Minningarrit Templara í vönduðu bandi		1.65
Sama bók, í bandi		1.50
Pétur blásturbelgur		10
Jón Arason		60
Skipið sekkur		60
Jóh. M. Bjarnason, Ljóðmæli		55
Maður og Kona		1 25
Fjarða mál		25
Heima mál		10
Oddur Lögmaður		95
Grettis Ljóð.		65
Dular, Smá-sögur		50
Hinrik Heilráði, Saga		20
Andvari 1911		75
Œfisaga Benjamin Franklins		45

Sögusafn þjóðviljans I—II árg. 35c; III árg. 20c IV árg. 30c; V. árg. 20; VI. 45; VII. 45; VIII. árg. 55; IX. árg. 55; X. árg. 55; XI. árg. 55; XII. árg. 45; XIII. árg. 45; XIV. árg. 55; XV. árg. 30; XVI. árg. 25; XVII. árg. 45; XVIII árg. 55; XIX. árg. 25.

Alt sögusafn þjóðviljan selt á	$7.00
Eldraunin (Skáldsaga)	50
Vallyes sögur	55
Valdimar munkur	60
Kynlegur þjófur	55
Sagan af stargaði Stórvirkssyni í bandi	50
óbundin	3
Rímur af Sörla sterka í bandi	40
óbundin	30
Myndin af fiskiskipinu	1.10

Bækur sögufélagsins Reykavík;

Morðbréfabæklingur	1.35
Biskupasögur, 1—6,	1.95
Aldarfarsbók Páls lögmanns Vídalín	45
Tyrkjaránið, I—IV,	2.90
Guðfræðingatal frá 1707—'07	1.10

Bækur Sögufélagsins fá áskrifendur fyrir nærri hálfvirði.—$3.80.

Umboðsmenn mínir í Selkirk eru Dalman bræður.

Þess skal getið viðvíkjandi bandinu á Fornaldarsögunum Norðurlanda, að það er mjög vandað, handbundið skrautband, vel frá gengið eins er með Bréf Tómasar Sæmundssonar.

Tölurnar í svigum tákna burðargjald, er sendist með pöntunum

PIANO
Kjörkaup

Hinn mikli fjöldi af Pianós, sem skift er fyrir HEINTZMAN & Co. Pianós, gerir það að verkum, að vér höfum nú mörg brúkuð hljóðfæri, sem vér seljum fyrir afarlágt verð.

Notið tækifærið, ef þið viljið komast að kjörkaupum.

J. J. H. McLean & Co Limited

Cor Portage Ave. & Hargrave
Phone Main 808.

Fréttir úr bænum

Veðurblíða hefir verið undanfarna daga með regnfalli um nætur.

Íslenzkur vesturfarahópur er væntanlegur síðla í kveld (fimtudag).

Nýlega hefir herra Stefán Sveinsson keypt helming í fóðurverzluninni The Olafsson Grain Co., á King St. Þeir Jón Ólafsson keyptu hana af Gísla heitnum Ólafssyni fyrir nokkrum árum, og hafa rekið hana með dugnaði. Síðasta ár var í félagi með þeim Mr. T. J. Powell, en seldi þeim aftur part sinn ekki alls fyrir löngu. Og nú hefir Stefán Sveinsson keypt part Jóns Ólafssonar, og er því einn eigandi að nefndri verzlun. Hann hefir unnið við hana í 15 ár, sem ráðsmaður og eigandi. Hann er vel þektur á meðal verzlunarmanna í Winnipeg, og vel metinn hjá öllum. Allir vinir herra Stefáns Sveinssonar óska honum til heilla og auðnu í öllum hans fyrirtækjum.

Dr. Jón Stefánsson fór vestur til foreldra sinna í Argyle bygð eftir nýafstaðin læknapróf, en kom aftur til borgarinnar í sl. viku.

Íslendingadagsnefndin boðar til fundar í Goodtemplarahúsinu kl. 8 í kveld (fimtudag). Verður á þeim fundi ný nefnd kosin, og er því áríðandi að landar fjölmenni á fundinn.

Á safnaðarfundi sl. sunnudag kaus Fyrsti Únitara söfnuðurinn hér í bænum erindsreka á sjötta kirkjuþing íslenzkra Únitara í Vesturheimi, sem haldið verður á Gimli dagana 17., 18. og 19. þ.m. Söfnuðurinn kaus 14 erindsreka, auk varamanna.

Herra Jónas Hall, frá Edinborg, N. Dak., var hér á ferð um síðustu helgi. Hélt heimleiðis í gæ, morgun.

Ármann Stephansson frá Edinborg, N. Dak., var hér á ferð í sl. viku. Lét hið bezta af uppskeruhorfum þar syðra.

Mrs. Hjörtur Lárusson, söngfræðings, frá Minneapolis, kom hingað til borgarinnar um síðustu helgi ásamt fjórum börnum sínum, í kynnisför til frændfólks og vina. Ráðgerir hún að dvelja hér um mánaðartíma.

Herra H. S. Helgason, tónfræðingur frá Seattle, sem hér hefir dvalið mánaðartíma í borginni, í kynnisferð til ýmsra kunningja og vina hér, — fór í byrjun þessarar viku alfarinn til Markerville í Alberta, þar sem hann hefir fest sér heimilisréttarland, og ætlar að setjast þar að á því. Hann bað Heimskringlu að færa sínum mörgu vinum hér í borg beztu kveðju sína og alúðarþökk fyrir góðar viðtökur og sambúð meðan hann dvaldi hér.

Herra Runólfur Sigurðsson, frá Semens, Sask., kom til borgarinnar um síðustu helgi, til að mæta vesturförum, sem væntanlegir eru hingað á fimtudagskveld eða föstudagsmorgun í þessari viku. Runólfur segir velliðan allra þar vestra, sáningu þar lokið og útlit alt hið bezta.

Á laugardaginn var voru gefin saman í hjónaband ungfrú Sigríður Olsen og herra Sigurður S. Reykjalín, bæði héðan úr borg. Framkvæmdi séra Steingr. Thorláksson hjónavígsluna að heimili sínu í West Selkirk. Hafa brúðhjónin beðið Hkr. að votta prestshjónunum sitt alúðarfylsta þakklæti fyrir þær ágætu viðtökur, sem þeim voru veittar. — Brúðhjónunum óskar Hkr. allra heilla og hessunar.

Herra Baldur Johnson, B.A., fór til Ottawa í dag. Ætlar hann að stunda sagnfræðisnám þar yfir sumartímann, og hefir í þv- skyni fengið aðgang að bókhlöðu ríkisins.

Ungmennafélag Únitara heldur fund í samkomusal Únitara í kveld (miðvikudag).

Séra Lárus Thorarensen messar í Tjaldbúðinni kvelds og morguns næsta sunnudag.

SILFURBRÚÐKAUP.

Þann 2. apríl sl. heimsóttu nokkurir vinir og nágrannar þau hjónin herra Albert Jónsson og konu hans að Mel í Árnesbygð. Heimsóknin var gerð í því skyni, að halda þeim hjónum 25 ára hjónabandsafmæli þeirra. Þessi hópur kom heimilisfólkinu mjög á óvart, en öllum var tekið með sama vingjarnlega viðmótinu, sem einkennir þau hjón. Herra Sveinn Thorvaldsson, kaupmaður frá Íslendingafljóti, var þar viðstaddur, og tók mikinn og góðan þátt í þessu samkvæmi. Hann hélt mjög lipra og velvalda tölu til silfurbrúðhjónanna fyrir hönd gestanna, og afhenti þeim síðan mjög vandað silfurset á silfurbakka, ásamt tíu dollars í silfurpeningum, frá gestunum, til minningar um þennan dag. Einnig talaði herra Gísli Jónsson, kaupmaður í Árnes-bygð, nokkur orð mjög hlýleg til silfurbrúðhjónanna. — Herra Albert Jónsson þakkaði gestunum með vel völdum orðum fyrir gjafirnar, en þó einkanlega fyrir þann hlýja vinarhug til sín og konu sinnar, sem þessi óvænta en skemtilega heimsókn vottaði. — Síðan voru ágætar veitingar fram bornar, og menn skemtu sér hið bezta til kvelds, og að endingu var sungið: "Hvað er svo glatt, sem góðra vina fundur". Að því búnu fór hver heim til sín, allir glaðir og ánægðir yfir þessari skemtilegu dagstund.

Sigrún M. Baldwinson
TEACHER OF PIANO
727 Sherbrooke St. Phone G. 2414

Lesendur eru mintir á að lesa Concert auglýsingu Tjaldbúðarfólksins, í þessu blaði. Öll stykkin á prógramminu eru vönduð og stofnendurnir vona, að Íslendingar fjölmenni þangað þ kveld. — KOSTAR BARA KVART.

ÞINGBOÐ.

Sjötta þing hins íslenzka únitarískra kirkjufélags Vestur-Íslendinga verður haldið að Gimli, Man., laugardag, sunnudag og mánudag, þann 17., 18. og 19. júní næstkomandi.

Söfnuðir, sem félaginu tilheyra, eru beðnir að sjá um, að kjörbréf séu rituð fyrir fulltrúa þeirra. — Ennfremur eru fulltrúarnir mintir á, að nauðsynlegt er, að þeir verði komnir til Gimli fóstudagskveldið þann 16. júní.

Winnipeg, 29. maí 1211.

S. B. BRYNJÓLFSSON,
forseti.

Kvenfélag Tjaldbúðar safnaðar býður mönnum ánægjulega kveldstund, með ísrjóma, kaffiveitingum og öðrum fagnaði, í kveld (fimtudag) í samkomusal kirkjunnar. Verður aðgangur ókeypis, en veitingar seldar. — Landar ættu að fjölmenna og styðja með því að nytsömu málefni.

Bréf á Hkr. eiga: —
Sigurjón M. Sigurðsson (Íslandsbréf).
Miss Jóna Anderson.

UNGLINGUR, 14 til 16 ára, getur fengið stöðuga atvinnu hjá herra Sigfúsi Anderson, 651 Bannatyne Ave.

SKILIÐ BÓKUNUM.

Alla þá, sem hafa bækur að láni sem Eiríkur S. Hallsson sál. átti, bið ég góðfúslega að skila þeim til mín, að 779 Ellice Ave.

J. Hallsson.

Hvar er Sigurður?

Hver, sem kann að vita um heimilisfang Sigurðar Andersonar frá Hvassafelli í Mýrasýslu á Íslandi, sem hingað kom til lands fyrir 11 árum, er vinsamlega beðinn að tilkynna mér það.

DAVÍÐ GÍSLASON,
Narrows P.O., Man.

SPURNIRG. — Hvernig eiga hjón að fara að því að fá fjárskilnað?

Svar. — Bezt að þau geri það eftir samkomulagi og láti lögfræðing gera skilnaðar samninginn.

Ritstj.

CONCERT
í Tjaldbúðinni
ÞRIÐJUDAGSKVELDIÐ 6. JÚNÍ.

Prógram.

1. Ó, guð vors lands (S. Sveinbjörnsson)—Söngflokkurinn.
2. Johnsons Orchestra.
3. Solo (selected)—Mrs. A. Johnson.
4. Quartette: Yfir sveitum tíbrá titrar (W. A. Mozart) — Messrs. Stefánsson, Björnsson, Björnsson, Johnson. (Wetterling)—Söngfl.
5. Vel er mætt til vina fundar
6. Recitation—Miss S. Bergmann.
7. Duet (selected)—Mr. & Mrs. A. Johnson.
8. Piano Duet: Egmont Overture (Beethoven)—MissesGrace Hammond & Sara Frederickson.
9. Come Where the Lilies Bloom (W. L. Thomson)—Söngfl.
10. Quartette: Fanna skautar faldi háum (J. H. Stunz) — Messrs. Stefánsson, Björnsson, Björnsson, Johnson.
11. Johnsons Orchestra.
12. Praise the Lord (Randegger)—Söngflokkurinn.

Byrjar kl. 8.30.

INNGANGUR 25 CENTS.

FYRIR STÚLKUR!
Spánýtt hjúskapartilboð.

Ungur og laglegur, já, friskur, findinn og fjörugur, en einhleypur ekkjumaður, sem á laglegt heimili í fögru bygðarlagi, óskar að komast í hlýleg bréfaviðskifti við snotra og skemtilega stúlku, eða unga ekkju, frá 20—30 ára að aldri, sem væri álitlegt húsfreyjuefni, og getur talað íslenzka tungu við tilvonandi "mother in law", o. s. frv. — Þær, sem sinna vilja þessu tilboði, eru vinsamlega beðnar að skrifa — á ensku eða íslenzku — og senda mynd, ef kostur er á — til: Mr. J. S. Dixie, care of Heimskringla, Winnipeg, Canada.

Skemtisamkoma
á Lundar.

Samkoma verður haldin í Good Templars Hall, Lundar, þann 2. júní næstkomandi, undir umsjón Únitara safnaðarins við Mary Hill

PRÓGRAM.

1. Instrumental.
2. Upplestur.
3. Sjónleikur: "Ici on Parle le Francais" (Hér er töluð franska). — Leikpersónur: Mr. Spriggins (S. A. Bjarnason), Mrs. Spriggins (Thóra Bjarnason), Miss Angelina Spriggins (Lilja Einarsson), Mr. Victor Du Bois (S. J. Sigfússon), Major Reg. Rattan (M. Goodmanson), Mrs. Rattan (Sarah Hanby), Anna Maria (Kristín Stevens).
4. Samsöngur—Piltar.
5. Kökuskurður—Fyrir giftu hliðina talar Páll Reykdal, en fyrir þá ógiftu G. Ó. Thorsteinsson.

Samkoman verður sett kl. 8.30 á mínútunni. Tjaldið dregið upp kl. 9. Dansinn byrjar kl. 11.

Veitingar seldar.
Inngangur 25 cents.
Komið og fjölmennið. Komið í tíma.

"Kvistir" í bandi

Munið eftir því að nú fást "KVISTIR" Sig. Júl. Jóhannessonar, í ljómandi fallegu bandi hjá öllum bóksölum.

Verð $1.50

Union Loan & Investment Co.
45 Aikin's Bldg.
PHONE GARRY 3154
Lánar peninga, kaupir sölusamninga, verzlar með fasteignir: hús, lóðir og lönd. Veitir umsjón dánarbúum.— Peningum veitt móttaka og 7% vextir ábyrgstir.
Íslenzkir forstöðumenn. — Hafið tal af þeim
H. Pétursson, John Tait, E. J. Stephenson

JOHNSON & CARR
RAFLEIDSLUMENN
Leiða ljósvíra í ibúðarstórhýsi og fjölskylduhús; setja bjöllur, talsíma og tilvísunar skífur; setja einnig upp mótors og vélar og gera allskyns rafmagnsstörf.
761 William Ave. Phone Garry 735

Dalman & Thorsteinson
MÁLARAR
Gera alskonar húsmálning. Kalsomining og leggja pappír. Alt verk vandað og fljótt afgreitt. Phone Garry 240
797 Simcoe St.

R. TH. NEWLAND
Verzlar með fasteignir, fjárlán og ábyrgðir
Skrifstofa: No. 5. Alberta Bldg. 255½ Portage Ave.
Sími: Main 972 Heimilis Sherb. 1619

A. S. BARDAL
Selur líkkistur og annast um útfarir. Allur útbúnaður sá bezti. Enfremur selur hann alskonar minnisvarða og legsteina.
121 Nena St. Phone Garry 2152

Sherwin - Williams
PAINT
fyrir alskonar húsmálningu.
Prýðingar tími nálgast nú. Dálftið af Sherwin-Williams húsmáli getur prýtt húsið yðar utan og innan. — Brúkið ekker annað mál en þetta. — S.-W. húsmálið málar mest, endist lengur, og er áferðarfegurra en nokkurt annað hús mál sem búið er til. — Komið inn og skoðið litarspjaldið. —

CAMERON & CARSCADDEN
QUALITY HARDWARE
Wynyard, - Sask.

Ódýr Lönd
Nú hefi ég 2000 ekrur af bezta hveitilandi, sem fáanlegt er í Manitoba, í twp. 16—17, R. 9 West. Þessar 2 þús. ekrur sel ég fyrir
HALFVIRÐI
til 1. júlí 1911. Borgunarskilmálar: ¼ eða einn fimti í peningum, afganginn á 8—10 árum, vextir 7—8%. Þetta er það seinasta tækifæri að ná í góð kaup í þessari bygð. Eftir 2—5 ár verður ekram í landi virði $40—60 í Manitoba fylki. Þeir, sem vilja fljót-gróða á landakaupum, snúi sér strax til mín. Ég geri kaup og gef upplýsingar samkv. þessari auglýsingu.

Magnús Johnson
WILD OAK, P.O. MAN

Ókeypis
Bæklingur
"Landið þar sem olía er konúngur"

Ennig eintak af síðustu útgáfu af "Buick Oil News."

Sendið nafn yðar og áritun og hið ofantalda verður sent yður ókeypis.

K.K.Albert
P. O. Box 56
WINNIPEG

G. S. VAN HALLEN, Málaferslumaður 418 McIntyre Block., Winnipeg. Talsími Main 5142

TILBOÐ.
Við undirskrifaðir tökum að okk ur alla grjótvinnu, sem við getum af hendi leyst eins fljótt og vel og nokkur getur gert. Við seljum grunn undir hús, hlöðum kjallara, steypum vatnskeröld og gangstéttir, gerum steinsteypu í fjós, o.fl.

Jacob Frimann
Herg. Hallgrímson
Gardar, N. Dak.

Öll þau efni
sem gera hið daglega brauð ljúffengt, heilsusamlegt og nærandi, hefir
Boyd's
BRAUÐ
inni að halda. Það er tilbúið í hinu stærsta brauðgerðarhúsi í Vestur-Canada, sem æ verður stærra og stærra eftir því sem framför landsins eykst. Þér vitið ástæðuna. — Reynið BOYD'S brauð.

Th. JOHNSON
JEWELER
286 Main St. Sími M. 6606

Dr. G. J. Gíslason,
Physician and Surgeon
18 South 3rd Str., Grand Forks, N.Dak
Athygli veitt AUGNA, EYRNA og KVERKA SJÚKDÓMUM ASAMT INNVORTIS SJÚKDÓMUM og UPPSKURÐI. —

Dr. J. A. Johnson
PHYSICIAN and SURGEON
HENSEL, N. D.

J. J. BILDFELL
FASTEIGNASALI.
Union Bank 5th Floor No. 520
Selur hús og lóðir, og annað þar að lútandi. Útvegar peningalán o. fl.
Phone Main 2685

MARTYN F. SMITH,
TANNLÆKNIR.
Fairbairn Blk. Cor Main & Selkirk
Sérfræðingur í Gullfyllingu og öllum aðgerðum og tilbún aði Tanna. Tennur dregnar án sársauka. Engin veiki á eftir eða gómbólga. —
Stofan opin kl. 7 til 9 á kveldin
Office Phone Main 6944. Heimilis Phone Main 6462

Hannyrðir.
Undirrituð veitir tilsögn í alls kyns hannyrðum gegn sanngjarnri borgun. Starfsstofa: Room 312 Kennedy Bldg., Portage Av., gegnt Eaton búðinni. Phone: Main 7723.
GERDA HALDORSON.

VANTAR
Fasta umboðsmenn og hjálparmenn (canvassers), bæði konur og karla.

Gott kaup harda duglegum.

Skrifið og sendið nauðsynleg meðmæli.

K.K. ALBERT
Box 456
WINNIPEG, MAN

„Að lesa og skrifa list er góð læri það sem flestir."

Ef þig langar til að læra að skrifa fagra rithönd, þá skrifaðu eftir upplýsingum og sýnishorni til H. F. Einarssonar, Pembina, N. Dak., sem kennir allskonar rithönd fjölbreytta pennadrætti og skrautskrift. Þú getur lært heima í þínu eigin húsi, því tilsögnin er send bréflega með pósti.

Hverjum, sem svarar þessari auglýsingu, verður sent spjald með hans eigin nafni skrautrituðu. 25-5

Sveinbjörn Árnason
Fasteignasali.
Selur hús og lóðir, eldsábyrgðir, og lánar peninga. Skrifstofa: 310 McIntyre Blk.
office TALSÍMI 4700. hús Tal. Sherb. 2018

BONNAR, TRUEMAN & THORNBURN,
LÖGFRÆÐINGAR.
Suite 5-7 Nanton Blk. Main 766
Winnipeg, Man. P.O.BOX 223

Anderson & Garland,
LÖGFRÆÐINGAR
35 Merchants Bank Building
PHONE: MAIN 1561.

HANNES MARINO HANNESON
(Hubbard & Hanneson)
LÖGFRÆÐINGAR
10 Bank of Hamilton Bldg. WINNIPEG
P.O. Box 781 Phone Main 378 " " 3142

Gísli Goodman
TINSMIÐUR.
VERKSTÆÐI: Cor. Toronto & Notre Dame.
Phone Garry 2988 : : Heimilis Garry 899

Winnipeg Andatrúar Kirkjan
horni Lipton og Sargent.
Sunnudagasamkomur, kl. 7 að kveldi. Andartrúarspeki þá útskýrð. Allir velkomnir.
Fimtudagasamkomur kl. 8 að kveldi, huldar gátur ráðnar. Kl. 7.30 segul-lækningar.

W. R. FOWLER A. PIERCY.

Royal Optical Co
307 Portage Ave. Talsími 7286.
Allar nútíðar aðferðir eru notaðar við augn skoðun hjá þeim, þar með hin nýja aðferð, Skugga-skoðun, sem gjöreyðir öllum ágiskunum. —

KAUPIÐ af þeim og verzlið við þá sem auglýsa starfsemi sínu í Heimskringlu og þá fáið þér *betri* vörur með *betra* verði og *betur* útilátnar.....

Talsími Heimskringlu
Garry 4110

Heimskringla.

Heimilis talsími ritstjórans:
Garry 2414

XXV. ÁR. WINNIPEG, MANITOBA, FIMTUDAGINN, 8. JÚNÍ 1911. Nr. 36.

BJARNASON & THORSTEINSON
Fasteignasalar
Kaupa og selja lönd, hús og lóðir víðsvegar um Vestur-Canada. Selja lífs og eldsábyrgðir.
LÁNA PENINGA
út á fasteingir og innkalla skuldir.
Öllum tilskrifum svarað fljótt og greiðanlega.
Wynyard - - Sask.

VOR.

Moderato — ÞORSTEINN ERLINGSSON — Þórarinn Jónsson



Hvað ætlarð'u að sýna mér sýngjandi vor,
með sólina og blæinn?
Hvað dagsljósið vogar að hefja sig hátt,
Hvað heimur er fagur og vorloftið blátt
og hvernig að þokan er lögst eins og leiði á
bæinn.

Hvert ætlarð'u að svífa þú sýngjandi vor,
með sólina og blæinn?
Að kæta hvert auga. að kyssa hvert blóm,
að kveða við alt sem vill heyra þinn róm?
Ég flýg með þér, vor, út um vellina skógana' og
sæinn.

OGILVIE'S
Royal Household Flour
Til Brauð og Köku Gerðar
Gefur Ævinlega Fullnœging
EINA MYLLAN Í WINNIPEG.—LÁTIÐ HEIMAIÐNAÐ SITJA FYRIR VIÐSKIFTUM YÐAR.

Fregnsafn.

Markverðustu viðburðir hvaðanæfa.

— Liberalar hafa nú fyrir alvöru tekið að prédika gagnskifta uppkastið fyrir kjósendum Manitobafylkis. Hafa fundir verið haldnir í ýmsum kjördæmum fylkisins, en lítið borið á, að kjósendur hafi orðið hrifnir af þeim prédikunum. Til þessa hefir mest borið á J. G. Turriff, sambandsþingmanninum fyrir Assiniboine, Sask., og F. T. Congdon frá Yukon, sem málsvara uppkastsins; en nú hefir innanríkisráðherrann sjálfur, Frank Oliver, bæst við í hópinn. Prédikar hann fyrir Winnipeg-búum á mánudagskv. kemur, en í kveld (miðvikud.) ætlar hann að heilsa upp á Selkirk-búa. Í för með honum verður Tobias Norris, Liberala leiðtoginn hér í fylki. Auk þessara stærri og smærri Liberölu spámanna, sem á fundunum tala, er allur fjöldinn af leigusveinum sendur í allar áttir til að boða fagnaðarboðskap uppkastsins. Verður því ekki annað séð, en að Liberalar hafi hafið kosningaundirbúning í fullum algleymingi. — Frá Manitoba færast svo Mr. Oliver og liðar hans vestur til Saskatchewan og þaðan til Alberta.

— Járnbrautarslys varð nálægt Vergas, Minn., á laugardaginn var Hraðlest á norðurleið til Winnipeg hentist út af sporinu, og sérðust margir af farþegum, og ein kona misti lífið. Eldur hljóp í vagna og brendi tvo þeirra. Björgunarlest var strax send til hjálpar og flutti hún hina særðu til Detroit, Minn. Það var lest Soo Line félagsins, sem varð fyrir þessum óhöppum.

— Jarðskjálfta hefir orðið vart í Belgíu undanfarna daga, og valdið óttaþjá lýðnum, þó tjón hafi lítið af hlotist.

— Nýafstaðið manntal á Írlandi sýnir íbúatöluna vera 4,381,950, og er það næstum 77 þúsundum færra en fyrir 10 árum síðan.

— Til þessa hefir brezka þingið verið það eina í heiminum, sem ekki hefir launað þingmönnunum eyrisvirði fyrir starfa sinn, en nú á að breyta þessu. Fjárlagafrumvarpið, sem nýverið hefir lagt verið fyrir neðri málstofuna, fer fram á, að hverjum þingmanni skuli gjalda 2000 dollara árslaun. Íhaldsmenn eru á móti þessari nýbreytni, en vissa er talin fyrir, að hún nái fram að ganga.

— Sambandsþings kosningarbaráttu er hafin í Quebec fylki. Á fimtudaginn var héldu Conservativar og Nationalistar sameiginlegan fund í Montreal borg undir beru lofti, og voru þar samankomnir um sjö þúsundir manna. — Aðalræðumennirnir voru: F. D. Monk sambandsþingmaður og leiðtogi Conservativa í Quebec fylki, Henry Bourassa leiðtogi Nationalistanna og Armand Lavergne dómari. Allir voru ræðumennirnir sammála um, að höfuðsyndir Laurierstjórnarinnar væru svo miklar og margar, að þjóðarnauðsyn bæri til að hrinda honum og stjórn hans af stóli. Mr. Monk talaði aðallega um gagnskiftauppkastið og vítti það harðlega, en Bourassa kvað aðrar syndir Laurier stjórnarinnar vera stærri og kvaðst sjálfur vera gagnskiftasamningunum hlyntur — en vildi ekki leyfa Sir Wilfrid Laurier að hylja með uppkastinu hin mörgu og miklu hneyksli stjórnarinnar. Hinn mikli manngrúi hlustaði hugfanginn á ræðumennina og gerðu allir hinn bezta róm að ræðum þeirra. — Quebec fylki hefir, sem kunnugt er, lengi verið Sir Wilfrids traustasta máttarstoð, en nú virðist ótvíræðlega vera komin breyting á hugsunarhátt manna þar sem annarstaðar í Canada.

— Bretastjórn hefir tilkynt stjórninni í Morocco, að engum erindsreka þaðan verði veitt móttaka við krýningu Georgs konungs — Ástæðan fyrir þessu tiltæki brezku stjórnarinnar er sú, að lýsa vanþóknan sinni yfir þeirri grimdarmeðferð, sem börn og konur urðu fyrir af liðsmönnum soldánsins í árásinni á höfuðborgina Fez, nýverið. Hándtóku hermennirnir fjölda af konum og kornungum stúlkum í nærliggjandi þorpum og seldu síðan mansali á stræt unum í Fez. Af þessari ástæðu hefir brezka stjórnin tilkynt erindsrkanum, sem Morocco hafði sent, að hann skyldi hypja sig heim aftur, því við krýningarathöfnina gæti erindsreki ekki verið frá þeirri stjórn, sem liði liðsmönnum sínum að fremja aðra eins ósvinnu á varnarlausum konum og hér hefði átt sér stað. Öll önnur ríki heimsins hafa erindsreka við krýningarhátíðahöldin, og verður Morocco því hið eins ríki, sem ekki hlotnast sá heiður.

— Indversk prinsessa, Ranee Sahiba, úr héraðinu Amritzar Punjab á Indlandi, hefir verið dæmd til dauða fyrir morð á elskhuga sínum. Þykir þetta miklum tíðindum sæta, því fátítt er það, að indverskar konur af göfugum ættum séu til dauða dæmdar fyrir þess háttar glæpi. Prinsessa þessi byrlaði manninum eitur í vini, sem hún færði honum að drekka.

— Háskólinn í Glasgow hefir sæmt Sir Wilfrid Laurier nafnbótinni L.L.D. Einnig hafa forsætisráðherrar annara velda í hinni brezku ríkisheild verið sæmdir sömu nafnbót af háskólanum.

— Pius páfi var 76 ára gamall 2. júní.

— Rússneska stjórnin fer hörðum höndum um þessar mundir um þá, sem grunaðir eru um fjárdrátt eða sviksemi við ríkið; hafa margir háttstandandi embættismenn verið nú á skömmum tíma dregnir fyrir lög og dóm fyrir þær sakir og sendir í fangelsi. Í fyrri viku var fyrrum landstjóri í Moskva, Rheimbot hershöfðingi, dæmdur í eins árs hegningarhússvinnu og missir borgaralegs réttar fyrir fjársvik í embættisfærslu sinni.

— Áætlað er, að borgarastríðið í Mexico hafi kostað landið fullar 20 miliónir dollars. Er tíundi hluti þessarar upphæðar talinn skemdir á eignum útlendinga. Hafa sendiherrar ríkja þeirra, sem hér eiga hlut að máli, gert kröfur til hinnar nýju stjórnar, að fá fullar skaðabætur greiddar, og hefir stjórnin lofað að verða við þeim kröfum.

— Austurríki hefir sent aðaljárnbrauta sérfræðing sinn til Ameríku til að kynnast öllu því nýjasta, sem járnbrautar starfsemini heyrir til. Þessi austurrískki erindsreki, barún Schrenk, ætlar að ferðast bæði um Bandaríkin og Canada, og ætlar sér sérstaklega að kynnast byggingu fjalla járnbrauta.

— Hans Danaprins, bróðir Kristjáns heitins IX. Danakonungs, andaðist í hárri elli í Parísarborg þann 29. maí sl. Hann var elzti meðlimur hinnar dönsku konungsfjölskyldu og hinn síðasti á lífi af systkinum hins látna Danakonungs.

— Tíu menn druknuðu af skemtiskútum á sunnudaginn var: sex í Utah Lake og fjórir á Mississippi ánni, nálægt St. Louis, Mo.

— Frá þorpinu Sorakir á Suður Rússlandi berast þær fréttir, að allir íbúarnir í höll einni þar í nágrenninu, að einum þjóni undan, skildum, hafi verið myrtir, og að ódáðamennirnir séu ófundnir. Höll þessi var eign ríkismanns eins, Schastok að nafni, bjó hann þar með konu sinni og tveimur ungum stúlkum, gestum þeirra hjóna; auk þess voru þrjár þernur og einn þjónn. Nágrannarnir veittu því eftirtekt, að enginn af íbúum hallarinnar höfðu sést um nokkra daga, og tóku því það ráð, að grenslast nánar eftir, hvað því mundi valda. Er þeir komu að höllinni, fundu þeir dyr allar læstar og brutust því inn. Í fordyrinu fundu þeir þjóninn bundinn og keflaðan, en í hinum ýmsu herbergjum lágu lík hinna, blóði drif, in og klofin í herðar niður. Öll herbergi og húsgögn voru blóðug og flest brotið og bramlað. Þjónninn gaf þá skýringu, að fjórir grímuklæddir menn með axir í höndum, hefðu brotist inn í höllina, farið herbergi úr herbergi og myrt hvern, sem þeir hittu, og svo rænt öllu fémætu, sem þeir gátu með sér haft. Þegar þeir voru að fara, að ódáðaverkinu unnu, urðu þeir þjónsins varir, sem falið hafði sig bak við dyratjöld, slóu hann í rot með axarskalla og bundu á höndum og fótum, og í því ásigkomulagi var hann fundinn. Hverjir morðingjarn ir hafa verið, er með öllu ókunnugt og litlar líkur taldar til að þeir muni finnast, þar sem engin merki voru eftirskilin, sem geti leitt til að gruna einn frekar öðrum.

— Hið mesta óveður til margra ára geysaði í Lundúnum fyrra miðvikudag. Voru þrumur og eldingar svo ákafar, að mannhætta var að vera úti. Miklar skemdir urðu á eignum manna, og sjö manns biðu bana af völdum óveðursins. Tveir af þeim, sem lifið létu, voru lögregluþjónar. — Sams konar veður geysaði víða um Bandaríkin, mest þó í Pennsylvaníu og Ohio ríkjunum: biðu þrir menn bana í Pennsylvaníu en tíu í Ohio, þar af fjórir í borginni Cleveland. Eignatjón varð mikið víða í ríkjum þessum.

— Gustav Adolf, krónprins Svía og kona hans, verða erindsrekar Svíþjóðar við krýninguna.

— Juan Estrada, forseti Nicaragua lýðveldisins, hefir lagt niður forsetatign, og í hans stað hefir varaforsetinn Diaz tekið við stjórnartaumunum. Heilsubilun er sagt að valdi þessu tiltæki Eztrada.

— Nýafstaðið manntal á Skotlandi sýnir íbúatöluna vera 4,759,445. Hefir fólkstalan aukist frá 1901 um 287 þúsundir, og er það minsta aukning, sem nokkurt 10 ára manntal þar hefir sýnt síðan 1861.

— Á þingi Methódista, sem undanfarna daga hefir staðið yfir í Montreal, gat einn prestanna, James Allan, þess, að opinberar skýrslur sýndu, að Canada-búar eyddu árlega $75,000,000 fyrir vínföng, en ekki nema tveimur miliónum til trúboðsþarfa. Einnig mintist sami prestur á lifnaðarháttu íbúanna í Montreal, Toronto og Winnipeg borgum. Gat hann þess meðal annars um Winnipeg, að mörgum af gistihúsum borgarinnar væri stjórnað þannig, að þau væru eyðileggjandi fyrir heilsu, siðferð og velsæmi.

— Kólera geysar í Feneyjum á Ítalíu. Eftir síðustu fréttum hafa um 400 manns fengið sýkina þar og 10 dáið. Í Vínarborg, höfuðstað Austurríkis, hefir einnig orðið vart við kóleru.

— Eftir tveggja ára verkfall hafa kolanáma verkamennirnir í Springhill, Nova Scotia, orðið að ganga að þeim kjörum, sem vinnuveitendurnir buðu þeim, án þess að fá nokkra af kröfum þeim uppfylta, sem þeir (verkamennirnir) fóru fram á í byrjun verkfallsins.

— Jarðskjálfta varð vart á nokkrum stöðum í Suður-Dakota á sunnudaginn var. Skaði varð þó ekki til muna.

— Signor Caruso, hinn heimsfrægi söngvari, hefir fengið 50 þúsund dollara skaðabótamál á hálsinn, fyrir brot á hjónabandsheiti við ítalska blómarós, er Pauline Caretti heitir. Var hún búðarjómfrú, þegar Caruso sá hana fyrst, og fanst honum strax mikið til um fegurð hennar, gaf henni stórgjafir og kostaði hana til menta, og gerði hana kunna vinum sínum sem heitmey sína. En eftir að Caruso fór til Ameríku, segir Pauline að ást hans hafi tekið að kólna, bréf hans urðu kaldari og styttri, unz þau þrutu með öllu. Pauline gat ekki unað slíkum málalokum, og hefir nú fyrir dómstólunum í Milan á Ítaliu höfðað skaðabótamál á hendur söngvaranum, og telur að hinar meiddu tilfinningar sínar eigi fulla heimtingu á 50 þúsund dollurum. "Caramba" varð Caruso að orði, er honum bárust fréttirnar, "heldur stelpan, að peningarnir vaxi sem korn á akri?" — Mál þetta hefir vakið hina mestu eftirtekt, því allir vita, að Caruso hefir verið breiskur í ástamálum.

— Kunngert hefir verið, að fimtudagurinn 22. þ. m. skuli hátíðlegur haldast um gjörvalt Canada, bæði sem krýningardagur konungsins og sem þakklætishátíð. Er víðsvegar um landið undirbúningur mikill undir hátíðahöld, sem votta eiga konungshjónunum þegnhylli Canada-búa á krýningardag þeirra.

— Mr. R. L. Borden, leiðtogi Conservativa, hefir undanfarna daga verið í Nova Scotia, að hjálpa flokksmönnum sínum í kosningabaráttunni, sem nú stend, ur yfir þar í fylki. Eru miklar líkur taldar, að Conservativar muni bera þar sigur af hólmi, því leiðir munu fylkisbúar vera orðnir á 30 ára yfirráðum Liberala, og það hvað ekki sízt síðan stjórnarformaðurinn gerðist fylgjandi gagnskifta uppkastsins, sem vitanlega er fylkinu í stór óhag.

— Fádæma óveður geysaði yfir Suður-Þýzkaland á fimtudaginn var, og olli stórtjóni á eignum og mönnum. Var regnfallið svo feykimikið, að hús fóru á flot og menn druknuðu. Í smábæ einum í stórhertogahæminu Baden fóru sex hús á flot og tólf menn druknuðu, og í námunda við háskólabæinn fræga, Heidelberg, druknuðu fimm menn. Áætlað er, að eignatjónið muni nema kringum þrem miliónum marka.

— Fjögur þúsund manna í Vancouver, sem að byggingum vinna, gerðu verkfall á mánudaginn. Mest eru það trésmiðir og algengir verkamenn, sem verkfallið gera. En búist er við, að allir 'union' menn muni leggja niður vinnu, ef ekki verður gengið að kröfum verkfallsmanna. Verkfall þetta getur haft mjög alvarlegar afleiðingar, ef lengi stendur, því fjöldi hálfsmiðaðra bygginga standa nú mannlausar, og ekkert unnið að þeim. Vinnuveitendurnir hafa reynt að fá verkfallsbrjóta, og tekist það sumstaðar, en í róstum hefir lent milli þeirra og verkfallsmanna og sumir fent í svartholinu af þeim ástæðum. Almenningur virðist bera samúðarþel með verkfallsmönnum, en vinnuveitendurnir láta engan bilbug á sér finna.

— Strathcona lávarður hefir gefið 100 þúsund dollars til McGill háskólans í Montreal.

— Tuttugu og átta frelsisvinir í Mexico voru teknir af lífi á sunnudaginn var, samkvæmt skipun Maderos. Taldi hann þá glæpamenn, sem undir yfirskyni frelsisins hefðu framið mörg gjörræði og glæpi.

— Mormónarnir hafa 1001 áhangendur í Noregi, 6629 í Svíþjóð og 1039 í Danmörku. Í Noregi hafa þeir 58 trúboða.

— Danir eru mesta hjólreiðaþjóð heimsins. Þar hefir tólfti hver maður reiðhjól, eða eftir því sem skýrslurnar sýna 223,840 reiðhjól á 2,750,000 íbúa.

Náið í þetta
Hundráð alfatnaðir, gerðir úr fegursta Belwarp vaðmáli, trútt litaðir og handsaumaðir. Þeir komu of seint frá verksmiðjum til vorsölu, svo verksmiðjueigendur bera tapið af niðursetningu verðsins, meðan fatnaðirnir endast.
$13.50
væru ódýrir þó seldir væru á $20,00
PALACE CLOTHING STORE
Baker Block 470 Main St.
G. C. LONG, eigandi.

VEGGLÍM
Vönduð bygginga efni:
The "Empire" Wood Fiber tegundir.
Cement Wall Finish
Sackett Plasters Board.
Vér höfum ánægju af að senda yður vora "Plaster Book"
Manitoba Gypsum Co., Limited.
Winnipeg, Manitoba

Copenhagen Snuff

BEZTA MUNNTÓBAK SEM ER BÚIÐ TIL

Hvort sem þér tyggið það eða takið í nefið, þá mun yður geðjast að þess góða keim.

NATIONAL SNUFF COMPANY, LIMITED
900 St Antoine St., MONTREAL.

Fréttabréf.

Vidir, 26. maí1911.

Héðan er talsvert að frétta, hvað framfarir bygðarinnar snertir, ef ég myndi það alt saman og nenti að skrifa um það.

Tíðin hefir verið góð, það sem af er vorinu. Þó kom snjóbylur hér svo mikill 11. þ. m., að ekið var á sleðum allan næsta dag á eftir, og síðan hefir verið hálf umhleypingasöm tíð, og í dag er kaldur stormur af norðri méð miklu regni.

Mikið hefir akuryrkju farið fram á þessu vori. Hefir verið keypt all-mikið af nýjum akuryrkjuverkfærum, og akrar þrefaldast að ekrufjöld við það sem var síðastliðið ár.

Nokkrir Íslendingar hafa flutt hingað og tekið sér bygðja á heimilisréttarlöndum sínum. Sömuleiðis hafa margir annara þjóða menn sest að á löndum hér í grend við Vidir. Og er sagt, að Galiciu maður hafi keypt norðurhelminginn af Sect. 8, Twp. 23, R. 2 E., af Hudsonflóa félaginu, fyrir 15 dollara ekruna.

Fjöldi fólks fer hér í gegn um bygðina, sem er að flytja á lönd og skoða lönd norður við Fisher River; enda er þar víst orðin stór bygð, en ekki veit ég til, að neinn Íslendingur hafi sest þar að, en þó má það vera fyrir því.

Kvefvejki allsvæsin gekk hér um bygðina fyrir skömmu, en er nú að mestu horfin.

Yfirleitt er líðan hér allgóð, ef engin óhöpp koma fyrir; en nú er einmitt útlit fyrir stóru óhappi, sem vofir yfir Viðir bygð, og sem hefir gert sumum bygðarbúum stórskaða, og það er vatnsárensli úr flóum þeim, sem liggja hér fyrir norðvestan bygðina. Eftir snjóbylinn 11. þ.m. kom árensli svo mikið, að allir þeir, sem eiga lönd vestan við Vidir skurðinn, geta sumir búnir að plægja dálitla ar eða sáning snertir, og voru þó sumir búnir að plægja dálitla bletti; og víða sem rennur yfir Vidir skurðinn, vegna þess að hann er ekki nógu djúpur. Svo er skurður sá eina mílu of stuttur, og verður eitthvað að fara að gerast til þess að bygðin liggi ekki undir stórskemdum af vatni árlega, og sé ég ekki, að þeim óhöppum verði létt af bygðinni með öðru móti en því, að fylkið leggi fram nægilegt fé til að grafa öflunga skurði, einn eða tvo, gegnum bygðina, svo þúendur geti skorið lönd sín fram í þá. — Herra þingmanninum okkar, sem les þessar línur, finst það kannske ekki of mikið verk fyrir bændur sjálfa, að dýpka og lengja Vidir skurðinn, og væri það rétt, ef ekki lægi annað fyrir að gera en það; en hér í bygðinni þarf fleira að gera en grafa skurði. Allir vegir eru órudd ir og óuppgerðir, en engin hjarðlög, svo allir girða sín lönd, og þar af leiðandi verða menn að fara eftir vegastæðunum. Og er mér óhætt að segja, að óvíða í sveitum hér muni hafa verið lögð fram eins mikil gjafavinna eins og hér í Vidir. Fyrst unnu menn á móti 500 dala tillaginu frá stjórninni í Vidir skurðinum, og svo hafa allar austur og vestur línur, sem opnaðar hafa verið, verið opnaðar með gjafavinnu.

Og fyrst að fylkisstjórnin hefir þann lúalega vana, að leggja aldrei til svo nokkurt cent til umbóta innan sveitatakmarka, nema sveitin leggi til helming á móti, þá mun það eins dæmi, að sveitastjórnir neiti, að leggja til á móti svoleiðis styrk, svo að eins örlítill hluti af sveitarbúum verði að gefa vinnu upp á fleiri hundruð dollars til að fá eitthvað gert að vegabótum innan sinna bygðartakmarka; en það máttu Vidir-búar gera, þegar Vidir skurðurinn var grafinn. Það er ekki einu sinni svo, að sveitarstjórnin hér leggi til fé til að koma í gegn einum akfærum vegi í gegnum bygðina, og sé ég þó ekki annað en að sveitarráðið sé skyldugt, að láta gera einn góðan veg í gegn um hverja nýja deild, sem byggist innan takmarka sveitarinnar. Það er eins og sveitarráðið í Bifröst áliti, að Vidir-búar geti í það óendanlega unnið að vegagerð bygðarinnar fyrir ekki neitt, þrátt fyrir það, þótt þeir verði að gjalda upp undir 20 dollara á ári í skatt af hverjum ¼ úr Sect., og þeir vegapeningar, sem hér koma í þessa deild, hrökkva ekki líkt því til að gera ýmsar umbætur og ruðning á fjölförnustu vegalínum deildarinnar; og t.d. sl. sumar gekk allur vegasjóðurinn í flóann milli Sect. 7 og8 og 17 og 18, og lá við sjálft að sveitarráðinu stæði afveg á sama, þó að Vidir-búar hefðu mist algerlega þessa 500 dali frá fylkinu. Og eini vegspottinn, sem hægt hefir verið að gera þolanlega upp, sökum fjárskorts, eru þær tvær mílur, enda er munur á löndum þeim, sem liggja að þeim skurði en hinum; svo þur eru þau og það í miðjum flóanum, að nú er verið að plægja þau upp þvert yfir. Aftur á þeim löndum, sem undir árenslinu liggja, er í kálfa og hné djúpt vatn. Til þess að losa bygðina við árenslið, verður að fara að taka alvarlega til verka — því það er ekkert að þola vegleysið um tíma, með því sem það líka smálagast, ef vatnsflóðið hefir einhvern farveg til að fara eftir, svo það eyðileggi ekki alt í senn, vegina, engjar og akra.

Í síðasta blaði, sem komið hefir hingað af Heimskringlu, minnist ritstj. á breyting á landtökulögunum í ríkinu, sem liggi fyrir Ottawa þinginu, þar sem farið sé fram á, að hver landnemi, sem ekki fylgi nákvæmlega landtökulögunum með að gera skylduverk sín á hverju einu ári, þá megi stjórnin svifta þann mann rétti sínum, og landi. Það virðist eins og ritstj. Hkr. sé eitthvað svo makindalega hróðugur, þegar hann er að segja fólkinu frá þessu lagafrumvarpi. En að mínu áliti er þetta lagafrumvarp eitthvert hið svívirðilegasta kúgunartiltæki, sem frjálslyndi flokkurinn, eða öllu heldur kúgunar-flokkurinn — eins og rétt væri að kalla hann — hefir haft á prjónunum. Ég ætla að taka til dæmis hérna í bygðinni. Sumir og margir hér eiga eftir að vinna skylduverk sín á löndunum; sumir þeirra plægðu upp stykki á lönd unum, sumt í fyrra sumar og sumt í vor. Nú í vor ætluðu þeir að sá korni í þessa unnu bletti og láta þá borga sér kostnaðinn. Nú flýtur vatn yfir þessa bletti, eins og öll löndin í tveim þriðju hlutum allrar Vidir bygðar, og verði rigninga-sumar, þá geta þeir sem eiga þessi lönd, ekki plægt nokkurn hlut á þeim á þessu ári. Findist ritstj. Hkr. svo ekki vera réttlátt, að svifta þessa menn löndum og rétti næsta vor? Eg býst við, að þingmaður þessa kjördæmis áliti við ekki þurfa að kvarta um vonda vegi, því þá glapráðu setningu lét hann sér um munn fara, þegar hann kom hér ofaneftir í fyrrasumar: "Hvað viljið þið með betri vegi en þið hafið?" Hefði einhver nýkominn frá vissum stöðum í Selkirk sagt þessa setningu, þá hefði honum verið það fyrirgefandi, en alls ekki af munni þingmannsins, því það gat þó hr. þingmaðurinn séð, að aðalvegur bygðarinnar var að eins höggvinn upp 20 feta breiður af 99 og óuppgerður að öllu öðru leyti, fullur með smárótum og ósléttur. Og margfalt ósléttari veg hefði hr. þingmaðurinn fengið, ef hann hefði farið eftir fleiri vegum bygðarinnar en þessum eina spotta. En það var satt, að allir vegir voru færir í öðru eins sumri eins og í fyrrasumar. — En hvernig heldur hr. þingmaðurinn að eins marflatt land eins og hér er líti út í rigningatíð, og það ekki sízt þegar að eins 10 feta breið braut er til að fara eftir? Og ef hr. þingmaðurinn heldur, að ég sé að fara með markleysu eins, hvað vatn og vegi snertir hér í Vidir bygð, þá vil ég biðja hr. þingmanninn, að gera svo vel og koma hingað og skoða bygðina dálítið betur en hann gerði í fyrra. En hafðu með þér tveggja feta há stígvél.— lægri skór duga þér ekki til að komast burt. Reyndar væri okkur ósárt um, þó þú fengir að vökna um fæturna, og gjarnan mættir þú hafa herra Roblin og fjármálaráðherrann með þér, svo þeir sæu með eigin augum, hvað bændalýðurinn hefir við að stríða.

Ég sný mér þá aftur að því, að vatnið verður að fara af bygðinni, en til þess duga ekki fáir dalir, — ekki 500 dollarar, eins og tvisvar áður hefir verið pint út úr nápinuskap stjórnarinnar í þessa bygð. Nei, það verður að koma svo mikið fé, að algerlega sé hægt að losa bygðina við árensli, og sömuleiðis að gera upp aðalveg bygðarinnar, svo búendur geti farið að yrkja lönd sín í næði, og þurfi ekki að líða árlega stórskaða af völdum vatnsins. Og að endingu skora ég á þingmann þessa kjördæmis, að gera alvarlega tilraun til þess, að stjórnin leggi fram nægilegt fé til að grafa öfluga skurði innan bygðarinnar, sem taki af henni alt árensli, og vonast ég eftir og óska, að herra þingmanninum verði vel ágengt í þessu efni.

Ágúst Einarsson.

* * *

ATHUGASEMD.

Það er sumt í bréfi Ágústs Einarssonar, sem ekki má láta ósvarað

1) Sú staðhæfing hans, að fylkisstjórnin hafi á síðasta ári ekki lagt nema 500 doflars til umbóta í Bifröst sveit, er að því leyti röng, að stjórnin borgaði verkareikninga í sveitinni á því ári, sem námu $2,312.29, eða nálega 5 sinnum meira en Ágúst telur. Þó þessi nálega hálft þriðja þúsund dollars upphæð sé ekki eins stór og bygðarbúar gætu að sjálfsögðu þegið og hefðu þörf fyrir, þá er hún þó þess virði, að hún sé öll viðurkend.

2. Ágústi finst það "lúalegur vani fylkisstjórnarinnar, að leggja ekki meira fé til vegabóta í sveitum, en svari dollar í peningum móti dollarsvirði af vinnu, sem bygðarbúar gera til umbóta eigin landa sinna og vega.

Satt er það, að hægðarauki mikill væri það öllum sveitum fylkisins, að fá meira fé úr fylkissjóði en verið hefir. En svo margar sveitir eru nú orðnar í fylkinu, sem allar hafa jafnan rétt til styrkveitinga í tiltölu við fólksfjölda og framkvæmdir, að nægilegt fé er ekki fyrir hendi á neinu ári til þess að mæta fylstu kröfum allra þeirra. Og hvað fjárveitingu fylkisstjórnarinnar snertir, þá veit ég ekki til, að hún veiti nokkurri annari sveit í fylkinu tiltölulega eins mikið fé til vegabóta og framræslu eins og hún hefir á liðnum árum veitt Nýja Íslandi. Hvergi annarstaðar í fylkinu, svo mér sé kunnugt, hefir stjórnin lagt dollar móti dollar til umbóta — nema í Nýja Íslandi. Svo sanngjarnlega verður hún ekki ásökuð fyrir íhaldssemi fylkisfjárins til þess héraðs. — Til dæmis má nefna nýbyggjana við Fisher River. Þeir eru á þessu sumri að gera um 23 mílna langan veg, og gera hann algerlega á eigin reikning, að undanskildum 5 mílna spotta, sem liggur með fram og tvisvar eða þrisvar yfir Fisher River. Þeir fá þúsund dollars styrkveitingu á þann spotta; báðu ekki um meira, voru ánægðir og hafa ekki þotið í opinber blöð til þess að brigsla stjórninni um nísku.

3) Hvað sveitarstjórnin í Bifröst sveit kann að gera eða láta ógert í bygð sinni, er að mínu áliti atriði, sem ætti að ræða við hana á sveitarráðsfundum, eða í sjálfu héraðsblaðinu. Aðra út í frá varðar ekki um það mál.

4. Hve þingmaður kjördæmisins er sérhlífinn og áhrifalaus, er atriði, sem alla búendur í kjördæminu varðar, og það verður ekki nægilega auglýst í íslenzku blöðunum eingöngu, þar sem nú eru um 15 mismunandi þjóðflokkar í kjördæminu. Það væri því velgerningur af Ágústi, að koma skoðunum sínum um það atriði fram fyrir hina aðra kjósendur, í þeim 5 eða 6 blöðum á ýmsum málum, sem þeir kaupa og lesa.

5) Ég vildi mega minna Ágúst á það, að framræslulög fylkisins voru til þess gerð fyrir mörgum árum, að létta útgjöldum á fylkissjóðnum, með því að mynda framræsluhérað, og taka lán til þurkunar, gegn ábyrgð í þeim löndum bænda, sem hefðu hagnað af framræslunni. Það eru liðin full tíu ár síðan ég hafði orð á því við ýmsa menn í Nýja Íslandi, að eina ráðið, sem ég sæi til þess að fá alt Nýja Ísland fullkomlega þurkað og ræktanlegt, væri að taka 150 þúsund dollars lán fyrir báðar sveitirnar, sem svo mætti nota til framræslu og vegagerðar. Stjórnin mundi ábyrgjast skuldabréfin og vextir verða 4 prósent, eða 6 þúsund dollars á ári.— þessi upphæð er svo lítil fyrir báðar sveitirnar að borga á ári, en hagnaðurinn svo stórfeldur, í auknu landverði og bættum samgöngum, að það er að mínum dómi ekkert álitamál hvað gera ætti. Sveitir þessar eru nú komnar á það rek, að íbúar þeirra mega ekki mikið lengur una við það ástand, sem verið hefir. Framfarirnar verða seinar, ef eingöngu er teflt á árlegt fylkistillag til smávægilegsa vegabóta, og sem aldrei getur orðið meira en kák, í samanburði við það sém yrði, ef gengið væri að umbótunum í stórfeldum stíl. "Highway Commissioner" fylkisstjórnarinnar geti veðð nákvæmar og nægilegar upplýsingar um þetta atriði.

Það mun láta nærri, að nú séu í Gimli og Bifröst sveitum nálega þúsund mílur af vegum, og fæstir þeirra geta heitið góðir, þrátt fyrir það, að meira en þúsund dollars hefir á liðnum árum verið sökt í miluspotta á sumum stöðum. Bezti vegurinn í allri Bifröst sveit er sá frá Geysir til Árborgar; og ég segi enn það sem ég sagði í fyrra, að ég tel hann jafngildi þeirra, sem beztir eru í fylkinu. En í flóalöndum verða vegir aldrei gerðir færir, nema með uppþurkun og upphækkuðum vegstæðum, og sá kostnaður er meiri en fylkissjóðurinn fær borið, þar sem um jafn víðlend héruð er að ræða eins og Gimli, Springfield, Emerson, Swan River og Dauphin kjördæmi. Ég held því fram, að í öllum þessum kjördæmum verði íbúunum nauðsynlegt, að taka til eigin ráða sinna að fá nauðsynlegar umbætur gerðar með lánum skuldabréfa-trygðum.

B. L. Baldwinson

Búkolla.

Heiðraði ritstj. B. L. Baldwinson.

Það er oft svo undarlegt, hvað manni eða konu getur dottið í hug. Þannig var það, þegar ég var búin að lesa síðasta þrefið í blaði yðar 18. maí, ásamt fleiru um ritháttinn og hagyrðingana, að mér datt í hug barnasagan okkar gamla um hana búkollu. Mun yðar mjög frjálslyndg blað leyfa mér að minnast á hana?

Búkolla var án efa bezta kýrin, sem kerling átti. Utan þess, sem hún mjólkaði vel, átti hún þann annan kostinn, að hún heyrði í gegn um holt og hæðir. Sérstaklega var það sonur gömlu konunnar, sem hún heyrði ávalt til, hvar sem hún var. Þurfti hann ekki annað en að biðja hana að baula, ef hana vantaði, því hann hafði hinn sama eiginleika, að heyra til hennar, hvar sem hún var niðurkomin. En svo vildi það til eitt mál eða fleiri, að kussa kom ekki til mjalta. Drengur heyrði að vísu til hennar, en hún kom ekki. Móðir hans segir honum þá, að tröll muni hafa seitt Búkollu til sín, líklega í þeim tilgangi, að ná honum á sitt vald. Hún segir við svo búið megi ekki standa, hann verði að ná þessum bezta búpening sínum úr tröllahöndum, og fær honum al í hönd, og segir honum, að ef hann stingi alnum á réttan stað í vegginn á helli tröllanna, þar sem þau búa, þá geti hann látið alinn mæla sér hvernig hann eigi að fara að því, að yfirvinna tröllin og ná kúnni; en það megi engu muna með alinn.

Svo leggur drengur af stað spor hvatur með alinn í hönd sér, og kallar til Búkollu sinnar, að baula nú, ef hún sé á lífi, og kussa tekur undir, þar til drengur er kominn í hellir tröllanna. Þá stingur hann alnum í vegginn og var svo heppinn, að hitta alveg á réttan stað, og alurinn mælti honum ráðin, svo hann vann á öllum tröllunum og komst heim með kúna.

Þetta er nú lauslega sögð sagan okkar gamla um hana Búkollu, en það er sem mér heyrist hún hafa að nokkru leyti endurtekið sig í nýrri mynd.

Kerling (ættjörðin) á Búkollu (skáldgyðjuna), bezta búpening sinn. Hana vantar eitt mál eða fleiri. Sonur gömlu konunnar heyrir hana í fjarlægð baula og veit hún er í tröllahöndum, og leggur af stað í þeim tilgangi, með alinn, sem móðir hans hefir léð honum (pennann), að ná henni heim. En hann stingur alnum ekki á réttan stað í vegginn (pappírinn), tröllin eru máttug, og hann er ekki búinn að ná Búkollu heim.

Munu nokkrir af sonum gömlu konunnar stinga alnum, sem hún ljær þeim algerlega rétt í vegginn og þannig leysa Búkollu heim úr tröllahöndum? D. G.

Fagurt og frjósamt hérað

Eftirfylgjandi ritgerð, sem birtist í Winnipeg Town Topics þann 28. ágúst 1909 og einnig í Free Press og fleirum blöðum um sama leyti, er eftir Miss C. Hind, Commercial Editor fyrir Free Press, sem ferðaðist víða um Vesturfylkin í þarfir blaðanna. Þó margir hafi verið hrifnir af náttúrufegurð þessa staðar, var Miss Hind sú fyrsta, sem kunngerði það opinberlega á prenti, áður en nokkur hafði hugmynd um hina dýrmætu kosti vatnsins.

THE BIG QUILL.

Í norður Saskatchewan er mikið talað um "Big Quill", "Little Quill" og fandið, sem liggur á milli þessara tveggja vatna; en enginn veit með vissu, hvort Quill Lake Indiánar hafa fengið nafn sitt af þessum vötnum eða vötnin af þeim. Hvað sem því líður, þá eru þessi vötn bæði með þeim allra fegursti í Canada.

Einn bjartan og dýrðlegan morgun í næstliðinni viku hvildist ég með nokkrum kunningjum mínum og samferðamönnum, eftir langa keyrslu, á fallegri hæð nálægt Wynyard, sem er endastöð á Manitoba-Norvestur grein C.P.R. járnbrautarinnar.

Vér lögðumst niður og teygðum úr okkur á grasinu grænu og ilmandi, og litum yfir héraðið. Og sannarlega var sjónin dýrðleg í hvaða átt, sem litið var. Fyrir framan oss lá hinn stóri og tignarlegi "Quill", blár eins og safir og með sína hvithærðu bárutoppa. Ýfðar af vindgolunni veltust bylgurnar löngu og stóru inn á ströndina og þvoðu sandinn og kældu hann. Til hægri handar meðfram vatninu voru hin tignarlegu skógarbelti, þar næst engjalöndin fallegu og stóru og hinir gull-lituðu hveitiakrar, og svo Wynyard bær, þar sem alt var á ferð og flugi. Þar sem heill hópur af mönnum (um þrjú hundruð) voru í hinum mesta ákafa að byggja hin nýju "Divisional Yards" og að leggja brautina vestur til Lanigan. Á milli vatnsins og vor voru víðlendir akrar og skemtileg bændabýli. Til vinstri og bak við okkur, eins langt og augað eygði, lá öldumynduð grassléttan, hér og þar skrúðgrænir skógarrunnar, akrarnir óðum að móðnast í hinni heitu ágúst sól, og enn þá stærra flæmi af nýplægðu landi, sem átti eftir að gefa af sér marga væna uppskeru. Ilmurinn af hinu móðnaða hveiti var óskiljanlega sætur, góður og hressandi. Himnesk þögn hvildi yfir, þögn, sem hefði verið fullkomin nema fyrir niðinn frá vatninu og daufa hamrahljóminn í fjarlægðinni, þar sem verið var að leggja nýju brautina vestur.

Þegar tíminn var kominn til að kveðja vini mína, sem af góðgirni sinni höfðu fylgt mér hingað, gat ég ekki stilt mig um að segja; — Einhverntíma munu Winnipeg-búar þreyttir og lúnir verða fegnir að yfirgefa borgina snemma morguns, og eftir að hafa skemt sér vel í hinum fögru Assiniboine og Manitoba dölum, vera komin að kveldi að ströndum Big Quills.

BOÐSBRÉF.

Undirritaður hefir í hyggju, að gefa út mánaðarrit á íslenzku með skemtisögum, fræðigreinum, ritgerðum og, ef nógu margir áskrifendur fást, með myndum. Lesmál verður þrjár arkir á mánuði, eða 48 blaðsíður í stóru 8 blaða broti. Frágangur og mál verður vandað, sem kostur verður á. Engar deilugreinir um trúmál, pólitík eða önnur efni.

Verð ritsins verður $1.50 á ári. Á að byrja seinni part sumars.

Magnús J. Skaptason

Winnipeg, Man., 1. maí 1911.

ÍSLENZKT VÍRAVIRKI

úr gulli og silfri, fæst nú og í næstu þrjá mánuði smíðað á vinnustofu

Björns Olafssonar
GULLSMIÐS
752 Victor Street

hér í bænum. — Allar aðgerðir á gull og silfursmíði verða þar fljótt afgreiddar.

Herra Jón Hólm, gullsmiður að 770 Simcoe St., biður þess getið, að hann selji löndum sínum gull- og silfur-muni og gigtarbelti. — Belti þessi eru óbrigðul við gigt, ef þau eru notuð samkvæmt fyrirskipunum Jóns. Kosta að eins $1.25.

Piano kensla.

Hérmeð tilkynnist að ég undirskrifuð tek að mér, frá þessum tíma, að kenna að spila á Piano. Kenslustofa mín er að 727 Sherbrooke St. Kenslu skilmálar aðgengilegir. Talsími Garry 2414.

Sigrún M. Baldwinson

Í TÓMSTUNDUM

Það er sagt, að margt megi gera sér og sínum til góðs og nytsemds, í tómstundunum. Og það er rétt. Sumir eyða öllum sínum tómstundum til að skemta sér; en aftur aðrir til hins betra; að læra ýmislegt sjálfum sér til gagns í lífinu. Með því að eyða fáum mínútum, í tómstundum, til að skrifa til HEIMSKRINGLU og gerast kaupandi hennar, gerið þér ómetanlegt gagn, — þess fleiri sem kaupa þess lengur lifir íslenzkan Vestanhafs.

WYNYARD BEACH

Sem ugglaust á eftir að verða eitt aðal heilsuhælið og sumarbústaðurinn í Canada.

BÚSTAÐUR þessi sem er nýbúið að mæla út í bæjarstæði er á austurströnd Big Quill vatnsins í Saskatchewan og er aðeins þrár og hálfa mílu frá Wynyard bæ, sem er ein af aðal skiftistöðvum [Divisional Points] C. P. R. félagsins milli Winnipeg og Edmonton, og í miðbiki hinnar Stærstu íslenzku nýlendu í Ameríku. Big Quill Lake er stærsta stöðuvatnið milli Winnipeg og klettafjallanna, liðugar tvö hundruð ferhyrnings mílur á stærð. Frá því þessi nýlenda var stofnuð fyrir sex árum síðan og framundir þennan dag héldu menn að vatn þetta væri til einkis nýtt sökum saltremmu þeirrar sem í því er og var haldið að það væri "Alkali". En til þess að fá vissu sína í þessu efni, voru tveir efnafræðingum stjórnarinnar ásamt efnafræðiskennaranum við Manitoba háskólann fengnir til að rannsaka efnablöndum vatnsins. Kom það þá í ljós að í stað þess að "Alkali" væri í vatninu, voru í því öll hin helstu frumefni sem mynda lækninga öfl hinna frægustu heilubóta lauga heimsins í mjög líku hlutfalli og í hinum viðfrægu Carlsbad's laugum í Bohemiu, og sem frægastar eru fyrir efni þau sem Magnesium Sodium Sulphate, kallast og eru það einmitt hin sömu efni sem aðallega eru í Big Quill Lake, eins og sjá má af eftirfarandi sundur liðunartöflu.



ANALYSIS BY CHIEF ANALYST,

Department of Inland Revenue, Ottawa
Sept. 13th. 1910

Total Solids dissolved in water				17,440
Loss on Ignition				2,320
Ignited Residue				15,120
Total Basis as Sulphite	grams	per	lt.	15,528
Calcium Oxide (CaO)	"	"	"	0.368
Magnesium Oxide (MgO)	"	"	"	2,400
Sulphate (So3)	"	"	"	8,120
Chlorides (Cl)	"	"	"	1,230
Sodium Oxide (calculated)	"	"	"	3,239

þar hið frægasta heilsuhæli í Ameríku.

Sa'ts

Calcium sulphate (CaS04)	0.893	grams per lt.	— 62.5	grams	per	gal.
Magnesium " (MgS04)	7.200	" "	" —504 0	"	"	"
Sodium " (Na2.S04)	4.961	" "	" —347 3	"	"	"
Sodium Chloride (NaCl)	2.028	" "	" —141 8	"	"	"

Eftir að efnablöndun vatnsins var kunn orðin, hafa eftirspurnir borist úr öllum áttum frá vísindamönnum og leiðandi mönnum af ýmsum stéttum, bæði í Bandaríkjunum og Canada og jafnvel frá Englandi, — um landsháttu við vatnið; og má telja það ótvíræða sönnun þess, að innan skams verði

WYNYARD BEACH

Hið útmælda bæjarstæði er hin lang ákjósanlegasti staður sem hægt er að finna meðfram allri ströndinni, bæði sökum afstöðu þess gagnvart Wynyard bæ og einnig vegna hins tilvalda landslags sem er alt rennislett, með ljómandi skógarrunnum ofanvið sandfjöruna. Einnig rennur lækur gegn um mitt bæjarstæðið. sem myndar dálítið stöðuvatn 12 til 18 feta djúft, og þar sem fólk skemtir sér á bátum, þegar því þykir ofmikill öldugangur á stóravatninu, þessi fagra landspilda hefir alla þá kosti til að bera sem gera urvals sumarbústaði, auk heilsuhælis kostanna sem seint munu til peninga metnir, það er því ein af allra vissustu gróða fyrirtækjum sem hægt er að hugsa ser að kaupa lóðir í þessum nýja bæ, sérstaklega af því að verðið á lóðunum er miklu lægra en vanalega gerist á líkum stöðum og hlýtur að hækka áður en sumarið er liðið.

Komið til Wynyard og skoðið staðinn með ykkar augum því sjón er sögu ríkari. Ef þið skylduð iðrast fararinnar og getið sannað að eitthvað sé ósatt í auglýsing þessari skulum vér með mestu ánægju endurgjalda ykkur allan ferðakostnaðinn. En ef þið eigið óhægt með að koma þá megið þið vera þess fullvissir, að vér munum gera okkar bezta til að gera ykkur ánægða, enda eru landkostir svo jafnir að samanburður á lóðunum er ónauðsýnlegur og því engin áhætta að kaupa óséð.

Wynyard Beach á vafalaust glæsilega framtíð fyrir höndum.

Kaupið lóðir þar, þess mun ykkur aldrei iðra.

Lágt verð **Aðgengilegir skilmálar** **Lágt verð**

Skrifið eftir verðlista (á ensku eða íslenzku) og öllum frekari upplýsingum til

THE WYNYARD BEACH REALTY CO.

WYNYARD, SASK.

Skrifið eftir verðlista [á ensku eða íslenzku] og öllum frekari upplýsingum til

Heimskringla

Published every Thursday by The Heimskringla News & Publishing Co. Ltd

Verð blaðsins í Canada og Bandar $2.00 um árið (fyrir fram borgað).
Sent til Íslands $2.00 (fyrir fram borgað).

B. L. BALDWINSON
Editor & Manager

Office:
729 Sherbrooke Street, Winnipeg
BOX 3083. Talsími Garry 4110.

Kvefsni.

Ég finn mér skylt, að biðja lesendur Heimskringlu velvirðingar á þeirri vangá, að láta slæðast inn í síðasta tölublað afar stráklegа kvefsnisgrein eftir guðfræðikandidat Þorstein Björnsson, sem hann nefndi "Burtnumning" og undirritaði með stöfunum "n. n.", til þess að leyna nafni sínu, og væntanlega í þeirri von, að einhverjum algerlega saklausum manni yrði um hana kent.

Ég hafði fyrir nokkrum dögum lofað Þorsteini, að taka af honum grein í blaðið, en hafði, af undangengnu viðtali við hann, skilið svo að grein sú yrði svar mót bréfi herra Sigurðar Sölvasonar í Westbourne, um ættartölur, sem birtist hér í blaðinu fyrir nokkrum vikum. Mér kom ekki til hugar, að Þorsteinn ætlaði í þessari grein að létta af sér hatursþunga þeim, sem allmörgum hér vestra, nú fyrir nokkru, er kunnugt um, að hann ber til séra Fr. J. Bergmanns; og því síður grunaði mig, að hann mundi undirrita þessa kvefsnislegu árás sína með gervinafns-stöfum, — því þá hefði hún ekki með minni vitund eða samþykki komið út í blaðinu. Ég lít svo á, að lesendurnir eigi fylstu heimtingu á því, þegar um slíkar niðgreinar er að ræða, að vita fult nafn höfundanna, svo að þeir "megi af máli þekkja, manninn, hver helzt hann er". Þá geta þeir einnig getið sér til um hvöt þá, sem þeir hafa til að leyna nöfnum sínum.

Ýmissa anna vegna hafði ég ekki haft nægilegt gát á grein þessari eða lesið próförk af henni, og sá hana því ekki fyr en blaðið kom úr pressu. Annars hefi ég enga gildandi afsökun í þessu efni, og ber að sjálfsögðu alla ábyrgð á útkomu þessarar stráklegu hneykslisgreinar, og einmitt af þeirri ástæðu er það, að ég finn ástæðu til að rita línur þessar.

En það, sem ég vildi sérstaklega athuga, er undinn, sem ráðið hefir ritsmíð Þorsteins og sá lúalegi lubbaháttur, sem hefir hvatt hann til þess með stráklegum smánaryrðum og kvefsnis glósum, að ráðast á þann mann, í fjarveru hans og þegar hann þess vegna ekki á kost á, að svara sjálfur fyrir sig, sem af alþýðu landa vorra hér vestra hefir í síðastliðinn fjórðung aldar verið að verðleikum viðurkendur að vera í allra fremstu röð Vestur-Íslendinga, að gáfum, lærdómi og mannkostum; og það sama álit hygg ég alþýða manna á Íslandi einnig hafi á séra Fr. J. Bergmann.

Þorsteinn byrjar grein sína með því, að nefna séra Friðrik "guðfræðilegan stórgrip". Sýnilega á orðið "stórgripur" að tákna litilsvirðingu Þorsteins á séra Friðriki, og er það í fullu samræmi við anda allrar greinarinnar. Næst eru glósur um það, í hverjum erindum séra Friðrik hafi að þessu sinni heimsótt ættjörðina, en leynt hefir hann nöfnum manna þeirra, sem hann ber fyrir getgátum um erindið, eins og hann leyndi sínu eigin nafni, sem höfundur greinarinnar.

Næst eru safnaðarlimir Tjaldbúðarinnar nefndir sauðir, — hefði alt eins mátt vera smágripir, til aðgreiningar frá stórgripum —, og mörgum háðslegum orðum um það farið, að þeir héldu séra Friðriki kveðjusamsæti áður en hann lagði af stað í Íslandsferð sína. — Og svo gengur herra Þorsteinn langt í þessari kvefsnis-árás sinni, að hann hikar ekki við, að ráðast með glósum á privat mann einn, herra G. P. Thordarson bakara, sem gerði séra Friðrik heiðursheimboð í hús sitt, tveim dögum áður en hann lagði upp í ferð sína til Íslands, og voru í því heimboði einnig nokkrir af kunningjum þeirra beggja, húsráðanda og prestsins. — Þorsteinn mun vera sá fyrsti maður vestanhafs, sem fundið hefir ástæðu til þess, að gera það að blaðamáli, — á jafn lubbalegan hátt og honum er eiginlegt —, þótt privat borgarar bjóði hver öðrum heim til dagverðar.. En sínu verra er þó það, að Þorsteinn gerir matarumtal sitt að ástæðu til þess óbeinlínis að brigsla séra Friðriki um sjúkdóm þann — meltingartregðu — sem hann hefir þjáðst af um mörg liðin ár, og enn ekki fengið fulla bót á ráðna. Mér virðist það þurfa meir en litla stráklegа óskammfeilni til að lúta svo lágt, að brigsla einum slúkliagi um þann sjúkdóm hans, sem honum er með öllu ósjálfráður. Annars ber Þorsteinn þetta fram í annara orða stað, með því að staðhæfa, að séra Friðrik "sé sagður" magaveikur. Og í gegnum alla greinina auglýsir Þorsteinn lúst og átakanlega þetta sama slúðursefli sitt, að hafa upp fyrir alþýðu þetta sama, sem hann hefir heyrt einhvern segja, — ber einatt aðra og ætíð ónefnda fyrir sögum sínum. Til dæmis:

1. "Það er hald manna, að hann ætli að fara að 'canvassa' prestlinga", o. s. frv.
2. "Því hann er sagður magaveikur.
3. "Svo er mælt, að hjörðin eigi'að ganga sjálfala".
4. "Klerkur er sagður ihaldssamur með gjöld við kaupamenn sína".
5. "Enda er sagt, að honum gangi vel að safna centunum";
6. Helzt er haldið, að drengtetur". o.s.frv.

"Engu er spáandi um", "teljamá vist", "og nærri má geta", — á þessum og þvílikum orðatiltækjum eru í grein Þorsteins ýmsar niðrandi aðdróttanir og staðhæfingar gerðar, sem allar lúta að því, að lítilsvirða séra Friðrik og rægja hann við lesendur blaðsins, austan hafs og vestan.

Séra Lárus Thorarensen, prestur Gardar-safnaðar, er nefndur kaupamaður. Íbúðarhús herra G. P. Thordarsonar á Victor stræti, eitt allra veglegasta og verðmætasta íbúðarhús Íslendinga hér í borg, — er nefnt "háreista naustið"; og sjálfur er herra Thordarson einn vorra merkustu Íslendinga hér í borg.

Yfirleitt virðist Þorsteinn gera sér far um, að velja sem háðulegust nöfn bæði mönnum og málefnum þeim, sem hann gerir að umtalsefni í þessari grein sinni.

Maðurinn virðist hafa nefið í hvers manns koppi og með óstöðvandi ástriðu til þess að bera út í almenning lúalegustu slúðursögur, sem að eyrum hans berast. Ég fæ ekki betur skynjað, en að þetta lýsi sýktu eða seyrðu hugarfari. Þar skortir alla göfgi og virðingar tilfinning, jafnt fyrir sjálfum honum sem öðrum; heilbrigð velsæmis tilfinning á þar sýnilega ekkert heimkynni.

Alþýða Vestur-Íslendinga mun líta svo á, að frá vorum lærðu mönnum, sem hingað flytja vestur frá Íslandi, ætti að mega vænta uppbyggilegra ritgerða, sem bæði veitti lesandanum unun og fróðleik, — að þegar þeir rita í blöðin, þá ætti það að vera um einhver alþýðleg efni, eitthvað sem alþýðu manna varðar einhverju, sem fræðir hana og glæðir og göfgar hugsanina. Þorsteini virðist ekki sú gáfa léð, að geta þetta.

Um það, hvort illgirni sú, sem allstaðar skín út úr grein hans, er af öfund sprottin yfir velgengni séra Friðriks J. Bergmanns og þess trausts og virðingar, sem hann hefir jafnan notið meðal Vestur-Íslendinga, eða af einskæru hatri til hans út af persónulegum sökum þeirra á milli, — hvorki veit ég né læt mig neinu skifta. — En hitt liggur ríkt á tilfinningu minni, að greinin öll sé afar stráks leg að hugsun og orðfæri, og algerlega ósæmandi nokkrum heiðvirðum mentamanni. Og það veit ég, að svo á séra Friðrik marga einlæga velunnendur hér vestra, að þeir taka ekki allir tilraunum Þorsteins með þökkum, að níða og rægja séra Friðrik í hans fjarverulega varnarleysi. Það er og áreiðanlegt, að þessi framkoma Þorsteins hlýtur að rýra mjög þá möguleika, sem hann annars kynni að hafa til þess að ná virðingu, trausti og velvild Vestur-Íslendinga. En hvorttveggja þetta er hverjum þeim nauðsynlegt veganesti, sem til þess hugsar að ryðja sér braut til vegs og gengis hér vestra.

Að síðustu skal þess getið, að til þess að fyrirbyggja framvegis slíkar ritgerðir frá sama höfundi, verður dálkum Heimskringlu hér eftir algerlega lokað fyrir ritgerðum frá honum.

B. L. Baldwinson

Heimsending.

Þess er getið á öðrum stað hér í blaðinu, að ung kona ein — Guðríður Sveinsdóttir frá Reykjavík — um 25 ára gömul, hafi verið í hópi þeirra íslenzku innflytjenda, sem fyrir nokkrum dögum lentu í Quebec, en að henni hafi verið bönnuð vesturferð hingað til Winnipeg með samferðafólki sínu. — Síðan hefir Heimskringlu borist nokkurn veginn áreiðanleg fregn um það, að kona þessi verði eða hafi þegar verið send heim aftur til Íslands.

Ástæðan fyrir heimsendingu konu þessarar er engin önnur en ósannsöglis ástríða hennar, skortur á heiðarlegri hreinskilni. Vesturfararnir, sem henni voru samferða til Quebec, segja hana hafa verið myndarlega stúlku, sem verið hafi í vist hjá frú Ástu Hallgrímsson í Reykjavík, en verið vanfær og í því ástandi flutt vestur hingað, einmana og vinalaus. Þegar til Quebec kom, höfðu svör hennar við spurningum stjórnarþjóna þar, verið svo óljós og ósamstæð, að ekkert varð bygt á framburði hennar, annað en það, að hún ætti hér vestra enga vini og ekkert athvarf. Samferðamenn hennar að heiman höfðu boðist til að ábyrgjast umsjá hennar, svo að ekki skyldi til þess koma, að hún yrði byrði á því opinbera eftir hingaðkomu sína. Þetta var vel gert af þeim og allra þakka vert, og mjög er sennilegt, að umsjónarmenn innflutningadeildarinnar hefðu sint þessu boði, ef framburður stúlkunnar hefði verið þann veg, að hægt hefði verið að trúa nokkru hennar orði. Hún hafði haft um $60.00 í peningum, svo að ekki stóð á landgöngufénu. En við rannsókn sína höfðu innflutningaumboðsmennirnir komist að þeirri niðurstöðu, að karaktér konu þessarar gerði hana óhæfa til íbúðar í Canada.

Heimskringla telur leitt, að konunni var bönnuð landganga, því hér vestra hefði margur orðið til þess, að rétta henni hjálparhönd, og hér hefði hún getað átt góða framtíð í vændum. Og það verður ekki með réttu sagt, að neitt það sé á móti konunni, sem réttlætt gæti heimsending hennar.

Íslenzku stjórnarumboðsmennirn ir hér ættu að hafa samtök til þess að sjá um, að svona heimsendingar ættu sér ekki stað. Þær eru illverk gagnvart þeim, sem fyrir þeim verða, en alls enginn hagur þessu landi eða íbúum þess.

Að svæfa jurtir.

Tilraunir hafa nýlega verið gerðar til þess, að flýta fyrir vexti jurta með því að svæfa þær með klóróformi, og hefir tekist vel.

Það var í fyrstu álitið, að svæfing jurtanna mundi fremur miða til að hindra vöxt þeirra, en að hraða honum; en hins vegar var sú skoðun lögð til grundvallar og á henni bygðar svæfingatilraunirnar, að mannlegur líkami vaxi bezt og líkamsfærin öll starfi hindrunarminst og með beztum árangri þegar hann sefur. Það var álitið, að áður en jurtin blómgast verði hún að fá notið hvíldartímabils og að safna sér krafti, er síðar notast við frjógun blómknappanna. Það er sveininn, sem ætlað er að veiti jurtinni þetta hvíldartímabil, og hann gerir það.

Alþýða manna nú á tuttugustu öldinni er orðin svo gerð, að hún á bágt með að beygja sig undir lögmál náttúrunnar, án þess að hafa nokkra hlutdeild í með því. Þess vegna er það, að hún er ekki ánægð með að verða að bíða svo víkum og mánuðum skiftir eftir blómknöppum, sem nota þarf innan fárra daga, og klóróform svæfingin er til þess gerð, að komast hjá þeirri löngu bið. Með þessu móti er það gert mögulegt, að fá fullútsprungna blómknappa í janúar mánuði, sem annars mundu ekki þroskast fyr en í júní.

Sá siður er og almennur meðal blómræktarmanna, að tefja fyrir þroskun blóma með því, að geyma jurtirnar í kæfiklefum svo mánuðum skiftir, og láta ekki hita eða ljós komast að þeim. En þetta kælitímabil má ekki vara of lengi, annars tapa jurtirnar lífsmagni og deyja algerlega.

Það var maður einn í Danmörku, sem uppgötvaði það, að hægt væri að skifta svefntímabili jurtanna í þrjú tímabil. Fyrst, strax eftir að jurtin hefir felt lauf, þegar jurtin er að byrja sitt, eðlishvildartímabil. Í öðru lagi, um miðjan vetur, þegar hvíldin er full komin, og í þriðja lagi að vorinu, laust fyrir byrjun sumarhitanna.

Klóróform svæfingin hefir reynd verið svo árum skiftir, og er sögð að hafa reynst ágætlega, og að hafa fært blómræktarmönnum góðan arð með því, að þeir geta selt blóm á öllum tímum ársins.

Björn Jónsson og bindindismálið.

Í blöðunum Ísafold og Lögréttu hefir þráttað verið um Björn Jónsson sem bindindismann. Var það bannírestunar frumvarp séra Sigurðar frá Vigur, sem þeirri þrætu kom af stað. Hefir Lögrétta gert árásir og aðdróttanir á starfsemi Björns Jónssonar, sem bindindismanns í sambandi við þetta frumvarp, en Jóh. Jóhannesson hefir aftur í Ísafold hælt bindindisstarfsemi Björns. Í svari til Jóhanns hefir Lögrétta skýrskotað til greinar bróður hans, Sig. Júl. Jóhannessonar læknis, sem birtist hér í blaðinu fyrir nokkru, og fordæmd bindindisstarfsemi B. J. Svar frá Jóhanni kemur svo aftur í Ísafold 3. mai, og þar sem það snertir Hkr. að allmiklu leyti, birtum við síðari hluta þess hér.

* * *

— — — "Lögr. hefir nýlega orðið fyrir því láni, að fá Heimskringlu og gleiddin yfir þeim feng er svipuð því, er fátækur sjómaður með vistalaust heimili hleður bátinn af þorski í fyrsta róðri í vertíðinni; svipað sem hún finnur er niðgrein, ein af þeim lakari, um B.J. sem bindindismann og er sýnilegt að blaðið kann vel að nota þessa aðfengnu hjálp, þegar þröngt var í búi heima fyrir. Svo spyr hún mig ofur skringilega, hverju ég geti nú svarað, þar sem greinin sé eftir lækni Sig. Júl. Jóhannesson bróður minn. — Þetta átti að vera rothögg!! enda halda spurningarnar áfram um það, hvort greinarhöf. sé orðinn óvinveittur bindindismálinu, hvort hann muni ekkert þekkja til þess o. s. frv.

Lögr. ætlar auðsjáanlega að etja okkur bræðrunum saman í þessu máli og losna þann veg sjálf við það erfiða hlutverk, sem hún sjálf hefir í fljótfærni tekist á hendur, og til þess að verða henni þar til geðs, og til þess jafnframt að sýna að ég sé með öllu óhræddur að halda fram minni rökstuddu sannfæringu í þessu máli B.J. til varnar, skal ekki standa á mér að svara Heimskringlugreininni með fám orðum.

Bróðir minn segir, að enginn maður á þessu landi hafi brotið bindindisheit sitt jafn oft og illa sem B.J. Þetta eru æði stór orð og litt sæmandi í opinberum blöðum, skoðað frá reglunnar sjónarmiði, enda er það við þau að athuga, að í þeim er enginn stafur sannur, því sannleikurinn er sá, að B.J. hefir aldrei fundist sekur um bindindisbrot; þetta er næsta stór mismunur. Ásökun þessi er því ekki bygð á sandi heldur á engu, nema hatursfullri einsýni.

Sig. Júl. hefir á liðna árinu ritað margar og ítarlegar greinar í Heimskringlu um B.J. frá pólitisku sjónarmiði; ég er frá þeirri hliðinni ekki vinveittari B.J. en svo, að ég er greinum þessum að mörgu leyti sammála, þótt alldjúnt sé þar til orða tekið með köflum. Stjórnmálagreinar þessar nefnast skylduverk og ættu því að vera knúðar fram af þjóðrækni og sannleiksást. Þegar þær eru skrifaðar af manni jafn fjatri ættjörðinni, en skylduverk þetta áút ég ekki full leyst af hendi, þegar stjórnmálahatrið stýrir pennanum og viljandi er hlaupið yfir alla þá mörgu þætti úr lífi B.J., sem einkenna hann frá flestum öðrum sem sterkan og óbilandi brautryðjanda bindindishugsjónarinnar hér í landi, því ef bróðir minn hefði tekið þetta með, sem honum fyllilega bar, í stað þess að draga það undan, hefðu skylduverk hans hlotið meira gildi hjá lesendunum. Hér hefir því sorglegra að borið, sem útlit er fyrir, að sýki sú, sem bindindismaðurinn í Lögr. var altekinn af, hafi líka stungið sér niður meðal landa vestan hafs, en ég vona að útbreiðslu hennar þurfi ekki að kvíða svo orð sé á gerandi.

Bróðir minn defir margt stórvirkið unnið í bindindismálsins þarfir og verið svo lánsamur að brýna vopn sín með svipuðu brýni sem B.J., enda báðir sigursælir í því máli; samt myndar hatrið farveg á milli þeirra í þeirra sameiginlega áhugamáli, — menn eru óútreiknanlegar verur —.

Bróðir mínum er vel kunnugt að B.J. hóf baráttu sína í þessu sameiginlega áhugamáli allra þjóða, bindindismálinu, þegar megn fyrirlitning og alls konar mótspyrna hamlaði því framgangs, og brýnust var þörfin á ósérplægnum forvígismanni, að B.J. hefir marga nóttina vakað til að hugsa um leiðir út úr torfærunum, sem allstaðar urðu á vegi, að B.J. hefir lagt bindindismálinu stórfé beint og óbeint, án þess að vænta annars endurgjalds en happasæls endis, að B.J. vann mest allra manna að framgangi aðflutningsbannslaganna á síðasta þingi. En hann veit ekki að B.J. hefir til þessa augnabliks unnið með öllum sínum krúftum bindindismálinu til bjargar og þótt við sterka mótspyrnu væri að etja. Hann veit að B.J. er nú orðinn gamall og slitinn maður og að hans eyddu kraftar eru orðnir til blessunar fyrir þetta margnefnda mál, hann ætti líka að vita, að B.J. hefir svo niður sáð í þessu máli hjá íslenzku þjóðinni, að hún þolir ekki þann ódrengskap að þegar hann er hniginn að aldri, séu af honum reittir allir beir blómskúfar, sem hann að verðleikum hefir hlotið að launum fyrir vel unnið starf í sameiginlegu áhugamáli allra sannra bindindisvina. Árásir í þessa átt ættu því og munu hafa andstæðar verkanir við það, sem til er ætlast. Á hærra stig er þó spillingin ekki enn komin, sem betur fer.

B.J. má auðvitað á sama standa þótt þeir reiti nú með mestu áfergju fjaðrir hans, sem hann mest og bezt hefir unnið með í sinni áttu. Í hans æfisögu munu færð löngu og sögurika bindindisbarvíxlspor þau, sem hann hefir stigið á pólitisku brautinni, og þá líka að sjálfsögðu ber að minnast með hlýleik alls þess góða, sem hann hefir unnið til eflingar bindindisstarfseminni — annars er sagan rangskrifuð — og mun hvorutveggja verða margar blaðsíður.

Ef nú Lögréttu og bróður mínum nægir þetta ekki og telji mig hafa framsett án sannana, vil ég bjóðast til að sýna þeim og lána álitlegan stafla af fjölda greina, sagna og ritgerða, sem B.J. ýmist hefir þýtt eða skrifað sjálfur um bindindismálið, því að prenta það upp væri óhugsandi í dagblaði vegna rúmsins, sem það tæki, en þau Lögrétta og bróðir minn vita fullvel, að ég hefi hér rétt mál að verja. En tilhneigingin til þess að segja, að hvitt sé svart, er svo rík, þegar um þetta mál er að ræða.

Ég álít eins og nú standa sakir, að tilfinnanlega vanti íslenzka bindindisliðið mann fremst í fylkinguna með sama hug og sama krafti, sem einkendi B.J. Slíkur maður mun vandfundinn; en fáist hann, má ekki búast við honum gallalausum fremur en B.J.

Íslendingadagurinn.

Á fimtudagskveldið sl. var samkvæmt fundarboði Íslendingadagsnefndarinnar fyrir árið sem leið fundur haldinn í Goodtemplarahúsinu. Gerði nefndin þar reikningsskil ráðsmensku sinnar, sem var þannig, að tekjuhalli hafði orðið, svo nam 60 dollurum, og var ástæðan fyrir skakkafallinu álitin sú, að nefndin hafði keypt sér embættisbúning (hvitar buxur, stafprik og hatta) til að sýnast meiri á velli og glæsilegri. Vittu sumir fundarmanna þetta tiltæki nefndarinnar, en skilagrein hennar var þó samþykt, og nefndinni greitt þakklætisatkvæði fyrir starfsemi sína. Eignir Íslendingadagsins nú eru taldar að nema $292.87, eru af þeirri upphæð $219.87 á banka, en $73 ýmsir munir. Næst var samþykt að halda þjóðminningardag sem að undanförnu 2. ágúst næstkomandi, og 9 manna forstöðunefnd kosin eftir mikla vafninga og málæði. Kosningu hlutu:

Victor Anderson,
Hallur Magnússon,
Ólafur S. Thorgeirsson,
Guðmundur Johnson,
Halldór Metúsalemsson.
R. Th. Newland,
Sigurður Björnsson,
Gunnl. Jóhannsson og
Þorsteinn Björnsson prestlingur. Mun marga furða á, hvaða erindi hinn síðasttaldi á í nefnd þessa, nema ef væri að skemta hinum nefndarmönnunum með 'Skuggamyndum' úr Mosfellsheiðarför sinni um árið. — Formaður nefndarinnar var kosinn á nefndarfundi Gunnl. Jóhannsson, ritari R. Th. Newland og gjaldkeri Ólafur S. Thorgeirsson.

Fundargjörð.

Á almennum fundi, sem haldinn var á Narrows P.O. fyrir skömmu til að ræða um samgöngumál héraðsins, var af fundarstjóra S. Baldvinsyni, borin upp svofeld tillaga: Að skora á hina heiðruðu stjórn þessa fylkis, að líta nú á nauðsyn bænda í þessu héraði, með því að hjálpa oss til að leggja akbraut frá járnbrautarstöðinni Ashern og beina leið niður á Narrows höfn. Tillagan var rædd nákvæmlega og samþykt í einu hljóði.

Þingmanni kjördeildarinnar, Mr. B. L. Baldwinsyni, var falið að flytja mál þetta við fylkisstjórnina, og benda henni á, að hún hefði aldrei bygt nokkurn faðm af akvegi í þessu héraði.

Narrows P.O., 10. maí 1911.

Sigurður Baldvinson, fundarstj.
S. Christóferson, skrifari.

Skýrsla yfir samskotin til MINNISVARÐA JÓNS SIGURÐSSONAR.

Í samskotunum tóku þátt um sex þúsund manns er til samans gáfu	$2,806.35
Bankavextir	16.60
Allar inntektir	$2,822.95
Kostnaður: Ritföng, eyðublöð, póstgjöld og afföll á bankaávísunum	27.28
Að kostnaði frádregnum	$2,795.67

sem nam 10,415.00 krónum; var sú upphæð ávísuð á Landsbankann í Reykjavík og send með ábyrgðarbréfi til féhirða nefndarinnar í Reykjavík þann 1. þ.m.

Nefndin þakkar kærlega öllum, sem gáfu til sjóðsins, en sérstaklega þeim, sem stóðu fyrir söfnuninni í hinum ýmsu bygðum og bæjum.

Winnipeg, 5. júní 1911.

Fyrir hönd og í umboði 15 manna nefndarinnar.

S. B. BRYNJÓLFSON,
féhirðir.

Aldarafmæli Jóns Sigurðssonar.

KLÚBBURINN Helgi magri ætlar að gangast fyrir samkomu hér í borg til minningar um aldarafmæli Jóns Sigurðssonar, og verður hún haldin í Goodtemplara húsinu laugardagskvöldið 17. júní næstk.

Vér undirritaðir höfum verið kosnir í nefnd til að annást um samkomu þessa, og verður þar skemt með ræðum og kvæðum, söng og hljóðfæraslætti.

Allir Íslendingar eru þangað boðnir og velkomnir. Í næsta blaði verður nánar skýrt frá, hvernig samkomunni verður háttað.

O. S. Thorgeirsson, form. nefndarinnar — Albert Johnson
Gísli Goodman, — Gunnl. Th. Jónsson.
Baldur Sveinsson, ritari nefndarinnar

Fréttir úr bænum.

Herra Steingrímur Jónsson, frá Candahar, kom hinggð til borgarinnar á laugardaginn var. Gat hann þess, að járnbrautarlestir gengju nú beint frá Winnipeg til Edmonton, án næturdvalar í Yorkton, sem áður hefir verið. Einnig kvað hann uppskeruhorfur þar hinar beztu, sem verið hafi í þau sex ár, sem þessi nýlenduhluti hafi verið byggður. Framfarir miklar, — því þegar hann lagði af stað frá Candahar hafi þrír gufuplógar og tvær gasólín-vélar, sem hafi dregið 12 plóga hver, verið að plægja nýtt land innan fjögra mílna frá bænum. Telur hann að innan eins til tveggja ára verði land alt í kring um bæinn komið í einn akur. Herra Steingrímur lagði af stað heimleiðis í kveld.

Herra Runólfur Sigurðsson, frá Semons, Sask., sem hingað kom fyrir nokkrum dögum til að mæta innflytjendum, sem komu frá Íslandi, lagði heimleiðis aftur á laugardaginn var. Hann bað Hkr. að bera kveðju sína til kunningjanna hér í borg með þökk fyrir viðtökurnar.

Blaðið Free Press getur þess, að ungfrú Ingibjörg Hinriksson, frá Churchbridge, hafi af Manitoba búnaðarskólanum verið ráðin til þess að ferðast með flokki þeim, sem skólinn gerir út til þess að sýna íbúum Manitoba fylkis nýustu aðferðir í öllum greinum landbúnaðarins. Ungfrú Hinrikson á að sýna smjörgerð og annað það, er lýtur að starfi kvenna á heimilum bænda.

"Natural History of Iceland" heitir bók ein mikil í skinnbandi, sem herra C. H. Thordarson í Chicago sendi nýlega herra N. Ottenson í River Park að gjöf. Bókin er á ensku, prentuð 1758 í London (fyrir meira en 150 árum) á Englandi, á kostnað manna í Bretlanhi. Í bókinni er nákvæm lýsing á jarðvegi Íslands, eldfjöllum, málmum, jurtagróðri, steinmyndun, dýrum, fuglum, fiskum; einnig lyndiseinkunnum, siðum og lífnaðarháttum íbúanna og atvinnuvegum, loftslagi, tíðarfari og fleiru þ. h. Bókin er rituð af herra Anderson, fyrrum borgarstjórg í Hamburg á Þýzkalandi. Í bókinni eru merkilegar veðurskýrslur, sem ná yfir hvern dag á tveggja ára tíma bili, frá 1. ágúst 1749 til 31. júlí 1751. Í skýrslunni er lýst vindstöðu og vindhraða, loftþunga og hita og kulda yfir hvern dag, og í athugasemdum aftan við skýrsluna, sem samin er af dönskum manni, herra N. Horrebow, er það tekið fram, að vetrar á Íslandi séu engu kaldari en í Danmörku, en sumrin nokkru kaldari; annars sé veðurlag í báðum löndunum mjög líkt, að því undanteknu, að vindasamara sé á Íslandi, og er það talið landinu til gildis, því vindarnir hreinsi loftið og geri landið sérstaklega holt til íbúðar. Fólkinu er vel lýst og bókin er öll skemtileg lesturs og dýrgripur í sinni röð.

Eigandi Market Hotel hefir breytt auglýsingu sinni í þessu blaði. Hefir nú íslenzkan veitingamann, herra P. S. Anderson, fyrrum aldinasala og 'Pool Room' haldara á Sargent Ave., sem Íslendingum er vel kunnur. Hóteleigandinn er hófnautnarmaður, og hefir mikið álit á Íslendingum sem ráðsettum og kurteisum mönnum. Hann óskar eftir heimsókn þeirra og viðskiftum og er reiðubúinn að veita þeim öll þægindi og leiðbeiningar, ef þeir eru ókunnugir og þurfa þess með. Market Hotel er aðal-hótel Íslendinga í Vestur- og Norður-Winnipeg.

JÓN JÓNSSON, járnsmiður, að 790 Notre Dame Ave. (horni Toronto St.) gerir við alls konar katla, könnur, potta og pönnur fyrir konur, og brýnir hnífa og skerpir sagir fyrir karlmenn. — Alt vel af hendi leyst fyrir lítla borgun.

ÚR BRÉFI

Narrows, 8. maí 1911.

Næstl. vetur var fremur harður. Fiskiveiði í meðallagi góð og verð allgott. En brautir afleitar vegna snjóþyngsla. Þó bætti það mikið úr skák, að herra Jóhann Halldórsson, kaupmaður á Lundar, brauzt í, með miklum tilkostnaði, að setja upp verzlun og kaupa fisk, á hentugum stað við nýju járnbrautina, löngu áður en hún var fullger, og sparaði oss þannig 50 mílna flutning á fiski okkar og vörum.

Vortíðin verið fremur góð, en regnfall mikið síðan leið á maí. Þó mun sáning víðast hvar á enda og gripahöld yfirleitt góð.

Félagslíf hefir verið fremur gott hér hin síðustu missiri, og siðgæði gott á öllum samkomum.

Heilsufar hefir verið gott í bygð þessari yfirleitt. Þó er nýlega dáin Halldóra kona Bjarna Helgasonar, bónda hér, væn kona og vel látin.

Engar reglubundnar gufubátaferðir eru nú framar á Manitobavatni, síðan járnbrautin var lögð í Gypsum námana við Fairford, og er það fremur hveimleitt, eins og landvegir eru hér slæmir til járnbrautar.

17. júní í Leslie.

Íslendingar í Leslie, Sask., bjóða til kveldsamkomu í Goodtemplarahúsinu þar í bænum kl. 8 að kveldi þess 17. júní næstk.

Það er til minningar um Jón Sigurðsson og frelsisbaráttu vorrar kæru íslenzku þjóðar.

Samkoman verður frí fyrir alla, og verður þar skemt eftir föngum með söng og ræðum.

Eftir áhuganum að dæma, sem Íslendingar sýndu í, að leggja fram peninga til minnisvarða Jóns, má vonast eftir, að þeir taki margir þátt í að minnast hans þenna dag. Það kostar enga peninga, en að eins ómakið og fyrirhöfnina að koma á staðinn.

Leslie, 5. júní 1911.
Í nefndar umboði
W. H. PAULSON.

ISLENZKAR BÆKUR

Ég undirritaður hefi til sölu nálega allar íslenzkar bækur, sem til eru á markaðinum, og verð að hitta að Lundar P.O., Man. Sendið pantanir eða finnið.

Neils E. Hallson.

BANFIELD'S

Hagkvæma Afsláttarsala

Enn einn listinn yfir afsláttasölu sem hverri húsmóðir í Winnipeg ætti að falla í geð. Lesið hvert atriði, því vér höfum farið niður fyrir innkaupsverð í sumum tilfellum. Komið snemma, því sumt sem er hér boðið, er lítið af. - - - - - -



"PURITAN" KÆLINGARSKÁPUR

Eikar fágaður og gerður eftir nýjustu tízku, með loftleiðslu og öllum þægindum. Matarhillur og afrenslispípur hreyfanlegar. Nauðsynlegur á hverju heimili. Stærð 32x20x46 þuml. Kjörkaupsverð **$14.50**

"QUICK MEAL" Olíu eldavél

Eldavél þessi er vönduð að gerð og auðvelt að hreinsa. Eld er hægt að kveikja viðstöðulaust og auðvelt að stjórna. — Verð á þríbrennara (eins og myndin sýnir Kjörkaupsverð **$12.85**
Tvíbrennarar Kjörkaupsverð **$9.50**



"EXTENSION" BORÐ

Gert úr ask, eikarmálað, með stórri kringlóttri topp-plötu og 5 sterkum, útskornum fótum. Kjörkaupsverð **$13.50**

"CHIFFONIERS"

Fjórskorin eik eða mahogany Með 5 rúmgóðum skúffum og stórum, ávölum spegli, einkar vönduðum Kjörkaupsverð **$21.50**

VÖNDUÐ "LACE" GLUGGATJÖLD Á $7.90 PARIÐ

20 pör af fyrirtaks Venise og Duchesse Point gluggatjöldum, hvítum og með tvennskonar litblæ. Falleg og vönduð. Þau eru $12.50, $13.50 og $15.00 virði parið. Kjörkaupsverð, parið **$7.90**

FERHYRNUR

"Crossley's" ensku flauels ferhrynur

Ofnar saumlaust, þéttofnar, fagrar og endast prýðilega. — Blóma- og Austurlenzkt-skraut, með tvílitum blæ, rauðar, grænar, bláar, brúnar og mórauðar.

Stærð:
9-0x10-6 9-0x12-0 10-6x12 12-0x12-0
Verð: —
$21.00 $22.50 $24.00 $32.75

$42.00 WILTON FERHYRNUR 9x12 á $32.50

WILTON ferhyrnur eru þétt- og gegn-ofnar. Lita alt af út sem nýjar og hreinar. Mjög endingargóðar. Austurlenzkt skraut og tvennskonar litblær: rauðar, brúnar, grænar og bláar. Stærð 9-0x12-0. Vanaverð $42.00. NÚ **$32.50**

CARPETS

Skoskar Axminster gólfábreiður

Mikil og þykk loðna. Mjög fallegar, littrúar og endingargóðar. Viðeigandi í hvert hússins herbergi sem er. Blóma- og Austurlenzkt skraut; með tvílitum blæ. Grænar, rauðar, bláar og brúnar. Viðeigandi kögur. Vanaverð $2.00 yard Nú hv. yard **$1.50**

ENSKAR BRUSSELS ÁBREIÐUR

Alt af útlitsfagrar og hreinar. Endingargóðar og auðvelt að sópa. Rauðar, grænar, bláar og rósrauðar að lit. Austurlenzkt blómamunstur með tvílitum blæ. Viðeigandi kögur. Vanaverð $1.40. Nú hv. yard **$1.10**

Afsláttur á léreptum

Þriðjungs afsláttur á húsgagnfóðri

Við höfum miklar byrgðir af þessum vörum, og til þess að minka þær, seljum vér með svona miklum afslætti. Hér eru teiknin öll af frönskum, þýzkum og enskum klæðum, silki og vönduðum dúkum, o. s. frv., sem eru viðeigandi fyrir veggjatjöld, til að klæða legubekki, stóla, hurðir og glugga. Öll 50 þuml. á breidd, og verðið frá $1.50 til $7.00 hvert yard. En frá því verði gefum vér nú

Þriðjungs afslátt

Nottingham Lace Curtains

100 pör, sem selja á. þau eru unnin úr bezta tvinnuðum Nottingham þræði; fögur og viðeigandi fyrir hvaða herbergi sem er. Þau munu fljúga út, þar sem þau eru $1.75 til $2.25 virði, en seljast nú, — hvert par **$1.12**

Mottur og Olíudúkar

JAPANSKAR MOTTUR

Kaldar, heilnæmar og þægilegar fyrir sumarbústaði. Brúnar, grænar og bláar að lit. Traustlega gerðar. 36 þml. breiðar. Hvert yd. **15c**

OLÍUDÚKAR

Fagurt munstur með snotrum borða, og ljósir og dökkir að lit. Endingargóðir. Hvert yard **15c**

REIPIS MOTTUR

Gerðar úr Cocoa tægjum. — Sterkar, hentugar og ódýrar. Hvert yard **75c**

VÍR MOTTUR

Sterklega gerðar og endast svo árum skiftir. 3 stærðir Verð hver $1.00, $1.25 .... **$1.50**

FYRIRTAKS LINOLEUM

Með reita og blómaskrauti. Ljós og dökk að lit. Slétt yfirborð. 2 yards breið. Vanalegt verð 65c. Nú hv. fer-yard **45c**

SUMARBÚSTAÐA MOTTUR

Búnar til úr beztu Cocoa tægjum. Traustlega ofnar og endingargóðar. Rauðar, grænar, brúnar og mórauðar að lit.

Stærð:
3-0x6-0, 4-0x7-0, 6-0x9-0, 7-6x10-6
Verð: —
$3.00 $4.75 $7.50 $11.75

J.A. Banfield

492 Main St. **Phones Garry 1580-1-2**

skyldi fá bankastjóranum, og að sér væri send kvittanin undir nafni Drummond, Coutts og Barclays bankans.

"Það er ágætt", svaraði bankastjórinn ánægður. "Æðsti umboðsmaður okkar skal koma þessu öllu í lag fyrir yður. Hann er gáfaður og áreiðanlegur, og lætur sér mjög ant um hagsmuni viðskiftamanna okkar".

Ofurstinn brosti ánægður og sat dálítið lengur til að tala um einstök atriði erindis sins. Hann ætlaðist til, að 12 þúsund pund yrðu lögð inn í reikning bræðranna alls, en af þessari upphæð væru að eins 5 þúsund borguð nú, og þessi 6 þúsund vildi hann að strax yrðu borguð í reikning Cyril Warrings, málarans. Hin 6 þúsundin fengi hann að fimm vikum liðnum, og þau vildi hann að borguð yrðu tafarlaust í reikning Guy Warrings, blaðritarans. Dowlandsjörðin helði auðvitað selst fyrir lágt verð, en á þessum skemu tímum mætti maður vera ánægður yfir því, að geta fengið kaupanda að jörðu.

"Það var ungfrú Ewes sem keypti, var það ekki?" spurði bankastjórinn.

"Já, ungfrú Elma Ewes frá Kenilworth", svaraði ofurstinn glaðlega, þegar annað umtalsefni var fengið. "Hún er tónskáld, eins og þér máske vitið, — býr til sönglög og lög fyrir dansa; er eitthvað í ætt við Reginald Clifford, einn af nágrönnum mínum. Í raun réttri er það frú Clifford, sem hún er í ætt við, kona Reginalds, landstjóra sem eitt sinn var; frú Clifford er fædd í Ewes, prestdóttir frá Dorchester. Elma er ættarnafn og nefir verið það um langan tíma hjá öllum þessum Ewes'um, þeir hafa erft það frá hinni rúmenskr ættmóður sinni".

"Er það svo?" svaraði bankarinn, sem var orðinn dálítið hrifinn af spjalli ofurstans, því Clifford var einn af viðskiftavinum hans. "Var ættmóðir

frú Clifford frá Rúmeníu. Já, mér sýnist hörundslitur hennar nokkuð sunnlendingalegur, — nærri því Tataralegur, að minsta kosti ekki enskur".

"Já, þeir kalla það rúmenskt", svaraði ofurstinn einlæglega, af því það þykir laglegra, en ég held, þegar maður athugar það nákvæmlega, þá hafi hún verið tatarastúlka einhversstaðar frá Austurlöndum. Sir Michael Ewes, ættfaðir fjölskyldunnar, var sendiherra í Konstantinópel, þegar Georg II. réði hér ríkjum; upphaflega var hann tyrkneskur kaupmaður, og einhverju sinni, þegar hann gekk um götu í Pera — segir ættarsagan — mætti hann hinni áðurnefndu tatarastúlku, sem kvað hafa verið mjög merkileg, ein af þeim — hún hefir kunnað að dáleiða —, sem upprunalega var af ætt indverskra höggorma-særingamanna. Það lítur svo út, sem stúlkur þessarar einkennilegu ættar hafi verið uppaldar og mentaðar til að verða spákonur, sem jafnframt og þær spáðu dönsuðu eins konar galdradans, mjög óskiljanlegan. Hvernig sem á þessu stendur, þá er það víst, að Sir Michael mætti þessari tatarastúlku á götu í Pera, og þar eð hún var mjög fögur, varð hann strax ástfanginn af henni. Ástarþráin óx, þegar hann nokkuru síðar sá hana dansa galdradansinn, og hann hafði engan frið fyr en hún var orðin hans. En enda þótt hann sýndi með þessu smekkvísi Austurlendinga og fljótfærni í ástasökum, var hann að öðru leyti virðingarverður Breti og þess utan farinn að eldast; hann sá um það, að stúlkunni yrði kend kristin fræði og hún skírð, og að því búnu kvongaðist hann henni og fór með hana heim til Englands, sem lafði Ewes. Hún var einnig kynt hirðinni og Georg II., og lafði Montagu, sem var brúðarmey hennar, kynti hana öllu heldra fólkinu í London".

"Nú, hvernig endaði svo þetta djarfiefli, því slíka gifting er víst óhætt að nefna þannig?" spurði bank-

arinn.

Endaði? Jú, það éndaði með stórri og fallegri fjölskyldu, 13 börnum", svaraði ofurstinn. "Til alfrar lukku fyrir föðurinn, dóu flest af þeim á unga aldri. Þau fimm, sem lifðu, giftust síðar inn í mjög góðar fjölskyldur, en öll höfðu þau einkennilegt séreðli, sem kvenfólkið erfði. Það er mjög einkennilegur arfur þessi ættar-arfur, — mjög merkilegur".

"Já, það er satt, en hvaða séreðli var það, sem allar stúlkur ættarinnar erfðu frá þessari tatara stúlku?"

"Jú, fyrst og fremst", svaraði ofurstinn, "eru allar stúlkurnar af Ewes-ættinni, að minsta kosti í fjórða lið, og sumar lengra niður, með ljósjarpt hörund, mjúkt og gagnsært eins og kristallur, þess utan geta þær allar lesið hugsanir manna á andliti þeirra, — einhver eðlisávísun hlýtur það að vera. Ég fyrir mitt leyti vil ógjarnan vera athugaður af konum þessum, þegar ég er að hugsa um eitthvað, sem ég vil geyma hjá sláfum mér. Augu og andlit manna er jafn gagnsært fyrir þær og gler, þær geta lesið hugsanir manna í gegnum líkamann".

"Já, hafi ættmóðirin verið spákona", sagði bankarinn, "þá er það ekkert undarlegt, því slíkar spákonur þurfa að vera skarpskygnar; þær þurfa að geta séð svipbreytingu manns undir eins, og haga sér eftir henni, svo að þær í spásögn sinni leggi rétta áherzlu á ímyndanirnar og geti farið sem næst vilja mannsins með spásögn sína. Haldið þér það ekki?"

"Jú, áreiðanlega", svaraði ofurstinn, "það er einnig mín skoðun, og þessi kona, — Esmeralda hét hún, en því nafni var breytt í Elma, sem þótti betur viðeigandi, og síðan hefir gengið í erfðir —, þessi kona tilheyrði eins konar erfðastétt eða prestastétt, sem lagði það fyrir sig að spá, eins og allir forfeður hennar höfðu gert langt aftur í tímann. Þess vegna

þroskaðist þetta atgervi, að lesa hugsanir manna, meir og meir. Og svo segja menn einnig, að allar konur, sem eiga ætt sína að rekja til frú Esmeralda, eða lafði Ewes af Charlwood, sem hún varð í Englandi — eigi þann dag í dag í geymslu sinni undarlegan og ógeðfeldan arf eftir forfeður sína. Hann er að sönnu af því tagi, sem ekki er auðvelt að sanna eða skilja, enda þótt margir af ættarvínunum hafi sagt mér það mörgum sinnum".

"Ó, það er ekki alt búið enn? Hvaða arfur er það?" spurði bankarinn.

"Menn segja, að indverski höggormadansinn, sem var sérkenni í ætt frú Esmaröldu, hafi einnig gengið í erfð í kvenlegg ættarinnar. Þegar þetta ofboð kemur yfir þær, loka þær sig inni í herbergi sínu, hefir mér verið sagt, og snúast þar í hring tímunum saman eins og dansandi förumunkar, og halda jafnan á einhverju, sem líkist höggormi, þangað til þær eru orðnar magnlausar af þreytu. Jafnvel þó að stúlka, sem hefir Esmeröldu blóð í æðum sínum, geti varist þessu ofboði um langan tíma, brýst það út hjá henni þegar hún sér höggorm í fyrsta skifti, eða þegar hún fær sanna og alvarlega ást á manni. Þá er það eins og ættarinnar mókandi eðli vakni um leið og ástin, sem er öllu kvenfólki sameiginleg.

"Markvert", sagði bankarinn, "mjög markvert, og þó að vissu leyti eðlilegt, því lífsvenjurnar, sem æfingin gerir alfullkomnar, hljóta að verða sameinaðar líkama og sál, verða einn liður í lífærakerfi hennar, og ef þessi kona er af ætt langrar raðar af spákonum —"

"Ég bið yður að afsaka", sagði ofurstinn, þegar hann var búinn að líta á úrið sitt, stóð upp og greip hattinn, "ég var búinn að lofa einum vina minna að finna hann í gildisskálanum kl. 3½, svo ég þori ekki að bíða lengur. Ég reiði mig á að þér, strax og

Yfirlit.

Motto:

Fyrirmyndar forskeytum
forsjón engum gæddi 'ann.
Endemis með áskeytum
öllu megin klæddi 'ann.

Nú hefir Gunnl. Tr. Jónsson lagt niður vopnin í hinum svonefnda "Leirskálda-bardaga". Kom það vist mörgum á óvart, svo herskálega, sem þar var af stað farið. En óneitanlega ber það vott um réttara sjálfsmat og aukna lífsreynslu. — Í kveðju orðum sínum lýsir hann yfir því, að hann ætli ekki að segja meira í þessu máli vegna þess, að þeir sem hann hafi átt orða skifti við vilji ekki ræða málefnið, en beiti í þess stað útúrsnúningum og illkvitnis aðdróttunum.

Vegna þess að mér finst þetta ekki rétt, hvað mig snertir, og einnig vegna þess, að ég sé ekki betur en að hann fari með fleiri vísvitandi ósannindi í síðustu grein sinni, finn ég mér skylt að gera ofurlítið yfirlit yfir afskifti mín af þessu máli.

Ég hefi engu íllu dróttað að G. Tr. J., ekki farið neitt út fyrir framkomu hans í þessu máli, enda hefi ég ekki neitt ilt til hans að segja persónulega, og er langt frá því að ég vilji ófrægja hann á nokkurn hátt. Hvað umræður um málefnið snertir, hefi ég leitast við að fylgja sömu reglu.

Aðallega hefi ég tekið þrjú atriði til íhugunar í sambandi við þetta mál. Þgð er: 1. Ummæli G. Tr. Jónssonar um Hagyrðingafélagið; 2. Afstaða blaðanna í þessu máli, og 3. Meðferð íslenzkrar tungu.

G.Tr.J. drap á öll þessi atriði í fyrstu grein sinni, en þegar ég tala um þau, kallar hann það útúrdúra, sem ekki komi málinu við. Vegna þess að eitt atriði er rétt hjá honum (það að betur færi á því, að minna væri prentað af lélegum kveðskap en nú á sér stað), heldur hann að alt hljóti að vera rétt, sem honum kemur til hugar að segja. Sjálfsálitið gerir hinar fáránlegustu vitleysur að "algildum meginreglum". Ég ætla ekki að þreyta neinn á að minnast frekar á fyrsta atriðið. Það er óþarfi. Allir sjá að það þarf meira en meðalmanns ósvífni til að skrifa um heilan hóp ólektra manna eins og G.Tr.J. skrifaði um meðlimi Hagyrðingafélagsins, þó hann flétti sjálfum sér lárviðarsveig, gangi hróðugur af hólmi og þykist vel hafa mælt, hefir hann hvergi fundið þeim ummælum stað.

Þá er annað atriðið: Afstaða blaðanna. Ég álít blöðin vítaverðari fyrir útbreiðslu leirburðarins, heldur en skáldin fyrir framleiðsluna. Sá er munur kveðskaparins í blöðunum og þess, sem gefið er út í bókum og bæklingum, að bæklingana þarf enginn að kaupa fremur en honum sýnist, en blaðabullinu er þrengt að mönnum, hvort sem þeim líkar betur eða ver. — Hvað er léleg blaðamenska, ef ekki það: að flytja efni, sem ritstjórinn álítur að sé þjóðinni svívirðing og lesendum blaðsins viðbjóður? Hvað er ómenska, ef ekki það, að blöðin ráðist með ópi og illum látum á höfundana fyrir þau verk þeirra, sem blöðin sjálf hafa tekið til birtingar. Ég gat þess áður, að blaðamenn heima á Íslandi væru vandari í vali kvæða en stéttarbræður þeirra hér. Þetta segir G.T.J. hina mestu fjarstæðu. Sómatilfinning leirskáldanna á Íslandi ráði öllu þar um, þau hafi aldrei reynt að koma bulli sínu í blöðin. Þessi spaklega ályktun er vel þess verð, að hún sé látin blakta á milli lárviðarlaufanna í krúnu sigurvegarans. Ég veit ekki, hvar Gr.T.J. hefir grafið upp þennan fróðleik. Hann gæti með litlum kostnaði fengið sér fulla vissu um, að blöðunum heima berst árlega urmull kvæða, sem þau aldrei birta einn staf úr. Þetta er á almanna vitorði heima, og af því hefir það almennings álit myndast að hver sá, sem á óhindraðan aðgang að blöðunum með kveðskap sinn, sé vel skáldmæltur. Fyrsta viðurkenning, sem íslenzk skáld fá, er vanalega sú, að blöð og tímarit taka kvæði þeirra til birtingar. Sum blöð heima neita eftirmælastagli upptöku, þó peningar fylgi. Einnig skrum auglýsingum um kynjalyf og annað því líkt, sem ritstjórnin skoðar tál og blekkingar, að eins til að féfletta fáfróða. — Frá fjárhagslegu sjónarmiði er þetta vitanlega hin mesta vitleysa en í augum ráðvandra blaðamanna er það skylda. Með því að veita móttöku, hverju sem vera skal, hafa vestur-íslenzkir blaðamenn átt sinn þátt í að kenna mönnum óvandvirkni og innleiða þann hugsunarhátt, að alt sé boðlegt. — Af þessu, sem hér er sagt, dreg ég þá ályktun, að blöðin gæti gert miklu meira gagn með því að vanda sjálf sig, heldur en þó þau atyrði þá, sem í sakleysi og einfeldni senda þeim skrif sín til birtingar.

G.Tr.J. segir ég telji það "höfuðsynd" og glæp, að hann hafi vandað um við "leirskáldin" fyrir meðferð þeirra á íslenzku máli. Hér hlýtur að vera vísvitandi farið með ósannindi. Ég hefi aldrei vítt hann fyrir það með einu orði. Ef hann sýndi sig færan til að leggja þar orð í belg, af viti og þekkingu, væri hann maður að meiri. Það sem ég mintist á þetta atriði áður, var beint svar við spurningu frá G.Tr.J. Og beindi ég því að blaðinu Heimskringlu, en ekki sérstaklega að G.Tr.J. En annaðhvort vegna þess, að þar hefir honum runnið blóð til skyldu, sem bögumælin voru, eða vegna riddaralegs hugarfars, vill hann taka alla sektina upp á sínar breiðu herðar. Ómegðin reynist þar langtum meiri en hann fái staðist straum af. Því af 10 dæmum um bjagað mál og rangar þýðingar, sem ég tíndi upp af einni blaðsíðu Heimskringlu, og 6 annarstaðar frá, reynir hann að halda lífinu í 4. En lík munu forlög þeirra og hinna systkinanna, alt eru það blóðlausir og mergtómir vanskapnaðir, sem veslast upp í faðmi föður sins.

Ég veit vel, að sjálfur kann ég ekki íslenzku svo vel sé, og ætti ég því að hafa hér sem fæst orð. En þó kemur það fyrir, að svo langt er gengið í óvandvirkni og illri meðferð málsins, að mér finst, þrátt fyrir mína mjög svo takmörkuðu þekkingu, að ég hafa rétt til að taka til máls.

Ég get ekki stilt mig um, að minnast á nýyrðin í sambandi við þetta.

Er móðurmáli okkar engin hætta búin af því að hver klaufinn fáist við að mynda ný orð? Lýsi þau "laukrétt" og "hárétt", án þess að gera sér ljósa grein fyrir því, hvað í þeim felst. Mér sýnist full þörf á, að brýnt væri fyrir mönnum, að ekki er allra meðfæri að mynda ný orð, og yfirleitt heppilegra, að gera ekki meira af því, en nauðsyn ber til. Og nauðsynin er oft minni, en menn halda. Ég skal taka til dæmis setninguna um "heimshnefaleikarann". — Mundi ekki hafa farið betur að segja: Hnefaleiks heimsmeistarinn Jack Johnson var tekinn fastur og sektaður fyrir að keyra of hratt í bifreið sinni? G.T.J. segir það "algilda meginreglu, að lýsa sérkennum manns með einu orði en ekki mörgum". Hvar sú meginregla gildir, getur hann ekki um, en víst er hún ekki í gildi hjá oss. Því alsiða er að tala um t. d. sérfræðing í hvaða fræðigrein sem er, Doctor í guðfræði, læknisfræði, heimspeki, o. s. frv. Svo ég víki aftur að nýyrðunum, og nauðsyn þeirra, — mér kemur ekki til hugar að amast við þeim, þar sem þeirra er þörf. En þegar menn mynda ný orð þar, sem gömul og góð orð eru fyrir, að eins til þess að vera ekki eins og aðrir menn, eða breyta orðum að þarflausu, finst mér þeir gera fremur skaða en gagn.

Fer t. d. nokkuð betur á því, að segja "l e i ð s a g i" fyrir leiðsögumaður? Eftir sömu reglu ætti að koma f r a m s a g i fyrir framsögumaður, hafnsagi fyrir hafnsögumaður, o. s. frv. Væri um leiðsögukonu að gera mundi hún nefnd l e i ð s a g a. Nýlega hefir verið rætt töluvert um, hvernig þýða skuli á íslenzku: orðið "flying machine", nefna sumir "gandreið", aðrir "flugu". Er ekki f l u g v é l algengasta og bezta orðið og fullnægjandi í alla staði?

Eða má ekki með sama rétti nefna flugmanninn fugl, eins og flugvélina flugu? Þá er "samak" og "samneyti" og á að merkja "team" eða uxapar. Til samanburðar við orð þessi mætti benda á gamla orðið e y k u r (ak-dýr), og er oft talað um eineykisvagn, mætti ekki segja tvíeykisvagn, jafnvel setja tvíeyki fyrir p a r og e y k i fyrir "samak"? Þetta er að eins sett hér til athugunar, og lagt undir dóm þeirra, sem betur vita. Eitt vil ég taka fram í sambandi við þetta: það er, að ekkert af þessu er sagt að kvefsni eða óvild til þeirra, sem hér eiga hlut að máli, heldur að eins vegna þess að mér sýnist þessi breytinga ástríða hafa náð of miklu haldi á hugum manna. Mætti einnig nefna ýmsar fordildar fettur í stíl og orðskipun, sem menn temja sér, en sjaldan eru til bóta. Það er ekki dæmalaust, að málsgreinar, sem í sjálfu sér eru fagrar og vel limaðar, koma manni fyrir sjónir eins og römmustu fordæður, brotnar á bak aftur, með höfuðið rekið fram á milli fóta. vegna óeðlilegrar, sérvizkulegrar orðskipunar. — Sem dæmi þess, að vel má rita blátt áfram, eru t. d. verk Dr. Jóns Bjarnasonar; hann skrifar að mínu áliti, bezt íslenzkt mál hér um slóðir. Hann gefur sig ekki við þessu nýyrðatildri, en hefir þó ætíð tök á að segja það, sem honum býr í brjósti, og segja það svo vel, að nauta er að lesa, með þeim orðum sem móðurmál okkar hefir að geyma.

Það er að líkindum fífldirfska af mér, að láta þetta frá mér fara. En ég skeyti því ekki að þessu sinni. Sé það, sem ég hefi sagt, rangt, er ég hverjum þakklátur sem leiðréttir.

28. maí.

Hjálmar Gíslason.

Minnisvarðar úr Málmi.

Eru mikið fallegri og í öllu tilliti fullkomnari, fyrir sömu peningaupphæð, heldur en úr marmara eða granit. WHITE BRONZE minnisvarðar, búnir til af The Monumental Bronze Co., eru nú komnir í mikið meira álit en steinn. "White Bronze" heldur sinum rétta, eiginlega, ljósgráa lit öld eftir öld, þolir öll áhrif loftsins, hita og kulda — það gerir steinninn ekki, — hefir engar holur, molnar hvorki né klofnar, springur ekki, tekur ekki í sig raka eða vætu; verður ekki mosavaxið; — þetta alt gerir steinninn

Alt letur er upphleypt, steypt um leið, og getur því ekki slitnað af eða brotnað; sömuleiðis ýms merki og myndir til prýðis (sem kaupandi velur sjálfur), -- alt sett á frítt.

Mörg hundruð úr að velja af ýmsri stærð og lögun. Kosta frá fáeinum dollurum upp til þúsunda

Spyrjið um myndir, stærð þyngd og verð á þessum minnisvörðum (bréflega eða munnlega) áður en þið kaupið stein. Allar upplýsingar góðfúslega gefnar af

J. F. Leifson,
Quill Plain, Sask

A. S. TORBERT'S
RAKARASTOFA
Er í Jimmy's Hótel. Besta verk. ágæt verkfæri; Rakstur 15c en Hárskurður 25c. — Óskar viðskifta Íslendinga. —

JIMMY'S HOTEL
BEZTU VÍN OG VINDLAR.
VÍNVEITARI T.H.FRASER,
ÍSLENDINGUR. : : : : :
James Thorpe, Eigandi

MARKET HOTEL
146 Princess St.
á móti markaðnum
P. O'CONNELL, eigandi, WINNIPEG
Beztu vínföng vindlar og aðhlynning góð. Íslenzkur veitingamaður P. S. Anderson, leiðbeinir Íslendingum.

Woodbine Hotel
466 MAIN ST.
Stærsta Billiard Hall í Norðvesturlandinu
Tíu Pool-borð.—Alskonar vín og vindlar
Gisting og fæði: $1.00 á dag og þar yfir
Lennon & Hebb
Eigendur

JOHN DUFF
PLUMBER, GAS AND STEAM FITTER
Alt verk vel vandað, og verðið rétt
664 Notre Dame Av. Phone Garry 2568
WINNIPEG

THE DOMINION BANK
HORNI NOTRE DAME AVENUE OG SHERBROOKE STREET
Höfuðstóll uppborgaður: $4,000,000.00
Varasjóður - - - $5,400,000.00
Vér óskum eftir viðskiftum verzlunar manna og ábyrgumst að gefa þeim fullnægju. Sparisjóðsdeild vor er sú stærsta sem nokkur banki hefir í borg uni.
Íbúendur þessa hluta borgarinnar óska að skifta við stofnun sem þeir vita að er algerlega trygg. Nafn vort er full trygging óhlutleika. Byrjið spari innlegg fyrir sjálfa yðar, konu yðar og börn.
Phone Garry 3150 **Scott Barlow**, Ráðsmaður.

Vitur maður er varkár með að drekka eingöngu HREINT ÖL. Þér getið jafna reitt yður á
DREWRY'S
REDWOOD LAGER
Það er léttur, freyðandi bjór, gerður eingöngu úr Malt og Hops. Biðjið ætíð um hann.
E. L. DREWRY, Manufacturer, Winnipeg

STRAX
Í DAG er BEZT AÐ GERAST KAUPANDI AÐ HEIMSKRINGLU. — ÞAÐ ER EKKI SEINNA VÆNNA.

MANITOBA

TÆKIFÆRANNA LAND.

Hér skulu taldir að eins fáir þeirra miklu yfirburða, sem Manitoba fylki býður, og sýnt, hversvegna allir þeir, sem óska að bæta lífskjör sín, ættu að taka sér bólfestu innan takmarka þessa fylkis.

TIL BÚNDANS.

Frjósemi jarðvegsins og loftslagið hafa gert Manitoba heimsfræga, sem gróðrarstöð No. 1 hard hveitis.
Manitoba býður bændasonum ókeypis búnaðarmentun á búnaðarskóla, sem jafngildir þeim beztu sinnar tegundar á amerikanska meginlandinu.

TIL IÐNAÐAR- OG VERKAMANNA.

Blómgandi framleiðslustofnanir í vorum óðfluga stækkandi borgum, sækjast eftir allskyns handverksmönnum, og borga þeim hæztu gildandi vinnulaun. Algengir verkamenn geta og fengið næga atvinnu með beztu launum. Hér eru yfirgnæfandi atvinnutækifæri fyrir alla.

TIL FJÁRHYGGJENDA.

Manitoba býður gnægð rafafls til framleiðslu og allskyns iðnaðar og verkstæða, með lágu verði; — Frjósamt land; — margvíslegar og ótæmandi auðsuppsprettur frá náttúrunnar hendi; — Ágæt samgöngu og flutningatæki; — Ungir og óðfluga vaxandi bæir og borgir. — Alt þetta býður vitsmunum, auðæfum og framtakssemi óviðjafnanleg tækifæri og starfsarð um fram fylstu vonir. Vér bjóðum öllum að koma og öðlast hluttöku í velsæld vorri og þroskun. — Til frekari upplýsinga, skrifið:

JOS. HARTNEY, 77 York Street, Toronto, Ont.
JOS. BURKE, 178 Logan Avenue, Winnipeg, Man.
A. A. C. LaRIVIERE, 22 Alliance Bldg., Montreal,
J. F. TENNANT, Gretna, Manitoba,
J. J. GOLDEN,
Deputy Minister of Agriculture and Immigration, Winnipeg

tækifæri gefst, látið mig vita um bankanafn þessara ungu manna".

"Þér megið öruggur treysta okkur", svaraði bankarinn, "okkur er ánægja í því, að gera yður greiða. Verið þér sæll, verið þér sæll".

Undir eins og ofurstinn var farinn, hringdi bankarinn litlu klukkunni sinni tvisvar.

Hr. Montague Nevitt kom strax inn.

"Hr. Nevitt", sagði bankarinn. "Ég hefi nokkuð handa yður að gera, en það verður að gerast með gætni og algerðri þagmælsku. Kelmscott ofursta í Tilgate langar til að vita, hvar tveir ungir menn, Guy og Cyril Warring, hafa bankareikning, og þegar hann er búinn að fá vitneskju um það, ætlar hann að leggja talsverða peningaupphæð í reikning þeirra, en alt með leynd".

Nevitt lét ekki á því bera, að hann þekti þessa menn, en hneigði sig og svaraði: "Ef það er áriðandi að vita þetta strax, þá skal ég reyna að komast eftir því í dag".

XIV. KAPÍTULI.

Áhrif hljóðlistarinnar.

Því hr. Montague Nevitt var varkár, slunginn og framsýnn maður, sem fremur flestum öðrum fann að þekking er vald. Hann hafði tvær ástæður til að dylja það, að hann þekti þessa bræður: Fyrst þá, að með því að útvega bankanum upplýsingu um bræðurna, fengi hann betra álit, ef hann gerði það á hálfum degi, og að öðru leyti áleit hann gott fyrir

sig, að kynnast leyndarmálinu, sem hlyti að vera í sambandi við þetta, ef það væri mögulegt.

Þegar hann talaði við Guy um kveldið, mintist hann ekki með einu orði á, að hann þekti leyndarmál, sem snerti fjármunalegar ástæður Guys. Hann grunaði strax, að ofurstinn mundi vera faðir bræðranna, og ef hann gæti náð í áreiðanlegar sannanir fyrir því, bjóst hann við að geta hrætt peninga út úr ofurstanum, og máske bræðrunum líka, og þá var leyndarmálið honum mikils virði.

Um kvöldið heimsótti hann Guy með fiðlinið í hendinni og vindil í munninum, en mintist ekkert á grun sinn um faðerni hans.

Vináttа þeirra Guys og Nevitts bygðist aðallega á ávi, að þeir voru báðir hneigðir fyrir söng. Þess utan hafði Nevitt einhver óholl og töfrandi áhrif á Guy, sem Cyril gat ekki skilið. Og einmitt þetta kvöld, þegar Nevitt lék á hljóðfærið með óviðjafnanlegri snild, hallaði Guy sér aftur á bak í stólnum og hlustaði hugfanginn á þessa töfrandi tóna, sem hann áleit sig aldrei mundi geta náð, og ekkert því líkt.

"Þetta er aðdáanlegt, Nevitt", sagði Guy, "ég hefi aldrei heyrt nokkurn mann leika eins vel á fiðlin. Hvað er þetta lag kallað? Ég þykist vita, að það sé frá Austurlöndum".

"Þér skjátlar", svaraði Nevitt brosandi, "það er enskt, algerlega enskt, samið af Elmu Ewes, frænku ungfrú Clifford hans Cyrils. Hún býr til óviðjafnanleg lög".

"Já", svaraði Guy og lagði aftur augun eins og í draumi. "Það er undarlegt vald, sem býr í slíkum tónum. Ég held að góð tónlist gæti tælt mig til að gera hvað sem er".

"Og þó held ég þú sért naumast mjög hneigður fyrir tónlist. Þú hefir gripið til þessa, svo að þú líktist ekki Cyril um of. Listhæfileikar ykkar eru

hinir sömu, og ef þú hefðir látið þá ráða, þá værir þú líka málari, en Cyril valdi blýantinn og pentilinn, og þá tókst þú fyrir að iðka tónlist. Það er þér líkt, það er eitthvað í lunderni þínu, sem kemur þér til að velja það, sem þú ert ekki hneigður fyrir".

"Já, auðvitað, mér finst það mjög eðlilegt, að ég vilji hafa eitthvert einstaklingseðli út af fyrir mig".

Nevitt hugsaði með sjálfum sér, að Cyril gerði enga tilraun til að líkjast ekki Guy, hann væri í raun og veru miklu sjálfstæðari og staðfastari. Svo hélt hann áfram að leika brot úr ýmsum fjörugum lögum, og þess á milli gat hann um ýms höpp, sem sér hefði viljað til í peningasökum síðustu vikurnar.

"Vitaskuld get ég ekki átt við þetta gróðabrall undir mínu eigin nafni, eins og þú skilur", sagði hann kæruleysislega. "Það er bankastjórunum ógeðfelt, að umsjónarmenn þeirra sýsli við gróðabrall, og þess vegna nota ég nafn mágs míns, Tom Whitleys, við minar gróðatilraunir. Cedulao-hlutirnir hækkuðu upp í 108 í gær, það var góð hugsun, að kaupa af þeim, enda hefi ég oftast lánið með mér. Var það ekki góð bending, sem ég gaf þér í vikunni sem leið? Seldirðu ekki í dag, nú eru þeir komnir upp í 96, og þú keyptir þá fyrir 80".

"Nei, ég vildi ekki selja í dag", svaraði Guy. "Ég er að bíða eftir, að þeir hækki upp í hundrað, og þá ætla ég að selja þá, en fyr ekki".

"Já, en það er heimska", svaraði Nevitt ákafur. "Þú hefðir átt að selja í dag, þeir hafa hækkað eins mikið og þeir geta. Þeir fara bráðum að falla aftur, og þá falla þeir með hraða eins og steinolíuhlutirnir á laugardaginn. Farðu að mínum ráðum og seldu á morgun eins snemma og þú getur, þá græðirðu 16 pund á hverjum. og það máttu verg ánægður með. Þú keyptir tíu,— var það ekki? Það

eru þá 160 pund í hreinan gróða með lítilli fyrirhöfn".

Guy þagði stundarkorn og sagði svo: "Ég held ég selji þá á morgun, Nevitt, eða, sem er það sama, þú selur þá fyrir mig. Stundum dettur mér í hug, að ég sé flón, að vera að fást við þetta gróðabrall, sem eykur manni ótta og spenning, og að ég gerði réttara að halda mér við guineu-dálkinn í Morning Mail. Ég ætti alls ekki að fást við kauphallargróðabrall".

"Ég er þér samþykkur í því", sagði Nevitt. "Það er alt annað, þó ég geri það, því að það eins og heyrir minni stöðu til, en svo gerir þú þetta aldrei nema eftir mínum ráðum, og ég ætti að þekkja það, hvaða hlutabréf eru nokkurs virði og hver ekki".

Svo lagðist hann endilangur í legubekkinn og reykti vindilinn sinn, án þess að segja nokkurt orð í 10 mínútur. Með mestu hægð dró hann skjal upp úr vasa sínum og las það þegjandi.

"Hvað hefirðu þarna?" spurði Guy forvitnislega.

"Ó, það er ekkert. Þú vilt ekki eiga við slíkt. En svo ég segi þér eins og er, þá er það boðsbréf að alveg nýju fyrirtæki, sem opinberað verður í næstu viku, en þú vilt ekki eiga við þess konar. Ég er að hugsa að skrifa mig fyrir 300 hlutum, því ég er alveg viss um, að það er gróðavænlegt, og ætlaði að ráðleggja þér að taka 150. Það er óvanalega ódýrt, tíu shillings þegar maður skrifar sig, og tíu shillings, þegar maður fær hlutabréfið. Fleiri borgana er ekki krafist".

"Lofaðu mér að sjá boðsbréfið", sagði Guy.

"Það er Rio Negro gimsteinafélagið", sagði Nevitt. "En það er líklega réttast, að þú eigir ekkert við það, ég vil naumast taka á mig ábyrgðina fyrir því að telja þig á að vera með, enda þótt fyrirtækið

Töfralæknirinn.

EFTIR

ÁLF ORMSTUNGU.

Hefirðu séð læknirinn?

Er hann ekki ákaflega einkennilegur?

Er hann ekki skelfilega fallegur?

Er hann ekki góðmannlegur?

Er hann annars nokkuð líkur öðrum mönnum?

Svona spurningar og þessum líkar heyrði maður á hverjum gatnamótum, í hverju húsi, og hvar sem tveir eða fleiri töluðu saman.

Alt var í uppnámi. Allir urðu lasnir. Meira að segja þeir, sem alment voru álitnir heilsuhestar ódrepandi. Þeir fundu til gigtarstingja eða innvortis kvilla,kveisu, höfuðverkjar, sjóndepru, magnleysis eða einhvers sjúkdóms. Allir vildu verða fyrstir að ná fundi þessa töfralæknis, sem læknaði allar meinsemdir með makalausum töfrakrafti, svalaði hverri þrá, seðaði allar sorgir, — að eins með trú og handaþukli.

Og nú var læknirinn kominn mitt á meðal þeirra. Fólkið þyrptist utan um þennan undramann. Fyrsta daginn fékk mannaumingjinn ekki tíma til snæðings, enda trúðu sumir því fastlega, að hann æti ekki mat, hann neytti einhvers æðra sár til lífsviðurhalds.

Umhverfis húsið, sem hann dvaldi í, stóð fjöldi af fólki frá morgni til kvelds, eins og á uppboðsþingi. Þar var fólk á öllum aldri og öllum stærðum, með alla upphugsanlega sjúkdóma, og allir keptu að sama takmarkinu, að ná fundi hans, — taka í hendina á honum, einkum gamla kvenfólkið. Kerlingarnar þóttust sjá einhverja guðdómlega blíðu skína úr augum hans, og sumar þóttust finna þægilegan hitastraum og nýtt líf fara um sig alla frá hvirfli til táa, þegar hann snerti þær, og sumar þóttust meira að segja sjá, og fullyrtu að það væri, geislahringur um höfuðið á honum, eins og þær höfðu séð á myndum af Kristi. Og í hvert sinn sem einhver vesalingur kom út frá þessum lausnara, troðfullir af fölskum vonum, þá var sleginn um hann hringur af fólum og hóstandi aumingjum, öðrum með kreftar fætur og höndur, og allir spurðu að því sama:

Hvað gerði hann við þig? Hvað sagði hann þér? Sagði hann þér batnaði? Finnurðu nokkurn mun á þér? Ertu nokkuð betri? Því allir þráðu það sama, að fá bót meina sinna, — fá að lifa.

En læknirinn virtist ekki taka neitt eftir öllum þessum gauragangi. Hann leit framan í alla, sem inn komu, neri með höndunum ofurlítið þá, sem einhverja útvortis meinsemd höfðu og sagði, að þeim mundi betur batna með tímanum, en þeir yrðu að trúa að þeim batnaði. Sumum innvortis veikum vísaði hann á meðul, en sá varð stundum gallinn á því, að þegar sjúklingurinn átti að fara að fá þau meðul, þá þektu vísindin ekkert til þeirra.

Sumu af yngra fólkinu spáði hann fyrir, helzt um giftingar og glæsilega framtíð. Sumum sagði hann að loka sig afsíðis einhvern vissan tíma á hverjum degi, og kasta frá sér öllum áhyggjum og bara trúa og biðja, þá fyltist alt í kring um þá með anda framliðinna, og þeim mundi batna.

Og allir trúðu og allir vonuðu, og allir vildu lifa, og allir borguðu guðsmanninum eitthvað.

En enginn mundi minstu vitund eftir Narfa gamla í Koti, nema gigtar Gudda gamla; hún sagði það væri himinhrópandi synd og bölvuð skömm af kristnu fólki, að láta ekki Narfa gamla vita af þessum lækni. Hún væri sannfærð um, að hann gæti læknað hann. Hún sagði, að mjaðmirnar á sér væru eins og nýsleginn túskildingur síðan hún hefði farið til hans, og hún hljóp í einum spretti heim til Narfa gamla.

Narfi gamli bjó ofurlítið utanvert við bæinn með kerlingunni sinni. Hann hafði verið talsverður búnubbur og gróðamaður á fyrri árum, og framúrskarandi sparsamur, en hafði nú síðustu árin legið alveg rúmfastur í hjartveiki og máttleysi í fótum, og nú bjuggu þau á ofurlitlum landsbletti og höfðu tvær kýr og dálitinn garð, hænsi og andir og ýmsar tegundir alifugla, og voru vel sjálfbjarga efnalega.

Og nú var Gudda gamla sest hjá Narfa og farin að fræða hann á þessum nýja lækni.

Ég er alveg hárviss um, að hann getur læknað þig. Þú vissir nú, hvernig ég hefi verið í mjöðminni, gigtin sem hefir ætlað mig lifandi að drepa; en nú get ég ekki sagt ég finni til hennar. Mér finst ég nærri geti flogið, sagði Gudda í nokkurs konar eldmóð.

Ég er búinn að kosta ærið nógu til meðala árangurslítið, mælti Narfi daufleg.

Ó, blessaður, hann læknar ekki svoleiðis, sagði Gudda, og baðaði út höndunum, og hann setur ekkert upp, og maður þarf ekki að borga honum neitt, fremur en manni lizt. Hann læknar með anda trú.

Andarú, andarú, er það áburður eða inntaka? spurði Narfi nokkuð hressari.

Það er hvorki áburður eða inntaka, blessaður vert, sagði Gudda alveg forviða hissa á þekkingarleysi Narfa. Hann læknar með öndum og kostar ekkert.

En andir eru peningavirði núna, kella mín, og varla held ég að ég fari að lóga öndunum okkar, þær eru ekki svo margar, upp á von en enga vissu um bata, sagði Narfi með ákafa.

Ó, þú skilur mig ekki, Narfi minn góður, sagði Gudda, dálitið háðslega, en þó hreykin af mentunaryfirburðum sínum fram yfir Narfa.

Nú, eru það þá viltar andir, eða máske einhver ný andategund? spurði Narfi hikandi og hálfragur að eiga mikið undir kunnáttu Guddu.

Nei, nei, nei, blessaður Narfi minn, ég hélt að allir könnuðust við andatrú. Það eru engar andir, engir fuglar. Hann notar anda framliðinna til að hjálpa sér að lækna lifandi menn, sagði Gudda, og þandist út við þessa mikilvægu skýringu.

Andir — framliðinna — lækna — lifandi — menn, tautaði Narfi í einhverri skilningsleysis leiðslu. Geta þær þá ekki flogið?

Nú fór að vandast málið fyrir Guddu. Hún vissi ekki, hvernig hún gæti komið Narfa í skilning á þessu, án þess hann kæmist í geðshræringu. — Það eru góðar sálir dáinna manna, góðar vofur, góðir draugar, sem læknirinn segir að séu alt í kring um okkur og vilji okkur vel, og geri alt fyrir okkur, ef við bara trúum á þá, og leitum þeirra réttilega, sagði Gudda, og þóttist nú hafa komið heppilega orðum að öðru eins vandamáli.

Andar, sálir, vofur, góðir draugar dáinna manna, — þetta er ómögulegt; allir draugar eru vondir og vilja munnum ilt eitt, sagði Narfi og fór hrollur um hann, og augnaráðið varð flóttalegt. Hann hafði frá barndómi verið ákaflega myrkfælinn, og sumir héldu, að hjartveikin ætti aðallega þangað rót sína að rekja. En Gudda var þrautseig og þibbin fyrir, og áður en hún fór var hún búin að vinna Narfa gamla til að láta læknirinn koma næsta dag. Maður hefir þá ekkert að naga sig í handarbökin fyrir, ef maður reynir alt, sem í manns valdi stendur, sagði gigtar Gudda um leið og hún kvaddi Narfa.

Daginn eftir var fenginn túlkur, því Narfi gamli var viðlíka vel að sér í ensku og andatrú, til að fara með læknirinn heim til Narfa gamla í Koti. Læknirinn leit ógnar bliðlega til Narfa og skoðaði hann í krók og kring og neri ofurlítið á honum fæturna, og lét svo túlkinn segja honum, að hann vrði að varast allar geðshræringar og áhyggjur, og hafa sem mesta kyrð og rólegheit í kringum sig, biðja og trúa að honum batnaði og helzt að hugsa ekki neitt.

En þá vildi Narfi fá að vita, hvort nokkrir andar eða góðar vofur væru í kring um sig.

Læknirinn hugsaði sig um stundarkorn. Já, hann sagði það væri kvenmannsandi, sem hefði stöðugt gát á honum, og elskaði hann og vildi honum vel, og það væri konan hans.

Nú var Narfa öllum lokið. Það var svo sem engum blöðum um það að fletta, að hann vissi meira en aðrir menn. Hvernig fór hann að vita, að hann hefði átt konu áður en þessa. Hún sem hafði dáið fyrir mörgum árum heima á Íslandi. En það þótti Narfa einná ótrúlegast, hvernig anda konu sinnar gæti þótt vænt um sig nú, henni hefði aldrei þótt vænt um hann í lifanda lífi, og fann hann sárt til þess, hvað hann hefði oft verið vondur við hana og nískur og stundum slegið til hennar og hún grátið. Og Narfi varð gagntekinn ótta trú og auðmýkt fyrir þessum alt sjáandi manni. Hann hlaut að vita um það alt; hann hlaut að vita alla skapaða hluti á himni og jörðu, og honum fanst hann ætla að bráðna og verða að engu.

Læknirinn áminti Narfa um, að varast allar áhyggjur, og alt, sem hefði æsandi áhrif á geðsmunina, og helzt að hugsa ekki neitt. Svo kvaddi hann og fór. En það fanst Narfa hörð kerning, og hann sá á svipstundu alt búið splundrast og verða að engu; hann hafði þó hingað til haldið því saman með óþreytandi umhugsun og fyrirhyggju. Og nú fór Narfi að æfa sig í því, að hugsa ekki neitt, en það varð þyngri þrautin. Hann sneri sér upp í horn, lét aftur augun og reyndi að leggjast í dá; en þá var eins og hugsanirnar vöknuðu fyrir alvöru, og nú seildust upp úr öllu ýmsar óþægilegar endurminningar löngu liðinna tíma, eins og til að kvelja hann og stríða honum.

En hugsunin um að nurla og draga saman, varð þó yfirsterkari öllu.

Hvað skyldu nú kýrnar græða sig mikið næsta mánuð? Og hvað mikið smjör yrði hægt að leggja inn í búðina? Hvað skyldu nú hænsin verpa mörgum dúsinum á dag? Og hvað ætli verðið verði á eggjunum? Þau voru í langt of lágu verði í fyrra; ef þau yrðu dálitið hærri, þá skyldi hann ekki smakka eitt einasta egg, — nei, svei mér ekki eitt egg. Það væri annars réttast, að fara og drepa sumt af þessum gömlu hænum, þær væru hvort sem er hættar að verpa, eins og hún Loðlöpp gamla, móðir og amma og langamma hinna hænsanna. Og svo gamla hanann, hann Ráðrík, sem allir litlu hanarnir væru hræddir við.— Og hvað skyldu grísirnir verða þungir, þegar þeim yrði slátrað? Þeir ættu að gera skilding, því nú var svínakjöt í afar verði, — sjálfsagt eina fimtíu dali, já, vel það, ef þeim væri sómi sýndur, greyunum. — Og svo kom læknirinn, og Narfa varð bilt við, því nú var hann farinn að svíkjast um og farinn að hugsa. Og ef kerlingunni varð á, að gera einhvern skarkala með pottinn eða pönnuna, þá varð Narfi gamli æfur og sagðist þurfa að hafa næði, og ekkert mega hugsa, það væri skipun læknisins.

En svo kom myrkrið og nóttin.

Narfi lá glaðvakandi og gat ekki sofnað. Hann fór ósjálfrátt að hugsa um andana og vofurnar. Skyldi nokkuð svoleiðis vera í kring um hann núna? Hann varð hálfhræddur og órólegur, og nú ruddist fram í huga hans hver draugasagan á fætur annari. Hann dauðlangaði til að kveikja á lampanum aftur, en það var eyðslusemi. Og nú tók dúsin og hálft af eggjum fyrir eina könnu af olíu, — nei það dugði ekki.

Hann fór að reyna að ryfja upp einhverja bæn en þá mundi hann ekki nokkurra bæn eða nokkurt versk, nema rétt byrjunina á faðirvori. Það var eins og öllu svoleiðis væri stolið úr minni hans. Hann mátti heldur ekkert hugsa.

Og svona lá Narfi andvaka og löðrandi sveittur langt fram á nótt.

En skyldi hann nú sjá nokkra anda eða vofur, ef hann opnaði augun. Það var ef tíf vill ekki eigandi undir því; en hann þurfti ekki að vera hræddur við þá, þeir voru alfir góðir og vildu honum vel. Það var áreiðanlegt, fyrst læknirinn sagði það. Hann gat ekki sagt ósatt, hann var langt fyrir ofan það.

Og ekki skrökvaði Gudda. Það var nú alveg merkilega sannsögul manneskja, eins mikið og hún taláði þó. Og læknirinn og Gudda stóðu honum fyrir hugskotssjónum, nakin og al-saklaus, eins og Adam og Eva áður en þau átu eplið.

Jú, honum var víst óhætt að opna augun, og þá fanst honum hann sjá alt eina hnoðra, hvíta og rauða og allavega lita, sveima yfir rúminu sínu. Hann flýtti sér að loka augunum og varð enn hræddari.

En þetta hlaut að vera ímyndun og ekkert annað, honum hafði hlotið að missýnast. En hann þurfti ekki að vera hræddur, — ef þetta hefðu verið andar, þá væru þeir góðir og vildu honum vel, — dæmalaus vitleysa að vera hræddur. Hann opnaði augun aftur. Nei, það var ekki missýning, það var engin ímyndun. Nú sá hann þá, og honum sýndist sumir taka á sig mannsmynd, og aðrir verða að ófreskjum og skaka sig og skæla, liða svo í burtu og sameinast myrkrinu. Hann varð magnþrota af skelfingu. Hann langaði til að kalla til konu sinnar að koma með ljós, en kom ekki upp nokkru hljóði, og nú fanst honum hann sjá ýmisleg undur, þó hann hefði aftur augun.

Alt í einu hlunkaðist eitthvað þungt, þungt ofan á fæturnar á honum. Hann rak upp voðaorg, og þegar ráðskonan hans var búin að kveikja ljós og komin að rúminu, þá var Narfi gamli steindauður, en uppáhalds kötturinn hans lá makindalegur og malandi ofan á fótunum á honum.

Og nú var Narfi gamli orðinn að anda eða vofu eða draugi, og gat verið hvar sem hann vildi og farið að lækna lifandi fólk.

Og eftir að Narfi var dáinn, fór það að kvisast, að hann hefði átt peninga, og það ekki svo lítið.

Og allir mintust Narfa gamla hlýlega, og allir vissu eitthvað um hann, sem var hrósvert, og hver vildi vera fyrstur að hjálpa eitthvað til að koma honum í jörðina. Og meðan Narfi stóð uppi, voru látin loga tvö stór ljós. Það voru einu næturnar, sem ljós höfðu logað yfir Narfa. Honum hefði einhverntíma þótt það eyðslusemi.

Og svo var Narfi gamli jarðaður með viðhöfn og virðingu, í sjötíu dollara kistu og spánýjum tuttugu dollara fötum. Það voru þrisvar sinnum dýrari föt, heldur enn hann hafði nokkru sinni átt meðan hann réði kaupum sjálfur, — og alt á hans eigin kostnað.

Og viku seinna kom út í Lögbergi skrautprentuð æviminning, að góðum guði hefði þóknast, að burtkalla heiðursöldunginn Narfa Bárðarson. Og svo voru talin upp helztu æviatriði hans: að hann hefði verið trygglyndur og félagslyndur, vel greindur og fróður; hefði verið sannur trúmaður, en forðast allar kreddur og hjátrú, og fylgst með tímanum til hins síðasta; ástríkur eiginmaður, virtur og elskaður af öllum. Nú sárt syrgður af vinum og vandamönnum.

Það var í annað sinn, sem Narfa gamla hafði verið minst á prenti; en hitt skiftið var fyrir löngu síðan heima á Íslandi, eitthvað í sambandi við nokkur hundruð krónur, sem tapast höfðu. En Narfi vissi ekkert um það, — hann var þá á leiðinni til Ameríku.

En nú var hann al-saklaus af því fyrir löngu.

En á undan hverjum stormi eða veðurbreytingum hljóp gigtin í mjöðmina á Guddu gömlu og reif þar og tætti eins miskunnarlaust og nokkurntíma, og nú var Gudda orðin veður-spákona alls bæjarins. Hún mintist aldrei á læknirinn eða andatrú. En oft var hún að reyna að ráða þá dularfullu gátu, þegar hún var ein, hvort kötturinn eða læknirinn eða hún sjálf hefði drepið Narfa gamla í Koti.

Drykkjuskapur og tóbaksnautn.

Ef til væri meðal, sem læknaði drykkjuskap og tóbaksnautn, án vitundar og tilverknaðar neytandandans sjálfs, þá yrði það merkasta uppfynding aldarinnar, því hver drykkjumaður og tóbaksneytandi hyrfi á skömmum tíma.

Hver sem hefir í hyggju að lækna annanhvorn þennan ávana kunningja sinna á þennan hátt, mun sjá, hversu fráleitt það er, ef hann hugsar ögn um það.

Það þarf að beita fullkominni einlægni við þann, sem lækna skal. Með hans aðstoð má lækna hann af hvorum þessum löstum, en árangurslaust án hans hjálpar og samþykkis.

Dr. McTaggart í Toronto, Can., ábyrgist, að lækna menn af drykkjuskap á þremur til fjórum dögum, ef forskriftum hans er nákvæmlega framfylgt. Læknirinn hefir selt þétta ofdrykkju læknislyf til fleiri ára og hefir bætt fjölda manns. Lyfið kostar að eins $25.00 og mun reynast eins vel, ef ekki betur, og nokkur $100 lækning, sem völ er á.

Meðal hans móti tóbaksneyzlu, er sérstaklega tilbúið í því skyni. Kostar að eins $2.00, og geta menn læknast af því á hér um bil tveimur vikum

Bæði lyfin eru ágæt til styrkingar líkamans, og hafa engin óholl eftirköst á þann, sem læknaður er.

Fjöldi vottorða gefin af fúsum vilja. Getur hver fengið að sjá þau, sem þess óskar.

Lyfin send, þegar borgun er fengin. Burðargjald ókeypis. Bréfaviðskifti boðin, — stranglega heimuleg.

Skrifið eða ráðgíst við

K. K. ALBERT,
einka-umboðsmaður í V.-Canada,
708 McArthur Bldg., Winnipeg.

PRENTUN

VÉR NJÓTUM, sem stendur, viðskipta margra Winnipeg starfs- og "Business"-manna.— En þó erum vér enþá ekki ánægðir. — Vér viljum fá alþýðumenn sem einatt notast við illa prentun að reyna vora tegund. — Vér ábyrgjumst að gera yður ánægða. — Símið yðar næstu prentpöntun til —

PHONE GARRY 334

THE ANDERSON CO.
PROMPT PRINTERS
555 Sargent Ave. Winnipeg, Man.

The Hyland Navigation Co.
hefur nú opnað
SUMAR SKEMTIFERÐA SKRÁSETNINGAR
Margar þegar skráðar.
TJALDSTAÐIR til leigu til sumardvalar, í
"HYLAND PARK"
Rétt við ána. Dýrðlegt útsyni. Strætisvagnar á hverjum tuttugu mínútum.

HYLAND NAVIGATION CO.
13 Bank of Hamilton Chambers. Winnipeg.

Með því að biðja sérlega um "T.L. CIGAR," þá ertu viss að fá ágætan vindil.
T.L.
(UNION MADE)
Western Cigar Factory
Thomas Lee, eigandi Winnipeg

ALDREI SKALTU geyma til morguns sem hægt er að gera í dag. Pantið Heimskringlu í dag.

Bókalisti.

N. OTTENSON'S, River Par. W'p'g.

Ljóðmæli Páls Jónssonar í bandi	(3)	85
Sama bók (að eins 2 eint.	(3)	60
Jökulrósir		15
Dalarósir	(3)	20
Hamlet	(3)	45
Tíðindi Prestafélagsins í hinu forna Hólaskifti	(2)	15
Grant skipstjóri	(2)	40
Börn övefursins	(3)	55
Umhverfis jörðina á áttatíu dögum	(3)	60
Blindi maðurinn	(3)	15
Fjörslaðaði smárinn	(3)	10
Kapítola (í II.Bindum)	(3)	1.25
Eggert Ólafsson (B. J.)		15
Jón Ólafssonar Ljóðmæli í skrautbandi	(3)	60
Kristinfræði	(2)	45
Kvæði Hannesar Blöndal	(2)	15
Mannkynssaga (P. M.) í bandi	(5)	85
Mestur í heimi, í b.		15
Prestkosningin, Leikrit, eftir D.E., í b.	(3)	30
Ljóðabók M. Markússonar		50
Ritreglur (V. Á.) í b.		20
Sundreg ur, í b.		15
Verði ljós		15
Vestan hafs og austan, Þrjár sögur eftir E. H., í b.		90
Víkingarnir á Hálogandi eftir H. Ibsen		25
Þorláksþ helgi		15
Ofurefli, skálds.(E. H.) í b.		1.50
Ólöf í Ási	(2)	45
Smælingjar, 5 sögur (E. H.), í b.		85
Skemtisögur eftir S. J. Jóhannesson 1907		25
Kvæði eftir sama frá 1905		25
Ljóðmæli eftir sama. (Með mynd höfundarins) frá 1897		25
Safn til sögu og ísl. bókmenta í b., III. bindi og það sem út er komið af því fjórða	(53c)	9.4
Íslendingasaga eftir B. Melsted I. bindi bandi, og það sem út er komið af 2. b.	(25c)	2.85
Lýsing Íslands eftir Þ. Thoroddsen í b.	(16c)	1.90
Fornfslenzkir rímnaflokkar, er Finnur Jónsson saf út, bandi	(5c)	85
Alþingisstaður hinn forni eftir Sig. Guðmundson, í b.	(4c)	90
Um kristnitökuna árið 1000, eftir B. M. Olsen	(6c)	90
Íslenzkt fornbréfasafn,7. bindi innbundið, 3 h. af 8 b.	(1 70)	27.80
Biskupasögur, II. b. innbundið	(42c)	5.15
Landfræðissaga Íslands eftir Þ. Th., 4. b. innbundið	(55c)	7.75
Rithöfunda tal á Íslandi 1400—1882, eftir J. B., í bandi	(7c)	1.00
Upphaf alþingis á Íslandi eftir K. Maurer, í b.	(7c)	1.15
Auðfræði, e. A. Ól., í bandi	(6c)	1.10
Presta og prófastatal á Íslandi 1869, í b.	(9c	1.25
Norðurlandssaga eftir P. Melsted, í b.	(8c)	1.50
Nýjatestamentið, í vönduðu bandi	(10c)	65
Sama, í tvíþ ru bandi	(8c)	70
Kóralbók P. Guðjónssonar		30
Sama bók í bandi		1.10
Svartfjallasynir	(5)	60
Aldamót (Matt. Joch.)		20
Harpa	(4)	60
Ferðaminningar í bandi.	(5)	90
Bóndinn	"	35
Minningarit (Matt. Joch.)	"	35
Týndi faðirinn	"	35
Nasreddin, í bandi		35
Ljóðmæli J. Þórðarsonar	(3)	45
Ljóðmæli Gestur Pálsson	"	75
Maximi Petrow	[(2)]	45
Leyni-sambandið	(2)	40
Hinn óttalegi leyndardómr	(2)	50
Sverð og bagall	(2)	30
Waldimer Nihilisti		75
Ljóðmæli M. Joch. I.-V. bd., í skrautb.	(15)	4.00
Afmælisdagar Guðm Finnbogasonar		1.00
Bréf Tómarar Sæmundsson	(4)	75
Sama bók í skrautbandi	(4)	1.15
Íslenzk-ensk orðabók, G. T. Zoega	(10)	1.80
Gegnum brim og boða		90
Rfkisréttindi Íslands		50
Systurnar frá Grænedal		35
Œfintýri handa börnum		30
Vísnakver Páls lögmanns Vídalíns		1.25
Ljóðmæli Sig. Júl. Jóhannesson		1.00
Sögur frá Alhambra		30
Minningarrit Templara í vönduðu bandi		1.65
Sama bók, í bandi		1.50
Pétur blásturbelgur		10
Jón Arason		0
Skipið sekkur		60
Jóh. M. Bjarnason, Ljóðmæli		55
Maður og Kona		1 25
Fjarða mál		25
Beina mál		10
Oddur Lögmaður		95
Grettis Ljóð.		65
Dular. Smá-sögur		50
Hinrik Heilráði, Saga		20
Andvari 1911		75
Œfisaga Benjamin Franklins		45

Sögusafn þjóðviljans I—II árg. 35c; III árg. 20c IV árg. 20c; V. árg. 20; VI. 45; VII. 45; VIII. árg. 55; IX. árg. 55; X. árg. 55; XI. árg. 55; XII. árg. 45; XIII. árg. 45; XIV. árg. 55; XV. árg. 30: XVI. árg. 25; XVII. árg. 45; XVIII árg. 55; XIX, árg. 25.

Alt sögusafn þjóðviljan selt á	$7.00
Eldraunin (Skáldsaga)	50
Vallyes sögur	55
Valdimar munkur	60
Kynlegur þjófur	35
Sagan af stafnaði Stórvirkssyni í bandi	50
óbundin	3
Rímur af Sörla sterka í bandi	40
óbundin	30
Myndin af fiskiskipinu	1.10

Bækur sögufélagsins Reykavík;

Morðbréfabæklingar	1.35
Byskupasögur, I—6,	1.95
Aldarfarsbók Páls lögmanns Vídalín	45
Tyrkjaránið, I—IV,	2.90
Guðfræðingatal frá 1707—07	1.10

Bækur Sögufélagsins fá áskrifendur fyrir nærri hálfvirði,—$3.80.

Umboðsmenn mínir í Selkirk eru] Dalman bræður.

Þess skal getið viðvíkjandi bandinu á Fornaldarsögunum Norðurlanda, að það er mjög vandað, handbundið skrautband, vel frá gengið eins er með Bréf Tómasar Sæmundssonar.

Tölurnar í svigum tákna burðargjald, er sendist í pósti.

PIANO Kjörkaup

Hinn mikli fjöldi af Pianós, sem skift er fyrir HEINTZMAN & Co. Pianós, gerir það að verkum, að vér höfum nú mörg brúkuð hljóðfæri, sem vér seljum fyrir afarlágt verð.

Notið tækifærið, ef þið viljið komast að kjörkaupum.

J. J. H. McLean & Co LIMITED

Cor Portage Ave. & Hargrave
Phone Main 808.

Fréttir úr bænum

Veðurblíða hin mesta þessa daga.

Á fimtudagskveldið var komu 19 vesturfarar heiman af Íslandi. Höfðu þeir verið þrjár vikur á leiðinni, og létu vel af. Þeir sem komu voru: Jónas Nikulásson og Guðmundur Gíslason trésmiðir, Sigurður Kjartansson og Þórður Bjarnason prentarar, ugfrúrnar Margrét Þórarinsdóttir, Sara Þórarinsdóttir og Kristín Jónsdóttir, Mrs. Guðfríður Sigurðsson og Elízabet dóttir hennar; öll þessi voru úr Reykjavík. Frá Stykkishólmi voru: Oddur Guðbrandsson, Ásgerður kona hans og tveir synir þeirra, Karl og Bjarni. Frá Bildudal Hallgrímur Jónsson. Af Álptanesinu ungfrú Kristjana Sigurðardóttir og ungfrú Sigurborg Sigurðardóttir. Úr Skaftafellssýslu Þorvarður Ólafsson. Einni stúlku var haldið eftir í Quebec og hún síðar endursend tif Íslands, sem óæskilegur innflytjandi.

Á fimtudagskveldið þann 5. þ. m. voru gefin saman í hjónaband af Dr. Jóni Bjarnasyni þau Dr. Ólafur Björnsson og ungfrú Sigríður Brandson. Fór hjónavígslan fram að heimili bróður brúðarinnar, Dr. B. J. Brandson, að 620 McDermot Ave. Brúðhjónin lögðu af stað sama kveldið í skemtiferð um Bandaríkin, og verða um sex vikur að heiman. — Hkr. óskar þeim allra heilla og haminglu.

Séra Rögnv. Pétursson gaf saman í hjónaband, að heimili sínu á mánudagsmorguninn var, hr. Harald S. Davíðsson, úr Argyle bygð, og ungfrú Ragnheiði Vigfússon Strandberg, úr Nýja Íslandi. Ungu brúðhjónin lögðu samdægurs af stað til Baldur, Man. — Hkr. óskar þeim til hamingju.

Herra Skapti B. Brynjólfsson, féhirðir samskotasjóðs Jóns Sigurðssonar, biður þess getið, að nákvæmlega hafi hann ekki getað sagt, hve mörg séu nöfn gefenda í sjóðinn. Gjafirnar eru 5960 talsins, en allvíða er eins gjöf talin frá hjónum og sumstaðar einnig frá heilum fjölskyldum. Þegar þetta er tekið til greina, þá er það skoðun Skapta og meðnefndarmanna hans, að tala gefendanna sé full 6 þúsund manns.

Lagið "Vor", sem prentað er á 1. bls., er samið af herra Þórarni Jónssyni, rakara hér í borg, fyrir þremur árum. Hann hefir látið tilleiðast, fyrir hvatning nokkurra kunningja hans, að leyfa Heimskringlu að prenta lagið, en jafnframt biður hann þess getið, að það sé ekki gert í samkepni við lag það, eftir herra H. S. Helgason tónfræðing, sem áður hefir birt verið hér í blaðinu, við sama kvæði.

Kirkjuþingið lúterska verður haldið hér í borg frá 23. til 27. þ. m., og kirkjuþing Únítara verður haldið að Gimli frá 16. til 20. þ. m. Sjö íslenzkir Únítara söfnuðir eru nú starfandi hér í Vestur-Canada, sex í Manitoba og einn í Saskatchewan, með kirkjur að Winnipeg, Gimli, Árnes, Hnausa, Mary Hill, Otto og Foam Lake.

Það er ekki ein báran stök með þessa Mikleyjar póstflutningsmenn. Hr. Valdiraar Davíðsson, sem flutti póstinn frá Íslendingafljóti til Mikleylar og þaðan til Bad Throat, er nú sagður druknaður, á ferð sinni til Ísafjfljóts á föstudaginn 26. maí. Báturinn fanst allslaus á floti fram undan Hnausum en Valdimar hefir hvergi fundist enn. — Gimli. 3. júní

Til Íslands hafa nýlega flutt: — Mrs. Sigríður Lyngdal, ungfrú Jórunn Guðmundsdóttir, Mrs. Pálína E narsson, ungfrú Guðmunda Harold og ungfrú Jakobína Gillies.

Hraðskeyti frá Englandi, dags. á mánudaginn var, segir að Hon. R. P. Roblin hafi þá lent í Liverpool.

Í Winnipeg eru nú 3246 mótorvagnar. Meðal verð hvers vagns er talið 2 þúsund dollars.

TAKIÐ EFTIR.

Hallson No. 6 W.A. heldur fjölbreytta skemtisamkomu að Hallson, N. D., þann 17. júní, klukkan 2 e. hád.

Þar verður B. L. Baldwinson og ræðir um "Félagsskap Íslendinga í heild sinni, vestan hafs".

Einnig flytur herra Sveinbjörn Johnson, lögfræðingur frá Cavalier, þar ræðu um ótiltekið málefni.

Á föstudagskveldið var gerðu ýmsir af vinum og kunningjum þeirra hjóna Mr. og Mrs. Thorst. Thorarinssonar á Elgin Ave. þeim heimsókn, í tilefni af því, að þau höfðu verið 25 ár í hjónabandi. Færði hópurinn hjónunum silfurker vandað að gjöf, fult af silfurpeningum, og nam upphæð sú um hundrað dölum. Dr. Jón Bjarnason hafði orð fyrir hópnum, og kvæði hafði Magnús Markússon ort til þeirra hjónanna, sem hann las upp. Mr. Thórarinsson þakkaði með nokkrum orðum þann heiður, sem sér og konu sinni væri sýndur, og bauð menn velkomna að því, sem húsið hefði að bjóða. Skemtu menn sér hið bezta fram eftir kveldinu, og fóru ánægðir heim úr þessu silfurbrúðkaupi.

Sigrún M. Baldwinson
TEACHER OF PIANO
21 Sherbrooke St. Phone G. 2414

ÞINGBOÐ.

Sjötta þing hins únítariska kirkjufélags Vestur-Íslendinga verður haldið að Gimli, Man., laugardag, sunnudag og mánudag, þann 17., 18. og 19. júní næstkomandi.

Söfnuðir, sem félaginu tilheyra, eru beðnir að sjá um, að kjörbréf séu rituð fyrir fulltrúa þeirra. — Ennfremur eru fulltrúarnir mintir á, að nauðsynlegt er, að þeir verði komnir til Gimli Föstudagskveldið þann 16. júní.

Fyrirlestrar verða fluttir á þinginu af þessum:

Föstudagskveldið 16. júní heldur séra Magnús J. Skaptason fyrirlestur. Umræðuefni: "Únítaratrúin og nýja guðfræðin".

Laugardagskveldið 17. júní flytur séra Albert E. Kristjánsson fyrirlestur um "Safnaðastjórn" (Congregationalism).

Sunnudaginn 18. júní verður trúmálafundur. Umræðuefni: "Trú og hegðun". Málshefjandi Stefán Thorson.

Mánudagskveldið 19. júní flytur séra Guðm. Árnason fyrirlestur. Umræðuefni: "Íslenzk heimspeki".

Winnipeg, 29. maí 1211.

S. B. BRYNJÓLFSSON,
forseti.

Sú villa kvað hafa slæðst inn í gjafalistann til minnisvarða Jóns Sigurðssonar, frá Narrows og umhverfinu — sem herra Sigurgeir Pétursson safnaði til —, að Ólafur Thorlacius frá Moose Horn Bay er þar með 50 cents, sem átti að vera $1.00, og er það yfirsjón safnanda. En þegar ég lagði saman tölurnar á listanum og taldi peningana sem fylgdu, varð ég þess var, að 55 cents voru umfram það, sem listinn sýndi. Þeim 55 centum bætti ég við 2 dollarana, sem listinn sýndi að Sigurgeir Pétursson hefði gefið; svo sú villa, að Sigurgeir Pétursson stóð í listanum með $2.55 í stað $2.00 er mér að kenna. Nú hefi ég lagfært þetta á listanum og í bókinni, svo hér eftir verður Ó.Th. þar með $1.00, en S.P. með $2.05.

Með hlýrri þökk til allra norður þar fyrir sérstakt örlæti til sjóðsins.

S. B. Brynjólfson, féhirðir.

Nefnd sú, sem kosin var af Íslendingum í Vancouver, B. C., til þess að sjá um framkvæmdir á samkomuhaldi þann 17. júní, á hundrað ára afmæli Jóns Sigurðssonar, óskar þess getið, að undirbúningi fyrir samkomuna sé lokið, og að hún fari fram í Horticultural Grounds í North Vancouver. Leikir, hlaup og stökk fara fram fyrir hádegi, en aðafprógram dagsins (ræður, kvæði, söngur og hljóðfærasláttur) byrjar kl. 2 síðdegis. — Vonað er, að Íslendingar viðsvegar á ströndinni noti þetta tækifæri að heimsækja landa sína og verða viðstaddir á samkomunni. — Aðkomufólk fær leiðbeiningar á járnbrautarstöðinni og við höfnina hvert halda skal til að finna staðinn.

Séra Runólfur Marteinsson messar í Tjaldbúðarkirkju næsta sunnudag þann 11. þ. m., kvelds og morguns, og séra Lárus Thorarensen væntanlega næsta sunnudag á eftir, þann 18. þ. m.

Hon. Frank Oliver talar í Winnipeg leikhúsinu næsta mánudagskveld, síðar á ýmsum öðrum stöðum hér í fylkinu, og þar eftir viðsvegar í Saskatchewan og Alberta fylkjum. Með þessu er kosningabarátta fyrir alvöru hafin hér í Vestur-Canada.

Herra K. B. Skagfjörð, fasteigna sali, sem í sl. marzmánuði flutti fjölskyldu sína vestur að Kyrrahafi til sumardvalar, og bygði hús yfir hana í Vancouver borg, kom aftur til borgarinnar fyrir tveim vikum, til þess að líta eftir eignum sínum hér. Hann kvað framför mikla sjáanlega, hvar sem hann fór um landið og framtíðarútlit alt hið glæsilegasta. Hélt þó að Winnipeg borg væri eins ákjósanlegur staður fyrir atvinnu, og gróðavegir hér eins vænlegir og hvar annarstaðar, sem hann kynntist.

Tekjurnar af "Tag" degi borgarinnar, sem var 1. þ.m., námu rúmum 14.500 dollurum. Þar af voru 880 dollars frá Hudsons Bay búðinni hér í borginni, sem var tíundi hluti þess, sem var selt fyrir í búðinni þann dag. — Öll þessi upphæð gengur til tæringar heilsuhælisins í Ninette, Man. Annarastaðar í fylkinu gekk fjársöfnunin í sama augnamiði — vel.

Blaðið Free Press getur þess, að á sl. tíu árum hafi 4687 manns komið frá Íslandi til Canada. Á þessu tímabili munu tíu agentar hafa unnið að innflutningastarfinu.

UNGLINGUR, 14 til 16 ára, getur fengið stöðuga atvinnu hjá herra Sigfúsi Anderson, 651 Bannatyne Ave.

Heilbrygðis vegurinn.

Það er ekki holt, að neyta mikils klötmetis í Manitoba hitunum. Þá er það eitthvað heilsusamlegra að koma til Páls Bergssonar, 564 Simcoe St., og fá sér skyr og rjóma.

Það er ennfremur í lífsnauðsyn flutt heim til manna.

Munið, að 564 Simcoe St. fæst góða skyrið.

FYRIR STÚLKUR!

Spánýtt hjúskapartilboð.

Ungur og laglegur, já, friskur, findinn og fjörugur, en einhleypur ekkjumaður, sem á laglegt heimili í fögru bygðarlagi, óskar að komast í hlýleg bréfaviðskifti við snotra og skemtilega stúlku, eða unga ekkju, frá 20—30 ára að aldri, sem væri álitlegt húsfreyjuefni, og getur talað íslenzka tungu við tilvonandi "mother in law", o. s. frv. — þær, sem sinna vilja þessu tilboði, eru vinsamlega beðnar að skrifa — á ensku eða íslenzku — og senda mynd, ef kostur er á — til: Mr. J. S. Dixie, care of Heimskringla, Winnipeg, Canada.

Hvar er Sigurður?

Hver, sem kann að vita um heimilisfang Sigurðar Andersonar frá Hvassafelli í Mýrasýslu á Íslandi, sem hingað kom til lands fyrir 11 árum, er vinsamlega beðinn að tilkynna mér það.

DAVÍÐ GÍSLASON,
Narrows P.O., Man.

SKILIÐ BÓKUNUM.

Alla þá, sem hafa bækur að láni sem Eiríkur S. Hallsson sál. átti, bið ég góðfúslega að skila þeim til mín, að 779 Ellice Ave.

J. Hallsson.

EXCURSION.

Djáknanefnd Tjaldbúðar safnaðar hefir EXCURSION með bátnum Bonnitoba næstkomandi mánudagskveld, þann 12. þ.m. Báturinn fer norður til Hyland Navigation and Trading Co.'s Park. Hann fer frá bryggjunni við endann á Lusted stræti kl. 10.15 árdegis, kl. 1.45 síðdegis og kl. 7.45 að kveldi.

Takið Selkirk St., St. Johns eða St. Boniface strætisvagnana og farið með þeim til Euclid St.

Farseðlar með bátnum kosta 50 cents fyrir fullorðna og 25c fyrir börn innan 12 ára.

Nefndin vonar, að fjöldi landa vorra noti þessa skemtiferð og kaupi farseðla af sér. Allir nefndarmenn selja þá, en sérstaklega hr. P. J. Thomsen, horni Sargent og Victor stræta.

Þeir, sem fara með morguns eða miðdegis ferðinni, geta beðið eftir kveldferðinni til baka.

"Kvistir" í bandi

Munið eftir því að nú fást "KVISTIR" Sig. Júl. Jóhannessonar, í ljómandi fallegu bandi hjá öllum bóksölum.

Verð $1.50

Union Loan & Investment Co.
45 Aikin's Bldg.
PHONE GARRY 3154
Lánar peninga, kaupir sölusamninga, verzlar með fasteignir: hús, lóðir og lönd. Veitir umsjón dánarbúum.— Peningum veitt móttaka og 7% vextir ábyrgstir.
Íslenzkir forstöðumenn. — Hafið tal af þeim
H. Pétursson, John Tait, E. J. Stephenson

JOHNSON & CARR
RAFLEIDSLUMENN
Leiða ljósvíra í íbúðarstórhýsi og fjölskylduhús; setja bjöllur, talsíma og tilvísunar skífur; setja einnig upp mótors og vélar og gera allskyns rafmagnsstörf.
761 William Ave. Phone Garry 735

Dalman & Thorsteinson
MÁLARAR
Gera alskonar húsmálning. Kalsomining og leggja pappir. Alt verk vandað og fljótt afgreitt. Phone Garry 240
797 Simcoe St.

R. TH. NEWLAND
Verzlar með fasteingir, fjárlán og ábyrgðir
Skrifstofa: No. 5. Alberta Bldg. 255½ Portage Ave.
Sími: Main 972 Heimilis Sherb. 1619

A. S. BARDAL
Selur líkkistur og annast um útfarir. Allur útbúnaður sá bezti. Enfremur selur hann alskonar minnisvarða og legsteina.
121 Nena St. Phone Garry 2152

Sherwin - Williams
PAINT
fyrir alskonar húsmálningu.
Prýðingar-tími nálgast nú. Dálítið af Sherwin-Williams húsmáli getur prýtt húsið yðar utan og innan. — Brúkið ekker annað mál en þetta. — S.-W. húsmálið málar mest, endist lengur, og er áferðarfegurra en nokkurt annað hús mál sem búið er til. — Komið inn og skoðið litarspjaldið. —
CAMERON & CARSCADDEN
QUALITY HARDWARE
Wynyard, - Sask.

Ókeypis Bæklingur
"Landið þar sem olía er konúngur"
Ennig eintak af síðustu útgáfu af "Buick Oil News."
Sendið nafn yðar og áritun og hið ofantalda verður sent yður ókeypis.

K.K.Albert
P. O. Box 56
WINNIPEG

G. S. VAN HALLEN, Málaferslumaður 418 McIntyre Block., Winnipeg. Talsími Main 5142

TILBOÐ.
Við undirskrifaðir tökum að okkur alla grjótvinnu, sem við getum af hendi leyst eins fljótt og vel og nokkur getur gert. Við seljum grunn undir hús, hlöðum kjallara, steypum vatnskeröld og gangstéttir, gerum steinsteypu í fjós, o.fl.
Jacob Frimann
Hergr. Hallgrimson
Gardar, N. Dak.

BOYD'S BRAUÐ
Vér höfum gert það að fastri reglu, að nota þau efni ein göngu, sem gera brauð vor lystug og nærandi. Ef þér viljið hafa slík brauð, þá símið
Sherbrooke
680

Th. JOHNSON
JEWELER
286 Main St. Sími M. 6606

Dr. G. J. Gíslason,
Physician and Surgeon
18 South 3rd Str, Grand Forks, N.Dak
Athygli veitt AUGNA, EYRNA og KVERKA SJÚKDÓMUM. ASAMT INNVORTIS SJÚKDÓMUM og UPPSKURÐI. —

Dr. J. A. Johnson
PHYSICIAN and SURGEON
HENSEL, N. D.

J. J. BILDFELL
FASTEIGNASALI.
Union Bank 5th Floor No. 520
Selur hús og lóðir, og annað þar að lútandi. Útvegar peningalán o. fl.
Phone Main 2685

MARTYN F. SMITH,
TANNLÆKNIR.
Fairbairn Blk. Cor Main & Selkirk
Sérfræðingur í Gullfyllingu og öllum aðgerðum og tilbúnaði Tanna. Tennur dregnar án sársauka. Engin veiki á eftir eða gómbólga. —
Stofan opin kl. 7 til 9 á kveldin
Office Phone Main 6944. Heimilis Phone Main 6462

Hannyrðir.
Undirrituð veitir tilsögn í alls kyns hannyrðum gegn sanngjarnri borgun. Starfsstofa: Room 312 Kennedy Bldg., Portage Av., gegnt Eaton búðinni. Phone: Main 7723.
GERDA HALDORSON.

VANTAR
Fasta umboðsmenn og hjálparmenn (canvassers), bæði konur og karla.
Gott kaup handa duglegum.
Skrifið og sendið nauðsynleg meðmæli.
K.K. ALBERT
Box 456
WINNIPEG, MAN.

„Að lesa og skrifa list er góð læri það sem flestir."
Ef þig langar til að læra að skrifa fagra rithönd, þá skrifaðu eftir upplýsingum og sýnishorni til H. F. Einarssonar, Pembina, N. Dak., sem kennir allskonar rithönd fjölbreytta pennadrætti og skrautskrift. Þú getur lært heima í þínu eigin húsi, því tilsögnin er send bréflega með pósti.
Hverjum, sem svarar þessari auglýsingu, verður sent spjald með hans eigin nafni skrautrituðu. 25-5

Sveinbjörn Árnason
Fasteignasali.
Selur hús og lóðir, eldsábyrgðir, og lánar peninga. Skrifstofa: 310 McIntyre Blk.
office TALSÍMI 4700. hús Tal. Sherb. 2018

BONNAR, TRUEMAN & THORNBURN,
LÖGFRÆÐINGAR.
Suite 5-7 Nanton Blk. Main 766
Winnipeg, Man. P.O.BOX 223

Anderson & Garland,
LÖGFRÆÐINGAR
35 Merchants Bank Building
PHONE: MAIN 1561.

HANNES MARINO HANNESSON
(Hubbard & Hannesson)
LÖGFRÆÐINGAR
10 Bank of Hamilton Bldg. WINNIPEG
P.O. Box 781 Phone Main 378 " " 3142

Gísli Goodman
TINSMIÐUR.
VERKSTÆÐI: Cor. Toronto & Notre Dame.
Phone Garry 2988 :: Heimilis Garry 899

Winnipeg Andatrúar Kirkjan
horni Lipton og Sargent.
Sunnudagasamkomur, kl. 7 að kveldi. Andartrúarspeki þá útskírð. Allir velkomnir.
Fimtudagasamkomur kl. 8 að kveldi, huldar gátur ráðnar. Kl. 7,30 segul-lækningar.

W. R. FOWLER A. PIERCY.

Royal Optical Co
307 Portage Ave. Talsími 7286.
Allar nútíðar aðferðir eru notaðar við augn-skoðun hjá þeim, þar með hin nýja aðferð, Skugga-skoðun, sem gjöreyðir öllum ágiskunum. —

KAUPIÐ af þeim og verzlið við þá sem auglýsa starfsemi sínu í Heimskringlu og þá fáið þér *betri* vörur með *betra* verði og *betur* útilátnar.....

Talsími Heimskringlu
Garry 4110

Heimskringla.

Heimilis talsími ritstjórans:
Garry 2414

XXV. ÁR. WINNIPEG, MANITOBA, FIMTUDAGINN, 15. JÚNÍ 1911. Nr. 37.

BJARNASON & THORSTEINSON

Fasteignasalar

Kaupa og selja lönd, hús og lóðir víðsvegar um Vestur-Canada. Selja lífs og eldsábyrgðir.

LÁNA PENINGA
út á fasteingir
og innkalla skuldir.

Öllum tilskrifum svarað fljótt og greiðanlega.

Wynyard - - Sask.

Vöxtur Canada.

Þess var stuttlega getið í síðasta blaði, að hart nær tvær miljónir manna hefðu flutzt til þessa lands á síðastliðnum tíu árum, svo að segja frá öllum hlutum veraldarinnar, en meginþorri fólks þessa hefði þó komið frá Bretlandseyjum og Bandaríkjunum. — Frásögn þessi er rétt í öllum aðalatriðunum, en tölum skjátlar sumstaðar, sem sýna, hvaðan innflytjendurnir komu. Þannig er talið, að á þessu tíu ára tímabili hafi 1200 Íslendingar komið til Canada, í stað þess að 4,867 komu. Nákvæm skýrsla, eftir því sem stjórnartiðindin flytja, skiftir innflytjendunum eftir þjóðflokkum þannig:

Bandaríkjamenn	700,000
Englendingar	560,000
Skotar	157,00
Írlendingar	45,000
Norðmenn	13.798
Svíar	19,349
Rússar	38,958
Austurríkismenn og Ungverjar	121,000
Ítalir	63,817
Gyðingar	45,675
Þjóðverjar	21,145
Frakkar	616,236
Sýrlendingar	5,223
Hindúar	5,200
Íslendingar	4,867

Meginþorri þessara innflytjenda hefir tekið sér heimilisréttarlönd, mest þó í Vesturfylkjunum. Hafa Saskatchewan og Alberta fengið í sameiningu rúma hálfa miljón eða vel fjórða hluta allra innflytjendanna á þessu tíu ára tímabili. Þá kemur Ontario fylki með 403,898, Manitoba með 309,623, Quebec 258,820, British Columbia og Yukon 188,599, og hin önnur fylkin fengu til samans að eins 73,902 innflytjendur.

Áætlað er, að á þessu ári muni fast að hálfri miljón flytja til Canada, og þeir mánuðir, sem liðnir eru af árinu, virðast ótvíræðlega benda á, að svo muni verða, ef fólksstraumurinn heldur áfram inn í landið eins og undanfarna mánuði, og þrir beztu mánuðir ársins eru eftir. Verði líkur innflutninga hraði næstu tvö árin, verður íbúatala Canada komin upp í tíu miljónir.

Sú mikla breyting er orðin á þeim, er hingað til lands flytja, að í stað þess að koma tómhentir, sem að jafnaði var áður með innflytjenda, koma nú margir með auðfjár með sér, og margra ára búskaparreynslu, sem ekki verður til peninga metin. Mest eru það þó þeir, sem frá Bandaríkjunum koma, sem þannig búa um sig. — En einnig hafa þó allmargir enskir og skozkir bændur velstæðir fluzt hingað þessi seinustu árin. — Það eru slíkir menn, sem Canada eru kærkomnastir, og mennirnir, sem mestu má vænta af í framfaraáttina.

Einnig sýnir flutningur sjálfstæðra og reyndra manna betur en nokkuð annað landskosti Canada og framtíðarhorfur þess. — Menn þessir færu ekki að yfirgefa óðul sin og flytja til framandi lands, heima þeir væru þess fullvissir, að betri landskostir og bjartari framtíð biði þeirra í hinu nýja landi, en heima á ættjörðinni.

Trúin á vöxt og framtíð Canada mun engan svíkja. Canada er land framtíðarinnar og býður aðkomumönnum móðurfaðm allsnægtar.

Hátíðahaldið í Reykjavík

Nefndir þær, er bæjarstjórn og ýms félög bæjarins kusu til þess að gangast fyrir hátíðahaldi Reykjavíkur á aldarafmæli Jóns Sigurðssonar, hafa nýlega átt með sér sameiginlegan fund, til að koma sér niður á, hvernig deginum skuli hagað.

Svong lítur hin fyrirhugaða dagskrá eða beinagrind hátíðahaldsins út:

Um morguninn kl. nál. 8½—9: Afhjúpað málverk af Jóni Sigurðssyni í mentaskólanum, með ræðum og söng.

Iðnsýningin opnuð í barnaskólanum kl. 10.

Háskólinn settur kl. 12, — líklega í alþingishúsinu.

Að þeirri athöfn lokinni er tilætlunin, að allur bærinn, konur jafnt sem karlar, börn og gamalmenni — allir, sem vetling valda, og fleiri þó — safnist saman á Austurvelli eða þar í nánd og gangi í skrúðgöngu með fánum og annari prýði, hljóðfæraslætti, o. s. frv. suður að kirkjugarði og verði þá lagðir blómsveigar á leiði Forseta — en engin ræða haldin þar. Að því loknu verður skrúðgöngunni beint niður á Austurvoll, eða ef til vill — verði vont veður — suður í Barnaskólagarð. Á öðrum hvorum þessum stað verða svo aðal-minningarræðurnar haldnar og minningarljóðin sungin.

Síðari hluta dagsins (líklega um 4 leytið) heldur svo Bókmentafélagið minningarsamkomu.

Þar á eftir (kl. 5) verður íþrótta mótið opnað suður á Íþróttavellinum, og fara þar fram margskonar íþróttasýningar.

Loks verður um kveldið eínt til fagnaðarsamkvæma í samkomuhúsum bæjarins. Bærinn er svo illa birgur af stórum samkvæmissölum, að ókleift er að hafa samkvæmið eitt og á sama stað. Því miður.

En aðalminningin verður, svo sem áður er getið, um miðjan dagínn — og þar geta allir verið með — og skiftir það mestu máli.

(Ísafold, 27. maí).

Jón Sigurðsson
1811—1911

Hundrað ára afmæli Jóns forseta er á laugardaginn kemur, 17. júní, eins og flest öllum mun kunnugt vera. Þann dag mun Ísland tjalda sínu bezta til að heiðra minning hins liðna ástmögs síns. Viðbúnaður var mikill heima, eftir síðustu fréttum, bæði í bygðum og bæjum. — Á Rafnseyri við Arnarfjörð, fæðingarstað hans, verður afhjúpaður vandaður bauta steinn með andlitsmynd Jóns Sigurðssonar, eftir Einar Jónsson, greyptri í steininn. Á Rafnseyri verður þá einnig haldinn þjóðminningardagur. — Ísfirðingar hafa mikinn útbúnað, en mest verður þó um að vera í höfuðstað Íslands. Minnisvarðinn verður þó ekki afhjúpaður fyrr en 2. ágúst; verður ekki tilbúinn og kominn til landsins fyrri. En háskóli Íslands verður með viðhöfn mikilli settur í Reykjavík 17. júní, og alment hátíðahald verður um allan bæinn. Víðast hvar annarstaðar um landið verður hundrað ára afmælisins minst eftir því sem tök eru til.

Vestur-Íslendingar hafa líka sýnt að þeir kunna að meta minning Jóns Sigurðssonar. Allmikill viðbúnaður er víða undir samkomur og hátíðahöld um bygðir þeirra, þó Kyrrahafsstrandar Íslendingar sýni mesta röggsemd af sér, því þeir einir munu halda þjóðminningardag.

Hér í borg hefir Helgi magri haft mikinn undirbúning undir kveldsamkomu þá, sem haldin verður í Goodtemplarahúsinu á laugardagskveldið. Aðal ræðumaðurinn fyrir minni Jóns Sigurðssonar verður Dr. Jón Bjarnason. Hinir ræðumennirnir verða prófessor Rúnólfur Marteinsson og Baldur Sveinsson, meðritstjóri Lögbergs.

Söngflokkur hefir verið æfður undir umsjón herra Gísla Goodmanns, til að syngja ýmist ættjarðarkvæði og eins sum þeirra frumsömdu kvæða, sem ort hafa verið fyrir minni Jóns Sigurðssonar og Íslands við þetta tækifæri Einnig verða sungnir einsöngvar. Ýms af beztu vestur-íslenzku skáldunum hafa sent forstöðunefndinni kvæði, sem verða lesin upp eða sungin, þau sem lög eru við.

Herra Th. Johnson fiðluleikari hefir lofað að aðstoða samkomuna með hljómleikum. Og Friðrik Sveinsson málari hefir tekið að sér að skreyta salinn, og vita það allir, sem Friðrik þekkja, að betri mann var ekki hægt að fá til þess. Má því fyllilega búast við, að minningar-samkoma þessi verði Helga magra og Winnipeg-Íslendingum til sóma og til verðugs heiðurs minningu Jóns Sigurðssonar.

Samkoman byrjar kl. 8 á laugardagskveldið, og eru allir Íslendingar boðnir og velkomnir.

Það er minnisvarðamyndin, sem sýnd er hér, tekin af gipsmynd þeirri, sem myndastyttan verður mótuð eftir. En hér gefst að eins að líta mynd Jóns. Í stallinum, sem hún á að standa á, verður greypt önnur mynd, en ókunnugt er oss, hvernig hún verður. Líkneskið á að vera 9 feta hátt, en stallurinn 8 fet. — Hr. Einar Jónsson sendi Heimskringlu 3 myndir af myndastyttunni, og töldum vér þessa bezta, og er hún því hér sýnd.

Að endingu leyfum vér oss, fyrir hönd Vestur-Íslendinga, að flétta úr ljúfum minningum krans, og leggja hann í anda á leiði ástmögs Íslands á hundrað ára afmæli hans

Lengi lifi minning Jóns Sigurðssonar!

Fregnsafn.

Markverðustu viðburðir hvaðanæfa.

— Jarðskjálftar geysuðu um gjörvalt Mexico síðari hluta fyrri viku, og gerði stórtjón á mönnum og eignum. Í höfuðborginni Mexico hrundi fjöldi húsa og fórust margir undir húsveggjunum. Eftir skýrslum, sem þaðan hafa borist, hafa nær þrem hundruðum manna látist í höfuðborginni og eignatjón talið nema fullri miljón dollars. — Út um landið hefir skaðinn orðið hvað meiri. Hafa þorp víða eyðilagst með öllu, og íbúarnir særst eða dáið. Alls er talið, að nær 2 þúsundum manna hafi látið lífið í þessum jarðskjálftum, og eignatjónið áætlað að nema 10 miljónum dollars. Samskot eru hafin um Bandaríkin og víðar til hjálpar hinu bágstadda fólki, sem mist hefir allar eignir sínar, aðstandendur og vini. Eldsumbrot í jöllunum valda jarðskjálftunum.

— Í Marocco eru sífeld uppþot og skærur um þessar mundir. Á föstudaginn var réðist óaldarflokkur á spænska hersveit nálægt Soul Arba Deket, og stóð þar snörp orusta; en Spánverjar urðu að lúta í lægra haldi. Mistu þeir rúmt hundrað manns, en óaldarseggirnir 60. Önnur orusta varð milli franskrar hersveitar og uppreistarmanna í norðanverðu Marocco á laugardaginn, og unnu Frakkar þar algerðan sigur, handtóku þá af uppreistarmönnum, sem ekki féllu. Fjörutíu Frakkar féllu í þessari orustu en yfir hundrað af lands mönnum.

— Prinsinn af Wales var gerður riddari af 'sokkabandsorðunni' (Garter) á laugardaginn var. Fór sú athöfn mjög hátíðlega fram, og var margt stórmenni samankomið Sjálfur spenti Georg konungur sokkabandsorðuna á vinstri fótlegg sonar síns.

— Ræningjar handtóku þýzkan vísindamann, prófessor Ritcher, skamt frá borginni Salonica, núna fyrir skömmu, og hafa heimtað 90 þúsund dollars honum til lausnar. Allar tilraunir hermannanna að handsama ræningjana og bjarga prófessornum hafa reynst árangurslausar. Er því búist við, að ættingjar prófessorsins verði að greiða lausnargjaldið, þó hátt sé, ef þeir vilja ná fundi hans aftur í þessu lífi.

— Svissneskum vísindamanni hefir tekist að lífga fisk, sem frystur hafði verið í þrjá mánuði. Þykir þetta mikilsverðasti viðburður vísindanna nú á síðari tímum og getur haft mikla þýðingu fyrir ókomna tímann. Hvernig að þessari uppfynding er varið, er launung, en sanna segja blöðin hana.

— Maður einn, Alexander Tarzin að nafni, var handtekinn nýverið í borginni Kazan á Rússlandi, og ákærður um að hafa myrt 57 manns. Sum af morðunum hefir náungi þessi þegar játað.

— Einkennilegt mál kom fyrir rétt í Chicago fyrir skömmu. Var það kona ein, Mrs. Steger, sem ákærði eiginmann sinn, John V. Steger, pianokaupmann fyrir nísku. Kvað hún hann eiga fullar tvær miljónir dollars, en léti sig að eins fá 20 dollars á viku til hússhalds og klæðnaðar. Hún yrði sjálf að gera öll húsverkin, þvo þvotta, skúra gólf og matbúa. Auk þessa væri maður sinn svo upptekinn af auragræðgi, að hann vanrækti allar eiginmanns skyldur Hjón þessi höfðu gift verið í 30 ár. Dómsúrslitin eru ekki kunn, en líkur eru taldar til, að maðurinn verði skyldaður að forsorga heimili sitt betur eftirleiðis, og láta ekki konu sína standa við þvottabalann. Slíkt er naumast miljónera sæmandi.

OGILVIE'S
Royal Household Flour

Til Brauð og Köku Gerðar

Gefur Æfinlega Fullnæging

EINA MYLLAN Í WINNIPEG,—LÁTIÐ HEIMAIÐNAÐ SITJA FYRIR VIÐSKIFTUM YÐAR.

— Demantar hafa fundist í Quebec fylki, um fjörutíu milur frá Sherbrooke, í gömlum króm (chromite) námum. Hvað mikið kann að vera af þeim, er órannsakað, en R. A. Johnson, náma- og jarðfræðingur, sem fann demantana, er á förum til Þýzkalands með sýnishorn af þeim. Vandkvæðin eru, að finna út hagkvæmlega aðferð til gð aðskilja demantana frá krómínu, sem þeir eru í. Auðnist það, verður vandalitið að fá markað fyrir þá, — og má ráðgera, að demanta iðnaður verði kominn upp hér í landi innan skamms, því demantar hafa fundist víðar en í þessum eina stað, — á tveimur stöðum í British Columbia, í Olivine fjöllunum og Bonaparte River héraðinu, og sömuleiðis í Ontario. Aðalvankvæðin hafa verið, að fá demantana aðskilda frá málmum þeim eða steintegundum, sem þeir hafa verið í. En búast má við, að það muni takast vonum bráðar.— Er hér þá fundinn einn viðbótaliður í auðæfa-keðju Canada.

— Í aprílmánuði fluttust til Canada 51,680 manns, og er það rúmum tveim þúsundum meira en í sama mánuði í fyrra. Af innflytjendum þessum komu 35.283 af hafi, en 16.397 frá Bandaríkjunum.

— Bráðbyrgðarforseti Mexico lýðveldisins, De la Barra, hefir látið það boð út ganga, að forsetakosning fari fram í næstkomandi októbermánuði. Er þegar búið að útnefna Francisco Madero sem forsetaefni, og eru líkur á því, að hann verði kosinn. Mótkandidat hans er talið að verði Reyes hershöfðingi, vinur og flokksbróðir Diaz. Einnig er búist við, að klerkastéttin katólska þar í landi, sem er öflug og auðug, muni tilnefna kandidat, sem henni er ráð þægur, því hvorugur þeirra Madero og Reyes mun vera það, og gamli Diaz var klerkunum andvígur alla sína löngu stjórnartíð. — De la Barra verður ekki í kjöri.

— Franskur Flugmaður, Bague sjóliðsforingi, gerði tilraun til að fljúga frá meginlandi Ítalíu yfir á eyna Corsicu, fyrra mánudag. — Honum tókst vel að komast af stað, en síðan hefir ekkert til hans spurst, og er vafalaust talið, að flugvél hans hafi fallið í sjóinn og hann druknað. Má það kallast fífldirfska, að ætla sér að fljúga jafnlanga leið yfir sjó, án þess að hafa skip og báta á þeirri leið til hjálpar, ef illa tækist til. Enda má álíta dauða Bague því einu að kenna, að hann vanrækti þetta.

— Maurice Rouvier, þrívegis forsætisráðherra Frakklands og sjö sinnum ráðherra í öðrum ráðaneytum, andaðist í París 7. júní, 69 ára gamall. Hafði fengist við stjórnmál um 40 ár, og talinn einn af heiðarlegustu og samvizkusömustu stjórnmálamönnum, sem Frakkar hafa átt.

— Bandaríkja senatið samþykti á mánudaginn var, að senatorar skyldu framvegis vera kosnir með almennum kosningum, en ekki að þing hvers ríkis kjósi þá, eins og áður hefir verið. Atkvæði féllu þannig: 64: 24.

— Sir Wilfrid Laurier er lasinn í hálsi og hefir samkvæmt læknisráði orðið að halda sig inni um nokkra daga.

— Þann 4. júní var mikið um dýrðir í Rómaborg, því þann dag var afhjúpaður minnisvarði Victor Emanuels, — hins mikla, sem margir hafa kallað, — afa núverandi konungs. Minnisvarði þessi er talinn að vera hinn stærsti og skrautlegasti, sem til er í heimi. Var nær miljón manna, viðsvegar aðkomið, viðstatt afhjúpunina. — Meðal annara voru 8000 borgarstjórar viðstaddir, og fjöldi annara stórmenna. — Það var Victor Emanuel, sem fyrstur sameinaði Ítalíu í eitt ríki, og kom henni til vegs og valda úr niðurlægingu, sem hún hafði áður verið í til margra alda, og er því engin furða, þó hin ítalska þjóð hafi minningu hans í hávegum.

— Frakkar og Spánverjar eru nú komnir í hár saman út af Morocco. Sem kunnugt er, var stjórnum þessara ríkja með friðarsamningunum í Algeciras falið að hafa eftirlit með stjórnarfarinu í Marocco. Til þessa hafa Frakkar að mestu haft hönd í bagga með stjórninni þar í landi og reynt með hervaldi að halda óaldarlýðnum í skefjum, og tekist það. En nú hafa Spánverjar gerst hugsjúkir yfir sigrum Frakka og halda að þeir ætli sér að leggja landið undir sig, en það er meira en þeir vilja leyfa, og hafa því sent hersveitir til Marocco. Lentu þúsund Spánverjar við Laracha á mánudaginn var. — Frakkar eru æfir yfir þessu tiltæki Spánverja, og telja frönsk blöð, að Spánverjar hafi sent hersveitirnar að undirlagi þjóðverja, til að spilla fyrir áhrifum og valdum Frakka þar í Marocco. Þau segja ennfremur, að meðan að Frakkar hafi átt í vök að verjast, hafi Spánverjar hvergi látið á sér bæra, en nú, þegar óöldin sé að mestu bæld niður, þá sendi þeir hersveitir til að troða illsakir við sig (Frakka). Hafa ómjúkar kveðjur farið á milli hinna frönsku og spænsku stjórna, en naumast má þó búast við ófriði.

— Þær fréttir berast frá þorpinu Uglich á Rússlandi, að ferja hafi hvolt á Volga fljóti og 30 manns drukknað. Þetta skeði á sunnudaginn var.

Náið í þetta

Hundrað alfatnaðir, gerðir úr fegursta Belwarp vaðmáli, trútt litaðir og handsaumaðir. Þeir komu of seint frá verksmiðjum til vorsölu, svo verksmiðjueigendur bera tapið af niðursetningu verðsins, meðan fatnaðirnir endast.

$13.50

væru ódýrir þó seldir væru á $20.00

PALACE CLOTHING STORE
Baker Block 470 Main St.
G. C LONG, eigandi,

VEGGLÍM

Vönduð bygginga efni:

The "Empire" Wood Fiber tegundir.

Cement Wall og Finish Plasters.

Sackett Plaster Board.

Vér höfum ánægju af að senda yður vora "Plaster Book"

Manitoba Gypsum Co., Limited.
Winnipeg, Manitoba

Heimskringla
Published every Thursday by The Heimskringla News & Publishing Co. Ltd

Verð blaðsins í Canada og Bandar $2.00 um árið (fyrir fram borgað).
Sent til Íslands $2.00 (fyrir fram borgað).

B. L. BALDWINSON
Editor & Manager

Office:
729 Sherbrooke Street, Winnipeg
BOX 3083. Talsími Garry 4110.

Fundirnir.

Þann 19. þ. m. hefja Conservativar í Canada leiðangur mikinn um alt fylkið, til þess að mótmæla gagnskiftasamningum þeim, sem í gerð eru milli Canada og Bandaríkjanna. Svo er ráð fyrir gert, að nálega hvert þorp í fylkinu verði heimsótt og fundir haldnir þar, til að ræða þetta mál. Sumstaðar verða fundirnir haldnir laust eftir hádegið, og á öðrum stöðum að kveldinu. Málið verður þar rætt frá öllum hliðum og ljósar og öfluggr ástæður gerðar fyrir stefnu Conservativa í því.

Enginn þarf að efa, að núverandi ríkisstjórn hafi sannfæringu fyrir því, að samningar þessir muni miða til heilla fyrir Canada, og þess vegna leggur hún að sjálfsögðu alt kapp á, að fá kjósendurna ekki síður en þingið til að samþykkja þá. Hins vegar er það eins víst, að herra R. L. Borden, leiðtogi andstæðinga í Ottawa þinginu, og þeirra, sem honum fylgja að málum, er sannfærður um það, að samningar þessir, ef þeir verða að lögum í báðum ríkjunum, muni reynast að verða Canada ekki að eins óhagstæðir, heldur einnig beinlínis skaðsamlegir, í því, að þeir muni að ýmsu leyti hefta þroska og framför landsins. Mál þetta alt er glvörumál, og eitt af stærstu þjóðmálum, sem á dagskrá hafa komið í Canada; með því að samningarnir snerta persónulega hagsmuni hvers einstaks borgara, ekki að eins í nútíð, heldur um allan ókominn tíma meðan þeir verða í gildi.

Bændur ættu því að sækja fundi beggja pólitisku flokkanna og íhuga röksemdir þær, sem færðar eru fram með og móti samningunum, — kynna sér málið og málsástæður allar sem bezt, og greiða svo atkvæði eftir því sem sannfæring þeirra sýnir þeim að bezt muni henta fyrir alla ríkisheildina, — en ekki að eins fyrir einhvern sérstakan hluta landsins. Málið krefst þess, að það sé skoðað og metið frá víðtæku sjónarmiði, og bændaflokknum er ekki síður trúandi til, að geta það og gera, en hverri annari stétt manna í öllu landinu.

Það má svo heita, að öllum, sem nokkuð hafa fylgst með máli þessu, sé nú orðið það kunnugt, að mestu þjóðmálamenn Bandaríkjanna eru nálega eindregið með því, að samningarnir nái samþykki beggja ríkjanna, sem allra fyrst. Og flest þau blöð, sem gert hafa málið að umtalsefni, taka sömu stefnu í því: heimta samningana lögleidda. Ástæður Bandaríkja-alaða og þjóðmálamanna fyrir að vilja fá samningunum framgengt, eru margvíslegar; en þessar má telja meðal annara:

1. Að þeir miði til að auka markað fyrir ónunna framleiðslu landsins.
2. Auki einnig markað fyrir unna framleiðslu úr verksmiðjum Bandaríkjanna.
3. Að með þessum samningum verði komið í veg fyrir, að auðmenn Bandaríkjanna flytji til Canada með miliónir auðæfa, til þess að byggja hér upp verkstæði og aðrar iðnaðarstofnanir, og þannig vinna að þroskun og framförum Canada í stað þess að byggja upp heimaland sitt eins og vera á.
4. Að með samningunum fái Bandaríkjamenn óbein yfirráð yfir timburauðlegð Canada, sem þeim er nú orðin nauðsynleg, og með því geti þeir sparað sína eigin timburauðlegð til síðari tíma.
5. Að með samningi samninganna sé því takmarki náð, að kornuppskera Canada verði mestmegnis flutt suður til Bandaríkjanna til mölunar þar í mylnum íbúanna, og að þannig aukist atvinna og auðlegð landsins, — ekki að eins í vinnunni, sem þannig skapist heima fyrir, heldur einnig við flutning mjölsins til annara landa.
6. Að samþykt samninganna miði til pólitiskrar og viðskiftalegrar einingar landanna.
7. Að þessi eining miði til pólitiskrar einingar beggja landanna.

Margar fleiri eru ástæðurnar, en þessar framantöldu eru þær helztu — og í þingræðum í Washington hafa ýmsir látið þess greinilega getið, að tifgangur Bandaríkjstjórnarinnar með samningunum sé bein innlimun Canada í Bandaríkin, á friðsamlegan hátt, eins fljótt og verða megi.

Því hefir ei verið haldið fram, að afleiðing samninganna yrði sú, að hækka verð á afurðum landsins eða lækka verð á nauðsynjum íbúanna, heldur hefir áherzlan verið lögð á þau atriði, að þeir fyki náttúru-auðæfa umráð Bandaríkjanna og miðuðu til sameiningar Canada við þau.

Alt þetta og margt fleira verður væntanlega skýrt á fundum þeim, sem að framan er getið, — jafnframt því, sem önnur atriði í stjórnarfari Laurierstjórnarinnar verða tekin til íhugunar.

Alt bendir á, að kosningabardaginn sé fyrir alvöru hafinn, og að kosningar fari fram á þeim listum, sem nú er verið að gera. Enda hefir Ottawa stjórnin nú tvöfaldað mannafla þann, sem vinnur að prentun kjörlistanna í Ottawa, svo að þar er nú unnið nótt og dag við prentun þeirra. En kjördæmaskifting verður væntanlega gerð strax og þingið kemur saman aftur, í júlí næstk., og að því búnu er ætlað, að þing verði rofið og kosningar fari fram ekki síðar en í september, eins og nýlega var skýrt frá hér í blaðinu.

Flótti Fieldings.

Sem kunnugt er, var Hon. Fielding, fjármálaráðherra sambandsstjórnarinnar, um eitt skeið forsætisráðherra Nova Scotia fylkis. Og síðan hann varð einn af ráðgjöfum Lauriers, hefir Nova Scotia dyggilega staðið að baki honum til þessa. En nú eru veðraskifti í vændum, og flokksmenn Fieldings væntu hjálpar hans í kosningabaráttunni, sem nú stendur yfir í fylkinu, — og Fielding lofaði að koma.

En dagarnir liðu, og Fielding kom ekki. Vinir hans tóku að gerast óþolinmóðir. Var það hugsandi, að hann ætlaði að bregðast þeim á tímum neyðarinnar? Eða var hann svo önnum kafin nú í Ottawa, að hann gæti ekki komið? Þess voru engar líkur.

En svo barst fréttin, að Hon. Fielding væri í þann veginn að leggja af stað til Evrópu, — í hvaða tilgangi vissi enginn.

Þessi flótti Fieldings til Evrópu var öllum ráðgáta.

Herra Fielding neitaði að gefa til kynna í hvaða tilgangi ferðin væri farin.

Hann neitaði því, að Sir Wilfrid Laurier hefði boðað sig utan.

Hann neitaði því, að ferðinni væri heitið til Englands.

Hann játaði, að hann færi beint til meginlands Evrópu, og sæi að líkindum Sir Wilfrid alls ekki fyr en eftir heimkomuna til Canada.

En hann varðist að geta þess, hvernig ð þessum flótta sinum til meginlands Evrópu stæði, og að hann þannig öllum að óvörum sneri bakinu við sínum pólitisku vinum í Nova Scotia, þegar þeim lá mest á.

En þegar maður fer að íhuga málið nánar, verður flótti Fieldings flestum skýr.

Hann dvaldi nógu lengi í Ottawa til að kynnast kosningahörfum Murray stjórnarinnar. Hann hafði enga löngun til, að véra riðinn við hinn mikla ósigur, sem hann vafalaust sá, að Murray stjórnin átti í vændum.

Mr. Fielding var heldur ekki blindur fyrir, hvernig sakir standa í öðrum fylkjum sambandsins.

Hann vissi, hvernig British Columbia snerist Conservative í fylkismálum; hvernig Manitoba gerði slíkt hið sama; hvernig Ontario fylgdi eftir og New Brunswick sömuleiðis. Hann vissi einnig, hve Liberalar í Alberta eru sundurþykkir, og hvernig Quebec er skift og er að snúa bakinu við Laurier; hvernig Liberal stjórnin í Prince Edward Island er í andarslitrunum. Og hann sá einnig án efa, að hin 29 ára stjórnartíð Liberala í Nova Scotia er á enda, og að kjós endur fylkisins eru að búa sig undir, að koma að Conservative stjórn, sem standi jafnfætis hinum ágætu og framkvæmdarsömu stjórnum Ontario, Manitoba, British Columbia og New Brunswick fylkjanna.

En sérstaklega fann Mr. Fielding að hann þorði ekki að mæta kjósendunum í sínum eigin kjördæmum, Shelburne og Queens, og öðrum sjávarkjördæmum, þegar hann vissi að þeir vissu, að hann hefði gert leynisamninga við Bandaríkin, sem eru fiskiveiðum fylkisins til stór óhags.

Þannig var það, að Mr. Fielding áleit flótta happasælastan, svo hann ætti enga hluttöku í hinu yfirvofandi falli Murray stjórnarinnar.

En löðurmannleg framkoma er þessi flótti fjármálaráðherrans engu að síður.

Tollmiðlun.

Þannig þýði ég hér orðið "reciprocity. Eg hefi séð ýms orð yfir þetta orð, svo sem: "gaukskiftasamning", "vöruskiftasamning", með fleiru enn þá fátækara. Mér finst þessi orð löng, stirð og óná-kvæm. Hér er um tollmiðlun að ræða. Get ekki áttað mig á því, hvers vegna þarf að breyta orðinu tollur í gagnskifti eða vörugagnskifti. Tollur er alt annað en vara. Tollur er álag, skattur á vöru, ákveðinn með lögum. Gagnskifti eða vörugagnskifti, mætti nota yfir þá verzlunaraðferð, ef Canadamaður og Bandamaður gerðu samning eða sáttmála, að Canadamaðurinn léti Bandamanninn fá hvitfiski í skiftum fyrir kaffi, baunir, eða Bandam. Canadam. Schlitz öl fyrir hveitikorn. Gerði ekkert þá, hvort væru tollvörur eða ekki. Að eins að vörurnar mættust að verðgildi hjá vörugagnskiftendum. Eg bið þig þess vegna, heiðraði vinur, að minnast þess, að þýðing mín á orðinu "reciprocity" er tollmiðlun í þessu bréfi.

Þetta tollmiðlunarmál er jafnvel það stærsta mál, sem er á dagskrá heimsins í dag. Allur hinn mentaði heimur horfir steinhissa og undrandi á framgang þess. Bretar standa með öndina í hálsinum. Canada er þeirra næsta og stærsta nýlenda, sem eftir nokkra áratugi slagar upp í Bandaríkin, og fer fram fyrir þau með tíð og tíma, fái það óáreitt að þroskast og blómgast. Önnur stórveldi lita svo á, að svelgi Bandaríkin Canada undir sig, þá verði þau það lang-öflugasta ríki í heimi, ósigrandi með öflu móti, jafnt í hernaði sem verzlun.

Aðdragandi þessa máls er nú þegar all-langur. Þegar ríkjasambönd komust á í Canada, byrjuðu flokkaskiftingar eins og kunnugt er. Conservative flokkurinn hélt strax fram tollverndun, sem minni máttar ríki. En Liberals héldu fram frjálsri verzlun. Hér um bil fyrir 40 árum bjó Liberal stjórnin, sem þá sat að völdum, til nokkurs konar frjálsverzlunarlög. En þeirra naut skamt að, því stjórn sú sat sára stutt að völdum. En reynd þeirra varð sú, að verksmiðjur í Austur-Canada hættu, þóttust ekki standa við kaup á verkeíni og borgun verkamannalauna. Menn töpuðu atvinnu í tuga þúsundatali. Gerðist afarmikill fólksflutningur úr Austurfylkjunum suður yfir landamærin, svo langan tíma tók að smala þeirri höfðatölu inn í landið aftur. Þessi litla reynsla virðist sýna það, að verkeíni og daglaun eru lægri í Bandaríkjunum enn Canada. Annað, að framleiðslan þar er margfalt meiri í iðnaði, vegna hins mikla muns á fólksfjölda.

Ekki voru Conservativar fyrr komnir til valda, enn þeir sömdu tollverndunarlög, og Bandaríkin sömuleiðis. Hafa tollverndunarlög millum beggja ríkjanna staðið í meginþáttum óhöggð fram á þenna dag. Síðan toll-lögin voru löggilt hefir Canada tekið óðfluga framgangi. Stöðugt hafa stjórnarflokkarnir í Canada barist með hnúum og hnefum með og móti tollverndunarstefnunni. Þegar Liberafar náðu völdúm 1896, var eitt af loforðum þeirra, að afnema tolla og leyfa frjálsa verzlun. Þeir hafa að vísu afnumið tolla og lækkað á sumum vörum, en líka hækkað á öðrum vörutegundum. Tollskýrslurnar sýna nú, að tollarnir eru að meðaltali lítið eitt hærri, enn þegar Conservativar skildu við völdin. — Þetta er aðalatriðin í toll-löggjöf flokkanna fram að þessum degi. Laurierstjórnin hefir við og við leitað funda og samtals við stjórnina í Washington, en daufar undirtektir hlotið, fram að síðasta hausti. Þá skjótast tveir sendisveinar Tafts forseta norður til Ottawa, og finna Laurierstjórnina, og þó með nokkurri leynd. Áhrif urðu þau, að Laurier sendir í vetur snemma tvo af ráðgjöfum sínum suður til Tafts forseta. Fjármálaráðgjafi Hon. Fielding var formaður fararinnar. Sátu þeir í sóma og yfirlæti um hríð, og ráðslöguðu um tollmiðlun á millum beggja ríkjanna. Þegar Fielding kom norður, kvað hann sáttmála um tollmiðlun vera í undirbúningi, og bráðlega kunngjörast þegnum beggja ríkjanna. Og það skeði. Meginatriðin eru kunn, nfl.: — allar afurðir bænda tollfríar, svo sem korntegundir bænda, garðávextir og kvikfénaður, o. s. frv., en að eins lækkaður lítið eitt tollur á akuryrkjuáhöldum. En það er einmitt sú vörutegund, sem bændur í Vestur-Canada hafa verið harðleiknastir á, og hafa þráðeðið stjórnina að afnema, að minsta kosti lækka að góðum mun. Orsökin þar til er auðskilin. Þau verkstæði, sem framleiða þá vöru, eru öll í Austurfylkjunum, þar sem Laurierstjórnin er sterkust á svellinu. Þau má ekki styggja svona alt í einu. Það hafa bæði sunnanmenn og norðanmenn fundið. Veiðið þá gæfu og grunlausu fyrst í gildruna. Síðar er hægra að eiga við afganginn.

Þegar þessi ákvæði tollmiðlunarinnar urðu kunn, kom heldur ys og þys í herbúðum Conservativa, bæði í Ottawa þinginu og um þvert og endilangt landið. Liberals fága og gylla málið, en Conservativar lasta og lýta, báðir af ýtrustu kröftum. Hefir sú orrahríð staðið látlaust yfir síðan í desember síðasta.

Þótt að búið sé að rífast svona lengi, þá hefir almenningur býsna óljósa þekkingu á málinu. Mun að miklu leyti stafa af því, að reynslan er léttvæg í þessu efni enn þá.

Liberalar segja: vér erum útvaldir þjónar þjóðarinnar í meirihluta. Hún hefir kosið oss til að halda fram þessari stefnu í tollmálunum, og það gerum vér. Vér erum sannfærðir um, að allar afurðir hækka í verði við tollmiðlunina, löndin hækka í verði, og Canada byggist margfalt fljótara en hingað til. Tollmiðlun hefir ætíð verið aðalstefna vors flokks, og höfum vér náð hnossinu og látum ekki undan síga.

Conservativar hafa öll undur og firn á móti þessari röksemdafærslu. Það fyrst, að þeirra stefna sé tollverndun á hæfilegan hátt. Þar að auki fjölmargar röksemdir, sem sýni og sanni, að þetta sé ókleyft mál til framkvæmda. Það hefir líka aukið byr í seglum Conservativa, að strax og þetta mál kom upp í þinginu, gengu nokkrir stjórnarsinnar úr flokki Lauriers, og kváðust mótmæla svona lagaðri tollmiðlun. Flestir þeirra eru bankastjórar, verzlunarmenn og verksmiðjueigendur.

Conservativar halda því fram, að komist þessi tollmiðlun á, þá sendi bændur í Vestur-Canada hveiti sitt og allar afurðir beint suður fyrir landamærin. Hætti alveg að senda vörurnar austur að stórvötnunum. Við það tapi járnbrautafélögin í Canada atvinnu. Brautirnar beri sig ekki og leggist að meiru og minna leyti í eyði; og stórfé það, sem búið er að dyngja í þær, af ríkisstjórn og fylkisstjórnum, félögum og einstaklingum standi arðlaust. Margar þúsundir manna, sem vinna á brautum, gufuskipum og uppskipunar og afskipunar vinnu tapi allri atvinnu. Ennfremur, að bankarnir og hveitikaupmenn tapi öllum eða miklu af sínum viðskiftþm. Þegar atvinna og verzlunarviðskifti þverri tapi ríkið lánstrausti á heimsmarkaðinum, og þegar það rýrni, þá falli landið og alt í verði í Canada, svo stórvandræði hljótist af þessari tollmiðlun. Þótt innflutningur aukist um stund og land hækki í verði, þá reynist það á hverfandi hveli, og alt sé niðurnítt og komið í vesaldóm, — þá glevpi Bandaríkin Canada í sig með húð og hári.

Conservativar spyrja stjórnina, hvernig hún ætli að bæta upp hinn afarmikla tekjuhalla, sem af toll-afnáminu fljóti. Stjórnin gefur fá svör um það mál. Það eina sjáanlega og skiljanlega er, að hún hlýtur að leggja beina skatta á þjóðina, á löndin og lausafé, uppskeru og atvinnurekstur. Það er ekki vafamál, að það verður tilfinnanlegra fyrir framleiðandann, enn nú er. Sem stendur borga Bandamenn þann hluta nú, sem hlýtur að færast inn í Canada. En vilji meirihlutinn taka þá byrði af þeim á sitt eigið bak, þá er komið sem komið er. Mestur hluti skattanna hlýtur að koma niður á framleiðurunum. Þeir þurfa verkfæri og vinnukraft. Fyrir daglaunamanninn er tollmiðlunin betri. Hann fær vörur sínar fyrir lægra verð enn áður, og atvinnuskattur á eignglitlum eða eignalausum mönnum gefur ekki orðið mikill, í samanburði við land- og lausafjáreigendur. Auðvitað halda þeir síðartöldu, að þeir fái svo miklu hærra verð fyrir vörur sín, ar. Það verður sýnt á sínum tíma. Undarlegt er það, ef auðkýfingar og okurfélög í Bandaríkjunum geta ekki skamtað framleiðendum í Canada úr hnefa, eins og sá ógnar okurb ldur gerir við sína eigin þjóð, sem nú engist sundur og saman undan heljartökunum.

(Meira).

Samtal um búskap.

Eftir "ORRA"

KETILL: Sit heill og sæll, Atli félagi; ég hefi verið allmiklum önnum kafinn nú um stund, svo ég hefi eigi náð fundi þínum, en margt hefir mér í hug komið, er ég vildi við þig ræða. Á vegi mínum heim til þín var all-stór flokkur svína, mjög misjöfn að vexti og þreki; ég fór að hugsa um, hvort flokkur sá mundi mötunautar og hvort það mundi ei vera alllítil hniflinga-björg, er þeir smávöxnu fengju.

ATLI: Svo mun það vera. Allir nærfærnustu menn meta það ranglátt, frá hagfræðislegu sjónarmiði skoðað, að hafa flokk grísa mjög misjafnan að vexti. Þeir eldri og þrekmeiri ryðja hinum smávaxnari frá fóðri, og éta svo máske meir en þeir þarfnast. Samkvæmt reynslu fyrirmyndarbúa og búnaðarskóla í Bandaríkjunum, er hin nýja fóðuraðferð svína betri en sú gamla. Nýja aðferðin er, að gefa svínum ei meira fóður í senn, en að þau éti mælirinn án hvildar; sé betra að gefa þeim fjórum sinnum á dag heldur enn tvisvar, og að bezt sé að byrja þá aðferð strax við smágrísina; aldrei að gefa þeim meira í senn, en að þeir sýni full listarmerki, þegar þeir hafa gjöfina étið. Bezt segja þeir að sé að flokka grísi eftir þyngd og vexti, þ.e.a.s. þá um marga er að gera, s.s. 70 og þar yfir. Í fyrsta flokk setja þeir saman 15—20 pd. grísi, í annan flokk 20—30 pd. og í þriðja flokk 30—40 punda. Þessi aðferð játa þeir að sé óþægileg fyrir bændur, sem ekki hafa nema einn svínahaga; en segla þó, að sé sú aðferð ekki viðhöfð, fái bóndinn ekki full afnot hjarðarinnar. Ennfremur seqja þeir, að bezt sé að hafa mál fóðursins samkvæmt vigt skepnunnar — Nú um síðir hafa dýralæknar fundið varnarmeðul við þessari geigvænlegu kóleru í svínum. Meðalið er blóð úr kólerusjúku svíni, sprautað inn undir húð skepnunnar eða í sogæðarnar.

KETILL: Hvað gamlir skulu grísir, þá þeir eru geltir?

ATLI: Flestir álíta heppilegast, að gelda grísi tíu daga til tveggja vikna gamla, því þá séu taugarnar svo fingerðar og fljótar að gróa; minni skaði að missa smágrísinn en margra mánaða gamla. Eitur-varnandi meðul skyldi maður ætíð hafa til að þvo benjarnar úr og brúka sem mest hreinlæti, gefa þeim í bæli sitt hreinan hálm. Læknar segja að í líkama smágríssins séu 75—80 prósent vatn; með aldrinum aukast þurru efnin, en í samræmi minkar vatn; og þar eð líkami smágríssins hefir svo mikið vatnsefni í sér að geyma, hefir hann ómótstæðilega kröfu til drykkjarins; vatnið hjálpar til meltingar, linar upp fóðrið, svo meltingarvökvinn getur unnið á því; það hjálpar til að koma efnum þeim út í blóðið, er það flytur til allra parta líkamans. Því skyldi þess gætt, að grísinn fái nægju sína drykkjar.

Jæja félagi, nú verð ég að fara fara að sinna störfum mínum, en hætta rabbi við þig um sinn. Við finnumst aftur í betra næði.

Tóbak-Vísindalega meðferð þess

TILBÚNINGURINN. — Tóbak er jurt, og eins og allar aðrar jurtir þarf undirbúning til mannlegra nota. Það er eins mikill munur á réttilega tilbúnu tóbaki og blöðkutóbaki eins og á hrárri eða hæfilega soðinni fæðutegund. Sósan er tóbakinu það sem suðan er fæðunni, eða ólgan víninu. NEFTÓBAK ER VÍSINDALEGA TILBÚIÐ TIL MANNANOTA.

Hversvegna tóbaks notendur kjósa Danskt framar öllu munntókaki:

Það er tilgert tóbak í þess hreinustu mynd.
Það er keim-betra og heldur styrkleik sínum og keim.
Það er drjúgt af því það endist betur. Það dregur ekki athygli, því það er ekki tuggið — að eins sett milli munngómanna
Það eftirskilur kælandi smekk í munninum. Það er tóbak vísindalega tilreitt til mannlegra nota.

Gæði og hreinleiki ábyrgstur.

Kaupmannahafnar Munn-Neftóbak er gert af bezta og kröftugasta blöðku-tóbaki, að viðbættum þeim efnum, er hafa sömu eiginleika og blöðku-tóbaks hreinsaður keimlögur. Tilbúningurinn viðheldur tóbaksgæðunum og hrekur remmuna úr laufinu.

AÐVÖRUN

Takið að eins lítið í munn, — annars finst yður máske tóbakið of kraftmikið.

Danskt Munn-Neftóbak er smá korn af hreinu, sterku munntóbaki. Þess vegna veitir það betur kraft sinn, en blöðku tóbak eða stórskorið tóbak, rétt eins og smámalað kaffi gefur kraftinn frá sér betur en grófmalað.

COPENHAGEN SNUFF
Er heimsins bezta munntóbak
NATIONAL SNUFF COMPANY, LIMITED
900 St. Antoine St., MONTREAL

WYNYARD BEACH.

Það væri ranglátt, að vekja ekki athygli allra. sem sjá og lesa Hkr. á stóru blaðsíðu auglýsingunni, sem var í síðasta blaði, um sumarbústað þann hinn fagra og heilnæma, sem nokkrir framtakssamir Íslendingar í Wynyard bæ eru að byggja upp, og bjóða nú lóðir þar til sölu, á verði, sem með réttu má teljast afarlágt, þegar tillit er tekið til fegurðar útsýnisins þar umhverfis, nálægð þess við Wynyard bæ og þess, hve bæði loftslag ið þar og vatnið er hressandi og heilsusamlegt, og þegar tillit er tekið til þess, hve lóðir í öðrum engu ákjósanlegri heilsu og sumarbústöðum eru seldar háu verði.

Sá galli var á auglýsingunni í síðasta blaði, að hún gat ekki um verð á lóðunum í Wynyard Beach, né stærð þeirra, sem hvorttveggja hefði átt að vera. Að vísu með með nákvæmri athugan sjá á uppdrættinum í auglýsingunni, að lóðirnar eru flestar eða allar 50 feta breiðar og lengd þeirra frá 140 til 240 fet, eftir afstöðu; einstöku af lóðunum eru styttri en 140 fet. — Verðið á byggingarlóðum í þessu fagra sumarbústaðarstæði höfum vér frétt að leiki á upphæðum frá $60.00 til $300.00, en að meðalverðið sé frá $225.00 til $250.00, og er það hreinasta gjafverð, miðað við það, sem lóðir kosta í ákjósanlegum sumarbústöðum hér eystra, og engan vafa þarf að telja á því, að lóðir þessar fari bráðlega mik ið hækkandi í verði.

Nokkrar lóðir hafa þegar verið keyptar á þessum stað, og tekið að byggja þar sumarbústaði. Ýmsar umbætur hafa og verið gerðar þgr af eigendunum sjálfum, til þæginda fyrir þá, sem hafa þar sumardvöl, og meiri og stærri verk eru þar fyrirhuguð.

Heimskringla telur gróðabragð, að eignast lóðir í Wynyard Beach, og að betra sé að festa þær sem fyrst, því vænta má þess, að ekki verði margar lóðir þar óseldar næsta haust, og einatt er betra, að kaupa frá fyrstu hendi og fyrir lægsta verð, til þess að geta síðar notið til fulls hagnaðarins gf verðhækkun, sem þar má telja vísa.

— Frá þorpinu St. Martin í Quebec berast þær fréttir, að hús hafi brunnið og þrjú börn, 12, 9 og 6 ára, hafi brunnið þar inni, en móðir þeirra og tvítugur sonur hennar komist nauðulega úr eldinum. Faðirinn var ekki heima.

Dánarfregn.

Þann 26. maí 1911 varð það slys að Valdimar Davíðsson drukknaði í Winnipeg vatni, 57 ára gamall. Hann var fæddur á Ferjubakka í Axarfirði í Norður-Þingeyjarsýslu á Íslandi. Sonur hjónanna Davíðs Jósafatssonar og Rannveigar Jósefsdóttur, sem bæði eru dáin.

Valdimar sál. hafði um nokkra undanfarna mánuði starfað að póstflutningi milli Mikleyjar og Íslendingafljóts, og leysti starf það prýðisvel af hendi. Hann lagði upp frá heimili sínu áðurnefndan dag í þessa síðustu póstferð sína, frá Hecla P.O., og var þá veður hið bezta um morguninn og hagstæður byr. En um hádegið var komið ofsarok, og það mesta illviðri, sem hugsast getur. Það var vonið, að Valdimar sál. hefði tekist ið hleypa í land. Mikil leit hefir verið gerð eftir líki hans meðfram ströndum vatnsins, en árang urslaust til þessa.

Valdimar sál. var dugnaðar- og kjarknaður og sótti kappsamlega það, sem hann vildi koma í framkvæmd. Hann var vel skynsamur og lagaður og siglaður, þrátt fyrir þungbærar sorgir, sem mætta lonum á lífsleið hans, og sem hann fann sárt til en bar karlmannlega. Hann var sérlega góður við börn sín og alt sem aumt va, og tröltryggur vinum sínum. Er hans því sárt saknað og mun lans síðar nánar getið. — Íslands löð eru vinsamlega beðin að geta áts þessa manns.

Vinur.

Opiðbréf til ritstj. Hkr.

Mozart, 5. júní 1911

Herra ritstj. Hkr. — Það var grein í síðasta blaði Hkr., með nokkrun punktum og tveimur litlum enum neðanundir í staðinn fyrir nannsnafn. Hvernig eiga kaupendur blaðsins að meðhöndla þetta lemál til þess að hafa nokkuð uppúr því?

Var það rétt af þér, hvernig sem á það er litið, að eyða rúmi blaðsins með þessari grein?

Er það heilbrigt frjálslyndi hjá þér, er vinur til að særa tilfinningar landa þinna þúsundum saman (bæði heima á Íslandi og hér), bara til að geta gert þessum eina manni til geðs, að gefa honum tækifæri í dálkum Hkr. til að sýna löndum sínum hér og heima, hvernig trúarljósið hans lýsir honum og leiðir hann, — já, er það sannarlegt frjálslyndi?

Hvernig heldur þú, að okkur meðhaldsmönnum Hkr. gangi nú að halda uppi okkar enda á móti andstæðingunu ? Og finst þér virkilega ekki, að þú búir illa út í hendurnar á okkur?

Að eins í þeirri von, að þér fari að þykja vænt um Hkr., og að þú farir að virða hana eins og skylt er og kaupendur hennar. — get ég haldið áfram að vera það, sem ég hefi verið Heimskringlu.

Með virðingu,

John Laxdal.

ATHS. — Bréfi þessu er þegar svarað. Ritstj.

Nokkur orð töluð í brúðkaupi.

Herra ritstjóri.

Ég undirrituð bið yður að ljá eftirfarandi línum rúm í blaði yðar. — Margir af kunningjum mínum hafa beðið mig að birta orð þau, er ég talaði í brúðkaupsveizlu Jóhanns Einars Snædal og Jóhönnu Hafliðason, að Markland Hall þann 26. marz sl., og með því að Jóhanna dóttir mín hefir einnig beðið mig þessa, má ég ekki neita henni um það:

"Háttvirtu brúðhjón og tilheyrendur. Ég finn mér bæði ljúft og skylt, að tala fáein orð hér í kveld, þótt þau því miður geti ekki orðið eins uppbyggíleg og við ætti.

Flestum kemur saman um, að brúðkaupsdagurinn sé gleðistund, og ber ég ekki á móti, að réttlátt sé að skoða hann svo. En eigi að síður er hann íhugunarverð stund, því þá er stigið hið stærsta og þýðingarmesta spor, sem mögulegt er að taka á mannlegri vegferð.

Vel veit ég það, að hjónaband hefir mikla blessun og gleði í för með sér, þegar það hepnast vel, — þegar hjónin hafa hvort fyrir sig haft lán til þess, að velja sér uppbyggilegan og trúan förunaut, — þegar þau eru samhent í því, að efla hvors annars heill jafnt í sorg og gleði. En, ó, hversu sárt er til þess að vita, hve oft það kemur fyrir, að hjónabandið mishepnast, og ekki sízt á yfirstandandi tímum, og það oft, þó um nóga auðlegð sé að gera, því margir giftast fyrir hana, eða með öðrum orðum, giftast auðnum, en ekki af ástinni, þeirri hreinu, sönnu. Ég veit vel, að auðurinn er afl þeirra hluta, sem gera skal. Það er sannur málshattur. En auðurinn er oft fljótur að dragast saman, ef vel er unnið og vel áhaldið, þó lítið sé af honum í fyrstu, þá getur samt alt farið vel, ef hjónin eru samtaka í því, að leggla fram alt það, sem miðar til hagsældar, sem er svo margt, bæði dugnaður og hófsamleg sparsemi, ásamt trausti á sjálfum sér; og umfram alt annað, að þau hafi guð í verki með sér, treysti honum og biðji hann ávalt að vera sinn leiðtoga, — sama trúa vininn, sem aldrei bregst, þó alt annað breytist. Því heimsins vinátta er fallvölt. Margir koma fram sem vínir meðan alt gengur vel, en hörfa svo stundum frá, þegar mest þörf er á vináttu þeirra og liðveizlu. Samt viðurkenni ég, að til eru sannir mannvinir, sem reynast oft bezt, þegar mest á liggur. En þrátt fyrir það er í mínum augum heimsins vináttа mjög lítils virði — Ég veit, að þessi orð mín eru ekki klædd í léttúðarfullan búning nútímans, heldur eru þau þrungin alvöru, því einmitt nú á þessari stund, þegar dóttir mín elskuleg er að ganga út í hina margbreyttu og vandasömu stöðu, þá renna ósjálfrátt upp í hugg mínum margar spurningar, sem þó fá ekkert svar, því alt er hulið.

Kæru brúðhjón! Ég enda svo þessi orð með þeirri ósk og von, að hjónaband ykkar verði farsælt; að þið reynist hvort öðru vel, eins og skyldan býður ykkur, og gætið þess vel, að það er ekki örðugt að koma vel fram meðan ekkert blæs á móti. En þegar lífsbarátt-an fer að margtvinnast, þá fyrst reynir á umburðarlyndið og gófuga hluttekningu í orðum og verkum. Ég bið og vona, að alfaðirinn góði haldi sinni verndarhendi yfir ykkur á hinni köldu braut hérvistarinnar.

• • •

Heims leið ei löng er,
lúnir flestir verða þó,
er berast um brimsker
breiðum lífs á sjó.
því lífið er ei leikur,
lán og auður mjög fallvalt,
vinahópur veikur,
veðrið tíðum kalt..
Áfram örugg haldið,
undan snúið veðri' aldrei.
Örugg áfram haldið,
eyðist tímans fley.

Lið ykkur ljái
lífsins herra, sem er trúr.
þraut hörð ei þjái,
þótt oft komi skúr.
Heims á hálum vegi
heitt þið treystið drottinn á,
bölið kalt þó beygi
bezt hann hjálpar þá.
Alt þó annað breytist
er hann sanni vinurinn.
Hans ei höndin þreytist,
hiklaust það ég finn.

Kristjana Hafliðason.

EDSON.

Það er ekki síður Heimskringlu, að auglýsa ritstjórnarlega landsvæði þau, sem auglýst eru í blaðinu. En rétt virðist að benda lesendum á Edson bæ í Alberta, sem nú er óðum að stækka og gefur von um, að komast í borgaröð, er tímar líða, ef nokkuð má dæma af núverandi útliti. Það eru ekki nema tiltölulega fáir mánuðir síðan hérað það, sem bærinn stendur í, var eyðimörk. Landið er öldumyndað slettlendi með skógar runnum hér og hvar, og útsýnið þaðan til Klettafjalla er fagurt og heillandi. Svo var Grand Trunk Pacific brautin lögð þar vestur um landið, og félagið ákvað, að hafa þarna (í Edson) vagnstöð og vagna-skiftistöðvar. Frá þessum stöðvum liggur akbraut norður um landið inn í Peace River héraðið, og nú er verið að mæla land ið meðfram henni, í þeim tilgangi, að leggja járnbraut þangað norður tafarlaust. Bærinn verður því miðdepill járnbrauta, sem liggja í fjórar áttir, — G.T.P. járnbrautin austur og vestur, Peace River brautin norður og suður, og 40 mílna langur stúfur, sem á að leggja suður í Brazeau kolanámana viðfrægu, sem nýlega eru fundnir þar. Þetta eru þær járnbrautir, sem nú þegar er vissa fyrir, að byggi upp Edson bæ En auk þess er á orði, að Canadian Northern járnbrautarfélagið muni leggja braut þangað, til þess að keppa um fólks og vöruflutninga þar.

Enginn efi er á því, að Grand Trunk Pacific járnbrautarfélagið býst við mikilli starfsemi í þessum bæ, því að það er að verja feikna fé til ýmislegra umbóta. þar, svo sem fyrir vagnstöðvar og vagnaðgerðar byggingar, skrifstofur og vagnsporgsvæði, sem nú þegar er orðið yfir tveggja mílna langt og hálfrar mílu breitt, með 30 mílum af hliðarsporum. Og þó er búist við, að félagið muni bráðlega verða að gera þetta svæði tvöfalt stærra, en það nú er. — Mesta urmul af íveru og öðrum húsum er nú stöðugt verið að byggja þar vestra, og fjör mikið er í landsölu þar. Alt þetta bendir til, að alþýða manna þar vestra búist fastlega við bráðri framför og stækkun bæjarins.

Bæjarlóðir á aðalstrætinu seljast nú fyrir yfir $50.00 fetið framhliðar, og lóðir, sem í fyrra seldust fyrir $200.00, seljast nú fyrir $800.00, og fara stöðugt hækkandi. Nokkrar verksmiðjur er verið að byggja þar í bænum, þar á meðal cement-gerðar verkstæði. Það er eign enskra auðmanna, sem lagt hafa eina milíón dollars í fyrirtækið, og á verkstæðið að veita 500 manns stöðuga atvinnu. Um 16 hundruð íbúar teljast nú í bænum og fer óðfluga fjölgandi. Alt útlit er til þess, að Edson verði stór bær innan fárra ára. Rétt nú er auglýst, að Grand Trunk Pacific félagið hafi gert samning um, að tvöfalda "round-house" sitt þar í bænum, svo það rúmi 28 gufuvagna, í stað 14, sem nú er. Einnig, að Canadian Northern félagið sé að búa um sig til starfsresktrar þar í bænum, og er það trygg, ing þess, að það félag ætlar að keppa um fólks og vöruflutning þar, og hlýtur það að hafa mikil áhrif á vöxt og þroskun bæjarins.

Nokkrir Íslendingar hafa keypt lóðir í bæjarstæðinu sjálfu, og munu eignir þeirra vel trygðar. Miklu fleiri hafa keypt lóðir í útmældum svæðum utan bæjarlínunnar. Hvort þær lóðir reynast arðsöm eign, er ekki ennþá hægt að segja neitt um með vissu. En margar líkur eru þó til að svo verði.

Enginn Íslendingur hefir ennþá aðsetur í þessum bæ, svo kunnugt sé, en trúlegt að þeir taki sér þar bólfestu með tímanum, ekki síður en annara þjóða fólk.

Úr bréfi frá C. Eymundsson.

Þann 12. maí 1911.

"— — Ég hefi fastsett mér, að setjast að fyrst um sinn í Fort McMurray, því ég hefi fundið góða námu af "tar-sand", og félag ætlar að bora þar eftir steinolíu. — Einnig hefi ég fundið gull í jörðu, en veit ekki fyr en að hausti, hve verðmætur sá fundur kann að reyn ast, því gullið liggur í sandeirum, sem ekki er hægt að vinna, fyr en vatn er orðið mjög lágt í ánni.

Margir landar hafa skrifað mér viðvíkjandi innflutningi til Grand Prairie, og verð ég að biðja þá, að leita upplýsinga hjá Dominion Land Office í Edmonton, því nú í fyrsta sinni á allri minni æfi er ég svo vant við kominn, að ég fæ ekki tíma til að sinna öllum bréfaskriftum. Bezt væri að Heimskringla vildi senda eftir upplýsingum um greiðustu ferð þangað norður. Stjórnin hefir látið leggja þangað nýjan vegg, sem á að vera yfir 200 mílum styttri en sá eldri.

Ef ske kynni, að sandeyrar þær, sem ég gat um að framan, skyldu reynast auðugar, þá skal ég tilkynna Íslendingum það í Heimskringlu, svo þeir geti orðið manna fyrstir að ná í lóðir".

Sendið Heimskringlu til vina yðar á Íslandi.

THE DOMINION BANK

HORNI NOTRE DAME AVENUE OG SHERBROOKE STREET

Höfuðstóll uppborgaður: $4,000,000.00
Varasjóður - - - $5,400,000.00

Vér óskum eftir viðskiftum verzlunar manna og ábyrgumst að gefa þeim fullnægju. Sparisjóðsdeild vor er sú stærsta sem nokkur banki hefir í borginni.

Íbúendur þessa hluta borgarinnar óska að skifta við stofnun sem þeir vita að er algerlega trygg. Nafn vort er fullrygging óhlutleika. Byrjið spari inulegg fyrir sjálfa yðar, konu yðar og börn.

Phone Garry 3450 Scott Barlow, Ráðsmaður.

Vitur maður er varkár með að drekka eingöngu HREINT ÖL. Þér getið jafna reitt yður á

DREWRY'S
REDWOOD LAGER

Það er léttur, freyðandi bjór, gerður eingöngu úr Malt og Hops. Biðjið ætíð um hann.

E. L. DREWRY, Manufacturer, Winnipeg

STRAX

Í DAG er BEZT AÐ GERAST KAUPANDI AÐ HEIMSKRINGLU. — ÞAÐ ER EKKI SEINNA VÆNNA.

MANITOBA

TÆKIFÆRANNA LAND.

Hér skulu taldir að eins fáir þeirra miklu yfirburða, sem Manitoba fylki býður, og sýnt, hversvegna allir þeir, sem óska að bæta lífskjör sín, ættu að taka sér bólfestu innan takmarka þessa fylkis.

TIL BÚNDANS.

Frjósemi jarðvegsins og loftslagið hafa gert Manitoba heimsfræga, sem gróðrarstöð No. 1 hard hveitis.

Manitoba býður bændasonum ókeypis búnaðarmentun á búnaðarskóla, sem jafngildir þeim beztu sinnar tegundar á ameríkanska meginlandinu.

TIL IDNAÐAR- OG VERKAMANNA.

Blómgandi framleiðslustofnanir í vorum óðfluga stækkandi borgum, sækjast eftir allskyns handverksmönnum, og borga þeim hæztu gildandi vinnulaun. Algengir verkamenn geta og fengið næga atvinnu með beztu launum. Hér eru yfirgnæfandi atvinnutækifæri fyrir alla.

TIL FJÁRHYGGJENDA.

Manitoba býður gnægð rafafls til framleiðslu og allskyns iðnaðar og verkstæða, með lágu verði; — Frjósamt land; — margvíslegar og ótæmandi auðsuppsprettur frá náttúrunnar hendi; — Ágæt samgöngu og flutningatæki; — Ungir og óðfluga vaxandi bæir og borgir. — Alt þetta býður vitsmunum, auðæfum og framtakssemi óviðjafnanleg tækifæri og starfsarð um fram fylstu vonir. Vér bjóðum öllum að koma og ödlast hluttöku í velsæld vorri og þroskun. — Til frekari upplýsinga, skrifið:

JOS. HARTNEY, 77 York Street, Toronto, Ont.
JOS. BURKE, 178 Logan Avenue, Winnipeg, Man.
A. A. C. LaRIVIERE, 22 Alliance Bldg., Montreal,
J. F. TENNANT, Gretna, Manitoba,

J. J. GOLDEN,
Deputy Minister of Agriculture and Immigration, Winnipeg

sér að henni og horfði í augu hennar svo hún roðnaði

"Lízt á hana? Ég elska hana!" svaraði Elma hrifin. "Jafnvel þó ég taki ekkert tillit til þess, að þér hafið búið hana til, finst mér hún inndæl".

"Þá lízt yður líka dálitið á mig?" spurði Cyril, og sneri sér að því efni, sem þau hugsuðu bæði mest um. Hann ætlaði burt daginn eftir og áleit því heppilegast að nota tímann.

Elma leit niður og hjarta hennar sló hraðara. "Þér vitið að mér þykir vænt um yður, herra Warring, mér þykir mjög vænt um yður. Þér voruð mjög vingjarnlegur við mig í jarðgöngunum, og ég hefi ekki gleymt því. Þér hafið eflaust séð, að ég var yður jög þakklát".

"Þegar ég spurði yður, hvort yður litist á myndina mína", sagði Cyril ásakandi um leið og hann tók hendi hennar og horfði í augu henni, "þá sögðuð þér: Lízt á hana? Ég elska hana! En þegar ég spyr yður, hvort yður litist á mig, hvort þér viljið eiga mig — þér vitið að ég meinti það —, þá látið þér yður nægja að svara, að þér séuð mjög þakklátar".

Elma lofaði honum að taka hina skjálfandi hendi sína og kalla sig skírnarnafni sínu. Hún lét hann lúta áfram og horfa á sig ástfangnum augum. Hjarta hennar barðist ákaft; hún gat ekki hrint honum frá sér. Hún fann, hve heitt hún elskaði hann, en giftast honum — ó, nei, nei, — skyldan bannaði henni það. Það væri voðalegt, óviðeigandi, skammarlegt.

"Herra Warring", sagði hún, "daginn sem við vorum saman í jarðgöngunum, litum við svo djúpt hvort í annars huga, að það væri heimskulegt að látast vera ókunnug. Ég skal segja yður sannleikann: ég elska yður, ég finn það, en ég get aldrei gifst yður".

Hún sagði þetta svo blátt áfram og þó með svo

mikilli örvilnan, að Cyril fann að hún meinti það, sem hún sagði.

"Hvers vegna ekki?" spurði hann ákafur, lyfti hendi hennar að vörum sínum og kysti hana. — "Fyrst þú segist elska mig, Elma, þá hlýtur hitt að fylgjast með, er það ekki?"

"Ég meina það sem ég segi, herra Warring", sagði hún með hægð. "Mér leizt vel á yður á lestinni, ég var yður þakklát í jarðgöngunum, og ég fann að ég elskaði yður daginn sem við fundumst hjá Holkers. Nú hefi ég sagt yður þetta hreinskilnislega — það er líklega af því við kyntumst svo vel þær stundirnar, sem við bjuggumst við að deyja hvort við annars hlið, og af því — af því ég sé að þér elskið mig —, en ég get aldrei gifst yður".

Hann settist niður við hlið hennar, og kom með að minsta kosti hundrað ástæður fyrir því, að þetta væri ósanngjarnt af henni. Hún hélt fast við sína skoðun, og sagði, að ef hún á annað borð giftist, þá skyldi hún giftast honum. Já, hann mætti halda áfram að elska hana, ef hann gæti, hún kvaðst elska hann á meðan hún lifði, en að giftast honum gæti hún ekki, og ekki gæti hún heldur sagt honum hvers vegna.

Nú var stundin komin, sem þau urðu að skilja, annars yrði Elma of sein til morgunverðar, og þá vissi móðir hennar alt. Hann horfði á hana einkennilega, og að síðustu rétti hún munninn fram og sagði lágt: "Að eins einu sinni, til að staðfesta samkomulag okkar. Í fyrsta og síðasta sinni. Þér ætlið burt á morgun".

"Já, það var nú áður en þér sögðust elska mig, en má ég ekki vera hér dálitið lengur, að eins eina viku?"

Elma dró sig í hlé áður en hann gat kyst hana, og svaraði mjö alvarleg:

"Nei, nei, bið mig ekki um það. Eftir það, sem skeð hefir í dag, þori ég ekki að sjá yður fyrst um sinn. Farið þér á morgun, eins og þér ráðgerðuð fyrst, annars þori ég ekki að leyfa yður að" — hún nálgaði andlit sitt hans andliti. "Með því skilyrði, að þú farir á morgun, mundu það".

"Þetta eru mjög harðir skilmálar", sagði hann og kysti hana svo. "En má ég ekki koma bráðum aftur?"

"Ég skal ávalt elska þig, en vægðu mér, vægðu mér".

Hún greip hendi hans og þrýsti hana hart, stökk svo á fætur og af stað, án þess að líta aftur.

Cyril stóð einn eftir í skóginum, ráðalaus og undrandi.

XVI. KAPÍTULI.

Stríð og sigur.

Þjáð af angist og illum grun hraðaði Elma sér heim; hræddust var hún við augu móður sinnar, því hennar rannsakandi augu var erfitt að leyna nokkru. Þegar hún kom heim, sagði vinnukonan henni, að Gilbert Gildersleeve væri kominn, og að hann ætlaði að neyta þar morgunverðar. Henni þótti vænt um þetta, því hún bjóst við að móðir sín mundi þá veita sér minni eftirtekt. Hún gekk til herbergis sins og baðaði andlitið í köldu vatni, unz hringt var til morgunverðar.

Gildersleeve var stór maður og þrekinn, með afarstórar hendur; hann var hávaðagjarn og hreykinn, ekki sízt núna, því hann var nýbúinn að fá vit-

neskju um, að snurða hafði hlaupið á þráðinn milli Granville Kelmscott og dóttur hans. Enda þótt ástasamband þeirri hefði átt sér stað án leyfis foreldra hennar, vissi þó Gildersleeve um samkomur þeirra í litla dalnum, og þó að hann hataði ofursta Kelmscott, var hann ekki á móti þessum ráðahag, með því hann vissi að ofurstanum var það þvert um geð.

Og einmitt þennan morgun hafði hin þreytta og kúgaða frú Gildersleeve sagt manni sínum frá þessari óvæntu og óvelkomnu fregn, en hann brást reiður við og hallmælti Kelmscotts fjölskyldunni svo mjög, að ekki var á bætandi.

"Ég ímynda mér, að þér skiljið það, frú Clifford", sagði hann með hárri röddu um leið og Elma kom inn, "að eitthvað sé bogið við Kelmscotts ástæðurnar. Ungi óðalsherrann, sem alls ekki líkist föður sínum, okkar á milli sagt, er mjög myndarlegur piltur —, alt of góður fyrir þá fjölskyldu, að minni skoðan, — nú, en hann, óðalsherrann, Granville, hefir undanfarinn tíma gert sér það að vana, að ganga inn á mitt land, yfir steingirðinguna, sem aðskilur löndin, og svo hefir hann gert sér mikið ómak til að kynnast nágrönnum sínum, einkum þeim, sem dóttir mín er tíður gestur hjá. Ég hefi ekki bannað honum komur hans á mitt land, nei, ég hefi þvert á móti hvatt hann til þess. En sko, á mínu landi mætti hann stundum Gwendoline dóttur minni af tilviljun — nei, alls ekki, það fullvissa ég yður um, frú Clifford, um slíkt er ekki að tala", — þetta sagði hann með neitandi svip og upplýftum fingrum —. Nei, Gwendoline er of ung til þess, og svo dettur mér ekki í hug, að leyfa henni að giftast inn í Kelmscotts fjölskylduna. En hvað sem það nú er, eða ekki er, sem hefir laðað hann, þá er það víst, að hann kom þangað nærri því á hverjum degi, þang-

Minni Steingr. Thorsteinssonar

á 80 fæðingardag hans.

"Þú Vorgyðja" kemur úr suðrænum sal
með söngvana, gleðina' og vorið,
og árdegishljómana hlustandi dal
þú hefir með geislunum borið.
Þú sýndir oss vegina' um víðsýnin blá,
og vaktir oss unga við hljómana þá.

Og röddin, sem kallaði' að kotunum heim
og kvaddi' út lifið og daginn,
var fjallanna bergmál af bylgjunum þeim,
sem hrutust hér norðr yfir sæinn,
og aflið, sem fossandi fylti þann óð,
var fjarlægu sonanna móðurlands blóð.

Og það var sú herhvöt, sem hóf okkar mál
og hratt af oss feðranna byrði,
og alt það, sem kveikir í sonunum sál
og sögunni' er einskildings virði;
sá morgunn, sem færði' okkur metnað að gjöf
og móðurást þá, sem oss fylgir í gröf.

Þó munum við bezt hvernig börnunum leið
í "Brúðsöngnum" vaggandi þýðum,
er vornóttin einsömul vakandi beið
hjá vinum í "Unadals" hliðum.
Og æskunni fanst þetta ort fyrir sig,
og elskaði, Steingrímur, vorið og þig.

Þann sigur á skáldið með hörpuna' á hné,
að hlýtt er við ljóð inni' í dölum;
því vetur er einatt hjá völdum og fé
en vorið hjá syngjandi smölum.
Oss fanst þegar ljóðin þín leituðu heim,
sem lóan og hlýindin kæmu með þeim.

Og vel gerðu, Steingrímur, vordisir þær,
sem vögguljóð yfir þér sungu,
sem leiddu þinn "Morgun" í ljóshvelin tær
og lögðu þér "Vorhvöt" á tungu.
Og frítt er þitt "Haustkvöld" og fagur þinn krans
úr fornvina þökkum og aðdáun lands.

ÞORSTEINN ERLINGSSON.

Islands fréttir.

— Blaðið Þjóðólfur átti að selja á uppboði 2. þ. m. í Reykjavík. Pétur Zóphoníasson hefir orðið að hætta ritstjórn, en Jón Ólafsson tekið við í bráð.

— Á Hornafirði vildi það til, er Perwie kom þar, að maður nokkur stökk út úr mótorbát, er flutti fólkið í land. Báturinn hafði orðið fastur á eyri og maðurinn ætlaði að vaða í land. Hann lenti í ál, sem var óstæður, og sökk þar. Honum skaut upp og kallaði hann á hjálp, en því varð ekki við komið, að bjarga honum, enginn maður syndur þarna, og druknaði hann fyrir augum bátshafnarinnar. Þetta var vinnumaður frá Hoffelli, silfurbergslandinu.

— Frá Hornafirði er að frétta uppgrip af fiski, svo stórfeld, að menn muna varla dæmi til sliks.

— Í Vestmannaeyjum er alt af hlaðafli. Eyjarskeggjar fjölga óðum mótorbátum. Gefast þeir bezt til veiða.

— Nýtt félag er að myndast í Reykjavík, sem ætlar að taka á leigu nokkra botnvörpunga.

— Stjórnmálaflokkarnir héldu með sér fund hvor í sínu lagi í þinglokin til þess að velja sér þingmannaefni í kjördæmin. Listarnir eru þó hjá hvorugum fullgerðir enn.

— Silfurbergsnáma mikil er fundin í Hoffelli við Hornafjörð, og hefir Björn bankastjóri Kristjánsson keypt hana að sögn.

— Myndastytta Jóns Sigurðssonar. Gipsmyndin er komin út og á að steypa tvær eirmyndir af henni. Verður önnur sett á miðja 'Skólabrúna' (framan við Mentaskólann) og bogagötur umhverfis, en hin send Íslendingum í Vesturheimi.. Ekki verður myndin komin hingað (Rvíkur) fyrir 100 ára afmælið, og er búist við að hún verði þá afhjúpuð 2. ágúst í sumar.

— Ekki verða þau hátíðabrigði að nýju frímerkjunum, sem til var ætlast. Þau eru ekki fullger enn og koma ekki fyrr en seint og síðarmeir. Að eins á að láta 4 aura frímerkin ná til Rvíkur fyrir 17. júní. Er þetta dárleg frammistaða, hverjum sem það er að kenna.

— Sjálfstæðisflokkurinn hefir kosið miðstjórn: Björn Jónsson fyrv. ráðherra, Skúla Thoroddsen, Ben. Sveinsson, Jón Þorkelsson, Jens Pálsson, Björn Kristjánsson og M. Blöndahl.

— Heimastjórnarflokkurinn hefir kosið miðstjórn: Hannes Hafstein fyrv. ráðherra, L. H. Bjarnason, Ág. Flygenring, Jón Ólafsson og Halldór Jónsson bankagjaldkera.

— Meira prófinu við Stýrimanna skólann er nýlokið. Þessir fjórir tóku próf: Jón Ó. Jónsson fékk 105 stig, Gísli Guðmundsson 91 st., Guðbjartur Ólafsson 91 st. og Gísli Þorsteinsson 89 stig. Próf Jóns O. Jónssonar er hæsta próf, sem tekið hefir verið við skólann.

— Veikindi hafa verið allmikil í Skagafirði. Taugaveiki, lungnabólga og illkynjað kvef.

— Hákarlaveiði hefir Helgi Hafliðason kaupmaður á Siglufirði látið stunda síðari hluta vetrarins og haldið út til þess þrem vélarbátum. Hafði hann í byrjun maí fengið nokkuð á annað hundrað tunnur af lifur, og var þegar búinn að bræða allmikið af henni.

— Axel Tulinius sýslumaður Sunn-Mýlinga, hefir beðist lausnar frá embætti, sökum bilunar á heyrn.

— Bautasteinn Jóns Sigurðssonar verður afhjúpaður að Rafnseyri í Arnarfirði 17. júní þ.á. Skjöldur með andlitsmynd Jóns Sigurðssonar er greiptur inn í bautasteininn, og hefir hr. Einar Jónsson myndasmiður gert myndina. Jafnframt því er bautasteinninn verður afhjúpaður verður og á Rafnseyri haldinn þjóðminningardagur.

— Eina og hálfa milíón fiska hafa íslenzku botnvörpungarnir aflað það sem af er vertíðinni, segir Ísafold 6. maí.

— Vetrarvertíð reykvíksku fiskiskútanna hefir verið með allra bezta móti. Mestan afla hefir skútan Ása fengið, tæp 50 þúsund fiskjar.

— Einmunatíð var um land alt í síðustu viku maímánaðar.

* * *

Fréttir frá Akureyri.
17. maí.

Nú er hin bezta tíð. Sildarafli er hér talsverður og ufsi mikill.

Ís er nokkur útifyrir, nægur til þess, að hákarlaskipin geta ekki legið við veiðar. Eitt þeirra kom inn í morgun með 80 tunnur lifrar.

Séra Mattías í Grímsey er stadd ur í bænum og segir hann engan ís fyrir utan Grímsey.

— Ívar Helgason, áður verzlunarstjóri við Edinborgarverzlun, er nú orðinn bókari við Klæðaverksmiðjuna á Akureyri.

Glímufélagið Grettir á Akureyri efndi til kappglímu á sumardaginn fyrsta um skjöld sinn, sem heitir "Akureyrarskjöldurinn". Sá hét Eiður, Guðmundsson frá Þúfnavöllum, er skjöldinn hlaut. Næst áður hafði hann Jón Pálmi Jónsson og glímdi hann nú einnig.

Úr bréfi frá Íslandi.

7. maí 1911.

"— — Það sem mér finst menn eða afþýðu vanti helzt, er að vera dálítið meira hugsandi. Maður sér þetta í svo mörgum gtriðum, t.d. í pólitíkinni, þar sem einn einasti maður ræður atkvæðum kjósenda í heilu héraði, og það eiginlega án þess það sé málefnið slálft, sem veitt er fylgið, heldur smaladugnaður einstöku manna. ..... Stjórnmálin, sérstaklega sambandsmálið, eru svo flókin, að menn hafa alls engin tök á, að afla sér sjálfstæðrar þekkingar á þeim ..... Leiðandi mennirnir halda hver sinni skoðun fram, og æsingar og blekkingar ganga óspart á báða bóga. ..... Málin verða æsingamál eða tilfinningamál. — Nú er sumarið komið, þrátt fyrir allan hafísinn, sem sagður er fyrir landi, eru hlýindi, klaki úr jörðu og grösin þjóta upp. Er því góðs von, ef kuldinn fær ekki aftur yfirhöndina til þess að eyðileggja nýgræðingin. Menn eru því almennt að vinna útiverkin. Margir búnir með völlinn, og fara því að vinna fyrir alvöru að byggingum og jarðabótum. Í fyrra var stofnað búnaðarsamband við Mýra- og Borgarfj.-sýslu, og er Hjörtur Snorrason formaður. Það hefir ráðið 3—4 menn í alt sumar, er ferðast um með verkfæri og hesta og plægja þeir og gera flest eða öll jarðabótastörf. Kosta þeir 10 krónur á dag, og er það ódýrt, enda sækjast menn eftir þeim. — Að líkindum verður töluvert um dýrðir, þegar brúin á Norðurá verður vígð, sem komið hefir til orða að verði 17. júní. — Lítið hefir enn frézt um þingmannaefnin hér í þessum sýslum. Þó hefir heyrst, að Borgfirðingar muni ekki kunna að meta þann heiður, að eiga ráðherrann fyrir þingmann sinn. ..... Gaman væri að fá línu frá þér um hugsanir þínar um viðburðina hér heima. Mér finst ætið meira að marka þá, sem sjálfir standa að nokkru leyti utan við viðburðina, en sem þó hafa áhuga fyrir þeim heldur en hina, sem eru mitt inni í sjálfri hringiðunni og því hálfblindir af því moldviðri, sem þeytt er upp úr öllum áttum".

Litir ljósmynda.

Það var fyrir nokkrum árum lundin aðferð til þess aó taka ljósmyndir með náttúrlegum litum þess manns eða hlutar, sem myndirnar voru teknar af. Uppfynding sú var gerð á Frakklandi og litmyndatöku aðferðinni haldið algerlega leyndri. Síðan hafa Bretar lagt sig alla fram til þess að finna leyndardóm þennan og nú loksins tekist það.

Nokkrar slíkar myndir voru í síðustu viku sýndar á myndatöku stofu í Dower St. í Lundúnum, er sýndu hina náttúrlegu liti fólksins, sem þær voru af, svo nákvæmlega sem verða mátti og hægt var á að kjósa, — augun, hárið, gullstássið og gimsteinaskrautið og hver litur í búningi fólksins kom svo náttúrlega, að enginn málari hefði getað gert það jafnvel.

Herra Hamburger, sem fundið hefir þessa myndatöku aðferð, segir. að þó slíkar myndir hafi áður fengist teknar, þá sé aðferð sú, sem hann hafi fundið, langt um fullkomnari en hinar fyrri, í því, að litirnir birtist í náttúrlegri mynd.

Svo er uppgötvun þessi nákvæm að mynd af konu sýnir ljóslega, hvort hún hefir borið á sig andlitsfarfa áður en hún sat fyrir, eða ekki. Eins sýna myndirnar, hvort sá, sem fyrir situr, er sólbrendur af útiverum eða ekki.

Ennþá hefir ekki tekist, að taka myndir þessar að dagtíma við sólarljós. Það þarf til þess sérstakt leifturljós, sem herra Hamburger einnig hefir fundið. Hann segir aðferð sína vera svo vissa, að undir öllum kringumstæðum geti hann tekið litmyndina eins fljótt og nokkra aðra mynd, og að á þriggja vikna tíma geti hann prentað þær með litum.

Meðal þeirra fyrstu, sem setið hafa fyrir undir nýju aðferðinni, eru: Prince Alexander of Teck, Esher lávarður, Sir Joseph Lyons, frú Pavlova og annað stórmenni.

Ekki er getið um, hvað myndir þessar kosti, en væntanlega eru þær ennþá svo dýrar, að ekki er annara meðfæri að fá þær en auðmannaflokksins.

Drykkjuskapur og tóbaksnautn.

Ef til væri meðal, sem læknaði drykkjuskap og tóbaksnautn, án vítundar og tilverknaðar neytandandans sjálfs, þá yrði það merkasta uppfynding aldarinnar, því hver drykkjumaður og tóbaksneytandi hyrfi á skömmum tíma.

Hver sem hefir í hyggju að lækna annanhvorn þennan ávana kunningja sinna á þennan hátt, mun sjá, hversu fráleitt það er, ef hann hugsar ögn um það.

Það þarf að beita fullkominni einlægni við þann, sem lækna skal. Með hans aðstoð má lækna hann af hvorum þessum löstum, en árangurslaust án hans hjálpar og samþykkis.

Dr. McTaggart í Toronto, Can., ábyrgist, að lækna menn af drykkjuskap á þremur til fjórum dögum, ef forskriftum hans er nákvæmlega framfylgt. Læknirinn hefir selt þétta ofdrykkju læknislyf til fleiri ára og hefir bætt fjölda manns. Lyfið kostar að eins $25.00 og mun reynast eins vel, ef ekki betur, og nokkur $100 lækning, sem völ er á.

Meðal hans móti tóbaksneyzlu, er sérstaklega tilbúið í því skyni. Kostar að eins $2.00, og geta menn læknast af því á hér um bil tveimur vikum

Bæði lyfin eru ágæt til styrkingar líkamans, og hafa engu óholl eftirköst á þann, sem lækninum er.

Fjöldi vottorða gefin af fúsum vilja. Getur hver fengið að sjá þau, sem þess óskar.

Lyfin send, þegar borgun er fengin. Burðargjald ókeypis. Bréfaviðskifti boðin, — stranglega heimuleg.

Skrifið eða ráðgist við

K. K. ALBERT,
einka-umboðsmaður í V.-Canada,
708 McArthur Bldg., Winipeg.

The Hyland Navigation Co.
hefur nú opnað
SUMAR SKEMTIFERÐA SKRÁSETNINGAR
Margar þegar skráðar.
TJALDSTAÐIR til leigu til sumardvalar, í
"HYLAND PARK"
Rétt við ána. Dýrðlegt útsyni. Strætisvagnar á hverjum tuttugu mínútum.
HYLAND NAVIGATION CO.
13 Bank of Hamilton Chambers. Winnipeg.

Með því að biðja sérlega um "T.L. CIGAR," þá ertu viss að fá ágætan vindil.
T.L.
(UNION MADE)
Western Cigar Factory
Thomas Lee, eigandi Winnipeg

A. S. TORBERT S
RAKARASTOFA
Er í Jimmy's Hótel. Besta verk, ígæt verkfæri; Rakstur 15c en Hárskrður 25c. — Óskar viðskifta Íslendinga. —

JIMMY'S HOTEL
BEZTU VÍN OG VINDLAR.
VÍNVEITARI T.H.FRASER,
ÍSLENDINGUR.
James Thorpe, Eigandi

MARKET HOTEL
146 Princess St.
á móti markaðnum
P. O'CONNELL, eigandi, WINNIPEG
Beztu vínföng vindlar og aðhlynning góð. Íslenzkur veitingamaður P. S. Anderson, leiðbeinir Íslendingum.

Woodbine Hotel
466 MAIN ST.
Stærsta Billiard Hall í Norðvesturlandinu
"Tíu Pool-borð.—Alskonar vín og vindlar
Gisting og fæði: $1.00 á dag og þar yfir
Lennon & Hebb,
Eigendur

JOHN DUFF
PLUMBER, GAS AND STEAM FITTER
Alt verk vel vandað, og verðið rétt
664 Notre Dame Av. Phone Garry 2568
WINNIPEG

sé mjög glæsilegt og allir saman nafnkunnir menn, sem fyrir því standa".

Svo rétti hann Guy skjalið, greip fiólínið og fór að leika á það.

Meðan Guy var að lesa, lék hann einkennilega fjörugt lag á hljóðfærið.

Guy var nú búinn að lesa, stóð upp og dýfði penna ofan í blekbyttuna. "Gott", sagði hann. Ég gef þér heimild til að selja strax og skrifa mig um leið fyrir 300 hlutum, sem þetta boðsbréf býður. Fyrst ég á annað borð er með, þá get ég vogað eins miklu og þú, einkum þar eð þú segir að þetta sé svo gróðavænlegt".

Nevitt leit rannsakandi augum á pappírinn. "Það er annars merkilegt", sagði hann, "að þú og Cyril, sem eruð að öllu leyti svo líkir, skulið hafa svo ólíka rithönd. Maður mætti ætla að þið skrifuðuð eins".

"Ó, skilurðu það ekki?" spurði Guy brosandi, "ég geri það með vilja. Cyrils skrift hallast áfram og þess vegna læt ég mína hallast aftur, svo hún valdi ekki misgripum. Auk þess reyni ég að skrifa alla stafina öðruvísi, en ef ég léti hendi mína ráða, myndi mín skrift verða alveg eins og Cyrils. Mér er miklu eðlilegra, að skrifa alveg eins og hann, en ég er að venja mig á, að eiga rithönd út af fyrir mig. Það er af sömu ástæðu, að við notum sinn bankann hvor. Ef ég vildi, þá get ég skrifað alveg eins og hann. Sjáðu, hér er nafn hans undir bréfi, sem hann sendi mér í morgun, og nú skal ég skrifa nafn hans eins og mér er eiginlegast. — Líttu á, heldurðu að nokkur maður geti skrifað líkara honum?"

Montague Nevitt tók bréfið og rannsakaði það nákvæmlega. "Já, það er að öllu leyti alveg eins", sagði hann, "Enginn féhirðir í öllu Englandi mundi

sjá mismun á rithönd ykkar, og tafarlaust borga ávísun með Cyrils nafni undirskrifuðu af þér".

Slík líking getur komið að góðu gagni við vissar kringumstæður, hugsaði hann, en sagði það ekki.

XV. KAPÍTULI.

Vegur skyldunnar

Í nánd við Tilgate hafði Elma Clifford við og við fundið Cyril hjá kunningjum sínum, því síðan járnbrautarslysið vildi til, hafði samkvæmisfólkið þar einsett sér að þau skyldu heitbindast hvort öðru, og þegar þetta fólk hefir áformað eitthvað, notar það öll tækifæri, sem það getur, til að koma áformum sínum fram.

En allstaðar, þar sem Elma hafði séð málarann sinn þessar fáu vikur, voru þau aðgætt með nákvæmni af þeim, sem þar voru til staðar, og enda þótt hún játaði með sjálfri sér, að hún elskaði hann, var hún svo hrædd eftir ofboðið sem yfir hana kom eftir samkomuna hjá Holkers, að hún var ekki fjarri því að forðast hann, þrátt fyrir tilraunir hinna til að koma þeim saman, — að sumu leyti af því, að þessi ákafi vinanna vakti hlá henni ofurlítla feimni, og að sumu leyti af því, að hún var síðferðislega sannfærð um, að það væri rangt af sér að giftast, þegar hún vissi að brjálsemi bjó í sér, og gat brotist út nær sem væri, og ef til vill ákafari en síðast. Þegar hún fann Cyril, datt henni ávalt í hug ofboðið. sem á hana kom í herberginu hennar, og þessi hugsun kom roðanum sífelt fram í kinnar hennar,

jafnframt hinni þvingandi en óumflýjanlegu vissu, að hún mætti ekki baka honum vandræði með þessum voða, sem sér væri fylgjandi.

Því Elma var sannfærð um, að hún hefði verið brjáluð þetta kveld, og það gæti gengið í erfðir til barnanna, ef hún gifti sig.

Hún vissi ekki það, sem hver og einn sálfræðingur hefði getað sagt henni, að enginn, sem geymdi frjóangann til brjálsemi í blóði sínu, hefði getað hugsað um þessa réttlátu sjálfsafneitun.

Það var eina morgunstund, að Elma gekk út til að hreyfa sig, hún skeytti ekkert um, hvert hún gekk og kom að síðustu inn í Chetwood skóginn. Hún gekk hægt og hugsandi eftir einni mjóu skógargötunni, þegar hún alt í einu stóð frammi fyrir hvítu lérepti, sem spent var á grind, er stóð á myndatrönu; hins vegar við léreftið sá hún nokkuð af málaranum, sem vann af ákafa.

Listamaðurinn sá Elmu ekki strax, því léreftið skygði á hana; fótatak hennar heyrði hann heldur ekki. Fyrst datt Elmu í hug, að snúa við og flýja áður en Cyril sæi hana, en fæturnir neituðu að hlýða vilja hennar, og nú skildi hún ástæðuna til þess: við stóra steininn, framan við burknarunnann, lá Sardanapel, hringaður upp eins og hraukur, og sólin skein á bláa skrokkinn hans í gegn um runnann og bjó til hringmyndaða bletti á mosalaginu í skóginum. Þessi fagra skepna töfraði Elmu enn meira nú en á lestinni, svo hún gat alls ekki litið af henni. — Meðan hún stóð þannig, leit Cyril á höggorminn, til að sjá áhrif ljósgeisla, sem skein gegn um laufið og gerði bletti á hrygg hans, — og sá þá Elmu um leið. Hún hrökk við, en nú var of seint að flýja, svo hún stóð kyr.

Cyril spratt á fætur og gekk frjálsmannlega með framréttar hendur til hennar. "Góðan daginn, ungfrú Clifford", sagði hann glaðlega. "Nú loksins hefir þá tilviljanin leitt yður hingað á starfstöðvar mínar. Mér þykir ósegjanlega vænt um það, því þetta er síðasti dagurinn, sem ég dvel hér. Ég er að ljúka við myndina mína, áður en ég fer með hana til London. Á morgun snemma fer ég til Norður-Wales, og þaðan ef til vill til Skotlands".

Þrátt fyrir áform sitt, skalf Elma ofurlítið, þegar hún heyrði þetta, því enda þótt hún gæti aldrei gifzt honum, var það svo unaðsríkt, að vita af honum í nánd, og hafa tækifæri til að mæta honum við og við. Hún fölnaði, og það var auðvelt að sjá hrygðina á svip hennar.

Hún gekk með hægð að myndinni, starði lengi á hana með nákvæmri athugan, og nú fyrst varð hún þess vör, hve listelsk hún var

"Hún er inndæl", sagði hún loks. "Hvað mér þykir vænt um hana. Mosinn er svo flauelsmjúkur og burknarnir svo laglegir, og bjarti sólarbletturinn á mislita skrokknum hans Sardanapel er alveg óviðjafnanlegur".

Cyril gekk fá fet aftur á bak og horfði fast athugandi á myndina. "Já, ég er nú samt ekki vel ánægður með hana", sagði hann og leit á Elmu, — "ég er hræddur um að hún sé of græn. Hér, í skauti náttúrunnar, lítur hún vel út, en spursmálið er, hvort hún verður ekki of græn, þegar hún verður hengd upp í sýningarsalnum innan um hárauða, ljósrauða og bláa liti, án þess að hafa náttúrunnar græna lit til samanburðar".

Elma stundi.

Ó, herra Warring", sagði hún í ásakandi róm. Henni sárnaði að nokkur maður — og þó það væri Cyril sjáfur — skyldi tala svo kæruleysilega um jafn fagra mynd.

"Yður lízt þá vel á hana?" spurði Cyril, sneri

Málið skýrist.

Mér fanst Heimskringla vera að færa sönnur á það, sem henni var borið í Lögbergi: "Sjaldan bregður mær vana sínum", með að taka hvern þann óhroða, sem henni berst, — þegar ég las óþverragreinina, sem nefnd er "Burtnumning", með punktum og "n" undir. Þó enginn maður sé nafngreindur af þeim, sem greinin fjallar um, þá er ekki um neitt að villast með að hverjum hún stefnir, og á hvern hátt. Hún á að vera skripamynd (Cartoon) af sr. Friðriki Bergmann og Tjaldbúðarsafnaðarmönnum í Winnipeg. Hitt er jafn auðsætt, þó ekkert mannsnafn standi undir henni, hvert hún á ætt sína að rekja. Hún ber öll einkenni Þorsteins Björnssonar kandidats, eða Þorsteins frá Bæ, eins og hann var nefndur í Reykjavík, svo að ekkert afkvæmi getur betur til faðernis vísað. Greinin á að vera fyndin. Getur verið hún sé það að sumra áliti. Það er undir smekk og hugsunarhætti einstaklingsins komið, — en skáldblæ hefir hún engan. Hitt verður öllum að bera saman um, að hún er rituð eða "innblásin" þeim tilgangi, að ófrægja alla, sem málinu er beint að, og kasta steini á götu þeirra á einhvern hátt. En hvers vegna? verður spurt. Það er atriðið, sem ég ætlaði að skýra frá, af því ég þekki nokkuð til málsins, en sem meirihluta almennings mun ókunnugt.

Þorsteinn Björnsson er guðfræðikandidat, útskrifaður fyrir nokkrum árum frá prestaskólanum í Reykjavík. Honum hafði ekki lukkast að ná í "brauð" á Íslandi, sv fyrir hálfu öðru ári kom hann hér vestur í von um að geta náð prestsstöðu hjá einhverjum þeirra safnaða, sem úr kirkjufélaginu höfðu gengið og prestlausir voru. Hann vænti sér trausts og halds hjá séra Friðrik, og flutti eitthvað af ræðum fyrir hann í Tjaldbúðinni í Winnipeg fyrri part vetrarins 1909—10. Seinni part þess vetrar fór hann suður til Dakota, og réðist hjá Gardar-söfnuði, sem þá var prestlaus, til fjögra mánaða tíma, og svo að þeim tíma liðnum til seinasta nýárs. Ætlunar verk hans var að halda uppi guðsþjónustu tvisvar í mánuði, og fræða börn. Hann vildi ná köllun frá söfnuðinum og föstu sæti, og gerði sér von um það, enda sýndi hann strax í byrjun nokkra hæfileika, sem gátu stutt að því. Hann hafði með sér vottorð frá biskupi Íslands og fleiri málsmetandi mönnum í Reykjavík, um hæfileika til ritstarfa, en fljótlega bárust vestur andmæli frá sömu mönnum sumum, og öðrum fleiri gegn hæfileikum hans til prestsstöðu. Þó þau andmæli væru ekki rökstudd, sást þegar tímar liðu fram, að þau voru ekki úr lausu lofti gripin, eða í fjandmenskuskyni gerð, eins og vel hefði getað átt sér stað. Fólk Gardar-safnaðar gat ekki komið sér saman um að velja Þorstein, en séra Lárus Thorarensen var kallaður mótmælalaust. Þá sá Þorsteinn sinn hlut hallan, og kendi séra Friðriki Bergmann um vornbrigðir; hélt því fram, að hann hefði bolað sér út frá kjól og kalli með því að geta um andmælin, sem honum höfðu verið skrifuð gegn Þorsteini í prestsstöðu. — Sannleikurinn er, að séra Friðrik gerði ekkert annað eða meira í þá átt, en hver annar ráðvandur maður hefði gert í hans sporum, og afskifti hans af málinu réðu alls ekki úrslitum þess hjá Gardar-söfnuði.

En svo var ekki þar með búið.

Þorsteinn taldi séra Friðrik eiganda allra safnaðanna, sem úr kirkjufélaginu höfðu gengið, og hvers manns í öllum þeim söfnuðum; svo þegar hann sér Gardar-söfnuð tapaðan, skrifar hann séra Friðrik langt bréf, og setur honum í því þrjá kosti: Fyrst, að afhenda sér söfnuð í Saskatchewan, með áþekkum launum og séra Lárusi er heitið af Gardar- og Þingvalla-söfnuðum. Annað, geti það ekki gengið, að ábyrgjast sér viðunandi kaupgjald fyrir að ferðast um bygðir Íslendinga og halda fyrirlestra. Ellegar þá í þriðja lagi, ef hvorugum þeim kosti verði sint, skuli Þorsteinn gera séra Friðriki og hreyfinq þeirri, sem hann stendur fyrir, alt mögulegt til meinsj

Hver maður, sem nokkuð annað þekkir en íslenzka súld, getur séð, að þó sr. Friðrik hefði verið allur af vilja gerður, gat hann ekki gert það, sem upp var sett. Og rangt hefði það verið gert af honum, að mæla með manni til prestsstöðu, sem hann að nokkru leyti fann óhæfan til hennar.

En þarna er lykillinn að leirburðarkastinu fyrnefnda, að ferðasögunni til Wynyard, og öllum þeim daglegu palla- og sleggjudómum, sem Þorsteinn hefir flutt heima hjá sér nærri árlangt, um starf séra Friðriks og fólkið, sem tekið hefir þátt í hreyfingunni gegn afturhaldsrembingi kirkjufélagsins. Ferðasögunni til Wynyard var auðsælega komið út til að segja frá því, að hreyfingin gegn kirkjufélaginu í Saskatchewan væri að dofna, og mundi bráðum liða undir lok.

Mörgum getur orðið fyrir að spyrja: Er Þorsteinn þessi leigusnápur kirkjufélagsins, eða býst hann við óumsamið að fá hjá því trúrra þjóna verðlaun fyrir hvað sem hann kann að geta afrekað?

Hið fyrra held ég ekki geti komið til mála, en um hið síðasa er vandgetið, hvað öðrum kann til hugar að koma.

Ég ætla ekki að rekja í sundur "Burtnumningar" delluna. Hún er leirburður, þó órimuð sé. Eitt er ég fullviss um, að hinar andlegu byrgðir Guðmundar Thordarsonar bakara hafa komið að betri notum, en alt sem Þorsteinn Björnsson hefir meðferðis af því tagi. — Ég ætlast til, þegar fólk sér af því, sem að fram an er ritað, af hverjum hvötum sú grein er samin, þá verði hún dæmd dauð og marklaus, — en slæmt var, að hún skyldi flækjast inn í Heimskringlu eða nokkurt annað blað. Hún bætir ekkert fyrir blaðinu, en spillir fyrir höfundinum sjálfum, því hún sýnir bezt hvers vænta mætti, ef hann hefði blaðstjórn á hendi. Ritstörf eru það eina verk, sem kunnugir menn hafa gefið honum meðmæli til, og blaðstjórn mundi hann fúslega takast á hendur, ef tækifæri byðist.

Kunnugur.

Skuggamyndin.

Ekki er langt síðan, að guðfræðikandidat Þorsteinn Björnsson brá skuggamyndum úr lífi kaþólskra manna upp fyrir þjóð sinni. Sú bók hans fékk ærið misjafna dóma, og mest vegna þess, að lítillar sanngirni þótti gæta hjá höf. í garð kaþólskrar kirkju, þar sem einungis hin dökka hlið hennar var tekin til meðferðar, og klámsögur þær og svivirðingar, sem höf. tindi saman, þóttu ærið rúmfrekar.

Hvort heldur, að bókin er svo úr garði ger, sem raun er á, sökum þess, að höf. hafi verið eiginlegast að rita svo, eða að hann hafi á þennan hátt viljað forða löndum sínum frá kaþólsku kirkjunni, er erfitt að segja; að því getur hver og einn leitt getur sínar.

Í 35. tbl. Heimskringlu. þ. á. bættist ein skuggamyndin við. Hún er ekki sótt í annála eða sagnabálka hinnar kaþólskukirkju; hún er frá guðfræðingnum þ. B. sjálfum. — Þar sýnir hann lesendum Hkr. inn í hugskot sitt.

Þótt að ritstjórinn hafi þegar í 36. tbl. beðið afsökunar á því, að skuggamynd þessi fékk rúm í blaðinu og skýrt málavöxtu, svo að við það hefir komið í ljós einn af megindráttum myndarinnar, get ég þess til, að hann muni telja sér það ljúft og skylt, að leyfa mér, sem lesanda blaðsins, rúm fyrir ofurlítla athugasemd.

Ég ætla mér ekki með þessum línum, að bíta bein fyrir séra Friðrik Bergmann eða aðra þá menn, sem prestlingurinn leitast við að óvirða með samsetningi þessum, því það er hvorttveggja, að ógerningur er að eltast við hann í einstökum atriðum þessarar saurgreinar hans, enda ekki líklegt, að viðskiftum sínum við þenna mann, þeir beri skerðan hlut frá borði í eða að skugginn, sem hann leitast við að kasta á þá, loði við þá í augum lesenda blaðsins. Til þess liggja mörg drög.

En sem einn af lesendum blaðsins, þykist ég hafa fullan rétt og ástæðu, til þess að vísa á bug slíkum óþverra sem þessum, því hann hneykslar mig ekki síður en aðra og brýtur bág við velsæmi kurteisi og drengskap.

Þrír eru þeir megindrættir í þessari skuggamynd prestlingsius, sem gera hana svo dökka og háskalega fyrir hann sjálfan. Er það fyrst, að hann vegur úr myrkrinu (felur sig á bak við 2 "n"); það annað, að hann vegur að baki þess manns, sem hann þykist eiga í höggi við*); það þriðja, að hann beitir brögðum til þess að koma þessu fyrir almennings augu.

*) Að minsta kosti að svo miklu leyti, sem honum er það auðið. Höf.

Þótt greinin sjálf sé látin liggja milli hluta, sökum þess að hún er, frá upphafi til enda, heimskulegt rugl, virðist mér að þetta þrent, sem ég nú nefndi, geti prestlingnum ærna ástæðu, til þess að hugleiða það, hvort hans eigin siðferðis-fleyta geti ekki, ef þessu vindur fram, komist í krappan sjó, hvað sem líður kaþólskum munkum og kennifeðrum.

Í fornöld þótti það ódrengskapur hinn mesti, að lýsa ekki vígi á hendur sér; slíkt var kallað morð. Þrátt fyrir hinn mikla ribbaldaskap fornmanna, var siðferðistilfinning þeirra svo þroskuð, að hver sá maður var álitinn ódrengur og lítilmenni, sem gaf þann veg ástæðu, til þess að þeirra eigin sökum yrði varpað á aðra. Í þessu efni mætti þessi prestlingur vorra tíma taka sér ribbalda forna-aldarinnar tíl fyrirmyndar, því þótt hér sé ekki um morð að ræða, er ger tilraun til þess, að bera brigður á mannorð eins af merkustu Íslendingum vestan hafs.

Einnig þótti fornmönnum sér lítt sæma, að vega að mönnum óvörum. það þótti hinn mesti bleyðiskapur og ódrengskapur. — Ekki verður annað séð, en að prestlingurinn hafi viljað færa sér í nyt fjarveru séra Fr. Bergmanns, því það lá í augum uppi, að prestinum myndi verða ógreiðara um svör, þar sem hann var fjarverandi. Myndi því prestlingnum gefast nokkuð svigrúm til þess að miklast og gleðjast yfir þessu drengskapar (!)- og karlmensku (!)-verki, áður en málið yrði skýrt og hvatir hans dregnar fram í dagsbirtuna.

Ég get nú ekki betur séð, en að þetta, auk efnis og framsetningar greinar hans, gefi allmikla átyllu, til þeirrar ályktunar, að á bak við standi lítilsigldur og seyrinn hugsunarháttur; og eitt af því, sem svo freklega bendir í þessa átt, er það, að prestlingurinn þykist hafa illkvitni sína og getsakir í garð séra Fr. Bergmanns frá öðrum. Flest, sem hann segir, eru "viturra manna getur", "helzt hald manna", "svo er mælt" og þar fram eftir götunum. Það er eins og hann sé í tæri við mikinn fjölda af lélegustu slúðurhylkjum, og fái fróðleik úr þeim.

Sá er svei mér ekki á flæðiskeri staddur, sem hefir slíkan söfnuð að bakhjalli, og ekki færi prestlingur þessi erindisleysu hingað vestur um haf, ef hann, eftir að vera húinn að lesa guðfræði ár eftir ár, og búa sig undir að gerast boðberi trúar og siðgæðis, kæmist í þá tign að vera þarfaleppur slúðurkindanna hérna megin hafs, og skrifa stráksleg og nafnlausar ærumeiðingar um heiðvirða menn og mikilsmetna.

Jónas Þórbergsson.

Fréttir.

— A. J. McArthur, fylkisþingmaður fyrir Gleichen kjördæmið í Alberta, andaðist í Calagry þann 5. þ.m., úr botnlangabólgu. Varð 54. ára gamall.

— Great Northern járnbrautarfélagið hefir gefið út þá tilkynningu, að það ætli sér að gefa út 600 milión dollara virði af skuldabréfum innan skamms. Á með upphæð þessari að innleysa ýms eldri skuldabréf félagsins og kaupa út nokkur járnbrautaféfög, sem háð hafa verið á ýmsan hátt Great Northern járnbrautarfélaginu. — Þessi skuldabréfaútgáfa félagsins eru hin stærstu fjármálaviðskifti, sem gerð hafa verið um langan tíma.

— Alheimsþing kvenréttindakvenna var sett í Stokkhólmi, höfuðborg Svíþjóðar, á mánudaginn var, og stendur yfir alla þessa viku. Eru á þingi þessu samankomngr konur frá flestum menningarlöndum veraldarinnar.

— Voða óveður geysaði víða um Bandaríkin þann 12. þ.m., þó mest bæri á því í Pennsylvania og Virginia. Mistu 15 manns lífið í Virginia en 10 í Pennsylvania ríkinu. Eignatjón varð mjög mikið; fuku hús víða og mörg brunnu af eldingu. Einnig skemdust skipakvíar og bryggjur á sjávarströndinni. — Alls er eignatjón, sem leiddi af þessu óveðri, áætlað að nema 2 miliónum dollars.

— Klæðskeri einn í Sioux Falls, S. Dak., Herman Peple, skaut nýverið tengdamóður sína til dauða, og sjálfan sig á eftir. Einnig skaut hann á konu sína þrem skotum, en hitti hana ekki. Ástæðan fyrir þessu tiltæki mannsins er alitin sú að kona hans hafði ákveðið að skilja við hann, og var móðir hennar kent um. Einnig er áiitið, að afbrýðissemi hafi firt manninn viti.

Milíonerar nútímans eru menn sem snemma viðurkendu og færðu sér í nyt framþróunar möguleika nátturu auðlegðar landsins, trygðu sér mikið af hlutum í ýmsum félögum, keyptu þá fyrir það verð sem nú virðist hlægilegt, svo lágt varð það, lögðu svo þessa hluti sína til síðu, og biðu eftir að fræ sannar fjárhyggju þroskaðist, og bæri hundraðfaldan, já þúsundfaldan ávöxt.

Coronation Oil

COMPANY, LIMITED

Stofnað undir lögum British Columbia.

Höfuðstóll -- $850,000

Skift niður í $850,000 hluti. Ákvæðisverð $1. hluturinn.

OFFICERS.

V. C. JAMES, Esq., Vancouver ..... President
General Manager the Western Union Fire Insurance Co., Vice-President Columbia Properties Corporation, Ltd., Director General Securities Company, Limited.
ARCHIBALD, YORK, Esq., Vancouver ..... Vice-President
President the Western Union Fire Insurance Co., Vice-President Pacific Coast Stock Exchange, President General Securities Co., Limited.
B. GEO. HANSULD (Notary Public), Vancouver. Secretary-Treasurer
Director General Securities Co., Ltd., Director Columbia Properties Corporation, Ltd.

DIRECTORS.

STEWART M. READ, Esq ..... Vancouver
Director Columbia Properties Corporation, Ltd.
C. H. HUBBELL, Esq., Accountant ..... Vancouver, B.C.
HAROLD V. PEARLMAN, Esq., Agent ..... Vancouver, B.C.
WILLIAM NOBLE, Esq., Broker ..... Vancouver, B.C.

Hvað félagið býður.

Coronation Oil Coompany, Limited, stofnað og stjórnað af strang-heiðarlegum og þrautreyndum "business" mönnum, býður ykkur tækifæri, að verja peningum ykkar í hluti þess, og það með þeirri fullri vissu, að uppskeran verður góð. Vegna þess, meðal annars, að oliusvæðið, sem félagið hefir fengið, er á "reyndu oliusvæði", á hinfrægu Mariscopa oliuvöllum í Kern County í California, — hérað, sem framleitt hefir hina voldugustu oliuhvera heimsins; meðal annara Lake View oliuhverinn, sem framleiðir 30,000 tunnur á dag, og Midway Northern hverinn, sem er á næstu landspildu við eignir vorar. Hver þessi framleiðir 24,000 tunnur af oliu á dag.

Eignirnar.

Eftir nákvæma rannsókn á oliuveilinum hefir félagið leigt til 20 ára fjörutíu ekra spildu af reyndu oliusvæði á hinum heimsfrægu Midway-Maricopa oliuvöllum, — réttara lýst sem S.E.¼ af NW. ¼ Section, Township 11, Range 23 West, S.B.M., Kern County, California.

Leiguskilmálarnir eru hinir aðgengilegustu: Gjaldið er sjötti hluti af net framleiðslu, borganlegt í oliu, og að eins einn brunnur á hverju ári í sex ár, er heimtað að grafið verði. Meginþorri oliulanda-leigusamnsamninga heimta viðstöðulausan brunngröft út samningstímabilið.

Á næstu landspildu við eignir þessa félags er brunnur Midway Northern félagsins, sem framleiðir 24,000 tunnur á dag, og skamt í vesturátt er Lake View hverinn, sem gefur af sér 30,000 tunnur á dag, og tylit af öðrum hverum, sem framleiða 2,000 tunnur dag og þar yfir.

Hluthafar eru trygðir.

Hluthafar í Coronation Oil Company, verða verndaðir á alan mögulegan hátt. Hér eru engir hlunninda-hlutir. Allir hluthafar ganga í félagið undir sömu skilmálum. Menn þeir, sem stjórn félagsins hafa á hendi, eru leiðandi verzlunarmenn og fjármálamenn í British Columbia. Og þeir munu stjórna félaginu hagkvæmlega, með dugnaði og forsjá. Óruggri framfarasteinu, undir leiðsögn hinna beztu sérfræðinga, sem völ er á, verður framfylgt til heillavænlegra loka.

Fyrsta útboð af 150.000 hlutum flaug út á tæpum 10 dögum; annað útboðið af 150,000 er vel á veg komið.

Núverandi verð er tuttugu og fimm cent hluturinn--- 25 cent

Okkar síðasta símskeyti frá oliusvæðinu, segir brunngröftinn ganga af bragðsvel, og hefir forstjórinn hinar beztu vonir að vér náum í oliu fyrir júlí-lok. Þetta rettlætir þá sannfæring vora að sérhver dollar sem varið er í hlutakaup, með þessu lága verði, margfaldist á stuttum tíma.

Hafið hugfasta borgunarskilmála vora á 1,000 hluta upphæð,

þriðjungur strax, þriðjungur eftir mánuð og þriðjungur eftir 2 mánuði. Til að afla auðæfa, verða menn að verja peningum sínum í gróðafyrirtæki. Oliu iðnaðurinn er arðsamastur í heimi. Peningar þínir í sameining við vora, gera mögulegt fyrir okkur að starfrækja eignirnar. Vér ráðum ykkur að hafa hraðan á. Engin frekari hluta sala verður boðin, þegar þessari er lokið.

PANTIÐ ÁN TAFAR.

Símið eftir geymslu hluta upp á vorn kostnað, og sendið andvirði með pósti. Gerið allar ávísanir greiðanlegar til undirritaðra.

K. K. ALBERT, Local Representative

708 McArthur Building, Winnipeg, Man.

GENERAL SECURITIES CO., LTD., 441 Richard St., Vancouver B. C.

PIANO Kjörkaup

Hinn mikli fjöldi af Pianós, sem skift er fyrir HEINTZMAN & Co. Pianós, gerir það að verkum, að vér höfum nú mörg brúkuð hljóðfæri, sem vér seljum fyrir afarlágt verð.

Notið tækifærið, ef þið viljið komast að kjörkaupum.

W. J. H. McLean & Co LIMITED

Cor Portage Ave. & Hargrave
Phone Main 808.

Fréttir úr bænum

Til íhugunar þeim íslenzkum kjósendum, sem ennþá ekki hafa fengið borgarabréf, skal þess getið, að líkindi eru til þess, að nýjar kjörskrár verði samdar áður en næstu sambandskosningar fara fram. Þeir, sem ennþá ekki hafa fengið borgarabréf, ættu að snúa sér tafarlaust til Heimskringlu og verður þeim leiðbeint í þeim efnum.

Edwin G. Baldwinson, bankaritari við Dominion bankann, leggur af stað í dag áleiðis til Chicago.— Verður hann tvær vikur í þeirri ferð.

Herra Árni lögmaður Anderson fór í fyrrakveld í sumarskemtiferð suður um öll Bandariki, sem erindsreki fyrir Manitoba á sunnudagaskólakennara þing, sem haldið verður í San Francisco frá 21. til 30. þ.m. Hann býst við að verða mánaðartíma að heiman. — Félagi hans, hr. Garland, sinnir öllum íslenzkum viðskiftavinum. Og íslenzkur hraðritari er á skrifstofunni, sem getur túlkað fyrir þá, ef þörf gerist.

Nýdáinn er í Cypress River sveit (Argyle-bygð) Tryggvi Oleson, maður á bezta aldri og drengur góður. Banameinið var tæring. — hans verður nánar getið síðar.

Ungmennafélag Únitara hafði mjög myndarlega afmælishátíð á miðvikudagskveldið var. Voru þar samankomnir yfir 130 manns. Í kirkjunni fóru fram ræður og söngur, og var gerður hinn bezti rómur að hvorutveggja. Að því loknu voru fólkinu boðnar veitingar í fundarsal kirkjunnar, og voru þær vel framreiddar og ljúffengar. Undir borðum voru ræður fluttar og söngvar sungnir og þótti hin bezta skemtun. Allir munu hafa farið heim til sín mjög ánægðir yfir öllu því, sem Ungmennafélagið framreiddi, hvort heldur af líkamlegri eða andlegri fæðu. — Félag þetta er skipað duglegu ungu fólki, sem hefir áhuga fyrir velferð og viðgangi félags síns.

Úr bréfi frá Íslendingafljóti, dagsett 8. júní 1911: — "Í gærdag gifti séra Runólfur Fjeldsted Mr. Ásgeir Fjeldsted bróður sinn og Miss Ingunni Finnsson, í kirkju Bræðrasafnaðar. Síðan var mjög veglegt samsæti haldið í Bændafélagshúsinu, að viðstöddum fjölda fólks. Beztu árnaðaróskir þessa bygðarlags fylgja ungu brúðhjónunum. — þau setjast að í Árborg.

Herra Aðalsteinn Kristjánsson hefir fengið hjá þeim herrum Porte & Markle $10.00 drengja gullúr, sem fyrstu verðlaun fyrir drengjasund á Íslendingadeginum. Drengir sem keppa skulu vera frá 14 til 16 ára. Herra Kristjánsson vill að Íslendingadagsnefndin veiti tvenn verðlaun í viðbót við gullúrið, til þess að sunddrengirnir eigi völ á þrennum verðlaunum. Sömuleiðis vill hann að nefndin veiti þrenn verðlaun fyrir sund fullorðinna karlmanna, því hann telur sund þörfustu, heilsusamlegustu og fegurstu íþrótt. Bikarinn, sem hann gaf í fyrra til verðlauna fyrir bezt sund, og sem enginn verður eigandi að nema hann vinni hann 3 ár í röð, vill hann að fylgi fyrstu sundverðlaununum, sem nokkurskonar heiðursviðurkenning til þess, sem fyrstu verðlaun hlýtur, þar til einhverjum tekst að eignast hann algerlega.

Átakanleg harmafregn.

Hinn 25. maí næstl. bar að skyndilegt slys við Dog Creek, Man. Ungur efnilegur piltur, að nafni Helgi Bergmann, sonur Andrésar Gislasonar og Sigríðar Jónsdóttur, frá Brimnesi við Seyðisfjörð á Íslandi, fór að vitja um fiskinet í Manitoba vatni, ofannefndan dag. Hann hafði byssu með sér í bátnum. Hann var vanur að taka skotin úr henni, þegar hann þurfti að annast fiskveiðar. Þann dag gleymdi hann að hafa byssuna óhlaðna. Hann var ákafapiltur, og ætlaði að stunda skóla, og hafði æriðhraðan við. Þegar hann kom með veiðina til lands, greip hann til byssunnar um leið og hann lenti bátnum. Bógurinn kræktist þá fyrir þóftu eða röng, hljóp skotið af í þeim svifum og fór í gegn um drenginn þvert, ekki langt frá hjartastað. Ung stúlka var með honum. Bað hann hana að fara heim til móður sinnar og tjá henni, að hann væri hittur af skoti, sem hann vonaði að ekki væri banvænt. Stúlkan hljóp tafarlaust heim og drengurinn labbaði heimleiðis eftir brautinni. Gekk all-langan veg, þar til hann fell blóðlaus og andvana niður, og lá örendur, þá að var komið.

Eins fljótt og við varð komið, sendu foreldrar drengsins til mín. Hraðboðinn er Indiáni, sem rak boðskipun rösklega. Brá ég þá strax við og fékk lánaða keyrsluhesta hjá Dominion landumsjónarmanni hr. Percy Jónasson, sem kom fljótt og drengilega til hjálpar. Keyrði ég alt sem af tók heim til þessara sorgmæddu foreldra hins látna pilts. Verður mér það augnablik alla daga í minni, þegar ég kom inn til þeirra. Þau voru skyndilega harmlostin á aftni lífsins. Andrés sat í stól, blindur, háaldraður maður, ítur legur og stiltur, sem hetja. Konan hljóð og grátin. Bæði merkt reiðarslagi dapra örlaga. — Ég er engin kreima né heigull, þegar ég mæti smáfjúki. En hvað sé ég? Eina lifandi lífsvonin, sólarbjarmi elli og einstæðingsháttar, er af grimm þrungnum örlögum svift úr mundum þessara einmanalegu hjóna. En styrkurinn, stöðuglyndið og íslenzka þolið situr í öndvegi hreysti og sálarþreks, bótt alt sé komið að sólarlagi hins síðasta æfikvelds. Ég stóð hljóður og harmi nistur. Komu mér í hug þessi orð Byrons lávarðar: "Sorg-arsjón, þá svona stendur, með sverðlaust belti, — reiðar hendur"

Þessari stund gleymi ég aldrei á æfi minni. Viðburðurinn, kjarkurinn og þögnin skáru ægilegri rúnir í hugskot mitt, dýpri en nokkurt mál getur lýst.

Helgi Bergmann var einn af þeim efnilegustu unglingum, sem ég hefi kynst. Enda sýna orðin til móður hans, að hann átti hetjusál. Hann var fæddur 19. júní 1898 á Brimnesi í N.-Múlasýslu, dáinn 25. maí 1911. Skólabræður hans báru hann til grafar í Siglunes grafreit 31. maí, og séra Sig. Christopherson jarðsöng hann.

Með innilegri hluttekning til foreldra Helga Bergmanns og þakklæti til allra, sem heiðra minningu þessa góða ungmennis, sendi ég hinum látna síðustu kveðjuorð.

Björn J. Mathews.

Stærsta kaup á fasteignum, sem Íslendingur hefir gert, gerði hr. J. J. Vopni nýverið. Hann keypti nokkrar ekrur af landi fyrir sunnan Assiniboine ána, að hr. Th. Oddsyni, fyrir 105 þúsund dollars. Mun Vopni ætla að mæla landið út í lóðir og selja síðan. — Margir íslenzkir fasteignasalar hafa það sem af er sumarsins gert mjög góða verzlun, þó Mr. Oddson muni einna bezt hafa farnast í þeim efnum.

Herra S. G. Thorarensen, frá Gimli, kom til bæjarins í sl. viku. Hann kvað Mrs. Ingibjörgu Johnson, þar í bæ, móður Péturs kaupmanns Tergesen, nýlátna. Hún var orðin fjörgömul kona og lasburða á síðari árum.

Winnipeg-búar eru nú að byrja að flytja til sumarbústaðg sinna norður með Winnipeg vatni. Meðal þeirra er herra Jóhannes Hannesson, ráðsmaður fyrir Hon. Hugh Armstrong. Hann flutti sig með alla fjölskyldu sína í síðustu viku norður til Gimli, og býst við að dvelja þar um þriggja mánaða tíma. Herra Hannesson kom til bæjarins á laugardaginn var á leið til Oak Point, Siglunes, Narrows og Fairford, og annara stað meðfram Manitoba vatni, í eftirlitserindum fyrir félag sitt. Hann bjóst við að verða tíu daga á þessari ferð.

Aldarafmæli Jóns Sigurðssonar.

Klúbburinn Helgi magri býður alla Íslendinga velkomna á samkomu til minningar um aldarafmæli Jóns Sigurðssonar, sem haldin verður í Goodtemplarahúsinu laugardagskveldið kemur þann 17. júní.

Þar verða ræður haldnar, kvæði flutt og sungin og skemt með hljómleikum. Ræðumenn verða: Dr. Jón Bjarnason, prófessor Rúnólfur Marteinsson og Baldur Sveinsson. — Söngflokkur hefir verið æfður, sem syngur alkunn ættjarðarkvæði, og kvæði, sem ort hafa verið fyrir samkomu þessa. Einnig verða einsöngvar sungnir. Hljómleikunum stýrir Th. Johnson fiðluleikari.

Samkoman hefst kl. 8.

Fjölmennið!

NEFNDIN.

Herra Jóhann Gillies, frá Vita P.O., Man., var hér í borg í sl. viku. Sagði votviðrin, sem verið hafa undanfarið, muni olla skemdum á lágtliggjandi ökrum í suðurhluta fylkisins. Stórar landspildur austur af Emerson nú yfirflotnar að mestu; en þeir blettir, sem standi upp úr vatninu, líti mjög vel út

Herra P. J. Norman biður þess getið, að pósthús sitt sé nú Kristnes, Sask. Þeir, sem vilja hafa bréfaviðskifti við hann, hafi þetta í minni.

Ný Íslandskort, þrílit, glögg og fögur, til sölu að Heimskringlu.— Verð 85 cents.

Hr. B. B. Halldórsson, hótelhaldari í Cypress River, var hér a ferð í síðustu viku. Hann var að sækja konu sína, sem legið hafði um tíma á sjúkrahúsinu. Holskurður var gerður og lánaðist vel, og fór hún all-hress heim með manni sínum. — Björn er sonur Björns Halldórssonar, sem eitt sinn bjó á Haugstöðum í Vopnafirði. Björn hefir stundað hótels atvinnu í Cypress River nokkur ár og gert vel. Er jafnvel að hugsa um, að kaupa eitt af nafnkendustu hótelum hér í bænum.

Sigrún M. Baldwinson
TEACHER OF PIANO
727 Sherbrooke St. Phone G. 2414

B. Rafnkelsson, Oak Point, hefir beðið Heimskringlu að geta þess, að hann áformi að selja land sitt og lausa aura við opinbert uppboð MÓT PENINGUM ÚT Í HÖND seinni hluta júlímánaðar næstk.

Þeir, sem nú hafa falað hjá honum akneyti eða hesta og hvað ann að verða að vera búnir að gera út um þau kaup fyrir 25. þ.m., því eftir þann dag verða útbúnar auglýsingar og ákveðinn viss dagur.

Einnig ef einhver vill kaupa eitt eða sérhvert, eða alt búið í heifd sinni, þá er það til sölu einnig til 25. þ.m. Benedikt verður heima að hitta til þess dags.

ÞINGBOÐ.

Sjötta þing hins únitariska kirkjufélags Vestur-Íslendinga verður haldið að Gimli, Man., laugardag, sunnudag og mánudag, þann 17., 18. og 19. júní næstkomandi.

Söfnuðir, sem félaginu tilheyra, eru beðnir að sjá um, að kjörbréf séu rituð fyrir fulltrúa þeirra. — Enníremur eru fulltrúarnir mintir á, að nauðsynlegt er, að þeir verði komnir til Gimli föstudagskveldið þann 16. júní.

Fyrirlestrar verða fluttir á þinginu af þessum:

Föstudagskveldið 16. júní heldur séra Magnús J. Skaptason fyrirlestur. Umræðuefni: "Únitaratrúin og nýja guðfræðin".

Laugardagskveldið 17. júní flytur séra Albert E. Kristjánsson fyrirlestur um "Safnaðastjórn" (Congregationalism).

Sunnudaginn 18. júní verður trúmálafundur. Umræðuefni: "Trú og hegðun". Málshefjandi Stefán Thorson.

Mánudagskveldið 19. júní flytur séra Guðm. Árnason fyrirlestur. Umræðuefni: "Íslenzk heimspeki".

Sunnudaginn (18. júní) kl. 2 e.h. verður messa; séra Rögnv. Pétursson prédikar.

Winnipeg, 29. maí 1211.

S. B. BRYNJÓLFSSON,
forseti.

Eirmyndin.

Íslandsblöð geta þess að gipsmynd Einars Jónssonar af Jóni Sigurðssyni sé nú fullger og komin utan, og að tvær eirmyndir verði steyptar eftir henni. Skal önnur þeirra standa í Reykjavík, en hin sendist Vestur-Íslendingum að gjöf í viðurkenningarskyni fyrir samskota þáttöku þeirra í minnisvgrðamálinu.

Verði mynd sú sett niður í því héraði, sem riflegast hefir gefið, þá á hún að standa einhversstaðar í Gimli kjördæminu; en verði hún sett þar sem flestir Íslendingar eru samankomnir á einum stað, þá staðnæmist hún hér í borginni.

Ný uppgötvun.

Nýlega hefir Íslendingur, Hans Gillis að nafni, frá Kristnes, Sask. fundið upp sjálflokaðar hurðir á járnbrauta þvergötum. Lestin opnar þessar hurðir, sem falla strax aftur, þegar lestin er gengin í gegn svo engar skepnur geta komist inn á brautina. Margir hafa fengist við þessa uppgötvun, en ekki lánast. Fylstu líkur eru fyrir, að uppgötvun Mr. Gillis sé sú langbezta, ódýrasta og auðveldasta. Uppgötvunarmaðurinn er þegar búinn að fá löghelgi á uppgötvun sinni. — Grindur þessar kosta frá $5.00 til $10; þær eru úr járni og tré. Hann hefir fleiri uppgötvanir í smíðum. Hann er vélastjóri og hefir góða þekkingu, er áræðinn og framsækinn. Þessa verður nánar getið síðar. K.Á.B.

TAKIÐ EFTIR.

Hallson No. 6 W.A. heldur fjölbreytta skemtisamkomu að Hallson, N. D., þann 17. júní, klukkan 2 e. hád.

Þar verður B. L. Baldwinson og ræðir um "Félagsskap Íslendinga í heild sinni, vestan hafs".

Einnig flytur herra Sveinbjörn Johnson, lögfræðingur frá Cavalier, þar ræðu um ótiltekið málefni.

Hús til sölu fyrir $60.

Hús 16x20 er til sölu á 522 McGee St. Verður að flytjast burtu sem fyrst. Verð að eins 60 dollars.

Herra Magnús Einarsson, að nr. 10½ Sutherland St. hér í borg, biður Heimskringlu að geta þess, að vísur tvær í 34. nr. Hkr., sem tilfærðar voru í bréfi frá Magnúsi Jónssyni í Steinbach, séu rangt prentaðar. Þær eigi að vera svona

"Hleypti strax að Haraldi,
heiptar sveiptur blóði,
benjasaxið berandi,
bræði vaxinn í kifi".

Einars höndin ekki spör
á Upsa stendur hjalli,
af boga rendi einni ör
og Eirík sendi jarli".

JÓN JÓNSSON, járnsmiður, að 790 Notre Dame Ave. (horni Toronto St.) gerir við alls konar katla, könnur, potta og pönnur fyrir konur, og brýnir hnífa og skerpir sagir fyrir karlmenn. — Alt vel af hendi leyst fyrir litla borgun.

Hefir þú borgað Heimskringlu?

Herra Jón Hólm, gullsmiður að 770 Simcoe St., biður þess getið, að hann selji löndum sínum gull- og silfur-muni og gigtarbelti. — Belti þessi eru óbrigðul við gigt, ef þau eru notuð samkvæmt fyrirskipunum Jóns. Kosta að eins $1.25.

Heilbrygðis vegurinn.

Það er ekki holt, að neyta mikils klötmetis í Manitoba hitunum. Þá er það eitthvað heilsusamlegra að koma til Páls Bergssonar, 564 Simcoe St., og fá sér skyr og rjóma.

Það er enníremur í lífsnauðsyn flutt heim til manna.

Munið, að 564 Simcoe St. fæst góða skyrið.

Hannyrðir.

Undirrituð veitir tilsögn í alls kyns hannyrðum gegn sanngjarnri borgun. Starfsstofa: Room 312 Kennedy Bldg., Portage Av., gegnt Eaton búðinni. Phone: Main 7723.

GERÐA HALDORSON.

H. C. DUFTON
JÁRNSMIÐUR
Gerir alskyns járnsmíði og aðgerðir vélfræðilega og fl.
Mozart :-: Sask.

Dalman & Thorsteinson
MÁLARAR
Gera alskonar húsmálning. Kalsomining og leggja pappir. Alt verk vandað og fljótt afgreitt. Phone Garry 240
797 Simcoe St.

R. TH. NEWLAND
Verzlar með fasteignir, fjárlán og ábyrgðir
Skrifstofa: No. 3. Alberta Bldg. 255½ Portage Ave.
Sími: Main 972 Heimilis Sherb. 1619

G. S. VAN HALLEN, Málaferslumaður 418 McIntyre Block., Winnipeg. Talsími Main 5142

TILBOÐ.
Við undirskrifaðir tökum að okkur alla grjótvinnu, sem við getum af hendi leyst eins fljótt og vel og nokkur getur gert. Við seljum grunn undir hús, hlöðum kjallara, steypum vatnskeröld og gangstéttir, gerum steinsteypu í fjós, o.fl.
Jacob Frimann
Hergr. Hallgrimson
Gardar, N. Dak.

BOYD'S BRAUÐ
Vér höfum gert það að fastri reglu, að nota þau efni ein göngu, sem gera brauð vor lystug og nærandi. Ef þér viljið hafa slík brauð, þá símið
Sherbrooke
680

Th. JOHNSON
JEWELER
286 Main St. Sími M. 6606

Dr. G. J. Gíslason,
Physician and Surgeon
18 South 3rd Str., Grand Forks, N.Dak.
Athygli veitt AUGNA, EYRNA og KVERKA SJÚKDÓMUM ASAMT INNVORTIS SJÚKDÓMUM og UPPSKURÐI. —

Dr. J. A. Johnson
PHYSICIAN and SURGEON
HENSEL, N. D.

J. J. BILDFELL
FASTEIGNASALI.
Union Bank 5th Floor No. 520
Selur hús og lóðir, og annað þar að lútandi. Útvegar peningalán o. fl.
Phone Main 2685

MARTYN F. SMITH,
TANNLÆKNIR.
Fairbairn Blk. Cor Main & Selkirk
Sérfræðingur í Gullfyllingu og öllum aðgerðum og tilbúnaði Tanna. Tennur dregnar án sársauka. Engin veiki á eftir eða gómbólga. —
Stofan opin kl. 7 til 9 á kveldin
Office Phone Main 6944. Heimilis Phone Main 6462

MINNISVARÐAR ÚR MÁLMI
eru fullkomnastir, billegri og mikið fallegri en steinn. Endast óumbreytanlegir alla tíð. Spyrjið um þá, áður en þið kaupið stein.
Fáið upplýsingar hjá
J. S. LEIFSON,
Quill Plain, Sask.

Sherwin - Williams PAINT
fyrir alskonar húsmálningu.
Prýðingar-tími nálgast nú. Dálítið af Sherwin-Williams húsmáli getur prýtt húsið yðar utan og innan. — Brúkið ekker annað mál en þetta. — S.-W. húsmálið málar mest, endist lengur, og er áferðarfegurra en nokkurt annað hús mál sem búið er til. — Komið inn og skoðið litarspjaldið. —
CAMERON & CARSCADDEN
QUALITY HARDWARE
Wynyard, - Sask.

Union Loan & Investment Co.
45 Aikin's Bldg.
PHONE GARRY 3154
Lánar peninga, kaupir sölusamninga, verzlar með fasteignir: hús, lóðir og lönd. Veitir umsjón dánarbúum.— Peningum veitt móttaka og 7% vextir ábyrgstir.
Íslenzkir forstöðumenn. — Hafið tal af þeim
H. Pétursson, John Tait, E. J. Stephenson

JOHNSON & CARR
RAFLEIÐSLUMENN
Leiða ljósvíra í íbúðarstórhýsi og fjölskyldu hús; setja bjöllur, talsíma og tilvísunar skífur; setja einnig upp mótors og vélar og gera allskyns rafmagnsstörf.
761 William Ave. Phone Garry 735

A. S. BARDAL
Selur líkkistur og annast um útfarir. Allur útbúnaður sá bezti. Enfremur selur hann alskonar minnisvarða og legsteina.
121 Nena St. Phone Garry 2152

Sveinbjörn Árnason
Fasteignasali.
Selur hús og lóðir, eld-ábyrgðir, og lánar peninga. Skrifstofa: 310 McIntyre Blk.
office TALSÍMI 4700. hús Tal. Sherb. 2018

BONNAR, TRUEMAN & THORNBURN,
LÖGFRÆÐINGAR.
Suite 5-7 Nanton Blk. Main 766
Winnipeg, Man. P.O.BOX 223

Anderson & Garland,
LÖGFRÆÐINGAR
35 Merchants Bank Building
PHONE: MAIN 1561.

HANNES MARINO HANNESSON
(Hubbard & Hannesson)
LÖGFRÆÐINGAR
10 Bank of Hamilton Bldg. WINNIPEG
P.O. Box 781 Phone Main 378 " " 3142

Gísli Goodman
TINSMIÐUR.
VERKSTÆÐI: Cor. Toronto & Notre Dame.
Phone Garry 2988 Heimilis Garry 899

Winnipeg Andatrúar Kirkjan
horni Lipton og Sargent.
Sunnudagssamkomur, kl. 7 að kveldi. Andartrúarspeki þá útskýrð. Allir velkomnir.
Fimtudagssamkomur kl. 8 að kveldi, huldar gátur ráðnar. Kl. 7.30 segul-lækningar.

W. R. FOWLER A. PIERCY.

Royal Optical Co
307 Portage Ave. Talsími 7286.
Allar nútíðar aðferðir eru notaðar við augn-skoðun hjá þeim, þar með hin nýja aðferð, Skugga-skoðun, sem gjöreyðir öllum ágiskunum. —

Talsími Heimskringlu
Garry 4110

Heimskringla.

Heimilis talsími ritstjórans:
Garry 2414

XXV. ÁR. WINNIPEG, MANITOBA, FIMTUDAGINN, 22. JÚNÍ 1911. Nr. 38.

BJARNASON & THORSTEINSON

Fasteignasalar

Kaupa og selja lönd, hús og lóðir víðsvegar um Vestur-Canada. Selja lífs og eldsábyrgðir.

LÁNA PENINGA
út á fasteingir
og innkalla skuldir.

Öllum tilskrifum svarað fljótt og greiðanlega.

Wynyard - - Sask.

Vesturför Borden's.

Það hafa nokkrar breytingar orðið á ferðaáætlun Mr. Bordens, sem Heimskringla birti fyrir nokkuru síðan. Hefir hann bætt við 11 viðkomustöðum, svo það verða fjörutíu fundir, sem leiðtogi hinna Conservativu heldur í Vesturfylkjunum, á tímabilinu frá 19. júní til 8. júli, að báðum dögunum meðtöldum.

Á mánudagskveldið var fyrsti fundurinn haldinn hér í borginni. Þriðjudaginn þann 20. þ.m. var Mr. Borden að Brandon og Carberry, og miðvikudaginn þann 21. að Estevan, Weyburn og Moose Jaw.

Allir voru fundir þessir fjölsóttir, og gengu hvervetna Conservativu leiðtogunum í vil.

Hinir viðkomustaðir Mr. Bordens eru:

Fimtudaginn 22. júní—Que'Appelle, Indian Head og Regina.

Föstudaginn 23. júní—Maple Creek og Medicine Hat.

Laugardaginn 14. júní—McLeod og Lethbridge.

Mánudag 26. júní—High River og Calgary.

Þriðjudag 27. júní—Lacombe og Red Deer.

Miðvikudag 28. júní—Wetaskiwin og Edmonton.

Fimtudag 29. júní—Vegreville og Lloydminster.

Föstudag 30. júní—North Battleforth og South Battleford.

Laugardag 1. júli—Nokomis og Prince Albert.

Mánudag 3. júli—Rosthern og Saskatoon.

Þriðjudag 4. júli—Melville og Yorkton.

Miðvikudag 5. júli—Binscarth, Birtle og Minnedosa.

Fimtudag 6. júli—Grandview og Dauphin.

Föstudag 7. júli—Gladstone, Portage la Prairie og St. Pierre.

Laugardag 8. júli—Morden og Somerset.

— Ráðaneytisskifti hafa orðið í Belgíu. Varð Scollaert ráðaneytið að leggja niður völd, vegna þeirra slæmu undirtekta, sem skólafrumvarp þess fékk í þinginu. Albert konungur fól Cooreman þingforseta að mynda nýtt ráðaneyti.

Fregnsafn.

Markverðustu viðburðir hvaðanæfa.

— Kosningunum í Nova Scotia lauk þannig, að Murray stjórnin fór hrakfarir miklar, þó völdum héldi með all-miklum meirihluta. Þrír af ráðherrum hennar féllu í valinn, og hinir endurkosnir með sáralitlum meirihluta, nema Murray sjálfur. Alls unnu Conservativar 7 þingsæti og mega þeir því vel una úrslitunum.

— Andrew Carnegie hefir gefið Hollendingum 205,000 dollara til að koma upp hjá sér hetjusjóð.

— Melville Vaniman, einn þeirra manna, sem var í för með Walter Wellman á tilraunaför hans að komast í loftfari yfir Atlantshaf, en sem mistókst, sem kunnugt er, hefir nú ákveðið, að fara slíka loftför í næstkomandi októbermán Vanimann telur það vandalitið, að halda loftfarinu í lofti, en aðalörðugleikinn sé, að verjast áhrifum sólarinnar á gasbelginá, en samt segist hann hafa fundið upp ráð gegn þeim, sem duga muni. — Loftfar þetta á að hafa tveggja mótora gangafl, vera 728 fet á lengd, 47½ fet að þvermáli og hafa 25 þúsund punda lyftiafl. Í för með Vanimann eiga að vera: loftskeytamaður, tveir vélafræðingar, matsveinn og — köttur. Wellmann verður ekki með í förinni. — Bandaríkja auðkýfingur einn, Frank A. Siberling, ætlar að kosta förina.

— Nú er ein norðurheimskautsför enn í vændum, og að þessu sinni er það Bandarikjamaður, Evelyn Baldwin, sem verður formaður hennar, en ekki ætlar hann samt að leggja upp í förina fyrr en 1913, og býst við að verða 4 ár í þeim leiðangri. Hugmynd hans er, að láta ís bera sig norður undir heimsskautið, — og er það sama hugmyndin og Amundsen, sinn norski norðurfari, sem nú er á 'Fram' áleiðis til pólsins, hélt fram og ætlaði sér að fylgja.

— Ráðuborgarhátíðahöldin hafa staðið yfir undanfarna daga, en er nú lokið. Voru hátíðahöld þessi til minningar um það, að 1000 ár voru liðin frá því að Göngu-Hrólfur, sonur Rögnvaldar Mærajarls, stofnetti ríkið Normandi á Norður-Frakklandi. Hátíðahöldin voru hin stórfengilegustu og voru þar samankomnir fulltrúar frá öllum Norðurlöndum og víða annarstaðar frá. Tveir Íslendingar sóttu hátíðina, Guðmundur Finnbogason og Skúli Thoroddsen.

— Alment er búist við, að ítalska konan Angeline Neapolitan, sem myrti eiginmann sinn fyrir nokkrum vikum síðan í Sault Ste. Marie, Ont., og dæmd var til dauða, verði náðuð. Bænarskrár þess efnis hafa dómsmálaráðgjafanum borist hvaðanæfa. — Við réttarhaldið sannaðist það, að maður hennar hafði verið henni mjög vondur, og misþyrmt henni iðulega. Kveldið fyrir morðið hafði hann leikið hana óvanalega hart Hún réð því af að hefna sín, og þegar hann var háttaður og sofnaður, tók hún viðarexi og hjó af honum höfuðið. Verjandi konunnar hélt því fram, að hún hefði verið víti sínu fjær af ráðningu þeirri, sem maðurinn veitti henni um kveldið, — og bæri því ekki að gera málið að höfuðsök. En kviðdómurinn leit öðruvísi á, og fann hana seka um morð, án málsbóta, og dómarinn dæmdi hana til lífláts. Sökum þess, að konan var komin fast að falli, var aftökunni frestað til 9. ágúst. En nú má telja víst, að aftökunni verði aldrei fullnægt. Það eru 12 ár síðan kona var tekin af lífi í Canada, og var það Cordelia Viau, sem var hengd í Quebec fylki 5. marz 1899. Þar áður var Emily Hilda Blake tekin af lífi í Brandon, Elísabeth Workman var hengd 23. maí 1873 að Sarnia, og Phoebe Campbell var líflátin að London, Ont., í maí 1872. — Allar aðrar konur, sem drýgt hafa morð í Canada, hafa verið náðaðar.

— Bandaríkjaflotinn hefir nú heimsótt Danmörku, Noreg og Svíþjóð, og verið fagnað með kostum og kynjum á öllum þessum stöðum. — Nú er hann kominn til St. Pétursborgar, og þaðan snýr hann svo aftur og heldur til þýzkalands; þangað er hans von þessa dagana. Vilhjálmur keisari hefir mikinn undirbúning í Kiel, því þangað kemur flotinn. Fara þar fram stórfengilegar heræfingar og hátíðahöld.

— Alt er nú í uppnámi í Albaníu. Tyrkneskar hersveitir hafa verið sendar til að bæla niður óöldina og halda lýðnum í skefjum, en það virðist einungis æsa Albaníubúa enn meir Blóðugar smáorustur hafa háðar verið hér og þar og ýmsum veitt betur. Tyrkir beita grimd mikilli og hlífa engu, hvorki börnum né konum. Í einu þorpi, sem Tyrkir unnu, handtóku þeir þrjú hundruð konur og ungar stúlkur, og seldu allar mansali til Konstantinópel. Albanir eru engu betri, því þeir tyrknesku hermenn, sem falla þeim í greipar, eru píndir til dauða. — Ástæðurnar fyrir uppreist Albana eru þær, að þeir eru mótfallnir Ung-tyrkja stjórn, inni og umbótum hennar. Vilja þeir hafa einveldisstjórnina gömlu aftur til valda, eða þá brjótast alveg undan yfirráðum Tyrkja. — Albanir eru herskáir og hinir hraustustu í bardögum.

— Þýzkur auðmaður í NewYork, Jacob Schiff að nafni, hefir boðist til, að gefa fæðingarborg sinni, Frankfort am Main í Hessen á Þýzkalandi, eina milión dollars til háskólastofnunar þar, með þeim skilmálum einum, að Gyðinga stúdentar og prófessorar hafi sömu réttindi og aðrir, en svo er ekki í flestum þýzkum háskólum. Auðmaður þessi er af þýzkum Gyðingaættum.

OGILVIE'S
Royal Household Flour

Til Brauð og Köku Gerðar

Gefur Ævinlega Fullnægingu

EINA MYLLAN Í WINNIPEG,—LÁTIÐ HEIMAIÐNAÐ SITJA FYRIR VIÐSKIFTUM YÐAR.

— Krýningarhátíðahöldin eru nú byrjuð fyrir alvöru, þó að aðalkrýningardagurinn sé á morgun (fimtudag). Göturnar, sem krýningarfylkingin fer um, hafa verið fagurlega skreyttar, og voldugir áhorfendabekkir verið reistir meðfram þeim, sem leigðir hafa verið fyrir hátt verð. Múgur og margmenni er kominn til Lundúna, til að vera viðstaddur hátíðahöldin. Stórmenni hafa sótt að úr öllum áttum, konunggr, prinsar, hertogar og aðrir tignir gestir, — ýmist sem fulltrúar landa sinna eða sem privat gestir. Er búist við, að þessi krýning brezku konungshjónanna verði sú viðhafnarmesta og mikiffenglegasta, sem sögur fara af. Krýningarathöfnina framkvæmir höfuðbiskup ensku kirkjunnar — biskupinn af Canterbury — aðstoðaður af ýmsum stór-prelátum. — Mikið verður því um dýðir hina næstu dagana, bæði í Lundúnum og annarstaðar á Englandi. Hátíðahöldin er ætlað að standi yfir fram í miðjan júlí.

— Hið fyrsta flugvélaslys, sem komið hefir fyrir í Austurríki og kostað hefir mannslíf, skeði 11. þ. m. Flugmaður einn frá Luxemburg, Vincenz Wiesenbach, var að sýna list sína að Wiener-Neustad, í flugvél, sem hann hafði sjálfur fundið upp. Eitthvað bilaði í vélinni og féll hún til jarðar um 50 fet úr lofti, og beið Wiesenbach bráðan bana.

— Kenslukona ein, Mrs. Hume að nafni, héðan frá Winnipeg, en sem var kennari við barnaskóla í Rainy River, Ont., — brann þar til dauða á fimtudaginn var í húsbruna. Kona þessi var ekkja og átti uppkomin börn í Winnipeg.

— Konungssinnar í Portúgal hafa gert uppreist í Chaves. Hafa hersveitir gengið þeim til handa. Borgin er á þeirra valdi. Búist er þó við, að lýðveldinu sé ekki hætta búin að svo komnu og að liðssveitum stjórnarinnar takist að bæla niður uppreist þessa fyrirhafnarlítið. — Manuel hefir hvatt alla fylgismenn sína að hefjast handa gegn lýðveldinu og koma sér aftur á konungsstólinn, en vonlítir eru menn um, að honum verði kápan úr því klæðinu, — ekki sízt, þegar hann situr sjálfur í Englandi og þorir hvergi nærri að koma.

— Tvær þúsundir manna, sem vinna í Canada Car & Foundry verksmiðlunum í Turcot og Blue Bonnets í Quebec fylki, gerðu verkfall á miðvikudaginn var. Heimta þeir fjögra centa launaviðbót um klukkutimann. Félagið vill ekki verða við þeirri kröfu mannanna, og telur þeim betur borgað en hjá nokkru öðru samkyns félagi í Canada. Er því búist við, að verkfall þetta muni standa all-lengi yfir.

— Jarðgas hefir af tilviljun fundist í bænum Wetaskiwin í Alberta. Nú er það notað til rafafls fram, leiðslu til að lýsa bæinn.

— Nýlega andaðist í Austur-Afríku af meiðsli við ljónaveiðar maður að nafni George Grey, frændi Greys landstjóra. Hann hafði safnað auði miklum þar eystra og átti auk þess fasteignir á Englandi. Í erfðaskrá sinni gaf hann Grey lávarði þriðjung allra þeirra eigna, er hann hafði grætt í Afríku, í viðurkenningarskyni fyrir það, að lávarðurinn hafði hvatt hann til Afríkuferðar, og gefið honum ýms holl ráð, sem gerði honum létt að græða fé þar eystra.

— Járnbrautarnefnd Canada hefir fyrir nokkru skipað White Pass járnbrautarfélaginu að færa niður far- og flutningsgjöld sín um þriðjung frá 1. þ. m., að viðlögðu $100.00 sektum fyrir hvern þann dag, er félagið óhlýðnast skipun nefndarinnar.

Vill Mrs. Ásgerður Guðbrandsson, frá Stykkishólmi á Íslandi, nú nýkomin hingað til Ameriku, gera svo vel og senda mér undirritaðri áritun sína?

Mrs. Guðbjörg T. Myrdal,
Glenboro, Man.

PENINGABUDDA

með peningum og kvittunarseðlum tapaðist á laugardagskveldið á suðausturhorni Victor og Sargent stræta. Finnandi er vinsamlegast beðinn að skila henni til Ekr. gegn góðum fundarlaunum.

Ungir piltar í stúkunni Skuld ætla að hafa skemtiprógram á fundi stúkunnar þann 28. þ.m.

Fundur verður í Íslendingadagsnefndinni kl. 10 á fimtudagsmorguninn. Nefndarmenn eru beðnir að mæta stundvíslega.

MINNISVARÐAR ÚR MÁLMI

eru fullkomnastir, billegri og mikið fallegri en steinn. Endast óumbreytanlegir alla tíð. Spyrjið um þá, áður en þið kaupið stein.

Fáið upplýsingar hjá

J. S. LEIFSON,
Quill Plain, Sask.

VEGGLÍM

Vönduð bygginga efni:

The "Empire" Wood Fiber tegundir.

Cement Wall and Finish Plasters.

Sackett Plaster Board.

Vér höfum ánægju af að senda yður vora "Plaster Book"

Manitoba Gypsum Co., Limited.
Winnipeg, Manitoba

ÁVARP!

Winnipeg, 30. Maí 1911

Háttv. vin, hr. Tryggvi Gunnarsson!

form. f nefndinni á Íslandi útaf minnisvarða Jóns Sigurðssonar, og þér hinir, kærir bræðr! f þeirri nefnd.

Reykjavík.

Jafnframt því er vér sendum yðr nú fé það, sem fólk af þjóðflokk vorum hér f Vestrheimi hefir skotið saman til minnisvarða Jóns Sigurðssonar, leyfum vér oss að ávarpa yðr nokkrum orðum og gegn um yðr Íslendinga f heild sinni heima á Fróni.

Hjartanlega þökk frá oss hafi þeir, sem gengust fyrir því að almenningr íslenzkrar þjóðar kæmi upp minnismarki þessu. Að vera með f því fyrirtæki fannst oss Vestr-Íslendingum óðar sjálfsagt. Hinn hlýi hugr, sem vér ósjálfrátt berum til átthaganna heima, glæddist við það að miklum mun. Um ekkert mál hefir fólk vort hér af íslenzku bergi brotið eins vel sameinazt og þetta. Það hefir dregið oss hér f hinni miklu dreifing saman. Vér erum nú nær hverjir öðrum en áðr. Og vér erum fastar bundnir við Ísland og það, sem bezt er f þjóðernislegum arfi vorum.

Jóns Sigurðsson er oss fmynd þess, sem ágætast er í sögu og eðli Íslands.

Í persónu hans hefir íslenzk ættjarðarást birzt f fegrstri og fullkomastri mynd.

Landi og lýð til viðreisnar varpaði hann sér útf baráttu þá, er vér dáumst því meir að, sem vér virðum hana lengr fyrir oss. Frá upphafi var hann ákeðinn í því *aldrei að víkja* og framfylgdi þeim ásetningi með drengskap og óbilandi hugrekki allt til æfiloka. Lét hvergi þokast frá því, sem í augum hans var satt og rétt, hversu miklum andróðri og og óvinsældum sem hann yrði að sæta fyrir bragðið. Sýndi sömu einurð f því að setja sig, þá er því var að skifta, upp á móti öfugu almenningsáliti — órökstuddum tilfinningum íslenzkrar alþýðu — einsog á móti heimsku og ranglæti hins erlenda stjórnarvalds. Ólíkr öllum þeim sem að fornu og nýju eru að olnboga sig áfram til eiginna hagsmuna persónulegrar upphefðar. Óeigingirnin frábær. Öllum hæfari f hæstu embættisstöðu og þar einsog sjálfkjörinn fyrir sakir einstaklegra yfirburða og meðfædds höfðingskapar hafnar hann þeim hlunnindum til þess f erviðum lífskjörum og örbirgð að geta öllum óháðr unnið að velferð þjóðar sinnar eftir bjargfastri sannfæring sinni æfilangt.

Oss hefir verið það jafn-ljúft sem oss var það skylt að leggja vorn skerf til þess að Jóni Sigurðssyni væri reistr veglegr minnisvarði, til þess að glæða sanna föðurlandsást hjá Íslendingum — og til þess um leið að dæma til dauða það allt, sem þar er þvert á móti.

Minnisvarðinn sé reistr ekki aðeins til þess á þessum tímamótum, þá öld er liðin frá fæðing hans, að heiðra minning hins mikla manns, heldr einnig, og það öllu öðru fremr, til þess að íslenzk þjóð fái f því minnismarki stöðugt horft á þessa gófuga fyrirmynd sína sér til frjálsmannlegrar eftirbreyni f baráttu lífsins.

Með minnisvarðanum komi Íslendingum guðlegr innblástr til alls góðs, og sérstaklega ný ættjarðarást, endrfædd, helguð og hreinsuð, fúsleiki til að leggja sjálfan sig fram til fórnar fyrir málefni sannleikans, stefnufesta, stöðuglyndi, trúmenska, heilagt hugrekki. Og þarmeð ný öld ljóss og hamingju yfir Ísland.

Skiftar skilst oss muni vera skoðanir landa vorra heima um það, hvar í höfuðstað Íslands minnisvarðinn eigi að standa. Vér viljum, að hann sé reistr þarsem hann myndi bezt blasa við augum almennings — og þá annaðhvort efst á Hólavelli, í bænum vestanverðum, ellegar, ef þess er ekki kostr, á Arnarhóli, hinum-megin við kvosina. Þetta er bending frá þeim af oss f minnisvarðanefndinni hér, sem kunnugir eru staðháttum f Reykjavík.

Með bróðurlegum kveðjum og blessunaróskum.

Jón Bjarnason, forseti nefndarinnar. Guðmundur Árnason, ritari. Skapti B. Brynjólfsson, féhirðir.
Árni Eggertsson, varaforseti.
B. J. Brandson, B. L. Baldwinson, Jón J. Vopni,
Ól. S. Thorgeirsson, Ól. Stephensen, Stefán Thórson,
Stefán Björnsson, Sveinn Brynjólfsson
Thomas H. Johnson.

ATHS. — Tveir nefndarmanna — séra Friðrik J. Fergmann og Friðjón Friðriksson — voru fjarstaddir og gátu því ekki ritað undir ávarp þetta.

Náið í þetta

Hundrað alfatnaðir, gerðir úr fegursta Belwarp vaðmáli, trútt litaðir og handsaumaðir. Þeir komu of seint frá verksmiðjum til vorsölu, svo verksmiðjueigendur bera tapið af niðursetningu verðsins, meðan fatnaðirnir endast.

$13.50

væru ódýrir þó seldir væru á $20.00

PALACE CLOTHING STORE
Baker Block 470 Main St.
G. C. LONG, eigandi.

Heimskringla
Published every Thursday by The Heimskringla News & Publishing Co. Ltd

Verð blaðsins í Canada og Bandar $2.00 um árið (fyrir fram borgað).
Sent til Íslands $2.40 (fyrir fram borgað).

B. L. BALDWINSON
Editor & Manager

Office:
729 Sherbrooke Street, Winnipeg
BOX 3083. Talsími Garry 4110.

Winnipeg fagnar R. L. Borden.

FUNDURINN MIKLI.

Hon. Robert Laird Borden, leiðtogi Conservative flokksins í Canada, og föruneyti hans, komu hingað til borgarinnar á laugardagskveldið kl. 9.40 og dvöldu þar til á þriðjudagsmorgninn.

Aldrei hefir neinn stjórnmálamaður átt öðrum eins sæmdarviðtökum að fagna hér í borg, sem Borden að þessu sinni. Winnipeg fór í hátíðaskrúðann. Á bæjarráðs, höllinni var letrað með logandi stöfum: "Welcome R. L. Borden", og fjöldi stórbygginga voru fagurlega skrýddar. Á járnbrautarstöðinni var múgur og margmenni samankomið og þéttskipaðar raðir af fólki meðfram Aðalstræti, þar sem leið Bordens lá um. Um leið og leiðtoginn steig út úr lestinni, glumdu við fagnaðaróp mannfjöldans, sem aldrei ætluðu að linna, og fylgdu honum til áfangastaðarins. Allir ungir sem gamlir, úr öllum hlutum borgarinnar virtust einhuga að fagna tilvonandi forsætisráðherra Canada sem innilegast, myndarlegast og viðhafnarmest.

Fyrir framan C.P.R. járnbraut, arstöðina voru um hundrað bifreiðar, fagurlega skrýddar fánum og blómum.

Steig Mr. Borden upp í bifreið Hon. Roberts Rogers, ásamt honum og nokkrum öðrum, og er þeir héldu af stað, fylgdi allur bifreiðahópurinn; sátu í þeim flestir af merkustu borgurum bæjarins og stjórnmálamenn, bæði utan bæjar og innan. Á eftir bifreiðunum fylgdist múgurinn í skrúðgöngu, en í fararbroddi voru hornleikaraflokkar, sem léku þjóðsöngva Canada. Skrúðför þessi hélt svo eftir aðalstræti borgarinnar, og um ýms önnur stræti, unz staðar var numið við bústað Hon. Robert Rogers á Roslyn Road. Þar ávarpaði Mr. Borden mannfjöldann og þakkaði með fögrum orðum fagnaðarviðtökur þær, sem borgarbúar hefðu veitt sér og föruneyti sinu. Ýmsir aðrir héldu ræður, og Hon. Rogers bauð öllum viðstöddum upp á hressingu, sem var þegið með þökk um.

Þessar fagnaðarviðtökur, sem Winnipeg búar veittu Conservative leiðtoganum, stinga illa í stúf við hinar köldu viðtökur, sem Sir Wilfrid hlaut í fyrra sumar, og benda um leið ótvíræðlega á það, að meiri ósannindi hafa sjaldan sögð verið en hjá þeim Liberölu, sem prédikað hafa, að Mr. Borden væri gjörsneyddur allri lýðhylli. Enginn Liberal hefir fyr eða síðar fengið betri viðtökur hjá lýð þessarar borgar en Mr. Borden nú, þrátt fyrir það, þó dýrðarljómi valdsins skini ekki um nafn hans eins og Sir Wilfrids og ráðherra hans, sem hingað hafa komið.

Á sunnudaginn og mánudaginn heimsótti Mr. Borden ýmsar af helztu stofnunum borgarinnar, og var allstaðar fagnað hið bezta.

Á mánudagskveldið hélt hann svo í Walker leikhúsinu hinn fyrsta fund sinn í þessari vesturför. Var aðsóknin að fundinum svo mikil, að fjöldi manna varð frá að hverfa sökum rúmleysis. Hvert einasta sæti í leikhúsinu var upptekið og manngrúi mikill stóð. Og leiksviðið var einnig þéttskipað fólki. — Klukkan 8 hófst fundurinn, og er Mr. Borden sýndi sig á leiksviðinu, glumdi við einróma fagnaðaróp hins mikla mannfjölda og stóðu lengi.

Fundinum stjórnaði Hon. Robert Rogers, og flutti hann stutta en gagnorða ræðu í fundarbyrjun. Vitti meðal annars harðlega járnbrautastefnu Laurier stjórnarinnar.

Þar næst talaði þingmaður borgarinnar Alexander Haggart; þá Mr. R. L. Borden; síðast J. G. H. Bergeron og T. W. Crothers, sambandsþingmenn. Öllum þessum mönnum sagðist prýðisvel, og var gerður að hinn bezti rómur.

Mr. Borden talaði í hálfan annan klukkutíma og tók ítarlega til meðferðar öll áhugamál, sem nú eru á dagskrá þjóðarinnar; hann lýsti stefnu sinni í þeim málum með skörpum dráttum, en með engum tvímælum eða vöflum, sem Sir Wilfrid, þá er hann var hér í hinni síðustu vesturför sinni. Mr. R. L. Borden kom til dyranna eins og hann er klæddur, — eins og flokks leiðtoga sæmir að koma fram fyrir þjóðina.

Hér fylgir stefnuskrá Mr. Bordens í fáum orðum:

Jafnrétti fyrir Manitoba.

Dagar þeir eiga ekki langt í land þegar Manitoba, Saskatchewan og Alberta fá frá Conservative stjórninni í Ottawa réttláta viðurkenningu á þeirra ómótmælanlega rétti til sinna opinberu landa og landskosta (Natural Resources). Manitoba á heimting á útfærslu landamæranna, og fær það þann dag, sem vér komumst til valda.

Eiga og starfrækja Hudson-flóa járnbrautina.

Járnbraut þessi verður lögð af næstu Conservative stjórn og það viðstöðulaust. Hún verður eign þjóðarinnar, bygð og starfrækt af stjórninni gegn um óháða framkvæmdarnefnd.

Þjóðeign kornhlaðna.

Ég hefi komist að þeirri niðurstöðu, að þjóðeign kornhlaða sé heillavænlegast landi og lýð, og þeirri stefnu munum vér koma í framkvæmd, ef vér komumst til valda.

Föst tollmálanefnd.

Conservative flokkurinn ætlar sér að útnefna, þegar hann kemst til valda, fasta tollmálanefnd, skip aða óháðum og hæfum mönnum, til þess að rannsaka, kynna sér og koma fram með allar tillögur viðvíkjandi tollmálum.

Verzlun innan ríkisheildarinnar.

Gagnskifta hlunninda verzlun innan ríkisheildarinnar gæfi okkur hagnað af viðskiftum við lönd, sem þyrftu afurðir vorar og sem gætu boðið okkur vörur, sem land vort ekki framleiddi. — En tilboð stjórnarinnar er gagnskiftaverzlun við land, sem framleiðir meir en það þarfnast af því nær hverri einustu vörutegund, sem við framleiðum.

Mótmælir gagnskifta samningunum.

Mr. Borden mótmælti því næst gagnskiftasamningunum kröftuglega. Sýndi með ljósum rökum, hversu óhagstæðir, óeðlilegir og ónauðsynlegir þeir væru. Meðal annars fórust Mr. Borden þannig orð:

Vér mótmælum þessu samningstilboði vegna þess, að það eyðileggur vonina um gagnskiftaverzlunar hlunninda innan ríkisheildarinnar. Vér erum mótmælitir þessum samningum vegna þess, að stefna þeirra er að leysa sundur sambandið, aðskilja fylkin, hindra samgöngur og verzlun milli fylkjanna og milli austursins og vestursins.

Og vér erum eindregið mótmælti ir samningunum vegna þess, að það er trúa vor, að ef þeir komast í framkvæmd verði afleiðingarinnar verzlunarsameining, en verzlunarsameining mun óhjákvæmilega enda með stjórnarfarslegri innlimun".

Þess má geta sem einsdæmis hér í borg, að aðeins tvisvar sinnum var gripið fram í ræðu Mr. Bordens; en að henni lokinni stóð næstum hver einasti maður á fætur og vottaði hinum Conservativa leiðtoga traust sitt á velþóknun og fylgi með langvarandi lófaklappi.

Á þriðjudagsmorguninn lagði Mr Borden og föruneyti hans af stað úr borginni, og héldu fundi að Brandon og Carberry um daginn.

Ef dæma skal eftir byrjuninni, verður þessi vesturför Bordens sannkölluð sigurför.

Aldarafmæli forseta.

Samkoma sú, sem klúbburinn Helgi magri hafði efnt til í minningu um hundrað ára afmæli Jóns Sigurðssonar, og sem haldin var í Goodtemplarahúsinu á laugardagskveldið, — fór vel fram og myndarlega. Var húsfyllir, svo sumir urðu frá að hverfa sem komu.

Samkomuna setti formaður forstöðunefndarinnar, Ólafur S. Thorgeirsson, með stuttri tölu. Þá lék hljómleikaflokkur Th. Johnsons fiðluleikara nokkur lög, sem tókust mjög vel, sérstaklega vöggulljóð Jóns Friðfinssonar. Því næst var sungið. Þeir sem ræður fluttu á samkomunni voru: Dr. Jón Bjarnason og séra Lárus Thorarensen, báðir fyrir minni Jóns Sigurðssonar, og prófesson Rúnólfur Marteinsson fyrir minni Íslands. Fyrstur ræðumanna var Dr. Jón Bjarnason. Flutti hann langt erindi og fróðlegt um Jón Sigurðsson og starfsemi hans. Einnig las hann upp ávarp, er minnisvarða samskotanefndin hér vestra hafði sent heim með samskotafénu. Að ræðunni lokinni var lesið upp kvæði fyrir minni Jóns Sigurðssonar, er séra Lárus Thorarensen hafði ort, og annað kvæði eftir Stephán G. Stephánsson. Fyrir hinu sáma minni var sungið af Gísla Jónssyni prentara, og var gerður að söng hans hinn bezti rómur.

Næstur ræðumanna var professor Rúnólfur Marteinsson: flutti hann skörulega ræðu fyrir minni Íslands, há-pólitiska með köflum; hallaðist að skilnaði Íslands frá Dgnmörku, og vildi að Vestur-Íslendingar styddu að því eftir mætti. Vildi hafa alírjálsa þjóð í alírjálsu landi. Einnig átaldi hann alvarlega, hversu íslenzku þjóðerni væri á glæ kastað hér meðal Vestur-Íslendinga. Skoraði á landann, að varðveita þessa dýrmætu erfða gjöf. Þeir hefðu fulla ástæðu að vera upp með sér yfir að vera Íslendingar. Að þessari ræðu var gerður hinn bezti rómur. Þá voru kvæði sungin, meðal annara eitt fyrir minni Jóns Sigurðssonar, er Þorst. Þ. Þorsteinsson hafði ort.

Síðastur ræðumanna var séra Lárus Thorarensen. Flutti hann aðra minningarræðuna um Jón Sigurðsson. Var hún vel flutt, skáldleg og hrifandi og hlaut alment lof áheyrendanna. — Upp, runalega var ætlast til, að Baldur Sveinsson, meðritstjóri Lögbergs, héldi hina aðra minningarræðu, en er það fórst fyrir, var séra Lárus fenginn. Að þessari ræðu lokinni voru lesin upp þrjú kvæði fyrir minni Jóns forseta eftir Sig. Júl. Jóhannesson, Magnús Markússon, og Guttorm J. Guttormsson. Og í samkomulok sungu allir "Eldgamla Ísafold".

Samkomusalurinn var skrýddur íslenzka fánanum og fálkanum og feldur mikill blasti við áheyrendun um með mynd Jóns Sigurðssonar, í miðju blómum prýddri. Á feldinum var letrað, fyrir ofan myndina — "Óskabarn Íslands, sómi þess, sverð og skjöldur", en fyrir neðan myndina: "Jón Sigurðsson 1811—17. júní 1911"; og myndir af sverði, skildi og lárviðarsveig. — Hafði Friðrik Sveinsson málað feldinn.

Samkoman fór vel fram og var hin bezta, og á Helgi magri þökk og heiður skilið fyrir að hafa stofnað til hennar og staðið einn straum af kostnaðinum.

Kvæðin, sem ort voru fyrir minni Jóns Sigurðssonar, eru birt á öðrum stað í þessu blaði.

Framfarir Kínaveldis.

Kína hefir tekið miklum stakkaskiftum þessa síðustu mánuðina. Múrveggurinn, sem Kínverjar höfðu setst til að varna öðrum ókunnugum áhrifum og menning aðgöngu, hefir nú verið rifinn niður. Nú breiða þeir feginsfaðm á móti menningu nútímans. Fjöldi kínverskra námsmanna eru við skólanám í Evrópu og Ameríku, og fjölmargir evrópiskir og ameríkanskir kennarar eru nú í Kína, samkvæmt undirlagi stjórnarinnar, að fræða landslýðinn upp á nútízku vísu. Hin gamla kínverska uppfræðsluaðferð er að rýma fyrir kröfum nútímans. Og leiðtogar landsins virðast samtaka í því, að lyfta þjóðinni úr þeirri ánauð, bæði líkamlegri og andlegri, sem hún hefir verið í um tugi alda, gera sjónarsviðið víðtækara, göfugra. Leiðandi menn hins mikla Kínavefdis sjá það, að þjóðin og veldið var á hraða leið til glötunar undir gömlu fornaldarsiðunum og stjórnarfarinu; eina viðreisnarvonin var að opna landið fyrir umheiminum og snúða sig eftir háttum annara þjóða, hvað menning og stjórnarfar snerti. Og þessari umbótastefnu hefir dyggilega framfylgt verið núna á þess, um síðustu tímum.

Einveldið, sem ríkt hefir í Kína frá upphafi vegar, er nú á enda. Þingbundin stjórn er í aðsigi, og má búast við, að hið fyrsta þing Kínverja komi saman að vetri komandi, og að stjórnarbótin verði gefin landsbúum á þessu sumri. Nefnd manna situr nú á rökstólum til að undirbúa hina nýju stjórnarskipun, og er álitið að hún muni mjög líkjast stjórnarskipun Japana.

En það, sem stjórnin hefir sérstaklega lagt kapp á að læta, er herinn. Hafa japanskir, franskir og brezkir herforingjar verið fengnir til að æfa hermennina og koma skipulagi á herjinn í heild sinni, sem allur var í óreiðu hinni mestu Árangurinn af þessu er þegar orðinn sá, að nú hefir Kína um 200 þúsund velæfðra hermanna og fast skipulag á herstjórninni.

Eitt er það enn, sem hinir kínversku umbótamenn hafa hafist öndverðir gegn, og það er ópíumnautnin, og hefir stjórnin stutt öfluglega að því, að útrýma þeim ófagnaði úr landi. Í opnu bréfi frá stjórninni til íbúanna í fylkinu Kansu, er svo komist að orði: — "Ekkert eyðir tíma mannanna ver en ópíum. Það veldur sjúkdómum og örbirgð, en hindrar vinnuna og starfslöngunina. Það færir eymd og volæði og eyðilegging yfir heimilin. Í sumar er var fyrirbuðum vér ræktun ópíums. — Þjóðarböli þessu verður að linna. Ópíum-nautnin verður að hætta fyrir fult og alt. Undir því er heill og velferð landsins komin".

Verklegar framfarir hafa verið mjög miklar í Kína þetta liðna ár Járnbrautir hafa verið bygðar víða um ríkið, og betra skipulagi komið á póstflutning og samgöngur; talsímar og ritsímar lagðir víða. Stjórnin hefir nýverið tekið stórlán í Bandaríkjunum, í því augnamiði að koma á frekari verklegum umbótum.

Það má heita stór furða, hvað Kínverjar hafa gert til umbóta á fáum mánuðum, ekki síst þegar tekið er tillit til þess, að óáran mikil hefir verið í landi, hungursneyð og illkynjaðar pestir, sem lamað hafa starfsþrekið og dregið úr framkvæmdunum. Í góðæri hefðu framfarirnar orðið tröllauknar.

Það virðist því mega gera sér í hugarlund, að Kína eigi eftir að ryðja sér braut meðal stórvelda heimsins. Landskosti hefir Kína flestum löndum framar, það er málmauðugt, jarðvegurinn frjór og þær 408 miljónir manna, sem í landinu búa, geta afrekað mikið, ef þær standa svipað að vígi sem íbúar menningarlandanna, og stórt spor í þá áttina er þegar stigið.

Framtíðarútlit Kínaveldis er því hið glæsilegasta.

Að sjá.

Það er gamaft íslenzkt máltæki, að "augun séu tollfri", og er það að vísu rétt. En skrokkurinn, sem augun eru í, eða öllu heldur rúm það, sem hann tekur, er ekki ætið algerlega tollfrítt. Það vita þeir, sem iðulega fara á leikhúsin og aðra skemtistaði. En dýrasta sýningin, sem um þessar mundir er á dagskrá, er krýning brezku konungshjónanna. Það er reynsla fyrir því, að þeir, sem troða sér saman á göturnar, þar sem krýningarfylkingin fer um, eiga litinn kost á að sjá það, sem framhjá fer, því að leiðin öll er þakin lögregluþjónum og hermönnum, og umhverfis konungshjóna kerruna er margfaldur lífvarnargarður, sem útilokar alla möguleika til að sjá konungshjónin, en þau eru að sjálfsögðu aðal aðdráttaraflið sem um er kept að fá litið augum. Þeir, sem vilja eiga það víst, að geta séð konungshjónin og með þeim alla fylgdina, verða því að leigja sér staði við glugga í einhverju húsi meðfram strætum þeim, sem fylkingin fer eftir, og þau svæði eru seld afardýru verði.

Eitt gólf í St. James stræti hefir þegar selst fyrir rúmlega 5 þús. dollars, fyrir það tímabil að deginum, sem fylkingin fer framhjá. Þar er rúm fyrir tuttugu manns að horfa út um gluggana. Önnur tvö herbergi í sama húsinu, sem ekki veita eins góða útsjón, kosta hvort fyrir sig eitt þúsund dollars yfir daginn. Enn annað herbergi í sama húsi, með sæti fyrir 25 manns, er leigt fyrir $1250.00 yfir daginn, og er það algengt verð fyrir herbergin í öllum húsum í Piccadilly, St. James og Pall Mall strætum yfir krýningardaginn, — það eru $50.00 fyrir hvert mannsbarn, sem fær að horfa þar út um glugga til þess að sjá krýningarfylkinguna.

St. Martins-kirkjusöfnuðurinn í Trafalgar Square er að láta smíða stóran pall á kirkjulóð sinni, með sætum fyrir 3 þúsund manns, og kosta sæti þar frá $15 til $125 hvert. Aðrir kirkjusöfnuðir eru einnig að láta byggja slíka sjónarpalla, og er vanaverðið hjá þeim $25.00 fyrir sætið, eins og nú stendur, en getur margfaldast í verði áður en krýningardagurinn kemur, — alt eftir því, hve mikil eftirsókn verður eftir þeim.

Þeir, sem hafa fleiri en einn glugga á íbúðum sínum, sem að strætum þeim snúa, sem fylkingin fer eftir, selja lánið á hverjum glugga frá $85.00 til $250.00, eftir stærð þeirra. Þeir, sem fá að standa uppi á húsþökum, til að horfa á fylkinguna, verða að borga frá $2.50 til $15.00 hver.

Augun verða ekki algerlega tollfrí þann 22. og 23. þ.m. á Englandi.

Krýningar konunga eru einatt að verða viðhafnarmeiri með hverjum liðandi mannsaldri. Fyr á dögum kostaði ekki nema fáa aura, að leigja stað til að horfa á krýningarfylkingar, en nú er það farið að kosta þúsundir dala.

Mentamáladeild Englands hefir auglýst vikuhvild frá skólanámi fyrir öll börn ríkisins, til minnis um krýninguna. Og mörg liknarfélög hafa gert ráðstafanir til þess að veita rausnarlega öflum fátækum, er á Englandi finnast, yfir krýningarvikuna. En bezt gera Írar: Íbúarnir í Belfast borg ætla að hafa skemtanir fyrir 60 þúsund skólabörn og 20 þúsund fátækling a. En 400 sjúk og limlest börn verða send til sumar skemti- og baðstaða við sjávarsíðuna, og þar haldin ríkmannlega um tveggja vikna tíma. Mest áherzla verður þar í landi lögð á mannúðarverk og velgerðir tif þeirra, sem þurfandi eru.

Fréttir frá

Íslendingadeginum.

Nefndin hefir unnið kappsamlega síðan hún var kosin 1. júní, fimm fundir hafa verið haldnir síðan, og hefir allmiklu verið komið í verk og ráðstafað nú þegar.

Nefndin er búin að fá River Park fyrir daginn, og er það vafalaust langbezti staður, sem völ er á til hátíðahaldsins. Þar er ám til að þreyta kappsund yfir, bangað er góður "car service", og það sem er aðalatriðið, þar er afgirt svæði tilbúið fyrir hvaða "reisar" eða kapphlaup sem er. Þar er ræðupallur og sæti fyrir þúsundir manna.

Alt bendir til, að Íslendingadagurinn í ár verði ennþá fullkomnari og skemtilegri enn nokkru sinni fyr. Nefndin er einráðin í, að gera alt, sem í hennar valdi stendur, til þess að svo geti orðið. Hún hefir ákveðið, að gefa mjög góða "prísa", og auk þess, sem vanalega hefir verið verðlaunað, þá gefur hún verðlaun fyrir ýmislegt, er áður hefir ekki verið verðlaunað, en sleppir ef til vill 1— verðlaunum, sem áður hafa verið á listanum, en sem enga lukku hefir gert. — Af nýjum verðlaunum skal ég til dæmis nefna, að nefndin hefir ákveðið að gefa verðlaun vel feitum körlum og konum, er ná vissri þyngd (er síðar verður auglýst), fyrir að fara eins hart nokkur yards eins og nefndinni líkar.

Þið haldið kannske að við allir þessir ungu menn, sem í nefndinni eru, höfum gleymt stúlkunum, — ekki glveg. Við ætlum að minnast þeirra með hjartnæmri ræðu og ástríku kvæði. Við ætlum að verðlauna, hve fljótt þær geta hlaupið. Við ætlum að verðlauna danskunn áttu þeirra. Og meira til: við ætlum að gefa há verðlaun þeirri stúlku, er fallegust finst í River Park 2. ágúst.

Ræðumenn munum við gera okkur far um að velja vel, en einkum með tilliti til þess, að það séu menn, er Winnipeg Íslendingar eigi ekki kost á að heyra til á hverjum degi.

En munið öll, að alt er undir því komið, að allir sem vetlingi geta valdið, komi út í garðinn og komi snemma. Ekkert minna en 500 tickets ætlar nefndin að gefa börnunum á "Merry-go-round". — Mörg og góð verðlaun verða gefin fyrir alls konar íþróttir. Munið, piltar, að æfa ykkur vel.

(Framh. í næsta blaði).

R. TH. NEWLAND,
ritari nefndarinnar.

Copenhagen Snuff

BEZTA MUNNTÓBAK SEM ER BÚIÐ TIL

Hvort sem þér tyggið það eða takið í nefið, þá mun yður geðjast að þess góða keim.

NATIONAL SNUFF COMPANY, LIMITED
900 St Antoine St., MONTREAL.

Fréttir.

— Það þykir tíðindum sæta, að ritstjóri spænska stórblaðsins, Gaceta Marina í Madrid hefir skorað á hólm einn af ritstjórum Parísarblaðsins Temps, þann er stýrir erlendum málum. Spænski ritstjórinn telur þann franska hafa skrifað grein, sem meiði heiður Spánar. Hólmgangan á að fara fram í París.

— Á föstudaginn var hengdur Edward Jardine, — unglingsmanninn, sem myrti á hinn fúlmannlegasta hátt hina fimtán ára gömlu Lizzie Anderson, að Goderich, Ont. Aftakan fer fram í Goderich, og þykir það nýlundu sæta, að öllum fréttaritunum var bannað að vera viðstöddum.

— Enver Bey, foringi Ungtyrkja og sendiherra Tyrklands við hina þýzku keisarahirð, kvongaðist nýverið Nadjil prinsessu, dóttur hins afdankaða soldáns Abdul Hamid. Þessi gifting var stórmerkileg fyrir þá sök, að hvorugt þeirra var viðstatt giftingarathöfnina,— hann var í Berlin og hún í höll sinni í Konstantínópel. Var það að eins stjórnartilkynning, sem tilkynti þann boðskap soldánsins Múhameðs V., að frænka hans og Enver væru orðin maður og kona. Bæði voru þau andvíg giftingunni, hann hafði ást á annari, en prinsessan hataði hann af hjarta fyrir að hafa verið aðalmaðurinn til að steypa föður hennar af stóli. En Múhameð soldán þóttist ekki geta launað Enver betur fyrir að hafa komið sér til valda, en með því að gefa honum bróðurdóttur sína fyrir konu, og við það varð að sitja.

Vísur til Stephans G. Stephanssonar

Þú í vökum andans einn
upp af rökum byggir,
með þeim tökum, hugarhreinn,
hvergi að sökum skyggir.

Því með skærri sálarsjón
sendir geisla víða
gegn um loft, um lög og frón
lýsigull að þíða.

J. O. Norman.

Bréf á skrifstofu Hkr. eiga:

Mrs. Margrét Bergthorsson.
Miss Jóna Arason.
Miss Guðrún Sigurðsson.
Mr. Sigurður Gíslason.
Mr. E. Th. Jónasson.

Dylgufult ragmenni

hlýtur sú persóna að vera, sem kemur fram á ritvöllinn í 35. nr. Heimskringlu, 1. júní þ. á., er brennimerkir sig með stöfunum "n. n.", og mætti lesa fyrir: náungans níðingur".

Alt af fer okkur löndum fram í öllu, nema þar sem mannúðin og kærleikurinn ö hlut að máli. Eða svo virðist það vera, þegar maður les sumar þessar húalegu og dylgjufullu ritgerðir nafnlausar í blöðunum.

Hér skal strax tekið fram, að þessi ritgerð er ekki skrifuð í þeim tilgangi að taka málstað sera F. J. Bergmanns, né heldur skrifuð sem vörn gegn honum. Hann þarf þess ekki með. Heldur sem yfirlýsing á þeirri andstygð, sem hlýtur að vakna í brjósti hvers velhugsandi manns, — andstygð á þeirri ógöfugu vopna-aðferð, sem hér er notuð.

Einnig skal það líka tekið fram nú þegar, að það er ekki tilgangur minn með þessum linum, að fara tína saman hvert dylgjuluít ragmensku-illyrði, sem þessi andlegi sóði hefir krækt þetta ritsmíði sitt saman af.

Geti hún orðið til að vekja athuga hugsandi manna á þeirri ómannlegu hugsun, sem virðist vera ríkjandi hjá sumum löndum vorum, að það sé óhæfu næst, ef prestar vorir og aðrir leiðandi menn eru efnalega sjálfstæðir, — þá er tilganginum náð.

Þegar maður les þessa umræddu ritgerð, sem nefnd er 'Burtnumning', dettur manni ósjálfrátt í hug illa uppalinn rakki, hungraður og hveimleiður, sem aldrei fær bein, nema þá hann steinr því. Því sparkið, bitið og sultarskapurinn, með dinglandi rófuna á bak við ofurlítla hundaþúfu gefur manni beztu hugmynd um höfundinn.

Hinn magnaðasti draugur, sem fylgt hefir íslenzku þjóðinni, er prestahatrið, — hefir fylgt henni alla tíð síðan hún kallaði sig kristna þjóð. Þessi draugur hefir komið fram sem lævís refur. Vana lega tekið sér bólfestu í munni og hjarta lítilmennisins og ragmennisins. Hann hefir komið þar á þing til spillingar, sem náð hafa verið af leiðtogum vorum til eflingar heilbrigðrar starfsemi.

En erindi hans hefir sí og æ verið hið sama: að hlúa að kurlunum, að reyna að kveikja eld og hatur, — að reyna að gera þá menn hlægilega, sem bezt hafa barist fyrir heiðri þjóðar sinnar, bæði heima og hér.

Lífskjör presta heima, eins og kunnugt er, er engin glæsisaga. Þar hefir þessi andlega beinæta mest og dyggilegast nagað um á liðnum öldum.

Það er kunnugra en frá þurfi að segja, að lífskjör presta í fyrri daga á ættjörðinni hafa sorfið svo að þeim, að þeirra andlega atgerfi hefir auðvitað lamast og oft og tíðum orðið úti á hjarni lífsins. En málefni það, sem þeir áttu að upplýsa þjóðina með, hefir aldrei náð þeirri fullkomnun að geta orðið að lifandi áhrifum. — Fyrir þá skuld eru nú landar vorir á ættjörðinni að drekka soðið af margra ára syndum sínum.

Þetta prestahatur hefir legið sem farg á þjóðinni, sem virðist fylgla henni frá kyni til kyns, land úr landi. Og hér hjá okkur sjáum við ef til vill ljósustu merkin: sundrung, sundurlyndi. Það sann, ar fortíð vor hér.

Vitaskuld, sem betur fer, eru margir betri menn farnir að sjá það, með vaxandi þroska og aukinni þekkingu á málefni presta í samvinnu við þá heild af heilendu fólki, — að óeinlægni og óþokkaskapur er ekki auðveldasta ráðið til að laða saman hugi mannanna og auka kærleikann og mannúðina.

Væru nú þessir menn, sem alið hafa þennan prestghaturs-draug, í sál og sinni og meðvitund, svo mannlega hugsandi verur, að þeir litu á starfsemi presta (kristindóminn), sem málefni, er þyrfti að íhuga; að margt væri ófullt og gæti ekki staðið ljós þekkingar núverandi tíma; — ef þeir litu þannig á það, og gætu litið á persónuna sem ærlegan mann, þá mætti telja til einhvers nýta í mannfélaginu.

En í staðinn fyrir, að lita með mannlegum athugunum á málefnið, þá skrækja þeir eins og útburðir í fúafeni sínnar eigin heimsku, á bak við mannfélagið.

Því miður eru of margir af prestum vorum hér, sem verða að taka tímann frá því starfi, sem þeim var ætlað að gegna, vegna fjármunalegs skorts. Myndi það ekki verða happasælla fyrir velferðarmál vor, ef prestunum gæti liðið svo vel, að þeir þyrftu ekki að hafa neinar búksorgir fyrir að framlengja lífið í sér og fjölskyldunni? Skyldi vera slík dæmi til hér hjá Vestur-Íslendingum?

Annars er það ömurlegur hugsunarunarháttur, þúsund ára krossburður á sumum þessum ofurlitlu löndum vorum, að þeir skuli tútna út af óeðlilegri bræði, ef þeir vita til, að maður, sem er í kennimannlegri stöðu getur efnaskorts vegna komið fram fyrir almenning sem ærlegur maður.

Til að fullnægja slíkum hugsunarhætti þarf sá prestur að vera grindhoraður, sí og æ betlandi um eitthvað til að éta, og þora varla að lita upp á nokkurn mann fyrir líkamlegum og andlegum óþrifum.

Fyrir slíkum presti mundi "n. n." geta borið lotningu.

Ég vildi óska, að prestar vorir hér væru að sinu leyti eins vel efn, aðir fjármunalega, eins og þeir eru andlega Mundi það ekki verða gróði fyrir þjóðarbrotið hér?

Seattle, Wash., 10. júní 1911.

J. K. Steinberg.

Seinasta bók um Ísland.

Karl Kuchler: In Lava-wüsten und Zauberwelten auf Island.

Flestir eru sólgnir í, hvaða stjórnmálaflokks sem þeir teljast til og hvaða stjórnmálatrú, sem þeir játast undir, að þekking annara þjóða á Íslandi sé aukin. Enginn virðist dirfast svo mikið sem að éfa, að slíkt sé hið mesta þjóðþrifaverk. Það er þarfleysa að eyða orðum að því, að slíkt er að ýmsu leyti nguðsynlegt, t. d., að það sé kunnugt vel víða, hvaða vörur og afurðir vér höfum á boðstólum, og eins megum vér vera hverjum manni þakklátir, sem leitast við að tella útlendinga af þeirri villu, að vér séum á svipuðu þroskaskeiði oq Eskimóar. En það er einkennilegt, að það er eins og engum komi annað til hugar, en vegur vor vaxi á því, að sem flestir útlendingar reki augun inn í hvern krók og kima hjá oss og þefi ofan í hvern kjagga og kirnu.

Samt virðist ekki sá þrifnaður né fyrirmyndar bæjarbragur á þjóðarheimilinu um þessar mundir, að vert sé að verg ginkeypur yfir því, að öllu sé haldið hátt á loft. sem þar gerist, eða að mjög glögg gestsaugu beri að garði. Og það er engin vanþörf á, að brýna það bæði fyrir útlendum "Íslandsvinum" og Íslefidingum, sem rita eða flytja erindi um menning vora á erlendar tungur, að varast alt oflof. Oss verður enginn hagður að því, hvorki út á við né inn á við. Út á við verða afleiðingarnar oftast gagnstætt því, sem til er ætlast. Inn á við verða afleiðingarnar einkum þær, að oss vex ofmetnaður og ofsjónir á þjóðmenning vorri og þjóðkostum.

Meistari Karl Kiichler er allra útlendinga ótrauðastur á, að rita um Ísland. Hann er manngerð góð vildin í garð vorn, ljúfmenskan og litillætið. Hann hefir ritað allmikið um bókmentir vorar. Og hann hefir, að sögn fróðra manna, verið svo hugulsamur, að gleyma ekki að víkja einhverjum sætindum að hverju íslenzku leirskáldi, sem á leið hans varð. Hann hefir lokið lofsorði á flest, sem hann minnist á hjá oss, svo að það er ekki furða, þótt vér séu honum þakklátir.

Þessi þýzki meistari og "Íslandsvinur" hefir nýlega gefið út bók um Ísland. Hann brá sér heim í hitt eð fyrra og skýrir þar frá því, hvað fyrir auga og eyru bar í þessari för. Það er þýzk nákvæmni í frásögninni. Ekkert er hlaupið yfir og engu gleymt. Hann fræðir þjóðverja á, hvar hann bjó hér, hvaða krásir matar voru bornar á borð fyrir hann, hvað honum var gefið í nesti, hverjir buðu honum inn á Hotel Ísland o. s. frv. Meginkafli bókarinnar er um "ævintýri á gönguför" hans um Snæfellsnesið sumarið 1909. Segir hann ítarlega frá þeim mannraunum, er hann ratað i, og þeim atburðum, er gerðust í þeirri för. Er gaman að ýmsu, sem hann segir þar frá. Hefir Jöklurum þótt það hin mesta furða, er þýzkur maður var kominn í sveit þeirra. Hann störðu þeir á, sem mesta furðuverk, er þeir heyrðu, að hann væri frá Þýzkalandi og jók það ekki lítið undrun þeirra, er hann var gangandi á slíku ferðalagi. Hann segir að kerling ein hafi tautað látlaust fyrir munni sér, er hún heyrði, hvar hann átti heima: "Heyr nú á eindæmi! Þýzkur maður! Þýzkur maður!" Og gangandi!!

Bókin er rituð af mikilli góðvild í garð Íslands. Hann hefir komið inn í hrörleg og fáskrúðug fátækingahreysi á Snæfellsnesi og gerir sig ekki digran yfir aumingjahætti eða óþrifnaði fólksins, segir engar skopsögur af því, sem margra flysjunga er siður, hvort heldur þeir eru innlendir eða útlendir. Hann minnist með þakklæti þess beina, sem honum af litlum fongum er í té látinn. Hann afsakar alt og færir á betra veg. Hann er hrifinn af náttúru landsins, af tign hennar og tigulegum svip. Hann hælir landsbúum á hvert reipi. Hann lofar vaskleik sjómanna í Búðum, snarræði þeirra og hugþýði í baráttu við ofsarok og æðandi sló. Hann lætur ekkert færi ganga úr greipum sér til að íæra lesendunum heim sanninn um, að hér búi menningarþjóð. Hann segir. að hvern ferðamann muni furða á að slá norður undir heimskautsbaug svo reisulegan bæ semReykjavík. Hjá Sæmundi kaupmanni Halldórssyni í Stykkishólmi var sá rausnarbragur í hvivetna og havanavindlarnir svo góðir á bragðið, að hann hafði gleymt, að hann væri staddur svo norðarlega á hnettinum, ef hann hefði ekki séð út um gluggann. Honum þykir það leitt, að menn hafi haldið um oss, að vér værum á líku þroskastigi og Eskimóar. Hann kveður það mestu furðu, hve menning vor sé mikil í flestum efnum, þar sem vér eigum að berjast og búa við jafn harða og óblíða náttúru. En einu ættu þeir að taka vel eftir, sem lesa þessa bók. Honum finst mikið til um hirðu, leysi Íslendinga um tímann, þykir það skoplegt og ófyrirgefanlegt. — Hann er ekki fyrsti útlendingurinn sem kynst hefir Íslendingum og verður tíðrætt um þenna eiginleika þeirra. Er þetta næsta alvarlegt umhugsunarefni. Það er vafamál, hvort það getur verri þjóðlöst en eyðslusemi á tíma. Það er auðsætt, að hvorki einstaklingum né þjóðum verður mikilla framfara né afreka auðið, ef mikil brögð eru að slíkum sjúkdómi.

Honum þykir vænt um hylli þá og ástúð, er hann á hvervetna að hrósa, — segir frá því með venjulegri nákvæmni og þjóðsýnilegri ánægju. Vestmanneyingar könnuðust óðara við hann og hann steig á land og heilsuðu honum með mestu virktum og virðing. Hann segir, að skáldöldungurinn Steingrímur Thorsteinsson hafi faðmað sig, þegar þeir kvöddust, og legið við að vikna.

Bókin er skrifuð á venjulegri prófessora-þýzku. Setningarnar upp undir hálfar eða jafnvel heilar stóreflisblaðsíður og þar á ofan setning innan í setning, likt og hólf er innan í hólfi í sumum peninga pyngjum, og eru menn teknir að þreytast um það komið er að botninum. Í henni eru engir fjörsprettir né skemtileg tilþrif. Hún tærir þeim ánægju, er þykir gaman að lesa lof um land sitt og þjóð. Má vera, að hún í hugum sumra kveiki löngun á, að kanna og skoða stöðvar Snorra goða og þórólfs bægifótar. Meiri arður verður Íslendingum ekki að lestri hennar.

Vonandi er, að þessum "Íslandsvini" gefist sem oftast færi á, að heimsækja Ísland. Honum er óhætt að trúa því, að hann verður jafnan mörgum Íslendingum hinn mesti aufúsugestur.

Sigurður Guðmundsson (Ingólfur).

Sendið Heimskringlu til vina yðar á Íslandi.

Hvernig stendur á því?

Herra ritstj. Heimskringlu.

Ég las nýskeð eftirmæli um íslenzka konu, í tímariti frá Íslandi, sem byrjuðu á þessum orðum: "Góð heimili eru sólskinsblettir í þjóðlífinu", o. s. frv., og núna í vikunni barst mér blað, sem gefið er út í smábæ hér í nágrenninu, og eru þar eftirmæli um aðra konu, og inni í þeim miðjum rek ég mig á all-langan kafla, svo að segja alveg orðréttan úr þessum fyrnefndu eftirmælum.

Getið þér sagt mér, hvernig á þessu stendur?

Er hugsanlegt, að báðum höfundunum hafi dottið alveg hið sama í hug, eða hefir ritstjóri blaðsins tekið traustataki á greininni úr tímaritinu, án þess að geta um heimildir?

Virðingarfylst,

Lesandi Heimskringlu.

Winnipeg, 15. júní 1911.

* * *

ATHS. — Vér höfum lesið bæði eftirmælin og höfum fundið þau svo nákvæmlega eins með köflum, að enginn efi getur leikið á því, að blaðstjórinn hefir tekið greinina úr tímaritinu, en ekki samið hana sjálfur. Það er óhugsandi með öllu að tveimur mönnum geti dottið nákvæmlega hið sama í hug, og lýst því með hinum sömu orðum.

Ritstj.

A. S. TORBERT'S
RAKARASTOFA
Er í Jimmy's Hótel. Besta verk, fagmet verkfæri; Rakstur 15c en Hárskurður 25c. — Óskar viðskifta Íslendinga. —

JIMMY'S HOTEL
BEZTU VÍN OG VINDLAR.
VÍNVEITARI T.H.FRASER,
ÍSLENDINGUR.
James Thorpe, Eigandi

MARKET HOTEL
146 Princess St.
á móti markaðnum
P. O'CONNELL, eigandi, WINNIPEG
Bestu vínföng vindlar og aðhlynning góð. Íslenzkur veitingamaður P. S. Anderson, leiðbeinir Íslendingum.

Woodbine Hotel
466 MAIN ST.
Stærsta Billiard Hall í Norðvesturlandinu
Tíu Pool-borð.—Alskonar vín og vindlar
Gisting og fæði: $1.00 á dag og þar yfir
Lennon & Hebb,
Eigendur.

JOHN DUFF
PLUMBER, GAS AND STEAM FITTER
Alt verk vel vandað, og verðið rétt
664 Notre Dame Av. Phone Garry 2568
WINNIPEG

The Hyland Navigation Co.
hefur nú opnað
SUMAR SKEMTIFERÐA SKRÁSETNINGAR
Margar þegar skráðar.
TJALDSTAÐIR til leigu til sumardvalar, í
"HYLAND PARK"
Rétt við ána. Dýrðlegt útsyni. Strætisvagnar á hverjum tuttugu mínútum.
HYLAND NAVIGATION CO.
13 Bank of Hamilton Chambers. Winnipeg.

Með því að biðja sérlega um "T.L. CIGAR," þá ertu viss að fá ágætan vindil.
T.L.
(UNION MADE)
Western Cigar Factory
Thomas Lee, eigandi Winnipeg

ALDREI SKALTU geyma til morguns sem hægt er að gera í dag. Pantið Heimskringlu í dag.

að til nýlega — á að gizka fyrir viku síðan — mér til stórrar undrunar, að hann alt í einu hætti að koma, og fór að leika hinn mikilúðga óðalsherra, eins og hann gerði áður. Ég ímynda mér nú að—"

Elma hafði ekki heyrt meira af þessu háværa skvaldri, hún var farin að skjálfa og sinti engu öðru en augum móður sinnar, sem mild og róleg horfðu á andlit hennar, alls ekki í reiði, eins og hún hafði búist við, ekki heldur ásakandi, en blíð og hluttakandi. Það sem eftir var af morgunverðar tímanum sat Elma algerlega ringluð; hún vissi hvorki hvað hún borðaði, drakk eða talaði um. Hinar háværu, háðslegu og ýktu smásögur Gildersleeves um Kelmscotts fjölskylduna, gengu inn um annað eyrað og út um hitt hjá henni; það eina, sem hún vissi um, var tillit móður hennar; hún var sannfærð um, að hún hafði lesið alt, sem við bar í skóginum, á andliti sínu, með einu einasta augnatilliti.

Eftir morgunverðinn gengu mennirnir út í garðinn til að reykja vindla sína, svo þær urðu einar eftir í borðstofunni, Elma og móðir hennar.

Það leið dálitil stund áður en þær komu sér til að tala, loks rauf þó frúin þögnina og sagði: "Þú hefir líklega verið í Chetwood skóginum, Elma?"

"Já, mamma", svaraði hún og fann að hún varð kafrjóð í framan. "Ég var úti í skóginum".

"Og þar fanst þú hann, barnið mitt" sagði móðirin hlýlega.

Hjartað hennar Elmu hætti nærri því að slá. "Já, mamma, ég fann hann", stundi hún upp.

"Og hann hafði höggormin með sér?"

Elma hrökk við. Hvers vegna var móðirin að tala um þetta auka-atriði, sem ekki kom málinu við? "Já", svaraði hún, "hann hafði hann með sér, hann ætlaði að mála mynd af honum".

Frú Clifford þagði nokkur augnablik, og sagði

svo með miklum erfiðismunum: "Og hann bað þín, Elma?"

Elma laut niður. "Já, hann bað mín — og ég sagði nei", svaraði hún lágt.

"Ó, mín eigin litla Elma, ég vissi það", sagði frú Clifford og tók köldu hendurnar hennar í lófa sína. "Og ég veit líka hvers vegna. En, Elma, þú mátt trúa mér, það var ekki nauðsynlegt fyrir þig að gera það. Þú hefðir óhrædd mátt segja já, góða dóttir mín".

"Nei, aldrei", hrópaði Elma um leið og hún stóð upp og þaut til dyranna, kvalin af sneypu. "Ég gat ekki, ég þorði ekki, — það væri rangt, það væri voðalegt. Góða mamma, þú mátt ekki minnast á þetta við mig; nefndu það aldrei oftar; jafnvel frammi fyrir þér skammast ég mín svo mikið, þegar minst er á þetta, að ég veit ekki, hvað ég á að gera af mér".

Eldrauð í framan þaut hún út úr stofunni. Hvað sem það kostaði, gat hún ekki minst á þessi voðalegu augnablik við nokkurn mann.

Frú Clifford sat kyr á legubekknum og grét. Hún var í vandræðum, vissi ekki hvernig hún átti að haga sér undir þessum kringumstæðum. Hún vissi að hún gæti aldrei talað hreinskilnislega um það, og þó hún gæti það, þá myndi Elma ekki geta treystað á hana.

Sama kvöldið, þegar Elma fór upp að hátta, kviknaði hjá henni einkennileg löngun til að endurkalla í huga sinn alt það, sem við bar í skóginum. Hún settist á rúmið sitt og leit með innri sjón sinni á alt, sem þar skeði. Einkum var það myndin af Sardanapel, þar sem hann lá á burknunum á myndinni, sem Cyril hafði málað, sem stóð svo lifandi fyrir hugskotssjónum hennar — hinn inndæli Sardanapel, svo liðugur, sleipur og gljáandi — ó, að

hún hefði hann nú hjá sér. Hún stöðvaði hugsanir sínar og ætlaði að þvinga draumsjónirnar til að hætta, en þá gerði þessi trylti innblástur cnnþá einu sinni vart við sig. Hún mátti til að dansa, hún varð að snúast í hring og hlýða hinu óskiljanlega æði.

Hún þaut á fætur, og eitt augnablik leit út fyrir að freistingin ætlaði að sigra hana. Loðskinnskraginn — loðskinnskraginn var í neðstu skúffunni. Hikandi og sneypt opnaði hún skúffuna, tók kragann upp og hélt á honum með báðum höndum. Ó, hvað hann er mjúkur, sleipur og sveigjanlegur eins og höggormur. Með afarsterku viljaafli tókst henni að sefa eðli sitt, og svipaðist eftir skærunum sínum. Þau láu á dragkistunni; hún greip þau og fór að klippa kragann sundur í smápjötlur; þegar hún var búin að því, sópaði hún þeim saman og lét þær ofan í neðstu skúffuna aftur.

Nú varð hún rólegri. Hún elskaði Cyril Warring, já, hún elskaði hann afarheitt; það var hart að hrinda honum frá sér, en um annað var ekki að tala. Það var eins og kraginn hefði sagt við hana: "Þú þorir ekki að taka hann, en mig þorir þú að taka; komdu, dansaðu, hamastu í hring og gleymdu sorg þinni". En hún hafði sigrað freistinguna, og nú —

Og nú ætlaði hún að hátta, hugsa um Cyril og gráta þangað til hún gæti sofnað.

Hún gerði það líka, hún gaf tilfinningum sínum lausan tauminn, lá vakandi og grét og grét langan tíma, unz augu hennar voru orðin rauð og þrútin, þá sofnaði hún loks af þreytu og svaf fast fram á dag.

Klukkan 8 barði frú Clifford að dyrum mjög hægt. "Komdu inn, mamma", kallaði Elma og settist upp í rúminu nokkuð skelkuð. Móðir hennar lauk upp undrandi og gekk inn.

Þegar hún kom að rúminu stundi hún hátt. "Elma, góða barnið mitt, hvað gengur að þér, þú hefir grátið", sagði hún.

"Já, mamma", svaraði Elma og sneri andlitinu að veggnum, minna sneypt þó en í fyrsta skifti. "Ég gat ekki varist því, mamma", og greip hvítu hendina hennar og þrýsti hana innilega. "Það er heldur ekki furða, þó ég gráti", sagði hún loksins. "Hann fer burt frá Chetwood í dag, og það var svo sárt, — svo voðalega sárt, að kveðja hann fyrir fult og alt".

"Ó, já, ég skil það vel, góða barnið mitt", svaraði frúin og starði lengi á hana. "En — þrátt fyrir þetta alt saman — hefir þér þó liðið vel í nótt, Elma, er það ekki?"

Elma vissi vel við hvað hún átti; þær skildu hvor aðra, án þess að tala, mæðgurnar. "Já, já, miklu betri nótt. Ég var dálitið óróleg fyrst, en svo gat ég grátið og það hjálpaði mér svo vel".

Móðirin horfði á hana efandi en þó glöð. "Já, góður grátur, það er það bezta", sagði hún með hægð. "Það er rétta lyfið, vel sæmandi og eðlilegt. Góður grátur hefir aldrei gert neinum manni neitt mein. Hann er eins konar öryggispípa; þú ert heppin, Elma, að þú fékst hjálp og sviun á þenna hátt".

"Já, góða mamma", svaraði Elma, "sannarlega heppin, held ég".

Af tilviljun sá frúin fáein hár á gólfinu, og grunaði strax, hvernig á þeim stæði. Hún gekk að dragkistunni, opnaði neðstu skúffuna og sá, hvernig kraginn var leikinn, svo lokaði hún skúffunni aftur.

Hún gekk að rúminu, laut niður að Elmu og kysti á enni hennar. "Kæra, litla Elma mín", sagði hún, og fáein tár féllu á heitu kinnarnar á dóttur hennar, "þú ert kjarkmikil, mjög kjarkmikil,

Til Jónasar Þorbergssonar.

Kæri ritstj. — Viltu gera svo vel að ljá eftirfarandi dinum rúm í blaði þínu.

En ilt er það, ef þú hlýtur ónot fyrir hjá sumum lærðu mönnunum, er finst þeir einir eigi með að koma fram fyrir fólkið.

Ég býst við, að þessi nýi kunningi minn, Jónas, vænti einhverrar úrlausnar, enda finn ég hvöt hjá mér til þess, að hreinsa hendur minar í þessu máli. Beinar rökstuðningar eru óþarfar staðhæfingum minum til hjálpar; ég visa Jónasi til blaða og timarita, sem gefin hafa verið út seint og snemma meðal okkar Íslendinga, hér og heima. Ef hann finnur þar ekki þyrnibrodda og andlegar húðstrokur, er sál hans ekki tilfinninganæm. — Ég hefði ánægju af, að fara í gegnum feðrasögurnar með Jónasi. Þar myndi ég finna margt og mikið til stuðnings þeim ömurlega sannleik, er ég hrópaði svo hranalega upp með. Þeir, sem kalla það sleggjudóma, vita ekki, hvað sleggjudómar eru. Það voru alls engir dómar. Það voru að eins nefndar meinsemdir okkar, í heyranda hljóði.

Ég hefi aldrei sagt, að við Íslendingar hefðum aldrei átt eða ættum gófugar sálir, værum kosta lausir. Ég talaði um þjóðarfylgjur er sorglega fáir hafa algerlega getað sneitt hjá.

Jónas telur upp nokkrar konur, er þjóðinni væri sæmd í að hafa átt. Skyldi ég ekki geta talið upp menn og konur, og bent á sem eitraða rót? Hvað var Valgarður grái og Mörður son hans? Hvað var þórólfur bægifótur, Grani Gunnarsson, Kolur þorsteinsson og sumir af þeim Sigfússonum, Rafnkeli Freysgoða og fleiri? Alt voru þetta ódrengir og varmenni, er áttu afkomendur. Sannir höfðingjar og gófugmenni mægðust oft við varmenni. Snorri goði gaf Merði Valgarðssyni dóttur sina, sem kunnugt er. Vart er mögulegt að finna óblandaða gófuga ætt af þessu og þviliku varmennakyni. Og þó eitthvað af okkur væri af gófugri ætt út í yztu æsar, þá höfum við þess ekki full not, þar sem við lifum í eitruðu andrúmslofti; við getum ekki haft ósýrt blóð. — Gófugri hluti feðra vorra hafði lika sina galla. Þeir voru að visu vinir vina sinna, en þeir höfðu spjót sin jafnan á lofti við aðra menn, ef eitthvað hallaðist í orði eða verki. Þeir voru drambsamir, ágjarnir, þráttgjarnir og obilgjarnir að mörgu leyti. Í þessari arf höfum við haldið dauðahaldi, en vinfestuna miður, — þótt undantekningar megi finna.

Gróa á Leiti hefir sagt Jónasi það, að ég hefði fátt af dygðum feðra minna. Má vera að svo sé; ég hefi þó þá djörfung og drenglyndi að kannast við ávirðingar minar; vinur vina minna væri ég gjarnan, ef um nokkra vini væri að ræða.

Jónasi finst ég fara böðulshöndum um þjóð mina. En sá er vinur, er til vamms segir. Ef þið viljið ala vel upp börnin ykkar, megið þið ekki alt af vera að hæla þeim. — Ég set hér erindi úr nýkomnum tíðavísum eftir Guðmund Friðjónsson, er sýnir hvaða augum hann litur á þetta atriði; hann er mann skynugastur á þjóðavofur, og hefir manna næmasta tilfinningu fyrir meinum þjóðar sinnar:

Stjarna stórborin
stendu vendi
logum leiftrandi
á landsmála-þý;
hýddu þeim húðlát, —
hart sé réttlæti,
þegar þjóðspilling
þarf að refsa.

Ég hefi aldrei óskað mér að vera af annara þjóða bergi brotin; ég veit vel, að þær eiga sina höggorma, nöðrur og illkynjuð sár.

Meira, ef þess er óskað.

R. J. Davidson.

Fréttabréf.

MARKERVILLE.

(Frá fréttaritara Hkr.).

Veðráttan hefir verið góð og hagkvæm, það sem af er vorinu, þó stundum hafi verið kalt og nokkur næturfrost, þá hefir það ekki orsakað neinar skemdir. Votviðri hafa komið, næg til þess, að framleiða allan jarðargróður; er því útlit fyrir sæmilegan grasvöxt ef tíðin breytist ekki til lakara. — Akrar eru skamt á veg komnir, því alment varð sáð í seinna lagi, því margir áttu talsvert óplægt af ökrum, sem tafði fyrir sáningu. Hjá flestum eykst jarðræktin árlega að góðum mun; margir eru farnir að rækta gras, svo stóru munar; síðgstliðið ár spratt það illg, vegna ofþurka, en fyrir það, sem til var, hefir verið góður markaður meðfram hinni nýju brautarlinu til Rocky Mountain House, sem byggjast á í sumar, og nú verið að vinna við.

Atvinna er hér mikil og sæmilega launuð, enda nógir verkþiggendur, sem streyma til Alberta hvaðanæfa.

Timar eru hér góðir um flest, sem kemur til af járnbrautalagningu hér norðan og austan við íslenzku bygðina; keppa nú í óða önn hvort við annað tvö járnbrautafélög, C.N.R. og C.P.R., og sagt er, að Grand Trunk félagið sé hið þriðja um að leggja járnbrautir hér í grendinni. Spáð er, að land stigi hraðara í verði nú næstu tíma; alt er á ferð og flugi í orði kveðnu, þó kannske að sumar loftkastala byggingarnar hrynji nú, þá lyfta þær þó — greyin — undir hugi manna meðan þær standa.

Heilsa fólks er nú alment góð; er nú létt af vanheilsu þeirri, sem hér hefir gengið um langan tíma, af hitaveiki, lungnabólgu og mislingum.

Skepnuhöld eru alment í góðu lagi hér hjá Íslendingum; miklum mun betri, en líkur voru til, því víða var hey bæði í minna lagi, og lélegt til fóðurs. Sjaldan hafa skepnur hér tekið betri og fljótari vorbata en nú, og er það að þakka hinni hagfeldu tíð í vor, og fljótum og góðum gróðri.

Ráðgert er, að hafa hátíðlegan 17. júní; mun það vera Fensala félagið, sem gengst fyrir því, og er það mjög að skapi okkar eldri mannanna, að minst verði hins gófuga íslenzka þjóðvinar Jóns Sigurðssonar, og að það takist sem allra bezt.

Nýkominn er hingað alfari herra S. H. Helgason, ásamt konu sinni og börnum, vestan frá Kyrrahafi; hefir hann numið land vestur frá Markerville, er hann okkur kærkominn og árnum við honum allra virta og velfarnaðar í bygð vorri.

Hér er um þessar mundir Theódor Jóhannsson, bóndi úr Argylebygð, á kynnisferð til bræðra sinna fjögra, sem eru af hinum eldri landnámsmönnum þessarar bygðar.

Gömlum vinum Heimskringlu hér vestra þykir nú, sem hún ætli að verða helzt til frjálslynd; — nokkru má nú muna, að gefa mönnum tækifæri að taka til máls með kurteisi og velsæmi, eða liða mönnum, hvað eftir annað, að fylla blaðið með ónotum, hrottaskap og heimsku. Og það sýnist ganga svo fangt, að ritstjórinn komist hvergi að fyrir ös, ekki svo mikið sem með athugasemd, sem ekki væri þó vanþörf á. — Engum dylst það, að ýmislegt er miður vandað í hinum íslenzka kveðskap en æskilegt væri, og rétt er það, að vanda um slíkt, gófugmannlega og leiðbeinandi; en að taka einn, tvo eða fleiri og vega að þeim á almannafæri er ekki bróðurleg aðferð. Það þarf andlega skarpskygni meir en í meðallagi, að geta séð, hvað lesendur blaðanna fræðist á þvilíkum blaðagreinum, sem deilunum um leirskáldin, og voru það þó 'býsn' að fyrirferðinni. Þó kastar tólfunum, að nokkrum manni skuli liðast, að taka eitt eða fleiri af okkar beztu vestur-íslenzku skáldum og niða þau niður fyrir allar hellur, án þess að við það sé gerð nein athugasemd. Mörg ljóð þeirra hafa þó íslenzku vikublöðin í Winnipeg og mánaðarritin haft meðferðar, fræðandi og skemtandi, kveðin af snild, og leyfi ég mér að segja, að það hefir verið meiri gróði fyrir lesendurna, en fimbulfamaið og gauragangurinn, sem blöðin hafa á stundum helzt til mikið af í óbundnu máli. — Alt þess konar spillir fyrir blöðunum og rýrir vinsældir þeirra. — Ritstjóri Heimskringlu er sannarlega vaxinn því, að rita meira í blað sitt en hann gerir. Hann hefir alt af nóg til að rita um, sem við viljum heyra og fræðast af, og ég er viss um, að mikill meiri hluti lesendanna óskar, að hann geri það. Við, sem lesum Heimskringlu og óskum að hún hafi þjóðhylli, viljum ekki að hún verði ruslakista fyrir skjaldaskrifli og baugabrot, er fáir vilja nýta.

Dánarfregn.

Föstudaginn hinn 2. þ.m. andaðist að heimili sínu hér sunnan við bæinn húsfrú Elizabet Árnason, 58 ára að aldri. Hún hafði verið mjög heilsutæp undanfarin ár og legið rúmföst i síðustu 14 mánuði. Jarðarförin fór fram frá heimili hennar tveim dögum síðar, að viðstöddu mörgu fólki. Rev. C. B. Seely jarðsöng hana. Hún var jörðuð í grafreit bæjarins.

Mrs. Árnason var góð kona og greind og sýndi allstaðar skyldurækni í verkahring sínum á starfsviði lífsins. — Í sambandi við þetta er vissulega vert að geta þess, að hinn eftirlifandi maður hennar, Mr. Jóhann Árnason, gerði alt, sem í hans valdi stóð, til að ráða bót á meinsemd hennar, og lina þrautir þær, er sjúkdóm hennar voru samfara. Hún eftirskilur tvo sonu á lífi, annar er nú búsettur austur í Saskatewan en hinn býr hér hjá föður sínum.

M. J.

Blaine, 10. júní 1911.

Íslandsbanki 1910.

Ársreikningur Íslandsbanka fyrir árið 1910 er nýlega komina.

Endurskoðendur bankans, þeir Indriði Einarsson og Júl. Havsteen, segja meðal annars um bankann:

"Bankanum hefir á hinu liðna ári tekist að bæta talsvert úr peningaeklunni, sem enn gerir vart við sig, og að styðja atvinnurekstur landsmanna. Bankanum hefir að voru áliti verið stjórnað með sama dugnaði og fyrirhyggju, sem að undanförnu. Nytsemi bankans fyrir landið og áreiðanleik hans hafa margir landsmenn viðurkent, meðal annars með því, að kaupa hlutabréf hans miklu meir en áður. bæði fyrir sjálfa sig og fyrir sjóði opinberra stofnana".

Hér skulu taldir helztu liðir í bankareikningnum, eins og þeir voru í árslok 1910: Viðskiftavelta bankans og útbúanna hefir numið alls nálega 59 miliónum (rúmum 5 miliónum meira en í fyrra). — Hlaupareikningsinnlög námu í árslok 1910 662,000 kr. (1909: rúm ein milión). Innstæða af innlánum nam rúmum 1590 þús. (í fyrra rúmum 1350 þús.). Sparisjóðsfé (hjá útbúunum) nam (innstæðan) 444 þús. (í fyrra 352 þús.). Handveðslán námu 284 þús. (í fyrra 258 þús.), víxlfsskuldarábyrgðarlán nálega 467 þús. (í fyrra 484 þús.), reikningslán 1612 þús. (í fyrra 1766 þús.), víxillán 3.2 milión (í fyrra 2.9 mil.), ávísanir á erlenda banka og aðra utanbæjarskiftavini námu nærri 6 miliónum (í fyrra nálega 4 mil.), innheimtur hafa numið 2.7 miliónum.

Seðlaumferðin hefir numið mest náleg 1.6 milión (í októberlok), en minst 569 þús. (í marzlok). Málmforðinn hefir jafnan verið talsvert meiri en lögákveðið er (37½ prósent af seðlaumferð). Minstur var hann 37.76 prósent í september, en mestur 45.27 prósent í maí. Verðbréfin námu í árslok 421,000 kr. — Bankinn skuldaði erlendum bönkum o. fl. nálega 674,000, en átti hjá "ýmsum skuldunautum" 622,000.

Bankareksturinn hefir kostað rúm 72,000 kr., tapið af afsögðum víxlum talið 12.5 þús., en arðurinn numið nálega 241,000. Af honum fær landssjóður rúm 12,000 kr., hluthafar alls 180 þús. kr. eða 6 prósent, varasjóður nálega 40 þús. og skift er milli fulltrúa og framkvæmdarstjórnar 8,500 krónum, þannig, að hinir sjö fulltrúar fá alls 4,250 kr. eða rúmar 600 kr. hver og framkvæmdarstjórnin 4,250 kr.

(Ísafold, 24. maí).

Hannyrðir.

Undirrituð veitir tilsögn í alls kyns hannyrðum gegn sanngjarnri borgun. Starfsstofa: Room 312 Kennedy Bldg., Portage Av., gegnt Eaton búðinni. Phone: Main 7723.

GERÐA HALDORSON.

THE DOMINION BANK

HORNI NOTRE DAME AVENUE OG SHERBROOKE STREET

Höfuðstóll uppborgaður: $4,000,000.00
Varasjóður - - - $5,400,000.00

Vér óskum eftir viðskiftum verzlunar manna og áhyrgumst að gefa þeim fullnægju. Sparisjóðsdeild vor er sú stærsta sem nokkur banki hefir í borginni.

Íbúendur þessa hluta borgarinnar óska að skifta við stofnun sem þeir vita að er algerlega tryggð. Nafn vort er full trygging óhlutleika. Byrjið spari innlegg fyrir sjálfa yðar, konu yðar og börn.

Phone Garry 3450 **Scott Barlow**, Ráðsmaður.

Vitur maður er varkár með að drekka eingöngu HREINT ÖL. Þér getið jafna reitt yður á

DREWRY'S
REDWOOD LAGER

Það er léttur, freyðandi bjór, gerður eingöngu úr Malt og Hops. Biðjið ætíð um hann.

E. L. DREWRY, Manufacturer, Winnipeg

STRAX

Í DAG er BEZT AÐ GERAST KAUPANDI AÐ HEIMSKRINGLU. — ÞAÐ ER EKKI SEINNA VÆNNA.

MANITOBA

TÆKIFÆRANNA LAND.

Hér skulu taldir að eins fáir þeirra miklu yfirburða, sem Manitoba fylki býður, og sýnt, hversvegna allir þeir, sem óska að bæta lífskjör sín, ættu að taka sér bólfestu innan takmarka þessa fylkis.

TIL BÓNDANS.

Frjósemi jarðvegsins og loftslagið hafa gert Manitoba heimsfræga, sem gróðrarstöð No. 1 hard hveitis.

Manitoba býður bændasonum ókeypis búnaðarmentun á búnaðarskóla, sem jafngildir þeim beztu sinnar tegundar á amerikanska meginlandinu.

TIL IÐNAÐAR- OG VERKAMANNA.

Blómgandi framleiðslustofnanir í vorum óðfluga stækkandi borgum, sækjast eftir allskyns handverksmönnum, og borga þeim hæztu gildandi vinnulaun. Algengir verkamenn geta og fengið næga atvinnu með beztu launum. Hér eru yfirgnæfandi atvinnutækifæri fyrir alla.

TIL FJÁRHYGGJENDA.

Manitoba býður gnægð rafafls til framleiðslu og allskyns iðnaðar og verkstæða, með lágu verði; — Frjósamt land; — margvíslegar og ótæmandi auðsuppsprettur frá náttúrunnar hendi; — Ágæt samgöngu og flutningatæki; — Ungir og óðfluga vaxandi bæir og borgir. — Alt þetta býður vitsmunum, auðæfum og framtakssemi óviðjafnanleg tækifæri og starfsarð um fram fylstu vonir. Vér bjóðum öllum að koma og öðlast hluttöku í velsæld vorri og þroskun. — Til frekari upplýsinga, skrifið:

JOS. HARTNEY, 77 York Street, Toronto, Ont.
JOS. BURKE, 178 Logan Avenue, Winnipeg, Man.
A. A. C. LaRIVIERE, 22 Alliance Bldg., Montreal,
J. F. TENNANT, Gretna, Manitoba,

J. J. GOLDEN,
Deputy Minister of Agriculture and Immigration, Winnipeg

Ég er ánægð með þig, hreykin yfir þér. Þetta hefði ég ekki getað gert; þú hefir meira andlegt þrek en ég. Hann kysti þig í gær, barnið mitt, þegar þú fórst, ég sá það á andliti þínu, en þú þarft hvorki að segja já eða nei. En það verður ekki í síðasta sinn, vertu viss um það, hann kemur aftur og talar við þig aftur, og þá muntu hafa skift skoðun, svo þú álítur þér óhætt að giftast honum".

"Aldrei", sagði Elma og huldi andlitið undir áþreiðunni. "Ó, talaðu aldrei oftar um hann við mig, mamma, aldrei, aldrei".

XVII. KAPÍTULI.

Auðsvitrun.

Rekinn brott og bundinn við loforð sitt hraðaði Cyril Warring sér til London, þjáður af truflandi hugsunum, efa og grun. Hann hugsaði mikið um Elmu, en hann hugsaði líka mikið um ýmislegt markvert, sem fyrir hafði komið síðustu dagana, og snerti peningalegar ástæður hans. Í fyrsta lagi var hann búinn að selja myndina af Sardanapel í Chetwood skóginum við háu verði. Nafnkunnur myndsali í London hafði skrifað honum og boðist til að kaupa myndina dýru verði fyrir annan mann, sem hann nefndi þó ekki. Hver annar gat sá maður verið en ofursti Kelmscott? hugsaði Cyril. En þetta var nú ekki alt: sami myndsalinn hafði umboð til að biðja hann að fara til Belgíu, og mála nokkrar myndir af Mosánni og ánum, sem í hana renna, fyrir ákveðið verð. Verðið, sem honum var boðið fyrir

þetta starf, var sómasamlegt, og þó hafði þessi beiðni vakið hjá honum einhvers konar grun um það, að þetta væri gert til þess að verða af með hann, að sá, sem beðið hefði um myndirnar af Mosánni, lægði meiri áherzlu á, að vita hann í fjarlægð frá Tilgate, heldur en á eign myndanna.

En hverjum var áríðandi að fá hann burt frá Tilgate? Það var spurningin. Var nokkrum ami í nærveru hans þar? Gat það verið faðir Elmu, sem vildi fá hann burt frá Englandi sem fyrst?

Og hver var meiningin með hið undarlega áform Elmu, að vilja aldrei giftast honum?

Særandi hugsun greip hann. Hafði Clifford komist að því, hver faðir hans var, og var þetta leyndarmál af þeirri tegund, að föður Elmu hrylti við að fá hann fyrir tengdason, og sómuleiðis Elmu að eiga hann fyrir mann? Voru hann og Guy erfingjar að nafni glæpamanns?

Þegar hann kom til Stable Inn, voru Guy og Nevitt þar fyrir í daglegu stofunni, og á borðinu lá bréfin til hans frá þremur síðustu dögunum.

Skarpsýnn maður hefði líklega séð forvitnina á svip Nevitts, en Cyril veitti því enga eftirtekt. Hann opnaði bréfin, hvort á eftir öðru, og las þau fljótlega; seinast tók hann bréf í bláu umslagi, það var stórt og læst með embættislegu innsigli. Nevitt tók fiðlinið sitt og lék á það kafla úr lagi eftir ungfrú Ewes, hann átti bágt með að dylja forvitni sína, og það svo mjög, að hendur hans skulfu.

Meðan Cyril var að lesa bréfið, fór hann að anda hraðara og kinnar hans urðu hárauðar af geðshræringu.

"Hvað er að?" spurði Guy og leit yfir öxlina á bróður sínum, og Cyril, sem var orðinn truflaður af hugsunum og ímyndunum, er innihald bréfsins vakti

hjá honum, rétti Guy það og stundi upp þessum orðum "Lestu það sjálfur".

Guy tók við bréfinu og las það, og Nevitt gekk nær og starði á bréfið, forvitinn og hrifinn.

Undir eins og þeir voru búnir að lesa þetta bréf til enda, stundu þeir báðir og litu einkennilega hvor til annars, bræðurnir. Síðan sagði Cyril fljótlega: "Og hér er bréf frá bankaranum mínum, sem tilkynnir mér, að þessi 6 þúsund séu borguð inn í minn reikning".

Guy var orðinn fölur sem nár, starði á bréfið og sagði: "Það er auðvitað ekki eingöngu peningarnir, sem ég hugsa um, Cyril, heldur lykillinn að því leyndarmáli, hverjir foreldrar okkar eru, sem þetta bréf virðist geyma í sér".

"Já, það er alveg rétt", svaraði Cyril. "Peningana ætla ég ekki að þiggja, ég veit ekki hvað þetta þýðir. En ég ætla að fylgja sporinu þangað til ég kemst að því, hverrar ættar við erum".

Nevitt leit til þeirra á víxl með efablöndnum svip. "Ekki að þiggja peningana?" sagði hann með kátlegri undrun. "Þið eruð þó líklega ekki vitstola. Tólf þúsund pund eru ekkert lítilræði, sem menn mega fyrirlíta á þessum dögum; og með tilliti til lykilsins eða sporsins, get ég ekki séð að hér sé neitt af því tagi, það er ekki svo mikið, sem einn stafur af nafni. Þessi ónáttúrlegi faðir, hver sem hann er — ég tel það nefnilega víst, að hann standi bak við þetta —, hefir nákvæmlega gætt þess, að gefa enga ástæðu til þess, að þið getið vitað hver hann er. Þið sjáið sjálfir, að hann klæðist tvöföldum dularbúningi. Drummonds borgar peningana inn í ykkar reikning í ykkar banka, og þeir hafa heimild til að taka á móti kvittun frá ykkur fyrir upphæðinni; á þann hátt getur þessi dularfulli gefandi forð-

ast að láta sins nafns getið. Nei, hann lætur ekki vera mögulegt að vita hver hann er".

"Getur þú þá ekki fengið að vita hjá Drummonds hver maðurinn er, sem sendi peningana?" spurði Guy hikandi, um leið og hann velti bréfinu aftur og fram í höndum sínum.

Nevitt hristi höfuðið. "Nei, það er ómögulegt", svaraði hann. "Það er alveg ómögulegt; því leyndarmál bankaranna eru sama sem mannvirðinga leynd armál. Við þekkjum leyndarmál, sem gætu eyðilagt gæfu manna svo þúsundum skiftir, ef þau yrðu uppvís, en við segjum aldrei eitt einasta orð um þau til nokkurs manns".

Cyril var svo hissa og undrandi, að hann kom engu orði upp, og það leið langur tími áður en hann gat talað með rósemi um þetta efni. Þetta var svo undarlegt, dularfult og í raun réttri ruddalegt. Það var engin furða, þótt Cyril stæði þögull og efandi, því þessi óþekti bréfshöfundur hafði gert honum merkilegt en óaðgengilegt tilboð. Sex þúsund pund strax til Cyrils, og 6 þúsund áð fáum vikum liðnum til Guys, en "gjöf sér æ. til gjalda". Þeir áttu að skuldbinda sig til á ákveðnum degi og tíma, er síðar skyldi tilkynt þeim, að mæta á síðar tiltekinni skrifstofu í síðar tiltekinni götu, þar sem þeir, án þess að spyrja, og jafnvel án þess að lesa, ættu að skrifa undir skjal, sem lagt yrði fram fyrir þá. Þetta — benti bréfshöfundurinn þeim á — yrði þeim á endanum til góðs.

Því ef þeir vildu ekki skrifa undir, þá fengju þeir aldrei meira, og það væri alveg gagnslaust fyrir þá að reyna að komast eftir, hver bréfshöfundurinn væri og hver hefði sent peningana. En ef þeir skrifuðu undir skjalið, þá myndi velgerðamaður þeirra, í hvers nafni bréfshöfundurinn talaði, arfleiða þá að mikilli upphæð, sem þeir annars fengi ekkert af.

Amen!

Ég sé af Heimskringlu frá 30. marz sl., að dr. Sig. Júl. Jóhannesson hefir ritað pólitiskt 'amen', og sent mér þá um leið nokkrar orða-hnútur, en þær hitta mig alls ekki, því sannanir fylgja þeim engar.

Ekki skal ég þrátta við doktorinn um það, hvor okkar sé ritfærari; hefir aldrei komið það til hugar, geng að því sem sjálfgefnu að hann sé það, l æ r ð i maðurinn. En hinu slæ ég föstu — og það hygg ég að meiri hluti lesenda okkar geri líka — að mínar greinar hafi sýnt, að ég þekki betur til íslenzkra stjórnmála en hann. — þekti báða málsparta; en allar hans greinar hafa borið vott um, að hann hafi ekki kynt sér nema aðra hliðina. Það er það leiðinlega við öll hans skrif. Skömmu áður en ég fór að vestan, skrifaði ég grein, þar sem ég með góðum rökum hrakti það, er dr. Sig. Júl. hafði áður sagt. Ég bjóst því við ef hann svaraði mér, að hann myndi reyna að hrekja röksemdir mínar, með því að reyna að sýna einhvern lit af röksemdafærslu, en það brást, því í þessu 'ameni' hans er engar röksemdir að finna. Það verður því óneitanlega heldur lét á metunum, þó að hann hrópi um, að ég hafi verið að verja 'rangt mál — og ljótt' —, verið að 'tapa', o. s. frv. Annars hélt ég að doktorinn væri lélegur dómari um það, hvor okkar hafi tapað eða grætt í orðasennu okkar. Ég hugði að það væri að eins lesendur okkar, sem gætu felt þann dóm, en hvorugur okkar.

Um þetta bankamál ætla ég annars að vera stuttorður í þetta sinn. Ég get að eins sagt það, að ég hefi nú af eigin sjón og reynd átt kost á að kynnast ýmsu, sem gamlæ bankastjórnin var áfeld fyrir, og ég veit að það er fullur sannleikur. Ég hefi með eigin augum séð lánsskjöl, þar sem lántakandi hafði aldrei verið látinn skrifa undir, þegar hann fékk lánið; séð skjöl, þar sem maður fékk hátt lán út á lífsábyrgð, sem e n g i n var til, þegar lánið var veitt, svo að ég nefni að eins dæmi. Í stuttu máli sagt: Ég hefi við nánari kynningu komist að því, að lýsing rannsóknarnefndarinnar á óreglu bankans, er í öllum verulegum atriðum hárrétt. — Ég skal svo ekki framar þrátta um þetta við dr. Sig. búl. Jóh. Hann má mín vegna, ef nann hefir ánægju af, verja eins og hann vill trassaskap og óreglu hjá embættismönnum hér á landi.

En þingið setti hina fráviknu gæslustjóra inn aftur, kann einhver að segja. Já, satt er það, — en það var gert að alveg ó-r a n n s ö k u ð u m máli. Þingnefnd sú, sem kosin var til að rannsaka ákærurnar á gömlu bankastjórnina, hefir smátt og smátt allan þingt mann verið að rannsaka af eigin sjón og reynd skjöl öll og skilríki, og mér er kunnugt um, að einn nefndarmanna, sem alt öðruvísi leit á málið áður, hefir nú sannfærst um, að hér var um enga smámuni að ræða. Og hefði hann áður vitað — eða trúað —, að svo margt og mikið væri athugavert, sem hann nú hefir komist að raun um, þá hefði honum aldrei komið til hugar, að vera með því, að kalla saman aukaþing eða setja gæslustjórana inn aftur. Svo mundi hafa farið um miklu fleiri gætna og sannleikselskandi menn, — að eins ef þeir hefðu þekt alla málavexti, — og ekki verið blektir.

Um rithátt okkar skal ég vera fáorður. Ekki okkar heldur að dæma um hann. Hygg sannast, að báðir hafi orðið fullheitir, þegar deilan var komin í algleyming.

Svo fer mörgum, er í höggi eiga, — því miður.

'Komplimentin' í minn garð í 'ameninu' þakka ég, en óþarfi er að kenna í brjósti um mig vegna þess að ég hafi komist í 'tröllahendur' eða í hendur 'íslenzkrar harðstjórnar'.

Kveð ég svo kunningja minn dr. Sig. Júl. Jóh., og tek í anda í hendina á honum, með þökk fyrir viðræðurnar, þrátt fyrir það, þó við höfum ekki getað orðið sammála, og segi eins og hann í þessu máli: Amen.

Reykjavík, 1. maí 1911.

A. J. JOHNSON.

Minni Jóns Sigurðssonar

Kvæði flutt á Aldarafmæli hans, 17. júní, í Winnipeg.

Okkar gæfu-mesta mann
metum við nú hann, sem vann
þjóð, sem átti ekkert vald,
ádrátt launa tign né gjald.
Sögu hennar, lög og lönd
leitaði uppi í trölla-hönd.
Tók frá borði æðstan auð:
Ástir hennar fyrir brauð.

Honum juku þrautir þrek,
þrekið sem að aldrei vék.
Hans það var að voga bratt
vita rétt og kenna satt.
Miklar Jón vorn Sigurðsson
sérhver fullnægð þjóðar-von.
Hann, svo stakur, sterkur, hár
stækkar við hver hundrað ár.

Dýran hjör og hreinan skjöld
hér er að vinna á hverri öld,
hans, sem aldrei undan vék
eða tveimur skjöldum lék.
Bjóðist einhver okkur hjá
ástsæld hans og tign að ná
holla vild og mátt þess manns
mælum nú á varðan hans.

Sá skal hljóta í metum manns
mildings-nafn síns föðurlands
sem því keypti frelsið, féð
fátækt sinni og stríði með.
Ísland lætur svanna og svein
segja við hans bautastein;
þessi styttan okkar er
eini konungs-varðinn hér.

STEPHAN G. STEPHANSSON.

Þótt hugi vora hitt og annað skilji
og hver einn sinni skoðun kjósi vörn,
á þessum degi sátt og samúð ylji
með sigurvon hin dreifðu Snælands börn;
Í dag þeim hvísli lofts og lagar öldur
þess ljúflings nafni', er veki gleðitár
því hann var „Íslands sómi sverð og skjöldur"
og sögu vorrar ljós í hundrað ár.

Og þótt vér höfum leitað ýmsra landa,
er lífs vors dýrsta hundrað ára gjöf
að drottinn megi' leiða oss öll í anda,
vor Íslands bezti son, að þinni gröf,
og kenna' oss þar að lesa lífsbók þína
og læra það hve hún var sönn og trú;
hve beint og skýrt var letruð sérhver lína,
hve ljóst og einart flest er skráðir þú.

Er danskan hnút með lotning litu aðrir,
að leysa, höggva þér í eðli bjó;
í erfðavængi hlauzt þú fáar fjaðrir,
en flugið var þín æðsta löngun þó.
Og hverjum þeim, sem þorir fjötra' að saxa
af þreyttum lýð, er vanabundinn stóð,
ei fjaðrir aðeins, heldur vængir vaxa,
hans vængjaþytur skapar fleyga þjóð.

Þá brestur sízt, um sigur þinn er deila
og sögu þína skýra' á ýmsan veg,
en allur fjöldinn á svo þröngan heila
þar ekkert rúmast nema lítið „ég".
Ef þú átt nokkur áhrif oss til handa
í æðra heimi feldu blóðug tár
og bið þess guð, að gefa' oss stóran anda
með gæfu þína' í næstu hundrað ár.

SIG. JÚL. JÓHANNESSON.

Þar sem, bláan inn við Arnartjörðinn,
ölduhljóðin fjalla-dísir þagga,
þar sem sveipast sumar-gróin jörðin
sólhjúp — þar var óskabarnsins vagga.

Snemma vildi iðja sveinninn ungi;
út á djúp i stormi vildi' hann róa;
þó að skylli á bátnum brimsins þungi,
brast ei þrek né formenskuna nóga.

Og með vöskum, öðrum, Íslands sonum,
ættjörð síðar bjó hann flest í haginn;
sá hann rætast sumt af æsku-vonum
seinna — þegar leið á æfi-daginn.

Gömul valdstjórn ginna vildi og svíkja,
greip þá merkið vörður sinnar þjóðar
— frelsis-merkið —, vildi' hann aldrei víkja,
— vörðinn studdu heilladísir góðar.

Merkisberinn, mest er reyndist hættan,
málsnjall stefndi fremst af landsins sonum;
fekk þá Ísland fornan skaða bættan;
fengu' ei Danir sigurinn af honum.

— Geymir ættjörð, löngu und leiði falinn,
leiðtogann, sem þjóðin sífelt grætur;
mögur Íslands mun hann beztur talinn
meðan ljóma bjartar júní-nætur.

Væri þörf, að elskuð ættarjörðin
ætti jafnan marga þ í n a líka;
lengi tvístruð, hirðislausa hjörðin
harmar afreksmennið trygðar-ríka.

Gegnum þref og arg, á seinni árum,
öll — í þoku — frelsis-ljósin skína;
hefur margur minnst þín þá — með tárum,
— margan vantað leiðsögnina þína.

Bjó þér innst í hræsnislausu hjarta
hrein og dáðrík ást til landsins forna.
— Úr augum skein og yfirsvipnum bjarta
undur-djúpa sálin himinborna.

Fús þú vildir æ með lipurð laga
lýðsins mein, og fræddir gamla' og unga;
minnug þjóðin man þig alla daga
meðan lifir Saga og feðra tunga.

Þú, sem fyrir öld varst ættjörð borinn
óskasonur, þjóð til vegs og frama,
nú, við löngu enduð æfi-sporin,
andans ljómar myndin þín hin sama.

Tökum glaðir, fjarri fósturlandi,
fegins-þátt í minning þinni — heima.
— Vina-landið verndi drottins andi! —
Vart mun Ísland b a r n i s í n u gleyma.

L. TH.

Við hundrað ára sögu sól í heiði
nú saman falla álfur tvær í dag,
að krýna minning látins vinar leiði
er lyfti sinnar fósturjarðar hag,
frá Heklustóli strengir endurhljóma
þá stund er gildir höldar sátu þing,
á sagna spjaldi sigurrúnir ljóma
með sveig um landsins hæsta þjóðmæring.

Vor lýðmæringur þakkir þúsundfaldar
að þú varst landsins skjöldur, sverð og hlíf,
í aftanroðans rúnum heillar aldar,
með reginstöfum skýrt er alt þitt líf,
þú stóðst á verði, vermdir þjóðar hjarta,
og vaktir sögu ódauðleikans mál
á hjarn og myrkur brosti frelsið bjarta
þá beitt úr sliðrum hófstu andans stál.

Já margur hefur lifað þjóð og landi
til láns og frama borið sverð og skjöld
enn þitt er hólmans hjálpráð ógleymandi
í heiðri skína dagsins verka gjöld
hver Íslands taug er blönduð þínu blóði
sem bogar gegnum eldsins raun og hjarn
þar glóir perla sönn í tímans sjóði
er sýnir niðjum landsins óska barn.

Af þökk og lotning lýðsins hugur brennur
og lofar daginn sem oss gaf þig, Jón
frá álfum tveimur óður saman rennur
því eitt er blóðið, sama móður frón,
þín helga minning bendi hverju barni
að bera merkið, víkja aldrei hót
þá gróa blóm er breiða lauf á hjarni
með bros og yl frá landsins hjarta rót.

M. MARKÚSSON.

Sein er Íslands sól að hækka,
sem rann upp með þér.
Sjálfstæðið vort seint að stækka
sem þitt nafnið ber.
Innan jafnt sem utan þinga,
er þín hugsjón bæld.
Frelsis- „úttekt" Íslendinga
enn í spæni mæld.

Minning þín er hjartkær hulin
harmi og gleði í dag.
Ósk og von þín enn er dulin
undir Landans hag.
Þreyta og raunir rista enni
rúnum böls á lýð.
Þjóð vor engin ofur-menni
elur nú á tíð.

Þú varst ítur, yndis-prúður
öðling landsins vors.
Íslands vordís var þín brúður
vakin upp til þors.
Og er sumur sælli tíða
sækja börn vor heim,
nafnið þitt í lofstír lýða
lifir æðst hjá þeim.

Þjóðar vorrar bjarti Baldur,
blessist æ þín mál.
Helgist þú um allan aldur
Íslands hverri sál.
Vaki æ þín vonarstjarna
vorum himni á.
Vertu Íslands ungu barna
eilíf framsókn há.

ÞORSTEINN Þ. ÞORSTEINSSON.

Að botni vér drekkum vor heiðskygndu horn
Og helgað er Jóni það fullið,
Í spekinginn engan né spámanninn vorn
Var spunnið eins dásamlegt gullið,
Og aldrei var haldið um hann eins og skaft
Á höggvopni' í óspekta flani,
Og Jón gat án bilbuga hugrekki haft
Að horfast í augu við Dani.

En nú eru skörðuð vor skörpustu sverð
Og skildirnir óhæfir næstum,
Og ekki er herliðið færara' í ferð,
Þótt fötunum klæðist það glæstum
Því langt fram í ætt hafa ölmusur sýkt
Vort eðli, í hóp vorra rauna,
Svo nóg er að hafa að nafninu ríkt
Og notið í rósemi launa.

En viðreisnar deginum örlar nú á:
Oss öllum ber saman í dómi.
Og fyrst er, að opna sýn augnalok, sjá
Hvað öðrum er lifandi sómi.
Og vér megum telja til fagnaðar fremd
Að finnum vér það sem er göfugt
Og vitum að falin í verkum er hefnd,
Sem vinnum í gáleysi öfugt.

Og hafið vér getum vors heimalandsvöld—
Svo hollráðir orðið og snjallir,
Því sóma vors ættarlands, sverð þess og skjöld
Jón Sigurðsson þekkjum vér allir.
Þótt klöppuð úr marmara myndin hans sé
Hún myrkvast, sem augnabliks leiftur
Ef skjöldurinn ekki' er í skóla vorn—né
Í skóla vors alþingis greyptur.

GUTTORMUR J. GUTTORMSSON.

Sómasamlegur lífs kostnaður.

Það er mjög örðugt að ákveða með nokkurri vissu, hvað það kostar, að lifa sómasamlegu lífi. En því er haldið fram af ýmsum, að maður geti alið sómasamlega önn fyrir fjölskyldu sinni með 500 til 600 dollara árslaunum.

Einum manni finst hann þurfa að kosta til þess að hafa dagblað, en öðrum finst sá kostnaður óþarfur. Einum finst hann verði að kaupa ákveðið sætl í kirkju sinni, og að verla ákveðnu fé til þess að horfa á fótboltaleiki og aðrar skemtanir, eða hann verði að brenna upp svo og svo miklu tóbaki daglega, — og allir þessir hlutir kosta peninga. Annar maður forðast öll þessi útgjöld. Hann vinnur, étur og sefur, og hann og fjölskylda hans eru heilsuhraust. Kona hans er vinnugefin, og sparsöm og kann gott lag á því, að komast af, án margs þess, sem aðrar konur mundu telja nauðsynlegt. Sá maður elur sómasamlega önn fyrir húsi sínu með 600 dollara árslaunum, og að auki leggur hann til síðu, á fimm eða tíu ára tímabili, riflega peningafúlgu, sem hann getur gripið til, ef óhöpp bera að höndum eða hann sér arðvænlegt fyrirtæki til að verja fé sínu í.

Það er einatt álitamál, hvað sé í raun réttri sómasamlegt lífsfram færi, og kostnaðurinn verður í réttum hlutföllum við þær krafir, sem einstaklingurinn gerir fyrir sig og sína; og húsfreyjan ræður vanalega langt um meiru um það en maðurinn, sem eingöngu á að annast um inntektir til heimilisþarfanna, en konan að verja þeim inntektum samkvæmt því, sem hún metur þarfirnar. Sumar konur eru svo gerðar, að þær eru gefnar fyrir skraut eða félagslíf. Þær vilja hafa vikuleg og stundum dagleg heimboð og sækja heimboð til annara, og njóta meiri unaðsemda, en inntektir bændanna leyfa, og afleiðingin er, að áður en þær verða þess varar, þá eru vikulaunin eydd. Með þessum hætti er ómögulegt að framfleyta — segjum 5 manna— fjölskyldu með 600 dollara árslaunum. — Aðrar konur eru sparsamar að náttúrufari, þær hafa ánægju af því, að annast um að fá fyrir heimili sitt fult verðmæti og full not hvers penings, sem þær borga út.

Maðurinn er jafn ráðalaus í hvoru tilfellinu sem er. Ef kona hans er eyðlusöm að eðlisfari, þá getur hann ekki að því gert, og ef hún sparar af því það veitir henni ánægju, þá er það heldur ekki honum að þakka.

Sómasamleg lífsframfærsla og ódýr lífskostnaður er því nálega eingöngu á valdi konunnar. Það er ekki eins mikið komið undir því, hvað maðurinn vinnur fyrir miklum launum, eins og hinu, hvernig konan ver þeim launum, er þau koma í hendur henni.

Þegar vér íhugum þessi atriði um að spara, þar sem um fjölskyldu er að ræða, hvort sem margir eða fáir teljast til hennar, þá munum vér brátt komast að þeirri niðurstöðu:

1. Að fjárhagur fjölskyldunnar sé að miklu leyti bygður á fjárhygni og stjórnsemi konunnar, og
2. Að sparsama fjölskyldan hafi jafnan einhvern varasjóð, sem hún geti gripið til í sjúkdóms eða öðrum óhappa tilfellum, eða til styrktar nauðstöddum ekkjum og heimilislausum börnum eða annarar líknarstarfsemi, og þetta veitir öllum hlutaðeigendum meiri ánæglu, en þar sem inntektunum er jafnóðum eytt í sællífi og þarflausar unaðsemdir, sem leiða til skulda og ævarandi erfiðis og armæðu.

Hví skyldum vér þá ekki öll hafa samtök til þess að lifa sparsamlega og í samræmi við inntektir vorar og efnahag, og að meta oss sem algengt verkafólk, en ekki sem auðkýfinga.

Árborg, Man. G.S.G.

JÓN JÓNSSON, járnsmiður, að 790 Notre Dame Ave. (horni Toronto St.) gerir við alls konar katla, könnur, potta og pönnur fyrir konur, og brýnir hnífa og skerpir sagir fyrir karlmenn. — Alt vel af hendi leyst fyrir litla borgun.

Herra Jón Hólm, gullsmiður að 770 Simcoe St., biður þess getið, að hann selji löndum sínum gull- og silfur-muni og gigtarbelti. — Belti þessi eru óbrigðul við gigt, ef þau eru notuð samkvæmt fyrirskipunum Jóns. Kosta að eins $1.25.

PIANO Kjörkaup

Hinn mikli fjöldi af Pianós, sem skilt er fyrir HEINTZMAN & Co, Pianós, gerir það að verkum, að vér höfum nú mörg brúkuð hljóðfæri, sem vér seljum fyrir afarlágt verð.

Notið tækifærið, ef þið viljið komast að kjörkaupum.

J. J. H. McLean & Co LIMITED

Cor Portage Ave. & Hargrave
Phone Main 808.

Fréttir úr bænum

Þrjátíu og fimm vesturfarar frá Íslandi komu hingað á laugardagsmorguninn var. Höfðu að eins verið 17 daga á leiðinni frá Reykjavík, og má það óvanalega fljót för heita. Í hópi þessum var meðal annara Guðmundur Stefánsson glímukappi frá Reykjavík og Snorri Einarsson gagnfræðinqur frá Akureyri. — Vesturfarahópur þessi kom undir leiðsögu herra Jóns Th. Clemens, sem héðan fór fyrir nokkru síðan heim til Íslands, en sem kom nú aftur úr þeirri för. — Einni fjölskyldu — 5 manns — var snúið aftur í Glasgow, vegna þess að faðirinn var lasburða og ekki talinn fær um að sjá fyrir fjölskyldu sinni af þeim ástæðum.

Í járnbrautarslysi á G. T. P. brautinni, sextíu milur vestur af Edmonton, misti innlendur maður lífið, en Íslendingur einn, Guðm. Árnason vélameistari, meiddist talsvert, — er Hkr. skrifað frá Edmonton 10. þ. m.

Á ferð voru hér fyrri hluta þessarar viku þeir Jóhannes Baldvinsson og Þorsteinn Helgason, frá Sandy Bay, Man.

Símskeyti frá Reykjavík segir látin sé frú Leopoldina Friðriksson ekkja Halldórs Kr. Friðrikssonar yfirkennara, og móðir Móritz læknis Halldórssonar og þeirra systkina. Sæmdarkona í hvívetna. Var af dönsku bergi brotin.

Bjarni Stefánsson, frá Hecla P. O., var hér á ferð í sl. viku, til að finna fylkisstjórnina og biðja hana um styrk til að gera þverbrautina yfir Mikley, svo upp, að hægt væri að aka yfir hana að sumarlagi. Herra Stefánsson kvað póstkeyrsluna vera lögboðna yfir eyna og flutning póstsins yfir sundið frá eynni vestanverðri til lands, að Íslendingafljóti. En eyjarbrautin væri í svo slæmu ástandi, að hún væri gagnslaus til umferðar alt sumarið. Póstflutningar hefðu því, þvert ofan í samninga, verið gerðir eftir vatninu, frá eynni austanverðri og suður fyrir hana og þann veg til lands; en sú leið hefði þegar orðið tveimur póstflutningamönnum að bana, og mætti fylkisstjórnin bera ábyrgð á þeim dauðsföllum og öðrum, sem verða kunna sökum vegleysunnar yfir eyna. Mr. Rogers ráðgjafi lofaði að senda verkfræðing þangað norður við fyrstu hentugleika að áætla um kostnað við aðgerð á brautinni.

JÓNS SIGURÐSSONAR MYNDASTYTTAN BOÐIN VESTUR-ÍSLENDINGUM AÐ GJÖF

Símskeyti barst Dr. Jóni Bjarnasyni, forseta minnisvarða samskotanefndarinnar hér, frá forseta og varaforseta nefndarinnar í Reykjavík sl. laugardag — svohljóðandi:

"Sigurðssonar Committee offers Icelanders in America statue free.

Tryggvi (Gunnarsson).
Þórhallur (Bjarnason)".

Skeyti þetta ber að skilja svo, að minnisvarðanefndin í Reykjavík býður Vestur-Íslendingum myndastyttu Jóns Sigurðssonar að gjöf. Er enginn efi á, að gjöf sú verður þegin með þökkum.

BANFIELD'S MIÐVIKU KJÖRKAUPASALA

Miðvikudagurinn verður merkis dagur í Banfield's búð. Lítið yfir neðanskráðan vörulista og gáið hvort yður vanhagar um eitthvað sem þar er boðið með slíku ágætisverði.

3 Panel Screen Frames
Búnir til úr bezta efni og einkar hentugir á heimili. Vanaverð $2.25 hver. Kjörkaupsverð..... **$1.65**

Mislitt "Madras Muslins"
Litlar byrgðir. Eru frá 36 til 72 þuml. á breidd og af ýmsum litum. Falleg og handhæg. Eru 45c til 85c virði yardið. Kjörkaupsverð yardið..... **27c**

Afsláttur á Koddaverum
Koddaver þessi eru búin til úr bezta bómullarefni, og endast vel, 3 stærðir eru til boða.
40 x 33 þuml. 35c virði Nú **25c**
42 x 33 þuml. 40c virði Nú **30c**
44 x 33 þuml. 45c virði Nú **35c**

Faldaðar bómullar rekkjuvoðir
Gerðar úr beztu bómull endingargóðar, og gera alla ánægða. Fullkomnar í hvaða rúm sem er. Vanaverð $2.00 Kjör. par. **$1.50**

$1.00 og $1.25 Lace Curtains á 89c parið
Gluggatjöld þessi eru falleg, traustlega ofin, netið fíngert. Hentugar á hverju heimili og ein hin heztu kjörkaup sem vér höfum nokkru sinni boðið. Kjörkaupsverð.. **89c**

$2.00 Lace Curtains á $1.15 parið
100 pör aðeins, af þessum óvanalega fögru og haldgóðu gluggatjöldum, búnum til í Nottingham. Þau eru stór, og þirrar tegunda að þau ættu að fljúga út á þremur klukkustundum. Kjörkaupsverð parið **$1.15**

Kjörkaup í gólfdúka deildinni.

Crossley's ensku flauels ferhyrnur
Ofnar saumlaust. þéttofnar, fagrar og endast prýðilega. — Blóma- og Austurlenzkt skraut, með tvflitum blæ, rauðar, grænar, bláar, brúnar og máraudar. Stærð:
9 0x10 9 0x12 0 10 6x12 12-0x12 0
Verð;—
$21.00 $22.50 $24.00 $32.75

Smyrna ferhyrnur
Ofnar án sauma, og má nota báðum megin, mjög fagrar og endingargóðar. Blóma og 'Medallion' munstur, í rauðum, grænum, brúnum og bláum litum. Stærð 9-0x12 0. Van $40. Kjörkaupsverð.... **$29.50**

$42.00 Wilton ferhyrnur 9x12 á $32.50
Wilton ferhyrnur eru þétt- og gegn ofnar. Líta alt af út sem nýjar og hreinar. Mjög endingargóðar. Austurlenzkt skraut og tvennskonar litblær: rauðar, brúnar, grænar, og bláar. Stærð 9-0x12-0. Vanaverð $42.00 Nú **$32.50**

Skoskar Axminster ferhyrnur
Mikil og þykk loðna. Mjög fallegar, littrúar og endingargóðar. Viðeigandi í hvert hússins herbergi sem er. Blóma-og Austurlenzkt skraut með tvflitum blæ. Grænar, rauðar, bláar og brúnar.
9-0x9-0 9 0x10-6 9-0x12 6
$28.50 $32.50 $37.50

Japanskar mottur
Kaldar, heilnæmar og þægilegar, fyrir sumarbústaði, Brúnar, grænar, og bláar að lit. Traustlega gerðar, 30 þuml. breiðar. Hvert yd..... **15c**

J. A. Banfield

492 Main St. : Phone Garry 1580-1-2

Sherwin - Williams
PAINT
fyrir alskonar húsmálningu.

Prýðingar-tími nálgast nú. Dálítið af Sherwin-Williams húsmáli getur prýtt húsið yðar utan og innan. — Brúkið ekker annað mál en þetta. — S.-W. húsmálið málar mest, endist lengur, og er áferðarfegurra en nokkurt annað hús mál sem búið er til. — Komið inn og skoðið litarspjaldið. —

CAMERON & CARSCADDEN
QUALITY HARDWARE
Wynyard, - Sask.

Union Loan & Investment Co.
45 Aikin's Bldg.
PHONE GARRY 3154

Lánar peninga, kaupir sölusamninga, verzlar með fasteignir: hús, lóðir og lönd. Veitir umsjón dánarbúum.— Peningum veitt móttaka og 7% vextir ábyrgstir.

Íslenzkir forstöðumenn. — Hafið tal af þeim

H. Petursson, John Tait, E. J. Stephenson

JOHNSON & CARR
RAFLEIDSLUMENN

Leiða ljósvíra í íbúðarstórhýsi og fjölskylduhús; setja bjöllur, talsíma og tilvísunar skífur; setja einnig upp mótors og vélar og gera allskyns rafmagnsstörf.

761 William Ave. Phone Garry 735

A. S. BARDAL
Selur líkkistur og annast um útfarir. Allur útbúnaður sá bezti. Enfremur selur hann alskonar minnisvarða og legsteina.
121 Nena St. Phone Garry 2152

Sveinbjörn Árnason
Fasteignasali.
Selur hús og lóðir, eldsábyrgðir; og lánar peninga. Skrifstofa: 310 McIntyre Blk.
office hús
TALSÍMI 4700. Tal. Sherb. 2018

BONNAR, TRUEMAN & THORNBURN,
LÖGFRÆÐINGAR.
Suite 5-7 Nanton Blk. Main 766
Winnipeg, Man. P.O.BOX 223

Anderson & Garland,
LÖGFRÆÐINGAR
35 Merchants Bank Building
PHONE: MAIN 1561.

HANNES MARINO HANNESSON
(Hubbard & Hannesson)
LÖGFRÆÐINGAR
10 Bank of Hamilton Bldg. WINNIPEG
P.O. Box 781 Phone Main 378 3142

Gísli Goodman
TINSMIÐUR.
VERKSTÆÐI;
Cor. Toronto & Notre Dame.
Phone Garry 2988 : : Heimilis Garry 899

Winnipeg Andatrúar Kirkjan
horni Lipton og Sargent.
Sunnudagasamkomur, kl. 7 að kveldi. Andatrúarspeki þá útskírð. Allir velkomnir.
Fimtudagasamkomur kl. 8 að kveldi, huldar gátur ráðnar. Kl. 7.30 segul-lækningar.

W. R. FOWLER A. PIERCY.

Royal Optical Co
307 Portage Ave. Talsími 7286.
Allar nútíðar aðferðir eru notaðar við augn-skoðun hjá þeim, þar með hin nýja aðferð, Skugga-skoðun, sem gjöreyðir öllum ágiskunum. —

Herra Guðmundur Björnsson, trésmiður í Selkirk, kom til bæjarins á mánudaginn var til uppskurðar við botnlangabólga. Dr. Brandson gerði uppskurðinn á þriðjudaginn og tókst vel. Sjúklingnum liður eins vel og hægt er að vona, þegar þetta er ritað.

Kirkjuþing Únítara.

Hið sjötta þing hins unítariska kirkjufélags Vestur-Íslendinga var haldið að Gimli dagana þann 17., 18. og 19. þ.m. Milli þrjátíu og fjörutíu aðkomumanna — gestir og fulltrúar — voru þar samankomnir.

Tveir fyrirlestrar voru haldnir: af þeim séra Magnúsi J. Skaptasyni og séra Guðm. Árnasyni. Á sunnudaginn prédikaði séra Rögnv. Pétursson, og á sunnudagskvefdið var opinn umræðufundur, og hóf hr. Stefán Thorson umræður um "Trú og hegðun". Allir hinna opnu funda voru vel sóttir af bæjarmönnum og fólki úr grendinni.

meðlimir Únítarasafnaðarins á Gimli tóku gestunum með stakri gestrisni og héldu þeim mjög myndarlegt samsæti á laugardagskveldið. Var þar skemt með ræðuhöldum og söng fram a nótt.

Aldarafmælis Jóns Sigurðssonar mintist þingið með því að samþykkja eftirfarandi þingsályktun:

"Með því að á þessum degi eru nú liðin hundrað ár frá fæðingu vors ágæta stjórnmálaskörungs, fræðimanns og föðurlandsvinar, Jóns alþingisforseta Sigurðssonar, á Rafnseyri í Ísafjarðarprófastsdæmi á Íslandi, og að þessi dagur er nú haldinn almennur þjóðminningar- og hátíðisdagur heima á föðurlandi voru og víðar, þar sem Íslendingar búa, þá finnum vér, íslenzkir Únítarar í Vesturheimi, samankomnir á þingi að Gimli, Man., ljúfa köllun hjá oss, að taka undir með þeim hátíðahöldum og samfagna með bræðrum vorum og systrum, hvar í heiminum sem þau búa, yfir því, að þjóð vor átti því láni að fagna, að eiga slíkan ágætisson, og að skuldbinda oss til, að geyma minningu forsetans fræga helga í hugum vorum hér á útlendum stað, meðan æfin og lífið endist".

Í öllum störfum og umræðum, sem fram fóru á þinginu, lýsti sér trú á málefnið og sterk von um sigur þess í framtíðinni.

G. Á.

Kári Þórarinsson, frá Mozart P.O., Sask., andaðist á Almenna spítalanum hér í bænum á miðvikudagskveldið 14. júní, úr botnlangabólgu; hafði legið þar um tveggja vikna tíma. Hinn látni var atorkumaður hinn mesti og vel látinn. Hann varð 54 ára gamall. — Líkið var flutt á föstudaginn var til Hallson, N D., og jarðsett þar á heimilisréttarlandi hins látna.

Dr. G. J. Gíslason,
Physician and Surgeon
18 South 3rd Str., Grand Forks, N.Dak
Athygli veitt AUGNA, EYRNA og KVERKA SJÚKDÓMUM ASAMT INNVORTIS SJÚKDÓMUM og UPPSKURÐI. —

Dr. J. A. Johnson
PHYSICIAN and SURGEON
HENSEL, N. D.

BOYD'S BRAUÐ

Vér höfum gert það að fastri reglu, að nota þau efni ein göngu, sem gera brauð vor lystug og nærandi. Ef þér viljið hafa slík brauð, þá símið

Sherbrooke 680

MARTYN F. SMITH,
TANNLÆKNIR.
Fairbairn Blk. Cor Main & Selkirk
Sérfræðingur í Gullfyllingu og öllum aðgerðum og tilbún aði Tanna. Tennur dregnar án sársauka. Engin veiki á eftir eða gómbólga. —
Stofan opin kl. 7 til 9 á kveldin
Office Phone Main 6944. Heimilis Phone Main 5462

Th. JOHNSON
JEWELER
286 Main St. Sími M. 6606

G. S. VAN HALLEN, Málaflærzlumaður 418 McIntyre Block., Winnipeg. Talsími Main 5142

H. C. DUFTON
JÁRNSMIÐUR
Gerir alskyns járnsmíði og aðgerðir vírfljetting o fl.
Mozart :-: Sask.

Dalman & Thorsteinson
MÁLARAR
Gera alskonar húsmálning. Kalsomining og leggja pappir. Alt verk vandað og fljótt afgreitt. Phone Garry 240
797 Simcoe St.

R. TH. NEWLAND
Verzlar með fasteignir, fjárlán og ábyrgðir
Skrifstofa: No. 5. Alberta Bldg. 255½ Portage Ave.
Sími: Main 972 Heimilis Sherb. 1619

J. J. BILDFELL
FASTEIGNASALI.
Union Bank 5th Floor No. 520
Selur hús og lóðir, og annað þar að lútandi. Utvegar peningalán o. fl.
Phone Main 2685

TILBOÐ.

Við undirskrifaðir tökum að okk ur alla grjótvinnu, sem við getum af hendi leyst eins fljótt og vel og nokkur getur gert. Við seljum grunn undir hús, hlöðum kjallara, steypum vatnskeröld og gangstéttir, gerum steinsteypu í fjós, o.fl.

Jacob Frimann
Hergr. Hallgrimson
Gardar, N. Dak.

Talsími Heimskringlu
Garry 4110

Heimskringla.

Heimilis talsími ritstjórans:
Garry 2414

XXV. ÁR. WINNIPEG, MANITOBA, FIMTUDAGINN, 29. JÚNÍ 1911. Nr. 39.

BJARNASON & THORSTEINSON

Fasteignasalar

Kaupa og selja lönd, hús og lóðir víðsvegar um Vestur-Canada. Selja lífs og eldsábyrgðir.

LÁNA PENINGA
út á fasteingir
og innkalla skuldir.

Öllum tilskrifum svarað fljótt og greiðanlega.

Wynyard] - - Sask.

Fregnsafn.

Markverðustu viðburðir hvaðanæfa.

— Krýningarhátíðahöldin standa nú hvað hæst. Á fimtudaginn var fór krýningarathöfnin fram í Westminster Abbey, og framkvæmdi erkibiskupinn af Canterbury þá hátíðlegu athöfn. Voru þar samankomnir um 7,000 manna. Var mikið um dýrðir og hátíðabragur hinn mesti í hvívetna. En eitt var það, sem fjöldinn saknaði, og það var Alexandra ekkjudrotning. Sérstaklega saknaði almenningur hennar á föstudaginn, þegar konungshjónin fóru skrúðför um götur Lundúnaborgar, — því ólíkari konur en Mary drotning og Alexandra gefast vart. Alexandra — ein af fegurstu konungbornu konum veraldarinnar, lítillát og aðlaðandi; en Mary drotning aftur á móti, þó fremur fríð sé sýnum, er þóttafull og fráhrindandi í framkomu, og á lítilli lýðhylli að fagna í samanburði við Alexöndru. — Og í skrúðförinni um götur höfuðborgarinnar, sat Mary drotning sem steingerfingur við hlið manns síns, og sáust þess engin merki, að fagn aðarlæti borgarbúa hefðu hin minstu áhrif á hana. Aftur var Georg konungur hið gagnstæða: albrosandi og heilsaði alúðlega upp á þegna sína. Þessi skrúðför þótti tilkomumikil og fögur. — Á laugardaginn fór konungur og drotning ásamt ýmsu stórmenni til Portsmouth og voru viðstödd hina miklu herskipasýningu að Spithead Voru þar eitt hundrað áttatíu og fimm herskip sýnd í fullum hereíngum, voru 167 þeirra brezk, en 18 vönduðustu og mikilfenglegustu skip tíu annara þjóða. Stærst allra var Bandaríkjadrekinn mikli Delaware. Þessi mikli floti var dreifður yfir sex mílna svæði, og ferðuðust kongur og drotning á skipi sínu Victoria and Albert á milli skipanna. Herskipasýning bessi er talin ein hin stórfenglegasta, sem haldin hefir verið nokkuru sinni. — Á mánudaginn, þriðjudaginn og miðvikudaginn voru veizluhöld mikil í Lundúnum og verða næstu dagana á eftir. Að veizluhöldunum loknum halda konungshjónin yfir til Írlands, þaðan til Skotlands og svo víðsvegar um England og Wales. — Mikið af krossum og titlum hefir konungur látið rigna yfir ýmsa af þegnum sínum við þessi hátíðahöld, og hafa allmargir Canada búar orðið fyrir þeirri náð; meðal annara William Whyte, varaformaður C. P. R. félagsins. Hann var sæmduriddaranafnbót (Sir). SirFrederick Borden, einn af ráðherrum Laurier-stjórnarinnar, var gerður að "Honorary Surgeon General". — Krýningarkóróna Georgs konungs er virt á 7½ miliión dollars.

— Mr. Borden og fylgdarlið hans hafa ferðast um Saskatchewan og Alberta fylkin undanfarið, og eru þar enn. Fundir Conservativa leiðtogans hafa allir verið fjölsóttir, og allstaðar hefir Mr. Borden verið tekið prýðilega vel. Hafa margir þeir. sem áður höfðu talað sig sterka fylgismenn gagnskiftasamninganna, algerlega snúið við blaðinu, eftir að Mr. Borden hafði sýnt þeim uppkastið í réttu ljósi. Á mánudagskveldið hélt Mr. Borden fund mikinn að Calaggry, og lýstu fundarmenn almenuri velþóknun sinni yfir framkomu leiðtogans og stefnu þeirri, sem hann hafði að bjóða. — Í kveld (miðvikudag) heldur Mr. Borden fund í Edmonton, stjórnaraðsetrinu í Alberta og kjördæmi innanríkisráðherra sambandsstjósnarinnar Mr. Frank Olivers. Má búast við miklum tíðindum þaðan. — Á öllum fundum Conservative leiðtogans hafa forkólfar "Grain Growers" félagsins lagt kröfur sínar fyrir Mr. Borden, sérstaklega þó viðvíkjandi gagnskiftasamninguunum. Hafa þeir heimtað með gorgeir miklum, að Mr. Boeden verðist þeim fylgjandi, og lofað honum fylgi sínu óskiftu, ef svo yrði. En Mr. Borden svaraði þeim á einum fundinum meðal annars þannig: "Þó ég á morgun gæti orðið forsætisráðherra Canada með því að framfylgja gagnskiftasamningunum, kæmi mér ekki til hugar að þiggja það. Mín óbifanlega sannfæring er, að gagnskiftasamningarnir séu skaðræði fyrir Canada". — Hinar ágætu viðtökur, sem Conservative leiðtoginn hefir hlotið, á þessum tveimur alment álitnu sterk liberölu fylkjum, gefa vissar vonir um, að fylkin verði ekki jafn sterk-liberal við næstu sambandskosningar.

— Hvirfilbylur geysaði um vesturströnd Chile lýðveldisins á sunnudaginn og gerði voðatjón á eignum og mönnum. Létu yfir 200 manna lífið og fjöldi meiddust. Mörg skip strönduðu, hús og vitar fuku. Eignatjónið er talið að nema tíu miliónum dollars.

— Áætlað er, að Saskatchewan fylki þurfi 20 þúsundir manna í "hardvest" og þreskingu á þessu sumri, og er það næstum helmingi fleira en nokkru sinni áður.

— Ráðaneytisskifti hafa orðið á Frakklandi. Monis ráðanevtið varð að segja af sér eftir ófarirnar í fulltrúadeild þingsins sl. Föstudag. Var það herstjórnarfyrirkomulagið sem varð ráðaneytinu að fótakefli. Vildi hermálaráðherrann, Goiran hershöfðingi, fá því fyrirkomulagi breytt þannig, að í stað þess, að herstjórnin væri í höndum herstjórnarráðs á ófriðartímum, væri einum manni, forseta ríkisins, falin æðsta yfirstjórn hersins. Urðu heitar umræður um þetta í fulltrúadeild þingsins, og þegar stjórnin bað um traustsyfirlýsingu, fóru svo leikar, að hún var feld með 238:224. Samdægurs baðst Monis lausnar fyrir sig og ráðaneyti sitt. Ráðaneytið hafði setið að völdum síðan 2. marz sl., og sátu í því margir af mikilhæfustu stjórnmálamönnum Frakka, svo sem Delcassé, hinn svarni fjandmaður þjóðverja og til margra ára utanríkisráðherra Frakklands. Hann stýrði af þessu sinni flotamálum ríkisins. — Eftirmaður Monis sem forsætisráðherra hefir verið útnefndur Joseph Caillaux, áður fjármálaráðgjafi. Í ráðaneyti hans sitja margir af hinum fyrri ráðgjöfum úr Monis ráðneytinu, þar á meðal Delcassé.

— Uppreistin í Arabíu gegn yfirráðum Tyrkja fer dagvaxandi. Á föstudaginn var réðust uppreistarmenn á tyrkneska hersveit nálægt þorpinu Ghessan við Rauðahafið, og feldu rúmt þúsund manna og særðu marga. Þ sem féllu var yfirforingi Tyrkjahersins, Mohamed Ali Pasha. Uppreitarmenn fengu herfang mikið, byssur og skotfæri og mistu fáa af mönnum sínum. — Einnig hafa uppreistarmenn unnið borgina Abha í Asir héraðinu, og tekið til fanga þrjú þúsund tyrkneskra hermanna, er borgina áttu að verja. — Uppreistin virðist vera vaxin Tyrkjum yfir höfuð, því halloka hafa þeir farið í hvívetna í viðskiftum við uppreistarmenn, það sem af er, — þrátt fyrir það þó þeir séu betur búnir að vopnum og mannfleiri, en uppreistarliðar. Nú hafa Tyrkir beðið um meiri liðsafla heiman frá Tyrklandi, og hyggjast að yfirbuga uppreistina áður en langtum líður. Arabar eru hraustir og harðfengir í orustum og slegir í fylsta máta. Ráðast jafnan á mótstöðumenn sína, þegar þeir eru óviðbúnir og eiga einskis ills von. Þannig hafa þeir unnið flesta sigra sína á Tyrkjum í þessari uppreist.

— John Fisk var hengdur að Calgary á þriðjudagsmorguninn, fyrir morðið á félaga sínum Tucher Peach.

— Nýafstaðnar þingkosningar í Austurríki gengu á móti stjórninni og hefir því forsætisráðherrann Bienerth barún lagt niður völd og í hans stað komið barún Gautch von Frankenthurn.

— Vilhjálmur þýzkalandskeisari lýsti því nýlega yfir, að hann ætlaði sér ekki að gefa einkadóttur sína Lovisu neinum öðrum í hjónaband en þeim, sem hún vildi sjálf elska og kysi. Þykja þetta mikil tíðindi, því vanalega ráða stjórnmál slíkum giftingum en ástir ekki. Sá, sem líklegastur er talinn að ná ástum prinsessunnar, er prins Adolp Frederick af Meklenburg-Strelitz og tilvonandi stórhertogi af þessu litla hertogadæmi Prinsinn hefir verið mikið við keisarahirðina og er í afhaldi miklu hjá keisaraþjónunum, og mjög kær sagður Lovisu prinsessu. Og er það alment álitið, að hún muni heldur vilja verða stórhertogafrú og eiga mann, sem hún ann og sem ann henni, en að verða drotning yfir einhverju stórveldi heimsins og lifa í ástasnauðu hjónabandi.

— Vatnavextir miklir hafa valdið stórtjóni á meginlandi Ástralíu undanfarna daga, og eru ofsarigningar orsök þess. Hafa árnar flóð yfir bakka sína og sópað burtu húsum manna, skemt akra og gert samgöngur ómögulegar á sumum stöðum. Mestur skaði hefir orðið í Victoria fylkinu; eru fjöldi manna þar heimilislausir og akrar stórskemdir. Hvað miklu eignatjóni vatnavextir þessir hafa valdið, er ekki fullreynt énnþá, en miljónum dollara mun það skifta.

— Bandaríkja auðmaðurinn J. Pierpont Morgan gaf Vilhjálmi þýzkalandskeisara á mánudaginn eiginhandarbréf frá Martin Luther til Karls keisara V. Morgan keypti bréfið fyrir skömmu á 25 þúsund dollara. Bréfið er á latínu og skrifað árið 1521, þegar Luther var á heimleið frá kirkjuþinginu í Worms. Er það varnarbréf og lýsing á því, sem fram fór á þinginu. Vilhjálmi keisara þótti svo vænt um gjöf þessa, að hann sæmdi Morgan stórkrossi rauðu arnarorðunnar, og hélt honum veizlu mikla.

— Ráðgert er, að þingkosningar fari fram á Bretlandi seint í næsta mánuði.

— Bandaríkja flugmaðurinn Lincoln Beachy flaug tvær hringferðir yfir Niagara foss á þriðjudaginn. Lét hann flugvél sína falla hátt úr lofti, unz örfá fet var frá fossinum, þá hóf hann sig að nýju. Flug þetta var áhætta hin mesta, og var um 150,000 manns samankomið, að horfa á, hvernig Beachy tæk ist. Hann lenti með heilu og höldnu og hlaut $1,000 verðlaun fyrir flugið.

Kirkjuþingið.

Hið 27. þing hins evangel. lút. kirkjufélags Íslendinga í Vesturheimi var sett í kirkju 1. lúterska safnaðarins hér í Winnipeg á föstudaginn var. Hófst það með guðsþjónustugerð, sem að vanda, og var það forsetinn séra B. B. Jónsson sem prédikaði.

Á þinginu mættu allir prestar kirkjufélagsins 14 talsins. Fjórtiu og þrir fulltrúar frá þrjátíu og þremur söfnuðum mættu á þingen 8 söfnuðir sendu enga fulltrúa. Auk þessara átti féhirðir félagsins hr. J. J. Vopni sæti á þinginu, þó fulltrúi væri fyrir engan söfnuð.

Þessir voru því á þinginu:

Prestar — Jón Bjarnason, D. D., B. B. Jónsson, Friðrik Hallgrímsson, N. S. Thorláksson, Hans Thorgrimsen, K. K. Ólafssson, Rúnólfur Marteinsson, Jóh. Bjarnason, Runólfur Fjeldsted, Hjörtur J. Leó, Guttormur Guttormsson, Carl J. Olson, Haraldur Sigmar og Sig. Christophersson.

Fulltrúar — Frá St. Páls söfnuði Christian G. Schram, Gustav Anderson; frá Vestur heimssöfnuði Halldór Hofteig; frá Lincoln söfnuði Jón Sigvaldason; frá Pembina söfnuði Gísli V. Leifur; frá Vídalíns söfnuði Árni Árnason og Sveinbjörn Johnson; frá Péturs-söfnuði J. J. Meyers; frá Hallson-söfnuði Jón Hörgdal; frá Þingvalla-söfnuði Sigurjón Cestsson; frá Lúters-söfnuði H. Guðbrandsson og Stefán Eyjólfsson; frá Melanktons-söfnuði Stefán S. Einarsson; frá 1. lúterska söfnuði, Dr. B. J. Brandson, Thos. H. Johnson, Halldór Bardal, Jón J. Bildfell; frá Selkirk-söfnuði Klemens Jónasson, Björn Byron og Guðjón Ingimundarson; frá Víðines-söfnuði Skafti Arason; frá Gimli söfnuði G. Erlendsson og Á. G. Polson; frá Breiðuvíkur-söfn. Bjarni Marteinsson; frá Geysir-söfnuði Sigurjón Þórðarson; frá Árdals-söfnuði Tryggvi Ingjaldsson og P. S. Guðmundsson; frá Bræðrasöfnuði Mrs. Guðrún Briem, frá Mikleyjar-söfnuði Helgi Ásbjörnsson; frá Fríkirkju-söfnuði C. B. Johnson og Björn Walterson; frá Frelsis-söfnuði Olgeir Friðriksson og Mrs. María Sigurðsson; frá Immanuelssöfnuði Christian Johnson; frá Brandon-söfnuði Þorleifur Þórvaldsson; frá Lundar-söfnuði Guðm. K. Breckmann; frá Kondía-söfnuði Guðjón Finnsson; frá þingvallanýlendu-söfnuði Gísli Egilsson; frá Ísafoldar-söfnuði G. Jóhannsson; frá Kristnes-söfnuði Jónas Samson; frá Ágústínussöfnuði Indriði Skordal; frá Víkur-söfnuði Thomas Halldórsson og A. F. Björnsson.

Þeir söfnuðir, sem enga fulltrúa sendu, voru: Edmonton, Grafton, Marhall, Fjalla, Árnes, Furudals, Jóhannesar og Swan River söfnuðir.

Það, sem aðallega gerðist á hinum fyrsta þingdegi var, að embættismennirnir lásu upp skýrslur sínar yfir hið liðna ár. Í skýrslu forseta var þess getið, að einn prestanna, Runólfur Felsted, mundi láta af prestsþjónustu og taka að stundá nám að nýju. Aftur hefir hinn nývígði Haraldur Sigmar fengið köllun frá söfnuðum þeim, sem Felsted þjónaði, Kristnes- og Ágústínusar-söfnuðum í Saskatchewan. Einnig kvað hann hafa myndað söfnuð í Wynyard, þó engin opinber yfirlýsing væri í þinginu gerð þess efnis.

Stjórn og varastjórn kirkjufél. var endurkosin. Skipa þær: Séra B. B. Jónsson forseti, Séra Friðrik Hallgrímsson skrifari, hr. Jón J. Vopni féhirðir, Séra N. Stgr. Thorláksson varaforseti, séra K. K. Ólafsson varaskrifari og herra Friðjón Friðriksson varaféhirðir.

Á föstudagskveldið flutti séra Hjörtur Leó fyrirlestur um skólamálið. Vildi hann að kirkjufélagið kæmi upp undirbúningsskóla, sem veitti nemendum 'matriculation'-stigið. Fyrirlestur þessi var vel fluttur og skipulegur.

Annað erindi flutti Dr. Jón Bjarnason á laugardagskveldið um rétta fjársöfnun í þarfir kirkjunnar. Vildi hann að safnaðarmeðlimirnir gæfu úr sínum vasa alt sem þarfnaðist, en fénu væri ekki safnað með samkomum eða frá utansafnaðarfólki. Um þetta erindi urðu talsverðar umræður, og voru menn ekki á eitt sáttir, þó fleiri höllust að skoðun málsflytjanda.

Gamalmennahæli. — Hr. Skapta B. Brynjólfssyni, forseta hins únitariska kirkjufélags Vestur Íslendinga, var veitt málfrelsi. Fór hann þess á leit, að þingið kysi nefnd manna, sem vynni í sameiningu við nefnd, er kirkjuþing Únítara hafði kosið til að koma á fót gamalmennahæli. Þessari umleitan var vel tekið og málið síðan lagt yfir til frekari íhugunar.

Skólamálið var það eina mál, sem virtist valda talsverðum hita í þinginu. Kom það aðallega til umræðu á þriðjudaginn, og stóðu umræðurnar lengi, tóku margir til máls og höfðu misjafnar skoðanir. Vildu sumir, að kirkjufélagið gerði ekkert að skóla stofnun, að minsta kosti ekki í bráð. Aðrir vildu ólmir fá skóla — íslenzk-lúterska mentastofnun, sem þeir svo kölluðu, — jafnvel tvo, annan í Winnipeg og hinn suður á Mountain. Ýmsar tillögur voru bornar fram, en að lokum var samþykt svohljóðandi frá séra B. B. Jónssyni með 28:14: "Skólamálinu eins og það liggur nú fyrir sé frestað til næsta kirkjuþings".

Fyrirspurn frá séra Hans Thorgrimsen, hvort þingið væri hlynt privat íslenzks-lútersks skóla á Mountain, var svarað játandi.

Samband kirkjufélagsins viðWesley College heldur því áfram næsta ár.

Úrgengnu söfnuðirnir.— Á kirkjuþinginu í fyrra sumar var samþykt að skora á söfnuði þá, er úr félaginu fóru, að ganga inn í það aftur. Þeirri áskorun var svarað á fulltrúafundi þeirra safnaða, er haldinn var í Tjaldbúðarkirkju 16. febr. sl., þannig: "Svo framarlega, sem kirkjufélagið vill leyfa söfnuðum þeim og prestum, sem hér eiga hlut að máli, að vera og starfa í kirklufélaginu með þeim skilningi á bibliunni og trúar játningum, sem fram hefir komið hjá þeim, með fullu jafnrétti og óskorðuðu samvizku- og skoðanafrelsi, viljum vér mæla með því við söfnuði vora, að þeir gangi inn aftur í kirkjufélagið". — Nefnd var kosin á laugardaginn til að íhuga þetta svar, og komst hún að þeirri niðurstöðu, að heppilegast væri, að þingið kysi 5 manna nefnd til samningsumleitunar við hina úrgengnu söfnuði, eða nefnd frá þeim, en leiddi að öðru leyti hjá sér að svara þessu frekar. Var þetta samþykt og nefndin kosin.

Málaferli meiri og minni hluta þingvalla-safnaðar voru lítillega til umræðu á þriðjudaginn. Svohljóðandi tillaga var borin upp og samþykt: "Að kirkjufélagið taki að sér að hjálpa þingvallasöfnuði (minni hlutanum) til að bera kostnað þann, sem sá söfnuður hefir haft við málsókn þá, sem hefir átt sér stað út af ágreiningum safnaðarins, — á þann hátt, að allir erindsrekar, sem á þessu þingi sitja, leiti samskota hver í sínum söfnuði, svo fljótt sem kringumstæður leyfa, og peningar þeir, er saman koma, séu sendir til féhirðis kirkjufélagsins".

Mikið var rætt um sunnudagaskóla, heiðingjatrúboð og ýmsönnur mál, er prestunum lágu þungt á hjarta; en markverð tíðindi gerðust fá, því sátt og samlyndi ríkti.

Þinginu verður slitið í dag, miðvikudag.

OGILVIE'S
Royal Household Flour

Til Brauð og Köku Gerðar

OGILVIE'S ROYAL HOUSEHOLD

Gefur Æfinlega Fullnœging

EINA MYLLAN Í WINNIPEG,—LÁTIÐ HEIMAÞNAÐ SITJA FYRIR VIÐSKIFTUM YÐAR

SKEMTIFERÐ

Hin árlega skemtiferð íslenzkra Goodtemplara í Winnipeg, verður farin til

SELKIRK

NÆSTKOMANDI MIÐVIKUDAG 5 JÚLÍ.

Farið verður með rafurmagns vögnunum sem leggja á stað frá norðurenda aðalstrætis, kl. 9 árdegis og kl. 1. eftir hádegi. Ennfremur getur fólk farið með öllum rafurmagns vögnum sem ganga til Selkirk þann dag fyrir niðursett fargjald, ef keypt eru farbréf af nefnd þeirri er stendur fyrir ferðinni.

Skemtiferðarnefndin verður á vagnstöðvunum til að útbýta farseðlum og leiðbeina fólki til kl. 1. síðdegis.

Alt bendir til að þessi skemtiferð Goodtemplara verði ein sú tilkomu mestu, sem farin hefir verið. Alt er undirbúið þegar til Selkirk kemur. Ræður, frumsamin kvæði og hljóðfæraslátur.—Ennfremur allskonar "Sports" fyrir unga fólkið.

Nefndin sér einnig um gott "Music" fyrir dansinn að kvöldinu. Allar skemtanir fara fram í hinum unaðsríka listigarði bæjarins.

Ekki skildi fólk hafa stórar matarkörfur í þessari ferð, því nóg er af skyrinu í Selkirk.

Winnipeg Íslendingar! Komið og skemtið yður einn dag í árinu. Goodtemplara skemtiferðir eru nú viðkendar fyrir að vera þær langbeztu. Stórir hópar af Íslendingum frá Gimli og víðar frá, meðfram Winnipeg vatni eru nú þegar ákveðnir í, að taka þátt í þessari miklu skemtun.

Þetta verður Íslendingadagurinn í Selkirk.

FARGJALD BÁÐAR LEIÐIR

65c fyrir fullorðna og 35c fyrir unglinga.

Ritari nefndarinnar.

N.B.—Takið Broadway og St. John's vagnana.

VEGGLÍM

Vönduð bygginga efni:

The "Empire" Wood Fiber tegundir.

Cement Wall og Finish Plasters

Sackett Plaster Board.

Vér höfum ánægju af að senda yður vora "Plaster Book"

Manitoba Gypsum Co., Limited.
Winnipeg, Manitoba

Heimskringla
Published every Thursday by The Heimskringla News & Publishing Co. Ltd

Verð blaðsins í Canada og Bandar $2.00 um árið (fyrir fram borgað).
Sent til Islands $2.40 (fyrir fram borgað).

B. L. BALDWINSON
Editor & Manager

Office:
729 Sherbrooke Street, Winnipeg
BOX 3083. Talsími Garry 4110.

Samvinnufélögin brezku

Það eru tvö heildsölu samvinnufélög á Bretlandi: Enska heildsölufélagið og Skozka heildsölufélagið. Þessi tvö heildsölufélög kaupa fyrir og selja til fjórtán hundruð smásölu samvinnu eða kaupfélaga þar í landi, og í þeim 14 hundruð kaupfélögum standa 2½ miljón hluthafar, sem samtals 2½ miljón hluthafar, sem samtals karlmenn, konur og börn — sem þannig eru sameinaðir viðskiftavinir heildsölufélaganna.

Þessar 8 miljónir manna éta, drekka og klæðast eingöngu þeim vörum, sem keyptar eru í smásölubúðunum, sem kaupa varning sinn frá heildsölufélögunum. Allur sá gróði eða hagnaður, sem af þessari verzlun leiðir, gengur rakleiðis til viðskiftavinanna. Stærð og umfang þessa mikla verzlunarlýðveldis er nálega óskiljanlegt. Ekkert verzlunarfélag í heimi getur jafnast við það. Verzlun þessi öll, í heildsölu og smásölu, er nú orðin yfir fimm hundruð miljón dollars á ári, og á síðast liðnum 40 árum hefir verzlunarmagn þess verið meira en tíu þúsund billión dollars virði.

Þess ber að geta, að þessi mikli fjöldi samlagskaupenda á Bretlandi, sem aðallega eru af fátækara hluta alþýðunnar, hefir sýnt að þeir hafa vitsmuni, þekkingu og félagslega hagsýni til þess að reka sjálfir verzlun fyrir sjálfs sín hagnað, sem nemur tíu þúsund biliónum dollars, án hjálpar hinna miklu verzlunarfræðinga hins brezka veldis. Og án þess að sækja fé til auðmanna, hafa þessir hygnu alþýðumenn og konur varið sparifé sínu svo nemur 200 miljónum dollars, og hafa haft í þjónustu sinni og borgað vikulega kaup til meira enn hundrað þúsund verkafólks. Verkföll hafa þar engin orðið og engin gjaldþrot né verzlunartap fyrir vanskil einstaklinga hefir ekki verið svo teljandi sé. Þessir 2½ miljón hluthafar hafa sjálfir stjórnað öllu starfinu og farist það prýðilega vel.

Þegar ég var að ihuga og kynnast þessum samfélagsbúðum á Bretlandi og Írlandi, byrjaði ég athuganir mínar á smásölubúðunum, af því að þær eru undirstaða allrar þeirrar miklu verzlunarhreyfingar. Smásölubúðirnar eru stofnaðar á óbrotnum en áriðandi grundvelli. Nokkrir húsraðendur, sem búa í sama bæ eða sveit, taka sig saman um að kaupa nauðsynjar sínar í samlögum. Þeir kaupa sykur, te, brauð og aðrar nauðsynjar í stórkaupum, og skifta þeim svo með sér með smásöluverði. Þeir kaupa máske 10 þúsund pund af tei á 30c pundið, og selja sér svo aftur sjálfir á vanalegu smásöluverði, fyrir 36c pundið. Búðinni er stjórnað sparsamlega og með nákvæmni og afleiðingin er sú, að hagnaður verður á þessari verzlun. Þessum gróða er skift upp meðal viðskiftavinanna í réttum hlutföllum við hvers eins verzlun. Þessi aðferð tryggir það, að allur verzlunarágóðinn gangi til viðskiftavinanna, og það er hornsteinn alls kaupfélagsskapar.

HVERJU SAMVINNU KAUPFÉLÖGIN GETA AF KASTAD.

Hið annað grundvallaratriði er það, að vinnuféð er alt lagt til af þeim sem kaupa. Höfuðstóll þessa kaupfélagsskapar er $5.00 hver hlutur, og er hluthöfum greiddir árlega fastákveðnir vextir af þeim. Enginn má eiga meira en 200 hluti í félaginu, og enginn félagi hefir meira en eitt atkvæði né minna en eitt, því allir meðlimir félagsins verða að vera hluthafar í því. Þeir sem vinna fyrir félagið, eru vanalega bæði hluthafar og viðskiftamenn. Svo að búðarþjónninn, sem selur yður eitt pund af kartöflum — á Englandi eru jarðepli seld í pundatali — fær ekki að eins verkalaun sín, heldur einnig ágóða af hlut þeim, sem hann á í félaginu, og **að auki ágóða af þeim vörum, sem hann og fjölskyld hans kaupa í verzlaninni. Allir hluthafar eru viðskiftamenn og flestir viðskiftamenn eru hluthafar.** Grundvallaratriði búðarinnar er, að viðskiftavinurinn sé ráðandi.

Hvar sem ég fór um England, fann ég smáverzlanir þessar blómstrandi. Sumar voru þó mjög smáar. Fáar hafa minna en fimti meðlimi; ein eða tvær hafa þó undir tuttugu. Mörg af félögunum hafa þúsundir meðlima. Eitt félagið hefir fimtíu þúsund meðlimi, en það er líka langhæsta talan. En næstum öll þessara félaga er í framfór, hin smáu sem hin stóru. Meginþorri þeirra greiða hluthöfum sínum 18 til 15 prósent vexti, og sum jafnvel 18 til 20 prósent. Vextir þessir eru ekki reiknaðir af höfuðstól, heldur af kaupum. Um alt England hitti ég fólk, sem græddi á því, að kaupa bestu vörur með vanalegu verði.

Ég skildi til hlýtar verzlunaraðferðina; ég sá fólkið koma inn í búðina og kaupa vörur sínar; ég sá það fá kvittanir fyrir kaupunum og við lok ársfjórðungsins sá ég aftur sama fólkið koma inn í búðina með kvittanir sínar, og fá þá vexti greidda fyrir þann fjórðung ársins. Um leið og höfuðatriðin voru ljós, lá smáverzlunaraðferðin opin, — öllum skiljanleg.

Heildsalan aftur á móti var örðugri miklu viðfangs. Hún var of umfangsmikil til þess að verða séð í fljótu bragði. Ég dvaldi eina síðdegisstund í samlags heildsöluhúsi í London, og það sem fyrir augun bar, var margt og mikið. Byggingin var 12-lyft, og öll loftin voru full af varningi, ýmiskonar. Í byggingunni voru einnig ráðstofur, skrifstofur, borðstofur og eldhús. Þar var fatadeild og húsgagnadeild og fjöldi annara deilda, með öllum upphugsanlegum vörutegundum, sem ég naumast kann að nefna. — En þrátt fyrir alt, sem hægt var að sjá í London viðvíkjandi samlagsfélögunum — öll stórhýsin, búðirnar og verksmiðjurnar — þá er það að eins lítill hluti af því, sem samlagsfélögin eigá í öðrum borgum, svo sem Manchester, Bristol, Cardiff, Newcastle og víðar. — Það er því alls enginn hægðarleikur, að fá í flýti glögt yfirlit yfir stærð heildsöluverzlunar hinna ensku samvinnufélaga.

Ef þú óskar eftir að fá ljósa hugmynd um stærð samvinnufélags heildsölunnar, verður þú að vera hagfræðislega sinnaður og viljugur að ferðast. Hin miklu stórhýsi samvinnufélaganna í London, eru smávægileg, borin saman við skrifstofurnar, vöruhúsin, verksmiðjurnar og bryggjurnar, sem þau eiga í Manchester. En þó þú hafir séð London og Manchester, þá hefir þú ekki séð alt fyrir því, og þú hefir ekki séð alt, þegar þú hefir komið til Newcastle og séð verksmiðjurnar og hin stóru vöruhús þar. Í fjölda annara borga eru himingnæfandi vöruhús og búðir.

Í öðrum borgum eru skóverkstæði, klæðaverksmiðjur, niðursuðu og sætinda verksmiðjur, járnverksmiðjur, tóbaksverkstæði og hveiti mylnur, og yfir höfuð allar þær verksmiðjur og verkstæði, sem hægt er að nefna, nema ölfanga- og vínguerðar-hús.

Eftir að þú hefir séð og grandskoðað alt þetta, ertu ennþá ekki búinn að vita nóg —, þú verður að heimsækja heildsölukaupendurna í Bandaríkjunum, Canada, Spáni, Danmörku og Svíþjóð. Þú verður að heimsækja hattakaupendurna í Paris og ávaxta kaupendurna á Grikklandi. Þú verður að heimsækja írsku vörugeymslustöðvarnar í Limerick og Armagh; sömuleiðis stöðvarnar í Esberg í Danmörku og Denia á Spáni. Þó verður að fara 'um borð' á gufuskip samvinnufélagsins, — þú verður að fara til Ceylon, þar sem hinir innfæddu eru að vinna á telendum félagsins. — Þegar öllu þessu er lokið, áttu enn eftir að kynnast hinni skozku heildsöluverzlun. Hún er umfangsmikil, og er stjórnað af yfirmönnum tveggja heildsölufélaga, sem hafa umboð fjórtán hundruð þrjátíu og níu smásölufélaga, sem svo aftur hafa umboð hálfrar þriðju miljónar brezkra þegna — Engin undur þó heildsöluverzlun samvinnufélaganna sé yfirgripsmikil og víðfeðmd. Enda er það næstum alt, sem þau framleiða og eru.

EIGENDUR HEILDSÖLUNNAR.

Líkskurðarmanninum fjast fillinn jafn auðveldur sem maurinn, og þegar þú ert orðinn fyllilega kunnur stærð heildsölunnar, finnur þú, að auðvelt er að sundurliða hin ýmsu atriði. Heildsölubúðin er samkunduhöllin, en smásölubúðirnar eru steinarnir, sem hún er byggð úr. Hún er ríkisheild, en smásölubúðirnar hinir ýmsu hlutar heildarinnar.

Undirstaða heildsölunnar og smásölunnar er hin sama, nema að meðlimir smásölunnar eru menn og konur, en meðlimir heildsölunnar er smásalan. Heildsalan er bandalag af smáverzlunum. Ellefu hundruð sextíu og þrjár smásölubúðir eru í bandalagi við hina ensku heildsölu, og tvö hundruð sjötíu og sex smásölur eru í sambandi við hina skozku heildsöluverzlun. Og eins og smásölubúðirnar láta viðskiftamennina fá ágóðann af smásölunni, eins lætur heildsalan smásölubúðirnar fá á, góðann af heildsölunni. Í smásölunni kaupir hver viðskiftangutur með þúsund annara viðskiftanauta að baki sér. Í heildsölunni kaupir hver viðskiftanautur með milión annara að baki sér.

Smásölufélögin eiga heildsöluna. Sérhver smásölubúð í hlutfalli við meðlimi sína, leggur til stofnfé heildsölunnar, og fær ákveðna vexti af þeim höfuðstól. Smásöluverzlun með þrjátíu og sex þúsund meðlimum tekur fleiri hluti en smásölubúð, sem telur fimm þúsund meðlimi, og fær því hærri vexti af höfuðstólnum. En aðalvextirnir samt sem áður, eins og hjá smásölubúðunum, fara til kaupendanna. Ef heildsalan selur tíu sinnum meira til einnar búðar en annarar, þá fær sú búðin, sem meira kaupir, tíu sinnum meiri vexti.

(Meira).

GAMAN ER AÐ BÖRNUNUM—

Um Nova Scotia kosningarnar verður Lögbergi skrafdrjúgt í sl. viku, og telur spár Hkr. um þær ekki hafa ræzt, jafnframt því sem Lögberg segir Murray stjórnina þar hafa unnið frægan sigur. En ekki gerði blaðið hina minstu tilraun til þess að sýna, hvar frægðin lægi í fyrir stjórninni, að tapa við þessar kosningar þremur ráðgjöfum sínum, og að missa alls 6 sæti í þinginu frá því sem hún áður hélt þar. Fullur helfingur allra ráðgjafanna (stjórnarinnar) féll og þess utan nokkrir fylgismenn hennar, og þetta þrátt fyrir það, að Laurierstjórnin hafði um 130 bryggjusmíði og önnur umbótaverk þar á prjónunum meðan á kosningunum stóð, beinlínis til þess að tryggja Murray stjórninni nú sigur og síðar sjálfri sér þar eystra. Það er enginn minsti vafi á því, að þetta hafði þau áhrif, að stjórnin þar hangir enn við völdin, að öðrum kosti hefði hún algerlega fallið, — og ekki þó svo mikið vegna starfsemi hennar heima fyrir, eins og vegna þess, að gagnskifta samningar Ottawastjórnarinnar við Bandaríkin eru svo illa þokkaðir þar eystra, að stór hluti Liberala þar er snúinn á móti flokki sínum — þeirra vegna; þess vegna féllu fullur helfingur af ráðgjöfunum og nokkrir þeir aðrir, sem áður fylgdu Liberölum að máli í þinginu. — Hkr. fær ekki betur séð, en það sé ósatt, að Murray stjórnin hafi hlotið frægan sigur við þessar kosningar. Þvert á móti hefir hún mikillega tapað við þær, þó ekki svði tapið nægilega mikið til þess að hún misti völdin. Að hún heldur þeim ennþá er að þakka þeim 3 miljónum dollars af ríkisfé, sem nú er verið að eyða þar til bryggju og annara smíða.

Grand Prairie og Peace River.

Granard, Lesser Slave Lake,
9. júní 1911.

Herra ritstjóri.—

Svo margir báðu mig að láta sig vita, hvernig mér lítist á Grand Prairie og Peace River héraðið, að ég hefi afráðið að biðja þig um ofurlitið rúm í Heimskringlu.

Ég fór af stað frá Winnipeg til Edmonton þ. 1. maí. Í Edmonton dvaldi ég nokkra daga; mér leist svo vel á mig þar, að ef ég ætlaði mér að búa í bæ, þá mundi ég vilja taka mér þar bólfestu. Bærinn stendur hátt og er að mínu áliti reglulega fallegur bær. Einnig hlýtur hann að eiga mikla framtíð fyrir höndum, með alt þetta norðvesturland lítt bygt á bak við sig; enda er hann í miklum uppgangi nú sem stendur. Það eru að eins þrjár íslenzkar fjölskyldur þar: S. Swanson, Indriði Jónsson og Jón Jónsson, og líður þeim öllum vel. Ég er hissa, að ekki skuli vera fleiri Íslendingar þar.

Frá Edmonton fór ég til Edson. Ekki lízt mér neitt vel á mig í því þorpi. Þaðan fór ég 14. maí áleiðis til Grand Prairie. Það er um 200 mílur vegar, alt í þegnum skóg; brautin var höggvin sl. vetur, og er hún alveg ófær með æki. Þar eru brúarlausar ár, voðalega brattar hæðir og mosaflóar, tréstofnar bæði þéttir og háir o. s. frv. Margir höfðu farið af stað með flutning sinn og gekk þeim hörmulega illa; sumir höfðu mist hesta sína og komust ekkert. Aðrer biðu eftir að brautin batnaði. Því stjórnin hefir marga menn að vinna við að bæta hana, en hún verður ekki fær fyrir æki þetta sumar. En með því að gera við í hallanum hlýtur þar að verða góð vetrarbraut. Þeir, sem hugsa til að fara þessa leið til Grand Prairie, ættu því að fara lausir og liðugir fyrst og velja sér landið og flytja svo flutning sinn að vetrinum. Ég var í ferð með Mr. Taft; hann hefir lest af áburðarhestum og reiðhestum á brautinni, setur hann $48.00 fyrir aðra leiðina, eða $60.00 fyrir báðar. Við vorum 9 daga á leiðinni. Ég eyddi nokkrum dögum í að skoða Grand Prairie, og yfirleitt leist mer mjög vel á mig þar. Landið er að mestu leyti öldumyndað (rolling). Það er talsverður skógur hingað og þangað, en finna má halfar og heilar 'sectionir' með mjög litlum skógi. Jarðvegurinn er yfirleitt mjög frjór og sumstaðar að mínu áliti of frjór, því seinna 'móðnar' í mjög frjófum jarðvegi. Svarta moldin er frá 6—7 þml og 'clay' þar undir; en þar sem frjórri jarðvegurinn er, er það 'gumbo'-kent. Sumstaðar hefir jörðin og brunnið af sléttueldum og skógareldum, en ekki held ég nóg til að skemma. Dálítið grjót er sumstaðar á hæðum, en ekki er það mikið. 'Alkali' sést þar ekki. Viður er þar nógur til byggingga og eldsneytis, og kol er hægt að ná í á nokkrum stöðum með hægu móti. Tvær sögunarmylnur eru komnar upp, og er óhefluðu viður $20.00 þúsundið. Loftslag held ég sé lítið eitt mildara en í Manitoba. Flest það fólk, sem þar er, hefir sest að á ár eða vatnsbökkum; hafa því mjög fáir brunnar verið grafnir og því lítið reynt með vatn. Sama er að segja með frost. Það má heita, að að eins einn maður hafi stundað nokkra jarðrækt að mun. Hann sagði mér að hafrar hefðu aldrei skemst að mun af frosti. Hveiti hefir lítið verið reynt nema smáblettir í fyrra, og sagði hann það hefði ekki frosið og gefið 50 bush. af ekrunni; það var hausthveiti. — Allar afurðir bænda eru í góðu verði; t. d.: hafrar eru frá $1.50—$2.00 bush; smjör 50c pundið, egg 50c dúsinið, kjöt 15c pd. í stórhaupum. Aftur á móti, ef bóndinn þarf að kaupa út úr búð þar, þá er hveiti $5.50 til $10.00 hver 100 punda sekkur og sykur 25c pundið. Öll niðursoðin vara er 5ºc hver kanna. Naglar eru 25c pundið. En bóndinn kaupir ekki mikið þar úti. Þeir sækja sínar vörur til Edmonton að vetrinum, og þó þeir hafi þurft að fara í kring hjá Athabasca Landing, Slave Lake og Peace River Crossing, um 500 mílur, þá hefir það orðið þeim ódýrar, en að kaupa nauðsynjar sínar þar úti. En hér eftir geta þeir farið til Edson, sem er meira en helmingi styttra; og svo eru nú nýjar búðir að koma upp, og heyrði ég talað um, að öruverð væri að lækka; en ég held að afurðir bænda haldist í góðu verði næstkomandi 2 til 3 ár, því fólkið flykkist inn svo ótt, að það verður ekki nærri nóg af þeim til að nægja þörfum þess. Til dæmis voru 30 heimilisréttarlönd tekin á einu degi og 14 S. A. Scrip. Og yfir 30,000 ekrur voru teknar á 2 vikum, og alt af heldur straumurinn áfram.

Frá Grand Prairie ferðaðist ég til Dunvegan, sem er fyrir norðan Peace River ána. Það er mjög fallegt land þar niður með ánni að norðan, en hræddur er ég um, að það verði nokkuð langt, þangað til járnbraut fer yfir þá á þar í grend; bakkarnir eru um 800 feta háir frá hávatnsmarki, og svo er áin breið að því skapi. Það eru einar tvær eða þrjár smá hveitimölunarmylnur með fram ánni, svo menn geta fengið sitt eigið hveiti malað. Engin sveoleiðis mylna er enn í Grand Prairie, en búist er við hún komi bráðlega.

Dagar eru hér vesturfrá býsna langir; eiginlega er nóttin ekki nema þrjár klukkustundir.

Við Peace River Crossing hitti ég landa vorn, herra Anderson; hann er undirforingi (Sargent) í R.N.W.M.P. Hann lifir þar eins og blóm í eggi með konu sinni og 2 börnum. Hann er rausnarlegur heim að sækja, og hafði ég skemtun af að koma til hans. Hann er búinn að vera í þessu Norðvesturlandi í 25 ár. Herra Anderson sagði mér, að það væri landi einhversstaðar á Grand Prairie, fyrir stuttu kominn að heiman, og hefði hann unnið fyrir sér á leiðinni þangað til hann kom þangað vestur, mállítill hvað ensku snerti, og hefði náð sér í land. Um nafn hans veit ég ekki, en vel gert af honum hver sem hann er.

Frá Peace River Crossing keyrði ég til Granard, sem er við vesturendann á Slave Lake. Á þeirri leið er mest alt skógur, og ekki held ég að það sé neitt til muna af akuryrkjulandi í kring um Slave Lake, en talsvert er þar af hey og beitilandi. Hér er ég að bíða eftir bát, sem á að fara yfir vatnið til Athabasca Landing, og svo keyri ég þaðan til Edmonton, Ferðakostnaður þessa leiðar er: frá Edmonton til Athabasca Landing $8.00; frá Athabasca Landing til Granard $15.00; frá Granard til Peace River Crossing $8.00; frá Peace River Crossing til Grand Prairie $10.00. Þessi leið er um 500 mílur Kostnaður hér um bil sami og frá Edson, en vegir miklið betri.

Landar, sem hyggja á að fara hingað, hvort heldur til Grand Prairie eða Peace River, ættu að vinda bráðan bug að því, þar eð innflutningurinn er mikill og því betra að koma fyr en seinna. Ég hefi tekið 'Scrip' land í Grand Prairie, og býst við að fara frá Winnipeg með fjölskyldu mína í kring um 1. júlí. Ef einhverjir vildu verða með, þá gæti ég máske leiðbeint þeim eitthvað. Pósthús mitt þar úti verður Grand Prairie P.O., og verður mig að finna á Sect. 6 T. 73 R. 5 W. 6. — Aðal landskrifstofa fyrir þetta hérað hefir verið við vesturendann á Slave Lake, um tvö hundruð mílur frá Grand Prairie, en eftir 15. júlí næstkomandi verður landskrifstofa komin í Grand Prairie. Símskeyta lína er frá Peace River Crossing, og er verið að leggja hana alla leið til Grand Prairie. Póstur gengur aðra hvora viku, en bráðlega búist við vikulegum póstgöngum.

M. G. GUÐLAUGSON.

Hið nýja íslenzka mánaðarrit.

Söfnun áskrifenda til hins íslenzka mánaðarrits, sem ég undirskrifaður ætla að fara að gefa út, er nú svo vel á veg komin, að fyrirsjáanlegt er, að ritið kemur út í tiltekinn tíma. Ég vildi því biðja samlanda mína um sveitir úti, að senda mér nöfn áskrifenda, sem þeir hafa safnað, helzt fyrir lok júli-mánaðar. Vildi ég að bréf öll til mín yrðu send til: 378 Maryland Street, Winnipeg, Man.

Þau bréf koma öll til skila, sem þangað fara, hvort sem ég verð hér í Winnipeg eða á ferðum úti um sveitir.

Um fjölda Íslendinga hefi ég ekki vitað, hvar þeir eru niðurkomnir, eða þá ekki þekt utanáskrift þeirra, þó ég hafi haft hugmynd um verustað þeirra. En þeim mönnum vil ég benda á það, að mánaðarrit þetta, sem ég ber að gefa út, verður 48 bls. af lesmáli í hvert skifti. Það verður skemtirit með góðum sögum, fræðandi ritgerðum, ferðasögum, myndum af hinum og þessum löndum hér vestra og stuttu æfiágripi þeirra. Í því verða engar deilugreinir um pólitík eða trúmál. — Ég vonast eftir, að ritið komist inn á hvert einasta íslenzkt heimili, enda er nú þegar útlit fyrir, að svo verði. — Verð ritsins $1.50 um árið eða fyrir öll 12 bindin.

Öll bréf til mín sendist til: 378 Maryland St., Winnipeg, Man., — þangað til ég ráðstafa öðruvísi í blöðunum.

Winnipeg, 22. júní 1911.

Magnús J. Skaptason

Tóbak-Vísindalega meðferð þess

TILBÚNINGURINN. — Tóbak er jurt, og eins og allar aðrar jurtir þarf undirbúning til mannlegra nota. Það er eins mikill munur á réttilega tilbúnu tóbaki og blöðkutóbaki eins og á hrárri eða hæfilega soðinni fæðutegund. Sósan er tóbakinu það sem suðan er fæðunni, eða ólgan víninu. NEFTÓBAK ER VÍSINDALEGA TILBÚID TIL MANNANOTA.

Hversvegna tóbaks notendur kjósa Danskt framar öllu munntókaki:

Það er tilgert tóbak í þess hreinustu mynd.
Það er keim-betra og heldur styrkleik sínum og keim.
Það er drjúgt af því það endist betur. Það dregur ekki athygli, því það er ekki tuggið — að eins sett milli munngómanna
Það eftirskilur kælandi smekk í munninum. Það er tóbak vísindalega tilreitt til mannlegra nota.

Gæði og hreinleiki ábyrgstur.

Kaupmannahafnar Munn-Neftóbak er gert af bezta og kröftugasta blöðku-tóbaki, að viðbættum þeim efnum, er hafa sömu eiginleika og blöðku-tóbaks hreinsaður keimlögur. Tilbúningurinn viðheldur tóbaksgæðunum og hrekur remmuna úr laufinu.

AÐVÖRUN

Takið að eins lítið í munn, — annars finst yður máske tóbakið of kraftmikið.

Danskt Munn-Neftóbak er smá korn af hreinu, sterku munntóbaki. Þess vegna veitir það betur kraft sinn, en blöðku tóbak eða stórskorið tóbak, rétt eins og smámalað kaffi gefur kraftinn frá sér betur en grófmalað.

COPENHAGEN SNUFF
Er heimsins bezta munntóbak
NATIONAL SNUFF COMPANY, LIMITED
900 St. Antoine St., MONTREAL

St. Paul Symphony Orchestra.

Nýleqa stóð grein í blaðinu Free Press, er sýndi tekjur og gjöld St. Paul Symphony Orchestra á síðasta ári. Greinin er að því leyti fróðleg, að hún sýnir, að alþýða manna er enn ekki komin á það stig, að meta söngskemtanir slíkra félaga eins og þær eru verðar. Því víst má telja, að félag þetta sé skipað góðum söng- og hljóðfæraleikenda hæfileikum. En kostnaður félagsins á síðasta ári varð svo mikill, að beint peningatap þess af árs-starfseminni nam nálega 34 þúsundum dollars.

Nákvæmlega talið stóð reikningurinn svona:

Kostn. fél og stjórnanda	$42,996.70
Laun sérstakra spilara...	6,195.00
Augl., póstgjald o.fl.....	2,565.03
Húsaleiga	3,615.40
Skrifstofu og stjórnarkostnaður	4,184.38
Músik og fleira	964.05
Kostnaður alls	$60,520.56

Inntekt ir

10 Symphony Concerts	$17,286.35
Almennar samkomur ...	4,621.10
Sérstakir Concerts	1,186.96
Ágóði af vor 'Festival'	2,945.80
Tekjur alls	$26,740.21
Tap	33,780.35

Þetta tap verða þeir menn að borga, sem tekið hafa að sér úthald og myndun félagsins. Þeir láta þess getið, að á þessu yfirstandandi ári verði félagskostnaðurinn $3600 meiri en hann var síðasta ár, og að vænta megi þess, að tap á árinu geti orðið alt að 35 þús. dollars. Jafnframt vona þeir, að geta sýnt, að fyrir starfsemi félagsins á þeim tíma. sem liðinn er af þessu ári, muni verða einhver ofurlítill hagnaður, og af því mætti vænta, að félagið geri miklu betur á þessu ári en hinu síðasta. En það, að umsjónarmenn félagsins ætla sér að halda því saman og starfandi, þrátt fyrir tapið á síðasta ári, sýnir, hve mikið þeir eru fúsir að leggja í sölurnar, til þess að halda uppi þessum hljómleika samkomum; og alt í þeirri von, að alþýða manna muni með tímanum læra að meta sönglistina, svo að aðsókn að samkomunum verði næg til þess að borga, ekki eingöngu komandi tilkostnað, heldur einnig það tap, sem nú þegar er orðið.

Félag þetta er nýlega myndað og því ekki orðið eins vel þekt eins og Minneapolis Symphony Orchestra, sem landar vorir spila í. En með vaxandi þekkingu á félaginu, er vonað, að það muni ná svo alþýðu hylli að starf þess borgi sig.

Menningar-frömuðurinn með tólfkónga-vitið.

"Stigur!! stigur! lalli!!
á ljóðdóma palli;
klípur tönnum kvæða-hnot,
kjarnans hefur engin not,
Tungan bærist vellu-vot,
vaggar hvítur skalli.
Langt stigur lalli.

Lárus Guðmundsson hefir lengi gengið með þá tólfkongavit-flugu í höfðinu: að hann væri, vegna sinna frábæru hæfileika, sjálfkjörinn lífvörður eða verndarengill vestur-íslenzkrar menningar. Það hefir mátt svo að orði kveða, að enginn hafi getað hreyft svo hönd eða fót, að Lárus væri eigi þar ko inn, með sína spóa-vellu, til að segja fyrir um, hveruig menn ættu að bera sig að "gagnvart menningarþjóð skoðað". Má t. d.: nefna, að svo nákvæmlega sagði hann fyrir verkum í landnamssögu málinu um árið, að hann stilaði dálitinn kafla, og lét prenta í Heimskringlu, svo sá, sem bókina skyldi rita, gæti haft til fyrirmyndar. Annars var ekki víst, að still og orðfæri yrði í rettu lagi "gagnvart menningar þjóð". Öðru sinni settist hana upp og ritaði lög og reglur fyrir Hagyrðingafél. En þar fór sem oftar, að tillögur hans voru vettugi virtar, og hefir honum sviðið það sárar en flest annað mótlæti, því ljóðagerðina hefir hann látið mjög til sín taka. Lítur svo út, að sá sé meginþáttur hans heilögu köllunar, að "kveða niður með r ö k s e m i og djörfung alt skáldskapar-numbúgg en lyfta til álits og verðugrar viðurkenningar" því, sem það a skilið. En eftir því, sem nú horfir við, má Lárus betur færast í aukana áður hann fái lyft í frægðarsessinn sumu því, sem hann nú hefir í fangi, og eins að þyngra verður að stiga til, ef troðast skal niður alt það, sem hann hygst hafa undir fæti. Hann hefir þeytt upp hverri greininni á fætur annari af einhverju gagnrýnis-gutli, um alt og ekkert; varast eins og heitan eld, að beina orðum sínum að nokkru sérstöku. Og gaf það strax grun um, að hann bæri lítið skyn á það, sem hann var að þvæla um. Þessi svo nefnda "kritik" hans hefir því verið lítið annað en upptíningur eftir öðrum, sem hann hefir malað í sinni misskilnings-kvörn og bleytt í munnvatni sínu, áður en hann hefir borið það fram fyrir almenning. Eins og vænta mátti, gekk ekki æfinlega vel. að fá menn til að leggja sér þessar krásir til munns. Fór svo að lokum, að hann hætti starfi, reiður og uppgefinn. Ekki mátti hann samt lengi sitja um kyrt, því köllun sinni gleymdi hann aldrei. Undireins þegar hann hefir safnað kröftum leggur hann aftur á stað. Bardaga aðferðin er nú öll önnur en áður. Nú á að berja á tröllum. Kemur hann fram spentur megingjörðum menningar sinnar ("vér erum engin börn") og lærdóms; tvíhendir sinn altbrjótandi sálar-Mjölni í höfuð þeim jötninum, sem hann heldur mestan feng að. Þar fer líkt og þá er Þór sló til Skrýmirs sofandi: jötuninn rís upp og spyr, hvort laufblað nokkurt félli í höfuð honum". Ritgerð í Heimskringlu 4. ai sl. "Hæsta leirskáldið"), er það fyrsta, sem ég veit til að hann hafi gert að því að brjóta kvæði til mergjar og sýna fram á galla. Mér var að vissu leyti ánægja að lesa þá ritsmíð. Höfundurinn fer þar af öllum fötum, og gengur fram eins og hann er af guði gerður, og mun það vel við eigandi "gagnvart menningar þjóð". Þessi andlegi stórgripur er þar léttari á ser, en venja er til, rétt eins og væri hann nýleystur út af básnum eftir sex mánaða innistöðu. Það eru "Skeljabrot" eftir Þorstein Þorsteinsson, sem Lárus er að gagnrýna í þessari áðurnefndu ritgerð. Efni greinarinnar er lítið annað en illgirnis hróp og lítilsvirðing til Þorsteins fyrir kveðskap hans, og svo misskilningur á hverju einasta atriði, sem hann reynir að útskýra. Ég skrifa ekki þessar línur til að bera af Þorsteini hróp Lárusar eða lítilsvirðing. Það vari óþarfi; hann er almenningi að svo góðu kunnur fyrir kveðskap sinn, að Lárus og hans líkar vinna ekki áliti hans mein. Ég vil því að eins minnast á nokkur atriði þessarar lönguvitleysu Lárusar, þar sem hann er að brjóta til mergjar vísur Þorsteins fyrir "alþýðuna, sem grunt ristir í gildi skáldiskaparins", eins og hann sjálfur kemst að orði.

Er þá fyrst: "Þökk fyrir Kvisti" (Til Dr. Sig. Júl. Jóhannessonar) og hljóðar svo:

"Vor er á jörðu — vor hins djúpa og hulda,
sem vetur frysti milíón ára skeið,
Mannsandans vor, sem þýða á þjóða kulda:
hin þröngu "lög", sem hefta frelsi leið. —
Mannlífsins eik ber undra greinar nýjar
ins unga vors, sem leitar sumars til.
Þar átt þú K v i s t i: Kenningarnar hlýjar,
sem köldum hjörtum flytja vonaryl: —
sólaröld nýja — sumar fegri tíða,
en — sumars þess er, vinur, langt að bíða! —
Þökk fyrir "Kvisti"! — Sál þar sálu mætir
í sannleik lífs, sem huggar jafnt og grætir.

Út af þessari vísu gerir Lárus minn einna mest veður, segir hana "óviðjafnanlegt fimbulfamb", — "stjórnlausan heimsku rembing", "enga heillega mynd", o. s. frv. Þetta er að mér sýnist fallegasta vísan í 'Skeljabrotum'. Þar kemur ljóslega fram göfug lífsskoðun, trú á framþróun og sigur hins góða. Framsetning hugsananna er skáldleg og skýr. Skáldið líkir mannlífinu við eik, sem staðið hefir langan vetur í fjötrum frosts og myrkurs. Þeim kenningum eða hugsjónum, sem fegra lífið og betra, gera menn sælfi, er líkt við vorið, sem leysir frjómagnið úr fjötrum, knýr fram nýjan gróður. Þessar samlíkingar eru sannar og réttar, því þær hafa veruleikann að bakhjalli. Og myndin er vel dregin, skýr og fögur hjá Þorsteini. Hann þakkar Sig. Júl. fyrir "Kvisti", vegna þess að með þeim hafi hann gerst flutningsmaður þeirra hugsjóna, sem Þorsteinn vonar að muni hafa sömu þýðingu fyrir mannlífið. eins og sólin og vorið fyrir jurtalífið. Það má svo sem búast við stór umbótum í bókmentunum frá Lárusi mínum, þegar hann er búinn að lýsa því yfir, að hann sé "í standandi vandræðum með" annað eins og þetta. Og ekki verður leiðinlegt að hlusta á sönginn, þegar búið er að kveða niður alla þessa "bölvuðu apaketti, sem yrkja í þeim búningi, sem fair eða engir skilja". En svo fer Lárus að "hjálpa" og "láta ykkur vita, hvað hann (Þ. Þ. Þ.) ætlaði að segja, eða eiginlega vildi sagt hafa". Kemur hann þá með langa lotu af sinni vanalegu grautarsuðu. Grætur svo fögrum tárum af einskærri "getnaðargleði" yfir því, hve vel sér hafi tekist. (sbr.: "Eins og hugs, unin kemur nú þarna hjá mér. einföld og óbrotin og svo sönn").

"Í kuldanum".

Er gamanvísa fjörlega kveðin, en á ekkert skylt við vísu Kr. Jónssonar, sem Lárus tekur þar til samanburðar.

"Mælt út í bláinn" hljóðar svo:

"Já, lif vort á fleiri lalla en verndarengla
á leiðinni milli húsgangara og þengla.
Og Skottur og Mórar að skimpi oss hafa,
sem skráma vorn líkama, en sál vora grafa
í hæst-móðins tízku og erfðum frá afa.
— það finst máske seinna, þótt finnist ei strax,
hér flón áttu leiðsögn hins komandi dags,
að bálköstum erlendum bræðralags
þars brennur vors þjóðernis kræklótt rengla".

"Yrkisefnið í þessari skeljakræklu", segir Lárus, "er að minna menn á, hve sárfáir þeir eru, sem sjá dýrmætið og gróðann í því, að eiga þessi góðu skáld eins og Þ. Þ. Þ. En að því er ekki vikið með einu orði í vísunni. Þar er skáldið að "minna okkur á", að við munum ekki vaxa af því, þó við köstum frá okkur íslenzku þjóðerni.

"Á vori".

"Yfir sumar sólum
sólar dísir vaka.
Samt er dimt í dölum
— döggin breytt í klaka,
Hví er dimt á degi?
Drungi brosið hylur,
af því hjartað eigi
yndi vorsins skilur. —
Þeirri dróttt ei dagar
(dagar eru nætur),
níðhöggstönn sem nagar
neðstu hjartarætur".

Þetta heldur Lárus "eina harmaklögunina yfir flónsku alþýðu að geta ekki skilið og viðurkent sin miklu skáld". Lárus er áreiðanlega eini maðurinn, sem þann skilning getur lagt í vísuna. Ef hér er um "harmaklögun" að tala, er hún yfir því, hve lítifs menn njóti af sólaryl og vorblíðu þeirri, sem lifið í raun og veru hefir að bjóða. "Níðhöggstönnin" er það menningar öfugstreymi, sem snýr hugum manna frá því, sem gott er og fagurt og göfgandi svo vor og sumar fara að mestu fyrir ofan garð og neðan. Eðlileg lífsnautn og gleði verður að rýma, fyrir metorðagirnd, auðgræðgi og því líku. Þ. Þ. Þorsteinsson er ekki einn um þessar skoðanir, þær koma víða fram. Nú í síðustu Íslandsblöðum var kvæði eftir Þorstein Erlingsson. Þar eru þessar hendingar:

"Vetur er einatt hjá völdum og auð,
en vorið hjá syngjandi smölum".

Þorsteinn Erlingsson heður víst gleymt að spyrja Lárus, hvort rétt væri að segja þetta "gagnvart menningar þjóð skoðað"!! — Væri Lárus eins kunnugur verkum Tolstois, eins og hann lætur í veðri vaka, mundi hann hafa rekist á líkar hugsanir hjá honum. Hjal Lárusar um, að öll rússneska þjóðin "undantekningarlaust" hafi skilið Tolstoi, er svo barnaleg. sem mest má verða. Eða hver mun trúa því, að Lárus sjái langt inn í hugsjóna heim Steingríms og Matthíasar?

Það er enginn efi á því, að ýmislegt má finna að kvæðum Þ. Þ. Þorsteinssonar, en skáldgáfa hans er öllum auðsæ, sem nokkurt vit hafa á þeim hlutum. Og gagnrýni þar til færra manna væri honum til gagns. En misskilnings-vella Lárusar er hvorki honum eða öðrum til uppbyggingar.

Ég tala svo ekki meira um þessi "Skeljabrot"; höfundinum hefir víst aldrei komið til hugar, að þau væru talin stór skáldverk, á það bendir fyrirsögnin. En vísurnar eru allar laglegar og sumar prýðisvel gerðar, t. d "Þökk fyrir Kvisti" og "Á vori". Fjas L.G. um "staðlausa rangsleitni til beztu manna" og "lítilsvirðing á þjóðflokki sínum hér", eru tómar ofsjónir eða höfuðórar.

Margir hafa látið þess getið, að Lárus væri ekki svaraverður, og er það satt, þegar að eins er litið á gildi ritverka hans. En vegna þess, að blöðin sýna honum þá greiðvikni eða eftirlátssemi, að birta bull hans og ýmsir málsmetandi menn þá óverðskuldaðu viðhöfn að sparka í hann, sýndist mér rétt, að taka hann einu sinni sömu tökum og vanalega er gert við þá menn, sem álitið er að beri ábyrgð orða sinna og gerða.

22. júní 1911.

Hjálmar Gíslason.

VOR.

Í anda leirskáldsins mikla.

Krýnir vog
Vafurlog
Vorsins sæludaga;
Hýrt um völl,
Fold og fjöll;
Flæðir sólin haga
Snildarmál
Sýngur sál
Sælt við strengi braga
Jörð er fáguð alvalds helgum aga.

Vorsins skraut
Skrýðir braut
Skærum blómsturleiðum,
Ljómar glest
Starfið stærst,
Stirnir lauf á meiðum.
Signir vor
Sérhvert spor,
Sól í blárna heiðum
Krýnir alt á lífsins Skúlaskeiðum.

Guðlegt happ
Gyltum hnapp
Gegnum neslu smeygir,
Aflabrögð
Þorðalögð
Brúnin nálæg eygir;
Eflir þrótt.
Alt er hljótt,
Innflytjandinn þegir
Meðan skáldið signing helga segir.

Frá kvæða karli að norðan.

THE DOMINION BANK

MORNI NOTRE DAME AVENUE OG SHERBROOKE STREET

Höfuðstóll uppborgaður: $4,000,000.00
Varasjóður - - - $5,400,000.00

Vér óskum eftir viðskiftum verzlunar manna og ábyrgumst að gefa þeim fullnægju. Sparisjóðsdeild vor er sú stærsta sem nokkur banki hefir í borginni.

Íbúendur þessa hluta borgarinnar óska að skifta við stofnun sem þeir vita að er algerlega trygg. Nafn vort er fullrygging óhlutleika. Byrjið spari innlegg fyrir sjálfa yðar, komu yðar og börn.

Phone Garry 3150 — Scott Barlow, Ráðsmaður.

Vitur maður er varkár með að drekka eingöngu HREINT ÖL. Þér getið jafna reitt yður á

DREWRY'S
REDWOOD LAGER

Það er léttur, freyðandi bjór, gerður eingöngu úr Malt og Hops. Biðjið ætíð um hann.

E. L. DREWRY, Manufacturer, Winnipeg

STRAX

Í DAG er BEZT AÐ GERAST KAUPANDI AÐ HEIMSKRINGLU. — ÞAÐ ER EKKI SEINNA VÆNNA.

MANITOBA

TÆKIFÆRANNA LAND.

Hér skulu taldir að eins fáir þeirra miklu yfirburða, sem Manitoba fylki býður, og sýnt, hversvegna allir þeir, sem óska að bæta lífskjör sín, ættu að taka sér bólfestu innan takmarka þessa fylkis.

TIL BÚNDANS.

Frjósemi jarðvegsins og loftslagið hafa gert Manitoba heimsfræga, sem gróðrarstöð No. 1 hard hveitis.

Manitoba býður bændasonum ókeypis búnaðarmentun á búnaðarskóla, sem jafngildir þeim beztu sinnar tegundar á amerikanska meginlandinu.

TIL IDNADAR- OG VERKAMANNA.

Blómgandi framleiðslustofnanir í vorum óðfluga stækkandi borgum, sækjast eftir allskyns handverksmönnum, og borga þeim hæztu gildandi vinnulaun. Algengir verkamenn geta og fengið nægа atvinnu með beztu launum. Hér eru yfirgnæfandi atvinnutækifæri fyrir alla.

TIL FJÁRHYGGJENDA.

Manitoba býður gnægð rafafls til framleiðslu og allskyns iðnaðar og verkstæða, með lágu verði; — Frjósamt land; — margvíslegar og ótæmandi auðsuppsprettur frá náttúrunnar hendi; — Ágæt samgöngu og flutningatæki; — Ungir og óðfluga vaxandi bæir og borgir. — Alt þetta býður vitsmunum, auðæfum og framtakssemi óviðjafnanleg tækifæri og starfsarð um fram fylstu vonir. Vér bjóðum öllum að koma og öðlast hluttöku í velsæld vorri og þroskun. — Til frekari upplýsinga, skrifið:

JOS. HARTNEY, 77 York Street, Toronto, Ont.
JOS. BURKE, 178 Logan Avenue, Winnipeg, Man.
A. A. C. LaRIVIERE, 22 Alliance Bldg., Montreal,
J. F. TENNANT, Gretna, Manitoba,

J. J. GOLDEN,
Deputy Minister of Agriculture and Immigration, Winnipeg

Nevitt settist á bekkinn hjá henni og dálitið nær en Gwendoline kærði sig um. "Talaðu ekki þannig, Gwendoline", sagði hann smjaðurslega. "Við vorum þó einu sinni góðir vinir, og ég hefi ekki getað gleymt því".

Gwendoline þokaði sér fjær og leit fyrirlitningarlega á hann. "Alt breytist með tímanum", sagði hún harðneskjulega. "Það var áður en ég þekti yður rétt".

"Það var áður en þér þektuð Granville Kelmscott, eigið þér við", sagði Nevitt. "Ó, þér þurfið ekki að láta svona ólíkindalega, ég veit um það alt saman. En margt breytist með tímgnum, eins og þér sögðuð, og ég hefi komist að nokkru um Granville, sem ef til vill breytir skoðun yðar á honum, Gwendoline".

Gwendoline stökk á fætur og horfði harðneskjulega á hann. "Herra Nevitt, þér hafið enga heimild til að kalla mig Gwendoline lengur, og heldur ekki til að tala við mig um Kelmscott. Ég vísaði yður ekki á bug sökum neins annars manns, og því síður sökum peninga annars manns, heldur af því, að því betur, sem ég kyntist yður, því ver gazt mér að yður. Ég er ekki heitbundin Granville Kelmscott, ég tala ekki við hann oftar, og ég ætla ekki að giftast honum".

"Nú, það gleður mig að heyra", svaraði hann "það gleður mig bæði yðar og hans vegna, ungfrú Gildersleeve, því mér er kunnugt um, að Granville er alveg eyðilagður maður. Hann er ekki og hefir aldrei verið erfingi að Tilgate, og það var sannarlega heiðarlegt af honum, að leysa yður frá heitbindingu yðar, undir eins og hann vissi, að hann var blafátækur aumingi".

Endaþótt Gwendoline hataði þenna biðil sinn, gat hún þó ekki ráðið við forvitni sína, og langaði til

að heyra meira um Granville, svo hún gæti getið sér til um ástæðuna, sem væri í vegi fyrir því, að hann gæti kvongast henni. Hún sló því höndunum saman og sagði: "Hvað eruð þér að segja, hr. Nevitt? Hvað hefir Granville gert? Segið mér meiningu yðar í þessu efni".

"Nei, Gwendoline", sagði hann mjög ægt, "ég hefði ekki átt að minnast á það, það er leyndarmál. Ég tek orð mín aftur. Afsakið þér mig, þér getið skilið það, að tilfinningar mínar urðu um of æstar, þegar ég sá að stúlka, sem ég elska svo heitt og innilega, fleygir sér í faðminn á manni, sem er eignalaus og stöðulaus. En þar eð út litur fyrir það, að Kelmscott hafi af frjálsum vilja gefið yður lausn frá loforði yðar, þá er engin ástæða fyrir mig að aðvara yður. Við skulum því ekki tala meira um þetta".

Gwendoline fann að hún átti að yfirgefa hann, en hún gat ekki ráðið við forvitni sína; hana langaði til að vita, hvað hann meinti með þessum dulmælum sínum. "Ó, segið þér mér það", sagði hún og sló höndum saman. Hvað hafið þér heyrt um herra Kelmscott? Ég er ekki heitbundin honum, það er ekki þess vegna að mig langar til að vita það, — en —", hún þagnaði og roðnaði mikið.

"Nei, en gætið þess", sagði hann mjög alvarlegur, eins og hann væri heiðarlegasti maður undir sólég á annað borð segi yður nokkuð — má ekki segja unni. — "gætið þess, að það sem ég segi yður — ef nokkrum lifandi manni, það verður að vera leyndarmál okkar á millum. Ef þér segið nokkrum manni frá því, þá getur það komið mér í slæm vandræði. Þér skiljið það, að þar eð ég er sá eini, sem veit það, þá verð ég álitinn að vera skraffinnur, ef þér segið það nokkrum. Ef ég segi yður nú það sem ég veit, viljið þér þá lofa því hátíðlega að segja engum frá því?"

Gwendoline leit niður og skammaðist sín mjög mikið með sjálfri sér, en svaraði þó með lágri og skjálfandi röddu: "Já, ég lofa yður því, herra Nevitt".

&

"Hlustið þér þá á sannleikann", sagði Nevitt, með djöfullegum sigurhróss óm, sem undirhreim raddar sinnar. Hr. Kelmscott er ekki elzti sonur föður sins; hann er ekki og hefir aldrei verið erfingi að Tilgate. En það er enginn sem veit þetta, nema ég. Ég veit ennfremur, hverjir hinir réttu erfingjar eru, og get sannað réttindi þeirra. Sjáið þér nú, ungfrú Gildersleeve — ef ég á að halda áfram að kalla yður þannig — hvernig tíminn hefir breytt stöðu Granville Kelmscotts. Það er í mínu valdi, að eyðileggja hann alveg, og erindi mitt hingað var aðallega þetta: hugsið yður um, áður en þér gangið að eiga fátækan mann, sem hvorki á auð né stöðu. Þegar þér vaknið af þessum draum, vona ég það gleðji yður að geta snúið yður að þeim manni, sem ávalt hefir elskað yður síðan hann sá yður í fyrsta skifti, og sem tíminn hefir að engu breytt".

Náföl í framan horfði Gwendoline fast á hann. "Herra Nevitt", sggði hún fyrirlitlega, "ég elska yður ekki og get aldrei elskað yður, og þér hafið enga heimild til að tala til mín á þennan hátt, sem þér hafið gert. En ég er glöð yfir að vita nú, hvað hr. Kelmscott meinti, og þó hann sé eins fátækur og hann getur mest verið, er ég albúin við því að giftast honum á morgun, ef hann vill það. Ég tek orð mín aftur, ég giftist Granville þegar hann vill".

Hún horfði svo djarflega á hann, að hann varð að líta undan. Hann sá strax, að hann hafði farið rangt að, og misskilið þessa stúlku, en nú var of seint að breyta til eða draga sig í hlé, — það eina, sem hann gat, var að hefna sín. "Nú, jæja", sagði hann í dimmum róm, og horfði tryllingslega á hana.

því hann elskaði þessa stúlku og þótti sárt að missa hana, — "en munið eftir loforði yðar, og minnist ekki á þetta við nokkurn mann, það verður líka bezt fyrir yður og mannorð yðar. En takið eftir orðum minum: frá þessari stundu hlífi ég ekki Granville Kelmscott, og hætti ekki fyr en hann er alveg eyðilagður, það er minn fasti ásetningur. Á morgun fer ég til Devonshire; það er fyrsta sporið á móti honum, til bygðarinnar í nánd við Dartmoor; það er pláss í heiðarhéraðinu þar, sem heitir Mambury". — Hann lyfti upp hattinum svipillur og gekk í burt, án þess að kveðja hana eða líta við henni.

Gwendoline hraðaði sér heim, blóðrjóð af sneypu og reiði, og gekk beint til herbergis sins, settist niður og skrifaði fáeinar línur til Granville.

"Elskulegi Granville", skrifaði hún, "nú veit ég alt, og mig furðar stórlega, að þú skyldir halda að það hefði nokkur áhrif á mig. Ég veit að þú ert ekki elzti sonurinn, og að annar en þú er erfingi að Tilgate, en slíkt hefir engin áhrif á mig. Ég elska þig of heitt til þess, að taka nokkurt tillit til, hvort þú ert ríkur eða fátækur, og ég er fús á að giftast þér, hvenær sem þú krefst þess.

Þín ávalt óbreytanlega trygg,
Gwendoline".

Hún lét bréfið í umslag, lokaði því og hljóp sjálf með það og smokkaði því í póstkassann. En Nevitt, sem varð fyrir svo miklum vonbrigðum, gekk þau úr sér, að svo miklu leyti, sem hann gat, með því að fara langan veg og ganga hratt yfir engjar og beitilönd, unz hann kom á þjóðveginn. Þar borðaði hann óbreyttan morgunverð, brauð, smjör og ost í greiðasöluhúsi; svo hélt hann áfram þangað til hann kom á Guilford járnbrautarstöðina um kveldið. Það-

Sundurlausir þankar.

Góð tíðindi þóttu mér, er Kristján Jónsson varð ráðherra í stað Bjarnar, því af þeim manni býst ég við öllu góðu. En hálfkaldranalega þótti mér Winnipegblöðin íslenzku skýra frá þeim skiftum, sem stafar að ókindum af því, að Kristján var ekki svo stækur flokksmaður Sjálfstæðismanna (svo nefndra), að hann gat séð í sumum efnum góða viðleitni og í rétta átt hjá Heimastjórnarmönnum. En Lögb. og Hkr. hafa, að mínu áliti, jafnan verið mjög svo hlutdræg í stjórnmáladeilunum heima, þrátt fyrir allar afsakanir Heimskringlu. Hefir Kristján vafalaust því að eins gefið kost á sér, að hann hefir sannfærst um, að um hann gátu menn sameinast betur en nokkurn annan og af því hann hafði einlægan vilja á, að stuðla að friði og samvinnu, eins og hann lýsti yfir. Ekki er hægt að bregða honum um valdafýkn, þar sem hann þvertók fyrir, að gefa kost á sér til ráðherra, er hann átti víst að verða tilnefndur, og það slys vildi þar af leiðandi til, að Björn náði tigninni með ofurkappi og ófyrirleitni. Hann býst og fráleitt við að verða lengi í ráðherrasessi, sem sjá má af því, að hann setti það skilyrði, að geta aftur tekið við sínu fyrra embætti, háyfirdómara embættinu, enda mun það honum nær skapi og ólíkt friðsamara, en hann stillingar maður mikill. Ég lái ekki Skúla dýrkendum, hvort heldur heima eða hér vestra, þó þeir vildu gjarnan sjá Skúla verða ráðherra, en "illa þekki ég Finnstein þá", ef þá verður friður að méiri á Íslandi. Tel ég þó víst, að ekki verði mjög langt, þar til að þeim brunni ber, að Skúli verði ráðherra. — Engan dóm skal ég leggja á, hve mikill stjórnmálamaður Kristján er, en hann er af góðu bergi brotinn, sonur Jóns heitins Sigurðssonar frá Gautlöndum; og ýmsa kosti hefir hann sem ættu að koma sér vel fyrir ráðherra. Hann hefir lengi verið talinn bezti lögfræðingur landsins (þ. e. lögfróðastur), er ójúpartur maður, kann mjög vel að stilla geði sínu, og svo er hann alþýðlegur, að slikt er nærri eins dæmi um embættismann á Íslandi. Einnig er hann tigulegur maður sýnum, og hefir það oft meiri þýðingu en margur hyggur, að öðru jöfnu. — Jæja, hvort sem hann heldur ráðherratign lengur eða skemur, þá er eitt víst, að hann verður aldrei að athlægi né skriðdýr, þó hann skreppi yfir til Danmerkur.

Mig hálvegis langaði til að hóa í lætin", sem sé leirskáldadeilurnar, en af því nú er svo langt liðið síðan þær hófust, og einkum þar sem herra Gunnl. Tr. Jónsson segist ekki taka framar til máls í því máli, skal ég vera stuttorður. — Vér erum allir samdóma um, að of mikið birtist af leirbuili í blöðunum, og ég hefi áður minst á það; en ég er Hjálmari Gíslasyni samdóma um það, að eina ráðið sé að blöðin hætti að flytja slíkt, nema að borgað sé fyrir sem auglýsingar. Ég tel víst, að það mundi halda dálitið aftur af þess, uðum blessuðum leirskáldum, svo nefndum, en hins vegar ekki sanngjarnt að heimta það af blaðaútgefendum, að neita að birta við og við meinlaust bull, sem borgað er fyrir.

Hverjum einum ætti og að vera frjálst að láta prenta kvæðapésa sina, sem og þeim að kaupa, er vilja, hvort heldur í gustukaskyni eða af öðrum ástæðum. Að slikt skemmi smekk manna fyrir góðri ljóðagerð, geri ég ekki mikið úr; þeir eru svo dæmalaust fáir, sem lesa þá pésa hvort eð er. Öðru máli getur verið að gegna um blöðin, ef þau flytja mikið af slikum leir, að það geti haft slæm áhrif, en þó mun almenningur oftast kunna að greina á milli hins betra og lakara. Sízt er þo fyrir að synja, að í einstökum tilfellum getur smekkur manna fyrir góðum skáldskap spilst að mun. — Mætti þar til nefna Lárus Guðmundsson, sem tekur Hannes stutta og hans nóta fram yfir þorstein þ. Þorsteinsson, sem skáld. — Hvilikt ofurmagn heimskunnar!. — Ég held ég megi fullyrða, að það séu eitthvað um 5 ár siðan að Lárus endaði eina ritgerð sina með einu visuorði eftir Þorstein, og nefndi hann þa skáld og likti honum til Jónasar. — Svona hefir þá smekkur hans breyzt siðan; en máske hann sæki nú elliglöp? Meiri sómi heiði það verið Heimskringlu, að birta ekki hina fautalegu árás á Þorstein. Þótt slikt auðvitað haggi ekki hið minsta áliti manna á honum sem skáldi, þeirra, er óbrjálaða skynsemi hafa. — Hins vegar dettur mér ekki í hug, að fara að senna við Lárus um það, hvort Þorsteinn sé skáld eða leirskáld, en að eins minna hann á, að Þorsteinn er ekki sá eini, sem getur þess, að skáldin séu tíðum útt eða misskilin. Til dæmis segir skáldið heima á Íslandi (Bjarni frá Vogi). "Fjöldinn skilur ei skáldsins mál, — skilur þar heljardjúp á milli. — Veit ég ekki til, að á því hafi verið hneykslast.

Það þurfti ekki mikinn spámann til að sjá það fyrir, að Gunnl. Tr. Jónsson mundi lenda í deilum nokkurum út af leirskálda grein sinni, jafn hvatskeytlega og hann fór af stað, og þó varð aðaldeilan milli hans og Hjálmars Gíslasonar, aðallega um Hagyrðingadeilagið og góða íslenzku. Báðir eru þeir víst prýðilega pennafærir, en kurteislegar ritar Hjálmar. Margt eða öllu heldur flest hefir mér vel likað, er ég hefi séð eftir Gunnl. Tr., en ekki má hann reiðast mér, þó ég, sem eldri maður, bendi honum á, að kurteis rithátur hefir meira sannfæringar afl, þegar til lengdar lætur, en hróp og hrakyrði, og í persónulegum deilum ættu þau helzt ekki að eiga sér stað. Öðru máli getur verið að gegna, þegar ráðist er á eitthvert máleini (segjum t.d. leirbull og leirskáld) alment. Virðist þá einatt bezta ráðið, að ganga óvægið og hlífðarlaut að verki. Það gerði Jónas um rimurnar; og þó bæði mér og öðrum finnist þar of hart og ósanngjarnlega dæmt, þá verður því aldrei neitað, að það vakti menn til athugunar og meiri vandvirkni. Sú er og min spá, að þessar deilur í Heimskringlu hafi bætandi áhrif. Og ég vona þær verð ekki til þess, að okkar gömlu, góðu hagyrðingar (eða er það máske skáld?), svo sem Jón Kunólfsson, Þorskabítur, Jónas Daníelsson, Þorsteinn M. Borgfjörð, Hjálmur Þorsteinsson o.fl., o.fl., hætti að birta kvæði sín. Heldur ekki ættu þær að aftra nýjum hagyrðingum frá að láta til sín heyra, heldur vera þeim hvöt til að vanda sig.

Ef alþýðuskáld hefðu ekki verið á Íslandi, væri skáldskaparlistin eflaust á lægra stigi þar, en hún er, og frá þeim er komin mörg smellin og hnyttileg staka, sem geymst hefir mann fram af manni, þegar mörg góðkvæði stórskáldanna hafa gleymst, eða því sem nær.

Ég ætla í þessu sambandi að geta þess, að það var vel til fund, ið af Lögbergi, að birta alþýðuvísur, og sérstaklega þótti mér vænt um visuna eftir Jónas Guðmundsson heitinn á Ölvaldsstöðum, sem Halldór Daníelsson hafði sent því og blaðið birti um dag, inn. Ég vildi ég sæi fleira eftir Jónas heitinn. Honum var frábærlega létt um að yrkja svo blátt áfram, að það liktist mest óbundnu máli. Ef minn gamli kunningi, Halldór Daníelsson, les línur þessar, þá ætla ég að stinga því að honum, að mér þætti vænt um ef hann vildi senda mér: "Járnsmiði hætti ég hreint að lána", o.s.frv., sem ég er nú búinn að gleyma, en sem hann sjálfsagt kann ásamt mörgu fleiru eftir Jónas. Einnig skal ég geta þess, að byrjunina á visunni í Lögbergi lærði ég svona: "Þegar seinast ég frá þér fór", o.s.frv., og er það eðlilegra að efni og rími.

Ég held að Gunnl. Tr hafi gleymt einu einkenni á leirburði, þegar hann taldi upp aðaleinkennin, og það er: andlaust, meiningarsnautt orðaglamur, þó lítt eða óbjagað rím sé. Vil ég heldur stöku með rímgalla, smellna að öðru leyti, en þessa stefldu rímgallalausu "sigurhýru yfiliðu á tímans hausti", eða því um likt. Þeir mega kalla það skáldskap og fegurð (sbr. Lárus G.) sem vilja fyrir mér. En slikur skáldskapur minnir mig mest á Era Tobba, með sitt agara, gagara, þambara, vambara og æfra, kræfra, til að fá rétt rím. — Það er heldur ekki sjálfsögð afleiðing af Sigfús Benedictsson sé leirskáld, þó rímgallar séu hjá honum. Enginn kallaði Grím Thomsen leirskáld, en ekki var rím hans ávalt lýtalaust. Rímgallar finnast hjá mörgum góðskáldum, og er það alkunnugt. Þó finna megi erindi, sem kalla má leir, hjá einhverjum, sem við ljóðagerð fæst, þá er ekki endilega þar með sagt, að hann sé leirskáld. Margar voru vísurnar eftir Benedikt Gröndal, sem segja hefði mátt um: "Þetta er engian skáldskapur, Kolbeinn", en hver mundi kalla hann leirskáld fyrir það?

Þá hafa þeir verið að finna að íslenzkunni hvor hjá öðrum, Gunnl. Tr. og Hjálmar. Enginn ætti að taka þá illa upp, þó honum sé bent á málvillur eða málýti hjá honum, ef það er gert á kurteisan hátt. Það er gagnlegt og þakkavert, að slikt sé gert, einkum ef bent er á um leið, hvern ig átt hefði að komast að orði, svo réttara væri og betur mætti fara. Hefir Jón Ólafsson gert mest að því allra manna á siðari tímum, og unnið með því parít verk, þótt ekki væri ætið tekið með þökkum. Ég ætla ekki að setja mig í dómara sess um deilu þeirra G. og H., en að eins geta þess, að "fyrirmyndar-endemis íslenzka. Þýðingarlitið álit ég líka að reyna að útrýma þeim orðum, enda þó þau kunni að vera af útlendri rót runnin, sem hafa verið viðhöfð svo öldum skiftir á Íslandi og hvert íslenzkt mannsbarn notar í daglegu tali og oft á dag. Slik orð mega heita íslenzk, þegar þau hafa náð slíkri festu, að naumast verður mögulegt að útrýma þeim. Þaunig er því varið með sögnina brúka. T.d. um það, hve erfitt mundi að útrýma henni úr daglegu máli, mætti ég geta þess, að á skólaárum minum var eftirfarandi setning höfð eftir íslenzku kennaranum við skólann, og hentum vér piltar mikið gaman að henni: "Við brúkum ekki orðið að brúka, við brúkum orðið að nota". Ekki þori ég að ábyrgjast, að hann hafi haft setninguna alveg svona, en þó var því alment trúað meðal vor pilta, og hvað sem því líður, þá sýnir það þó, að erfitt yrði að útrýma slíkum orðum algerlega, ef ekki ómögulegt, og mega þau þá íslenzka heita, að mér virðist. Ég hefi líka stundum orðið þess var, að það er kölluð dönskusletta, sem er leukrétt norræna, einungis af því, að likt orð er í dönskunni. Menn virðast gleyma því, að meginpartur dönsk unnar er af norrænu runninn. — Jæja, ég býst hefzt við, að ég viðhafi orðið brúka í daglegu tali í þess mörgu myndum og samsetningum meðan ég lifi.

Eitt er það, sem þráfaldlega hefir hneykslað mig, og eflaust marga aðra, og það eru þau lítilsvirðingar og móðgunarorð, sem herra E. H. Johnson í Spanish Fork, Utah, hefir þráfaldlega skotið inn í fréttabréf sin til Hkr. um herra John Thorgeirson, Thistle. Í sömu fótspor fetar Gísli Einarsson frá Hrífunesi, í þau fáu skifti, sem hann skrifar, sem virðist aðallega gert til að hrósa herra E. H. Johnson. Nú, það er ekkert út á það að setja, þó hann hrósi Johnson, ef hann léti aðra í friði. Ég man hvað mig langaði til að taka í hendina á ritstjóra Heimskringlu og þakka honum, þegar hann setti ofan í við herra Johnson fyrir árásir hans á herra Thorgeirson fyrir nokkuð löngu síðan. Það virðist og að hafa hrifið að nokkru leyti. En nú nýlega kemur fréttabréf frá Gísla með hnútum til Thorgeirsson og vanalegu hrósi um Johnson. Ef nú E. H. Johnson er þessi skýrleiksmaður og lipurmenni ofl., ofl., sem ég skal ekki efa, þá ætti hann að sjá, að það er stór blettur á honum, að vera svona hvefsinn (ég minnist nú einnig óvirðingarorða hans um séra Runólf). Þá sjaldan herra Thorgeirson andmælir lítið eitt, er það ólíkt kurteisara. Alt sem ég sé eftir herra Thorgeirson, les ég með athygli og finn ekkert hlægilegt við það. Þar með ekki sagt, að ég sé honum að öllu leyti samdóma. En ég er ritstjóra Hkr. samdóma um, að Thorgeirson hlýtur að vera gáfaður maður, stm les mikið og hugsar vel og skipulega. Betur að slíkt hið sama mætti segja um oss aðra. sem sendum blöðunum línu við og yið, eða birtum eitthvað á prenti. Fréttabréf ættu að flytja sem minst af persónulegri úlfúð. Ætti að vera hægt að jafna það heima í héraði.

Sigurður Magnússon.

* * *

Athugasemd.

Það er alls ekki rétt hjá hinum heiðraða greinarhöfundi, að Hkr. hafi "hálf kaldranalega" skýrt frá útnefning Kristjáns Jónssonar í ráðherrasess Íslands. Hkr. farast þannig orð, meðal annars, 23. marz, í ritstjórnargrein um ráðherraskiftin:

"En úr því nú að ráðherraskiftin eru orðin, bjóðum vér hinn nýja ráðherra velkominn í sætið og óskum af alhuga, að honum megi auðnast að starfa sem mest og sem bezt fyrir Ísland og hina íslenzku þjóð, og láta sem heillaríkast starf eftir sig liggja við næstu ráðherraskifti".

Enginn getur með sanni kallað þetta "kaldranalega skýrt frá" gagnvart hinum nýútnefnda ráðherra — herra Kristjáni Jónssyni.

Þetta er hin eina ritstjórnargrein í blaðinu, sem fjallað hefir um Kristján Jónsson sem ráðherra eða útnefning hans í þann sess. — Hinsvegar höfum vér flutt fréttir þar eftir íslenzku blöðunum, sem vér höfum alitið næst sanni vera, — og að því leyti sem þær hafa hallmælt ráðherra útnefningunni og framkomu hans eftir að hann tók við völdum, sjáum vér ei annað en hallmæli þau hafi réttmæt verið. Ritstj.

A. S. TORBERT'S
RAKARASTOFA
Er í Jimmy's Hótel. Besta verk, ágæt verkfæri; Rakstur 15c en Hárskurður 25c. — Óskar viðskifta Íslendinga. —

JIMMY'S HOTEL
BEZTU VÍN OG VINDLAR.
VÍNVEITARI T.H.FRASER.
ÍSLENDINGUR. : : : : :
James Thorpe, Eigandi

MARKET HOTEL
146 Princess St.
á móti markaðnum
P. O'CONNELL, eigandi, WINNIPEG
Bezta vínföng vindlar og aðhlynning góð. Íslenzkur veitingamaður P. S. Anderson, leiðbeinir Íslendingum.

Woodbine Hotel
466 MAIN ST.
Stærsta Billiard Hall í Norðvestarlandinu
Tíu Pool-borð.—Álskonar vín og vindlar
Gisting og fæði: $1.00 á dag og þar yfir
Lennon & Hebb,
Eigendur

JOHN DUFF
PLUMBER, GAS AND STEAM FITTER
Alt verk vel vandað, og verðið rétt
664 Notre Dame Av. Phone Garry 2568
WINNIPEG

The Hyland Navigation Co.
hefur nú opnað
SUMAR SKEMTIFERÐA SKRÁSETNINGAR
Margar þegar skráðar.
TJALDSTAÐIR til leigu til sumardvalar, í
"HYLAND PARK"
Rétt við ána. Dýrðlegt útsyni. Strætisvagnar á hverjum tuttugu mínútum.
HYLAND NAVIGATION CO.
13 Bank of Hamilton Chambers. Winnipeg.

Með því að biðja sérlega um "T.L. CIGAR," þá ertu viss að fá ágætan vindil.
Smoke the T.L. CIGAR
T.L.
(UNION MADE)
Western Cigar Factory
Thomas Lee, eigandi Winnipeg

ALDREI SKALTU geyma til morguns sem hægt er að gera í dag. Pantið Heimskringlu í dag.

Nevitt, sem var fullkominn viðskiftamaður, laus við allar tilfinningar, samvizku og því um líkt rusl, leit á þetta eins og það lá fyrir, og réði þeim fastlega til að skrifa undir og nota tækifærið.

Því Montague Nevitt hafði strax séð það, að þetta væri heppilegast fyrir sín áform, bæði gagnvart Kelmscott ofursta og bræðrunum.

Bræðurnir voru nú raunar á annari skoðun. Þetta dularfulla bréf kveikti hjá þeim von um, að geta nú komist eftir, að hvaða att þeir væru, sem þeir höfðu svo lengi þráð, ef þeir findu og gætu fylgt þessu spori. En þetta spor benti á svo margt.

"Hvað sem þetta annars þýðir", sagði Guy með áherzlu, "þá sýnir það okkur hreint og beint að við erum skilgetnir synir auðugs manns; hvi skyldi hann annars krefjast þess, að við afsölum rétti okkar alveg blindandi? Og hvernig, sem þessi réttindi eru, þá er það alveg víst, að þau eru mikil, annars myndi hann ekki múta okkur með jafn mikilli upphæð til að afsala okkur þeim. Þú átt reiða þig á það, Nevitt, að það er ættaróðalið, sem hér er um að ræða, sem með réttu heyrir okkur Cyril til. Ég fyrir mitt leyti er á móti allri verzlun í blindni; ég skrifa ekki undir neitt, og sleppi engu frá mér, án þess ég viti hvað það er, og þetta vil ég ráðleggja Cyril að skrifa honum"

Cyril stóð og var að hugsa um miklu sorglegri spurningu. Var það hugsanlegt, að hann og Elma væru svo náskyld, að hún mætti ekki giftast honum, og að hún hefði fengið að vita þetta áður en hún mætti honum í skóginum?

Þeir sátu lengi og töluðu aftur og fram um þetta efni; spurningin var rannsökuð frá öllum mögulegum sjónarmiðum, ne a því eina, sem Cyril hafði verið að hugsa um, — en niðurstaðan varð sú,

að Cyril sat fast við sinn keip. Hann ætlaði að láta þessi 6 þúsund pund vera óhreyfð í bankanum, en jafnframt ætlaði hann strax að skrifa þessum ókunna gjafara, og afsegja með öllu að ganga að tilboði hans; ef nokkuð tilheyrði honum með réttu, þá vildi hann veita því móttöku sem sinni réttmætri eign, en hann vildi ekki afsala sér ókunnum réttindum, eins og bréfshöfundurinn fór fram á. Ef bréfshöfundurinn vildi segja honum alt eins og það væri, án þess að dylja nokkuð, svo hann og bróðir hans gætu gert sér rétta hugmynd um þetta efni, þá skyldi hann ganga að sanngjörnum og réttum samningum. En ef þetta væri svikabragð til að svifta þá löglegum rétti, þá vildi hann ekkert við þetta eiga. Þessi 6 þúsund pund, sem lögð hefðu verið inn í reikning hans, ætlaði hann ekki að hreyfa, svo höfundur bréfsins hefði ávalt aðgang að þeim.

"Og þar eð þetta er engin ástæða til þess að ég eyði sumrinu til ónýtis, Guy", sagði hann að síðustu, "þá ætla ég, eins og áform mitt var, að fara strax til Dinant og Spa til að mála myndirnar, sem Dale og Norton hafa beðið mig um. Á meðan getur þú og Nevitt reynt að komast eftir þessu ættarleyndarmáli. Ef þið þurfið mín með, þá getið þið sí ritað mér, og ég skal koma strax. Ég finn það glöggar nú en nokkru sinni áður, að ég verð að nota tímann, svo að ég geti öðlast frægð í iðn minni og grætt peninga".

"Ég er þér fyllilega samdóma", svaraði Guy. "Hún er vön við allsnægtir og skraut á heimilinu, og maðurinn hefir ekki heimild til að giftast kvenmanni, ef hann getur ekki veitt henni sömu kjör og hún er vön við, og farið með henni í sama félagslifið, sem hún var áður í. En þegar maður litur á þetta frá þessari hlið, Cyril, þá gætu þessi sex þúsund pund í raun réttri komið sér mjög vel".

XVIII. KAPÍTULI.

Biðillinn.

Þegar Montague Nevitt var kominn heim í herbergi sitt, neri hann höndunum saman af ánægju. Hann hafði notað sín spil vel, því nú hafði hann alt leyndarmálið í sinni geymslu, og það var áform hans að allir hlutaðeigendur skyldu að síðustu mega borga honum vel fyrir þessa þekkingu.

Eins og vant var, hafði Nevitt þetta ár fengið hvíld frá störfum sinum, og nú stóð þessi hvildartími yfir. Hann elskaði hafið, sólina og sumarið. Daginn eftir tók hann sér fyrir að ferðast um nágrenni borgarinnar London, og það var áform hans á þessari ferð, að sameina skemtanir og viðskifti. Dartmoor er t.d., eins og allir vita, sérlega aðlaðandi staður fyrir ferðafólk; og hvað gat nú verið skemtilegra fyrir mann, sem elskaði fegurð náttúrunnar, en að ganga kringum lyngvöxnu heiðina, yfir prestaköllin, sem að henni liggja, og skygnast eftir í kirkjubókunum um leið, hvort engar sannanir fengjust fyrir hinu ímyndaða hjónabandi Kelmscotts ofursta og móður Warringanna. Því Nevitt var sannfærður um, að slikt hlónaband hefði átt sér stað og hafði í því skyni í kyrþey auglýst í blöðunum í Plymouth, að hver sem gæti gefið sér upplýsingar um persónur undir nafninu Warring, fæðingu þeirra, giftingu og dauða, skyldi fá riflega borgun.

Því dauðastundin, sagði Nevitt við sjálfan sig með ánægjulegu brosi, er mér eins árríðandi og fæðingar og giftingar. Hann hafði komist eftir, hvaða

dag ofursti Kelmscott og lafði Emily Croke voru gefin saman í hjónaband, og hefði fyrri kona ofurstans þá ekki verið dáin, var hann tvíkvænismaður, og það gat orðið drjúg tekjugrein fyrir hann.

Meðan Nevitt var að hugsa um þetta, bjó hann sig undir að fara út að ganga.

Hann ætlaði samt ekki strax til Devonshire. Auk þess að hann var viðskiftamaður og elskur að náttúrunni og söng, var hann einnig tilfinningamaður. Allar hugsanir hans snérust ekki um gull og gróða; hann ætlaði í dag til Tilgate, í því skyni að finna þar stúlku.

Það er ekki ávalt hægðarleikur á Englandi, að geta fundið stúlku einsamla, en lánið hjálpar þeim djarfa, enda var hann nýkominn á landamærastiginn milli Tilgate og Woodlands jarðanna, þegar hann sá kvenmann í sumarbúningi sitja þar á bekk og styðja hönd undir kinn. Hjarta Nevitts hoppaði af ánægju, þegar hann sá þetta, því það var einmitt stúlkan, sem hann ætlaði að finna — Gwendoline Gildersleeve.

"Góðan morgun", sagði hann glaðlega um leið og hann gekk að bekknum, áður en Gwendoline, sem var í djúpum og óþægilegum hugsunum, sá hann og gat flúið. "Þetta má nú kalla að vera lánsamur. Ég kom hingað einmitt í því skyni að finna yður, en mér kom ekki til hugar, að ég findi yður einsamla, og það gleður mig stórkostlega, að vera svona heppinn, — nei, verið þér ekki svona óánægjulegar. Þér verðið þó að viðurkenna, að trygð mín við yður er að vissu leyti hrósverð, og ætti að vera yður ánægjuefni".

"Ég er ekki neitt ánægð yfir henni, hr. Nevitt", sagði hún kuldalega, án þess að taka í hendina, sem hann rétti henni. "Ég hélt að þegar við sáumst síðast, hefði ég kvatt yður fyrir fult og alt".

Náið í þetta

Hundrað alfatnaðir, gerðir úr fegursta Belwarp vaðmáli, trútt litaðir og handsaumaðir. Þeir komu of seint frá verksmiðjum til vorsölu, svo verksmiðjueigendur bera tapið af niðursetningu verðsins, meðan fatnaðirnir endast.

$13.50

væru ódýrir þó seldir væru á $20.00

PALACE CLOTHING STORE
Baker Block 470 Main St.
G. C LONG, eigandi,

"Skeljabrot".

Heill fjöldi af bréfum hefir borist mér úr ýmsum áttum í tilefni af "Skellabrota-grein" herra Lárusar Guðmundssonar, sem hér birtist fyrir nokkrum vikum um ljóðmæli herra Þorst. þ. Þorsteins sonar. Áskoranir þessara bréfa um, að ég birti í Heimskringlu ljóð þau, sem téð grein ræddi um, og að ég geri grein fyrir minu persónulega áliti á þeim, hefi ég ekki átt kost á að taka til greina fyr en nú. — Í þessu blaði birtist "Skeljabrota" bálkurinn eins og hann birtist í Lögbergi, og getur því hver einstakur lesandi blaðsins dæmt um hann eftir eigin geðþótta.

Hvað minni persónulegu skoðun líður á þeesum ljóðum Þorsteins sérstaklega og á skáldskapar hæfileikum hans yfirleitt, þá er það sannast sagt, að ég hefi aldrei gert neina kröfu til þess, að hafa þá þekkingu á ljóðagerð, sem veiti mér rétt til að leggja dóm á hana. Ég hefi haft þann sið —, sumir nefna það ósið —, að taka undantekningarlitið ljóðagerð landa vorra í blaðið, athugasemdalaust, og í þeim tilgangi, að lesendur mættu sjá og dæma um hana sjálfir. Og þó ég nú, til þess í einu að svara öllum áskorendum — birti skoðun mina á skáldhæfileikum Þorsteins og ljóðum hans, þá ætlast ég ekki þar með til þess að lesendur byggi neitt annað á henni en það, sem hún ber með sér, eða skoði hana sem fullnaðarúrskurð í málinu.

Ég skal þá taka fram það —

1. Að ég er í engan máta samdóma nafna minum Guðmunds syni um skáldhæfileika Þorsteins, né heldur um þá þýðingu, sem hann dregur út úr "Skeljabrotum" hans.
2. Ég lit svo á, að þ. þ. Þorsteinsson sé langt yfir það hafinn, að teljast hagyrðingur eingöngu. Mörg síðari ára kvæði hans bera þess ljósan vott, að hann megi teljast í góðskálda röð, og það veit ég með fullri vissu, að á Íslandi eru til þeir menn — og þeir eru hvorttveggja í einu: gáfu- og lærdómsmenn —, sem óhikað telja Þorstein í fremstu röð þeirra, er íslenzka ljóðagerð stunda fyrir vestan haf.
3. Ég tel það fjarstæðu eina, að telja þ.þ.þ. til leirskálda, svo nefndra. Andinn og efnið í og meðferðin á ljóðum hans eiga ekkert sammerkt því, sem leirburður nefnist.

Með þessu er það engan veginn sagt, að ég sé sammála Þorsteini í ýmsum skoðunum hans á mönnum og málefnum, — því ég er það alls ekki, og ég mundi gera alls, sem í minu valdi stæði — sanngjarnlega — til þess að berjast móti framgangi sumra þeirra skoðana, sem ég veit hann hefir. En ég álít þann skoðanamun okkar alls óviðkomandi skáldgáfu hans, og að engu leyti rýra hana. Ég viðurkenni fyllilega drengskap hans til þess, að hafa einsdæmi sannfæringu fyrir réttmæti skoðana sinna eins og ég hefi fyrir réttmæti skoðana minna. Og eins tel ég víst, að nafni minn Guðmundsson hafi einlæga sannfæring fyrir skoðun sinni á ljóðagerð Þorsteins, og tel ég það ekkert eini til óvildar-ágreinings milli okkar.

Hvað sérstaklega viðkemur "Skeljabrota" bálkinum, þá finn ég ekkert það í honum, er mér finnist gefa tilefni til jafn snarprar árásar, eins og nafni minn hefir gert á þorstein. Það má að vísu lesa út úr honum sumstaðar, að skáldinu finst lítið til um vitsmuni alþýðunnar og viðurkenningu þá, sem hún veiti skáldum sínum, og hefir hann fyr kveðið við þann tón. En þetta er einn af veikleikum skálda vorra margra, og ekki kippandi sér upp við það smáræði, sizt fyrir þá, sem náð hafa jafn háum aldri, viðtækri lífsreynslu og andlegum þroska, sem nafni minn Guðmundsson.

B. L. Baldwinson

Vandi er vel boðnu að neita.

Í 38. tbl. Hkr. talar R. J. Davidson til min nokkrum orðum.

Það gladdi mig að sjá, að hún gætir meira hófs í rithætti en áður, og röksemdaleiðslan er sýnilega aðalatriðið fyrir henni í þessari grein.

En sökum þess annarsvegar, að mér er ekki fyllilega ljós ástæða hennar til þessa máls í öllum atriðum, og þess hins vegar, að hún lætur þess getið í enda greinarinnar, að meira sé á boðstólum, ef æskt sé eftir, þá finst mér "vandi vel boðnu að neita", og leyfi mér því að óska eftir nokkurum frekari skýringum.

Gifuryrði og fullyrðingar um menn og málefni, sem sleglið er fram röksemdalaust, kalla ég sleggjudóma. Hvað kallar R. J. Davidson sleggjudóma? Ég hefi aldrei ætlað mér að bera af þjóðminni alt misjafnt, sem um hana yrði sagt; lét þess enda getið síðast, að ótalmargt væri það í fari hennar, sem betur mætti fara. En ég áskil mér rétt til að mótmæla þegar hún er barin brigzlum alveg út í loftið, eins og R. J. Davidson gerði seinast, og þegar hún var að kvarta yfir þeim ómurlegu forlögum, að vera sprottin af þessari eitruðu rót, lá beinast við að álita, að hún þættist þekkja aðra betri, og að það hafi gefið henni ástæðuna til þessarar umkvörtunar. Ætlun min var því engin önnur en sú, að færa líkur að því, að ísl. þjóðin mundi hafa alt tiltölulega jafn mikið gótt til að bera sem aðrar þjóðir, og því færði ég til nokkur af hinum betri dæmum hennar.

En nú lætur hún þess getið, að hún hafi aldrei óskað þess, að vera af annara þjóða bergi brotin, því eitthvað muni vera bogið hjá þeim líka. Hér eru skilningi minum sett takmörk, því við þetta týkur þessi eina líklega ástæða til kvörtunarinnar út í veður og vind, því til hvers er að kvarta sérstaklega um það að vera sprottin af íslenzkri rót, þegar ekki er um annað sýnilega betra að gera. Það virðist vera skynsamlegast enn sem komið er, að reyna að sætta sig við það að vera kominn af mönnum, þótt misjafnir séu. Eða hvert vildi hún helzt geta rakið rót sína?

Mér þykir heldur vafningasamt, nú um há-annatímann, að fara að elta uppi, í íslenzkum blöðum og tímaritum, röksemdir til stuðnings máli R. J. Davidson; veit þó hinsvegar, að þar má finna margt misjafnt. Mér þykir hendi næst að gripa til þessarar andlegu húðstroku og þyrnivandarins, sem hún lét dynja yfir þjóð sína, og hvað sem tilfinninganæmi sálar minnar líður, — um það skal ég ekki dæma —, hélt ég að andinæli min hefði verið sýnilegur vottur þess, að mér er ekki sama um það, hvað borið er á borð fyrir mig og þjóð mína.

Getur vel verið, að Gróa á Leiti hafi sagt mér, að R. J. Davidson hafi fátt af dygðum forfeðranna, því margar gerast nú Gróurnar. Enn hefi ég samt ekki fullvrt neitt um ástand hennar í því efni og ætla mér ekki. En Gróa á eftir að segja mér það, hvar og hvenær R. J. Davidson hefir kanaast við ávirðingar sínar.

Mér virðist að snurða sé hlaupin á hugsunarþráð R. J. Davidson sem æskilegt væri að hún greiddi. Í fyrri grein sinni taldi hún að ljóður væri á ráði þjóðarinnar um marga hluti, og eitt meðal annars það, hversu andlega böðulseðlið væri ríkt í henni, hversu húðstrokurnar væri tíðar og þyrnarnir sárir, en henni finst að hennar eigin húðstroka sé réttmæt, — það megi ekki alt af vera að hæla mönnum, og til frekari áréttingar skirskotar hún til Guðmundar á Sandi.

Það bætir ekki sviðann að hella eitri og ólyfjan í sárið, og ekki tjáir að fara hershöndum um meinsemdir mannanna. Sanngirnin gerir geigvænlegar fjarlægðir að einu órskóti. Ósanngirnin lengir þær um allan helming.

Það er sizt hörgull á þeim mönnum, sem þykjast geta tekið þjóðina á kné sér og sagt henni, hvernig þetta eða hitt eigi e k k i að vera. Hinir eru færri, sem eru þess umkomnir, að leggja ráðin á um það, hvernig hlutunum skuli haga svo vel fari.

Nú er útrætt um þetta mál frá minni hálfu og má R. J. Davidson hafa orðið seinast. Það er ekki nema sjálfsögð kurteisi gagnvart henni, enda mun hún þykjast eiga rétt á því

Jónas Þórbergsson.

Gáfuð kona.

Ungfrú E l í n a Þorsteinsdóttir, sem um nokkur undanfarin ár hefir stundað nám við ríkisháskólann í Grand Forks í Norður Dakota, útskrifaðist þaðan 15. þ. m. með bezta vitnisburði og með "Bachelor of Arts" nafnbót. Stúlka þessi skaraði svo framúr sambekkingum sínum ekki að eins við burtfararprófin heldur einnig við prófin yfirleitt öll árin, sem hún stundaði nám við skólann, að hún hlaut tvenn verðlaun fyrir. Hún hlaut verðlaun þau, er nefnast "The Gansl Scholarship Cup" og hafa verið veitt síðan árið 1905. Það er silfur-bikar, sem skólanum var gefinn af manni, er heitir Gansl. Bikarinn er eign skólans, og á hann er grafið ár hvert nafn nemanda þess úr tölu þeirra, er útskrifast úr deildum þeim, er nefnast "College of Liberal Arts" og "Teachers' College", sem hefir fengið beztan vitnisburð yfir prófin allan námstímann á skólanum, eins og "catalogue" skólans skýrir frá, "that members of the graduating class whose average standing during his entire college course has been the highest". Nafn Lennar verður því nú grafið á þennan bikar, og er það talinn hinn mesti heiður, sem nokkrum nemanda við skólann getur veizt. Einnig hlaut hún sem verðlaun $300.00 "Graduate Fellowship". Þann styrk getur hún notað til þess að halda áfram námi sínu í einhverri grein, sem hún sjálf kýs, og er því líklegt, að hún haldi námi sínu áfram á næsta ári.

Stúlka þessi er dóttir Þorsteins Þorsteinssonar, bónda í Gardarbygð og Sigríðar konu hans, og hefir alist upp hjá foreldrum sínum þar í bygðinni. Hún hefir með framkomu sinni, myndarskap og dugnaði orðið sjálfri sér, foreldrum sínum og þjóðflokki vorum til mikils sóma. Og Heimskringla samglessst henni og foreldrum henn ar yfir þessum mikla heiðri, sem henni hefir svo maklega veizt.

Í þetta sinn átti Hkr. ekki kost á, að flytja andlitsmynd af stúlku þessari, en vonar að geta gert það síðar.

Fréttabréf.

Staddur í Battleford, Sask.
Heiðraði ritstj. Hkr.,
17- júní 1911.

Mér hefir dottið í hug, að skrifa þinu heiðraða blaði fáeinar línur af ferðalagi minu í Saskatchewan og Norðvesturlandinu. Eg lagði af stað frá Edmonton í maí og norður á bóginn í áttina til Peace River héraðsins; en vegna vondra brauta komst ég ekki eins langt og ég hafði ætlað mér, á að gizka 300 milur, enda leist mér ekki á það pláss til aðsetuts vegna járn, brautarleysis og ýmsra annara örðugleika, sem ætið eru í afskektum héruðum. Og sneri ég því til baka til Edmonton, og þaðan aust ur til Lloydminster og norður til Cold Lake, sem er hundrað milur beint norður, og eru þar víða góð lönd, sérstaklega fyrir vestan vatnið, og væri æskilegt, að Íslendingar, sem vilja ná í lönd, kæmu þangað og skoðuðu sig um sem allra fyrst. Sérstaklega eru þessi lönd góð fyrir "Mixed Farming",

Þaðan hélt ég svo suður áleiðis til Battleford. Á leið þessari er mjög hrikalegt land, skógar og hæðir, þar til kemur til Bright Sand Lake, sem er 70 milur norðvestur frá Battleford. Fór mér þá að litast betur á landið, enda var ég þá kominn inn í 5 ára gamla bygð hérlendra manna. Var mér þá sagt, að þrir Íslendingar væru að fiska þar við vatnið, og fór ég því norður með vatninu á að gizka tvær milur, til að finna landana. Það voru þeir Joe Helgason, frá Selkirk og Leifi Hallgrímsson, frá Mikley; þeir eru hluthafar í félaginu Western Fish Co., sem þeir hafa stofnað ásamt einum hérlendum manni; en þriðji íslenzki hluthafinn John T. Stephenson, sem er formaður félagsins, var ekki viðstaddur, hafði skroppið til Edmonton og Calgary í erindagerðum fyrir félagið. Því það meðhöndlar mikinn fisk, hæði sem það kaupir og fiskar sjálft, — þetta frá 18 til 20 tons á viku, alt hvitfiskur. Eg stansaði hjá löndunum nokkurn tíma, og sögðu þeir mér, að íslenzk bygð væri þar 12 milur suður frá vatninu, þar sem þeir ásamt nokkrum Selkirk Íslendingum hefðu numið lönd, og skal telja nokkra af þeim: Gísli Árnason (fyrrum 'Roadmaster' á járnbrautinni milli Winnipeg og Selkirk), Tobias Finnbogason (sem fyrrum stjórnaði gufubátum á Winnipeg vatni) og Aleck Friðriksson (gamall fiskiútgerðarmaður frá Lake Winnipeg); einnig Goodmannsons feðgar þrir frá North Dakota, þessir munu vera komnir ir lengst á veg með kornrækt, 200 til 300 ekrur hver undir hveiti í ár. — Svo eru nokkrir fleiri, sem komið hafa á sl. ári, svo sem Stefán Halldórsson og sonur hans Jón, Joe Magnússon, Jón Sveinsson og Jakob Jónsson. Allir frá Selkirk. Þessir eru einnig vel á veg komnir eftir orðum hérlendra nágranna þeirra, sem ég hafði tal af, — eftir því sem við má búast á jafn stuttum tíma.

Þennan sama dag keyrði ég áleiðis til Mervin P.O., meðfram íslenzku bygðinni, en vegna annríkis mátti ég ekki vera að að tefja hjá neinum af þeim. Landið er þar eitthvert hið fegursta, sem ég hefi séð, og hefi ég þó víða ferðast, bæði um Manitoba og Vesturfylkin. Land er þar í mjög hátt verði, frá 25 til 30 dollara ekran. Enda er það ekki að furða, því járnbraut er komin til Mervin og bær að rísa þar upp, sem er 4 milur frá Íslendingabygðinni. Lóðir þar í bænum eru komnar í afarhátt verð, og fólkið streymir þangað inn daglega, mest frá Bandarikjunum. Það er í ráði, að leggja þessa braut frá Mervin til Athabasca Landing, en ekki er líklegt, að hún verði fullger í nokkur ár, og verður því eflaust mikill uppgangur í þeim bæ. Það er kvað vera í ráði, að byggja þar tvær kornhlöður fyrir næsta haust; enda mun það ekki af veita, því kornrækt er í stórum stíl þar hjá hérlendum mönnum, og hafa þeir, sem ég hefi talað við, látið ánægju sína í ljósi yfir framtíðarhorfum þessa bygðarlags — og má því búast við, að landar vorir þar eigi góða og arðsama framtíð fyrir höndum.

O. R. Olsen.

Fréttir frá Íslendingadagsnefndinni.

Nú hefir nefndin fengið ræðumenn fyrir flest minni, og eru það menn eins og við lofuðum áður, sem við heyrum ekki til á hverjum degi; samt eru þeir mentaðir menn og mælskir, og svo vel þektir hver í sinu héraði, að allir munu verða ánægðir með það sem þeir segja 2. ágúst.

Sama er að segja með kvæðin, þau verða tekin af betri endanum. — Við nafngreinum höfundana og ræðumenn bráðum, en alt bíður sins tíma.

Vel borgar sig að synda lagleg og vera fljótur að því 2. ágúst, því nefndin hefir ákveðið að launa það vel.

Mér hefir verið bent á, að í síðustu fréttum frá Íslendingadagsnefndinni taki ég ekki fram, hvort það séu að eins íslenzkar stúlkur, sem keppa eigi um verðlaunin "að verða fundin fallegust 2. ágúst".— En það athugaleysi! Eins og það gæti átt sér stað, að nokkur annara þjóða stúlka mundi verða dæmd fallegust þar sem íslenzku stúlkurnar eru á þingi. Nei, engin hætta, hún verður íslenzk, enda svo til ætlast af nefndinni, því að eins íslenzkar stúlkur taka þátt í fegurðar-keppninni.

Glimur verða vel launaðar, — enda glímumenn betri en áður.

Gleymið ekki að koma á River Park 2. ágúst. (Meira).

R. Th. Newland.
ritari nefndarinnar.

ÞORSTEINN Þ. ÞORSTEINSSON:

Skeljabrot.

Tind í tómstundum.

I.

Á uppboði.

Á sömu vog, á sama mál,
er sérhver bókin vegin, mæld.
Hvert hugrænt orð, hver eldleg sál
við óhrein *cent* er lítmd og mæld,
(að minsta kosti á þessu þingi).—
Mót andans þyngd hjá almenningi,
er eyrisvirðið þúsundfalt.
Þar Tolstoi fell mót tveyringi,
en trú og "nikkel" vega salt!
Hver "koparhlunkur" grænn sem gras,
er giftudrýgri en Matthias!
— Hér máttu sjá það, sálin mín,
hvað seinna muni bíða þín.

II.

Þökk fyrir "Kvisti"

(Til Sig. Júl. lækn's Jóhannessonar).

Vor'er á jörðu — vor hins djúpa og hulda,
sem vetur frysti miljón ára skeið.
Mannsandans vor, sem þýða á þjóða kulda:
hin þröngu "lög", sem heftu frelsi leið.—
Mannlífsins eik ber undra greinar nýjar
ins unga vors, sem leitar sumars til.
Þar átt þú *Kvisti*: Kenningarnir hlýjar,
sem köldum hjörtum flytja vonaryl:—
sólaröld nýja — sumar fegri tíða,
en — sumars þess er, vinur, langt að bíða!—
Þökk fyrir "Kvisti"! — Sál þar sálu mætir
í sannleik lífs, sem huggar jafnt og grætir.

III.

Svar.

Þið segið skáldin skilji sig ei sjálf,
og skáldsins breytni sé mót kenning hálf.
En hver fær skilið alt, sem andann dreymir
og æðstu hugsjón fylgt, sem sálin geymir?
Og samtíð þess er sannleiksbrotið gefur,
hún sig og hann í lyga slæður vefur.—
Samt hugsjón dreymd í dagrenningi aldar
í dagsverk oft er breytt er nóttin tjaldar.

IV.

Ómögulegt.

Þótt fjöll og jökla færa mætti úr stað,
og falda krafta leysa úr tímans bandi,
þá frelsast aldrei þjóðarbrotið það,
sem þykir skömm að sínu eigin landi,

V.

Í kuldanum.

Vér Manitoba ei mundum gleyma.
Þótt munnvatnið frysi ei uppí oss.—
Á klakanum þykir þeim kalt að dreyma
um komandi vor og sumars hnoss.
Að fsstrengli verður hver kystur koss,
sem kemst ekki af vörunum fyr en hann blánar.
(Þeir hlæja ei sem slá hversu gamanið gránar).
Og frostbólguhnúta hver höðdur ber
á höndum og fótum unz veðrið skánar.—
Alt jafnt að innan sem utan blánar.
Nú blávatn vors félagslífs, íslenzkra, er
í fs breytt, sem guð veit hvort þánar.

VI.

Endir á þjóðsögu.

Þótt dreymi oss þjóðleg — inndæl æfintýri,
þau enda, við dagsbrún, hjá ketti út í mýri,
sem rekur út tungu, og — réttir upp stýri.

VII.

Mælt af munni fram—út í bláinn.

Já, líf vort á fleiri lalla en verndarengla
á leiðinni milli húsgangara og þengla.
Og Skottur og Mórar að skimpi oss hafa,
sem skráma vorn líkama, en sál vora grafa
í hæst-móðins tízku og erfðum frá afa.
—Það finst máske seinna, þótt finnist ei strax,
hér flón áttu leiðsögn hins komandi dags,
að bálköstum erlendum bræðralags
þars brennur vors þjóðernis kræklótt rengla.

VIII.

Á vori.

Yfir sumar sólum af því hjartað eigi
sólar dísir vaka. yndi vorsins skilur.—
Samt er dimt í dölum Þeirri drótt ei dagar
—döggin breytt í klaka, (dagar eru nætur),
Hví er dimt á degi? nöðhöggstönn sem nagar
Drungi brosið hylur, neðstu hjartarœtur.

IX.

Ef —

Ef — ást og list í eining hjá þér vinna,
þú eignast gimstein snildarverka þinna.

X.

Fæðing og dauði.

(*Gömul arabisk vísa*).

Þú grézt í kjöltu, bert og nýfætt barn.
er brostu allir kringum heima arn.
Líf svo: — Þá síðsti blundur lokar brá
þú brosir vært, en drótt þér gráti hjá.

PIANO Kjörkaup

Hinn mikli fjöldi af Pianós, sem skift er fyrir HEINTZMAN & Co. Pianós, gerir það að verkum, að vér höfum nú mörg brúkuð hljóðfæri, sem vér seljum fyrir afarlágt verð.

Notið tækifæriið, ef þið viljið komast að kjörkaupum.

J. J. H. McLean & Co LIMITED

Cor Portage Ave. & Hargrave
Phone Main 808.

Fréttir úr bænum

Herra Þorbergur Þorvaldsson, Ph.D., kom frá Harward háskólanum til bæjarins í sl. viku, og hélt rakleiðis norður til foreldra sinna í Árnes bygð. Hann býst við að dvelja hjá þeim vikutíma, og halda svo rakleiðis til Þýzkalands til að halda þar uppi visindarannsóknum um 12 mánaða tíma.

T. Mayne Daly, lögregludómari hér í borg, andaðist skyndilega á laugardagsmorguninn var. Hafði verið hraustur fram á föstudagskveld, en þá slitnaði æð innvortis, og fengu læknar ekkert að gert. Daly var hæfileikamaður mikll og um eitt skeið innanríkisráðgjafi í Ottawa stjórninni.

Ungfrúrnar Sigurlín Baldwinson og Karolína Thorgeirsson fóru á laugardaginn suður til North Dakota skemtiferð, og ætla að dvelja þar hálfsmánaðartíma.

St. B. Stephansson, kaupmaður frá Læslie, Sask., kom hingað til borgarinnar á þriðjudaginn. Sagði einsdæma gott gróðrarútlit þar vestra, ef engin óhöpp kæmu fyrir.

Ungfrúrnar Hulda og María Laxdal fóru á föstudaginn var vestur til Leslie, Sask. Þær ætla að dvelja nokkrar víkur hjá ættingjum og vinum þar vestra.

Þann 24. þ.m. gaf séra Rögnv. Pétursson í hjónaband hér í borg þau herra Alexander Oscar Olson og ungfrú Ingibjörg Þóra Magnúsdóttir Hinriksson, bæði frá Churchbridge, Sask. Brúðhjónin héldu samdægurs heimleiðis. Hkr. óskar til lukku.

Herra Magnús G. Guðlaugson, sem um sl. 2 mánuði hefir verið að ferðast um Grand Prairie í Peace River héraðinu, kom til baka til borgarinnar í sl. viku. Skýrsla frá honum er á öðrum stað í þessu blaði. Lesið hana.

Í ráði er, að nokkrir ungir Íslendingar nér í borg myndi líkamsæfinga eða íþróttafélag, er nefnist "Icelandic Athletic Club. Stofnunarfundur þess verður haldinn í prentstofu þeirra Anderson bræðra 555 Sargent Ave. á fimtudagskveld í þessari viku. Allir Íslendingar, sem óska að taka þátt í þessum félagsskap, eru beðnir að sækja fundinn. Byrjar kl. 8.

Herra Pétur Björnsson, bóndi í Leslie-bygð, faðir séra Rögnvaldar Péturssonar og þeirra bræðra, var hér á ferð í síðustu viku í kynnisför til sona sinna hér. Hann sagði uppskeruhorfur ágætar vestra.

Í síðasta blaði var getið um lát Kára sál. Þórarinssonar og hann sagður 54 ára gamall; átti að vera 46 ára.

Herra Ásmundur Ásmundsson, sem um tíma hafði dvalið hér í borg, en bjó áður í Brandon um 18 ára tíma, flutti héðan alfarinn til Moose Horn Bay P.O., Man., í þessari viku. Í för með þeim hjónum er herra Friman Frimansson, sem hyggur að styrkja þau til að vinna heimilisréttarland þeirra þar nyrðra.

Séra Rúnólfur Marteinsson messar í Tjaldbúðinni næsta sunnudag, kvelds og morguns.

Herra Pétur Árnason frá Íslendingafljóti var hér á ferð í síðustu viku, á leið til Leslie bygðar í Saskatchewan, í kynnisför til dóttur sinnar þar.

Áskorun til Winnipeg Íslendinga.

Ég veit, að ekki svo fáir góðir Íslendingar í þessum bæ hafa hugsað um og fundið þörfina á, að við þyrftum að eiga lystigarð einhversstaðar á fallegum stað innan eða utan takmarka Winnipeg borgar.

Winnipeg er aðal aðsetursstaður Vestur-Íslendinga og svo mun lengi verða. Nú er álitið, að um 5000 Íslendingar eigi hér heimili eða séu hér mestan hluta ársins. Ekkert mundi sameina Winnipeg Íslendinga betur, en fallegur lystigarður, er þeir ættu einir.

Ástæðurnar fyrir því, að þessu sé komið í framkvæmd, eru að mínu áliti þessar:

1. Þar gætu Íslendingar halt allar sínar samkomur þegar veður leyfir.
2. Það mundi draga þá saman og kynna þá hvern öðrum betur en annars er kostur.
3. Það mundi efla samúð og samhug á öllum sviðum, bæði sem Íslendinga og Canadaborgara.
4. Það mundi afla þeim enn meira álits bæði heima og hér.
5. Þar gætum vér reist minnismerki okkar mestu og beztu mönnum.
6. Og það gæti orðið stórt gróðafyrirtæki, sem allir gætu tekið þátt í. Því fyr sem þessu yrði komið í framkvæmd, því betra. Einlægt stígur land í verði, og þar mest, sem æskilegast væri að eiga slíkan lystigarð, svo sem suður með Rauðánni og vestur með Assiniboine ánni.

Tillaga mín er, að gengist sé fyrir og boðað til almenns fundar. Málið þar rætt og kosin nefnd til að athuga málið, benda á heppilega staði, þar sem enn er hægt að kaupa. Gefa einnig álit sitt um, hvort stofna skyldi hlutafélag eða hafa fé saman öðruvísi, og að sú nefnd legði svo tillögur sínar fyrir næsta almennan fund. — Langar umræður í blöðunum um þetta, eru ekki nauðsynlegar. Aðalatriðið er að vinna að því fljótt og vel, og það vona ég að allir verði viljugir að gera.

R. Th. Newland.

TIL MINNIS.

Ég hefi tekið eftir því, að í Free Press stendur auglýsing frá einhverri konu, sem býður sig í ráðskonustöðu, og er lysthafendum boðið að snúa sér til B. L. Baldwinsonar, 792 Sherbrooke St. Þetta er gert án minnar vitundar, og er ekki vel þegið. Þess vegna er þess nú getið, að hvorki ég né Heimskringla tökum við slíkum upplýsinga leitunum. Fólk, sem auglýsir, ætti að beina umleitununum beint til sín, en forðast allar óþarfa krókaleiðir.

B. L. B.

Herra Magnús G. Guðlaugsson, sem nú er að flytja með konu sína og börn vestur í Peace River héraðið, vantar vinnukonu til að fylgjast með þeim hjónum þangað vestur. Þær, sem vildu sinna þessu, snúi sér að 504 Agnes St. tafarlaust.

Sigrún M. Baldwinson

TEACHER OF PIANO

727 Sherbrooke St. Phone G. 2414

Herra Jón Hólm, gullsmiður að 770 Simcoe St., biður þess getið, að hann selji löndum sínum gull- og silfur-muni og gigtarbelti. — Belti þessi eru óbrigðul við gigt, ef þau eru notuð samkvæmt fyrirskipunum Jóns. Kosta að eins $1.25.

SKEMTIFERÐ

Ungmennafélag Únitara hefir skemtiferð til Riverside Park, með bátnum Alberta fimtudagskveldið þann 29. þ.m. Báturinn fer frá frá Norwood bryggjunni kl. 8. Takið Fort Rouge, Corydon Ave. eða St. Boniface strætisvagna. — Farseðlar 50 cents. Komið og skemtið ykkur með ungmennunum.

Bréf á skrifstofu Hkr. eiga:

R. J. Davidson, bréf og bögguf.
Ingibjörg Jósefsdóttir.
J. Th. Clemens.
Kr. Á. Benediktsson.
E. Th. Jónasson.

Beðið að leiðrétta í Hkr. 15. júní 1911 í grein "Átakanleg harmafregn" orðið "reiðar hendur", á að vera reirðar hendur, eftir lávarð Byron.

FÆÐI OG HÚSNÆÐI.

Undirrituð selur fæði og húsnæði frá 1. júli næstk., að 629 Maryland St.

ELÍN ÁRNASON.

GOTT HERBERGI TIL LEIGU á Victor stræti, skamt frá Sargent Ave. Lysthafendur snúi sér til Gunnl. Tr. Jónssonar á Heimskringlu.

Munið eftir að heimsækja ungu piltana í Skuld í kveld (miðvikudag). Þeir gefa Ice Cream og fleira góðgæti; einnig gott prógram og dans eftir fund.

LEIÐRÉTTING.

Það var Gissur hvíti, sem mægð ist við Mörð, en ekki Snorri goði, eins og stóð í greininni til Jónasar Þorbergssonar. Ég bið lesendur velvirðingar á þessu gáleysi mínu.

R. J. Davidson.

JÓN JÓNSSON, járnsmiður, að 790 Notre Dame Ave. (horni Toronto St.) gerir við alls konar katla, könnur, potta og pönnur fyrir konur, og brýnir hnífa og skerpir sagir fyrir karlmenn. — Alt vel af hendi leyst fyrir litla borgun.

Municipality of Bifrost.

Abstract statement of Receipts and Expenditures from Jan. 1st. 1909 to Dec. 31st. 1909.

RECEIPTS.		EXPENDITURES.	
Cash on hand and in Bank Dec. 31st. 1908	$ 280.81	Paid to Schools	$ 2642.97
Taxes collected	7937.90	Roads and Bridges	3835.63
Bills payable	2500.00	Bills payable D.B.	2763.64
Received from Prov. Government	500.00	Interest	45.28
Wolf Bounty Provincial Government	110.00	Wolf Bounty	202.00
Proceeds of Tax Sale	148.03	Printing, Postage and Stationery	196.14
Timber permits and other Collections	363.86	Survey & Road purchasing	390.57
		Health, Salary & Expense	39.40
		Municipal Commissioner	131.93
		Salaries	361.00
		Vital Statistics	19.50
		Charity and Hospital	222.00
		Officers indemnity	265.85
		Noxious Weeds	101.49
		Real Estate	148.03
		Miscellaneous	410.13
		Cash on hand and in Bank Dec. 31st 1909	65.04
	$11,840.60		$11,840.60

Certified correct A. G. McKenzie, Prov. Mun. Auditor.

Financial statement for the twelve months, ending December 31st. 1909.

ASSETS.		LIABILITIES	
Cash on hand and in bank Dec. 31st. 1910	$ 65.04	Schools Árdal	$ 417.00
Unpaid Taxes	8734.20	" Árnes	284.90
Wolf Bounty	27.00	" Baldur	320.00
Unpaid permits and other dues	67.50	" Framnes	388.00
Real Estate	163.00	" Geysir	344.00
Road Machinery	75.00	" Hecla	165.13
Office, Lumber & Supplies	175.00	" Lundi	394.90
		" Laufas	203.84
		" Vidir	358.00
		Bills Payable	236.36
		Interest	90.00
		Road Work	528.43
		Municipal Commissioner	147.16
		Miscellaneous Accounts	263.42
		Surplus Assets, over Liabilities	5165.60
	$9,306.74		$9,306.74

Certified correct. A. G. McKenzie, Prov. Mun. Auditor.

Abstract statement of Receipt and Expenditures from Jan. 1st. 1910 to Dec. 31st. 1910.

RECEIPTS.		EXPENDITURES.	
Cash on hand Dec 31.1909	$ 65.04	Road and bridges	$ 5606.81
Taxes Collected	10049.48	Schools	3433.23
Bills payable	3500.00	Municipal Commissioner.	147.16
Received from Provincial Government (grant)	1721.16	Hospital and Charity	719.74
Recd. from other sources	336.19	Wolf Bounty	100.00
	$15,671.87	Salaries	540.50
		Councillors indemnity	270.75
		Printing, Postage and Stationery	180.81
		Vital Statistics	16.00
		Solicitor	90.10
		Survey and right of way	94.82
		Noxious Weeds	65.16
		Refunds	13.55
		Lumber	52.93
		Miscellaneous	354.19
		Bills payable	3736.36
		Interest	238.50
		Cash in Bank	4.60
		Cash on hand	6.66
Cash on hand Dec. 31st 1910	$ 6.66		
Receipts to date	877.81		
Deposits and Cash paym.	850.58		
Balance cash on hand March 31st. 1910	33.89		
	$ 884.47		$15,671.87

Certified correct A. G. McKenzie. Prov. Mun. Auditor.

Financial statement for the twelve months, ending December 31st. 1910.

ASSETS.		LIABILITIES.	
Cash in Bank	$ 4.60	Schools' Árdal	$ 361.00
Cash on hand	6.66	" Árnes	166.50
Uncollected Taxes	8476.94	" Baldur	318.00
Prov. Government	500.00	" Bjarmi	200.00
" " Wolf Bounty	17.00	" Big Island	173.38
Bills receivable (Hospital Afc's	653.00	" Framnes	389.20
Timber fees uncollected	28.50	" Geysir	369.90
Unpaid proceeds of Sale impounded animal	12.00	" Laufas	259.30
Tax sale certificates	179.11	" Lundi	306.70
Office Supplies, Etc	432.53	" Vidir	361.30
		Municipal Commissioner	112.26
		Road Work	573.07
		Salaries	150.00
		Sundries	247.19
		Surplus. Assets over Liabilities	6322.54
	$10,310.34		$10,310.34

Certified correct A. G. McKenzie, Prov. Mun. Auditor.

Dr. G. J. Gíslason,
Physician and Surgeon
18 South 3rd Str., Grand Forks, N.Dak
Athygli veitt AUGNA, EYRNA og KVERKA SJÚKDÓMUM ASAMT INNVORTIS SJÚKDÓMUM og UPPSKURÐI. —

Dr. J. A. Johnson
PHYSICIAN and SURGEON
HENSEL, N. D.

H. C. DUFTON
JÁRNSMIÐUR
Gerir alskyns járnsmíði og aðgerðir vírtjeiting o fl.
Mozart :-: Sask.

Dalman & Thorsteinson
MÁLARAR
Gera alskonar húsmálning. Kalsomining og leggja pappir. Alt verk vandað og fljótt afgreitt. Phone Garry 240
797 Simcoe St.

R. TH. NEWLAND
Verzlar með fasteignir, fjárlán og ábyrgðir
Skrifstofa: No. 5. Alberta Bldg. 255½ Portage Ave.
Sími: Main 972 Heimilis Sherb. 1619

J. J. BILDFELL
FASTEIGNASALI.
Union Bank 5th Floor No. 520
Selur hús og lóðir, og annað þar að lútandi. Útvegar peningalán o. fl.
Phone Main 2685

TILBOÐ.
Við undirskrifaðir tökum að okkur alla grjótvinnu, sem við getum af hendi leyst eins fljótt og vel og nokkur getur gert. Við seljum grunn undir hús, hlöðum kjallara, steypum vatnskeröld og gangstéttir, gerum steinsteypu í fjós, o.fl.
Jacob Frimann
Hergr. Hallgrimson
Gardar, N. Dak.

BOYD'S BRAUÐ
Vér höfum gert það að fastri reglu, að nota þau efni ein göngu, sem gera brauð vor lystug og nærandi. Ef þér viljið hafa slík brauð, þá símið
Sherbrooke 680

MARTYN F. SMITH,
TANNLÆKNIR.
Fairbairn Blk. Cor Main & Selkirk
Sérfræðingur í Gullfyllingu og öllum aðgerðum og tilbún aði Tanna. Tennur dregnar án sársauka. Engin veiki á eftir eða gómbólga. —
Stofan opin kl. 7 til 9 á kveldin
Office Phone Main 6944. Heimilis Phone Main 6462

Th. JOHNSON
JEWELER
286 Main St. Sími M. 6606

G. S. VAN HALLEN, Málafærzlumaður 418 McIntyre Block., Winnipeg. Talsími Main 5142

MINNISVARÐAR ÚR MÁLMI
eru fullkomnastir, billegri og mikið fallegri en steinn. Endast óumbreytanlegir alla tíð. Spyrjið um þá, áður en þér kaupið stein.
Fáið upplýsingar hjá
J. S. LEIFSON,
Quill Plain, Sask.

Sherwin - Williams PAINT
fyrir alskonar húsmálningu.
Prýðingar-tími nálgast nú. Dálítið af Sherwin-Williams húsmáli getur prýtt húsið yðar utan og innan. — Brúkið ekker annað mál en þetta. — S.-W. húsmálið málar mest, endist lengur, og er áferðarfegurra en nokkurt annað hús mál sem búið er til. — Komið inn og skoðið litarspjaldið. —
CAMERON & CARSCADDEN
QUALITY HARDWARE
Wynyard, - Sask.

Union Loan & Investment Co.
45 Aikin's Bldg.
PHONE GARRY 3154
Lánar peninga, kaupir sölusamninga, verzlar með fasteignir: hús, lóðir og lönd. Veitir umsjón dánarbúum.— Peningum veitt móttaka og 7% vextir ábyrgstir.
Íslenzkir forstöðumenn. — Hafið tal af þeim
H. Petursson, John Tait, E. J. Stephenson

JOHNSON & CARR
RAFLEIDSLUMENN
Leiða ljósvíra í íbúðarstórhýsi og fjölskylduhús; setja bjöllur, talsíma og tilvísunar skífur; setja einnig upp mótors og vélar og gera allskyns rafmagnsstörf.
761 William Ave. Phone Garry 735

A. S. BARDAL
Selur líkkistur og annast um útfarir. Allur útbúnaður sá besti. Enfremur selur hann alskonar minnisvarða og legsteina.
121 Nena St. Phone Garry 2152

Sveinbjörn Árnason
Fasteignasali.
Selur hús og lóðir, eldsábyrgðir, og lánar peninga. Skrifstofa: 310 McIntyre Blk.
office TALSIMI 4700. hús Tal. Sherb. 2018

BONNAR, TRUEMAN & THORNBURN,
LÖGFRÆÐINGAR.
Suite 5-7 Nanton Blk. Winnipeg, Man. Main 766 P.O.BOX 223

Anderson & Garland,
LÖGFRÆÐINGAR
35 Merchants Bank Building
PHONE: MAIN 1561.

HANNES MARINO HANNESSON
(Hubbard & Hannesson)
LÖGFRÆÐINGAR
10 Bank of Hamilton Bldg. WINNIPEG
P.O. Box 781 Phone Main 378 " " 3142

Gísli Goodman
TINSMIÐUR.
VERKSTÆÐI: Cor. Toronto & Notre Dame.
Phone Garry 2988 :: Heimilis Garry 899

Winnipeg Andatrúar Kirkjan
horni Lipton og Sargent.
Sunnudagasamkomur, kl. 7 að kveldi. Andartrúarspeki þá útskýrð. Allir velkomnir.
Fimtudagasamkomur kl. 8 að kveldi, huldar gátur ráðnar. Kl. 7.30 segul-lækningar.

W. R. FOWLER A. PIERCY.

Royal Optical Co
307 Portage Ave. Talsími 7286.
Allar nútíðar aðferðir eru notaðar við augn-skoðun hjá þeim, þar með hin nýja aðferð, Skugga-skoðun, sem gjöreyðir öllum ágiskunum. —

Talsími Heimskringlu
Garry 4110

Heimskringla.

Heimilis talsími ritstjórans:
Garry 2414

XXV. ÁR. WINNIPEG, MANITOBA, FIMTUDAGINN, 6. JÚLÍ 1911. Nr. 40.

BJARNASON & THORSTEINSON

Fasteignasalar

Kaupa og selja lönd, hús og lóðir víðsvegar um Vestur-Canada. Selja lífs og eldsábyrgðir.

LÁNA PENINGA
út á fasteingir
og innkalla skuldir.

Öllum tilskrifum svarað fljótt og greiðanlega.

Wynyard - - Sask.

Sigurför Bordens.

Mr. R. L. Borden hefir nú lokið ferð sinni um Saskatchewan og Alberta fylkin, og er kominn aftur til Manitoba. Viðtökurnar, sem hinn Conservative leiðtogi hlaut allstaðar þar vestra, voru stórfengilegar, svo að enginn stjórnmálamaður hefir aðrar eins sæmdarviðtökur hlotið, og stingur það mjög í stúf við hinar köldu viðtökur, sem Sir Wilfrid hlaut í fyrra á hinum sömu stöðum.

Í Edmonton, kjördæmi innanríkisráðherrans Hon. Frank Oliver's, höfðu margir búist við fremur köldum kveðjum. En hvað teyndist? Fagnaðarviðtökurnar, sem Mr. Borden hlaut þar, gáfu Winnipeg viðtökunum ekkert eftir. Og hinn mikli mannfjöldi, sem hlustaði á Mr. Borden og félaga hans, virtist sem einn maður fallast á það, sem þeir höfðu að segja.

Á laugardaginn talaði Mr. Borden í Prince Albert, og á mánudaginn í Sask.toon. Í báðum þessum borgum gekk Conservative leiðtoganum alt að óskum.

Á þriðjudagskveldið hélt Mr. Borden sinn síðasta fund í Saskatchewan, í Yorkton. Fékk hann þar sem annarstaðar sæmdarviðtökur og ágætis áheyrn.

Þessi leiðangur Conservative leiðtogans um þessi tvö alment álitnu sterk-liberölu fylki sýnir ótvíræðlega, að þau eru það ekki lengur. Hin einarða og göfugmannlega framkoma og stefna Mr. Bordens hefir aflað Conservative-flokknum stórum fylgis þar vestra og sigurvænlegt útlit við næstu kosningar.

Í dag (miðvikudag) og hina þrjá næstu daga ferðast Mr. Borden um Manitoba, og endar leiðangur sinn á laugardagskveldið að Somerset.

Fregnsafn.

Markverðustu viðburðir hvaðanæfa.

— Harðir jarðskjálftakippir gerðu vart við sig á sunnudaginn meðfram allri strandlengju Californiá ríkisins. Hrundu hús allviða og skemdust. Hræðsla mikil greip fólk í San Fransisco og víðar, svo til vandræða horfði; einn maður dó af hræðslu.

— Sjómenn á Bretlandi hafa gert alment verkfall og heimta hærri laun. Verkfall þetta hefir verið í aðsigi undanfarnar vikur, þó það brytist ekki út fyrir alvöru fyr en á fimtudaginn var. Þá yfirgáfu hásetarnir og aðrir undirmenn undantekningarlítið öll skip, er á höfnum lágu á Englandi, Skotlandi og Írlandi; því nær öll farþega og flutningaskip urðu tept vegna verkfallsins, — þrátt fyrir það, þó sum á gerðarfélögin yrðu strax við kröfum verkfallsmanna. — Í sambandi við þetta sjómannaverkfall gerðu einnig verkamenn þeir, er vinna að afferming skipa, verkfall og heimtuðu að 'union' þeirra væri viðurkend, og að verkamenn þeir, sem ekki eru 'union' menn, væru reknir og eftirleiðis neitað um vinnu. — Sem afleiðing af þessu verkfalli liggur mikill fjöldi norskra og þýzkra skipa á höfnunum, en sem ekki er hægt að afferma. Hvað sjómannaverkfallinu viðvíkur, þá munu útgerðarfélögin hafa lofað, að verða við kröfum sjómannanna, að undanteknum nokkrum, sem hafa lýst því yfir, að þau sæu sér ekki fært að gera það, og af því leiðir, að sjómennirnir byrja ekki að vinna aftur hjá félögum þeim, sem við kröfum þeirra hafa orðið, unz hin gera slíkt hið sama. Í sumum borgum, svo sem Hull, Liverpool og Belfast, hafa orðið uppþot og herlið verið sent til að halda lýðnum í skefjum. Í bærginni Cardiff á Írlandi varð blóðugur bardagi milli verkfallsmanna og verkfallsbrjóta, sem flestir eru Kínverjar, og urðu margir alvarlega særðir í þeim skærum. — Þau farþegaskip, sem látið hafa úr höfn, hafa flest haft verkfallsbrjóta innanborðs. Meðal útgerðarfélaga þeirra, sem skip sín eiga tept á brezkum höfnum, eru: Allan, Cunard, White Star og Dominion 'línurnar', einnig C.P.R. skipin. — Alment er búist við að verkfall þetta standi skamma stund, og að útgerðarfélögin verði við kröfum sjómannanna um 10 shillings launahækkun á mánuði. — Nær sextíu húsundir manna taka þátt í verkfallinu. — Á mánudaginn létti verkfallinu, og gengu útgerðarfélögin að flestum kröfum sjómannanna.

— Kólera hefir stungið sér niður í Konstantinópel, höfuðborg Tyrklands og í Triest í Austurríki.

— Nýverið var afhjúpaður í Sæby í Danmörku minnisvarði yfir Wilhelm Lassen, fyrrum fjármálaráðherra og einn hinn mikilhæfasta stjórnmálamann Dana í seinni tíð. Mannfjöldi mikill var saman-kominn við þetta tækifæri.

— Saskatchewan búar, eða öllu heldur Georg konungur, urðu fyrir slæmum óhöppum nýverið. Svo var mál með vexti, að um 20,000 Saskatchewan bændur sendu konunginum í krýningargjöf mjög vandaða silfurkörfu tólf hunda bunga og fulla af brauði úlbúnu úr Saskatchewan hveiti, sem átti að færa konungi heim sannninn um ágæti hveitisins. En þegar silfurkarfan barst konungi og var opnuð á hátíðlegan hátt, brá mönnum heldur en ekki í brún, — öll brauðin farin. Er búist við, að einhver hafi nevtt brauðanna á leiðinni. Nú hafa leynilögreglumenn verið settir á stúfana til að finna hann eða þá, sem sem fyrhertir hafa verið, að stela konungsbrauðum þeirra Saskatchewan búanna.

— Gagnskiftasamningarnir eiga ekki sjö dagana sæla í Bandaríkja senatinu. Mótstaðan gegn þeim vex með degi hverjum, og alt virðist benda til þess, að þeir muni kafna í umræðum að þessu sinni, því nú hefir verið rifist um þá í senatinu meir og minna í tvo mánuði. Breyting ofan í breytingu bornar fram og feldar, og upp-kastið stendur engu nær úrslitum en í upphafi þingsins. Reynt var að fá ákvörðun þess efnis, að upp-kastið yrði borið til atkvæða 24. júli, en það var felt. Það er almennings álit, að gagnskiftasamningarnir nái ekki fram að ganga á þessu þingi, og sofni þeir nú, er hætt við, að þeir vakni ekki aftur, og mundi Canada búum þykja litt skaði skeður, þó svo yrði.

— Banatilræði var spönsku konungshjónunum sýnt sl. fimtudag, er þau voru á ferð um aðalstræti borgarinnar, ásamt mannfjölda miklum. Sprengikúla var kastað inn í mannþyrpinguna, og kom hún niður skamt frá konungshjónunum og sprakk þar, en engan sakaði til muna og konungshjónin alls ekkert. Sá, sem sprengikúlunni kastaði, komst undan. Þetta er í sjöunda sinni, sem Alfonso konungi hefir verið sýnt banatilræði.

— Járnbrautarslys varð fyrra miðvikudag nálægt borpinu Bardwell, Wis. Misti lestastjórinn og kyndari lífi; sjö menn særðust hættulega og hundrað manns urðu fyrir smámeiðslum. Slys þetta vildi þannig til, að gufuvagn hljóp út af sporinu og velti um koll tveimur næstu vögnunum. Annað járnbrautarslys vildi til sama dag nálægt Marinette, Wis., og mistu tveir menn þar lífið, og einn særðist til muna. Slys þetta var af manna völdum, hafði steini verið kastað milli skiftiteinanna, sem olli því, að lestin fór út af sporinu.

Colonel Paul Johnson.

Páll Jóhannsson er fæddur að Keldunesi í Kelduhverfi í Norður-þingeyjarsýslu á Íslandi þann 2. nóvember 1851, og ólst þar upp í foreldrahúsum til 10 ára aldurs. Þá önduðust bæði foreldri hans, — vorið 1862. Fluttist hann þá að Víkingavatni til frænda sinna og var hjá þeim um 10 ára tímabil, þar til árið 1872. Fór hann þá til Þórðar Guðjohnsens, faktors á Húsavík, og var þar við verzlan eitt ár.

Sumarið 1873 flutti hann til Ameríku, og settist að í Toronto borg í Canada og var þar 2 ár. Þaðan flutti hann til Nýja Íslands, og dvaldi þar um fjögra ára skeið, þar til sumarið 1879, að hann flutti til Norður Dakota, settist að í Pembina County og hefir dvalið þar jafnan síðan.

Páll hefir gefið sig allmjög við opinberum málum í Dakota ríki, og getið sér með því góðan orðstír. Hann hefir gegnt þar friðdómarastörfum um 25 ára tíma, og við frálfall Magnúsar Brynjólfssonar var hann kosinn í stjórnarnefnd Demókrata flokksins í Norður Dakota.

Í þau 32 ár, sem Páll hefir dvalið í Norður Dakota, hefir hann gegnt ýmsum opinberum stöðum, og er á yfirstandandi tíma í stjórnarnefn Alliance félagsins og Pembina County Mutual felagsins, einnig Mountain Co-operative félagsins, o. fl.

Páll er hár maður og hermannlega vaxinn, og áhrifamaður í hvívetna þar sem hann beitir sér. Að hann njóti almennrar virðingar, ekki að eins heima í héraði heldur einnig út á við og hjá stjórnendum landsins, má vel merkja af því, að ríkisstjórinn yfir Norður Dakota ríki hefir nýlega með embættisskjali, undirrituðu af honum sjálfum, sæmt herra Paul Johnson ofursta (Colonel) tign, sá eins og komist er að orði í veitingarskjalinu, gert hann að "Colonel and aid de camp in the Military Forces of the State of North Dakota". Á íslenzku mætti nefna hann sveitarforingja og aðstoðarlífvörð í herliði Norður Dakota ríkis. Ossvitanlega hefir enginn Íslendingur í Ameríku hlotið slíkan heiður fyr, og enginn Íslendingur í heimi áður verið sæmdur 'Colonels' tign.

Heimskringla óskar Colonel Johnson langra lífdaga, og að hann megi bera tign þessa með jöfnum sóma og hann hefir gegnt þeim öðrum stöðum, er hann hefir verið settur í.

— Robert Swazey, Canadamaður, var brendur á báli nýverið, skamt frá Fort Sumner New Mexico, af mexicönskum glæpamönnum, vegna þess hann vildi ekki segja þeim, hvar fjársjóður mikill væri geymdur, er honum hafði verið trúað fyrir af mexikönsku járnbrautarfélagi, í hvers þjónust hann var.

— Hinn frægi blómamalari Paul de Longpre andaðist að Los Angeles á fimtudaginn var. Hann var fæddur í Lyon á Frakklandi 18. apríl 1855, og varð því rúmra 56 ára gamall.

— Ung ítölsk stúlka, Astana Sagalinbe að nafni, skaut til bana í New York Antonio Fiverone, og særði tvo menn aðra, er hjá stóðu. Síðan flúði hún upp á húsþak undan lögregluþjónunum og varðist þeim í fullar tuttugu mínútur með hattprjónum. Eftir að hún hafði verið handsömuð gaf hún þá skýringu, að maðurinn, sem hún myrti, hefði verið elskhugi sinn og hefði hann lofað sér eiginorði, en seinna hefði hún komist að því, að hann var giftur á Ítalíu og átti þar konu á lífi og tvö börn. Hún sá því, að hann gat ekki kvongast sér og ákvað því að drepa hann fyrir að hafa svikið sig og dregið á tálar. En hina mennina, sem særðust, kvaðst hún hafa hitt óviljandi. New York blöðunum er mjög tíðrætt um stúlku þessa, hæla henni á hástan hátt og sérstaklega þó fyrir að hafa varist fimm lögregluþjónum með hattprjónum í fullar tuttugu minútur; það þykir blöðunum hraustlega gert af henni, en lítið láta þau yfir hugrekki lögregluþjónanna.

— Erkibiskup R. A. O'Connor andaðist í Toronto 30. júní, 73. ára gamall, eftir langvarandi veikindi. Var álitinn einn hinn lærðasti af guðsmönnum katolsku kirkjunnar í Canada.

— Marokko-þrætan virðist nú vera farin að verða alvarleg. Það eru Frakkar og Spánverjar, sem til þessa hafa rifist um, hver lönd skyldi hafa í bagga með stjórn landsins og halda óaldarlýðnum í skefjum, en nú hafa Þjóðverjar einnig gert slíkt hið sama og sent herskip til Marokko og hleypt herliði á land í borginni Agadir. En þýzka stjórnin lætur reyndar í veðri vaka, að þetta sé að eins í þeim tilgangi gert, að vaka yfir réttindum Þjóðverja þar í landinu og herliðið eigi ekki að vera þar til langdvalar, — að eins þar til að hlutirnir séu komnir í það horf, er þeim líkar, — en það þýðir, þar til Frakkar og Spánverjar eru farnir úr landi. Vitanlegt er, þó þýzka stjórnin gefi þessa yfirlýsingu, að Þjóðverjar sjá ofjónum yfir aðgerðum Frakka og halda að þeir muni sölsa undir sig landið, en það væri þjóðverjum afskaplega á móti skapi. Vilja þeir því hafa herlið sitt til taks, ef á þarf að halda til að eyðileggja slíkt áform Frakka, eða þá að ná í ítök sjálfir, ef þess væri kostur. Frakkar líta illum augum til þessara aðgerða Þjóðverja og telja þá engan rétt hafa til að blanda sér í málin í Marokko, samkvæmt samningunum í Algeciras, því í þeim samningum sé þeim— Frökkum — og Spánverjum falið eftirlit með stjórnarfarinu í Marokko, en Þjóðverjar útilokaðir frá öllum afskiftum. Englendingar styðja Frakka að málum; en ekki er búist við neinum stórtíðindum, þó hátt láti í stjórnmálagörpunum.— Smáskærur hafa öðru hvoru átt sér stað milli Frakka og óaldarflokkanna í Marokko, en yfirhöndina hafa Frakkar borið í öllum þeim viðskiftum. Soldáninn situr nú í Fez, öruggur fyrir uppreistarmönnum, með franskar hersveitir sér til varnar auk liðsveita sinna.

— Hitar miklir hafa gengið undanfarandi bæði í Canada og Bandaríkjunum. Í Austurfylkjum Canada hefir hitinn náð 105 stigum í forsælunni; í Vesturfylkjunum hæst 102 stigum. Víða í Bandaríkjunum hefir hitinn náð 110 stigum og allmargir dáið af þeim völdum. Í New York dóu fimm manns á laugardaginn var og þrir í Chicago úr hita. Í Canada hefir enginn dáið af hitans völdum enn sem komið er.

— Eitt hundrað sextíu og tvö þúsund manns þarfnast Vesturfylkin — Manitoba, Saskatchewan og Alberta — í harvest og þreskingu á þessu sumri, segja áætlanir C.P.R. mannanna, er með það hafa að sýsla, og er taðgert að frá 40 til 50 þúsundir af hinni áætluðu upphæð verði að koma frá öðrum löndum. Í fyrra sumar unnu 148,000 manns að þreskivinnu í Vesturfylkjunum.

— Sir Wilfrid Laurier og ýmsir fleiri Canadamenn, er við krýninguna hafa verið, lögðu heimleiðis frá Englandi á þriðjudaginn með C.P.R. skipinu Empress of Britain — Var Sir Wilfrid fylgt með viðhöfn til skips.

— Haglstormur dundi yfir hluta af Manitoba litla stund síðari hluta þriðjudagsins. Er hætt við, að hann hafi valdið talsverðu tjóni þó skamma stund stæði.

OGILVIE'S
Royal Household Flour

Til Brauð og Köku Gerðar

Gefur Æfinlega Fullnœging

EINA MYLLAN Í WINNIPEG,—LÁTIÐ HEIMAIÐNAÐ SITJA FYRIR VIÐSKIFTUM YÐAR

Skýrsla

um kenslu í íslenzku við Wesley College veturinn 1910—1911.

Hr. Jón J. Bildfell, formaður nefndar þeirrar, er hefir gengist fyrir því að styrkja peningalega ofannefnda kenslu.

Háttvirti herra: —

Kenslu hóf ég við Wesley College með byrjun októmbermánaðar síðastliðið haust og var starfinu lokið snemma í maí. Auk íslenzku kendi ég, eftir samningi við skólann, tvær aðrar námsgreinir. Íslenzku kendi ég 12 klukkustundir, en aðrar námsgreinir 10 klukkustundir í viku.

Íslenzkan var kend í fjórum bekkjum, báðum bekkjum undirbúningsdeildar og tveimur lægstu bekkjum College-deildar. Í öllum bekkjum voru skriflegar æfingar: nemendur látir þýða á ensku af íslenzku og af ensku á íslenzku, og ennfremur frumsemja ritgerðir um ýmisleg efni. Bæði þýðingar og ritgerðir fór ég yfir og leiðrétti eftir því, sem ég hafði föng á. Efni ritgerðanna voru sem mest í sambandi við það, í íslenzkum bókmentum, sem hverjum bekk fyrir sig var ætlað.

Í efsta bekk íslenzkunnar (öðrum bekk College-deildar) var aðalnámsefnið Sæmundar eddu, en samhliða henni var bókmentasaga Finns Jónssonar lesin. Reynt var ov til, í sambandi við Sæmundar eddu, að láta nemendur, eftir föngum, fá skilning á goðafræðishugmyndum forfeðra vorra og yfir höfuð á andlegu lífi þeirra.

Í næsta bekk (fyrsta bekk College-deildar) var farið yfir málfræði Wimmers, og Íslendingasögurnar, Eyrbyggja og Laxdæla, voru lesnar. Leitast var við að útskýra öll erfið orð og orðatiltæki, skýra staðhætti og fornar siðvenjur og gefa sem glöggasta hugmynd um sérkenni manna þeirra og kvenna, er mest koma fram í þessum sögum. Sömuleiðis var reynt að vekja eftirtekt nem, endanna á hinum einkennilega og fagra rithætti sagnanna.

Í efri bekk undirbúningsdeildar lá fyrir sem aðalverk íslenzkar nútíðar bókmentir. Var þar lesin nokkur hluti af sýnisbók íslenzkra bókmenta á 19. öld eftir Þorg Melsteð. Reynt var í því sambandi, að láta nemendur fá sem skýrasta hugmynd um einkenni og andlega stefnu sumra hinna merkustu skálda og einnig sumra rithöfunda á óbundnu máli.

Í lægsta bekk voru því nær stöðugar æfingar í íslenzkri málfræði og réttritun. Kenslubókin var málfræði Wimmers.

Reynt var í allri kenslunni að láta nemandann sjálfan starfa sem mest, og um langflesta af þeim, sem kenslunnar nutu, má segja að þeir levstu hlutverk sín af hendi með samvizkusemi. Sumir höfðu mikið yndi af náminu og höfðu sterkan áhuga fyrir því, að læra sem mest, og um alt, er snerti hið íslenzka þjóðerni vort. Í heild sinni fanst mér starfið ganga frémur vel og af því vera nokkur árangur.

Nöfn þeirra, sem kenslunnar nutu í íslenzku, eru þessi:

Í öðrum bekk College-deildar:
Sveinn Björnsson,
Jóhannes Eiríksson,
Jón Árnason,
Magnús Kelly,
Jón Thórarinsson,
Jónas Nordal,
Jón Eingrsson,
Thomas Johnson,
Steinn Thompson,
Aldís Magnússon,
Guðmundur Goodmanson.

Í efri bekk undirbúnings-deildar:
Valdemar Alfred Vigfússon,
Jón V. Paulson,
Jódís Sigurðsson,

Í neðri bekk undirbúningsdeildar:
Jóhann Kristinn Johnson,
Jósephine Vopni,
Skúli Lindal,
Thórhallur J. Bardal,
Benedikt Baldwin,
Sigurður Davíðsson,
Stefán E. Johnson,
Emma Sigurðsson,
Magný Johnson og
Jódís Sigurðsson, sem einnig stundaði nám í þessum bekk.

Ég lít svo á, að kenslan í íslenzku við Wesley College hafi leitt af sér mjög mikið gott fyrir þjóðerni vort í Canada. Beina ávöxtur þess er íslenzka stúdentafélagið í Winnipeg. Í því félagi lifir íslenzkur andi hinu blómlegasta lífi. Ávöxtur þeirrar kenslu er einnig það, að nú er meðal vor margt ungra manna og kvenna, sem getur komið fram fyrir íslenzkan almenning og flutt erindi á íslenzku svo að ekki verður að fundið.

W'peg, 24. jún' 1911.

Rúnólfur Marteinsson
kennari í íslenzkri tungu og bókmentum við Wesley College.

JÓN JÓNSSON, járnsmiður, að 790 Notre Dame Ave. (horni Toronto St.) gerir við alls konar katla, könnur, potta og pönnur fyrir konur, og brýnir hnífa og skerpir sagir fyrir karlmenn. — Alt vel af hendi leyst fyrir litla borgun.

VEGGLÍM

Vönduð bygginga efni:

The "Empire" Wood Fiber tegundir.

Cement Wall og Finish Plasters.

Sackett Plaster Board.

Vér höfum ánægju af að senda yður vora "Plaster Book"

Manitoba Gypsum Co., Limited.
Winnipeg, Manitoba

Heimskringla
Published every Thursday by The Heimskringla News & Publishing Co. Ltd

Verð blaðsins í Canada og Bandaríkjunum er $2.00 um árið (fyrir fram borgað).
Sent til Íslands $1.00 (fyrir fram borgað).

B. L. BALDWINSON
Editor & Manager

Office:
729 Sherbrooke Street, Winnipeg
BOX 3083. Talsími Garry 4110.

Stefna Bordens.

Leiðangur herra R. L. Bordens, leiðtoga Conservative flokksins í Canada, hér um Vesturlandið, hefir sýnt það, að þjóðin lítur nú til hans sem þess, er völdum muni ná hér í ríkinu við næstu kosningar. Aldrei hefir nokkrum stjórnmálamanni verið tekið hér vestra með meiri viðhöfn og almennari fögnuði, heldur en Borden og löruneyti hans á yfirstandandi leiðangri þeirra um Vestur-Canada, og sýnir það, að hann nýtur fulls trausts og virðingar þjóðarinnar. Enda ber blöðum landsins — án tillits til flokksfylgis — saman um það, að hann sé í fylsta máta einlægur og hreinskilinn, og að undir leiðsögu hans eigi Canada í vændum ráðvanda og duglega stjórn í Ottawa. Ræður hans bera það með sér, að hann hefir fastskorð, aðar skoðanir á mestu velferðarmálum landsins, og hann dylur ekki áheyrendur sína þess, hvað hann muni gera og hvað láta ógert, þegar hann nær völdum.

Viðvíkjandi Vestur-Canada sérstaklega, þá er stefna hans þessi:

1. Að veita Vesturfylkjunum full umráð allra ríkislanda innan takmarka þeirra, eins og Ontario og Quebec hafa nú.
2. Að færa út takmörk Manitoba fylkis með þeim skilmálum, sem fylkisstjórnin hér hefir krafist.
3. Að leggja járnbraut til Hudsons flóans með ríkisfé og að láta óháða stjórnarnefnd hafa umráð yfir starfsemi hennar.
4. Að ríkisstjórnin taki að sér öll yfirráð á kornhlöðum við hafnstaði.
5. Að ríkisstjórnin styrki til kjötkæli iðnaðarins.
6. Að tollmálastefna ríkisins sé óháð Bandaríkjunum, og sé svo hagað, að hún miði til þess, að byggja upp iðnað Canada með canadiskri vinnu og úr canadisku efni, að svo miklu leyti, sem mögulegt er, og ætið með því augnamiði, að sinna hagsmunum notendanna engu síður en framleiðenda.
7. Varanleg tollmálanefnd, sem skipuð sé óháðum hæfileikamönnum, og sem jafnan skuli vera á verði gegn einokun, ánauð og kúgun, og að koma í veg fyrir, að pólitiskir hagsmunir hafi nokkra meðgjörð með ákvörðun tolla á vissa hluti eða hlata tegundir.
8. Að engin tollmiðlun sé gerð við Bandaríkin, án skilyrða frá þjóðinni. Að ríkið sé einrátt í fjárhagsmálum sínum, og að sambandinu við brezka veldið sé ekki stofnað í hættu með gagnskifta samningunum.

Herra Borden hefir í ræðum þeim, sem hann hefir flutt hér vestra, gert þá beinu staðhæfingu, að Conservative flokkurinn sé eindregið móti hinni fyrirhuguðu tollmiðlun við Bandaríkin, og að þó hann ætti víst að kjörast til valda nú þegar með því að gera slíka samninga, þá vildi hann ekki þiggja völdin með þeim kjörum, af því hann hafi sannfæringu fyrir því, að þeir miði eingöngu til óhags fyrir framtíð Canada.

Hér fylgir stuttur útdráttur úr ræðu þeirri, sem herra Borden flutti í Brandon borg þann 20. þ. m. Hún er nokkru styttri en Winnipeg ræðan, en fult svo ljós og áhrifamikil.

"Það eru nálega liðin fjögur ár síðan ég átti kost á, að ferðast hér um Vestur-Canada. Framfarir landsins hafa á því tímabili verið undraverðar, en engu meiri en vænta mátti með tilliti til náttúrugæða landsins og dugnaðar og framleitni íbúanna. Vesturlands bóndi einn, sem talaði fyrir fjárlaganefnd Bandaríkjanna, sagðist hafa búið mörg ár í Austurríkjunum, en nú væri hann að reyna að afmá það óhappatímabil úr minni sínu. Sjálfur er ég fæddur í einu af Austurfylkjunum og hefi alið aldur minn eystra og mér þykir eins vænt um fylkið, sem ég er fæddur í, eins og yður þykir um heimaheimili yðar. En það hefir verið löngun mín, að þekkja Vesturlandið. Ég þekki þarfir þess og óskir, og ég mun gera það lítla, sem mér er auðið til þess að styrkja hvert það fyrirtæki, sem miðar til hagsældar. En vegna þessarar yfirstandandi löngu þingsetu varð ég, því miður, að fara fljótar yfir landið, en átt hefði að vera.

Á síðasta ári hlustaði stjórnarformaðurinn á margar sendinefndir héðan að vestan og ávarpaði landslýðinn á mörgum fundum hér vestra. Stundum var hann mintur á fyrri ára ræður sínar vestan stórvatnanna (árið 1894), en svör hans voru ekki þrungin sama frjálsverzlunaráhuga eða sömu fordæmingu tollverndar eins og árið 1894. Eftir tíu daga yfirvegun ávarpaði hann Vesturlandsfólkið, þann 20. júlí, með þessum orðum: "Ef ég væri sjálfráður, þá hefði ég frjálsa brezka tollstefnu". Framgangur þessarar hugsjónar hans árið 1894 er afar seinfær. Þó hann hafi verið nálega einvaldur í landi hér um sl. 15 ár, þá lítur hann enn þá vonaraugum til þess dags, að hann fái uppfylt loforðin, sem hann gaf íbúum landsins árið 1894 — frjálsa brezka tollskrá. Ef dæma skal af liðna tímanum, þá munu liða fjórir mannsaldrar áður því takmarki verði náð. "Frjáls brezk tollskrá" er fagurt orðtak. Það gefur áheyrendunum von um fulla ríkisfjárhirzlu, svo út af flói, án þess að borgarar landsins þurfi þar nokkuð til að leggja. Það er ánægjuleg tilhugsun: nægur fjárforði til allra ríkisþarfa og á sama tíma engir aðflutningstollar og engir skattar. En rétt er að muna það, að frjáls brezk tollskrá felur í sér ýms íhugunarverð skattatriði. Til dæmis leggja fjárlögin árið 1910 tuttugu prósent ríkisskatt á alla verðaukning landeigna í ríkinu. Te-gras kemur tollfrítt til Canada, en á Englandi er 10c innflutningstollur á hverju pundi, svo að á síðasta ári borguðu Bretar 30 miliónir dollars í toll á innfluttu te-grasi.

Inntektaskattur á Englandi er mjög þungbær, eða 5 prósent og þar yfir á öllum inntektum, er nema 160 sterlingspundum árlega, en nokkuð lægra tiltölulega á hærri inntektum alt að 700 sterlingspundum á ári. Brezka þjóðin borgaði á síðasta ári meira en 160 miliónir dollars í inntektaskatt. Þar eru skattar á íbúðarhúsum, keyrsluvögnum, hestum, hyssum, mótorvögnum og mörgum öðrum nauðsynjum. Af 4-hjóluðum vagni borgast $10.00, og árlegur skattur af mótorvagni er frá $15.00 til $210.00 eftir hestaflafjölda gangvélarinnar. Hver vinnumaður borgar $3.75 skatt. Þar er merkjaskattur á öllum kaup- og sölu-bréfum og allskyns peninga ávísunum, veðskulda og öðrum bréfum. Bretar borguðu á sl. ári 40 miliónir dollars í slíkum merkjasköttum. Allir þessir skattar ganga í ríkissjóðinn og auk þess eru þungir sveitaskattar og ýmsir aukaskattar.

Að verða að selja fram fmtung af auknu verði allra landeigna, sem ganga kaupum og sölum meðal manna, mundi færa landsbúum heim sann um það, að ríkisinntektirnar koma áreiðanlega úr vösum þeirra. — Til eru þeir hér í landi, sem halda fram frjálsri verzlun, en gæta þess ekki, að ríkið þarfnast árlega stórra inntekta. Vér getum ekki bygt Grand Trunk Pacific brautina og Hudson flóa brautina og grafið Georgian Bay skipaskurðinn og gert önnur þjóðleg stórvirki án skattgreiðslu.

Þetta land hefir feiknaauðlegð í sínu afar-viðlenda akuryrkjulandi — hinu auðugasta í heimi; einnig í fiskivötnum sínum, skógum og námum, í málm-auðlegð sinni og í framleiðslu lifandi penings og í aldinaræktarlöndum sínum. Ég trúi á, að efla hin náttúrlegu auðæfi og að ummynda þau í unna framleiðslu í þessu landi með vinnu okkar eigin fólks. Mín skoðun er, að fjármálastefna landsins setti að byggjast á sanngjörnu tilliti til þektra kringumstæða. Í þessu augnamiði ætti að skipa varanlega tollnefnd af völdum hæfileikamönnum, svo að hver komandi stjórn geti bygt tollmálastefnu sína á þeim áreiðanlegu upplýsingum, er sú nefnd gæti veitt eftir itarlega rannsókn allra þekta kringumstæða. Hún skyldi og koma í veg fyrir afl samlags- og okur-félaga, og kappkosta að sýna alla sanngirni og réttlæti notendunum ekki síður en framleiðendunum. Liberal Conservative flokkurinn, þegar hann kemst til valda, skal skipa slíka tollnefnd, og skal sjá um, að réttur allra sé tryggður.

Ég hafði þann heiður, að vera viðstaddur, þegar bændanefndin mikla frá Vestur-Canada kom til Ottawa, til að kunngera stjórninni kröfur sínar. Þeir heimtuðu, að Dominion stjórnin skyldi eignast og starfrækja sem þjóðeign kornhlöðurnar í Fort William og Port Arthur og á öðrum stöðum. Krafan var bygð á þeirri ástæðu, að undir núverandi fyrirkomulagi hafi bændurnir í Vesturlandinu verið skammarlega svíknir með blöndun korntegunda þeirra við aðrar lakari. Ég hygg, að kærur bændanna séu á rökum bygðar, og að nauðsynlegt sé, að ráða sem fljótast bót á þessu ástandi. Og stefna mín er, að fullnægja kröfum bændanna í þessu efni.

Nefndin bað einnig um styrk til þess, að stofna kjöt-kæli atvinnuveg, og að tryggja það, að hagsmuna framleiðenda væri sanngjarnlega gætt og þeir verndaðir. Og nefndin hélt því fram, að þetta mundi gera Canada eitt af arðsömustu griparæktarlöndum í heimi. Allir viðurkenna það nú, að Vestur-Canada, engu síður en Austur-Canada, hafi óþrotlega möguleika í þessa átt. — Conservative flokkurinn var fljótur að viðurkenna þetta og þar af leiðandi nauðsynina til framkvæmda. Þess vegna gerðum vér þá uppástungu í þinginu, þann 13. desember sl., og greiddum atkvæði með henni, að það væri canadiskum landbúnaði til mikils hagnaðar, að gripaslátrunarhús og kælihús væru stofnsett og starfrækt undir umsjá ríkisstjórnarinnar, og að stjórn inni bæri að taka málið að sér. — Þessari stefnu ætlum vér að framfylgja, þegar vér komum til valda. Það er mér hrygðareefni, að Liberal stjórnin barði uppástungu vora niður með atkvæðum allra fylgjenda sinna, — einnig þeirra, sem voru frá Vestur-Canada.

Nefnd þessi fór einnig fram á, að Dominion stjórnin bygði og starfrækti á eigin kostnað Hudsonsflóa brautina. Liberal Conservative flokkurinn skuldbatt sig árið 1886 til þess að byggja braut þessa. Nú hefir Vesturlandið krafist, að braut sú sé bygð og Laurier stjórnin, eftir að hafa leikið með mál þetta í 15 ár, hefir nú — rétt undir almennar kosningar — sett til siðu 2 miliónir dollars til þess að byrjað verði á verkinu. Stjórnin sagði oss fyrir tveimur árum, að þeir peningar, sem kæmu inn fyrir lönd, sem seld yrðu í Vestur-Canada, yrðu látnir ganga til að borga fyrir lagningu brautarinnar. Ég segi yður, að þessi krafa Vesturlandsins um Hudsonsflóa brautina sé sanngjörn og að Liberal-Conservative flokkurinn skali sinna henni. Vér erum við því búnir, að leggja alla brautina tafarlaust.

Árin 1902, 1905, 1907 og aftur 1910 höfum vér haldið fram rétti Vesturfylkjanna til þess að hafa yfirráð allra þjóðlanda innan takmarka sinna. Íbúar fylkjanna hafa rétt til að heimta að stjórnir þeirra hafi umráð yfir þessum löndum með þingmönnum sínum. Liberal-Conservative flokkurinn er ákveðinn í, að veita fylkjunum þennan rétt, þegar hann nær völdum.

Síðan bændanefndin kom austur, hefir þjóðmál eitt mikið verið lagt fyrir þingið og þjóðina, — tollmiðlunarmálið við Bandaríkin. — Vissir menn í þessu landi, sem andvígir eru tollvernd og sem óttast hættu af samlags- og okurfélögum, halda fram með miklu kappi og sýnilegri alvöru því, að úrlausn málsins liggi í verzlunareiningu við Bandaríkin, — lang tollverndaðasta landi heimsins. — Almenn skynsemi knýr mana eðlilega til þess að spyrja, hvernig úrlausn frá öllum tollverndarinnar fáist með því, að falla í faðmlög við það land, sem heldur uppi hæstum tollgarði allra landa í heimi. Oss er sagt, að vér búum undir þvingunarverði á nauðsynjum vorum, vegna þess að vér höfum tollvernd í landinu, og oss er ráðlagt, að bæta úr þessu með því, að leita úrlausnar hjá þjóð, sem hefir nálega tvöfalda tollvernd við vora. Til þess að forðast hættu af samlags- og einokunarfélögum í Canada, er oss boðið, að sameina vora þjóðlegu fjármálastefnu við þá þjóð, þar sem samlags- og einokunar-félög hafa afl og áhrif, sem til allrar hamingju er ennþá óþekt í Canada. Ég er algerlega mótfallinn þessum tollmiðlunar samningum, sem nú eru fyrir þinginu. Hverjar ástæður geta orðið færðar fram til meðhalds þeim samningum og hvers hagsmuna er hægt, að vænta af þeim? Oss er sagt, að Canada hafi sókst eftir slíkum samningum fyrir 40 árum. Það er satt. En nú verðum vér að eiga við ástandið eins og það er árið 1911, en ekki það sem var 1866. Fordæming gagnskifta samninganna 1854 var mikil hepni fyrir þetta land. Það studdi að sameiningu þeirra fjögra fylkja, sem hér höfðu myndast í þessu víðlenda veldi. Það gaf Canada búnm þrek og hug og trú á land þeirra, sem áður var óþekt. Það örfaði og glæddi alla eiginleika hugrekkis, hæfileika og ráðkænsku, sem til voru hjá landsbúum. Það neyddi Canada til þess að leita sér nýrra markaða, og við fund þeirra nýju viðskiftavina fann þjóðin styrk sinn og sjálfstraust hennar glæddist. Þó vér sæktumst eftir tollmiðlun árið 1867, þá er það engin ástæða fyrir oss, að gera það sama nú. Það væri alt eins rétt að segja, að vegna þess, að Bandaríkin voru mótfallin slíkum samningum 1867, þá ættu þau einnig að vera það árið 1911.

Tuttugu ára gamall maður sækir um stöðu með þúsund dollara árslaunum og er neitað um hana. En með eigin orku byggir hann sér upp atvinnuveg, sem veitir honum 10 þúsund dollars árslaun. Tuttugu árum síðar er honum boðin þúsund dollars staðan, sem honum var áður neitað um, — mundi hann þiggja hana? Canada hefir tekið á sig þjóðargerfi síðan árið 1866. Landið er nú sjálfstætt og þrungið sjálfstrausti. Þjóðin hefir meðvitund um styrkleika sinn, náttúru auðlegð og framfara möguleika, og er ákveðin í því, að varðveita og viðhalda yfirráðum yfir framtíð sinni.

Vér höfum tekið svo greið framfaraspor á sl. aldarfjórðungi, að ekkert annað landi í heimi — að undanteknu máske Argentina lýðveldinu — hefir jafnast við það. — Eitt af merkustu blöðum Bandaríkjanna gerði nýlega þá staðhæfingu, að þessir samningar væru tímabærir fyrir Bandaríkin til þess að styrkja tök þeirra á hinum ákjósanlega ávexti canadiskra framfara. Ég gengst ekki fyrir þeirri ástæðu, þó að stjórninni virðist geðjast vel að henni. Stjórnin segir oss, að vér megum ekki standa í stað eins og Kinverjar. Vér stöndum ekki í stað. Vér lökum stöðugt miklum framförum á vissri braut, og vér óskum ekki, að víkja af þeim þjóðþrifa vegi, fyrir óvissu, sem enginn fær með nokkurri vissu útreiknað. Oss er sagt, að vér fáum viðtækari markað fyrir vörur vorar með því, að semja við Bandaríkin. En ég sé ekki, hver hagur er að viðskiftum við land, sem framleiðir meira en það þarf af nálega hverri vöruteg-und, sem vér framleiðum í Canada, og sem keppir við oss á öllum mörkuðum heimsins. Portland er bezti viðskiftavinur Canada, og Bandaríkin eru öflugasti keppinautur vor. Bændum vorum er talin trú um, að þeir fái hærra verð fyrir afurðir sínar, ef þeir greiði atkvæði með tollmiðlunar samningunum.

Íhugunar og kæruleysi Ottawastjórnarinnar hefir aldrei sést átakanlegar en í þessum samningstilraunum, þar sem hún hefur orðið að fara til Bandaríkjanna til að afla sér upplýsinga um hag Canada. Sjálf hafði hún engar abyggilegar skýrslur um alla framleiðslu og verzlun vora; þær hafa verið gerðar af hæfustu hagfræðingum Bandaríkjanna og ná yfir alla vora framleiðslu og kostnað við hana í hverju fylki, og verð á hverjum hlut í hverju fylki. Skýrslur þessar eru prentaðar og í höndum Bandaríkja þings og stjórnar, og þær sýna, að viðskiftahagurinn er allur í vil Bandaríkjunum, en ekki Canada. Meðalverð þeirra hluta, sem ætlað er að setja á frílistann, er hærra í Canada en í Bandaríkjunum, með fáum undantekningum, sem vinum samninganna hefir orðið tíðrætt um. Oss er sagt, að hveitiverð sé hærra í vesturhluta Bandaríkjanna en í Canada. En skýrslur um verð í Minneapolis og í Winnipeg, yfir nokkurra ára bil, sanna, að þetta er vanalega — en þó ekki ætíð — sannleikur. En síðan þessir samningar voru lagðir fyrir þingið, hefir hveitiverð verið hærra í Winnipeg en í Minneapolis.

Bændanefndir hafa komið fram fyrir stjórn Bandaríkjanna til að ræða mál þetta; en hér í Canada hefir engin þingnefnd verið sett til að rannsaka málið. Í Bandaríkjunum hafa bændur og sérfræðingar sýnt fram á, að svo mikil eftirsókn sé eftir ákveðnum hveititeg-undum í Minneapolis, að ekkert af þeim tegundum er flutt úr landi í náttúrlegu ástandi, heldur séu þær notaðar til þess, að blanda saman við aðrar verri tegundir. Þess vegna er "hart" hveiti úr Norðvestur-fylkjunum í hærra verði í Minneapolis en í Liverpool. Einn bóndi í Michigan riki, sem ræddi mál þetta fyrir þingnefndinni í Washington, sagði meðal annars þetta: "Canada bændur búast efalaust við, að tollmiðlunarsamningurinn muni gefa þeim hærra verð fyrir hveiti sitt. En þar fara þeir villir vegar. Með því að samþykkja samninginn, væru þeir að búa til barefli til þess að mölva sín eigin höfuð, ekki síður en höfuð Bandaríkja bændanna. En alt fram að þeim tíma, sem gagnskiftasamningarnir komu á dagskrá, borguðu mylnueigendur í Minneapolis eins hátt verð fyrir No. 1 Northern, eins og borgað var í Liverpool. Ef 50 miliónum bushela af Canada hveiti verður dembt á markaðinn, þá mundi það lækka hveitiverð svo mjög, að canadiski bóndinn mundi sjá eftir samþykt samninganna. ..... Hveitiverðið yrði ákveðið í Bandaríkjunum, en ekki í Liverpool, og bændaflokkur beggja þjóðanna mundi verða samtaka í, að ámæla þessum samningum sem þeirri verstu plágu, er yfir land þetta hefir dunið".

En þeir, sem halda fram þessum samningum, segja að verð á byggi mundi hækka. Það er satt, að meðalverð á byggi hefir verið hærra í Bandaríkjunum en í Canada. Svöra hefir meðalverðið verið 57.8 cents á sl. ári, en í Canada 47.4 cents. En aðgætandi er, að verðinu munar hér mjög í hinum ýmsu fylkjum, til dæmis var bygg 76c í Nova Scotia, 67c í New Brunswick og 71c í Quebec. Canada bóndinn mundi ekki fá verðhækkun fyrir þessa samninga, — það sýnir liðin reynsla. Bandaríkin framleiða 80 miliónir bushela af byggi á ári, umfram það, sem þjóðin þarf til heimanota. Reynslan í Ontario hefir sýnt, að það borgar sig betur fyrir bændur, að gefa nautgripum bygg til eldis, en að selja það til Bandaríkjanna.

Meðal annars, sem vér yrðum að borga fyrir þessa samninga, yrði áburðartap, sem með tíð og tíma mundi eyðileggja frjómagn landsins. Auk þess yrðum vér að leyfa varningi frá Argentina, Austurríki, Ungverjalandi, Boliviu, Columbiu, Danmörku, Japan, Noregi, Rússlandi, Spáni, Svíaríki, Sviss og Venezuela tollfrían aðgang. Mörg af löndum þessum senda til útlanda mikið af lifandi penigi og afurðum gripa og akra sinna, — samskyns vörur, sem framleiddar eru í Canada. Samkvæmt þessum fyrirhuguðu gagnskifta samningum við Bandaríkin, hafa öll þessi lönd rétt til, að senda hingað til Canada allar þær vörur tollfríar, sem teknar eru fram í samningunum. En þessi lönd veita oss engin hlynnindi í staðinn. Ég fæ ekki séð, að þetta sé Canada bændum til hagsbóta".

Margt annað fróðlegt var í ræðu herra Bordens, en hvorki er rúm fyrir það hér í blaðinu að svo stöddu, enda mægur tími til stefnu að ræða málið fyrir næstu kosningar.

Copenhagen Snuff

BEZTA MUNNTÓBAK SEM ER BÚIÐ TIL

Hvort sem þér tyggið það eða takið í nefið, þá mun yður geðjast að þess góða keim.

NATIONAL SNUFF COMPANY, LIMITED
900 St Antoine St., MONTREAL.

Peace River.

Rétt er, að benda Íslendingum á, að lesa lýsingu þá af Grand Prairie, í Peace River héraðinu, sem herra M. G. Guðlaugson ritaði í Heimskringlu og birt var í síðasta blaði. Herra Guðlaugson er ungur framtaks- og dugnaðarmaður, hefir sjálfur verið landbóndi og þekkir gæði lands yfirleitt og frjómagn þess. Þessi lýsing hans er það fyrsta, sem Íslendingum hefir borist af áreiðanlegum fregnum frá eigin sjónarvottum um þetta mikla landsvæði — að undanteknu því, sem herra Carl Eymundsson hefir um það ritað fyrir mörgum mánuðum.

Það, að herra Guðlaugson ætlar sjálfur að flytja þangað nú þegar, með konu sína og börn, til aðsetur þar, er næg sönnun þess, að hann hefir sterka trú á gæðum landsins og framtíð þess. Víst er og, að önnur fjölskylda héðan úr borg fer með honum vestur til landtöku þar.

Grand Prairie er, að því er frézt hefir, sem næst fjórum sinnum stærri en nýlenda Íslendinga í Saskatchewan fylki, og er hún þó ekki nema fitill hluti af Peace River héraðinu. Og alt þetta mikla landflæmi er sem næst óbygt ennþá, — að eins þúsund manns flutt þangað. Járnbraut er ákveðin þangað eins fljótt og hægt er að leggja hana, og akvegir eru þegar vel færir þangað norður. — Það, að menn flytja þangað með konur sínar og ungbörn, sannar, að bæði eru vegir vel færir og eins hitt, að þar er talin ekki að eins lífvænleg, heldur miklu fremur mjög ákjósanleg bygð.

Nú stendur svo á, að hér vestra er hópur manna, bæði kvongaðra og ókvongaðra, sem ætla má að mundi vilja tryggja sér framtíð með því að ná í góð búlönd og setjast að á þeim og rækta þau. Öllum slíkum geist hér gott tækifæri, að velja það bezta úr Peace River héraðinu, með því að bregða við og flytja þangað sem fyrst, — áður en aðrir framtaksamari og duglegri menn hafa náð því bezta úr héraðinu. Eins og nú standa sakir, geta menn valið þar úr löndum fyrir afarlágt verð, en sem innan fárra ára má vænta að seljist frá $10.00 til $20.00 hver ekra. Sá landnemi, sem nú flytur þangað, fær 160 ekrur af heimilisréttarlandi ókeypis. Þess utan getur hann keypt 'Scrip', ef hann hefir fjármagn til þess. Þau kosta nær 700 dollars og gilda fyrir 320 ekrur lands. Landneminn getur því, sé hann starfsamur maður og með næg efni til þess að ná í 'Scrip' landið, unnið sér inn fullan eignarrétt á 480 ekrum á þriggja ára tímabili, og að heim tíma liðnum ættu þau lönd að verða mikilsvirði og eftirsóknarverð eign.

Þessa er hér getið eingöngu til þess að draga athygli að framtíðarmöguleikum þessa lands, og að ráða ungum dugnaðarmönnum til þess að ná sér fótfestu þar vestra meðan tími er til.

KENNARA VANTAR

til Laufás skóla fyrir 6 mán., frá 15. sept. næstk. Hálfur mánuður fellur úr frá 15. des. Tilboð, sem tiltaki kaup ásamt mentastigi og æfingu, sendist undirrituðum fyrir 1. ágúst.

Geysir, Man., 26. júní 1911.
B. JÓHANNSÓN,
skrifari og fehirðir.

Bréf á skrifstofu Hkr. eiga:

Miss R. J. Davidson,
Miss Ingibjörg Jósepsdóttir,
Miss Finna Jóhannsson.
Alt Íslandsbréf.

Fréttabréf.

MARKERVILLE.
(Frá fréttaritara Hkr.).

19. júní 1911.

Það, sem liðið er af þessu vori, hefir veðráttan verið her hin bezta og hagkvæmasta, sem komið hefir i mörg ár um þetta leyti árs; næg votviðri til að framleiða allan jarðargróður; að vísu hafa komið (i mai) dálitil næturfrost, sem ekki hafa spilt neinu. Grasvöxtur liur út fyrir að verða góður, og akrar eru með bezta útliti. Sáningu var lokið hér með seinna móti, vegna þess að mikið var óplægt af ökrum frá haustinu. — Jarðrækt er óðum að aukast hér hjá bændum; margir farnir að rækta gras að stórum mun, og eykst það árlega. Ræktað hey hefir verið í háu verði á markaðnum þetta ár, og verður það framvegis fyrst um sinn.

Markaðurinn er yfir það heila góður, betri en hann hefir verið nokkru sinni áður, á flestu, sem bændur hafa að verzla með. En svo hækkar líka í verði flest, sem bændur þurfa að kaupa.

Atvinna er hér í Alberta mikil og sæmilega launuð, enda nógir verkþiggjendur, sem streyma nú hvaðanæfa hingað. En svo er líka alt dýrt, sem daglaunamenn þurfa að kaupa hér, svo óhætt mun að segja, að margir hafa litið í afgangi, tiltölulega við kaupgjaldshæðina. En engum getur dulist það, að framfarir og breyting til betra er nú í nánd, sem her eins og annarstaðar leiðir af hinum fyrirhuguðu járnbrautabyggingum, sem nú eru fyrirhugaðar her norðan og austan við íslenzku bygðina; og ástæða er til að vona eftir, að járnbraut renni um hana áður en mörg ár liða. Og þó eitthvað hrynji af þeim loftköstulum, sem nú eru bygðir, þá er þó víst, að innan skams verður bygðin viðunanlega sett, hvað járnbraut og markað áhrærir. — Fyrir nokkuru síðan er farið að vinna við járnbrautarlagningu, sem byrjað var á í haust, frá Red Deer til Rocky M. H. Red Deer bær er í miklum uppgangi og stækkar óðfluga. Enginn smábær milli Edmonton og Calgary tekur nú jafn hröð framfarastig, og er land þar umhverfis í háu verði; og útlit er fyrir, að innan skams liggi í gegn um bæinn margar járnbrautir. — Íslendingum, sem búa í Red Deer bæ, liður vel, að því er séð verður; allir munu þeir eiga land í bænum með góðum byggingum á, og eigi verður annað séð, en að þeir séu fyllilega jafnokar annara þjóða manna í menningu og hagsæld. Atvinna er góð í bænum, og munu landar engir eftirbátar annara að nota hana. Ekki hafa þeir heldur sett til síðu hinn göfuga íslenzka þjóðsið gestrisni og alúð; hann er enn í afhaldi hjá þeim.

Líðan fólks og heilsa er hér nú í góðu lagi. Útlit með árferði er nú hið betta, sem verið hefir lengi.

Þann 16. þ. m. gaf séra Pétur Hjálmsson saman í hjónaband Mr. Hannes S. Eymundsson og ungfrú Halldóru Sigriði Ch. Jóhannsson; hjónavigslan fór fram i lútersku kirkjunni á Markerville. Faðir brúðarinnar hafði fjölment samsæti í Fensala Hall um kveldið. — Nýju hjónunum óskum við til hamingju og hagsælda í nánni sýju lífsstöðu þeirra.

Skemtisamkoma var haldin hér á Markerville 17. þ.m. til minningar um Jón Sigurðsson sal., ástmög hinnar íslenzku þjóðar.

Heiðraði ritstjóri. — Gömlum vinum Heimskringlu hér vestra þykir hún hafa verið helst til frjálslynd nú um undanfarinn tima Alt of mikið lesmál hefir blaðið haft fyrirfarandi, sem almenning varðar ekkert um, og hefir ekkert gagn af, — allan þvættinginn og gauraganginn um leirskáldin. Sitt er nú hvað, að gefa mönnum tækifæri að taka til máls með kurteisi og velsæmi, eða liða þeim að fylla dálka blaðsins viku eftir viku með óþörfu orðagjálfri. Satt er það, að of mikið er af þeirri ljóðagerð, sem ekki er þess verð, að birtast á prenti, — en það er ritstjóranna að veita henni ekki aðgang. Eigi að síður er það hvorki rett né göfugmannlegt, að taka hóp af þessum svokölluðu leirskáldum og vega að þeim, auðsjáanlega til að sverta þau og særa tilfinningar þeirra. Þó er tólfunum kastað, að taka eitt af okkar beztu vestur-íslenzku skáldum, og níða það ofan fyrir allar hellur, án þess að við það sé gerð nein athugasemd frá ritstjórans hálfu. Það hefði þó verið maklegt, svo mörg vel kveðin og hugðnæm ljóð hafa viku og mánaðablöðin íslenzku flutt eftir þ. þ. þorsteinsson.

Hinn tuddalegu hrakgrein, sem nefnd er "Burtnumning" hefir rit, stjóri Heimskringlu svarað að maklegleikum. Ekki sýnist, að mentunin hafi getað komið þessum greinarhöfundi að tilætluðum notum, og ófyrirsynju væri það, að slikir yrðu verkamenn í vingarði drottins. Gat hann þá ekki valið sér neitt göfugra hlutverk en vega úr myrkrinu að einum af okkar allra mætustu mönnum, — manninum, sem hefir gert og gerir svo mikið fyrir vestur-islenzkar bókmentir, — manninum, sem alment hefir fengið verðuga viðurkenningu fyrir góðar og göfugar hugsjónir og glæsimannlega framkomu í ritstörfum sínum? Og vissulega mætti greinarhöfundurinn þakka fyrir, ef fyrir honum ætti að liggja að verða það andlegt mikilmenni, að geta tylt tánum þar sem séra Fr. J. Bergmann hefir hælana, — en til þess eru litlar líkur. Auðvitað gerir þetta greinarhrak séra Friðrik ekkert til, manngildi hans og virðingu er engin hætta búin í augum almennings. Slikar ritsmíðar eru að eins höfundum þeirra til vansæmdar og blöðunum, sem þær flytja. — Alt, sem ritað er af ekki betri hvötum en virðast vera fyrir því, sem ég hefi bent á hér að framan og m fl. hlýtur vissulega að spilla fyrir hverju því opinberu blaði, sem ljær því rúm athugasemdalaust. Það spillir vinsældum og þrifum blaðanna og býr illa í hendurna á málsvörum þeirra og styrktarmönnum.

Ritstjóri Heimskringlu er sannarlega fær um, að rita i blaðið fræðandi og skemtandi ritgerðir fyrir almenning meira en hann hefir gert fyrirfarandi um tíma; — en vera dálitið íhaldssamari gagnvart ýmsum skraffinnum og blaðasnápum.

BROWN P.O., MAN.

19. júní 1911.

Hundrað ára afmæli Jóns Sigurðssonar var haldið hátíðlegt hér af öllum bygðarmönnum. Samkomunni stýrði Jón S. Gilles, sem einnig stýrði söngnum. Fyrir minni Jóns Sigurðssonar talaði Sigurjón Bergvinsson og einnig fyrir minni Íslands. Fyrir minni bygðarinnar talaði Árni Thomson, og svo flutti Jóhannes Húnfjörð kvæði. Svo voru mörg íslenzk kvæði sungin og að endingu var sungið "Eldgamla Ísafold". Svo höfðu allir með sér líkamlega hressingu og nógir svaladrykkir voru á staðnum fritt fyrir alla. Fólk var glatt og fór heim ánægt.

Uppskeruhorfur hér eru mjög góðar, hveitið orðið um 24 þuml. á hæð og vex eins þétt og það getur staðið. Tíðin hefir verið mjög hagstæð í sumar, rigning og hitar á milli. Heilsufar gott og yfirleitt velliðan.

Ekki þykir okkur stefna Heimskringlu góð í tollmiðlunarmálinu, því engir finna eins til þess og við, sem búum rétt við linuna (The Boundary Line), hvað óhagkvæmt það er, að geta ekki skift við nágranna okkar hinumegin línunnar, og við vonum fastlega, að þetta áhugamál bændanna nái fram að ganga.

H. Paulson.

NARROWS P.O., MAN.

20. júní 1911.

Aldarafmæli Jóns Sigurðssonar var haldið hér þann 17. þ.m. með tilhlýðilegri viðhöfn, og blöktu fánar á hverri stöng.

Hátíðin var fjölsótt og veður hið bezta. Kapphlaup og líkamsæfingar fóru fram undir beru lofti. En nær miðaftni gengu menn í oddfylking heim í fundarhús héraðsins, og skemtu sér við söng og ræðuhöld. Herra Kr. Goodmann setti samkomuna og stýrði söngnum. Sigurður Baldvinsson flutti ræðu fyrir minni Jóns Sigurðssonar og las upp æfisögu hans. Stefán Eiríksson flutti ræðu fyrir minni Vestur-Íslendinga. Að því búnu skemtu menn sér við dans og hljóðfæraslátt, söng og samræður, þar til bjart var orðið næsta morgun; sneri þá hver heim í sitt hús, glaður yfir að hafa með nærveru sinni heiðrað minningu forsetans.

Samkoman fór að öllu leyti vel fram og var bygðinni til sóma.

Viðstaddur.

SPANISH FORK, UTAH.

1. júlí 1911.

Herra ritstjóri: —

Með helztu og beztu fréttum ur bygðarlagi voru mætti telja það, að tíðarfarið er gott. Það var samt hálf kalt og rigningasamt fram eftir vorinu, en nú eru komnir hitar miklir og sunnanvindar, sem kemur sér mæta vel, þar sem heyskapartíð stendur nú sem hæst. Útlit með alla uppskeru er mjög gott, og yfirleitt fremur góðir tímar.

Heilsufar er í góðu meðallagi og hefir það verið svo í alt vor og það sem liðið er af sumrinu.

Kosningar í vínbannsmálinu eru nýafstaðnar, og gengu þar bindindismönnum í vil, næstum allstaðar.

Sorglegt slys vildi til í bámabænum Winterquarters nóttina milli 14. og 15. júni, á þann hátt, að kviknaði í íbúðarhúsi landa vors Ólafs Sigurðssonar, og brann það til kaldra kola með öllu, sem í því var, og honum sjálfum líka. Herra Einar Anderson, sem þar var einnig búsettur, hefir skrifað mér um þennan sorglega atburð á þessa leið: Ólafur var hjá mér þetta kveld, þar til kl. 9.40, þá fór hann heim, en ég að sofa. En í kringum kl. 12 um nóttina vaknaði ég við það, að ákaft var blásið í eldlúðurinn, og undir eins og ég kom út, sá ég að hús Ólafs stóð í björtu báli. Slökkviliðið kom þangað eins fljótt og unt var, og kæfði niður eldinn, sem orðið var nú um seinann, því húsið — sem var bjálkahús —, var þá að mestu brunnið með öllu tilheyrandi, og Ólafur látinn og mjög mikið brunninn. Um orsakir til eldsins veit enginn".

Ólafur var ekkjumaður og bjó í þessu húsi sínu með dóttur sinni, sem þegar þetta vildi til, var ekki heima, svo hann var aleinn þessa nótt. Hafði hann búið þarna í hér um bil 20 ár, eða því nær einlægt síðan hann kom frá Íslandi. Hann var 52. ára að aldri, sonur Sigurðar Sigurðssonar og Sigríðar Pétursdóttur hjóna í Búðarhólshjáleigu í Austur-Landeyjum í Rangárvallasýslu. Er mér sagt, að hann hafi átt tvo bræður á Íslandi (í Mjóafirði) og einn í Winnipeg, og tvær systur í Vestmannaeyjum, og eina hér, Mrs. Jón Jónasson, og þessa dóttur sína, sem heitir Sigríður og mun vera 17 ára að aldri.

Ólafur var stiltur og dagfarsprúður maður og mjög vel liðinn í hvívetna.

Hinn 26. júní lézt að heimili sínu hér í bænum bóndinn Þorvarður Sigurðsson, 59 ára að aldri. Hann var sonur Sigurðar Valtýssonar, bónda á Kornmúla í Fljótshlíð, en ættaður undan Eyjafjöllum. Andlát hans bar að snögglega, var veikur að eins einu dag, og sögðu læknar að banamein hans hefði verið "Tuberculosis of the Bowels".

Um ættblák Þorvarðar er mér ókunnugt, eða hvort hann á nokkur systkini á lífi. Hann var tvíkvæntur og átti eina dóttur með fyrri konu sinni Þorbjörgu að nafni, sem síðast þegar fréttist af henni, var í Winnipeg. Seinni kona Þorvarðar, sem nú lifir mann sinn, heitir Guðbjörg Skúladóttir, Hjálmarssonar skálds Jónssonar í Bólu. Þorvarður kom til Ameriku árið 1888, og hefir búið hér síðan. Þau hjón áttu engin börn.

Þorvarður var hygginn og ráðsettur maður og starfsmaður góður; og bezti vinur vina sinna. Hann var einn þeirra manna, sem hugsaði um sig og sínar eigin sakir, en lét náungann í friði með allar hans gerðir. Hann var smiður góður og hinn þrifnasti maður í allri umgengni. Átti hér fjölda vina, en fáa óvildarmenn. Burtför hans úr vinahóp og þjóðflokki vorum hér, á svona snögglegan og óvæntan hátt, veldur bæði vinum og ekkju hans hins mesta saknaðar. — Friður sé með honum!! —

E. H. Jonnson.

Þakkarávarp.

Þann 6. maí sl. fór ég vestur til Banff, til þess að taka heit böð mér til heilsubótar. Síðastliðin 5 ár hefi ég verið þjáður af liðagigt, og á þeim tíma reynt fleiri lækna og ýmsar umbúðir, en alt reynst ónógt. Fyrir þessa ferð virðist ég hafa fengið mjög mikla bót heilsu minnar, og vona ég freklega eftir því sem mér hefir farið fram síðan ég kom til baka 9. þ. m., að það verði gott áframhald af betri heilsu.

Ekki gat ég farið þess ferð, sem var afardýr, af eigin ramleik, heldur fyrir framúrskarandi dugnað og áhuga, sem frændi minn, herra Guðm. Axford, hafði fyrir því, að ég kæmist í áðurnefnd böð, og mun hann hafa borið bann kostnað að mestu leyti sjálfur; ég veit að vísu, að hann fékk einhverja ofurlitla hjálp frá öðrum — mér er ekki ljóst, hvað mikla — en mikil mun hún ekki hafa verið.

Fyrir þessa stórmiklu hjálp frænda mins er ég innilega þakklátur, og óska ég af heilum hug, að hann fái hana endurgoldna af þeim, sem sagðist ekki láta einu vatnsdrykk ólaunaðan, sem gefinn væri í sínu nafni, á hverju lát, sem hann sér herra Axford það fyrir beztu.

Winnipeg, 26. júní 1911.

Arni Vopni.

A. S. TORBERT'S
RAKARASTOFA
Er í Jimmy's Hótel. Besta verk, ágæt verkfæri; Rakstur 15c en Hárskurður 25c. — Óskar viðskifta Íslendinga. —

JIMMY'S HOTEL
BEZTU VÍN OG VINDLAR.
VÍNVEITARI T.H.FRASER,
ÍSLENDINGUR.
James Thorpe, Eigandi

MARKET HOTEL
146 Princess St.
á móti markaðnum
P. O'CONNELL, eigandi, WINNIPEG
Beztu vínföng vindlar og aðhlynning góð. Íslenzkur veitingamaður P. S. Anderson, leiðbeinir Íslendingum.

Woodbine Hotel
466 MAIN ST.
Stærsta Billiard Hall í Norðvesturlandinu
Tíu Pool-borð.—Áskonar vín og vindlar
Gisting og fæði: $1,00 á dag og þar yfir
Lennon & Hebb,
Eigendur

JOHN DUFF
PLUMBER, GAS AND STEAM FITTER
Alt verk vel vandað, og verðið rétt
664 Notre Dame Av. Phone Garry 2808
WINNIPEG

The Hyland Navigation Co.
hefur nú opnað
SUMAR SKEMTIFERÐA SKRÁSETNINGAR
Margar þegar skráðar.
TJALDSTAÐIR til leigu til sumardvalar, í
"HYLAND PARK"
Rétt við ána. Dýrðlegt útsyni. Strætisvagnar á hverjum tuttugu mínútum.
HYLAND NAVIGATION CO.
13 Bank of Hamilton Chambers. Winnipeg.

Með því að biðja sérlega um "T.L. CIGAR," þá ertu viss að fá ágætan vindil.
T.L.
(UNION MADE)
Western Cigar Factory
Thomas Lee, eigandi Winnipeg

ALDREI SKALTU geyma til morguns sem hægt er að gera í dag. Pantið Heimskringlu í dag.

þekkir mína, og ég veit, að í mínum sporum hefðir þú gert hið sama og ég hefi gert".

"Ó, Cyril og ég erum ekki alveg eins", svaraði Guy. "Stundum verð ég þess var, að hann hefir gert eitt og annað, sem ég hefði ekki gert".

"Hann er framkvæmdarsamari en þú", svaraði Nevitt lævíslega. "Hann framkvæmir, þar sem þú lætur þér nægja að ráðgera. Þú ert oft tregur til að ráðast í eitt og annað, en Cyril hugsar sig ekki eins lengi um; þú hopar á hæl eða þreifar þig áfram, þar sem Cyril gengur óhikað áfram. Og þetta er einmitt einnni ástæðu meira fyrir því, að Cyril verður að viðurkenna, að þú hafir gert rétt, því ef þú gerir nokkuð — nokkuð til að bjarga þér úr þessum vandræðum, á ég við — nú, þá er það enn sennilegra, að Cyril hefði gert það líka, undir sömu kringumstæðum".

"Heldurðu að Cyril sé framtakssamari en ég?" spurði Guy dálitið önugur; hann gat illa liðið, að hann væri álitinn kjarkminni en Cyril.

"Já, það held ég nú raunar", sagði Nevitt brosandi. "Hann mundi ekki hika eitt augnablik við að taka peningana úr bankanum og nota þá".

"Já, en ég hefi enn ekki fengið neina peninga, sem ég get brúkað", sagði Guy.

"Þá hefir Cyril fengið þá í staðinn fyrir þig", sagði Nevitt.

Guy leit niður og svaraði engu. Nevitt kærði sig heldur ekki um svar strax, svo leit hann fast í augu Guys.

"Það er leiðinlegt, að við vitum ekki hvar Cyril er í Belgíu", sagði hann hugsandi, "þá gætum við simritað honum og fengið leyfi hans til að nota peningana. Þú verður að muna það, að ég er í jafn miklum vandræðum og þú og enda dálitið meira. Það væri hálf leiðinlegt, að við yrðum báðir eyðilagðir, þar eð sex þúsund pund standa í bankanum undir Cyrils nafni. En það dugar ekki, við megum engan tíma missa, peningarnir eiga að borgast áður en kvöldið kemur".

"Fyrir kvöldið?" sagði Guy og stökk upp af stólnum.

"Já, fyrir kvöldið", svaraði Nevitt rólegur, "annars megum við taka við svikaranafninu og verða gjaldþrota".

Þetta var auðvitað ósatt, en það átti við hans stefnu. Guy var reglulegt barn í viðskiftasökum, og trúði öllu, sem Nevitt sagði honum.

Guy gekk nokkrum sinnum fram og aftur um gólfið örvilnandi.

"Ég missi auðvitað stöðu mína í bankanum", sagði Nevitt, "en það er ekki hægt að ráða við það, þó það sé hart, því að bráðabirgðarlán — því ég get hæglega borgað alla upphæðina aftur á sex vikum — að bráðabirgðarlán gæti bjargað mér og komið öllu í gott horf".

"Ó, guð gæfi að Cyril væri hér", sagði Guy hryggur.

"Já, þegar þú ert hér, þá er það sama og Cyril væri hér", sagði Nevitt með lævísu brosi.

"Hvað meinarðu með því?" spurði Guy alveg hissa.

Nevitt þagði ögn og brosti blíðlega.

"Þetta er líklega ávísanabókin hans", sagði hann sem svar, um leið og hann tók upp bókina og skoðaði hana nákvæmar. Hann tók eitt af ávísanaeyðublöðunum úr bókinni eins og í gáleysi.

"Það var einkennilega merkilegt", sagði hann, sem þú sýndir mér um daginn, að rithönd ykkar Cyrils er alveg eins".

"Guy starði hræddur á hann. "Ó, minstu ekki á það", sagði hann og strauk hendinni gegn um hárið. "Ef mér dytti slíkt í hug eitt einasta augnablik, þá væri ég búinn að misssa alla sjálfsvirðingu"

"Já, auðvitað", sagði Nevitt háðslega. "Það var það, sem ég sagði áðan, þú ert ekki sérlega framkvæmdarsamur. Cyril mundi ekki hika við slíkt. Ef hann þekti hættuna, myndi hann strax gera þetta".

"Heldurðu það?" stamaði Guy í ráðaleysi.

Nevitt horfði fast á hann.

"Held það? — Held það?" endurtók hann, "nei, ég veit það. Taktu nú eftir, Guy: Þú og Cyril erað í raun réttri eins og ein persóna. Ef Cyril væri hér, þá myndum við biðja hann að lána okkur peningana, og ef við þektum verustað hans, myndum við simrita honum og fá leyfi hans undir eins til að nota peningana. En fyrst hann er ekki hér og við vitum heldur ekki verustað hans, verðum við að sýna rögg af okkur, og breyta á eigin ábyrgð, eins og Cyril hefði gert. Það er um einar sex vikur að ræða, því að sex vikum liðnum borgar velgerðamaður þinn þin sex þúsund. Þú þarft ekki að segja Cyril þetta fremur en þú vilt. Sjáðu, hérna er ávísanin hans, skrifaðu í eyðurnar og settu svo hans nafn undir. Enginn maður í heiminum sér annað en það sé Cyrils undirskrift. Svo fær þú peningana og getur frelsað okkur báða. Innan sex vikna skrifar þú aftur inn í hans reikning þin 6 þúsund pund, og þá veit enginn um þetta".

Guy reyndi að lita undan, en gat ekki, Nevitt eins og hélt honum föstum með sínu starandi augnaráði. Svo greip Nevitt pennann og dýfði honum ofan í blekbyttuna.

"Þú getur þó gert tilraun", sagði hann í ákveðnum róm. "Sestu niður og skrifaðu, og láttu mig sjá, hvernig það lítur út. Sko, hérna, skrifaðu það hér — skrifaðu 'Cyril Warring'."

Guy settist niður alveg sinnulaus og tók við pennanum. Fyrst skalf hann, en svo skrifaði hann hiklaust nafn bróður sins á eyðublaðið þar sem þó átti að standa.

"Ágætt, alveg ágætt", sagði Nevitt, sem horfði á nafnið yfir öxl hans. "Það er óviðjafnanlegt, en skrifaðu nú líka dagsetninguna og upphæðina, meðan þú heldur á pennanum. Sex þúsund pund — þetta er í raun réttri þin eðlilega skrift, eins og þú sagðir um daginn. Ó, ágætt".

Meðan Nevitt talaði, skrifaði Guy eins og í draumi og töfraður hin ógæfusömu orð á eyðublaðið, sem lá frammi fyrir honum: "Að borga honum sjálfum, eða þeim sem hann vísaði á, sex þúsund pund (Lstrl. 6,000), Cyril Warring".

Nevitt aðgætti ávísanina nákvæmlega. "Það er gott", sagði hann, og horfði ávalt fast á náfölu andlitið á Guy. "Nú áttu ekki annað eftir en að fara í bankann og fá upphæðina borgaða".

XX. KAPÍTULI.

Síðasti hrekkur Nevitts.

Guy stóð upp og fylgdi Nevitt ósjálfrátt til dyra, en Nevitt hélt á fölsuðu ávísaninni, — falsaða ávísan kallaði Guy hana í huga sínum hreinskilnislega. Eins og teymdur af ómótstæðilegu seguláfli, fylgdist hann með Nevitt út í ganginn og ofan stigann. Hvernig átti hann líka að leyfa manni að ganga út á götu borgarinnar með ávísan, sem hann hafði sjálfur falsað, án þess að gæta hans?

Baráttan gegn opíum.

Tvisvar sinnum hefi ég heimsótt ópíums knæpur, segir velþektur ameriskur rithöfundur í einu af stórblöðum Bandarikjanna. Í annað skiftið var það í Boston, og var knæpan rikulega búin, með mjúkum legubekkjum, verðmætum gólfábreiðum og allskyns skrauti. Það voru rikismenn, sem þangað komu. Hin knæpan var í Chicago, og var sóðaleg; gólfteppin götott og skitug og engir legubekkir, heldur trérúm negld við veggina, hvort yfir öðru, likt og á skipum. Hingað sóttu fátæklingar og ræflar. En munurinn lá þó að eins í hinum mismunandi húsbúnaði og í klæðnaði gestanna. Nautnateitrið var hið sama, og áhrifin hin sömu á þessum tveimur knæpum. Hið sama deyfandi og kæfandi óloft lagði á móti manni, og hin sömu þreytulegu og fábjánalegu andlit þessara vesalinga, sem voru ofurseldir ástríðu ópíumnautnarinnar, störðu á mann eins og í leiðslu. Sjón þessi vekur hrylling hjá öllum, er sjá, sem seint gleymist; og maður verður þeirri stundu fegnastur, að komast út aftur undir bert loft, þakkandi guði fyrir, að hafa að eins af forvitni einni farið inn í knæpuna, — en um leið fullur meðaumkvunar með þeim vesalingum, sem liggja ósjálfbjarga þar inni.

Með því að sjá með sínum eigin augum slika hörmungasjón, lætur maður ljósustu hugmyndina um það voðaböl, sem ópíumnautnin hefir valdið um fleiri aldir meðal hins mikla gula kynstofns, og átt mikinn þátt í, að gera hið volduga Kínaveldi að skugga einum hjá því, sem átti að vera. Og maður skilur fögnuðinn, sem gripið hefir þjóðina á þessum síðustu timum, er hún var vöknuð af vímunni, og hafði gripið til vopna gegn ópíum djöflinum með þeim krafti og staðlyndi, að sigurinn er í vændum og þjóðarframtiðinni borgið, — að svo miklu leyti sem afleiðingar af þeirri plágu snertir. Kinverjar eiga heiður skilið fyrir baráttu sína gegn þessum óvini mannkynsins.

Ópium-reykingar hafa viðgengist í Kína síðan í byrjun fjórtándu aldar. Oftlega hefir stjórnin reynt að stemma stigu fyrir þeim, en árangurslaust. Frá Indlandi kom þetta tælandi eitur, — og Englendingar gerðu hvað þeir gátu til að hvetja fólkið til að nevta þess. Arðurinn af verzlaninni lá þeim ríkara á hjarta, en velferð þjóðarinnar.

Um miðja fyrri öld varð fullur fjandskapur milli Kinverja og Englendinga út af ópium-verzlaninni. Kínakeisari vildi til björgunar þjóð sinni stöðva innflutning ópíums, og lét gera ýmsa skipsfarma upptæka. Afleiðingarnar urðu hið svokallaða "ópium-stríð" og neyddu Englendingar Kínverja með herafla, að halda áfram að leyfa innflutning ópíums, borga sér háar skaðabætur og viðurkenna þeirra ótakmarkaðan rétt til að flytja inn ópium frá Indlandi. Var þessi aðferð Englendinga vítaverð í fylsta máta, — að neyða þjóð, sem var að reyna að risa úr niðurlægingu, til að sökkva dýpra.

En þetta innflutta ópium var dýrt, og það var svo sem eðlilegt, að Kinverjar sjálfir fyndu upp á að rækta það, og innan skamms voru ópium akrarnir um allt landið. Ópium lækkaði mjög í verði við þetta, og afleiðingarnar urðu voðalegar. Fyrir fjórum árum síðan eyddi Kina 70 sinnum meira af ópium en árið 1800, eða því sem nam 22,000 tons um árið. Þá var álitið, að 25 miliónir Kínverja væru ópiums neytendur, menn, konur og börn.

Það voru þau fylki í Kína, þar sem alvanalegt var að spyrja við hjónavígslur: Hvað margar ópiumspípur eigið þið? Eftir því var fjárhagurinn mældur.

Auðvitað eru ástæður og alsakanir fyrir því, að löstur þessi breiddist svo óðfluga út. Hinn kínverski almúgi hefir engin áhugamál. Líf Kínverja er leiðinlegt í fylsta máta: Engar líkamsæfingar eða skemtanir til að eyða timanum, og oftlega er það hungrið, sem þvingar fátæklingin til að neyta ópiums, til þess að lina sultarkvalirnar. Þegar maður veit, að áhrif ópiums eru sælutilfinningar, friðir og fagrir draumar, er það auðskiliið, að margir falla í freistingasnöruna.

Einnig ber þess að gæta, að til skamms tíma voru engin þau öfl, sem barist gátu á móti ópiumsnautninni, svo að nokkru ráði væri. Blöð, skólar, prédikunarstólar og bindindisfélög voru annaðhvort ekki til, eða gátu ekki notið sín.

Það, sem að síðustu kom því til leiðar, að bannlögin gegn ræktun ópiums voru gefin út 29. sept. 1906, var áskorun frá 1333 tuðboðum í Kína, sem heimfærði stjórninni sanninn um það, að þjóðin væri á hraða leið til glötunar og gæti aldrei staðið jafnfætis hvítu þjóðunum, nema ef ópiums djöflinum væri hrundið úr landi.

Þetta lagaboð stjórnarinnar skipaði svo fyrir, að ræktun, verzlun og neyzla ópiums skyldi hætta innan tíu ára. Nú er baráttan því hálfnuð, — barátta, sem ekki á sinn líka í allri sögunni. Blóði hefir úthelt verið og miklar eignir lagðar í auðn, en sigurlaunin eru sjálfstæði gula kynþáttarins, — endurfæðing þjóðarinnar til vegs og gengis.

Þegar lagaboðið var útgefið breiddu ópiums akrarnir sig yfir helming allra fylkja ríkisins. Ópiumsræktun borgaði sig betur en nokkuð annað, og ætti að hætta að yrkja það biðu bændurnir stórtjón. Urðu því blóðugar skærur milli ópiums-bannenda og bændanna; var herlið sent út og lenti alt í báli og brandi. Yfirmönnunum var oftlega mútað, en það komst upp og þeim var refsað. Stjórnin hélt sinu striki óhikað og árangurinn er þegar stórmikill. Ópiums akrarnir hafa minkað um fullan þriðjung; ópium bækkað mikið í verði, svo færri geta neytt þess. Hveiti er nú ræktað það sem ópiumjurtin áður greri, og verð á lífsnauðsynjum lækkað að stórum mun.

Mjög mikið og lofsamt verk hafa ópiums bannfélögin unnið í samráði við stjórnina og embættismenn hennar. Hundrað þúsundum af ópiums knæpum hefir verið lokað eða eyðilagðar viðsvegar um landið. Og á bálköstum í borgunum fórnfæra bannmenn hátíðlega pípum og öðrum áhöldum ópiums neytendanna.

Framleiðslumagn ópiums hefir minkað í Kína fjórðung frá því 1906. Nú er að eins eftir að fá innflutnings einkaleyfi Englendinga numið úr gildi. Hætti sá innflutningur, þarf ekki þessi tíu ár til að leiða baráttuna til farsælla lykta. En þrátt fyrir það, þó neðri málstofa hins brezka þings lýsti því yfir árið 1906, í einu hljóði, að hinn indverski ópiums flutningur til Kina væri siðferðislega óforsvaranlegur, og skoraði á hina brezku stjórn, að [illegible] gangskör að því að stöðva þann innflutning sem allra fyrst, — þá hefir enginn árangur orðið af þessari yfirlýsingu þingsins til þessa. — En það er einmitt þessi innflutningur frá Indlandi, sem er í veginum fyrir því, að hinir kínversku endurbótamenn eigi fullum sigri að hrósa. Og það er sorglegt, að vita til þess, að það skuli vera fremsta menningarland heimsins, sem stendur í veginum fyrir viðreisn Kínaveldis.

Á geðveikrahælinu.

Yfirgefinn einn um nóttu langa
ungur sveinn á lágum hvflir beð,
harm atárin hans um streyma vanga,
honum eitt það rósemd getur léð.
Hugur hvarflar heim í lundinn bjarta,
heim þars áður bernskuskeiðið rann,
heim þars áður yndis naut hans hjarta,
öllu fjarri táli dvaldi hann.

Endurminning áður farna daga
sem eldleg rún á hugans spjöld er skráð,
þó stutt sé brautin sorgarbitur saga
sést þar glögt og verður ei afmáð.
Hann minnist þess af móður blíðum armi
marga glaða stundu leiddur var,
höfði þreyttu hallað fékk að barmi
hennar, þegar einhver sorg að bar.

Nú er hennar hjarta löngu brostið,
hún ei lengur styður drenginn sinn,
gegnum lífs fárlegt grimdarfrostið;
fyrir tímann skuldarlómurinn,
hana burtu hreyf til æðri staða
héðan yfir bitran mótgang lífs,
í sælu dvelur, lund með ljúfa og glaða,
ei lengur hana mæða hretin kífs.

Hann man svo glöggt er áður heima undi
á æsku fyrstu helgri morgun stund,
þá söngfugl glaður söng í skógar lundi
hinn svási kliður fjörga náði lund.
Með bróður sínum sem hann unni af hjarta
sælustunda margra njóta vann,
framtíðin þá blasa sýndist bjarta
broshýr móti, hvert sem eygði hann.

Hann man svo glögt, þá ástar svásleg sunna
'ann svífa lét um helgan töfralund
og meyjan fögur honum hét að unna
og hann að styðja fram að síðsta blund.
Nú horfnar eru allar gleðistundir
hann orðum dapur þannig haga fer
"Æ! mér bólgnar blæða hjartans undir
bróðir heyrðu! hvað gjörði ég þér?

"Þú undra ramman bikar hefur blandað
og blómið ástar tælt frá hjarta mér
öllum mínum æskuvonum grandað
eitrað líf mitt, hvað gjörði ég þér?
Fyrir þig úr föður húsum þínum
flæmdur var ég, seint það gleymist mér,
eftir það ég einn í kofa mínum
átti skjól. Hvað gjörði ég þér?

"Faðir minn, ó! ert þú einnig blindur
öllum fyrir kvölum sonar þíns?
er þinn vilji alt sem hér fram vindur
á ég hérna, bíða dauða míns?
Er það satt að samkvæmt ráðum þínum
sendur hingað var ég, heyrðu mér?
áttu lengur inst í barmi þínum
enga miskun? Hvað gjörði ég þér?

Hvers á ég svo grimmilega að gjalda?
ei gét ég skilið slíkan refsivönd
er það satt því ágirnd kunni valda?
Ó! mér drottinn rétti líknarhönd;
faðir, bróðir biðlund reynið hafa,
því bráðum nár ég fell á sveðilinn,
eigur mínar eignist þá án vafa,
og að lokum vinnið sigurinn."

JÓHANNES H. HÚNFJÖRÐ

THE DOMINION BANK

HORNI NOTRE DAME AVENUE OG SHERBROOKE STREET

Höfuðstóll uppborgaður: $4,000,000.00
Varasjóður - - - $5,400,000.00

Vér óskum eftir viðskiftum verzlunar manna og ábyrgumst að gefa þeim fullnægju. Sparisjóðsdeild vor er sú stærsta sem nokkur banki hefir í borginni.

Íbúendur þessa hluta borgarinnar óska að skifta við stofnun sem þeir vita að er algerlega trygg. Nafn vort er fulltrygging óhlutleika. Byrjið spari inulegg fyrir sjálfa yðar, komu yðar og börn.

Phone Garry 3450 — Scott Barlow, Ráðsmaður.

Vitur maður er varkár með að drekka eingöngu HREINT ÖL. Þér getið jafna reitt yður á

DREWRY'S
REDWOOD LAGER

Það er léttur, freyðandi bjór, gerður eingöngu úr Malt og Hops. Biðjið ætíð um hann.

E. L. DREWRY, Manufacturer, Winnipeg

STRAX

Í DAG er BEZT AÐ GERAST KAUPANDI AÐ HEIMSKRINGLU. — ÞAÐ ER EKKI SEINNA VÆNNA.

MANITOBA

TÆKIFÆRANNA LAND.

Hér skulu taldir að eins fáir þeirra miklu yfirburða, sem Manitoba fylki býður, og sýnt, hversvegna allir þeir, sem óska að bæta lífskjör sín, ættu að taka sér bólfestu innan takmarka þessa fylkis.

TIL BÓNDANS.

Frjósemi jarðvegsins og loftslagið hafa gert Manitoba heimsfræga, sem gróðrarstöð No. 1 hard hveitis.

Manitoba býður bændasonum ókeypis búnaðarmentun á búnaðarskóla, sem jafngildir þeim beztu sinnar tegundar á amerikanska meginlandinu.

TIL IÐNAÐAR- OG VERKAMANNA.

Blómgandi framleiðslustofnanir í vorum óðfluga stækkandi borgum, sækjast eftir allskyns handverksmönnum, og borga þeim hæztu gildandi vinnulaun. Algengir verkamenn geta og fengið næga atvinnu með beztu launum. Hér eru yfirgnæfandi atvinnutækifæri fyrir alla.

TIL FJÁRHYGGJENDA.

Manitoba býður gnægð rafafls til framleiðslu og allskyns iðnaðar og verkstæða, með lágu verði; — Frjósamt land; — margvíslegar og ótæmandi auðsuppsprettur frá náttúrunnar hendi; — Ágæt samgöngu og flutningatæki; — Ungir og óðfluga vaxandi bæir og borgir. — Alt þetta býður vitsmunum, auðæfum og framtakssemi óviðjafnanleg tækifæri og starfsarð um fram fylstu vonir. Vér bjóðum öllum að koma og öðlast hluttöku í velsæld vorri og þroskun. — Til frekari upplýsinga, skrifið:

JOS. HARTNEY, 77 York Street, Toronto, Ont.
JOS. BURKE, 178 Logan Avenue, Winnipeg, Man.
A. A. C. LaRIVIERE, 22 Alliance Bldg., Montreal,
J. E. TENNANT, Gretna, Manitoba.

J. J. GOLDEN,
Deputy Minister of Agriculture and Immigration, Winnipeg

an fór hann með fyrstu hraðlestinni til London, og gekk í myrkri yfir Waterloo-brúna til heimilis sins, sem var nálægt ánni. Á einum auglýsingastólpanum við brúarhliðið sá hann þetta auglýst: "Kauphallarnýung. Rio Negros gimsteinafélagið er í hættu statt".

Hann horfði á auglýsinguna eins og í draumi, og fann til þess ósjálfrátt að hann var í hættu staddur líka. Hvað átti það að þýða. Honum kom þetta svo óvænt, að hann gat naumast andað. Fyrirtækið hafði verið álitið gróðavænlegt og því hafði hann keypt þrjú hundruð hluti; væri þetta satt, þá tapaði hann þrjú þúsund pundum.

Það liðu nokkrar minútur áður en hann mundi eftir því, að hann hafði bakað vini sínum Guy Warring jafn mikinn skaða.

XIX. KAPÍTULI

Hann sjálfur eða ávísun.

Á Charing Cross stöðinni keypti Nevitt sér kauphallarlista, og hraðaði sér heim til að lesa hann nákvæmar. Því ver reyndist það satt, að Rio Negro gimsteinafélagið var fallið um koll, sökum stjórnarbyltingar í Suður-Ameriku. Full upphæð hlutanna átti strax að borgast, svo hann varð að hafa einhver ráð með að ná í þessi 3 þúsund pund, til þess að geta staðið í skilum.

Nevitt átti ekki 3 þúsund pund. Það litla, sem hann erfði eftir foreldra sína, var fast hingað og

þangað í gróðabralls fyrirtækjum, og varð ekki losað fyr en eftir langan tíma.

Hann gekk um stund fram og aftur í herbergi sínu, þangað til honum varð litið á fiðliniið sitt. Ó, það gat huggað hann, vakið hjá honum nýjar hugsjónir og áform. Hann greip fiðliniið og bogann, hélt áfram að ganga aftur og fram með löngum fetum, eins og vilt dýr í búri sínu, talandi við sjálfan sig í lágum, ástríðurikum tónum, sem hann tók úr einu af ungfrú Ewes hljómlistar lagi.

Meðan hann lék á hljóðfærið, vaknaði smátt og smátt nýtt áform í huga hans. Ó, hve síðustu tónarnir voru fagrir, svo mjúkir og liðugir. Þeir virtust hringa sig og liða áfram í gegnum grasið eins og höggormur, sem skildi eftir einkennileg spor, eins og laglega undirskrift með fjörlegum dráttum og svigum — dráttum og svigum — dráttum og svigum — dráttum, dráttum — og svigum; undirskrift undir ávísun, ávísun á peninga; þrjú þúsund pund hjá Drummond, Coutts og Barclays.

Hugsunin rann í gegnum huga hans jafnhliða laginu. Fjögur þúsund pund, fimm þúsund, sex þúsund.

Því lengur, sem hann lék á hljóðfærið, þess gleggra varð áformið. Nú sá hann aðferðina, og það aðferð, sem útvegaði honum meira en hann í raun réttri þurfti í svipinn.

"Að borga handhafa eða þeim, sem hann til vísar, sex þúsund pund. Sex þúsund pund, og undirskrifað af Cyril Warring".

Tímum saman gekk hann fram og aftur og lék lágt og lengi á hljóðfærið. Ó, hvað hann elskaði hljóðfæraslátt; það var eins og hann gæti lagað alt fyrir hann. Hann skalf við að hugsa um sína eigin snild og uppfindingar, engu var gleymt, áformið var sem bygt á kletti. Nú gat hann háttað og sofið

eins óhultur og barn; því áður en hann háttaði, var hann búinn að hugsa sér aðferðina til að gera Guy Warring að leiksoppi í hendi sér.

Hann sofnaði strax, eins og hann hafði hníst við, og vaknaði hress og glaður um morguninn. Að loknum morgunverði fór hann strax að finna Guy.

Eins og hann hafði búist við, fann hann Guy algerlega örvilnaðan, því hann var nýbúinn að fá kröfu fyrir þeim þrem þúsundum, sem hann hafði skrifað sig fyrir.

Nevitt var furðanlega rólegur þrátt fyrir þetta óhapp, og sagði að þetta gæti ennþá lagast. Öllu var ekki tapað, og Rio Negro námarnir væru ekki ónýtir. Gimsteinarnir væru þar ennþá kyrrir, og nóg af þeim, — það vantaði að eins peninga til að kaupa fyrir vinnukraft, svo þeim yrði náð. Þeir myndu fá peninga sína aftur og góða vexti af þeim; alt væri í bráðina undir því komið, að geta mætt þessum kröfum.

"Já, en ég á engin þrjú þúsund pund til að mæta þessari kröfu", sagði Guy hryggur. "Ég er eyðilagður, það er svo sem auðvitað, og það gæti jafnvel verið — ég verð aldrei fær um að gegna þessari skyldu minni".

Brosandi kveikti Nevitt í smávindlinum sínum; þess heitari, sem Guy varð, þess rólegri varð hann.

"Það hefi ég heldur ekki, vinur minn", sagði hann kæruleysislega, "en ég læt þetta samt ekki trufla mig; þó er ég ver staddur en þú, því undir eins og Drummonds vita þetta, þá reka þeir mig. Með tilliti til þess, að hætta peningum, sem maður ekki á, þá gera flestir viðskiftamenn kauphallanna það, og ef þeir gerðu það ekki, þá myndu fá af þeim stærri fyrirtækjum ná framkvæmd. Það er einmitt þetta sem menn kalla gróðabrall, menn geta ekki unnið stóra upphæð á hálfum penny".

"Já, en hvað á ég að gera?" sagði Guy tryllingslega. "Hvernig á ég að útvega þrjú þúsund pund? Ég dey af skömm, ef Cyril fær að vita, að ég hefi hagað mér þannig, og geti ég ekki útvegað peningana, verð ég brjálaður eða drep mig".

Nevitt gaf vini sínum mörg góð ráð og reyndi að hugga hann eftir því sem hann áleit bezt við eiga, og að lokum sagði hann: "Nú — ef þú kemst í sönn vandræði, þá er þó eitt, sem þú getur gripið til og það eru þess sex þúsund pund, sem þú átt von á frá velgerðamanni þínum".

"Já, en ég lofaði Cyril", sagði hann, "að ég skyldi aldrei snerta þau; ef ég tæki þau nú, þá gæti ég aldrei oftar litið framan í hann".

"Þegar þú gafst Cyril þetta loforð", svaraði Nevitt, "þá varst þú ekki í neinum peninga vandræðum, og þó þú gripir til þeirra nú eins og ástæðurnar eru, myndi enginn ásaka þig fyrir það. Velgerðamanni þínum má standa á sama, hvort peningarnir liggja í bankanum eða þú notar þá til að gegna með skyldum þínum; en skuldheimtumönnum þínum stendur ekki á sama. Væri ég í þínum sporum, hikaði ég ekki eitt augnablik við að nota þá til að losna við vandræðin, því þeir koma margfaldaðir aftur úr námanum, — það get ég fullvissað þig um".

"Hikaðir þú ekki?" sagði Guy með vaknandi von í huga sínum.

"Nei, það máttu vera viss um, að ég gerði ekki", svaraði Nevitt. "Í þínum sporum myndi Cyril gera þetta, og sönnunin fyrir því er blátt áfram sú, að þú munt gera það. Það er áreiðanlega víst, að þegar þú gerir eitt eða annað undir vissum kringumstæðum, þá myndi Cyril hafa gert það sama í líku tilfelli, og ef Cyril dytti nokkurntíma í hug, að ásaka þig fyrir það, sem þú hefir gert, þá geturðu svarað honum: Ég þekki hugsun þína, eins og þú

4. Bf
...nufélögin brezku

(Niðurlag).

...n allur ágóði af heildsölunni, ...t sem smásölunni. skiftist niðurá milli hinna hálfu þriðju milión samfélagsmanna. Árið sem leið nafði enska heildsalan tvö og hálft prósent í ágóða af verzlun sinni. Ef smásölubúð keypti á árinu milíón dollara virði af vörum frá heildsölunni, nema þeir tveggja og hálfs prósent vextir, sem hún fær, 25 þúsund dollurum. Þegar svo smásölubúðin úthlutar vöxtum til meðlima sinna, leggjast þessar 25 þúsundir við ágóðann, sem vexturnir eru gefnir af, og skiftist svo hlutfallslega niður á meðlimina, eftir því, hve mikið þeir hafa keypt. Þannig lendir ágóðinn af heildsölunni hjá notandanum.

HVERNIG SMÁSÖLUBÚÐIRNAR ERU TENGDAR SAMAN.

Hreinn gróði beggja samlagsfélaganna er hér um bil 4½ milión dollars á ári. Þetta er af þeim varningi, sem smásölubúðirnar selja til viðskiftavina sinna. Gróði heildsöludeildanna er miklu minni en gróði smásöludeildanna. Nauðsyn heildsöludeildanna má þó ekki meta eingöngu af 4½ milión dollara árlegum gróða, jafnvel þó það sé mikils virði. Það, sem heildsöludeildirnar hafa áorkað, er að vekja félagstengsla meðvitund með al smásölubúðanna, hinna stærri jafnt og þeirra smærri. Hver búð finnur nú til þess styrks, sem fæst með félags samtökum. Félagið fann til þess frá fyrstu myndan sinni, að það hafði þörf fyrir einhverskonar heildsölu fyrirkomulag. Sumar smásölubúðirnar áttu örðugt með, að fá keyptar þær nauðsynjar, sem þær þurftu að hafa á hendi fyrir viðskiftavini sína. Einstaklinga heildsöluhúsum var af verksmiðjueigendum bannað að selja nokkra vöru til samlagsfélagsins. Margir af formönnum sem voru algengir verkamenn og eða stjórnendum smásölubúðanna, höfðu hætt atvinnu sinni til þess að ganga í þjónustu samlagsfélagsins, vissu lítið eða ekert um verzlunarstörf, eða um vöru innkaup. En með því að eiga heildsöluhús, sem gæti sameinað smásölubúðirnar, fékkst bæði skóli fyrir þessa menn og markaður fyrir félagið. Stjórnendur smásölubúðanna mættu smámsaman á fundum, til þess að ræða um hag félagsins, og fengu þannig smámsaman þekkingu á heildsölukaupum. Það var og viðurkent, að myndun heildsöludeilda væri lögformlegt spor stigið til eilíngar félagsskapnum. Ef kaupendur gætu grætt á að kaupa í samlögum, þá ættu smásölubúðirnar að geta grætt á því að kaupa í heildsölu.

Þegar samvinnufél. fyrst byrjaði á, að koma heilsöludeild á fót, þá lenti sú tilraun í tapi. Í eitt skifti reyndi Rockdale félagsdeildin að koma upp, og kom upp heildsöluhúsi, en árangurinn af því varð eingöngu sá, að vekja grunsemd og óánægju. Samfélagsbúðirnar neituðu að verzla við Rockdale heildsöluhúsið af ótta fyrir því, að það mundi ná stjórnarlegum yfirráðum yfir allri félags heildinni og geta þröngvað kosti hennar. Og það var ekki fyr en árið 1862, að ensku lögin gerðu það mögulegt, að mynda sérstakt félag til þess að sameina allar samlags smásöludeildirnar.

Það var árið 1863, nálega tuttugu árum eftir að fyrstu smásöludeildirnar mynduðust, að enska heildsölufélagið fékk tilveru sína. Byrjunin var í smáum stíl; 45 smásöludeildir gengu í ábyrgð fyrir 35 þúsundum dollars höfuðstól, og verzlun heildsölunnar á fyrsta árinu var að eins 9 þúsund dollars á viku. En brátt náði heildsöludeildin framförum. Árið 1868 gerði hún 2 milión dollara verzlun, árið 1882 20 milión dollara og árið 1909 eitt hundrað tuttugu og fimm milión dollara verzlun. Á 40 árunum, sem enduðu í desember 1910, gerði enska heildsöludeildin verzlun fyrir tvö þúsund miliónir dollara. En skozka heildsöludeildin, síðan hún byrjaði árið 1868, hefir gert verzlun sem nemur sex hundruð tuttugu og fimm miliónum dollars.

Heildsalan hefir verið happasæl vegna þess að henni hefir verið hyggilega og duglega stjórnað. Hún hefir selt beztu vörur, sem búnar hafa verið til, undir hagfeldum kringumstæðum. Þess utan hefir heildsalan þróað áreiðanleglei og áhuga bæði ráðsmanna og meðlima smásölunnar.

Þegar maður, sem alt af hefir fátækur verið, er gerður að ráðsmanni fyrir stóru smásöluverzlunarfélagi, er freistingin mikil. Það þarf ekki að vera fjármutur eða hlunnindi, sem freista hans,— getur alt eins verið hrossyrði frá einhverjum höfðingja, eða slægur verzlunar erindsreki.

Það getur einnig verið kænska, en samt sem áður getur lyrirkomulag búðarinnar verið í voða. Nú aftur á móti þar sem verzlunarstjórinn kaupir frá C.W.S. samvinnu-heildsölufélagi, veit sérhver að hann fær ekkert í sinn vasa. Hann er yfir tortrygni hafinn. Hann er trúr samvinnufélagsskapnum. Jafnvel í innkaupum sínum er hann að auka vexti viðskiftamanna sinna.

Þegar hin fyrsta samfélagsbúð var opnuð, var því almennt spáð, að hún myndi fljótleqa fulla um koll. Hundrað menn gátu ekki stjórnað búð. Það sem var allra, gat ekki orðið neins. Þú gast ekki breytt mannlegu eðli.

En það var ekki nauðsynlegt að breyta mannlegu eðli. Það sást brátt, að með hagsýni gat hver einstaklingur orðið hlutgengur. — Einnig sást það, að sérhver heppinn verzlunarstjóri var ekki að eins viljugur, heldur og mjög hugarhaldið, að kenna hinum öðrum samlagsstjórum aðferð þá, sem honum hafði heilladrjúgust reynst. Í stað laununga og pukurs, sem auðkennir svo marga kaupmenn, höfðu samvinnufélögin bækur sínar opnar fyrir öllum, hvort heldur innan félags eða utan.

Þegar samfélags heildsalan var stofnuð, varð sama upp á teningnu hjá andstæðingum stefnunnar. Verkamenn — var nú sagt — gætu stjórnað litlum búðum, því jafnvel á undan samfélagshreyfingunni höfðu fyrverandi vélafræðingar og þjónar orðið matvæla og tóbakssalar, — en að verkamaður eða nefnd af verkamönnum gætu stjórnað heildsöluverzlun, sem hefði miliónir dollara í veltunni á ári, — það var ógerningur, heimska.

En það varð önnur raunin á. Samfélags heildsalan blómgaðist og dafnaði með mánuði hverjum og ár frá ári, og nú verða allir að viðurkenna, að verkamennirnir, sem áður var gert gys að, eru fyllilega eins færir um að stjórna heildsöluverzlun eins og smásölubúðum.

Þegar að heildsalan hefnaðist svona vel, fóru samfélagsbúðirnar að dreyma um nýjan heim til að sigrast á. Hin upprunalega hugmynd notandans var, að hann gæti ekki að eins selt sjálfum sér heldur einnig framleitt fyrir sig, upp á eigin áhættu og ágóða. — Samfélagsbúðirnar tóku því að hrinda þessari hugmynd áleiðis, og komu á fót samfélags framleiðslu eða iðnaði.

Þessi framleiðslufélög eru tvenskonar. Þau mega annaðtveggja vera starfrækt af framleiðaranum eða notandanum (Consumer)j — Verkamenn geta gengið í bandalag og lánað höfuðstól, selt svo afurðir sínar með markaðsverði, og skift svo ágóðanum eða tapinu sín á millum. Aftur á hinn bóginn geta notendurnir byrjað á skóverksmiðju, hveitimylnu, borgað höfuðstólinn og vinnulaun og skift svo ágóðanum milli sín, annaðhvort í lægra verði eða í vöxtum eftir hlutfalli við kaup. Bæði heildsölu og smásölufélögin hafa gengið inn í þessa samfélags framleiðslu. Þetta er nýr hagnaður fyrir notandann, því eftir að hafa fengið ágóðann af heildsölunni og smásölunni, krækir hann í ágóðann af framleiðslunni.

Tökum til dæmis skóverzlunina. Jón fer í samfélags skóbúð og kaupir konu sinni skó, sem gerðir eru í hinu enska skóheildsöluhúsi í Leicester. Í fyrstu borgar hann fult smásöluverð fyrir skóna, en í lok ársfjórungsins, þegar hann fær vexti sína greidda, fær hann þrefalda vexi af skónum: af smásöluágóðanum, af heildsöluágóðanum og af framleiðsluágóðanum. Raunar rennur allur ágóðinn til samvinnufélagsins, og greiðir það Jóni svo þessa þreföldu vexti

Á tveggja dollara skóm geta verið fjögra centa framleiðslunagnaður, fimm centa heildsöluhagnaður og tuttugu centa smásöluhagnaður, eða 29 cents alls, sem Jón græðir á skónum.

Framleiðslumagn samfélagsbúðanna fer alt af vaxandi. Nú þegar eru samfélags heildsöluverzlanirnar farnar að framleiða vörur, sem nema um 40 miliónum dollars á ári, og smásölubúðirnar alika mikið. Mest af því, sem framleitt er, eru matvæli, mest þó brauð. En þó er það flest allur annar iðnaður, sem framleiddur er, hvort heldur eru nauðsynjavörur eða ekki. Það, sem fjölskyldan þarfnast, og hægt er að framleiða, það gera samfélagsverksmiðjurnar. Þessi hinn þriðji liður samfélagsstefnunnar, er í hvað mestri framför.

Banfield's mið-viku kjörkaupasala er sérstaklega eftirtektarverð þessa vikuna.

Margar húsmæður í Winnipeg,munu vera að búa sig undir að taka móti sýningargestum og þurfa að kaupa húsgögn,ábreiður, tjöld og annað þar að lútandi. Kjörkaup þau sem vér bjóðum hér, eru þannig,að þér getið ekki látið tækifærið fram hjá fara, ykkur að skaðlausu.

VÉR LÁNUM

EMPIRE EIKAR PRINCESS' KOMMÓDA.— Úr góðu efni, með stórum speglí, 18x36 þml. Tvær rúmgóðar skúffur. Kommóðan 21x38 þml. Vanaverð $17.00. Kjörkaupsverð **$13.50**
$4.50 strax, afg. $3.00 á mánuði

MISLITIR BORDDÚKAR. — Mjög snoturir, af ýmsum litum og munstri; með hnýttu kögri. Eru 2 fer-yard að stærð. Vanaverð $2.00. Seljast nú á **$1.35**

SATIN RÚMTEPPI (Quilts) á á $1.39.— Stór og voðfeld, gegn ofin og mjög endingargóð. Ættu að fljúga út. Vanaverð $2.25. Nú á..... **$1.39**

FRANSKIR ÚRVALS DÚKAR á $1.00 yard.— Dúkar þessir eru virði frá $1.50 til $3.00 hvert yd. Þeir eru bæði einlitir og mislitir og fjöldi munstra úr að velja. Mest eru þetta stúttir afgangar, frá 4½ til 10 yards á lengd, en ættu mörgum að vera hentugir fyrir forhengi, dyratjöld og húsgagna-klæðnað. — Að eins hvert yard á **$1**



HVÍT ENAMELLED JÁRNRÚM. — Með messings þverslám að ofan, til höfuðs og fóta Eru sérlega smekkleg og mjög sterk. Vanaverð $10.00 Kjörkaupsverð **$8**
$3.00 strax, afg. $1.50 mánaðarl.



VANDAÐUR TYRKNESKUR LEÐUR LEGUBEKKUR.— Legubekkir þessir eru hinir vönduðustu. Fjaðrakrafturinn mikill, ágætlega útstoppaðir og leðrið traust. Þeir hafa hlotið almenníngs lof. Vanaverð $100.00 Kjörkaupsverð **$75**
$25.00 strax, afg. $10.00 á mánuði.

Vér gefum sérstaklega gaum að "Upholstering".

ENSKUR BARNAVAGN. — Sterklega bygðir og af vönduðustu gerð. Brúnir og grænir. Hjólin með þykkum 'rubber' hringjum. Vanaverð $38.00 Kjörkaupsverð **$27.50**
$9.50 strax, afg. $5.00 mánaðarl.

GARDÍNU-TAU. — Allmikið af vönduðu 'muslins' og fingerðum léreftum, af ýmsum gerðum og litum, mjög hentug í gardínur fyrir borðstofu, setustofu og bókaherbergis glugga. Kostaði 65c, 75c, 90c og $1.00 hv. yd. Nú hv. yd..... **47c**

LACE CURTAINS á 1.25 parið. — Þær endast ekki lengi, því lítið er til og efnið, gerðin og áferðin gera þau gurnileg í hvers manns augum. Kostuðu $2.25 parið. Nú parið á **$1.25**

HOUSEHOLD VACUUM CLEANER. — Mjög hentugur, kostar ekkert að vinna með honum og endist óendanlega. — Hver vill vera án hessa þarfahlutar, þegar verðið er að eins **$5**

Ekkert getur farið úr lagi.
Endist lengur en þúsund kústar.

ENSKAR TAPESTRY FERHYRNUR. — Ofnar saumlaust Fallegar og endast árum saman. Blóma og Austurlanda skraut, á rauðum, grænum og bleikum fleti. Stærð 6-4x9-0. Vanaverð $8.50. Nú seldar á..... **$7.50**

SMYRNA FERHYRNUR.— Ofnar saumlaust úr beztu ull. Fagurlitar tvefm megin, rauðar, grænar, bleikar og bláar, með blóma, Austurlanda og myntar skrauti. Hentugar í öll herbergi. Stærð 9-0x12. Venjulega $40.00 Nú á **$29.50**

JAPANSKAR MOTTUR. Kaldar, heilnæmar og þægilegar fyrir sumarbústaði. Brúnar, grænar og bláar að lit. Transtlega gerðar. 36 þml. breiðar Hvert yard **15c**

CARPETS.

SKOZKIR AXMINSTER GÓLF DÚKAR.— Fallegt mjúkt yfirborð, þéttofnir og fallegir. Fastir litir. Rauðir og grænir, rósóttir, bláir og bleikir, með blóma og Austurlanda skrauti, og tvenskónar litblæ. Hentugir í dagstofur, stássstofur, reykingastofur, og nærri hvert herbergi. Viðeigandi kögur. Vanalega $2.00 yd. Sérstakt verð yd. **$1.50**

ENSKIR BRUSSELS GÓLFDÚKAR. — Beztu dúkar til slits; snarpt yfirborð. Auð hreinsaðir. Blóma og Austurlanda skraut. Tvenskonar litblær, á rauðum, grænum, bleikum og bláum fleti. Viðeigandi bekkir. Vanalegt verð $1.40. Hvert yard yard nú **$1.10**

LINOLEUMS OG OLÍUDÚKAR.

ENSKIR OLÍUDÚKAR. — Ný gerð og spánýr varningur. Blóma, tigla og mottu skraut. Ljósir og dökkir að lit Breidd 2 yards Ferhyrnings-yard **30c**

SKOZKIR ÞRYKTIR LINOLEUMS' DÚKAR. — Vandaðir, áferðarfallegir, ljósir og dökkir að lit. Hentugir í eldhús og gang. Tigla, blóma og mottu munstur. Vanaverð 60c yd. Ferhyrnings-yard á **35c**

SKOZK INLAID LINOLEUMS. — Mjög vönduð og endast óendanlega. Altaf hreinleg sem nýr. Tigla, blóma og mottu munstur. Breidd 2 yds. Sérstakt verð ferhyrnings-yard **75c**

STOFNSETT 1879

J. A. BANFIELD
492 MAIN STREET :-: PHONE GARRY 1580-1-2

STOFNSETT 1879

VERZLUN VEGNA NEYZLUNNAR.

Samvinnufélögin lána meðlimum sínum peninga til húsabygginga, og eru nú jafnvel farin að byggja hús sjálf. Alt er að færast á þá sveifina, að meðlimirnir framleiði og selji sjálfum sér alt það, sem þeir þarfnast til lífsviðurhalds.

Það er vegna þess, að þau hafa sínar eigin þektu kröfur til að byrja með, að hin miklu samvinnufélög hafa orðið happasæl í framleiðslu og yfirmáta heppin í viðskiftum. Næstum óafvitandi hefir úthlutunarfélagið — búðin — lagt undir sig allar almennar verzlunargreinar.

Í vanalegum viðskiftum framleiðir verksmiðjueigandinn vörur sínar eftir getgátum einum. Hann áætlar hina væntanlegu solu, og undir því, hvort hún nefir gefist vel eða illa, er gróði hans eða tap komið. Heildsölumaðurinn, sem kaupir hjá framleiðaranum, byggir einnig á getgátum, hvað smásalinn muni mikið kaupa; og smásölumaðurinn, sem kaupir af heildsalanum, getur sér einnig til um kröfur viðskiftanauta sinna. Getgáturnar geta tekist vel, en þær eru áhætta engu að síður. — Hin mörgu verzlunaróhöpp, óseldar vörubyrgðir, sem enginn vill líta við, og framleiðsla hluta, sem engin eftirspurn er eftir, — alt er þetta afleiðing af slæmum getgátum.

Samfélagarnir þurfa ekki að áætla. Þeir byrja með sínar þektu kröfur, og haga búðum sínum eftir því. Þegar þeir selja sjálfum sér nokkra tugi milióna árlega, mynda þeir heildsölusamfélag, sem mæta hinum óþektu kröfum þeirra eigin smásölubúða. Ef þeir stofna skóverksmiðlu, býr hún til skóna fyrir þá. Þeir vita nákvæmlega, hve mörg hundruð pör þeir þurfa vikulega, — jafnvel áður en verksmiðjan er stofnuð. Hinir miklu yfirburðir samfélagsbúðanna yfir samkepnisbúðirnar, liggja í hinum þektu kröfum viðskiftamannanna. Það er verzlun vegna neyzlunnar. Það er verzlun, þar sem engin áhætta er af ofmiklum vörubyrgðum eða af tapi viðtkiftavina. Samvinnufélagið hefir sína skiftavini áður en það hefir vörurnar. Það byrjar með kröfum eftir vörunum, í stað þess að vanalegur kaupmaður verður að byrja með vörubyrgðum.

Það eru nokkrir af hinum ákófustu meðlimum samvinnufélaganna, sem vona það, að búðin leggi undir sig allan iðnað heimsins. Bráðum halda þeir að allir menn vilji kaupa fyrir sjálfa sig og framleiða fyrir sjálfa sig.

Framleiðsla einstaklinga og hags munasala fer minkandi og verður þýðingarminni, unz ágóðamöguleikinn verður enginn. Iðnaður allur verður þjóðfélagseign. Samfélagsbúðin endar síðan í samfélags þjóðveldi, er skoðun þessara manna.

En það eru takmörk samt sem áður fyrir framgangi þessa félagsskapar, og þau takmörk eru föst og óyfirstíganleg. Samfélagsbúðin myndar lýðveldi af kaupendum, en lýðveldi þetta getur aldrei orðið víðtækt, sem heil þjóð, eða náð yfir allan iðnað.

Í fyrsta lagi eru margir, sem eru andstæðir samfélagsbúðunum. Það er fjöldi auð- og vandfýsnamanna, sem taka úrval fram yfir ódýrleik, og eru einnig viljugir að borga fyrir 'þeygingar og bukt', og undirgefnisbros verzlunarþjóna. En þessu eru smásölubúðirnar sneyddar. Þá eru það hinir brezku jarðyrkju verkamenn, sem eru svo einangraðir, að þeir geta ekki komið á fót samfélagsbúðum. — Einnig er allur sá mikli fjöldi fátæklinga — ræfla —, sem eru of vesælir til að bindast félagsskap, og sem fimm centin í dag er meira virði en dollarinn á morgun. Í hinum stóru borgum eru margar þúsundir manna, sem lifa flækingslífi, eiga engan verustað og enga nábúa. Allir þessir menn eru ómögulegir samfélagsmeðlimir. Það eru því og verða margar miliónir manna, sem ekki vilja eða geta þýðst samvinnufélagsskapinn, eins og það eru og verða margar miliónir, sem gera það. — Í hinu volduga kaupenda lýðveldi, er öllum boðið að gerast borgarar. Samt sem áður halda bæði höfðingjar og fátæklingar sig fyrir utan landamerkin.

Og ekki eru samvinnufélögunum allir vegir færir til framkvæmda. Hinar brezku samfélagsbúðir hafa með höndum og vrkja um 10 þúsund ekrur af landi, en það hefir ekki gefist vel. Framleiðsla í stórum stíl, svo sem stálsteypuhús, gufuskipabyggingar og umráð og stjórn járnbrauta, — alt þetta er þeim um megn. Búðirnar eru happasælar að framleiða það eitt, sem þekt krafa er fyrir, og meðlimirnir þurfa til neyzlu og búnaðar.

Í öðrum löndum hefir samvinnufélagsskapurinn verið að ryðja sér braut á hinum seinni árum, og þrifist vel, þar sem hann hefir náð fótfestu, og er enginn efi á því, að þegar fram líða stundir verður slíkur félagsskapur í öllum menningarlöndum heimsins, — og mun hann reynast hverju landi og lýð heillavænlegur.

* * *

ATHS. — Grein þessi er lauslega þýdd úr Saturday Evening Post, sem gefið er út í Philadelphia, og er höfundur hennar Mr. Walter E. Weyl, velþektur verzlunarfræðingur. Er greinin þar kölluð "A Republic of Consumers" — Notenda lýðveldi. Ritstj.

SPURNING.

Ég er vistaður í 4 mánuði hjá bónda og hefi ákveðið kaup um hvern mánuð. Nú verð ég veikur og get ekki unnið í eina viku. Get ég ekki látið bóndann draga af kaupi mínu sem svarar vikulaunum, eða er ég skyldugur til að vinna hjá honum eina viku lengur? Engir skriflegir samningar.

Fáfróður.

Svar: — Ef spyrjandi er ekki fastlega vistráðinn hjá öðrum að 4 mánaða tímabilinu enduðu, vildum vér ráða honum til að víkja áfram þessa einu viku umfram umsamda tímabilið, til þess að bæta upp fyrir vikuna, sem hann var veikur. En vilji hann ekki gera það, þá getur húsbóndi hans ekki knúð hann til þess. Hinsvegar getur húsbóndinn ekki að eins dregið af honum vikukaupið, heldur einnig heimtað borgun fyrir fæði og þá hlynningu, sem hann hefir veitt verið meðan hann var veikur. Bezt að verkveitandi og verkþiggjandi semji friðsamlega um þetta mál. Ritstj.

Herra Jón Hólm, gullsmiður að 770 Simcoe St., biður þess getið, að hann selji löndum sínum gull- og silfur-muni og gigtarbelti. — Belti þessi eru óbrigðul við gigt, ef þau eru notuð samkvæmt fyrirskipunum Jóns. Kosta að eins $1.25.

PIANO Kjörkaup

Hinn mikli fjöldi af Pianós, sem skift er fyrir HEINTZMAN & Co. Pianós, gerir það að verkum, að vér höfum nú mörg brúkuð hljóðfæri, sem vér seljum fyrir afarlágt verð.

Notið tækifæriið, ef þið viljið komast að kjörkaupum.

J. J. H. McLean & Co LIMITED

Cor Portage Ave. & Hargrave
Phone Main 808.

Fréttir úr bænum

Frá Íslandi kom hingað sl. fimtudag Guðm. Zophoníasson, dýralæknisnemi. Hafði hann fá markverð tíðindi að segja, nema gott útlit til lands og sjávar þar heima á ættjörðinni. Guðmundur ætlar að setjast að hér vestra. — Hann hefir stundað dýralæknisnám í Khöfn um 3. ára tíma. Vonandi er, að hann sjái sér fært að lúka námi því hér og stunda dýralækningar framvegis. Það væri honum bæði sómi og hagur og þjóðflokki vorum gagn, að hann gerðist fyrsti ísl. dýralæknir í Canada.

Veðurblíða hefir gengið undanfarna daga, þó fullheitt sunna dagana. Hitinn náð 100 stigum í forsælunni.

Edwin G. Baldwinson kom á mánudagsmorguninn úr Chicagoför sinni. Lét hann hið bezta yfir þessari ferð og þeim ágætu viðtökum, sem landar þar veittu honum, og sem hann biður Heimskringlu að flytja þeim alúðarþakkir sínar fyrir.

Frétt frá Cambridge, Mass., segir að 996 námsmenn hafi útskrifast frá Harvard háskólanum í ár, og að Þorbergur Þorvaldsson hafi verið gerður doktor í heimspeki.

Mrs. Jón Th. Clemens, 660 Home St., fór á laugardaginn suður til North Dakota í kynnisför til frændfólks sins og kunningja á Mountain og þar í grend. Bjóst við að verða 2—3 vikur að heiman

Íslendingur Ásgeir Egilsson, frá Arabæ í Reykjavík, semendvalið hefir hér vestra um nokkur ár, skaut sig til bana í einu af hótelum borgarinnar á fimtudaginn var. Ásgeir heitinn var maður á bezta aldri, að eins 28 ára gamall, góðum hæfileikum gæddur og atorkusamur. Kom það vinum hans mjög á óvart, að hann skyldi svifta sig lífi, því engar ástæður virtust knýja hann til þessa óyndisúrræðis. — Jarðarförin fer fram á sunnudaginn.

Dáin er í Nýja Íslandi Þórunn Finnsson, kona Kristjáns Finnssonar bónda þar, nær fimtugu. Rausnar- og myndar-kona og vel látin af öllum er þektu. Hún var jarðsungin af séra Jóh. Bjarnasyni sl. laugardag, að viðstöddu fjölmenni.

ÆFIMINNING.

Þann 22. júní andaðist að heimili Grims sonar sins, nærri Lundar P.O., Man., ekkjan Guðný Eiríksdóttir Scheving, 72. ára gömul. Guðný sál. var móðir þeirra Grims, Eiríks og Stephans Scheving. Hún var jarðsungin 25. s. m. af séra Jóni Jónssyni, að viðstöddum fjölda fólks. — Þessarar heiðurskonu verður minst síðar.

Herra Guðm. G. Nordal, bóndi í Hólarbygð, Sask., var hér á ferð nýverið í kynnisför til ættmenna sinna í Argyle bygð. Guðmundur lét hið bezta af gróðrarútliti í bygð sinni og högum sjálfs sins, — enda leit gamli maðurinn 10 árum unglegri út núna, en þá er hann kom frá Íslandi fyrir 9 árum síðan. Hingað til lands kom hann örreigi, en nú er hann gildur bóndi, svo ekki hefir Canada farið um hann hörðum höndum.

Séra Rúnólfur Marteinsson messar í Tjaldbúðinni næstkomandi sunnudag að kveldinu.

Kaupendur Heimskringlu eru beðnir velvirðingar á því, að blaðið, sem út kom þann 22. júní og var No. 38, hafði af vangá prentast undir dagsetningu og númeri fyrra blaðs (15. jún', No. 37). — Þessi skekkja var þó ekki nema í nokkrum hluta af útgáfunni.

Kartöflur eru orðnar dýrar hér í borg, — kosta $1.75 bushel. Fyrir tíu dögum kostuðu þær $1.00 hv. bushel. Nýjar kartöflur fluttar sunnan úr Bandaríkjum kosta hér rúmlega 8 cents pundið eða 12 pd. á $1.00. — Það virðist nægilega mikið landrými í Vestur-Canada til þess að hægt væri að rækta kartöflur í svo stórum mæli, að þær gætu verið hér í þolanlegu verði. — Óvanalega miklar rigningar hafa drekt jarðeplum í sumum ökrum, svo að kaupmenn óttast uppskerubrest á þeim í haust.

Nú er Midland járnbrautarfélagið fyrir alvöru tekið að starfa að lagningu brautar sinnar inn í Winnipeg borg. Búið að flytja öll eða því nær öll hún af landspildu félagsins milli Ross Ave. og Pacific Ave., og munu brautateinar verða lagðir þar niðureftir innan skams.

Í fyrra blaði var þess getið, að herra Guðmundur Björnsson, trésmiður frá Selkirk, hefði verið fluttur hingað á Almenna spítalann til uppskurðar við innvortis meinsemd. Þetta var rangt. Það var kona hans, sem hér gekk undir holskurð. Þetta eru leiðrétt beðnir að athuga.

SUNNUDAGASKÓLA PICNIC.

Á laugardaginn kemur hefir sunnudagaskóli Fyrstu Únitara kirkju í Winnipeg sína árlegu skemtiferð. Ferðinni er heitið til Assiniboine Park, og verður lagt af stað frá kirkjunni (horni Sherbrooke og Sargent stræta) klukkan 1½ e.m. Aðstandendur sunnudagaskóla barnanna eru vinsamlega beðnir að sjá um að börnin komi og helzt koma sjálfir, og öllum meðlimum og velunnurum safnaðarins er velkomið að koma með börn, þó ekki hafi þau gengið á sunnudagaskólann. Forstöðunefnd skólans mælist til þess, að safnaðarfólkið yfirleitt stuðli að því, að gera þessa ferð sem ánægjulegasta fyrir börnin.

Bræðurnir í stúkunni Heklu ætla að hafa sérstakan skemtifund næsta föstudagskveld 7. júlí í Goodtemplarasalnum. Þeir óska, að allir íslenzkir Goodtemplarar í Winnipeg verði þar, hvaða stúku sem þeir tilheyra. Prógram verður langt og gott, og veitingar. Kostar ekkert nema að koma. B.

Djáknanefnd Tjaldbúðar safnaðar hefir MOONLIGHT EXCURSION með bát sömu leið og seinast norður í Hyland Park fimtudagskveldið í þessari viku kl. 7.45, frá enda Lusted strætis eins og áður. Nefndin selur farmiða þar á staðnum.

NÝ UPPFUNDNING.

Eins og getið var í Hkr. fyrir skömmu síðan hefir landi vor Hans Gislason, frá Kristnes P.O., Sask., fundið upp hliðargrindur á krossgötum á járnbrautum, sem hamla því, að gripir geti komist á brautirnar, sem að undanförnu hefir valdið stórtjóni og málaferlum milli gripaeigenda og járnbrautafélaga. — Nú hefir herra Gislason fengið einkaleyfi í Canada fyrir uppfundning þessari. Er hún álitin af sérfræðingum í þessu efni sú langbezta og ódýrasta, sem enníþá hefir komið til álita, og telja engan efa á, að járnbrautafelög kaupi þetta einkaleyfi tafarlaust, þar að auki má nota þessar sjálfloonaðu og lokuðu grindur á allar tegundir af hliðum fyrir alla lestakeyrslu, í smáum og stórum stil. Herra H. Gislason er að undirbúa að fá einkaleyfi í Bandaríkjunum og víðar á þessari uppfundning sinni. — Bráðlega verður mynd sýnd af þessari uppfundning í Hkr. og hérlendum blöðum. — Hr. H. Gíslason hefir þegar fengið íboð í þessa uppfundningu hjá þeim manni hér í Winnipeg, sem kaupir og verzlar með einkaleyfissölur, og segist ábyrgjast, að uppgötvarinn sé sérlega vel hæfur fyrir uppfundningar og þurfi e k k i og ætti e k k i að vinna að öðru en uppfundningum héðan af. — Ef hann er sannspár, þá er það heiður fyrir Íslendinga, að uppgötvarinn er Íslendingur í húð og hár og ann þjóð sinni og ættlandi.

Eftir sjö viknа útivist í Winnipeg og á Gimli, einnig norður í Árdalsbygð, er ég nú kominn á heimleið til Dakota; öllu því fólki, sem ég hefi heimsótt í þessari ferð minni, er ég hjartanlega þakklátur fyrir hlýjar og góðar viðtökur, og alla aðhlynningu; og óska ég endurgjalds frá himnum til allra þeirra í þeim hóp, sem hafa trú á þannig lagaðri ósk.

Staddur í Winnipeg 3. júlí '11.
Thorsteinn Jóhannesson.

Hjálparsjóður Kínverja.

Peningar þeir, sem Hkr. voru sendir í þann sjóð — $57.50 — voru af blaðinu sendir til féhirðis aðalíjársöfnunarnefndarinnar, Mr. S. J. Moore í Toronto. Viðtöku skýrteini frá honum var ritstjóra þessa blaðs sent er hljóðar svo:

"Chinese Famine Fund, 445 King Street West, Toronto.

June 19, 1911.

Dear Sir: On behalf of the General Committee I acknowledge with warm thanks your donation of $57.50 for the Flood and Famine Sufferers of China.

Yours veru trufy,
S. J. Moore, Treasurer".

TAKIÐ EFTIR ÞESSARI AUGLÝSING.

Samkvæmt því sem stóð í Heimskringlu 15. júní þ. á. heldur B. RAFNKELSSON, Oak Point, Man.,

OPINBERT UPPBOÐ

á landi og lausum aurum 21. þessa mánaðar, sem byrjar kl. 10 f. hád.

Landið er gott til gripa- og kornræktar, alt umgirt með vír og eikar uppstöðudurum, og með umbótum, sem nema þrjú þúsund dollara. Í þægilegum stað, þrjár mílur frá vagnstöð, liðuga mílu frá skóla og kirkju.

ALLIR munir innan stokks og utan, sem að landbúnaði lúta, og fimtán lestir af heyi.

EINNIG talsvert af búðarvarningi, mestmegnis skóvarningur, mjöl, gripafóður o.s.frv.

80 nautgripir, að meðtöldum sex akneytum; 13 hestar í bezta standi.

Þessi sala verður á móti PENINGUM ÚTÍ HÖND, nema heimulega verði umsamið við Benedikt.

Tapið ekki tækifærinu til að kaupa landið, einn þriðji í peningum, hitt með vægum skilmálum.

Sigrún M. Baldwinson
TEACHER OF PIANO
727 Sherbrooke St. Phone G. 2414

Fréttir frá Íslendingadagsnefndinni.

Sjö fundi hefir nefndin haldið, og er nú búið að fá alt það er næstu varðar, svo sem ræðumenn og skáld, og ákveða öll verðlaun. Nú er áríðandi, að allir, sem ætla að taka þátt í einhverri af íþróttum þeim, er þar fara fram, fari að búa sig sem bezt undir það.

Nefndin hefir fengið frídag fyrir íslenzku lögregluþjónana 2. ágúst, svo þeir geti tekið þátt í hátíðahaldinu. Áríðandi er fyrir alt íslenzkt fólk, er vinnur hjá enskum, að biðja þá um frídag 2. ágúst í tíma. — Ef einhverjir, sem vinna hjá hérlendum mönnum, óskuðu eftir, að nefnd n findi vinnuveitendur þeirra að máli, til að hjálpa þeim til að fá frí þann lag, þá er hún reiðubúin að gera það. Væri bezt, að láta nefndina vita um það að Heimskringlu; hún heldur fundi sína þar á hverju fimtudagskveldi kl. 8. — Annars er bezt fyrir alla, er einhver bréfaviðskifti vilja hafa við nefndina, að senda þau til ritarans að 255½ Portage Ave.

R. Th. Newland.
ritari nefndarinnar.

Í SKIFTUM.

Ég hefi nýtt gott PIANO, sem ég vil skifta fyrir byggingarlóð í Winnipeg. Skrifið eftir upplýsingum til: —

S. STEFÁNSSON,
686 Burnell St., W'peg.

FÆÐI OG HÚSNÆÐI.

Undirrituð selur fæði og húsnæði, að 639 Maryland St.
ELÍN ÁRNASON.

BEZTI MATUR.

Mrs. M. Björnson, að 569 Alverstone Street, hefir rúm fyrir nokkura kostgangara. — Finnið hana.

"ENGINEER"

Vélastjóra vantar vinnu við þreski-ketil næsta haust. Verkið ábyrgst. Sérstök nákvæmni við skemdar vélar; 5 ára æfing Vinnur fyrir hæsta kaup. Þreskjarar tilkvnni vélategund og ástand, einnig kaupgjald og tímalengd vinnunnar. Skrifið sem fyrst eftir frekari upplýsingum til

G. S. GUDMUNDSON,
Árborg, Man.

Hannyrðir.

Undirrituð veitir tilsögn í alls kyns hannyrðum gegn sanngjarnri borgun. Starfsstofa: Room 312 Kennedy Bldg., Portage Av., gegnt Eaton búðinni. Phone: Main 7723.
GERÐA HALDORSON.

Náið í þetta

Hundrað alfatnaðir, gerðir úr fegursta Belwarp vaðmáli, trútt litaðir og handsaumaðir. Þeir komu of seint frá verksmiðjum t.l vorsölu, svo verksmiðjueigendur bera tapið af niðursetningu verðsins, meðan fatnaðirnir endast.

$13.50

væru ódýrir þó seldir væru á $20.00

PALACE CLOTHING STORE
Baker Block 470 Main St.
G. C. LONG, eigandi,

Hversvegna vilja allir minnisvarða úr málmi. (White Bronze)? Vegna þess þeir eru mikið fallegri. Endast óumbreytanlegir öld eftir öld.

En eru samt mun billegri en granít eða marmari, mörg hundruð úr að velja.

Fáið upplýsingar og pantið hjá

J. F. LEIFSON
QUILL PLAIN, - SASK.

Dr. G. J. Gíslason,
Physician and Surgeon
18 South 3rd Str., Grand Forks, N.Dak
Athygli veitt AUGNA, EYRNA og KVERKA SJÚKDÓMUM ASAMT INNVORTIS SJÚKDÓMUM og UPPSKURÐI. —

Dr. J. A. Johnson
PHYSICIAN and SURGEON
EDINBURG, N. D.

H. C. DUFTON
JÁRNSMIÐUR
Gerir alskyns járnsmíði og aðgerðir viðvíkjandi ting o fl.
Mozart :-: Sask.

Dalman & Thorsteinson
MÁLARAR
— Gera alskonar húsmálning. Kalsomining og leggja pappir. Alt verk vandað og fljótt afgreitt. Phone Garry 240
797 Simcoe St.

R. TH. NEWLAND
Verzlar með fasteignir fjárlán og ábyrgðir
Skrifstofa: No. 8 Alberta Bldg. 255½ Portage Ave.
Sími: Main 972 Heimilis Sherb. 1619

J. J. BILDFELL
FASTEIGNASALI.
Union Bank 5th Floor No. 520
Selur hús og lóðir, og annað þar að lútandi. Útvegar peningalán o. fl.
Phone Main 2685

TILBOÐ.
Við undirskrifaðir tökum að okk ur alla grjótvinnu, sem við getum af hendi leyst eins fljótt og vel og nokkur getur gert. Við seljum grunn undir hús, hlöðum kjallara, steypum vatnskeröld og gangstéttir, gerum steinsteypu í fjós, o.fl.
Jacob Frimann
Hergr. Hallgrimson
Gardar, N. Dak.

BOYD'S BRAUÐ
Vér höfum gert það að fastri reglu, að nota þau efni ein göngu, sem gera brauð vor lystug og nærandi. Ef þér viljið hafa slík brauð, þá símið
Sherbrooke 680

MARTYN F. SMITH,
TANNLÆKNIR.
Fairbairn Blk. Cor Main & Selkirk
Sérfræðingur í Gullfyllingu og öllum aðgerðum og tilbún aði Tanna. Tennur dregnar án sársauka. Engin veiki á eftir eða gómbólga. —
Stofan opin kl. 7 til 9 á kveldin
Office Phone Main 6944. Heimilis Phone Main 6462

Th. JOHNSON
JEWELER
286 Main St. Sími M. 6606

G. S. VAN HALLEN, Málaferzlumaður
418 McIntyre Block., Winnipeg. Talsími Main 5142

MINNISVARÐAR ÚR MALMI
eru fullkomnastir, billegri og mikið fallegri en steinn. Endast óumbreytanlegir alla tíð. Spyrjið um þá, áður en þið kaupið stein.
Fáið upplýsingar hjá
J. S. LEIFSON,
Quill Plain, Sask.

Sherwin - Williams
PAINT
fyrir alskonar húsmálningu.
Þrýðingar-tími nálgast nú. Dálítið af Sherwin-Williams húsmáli getur prýtt húsið yðar utan og innan. — Brúkið ekker annað mál en þetta. — S.-W. húsmálið málar mest, endist lengur, og er áferðarfegurra en nokkurt annað hús mál sem búið er til. — Komið inn og skoðið litarspjaldið. —
CAMERON & CARSCADDEN
QUALITY HARDWARE
Wynyard, - Sask.

Union Loan & Investment Co.
45 Aikin's Bldg.
PHONE GARRY 3154
Lánar peninga, kaupir sölusamninga, verzlar með fasteignir: hús, lóðir og lönd. Veitir umsjón dánarbúum.— Peningum veitt móttaka og 7% vextir ábyrgstir.
Íslenzkir forstöðumenn. — Hafið tal af þeim
H. Pétursson, John Tait, E. J. Stephenson.

JOHNSON & CARR
RAFLEIDSLUMENN
Leiða ljósvíra í íbúðarstórhýsi og fjölskylduhús; setja bjöllur, talsíma og tilvísunar skífur; setja einnig upp mótors og vélar og gera allskyns rafmagnsstörf.
761 William Ave. Phone Garry 738

A. S. BARDAL
Selur líkkistur og annast um útfarir. Allur áburður sá bezti. Enfremur selur hann alskonar minnisvarða og legsteina.
121 Nena St. Phone Garry 2152

Sveinbjörn Árnason
Fasteignasali.
Selur hús og lóðir, eldsábyrgðir, og lánar peninga. Skrifstofa: 310 McIntyre Blk.
office TALSÍMI 4700. hús Tal. Sherb. 2018

BONNAR, TRUEMAN & THORNBURN,
LÖGFRÆÐINGAR.
Suite 5-7 Nanton Blk. Main 766
Winnipeg, Man. P.O.BOX 223

Anderson & Garland,
LÖGFRÆÐINGAR
35 Merchants Bank Building
PHONE: MAIN 1561.

HANNES MARINO HANNESSON
(Hubbard & Hannesson)
LÖGFRÆÐINGAR
10 Bank of Hamilton Bldg. WINNIPEG
P.O. Box 781 Phone Main 378 3142

Gísli Goodman
TINSMIÐUR.
VERKSTÆÐI:
Cor. Toronto & Notre Dame.
Phone Garry 2988 :: Heimilis Garry 899

Winnipeg Andatrúar Kirkjan
horni Lipton og Sargent.
Sunnudagasamkomur, kl. 7 að kveldi. Andatrúarspeki þá útskýrð. Allir velkomnir.
Fimtudagasamkomur kl. 8 að kveldi, huldar gátur ráðnar. Kl. 7.30 segul-lækningar.

W. R. FOWLER A. PIERCY.

Royal Optical Co
307 Portage Ave. Talsími 7286.
Allar nútíðar aðferðir eru notaðar við augn-skoðun hjá þeim, þar með hin nýja aðferð, Skugga-skoðun, sem gjöreyðir öllum ágiskunum. —

Talsími Heimskringlu
Garry 4110

Heimskringla.

Heimilis talsími ritstjórans
Garry 2414

XXV. ÁR. WINNIPEG, MANITOBA, FIMTUDAGINN, 13. JÚLÍ 1911. Nr. 41.

Vesturförinni lokið.

Vesturför Conservative leiðtogans Mr. R. L. Bordens lauk á laugardagskveldið af Somerset, Man., og á sunnudagsmorguninn lagði hann af stað áleiðis til Ottawa, og fylgdarliðar hans héldu heim til sín.

Í þessari vesturför sinni, sem hófst í Winnipeg 19. júní og stóð



R. L. BORDEN

því yfir fullar þrjár vikur, hélt Mr. Borden 40 fundi, og ferðaðist 3,200 mílur. Á öllum þessum stöðum var honum tekið með v.ðhöfn mikilli, og allir fundir hans pryðisvel sóttir, svo að á mörgum stöðum varð fjöldi manns frá að hverfa. Allstaðar voru undirtektir hinar beztu og fólkið stórhrifið af hinni einörðu og göfugmannlegu framkomu Mr. Bordens. Fylgi hans óx með fundi hverjum og glæsilegar sigurvonir við í hönd farandi kosningar til sambandsþingsins, — ekki að eins hjá flokksmönnum Mr. Bordens, heldur og hjá þeim mörgu Liberölu, sem þreyttir eru orðnir á prettum og tvöfeldni Laurier stjórnarinnar, og vilja sjá einarðan, framkvæmdarsaman og heiðarlegan mann í yfirráðherrasessi Canada, og slíkur maður er tvímælalaust Mr. R. L. Borden.

Um vesturför sína fórust Mr. Borden þannig orð að skilnaði:

"Ég legg af stað austur fullur af hugþekkum endurminningum um för þessa. Viðtökurnar hefðu ekki getað verið betri, þó ég hefði verið forsætisráðherra. Áhuginn og undirtektirnar, sem sýndu sig á lundunum, gat naumast verið betra. Og hinir síðustu fundirnir tveir, að Morden og Somerset, voru meðal þeirra beztu.

"Ég sendi alúðarþakkir mínar hinum Conservative vinum mínum fyrir þeirra óþrjótandi elju í að gera för mína sem happasælasta, og þann innilegleik, sem þeir fögnuðu mér hvervetna með. — Hinum Liberölu vinum mínum sendi ég beztu þakkir mínar fyrir kurteisi, góða áhevrn og alúðlegar viðtökur, sem þeir sýndu mér allstaðar.

"Vesturfylkin eru nú að byrja að skilja til hlýtar hina réttu þýðingu gagnskiftasamninganna. Og þegar þau hafa skilið þá til fullnustu mun fylgi þeirra ekki langgætt verða. Síðan ég hóf ferð mína hefir almenningsálitið meir og meir snúist sterklega á móti þessum samningum. Mér hafði verið sagt, að vestrið væri svo að segja eindregið með samningunum, en tvískift er það, með og móti; og ætlun mín er, að mótspyrnan sé meiri en fylgið og vex hún með degi hverjum.

"Stefna Conservative flokksins hvað Hudsonsflóa brautina, þjóðeign kornhlaða og kjötkæli iðnaðinn snertir, mætti allstaðar einróma fylgi. Hið sama gilti um það tilboð vort, að koma á fót járnbrauttarnefnd með aðalaðsetur vestan vatnanna miklu, og sem hefði sérstaka umsjón með öllum járnbrautamálum í Vesturfylkjunum.

"Af hinum þremur pólitisku leiðangrum mínum um Vesturfylkin á liðnum 9 árum, álít ég þennan hinn happasælasta og viðunanlegasta á allan hátt".

Á þriðjudaginn kom Mr. Borden til Ottawa. Ætlar hann að taka sér vikuhvíld í námunda við höfuðborgina, unz þingið kemur saman 18. júlí. — Þá verður tekið aftur til óspiltra málanna.

Fregnsafn.

Ma kverðustu viðburðir hvaðanæfa

— Hinir miklu hitar í Canada og Bandaríkjunum haldast óbreytt ir, þó einstaka dagur sé viðunanlega svalur. Í Bandaríkjunum hefir hitinn náð yfir 120 stigum í forsælunni, og í Canada 110 stigum hæst. Fólkið hefir hrunið niður af völdum hitans í Bandaríkjunum og í Austurfylkjum Canada hafa allmargir látist af sömu orsökum, þó mest ungbörn. Í New York hafa yfir 1200 manns látist, í Chicago um 400, í Denver 200, í Kansas City 950, eða nær 2000 manns [illegible] í Ichkinn og sjá Albönum víðsvegar um Bandaríkin. Í Canada hafa flestir látist í Montreal og Toronto, 122 í Montreal, mest ungbörn, og 95 í Toronto, þar af 60 ungbörn, hitt flest gamalmenni. Í Quebec hafa allmargir láið og sömuleiðis í Hamilton, Ont. — Í Vesturfylkjunum altur á móti hefir hitinn ekki verið nærri eins tilfinnanlegur, og fáir eða engir dáið.

— Konungssinnar hafa hafið uppreist í Portúgal gegn lýðveldinu, og hyggjast að koma Manúel aftur til valda. Hafa all-snarpar orustur átt sér stað, en tvennum sögum fer um það, hverjir betur hafi haft í þeim viðskiftum. Gætir stjórnin þess vandlega, að láta engar fréttir berast út, og hefir strangt eftirlit með, að talsímar og ritsímar flytji engar fregnir, og eins er haft eftirlit með pósti, sem sendur er til útlanda, að þar sé ekkert, sem frætt geti umheiminn um hið sanna ástand landsins. — Konungssinnar fá fjárstyrk frá Braziliu og vopnabirgðir frá Spáni — þó með leynd sé, og eru að sögn hinir vonbeztu um, að koma Manúel aftur í valdasessinn og steypa Braga forseta af stóli.

— Mesta þrekvirki í flugsögunni má vafalaust telja hið nýafstaðna kappflug frá Paris til Lundúna og til baka aftur sömu leið, og sem tíu flugmönnum tókst farsællega. Frá Paris lögðu í upphafi af stað yfir fimtíu flugmenn, en brátt týndu þeir tölunni, og einum ellefu af öllum hópnum tókst að komast yfir Ermasund og til Lundúna, og þegar aftur kom til Parisar, hafði einn þessara ellefu fallið af[illegible] úr. Flugi þessu var þannig háttað, að flugmennirnir máttu hafa all-marga viðkomustaði, og verðlaun voru veitt fyrir hraðasta flug á milli sumra þessara viðkomustaða, þó aðalverðlaunin — fimtíu þúsund dollars — veittust þeim, sem alt flugið gerði á skemstum tíma. Sá, sem það gerði, var franskur sjóliðsforingi, Conneau að nafni; tókst honum að fljúga alla þessa löngu leið — 950 mílur — á 23 klukkustundum 22 mínútum og 29 sekúndum. Hér er anðvitað að eins átt við tíma þann, sem hann var á flugi, því dvölin á viðkomustöðunum var sumstaðar all-löng. — Annar fljótasti flugmaðurinn var Roland Garros, og var hann fjórum stundum seinni en Conneau; Vidart varð þriðji í röðinni, og sá fjórði varð sigurvegarinn í fluginu frá Paris til Madrid, Pierre Vedrine. Hann vann að þessu sinni verðlaunin fyrir hraðast flug yfir Ermasund. — Allir eru þessir flugmenn frakkneskir, og bera Frakkar nú ægishjálm yfir allar aðrar þjóðir í fluglistinni.

— Nýdáin er á Ítaliu ekjudrotningin af Portúgal, Maria Pia, afasystir núverandi Ítaliukonungs, Victor Emanuels, háöldruð. Systir hennar, Klóthildur, er gift var Napóleon keisarafrænda og móðir Victors Napóleons, andaðist nokkurum dögum áður. Er hennar allmjög getið í sögunni af Heljarslóðarorustu, og því mörgum Íslendingum kunn.

— Sir Charles Tupper, fyrverandi forsætisráðherra Canada, varð nýræður þann 5. þ.m Bárust hinum aldna stjórnmálaskörungi heillaóskaskeyti víðsvegar að. — Gamli maðurinn er all-ern ennþá, og hefir brennandi áhuga á velferðarmálum Canada, þó fjarri sé nú heimili hans þeim stöðvum. — Meðal annars hefir Sir Tupper ótvíræðlega gefið til kynna, að hann væri gagnskiftauppkastinu andvígur, og átti í blaðadeilum við Hon. Fielding af þeim ástæðum.

— Albana uppreistin gegn Tyrkjum virðist muni fá viðtækari afleiðingar, en við var búist í fyrstu — með því að margar líkur benda til, að Montenegro muni ganga í lið með Albönum og segja Tyrkjum stríð á hendur. Montenegrobúar hafa til þessa að eins sýnt velvildarhug sinn í því, að taka á móti konum og börnum Albana, sem flúið hafa úr klóm Tyrkja, og veitt þeim griðland hjá sér. En nú hefir Austurríki gefið Montenegro undir fótinn með, að blanda sér frekar inn í málin, og er alment búist við, að sú uppörfun til hinna hraustu Svartfjallasona — Montenegro-búa — hafi þær afleiðingar, að þeir ráðist á Tyrki; og það í þeirri von, að stórveldin þá [illegible] borgið, og auki landrými Montenegro, sem nú er sáralítið; en allir vita, að Nikulási konungi er sú ösk heitust, að fá það aukið. — Svartfjallabúar eru kunnir að því, að vera fullhugar miklir og herkænir, og hefir Tyrkjum margoft reynst þeir, þó fáir væru, fullerfiðir viðureignar, og væri Albönum liðveizla þeirra ómetanlegur hagnaður og glæsilegasta sigurvonin.

— Marokko-þrætan er ennþá óútkljáð. Enska stórnin hefir lýst því yfir, að England fylgi Frökkum að málum gegn þjóðverjum og liði þeim engin samningsrof eða ofbeldi. Og Frakkar tjá sig því mótfallna, að þjóðverjar setjist að í Agadir, eða nokkrum öðrum stað á sjávarströnd Marokko, og hafa krafist skýringa frá þýzku stjórninni á því athæfi hennar, að senda herskipin til Marokko. Þjóðverjar hafa til þessa farið undan í flæmingi, og engin ákveðin svör gefið, nema það eitt, að það sé fjarri þeim, að vilja troða illsakir við Frakka. Spánverjar hafa litt blandað sér inn í þrætumálin, en draga þó frekar taum þjóðverja. En naumast má við stórtíðindum búast, hverju sem fram vindur.

— G. Johnstone Stoney, frægur brezkur vísindamaður, andaðist í Lundúnum þann 6. þ.m., 85 ára gamall.

— Á þjóðminningardegi Bandaríkjanna 4. júlí mistu 38 lífið, en 1,117 særðust meira og minna af völdum púðursprenginga og flugelda. Í fyrrasumar létust 44 og 2,485 særðust, og árið þar áður mistu 62 lífið og 3,346 særðust af þeim völdum. Flest eru það börn, sem verða fyrir þessum slysum, en þó hafa allmargir fullorðnir beðið líftjón og lima. Að þessu sinni hafði lögreglan í hverri borg og bæ strangar fyrirskipanir, að hafa nákvæmt eftirlit með þessum flugelda og púðursprengingum, og mun það því að þakka, að færri voru slysin en nokkru sinni áður, — þó all-tilfinnanleg séu engu að síður. Fjórði júlí hefir orðið Bandríkjunum dýrkeyptur gleðidagur.

— Henri Bourassa, leiðtogi Nationalistanna, veitir þeim Liberölu harðar árásir í Quebec fylki um þessar mundir. Hann hefir haldið fjölmarga fundi víðsvegar um fylkið, og allstaðar hefir fólkið streymt að og orðið hrifið af eldmóði og orðum Bourassa. Það er talið víst, að þegar Sir Wilfrid er sjálfur kominn til skjalanna, muni orrahríðin vaxa ennþá meir en nú er, því þeir af skjaldsveinum hans, sem vörnum hafa haldið uppi, hafa farið fýluför hina mestu í viðskiftum sínum við Bourassa. Það er aðallega herflotastefna Lauriers, sem Bourassa ræðst á; telur hana landinu til háðungar og herskipin — dallana gömlu — til einskis nýta, nema til vöruflutninga. — Quebec fylki hefir verið Lauriers máttarstoð, en nú virðist alt benda til þess, að hugir manna séu frá honum snúnir, og hann fari þar hrakfarir hinar mestu við næstu kosningar. — Mr. Bourassa verður í kjöri í tveimur kjördæmum við komandi sambandskosningar, og talinn viss í báðum.

— Stjórnmálamaðurinn brezki, Joseph Chamberlain, varð 75 ára á föstudaginn 7. júli. Bárust gamla manninum fjöldi heillaóskaskeyta, bæði innanlands og utan, frá merkum stjórnmálamönnum og öðrum stórmennum.

— C.N.R. járnbrautarfélagið tap aði 12 skaðabótamálum í Crookston í Minnesota, er höfðuð voru móti því fyrir eldsvoðatjón á eignum manna. Skaðabótakröfurnar, sem félagið var dæmt til að borga námu $9,714.64. En félagið er ekki búið að bita úr nálinni með þetta, því fimmtíu önnur samskonar mál gegn því eru enn ekki útkljáð eða í aðsigi. — Á meðal hinna 12 manna og félaga, sem kröfurnar unnu, var eitt vátryggingarfélag, það eina, sem skaðabótakröfu gerði. Nú er búist við, að öll hin vátryggingafélögin, sem greitt hafa brunabótaábyrgðir fyrir bruna af völdum járnbrautafélagsins, höfði skaðabótamál, og eru þær kröfur taldar að nema $825,000.00 Tapi C.N.R. öllum þessum málum, mun mega kalla það sláman skell á fjársjóðu þess, því alls munu kröfurnar nema næstum milión dollar[illegible]

— Sir Wilfrid Laurier kom til Canada úr Englandsför sinni á laugardagskveldið, og var fagnað með virktum í Quebec. Þar hélt hann fund á mánudagskveldið um stjórnmál og afstöðu sína í þeim.

— Bærinn Egansville í Ontario brann að miklu leyti á sunnudaginn. Upptök eldsins eru ókunn, en skaðinn nemur $250,000

— Hroðalegur bruni varð í Chicago á sunnudagsmorguninn, er eitt stærsta hesthús borgarinnar brann með 263 hestum inni. Eigna tjón talið nema $600,000.

— Konungur og drotning Breta komu til Írlands á laugardaginn, og var fagnað hið bezta í Dublin, höfuðborginni.

— Sir Eldon Gorst, landsstjóri Breta á Egyptalandi, hefir lagt niður völd vegna heilsubilunar; en í hans stað hefir Kitchener lávarður, sigurvegarinn úr Búastríðinu, verið skipaður.

— Strathcona lávarður hefir í hyggju að leggja niður embætti sitt sem High Commissioner of Canada, sökum ellilasburða, og er alment búist við, að hermálaráðgjafi Laurierstjórnarinnar, Sir Frederick Borden, verði eftirmaður hans í þeirri vegsemda stöðu.

— Hroða glæpamál stendur yfir í Moskva á Rússlandi um þessar mundir. Hefir maður einn, Peter Boldin, er grunur lék á um morð, meðgengið að hafa myrt 55 manns — flesta til fjár. Álitið er, að maðurinn þjáist af glæpsýki, og sé ekki með öllum mjalla.

— Venezuela lýðveldið á uppreist í vændum. Hefir Castro, land flæmdi forsetinn, brotist inn yfir landamærin með tvö þúsund manna hersveit, og hygst aftur að ná völdunum, sem hann var sviptur, mest fyrir tilstyrk stórveldanna. — Castro var, sem kunnugt er, forseti Venezuela um mörg ár, og rikti að mestu sem einvaldur. Vildi hefja landið til vegs og gengis, en það tókst þannig, að hann lenti í þrætum og ófriði við ýmsar af stórþjóðunum, og varð að lokum að hröklast úr landi. Síðan hefir hann gert ýmsar tilraunir til að koma af stað uppreist í Venezuela, en mishepnast til þessa. Castro er stórveldunum þyrnir í augum, og hafa fáar þjóðir viljað hafa hann sín á meðal. Fyrir þær sakir hefir hann undanfarið flækst um höfin á skipi sínu, og víða verið bönnuð landganga. Meðal annars gaf brezka stjórnin út skipun, að taka Castro fastan sem sjóræningja, ef hann kæmi nærri brezkum lendum. En engu að síður er hann nú kominn inn í Venezuela, og heitir að leika Comez forseta hart um það likur. — Castro er stórauðugur maður og mun litt sjá í skildinganna, ef kostur væri að kaupa til liðs við sig suma af liðsmönnum stjórnarinnar og lýðinn.

— Canadian Northern járnbrautarfélagið hefir nú ákvarðað að auka brautakerfi sitt svo, að það nái frá hafi til hafs. Féð til þessa er þegar fengið. Byrjað er nú á, að byggja járnbrautina frá Kyrrahafsströndinni austur á bóginn. — Þetta verður þriðja þverlandsbrautin í Canada, og má þá kalla samgöngumálum landsins vel á veg komið.

— Strætisvagnamenn í Mexico hafa gert verkfall og heimta launaviðbót. Hafa róstur orðið með mönnum, svo að herliðið hefir orðiðað skerast í leikinn. Öll strætisvagna umferð í helztu borgum landsins, er stöðvuð, og verða menn að þjarga sér sem bezt þeir geta, — gangandi eða á hjólum. Búist er við, að verkfall þetta standi skamma stund, og að verkfallsbrjótar taki upp vinnuna, ef hinir halda kröfum sínum til streitu, — því strætisvagnafélögin eru ósveigjanleg.

— Bankaskýrslur Canada sýna, að á hinum ýmsu bönkum landsins eru $638,411.00 tilheyrandi mönnum, sem enginn veit hvar eru, og sem ekkert hirða um innstæður sínar. Árið sem leið nam upphæð þessi $620,655.00, og hefir því óreiðufé þetta vaxið um 18 þúsundir dollars á þessu síðasta ári.

— Lávarðadeild brezka þingsins fjallar um þessar mundir um frumvarp stjórnarinnar, er neðri málstofan samþykti um takmörkun neitunarvalds lávarðadeildarinnar. Hafa, sem búast mátti við, allharðar umræður orðið, og allmargar breytingatillögur framkomið, þó markverðasta breytingartillagan sé frá Lansdowne lávarði, leiðtoga stjórnarandstæðinga í deildinni um að heimastjórnarfrumvarp Íra sé háð neitunarvaldi lávarðadeildarinnar. Gat Landsdowne þess í ræðu, að það væri að stofna krúnunni í hættu, að gefa neðri málstofunni einni úrskurðarvald í þess konar málum. Önnur þýðingarmikil breytingartillaga við frumvarpið er gegn þeirri ákvörðun þess, að lávarðadeildin hafi ekki neitunarvald í neinum fjármálum, og að forseti neðri málstofunnar eigi einn að úrskurða, hvaða frumvörp það séu, sem heyri undir þann lið. Breytingartillaga lávarðanna fer fram á það, að nefnd manna úr báðum deildum úrskurði, hvaða frumvörp eigi að heimfærast undir þann lið. Hélt Cromer lávarður, tillögumaðurinn, því fram, að næstum hvert frumvarp mætti kalla fjármálum viðkomandi, og þá væri lávarðadeildin gjörsneydd öllum áhrifum; en með breytingatillögu sinni væri það þó unnið, að vissa fengist fyrir því, að þau ein frumvurp yrðu heimfærð undir þann lið, sem þar ættu heima. Þessi breytingartillaga var samþykt með miklum atkvæðamun. — Annars er alment búist við, að frumvarpið nái að komast gegnum deildina breytingalítið, og að stjórnin knýi það fram með hörðu, ef annars er ekki kostur. Foringjar stjórnarinnar í lávarðadeildinni eru Halfdane hermálaráðherra og Morley lávarður. En það eru heitir tímar núna í lávarðadeildinni, mest þó um breytingartillöguna viðvíkjandi heimastjórnarfrumvarpi Íra.

— Járnbrautarslys varð á þriðjudagsmorguninn nálægt Bridgeport, Conn., fór hraðlest útaf sporinu; margir af vögnum hennar brotnuðu, tólf manns mistu lífið og margir særðust, sumir hættulega,

— Bólan gengur í Lac du Bonnet, og hafa 26 manns tekið veikina, þar á meðal einn læknir. Bólan hefir einnig stungið sér niður í Fort Alexander. Enginn hefir dáið úr sýkinni, og allar varúðarreglur eru viðhafðar til að koma í veg fyrir að hún breiðist ekki frekar út.

— Skógareldar miklir geysa í Norður-Ontario, mest í námahéraðinu Porcupine. Hafa þrjár borgir — Cochrane, South Porcupine og Postville — eyðilagst af þeim eldum. Öll [illegible] Í Michigan ríkinu í Bandaríkjunum hafa 7 bær brunnið að mestu af skógareldum, er þar ganga. En Ontario eldarnir eru hvað magnaðri, og eru menn ráðþrota að stemma þeim stigu. Regn er eina bjargarvonin.

— Járnbrautarslys varð á Oregon Trunk járnbrautinni síðari hluta þriðjudagsins, 23 mílur norður af Sherars Bridge, Ore. Mistu fimm manns þar lífið og 12 særðust.

ÁSTAVÍSA.

Við skulum unnast endalaust
og auka jarðabætur.
En svo þegar kemur hinsta hausið
og Heljar dynur úti raust
þá skulum við, ást mín, aldrei
fara á fætur.

Jón Runólfsson.

OGILVIE'S
Royal Household Flour
Til Brauð og Köku Gerðar
Gefur Ævinlega Fullnœging
EINA MYLLAN Í WINNIPEG,—LÁTIÐ HEIMAIÐNAÐ SITJA FYRIR VIÐSKIFTUM YÐAR

BJARNASON & THORSTEINSON
Fasteignasalar
Kaupa og selja lönd, hús og lóðir víðsvegar um Vestur-Canada. Selja lífs og eldsábyrgðir.
Lána peninga út á fasteignir og iunkalla skuldir.
Öllum tilskrifum svarað fljótt og greiðanlega.
WYNYARD :-: SASK.

VEGGLÍM
Vönduð bygginga efni:
The "Empire" Wood Fiber tegundir.
Cement Wall og Finish Plasters
Sackett Plaster Board.
Vér höfum ánægju af að senda yður vora "Plaster Book"
Manitoba Gypsum Co., Limited.
Winnipeg, Manitoba

Heimskringla
Published every Thursday by The Heimskringla News & Publishing Co. Ltd

Verð blaðsins í Canada og Bandar $2.00 um árið (fyrir fram borgað).
Sent til Islands $2.00 (fyrir fram borgað).

B. L. BALDWINSON
Editor & Manager

Office:
729 Sherbrooke Street, Winnipeg
BOX 3083. Talsími Garry 4110.

Kaupavinnan.

Lang-þýðingarmesta þjóðmál í Canada er sem stendur það, hver ráð fundin verði til þess að ná uppskerunni af ökrum bænda á komandi hausti. Járnbrautafélögin, fylkjastjórnirnar og þeir aðrir, sem mest far hafa gert sér um, að kynnast kornyrkjumáli Vestur-Canada, telja víst, að eftir núverandi útliti að dæma, megi vænta þess, að hveiti-uppskeran í Vestur-Canada verði á komandi hausti fullar 200 miliónir bushela, auk annara korntegunda, svo sem: hafra, byggs, hörfræs o. fl. Ætlað er, að um 160 þúsundir manna muni þurfa til þess að vinna á ökrunum meðan á uppskerunni stendur, til þess að tryggja það, að hún komist sem fyrst og óskemdust inn í kornhlöðurnar og á járnbrautarvagna til flutnings til hafnstaða landsins. Það er ætlað, að fylkin geti sjálf lagt til 110 þúsundir manna, en að ekki færri en 50 þúsundir — sumir segja 60 þúsundir — manna verði að fást utan fylkjanna.

Eins og vant er að vera, má ætla, að járnbrautafélögin geri alt sem í þeirra valdi stendur til þess að tryggja bændum næga vinnuhjálp. En tvísýnt þykir, að þau orki því, að fá þá nauðsynlegu tölu hér í landi, af þeirri ástæðu meðal annara, að svo mikið er nú verið að leggja af járnbrautum um alt Vestur-Canada, að svo má heita, að hver vinnandi maður geti fengið atvinnu við það, og [illegible] að vera langt fram á næsta vetur, þar sem uppskeru og þreskivinna hjá bændum ekki varir nema 2. mánaða tíma vanalegast. Þá kann svo að fara, að örðugt veitist að fá næga kaupavinnu mannhjálp einmitt þegar mest á liggur hér vestra. Rætt hefir því verið um það, að senda eftir þúsundum eða tugum þúsunda manna til útlanda — einkanlega til Bretlands og til Bandaríkjanna. Hvort nokkuð verulegt verður úr þessu, er enn þá ekki fullráðið, en litlum vafa er það bundið, að hér verði kaupamanna ekla á komandi hausti, ef ekki næst útlend hjálp. Svo hefir tíðin yfirleitt verið hagstæð, fram að þessum tíma, fyrir vöxt allrar korntegunda, að undanteknum ein, stöku smáhéruðum, þar sem of mikið úrfelli hefir orðið, að nú verður hér langt um meiri uppskera en nokkru sinni fyr, ef engin ófyrirsjáanleg áföll verða henni að tjóni. En jafnvel þó að alt gangi sem æskilegast, hvað veður snertir, svo að 250 til 300 miljón dollars virði af kornmat standi í ökrum Vestur-Canada bændanna við byrjun uppskerunnar, — þá eru nokkrar miljónir af því verðmæti ekki lengi að týnast, ef bændur skortir nauðsynlega mannhjálp, þegar þeir þarfnast hennar mest.

Öll nauðsyn ber því til, að öflug samtök séu til þess höfð af hinum ýmsu fylkjastjórnum og ríkisstjórninni, ásamt með járnbrautafélögunum, að tryggja gnægð kaupamanna í tíma til þess að verða uppskeru bændanna, því að í henni felst lífsbjörg og þroskun þjóðarinnar.

Það er almenn skoðun hér í landi að þessa árs uppskera í Vestur-Canada verði svo mikil, að hún vekji undrun meðal heimsins þjóða. Og víst er um það, að gott hlýtur land það að vera og frjósamt, sem neytt er til þess að auglýsa út um öll heimsins lönd eftir 50 þúsundum manna til þess að hirða kornið af ökrum landsins, í að eins þremur fylkjum á spildunni frá Winnipeg til Klettafjalla.

Innflutningur til Canada varð á sl. fjárhagsári rúmlega 300 þúsund manns. Ef uppskeran á komandi hausti verður eins og við er búist, þá má ætla, að þessa árs innflutningur fólks til Canada verði alt að hálfri miljón manna.

Canada vex óðfluga.

Winnipeg-sýningin
júlí 13—22, 1911.

Sýning þessi, sem haldin hefir verið hér í borg árlega í sl. 20 ár, hét áður "Winnipeg Industrial Exhibition", en nú hefir nafni þessu nýlega verið breytt til "Canadian Industrial Exhibition", og það er nafn hinnar 21. árs sýningar, sem haldin verður hér í borg dagana frá 13. til 22. þ.m.

Ástæðan fyrir nafn-breytingunni er sú, að sýning þessi er orðin miklu meira en borgar eða fylkissýning. Starfssvið hennar er orðið svo umfangsmikið, að sýningarmunir sækja að henni frá öllum pörtum Canada og nokkuð einnig frá Bandaríkjunum. Til dæmis sýna nú í ár mörg félög frá Bandaríkjunum gufu- og gasólín-plóg vélar sínar. Meðal þeirra eru: J. C. Case þreskivélafélagið í Racine, Wis., Kinnard-Haines félagið í Minneapolis, International Harvester félagið, M. Rumely félagið í Indiana, Buffalo og Pittsburg félagið, Aultman og Taylor félagið í Ohio, Avery félagið í Peoria, Ill., Gaar Scott félagið í Richmond, Ind., o. fl. Bandaríkja félög, ásamt nokkrum Canada félögum. Sömuleiðis sýnir nú fjöldi Bandaríkja félaga mótorvagna sína, og aðrir munir verða sýndir frá ýmsum utanríkja félögum.

Gripasýningin verður stórfengilegri og margbreyttari en á sl. árum. Verksmiðju varningur svo miklu meiri en áður, að það hefir orðið að byggja ný stórhýsi í sýningargarðinum til að rúma hann.

Hljóðfæraflokkar frá Englandi verða á sýningunni, til þess að sýna list sína. Flugvélar verða og sýndar og Walter Brookins verður hér með flugvél sína til að sýna flug hennar. "Góðra vega sýning" verður og höfð á sýningunni, og er talið víst, að hún verði mentandi fyrir alla þá, sem hafa áhuga á vegabótum.

Allur undirbúningur hefir hafður verið til þess, að sýning þessi verði hin tilkomumesta, sem hér hefir aldin verið. Einnig hefir Winnipeg borg tekið að sér alla eign og ábyrgð sýningarinnar.

Það slys varð hér þann 6. þ.m. að kveldi, að allur Grand Stand í sýningargarðinum brann til ösku á nokkrum mínútum. Þar voru sæti fyrir 12 þúsund manns og undir [illegible] ingarnefndin hafði strax næsta morgun mörg hundruð manna til að byggja nýjan Grand Stand, og hann verður fullger í tíma til að veita 7 þúsund manna sæti, þegar sýningin hefst. En vegna þessa bruna varð það óhjákvæmilegt, að fresta opnun sýningarinnar um einn dag, svo að sýningin byrjar ekki fyr en í dag þann 13, klukkan 12 á hádegi.

Leikir þeir og flugelda-sýningar, sem fram fara dagleg frammi fyrir Grand Stand, verða betri en á liðnum árum, og nefndin vonar fastlega, að aðsókn verði svo mikil alla dagana, að inntektirnar nægi til að mæta útgjöldum þeim, sem hún hefir orðið að hafa við undirbúninginn. — Eins og vant er verða fargjöld með járnbrautum svo niðursett yfir sýningartímann, að fólk fær farbréf báðar leiðir fyrir sama gjald og vant er að vera fyrir aðra leið.

Landplægingar-kappið, þar sem hinir ýmsu gufu- og gasólín- plógar verða reyndir, fer fram 3 mílur frá sýningargarðinum. Járnbrautalestir renna frá sýningarsvæðinu þangað út oft á dag. Plægingarkappið byrjar 18. júlí og varir í þrjá daga.

Ensku-nám.

Íslenzku blöðin Heimskringla og Lögberg hafa af Young Men's Christian Association verið beðin að tilkynna Íslendingum þeim, sem vildu læra enska tungu, sérstaklega að tala hana, að þeir eigi kost á því með léttu móti á næsta hausti að njóta tilsagnar í málinu — á kveldin.

Ekkert getur verið þarflegra þeim, sem nýlega eru komnir til þessa lands og ekki hafa vald á hérlendu máli, en að verja haust og vetrarkveldum sínum til þess að læra málið, svo þeir geti talað það sæmilega, og með því komið sér sjálfir — túlklausir — á framfæri til atvinnu, hvar sem hennar er kostur hjá hérlendum mönnum, og þá að sjálfsögðu einnig að reka öll sín erindi verzlunarlega og á annan hátt hvar sem þeir fara.

Eeftirfylgjandi er tilboð félagsins eins og það var sent til blaðanna til birtingar:

"Ef nógu margir menn af íslenzku þjóðerni eru í þessari borg, sem langar til að læra ensku, þá er Young Men's Christian Association, á Portage Ave., reiðubúin til að taka að sér kensluna. Kensla fari fram tvö kveld í viku, undir umsjón mentadeildar Young Men's Christian Association, og byrjaði um fyrsta september næstkomandi Kenslugjaldið yrði einn dollar á mánuði, — rétt til að standast húsaleigu kostnað.

Fyrsta námsskeiðið yrði 30 lexíur, og er ætlað sérstaklega til þess að kenna ensku þeim, sem ekki kunna málið. Kenslufyrirkomulagið hefir verið sniðið með sérstöku tilliti til þarfa þeirra, sem ekki kunna málið til hlýtar, af Dr. Peter Roberts, sem sjálfur var eitt sinn innflytjandi frá Noregi. Kenslan lýtur að því, að kenna að tala, lesa og rita algengt enskt mál, svo að nemendur geti talað það viðstöðulaust. Kennarinn verður valinn eftir hæfileikum hans til þess að geta kent nemendunum sem mest á sem skemstum tíma.

Ástæða Young Men's Christian Association fyrir því, að stofna til þessarar kenslu, er sú, að félagið finnur til þess, hve örðugt það er fyrir útlendinga, sem ekki kunna ensku, að ryðja sér braut hér í landi meðal fólks, sem talar það tungumál, sem þeir skilja ekki. Og það er til að hjálpa slíkum mönnum til þess sem fyrst að ná fótfestu hér í landi, að Young Men's Christian Association er að stofna til kenslunnar."

Heimskringla mælir hið bezta með þessu tilboði Y.M.C.A. félagsins, og vonar að margir landar vorir sæti því á komandi hausti og vetri. Gjaldið er svo lítið, að engan munar um það. Námið er nauðsynlegt, og landar vorir geta ekki varið fristundum sínum til neins annars betur en að læra landsmálið.

Samkvæmt tilmælum Y.M.C.A. félagsins verður nöfnum þeirra, sem vildu gefa sig við kenslutilboði félagsins, veitt móttaka á skrifstofum Heimskringlu og Lögbergs, og ættu menn að senda nöfn sín á skrifstofurnar sem fyrst svo hægt sé að senda þau til félagsins í tíma, til þess það geti sniðið stærð kenslusalsins eftir fjölda væntanlegra nemenda.

Tollmiðlun.

(Aðsent)

Hér um bil um elleftu stund í þessu máli snerist Hon. Clifford Sifton gegn herra sínum, Sir Wilfrid. Hann telur tollmiðlunina landráðum næst. Sifton var lengi hægri hönd Lauriers, og græddist þá vel fé. Hann skamtaði vinum og vandamönnum riflega úr þjóðaraskinum. En þá sældardaga stóð hann ekki. Þegar fylkjaskiftamálið í Norðvesturlandinu kom á dagskrá, og Sifton sá, að Laurier vildi lauma megin búsíjum í vasa katólsku kirkjunnar, sagði Sifton af sér ráðherrastöðunni. En Frank Oliver tók við henni, hinn illræmdaði mútuþiggjandi C.N.R. félagsins. Síðan Sifton sagði af sér hefir hann bjakað búi sínu, án stórra afskifta, þar til tollmiðlunin kemur í alvöru til sögunnar.

Hann hélt á deginum skýra og skorinorða ræðu móti tollmiðlunarmálinu, og sagði sig úr lögum við Laurierstjórnar-stefnuna.

Hann segir, að ekkert jafn þýðingarmikið mál hafi komið fyrir þingið í Canada, síðan hann fékk þann heiður að eiga þingsetu. — Skýrt og skorinort segist hann verða að segja skilið við leiðtoga sinn. Hann kvaðst hafa fylgt Liberal-flokknum alla lífstíð, og taki sig sárt, að vera neyddur til að segja skilið við hann. Tuttugu og þrjár þingsetur hafi hann átt í flokknum, bæði í Manitoba og Dominion þingum. Margir vinir og stuðningsmenn sínir muni verða standandi hissa, að heyra að hann breyti svo, en það kvaðst hann gera sér að góðu, því skyldan krefjist þess, að hann forði föðurlandi sínu eins lengi og auðið sé.

Fyrir tuttugu árum síðan hafi tollmiðlun verið stefna Liberal-flokksins. Þá hafi hann haft óbifandi traust á leiðtoga sínum, og fylgt honum fast að málum, þó ungur væri. Munu sumir Conservativar, sem sitji hér í þingsalnum, muna eftir því ennþá, ásamt fleirum fjær og nær, því hann hafi af ítrasta megni reynt að sannfæra kjósendur um, að tollmiðlun væri æskileg. Hann segir: "Herra forseti, ég segi það samt einlæglega, að næstum áður en þær kosningar voru um garð gengnar, hafði mér auðnast, að sannfæra sjálfan mig um, að við fluttum ranga stefnu". Alt frá þeirri stundu hefi ég stig af stigi styrkst betur og betur í þeirri skoðun. Þegar vér yfirskoðuðum og endurbættum toll-lögin árið 1897, var ég mjög ánægður með þær aðgerðir, og álít jafnvel þær beztu, sem Canada fær, og heppilegustu fyrir okkar stefnu þá og síðar.

Og síðan 1898 að stjórnin reyndi gegnum nefnd, að fá samninga um tollmiðlun hjá Bandaríkjunum hafi hann sannfærst betur og betur um þetta. Hann kvaðst ekki snúast fyrir nein smávægileg krampaflog eða áeggjun annara. Ekki hefði hann heldur minst á það við félagsbræður sína, en að eins kunngerði það nú í heyranda hljóði frammi fyrir þingheimi. Hann kvað þau væru sterkari flokksböndin í Canada en víðast hvar annarstaðar. Menn hlypu ekki út úr flokki sínum fyrir smámuni eina, t.a.m. þótt flokknum kæmi ekki saman um að byggja brú, dómhús, opinberar stofnanir eða jafnvel járnbraut. Flokksböndin væru sterkari en það. En þegar ætti að verzla með föðurlandið, sýnist ekki til setunnar boðið lengur. Eini vegur, sem sér æri fær að halda eftir sjálfstæði sínu, þegar svo langt væri komið, að stjórn in gerði alt upp á sínar eigin spýtur, án atkvæða þjóðarinnar. — Þingið væri kosið af þjóðinni, fjölmennari flokkurinn kysi stjórn, er væri framkvæmdarvald að búa til lög og samninga, samkvæmt vilja kjósenda. Tollmiðlunin hefði ekki komið til orða, eða verið kosninga spurning við þrennar síðustu kosningar. Stjórnin eða meirihlutinn hefði því ekkert umboð, að gera þessa tollsamninga, sem 2—3 menn otuðu með ákefð að þingi og þjóð.

Þegar svona stórmál væru á dagskrá þjóðanna, þá gerðu ætið aðrar þjóðir langa og nákvæma rannsókn í málinu, áður en það kæmi inn á þing. Þegar síðasta tollbreyting var gerð á Þýzkalandi, þá unnu 20,000 manna að rannsókn, að ná skýrslum og að undirbúningi í langan tíma. Þá tók þingið það fyrst til umræðu, tilbúið í hendurnar.

Engar skýrslur eða skirteini legði stjórnin hér fram í málinu fyrir þingið. Mótparturinn væri að spyrja um uppfræðandi atriði í málinu, — sumu svarað, sumu ekki. Enginn þingmaður utan ráðherranna vissi ennþá, hvort hann hefði fengið allar upplýsingar nauð svnlegar í þessu stórmáli.

Hon. Sifton hafi vinn [illegible] málaráðgjafann, aldrei tala nema með hæfileikum og sniðugheitum, sem allir dáðust að, en skýrði málið all-lítið út frá samningaforminu, sem lægi fyrir þinginu. Tollmálaráðgjafinn gerði slíkt hið sama.

Sifton sagði: — "Ef nefndin í málinu vill vita, hvað ég meina með aðfinningum mínum, þá getur nefndin flett upp á ræðu fjármálaráðherrans, sem hann hélt í Grand Trunk Pacific málinu, eða ræðum, sem hinn heiðraði vinur minn, tollmálaráðherrann, hefir iðuglega haldið í þinginu, þá um fjármálastefnur hefir verið að ræða; og nefndin getur fundið, hvaða tegund meðala þeir nota, og efni í meðulin. Ég ætla að enda með því, að annaðhvort hafa vinir okkar í stjórninni ei rannsakað málið og eiga ekki vald á hlutum, eða að öðrum kosti, að hlutirnir eru ekki með réttri áferð í deilumáli þessu, eins og þeir setja þá fram".

Sifton sagði, að tollmiðlun hefði verið einn liður í stefnuskráð Liberal-flokksins 1893, en eftir nefndarstarfið 1898, og breytingu á tollögunum ári áður, hafi nefndin hætt að starfa. Málinu lokið. Í kosningunum 1900, 1904 og 1908 hafi tollmiðlun ekki verið a kosningadagskrá hjá hvorugum flokknum. Hann kvaðst hafa verið í ráðaneytinu í tveimur fyrri kosningunum, og vonast eftir að hafa eitthvað vitað um það, ef svo hefði verið. — Hann kvaðst samþykkja það, sem sagt hefði verið í þinginu, að stjórnin hefði enga skipun frá kjósendum sínum, að koma fram með tollmiðlun, á þessa leið:

Þá mælti hann: "Því trúi ég ekki, að í nútímasögu Canada hafi nokkur hlutur borið við, sem hafi snortið hugsandi fólk í Canada eins kveljandi, og sem flytur jafn skyndilegan árekstur, sem hinn örfluga virkileiki, að 4 eða 5 herramenn, með sínum hæfileikum, nokkura ára embættisferslu og tignarstöðum í flokki sínum, hafandi völd og málefni og drotnandi sínum pólitiska flokk, — geti alt, í einu að eigin vild, án umræðu, án málsdeilu, án vitundar landsmanna steypt ríkinu inn í algerlega nýjar fjármála-kringumstæður. Það er ekki, ég hlýt að segja það, kenning stjórnarskrár og þingræðis, eins og ég lærði hana hjá flokknum, og ég held að það geti ekki verið hættulegri nýbreytni til".

Það, sem haft er eftir Hon. Sifton hér og síðar, er samandreginn útdráttur úr ræðu hans, sem alt of löng er að prenta í Heimskringlu. En þær eru þýðingar úr ræðunni beint, sem í gæsalöppum standa. Það er tæplega komið í miðja ræðu hans enn. En ég, sem þetta rita, hefi hugsað mér, að gefa lesendum Hkr. nokkurn veginn réttan þráð úr ræðu Siftons, því hún er aðalræðan í þessu máli, að svo komnu. Þótt henni sé nú útbýtt á enskri tungu, þá eru ekki allir, sem skilja hana til hlýtar, og þess vegna fer ég að ræða um þetta mál, sem er stórmál tímans í Canada ríki, og hver ætti að gagnlesa. (Meira).

Kaupið 10c 'plug' af

Currency

CHEWING
TOBACCO

OG VERIÐ GLAÐIR.

Andlegt myrkur.

Í síðasta febrúarblaði Sameiningarinnar rakst ég nýlega af tilviljun á ritdóm eftir einhvern "Onan" um Orgeltóna Br. Þorlákssonar... Varð ég meir en lítið forviða yfir að sjá hin þekkingarlausu og þröngsýnu orð, sem fyrnefndur maður notar um hina alkunnu, heimsfrægu smíði sænska tónskáldsins Bellmans: "Flýt þér, drekk út!" Er fyrnefnt kvæði kallað þar léttúðarfult og stráksleg og því valin mörg áþekk orð. Til dæmis stendur þar: "þess, konar skáldskapur á engan rétt á sér, því hann uppbyggir engan, en hneikslar marga". Er þetta svo leiðinleg, kaþólsk, kirkjuleg einsýni sem hugsast getur.

Rétt eins og listin væri ekki nema ein: að lofa og vegsama drottinn. Og að ætla sér að fara að kollvarpa alheims-frægum verkum á þeim grundvelli, vekur að eins athlægi allra bjartsýnna manna, enda mundi engum detta slíkt í hug, nema einhverjum Norður-kirkjumanni. Því kvæði þetta er svo saklaust sem mest má vera. Maður, sem er að fram kominn af tæringu, og sem veit dauðann vísan, er að reyna að gera sér síðustu stundir lífsins ánægjulegar. Ekki einungis með því að drekka, — þó á vín sé minst þar —, misskilningur eingöngu. Heldur með því að bragða á gleðibrunninum mesta, sem lifið á til, og sem aldrei tæmist. Með því að njóta fegurðarinnar í heiminum, svo sem skáldskapar, sönglistar, náttúrufegurðar, o. s. frv. Og hver mun lá manninum það? Og meistarastykki er kvæðið eins og annað eftir Bellman.

Alt þetta skarf "Onans" virðist mest líkjast þokulúðri hr. þ. B. í Lögbergi, kirkjublaðinu. En greinarkorn hans eru eins og vindbólur — eins og annað fleira úr þeirri átt —, sem ekki þurfa svars. Og viss er ég um það, að Vestur-Íslendingar munu á sínum tíma kveða upp dóm sinn yfir þeirri myrkrakliku.

Fornvinur Heimskringlu.

Athugunarefni.

Það eru undarlegir tímar, sem yfir standa. Menn eru farnir að reisa minnisvarða þeim, sem eru fyrir löngu dánir, líkt og Gyðingar. En minna sýnist vera gert til að auka lífsþægindi þeirra óbornu. Enginn hefir gagn af minnisvarða Jóns Sigurðssonar; ekki hjálpar hann fátækum ekkjum eða hungruðum börnum, útslitnum feðrum eða nokkrum bágstöddum. En hvað mikið hefði mátt gera með það fé, sem þar er ónotað um aldur og æfi? Ég segi, það fé gat opnað auðnámur Íslands eftir nokkur ár.

Kæru Íslandsvinir, austanhafs og vestan, vinnum nú að því af alhuga, að safna öðru eins fé, sem gæti orðið styrktarsjóður Íslands, — ekki til að fita ónýta embættismenn, heldur til að gefa Íslendingum tækifæri til opna og vinna sínar námur sjálfir, án þess að selja þær útlendum auðfélögum. Það er hörmulegt, að vita peningaskort Íslendinga austanhafs og þar miklu álögur, sem hvíla á bændunum og verkalýðnum, og hafa fulla vissu fyrir því, að landið er ríkasta land í heimi af allskyns gæðum, ef náttúran hefði ekki hlekkjað það með ís og eldi. Þeir vættir hafa gengið svo nærri blóði og merg norrænu þjóðarinnar, að hún hefir nálega mist allan sinn framsóknaranda. En lengi lifir í kolunum; gömlu vopnin eru riðbrunnin og eyðilögð, en til eru önnur, sem líka gefa fremd og sigur, ef þeim er vel beitt. Setjum svo, að allir Íslendingar vestan hafs gæfu 5 cents hver og allir Íslendingar austan hafs gæfu 5 aura hver, og síðan yrði það sett á vöxtu í sextíu ár eða mannsaldur, og að hvor flokkurinn, austan hafs og vestan hafs, hefði ábyrgð á sínum samskotum þann áratíma, — mundi það ekki vera orðin töluverð upphæð? En skerðir ekkert efnahag neins. Margt smátt gerir eitt stórt; enda er ég viss um drengskap margra, sem hefðu það óákveðið, með því líka að það gæti verið í minningu Jóns Sigurðssonar.

Heiðruðu lesendur greinar þessarar, — íhugið uppástungu mína rækilega og farið eftir henni.

Gamall á grafarbakka.

• • •

ATHS. — Það skyldi vera Hkr. hin mesta ánægja, að styðja tillögu "Gamals á grafarbakka", ef hann hefði 1) mannslund til þess að auglýsa fult nafn sitt, 2) að færa rök að því, að Ísland sé ríkasta land í heimi, og 3) að sanna það ljóslega fyrir Vestur-Íslendingum, að "ríkasta landið í heimi" þarfnist hjálpar þeirra.

Ritstj.

Til Sumarliða Kristjánssonar.

menn í drauma lifa landi,
er líður fram á segulþræði;
vit þitt ekki var með bandi
af vana-heimsku trúarfræði.

Því reynslu þunga þroska stæling
þar hin rétta hliðin væri,
þá er að eins orku-mæling
að eygja margt á sínu æri.

J. O. Norman,
Lögberg P.O., Sask.

Íslands fréttir.

Tíðarfar var hið bezta um land alt um miðjan júnímánuð. Íshrafl töluvert útundan Horni og Norðurlandi, en þó lítt til hindrunar skipaferðum. Aflabrögð góð, bæði á útmiðum og inn á fjörðum. Fyrir Suðurlandi öfluðu íslenzku botnvörpungarnir mætavel og eins góð ur afli á þilskipin. Á Eyjafirði var síldarafli ágætur, einnig silungs og kolaveiði inn á Akureyrarpolli. — Atvinnuskortur, sem víða var í bæjum og þorpum á vormánuðunum, var nú í mikilli rénun, enda kaupavinna í nánd.

— Stjórnmálin eru vel vakandi og kosninga undirbúningur þegar byrjaður, og bendir alt til, að kosningarnar verði sóttar af óvanalegu kappi. Sum þingmannsefni hafa þegar boðið sig fram. Bjarni frá Vogi sækir aftur í Dalasýslu, og er talinn viss þar. Gegn honum er mælt að sæki Guðjón Guðlaugsson, fyrrum Strandaþingmaður — Á Akureyri mun Guðlaugur sýslumaður Guðmundsson þreyta við Sigurð Hjörleifsson, hinn núverandi þingmann. Í N.-Þingeyjarsýslu kvað Benedikt Sveinsson fá Steingrím sýslumann Jónsson sem mót-kandidat. Og í Reykjavík sækir Lárus H. Bjarnason hart, að ná útnefningu sem annar kandídat Heimastjórnarflokksins á móti gömlu þingmönnunum, Dr. Jóni Þorkelssyni og Magnúsi Blöndahl, sem báðir verða aftur í kjöri. Hitt Heimastjórnar þingmannsefni höfuðborgarinnar verður annaðhvort Jón landverkfræðingur Þorláksson eða Guðmundur landlæknir Björnsson. Sjálfstæðisflokkurinn kvað hafa flest hin sömu þingmannsefni og við síðustu kosningar.

— Embættisprófi í lögum við Khafnarháskóla lauk Oddur Hermannsson nýverið með hárri I. einkunn. — Hinrik læknir Erlendsson hefir verið settur læknir í Fljótsdalshéraði á Austurlandi. — Prófastur í Mýraprófastsdæmi er séra Magnús Andrésson á Gilsbakka skipaður.

— Þjóðólfur var seldur á uppboði 9. júní. Fyrsta boð var 50 kr. og annað boð 5,900 kr. Var hann sleginn Karli Nikulássyni verzlunarstjóra fyrir það verð. — Mælt er að Oddur Hermannsson cand. jur. bróðir Jóns skrifstofustjóra, verði ritstjóri hans.

— Til þess starfa að vera umsjónarmaður silfurbergsnáma veitti síðasta þing 1000 kr. hvort árið á fjárl. fyrir næsta tímabil, og hefir nú ráðherra útnefnt umsjónarmanninn. Það er Páll Torfason kaupmaður frá Flateyri.

— Ullarmatsmaður er nýorðinn Sigurgeir Einarsson, fyrv. verzlunarmaður hjá Gunnari Þorbjarnarsyni, og sigldi hann nýskeð með kolaskipi til Hull. Hann ætlaði þaðan til Parísar. Starfið er launað með 1200 kr. á ári.

— Í embættin við hinn nýstofnaða háskóla Íslands hefir ráðherra til bráðabyrgða skipað þessa: — Prófessor við guðfræðisdeildina Jón Helgason lector; prófessor við sömu deild Haraldur Nielsson; dócent við sömu deild Eiríkur Briem. Prófessor við lagadeildina Lárus H. Bjarnason; prófessor við sömu deild Einar Arnórsson; prófessor við sömu deild Jón Kristjánsson. Prófessor við læknadeildina Guðm. Björnsson landlæknir; prófessor við sömu deild Guðm. Magnússon lækni. Prófessor í íslenzkri málfræði og menningarsögu Björn M. Ólsen prófessor. Prófessor í heimspeki Ágúst Bjarnason, mag.; dócent við heimspekisdeildina (Íslands saga) Hannes Þorsteinsson, alþm. — Þó þetta sé kölluð bráðabirgðarskipun, má að því sem vísu ganga, að allir þessir menn hljóti embættin. — Háskólakennararnir hafa kosið forstöðumann skólans (Rector Magnificus) Björn M. Ólsen, og forstöðumenn deildanna þá Lárus H. Bjarnason, Guðmund Magnússon, Jón Helgason og Ágúst Bjarnason.

— Stórstúkuþing Goodtemplara var haldið á Seyðisfirði og lauk 2. júní. Starfsmenn stúkunnar næstu tvö ár voru kosnir: Stórtemplar Jón Pálsson bankaritari; stórkanzlari Indriði Einarsson skrifstofustjóri; stórritari Jón Árnason prentari; stórgjaldkeri Halldór Jónsson bankaféhirðir; stórvaratemplar Einar Hjörleifsson skáld; stórgæzlumaður Ungtemplara Guðrún Jónasson kaupm.; stórkapelán Haraldur Nielsson dócent; stórgæzlumaður kosninga Guðm. Guðmundsson skáld; fyrverandi stórtemplar Þórður J. Thóroddsen

— Hlutafélag kvað vera stofnað í Vestmannaeyjum, er ætlar að leggja síma til eyjanna, eftir að alþingi hefir bæði neitað þeim um sæsíma og loftskeytasamband. — Hevrst hefir að Rangárvallasýsla ætli að leggja til þess 6000 kr.

— Þróttavelli miklum hafa Reykvíkingar komið upp, og var hann nýverið opnaður til afnota á hátíðlegan hátt. Var mannfjöldi mikill (um 2000 manns) þar samankominn. Vigsluræðu hélt Ólafur Björnsson ritstjóri og var síðan sýnd leikfimi og fótknattleikur. En leikið á lúðra vel og lengi. Veður var hið ákjósanlegasta og fór athöfnin vel fram. Þó var sú ómynd á, að við leikfimina var skipað fyrir á dönsku!!

— Eskifjörður er að koma upp hjá sér raflýsingu. Hefir Paul Smith landsimamaður tekið að sér, að koma því í framkvæmd, en um verkið fyrir hans hönd sér Halldór Guðmundsson rafmagnsfræðingur úr Reykjavík.

— Guðjón Baldvinsson, cand. phil. og kennari á Ísafirði andaðist þar 10. júní, úr hjartasjúkdómi, eftir langvarandi legu. Hinn mesti efnismaður og drengur góður.

— Maður hrapaði til dauðs úr Dalfjalli í Vestmannaeyjum þann 17. maí, Sigbjartur Hróbjartsson að nafni.

— Nýdáin er Sigríður Sigurðardóttir, kona Skúla læknis að Skálholti.

— Doktorsritgerð um heimspekileg efni hefir Guðm. Finnbogason magister samið í vetur og sent til Kaupmannahafnarháskóla. Hún hefir nú verið dæmd af tveim prófessorum þar og fengið svo góðan dóm, að Guðmundi mun doktorstitillinn viss. Líklega ver hann ritgerð sína við háskólann í septembermánuði í haust.

— Sæmdarboð. — Í haust á að vera alþjóðastefna landfræðinga og jarðfræðinga í Róm, í sambandi við 50 ára ríkisafmæli Ítala; þangað hefir prófessor Dr. Þorvaldi Thóroddsen verið boðið og hann beðinn að flytja þar erindi; fer hann suður að áliðnu sumri, og verður um leið fulltrúi Kaupmannahafnarháskóla á fundinum. Er það mikill sóri fyrir Dr. Þorvald og fyrir Ísland um leið.

— Gagnfræðaskólanum á Akureyri var sagt upp 30. maí. Í skólanum höfðu verið alls 111 námsmenn. Úr skólanum útskrifuðust 36, en 75 eru eftir. Fjöldi manns sótt um inntöku næsta skólaár.

* * *

Síðari fréttir.

Aldarafmælis Jóns Sigurðssonar var hátíðlega minst víðast hvar um landið þann 17. júní, þó mest kvæði að því í Reykjavík. Veður var hið ákjósanlegasta. Reykjavíkur minningarhátíðin hófst í latínuskólanum kl. 8½ um morguninn. Þar töluðu Steingrímur Thorsteinsson rektor og Þorleifur H. Bjarnason kennari og kvæði var sungið, er Steingrímur hafði orkt. Húsfyllir var. Næst var iðnsýningin opnuð kl. 10. Þar fluttu ræður Klemens Jónsson landritari og Jón trésmiður Halldórsson. formaður sýningarnefndarinnar. Kvæði var sungið eftir Guðmund skáld Magnússon. Talsvert á annað þúsund munir voru á sýningunni og var hún tilkomumikil. — Háskólasetningin fór fram í neðrideildarsal alþingis og var setningarræðan haldin af landritara. Auk hans talaði rektor skólans Björn M. Ólsen, og söngflokkur söng kvæðaflokk mikinn eftir Þorstein skáld Gíslason. Símskeyti frá konungi var lesið upp. Þá er þessu var lokið, var hafin skrúðganga frá Austurvelli að leiði Jóns Sigurðssonar, og tóku þátt í henni 6—7 þúsund manns; var hún tilkomumikil, fjöldi fána borinn, sem því nær allir voru íslenzkir; lúðrar þeyttir og sungið. Er í kirkjugarðinn kom, var fjöldi kransa lagður á leiði Jóns Sigurðssonar, þar á meðal einn frá landsstjórninni, Bókmentafélaginu, Þjóðvinafélaginu og Ragnari Lundborg, sænska Íslandsvininum. Þá var snúið til baka til Austurvallar, og flutti Jón Jónsson sagnfræðingur þar snilldarræðu um Jón Sigurðsson. Karlmannasöngflokkur, undir stjórn Sigfúsar Einarssonar söng kvæði fyrir minni forsetans, eftir Þorstein Erlingsson og Hannes Hafstein. — Bókmentafélagið hélt minningarathöfn síðdegis. Hélt forsetinn B. M. Ólsen ræðu um Jón Sigurðsson og afskifti hans af félaginu. Á eftir var úthýtt tveim minningarbókum: Bréfum Jóns Sigurðssonar, 39 arka bók mjög vandaðri, og Skírnir, tvöföldu hefti með myndum og eingöngu helgað minningu Jóns Sigurðssonar. — Þróttamót Íslands var opnað klukkan 5 á þróttavellinum nýja. Þar hélt Þórhallur biskup ræðu og leikfimi var sýnd.— Samsæti voru þrjú um kveldið, hið stærsta í Hótel Reykjavík. Þar mælti Eiríkur Briem fyrir minni Jóns Sigurðssonar, Andrés Björnsson formaður Stúdentafélagsins fyrir minni Íslands og Jón Ólafsson fyrir minni Vestur-Íslendinga, en þeirri skál svaraði séra Friðrik J. Bergmann með snjallri ræðu. — Hátíðahöldin í höfuðstaðnum fóru að allra dómi vel fram og mynduarlega. — Önnur merkasta minningarhátíðin var haldin á æðingarstað Jóns Sigurðssonar, Rafnseyri við Arnarfjörð. Þar var standmynd hans afhjúpuð, ræður haldnar og kvæði sungin, eftir Guðm. Guðmundsson og Hannes Hafstein — Á Ísafirði, Akureyri og Seyðisfirði var aldarafmælisins einnig veglega minst.

— Embættisprófi í lögum við Hafnarháskóla lauk 17. júní Guðmundur Ólafsson (fríkirkjuprests), með II. einkunn. Smellið að prófið skyldi bera upp á þann dag, því Jón Sigurðsson var afabræðrungur hans.

— Embættispróf við prestaskólann tóku 20. júní þrir nemendur: Magnús Jónsson (með ágætiseinkunn, 99 stig), Jakob Ó. Lárusson (II. eink. 90 stig) og Sig. Jóhannesson (II. eink., 71 stig). Ágætiseinkunn er svo fátið, að hana hafa engir hlotið þau 65 ár, sem prestaskólinn hefir staðið, nema séra Stefán Kristinnsson að Völlum í Svarfaðardal. — Þeir Magnús og Jakob lögðu af stað næsta dag til Vesturheims, þar sem þeir ætla að þjóna brauðum; Magnús þó að líkindum ekki lengur en í sumar, því hann hefir í hyggju að fara til Þýzkalands og dvelja þar næsta vetur við nám, segir Ísafold.

— Minnisvarðasamskotin voru um miðjan júní orðin 10 þúsund krónur innanlands. Auk þess hafa þúsund krónur safnast í Danmörku og rúm 10 þúsund frá Vestur-Íslendingum, svo samtals voru rúmlega 21 þúsund krónur komin minnisvarðasjóðinn.

— Sex stúdentar luku heimspekisprófi við prestaskólann 16. júní.

— Glíman um Íslandsbeltið fór fram í Reykjavík 16. júní, og varð Sigurjón Pétursson hlutskarpastur og heldur því áfram að vera glímu kóngur Íslands. Að eins sjö menn glímdu og féll Sigurjón aldrei.

— Síldarbræðsluverksmiðju eru Norðmenn í þann veginn að byggja á Siglufirði. Á þar bæði að bræða síld og búa til úr henni fóðurmjöl og fleira. Einnig á að vinna "Guano" (áburð) úr síldarúrgangi þorskhausum og öðrum fiskiúrgangi. Verður þetta vafalaust til hagsbóta fyrir síldveiðarnar, þar sem þarna fæst markaður fyrir alla þá síld, sem nokkuð er skemd og ekki boðleg verzlunarvara með annari meðferð, og eins þegar svo stendur á, að markaðsverð síldarinnar er svo lágt, sem oft vill verða, að ekki borgar sig að salta hana til útflutnings, — kemur verksmiðja þessi þá að góðum notum.

— Verzlunarhús Guðmundar Jónassonar, kaupmanns á Skarðsstöð — ásamt bryggju og íveruhúsi — brunnu til grunna 12. júní. Var vátrygt á 34,000 kr.

Minni Íslands.

(Flutt 17. júní, samkomu í Bredenbury).

Fósturjörð!—í nýrsta hafi hranna; —
hug vorn átt þú, krafta, líf og önd.
Því er skylt er engin örlög banna,
að vér þökkum — réttum trygðahönd. —
Til þín land vort, landið elds og fanna,
landið greypt í sögu hjálmabönd,
kveðju senda synir víkinganna,
sem að fluttu burt af þinni strönd.

Biðjum vér, að blessist heima — iðja; —
blómgist sveitir jökulrótum hiá.
Þekking aukist þeim, er reisa' og styðja
þjóðarmál, sem velferð byggist á.
Hvet þú Ísland, alla til að ryðja
örðugleikum þínum brautum frá.
Samtök eru ætíð þungamiðja
alls, sem þarfnast settu marki að ná.

Fósturjörð!—í nýrsta sævi svala,
sit þú heil, með fossa öða —skraut.
Gegnum menning tungur frelsis tala
til þín skýrt, og lýsa nýrri braut.
Ást til þín, í brjósti börn þín ala;—
betra aldrei nokkur móðir hlaut.
Lífi frægð þín landið fjalla og dala,
landið sögu efst við norðurskaut.

Kristian Johnson.

ISLENZKAR BÆKUR

Ég undirritaður hefi til sölu nálega allar íslenzkar bækur, sem til eru á markaðinum, og verð að hitta að Lundar P.O., Man. Sendið pantanir eða finnið.

Neils E. Hallson.

A. S. TORBERT'S
RAKARASTOFA
Er í Jimmy's Hótel. Besta verk. ágæt verkfæri; Rakstur 15c en Hárskurður 25c. — Óskar viðskifta Íslendinga.—

Hyland Navigation and Trading Company

S. S. WINNITOBA.
Til St. Andrews Locks á þriðjudögum og fimtu dögum, kl. 2.15 á laugardögum, kl. 2 30 e.h.
Til Hyland Park, á mánudögum, þriðjudögum, fimtudögum og föstudögum kl. 8 15 að kvöld.
Farseðlar til St. Andrews Locks $1.00 til parksins 75c; Börn fyrir hálfvirði.

S. S. BONNITOBA.
Fer þrár ferðir á dag kl. 10.15 f. h., 1,45 e. h., og 7.30 e. h.
Á laugardögum og helgidögum aukaferð kl. 4.45 e. h.
Fargjald 50c. Fyrir börn 25c.

RED RIVER OG LAKE WINNIPEG FERÐIR.

Miðvikudaga—Til Selkirk og viðar. Af stað frá Winnipeg kl. 8 e. h., til baka 10.30 um kvöldið.
Fostudag—Til Selkirk, St. Peter og viðar, frá Winnipeg kl. f. h., til baka 7.30 f.h
Laugardag:—Vikulokaför um Winnipeg vatn. Afstað frá Winnipeg kl. 9 að kvöldi, til baka á mánudagsmorgninn kl. 6. Fargjald:—Til St. Andrews Locks, $1,00; Selkirk, $1,25; St. Peters, $1,50; til Armynis $2.00; Vikulokaför, $3.00. Skipin leggja frá enda Lusted stræti. Takið Broadway, Fort Rouge eða St. Boniface strætisvagna á norðurleið, og farið af á Euclid Ave.

Skrifstofu talsími M. 248, 13 Bank of Hamilton, Skipsakviartalsími M. 2400

Með því að biðja sérlega um "T.L. CIGAR," þá ertu viss að fá ágætan vindil.

T.L.

Smoke T.L. CIGAR
(UNION MADE)
Western Cigar Factory
Thomas Lee, eigandi Winnipeg

JOHN DUFF
PLUMBER, GAS AND STEAM FITTER
Alt verk vel vandað, og verðið rétt
664 Notre Dame Av. Phone Garry 2568
WINNIPEG

MARKET HOTEL
146 Princess St.
á móti markaðnum
P. O'CONNELL, eigandi, WINNIPEG
Bezta vínföng vindlar og aðhlynning góð. Íslenzkur veitingamaður P. S. Anderson, leiðbeinir Íslendingum.

JIMMY'S HOTEL
BEZTU VÍN OG VINDLAR.
VÍNVEITARI T.H.FRASER.
ÍSLENDINGUR.
James Thorpe, Eigandi

Woodbine Hotel
466 MAIN ST.
Stærsta Billiard Hall í Norðvesturlandinu Tíu Pool-borð.—Alskonar vín og vindlar Gisting og fæði: $1.00 á dag og þar yfir
Lennon & Hebb,
Eigendur.

Nevitt kallaði á vagnstjóra, stökk svo inn í vagninn þegar hann kom, og benti Guy að koma líka, sem hann og gerði í eins konar leiðslu.

"Til West Country bankans, Lombard Street", kallaði Nevitt til ökumannsins.

Vagninn rann af stað, og Guy hallaði sér aftur á bak í sætinu, skjálfandi og nærri ræmulaus.

Loksins komu þeir þangað, sem bankinn var, einn af stærstu bönkum borgarinnar. Nevitt stakk ávísaninni í hendi Guys.

"Hana, taktu við henni og fáðu hana borgaða", skipaði Nevitt. "Heyrirðu hvað ég segi? Taktu við ávísaninni, farðu inn og fáðu hana borgaða".

Rekinn af ósýnilegu, óviðráðanlegu afli gekk Guy inn og að borðinu, og afhenti ávísanina.

Gjaldkerinn starði undrandi á ávísanina og upphæðina, sem skrifuð var.

"Það er stór upphæð þetta, herra Warring", sagði hann, og horfði fast á hann. "Hvernig viljið þér fá hana borgaða?"

Guy skalf og nötraði allur, og svaraði með hræðslukvalinni raust: —"Í hundrað punda seðlum Bank of England, ef þér viljið gera svo vel. Eins og þér segið, þá er þetta stór upphæð, en ég tek hana út til að láta hana inn annarstaðar".

Gjaldkerinn fór burt nokkur augnablik og kom svo aftur með stóran bunka af bankaseðlum, ásamt einum af umboðsmönnum bankans, sem til vonar og vara kom að skoða unga manninn. "Það er alveg rétt", hvíslaði hann að gjaldkeranum, "það er hann"

Svo fór gjaldkerinn að telja seðlana.

Guy tók þá, einn og einn, og taldi eins og í draumi, staulaðist svo út til Nevitts, sem sat kyr í vagninum.

Nevitt laut áfram og tók á móti seðlabunkanum, en Guy stóð kyr á gangtröðinni og horfði á hann í

hugsunarleysi. "Það er rétt", sagði Nevitt. "Rio Negro gimsteinafélags skrifstofuna, Knarchbull Street 127", kallaði hann til ökumannsins.

Það var eins og ökumaður hefði verið búinn að fá skipunina, því við fyrsta orðið sló hann í hestana, og Nevitt var ekki búinn að segja öll orðin, þegar vagninn valt af stað með fullum hraða og hvarf fyrir hornið, en Guy var skilinn eftir á gangtröðinni eins og einhver óviðkomandi ræfill.

Nokkrar mínútur stóð Guy alveg kyr, eins og jarðfastur bjarg, og horfði í hugsunarleysi á eftir vagninum, en smátt og smátt vaknaði hann þó af þessum drauma-svefni, og eftir því sem höfuð hans léttist og þokan, sem hvildi yfir huga hans, dreifðist dálitið, gat hann með hvildum gengið að næsta búðarglugganum, og starði af ásettu ráði á rúðurnar, meðan hann var að koma hugsunum sínum í það horf, að hann gæti skilið, hvað skeð hafði.

Meðan hann starði á gluggann, sá hann alt í einu það heimskulega í breytni sinni mjög glögt, og veslings truflaða skynsemin hans sá í hvern voða hann hafði stofnað sér. Hann hafði fengið Nevitt sex þúsund pund í bankaseðlum, sem hann gat nú eyðilagt, mist, brúkað í gróðabrall eða strokið með, eftir því sem honum þótti við eiga.

Sex — þúsund — pund, og það voru Cyrils peningar. Eftir því sem hann sá gerðir sínar betur, fylltist hugur hans af sjálfsávítun og sneypu. Hrylliingarsvitinn sat í litlum dropum á enni hans. Smátt og smátt opinberaðist hinn viðbjóðslegi sannleiki honum. Nevitt hafði tælt hann með einkennilegri aðferð, innblæstri, eða hvað það átti nú að nefnast, til þess að framkvæma svívirðilegt afbrot, tælt hann til að taka þátt í skammarlegum glæp. Þessar sjálfsávitandi setningar komu með hægð, hver á eftir annari, fram á varir hans.

Hann sagði í fullum róm: "Þetta er fölsun".

Þegar hann var orðinn sér þess meðvitandi, hvað hann hafði gert, hvort heldur það var af tófrun, innblæstri eða öðru, fór Guy að ganga af stað með miklum hraða, — fljótt — fljótt, án þess að vita, hvert hann steíndi, en hann fann það með sjálfum sér, að hann varð að halda áfram að ganga, ef hin ávítandi samvizka ætti ekki að svifta hann vitinu.

Hvert — um það hafði hann enga hugmynd. Allar hans hugsanir snerust um ávítanir á sjálfan hann og iðrun. Hann hafði breytt svívirðilega, — gerst svikari, og nú varð hann að hraða sér að finna manninn, sem hafði sönnunina að glæp hans, til þess að fá peningana aftur, annaðhvort með illu eða góðu; þeir voru Cyrils eign, og hann varð að ná þeim, hvað sem það kostaði.

Gagntekinn af þessari einu hugsun, þaut Guy áfram í áttina til árinnar, — þaut áfram eins fljótt og hann gat til að ná í bankaseðlana. Hann var búinn að ganga áfram í áttina til heimilis Nevitts hér um bil í 15 mínútur, þegar honum datt í hug, að Nevitt mundi ekki vera heima. Hann hafði sjálfur heyrt hann segja ekilnum, að fara til "Knatchbull Street 127", og ásakaði sig nú harðlega fyrir að hafa flækst þetta.

En ennþá hafði hann ekki sinnu á, að fá sér vagn og aka á eftir honum. Það var eins og Nevitt hefði enn einhver þvingandi áhrif á hann. Hann gat að eins hugsað um það, að ganga og flýta sér. Hann hraðaði sér því eftir gangtröðinni í áttina til Knatchbull Street, og hugsaði sér að reyna að ná þangað áður en Nevitt væri búinn að afhenda þessi sex þúsund pund hans Cyrils.

Hann þaut áfram, stundum gangandi og stundum hlaupandi gegnum fólkstroðninginn, en við eitt götuhornið tafði þéttur mannhópur fyrir honum.

Loksins gekk hann inn í fremur mjóa götu, og við inngang hennar stóð nafnið Knatchbull Street. Númer 127 hlaut að vera nokkuð langt frá ennþá. Þéttur hópur af óánægðum og reiðiþrungnum manneskjum fyrir utan skrifstofudyrnar benti á, hvar þær væri að finna. Tveir lögregluþjónar voru þar til að gæta þeirra, sem reiðastir voru. En án þess að skeyta um þrengslin, ruddi Guy sér rúm í gegnum hópinn og þaut inn til að gá að Nevitt. Of seint, of seint. Hann var þar ekki. Guy sneri sér að skrifstofuþjóninum.

"Hefir herra Montague Nevitt ekki komið hér?" spurði hann með skjálfandi röddu.

"Herra Montague Nevitt?" svaraði þjónninn, "jú, en hann er farinn aftur fyrir 10 mínútum. Hann kom til að borga hlut mágs sins, hr. Whitley, og ók svo strax burt aftur í vagninum. Get ég gert yður nokkurn greiða?"

"Borgaði hann sex þúsund pund?" spurði Guy.

Þjónninn starði á hann grunsömum augum. "Erað þér hluthafi?" spurði hann, og gætti um leið að lögregluþjóninum.

"Já, ég er hluthafi, því ver", svaraði Guy. "Ég skrifaði mig fyrir þrjú hundruð hlutum. Nafn mitt er Guy Warring, sem hlýtur að standa einhversstaðar í bókum yðar. Herra Nevitt átti að borga þrjú þúsund fyrir Whitley og þrjú þúsund fyrir mig, það var svo um samið".

Skrifstofuþjónninn starði á hann. "Warring", endurtók hann, og fór að fletta blöðunum í þykku bókinni sinni. "Warring, Warring. Já, hérna er það. Warring Guy, blaðarithöfundur, Stable Inn 22, — 300 hluti. Borgað 3 hundruð pund, — en nú heimtum við alla upphæðina, þrjú þúsund pund. Nei, hr. Nevitt hefir ekki borgað fyrir yður, herra, hann

Áthugasemd.

Fáar greinar hafa í seinni tíð birst í Heimskringlu jafn þverófugar gegn sannleikanum sem "Sundurlausir þankar" í 39. númeri. — Í þeim hluta greinarinnar, sem talað er um ráðherraskiftin á Íslandi, er ranghverfan upp nálega í hverri setningu, og veri mjög auðvelt að sýna það og sanna með mörgum og sönnum röksemdum, ef maður hefði tíma til. Þetta er því merkilegra, sem maður þessi, hr. Sigurður Magnússon, hefir stundum skrifað greinar, sem benda til þess, að hann hafi góða greind og geti lítið sanngjarnlega á menn og málefni. En þegar kemur til hinna íslenzku stjórnmála,— já, þá virðist sanngirninni og skyn seminni að mestu bygt út.

Maðurinn segir, að sér hafi þótt "góð tiðindi, að Kristján Jónsson varð ráðherra í stað Bjarnar". — Ef Kr. J. hefði komist í ráðherrastólinn upp á heiðarlegan hátt, þá var mjög eðlilegt, að þetta hefðu verið góð tiðindi fyrir hr. S. M., þar sem hann mun vera all-stækur með innlimunarflokknum. En nú er það mjög svo fjarri sanni, að Kr. J. kæmist í ráðherratignina upp á heiðarlegan máta. Hann ekki að eins sveik flokk sinn og samdi við Heimastjórnarmenn og þá konungkjörnu um hjálp til að komast í ráðherraembættið, varð samt í minnihluta, og þess vegna braut hann þingræðið, helgan og mjög mikilsverðan rétt þjóðarinnar, — því alt varð að víkja fyrir græðginni í tignina og háu launin, og til að ná völdunum til að geta komið fram vilja sínum, sem þegar braust út í lagabrotum og ofríkisverkum. Og allmörg eru þegar orðin glappaskotin hjá Kr.J. síðan hann varð ráðherra, en drengskaparverkin fá, ef nokkur.

Um leið og hr. Sig. Magnússon lýsir því yfir, að sér þyki góð tiðindi, að Kr.J. sé orðinn ráðherra, lýsir hann því yfir, að sér þyki góð tiðindi svik við Sjálfstæðisflokkinn, þingræðisbrot, æruleysisdylgjur Kr. J. um fyrirrennara sinn, sem hann litlu síðar verður sér til stórrar minkunar fyrir, stjórnarskrárbrot og brot á sínum eigin dómi sl. haust um þingsetu hinna konungkjörnu; og hið magnaða réttlætisbrot og ofbeldisverk: afturköllun bankamálanna úr hæstarétti, — mun flestum heiðarlegum mönnum hljóta að skiljast, að með því feldi Kr.J. sektardóm yfir sjálfan sig, því við hvað annað gat hann verið hræddur, þótt hæstaréttardómur félli í þeim málum.

Slys telur hr. S.M. það, að Björn Jónsson varð ráðherra, og þá um leið slys alt það, er B. J. hefir gert landi og lýð til framfara; og sjálfsagt þá það líka, er hann með dæmafáum kjarki og drengskap frelsaði aðal-lifæð viðskiftalífs landsmanna frá óbætanlegu tjóni, eða máske algerðri eyðilegging.

Að Kristján Jónsson sé af góðu bergi brotin., er hið eina sanna í þessum greinarkafla hr. S.M.; en of oft gerðu þeir Gautlanda-bræður sig hlægilega á síðasta þingi út af því. Um geðsmunastjórn og ráðherrahæfileika Kr.J., er meðhaldsmönnum hans bezt að hafa ekki hátt. Enn sem komið er, síðan hann komst í ráðherratignina, hefir hvorugt verið til að guma af. Sá kosturinn, að hann sé "tiguleger sýnum", hefir lítið að þýða, ef hinir aðrir kostirnir eru af mjög svo skornum skamti. Gissuri Þorvaldssyni hefir ekki verið illa lýst að því leyti, en hve afrek hans voru heillarík fyrir land og þjóð mun hr. S.M. vita eins vel og ég.

"Það er vist, að hann verður aldrei athlægi né skriðdýr, þó að hann skreppi yfir til Danmerkur", segir Sigurður. Þetta á vist að vera háðglósa til fyrverandi ráðh. B.J., en miður góðgjörn er hún og því síður sanngjörn. En hún er samkvæm lundarfari hinna stækustu innlimunarliða. Þegar þeir, B. Jónsson og Kr. Jónsson, fóru hina svokölluðu forsetaför til Danmerkur hér um árið, fluttu heimastjórnarblöðin sitthvað, er báðir þeir áttu að hafa talað í Kaupmannahöfn, Kr. J. ekki síður en B.J. En Kristján var Sjálfstæðisflokksmaður þá, og fengu báðir því líkan hluta af góðgætinu, sem síðar reyndist mest ósannindi ein.

Tíminn mun leiða í ljós afreksverkin, sem Kr. J. gerir fram yfir B.J. fyrir Ísland gagnvart Dönum. Ég skal engu um það spá, en líkurnar benda í slæma átt. Innlimunarmenn hafa þegar all-sterkt hald á Kr.J., og útlit fyrir, að hann verði að spila algerlega á þeirra nótur, verða þeirra og Dana skriðdýr. Eða hefir hann ekki þegar byrjað þannig?

J. Kristjánsson.

SKÝRINGAR.

Ég vil ekki skilja við Jónas Þorbergsson vaðandi í villu og svima um afstöðu mína í máli því, sem við ræðum. En stuttar skýringar ættu að nægja meðal skilningsgóðum manni.

Jónas vill fá að vita, hvað ég kalla sleggjudóma. Ég kalla það sleggjudóma, að taka fullan munn og segja að verk eins og annars séu einskis nýt, án þess að draga nokkuð fram til sönnunar máli sínu. Ekkert slíkt hefi ég gert. — Hvort mun ekki jafnmikil ástæða til að harma ömurleg örlög, þótt ómögulegt sé að ilýja undan þeim? Munu ekki þyrnarnir vera eins sárir í holdi Íslendings, þó Englendingurinn og Þjóðverjinn sé stunginn af þyrnum? Er ekki einn skipbrotsmaður jafnilla staddur, þótt allir aðrir sjófarendur hafi liðið skipbrot? Engin snurða er á hugsanaþræði mínum.

Hvað húðstrokum og þyrnistungum mínum viðvíkur, þá komu þær niður á þjóðarvofum og þjóðlífskýlum. Það eru persónulegu atlögurnar, sem Íslendingum er svo mjög gjarnt til að gera, og sem orsaka svíðandi sár á þjóðfélagslíkamanum. Vera má, að gott sé að hella eitri í sárið, það tekur úr drep. Ekki er það satt, að þjóðinni hafi ekki verið gefin holl ráð og bent á meðul við andlegum meinsemdum hennar. — Það hefir verið bent á meðul, sem myndi reynast óbrigðult við mannlífsins sviðamestu sárum, ef það væri notað. En það virðist hægra að benda á það en nota það. Það er langt síðan að bent var á þetta meðal, og sú bending endurtekin jafnvel daglega síðan, en ekkert dugar. Meðalið er það, að sýna það í verkinu, að við munum eftir þessum orðum: "Það sem þér viljið að mennirnir geri yður, það skuluð þér og þeim gera". Ef við hefðum þessi orð hugfóst, þegar vér drögum sverð vor úr sliðrum, með þeim ásetningi að stinga þeim í hjarta bróður eða systur, — þá myndum við sliðra þau aftur.

R. J. Davidson.

SKÝRING.

Herra ritstj. Hkr.: —

Mig langar til að biðja yður fyrir fáeinar linur í blaðið, til að útskýra nokkrar setningar, sem eru neðan við þakkar-yfirlýsingu frá mér í blaðinu frá 1. júní. Þar er ruddalega að orði komist og illa viðeigandi, ef skilið er öðruvísi en ég hafði í hug, sem ég sé nú að liggur svo beint við.

Það er þá fyrst að segja, að þakkar-yfirlýsingin var af ónægni skrifuð, fri við uppgerð, og þar af leiðandi var það fjarri hug mínum að hnýta þar við óvirðingarorðum til þess sama fólks fyrir þess guðstrúarhelgi, og væri því líka að skopast að því, sem mér sjálfum í instu meðvitund er helgast, — hug sjónninni um skaparann okkar allra og um okkur börn hans undir hinum sömu lögum hans. Þar sem ég var að tala um trúarskoðanir tvær, þá hafði ég ekki í huga guðstrúna sjálfa eins og ég veit að okkur öllum er sameiginleg og insta hugarmál. En það var þetta gamla, fáránlega, sem einlægt er að spilla friðnum, af því það er tengt við guðstrúna sjálfa, sem ég fann svo átakanlega til og varð mér svo skýrt af því sem ég reyndi og fanst, að fólkið væri alt jafn vel innrætt og guði þekt, þó álitið sé, að það sé sitt af hverju tagi við þessi ströngu trúarpróf eftir orðunum, og manngöfgi kemst ekki að til að gefa árskurð, — ekkert nema já eða nei, og þetta eitt skuli geta orsakað sundrung og það, að hver asaki annan fyrir ranga trú á guð sinn.

Þessar tvær andstæður, sem ég skrifaði um svona, að ónnur hliðin tryði því, að guð misþyrmdi, en hin ekki, hafði ég ekki í huga að væri í raun og verutilorðna í sambandi við guðstrúna sjálfa, — það væri bara í orði kveðnu, þegar verið væri að verja óskeikula, guð-innblásna biblíu, og sem sönn guðstrú byggist á og engu öðru, og þá ætti menn að segjast trúa því, að guðlega hugsjónin væri eins fullkomin hjá Móses eins og hjá Kristi. Og þetta er það, sem setur alt þversum í huga fasthugsandi manna, og sem manni verður á að skopast að.

Það var Móses og Jesús, sem ég hafði í huga, þegar ég svaraði mér sjálfum um hvað væri fullkomin trú, eins og þeir strangustu vilja hafa það eftir orðunum, að ég tryði því, að guð hefði verið valdur að meiðslinu o. s. frv

Þá er þetta, að sumir kennimenn, ef ekki sé trúað rétt, fullvissuðu ekki um hjálpina frá guði. Það átti ekki að meina meiðyrði til neins sérstaks, að eins að það væri ekki rétt, að gera játningar einungis eftir orðunum að skilyrði fyrir andlegri og allri velförnun.

Annars held ég nú, að mer hafi ekki farist vel ur hendi að þakka fyrir mig, — er líka óvanur við það. Ennfremur ætti það að skiljast auðmýkingar merki þetta, sem ég hefi nú verið að opinbera nafn mitt með í Hkr., en nokkuð annað.

Thorg. Halldórsson.

Mountain, N.D., 27. júní 1911.

DÁNARFREGN.

Þann 19. apríl sl. dó í Los Angeles, Cal., Guðmundur Guðmundsson frá Calgary. Hann var sonur Guðmundar sál. Guðmundssonar, sem dó að Baldur, Man., fyrir 9 árum síðan, og fyrri konu hans, Guðnýar Þórðardóttur; voru þau bæði ættuð frá Súgandafirði í Ísafjarðarsýslu. Líkið var flutt til Calagary og jarðað þar þann 2. maí. Guðmundur sál. var að eins 23. ára gamall. Hann var sönn fyrirmynd að stillingu og vönduðu framferði.

Ég vil hér með votta Íslendingum í Calgary mitt innilegt þakklæti fyrir alúðlega hluttöku þeirra í sorgarathöfninni þar, en sérstaklega herra Jóni Guðmundssyni fyrir hans miklu hjálpsemi því viðkomandi.

Dánarfregn þessi átti að birtast í Heimskringlu fyrir mánuði síðan en bréf mitt til blaðsins hafði einhvernveginn glatast.

Barons, Alta., 14. júní 1911.

Kristín Kristjánsson.

HAZEL SIGURJÓNA STEVENSON

Fædd 17. des. 1908,
dáin 15. apríl 1911, og

RUBY BRYNJÓLFNÝ STEVENSON

Fædd 29. okt. 1910,
dáin 2. maí 1911.

(Undir nafni foreldranna).

Þá sól úr heiði um hádag hnígur,
hverfur dagur og kemur nótt, —
ljósgeisli vona í sortann sígur;
svíft vorum gleði vorri of fljótt:
Fjólurnar smáu féllu í dá, —
farin, horfin er lífsins þrá.

Í sorgamyrkri þreyjum þungu,
þögul af hvörmum hrynja tár;
burtkölluð eru börnin ungu,
blæða hjartnanna opin sár.
Autt er rúmið og alt er hljótt,
því ástkær börn nú sofa rótt.

En orðin atvik ei skal gráta,
því alvöld ríkir dróttins hönd, —
þótt heimslífið sé oss hulin gáta,
himnesk von þau leysir bönd,
og er héðan förum fljótt
vér finnum dag en enga nótt.

Ástkæru börn, vér eftir þreyjum,
ykkar minningu geymum vér
og elskum stöðugt, unz vér deyjum,
aftur sameinast fáum vér;
því elska drottins afdrei dvín,
hann ástkær geymir börnin mín.

Laus frá heimsins hörðu stríði
hvílið í friði, börnin kær;
þótt lausnarstund vor langt enn bíði,
við lífum stöðugt ykkur nær.
Ó, ástkær börn, þið eruð hjá
alvöldum drotni hinmum á.

A.E.

Herra Jón Hólm, gullsmiður að 770 Simcoe St., biður þess getið, að hann selji löndum sínum gull- og silfur-muni og gigtarbelti. — Belti þessi eru óbrigðul við gigt, ef þau eru notuð samkvæmt fyrirskipunum Jóns. Kosta að eins $1.25.

THE DOMINION BANK
HORNI NOTRE DAME AVENUE OG SHERBROOKE STREET

Höfuðstóll uppborgaður: $4,000,000.00
Varasjóður - - - $5,400,000.00

Vér óskum eftir viðskiftum verzlunar manna og ábyrgumst að gefa þeim fullnægju. Sparisjóðsdeild vor er sú stærsta sem nokkur banki hefir í borginni.

Íbúendur þessa hluta borgarinnar óska að skifta við stofnun sem þeir vita að er algerlega trygg. Nafn vort er full rygging óhluttleika. Byrjið spari inulegg fyrir sjálfa yðar, komu yðar og börn.

Phone Garry 3150 Scott Barlow, Ráðsmaður.

Vitur maður er varkár með að drekka eingöngu HREINT ÖL. Þér getið jafna reitt yður á

DREWRY'S
REDWOOD LAGER

Það er léttur, freyðandi bjór, gerður eingöngu úr Malt og Hops. Biðjið ætíð um hann.

E. L. DREWRY, Manufacturer, Winnipeg

STRAX

Í DAG er BEZT AÐ GERAST KAUPANDI AÐ HEIMSKRINGLU. — ÞAÐ ER EKKI SEINNA VÆNNA.

MANITOBA

TÆKIFÆRANNA LAND.

Hér skulu taldir að eins fáir þeirra miklu yfirburða, sem Manitoba fylki býður, og sýnt, hversvegna allir þeir, sem óska að bæta lífskjör sín, ættu að taka sér bólfestu innan takmarka þessa fylkis.

TIL BÓNDANS.

Frjósemi jarðvegsins og loftslagið hafa gert Manitoba heimsfræga, sem gróðrarstöð No. 1 hard hveitis.

Manitoba býður bændasonum ókeypis búnaðarmentun á búnaðarskóla, sem jafngildir þeim beztu sinnar tegundar á amerikanska meginlandinu.

TIL IDNAÐAR- OG VERKAMANNA.

Blómgandi framleiðslustofnanir í vorum óðfluga stækkandi borgum, sækjast eftir allskyns handverksmönnum, og borga þeim hæztu gildandi vinnulaun. Algengir verkamenn geta og fengið næga atvinnu með beztu launum. Hér eru yfirgnæfandi atvinnutækifæri fyrir alla.

TIL FJÁRHYGGJENDA.

Manitoba býður gnægð rafafls til framleiðslu og allskyns iðnaðar og verkstæða, með lágu verði; — Frjósamt land; — margvíslegar og ótæmandi auðsuppsprettur frá náttúrunnar hendi; — Ágæt samgöngu og flutningatæki; — Ungir og óðfluga vaxandi bæir og borgir. — Alt þetta býður vitsmunum, auðæfum og framtakssemi óviðjafnanleg tækifæri og starfsarð um fram fylstu vonir. Vér bjóðum öllum að koma og öðlast hluttöku í velsæld vorri og þroskun. — Til frekari upplýsinga, skrifið:

JOS. HARTNEY, 77 York Street, Toronto, Ont.
JOS. BURKE, 178 Logan Avenue, Winnipeg, Man.
A. A. C. LaRIVIERE, 22 Alliance Bldg., Montreal,
J. F. TENNANT, Gretna, Manitoba,

J. J. GOLDEN,
Deputy Minister of Agriculture and Immigration, Winnipeg

borgaði að eins hlut hr. Whitleys, það var alt, — þér eruð ennþá skuldunautur okkar".

"Hann hefir ekki borgað þúsundin?" sagði hann og tók báðum höndum um höfuð sér, því nú fyrst sá hann táldrægni og svik vinar sins. "Hann borgaði ekkert fyrir mig? Ó, það er voðalegt, alt of voðalegt".

Hann þagði augnablik, því hugsanirnar og tilfinningarnar streymdu hraðfara um huga hans. — Hann sá nú, að hann hafði framkvæmt fölsunina, án þess að njóta nokkurs gagns af henni. Peningar Cyrils voru teknir úr bankanum, og Nevitt hafði stolið þeim þrem þúsundum, sem hann hafði fengið honum í því skyni, að hann borgaði þau í sinn reikning. Jafníramt sá Guy, að hann gat ekki kært hann, án þess að viðurkenna fölsun sina um leið. Þetta var meira en maður gat þolað. Hefði Nevitt verið hér, þá hefði hann flogið á hann og líklega drepið hann.

Hann þrýsti höndunum fast að höfði sínu og stundi hátt.

"Óræstis þjófurinn", sagði hann hátt. "Borgaði hann þessi þrjú þúsund úr stórum bunka af bankaseðlum, og tók afganginn með sér?"

"Já, einmitt", svaraði skrifstofuþjónninn rólegur. "Hann nefndi alls ekki nafn yðar. En máske hann komi aftur seinna og borgi fyrir yður".

Nei, nú skildi Guy vin sinn betur. Hann sá nú glögt hver þorpari hann var.

"Það hefir verið stolið frá mér", sagði hann með hægð, "og þjófurinn er strokinn. En ég verð nú að elta hann og reyna að ná peningunum frá honum. Þegar ég hefi fengið þá, kem ég aftur og borga yður. — Nei, ég geri það ekki — ég gleymi alveg — nei, ég læt þá inn í bankann í reikning Cyrils".

Skrifstofuþjónninn horfði brosandi á hann, bæði af meðaumkun og fyrirlitningu. Brjálaður — alveg brjálaður. Skynsemi þessa vesalings hluthafa hefir farið sömu leið og peningarnir, sem hann lagði í námann. En án þess að gefa honum gætur eða kveðja hann, þaut Guy út á götuna og kallaði á vagnmann.

"Temple Flats", kallaði hann hátt og ók til heimilis Nevitts. Aftur of seint. Dyravörður sagði honum, að Nevitt væri ekki heima. Hann hefði farið með ferðatösku sína og fatnað ákaflega hratt til Waterloo járnbrautarstöðvanna.

"Þá til Waterloo", kallaði Guy til ökumanns. "Við verðum að elta þenna mann eins hart og hesturinn getur hlaupið. Ég hætti ekki fyr en ég næ honum, lifandi eða dauðum".

Þetta voru óheppileg orð, sem ökumaður mundi vel, og urðu síðar slæmur vitnisburður gegn Guy.

XXII. KAPÍTULI.

Hegning Kelmscotts ofursta.

Meðan Nevitt var að framkvæma þenna þrefalda hrekk sinn, að borga sína eigin skuld til Rio Negro námans, að stinga þrem þúsundum í vasa sinn til að eiga þau til vonar og vara, og að ná Guy algerlega á sitt vald með því að vera meðvitandi um fölsun hans, — áttu sér tveir markverðir viðburðir stað annarstaðar, sem höfðu mikla þýðingu fyrir tvíburana og vini þeirra á ókomna timanum. Fyrst á-

vöxturinn spratt upp af yfirsjón ofurstans og var mjög gervilegur.

Undir eins og Granville fékk bréfið frá Gwendoline, kviknaði efi og óró í huga hans, svo hann fór strax ofan í bókhlöðuna að finna föður sinn. Þegar þangað kom, tók hann sér stöðu beint á móti föður sínum og horfði reiðum augum á hann.

"Hvers konar meining er þetta?" spurði hann með lágri en reiðiþrunginni röddu, og hélt bréfinu á lofti. "Á hver maður í öllu landinu að vita um þetta nema ég? Á hver maður að þekkja mína sönnu stöðu, mitt rétta ásigkomulag, áður en þú lætur mig vita um það með einu orði? Ég fékk bréf í morgun — það kemur ekki efninu við frá hverjum það er — og í því er sagt: "Ég veit, að þú ert ekki elzti sonurinn, og að annar en þú er erfingi að Tilgate". Nú, það sýnist sennilegt að ég hefði fengið að vita þetta á undan öðrum, því sé það tilgangurinn, að sparka mér út í heiminn til þess ég ali önn fyrir mér á þann hátt, sem ég bezt get, þá sýnist réttara, að ég hefði fengið að vita þetta nógu snemma, í stað þess að láta mig ímynda mér, að ég væri erfingi að stórri jörð og miklum eignum".

Kelmscott ofursti starði á hann með opinn munn, í meira lagi skelkaður.

"Hefir Gwendoline Gildersleeve skrifað þér þetta?" spurði hann. Þjáður af iðran og angist. Nú, fyrst hún veit það, þá er áform mitt eyðilagt. Þá hefir faðir hennar, þrælmenniið, lagasnápurinn, fengið alt að vita. Þessir tveir ungu mann hafa þá líklega falið honum á hendur málefni þetta, og hann hefir komist að öllu sambandinu, og nú er hann auðvitað að leggja það fram fyrir dómstólana. Sonur minn, sonur minn, við erum eyðilagðir".

"Þessir tveir ungu menn?" spurði Granville undrandi. "Hverjir tveir ungir menn? Þá þekki

ég ekki, — hefi aldrei heyrt neitt um þá". En alt í einu kviknaði grunur hjá honum, eitt af þessum eðlishvata leiftrum, sem oft kasta skilningsbjarma í hugsanir manna á tvísýnum augnablikum. "Pabbi, pabbi", kallaði hann í skelfingu, laut áfram og studdi sig við stólinn, "það eru þó líklega ekki ungu mennirnir, þessir Warringar, sem við hittum hjá Holkers um daginn, sem eru þínir frumgetnu synir? Og að það var af þeirri ástæðu, að þú keyptir myndina með höggorminum á af öðrum þeirra?"

Ofurstinn laut niður að borðinu og huldi andlitið með höndum sínum. "Sonur minn, sonur minn", kallaði hann örvilnandi, "þú hefir sjálfur sagt það, sjálfur getið rétt, það er tilgangslaust að dylja þig þess lengur. Þeir eru synir minir".

"Og móðir mín?" stundi Granville upp með skjálfandi röddu, það þurfti nærri því yfirnáttúrlega dirfsku til að koma með þessa spurningu, en hún valt út úr honum ósjálfrátt af gremjunni.

"Móðir þín", svaraði ofurstinn, lyfti upp höfðinu og leit frjálslega framan í son sinn, — "móðir þín er það, sem ég altaf hefi kallað hana, lögleg kona mín, lafði Emily Kelmscott. Móðir þessara ungu manna, sem ég einu sinni var löglega giftur, dó áður en ég giftist núverandi konu minni,— og, guði sé lof að ég get sagt þér þenna sannleika. Ég hefi máske breytt heimskulega, illa, þrælslega, en svo svívirðilega breytni, sem þú ætlar mér, er ég ekki sekur um".

"Guði sé lof fyrir það", sagði sonurinn innilega. "Þú ert faðir minn, og mér ber ekki að ásaka þig, en ef þú hefðir gert það — ó, móðir mín, móðir mín — þá hefði ég aldrei getað fyrirgefið þér".

Kelmscott ofursti teygði úr sér í stólnum og horfði fast á son sinn; svipurinn var hátíðlegur og alvaran skein út úr móleitu augunum hans.

Íslands bréf.

Reykjavík, 2. júní 1911

Herra ritstjóri B. L. Baldwinson.

Þegar ég lagði upp í hina löngu ferð mína til "feðranna foldu" sl. 11. aprilmánaðar, og kvaddi kunningja, vini og vandamenn, þá báðu þeir mig að senda sér línu með köflum, og þar með segja sér eitt og annað af frændum og fornum stöðvum. Og til þess að skrifa einum fyrir alla, vil ég biðja yður, herra ritstjóri, að ljá eftirfylgjandi línum rúm í blaði yðar Hkr.

Ég ætla að sleppa ferðasögu minni, sem litið er um að segja, þar til við lögðum út úr skipakvinni við Leith á Skotlandi, jafnvel þó að margt mætti segja um þær skipakviar og fleira. sem ég sá á leiðinni.

Við fórum með skipinu Botnia, sem er eitt af skipum hins Sameinaða gufuskipafélags. Aidrei spurði ég um stærð á því skipi, en litið sýndist mér það í samanburði við skipið Virginian, sem flutti okkur yfir Atlantshafið. það skip var 628 fet á lengd, 70 fet á breidd og um 70 fet frá kyli uppá stýrisbrún. Vélarnar höfðu 15 þús. hesta afl og burðarmagn skipsins var 12 þúsund smálestir.

Skipið Botnia brunaði út hinn langa fjörð, þar sem Leith stendur inn við endann, í hægum sunnanvindi. Sýndist land á hægri hönd talsvert hæðótt, eins og víða mun vera á Skotlandi. Eftir hér um bil 5 kl.stunda ferð fórum við fram hjá vitahúsi, sem okkur löndunum þótti mjög einkennilegt að sjá. Til að sjá líktist það hvítum turni eða stólpa, sem stóð upp úr sjónum. Var okkur sagt, að bygging þessi stæði á grynningu eða skerja flúðu, og alls ekki bygð á þurru landi. Fólkið, sem býr í byggingu þessari eru hjón með 3 börnum sínum. Eins og gefur að skilja, ferðast fólk þetta fremur litið, og eins allajafna fáment í hibýlum þeirra, en um leið frelsar margt mannslíf.

Eftir 40 kl.stunda ferð komum við til Færeyja, var það um nótt, svo við sáum litið af eyjunum. Einn Færeyingur var á skipinu, sem fór þar af. Mig minnir hann segði, að eyjarnar væru 13 og 20 þúsund íbúar. Aðalatvinnuvegir eyjabúa eru fiskiveiðar, fugla og eggja-tekja og nokkur kvikfjárrækt — helzt sauðfé.

Eyjarnar munu frekar ófrjóar; víða klettur undir og þunnur jarðvegur. Klukkan 5 árdegis lögðum við af stað frá Færeyjum áleiðis til Íslands. Þegar á daginn leið, fór vindur að aukast af norðaustan með kalsa; var það nær hliðvindur, því við héldum í norðvestur. Næstu nótt var hroðaveður, stórvindur og rigning. Um morguninn, þegar ég kom uppá þiljur, var krapi með regninu. Hér um bil kl. 9 sáum við fyrst land, var það Portland; griltum við í fjallahnjúka, sem allir voru snævi þaktir.

Ég man það, að þegar ég stóð uppi á þiljum í þessu ónota veðri, að ég hugsaði sem svo: Ó, aumingja Fjallkonan, þú situr of norðarlega. — Nokkrir Íslendingar voru á skipinu, verzlunarmenn, er voru á ferð til Íslands. Ekkert kyntist ég þeim, því þeir voru á fyrsta farrými en við á öðru.

Mér datt í hug: Hvernig stendur á því, að þessir menn skuli vera að hugsa um að búa á Íslandi, sem er svo kalt, svo hrjóstrugt og svo fátækt? Sjálfsagt gætu þeir lifað í hinum betri löndum, þar sem þeir eru færir í flestan sjó. Er það föðurlandsást? Er það ást til þjóðarinnar, sem knýr þá til að búa þar? Ekki get ég vel svarað þessum spurningum. En það þóttist ég vita, að þeir álitu, að þeir gætu haft eins mikinn hagnað af hverju krónuvirði, sem þeir skiftu við landsmenn þar, eins og þó þeir væru í betra landi. Það mun alt, sem þeim fanst nauðsynlegt.

Hinn svokallaði höfðingjaflokkur á Íslandi talar um ættjarðarást. Þá dettur mér í hug heimilið hjá honum Sveini gamla og henni Þóru. Og sagan er svona:

Sveinn gamli var frekar vel gefinn að frumeðli sínu, stór og myndarlegur sýnum. Kringumstæðurnar orsökuðu það, að hann var bundinn Þóru gömlu, sem hann kallaði stundum í galsa "móður" sína; og í sambandi þar við var dóttir hennar, sem hann áleit þernu sina.

Gestur sá að garði bar, sá að Sveinn bóndi var feitur og þriflegur, hörundið fínt og mjúkt, hendurnar svo mjúkar, að hann gat sveigt fingurna eins og barn væri. Klæði bar hann góð og hafði snoturt herbergi til íbúðar. Þóra gamla var aftur mjög klæðafá, og þar sem bústaður hennar var svo nálægt heimskautsbaugnum og vindar harðir, var hún jafnan veðurbarin og beinaber.

Dóttir hennar vann baki brotnu. En af því henni hafði litið verið kent af nýtizku vinnulagi, hafði hún svo mikið fyrir öllu og nytjarnar urðu því minni. En hvað sem öllu leið, þurfti húsbóndinn að fá allar sínar ímynduðu þarfir uppfyltar. Hann var að þylja og læra gamlar sögur og ýms fræði utan úr heimi. Alt lærði hann það sem barna-þulu, sem ekkert var skylt lífinu hjá henni Þóru gömlu. En hann taldi sjálfum sér og sérstaklega þernunni, sem stundum var að nöldra, trú um, að þetta væru nauðsynleg fræði. Já, lífsnauðsynleg. Fræði þessi sýndu þernunni svo nákvæmlega vel, hvað fólkið hefði verið að starfa fyrir þúsund árum síðan. Og Sveinn gamli var mjög hreykinn af þessum fræðum sínum. En einkennilegt var það, að hann gat aldrei dregið neinn lærdóm út úr þessu fyrirmyndarlífi hinna fyrri landsbúa, sem honum fanst svo mikils um vert, inn í nútíma lífið, til þess, sem sé: Að þernan sem öll störf átti að inna af hendi, var orðin sínum mörg hundruð ára verksiðum svo vön, að hún kunni illa lag á, að breyta frá venjunni. En Sveinn gamli mátti ekki úr herbergjum sínum hreyfast. Hann var forlagatrúarmaður og áleit að hann hefði frá öndverðu verið ákvarðaður til að eyða þar æfi sinni og vera þar ljós og leiðsagnari hinna, — alveg eins og brahminn á Indlandi. Enda var það stór vanhelgun, að hann saurgaði sínar mjúku hendur. — — —

Til Vestmannaeyja komum við kl. 2 e.h.; urðum við að dvelja þar til næsta dags, því mikið af vörum þurfti að leggja þar á land. Er þar engin afhleðslubryggja og mun vera talsverð fyrirhöfn við þess háttar, ef um miklar vörur væri að ræða. — Lítið graslendi mun vera þar, og eins og í Færeyjum aðalatvinna fólksins fiskveiðar og fugla- og eggja-tekja. — Eyjabúar létu vel yfir vetrarvertíðinni, og bjuggust við góðum hagnaði.

Um hádegisbil voru akkeri undin frá botni og lagt af stað áleiðis til Reykjavíkur. Þangað komum við kl. 9, eftir 19 daga ferð frá Winnipeg. — Jafnvel þó ég "findi mikla ánægju í, og þakka guði mínum fyrir. að vera kominn heill af hafi til ættlandseyjunnar, blandaðist þó saman við sú hugsun, að leiðin legt væri, að höfuðstaður landsins hefði ekki höfn, hvar skipum yrði lagt að hleðslu-múrum. En vonandi er, að bráðum bætist úr því, — síðasta þing var að ræða það mál.

3. júní. — Séra F. J. Bergmann, hr. Finnur Jónsson og fleiri komu hingað í morgun.

J. H. Lindal.

(Meira síðar).

Minni Jóns Sigurðssonar.

I.

Sungið í Reykjavík 17. júní.

Af álfunnar stórmennum einn verður hann
og ættlands síns dýrustu sonum;
Það stendur svo skínandi mergð um þann mann
af minningum okkar og vonum,
svo fékk hann þann kraft og þá foringjalund
að fræknlegri höfum vér orðið um stund
og stækkað við hliðina á honum.

Það reis upp sú manndáð í þjóðinni' um þig,
sem þóttist of rík til að sníkja;
oss hnykti þá við, er hún vopnaði sig
og varð ekki keypt til að svíkja.
Og því er það ástfólgnust hátíðin hér,
er hundrað ára' afmælið skín yfir þér
og flokknum, sem vildi' ekki víkja.

Það brann þeim úr augum, svo okkur varð heitt,
hjá öfunum feigum og hárum;
þeir sögðu' oss af fundinum fimmtía' og eitt
og fóru með orðin með tárum.
Og fornaldar tign yfir foringjann brá,
og fagurt var Ísland og vonirnar þá,
og blessað það nafn sem vér bárum.

Og skörð lèst þú eftir í eggjunum þeim,
sem oss hafa sárastar skorið,
og sjálfur af landvarnarhlóminum heim,
þú hefir vort dýrasta borið.
Með því eggjar móðir vor mannsefnin sín;
hvert miðsumar ber hún fram hertygin þín
og spyr oss um þróttinn og þorið.

Og þökk fyrir tuttugu' og þriggja' ára stríð.
Af þér verður hróðugust öldin.
Við það urðu óðulin okkar svo fríð,
er ofbeldið misti þar gjöldin.
Og þó að það eigni sér feðranna Frón:
í friðaðri jörð verða beinin þín, Jón,
svo lengi sem landið á skjöldinn.

Þorsteinn Erlíngsson

II.

Sungið á Seyðisfirði.

Þau gnæfa hér tíguleg, heiðbjört og há
við himininn, sæbröttu fjöllin, —
þau verða' ekki uppnæm þótt sunnan um sjá
með seiðmagni ögri þeim tröllin.
Og fólkið, sem býr við þann bláfjallageim,
tók bjargtrausta staðfestu' í raun eptir þeim.

Og hér var það síðast, að lýðveldi lands
var látið með nauðung af höndum,
er fest voru óðul hins óborna manns
í óráði veðskylduböndum.
En síðan er dalur hver döggvaður þétt
af drengskapartárum, er heimta vorn rétt.

Þér, verðir um lýðstjórnar-vígið það hinnst,
er vakið hjá brimsorfnu steinum
og búið í skrúðgrænum afdölum innst
við iðu' undir frtðlaufgum greinum, —
í dag hans þér minnist í orðræðu' og óð,
sem ægishjálm bar yfir land sitt og þjóð.

Vor heilladís syngur við sólglæsta hlíð
um soninn þann, fullhugann snjalla,
er herfjötur leysir frá Hákonar tíð
og höggur á knútana alla, —
sem *Forsetans* hlutverk til lykta fær leitt
og landinu frelsið og sjálfstæðið veitt.

En munum þann skörung,sem skjöldinn sinn hóf
og skjóma, svo lýsti' yfir tindum,
og nafn sitt í heillavef alþjóðar óf, —
þeim öðlingi ljóðsveig vér bindum
og krýnum þann ókrýnda konung vors lands
í kærleik og þökk fyrir afreksverk hans!

Guðm. Guðmundsson.

SKÍRNIR.

Myndarlegur er Skirnir að þessu sinni, 2. og 3. heftið sameinað í eitt, og alt helgað minningu Jóns Sigurðssonar. Eru allar ritgerðirnar prýðisgóðar. og hin þrjú kvæði, sem í þessu tvöfalda hefti eru, snild.

Fyrst byrjar ritið á minningarljóðum eftir Hannes Hafstein, er sungin voru á aldarafmælishátíðinni á fæðingarstað Jóns, Rafnseyri í Arnarfirði. — þá er ritgerð eftir þorleif H. Bjarnason kennara: "Frá uppvexti Jóns Sigurðssonar og fyrstu afskiftum hans af landsmálum". — þá er ágrip af æfi Sigurðar prófasts Jónssonar á Rafnseyri, föður Jóns Sigurðssonar, eftir séra Odd heitinn Sveinsson, eftirmann séra Sigurðar á Rafnseyri. — þar næst kemur ritgerð eftir Dr. Finn Jónsson: "Visindastörf Jóns Sigurðssonar", og lýsir hún all-itarlega þeirri starfsemi Jóns, sem almenningi er síst kunnugt um. — því næst er ritgerð eftir Klemens Jónsson landritgra "Um Jón Sigurðsson sem stjórnmálamann", mjög fróðleg og vel samin og gefur glögga hugmynd um aðalstarf forseta. — þá er ritgerð eftir prófessor Björn M. Ólsen: "Jón Sigurðsson og Bókmentafélagið", — þar næst: "Endurminningar um Jón Sigurðsson" í fjórum köflum, eftir Jón alþm. Ólafsson, þórhall biskup Bjarnarson, Björn M. Ólsen og Indriða skrifstofustjóra Einarsson. — Að endingu er kvæði um Jón Sigurðsson eftir Ben. þ. Gröndal, og "Vorvisur" eftir Hannes Hafstein, er sungnar voru á aldarafmælinu í Reykjavík og eru í minningu Jóns Sigurðssonar.

Auk ritgerðanna og kvæðanna eru myndir í þessu tvöfalda hefti af Jóni og frú Ingibjörgu konu hans.

Skírnir ætti að vera öllum Íslendingum kærkominn gestur að þessu sinni.

Konur sem sjóræningjar

Það mun ekki oft, að frásagnirnar um sjóræningja geti kvenna, sem rekið hafi þann atvinnuveg. En frásögn sú, sem hér fer á eftir sýnir að minsta kosti, að konur hafa þó verið sjóræningjar, þó fátitt muni verið hafa.

Það var árið 1720, að ræningjaskúta var tekin til fanga úti fyrir eyjunni Jamaica, og skipshöfnin dregin fyrir dómstólana á eynni.

Foringi sjóræningjanna hét Jean Racham, og voru margar ófagrar sögur bornar á hann og liða hans við réttarrannsóknina. Endirinn varð sá, að Racham og öll skipshöfnin var dæmd til dauðá,— yfirmennirnir til að hengjast með höfuðið niður en fæturna upp, því það var álitið kvalafyllra; en undirmennina átti að hengja á vanalegan hátt.

Þegar dómurinn hafði verið uppkveðinn, spurði dómsforsetinn hina dómfeldu, ef þeir hefðu eitthvað sér til varnar að færa áður en dóminum yrði fullnægt. Stóðu þá tveir af sæningjunum, sem hraustlegast höfðu varist á skútunni, upp og kváðust — til undrunar öllum viðstöddum — vera stúlkur, — og komnar að falli, og væri miður tilhlýðilegt, að lífláta þær í því ástandi.

Þetta reyndist altsaman satt vera, og voru nöfn þeirra Anna Bonny og Maria Read, og eru æfisögur þeirra stórmerkilega í sinni röð.

Maria Read var lausaleiksbarn konu einnar, sem mist hafði mann sinn í skipstrandi, og barn þeirra, drengur, dó 10 mánaða gamalt. — Til þess að verða styrks aðnjótandi hjá tengdamóður sinni, lét móðirin Maríu litlu koma í stað drengsins dána, og taldi gömlu konunni trú um, að María væri sonarsonur hennar, og trúði gamla konan þessu.

Þegar María var þrettán ára gömul, misti hún ömmu sína og stóð þá einmana uppi og eignalaus. Allir álitu hana dreng vera. Réðist hún því næst sem herbergisþjónn til heiðarkonu einnar, en líkaði ekki vistin til lengdar, og réðist sem léttadrengur á herskip. Seinna gekk hún í landherinn, og var þar bæði í fótgöngu- og riddara-liðinu.

Í herbúðunum fékk hún ást á rekkjunaut sínum og sagði honum að hún væri stúlka. Endirinn varð sá, að þau giftu sig, og tók állur herinn einlægan þátt í þeirri athöfn. Ungu hjónin settust því næst að í bæ einum og komu á fót greiðasöluhúsi. Alt gekk vel í nokkur ár, unz maðurinn dó. En María hélt samt greiðasölunni áfram nokkra stund. en átti örðugt uppdráttar, hætti svo við það, yfirgaf bæinn og fór í vist.

En þetta rólega líf átti ekki við Maríu, — hana vantaði æfintýri. Og einn góðan veðurdag fór hún aftur í karlmannsbúning og réði sig sem háseta á skip, er var á förum til Vestur-India. En svo óheppilega vildi til, að sjóræningjar réðust á skipið og yfirunnu það, en tóku áhöfnina til fanga.— En María kærði sig kollótta, og bauð ræningjaforingjanum þjónustu sína, og var það þegið. Gekk María rösklega fram í öllum svaðilförum, og var að engu eftirbátur hugdjörfustu karl-ræningjanna. En ræningjaskúta þessi varð yfirunnin og sjóræningjarnir dregnir fyrir dóm. Maríu tókst að sleppa og réðist hún þá í þjónustu Racham, og háði margt hreystiverkið, unz Racham og liðar hans lentu í höndum yfirvaldanna á Jamaica.

Hin stúlkan, sem var í ræningjaflokki Rachams, og Anna Bonny hét, var af írskum ættum og óskil getin eins og María Read; var móðirin vinnukona, en faðirinn málafærslumaður. Varð hann að yfirgefa heimkynni sitt fyrir klæki og tók þá dóttur sína með sér í drengjafötum. Átján ára gömul hljóp Anna á brott með sjómanni og flæktist með honum í karlmannsfötum víða um höf, unz hún lenti í flokki Raehams og varð lagskona hans.

Þegar María Read bættist í hópinn, varð Anna ástfangin í henni, og tjáði Maríu hið sanna um kyn sitt. María hló og sagði henni einnig leyndarmál sitt. Og svo var Racham sagt hið sanna til að koma í veg fyrir að hann yrði afbrýðissamur. En þau þrjú ein vissu hið sanna. Allir aðrir héldu þær karlmenn vera.

Seinna fékk María ást á ungum sjóræningja, sem hafði verið neydd ur til þess starfa. Maður þessi endurgalt henni ást sína. Þegar þessi ungi maður átti að heyja hólmgöngu við vígagarp mikinn, varð María hrædd um, að elskhugi hennar myndi falla; hún tók því það til bragð, að móðga mótstöðumann hans svo gífurlega, að þess varð að hefna þann sama dag. Bæði fóru á land og háðu hólmgönguna í tunglskini. Skaut María mótstöðumann sinn með skambissuskoti til jarðar og skar síðan af honum höfuðið. Sjálf særðist hún lítillega.

Þetta var hennar seytjánda hólmganga, og hafði hún hlotið sigur í þeim öllum.

Hugrekki hennar, friðleiki og æfintýralíf veitti henni marga vini á Jamaica, og tókst þeim að koma henni undan hegningu með því, að íklæða hana líkfötum og gefa út sem dauða. Sagan segir, að síðar hafi hún fundið elskhuga sinn, sem einnig hafi tekist að sleppa. Hafi þau svo gift sig og tekið sér búlfestu í Louisiana.

Anna Bonny varð heldur eldri gálganum að bráð. Aftöku hennar var frestað unz hún fæddi barn það, sem hún gekk með. En maðaðstoð félaga sinna tókst henni að sleppa úr fangelsinu, og veit enginn síðan, hvað af henni varð.

Þegar Racham var færður til aftökustaðarins, bað hann um leyfi til að fá að sjá Önnu, sem hann elskaði innilega, og var honum veitt sú bæn. En þegar Anna hann var það eina huggunin, sem hún hafði honum að færa, að hún kvaðleitt, að svona skildi honum reiða af, en bætti við: "Hefðir þú verist sem maður, værir þú nú ekki hengdur sem hundur".

Tolstoi.

Hans mun sál og hugur
heim um allan svífa,
frið og sannleik fanga
fram um brautir alda.

Loft þó blöðin blekku
burt af greinum nemi,
Líf í stofni stendur,
sterkar rætur vefur.

Holds þó böndin bresti,
björtu kærleiks ljósin
lýsa um aldir alda,
alla verma og næra.

24.-12.-'10.

J. O. Norman.

JÓN JÓNSSON, járnsmiður, að 790 Notre Dame Ave. (horni Toronto St.) gerir við alls konar katla, könnur, potta og pönnur fyrir konur, og brýnir hnífa og skerpir sagir fyrir karlmenn. — Alt vel af hendi leyst fyrir lítla borgun.

"Kvistir" í bandi

Munið eftir því að nú fást "KVISTIR" Sig. Júl. Jóhannessonar, í ljómandi fallegu bandi hjá öllum bóksölum.

Verð $1.50

Hefir þú borgað Heimskringlu?

Bókalisti.

N. OTTENSON'S, - River Par. W'p'g.

Ljóðmæli Páls Jónssonar í bandi	(3)	85
Sama bók (að eins 2 eint.	(3)	60
Jökulrósir		15
Dalarósir	(4)	20
Hamlet	(3)	45
Tíðindi Prestafélagsins í hinu forna Hólaskifti	(2)	15
Grant skipstjóri	(2)	40
Börn óveðursins	(3)	55
Umhverfis jörðina á áttatíu dögum	(3)	60
Blindi maðurinn	(3)	15
Fjórblaðaði smárinn	(3)	10
Kapitola (í II. Bindum)	(3)	1.25
Eggert Ólafsson (B. J.)		15
Jón Ólafssonar Ljóðmæli í skrautbandi	(3)	60
Kristinfræði	(2)	45
Kvæði Hannesar Blöndal	(2)	15
Mannkynssaga (P. M.) í bandi	(5)	85
Mestur í heimi, í b.		15
Prestkosningin, Leikrit, eftir D.E., í b.	(3)	30
Ljóðabók M. Markússonar		50
Ritreglur (V. Á). í b.		20
Sundreg ur, í b.		15
Yerði ljós		15
Vestan hafs og austan, Þrjár sögur eftir E. H., í b.		90
Víkingarnir á Hálogandi eftir H. Ibsen		25
Þorláksurhelgi		15
Ofurefli, skálds. (E. H.) í b.		1.50
Ólöf í Ási	(2)	45
Smælingjar, 5 sögur (E. H.), í b.		85
Skemtisögur eftir S. J. Jóhannesson 1907		25
Kvæði eftir sama, frá 1905		25
Ljóðmæli eftir sama. (Með mynd höfundarins) frá 1897		25
Safn til sögu og ísl. bókmenta í b., III. bindi og það sem út er komið af því fjórða	(53c)	9.4
Íslendingasaga eftir B. Melsted I. bindi bandi, og það sem út er komið af 2, b.	(25c)	2.85
Lýsing Íslands eftir P. Thoroddsen í b.	(16c)	1.90
Fornir fornislenzkir rímnaflokkar, er Finnur Jónsson gaf út, bandi	(5c)	85
Alþingisstaður hinn forni eftir Sig. Guðmundson, í b.	(4c)	90
Um kristnitökuna árið 1000, eftir B. M. Ólsen	(6c)	90
Íslenzkt fornbréfasafn, 7. bindi innbundið, 3 h. af 8 b.	(1.70)	27.80
Biskupasögur, II. b. innbundið	(42c)	5.15
Landfræðissaga Íslands eftir P. Th., 4. b. innbundið	(55c)	7.75
Ríthöfunda tal á Íslandi 1400—1882, eftir J. B., í bandi	(7c)	1.00
Upphaf alþjóðarríkis á Íslandi eftir K. Maurer, í b.	(7c)	1.15
Andfræði, e. A. Ól., í bandi	(6c)	1.10
Presta og prófastatal á Íslandi 1869, í b.	(9c)	1.25
Norðurlandasaga eftir P. Melsted, í b.	(8c)	1.50
Nýjatestamentið, í vönduðu bandi	(10c)	65
Sama, í ódýru bandi	(8c)	30
Kóralbók P. Guðjónssonar		50
Sama bók í bandi		1.10
Svartfjallasynir	(5)	60
Aldamót (Matt. Joch.)		20
Harpa	(4)	60
Ferðaminningar í bandi.	(5)	90
Bóndinn		35
Minningarit (Matt. Joch.)		35
Týndi faðirinn		35
Nasreddin, í bandi		35
Ljóðmæli J. Þórðarsonar	(3)	45
Ljóðmæli Gestur Pálsson		75
Maximi Petrow	(2)	45
Leyni-sambandið	(2)	45
Hinn óttalegi leyndardómr	(2)	30
Sverð og bagall	(2)	30
Waldimer Nihilisti		35
Ljóðmæli M. Joch. I.-V. bd., í skrautb.	(15)	4.00
Afmælisdagar Guðm. Finnbogasonar		1.00
Bréf Tómasar Sæmundsson	(4)	25
Sama bók í skrautbandi	(4)	1.15
Íslenzk-ensk orðabók, G. T. Zoega	(10)	1.50
Gegnum brim og boða		[illegible]
Ríkisréttindi Íslands		[illegible]
Systurnar frá Grænadal		[illegible]
Œfintýri handa börnum		[illegible]
Vísnakver Páls lögmans Vídalíns		1.25
Ljóðmæli Sig. Júl. Jóhannessonar		[illegible]
Sögur frá Alhambra		[illegible]
Minningarrit Templara í vönduðu bandi		[illegible]
Sama bók, í bandi		[illegible]
Pétur blásturbelgur		[illegible]
Jón Arason		[illegible]
Skipið sekkur		[illegible]
Jóh. M. Bjarnason, Ljóðmæli		[illegible]
Maður og Kona		[illegible]
Fjarða mál		[illegible]
Beina mál		[illegible]
Oddur Lögmaður		[illegible]
Grettis Ljóð.		[illegible]
Dular, Smá-sögur		[illegible]
Hinrik Heilráði, Saga		[illegible]
Andvari 1911		[illegible]
Œfisaga Benjamin Franklins		[illegible]
Sögusafn þjóðviljans I—II árg. 30c; III árg. [illegible] IV árg. 20c; V. árg. 20; VI. 45; VII. 45; VIII. árg. 55; IX. árg. 55; X. árg. 55; XI. árg. 55; XII. árg. 45; XIII. árg. 45; XIV. árg. 55; XV. árg. 30; XVI. árg. 25; XVII. árg. 45; XVIII. árg. 55; XIX. árg. 25.		
Alt sögusafn þjóðviljan selt á	$7.00	
Eldraunin (Skáldsaga)		[illegible]
Vallyes sögur		[illegible]
Valdimar munkur		[illegible]
Kynlegur þjófur		[illegible]
Sagan af stargaði Stórvirkssyni í bandi		[illegible]
óbundin		[illegible]
Rímur af Sörla sterka í bandi		[illegible]
óbundin		[illegible]
Myndin af fiskiskipinu	1.00	

Bækur söglufélagsins Reykavík:

Morðbréfabækklingur		[illegible]
Biskupasögur, I—6.		[illegible]
Aldarfarsbók Páls lögmanns Vídalín		[illegible]
Tyrkjaránið, I—IV.		[illegible]
Guðfræðingatal frá 1707—07		[illegible]

Bækur Sögufélagsins fá áskrifendur fyrir nærri hálfvirði,—$3.80.

Umboðsmenn minir í Selkirk eru Dalman bræður.

Þess skal getið viðvíkjandi bandinu á Fornaldarsögunum Norðurlanda, að það er mjög vandað, handbundið skrautband, vel frá gengið eins er með Bréf Tómasar Sæmundssonar.

Tölurnar í svigum tákna burðargjald, er sendist með pöntunum

$425.00

Hér er eitt af hinum frægu

HEINTZMAN & CO. PIANOS

eins hljómfagurt, vandað aðgerð, og útlits fallegt sem þér getið óskað yður. Verð $425. og skilmálar hinir aðgengilegustu. Enginn skyldi borga meira.

Cor Portage Ave. & Hargrave
Phone Main 808.

TAKIÐ EFTIR ÞESSARI AUGLÝSING.

Samkvæmt því sem stóð í Heimskringlu 15. júní þ. á. heldur B. RAFNKELSSON, Oak Point, Man.,

OPINBERT UPPBOÐ

á landi og lausum aurum 21. þessa mánaðar, sem byrjar kl. 10 f. hád.

Landið er gott til gripa- og kornræktar, alt umgirt með vír og eikar uppstöndurum, og með umbótum, sem nema þrjú þúsund dollara. Í þægilegum stað, þrjár mílur frá vagnstöð, liðuga mílu frá skóla og kirkju.

ALLIR munir innan stokks og utan, sem að landbúnaði lúta, og fimtán lestir af heyi.

EINNIG talsvert af búðarvarningi, mestmegnis skóvarningur, mjöl, gripafóður o.s.frv.

80 nautgripir, að meðtöldum sex akneytum; 13 hestar í bezta standi.

Þessi sala verður á móti PENINGUM ÚTÍ HÖND, nema heimulega verði umsamið við Benedikt.

Tapið ekki tækifærinu til að kaupa landið, einn þriðji í peningum, hitt með vægum skilmálum.

EINNIG.—Allir þeir, sem skulda Benedikt, verða að vera búnir að borga það fyrir uppboðsdag eða semja á annan hátt.

Fréttir úr bænum

Frá Íslandi komu að morgni 5. þessa mánaðar sjö manns. Þeir Bjarni Jónsson trésmiður, Egill Erlendsson, Þorbergur Þorvarðarson og Jóhanna systir hans, Rannveig Þorkelsdóttir, Svandís Ólafsdóttir og Sigríður Þorkelsdóttir. Alt þetta fólk er af Suðurlandi, og fór frá Reykjavík 14. júní. — Vér áttum tal við herra Bjarna Jónsson, og sagði hann góða tíð á Íslandi, er hópurinn fór að heiman. Fiskafli góður á gufu botnvörpuskipum og jafnvel á þilskipum, en ekki á bátum.

Herra Jóhannes Einarsson, frá Lögberg, Sask., var hér í borg um síðustu helgi með nautgripi og svín til sölu. Hann sagði markaðinn góðan, en þó heldur að lækka. Uppskeruútlit ágætt þar vestra.— Jóns Sigurðssonar minning haldin hátíðleg þar vestra þann 17. júní. — Herra Einarsson segir Winnipeg búar eigi nú orðið hægt aðstöðu að skreppa þangað vestur til að sjá kunningjana. C.P.R. lestin fer héðan kl. 10 að kveldi, kemur til Bredenbury kl. 8 að morgni. Frá Bredenbury má svo keyra út í Íslendinga bygðina. En lestin austur fer þaðan að kveldi og kemur hingað kl. 7 að morgni. Ferðin tekur tvær nætur og einn dag. Menn geta því farið héðan á laugardagskveld og komið aftur á mánudagsmorgun, en haft sunnudaginn til að finna kunningjana.

Séra Magnús J. Skaptason kom til bæjarins á þriðjudagsmorgninn úr ferð sinni um Saskatchewan fylki. Hann sagði uppskeruhorfur yfirleitt þar vestra með allra bezta móti.

Herra Eyjólfur Eyjólfsson, sem hátíð hefir að 550 Sargent Ave., hefir nýskeð flutt bústað sinn til 602 Maryland St.

Herra Jón Runólfsson, barnakennari frá Geysir bygð, kom til borgarinnar um síðustu helgi, og segir kornsprettu svo væna þar nærðra, að ef ekki kemur hnekkir í vöxtinn, þá verði hveitiuppskeran þar í haust áreiðanlega 60 bushel af ekru. Hann kvaðst aldrei fyr hafa séð jafnmikinn hveitivöxt þar sem hann hefir ferðast um Bandaríkin og Canada eins og nú í Geysir bygð.

Mrs. Pálina Thorgrimson, sem um nokkra undanfarna mánuði hefir dvalið í Norður Dakota, kom til borgarinnar í síðustu viku. Hún hélt um síðustu helgi austur til Kenora, Ont., en bjóst við að gera sér framtíðarheimili í Vermillion Bay, Ont.

Látinn

í Argyle bygð þann 9. þ. m. öldungurinn Sigurður Steinsson, 82. ára gamall. Hann bjó fyrrum á Harðbak á Sléttu í Þingeyjarsýslu, en kom hingað vestur um haf árið 1879, og hefir dvalið í Argyle bygð í sl. 20 ár. Hann var jarðsunginn 10. þ.m. af séra Friðrik Hallgrímssyni. Ekkjan Friðný Friðriksdóttir, ásamt 6 uppkomnum börnum, 2 dætrum og 4 sonum, syrgja hinn látna. — Hans verður síðar getið í þessu blaði.

Eins og undanfarin ár hefir Fyrsti Únitarasöfnuðurinn hér í bænum greiðsölu í sýningargarðinum meðan á sýningunni stendur. Tjald safnaðarins verður á sama stað og fyrra.

Hr. Guðm. Zóphoníasson, er kom frá Íslandi nýverið, lagði af stað til Brú P.O., Man., á mánudaginn og ætlar að verða í kaupavinnu þar í sumar.

Sigrún M. Baldwinson
TEACHER OF PIANO
727 Sherbrooke St. Phone G. 2414

þær Gíslína og Þóra, dætur hr. Sveinbjörnssonar, trésmiðs hér í borg, skruppu nýlega í sumarfrí sínu suður til St. Paul og Chicago og annara staða í Bandaríkjunum. Gíslína er kennari á málleysingjaskólanum hér í borg og fór suður til að vera þar á kennarafundi, og Þóra systir hennar slóst í förina með henni.

Ungmennafélag Únitara heldur fund í kveld (miðvikudag). Allir meðlimir beðnir að mæta.

Ritstj. Hkr. — Gerið svo vel að ljá línum þessum rúm í blaði yðar

það hefir áður verið minst á lát Mrs. Ástríðar Guðmundsdóttur Johnson í blaði yðar. Ég get ekki skrifað æfisögu konu þessarar, — mér var hún litt kunn. Ástríður sál. dvaldi hér í Winnipeg síðustu 20 ár æfi sinnar. Síðastliðinn vetur dvaldi hún að heimili Bjargar systur sinnar, að 619 Sherbrooke St. Þaðan fluttist hún til heimilis síns á Sargent Ave., hvar hún andaðist eftir skamma dvöl þann 6. maí sl., — södd lífdaga. Hún búin að sjá á bak eiginmanni og sex börnum. Lifandi afkomendur Ástríðar sál. eru sonarsonur og sonardóttir, bæði til heimilis hjá Björgu systur hinnar látnu.— Ástríður sál. var vinur vina sinna; hún hafði tilheyrt meþódistakirkju í 15 ár og ensku kvenfélagi.

— Kunningjakona.

Frá ísl. smiðum í Winnipeg.

Hinn þriðja þ.m. (júlí) fóru fram embættismannakosningar í hinu íslenzka smiðafélagi, og voru eftirfarandi meðlimir settir í embætti, af fyrverandi forseta, bróðir S. B. Þorbergssyni, til næstu sex mánaða:

Forseti B. M. Long.
Varaforseti Guðm. Magnússon endurkosinn.
Skrifari S. J. Austmann (ek.).
Gjaldkeri J. Pálsson (ek.).
Féhirðir P. M. Sigurðsson (ek.).
Stallari V. Pálsson.
Vörður Aðalbjörn Jónasson.
Yfirskoðunarmenn: Jóhann Vigfússon og Ásm. Bjarnason.
Fulltrúar: S. Sigurðsson, Júlíus Jónasson og Árni Johnson.
Erindsrekar við District Counsel James Goodman og S. B. Þorbergsson.

Félagið hefir tvo fundi í hverjum mánuði: Fyrsta mánudag og þriðja mánudag, kl. 8 e.m., í fundarsal Goodtemplara á Sargent Ave. Allar upplýsingar fást ókeypis með því að snúa sér til skrifara 835 Ellice Ave.

Í umboði félagsins
S. J. Austmann.
W'peg, 9. júlí 1911.

Mrs. Björnsson, kona hr. Guðmundar Björnssonar trésmiðs í Selkirk, sem fyrir nokkru var flutt hingað á sjúkrahúsið til uppskurðar, er komin þaðan fyrir nokkrum dögum og á bezta batavegi.

Á miðvikudagskveldið voru gefin saman í hjónaband í Fyrstu lút. kirkjunni af Dr. Jóni Bjarnasyni ungfrú Emily Morris kenslukona og Hermann Johnson bankaritari, bæði héðan úr borginni. Heimskringla óskar þeim allra heilla og blessunar í framtíðinni.

ÍSLENDINGUR YRKIR Á ENSKU.

Tvö kvæði á ensku og með nótum hafa send verið Heimskringlu til yfirlits og umgetningar. Ljóðin eða visurnar eru eftir landa vorn John T. Johnson í Gloucester, Massachusetts, og eru útlærð lög við þær og útgáfan kostuð af The H. Kirkus Dugdale Co. í Washington, D. C.

Kvæðin heita: "Why don't you kiss your pretty sweetheart", og "The only guy in this world for me, is the fellow with the dough" — Hvorutveggja eru þetta gamankvæði, og hafa þótt góð, eins og sjá má á bréfi útgáfufélagsins til herra Johnsons. Útgáfufélagið er með mestu musik útgáfufélögum í Ameriku. Í bréfi þess til hr. Johnsons stendur þetta meðal annars: "Hér með vottum vér yður vort góða álit á hæfileikum yðar til þess að yrkja skemtisöngvísur, sem ná hylli þess hluta alþýðunnar, sem hefir gaman af alþýðlegum gamansöngvum. Þau tvö kvæði yðar, "The only guy" o.s.frv. og "Why don't you kiss" o.s.frv., sem vér höfum haft þá ánægju að gefa út fyrir yður, álítum vér ágæt að efninu til. ..... Bæði kvæðin yðar eru þannig sniðin að anda og efni, að þau hafa mætt miklum vinsældum um alt þetta land, og vér sjáum enga ástæðu því til hindrunar, að þau verði talin með útbreiddustu og eftirsóknarverðustu gamansöngvum. — Vér óskum yður einlæglega til lukku, og vonum að vér megum fá að njóta þeirrar ánægju, að gefa út öll þau ljóð, sem þér kunnið að yrkja í framtíðinni".

Prentunar frágangur á vísunum og nótunum við þær er eins góður og vant er að vera á 50—75 centa músik stykkjum. En með því að skáldinu er ant um, að Íslendingar geti eignast þau með kjörkaupsverði, geta þeir, sem vildu eignast söngvana, fengið þá með því að senda 20 cents fyrir hvert lag fyrir sig til John Th. Johnson, 10 Russell Ave., Gloucester, Mass., U.S.A. —þetta verð er svo lágt, að tem flestir söngelskandi Íslendingar ættu að eignast lögin.

SPURNINGAR OG SVÖR.

Herra ritstjóri B. L. Baldwinson.

Gerið svo vel, að svara eftirfylgjandi spurningu í yðar heiðraða blaði Heimskringlu við fyrsta tækifæri:

Skólagjald í skólahéraði einu er að eins lagt á landeign, eða land það, sem hlutaðeigandi býr á. Nú hefir einn af þeim, sem jafnað var niður á — og er þess utan búlaus — ekki fengið skýrteini (Receipt) fyrir neinni landtöku, þegar niðurjöfnun skólagjaldsins fer fram. Var það rétt að lögum, að jafna gjaldinu niður á mann þenna?

Reykjavík P.O., 23. maí 1911.
Guðjón Erlendsson.

SVAR: Ef það er rétt hjá spyrjanda, að skólagjald sé lagt á lönd, sem búið er á, eða með öðrum orðum, á þá, sem búa á landi, og ef hlutaðeigandi gjaldandi býr á landi, — þá virðist réttmætt, að leggja skólagjald á hann, þó hann hafi ekki fengið "receipt" fyrir landtöku. Ritstj.

• • •

A. biður B. að geyma fyrir sig hlut um óákveðinn tíma, en vitjar svo aldrei um hlutinn eða endurnýjar beiðni sína um að geyma hlutinn lengur, þrátt fyrir það, þó að B. geri A. margsinnis aðvart um, að taka hlutinn. Getur B. haldið hlutnum fyrir áföllnum geymslukostnaði, ef hinn vill ekki borga geymslukostnaðinn, þó loksins A. ætlar að taka hlutinn?

SVAR: Bezt að afhenda hlutinn til eiganda hans, og krefja hann svo borgunar fyrir geymsluna, ef hún á að kosta nokkuð. Ritstj.

• • •

Ritstj. Hkr. — Gerðu svo vel að svara eftirfylgjandi spurningu:

Hvers vegna hefir ekki Gimlungur birt yfirskoðunarmannsskýrslu (Prov. Mun. Auditor's Report) eins og Gimli-þorps og Bifröstsveitar skýrslurnar? Glaldandi.

SVAR: — Spyrjandi hefir gleymt að taka það fram, hvaða yfirskoðunarskýrsla það sérstaklega er, sem hann telur að Gimlungur hefði átt að flytja. En hver sem sú skýrsla kann að vera, þá getur Heimskringla þess til, að Gimlungur muni flytja allar þær "auditor's" skýrslur, sem blaðinu berast. — Annars er rangt, að beina svona spurningum til Hkr.; betra miklu að beina henni beint til blaðsins Gimlungs og umbæta hana svo, að hún verði blaðinu skiljanleg. Ritstj.

KENNARA VANTAR

til Laufás skóla fyrir 6 mán., frá 15. sept. næstk. Hálfur mánuður fellur úr frá 15. des. Tilboð, sem tiltaki kaup ásamt mentastigi og æfingu, sendist undirrituðum fyrir 1. ágúst.

Geysir, Man., 26. júní 1911.
B. JÓHANNSON,
skrifari og féhirðir.

BEZTI MATUR.

Mrs. M. Björnsson, að 659 Alverstone Street, hefir rúm fyrir nokkura kostgangara. — Finnið hana.

"ENGINEER"

Vélastjóra vantar vinnu við þreski-ketil næsta haust. Verkið ábyrgst. Sérstök nákvæmni við skemdar vélar; 5 ára æfing. Vinnur fyrir hæsta kaup. Þreskjarar tilkynni vélategund og ástand, einnig kaupgjald og tímalengd vinnunnar. Skrifið sem fyrst eftir frekari upplýsingum til

G. S. GUDMUNDSON,
Árborg, Man.

Dr. G. J. Gíslason,
Physician and Surgeon
18 South 3rd Str., Grand Forks, N.Dak
Athygli veitt AUGNA, EYRNA og KVERKA SJÚKDÓMUM ASAMT INNVORTIS SJÚKDÓMUM og UPPSKURÐI. —

Dr. J. A. Johnson
PHYSICIAN and SURGEON
EDINBURG, N. D.

H. C. DUFTON
JÁRNSMIÐUR
Gerir alskyns járnsmíði og aðgerðir vírfiljetting o fl.
Mozart :-: Sask.

Dalman & Thorsteinson
MÁLARAR
Gera alskonar húsmálning. Kalsomining og leggja pappir. Alt verk vandað og fljótt afgreitt. Phone Garry 240
797 Simcoe St.

R. TH. NEWLAND
Verzlar með fasteignir, fjárlán og ábyrgðir
Skrifstofa: No. 5. Alberta Bldg. 255½ Portage Ave.
Sími: Main 972 Heimilis Sherb. 1619

J. J. BILDFELL
FASTEIGNASALI.
Union Bank 5th Floor No. 520
Selur hús og lóðir, og annað þar að lútandi. Útvegar peningalán o. fl.
Phone Main 2685

TILBOÐ.

Við undirskrifaðir tökum að okkur alla grjótvinnu, sem við getum af hendi leyst eins fljótt og vel og nokkur getur gert. Við seljum grunn undir hús, hlöðum kjallara, steypum vatnskeröld og gangstéttir, gerum steinsteypu í fjós, o.fl.

Jacob Frimann
Hergr. Hallgrímson
Gardar, N. Dak.

BOYD'S BRAUÐ

Vér höfum gert það að fastri reglu, að nota þau efni ein göngu, sem gera brauð vor lystug og nærandi. Ef þér viljið hafa slík brauð, þá símið

Sherbrooke
680

MARTYN F. SMITH,
TANNLÆKNIR.
Fairbairn Blk. Cor Main & Selkirk
Sérfræðingur í Gullfyllingu og öllum aðgerðum og tilbún aði Tanna. Tennur dregnar án sársauka. Engin veiki á eftir eða gómbólga. —
Stofan opin kl. 7 til 9 á kveldin
Office Phone Main 6944. Heimilis Phone Main 6462

G. S. VAN HALLEN, Málaferzlumaður 418 McIntyre Block., Winnipeg. Talsími Main 5142

Th. JOHNSON
JEWELER
286 Main St. Sími M. 6606

Sherwin - Williams PAINT
fyrir alskonar húsmálningu.
Prýðingar-tími nálgast nú. Dálítið af Sherwin-Williams húsmáli getur prýtt húsið yðar utan og innan. — Brúkið ekker annað mál en þetta. — S.-W. húsmálið málar mest, endist lengur, og er áferðarfegurra en nokkurt annað hús mál sem búið er til. — Komið inn og skoðið litarspjaldið. —

CAMERON & CARSCADDEN
QUALITY HARDWARE
Wynyard, - Sask.

Union Loan & Investment Co.
45 Aikin's Bldg.
PHONE GARRY 3154
Lánar peninga, kaupir sölusamninga, verzlar með fasteignir: hús, lóðir og lönd. Veitir umsjón dánarbúum.— Peningum veitt móttaka og 7% vextir ábyrgstir.
Íslenzkir forstöðumenn. — Hafið tal af þeim
H. Pétursson, John Tait, E. J. Stephenson.

JOHNSON & CARR
RAFLEIDSLUMENN
Leiða ljósvíra í íbúðarstórhýsi og fjölskyldúhús; setja bjöllur, talsíma og tilvísnar skífur; setja einnig upp mótors og vélar og gera allskyns rafmagnsstörf.
761 William Ave. Phone Garry 735

A. S. BARDAL
Selur líkkistur og annast um útfarir. Allur útbúnaður sá besti. Enfremur selur hann alskonar minnisvarða og legsteina.
121 Nena St. Phone Garry 2152

Sveinbjörn Árnason
Fasteignasali.
Selur hús og lóðir, eldsábyrgðir, og lánar peninga. Skrifstofa: 210 McIntyre Blk.
office TALSÍMI 4700. hús Tal. Sherb. 2018

BONNAR, TRUEMAN & THORNBURN,
LÖGFRÆÐINGAR.
Suite 5-7 Nanton Blk. Winnipeg, Man. Main 766 P.O.BOX 223

Anderson & Garland,
LÖGFRÆÐINGAR
35 Merchants Bank Building
PHONE: MAIN 1561.

HANNES MARINO HANNESSON
(Hubbard & Hannesson)
LÖGFRÆÐINGAR
10 Bank of Hamilton Bldg. WINNIPEG
P.O. Box 781 Phone Main 378 3142

Gísli Goodman
TINSMIÐUR.
VERKSTÆÐI; Cor. Toronto & Notre Dame.
Phone Garry 2988 :: Heimilis Garry 899

Winnipeg Andatrúar Kirkjan
horni Lipton og Sargent.
Sunnudagasamkomur, kl. 7 að kveldi. Andatrúarspeki þá útskýrð. Allir velkomnir.
Fimtudagasamkomur kl. 8 að kveldi, huldar gátur ráðnar. Kl. 7.30 segul-lækningar.

W. R. FOWLER A. PIERCY.

Royal Optical Co
307 Portage Ave. Talsími 7286.
Allar nútíðar aðferðir eru notaðar við augn-skoðun hjá þeim, þar með hin nýja aðferð, Skugga-skoðun, sem gjöreyðir öllum ágiskunum —

Náið í þetta

Hundrað alfatnaðir, gerðir úr fegursta Belwarp vaðmáli, trútt litaðir og handsaumaðir. Þeir komu of seint frá verksmiðjum til vorsölu, svo verksmiðjueigendur bera tapið af niðursetningu verðsins, meðan fatnaðirnir endast.

$13.50

væru ódýrir þó seldir væru á $20.00

PALACE CLOTHING STORE
Baker Block 470 Main St.
G. C. LONG, eigandi,

Hversvegna vilja allir minnisvarða úr málmi. (White Bronze)? Vegna þess þeir eru mikið fallegri. Endast óumbreytanlegir öld eftir öld.

En eru samt mun billegri en granít eða marmari, mörg hundruð úr að velja.

Fáið upplýsingar og pantið hjá

J. F. LEIFSON
QUILL PLAIN, - SASK.

Talsími Heimskringlu
Garry 4110

Heimskringla.

Heimilis talsími ritstjórans:
Garry 2414

XXV. ÁR. WINNIPEG, MANITOBA, FIMTUDAGINN, 20. JÚLÍ 1911. Nr. 42.

Tuttugasta og önnur þjóðhátíð Vestur-Íslendinga

Íslendingadagurinn

VERÐUR HALDINN

Í RIVER PARK, 2. AGÚST 1911.

Hátíðin sett kl. 9 f. h. Forseti dagsins Ólafur S. Thorgeirsson

PROGRAM.

MINNI ÍSLANDS—Ræða: Séra Friðrik Hallgrímsson.
MINNI ÍSLANDS—Kvæði: Séra Lárus Thorarensen.
MINNI VESTURHEIMS—Ræða; Sveinbjörn Johnson, Lögmaður.
MINNI VESTURHEIMS—Kvæði: Þorskabítur.
MINNI KVENNA—Ræða: Séra R. Marteinsson.
MINNI KVENNA—Kvæði: Eggert Árnason.

VERÐLAUNASKRA.

KAPPHLAUP.

1. Stúlkur innan 6 ára, 40 yds.
   1. verðl.—Peningar ... $1.00
   2. " — " ... 0.75
   3. " — " ... 0.50
2. Drengir innan 6 ára, 40 yds.
   1. verðl.—Peningar ... $1.00
   2. " — " ... 0.75
   3. " — " ... 0.50
3. Stúlkur, 6—9 ára, 50 yds.
   1. verðl.—Peningar ... $1.00
   2. " — " ... 0.75
   3. " — " ... 0.50
4. Drengir, 6—9 ára, 50 yds.
   1. verðl.—Peningar ... $1.00
   2. " — " ... 0.75
   3. " — " ... 0.50
5. Stúlkur 9—12 ára, 75 yds.
   1. verðl.—Peningar ... $1.50
   2. " — " ... 1.25
   3. " — " ... 1.00
6. Drengir, 9—12 ára, 75 yds.
   1. verðl.—Peningar ... $1.50
   2. " — " ... 1.25
   3. " — " ... 1.00
7. Stúlkur, 12—16 ára, 100 yds.
   1. verðl.—Vörur $3.00
   2. " — " 2.00
   3. " — " 1.00
8. Drengir 12—16 ára, 100 yds.
   1. verðl.—Vörur $3.00
   2. " — " 2.00
   3. " — " 1.00
9. Ógiftar stúlkur, 100 yds.
   1. verðl.—Vörur $4.00
   2. " — " 3.00
   3. " — " 2.00
10. Ógiftir menn, 150 yds.
    1. verðl.—Vörur $4.00
    2. " — " 3.00
    3. " — " 2.00
11. Giftar konur, 100 yds.
    1. verðl.—Vörur $5.00
    2. " — " 4.00
    3. " — " 3.00
    4. " — " 2.00
12. Giftir menn, 100 yds.
    1. verðl.—Vörur $5.00
    2. " — " 4.00
    3. " — " 3.00
13. Konur, 50 ára og eldri, 75 y.
    1. verðl.—Vörur $4.00
    2. " — " 3.00
    3. " — " 2.00
14. Karlmenn, 50 ára og eldri, 75 yds.
    1. verðl.—Vörur $4.00
    2. " — " 3.00
    3. " — " 2.00
15. Þriggja fóta hlaup, 100 yds.
    1. verðl.—Vörur $3.00
    2. " — " 2.00
    3. " — " 1.00
16. Feitar konur (yfir 200 pd.). 50 yds.
    1. verðl.—Vörur $3.00
    2. " — " 2.00
17. Feitir menn (yfir 200 pd.) 75. yds.
    1. verðl.—Vörur $3.00
    2. " — " 72.00

STÖKK.

18. Langstökk, hlaupa til.
    1. verðl.—Vörur $3.00
    2. " — " 2.00
    3. " — " 1.00
19. Hástökk, hlaupa til.
    1. verðl.—Vörur $3.00
    2. " — " 2.00
    3. " — " 1.00
20. Langstökk, jafnfætis.
    1. verðl.—Vörur $3.00
    2. " — " 2.00
    3. " — " 1.00
21. Hopp-stig-stökk, hlaupa til.
    1. verðl.—Vörur $3.00
    2. " — " 2.00
    3. " — " 1.00
22. Stökk á staf, hlaupa tif.
    1. verðl.—Vörur $3.00
    2. " — " 2.00
    3. " — " 1.00

KLUKKUTÍMA HVÍLD til borðhalds.

23. KAPPHLAUP, ein mila.
    1. verðl.—Vörur $5.00
    2. " — " 3.00
    3. " — " 2.00
24. KAPPHLAUP, tíu mílur.
    1. verðl.—Vörur 25.00
    2. " — " 15.00
    3. " — " 10.00
25. KAPPSUND — Fyrir drengi innan 16 ára.
    1. verðl.—Vörur $7.00
    2. " — " 5.00
    3. " — " 3.00
26. KAPPSUND — Fyrir karlmenn yfir 16 ára.
    1. verðl.—Vörur $12.00
    2. " — " 8.00
    3. " — " 5.00

HJÓLREIÐAR.

27. Hjólreið, ein mila.
    1. verðl.—Vörur $5.00
    2. " — " 4.00
    3. " — " 3.00
28. Hjólreið, þrjár mílur. Verðlaun frá Canadian Cycle and Motor Co.
    1. verðl.—Dunlop Tires.
    2. " —Silfur medalía.
    3. " —Hjólpumpa og Vindlakassi.
29. Hjólreið, 5 mílur, handicap.
    1. verðl.—Vörur $8.00
    2. " — " 6.00
    3. " — " 4.00
30. Hjólreið, ein mila (Consolation Race).
    1. verðl.—Vörur $3.00
    2. " — " 2.00
31. BARNASÝNING —
    1. verðl.—Vörur $4.00
    2. " — " 3.00
    3. " — " 2.00
    4. " — " 1.00
32. ÍSLENZKAR GLÍMUR. —
    1. verðl.—Vörur $10.00
    2. " — " 6.00
    3. " — " 4.00
33. DANS (Waltz) — Að eins fyrir Íslendinga.
    1. verðl.—Vörur $10.00
    2. " — " 7.00
    3. " — " 4.00
34. DANS (Waltz) — Open for all.
    1 doz. Photographs... $10.00
35. VERÐLAUN FYRIR FRÍÐUSTU STÚLKUNA $10.00

Um tíu mílna kapphlaupið.

10 mílna kapphlaupið byrjar kl. 8.30 að morgninum, á horni Notre Dame og Sherbrooke St., er hlaupið þaðan norður að Logan Ave., niður Logan að Main St., suður Main St., til Portage Ave., upp Portage að Sherbrooke, suður Sherbrooke að Broadway, niður Broadway að Main St., Suður Main St., að River Avenue, upp River Avenue að Pembina St., Suður Pembina St., að River Park, og svo 7 hringi innan í garðinum.

Þeir sem ætla að taka þátt í tíu mílna hlaupinn eru beðnir að gjöra svo vel og senda nöfn sín inn til nefndarinnar fyrir 31st júlí, svo að nefndin geti undirbúið sem bezt fyrir hlaupið.

Fregnsafn.

Markverðustu viðburðir hvaðanæfa.

— Kosningar til sambandsþingsins er fullyrt að muni fara fram í byrjun október mánaðar. Hefir Sir Wilfrid lýst því yfir, að hann væri reiðubúinn að leggja út í kosningabaráttuna, hvenær sem væri, ef Conservativum væri það svo mjög hugarhaldið, að þær færi fram á þessu hausti. — Í þinghlénu hafa þeir Liberölu þeytt upp moldviðri miklu í Austurfylkjunum og búið sig eftir mætti undir kosningarnar. Hafa ráðherrarnir og helztu liðsmenn þeirra farið kjördæmi úr kjördæmi og reynt að gylla gagnskifta uppkastið fyrir kjósendunum, og verja aðgerðir eða öllu heldur aðgerðaleysi stjórnarinnar í ýmsum þýðingarmiklum málum, sem almenningsheill varðaði, en sem Laurierstjórnin skelti skolleyrunum við, eða snerist öfug gegn, þrátt fyrir áður gefin loforð — Í Quebec fylki hafa þó Lauriers liðar átt örðugast uppdráttar og jafnframt hríðin verið hörðust, því Bourassa hefir engin grið gefið, heldur miskunnarlaust hampað syndum sambandsstjórnarinnar framan í kjósendunum, og málsvarar Lauriers hafa í hvívetna halloka farið í þeim viðskiftum. — Þinghléð var úti á þriðjudaginn þann 18, og var þingið þá sett. Er alment búist við, að það muni sitja til ágústmánaðar loka, og verði þá rofið. Kosningabaráttan hefst þá fyrir alvöru og stendur yfir allan september og fram í október. — Fullyrt hefir verið, að þingmönnum verði bætt við Vesturfylkin sökum hinnar miklu mann fjölgunar á síðustu árum. Á orði, að Manitoba, Saskatchewan og Alberta fylkin fái 3 nýja þingmenn hvert, — sumir segja 5, en engin vissa er samt fyrir því. En það eitt mun áreiðanlegt, að sambandsþingskosningarnar fara fram í haust.

— Marokko-þrætan er enn í sama þófinu, og virðist engu nær úrslitum en í upphafi. Þjóðverjar fara undan í flæmingi, vilja ekkert ákveðið svar eða loforð gefa, — að ejns það eitt, að þeir hafi ekkert ilt í hyggju og vilji ekki troða illsakir við neina. Þó hafa þeir nýverið sent átta herskip áleiðis til Marokko, og virðist það því benda til þess, að þeir vilji vera við öllu búnir. Frakkar hafa einnig sent herskip og aukinn liðsafla til Marokko. Sömuleiðis hefir Miðjarðarhafsfloti Englands fengið skipun um, að vera til reiðu, ef þurfa þykir, sem naumast er þó búist við að verði. Annars sitja Þjóðverjar enn sem komið er óhindraðir í Agadir, og hafa á sér ekki hið minsta fararsnið, þrátt fyrir ítrekaðar kröfur Frakka um að hypja sig á burtu. Sendiherra Frakka á Þýzkalandi hefir haft langar viðræður við þýzka utanríkisráðherrann, en hvað þeim hefir á milli farið, er haldið leyndu fyrir umheiminum, nema hvorttveggju fullvissa, að alt hafi verið með felldu, og sátt og samlyndi ríkt.

— Mr. George H. Bradbury, sambandsþingmaður fyrir Selkirk kjördæmið, var útnefndur á fjöltmennum fundi í Selkirk sl. föstudag, sem þingmannsefni Conservative-flokksins við næstu kosningar til sambandsþingsins.

— Þeirri kenningu hins frægu þýzka læknis Dr. Koch, að berklaveiki í mönnum og dýrum væri ekki hinn sami sjúkdómur, og þar af leiðandi gæti ekki fluzt frá einum í annað, hefir nú verið mótmælt af hinni konunglegu ensku rannsóknarnefnd, sem þetta atriði hefir rannsakað í sl. 10 ár. Nefndin hefir komist að þeirri niðurstöðu, að berklaveiki í mönnum og skepnum sé í öllum aðalartiðum mjög lík, og leggur mikla áherzlu á, að börn geti smittast af mjólk úr berklaveikum kúm. Nefndin segir, að spendýr og menn geti smittast hvað af öðru, og þess vegna sé það afar áríðandi, að berklaveikur maður hirði ekki búfénað. — Með því að rannsaka 128 tæringarsjúklinga, bæði börn og fullorðna, komst nefndin að því, að berklarnir í fullorðnu sjúklingunum voru oftast úr mönnum en ekki gripum. Aftur hið mótsetta með ungbörn.

OGILVIE'S
Royal Household Flour
Til Brauð og Köku Gerðar
Gefur Ævinlega Fullnæging
EINA MYLLAN Í WINNIPEG,—LÁTIÐ HEIMAIÐNAÐ SITJA FYRIR VIÐSKIFTUM YÐAR

Rannsóknin leiddi það í ljós, að næstum helmingur barna þeirra, sem dóu úr tæringu, höfðu fengið berklana úr kúm. — Nefndin leggur til, að strangt eftirlit se haft með mjólkur og kjötsölu, og telur það eina ráðið til að vernda börnin frá þessum voða sjúkdóni. — Rannsóknarnefnd þessi er skipuð frægustu læknisfræðingum Breta, og má því óhætt reiða sig á álit hennar, — auk þess sem margir aðrir merkir læknar höfðu áður lýst vantrausti sínu á kenningum Dr. Kochs.

— Wilhelm Bergsöge, eitt af uppáhaldsskáldum Dana, andaðist nýverið í Kaupmannahöfn, 76 ára gamall.

— Uppskeruhorfurnar í Vesturfylkjunum eru hinar beztu, sem verið hafa til margra ára. Mun kornsláttur alment byrja í ágúst byrjun, og er það fyr en áður hefir verið hérna megin landamæranna. Bændur — undantekningar, lítið — eru hinir ánægðustu með útlitið. Eini kvíði þeirra er, að kaupamannaekla verði þrátt fyrir það, þó gangskör hafi nú þegar verið gerð að því, að tryggja bændunum nægan vinnukraft. Rúm 160 þúsund kaupamanna er áætlað að Vesturfylkin þurfi, og er það ekkert smáræði. — Uppskeruútlit í Dakota og Minnesota er sömuleiðis gott, — hætti þó um, ef meiri votviðri kæmu en af er.

— Hertogaekkjan af Devonshire á Englandi dó úr hita í Lundúnum á laugardaginn var.

— Franskur flugmaður, Edouard Paillolo, er var að sýna list sína í borginni Algiers, fél hátt úr lofti með flugvél sína og beið bráð an bana. Þetta skeði á föstudaginn var.

— Uppteistin gegn lýðveldinu í Portúgal hefir verið bæld niður, og uppreistarforingjarnir stokkið úr landi. Þykist nú lýðveldisstjórn in fastari í sessi en nokkru sinni áður, og lítil von talin, að Manúel nái aftur konungsstóli sínum fyrst um sinn. Stjórnin hefir gefið út þá tilkynningu, að öllum uppreistarliðum skuli gefnar upp sakir með þeim skilmálum, að þeir lofi, að gripa ekki aftur til vopna gegn lýðveldinu. — Nú hefir þingið samþykt laun forseta og þingmanna; á forsetinn að hafa $12,000, en hver þingmaður $6.500 á ári, og mega það góð laun kallast.

— Enska stórblaðið Daily Mail hefir undirbúið kappflug umhverfis Bretlandseyjar, og heitið $50,000 verðlaunum. Kappflug þetta á að taka yfir rúmar þúsund mílur, og er því eitt hið lengsta í flugsögunni. Þátt-takendur í fluginu verða frönsku sigurvegararnir, Pierre Vedrine og sá, er vann flugið frá Paris til Madrid, og Conneau sjóliðsforingi, sem gengur undir flugnafninu Beaumont, og sem vann flugið frá Paris til London. Einnig flýgur Bandaríkjamaðurinn Charles T. Weymann og Englendingurinn Valentine, ásamt fleiri frægum fluggörpum. Flugið byrjar á laugardaginn kemur frá Brooklands á Englandi, og verður flogið norður á leið til Skotlands. Margir viðkomustaðir verða, en sá verður talinn sigurvegari, sem állar þessar þúsund mílur flýgur á skemstum tíma.

— Lávarðadeild brezka þingsins virðist nú muni láta undan síga, og leyfa stjórnarfrumvarpinu um takmörkun neitunarvalds deildarinnar framgang. Það, sem hefir hleypt hræðslu í brjóst lávarðanna er sú staðhæfing stjórnarinnar, að Asquith forsætisráðherra hafi þegar samið lista yfir fimm hundruð menn, sem hann ætlaði að fá konung til að veita lávarðstign, og á þann hátt knýja frumvarpið fram. Lávörðunum er meinilla við þá tilhugsun, og vilja því heldur leyfa frumvarpinu framgang, enn láta fimm hundruð nýja lávarða taka sæti í deildinni og knýja það fram. En all-harðar umræður standa nú yfir í efri málstofunni, og eru lávarðarnir óvanalega bituryrtir, — telja réttindum sínum traðkað og sóma þjóðarinnar í húfi. En stjórnarsinnar skoða frumvarpið aftur á móti eitt þýðingarmesta framfarasporið, sem stigið hefir verið í stjórnarsögu Bretlands um langan tíma.

— Hertoginn af Connaught kemur til Canada í október byrjun og tekur þá við landsstjóraembættinu — þessa staðhæfingu gaf Sir Wilfrid Laurier í ræðu að Ottawa nýverið, og hvatti hann um leið borgarbúa að fara að búa sig sem bezt undir að taka á móti hertoganum.

(Meira á 4. bls.)

BJARNASON & THORSTEINSON
Fasteignasalar
Kaupa og selja lönd, hús og lóðir víðsvegar um Vestur-Canada. Selja lífs og eldsábyrgðir.
Lána peninga út á fasteignir og innkalla skuldir.
Öllum tilskrifum svarað fljótt og áreiðanlega.
WYNYARD :-: SASK.

VEGGLÍM
Vönduð bygginga efni:
The "Empire" Wood Fiber tegundir.
Cement Wall and Finish Plasters.
Sackett Plaster Board.
Vér höfum ánægju af að senda yður vora "Plaster Book"
Manitoba Gypsum Co., Limited.
Winnipeg, Manitoba

Jón Sigurðsson.

Ræða Jóns Jónssonar sagnfræðings á minningarhátíðinni í Rvík.

Háttvirta samakoma! Þegar eitthvað óvenjulegt stendur til, einhver mannfagnaður eða hátíðahöld úti við, mun flestum hugleikið, að veðrið sé sem bezt. Þess hafa auðvitað allir óskað í dag. En þó liggur mér við að segja, að einu gildi hversu viðri, — svo fögur er minning dagsins.

Land vort er á marga lund öfgasamt land og andstæðanna.

Það er kuldalegt og ömurlegt og eyðilegt umhorfs, þegar ekki sér til sólar, þegar þoka og dimmviðri taka fyrir útsýn alla. En það getur aldrei orðið svo dimt í lofti, svo napurt og kuldalegt, að ekki birti fyrir hugskotssjónum vorum, að ekki ylji um hjartarætur vár, er vér rennum huganum til JÓNS SIGURÐSSONAR

Það er fagurt umhorfs hérna á heiðskírum sumardegi, með dökkbláan fjallahringinn á þrjá vegu og sólglitrandi sjóinn og skínandi jökulinn í vestri, — svo hreint og bjart og tignarlegt, að fátt mundi jafnast á við það.

Eitt veit ég þó, sem er enn fegurra og bjartara og hugljúfara.

Það er fögur endurminning.

Það er minning dagsins í dag og mannsins, sem við öll höfum í huga á þessari stundu. —

JÓN SIGURÐSSON er sann-nefndur Ljóssins fulltrúi með þjóð vorri, ljóssins og sannleikans, enda var bjart yfir honum, yfir svip hans og sálu, að sögn þeirra manna, er áttu því láni að fagna, að kynnast honum. Ásjónan var hrein og björt, tiguleg og göfugmannleg, ennið hátt og hvelft og gáfulegt, augun skær og tindrandi, og þótti öllum sem eldur brynni úr þeim, er hann komst í geðshræringu, munnurinn fastur og einbeittur. Það var eins og stæðiljómi og birta af öllum svip hans. Merki þessara einkenna má að nokkru sjá á myndum þeim, sem til eru af honum, þótt eigi gefi þær að likindum nema ófullkomna hugmynd um hann. Innsigli ljóssins er auðþekt á andlitinu.

Um sál hans má segja með ofurlitilli orðabreytingu það, sem skáldið kvað, að í honum bjó

fögur sál og ætið ung
undir silfurhærum.

En þegar ég kemst svo að orði, að það sé bjart yfir minningu dagsins, þá á ég einkum og sér í lagi við minningu þess, hvað Jón Sigurðsson hefir verið fyrir þjóð sína, hvað hann hefir afrekað fyrir land og lýð.

Því verður eigi lýst til hlýtar í fljótu bragði, hvað Jón Sigurðsson var fyrir þjóð sína. En svo mikið er víst, að íslenzka þjóðin væri óæðanlega ekki komin það áleiðis til sjálfstæðis og menningar, sem raun er á orðin, hefði Jón Sigurðsson aldrei verið til. Vér nútiðarmenn getum yfir höfuð að tala ekki hugsað oss íslenzku þjóðina án Jóns Sigurðssonar. Hvern einstakan mann annan, þeirra, er uppi hafa verið á síðasta aldarhelmingi, getum vér hugsað oss horfinn úr lífi þjóðarinnar, afmáðan af spjöldum sögunnar, án þess að stórum saki, án þess að þjóðin væri önnur en hún er, — en hann með engu móti. Það sýnir bezt hver maður hann var. Það sýnir bezt þýðingu hans fyrir íslenzku þjóðina.

Hann hefir mótað og skapað hið unga Ísland, endurleyst þjóðina í einu og öllu, að svo miklu leyti sem hægt er að viðhafa slikt orð um menskan mann.

Hann er sannkallað mikilmenni í orðsins fylsta skilningi, mikilmennið, sem allir líta upp til, en hin dýrðlegasta guðs gjöf, sem þessari þjóð hefir í skaut fallið, — lifandi uppspretta ljóss og vls, sem hefir lýst tveim kynslóðum og tendrað eld í þúsundum hjartna um land alt. Hann var og er enn leiðtogi lýðsins í öllum greinum. Flestar framkvæmdir í þessu landi, flest og mest, sem áunnist hefir í striti og striði tveggja kynslóða, er ekki annað en holdgan og ímynd hugsjóna hans, uppskera og ávextir baráttu hans.

En að baki þessu öllu liggur hið lang-þýðingarmesta starf hans, grundvallarstarfið, þjóðarafrekið: Hann vekur þjóðina til lífsins, kennir henni að þekkja sjálfa sig, þjóðréttindi sín, krófur sínar, krafta sína og köllun sína, eins og skáldið hefir svo heppilega að orði komist í þessum erindum:

En fyrst, er hann sveif yfir svipleg an mar,
rann sólin á móðurlands tindum,
o- næturþoka vors þjóðernis var
að þynnast af árdegis-vindum.

Því oftar til Fróns sem hið
skrautbúna skip
með skörunginn hugprúða rendi,
því betur það þekti sig sjálft í
hans svip
og sæmdir og tign sína kendi.

Þér, Ísland, var sendur sá ljúgandinn frjáls,
með fornaldar atgjörvi sína,
að kynna þér verðleik og kosti
þín sjálfs
og kenna þér ákvörðun þína.

Það er þetta: að þekkja sjálfan sig og trúa á sjálfan sig, krafta sína og köllun, sem er fyrsta og sjálfsagðasta skilyrði alls þroska hjá þjóð og hjá einstaklingi.

Í Jóni Sigurðssyni lærir íslenzka þjóðin að þekkja sjálfa sig. Hann er hvorttveggja í senn, ímynd þjóðarinnar og fyrirmynd þjóðarinnar. Ég fæ eigi betur einkent hann í stuttu máli.

Hann er sjálfur holdgan og ímynd þeirra eiginleikeika, sem beztir hafa með þjóðinni búið frá alda öðli. Hann er í sannleika hold af hennar holdi og blóð af hennar blóði. Þjóðin "þekkir sig sjálf í hans svip", eins og skáldið kemst að orði.

Það er þetta, sem er undirrótin að hinum djúpu og sterku áhrifum hans á þjóðina, — sem tvöfaldar þau, þrefaldar þau, margfaldar þau —, að hann er fyrst og fremst sannur Íslendingur, að hjá honum koma þjóðareinkennin, Íslendingseinkennin, skýrar fram í heild sinni en hjá nokkrum öðrum einstökum manni, og í svo fagurri mynd, að allir stara undrandi og sjá það og skilja, að það er ekki minkun og vansi, heldur sæmd og tign, að vera Íslendingur, — sannur Íslendingur.

Fyrir sakir þessara kosta og þessara eiginleikeika er það, að hann gerist leiðtogi þjóðarinnar, verður eldstólpinn, sem lýsir henni á framsóknargöngunni til fyrirheitna landsins.

Fyrir sakir þessara kosta er það að hann gerist fyrirmynd þjóðarinnar, sem allir vildu helzt kjósa sér að líkjast, sem allir vitandi eða óvitandi stæla og vitna til í stóru og smáu. Og þótt engum hafi enn tekist að ná honum, þá hefir hann samt örvað menn til atorku, starfa og dugnaðar í þarfir þjóðarinnar. Hann er orðinn nokkurs konar hugsjónarmynd, sem allir hafa augun á. Ég veit að vísu þá tilhneiging margra manna, að gera litið úr hugsjónunum og kenna þær við skýjareið og draumóra. En varlega skulu menn gera það. Það er svipað um hugsjónirnar og stjörnurnar. Það gerir sér enginn von um, að ná í þær eða festa höndur á þeim. En því að eins halda menn í horfinu og ná heilu í höfn, að þeir hafi þær til hliðsjónar og leiðbeiningar í ferðavolki lífsins.

Það er þetta, sem ég á við, er ég sagði, að Jón Sigurðsson hefði verið og væri fyrirmynd þjóðarinnar, fyrirmynd hennar í öllum þeim kostum, er góðan Íslending og góðan mann mega prýða, eigi síst í opinberu lífi. Hann hefir örvað hana og hvatt í ræðu og riti hverjum manni betur, en lif hans og eftirdæmi er þó margfalt áhrifameira. Það er þúsund sinnum áhrifameira en hin ágætasta stólræða.

Jón Sigurðsson er fyrirmynd þjóðarinnar í einurð og hreinskilni

Hann fer ekki í felur með skoðanir sínar eða heldur því einu fram, sem mest byr hefir í svipinn. Hann beygir ekki kné fyrir tízkunni og tíðarandanum, auðnum og völdunum. Hann segir það svart, sem hann álítur svart, þótt allir aðrir segi það hvítt. Hann ris upp á móti því, sem honum finst rangt og skaðlegt, þótt allur þorri manna sé á annari skoðun, þótt lýðhylli hans sé í veði. Það er ekki hundrað í hættunni, þótt lýðhyllinnar missi við, en hitt er honum óbærilegt tilhugsun, að glata virðingunni fyrir sjálfum sér. Þess vegna er hann jafnan sjálfum sér og sannfæringu sinni trúr og tryggur í öllum greinum. Hann stendur fastur fyrir og gengur rakleiðis sannfæringarbrautina hvert sem hún liggur og hverjar sem afleiðingarnar verða fyrir sjálfan hann. Einurð og hreinskilni eru grundvallareinkenni allra sannra mikilmenna, stýrkur þeirra og leyndardómur. Með falsi og flátt-skap hefir aldrei nokkur maður undir sólunni unnið nokkurt þarft verk, því síður nokkurt stórvirki. Alt gott, alt göfugt, háleitt og mikilfenglegt á rót sína að rekja til hreinskilninnar og sannleikans.

Jón Sigurðsson er fyrirmynd þjóðarinnar í drenglyndi.

Hann situr ekki á svikráðum við mótstöðumenn sína, því síður við fylgismenn sína. Hann fer enga krókavegi, engar myrkragötur, læðist ekki aftan að mönnum með grímu fyrir andliti og eiturvopn í höndum. Hann gengur beint framan að mótstöðumönnum sínum með opinn hjálm og skygðan skjóma. Hann fer ekki með neinar ósæmilegar dylgjur undir hjákátlegum dularnöfnum, sem enginn kann deili á, ekki með neinar nafnlausar árásir haturs og ólyga. Hann segir skoðun sína skýrt og afdráttarlaust, hallar aldrei vísvitandi réttu máli, hver sem í hlut á, fer aldrei í felur með neitt, enda þarf hann engu að leyna, því í hjarta hans eru engin svik fundin.

Jón Sigurðsson er fyrirmynd þjóðarinnar í kjarki og þreki.

Hann veit, að lífið er látlaust stríð og barátta fyrir einn og alla, sem þjóna vilja undir sannleikans merki. Hann er jafnan reiðubúinn að ganga á hólm fyrir sannfæringu sína, þótt sýnilegt ofurefli sé annars vegar. Hann vill heldur svelta, en hopa á sannleikans vígvelli um einn skref. Hann skilur það og veit, að það er ekki einhlitt að lifa, heldur ber að lifa þannig, að menn þori að bera höfuðið hátt og horfast í augu við sjálfan sig og samvizku sína.

Hann er fyrirmynd þjóðarinnar í staðfestu og þolgæði.

Hann ris æðrulaust undir hita og þunga baráttunnar í fullan mannsaldur og lætur aldrei hugfallast, hversu óvænlega sem á horfist, lætur aldrei undan síga, hvikar aldrei frá réttu máli, sætt-ir sig aldrei við hálfan rétt eða hálfan sannleika. Svo kveður eitt af þjóðskáldum vorum:

Þá sór hann að hræðast ei hatur og völd
né heilaga köllun að svíkja,
og ritaði djúpt á sinn riddaraskjöld
sitt raunnarorð: "aldrei að víkja!"

En umfram alt er hann dýrðleg fyrirmynd í ósérplægni og ættjarðarást.

Hann hefir aldrei augastað á sjálfum sér eða sínum eigin hagsmunum í baráttunni. Hann neytir ekki hinna miklu áhrifa sinna hjá þingi og þjóð til að skara eld að sinni eigin köku, til að auka tekjur sínar eða krækja sér í stórf og hlunnindi, þótt ærin freisting hefði verið fyrir hvern mann annan í hans sporum og í hans peningaþröng. Hann gleymir sjálfum sér og litur eingöngu á heill og hag ættjarðarinnar. Og fyrir það hefir hann hlotið trúrra þjóna verðlaun. Á engum manni hefir það betur sannast, "að hver sem týnir lífi sínu mun finna það". Hann afneitaði sjálfum sér og lífi sínu í þjónustu ættjarðarinnar, hann fann það aftur í blessunarríkum ávöxtum, í þeirri einlægu og fölskvalausu ást og virðingu, sem hann naut hjá þjóðinni í lifanda lífi, þeirri helgu lotningu, sem minningu hans er sýnd, þeirri geisladýrð, sem stafar af nafni hans enn í dag og mun jafnan stafa um ókomnar aldir meðan íslenzkt þjóðerni lifir.

Og þá ættjarðarástin hans. Hún var ekki nein tilgerð, fleipur, mont eða sjónhverfing, eins og því miður á sér stað oft og einatt. Hún var ekki neitt skrum og orðagjálfur um kosti og ágæti þjóðarinnar, samfara lítilsvirðingu og miðrun í garð annara þjóða. Nei, hún brann sem helgur fórnareldur í hjarta hans, hún var heit og viðkvæm tilfinning, sem knúði hann til sívakandi skyldurækni í stóru og smáu, til sífeldrar umhugsunar, sífeldra starfa, sífeldrar baráttu or framkvæmda í þarfir lands og þjóðar. Hann var enginn málrófsmaður eða lýðskrumari; hann var stillingarmaður og framkvæmdamaður. "Að vera og ekki virðast", það var einkenni hans.

Svona var hann í öllum greinum, á öllum sviðum, sönn fyrirmynd þjóðarinnar, sönn þjóðarprýði, sönn þjóðhetja, djarfur til vigs, óruggur til sóknar og varnar, sannur maður í orðsins fylstu merkingu, maður, sem hataði og fyrirleit af hjartans insta grunn alla lygi, fals og vesalmensku, hugprúður riddari sannleikans og réttlætisins, borinn leiðtogi lýðsins, "höfði hærri en alt fólkið".

Sé það eitt öðru framar, sem vér vildum kjósa þessari fámennu, fátæku þjóð til handa, þá er það sameining, samlyndi. Við erum svo kraftalitlir, að við megum ekki til lengdar við þessari stöðuðu sundrung, innbyrðis hatri og óeirðum. Við verðum að geta tekið höndum saman, ef á liggur. Nú er það einkum tvent, sem hefir slíkt sameiningarafl í sér fólgið. Annað er sameiginleg þjóðarógæfa — þjóðarböl; þjóðaráföll, oísókn af hendi erlends ofurvalds eða annað þess háttar. Hitt er sameiginleg göfug og glæsileg þjóðarminning. Ógæfu vil ég ekki ræskja þjóð minni, böls vil ég ekki biðja henni, jafnvel þótt það mætti leiða til hagsældar í framtíðinni. Því verði vil ég ekki að svo stöddu kaupa sameiningu kraftanna. En hins vil ég biðja af heilum hug, að þessi minningarhátíð, sem vér höldum í dag, verði oss öllum, — öllum Íslendingum — sameiningarhátíð, ekki skoðananna, heldur hjartnanna, í ósérplægnu starfi fyrir land og lýð, í bróðurlegri samvinnu á öllum sviðum þjóðlífsins.

Og að endingu er það ósk mín og von, — og ég býst við allra, sem hér eru saman komnir —, að það eigi fyrir þjóð vorri að liggja, að halda 200 ára minningu þessa dags, 300 ára, mörg hundruð ára. Vér trúum því fastlega, að ei almættishönd, sem hefir leitt þjóðina á þessar afskektu slóðir endur fyrir löngu, sem hefir látið hana ná furðulegum vexti og viðgangi, svo hún jafnvel hefir í sumum efnum klætt öndvegissess meðal Norðurlandaþjóða, sem hefir varðveitt hana frá kyni til kyns á langri og örðugri og hættulegri göngu um brautir fátæktar og vanmáttar og margskyns þrengsla, muni einnig framvegis leiða hana og styðja til þroska og farsældar, þrifnaðar og sjálfstæðis. Og sé það eitt meðal öðru fremur, sem sú almættishönd notar til uppörfunar og hvatningar og hughreystingar landsins börnum, þá held ég áreiðanlega, að það sé minning Jóns Sigurðssonar, þess mætasta manns, sem Ísland hefir alið, mannsins, sem í sannleika var óskabarn þjóðarinnar, sómi hennar, sverð og skjöldur á fyrsta framsóknarskeiðinu, sem er það enn í dag öllum öðrum framar og mun verða meðan íslenzk tunga er töluð og íslenzk hjörtu slá.

Lengi lifi minning Jóns Sigurðssonar!

Minningarljóð á hundrað ára afmæli Jóns Sigurðssonar.

Sungin á fæðingarstað hans, Rafnseyri í Arnarfirði, 17. júní 1911.

Þagnið, dægurþras og rígur!
Þokið meðan til vor flýgur
örninn mær, sem aldrei hnígur
íslenzkt meðan lifir blóð:
minning kappans, mest sem vakti
manndáð lýðs og sundrung hrakti,
fornar slóðir frelsis rakti,
fann og ruddi brautir þjóð.
Fagna, Ísland, fremstum hlyni
frama þíns, á nýrri öld,
magna Jóni Sigurðssyni
sigurfull og þakkargjöld!

Lengi hafði landið sofið,
lamað, heillum svift og dofið —
fornt var vígið frelsis rofið,
farið kapp og horfin dáð.
Loks hófst reisn um álfu alla,
árdagsvættir heyrðust kalla —
þjóð vor rumska þorði varla
því að enginn kunni ráð — —
þar til hann kom, friður, frækinn,
fornri borinn Arnarslóð,
bratta vanur, brekkusækinn.
Brjóst hann gerðist fyrir þjóð.

Vopnum öflugs anda búinn,
öllu röngu móti snúinn,
hreinni ást til ættlands knúinn,
aldrei hugði' á sjálfs síns gagn.
Fætur djúpt í fortíð stóðu,
fast í samtíð herðar óðu,
frænar sjónir framtíð glóðu.
Fylti viljann snildar magn.
Hulinn kraft úr læðing leysti,
lífgaði von og trú á rètt.
Frelsisvirkin fornu reisti,
framtíð þjóðar mark lét sett.

Áfram bauð hann: "Ekki víkja".
Aldrei vildi heitorð svíkja.
Vissi: Hóf æ verður ríkja.
vilji menn ei undanhald
Víðsýnn, framsýnn, fastur, gætinn,
fjáði jafnan öfgalætin,
kostavandur, sigri sætinn
sótti réttinn, skildi vald.
Jafnt í byr og barning gáður
báts og liðs hann gætti þols.
Engum dægurlómum háður. — —
Dýrra naut hann sjónarhvols.

Lífstríð hans varð landsins saga.
Langar nætur, stranga daga
leitaði' að hjálp við hverjum baga
hjartkærs lands, með örugt magn.
Alt hið stærsta, alt hið smæsta,
alt hið fjærsta og hendi næsta,
alt var honum eins: hið kærsta,
ef hann fann þar lands síns gagn.
Ægishjálm og hjartans mildi
hafði jafnt, er stýrði lýð,
magn í sverði, mátt í skildi
málsnild studdi hvöss og þýð.

Arnarfjörður, fagra sveitin!
fjöllum girt, sem átt þann reitinn
þar, sem nafni hann var heitinn,
hetjan prúð, sem landið ann,
heill sé þér og þínum fjöllum.
þar sem sveininnin, fremri öllum,
lærði að klífa, hjalla af hjöllum,
hátt, unz landi frelsi vann!
Eyrin Rafns! Það ljós sem lýsti
löngu síðan við þinn garð,
enga helspá í sér hýsti:
Íslands reisnar tákn það varð.

Íslandi, þakka óskasyni,
endurreisnar fremstum hlyni,
þakka Jóni Sigurðssyni,
sem þér lyfti mest og bezt.
Sjást mun eftir aldir næstu
enn þá ljós af starfi glæstu.
Nær sem marki nær þú hæstu,
nafn hans ljómar'æðst og mest.
Gleðji Drottinn frömuð frelsis,
fósturjarðar sverð og skjöld!
Lagabætir, brjótur helsis,
blessist starf þitt öld af öld!

HANNES HAFSTEIN.

Vorvísur á 100 ára afmæli Jóns Sigurðssonar.

Sungnar í Reykjavík 17. júní 1911.

Sjá roðann á hnjúkunum háu!
nú hlýnar um strönd og dal,
nú birtir í bylunum lágu,
nú bráðna fannir í jöklasal.
Allar elfur vaxa
og öldum kvikum hossa.
Þar sindrar á sægengna laxa,
er sækja í bratta fossa.
Fjallató og gerði gróa,
grund og flói skifta lit.
Ut um sjóinn sólblik glóa,
syngur ló í bjarkaþyt,

Hér sumrar svo seint á stundum!
Þótt sólin hækki sinn gang,
þá spretta' ekki laufin í lundum
né lifna blómin um foldarvang,
því næturfrost og nepjur
oft nýgræðinginn fella —
sem hugans kul og krepjur
oft kjark og vonir hrella.
Alt í einu geislar geysast,
Guð vors lands þá skerst í leik,
þeyrinn hlýnar, þokur leysast,
þróast blóm og laufgast eik.

Nú skrýðist í skrúðklæði landið
og skartar sem bezt það má.
Alt loftið er ljóðum blandið
og ljósálfar dansa grundunum á.
Gleymt er gömlum meinum
og gleymt er vetrar stríði.
Menn muna eftir einum,
sem aldrei fyrnist lýði.
Þó að afhroð ýmis konar
ella sundri og veiki þrótt —
minning hans: Jóns Sigurðssonar
safnar allri frónskri drótt.

Sjá! óskmögur Íslands var borinn
á Íslands vorgróðrar stund,
hans von er í blænum á vorin,
hans vilji' og starf er í gróandi lund.
Hann kom, er þrautin þunga
stóð þjóðlífs fyrir vori,
hann varð þess vorið unga
með vöxt í hverju spori,
Hundraðasta vor hans vekur
vonir nú um Íslands bygð,
nepjusúld og sundrung hrekur,
safnar lýð í dáð og trygð.

HANNES HAFSTEIN.

ÍSLENZKAR BÆKUR

Ég undirritaður hefi til sölu nálega allar íslenzkar bækur, sem til eru á markaðinum, og verð að hitta að Lundar P.O., Man. Sendið pantanir eða finnið.

Neils E. Hallson.

2. AGÚST. 1911

verður haldinn hátíðarlegur að

WYNYARD, SASK.

TIL prógrams hefir verið vandað. Kvæði ort og lög samin o. s. frv. Margskonar íþróttir sýndar og háum verðlaunum heitið. Hornleikaraflokkurinn íslenzki spilar af og til allan daginn.

FYRIR ÍSLENDINGA EINGÖNGU.

NEFNDIN.

Ættjarðarást eða auragirnd?

Geo. M. Hall í "Trail Magazine"

Þegar hópur manna tekur sér fyrir hendur, að ráða bót á ástandi þjóðarinnar, þá hefir þjóðin rétt til þess, að rannsaka það svo miklu leyti, sem hún á kost á því, hver sé tilgangur þessara umbótamanna og hverjar verði afleiðingarnar fyrir þlóðfélagið, ef þeim tekst að koma áformi sínu í framkvæmd.

Átta hundruð bændur frá Vestur Canada fóru til Ottawa í þeim tilgangi, að fá lög samin sem þeir staðhæfðu, að yrðu Canada,veldi til hagsbóta.

Er tilgangur þessara manna bygður á ættjarðarást eða auragirnd? Vilja þeir fá toll-löggjöf landsins breytt í því skyni, að bæta hag allrar þjóðarinnar eða að eins nokkurs hluta hennar? Eru tillögur þeirra þann veg sniðnar, að þær miði til hagsbóta fyrir þjóðarheildina, eða hafa bændurnir beðið um eitthvað það, sem veiti þeim hagsmuni á kostnað annara? Hafa þeir í sannleika beðið um flokkslöggjöf?

Það er viðurkent, að bændastétt in sé þýðingarmikill hluti af þjóðarheildinni. Bæði í Austur- og Vestur-Canada eiga bændur talsverðan þátt í privat og opinberri starfsemi þjóðarinnar. Tala þeirra hefir fjölgað og efni þeirra hafa aukist mjög á síðari árum, og á það þó sérstaklega við bændur í Vestur-Canada. Skýrslur akuryrkjumáladeildarinnar í Canada sýna, að öll uppskera af ökrum bænda í Canada á árinu 1909 var metin nálega 600 miliónir dollars, og skýrslur innflutningadeildarinnar sýna, að 100 þúsund bændur frá Bandarikjunum hafa flutt til Vestur-Canada með miklum fjárhlutum og peningum og búskaparlegri þekkingu, og einnig máske nokkra viðbót við þá hugarstefnu, sem krefst frjálsverzlunar sambands við Bandaríkin. Tölur, sem safnað hefir verið með nærgætni og nákvæmni, og með þeim tilgangi, að sýna framleiðslumagn Vesturlandsins, sýna, að allar bændaafurðir, sem seldar hafa verið fram að lokum fyrstu viku í Janúar þessa árs, fyrir árið 1910, eru metnar á $90,157,914.55. Í þessum tölum er falið alt hveiti og aðrar korntegundir, naut, hestar, sauðir og svín, afurðir af mjólkurbúum, hæns og egg, hey, kartöflur og kálmeti. — Aðstoðar akuryrkjumála ráðgjafi Ontario fylkis segir bændur þar hafa á síðasta ári framleitt af löndum sínum 250 miliónir dollars virði. Það er í þessu sambandi markvert, að Austur-Canada bænd urnir voru ekki menniraur, sem mynduðu nefndina, sem bað um frjálsverzlun við Bandaríkin á verksmiðjuvörum þeim, sem lúta að landbúnaði. — á "tólum bænda iðnaðarins", eins og einn af Vesturlands bændunum komst að orði í gráðbeiðni sinni um náð fyrir sitt ofsótta fólk.

Fjöldi bændanna gerir þá einnig all-áhrifamikla í landsmáluun. Akuryrkjumála ráðgjafinn segir, að í Ontario fylki séu 175 þúsund bænd ur, sem með fjölskyldum sínum geri 700 þúsund manns. Síðustu skýrslur sýna, að í Manitoba séu heimilisfastir 47,138 bændur. Það eru all-margir bændur í Vestur-Canada, sem lifa einstæðingslífi, og af þeirri ástæðu mun ekki þurfa að telja bændalýðinn í þéttbygðasta Vesturfylkinu yfir 150 þúsund, eða í hæsta lagi 160 þúsund manns. Gerum ráð fyrir, að tala bændalýðsins í Ontario sé 700 þúsund manns. Öll íbúatala þess fylkis árið 1907 var 2,200,363 manns. Þeir, sem ekki töldust til bændaflokksins, voru 1,500,363 manns. En bændanefndin bað ekki um nema toll-löggjafar umbót fyrir allan þann mannfjölda. Mergur málsins er spursmálið um það: Er tala bændanna í nokkrum hluta af Canada svo há, að þeir eigi heimtingu á því, að hagsmunum neina toll-löggjafar umbót fyrborgara landsins? Gerum ráð fyrir, að í öllu Canada-veldi séu 400 þúsund bændur. Það er svo talið í manntalsskýrslum landsins, — og hvar er þá bændaflokkurinn, sem ráðandi afl í landinu? Gerum, að hver bóndi hafi 5 manns í fjölskyldu, og þá er allur bændalýður ríkisins ekki nema tvær miliónir manna. En öll íbúatala ríkisins er í minsta lagi 8 miliónir manna. Bændalýðurinn er því ekki meira en einn fjórði hluti allra íbúa ríkisins; en er þó að reyna til að sýnast atkvæðamesti hlutinn, sem hafi svo mikilla hagsmuna að gæta, að þeir taki fram hagsmunum hinna þriggja fjórðu hluta allra íbúanna. — En þessi stefna er, jafnvel þó allir bændur væru á einu máli, algerlega röng og óframkvæmanleg.

En Ontario bændurnir hafa ekki gert neina rekistefnu út af því, sem stéttarbræður þeirra í Vesturlandinu segjast verða að lá, eða deyja að öðrum kosti; og að þeir skuli aldrei láta af kröfum sínum fyr en — eins og einn þeirra sagði berum orðum á Ottawa fundinum — "flaggið, sem vér höfum borið út í dag, blaktir á rústum toll-verndunarinnar". Ef Ontariobændurnir hefðu verið eða verða eins ákveðnir frjálsverzlunar postular, eins og bræður þeirra í Vesturlandinu, — hvernig hefðu þá manntalshlutföllin orðið í öllu ríkinu? Það eru helfingi fleiri íbúar í Toronto borg einni, heldur en bændur og skyldulið þeirra í öllu Ontario fylki; auk þess er fólkið í Hamilton, Petersborough, London, St. Catherines, Brantford og Berlin, sem er bundið við framleiðslu verkstæða varnings, og þetta fólk er langsamlega miklu fleira en allur bændalýðurinn í Ontario fylki, og eru þó ótaldar allar hinar smærri borgir og bæir, þar sem íbúarnir eru önnum kafnir við verkstæðavinnu, en ekki landbúnað. — Og það sama, sem að þessu leyti gildir um Ontario, gildir einnig um Quebec fylki, þar sem íbúatalan í Montreal borg einni vegur upp á móti stórum hluta af öllum íbúum fylkisins utan þeirrar borgar. Og sama má segja um hin önnur Austurfylki, að mestur hluti íbúanna í þeim er iðnaðarfólk í borgum og bæjum, en ekki bændafólk.

Ástæðan fyrir því, að Austur-Canada bændurnir fylgjast ekki með Vesturlands bændunum að málum í frjálsverzlunar baráttu þeirra, er sýnilega sú, að þeir hafa náð fastari tökum á þekkingu á iðnaðar og fjárhagsmálum ríkisins. Austurfylkja bændurnir starfa stöðugt að því, að vinna að sameiningu þeirra þarfa, sem þeirra er sérstaklega og hins vaxandi iðnaðarlýðs, sem er alt í kring um þá. Þeir skoða velferð sína sameiginlega velferð allra fylkisbúa. Þeir, sem búa í bæjum og borgum, kaupa vörur bóndans, borga það, sem upp er sett fyrir þær, og verð þeirra fer hækkandi með hverju ári. Þeir af Ontario bændum, sem tóku þátt í nefndar heimsókninni til Ottawa, voru ekki málsvarar meira en tíunda hluta af öllum bændum fylkisins.

Nokkuð öðru máli er að gegna í Vestur-Canada, og þó er munurinn ekki mikill, þegar á alt er litið. Gerum ráð fyrir, að bændalýðurinn í Manitoba sé 160 þúsund manns, eða jafnvel 200 þúsund, og mun það þó of talið. Winnipeg borg telur jafn marga íbúa eins og lægri talan er, og manntalsskýrslur borgarinnar fyrir árið 1910 telja yfir 200 þúsund manns, — í borginni og umhverfunum innan 5 mílna frá pósthúsinu. En fylkisstjórnin taldi þá 391,975 manns í fylkinu, og það eru 86 borgir, bæir og þorp í fylkinu. Svo að jafnvel hér í Vesturlandinu er bændalýðurinn ekki helfingur fylkisbúa.— Aftur er bændalýðurinn tiltölulega mannfleiri í Alberta og Saskatchewan. En það væri fjarri sanni að segja, að bændur í þeim fylkjum væru allir sammála um gagnskifta samningana, eða í því, að heimta frjálsa verzlun við Bandaríkin. Og það er hugsanlegt, að ef þeir væru allir persónulega fundnir að máli, þá kynni það að sannast, að mikill gluti þeirra væru ekki meðmeltir þessum samningum.

Það, sem bændanefndin fór fram á, var í stuttu máli þetta:

"Vér erum sterklega meðmæltir gagnskifta frjálsverzlun milli Canada og Bandaríkjanna á öllum blómræktar, akuryrkju og búsafurðum, sprautunarefni og áhöld til varnar trjám og jurtum, frjógunarefnum, ljósmeti, áburðaroliu, steinlimi, fiski og timbri.

"Einnig gagnskifta frjálsverzlun milli beggja landanna á akuryrkjuverkfærum, vélum, vögnum og einstökum stykkjum, er framannefndir hlutir eru samsettir af. Og ef þessir samningar takast, þá sé þessu komið í framkvæmd með óháðu tilstilli beggja stjórna, frekar en með bindandi samningum.

"Vér mælum einnig með tollhlynninda fyrirkomulagina við Bretland, og leggjum til, að tollar séu tafarlaust lækkaðir á öllum brezkum vörum um helfing frá núverandi tollgjaldi, og að öll verzlunarhlynnindi, sem Bandaríkjunum verða veitt, séu einnig látin ná til Bretlands; einnig að tollar séu stöðugt lækkaðir svo, að öll verzlun milli Canada og Bretlands verði algerlega frjáls innan 10 ára."

Höfðu nú bændur sanngjarna heimtingu á, að biðja um þetta? Hverjar yrðu afleiðingarnar, ef bæn þeirra yrði veitt?

Krafa þessara bænda er máske sú eigingjarnasta, sem nokkur flokkur manna hefir gert nokkurntíma, sem hafði jafn margbreytta hagsmuna að gæta og bændaflokkurinn hefir. Þeir gerðu aðrar kröfur, sem ekki verða ræddar í þessari ritgerð, — svo sem, að biðja stjórnina að setja á stofn kjötkæli útbúnað, þar sem Canadaþjóðin bæri allan kostnaðinn, en gripaeigendurnir fengju allan gróðann, það er bændurnir; að stjórnin bygði Hudsonsflóa brautina; að hún kæmi á fót korunhlöðum, sem geymi kornvöru þannig, að bóndinn fái fylsta verð fyrir bæði magn og gæði vöru sinnar. Með þessum kröfum ruddu þeir leiginn til sinna annara bóna, sem sérstaklega voru til þess ætlaðar, að bæta hag sjálfra þeirra á kostnað þess opinbera. Og það hefði máske verið til of mikils ætlast af nefndinni, að hún bæði um nokkuð það, sem nokkrum öðrum mætti að liði koma, að nokkru verulegu leyti. Þess vegna er það ekkert undarlegt, þó að þeir hlutir, sem bændurnir báðu um að settir yrðu á frílistann, væru aðallega þeir hlutir, sem þeir sjálfir þarfnast.

Ef Canada bændurnir væru fleirtala íbúanna í Canada, og ef þeir væru einhuga um, að frjálsa verzlun, og ef iðnaðarframleiðslan í Canada væri ekki nú þegar orðin all-mikil og að engin von væri þess, að hún yrði aríðandi atvinnuvegur í framtíðinni, — þá gætu bændurnir gert kröfu til flokkshagsmuna á landssjóðskostnað — á traustari grundvelli en þeir gerðu. Manntalsskýrslurnar sýna, að tala þeirra er ekki nógu há til þess, að þeir hafi rétt til að ætlast til þess, að allar kröfur þeirra verði teknar til greina. Og iðnaðarskýrslurnar sýna, að verksmiðjuframleiðslan í Canada er svo mikil, að hún hefir rétt til þess, að krefjast tollverndunar af stjórn landsins. Árið 1906 var innstæðufé hinna ýmsu verkstæða í Canada yfir 846½ milión dollars, og afurðamagn verkstæðanna var metið 718½ milión dollars, eða nálega 200 milión dollars meira en allar búsafurðir landsins árið 1909.

Ontario fylki eitt framleiddi í verksmiðjum sínum 281½ milión dollars virði af varningi árið 1905, eða nálega þrisvar sinnum meira en allar búsafurðir Vestur-Canada árið 1910, fram að fyrstu viku janúar mánaðar þessa árs.

Tökum dæmi af Winnipeg, höfuðborg Vestur-Canada, fyrir 10 árum. Árið 1901 var fólkstalan hér undir 50 þús. manns, en verksmiðjuiðnaður var yfir 8½ milión dollars virði; árið 1906 var hann orðinn 19 milión dollara virði, og nú eru hér 236 verksmiðjur, sem framleiða árlega 36 milión dollars virði eða meira en þriðjung verðs allra búsafurða, sem seldar voru fram að 1. febrúar þ. á. Sanngjarnt er að viðurkenna, að bændur rækta eða framleiða meira en þeir selja, og að það, sem talið er verkstæðaframleiðslu til verðs, er nálega alt selt. En þrátt fyrir það verður þó að álíta, að verksmiðjuiðnaður Winnipeg borgar jafnist við mikinn hluta allra búsafurða Vesturlandsins. Auk þess er framleiðsla verkstæðanna í Brandon, Portage la Prairie, Regina, Moose Jaw, Calgary, Edmonton, Saskatoon og tuga annara staða, sem hafa mikla framleiðslu.

Alt þetta mikla Vesturland er ennþá í iðnaðarlegum barnaóini, en sú grein framleiðslunnar er í svo ákafri framför, að þegar alt er skoðað niður í kjölinn, þá hefir verksmiðjuiðnaðurinn eins mikla þýðingu fyrir framför Canada eins og landbúnaðurinn hefir, þvetsu miklum framförum, sem hann kann að taka. Þessi staðhæfing er sönnuð með þeim sívaxandi fólksfjölda, sem safnast saman til atvinnurekstrs í hinum ýmsu hérum Vesturlandsins, og með þeim undirbúningi, sem sífeldlega er verið að gera til aukinna iðnaðarstofnana. Í þessu augnamiði hefir Winnipeg nálega lokið við bygginga hinnar miklu aflstöðvar, sem ætluð er til að framleiða óþrjótandi afl til rekstrs vinnuvéla, og sem kostar borgina fullar 4 miliónir dollars.

Afleiðingin af því, að verða við kröfum bænda, er svo augljós, að enginn getur mist sjónar á henni, sem ekki er blindaður af eigingirni og eingöngu blindur á nútíðar hagnað. Látum tollinn verða tekinn af akuryrkjuverkfærum og jafnskjótt mun akuryrkjuverkfæraiðnaðurinn í Canada falla. Sú stofnun, sem krefst 40 milión dollars höfuðstóls og heldur þúsundum manna við stöðuga atvinnu verði annaðhvort að hætta öllu starfi, eða að öðrum kosti, að framleiðslan verði svo kostbær, að ekki yrði mögulegt að keppa við þann varning, sem yrðið hlaðið hér á markaðinn frá hinum miklu og öflugu verksmiðjum í Bandaríkjunum, — verksmiðjum, sem geta gert mikla verzlun við Canada jafnvel móti 17½ prósent tolli. Hin mikla akuryrkjuverkfæra verzlun, sem á liðnum árum hefir verið bygð upp í landi þessu, yrði eyðilögð í einu vetfangi og margra ára starf ónýtt með öllu. Tollverndun hefir verið miðuð til þess, að byggja upp mikla akuryrkjuframleiðslu í Canada. Hin mikla verksmiðja International Harvester félagsins í Hamilton þýðir, að 6 mil-ónum dollars hefir verið varið hér megin Bandaríkja Ennunar, sem ekki hefði verið til í ríkinu, — nema fyrir innflutningstollinn. Og þessi sami tollur hefir dregið inn í Canada Oliver Plow félagið, sem sett hefir upp milión dollars verksmiðju í Canada. — Þetta eru að eins dæmi um tollmálastefnu þá, sem komið hefir Bandaríkjunönaum til þess, að verja 250 miliónum dollars í canadiskar iðnaðarstofnanir.

Í minni stil yrði afleiðingin sú sama í öðrum iðngreinum, ef kröfum bændanna væri sint. Það eru áhrifin af veitingu þessara krafa, sem bændurnir gera, sem hafa mesta þýðingu fyrir framtíð Canada. Tollvernd er viðurkend að vera að eins spor til að nálgast ákveðið takmark, — það, að vernda hinar vaxandi iðnaðarstofnanir þjóðarinnar fyrir ofursamkepni öflugra útlendra keppinauta. Enginn efi er á því, að tollvernd eykur verð framleiðslunnar, eða verð hennar til kaupendanna, og vitanlega verða framleiðendur gráðugir í enn meiri tollvernd og fyrir viðhald tollverndar umfram það, sem er nauðsynlegt til verndar, en verður í þess stað skattur lagður á kaupendurna til þess að auðga verksmiðjueigendur. Þannig segir Andrew Carnegie, að stálgerðariðnaður Bandaríkjanna þurfi enga tollvernd. En aðgætandi er, að herra Carnegie lét þessa ekki getið fyr en hann hafði hrúgað upp svo mörgum miliónum dollars, að hann er önnum kafinn við það, að moka þeim út frá sér til þess að koma í veg fyrir það, að auðlegð hans vaxi svo mjög, að hún kæfi hann.

Frjálsverzlunar-vinir vorir lenda til Bandaríkjanna sem dæmis þess, hve tollverndin sé hræðileg fyrir þjóðirnar. En þeir láta þess ógetið, að Bandaríkin stóðu um eitt skeið iðnaðarlega einmitt þar sem Canada stendur nú. Ekki heldur geta þeir þess, að ef það hefði ekki verið fyrir tollgarð þann, sem Bandaríkjaþjóðin hefir jafnan hlaðið umhverfis iðnaðarstofnanir sínar meðan þær voru ungar og veikar, — þá væru þar nú engar slíkar stóriðnaðarstofnanir eins og stálgerðar verkstæðin, vélagerðar verksmiðjurnar, skóverkstæðin, mótorvagna verkstæðin og ullar- og baðmullar-verkstæðin, og ótölulegur grúi af öðrum verkstæðum, sem vaxið hafa upp þar svöðra, þar til Bandaríkin hafa náð því stigi, að vera eitt öflugasta framleiðsluland í heimi. Ólíku þessu gleyma þeir, en benda í þess stað á samlags og einokunarfélög, sem toll-löggjöfin hefir máske hjálpað til að gera möguleg.

En þetta er á parti utan við umræðuefnið. Hvorki í Bandaríkjunum né í Canada er hægt að finna nokkrar ábyggilegar ástæður fyrir frjálsum verzlunarviðskiftum við Bandaríkin. Afleiðingin yrði algerlega sú sama fyrir þetta land eins og þegar stórdeildabúð er reist samhliða smáverzlun. Veigaminni verzlarinn heldur áfram að vinna alt sem hann má, til þess að viðhalda lífsatvinnuvegi sínum. En fyr eða síðar kemur að því, að hann getur ekki þolað samkepni hins volduga nábúa og verður að hætta starfi, og stóra búðin gleypir í sig viðskiftavinina, sem veigalítli nábúinn áður naðði.

Canada hefir mestu gnægð af náttúruauðæfum til þess að framleiða margar tegundir af nauðsynjavöru, og hefir þegar, í austurhluta landsins, komið iðngreinum sínum á fastan fót; og Vesturlandið hefir þegar stigið stórt spor áleiðis í iðnaðarátttinu, og gerir áreiðanlega miklu meira. — Náma- og timbur-auðlegð British Columbiu hefir tæplega verið snert ennþá, og mun áreiðanlega auka mjög iðnaðarframför hér í landi, ef því er leyft að broskast á eðlilegan hátt. Straumur fólksins inn í Vestur-Canada hefir skapað markað, sem hefir vakið öfund þeirra þjóða, sem hafa vörur að selja og sem tryggir sölu fyrir alla framleiðslu frá verksmiðjum Canada um mörg komandi ár.

Á sl. 10 árum hefir Canada keypt frá Bandaríkjunum 1600 milión dollars virði af annum varningi og ónunu efni til að vinna úr. Nálega allar iðnaðarvörur, sem keyptar eru frá Bandaríkjunum, væri hægt að framleiða í Canada. Eftirspurnin að viðlögðum tollinum eru nú að auka framleiðsluna. Það er sönnuð saga, bæði í Canada og Bandaríkjunum, að fólk leggur fé sitt — vegna tollverndarstefnunnar — í byggingu verkstæða í heimalöndum sínum, og neyðir oft útlenda keppinauta til þess að stofnsetja verkstæði í í því landinu, sem tollurinn bolar út framleiðslu hans. Á þennan hátt hafa Bandaríkja verksmiðjueigendur orðið að verja 250 miliónum dollars í iðnaðarstofnanir hér. Og Eugene Foss, hinn nýkjörni ríkisstjóri í Massachusetts, gaf það sem aðalástæðu sína með gagnskifta samningunum, að innan 5 ára muni Bandaríkjamenn senda 300 miliónir dollars út úr landinu til þess að byggja upp iðnaðarstofnanir í Canada, — ef samningarnir komist ekki á milli beggja ríkjanna. Frjáls verzlun fyrir bændur þýðir frjálsa verzlun fyrir aðra borgara landsins. Timbursmiðurinn hefir alt eins mikinn rétt til þess, að gera þá kröfu, að vinnutól hans séu tollfri, og byggingamaðurinn (Contractor), að alt byggingaefni sé undanþegið tollgjaldi, svo sem múrgrjót og annað þess háttar. Og þjóðarheildin hefir eins mikinn rétt til þess að krefjast þess, að allar fæðutegundir séu tollfriar og sömuleiðis farnaður, skótau og hvað annað sem vera skal. Á skótaui er nú 17—30 prósenta tollur. Canada framleiddi á sl. ári 20 milión dollars virði af skótaui, en keypti frá útlöndum $1,198,000 virði. Skógerðin er sá iðnaður, sem Bandaríkin reka með svo nákvæmri þekkingu, að ekkert land í heimi tekur þeim fram í því, og það er ekkert annað en tollurinn, sem verndar þann iðnað hér í landi. En eins og sakir standa nú, þá getur Canada fullnægt öllum skóþörfum sínum, og flestar borgir í Canada eru um þessar mundir að fá eftirsournarbréf frá skógerðarmönnum í Bandaríkjunum, sem ráðgera, að stofnsetja hér verkstæði sín, til þess að komast hjá tollgreiðslu af framleiðslu sinni.

Getur nokkur efi leikið á því, að það sé hyggilegt og nauðsynlegt, að viðhalda tollverndarstefnunni, þar til Canada hefir náð þeim iðnaðarþroska, sem gerir landinu mögulegt að þola alla utan að komandi samkepni? Eru ekki dæmin frá öllum þeim löndum, sem nú óska frjálsverzlunar fyrirkomulags við Canada, nægileg sönnun þessa fyrir alla óhlutdrægt hugsandi menn?

Vesturlands-bændurnir, eða þeir af þeim, sem halda fram ágæti hinna fyrirhuguðu gagnskiftasamninga, virðast hafa lokað augunum fyrir öllu nema sínum eigin stundarhagnaði. En með þessum samningum mundi bóndinn eyðileggja verksmiðjuiðnað landsins, að eins til þess, að geta um stundarsakir fengið akuryrkjuverkfæri sín ögn ódýrari en þau nú eru. En um leið mundi hann einnig eyðileggja nokkuð af sínum heimamarkaði, — sem er allra markaða beztur — með því að þúsundir manna töpuðu atvinnu og töpuðu þar af leiðandi inntektum til þess að geta keypt og borgað fyrir afurðir Canada búlandanna. Og ekki þar með búið: heldur mundu samningar þessir eyðileggja iðnaðarframtíð landsins.

Sem betur fór hafði bændanefndin ekki stórvægileg áhrif á Ottawa stjórnina, að því er tollmálin snerti. Þetta hefðu þeir með skynsamlegri ihugun mátt vita, þegar til þess er litið, að íbúarnir öllu Austur-Canada veldi eiga tilveru sína, iðnaðarlega skilið, undir tollverndinni, og hafa þess utan aðalatkvæðamagnið, þegar til þess kemur að leiða mál þetta til lykta við atkvæðaborðið.

Kaupið 10c 'plug' af

Currency

CHEWING TOBACCO

OG VERIÐ GLAÐIR.

Hannyrðir.

Undirrituð veitir tilsögn í allskyns hannyrðum gegn sanngjarnri borgun. Starfsstofa: Room 312 Kennedy Bldg., Portage Av., gegnt Eaton búðinni. Phone: Main 7723.

GERDA HALDORSON.

Herra Jón Hólm, gullsmiður að 770 Simcoe St., biður þess getið, að hann selji löndum sínum gull- og silfur-muni og gigtarbelti. — Belti þessi eru óbrigðul við gigt, ef þau eru notuð samkvæmt fyrirskipunum Jóns. Kosta að eins $1.25.

KAUPID af þeim og verzlið við þá sem auglýsa starfsemi sínu í Heimskringlu og þá fáið þér *betri* vörur með *betra* verði og betri viðtökur.

Piano kensla

Hérmeð tilkynnist að ég undirskrifuð tek að mér, frá þessum tíma, að kenna að spila á Piano. Kenslustofa mín er að 727 Sherbrooke St. Kenslu skilmálar aðgengilegir. Tal-sími Garry 2414.

Sigrún M. Baldwinson

Það kostar minna en 4 cent á viku,

að fá HEIMSKRINGLU heim til þín vikulega árið umkring. Það gerir engan mismun hvar í heiminum þú ert, því HEIMSKRINGLA mun rata til þín. Þú hefur máske ekki tekið eftir því, að vér gefum þér

$1.00 virði af sögubókum

með fyrsta árgangum. Skrifið eftir HEIMSKRINGLU nú þegar, til

P. O. Box 3083

Winnipeg, :-: Manitoba

Heimskringla
Published every Thursday by The Heimskringla News & Publishing Co. Ltd

Verð blaðsins í Canada og Bandaríkjunum $2.00 um árið (fyrir fram borgað).
Sent til Íslands $2.00 (fyrir fram borgað).

B. L. BALDWINSON
Editor & Manager

Office:
729 Sherbrooke Street, Winnipeg
BOX 3083. Talsími Garry 4110.

Háskóli Íslands.

Veglegasta minnismerkið, sem Íslendingar hafa reist sér á aldarafmæli Jóns Sigurðssonar, er háskólinn, sem stofnsettur var í Reykjavík þann 17. júní sl. Skóli þessi er í raun réttri sameining þeirra æðri mentastofnana, sem áður voru til í landinu: Prestaskólans, læknaskólans og lagaskólans, að viðbættri heimspekisdeild.

Skólinn var stofnsettur með ræðu, sem herra landritari Klemens Jónsson flutti í alþingishúsinu þannl 17. júní; og prófessor Björn M. Ólsen, sem nú er settur rektor skólans, tók þá formlega við honum af landsstjórninni.

Ræða rektorsins við þetta tækifæri var snjöll og mentaleg, eins og vænta mátti af honum. Meðal annars, sem hann sagði um skilning sinn á því, hvert væri hlutverk einnar háskólastofnunar, var það, að háskólinn sé stofnun, sem gripur yfir allar þær fræðigreinir, sem mannsandinn nú leggur stund á. Markmið háskóla sé tvent:

1. Að leita sannleikans í hverri fræðigrein fyrir sig, og
2. Að leiðbeina þeim, sem eru í sannleiksleit, hvernig þeir eigi að leita sannleikans í hverri grein fyrir sig.

Að háskóli sé vísindaleg rannsóknarstofnun og vísindaleg fræðslustofnun. Að nauðsynlega skilyrðið fyrir því, að starf háskóla geti blessast, sé fullkomið rannsóknafrelsi og fullkomið kenslufrelsi. Að háskólanum sé þetta frelsi eins nauðsynlegt eins og andardrátturinn er fyrir einstaklinginn.

Að þriðja markmiðið, sem margir háskólar hafi, sé það, að veita mönnum þá undirbúningsmentun, þó ekki sé hún strang-vísindaleg, sem geri þá færa um, að takast á hendur ýmsar sýslanir fyrir þjóðfélagið, eftir þörfum nemendanna.

Að háskóli sé gróðrarstöð mentalífs hjá hverri þjóð; vikki sjóndeildarhring hennar út fyrir þjóðartakmörkin og út yfir landamæri alls hins mentaða heims.

Um hinn nýja háskóla Íslands far ast rektor Ólsen svo orð, að hann væri yngsti og minsti og einn hinn ófullkomnasti háskóli heimsins, og að ekki mætti þjóðin vænta mikilla afreka af starfi hans fyrst í stað. Kenslan í lækna-, laga- og guðfræði mundi í þessum háskóla verða svipuð því, er hún hefir verið í nefndum skólum að undanförnu. Auk þessara nefndu fræðigreina væri einn kenslustóll í heimspeki og einn í íslenzkri tungu og menningarsögu, og einn í sögu Íslands; en enginn kenslustóll í öðrum málum en íslenzku, enginn í samanburðarfræði, enginn í almennri sagnfræði og enginn í sögu annara Norðurlandaþjóða. Stærðfræðideild og náttúruvísinda vantaði algerlega. — Af þessu telur hann ljóst, að mikið vanti á, að háskóli Íslands fullnægi þeim kröfum, sem menn eru vanir að gera til háskóla nú á dögum. Að háskólinn eigi ekkert hús fyrir sig, og engar eigur, svo teljandi sé. En alt þetta vonar hann að lagist smám saman með tímanum.

Rektor Ólsen gerir sér von um, að með tímanum geti háskóli Íslands orðið til þess að nema nýlendu í heimi vísindanna, og á þann hátt lagt litinn skerf til heimsmenningarinnar. Einnig, að senda verði þá námsmenn, sem útskrifast úr háskóla Íslands, til annara landa, til að stunda nám við háskólana þar. Annars sé hætt við, að sjóndeildarhringur þeirra verði of þröngur, og að háskóli Íslands, meðan hann er ófullkominn, verði nokkurs konar kínverskur múr, sem byrgi fyrir útsýni til alheimsmenningar.

Einn borgari Reykjavíkur, herra Ben. S. Þórarinsson, gaf háskólanum tvö þúsund króna peningagjöf á stofnunardegi hans. Engir aðrir gáfu neitt til hans.

Þessir eru kennarar við skólann:

Í guðfræðisdeildinni — Prófessorar séra Jón Helgason og séra Haraldur Nielsson, en séra Eiríkur Briem dócent.

Í lagadeildinni — prófessorar Lárus H. Bjarnason, Einar Arnórsson og Jón Kristjánsson.

Í læknadeildinni — prófessorar Guðm. Björnsson landlæknir og Guðm. Magnússon, og aukakennarar verða þeir sömu og áður.

Í heimspekisdeildinni — Björn M. Ólsen, prófessor í íslenzkri málfræði og menningarsögu; Ágúst Bjarnason, prófessor í heimspeki, og Hannes Þorsteinsson, dócent í sögu Íslands og þókmentum.

Alls verða því 16 kennarar við þennan nýstofnaða háskóla, þar af 9, sem bera prófessors nafnbót, 2 dócentar og 5 aukakennarar.

Þess skal getið, að aðir eru menn þessir settir að svo komnu. Formlegar veitingar verða af landsstjórninni gerðar eftir umsóknum síðar í sumar, og til starfa tekur skólinn ekki fyr en fyrsta október í haust. Peningasjóður skólans er nú talinn 8 þúsund krónur. Það er lítið fé, og tátæklegur hlýtur sá úthúnaður að verða, sem fyrir það fæst. En skólinn er landsstofnun og landssjóður Íslands mun sjá honum borgið eftir föngum.

Óhætt er að fullyrða, að Vestur-Íslendingar samgleðjast heimaþjóð sinni með stofnun þessa háskóla, eins og þeir samgleðjast henni fyrir hvert það spor, sem hún stigur til vaxandi menningar og þjóðarþroska.

Mannvirkjafræði.

Einstöku sinnum hefir Heimskringla vikið að því, að þeitt sé hve ungir íslenzkir námsmenn virðast ófúsir til þess að læra mannvirkjafræði, eða nokkra grein hennar, og er þó það nám engu síður nauðsynlegt, en nokkurt annað, sem Íslendingar hafa stundað í landi þessu.

Hver orsök kann til þess að liggja, að Íslendingar virðast hafa svo mikla óbeit á þessu sérstaka námi, að enginn einn þeirra, hér norðan línunnar, sem gengið hafa mentaveginn, hefir fengist til að sinna þeim lærdómi, — er oss með öllu óskiljanlegt. Þarflegri fræði hefir heimurinn aldrei þekt, og gagnmentaðri menn geta engir orðið en þeir, sem hana læra. — Hvers vegna er það þá, að engir Íslendingar hafa lagt nám þeirrar fræðigreinar fyrir sig? Ekki getur það verið vegna gáfnaskorts, eða þess, að landar vorir hafi ekki nægilegar námsgáfur, því þetta hvorttveggja hafa þeir í ait eins ríkum mæli og menn þeir af öðrum þjóðflokkum, sem nám þetta hafa stundað. Og ekki getur það verið af því, að þeir ekki viti, hve nytsamleg mannvirkjafræðin er og hve arðsöm þeim, sem stunda hana.

Að eins þrjár ástæður virðast vera hugsanlegar fyrir þeirri óbeit, sem oss virðist íslenzku námsmennirnir hafa á fræðigrein þessari: Sú fyrst, að utan að komandi áhrifum sé beitt á þá til að taka sér einhverja ákveðna lífsstefnu, sem er gagn-ólík mannvirkjafræðinni. — Á liðnum árum hefir t. d. vafalaust þerið miklum áhrifum beitt á vora ungu námsmenn, til þess að fá þá til að gerast prestar, og þau áhrif hafa orðið svo sigursæl, að flestar eða nálega allar bygðir Vestur-Íslendinga — hér norðan línunnar að minsta kosti — mega nú heita að vera ordnar svo morandi af mönnum prestlærðum, að það hálfa er nóg. Eins og sézt á því, að vér eigum hér vestra all-marga prestlærða menn, sem enga prestsstöðu hafa, og því bæði þeim og þjóðflokksheild vorri hér alls ónýtur sá tími og það starfsþrek, sem þeir hafa til námsins varið. Aðrir hafa num ið lög, og er sízt út á það að setja; því bæði er fræðigrein sú ómetanlega þarfleg, og svo er hún lykillinn að öllum ágætustu stöðum í landinu, og þeim bezt launuðu, — og ennþá höfum ver ekki eins marga íslenzka lögfræðinga eins og starf er fyrir. Því að þekking þeirra er þann veg vaxin, að þeir þurfa ekki að byggja framtíð sína á viðskiftum Íslendinga, eins og prestar vorir verða að gera.

Hin önnur hugsanlega ástæða er sú, að hvorki aðstandendur íslenzkra námsmanna né námsmennirnir sjálfir hafi lagt sig að því, að hugsa um þessa þörfu fræðigrein, eða að íhuga nytsemi hennar og þann hagnað, sem þekkingin, sem hún veitir, mundi færa þeim sjálfum og þjóðflokki vorum yfirleitt. Að vísu er tæpast ætlandi, að þeir af íslenzku námsmönnunum, sem stundað hafa College og University nám, hafi ekki kynt sér þýðingu mannvirkjafræði námsins, svo að þeir viti nákvæmlega, hvað það felur í sér, hve langan tíma þarf til námsins, og hve mikil áfni nemandinn þarf að hafa til þess að ljúka náminu til fullnustu, — þó enginn þeirra hafi tekið sig fram um, að skýra löndum vorum frá því enn sem komið er.

Þriðja hugsanlega ástæðan, sem kynni að aftra einstöku námsmanni frá að nema mannvirkjafræðina, gæti verið meðvitundin um það, að all-mikil líkamleg vinna fylgir því námi. Því að margir námsmenn eru svo gerðir, að þeir vilja komast sem mest hjá líkamlegu erfiði. Svo hefir það að minsta kosti reynst á Íslandi, því að þar hefir það fyrr á árum, og er máske svo ennþá, verið skoðuð vanvirða fyrir lærdómsmann inn, að vinna líkamlegt erfiði. — Annars mega vorir vestur-íslenzku námsmenn eiga þann vitnisburð, að þeir hafa í flestum tilfellum verið ótrauðir til þess að ganga í stritvinnu, og hafa reynst þar eins duglegir eins og þeir hafa reynst í námsbekkjunum. Enda hafa flestir þeirra með eigin atorku unnið sig áfram á mentabraut sinni, án nokkurs utan að komandi styrks. Og nálega undantekningarlaust hafa þeir þeirra, sem lengst hafa komist á lærdómsbrautinni, algerlega unnið fyrir sér og kostað mentun sína sjálfir. Og þetta bendir til þess, að það muni ekki vera óttinn við erfiðið, sem verkfræðistöðunni fylgir, sem aftrar löndum vorum frá, að gefa sig að henni,— heldur einhver hulin ástæða, sem enn ekki hefir fundist, en sem ætti að verða opinber, svo ræða megi hana og gagnrýna og gera löndum vorum það ljóst, á hverju hún er bygð. Því vér teljum sjálfsagt, að við þá ihugun myndi möguleg, að koma málinu svo fyrir, að landar vorir færu að sjá réttmætið, sanngirnina og nauðsynina á því, að fara af alvöru að leggja sig eftir þeirri fræðigrein.

Því miður skortir ritstjóra þessa blaðs þá þekkingu, sem nauðsynleg er til þess að lýsa verkfræðinni eins og vera ætti, til þess að gera lesendum ljóst, hverjar atvinnu og námsgreinar hún feli í sér; því þó að sjá megi af hérlendum háskólaskrám námsgreinar þær, sem kendar eru í verkfræðideildum þeirra, þá eru sum af ensku nöfnunum yfir þær mjög óðug að þýða á íslenzku, svo að þýðingin geti orðið mönnum ljós og vel skiljanleg.

Við hendina er hér skrá yfir kenslugreinar þær, sem kendar eru við Grand Forks háskólann í Norður Dakota, og oss er svo sagt, að þær gripi yfir alt það, er mannvirkjafræðinni við kemur. Við kenslu hinna ýmsu námsgreina þessarar fræði, eru 10 prófessorar og að auki 10 aðstoðarkennarar, — tuttugu kennarar alls í mannvirkjafræðideildum háskólans. Má af því marka, að námið muni vera all-umfangsmikið og kenslan nákvæm; enda eru Ameríkumenn viðurkendir að vera eins miklir mannvirkjafræðingar og til eru í nokkru landi, og framar öllum öðrum í einstöku greinum fræðinnar.

Fræði þessi eru kend við skólann í þremur deildum, sem nefnast:

1. "Mining Engineering" eða námafræði.
2. "Mechanical og Electrical Engineering".
3. "Civil Engineering".

Í fyrstu deildinni er kent: — Enska og enskar þókmentir; stærðfræði, svo sem þókstafreikningur, þykkvamálsfræði og flatarmálsfræði, efnafræði, jarðfræði, eðlisfræði, frihendis-teikning, málmfræði, leirfræði (Ceramics), landmælingafræði og vélfræði. Allar þessar fræðigreinar eru nakvæmlega kendar, og nemendur látnir hafa verklegar æfingar ásamt með þóknáminu og því, að sækja fyrirlestra kennaranna.

Önnur deildin kennir: Ensku, efnafræði, stærðfræði (í hennar ýmsu myndum), eðlisfræði, teikningu (þar er nemendum kent að hraga upp mynd af hverjum þeim hlut, sem gera skal, og verður myndin eða uppdrátturinn að vera svo skýr og ljós, að smiðurinn geti gert hlutinn nákvæmlega eins og hann á að vera. eftir uppdrættinum); kend er og flatarmálsfræði og þykkvamálsfræði, brúagerð, vatnsveitingar, vatnshreinsun o. fl. þar að lútandi, vélafræði, aflfræði, rafmagnsfræði (að smíða rafmagnsvélar), aflleiðslufræði, og margt annað þar að lútandi.

Í þriðju deild eru kendar þær greinar, sem að framan eru taldar, ásamt með almennri byggingafræði.

Talið er, að 4 ár þurfi til þessa náms alls, og má þó enginn nemandi búast við, að verða fullnuma í öllum námsgreinunum. En nóg getur hann lært til þess, að ná prófi við skólann, og eftir það er honum trygð vellaunuð staða, nálega hvar í landi þessu sem hann óskar að starfa, því einatt er mikið eftirspurn eftir góðum verkfræðingum og með góðum launum.

Að segja það, að verkfræðin sé til margra hluta nytsamleg, er að segja um hana minna en vera ber. Svo má heita, að hún sé öll allra verklegra framkvæmda ekki að eins nytsamleg, heldur mikfu fremur ómissandi, ef vel skal vinna og hyggilega. Ef til vill er ekki of mikið að segja, að engin önnur fræðigrein sé mannfélaginu í heild sinni eins notadrjúg og nauðsynleg eins og verkfræðin.

Hvers vegna er það þá, að engir af vorum ungu, efnilegu íslenzku námsmönnum hafa tekið sér fyrir, að stunda hana? Og hvers vegna hafa foreldrar og aðstandendur þessara íslenzku nemenda ekki eggjað þá og örfað og stutt til þessa náms, eins og átt heiði fyrir löngu að hafa verið?

Fyrirgefanlegt er það fólki af útlendum þjóðflokkum, sem kemur til þessa lands, þó það ætlist til þess, að hérlenda þjóðin annist um það, að veita sér atvinnu og uppeldi lífsins, meðan það sjálft er að kynnast hér og ná öruggri fótfestu í landinu. Það er bæði eðlilegt og óhjákvæmilegt, að þetta sé svona; og eins er það eðlilegt, að því er Íslendinga snertir, að þeir treystist ekki, á fyrstu tilveruárum sínum hér, til þess að taka að sér þau umfangsmiklu ábyrgðarstörf, sem krefjast mikillar lærdómslegrar þekkingar. En takmörkuð ætti sú tímalengd að vera sem sá hugsunarháttur væri fólki voru leyfandi eða líðandi, að ætla að öll verkfræðileg sérþekking væri einka-eign manna af öðrum þjóðflokkum, en una við og sætta sig sjálfir við lítilfjörlegustu og verst launuðu störfin, sem fyrirfalla hjá þjóðinni.

Íslenzki þjóðflokkurinn er nú búinn að vera hér í landi í 40 ár, og ætti að álíta sig nægilega heimandan, til þess að eiga menn á öllum sviðum til jafns við aðra þjóðflokka, sem hér búa. Vér höfum hér þegar presta, lækna, lögmenn og kennara. Hvers vegna ekki einnig að eiga hér verkfræðinga?

Prestarnir, læknarnir og kennararnir eru þannig settir, að þó þeir hafi sjálfir nóg að starfa, þá geta þeir ekki verið vinnuveitendur, og sama er að mestu leyti sagt um lögfræðinga. Allir þessir "profes, sional" menn hafa sjálfir arðinn af störfum sínum, og búa að honum. Alt öðru máli er að gegna um verkfræðingana. Starf þeirra við allskyns þjóðleg mannvirki er svo vaxið, að þeir verða að hafa heila hópa af mönnum í þjónustu sinni, og ef vér ættum fáeina mannvirkja fræðinga, þá mundu þeir veita Íslendingum atvinnu, og á þann hátt gera þjóðflokki vorum tvöfalt gagn; bæði auðga hann fjárhagslega, og einnig með því, að auðga hann þekkingarlega; því að hver meðal námfús og gætinn verkmaður hefði tækifæri til þess að læra margt nytsamlegt við slík störf, sem komið gæti að góðu haldi síðar, og orðið til þess, að skapa slík um mönnum arðberandi stöður, sem þeir annars ekki ættu kost á að komast í.

Vér sjáum ekki betur, en að þetta mál sé þess vert að því sé veitt alvarlegt athygli, og vér óskum þess fastlega og vonum, að íslenzkir námsmenn sjái sér fært, að ganga þessa námsbraut, — aðra göfugri, nytsamari eða arðsamari getur ekki í landi þessu.

Skógareldarnir í Porcupine.

Þess var lauslega getið í síðasta blaði, að skógareldar geysuðu í námahéraðinu Porcupine í Ontario fylki, og að þeir hefðu valdið miklu tjóni á mönnum og eignum. Raunin hefir orðið sú, að manntjónið og hörmungarnar hafa orðið margfalt meiri en menn í fyrstu gerðu sér í hugarlund. um tvö hundruð manns — menn, konur og börn — hafa farist, ýmist brunnið eða druknað, og fjöldi þeirra, sem bjargað hefir verið, eru skaðmeiddir, — sumir blindir, aðrir limlestir og flestallir hörmulega leiknir.

Brunasvæðið tekur yfir rúmar þúsund fermílur, og heilar sveitir og bæir liggja gersamlega í brunarústum. Aleiga fleiri þúsunda manna uppsvelgd af þessu geysandi eldhafi, sem engu þyrmir, er fyrir verður, og skilur eftir auðn eina, þar sem áður voru blómleg býli, bæir og mannvirki. — Bæirnir Cochrane, South Porcupine og Pottsville hafa eyðilagst; sömuleiðis námamannabýlin umhverfis West Dome-námurnar og sveitirnar Langmuir, Eldorado, Shaw, Deloro, Ogden, McArthur og Cripple Creek.

Lýsingarnar á þeim hörmungum sem vesalings fólkið hafði við að stríða, eru átakanlegar. Fyrst reyndu allir, sem vetlingi gátu valdið, að verna eignir sínar og stöðva útgreiðslu eldsins. Stóð margur maðurinn og konan upp undir hendur í fenum og forræðum, lækjum og vötnum, svo sólarhringum skifti og reyndu að stemma stigu fyrir eldhafinu með því að bera vatn á eldinn og grafa skurði. En þetta erfiði vesalings fólksins hafði litla þýðingu, eldurinn geysaði engu að síður, og framrás hans gat enginn mannlegur kraftur stöðvað.

Það eina, sem fólkið gat því gert, var að reyna að forða sjálfu sér úr eldhafinu, en það var miklum örðugleikum bundið, því eldurinn umlukti það sumstaðar á alla vegu. Eini björgunarvegurinn var með bátum eftir ánum, en bátarnir voru fáir og menn þyrptust í þá í hópum, og sumstaðar svo margir, að báturinn varð of hlaðinn og sökk og druknuðu þeir sem á voru. Frá Big Dome námunni lögðu 240 ítalskir verkamenn af stað fótgangandi og hugðust að bjarga sér gegnum skóginn meðfram lækjarfarveg. En að eins helmingurinn af mönnum þessum komust lífs af, og skaðskemdir flestir.

Frá næsta bæ við brunasvæðið, Golden City, voru strax sendir allir bátar, sem í bænum voru, til að bjarga fólkinu frá South Porcupine, sem næst var hinna brennandi bæja. Fyrst var konum og börnum bjargað, og bátarnir hlaðnir hröðuðu sér til Golden City, og svo aftur til brunasvæðisins. En öllum varð ekki bjargað, margir menn sukku, yfirkomnir af þreytu, undir yfirborð vatnsins, og komu aldrei upp framar.

Einn þeirra manna, sem var á björgunarbátunum, segir svo frá, að fólkið hafi staðið upp undir herðar í vatni, með teppi yfir höfðum sér, og beðið bátanna. — Sumir mannanna héldu unghörnum á lofti, og kölluðu ákalt til bátanna að bjarga þeim (unghörnunum) að minsta kosti. En stundum vildi svo til, að öldurnar höfðu skolað bæði manninum og barninu í kaf áður en bátarnir gátu komið til hjálpar. Eymdarkvein þessara sárþjáðu vesalinga heyrðust langar leiðir, en þó sýndi margur maðurinn fádæma hugrekki og hreysti.

Flest af fólki því, sem bjargað var til Golden City, var hörmulega útleikið: Sumir blindir eða hálfblindir, aðrir skaðbrendir á höfði og útlimum. Á sumum mönnum voru hendur brunnar af upp undir olnboga, og andlit margra brunnin inn í bein, og jafnvel beinin sviðin. Einum manni varð bjargað með báðar hendur brunnar upp að olnboga, en hann dó skömmu eftir að til bæjarins kom. Af fjölda manns varð að taka hendur og fætur. — Öll hús í Golden City eru full af limlestum og sárþjáðum aumingjum, sem bjargað var af brunasvæðinu.

Annað, sem er átakanlegt, er það, að líkum þeirra, sem dáið hafa, hefir orðið að hola niður í jörðina, án þess að slegið hafi verið utan um þau. Enginn viður til í líkkistur, — eð eins hægt að fá spitur í krossmörk á leiðin.

Síðan að jarðskjálftarnir miklu eyðilögðu San Francisco um árið, hefir ekki annar eins hörmungaatburður gerst í Ameríku sem þessi. Tuttugu þúsundir manna missa heimili sín og aleigu og tvö hundruð farast, og enn er ekki séð útyfir, hve margir deyi af þeim, sem liggja þungt haldnir í Golden City og víðar af brunasárum.

Um alt Canada og víða í Bandaríkjunum hefir verið byrjað að safna fé til hjálpar hinu nauðstadda fólki, og þarf naumast að geta sér annars til, en að hver og einn einasti maður skoði það sem skyldu sína, að leggja einhvern skerf í þann hjálparsjóð.

Stærri nauðsyn hefir aldrei í þessu landi verið á almennri hjálp almennings.

Síðustu fréttir segja manntjónið ekki eins mikið og áætlað var í fyrstu; hafa sumir af þeim, sem álitið var að hefðu farist, komist lifandi af, þar á meðal ítölsu námamennirnir frá Big Dome. En manntjónið nemur hundraði, og er það ærið tilfinnanlegt, þó bót sé frá því, er áður var álitið að farist hefði.

MIKILSVERT LAGABOÐ.

— Bandaríkja senatið samþykti á mánudaginn mjög merkilegt frumvarp viðvíkjandi tilkostnaði þingmannaefna við kosningar til efri og neðri deildar þingsins. Aðalatriði frumvarpsins eru þessi:

1. Ekkert þingmannsefni má eyða meiru í kosningakostnað, en sem svari 10 centum á hvern kjósanda í kjördæminu.
2. Ekkert þingmannsefni til senatsins má eyða meiru en tíu þúsund dollars í undirbúnings og reglulegu kosningarnar, og enginn kongress-kandídat má eyða meiru en fimm þúsund dollurum.
3. Allur kosninga tilkostnaður verður að vera kunngerður fyrir kosningarnar, og öll loforð um pólitisk embætti skulu einnig kunngerð.
4. Frumvarpið fyrirbýður að lofa pólitiskum embættum með þeim tilgangi, að afla sér með því fylgis við kosningarnar.

Frumvarp þetta var samþykt svo að segja í einu hljóði og mælist hvervetna vel fyrir.

Fréttir.

— Robert Meighen, forstjóri Lake of the Woods hveitimylnufélagsins, andaðist í Montreal á fimtudaginn var, 72. ára gamall. Hinn látni var einn af framtaksömustu og mikilhæfustu verzlunarmönnum Canada og landinu því stórtjón að fráfalli hans.

— Verzlunarsamningar hafa tekist milli Japans og Englands; eru þeir að mestu gömlu samningarnir endurnýjaðir, með smávægilegum breytingum. Einnig er á borði, að Bandaríkin geri samninga við bæði þessi ríki, og að þessi þrjú ríki myndi þríveldasamband í verzlunar og varnarmálum.

— Uppreist er aftur hafin í Mexico, og að þessu sinni gegn Madero. Eru það vinir og fylgismenn Diaz gamla, sem að uppreistarkolunum blása og styrkja óaldarflokka til óeirða gegn nýju stjórninni. All-snörp orusta stóð sl. fimtudag nálægt bænum Pueblo, og höfðu óaldarflokkarnir ver af þeim viðskiftum, mistu 150 manns en stjórnarliðar að eins 12. — Almennt er búist við, að uppreist þessi verði fljótlega bæld niður og að Madero og bráðabyrgðaforsetinn De la Barra geti í friði grætt þau sár, sem landið beið af fyrri uppreistinni.

— Ítalska konan, Angelino Napolitano, sem dæmd var til dauða fyrir morð á manni sínum að Sault Ste. Marie, Ont., hefir verið náðuð, — dóminum breytt í lífstíðarfangelsi.

— Brezku konungshjónin eru nú komin úr Írlandsför sinni og eru á heimsókn á Skotlandi. Hefir þeim verið fagnað þar með kostum og kynjum.

— Tvö gufuskip, Cima og Diamante, rákust á í ofviðri skamt frá Costa Rica núna nýverið. — Sökk Cima á svipstundu og druknuðu þar 32 farþegar og 10 af skipshöfninni. Hinum varð bjargað af Diamante, sem laskaðist lítið í árekstrinum.

— Hitarnir, sem gengið hafa undanfarandi í Canada og Bandaríkjunum hafa rénað mikið, svo viðunanlegt er þessa dagana viðasthvar; þó eru ofsahitar í dölunum í British Columbia, og hafa nokkrir dáið af þeirra völdum.

— Maður einn í Calgary, Moose Baxter, var á mánudaginn var dæmdur í níu mánaða fangelsi og 5.000 dollara sekt fyrir ólöglega vínsölu, — eða, ef ekki sektin borgast, þá níu mánaða fangelsi í viðbót. Þetta er í þriðja sinni, sem maður þessi hefir verið fundinn sekur um óleyfilega vínsölu.

— Kóleran er í New York. Kom veikin með farþegum, en strax og hennar varð vart, voru allir einangraðir, sem nokkrar líkur voru til að smittast hefðu, eða hefðu haft afskipti af þeim sjúku, og allar upphugsanlegar ráðstafanir teknar til að hindra útbreiðslu sýkinnar, og er búist við að það takist. Tveir menn hafa dáið þar úr kólerunni, og margir sjúklingar enn þungt haldnir. En engin ný sjúkdómstilfelli hafa komið fyrir síðustu dagana.

JÓN JÓNSSON, járnsmiður, að 790 Notre Dame Ave. (horni Toronto St.) gerir við alls konar katla, könnur, potta og pönnur fyrir konur, og brýnir hnífa og skerpir sagir fyrir karlmenn. — Alt vel af hendi leyst fyrir litla borgun.

— Tuttugu og einn námamaður mistu lífið á laugardaginn var í kolanáma-sprengingu að Sykesville í Pennsylvania.

MÁLALOK.

(Til A. J. JOHNSON).

Johnson brak og bresti jók,
barði ræðustólinn,
alt var lært á eina bók,
Ísafold var skólinn.

Dugði engin umsnúning
eða digur rómur;
málið dæmdi þjóð og þing, —
það er hæsti dómur.

Sig. Júl. Jóhannesson.

Íslendingadagurinn í Winnipeg.

Forstöðunefnd þjóðhátíðarinnar í ár biður íslenzkt fólk að lesa og athuga nákvæmlega "prógrammið" eins og það er auglýst í blöðunum Heimskringlu og Lögbergi. Við þær athuganir munu menn komast að þeirri niðurstöðu, að nefndin hefir reynt að fylgjast með tímanum, og að öllu leyti haft það í huga, að dagurinn geti orðið sem allra fullkomnastur, skemtilegastur og íslenzkastur. Þessu til sönnunar skal ég benda á:

1. Að alíslenzkur hornleikaraflokkur er ráðinn til að spila allan daginn, frá kl. 9 um morguninn og þar til alt er búið. Flokkurinn samanstendur af 20 manns, og er í ráði, að hann spili á leiðinni suður í garðinn að morgninum.
2. Íslenzkt "String Band" spilar fyrir dansinn að kveldinu, sem varir frá kl. 8—11.
2. Reynt verður, að fá að minsta kosti sum af kvæðunum sungin, er orkt hafa verið fyrir daginn; er það eins og allir vita, ólíkt áhrifameira og fegurra. Það verður auglýst nákvæmar í næsta blaði.
4. Um ræðumennina þarf ég ekki að vera margorður. Tveir þeirra eru alþektir hæfileikamenn, meðal okkar hér í Canada, og sama segja allir, er heyrt hafa til og þekkja Sveinbjörn Johnson lögmann, og því meiri nýung fyrir fólk hér, sem það hefir sjaldnar heyrt til hans. Hann ætlar að sýna okkur, að hann geti talað á íslenzku rétt eins og þeir, sem mentast hafa heima á Fróni.
5. Þá er okkur ekki síst ánægjuefni að geta auglýst, að hinn nafnfrægi glímumaður, nýkominn að heiman, hr. Guðmundur Stefánsson, ætli að sýna list sína 2. ágúst, og líklega annar tíl, sem miklafrægð hefir hlotið íð heima — nákvæmar um það í næsta blaði —, auk margra annara, sem taka þátt í glímunum.
6. Þá má minna á sundið. Aldrei fyr hefir nokkur Íslendingadags nefnd stutt það eins vel. Í þetta sinn eru sex verðlaun gefin fyrir sundkunnáttu, 3 fyrir fullorðna og 3 fyrir drengi.
7. Og enn skal ég minna á verðlaunin, sem nefndin gefur þeirri íslenzku stúlku, er álitin verður fallegust 2. ágúst. Sú nefnd, sem um það dæmir, verður athugul og fer ekki í manngreinarálit.
8. Minna viljum við börnin á það, að 2. ágúst verður þeirra dagur ekki síður en fullorðna fólksins. Nefndin gefur þeim 500 farbréf á "Merry-go-round" og þarf ekki að segja þeim, að það verður skemtilegt ferðalag; einkum ef þau fengju dálitið af brjóstsykri gefins í kaupbætir — en það hefir nefndin hugsað sér að gera —; og að öðru leyti þurfa þau og allir unglingar endilega að koma snemma að morgninum, því kapphlaupin byrja strax kl. 9. Auk þess fá þau frían ferð með strætisvögnunum, og verður það auglýst nákvæmar í næsta blaði.

Þrátt fyrir það, að nefndin hefir haft það að markmiði, að reyna að láta daginn borga sig fjárhagslega, þá álítur hún að ekki megi draga úr verðlaununum og skemtun dagsins. Hún gefur því nú um 400 dollars í verðlaunum, sem er talsvert hærra en nokkru sinni áður, — og treystir því, að fólkið hjálpi henni til, að láta daginn borga sig, með því að fjölmenna meir en átt hefir sér stað áður, á því riður svo afarmikið. — Prógram dagsins má til að fara batnandi ár frá ári, og dagurinn þarf að verða fjölsóttari að því skapi. Það er okkur Íslendingum til heiðurs, að svo verði, og það er auðvelt, ef við erum þar einhuga, — og um það ættum við sannarlega að vera á einu bandi.

Öll verðlaun verða borguð strax og ættu þeir, er þau vinna, að gefa sig fram strax í garðinum.

Einn klukkutími verður haldinn til miðdagsverðar.

Nefndin hefir samið við C.P.R. og C.N.R. járnbrautafélögin um niðursett far til Winnipeg frá nærliggjandi héruðum fyrir 2. ágúst, — tveir þriðju vanalegs verðs, ef 100—49 koma úr sama stað, en hálft fargjald, ef fleiri koma.

R. T. NEWLAND,
ritari nefndarinnar.

MISSIÐ EKKI AF GIFTINGUNNI Á FÖSTUDAGINN KEMUR

að Banfield's húsgagnasýningu á Winnipeg-sýningunni

Síðari hluta föstudagsins gefum vér hinum hamingjusömu brúðhjónum í brúðargjöf, allan húsbúnað í þrjú herbergi. Vér höfum þegar fengið all-margar umsóknir frá brúðhjóna efnum um að þau hljóti happið. En á meðan bjóðum vér einsdæma vildarkjör í búð vorri að 492 Main Street.



MAHOGANY LÖGÐ KOMMÓÐA

Stór og vönduð, með tveimur löngum skúffum og tveimur stuttum. Stór, ávalur brezkur spegill, eins og myndin sýnir. Vanaverð $42.00. Nú á **$35.00**

Utanbæjarfólk getur sparað sér ferðakostnaðinn, með því að kaupa á afsláttarsölu vorri.



DAGSTOFUBÚNAÐUR.

Þessir þrír munir eru gerðir úr bezta efni og mahoni lagðir, prýð isvel uppstoppaðir og klæddir trau stasta silki. Vönduð fjaðrasæti. Vanaverð $68.50. Nú **$54.50**

Komið og athugið verð vort.

✳

Það er sannfærandi.

EKTA 'CHIFFONIER' ÚR EKTA FJÓRSKORINNI EIK.

Stór og vandaður. Heður fjórar stórar skúffur og tvær smáar. Spegill 20x16 þuml. Vanaverð $30.00. Kjörkaupsverð **$22.50**

$18.50 "Tapestry" ferhyrnur á $9.25

Úr bezta efni, þéttofnar og mjög fallegar. Blóma og Austurlanda skraut. Brúnar, bláar og grænar að lit. Stærð 10-0x12-0 og 12-0x12-0. Vanaverð $18.50. Nú **$9.25**

7-6x9-0 Saumlausar ferhyrnur á $4.00

"Mayflower Brussels" ferhyrnur, líta út sem ekta 'Brussels', þéttofnar, prýðisfagrar og traustar. Auðveldar að sópa og einkar hentugar. Blóma- og Austurlanda-skraut. Rauðar, grænar og brunar að lit.

7-6x9-0	9-0x9-0	9-0x10-6	9-0x12-0
$4.00	**$5.00**	**$6.00**	**$7.00**

$40.00 Smyrna ferhyrnur á $29.50

Smyrna ferhyrnur eru ofnar úr beztu ull; einš beggja megin, og eru því sem tvær ferhyrnur í einni. Ef önnur hliðin verður óhrein, þá að eins að snúa henni við og þér hafið nýja ábreiðu. Fagurlitar, í rauðu, grænu, bláu og brúnu. Blóma-, Austurlanda- og mynta-skraut. Stærð 9-0x12-0. Vanaverð $40.00. Nú **$29.50**

$42.00 Wilton ferhyrnur á $31.50

'Wilton' ferhyrnur, sem hafa stutta en þétta ló og eru gegnofnar; líta alt af hreinlega út og endast óendaulega. Rauðar, grænar, bláar og brúnar að lit, með blóma- og Austurlanda-skrauti Viðeigandi við hvaða hússins herbergi sem er. Stærð 9-0x12-0. Vanaverð $42.00. Nú **$31.50**

Undraverður afsláttur á vorri sýningar-sölu á "Lace Curtains"

Hefst í dag og heldur áfram næstu 10 dagana. Vér látum á sölluna yfir 2.000 pör af úrvals 'Lace Curtains' hingað flutt frá leiðandi verksmiðjum á Englandi, Frakklandi og Sviss.

Sýningargestir og Winnipeg-búar hafa hér hið bezta tækifæri sem þeim nokkrusinni hefir boðist, því vörurnar eru seldar undir verksmiðju verði. Hafið hraðan á, það borgar sig.

HIN FÍNNI TEGUND GLUGGATJALDA

1000 pör, meðal annars: Swiss, Irish Point, Brussels Net, Marie Antoinette, Venise Point, Duchess Point og ýmsar úrvals tegundir, sem skiftast þannig:

Allar tegundir á $8.50, $9.00, $10.00 og $12.00 fara með sýningarverði á parið **$5 00**

Allar tegundir á $15.00, $16.50, $20.00 $21.50 og $22.50, — seljast með sýningarverði parið **$10.00**

Allar tegundir á $23.50, $25.00, $27.50 og $35.00, sýningarverð **$15.00**

Allar tegundir frá 37.50 til $50.00, seljast nú parið **$20 00**

Allar tegundir frá $60.00 til $75.00 seljast nú, parið **$25 00**

HIN ÓVANDAÐRI GLUGGATJÖLD.

1000 pör af Nottingham og Swiss 'Lace Curtains' skiftast þannig niður:

Öll $1.00 til $1.50 gluggatjöld—seljast nú **89c**

Öll $1.50 til $2.00 gluggatjöld—seljast nú **$1 09**

Öll $2.50 til $3.00 gluggatjöld—seljast nú **$1 59**

Öll $3.50 til $4.00 gluggatjöld—seljast nú **$2.29**

Öll $4.50 til $5.50 gluggatjöld—seljast nú **$3 19**

Crossley's ensku Wilton flauels ferh.

Ofnar saumlaust. Stutt, þétt ló. Fögur áferð. Endast árum saman. Blóma- og Austurlanda-skraut. Tvens konar litblær, á rauðum, grænum, bláum, bleikum og ljósrauðum fleti. Hentugar á öll herbergi.

9-0x10-6	9-0x12-0	10-6x12-0	12-0x12-0
$19.00	**$21.00**	**$24.50**	**$32.50**

$1.50 Brussels Carpets á 50c yd.

Brussels gólfdúkar, fyrirtak til slits. Þétt-ofnir, með góðu, snörpu yfirborði. Auðhreinsaðir. Blóma- og Austurlanda-skraut. Tvens konar litblær, á rauðum, grænum, bleikum, bláum og rósóttum fleti. Viðeigandi bekkir. Venjul. $1.50 yard. Nú aðeins **50c**

'Carpets' ekki lánuð á þessu verði

$2.25 Scotch Axminster Carpets á $1.00 yd.

Fastir litir. Löng þétt ló. Endist endalaust. Rauðir, grænir, rósóttir, bláir og bleikir. Blóma- og Austurlanda skraut. Tvens konar litblær. Hentugir í hvert herbergi. Viðeigandi bekkir. Venjul. $2.25 yd. Nú aðeins **$1.00**

'Carpets' ekki lánuð á þessu verði

$1.00 Enskir Brussels stigadúkar á 75c.

Fallegt munstur og með snotrum bekkjum, rauðir og grænir að lit. — 22½ þml. breiðir. Vanaverð $1.00. Nú á..... ..... **75c**

J. A. Banfield

492 Main St. Phones Garry 1580-1-2

"Granville", sagði hann með hægð; "ég bið þig ekki um fyrirgefningu, því hana geturðu aldrei veitt mér; ég bið þig heldur ekki um meðaumkun, því meðaumkun sonar sins ætti faðirinn helzt ekki að þurfa, en ég bið þig um að hlusta rólegur á mig, á meðan ég skýri alt þetta fyrir þér".

Með mörgum og löngum þögnum, með óskiljanlegum tilraunum til að gera málefnið sér sem hlyntast, sagði hann söguna eins og hún gekk, frammi fyrir hinum harðasta allra dómara, sinum eigin syni, sem sviftur var allri eign og allri von.

"Já, þú hefir fulla ástæðu til að vera mér gramur, Granville", sagði hann í sögulok og leit biðjandi á son sinn, "en þú verður að muna það, að það var þín vegna, að ég gerði þetta, drengurinn minn, — það var sökum þín og móður þinnar".

Granville hlustaði á alla söguna frá upphafi til enda, án þess að taka frám í fyrir föður sínum, enda þótt hann sæi, að honum veitti afarerfitt að fá sig til að segja söguna, en undir eins og sagan var búin, leit hann aftur framan í föður sinn og sagði með hægð, en miskunnarlaust, eins og börn eru vön að tala um galla foreldra sinna:

"Ég veit, að mér ber ekki að dæma þig, þú gerðir það líka — segir þú sjálfur — vegna min og móður minnar. En eitt verð ég að segja þér, pabbi; ég vil engin afskifti hafa af ávöxtum svika þinna. Ég hefi engan þátt átt í svikum þinum, og ég vil heldur engin afskifti hafa af afleiðingum þeirra, né heldur í því, að ljósta þeim upp. Ég verð, eins og þú segir, að hugsa um móður mína, og hennar vegna ætla ég ekki að þvinga þig til að gera strax reikningsskil, því það myndi deyða hana að vita son sinn gerðan arflausan. Þú getur samið við þessar blóðsugur, á hvern hátt sem þú vilt, þessa Warringa, — þú getur lokað munninum á þeim með eins mikl-

um peningum og þú vilt, verði þeim að góðu þeir peningar, sem þeir pína út úr þér. Þú hefir sjálfsagt gefið þeim helminginn af andvirði Dowlands jarðarinnar, og þú getur um stund þaggað niður í þeim með hinum helmingnum. Tólf þúsund pund er álitleg upphæð, og setjum svo, að þeir séu tilfinningarlausar blóðsugur, þá eru þeir að líkindum ekki vanir við, að hafa mikla peninga á milli handa, og láta sér því nægja þetta fyrst um sinn".

Ofurstinn lyfti annari hendinni og veifaði henni, eins og hann væri að hrekja flugu á brott, en Granville lét það ekki trufla sig.

"Nei, nei", sagði hann byrstur, hristi höfuðið og hniklaði brýrnar, "nú vil ég í þetta eina skiti fá leyfi til að segja meiningu mina, svo skal ég þegja á ókomna timanum. Á meðan ég lifi skal þetta verða í fyrsta og síðasta sinni, sem ég tala um þetta efni við þig, og þess vegna verðum við að skilja hver annan nú. Sökum móður minnar kvaðst ég ekki viljá þeina rannsókn eða opinberun gerða í þessu efni; þú getur lifað mörg ár enn, og meðan þú ert á lifi, geta þeir enga kröfu gert til óðalsins. Þú hefir gefið þeim það, sem þeir með nokkurri sanngirni geta ætlast til, látum þá svo bíða eftir afganginum, þangað til þeir, samkvæmt reglum náttúrunnar, geta erft óðalið. Ég fyrir mitt leyti ætla nú út í heiminn, til þess með eigin atorku að ryðja mér rúm í honum. Áður en nauðsynlegt er, að móðir min fái að vita, að sonur hennar hafi verið gerður félaus af föður, sem ól hann upp sem erfingja að stóru óðali, verð ég máske búinn að öðlast stöðu, sem er svo góð, að hún finnur ekki sárt til mismunarins þá og áður. Kelmscott er ég þó ennþá, og sem slíkur skal ég ryðja mér braut með eigin hæfileikum. En, hvað sem öðru líður, þá verð ég að fara héðan, Tilgate er ekki lengur viðeigandi heimili

fyrir mig, og ég afsala mér því með frjálsum vilja til þeirra, sem eiga betri heimild til þess en ég".

Hann stóð upp til að fara, með öruggum svip. Faðir hans stóð líka upp, hryggur og sneyptur.

"Granville", sagði hann svo lágt, að varla heyrðist, "þú verður að minsta kosti að þrýsta hendi mína áður en þú ferð, og þú mátt ekki fara án þess að kveðja móður þína".

Granville sneri sér að föður sínum, greip hendi hans og þrýsti hana þegjandi en innilega.

Hann leit á hvíta skeggið, sem skalf, gráa hárið og greindarlegu móleitu augun, sem voru döggvuð eins og hans eigin, og sagði svo blíður og næstum iðrandi: "Vertu sæll, faðir minn, ætlun þín hefir verið í góðu skyni gerð mér til handa, en mér hefði orðið hægra að bera þetta mótlæti, ef þú hefðir alið mig upp sem yngri son —", hann þagnaði skyndilega, af því hann áleit orð sín ósanngjörn.

"En móðir mina get ég ekki kvatt", sagði hann hryggur. "Ef ég fer að kveðja hana, þá verð ég líka að segja henni alt, en það þoli ég ekki. Ég ætla heldur að skrifa henni frá Cap, mér veitist það hægra, og það verður heldur ekki eins sárt fyrir hana".

"Frá Cap?" sagði ofurstinn í ofboði. "Ó, Granville, þú ætlar þó líklega ekki til Afríku?"

"Jú, hvert ætti ég annars að fara?" spurði sonurinn. "Afríka er einmitt rétti staðurinn fyrir mig, þar er helzt tækifæri til að komast áfram. Þar mun ég geta brotið mér braut og unnið mér inn stöðu, sem er viðeigandi fyrir son lafði Emily Kelmscott, og ég kem ekki aftur fyr en ég er svo staddur, að ég þurfi ekki að draga mig í hlé fyrir jafnokum mínum að ætt og göfgi. Þessir Warringar skulu ekki fá tækifæri til að hreykja sér yfir yngri bróður sínum — og ennþá segi ég: "Vertu sæll, faðir minn.

Hugsaðu vingjarnlega um mig, þegar ég er farinn, hg gleymdu því ekki alveg, að ég hefi elskað Tilgate".

Hann opnaði dyrnar og gekk til herbergis sins, alráðinn í því, hvað hann ætti að gera; hann ætlaði ekki að kveðja Gwendoline, en láta föt sín í ferðatöskuna og fara svo af stað að leita gæfunnar í demantsnámunum í Suður-Afríku.

Kelmscott ofursti sat eftir í bókaherbergi sínu, alveg eyðilagður maður, og huldi andlitið í höndum sinum. Einkennileg tilfinning fanst honum vera í höfði sínu, það var eins og höfuðskelin opnaðist og lokaðist á víxl. Á enni hans þrútnuðu æðarnar og urðu svartar, blóðið þrýsti svo fast á þær, að þeim lá við að springa. Hann þrýsti lófunum að kjálkunum, til að verjast því, að höfuðið springi. Honum sortnaði fyrir augum, herbergið virtist honum snúast í hring og gólfið seig niður undan fótum hans. Hegningin fyrir yfirsjón hans var orðin honum of þung. Hvernig gat hann sagt konu sinni, að Granville væri farinn af heimilinu? Voðalegur þungi þrýsti á heila hans. Miskunnsami guð! Lifslokin voru komin.

XXII. KAPÍTULI.

Misskilningur.

Þenna sama dag var allmikil óró á heimili herra Gildersleeves.

Þegar Gwendoline var búin að láta bréfið í póstkassann, varð hún afarróleg, dýrti sér heim og fór

Hyland Navigation and Trading Company

S. S. WINNITOBA.

Til St. Andrews Locks á þriðjudögum og fimtu dögum, kl. 2 15 á laugardögum. kl. 2 30 e. h.

Til Hyland Park, á mánudögum, þriðjudögum, fimtudögum og föstudögum kl. 8 15 að kvöld.

Farmiðar til St. Andrews Locks $1.00 til parksins 75c; Börn fyrir hálfvirði.

S. S. BONNITOBA.

Fer þrjár ferðir á dag kl. 10.15 f. h., 1.45 e. h., og 7.30 e. h.

Á laugardögum og helgidögum auksferð kl. 4.45 e. h.

Fargjald 15c. Fyrir börn 25c.

RED RIVER OG LAKE WINNIPEG FERÐIR.

Miðvikudaga—Til Selkirk og víðar. Af stað frá Winnipeg kl. 8 e. h., til baka 10.30 um kvöldið.

Föstudag—Til Selkirk, St. Peter og víðar, frá Winnipeg kl. f. h., til baka 7.30 f.h

Laugardag:—Vikulokaför um Winnipeg vatn. Afstað frá Winnipeg kl. 9 að kvöldi, til baka á mánudagsmorguninn kl. 6. Fargjald:—Til St. Andrews Locks, $1,00; Selkirk, $1.25; St. Peters, $1.50; til ármynnis $2.00; Vikulokaför, $3.00, Skipin legeja frá enda Lusted strætis. Takið Broadway, Fort Rouge eða St. Boniface strætisvagna á norðurleið, og farið af á Euclid Ave.

Skrifstofu talsími M. 248, 13 Bank of Hamilton. Skipsakviartalsími M. 2460

Með því að biðja sérstaklega um "T.L. CIGAR," þá ertu viss að fá ágætan vindil.

(UNION MADE)

T.L.

Western Cigar Factory
Thomas Lee, eigandi Winnipeg

Bókalisti.

N. OTTENSON'S,- River Park, W'p'g.

Ljóðmæli Páls Jónssonar í bandi	(3)	85
Sama bók (að eins 2 eint.	(3)	60
Jökulrósir		15
Dalarósir	(3)	20
Hamlet	(3)	45
Tíðindi Prestafélagsins í hinu forna Hólaskifti	(2)	15
Grant skipstjóri	(2)	40
Börn óveðursins	(3)	55
Umhverfis jörðina á áttatíu dögum	(3)	60
Blindi maðurinn	(3)	15
Fjörulaðaði smárinn	(3)	10
Kapitola (í ILÍ Bindum)	(3)	1.25
Eggert Ólafsson (B. J.)		15
Jón Ólafssonar Ljóðmæli í skrautbandi	(3)	60
Kristinfræði	(2)	45
Kvæði Hannesar Blöndal	(2)	15
Mannkynssaga (P. M.) í bandi	(5)	85
Mestur í heimi, í b.		15
Prestkosningin, Leikrit, eftir D.E., í b.	(3)	30
Ljóðabók M. Markússonar		50
Ritreglur (V. Á.) í b.		20
Sundreglur, í b.		15
Verði ljós		15
Vestan hafs og austan, Þrjár sögur eftir E. H., í b.		90
Víkingarnir á Hálogandi eftir H. Ibsen		25
Þorlákur helgi		15
Ofurefli, skálds. (E. H.) í b.		1.50
Ólöf í Ási	(2)	45
Smælingjar, 5 sögur (E. H.), í b.		85
Skemtisögur eftir S. J. Jóhannesson 1907		25
Kvæði eftir sama frá 1905		25
Ljóðmæli eftir sama. (Með mynd höfundarins) frá 1897		25
Safn til sögu og ísl. bókmenta í b., III. bindi og það sem út er komið af því fjórða	(53c)	9.4
Íslendingasaga eftir B. Melsted I. bindi bandi, og það sem út er komið af 2, b. (25c)		2.85
Lýsing Íslands eftir D. Thoroddsen í b. (16c)		1.90
Fernir fornslenzkir rímnaflokkar, er Finnur Jónsson gaf út, bandi (5c)		85
Alþingisstaður hinn forni eftir Sig. Guðmundson, í b. (4c)		90
Um kristnitökuna árið 1000, eftir B. M. Olsen (6c)		90
Íslenzkt fornbréfasafn, 7. bindi innbundið, 3 h. af 8 b. (1.70)		27.80
Biskupasögur, II. b. innbundið (42c)		5.15
Landfræðissaga Íslands eftir D. Th., 4. b. innbundið (55c).		7.75
Ríthöfunda tal á Íslandi 1400—1882, eftir J. B., í bandi (7c)		1.00
Upphaf alþingis á Íslandi eftir K. Maurer, í b. (7c)		1.15
Auðfræði, e. A. Ól., í bandi (6c)		1.10
Presta og prófastatal á Íslandi 1869, í b. (9c		1.25
Norðurlandasaga eftir P. Melsted, í b. (8c)		1.50
Nýjatestamentið, í vönduðu bandi (10c)		65
Sama, í ódýru bandi (8c)		30
Kóralbók P. Guðjónssonar		90
Sama bók í bandi		1.10
Svartfjallasynir	(5)	60
Aldamót (Matt. Joch.)		20
Harpa	(4)	60
Ferðaminningar í bandi.	(5)	90
Bóndinn	"	35
Minningarit (Matt. Joch.)	"	35
Týndi faðirinn	"	35
Nasreddin, í bandi		35
Ljóðmæli J. Þórðarsonar	(3)	45
Ljóðmæli Gestur Pálsson	"	75
Maximi Petrow	(2)	45
Leyni-sambandið	(2)	40
Hinn óttalegi leyndardómur	(2)	50
Sverð og bagall	(2)	30
Waldimer Nihilisti		75
Ljóðmæli M. Joch. I.-V. bd., í skrautb.	(15)	4.00
Afmælisdagar Guðm Finnbogasonar		1.00
Bréf Tómarar Sæmundsson	(4)	75
Sama bók í skrautbandi	(4)	1.15
Íslenzk-ensk orðabók, G. T. Zoega	(10)	1.80
Gegnum brim og boða		90
Ríkisréttindi Íslands		50
Systurnar frá Grænadal		35
Œfintýri handa börnum		30
Vísnakver Páls lögmans Vídalíns		1.25
Ljóðmæli Sig. Júl. Jónannesson		1.00
Sögur frá Alhambra		30
Minningarrit Templara í vönduðu bandi		1.65
Sama bók, í bandi		1.50
Pétur blásturbelgur		10
Jón Arason		0
Skipið sekkur		60
Jóh. M. Bjarnason, Ljóðmæli		55
Maður og Kona		1 25
Fjarða mál		25
Reina mál		10
Oddur Lögmaður		95
Grettis Ljóð.		65
Dular, Smásögur		50
Hinrik Heilráði, Saga		20
Andvari 1911		75
Œfisaga Benjamin Franklins		45
Sögusafn Þjóðviljans I—II árg. 35c; III árg. 20c IV árg. 20c; V, árg. 20; VI. 45; VII. 45; VIII. árg. 55; IX. árg. 55; X. árg. 55; XI. árg. 55; XII. árg. 45; XIII. árg. 45; XIV. árg. 55; XV. árg. 30; XVI. árg. 25; XVII. árg. 45; XVIII árg. 55; XIX, árg. 25.		
Alt sögusafn Þjóðviljan selt á		$7.00
Eidraunin (Skáldsaga)		50
Vallyes sögur		55
Valdimar munkur		50
Kynlegur þjófur		55
Sagan af stardi Stórvirkssyni í bandi		50
óbundin		3
Rímur af Sörla sterka í bandi		40
óbundin		30
Myndin af fiskiskipinu		1.10
Bækur sögufélagsins Reykavík;		
Morðbréfabæklingur		1.35
Byskupasögur, 1—6.		1.95
Aldarfarsbók Páls lögmanns Vídalín		45
Tyrkjaránið, I—IV,		2.90
Guðfræðingatal frá 1707—07		1.10

Bækur Sögufélagsins fá áskrifendur fyrir nœrri hálfvirði.—$3.80.

Umboðsmenn mínir í Selkirk eru Dalman bræður.

Þess skal getið viðvíkjandi bandinu á Fornaldarsögunum Norðurlanda, að það er mjög vandað, handbundið skrautband, vel frá gengið eins er með Bréf Tómasar Sœmundssonar.

Tölurnar í svigum tákna burðargjald, er send-ist með pöntunum

Auglýsing í Heimskringlu borgar sig.

Íslands fréttir.

Fjörutíu og tvær konur í Rvík hafa sent út áskorun til íslenzkra kvenna þess efnis, að skjóta saman fé í minningarsjóð, er beri nafn Hannesar Hafsteins, og se upp-kominn á 50 ára afmæli hans 1. des. næstk.; sé þetta viðurkenning fyrir happasæl afskifti Hannesar af kvenréttindamálinu. Vöxtum sjóðs ins á að verja til að styrkja fátækar stúlkur til náms. Daufar undirtektir hefir þessi áskorun reykviksku kvennanna hlotið, og álit manna, að ekkert verði úr þessari sjóðmyndun til heiðurs Hannesi, enda margir aðrir barist mikið meir fyrir kvenréttindum en hann og ættu því slíkan minning-arsjóð frekar skilið, t. d. Skúli Thóroddsen, er á mörgum undanfarandi þingum hefir verið flutn-ingsmaður aukinna kvenréttinda, og barist fyrir þeim ósleitilega; — en kvennagull hefir Hannes Hafstein jafnan verið, og til þess öðru framar mun áskorunin eiga rót sína að rekja.

— Heimspekispróf hafa tekið við háskólann í Kaupmannahöfn: Sigtryggur Eiríksson með ágætiseinkunn, Skúli Skúlason og Laufey Valdimarsdóttir með I. eink. og Helgi Guðmundsson með II. eink. — Sigurður Sigtryggsson cand. mag. hefir leyst af hendi próf við kennaranámsskeið með I. eink. — Guðjón Samúelsson hefir nýverið tekið mjög gott próf (fyrri hluta) í húsgerðalist við Akademiið, — skorti að eins eitt stig í ágætiseinkunn. — Heimspekisprófi við prestaskólann í Rvík luku 14. júní stúdentarnir: Halldór Hansen, Helgi Skúlason, Jón Ásbjörnsson, Jón Jóhannesson og Þorsteinn Þorsteinsson, allir með einkunninni dável plus. Ennfremur Sig. Sigurðsson með dável minus.

— Skipaður prestur í Grundarþingum er séra Þorsteinn Briem, kapilán í Görðum.

— Enginn fangi var í hegningarhúsinu í Reykjavík 17. júní. Sá síðasti fór þaðan daginn áður. Er þetta fátitt mjög, en því merkilegra, að bera skyldi einmitt upp á þennan dag.

— Aage Meyer Benedictsen, danski ríthöfundurinn, sem var á Íslandi um tíma í fyrra, kom til Rvíkur nýverið og ætlar að hafast við um tíma, — hugsar til að viða að efni í bók um Ísland, sem hann hefir á döfinni.

— Eins og kunnugt er, var samskotanefndin búin að ákveða, að setja forsetaminnisvarðann á blett inn fyrir framan Mentaskólann. En almenn óánægja gerði vart við sig út af þeirri ráðstöfun. Nú hefir nefndin séð sig um hönd og ákveðið, að minnisvarðinn skuli settur fyrir framan stjórnarráðshúsið. Þessari ráðstöfun munu flestir kunna vel.

— Brilloin fv. ræðismaður Frakka fór nýverið frá Rvík með verkfræðinga sína til þess að rannsaka Þorlákshöfn, Þjórsárfossa og ýms námalönd þar eystra. Þeir verða að þessu starfi í alt sumar, og er von á nokkrum verkfræðingum í viðbót, að því er sagt er, nú með næstu skipum. Verður væntanlega byrjað á hafnagerð í Þorlákshöfn mjög bráðlega.

— Mýramenn héldu þjóðhátíð 24. júní við Norðurárbrú, sem þann dag var vígð og opnuð til umferðar með mikilli viðhöfn. Fóru þar fram ræðuhöld, söngur, kappsund, glímur, hornablástur og dans. — Margmenni var samankomið.

— Illkynjaðir barnasjukdómar gengu í Reykjavík um miðjan júní.

— Kirkjubladið segir þannig frá safnaðarfundi í Reykjavík: Langt um fleiri krónum var varið til að auglýsa fundinn, en upp hafðist af fundarmönnum. Þegar hæst stóð var kominn hálfur kjósandi af hundraði. Og engu var þó slökt niður þetta laugardagskveld í f.m. Einhver spenningur var á milli þeirra 'gömlu' og 'nýju' um sóknarnefndina, og varð það bræðra-bylta í fyrri glímunni, og hafði hvor þeirra 6 atkvæði, er um var kept. Til bragðbætis hafði sóknarnefndin boðið upp á erindi hjá biskupi um kirkjugarða. Var það bæði alment, sem þetta blað hefir áður flutt, og svo gamla áðrepan um kirkjugarðinn hérna í höfuðstaðnum. Ekki kunni ræðumaður þá frá þeim nytjum kirkjugarðsins að segja, að hafður væri til fiskverkunar. En núna, fyrsta þurkdaginn sem kom, varð honum gengið með garðinum vestanverðog taldi þar 98 gráseppur um endilangan grjótgarðinn'.

— "Dans á eftir". — Allir kannast við þessa tálbeitu, sem margoft hefir verið höfð til þess, að ginna léttúðugt fólk á ólögleg samkomur, einkum í útkjálka-þorpum. — Fyrirlestrar af lakasta tagi hafa oft og einatt auglýst "dans á eftir". Það er þá aldrei svo, að ekki komi einhverjir, svona í lestrarlokin, til þess að ná í "seinni blessanina". — Trúðleikarar, sem allir voru orðnir leiðir á, fóru að auglýsa "dans á eftir", — og það "trekti" peninga. — Nú auglýsir forstöðunefnd Jóns Sigurðssonar hátíðahaldsins, að þessi mikla og margþætta minningarhátíð skuli enda með kveldmáltíð og — "dans á eftir"!! — Ég ætlaði varla að trúa mínum eigin augum: Aldarafmæli Jóns Sigurðssonar, iðnaðarsýning Íslands, háskóli Íslands stofnsettur, Bókmentafélag Íslands sameinað og "flutt heim", og svo — "dans á eftir"! — Hvernig væri annars að enda alvarlegt og viðhafnarmikið ættjarðarkvæði á — "beinakerlingar-vísu"? — ('Heggur' í Vísi 15. júní).

MARKET HOTEL
146 Princess St.
Á móti markaðnum
P. O'CONNELL, eigandi, WINNIPEG
Bezta vínföng vindlar og aðhlynning góð. Íslenzkur veitingamaður P. S. Anderson, leiðbeinir Íslendingum.

Woodbine Hotel
466 MAIN ST.
Stærsta Billiard Hall í Norðvestrlandinu Tíu Pool-borð.—Alskonar vín og vindlar
Gistin og fæði: $1.00 á dag og þar yfir
Lennon & Webb
Eigendur.

JIMMY'S HOTEL
BEZTU VÍN OG VINDLAR.
VÍNVEITARI T.H.FRASER.
ÍSLENDINGUR.
James Thorpe, Eigandi

THE DOMINION BANK
HORNI NOTRE DAME AVENUE OG SHERBROOKE STREET
Höfuðstóll uppborgaður: $4,000,000.00
Varasjóður - - - $5,400,000.00
Vér óskum eftir viðskiftum verzlunar manna og ábyrgumst að gefa þeim full nægju. Sparisjóðsdeild vor er sú stærsta sem bokkur banki hefir í borginni.
Íbúendur þessa hluta borgarinnar óska að skifta við stofnun sem þeir vita að er algerlega trygg. Nafn vort er full trygging óhlutdeika. Byrjið spari inulegg fyrir sjálfa yðar, konu yðar og börn.
Phone Garry 3450 Scott Barlow, Ráðsmaður.

Vitur maður er varkár með að drekka eingöngu HREINT ÖL. Þér getið jafna reitt yður á
DREWRY'S
REDWOOD LAGER
Það er léttur, freyðandi bjór, gerður eingöngu úr Malt og Hops. Biðjið ætíð um hann.
E. L. DREWRY, Manufacturer, Winnipeg

STRAX
Í DAG er BEZT AÐ GERAST KAUPANDI AÐ HEIMSKRINGLU. — ÞAÐ ER EKKI SEINNA VÆNNA.

MANITOBA

TÆKIFÆRANNA LAND.

Hér skulu taldir að eins fáir þeirra miklu yfirburða, sem Manitoba fylki býður, og sýnt, hversvegna allir þeir, sem óska að bæta lífskjör sín, ættu að taka sér bólfestu innan takmarka þessa fylkis.

TIL BÚNDANS.

Frjósemi jarðvegsins og loftslagið hafa gert Manitoba heimsfræga, sem gróðrarstöð No. 1 hard hveitis.

Manitoba býður bændasonum ókeypis búnaðarmentun á búnaðarskóla, sem jafngildir þeim beztu sinnar tegundar á amerikanska meginlandinu.

TIL IDNAÐAR- OG VERKAMANNA.

Blómgandi framleiðslustofnanir í vorum óðfluga stækkandi borgum, sækjast eftir allskyns handverksmönnum, og borga þeim hæztu gildandi vinnulaun. Algengir verkamenn geta og fengið næga atvinnu með beztu launum. Hér eru yfirgnæfandi atvinnutækifæri fyrir alla.

TIL FJÁRHYGGJENDA.

Manitoba býður gnægð rafafls til framleiðslu og allskyns iðnaðar og verkstæða, með lágu verði; — Frjósamt land; — margvíslegar og ótæmandi auðsuppsprettur frá náttúrunnar hendi; — Ágæt samgöngu og flutningatæki; — Ungir og óðfluga vaxandi bæir og borgir. — Alt þetta býður vitsmunum, auðæfum og framtakssemi óviðjafnanleg tækifæri og starfsarð um fram fylstu vonir. Vér bjóðum öllum að koma og öðlast hluttöku í velsæld vorri og þroskun. — Til frekari upplýsinga, skrifið:

JOS. HARTNEY, 77 York Street, Toronto, Ont.
JOS. BURKE, 178 Logan Avenue, Winnipeg, Man.
A. A. C. LaRIVIERE, 22 Alliance Bldg., Montreal,
J. F. TENNANT, Gretna, Manitoba,
J. J. GOLDEN,
Deputy Minister of Agriculture and Immigration, Winnipeg

strax til herbergis sins, fleygði sér í rúmið og grét. Líkaminn var allur brennandi heitur, kverkarnar þurrar og andardrátturinn erfiður. Um þetta hugsaði hún samt ekkert, hennar eina hugsun var um Granville og vonda manninn, sem hótaði að eyðileggja hann.

Þannig lá hún nokkrar klukkustundir, þjáð af hitasótt, þangað til móðir hennar kom upp að sækja hana. Frú Gildersleeve var lítil kona, kjarklaus og kúguð af hinum ráðríka manni sínum. Þau 23 ár, sem þau voru búin að vera í hjónabandi, hafði maður hennar gert hana að þýkvendi. Hún var enn lagleg kona, en mjög óframfærin og sihrædd við eitt, hvað; samt var Gildersleeve alls ekki vondur við þær mæðgur, hann sá um að þeim liði vel líkamlega, en enga sjálfstæða skoðun máttu þær hafa, — hans skoðanir voru þær einu réttu á heimilinu.

Frúin gekk strax að rúmi dóttur sinnar, beifaði á enni hennar og kinnum og sagði svo: "Barnið mitt, hvað er að? Kinnar þínar eru logandi heitar. Hver hefir verið hér? Líklega ekki óræstis maðurinn frá London, sem alt af er að kvelja þig?"

"Jú, mamma", svaraði Gwendoline, "og svo sagði hann — hann sagði — nei, ég get ekki sagt þér hvað það var, það var svo voðalegt. En nann er svo vondur, — svo ógurlega vondur, að þú getur naumast skilið það —" meira gat hún ekki sagt, því gráturinn braust út og hún grét sárt og lengi.

"Nú, hvað var það, sem hann sagði þér, góða barnið mitt?" spurði frúin.

"Hann sagði mér — ó, hann sagði mér — nei, ég get ekki sagt þér það, mamma, en hann hótaði að eyðileggja okkur — hótanir hans voru svo hræðilegar. Hann var svo haturslegur á svip, — það leit út eins og hann hefði komist að einhverju, sem gat eyðilagt okkur. Ó, hann gerði mig svo hrædda, ég hefi

aldrei heyrt neitt eins voðalegt og það, sem hann sagði".

Frú Gildersleeve hopaði á hæl af hræðslu. "Komist að einhverju, sem getur eyðilagt okkur?" sagði hún náföl. "Ó, Gwennie, hvað er það? Sagði hann þér ekki, hvað það væri? Hann er samvizkulaus maður, ávalt að snuðra upp annara leyndarmál, til þess að láta borga sér fyrir að þegja. Ég skil þetta, — hann ætlar að þvinga okkur til að gefa sér þig fyrir konu. Ó, Gwennie, þetta er viðbjóðslegt. Sagði hann þér ekki, hvaða leyndarmáli hann hefði komist eftir?"

"Nei, hann sagði mér það ekki, hann er of lævís til þess", svaraði ungfrúin. "En ég held það hafi verið eitthvað um Granville. Mamma, ég hefi aldrei sagt þér það, en þú veizt það þó, að ég elska hann. Ég held vissulega, að það hafi verið eitthvað um hann, en ég skildi það ekki. Leyndarmál um einhvern, sem ekki var löglega giftur, eða eitthvað líkt því".

Aftur hrökk frúin við. "Leyndarmál um einhvern, sem ekki var löglega giftur", endurtók hún mjög hægt.

"Já, mama, það var um einhvern, sem ekki var réttur erfingi; hann lét mig lofa því, að minnast ekki á það, en ég get ekki annað. Hann sagði, að við værum á sínu valdi, og hann sagðist skyldi eyðileggja okkur vægðarlaust. Hann var svo hræðilegur, að ég má ekki um þetta hugsa".

Frúin settist við hliðina á rúminu og sagði: "Það er of seint í kvöld, en á morgun verður þér þinn að fara til London og finna hann. Við verðum að loka munni hans, hvað sem það kostar"

"Það er gagnslaust, að pabbi fari til London", svaraði Gwendoline. "Hann sagðist strax æla út

á land til að njóta hvíldar sinnar. Á morgun verður hann farinn".

"Farinn, farinn, hvert?" spurði frúin.

"Til Devonshire", svaraði dóttirin.

"Til Devonshire, Gwendoline? Til Devonshire? sagði hann til Deveonshire?"

"Já", svaraði Gwendoline. "Til héraðsins kring um Dartmoor, til einhvers staðar á heiðinni sem hann nefndi Mambury".

"Mambury!"

Hræðslan og kvölin, sem lá í róm móðurinnar, kom Gwendoline til að líta á hana, og sá að hún sat eins og líflaus manneskja. Smátt og smátt jafnaði hún sig þó, og endurtók með sjálfri sér: "Mambury — Mambury —"

"Já, það er nafnið, ég er viss um það", sagði hann. Ég veit ekki, hvað hann átti við, en hann Gwendoline. "Til að leita að sönnunum, sagði ætlaði að finna sannanirnar þar".

Frú Gildersleeve stóð upp og reikaði til lvranna eins og hún gengi í svefni. Hún gat ekkert talað. Gwendoline stóð líka upp og gekk með henni að stigaþum, en þar benti móðir hennar henni að fara aftur inn í herbergi sitt. Gwendoline hlýddi því, lagðist aftur upp í rúmið og brast í grát.

Niðri í setstofunni fann frúin mann sinn, hann var að lesa blöðin. "Gilbert", sagði hún hægt. "Hinn svívirðilegi maður, þessi Nevitt, hefir aftur sætt tækifæri til að ná tali af Gwennie, og hann hefir sagt henni, að hann vissi alt og hefði ásett sér að eyðileggja okkur. Hann hefir fengið fregn um giftinguna og fer nú til Mambury til að leita frekari sannana".

Lögmaðurinn varð svo hissa, að hann lét blaðið detta á gólfið, og starði undrandi á konu sína. — "Nevitt veit alt", sagði hann efandi, "hann hefir á-

sett sér að eyðileggja okkur. Og þetta hefir hann sagt Gwendoline. Fara til Mambury. Nei, nei, Minnie, það er ómögulegt. Þú hefir ekki heyrt rétt. Hvað sagði hún? Nefndi hún Mambury?"

"Hún sagði þetta eins og ég hefi sagt þér það", svaraði kona hans. "Hann ætlar að fara til Devonshire, sagði hún, til héraðsins kringum Dartmoor, til að leita upplýsinga — til einhvers staðar á heiðinni, sem hann kallaði Mambury. Þetta voru hennar orð".

Herra Gildersleeve starði á hana með þeim svip, sem hafði komið svo mörgum vitnum til að skjálfa, þegar þau voru fyrir rétti. "Ertu alveg viss um þetta, Minnie? Alveg viss um, að hún sagði Mambury? Alveg viss um, að þú mintir hana ekki á nafnið, eða komst henni til að nefna það með heimskulegri spurningu?"

"Er nokkur ástæða til að ætla, að ég hafi hjálpað henni til að nefna þetta nafn?" svöraði frúin. "Ætti ég að fá henni lykilinn að leyndarmálinu? Hún sagði þetta af sjálfsdáðum, án þess ég bent ég benti henni á það með einu orði, — hún sagði þetta alveg eins og ég endurtók það, — til einhvers staðar á heiðinni, sem hann kallaði Mambury".

Gilbert Gildersleeve blístraði ofurhægt; hann var vanur því, þegar hann var í vanda staddur. Þetta var meðal verstu nýunganna, sem hann gat fengið, þó hann skildi það naumast ennþá. Hann stóð upp og sneri sér að konu sinni, sjáanlega skelkaður.

"Þá veit Gwendoline alt saman", sagði hann og roðnaði. "Þrælmennið! Asninn!. Hann hefir hlotið að segja henni alt".

"Ó, nei, Gilbert", svaraði hún og settist, "þó hann sé vondur, getur hann ekki hafa gert það, — minni eigin dóttur. Hann gerði það heldur ekki, ég er viss um það. Hún hefir engan grun um, hvað

Kínar vaknaðir.

Fyrir tuttugu árum var mikið ritað um það, sem menn nefndu "Gulu hættuna". Pólitiskir spámenn gerðu hræðilegar lýsingar af ógn þeirri, sem fyrir mannkyninu lægi, þegar Kinaveldi — hinn sofandi jötunn meðal þjóðanna — vaknaði. Hér væri þjóð, sem teldi sér einn þriðja hluta af öllum íbúum heimsins, þrungin feikna lífsafli og miklum mætti til að mynda hjálendur. Þjóðin væri auðug; mentun og menning hennar næði lengra aftur í tímann en hinna annara stórþjóða heimsins. Í Kína væri óþrotlega mikið og ódýrt vinnuafl, og að þegar búið væri að koma þar á stofn öflugum verksmiðjuiðnaði, þá myndu Kínar senda vörur sínar hingað til vestrænu þjóðanna og eyðileggja með því iðnað þeirra. Í Kína væri mikil náttúruauðlegð, lítill lífskostnaður og litlar kröfur til lífsins. Alt þetta gerði Kínum auðvelt, að reka ómótstæðilega verzlun út á við. — "Þér eruð að gera yðar ítrasta til þess að æsa Kínverja", mælti einn af þjóðmálamönnum landsins fyrir einum mannsaldri við nafnfrægan Englending, "þegar hún vaknar, þá getur skeð, að svo láti hún til sín taka, að þér sjáið eftir að hafa nokkuð stjakað við henni".

Nú er þjóðin vöknuð. Nýtt líf er nú kviknað í þessu mikla keisaradæmi. Stjórnmálamenn hennar hafa komist að þeirri niðurstöðu, að ef Kínaveldi eigi að geta haldið stöðu sinni meðal óháðra þjóða, verði það að endurfæðast. Öll þjóðin er smátt og smátt að komast til þeirrar viðurkenningar, að það sé hennar hagur, að semja sig sem mest að menningarháttum stórþjóðanna. Landið, sem eitt sinn barðist móti byggingu járnbrauta, hefir nú mörg þúsund mílur af slíkum brautum innan takmarka sinna. Stór dagblöð eru gefin út í hverri höfuðborg ríkisins, til þess að fullnægja vaxandi kröfum almennings um aukna upplýsingu. Einveldis stjórnarfyrirkomulagið er að smábreytast í nútíðar þingræðis stjórnarfyrirkomulag. Gamla mentunaraðferðin er liðin undir lok, og í hennar stað komin vestræn kensluaðferð. Gamla hernaðaraðferðin með forntíðarvopnum, er að þoka fyrir nútíðar herkænsku, sem krefst æðra hermanna og nýtízku skotvopna; og verzlunaraðferð Kínaveldis er einnig í framþróun. Nýjar auðsuppsprettur hafa fundist. Soyahaunin, aðal framleiðslugreinin í Manchúríu, er nú send til Evrópulanda svo nemur mörgum miljónum dollara virði á ári í sl. 2 ár. Kínversk kol eru send til vestur Bandaríkjanna, og fyrir fáum mánuðumvarð það ljóst og vakti mikla eftirtekt, að járn frá Han Yang héraðinu í Kína var sent til Bandaríkjanna og selt þar í samkepni við framleiðslu amerískanska járneinveldisins. Kína er að vakna til meðvitundar um möguleika sinnar þjóðlegu framtíðar. Hún er að koma formlegu skipulagi á stjórn sína og að ná stjórnarlegu valdi yfir útkjálkahéruðum keisaradæmisins.

Þetta framansagða er haft eftir Dr. G. E. Morrison, sem um sl. 14 ár hefir dvalið í og ferðast um mikinn hluta af Kínaveldi, sem fregnriti fyrir blaðið Times í London á Englandi, og sem allra útlendinga er nú orðinn kunnugastur landinu og þjóðinni. Dr. Morrison er 48 ára gamall, sonur ordlagðs skólakennara í Ástraliu. Hann var snemma mannvænlegur og hneigður til rannsókna. Seytján ára gamall yfirgaf hann Melbourne háskólann og gerðist siglingamaður, til Suðuralíu. Að því æfintýri enduðu tók hann sér ferð á hendur yfir þvera Ástraliu, frá Normanton til Geelong, yfir 2 þúsund mílur vegar. Þessa leið gekk hann fylgdarlaus á 123 dögum og bar aleigu sína á bakinu. Eftir það stundaði hann læknisfræði við læknaskóla í Edinborg á Skotlandi, og stundaði það starf um tíma í Melbourne í Ástraliu. Næst flutti hann til Ameriku og vann á skipinu fyrir fari sínu. Síðar starfaði hann sem læknir í námahéraði á Spáni. Þá ritaði hann bók um Kínaveldi og gaf hana út í London. Svo þótti mikið í bók þessa varið að blaðið London Times tók hann strax í þjónustu sína sem umferðar fregnrita í Kína, og þeirri stöðu hefir hann haldið síðan. — Þegar hann settist að í Pekin-borg árið 1897, var hann algerlega óþektur þar í landi; en eftir tveggja ára dvöl þar, var hann orðinn þektur á skrifstofum allra sendiherranna, sem störfuðu í Evrópu-löndum. Ritgerðir og fregnir frá honum höfðu verið gerðar að umræðuefni á þingum Evrópuþjóðanna, og það var viðurkent, að hann hefði lag á að ná fregnum um fyrirætlanir Kínastjórnar, sem áttu að haldast leyndar lengu eftir að þær birtust í London Times. Oftar en einu sinni kom það fyrir, að hann sendi svo ljósar og rökstuddar fregnir af fyrirætlunum bæði Kína- og jafnvel Bretastjórnar, að ráðgjafarnir voru til neyddir að játa þær réttar, þó þeir hins vegar létu undrun sína í ljósi yfir því, hve þeim fanst þá óskiljanlegt, hvernig hann fengi að þessum levndarmálum komist. — Curzon nefndi fregnsagnir Dr. Morrison: "Skynsamlega eftirvæntingu viðburðanna áður en þeir gerðust".

Árið 1900 þegar fregn barst um það, að Boxer uppreistin geysaði yfir Kína og að Dr. Morrison hefði látist fyrir vopnum uppreistarmanna, — þá prentuðu Evrópublöðin æfiminningu hans og hældu hæfileikum hans og starfi, svo sem fáum mönnum hefir áður verið hælt. Nokkrum vikum síðar hafði hann þá ánægju, að lesa eftirmælin um sig. — Einatt meðan stóð á Boxer uppreistinni, vann Dr. Morrison ósleitilega að því, að vernda bústaði Evrópu sendiherranna í Kína, og þá hjálpaði hann mörgum manni og frelsaði margt mannslíf.

Á heimili sínu í Pekin á Dr. Morrison þá beztu kínversku bókhlöðu, sem til er í heimi, með 9 þúsund bindum. Öllu er þar svo haganlega komið fyrir að hann getur á svipstundu flett upp hverju því atriði, sem til umræðu kann að liggja, og fengið þar nýjustu og áreiðanlegustu upplýsingar. Hann ferðaðist á sl. ári yfir þvera vestur Kína, og var það nær 2 þúsund mílna ferð, — öll farin á hestbaki. Hann er hinn eini útlendingur, sem hefir ferðast um hvert hérað í Kínaveldi.

Í viðræðu við gest einn í húsi hans nýlega, mælti Dr. Morrison á þessa leið:

"Ef til vill er hér í Pekin-borg bezta sönnunin, sem sjáanleg er um þá miklu breytingu, sem orðið hefir í landinu. Berum borgina eins og hún er nú, saman við það, sem áður var — áður en Boxer uppreistin hófst fyrir 10 árum. Þá voru útlendingahúsin fá, strætin þröng og meðal þeirra sóðalegustu í heimi. Þau voru gerð með því, að grafa tvær ræsaraðir samhliða, með nokkru millibili, og kasta moldinni upp á milli þeirra og sletta svo úr henni. Þau höfðu enga undirstöðu, en vatn rann í ræsin beggja vegna og varð þar úldið. Í votveðrum var tæpast mögulegt, að draga vagn eftir götum þessum, og hestar urðu að fara mjög varlega til þess að geta sneitt hjá ófærunum í götum þessum. Það eru dæmi til þess, að hundar, sem jafnaðarlega eru þó vel syndir, hafa druknað hér á götunum. Beggja megin voru raðir af sölukofum eða básum, og ekki gat Evrópumaður svo gengið þar um göturnar, að hann ætti ekki á hættu að verða móðgaður eða meiddur. Þá voru engir löggregluþjónar. Löggæzlan var ætluð vissum undirtyllum stjórnarinnar, sem oft voru í vitorði með þeim, sem níddust á útlendingum og sviku fé út úr þeim með hótunum um líkamleg meiðsli eða líflát, ef það væri ekki goldið. Í fangelsum landsins var beitt hvers kyns forna aldarkvölum og pintingum við fangana, og menn voru kvaldir til þess að játa á sig sakir, sem þeir ekki voru sekir um, — að eins til þess að fá að halda lífinu.

En nú koma gestir til borgarinnar í þægilegum járnbrautarvögnum. Þeir geta fengið aðsetur á ágætum gistihúsum í miðhluta höfuðstaðarins. Þeir geta keyrt þaðan í mótorvögnum eftir steinlögðum strætum út að sumarhöllinni. Strætin eru lýst með rafljósum og varin af siðprúðum og skyldurræknum lögregluþjónum í einkennisbúningi. Og þeir stjórna allri umferð eftir götunum. Nú er ekki meira hætt við, að verða móðgaður á strætum Pekin-borgar, heldur enn á strætunum í London. — Flestir sendiherrar stórþjóðanna búa nú í skrautlegum höllum, sem bygðar hafa verið eftir aldamótin síðustu. Þar eru nú franskir, brezkir, þýzkir og rússneskir bankar, jafngildi þeirra, sem beztir finnast í stórborgum nefndra þjóða. Nú er mesti sægur þar af útlendingum, að ógleymdum 2 þúsund útlendum hermönnum, og mikill fjöldi er nú af húsum, sem útlendingar byggja, og efnaðir Kínverjar eru farnir að láta gera sér samkvæmt hús til íbúðar. Jafnvel æðstu embættismenn þjóðarinnar og menn af keisaraættum eru nú farnir að búa í slíkum húsum. Og í sjálfri sumarhöll keisarans er móttökusalur gesta gerður í útlendu sniði af Evrópusmiðum. Nú geta menn fengið þar mikið úrval af allskyns blóðum og tímaritum, sumum þeirra með myndum, og fréttum hvaðanæfa úr heiminum, því blöð þessi eru í Reuters fréttasambandinu. — Hér eru skólar á öllum sviðum. Í fangelsunum er búið að afnema fyrri daga pintingar, þó ennþá sé þar margt sem umbóta þarf.

Skrifstofur kínversku utanríkisdeildarinnar voru fyrir nokkrum árum fáeinir lágsettir gamaldags kumbaldar, og einkenni stjórnarembættismannanna þar var þekkingarleysi þeirra á öllum utanríkismálum og utanríkja ástandi yfirleitt, því fæstir þeirra höfðu nokkurntíma stigið fæti út yfir takmörk Kínaveldis. En nú eru skrifstofur deildarinnar í þeim fegurstu og tilkomumestu stórhýsum borgarinnar. Þær byggingar voru bygð ar af Bandaríkja byggingameisturum. Yfirmaður deildarinnar er prins Ching, gamall vesalingur með gamaldags skoðanir, og sem nú mætir mörgum ámælum fyrir vanrækslu á sínum ábyrgðarmiklu störfum. En hann hefir fjóra aðstoðarmenn, og er sá færasti þeirra útskrifaður frá Yale háskólanum, og annar er einnig háskólalærður maður. Í ensku deildinni eru menn, sem hafa útskrifast frá Cambridge, Harvard og Yale háskólunum, og hafa stundað hagfræðinám í beztu skólum Evrópu, og nú eru þeir menn einir valdir í embætti við utanríkisdeildina, sem hafa fengið mentun sína við útlenda háskóla.

Mikil breyting hefir orðið á hugarþeli þjóðarinnar gagnvart útlendingum á sl. 10 árum. Áður en Boxers gerðu uppreist sína, var það titt, að móðga og smána útlendinga á ýmsan hátt og að gefa út æsingablöð gegn þeim. Þetta endaði með Boxer uppreistinni. Á þeim tímum var lítill félagsskapur með embættismönnum stjórnarinnar og Evrópu mönnum. En nú hefir illvilji þessi algerlega horfið. Eg hefi ferðast á sl. 5 árum um öll fylkin í Kínaveldi og hvervetna mætt vingjarnlegum viðtökum hjá fólki af öllum stéttum, og þetta er sú reynsla, sem hver ferðamaður verður fyrir, sem nú ferðast um í Kína. Nálega hver fylkisstjórn hefir nú utanríkis eða útlendinga skrifstofudeild, undir umsjón manna, sem lært hafa á útlendum háskólum, og sem jafnan eru við því búnir, að hjálpa og leiðbeina útlendingum alt sem þeir geta. Þegar útlendingurinn kemur í nýjan bæ, þá er lögregluþjónn sendur til hans til að grenslast um nafn hans og erindi, og þá er það allajafna, að þeir gera alt sem í þeirra valdi stendur til að greiða götu ferðamannsins. Fyrir nokkrum árum síðan var það siður lögreglunnar, að gera sem minst úr þýðingu æsingablaða gegn útlendingum. En nú eru allir embættismenn strangir í eftirliti sínu með slíkum blöðum og hegna harðlega öllum þess konar æsingatilraunum — Nú þekkjum vér betur kínversku þjóðina með hverju ári sem líður. Straumur útlendra ferðamanna fer stöðugt vaxandi, og trúboðum fjölgar óðum, svo að ef einhversstaðar bryddir á ókurteisi gagnvart útlendingi, þá er það strax tilkynt yfirvöldunum.

Í öllum helztu borgum er nú dagleg umgengni Kínverja og Evrópumanna orðin algeng, sem og í félagslífinu, og þetta hefir að miklu leyti orsakast af breyttri stöðu kínverskra kvenna. Það er nú ekki framar talin óhæfa, að kínverskar konur taki með bændum sínum á móti Evrópumönnum og skemti þeim. Mentun kvenna hefir tekið miklum framförum á síðari árum. Margar kínverskar konur ferðast til Japan og Ameriku, til þess að stundá þar nám við mentastofnanir, og læra þar tungumál, lyfjafræði, lögfræði og aðrar mentagreinar, og nú eru í landinu margar konur í læknisstöðu. Kven-dagblað er gefið út í Pekin-borg; konur eiga það blað og gefa það út og kona er ritstjóri þess og hefir verið það um mörg liðin ár. En margt er enn, sem lagfæringar þarf. Ennþá vefja konur fætur dætra sinna, til að gera þá netta og smáa, og sá óvani hefir eins illar afleiðingar eins og ópíums nautn. Kína er eina þjóðin í heiminum, sem kröfu gerir til menningar, sem líður þrælasölu á sínu eigin fólki í landi sínu.

Með vaxandi samgöngum og þeim hagnaði, sem Kína hefir haft af því, að semja sig að háttum Evrópuþjóðanna, hefir vaxið virðing og vinarþel meðal þeirra og útlendinganna. Áður var það almenn trú í Kína, að trúboðarnir stælu kínverskum börnum og styttu þeim aldur í þeim tilgangi, að nota augu þeirra og hjörtu til lækninga. Nú vita allir, að þetta er ósatt. Trúboðarnir búa nú innan um innlendu þjóðina, og með brevtni sinni og framkomu allri tryggja þeir sér tiltrú og virðingu landsmanna. Lengi var almenn ótrú á járnbrautum þar í landi, en nú er þjóðin orðin sannfærð um nytsemi þeirra og ágæti til allra flutninga. Bændur senda nú varning sinn með þeim til fjarlægra staða, og fá talsvert hærra verð fyrir hann en áður var. — í mörgum tilfellum meira en tvöfalt verð.

Framför landsins er langmest meðfram járnbrautunum. Lestarnar eru stöðugt hlaðnar ferðafólki. Hótel eru bygð víða meðfram brautunum, og húsabyggingar eru að taka miklum umbótum. Landslýðurinn er orðinn að ferðafólki, þar sem járnbrautir eru, og ferðalögin stækka sjónarsvið íbúanna, sem aftur á móti miðar til að eyða hjátrúnni, sem áður gagntók hugi allra. Af þessu leiðir það, að nú er kominn sterkur áhugi til að fá járnbrautir lagðar um alt landið. Mikið hefir þegar verið lagt af járnbrautum, og meira er fyrirhugað. Járnbrautirnar hafa verið afl til vakningar og upplýsingar þjóðinni. Þær hafa bætt álit hennar á útlendingum og aukið velvild til þeirra; einnig vakið tiltrú til aðal landstjórnarinnar í Pekin. — Áður, meðan samgöngur voru strjálar og flutningar allir og ferðalög seinfær, var stjórnarvaldið að mestu í höndum hinna ýmsu fylkjastjóra. En nú eru samgöngur svo umbættar, að frá höfuðborg ríkisins er ekki nema þriggja vikna leið til yztu fylkja landsins, svo að fylkjastjórnirnar eru í stöðugu sambandi við alríkisstjórnina í höfuðstað landsins, og lúta ákvæðum hennar, því að nú liggja ritsimaþræðir um alt landið til yztu endimarka. — Kínar hafa vaknað til meðvitundar um þjóðarmátt sinn.

Hinar nýju herdeildir þjóðarinnar eru ljós sönnun þess, hve mjög henni hefir þokað áfram í menningaráttina og um samdrátt þjóðarvaldsins. Kínverski hermaðurinn nú á dögum, er ekki að eins alls ólíkur fyrri tíma hermönnum, held ur er hann að þekkingu og útbúnaði orðinn jafngildi hinna beztu meðal annara þjóða hermanna. — Fyrrum voru hermenn í litlu afhaldi hjá þjóðinni, og eingöngu menn af lægsta flokki fengust til að ganga í herinn. Nú er þetta alt saman breytt. Jafnvel menn af keisaraættum ganga nú í herinn, og gerast foringjar, og menn af beztu ættum gerast nú hermenn og revnast ágætlega. Hermálum Kínverja var algerlega breytt eftir stríð þeirra við Japana. Þá myndaði Kínverji einn nýja herdeild eftir nýtízku sniði, og hefir síðan stjórnað henni, og nú er allur her landsins æðsur samkvæmt fyrirmynd þessarar herdeildar. Aðallega eru æfingarnar sniðnar eftir því, sem viðgengst á Þýzkalandi. En þegar útlendir heræfingakennarar eru fengnir, þá eru það aðallega Japanar. Svo hafa Kínar marga menn, að námsmenn þeirra sækja heræfingaskóla í Bandaríkjunum og víða í Evrópu. En enga menn hafa þeir í her Breta. Yfirleitt eru nú hermenn Kína vel vopnaðir. En ekki eru samkynja vopn brúkuð í öllum herdeildum. Næsta spor hermáladeildarinnar verður að fá bót ráðna á þessu.

Þó margt sé ennþá öfugt í Kína við það sem ætti að vera, þá er þó víst, að framfaraviðleitni þjóðarinnar hefir öll miðað til góðs. Ég er viss um, að þingræðisstjórn hefir heillavænleg áhrif á öll landsins mál. Fjármála-bókfærslan hefir öll verið í óreiðu og fjárdráttur embættismanna lengi orðlagður. Alt sikt hverfur með hinni nýju stjórnarskipun. Blöðin eru og farin að láta til sín taka í þessu máli og hafa þegar fengið mikla bót ráðna á því, sem áður fór aflaga. Svo mikil áhrif hafa blöðin á alþýðu manna, að embættismenn hafa þráfaldlega reynt til að kaupa þau til þagnar. En blaðstjórarnir eru þjóðhollir menn og halda stefnu sinni. Þeir neita jöfnum höndum, að selja blöð sín til embættismanna stjórnarinnar og að levfa þeim að ná nokkrum áhrifum á ritstjórn þeirra. Ritstjórarnir skilja, að umbætur á stjórnarfari landsins eru bygðar á því, að til séu blöð, sem opinbera það, sem aflaga fer og umbóta þarf. Og með þessari stefnu eru þau að ryðja braut umbótum þeim, sem þau vona að verði, þegar fulltrúaþing kemst þar á stofn og málsvarar þjóðarinnar mega frjálst ræða um ástandið eins og það er. Þingið mun verða forvitið og heimta upplýsingar um allar athafnir stjórnarinnar, og með því móti vaknar almennur áhugi fyrir umbótum, og svíksemi í embættisrekstri hverfur. Miklar umbætur hafa þegar orðið í þessu efni, mest fyrir það, að nú er ráðgjöfunum og ábyrgðarháum embættismönnum betur launuð störf þeirra en áður var. — Fylkisþing eru komin þar á fastan fót. Þar eru fregnritarar blaðanna og alþýða manna á kost á, að hlusta á ræðurnar, rétt eins og á þingum annara landa. Forsetar þinganna hvetja þingmenn til þess að ræða ahugamál sín hispurslaust og einarðlega, og þeir hafa gert það. Aðalmálin, sem enn hafa rædd verið — auk fjárhagsmálanna — er ópíum nautnar málið og fótvafningsmálið, og vilja þingmenn láta algerlega afnema þetta hvorttveggja sem fyrst. Rædd hafa og verið menta og búnaðarmál, verzlunarmál og breyting á gjaldeyri eða peningamynt landsins. Þá var og mikið rætt um hjátrú landsmanna og um ráð til að eyða henni. — Hvergi í umræðunum kom fram neinn mótþrói gegn kristinni trú eða þeim, sem henni fylgja.

Gjörbreyting á mentamálum Kínaveldis hefir vakið mesta athygli útlendra þjóða. Kennarar eru fengnir frá vestrænu löndunum til að kenna hvervetna í Kínaveldi, og skólarnir eru útbúnir með beztu mentatæki, bækur, uppdrætti o.fl. þ. h. Almennur áhugi hefir vaknað fyrir því, að læra ensku; hún er verzlunar- og menta málið þar í landi. Flestar skólabækur eru nú prentaðar hjá Commercial Press í Shanghai-borg. Prentsmiðja sú var reist af Kínverjum og Jöpum í félagi, en hinir fyrnefndu stjórna stofnuninni. — Þessi mikla prentstofnun hefir útbú víða í Kínaveldi, og bækur þær og uppdrættir, sem þaðan koma, eru velgerðir og ódýrir; útgáfurnar eru í hundráð þúsund eintaka tali. Svo eru sumir landsuppdrættirnir vel gerðir, að tvísýnt er, hvort nokkur Evrópuþjóð getur framleitt jafn nákvæma og vel gerða uppdrætti.

Nú þótt þjóðin (Kínar) sé orðin fús til að mentast á vestræna vísu, þá er þjóðin óskynsöm í framkvæmdinni. Þegar Japan var að ná vestrænni mentun, útvegaði sú þjóð sér þá beztu kennara, sem hægt var að fá, án tillits til þess, hve kauphár þeir voru. En Kínar velja kennara sína eftir því, hve kauplágir þeir eru, og launin, sem þeir borga, eru svo lág, að vel hæfir kennarar fást ekki fyrir þau. Kínar vilja mentast, en ekki borga fyrir það.

Einn liður í mentamálum Kínverja, sem stjórnin lætur sér annt um, er að senda valda námsmenn til útlanda, til þess að fullkomna þar nám sitt. Mörg hundruð slíkra nemenda hafa verið send utan á sl. 5 árum, algerlega á landsins kostnað. Mestur fjöldi þeirra sækja nám til Bandaríkjanna, en þó eru um 250 námsmenn við mentastofnanir á Englandi. Í hæfileikum og starfsþreki þessara manna er bundin framtíðarvon Kínaveldis.— Þeir, sem hafa fullkomnað mentun sína, fá tafarlaust stöður í stjórnarþjónustu landsins. Einn þessara manna er samgöngumálaráðgjafi og leiðtogi opium-afnáms hreyfingarinnar. Utanlands læra námsmenn þessir ekki að eins þjóðmegunarfræði og hernaðarfræði, heldur einnig læknis- og lyfja-fræði, lögfræði, mannvirkjafræði, og hvað annað, sem kent er í beztu háskólum mestu menningarlanda heimsins.

Að Kínaveldi sé að koma þjóðmálum sínum í fastar skorður með sínum eigin mönnum má marka af því, meðal annars, að fyrir 5 árum voru þar yfir þúsund Japanar í ýmsum kennara og öðrum ábyrgðarstöðum. Nú eru þar að eins 400 Japar, og þeim verður veitt lausn frá störfum eins fljótt og Kínar fá sína eigin námsmenn frá útlöndum til að taka stöður þeirra. Vaxandi menning Kínaveldis verður ekki að eins þeirri þjóð til góðs, heldur einnig öllum heimi. Engum þarf að standa ótti af þeim. Kínar munu ekki koma á sjónarsvið heimsins, íklæddir sinni nýju menningu, í neinum ofsóknarerindum, heldur sem friðsamir keppinautar annara menningarþjóða í framsókn til framfara heimsins.

Giftingaleyfisbréf
SELUR
Kr. Ásg. Benediktsson
424 Corydon Ave. FortRouge

SÖNGLISTIN.

Á fegurðar himni þú háleitast skin,
vér hljótum að veita þér lotning;
þér glæða tekst vonir, þá gleðin oss dvín, —
ó, guðdómleg listanna drotning!

Hugann þú örvar, þá harmur oss sker
og hrífur oss langt yfir drungann;
á leiftrandi hljómöldum líða með þér
upplifgar jafnt gamlan sem ungan.

Úr læðingi hrifa hvern hjartans streng ná
himnesku tónarnir þínir;
í leiðslu vér hljótum að hlusta þig á,
úr huga sér enginn þér týnir.

JÓHANNES H. HÓNFJÖRÐ.

Hversvegna vilja allir minnisvarða úr málmi. (White Bronze)?
Vegna þess þeir eru mikið fallegri.
Endast óumbreytanlegir öld eftir öld.
En eru samt mun billegri en granít eða marmari, mörg hundruð úr að velja.

Fáið upplýsingar og pantið hjá

J. F. LEIFSON
QUILL PLAIN, - SASK.

PRENTUN

VÉR NJÓTUM, sem stendur, viðskipta margra Winnipeg starfs- og "Business"-manna.— En þó erum vér enþá ekki ánægðir. — Vér viljum fá alþýðumenn sem einatt notast við illa prentun að reyna vora tegund. — Vér ábyrgjumst að gera yður ánægða. — Símið yðar næstu prent. pöntun til —

PHONE GARRY 334

THE ANDERSON CO.
PROMPT PRINTERS
555 Sargent Ave. Winnipeg, Man.

$425.00

Hér er eitt af hinum frægu

HEINTZMAN & CO. PIANOS

eins hljómfagurt, vandað aðgerð, og útlits fallegt sem þér getið óskað yður. Verð $425. og skilmálar hinir aðgengilegustu. Enginn skyldi borga meira.

J. J. H. McLean & Co LIMITED

Cor Portage Ave. & Hargrave
Phone Main 808.

Fréttir úr bænum

Þrettán vesturfarar frá Íslandi komu til borgarinnar á þriðjudagsmorguninn. Voru allir af Suður- og Vesturlandi. Ferð höfðu þeir góða og létu vel af förinni.

Heim til Íslands fóru í morgun fimm landar: Björn Ólafsson, gullsmiður, Lárus Sigurgeirsson og Ólöf kona hans, Stefán Skagfjörð og Árni Anderson, — öll héðan úr borginni. Hinir tveir síðastnefndu fara snöggva ferð, en hin allari.

Iðnsýningin — Canadaian Industrial Exhibition — hefir staðið yfir undanfarna daga hér í borginni, og lýkur á laugardaginn. Aðsókn hefir verið mikil að sýningunni, og margt mikilfenglegt þar að sjá. En mest hefir almenningi þótt til koma, að sjá Bandarikja flugmanninn, Frank Coffyn, sýna list sína. Hefir hann flogið á hverjum degi og alt af tekist ágætlega. Er nú í ráði, að hann fljúgi til Portage la Prairie og til baka aftur, og verði það, er það hið lengsta flug, sem flogið hefir verið í Canada. — Iðnsýningin í heild sinni hefir verið forstöðunefndinni til sóma.

Geo. H. Bradbury var á ný útnefndur á fjölmennum fundi, sem haldinn var í Selkirk þe á fóstudaginn var, til þess að sækja um ríkisþingsæti undir merkjum Conservative flokksins við næstu sambandskosningar. Engin annar var tilnefndur, — öllum á fundinum kom saman um að herra Bradbury hefði komið svo vel fram í þinginu og sýnt svo mikinn dugnað í starfi sínu þar, að sjálfsagt væri að halda honum við þingmenskuna. Hann var því tilnefndur í einu hljóði og fór svo samdægurs til Ottawa. Samferða honum varð Hon. Robert Rogers, ráðgjafi opinberra verka hér í fylkinu. Hann verður eystra ym nokkurn tíma.

Til borgarinnar kom í sl. viku Mrs. St. G. Stephánsson frá Markerville, til að vera hér á sýningunni, og til þess um leið að finna bróður sinn, John Johnson að Gardar, N. Dak. Einnig ungfrú Hólmfriður Goodman frá Cypress River, og ungfrú Kristín Thorfinnsson, frá Gardar, N. Dak.

Guðfræðingarnir Magnús Jónsson og Jakob Lárusson komu hingað til borgarinnar, heiman af Íslandi, á fimtunagskveldið var, eftir þriggja vikna ferðalag. Jakob lagði af stað á laugardaginn vestur til Wynyard, Sask., þar sem hann er ráðinn til að þjóna söfnuðum; en Magnús verður hér eftir í borginni og þjónar Tjaldbúðarsöfnuði, unz séra Friðrik J. Bergmann kemur úr Íslandsför sinni.— Magnús messaði í Tjaldbúðarkirkju á sunnudaginn var.

Nýlega varð bráðkvaddur J. J. Skagfjörð í Árnes bygð í Nýja Íslandi. Hann eftirskilur ekkju og 8 ung börn, af hverjum 6 eru korngng.

Þau Mr. og Mrs. Capt. Baldwin Anderson, að Gimli, Man., urðu fyrir þeirri sorg þann 4. þ.m., að missa 6 ára gamlan fósturson sinn úr skarlatssótt, eftir 4. daga sjúkdómslegu. Vegna sýkinnar fekst ekki, að nokkrir aðrir væru viðstaddir jarðarförina en þeir allra nákomnustu. En formleg greftrunarathöfn verður látin fram fara í kirkjugarðinum næst þegar prestur messar þar neðra.

Séra Magnús J. Skaptason fór suður til Dakota á mánudaginn var í erindagerðum viðvíkjandi hinu nýja tímariti sínu, sem hann ætlar að fara að gefa út bráðlega. Hann verður 2—3 vikur í þeirri ferð.

Hon. Robert Rogers, ráðgjafi opinberra verka, er um þessar mundir í Austurfylkjunum að setja umboðsmenn til þess að fá kaupamenn í uppskeruvinnu í Manitoba á þessu hausti. Hann segir, að fylkið þarfnist 20 þúsund kaupamanna í minsta lagi, og að vinnan byrji eftir tvær vikur.

Músíkprófin

frá Toronto Conservatory, eru ný útkomin og er útkoman þannig.

4. ár.	1. Stefán G. Sölvason.	*First Class Honors.*
"	2. Guðrún M Nordal,	*Honor.*
3. ár.	1. E. Finkelstein	*Honors*
"	2. L. Sölvason	
"	3. J.Thorgeirsson	
"	4. P. Finkelstein	
"	5 G. Bready	*Pass*
"	6. B. Morton	
2. ár.	1. E. Jóhannsson	*Honors*
"	2. E. Wadlinger	
"	3. R. Linklater	*Pass*
"	4. D. Jones	
"	5. M. Magnússon	
"	6. E. Finkleman	
"	7. W. Knox	
"	8. M. Smith	
1. ár.	1. H. Cohen	*Honors*
"	2. V. J. Bardal	
"	3. B. Peterson	
"	4. A. Johnson	
"	5. I. Jósefsson	*Pass*
"	6. O. Helgason	
"	7. V. G. Oddson	
"	8. L. Shragge	
"	9. A. Eggertsson	
"	10. G. Udow	

Ofangreindir nemendur eru allir lærisveinar Jónasar Pálssonar að fráteknum númer 3,4,5, og 6 í fyrstu ársdeildinni sem eru lærisveinar ungfrú S. Friðriksson hér í borg.

Talþráður milli Winnipeg og Íslendingafljóts var fullgerður þann 12. þ.m. Sveinn kaupmaður Thorvaldsson átti þá strax að morgni þess 13. samtal við viðskiftamenn sína hér í Winnipeg, beint úr búð sinni við Fljótið.

Forseti Íslendingadagsins er af nefndinni valinn herra Ólafur S. Thorgeirsson, og má búast við, að þjóðminningarhátíðin fari hið bezta fram undir stjórn hans.

Sigrún M. Baldwinson

TEACHER OF PIANO

727 Sherbrooke St. Phone G. 2414

Herra Fred Dalmannn fór í byrjun þessa mánaðar suður til Spokane, Wash., til 5 eða 6 vikna veru. Hann fór til að spila með Symphony Orchestra frá New York, sem ráðið er til að spila í Spokane borg um ákveðinn tíma.

Mrs. Margrét Goodman, frá Leslie, Sask., kom til borgarinnar í sl. viku, til þess að vera hér a sýninguinni. Einnig ætlar hún að finna dóttur sína, Mrs. Wilson, í Vidir bygð í Nýja Íslandi, og aðra kunningja þar nyrðra og hér í borg, áður hún fer heim aftur.

Dr. Magnús Hjaltason, sem að undanförnu hefir haft heimili að Oak Point, Man., hefir nú flutt sig til Lundar, og geta því sjúklingar vitjað hans þangað.

Herra Ármann Guðmundsson, verzlunarmaður frá Fairford, Man. er hér á ferð þessa dagana.

Mr. G. Emerson, frá Rolla, N. Dak., kom hingað til borgarinnar á mánudagskveldið, með herra Gísla Þorgrímsson, veikan af liðagigt. Var hann lagður á Almenna spitalann. Mr. Emerson heldur heimleiðis í dag.

Bréf á skrifstofu Hkr. eiga:

Sigurjón M Sigurðsson (4 Íslandsbréf.

Ásfinnur F. Magnússon.

Árni Sigurðsson (bróðir Björns bankastjóra).

Ragnar A. Sveinsson.

LEIÐRÉTTING. — Í 3. vísu, 3. línu í kvæði eftir Jóh. Húnfjörð í síðasta blaði stóð: "gegnum lífs fárlegt", o.s.frv.; átti að vera: lífs í gegnum fárlegt, o. s. frv.

GESTIR AÐ HEIMSKRINGLU.

Pétur Anderson, Helgi Jóusson, Mr. og Mrs. S. Sigurbjörnsson, Soffonias Sveinbjörnsson, Mrs. Gyriður Anderson, Miss Anderson, Valdimar Anderson, Jónatan Jónatansson, Mrs. Soffía Sigurbjörnsson. P. M. Magnússon, Th. Thorvaldsson, Mrs. Margrét Goodman, St. B. D. Stephansson, öll frá Leslie, Sask. — Sv. Kristjánsson og synir hans Halldór og Vernard, Mr. og Mrs. Sig Kristjánsson, Mr. og Mrs. V. Kristjánsson, Sigurjón Kristjánsson, öll frá Wynyard, Sask. — Þorst. Markússon, G. Bildfell og kona hans, frá Foam Lake, Sask. — Skúli Jónsson, Guðmundur Arason, Mrs. G. Jasonsson og Mrs. S. Halldóssson, öll frá Bertdale, Sask. — Guðbrandur Breiðfjörð, Guðni Brynjólfsson og Magnús Hinrikssón, frá Churchbridge. — Magnús Kaprasíusson og kona hans frá Wild Oak, Man. — Ingvar Olson, frá Foam Lake. — Ben Anderson og Hjörtur Sigurðsson, frá Baldur. — Kr.Sigmar og W. Anderson frá Glenboro. — Mrs. Hannes Sigurðsson, frá Brú. — J. K. Jónasson frá Dog Creek, B. J. Mathews, frá Siglunes. — Lúðvík Laxdal, frá Candahar.

Tímaritið nýja.

Í vor hafði ég hugsað mér, að fara snöggva ferð til Alberta til að sjá þar landa mína og kunningja, en af ýmsum ástæðum er mér það ekki mögulegt nú sem stendur, og vil ég því biðja þá afsökunar á þessu, og vona að þeir minnist þess frá fyrri tímum, að oft verður hlykkur á langri leið og byrinn stundum andstæður. — Ég vona samt, að vinir mínir þar vestra sendi mér áskrifendur þá, sem þeir geta fengið að mánaðarriti því, sem ég bráðlega fer að gefa út í Winnipeg, helzt ekki seinna en fyrir miðjan næsta mánuð. Er nú langt komið að safna nöfnum áskrifenda, og vildi ég, ef hægt er, byrja í septembermánuði. Ritinu hefir verið tekið svo ágætlega, hvar sem ég hefi farið, að enginn efi er á, að það kemur út eins og til var ætlast. En því fleiri sem áskrifendurnir verða, því betur má gera það úr garði.

Ennfremur vil ég á ný biðja samlanda mína um sveitir uti, fjær og nær, að senda mér nöfn áskrifenda sem þeir hafa safnað, sem allra fyrst, — helzt fyrir þann tíma, sem að framan er tilgreindur.

Öll bréf til mín sendist til: 378 Maryland St., Winnipeg. Man., — þangað til ég ráðstafa öðruvísi í blöðunum.

Magnús J. Skaptason

Winnipeg, 15. júlí 1911.

BAGA.

(Kveðin, þá ég las eftirmæli eftir Hallgrím Jósafatsson, kveðin af Kr. Ásg. Benediktssyni):

Ásgeirs ljóða-letur hér
Ljómar á Óðarranni;
Sjóðheitt blóð í æðum er
Enn þeim fróða manni.

— S. G.

Hver sá, er kann að vita, hvar Ástfinnur Frímann Magnússon — sem kom hingað vestur frá Rvík — er niður komim, er vinsamlega beðinn að senda rétta áritun til hans á skrifstofu Heimskringlu við fyrstu hentugleika.

Dr. M. HJALTASON

LUNDAR, MANITOBA

PIANO RAFFLE

verður haldið þann 28. þ.m., að 351 McGee St., í húsi herra Lofts Jörundssonar. Hljóðfæri þetta, sem er eign barna herra Ólafs Vopna, kostaði $350.00 og er nú fjögra ára gamalt, óskemt. Hljóðfærið er nú selt á þennan hátt til styrktar Árna sonar Ólafs, sem um langaa tíma hefir þjáðst af liðagigt og ekki enn getað fengið bót þeirrar sýki. Fjölskyldan hefir varið hverju centi, sem inn hefir komið á sl. 5 árum til styrktar þessum sjúklingi, og nú er svo aðþrengt, að systur hans verða að slá af Pianói sínu honum til hjálpar. — Íslendingar ættu að skoða það skyldu sína að kaupa miðaseðil fyrir raffle þetta og sjá til, að fult verð fáist fyrir pianóið. Fjölskyldan þarf þess.

RÁÐSKONA BÝÐST.

Roskin og ráðin kona óskar eftir ráðskonustöðu hjá íslenzkri fjölskyldu, eða hjá íslenzkum manni, sem er reglusamur og heldur efnaður, og helzt að engin börn séu. Einnig er óskað eftir að helzt séu gerðir skriflegir samningar.— Þeir, sem sinna vilja þessu tilboði skrifi — "Ráðskona", P. O. Box 3083, Winnipeg, Man.

I. O. F.

Stúkan Ísafold heldur fund, að 770 Simcoe St., föstudagskveldið 21. þ.m. kl. 8 síðd. Meðlimir eru sérstaklega beðnir að koma á fund þennan, því það þarf að kjósa Chief Ranger í stað Jóns Ólafssonar, sem er á förum úr bænum, og margt fleira liggur fyrir fundinum að starfa. Komið allir.

VANTAR VINNUFÓLK.

Undirritaður þarfnast vinnumanns og vinnukonu. Óskar að komast í bréfasamband við hverja þá, sem vildu sæta vinnutilboði þessu, hvort heldur hjón eða einhleypar persónur. Viðurgerningur allur góður og vinnulaun eftir samkomulagi

G. O. KETILSSON,
Kristnes P.O., Sask.

Kennara vantar

við Geysir skóla No. 776 frá 15 september til 15. desember 1911. — Kennari tiltaki kaup og mentastig Tilboðum veitt móttaka til 1. september næstk.

H. PÁLSSON, Sec'y-Treas.

KENNARA VANTAR

til Laufás skóla fyrir 6 mán., frá 15. sept. næstk. Hálfur mánuður fellur úr frá 15. des. Tilboð, sem tiltaki kaup ásamt mentastigi og æfingu, sendist undirrituðum fyrir 1. ágúst.

Geysir, Man., 26. júní 1911.

B. JÓHANNSON,
skrifari og fehirðir.

BEZTI MATUR.

Mrs. M. Björnsson, að 659 Alverstone Street, hefir rúm fyrir nokkura kostgangara. — Finnið hana.

JOHN DUFF

PLUMBER, GAS AND STEAM FITTER

Alt verk vel vandað, og verðið rétt

664 Notre Dame Av. Phone Garry 2568
WINNIPEG

A. S. TORBERT'S

RAKARASTOFA

Er í Jimmy's Hótel. Besta verk. ágæt verkfæri; Rakstur 15c en Hárskurður 25c. — Óskar viðskifta Íslendinga.—

Miðsumarsalan byrjuð

Vér ætlum að selja allar stakar stærðir af alfatnaði vorum. Það eru nýjar og fallegar tegundir Kosta venjulega alt að $22,50, en verða nú seldir hver um sig

$10.00

PALACE CLOTHING STORE
Baker Block 470 Main St.
G. C. LONG, eigandi,

"ENGINEER"

Vélastjóra vantar vinnu við þreski-ketil næsta haust. Verkið ábyrgst. Sérstök nákvæmni við skemdar vélar; 5 ára æfing Vinnur fyrir hæsta kaup. Þreskjarar tilkynni vélategund og ástand, einnig kaupgjald og tímalengd vinnunnar. Skrifið sem fyrst eftir frekari upplýsingum til

G. S. GUDMUNDSON,
Árborg, Man.

Dr. G. J. Gíslason,

Physician and Surgeon

18 South 3rd Str., Grand Forks, N.Dak

Athygli veitt AUGNA, EYRNA og KVERKA SJÚKDÓMUM ASAMT INNVORTIS SJÚKDÓMUM og UPPSKURÐI.—

Dr. J. A. Johnson

PHYSICIAN and SURGEON

EDINBURG, N. D.

H. C. DUFTON

JÁRNSMIÐUR

Gerir alskyns járnsmíði og aðgerðir vírfljetting o fl.

Mozart :-: Sask.

Dalman & Thorsteinson

MÁLARAR

Gera alskonar húsmáining. Kalsomining og leggja pappir. Alt verk vandað og fljótt afgreitt. Phone Garry 240

797 *Simcoe St.*

R. TH. NEWLAND

Verzlar með fasteingir, fjárlán og ábyrgðir

Skrifstofa: No. 5. Alberta Bldg. 255½ Portage Ave.

Sími: Main 972 Heimilis Sherb. 1619

J. J. BILDFELL

FASTEIGNASALI.

Union Bank 5th Floor No. 520

Selur hús og lóðir, og annað þar að lútandi. Útvegar peningalán o. fl.

Phone Main 2685

TILBOÐ.

Við undirskrifaðir tökum að okkur alla grjótvinnu, sem við getum af hendi leyst eins fljótt og vel og nokkur getur gert. Við seljum grunn undir hús, hlöðum kjallara, steypum vatnskeröld og gangstéttir, gerum steinsteypu í fjós, o.fl.

Jacob Frimann
Hergr. Hallgrímson

Gardar, N. Dak.

BOYD'S BRAUÐ

Vér höfum gert það að fastri reglu, að nota þau efni ein göngu, sem gera brauð vor lystug og nærandi. Ef þér viljið hafa slík brauð, þá símið

Sherbrooke 680

MARTYN F. SMITH,

TANNLÆKNIR.

Fairbairn Blk. Cor Main & Selkirk

Sérfræðingur í Gullfyllingu og öllum aðgerðum og tilbún aði Tanna. Tennur dregnar án sársauka. Engin veiki á eftir eða gómbólga. —

Stofan opin kl. 7 til 9 á kveldin

Office Phone Main 6944. Heimilis Phone Main 6462

G. S. VAN HALLEN, Málafærzlumaður 418 McIntyre Block., Winnipeg. Talsími Main 5142

Th. JOHNSON

JEWELER

286 Main St. Sími M. 6606

Sherwin - Williams PAINT

fyrir alskonar húsmálningu.

Prýðingar-tími nálgast nú. Dáltið af Sherwin-Williams húsmáli getur prýtt húsið yðar utan og innan. — Brúkið ekker annað mál en þetta. — S.-W. húsmálið málar mest, endist lengur, og er áferðarfegurra en nokkurt annað hús mál sem búið er til. — Komið inn og skoðið litarspjaldið. —

CAMERON & CARSCADDEN

QUALITY HARDWARE

Wynyard, - Sask.

Union Loan & Investment Co.

45 Aikin's Bldg.

PHONE GARRY 3154

Lánar peninga, kaupir sölusamninga, verzlar með fasteignir: hús, lóðir og lönd. Veitir umsjón dánarbúum.— Peningum veitt móttaka og 7% vextir ábyrgstir.

Íslenzkir forstöðumenn. — Hafið tal af þeim

H. Pétursson, John Tait, E. J. Stephenson

JOHNSON & CARR

RAFLEIÐSLUMENN

Leiða ljósvíra í íbúðarstórhýsi og fjölskylduhús; setja bjöllur, talsíma og tilvísunar skífur; setja einnig upp mótors og vélar og gera allskyns rafmagnsstörf.

761 William Ave. Phone Garry 735

A. S. BARDAL

Selur líkkistur og annast um útfarir. Allur útbúnaður sá besti. Enfremur selur hann allskonar minnisvarða og legsteina.

121 Nena St. Phone Garry 2152

Sveinbjörn Árnason

Fasteignasali.

Selur hús og lóðir, eldsábyrgðir, og lánar peninga. Skrifstofa: 310 McIntyre Blk.

office TALSIMI 4700. hús Tal. Sherb. 2018

BONNAR, TRUEMAN & THORNBURN,

LÖGFRÆÐINGAR.

Suite 5-7 Nanton Blk. Main 766
Winnipeg, Man. P.O.BOX 223

Anderson & Garland,

LÖGFRÆÐINGAR

35 Merchants Bank Building
PHONE: MAIN 1561.

HANNES MARINO HANNESSON

(Hubbard & Hannesson)

LÖGFRÆÐINGAR

10 Bank of Hamilton Bldg. WINNIPEG

P.O. Box 781 Phone Main 378 " " 3142

Gísli Goodman

TINSMIÐUR.

VERKSTŒÐI:
Cor. Toronto & Notre Dame.

Phone Garry 2988 :: Heimilis Garry 899

Winnipeg Andatrúar Kirkjan

horni Lipton og Sargent.

Sunnudagasamkomur, kl. 7 að kveldi. Andartrúarspeki þá útskýrð. Allir velkomnir.

Fimtudagasamkomur kl. 8 að kveldi, huldar gátur ráðnar. Kl. 7,30 segul-lækningar.

W. R. FOWLER A. PIERCY.

Royal Optical Co

307 Portage Ave. Talsími 7286.

Allar nútíðar aðferðir eru notaðar við augn-skoðun hjá þeim, þar með hin nýja aðferð, Skugga-skoðun, sem gjöreyðir öllum ágiskunum —

Talsími Heimskringlu
Garry 4110

Heimskringla.

Heimilis talsími ritstjórans:
Garry 2414

XXV. ÁR. WINNIPEG, MANITOBA, FIMTUDAGINN, 27. JÚLÍ 1911. Nr. 43.

Fregnsafn.

Markverðustu viðburðir hvaðanæfa.

— Gagnskiftasamningarnir voru samþyktir óbreyttir í Bandaríkjasenatinu á laugardaginn var, með 53 atkvæðum gegn 27. Allar breytingartillögur, sem fram komu við frumvarpið, voru felldar með miklum atkvæðamun. Það voru Demókratar, sem komu uppkastinu í gegn, því 32 þeirra greiddu því meðatkvæði, en að eins 21 Repúblikanar. Enda lýsti Taft forseti því yfir, að gagnskiftasamningarnir hefðu aldrei komist gegnum þingið, hefði það ekki verið fyrir fylgi Demókrata, — stjórnarandstæðinganna. Þeir, sem aðallega voru á móti uppkastinu, voru frjálslyndari Repúblikanar undir forustu senators La Follette. — Gagnskiftasamningarnir hafa nú verið afgreiddar frá Bandaríkjaþinginu og verða undirskrifaðir af Taft forseta í dag. Hinni löngu og ströngu baráttu er því lokið, og verður því þessu sögulega aukaþingi slitið bráðlega.

— Sem eftirmaður Sir McMillan í fylkisstjórasæti Manitoba hefir, að því er fullyrt er, verið útnefndur D. C. Cameron, sá er var þingmannsefni Liberala við síðustu sambandskosningar hér í Winnipeg, en féll þá við lítinn orðstír. Mr. Cameron er auðugur vel og hestamaður mikill, og einn þeirra mörgu Liberala hér í borg, sem andvigur er gagnskiftasamningunum.

— Sambandsþingið í Ottawa hefir verið fremur tíðindalítið það sem af er. Mest rætt um glæpsamlega sviksemi þeirra manna, sem umsjón höfðu með innflutningi Kínverja í British Columbia, og Anjum [illegible] Rúnar [illegible] allmjög að William Templemann, einum af ráðherrum Lauriers og J. M. Bowel, tollmálaembættismanni í Vancouver, og ýmsum fleirum Liberal stórfiskum þar vestra. En í skýrslu þeirri, sem Sir Wilfrid lagði fram í þinginu, frá Murphy dómara, er fjárdráttarmál þetta hafði til rannsóknar, eru þeir Templemann og Bowel fundnir sýknir, en kínverskur túlkur Poon Shum Lung grunaður um svikin, ásamt nokkrum Liberal gæðingum þingmenn tóku þessari rannsóknarskýrslu fremur fálega, og er það grunur margra, að öll kurl séu ei til grafar komin enn sem komið er. — Gagnskiftasamningunum hefir lítillega verið hreyft í þinginu til þessa, og eru stjórnarsinnar vondaufir með að þeim takist, að koma þeim í gegn um þingið, því andstæðingarnir munu þeim líklegast reynast og halda því eindregið fram, að bera skuli uppkastið undir kjósendurna, — að gera samningana að þjóðinni fornspurðri er glæpur við þjóðræðið. — Búist er við, að Conservativar muni knýja stjórnina til þingrofa með málþófum, og komi á þann hátt fram áhugamáli sínu, — að þjóðin fái að láta vilja sinn í ljósi.

— Kóléra hefir nú stungið sér niður í Boston. Hefir einn maður dáið þar úr sýkinni.

— Marokko-þrætan virðist ætla að hjaðna niður, án nokkurra stórtíðinda, frekar en orðin eru. Þjóðverjar hafa engar frekari tilraunir gert til að æsa Frakka, en í stað þess talað mjög friðsamlega um málin. Eins hafa Spánverjar beðið Frakka fyrirgefningar á þeirri óhæfu, að hafa tekið fastan franska konsúlinn í Adagir og haldið í gæslu meir en klukkustund. Þessi óhæfa sveið Frökkum meir en nokkuð annað, og olli æsingum miklum víðsvegar um Frakkland. En nú, þar sem Spánverjar hafa beðið fyrirgefningar, þá er það mál úr sögunni. — Lloyd George, fjármálaráðherra Bretlands, gat þess nýverið í ræðu, að þó að brezka stjórnin væri hlynt friði, þá væri samt betra fyrir þjóðverja, að fara ekki of geyst í málunum í Marokko.

— Lávarðadeild brezka þingsins samþykti á fimtudaginn var frumvarpið um takmörkun aðeitunarvalds deildarinnar, með breytingu Lansdowne lávarðar, sem áður var getið. Frumvarpið fór því aftur til neðri málstofunnar og þar var það aftur samþykt óbreytt eins og það var í fyrstu. — Forsætisráðherra Asquith hefir nú lýst því yfir, að annaðhvort verði lávarðarnir að samþykkja frumvarpið óbreytt, eða hann hagnýti sér leyfi konungsins og skipi nógu marga nýja lávarða til að sjá frumvarpinu borgið. Hefir Asquith listann yfir hina nýju lávarða þegar fullskipaðan, og er mælt, að hver þeirra verði að borga 25 þúsund dollars í flokkssjóðinn, verði þeir titlaðir. Foringjar lávarðanna eru tvískiftir: — sumir, þar á meðal Balfour og Lansdowne, vilja láta undan síga, og verða við kröfum Asquiths; — aftur eru aðrir, undir forystu jarls Halsbury, sem hvergi láta bilbug á sér finna, og ætla að berjast fyrir réttindum og heiðri aðalsins út í rauðan dauðann. Einnig eru andstæðingablöð stjórnarinnar tvískift í þessu máli, sum á bandi Lansdowne, en önnur með Halsbury. En í heild sinni þykir lávörðunum það ósæmilegt, að blanda hið göfuga aðalsblóð með ótignu blóði fleiri hundraða [illegible] tekin síðari hluta þessarar viku.

— Uppreist er nú á eyjunni Hayti. Hefir stjórnin borið lægra hluta og Simon forseti flúið. — Bandaríkjastjórnin hefir sent herskip til eyjarinnar til að reyna að jafna um mál manna. Búist er við, að uppreistin endi með því, að Simon forseti verði að hröklast úr tigninni, og uppreistarforinginn taki hans sæti. Það er vanagangurinn í uppreistum þessum.

— Námamanna verkfallið - British Columbia, sem staðið hefir nú yfir í fulla þrjá mánuði, er nú búist við að muni létta af bráðlega. Verkamálaráðgjafi sambandsstjórnarinnar, Mackenzie King, lýsti því yfir í sambandsþinginu, að hann hefði góðar vonir að geta jafnað þrætumálin.

— Í Berlin, höfuðborg Þýzkalands, er banki einn fyrir kvenmenn eingöngu. Honum er stjórnað af konum, og allir starfsmenn hans eru kvenmenn. Bankinn tekur að eins við innlögum frá konum og lánar konum einvörðungu. — Banki þessi hefir ekki verið nema rúmt ár við líði, en hefir hafnað val og gengur brosandi framtíð í móti. Sumar af viðskiftakonunum reka verzlun, iðnað eða aðra starfsemi upp á eigin spítur; aðrar eru eiginkonur, en hinn þriðji flokkurinn samanstendur af vinnustúlkum og er hann fjölmennastur. Forstöðukona bankans heitir Anna Hoffman, og er hún talin hagfræðingur góður og forsjál. — "Ég vissi ekki", sagði hún við blaðamann einn nýverið, "fyr en við stofnuðum þennan banka, hvað konur eru tortrygnar á ráðvendni og hæfileika meðsystra sinna. Helmingurinn af konum þeim, sem hikað hafa við að styrkja okkur, segir, að þær beri ekki traust til kvenna við slíka starfsemi. Vér höfum þó gert mikið og gott verk og bjargað mörgum iðnaðar- og verzlunar-konum frá gjaldþroti".

— Ottawa borg hefir samþykt að verja 5 þús. dollars til þess að veita hæfilega móttöku Duke of Connaught, hinum nýja landsstjóra Canada, sem er föðurbróðir Bretakonungs. Margir borgarar þar andæfa þessari fjárveitingu og telja að betur megi verja fénu á annan hátt.

— Bóndi einn í Ontario andaðist í sl. viku 113 ára gamall. Kom frá Englandi árið 1798, þá 10 ára að aldri. Hefir síðan dvalið í Canada.

— Uppreist er hafin í Persíu. Óaldarflokkar geysa um landið, rupla og ræna, brenna bæi og vinna stórtjón á eignum og mönnum. Ráðaneytið hefir velzt úr völdum, og óreiða hin mesta á stjórnarfari landsins, því heita má að Persía sé nú öll í höndum stjórnleysingja. Herlið stjórnarinnar hefir í mörgum tilfellum gengið í lið með óaldarseggjunum, sem nú, eftir síðustu fregnum, hafa gereyðilagt 40 þorp í Ardabil héraðinu og mörg víða annarstaðar. — Keisari Persa er sem kunnugt er barn að aldri, og stjórnartaumar ríkisins voru því í höndum stjórnarráðs. — Vænta má, að Englendingar eða Rússar blandi sér í sakirnar áður en rás viðburðanna nær algleymingi, — en af því gæti leitt það, að sjálf, stæði Perslands væri lokið. — Síðari fréttir segja hinn afdankaða Persakeisara, Muhamed Ali, sem dvalið hefir útlagi á Rússlandi árlangt, hafa brotist inn í Persíu með hersveitir, og hafi strax mikið af landslýðnum gengið honum til handa. Og hafa Muhamed og hermenn hans unnið sigur í öllum viðureignum til þessa, og blaktir fáni hans nú víðast yfir Persíu. — Allra síðustu fréttir segja afdankaða keisaranum vera áleiðis til Teheran, höfuðborgarinnar, og er búist við, að hún muni litla vörn veita. Falli hún, er Muhamed Ali aftur orðinn keisari Persa.

— Stórbruni varð í Konstantinópel, höfuðborg Tyrklands, á mánudaginn. Brunnu þar tíunda þúsund hús til grunna, og er því skaðinn mjög mikill. Flest voru húsin sem brunnu, timburhús, þó nokkrar steinbyggingar brunnu einnig. Þetta er hinn mesti eldsvoði, sem komið hefir upp í Konstantinópel síðan 1870, að hinn evróeiski hluti borgarinnar brann. — Þessi eldur er álitið að hafi verið af mannavöldum, því hann kviknaði á mörgum stöðum í einu. Er það skoðun manna, að brennuvargarnir hafi kveikt í húsunum vegna pólitiskra æsinga, í því skyni, að hefna sín á Ungtyrkjastjórninni. Að þessu sinni sakaði hinn evrópeiska hluta borgarinnar ekki, því vindurinn bægði eldinum frá þeim stöðvum. Nokkrar vandaðar kirkjur Múhamedsmanna brunnu í þessum eldsvoða.

— Þau stórtíðindi gerðust í brezka þinginu á mánudaginn, að Asquith forsætisráðherra var bróp aður niður og öll neðri málstofan lenti í uppnámi, alt vegna lávarða frumvarpsins (Veto Bill). Mr. Asquith lagði það að nýju fyrir deildina, og ætlaði sér að mótmæla breytingum þeim, sem lávarðarnir höfðu á því gert. En strax og hann stóð upp til að tala, hófu andstæðingarnir óhljóð og gauragang, og þrátt fyrir margítrekaðar tilraunir forsetans, að stilla til friðar, tókst það ekki, og Asquith varð að hætta við ræðu sína. — Hrópin að Asquith voru meðal annars: "Svikari", "raggeit" og "niðingur". Heilar tvær stundir stóðu ólætin, án þess nokkru tauti yrði við komið. Þeir ræðumenn, sem komu á eftir Asquith, fengu sumir áheyrn, aðrir ekki. Óróaseggirnir voru hinir yngri þingmenn Unionistanna, og var forsprakkinn F. E. Smith, ungur lögmaður, sá er varði Miss Le Neve, hjákonu Dr. Crippens, í fyrra. Hann er nú foringi þeirra þingmanna neðri málstofunnar, sem svæsnastir eru á móti lávarðafrumvarpinu. Smith reyndi að halda ræðu, en stjórnarsinnar hrópuðu hann niður. Aftur fékk Balfour, andstæðingaleiðtogina, áheyrn, og harmaði hann, að þessi ólæti hefðu átt sér stað, en kvað hins vegar eðlilegt, þó hugir manna væru æstir í þessu máli. Hann brigslaði Asquith um það, að hann væri að draga krunnna ofan í skarnið. Ólætin hófust þá að nýju, og endirinn varð sá, að forsetinn varð að slíta fundinum öllum í uppnámi. Asquith let svo blöðin flytja ræðuna, sem hann fékk ekki haldið. — Annað eins uppnám hefir ekki átt sér stað í brezka þinginu svo elztu þingmenn muni, og mun eins dæmi í þingsögu Bretlands, að forsætisráðherranum hafi verið bægt frá að flytja mál, með ólátum. Lávarðafrumvarpið verður aftur til umræðu í deildinni í byrjun næstu viku, og má þá aftur búast við sögulegum þingfundi.

— Enskur maður, Bryant að nafni, hefir fundið upp aðferð til að lækna tæringu, og er hún í því fólgin, að anda að sér gufunni af úldnu kjöti. Bryant þessi var áður verkamaður í kolanámu í Bradford og fékk þar tæringu, en lækna ði sig á ofangreindan hátt. Hann hefir nú 30 sjúklinga til lækninga, og eru allir á batavegi. Auðmaður einn gaf bæjarstjórninni í Bradford 50 þúsund dollars til að koma upp lækningahæli til að reyna þessa aðferð Bryants í stórum stíl John Burns verkamálaráðherra skipaði svo fyrir, að læknar skyldu rannsaka lækningastofnun Bryants og aðferð hans, og komust þeir að þeirri niðurstöðu, að efnin í andrúmsloftinu, sem sjúklingarnir önduðu að sér, væru aðallega "ammonia" og "tymethylamine" og væru gjördrepandi fyrir gerlana þessi efni kæmust með innöndunni að gerlunum í hinum sjúku og gætu þannig minkað lífsmagn þeirra og jafnvel drepið þá með öllu, án skaðlegra áhrifa á líkamann eða taugakerfið.

— Barún Rosen, sendiherra Rússlands í Bandaríkjunum, hefir verið kvaddur heim til Pétursborgar. — Eftirmaður hans í Washington verður George Bachmetieff, fyrrum sendiherra Rússa í Japan.

— Diaz, hinn landflæmdi forseti Mexico, er nú í Sviss sér til heilsubótar. Er talinn farinn að heilsu, enda fjörgamall.

— Canadian Pacific járnbrautarfélagið ætlar nú að láta smíða tvö stórskip, sem halda eiga uppi farþega og flutningsferðum meðfram Kyrrahafsströndinni og til Japan og Kína. Skip þessi eiga að kosta 2½ mil-ón dollars hvert og verða tilbúin til notkunar vorið 1913. Verða þetta hin vönduðustu skip félagsins.

— Hólmgöngur í þýzka hernum hafa verið talsvert tíðar, en nú hefir hermálastjórnin ákveðið, að hegna harðlega þeim, sem þær há hér eftir. Aðalsmaðurinn barún Oswald von Richthofen, sonur fyrverandi utanríkisráðherra Þýzkalands, og liðsforingi í hernum, háði nýverið hólmgöngu við annan liðsforingja, og féll sá dauður niður. Barúninn hefir nú verið dæmdur í tveggja ára þrælkunarvinnu fyrir tiltækið, — tjáði þar ekkert ættgöfgi eða auður. Þýzku lærlögin þyrma engum.

— Iðnsýningin var opnuð í Brandon á mánudagsmorguninn, og stendur yfir alla þessa viku. Þykir mikið til sýningar þessarar koma, sérstaklega búfjár- og akuryrkjuafurða sýningarinnar.

— Standard Oil félagið, sem hæstiréttur Bandaríkjanna dæmdi fyrir skömmu að upp skyldi leysast innan sex mánaða, vegna þess það væri einokunarfélag og gagnstætt lögum, — hefir nú uppfylt dóminn á þann hátt, að skifta sér niður í 35 smærri félög. En þrátt fyrir þessa breytingu, verður yfirstjórn allra félaganna hin sama og áður var í Standard Oil félaginu. Og hefir því félagið að eins verið upplevst í orði kveðnu, en ekki í virkilegleik. En innan vébanda laganna og þeim samkvæmt mun þetta nýja fyrirkomulag vera. — Það voru þrettán menn, sem langmestan hlutann áttu í Standard Oil félaginu, og var John D. Rockefeller stærsti hluthafinn, átti fullan fjórðung allra hlutanna. Þessir hinir sömu menn hafa eftir sem áður töglin og hagldirnar í ólíuverzlun Bandaríkjanna, svo að litlum notum virðist hæstaréttardómurinn hafa komið.

— Alfons Spánarkonungur lagði af stað í kynnisför til Englands á þriðjudaginn.

Heimflutningur Hafnardeildarinnar.

Það ætti öllum Íslendingum nær og fjær að vera gleðiefni, að Hafnardeild Hins íslenzka bókmentafélags á nú að flytjast heim og sameinast Reykjavíkurdeildinni.

Baráttan um þetta atriði hefir verið löng og hörð. Þjóðræknir Íslendingar fundu til þess sárar og sárar, að hið eina vísindafélag landsins hafði aðal-bækistöð sína í Kaupmannahöfn, og að Reykjavíkurdeildin, sem átti að lögum að vera aðaldeild félagsins, var í raun inni lítið annað en undirtylla Hafnardeildarinnar. Óánægjan með þetta ástand óx ár frá ári, — þó mest kvæði að henni innbyrðis í Hafnardeildinni sjálfri nú síðustu árin, eftir að Dr. Þorvaldur Thoroddsen varð forseti deildarinnar

Hann og fleiri danskir Íslendingar vildu út af lífinu halda fast í Hafnardeildina, og töldu heimflutning hennar vísindastarfsemi félagsins til tjóns, mest þó fyrir þá sök, að styrkurinn, sem félagið nýtur úr ríkissjóði Dana, félli þá niður. Aftur voru íslenzkir stúdentar við háskólann undantekningarlítið heimflutningsmenn, og áttu leiðtogar þeirra harðar og langar erjur við forsetann, sem oftlega virti lög félagsins að vettugi og fór sínu fram með ofstæki og lögleysum, — dyggilega studdur af þeim mönnum, sem þó Íslendingar teljist, eru danskir embættismenn eða búsettir í Danmörku.

En þessi barátta endaði með því að nefnd var kosin af báðum málspörtum, til að komast að endilegri niðurstöðu, og árangurinn af þessu nefndarstarfi varð sá, að Hafnardeildin á að flytjast heim. Þannig hafa heimflutningsmenn borið sigur af hólmi í þeim viðskiftum.

Í raun réttri hefir enn ekki fullnaðarákvörðun verið tekin, en svo gott sem. Hafnardeildin hefir samkvæmt nefndarálitinu gert Reykjavíkurdeildinni það tilboð, að deildaskiftinguna skuli afnema og sameina báðar deildir í eitt félag með heimili í Reykjavík, og með jöfnum réttindum fyrir alla félagsmenn, hvar í heiminum sem eru. Þannig geta allir félagar látið til sín taka við atkvæðagreiðslu og embættismannakosningar, þó fjær séu staddir fundi félagsins. Þeir að eins skrifa niður nöfn þeirra manna, sem þeir vilja hafa í stjórn félagsins, og senda síðan til ritara félagsins. Atkvæði þeirra verður því jafn-réttmætt og þeirra manna, sem á aðalfundi sitja. — Þetta er mikilsverð breyting til batnaðar, því áður hefir vanalega sáralitill hluti af félagsmönnum getað neytt réttinda sinna, vegna þess þeir gátu ekki mætt á fundum félagsins og greitt atkvæði sín þar. — Þessu tilboði Hafnardeildarinnar mun Reykjavíkurdeildin ófeð taka og með þökkum á næsta aðalfundi, sem nú mun þegar hafa verið haldinn, þó fréttir hafi ekki hingað borist enn þá þess efnis.

Heimflutningur Hafnardeildarinn ar hefir að voru áliti margt til síns ágætis: Losar félagið við dönsk áhrif, sem hafa reynst því óholl á fleiri en einn hátt, en stúdlar í þess stað að því, að blómga bókmentir landsins í íslenzkum jarðvegi einvörðungu, — því í landinu sjálfu eiga bókmentir íslenzku þjóðarinnar að vera, — í landinu sjálfu eiga mentastofnanir þjóðarinnar að vera og í landinu sjálfu á landsstjórinn að vera.

En það var ekki að eins þjóðlega hliðin, sem heimtaði það, að Hið íslenzka bókmentafélag hefðist eigi að hálfu við í Danmörku, heldur óklofið heima á Íslandi. Bókmentalegs og fjárhagslegs hagnaðar má líka vænta af heimflutningnum. Félagið mun starfa betur, öruggar og öflugar sem ein heild, getur sett sér ákveðnara mark og lærst meira í fang, er það er í einu lagi, en því var kleyft meðan það var tvískift. Framkvæmdir félagsins ættu ekki að verða dýrari, þvert á móti. Og það, að styrkurinn úr ríkissjóði Dana fellur niður við heimflutninginn. Það eitt ætti að verða gleðiefni, því það er harla óviðeigandi, að þiggja meðlag frá Dönum til að efla íslenzkar bókmentir, — gengur næst að vera íslenzku þjóðinni til vansæmdar.

En hvað varðar Vestur-Íslendinga um þetta heimflutningsmál? munu sumir spyrja. Og svarið verður það, að fyrst og fremst viðkoma þeim öll þau mál, sem varða hina íslenzku þjóð, hvert sem þau snerta bókmentirnar, þjóðernið eða stjórnarfarið. Öll áhugamál Austur-Íslendinga eru á sína vísu áhugamál Vestur-Íslendinga, — bróðurböndin eru þess valdandi.

Svo er annað: Allmargir Vestur-Íslendingar eru meðlimir Bókmentafélagsins. Sú breyting verður nú á við heimflutninginn, að í stað þess að vera bókstafsmeðlimir einungis eins og að undanförnu, verða þeir nú hlutgengir meðlimir, — það er að segja, hafa sömu réttindi og þeir, sem á fundum félagsins mæta, með því að senda félagsstjórninni skriflega atkvæði sín, hvort heldur við embættiskosningar eða í öðrum málum. — Það er þetta sem meðlimirnir hér vestra hafa unnið við heimflutninginn.

Bókmentafélagið sameinað í eitt ætti að geta orðið öflugt og víðtækt og til stórgróða bókmentum Íslands. — Vér vonum einlæglega, að svo verði.

— Kappflug frá St. Petersborg til Moskva stendur nú yfir. Eitt slys vildi til á þriðjudaginn; flugvél ein féll til jarðar með tveim mönnum í, og lét annar lífið, en hinn, flugstjórinn Slussarenko að nafni, brotnaði á báðum fótum.

OGILVIE'S
Royal Household Flour
Til Brauð og Köku Gerðar
Gefur Ævinlega Fullnæging
EINA MYLLAN Í WINNIPEG,—LÁTIÐ HEIMAIÐNAÐ SITJA FYRIR VIÐSKIFTUM YÐAR

BJARNASON & THORSTEINSON
Fasteignasalar
Kaupa og selja lönd, hús og lóðir víðsvegar um Vestur-Canada. Selja lífs og eldsábyrgðir.
Lána peninga á fasteignir og innkalla skuldir.
Öllum tilskrifum svarað fljótt og greiðanlega.
WYNYARD :-: SASK.

VEGGLÍM
Vönduð bygginga efni:
The "Empire" Wood Fiber tegundir.
Cement Wall og Finish Plasters
Sackett Plaster Board.
Vér höfum ánægju af að senda yður vora "Plaster Book"
Manitoba Gypsum Co., Limited.
Winnipeg, Manitoba

Heimskringla
Published every Thursday by The Heimskringla News & Publishing Co. Ltd

Verð blaðsins í Canada og Bandar $2.00 um árið (fyrir fram borgað).
Sent til Íslands $2.40 (fyrir fram borgað).

B. L. BALDWINSON
Editor & Manager

Office:
729 Sherbrooke Street, Winnipeg
BOX 3083. Talsími: Garry 4110.

Kaupin væntanleg.

Það hefir verið efst í huga Winnipeg-búa um nokkurn undanfarinn tíma, að bæjinn ætti sjálfur að eiga strætisbrautakerfi sitt, ásamt með gas- og rafmagns-stöðvum þeim, sem nú veita öllum bæjarbúum ljós, hita og vinnuafl.

Alt þetta hefir verið og er eign Winnipeg Electric Railway félagsins, sem er sama og Canadian Northern járnbrautarfélagið, sem er sama sem tveir menn aðallega, þeir McKenzie og Mann.

Menn hafa fundið til þess, að Winnipeg borg, sem nú er orðin þriðja stærsta borg í Canada, og verður vafalaust langstærsta borgin, þegar tímar líða, ætti sjálf að eiga eignir þær, sem hér um ræðir. Eignir þessar eru þjóðleg nauðsyn og ættu því að vera þjóðeiga. — Sama félagið átti fyrrum vatnsleiðslukerfi bæjarins, en bærinn keypti það fyrir nokkrum árum og hefir síðan aukið það og bætt í samræmi við vaxandi íbúatölu. Kaup þau hafa reynst vel, og það er skoðun flestra bæjarmanna, að kaup á þessari stóreign eða eignum mundu einnig reynast bænum hagfeld, og að yfirráð bæjarins yfir eignunum séu honum ómissandi skilyrði fyrir framtíðarþroskun. — Samkvæmt þessari skoðun var það, að á sl. vetri var rætt við eigendurna um, að þeir seldu borginni allar eignir sínar hér. Herra McKenzie gerði þá kost á að selja með $250 verði hvern félagshlut, en það er sama sem 22½ milión dollars fyrir allar eignirnar. Mörgum fanst verðið hátt frá sjónarmiði kaupendanna, en seljendur héldu fram, að það væri sanngjarnt af því að árlegur arður af eignunum gæfi væna vexti af innstæðufénu, og þess vegna væri það stór hagur fyrir borgina að kaupa allar eignirnar. Síðan hefir málið legið í þagnargildi og bæjarstjórnin ekkert aðhafst opinberlega, en þó í kyrþey leitað sér allra fáanlegra upplýsinga um ástand félagsins, um verð eignanna, starfrekstrurskostnað og inntektir, og alt annað, sem málið varðar og hjálpað gæti henni til þess að komast að ábyggilegri niðurstöðu um það hvort gerlegt sé að kaupa með því verði, sem beðið er um fyrir eignirnar. Afleiðingin af þessum rannsóknum er sú, að það er sýnt og sannað, að það er stór gróði í starfsrekstri allra eignanna. Borgarstjóri Evans, sem vafalaust er mesti fjármálafræðingur, sem nokkru sinni hefir skipað þá stöðu hér í borg, er sannfærður um, að borgin ætti að kaupa þessar eignir, og hefir þess vegna ráðgert, að láta borgarbúa innan skams greiða atkvæði um það, hvort ganga skuli að boði félagsins. Hann hefir engan efa á því, að það mundi borga sig vel fyrir borgina að ganga að kaupunum. Skýrslur félagsins sýna að það græðir stórfé á hverju ári á þeim, og það er viljugt til að gefa mönnum, sem bærinn útnefnir til þess, óhlutdrað tækifæri til að yfirfara alla reikninga þess, svo að þeir fyrir bæjarins hönd geti sannfærst á því, að alt sé hreint frá þess hendi, og að gróðinn sé eins og bækur þess sýna.

Í raun réttri er félagið ekki að bjóða þessar eignir sínar til kaups — því er engin þægð í að selja þær. Það að eins veitir bænum kost á, að kaupa þær með uppsettu verði, ef það er vilji borgarbúa; að öðrum kosti er það hjartanlega ásátt með að halda áfram að eiga þær og að raka saman stórfé á þeim árlega, eins og það hefir gert að undanförnu. En svo stendur á einmitt nú, að annað félag vill kaupa allar þessar eignir, og þess vegna vilja þeir McKenzie og Mann láta bæjarbúa ákveða um það, hvort þeir vilji sæta fyrsta kauprétti eða ekki.

Nú til þess að kjósendur geti greitt skynsamlega atkvæði um þetta mál — það lang-stórfeldasta og þýðingarmesta fyrir framtíð borgarinnar, sem nokkru sinni hefir verið hér á dagskrá —, þá verða þeir að eiga kost á öllum þeim upplýsingum, sem til eru um málið, og það þarf að rétta þeim þær upp í hendurnar þeim að fyrirhafnarlausu, því fæstir þeirra munu gæddir nægri fróðleikshvöt til þess að leita þeirra af sjálfsdáðum. — Bæjarstjórnin er einhuga um það, að bærinn ætti að taka sölutilboði félagsins, og það því fremur, sem nú eru aðrir keppinautar um boðið. Þessir keppinautar eru Montreal Power félagið, ásamt með auðmönnum frá New York borg. Og einmitt fyrir þetta tilboð Montreal og New York mannanna er það, að félagið hér óskar að fá sem fyrst að vita vilja Winnipeg borgar.

Bæjarstjórnin vill ganga að kaupunum, ef — eftir itarlega rannsókn á öllu ástandi félagsins —, það verður sýnt, að inntektir þess nægi til þess: 1) að borga allan starfs- og viðhalds-kostnað; 2) borga alla vexti af öllum skulda bréfum félagsins, og alla skatta og tolla til bæjarins og fylkisins og ábyrgðargjöld og þau önnur útgjöld, sem heyra undir starfsrekstur eignanna; 3) að setja til síðu árlega næga fjárupphæð til þess að mynda varasjóð, sem að 40 arum liðnum nægi til þess, að borga að fullu allar skuldir, sem stafa af kaupi eignanna, og 4) að öllu þessu frádreknu, þá sé gróðinn svo mikill, að nemi 7 prósent af þeim 15 miliónum dollars, sem taka verður til láns til þess að borga að fullu fyrir hlutabréf félagsins. Þessar 15 miliónir dollars getur bærinn fengið með 4 prósent vöxtum; en þessi 3 prósent, sem umfram er, yrði um $300,000 til $400,000 á ári, sem nota mætti til þess að auka árlega við brautasporin, og stækka þannig kerfið eftir vaxandi þörfum borgarinnar. Þeir, sem nákvæmast hafa rannsakað málið, telja engan efa á, að bærinn mundi geta grætt á eignunum hálfa milión dollars á ári eða meir og að það sé því ekkert alitamál, að sæta sölutilboði félagsins nú þegar, því verðið muni hækka ár frá ári.

Á þessu ári hafa hlutabréf félagsins komist hæst í $2.44 hvert dollarsvirði, og lægst niður í $1.84, — það er að segja fyrir strætisbrautakerfið. Á síðasta ári urðu allar inntektir af strætisbrautum borgarinnar $3,284,341. Föst útgjöld urðu $694,378. Gróðinn talinn $1,629,508. Skift milli hluthafa af þeim gróða $600,000. Sömu upphæð var skift milli hluthafa næsta ár á undan, og nálega jafnmikil upphæð borguð til þeirra árinu 1908. Þetta sýnir, að félagið græðir, og bærinn ætti að geta grætt annað eins, ef hann ætti eignirnar.

Vöxtur félagsins hefir verið ákaflega mikill á sl. 10 árum. Árið 1900 voru allar inntektir þess af strætisbrautunum ekki meiri en $280,132 í stað $3,284,341 á síðastl. ári. Þá varð gróði þess ekki nema $109,537, í stað $1,629,508 á sl. ári. Þá var $55,000 skift upp á milli hluthafanna, en á sl. þremur árum $600,000 árlega. Þetta bendir til þess, að vöxturinn muni verða svipaður framvegis, og að gróðinn vaxi að sama skapi. Það ætti því ekki að vera neitt hættuspil fyrir bæinn, að taka af sér eignirnar með uppsettu verði, þó upphæðin virðist há. Fyrir 10 árum voru hlutir félagsins ekki teldir neins virði. Þá fékst ekkert boð í þá, og því voru engir hlutir seldir. En nú eru þeir eins trygg og arðberandi eign eins og til er í Canada, og komnir í hátt verð. — Öll strætisbrautaeignin hefir kostað félagið $14,612,222 og hlutahöfuðstóllinn er talinn 6 miliónir dollars. En skuldabréf félagsins, eða veðskuldir sem á því hvíla, eru $13,434,602. Af þessu er auðsætt, að félagið heimtar svo sem svarar 6 miliónum dollars meira frá bænum fyrir eignina en hún hefir kostað það. Þessar 6 miliónir dollars eru sektarfé, sem bærinn verður nú að borga fyrir að hafa ekki í fyrstunni haft áræði og framkvæmdarþrek til þess að setja stofnun þessa upp á eigin reikning og starfrækja hana síðan einnig á reikning bæjarins. En það er betra að borga sektarfé þetta nú strax, en að þurfa að borga það tvofalt hærra síðar, eða að öðrum kosti verða að una við, að greiða 1½ milión á ári í hreinan gróða til félagsins umfram það sem ætti að vera, og fyrir það, sem bærinn ætti að veita sér sjálfur, án þess að þurfa að sækja það til einokunarfélags og gjalda því hvaða verð, sem því þóknast að setja. Alls vegna er því vonandi, að bæjarbúar íhugi mál þetta vandlega, og þá má vænta þess, að þeir greiði einhuga atkvæði sín með kaupunum, þegar málið verður lagt undir úrskurð þeirra

Vernd frá elding.

Manitoba búnaðarskólinn hefir nýlega gefið út bækling um verndun bændabýla frá eldingum. Bæklingur þessi er ritaður af Prof. L. J. Smith. Í þessu blaði er ekki rúm fyrir meira en litinn útdrátt úr efni ritsins, sem annars er alt um áhugamál bænda og ætti því að vera í sem flestra þeirra höndum.

Prof. Smith skýrir frá, að oft komi það fyrir, að eldingu slái niður í hús bænda og geri þeim talsvert eignatjón og jafnvel stundum lífstjón, og að það ætti því að vera bændum áhugamál, að geta forðast eldingar. Tvær spurningar eru algengastar um þetta mál: 1) Hvort nokkur ábyggileg trygging gegn eldingum sé þekt, og 2) Hver sé ódýrust og auðveldust aðferð til varnar gegn þeim. Þessum spurningum svarar hann svo, að það sé viðurkendur sannleikur, að hægt sé að vernda hús og byggingar fyrir eldingum, og að öllum rafmagnsfræðingum komi saman um það. Talsímafélög og rafmagns járnbrautafélög verji eignir sínar fyrir eldingum og stórar verksmiðjur verji sína háu verksmiðjureykháfa frá hruni af völdum eldinga. Það hefir verið áreiðanlega sannað, að hægt er að leggja eldingaleiðara á byggingar, svo að þær séu óhultar fyrir eldingum. — Komið geta svo öflugir straumar, að varðar byggingar verði fyrir smávægilegum skemdum, en hæði er það, að slíkt ber mjög sjaldan við, og að þegar það kemur fyrir, þá eru skemdirnar mjög litlar, og aldrei svo að kvikni í húsunum. Til þess að vernda hús frá skemdum af eldingu, þarf að leggja eldingaleiðara af sjálfum húsunum, sem vernda skal, niður í jörðuna, svo að þó eldingu slái að húsinu, þá lendi hún í leiðaranum og fari eftir honum í jörð niður.

Tvens konar efni er notað í leiðara þessa: Járn eða stálkaðall og ofinn eða snúinn koparkaðall. Sú var tíðin, að koparleiðar eingöngu voru notaðir. En nú er það orðið fullsannað, að járn- eða stál-vírar gera algerlega sama gagn og kopar, og sumir sérfræðingar mæla jafnvel meira með járnleiðurum, en hinum, sem gerðir eru úr kopar. Yfirleitt er nú álitið af ýmsum þeim sérfræðingum, sem mál þetta hafa rannsakað, bæði á Bretlandi og í Bandaríkjunum, að galvaniseraður járnvír sé eins góður þrumuleiðari eins og völ er á úr nokkru öðru efni.

Prof. Smith, sem ritar um þetta fyrir Búnaðarskólann, ráðleggur og mælir með, að bændur noti galvaniseraðan járnvír eða stálvír, sem sé 5.—16. hlutar úr þuml. að gildleika, — eða það sem á ensku er nefnt: "Galvanized Guy Wire". Helzt vill hann að það sé járnvír, telur hann betri en stálvírinn, og segir hann sé endingarbetri, þó að talsímafélögin noti mest stálvírinn af því hann sé sterkari. Járnvírinn, sem þrumuleiðari á hásum bænda, lauslega strengdur frá mæn irásum niður í jörðu, getur enst meira en 30 ár, og að sé sá járnvír málaður, þá geti hann enst óendanlega langan tíma. Gæta verður þess, að galvaniseringin sé góð á vírnum. Til þess að kaupandinn fái vissu sína um það, þarf hann ekki annað en að beygja vírinn snögglega; ef galvaniseringin brestur ekki, þá er hún góð. Þessi 5.—16. þuml. galvaniseraði kaðall er gerður úr 7 þáttum, sem hver um sig er 0.11 úr þuml. að gildleika. Gæta verður þess, að kaupa ekki lyftivéla-kaðal, sem ekki er galvaniseraður, og gerður er úr nokkrum þáttum af finum járnvírum. Slíkir kaðlar eru gerðir til inni-nota og endast ekki úti við. Þessi 15.—16; þuml. vír, sem höf. ráðleggur bændum að nota, kostar frá 1½—2 cents hvert fet, og er nær einn fimti úr pundi hvert fet. Slíkan þráð má fá í hverju heildjárnsöluhúsi í Winnipeg; svo að segja hver járnvörusali hefir hann til sölu eða getur útvegað hann og selt með því verði sem áður er sagt. Sumir segja, að nota megi mjórri þráð, en hann kostar litlu minna og því bezt að halda sér við það, sem ráðlagt hefir verið.

Í Ungverjalandi hefir það verið sýnt, og einnig á öðrum stöðum í Evrópu, að almennur gaddavír er eins áreiðanlegur eldingaleiðari eins og nokkur þörf er á, og í Ungverjalandi er sá vír alment notaður og reynist vel.

Aðalmergur málsins er þá þessi: Bændur geta trygt öll sín hús fyrir eldingum með því að strengja algengan girðingavír yfir um þau, og að festa hann með galvaniseruðum járnkengum við húsveggina. Vírinn má liggja fast að húsveggnum, en festur skyldi hann á priggja feta millibili, svo að hann liggi sléttur. Bezt er að strengja vírinn eftir endilöngum mænirás húsanna og svo niður með hverju horni þeirra nokkra þumlunga niður í jörðina, svo að endarnir haldist þar, og skyldu þeir þá beygjast út frá húsinu. Síðan skal "tydda vírinn", sem svo er nefnt; en það er gert á þann hátt, að festa járnteina með 20 feta millibili úr sjálfum vírleiðaranum beint upp í loftið frá mæni húsanna. Þar sem teinninn er upp frá mæninum, á hann að vera 36 þuml. langur; en sé hann látinn liggja upp með reykháfnum, nægir að hann nái 20 þuml. upp fyrir hábrún reykháfsins. Endarnir á teini þessum eiga að vera vel yddir. Nota má í teininn ⅜ þml. þykt járn, og sé teinninn gerður svo oddhvass að hann sé beittur. Einnig má gera tein úr algengum girðingavír, svo sterkum að hann haldist beinn og bogni ekki fyrir vindi. Þá er ekki um odd að ræða, heldur er losað um þættina í þræðinum að ofanverðu, svo að nokkurt bil verði milli þeirra, og virðist það hafa algerlega sömu áhrif eins og þó væri oddmjór teinn. — Best er að grafa enda þrumuleiðaranna sem dýpst í jörðu, eða þar til endarnir ná svo langt niður, að einatt sé þar væta nokkur. Endarnir verða, svo vel sé, að ná niður fyrir moldar-jarðlagið, niður í leirjörð, þar sem væta er varanleg.

Slíkur eldingaleiðari, sem hér hefir nefndur verið, er svo óbrotinn og ódýr, að hver bóndi getur staðið sig við að fá hann, — ekki að eins á íbúðarhús sitt, heldur á hverja aðra byggingu, sem er á landi hans. Hver bóndi getur sjálfur sett þessa vírleiðara á hús sín, og með svo litlum kostnaði, að hans gætir ekki.

Mál þetta er þess virði, að allir bændur gefi því gaum, og skólinn hefir gefið bæklinginn út í því augnamiði, að hann, eða leiðbeiningar þær, sem hann færir, geti orðið bændum að liði.

Þeir, sem vildu eignast bæklinginn, skrifi eftir honum til: Manitoba Agricultural College, Winnipeg, Manitoba.

Kaupið 10c 'plug' af

Currency

CHEWING
TOBACCO

OG VERIÐ GLAÐIR.

GULL

saga eftir Einar Hjörleifsson.

Þá er þessi langþráða skáldsaga komin hingað vestur til útsölu. Hún er sem kunnugt er framhald af sögunni "Ofurefli", og er í sama broti, með sama letri og í samskonar bandi og sú bók, en dálitið styttri. Að ytra frágangi er 'Gull' hin vandaðasta bók.

"Gull" byrjar rúmum sex árum eftir að "Ofurefli" endar, og eru allar aðalpersónurnar hinar sömu — Þorbjörn Ólafsson kaupmaður, séra Þorvaldur Gunnarsson, Ásgrímur, Sigurlaug og Ragnhildur. Aftur eru Sigríður og yfirdómarinn horfin, en í þeirra stað eru komin Borghildur prestsekkja, sem alt af hugsar um dauðann og eilífðina; Þórarinn Steingrímsson verkfræðingur, sem verður tengdasonur hennar að henni þvernauðugri; Ásdís dóttir hennar, blíð og bljúg; fiskikerlingar og fleiri persónur eru leiddar af höfundinum í þessari sögu fram á sjónarsviðið. Baráttunni milli séra Þorvaldar og Þorbjarnar gætir lítið í sögunni. Dómkirkjusöfnuðurinn hefir klofnað, eins og ráða mátti af sögulokum "Ofureflis". Hefir séra Þorvaldur myndað fríkirkjusöfnuð, en dóm kirkjusöfnuðurinn fengið sér nýjan prest, sem er Þorbirni að skapi. Þorbjörn er sem áður máttarstoð þess safnaðar, og hefir komið á fót "Guðræknisfélagi", til eflingar barnatrúnni sönnu og gömlu, og fengið sem sálnavekjara guðfræðiskandídat "ljóshærðan beljaka, með breitt, búldulegt barnsandlit, sem fyrir nokkrum árum hafði útskrifast af prestaskólanum og farið til Danmerkur sem gufuleg og gáfnastirð mannrola. En guðfræðifélög Danmerkur höfðu tamið hann og teygt úr honum, svo nú var hann orðinn glæsilegur gæðingur, er fór á harðasprettum jafnt yfir blómgrundir sem blágrýtisurðir kirkjukenninganna". "Guðræknisfélagið" hafði fengið styrk handa honum frá Danmörku, til þess að standa á verði gegn villukenningum og öðrum vélabrögðum mannkynsóvinarins, og kristna það litla brot af landsmönnum, sem þeirrar gæfu yrði auðið". —

Í "Guðræknisfélagið" hefir Þorbjörn smalað mannfjölda, en konurnar mæta mest á fundum, og karlarnir þrassa að greiða tillögin sem þeir höfðu lofað.

"Þeir sækja ekki mikið hingað, karlmennirnir", segir Þorbjörn við Borghildi á einum fundinum.

"Nei, þeir þurfa líklega ekki að leita náðar guðs", var svarið.

"Það gerði minna til, ef þeir þá greiddu þetta, sem þeir hafa lofað. En það gera þeir ekki heldur, bölvaðir slóðarnir", svaraði Þorbjörn.

Menn mega ekki halda, að "Gull" fjalli mest um trúarbrögð eða trúarlíf manna, fjarri fer því. Aðallega lýsir sagan gullfundinum í nánd við Reykjavík, — hvernig allir dreyma gulldrauma og búast við að verða stórríkir á svipstundu.

"Gulldarumurinn varð eins og hálfrosalegur vormorgun, en yndislegur samt, fullur af fossandi, gruggugum fagnaðarvonum".

Og framtíðarsýnir, sem svífa fyrir hugskotssjónum Þorbjarnar kaupmanns, eru:

"Miljóna bær, — miljónir manna og miljónir fjár — gull — gull. — Gullið kemur ekki frá útlöndum framar, — það kemur upp úr jörðunni — upp úr Reykjavík — upp úr hans landi. — Það kemur þar upp í haugum — gullið — glóandi gullið".

Og svo hugsunin sú að síðustu: "Væri annars ekki gaman að láta grafa sig í gullsandi, þegar maður er dauður".

En svo koma vonbrigðin. Hinir háu loftkastalar hrynja smátt og smátt, unz eintóm vonbrigði verða en ekkert gull.

Þorbjörn tapar stórfé. Eftir áeggjan Ásgríms ræðst hann í að kaupa botnvörpuskip; en það gæti orðið önnur gullnáma. Skipið, sem hann kaupir, er strandskip, sem tekst að ná út, manndrápsfleyta; en yfirskoðunarmennirnir telja það sjófært, og Þorbjörn vátryggir það hátt. Hann lætur skipið fara til veiða, þó hann viti það með sjálfum sér, að það er ósjófært. Skipasmiðurinn hans, drykkjuræfill, sem kallaður er "Karl keisari", gefur honum fyllilega í skyn að svo sé. Þórarinn Steingrímsson líka; en Þorbjörn þvær hendur sínar, — yfirskoðunarmennirnir dæmdu það sjófært. Skipið ferst með allri áhöfn og samvizkan tekur að kvelja Þorbjörn, og honum förlast með degi hverjum.

Hin hlið sögunnar er um séra Þorvald og Sigurlaugu aðallega, — góðu englana í mannsmynd. Sigurlaug, hinn iðrandi syndari, kemur heim til að friðþægja fyrir afbrot sín. Prestur ræður hana fyrir hjúkrunarkonu í hjúkrunarfélagi Fríkirkjusafnaðarins. Hún ávinnur sér hylli allra. Jafnvel Ragnhildur, kona prestsins, sem í fyrstu hefir megnan ýmugust á henni, verður henni vinveitt. Þegar svo Þorbjörn kaupmaður legst veikur, maðurinn, sem hún átti verst upp að unna, þá fer hún af sjálfsdáðum og stundar hann. Þorbjörn verður glaður komu hennar, því gegnum alt má sjá, að Sigurlaugu elskar hann öllu framar, — jafnvel auði og völdum. Sigurlaug er hinn góði engill hans síðustu æfidaga þeirra beggja, og er hún legst veik, kemur séra Þorvaldur til Þorbjarnar og friðþægingarblæja er breidd yfir fortíðina. Þau Sigurlaug og Þorbjörn deyja samdægurs, — hún fyrst, hann síðar, eins og hann hafði marg-óskað.

"Ég má ekki með nokkru móti fara á undan henni", voru margítrekuð orð hans.

Og síðustu orð Þorbjarnar í þessum heimi, þegar prestur hefir sagt honum andlát Sigurlaugar, voru:

"Já, Sigurlaug. Nú er ég að koma".

Þetta er gangur sögunnar í ófullkomnum dráttum, þó margir atburðir séu hér að engu greindir.

Um sögu þessa er það að segja, að hún er stórgróði íslenzkum bókmentum, — sannnefnt gull þeirra. Að minu áliti er hún bezta skáldsagan, sem til þessa hefir samin verið á íslenzka tungu. Efnið, búningurinn og málið, hvert öðru dýrmætara, og lýsingar allar fyrirtak. Höfundurinn dregur upp skýrar myndir úr nútíðarlífi íslenzku þjóðarinnar og tekst að lýsa hugsanalífi þeirra aðdáunarvel. Einna bezt tekst þó skáldinu að lýsa viðræðum séra Þorvaldar og hinnar bölsýnu Borghildar, sem liggur viðsturlun út af missi sonar sins, sjórkarans, sem drukknaði á botnvörpung Þorbjarnar. Þær viðræður og æfintýrið, sem prestur hefir fyrir formála, hrífa hugi hvers sem les. — Sögulokin eru einnig gullfögur. Sagan er í heild sinni í fylsta máta lærdómsrík, — hún er boðberi andans bjartsýni og lyftir huga lesandans á göfugra og víðtækara sjónarsvið.

"Gull" þolir fyllilega samanburð við beztu skáldsögur útlendu stórskáldanna, og hver menningarþjóð myndi telja sér heiður, að eiga höfunda sín á meðal sem Einar Hjörleifsson. Höfundurinn hefir því með sögu þessari reist sjálfum sér veglegt minnismerki.

Öllum bókavinum ætti "Gull" að vera kærkominn gestur. Verð bókarinnar er $1.25, í skrautbandi, og fæst hún hjá H. S. Bardal bóksala.

Að endingu set ég hér lokagreinina úr næst síðasta kafla bókarinnar:

"Og þau fundu bæði, að í sól sálarfriðarins verður alt að gulli, líka reykjarsvæla mannlífsins, og að alt annað gull er mannssálinni fánýtt til frambúðar".

Gunnl. Tr. Jónsson

— Pius páfi liggur hættulega veikur í Rómaborg.

Nýkomar bækur

í bókaverzlun H. S. Bardals, Cor. Sherbrooke og Elgin, Winnipeg:

Gull, í g. b., eftir E. H	$1.25
Ísl. söngbók, 300 söngvar, í b.	0.75
Borgir, skálds. e. Jón Trausta	1.00
Rocambole, þýdd saga	0.40
Njósnarinn, þýdd saga	0.50
Óðalsbændurnir, þýdd saga ...	0.20
Huldar saga, riddara saga ...	0.30
Knúts saga heimska	0.15
Sveinn kardínálans, saga	0.30
Dóttir veitingamannsins, eftir Guðm. R. Ólafsson	0:15
Nokkrar sögur þýddar af I.J.	0.35
Minningarrit Goodtemplara...	1.00
Leifar forn-kristinna fræða, Þorv. Bjarnarson	1.50
Smámunir Sig. Breiðfjörðs, íb.	0.60
Smámunir Sig. Breiðfjörðs og Fertramsrímur, í bandi ...	1.00
Bernótusar og Nokkrar rímur	1.00
Þórgeirsljóð o.fl. í bandi.....	0.50
Plánetu og merkja bók	0.15

Hvert stefnir?

Eftirfarandi grein er tekin upp úr Kirkjublaðinu frá 15. júní, og er eftir ritstjórann, Þórhall biskup Bjarnason. Greinin er að vorum dómi svo markverð, að hún ætti að komast fyrir sem flestra augu, og þar sem Kirkjublaðið er í fárra höndum hér vestan hafs, þirtum við hana hér, svo Vestur-Íslendingum gefist tækifæri að sjá hvert stefnir í landsmálunum heima, að áliti eins mikilhælasta mannsins þar — biskupsins. Myndin, sem hann dregur upp, er ófrýn, en því miður — að vorri hyggju — sönn.

* * *

Ég geri mér ekki vonir um, að það sem ég segi um landsmál í litla blaðinu mínu verði tekið upp í stærri blöðin, og komist með þeim hætti fyrir fleiri augu. Lands málahlöðin eru á einhverjum flokksklafanum og sinna þeim Hjaðningavigum einum.

Og mig langar þó einmitt að geta talað svo að margir heyri, og nokkuð megi í eyrum loða, og helzt af öllu að sviði í hugaraum, svo að fram verði að koma í vilyanum.

Mér er það svo innilega og hræðilega ljóst, að íslenzka þjóðin er einmitt nú á þeim glötunarvegi, sekkur í ánauð og svívirðingu, ef vér hrökkum nú ekki við og rökum breytta og betri stefnu.

Reyndin hefir orðið sú að vér höfum ekki verið því vaxnir, að eiga með oss sjálfir, hvorki einn og einn fyrir sig og enn síður allir saman í félagsbúinu.

Vér hælumst af því, að hér í landi hafi áldrei verið þessi bænda-þrælkun, sem annarstaðar er kunn. Aðalsættir voru hér engar til að kúga, segjum vér. Kostur fylgdi þar samt löstum, meðan goðaætt-anna gætti. Og ekki er það tjónið minst á 13. öld, er niður eru brytj-aðir höfðingjarnir, með ættgengna drottins-blóðinu til skjótra úrræða og öruggrar forystu.

Bændaþrælkun var hér ekki að útlendum hætti. En um nokkrar aldir áttum vér Íslendingar fjár-haldsmenn, og þá erlenda. Til kaupmannanna varð alt að sækja. Þeir skömtuðu og skiftu. Úr því helsi var engin lausnarvon, og um að gera, að hafa sem mest út úr þessum fjárhaldsmönnum, og ná sér ögn niðri á þeim aftur með svikum og prettum.

Það var ekki góður viðskifta-skóli fyrir þjóðina, og varla kyn, þótt henni tækist miður vel að fara með efni sín, er fjárhalds, menskunni þeirri loksins létti. Og það lá svo undur nærri, er ný og stórum bætt tæki komu upp í landinu til fjárveltu og viðskifta, að sækti í gamla lagið aftur. — Bankarnir og útibúin komu í stað kaupmanna forðum.

Það þarf mikið viljamagn til þess að fá — að nokkru — sigrað náttúruna innra með sér, úvað þá fyrir utan sig, og getur þá komið að góðu liði, að reyna að skilja það, hvaðan meinin stafa, sem við er að fást. — —

Sparsemi og atorku og fyrir-hyggju og skilsemi gátum vér ekki lært í einokunarskólanum langa. Og enn búum vér að þeim skóla. Dugnaðurinn er töluverður, al-tend í áhlaupi. Eigi eru t. d. aðrir betri aflamenn en Íslendingar, en sagt að þeir út í frá hirði betur skipin sin. Það er sparseminn og ráðdeildin, sem mest brestur á hjá oss. Tíminn, sem vér höfum haft til þess að læra að fara með efni vor, sem fullveðja menn, er stuttur. Um það væri margt og mikið að segja: — Vér erum raunalega eyðslusöm þjóð í einkalífi voru, með töluvert óhóf í ýmsum greinum, og með tískutildur. Vér eyðum áður en aflað er. Viðskiftalífið alt baneitrað af óskilsemi. Íslendingsnafnið er í öðrum löndum að verða kunnugast að plötuslætti og prakkaraskap.

En þetta á ekki að vera umtalsefnið núna, heldur félagsbúskapur þjóðarinnar, landsmálahliðin.

Nú er svo mælt, að hver þjóð hafi þá leiðtoga og forystumenn, sem hún á skilið, ávöxt og endurskin af sjálfrar hennar kostum og löstum. Svo er sérstaklega mælt um blöðin, og séu þau bezti speg-ill hverrar þjóðar. Og mikið er auðvitað satt í því. Rökrétt ályktun af því er sú, að öllum umbótatilraunum verði að snúa til hvers eins fyrir sig, karls og konu. Og það er meginsannleikur

Nú snýr ég mér samt að landsmálahliðinni, og spyr hvert stefnir í félagsbúskapnum, af því ég hygg að þaðan megi núna fá átakanleg-ast dæmi einmitt til að vekja þá hræðslu og þá gremju í hugum manna, sem nauðsynleg er til þess að hver ein og hver einn hrökkvi við og hefjist handa.

Hugarbót einnar og einnar mannssálar er undirstaða allrar félagsbótar, og hitt eins víst og satt, að trúarlífið, guðsmeðvitund-in, eilífðarsamkendin, er og verður sterkasti þátturinn í hugarbótinni. Því á trúmálablað, sem lifir í sínum tíma og fyrir hann, svo mikl-ar lendur saman við landsmála-gögnin svonefndu.

Glötunarvegurinn, sem vér Íslendingar gönum áfram liggur beint niður í þrældómsstöðu ó-sjálfbjarga niðursetnings-aumingj-ans.

Fallhraðinn eykst stórum með ári hverju og hverju þingi, sem háð er, aldrei þó líkt því jafn-voðalega og nú síðast. Það þarf hart viðbragð til að stöðva sig á barminum.

Undirstaða rétts skilnings er hér sú, að það er fé, sem í heiminum drotnar, miklu meira en kanón-urnar. Fé stýrir nú kanónunum, ef þeim er beitt. Napóleónar vorra tíma eru bankamenn og kaup-menn, mennirnir, sem haldið hafa á og valdið yfir auðsafninu. Enn er eigi lengra komið en svo, að hver þjóð potar sér í samkepninni, fjármálamenn og stjórnmálamenn á handi saman, alténd bak við tjöldin, að afla brauðsins fyrir hina mörgu munna, og létta að því er auðið er sinni eigin þjóð líf-ið með því að láta aðrar þjóðir vinna undir henni og fyrir hana. Verður það með ótal sogæðum viðskiftalífsins. Smáþjóðirnar eru þar í voða, að verða þjónandi undirlægjur hinna stóru.

Það er svo miklu brotaminna, að drotna yfir öðrum þjóðum með fénu, með lánum og yfirráðum framleiðslunnar í landinu, o.s.frv., heldur en með blóðugum styrjöld-um. Geta svo smælingjarnir að nafninu haft sín eigin lög, og heit-ið að eiga með sig. Það er bara ekki nent að nostra við kreddur kristinnar siðmenningar, þegar langt kemur undan, eins og t. d. suður í Afríku. Þar eru svörtu grevin brytjuð niður, vanti nokk-uð á fylstu skil. Og hætt er alt af við, að hrottaskapurinn komi fram í kúguninni á útkjálkum heims, og er það athugavert fyrir oss hérna á Íslandi, þó að hvíta skinnið kunni að hlífa nokkuð.

Það er svo sem gamalt þetta, að auðgari þjóðirnar með mörgu og miklu tækjunum láti hinar fá-tækari og úrræðalausu þjóna sér, vinna fyrir sig. Einokunin hér á landi var ekki annað. Og enn á-þreifanlegra dæmi er það, þegar vér á 14. öld verðum að fara að róa til að láta Þjóðverja fá fisk á borð.

Hansaborgirnar ná með vitt og auði öllum ráðum yfir verzlun Noregs. Björgvinarkaupmenn eru í vasa þjóðverja, en hér eru þeir aftur burgeisar í skipalausu og kúguðu landi, og svo verðum vér að yfirgefa sveitabúskapinn og veiða fisk handa drotnum drotna vorra. Voru oss þau umskifti þá ill.

Peninga-yfirdrotnunin þó aldrei til líka áður sem nú er hún í heim-inum. Fátækari verða að lána hjá hinum auðgari. Happ eða óhapp fer eftir því, til hvers lánað er, hvernig og hve mikið, og öll með-ferð fjárins síðan á eftir.

Skiljast verður þó það, að hald og haft er þar komið á lántakand-ann nokkuð, og hætta getur staðið af. En brýnni verður hætt-an, ef útlend þjóð nær yfirráðum á framleiðslu lands og sjávar, nær valdi yfir móðurarfi þjóðarinnar, sem náttúran hefir henni gefið. Heyra þar eigi síst undir fasteigna kaup útlendinga, allra viðsjálust þó er rekin eru í seli.

Er ekki alt slíkt á ferðinni hjá oss? Og sumt all-iskyggilega?

En voðinn mikli kemur fyrst er lánað er um efni fram.

Þá er þrælsstaða þjóðarinnar í aðsigi.

Samlíkingardæmi milli smárrar þjóðar og stórrar — auðugrar og fátækrar, — hlutfallslega miðað og talað — er glettilegt og gott og nærri íslenzkum skilningi, þetta sem dregið er frá hjáleigukotinu og höfuðbólinu. Það þurfa ekki að vera nein ófrelsisbönd í byggingar-bréfinu, en kotbóndinn verður samt ánauðugur þræll undir stór-bóndann. Kotbóndinn er heylaus á hverju vori, fær smám saman alla björgina frá höfuðbólinu, og alt með okurrentum, ef rannsakað er niður í kjölinn. Þetta heitir svo líkn og hjálpsemi og er auðmjúk-lega þegið. En svona garmur kemst ekki úr kútnum. Og vinna verður hann höfuðbólinu fræmur en sér, hvenær sem á herðir. Svitadropar hans koma þar fram til sældar en eigi á sjálfs hans heimili.

Þeir, sem tölur kunna að lesa og þýða, eiga að hafa séð af blöðun-um, hvernig fjárhag landsins er komið: Lán á lán ofan og lang-minst til arðsamrar framleiðslu. En voðinn gleymist við það, að flokkarnir hafa þetta að saurkasti hvor á annan. Alt snýst um það, að riða hvorir aðra ofan — og reka burt frá jötunni.

Þegar eitthvað þykir óvenju-vel sagt í franska þinginu, er oft sam-þykt að prenta ræðuna og slá henni upp í öllum þinghúsum og skólum. Og eigi væri því ie illa varið, að prenta skrá yfir fjárbrutl-ið hjá síðasta alþingi, og mundi fylla meðal þinghúsvegg. Og hinum megin ætti vel við að hafa skólabekkjar-röðun á pólitísku brauðbitunum eftir því sem þeir hafa frá borði borið. Slík kensluáhöld væru þjóðinni þörf fyrir næstu kosningar.

Væri vandalítið verk að semja. Nóg efnið í blöðunum báðum megin. Er bara einföld samlagning.

Hér er að komast spilling og rotnun í þjóðfélagslífið, þó enn mikið blandin ráðleysis-fumi, sem töluvert má við gera með bættri löggjöf. En hvort sem nú meira ræður. stjórnleysið eða spillingin, ber að sama voðanum með sjálf-stæði landsins.

Vinnuþrælar erlendrar þjóðar eða þjóða verðum vér Íslendingar, gætum vér eigi efnalegs sjálfstæðis vors. — —

Það var út af trollara-yfirgangi á fiskimiðum, að mætur og vitur maður, sem nú er látinn, spáði því í tali við mig fyrir all-löngu, að hólminn okkar yrði með tím-anum bara útlend veiðistöð: Karlmennirnir yrðu þar vinnu-þrælar við, og kvenfólkið íslenzka notaðist mest við að þjóna losta útlendu sjómannanna.

En þessi mynd, hún er beint framundan, með því glæpsamlega ráðlagi, sem nú er á oss.

Og kennir eigi margt móður og föðurhjartað sárinda yfir því, að hafa getið börn þeirri þjóð, sem út í slíkt forað stefnir, af því að hún stýrir eigi betur ráði sínu? —

Betur verður áréttað næst, og með tillögum til bjargráða.

Því nú er ábyrgðin í bili komin beint til þjóðarinnar.

LEIÐRÉTTING.

Herra ritstjóri. — Viltu gera mér þann greiða, að birta línur þessar í blaðinu Heimskringlu.

Í Lögbergi af 6. júlí birtust nokkrar vísur eftir Baldvin skáld Jónsson, úr Skagafirði, og leyfi ég mér hér með að leiðrétta eina þeirra, sem skökk er höfð. Ég þekti höfundinn persónulega og heyrði vísuna frá hans eigin vörum, og er hún á þessa leið:

Fögur kallast kann hér sveit,
krappur fjalla salur,
þó hefir galla, það ég veit,
þessi Hallárdalur.

Í Lögbergi er: "þann hefir galla" o.s.frv. Allir, sem nokkurt vit hafa á vísum, geta fljótt séð, að orðið "þann" getur ómögulega átt við efni vísunnar sé hún á nokkurn veg hugleidd.

Baldvin sál. var góður hagyrð-ingur, fjölfróður og víðlesinn, og hefði án efa komið það betur, að vísur hans væru rétt hermdar. — Margar ágætar vísur veit ég eftir hans eigin framburði, er ég gæti birt, en í þetta sinn er að eins til-gangur minn að leiðrétta hið ranga, sem er hvers eins skylda, er betur veit.

J. S. Thorwald.

Sherwin - Williams

PAINT

fyrir alskonar húsmálningu.

Prýðingar tími nálgast nú. Dálftið af Sherwin-Williams húsmáli getur prýtt húsið yð-ar utan og innan. — Brúkið ekker annað mál en þetta. — S.-W. húsmálið málar mest, endist lengur, og er áferðar-fegurra en nokkurt annað hús mál sem búið er til. — Komið inn og skoðið litarspjaldið. —

CAMERON & CARSCADDEN
QUALITY HARDWARE
Wynyard, - Sask.

ISLENZKAR BÆKUR

Ég undirritaður hefi til sölu nálega allar íslenzkar bækur, sem til eru á markaðinum, og verð að hitta að Lundar P.O., Man. Sendið pantanir eða finnið.

Neils E. Hallson.

MARKET HOTEL
146 Princess St.
á móti markaðnum
P. O'CONNELL, eigandi, WINNIPEG
Beztu vínföng vindlar og aðhlynning góð. Íslenzkur veitingamaður P. S. Anderson, leiðbeinir Íslendingum.

Woodbine Hotel
466 MAIN ST.
Stærsta Billiard Hall í Norðvesturlandinu Tíu Pool-borð.—Alskonar vín og vindlar Gistin., og fæði: $1.00 á dag og þar yfir
Lennon & Hebb
Eigendur

JIMMY'S HOTEL
BEZTU VÍN OG VINDLAR.
VÍNVEITARI T.H.FRASER,
ÍSLENDINGUR.
James Thorpe, Eigandi

A. S. TORBERT'S
RAKARASTOFA
Er í Jimmy's Hótel. Besta verk, ágæt verkfæri; Rakstur 15c en Hárskurður 25c. — Óskar viðskifta Íslendinga. —

JOHN DUFF
PLUMBER, GAS AND STEAM FITTER
Alt verk vel vandað, og verðið rétt
664 Notre Dame Av. Phone Garry 2568
WINNIPEG

Hversvegna vilja allir minnisvarða úr málmi. (White Bronze)?
Vegna þess þeir eru mikið fallegri.
Endast óumbreytanlegir öld eftir öld.
En eru samt mun billegri en granít eða marmari, mörg hundruð úr að velja.

Fáið upplýsingar og pantið hjá

J. F. LEIFSON
QUILL PLAIN, - SASK.

Hyland Navigation and Trading Company

S. S. WINNITOBA.

Til St. Andrews Locks á þriðjudögum og fimtudögum, kl. 2 15 á laugardögum, kl. 2 30 e.h.

Til Hyland Park, á mánudögum, þriðjudögum, fimtudögum og föstudögum kl. 8 15 að kvöld.

Farseðlar til St. Andrews Locks $1.00 til parksins 75c; Börn fyrir hálfvirði.

S. S. BONNITOBA.

Fer þrár ferðir á dag kl. 10.15 f.h., 1.45 e. h., og 7.30 e. h.

Á laugardögum og helgidögum aukaferð kl. 4.45 e. h.

Fargjald 50c. Fyrir börn 25c.

RED RIVER OG LAKE WINNIPEG FERÐIR.

Miðvikudaga—Til Selkirk og víðar. Af stað frá Winnipeg kl. 8 e. h., til baka 10.30 um kvöldið.

Föstudag—Til Selkirk, St. Peter og víðar, frá Winnipeg kl. f. h., til baka 7.30 f.h

Laugardag:—Vikulokaför um Winnipeg vatn. Af stað frá Winnipeg kl. 9 að kvöldi, til baka á mánudags-morgninn kl. 6. Fargjald:—Til St. Andrews Locks, $1.00; Selkirk, $1.25; St. Peters, $1.50; til ármynnis $2.00; Vikulokaför, $3.00, Skipin leggja frá enda Lusted strætis. Takið Broadway, Fort Rouge eða St. Boniface strætis-vagna á norðurleið, og farið af á Euclid Ave.

Skrifstofu talsími M. 248, 13 Bank of Hamilton, Skipsakviartalsími M. 2400

Með því að biðja sérlega um "T.L. CIGAR," þá ertu viss að fá ágætan vindil.



T.L.

(UNION MADE)

Western Cigar Factory
Thomas Lee, eigandi Winnipeg

hann átti við, hún hélt að hann ætti við Granville. Hún elskar hann, eins og þú veizt, og alt sem fyrir hana kemur, setur hún í huga sínum í samband við hann. Henni hefir alls ekki dottið í hug, að þetta snerti okkur".

Lögmaðurinn fór nú að hugsa um þessi vandræði sín. Það var nefnilega voðalegt leyndarmál, sem Nevitt hafði komist að, og það sem var enn verra, var, að það var á vitund þessa samvizkulausa manns. En hvernig hann hafði komist að þessu leyndarmáli, gat Gildersleeve alls ekki skilið. Hver gat hafa vakið grun hans á þessu ólöglega hjóna-bandi, — fyrra hjónabandi Minnies, þegar hún giftist þessum vesaling, sem dó í fangelsinu í Portland, — það hjónaband, sem fór fram í kirkjunni í Mam-bury? Honum var ómögulegt að skilja þetta, því hann hafði hingað til haldið, að enginn nema hann vissi um það, að frú Gildersleeve var sama konan og frú Read, ekkja betrunarhússfangans. Já, leynd-armálið var það, að fyrri maður hennar var lifandi, þegar hún giftist Gildersleeve.

Og nú hafði þessi viðbjóðslegi slæpingur komist að þessu, — komist að því nær Read dó og nær þau giftust, og gortað yfir því, að nú ætlaði hann til Mambury til að fá gildar sannanir.

Bæði allir Watringarnir og Readarnir höfðu um langan tíma gifst í Widdicombe eða Mambury; mesti fjöldi af þessum ættarnöfnum er í kirkjubókunum, svo hann má leita lengi og nákvæmlega áður en hann kemst að því sanna. Lögmaðurinn lyfti upp höndum sínum afar-reiður, — ó, ef ég næði í hann, skyldi ég taka um háls hans og kreista úr honum lífið, þó ég yrði settur í fangelsi fyrir það undir eins.

"Hér er að eins um eitt að gera, Minnie", sagði hann og stundi. "Ég verð að fara til Mambury í fyrra málið, til þess að verða á undan honum. Og

svo verð ég annaðhvort að kaupa hann til að þegja — eða —"

"Eða hvað, Gilbert?"

Hún skalf eins og hrísla.

"Eða ná í kirkjubækurnar á undan honum", sagði hann vonskulega.

XXIII. KAPÍTULI.

Krókóttar leiðir.

Guy kom tíu mínútum of seint til Waterloo; Nevitt hafði farið með vestur-hraðlestinni. Maðurinn, sem annaðist um ferðatöskurnar, "mundi vel eftir þessum herramanni". Hann var rösklegur á fæti, horfði undarlega á fólk, hafði svart yfirskegg, snúið upp til endanna.

"Já, já, það er hann; en hvert fór hann?" spurði Guy.

"Töskur hans voru sendar til Plymouth", svar-aði maðurinn.

"Og nær fer næsta lestin vestur?" spurði Guy.

Eftir nákvæma rannsókn á ferðaáætluninni, svar-aði járnbrautarþjónninn: "Fyrsta lestin fer kl. 3.45, þá getið þér farið með henni".

Guy sá, að ekki var um annað að gera en flýta sér heim, láta dálítið af munum sínum ofan í ferða-töskuna, bíða með þolinmæði og fara svo með þess-ari seinfæru lest.

Ef Guy hefði þorað, þá gat hann farið á lög-reglustöðvarnar og látið símrita að taka þjófinn fast-an; en hann þorði það ekki, því að sella hann í hend-

ur lögreglunni var sama og að gera uppskátt um sína eigin fölsun, en það gat hann ekki af morgum ástæðum.

Hann vildi ekki, að Elma Clifford fengi að vita, að bróðir þess manns, sem hún elskaði, væri falsari.

Hann hafði raunar ekki séð Elmu nema einu sinni, en þá hafði hann strax fest ást á henni; samt kom honum aldrei til hugar, að reyna að ná henni frá Cyril, og allra síst nú, þegar hann var sér með-vitandi um þennan glæp. En aldrei mátti Elma fá að vita, að bróðir Cyrils væri orðinn glæpamaður.

Loksins fór lestin 3.45 af stað, og með henni fór Guy. Á meðan lestin flutti hann til Plymouth, hafði hann nægan tíma til að endurkalla í huga sinn alt, sem fyrir hafði komið, ásamt svikum Nevitts. Þegar hann loksins kom þangað, gat hann auðvitað ekki strax fengið að vita neitt um Nevitt eða ferða-lag hans, og varð því að dvelja á gistihúsi næstu nótt, og bíða þar til að leita fregna um hann.

Það leið einn dagur og annar til, og enn hafði hann ekki komist eftir neinu, sem gat bent honum á, hvar Nevitt væri að finna. En þegar hann var bú-inn að dvelja þar nokkuð lengur við ítarlegar rann-sxknir og fyrirspurnir, frétti hann þó loksins, að mað-ur, sem leit svo undarlega á fólk og hafði svart yfir-skegg snúið upp til endanna,— hefði farið með járn-brautarlestinni til Mambury fyrir nokkrum dögum.

Þegar Guy frétti þetta, fór hann samdægurs af stað til að elta ræningjann. Hann var fastráðinn í því að ná honum, þó hann yrði að elta hann til enda veraldarinnar. Þegar hann var kominn til Mam-bury, fór hann strax til gistihússins, og spurði hvort þar væri enginn maður, sem héti Montague Nevitt. Gestgjafinn hristi höfuðið og svaraði: "Nei, það er enginn með því nafni í þessu húsi, og hefir beldur aldrei verið. Sá eini maður, sem hér er nú, kom

hingað frá London fyrir fáum dögum, en hann nefndi sig ekki þessu nafni; hann kvaðst heita McGregor, ef ég man rétt".

Undir eins datt Guy í hug, að Nevitt mundi hafa tekið sér falskt nafn. Ekkert var sennilegra, þar eð hann hafði flúið með þessi þrjú þúsynd pund, sem Guy hafði svikið út í Cyrils reikning.

"Hvernig leit þessi McGregor út?" spurði hann strax. Hve gamall leit hann út fyrir að vera? Var hann hár vexti? Hvernig leit hann út?"

"Já, hvernig leit hann út? Jú, hann var í raun-inni skrautlegur herramaður", svaraði gestgjafinn, "í fallegum fötum með heldri manna háttalag, hér um bil á hæð við yður — máske ögn hærri. Og svo var yfirskeggið hans snúið upp, eins og svinin gera með rófu sína, þegar vel liggur á þeim, og undarleg augu hafði hann líka, eins og hann gæti séð í gegn-um fólk".

"Það er hann", sagði Guy. "Það er einmitt hann, sem ég er að leita að; ég þekki hann vel, hann lítur þannig út. En hvar er hann nú, herra gest-gjafi? Er hann hér í húsinu? Get ég fengið að tala við hann?"

"Nei, núna getið þér það ekki, góði maður", svaraði gestgjafinn, "að svo miklu leyti ég veit, þá er hann farinn út. Hann gengur hft út að skemta sér, skal ég segja yður, og oftast fer hann þá ofan í litla dalinn þarna yfir frá, og gengur hugsandi langs með læknum. Það er líklegt, að þér finnið hann, ef þér gangið þessa leið, en þó er það alls ekki víst. Ég get ekki ábyrgst það".

"Ég fer þá að leita að honum", sagði Guy með reiðiþrunginni raust. "Ég elti hann þangað til ég finn hann, bölvaðan þrælinn. Ég elti hann til graf-arinnar, — hann skal ekki sleppa".

Gestgjafinn leit grunsamlega til hans, og lét brýr

Fréttabréf.

FORT McMURRAY.

29. júní 1911.

Herra ritstj. Hkr.

Innan tveggja ára (máske þetta ár) verður fullsannað, hve mikið af steinolíu Canada getur framleitt handa umheiminum. Það er að segja, ef gosbrunnar fást innan þess tíma, verður Canada ekki einn þumlung á eftir öðrum löndum í því tilliti að framleiða steinolíu í ríkum mæli. Landsvæði það sem hér er nú í uppnámi, er hið stærsta olíusvæði í heimi.

Ég er nýkominn hingað úr ferð minni til Edmonton með Klagsmönnum, sem hafa um þriggja milión dollara höfuðstól, og þuttum við í stórum bátum yfir 100 þúsund dollars virði af vélum, sem notaðar verða í sumar til að grafa tvo brunna, 3000 feta djúpa. Annar brunnurinn verður grafinn hjá Fort McKay, 30 mílur norður af Fort McMurray; hinn 10 mílum nær, á því plássi er kallast Seline.

Tvö önnur félög grafa brunna hér í nánd í sumar, og þrjú félög eru nú að myndast, sem einnig ætla að taka þátt í kepninni um, að verða fyrst til að sanna, hve mikla auðlegð Canada hefir í sér fólgið í steinolíu-lindum.

Tvö hundruð pokar af "asphalt" voru fluttir héðan til Edmonton í þessum mánuði til að sanna ágæti þess á götum borgarinnar. Reynist það eins og búist er við, hið bezta sem hægt er fá, þá verður járnbraut lögð hingað tafarlaust, af auðmönnum, ef ekki stjórninni. Nú þegar eru nokkur félög byrjuð, að selja hlutabréf í námum sínum hér með ánni, á einn dollar hvern hlut. En þótt þetta sé hið stærsta svæði af þeirri auðlegð, sem enn hefir fundist í heiminum, vil ég vara landa mína við að leggja peninga sína í þá hluti, án sannana fyrir, að félagið eða félögin hafi "asphalt" námu á löndum sínum.

Námulóðirnar eru ein mila á breidd meðfram ánni og þrjár mílur á lengd. Margir hafa fest sér námalóðir, sem hafa að eins tjöruuppsprettu við árbakkann, og álíta það góða eign sem "asphalt"-námu, þótt aðal "asphaltið" sé að eins á litlu svæði á bakparti lóðarinnar. — Nokkrar námur eru aftur á móti svo vel settar, að þær hafa hundrað feta þykt lag af "asphalti" sýnilegt í þeim töngum sem ganga að ánni, og sem hún hefir skorið þverhnípt niður sem standberg. Þeir, sem kaupa hluti í þeim lóðum, eru óhultir. En þær eru fáar, því láglendi er víða með ánni, sem nær næstum þrjár mílur frá henni til "asphalt" hæðanna.

Augu auðmanna einblína nú á norðurhluta Alberta fylkis, og allir þeir Bandaríkja auðmenn, sem í vor hafa hingað komið, láta í ljósi undrun sína, þegar þeir sjá hið litt þekta land, sem hefir gosbrunn, er gýs 25 fet í loft upp (við Pelican Portage), og sem nú eftir 10 ára gos, er farinn að spú upp úr sér hrákum af hreinni tjöru.

Steinolía er hér í jörð. Það er áreiðanlegt. Það var sannað í vor, þegar félag hér við Fort McMurray pumpaði upp brunn sinn, sem var orðinn um 2000 feta djúpur; en svo var hann illa grafinn, að gos fékst ekkert. Nú er félagið byrjað að bora nýjan og vandaðan brunn nokkur fet frá þeim gamla. Allir menn, sem hafa haft reynslu við steinolíugröft og séð þetta svæði, leggja peninga sína í fyrirtæki að grafa og grafa, og talar það sjálft hvað bezt fyrir áliti manna á framtíð landsins.

Fort McMurray er opið hlið til íshafsins. Þegar hingað er komið hefir maður yfirstigið allar þær miklu torfærur, sem voru mörgum til svo mikils tjóns á leið frá Athabasca Landing alla leið hingað. Fort McMurray er við fætur seinustu fossanna í Athabasca ánni. Það er bygt á fögrum bala, sem er inniluktur af hæðum, skógi og straumhægum ám að vestan og norðan, með tveimur skógivöxnum eyjum við mynnið á Fort McMurray ánni. Héðan getur maður ferðast hættulaust norður með ám og vötnum, þangað til maður kemur svo langt norður, að sól gengur ekki undir í samfleytt 2 vikur í þessum mánuði. — Þegar við höfum fundið mikla uppsprettu af steinolíu, þegar við erum búnir að sanna ágæti "asphaltsins", gera göng að hinu 300 feta saltlagi, og byggja brennistöðvar við "lime stone" standbergið, svo allur heimurinn geti notið þess, — þá verður járnbraut lögð hingað, að hinu opna hliði íshafsins, og þá geta landar mínir komið ferðast þá skemtilegustu leið, sem hægt er að finna, á gasólín bátum og gufuskipum, — norður — norður til álfalandsins hins afskekta, miðnætursólarlandsins, til landsins sem fagnar ferðamanninum með fuglasöng og hvar gnægð er villidýra.

Það eru mörg hundruð mílur af landi í norður Canada, sem er óþekt, — mörg hundruð milur af landi, sem Indiánar hafa ekki enn þá treyst sér til að rannsaka; það sannaðist hvað bezt fyrir ári síðan, þegar þeir (Indiánarnir) fóndu stort fiskivatn, hingað til óþekt, vestur af Great Slave ánni, og kváðu það vera stærsta vatn í Canada. Í fyrra haust sendi stjórnin mann hingað til að fá frekari upplýsingar, og sannaðist alt rétt að vera, sem Indiánar höfðu sagt, að undantekinni stærð vatnsins,— vatnið er ekki 100 milur á lengd. Hinn stærsti fláki af óþektu landi er á þessu svæði — halda flestir — En sumir vilja segja, að annar eins fláki af óþektu landi liggi austur og norður af Great Slave ánni, og hallast ég að þeirri skoðun. Hvað bezt bendir á það, er stærðin á Great Slave Lake og Great Bear Lake. Hið fyrnefnda vatn er hið stærsta í Ameriku.

Getur nokkur Canada-búi hugsað til hinnar miklu og fögru framtíðar Canada, án þess að gleðjast yfir að vera þátt-takandi í framförum hennar og auðlegð. Þið hafið komið og séð margt enn hið voldugasta er enn óséð

C. Eymundson.

Herra Jón Hólm, gullsmiður að 770 Simcoe St., biður þess getið, að hann selji löndum sínum gull- og silfur-muni og gigtarbelti. — Belti þessi eru óbrigðul við gigt, ef þau eru notuð samkvæmt fyrirskipunum Jóns. Kosta að eins $1.25.

JÓN JÓNSSON, járnsmiður, að 790 Notre Dame Ave. (horni Toronto St.) gerir við alls konar katla, könnur, potta og pönnur fyrir konur, og brýnir hnífa og skerpir sagir fyrir karlmenn. — Alt vel af hendi leyst fyrir lítla borgun.

MINNI JÓNS SIGURÐSSONAR

á aldarafmæli hans, flutt að Brown, Man. 17. júní 1911.

Héðan frá skóganna skrúðgrænum runnum,
hvar skinandi blómknappa litum vér fjöld;
héðan frá Vinlandsins auðlegðar unnum
vorn ættfeðra minninga- greipum á -skjöld.
Látum því hugann svífa of sæinn
til svellkrýnda landsins við íshafsins rönd,
háleitan, ilmþýðan hásumars blæinn
hrifa oss með sér að feðranna strönd.

Þangað: hvars margir ólum vér aldur
áður á bernskunnar vormorguns stund.
Þangað: er jöklanna fannhvíti faldur
feðranná veitti oss þróttmiklu lund.
Þangað: er fossanna komumst í kynning,
kransanna dásemdar fléttandi skraut.
Þangað: er hetjan, hvers höldum vér minning,
hóf sína göngu á stórfrægðar braut.

Ef litum í anda aftur í tímann
aldar að byrjun, hvers liðin er braut,
þá ættjörðu hjúpaði harðstjórnar-griman,
en hugrekki skorti að rýma brott þraut.
Því ram-danskir svíkarar sátu að völdum
og sugu úr þjóðinni fornhelgan dug,
ánauðarhlekkjunum hringluðu köldum,
hröktu an miskunar réttláti á bug.

Þeir frelsinu ræntu, en fjötur í staðinn
fláráðri veittu af konungsins náð.,
lýginnar, meinsæris notuðu naðinn,
nöðrunum slægari að veita sér bráð.
Fjárhirzlu konungsins fylla þeir hlutu,
af fjárgirnd og ránseðli höfðu þeir nóg;
sæmdar af prettum hjá niflungi nutu,
er niðinga, ótrauður, taumana dróg.

Straumurinn tímanna stöðugt fram þýtur, —
stansar ei — liðin er öldin á braut
síðan að frömuður frelsisins nýtur
fæddist og þroskaðist móður- við -skaut. —
hann, sem varð þjóðinni skjöldur og skjómi,
skildi svo unduf vel hvert hennar mein, —
hann, sem varð ættlandsins sómanna sómi,
sigrað 'ann fékk aldrei mótspyrna nein.

Hann stóð eins og klettur og stefnunni' ei breytti,
þó stormviðri lífsins blésu 'onum mót,
fornhelgu kappanna fræknleikans neytti,
fortölum harðstjórans skeytti' ekki hót.
Ánauðarhlekkirnir hlutu að bresta,
því hugurinn máli fylgja þar réð
og járnsterkur vilji, er vinnur þraut flesta,
sem víkingum norrænum fyrrum var léð.

Hann drunganum eyddi og færði oss frelsið,
sem frá oss var tekið af kúgarans hönd;
einbeittur hrakti burt óvina helsið,
sitt æfistarf helgaði feðranna strönd.
Ei völdin né metorðin vildi hann þiggja,
"Víkið frá merkinu aldrei", hann kvað,
"vér megum ei, vinir, á liðinu liggja,
unz lausnin er fengin hver stefnum vér að".

'Ann hataði sundrung og hálfvelgju alla,
sem hjá oss við brennur og veitir oss tjón,
og barðist sem hetja, unz hlaut nár að falla,
vor hugprúði vinurinn, Sigurðsson Jón.
Þó hetjan sé látin, vér honum ei gleymum,
og horfnir vér séum af feðranna slóð;
á meðan vér hrærustum minning hans geymum, —
já, meðan í æðunum rennur vort blóð.

Hann gaf okkur dæmi, jafnt gömlum sem unguin,
sem getum vér notað, ef viljinn er með,
þó staðfestu taki í straumi lífs þungum, —
en stillingin virðist svo örláum léð.
Í sporin hans fetum, og máls okkar meining
munum að segja, og víkja ei hót.
Vörustum sundrung, en vinnum í eining, —
þá vegur til sigursins blasir oss mót.

JÓHANNES H. HÚNFJÖRÐ.

THE DOMINION BANK

HORNI NOTRE DAME AVENUE OG SHERBROOKE STREET

Höfuðstóll uppborgaður: $4,000,000.00
Varasjóður - - - $5,400,000.00

Vér óskum eftir viðskiftum verzlunar manna og ábyrgumst að gefa þeim fullnægju. Sparisjóðsdeild vor er sú stærsta sem nokkur banki hefir í borginni.

Íbúendur þessa hluta borgarinnar óska að skifta við stofnun sem þeir vita að er algerlega trygg. Nafn vort er full trygging óhultleika. Byrjið spari inulegg fyrir sjálfa yðar, konu yðar og börn.

Phone Garry 3450 Scott Barlow, Ráðsmaður.

Vitur maður er varkár með að drekka eingöngu HREINT ÖL. Þér getið jafna reitt yður á

DREWRY'S

REDWOOD LAGER

Það er léttur, freyðandi bjór, gerður eingöngu úr Malt og Hops. Biðjið ætíð um hann.

E. L. DREWRY, Manufacturer, Winnipeg

STRAX

Í DAG er BEZT AÐ GERAST KAUPANDI AÐ HEIMSKRINGLU. — ÞAÐ ER EKKI SEINNA VÆNNA.

MANITOBA

TÆKIFÆRANNA LAND.

Hér skulu taldir að eins fáir þeirra miklu yfirburða, sem Manitoba fylki býður, og sýnt, hversvegna allir þeir, sem óska að bæta lífskjör sín, ættu að taka sér bólfestu innan takmarka þessa fylkis.

TIL BÚNDANS.

Frjósemi jarðvegsins og loftslagið hafa gert Manitoba heimsfræga, sem gróðrarstöð No. 1 hard hveitis.

Manitoba býður bændasonum ókeypis búnaðarmentun á búnaðarskóla, sem jafngildir þeim beztu sinnar tegundar á amerikanska meginlandinu.

TIL IDNAÐAR- OG VERKAMANNA.

Blómgandi framleiðslustofnanir í vorum óðfluga stækkandi borgum, sækjast eftir allskyns handverksmönnum, og borga þeim hæztu gildandi vinnulaun. Algengir verkamenn geta og fengið næga atvinnu með beztu launum. Hér eru yfirgnæfandi atvinnutækifæri fyrir alla.

TIL FJÁRHYGGJENDA.

Manitoba býður gnægð rafafls til framleiðslu og allskyns iðnaðar og verkstæða, með lágu verði; — Frjósamt land; — margvíslegar og ótæmandi auðsuppsprettur frá náttúrunnar hendi; — Ágæt samgöngu og flutningatæki; — Ungir og óðfluga vaxandi bæir og borgir. — Alt þetta býður vitsmunum, auðæfum og framtakssemi óviðjafnanleg tækifæri og starfsarð um fram fylstu vonir. Vér bjóðum öllum að koma og öðlast hluttöku í velsæld vorri og þroskun. — Til frekari upplýsinga, skrifið:

JOS. HARTNEY, 77 York Street, Toronto, Ont.
JOS. BURKE, 178 Logan Avenue, Winnipeg, Man.
A. A. C. LaRIVIERE, 22 Alliance Bldg., Montreal,
J. F. TENNANT, Gretna, Manitoba,

J. J. GOLDEN,
Deputy Minister of Agriculture and Immigration, Winnipeg

---

sína; að maður, sem gat brosað svo vingjarnlega og var svo kurteis í framkomu gæti verið þrælmenni, — það gat hann ekki vel skilið.

"Hann er annars laglegt nettmenni þessi herra McGregor", sagði gestgjafinn nokkuð þurlega. "En hvers vegna viljið þér ná í hann? Það langar mig til að vita; því hann lítur ekki þrælmannlega út. — hann er sérlega málliðugur og svo leikur hann svo vel á fiólin, nærri því eins og hann væri enginn af himni ofan. Í gærkveldi kom Moor fiólinleikari hingað til að leika nokkur lög fyrir okkur, og þá tók McGregor fiólinið frá honum. "Lofaðu mér að reyna það einu sinni, lofaðu mér að reyna það, vinur minn, sagði hann svo vingjarnlega; svo tók hann fiólinið, stilti strengina og fór að spila. Aldrei á æfi minni hefi ég heyrt annan eins hljóðfæraslátt, — alveg eins og það væru 10 menn að leika samstundis, og stundum var það svo aðlaðandi, að manni lá við að tárfella. Nei, yður skjátlar, herra minn, það er enginn blóðdropi vondur í honum. Maður, sem getur leikið með slikum áhrifum á gamalt bónda fiólin, hann gerir engum skaða, hvorki mönnum eða skepnum".

Guy sneri sér frá þessum skikkanlega gestgjafa. Hann þekti Nevitt betur, vissi hver áhrif augnatillit hans og hljóðfæraslátur gat haft á menn.

Gestgjafinn hafði sagt honum, hvar sennilegt væri að hann findi Nevitt, og hann fór eftir bendingu hans. Við hlið á leiðinni ofan í dalinn, hér um bil 20 mínútna gang frá gistihúsinu, sat litill bóndadrengur. Þegar Guy kom að hliðinu, stóð drengurinn á fætur og opnaði það, lyfti svo húfunni tvisvar sinnum, í von um vikaskilding. "Hefir nokkur gengið hér inn nýlega?" spurði Guy með skjálfandi röddu af reiði.

Drengurinn svarað umsvifalaust: "Já, snyrti-

maðurinn, sem dvelur í gestgjafahúsinu, og svo var annar maður á eftir honum. En sá seinni kom stundu síðar en hinn, og svo sneri hann sér til annarar handar, stór og þrekinn maður með fjarskalega stórar hendur. Hann spurði mig að því sama og þér. Þér eruð sá þriðji, sem farið hefir gegnum hliðið meðan ég hefi setið hér".

Guy gaf engan gaum að "manninum með stóru hendurnar", heldur ekki að því, að hann hafði líka spurt eftir gistihúss gestinum. Það eina, sem hann hugsaði um, var að ná í snyrtimanninn frá gistihúsinu, sem hafði gengið niður götuna, og þá leið einsetti hann sér að fara.

"Gott, drengur minn", sagði Guy, og stakk hálfum shilling í hendi hans, fyrsta silfurpeningnum, sem hann fann í vestisvasanum. Drengurinn varð glaður við og veitti þessum fallega manni nána eftirtekt.

Án nokkurs grunar um það, að hann hefði unnið sér sjálfum nokkurt mein með þessari aðferð sinni, hélt hann áfram með stignum í meira lagi skapstyggur. Útsýnið var fagurt, en hann gaf því litinn gaum, hann æddi áfram til að finna þann mann, er hann fyrir fám dögum hafði álitið bezta vin sinn. Við hverja bugðu á veginum bjóst hann við að sjá hann, en hve fast, sem hann starði, sá hann engan Nevitt. Hann hlaut því að hafa gengið lengra, og Guy hélt áfram, unz hann kom á þjóðveginn.

Loks kom hann að litilli mjög fagurri bugðu á veginum, þar sem stórir trjátoppar teygðu limar sínar yfir nokkurn hluta brautarinnar; burknarunni, sem var til hliðar við veginn, var talsvert bældur og niðurtroðinn. Um leið og hann leit til vinstri handar, sá hann einhvern málmhlut gljá innan um græna grasið, og þegar hann leit betur eftir þessu, sá hann að það var málmsylgja, sem honum fanst hann kannast við. Hann nam staðar og horfði á sylgjuna;

svo mundi hann eftir því, að þetta var læsingin á vasabók Nevitts, sem hann geymdi markverðustu skjölin sín í, og líklega einnig stolnu peningana hans Cyrils. Guy gekk nær og tók upp vasabókina, — haminggjan góða, hún var full af skjölum, og þar á meðal stolnu og aftur stolnu peningarnir hans.

Guy stóð stundarkorn alveg kyr; hann gat naumast trúað því, sem hann sá. Hvernig hafði þetta atvikast? Það gat hann alls ekki skilið En hvað sem um það var, þá voru þessi þrjú þúsund nú í hans vörzlum, og hann gat lagt þau inn aftur í Cyrils reikning.

Glaðari í bragði en áður, sneri Guy aftur til gistihússins og spurði gestgjafann, hvort McGregor væri kominn, en hann neitaði því, kvaðst samt vona að hann kæmi fyrir miðdagsverðart-mann. Guy ásetti sér því að bíða Nevitts þar, og borða miðdagsmatinn á gistihúsinu; — já, enda þótt hann yrði að bíða það yfir nóttina, ætlaði hann samt að bíða afturkomu hans.

En eftir því sem leið á daginn, styrktist sá grunur hans, að Nevitt mundi ekki ætla að koma aftur. Gestgjafinn var farinn að verða hræddur um þenna snyrtilega herra, en kvaðst þó vona, að hann hefði ekki orðið fyrir neinu slysi.

Guy áleit með sjálfum sér, að hann hefði komist á snoðir um veru sína hér, og hefði því flúið lengra upp í sveitina.

Þess vegna ætlaði Guy morgninn eftir til Plymouth, og njósna þar um verustað Nevitts.

XXIV. KAPÍTULI.

Meiningamunur.

Bama daginn og Guy var í Mambury, þar sem móðir hans giftist, fann Nevitt í kirkjubókunum þær upplýsingar, sem hann leitaði að um giftingu ofursta Kelmscotts.

Framferði Nevitts var ekki í raun og veru eins svart og Guy hafði álitið. Hann hafði að sönnu farið með þessi þrjú þúsund pund í vasanum, en ekki í því skyni, að brúka þau til sinna afnota; áform hans var að hræða Guy duglega. Það var neínilega ekki nauðsynlegt, að borga námahlutina fyr en að fjórtán dögum liðnum, og undir eins og hann væri búinn að fá sannanir fyrir fyrra hjónabandi ofursta Kelmscotts og hverir væru synir hans, var það áform hans, að nota þekkinguna á fölsun Guys, til að þvinga hann til að sættast við föður sinn. Guy og Cyril áttu í sameiningu að pína peninga út úr föður sínum, og svo ætlaði hann að neyða þá til að borga sér riflegan skerf af arfi þeirra fyrir 'að þegja um fölsun Guys.

Það var engin smávægis ánægja fyrir Nevitt, þegar hann í kirkjubókinni í Mgmbury fann skrifað: — "Gift þann 27. júli, yngismaðurinn Henry Lucius Kelmscott frá Plymouth, liðsmaður í herdeildinni 'Gráu Skotarnir', og ungfrú Lucy Warring til heimilis í þessari sókn".

Hann gat getið sér til, hvers vegna ofurstinn kallaði sig liðsmann, en sá jafnframt, að hér var ný þröng, sem hann gat notað við ofurstann.

Hann var hreykinn yfir því með sjálfum sér, hve mikill velgerðamaður hann var við bræðurna. Guy

Í kjaptastólnum.

(Eftir lausamann)

Mig langar til að setjast hjá þér ofurlitla stund, ritstjóri góður. Hefurðu ekki hérna kjaftastól handa mér? Og hefurðu ekki ofurlitinn tíma til að hlusta á mig, og gefa mér bendingar um, hvað þú álítur mér hollast. Ég hefi komist í þær kringumstæður nú, sem ég hefi ekki fyrr komist í, að ég er farinn að hugsa um framtíðina. Hugsa um að græða, að afla mér höfuðstóls. En þér að segja hefi ég aldrei haft lag á að græða, hefi ég þó margt reynt, sem ég hélt væri gróðavegur. Ég hefi heyrt alla segja, að þú værir ráðhollur í fjármálum. Ég heyrði seinast Liberal-mann úr "norðurkirkjunni" segja það í gær. Mér heyrist þú segja: "Sestu í kjaftastólinn, maður minn, og lofaðu mér að heyra um áhyggjuefni þín. Ég hefi alt af gaman af að hlusta á uppvaxandi menn, sem eitthvað hugsa. Þið hugsið nú ekki svo mikið um alvarleg mál, fjöldinn af ykkur". — Mér heyrist dálítil beiskja í málrómnum, sætti mig samt við það og fer því að leysa ofan af skjóðunni, sem framtíðar áhyggjur mínar eru faldar í.

Jæja, ritstjóri minn! Ég er nú 29. ára. (Ekki nema eitt ár þangað til örvæntingaraldurinn byrjar, heyrist mér þú segja í lágum hljóðum). Ég kom 14 ára gamall af Íslandi. Foreldrar mínir settust að út á landi, félaus. Það gekk í basli fyrst. Sextán ára gamall fór ég inn í bæ að vinna og hjálpaði foreldrum mínum meðan þau þurftu. En þeim græddist fljótt fé, svo þau urðu sjálfbjarga. Vildu þá fá mig til að koma heim og taka þátt í búskapnum. En ég vildi það ekki, líkaði bæjalífið betur. Hevrði félaga mína nota það sem hnjóðsyrði um ýmsa, að þeir væru svo "farmara-legir", og ungu stúlkurnar heyrði ég segja, sér dytti ekki í hug, að vera við kýrrassana úti á landi. Og þú varst einu sinni ungur, ritstj. minn, og þú veist það lætur alt af vel í unga mannsins eyrum það sem stúlkurnar segja. Mér leizt bæjalífið og flökkulífið út um alt sú sælunnar fyrirmynd, að mér fanst ég ekki vilja skifta því við neitt. Ég lærði fljótt að reykja og var fimur við knattborðið. Lærði að beita fimlega þessari bæjaknapufyndni, og mér fanst allir líkast að mér. Ég reyndi alla atvinnuvegi, en eitthvað fanst mér að þeim öllum. Ég smíðaði, ég hrærði mótur, ég var "lattari", "singlari", keyrði út fyrir kaupmenn. Og einu sinni fór ég að vinna á járnbrautarlest; þar lærði ég að drekka, því vökutíminn var svo langur, að mér fanst ég þurfa að "stramma mig upp". Ég hafði nú stundum áður "verið með" og eytt talsverðu fé, meira handa öðrum en mér. Ég var aldrei meira en missiri við sömu vinnu, og búinn var ég að fara vestur um öll fylki og leita gæfunnar í ýmsum bæjum og borgum. Ég var í allskyns félagsskap, gaf eins og ég sá aðra gera til kirkju og bindindisfélaga og ýmsra líknarstarfa. Og jólagjafir og afmælisgjafir og brúðkaupsgjafir leysti ég af hendi með mesta heiðri. Ég hafði alt af góð laun, því ég kom mér vel. En svo kom það fyrir, að ég veiktist af taugaveiki. Ég fékk hana "úti á braut". Var að vinna þar og hafði fastsett mér að verða járnbrauta "contractor". En ég fékk þar harða vinnu í byrjun og ekki nema forarskólp að drekka, og taugaveikina í kaupbæti. Ég var fluttur á spítala og lá í 7 vikur. Og þegar ég kom út aftur, uppgötvaði ég það, að peningabuddan var tóm, og talsverð skuld á baki mér, og ég þreklaus til vinnu. Og nú tók ég eitir því, að svo fáir buðu mér að "vera með", þegar um glaum og gleði var að ræða. En hepnin var samt enn með mér. Ég hitti gamlan æskuvin utan af landi, sem alt af hafði verið heima með foreldrum sínum. Hann bauð mér peningalán til að klára mig í bænum, og sagði ég skyldi koma út á land og soga í mig skógarloftið. Hann skyldi útvega mér vinnu. Mér leist nú ekki meira en svo á það, en fór samt að hugsa: Hvernig stendur nú á því, að hann er glaður og sællegur, berst töluvert á og býður mér peningalán, — hann, sem alt af hefir verið heima? Og ég fór með honum, fékk vinnu um sláttinn og 35 doll. á mánuði, og eyddi nær engu. Svo fór ég í vetrarvinnu, að hirða gripi. Mér féll það ei vel; ég varð að vinna 14 og stundum 16 tíma vinnu, og var alt af kallaður "kúalubbi". Þú getur nú nærri, að mér, "finum bæjarmanninum", líkaði það ekki. En mér féll sveitalífið samt ekki svo illa, svo ég fór nú að hugsa um að "taka land" og verða "baslari". En ég treysti mér ekki félaus að byrja á akuryrkju. Fór því að hugsa um, að fara norður að Winnipeg-vatni, eða Manitoba-vatni og ná mér í land við vatnið, og reyna að græða á fiskiveiðum, og koma mér upp gripum. Og einn gamall frændi minn bauð mér að lána mér 300 doll. til að kaupa gripi fyrir, "ef ég hætti nú", sagði hann, "að fara að öllu eins og asni". Ég fór nú að hugsa um, hvaða gripi ég ætti að kaupa. Einn sagði mér nautarækt væri bezt, annar sauðfjárrækt, þriðji sagði, að ekkert væri aafandi nema svín og fuglar. — Ég fór að lesa búnaðarblöð, og sá þar mælt með þessu öllu. Seinast snerist athygli mín að grein í Norwest Farmer um sauðfjárrækt. Höfundur greinarinnar vegur ástæður með henni og mót. Hann segir Manitoba framleiða ekki nærri nóg sauðakjöt, til neyzlu í fylkinu. Hann segir sauðakjöt, sem innflutt sé í Vesturfylkjunum nemi 11,000,000 punda, þar af 3,000,000 til Winnipeg. Borgun fyrir það rennur öll u t ú r fylkinu. Hví rækta ei bændur meira sauðfé til þess öll sú upphæð renni í beirra eigin vasa? Ástæðurnar móti fjárrækt séu þessar: Hættan af úlfinum, ofmikill kostnaður við að girða löndin úlfheldri girðingu, og lágt verð á ull hér í Vesturlandinu. En ástæðurnar með sauðfjárrækt telur hann margar: Segir úlfurinn sé nú óðum að fælast, þar sem þéttist bygðin. Bændur þurfi að girða lönd sín hvort sem sé, og það sé ekki svo ákaflega mikill munur á verði á girðing fyrir fé og girðing fyrir naut og hesta, ef hún er vel gerð. Segir fyrir ullarpundið megi fá 9 til 10 cents, og 5—6 pund af kindinni, að minsta kosti. Í Manitoba sé jarðvegur, loftslag og fóðurbirgðir jafngott og engu síðra en í hinum fylkjunum. Sauðfé sé kostnaðarminna að ala en aðra gripi, og miklu léttara verk, að hirða það en nautgripi. Sauðféð segir hann ágætt til að uppræta smávið af löndum, er hindri ræktun landsins. Til þess að geta æfinlega haft nýtt kjöt úti á landi yfir sumarið, sé ekkert ráð eins gott eins og að hafa fé; að geta lógað lambi 3 til 6 mánaða gömlu, hvenær sem með þarf, er mjög þægilegt. — Margt fleira fróðlegt er í þessari grein, og mörgum orðum um það farið, hve ánægjuleg atvinnugrein sauðfjárræktin sé. Ég er því að hugsa um að nota þessa 300 dali til að kaupa ær á vori komandi. Ég spurði gamlan bónda hér, hvort mér væri betra að kaupa fyrir þá ær eða kýr. Hann svaraði stuttlega: "Segðu þér það sjálfur; ég hefi aldrei haft búreikninga. En eftir minni reynslu skal ég segja þér hver útkoman verður, og ég hefi búið yfir 20 ár. Þú ert baslari og mjólkar víst ekki kýrnar, og engin stúlka vill þig meðan þú átt ekkert. Þú verður því að hafa dilkær. Þú fær 10 miðlungskýr keyptar í vor fyrir 300 doll. — Ef kálfarnir lifa allir til hausts, færðu 12 doll. fyrir hvern, það er 120 doll. fyrir þá. Það mun ekki fjarri sanni, að hirðing og fóður á hverri kú kosti 6 doll., eða 60 doll. á 10 kúm. Arðurinn yfir árið verður þá 60 doll. af þessum 10 kúm. Ef þú kaupir ær fyrir þessa 300 doll., þá færðu þær nú líklega ekki fyrir minna en 7 doll. hverja, og færðu þá 43 ær fyrir 300 doll., og verður þó að bæta einum dollar við. Af ánum færðu 6 pd. af ull hverri, þ. e. 158 pd., selur þau á 9 cents pd., verður það $23.22. — Ef þú gerir vel við ærnar, ættu 14 að verða tvílemdar. Þú fær því 57 lömb og selur þau á $3.50 hvert, sem verður samlagt $199.50; að viðbættu ullarverðinu verður því arðurinn af ánum $222.72. Kostnaðurinn mun vel í lagt að sé 2 doll. á hverja á yfir árið, eða alls 86 doll. Verður því hreinn ágóði af ánum 136 doll. 72 cents, sem er 76 doll. 72 cents meira en af kúnum, og miklu léttari vinna. Og auk þess álít ég, að ef þú fiskar á vetrum, þurfirðu ungling til að hirða kýrnar; mundi hann kosta þig 10 doll. og fæði á mánuði (í 2 mánuði að minsta kosti). En kindurnar gætirðu hæglega hirt í hjáverkum. En kýrnar ekki til þess það yrði nokkur hirðing".

Þetta sagði hann mér nú, gamli bóndinn. Hvað ráðleggur þú mér nú, ritstjóri góður! Ertu gamla manninum samdóma um sauðfjárræktina. Að hvoru vatninu er mér betra að fara? Hann segir landrými meira við Manitoba-vatn. En þar eru engar járnbrautir og alt sagt svo frumbýlingslegt þar, þegar norður dregur, þangað sem lönd eru fáanleg; sagðar þar engar járnbrautir, engir vegir ullar póstgöngur, og engin von um umbætur, og fólkið ósköp afdalalegt. — Ég er nú ókunnur í báðum þessum bygðum Og veit það er mörgu logið. Viltu nú leiðbeina mér? Og virtu nú á hægra veg, þó ég hafi tafið þig. Mig finst einhvernveginn þetta mál snerta fleiri en mig, svo rúminu í "Kringlu" væri ekki illa varið, þó þú leiðbeindir mér ögn.

Og vertu nú sæll og blessaður.

Alvara.

Heimskringla flutti nýlega part af grein eftir Jóhann bróður minn, er hann hafði skrifað í blað heima. Tilgangurinn með því, að taka þessar línur upp hefir ef til vill verið sá, að veita A. J. Johnson að málum, þótt hann virðist nú hafa tekið sinnaskiftum eftir bréfkafla hans að dæma; að minsta kosti ber hann þar ekkert í bætiflaka fyrir Björn.

Ég hafði haldið því fram — tilknúður af útúrdúrum Bjarna Magnússonar — að Björn Jónsson, fyrverandi ráðherra, hefði brotið oft ar Goodtemplara- eða bindindisloforð sitt, en nokkur annar maður, sem ég þekti. Ég skrifaði þessa staðhæfingu af fullri þekkingu og í hreinni alvöru.

Er það ekki skýlaust brot á loforði Goodtemplara, að taka við peningum, láta kaupa sig — með öðrum orðum: múta sér — til þess að senda vikulega út á meðal alþýðu á prenta skrum og skjall um áfengiseitrið? Þetta hefir Björn Jónsson gert svo tugum ára skiftir. Á meðan Goodtemplarar lýsa sjálfir velþóknun sinni á þessu athæfi eiga þeir langt í land til þess að skilja anda Reglunnar og kjarna loforða sinna. Björn Jónsson á heiður og þakkir skilið fyrir margar itarlegar og áhrifamiklar greinar og margar snjallar ræður um bindindismálið, og sérstaklega bera honum hlýjar þakkir allra sannra Goodtemplara fyrir starf hans á tveimur síðustu þingum fyrir það mál. En hversu stækir flokksmenn, sem Goodtemplarar eru, þá má ofstæki þeirra í meðhaldi með einstökum mönnum aldrei fara svo langt, að virðingu og sóma reglunnar sé hætta búin; en þannig verður það, ef meðlimir hennar sjá ekki, að sá sem gerist verkfæri í hendi brennivínssala til þess að útbreiða áfengislof, brennivínskaup og sölu og þar af leiðandi brennivínsdrykkju, er brotlegur meðlimur.

Björn Jónsson hefir brotið Goodtemplaraheit sitt í hvert skifti sem Ísafold undir hans stjórn hefir flutt áfengisauglýsingu án athugasemda eða mótmæla, og það er býsna oft.

Ég teldi mér vanvirðu að heita Goodtemplari, ef andi félagsins væri svo mikilli hálfvelgju blandinn, að Goodtemplarar mættu að ósekju hjálpa vínsölum til þess að geta komið út á meðal fólksins sem mestu af áfengi. Eins lengi og ég verð bindindismaður — og ég vona að það verði jafnlengi og ég lifi — mun ég eftir föngum reyna að berjast á móti þess konar hálfvelgju innan félagsins. Ég væri svikull Goodtemplari, ef ég gerði það ekki.

SIG. JÚL. JÓHANNESSON

MANNTALIÐ.

Blöðin hafa kvartað yfir kæruleysi eða gleymsku þeirra, sem um undanfarnar vikur hafa starfað að manntali hér í Vestur-Canada, sérstaklega í stórbæjunum. Þau segja áreiðanlegt, að margar fjölskyldur hafi ekki verið taldar, og að tólksfjöldinn verði þess vegna í skýrslunum sýndur miklu minni en hann sé í raun og veru. Dominion stjórn in telur það mögulegt, að einhverjir kunni að hafa sloppið undan tali þrátt fyrir það, þó strangar skipanir hafi verið gefnar manntalsmönnum, að beita allri varkárni við starf sitt, og að sjá til þess, að allir undantekningarlaust séu skráðir. Margar kvartanir hafa komið inn til stjórnarinnar um vantalningu einstaklinga og heilla fjölskylda, en jafnframt er það sýnt, að þær kvartanir eru ekki allar á rökum bygðar, og að margir þeirra, sem kvartað hafa, hafa tafdir verið, og að yfirleitt hafi mannteljarar reynt að gera skyldu sína. Stjórnin kveður sér ant um, að manntalið geti orðið sem réttast og fullkomnast. Og til þess að þetta geti orðið, óskar stjórnin að alþýða manna hjálpi til þess með því, að bregða tafarlaust við og gera henni aðvart um hvert það mannsbarn, sem grunur leikur á, að ekki hafi verið talið, og tiltaki nöfn og P.O. address eða strætisnúmer í bæjum, en Section þar sem um landsbygð er að ræða. — Öll slík bréf ganga frímerkjalaust til Census Commissioner, Ottawa, og mun þá stjórnin taka allar slíkar upplýsingar til greina.

Það kostar ekkert annað, að verða við þessum tilmælum Ottawa stjórnarinnar en að nenna að rita upplýsingarnar og það ættu allir þeir að gera, sem grun hafa um, að þeir hafi ekki verið taldir.

Bókafregn.

H. S. Bardal bóksali hefir sent Heimskringlu eftirfarandi bækur til umgetningar:

I. Óðalsbændur.

Stutt saga, þýdd úr norsku, og kom áður neðanmáls í blaðinu Norðri. Saga þessi, þó stutt sé, er með þeim betri neðanmálssögum, sem þýddar hafa verið á íslenzku Sýnir ósérplægni, drenglyndi og sannar ástir og að óðalsbændurnir vilji engra undirlægjur vera. Málið á sögunni er gott. Verð 20c.

II. Sveinn kardínálans.

Saga frá dögum Lúðvíks xiii. Frakkakonungs. Þýdd af V. Th. og gefin út á Akureyri af Oddi Björns syni; 72 bls. að stærð. Þar segir frá síðustu æfiárum kardinálans fræga Richeliu, og aðalsmeyjar einnar, sem tekur á sig dulargerfi og gerist sveinn hans. Sagan er spennandi, en gefur þó góða lýsingu á innra manni kardinálans, og sýnir sanna hugprýði, greinar ástir og riddaragöfgi þeirra tíma. Þýðingin er góð, og ætti því saga þessi að seljast vel. Verð 50c.

III Gull.

Saga eftir Einar Hjörleifsson, gefin út í Reykjavík af bókaverzlun Ísafoldar, 268 bls. Kostar í skrautbandi $1.25. Sögu þessarar er nánar getið á öðrum stað í blaðinu.

IV. Borgir.

Gamansaga úr Grundarfirði, eftir Jón Trausta. Saga þessi hefir áður birst í tímaritinu "Nýjar kvöldvökur", sem gefið er út á Akureyri, og er því mörgum kunn. Bökin er í tólfblaða broti og 345 bls. að stærð, og kostar hér í kápu $1.00. Að ytra frágangi er hún vel viðunanleg.

Höfundurinn kallar sögu þessa gamansögu. og er það ekki allskostar rétt, því hún er víða þrungin alvöru og efnismikil. Sagan er skipulega rituð og vel samansett, og lýsingar víða, bæði á mönnum og náttúrunni. hinar beztu. Aðalefni sögunnar er baráttan milli fríkirkjuhreyfingar í Grundarfirði og þjóðkirkjunnar, eða öllu heldur milli forvígismanna fríkirkjuhreyfingarinnar og gamla bjóðkirkjuprestsins, séra Torfa. Baráttan er all-hörð, en gamli Torfi ber sigur úr býtum. Þjóðkirkjan þolir þótt hátt láti í tálknum uppskafninga og vindbelgja. Borgir hrynja ekki fyrir stóryrðum.

Saga þessi er skemtileg aflestrar og stendur ekki að baki hinum sögum Jóns Trausta að því leyti, og mörgu er þar einkar vel og eðlilega lýst; ætti hún því að seljast vel. Málið á bókinni er gott.— Vér mælum því hið bezta með "Borgum".

• • •

Hr. Knud Lassen í Chicago, umboðssali Gyldendals bokaverzlunar innar í Kaupmannahöfn, hefir sent Heimskringlu söguna

Maria Grubbe,

eftir P. J. Jacobsen. Saga þessi er stórfræg fyrir löngu, og hefir verið þýdd á flest tungumál Norðurálfunnar. Hér birtist hún í íslenzkri þýðingu eftir Jónas skáld Guðlaugsson. Þýðingin er einkar vönduð, og allur ytri frágangur bókarinnar hinn bezti.

Saga þessi er sögulegs efnis og allar aðalpersónurnar hafa lifað. Æfi og örlög Mariu Grubbe, sögu hetjunnar, eru sönn, þó æfintýraleg séu og undraverð; því undravert má það virðast, að giftast konungbornum manni, Ulrik Friðrik, laadsstjóra Noregs og hálfbróður Danakonungs; skilja svo við hann og giftast aðalsmannsdurg, — hlaupa svo frá honum og lenda í faðminum á óbreyttum alþýðumanni, sem þess utan var slarkari og misyndismaður í þokkabót. En alt þetta eru örlög Mariu Grubbe.

Bók þessi er spegill seytjándu aldarinnar; maður sér í honum uppmálaða af snild alla helztu viðburði, lífnaðarhætti, og alt hið bezta og glæsilegasta jafnt hinu lægsta og versta í fari hinna dönsku aðalsmanna, jafnt sem almúga þeirra tíma.

Annars er óþarfi að fjölyrða um bók þessa. Hún er af flestum talin sú beztá skáldsaga, sem skrifuð hefir verið á danska tungu, og ætti því öllum bókavinum að vera hún kærkomin.

Verð bókarinnar er $1.25. Hún er í áttablaða broti, á góðan pappír og í sterkri kápu, og er 230 bls. þéttsettar. Þeir, sem kaupa vilja bókina, verða að senda andvirðið ásamt portuninni til Knud Lassen 2620 W. North Ave., Chicago, Ill. — Munið það og pantið Mariu Grubbe.

• • •

Syrpa.

Svo heitir nýtt ársfjórðungsrit, sem herra Ólafur S. Thorgeirsson er byrjaður að gefa út, og er fyrsta heftið nú til yfirlits. Ritið er í stóru 8-blaða broti, hver bls. 6x9½ þml. að stærð, alls 64 bls. þéttprentaðar. Pappír góður og í snotri kápu.— Í þessu hefti eru 7 sögur, tvær þeirra frumsamdar; önnur þeirra, "Dætur útilegumannsins", eftir Gamla Jón frá Íslandi; hin, "Illagil", eftir Þorst. þ Þorsteinsson, að eins tveir kaflar hennar í þessu hefti. Hinar sögurnar eru: "Stjarnan" eftir Charles Dickens, "Claude Gueux" eftir Victor Hugo, "Námur Salómons" og "Hreysti Hálendinga".

Í formála ritsins segir útgefandinn: — "Mig hefir lengi langað til þess, að gefa út tímarit, sem flytti eingöngu sögur, æfintýr og annað smávegis. Hafa þráfaldlega ámálgað það við mig ýmsir viðskiftavinir mínir út um bygðir Íslendinga, með fullvissu um, að vel gengi út. Því fer 'Syrpa' á stað.— Margir góðir menn hafa lofað stuðningi sínum, bæði að senda frumsamdar sögur og þýðingar. Og meðal annars á "Syrpa" von á því, að fá ýms æfintýr og sögu atriði út lifi hinna fyrstu landkönnunarmanna og frumbyggja Norður-Ameríku. — Annars verður þó aðalinnihaldið sitt af hverju til skemtunar og dægrastyttingar á kveldin, þegar annir dagsins eru frá. Alt kapp skal lagt á, að gera "Syrpu" svo vel úr garði, að hún verði velkominn gestur á hverju íslenzku heimili, og nái hylli bæði gamalla og ungra. — Það er ætlun mín, að láta "Syrpu" koma út fjórum sinnum á ári fyrst um sinn og sé hvert hefti 64 bls. En ef vel gengur með söluna, þá getur verið að hún komi út oftar. Tíminn leiðir það í ljós".

Þetta hefti er eigulegt, og vér efum ekki að það seljist vel. Verð 35c Fæst hjá öllum útsölumönnum Thorgeirssonar, sem selja Almanak hans.

GETGÁTUR UM TILVERU ÍFSINS.

Að líkindum lætur, að hit líf í alheiminum sé ein heild, að líf á hverjum hnetti fyrir sig sé brot eða lítill hluti heildarinnar og að hvers einstaks líf í hverri tegund sé enn smærra. Við eigum naumast nokkurt hugtak til, sem við getum táknað með upphaf þeirrar miklu tilveru annað en að það hafi alt af verið til, sé eilíft, sem menn kalla. Ef vér athugum lífið í sjálfu sér, þá er það nokkuð á annan veg, en vanalega er á það litið. Lífið er hulinn kraftur, sem ekki er sjáanlegur, heyranlegur eða áþreifanlegur. Þessi kraftur getur verið mismunandi að tegundum til og verið tvi-kynja, og jafnvel í umbúðum. Þegar hann tekur á sig sjáanlega, áþreifanlega og starfandi líkama, þá fyrst förum vér að veita honum eftirtekt og köllum líf. Vér vitum, að margar dýrategundir, þegar þær fæðast, fæðast með fleiri og færri lifandi verum til afkvæmis fyrir framtíðina, sem ekki hafa neina sjáanlega umbúð nema foreldrið.

Öll verðum við að játa, að efni hnattarins er komið utan að. Er þá ekki eins líklegt, að kraftur lífsins hafi komið úr sömu átt og jafnsnemma verið íklæddur tilheyrandi umbúðum, og þær svo tekið sífeldum breytingum til fullkomnunar, eftir því sem bygging hnattarins batnaði, — seinna eftir ljósi, hita, lofti, láði og legi og ótal fleiri atvikum fyrirskipuðum?

En þó að torsótt sé að komast fyrir uppruna lífsins, þá er ekki vegurinn greiðari, að gera sér grein fyrir endalokum þess. Um þúsundir ára hefir fólk haldið því fram, að lífið héldi áfram eftir dauðann, og víst hafa þeir mikið til sins máls, — miðað við vissan skilning. Bæði er það, að líf er alt af fram af lífi, og svo heldur kraftur lífsins áfram, þó umbúðir breytist eða eyðileggist. En að það sé í meðáitundarformi, er það atriði, sem enginn getur fullyrt um enn sem komið er.

G. Brynjólfsson.

KVEÐJUORÐ FRÁ Íslendingadagsnefndinni

Um leið og við þökkum ykkur öllum fyrir fram fyrir að koma á Íslendingadaginn 2. ágúst næstk., þá viljum við taka fram:

1. Að allir þeir, sem fara með fyrstu strætisvögnunum að morgninum, fá fría ferð út í garðinn, en til þess þarf fólk að vera komið ofan á hornin á Sherbrooke stræti um hálf-níu.
2. Íslenzka "bandið" fer með þeim vögnum og spilar á leiðinni.
3. Þeir, sem taka þátt í glímunum, verða að leggja sér éil buxur sjálfir.
4. Allir, sem taka þátt í 10 mílna kapphlaupinu, muni að það byrjar kl. 8½ frá horninu á Sherbrooke og Notre Dame.
5. Nefndin hefir samið við strætisbrautafélagið um 50 centa farbréf fram og til baka frá Selkirk til Winnipeg 2. ágúst, og geta Selkirk búar farið á stað með þessum körum kl. 7.45 og 9.15 f.m., 12 hád. 2.15 4.25 og 5.30 e.m. og til baka 7.30 að kveldi og 11.30. — Þeir herrar Sigvaldi Nordal, Bjarni Dalman og P. Bowrie hafa allir útsölu á farbréfunum og fást þau með þessu niðursetta verði með því að eins að snúa sér til þeirra. Auk þess fást allar aðrar upplýsingar hjá þeim viðvíkjandi ferðinni og deginum. Þeir hafa góðfúslega tekið þetta að sér, og þar sem það er í þeirra höndum, þá eigum við von á, að hvert einasta íslenzkt mannsbarn komi frá Selkirk, og nefndin ætlar að sjá um, að Selkirk búar, eins og allir aðrir, er heimsækja hana 2. ágúst, hafi reglulega gaman og gagn af ferðinni
6. Eins og áður er auglýst, er niðursett far frá Gimli, Nýja Íslandi og Oak Point fyrir daginn, og erum við fullvissir um, að fjöldi manns kemur frá þessum stöðum, og munu þeir allir og öll hafa vinum að mæta, þegar til Winnipeg kemur.

Annan ágúst er þá enn einusinni tækifæri til gð sýna, að "Íslendingar viljum við allir vera". Munum þá öll eftir gamla, fallega landinu Íslandi.

R. TH. NEWLAND,
ritari nefndarinnar.

HEILRÆÐI.

Hafaðu jafnan heimskra lof,
Höggorms varast tennur;
Leyfðu ei munni lygaskraf
Né ljótar orðasennur.

Magnús Einarsson.
10½ Sutherland Ave.

Tímaritið nýja.

Hér með vil ég vinsamlega biðja samlanda mína um sveitir uti, fjær og nær, að senda mér nöfn áskrifenda sem þeir hafa safnað, að hinu fyrirhugaða mánaðarriti, sem allra fyrst, — helzt fyrir miðjan ágústmánuð.

Öll bréf til mín sendist til: 378 Maryland St., Winnipeg. Man., — þangað til ég ráðstafa öðruvísi í blöðunum.

Magnús J. Skaptason

Hannyrðir.

Undirrituð veitir tilsögn í alls kyns hannyrðum gegn sanngjarnri borgun. Starfsstofa: Room 312 Kennedy Bldg., Portage Av., gegnt Eaton búðinni. Phone: Main 7723.

GERÐA HALDORSON.

"Kvistir" í bandi

Munið eftir því að nú fást "KVISTIR" Sig. Júl. Jóhannessonar, í ljómandi fallegu bandi hjá öllum bóksölum.

Verð $1.50

Það er alveg víst, að Það borgar sig að auglýsa í Heimskringlu.

$425.00

Hér er eitt af hinum frægu

HEINTZMAN & CO. PIANOS

eins hljómfagurt, vandað að gerð, og útlits fallegt sem þér getið óskað yður. Verð $425. og skilmálar hinir aðgengilegustu. Enginn skyldi borga meira.

Cor Portage Ave. & Hargrave
Phone Main 808.

$50. Fundarlaun

Tyndur, 1. júní 1911 William Eddleston, fráðlingur, 5 fet 9 þuml. hár, 29 ára gamall, dökkleitur, hefir svart grófgert alskegg, lítinn munn, hafði á sér svartan linflóka hatt, gömul dökkgrá föt með bótum neðan á báðum ermum treyjunnar, gamla skó með bót á tánni á öðrum skónum, bar körfu þegar hann sázt síðast.

Ofangreind fundarlaun verða greidd hverjum þeim sem gefur upplýsingar sem verða til þess að hann finnist, eða til hvers þess sem heldur honum hjá sér, þar til tilkynning um verustað hans verðar send til Mr. og Mrs. S. Eddleston, 607 Manitoba Ave. Winnipeg. Sími Main 2869.

Stó til sölu

verður að seljast fyrir lok júlímánaðar. Ný, ágæt eldhússtó (Steel Range), bakar ágætlega, brennir litlu, 4 eldhólf. Finnið strax ísl. konuna, Mrs. Cain, 540 Agnes St.

GOTT ORGEL.

lítið brúkað, sem keypt var fyrir nokkrum mánuðum fyrir 75 dollars, fæst nú fyrir hálft það verð, ef keypt er strax og borgað út í hönd. Finnið Mrs. G. Skagfjörð, að 655 Beverly St.

Fréttir úr bænum

Veðurblíða hin mesta þessa daganna.

Það sorglega slys varð í Warroad, Minn., þann 9. þ.m., að 8 ára gamall piltur Robert Smith að nafni, drukknaði þar í ánni. Hann hafði farið út á ána í smábát með öðrum þremur piltum, öllum ungum, laust fyrir hádegi. Þátnum hvolfdi og heyrðust þá hljóð piltanna. Maður einn þar í nágrenninu skaut fram bát tafarlaust og gat bjargað tveimur drengjunum, meðan sá þriðji synti til lands. En Robert litli sökk og druknaði. — Hann var sonur þeirra hjóna herra Peter Smith og Helgu konu hans. Hjón þessi mistu mestar eignir sínar í skógareldunum miklu sem geysuðu þar syðra í fyrra, og hefir konan verði veik síðan og einnig dóttir þeirra hjóna. Sonarmissir þessi er því þeim hjónum sérlega tilfinnanlegur. — Líkið fanst í ánni skamt þar frá, sem pilturinn sökk og var jarðsungið í grafreit bæjarins.

Látin er hér í borginni 24. þ. m. Mrs. Rannveig Þórðardóttir, kona Jóns Alfred, að Sutherland Court á Sutherland Ave. Dugnaðarkona og margra barna móðir. Jarðarförin fer fram kl. 2 í dag, fimtudag, frá Fyrstu lúts kirkjunni.

2. ÁGUST.

Þessa árs Íslendinggdagsnefnd er enginn eftirbátur þeirra, sem á liðnum árum hafa annast um þjóðhátíð vora hér í borg. Að ýmsu leyti hefir hún tekið hinum öllum fram, svo sem í því, að tryggja mönnrsett fargjöld með járnbrautum frá Selkirk, Gimli og Oak Point. Einnig með því, að veita fleiri verðlaun fyrir kappsund, en áður hefir gert verið, og ennfremur með athygli því, sem hún að þessu sinni lætur veita fríðum konum. Prógarm dagsins er svo útbúið, að stærri fjárupphæð er nú veitt fyrir allar íþróttir samtals, en á nokkrum öðrum undangengnum Íslendingadegi. Þetta er líklegt afleiðing þess, að nýir, ungir menn skipa nefndina. Með nýjum herrum koma nýjar hugsjónir, og jafnan til bóta, eða svo er það í Íslendingadagsnefndum. — Viðbúnaður sá hinn mikli, sem nefnd þessi hefir haft, verðskuldar að íslenzkir þjóðvinir hvaðanæfa fjölmenni á hátíðina í River Park á miðvikudaginn kemur, — 2. ágúst.

Mrs. Ingibjörg Hallson, fór um síðustu helgi vestur í Saskatchechewan fylki í kynnisför til Jóns sonar síns, sem þar býr að Holar P.O. Hún dvelur þar um þriggja vikna tíma.

Þann 14. þ.m. voru gefin saman í hjónaband í Únitarakirkjunni hér í bænum af séra Guðmundi Árnasyni — herra Stefán Árnason og ungfrú Sigurbjörg Guðrún Einarsson, frá Pine Valley, Man.

Herra Ben. Rafnkelsson, frá Clarkleigh, var hér á ferð í þessari viku. Kvað uppboðssölu sína hafa gengið svo tregt, að hann hefði ekki séð sér mögulegt, að halda henni til streitu að sinni. Nálega þriðjungur lausafjárins er því enn óseldur, og hefir Ben hugsað sér að hafa aðra uppboðssölu í september næstk., í þeirri von, að þá seljist upp með þolanlegu verði það sem enn er óselt.

Herra Jón Ólafsson, fóðursali hér í borg, sem nýlega seldi hlut sinn í félaginu Ólafsson og Sveinsson, hefir keypt matvöru og klæða verzlun herra Th. Thorvaldssonar í Leslie bæ, Sask., og flytur alfarin þangað vestur í þessari viku. — Svo er nú herra Ólafsson vel þektur af Vestur-Íslendingum, að hann þarf engra meðmæla frá Heimskringlu. Hann er þektur sem dugtull og ráðvandur verzfunarmaður og mun því njóta viðskifta margra landa vorra þar vestra.

Banfields giftingin fór fram í sýninggrgarðinum hér í borg á föstudaginn var, eins og auglýst hafði verið. Banfields húsgagnabúðin hafði þar mikla húsgagnasýningu, og herra Banfield hafði lofað að gefa þeim hjónum húsbúnað, sem létu gefa sig saman í hjónaband á svæði því, sem hann hafði á sýningunni. Klukkan 4½ um daginn komu brúðhjónin. Brúðguminn var lítill og grannvaxinn — 112 punda náungi — en brúðurin mun hafa verið nær 400 punda þung og stór á alla vegu að sama skapi. Mesta fjölmenni var þar viðstatt, og var það hin bezta auglýsing fyrir húsbúnað herra Banfields.

Sigrún M. Baldwinson
TEACHER OF PIANO
727 Sherbrooke St. Phone G. 2414

Ungmennafélag Únitara heldur fund í kveld (miðvikudag). Allir meðlimir beðnir að sækja fundinn.

Yfir 60 þús. manns sóttu Winnipeg sýninguna á þriðjudaginn í sl. viku (Citizen's Day). Meiri aðsókn var að sýningunni á þessu en nokkru öðru undangengnu ári. — Hún hefir borið sig vel.

Mr. og Mrs. G. P. Thordarson fluttu með börn sín í sl. viku út á búland þeirra hjóna í grend við Morris bæ hér í fylkinu. Fjölskyldan ætlar að dvelja þar um nokkurra vikna tíma.

Mrs. Ingibjörg Hólm, sem um sl. 4 ára tíma hefir legið rúmfúst í máttleysis sjúkdómi, var í sl. viku flutt á líknarhælið í Portage la Prairie til að hafa þar framtíðardvöl.

HERBERGI TIL LEIGU, að 653 Simcoe Street.

Sýningargestir að Heimskringlu: Páll Jónsson, Arinbjörn Björnsson, John Gillis og ungfrú Elin Gillis, frá Glenboro; — Þorsteinn Gíslason, Gísli Árnason, J. S. Gillis, J. M. Gíslason, ungfrú Freyja Gillis, Lína Árnason og Margrét Ísaksson, frá Brown P.O.; Einar Bergþórsson, Mrs. Halldórsson og Miss Johnson, frá Candahar, Sask.; Páll Bjarnason, frá Wynyard, Sask.; Pétur Tergesen og J. G. Christie, frá Gimli; Jóhann Gíslason og Wm. Christianson, frá Saskatoon; Sveinn Thorvaldsson og Thorv. Thorvaldsson, frá Icelandic River.

Hver sá, er kann að vita, hvar Ástfinnur Frímann Magnússon — sem kom hingað vestur frá Rvík — er niður kominn, er vinsamlega beðinn að senda rétta áritun til hans á skrifstofu Heimskringla við fyrstu hentugleika.

Hér eftir verður Cavalier bær stjórnaraðsetrið í Cavalier County í Norður Dakota, var áður í Pembina. Kjósendur samþyktu breyt, inguna með meirihluta atkvæða, en andstæðingar settu málið fyrir hæstarétt ríkisins, sem nú hefir úrskurðað, að hér eftir skuli stjórnaraðsetrið vera í Cavalier. — Það var Magnús sál. Brynjólfsson, sem manna bezt barðist fyrir þessari breytingu, sem nú er fengin.

Til kaupamanna.

Fylkisstjórnin hefir samið svo við járnbrautafélögin, C.N.R., C. P.R. og G.T.P. að þau selji frá 1. ágúst næstkomandi öllum þeim mönnum, sem vilja fara út í kaupavinnu til bænda hér í fylkinu. — farbréf fyrir EÍTT CENT á míluna, frá Winnipeg hvert þangað í fylkinu sem þeir óska að vinna. — Menn snúi sér með farbréfakaupin til Joseph Burke, Prov. Immigration Commissioner, að 178 Logan Ave., sem gefur ávísun á járnbrautarfélögin, með ofangreindu verði.

Hagyrðingafélagsfundur

verður haldinn næsta laugardagskveld kl. 8.15 þann 29. þ.m., að heimili G. J. Goodmundssonar, 702 Simcoe St. Allir félagsmenn beðnir að mæta.

Hjálmar Gíslason.

SPURNINGAR OG SVÖR.

1) Hve langt frá skóla þarf maður að vera til þess að geta skift um skóla?

2. Er maður skyldur að greiða skólagjald til þess skóla, sem ómögulegt er að nota?

3) Hvað eiga girðingar að standa langt frá hæstu flóðmörkum með fram vötnum?

4) Hefir nokkur privat maður eða sveitarráð rétt til að veita vatni á aðra, án þess að gera því önnur skil, og án þess að sá, sem vatninu er veitt á, hafi nokkurn verulegan vatnsfarveg frá sínu landi?

Svör. — 1) Undir fylkislögunum ætti sá maður, sem er segjum 4 mílur frá skólá þeim, sem er í hans héraði, að geta fengið leyfi til, að senda börn sín á skóla í öðru héraði, ef sá skóli er nær bústað hans, eða ef enginn annar skóli er, þá að geta fengið nýtt skólahérað myndað. Annars eru úrslit allra slíkra mála í höndum skólaumboðsmanns (School Inspectors) fyrir það hérað, og til hans verður spyrjandi að snúa sér.

2) Já, maður er skyldur að greiða skólagjald til þess héraðs, sem maður er búsettur í, hvort sem maður hefir nokkur bein not af skólanum eða engin.

3) Girðingar mega standa fast með fram eistu flóðmörkum, þema að löggiltur vegur liggi með fram flóðmarkinu, og þá má girðingin standa með fram vegstæðinuj

4) Enginn privat maður né heldur sveitarfélag hefir rétt til að veita vatni á aðra. Þegar eitt land eða hérað er þurkað með framræslu, þá ber þeim, sem áþyrgð bera á framræslunni, einnig skylda til þess, að sjá um, að umbætur á löndum þeirra olli ekki nábúum þeirra tjóns. Sá, se fyrir áveitunni verður, getur sótt þá seku að lögum og hæglega fengið þá dæmda til skaðabóta-greiðslu.

Ritstj.

BEZTI MATUR.

Mrs. M. Björnsson, að 659 Alverstone Street, hefir rúm fyrir nokkura kostgangara. — Finnið hana.

Kennara vantar

við Geysir skóla No. 776 frá 15. september til 15. desember 1911. — Kennari tiltaki kaup og mentastig Tilboðum veitt móttaka til 1. september næstk.

H. PÁLSSON, Sec'y-Treas.

VANTAR VINNUFÓLK.

Undirritaður þarfnast vinnumanns og vinnukonu. Óskar að komast í bréfasamband við hverja þá, sem vildu sæta vinnutilboði þessu, hvort heldur hjón eða einhleypar persónur. Viðurgerningur allur góður og vinnulaun eftir samkomulagi

G. O. KETILSSON,
Kristnes P.O., Sask.

"ENGINEER"

Vélastjóra vantar vinnu við þreski-ketil næsta haust. Verkið ábyrgst. Sérstök nákvæmni við skemdar vélar; 5 ára æfing Vinnur fyrir hæsta kaup. Þreskjarar tilkynni vélátegund og ástand, einnig kaupgjald og tímalengd vinnunnar. Skrifið sem fyrst eftir frekari upplýsingum til

G. S. GUDMUNDSON,
Árborg, Man.

RÁÐSKONA ÓSKAST.

Roskin og ráðin kona óskar eftir ráðskonustöðu hjá íslenzkri fjölskyldu, eða hjá íslenzkum manni, sem er reglusamur og heldur einaður, og helzt að engin börn séu. Einnig er óskað eftir að helzt séu gerðir skriflegir samningar.— Þeir, sem sinna vilja þessu tilboði skrifi — "Ráðskona", P. O. Box 3083, Winnipeg, Man.

2. AGÚST. 1911

verður haldinn hátíðarlegur að

WYNYARD, SASK.

TIL prógrams hefir verið vandað. Kvæði ort og flg samin o. s. frv. Margskonar íþróttir sýndar og háum verðlaunum heitið. Hornleikaraflokkurinn íslenzki spilar af og til allan daginn.

FYRIR ÍSLENDINGA EINGÖNGU.

NEFNDIN.

Miðsumarsalan byrjuð

Vér ætlum að selja allar stakar stærðir af alfatnaði vorum. Það eru nýjar og fallegar tegundir Kosta venjulega alt að $22,50, en verða nú seldir hver um sig

$10.00

PALACE CLOTHING STORE
Baker Block 470 Main St.
G. C. LONG, eigandi,

PIANO RAFFLE

verður haldið þann 28. þ.m., að 351 McGee St., í húsi herra Lofts Jörundssonar. Hljóðfæri þetta, sem er eign barna herra Ólafs Vopna, kostaði $350.00 og er nú fjögra ára gamalt, óskemt. Hljóðfærið er nú selt á þennan hátt til styrktar Árna sonar Ólafs, sem um langaa tíma hefir þjáðst af liðagigt og ekki enn getað fengið bót þeirrar sýki. Fjölskyldan hefir varið hverju centi, sem inn hefir komið á sl. 5 árum til styrktar þessum sjúklingi, og nú er svo aðþrengt, að systur hans verða að slá af Pianói sínu honum til hjálpar. — Íslendingar ættu að skoða það skyldu sína að kaupa drátt-seðil fyrir raffle þetta og sjá til, að fult verð fáist fyrir pianóið. Fjölskyldan þarf þess.

JOHNSON & CARR
RAFLEIDSLUMENN

Leiða ljósvíra í íbúðarstórhýsi og fjölskylduhús; setja bjöllur, talsíma og tilvísunar skífur; setja einnig upp mótors og vélar og gera allskyns rafmagnsstörf.

761 William Ave. Phone Garry 738

Union Loan & Investment Co.
45 Aikin's Bldg.
PHONE GARRY 3154

Lánar peninga, kaupir sölusamninga, verzlar með fasteignir: hús, lóðir og lönd. Veitir umsjón dánarbúum.— Peningum veitt móttaka og 7% vextir ábyrgstir.

Íslenzkir forstöðumenn. — Hafið tal af þeim

H. Pétursson, John Tait.
E. J. Stephenson

TILBOÐ.

Við undirskrifaðir tökum að okkur alla grjótvinnu, sem við getum af hendi leyst eins fljótt og nokkur getur gert. Við seljum grunn undir hús, hlöðum kjallara, steypum vatnskeröld og gangstéttir, gerum steinsteypu í fjós, o.fl.

Jacob Frimann
Hergr. Hallgrimson
Gardar, N. Dak.

BOYD'S BRAUÐ

Vér höfum gert það að fastri reglu, að nota þau efni ein göngu, sem gera brauð vor lystug og nærandi. Ef þér viljið hafa slík brauð, þá símið

Sherbrooke
680

MARTYN F. SMITH,
TANNLÆKNIR.
Fairbairn Blk. Cor Main & Selkirk

Sérfræðingur í Gullfyllingu og öllum aðgerðum og tilbúnaði Tanna. Tennur dregnar án sársauka. Engin veiki á eftir eða gómbólga. —

Stofan opin kl. 7 til 9 á kveldin
Office Phone Main 6944. Heimilis Phone Main 6462

W. R. FOWLER A. PIERCY.

Royal Optical Co
307 Portage Ave. Talsími 7286.

Allar nútíðar aðferðir eru notaðar við augn-skoðun hjá þeim, þar með hin nýja aðferð, Skuggа-skoðun, sem gjöreyðir öllum ágiskunum —

Dr. M. HJALTASON
LUNDAR, MANITOBA

Dr. J. A. Johnson
PHYSICIAN and SURGEON
EDINBURG, N. D.

Dr. G. J. Gíslason,
Physician and Surgeon
18 South 3rd Str., Grand Forks, N.Dak
Athygli veitt AUGNA, EYRNA og KVERKA SJÚKDÓMUM ASAMT INNVORTIS SJÚKDÓMUM og UPPSKURÐI. —

BONNAR, TRUEMAN & THORNBURN,
LÖGFRÆÐINGAR.
Suite 5-7 Nanton Blk. Winnipeg, Man. Main 766 P.O.BOX 223

Anderson & Garland,
LÖGFRÆÐINGAR
35 Merchants Bank Building
PHONE: MAIN 1561.

HANNES MARINO HANNESSON
(Hubbard & Hannesson)
LÖGFRÆÐINGAR
10 Bank of Hamilton Bldg. WINNIPEG
P.O. Box 781 Phone Main 378 3142

Sveinbjörn Árnason
Fasteignasali.
Selur hús og lóðir, eldsábyrgðir, og lánar peninga. Skrifstofa: 310 McIntyre Blk.
office TALSIMI 4700. hús Tal. Sherb. 2018

J. J. BILDFELL
FASTEIGNASALI.
Union Bank 5th Floor No. 520
Selur hús og lóðir, og annað þar að lútandi. Útvegar peningalán o. fl.
Phone Main 2685

R. TH. NEWLAND
Verzlar með fasteingir, fjárlán og ábyrgðir
Skrifstofa: No. 5. Alberta Bldg. 255½ Portage Ave.
Sími: Main 972 Heimilis Sherb. 1619

H. C. DUFTON
JÁRNSMIÐUR
Gerir alskyns já nsmíði og aðgerðir vírfljetting o fl.
Mozart :-: Sask

A. S. BARDAL
Selur líkkistur og annast um útfarir. Allur útbúnaður sá bezti. Enfremur selur hann alskonar minnisvarða og legsteina.
121 Nena St. Phone Garry 2152

Dalman & Thorsteinson
MÁLARAR
Gera alskonar húsmálning. Kalsomining og leggja pappir. Alt verk vandað og fljótt afgreitt. Phone Garry 240
797 Simcoe St.

Gísli Goodman
TINSMIÐUR.
VERKSTÆÐI:
Cor. Toronto & Notre Dame.
Phone Garry 2988 :: Heimilis Garry 899

Winnipeg Andatrúar Kirkjan
horni Lipton og Sargent.
Sunnudagssamkomur, kl. 7 að kveldi. Andartrúarspeki þá útskýrð. Allir velkomnir.
Fimtudagssamkomur kl. 8 að kveldi, áuldar gátur ráðnar. Kl. 7.30 segul-lækningar.

Th. JOHNSON
JEWELER
286 Main St. Sími M. 6606

G. S. VAN HALLEN, Málaferslumaður 418 McIntyre Block., Winnipeg. Talsími Main 5142

Talsími Heimskringlu
Garry 4110

Heimskringla.

Heimilis talsími ritstjórans:
Garry 2414

XXV. ÁR. WINNIPEG, MANITOBA, MIÐVIKUDAGINN, 2. ÁGÚST 1911. Nr. 44.

SAMBANDSÞING CANADA ROFIÐ.

Almennar ríkiskosningar fara fram þann 21. september næstk.

Stjórnin neyðist til að verða við kröfum Conservativa, um að bera gagnskiftasamningana undir kjósendurnar.

Laurier-stjórnin, eftir langvarandi ráðherrafund á laugardaginn var (29. júli), rauf sambandsþingið og ákvað að ganga til nýrra kosninga þann 21. september næstkomandi.

Formlegar útnefningar í hinum ýmsu kjördæmum fara því fram viku fyr, eða mánudaginn 14. september.

Þetta er í samræmi við það, sem Heimskringla staðhæfði fyrir fullum tveimur mánuðum síðan, að kosningarnar yrðu í september næstkomandi.

Það er gagnskiftasamningsmálið við Bandaríkin, sem nú neyðir Laurier móti vilja sínum til þess að ganga til almennra kosninga, eftir að eins tveggja ára og ellefu mánaða þingtímabil síðan hann vann síðustu kosningar árið 1908. Eftir þær kosningar hafði hann yfir 50 manna fleirtölu í þinginu. En síðan hann gerði sina illræmdu tollmiðlunar samninga við Bandaríkin, hefir hann svo mist fylgi flokksmanna sinna, að síðustu tvær atkvæðagreiðslur í þinginu gáfu honum að eins 16 manna fleirtölu, eða tæpan þriðjung við það, sem hann áður hafði, og það var svo lítill meirihluti, að hann gat ekki bygt neitt traust á honum. Hann fann, að hann var óðum að tapa fylgi sinna eigin flokksmanna í þinginu, ekki síður en alþýðu kjósendanna í öllum fylkjum ríkisins.

Eftir síðustu kosningar árið 1908 stóðu flokkarnir þannig:

	Lib.	Con.	Ind.	Ab.
Ontario	36	48	2	86
Quebec	53	11	1	65
New Brunswick	11	2	0	13
Nova Scotia	12	2	0	18
P. E. Island	3	1	0	4
Manitoba	2	8	0	10
Britsh Columbia	2	5	0	7
Saskatchewan ...	9	1	0	10
Alberta	4	3	0	7
Yukon	1	0	0	1
Samtals	133	85	3	221

Þeir þrir, sem kosnir voru sem óháðir, hafa jafnan fylgt stjórninni að málum, eins og ætið er síður slíkra manna, að sitja í við þann eldinn, sem bezt brennur. — Laurier hafði því að réttu lagi 136 fylgismenn í þinginu, á móti 85 andstæðingum. Hann hafði því þá 51 fleirtölu þar.

Á tæpum þremur árum af fimm ára kjörtímabilinu, hefir hann því tapað meiru en tveimur þriðju hlutum af fleirtölu fylginu, sem hann hafði við byrjun kjörtímabilsins. Með sama taphraða á næstu tveimur árum, mátti hann búast við, að verða orðinn í minni hluta í þinginu. Valdamissir blasti við honum og stjórn hans.

Hins vegar hefir Conservative flokkurinn stöðugt verið að græða fylgi, ekki að eins í sjálfu þinginu, heldur einnig hvervetna meðal kjósendanna í Canada.

Conservativar ganga því óruggir út í kosningabaráttuna, — hafandi það á meðvitundinni, að þeir munu vinna þær og komast til valda í Canada þann 21. september næstkomandi.

Að því ættu allir sannir þjóðvinir að styrkja með áhrifum sínum og atkvæðum á kjördegi.

Atkvæðaskrár fyrir Winnipeg verða samdar þann 14., 15. og 16. þ. m. (ágúst) og endurskoðun þeirra fer fram 25. ágúst.

Allir atkvæðisbærir menn ættu að gefa sig fram til skrásetningar svo að enginn sá, sem ber að hafa atkvæði, þurfi að missa þann rétt sinn.

Það er kominn tími til að skifta um stjórn í Ottawa.

Fregnsafn.

Markverðustu viðburðir hvaðanæfa.

— Kappflugið um England og Skotland, er nema átti 1010 mílum og stórblaðið Daily Mail hét $50,000 verðlaunum fyrir, var unnið af franska flugmanninum Beaumont (Conneau liðsforingja), sigurvegaranum frá Paris-London fluginu. Flaug hann þessar eitt þúsund og tíu mílur á 22 klukkustundum og 28 mínútum. Næstur honum varð P. Verdine, sá er vann Paris-Madrid flugið; var hann 28 klukkustundir og 39 mínútur á leiðinni. Hinir flugmennirnir týndust aftan úr og komust aldrei alla leið. Konungur hafði Beaumont síðan í boði sínu og sæmdi hann heiðursmerki fyrir þrekvirkið, og brezka stjórnin keypti flugvél hans.

— Hjón ein í Montreal voru á fimtudaginn var dæmd í tíu ára hegningarvinnu fyrir grimdarfulla meðferð á dóttur konunnar, af fyrra hjónabandi, 9 ára gamalli það kom í ljós við réttarrannsóknina, að meðan stjúpfaðirinn hélt barninu á hárinu, lamdi móðirin það með eldskörungi, unz það misti ráð og rænu. Hársrótin var rifin upp víða á höfði barnsins, og allur líkaminn flakandi í sárum. Lá barnið milli heims og helju í fjórar vikur á einu af sjúkrahúsum borgarinnar, og telja læknar óvíst að það biði nokkru sinni fullar bætur áverkanna. Hjónin færðu sér það til málsbóta, að telpan hefði verið þjófgefin, og hefði þeim virst þetta heppilegasta ráðið til að uppræta þann löst. Dómarinn kvað slíkt enga máfsbót, og kvað meðferð þeirra á barninu bina fúlmannlegustu og dæmdi þau til hinnar strongustu hegningar; sem lögin leyfa í þeim sökum, — 10 ára þrælkunarvinnu.

— Járnbrautarslys varð síðari hluta fimtudagsins nálægt Hamlet í North Carolina: rákust tvær lestir á og brotnuðu fremstu vagnarnir. Mistu fimm manns þar lífið og sextíu særðust, sumir hættulega, og er búist við að nokkrir þeirra muni deyja af þeim áverkum.

— Kornsláttur er byrlaður á nokkrum stöðum í Manitoba og Saskatchewan, en mun almennt hefjast í byrjun næstu viku. Kornvöxturinn er undantekningarlítið með allra bezta móti, og eru því uppskeruhorfur hvervetna bínar beztu. Fjöldi manna hafa þegar farið í kaupavinnu.

— Georg konungur hefir í hyggju að heimsækja Canada einhverntíma á landsstjóratíð hertogans af Connaught, segja ensk blöð. — Einnig er fullvíst, að prinsinn af Wales og prins Albert bróðir hans koma hingað til lands innan skamms.

— Vínbannsatkvæðagreiðsla fór nýverið fram í Texas í Bandaríkjunum, og urðu úrslitin þau, að bannvinir fóru halloka, þrátt fyrir það, að ríkisstjórnin og Baily senator lögðu sig í framkróka til að koma vínbanninu í gegn. Atkvæðamunurinn var 6000, en rúm 755,000 atkvæði voru greidd.

— Mrs. E. H. Harriman, ekkja járnbrautakonungsins og miliónamæringsins, liggur við að kafna í betlibréfum, sem henni berast allstaðar að. Árið sem leið voru henni send rúm sex þúsund betlibréf, sem báðu samtals um $110,000,000. Sum bréfin báðu um litlar upphæðir, minst 10 dollars. En aftur námu sumar beiðnirnar upphæðum, sem nægja mundu til að byggja háskóla fyrir. Naumast þarf að geta þess, að fæstum þessara betlibréfa var sint. Nú hefir Mrs. Harriman stofnað skrifstofu sem eingöngu hefir það hlutverk, að taka á móti bréfum þessum og meðhöndla þau, því sjálf var hún orðin dauðþreytt á þeim starfa.

— Tengdamæður eiga ekki upp á háborðið hjá New York dómurunum. Nýverið kærði ung kona ein í New York tengdamóður sína fyrir það, að hafa spilt heimilisfriði sínum og neytt sig til að flýja úr húsi sínu með barn sitt. Faðiríki hennar og geðvonzka hafði keyrt fram úr hófi, þrátt fyrir það, að hún hafði að eins verið gestkomandi. Konan vildi því fá að vita, hvort ekki væru nein takmörk fyrir, hve lengi tengdamæður mættu vera í heimsóknum sínum. Dómarinn gaf þann úrskurð, að tíu dagar ætti að vera nægilega löng heimsókn fyrir tengdamæðurnar, og bætti því við, að þær væru fæddar drotnarar, og það virtist vera einkaréttur þeirra, að troða tengdadætrum sínum um tær við öll tækifæri. Tengdamóðir sú, sem hér var um að ræða, varð því að hvpja sig sem snarast til heimilis sins í Boston, en unga konan fór aftur heim til manns sins.

— Togo, hinn frægi aðmíráll Japana, er nú í Bandaríkjunum og hefir verið fagnað með viðhöfn mikilli allstaðar þar sem hann hefir komið. Hann er gestur Bandaríkjastjórnarinnar. Vel getur verið að hann bregði sér til Canada í þessu ferðalagi, en óvíst er það samt.

— Persiu uppreistin heldur áfram og veitir Muhamed Ali, afdankaða keisaranum, betur að öllum jafnaði. Hefir hann fengið til liðs við sig allkyns óþjóðalýð, ræningjasveitir bæði innlendar og útlendar, og eru ófagrar sögur, sem ganga af hryðjuverkum þeirra — brenna bæi og bygðir og brytja niður ekki karlmenn að eins, heldur og konur og börn, allstaðar þar sem þeim er viðnám veitt.— Álitið er, að Rússar standi að baki Muhamed Ali, því þegar Englendingar fóru þess á leit við þá, að þeir í félagi drifu Muhamed út úr landinu, neituðu þeir því. — Persneska ráðaneytið hefir velzt úr völdum, og enginn hæfur leiðtogi fyrir stjórnarhernum. Nýverið stóð orusta skamt frá Teheran, og hélt stjórnarherinn þar velli, en langt um fleiri féllu þó úr þeirra liði í þeim viðskiftum. Muhamed Ali hefir lýst því yfir, að takist sér að ná völdum aftur, ætli hann sér að ríkja sem einvaldur, en afnema lögglafarþingið og stjórnarskrána, sem faðir hans gaf Persum nokkru fyrir dauða sinn. Muhamed gerði tilraun til þessa áður, en það kostaði hann keisaratignina.

— Hon. Clifford Sifton, sambandsþingmaður fyrir Brandon kjördæmið, hefir nú í hyggju að verða mótkandidat G. P. Graham, samgöngumála ráðherra Laurierstjórnarinnar, í Brockville kjördæminu í Ontario, við í hönd farandi sambandsþingskosningar. — Gefur Sifton að þessu sinni kost á sér sem óháður, en fylgir Conservativum að málum gegn gagnskifta uppkastinu. Conservativar ætla ekki, að tilnefna neitt þingmannsefni, ef Sifton verður í kjöri, — heldur lofa fyrrum ráðherra, að kljást við núverandi ráðherra.

— Alment verkfall gerðu byggingaverkamenn, smiðir og múrarar, í Sviþjóð nýverið. Eru yfir 40 þúsund manns, sem verkfall gerðu, og er alt byggingasmiði stöðvað um gjörvalt landið. Það var launa hækkun og styttri vinnutími, sem farið var fram á; en er vinnuveitendur vildu ekki verða við þessum kröfum, gerðu hinir verkfall. Er alment búist við, að það standi skamma stund, því stjórnin hefir skipað nefnd manna til að koma sáttum á.

— Kóleran geysar stöðugt á Ítaliu og virðist vera í engri rénun. Sjúkdómsskýrslurnar fyrir júnímánuð telja, að rúm 400 manns hafi sýkst þar í landi úr veikinni, og nær þriðjungur dáið. Framundir síðustu viku (júli) voru sjúkdómstilfellin tæp 800 og rúm 200 dánir. Frá Ítaliu hefir kóleran borist til Austurríkis, en lítil brögð eru að útbreiðslu hennar þar, enn sem komið er. Einnig hefir sýkin borist frá Ítaliu til Bandaríkjanna, þó þar hafi að mestu tekist að stöðva útbreiðslu hennar.

— Manntalið viðsvegar um Canada virðist ganga all-skrykkjótt, og hafa umkvartanir borist úr öllum áttum, að þeir, sem þeim starfa gengdu, hafi slept fjölda manns. Þannig lét til dæmis bæjarráðið í Saskatoon hefja manntal að nýju, eftir að hinir liberölu manntalssveinar höfðu lokið þeim starfa þar. Ekki er búist við, að manntalsskýrslurnar verði hevrin kunnar fyr en einhverntíma í næstkomandi októbermánuði.

— Prins Luitpold, hinn aldni ríkisstjóri yfir Bæheimi, er hættulega veikur. Falli hann frá, kemst glundroði á stjórnarfyrirkomulag ríkisins, því að konungurinn — Otto — er vitskertur, og hefir Luitpold sem er föðurbróðir hans, annast stjórnartaumana af dugnaði um mörg ár, en missi hans við hefir bæheimska konungsættin engum nýtum manni á að skipa í hans stað.

— Kosningar til Quebec fylkisþingsins er nú í ráði að fari fram innan skamms, áður en að sambandskosningar koma á daginn. — Lomer Gouin, forsætis ráðherra, er mjög hugleikið, að fá að vita um afstöðu kjósendanna gagnvart sér og stjórn sinni, því að undir því hvernig hún verður, er fylgi Sir Wilfrids Lauriers við sambandskosningarnar að miklu levti komið. — Aftur eru Nationalistarnir að hervæðast af miklu kappi og mun Gouin og Laurier reynast þeir full erfiðir um það er lýkur.— Quebec kosningarnar er ráðgert að fari fram í september byrjun.

— Albany uppreistin virðist nú aðfram komin, ef aðrar þjóðir koma ekki til hjálpar. Tyrkir hafa sent ógrynni liðs til að bæla uppreistina niður, og er þar engin vægð á ferðum, því hvar sem hersveitir Tyrkja fara um, skilja þær eftir auðn eina, brenna bæi og býli og brytja niður örvasa gamalmenni, konur og börn. Yfirmaður Tyrkjahersins, Chevket Torgut, hefir 40 þúsundir manna yfir að ráða, en uppreistarherinn er ein 6.000 manns, sem þess utan er að fram komnir af hungri og harðrétti, því eitt brauð, blandað hetki er vikuforði hvers liðsmanns. En kjarkurinn er óbilandi, og heróið er: Frelsið eða dauðinn. Uppreistarforingjarnir hafa nú heitið á aðrar þjóðir, að koma sér til hjálpar, áður en Albanir allir væru niður högnir, sem hráviði, — en daufheyrst hafa þjóðirnar að svo komnu við liðsbónum þeirra. Þeir einir, sem styrkt hafa uppreistina, eru samlandar þeirra í Bandaríkjunum. Þar eru búsettir um 40 þúsund Albanir, og hafa þeir bæði með fjárframlögum styrkt uppreistina og eins sumir þeirra farið heim og barist fyrir frelsi fósturjarðarinnar. Ismail Kemal Bey heitir aðalforingi Albana, og er hann nú farinn úr landi í liðsbóna erindum. Var hann áður landstjóri Tyrkja á Sýrlandi og síðar einn af þingmönnum Albana á tyrkneska þinginu og leiðtogi þeirra þar. En daufar undirtektir hefir liðsbóna leiðangur hans fengið, — enda fórust honum þannig orð nýverið: "Eina vonin okkar er í Ameríku. Fólkið þar er ekki eigingjarnt eins og Evrópuþjóðirnar, — það hefir hjarta". — Austurríki hefir gefið Montenegro-búum undir fótinn að koma til hjálpar, en Rússar hafa aftur latt þess. En skerist ekki aðrar þjóðir í leikinn innan skamms, liggur ekki annað fyrir en að Tyrkir leggi Albaníu í auðn.

— Vilhjálmur þýzkalandskeisari hefir fengið fjögra milióna sterlingspunda fjárkröfu á hálsinn, og er hún nú fyrir dómstólunum í Berlin. Þeir, sem þessa fjárkröfu gera, eru tveir afkomendur Mönnich hershöfðingja, sem var einn af köppum Friðriks mikla Prussakonungs. Konungurinn gaf Mönnich í launaskyni 50,000 sterlingspunda landeignir all-miklar; en hershöfðinginn gekk í þjónustu Rússa, án þess að hafa tekið við öðru en gjafabréfinu, en dvöl hans hjá Rússum endaði með því, að hann var dæmdur til 20 ára útlegðar í Síberiu og þar dó hann, og eignina fékk hann aldrei notað. Nú krefjast þessir tveir afkomendur hans eignanna, og virða þær með rentum og renturentum á 4 miliónir sterlingspunda, og telja keisarann skyldan að borga, því eignirnar hafi fallið undir krúnuna. Ef menn þessir geta sannað, að þeir séu afkomendur hershöfðingjans, er búist við, að keisarinn verði að greiða þeim að minsta kosti einhvern hluta þessarar fjárkröfu.

— Henri Bourassa, foringi Nationalistanna, lýsti því yfir í Montreal á mánudaginn, að hann vrði ekki í kjöri við samabandskosningarnar. En hann kvað stefnu Mr. Monks, Conservative leiðtogans í Quebec, sér geðfelda, og skyldi hann berjast undir merkjum Conservativa, bæði á ræðupallinum og í blaði sínu og leggja sig allan í framkróka að kollvarpa veldi Sir Wilfrid Lauriers.

— Þýzka stjórnin hefir, að því er frönsk blöð segja, krafist þess af Adquith, forsætisráðherra Bretlands, að Lloyd George fjármálaráðherrann verði sviptur embætti vegna afskifta sinna af Marokkoþrætunni. En flugufregn er þetta að eins, en samt ekki ólíkleg, því hins sama kröfðust þjóðverjar af Frökkum um árið, að Delcassé utanríkisráðherra færi frá, vegna afskifta hans af Marokko-þrætunni báverandi, og varð svo að vera.— Naumast mun þó Asquith verða við kröfu þýzku stjórnarinnar, þó alvara fylgi máli.

Marokko þrætan.

Ófriðarbliku brá fyrir í einni svipan, og alt virtist benda á, að stórveldin ætluðu í stríð útaf Marokko þrætumálunum. England tók að hervæðast, og á einni nóttu var meginflotinn gerður vígbúinn. Frakkar fylgdu dæmi Englendinga og bjuggu her sinn og flota, og sendu herskip áleiðis til Marokko. Þjóðverjakeisari var á skemtiferð og hraðaði sér heim, sem mest hann mátti, og þýzku blöðin voru digurt um, að þjóðverjar myndu halda sínu fram, hvað sem framvindi, og ráðlögðu Englendingum, að sletta sér ekki fram í málefni, sem þeim kæmi lítið við. Þrætan væri milli Frakka og þjóðverja og þeirra væri að útkljá málin. Í brezka þinginu aftur á móti hélt Asquith ráðherra volduga ræðu og lýsti því þar yfir, að brezka stjórnin liði engum að ganga á réttindum Bretlands eða skipa þeim annan sess í heimsmálunum. Samningstilraunir ættu sér stað milli Frakklands og þýzkalands, en England væri þar ekki í ráðum með. Tækust samningarnir og kæmu hvergi í bága við hag Pretlands eða áhrif þess, væri vel farið — en tækust samningarnir ekki, þá yrði Bretland að skerast í leikinn.

Ræða Asquiths dróg mjög úr gorgeir þjóðverja, og hafa þeir slakað til í kröfum sínum við Frakka. Áður gerðu þeir það að skilyrði fyrir að rýma Marokko, að fá hinn franska hluta Congoríkisins, en nú gera þeir sig ánægða með litinn landskika þar.

Frakkar á hinn bóginn álíta, að þjóðverjar hafi engan rétt til landsetu í Marokko, og þeir þurfi því ekki að kaupa þá þaðan.

Undir því, hvort samningar þessir takast eða ekki, er það komið, hvort stríð verður; en alment er álitið, að þjóðverjar sjái sér ekki annað fært en láta í minni pokann að þessu sinni að minsta kosti.

Frakkastjórn hefir komið nýju herskipulagi á, og skipað J. J. C. Joffre yfirstjóra alls herliðsins.

Í öllum þessum bollaleggingum og ráðabruggi gætir Spánverja lítið, þótt þeir séu í raun réttri aðalmálsaðilinn, því stórveldafundinn í Algeciras 1906 fól þeim ásamt Frökkum eftirlit með stjórnarfarinu í Marokko; en að Spánverjar eru á þjóðverja bandi, er þó vissa fyrir. — En þeir, sem alls ekkert hafa að segja í þessum málum, eru Marokko búar sjálfir og landsstjórnin, — enginn spyr hvort þeim líki betur eða verr. Soldáninn situr nú óruggur í höfuðborginni Fez, verndaður af frönsku hersveitunum. En þó nú ófriðarblikan hafi svifið frá jafnfljótt og hún kom, þarf ekki nema eitt orð frá þýzka keisaranum og Evróna er öll í uppnámi og stríð óumflýjanlegt. En naumast mun það ske, heldur verði Marokko-þrætan jöfnuð friðsamlega.

Munið eftir Íslendingadeginum.

OGILVIE'S
Royal Household Flour
Til Brauð og Köku Gerðar
Gefur Ævinlega Fullnæging
EINA MYLLAN Í WINNIPEG,—LÁTIÐ HEIMAÍÐNAÐ SITJA FYRIR VIÐSKIFTUM YÐAR

BJARNASON & THORSTEINSON
Fasteignasalar
Kaupa og selja lönd, hús og lóðir víðsvegar um Vestur-Canada. Selja lífs og eldsábyrgðir.
Lána peninga út á fasteignir og innkalla skuldir.
Öllum tilskrifum svarað fljótt og greiðanlega.
WYNYARD :-: SASK.

VEGGLÍM
Vönduð bygginga efni:
The "Empire" Wood Fiber tegundir.
Cement Wall og Finish Plasters
Sackett Plaster Board.
Vér höfum ánægju af að senda yður vora "Plaster Book"
Manitoba Gypsum Co., Limited.
Winnipeg, Manitoba

Heimskringla
Published every Thursday by The Heimskringla News & Publishing Co. Ltd

Verð blaðsins í Canada og Bandar $2.00 um árið (fyrir fram borgað).
Sent til Islands $2.50 (fyrir fram borgað).

B. L. BALDWINSON
Editor & Manager

Office:
729 Sherbrooke Street, Winnipeg
BOX 3083. Talsími Garry 4110.

MISSKILNINGUR.

Séra Jóhann Bjarnason hefir í Lögbergi dags. 27. þ. m. ritað andmæli gegn kvæði því, er nefnist "Á geðveikrahælinu", eftir Jóh. Húnfjörð, sem fyrir skömmu birtist hér í blaðinu, og sem presturinn segir að til sé orðið út af tilfelli, sem komið hafi fyrir í Nýja Íslandi; og ætlar hann höfundinn þarðlega fyrir afskifti hans af málinu.

Við þann hluta greinarinnar hefir Hkr. ekkert að athuga, því að áminningin er verðskulduð, ef höfundurinn er sekur. Vitfirringarsjúkdómar eru þess eðlis, að enginn ætti að álíta sig hafa neinn rétt til þess, að gera gys að þeim, eða nota þá sem tileini til að særa tilfinningar ástvina og aðstandenda hinna sjúku, og það liggur beint í verkahring herra Húnfjörðs að hreinsa sig af áburði prestsins, sé hann ekki á rökum bygður.

En að því er Heimskringlu snertir — og vér sjáum ekki betur en að presturinn hafi lagt óþarfa lykkju á leið sína til að rægja hana í þessu máli við íslenzka lesendur —, þá er það sannast sagt, að vér sáum ekkert það í kvæðinu, sem til þess benti, að það væri á virkileikans grundvelli bygt og sáum þess vegna enga ástæðu til þess, að synja því um upptöku í blaðið. Höfundur kvæðisins er oss alls ókunnur, vitum ekki til, að vér höfum séð manninn, — þó svo kunni að hafa verið. Og alls enga hugmynd hafði blaðið um, að kvæðið væri samið í þeim tilgangi "að ljúga æru og mannorði af öðrum", eins og presturinn kemst svo hógværlega að orði. Vér teljum meira að segja, að hann muni eiga örðugt með að sýna með gildum rökum, að kvæðið sé til orðið á þann hátt, sem hann gefur í skyn að það sé, og ef þau gögn skortir, sem til þess þurfa, þá þarf engum getum um það að leiða, hver það sé, sem gert hefir sig sekan í, að "ljúga æru og mannorði af öðrum".

Vér fáum ekki betur séð, en að heill hópur fjölskylda, sem því óláni hafa mætt, að eiga ættingja á geðveikrahælum, geti með sama rétti talið kvæði þessu beint að sér, eins og þeir, sem presturinn talar fyrir í þessu máli, því margar fjölskyldur geta verið til, sem eins er ástatt fyrir eins og þeim, sem presturinn segir hér eigi hlut að máli.

Heimskringla verður að álíta, að birting kvæðisins hafi, frá blaðalegu sjónarmiði, verið í fylsta máta réttmæt, og gefi ekki ástæðu til þess skilnings, sem presturinn leggur í það.

ELDUR.

Fyrir nokkrum árum kom krúður á tré nokkurt í Niagara héraðinu í Ontario, og tafarlaust lagði ríkisstjórnin fram alla krafta sína til þess að vernda þetta tré. Skriðormur nokkur lagðist þar á aldini og hópur sérfræðinga var þegar sendur til þess með vísindalegri þekkingu sinni að útrýma honum úr héraðinu. Nautahjörð ein í Ontario fékk fákendan sjúkdóm og stjórnin varði margfalt meiru fé til að lækna þann sjúkdóm, heldur en öll hjörðin var verð. Allar þessar tilraunir stjórnarinnar og fjárútlát úr ríkissjóði mæltust vel fyrir, og alþýða manna var henni þakklát fyrir frammistöðuna. — En ár eftir ár tapar þjóð þessa lands feikna fjárupphæðum, sem landsstjórnin lætur afskiftalaust, rétt eins og það mikla fjártjón orsakaðist af fellibyljum, jarðskjálftum eða feikna flóðöldum, eða öðrum náttúruviðburðum, sem mannlegt hyggjuvit fengi ekki ráðið við. Á hverjum degi vex tjón þetta svo mjög, að upphæðin myndi nægja til þess, að bæta öllum búpenings- og aldinaræktunar-mönnum landsins það tjón, sem þeir verða að þola af völdum sjúkdóma og eyðileggingar-orma. Og meiri hluti þessa tjóns verður fyrir glæpsamlegt hirðuleysi, og þó er því leyft að halda áfram, án þess nokkrar skorður séu reistar gegn því, né hegning sett við því, frekar en af þak fyki af fjárhúsi af völdum vinda. Á árinu 1910 varð tjón Canada búa af eldsbrunum nálega 32 miliónir dollars, eða nákvæmlega $31,962,552, eða til jafnaðar 90 þúsund á hverjum degi ársins, eða $3,750 á hverri klukkustund sólarhrings, — og alt þetta beint þjóðartap.

En þetta 32 milión dollars tjón er þó ekki nema litill hluti þess beina kostnaðar, sem þjóðin verður fyrir í þessu sambandi. Kostnaður við vatnsleiðslu eykur útgjöldin um aðrar 4 miliónir dollars, og slökkvistöðva viðhald kostar aðrar 7 miliónir, og varnartæki einstaklinga kosta aðra 2½ milión dollars; — svo að þó ekki sé talinn sá skaði, sem ríkið biður af sléttueldum og skógaeldum, þá varð Canada fyrir tjóni af eldum á sl. ári svo nam 61½ milión dollars.

Hagfræðingar mundu segja, að þessi upphæð næmi $8.00 á mann hvern í landinu. Fjárhagsfræðingar myndu segja, að skaðinn jafngildi 5 prósenta vöxtum af $161.00 á hvern mann í ríkinu, eða af fjárupphæð, sem næmi 1230 miliónum dollars. Tölfræðingurinn mundi setja fjártjónssamlikinguna fram á enn annan hátt, en engu síður eftirtektaverðan.

Þetta feikna fjártjón á árinu var 66 prócent meira en næsta ár á undan, og á einum mánuði (júlí) varð skaðinn svo mikill, að hann nam tveim þriðju hlutum alls þess fjártjóns, sem varð á árinu 1909, eða rúmlega 12½ milíón dollars.— Þessi mánuður (júlí) var skaðamesti mánuðurinn sem orðið hefir í sögu landsins. Þá varð bruninn mikli í Campbellton, N.B., og skóg areldarnir miklu í Ontario og British Columbia og milión dollars timburbruninn í Braeside í Ontario og sögunarmylnubruninn mikli í Golden og Revelstoke bæjunum í British Columbia. Á árinu 1910 voru yfir 30 eldsbrunar, sem hver olli yfir 100 þúsund dollars eignatjóni. Af þeim voru 16 í Austur-Canada og hinir vestan stórvatnanna. Meira varð fjártjónið þó í Austur-Canada, en mjög varð það ólikt í hinum ýmsu borgum ríkisins. Montreal, sem er stærsta borgin, varð þrisvar á árinu fyrir 100 þúsund dollars tjóni af eldsvoða; Toronto, næst stærsta borgin, var sem næst laus við bruna; en Winnipeg var fremst í tvennu tilliti: bæði að því er snerti tölu brunanna og fjártjóni því, er þeir ollu. Fimm brunar urðu hér á árinu, sem hver um sig gerði yfir 100 þúsund dollars fjártjón, og alls varð skaðinn af húsbrunum hér í borg meira en 1½ milión dollars. Að eins tvær stórborgir í Bandarikjunum höfðu stórfeldari bruna á árinu. Í Winnipeg urðu 14 brunar, sem hver gerði meira en 10 þúsund dollars eignatjón, og hinn fyrsti mánuður þessa árs varð nærfelt jafn eldskæður. Fyrstu 13 dagana af janúar sl. urðu 77 brunar í Winnipeg, svo að sumir af slökkviliðsmönnunum unnu nærfelt þrjá sólarhringa í einu hvíldar og svefnlaust. — Svo er Winnipeg borg orðin illa ræmd fyrir tíða eldsbruna, að eldsábyrgðarfélögin hafa tapað fé á starfi sínu hér á sl. árum. Þau hafa því hækkað ábyrgðargjöld sín að mun á síðastl. vetri. Á liðnum árum hafa brunahlutföllin verið söm í Bandarikjunum og Canada; en á sl. ári tók Canada langt stökk fram fyrir Bandarikin í brunatjóni, miðað við íbúatölu beggja ríkjanna. Hér í landi varð skaðinn 30 miliónir, en svöra 204 miliónir dollars, svo að Canada bar fyllan áttunda hluta af tapinu, en hefir þó að eins einn tólfta hluta íbúanna.

Til þess að komast að niðurstöðu um það, hvað bezt sé að gera til þess að koma í veg fyrir þetta ógna fjártjón af völdum elda, verður nauðsynlegt að íhuga hverjar séu aðalorsakir að upptökum eldanna. Undirrót þessa má telja það, hve hús eru óvandlega bygð, úr ódýru efni, svo sem timbri, ónóg lagaákvæði og þeim lögum illa framfylgt, sem til eru, og alment þekkingarleysi eða kæruleysi um að við hafa skynsamlegar varúðarreglur.

Það er fróðlegt að íhuga upptök brunanna í sambandi við framangreindar orsakir. Flestir brunarnir á síðasta ári, eins og á fyrri árum, orsökuðust af eldkveikju í stóm og hitunarvélum og af illa bygðum reykháfum. Úf þessum orsökum urðu 388 húsbrunar; margir þeirra eiga rót að rekja til plötujárnsstónna, og fyrir langflesta þeirra hefði hæglega mátt bygga, með því að setja stórnar rétt niður og á hyggilega staði í herbergjunum, og með því að nota almennileg ofnrör og trygga reykháfa. Og margir eldar orsökuðust af svo mikilli óvandvirkni í byggingu húsa og hitaleiðslu um þau, að rétt hefði verið, að höfða glæpamál móti smiðum húsanna. Viðarplankar stóðu innum reykháfana eða eldstæðin. Húseigendurnir, er borguðu fyrir smíðið, vissu ekki annað en alt væri ráðvandlega af hendi leyst, — þar til hús þeirra brunnu og þeir urðu að bera allan skaðann af því. Einn dómari í Montreal fann lækningu við þessu meini þar í borg með því að dæma smiðinn til skaðabóta útláta.

Önnur orsök til bessara elda er til skammar þessu landi. Á árinu 1910 höfðu ekki færri en 270 eldar verið kveiktir af ásettu ráði. En ekki var komið fram hegningu á hendur fleiri en ellefu af þeim glæpaseggjum. Ikveikjan er gerð af tveimur ástæðum: Að einu leytinu til þess, að ná ábyrgðarfénu, og að hinu til að hefna sín á einhverjum andstæðingi. Hvorttveggja þetta er all-titt, vegna þess, hve slælega er eftir því gengið, að ná í sökudólgana. Eina ráðið til þess, að koma í veg fyrir framhald þessa ófagnaðar, er að setja brunarannsóknarmenn, eins og Manitobastjórnin hefir nú gert, og er það eina fylkið í Canada, sem það spor hefir stigið. Að eins ætti sá rannsóknari að hafa víðtækara vald, en hann hefir, í líkingu við það, sem hann hefir í sumum fylkjum Bandarikjanna. — Ikveikjan er orðin að list: Eldur í verksmiðju á Englandi var rakinn til kattar, sem settur var inn í verksmiðjuna eftir að tuskur höfðu verið vafðar um rófu hans og í þeim kveikt. Í British Columbia var kveikt í gullstássbúð til þess að ná í ábyrgðarfé, af því að gullstáss-starfið borgaði sig ekki. Það kviknaði í búðinni, þegar báðir eigendur hennar voru fjarverandi í öðrum bæ, í 12 mílna fjarlægð. Það komst upp, að eigendurnir höfðu smiðað nokkurs konar klukku-gangverk, sem orsakaði það, að eldspita nuddaðist við sandpappir kl. 1½ um nóttina, og datt svo, er kviknað var í henni, ofan á tusku, sem vætt hafði verið í olíu. Til allrar þakku varð eldsins vart svo tímanlega, að hægt var að ákveða upptök hans.

Margir halda, að eldingar séu ein af aðalorsökum til húsbruna; en svo er þó ekki. Það urðu 152 eldar af þessari orsök á sl. ári, og samkvæmt reynslu þeirri, sem fengin er í Ohio ríki í Bandarikjunum, hefði mátt koma í veg fyrir flesta þeirra. Af 883 eldum í því ríki, af orsökum eldinga, þá voru að eins 4 af húsum þeim sem brunnu búin út með nútíðar eldingaleiðara (Lightning Rods), og í einu tilfellinu var sannað, að eldingin hafði komið neðan frá. Það er ennþá nægilegt starf og verzlun fyrir þrumuleiðara kaupmenn.

Eldar, sem stafa af gasólinsprengingum, eru undantekningarlaust afleiðing af trassaskap og glæpsamlegu kæruleysi. Gasólinheimskinginn er kominn í beinan ættlegg frá steinoliu-líðninu. Jafnvel þó að gasólin sé sá hættulegasti lögur, sem hægt er að kaupa án einkaleyfis, er þó sú olía meðhöndluð með svo miklu kæruleysi, að það eykur daglega tölu ekkna og munaðarleysingja í landi þessu. Það urðu 108 sprengingar, sem sýna, að alt of gálauslega er farið með þennan lög. Það þarf ekki nema eina mörk af gasólini til þess að gera 200 teningsfet af allsterkum sprengilegi. Þetta taka eldsábyrgðarfélögin til greina á þann hátt, að gasólin-gerðar félag eitt í Chicago verður að borga $27.80 abyrgðargjald fyrir hvert 100 dollars virði í eignum sínum, og má þó aldrei hafa meira en 44 tunnur af gasólini í verksmiðju sinni.

Hundrað þrjátíu og einn eldur orsakaðist af því, að börn leku sér að eldspitum. Á þessu bera foreldrarnir beina ábyrgð, af því þeir láta börnin ganga alt af sjálfala og eftirlitslaus. Einnig urðu 100 eldar frá oliulömpum; 80 eldar orsökuðust af illa lögðum raflýsingarvírum, og 70 eldar urðu af því, að kviknaði í eldspitum; þar höfðu verið geymdar þar sem eldur komst að þeim. Vindlastubbar orsökuðu 54 elda, og 44 eldar kviknuðu af því, að fatnaður var hafður svo nálægt eldstæðum, að í honum kviknaði. Ógætileg meðferð á eldspitum er ein af aðalorsökum margra húsbruna.

Margir telja, að rafljósaþræðir í húsum, hversu illa, sem frá þeim er gengið, orsaki ekki húsbruna. En í bænum London í Ontario var það sannað, að af 240 húsum, sem nákvæmlega voru rannsökuð, voru ljósþræðir að eins rétt lagðir í 16 þeirra. Og á þýzkalandi hefir það verið fullsannað, að illur frágangur á leiðslu ljósþráða í þúsum, er orsök fleiri elda þar heldur en stafa frá gasólini og steinoliu. Stjórnin ætti að hafa mann í hverlum bæ hér í landi til að lita nákvæmlega eftir þessu, og myndu þeir á einum mánuði vinna fyrir árslaunum sínum. — Sumir leita að gasleka með því, að kveikja á eldspitu og bera logann að þar sem ætlað er að lekinn kunni að vera. Sjö eldar kviknuðu frá pípum þeirra, sem reyktu í rúmi sínu, og heimskingjarnir, sem hafa ætlað sér að glæða eld í hústóm sínum með því að hella oliu í hann, hafa orsakað 15 húsbruna.

Þessi útdráttur er úr ritgerð um upptök húsbruna, sem nýlega stóð í timaritinu "Trail", sem gefið er út í Winnipeg, og er margt annað fróðlegt og eftirtektavert í grein þessari. Meðal annars það, að tjónið, sem landsbúar biða eignalega af húsbrunum, sem flestir orsakast af einskæru kæruleysi og hugsunarleysi, — sé bó í sjálfu sér að eins litill hluti þess skaða, sem þjóðfélagið verði að bola af eldum þessum, þar sem á sl. ári ekki færri en 326 manns mistu líf sitt í eldunum.

Ein orsök til elda, og sem stjórn ir landanna ættu að skifta sér af, er það glæpsamlega kæruleysi margra foreldra, að skilja börn sín eftir einsömul í húsum, sem á sl. ári varð 64 börnum að bana. Feðurnir voru við vinnu, en mæðurnar ýmist fóru á leikhúsin eða aðra skemtitúra, eftir að hafa lokað börn sín inni í húsunum. Á fyrstu 35 dögum þessa yfirstandandi árs hafa 7 ungbörn brunnið til bana í Montreal borg, sem lokuð voru inni í húsunum meðan mæður þeirra fóru út að skemta sér við að horfa á hreyfimyndasýningar. Mörgum öðrum börnum varð af nábúum þeirra bjargað frá bráðum dauða af völdum elda, meðan mæðurnar voru úti að skemta sér. Lögin ættu að þera þess konar vanrækslu að fangelsissök. Og þeir, sem nota oliu til að glæða elda í stóm sínum, ættu ekki að ganga lausir, — vitfirringahælin eru hin réttu heimkynni fyrir þá.

Þetta ástand má með engu móti lengur liðast hér í Canada. Stjórnir landsins verða að viðhafa samtök til þess, að stemma stigu fyrir því voðalega eigna- og lífjóni, sem nú er orðið alt of algengt hér í landi af völdum elda. Eitt bezta ráðið er, að aðrar stjórnir gangi í fótspor Manitobastjórnarinnar í því, að setja eldsbrunarannsakara, sem hafi það starf, að rannsaka upptök allra elda í þeim tilgangi, að komast fyrir um upptök þeirra, og að sjá til, að þeim seku verði rækilega refsað, hvort sem sekt þeirra á rót sína að rekja til kæruleysis eða annara orsaka. Starf slíkra manna hefir reynst ágætlega í ýmsum af Bandarikjunum; en ekkert fylki í Canada hefir ennþá sett menn í þessa stöðu, nema Manitoba fylki, og er þó vald hans helzt til takmarkað. Eitt af Bandarikjunum minkaði húsbruna um fullan helming árlega með því að setja bruna-rannsakara. Annað ríki fékk 72 menn dæmda í fangelsi á fyrsta árinu, sem það hafði slíkan starfsmann; og í enn öðru ríki minkaði upphæð eignatjóns af eldsvoða á 5 ára tímabili úr 17 miliónum niður í 7 miliónir; og í öðru ríki voru fleiri brennuvargar dæmdir á einu ári, en á öllum undangengnum árum til samans. Í stuttu máli að segja, þá hefir eignatjón í þeim hlutum Bandarikjanna, sem hafa eldsrannsakara, að eins orðið $1.47 á mann, en var áður $2.47 á mann.

Sveitafélögin hafa á valdi sínu, að koma í veg fyrir mikið af brunum þeim, sem orðið hafa og verða með bygginga- og eldvarnar-aukalögum, sem þau hafa rétt til að staðfesta og láta framfylgja. Með viðeigandi lagaákvæðum og tilsjón með að þeim væri framfylgt, mætti hæglega á fyrsta árinu minka eldsvoðatjón þessa fylkis um helfing, og sérhvert sveitarfélag myndi fúslega semja slík aukalög, ef þess væri krafist. Það hefir sýnt sig í öllum Evrópu löndum, að mikill hagnaður er við það að hafa góð eldvarnarlög og láta framfylgja þeim. Þegar þess er gætt, að eldsvoðatjón í allri Ameríku er $2.51 á mann að jafnaði, en í 6 aðal Evrópu löndunum ekki nema 33 cents á mann, þá ætti vissulega að taka alvarlegt tillit til þessa mikla skaða hér í landi. Eldsvoðatapið hér í Winnipeg-borg var á síðasta ári yfir $10.00 á mann að meðaltali, en í atta af stórborgum Evrópu ekki nema 48 cents á mann. Að eins tvær stór borgir, París og London, höfðu meira tjón á slj ári heldur en hin litla Winnipeg-borg. Eldslökkvi-útgjöld í Ameríku-borgunum eru að meðaltali $1.53 á mann, en í Evrópu-borgum að eins 20 cents á mann.

Munið eftir Íslendingadeginum á morgun (2. ágúst).

Kaupið 10c 'plug' af

Currency

CHEWING TOBACCO

OG VERIÐ GLAÐIR.

Afnám lávarðadeildarinnar.

Frumvarpið um takmörkun neitunarvalds lávarðadeildarinnar á Englandi, sem svo miklum hita veldur um þessar mundir meðal hinna brezku stjórnmálamanna, er eitt hið þýðingarmesta frumvarp, sem nokkru sinni hefir legið fyrir hinu brezka þingi, því það fer hvorki meira né minna en fram á, að gjörbreyta fyrirkomulagi þingsins, því fyrirkomulagi, sem ríkt hefir um aldir. Frumvarpið var í fyrstu samþykt í neðri málstofunni með miklum atkvæðamun og síðar sent til lávarðadeildarinnar. Lávarðarnir þorðu ekki að fella það, en breyttu því í tveim mikilvægum atriðum, og sendu svo neðri málstofunni að nýju. Það, sem lávörðunum var aðallega þyrnir í augum, var það ákvæði frumvarpsins, að öll fjármálafrumvörp skyldu verða að lögum, án þess að lávarðadeildin hefði nokkuð með þau að fjalla. Þetta þótti lávörðunum óþolandi, og hitt þó verra, að öll önnur frumvörp skyldu verða að lögum, þó lávarðadeildin hafnaði þeim, ef þau væru samþykt af neðri málstofunni á þremur þingum — innan tveggja ára. Með þessu var sama sem alt vald tekið frá lávarðadeildinni, ef neðri málstofan skifti ekki um skoðanir á þessum tveimur árum. Hefðu lávarðarnir því samþykt frumvarpið, hefði það verið hið sama og að fremja sjálfs morð á réttindum sínum. Og hefðu þeir felt það, bar næstum að sama brunni. Þeir tóku því milliveginn og breyttu því. En nú hefir Asquith forsætisráðherra lýst því yfir, að annaðhvort verði lávarðarnir að samþykkja frumvarpið óbreytt, eða breyta því þá svo lítillega, að það haldi sínu í öllum meginatriðum, — því annars láti hann konunginn útnefna nógu marga nýja lávarða, sem sverji frumvarpinu fylgi sitt, og þannig láta lávarðana sjálfa samþykkja það. Asquith segir, að konunguriinn hafi lofað að útnefna lávarðana, hvenær sem þess sé óskað.

Breytingarnar, sem lávarðarnir gerðu á frumvarpinu, voru tvær. Önnur var við þá grein þess, sem ákvað, að öll fjármálafrumvörp skyldu vera lávarðadeildinni óviðkomandi. Breytingartillagan var þess efnis, að nefnd úr báðum þingdeildum skyldi úrskurða, hvað væri fjármálafrumvörp og hvað ekki. Í stjórnarfrumvarpinu var forseta neðri málstofunnar einum falið úrskurðarvaldið, hvað það snerti; en það þykir lávörðunum ónóg, því að því nær öll frumvörp megi gera að fjármálafrumvörpum, með því að hnýta við þau klausu, er dræpi á fjármál á einhverju leyti. En sé aftur á móti skipuð nefnd úr báðum þingdeildum með úrskurðarvald í þessu efni, þá sé vissa fyrir því, að þau frumvörp að eins séu kölluð fjármálafrumvörp, sem það eru í raun réttri. En stjórnin er þessum breytingum mótfallin, vegna þess að hún óttast að lávarðadeildin mundi bera þar betur úr bítum. Þess vegna neitar Asquith að sinna nokkurri breytingu, sem ekki tryggi að minsta kosti neðri málstofunni töglin og hagldirnar í nefndinni.

Öllu meiri hita hefir þó hin breyting lávarðanna valdið. Fer hún fram á það, að ýms málefni séu undanskilin þeirri ákvörðun frumvarpsins, að frumvarp, sem lávarðadeildin hafnar, verði að lögum, ef neðri málstofan samþykki það þrisvar. Málefni þau, sem lávarðarnir vilja hafa undanskilin, eru þau, sem varða stjórnarskipun landsins; svo sem frumvörp um sérstök löggjafarþing fyrir Írland, Skotland, Wales og England; og ennfremur þau málefni, sem liggja fyrir hinni sameiginlegu nefnd, sem fyrri breytingin fór fram á að skipuð yrði, — mál, sem eru svo þýðingarmikil, að lávarðarnir áliti að bera skuli undir atkvæði þjóðarinnar. Ennfremur ákveður breytingin, að ósamkomulag milli þingdeildanna skuli útkljáð af sameiginlegri nefnd úr báðum deildunum.

Það er sérstaklega eitt, sem breytingartillagan síðari ótvíræðlega vill koma í veg fyrir, og það er, að Írar fái heimastjórn. Það er öllum kunnugt, að lávarðadeildin hefir ávalt verið andvíg heimastjórnarfrumvarpi Íra, og er það engu minna nú. En því er nú svo varið, að Asquith-stjórnin styðst við fylgi Íra í þinginu og gæti ekki án þess staðið; og að launum fyrir það fylgi hefir Írum verið margloofað heimastjórn. Það er vegna þessara loforða, að írsku þingmennirnir hafa greitt atkvæði með fjárlagafrumvörpum Lloyd George, þrátt fyrir það, þó þau hafi verið þeim í fylsta máta ógeðfeld. En þeir hafa marg-lýst því yfir, að þeir ofruðu bæði sál og sannfæring fyrir heimastjórn Írlands.

Hver endirinn á baráttunni við lávarðana verður, er auðsætt, — stjórnin ber þar sigur af hólmi. Það eina óvissa er, hvort lávarðarnir láti sjálfir undan síga, eða hvort Asquith verður að fá konunginn til að hefja nokkurar tvlfitir auðmanna upp í lávarðartignina. — Annaðhvort þetta verður að ske.

En hvað sem því viðvíkur, þá má segja, að dagar lávarðadeildarinnar séu taldir, því þó hún standi að nafninu til, þá verður hún að eins skuggi af því sem áður var: Vald hennar farið, — en nafnið einkisvirði.

KENNARI

getur fengið atvinnu við Minerva skóla No. 1045 í 7 mánuði, frá 1. október til 30. apríl 1912. Tilboð, sem tiltaki mentastig, æfingu og kaup, sem óskað er eftir, sendist til undirritaðs fyrir 1. sept. 1911.

S. EINARSSON,
Sec'y-Treas.
Gimli, Man. Box 331.

KENNARA

vantar fyrir Vidir skóla No. 1460, í 3½ mánuð frá 1. september til 15. desember þ. á. Tilboðum, er tiltaki mentastig og kaup, verður veitt móttaka af undirrituðum til 19. ágúst næstkomandi.

Vidir, P.O., Man., 24. júlí 1911.
JÓN SIGURDSSON,
Sec'y-Treas.

RÆÐA.

B. M Ólsens háskólarektors við setning háskólans.

Háttvirta samkoma !!

Fyrir hönd Háskólaráðsins og kennara háskólans tek ég á móti hinni nýju stofnun úr höndum landsstjórnar og lýsi yfir því, að Háskóli Íslands er á stofn settur.

Jafnframt leyfi ég mér að frambera alúðarþakkir allra, sem að háskólanum standa, bæði kennara og námsmanna, til landsstjórnarinnar fyrir stofnun Háskólans. Vil ég þar fyrst og fremst biðja menn að minnast vors allra mildasta ástsæla konungs, Friðriks 8., með því að standa upp. Hann hefir staðfest háskólalögin og fjárveitinguna til Háskólans með undirskrift sinni, og nú hefir hann sent Háskólanum hlýjar heillaóskir á vígsluhátíð hans. Þar næst leyfi ég mér að minnast Alþingis Íslendlendinga, sem hefir samþykt lögin og veitt það fé, sem til þurfti, og loks þeirra þriggja ráðherra, sem að þessu máli hafa unnið, einn með því að leggja fyrir Alþingi ftumvarp til háskólalaganna, annar með því að útvega staðfesting konungs til þessara laga og undirskrifa þau með konungi, og hinn þriðji með því að útvega staðfesting konungs til fjárveitingarinnar og koma háskólalögunum til framkvæmda.

Áður enn ég held lengra áfram í ræðu minni, finn ég mig knúðan til að biðja um umburðarlyndi yðar, heiðruðu áheyrendur. Ég finn sjálfur bezt til veikleika míns og hve mikið vantar á, að ég geti til nokkurar hlítar, staðið í þeim sporum, sem ég nú stend í, þegar ég á svo að segja að marka hið fyrsta spor þessarar stofnuuar. Til þess að geta snortið hina réttu strengi í brjóstum yðar, þyrfti ég að hafa mælsku Demosþenesar og speki Platós. Enn í stað þess verður ræða mín harla einföld og óbrotin.

Við þetta tækifæri finst mér liggja nærri, að vér reynum að gera oss grein fyrir því frá almennu sjónarmiði, hvað háskóli eiginlega er eða á að vera, hvert sé markmið háskóla og starf, og hverja þýðing slíkar stofnanir hafa fyrir þjóðfélögin og alþjóð hins mentaða heims, og því næst að vér snúum oss að þessum hvítvoðungi vorum, sem nú er í reifunum, og hugleiðum, hvað Háskóli Íslands er nú, og hvað hann á að verða í framtíðinni.

Ég skal taka það fram, að ég hef orðið háskóli í þeirri merkingu sem það hefir í háskólalögunum. Orðið þýðir þar beinlínis sama sem lat. orðið universitas, sem allar mentaðar þjóðir hafa tekið upp til að tákna hinar æðstu mentastofnanir sínar.

Háskólahugmyndin er gömul í mannkynssögunni. Akademía Platós og fleiri griskir heimspekingaskólar voru í rauninni nokkurskonar háskólar, og fleiri slíkir skólar komu upp í rómverska ríkinu á keisaratímunum. En nafnið universitas kemur ekki upp fyr en á miðöldunum og þýðir í upphafi samfélag mentamanna (universitas magistrorum et scholarium). Háskólarnir voru þá nokkuð einhæfir. Elzti háskóli Norðurálfu, skólinn í Salerno á Ítalíu, var upphaflega varla annað en læknaskóli. Háskólinn í Bologna, næstelzti háskóli Ítalíu, var aðallega lagaskóli. Og við háskólann í Paris sat guðfræðin og hin skólastiska heimspeki í öndvegi. Þetta var og eðlilegt á miðöldunum, því að þá var visindalíðið einfalt og óbrotið og visindagreinar þær, sem menn stunduðu, fáar að tölu. Enn eftir því, sem visindaiðkunum fór fram, og menn tóku að leggja stund á eða jafnvel skapa frá rótum fleiri og fleiri visindagreinir, eftir því víkkaði verkahringur háskólanna, eftir því tóku þeir að teygja sig út yfir fleiri og fleiri visindagreinir. Við þetta breyttist einnig þýðing orðsins universitas, og nú leggja menn vanalega, að minsta kosti í Norðurálfunni, þá þýðing í þetta orð, að það sé stofnun, sem gripur yfir allar þær fræðigreinir, sem mannsandinn nú leggur stund á, og þær verða alt af fleiri og fleiri, því að visindastefna nútímans fer í þá átt, að skifta vinnunni milli margra, þannig að hver velji sitt sérstaka viðfangsefni, og við það hafa sumpart skapast nýjar fræðigreinir og sumpart hafa hinar gömlu fræðigreinir klofnað sundur í sérstakar greinir.

Markmið háskóla er fyrst og fremst þetta tvent:

1. að leita sannleikans í hverri fræðigrein fyrir sig, og
2. að leiðbeina þeim, sem eru í sannleiksleit, hvernig þeir eigi að leita sannleikans í hverri grein fyrir sig.

Með öðrum orðum: háskólinn er visindaleg rannsóknarstofnun og visindaleg fræðslustofnun.

Í þessu sambandi get ég ekki bundist þess, að drepa á afstöðu háskólanna við landsstjórnina eða stjórnarvöldin í hverju landi fyrir sig. Reynslan hefir sýnt, að fullkomið rannsóknarfrelsi og fullkomið kenslufrelsi er nauðsynlegt skilyrði fyrir því, að starf háskóla geti blessast. Á miðöldunum voru oft háskólar settir á stofn við biskupsstóla eða klaustur, og gefur að skilja, að klerkavaldið, sem réð slíkum stofnunum, var þröskuldur í vegi fyrir frjálsum visindaiðkunum. Síðar, einkum eftir reformationina, settu konungar eða aðrir stórhöfðingjar oft háskóla á stofn og lögðu fé til þeirra. Þóttust þeir því hafa rétt til að leggja höft á rannsóknarfrelsi og kenslufrelsi háskólanna, og hafði það hvervetna hinar verstu afleiðingar. Frjáls rannsókn og frjáls kensla er eins nauðsynleg fyrir háskólana og andardrátturinn er fyrir einstaklinginn. Landsstjórnin á því að láta sér nægja, að hafa eftirlit með því, að háskóla skorti ekki fé til nauðsynlegra útgjalda og að þeir fylgi þeim lögum, sem þeim eru sett, enn láta þá að öðru leyti hafa sem frjálsastar hendur um starf þeirra og málefni.

Enn hafa flestir háskólar hið þriðja markmið, og það er að veita mönnum þá undirbúningsmentun, sem þeim er nauðsynleg, til þess þeir geti tekist á hendur ýms embætti eða sýslanir í þjóðfélaginu. Þetta starf háskólanna er mjög nytsamt fyrir þjóðfélagið, það er ekki, eða þarf að minsta kosti ekki að vera strang-visindalegt, heldur lagar það sig eftir þörfum nemendanna.

Góðir háskólar eru gróðrarstöðvar mentalífs hjá hverri þjóð sem er, sannkallaðar uppeldisstofnanir þjóðarinnar í bezta skilningi. Út frá góðum háskólum ganga hollir andlegir straumar til hinna ungu mentamanna og frá þeim út í allar æðar þjóðarlíkamans. Þessir straumar hafa vekjandi áhrif á þjóðernistilfinninguna, enn halda henni þó í réttum skorðum, svo að hún verður ekki að þjóðdrambi eða þjóðernisrembingi. Sannmentaður maður elskar þjóðerni sitt og tungu, enn hann miklast ekki af þjóðerni sínu, fyrirlítur ekki aðrar þjóðir né þykist upp yfir þær hafinn. Slíkt er heimskra aðal. Yfir höfuð að tala verður það andlega gagn, sem góðir háskólar vinna þjóð sinni, seint tölum talið eða mælt í flátum.

Enn auk þess víkkar hver sæmilegur háskóli sjóndeildarhring þjóðar sinnar út yfir landamæri hennar til alls hins mentaða heims. Hver háskóli fyrir sig má heita borgari í hinni miklu respublica scientiarum. Milli háskóla heimsins er náið samband, eins og eðlilegt er, þar sem þeir vinna allir að hinu sama marki í flestum greinum. Eftirleitin eftir hinum huldu sannindum visindanna er þeim öllum sameiginleg. Því eru háskólarnir kosmopolitiskar stofnanir um leið og þeir eru þjóðlegar stofnanir, og hefir reynslan sýnt, að þetta tvent fer ekki í bága hvort við annað. Þetta band milli háskóla heimsins verður æ sterkara og sterkara. Háskólarnir í Norðurálfu og háskólarnir í Vesturheimi skiftast nú á, að senda hvorir til annara kennendur sína til að halda fyrirlestra. Hitt hefir verið altítt um langan tíma, jafnvel síðan á miðöldum, að nemendur fara frá einum háskóla til annars til að fullkomna sig í námi sínu. Nýtt dæmi þeirrar samuðar, sem háskólar bera hvor til annars, er símskeyti, sem ég hef rétt í þessu fengið frá Kristíaníu háskóla, og skal ég leyfa mér að lesa það upp. Þetta skeyti frá Háskóla frændþjóðar vorrar er sannkallað gleðiefni fyrir alla þá, sem að Háskóla vorum standa.

"Noregs Háskóli sendir Háskóla Íslands ("Söster-universitetet") í Reykjavík sína beztu kveðju á vígsludeginum og býður því að senda fulltrúa til 100 ára minningar vorrar 5. og 6. september".

Þetta samband milli háskóla heimsins er eitt af þeim táknum tímanna, sem benda í þá átt, að þess sé ef til vill ekki langt að bíða, að upp muni renna nýr "Fróðafriður" og að róstur og styrjaldir hverfi úr sögunni. Enn hvernig sem það nú fer, þá er það víst, að háskólarnir eru hinn helzti frömuður alheimsmenningarinnar.

Eftir þessar almennu athuga, semdir hverf ég nú gð Háskóla Íslands.

Hann er eigi að eins hinn yngsti háskóli heimsins, heldur einnig hinn minsti og einhver hinn ófullkomnasti. Þetta er eðlilegt, því að efni vor eru smá, og vér verðum að sníða oss stakk eftis vexti. En það verður að segja það eins og það er Vér megum ekki vera oss neinar gyllingar eða þykjast hafa himin höndum tekið, þó að vér höfum fengið mentastofnun með háskólanafni. Því að eins getum vér gert oss vonir um, að laga smátt og smátt það, sem áfátt er, ef vér sjálfir lokum ekki augunum fyrir því, sem á brestur. Og oss brestur mikið og margt. Þrjár af deildum Háskólans standa að vísu á gömlum merg, þær sem til eru orðnar upp úr eldri skólum: guðfræðisdeildin, lagadeildin og læknadeildin, og þær eru bezt úr garði gerðar að því er snertir kenslukrafta. Enn þó er varla við því að búast fyrst í stað, að þær geti sett markið mikið hærra enn það, að vera góðar undirbúningsstofnanir fyrir embættismenn, eins og gömlu skólarnir voru áður. Þetta er ekki talað af neinu vantrausti til embættisbræðra minna við þessar deildir. Þvert á móti ber ég hið bezta traust til þeirra allra. Heimspekisdeildin stendur þó enn ver að vígi. Þar er einn kenslustóll í heimspeki, einn í íslenzkri tungu og íslenzkri menningarsögu og einn í sögu Íslands. Þeir sem vita, hve nauðsynlegt það er fyrir hvern mann, sem vill læra íslenzku til nokkurrar hlítar, að kunna önnur germönsk mál, t. d. sér í lagi gotnesku, og jafnvel hin fjarskildari indoeuropeisku mál, svo sem fornindversku, og að bera nokkurt skyn á samanburðarmálfræði, þeir geta farið nærri um, hve mikil vöntun það er, að ekki er neinn kenslustóll í öðrum málum en íslenzku og enginn í samanburðarmálfræði. Líka er hætt við, að kenslan í Íslandssögu komi ekki að fullum notum, þar sem enginn kenslustóll er í almennri sagnfræði og enginn í sögu annara Norðurlandaþjóða. Ég tek þetta að eins sem dæmi þess, hve mikið vantar við heimspekisdeildina, af því það er svo bagalegt fyrir kensluna í íslenzkum fræðum. Stærðfræðisdeild og náttúruvisinda vantar alveg.

Það vantar því mikið á, að Háskóli Íslands fullnægi þeim kröfum, sem menn eru vanir að gera til háskóla nú á dögum, og er þess þó ógetið, að Háskólinn á enn ekkert hús fyrir sig og eigur varla svo teljandi sé. Til er að vísu Háskólasjóður frá gamalli tíð, enn hann mun ekki nema miklu. Auk þess hefir einn veglyndur borgari þessa bæjar, kaupmaður Bened. Þórarinsson, gefið Háskólanum stóra og höfðinglega gjöf, að upphæð 2000 kr., á stofnunardegi hans. Gjafabréfið hljóðar svo:

"Til háskólaráðsins.

Í minningu þess, að Háskóli Íslands er settur í dag, gef ég honum 2000 — tvö þúsund — krónur, sem verði sjóður hans til þess að verðlauna íslenzk rit vísindalegs efnis.

Peningarnir fylgja með bréfi þessu, enn skipulagsskrá mun ég senda innan skamms.

Virðingarfylst.
Ben. S. Þórarinsson".

Ef margir fara að dæmi þessa heiðursmanns, er von um, að Háskólanum safnist fé með tímanum. Ég kann konum alúðarfylstu þakkir í nafni stofnunarinnar.

"Öll frumsmíð stendur til bóta". Háskóli vor á að stefna að því, að laga smátt og smátt það sem áfátt er, svo að hann fullnægi kröfum tímans. Margir háskólar hafa byrjað í smáum stíl, og vaxið smátt og smátt. "Mjór er mikils vísir". Og þó að Háskólinn fyrst í stað fullnægi ekki öllum kröfum nútímans, þá verður þó varla annað sagt, enn að hann bæti úr hinum bráðustu þörfum hinnar íslenzku þjóðar. Þó að Háskólinn sé ekki sem fullkomnastur, þá er hann þó sniðinn eftir þörfum vorum, og "hollt er heima hvað". Til dæmis munu allir játa, að kenslustólarnir í íslenzkum fræðum bæta úr brýnni þörf, ef kennararnir duga. Vér höfum ástæðu til að vona, að Háskólinn verði með tímanum gróðrarstöð nýs mentalífs hjá þjóð vorri, og sjá allir, hve ómetanlegt gagn það getur orðið fyrir menningu vora og þjóðerni, að hafa slíka stofnun hér innanlands. Meira að segja viljum vér vona, að Háskólinn geti, þegar stundir líða, lagt sinn litla skerf til heimsmenningarinnar, numið ný lönd í riki vísind, anna, í samvinnu við aðra háskóla. Háskóli vor verður að nota sér það samband, sem er á milli allra háskóla heimsins, einkum með því að styrkja unga efnilega námsmenn til að fara til annara háskóla að afloknu námi hér. Annars er hætt við, að sjóndeildarhringur þeirra verði þröngur, og að Háskóli vor, einkum meðan hann er ófullkominn, verði að nokkurs konar kínverskum múr, sem byrgi fyrir útsýni til alheimsmenningarinnar.

Að íslenzka þjóðin væntir sér góðs af Háskólanum það hefir Alþingi Íslendinga sýnt með því að ákveða, að stofnun hans skuli fara fram á aldarafmæli Jóns Sigurðssonar. Ég vil biðja menn að minnast hans með því að standa upp. Nafn þessa óskasonar Íslands, sem um leið var ágætur vísindamaður, er þannig frá upphafi markað á skjöld Háskólans. Ef hann mætti líta upp úr gröf sinni og sjá alt, sem gert er þennan dag til að heiðra minningu hans, hvar sem nokkrir Íslendingar eru saman komnir, þá er ég sannfærður um, að hann mundi ekki síst gleðjast af þeirri athöfn, sem hér fer fram.

Vér vonum, að Háskólinn, þegar hann tekur til starfa, muni ekki bregðast þeim vonum, sem þing og þjóð gerir sér til hans. Framtíð Háskólans er undir því komin, að honum takist æ betur og betur að ávinna sér traust og hylli þjóðarinnar, því að það er hún, sem ber hann uppi af almanna fé, og til fulltrúa hennar verður að leita um fjárveitingar til allra nauðsynlegra umbóta.

Í annan stað er framtíð Háskólans komin undir kenslukröftum hans og námskröftum. Það er svo um hverja kenslustofnun, að hún getur ekki þrifist, nema hún eigi góða og samvizkusama kennara og námfúsa og ástundunarsama lærisveina. Ég veit að þér, háttvirtu samkennarar mínir, og einnig þér, kæru námsmenn þessarar stofnunar, eruð gagnteknir af alvöru þessa augnabliks og heitið því hver í sínu hjarta, að reynast Háskólanum vel og leggja fram alla yðar krafta við kensluna og námið.

Ef vér allir, sem að stofnuninni stöndum, annars vegar þings og þjóð, hins vegar kennarar og námsmenn, tökum saman höndum og reynum af fremsta megni að hlynna að þessum nýgræðingi, sem nú er gróðursettur, þá eru vonir um, að hann muni með guðs hjálp, þegar fram líða stundir, verða að stóru tré, er veiti skjól íslenzkri menningu og sjálfstæðri vísindalegri rannsókn hér á norðurhjara heimsins.

Algóði himneski faðir! Vér biðjum þig að halda þinni almáttugu verndarhendi yfir konungi vorum og fósturjörðu, yfir þjóð vorri og þingi og yfir stjórn þessa lands, yfir samþegnum vorum í Danmörku og öðrum frændþjóðum vorum á Norðurlöndum. Sannleikans guð, þú sem ávöxtinn gefur af allri einlægri sannleiks brá, af allri einlægri sannleiks leit, vér biðjum þig að leggja blessun þín yfir hinn unga Háskóla Íslands og yfir alt starf kennenda hans og nemenda.

Floreat Universitas Islandiæ

MARKET HOTEL
146 Princess St.
á móti markaðnum
P. O'CONNELL, eigandi, WINNIPEG
Beztu vínföng vindlar og aðhlynning góð. Íslenzkur veitingamaður P. S. Anderson, leiðbeinir Íslendingum.

JOHN DUFF
PLUMBER, GAS AND STEAM FITTER
Alt verk vel vandað, og verðið rétt
664 Notre Dame Av. Phone Garry 2568
WINNIPEG

Woodbine Hotel
466 MAIN ST.
Stærsta Billiard Hall í Norðvesturlandinu
Tíu Pool-borð.—Alskonar vín og vindlar
Gistin. og fæði: $1.00 á dag og þar yfir
Lennon & Hebb.
Eigendur.

A. S. TORBERT'S
RAKARASTOFA
Er í Jimmy's Hótel. Besta verk, ágæt verkfæri; Rakstur 15c en Hárskurður 25c. — Óskar viðskifta Íslendinga.—

JIMMY'S HOTEL
BEZTU VÍN OG VINDLAR.
VÍNVEITARI T.H.FRASER,
ÍSLENDINGUR.
James Thorpe, Eigandi

Giftingaleyfisbréf
SELUR
Kr. Ásg. Benediktsson
424 Corydon Ave. FortRouge

Með því að biðja sérlega um "T.L. CIGAR," þá ertu viss að fá ágætan vindil.
T.L.
more the T.L. CIGAR
(UNION MADE)
Western Cigar Factory
Thomas Lee, eigandi Winnipeg

Hann varð að þagna, því Gildersleeve þrumaði afarreiður og hárauður í andliti:

Asni! Vogarðu að tala þannig við mig og koma með slíkar ástæður. En yður skjátlar, ég læt ekki hræða mig; er það hugsun yðar, að nota þessar upplýsingar, sem þér hafið þefað upp, til að neyða mig til að gefa yður dóttur mína án vilja hennar? Þá ætla ég að segja yður, að þér farið vilt. Ég gef aldrei samþykki mitt, þér getið notað alla ilsku yðar, en samt mun ég aldrei undan láta. Ég skal stríða gegn yður fram í andlátið. Þér getið eyðilagt mig, ef þér viljið, en þér skuluð aldrei njóta þeirrar ánægju, að beygja mig. Þér skuluð komast að því, að ég er eins og harður steinn, komið þér með uppljóstranir yðar um mig, — ég hrindi þeim frá mér hiklaust, ég vil berjast við yður um perl og þér skuluð komast að raun um, hver er sterkari".

Hann talaði með þeim logandi ákafa, að Nevitt varð að ætla að eitthvað stæði bak við þetta! Hér var nýtt spor, sem hann varð að rekja sér til gagns.

"Uppljóstranir?" endurtók Nevitt hræddur og truflaður. — "Uppljóstranir um yður, góði herra lögmaður, það skil ég ekki, — ég fullvissa yður um, að ég skil það ekki".

Lögmaðurinn starði á hann fyrirlitlega. "Lygari", sagði hann ofsareiður, "hvernig getið þér fengið yður til að standa þarna og draga dár að mér. Þér skuluð ekki leika yður að mér, ég veit ofurvel, að þér ljúgið. Dóttir mín sagði mér hvert orð, sem þér sögðuð, — ég þekki hótanir yðar. Þér voruð svo þrælslegur, að reyna að hræða lífið úr saklausri stúlku, með því að hóta að opinbera óverðskuldað afbrot móður hennar. Enginn annar hefði getað fengið sig til slíks; en þér gerðuð það, viðbjóðslegi þrælliinn, — þér gerðuð það. Hún sagði mér að þér ætluðuð til Mambury til að ná í upplýsingarnar,

og hún sagði satt, ég sá sjálfur að þér voruð að leita þeirra".

Nú skildi Nevitt loksins, að þeir fóru sína leiðina hvor. Ekki vissi hann samt ennþá, hvað lögmaðurinn átti við, en að það var eitthvað óheiðarlegt um hann og konu hans, það var hann viss um, og þóttist heppinn að hafa komist á snoðir um það.

Og hér stóð nú nafnkunnasti lögmaður Englands og kom upp um sjálfan sig, án þess að vita það. Þetta tækifæri mátti ekki vera ónotað.

Hvað sem það kostaði, varð hann að kynnast þessu betur, og reyna að tæla þennan reiða mann til að segja meira en hann var ennbúinn.

"Það var ekki tilgangur minn, að hræða ungfrú Gildersleeve, það segi ég yður satt", sagði hann þliður og brosandi "Það sem ég vildi komast eftir var það, hvort þetta máleíni væri í raun og veru eins og ég hélt, þér skiljið Ef ég færi að tala við hana um það, sem ég vissi um aðra konu.—"

Það var eins og þrumuský á enninu á Gildersleeve, hendurnar skulfu og fingurnir kræktust í lófann. Gildersleeve var í raun og veru heiðarlegur maður, svo hann hafði sterkan viðbjóð á þessum flárráða hræsnara.

"Leyfirðu þér að viðurkenna gagnvart mér", sagði hann og nötraði af reiði, "að þú hafir sagt dóttur minni, að þú héldir þú hefðir ástæðu til að mistryggja framkomu móður hennar á liðna tímanum?"

Nevitt leit rólegur á hann og brosti kuldalega. "Þér vitið, að í ástasökum og hernaði er alt leyfilegt", sagði hann hræðslulaust.

Þetta bros réði forlögum hans. Með lemjulausri heift réðist Gildersleeve á hann. Ekki var það tilgangur hans að meiða manninn, en hann varð að leyfa tilfinningum sínum að brjótast út. Hann

þreif í hálsinn á Nevitt og fleygði honum aftur á bak. Nevitt féll ofan á burknarunnann; allmikil hrygla heyrðist, svo geispaði hann og höfuðið hné máttlaust til jarðar. Hann hlaut að hafa meiðst mikið, á því var enginn efi. Lögmaðurinn starði á hann, rauður af vonzku, en andlit Nevitts var mjallhvítt. Svo varð hann sannleikans var alt í einu. Nevitt var dauður. Hann hafði drepið hann með stóru höndunum sínum.

Hann hafði drepið hann óviljandi, — það mældi honum bót, þó lögreglan fengi að vita um þetta. Samt var hann nú mjög hræddur, þegar hann sá, hvað hann hafði gert.

En hann hafði nú engan tíma til að hugsa. — Dylja það, dylja það, var það eina, sem honum datt í hug. Hann tók líkið upp, eins og það væri barn, var það lengra frá brautinni og lagði það svo niður bak við runnana. Um leið og hann tók líkið upp, datt eitthvað þungt úr vasa þess, en því gaf hann engan gaum. Þegar hann var búinn að leggja líkið niður, hraðaði hann sér í burt, gekk þvert yfir heiðina, án þess að mæta nokkrum manni, og kom um kveldið til Ivybridge. Tíu mínútum síðar kom Guy og fann vasabókina,

---

XXV. KAPÍTULI.

Velgerðamaður.

Það var gagnslaust fyrir Guy, að spyrjast fyrir um Nevitt, enginn vissi hvar hann var.

Tveim dögum síðar sat Gilbert Gildersleeve í

bezta gestgjafahúsinu í Plymouth; hann hafði forðað sér þangað eftir — eftir þessa óhappa tilviljun, sem hann kallaði þetta með sjálfum sér. Hann var nú ekki jafn mikillátur og hann var vanur að vera. Í fyrsta skifti á æfinni varð hann þess var, hvernig það er að vera síhræddur. Við hvern hávaða lá honum við að verða bilt, en hann gætti sín eins vel og hann gat, að láta ekki á því bera. Líkið var enn ekki fundið, og honum fanst hann ekki geta farið burt úr nágrenninu fyr en hann væri búinn að heyra getgátur manna um þetta slys, og svo var eitt enn, hann vissi að hann gat ekki horft í augu konu sinnar eða dóttur eins og frjáls maður.

Af þessum ástæðum var hann kyr í bænum, og tafði tímann með því að ganga um nágrenni hans.

Einn daginn, þegar hann sat í knattleikastofunni, kom þangað inn ungur maður, sem hann kannaðist við að hafa séð í samkvæmi með Montague Nevitt oftar en einu sinni. Hann fölnaði, þegar hann sá hann. Fyrst mundi hann ekki, hvað hann hét, en von bráðar kom honum til hugar, að það væri Guy Warring. Það var hörð reynsla fyrir hann, að hitta vin hins drepna manns þarna, en hann varð að láta það svo vera. Þeir heilsuðu hvor öðrum og töluðu fáein orð saman um einhverja markleysu; en þar eð Guy var heldur ekki mikið um það gefið, að hitta menn frá London, leið ekki á löngu unz hann stóð upp og fór, hugsandi um það, hvað orðið væri af Nevitt.

Þegar Guy var nýfarinn út, kom gestgjafinn inn til að stytta gesti sínum stundir með yngstu fréttunum.

"Hafið þér heyrt síðustu fréttina, herra", sagði gestgjafinn alvarlegur. "Umsjónarmaðurinn sagði mér það núna. Það er eitt af því, sem heyrir yðar stöðu til. Í Mambury er nýlega fundið lík af ung-

"Sjáandi sjá þeir ekki, og heyrandi heyra þeir ekki"

Þessi orð frelsarans úttu mér í hug, þegar ég las ummæli um greinina "Er synd að dansa?". — Það, sem vakir fyrir þýðanda, þegar hann þýðir greinina, er auðsjáanlega það, að koma að einhverju því, er sært geti þá, sem unna siðgæði frá trúarlegu sjónarmiði. — Hann hefir augu og sér ekki, og eyru og heyrir ekki, vegna þess að markmiðið er ekki gófugt, ekki réttlátt. Hann reynir ekki til að hrekja neitt það, sem greinarhöfundurinn (Mr. Crosby) segir, en hann lætur sér sæma, að kalla hann ósæmilegum nöfnum, og gera háð að hans velmeintu og sannorðu staðhæfingum. Grein Mr. Crosbys er í heild sinni virðingarverð og ætti því undir öllum kringumstæðum, að vera látin hlutlaus, því færi svo, að hún hefði þau áhrif, sem höfundurinn ætlast til, þá væri það ávinningur en ekkert tap, því dans er engin nauðsyn. Þeir, sem halda með dansi, sem harmlausri skemtan, verða þó oft að viðurkenna það, að þar hafi ógæfu sámfuadirnir byrjað, og að þar byrji það oft, að ánægjusöm heimili séu sundurliðuð; að þar byrji oft tilhneiging, ar lauslætis, og að það komi fólk vanalega þreyttara en úr verstu vinnu, o. s. frv. Það getur því engum hugsandi manni, sem lita vill óvilhöllum augum á dans frá öllum sjónarmiðum, dulist það, að honum fylgja skaðlegri áhrif en menn eru alment viljugir á að viðurkenna.

Mig minnir ég læsi í Heimskringlu í vetur um það, að ung stúlka, sem dansað hefði alla nótt-ina, hefði fallið niður dauð af þreytu; Ég hefi glatað blaðinu og tek þetta því eftir minni, og má vera ég hafi lesið það í einhverju öðru blaði, þó mig minni ireklega það væri Hkr., en það man ég fyrir satt, að í Heimskringlu oftar en einu sinni hefir í skopi verið minst á dans sem 'fótaskemtun'.

Þýðandans góðu(?) ástæður á, að vera niður á því, sem gert er í trúarinnar nafni, verður svo bezt að notum, að hann gæti réttar og sanninda.

S. F. Björnsson.

• • •

ATHUGASEMD.

Vegna þess, að ég þýddi greinarstúfinn "Er synd að dansa?", sem hr. Björnsson ræðir hér um, vildi ég athuga stuttlega bæði hina þýddu grein og skrifið hans, svo að almenningur haldi ekki að ég hafi framið neina höfuðsynd, eins og ráða má af orðum hr. Björnssons að ég hafi gert.

"Er synd að dansa?" stóð í norska blaðinu Skandinaven, og átti að vera andmæli frá þessum Crosby gegn ummælum prests eins (Rev. Fr. Edwards), sem hafði mælt fram með dansinum og sjálfur verið viðstaddur þess konar skemtanir.

Crosby hneykslast mjög á, að prestur skuli láta sér slikt um munn fara, og þakkar guði sínum, að innan vébanda skandinavisku kirkjunnar séu engir prestar svo guðlausir, — því dansinn telar hr. Crosby synd, sem hrifi mann á harða leið til glötunar.

Honum farast þannig orð meðal annars:

" — — það eru ekki guðs börn, heldur heimsins börn, sem koma saman í danssalnum að svala fýsnum holdsins: stærilæti, eigingirni og vellystingum, og það er guð hégómadýrðarinnar, sem dansdömurnar dýrka. Drykkja, gáleust hjal og léttúðugar skemtanir o. s. frv., eru syndir, sem ganga í kring í danssalnum, og sem biblian fyrirdæmir, en sem heimurinn að jafnaði kallar saklausar skemtanir".

Dáfögur lýsing eða hitt þó heldur. En hr. Björnsson telur nana sanna og virðingarvert af Crosby, að hefjast handa gegn þessari voðaspillingu!

Ég er enginn dansmaður, — dansa aldrei; en þrátt fyrir það kemur mér ekki til hugar, að hamast gegn dansinum. Hann er eins góð skemtun og hvað annað og veldur engu meiri siðspillingu en guðræknislegir lautatúrar eða "picknics". Og að segja það, aðsá dönsum komi menn og konur saman til að svala fýsnum holdsins, eru svo viðbjóðslegar getsakir, að glæpi liggur næst. En samt sem áður telur hr. S.F.B. þessi ummæli Crosbys gófug og virðingarverð, — svo báðir eru góðir.

Ef það er synd að dansa, þá er það eins synd að fara á leikhús, skautahringi, eða hverja þá skemtun, sem maður og kona fara saman á. Jafnvel gæti það komið upp úr kafinu, að hinar kristilegu samkomur væru syndsamlegar, því hégómadýrðin kemur þar fram í ýmsum myndum, — en nán er synd, segir Crosby, og Björnsson samþykkir.

Nei, það yrði lítið varið í lífið í henni veröldu, ef henni væri stjórn að af þröngsýnum smásálum, sem Crosby þessum. Slikir menn eru skaðlegustu mennirnir í hvaða félagsskap sem er, og þeir einmitt hafa hrynt fleirum út á spillingarbrautina, en dansinn, sem þeir eru að ofsækja. Þröngsýni og kreddur hafa reynst og munu reynast rót alls ills í félagslifinu sem trúarlifinu. Þaðan á hræsnin upptök sín.

Hvað því viðvíkur, að ég hafi farið ósæmilegum orðum um hr. Crosby — eins og hr. S.F.B. segir — þá er ég því ekki sammála; ég kallaði hann að eins guðhræddan og sáluhólpinn labbakút, og það eru engar hroðaskammir, að ég held. Og að þar sé höfuðsynd, að skopast að annara skoðunum— og það þá jafn gófugum(!) skoðunum og hr. Crosbys — fæ ég ómögulega séð.

Ég hefi hvergi orðið þess var, að í Heimskringlu stæði sú frétt, að stúlka hefði dansað sig til dauðs, og þó svo hefði verið, þá sannar það engan veginn, að syndsamlegt sé að dansa.

Gunnl. Tr. Jónsson

Nýgiftur: Þegar ég kom heim í gærkveldi, fann ég konuna mina í faðmi kostgangarans.

Ógiftur: Hvað gerðurðu maður?

Nýgiftur: Ekkert, — ég hefi sjálfur einnig verið kostgangari.

ÁVARP
til Jóhannesar H. Húnfjörð skálds.

Í Heimskringlu 6. júlí birtist kvæði eftir þig, sem þú nefnir: — "Á geðveikrahælinu". Þú hefir þar dregið upp sorglega mynd, sem mun vekja athygli margra, — sérstaklega þeirra, sem hlut eiga að máli; ég meina þeirra, sem hafa orðið fyrir því, að einhver vinur þeirra eða ættingi hafi átt þeirri ógæfu að mæta, að verða geðveikur, brjálaður eða bilast á sönsunum að einhverju leyti, — og þeir eru margir.

Hefir þú gáð að afstöðu þinni gagnvart þessu fólki, vinum og vandamönnum hinna geðveiku? — Er það rétt gert af þér, að nota gáfu þina til þess að særa þau hjörtu, sem áður eru helsærð? — Eða ert þú svo bölsýnn, að það sé sannfæring þin, að nokkur maður láti bróður eða son, sem hann elskar, á geðveikrahæli, — að eins til að ná í eignir hans, þar sem lika allar eignir sliks sjúklings falla að lögum til fylkisins?

Mér finst ekki mega ætlast til minna, af manni sem er skáld, en að hann niðist ekki á tilfinningum meðbræðra sinna í því sorglegasta mótlæti, sem getur komið fyrir nokkurn. Mér finst að það væri sómasamlegra fyrir skáldið, að nota hæfileika sina til þess að yrkja eitthvað sjálfum sér og þjóð sinni til sæmdar en ekki niðurlægingar, til framfara en ekki eyðileggingar.

Jóhannes H. Húnfjörð, betra væri þér að nota skáldskapargáfu þina til annars en þess að auka harma þess fólks, sem nefir þá byrði að bera, sem erfitt er að risa undir.

Sær er þá, er sorgar þjást af kjörum,
sárum þeim, er fær þú aldrei grætt.
Eitt — hvert biturt orð af skálda ins vörum
ótal hjörtu getur sundurtætt.

Böðvar Helgason.

SMÆLKI.

Íri mætti lögregluþjóni á götu, sem veifaði barefli í hendi sér.

Hvað er klukkan? spurði Íriinn.

Lögregluþjónninn lemur barefli-inu í höfuð honum og segir: Slá eitt rétt í þessu.

Ó, guð, ég þakka þér, að ég kom ekki einni stundu fyr, varð Íranum að orði.

• • •

Prestur einn átti dóttur, sem var fremur gefin fyrir að vera úti seint á kveldin og skelti skolleyrunum við hinum kristilegu aminningum föður sins. Eitt sinn sem oftar kom hún heim nær miðnætti og fann húsið lokað, en komst þó innum glugga og til herbergis sins. Morguninn eftir, þegar prestur situr að morgunverði, kemur dóttir hans inn í borðstofuna, en um leið og prestur sér hana, hrópar hann í kennimannstón: Þar ertu þá komin, þú lastanna og djöfulsins barn.

Góðan daginn, faðir minn! svaraði dóttirin í bljúgum undirgefnisróm.

• • •

Ási: Þú segir að Gvendur og Gulli hafi kastað teningum um, hvor þeirra skyldi giftast stúlkunni.

Alli: Já, og Gvendur vann.

Ási: Og varð hann hamingjusamur?

Alli: Síður en svo, því stuttu eftir giftinguna brígslaði hann Gulla um það, að hann hefði látið sig vinna með svikum.

Tuttugu og fimm ár afmælishátíð

STÓRSTÚKU ÍSLANDS.

Seyðisfirði 31. maí 1911.

Fyrir liðnum fjórðung aldar
fyrsta sinn með vígslusöng
góða heilla hátt vér lyftum
hraustir vorri merkisstöng, —
sterk á Íslands stuðlabergi
stendur hún með tignarbrag,
þar sem guð og góðar vættir
gæta hennar enn í dag.

Það er ekki' að eðli' og skapi
Íslendings, að beygja kné.
Oss er hvergi ljúft að láta
land og ráð og leilög vé
Inn í landið! Inn í landið
yfirsýn um reglu-mál!
Það var sigurorð, sem öllum
inst og heitast brann í sál.

Sýnið mér, hver sigur frægri
stósta aldar fjórðung vann,
hærra komst að háu marki
held'ur en einmitt Stórstúkan!
Reglu vorrar hjarta, og höfuð, —
hún er sú, er framkvæmd ber
starfsins þess, sem örlög Íslands
ugglaust ber í skauti sér.

Eitt er víst, að örvænt getur
engin þjóð um forlög vor,
ef í framtíð eins og fortíð
áfram göngum heillaspor, —
Stígum fastar, göngum greiðar
gæfubraut hins frjálsa manns!
Landið alt að nýju nemum, —
námalandið kærleikans!

Það er Ísland. — Ef vér gröfum
iðnir, þolnir, nógu djúpt,
trú og von skal braut oss brjóta,
bergið gera kleift og gljúpt.
Nóg er gull í hverju hjarta,
hittum vér á lindir þær,
þar sem kærleiks æðin undir
aldarfargi vanans slær.

En — vér stöndum eins og Móses
uppi' á Nebó, góðir menn!
Skín í ljóma fyrir framan
fyrirheitna landið enn.
Þar skal vorum börnum búin
blessun, friður, hvfld og skjól: —
verjum til þess allsi æfi,
að þau fái meiri sól!

Þökk sé öllum þeim, er stóðu
þéttast, fastast merki hjá!
Friður með þeim sè, er sofa
sæmdarverki dánir frá! —
Heill sé þeim, er hæst og djarfast
hefja sigurfána þann,
sem vort líf og lán býr undir!
Lifi' og eflist Stórstúkan!

Guðm. Guðmundsson

THE DOMINION BANK
MORNI NOTRE DAME AVENUE OG SHERBROOKE STREET

Höfuðstóll uppborgaður: $4,000,000.00
Varasjóður - - - $5,400,000.00

Vér óskum eftir viðskiftum verzlunar manna og ábyrgumst að gefa þeim fullnægju. Sparisjóðsdeild vor er sú stærsta sem nokkur banki hefir í borginni.

Íbúendur þessa hluta borgarinnar óska að skifta við stofnun sem þeir vita að er algerlega trygg. Nafn vort er full trygging óhluttleika. Byrjið spari innlegg fyrir sjálfa yðar, konu yðar og börn.

Phone Garry 3450 **Scott Barlow**, Ráðsmaður.

Vitur maður er varkár með að drekka eingöngu HREINT ÖL. Þér getið jafna reitt yður á

DREWRY'S
REDWOOD LAGER

Það er léttur, freyðandi bjór, gerður eingöngu úr Malt og Hops. Biðjið ætíð um hann.

E. L. DREWRY, Manufacturer, Winnipeg

STRAX

Í DAG er BEZT AÐ GERAST KAUPANDI AÐ HEIMSKRINGLU. — ÞAÐ ER EKKI SEINNA VÆNNA.

MANITOBA

TÆKIFÆRANNA LAND.

Hér skulu taldir að eins fáir þeirra miklu yfirburða, sem Manitoba fylki býður, og sýnt, hversvegna allir þeir, sem óska að bæta lífskjör sín, ættu að taka sér bólfestu innan takmarka þessa fylkis.

TIL BÓNDANS.

Frjósemi jarðvegsins og loftslagið hafa gert Manitoba heimsfræga, sem gróðrarstöð No. 1 hard hveitis.

Manitoba býður bændasonum ókeypis búnaðarmentun á búnaðarskóla, sem jafngildir þeim beztu sinnar tegundar á amerikanska meginlandinu.

TIL IDNAÐAR- OG VERKAMANNA.

Blómgandi framleiðslustofnanir í vorum óðfluga stækkandi borgum, sækjast eftir allskyns handverksmönnum, og borga þeim hæztu gildandi vinnulaun. Algengir verkamenn geta og fengið næga atvinnu með beztu launum. Hér eru yfirgnæfandi atvinnutækifæri fyrir alla.

TIL FJÁRHYGGJENDA.

Manitoba býður gnægð rafafls til framleiðslu og allskyns iðnaðar og verkstæða, með lágu verði; — Frjósamt land; — margvíslegar og ótæmandi auðsuppsprettur frá náttúrunnar hendi; — Ágæt samgöngu og flutningatæki; — Ungir og óðfluga vaxandi bæir og borgir. — Alt þetta býður vitsmunum, auðæfum og framtakssemi óviðjafnanleg tækifæri og starfsarð um fram fylstu vonir. Vér bjóðum öllum að koma og öðlast hluttöku í velsæld vorri og þroskun. — Til frekari upplýsinga, skrifið:

JOS. HARTNEY, 77 York Street, Toronto, Ont.
JOS. BURKE, 178 Logan Avenue, Winnipeg, Man.
A. A. C. LaRIVIERE, 22 Alliance Bldg., Montreal,
J. F. TENNANT, Gretna, Manitoba,

J. J. GOLDEN,
Deputy Minister of Agriculture and Immigration, Winnipeg

---

mundi nú auðvitað bölva honum fyrir svikin, en þannig væri það oft í þessum heimi, að velgerðamenn mannkynsins mættu venja sig við vanþakklæti. Guy hugsaði ekki mikið um það núna, að hann stæði hér í kirkjunni og gæfi hringjaranum fimm pund í ómakslaun, — stærsta upphæðin, sem þessi góði maður hefði nokkru sinni fengið í einu. Guy vissi ekki mikið um það, að hann væri í rauninni bezti vinurinn þeirra. Í gær yoru þeir foreldralausir flækingar, en í dag voru þeir erfingjar að miklum eignum, og máttu teljast með helztu aðalsmönnum sveitanna, — og þettaáttu þeir alt að þakka Nevitt.

Þegar hann hugsaði um, hvilíkan velgerning hann hefði framkvæmt fyrir þessa vanþakklátu unglinga, brosti hann af ánægju. Að þessu búnu sneri hann aftur til gistihússins til að borða morgunmat. Þetta var gott dagsverk, svo hann gat nú með glöðu geði notið hvildarinnar. Hann bað um eina flösku af bezta víninu, og bauð gestgjafanum að drekka hana með sér.

Að loknum morgunverði fór hann út aftur að hreyfa sig, og valdi veginn langs með læknum.

Hann gekk með hröðum fetum, glaður í huga, hugsandi um, hve góðan gróða hann gæti halt af þessari uppgötvun sinni, — þangað til hann kom að skuggarikum, kælandi stað.

Þar nam hann staðar og leit í kring um sig. Hann sá stóran og þrekinn mann koma gangandi á móti sér. Maðurinn var í gráum ferðamannafötum, og Nevitt hafði ekki séð hann fyr siðan hann kom til Mambury. Það, sem hann tók fyrst eftir, var, að maðurinn hafði mjög stórar hendur, sem hann bar fyrir framan kroppinn alveg eins og Gilbert Gildersleeve var vanur að gera. Þeir voru svo likir, að Nevitt gat ekki varist að hrosa, þegar hann sá það.

Augnabliki síðar teygði hann úr sér órólegur og undrandi. "Hvað er þetta", sagði hann við sjálfan sig, dálitið skelkaður, "annaðhvort eru þetta missýningar, eða þetta er Gilbert Gildersleeve sjálfur?"

Þetta var engin missýning, það var Gildersleeve sjálfur. Þessi nafnkunni lögmaður þekti betur ilsku og lymsku heimsbarnanna, heldur en Guy, og hafði því ekki farið beina leið til Mambury, svo einfeldnisleg hegðan hafði honum ekki til hugar komið. Gilbert Gildersleeve kom ekki frá Mambury. Hann hafði aðsetur í nágrannabænum Ivybridge, og þaðan beindi hann gönguferðum sínum um nágrennið, í því skyni, að lita eftir fögru landsplássi, sem væri þess vert, að gera mynd af — eftir því sem hann sjálfur sagði —, og á einni þessari ferð kom hann, eins og af tilviljun, til Mambury.

Fáeina daga var hann búinn að sveima kring um Mambury að leita að sínum manni, og nú lánaðist honum loksins að finna hann og geta talað við hann, og það á þeim stað sem hann gat ekki fluið burt.

Fyrst áleit Nevitt þetta að eins tilviljun, því honum kom alls ekki til hugar að Gildersleeve ætti nokkurt annað erindi til Mambury, heldur en viðvikjandi einhverju, er stæði í sambandi við dóttur hans og Granville. Honum kom alls ekki til hugar, að Gwendoline, sem hann vissi að var hrædd við föður sinn, mundi hafa sagt þessum voðalega harðstjóra frá samræðum þeirra og efninu, sem þær snerust um. Þess vegna gekk hann frjálslega með framréttar hendur móti þessum gamla kunningja sinum.

"Herra Gildersleeve", sagði hann, "nei, eruð þér kominn hingað, — það er þó sannarlega gleðileg tilviljun".

Gilbert Gildersleeve teygði úr sinni rúmlega sex feta lengd og leit niður á hann, því þó Nevitt væri

af meðalhæð, var hann grannvaxinn, og eins og prik að sjá í samanburði við lögmanninn. Gildersleeve tók ekki í hendi hans, en fól sina hendi fyrir aftan bakið, og horfði fyrirlitlega á þessa smjaðurgjörnu, viðbjóðslegu skepnu, sem með fölsku brosi á vörunum rétti honum hendi sina.

"Hvað eruð þér að gera hér?" spurði lögmaðurinn harðneskjulega, "það vil ég fá að vita. Hvers konar refja hafið þér með höndum hér í Mambury?"

"Refja", endurtók Nevitt, hopaði á hæl eins og hann findi sig móðgaðan og væri hissa. "Við hvað eigið þér, herra Gildersleeve? Ég skil yður alls ekki". Höggið var — eins og venja var hjá Gildersleeve að koma fram — svo vel miðað til aðhitta hann á sárasta staðnum. "Hver leyfir sér að bera mér á brýn refjar?"

"Það geri ég", sagði Gildersleeve með áherzlu. "Ég segi það og ég veit það, það gagnar ekki að þér neitið því gagnvart mér, viðbjóðslega skriðdýrið, sem þér eruð. Þér hafið verið í kirkjunni í morgun að njósna í bókunum. Eins leikinn og þér eruð í þess konar fantapörum, þorið þér þó ekki að horfa í augu mér og neita því að þér hafið verið þar. Ég sá yður þar sjálfur, og ég veit að þér funduð það í bókunum, sem þér leituðuð að, því þér gáfuð hringjaranum grunsamlega mikið vikagjald. — Hvað þá? Þegið þér og reynið ekki að trufla mig. Það er gagnslaust fyrir yður að látast vera móðgaður, — slikt hefir engin áhrif á mig, þér hræðið mig ekki, svívirðilegi svikahrappurinn". Lögmaðurinn stappaði niður fótunum með því filsafli, að engum gat fundist annað en hlægilegt, að ætla sér að hræða hann. — "Ég þekki tilganginn, og þér þurfið ekki að koma með neina útúrdúra eða lýgi til mín, — til hvers ætlið þér að nota þá uppgötvun, sem þér gerðuð í morgun, og hvað ilt ætlið þér að framkvæma með henni?"

Nevitt hopaði aftur á hæl, hann varð snortinn af hræðslu við þessa árás. Jafn snarráður og hann var, vissi hann ekki nú, hvernig hann átti að snúa sér. Hann vissi, að sig skorti afl við þennan jötun, og fann nú að dirfskan er ekki ávalt heima, þegar hennar er mest þörf.

"Ég get ekki skilið, að hverju leyti þetta snertir yður, herra Gildersleeve", sagði hann auðmýktarlega. "Ég hefi að likindum leyfi til, að útvega mér upplýsingar, sem geta orðið mér og vinum minum að ómetanlegu gagni, án þess að þér þurfið að skifta yður af því".

Gilbert Gildersleeve starði á hann, og sagði svo í meira lagi gramur:

"Til gagns fyrir yður sjálfan og vini yðar", sagði hann með ódulinni fyrirlitningu, um leið og hann skildi orð Nevitts eftir sinni imyndan, sem eðlilegt var. "Hundur, svívirðilega skriðdýr! Vogið þér yður, ofan á alt saman, að viðurkenna opinberlega að þér hafið í huga að ögra mér — þér ætlið liklega að neyða út úr mér peninga fyrir uppgötvun yðar. Viðbjóðslegi þræll! Nei, þetta er meira en góðu hófi gegnir — það er meira en ég hefði getað ætlað yður, lævisa naðran!".

"Neyða peninga út úr yður, herra Gildersleeve", sagði hann og lézt vera móðgaður. "Það er ljótt orðatiltæki; ég á ekki við þess konar störf, og allra síst gagnvart föður þeirrar stúlku, sem mér er kær, þrátt fyrir alt, sem hún getur hafa sagt og gert mér á móti, — já, sem ég ennþá elska og virði, enda þótt hún hafi að ástæðulausu útskúfað mér. Hvernig geta rannsóknir minar viðvikjandi þessum tveimur Warringum —?"

GLÍMA.

Svar til "v. H."

Einhver "v.H." hefir fundið hjá sér hvöt til þess í vor að ráðast á mig í Lögbergi, út af grein, sem ég reit í "The Strand Magazine" í vetur sem leið (marz-heftinu), um "Glímu" og sjálfsvörn mina. — Grein min felur trauðla í sér nokkuð, sem með sanngirni væri hægt að álasa mér fyrir, eins og menn geta sannfærst um með því að lesa hana.

Þessum "v.H." er auðsjáanlega eitthvað í nöp við mig, bæði persónulega og sem íþróttamann, fyrst hann ræðst svona á mig upp úr þurru, og það í blaði, sem honum sjálfsagt er kunnugt um, að ég aldrei muni sjá. — Að v.H. ekki setur nafn sitt undir greinarstúf sinn, virðist mér fyllilega benda á, að hann hafi verið sér þess meðvitandi, að hann ekki hefði breint mjöl í pokahorninu, en færi með rangt og ósatt mál. Hvaða ástæða annars til að leyna nafni og vera að "pukra" í myrkrinu aftan að mér?

"v.H." hallmælir mér fyrir það, sem ritstjóri "The Strand Magazine" ritar aftan við grein mina; en á því ber ég enga ábyrgð. Að ritstjóri Str. Mag. segir mig heimsmeistara er hans að svara til, ekki mitt. Ég margsagði honum, að aldrei hefði verið brevtt um heimsmeistarastig í íslenzkri glímu, en að ég hefði einungis unnið Íslands beltið tvisvar. Rengi v.H. þettað, er ekki nema sanngjarnt, að hann skrifi "Str. Mag." og spyrjist fyrir um þettað. Sömu leiðis getur hann fengið að vita það sama hjá Mr. John Henderson 45 Cowick Road, Upper Tooting Rd., London, sem og var þar viðstaddur, er talað var um þettað.

Ritstjóri færir máli sínu til bóta, að ég sé búinn að þreyta glímu um alla Evrópu og aldrei tapað. — Ég á því jafnlitla sök á þessu eins og hinu, að ritstiórinn segir þetta sé í fyrsta skifti, sem lýst sé ísl. glímubrögðum. Hefir sjálfsagt búið það til sem meðmæli með riti sínu. Á því ber hann einn ábyrgð; enda ekki samkvæmt sannleikanum. Bæði er það, að í "The Sketch" frá 29. júlí 1908 eru 12 myndir útaf ísl. glímu með grein, sem og í "Health & Strenght" frá 10. og 17. apríl 1909 eru sömuleiðis 10 glímumyndir og greinar. þar að auki skrifaði ég bækling á ensku vorið 1908 um ísl. glímu, sem í eru 38 myndir af glímunni.

Að ekki komu myndir af sjálfri glímunni (þ.e.a.s. haldandi glímutökum) í "The Str. Mag." hefir sínar afar einföldu ástæður, sem sé þær, að um sama leyti, sem og rétt áður (í desember og janúar), komu myndir af glímunni í ýmsum enskum blöðum, svo sem í 'The Sketch', 'Health & Strength' o. fl. þar að auki lýsing af henni í flestöllum Lundúna blöðunum, og mörgum í héraðsbæjunum. "The Strand Mag." vildi vitanlega ekki flytja sömu myndirnar, sem hin blöðin fluttu. — Það er ástæðan fyrir því, að "The Strand Mag." flutti myndir af sjálfsvörn minni, en ekki af sjálfum glímutökunum, þar eð önnur blöð voru búin að flytja þær.

Mér er ókunnugt um, að aðrir glímumenn hafi skrifað eða gert meir fyrir glímuna en ég.

Hitt er rétt, að það eru mín orð, að Íslendingar til skamms tíma varðveittu glímuna fyrir útlendingum, sem helgidóm, er þeir einir ættu, og sem haldið skyldi í, sem þeirra eigin eign. — Veit "v. H." til, að glíman hafi nokkurntíma verði sýnd útlendingum fyr en á Þingvöllum 1874? — "v.H." gæti vel látið sér sema, að kynna sér þetta betur, áður en hann færi að kalla mig lygara og nota önnur varla viðeigandi stóryrði. — Ég skal ennfremur benda honum á, að jafnvel 1908 voru eigi allfáir heima á móti því, að við sýndum glímuna við Olympuskuleikana í Lundúnum, þar eð þeir voru hræddir um, að útlendingar kynnu að læra hana og verða okkur snjallari. Sögðu, að við ættum að hafa glímuna fyrir okkur sjalfa, sem hingað til, þar eð hún væri okkar þjóðarþrótt, sem hún og er, því hvergi er hún þekt í neinu landi nema á Fróni.

"v.H." veður algerlega villu, er hann segir glímuna miklu eldri en frá 1100, og flutta til Íslands með Norðmönnum. Enginn veit með vissu, hvenær glíma þessi hefst, en sögur höfum við ekki af henni fyr en EFTIR 1100 (er engin prentvilla). Hvar glímunnar er getið miklu fyr í fornsögunum, er mér ókunnugt um, hefi hvergi getað fundið það, þó leitað þess all-itarlega fyrir nokkrum árum, er ég var að grenslast um upphaf glímunnar. — Sanngjarnt væri, að "v. H." benti á, hvar hann hefir rekist á glímu fyrir þennan tíma. — Ekki má þó blanda saman fangbrögðum og glímu, því það er tvent ólikt. Fangbragða er vitanlega getið miklu fyr og það strax og sögur hefjast, en það er ekki íslenzk glíma. Fangbrögð til forna voru lík fangbrögðum nútíminns, sem sé "catch-as-catch-can" og grísk-rómversk, þótt vera megi að talin hafi verið bylta öðruvísi en nú er.

Ég hefði líklega aldrei orðið til þess, að gangast fyrir því og vinna að því, að glíman yrði þekt erlendis, ef ég ekki hefði verið þess fullviss, að útlendingar geta naumast nokkurntíma staðið okkur þar á sporði, þótt þeir læri hana og æfi. Glíma liggur í blóði Íslendinga.

Það er blátt áfram vitleysa, að jafna saman sundi og glímu og segja við getum alveg eins talið sund "leynda" íþrótt Íslendinga. Sund þekkja þó allar þjóðir; það er ekki íslenzk, heldur alheimsþrótt, og hefir aldrei verið annað. Finst nú "v.H." sjálfum þetta ekki heimskulegur samanburður hjá sér?

"v.H." vill láta mig fræða útlendinga um það, að Íslendingar ekki hafi kunnað að meta glímuna meir en svo, að hún hafi lagst niður og jafnvel alveg gleymst í sumum landshlutum. Hvaða gagn gæti nú glíman eða Íslendingar haft af því? Það væri gaman að vita. Að minu áliti myndi slíkt einungis skaða okkur. Hvað ætli útlendingar hugsuðu um þjóðarþrótt, sem hlutaðeigandi þjóð afrækti og ekki einu sinni sjálf vildi iðka?

Grein mín í "The Str. Mag." er sannleikanum samkvæm, þótt ég ekkert minnist á þettað, og ég er þess fullviss, að hún er Íslendingingum hvorki til skaða né vansæmdar.

Hlægileg speki er það hjá "v. H.", að Íslendingar aldrei hafi sýnt íþróttir fyr en á allra síðustu tímum. Veit hann þá ekki, að Íslendingar til forna voru frægir fyrir íþróttir sínar? Hann var þó að vitna í fornsögurnar. Að íþróttasýningar voru tíðar mjög á Íslandi fyrrum, sést þó svo greinilega af íslenzku sögunum, að ekki þarf að benda á dæmin, — sem eru svo ótal mörg og ég hélt að allir Íslendingar þektu. — Fyr má nú rota en dauðrota!!

Líklega er það ekki vísvitandi lygaáburður úr "v.H.", að ég hafi borið lægri hlut í glímu seinast er ég þreytti hana á Íslandi? Vansæmdarlaust væri honum að taka þetta aftur, sé hann ærlegur maður, því það eru örgustu ósannindi, enda benda altof ljóst á persónulegan fjandskap. — Síðast er ég þreytti glímu á Fróni var 8. júní 1908 um Íslands beltið, er ég vann, án þess að vera feldur, eins og 1. apríl 1907. — Á Þingvöllum, þann 2. ágúst 1907, féll ég fyrir tveim mönnum, þeim Hallgrími Benediktsynsi og Guðmundi Stefánssyni; en slíkt kom engum glímumeistara titli við, þar eð einungis var glímt um þrenn peningaverðlaun, en alls ekki meistarastig Íslands. — Enda hélt ég satt að segja, að fullreynt hefði verið bæði áður og síðan, hvor okkar Hallgríms væri meiri glímumaður, þó ég væri nú svona slysinn á Þingvöllum. — Nokkrum dögum eftir Þingvalla-glímuna, glímdum við Hallgrímur opinberlega í Reykjavík, þar sem ég feldi hann á sinnum, en datt sjálfur ekki. — Eftir beiðni dómnefndar voru birtir einungis 3 sigrar, þar eð það var talið nægilegt.

Sigurjón Pétursson er glímumeistari Íslands, en enginn heimsmeistari, frekar en ég. Beltið og meistarastigið vann hann EKKI af mér, þar eð ég ekki hefi haft tækifæri til að glíma um það síðan hann vann það; altaf verið erlendis; varð að afhenda "Grettis"-félaginu beltið, er ég fór af landi burt. Enda víst móti "Grettis"-lögunum, að ég fái að þreyta um beltið framar, þar eð ég tilheyri öðrum flokki glímumanna, sem sé "Professionals". Eftir því sem ég bezt veit eru þeir útilokaðir frá "beltis-glímu". En þar fyrir ber ég enn með réttu titilinn: Glímumeistari Íslands, þar eð ég fór ósigraður sem beltis-hafi frá Íslandi.

Næst þegar "v.H" fæðir eitthvað af sér í minn garð, væri "þakkarvert" að það ekki yrði sá vanskapnaður, að hann þyrfti að bera kinnroða fyrir að kannast við faðerniið.

Khöfn, 14. júlí 1911.

JÓHANNES JÓSEFSSON.

Stöðug adressa mín:

Das Programm,

Berlin, Germany.

Bandaríkjaherinn.

Það er ófögur lýsing, sem yfirlæknir Bandaríkjahersins gefur af lifnaðarháttum óbreyttra liðsmanna í skýrslu sinni til hermálastjórnarinnar nýverið. Hann segir meðal annars, að starfsþrek hermannanna fari alt af minkandi vegna drykkjuslarks og lasta, sem alment ríki á meðal hinna óbreyttu liðsmanna. Sérstaklega sé það samneyti þeirra við kvensniftir af versta tagi, sem skaðlegust áhrif hafi haft og sem sé ólvarlegasta íhugunarefniið. Sjúkralistarnir sýni, að 25 hermenn af þúsundi hverju veikist vegna drykkjuslarks en 200 af þúsundi sýkist af kynsjúkdómum, og sem einvörðungu eigi rót sína að rekja til siðspillingar þeirrar, sem fer dagvaxandi meðal hermannanna. Þessi tala er hærri en hjá nokkrum Evrópu-her. Jafnvel franski herinn, sem til þessa tíma hefir verið talinn siðspiltastur allra, er stórum betri. Af þessum ástæðum sýkjast þar að meðaltali að eins 150 hermenn af hverju þúsundi.

Orsökina fyrir þessari spillingu Bandaríkjahersins telur læknirinn knæpur þær, sem allstaðar umkringja herstöðvarnar, og þar sem hermönnunum er selt eitrað brennivín, sem þær afleiðingar hefir, að þeir eru firtir heilsu og peningum áður en þeir vita af. Knæpur þessar eiga naumast sinn líka, því allir uppbúgsanlegir lestir þrífast þar, — og það vel. Kvensniftir hafa bækistöð sína á þeim öllum, og þær ásamt ólvíjun þeirri, sem hermönnunum er boðin til drykkjar, valda því að fleiri hundruð nýtra drengja hafa leiðst út á lastanna braut og sokkið dýpra og dýpra í hyldýpi spillingarinnar. — Allir, sem vita um þessar knæpur, segja hið sama um þær, og barma að þeim skuli vera leyft að vaxa og dafnast óhindrað, sem þær gera. Allur landsins her, 77,000 manns, virðist algerlega ósjálfbjarga gegn þessum spillingardjöfli.

Margt og mikið hefir verið rætt og ritað um þetta ástand hersins, og hvað væri heillavænlegast til björgunar og bóta. Bindindismenn telja algert bindindi eina ráðið, — en hænsnfurinn á því er sá, að örðugt myndi að koma því á, sízt í svip. Aftur halda margir mikilhæfir menn því fram, að heppilegasti vegurinn til bóta sé að endurreisa drykkjuskálana (Canteen) innan herstöðvanna, eins og áður var. Þar gætu hermennirnir fengið sitt öl og svaladrykki og þvríftu því ekki út fyrir herstöðvarnar af þeim ástæðum. Þessir drykkjuskálar hefðu að minsta kosti þann kost, að drykkirnir, sem bar seldust, væru engin ólvíjan, og kæmu því í veg fyrir, að hermennirnir sýktust af eiturblöndun eins og nú væri altítt. Einnig væru drykkjuskálar þessir undir eftirliti yfirmannanna, og hefði það mikið að segja; en eins og nú væri hefðu yfirmennirnir enga stjórn á iðsmönnunum, þegar þeir væru utan herstöðvanna á drykkjuslarki.

Ennfremur yrði það unnið við endurreisn drykkjuskálanna, sem jafnframt yrðu klúbbar hermannanna, að knæpurnar myndu hverfa til hópa, og hin skaðlegu utan að áhrif þannig hverfa að mestu.

Tilgangurinn með því að afnema drykkjuskálana gömlu var sá, að auka starfsþrek hermannanna, — en raunin varð öll önnur. Lögin unnu það eitt, að auka drykkjuskap, geðveiki, strok, óánægju, óráðvendni og sjúkdóma; svo öllu meira glappaskot mun naumast hafa gert verið viðvíkjandi hernum en einmitt afnám drykkjuskálanna, og margir munu þeir vera, sem ötulast börðust fyrir afnámi þeirra, sem nú myndu jafnötullega berjast fyrir endurreisn þeirra.

En margir eru þó þeir, sem eru andvígir endurreisn drykkjuskálanna og telja aðrar aðferðir betri til viðreisnar hernum, svo sem algert vínbann, eða lög, sem fyrirblóði knæpur í námunda við herstöðvarnar. Segja þessir sömu menn, að drykkjuskálarnir gömlu hafi kent mörgum manninum að drekka, og þegar þeir svo voru ölvaðir orðnir, hafi þeir farið á pútnahúsin, sem lágu umhverfis herstöðvarnar, — staði, sem þeim hefði ekki komið til hugar að fara á, hefðu þeir verið án áhrifa víns. Einnig eru mótstöðumenn drykkjuskálanna happavænlegasta ráðið til bóta frá því sem nú er komið, — og ættu þeir að vera hnútunum kunnugastir.

En meðan menn eru að rökræða þetta mál og bollaleggja, hvað eigi og hvað eigi ekki að gera, ganga hermennirnir óáindraðir hinn sama spillingarveginn, — og kæra sig kollótta

TIL ÍSLANDS.

Ég elska þig landið mitt litla
langt út í hafi,
með eldinn í fjallanna iðrum
og isinn við strendur,
kórónur jöklanna hvítu,
sem knæfa við himinn,
og hjartnæma, hreimfagra söngi-
inn,
er hefja þar svanir.

Ég elska þig landið mitt litla
langt út í hafi,
með iðgrænu hlíðarnar háu,
þars hjarðir sér una,
og friðsælu dalina djúpu,
hvar drynjandi fossar
kveða sinn kjarkmikla óðinn
við klettana hörðu.

Ég elska þig landið mitt litla
langt út í hafi,
með heiðloftið hreina og vera,
sem hollast er lýðum,
og norðurljósin, sem ljóma
með leiftrandi prýði,
þér knýtandi gullega kransa
af kvikandi geislum.

Ég elska þig landið mitt litla
langt út í hafi,
þó stórveldum standirðu fjarri
og striðir einmana,
þér sigur og sárþráða frelsið
um síðir mun gefa
drottinn, og drúpa á þig lita
dögg sinnar náðar.

John Th. Thorkelson.

ÞAKKLÆTI.

Við undirrituð teljum oss skylt nú við burtför herra Jóns Ólafssonar (fóðursala) og konu hans og barna úr þessari borg, að votta þeim hjónum opinberlega okkar innilegasta þakklæti fyrir þeirra framúrskarandi eðallyndi gagnvart okkur hjónum, sem nú erum orðin háöldruð og ekki lengur einfær í baráttunni fyrir tilverunni.

Þegar við fyrir hálfu fimta ári vorum húsvilt og allslaus og að mestu ósjálfbjarga, og ekki sjáanlegt, hvar við gætum fengið heimili, — þá bauð herra Jón Ólafsson okkur vist í húsi sínu og hefir haft okkur þar síðan, án alls endurgjalds. Þeir, sem þekkja hvað það er, að borga húsaleigu og eldivið í borg þessari, eins og nú er alt dýrt hér, geta gert sér hugmynd um þann velgerning, sem herra Ólafsson og kona hans hafa til okkar gert. Þau hjón hafa jafnan verið samtaka í því, að gera okkur alt gott, allan þann tíma, sem við vorum hjá þeim, og ég, Ingibjörg hefi legið rúmföst síðan við komum til þeirra.

Fyrir þetta vottum við þeim hjónum það þakklæti, sem hugur og hjarta býður.

Winnipeg, 19. júlí 1911.

Jón Hólm.
Ingibjörg Hólm.

Tímaritið nýja.

Hér með vil ég vinsamlega biðja samlanda mina um sveitir úti, fjær og nær, að senda mér nöfn áskrifenda sem þeir hafa safnað, að hinu fyrirhugaða mánaðarriti, sem allra fyrst, — helzt fyrir miðjan ágústmánuð.

Öll bréf til mín sendist til: 378 Maryland St., Winnipeg. Man., — þangað til ég ráðstafa öðruvísi í blöðunum.

Magnús J. Skaptason

"Kvistir" í bandi

Munið eftir því að nú fást "KVISTIR" Sig. Júl. Jóhannessonar, í ljómandi fallegu bandi hjá öllum bóksölum.

Verð $1.50

JÓN JÓNSSON, járnsmiður, að 790 Notre Dame Ave. (horni Toronto St.) gerir við alls konar katla, könnur, potta og pönnur fyrir konur, og brýnir hnífa og skerpir sagir fyrir karlmenn. — **Alt vel af hendi leyst fyrir litla borgun.**

Hver sá, er kann að vita, hvar Ástfinnur Frimann Magnússon — sem kom hingað vestur frá Rvík — er niður kominn, er vinsamlega beðinn að senda rétta áritun til hans á skrifstofu Heimskringla við fyrstu hentugleika.

Íslands fréttir.

Þjóðskáldið Matthías Jochumsson fór með skipinu Castor á leiðis til Noregs, ásamt ungfrú Herdísi dóttur sinni. Hefir þjóðskáldið fengið styrk nokkurn af Carlsbergssjóðnum til þess að skrifa um forna sögustaði í Noregi. Ferðast hann í þessum erindum um Noreg, frá Niðarósi til Kristianiu og heldur á þeirri leið fyrirlestra, en Herdís dóttir hans aðstoðar hann og skemtir fólki með söng sínum. — Matthías skáld er enn en og hraustur og ungur í anda, þrátt fyrir sin 75 ár. Von er á þeim feðginum til Íslands aftur í þessum mánuði.

— Lögreglustjóri á Siglufirði er cand. juris Vigfús Einarsson skipaður í sumar.

— Bifskútan Fanney kvað vera strönduð á Raufarhöfn. Menn björguðust allir, en skipið sjálft er sagt ónýtt. Skipið var fullfermt af músteini þeim, er átti að fara í hús síldarolíu-verksmiðjunnar á Siglufirði.

— Formaður U.M.F.Í. var kosinn á þingi félaganna á þingvöllum Guðbrandur Magnússon prentari.

— Gæftir hafa verið miður góðar nú undanfarið, segir Austri 25. júní, enda mikill skortur á beitu þar til síðari hluta sl. viku, að nokkuð fór að veiðast af síld í reknet hér útifyrir, og hefir aflast vel á þá beitu. Á Mjóafirði hefir all-mikið veiðst af síld, bæði í reknet og lagnet.

NÝTT TÍMARIT

SYRPA

Frumsamdar, þýddar og endurprentaðar sögur og æfintýr og annað til skemtunar og fróðleiks

RITIÐ er 6x9 þuml. og 64 blaðsíður, sett með sérlega drjúgu letri, skýru og góðu til aflestars. Ég held því fram að það sé lang-ódýrust bók eða rit íslenzkt, að undanteknu Almanakinu mínu, sem hér hefir verið til sölu. Ritið sel ég fyrst um sinn aðeins í lausasölu fyrir 35 cent hvert hefti.

INNIHALD ÞESSA FYRSTA HEFTIS ER:

Til lesendanna.

FRUMSAMDAR SÖGUR.

Illagil, 1. og 2. kafli. Eftir Þorstein Þ. Þorsteinsson.
Dætur útilegumannsins. (Afkomendur útilegumanna í Odáðahrauni flytja til Ameríku í byrjun vesturfarahreyfingarinnar á Íslandi stuttu eftir 1870.) Ný útilegumannasaga. Eftir handriti gamlá Jóns frá Islandi.

ÞÝDDAR SÖGUR OG ÆFINTÝR.

STJARNAN. Eftir Charles Dickens.
CLAUDE GUEUX. Eftir Victor Hugo.
NÁMUR SALÓMONS. Eftir E. L. Bacon. (Fróðleg og skemtileg frásögn um leit þjóðanna eftir námunum í 2. þúsund ár. Nú er haldið að þær séu fundnar.
HREYSTI HÁLENDINGA. Sönn smásaga úr Búastríðinu.

YMISLEGT.

Stökur úr ýmsum áttum: Sólin og vindurinn (Dæmisaga) Tala Játvarðar VII. Kryningarsiðir og eiður ensku kónganna. Westminster Abbey. Hákarlinn. Hermenn á skautum. Óskabrunnurinn.

Ég er að senda Syrpa til útsölumanna minna út um allar bygðir. Þeir sem eigi ná til þeirra bið ég senda pantanir til mín og munu þær strax afgreiddar.

Með loforði um að Syrpa verði vinsæl og velkominn gestur á hverju íslenzku heimili,

er ég yðar með virðing og vinsemd.

ÓLAFUR S. THORGEIRSSON
678 SHERBROOKE ST. WINNIPEG

Hversvegna vilja allir minnisvarða úr málmi. (White Bronze)?
Vegna þess þeir eru mikið fallegri.
Endast óumbreytanlegir öld eftir öld.
En eru samt mun billegri en granít eða marmari, mörg hundruð úr að velja.

Fáið upplýsingar og pantið hjá

J. F. LEIFSON
QUILL PLAIN, - SASK.

Hyland Navigation and Trading Company

S. S. WINNITOBA.

Til St. Andrews Locks á þriðjudögum og fimtudögum, kl. 2.15 á laugardögum kl. 2.30 e. h.

Til Hyland Park, á mánudögum, þriðjudögum, fimtudögum og föstudögum kl. 8.15 að kvöld.

Farseðlar til St. Andrews Locks $1.00 til parksins 75c; Börn fyrir hálfvirði.

S. S. BONNITOBA.

Fer þrár ferðir á dag kl. 10.15 f. h., 1.45 e. h., og 7.30 e. h.

Á laugardögum og helgidögum aukaferð kl. 4.45 e. h.

Fargjald 50c. Fyrir börn 25c.

RED RIVER OG LAKE WINNIPEG FERÐIR.

Miðvikudaga—Til Selkirk og viðar. Af stað frá Winnipeg kl. 8 e. h., til baka 10.30 um kvöldið.

Föstudag—Til Selkirk, St. Peter og viðar, frá Winnipeg kl. 6 f. h., til baka 7.30 f. h.

Laugardag:—Vikulokaför um Winnipeg vatn. Afstað frá Winnipeg kl. 9 að kvöldi, til baka á mánudagsmorgninn kl. 6. Fargjald:—Til St. Andrews Locks, $1.00; Selkirk, $1.25; St. Peters, $1.50; til ármynnis $2.00. Vikulokaför, $3.00. Skipin leggja frá enda Lusted strætis, Takið Broadway, Fort Rouge eða St. Boniface strætisvagna á norðurleið, og farið af á Euclid Ave.

Skrifstofu talsími M. 248, 13 Bank of Hamilton, Skipsakviartalsími M. 2460

$425.00

Hér er eitt af hinum frægu

HEINTZMAN & CO. PIANOS

eins hljómfagurt, yndað aðgerð, og útlits fallegt sem þér getið óskað yður. Verð $425. og skilmálar hinir aðgengilegustu. Enginn skyldi borga meira.

Cor Portage Ave. & Hargrave
Phone Main 808.

Fréttir úr bænum

Íslendingadagurinn, þessi eina þjóðminningarhátíð Winnipeg Íslendinga, ætti að verða fjölsóttur. Nefndin hefir ekkert tilsparað, að vanda sem bezt til hátíðahaldsins, og há og mörg verðlaun verða veitt. Kapphlaup, dans og margskappsund, glímur, dans og margskonar stökk fara þar fram. Kæðumenn verða: Séra Friðrik Hall, grímsson (minni Íslands), séra Rúnólfur Marteinsson (minni kvenna) og Sveinbjörn lögmaður Johnson (minni Vesturheims). En kvæðin verða eftir séra Lárus Thorarensen, "Þorskabít" og Eggert Árnason. — Íslendingadagurinn ætti því að veita almenningi góða og fjölbreytta skemtun. Hátíðin verður sett kl. 9. f.h. — Gleymið ekki, landar góðir, að fjölmenna þangað. Staðurinn er River Park, sem allir kannast við.

Þann 16. júlí sl. gaf séra Albert E. Kristjánsson saman í hjónaband í Norðurstjörnu skólahúsinu í Grunnavatnsnýlendu þau herra Ingimund S. Sigurðsson og ungfrú Ástu Straumfjörð, bæði þar úr bygðinni. Að vígslunni afstaðinni var haldin vegleg veizla, er talin var af þeim sem þar voru, sú stórfenglegasta, sem þar hefir haldin verið. Um 200 manns voru þar viðstaddir, margir þeirra frá Winnipeg og Gimli. Frammistöðumenn þar voru þeir Pétur Bjarnason og Hannes Snædal. — Sagt er oss, að séra Albert hafi við þetta tækifæri flutt eina þá fegurstu hjónavígsluræðu, sem heyrst hefir frá íslenzkum presti vestanhafs. — Bæði voru brúðhjónin skrautlega búin og hin glæsilegustu í allri framkomu, og var það í samræmi við skraut það, sem hlaðið hafði verið á og í skólahúsið fyrir þetta sérstaka tækifæri. Veitingar allar voru hinar fullkomnustu og gestirnir skemtu sér við söng, ræðuhöld og dans fram undir næsta morgun. Brúðargjafir voru margar og verðmætar, að mestu úr silfri. Vígsluvottar voru þau Mr. og Mrs. Ágúst Magnússon. — Brúðhjónin eru myndarlegustu og bezt metnu persónur bygðarinnar, og fylgja þeim innilegustu árnaðaróskir ekki að eins þeirra, sem þarna voru viðstaddir, heldur allra annara bygðarbúa, og þeirra mörgu vina, sem herra Jóhann Straumfjörð, faðir brúðarinnar, á hvervetna hér í bygðum landa vorra. — Heimskringla óskar brúðhjónum þessum allrar hamingju.

Blaðið Grand Forks Herald, dags. 25. júlí, flytur ritgerð um herra Barða Skúlason, lögfræðing í Grand Forks, sem það segir vera að flytja burt úr Norður-Dakota ríki, til þess í félagi með Corliss dómara, að setja upp lögfræðistarf í borginni Portland í Oregon. Blaðið telur þessa tvo menn leiðandi lögfræðingana í Norður-Dakota ríki, og segir þá ætla að hefja starf sitt í Portland á komandi hausti. Mr. Corliss hefir verið yfirdómari í hæstaréttí Norður-Dakota ríkis og Barði hefir verið kennari við lögfræðisdeild ríkisháskólans. Félagar þessir eru því með þeim bezt þektu lögfræðingum ríkisins, og hafa báðir rekið umfangsmikið starf í Grand Forks borg um mörg ár undanfarið. Um Barða Skúlason fer blaðið þeim orðum, að hann hafi stundað lögfræðistörf í Grand Forks borg í sl. 14 ár, og sé talinn með mestu hæfileikamönnum þar; að hann hafi verið þingmaður jafnframt því er hann var kennari í lögum við háskólann, og að ríkinu sé hin mesta eftirsjá í honum eins og félaga hans. — Óhætt má fullyrða, að Vestur-Íslendingar yfirleitt árna þessum landa vorum allra heilla í hans nýja væntanlega heimkynni vestur við hafið.

Í gær (þriðjudag) byrjaði hið mikla skotmót, sem háð er hér í borg á hverju ári og stendur yfir í fjóra daga. Allir beztu tkotmenn í Vestur-Canada, frá Port Arthur vestþr að hafi, mætast hér fyrsta ágúst og reyna með sér. — Tveir elztu synir herra S. J. Austmanns hér í borg, þeir Jóhann Victor og Ingvar Emil, verða á móti þessu, og eru það víst einu Íslendingarnir. Í næsta blaði verður væntanlega getið um úrslitin.

Þeir, sem hafa pantað Íslandskort frá Heimskringlu geri svo vel að bíða nokkra daga. Upplagið, sem sent var til Chicago, gekk upp svo ört, að ekki er hægt að sinna siðustu pöntunum héðan frá skrifstofunni fyr en kortin koma á ný frá Danmörku.

Munið eftir Íslendingadeginum.

Þess var getið í Íslandsfréttum þann 13. júlí sl., að prestaskólakandidat Jakob O. Lárusson, hafi hlotið aðra einkunn við embættisþróf sitt: 90 stig. Stigtalan var rétt tilfærð, en ekki einkunn. Hann fekk háa fyrstu einkunn. Alt yfir 78 stig er fyrsta einkunn.

Júníheftið af Trail Magazine hefir borist þessu blaði, og er að vanda bæði skemtandi og fræðandi. Efnið er fjölbreytt. Kostar $1.00 árgangurinn, og má það teljast ódýrt. Þeir, sem vildu eignast ritið, geta pantað það með því að rita til: Trail Magazine, Winnipeg, Manitoba.

Landspilda á Hargrave Street, geont Eaton búðinni, var í sl viku seld fyrir 250 þúsund dollars. Spildan var 81 fet á Hargrave St.

Á laugardaginn voru gefin saman í hjónaband af séra Rúnólfi Marteinssyni ungfrú Anna Sigurlína Sigurðsson og herra Joseph Percy Leam, ráðsmaður fyrir Martin, Bole & Wynne Co. hér í borginni. Að hjónavíglsunni lokinni fór myndarlegt samsæti fram að heimili foreldra brúðarinnar, að 461 Burnell St. — Heimskringla óskar brúðhjónunum farsælar framtíðar.

Herra Guðmundur Árnason, frá Pembina, N. D., var hér á ferð um helgina. Sagði gott gróðrarútlit þar syðra, heyvinnu búna og kornslátt byrjaðan.

HERBERGI TIL LEIGU, að 653 Simcoe Street.

Guðmundur Jónsson, klæðskeri frá Leslie, Sask., sem var hér á ferð í kynnisferð til kunningjanna, hélt heimleiðis um fyrri helgi ánægður yfir dvölinni hér.

Sigrún M. Baldwinson
TEACHER OF PIANO
727 Sherbrooke St. Phone G. 2414

Kennaraprófin.

All-margar íslenzkar námsmeyjar og tveir piltar hafa staðist kennaraprófin hér í fylkinu, sem nú eru nýlokin, og hafa leyst þau vel af hendi, sum náð ágætiseinkunn. Fullnaðar eða fyrsta flokks próf lauk ein námsmeyjan — Salome Halldórsson, B.A.

Fyrsta flokks (non-professional):
Hilda Johnson,
Ólavía S. Thorgeirsson.
Guðný Sólmundsson.

Annars flokks próf:
Mary Thorleifsson, ágætiseink.
Ingibjörg Björnsson.
Ellen F. Jóhannsson,
Jóna E. Sigurðsson.
Ólavía S. Thorgeirsson,
Jennie Bárðarson.

Þriðja flokks próf (síðari hluta):
Guðbjörg Helgason, ág.eink,
Rúna Jóhannsson, ág.eink.
Sophia G. Johnson, ág.eink.
Anna M. Johnston, ág.eink.
Ingibjörg Thorsteinsson, ág.e.
Salóme Henriksson,
Margrét Johnson,
Dorothy Thorsteinsson,
Agnar Einarsson

Þriðja flokks próf (fyrri hluta):
Barney Bjarnason, ág.einkj
Ljótunn Johnson, ág.eink,
Mable Joseph, ág.eink.
Sigurlína Johnson,
Guðrún Peterson.
Kristín Pétursson,
Inga Sveinsson.

Þriðjudaginn 25. júlí sl. hafði sunnudagsskóli Tjaldbúðar sameinaðar sitt árlega "Picnic" í Assiniboine Park. Veðrið var hið ákjósanlegasta; margt fólk með börnunum og skemti sér vel. Plássið bæði rúmgott og skemtilegt að öllu leyti. Kl. 3 síðd. byrjuðu hin vanalegu kapphlaup barna og ungmenna, og hlutu þessir verðlaun: Stúlkur innan 6 ára, 1. verðl. Jóna Sumarliðason, 2. verðl. Halldóra Christie; drengir innan 6 ára, 1. vl. Alex Simson, 2. vl. Óskar M. Björnsson; stúlkur 6—8 ára, 1. vl. Sigurborg M. Björnson, 2.vl, Guðný Erlendsson; stúlkur 8—10 ára, 1. vl. Lilja Gottfred, 2. vl. Inga Jóhannesson; drengir 8—10 ára, 1. vl. Þórhallur Jörundsson, 2. ul. Haraldur Strang; stúlkur 10—12 ára, 1. vl. Kristjana Vigfúsdóttir, 2. vl. Magnea M. Björnsson; dreng ir 10—12 ára, 1.vl. Halldór Halldórsson, 2. vl. Ingigunnar Jörundsson; stúlkur 12—15 ára, 1. vl. Friðrika Christie, 2. vl. Sigurborg Brynjólfsson; stúlkur 15—18 ára, 1. vl. Elisabeth Bergmann, 2. vl. Jóna Hallson; piltar 15—18 ara, 1. vl. Thorsteinn Anderson, 2. vl. Óskar Hillman, og 3. vl. Jörundur Jörundsson; stúlkur 18 ára og yfir, 1. vl. Miss Laura Halldórsson, 2. vl.Jóna Vopni; piltar 18 ára og yfir, 1. vl. Ragnar Bergmann, 2. vl. Jón Bergmann. — Klukkan um 6 var borið á borð fyrir öll börn sér og fullorðið fólk í öðru lagi, og neyttu þar allir kvöldverðar undir umsjón ungra kvenna. Ef nokkur Íslendingur hefir farið á mis við þann kveldverð, þá hefir það verið af tómri vangá, og er þá hér með beðið velvirðingar á því, ef svo er. Eftir kveldverðinn, sem stóð lengi yfir, fór eldra fólkið með yngri börnin að hafa sig til vegs kl. 8½—9½; en þá fór fólkið, sem var af barnsaldrinum og ekki telst með eldra fólki, að skemta sér í knattleik fram til kl. 11.

TILKYNNING.

Allir, sem hafa bréfaviðskifti við mig undirritaða, eru vinsamlega beðnir að skrifa utan á öll slik bréf til mín persónulega, þannig:

Margrét Benedictson,
522 Victor St.,
Winnipeg, Man.

en ekki til "Freyja" eða til "Freyja Prt. & Publ. Co." — af þeirri ástæðu, að Sigfús B. Benedictsson hefir fastsett öll bréf og blöð send "Freyja" eða "Freyja Prt. & Publ. Co." á pósthúsinu í Winnipeg. Síðan ég kom austur hefi ég verið að berjast við, að fá endurnýjaðan útgáfurétt minn á "Freyju" hjá Canada póststjórninni, — rétt, sem ég með hinni löngu fjarveru minni hafði fyrirgert. Og þegar ég loks hélt því máli vel á veg komið, kemur Sigfús B. Benedictsson og fastsetur á pósthúsinu öll bréf og blöð send "Freyju" eða "Freyja Prt. & Publ. Co.", sem eigandi blaðsins. — Hvað mikið hann hefir gert til að gera slika kröfu, er kunnugum kunnugast. En hvaða ástæðu hann í raun og veru hefir, skal hér ekki framtekið að sinni.

En ég álít það skyldu mína gagnvart sjálfri mér og öllum, sem unna "Freyju" og hafa búist við útkomu hennar og ferðasögu minni vestur að hafi og vestan — í henni, að gera þessa yfirlýsingu, og einnig til þess, að koma í veg fyrir, að bréf mín falli í hendur ofangreinds manns.

Þeir, sem unna "Freyju" og starfi minu í þarfir kvenréttindanna svo mjög, að þeir vilji vita um frekari fyrirætlan mína gagnvart hvorutveggja — því ég hefi alls ekki hugsað mér að gefast upp —, geta skrifað mér eftir frekari upplýsingum.

Þeir, sem skulda "Freyju", gerðu vel í að senda mér það sem fyrst, því alls þarf með. Hafi nokkur réttilega unnið fyrir því, sem hún á enn útistandandi, þá hefi ég gert það.

Treystandi því, að allir skilji nú afstöðu mína í þessu máli og að er ekki sök í þessum drætti, er ég yðar með vinsemd og virðingu

Margrét J. Benedictsson.

SPURNING.

Ég keypti hest á uppboði, sem sagður er 12 ára, og samkvæmt því bauð ég í hestinn eins og ég áleit hann vera virði. En síðar fékk ég sönnun fyrir því, að hestþrinn er 18 ára gamall, og, eins og eðlilegt er, reynist ekki eins og ef hann væri ekki eldri en hann var sagður. Er ég skyldugur að borga hann því verði, sem ég bauð í hann, úr því sagt var ósatt um aldur hans? Fáfróður.

Svar: — Heimskringla er ekki fær um að svara þessari spurningu ákveðið, því upplýsingar eru ónógar. Vér teljum víst, að domari myndi lita svo á, að kaupandi hafi átt þess kost, að sjá og skoða hestinn á uppboðinu og að sannfæra sig um aldur hans. En geti kaupandinn sannað, að uppboðshaldarinn hafi vísvitandi sagt hestinn yngri en hann er, með því augnamiði að gera sviksamlega sölu, þá er sennilegt, að kaupandi geti ryftað kaupunum. En ætli hann að halda hestinum, þá er sjálfsagt að borga uppboðsverðið fyrir hann. Ritstj.

JÓLABLAÐ HEIMSKRINGLU 1908.

óskast keypt á skrifstofunni. Í blaði þessu, sem er nr. 13, er útilegumannasagan af Gunnsteini og Eiríki. Blaðið verður vel borgað.

PIANO RAFFLE

Föstudaginn 28. júlí sl. átti, eins og áður hefir verið auglýst, að 'raffla' pianói, að 351 McGee st. hér í bænum, en þar eð ekki hafði selst neitt sem hét af 'tickets' fyrir 'rafflið', þá var því frestað til 11. þ.m. (ágúst). Og til reynslu vil ég nú biðja alla þá, sem hafa gert svo vel og tekið 'tickets' til að selja, að selja alt, sem hægt er fyrir 50c (fimmtíu cents). En seljist ekki sem nemur móti helming verðs pianósins, þá verður enn ekki hægt að raffla', en peningunum skal skilað til baka. Vonandi 'ticketin' seljist vel fyrir svona lítið verð.

Ó. J. Vopni.

Stó til sölu

verður að seljast fyrir lok júlímánaðar. Nýr, ágæt eldhústó (Steel Range), bakar ágætlega, brennir litlu, 4 eldhólf. Finnið strax ísl. konuna, Mrs. Cain, 540 Agnes St.

BEZTI MATUR.

Mrs. M. Björnsson, að 659 Alverstone Street, hefir rúm fyrir nokkura kostgangara. — Finnið hana.

Kennara vantar

við Geysir skóla No. 776 frá 15. september til 15. desember 1911. — Kennari tiltaki kaup og mentastig Tilboðum veitt móttaka til 1. september næstk.

H. PÁLSSON, Sec'y-Treas.

Winnipeg Renovating Company
H. Schwartz, Custom Tailor
Sauma föt eftir máli mjög vel og fljótt. Einnig hreinsa, pressa og gera við gömul föt.
557 SARGENT AVENUE
Phone Garry 2774

Miðsumarsalan byrjuð

Vér ætlum að selja allar stakar stærðir af alfatnaði vorum. Það eru nýjar og fallegar tegundir Kosta venjulega alt að $22,50, en verða nú seldir hver um sig

$10.00

PALACE CLOTHING STORE
Baker Block 470 Main St.
G. C. LONG, eigandi,

Hannyrðir.
Undirrituð veitir tilsögn í alls kyns hannyrðum gegn sanngjarnri borgun. Starfsstofa: Room 312 Kennedy Bldg., Portage Av., gegnt Eaton búðinni. Phone: Main 7723.
GERÐA HALDORSON.

Dr. J. A. Johnson
PHYSICIAN and SURGEON
EDINBURG, N. D.

Dr. G. J. Gíslason,
Physician and Surgeon
18 South 3rd Str., Grand Forks, N.Dak
Athygli veitt AUGNA, EYRNA og KVERKA SJÚKDÓMUM ASAMT INNVORTIS SJÚKDÓMUM og UPPSKURÐI. —

BONNAR, TRUEMAN & THORNBURN,
LÖGFRÆÐINGAR.
Suite 5-7 Nanton Blk. Main 766
Winnipeg, Man. P.O.BOX 223

Anderson & Garland,
LÖGFRÆÐINGAR
35 Merchants Bank Building
PHONE: MAIN 1561.

HANNES MARINO HANNESSON
(Hubbard & Hannesson)
LÖGFRÆÐINGAR
10 Bank of Hamilton Bldg. WINNIPEG
P.O. Box 781 Phone Main 378 " 3142

Sveinbjörn Árnason
Fasteignasali.
Selur hús og lóðir, eldsábyrgðir, og lánar peninga. Skrifstofa: 310 McIntyre Blk.
office TALSÍMI 4700. hús Tal. Sherb. 2018

J. J. BILDFELL
FASTEIGNASALI.
Union Bank 5th Floor No. 520
Selur hús og lóðir, og annað þar að lútandi. Útvegar peningalán o. fl.
Phone Main 2685

R. TH. NEWLAND
Verzlar með fasteingir, fjárlán og ábyrgðir
Skrifstofa: No. 5. Alberta Bldg. 255½ Portage Ave.
Sími: Main 972 Heimilis Sherb. 1619

H. C. DUFTON
JÁRNSMIÐUR
Gerir alskyns járnsmíði og aðgerðir vírfljetting o fl.
Mozart :-: Sask.

Dalman & Thorsteinson
MÁLARAR
Gera alskonar húsmálning. Kalsomining og leggja pappir. Alt verk vandað og fljótt afgreitt. Phone Garry 240
797 Simcoe St.

Gísli Goodman
TINSMIÐUR.
VERKSTÆÐI; Cor. Toronto & Notre Dame.
Phone Garry 2988 : : Heimilis Garry 899

Sherwin - Williams PAINT
fyrir alskonar húsmálningu.
Prýðingar-tími nálgast nú. Dálítið af Sherwin-Williams húsmáli getur prýtt húsið yðar utan og innan. — Brúkið ekker annað mál en þetta. — S.-W. húsmálið málar mest, endist lengur, og er áferðarfegurra en nokkurt annað hús mál sem búið er til. — Komið inn og skoðið litarspjaldið. —
CAMERON & CARSCADDEN
QUALITY HARDWARE
Wynyard, - Sask.

BOYD'S BRAUÐ
Vér höfum gert það að fastri reglu, að nota þau efni ein göngu, sem gera brauð vor lystug og nærandi. Ef þér viljið hafa slík brauð, þá símið
Sherbrooke 680

Union Loan & Investment Co.
45 Alkin's Bldg.
PHONE GARRY 3154
Lánar peninga, kaupir sölusamninga, verzlar með fasteignir: hús, lóðir og lönd. Veitir umsjón dánarbúum.— Peningum veitt móttaka og 7% vextir ábyrgstir.
Íslenzkir forstöðumenn. — Hafið tal af þeim
H. Petursson, John Tait, E. J. Stephenson

JOHNSON & CARR
RAFLEIDSLUMENN
Leiða ljósvíra í íbúðarstórhýsi og fjölskylduhús; setja bjöllur, talsíma og tilvísunar skífur; setja einnig upp mótors og vélar og gera allskyns rafmagnsstörf.
761 William Ave. Phone Garry 735

MARTYN F. SMITH,
TANNLÆKNIR.
Fairbairn Blk. Cor Main & Selkirk
Sérfræðingur í Gullfyllingu og öllum aðgerðum og tilbún aði Tanna. Tennur dregnar án sársauka. Engin veiki á eftir eða gómbólga. —
Stofan opin kl. 7 til 9 á kveldin
Office Phone Main 6944. Heimilis Phone Main 6462

Th. JOHNSON
JEWELER
286 Main St. Sími M. 6606

G. S. VAN HALLEN, Málaferzlumaður 418 McIntyre Block., Winnipeg. Talsími Main 5142

Winnipeg Andatrúar Kirkjan
horni Lipton og Sargent.
Sunnudagasamkomur, kl. 7 að kveldi. Andartrúarspeki þá útskýrð. Allir velkomnir.
Fimtudagasamkomur kl. 8 að kveldi, huldar gátur ráðnar. Kl. 7,30 segul-lækningar.

A. S. BARDAL
Selur líkkistur og annast um útfarir. Allur útbúnaður sá bezti. Enfremur selur hann alskonar minnisvarða og legsteina.
121 Nena St. Phone Garry 2152

TILBOÐ.
Við undirskrifaðir tökum að okk ur alla grjótvinnu, sem við getum af hendi leyst eins fljótt og vel og nokkur getur gert. Við seljum grunn undir hús, hlöðum kjallara, steypum vatnskeröld og gangstéttir, gerum steinsteypu í fjós, o.fl.
Jacob Frimann
Hergr. Hallgrimson
Gardar, N. Dak.

W. R. FOWLER A. PIERCY.

Royal Optical Co
307 Portage Ave. Talsími 7286.
Allar nútíðar aðferðir eru notaðar við augn-skoðun hjá þeim, þar með hin nýja aðferð, Skugga-skoðun, sem gjöreyðir öllum ágiskunum —